ÞINGSETNINGARFUNDUR

fimmtudaginn 1. okt.

Þingsetning.

Árið 1998, fimmtudaginn 1. október, var hundrað tuttugasta og þriðja löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það hundraðasta og fyrsta aðalþing í röðinni en hundrað þrítugasta og áttunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Sigríður Guðmarsdóttir steig í stólinn og lagði út af Fyrri konungabók 17:7–24.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.
2. Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.
3. Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.
4. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
5. Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.
6. Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.
7. Ásta B. Þorsteinsdóttir, 15. þm. Reykv.
8. Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
9. Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.
10. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
11. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
12. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
13. Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.
14. Finnur Ingólfsson, 7. þm. Reykv.
15. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
16. Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.
17. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
18. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
19. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
20. Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.
21. Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.
22. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
23. Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.
24. Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.
25. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
26. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
27. Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.
28. Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
29. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
30. Ingibjörg Pálmadóttir, 1. þm. Vesturl.
31. Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.
32. Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.
33. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
34. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
35. Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.
36. Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.
37. Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.
38. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
39. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
40. Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.
41. Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.
42. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
43. Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.
44. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
45. Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.
46. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
47. Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.
48. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
49. Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.
50. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
51. Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.
52. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.
53. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
54. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
55. Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.
56. Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.
57. Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.
58. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
59. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
60. Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
61. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
62. Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.
63. Össur Skarphéðinsson, 9. þm. Reykv.

Forsætisráðherra setur þingið.

[14:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Vegna fjarveru forseta Íslands hafa handhafar forsetavalds gefið út svofellt bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt:

Vér veitum forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, umboð til þess í voru nafni að setja Alþingi, 123. löggjafarþing, er koma á saman fimmtudaginn 1. október 1998.

Gjört í Reykjavík, 30. september 1998.

Davíð Oddsson. Ólafur G. Einarsson.

Pétur Kr. Hafstein.

Davíð Oddsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um setningu Alþingis."

Hinn 1. september 1998 var gefið út svofellt bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt:

Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman fimmtudaginn 1. október 1998.

Um leið og vér birtum þetta er öllum sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 1. september 1998.

Davíð Oddsson. Ólafur G. Einarsson.

Pétur Kr. Hafstein.

Davíð Oddsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um að Alþingi skuli koma saman fimmtudaginn 1. október 1998."

Samkvæmt umboði því sem ég hef lesið og bréfi handhafa forsetavalds er kveður Alþingi saman lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Forseti Íslands gat ekki verið við setningu Alþingis að þessu sinni. Hann er við sjúkrabeð konu sinnar í Seattle í Bandaríkjunum. Forsetafrúin hefur glímt við erfiðan sjúkdóm og sýnt æðruleysi og kjark í baráttu við mikið ofurefli. Úr þessum sal eru þeim hjónum sendar hlýjar kveðjur.

Ég bið yður að rísa úr sætum og minnast forseta Íslands og ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og forsætisráðherra mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég því Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., að ganga til forsetastóls.

Ávarp aldursforseta.

[14:10]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá von að störf þessa þings verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

Minning Ólafs Þ. Þórðarsonar.

[14:13]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Ólafur Þ. Þórðarson, fyrrverandi alþingismaður og skólastjóri, andaðist á heimili sínu í Borgarfirði sunnudaginn 6. september, fimmtíu og sjö ára að aldri.

Ólafur Þ. Þórðarson var fæddur 8. desember 1940 á Stað í Súgandafirði. Foreldrar hans voru hjónin Þórður Ólafsson bóndi þar og Jófríður Pétursdóttir húsmóðir. Hann lauk héraðsskólaprófi á Núpi 1957, búfræðiprófi á Hvanneyri 1960 og kennaraprófi í Reykjavík 1970. Hann var skólastjóri barnaskólans á Suðureyri 1970–1978 og skólastjóri Héraðsskólans í Reykholti frá 1978. Oddviti Suðureyrarhrepps og jafnframt formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga var hann 1974–1978, var í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands 1981–1993 og í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, síðar Byggðastofnunar 1983–1995. Við alþingiskosningarnar 1971 var hann í fyrsta sinn í kjöri á lista Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi og tók sæti varamanns á þingi 1972 og 1975–1978. Árið 1979 var hann kjörinn alþingismaður Vestfirðinga og hélt því sæti til 1995. Eftir það tók hann sæti varamanns á þingi 1996–1998, sat á 24 þingum alls. Hann var 2. varaforseti sameinaðs þings 1983–1987.

Ólafur Þ. Þórðarson átti heimili á æskustöðvum sínum langt fram eftir ævi. En hugur hans hneigðist löngum til landbúnaðar. Um tvítugt lauk hann námi í bændaskóla. Áratug síðar aflaði hann sér kennararéttinda og hafði síðan skólastjórn og kennslu að aðalstarfi, þar til hann hóf störf á Alþingi. Lengst af hafði hann jafnframt jarðnæði til búskapar. Hann átti bú á Vilmundarstöðum í Reykholtsdal, síðan í Efranesi í Stafholtstungum og loks á Eyri í Flókadal. Þar var hann að bústörfum þegar hann féll frá.

Ólafur Þ. Þórðarson var atkvæðamaður þar sem hann kom að málum. Á Alþingi tók hann oft til máls og í ræðum hans leyndi sér ekki að hann var minnugur, víðlesinn og margfróður. Honum var létt um mál og hann var ódeigur í kappræðum, rökfastur og hnyttinn. Hann var staðfastur flokksmaður, ötull baráttumaður fyrir hagsmunum dreifbýlisins og umbótamálum í kjördæmi sínu. Á góðum aldri varð hann að draga sig í hlé og er nú látinn fyrir aldur fram.

Ég vil biðja þingheim að minnast Ólafs Þ. Þórðarsonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

[14:15]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Ég óska eftir tilnefningu.

Forseta hefur borist tilnefning um 1. þm. Reykn., Ólaf G. Einarsson. Aðrar tilnefningar hafa ekki borist. Ólafur G. Einarsson er því einn í kjöri.

Þar sem aðeins einn er í kjöri er það ætlun forseta að láta kosninguna fara fram með atkvæðagreiðslukerfinu eins og á undangengnum þingum. Ef ekki eru gerðar athugasemdir við þennan hátt á atkvæðagreiðslunni þá hefst atkvæðagreiðslan. Þeir sem kjósa Ólaf G. Einarsson ýti á já-hnappinn en þeir sem vilja skila auðu ýti á hnappinn sem merktur er: Greiðir ekki atkvæði.

Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Ólafur G. Einarsson,** 1. þm. Reykn., hlaut 59 atkvæði, einn þingmaður greiddi ekki atkvæði.

[14:16]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Samkvæmt þessu er Ólafur G. Einarsson, hv. 1. þm. Reykn., rétt kjörinn forseti Alþingis. Ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í starfi og bið hann að taka við fundarstjórn.

[14:17]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Háttvirtir alþingismenn. Ég þakka hæstv. starfsaldursforseta, Ragnari Arnalds, árnaðaróskir í minn garð. Enn fremur þakka ég háttvirtum alþingismönnum fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að endurkjósa mig forseta Alþingis. Ég vænti þess að eiga gott samstarf við alla alþingismenn á því þingi sem nú fer í hönd eins og á síðasta þingi.

Að venju hefur forsætisnefnd samþykkt starfsáætlun fyrir það þing sem nú er að hefjast og verður henni útbýtt til þingmanna í dag. Samkvæmt starfsáætluninni lýkur þingstörfum í fyrra lagi á þessu þingi vegna alþingiskosninga sem halda á 8. maí í vor. Þingfrestun verður 10. mars. Helsta nýmæli starfsáætlunar þessa þings er að stefnuræða forsætisráðherra verður nú flutt við sjálfa þingsetningarathöfnina en umræðan um hana verður síðan í kvöld. Ég vil færa hæstv. forsætisráðherra og formönnum þingflokka sérstakar þakkir fyrir samstarfsvilja við að koma á þessari breytingu.

Á þessu ári hefur verið unnið að undirbúningi næsta áfanga í húsnæðismálum Alþingis í samræmi við fjárveitingu á fjárlögum til nýbygginga á Alþingisreit. Hönnun þjónustuskála, sem fyrirhugað er að rísi vestan við Alþingishúsið, miðar vel áfram en reyna mun á það við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár hvort ráðist verði þá í framkvæmdir.

Ég hef áður úr þessum stól getið um þá stórstígu þróun sem orðið hefur í upplýsingamiðlun af hálfu Alþingis, t.d. með tilkomu sérstakrar vefsíðu þingsins á netinu. Það er mér því sérstakt ánægjuefni að geta skýrt frá því að frá og með deginum í dag geta allir sem hafa aðgang að netinu, hvar sem er í heiminum, fylgst með útsendingu af þingfundum frá tölvuskjám. Þetta nýmæli skipar Alþingi á bekk með þeim þjóðþingum sem lengst eru komin í því að hagnýta sér möguleika netsins til að miðla upplýsingum um starfsemi sína.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að skýra frá því að fyrir skömmu var undirritaður samningur milli Alþingis og Landssímans hf. um að Alþingi fái til afnota eina sjónvarpsrás á breiðbandi Landssímans til útsendingar frá fundum Alþingis og á öðru sjónvarpsefni sem varðar störf Alþingis. Allir þeir sem eru tengdir breiðbandinu munu eiga kost á að nýta sér þessa útsendingu sér að kostnaðarlausu. Með þessum samningi er tryggð samfelld útsending frá þingfundum í gegnum miðil sem Landssíminn áætlar að muni ná inn á hvert heimili í framtíðinni. Um leið skapast tækifæri fyrir Alþingi til þess að nota rásina til útsendingar á öðru efni þegar ekki er sent út frá þingfundum. Í því sambandi kæmi t.d. til greina að senda út fræðsluefni um Alþingi á breiðbandsrásinni. Jafnframt væri þingflokkum sköpuð aðstaða til að vera með sérstaka dagskrá til að kynna stefnumál sín sem og til að kynna þau mál sem þeir leggja fram á Alþingi, allt samkvæmt reglum sem forsætisnefnd Alþingis mundi setja.

Ég endurtek þakkir mínar til þingheims fyrir að trúa mér fyrir forsetaembættinu. Það er ásetningur minn að eiga gott samstarf við alla alþingismenn.

Stefnuræða forsætisráðherra.

[14:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í dag hefst síðasta þing þessa kjörtímabils. Það er ekki ofsögum sagt að það hafi verið viðburðaríkt, enda hafa fjölmörg stór mál fengið afgreiðslu. Erfitt er að finna mörg önnur kjörtímabil í sögu lýðveldisins þar sem jafnmiklum árangri hefur verið náð og hagur borgaranna hefur breyst jafnmikið til batnaðar og á þessu. Kemur hér margt til. Þegar horft er til baka til upphafs kjörtímabilsins og skoðað er hverjar voru væntingar manna í kosningunum sem fóru á undan, hvaða baráttumál stjórnmálaflokkarnir settu á oddinn, þá sést árangurinn í skýru ljósi. Menn höfðu haft þungar áhyggjur af því að kaupmáttarhrunið sem hófst 1988 væri óbreytanlegur veruleiki, tjón sem þjóðin fengi seint bætt. Kaupmáttarhrunið sjálft hafði að vísu verið stöðvað og við vorum farin að fikra okkur í rétta átt. En fæstir sáu fyrir að stökkið fram á við yrði svo stórt og ávinningurinn jafnmikill. Kaupmáttaraukning ráðstöfunartekna á mann hefur orðið milli 17 og 18% á árunum 1996 til 1998. Á sama tíma hefur hún orðið aðeins rúmlega 4,5% í löndunum sem við berum okkur saman við. Það þykir þó ekki slakt í þeim löndum. Kaupmáttur Íslendinga hefur þannig vaxið nærri fjórum sinnum hraðar en í samanburðarlöndunum. Slíkur árangur var óþekktur á Íslandi. Þrátt fyrir miklar launahækkanir er hagur atvinnuveganna góður þegar á heildina er litið. Góð afkoma þjóðarbúsins skilar sér þannig bæði til heimila og fyrirtækja. Og fyrir þessar sömu kosningar höfðu menn miklar áhyggjur af atvinnuleysinu, það var rauði þráðurinn í öllum ræðum frambjóðenda. Atvinnuleysið hefur minnkað jafnt og þétt á þessu kjörtímabili og er nú með því minnsta sem þekkist um víða veröld. Það er mikið gleðiefni.

Við höfðum líka verulegar áhyggjur af lánstrausti þjóðarinnar út á við vegna vaxandi skuldasöfnunar hins opinbera og þess óróleika sem verið hafði í efnahagsmálum, ekki síst á núnda áratugnum. Hér hefur viðsnúningurinn kannski orðið mestur. Á þessu ári og hinu næsta eru Íslendingar að greiða niður skuldir ríkisins um 30 þúsund milljónir króna. Þetta eru gríðarlegar fjárhæðir sem hafa strax áhrif því vaxtabyrðin fer nú minnkandi frá ári til árs. Þeir fjármunir sem við þurfum að setja til hliðar til að greiða útlendingum vexti af lánum okkar fara nú ört lækkandi. Og við upphaf kjörtímabilsins höfðu margir frambjóðendur áhyggjur af því að Ísland yrði undir í samkeppni við önnur ríki. Urðu ýmsir til að fullyrða að þar sem Ísland hafnaði því að gerast aðili að Evrópusambandinu mundi landið dragast hratt aftur úr. Reyndin varð ekki sú. Ekki aldeilis. Samkvæmt þeim mælistikum sem taldar eru öruggastar og alþjóðlegar stofnanir beita hefur Ísland skipað sér í fimmta sæti þeirra þjóða sem mestrar velferðar njóta í heiminum öllum. Og lánstraust þjóðarinnar vex ár frá ári að mati þeirra stofnana sem fremstar standa í þeim fræðum. Slíkir dómar eru ekki eingöngu til þess fallnir að gleðja metnaðarfulla þjóð heldur eru þeir hreinn ávinningur fyrir hana í beinhörðum peningum. Vaxtabyrði okkar lækkar vegna þess að við njótum vaxandi trausts.

Við upphaf kjörtímabilsins héldu margir að það kynni að hamla framförum að við værum illilega bundin á klafa gamallar verkaskiptingar í íslensku atvinnulífi. Fjárfestingar höfðu staðið í stað og margvíslegar tilraunir til að bæta úr höfðu ekki dugað. Hæstv. iðn.- og viðskrh. og þeir aðrir sem þar hafa tekið til hendi á kjörtímabilinu geta glaðst yfir góðum árangri það sem af er og enn hafa menn mörg járn í þessum eldi. Og nýjar útflutningsgreinar hafa nýtt sér þau hagstæðu skilyrði sem frjálsari efnahagsstefna hefur skapað. Nú er svo komið að útflutningstekjur af hugbúnaði eru að nálgast 2.000 milljónir króna á ári. En slíkur útflutningur var óþekktur fyrir fáeinum árum. Þetta er heldur betur búbót fyrir íslenskt samfélag. Auðvitað fagna flestir þessari jákvæðu þróun en stjórnarandstaðan kýs að hafa það svo að allur þessi árangur hljóti eingöngu að vera ytri aðstæðum að þakka. Hinir erlendu lánshæfiseinkunnagjafar eru ekki sömu skoðunar. Í þeirra umsögnum sem og annarra alþjóðlegra stofnana kemur þvert á móti fram að það er einmitt stefna stjórnvalda sem haft hefur úrslitaáhrif: Breytingar á löggjöf í frjálsræðisátt, stöðugleiki á vinnumarkaði, skynsamlegir kjarasamningar, breytt skattastefna og minni bein afskipti af atvinnulífinu hafa ráðið úrslitum um þessa góðu vegferð.

Á hinn bóginn er rétt að gera sér grein fyrir að þótt við getum gert ráð fyrir að Íslendingar muni áfram njóta velmegunar, aukins hagvaxtar og bætts kaupmáttar, þá er óhjákvæmilegt að setja fyrirvara við slíka spá. Við erum vissulega á réttri leið en við vitum að því miður eru til þeir aðilar í þjóðfélaginu sem vilja beygja út af þeirri braut. Þeir,

sem taka snögglega beygju þegar þeir eru staddir á beinu brautinni, fara út af og kollkeyra sig og þá aðra sem glepjast á að vera með í för. Við höfum nýlega séð uppskrift af slíkri kollsteypu. Hún var tilkynnt sem forskrift að efnahagsstefnu nýs flokkabræðings til fjögurra ára. Þeir aðilar, sem kynntu þá stefnu sína svo, hafa af skiljanlegum ástæðum verið á harðahlaupum á undan sjálfum sér og stefnu sinni síðustu daga og vilja sumir ekki lengur við afkvæmið kannast. Þessa sögu þekkjum við. Það breytir engu þótt sumir hafi kosið á gamaldags hátt að hafa uppi stóryrði um þá sem vöktu athygli á hvílík ómynd allur sá málatilbúnaður var. Eftir situr vissan um það að þessir aðilar sem hafa sýnt á spilin sín eru albúnir til þess að beina þjóðinni í hið gamla far og þar með setja efnahagslegan ávinning hennar í uppnám. Ef svona færi fram mundi mat alþjóðlegra stofnana á getu okkar í samkeppni falla hratt. Lánshæfi landsins mundi þegar minnka og vaxtakjörin versna. Óróleikinn innan lands yrði þó enn erfiðari viðureignar. Um þetta útspil þarf því ekki að hafa fleiri orð.

Svo sem venja stendur til hafa háttvirtir þingmenn fengið í hendur lista yfir lagafrumvörp sem koma munu til kasta Alþingis. Sá listi sýnir að háttvirtra þingmanna bíður mikið starf. Þótt kosningavetur fari í hönd og það hafi áhrif á vinnubrögð er óhætt að gera ráð fyrir að um flest mál verði þokkalegur friður og þau fái málefnalega meðferð. Hæstv. fjmrh. hefur lagt fram fjárlagafrv. sitt. Þar er byggt á að ríkissjóður verði rekinn hallalaus. Útgjöldum verður haldið í skefjum og vaxandi tekjur notaðar til að greiða niður skuldir ríkisins, ekki síst hinar erlendu skuldir. Ég er ekki í vafa um að sú stefna er í fullu samræmi við þjóðarviljann. En þrátt fyrir aðhald, sem óhjákvæmilegt er að sýna við núverandi aðstæður, er gert ráð fyrir hærri framlögum en áður til mikilvægra málaflokka, svo sem menntamála, heilbrigðismála og félagsmála. Á öllum þessum sviðum erum við Íslendingar sem betur fer í fremstu röð og það er ófrávíkjanlegur ásetningur ríkisstjórnarinnar að halda þeirri stöðu.

Atvinnuleysið hefur minnkað jafnt og örugglega á kjörtímabilinu. Það sparar ríkinu mikið fé og fleiri störf skapa ríkinu og sveitarfélögum auknar tekjur. Ríkisstjórnin ákvað að lækka skatta í áföngum, bæði á fyrirtækjum og einstaklingum. Tveir áfangar skattalækkana hafa þegar átt sér stað og síðasta skrefið verður stigið nú í janúarbyrjun, þegar skattar lækka enn, um leið og laun hækka í samræmi við samninga. Við trúðum því staðfastlega að þessar breytingar mundu auka áræði fólks og fyrirtækja, og ríkið stæði því ekki verr, þegar þau áhrif kæmu að fullu fram. Það hefur gengið eftir. Okkar skattkerfi er þannig upp byggt að þegar tekjurnar aukast hjá einstaklingunum þá nýtur ríkið góðs af því og fær heldur meira í sinn hlut en tekjuaukningin ein gæfi tilefni til. Þegar tekjur einstaklinga dragast á hinn bóginn saman, þá tekur skattkerfið með mildari hætti en annars staðar gerist á þeim breytingum. Skattalækkunarstefna ríkisstjórnarinnar er að skila miklum árangri og er auðvitað miklu heppilegra að ganga fram með þessum hætti, en að auka tekjur ríkissjóðs með beinum skattahækkunum. Þær draga úr þrótti einstaklinga og fyrirtækja og búa til vítahring aukinna skatta og minnkandi tekna. Hugmyndum sem settar hafa verið fram og draga úr skilvirkni staðgreiðslukerfis skatta er algjörlega hafnað af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Við höfum heyrt yfirlýsingar forustumanna stjórnarandstæðinga um að þeir vilji hækka fjármagnstekjuskatt í allt að 40%. Hér eru menn enn að leika sér með gáleysislegar hugmyndir. Ef þessar hugmyndir formanns Alþýðuflokks gengju eftir yrðu þær rothögg á sparnaðinn í landinu og mundu kalla á mikla vaxtahækkun. Ekki þarf að lýsa þeim erfiðleikum fyrir íslenska framleiðslustarfsemi sem slíku mundi fylgja. Útflutningur og þar með tekjur þjóðarinnar mundu dragast hratt saman. Þessar hugmyndir eru dæmi um þá skammsýni og afturhvarf til fortíðar sem mjög bar á í þeim tillögum sem frægar urðu á dögunum.

Áður var vikið að aukningu fjárfestinga á Íslandi. Uppbygging á borð við þá sem orðið hefur í líftækni og erfðarannsóknum er afar mikilvæg. Á þeim vettvangi gefst nú hundruðum vel menntaðra Íslendinga færi á að glíma við vel launuð og áhugaverð störf. Vísindaleg þekking fær útrás í íslensku atvinnulífi allri þjóðinni til heilla. Í þessu ævintýri felast nýir möguleikar á stórbættu heilbrigðiskerfi, um leið og skotið er fleiri stoðum undir íslensk lífskjör. Þær breytingar sem orðið hafa í efnahagslegu umhverfi gera það að verkum að minni hætta er á að þensla, í kjölfar uppgangs í atvinnulífi, leiði til kollsteypu eins og stundum gerðist við áþekkar aðstæður.

Nú er beitt almennri hagstjórn í landinu og leitast við að tryggja að sömu leikreglur eigi hvarvetna við. Sértækar aðgerðir heyra sögunni til. Árangurinn blasir við. Atvinnulíf okkar er að verða sífellt margbrotnara og jafnframt hæfara til að bregðast við síbreytilegum aðstæðum. Stjórnarfarið er nú hlutlausara gagnvart einstökum atvinnugreinum en áður. Nú má treysta því að samfella ríki í viðbrögðum hins opinbera og að það refsi ekki fyrir áhættu og frumkvæði.

Enn þarf þó þjóðin að reiða sig á að okkur takist höndulega að sækja sjóinn, vinna fisk og selja til útlanda. Það er ekki um það deilt að núverandi skipan fiskveiða stuðlar að mikilli verðmætasköpun. Víðast hvar annars staðar í heiminum er sjávarútvegur hins vegar þungur baggi. Vék hæstv. utanrrh. skilmerkilega að þessum þáttum í ræðu sinni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nú fyrir skemmstu. Það er því með nokkrum ólíkindum þegar stjórnmálaflokkar eða framboðsbræðingar segjast vilja kasta fiskveiðistjórnarkerfi okkar í heild sinni fyrir róða, án þess að geta bent á hvað koma eigi í staðinn. Þeir sem sýna slíkt ábyrgðarleysi ætla sér bersýnilega ekki í bráð að leita eftir því að mega hafa forustu fyrir þjóðinni.

Á hinn bóginn er ljóst að ýmsir þættir er varða sjávarútvegsmál hljóta að lúta endurskoðun og lagfæringum. Þjóðin þarf að eiga beinan og betri aðgang að upplýsingum um undirstöðuatvinnugrein sína en verið hefur. Þá er mjög þýðingarmikið að nú er að störfum svokölluð auðlindanefnd sem allir flokkar eiga aðild að. Þessi þverpólitíski vettvangur er kjörinn til að skoða, æsingalaust og án fordóma, þætti sem lúta að nýtingu auðlinda og afrakstri af þeim.

Það er lykilatriði að þjóðin upplifi hagkvæma auðlindanýtingu í landinu sem þjóðarheill. Bein og formleg bönd þar á milli verða að vera traust. Má í því sambandi horfa til nýfenginnar reynslu af því hvernig Íslendingar tóku breytingum á eignarfyrirkomulagi Landsbanka Íslands. Þúsundir landsmanna flykktust til að eignast hlut í þeim rekstri. Mjög margir taka nú þegar þátt í útgerð víðs vegar um landið, svo ekki sé talað um ef eignatengsl í gegnum verðbréfa-, hlutabréfa- og lífeyrissjóði eru tekin með í reikning. Að auki njóta landsmenn hagkvæmrar nýtingar á sjávarfangi í gegnum niðurgreiðslu skulda útvegs við opinbera aðila, blómlega sambúð hans við aðrar greinar, vaxandi skattgreiðslur frá fyrirtækjum á þessu sviði og dreifikerfi opins hagkerfis á

þeim verðmætum sem í greininni skapast. Það er sem sagt einfaldlega engin tilviljun að Íslendingar njóta ríflegs kaupmáttarbata á sama tíma og sjávarútvegurinn er í sókn. Hins vegar ætti að skoða vandlega hvort hið opinbera geti í samvinnu við forráðamenn í útvegi beitt sér fyrir aðgerðum sem leiða mundu til þess að enn fleiri Íslendingar, jafnvel stærsti hluti þjóðarinnar, tækju beinan þátt í útgerð. Með því yrði skýrara að hér er um þjóðargrein að ræða, sem öllum nýtist. Verði hinn mikli gróði í þessari grein sem sumir spá og sumir virðast óttast, þá mundi hann fljóta hratt út í þjóðfélagið og *tortryggni yrði minni* en ella.

Það skiptir íbúa hinna dreifðu byggða öllu að undirstöðuatvinnuvegur þeirra sé þróttmikill, njóti ekki lakari kjara en aðrar greinar og búi við almennt traust landsmanna. Stefnumótun í byggðamálum, sem stjórn Byggðastofnunar undirbjó og kynnt var á Alþingi sl. vor, verður flutt og afgreidd á þessu þingi. Ekki er vafi á að hún á að geta veitt góða viðspyrnu í byggðamálum, verði vel á eftir fylgt og vonandi snúið vörn í sókn. Langtímaáætlun í vegagerð, sem nú er í fyrsta sinn unnið eftir, verður einnig mikilvægt tæki í þeirri baráttu. Hagur bænda, sem verið hefur þröngur, fer nú nokkuð batnandi og er það mikið fagnaðarefni. Hafa bændur sýnt mikið þolgæði við erfiðar aðstæður og eru samningar þeirra við ríkisvaldið nú smám saman að skila þeim og neytendum betri hag. Gróska í ferðaþjónustu, sem er mikil um þessar mundir, ýtir undir væntingar manna. Þarna felast miklir möguleikar sem búa þarf í haginn fyrir og mun ekki síst landsbyggðin fá mikinn styrk af þessum vaxtarbroddi íslensks atvinnulífs.

Herra forseti. Ísland býr enn við ríka sérstöðu, þótt það sé nú í nánari snertingu við alþjóðlegt umhverfi en áður. Þá sérstöðu landsins á að viðurkenna og nýta. Í mjög athyglisverðri ræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sagði hæstv. utanrrh.:

„Það er órökrétt og ósanngjarnt að neita löndum um réttinn til að nýta hreina og endurnýjanlega orku til iðnaðar og leyfa á sama tíma að iðnaður sem notast við mengandi jarðefnaeldsneyti sé settur á fót annars staðar."

Ísland er og verður í fremstu röð á sviði umhverfismála. Það þýðir á hinn bóginn ekki að forustumönnum þjóðarinnar beri ekki að sjá til þess að Íslendingar búi við sanngjörn skilyrði þegar ákveðnum þáttum umhverfismálanna er markaður rammi með alþjóðlegum samþykktum. Íslensk stjórnvöld væru að bregðast hlutverki sínu með ámælisverðum hætti ef þau gættu ekki hagsmuna Íslendinga að þessu leyti, eins og hæstv. utanrrh. og hæstv. umhvrh. hafa af einurð gert fyrir okkar hönd.

Á alþjóðlegri ráðstefnu í Japan á síðasta ári, um aðgerðir til að draga úr losun svonefndra gróðurhúsalofttegunda, var samþykkt Kyoto-bókunin sem svo er kölluð. Þar er gert ráð fyrir að á Íslandi geti losun slíkra lofttegunda að hámarki verið 10% meiri á árunum 2008 til 2012 en hún var árið 1990. Þetta torveldar okkur að nýta íslenska orku með þeim hætti sem vonir höfðu staðið til. Engin þjóð mundi í alþjóðasamningi fórna baráttulaust möguleikum sínum til að bæta lífskjör *sín* með nýtingu auðlinda sinna.

Iðnríkin, sem gengist hafa undir að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um fáein prósent, eiga fæst í erfiðleikum með að ná því markmiði. Það gera sum þeirra með því að leggja af mjög mengandi starfsemi sem þegar er orðin *óhagkvæm og úrelt. Slíka kosti* eiga Íslendingar ekki. Á hinn bóginn gjöldum við þess að hafa að mestu lokið hitaveituvæðingu landsins fyrir árið 1990, en Kyoto-bókunin er miðuð við það ártal. Hefði hitaveituátakinu ekki verið lokið fyrir þennan tíma ættu Íslendingar þar innstæðu og ættu auðveldara með að fallast á niðurstöðu fundarins í Kyoto.

Unnið er að því að afla sjónarmiðum Íslands fylgis á alþjóðavettvangi. Það skaðar hins vegar hagasmuni landsins út á við ef þessi viðleitni er gerð tortryggileg heima fyrir. Almennt er viðurkennt að hrein og endurnýjanleg orka er forsenda stóriðju á Íslandi. Með þeirri nýtingu er einmitt dregið úr mengun í heiminum. Gagnvart okkur gengur því Kyoto-bókunin þvert á sín eigin markmið.

Herra forseti. Í opinberri heimsókn til Grænlands sl. sumar gafst kærkomið tækifæri til að rækta tengslin við grannþjóðina í vestri. Grænlenska landstjórnin er mjög áhugasöm um að efla samskipti og samstarf á milli þjóðanna. Gefin var út sameiginleg yfirlýsing forsætisráðherra Íslands og formanns *landstjórnar Grænlendinga um aukna samvinnu á ýmsum* sviðum, svo sem í heilbrigðis-, menningar-, viðskipta- og í sjávarútvegsmálum. Varðandi hið síðasttalda er byggt á ítarlegum samstarfssamningi sem sjávarútvegsráðherrar landanna undirrituðu í júlí í sumar.

Ákveðið var að *eiga samstarf um að minnast* þess að árið 2000 munu löndin fagna því að þúsund ár eru liðin frá því er Leifur heppni Eiríksson fann Ameríku. Leitast verður við að vekja athygli umheimsins á sameiginlegum arfi þjóðanna og nýta hið sögulega tilefni til að styrkja samvinnu íslenskra og grænlenskra aðila í ferðaþjónustu.

Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar vilja auka samstarf sín á milli. Til að undirstrika þann vilja hefur verið ákveðið að taka upp reglubundna samráðsfundi forsætisráðherra Íslands, lögmanns Færeyja og formanns grænlensku landstjórnarinnar. Þjóðirnar þrjár hafa ríka samkennd og sameiginlega hagsmuni og þurfa að eiga náið samráð um alþjóðlega þróun og samninga sem snerta málefni hafsins og sameiginlega fiskstofna.

Ísland tekur við formennsku í norrænu ráðherranefndinni um næstu áramót. Norræn samvinna er Íslendingum afar mikilvæg enda einn af hornsteinum utanríkisstefnunnar. Það er gleðiefni hve vel hefur tekist að laga norrænt samstarf að aðild Svíþjóðar og Finnlands að Evrópusambandinu og gerbreyttum aðstæðum í álfunni. Norræn samvinna er orðin fjölbreyttari og efnismeiri en áður og um leið enn mikilvægari vettvangur fyrir Ísland til að tryggja hagsmuni sína í Evrópu. Í formennskutíð Íslands verður leitast við að styrkja þessa þróun og efla umræðu og samráð milli Norðurlandanna um alþjóða- og öryggismál.

Atlantshafsbandalagið verður fimmtíu ára á næsta ári. Áfangans verður minnst í apríl næstkomandi, á leiðtogafundi bandalagsins í Washington. Á afmælisárinu hefst nýr kafli í sögu bandalagsins, en þá fá inngöngu þrjú ríki, sem áður voru í Varsjárbandalaginu áluga. Það er til marks um styrk og velgengni NATO að flest öll Evrópuríki utan þess sækjast eftir því að komast þar inn fyrir dyr. Kúvending forustumanna Alþýðuflokksins í afstöðu til sameiginlegra öryggishagsmuna vestrænna ríkja hefur valdið áhyggjum og vakið upp spurningar um trúverðuleika og stefnufestu.

Herra forseti. Á síðastliðnum vetri var kynnt ný skólastefna fyrir grunn- og framhaldsskóla landsins. Um hana náðist víðtæk sátt í samfélaginu. Ritun nýrra aðalnámskráa fyrir þessi skólastig er á lokastigi en þær munu taka gildi frá og með næsta hausti. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir allt að 260 milljónum króna í sérstök verkefni til að tryggja að nýju skólastefnunni sé fylgt myndarlega eftir.

Kennaramenntun verður efld, gert verður átak í endurmenntun kennara og farið í aðgerðir til að bæta námsráðgjöf. Fé verður varið til greiningar á sérþörfum nemenda og sérstök áhersla lögð á upplýsingatækni innan skólakerfisins. Þær þúsundir milljóna króna sem nú þegar renna til skóla landsins munu nýtast enn betur en áður þegar skólarnir hafa skýrari markmið í daglegum störfum sínum. Framkvæmd nýrrar skólastefnu er forsenda þess að íslenskir skólar geti í framtíðinni veitt nemendum menntun sem stenst samanburð við hið besta sem þekkist.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir fjárveitingum til umfangsmikils átaks á sviði upplýsingatækni og umhverfismála á vegum Rannsóknarráðs Íslands. Framlagið tekur mið af áætlun til nokkurra ára sem Rannsóknarráðið hefur lagt fram að ósk menntamálaráðherra en samtals er áætlað að veita 580 milljónir króna til verkefnisins á næstu árum.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur á kjörtímabilinu verið unnið að uppstokkun á fjölmörgum málaflokkum sem undir það falla. Eru vandfundin önnur ár þar sem jafnmiklar breytingar hafa orðið á einu málasviði. Nægir að nefna í því sambandi nýjar heildstæðar reglur um samskipti á vinnumarkaði og gjörbreytingar í húsnæðismálum sem leysa munu úr margvíslegum vanda þar. Á þessu kjörtímabili hefur sveitarfélögum fækkað og viðfangsefni þeirra og ábyrgð vaxið í sama skyni. Áfram verður haldið á þeirri braut.

Hér á landi er jafnrétti kynjanna með því besta sem þekkist meðal þjóða heims. Það dregur þó ekki úr ríkisstjórninni að leitast við að bæta stöðuna því enn hallar á konur á ýmsum sviðum samfélagsins og á karla á öðrum sviðum þess. Stefnt er að því að leggja fyrir yfirstandandi þing frumvarp til nýrra jafnréttislaga þar sem gætir nýrrar sýnar í þessum mikilvæga málaflokki.

Á sviði dóms- og lögreglumála hefur orðið byltingarkennd breyting á undanförnum árum og hefur skilvirkni dómskerfisins og réttaröryggi borgaranna aukist stórlega. Áfram verður haldið á þeirri braut. Þá er upplífgandi og eykur okkur styrk að heyra hvað alþjóðleg samtök sem berjast gegn spillingu í opinberri stjórnsýslu hafa að segja um Ísland. Samkvæmt niðurstöðum alþjóðlegrar könnunar sem samtökin létu gera er Ísland hvað þetta varðar eitt óspilltasta land í heimi og fær einkunina 9,3 af 10 mögulegum. Við getum öll verið stolt af.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nokkurs ótta hefur gætt í heiminum vegna óvissu um efnahagsþróun í Asíu og Suður-Ameríku og vandamála sem Rússland hefur búið við undanfarin ár og ekki sér fyrir endann á. Þessir atburðir ýta undir varfærni af okkar hálfu. Sagan kennir okkur að efnahagskreppa er iðulega að verulegu leyti mannanna verk. Brugðist er rangt við og afturkippur í ytri aðstæðum er magnaður upp með mannlegum mistökum. Þess vegna verða menn nú að fara með gát og tefla ekki í tvísýnu hinum mikla ávinningi sem við höfum þegar náð og eigum enn í vændum ef vel verður á haldið. Ef við stöndum staðfastlega við stefnuna sem svo miklu hefur skilað bendir flest til þess að góðærið megi framlengja öllum til heilla. Að því skulum við stefna. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[14:49]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Svo sem fyrr var getið fer umræða um stefnuræðuna fram á sérstökum fundi í kvöld. Sá fundur hefst klukkan 20.30 og verður útvarpað og sjónvarpað frá fundinum.

Fundi frestað kl. 14:50.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

fimmtudaginn 1. okt.,
kl. 3.30 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
2. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
   a. allsherjarnefnd, 9 manna,
   b. efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna,
   c. félagsmálanefnd, 9 manna,
   d. fjárlaganefnd, 11 manna,
   e. heilbrigðis- og tryggingarnefnd, 9 manna,
   f. iðnaðarnefnd, 9 manna,
   g. landbúnaðarnefnd, 9 manna,
   h. menntamálanefnd, 9 manna,
   i. samgöngunefnd, 9 manna,
   j. sjávarútvegsnefnd, 9 manna,
   k. umhverfisnefnd, 9 manna,
   l. utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
3. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Rauða krossi Rússlands.
Erindi frá Evrópuráðinu.

Tilkynning um formennsku í þingflokki.

[15:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur tilkynning frá þingflokki Kvennalistans um að Kristínu Halldórsdóttur hafi verið falið embætti þingflokksformanns frá og með deginum í dag.

[15:32]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1997, 3. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 3.
Fjárlög 1999, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.
Þjóðhagsáætlun 1999, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

Tilkynning um stofnun nýs þingflokks.

[15:34]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þann 16. september sl. varð til nýr þingflokkur, þingflokkur óháðra, og þá var ritað svofellt bréf til forseta Alþingis sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi forseta:

„Forseti Alþingis, herra Ólafur G. Einarsson.

Við undirritaðir alþingismenn tilkynnum hér með að við höfum ákveðið að stofna þingflokk, þingflokk óháðra. Þessi ákvörðun tengist breyttum aðstæðum í íslenskum stjórnmálum. Þeir flokkar sem við buðum okkur fram fyrir eða í samstarfi við hafa nú horfið frá því að efna til framboðs í eigin nafni og á grundvelli eigin stefnu í komandi alþingiskosningum. Munu þessar breyttu aðstæður hafa margvísleg áhrif á stjórnmálin á komandi vetri og á starfsemi þingflokka. Með vísan til þessa höfum við undirrituð, sem erum utan stjórnmálaflokka um þessar mundir, ákveðið að starfa saman í þingflokki. Ákvörðun þessa höfum við tekið að höfðu samráði við varamenn okkar. Við væntum góðs samstarfs við forseta og forsn. þingsins.

Gjört í Reykjavík, 16. september 1998."

Undir þetta rita sá sem hér talar, 4. þm. Austurl., Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., og Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

Við þetta er því einu að bæta að þessi nýi þingflokkur óskar að sjálfsögðu eftir sem bestu samstarfi við aðra þingflokka og Alþingi í heild.

Afbrigði um dagskrármál.

[15:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár þarf að leita afbrigða frá þingsköpum þar sem samkomulag er um annan ræðutíma í umræðum um stefnuræðu forsrh. en kveðið er á um í 2. mgr. 73. gr. þingskapa. Þessi afbrigði skoðast samþykkt ef enginn hreyfir andmælum. — Það eru engin andmæli og eru afbrigðin þá samþykkt.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

[15:37]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. þingskapa skal fara fram kosning sex varaforseta. Það er tillaga forseta að að þessu sinni verði einungis kosnir fjórir varaforsetar svo sem verið hefur á þessu kjörtímabili. Leita þarf afbrigða frá þingsköpum um að kosning 5. og 6. varaforseta fari ekki fram að svo stöddu og skoðast þau samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum. Það er ekki hreyft andmælum og afbrigðin eru því samþykkt. Hefst þá kosning fjögurra varaforseta. Ég vil biðja um lista.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi samkvæmt samþykktum afbrigðum. Lýsti forseti yfir því að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
2. varaforseti: Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
3. varaforseti: Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
4. varaforseti: Guðmunur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.

[15:37]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundastörfin og önnur verkefni forsætisnefndarinnar.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd:
Sólveig Pétursdóttir (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Jón Kristjánsson (A),
Árni R. Árnason (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Ágúst Einarsson (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Svavar Gestsson (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Gunnlaugur M. Sigmundsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A).

3. Félagsmálanefnd:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Kristján Pálsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Magnús Stefánsson (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

4. Fjárlaganefnd:
Sturla Böðvarsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Jón Kristjánsson (A),
Árni Johnsen (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

5. Heilbrigðis- og trygginganefnd:
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðni Ágústsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A).

6. Iðnaðarnefnd:
Guðjón Guðmundsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Hjálmar Árnason (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Árni R. Árnason (A).

7. Landbúnaðarnefnd:
Egill Jónsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Guðni Ágústsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Magnús Stefánsson (A),
Ágúst Einarsson (B),
Guðjón Guðmundsson (A).

8. Menntamálanefnd:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Árni Johnsen (A).

9. Samgöngunefnd:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Egill Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Árni Johnsen (A),
Magnús Stefánsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

10. Sjávarútvegsnefnd:
Árni R. Árnason (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Vilhjálmur Egilsson (A).

11. Umhverfisnefnd:
Tómas Ingi Olrich (A),
Ásta B. Þorsteinsdóttir (B),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Kristján Pálsson (A).

12. Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Árni R. Árnason (A),
Gunnlaugur M. Sigmundsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Árni M. Mathiesen (A).

Varamenn:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Ásta B. Þorsteinsdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Svavar Gestsson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir (B),
Einar K. Guðfinnsson (A).

Sætaskipun.
Sætaúthlutun fór á þessa leið:
2. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir.
3. sæti hlaut Sturla Böðvarsson.
4. sæti hlaut Egill Jónsson.
5. sæti hlaut Kristján Pálsson.
6. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
7. sæti hlaut Hjálmar Jónsson.
8. sæti hlaut Árni Johnsen.
9. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson.
10. sæti hlaut Ólafur Örn Haraldsson.
11. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
12. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
13. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
14. sæti hlaut Árni R. Árnason.
15. sæti hlaut Guðný Guðbjörnsdóttir.
16. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
17. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
18. sæti hlaut Gunnlaugur M. Sigmundsson.
19. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir.
20. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
21. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir.
22. sæti hlaut Kristín Halldórsdóttir.

23. sæti hlaut Friðrik Sophusson.
24. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson.
25. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
26. sæti hlaut Ísólfur Gylfi Pálmason.
27. sæti hlaut Kristín Ástgeirsdóttir.
28. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
29. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
30. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson.
31. sæti hlaut Siv Friðleifsdóttir.
32. sæti hlaut Svanfríður Jónasdóttir.
33. sæti hlaut Svavar Gestsson.
34. sæti hlaut Sighvatur Björgvinsson.
35. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
36. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
37. sæti hlaut Árni M. Mathiesen.
38. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir.
39. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir.
40. sæti hlaut Ragnar Arnalds.
41. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
42. sæti hlaut Ágúst Einarsson.
43. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
44. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
45. sæti hlaut Guðni Ágústsson.
46. sæti hlaut Stefán Guðmundsson.
47. sæti hlaut Ásta B. Þorsteinsdóttir.
48. sæti hlaut Sigríður Jóhannesdóttir.
49. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson.
50. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
51. sæti hlaut Jón Kristjánsson.
52. sæti hlaut Gísli S. Einarsson.
53. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich.

[15:58]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að eins og venja er mun hann láta undirbúa töflu með fundatíma fastanefnda og er ætlun forseta að hún verði lögð í hólf þingmanna á mánudag. Reglulegir nefndafundir hefjast svo í næstu viku með formanns- og varaformannskjöri í nefndunum. Það er ósk forseta að allar nefndir ljúki kjöri embættismanna í næstu viku.

Fundi slitið kl. 16:00.

---

2. FUNDUR

fimmtudaginn 1. okt.,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:

Umræða um stefnuræðu forsætisráðherra.

Umræða um stefnuræðu forsætisráðherra.

[20:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Umræðan skiptist í þrjár umferðir. Þar sem hæstv. forsrh. hefur þegar flutt stefnuræðu sína er samkomulag um að aðrir þingflokkar en Sjálfstfl. hafi 12 mínútur hver í fyrstu umferð. Í annarri og þriðju umferð hefur hver þingflokkur sex mínútur til umráða.

Röð flokkanna verður þessi: Sjálfstfl., jafnaðarmenn, Alþb., Framsfl., þingflokkur óháðra og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn verða fyrir Sjálfstfl.: Þorsteinn Pálsson sjútvrh. í annarri umferð og Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv., í þriðju umferð. Ræðumenn jafnaðarmanna verða í fyrstu umferð Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf., og Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl., í annarri umferð og Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn., í þriðju umferð. Fyrir Alþb. talar Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl., í fyrstu umferð, í annarri Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf., og í þriðju umferð Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv. Fyrir Framsfl. tala Halldór Ásgrímsson utanrrh. í fyrstu umferð, í annarri Ingibjörg Pálmadóttir heilbr.- og trmrh. og á ný í þriðju umferð Halldór Ásgrímsson utanrrh. Ræðumenn fyrir þingflokk óháðra verða Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., og Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., í fyrstu umferð, í annarri Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl., og í þriðju umferð Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv. Fyrir Samtök um kvennalista tala í fyrstu umferð Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., og í annarri og þriðju umferð Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv. Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf., og talar af hálfu jafnaðarmanna.

[20:37]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hæstv. forsrh. veit hverjir eru helstu andstæðingar ríkisstjórnarinnar. Hann veit hvað ógnar þeirri yfirburðastöðu sem Sjálfstfl. hefur haft um áratuga skeið. Hann veit að alþingiskosningar á komandi vori geta gerbreytt því pólitíska landslagi sem verið hefur á Íslandi í heilan mannsaldur. Hann veit að þær kosningar gætu sett punktinn aftan við langa valdasögu Sjálfstfl. á Íslandi. Þetta veit hann. Þess vegna vék hann máli sínu hvað eftir annað að samfylkingunni og þá ekki síst Alþfl. Aðra andstæðinga nefndi forsrh. ekki. Af þeim hefur hann ekki áhyggjur.

Forsrh. sagði að Íslendingar þurfi ekki að hafa áhyggjur af samkeppnisstöðu sinni meðal þjóða heims. Ekki er það nú alveg rétt. Samkvæmt frétt Morgunblaðsins um mat á samkeppnishæfi 46 þjóða er Ísland í 21. sæti, langt á eftir hinum Norðurlandaþjóðunum. Staða landsins fer hríðversnandi vegna aukins viðskiptahalla. Þá er samkeppnisstaða þjóðarinnar talin vera léleg varðandi stjórnsýslu, stjórnun og fjármál. Á sviði tækni og vísinda fellur þjóðin á einu ári í samkeppnishæfi um átta sæti og á sviði alþjóðavæðingar er Ísland í sjöunda neðsta sæti 46 þjóða. Öll þessi atriði, þar sem landið hlýtur lélega einkunn, eru á verk- og valdsviði ríkisstjórnarinnar. Árangur hennar er ekki lofsverður. Fólkið okkar og fyrirtækin standa sig miklu betur. Forsrh. hrósaði réttilega ört vaxandi tekjum af útflutningi hugbúnaðar. Sú atvinnugrein byggir á hugviti og framtaki einstaklinga. Á meðan þeir sækja fram er tölvukennslan í Háskóla Íslands að hrynja. Til að bjargast þarf háskólinn nú að hefja fjársöfnun meðal þjóðarinnar. Ríkisstjórnin byggði ekki upp hugbúnaðariðnaðinn. Það gerðu vel menntaðir og hæfileikaríkir einstaklingar. En ríkisstjórnin ber ábyrgð á því að menntunarundirstaða alls þessa er að hruni komin.

Forsrh. stillti í ræðu sinni hugmyndum formanns Alþfl. um fjármagnstekjuskatt upp sem valkosti á móti fjármagnstekjuskatti stjórnarflokkanna. Það var fallega gert af honum.

Ríkisstjórnin lagði nefnilega 10% skatt á allar vaxtatekjur, hversu smáar sem þær eru, þar á meðal á líknarfélög, börn og gamalmenni. Jafnhliða lækkaði ríkisstjórnin skatta á arðgreiðslur, leigutekjur og söluhagnað úr 40% í 10%. Ríkisstjórnin lagði skatt á sparnað fátæka mannsins til þess að geta lækkað skattana á hlutabréfaeigendum, leigusölum og verðbréfasölum. Formenn A-flokkanna vildu setja frítekjumark sem undanþægi almennan sparnað en skattleggja vaxtatekjur umfram það eins og aðrar tekjur og þeir vildu ekki lækka skatt á arðgreiðslur, leigutekjur og söluhagnað. Ég er reiðubúinn til að leggja þessa tvo valkosti um skattlagningu fjármagnstekna hvenær sem er undir dóm þjóðarinnar og óttast ekki afgreiðslu hennar.

Í ræðu forsrh. kom fram að engar ráðagerðir eru hjá ríkisstjórninni um að gera breytingar á gjafakvótakerfinu. Áfram ætlar hún að afhenda nokkrum einstaklingum og fyrirtækjum ókeypis aðgang að verðmætustu auðlind þjóðarinnar sem þeir braska svo með sín á milli. Hátt veiðileyfagjald er nú þegar greitt í sjávarútvegi, um 5 milljarðar króna á ári. Þetta veiðileyfagjald greiða útvegsmenn hins vegar hver öðrum, m.a. á kostnað sjómanna, en eigandinn, almenningur, situr hjá, horfir á og stendur ekki reiðari. En þetta kerfi ætlar ríkisstjórnin að varðveita.

Stjórnkerfi fiskveiða er gagnrýnt. Flestir eru sammála um að á því þurfi að gera breytingar. Eiga trillusjómenn á sóknarmarki t.d. að lifa af níu veiðidögum á næsta ári? Í fylgiskjali með stefnuræðunni þar sem ráðherrar telja upp lagafrv. sín vekur athygli að sjútvrh. áformar að flytja engar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Óbreytt skal það allt saman vera.

Leifur heppni Eiríksson fann Ameríku. Hæstv. forsrh. sagði okkur frá því í stefnuræðunni og lét þess getið að atburðarins verði sérstaklega minnst eftir tvö ár. Hins vegar gat forsrh. þess hvergi að næsta ár er ár aldraðra. Um málefni aldraðra hafði hann ekkert að segja. Eigi að heldur hafði hann neitt að segja öryrkjum eða fötluðum sem spurt hafa hvað orðið hafi af þeirra hlut í góðærinu. Þeir fengu engin svör frá honum. Þeir munu fá svör frá okkur.

Það er ekki nýtt að forystumenn Sjálfstfl. reyni að gera jafnaðarmenn tortryggilega í utanríkis- og öryggismálum. Staðreyndirnar eru hins vegar þær að á sl. rúmum 40 árum hafa jafnaðarmenn stjórnað utanríkismálum Íslendinga í 22 ár, meira en helminginn af tímanum, lengur en nokkrir aðrir. Jafnaðarmenn hafa öðrum fremur mótað utanríkisstefnu Íslendinga sl. hálfa öld og sýnt að þeim er treystandi. Þeim verður áfram treystandi.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Samfylking jafnaðarmanna, félagshyggjufólks og kvennalistakvenna hefur kynnt tillögur að málefnaskrá sameiginlegs framboðs. Verkefnaskrá er í vinnslu og kosningastefnuskrá í smíðum. Undirbúningur framboða er hafinn. Gamall draumur um öfluga stjórnmálafylkingu á grundvelli frelsis, jafnréttis og bræðralags er loksins að rætast. Markmið okkar eru skýr. Við viljum berjast með almannahagsmunum gegn sérhagsmunum, beita okkur fyrir hagsmunum fjöldans með venjulegu fólki, með smærri fyrirtækjum og verktökum, með frjálsri og heiðarlegri samkeppni en gegn sérhagsmunum hinna fáu og voldugu. Við fylgjum auðlindastefnu í almannaþágu. Við viljum tryggja sameign landsmanna á öllum helstu auðlindum Íslands í stjórnarskrá. Við viljum breyta nýsettum lögum um eignarhald á auðlindum í jörðu þannig að allar auðlindir undir yfirborði jarðar eins langt og komist verður séu ekki eign einstakra landeigenda heldur verði sameign þjóðarinnar. Við viljum tryggja almenningi umgengnisrétt að hálendinu, öllum landsmönnum jafna aðstöðu til áhrifa á stjórn og nýtingu þjóðlendna og við viljum taka gjald fyrir afnot af auðlindum í þjóðareign til lands og sjávar. Þetta viljum við. Þetta vill ríkisstjórnin ekki.

Við viljum forgangsraða verkefnum og setja mennta- og menningarmál í forgangshópinn. Við viljum rækta mannauðinn og auka framlög til þess málaflokks um tvo til þrjá milljarða króna. Þetta viljum við, þetta vill ríkisstjórnin ekki. Við viljum setja jafnréttismálin í öndvegi þannig að jafnréttis- og kvenfrelsissjónarmið setji mark sitt á allar ákvarðanir í stjórnmálum og stjórnsýslu. Af þeim átján þingmönnum sem standa að samfylkingunni eru níu konur, janfrétti kynja í reynd. Þessari stefnu fylgjum við, henni fylgir ríkisstjórnin ekki. Engin kona á sæti í ráðherraliði Sjálfstfl. Framsfl. hafnaði konum þegar Guðmundur Bjarnason vildi hætta.

Við viljum leggja sérstaka áherslu á umhverfismál. Við viljum að almannaréttur, vernd lífríkis, sjálfbær nýting auðlinda og sjálfbær orkustefna verði lykilatriði í umhverfisstefnu framtíðar. Við viljum að Íslendingar standi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í umhverfismálum og hafi grundvallarreglur Ríó-yfirlýsingarinnar um samskipti manns og umhverfis að leiðarljósi. Þetta viljum við, þetta vill ríkisstjórnin ekki.

Ég hef nefnt nokkur atriði úr málefnaskrá samfylkingarinnar, valkosti okkar sem berjumst fyrir almannahagsmunum. En þar er líka tekið fram að stefna okkar í ríkisfjármálum sé að tryggja stöðugleika, lága verðbólgu og stöðugt gengi. Þetta þýðir að við þurfum að forgangsraða verkefnum eins og við höfum þegar sagt og leita nýrra tekjustofna svo sem með auðlindagjöldum, mengunar- og umhverfissköttum eins og við höfum líka sagt. Við ætlum okkur ekki að fylgja því fordæmi ríkisstjórnarinnar að afla fjár með eignasölu til þess að standa undir rekstrarútgjöldum ríkisins. Þeir sem þannig stjórna í góðæri eiga ekki að kasta steinum úr glerhúsi sínu.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Vegna sundrungar jafnaðarmanna og félagshyggjufólks hefur orðið til á Íslandi allt öðruvísi flokkakerfi en í öðrum löndum Vestur-Evrópu. Hér hefur aldrei orðið til sá öflugi flokkur á grunni jafnaðarstefnu, félagshyggju og kvenfrelsis sem frumherjarnir ætluðu sér að stofna. Nú er þetta að takast. Slíkt stjórnmálaafl er loksins að verða til, afl sem getur ógnað veldi sérhagsmuna og pólitískra vörslumanna þeirra. Fram undan eru tímar þar sem sköpunargleðin á að fá að njóta sín. Gleðin við að skapa nýtt afl á nýrri öld. Þar höfum við öll mikilvægu hlutverki að gegna, alþýðuflokksfólk, alþýðubandalagsfólk, kvennalistakonur, þjóðvakafólk, gróskuliðar, verkalýðssinnar, allur almenningur á Íslandi sem aðhyllist hugsjónir jafnaðarstefnu um frjálst samfélag jafnréttis og bræðralags.

Við samfylkingarmenn köllum nú á ykkur öll til að byggja með okkur þá brú sem við viljum reisa yfir til nýrrar aldar á vit nýrra tækifæra, á vit nýsköpunar í stjórnmálum á Íslandi. — Góðar stundir.

[20:48]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. hefur samkvæmt venju flutt þingi og þjóð stefnuræðu sína. Óttalegt þunnildi, upptalning á meintum afrekum ríkisstjórnarinnar. Í þessari ræðu, eins og öllum fyrri stefnuræðum hæstv. forsrh., gleymdist enn og aftur að þakka þeim sem hvað stærstan hlut eiga í bættri afkomu þjóðarbúsins, þ.e. launafólki sem færði

á sínum tíma miklar fórnir til þess að ná mætti tökum á efnahagsmálunum. Ráðherra fór heldur ekki mörgum orðum um betri ytri aðstæður sem hafa verulega hjálpað til og lét nægja að víkja nokkrum hlýlegum orðum að samherjum sínum í ríkisstjórninni ef ske kynni að þeir hugsi sér til hreyfings eftir kosningar. Það er vissulega rétt hjá hæstv. forsrh. að við búum að mörgu leyti við bættan hag sem kalla má góðæri. Mælistikur útlendra stofnana segja að hagur þjóðarinnar sé góður að meðaltali og lánstraust eykst á grundvelli þessarar góðu afkomu.

Það eru ýmis atriði í þessari yfirlitsræðu sem örugglega getur myndast þverpólitísk samstaða um. Forsrh. boðar t.d. öfluga byggðastefnu en slík orð eru lítils virði ef hún tryggir ekki öflugt og fjölbreytt atvinnulíf á landsbyggðinni, raunverulegt jafnrétti til náms, að heilbrigðis- og félagsþjónusta sé í grundvallaratriðum hin sama um allt land, að möguleikar til að njóta menningar og lista séu ekki bundnir ákveðnum landsvæðum, að rekstrarkostnaður heimilanna sé jafnaður t.d. hvað varðar húshitunarkostnað og vöruverð og að samgöngur verði bættar. Um öll þessi atriði og fleiri sem snerta byggðamál ættum við að geta náð samstöðu ef forsætisráðherra og ríkisstjórn hafa raunverulegan áhuga á að styrkja byggð um landið.

Ég tek undir þau sjónarmið hæstv. forsrh. að efla beri kennaramenntun, bæta námsráðgjöf og greiningu á þörfum nemenda með sérþarfir. Það er hins vegar athyglisvert að hæstv. ráðherra lætur nægja að nefna menntun kennara þegar hann ræðir kjör þeirra. Hann minnist ekki einu orði á það hvernig mæta eigi þörfum nemenda með sérþarfir eftir að greiningunni lýkur. Töluvert skortir á að slíkir nemendur fái þá aðstoð sem þeir þurfa í kennslu, sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf. Það er ekki nóg að greina vandann það þarf líka að bjóða upp á úrræði til að leysa hann.

Áhugi ríkisstjórnarinnar á að tryggja betur en nú er gert jafnan rétt og stöðu kynjanna er af hinu góða. Ekki veitir af þótt hæstv. forsrh. fullyrði að jafnrétti kynjanna sé með því besta sem þekkist meðal þjóðanna. Líklega er ráðherralið Sjálfstfl. staðfesting á þessari góðu stöðu jafnréttismála að hans mati.

Forsrh. gat þess að á undanförnum árum hafi orðið jákvæðar breytingar á sviði dóms- og lögreglumála. Það er rétt. Engu að síður eru mörg stór verkefni óleyst. Það hefði t.d. verið full ástæða til þess að ráðherrann færi nokkrum orðum um þann mikla vanda sem aukin vímuefnaneysla hefur í för með sér. Aukið ofbeldi og afbrot, fjölgun þeirra sem búa á götunni og hafa ekki í nein hús að leita, bæði ungt og gamalt fólk. Það hefur líklega ekki mátt skekkja þá fögru mynd sem hæstv. forsrh. dró upp af veruleikanum með því að eyða orðum í þennan vanda. Er það ef til vill þannig að veruleiki ríkisstjórnarinnar sé allur annar en sá veruleiki sem þjóðin býr almennt við? Skyldu útlendu gestirnir með velferðarmælistikurnar hafa fengið upplýsingar um þann fjölda ungmenna sem verður vímuefnum að bráð á Íslandi? Þeir hafa auðvitað ekki rætt við foreldra þessa unga fólks sem ítrekað hafa átalið stjórnvöld hér á landi fyrir úrræðaleysi. Þeir hafa greinilega ekki heldur talað við þá sem eru heimilislausir og ekki verið sagt frá því hversu stórum hópi fólks er ætlað að lifa á launum sem nægja ekki til framfærslu. Hæstv. forsrh. minntist ekki einu orði á þessi miklu vandamál en hann sagði okkur að álit útlendra samtaka væri það að hér væri nær engin spilling í stjórnsýslunni. Ætli sú könnun hafi verið gerð fyrir eða eftir bankamálin svokölluðu? Voru umdeildar stöðuveitingar kannaðar eða sú mikla eignatilfærsla sem átt hefur sér stað í íslensku þjóðfélagi á undanförnum árum?

Ráðherrann væntir mikils af starfi auðlindanefndar sem skipuð var af hv. Alþingi sl. vor að tillögu Alþb. Ég deili þessum vonum með hæstv. ráðherra. Það er nauðsynlegt að skoða alla þætti sem lúta að vernd og nýtingu þeirra auðlinda sem þjóðin er svo rík af. Niðurstöður auðlindanefndar þurfa að liggja fyrir sem allra fyrst. Raunar er illskiljanlegt að ekki skuli fyrir löngu hafa verið farið í þessa vinnu í ljósi þess að margar af þessum auðlindum, sem ættu að vera sameign þjóðarinnar, hafa verið nýttar nánast frá upphafi Íslandsbyggðar. Það er illskiljanlegt að ekki skuli vera búið að skilgreina hverjar þessar auðlindir eru, hvernig skuli staðið að vernd þeirra og nýtingu og hvernig skuli staðið að gjaldtöku fyrir þá nýtingu. Um slíka stefnu og framkvæmd hennar þarf að ná víðtækri sátt í þjóðfélaginu.

Hæstv. forsrh. fullyrti í ræðu sinni að Íslendingar séu og verði í fremstu röð á sviði umhverfismála. Að þessu sinni studdi hann ekki fullyrðingu sína með tilvitnun í útlenda gesti með mælistikur eða alþjóðlegar kannanir. Þær notar hæstv. forsrh. aðeins þegar þær falla inn í þá glansmynd sem hann er að reyna að draga upp eins og fram kom í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar hér áðan. Hið sanna er að við erum eftirbátar margra annarra þjóða á umhverfisverndarsviði og lítið hefur farið fyrir ráðuneyti umhverfismála á þessu kjörtímabili enda hefur það verið aukabúgrein landbrh. og undir hælnum á iðnrh.

Þegar sjónarmið umhverfisverndar hafa stangast á við stefnu eða hagsmuni atvinnuvegaráðuneyta hefur umhverfisverndin oftar en ekki verið látin víkja. Ekki er metnaðurinn meiri þegar komið er að því að fullnægja skuldbindingum sem við höfum tekið á okkur með alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála. Þar hafa athafnir sannarlega ekki fylgt fögrum fyrirheitum.

Virðulegi forseti. Ég hef fjallað um nokkur atriði úr ræðu hæstv. ráðherra. Í heildina var ræðan rýr. Hann sagði okkur ekkert um þá mynd af framtíðarþjóðfélagi sem hann hefur að leiðarljósi. Ef til vill var það með ráðum gert, myndin er ekkert fögur ef þróunin á að vera í samhengi við það sem gerst hefur hingað til undir stjórn hans með aukinni misskiptingu og gífurlegri eignatilfærslu sem í æ ríkari mæli stuðlar að því að fámennur hópur manna á allt og ræður öllu. Stjórnarstefna Davíðs Oddssonar felur ekki í sér aukinn jöfnuð og réttlæti. Ísland skipar sér í fimmta sæti þeirra þjóða sem mestrar velferðar njóta samkvæmt meðaltalsfræðum alþjóðlegra stofnana sem byggja niðurstöður sínar eingöngu á mælikvörðum fjármagnsins. Af því eigum við að vera stolt, segir hæstv. ráðherra. En því meiri velsældar sem við njótum að meðaltali þeim mun meiri verður skömm okkar þegar horft er til þeirra stóru hópa í þjóðfélaginu sem hafa alls ekki fundið fyrir góðærinu og velsældinni.

Á sama tíma og ríkisstjórnin hælir sér af því hvað allt sé nú í lukkunnar velstandi er hér fyrir utan húsið hópur öryrkja að vekja athygli okkar sem hér störfum á Alþingi á því að ríkisstjórn einnar ríkustu þjóðar í heimi telur þjóðina ekki hafa efni á mannsæmandi almannatryggingakerfi. Ekki er langt síðan aldraðir fjölmenntu á Austurvelli í sama tilgangi. Öryrkjar eru að minna á það með þöglum mótmælum í kvöld að tryggingabótum er haldið fyrir neðan allra aumustu kjör sem finnast hverju sinni. Þeir eru að minna á að veikindi og fötlun er ekki hlutskipti sem fólk kýs sér. Það er ríku

samfélagi eins og okkar til lítils sóma að dæma þennan hóp til fátæktar eins og gert er.

Hæstv. forsrh. gat þess ekki í ræðu sinni hvar við erum stödd í þessum efnum í samanburði við þær þjóðir sem við viljum gjarnan bera okkur saman við. Enda verja nágrannaþjóðir okkar mun stærri hluta þjóðartekna sinna til að tryggja öldruðum og öryrkjum mannsæmandi líf. Þar eru tryggingabætur allt að því tvöfalt hærri en hér gerist. Allt tal um meðaltalsvelsæld og hamingju þessarar þjóðar er blekking á meðan fjölmennir hópar í þjóðfélaginu búa við fátækt. Möguleikar á að skapa þjóðfélag réttlætis og jöfnuðar eru þó líklega óvíða eins miklir og hér. Það er því ólíðandi að misskipting og launamunur skuli aukast á sama tíma og þjóðin býr við ein hagstæðustu skilyrði sem hún hefur upplifað. Vissulega hafa fjölmennir hópar notið þeirrar kaupmáttaraukningar sem hæstv. forsrh. nefndi í ræðu sinni en því sárari verður neyð þeirra sem búa við fátækt, og um leið lítið svigrúm til að njóta lífsins, og þeir eru margir.

Góðir áheyrendur. Stjórnmál snúast öðru fremur um forgangsröðun verkefna. Það er deginum ljósara að forgangsröðun forsrh. og fylgismanna hans er allt önnur en hjá þeim flokkum sem ætla nú að snúa bökum saman í baráttu fyrir félagshyggju, jöfnuði og kvenfrelsi.

Forsrh. er að vonum óhress með þá samstöðu sem myndast hefur meðal félagshyggjufólks í landinu. Hann sakar samfylkinguna um að sækja í gamalt far. Hann hafnar stefnu sem felur í sér bættan hag og auknar samverustundir fjölskyldunnar. Hann hafnar því að leiðrétta þann ójöfnuð sem skattabreytingar ríksstjórnarinnar höfðu í för með sér með aukinni skattbyrði lág- og millitekjuhópa en minni skattbyrði á þá tekjuhæstu. Honum finnst það óendanlega gamaldags að vilja afnema komugjöld í heilsugæslunni sem er mikilvægasti hluti heilbrigðiskerfisins hvað forvarnir snertir. Ráðherrann ætti að hugsa til þess að nú telur aðeins þriðji hver Íslendingur að hann búi við gott heilbrigðiskerfi.

Hæstv. forsrh. kallar það að sækja í gamalt far að aðgangur að menntastofnunum verði óháður búsetu og efnahag og því sé hafnað að opinberar menntastofnanir standi undir rekstri sínum með skólagjöldum. Það er gamalt far að tryggja fötluðum menntun af sömu gæðum og ófötluðum, tryggja að bætur dugi til framfærslu og að tekjutenging þeirra við tekjur maka verði afnumin. Það er í sjálfu sér ekkert skrýtið að hæstv. forsrh. tali um gamalt far þegar hann og ríkisstjórn hans hafa verið á harðahlaupum frá stefnu samstöðu og samhjálpar í átt til þjóðfélags þar sem hver á að vera sjálfum sér næstur, þar sem afl peninganna ræður eitt ríkjum og mannleg gildi eru lítils metin.

Við höfum sett fram okkar framtíðarsýn þar sem lögð er áhersla á þau atriði sem hér hafa verið talin upp. Atriði sem hæstv. forsrh. gefur lítið fyrir og fer mikinn um þann kostnað sem þessar breytingar hefðu í för með sér. Hann talar eins og að framkvæma eigi allar þessar breytingar á einu ári, þær verði hrein viðbót við þann rekstur sem fyrir er. Hæstv. forsrh. veit betur, hann er ekkert barn í pólitík. Hann veit að hér er um að ræða sýn okkar á það hvernig skapa má á næstu árum réttlátara þjóðfélag þar sem forgangsröðun verkefna er allt önnur en hjá núverandi ríkisstjórn en rúmast engu að síður innan fjárlagaramma þar sem gætt er stöðugleika í efnahagsmálum. Ráðherrann veit að við teljum brýnt að endurskoða allan ríkisreksturinn. Forgangsröðun og framtíðarsýn okkar sem stöndum fyrir félagshyggju, jöfnuð og kvenfrelsi er einfaldlega allt önnur en hæstv. ráðherra og hann hræðist stefnu okkar og samstöðu.

Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. sagði okkur um daginn söguna af því hvernig amma hans varaði hann við að kaupa þunnildi hjá fisksalanum, en hrædd er ég um að ömmunni, eftir að hafa hlustað á stefnuræðu forsrh., hefði ekki líkað það sem litli drengurinn kom með heim úr fiskbúðinni í þetta sinn.

[21:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Farsælt kjörtímabil í sögu íslensku þjóðarinnar er senn á enda. Ef við lítum yfir farinn veg sjáum við að árangurinn hefur verið mikill á þessu kjörtímabili og hæstv. forsrh. gerði góða grein fyrir því í stefnuræðu sinni í dag. Þessi árangur er að sjálfsögðu mörgum að þakka. Hann er m.a. að þakka því að hér hafa tekist góðir kjarasamningar, friður hefur ríkt á vinnumarkaði, náttúran hefur verið okkur gjöful, skilyrði hafa verið hagstæð erlendis en hér hefur líka verið farsæl stjórnarstefna og ríkisstjórnin hefur haldið vel á málum og það er viðurkennt af öllum nema þá kannski stjórnarandstöðunni.

Fyrir síðustu kosningar vorum við framsóknarmenn allbjartsýnir. Við héldum því fram að það væri hægt fyrir árið 2000 að skapa hér 12 þús. störf. Við töldum að hægt væri að skapa svigrúm á seinni hluta kjörtímabilsins til að auka útgjöld ríkisins um 3 til 4 milljarða til lífskjarajöfnunar, við töldum mögulegt að auka útgjöld til menntamála svo eitthvað sé nefnt. Ég man það vel að stjórnarandstaðan gerði lítið úr þessum markmiðum og notaði fyrsta veturinn á Alþingi til að hrópa það að við værum að setja fram markmið sem ekki væri hægt að standa við. Það vill nú svo til að 12 þús. störfin verða sennilega nær 14 þús.

Skattalækkun á seinni hluta kjörtímabilsins er u.þ.b. 6 milljarðar og skattalækkunin er mest á millitekjufólk — það er ekki rétt hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að það komi fyrst og fremst hátekjufólki til góða vegna þess að hátekjuskatturinn var hækkaður líka.

Útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála á árunum 1998 og 1999 vaxa um 5,7 milljarða að raungildi og útgjöld til menntamála á árunum 1998 og 1999 vaxa um 1,4 milljarða. Þetta er mikill árangur og ekki í nokkru samræmi við þann málflutning sem stjórnarandstaðan hefur haft í frammi og í reynd höfum við aukið útgjöld ríkisins meira en hagfræðingar og ýmsir aðrir hafa mælt með og hafa hvatt okkur til meira aðhalds. Við höfum ekki talið það nauðsynlegt, við höfum talið nauðsynlegra að koma til móts við þarfir almennings, þarfir landsmanna á ýmsum sviðum.

Stjórnarandstaðan hefur verið mjög gagnrýnin á þessu kjörtímabili, sérstaklega gagnvart Framsfl. Hún var það að vísu ekki hér í kvöld, sem er nýlunda. Hún hefur stundum verið ómálefnaleg. Hún hefur líka verið málefnaleg en stundum hefur hún verið ansi persónuleg og jafnvel rætin, t.d. í garð heilbrrh. og iðn.- og viðskrh. sem hafa staðið fyrir erfiðum málum. Heilbrrh. hefur staðið með erfiðan málaflokk sem hún hefur leyst vel af hendi, iðn.- og viðskrh. hefur verið með málaflokk sem er sennilega mesti drifkrafturinn í því sem hefur verið að gerast og stjórnarandstaðan hefur almennt verið á móti. Halda menn að það hafi ekki haft neitt að segja að farið var út í stækkun álversins, stækkun járnblendiverksmiðjunnar og að byggja nýtt álver á Grundartanga? Halda menn að það hafi ekki komið ýmsum hjólum í gang í þjóðfélaginu og haft áhrif á ýmsa aðra atvinnustarfsemi í landinu?

Halda menn virkilega að við hefðum getað skilað þessum árangri ef við hefðum látið þessar framkvæmdir fara fram hjá okkur? Það hefur verið skapað traust á framtíðinni og landsmenn hafa traust á því að við Íslendingar getum staðið okkur á næstu árum. Það er þess vegna sem fólk fer út í fjárfestingar, það er þess vegna sem fólk fer að búa í haginn, það er þess vegna sem vextir eru að lækka og síðast en ekki síst stendur ekki til að senda komandi kynslóðum reikninginn, heldur þvert á móti að greiða niður skuldir þannig að komandi kynslóðir hafi meiri möguleika.

Málefnagrunnur stjórnarandstöðunnar er fullur af góðum óskum og það er vel, en það vantar þar allan efnahagslegan grunn. Það vantar að tala þar um atvinnulíf og verðmætasköpun. Það má vel vera að stjórnarandstöðunni finnist að það skipti engu máli og það sé bara svona einhver miðjustefna og hægri stefna að tala um slíka hluti og það sé vinstri stefna að tala bara um útgjöldin. Ég er nú farinn að halda að það sé skilgreiningin á vinstri stefnu og það virðist vera að formaður jafnaðarmannaflokksins, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hafi ekki áttað sig á því að kollegi hans í Þýskalandi vann sína kosningabaráttu undir kjörorðinu „hin nýja miðja" en hann hefur kosið að nota „hið nýja vinstri", eða ég vænti þess að svo verði.

Það vantar líka að stjórnarandstaðan skapi traust í utanríkismálum. Það er ekki nóg, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, að vitna til þess að Alþfl. hafi farið með utanríkismál í rúm 20 ár. Ég hef skilið það svo að hér sé verið að stofna nýjan flokk með nýja stefnu og það vill svo til að þar er skrifuð stefna Alþb. sáluga en ekki stefna Alþfl. sáluga og það er þetta sem skiptir máli. Hv. þm. sagði ekkert um það hver þessi stefna væri, en það stendur í plagginu að til standi að ganga úr hernaðarbandalagi. Væntanlega veit hv. þm. að það er búið að leggja Varsjárbandalagið niður og það er ekki lengur hægt að ganga úr því og eina bandalagið samkvæmt þessari skilgreiningu er gamla NATO og ekki er hægt að skilja það öðruvísi en svo að hinn nýi flokkur stefni að því að einangra Ísland og ganga úr þessu bandalagi og einangra okkur í utanríkismálum.

Herra forseti. Það eru mörg verkefni fram undan og það eru þau sem skipta okkur meginmáli og það skiptir meginmáli að við beinum huganum að þeim verkefnum sem bíða okkar. Þar skiptir meginmáli að viðhalda stöðugleikanum og traustinu á framtíðina. Við verðum að verja og efla velferðarkerfið og það höfum við verið að gera. Við höfum verið að efla og verja velferðarkerfið á þessu kjörtímabili, meðal annars með því að stórauka útgjöld til ákveðinna málaflokka þótt það hafi farið fram hjá ýmsum hv. þm. en ég vænti þess að með því að lesa fjárlagafrv. muni þeir komast að raun um hið sanna. Við erum í 5. sæti þjóða sem mestrar velferðar njóta og það eru ekki einhverjar peningastofnanir sem hafa fellt þann úrskurð, það eru stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem hafa fellt þann úrskurð og þar eru allir þættir með, þar á meðal umhverfismál. Við þurfum að sjálfsögðu á því að halda að auka þjónustu í heilbrigðis- og tryggingamálum en til þess þurfum við að hafa grundvöll. Við þurfum að auka útgjöld til menntamála. Það vill ríkisstjórnin gera og sinna þeim málaflokki betur og það hefur margt, mikilvægt verið gert í þeim málaflokki undir forustu hæstv. menntmrh. Við eigum að geta lækkað skatta á næsta kjörtímabili og þar þarf að mínu mati ekki síst að huga að barnafólki, að barnabótum og draga enn úr skerðingu þeirra. Við þurfum að tryggja áframhaldandi sókn atvinnulífsins og hagvöxt. Hagvöxtur hefur verið mjög mikill á þessu tímabili. Ef við færum eftir stefnu hins nýja flokks, þá fullyrði ég að það verður enginn hagvöxtur á næsta kjörtímabili.

Það er erfitt að sameina áherslur í umhverfismálum og atvinnumálum. Það hefur okkur tekist í sjávarútvegsmálum. Okkur hefur tekist að skapa stefnu sem byggir upp fiskstofnana en eykur arðsemi sjávarútvegsins jafnframt. Þetta skiptir miklu máli. Hér erum við bæði að framfylgja mikilvægum stefnuatriðum í umhverfismálum og í atvinnumálum. Auðvitað má margt betur fara í sjávarútvegsstefnunni og hún hefur verið í stöðugri endurskoðun, en það vitlausasta sem við gerðum væri að leggja hana í rúst eins og sumir boða. Það er líka erfitt að sameina áherslur í iðnaðarmálum og umhverfismálum. Það hafa menn gert og eru að reyna að gera en ég skil stjórnarandstöðuna þannig að hún vilji hætta að nýta auðlindir Íslands í orkumálum, skrifa undir Kyotobókunina og þakka fyrir sig og hætta að virkja á Íslandi. Eru þetta áherslur í umhverfismálum? Að hætta að nýta endurnýjanlega orkugjafa?

Það er ýmislegt sem við þurfum að gera í landbúnaðarmálum. Þar hefur margt færst til betri vegar en margt er ógert t.d. í skógrækt og ferðaþjónustu sem getur styrkt byggðir landsins. Við eigum líka margt ógert í utanríkismálum. Við þurfum enn að treysta okkar stefnu í öryggis- og varnarmálum. Við þurfum að fylgja eftir þeim breyttu áherslum í þróunarmálum og hjálp til fátækustu ríkja heims sem við höfum breytt og höfum ákveðið að hjálpa mun meir. Við höfum líka komið með breyttar áherslur í viðskiptaþjónustu utanríkisþjónustunnar og þjónustum fyrirtæki og atvinnulíf mun meir en nokkru sinni fyrr.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Abraham Lincoln sagði að auður væri ávöxtur erfiðisins en hann hefði aldrei myndast ef erfiðið hefði ekki á undan farið. Ég held að mikill sannleikur felist í þessu og þess vegna þurfum við að viðhalda krafti og bjartsýni því við myndum engan auð nema með krafti og bjartsýni. En við þurfum jafnframt að huga að réttlátri tekjuskiptingu og velferðarkerfi þjóðarinnar og það höfum við gert. Ég viðurkenni það fúslega eins og ég vona að flestir geri hér inni að við verðum að tryggja að allir fái notið ávaxtanna og ekki síst þeir sem minnstan eiga máttinn, því þeir hafa innt lífsstarf sitt af hendi eins og aðrir og tekið þátt í að skapa það velferðarþjóðfélag sem við búum í og eiga þess vegna rétt á sínum skerf eins og allir aðrir og við þurfum að huga vel að því.

[21:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Kjarninn í ræðu forsrh. Davíðs Oddssonar var u.þ.b. eftirfarandi: Það er mikið góðæri, og sjá, þjóð mín, það er ég sem hef fært ykkur góðærið. Árangur vor er nánast einstakur á öllum sviðum. Framsfl. sem vér höfum ákveðið að hafa með okkur í ríkisstjórn um þessar mundir er ágætur. Það er í lagi með hann. Það er í lagi með þá Halldór og Finn. En stjórnarandstaðan, hún er nú ekki upp á marga fiskana. Þeir yrðu fljótir að fara með allt í kaldakol. Góðærið er brothætt. Takið því ekki áhættu og treystið á mig. Punktur. Ende.

Þetta var í grófum dráttum, herra forseti, að vísu svolítið einfölduð endursögn á ræðu hæstv. forsrh. en þetta var ekki meiri einföldun en umfjöllun hæstv. forsrh. sjálfs um góðærið. Þar var mikil einföldun á ferðum. Hæstv. forsrh. vék ekki að því einu orði að góðærið er nú aðallega drifið áfram

af eyðslu umfram efni. Það stefnir í nærfellt 40 milljarða viðskiptahalla íslenska þjóðarbúsins.

Hæstv. forsrh. vék enn síðar að því hvernig góðærinu er skipt eða öllu heldur misskipt. Það var ekki eitt orð í ræðu forsrh. um hlut öryrkja og aldraðra í góðærinu. Það hefði ekki passað inn í glansmyndina, góðærishjalið. Sú dapurlega staðreynd að þeir sem hvað höllustum fæti standa í þjóðfélaginu hafa setið eftir, hafa ekki borið sama hlut úr vaxandi þjóðartekjum og aðrir.

Ég saknaði líka í umfjöllun hæstv. forsrh. að hann færi yfir stefnu ríkisstjórnarinnar í bankamálum og sérstaklega framgöngu hennar í þeim efnum á sl. sumri. Það var ekki bara einföld umfjöllun um það í ræðu forsrh., hún var engin. Hæstv. forsrh. vék líka að sjávarútvegsmálum með afar einföldum og yfirborðslegum hætti. Ég deili að sjálfsögðu þeirri skoðun með sjútvrh. að farsæl fiskveiðistjórnun og ábyrg sjávarútvegsstefna er mikilvæg og einnig að þar hefur ýmislegt vel tekist, jafnvel svo að athygli hefur vakið á erlendri grund, en það er yfirborðslegt að fjalla ekki um þá ágalla sem eru á því kerfi sem við búum við, þá óánægju sem kraumar undir með ýmsa fylgifiska þess. Stjórnkerfi fiskveiða eins og það snýr að smábátum og bátaflotanum er ónýtt. Það eru réttmætar áhyggjur af samþjöppun í greininni og heilbrigðri réttlætiskennd almennings er misboðið með þeim stórvinningum sem einstakir aðilar hirða út úr þessu kerfi þegar þeir hætta og selja öðrum réttindi sín. Á þessum vandamálum er hægt að taka, m.a. með því að gera sölugróðann upptækan í gegnum skattkerfið. Til þess þarf hvorki að fórna stjórnkerfi fiskveiðanna né heldur að leggja milljarða eða milljarðatuga skatt á sjávarútveginn og þar með sjómenn, fiskverkafólk og sjávarútvegsbyggðarlögin.

En þá að öðrum hlutum, herra forseti. Það hefur dregið til nokkurra tíðinda í íslenskum stjórnmálum á þessu ári og það hillir undir uppstokkun í flokkaskipaninni sem ýmsir hafa á undanförnum árum talið sér trú um að væri íslenskum stjórnmálum sérstakur fjötur um fót. Nú verður þeim að ósk sinni ef allt fer sem horfir.

Það er svo með Ísland að við höfum ekki farið varhluta af nýfrjálshyggjunni sem riðið hefur húsum í vestrænum stjórnmálum frekar en önnur lönd. En það er hljótt um þá staðreynd að það var Alþfl. á Íslandi sem innleiddi hana í Stjórnarráðinu 1991 og færði Davíð Oddssyni húsbóndavaldið á þeim bæ hverju hann heldur enn. Það er enn sjaldnar minnt á þá staðreynd að það voru ráðherrar Alþfl. sem voru duglegustu verkamennirnir í því að innleiða breytingar í velferðarmálum sem eru í anda nýfrjálshyggjunnar og boða aðrar í atvinnumálum og utanríkismálum af sama sauðahúsi.

Viðbrögðum vinstri manna við nýfrjálshyggjunni í heiminum má í aðalatriðum skipta í tvennt. Það eru annars vegar þeir sem hafa gefist upp fyrir henni, aðlagað sig að henni, tekið hana upp en boðist til að framkvæma hana með félagslegu ívafi og það eru hins vegar hinir sem hafa ákveðið að berjast gegn henni, bjóða upp á skýran valkost móti þeirri stefnu og láta kjósendur velja um það hvort þeir vilja þjóðfélag mótað af hugsunarhætti nýfrjálshyggjunnar eða vinstri stefnu. Það er enginn vafi á því að umræðan um samstarf vinstri flokka á Íslandi hefur mótast af sterkri stöðu nýfrjálshyggjunnar. Svo rammt hefur kveðið að þessu að mönnum hefur langleiðina tekist að sannfæra sig um að þeir væru einskis nýtir, gagnslausir og áhrifalausir smáflokkar jafnvel þó þeir njóti fjöldafylgis sem á alla venjulega mælikvarða evrópskra stjórnmála teldust umtalsverðir.

Lýðræðið, herra forseti, snýst um meira en það að mæta á kjörstað á fjögurra ára fresti og kjósa. Lýðræðið snýst einnig og ekki síður um að í boði séu skýrir valkostir til að kjósa um. Íslensk stjórnmál þurfa ekki á fleiri mórauðum lækjum að halda sem hvorki eru bergvatnsár né jökulvötn. Íslensk stjórnmál þurfa á öflugri vinstri stefnu að halda sem svari við nýfrjálshyggjunni sem hefur verið leiðandi hugmyndafræði. Þeir sem vilja nýfrjálshyggjuna eiga að boða hana og þeir sem vilja slíkt þjóðfélag eiga að kjósa hana og svo geta menn hagrætt og hagrætt með því að hætta að skipta á rúmunum hjá gamla fólkinu eins og dæmin frá Bretlandi og Svíþjóð sanna. Þeir sem vilja aðild að Evrópusambandinu eiga að boða það og þeir sem vilja inn í slíkt batterí eiga að kjósa það. En þeir sem vilja eitthvað annað eiga að boða það og standa fyrir því og bjóða kjósendum þannig skýra valkosti.

Um allt land, herra forseti, er fólk nú að gera upp hug sinn til nýs landslags í íslenskum stjórnmálum. Ég skora á alla þá sem vilja að til verði á Íslandi og í íslenskum stjórnmálum rödd sem boðar einarða vinstri stefnu, boðar umhverfisvernd, boðar jafnrétti og boðar þjóðfrelsi og andstöðu við her og hernaðarbandalög að fylkja liði. Það er að hefjast ummótunartími í íslenskum stjórnmálum. Það er verður til að skapa og það er verk að vinna í þágu réttlátara samfélags.

[21:21]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill minna á að sömu reglur gilda við útvarps- og sjónvarpsumræður um ávörp, að hv. ræðumenn ávarpi þingmenn og ráðherra með venjubundnum hætti og nefni þá fullu nafni.

[21:22]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Í fréttum sjónvarpsstöðvanna í gærkvöldi voru sýndar myndir frá Kosovo af líkum karla, kvenna og barna sem höfðu verið myrt á grimmilegan hátt. Þetta fólk hafði það eitt til saka unnið að vera af albönskum uppruna og búa á landsvæði sem Serbar hafa stjórnað af hörku um árabil.

Fyrr í vikunni var hér á ferð framkvæmdastjóri alþjóðlegra stuðningssamtaka við íbúa Austur-Tímor. Hann sýndi okkur myndir af fórnarlömbum indónesískra stjórnvalda sem hafa verið pyntuð á hrottafenginn hátt vegna þess eins að þau sætta sig ekki við stjórn Indónesa sem réðust inn í Austur-Tímor fyrir 23 árum. Þessi tvö dæmi frá ólíkum heimshlutum minna okkur enn og aftur á hvílíkt forréttindafólk við erum á Íslandi. Við búum við frið og öryggi. Auk þess er allt í sómanum að meðaltali og við getum borið okkur saman við nánast hvaða þjóð sem er og verið stolt af. En meðaltölin blekkja. Hér eins og í Evrópu ættum við að beina sjónum að fjölgun aldraðra, gerbreyttum fjölskylduháttum og hópum fólks sem lifir á jaðri samfélagsins nánast utan við lög og rétt.

Íslendingar eru ung þjóð en á næstu áratugum mun gömlu fólki fjölga ört. Við erum að byggja upp stórmerkilegt lífeyriskerfi sem væntanlega mun auðvelda okkur að tryggja öldruðum og fötluðum bærileg kjör í framtíðinni. Það firrir okkur þó hvorki ábyrgð gagnvart þeim hópi aldraðra sem býr við afar kröpp kjör né þeim sem minna nú á sig hér utan dyra.

Samsetning fjölskyldna er að breytast hér á landi sem annars staðar. Á tæplega fjórðungi heimila býr aðeins einn fullorðinn. Á öðrum fjórðungi heimila búa tveir fullorðnir með börn undir 16 ára aldri. Á tæplega 38% heimila búa

fleiri en tveir fullorðnir og engin börn og heimili einstæðra foreldra eru 5,4%. Tölur á borð við þessar hafa vakið margar spurningar meðal þeirra sem spá í framtíðina um þau áhrif sem breyttir fjölskylduhættir eiga eftir að hafa á menningu, félagsþjónustu, atvinnulíf, húsnæðismál o.fl. Mér vitanlega eru ekki til neinar kannanir hér á landi á samsetningu þess hóps eða fjölda þeirra sem eru á jaðri samfélagsins, þeirra sem eru óvirkir og utan við allt, þeirra sem ekki njóta góðærisins margumræddu. Í þeim hópi eru t.d. þeir sem lifa undir fátæktarmörkum, hluti fatlaðra og aldraðra, sjúklingar, unglingar, afbrotamenn, eiturlyfjaneytendur og heimilislausir. Í könnun Tryggingastofnunar á högum fatlaðra hér á landi, sem kynnt var á aðalfundi sl. föstudag, kom fram að í hópi fatlaðra er að finna fólk sem hvergi er skráð, fólk sem hvergi á heima. Það væri fróðlegt að fá að vita hversu margir eru heimilislausir hér á landi en það er einmitt hópur sem sjónir hafa beinst að í öðrum löndum vegna þess að hann fer stækkandi.

Hæstv. forseti. Ég fæ ekki séð að pólitísk umræða hér á landi taki nægjanlegt mið af þeim þjóðfélagsbreytingum sem hér hafa orðið og eru fram undan, allra síst að þeir sem lifa á jaðrinum fái þá athygli og aðstoð sem þeim ber. Það kann að reynast okkur hættulegt í framtíðinni. Þess má minnast hér að enska kirkjan sá ástæðu til að skamma stjórnmálaflokkana í Bretlandi, jafnt Verkamannaflokkinn sem Íhaldsflokkinn fyrir að gleyma hinum fátæku í kosningabaráttunni 1997. Þar eins og hér beindist athyglin einkum að hinni breiðu miðju þjóðfélagsins, vinnandi fólki, bæði körlum og konum.

Það veitir auðvitað ekki af að rætt sé um stöðu vinnandi fólks, ekki síst kjör kvenna sem enn standa mun lakar að vígi en karlar hvað varðar völd, áhrif og möguleika til að sjá sér farborða. Það veitir ekkert af umræðu um hvernig megi samræma betur einkalíf og atvinnulíf fólks sem kostar svo marga blóð, svita og tár í erli dagsins vegna skorts á þjónustu og sveigjanleika á vinnumarkaði, að ekki sé minnst á nauðsyn breytinga á hefðbundinni verkaskiptingu kynjanna. Umræðan um þá sem verst standa að vígi má þó ekki gleymast.

Hæstv. forseti. Íslensk stjórnmál einkennast af mikilli upplausn um þessar mundir. Afleiðingar breyttra þjóðfélagshátta, t.d. mikill flutningur fólks frá landsbyggðinni og kvótakerfið er að kalla fram ný framboð meðal fyrrv. stuðningsmanna Sjálfstfl. Mér segir svo hugur um að mörgum framsóknarmanninum svíði stóriðjustefna síns flokks sem virðist reiðubúinn til að sökkva hálfu landinu í þágu stóriðju sem innan nokkurra ára verður svo tæknivædd að þar mun varla nokkur mannshönd koma nærri. Tilraunir svokallaðra jafnaðarmanna til að búa til krataflokkinn mikla, samfylkinguna, hefur leitt til þess að í stað þess að sameina er búið að sundra rétt einu sinni eins og gerðist 1930, 1938, 1956, 1967, 1983 og 1995. Í valnum liggja Kvennalistinn og Alþb. klofin í herðar niður og ómögulegt er að átta sig á hvert stefnir. En til hvers er þetta allt saman? Að hvers konar samfélagi er verið að stefna og í þágu hverra? Þeim spurningum er enn ósvarað.

Stjórnmál framtíðarinnar munu eflaust snúast um hagsmuni og togstreitu milli hópa. Þau munu þó vonandi snúast meira um ákveðnar hugmyndir og lífssýn en um hagsmuni stórra þjóðfélagshópa líkt og einkenndi stjórnmálin á fyrri hluta þessarar aldar. Þau munu m.a. fjalla um þarfir andspænis græðgi eins og presturinn gerði að umræðuefni í frábærri ræðu sinni við setningu þings fyrr í dag. Það verður eflaust tekist á um varðveislu náttúrunnar andspænis nýtingu hennar, um rekstur og umfang velferðarkerfisins, um jafna stöðu karla og kvenna, um lýðræðið og áhrif íbúanna á þróun samfélagsins. Ég vil trúa því að stjórnmál framtíðarinnar muni aftur beina sjónum að grundvallarhugsjónum sem nú skortir svo átakanlega. Ég vona að frelsi, jafnrétti, jöfnuður og ábyrgð á okkar minnstu bræðrum og systrum komist til vegs og virðingar og að Íslendingar beri gæfu til að skapa hér enn betra samfélag jöfnuðar og réttlætis þar sem þeir gleymast ekki sem standa utan dyra. Ég vil sjá umræðu um grundvallarspurningar á þeim átakavetri sem nú fer í hönd.

Á meðan við tökumst á um framtíð stjórnmálanna skulum við ekki gleyma því að fyrir utan bíður heimur sem þarfnast okkar. Við Íslendingar eigum sjálfstæða rödd á vettvangi þjóðanna sem við eigum að nýta, í þágu barnanna í Kosovo, í þágu íbúanna á Austur-Tímor sem berjast fyrir sjálfstæði sínu, í þágu allra þeirra sem þrá að lifa við frið, frelsi og öryggi. Ábyrgð okkar er mikil og við erum aflögufær bæði í orði sem efni. Gleymum því ekki þótt fram undan sé kosningaár. — Góðar stundir.

[21:28]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ræðumenn hafa slegið tóninn og gefið forsmekk af umræðunni í þinginu í vetur. Þeir eru komnir í skotskóna fyrir kosningar að vori og forsrh. gaf upp boltann með sínum hætti fyrr í dag.

Ræða hans vakti nokkra undrun. Hún einkenndist af sjálfshóli og því erum við reyndar ekki óvön. Hún bar keim af kosningaskjálfta þar sem biðlað var í allar áttir. En hún var líka gegnsýrð af ótta og ergelsi, ótta við nýjan flokkabræðing eins og hann kýs að kalla samfylkingu á vinstri væng og ergelsi í garð fyrrum samherja við stjórnvölinn sem hann á að vonum bágt með að skilja að skuli nú vilja snúa sér annað. Hann nefndi reyndar ekki brotthlaup fyrrum stórlaxa úr sínum eigin flokki, enda flísin alltaf auðveldari viðfangs. Núningur þessara höfðingja verkar þó líklega fremur eins og skemmtiatriði á þjóð sem samkvæmt alþjóðlegum mælingum er með eindæmum hamingjusöm og óspillt og í fremstu röð hvað varðar jafnrétti þegnanna. Eins og fram kom í stefnuræðu forsrh. trúir hann þessum dularfullu mælingum og er sennilega í hópi hinna hamingjusömu eða kannski væri réttara að segja hina sjálfumglöðu.

Um hina tvo hópana skal ekkert fullyrt en á ræðu hans er ekki að sjá að ríkisstjórninni þyki sérstök ástæða til aðgerða hvorki gegn spillingu né ójöfnuði í samfélaginu. Þvert á móti telur hann ástæðu til að hvetja landsmenn til að vera stoltir af því að vera óspilltir upp á 9,3 í einkunn. Það verður augljóslega hlutverk stjórnarandstöðunnar nú sem fyrr að minna á það sem betur má fara í þjóðfélagi hinnar óspilltu hamingju.

Þingkonur Kvennalistans munu sem fyrr setja sinn lit á umræðu og þingstörf með flutningi mála sem fyrst og fremst minna á stöðu kvenna í íslensku samfélagi og hvernig má með ýmsum hætti breyta rótgrónum viðhorfum sem reynast þeim fjötur um fót, ekki bara konum til tjóns heldur samfélaginu í heild. Forsrh. fjallaði í ræðu sinni á furðuborginmannlegan hátt um jafnrétti kynjanna sem hann fullyrti að væri með því besta sem þekkist meðal þjóða heims. Hann sá ástæðu til að nefna að þótt enn hallaði á konur, þá hallaði nú líka á karla og gaf með því fyllilega til kynna að hin karlmannlega ríkisstjórn, sem hann veitir forstöðu, mundi gæta vel að hagsmunum karlkynsins við setningu nýrra jafnréttislaga. Hvað

sem því líður er það mikil framför hjá forsrh. að minnast yfirleitt á jafnrétti kynjanna í stefnuræðu sinni. Og nú geta sjálfstæðar konur farið að dusta rykið af frægri auglýsingu sinni frá síðustu kosningabaráttu sem flestir héldu allt til enda að Kvennalistinn hefði samið. Ekki er víst að þær hefðu kunnað við endurnýtingu ef Framsfl. hefði haft vit á að verða fyrstur flokka til að nálgast jafnrétti kynjanna í ráðherrahópi sínum. En maddama Framsókn klúðraði því gullna tækifæri á eftirminnilegan hátt og ekki er víst að henni gefist annað slíkt í bráð.

Forsrh. varði hluta ræðu sinnar í umfjöllun um nokkur atriði þess frv. til fjárlaga sem dreift var í dag. Hann gat um aukin framlög til menntunar og rannsóknarstarfsemi og er auðheyrt að nú á að bregðast við harðri gagnrýni stjórnarandstöðunnar á undanförnum árum og ávinna sér punkta hjá kjósendum. Við kaupum þó ekki köttinn í sekknum. Stjórnarflokkarnir hafa sýnt ótrúlegt skilningsleysi á mikilvægi þessara þátta, ekki síst þegar harðnar á efnahagsdalnum. Menntun og rannsóknarstarfsemi er einfaldlega grunnurinn að farsæld í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar og ekki síst farsæld einstaklinganna sem mynda þetta samfélag. Sú viðleitni til átaks í þessum efnum sem sýnd er í nýframkomnu frv. til fjárlaga er góðra gjalda verð en því aðeins ef stjórnarflokkarnir líta á þetta sem upphaf að einhverju meiru því svo sannarlega þarf miklu meira en fram kom í máli forsrh. ef duga skal. Það var líka ýmislegt sem hann nefndi ekki og ástæða er til að hafa áhyggjur af. Við þekkjum áherslur núv. ríkisstjórnar og vitum að fram undan eru hefðbundin átök við fjárlagagerð um forgang verkefna og hvernig tryggja beri félagslegt réttlæti og sem víðtækastan jöfnuð lífsskilyrða almennings í landinu.

Einn þeirra þjóðfélagshópa sem líklega hafa ekki verið spurðir um hamingjustigið á heimilum þeirra í mælingavinnu hinna erlendu þjóðarpúlsa eru öryrkjar. Þeir hafa einmitt nú síðustu vikurnar vakið verðuga athygli á því misrétti sem þeir búa við en ýmsir hafa áreiðanlega ekki gert sér grein fyrir. Þær eru ófagrar reynslusögurnar sem við höfum heyrt að undanförnu um ómannúðlega stöðu öryrkja í þjóðfélaginu, um niðurbrot sjálfsvirðingar einstaklinga og um höfnun þessa hamingjusama og óspillta samfélags sem forsrh. er svo hreykinn af. Það veldur áreiðanlega vonbrigðum margra að forsrh. skuli ekki hafa notað þetta tækifæri til að lægja þær öldur réttmætrar reiði sem risið hafa svo hátt að undanförnu. Það eru engin, nákvæmlega engin rök fyrir því að svipta fólk lífsafkomu og þaðan af síður sjálfsvirðingunni. Óljósar yfirlýsingar heilbrrh. nýlega um úrbætur duga ekki til að sannfæra öryrkja um skilning og vilja til að tryggja þeim mannsæmandi aðstæður. Viljinn kemur fram í fjárlagafrv. og það verður að segjast eins og er að honum má helst líkja við litla lús. Þetta er einn þeirra þátta sem taka verður á í fjárlögum næsta árs, svo og reyndar margir aðrir þættir sem varða velferð og aðbúnað sjúkra og aldraðra.

Formenn stjórnarflokkanna ræddu góðærið á fundi með fréttamönnum í gær. Nú eru þeir farnir að tala um brothætt ástand og þá hrökkva þeir við sem enn bíða eftir áhrifum margrómaðs góðæris á þeirra eigin afkomu. Öryrkjar, sjúkir og aldraðir spyrja að vonum um hlutdeild í þessu góðæri sem virðist hafa skilað sér svo rækilega til sumra en ekki annarra. Íslenskt velferðarþjóðfélag stendur ekki undir nafni meðan þessir hópar eru svo afskiptir sem raun ber vitni.

Auk fjárlaga eru mörg stórmál sem koma til kasta Alþingis á þessu síðasta þingi kjörtímabilsins. Ég nefni breytingar á kosningalögunum, ný jafnréttislög, ný lög um náttúruvernd og mat á umhverfisáhrifum, lagafrv. um lífsýni og gagnagrunn á heilbrigðissviði, auk þess sem fregnir herma að menntmrh. hafi hug á að gera skurk í lögum um útvarp allra landsmanna.

Eitt stærsta mál þessa þings og raunar eitt stærsta mál sem Alþingi hefur fengið til umfjöllunar um langt árabil er án efa frv. það um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði sem svo mjög hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu nær allt þetta ár. Sú umræða hefur verið mjög gagnleg. Hún hefur varpað ljósi á þá möguleika til upplýsingasöfnunar, rannsókna og vísindastarfsemi sem felast í íslensku samfélagi. Hún hefur einnig varpað ljósi á stöðu mála, hvernig meðferð og nýtingu heilsufarsupplýsinga er nú háttað. Hún hefur vakið til vitundar um nauðsyn þess og mikilvægi að umgangast allar persónuupplýsingar með ýtrustu varúð. Síðast en ekki síst hefur hún vakið upp siðferðilegar spurningar sem nauðsynlegt er að svara áður en Alþingi tekur endanlega afstöðu til frv. Hugmyndin um að draga saman allar upplýsingar um heilsufar, ættfræði og erfðaeinkenni Íslendinga í einn miðlægan gagnagrunn kallar í huga margra fram mynd af alltsjáandi og alltvitandi stóra bróður og vekur upp áleitnar spurningar um það á hvaða leið við erum.

Við lifum á öld mikilla framfara, tækni og upplýsinga og einmitt öll þessi vitneskja og tæknikunnátta leggur okkur ríkar skyldur á herðar, að stíga hvert skref af fullri gát svo við æðum ekki fram úr sjálfum okkur og spillum fremur en byggjum upp. Menn eiga ekki að vera svona hræddir við að missa af einhverri ímyndaðri lest og ég hugsa til þess með hryllingi ef ríkisstjórnin hefði haft sitt fram og troðið gagnagrunnsfrv. í gegnum Alþingi í algjörri tímapröng á sl. vori. Við erum þó hugsanlega nær sannleikskjarnanum eftir alla umræðuna undanfarnar vikur. Í rauninni vefst ekki fyrir nokkrum manni að með samtengingu heilsufarsgagna og tengingu þeirra við ættfræðiupplýsingar, sem eru nánast einstæðar í heiminum, geta myndast forsendur fyrir örari framþróun í læknisfræði en málið hefur fleiri hliðar og stóra spurningin er hvort rétt sé með tilliti til lögfræðilegra, félagslegra og ekki síst siðferðilegra álitaefna að gera það með samtengingu slíkra upplýsinga í einn miðlægan gagnagrunn sem breytir í raun verðgildi þeirra og nýtingarmöguleikum. Ekki er öruggt að þeir muni allir leiða til góðs og eitt er víst að verði af stofnun eins miðlægs gagnagrunns er nauðsynlegt að lögfesta hvernig ekki má nýta hann. Önnur hlið málsins er svo hvort réttlætanlegt sé að fela slíkan fjársjóð í vörslu einkafyrirtækis með einkaleyfi á notkun hans til 12 ára. Þeirri spurningu þurfum við að svara á næstu vikum því þetta er sú leið sem frv. heilbrrh. býður upp á. Það er skoðun mín að umræðan hafi um of einskorðast við þessa einu leið til samtengingar gagna en látið hafi verið hjá líða að skoða og ræða aðra möguleika sem tryggt geta betur rétt einstaklinga og vernd upplýsinga og mismuna ekki vísindamönnum í leit þeirra að leiðum til aukinnar þekkingar, öllum til hagsbóta. Hér er um svo stórt og afdrifaríkt mál að ræða að þingmenn verða að gefa sér góðan tíma til að leita svara við þeim grundvallarspurningum sem það kallar á.

Góðir áheyrendur. Umhverfismál verða æ mikilvægari og fyrirferðarmeiri í heimi sívaxandi mengunar og lítt röskuð náttúruverndarsvæði eru nú talin til verðmætustu auðlinda. Flestir marktækustu stjórnmálaforingjar, hvar sem er í heiminum, hafa skynjað sinn vitjunartíma í þessu efni. Forsrh. kaus hins vegar að verja drjúgum hluta stefnuræðu sinnar

í vörn fyrir úrelta stórvirkjana- og stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda og gaf fyllilega til kynna að ekki kæmi til greina að undirrita Kyoto-samkomulagið um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið enda þótt Ísland fengi þar mengunarkvóta umfram aðrar þjóðir. Þessi afstaða, þessi þrjóskufulla stefna, er í raun ótrúleg með tilliti til þess sem hefur verið að gerast að undanförnu. Forsrh. og jábræður hans eru gjörsamlega úr takti við umræðuna í þjóðfélaginu. Viðhorf til náttúruverndar og umhverfismála hafa gjörbreyst. Augu fjöldans hafa lokist upp fyrir auðlindinni í ósnortnum víðernum lands okkar. Æ fleiri láta til sín taka, landi og náttúru til varnar, og sætta sig ekki við hernaðinn gegn landinu. Hálendisumræðan fyrr á árinu endurspeglaði þessi breyttu viðhorf. Einnig mótmælin þegar verið var að sökkva hverasvæðinu við Hágöngur. Einnig frábærir sjónvarpsþættir og vönduð umfjöllun Morgunblaðsins í hverju helgarblaðinu eftir annað sem sýna fram á fáránleika þess að eyðileggja dýrmæta náttúru í eftirsókn eftir atvinnukostum gærdagsins. Varnaðarorð fjölmargra erlendra sérfræðinga á sviði atvinnu- og efnahagsmála, svo og Íslandsvina af ýmsu tagi hafa vakið athygli að undanförnu. Meira að segja byggðastefnurökin í þessu sambandi hafa verið hrakin þegar litið er til biturrar reynslu Norðmanna sem sitja nú uppi með fólksflótta frá stóriðjubæjum. Ráðherrarnir og bormenn Íslands standa uppi eins og nátttröll í þessu efni. Þá verður að stöðva áður en þeir hafa endanlega spillt möguleikum okkar til atvinnu- og framþróunar sem byggist á því sem við höfum enn þá sérstakt umfram flestar aðrar þjóðir. Fyrst og síðast eru þó ósnortin víðerni landsins ómetanlegur þáttur í vitund okkar sem þjóðar og verða aldrei felld undir reiknanlegt gildismat. Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:41]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það má lýsa umræðuefni kvöldsins á einfaldan hátt. Það er gróandi í íslensku þjóðlífi. Það er vöxtur í íslensku atvinnulífi og það eru framfarir í menntamálum og það eru framfarir í heilbrigðismálum. Við höfum verið að umbylta dómskerfinu og við höfum gert breytingar á lögreglunni til að færa hana nær fólkinu og til að auka réttaröryggi í landinu. Það er óumdeilt í umræðunni í kvöld að Ísland er í fremstu röð þjóða þegar brugðið er upp mælikvarða lífskjara í víðustu merkingu þess orðs. En hvernig höfum við náð þeim árangri? Jú, vissulega má rekja hann í ýmsum efnum til langrar baráttu í áratugi og vissulega má benda á bættar ytri aðstæður að undanförnu en mest er þó um vert að á síðustu árum höfum við fylgt nýjum straumum við stjórn efnahagsmála og náð með skjótum hætti undraverðum árangri. Í hverju er sá árangur fólginn? Hann er fólginn í því að hagvöxtur er meiri á Íslandi um þessar mundir en hann hefur verið áður og meiri en í nágrannaríkjunum. Hann er fólginn í því að kaupmáttur heimilanna í landinu hefur aukist hér þrefalt til fjórfalt meira en í nágrannalöndunum. Hann er fólginn í því að hér er meiri atvinna en í nágrannalöndunum. Hann er fólginn í því að við höfum náð jafnvægi í ríkisfjármálum. Hann er fólginn í því að við ætlum að greiða niður skuldir ríkisins um 30 milljarða króna á tveimur árum. Við ætlum með því móti að spara okkur vaxtagreiðslur til útlendinga og skapa þannig svigrúm til þess að bæta raunverulega velferðarkerfið í landinu. Við þessar aðstæður, eru þá ekki allir sammála um þær leiðir sem farnar hafa verið að þessum markmiðum? Er ekki pólitíkin í heiminum að færast saman, að færast inn á miðjuna? Þegar að þessu er spurt bregður svo við á Íslandi að jafnaðarmenn, forustumenn jafnaðarmanna, gefa út sameiginlega yfirlýsingu vegna væntanlegs sameiginlegs framboðs. Á sama tíma og forustumenn jafnaðarmanna í Evrópu lýsa því yfir að þeir eru að færa flokka sína inn á miðjuna lýsa forustumenn jafnaðarmanna á Íslandi yfir því að þeir hafi jafnvel fært Alþb. til vinstri við það sem áður var sem þýðir með öðrum orðum að Alþfl. hefur verið fluttur þingmannaleiðir í þá sömu átt. Þetta kemur víðar fram í yfirlýsingum þeirra. Á sama tíma og forustumenn jafnaðarmanna í Evrópu lýsa því yfir að skattahækkanir séu ekki lykillinn að lausnum framtíðarinnar koma forustumenn jafnaðarmanna dag eftir dag og í umræðunni í kvöld og segja að skattahækkanir séu eina leiðin sem þeir sjái til að auka réttlæti í þjóðfélaginu. Formaður Alþfl. hefur sérstakar áhyggjur af því í umræðunni að Ísland sé ekki í efstu sætum yfir samkeppnisstöðu þjóða. Þó höfum við færst upp um fimm sæti á undanförnum þremur árum á þeim lista. En hver er boðskapur hans í þessum efnum? Hann ætlar að leggja á stærsta útflutningsfyrirtækið á Ísafirði, svo dæmi sé tekið, 130 millj. kr. skatt, 500 þús. kr. á hvern starfsmann þess fyrirtækis. Það er úrræði hans til að bæta samkeppnisstöðu Íslands og hann kemur hér og segist hafa áhyggjur af smáfyrirtækjum í landinu en hver er boðskapur hans gagnvart smáfyrirtækjunum? Hann ætlar að leggja 500 þús. kr. skatt á hvern trillukarl í landinu.

Er þetta trúverðugur boðskapur? Þegar þjóðir heims horfa til Íslands vegna þess árangurs sem við höfum náð í sjávarútvegsmálum, vegna þess að við höfum varðveitt fiskstofnana betur en aðrar þjóðir, vegna þess að við höfum náð meiri efnahagslegum árangri í fiskveiðistjórn en aðrar þjóðir þá koma talsmenn jafnaðarmanna og segja: „Við ætlum að afleggja þetta kerfi." Þegar við höfum upprætt meginmeinsemd verðbólgunnar og stöðnunar í íslensku efnahagslífi sem var fólgin í rangri sjávarútvegsstefnu, þegar okkur hefur tekist að ná þeim árangri að sjávarútvegurinn er ein af forsendum stöðugleikans og hagvaxtarins í landinu, þá koma forustumenn jafnaðarmanna og segjast ætla að kollvarpa því kerfi sem leitt hefur til þessa árangurs.

Þegar forustumenn jafnaðarmanna hlusta á umræður um virkjun fallvatna og ný atvinnutækifæri í stóriðju þá vilja þeir binda hendur Íslands í alþjóðasamningum og þegar forustumenn jafnaðarmanna hlusta á umræður um nýsköpun þar sem gefa á menntafólkinu á Íslandi ný atvinnutækifæri eins og við erfðarannsóknir þá vilja þeir helst þvælast fyrir.

Herra forseti. Það er ekki vænlegt að ganga til móts við nýja öld undir forustu þeirra sem bara líta í baksýnisspegilinn. Við verðum að ganga til móts við nýja öld með bjartsýni og áræði í huga á þeim grunni sem við höfum verið að ná árangri og beita þeim aðferðum sem reynsla okkar og annarra þjóða hefur sýnt að færir okkur með mestum hraða fram til meiri verðmætasköpunar og gefur okkur þannig tækifæri til þess að auka velferðina í landinu. Menn bæta hana ekki með því að auka skatta og draga úr verðmætasköpun. Við verðum að horfa til nýrrar aldar með framtíðarsjónarmið í huga, með ný viðhorf í huga, en ekki með gömlum gleraugum.

[21:47]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Þegar núverandi ríkisstjórn hóf valdatíð sína á vordögum 1995 voru margir sem spáðu því að í hönd færi tími hugmyndafræðilegrar stöðnunar, að ríkisstjórnin hefði ekki annað markmið en að skipta

með sér völdum þar sem sérhagsmunagæsla mundi varða leiðina. Þrátt fyrir að kjörtímabilinu sé ekki lokið er ljóst að hingað til hafa allir þessir spádómar ræst. Það breytir engu hvar borið er niður, allt ber að sama brunni. Þar sem því hefur verið komið við hefur hagsmunum hinna fáu verið hampað á kostnað fjöldans. Fámennum hópi hafa verið afhent yfirráð yfir hálendinu, skattar á stóreignafólk hafa verið lækkaðir og til stendur að afhenda vinum og kunningjum einkaleyfi á heilsufarsupplýsingum þjóðarinnar. Virðulegi forseti. Verkin tala.

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi lögfest hundruð frv. hafa þau einkennst af smáskammtalækningum og reddingum. Hvergi örlar á hugmyndafræðilegri framtíðarsýn sem er til þess fallin að leiða þjóðina inn í nýja öld. Þess í stað kemur hæstv. forsrh. hér og flytur sína stefnuræðu og gefur út um það rússneska tilskipun: Jú, þjóð mín, við höfum það gott að meðaltali.

Kannski á þetta þó allt eðlilegar skýringar. Leiðtogi ríkisstjórnarinnar hefur haft lítið ráðrúm á kjörtímabilinu til þess að hugsa til framtíðar. Hann hefur þurft að sinna brýnni verkefnum. Ráðherrar aðrir hafa þurft sífellda umönnun og gæslu. Nokkur tími hefur farið í tilsjón með samgrh. og sinna hefur þurft bankavandræðum. Íhuga þurfti forsetaframboð. Þá hefur forsrh. verið önnum kafinn við að ávíta lækna, fréttamenn, bankastjóra og okkur jafnaðarmenn sem og aðra sem hafa leyft sér að hafa aðra skoðun. Nei, virðulegi forseti, framtíðin hefur mátt bíða.

Hæstv. forsrh. gaf sér þó tíma í dag til þess að lýsa því yfir að ríkisstjórnin hefði á þessu kjörtímabili náð sögulegum árangri við stjórn efnahagsmála sem er um margt kostuleg staðhæfing. Auðvitað gleðst þjóðin og þar á meðal stjórnarandstaðan líkt og hæstv. forsrh. yfir því að kaupmáttur launa hafi farið hækkandi hjá mörgum undanfarin ár. Öll viljum við stöðugleika í verðlagsmálum. Líkt og hæstv. forsrh. gleðjumst við einnig öll yfir því að fjárfesting í landinu hafi aukist. En, virðulegi forseti, hverjum kemur til hugar að tilvist hæstv. forsrh. og ráðuneytis hans sé lykilatriði í því að náttúran hafi verið okkur hagfelld hvað varðar vöxt og viðgang ýmissa fiskstofna? Hvað þá að tilvist ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hafi eitthvað með það að gera að erlend stórfyrirtæki hafi á undanförnum árum fjárfest eins og raun ber vitni? Enn síður hvarflar það að nokkrum manni að þau Íslandsmet sem ríkisstjórnin hefur sett á hverju ári í framúrkeyrslu á fjárlögum séu forsendur þess að stöðugleiki haldist í verðlagsmálum.

Virðulegi forseti. Efni ræðu hæstv. forsrh. og efnistök minntu mig um margt á kvikmynd sem sýnd var í kvikmyndahúsum fyrir nokkrum árum og fjallaði um skáldsagnapersónuna Forrest Gump. Forrest þessi Gump var þeim eiginleikum gæddur að vera jafnan réttur maður á réttum stað á réttum tíma. Það var ekki vegna hygginda hans heldur fylgdi manni þessum mikið glópalán. Það er eins og með ríkisstjórnina. En á hinn bóginn verðum við að muna að sagan af Forrest Gump er skáldsaga. Nú ræðum við raunveruleikann.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin getur ekki haldið áfram á sömu braut með lukkuna eina að vopni. Ríkisstjórnin verður að fara að vinna sína heimavinnu ef ekki á illa að fara. Í þessu sambandi er hins vegar athyglisvert að velta því fyrir sér hvers vegna fyrirhyggjuleysi ríkisstjórnarinnar í fjármálum hafi ekki valdið meira tjóni í efnahagslífinu en raun ber vitni. Í þeim efnum er fyrst og fremst að líta til lögfestingar EES-samningsins og setningu samkeppnislaga í tíð síðustu ríkisstjórnar undir forustu Alþfl. Þetta hefur gerbreytt öllu viðskiptaumhverfi hér á landi. Tryggt hefur verið aukið frjálsræði í innflutningi og komið hefur verið á virkri samkeppni. Það samkeppnisumhverfi er ástæða þess að framleiðendur og verslanir hafa veigrað sér við því að velta kostnaðarhækkunum út í verðlagið af ótta við að fólk snúi sér til annarra sem geta framleitt og selt ódýrara.

Virðulegi forseti. Það er því fyrst og fremst það samkeppnisumhverfi sem nú ríkir sem á stærstan þátt í því að verðlag á nauðsynjavörum hefur ekki hækkað mikið undanfarin ár. Núverandi ríkisstjórn hefur ekki lagt þung lóð á þær vogarskálar. Það eru vægast sagt öfugmæli þegar fulltrúar þeirra flokka sem ýmist lögðust alfarið gegn samningnum um EES á sínum tíma eða voru honum andsnúnir í upphafi ætla nú að reyna eigna sér þann árangur sem samningurinn hefur skilað íslensku þjóðfélagi.

Virðulegi forseti. Fyrir utan þá glansmynd sem hæstv. forsrh. reyndi að draga upp af efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar þá vakti það ekki síður athygli þeirra sem á hlýddu að varla var minnst einu orði á það hvort og þá hvernig ríkisstjórnin hygðist taka á þeim vanda sem stjórnkerfi landbúnaðar og sjávarútvegs er að skapa varðandi byggðaþróun í landinu.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar hafa allir spádómar um framgöngu ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu gengið eftir. Stjórn hennar hefur mótast af því að hagsmunum hinna fáu er hampað á kostnað hinna mörgu. Þessi ríkisstjórn sem nú situr hefur fært okkur hinum heim sanninn um það að ef takast á að breyta þessu samfélagi þjóðinni allri til heilla er nauðsynlegt að í vetur takist að skapa það afl sem jafnaðarmenn eiga að vera í íslenskum stjórnmálum, afl sem er þess umkomið að koma í veg fyrir að kolkrabbinn og aðrir fylgifiskar hans haldi áfram sem hingað til að soga til sín lífsgæðin frá almenningi.

Góðir Íslendingar. Nú liggur mikið við. — Góðar stundir.

[21:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti Góðir áheyrendur. Á þessari öld hafa orðið meiri framfarir en dæmi eru um í ellefu alda sögu þessarar þjóðar. Þjóðin hefur hafist frá fátækt til velsældar á ótrúlega skömmum tíma og byggt upp þjóðfélag í fremstu röð í heiminum. Velferðarríkið er í meginatriðum gott og styðst við vel menntað og þjálfað starfsfólk. Gallalaust er það hins vegar ekki og aðhaldsaðgerðir á síðustu árum hafa sýnt betur en áður brestina í kerfinu sem íslenska þjóðin er svo stolt af.

Landlæknisembættið sendi alþingismönnum nýlega skýrslu um aðgengi að læknisþjónustu á Íslandi árin 1996 og 1997. Minnir embættið á að almannatryggingar hafi verið stofnaðar fyrir hálfri öld til þess að tryggja almenningi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu landsins. Fullyrt er að það hafi tekist og að öllum hafi verið gert kleift að leita læknis án tillits til efnahags.

Á allra síðustu árum hafa hins vegar borist kvartanir frá fólki vegna hárra þjónustugjalda og voru því gerðar tvær kannanir á aðsókn almennings að heilbrigðisþjónustunni. Síðla vetrar 1996 gerði landlæknisembættið könnun á högum 3.000 barnafjölskyldna og kom þar fram að stór hópur fólks hafði ekki efni á að leita læknis eða sérfræðings. Liðlega 30% fullorðinna í lægsta tekjuflokknum hafði frestað eða hætt við að fara til heilsugæslulæknis eða sérfræðings, 60% til tannlæknis og 25% höfðu hætt við eða frestað að

taka út lyf. Tekjulægsti hópurinn í þessari könnun er með fjölskyldutekjur lægri en 130 þús. kr. á mánuði.

Könnunin leiddi einnig í ljós að slæmur efnahagur hafði líka bitnað á börnum þeirra foreldra. Allt að 10% barnanna höfðu frestað eða hætt við að fara til heimilislæknis og 17% til tannlæknis. Þetta er algerlega óviðunandi ástand og mikill ljóður á okkar velferðarkerfi.

Önnur könnun sem félag heilbrigðisstétta stóð fyrir leiddi í ljós m.a. að 62% þeirra sem voru með tekjur undir 150 þús. kr. á mánuði fannst að versnað hefðu möguleikar þeirra til að nota heilbrigðisþjónustuna með tilliti til kostnaðar. Athuganir þessar staðfesta að á nýjan leik ber á því að fólk hefur ekki efni á því að sækja nauðsynlega læknisþjónustu og ástæðan fyrir því er einkum hækkandi þjónustugjöld.

Á síðustu árum hafa komugjöld á heilsugæslustöðvar og til sérfræðinga hækkað verulega, svo og göngudeildargjald. Rannsóknar- og sýnatökugjöld eru mörgum þungur baggi og í heild hefur hlutur sjúklings í lyfjakostnaði hækkað úr *rúmum 18% í 33%, en það er svipað hlutfall og í nágrannalöndunum.* En í þeim samanburði ber þess að geta að laun og félagslegar bætur eru til muna lægri á Íslandi en t.d. á Norðurlöndunum. Það sér hver maður að fráleitt er að sjúklingar hér greiði sama hlutfall af lyfjakostnaði en af minni efnum.

Meginniðurstöður og athugun landlæknisembættisins eru að þjónustugjöld fyrir heilbrigðisþjónustu virðast vera of há fyrir 20–30% fólks í lægstu tekjuflokkum. Þetta eru niðurstöður sem ber að taka alvarlega.

Einn er sá hópur sem ætla má að hækkandi þjónustugjöld í heilbrigðisþjónustunni leggist þungt á en það eru öryrkjar. Bætur til þeirra eru aðeins um helmingur þess sem er á hinum Norðurlöndunum en af augljósum ástæðum þurfa öryrkjar oft að sækja meira til heilbrigðisþjónustunnar en aðrir. Þarna er að finna að mínu mati veikasta blettinn á íslenska velferðarkerfinu og því miður virðist það vera í mörgum tilvikum ávísun á fátækt að verða öryrki. Minna má á að minnkað hafa möguleikar þeirra til þess að afla sér tekna til viðbótar við óskertar bætur almannatrygginga þar sem svonefnt frítekjumark hefur aðeins hækkað um 11% á sama tíma og almenn launavísitala hefur hækkað um 30%.

Um þessar mundir ríkir góðæri í efnahagsmálum landsins og nýtur ríkissjóður óspart góðs af því. Þannig eru tekjur ríkissjóðs taldar verða um 15 milljörðum kr. hærri á næsta ári en fjárlög þessa árs ráðgera. Auðvitað á að verja hluta af þessum tekjuauka til að draga úr þjónustugjöldum í heilbrigðiskerfinu og að bæta kjör þeirra sem verða að reiða sig að mestu á velferðarkerfið sér til framfærslu. Auk þess tel *ég að fyllilega komi til greina að fresta eða jafnvel hætta* við fyrirhugaða skattalækkun um næstu áramót og verja því fé til þeirra viðfangsefna sem ég hef hér gert að umtalsefni. Velferðarkerfi okkar verður að rúma alla landsmenn. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[22:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Heilbrigðismál hafa á þessu kjörtímabili verið í brennidepli eins og á því síðasta og þegar ég segist fagna því þá er það vegna þess að þetta er einn mikilvægasti málaflokkurinn sem ríkisvaldið hefur með höndum. Þetta er viðkvæmasti málaflokkurinn og einmitt hér skiptir gríðarlega miklu máli að vel sé haldið á spilum. Ég heyrði stjórnmálamann halda því fram í útvarpi að heilbrrh. stæði í stríði við öryrkja vegna tengingar bóta við tekjur maka. Þeir sem þekkja til tryggingamála þekkja söguna. Svona hefur þetta verið í áratugi og sé það óréttlátt nú var það óréttlátt þá. Skoði menn lista yfir frumvörp ríkisstjórnar sjá þeir að heilbrrh. hyggst stíga fyrstu skrefin til að breyta þessu. Annað stórmál á þessu þingi er gagnagrunnsmálið sem svo er nefnt, lagaramminn utan um nýsköpun í íslensku atvinnulífi, skýrar leikreglur fyrir lækna, almenning og síðast en ekki síst sjúklinga, sem tryggja betur en nú er gert meðferð heilsufarsupplýsinga. Tvennt skiptir mestu við afgreiðslu málsins. Í fyrsta lagi að undirbúningur lagafrv. sé eins og hann getur verið bestur. Í öðru lagi að við í heilbrrn. gerum allt til að sem flestir geti tekið virkan þátt í lýðræðislegri umræðu um þetta mikilvæga mál. Hvort tveggja hefur verið gert.

Virðulegi forseti. Það er hægt að meta stöðuna í heilbrigðismálum á margan hátt. Menn geta skoðað langlífi þjóða eða lífslíkur eða þá almennt heilbrigði. Menn geta reynt að meta þjónustuna sem almenningi býðst þegar menn veikjast eða hve mikið þarf að greiða fyrir þessa þjónustu. Umræður um heilbrigðismál á Íslandi hafa snúist um krónur og aura í áratug. Hún hefur með öðrum orðum snúist um bakhliðina. Svo rammt kveður að þessu að menn missa sjónar á meginmálinu sem hlýtur að vera sjúklingurinn og þjónustan sem boðið er upp á í þessu 270 þús. manna samfélagi, þjónustan sem almenningur vill viðhalda og bæta. Ég held því ekki fram að fjölmiðlar beri ábyrgð á neikvæðri umræðu um heilbrigðismál. Ég spyr mig æ oftar þessarar spurningar: Hvernig stendur á því að jafnvel stjórnendur í heilbrigðiskerfinu gera sjálfum sér og sjúklingunum það að gagnrýna þetta kerfi sundur og saman, kerfi sem þeir eiga sjálfir að stjórna? Þetta er áleitin spurning. Það er stundum eins og menn megi ekki sjá hljóðnema án þess að fara að tala um niðurskurð, neyðarástand og þörfina fyrir launahækkanir starfsmanna. Skoðanakönnunin sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja lét gera sýndi m.a. að fólk vill góða heilbrigðisþjónustu en þeim hefur fækkað sem telja að þjónustan sé nægilega góð. Þetta stangast á við niðurstöður úr könnun landlæknis. En hvað um það. Ég tek niðurstöðurnar alvarlega. Sem fagráðherra sætti ég mig ekki við að heilbrigðisþjónustan sem við rekum fái sömu einkunn og skólakerfið. Hvort tveggja er ósanngjarnt.

Virðulegi forseti. Stjórnarandstæðingar berja sér á brjóst og hrópa: „Niðurskurður, niðurskurður!" Og eftir fagmanni er haft í dagblaði: „Sjúklingar liggja hér í skúmaskotum." Hlustið þið: Í skúmaskotum. Svona tala menn. Það er verið að auka fjármagn til heilbrigðismála. Það er ekki verið að hækka þjónustugjöld. Það er verið að auka þjónustu. Þetta sjá allir sem skoða fjárlagafrv. sem á borðum ykkar liggur.

Virðulegi forseti. Til mín kom maður fyrir fáum dögum og kvartaði sáran undan ástandinu í heilbrigðismálunum sem allt væri í molum eins og hann orðaði það. Hann er áttræður og fyrir tæpum tíu árum gat hann vart hreyft sig. Nú hefur hann fengið nýja mjaðmaliði og hleypur eins og ungur maður og er hress og kátur. Hann hefði vart fengið þessa góðu þjónustu nema vegna þess að hann er Íslendingur. Þegar ég skýrði málið fyrir honum varð hann mjög hugsi og þegar við skildum sagði hann: „Þetta var svolítið vanhugsað hjá mér." Íslendingar vilja allt sem aðrar þjóðir geta veitt sér og veita sér það. Afstaðan er hluti af því að vera Íslendingur. Það skilur enginn útlendingur að hér skuli smáþjóð veita sér jafnflókna læknisþjónustu og við gerum. Menn dást að því að hér skuli allir eiga jafnan og greiðan aðgang að heilbrigðiskerfinu þegar eitthvað bjátar á. Við erum að tala um heilbrigðiskerfi

á heimsvísu og enn erum við að gera betur. Ég hef beitt mér fyrir byltingu í heilsugæslunni í landinu á tveimur árum. Nýr barnaspítali er í sjónmáli. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir fjórum nýjum hjúkrunarheimilum þannig að brýnni þörf er mætt innan tveggja ára. Það er gaman að geta kynnt það á degi aldraðra. Við erum að undirbúa mergskiptaaðgerðir hér á Íslandi. Þetta er aðeins hluti af dæminu. Heildarstefna hefur verið tekin í öllum helstu þáttum heilbrigðiskerfisins.

Virðulegi forseti. Við verðum öll að spyrja okkur eftirfarandi grundvallarspurningar til að geta metið þjónustuna rétt: Hvar vildir þú vera ef þú veiktist? Mitt svar er: Á Íslandi. — Góðar stundir.

[22:07]

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Það er óvenjumikil gerjun í íslenskum stjórnmálum. Miklar líkur eru á því að tveir stjórnmálaflokkar rísi af grunni Alþfl., Alþb. og Kvennalista, annar þessara flokka verði kratabandalag með óljósa stefnu á mörgum sviðum, hinn verði róttækur flokkur sem samþætti baráttu fyrir umhverfis- og náttúruvernd kröfunni um jöfnuð og réttlæti í samfélaginu. Þessari nýsköpun ber að fagna. Hún mun hafa áhrif á störf þessa þings og allt stjórnmálasviðið.

Hæstv. forsrh. flutti fyrr í dag þingi og þjóð mikla góðærismessu. Auðvitað ber að fagna því að vel árar en því miður njóta ekki allir þessa góðæris. Fjölmennir hópar í samfélaginu búa við skertan hlut. Aldraðir og öryrkjar sjá lítið af góðærinu. Það er til skammar að greiðslur til þeirra hafa hvorki fylgt verðlags- né launaþróun. Sama máli gegnir um bætur til atvinnulausra og greiðslur til námsmanna. Þegar litið er undir yfirborðið blasir því miður víða við fátækt á Íslandi. Þeir eru margir sem bíða með ugg eftir að pósturinn færi þeim innheimtubréfin. Þessu misrétti verður að ljúka. Bjartsýnistal hæstv. forsrh. nægir ekki öryrkjum og öðrum lágtekjuhópum. Það nægir heldur ekki íbúum landsbyggðarinnar sem búa við hróplega mismunun á mörgum sviðum. Og ekki ætlar ríkisstjórnin að nota góðærið til að taka sérstaklega á stöðu kvenna sem standa almennt langtum verr að vígi en karlar í efnalegu tilliti.

Krafan um jöfnuð er sígild en samfélagsþróunin gengur í öfuga átt. Ójöfnuður fer vaxandi hröðum skrefum hérlendis sem annars staðar. Þróun þar sem driffjöður hagvaxtar felst í meiri og meiri efnislegri neyslu stefnir vistkerfum jarðar og tilvist mannkyns í hættu. Við erum að fjarlægjast markmiðið um sjálfbæra þróun, hugsunina um samfélög án fátæktar og í sátt við umhverfið. Framandi og heilsuspillandi efnum er blandað í neysluvörur almennings í síauknum mæli, lífríki og fjölbreytt náttúra er á undanhaldi. Loftslagsbreytingar af mannavöldum boða vá nema þjóðir heims taki höndum saman um að draga úr mengun.

Víðar en í umhverfismálum er óstöðugleiki og skammsýni tímanna tákn. Fjármál og efnahagslíf samtengdrar heimsbyggðar hangir á bláþræði. Ríki sem til skamms tíma voru talin lýsandi vitni um vaxtarþrótt kapítalismans eru nú í hlutverki beiningamanns. Þessar aðstæður koma mörgum í opna skjöldu, ekki síst stjórnmálamönnum og hagfræðingum sem litið hafa á óhefta hnattvæðingu fjármagnsins sem mikla blessun. Sú kreppa sem nú ber að dyrum víða um heim ætti að hvetja menn til róttæks endurmats. Þeim röddum fjölgar sem setja vilja hömlur á fjármagnsflutninga til að stemma stigu við gífurlegri spákaupmennsku. Kreddur frjálshyggjunnar eru hins vegar lífseigar enda víða studdar af sósíaldemókrötum ekki síður en hægri mönnum.

Efnahagsmál og umhverfismál þurfa að vera samofin í málsmeðferð stjórnvalda hvers þjóðríkis og í alþjóðaviðskiptum. Nú eru umhverfismálin hins vegar á þriðja farrými. Hér á landi hafa þau verið sett í öskustó hjá skilningsvana ríkisstjórn. Heilræðin frá Ríó-ráðstefnunni 1992 um sjálfbæra þróun og varúð og hlífð í umgengni við náttúruna hafa í allt of litlum mæli náð inn í Stjórnarráðið á Íslandi. Niðurlæging umhverfismálanna í höndum Framsfl. er sorgarsaga. Í stefnuræðu sinni sagði hæstv. forsrh. kokhraustur, með leyfi forseta: „Ísland er og verður í fremstu röð á sviði umhverfismála.“ Um leið kvartaði hann sáran yfir Kyoto-bókuninni um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Í því máli stefnir ríkisstjórnin í algert óefni með stóriðjustefnu sinni. Ríkisstjórnin vill engar hömlur sjá þegar erlendar málmbræðslur eru annars vegar. Verði þetta niðurstaðan setur Ísland sig í afar erfiða stöðu í alþjóðasamstarfi um umhverfismál þar sem við eigum mikilla hagsmuna að gæta, ekki síst um varnir gegn mengun hafsins.

Óaðskiljanlegur hluti af stóriðjustefnunni eru virkjanaáform sem engin sátt er um meðal þjóðarinnar. Íslenskar orkulindir eru ekki meiri en svo að vöxtum að þjóðin þarf að ráðstafa þeim af forsjálni með langsæja hagsmuni í huga. Orka sem bundin er í málmbræðslum til margra áratuga verður ekki notuð til annars á meðan. Þetta dæmi gengur ekki upp. Orkulindirnar eigum við m.a. að nýta til að knýja farartæki okkar og fiskiskip og draga að sama skapi úr innflutningi jarðefnaeldsneytis. Tæknin er þegar til staðar, rafbílar og vetni, og hagkvæmnin á næsta leiti. Þingflokkur óháðra hefur þegar lagt fram tillögu um sjálfbæra orkustefnu þar sem staðfesting á Kyoto-bókuninni er ein af forsendunum.

Virðulegur forseti. Það er ekki sjálfsagt mál að nýta hvaða tækni sem er eða fylgja eftir vísindalegum uppgötvunum án siðrænna mælikvarða um afleiðingarnar. Kjarnorkusprengjan og sá vandi sem tengist hagnýtingu kjarnorkunnar ætti að vera mönnum lexía. Líftæknin gæti lent á svipuðu háskaspori og reynst bölvun en ekki blessun ef menn ekki gæta sín við hvert fótmál. Spurningin stendur ekki aðeins um erfðatækni og sjúkdóma heldur um siðfræði og takmörk sem okkur ber að virða, einnig á sviði mannhelgi og einkalífs.

Góðir áheyrendur. Hér sem annars staðar er rík þörf fyrir stjórnmálaafl sem hefur að leiðarljósi jöfnuð og græn gildi. Þetta afl er í mótun. Það mun setja í forgang kröfuna um jöfnuð og vistvænt samfélag. Er það ekki málstaður sem vert er að styðja? — Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

[22:14]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Setning Alþingis er ávallt hátíðleg stund en í dag liggur eitthvað meira í loftinu en vanalega. Fram undan er síðasta þing fyrir kosningar á umbrotatímum í íslenskri pólitík. Það verða síðustu kosningar aldarinnar en aldamótin kalla á að litið sé bæði yfir farinn veg og skyggnst inn til nýrrar aldar.

Það var athyglisvert að heyra franskan fræðimann rökstyðja á dögunum að aðstæður í heiminum nú væru að mörgu leyti líkari aðstæðum um síðustu aldamót en um miðja þessa öld. Þar átti hann ekki síst við bjartsýni um framfarir á sviði tækni og vísinda og ráðandi trú á gildi markaðskerfis og lýðræðis. Alþjóðavæðingin í tækni og vísindum og viðskiptum hefur aukið framleiðni og kallar á færanlegt vinnuafl. Afleiðingarnar koma fram í félagslegu losi og grundvallar-

stofnanir eru að veikjast hvort sem litið er til þjóðríkisins, fjölskyldunnar eða verkalýðsfélaga.

En það er ekki eingöngu á alþjóðavettvangi sem markaðslögmálum er beitt til að efla arðsemi og gróða fárra og stórra á kostnað fjöldans, umhverfisins og félagslegrar samheldni. Lítum okkur nær, á störf núverandi ríkisstjórnar.

Í vikunni sem leið ávarpaði hæstv. utanrrh. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Þar óskaði hann eftir skilningi á því að Íslendingar fái að menga meira og breiddi síðan út fagnaðarerindið um ágæti íslenska kvótakerfisins. Réttilega varaði hæstv. ráðherra við ríkisstyrkjum í sjávarútvegi vegna hættu á ofveiði. En hvers vegna sleppti hæstv. ráðherra að segja frá því að þetta kerfi sé að valda félagslegri uppreisn á Íslandi þar sem þjóðin situr uppi með þá tilfinningu að hún hafi verið hlunnfarin, að sameiginleg auðlind íslensku þjóðarinnar hafi verið fengin fámennum hópi manna með lögum frá Alþingi?

Þó að kvótakerfið hafi að mörgu leyti reynst vel sem stjórntæki eru hliðarverkanirnar svo alvarlegar að líkja má við félagslegt og siðfræðilegt stórslys með ófyrirséðum afleiðingum. Lénskerfi miðalda er endurfætt og heilu byggðarlögin eru að liðast í sundur með tilheyrandi ójöfnuði, óánægju og reiði. Er með réttu hægt að segja að hér tíðkist ekki ríkisstyrkir í sjávarútvegi þegar nýleg þorskkvótaaukning upp á 32 þúsund tonn, að söluverðmæti 25 milljarðar, var afhent útgerðarmönnum endurgjaldslaust samkvæmt lögum? Þeir geta síðan braskað með þessi verðmæti að vild, bæði leigt og selt.

Hver er stóri sannleikurinn í þessu máli? Ég vil síðan bæta við að ég vissi ekki að það tíðkaðist að bulla í ræðustóli Alþingis en það var fyrsta hugsun mín áðan þegar ég hlustaði á hæstv. sjútvrh. og tölurnar sem hann nefndi í sambandi við veiðileyfagjald sem eru gersamlega úr lausu lofti gripnar.

Það eru sömu meginsjónarmiðin sem hafa verið að verki alþjóðlega og hér á landi, óheft markaðshyggja og gróðasjónarmið á kostnað félagslegrar samheldni byggðarlaga og fjölskyldna. Við þessar aðstæður verður að stöðva öfgakenndar hægri stjórnir eins og þá sem hér er við völd sem stuðlar að vaxandi ójöfnuði. Ástandið kallar á stjórnvöld sem átta sig á nauðsyn þess að tryggja sem mest jafnrétti þegnanna og viðurkenna sérstöðu viðkvæmrar náttúru og ýmissa hópa hvort sem þeir eru skilgreindir út frá kynferði, aldri, búsetu, kynhneigð, heilsufarsástandi eða atvinnuþátttöku. Það hefur verið viðfangsefni Blairs, Jospins og jafnaðarmanna á Norðurlöndum og það verður viðfangsefni Schröders og það er stóra verkefnið sem blasir við hér á landi við upphaf nýrrar aldar.

Þó að öfgahópar til hægri og vinstri séu víðast hvar til virðist ástand heimsmála kalla til ábyrgðar stjórnmálaöfl sem búa samtímis í haginn fyrir frjáls viðskipti, öflugt atvinnulíf og virðingu fyrir umhverfinu og vinna markvisst að félagslegu réttlæti og jafnrétti þegnanna.

Herra forseti. Margt bendir til að slíkt afl sé í burðarliðnum hér á landi, loksins. Afl sem ýtir undir sjálfstæði þegnanna, hvort sem þeir eru konur eða karlar, ungir foreldrar, aldraðir eða öryrkjar. Afl sem er fært um að gera fólk hæfara til atvinnu með bættri menntun og endurhæfingu, fært um að styðja við frumkvöðla á sviði hugvits og nýrrar tækni, afl sem er bæði í sátt við verkalýðshreyfinguna og framsýn sjónarmið í atvinnu- og menntamálum. Samfylking Kvennalista, Alþfl. og Alþb. er í augsýn og nýbirt málefnaskráin bendir ótvírætt til að takast eigi á við þessi mál markvisst.

Mér kom ekki á óvart að hæstv. forsrh. brást við málefnaskrá samfylkingarinnar eins og öðru mótlæti með geðvonsku og hroka. Furðulegri voru tilburðir hæstv. utanrrh. við að búa til grýlu úr texta málefnaskrárinnar um utanríkismál sem um flest er samhljóma stefnu núverandi ríkisstjórnar. Hæstv. ráðherrar hafa áhyggjur af kostnaði þó að ný könnun sýni ótvírætt að Íslendingar vilji stórbæta bæði velferðar- og menntakerfið og séu andvígir þjónustugjöldum í heilsugæslunni. Til að koma menntakerfi okkar á sama plan og tíðkast í nágrannalöndunum þarf 2,5 milljarða á ári í fjögur ár. Hvað er það í samanburði við 25 milljarða gjöf til útgerðarmanna í ár og þá tel ég eingöngu viðbótarkvótann á þessu ári? Allt er þetta spurning um forgangsröð, hvað hlutirnir eru kallaðir og hverjum er hyglað á kostnað hvers.

Í stefnuræðu hæstv. forsrh. má greina hræðslu og pirring og vonda samvisku en þar er m.a. sett fram sú hugmynd til að þjóðin njóti afraksturs fiskstofnanna að gera hana alla að útgerðarmönnum. Athyglisverð hugmynd sem ég tel fyllilega þess virði að þróa áfram en núverandi ástandi verður að breyta því um það mun aldrei ríkja sátt. Þar er brýnast að taka á málefnum smábáta á grunnslóð.

Herra forseti. Ég mun koma nánar að þessum málum og stöðu Kvennalistans í seinni ræðu minni undir lok umræðunnar.

[22:22]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í upphafi ræðu sinnar í dag gat forsrh. þess að atvinnuleysi hefði minnkað jafnt og þétt á þessu kjörtímabili og væri með því minnsta sem þekktist um víða veröld. Kaupmáttaraukning milli áranna 1996–1998 væri rúm 17% en í viðmiðunarlöndum aðeins 4,5% sem þar ytra þætti gott. ASÍ og VSÍ hafa sameiginlega fylgst með þróun þessara mála og falla niðurstöður þeirrar athugunar að sömu staðreyndum og hér var getið. Stjórnarandstaðan tekur þessar staðreyndir sem uppákomu er gerist af sjálfu sér. Hér eigi ríkisstjórnin ekki hlut að máli. UNESCO setur Ísland í fimmta sæti yfir þau ríki heims þar sem góðæri íbúa er mest. Stjórnarandstæðingar koma fram í fjölmiðlum og segja að þær staðreyndir sem við blasi í efnahagsmálum ali á andvaraleysi meðal almennings. Slíkar fullyrðingar eru út í hött. Þvert á móti hefur aukinn stöðugleiki í efnahagslífinu fært fólk nær eðlilegu verðskyni á vöru og þjónustu sem hefur leitt til eðlilegrar samkeppni. Enn blasir sú staðreynd við að yfir 50% heildarútflutningsverðmætis Íslendinga eru sjávarafurðir og hefur svo verið um tveggja áratuga skeið. Það hlýtur hins vegar að vera nokkurt áhyggjuefni varðandi fiskvinnsluna að á sama tíma og 650 útlendingar starfa þar, eða um 10% alls mannafla fiskvinnslunnar, skuli um 2,5% vinnufærra manna vera á atvinnuleysisskrá. Sjávarútvegur verður næstu áratugi burðarás í efnahags- og atvinnulífi Íslendinga og á meðan í þá auðlind okkar verður ekki sótt takmarkalaust verða deilur uppi meðal þjóðarinnar innan og utan sjávarútvegsins og hér á Alþingi sem ganga þvert á öll pólitísk flokksbönd.

Á sama tíma og tekist er á um allt það er snýr að kvótamálum og stjórn fiskveiða berast þær fregnir utan úr heimi að Íslendingar séu öðrum þjóðum fremri í aðgengi og nýtingu auðlindarinnar í hafinu umhverfis landið.

Það er hins vegar athyglisvert að ekki skuli koma upp í umræðunni það ójafnvægi sem í hafinu ríkir vegna friðunar hvalastofnsins.

Eitt alvarlegasta deilumál milli sjómanna og útvegsmanna hefur verið verðmyndun á fiski enda ráðast laun fiskimanna að meginhluta til af fiskverðinu. Með lagasetningu fyrr á árinu um Verðlagsstofu skiptaverðs og Kvótaþing eru vonir bundnar við að deilum aðila í milli linni hvað þetta mál varðar. Enn er tekist á um veiðileyfagjald eða auðlindaskatt af sjávarútveginum og hefur stjórnarandstaðan boðað afnám tekjuskatts nái málið fram að ganga. Fyrst og fremst mundi slík skattheimta bitna á sjómönnum, launafólki fiskvinnslunnar og fyrirtækjum í sjávarútvegi. Að gefnu tilefni sem hér kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni væri ég sem Reykvíkingur ósáttur við auðlindaskatt á notkun heita vatnsins af því að fyrirrennarar okkar báru gæfu til þess að nýta þessa auðlind til hitaveitu og sáu þá langt fram á veginn.

Vonir eru bundnar við þverpólitíska auðlindanefnd, sem Alþingi kaus, til að skoða þessi mál frá öllum sjónarhornum. Megi þessari nefnd auðnast að leggja sitt af mörkum svo sæmileg sátt náist meðal þjóðarinnar í máli þessu.

Talandi um sjávarútveg get ég ekki látið hjá líða að tala um siglingar. Aðeins þrjú kaupskip sigla nú undir íslenskum þjóðfána af um 30 kaupskipum sem eru í siglingum að og frá landinu. Bæta þarf rekstrarumhverfi íslenskrar kaupskipaútgerðar. Málið er í umræðu innan ríkisstjórnarinnar og má vænta að þar verði ákvörðun tekin innan skamms um lagasetningu sem leiði til fjölgunar íslenskra kaupskipa sem og farmanna.

Í ljósi þeirrar staðreyndar að meðalævi Íslendinga hefur lengst stöðugt samfara miklum framförum í læknisfræðinni er nauðsyn á stefnumarkandi aðgerðum í málefnum aldraðra sem og öryrkja til framtíðar litið. Ber þá að hafa í huga þjónustuþætti sem lúta að umönnun þegar þrek til sjálfshjálpar þrýtur, samspil bóta Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og skattalegrar meðferðar þessara greiðslna. Um 200 aldraðir á höfuðborgarsvæðinu hafa verið metnir í brýnni þörf fyrir dvöl á hjúkrunarheimilum. Vænti ég þess að ríkisstjórnin taki skjótt og vel á þessum málum.

Miklar umræður hafa verið, og eiga að sjálfsögðu að vera, um menntakerfi okkar Íslendinga. Okkur ber skylda til að byggja upp góða kennarastétt sem skilar sér í betri menntun nemenda og í dag skara Íslendingar fram úr á ýmsum sviðum, m.a. í tækni og vísindum. Ríkisstjórnin hefur boðað nýja skólastefnu, bætta og betri stefnu verkmenntunar og er það vel. Það er hins vegar umhugsunarefni að um 60% ungmenna leita í háskólanám og um 40% í verklegar námsgreinar, öfugt við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum.

Virðulegi forseti. Stjórnarandstæðingar hafa í kvöld talið ríkisstjórnarflokkunum allt til foráttu. Hvergi sé í tauma tekið í þjóðlífinu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Allt það sem jákvætt sé hér að gerast sé fyrir tilstuðlan utanaðkomandi áhrifa. Ekki verður lítið gert úr hlut verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda með samningum á undanförnum árum með kaupmáttaraukningu að leiðarljósi.

En ekkert gerist af sjálfu sér og það vita Íslendingar. Með aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum og niðurgreiðslu erlendra skulda er stuðlað að bættum hag almennings og betra búi skilað til upprennandi æsku þessa lands sem erfa munu landið. — Ég þakka þeim er á hlýddu.

[22:29]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Gamalt en nýuppfært leikrit var sett á fjalirnar í gær á blaðamannafundi oddvita þessarar ríkisstjórnar. Önnur sýning var í dag í stefnuræðu forsrh. og valdir kaflir eru endurfluttir í umræðunum í kvöld. Sýningin heitir: Það er allt í himnalagi á Íslandi — að meðaltali.

Það var hreint makalaust að fylgjast með þeim félögum, oddvitum ríkisstjórnarflokkanna á blaðamannafundi í gær þar sem þeir lýstu eigin ágæti og þeirri paradís á jörðu sem íslenskt samfélag væri, fyrir suma a.m.k., undir þeirra stjórn. Þarna sátu þeir tveir, hæstv. forsrh. og utanrrh., — já, utanrrh. sem sýningarhaldsins vegna gerði stuttan stans frá ferðalögum sínum erlendis og er hér enn, og þarna sátu þeir í plussstólunum í ráðherrabústaðnum og áttu tæpast orð til að lýsa þeim glæsilega árangri sem þeir töldu sig hafa náð. Kvörtuðu raunar í bland aðeins yfir samfylkingunni sem þeir óttast mjög en það fór ekki hnífsblaðið á milli þeirra. Þvert á móti hældu þeir hver öðrum fyrir visku og dugnað. Sjálfumgleði þeirra var fölskvalaus. Þarna náði leikritið hæstu mögulegum hæðum. Að vísu voru áhorfendur ekki alveg klárir á því hvort þá ætti að hlæja eða gráta. Þetta var nefnilega tragikómísk grátbrosleg stund.

Samkvæmt ýmsum hagtölum efnahagskerfisins, segja þeir, er ýmislegt á réttri leið. Það er ekki fjarri lagi og vissulega er það fagnaðarefni en á þá ekki öllum eða flestum að líða vel eða er það bara meðaltalið svona svipað því og maðurinn sem hafði annan fótinn í ísköldu vatni en hinn í sjóðandi heitu? Þeim manni ætti að vera ylvolgt og líða prýðisvel samkvæmt meðaltalsfræðunum en þannig er það bara ekki. Þessum manni er einfaldlega ískalt á öðrum fætinum en sjóðandi heitt á hinum. Það eru nákvæmlega slíkar andstæður sem þessir herramenn, oddvitar ríkisstjórnarflokkanna, hafa verið að skapa með stjórnarstefnunni. Þeir hafa skipt þjóðinni í tvo hópa, þá fáu sem hafa og eiga og hina mörgu sem gera það ekki. Þeir hafa breikkað bilið milli þeirra sem verða að láta enda ná saman á launatekjunum einum saman og svo hinna sem meira mega sín, m.a. þeirra sem geta látið fjármagnið vinna fyrir sig. Það er þessi gliðnun, þessi frjálshyggja sem umhverfist í sérhyggju sem ævinlega hefur verið, er og væntanlega verður viðlagið í samstjórn þessara tveggja helmingaskiptaflokka, Sjálfstfl. og Framsfl.

En aftur til leikritsins í ráðherrabústaðnum í gær og í endurflutninginn hjá aukaleikurunum hér í kvöld. Veltum því nú aðeins fyrir okkur hvað þeir töluðu ekki um, hvað ekki var nefnt einu orði á þessari halelújasamkomu. Skoðum veruleikann um stund.

Er allt í himnalagi hjá fjölskyldum á Íslandi? Er skuldaaukning heimilanna um 43 milljarða síðustu 12 mánuði merki um að allt sé í fínu standi? Sögðu ekki stjórnarflokkarnir fyrir síðustu kosningar: Stöðvum skuldasöfnun heimilanna. Tugþúsundir heimila á landinu þakka vafalaust ríkisstjórninni alveg sérstaklega fyrir þann árangur að búa svo um hnútana að fjölskyldur í landinu hafa orðið að auka skuldsetningu sína um 11,8% á einu ári. Svo slá stjórnarliðarnir hver öðrum á bak og segja það stórárangur að nú sé ríkissjóður því sem næst rekinn hallalaus, en láta þess að vísu ekki getið að það gerist einfaldlega vegna þess að ríkissjóður er að bólgna út af peningum, peningum sem koma úr launaumslögum vinnandi fólks í landinu. En íslenskt fjölskyldufólk fær ekki slíka lottóvinninga. Það verður auðvitað að framfleyta sér og sínum af sjálfsaflafé, mjög gjarnan á lágum launum og borga af lánum sínum upp á þau býti sem þar eru í boði. Og enn þá eru vextirnir með þeim hæstu sem þekkjast, enda græða bankar og fjármálastofnanir á tá og fingri.

Skyldi ekki allt vera í fínu lagi hjá barnafjölskyldum sem hafa fengið alveg sérstakar kveðjur frá ríkisstjórninni á þessu ári og fá þær áfram á næsta ári? Í miðju góðærinu lækka greiðslur til barnafólks um meira en 500 millj. kr. Það er vafalaust himinhrópandi hamingja hjá þúsundum barnafjölskyldna í landinu, eða hvað? Er ekki líka allt eins og best verður á kosið hjá fötluðum og öryrkjum? Það hefur sennilega verið fyrir algeran misskilning að þeir stóðu varðstöðu fyrir utan Alþingishúsið í kvöld og minntu á skammarleg kjör sín, kjör sem eru ekki mönnum bjóðandi. Þegar síðan við jafnaðarmenn og félagshyggjufólk lýsum þeim viðhorfum okkar að við viljum taka myndarlega á málefnum þessa fólks og gera stöðu þeirra sambærilega við það sem gerist í nágrannalöndum okkar, þá koma mennirnir í ráðherrabústaðnum og segja að slíkt mundi setja efnahagskerfið á hliðina. Þvílíkt og annað eins. Slíkum fornaldarviðhorfum höfnum við algerlega.

Nei, góðir Íslendingar, menn búa ekki til raunveruleikann. Það er bara í leikritum og í leikritinu í ráðherrabústaðnum í gær sér í gegnum fagurlega skreytta leikmyndina. Það sér í kuskið á hvítflibbanum. En í öðru leikriti á öðrum tímum samdi annar oddvitanna einmitt annað leikrit með því heiti og þar sér svo sannarlega í kuskið á hvítflibbum stjórnarherranna.

Góðir Íslendingar. Raunveruleikinn er stundum bitur en hann er eini sanni vegvísirinn og með hann í huga þurfum við breytingar, réttlæti og jöfnuð. Í vor gefst tækifærið, tækifærið til að hvíla þá sjálfumglöðu í ráðherrabústaðnum og efla styrk samfylkingar jafnaðar og félagshyggju og kvenfrelsis, samfylkingu sem ein getur hnekkt því ofurvaldi sem *helmingaskiptaflokkarnir hafa haft í íslensku samfélagi.*

Geðvonska hæstv. utanrrh. í umræðunum hér og sjútvrh. sömuleiðis sýnir það svart á hvítu að þessir menn eru hræddir. Við skulum gera þá hræddari og við skulum breyta ásýnd íslensks samfélags í kosningunum í maí á næsta ári. Þá verða skýrir og klárir valkostir sem við blasa og dómi kjósenda á þeirri stundu kvíði ég ekki.

[22:36]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í stefnuræðunni sem flutt var fyrr í dag kennir ekki margra nýrra grasa. Kunnuglegt hjal um ágæti ríkisstjórnarinnar, góðærið og efnahagslegar framfarir höfum við heyrt svo oft áður og það kom því ekki á óvart í þessari ræðu nema e.t.v. eitt sem forsrh. minntist ekki á. Hann minntist ekki einu orði á hina miklu trú sína á opinbera íhlutun í atvinnurekstri sem birtist í gagnagrunnsfrv. Ekki er minnst einu orði á töfraformúluna í heilbrigðiskerfinu sem á að verða til þess að *Íslendinga verði í mannkynssögunni* minnst fyrir að hafa fundið lækningu við flestum þeim sjúkdómum sem hrjá mannskepnuna og það á undraverðum tíma eftir því sem spáð er. Ekki orð um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði í stefnuræðunni. Ekki orð um sérleyfi sem á að veita einu fyrirtæki án þess að gefa öðrum kost á að koma þar að, ekki orð um fyrirbæri sem er um það bil að setja allt vísindasamfélagið á Íslandi á annan endann og er nú óðum að spyrjast út um heiminn. Ekki orð um stærsta mál komandi þings.

Forsrh., sem sjálfur hefur komið að málinu við undirritun samninga með gullpennann og fánann fyrir framan sig og þannig gefið undirrituninni ríkisstjórnarstimpil, minnist ekki orði á töfralausnina *sína í þessari stefnuræðu.* Það var það eina sem kom á óvart í ræðunni.

Það hefur líklega fæstum dulist að í öllum hinum vestræna heimi eru nú að eiga sér stað breytingar sem hafa fætt af sér endursköpun á stjórnmálaflokkum með nýja leiðtoga í fararbroddi. Fall Helmuts Kohl í Þýskalandi var ekki aðeins áfellisdómur yfir fyrrum leiðtoga heldur var það einnig viðbragð almennings í Þýskalandi við breyttri heimsmynd sem kallar á nýjar áherslur í stjórnmálum. Hið sama mætti segja um nýlegar breytingar í öðrum löndum Evrópu. Framsækin og lýðræðisleg jafnaðarstefna er stefnan sem kjósendur helstu ríkja Evrópu hafa valið til þess að leiða þjóðfélagið inn í nýja tíma, tíma þar sem hin gömlu gildi kaldastríðsáranna hafa vikið fyrir nýjum forgangsverkefnum.

Stjórnmálaflokkarnir á Íslandi eru að miklu leyti mótaðir í skugga kalda stríðsins og þeir bera þess flestir merki. Það er engin ástæða til að ætla annað en þeirra bíði sama naflaskoðunin og annarra stjórnmálasamtaka í nálægum löndum, enda er hún nauðsynleg til að takast á við kröfur nýrra tíma. Upplýsingaöldin býður upp á möguleika sem engan hafði órað fyrir ef litið er nokkra áratugi aftur í tímann. Stjórnmálasamtök þurfa að svara því á hvern hátt þau vilja bregðast við þeim tækifærum og þeim hættum sem fylgja tölvutæknibyltingu og sívaxandi möguleikum á sviðum fjarskipta og upplýsingatækni. Ríkisstjórnin hefur gefið tóninn í gagnagrunnsfrv. Hún vill hefta þá möguleika sem felast í vísindum og rannsóknum með aukinni tölvutækni með því að útdeila einkarétti í stað þess að virkja alla þá möguleika sem í þessum atvinnugreinum felast. Hún vill ekki hlusta á þær raddir sem telja möguleikana margfalda ef aðrar leiðir eru farnar og hún vill ekki láta fyrirtæki eða vísindastofnanir bjóða í gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Svipaða sögu má segja um fjarskiptaiðnaðinn á Íslandi í dag. Þrátt fyrir gífurlegan vöxt og óteljandi möguleika á þessu sviði er fyrirtækjum hér á landi haldið niðri vegna óeðlilegrar samkeppnisstöðu. Einkavæðing Pósts og síma hefur ekki breytt einokunarstöðu Landssímans á markaðnum og þau einkafyrirtæki sem hafa hætt sér inn á svið stóra risans eiga í vök að verjast. Til að bíta höfuðið af skömminni er svo forsprakki samtaka vinnuveitenda gerður að formanni stjórnar Landssímans sem gerir það líklega ekki mjög aðlaðandi kost fyrir Tal og Íslandssíma að óska eftir aðild að Vinnuveitendasambandinu. En svona er nú samfélagið sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur fætt af sér. Loforð ríkisstjórnarinnar um hag neytandans af einkavæðingu símans hafa ekki gengið eftir. Ríkisvaldið stendur vörð um einokunarstöðuna og budda neytandans geldur fyrir.

Auðlindir Íslands og meðferð þeirra er enn eitt dæmið um skömmtunarpólitík ríkisstjórnarinnar þar sem hinum fáu útvöldu *er veitt ríflega* á kostnað hinna mörgu. Hálendi Íslands, auðlindir sjávar og lands, allt skal fyrir lok þessa kjörtímabils lúta lögmálum ríkisstjórnarinnar og þeir sem hún velur munu fá sinn skerf en hinir ekkert. Óánægja fjöldans með fiskveiðistjórnunina er reyndar svo mögnuð að hún hefur skapað grundvöll fyrir pólitíska upprisu fyrrverandi bankastjóra sem virðist hafa það eitt á stefnuskrá sinni að brjóta á bak aftur óréttlætið í sjávarútvegi. En ríkisstjórnin hvikar hvergi í sinni stefnu. Hún ætlar að halda áfram að tala máli sinna manna á kostnað fjöldans þegar auðlindir okkar eru annars vegar.

Góðir tilheyrendur. Ríkisstjórnin með sína forræðishyggju og fyrirgreiðslupólitík mun lifa áfram á meðan ekki *er verðugur andstæðingur í nánd. Svipmót sérhagsmunaafl*anna sem nú eru við stjórnvölinn blasir hvarvetna við og

hin áhrifamikla mótmælastaða sem við sáum á Austurvelli í kvöld segir sína sögu en á öryrkja er ekki hlustað frekar en aldraða eða verkalýðshreyfinguna sem líka lagði leið sína á Austurvöll nú nýlega í mótmælaskyni við aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Aðeins það stjórnmálaafl sem þorir að takast á við hin raunverulegu tækifæri framtíðarinnar og þau vandamál sem þeim kunna að fylgja getur breytt íslensku samfélagi og dregið það upp úr því hjólfari sérhagsmunahyggjunnar sem það er í í dag. Kjarkur, stefnufesta og framtíðarsýn er allt sem til þarf, góðir áheyrendur, og af slíku er nóg til af hálfu þeirra sem aðhyllast kvenfrelsi, jafnaðarstefnu og félagshyggju á Íslandi í dag. — Góðar stundir.

[22:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég hef hlustað af mikilli athygli á ræður stjórnarandstöðunnar hér í kvöld. Ég hef reynt að koma því saman í mínum kolli hvernig þeir ætla að ná saman heilsteyptri stefnu sem stenst efnahagslegar forsendur og hægt er að koma í framkvæmd. Þeir hafa sagt að margt sé að og margt sem ekki hafi verið gert og það er rétt. Auðvitað eru margir sem eiga bágt. Auðvitað eru það margir sem þurfa að hafa það betra og auðvitað eru margir sem vilja hafa það betra. Hefur það ekki alltaf verið þannig og mun það ekki alltaf verða þannig? Halda samfylkingarmenn virkilega að ef þeir taki völdin þá verði hver einasti maður hamingjusamur á Íslandi? Ætla þeir að lofa því og án þess að það kosti nokkurn skapaðan hlut og stöðva jafnvel atvinnulífið? Hæstv. sjútvrh. var sakaður um bull af einum hv. þm. vegna þess að hann kom með þá staðreynd að ef lagt yrði á 5 milljarða veiðigjald, fengi tiltekið fyrirtæki á Ísafirði 150 millj. af því. Er þetta bull? (**GGuðbj:** Fyrirgefðu, hvaðan komu 5 milljarðar?) Er þetta bull? (**GGuðbj:** Engin tala var nefnd.) Síðan segir hv. þm. að hæstv. sjútvrh. hafi gefið útgerðarmönnum 25 milljarða. Ég held að það hljóti að vera eitthvert bull.

Ég fæ þá niðurstöðu að það sem standi til sé að skattleggja sjávarútveginn og nota þá peninga til ýmissa mála. Og af hverju í ósköpunum getur þessi sambræðingur ekki sagt það hreint og beint að það sé það sem standi til? Þá væri þetta skiljanlegt og þá væri hægt að taka afstöðu til þess.

Eitt af því sem hér hefur komið fram, aðallega hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og einnig hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, er að hér sé óskaplegt ástand í umhverfismálum og mikil niðurlæging fyrir Framsfl. að hafa stjórnað þeim málum. Er það niðurlæging að hafa komið á samkomulagi um eftirlit með mengun hafsins? Er það niðurlæging að hafa náð samkomulagi um að farið verður í herferð gegn þrávirkum efnum? Er það niðurlæging að við erum langt komin með að koma á skipulagi á nýtingu hálendisins? Er það niðurlæging að langt er komið vinnu við ný náttúruverndarlög? Nei, það er ekki niðurlæging. Niðurlægingin felst í því að til stendur að nýta íslenska orku. En hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði: Það á að sjálfsögðu að nýta hana. Það á sem sagt að virkja. Ég skildi hann þannig. En það má alls ekki nota orkuna til að framleiða léttmálm því að það er hættulegt fyrir umhverfið. Heimsbyggðin þarf á léttmálmi að halda til þess að minnka mengunina og útrýma þungum málmum í bílum og annars staðar. Á þá að framleiða þennan léttmálm með kolum eða kjarnorku eða hvernig á að gera það í heiminum?

Þetta er náttúrlega slíkur tvískinnungur að vart er hægt að hlusta á þetta. Árið 1990 var losun okkar á Íslandi meira en helmingi minni en í Bandaríkjunum og 50% minni en meðaltal í OECD. Við eigum sem sagt að fallast á það að þetta eigi að vera svona áfram. Ísland er ekki iðnaðarþjóð. Hinar þjóðirnar eru iðnaðarþjóðir. Við eigum að samþykkja það að stoppa við þessi mörk og við eigum að samþykkja að fá ekki að nota íslenska orku. Þetta kalla ég niðurlægingu. Ef þetta yrði, þá yrði íslenska þjóðin niðurlægð í eitt skipti fyrir öll og hv. þingmenn sem þannig tala vilja ekki einu sinni berjast fyrir rétti okkar á erlendum vettvangi. Þeir vilja ekki reyna að fá skilning fyrir okkar aðstæðum. Svo koma þeir í ræðustól og segja að flokkurinn sem beri ábyrgð á þessum málum, sem er að berjast fyrir rétti þjóðarinnar, hafi verið niðurlægður. Það er sorglegt að þurfa að búa við þessar aðstæður þegar við erum að berjast fyrir rétti íslensku þjóðarinnar. Ég vona að það fólk sem svona talar komist ekki til valda á Íslandi og niðurlægi þjóðina með þeim hætti.

[22:48]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Áður en ég kom til starfa á vettvangi verkalýðshreyfingar og síðar stjórnmála einnig, þá var ég fréttamaður. Í einn áratug sinnti ég erlendum fréttum, fyrst í hljóðvarpi og síðar í sjónvarpinu. Þetta var í upphafi Thatcher-tímans þegar hægri menn á Bretlandi voru að hefja sig til flugs og Ronald Reagan fór mikinn vestra.

Hér á landi birtist Leiðin til ánauðar, bók Friedrichs Hayeks, í þýðingu eins helsta hugmyndafræðings Sjálfstfl. Ég minnist þess að á þessum árum spáðum við því mörg að Thatcher-stjórnin breska yrði ekki langlíf. Við litum á atvinnuleysið sem jókst úr hálfri milljón í eina, í eina og hálfa, í þrjár milljónir og við spáðum Thatcher falli en hún hélt velli. Hún meira að segja styrkti sig í sessi og það kom í ljós að margir dáðust að sjálfumgleði hennar og valdhroka. En það voru ein grundvallarmistök sem við gerðum í okkar spádómum. Þótt þrjár milljónir manna væru án atvinnu, þá voru þær miklu fleiri sem höfðu vinnu og bjuggu við velsæld, bjuggu við góðæri og þess vegna gat Margrét Thatcher verið glöð og talað um góðærið hjá Bretum.

Hér fyrir utan Alþingishúsið í kvöld safnaðist saman hópur fólks með kyndla sem krefst réttlætis fyrir öryrkja. Segir þá ekki búa við full mannréttindi á Íslandi og þegar að er gáð, þá er það rétt. Eða gera menn sér grein fyrir því að öryrki getur mest fengið 63 þús. kr. á mánuði og ef hann er í sambúð hrapar hann niður í 44 þús. Ef maki öryrkjans er með meðaltekjur félagsmanns í ASÍ eða BSRB þá er öryrkinn sviptur tekjutryggingu og getur aðeins lagt í búið 15 þús. kr. á mánuði. Baráttuhópurinn fyrir utan Alþingishúsið í kvöld lýsti á þessar staðreyndir en innan dyra talaði forsætisráðherra Íslands um góðærið sæll og glaður yfir því hvað allt væri gott. En auðvitað er skýring á þessu misræmi. Ríkisstjórnarþjóðin er ekki sú sama þjóð og stóð hér utan dyra. Utan dyra var ekki stórefnafólk, utan dyra voru ekki fjármangarar eða kvótabraskarar sem borga ekki eina einustu krónu til samfélagsins þótt þeir braski með eignir þjóðarinnar fyrir hundruð milljóna og milljarða. Utan dyra var ekki þjóð Davíðs Oddssonar sem baðar sig í góðæri ríkisstjórnarinnar.

En á meðan öllu þessu vindur fram má sjá hvernig sífellt uppstrílaðri verðbréfabraskarar setja svip sinn á alla þjóðmálaumræðu og sjá má hvernig áherslur í þessari umræðu taka breytingum. Æðasláttur fjármálakerfisins er tekinn og mældur á nokkurra klukkustunda fresti og daglega birtast

alvöruþrungnir sjónvarpsþulir og segja okkur hvað sé búið að selja mikið af pappír í dag og hvers megi vænta á morgun, hvort hægt sé að græða á þessu braskinu eða hagnast á hinu. Hæstv. forsrh. sagði okkur að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, sá hinn sami og lagði þeim lífsreglurnar í Austur-Asíu, hefði gefið ríkisstjórn sinni ágætiseinkunn. En hvaða einkunn á að gefa ríkisstjórn sem sendir fátækt fólk til að afla matar og fá fyrir klæðum sínum til Hjálparstofnunar kirkjunnar og Rauða krossins eins og fram kom í fréttum sjónvarpsins í kvöld. Mun það sama henda okkur og henti Breta, að sýna sinnuleysi gagnvart þeim hluta þjóðarinnar sem er leiddur til ánauðar? Getur það verið að meiri hluti Íslendinga láti það óátalið að fátækt fólk sé leitt til ánauðar á meðan það sjálft fitnar og kýlir vömbina? Eða er það svo að jafnvel þrátt fyrir eigin velsæld vilji menn ekki láta troða á öðrum?

Við fengum ánægjulega vísbendingu um hið síðarnefnda í ítarlegustu könnun sem framkvæmd hefur verið hér á landi á afstöðu Íslendinga til velferðarþjónustunnar þar sem þjóðin heimtar betri velferðarþjónustu, vill fjármagna hana úr sameiginlegum sjóðum og hafnar þjónustugjöldunum. Barátta öryrkjanna sem söfnuðust hér í kvöld og sem söfnuðust á Austurvelli fyrir fáeinum árum til að mótmæla komugjöldum og sjúklingasköttum, sem ónefndur heilbrigðisráðherra vildi þá setja á þá, er farin að skila árangri. En mikið verk er að vinna. Áróðursmeistarar hægri manna unnu sína heimavinnu með þeim afleiðingum að peningafrjálshyggjan hefur farið sem eldur í sinu, ekki aðeins hér á landi heldur um alla álfu og veiklundaðir og nýjungagjarnir krataflokkar bæði á Norðurlöndum og Bretlandi hafa gerst sporgöngumenn íhaldsins með nánast sömu stefnu og þeir, nú síðast í Þýskalandi undir forustu manna sem kenndir eru við rekavið vegna skorts á stefnufestu.

Hið gleðilega er hins vegar það að nú eru teikn á lofti um að þeim fjölgi sem eru búnir að fá nóg af stjórnmálum sem einkennast af auglýsingamennsku, valdagræðgi og hentistefnu. Upp er að rísa ný hreyfing fólks sem leggur áherslu á jöfnuð í þjóðfélaginu, hreyfing sem hafnar frjálshyggjukreddum, leggur áherslu á umhverfismál og reisn í samskiptum við aðrar þjóðir heims. Þetta er að gerast víða um lönd og mun einnig gerast hér á landi. Senn verður kallað eftir stuðningi allra þeirra sem hafna forræði peningavalds og gróðahyggju en setja á oddinn virðingu fyrir umhverfinu, jöfnuð og félagslegt réttlæti.

[22:55]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Nýlega birti tímaritið The Economist úttekt á því hvernig velferðarkerfi nágrannalandanna hafa brugðist við breyttri stöðu kvenna. Niðurstaðan er að mikið sé ógunnið og það hljóti að vera eitt af meginmálum stjórnmálanna á nýrri öld. Konur geri að sjálfsögðu kröfu um að standa jafn vel að vígi í starfslok og karlar, t.d. varðandi lífeyrisgreiðslur sem víða horfi illa vegna lægri launa kvenna. Fæðingartíðni fari hríðlækkandi, hjónaskilnuðum fjölgi og margir kjósi að búa einir eða búi einir með börn sín. Því verði að gera ráð fyrir að konur jafnt sem karlar, öryrkjar jafnt sem aldraðir eða atvinnulausir geti búið einir og haft mannsæmandi laun eða bætur en velferðarkerfið megi ekki refsa fólki fyrir að vera gift og eignast börn.

Hér á landi kvarta öryrkjar réttilega undan því að lenda á framfæri maka sinna við giftingu og konur sem fara í nám á miðjum aldri fá ekki námslán vegna tekna maka. Samkvæmt fjölskyldu- og velferðarstefnu samfylkingar A-flokkanna og Kvennalista er ætlunin að breyta þessu og taka á málum eins og lengingu á fæðingarorlofi fyrir báða foreldra og gera átak í að útrýma launamun kynjanna. Hætta verður að líta á konur sem viðhengi við eiginmenn sína og gera þarf þær kröfur að allir einstaklingar fái viðunandi laun eða bætur. Viðurkenna þarf að konur eru fyrirvinnur jafnt sem karlar. Þetta er ögrandi viðfangsefni fyrir kvenfrelsisafl og mjög brýnt til að koma á jafnvægi milli einkalífs og atvinnulífs. Þessi fjölskyldustefna er ekki síður brýn til að tryggja eðlilega viðkomu og góðar uppeldisaðstæður fyrir börn og unglinga. Framboðshugleiðingar öryrkja og aldraðra eru skiljanlegar í þessu ljósi og skoða þarf sérstaklega hvers vegna mun fleiri konur en karlar eru öryrkjar.

Í málefnaskrá samfylkingarinnar er tekið mjög myndarlega á jafnréttismálum og stórátak er fyrirhugað með auknum fjárframlögum til rannsókna, mennta- og menningarmála til samræmis við það sem best gerist meðal annarra þjóða. Menningarmálin verða að vera í fyrirrúmi því að sterk íslensk menning er líklega öflugasta meðferðarúrræði þjóðarinnar í ólgusjó alþjóðavæðingar og félagslegrar sundrungar.

Herra forseti. Við kvennalistakonur sem höfum tekið þátt í undirbúningi samfylkingarinnar erum almennt ánægðar með þá framtíðarsýn sem þar birtist. Eftir er að forgangsraða og búa til kosningastefnuskrá svo og að semja um aðra þætti samstarfsins. Viðkvæm mál eru óútkljáð og fróðlegt verður að fylgjast með hvort jafnréttisumræða þessara stjórnmálasamtaka er raunhæfari en hún var í fyrirmyndarríki Platóns. Þar er sú róttæka skoðun sett fram að konur og karlar geti farið í öll störf hvort sem sviðið var hermennska, iðnaður eða stjórn ríkisins. En þegar litið er til inngönguskilyrða, t.d. fyrir hermennsku, er ljóst að aldrei var í raun ætlunin að konur kæmust þar að og ef konur urðu stjórnendur urðu þær að afsala sér því að ala upp börn sín. Sumir kalla þetta jafnrétti á forsendum hinna. Sjálf geri ég mér vonir um að hugsjónir okkar um jafnrétti og kvenfrelsi verði að veruleika með öflugu jafnréttissinnuðu stjórnmálaafli og við munum ekki sætta okkur við að þau sjónarmið verði í aftursætinu. Það hefur verið styrkur Kvennalistans alla tíð að komast í hátalarana og við munum að sjálfsögðu ætlast til að kvenfrelsisraddirnar hljómi sterkt ef til samfylkingar kemur. Lokaákvörðun um framboðsmál Kvennalistans verður væntanlega tekin á landsfundi hans í lok þessa mánaðar. Vonandi tekst vel til og samfylkingin verði nýtt og öflugt stjórnmálaafl sem er í takt við nýja tíma, stjórnmálaafl sem virðir einstaklinginn óháð kynferði hans, búsetu eða hjúskaparstöðu, mannhelgi hans og mannréttindi en hafnar einstaklingshyggju ójafnaðar og forréttinda.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ég hef lokið máli mínu. — Góða nótt.

Fundi slitið kl. 23:01.

3. FUNDUR

mánudaginn 5. okt.,
kl. 9.30 árdegis.

Dagskrá:
Fjárlög 1999, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.

Tilkynning um stjórn í þingflokki.

[09:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi tilkynning frá Svavari Gestssyni fyrir hönd þingflokks Alþb.:

„Þingflokkurinn hefur kosið sér stjórn sem hér segir: Formaður Svavar Gestsson, varaformaður Kristinn H. Gunnarsson, ritari Bryndís Hlöðversdóttir.

Alþingi 1. okt. 1998.
Svavar Gestsson."

[09:31]

Útbýting þingskjals:

Undirritun Kyoto-bókunarinnar, 41. mál, þáltill. ÁE o.fl., þskj. 41.

Fjárlög 1999, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[09:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en umræðan hefst vill forseti taka fram að samkomulag er milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar. Á eftir framsöguræðu hæstv. fjmrh. tala talsmenn þingflokka og hafa tvöfaldan ræðutíma í fyrra sinn, þ.e. allt að 40 mínútur. Andsvör verða ekki leyfð á eftir þessum ræðum. Að loknum ræðum talsmanna talar hæstv. fjmrn. í annað sinn og verða þá leyfð andsvör. Reiknað er með að þau geti staðið allt að hálfri klukkustund ef ekki er hreyft andmælum við því. Að þeim loknum heldur umræðan áfram samkvæmt þingsköpum.

[09:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999. Í ræðu minni í dag mun ég fjalla um helstu áhersluatriði ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum eins og þau birtast í þessu fjárlagafrumvarpi. Ég mun því lítt fjalla um einstaka tekju- eða gjaldaliði í frumvarpinu enda er það skoðun mín að 1. umr. um þetta mál eigi að vera tiltölulega almenns eðlis.

Mig langar til að byrja á að vitna í einn merkasta forvera minn í embætti fjármálaráðherra, Jón Þorláksson, en hann lýsti aðkomu sinni að fjármálaráðuneytinu vorið 1924 með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Fjárhagurinn er afskaplegur, tómur sjóður og vanskilaskuldir í öllum áttum."

Þetta hafa því miður ýmsir af fyrirrennurum mínum upplifað og háttvirtum þingmanni, Friðriki Sophussyni, hefur sjálfsagt verið líkt innan brjósts þegar hann tók við embætti. Nú er öldin önnur og því ber að fagna.

Ég vil nota þetta tækifæri til að færa Friðriki Sophussyni sérstakar þakkir fyrir hans miklu og góðu störf sem fjármálaráðherra í sjö ár. Hann getur sannarlega litið glaður um öxl nú þegar svo myndarlega hefur rofað til í ríkisfjármálunum og uppskeran af starfi hans er að koma í ljós.

Eins og fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra hefur staða efnahagsmála hér á landi gjörbreyst á undanförnum árum. Í stað óðaverðbólgu og jafnvægisleysis ríkir nú stöðugleiki á flestum sviðum efnahagslífsins. Þetta birtist meðal annars í því að verðbólga hefur verið með minnsta móti eða á bilinu 1,5–2,5% síðustu fimm ár og jafnvel enn minni á þessu ári. Þá hafa vextir farið lækkandi undanfarin ár og gengi íslensku krónunnar hefur verið stöðugt og jafnvel farið hækkandi undanfarin missiri. Með þessu og sérstökum aðgerðum stjórnvalda svo sem skattalækkunum hefur rekstrargrundvöllur atvinnulífsins verið treystur. Í kjölfarið hefur fjárfesting atvinnulífsins aukist eftir langvarandi lægð. Árangur efnahagsstefnunnar birtist einnig í því að atvinna hefur aukist og atvinnuleysi að sama skapi minnkað og er nú minna en í nær öllum aðildarríkjum OECD. Kaupmáttur heimilanna hefur jafnframt aukist verulega undanfarin ár og er gert ráð fyrir rúmlega 23% aukningu frá árinu 1995 til loka næsta árs. Í þessum tölum gætir meðal annars áhrifa lækkunar tekjuskatts sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á síðasta ári og skattfrelsis lífeyrisiðgjalda. Þessi hagstæða þróun hefur einnig skilað sér í mun meiri hagvexti hér á landi en í flestum nálægum ríkjum. Þannig renna flestir hagfræðilegir mælikvarðar stoðum undir þá kenningu að hér ríki sannkallað góðæri í efnahagsmálum.

Það er óumdeilt að staða ríkisfjármála hefur styrkst verulega á undanförnum árum. Allt frá miðjum síðasta áratug var mikill hallarekstur á ríkissjóði með tilheyrandi lántöku og skuldasöfnun. Smám saman hefur tekist að ná betri og betri tökum á ríkisfjármálunum með margvíslegum aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þessar aðgerðir hafa skilað sér í traustari afkomu ríkissjóðs og nú er svo komið að lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs er orðinn jákvæður þannig að unnt verður að greiða niður skuldir ríkissjóðs um allt að 30 milljarða króna á árunum 1998–1999. Þetta er ótrúlegur árangur sem markar sannkölluð tímamót.

Ég vil hins vegar minna á að oft er erfiðara að hafa stjórn á efnahags- og ríkisfjármálum í góðæri líkt og nú ríkir á Íslandi en þegar erfiðleikar steðja að. Þess vegna er afar mikilvægt að varðveita þennan árangur og slaka hvergi á. Þetta á ekki síst við um ríkisfjármálin því að þau gegna nú lykilhlutverki í hagstjórn hér á landi. Traust staða ríkissjóðs er mjög mikilvæg til þess að auka sparnað í þjóðfélaginu og stuðla þannig að betra jafnvægi í efnahagslífinu með aðhaldi að innlendri eftirspurn. Þessi sjónarmið hafa verið höfð að leiðarljósi við undirbúning þessa fjárlagafrumvarps. Ég mun nú stuttlega fjalla um helstu áhersluatriði frumvarpsins.

Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að nýta hagstætt árferði til að greiða niður skuldir ríkissjóðs, lækka þar með vaxtakostnað og búa þann veg í haginn fyrir komandi kynslóðir. Það er eitt helsta einkenni þessa fjárlagafrumvarps. Gert er ráð fyrir tæplega 2 milljarða króna tekjuafgangi á rekstrargrunni á árinu 1999 að teknu tilliti til bókfærðra lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs. Afkoman batnar

því um tæplega 5 milljarða króna frá áætlun yfirstandandi árs. Greiðslustaða ríkissjóðs verður áfram mjög hagstæð samkvæmt áætlun fjárlagafrumvarpsins og er gert ráð fyrir að lánsfjárafgangur ríkissjóðs geti numið um 15 milljörðum króna á árinu 1999, eða svipaðri fjárhæð og á þessu ári. Eins og áður hefur komið fram gefur þessi niðurstaða færi á að greiða niður skuldir ríkissjóðs í stórum stíl. Gangi áætlunin eftir munu heildarskuldir ríkissjóðs verða 23 milljörðum króna lægri í lok árs 1999 en í árslok 1997 og hlutfall skulda af landsframleiðslu lækka úr 46% í lok árs 1997 í 34% árið 1999. Endurgreiðsla skulda er í reynd meiri eða sem nemur sem næst samanlögðum lánsfjárafgangi árin 1998 og 1999, þ.e. um 30 milljörðum króna eins og ég hef áður nefnt, en á móti kemur hækkun skulda vegna áfallinna vaxta. Með þessu lækkar árlegur vaxtakostnaður ríkissjóðs um 1,2 milljarða króna. Ég vil leggja sérstaka áherslu á þetta atriði því að með þessu móti munu ríkisfjármálin draga verulega úr neikvæðum áhrifum viðskiptahalla á efnahagslífið og þannig stuðla að áframhaldandi stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Að undanförnu hefur verið lögð sérstök áhersla á að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs. Engin ný löng erlend lán hafa verið tekin á yfirstandandi ári, en tvö erlend lán er námu tæplega 10 milljörðum króna voru greidd upp á árinu. Auk þess verður staðan á erlendum skammtímalánum lækkuð þannig að í heildina er áætlað að höfuðstóll erlendra skulda ríkissjóðs lækki um 15 milljarða króna á árinu 1998.

Ég vil einnig nefna að samkvæmt áætlunum fjárlagafrumvarpsins er talið að heildarlántökur ríkisaðila, þ.e. ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins, fari nær alfarið til þess að mæta afborgunum eldri lána. Í þessu felst að skuldsetning ríkisins í heild mun því nánast verða óbreytt á árinu 1999 og hið sama gildir reyndar um árið 1998. Það eru óneitanlega tímamót þegar ríkið er ekki lengur nettólántakandi á fjármagnsmarkaði. Ekki er lengra síðan en 1991 að ríkið þurfti að taka lán á markaðnum sem námu um 10% af landsframleiðslu eða sem samsvarar um 60 milljörðum króna á núgildandi verðlagi. Áhrif þessara umskipta eru þau að svigrúm atvinnulífs og einstaklinga á lánamarkaði eykst og jafnframt dregur úr þrýstingi á vaxtastigið. Sjást þessa þegar merki.

Áframhaldandi hagvöxtur og aukin umsvif í efnahagslífinu á næsta ári skila sér í auknum tekjum ríkissjóðs. Áætlað er að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1999 verði rúmlega 181 milljarður króna eða um 6 milljörðum króna hærri en á árinu 1998. Þar af má rekja 2,7 milljarða króna til aukinna veltuskatta og 2,1 milljarð til aukinna tekna af tekjuskatti einstaklinga þrátt fyrir 1% lækkun á skatthlutfallinu um næstu áramót en hún kostar um 1,5 milljarða króna. Loks skilar tryggingagjald um hálfum milljarði króna í auknum tekjum.

Að frumkvæði ríkisstjórnarinnar lögfesti Alþingi á síðasta ári umtalsverða lækkun tekjuskatts einstaklinga, eða um 4%. Fyrsti áfanginn, 1,1% lækkun, kom til framkvæmda þegar árið 1997. Í byrjun árs 1998 lækkaði hlutfallið um 1,9% í viðbót og í ársbyrjun 1999 lækkar skatthlutfallið enn um 1%. Tekjuskattur einstaklinga er því orðinn lægri en var þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp árið 1988. Með þessum breytingum eru stigin mikilvæg skref í átt til lækkunar jaðarskatta hér á landi sem mun skila sér í auknum kaupmætti almennings.

Annað árið í röð er gert ráð fyrir umtalsverðum tekjum af sölu eigna. Eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum 1998 er stefnt að sölu á tæplega helmingi hlutabréfa ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Íslenskum aðalverktökum nú í haust. Á næsta ári er síðan áformað að ljúka sölu á hlutabréfum ríkisins í þessum fyrirtækjum. Auk þess er miðað við sölu á fjórðungshlut í Sementsverksmiðju ríkisins. Að svo stöddu er ekki ljóst hve miklum tekjum eignasalan getur skilað en miðað er við að 2,4 milljarðar króna komi fram á tekjuhlið en þar er einungis færður söluhagnaður hlutabréfanna, þ.e. söluverðmæti umfram skráð nafnverð. Sala hlutabréfanna skilar hins vegar mun hærri heildarfjárhæðum í ríkissjóð en þær koma fram sem fjármagnstilfærslur og ganga til lækkunar skulda ríkissjóðs.

Mig langar að fjalla sérstaklega um mikilvægi eignasölu ríkisins í þessu samhengi og leiðrétta þann misskilning sem gætt hefur á liðnum vikum hjá sumum háttvirtum þingmönnum stjórnarandstöðunnar að megintilgangur ríkisstjórnarinnar með því að selja eignarhlut ríkisins í atvinnufyrirtækjum sé að ná inn tekjum í ríkissjóð til þess að standa undir auknum útgjöldum. Telja þeir þetta bera vott um slaka fjármálastjórn af hálfu ríkisstjórnarinnar. Vissulega eru það ákveðin rök fyrir sölu ríkisfyrirtækja að hún skilar ríkissjóði og þar með landsmönnum öllum tekjum. En það er hins vegar misskilningur að þessar tekjur fari til þess að fjármagna aukin útgjöld. Staðreyndin er sú að einungis hluti tekna af eignasölu er færður á rekstrarreikning. Stærsti hluti söluverðmætisins kemur fram á lánsfjárjöfnuði og gengur beint til þess að lækka skuldir ríkisins. Ég hygg að það sé óumdeilt að eitt brýnasta verkefni stjórnvalda um þessar mundir er einmitt að lækka skuldir ríkisins eins hratt og unnt er þannig að skuldabagganum verði ekki velt yfir á kynslóðir framtíðarinnar. Jafnframt næst með þessu móti það veigamikla markmið að lækka vaxtabyrði ríkissjóðs og þar með skapa svigrúm fyrir aukin útgjöld á öðrum sviðum eða frekari lækkun skatta. Ég vil nefna sem dæmi að áætlanir fyrir árið 1998 sýna að greiðslustaða ríkisins er afar hagstæð og horfur á að lánsfjárafgangur geti orðið um 15 milljarðar króna. Þetta er þrefalt meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs. Um helming þessarar fjárhæðar má rekja til sölu á eignum ríkisins en hluti hennar hefur þegar komið til framkvæmda og frekari sala er áformuð síðar í haust. Og hvað skyldi svo verða um tekjur af sölu eigna sem nema tæplega 7 milljörðum króna? Jú, þessar tekjur ganga til þess að lækka skuldir ríkissjóðs eins og sjá má af því að hlutfall heildarskulda ríkissjóðs lækkar úr 46% í 39% af landsframleiðslu á árinu 1998 og á næsta ári er áætlað að hlutfallið lækki í 34% eins og fram er komið. Af þessu má ráða hve eignasala getur verið mikilvæg í því skyni að greiða niður skuldir ríkisins og lækka vaxtakostnað.

Það er líka ástæða til þess að fara nokkrum orðum um hvernig afkoma ríkissjóðs er metin því að þar hefur einnig gætt misskilnings á eðli þeirra breytinga sem lögfestar voru á Alþingi í fyrravor. Meginbreytingin felst í því að nú eru bæði fjárlög og ríkisreikningur færð á rekstrargrunni en fjárlög voru áður eingöngu færð á greiðslugrunni. Í þessu felst meðal annars að nú ber að færa skuldbindingar sem falla á ríkissjóð á árinu til gjalda samtímis jafnvel þótt þær komi ekki til greiðslu fyrr en seinna. Þetta sést vel á færslu lífeyrisskuldbindinga ríkisstarfsmanna en hækkun þeirra vegna breytinga á launakerfi ríkisstarfsmanna á þessu ári er öll bókfærð á rekstur ársins 1998 þótt hún komi til greiðslu á mörgum árum og jafnvel áratugum. Það er mikil framför að birta fjárlög á sama grunni og ríkisreikningur er gerður upp

á. Þannig er horfst í augu við og bókfærðar þær skuldbindingar sem kunna að falla á ríkissjóð vegna ákvarðana sem eru teknar á viðkomandi ári jafnvel þótt þær komi ekki til útborgunar fyrr en löngu seinna. En hvaða áhrif hefur þetta á bókfærða afkomu ríkissjóðs? Afkomutölur ársins 1998 sýna glöggt áhrif þessara breytinga. Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir lítils háttar rekstrarafgangi ríkissjóðs á árinu miðað við rekstrargrunn. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er nú gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs geti orðið rúmlega 9 milljörðum kr. meiri en í fjárlagaáætlun. Hins vegar er talið að bókfærð útgjöld ríkissjóðs muni fara um 12 milljörðum kr. fram úr fjárlögum, mest vegna fyrrnefndrar hækkunar lífeyrisskuldbindinga ríkisstarfsmanna en þær eru taldar verða 9–10 milljörðum kr. hærri en áætlað hafði verið. Samkvæmt þessu stefnir í tæplega 3 milljarða kr. bókfærðan halla á ríkissjóði á árinu 1998. Þessi mælikvarði segir hins vegar ekkert um greiðsluflæði innan ársins og getur því ekki orðið grundvöllur umræðu um áhrif ríkisfjármálanna á efnahagslífið til skamms tíma litið. Þar verður að nota annan mælikvarða, svokallaðan lánsfjárjöfnuð.

Samanburður þessara tveggja mælikvarða, þ.e. annars vegar bókfærðrar afkomu á rekstrargrunni og hins vegar lánsfjárjöfnuðar ríkissjóðs, leiðir í ljós þá sérkennilegu niðurstöðu að miðað við fjárlög versnar afkoman á fyrri mælikvarðann en batnar stórlega á hinn síðari. Báðir mælikvarðar eiga vissulega rétt á sér. Annar sýnir mat á afkomu ríkissjóðs að teknu tilliti til áfallinna en ógreiddra skuldbindinga. Hinn mælikvarðinn, lánsfjárjöfnuðurinn, sýnir hins vegar áhrif ríkisfjármála á efnahagslífið hverju sinni, t.d. hvort fylgt er aðhaldssamri eða undanlátssamri stefnu. Sú staðreynd að horfur eru á allt að 30 milljarða kr. lánsfjárafgangi á árunum 1998 og 1999 sýnir að ríkisstjórnin fylgir aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum sem meðal annars dregur úr neikvæðum áhrifum viðskiptahallans á þróun efnahagslífsins. Afkoma ríkissjóðs á rekstrargrunni sýnir einnig afgang, sem nemur tæplega 2 milljörðum kr., en það þýðir að endar ná einnig saman í ríkisrekstrinum þegar horft er til skuldbindinga ríkisins til lengri tíma. Til fróðleiks má benda á að ef fjárlög væru enn sett fram á gamla forminu, þ.e. á greiðslugrunni, mundu niðurstöðutölur nú sýna um 10 milljarða kr. rekstrarafgang. Ég vil í þessu sambandi einnig nefna að framreikningar á horfum í ríkisrekstri til næstu fimm ára, sem birtir eru í fjárlagafrv., sýna að afkoma ríkissjóðs styrkist jafnt og þétt og það gefur færi á að greiða skuldir ríkissjóðs enn frekar niður í framtíðinni. Í þessu tilviki er gert ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs geti lækkað úr 40% af landsframleiðslu í lok ársins 1998 í 20% árið 2003 ef rétt verður á málum haldið. Þær forsendur sem búa að baki þessum framreikningum gera ráð fyrir að áfram verði fylgt aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum og ég vona að við berum gæfu til þess að láta þessar áætlanir ganga eftir og helst gott betur.

En hvernig horfir um fyrirhuguð útgjöld ríkissjóðs á næsta ári? Samkvæmt fjárlagafrv. eru heildarútgjöld á árinu 1999 áætluð 179,3 milljarðar kr. á rekstrargrunni og hækka um 2 milljarða kr. frá áætlun yfirstandandi árs, en um 13,5 milljarða kr. frá fjárlögum 1998. Að frátöldum lífeyrissjóðsskuldbindingum hækka útgjöldin um 6 milljarða kr. milli ára, eða um 3,5%. Til samanburðar má nefna að hagvöxtur er talinn verða um 5% og verðmæti landsframleiðslunnar eykst um 7,5% á milli ára. Hlutfall útgjalda ríkisins af landsframleiðslu lækkar því um 1% milli ára. Batnandi afkoma ríkissjóðs gefur hins vegar færi á að taka sérstaklega á ýmsum veigamiklum útgjaldaþáttum, ekki síst innan heilbrigðiskerfisins, menningar- og samgöngumála, án þess að slaka um of á heildarstefnunni í ríkisfjármálum.

Útgjöld ríkisins til samgöngumannvirkja aukast um tæplega 1 milljarð kr. milli ára, þar af um 800 millj. kr. til vegamála. Í fyrsta sinn í langan tíma er gengið út frá óskertum framkvæmdaáætlunum í vega-, hafna- og flugmálum. Til framkvæmda í menntamálum og heilbrigðismálum verður varið um 2 milljörðum kr. á næsta ári, sem er svipuð fjárhæð og á þessu ári.

Samkvæmt fjárlagafrv. aukast útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála um 3% að raungildi frá útgjaldaáætlun 1998 og um 5,4% frá síðustu fjárlögum. Jafnframt er gert ráð fyrir að þjónustusamningar verði gerðir við flest sjúkrahús um rekstur og fjárframlög. Með þessu fá stjórnendur aukinn sveigjanleika í rekstri en taka jafnframt aukna ábyrgð á að þjónusta og kostnaður verði í samræmi við áætlun fjárlaga. Þá er í frv. sérstök áhersla lögð á fjölgun hjúkrunarrýma, einkum fyrir aldraða, og stefnt að allt að 120 nýjum hjúkrunarrýmum á næsta ári.

Útgjöld til rannsóknar- og þróunarmála eru einnig verulega aukin á næsta ári, meðal annars til verkefna tengdum íslenska upplýsingasamfélaginu, sem svo er kallað, en það er fyrsta skref í átt til þess að framfylgja stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á þessu sviði. Þá vil ég nefna sérstakt framlag til áætlunar á sviði upplýsinga- og umhverfismála.

Árið 2000 verður viðburðarríkt á sviði menningarmála. Þar má nefna 1000 ára kristnitökuhátíð, 1000 ára afmæli landafunda Íslendinga í Vesturheimi og verkefnið Reykjavík – menningarborg Evrópu árið 2000. Í fjárlagafrv. er fyrirhugað að verja umtalsverðum fjármunum til undirbúnings þessara merku viðburða.

Ný lög um húsnæðismál voru afgreidd á Alþingi sl. vor. Ný stofnun, Íbúðalánasjóður, tekur við af Húsnæðisstofnun ríkisins og er gert ráð fyrir að sjóðurinn standi undir útlánum sínum án framlags úr ríkissjóði. Stuðningur ríkisins við húsnæðiseigendur verður með greiðslu vaxtabóta og er gert ráð fyrir að þær hækki um 300 millj. kr. milli ára. Á árinu 1999 mun ríkissjóður þó veita Íbúðalánasjóði sérstakt framlag til að standa undir vaxtamun á útlánum og teknum lánum til leiguíbúða.

Ég hef þegar fjallað ítarlega um hvernig bætt afkoma ríkissjóðs á þessu og næsta ári gerir kleift að greiða niður skuldir ríkisins í ríkari mæli en áður hefur þekkst á svo skömmum tíma. Mig langar hins vegar að nefna nokkur önnur atriði sem lúta sérstaklega að lánamálum ríkissjóðs.

Lánveitingar ríkissjóðs til ríkisfyrirtækja, sjóða eða aðila utan ríkisins hafa farið ört minnkandi á síðustu árum. Fyrirtæki og sjóðir hafa verið seld eða gerð að hlutafélögum sem taka lán án ríkisábyrgðar. Á árinu 1999 er áætlað að endurlán ríkissjóðs nemi alls um 5,2 milljörðum kr. samanborið við 7,3 milljarða kr. í ár. Lækkunin stafar af því að lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins verður ekki mætt með lánveitingu úr ríkissjóði. Þess í stað mun Íbúðalánasjóður annast fjármögnunina með sölu á húsnæðisbréfum. Innheimtar afborganir af áður lánuðu fé nema 7 milljörðum kr. og lánveitingar ríkissjóðs skila því í fyrsta sinn nettóinnstreymi í ríkissjóð á árinu 1999.

Heildarumfang ríkisábyrgða er meira en sem nemur skuldum ríkissjóðs þar sem ríkissjóður ber einnig ábyrgð á skuldbindingum ríkisfyrirtækja og fjármálastofnana í ríkiseign. Mat Seðlabanka Íslands á ábyrgðum ríkissjóðs í árslok

1995 sýndi að heildarupphæð þeirra var um 570 milljarðar kr. Með sölu ríkisfyrirtækja og breyttu rekstrarformi hefur tekist að lækka ábyrgðirnar um liðlega 170 milljarða kr. Þá má geta þess að með nýrri löggjöf hafa heimildir til að veita ríkisábyrgð verið þrengdar.

Á undanförnum árum hefur hlutdeild ríkisbréfa og spariskírteina verið mjög mikil á verðbréfamarkaðnum. Síðustu missirin hefur aftur á móti dregið verulega úr vægi ríkisverðbréfa og mun sú þróun væntanlega halda áfram á næsta ári. Engu að síður verður ríkissjóður áfram virkur lántakandi þar sem endurfjármagna þarf eldri lán í einhverjum mæli. Að undanförnu hafa markvisst verið byggðir upp markflokkar fyrir spariskírteini, ríkisbréf og -víxla. Þetta fyrirkomulag felur í sér að á markaði verða fáir en stórir flokkar ríkisverðbréfa og ákveðnir viðskiptavakar tryggja að sífellt liggi fyrir kaup- og sölutilboð í viðkomandi flokka. Þetta hefur eflt eftirmarkað og stuðlað að hagstæðri þróun á fjármagnsmarkaði. Breytingin hefur enn fremur styrkt markaðsstöðu ríkisverðbréfa og átt þátt í því að lækka vexti.

Þótt fjárlagafrv. feli í sér margvíslegar umbætur og aukin útgjöld til brýnna málaflokka fer því fjarri að slakað sé á því aðhaldi að innlendri eftirspurn sem fylgt hefur verið að undanförnu. Eins og ég hef áður nefnt er stefnt að umtalsverðum lánsfjárafgangi á árinu 1999 sem mun draga úr neikvæðum áhrifum viðskiptahalla á efnahagslífið.

Upp á síðkastið hafa komið fram vísbendingar um að hagsveiflan hér á landi sé komin á það stig að aukins aðhalds sé þörf til að halda aftur af miklum vexti þjóðarútgjalda. Þannig hefur innflutningur neysluvöru aukist mikið að undanförnu, einkum innflutningur varanlegs neysluvarnings svo sem bíla og heimilistækja. Í kjölfarið hefur vöruskiptajöfnuður versnað. Annar mælikvarði á umsvif í efnahagslífinu er þróun tekna ríkissjóðs. Innheimtan á fyrstu átta mánuðum ársins gefur greinilegar vísbendingar um aukna veltu og meiri launabreytingar en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum. Þá hefur verulega dregið úr atvinnuleysi upp á síðkastið. Loks má nefna að útlánaaukning bankanna það sem af er árinu hefur verið nokkuð mikil miðað við sama tíma í fyrra. Öll þessi atriði eru dæmigerð merki um mikil umsvif og eftirspurn í efnahagslífinu sem fyllsta ástæða er til að hafa góðar gætur á.

Við ríkjandi aðstæður í efnahagslífinu er brýnt að stjórnvöld freisti þess að hamla gegn aukningu þjóðarútgjalda og komi þannig í veg fyrir að stöðugleikinn í verðlagsmálum raskist. Æskilegt er að grípa til aðhaldsaðgerða bæði í peninga- og ríkisfjármálum. Svigrúm til frekara aðhalds í peningamálum er hins vegar takmarkað þar sem nú þegar er fylgt mjög aðhaldssamri peningamálastefnu. Þetta kemur meðal annars fram í mun hærri vöxtum hér á landi en í flestum nálægum ríkjum. Enn fremur hefur gengi íslensku krónunnar farið hækkandi síðustu missiri sem hefur þrengt að samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja. Við þessar aðstæður er mikilvægt að treysta stöðu ríkisfjármála enn frekar. Það stuðlar að auknum innlendum sparnaði og hamlar gegn aukningu þjóðarútgjalda. Í þessu felst þó ekki að það þurfi að draga úr útgjöldum til brýnna málaflokka eins og velferðar- og menntamála, en útgjöld til þeirra munu sem fyrr segir aukast á þessu og næsta ári líkt og undanfarin ár. Hins vegar þarf að beita ýtrasta aðhaldi í opinberum rekstri, t.d. með því að halda áfram að bjóða út ýmis verkefni á vegum ríkisins. Einnig mun áframhaldandi sala á eignum ríkisins til einkaaðila verða til þess að auka sparnað og draga úr innlendri eftirspurn.

Þá vil ég sérstaklega nefna mikilvægi þess að rekstur sveitarfélaga sé með viðunandi hætti sem við ríkjandi aðstæður þýðir að þau skili afgangi af rekstri og leggi þannig sitt af mörkum til þess að treysta stöðugleikann í sessi. Sveitarfélögin hafa ekki farið varhluta af þeim stöðugleika sem hér hefur ríkt að undanförnu og jafnframt notið góðs af auknum kaupmætti almennings. Í kjölfar þess að sveitarfélögin hafa á undanförnum árum tekið við auknum verkefnum af ríkinu lætur nú nærri að þau standi fyrir um fjórðungi opinbers rekstrar í landinu. Það er því enn mikilvægara en áður að rekstur sveitarfélaga taki mið af efnahagslegum aðstæðum hverju sinni. Við ríkjandi aðstæður í efnahagslífinu er því æskilegt að þau skili afgangi og stuðli þannig að áframhaldandi stöðugleika.

Flest bendir til að meginverkefni hagstjórnar hér á landi á næstu árum verði að leita leiða til að auka þjóðhagslegan sparnað og draga úr viðskiptahalla gagnvart útlöndum. Eins og nú horfir stefnir í umtalsverðan viðskiptahalla á árunum 1998 og 1999. Um þriðjung hallans má rekja til tímabundinnar fjárfestingar í stóriðju, sem mun skila sér í auknum útflutningstekjum þegar fram í sækir. Einnig hefur almenn fjárfesting atvinnufyrirtækja aukist verulega og má ætla að hún skili sér einnig í aukinni framleiðslu til lengri tíma litið. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að mikill vöxtur einkaneyslu á einnig nokkurn þátt í auknum viðskiptahalla og er þannig merki um að þjóðhagslegur sparnaður sé of lítill. Þetta er óæskileg þróun sem brýnt er að bregðast við. Hér er þó rétt að ítreka að gert er ráð fyrir lánsfjárafgangi hjá ríkissjóði í ár og á næsta ári sem spornar gegn neikvæðum áhrifum viðskiptahalla á efnahagslífið. Þegar flest þjóðhagsleg skilyrði eru hagstæð, líkt og nú er, er hins vegar æskilegt að afgangur sé á viðskiptajöfnuði og að erlendar skuldir þjóðarbúsins fari lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu, að minnsta kosti ef litið er til viðskiptajöfnuðar án fjárfestingar í stóriðju. Einnig er rétt að hafa í huga að þótt grunnur íslensks efnahagslífs sé mun traustari nú en áður var, meðal annars vegna opnunar hagkerfisins út á við og aukinnar markaðsvæðingar á mörgum sviðum, geta veður skipast skjótt í lofti. Þar nægir að nefna að aflabrögð geta brugðist og viðskiptakjör versnað, en hvort tveggja er nú með hagstæðasta móti samanborið við það sem verið hefur undanfarin ár. Viðvarandi viðskiptahalli sem rekja má til neyslu- og fjárfestingarútgjalda umfram verðmætasköpun í þjóðarbúskapnum er ávísun á þenslu sem grefur undan stöðugleika í efnahagslífinu þegar fram í sækir.

Alþjóðlegar athuganir sýna ótvírætt að aukinn sparnaður hins opinbera, þ.e. afgangur á rekstri hins opinbera, er öruggasta og fljótvirkasta leiðin til þess að auka þjóðhagslegan sparnað. Tvennt rennir stoðum undir þessa kenningu. Annars vegar bendir margt til að sparnaðarvitund almennings sé ekki jafnsterk hér á landi og annars staðar. Hins vegar er erfitt að auka sparnað einkageirans með stjórnvaldsaðgerðum nægilega mikið til að treysta þjóðhagslegan sparnað, að minnsta kosti til skamms tíma litið. Loks er rétt að benda á að við ríkjandi aðstæður er erfitt að beita peningamálunum í því skyni að auka sparnað. Nægir þar að nefna að vextir hér á landi eru þegar mun hærri en í flestum nágrannaríkjunum og líklegt að frekari vaxtahækkun muni annaðhvort leiða til aukinnar lántöku erlendis til að fjármagna fjárfestingu eða draga úr hagvexti þegar fram í sækir. Hins vegar er ótvírætt að efnahagslegar umbætur af ýmsu tagi gætu leitt til aukins

sparnaðar. Þannig er enginn vafi á að sala ríkisfyrirtækja getur stuðlað að auknum sparnaði, hvort sem litið er til skamms eða langs tíma. Sama máli gegnir um umbætur í lífeyrismálum sem stuðla að því að auka lífeyrissparnað. Loks má nefna tiltekin sparnaðarform sem fela í sér tímabundnar skattaívilnanir.

Fyrr í haust skipaði ég starfshóp til að fara yfir framkomnar hugmyndir ýmissa aðila og gera tillögur um hvernig efla mætti sparnað í þjóðfélaginu. Þetta starf er nú á lokastigi og verða tillögur vinnuhópsins væntanlega kynntar í ríkisstjórn innan skamms. Í þessu starfi hafa margvísleg atriði verið til skoðunar, meðal annars þau sem ég hef þegar nefnt. Ég vil í þessu samhengi nefna að skiptar skoðanir eru um ágæti ýmissa sparnaðartegunda sem fela í sér skattaívilnanir þar sem þær eru almennt ekki taldar leiða til aukins þjóðhagslegs sparnaðar heldur tilfærslu úr einu formi í annað. Slíkar ívilnanir geta þó verið réttlætanlegar tímabundið í ljósi annarra markmiða en að auka sparnað. Ég tel því mikilvægt að skoða allar mögulegar leiðir sem geta stuðlað að auknum þjóðhagslegum sparnaði sem ég hygg að allir séu sammála um að sé æskilegt og vænti þess að kynna hugmyndir þess efnis síðar í þessum mánuði.

Sem kunnugt er hafa lífeyrismál verið í brennidepli hér á landi undanfarin ár. Á síðustu tveimur árum hafa verið lögfestar mikilvægar breytingar á þessu sviði, bæði hvað varðar lífeyrismál opinberra starfsmanna og starfsemi almennra lífeyrissjóða. Með þessum breytingum hefur grundvöllur lífeyrissjóðakerfisins í heild verið treystur og þannig stuðlað að auknum þjóðhagslegum sparnaði. Ég vil sérstaklega vekja athygli á breytingu sem tekur gildi frá og með næstu áramótum sem getur í senn stuðlað að auknum lífeyrissparnaði og treyst fjárhagslega stöðu lífeyrisþega þegar fram í sækir. Samkvæmt gildandi lögum er lögbundið framlag eða iðgjald einstaklinga í lífeyrissjóði, sem nú nemur 4% af launum, undanþegið tekjuskatti. Frá næstu áramótum geta einstaklingar dregið allt að 2% framlag til lífeyrissparnaðar til viðbótar frá skattskyldum tekjum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi viðbótarheimild gefur færi á auknum lífeyrissparnaði einstaklinga og þar með auknum lífeyrisréttindum auk þess sem hún getur stuðlað að auknum þjóðhagslegum sparnaði.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum í því skyni að bæta rekstrarskilyrði og samkeppnisstöðu atvinnulífsins, bæði með lækkun og niðurfellingu skatta og öðrum aðgerðum til að treysta stöðugleikann í efnahagslífinu, hafa skilað umtalsverðum árangri. Í kjölfarið hefur traust erlendra aðila á efnahagsstefnu stjórnvalda farið vaxandi sem meðal annars birtist í bættu lánshæfismati Íslands erlendis. Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld fengið afar jákvæða umfjöllun í skýrslum OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, bæði vegna þeirra áherslubreytinga sem orðið hafa í hagstjórn og ýmissa skipulagsbreytinga sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á mörgum sviðum efnahagslífsins, á fjármálamarkaði, í opinberum rekstri með aukinni áherslu á hagræðingu og markaðsvæðingu, í lífeyrismálum og víðar.

Stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum eins og hún birtist í þessu fjárlagafrv. miðar að því að treysta stöðugleikann í sessi og stuðla að áframhaldandi hagvexti og batnandi lífskjörum heimilanna í landinu. Það er lykilatriði í þessu samhengi að nýta góðærið til að treysta stöðu ríkisfjármála enn frekar en orðið er og halda áfram að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Lækkun skulda ríkisins er forgangsatriði í ríkisfjármálum og eitt brýnasta verkefni sem við stöndum frammi fyrir í efnahagsmálum. Með þessu móti er í senn búið í haginn fyrir framtíðina og rennt styrkum stoðum undir áframhaldandi góðæri í efnahagsmálum. Það er meginmarkmið þessa frumvarps.

Ég vitnaði í upphafi til þess tíma er Jón Þorláksson varð fjármálaráðherra árið 1924. Hann greindi þingheimi frá því er hann tók við embætti að handbært fé landsjóðs nægði aðeins fyrir útgjöldum í tvo daga. Jón brást þannig við afar bágstöddum og nær tómum ríkissjóði að leggja fyrir Alþingi umfangsmiklar sparnaðartillögur til að freista þess að ná endum saman. Þessar tillögur voru samþykktar og gengu svo vel eftir að þingið 1924 var jafnan í minnum haft og kallað „sparnaðarþingið mikla". Það væri ekki amalegt ef það löggjafarþing sem nú er nýhafið fengi svipuð eftirmæli. Að því gætu þingmenn stuðlað með því að staðfesta þá mikilvægu stefnu þessa fjárlagafrv. að hefja skuli niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs í stórum stíl og létta þar með myndarlega yfirþyrmandi byrði vaxta og afborgana af komandi kynslóðum.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

[10:02]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég hef mál mitt á því að óska hæstv. fjmrh. alls hins besta í vandasömu starfi og ég tel ekki veita af. Það er kannski ástæða til að geta um ákveðin atriði í ræðu hæstv. fjmrh. sem var dreift. Reyndar vantaði þrjár síður í þegar henni var dreift til þingsins en það breytir ekki því að það eru ákveðin atriði sem ástæða er til að inna eftir strax, t.d. þau atriði sem ég hef merkt hér við, þ.e. „umfangsmikil sala eigna er fyrirhuguð". Þar er gert ráð fyrir sölu á Sementverksmiðju ríkisins, 25% hlut, og það er rétt að spyrja: Hversu mikla fjárhæð væntir ríkissjóður að fá út úr þeirri sölu? Það er eðlilegt að velta því fyrir sér þegar áform hafa verið um það þrjú sl. ár að selja hlut í Sementverksmiðjunni að þá hljóti að liggja fyrir hvaða fjárhæð er um að ræða og ég spyr um það í fyrsta lagi. Síðan er ástæða til að koma að bls. 9 í ræðu hæstv. fjmrh. — reyndar vantar bls. 8, 7 og 6 í ræðuna — en þar er sagt: „Sveitarfélög leggi sitt af mörkum." Hvernig eiga sveitarfélög, þau sem eru í jaðarbyggðum kjördæmanna þar sem tekjur eru allt að 30% fyrir neðan meðaltal, þar sem fækkun hefur orðið, þar sem vantar lækna, þar sem vantar félagslega þjónustu, að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra? „Sveitarfélög leggi sitt af mörkum", stendur hér. Menn skulu velta því fyrir sér að eftir tæplega átta ára forustu hæstv. forsrh. eru þessar jaðarbyggðir í rúst og það mun koma í ljós á næstu mánuðum þegar menn fara að skoða þau mál nákvæmlega.

Ég mun, herra forseti, í minni ræðu einmitt ræða um þessi atriði, útkomu á landsbyggðinni í kjölfar nærri átta ára forustu hæstv. forsrh. í byggðamálum og ég ítreka að það mun koma í ljós í úttektum sem er verið að gera að ástandið er ekki bara alvarlegt, það er sums staðar skelfilegt. Ég mun gera stöðuna í heilbrigðismálum að umræðuefni og ég mun fara yfir nokkrar umsagnir sveitarfélaga um þá stöðu sem sanna mál minni hluta fjárln. undanfarin ár þar sem sýnt hefur verið fram á að gífurlega fjármuni hefur vantað í heilbrigðiskerfið. Ég mun gera að umræðuefni hina hliðina á fjárlögunum, sólskinsfjárlögunum eins og sumir vilja kalla þau. Það er ástæða til að ræða um einstök atriði, t.d. eins og að í þessum fjálögum er gert ráð fyrir 120 leiguíbúðum. En hafa menn gert sér grein fyrir því hvað biðlistinn er langur? Biðlistinn eftir leiguíbúðum er bara í Reykjavík 600–700

manns, fyrir utan landsbyggðina og það sem ríkisstjórnin ætlar að gera í sólskinsfjárlögum sínum er að koma með 120 íbúðir upp í þörfina. Það er ástæða til að ræða þessi mál.

Fjárlagafrv. sjálft ber ýmis merki þess að annað ástand er í íslensku efnahagslífi en verið hefur í langan tíma enda aðstæður þær bestu sem verið hafa á Íslandi sennilega frá upphafi vega. En það er ekki allt gull sem glóir. Þó að ýmis fyrirheit felist í frv. eru á því alvarlegir gallar, gallar sem ég var núna rétt að nefna. Og það eru fleiri gallar. Það hefur nefnilega gleymst að gefa 15–20 þús. manns færi á að njóta þessa góðæris sem svo mjög er fjallað um af hálfu stjórnarforustumannanna. Hvaða fólk er þetta? Hverjar eru þessar 15–20 þús. manna? Það er auðvelt að svara því. Það eru öryrkjar. Það eru fatlaðir og stór hluti aldraðra og svo einnig þeir sem hafa lægstu launin. Þetta er fólkið, 15–20 þús. manns, sem hefur ekki séð góðærið. Ég segi að í fjárlagafrv. hefðu átt að vera 2,5 milljarðar beint til þessa fólks og til að útskýra það betur þá er ég ekki að tala um háar upphæðir. Ég er aðeins að tala um 10 þús. kr. á mánuði til þessa fólks, á hvern einstakling. Þeir sem hafa jafnlítið á milli handanna sem fjöldi þessara aðila hefur mundu finna mikið fyrir 10 þús. kr. Þeir yrðu mjög vel varir við 10 þús. kr. uppbót á mánuði. Ég segi bara það að á meðan ástandið hjá þessu fólki er eins og raun ber vitni er vart hægt að ræða um góðæri nema aðeins hjá hluta þjóðarinnar. Þingmönnum berast fjölmörg bréf þar sem einstaklingar í þjóðfélaginu lýsa sínu hörmulega ástandi og þar að auki ranglætinu sem fatlaðir einstaklingar eru beittir. Ég vil, með leyfi forseta, grípa ofan í tvö slík bréf án þess að geta nafna. Þó get ég sagt að þeir einstaklingar sem í hlut eiga eru albúnir að birta nöfn sín vegna þessa. Með leyfi forseta, þá stendur hér:

„Ég er gift kona sem varð fyrir því árið 1990 að lenda í miklum veikindum og sjúkrahúsvist. Árin 1990 til 1996 var ég mjög veikburða en vann þó sem fulltrúi hjá Pósti og síma. Að sjálfsögðu höfðu veikindin áhrif á vinnustað svo sem í minnkandi frumkvæði og afköstum. 1996 gat ég ekki meir en var lögð á skurðarborðið og vissi fyrst af mér sex vikum seinna og er óvinnufær með öllu í dag."

Svo kemur ástæðan fyrir bréfinu:

„Ástæðan fyrir þessu bréfi er sú að mér sárnar mest hve einstaklingurinn er lítils metinn í velferðarríkinu sem Ísland á að vera. Þar á ég við að ég sem einstaklingur er algjörlega háð eiginmanni mínum um framfærslu, hef ekkert sem ég get kallað mitt eigið og einnig þau ólög sem ríkja um það að tekjutengja bætur sem ég hef rétt á að fá vegna þess að ég sem einstaklingur hef lagt mitt af mörkum í þjóðarbúskapinn án nokkurrar aðstoðar frá eiginmanninum eða öðrum. Sú tilhugsun er óbærileg að þurfa að grípa til þess örþrifaráðs" — og ég legg til að fólk hlusti vel eftir þessu — „að skilja við hann til þess að öðlast sjálfstæði, þ.e. að verða einstaklingur aftur, vegna þess að við höfum það ekki af án míns framlags í sameiginlegan rekstur heimilisins. Í mínu tilfelli höfum við verið saman í 37 ár, eigum fjórar yndislegar dætur, sameiginlegt fallegt heimili sem þarfnast þess að við leggjum bæði okkar af mörkum."

Herra forseti. Ég hef nú gripið niður í eitt bréf. Ég talaði um að líta í tvö bréf. Ég vil geta þess að ég og fjölmargir, sennilega flestir þingmenn, höfum fengið bréf eins og hér um ræðir og það er ástæða til að fjalla um þessi mál í sólskinsfjárlögunum þar sem góðærið á að vera til staðar.

Ég er hér með annað bréf sem ég vil vitna til, með leyfi forseta, og það er svona:

„Ég undirrituð er 75–100% öryrki og er gift manni sem hefur góð laun. Örorkubætur mínar eru 15.123 kr. á mánuði og rúmar 4 þús. kr. í bensínstyrk.

Það er ótrúlegt að þetta skuli vera til en er því miður satt. Ef ég væri heilbrigð væri ég vinnandi utan heimilisins eins og ég var þegar ég lenti í bílslysi sem varð til þess að ég varð öryrki. Þá hefði ég kaup eins og aðrir en mér væri ekki greitt eftir tekjum maka. Það er verið að sekta okkur öryrkja fyrir að gifta okkur þar sem tekjutrygging til öryrkja byrjar að skerðast strax þegar laun maka fara yfir 40 þús. kr. á mánuði. Slík laun eru varla til þar sem að atvinnuleysisbætur eru 60 þús. kr. á mánuði. Þar er ekki spurt hvort maður sé giftur né hver laun makans eru."

Herra forseti. Mér þótti ástæða til að vitna örlítið bara í þessi tvö bréf sem ég veit að öllum þingmönnum voru send. Ég get rakið efni bréfa sem eru miklu hörmulegri og vitna til miklu hörmulegra ástands á heimilunum á Íslandi þar sem hluti af þessum 20 þús. manneskjum sem ég nefndi í ræðu minni og sem ekki hafa séð góðærið, búa við. Þetta fólk sem ég ræði um þarf að lifa lífinu án þess að geta veitt sér það að kaupa blöð, án þess að geta veitt sér það að hafa síma, án þess að geta veitt sér það að hafa bifreið eða flest það sem aðrir telja sjálfsagða hluti. Ég hef því miður, herra forseti, heyrt einn þingmann segja hér að hann gæti komist af með slíkar bætur. Ég hef skömm á slíku tali og ég tel það til skammar fyrir viðkomandi þingmann að láta þau orð sér um munn fara að hægt sé að komast af með 37 þús. kr. á mánuði. Ég hef skömm á slíku tali.

Við getum rætt um hvernig við Íslendingar förum með fjármuni okkar, hvernig fjárfest er í góðærinu. Fjöldi heimila hefur aukið skuldir og fjárfest mikið. Ætli það sé ekki óhætt að reikna með því að u.þ.b. 10 milljarðar af tekjum ríkisins verði til vegna aukinnar neyslu, tækja- og bifreiðakaupa sem er 22% meira, t.d. bifeiðakaupin, en gert var ráð fyrir í frv. 1998. Það er kannski rétt að geta þess að í fjárlagafrv. er núna gert ráð fyrir 18% meiri bifreiðainnflutningi en gert var ráð fyrir í frv. 1998. Hvað þýðir það? Hvað þýðir þetta?

Þetta merkir að menn telja að toppnum sé ekki náð enn þá. Það er gert ráð fyrir miklum tekjum af slíkum innflutningi og slíkri fjárfestingu sem hefur að sjálfsögðu í för með sér aukna skuldsetningu heimilanna.

Hækkun tekna ríkisins á milli fjárlaga, frá 1998 til 1999, er 15 milljarðar. Gert er ráð fyrir 15 milljarða aukningu. Gert er ráð fyrir 6 milljarða aukningu frá áætlaðri niðurstöðutölu. Það er 6 milljarða aukning frá því sem er áætluð niðurstöðutala fyrir 1998. Það er hart að svo stór hluti sem ég gat um áðan skuli vera meginhluti tekjuaukningar ríkisins, þ.e. skuldsetning heimilanna, vegna aukinnar fjárfestingar og einkaneyslu. Síðan er afleiðingin sú að allir horfa á viðskiptahallann sem er gífurlegur og það ætti í rauninni að vera kviknað á öllum viðvörunarljósum vegna þess.

Hve mikill er svo viðskiptahallinn, hæstv. fjmrh.? Hann er 38,5 milljarðar. Viðskiptahallinn er 38,5 milljarðar. Menn depla ekki auga og tala um sólskinsfjárlög þrátt fyrir það.

Ástæða er til að spyrja um hvaða aðgerða verði gripið til að auka sparnað, hvernig á að gera það? Á að gera það þrátt fyrir að afnema eigi skattaívilnanir núna um næstu áramót? Ég tel að ástæða sé til að fá svar við því. Menn hreykja sér yfir góðu frv., áformum um miklar framkvæmdir, en þó er aðeins um það að ræða að markaðir tekjustofnar fari til framkvæmda samkvæmt lögum, aðeins það. Aðeins er talað

um að veita markaða tekjustofna til framkvæmda, það er ekkert umfram það.

Menn hljóta að muna að framlög, t.d. til vegamála, voru skert um 1.100 milljónir á þessu ári. Halda menn að það sé gleymt? Halda menn að aðrar skerðingar á mörkuðum tekjustofnum 1998 séu gleymdar? Ég get vel tekið undir það að ef tekst að lækka skuldir ríkissjóðs, þá er vel. Auðvitað verður það að gerast við ríkjandi aðstæður. Ég segi hins vegar að á sama tíma býr fólk við þær aðstæður sem ég lýsti fyrr í ræðu minni. Það á kröfu til samfélagsins og ríkissjóðs upp á a.m.k. 2,5 milljarða. Það ættu þeir að greiða sem eru ríkastir í þjóðfélaginu. Þeir sem ríkastir eru í þjóðfélaginu ættu að greiða til þessa hóps. Hæstv. fjmrh., ég á við þá sem eiga 80% af 1.500 milljarða þjóðareign. Það eru aðeins 15% þjóðarinnar sem eiga 80% af 1.500 milljarða þjóðareign.

Ég á einnig við þá sem samkvæmt upplýsingum Frjálsrar verslunar hafa meira en 600 þús. kr. í tekjur á mánuði og þar með taldir ýmsir embættismenn ríkisins, svo sem sjá má í þeirri upptalningu. Þeir eiga að greiða til samfélagsins, mikið meira en þeir hafa gert. Mér er ljóst að ýmsir stjórnarliðar munu kalla þessa ræðu svartagallsraus, þeir mega hafa þá skoðun fyrir mér. En ég skora á þá að kynna sér aðstæður þess fólks sem lakast er sett og setja sig í spor þeirra. Við getum nefnilega breytt þessu á Alþingi ef vilji er til. Vilji er allt sem þarf í því máli. Í fjárlagafrumvarpinu ætti að sjá þess merki en svo er ekki og þess vegna segi ég að frv. er stórgallað. Það gleymdist nefnilega að bæta kjör hinna lakast settu. Meðan bróðurparturinn af þjóðinni hefur fengið allt að 20% launahækkun í launaskriðinu og gegnum annað þá hafa þeir sem búa við bótakerfið aðeins fengið 10% eða helming þess sem launabætur hafa almennt verið í þjóðfélaginu. Það er dapurt. Þetta er ranglæti sem verður að laga.

Það er ágætt að nota tækifærið sem ég hef núna til að segja að í stefnuskrá sameiginlegs framboðs Alþfl., Alþb. og Kvennalista verða að vera skýr og afdráttarlaus ákvæði varðandi hækkun bóta og hvernig það eigi að framkvæma ef framboðið á að verða trúverðugt.

Herra forseti. Ég á von á því að þegar kemur að kosningum muni það hljóma frá stjórnarflokkunum að þetta allt ætli þeir að laga. Ef þeir gera það ekki við bestu stöðu fjármála ríkisins í langan tíma, má þá ætla að það verði gert þegar byrjar að draga saman, eins og búast má við á næsta ári? Ég skora á forustumenn stjórnarflokkanna að gefa svör við spurningum fólksins sem safnaðist saman á Austurvelli sl. fimmtudagskvöld til að mótmæla þeim kjörum sem því eru búin í góðærinu. Góðærið hefur farið fram hjá því og mörgum öðrum. Það er, eins og ég sagði, ýmislegt alvarlegt sem kemur í ljós við skoðun þessa frv.

Það er alvarlegt hvernig búið er að landsbyggðinni í heilbrigðismálum. Þar er skortur á læknum, skortur á hjúkrunarfólki, skortur á úrræðum fyrir fatlaða. Herra forseti. Þetta er ekki eitthvað sem mér dettur bara í hug. Hér er um að ræða blákaldar staðreyndir, upplýsingar sveitarstjórnarmanna alls staðar að af landinu sem ég vil vitna í, með leyfi forseta. Ég mun ekki nefna nákvæmlega staðina heldur aðeins geta um svæðin þaðan sem þessi erindi eru komin. Þau sýna fram á það sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram í umræðum um fjárlög undanfarin 2–3 ár, að fjármuni hefur vantað inn í heilbrigðiskerfið og leitt til þess að ástandið úti á landi er slíkt að það er t.d. einn læknir um þrjár stöður. Þetta er í Norður-Þingeyjarsýslu. Einn læknir um þrjár stöður, svona er ástandið.

Við fjárlaganefndarmenn höfum hlustað á erindi sveitarstjórnarmanna, t.d. af Suðurnesjum. Ég nefni stað á Suðurnesjum þar sem yfir tvö þúsund manns búa, þar sem er stór skipafloti. Þar er ástandið þannig að þar er einn læknir — þar eru tvær stöður en það er bara einn læknir sem fæst þangað. Hvað er hann að gera? Hann er að flytja í annað bæjarfélag. Sá er að flytja úr þessu samfélagi. Þetta vekur ugg hjá íbúum þessa byggðarlags. Það er óhætt að segja að bæjarstjórnin er undirlögð áhyggjum vegna þess ástands sem þar ríkir.

Í byggðarlagi vestur á fjörðum er uppsafnaður vandi um 18–20 milljónir í einu litlu samfélagi. Meira að segja í sveitarfélögum, í næsta nágrenni við Reykjavík, höfuðborg okkar, er ástandið eins. Þar fæst ekki hjúkrunarfólk, og ekki læknar. Hvers vegna? Það er vegna þess að við höfum búið svo illa að heilsugæslunni og heilbrigðiskerfinu á kjörtímabilinu sem er að líða. Það er ástæðan.

Óhætt er að nefna annan bæ hér í Suðurlandskjördæmi þar sem bæjarstjórnin hefur lýst því hvernig bæta þurfi aðgengi fatlaðra, hvað gera þurfi til þess að það sveitarfélag geti tekið við málefnum fatlaðra. Þar er því einnig lýst að þeir fái ekki lækni í stöðu sem þar er í boði.

Ég get farið á annan stað í Vestfjarðakjördæmi þar sem, þrátt fyrir þær breytingar sem orðið hafa á rekstri og umfangi heilbrigðisstofnunar á þeim stað, engar breytingar hafa orðið fjárveitingum sl. sex ár. Þetta er mjög alvarlegt.

Hægt er að fara á annan stað sem ég nefndi þó rétt áðan. Í Norður-Þingeyjarsýslu er mjög erfitt ástand. Þar er aðeins einn læknir starfandi þar sem eru þrjú stöðugildi og sama má segja um hjúkrunarfræðinga. Það eru 200 km enda á milli í héraðinu og vegakerfið er svo sannarlega ekki upp á það besta. Þar var mokað fjóra daga í viku sl. vetur sem var þó tvöföldun frá síðasta ári. Það er því erfitt ástandið sem þetta fólk horfir upp á. Þess vegna, herra forseti, er fólk að flytja af landsbyggðinni, vegna þess að það gerir kröfu til þess að þessir þjónustuþættir séu í lagi.

Það er eiginlega ástæða til þess að nefna hér að auki bréf — og það er best að segja það — sem er úr Reykjavíkurkjördæmi. Það bréf hafa ekki bara fjárlaganefndarmenn fengið heldur allir þingmenn Reykjavíkur. Ég lít því ekki á það sem trúnaðarmál. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Forsvarsmönnum Reykjavíkurborgar hefur undanfarin ár gefist kostur á að ræða við fjárlaganefnd, og áður fjárveitinganefnd Alþingis, um brýn hagsmunamál borgarinnar og samskipti hennar við ríkið.“ — Svo kemur að megininnihaldinu: — „Það er skemmst frá því að segja að þar hafa sjónarmið forustumanna borgarinnar mætt takmörkuðum skilningi og viðræðurnar lítinn árangur borið.“

Að lokum segir í bréfinu:

„Með vísan til fyrri reynslu þykir rátt að láta fjárlaganefnd það eftir að ákveða hvort forsvarsmenn Reykjavíkur skuli koma á fund nefndarinnar til þess að gera frekari grein fyrir málefnum borgarinnar.“

Í stærsta sveitarfélaginu í landinu, höfuðborginni, telja forsvarsmenn ekki ástæðu til að ræða við fjárln. Hvers vegna? Ég sem hér stend, samþykki ekki að hafa ekki reynt að tala fyrir þeim erindum sem borgarstjórn hefur komið með til fjárln. Ég hef gert það og vitna ég m.a. til umræðna um vegakerfi borgarinnar. En það er sama ástandið í Reykjavík og víða annars staðar í heilbrigðismálum, þar vantar lækna. Þar vantar meiri úrbætur í heilsugæslunni.

Herra forseti. Ég nefndi þessi atriði vegna þess að þau liggur á borðum fjölmargra þingmanna og erindin, sérstak-

lega frá Reykjavíkurborg, eru í höndum flestra þeirra sem á þingi sitja. Ber þetta keim af sólskinsástandi? Ég sé það ekki. Sú staða sem ég hef reynt að lýsa hefur leitt til þess að fólk er óöruggt víða á landinu og afleiðingin er fólksflutningar til þess svæðis sem fólk hefur trú á að það geti búið sér og börnum sínum meira öryggi en í heimabyggð. Eins og ég sagði áður er gildismat fólks að breytast, og það sem ræður búsetu þess er einmitt það sem ég hef hér farið yfir.

Sl. þrjú ár hef ég verið að reyna að berjast fyrir lögbindingu lágmarkslauna hér á Alþingi. Málið hefur ekki hlotið framgang en það hefur fengið góðar undirtektir fjölmargra þingmanna, einkanlega þó í stjórnarandstöðunni. Nánast allar umsagnir félagsmálafulltrúa á landinu eru á sama veg. *Félagsmálastjórar og þeirra ráð telja að slík löggjöf verði að* koma við ríkjandi aðstæður. Fulltrúar aldraðra, fulltrúar Öryrkjabandalagsins og ýmsir aðilar innan verkalýðshreyfingarinnar hafa hvatt mig til áframhalds. Þetta mál er í sérstakri skoðun samkvæmt samkomulagi sem ég gerði við hæstv. forsrh. Staðreyndum varðandi jákvæð áhrif lögbindingu lágmarkslauna hefur verið hafnað af aðilum vinnumarkaðarins. Ég harma það mjög að þeir skuli að óathuguðu máli bregðast við á þann hátt.

Ég hef í máli mínu vísað til rannsókna virtra prófessora sem í bókinni Myth and Measurement hafa sýnt fram á með vísindalegum aðferðum að lögbinding lágmarkslauna hefur leitt af sér betri kjör launafólks, bætta afkomu fyrirtækja og minnkað atvinnuleysi þvert ofan í það sem hagfræðingar hafa haldið fram að lítt athuguðu máli. Ég hef einnig vísað til ársskýrslu frá Alþjóðavinnumálastofnuninni fyrir árið 1996 sem styður á sama hátt jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna. Þess vegna eru mér óskiljanleg viðbrögð VSÍ og ASÍ við þessu lagafrv., enn fremur að þau skuli þá ekki bregðast þannig við að gera úttekt á stöðu þeirra lægstlaunuðu, stöðu aldraðra, öryrkja og þeirra sem verða að búa við mestu tekjuskerðingarnar.

Það er á engan hátt brugðist við þessu í fjárlagafrv. Því geri ég þá kröfu til fjárln. að sá þáttur sem fjallar um bætur verði sérstaklega yfirfarinn í vinnu nefndarinnar á næstu vikum og að á vegum nefndarinnar verði gerð úttekt á stöðu þess fólks sem fær launabætur, sem við eigum að fjalla um, samkvæmt framlögðu frv. Það er eðlileg krafa og ástæða til að fjárln. sem á að fjalla um 3,6% bætur sem eiga að koma um næstu áramót til bótaþega fjalli sérstaklega um þann þátt. Það er ekki venjulegt en það er ástæða til þess nú.

Ég taldi eðlilegt að fara almennt í þessi atriði sem ég hef verið að nefna, herra forseti. Ég reikna með að fulltrúar í fagnefndunum fari nánar út í einstaka þætti sem snúa að nefndum þeirra. En það er ástæða til þess, herra forseti, að fara fara nokkrum orðum um hina hliðina á sólskinsfjárlögunum. Í fyrsta lagi er það sem ég hef getið um áður, að uppsveiflan er fyrst og fremst til komin vegna aukinnar einkaneyslu sem er fjármögnuð með lánum. Skuldir heimilanna eru yfir 400 milljarðar og hafa aldrei verið meiri. Þetta, hæstv. fjmrh., er alvarlegt mál. Erlendar skuldir landsmanna munu að líkindum hækka um 20 milljarða á næstu árum, um 20 milljarða, og hafa að líkindum aldrei verið meiri. Skuldir hins opinbera í árslok 1997 voru 200 milljarðar. Vita menn að það er Íslandsmet? Það er nú ástæða til að klóra í bakkann þegar ástandið er þannig að menn tala um sérstakt góðæri sem ég hef reyndar tekið undir í ræðu minni.

Fjármagnstekjuskattur skilar sömu tekjum á næsta ári og áætlað er á þessu ári. Hann er um 0,6% af tekjum ríkissjóðs. Ég veit að fjármagnseigendur kvarta ekki undan þessari miklu skattlagningu eða réttara sagt litlu skattlagningu. Meðal útgjalda á næsta ári eru 4 milljarðar í afskriftir á sköttum. Það er eitthvað að. Það er verðugt fyrir nýjan hæstv. fjmrh. að skoða í skúffur ráðuneytisins vegna þessara afskrifta. Eins og ég nefndi áður stefnir viðskiptahallinn í það að vera nærri 40 milljarðar á þessu ári eða 38,5 milljarðar eins og stendur í dag. Það var gert ráð fyrir 19 milljarða halla á fjárlögum. Ég veit að menn sem sitja í fjárln. muna að gert var ráð fyrir 19 milljarða viðskiptahalla. Það er ekki góð staða.

Það er óhætt að minna á að núna er fjárlagafrv. lagt fram með tæplega 2 milljarða afgangi. Þá er líka rétt að minna á *að á síðasta ári ver gert ráð fyrir hallalausum fjárlögum.* En ætli það stefni ekki í að það verði 3 milljarðar í halla fyrir árið 1998. Þetta er alvarleg staða, herra forseti.

Það eru að minnsta kosti þrjátíu atriði sem hægt væri að tína upp sem skuggahliðar sólskinsfrv. sem við erum að ræða. Ég veit ekki hvort ég á að vera að tína það sérstaklega til. Ég hef nefnt að það sem mér finnst vera alvarlegast er ástandið á landsbyggðinni. Víða eru tekjur 30% undir meðaltali. Víða er aðgengi fólks að þéttbýliskjörnunum frá þessum stöðum þannig að vegir eru ófærir. Ég þarf ekki að nefna nema bara í Vesturlandskjördæmi möguleika þeirra sem búa í Dalabyggð til að komast yfir Bröttubrekku, þann fjölfarna veg. Þar hefur hafa ekkert breyst. Ekkert hefur breyst í langan tíma. Ég ber minn hluta af ábyrgðinni en fyrst og fremst er ábyrgðin ríkisstjórnarinnar og umbjóðenda hennar í þessu kjördæmi, þ.e. þingmanna hennar.

Staðan í heilbrigðismálum er hörmuleg. Hún er hörmuleg vegna þess að það vantar fólkið í þjónustuna, það vantar læknana, það vantar hjúkrunarfólkið. En hverjar eru svo áherslur hæstv. heilbrrh.? „Forgangsröðun í heilbrigðismálum." Þar segir, með leyfi forseta:

„Heilbrigðisþjónustan skal vera réttlát, byggð á samábyrgð þegnanna og að mestu leyti kostuð af almannafé." Þetta eru góð fyrirheit, góðar áætlanir.

„Aðgengi að heilbrigðisþjónustu skal vera auðvelt og sem jafnast."

„Þeir einstaklingar sem hafa mesta þörf fyrir heilbrigðisþjónustu skulu ganga fyrir."

Hvernig er svo málum háttað? Hér hafa komið fyrir mjög alvarleg tilvik þar sem þeir sem á biðlistum hafa verið hafa hlotið þau ömurlegu örlög að missa t.d. útlimi vegna þess að þeir hafa ekki komist í aðgerðir. Svo ég nefni nú bara einhver atriði sem sýna fram á að það vantar mikið á að staðið sé við þau markmið sem menn setja fram.

„Réttarstaða sjúklings gagnvart heilbrigðisþjónustunni skal vera tryggð." Telja menn að það hafi gengið eftir?

„Virðing skal borin fyrir velferð, einkalífi, mannhelgi og sjálfsákvörðunarrétti sjúklings." Telja menn að það hafi gengið eftir?

„Siðareglur heilbrigðisstétta skulu í heiðri hafðar." Ég vona að svo sé.

„Tryggja ber að heilbrigðisstarfsfólk viðhaldi og endurnýi þekkingu sína." Skyldi það hafa gengið eftir þar sem ástandið er þannig að það vantar fjölmarga lækna og hjúkrunarfræðinga um allt land?

Herra forseti. Þetta, með öðru sem ég hef nefnt, bendir til þess að ástandið sé alvarlegt. Það er ýmislegt að í landi okkar þó svo að við búum við þær aðstæður sem menn eru að lýsa, þ.e. að einstaka menn hafa séð góðærið en 20.000

manns á Íslandi vita ekkert um það. Þeir hafa ekki séð það. Þeir vita ekki af því.

Herra forseti. Með þessum orðum læt ég lokið máli mínu og vona að hæstv. fjmrh. hafi náð þeim örfáu atriðum sem ég spurði um í ræðu minni. Þegar frv. kemur til 2. umr. mun þetta liggja ljósar fyrir. Þá verður líka komið í ljós hvort meiri hluti fjárln. fer að því sem ég óskaði eftir, að fjárln. ræði um 3,6% hækkun til bótaþeganna sem þeir eiga að fá um áramót og hvort menn í fjárln. eru tilbúnir til að leggjast á eitt um að bæta þau kjör sem nauðsynlegt er. Það höfum við öll tök á að gera og Alþingi þar með.

[10:41]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi óska nýjum fjmrh. til hamingju með sitt fyrsta fjárlagafrv. Hann sá mikla birtu og góða framtíð fyrir íslenska þjóð. Það er vel þegar menn eru bjartsýnir þegar þeir leggja af stað í vegferð sína. Við skulum vona að það rætist sem hann ætlaði hvað það varðar og sem hann lýsti í orðum sínum um sólskinsfjárlögin. En ekki er víst að allir líti silfrið sömu augum og hann frekar en fyrri daginn. Stjórnarandstaðan mun að sjálfsögðu leitast við að draga fram það sem hæstv. ráðherra hafði ekki tök á að nefna í ræðu sinni.

Fyrst vil ég nefna þjóðhagsforsendur frv. og hvernig þær hafa verið í þeim lögum sem eru nú í gildi og á undanförnum árum. Það er athyglisvert að það virðist vera nokkuð valt að treysta þeim forsendum sem lagðar eru við gerð fjárlaga á hverju ári og ævinlega, a.m.k. á þessu kjörtímabili, verða menn ákaflega hissa þegar líður fram á árið og það kemur í ljós að forsendurnar sem fjárlögin hvíla á hafa reynst nokkuð fjarri lagi. Það hefur gerst að þessu sinni eins og oft áður. Ég vil nefna helstu frávikin sem eru þau að einkaneysla er talin muni aukast á þessu ári um 10% í stað þeirra 5% sem gert var ráð fyrir við gerð þeirra fjárlaga sem eru nú í gildi. Stjórnarandstaðan benti á að þarna væri augljóslega um vanmat að ræða og færði rök fyrir því. Engu að síður taldi fjmrn. og Þjóðhagsstofnun ekki ástæðu til að breyta spá sinni í desember sl. En nú hefur greinilega komið í ljós að þessi spá reyndist verulega fjarri lagi. Svo var reyndar líka á árunum þar á undan án þess að ég reki það sérstaklega en vísa til fylgiskjals með nál. minni hluta fjárln. í desember sl. þar sem tekið er saman yfirlit yfir þjóðhagsstærðir, spá við gerð fjárlaga ár hvert frá 1995–1998 og síðan hvernig það varð í reynd.

Fjárfesting var í fjárlögum yfirstandandi árs talin aukast lítillega frá fyrra ári eða nánast vera óbreytt. En reyndin er núna talin vera að hún mun aukast um ríflega fjórðung eða um 27%. Þjóðarútgjöld voru talin aukast um 3,9% en reyndin, eftir því sem best er talið nú, mun vera nær því að verða 12%. Innflutningur var talinn vaxa um tæp 6% á þessu ári frá því síðasta en nú er áætlað að hann muni aukast um tæplega 23%. Þetta þýðir að hagvöxturinn sem talinn var mundu verða 3,5% verður núna liðlega 5%. Þannig má áfram telja, t.d. tölur um ráðstöfunartekjur á mann, þ.e. kaupmáttur mun aukast meira en ætlað var og verulega meira eða um tæp 9% í stað tæpra 5%.

Reynslan af forsendum undanfarinna ára gerir það að verkum að maður tekur þeim spám með dálitlum fyrirvara sem eru gerðar núna um helstu þjóðhagsstærðir og eru grundvöllur að útreikningum fyrir fjárlagafrv. 1999. Ég held að hæstv. fjmrh. verði að huga að þessum þætti málsins því að þarna skiptir verulega miklu máli að þeir sem gefa sér forsenduna séu í meginatriðum á réttu róli. Það má auðvitað gera ráð fyrir því að út af bregði af og til en það er mjög einkennilegt að það skuli ævinlega vera verulegur munur í þessum helstu stærðum. Og auðvitað vakna grunsemdir um að hæstv. fjmrh. sé að gefa sér tilteknar forsendur til að reikna frv. út frá. Þó að ég vilji ekki fullyrða um það á þessu stigi finnst mér reynslan vera þannig að það sé full ástæða til þess fyrir hæstv. fjmrh. að láta fara vandlega yfir helstu forsendur frv. í ljósi reynslunnar.

Í öðru lagi vil ég nefna álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem kom hingað í nóvember sl. og kynnti sér ríkisfjármálin og gaf út eftir þá athugun litla skýrslu sem þingmönnum var send með ábendingum um það sem að mati nefndarinnar mætti betur fara. Það er fróðlegt að rifja það aðeins upp og bera síðan saman við frv. og athuga að hve miklu leyti ráðherrann hefur tekið til greina athugasemdir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en það er stofnun sem nýtur mikillar virðingar í vestrænum heimi og ég veit að hæstv. ráðherra er einmitt að fara á þann vettvang til þess að læra af honum. Þessi sendinefnd benti á að fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár, 1998, sem þá var óafgreitt í nóvembermánuði, mundi ekki verða til þess að veita aðhald við efnahagsmálin, og benti á að afkomubati ríkissjóðs væri ekki mikill í því frv. og eingöngu til kominn af auknum hagvexti en ekki af sparnaðaraðgerðum eða öðrum kerfisbreytingum. Nefndin lagði til að markmið fjárlagafrv. yrðu sett hærra hvað varðar tekjuafgang þannig að hann næmi a.m.k. 1% af landsframleiðslu. Það mundi þýða um 5–6 milljarðar miðað við verðlag í dag.

Nefndin lagði líka til að allri aukningu hagvaxtar umfram opinberar spár yrði varið til að bæta stöðu ríkissjóðs í stað þess að búa til ný útgjöld. Ég vil skjóta því inn í hér að það sem við vitum nú þegar um framvinduna á þessu ári virðist þetta ekki hafa gengið eftir. Í fyrsta lagi er tekjuafgangurinn ekki eins og nefndin lagði til heldur miklu minni, reyndar ekki tekjuafgangur ef við miðum við rekstrargrunninn. Í öðru lagi eru auknar tekjur umfram þann hagvöxt sem spáð var ekki teknar til að bæta stöðu ríkissjóðs heldur að verulegu leyti varið til þess að standa undir útgjöldum.

Í fjórða lagi lagði nefndin til að draga úr jaðaráhrifum í skattkerfinu, bæði í tekjuskatti og barnabótum, en það höfum við ekki séð. Loks hvatti nefndin til endurbóta á lífeyriskerfinu hjá hinu opinbera og við þekkjum nú töluvert umræðu um það mál. Staðreyndin hefur hins vegar orðið sú að á síðasta ári virðist eitthvað hafa farið verulega úrskeiðis í kjarasamningum ríkissjóðs við starfsmenn sína miðað við þau markmið sem ríkisstjórnin gaf sér sjálf.

Í fjárlögum 1998 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðsskuldbindingar hækki um liðlega 10 milljarða kr. en nú virðist ljóst að hækkunin verði tvöfalt meiri eða um 20 milljarðar kr. og er þó ekki komin fram öll sú hækkun sem leiðir af nýjum kjarasamningum og þá einkum svonefndum aðlögunarsamningum en upplýst er að á árinu 1999 verði veruleg hækkun á þessum skuldbindingum og aftur á árinu 2000. Þó að ekki liggi fyrir tölur á þessu stigi má segja að feiknarlega háum fjárhæðum hefur verið ráðstafað í þessum samningum, í þessum aðlögunarsamningum, kannski um 20 milljörðum eða svo. Það er auðvitað dálítið umhugsunarefni, burt séð frá samningunum sem slíkum og því sem um er samið, að einn fjármálaráðherra skuli geta ráðstafað svona háum fjárhæðum í raun og veru fram hjá Alþingi. Við stöndum í þeirri meiningu að Alþingi ákvarði útgjöld ríkisins og veiti heimildir til þess en það er greinilegt að það er ekki að öllu leyti þannig.

Ég vil minna á það sem stendur í fjárlagafrv. fyrir 1998 um þessa aðlögunarsamninga. Þar segir, með leyfi forseta, á bls. 389:

„Hækkun lífeyrisskuldbindinga er áætluð 10,5 milljarðar króna á næsta ári. Mögulegar hækkanir lífeyrisiðgjalda vegna nýs launakerfis eru ekki inni í þeirri fjárhæð, enda eiga þær að rúmast innan fjárveitinga einstakra stofnana." Þetta er sá rammi sem ríkisstjórnin setti sér sjálf um þessa aðlögunarsamninga, að þeir ættu ekki að leiða til nýrra útgjalda en annað er komið á daginn, herra forseti, sem nemur milljörðum króna.

Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig gat þetta gerst? Ég hef beðið fjmrn. um yfirlit yfir þessa samninga og hversu miklar skuldbindingar fylgdu hverjum og einum samningi því um er að ræða samninga við ýmsar starfsstéttir ríkissjóðs. Ég hef ekki getað fengið það. Þær upplýsingar virðast ekki liggja fyrir. Rekstur ríkissjóðs er auðvitað geysilega umfangsmikill og stór og þegar svo er komið að menn virðast ekki hafa yfirlit yfir þennan rekstur, það er það sem mér sýnist hafa gerst að menn hafi ekki haft yfirlit yfir útgjöldin sem menn voru að stofna til, hlýt ég að spyrja hvort ekki sé nauðsynlegt að gera breytingar á þessu fyrirkomulagi. Er þessi mikla miðstýring ríkiskerfisins, að draga alla þræði inn í fjmrn. og gera þar samninga við allt ríkiskerfið, kannski kerfið sem gengur ekki upp vegna skorts á yfirsýn yfir útgjöldin sem menn eru að ráðstafa? Þetta er stærsta spurningin um framvindu ársins 1998 sem hæstv. fjmrh. verður að svara. Í þessu felast engar meiningar af minni hálfu um efni þessara samninga, hvort það hafi verið of mikið, réttlátt eða óréttlátt. Ég er ekki að setja fram neinar skoðanir á því. Þetta eru bara kjarasamningar sem ríkið gerir við sína starfsmenn og setti sér það markmið að þeir leiddu ekki til viðbótarútgjalda hjá einstökum stofnunum, en reyndin varð langt, langt frá því. Það verða að koma fram skýringar á þessu, herra forseti.

Í þriðja lagi vil ég nefna, herra forseti, áður en ég vík að efnahagsmálunum almennt, álit framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambands Íslands sem er nú ekki aðili sem er líklegur til þess að draga upp dekkri mynd af árangri hæstv. ríkisstjórnar en efni standa til. Ég leyfi mér að fullyrða að Vinnuveitendasambandið sé yfirleitt sólskinsmegin við fjmrh. ef staðsetja má það einhvers staðar í þeim efnum. Það samband dregur fram mjög skýra mynd og varar við tilteknum hættum, sem ég heyrði ekki í ræðu hæstv. fjmrh. að hann minntist á. En framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins kallar efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar lausatök í efnahagsstjórn. Hún kallar það lausatök í efnhagsstjórn sem muni óhjákvæmilega koma til með að kreppa að samkeppnisgreinum atvinnulífsins og valda landsmönnum búsifjum.

Það er nú dálítið mikið sagt, herra forseti, og ég held að hæstv. fjmrh. verði að hafa nokkrar áhyggjur af þessari hörðu ádrepu frá framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins. Það er kannski von að Vinnuveitendasambandið hafi nokkrar áhyggjur í þessum efnum því að hið háa gengi sem menn hafa haft á undanförnum missirum og háir vextir eru í raun og veru að beina eftirspurninni frá innlendum samkeppnisgreinum til útlanda. Þeir gera samkeppnisgreinar erlendis betur staddar í samkeppninni við íslenskar atvinnugreinar með því að lækka verðið á vörunni sem flutt er inn. Og það kemur fram í fjárlagafrv. eða þjóðhagsáætluninni, ég man nú ekki hvort heldur er, að samdráttur hafi orðið á útflutningi í iðnaðargreinum hér innan lands, hann hafi dregist saman um þó nokkuð mikið. Það er auðvitað fyllsta ástæða til þess að vekja athygli á því og spyrja hæstv. fjmrh. hver sé stefna ríkisstjórnarinnar gagnvart þessum atvinnugreinum. Er stefnan sú að þær eigi að láta undan síga fyrir innflutningsgreinum? Er það stefna ríkisstjórnarinnar að Íslendingar eigi frekar að kaupa innfluttan varning en íslenskar vörur? En það er það sem hefur verið að gerast á undanförnum missirum m.a. vegna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem birtist með háu gengi og háum vöxtum. Ég er búinn að finna þetta núna, herra forseti, að afkoma samkeppnisiðnaðar á þessu ári er talin versna frá fyrra ári vegna launahækkana, sem um var samið og allir vita að voru töluvert miklar og umfram hækkanir erlendis, og hærra gengis. Þannig að kostnaðurinn hækkar meira en hann hækkar erlendis en tekjurnar hækka ekki vegna þess að gengið hækkar og útflutningur á almennum iðnaðarvörum minnkaði um 9% á fyrstu sjö mánuðum þessa árs. Þetta tel ég, herra forseti, að sé mikið hættumerki og að ríkisstjórnin verði að svara því hvort hún hyggist láta þessa þróun ganga fram áfram eða hvort hún hafi áform um að breyta þessu og þá hvernig. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að styrkja stöðu íslenskra samkeppnisiðnaðargreina?

Annað sem framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins bendir á, og réttilega að mínu mati, er að fyrirsjáanlegt er að á næstu árum muni draga úr hagvexti í heiminum, bæði hérlendis og annars staðar. Þegar dregur úr hagvexti mun draga úr tekjum íslenska ríkisins af eðlilegum ástæðum, það er óhjákvæmilegt. Þannig að þá snýst það við á þann veg að gjöldin munu vaxa meira í framtíðinni en tekjurnar. Og þá kemur sér illa að vera búinn að ráðstafa tekjuaukanum undanfarin ár í ný útgjöld því að þá þarf að lækka útgjöldin eða hækka tekjurnar.

Það er ekkert svigrúm við þessar gósenaðstæður þegar tekjurnar eru í hámarki til að mæta breytingum í tekjuöflun. Framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins bendir á að það stefni í hallarekstur á ný þegar draga fer úr hagvexti. Það er auðvitað mjög alvarlegt í þessu mikla sólskini að það skuli vera svo stutt í að skýin dragist fyrir og skyggi á sólina og við sjáum bara gamla hallareksturinn á nýjan leik.

Herra forseti. Ég er alveg sammála greiningu framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambandsins um mat á horfum um tekjuöflun ríkissjóðs á næstu árum. Ég met það þannig ef ekki eigi að draga úr útgjöldum sé dulbúin skattahækkunarþörf í þessu frv. Þegar dregur úr tekjum vegna minni hagvaxtar verður óhjákvæmilegt að hækka skatta á nýjan leik. En ríkisstjórnin er svo lánsöm, sýnist mér, að það mun ekki koma í ljós að neinu marki fyrir kosningar. Miðað við spár er allt útlit fyrir að þetta muni koma í ljós einhvern tíma á næsta einu til einu og hálfu ári, kannski á haustdögum næsta árs, og þá verði ríkisstjórnin að setjast niður og gera upp við sig hvort hún ætlar að grípa til niðurskurðar eða að hækka skatta. Ég tel við þessar aðstæður vera hálfgerða sýndarmennsku af hæstv. ríkisstjórn að láta fram ganga skattalækkunina um næstu áramót, 1% tekjuskatt.

Mig langar að heyra í hæstv. fjmrh. um þessi sjónarmið. Er hann sammála þessu mati framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambandsins? Ef hann er sammála því, hvernig ætlar hann að mæta skorti á tekjum í náinni framtíð? Ef hann er ósammála því og telur að þetta mat sé rangt, þá væri fróðlegt að hann útskýrði hvernig hann kemst að þeirri niðurstöðu. Það er nefnilega eins og alltaf, það er ekki bara sólskin fram undan, það eru skin og skúrir í þessum efnum, bæði á þessum vettvangi sem öðrum. Það sem er gæfusamlegast er ávallt að vera með báða fætur á jörðinni og miða gerðir sínar

við veruleikann eins og hann er en ekki óskhyggjuna. Ég er hræddur um að hæstv. ráðherra hafi séð of mikið sólskin í þessum fjárlögum og látið það blinda sig þannig að hann sjái ekki að fram undan eru auðvitað viss hættumerki þó að ég sé ekki að segja að það séu neinar stórkostlegar hættur fram undan. Ég er ekki að draga upp neina hryllingsmynd. En ég er að benda á að menn verða að vita af boðum og hættum til þess að geta brugðist við þeim. Það versta sem menn gera er að neita að sjá það sem fram undan er.

Herra forseti. Segja má að það sem hefur einkennt efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á undanförnum missirum hafi eiginlega leitt til fyrirsjáanlegrar niðurstöðu sem er aukinn viðskiptahalli, hækkandi gengi. Gerðir hafa verið kjarasamningar með verulegum kaupmáttarhækkunum, kjarasamningar til þriggja ára sem auka kaupmátt heimilanna mjög mikið, svona að meðaltali skulum við segja. Í öðru lagi hefur verið gripið til að lækka skatta og auka ráðstöfunartekjur heimilanna þannig. Í þriðja lagi hafa verið afnumin ýmis sparnaðarform og fé hefur orðið laust sem áður var bundið og fé sem hefði orðið bundið er áfram laust. Í fjórða lagi hefur gengi verið að hækka og þá er alveg augljóst hvað menn fá út úr þessu, þegar menn auka tekjur fólks, þegar skattar eru lækkaðir, þegar dregið er úr sparnaði og þegar vörur eru gerðar ódýrari. Ég vil því meina að þessi viðskiptahalli á ekki að koma mönnum neitt á óvart þó að hann hafi ekki verið fyrir séður í forsendum gildandi fjárlaga. Hann er einfaldlega eðlileg afleiðing af þessari pólítík. Það er eitthvað að í fjármálastjórn og efnhagsstjórn sem leiðir til þess að á fjórum árum er 80 þúsund millj. kr. í viðskiptahalla. Þó að spáð sé að hann minnki fram til 2003 er samt spáð að hann verði umtalsverður öll árin héðan í frá til og með 2003 og bætist við þá 80 milljarða sem komnir eru. Það verður því eitthvað vel yfir 100 milljarðar, kannski hundrað og tíu til tuttugu milljarðar á þessu tímabili. Það er ekki viðunandi ástand.

Maður hlýtur að spyrja hæstv. ríkisstjórn hvað hún ætli að gera til þess að snúa þessari þróun við? Ekki er að sjá neitt í frv., sem við ræðum hér núna, sem bendir til ákveðinna aðgerða á þessu sviði. Einu vísbendingarnar um viðbrögð eru að hæstv. fjmrh. hefur skýrt frá því að hann hafi skipað nefnd til þess að gera tillögur um sparnaðarform.

Það er góðra gjalda vert að hæstv. ráðherra skuli átta sig á því að grípa þurfi til aðgerða sem hvetji til sparnaðar. En að það skuli ekki vera tilbúnar neinar tillögur þegar efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár er kynnt, það er alveg óviðunandi, herra forseti. Ég hlýt að ítreka við hæstv. ráðherra: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum? Hvernig ætlar hún að vinna bug á viðskiptahallanum og lágum sparnaði? Það er ekki viðunandi að ríkisstjórnin skili auðu þann dag sem hún mælir fyrir fjárlagafrv. sínu og kynnir efnahagsstefnu sína fyrir næsta ár.

Afleiðingar af þessari stefnu, því að ég vil kalla þetta stefnu sem hefur verið rekin á undanförnum árum og hefur að sumu leyti skilað árangri en hefur líka haft í för með sér slæmar afleiðingar eins og viðskiptahallann, hefur líka verið sú að skuldir heimilanna hafa aukist á þeim tíma þegar heimilin eiga að draga úr skuldum sínum. Þegar í gildi eru kjarasamningar með miklum kauphækkunum og skattalækkanir sem auka líka tekjur heimilanna á auðvitað að beina þessu fé í að borga niður skuldir. En ríkisstjórnin hefur í raun gert allt til þess að koma í veg fyrir að hvetja fólk til að borga niður skuldir heldur verið með aðgerðir sem hvetja fólk til eyðslu, sem hvetja fólk til þess að kaupa varning, endurnýja bíla o.s.frv.

Afleiðining er sú að skuldir heimilanna eru að aukast á þessum gósentíma í stað þess að minnka. Á þessu ári, sem mælist metár í á hækkun í kaupmætti ráðstöfunartekna og jafnast aðeins á við metárið 1987 þegar það var algjör toppur og uppsveifla í þeim efnum, er talið að skuldir heimilanna muni aukast um sem nemur 12% frá síðasta ári eða um 35 milljarða kr. Ég tel að þetta sé vísvitandi stefna hjá ríkisstjórninni til þess að afla sér tekna í ríkissjóð. Með því að hvetja fólk til þess að eyða og kaupa skapar það ríkissjóði miklar tekjur sem hafa dugað til þess að snúa dæminu þar við og koma ríkissjóði yfir núllið.

Þegar ríkisstjórnin fer að hvetja fólk til þess að spara og draga úr eyðslu þá kemur það fram í minni tekjum ríkissjóðs. Ég spyr hvort það geti verið að sú staðreynd að ríkisstjórnin hefur ekki enn kynnt neinar tillögur sem eiga að verða til þess að draga úr eyðslu heimilanna sé vegna þess að hún vilji ekki draga úr tekjum ríkissjóðs. Hún vilji geta sýnt ríkissjóð með miklar tekjur og réttum megin við strikið, a.m.k. fram yfir næstu kosningar. Getur það verið? Það er alveg augljóst mál að strax og farið verður að hvetja fólk til að spara mun það koma fram í minni tekjum ríkissjóðs. Menn eiga erfitt með að bregðast við því af því að það er búið að hleypa útgjöldunum upp. Þetta er sú mynd sem mér sýnist vera uppi og ráðherrann sé að glíma við á þann veg að halda þar jöfnuði, a.m.k. næstu mánuði og að það leiði til þess að seint er gripið til aðgerða til þess að auka sparnað.

Að lokum áður en ég vík frá þessu vil ég nefna efnahagsstjórnunina. Það hefur verið góðæri í sjávarútvegi að því leytinu til að afurðir sjávarútvegs hafa hækkað mjög mikið á erlendum mörkuðum, um rúm 17% á liðlega einu ári, og olía hefur lækkað á sama tíma þannig að verð á olíu er lægra en það hefur verið nokkru sinni sl. 12 ár. Þetta er auðvitað búhnykkur fyrir íslenskt þjóðarbú. Ríkisstjórnin hefur valið að nota efnhagsstefnuna til að dreifa hluta af ávinningi útflutningsgreinanna, og þá einkum sjávarútvegs, til alls almennings í formi hækkandi gengis. En það eru milli 3 og 4% af þessum ávinningi sjávarútvegsins sem hefur ekki runnið til sjávarútvegsfyrirtækjanna heldur til almennings í formi lægra vöruverðs á innflutningsvörum. Þetta eru milli 3 og 4 milljarðar á heilu ári, herra forseti, og hefði einhvern tíma verið talið að það væri nokkuð myndarlegur skattur á eina atvinnugrein að standa undir slíkum tekjumissi. En það er rétt að vekja athygli á þessu atriði svo það fari ekki fram hjá mönnum, af því að það er nú mikið í umræðunni um sjávarútveginn og arðinn sem þar myndast. Þar er verið að dreifa honum að hluta til með þessum hætti yfir allt þjóðfélagið.

Þá er ýmislegt í frv. sem mér finnst að ríkisstjórnin þurfi að svara og hún gefi lítil svör við. Hv. þm. Gísli S. Einarsson hefur nefnt nokkur af þeim atriðum sem vert er að spyrja um í þessu efni og ég mun því ekki endurtaka það eins og varðandi hvernig ríkisstjórnin hyggst tryggja landsmönnum grundvallarþjónustu eins og læknisþjónustu þar sem læknar fást ekki til starfa í dag í dreifbýli. Ástæða er til að ganga eftir svörum hjá hæstv. ríkisstjórn í þeim efnum. Eru svör ríkisstjórnarinnar bara þau að markaðslögmálin eigi að gilda? Læknar séu bara þar sem þeir vilja vera og þar sem þeir vilji ekki vera þar séu engir læknar? Svo komi þetta ríkisstjórninni bara ekkert við?

Ég vil svara þessu á annan veg og segja að ríkisstjórninni beri að upfylla þessa þjónustu hvað sem það kostar. Kosti

það mikið þá er það verkefni fyrir ríkisstjórnina að breyta aðstæðum þannig að það geti seinna meir kostað minna. En *það eru engin svör að segja að læknar fáist ekki. Ef kjörin* eru ekki nægilega góð til að draga menn út í afskekktari byggðir þá á að hækka þau. Það er mjög einfalt. Við hljótum að spyrja: Ætlar ríkisstjórnin að gera það eða er hún að gengisfella fólk um landið? Er mismunandi gengi hér á fólki?

Ég vil líka spyrja og ítreka það sem fram kom hjá hv. þm. Gísla Einarssyni um byggðaþróunina. Hún er alveg skelfileg og auðvitað afleiðing af ákveðnum pólitískum ákvörðunum sem saman mynda umhverfi sem er hagstæðara á einum stað en öðrum. Sú breyting kostar hið opinbera mikið fé, bæði ríki og sveitarfélög. Af efnahagslegum ástæðum er því nauðsynlegt að bregðast við til að draga úr þessum kostnaði. Um þetta eru ekki til nákvæmar tölur. Reynt hefur verið að leggja mat á það og ljóst er að á hverju ári verður hið opinbera að verja milljörðum í ýmsar framkvæmdir og þjónustu umfram það sem þyrfti ef jafnvægi væri í byggðaþróuninni. Það er því efnahagslegur ávinningur af því fyrir hið opinbera að reyna að stöðva þessa þróun þannig að sæmilegt jafnvægi ríki.

Við hljótum að kalla eftir stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Ég nefni t.d. þáltill. um byggðastefnu til næstu fjögurra ára sem lögð var fram til kynningar á sl. vori og verður rædd hér seinna á þessu hausti. Þar er m.a. sú tillaga að leggja allt að 300 millj. kr. í eignarhaldsfélög sem stofnuð verði úti í kjördæmunum og þau félög hafi síðan fjárhagslega bolmagn til að stofna atvinnufyrirtæki á sínu starfsvæði. Ég sé ekki, herra forseti, neitt um að þessi fyrirheit ríkisstjórnarinnar í þáltill. séu í fjárlagafrv. Ég hlýt að spyrja: Hefur hæstv. ríkisstjórn tekið þetta markmið út úr þáltill. um byggðamál, um eignarhaldsfélögin, um að verja til þeirra allt að 300 millj. kr. ár hvert? Af hverju er það ekki að finna í þessu fjárlagafrv.? Af hverju er ekkert sólskin þar, herra forseti?

Ég hlýt líka að benda á að ein afleiðingin af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, sem er grundvölluð á háu gengi og mjög háum vöxtum, hefur leitt til þess að hlutabréfamarkaðurinn hérlendis hefur hrunið saman. Hann hefur fallið saman, nánast algjörlega að heita megi. Á síðasta ári voru seld ný hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum fyrir 17 milljarða kr. ef ég man rétt, fyrir utan þau hlutabréf sem gengu kaupum og sölum á eftirmarkaði og voru um 12 milljarðar. Eftir því sem ég best veit hefur núna ekki verið selt eitt einasta hlutabréf í nýjum útboðum hjá fyrirtækjum á Verðbréfaþingi Íslands. Það eru mikil umskipti frá 17 milljörðum niður í núll. Hvernig skyldi standa á því, herra forseti? Það er vegna þess að hlutabréfin geta aldrei borið þann arð fyrir eigandann sem skuldabréf bjóða í dag, vegna hinna háu vaxta.

Vegna þess að ríkisstjórnin er að greiða niður verðbólguna með því að hækka gengið, lækka innflutninginn í verði, sjá menn fyrir sér yfirvofandi vaxtahækkun. Þenslan er það mikil að halda þarf áfram þessari stefnu og menn búast við að Seðlabankinn þurfi að hækka vexti til að halda stöðugu gengi. Þá er augljóslega miklu hagkvæmara að kaupa sér skuldabréf, þau eru í dag með miklu hærri vöxtum, tryggum vöxtum og von á hækkandi vöxtum. Beri menn þetta saman við hlutabréf í íslenskum atvinnufyrirtækjum þá standast þau engan samjöfnuð, herra forseti. Þess vegna hefur sala á íslenskum hlutabréfamarkaði nánast algjörlega fallið saman.

Ég tel þetta mjög alvarlega afleiðingu af efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig ríkisstjórnin hyggist styðja við þá þróun að íslensk atvinnufyrirtæki geti sótt sér fé í gegnum sölu hlutabréfa. Fleira væri ástæða til að nefna, herra forseti. Ég hef dvalið við ákveðin atriði og læt þar með önnur bíða þar til síðar og læt máli mínu lokið.

[11:21]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við búum við óvenjulegt góðæri um þessar mundir og þess sér svo sannarlega stað þessa dagana í ríkisfjármálunum þar sem milljarðarnir bætast í kassann langt umfram áætlun fjárlaga, en streyma nú að vísu jafnóðum út aftur. Hvað sem því líður er þetta auðvitað óskastaða fyrir nýjan fjmrh. og vildu sjálfsagt margir vera í hans sporum. Þróunin hefur sem sagt farið langt fram úr því sem búist var við og fátt bendir til annars en árferði verði áfram hagstætt.

Ég vil byrja á að óska hæstv. fjmrh. til hamingju með sitt fyrsta fjárlfrv. sem hann hefur sjálfur kallað Sólskinsfrumvarp. Það er auðvitað skiljanlegt að hann vilji baða sig í ljóma þess meðan kostur er, því ekkert er öruggt undir sól stjórnmálanna og allsendis óvíst að hann fái tækifæri til að fylgja fleiri slíkum úr hlaði. Þessar hamingjuóskir mínar eru blendnar því eins og nærri má geta er ýmislegt gagnrýnivert í þessu frv. Þar er ekki eintómt sólskin heldur væri nær að segja að það sé skýjað með köflum, svo við höldum okkur áfram við veðurfræðin.

Ég verð að segja alveg eins og er að það hefði mátt vonast eftir meira kjöti á beinunum miðað við ríkjandi árferði og horfur og ótrúlega velsæld sumra í þjóðfélaginu, velsæld sem við eigum að sjálfsögðu að leitast við að dreifa betur og leitast við að tryggja öllum mannsæmandi kjör og aðstæður. Ég tel að það eigi að vera meginmarkmið sameiginlegs reiknings allrar þjóðarinnar en í þetta frv. skortir að mínu mati metnað til að nálgast það markmið.

Viðhorfin eru ólík í þessu efni, því er ekki að neita. Ég tók t.d. eftir að ungliðar Sjálfstfl. komu nýlega saman til fundar og sáu ástæðu til að nota það tækifæri til að lýsa óánægju sinni með þetta frv. á allt öðrum forsendum. Þeim finnst aðhald ráðherra síns ekki nægilegt. Þeir vilja að hann beiti strangara aðhaldi án þess að það hafi svo komið skýrt fram hvar og hvernig þeir vilji beita því. Fróðlegt væri að heyra hugmyndir þeirra nákvæmlega útfærðar og kynntar, þ.e. hvar þeir vilja skera niður og hverjir eigi að axla þær byrðar sem við nú berum sameiginlega. Við förum svo sem nærri um þær hugmyndir í meginatriðum. Þær eru gjarnan viðraðar í baráttuglöðum hópi ungra sjálfstæðismanna þar sem stefnan er sú fyrst og fremst að einstaklingurinn njóti sín. Það er auðvitað gott og göfugt en til þess þarf hann víst helst að vera sterkur og hraustur og sæmilega efnum búinn. Vonandi koma þeir hugmyndum sínum rækilega á framfæri svo almenningur geti kynnt sér þær og áttað sig á því hvað koma skal ef Sjálfstfl. fengi nú meiri hluta til að koma þeim í verk sem ég ætla þó rétt að vona að verði ekki.

En það er einmitt í fjárlögum sem stjórnarstefnan birtist hvað skýrast á hverjum tíma og víst að margir vildu vera í sporum hæstv. fjmrh. nú þegar aðstæður leyfa nokkuð skýra útfærslu stefnumiða. Svo er náttúrlega eftir að sjá og reyna hvort höfundum frv. hefur tekist nokkuð betur en endranær að ramba á réttar forsendur. Reynslan hefur verið sú að þeim hefur ekki gengið allt of vel í því efni, ekki einu sinni nú síðari árin í umhverfi lítillar verðbólgu og annarra hagstæðra skilyrða sem ættu að gera spámönnum léttara um vik.

Ár eftir ár höfum við, fulltrúar minni hlutans, gagnrýnt þessar spár og bent á hversu óraunhæfar þær hafa verið, jafnvel þótt tekið sé tillit til þeirrar tilhneigingar að spá varlega svo ekki séu vaktar of miklar væntingar. Það er að mörgu leyti skiljanlegt vinnulag. Það er alltaf vinsælla að bæta við en draga úr. Staðreyndin er hins vegar sú að spá um þróun mála hefur verið furðu langt út úr korti. Nú er útkoma þessa árs að verða nokkuð ljós og þar er sitthvað á gamalkunnum nótum. Við fulltrúar minni hlutans í fjárln. bentum rækilega á það við afgreiðslu fjárlaga þessa árs að áætlanir væru óraunhæfar, bæði tekju- og gjaldamegin. Það hefur svo sannarlega komið á daginn. Þó áttum við ekki von á svo stórstígum breytingum sem raunin hefur orðið á, þar sem t.d. innflutningur vöru og þjónustu eykst væntanlega fjórfalt, fjórfalt á við það sem spáð var á þessu ári. Einkaneyslan virðist ætla að aukast um 10% í stað 5% sem spáð var. Í þessu er vitanlega fólgin meginskýringin á líklegri hækkun heildartekna ríkissjóðs nú í ár, um rúmlega 9 milljarða kr. Það skal játað að við í minni hlutanum, sem erum auðvitað alltaf ábyrgðin og hógværðin uppmáluð, höfðum ekki hugarflug í upphæðir af þessari stærðargráðu. Þessi þróun hefur auðvitað bæði kosti og galla. Kosturinn er sá að ríkissjóður fitnar og nær meira að segja að miklu leyti að koma til móts við vanáætluð útgjöld. Hann nær því reyndar fyllilega ef miðað er við gamla lagið, þ.e. afkomuna á greiðslugrunni.

Á útgjaldahliðinni voru eins og fyrri daginn við afgreiðslu fjárlaga ófrágengnir umfangsmiklir póstar í heilbrigðiskerfinu og ekki útséð hvort ráða eigi bót á þeim vanda til fulls, nú frekar en áður, þrátt fyrir fögur fyrirheit um úthlutun fjármagns úr pottum heilbrrh. og árangursrík störf stýrihópa og faghópa af ýmsum stærðum og gerðum. Öll sú vinna hefur að vísu farið fram en enn er vandinn stór og raunar með ólíkindum að enn skuli ekki sjá fyrir endann á öllum þessum tilraunum til að ná utan um útgjöld til heilbrigðismála þar sem löngu er mál til komið að skapast geti vinnufriður í þeim geira.

Útgjöld hafa jafnframt aukist umfram áætlun vegna frágangs kjarasamninga við nokkur stéttarfélög sem ekki var spáð réttilega fyrir um. Um það ræddi hv. síðasti ræðumaður talsvert í máli sínu hér áðan og verður fróðlegt að heyra viðbrögð hæstv. fjmrh. við athugasemdum hans og fyrirspurnum. Mestu munar þó um lífeyrisskuldbindingarnar. Fulltrúar minni hlutans bentu einnig á þá skekkju við afgreiðslu fjárlaganna þótt hún reyndist síðan þó nokkuð stærri en við töldum þá líklegt. Þetta ræðum við nú kannski frekar þegar frv. til fjáraukalaga kemur fram á næstu vikum þótt allt þetta verði vissulega að hafa í huga þegar litið er til næsta árs.

Eins og fyrr sagði eru skilyrði í þjóðfélaginu að flestu leyti hagstæð og engin verulega slæm teikn á lofti. Búist er við svipuðum hagvexti og verið hefur undanfarin tvö ár og það er búist við fremur litlu atvinnuleysi í samanburði við OECD-ríkin. Væntanlega dregur eitthvað úr fjárfestingu sem hefur verið gríðarleg að undanförnu og ekki öll af hinu góða að mínu mati, en þó er t.d. líklegt að í ferðaþjónustu verði veruleg fjárfesting á næstu árum og ég tel ástæðu til að hafa það í huga.

Ferðaþjónustan hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum og raunar alveg ótrúlega síðasta áratuginn þegar litið er til þess að sú atvinnugrein hefur ekki beinlínis notið náðar ríkisvaldsins í samanburði við aðrar. Ferðaþjónusta, sem fyrir svo sem hálfum öðrum áratug var naumast talin til alvöruatvinnugreina og þurfti að berjast fyrir viðurkenningu stjórnvalda og jafnvel almennings líka í smáu og stóru, verður nú ekki lengur afgreidd sem dútl við gestamóttöku utan hefðbundinnar vinnu. Þetta er atvinnugrein sem hefur skapað beint og óbeint 5–10 þús. ársverk og aflar meiri gjaldeyristekna en nokkur önnur atvinnugrein að sjávarútvegi undanskildum. Uppbygging í ferðaþjónustu hefur í raun kostað ótrúlega lítið miðað við öll störfin sem hún hefur skapað. En nú er svo komið að skortur á gistirými og annarri þjónustu er farinn að hamla þróun og vexti greinarinnar og við því þarf að bregðast. Það er því afskaplega líklegt að fjárfestingar á þessu sviði muni nokkuð einkenna framkvæmdir næstu ára.

Það eru allgóðar horfur á mörgum öðrum sviðum sem betur fer og sitthvað fleira en vaxandi þorskgengd sem eykur bjartsýni. Auðvitað er þó ekki eintómt sólskin í efnahagsveröldinni og þá er það fyrst og fremst aukinn viðskiptahalli sem er áhyggjuefnið. Það er vissulega brýnt að rétta þann halla af, annars vegar með arðgæfari útflutningi og hins vegar með auknum sparnaði. Sama má segja um það sem hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni, að það er áhyggjuefni að innlend framleiðsla skuli búa við þær aðstæður sem hún gerir þannig að það séu fyrst og fremst innflutningsaðilar sem græða á góðu árferði. En það eru lítil búhyggindi að eyða jafnóðum öllu sem aflað er og jafnvel langt umfram það. Því miður virðist afar sterk tilhneiging til ofneyslu í okkar þjóðfélagi og neyslu sem jaðrar við algert æði á stundum og á sér efalaust rætur í andrúmslofti verðbólguáranna þegar mönnum hefndist grimmilega fyrir sparnað. Þá fólst öryggið í því að koma sér upp húsnæði, kaupa bíla og hvers kyns aðra hluti sem gera mátti verð úr ef á þurfti að halda og verðbólgan sá um að skuldirnar yrðu að engu. Því miður virðumst við seint ætla að tileinka okkur fyrirhyggju í þessum efnum en það hreinlega verður að freista þess með öllum ráðum að snúa þessari þróun við.

Það er í raun ámælisvert að ekki skuli enn hafa komið fram formlegar tillögur um hvernig efla megi sparnað í landinu og hvernig stjórnvöld ætla að koma að því máli. Ég held að það sé alveg ljóst að það verður að koma til hvatning í gegnum skattkerfið fyrst og fremst til þess að efla sparnað einstaklinga og fjölskyldna. Það verður auðvitað fróðlegt að sjá tillögur þeirrar nefndar sem er að störfum um þessi efni en hæstv. fjmrh. upplýsti í ræðu sinni að þær yrðu væntanlega kynntar í ríkisstjórn á næstu dögum eða vikum.

Það má segja að ríkisstjórnin sýni gott fordæmi með því að halda áfram að grynnka á skuldum og það er vel. Það er alltaf jafnsárt að sjá á eftir háum upphæðum til afborgana og vaxtagreiðslna vegna eyðslu fyrri ára. Ég styð heils hugar þá stefnu að nýta tækifærið í góðu árferði til að lækka skuldir ríkisins en það er margítrekað sem meginmarkmiðið í frv. Þetta markmið má þó aldrei yfirskyggja það markmið að tryggja öllum mannsæmandi kjör og aðstæður enda eiga þessi markmið að geta farið saman.

Þá má einnig telja það frv. til ágætis að lögboðnir tekjustofnar eiga að mestu að haldast óskertir og öðruvísi okkur áður brá. Þar munar vitanlega mest um lögboðna tekjustofna til vegagerðar sem árum saman hafa verið skornir niður af mikilli hörku. Þessi nýjung veldur því að í fyrsta sinn í langan tíma er gengið út frá óskertri framkvæmdaáætlun í vegamálum sem trúlega skapar mikinn fögnuð um gjörvallt land. Hið sama er raunar að segja um framkvæmdir í hafna-

málum og flugmálum og léttir það óneitanlega umfjöllunina í viðkomandi nefndum, samgn. og fjárln.

Virðulegi forseti. Það er dálítið óþægilegt þegar verið er að reyna að ræða þetta frv. sem er á dagskrá að hæstv. fjmrh. er ákaflega vinsæll maður og er ætíð umkringdur góðum mönnum sem vilja ræða við hann. Mér þætti vænt um ef honum væri tryggð aðstaða til þess að heyra það sem við höfum að segja. Ég var að fjalla um og meira að segja hæla hæstv. ráðherra og hans meðreiðarsveinum fyrir það hversu lögboðnir tekjustofnar fá nú að halda sér að mestu leyti og er kannski ekki ástæða til að leggja hart að sér að tryggja að hann heyri slík orð. En engu að síður þykir mér nú betra að fá að tala við hæstv. ráðherra. Það er um það að segja að hér verður óneitanlega léttara verk fyrir höndum bæði í samgn. og fjárln. þegar ljóst er að hægt verður að standa við framkvæmdaáætlanir í þessum efnum, þ.e. í vegamálum, hafnamálum og flugmálum og ber þá að sjálfsögðu nýrra við. Með tilliti til reynslu undanfarinna ára veit maður varla hvernig á að taka slíkum lúxus, en það hvarflar náttúrlega ekki að nokkrum manni að þessi niðurstaða hafi nokkurn skapaðan hlut með það að gera að það verða víst kosningar til Alþingis á næsta vori. Það er auðvitað bara skemmtileg tilviljun og gaman að svo margir geti glaðst yfir sinnaskiptum og gæsku ríkisstjórnarinnar á næsta ári.

En heldur verra finnst mér að hæstv. ráðherra skuli nenna að klípa 80 millj. af áætluðum lögboðnum tekjum til endurbóta á húsakosti menningarstofnana því það er mála sannast að þar er brýn þörf á aðgerðum og verkefnin ærin. Sérstaklega finnst mér brýnt að gera stórátak í verndun gamalla húsa þar sem áralöng vanræksla hefur víða verið til tjóns. Og nú er einmitt sívaxandi áhugi um allt land að bæta úr þessri vanrækslu og vinna að endurbótum en þær eru kostnaðarsamar ef vel á að vera og því mikil þörf fyrir styrki til slíkra aðgerða.

Það er ljóst að stærsta verkefnið á þessu sviði, þ.e. við endurbætur á húsakosti menningarstofnana, er vinna við endurbætur á húsnæði Þjóðminjasafnsins, sem eru orðnar mjög aðkallandi og því allt gott um það að segja að nú eigi loksins að fara að taka þar til hendinni. En mig furðar það sem upplýst er í grg. með frv. að af þessu tilefni verði bara alls engar sýningar á vegum Þjóðminjasafnsins allt næsta ár. Það er auðvitað skiljanlegt að sýningarsölum safnahússins sjálfs verði lokað, það er sjálfsagt óhjákvæmilegt vegna framkvæmda við endurbæturnar, en það er með ólíkindum að það eigi ekki að bjóða upp á neitt í staðinn, bara læsa alla muni niður og hafa hvergi neitt til sýnis fyrir gesti og gangandi. Það lýsir að mínu mati ekki miklum metnaði að reyna ekki að setja upp sýningu á þjóðargersemum í einhverju öðru sæmilega hentugu húsnæði til þess að þjóna þörfum ferðamanna og skólanna a.m.k.

Loks hlýt ég að gera athugasemd við það hvernig lögboðnu hlutverki Framkvæmdasjóðs fatlaðra er rétt eina ferðina breytt með skerðingarákvæði í fjárlögum, þ.e. ákvæði um að hluti af framkvæmdafénu verði tekið til greiðslu kostnaðar við félagslega hæfingu og endurhæfingu og til kostnaðar vegna starfsemi stjórnarnefndar. Það er reyndar gjörsamlega útilokað að átta sig á stærðum í þessu sambandi með því að lesa grg. frv. en mér virðist þó einsýnt að framkvæmdafé sjóðsins aukist nákvæmlega ekki neitt, sem er grafalvarlegt mál með tilliti til þeirra gríðarlegu verkefna sem við blasa. Í grg. stendur að aukið framlag til sjóðsins nemi 30 millj. en þess ber að gæta að um leið er 20 millj. kr. sérmerkt framlag á þessu ári fellt niður. Þetta framlag, 20 millj., var sérmerkt til uppbyggingar á þjónustu við geðfatlaða, og það er sem sagt fellt niður. Aukningin er því í raun aðeins 10 millj. kr. sem vafalaust fara að stórum hluta til rekstrar sem tekur sívaxandi hluta af framkvæmdafé. Þetta er auðvitað gersamlega óviðunandi niðurstaða með tilliti til ástandsins í þessum málaflokki sem þar að auki er áformað að flytja til sveitarfélaganna á næstu árum, stóð meira að segja til að gera það í byrjun næsta árs. Það er auðvitað deginum ljósara að af þeim flutningi getur ekki orðið fyrr en ríkið hefur a.m.k. nálgast að veita lögboðna þjónustu, en því fer víðs fjarri að svo sé.

Víða úti um land er að vísu þokkalega séð fyrir þörfum fatlaðra en ástandið á suðvesturhorni landsins er hreint út sagt til háborinnar skammar, bæði í Reykjavík og í Reykjaneskjördæmi. Forsendur fyrir flutningi málaflokksins til sveitarfélaganna er að sveitarfélögin fái nauðsynlega fjármuni með verkefninu og að tryggð verði fjármögnun stofnframkvæmda í þessum málaflokki, vegna þess að sveitarfélögin þurfa auðvitað að hafa fjárhagslegt bolmagn til að mæta þeim skuldbindingum sem í þjónustunni felst, þ.e. faglegum kröfum, rekstri núverandi þjónustu svo og viðbótarþjónustu til þess að grynnka á biðlistum.

Samkvæmt nýlegri skýrslu um stöðu þessara mála í Reykjaneskjördæmi vantar þar verulega á að þörf fyrir þjónustu sé mætt. Forsendur fyrir flutningi þessa málaflokks eru þær að sveitarfélögin taki við sæmilegri stöðu og fái nauðsynlega fjármuni með þessum verkefnum. Á það hlýt ég að leggja þunga áherslu.

Það er nauðsynlegt að fá sem besta yfirsýn yfir núverandi stöðu mála og jafnframt að gaumgæfa leiðir og aðferðir við framkvæmdina og það hafa menn verið að gera í Reykjaneskjördæmi þar sem ég þekki best til og efalaust víðar. Sú athugun leiðir eftirfarandi staðreyndir í ljós um ástand mála á síðasta ári og víst er að það hefur ekkert batnað, ekki neitt. Árið 1997 var rúmlega 344,6 millj. kr. varið til reksturs málefna fatlaðra á vegum Svæðisskrifstofu Reykjaness. Fjöldi þjónustuþega 1997 var 822 einstaklingar. Þjónusta við fatlaða á Reykjanessvæði á vegum félmrn. utan svæðisskrifstofu árið 1997 nam rúmlega 140 millj. kr. Auk þess var kostnaður sveitarfélaga í kjördæminu þetta ár 75 millj. kr. Í maí 1998 voru 133 einstaklingar á biðlista eftir búsetu hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness og 100 einstaklingar biðu þar og bíða enn eftir dagþjónustu eða vinnuúrræði. Það vantar því stórlega á að eftirspurn eftir þjónustu sé fullnægt. Til þess að mæta biðlistum þarf viðbótarfjármagn í árlegan rekstur sem nemur 477,3 millj. kr. Árlegur rekstrarkostnaður yrði sem sagt 829,8 millj. kr. ef viðbótarfjármagni yrði bætt við samkvæmt mati á biðlistum. Hér er um að ræða meira en tvöföldun á núverandi þjónustu.

Heildarstofnkostnaður nýrra þjónustustaða á svæðinu til að tæma biðlista er talinn nema rúmum milljarði króna eða nánar tiltekið 1 milljarði og 116 millj. kr. Þar að auki er gert ráð fyrir að nýskráningar verði svipaðar og verið hafa eða um 25 á ári. Það þýðir m.a. að biðlisti eftir búsetuúrræðum mun tvöfaldast á næstu fimm árum og rekstrarkostnaður til að mæta árlegu nýgengi á biðlista yrði um 68,5 millj. kr. Samkvæmt framansögðu er þess vegna langt frá því að biðlistum eftir þjónustu sé mætt og svona er ástandið í þessu kjördæmi. Þetta er auðvitað stórt og mikið verkefni sem ólíklegt er að fáist unnið í einu vetfangi en það þarf að vinnast og nauðsynlegt er að gera um það áætlun sem unnið verði

eftir á markvissan hátt. Ég ætla að ástandið sé ekki miklu skárra í Reykjavík en ég hef ekki staðreyndir að vitna til um það efni hér og nú. En ég spyr bara: Hvernig ætla menn að lagfæra þetta ástand og bæta aðstæður fatlaðra eins og þeir og aðstandendur þeirra eiga rétt á ef ekki núna í einhverju mesta góðæri síðustu áratuga?

Annað þessu skylt verður að sjálfsögðu að taka á og þar á ég við kjör og aðstæður öryrkja sem þeir hafa sjálfir vakið svo rækilega athygli á að undanförnu og hv. 5. þm. Vesturl. ræddi nokkuð ítarlega um í ræðu sinni. Öryrkjar hafa lagt á borðið beinharðar tölur þar sem fram kemur að óvinnufært fólk, sem þar að auki þarf að glíma með ýmsan kostnað sem heilbrigðir þurfa ekki, er gert öðrum háð um lífsafkomu og svipt þeirri sjálfsvirðingu að geta séð fyrir sér sjálft. Fjölmörgu fólki eru skammtaðar úr hnefa upphæðir allt niður í rúmar 15 þús. kr. á mánuði. Það sker hreinlega í hjartað að heyra reynslusögur þessa fólks sem finnst sér vera hafnað í þessu allsnægtaþjóðfélagi fyrir sakir sem það á enga sök á sjálft. Öryrkjar hafa að undanförnu barist hetjulega fyrir því að ná eyrum ráðamanna en þeim virðist veitast auðveldara að skilja þörf fyrir vegi og brýr og byggingar nýrra sendiráða en þörf öryrkja fyrir sómasamlega afkomu og sjálfsvirðingu.

Eitthvað mun þó ætlunin að bregðast við þessari umræðu samkvæmt málalista ríkisstjórnarinnar en þess sér þó ekki stað í því frv. sem við ræðum nú. En hæstv. fjmrh. kemur væntanlega inn á þessi mál í ræðu sinni á eftir og ég óska eindregið eftir að hann geri það.

Slagurinn um heilbrigðismálin hefur verið fastur liður á dagskrá á undanförnum árum og það var því með nokkrum kvíða að ég tók til við að kynna mér þann kafla. Reyndar hafði það komið fram í kynningu ráðuneytisins á frv. að um talsverða hækkun væri að ræða á útgjöldum til heilbrigðismála og sem snöggvast var freistandi að halda að nú væri loksins tekið myndarlega á viðvarandi rekstrarvanda allra heilbrigðisstofnana í landinu. En það var náttúrlega of gott til að vera satt og ljóst eftir fyrstu yfirferð að enn er við mikinn vanda að etja þótt vona verði að sá vandi sé ekki jafnhrikalegur og oftast áður.

Framlögin eru vissulega aukin en þegar betur er að gáð eru þau að stærstum hluta vegna launahækkana og verðlagsbóta en ekki vegna þess að tekið hafi verið á langvarandi rekstrarvanda stofnana. Þetta á kannski fyrst og fremst við um stóru sjúkrahúsin í Reykjavík en mér er kunnugt um mikinn vanda víðar, t.d. hjá heilbrigðisstofnuninni á Suðurnesjum. Hins vegar er í rauninni ákaflega erfitt að átta sig á stöðunni við lestur frv. því allt er þetta enn í athugun og verið að vinna að gerð þjónustusamninga og þar fram eftir götum eins og við höfum heyrt á hverju einasta ári allt þetta kjörtímabil. Það er sannarlega með ólíkindum að nú á lokaári kjörtímabilsins skuli enn ekki vera búið að ganga skilmerkilega frá þessum málum sem svo mjög hafa verið í brennidepli til margra ára. Um allt þetta verður þó auðveldara að ræða eftir umfjöllun í fjárln. og auðvitað verður að vona að nokkuð hafi úr ræst eftir allt pottastandið og vinnu stýrinefnda og fagnefnda og hvað allar þessar nefndir hafa fengið að heita. Eitt er þó alveg ljóst að 147 milljónirnar, sem merktar eru til viðhalds á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, duga skammt til að lagfæra ósköpin sem þar er við að glíma og við tókumst nokkuð á um á síðasta ári. Byggingarnar þar eru of litlar til að rúma þá starfsemi sem þar fer fram, aðstæður á slysadeild, sem þjónar fólki af öllu landinu, eru afar erfiðar og ekki bjóðandi, húsakynni leka og þar fram eftir götum. Samkvæmt faglegri úttekt mun viðgerðarkostnaður nema a.m.k. þúsund millj. kr.

Síðan er það þjónustan úti um landið, þ.e. almenna heilsugæslan, sem er augljóslega að hrynja og ég tek undir áhyggjur og fyrirspurnir félaga minna í minni hlutanum sem þegar hafa gert þessi mál að umtalsefni og óskað eftir viðbrögðum ráðherra um þau efni.

Sama má kannski segja um aukin framlög til menntunar og rannsókna eins og um fullyrðingarnar um aukin framlög til heilbrigðismálanna. Aukin framlög til menntunar og rannsókna hafa verið talin þessu fjárlagafrv. til tekna og er ekki að efa að margir hafa fagnað slíku og átt von á miklu en þegar að er gáð rýrnar verðgildið heldur betur. Hækkuð framlög eru einfaldlega fyrst og fremst til að mæta auknum kostnaði vegna orðinna launa- og verðlagshækkana og vegna fjölgunar nemenda. Langstærstur hluti aukinna framlaga virðist vera af þessum sökum. Rétt er að geta þess að allmyndarleg upphæð er þó ætluð til að fylgja eftir nýrri skólastefnu en um frekari útfærslu get ég ekki rætt hér eftir tiltölulega snögga yfirferð yfir þetta viðamikla frv. Um aukin framlög til rannsóknarstarfa er enn hið sama að segja, 580 milljónirnar sem hæstv. forsrh. sá ástæðu til að guma af í stefnuræðu sinni, og hæstv. fjmrh. í kynningu sinni, en skýrði reyndar ekki nánar í ræðu sinni áðan, er því miður eins og fugl í skógi því að hún á að dreifast á heil fimm ár. Hún á að dreifast á fimm ár og dregur nú heldur úr ljómanum þeim.

Að öðru leyti ætla ég ekki, herra forseti, að fara yfir einstaka liði í frv. Það bíður síns tíma þegar við höfum fengið skýringar og staðreyndir inn á borð okkar í fjárln. Auðvitað er það svo að gagnrýnin beinist oft mest að of lágum fjárveitingum til einstakra verkefna og vissulega er um allnokkrar upphæðir að ræða á þeim liðum sem ég hef gert að umtalsefni og þá er yfirleitt spurt með nokkrum þjósti hvar eigi að taka peningana. Við í minni hlutanum svöruðum fyrir okkar leyti við afgreiðslu fjárlaga þessa árs þar sem við bentum á leiðir og þær ábendingar eru í fullu gildi enn. Ég vil aðeins sérstaklega geta þess að ég tel einboðið að komið sé að fyrirtækjunum í landinu að endurgjalda þann skilning og velvilja sem stjórnvöld hafa sýnt þeim á undanförnum árum.

Meginmálið er það að menn tala seint og snemma um dæmafátt góðæri og hæstv. fjmrh. er í sólskinsskapi og hinsnæll með sitt fyrsta fjárlagafrv. en það er holur hljómur í allri sjálfumgleðinni þegar menn treysta sér ekki til meiri átaka við jöfnun lífsskilyrða.

[11:56]

Útbýting þingskjala:

Afnám skerðingar bóta til öryrkja vegna tekna maka, 27. mál, fsp. SJS, þskj. 27.

Almannatryggingar, 17. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 17.

Ár aldraðra, 32. mál, fsp. SvG, þskj. 32.

Hrefnuveiðar, 28. mál, fsp. SvanJ, þskj. 28.

Innheimta gjalds fyrir endurtekningarpróf, 39. mál, fsp. HjÁ, þskj. 39.

Íbúðalánasjóður, 29. mál, fsp. SvanJ, þskj. 29.

Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, 5. mál, þáltill. SvG, þskj. 5.

Kennarar og leiðbeinendur, 26. mál, fsp. SvG, þskj. 26.

Ráðningar í stöður heilsugæslulækna, 31. mál, fsp. HG, þskj. 31.

Réttarfarsdómstóll, 4. mál, frv. SvG, þskj. 4.

Smíði varðskips, 30. mál, fsp. SvanJ, þskj. 30.

Sveitarstjórnarlög, 42. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 42.

Þjónustugjöld í heilsugæslu, 18. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 18.

[11:58]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. kennir fjárlagafrv. sitt við sólina en eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, komst svo ágætlega að orði þá er skýjað með köflum í því frv. Reyndar er það svo að í ýmsum málaflokkum er mjög þungskýjað og sér vart til sólar. En fyrst nokkur orð um sólina og sólskinið.

Að sjálfsögðu er fagnaðarefni að atvinnuleysi skuli vera á niðurleið á Íslandi. Gert er ráð fyrir því að atvinnuleysi verði um 3% á þessu ári og samkvæmt þeim spám sem fylgja frv. ætla menn að atvinnuleysið verði enn minna á næsta ári eða um 2,5%. Auðvitað eigum við ekki að þurfa að búa við neitt atvinnuleysi í því góðæri og þeirri efnahagsuppsveiflu sem við búum nú við í landinu. Hvers vegna segi ég það? Jú, vegna þess að ef undanskilin eru undanfarin ár, reyndar þessi áratugur allur, þá bjuggu Íslendingar ekki við neitt atvinnuleysi frá stríðslokum ef undanskilin eru síðustu ár sjöunda áratugarins. Það má því segja að þótt við náum atvinnuleysi á næsta ári niður í 2,5% þá er það 2,5% of mikið. Hins vegar er það að sjálfsögðu jákvæð þróun að atvinnuleysi skuli vera á niðurleið á Íslandi.

Það er sitthvað annað sem er gott í frv. Það er gott að sjá að í ráði er að fjölga vistrýmum um 120 fyrir aldraða, mér finnst það vera jákvætt. Mér finnst það líka vera jákvætt að ná niður skuldum ríkissjóðs. Skuldir ríkissjóðs hafa verið allmiklar en á niðurleið á undanförnum árum. Árið 1996 námu skuldir ríkissjóðs tæpum 50% af vergri landsframleiðslu. Menn ætla að þetta hlutfall verði komið niður í 34% á næsta ári og samkvæmt spám ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að þetta hlutfall verði miklum mun lægra þegar fram líða stundir og er talað um 20% af vergri landsframleiðslu þegar komið er fram til ársins 2003. Vissulega væri ánægjuefni ef þetta gengi eftir. Við höfum bent á það aftur og ítrekað, bæði úr röðum stjórnarandstöðunnar og einnig af vettvangi samtaka launafólks, að efnhagsuppsveiflu á að nota til þess að ná niður skuldum. Hvers vegna? Jú, vegna þess að það er slæmt að búa við þunga skuldastöðu þegar kreppir að og illa árar. Þá þurfa menn iðulega að ráðast í lántökur til þess að örva hjól atvinnulífsins og skapa atvinnu. Oft hefur þessu verið öfugt farið hér og nægir að nefna byggingu Perlunnar og Ráðhússins í Reykjavík en ráðist var í þessa dýru mannvirkjagerð á þenslutímum. Það er því í sjálfu sér jákvætt og gott og heyrir sólskininu til að ná niður skuldum.

Hins vegar eru ýmsar blikur á lofti. Það eru blikur á lofti á alþjóðavettvangi og því miður ástæða til að ætla að þeir bjartsýnistónar og þær bjartsýnu fullyrðingar eða spár sem fram koma í þjóðhagsspá, sem fylgir frv., muni ekki standast. Gert er ráð fyrir því að á næstu árum eða fram til ársins 2003 verði hagvöxtur að meðaltali um 3%. Gert er ráð fyrir því að útflutningur þjóðarinnar aukist um 3–4% á ári. En sérfræðingar sem fjalla um ástandið í alþjóðaviðskiptum og í efnahagskerfi heimsins hafa einmitt þessa dagana uppi varnaðarorð sem gefa ástæðu til að ætla að þessar spár kunni að vera ívið of bjartsýnar. Nægir þar að minna á fund sjö helstu iðnríkja heims sem hefur nú átt sér stað þar sem menn hafa einmitt verið að slá þessa varnaðartóna.

Þótt æskilegt og gott sé að ná niður skuldum hins opinbera er engin ástæða fyrir Íslendinga til að fara á taugum yfir því hvernig ástatt er í þeim efnum hér á landi því ef við lítum til þeirra ríkja sem við berum okkur helst saman við eru skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu mjög litlar á Íslandi. Ef litið er t.d. til ársins 1997 þegar skuldir hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, voru 53% hér á landi, þá voru þessar tölur 67,3% fyrir Danmörku, Þýskaland 61%, Frakkland 57,9%, Írland 72,3%, Ítalíu 123%, Holland 75%, Austurríki 71% og ef ég man rétt er meðaltalið í OECD-ríkjunum í kringum 70%, í Evrópusambandsríkjunum 75% eða þar um bil. Skuldir hins opinbera á Íslandi eru því tiltölulega lágar miðað við það sem gerist í viðmiðunarríkjum okkar. Annað er af því að við erum að bera saman hið opinbera hér við það sem er hjá öðrum þjóðum að þá er samneyslan á Íslandi miklu minni en gerist annars staðar. Þess vegna er niðurskurður hjá hinu opinbera alvarlegri hér en t.d. í Svíþjóð þar sem menn hafa ráðist í mikinn niðurskurð á liðnum árum. Menn eru engu að síður að bera sig saman við þessar þjóðir. Niðurstaðan er hins vegar ekki sambærileg. Þessa niðurstöðu og þessar afleiðingar niðurskurðar höfum við t.d. séð hjá þeim hópum sem standa höllum fæti í þjóðfélagi okkar. Það er vissulega ömurleg staðreynd að hugsa til þess að fjöldi fólks á Íslandi þurfi að leita til hjálparstofnana, Rauða krossins og Hjálparstofnunar kirkjunnar, til þess eins að fá næringarríkan mat og fá klæði. Þetta hlýtur að vera okkur öllum mikið áhyggjuefni. Þetta eru þeir fyrirvarar sem ég er núna byrjaður að hlaða á þessa fyrstu yfirlýsingu sem ég nefndi hér um að það væri sitthvað jákvætt í þessu frv. Þótt það sé gott og jákvætt að ná niður skuldum og við eigum að sjálfsögðu að stefna að því er náttúrlega forgangur númer eitt, tvö og þrjú að útrýma fátækt á Íslandi og þess sér ekki stað í þessu frv. að það sé ráðist á þann vanda.

Ég mun koma að því síðar hvernig ég tel að ráðast ætti í það verkefni og lýtur bæði að forgangsröð í ráðstöfun fjármunanna og síðan að tekjuöfluninni. En við þurfum að skoða þessi mál í víðu samhengi. Við þurfum að spyrja hvernig á því standi að hagur ríkissjóðs er eins góður og raun ber vitni. Þegar þannig er spurt kemur í ljós að tekjur ríkissjóðs hafa farið vaxandi síðustu missiri, ekki vegna skattahækkana heldur þrátt fyrir skattalækkanir. Ástæðan fyrir þessu er sú að veltan í íslenska efnhagskerfinu hefur skapað ríkinu auknar tekjur.

Hluti af veltunni er innfluttur. Við flytjum miklu meira inn til landsins en við flytjum út úr landinu og nú stefnir í mesta viðskiptahalla sem Íslendingar hafa búið við síðan snemma á síðasta áratug, síðan árið 1982. Það stefnir í að viðskiptahalli Íslendinga á þessu ári verði 38,5 milljarðar kr. Nú er rétt að spyrja hvort innstæða sé fyrir þessari auknu veltu og hvernig okkur muni takast eða hvort okkur muni takast að snúa þessum gríðarmikla viðskiptahalla upp í hagnað þegar fram líða stundir.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að svara spurningunni nú að öllu leyti einfaldlega vegna þess að hluta af þessum viðskiptahalla má skýra í ljósi aukinna fjárfestinga, flugvélakaup, virkjunarframkvæmdir og fleira sem kann að gefa okkur tekjur þegar fram líða stundir. Hins vegar má rekja hluta af þessum viðskiptahalla til aukinnar neyslu, bílakaupa, heimilistækja og þar fram eftir götunum, og það hlýtur að valda okkur áhyggjum að sjá hve skuldir heimilanna vaxa jafnt og þétt og eru nú komnar í um 400 milljarða kr. en skuldastaða heimilanna er orðin verri en hún hefur nokkru sinni verið fram til þessa. Þetta er skýringin á hinum góða hag ríkissjóðs, geigvænlegur viðskiptahalli sem áhöld eru um hvort innstæða verður fyrir þegar fram líða stundir.

Annað er áhyggjuefni og hlýtur að vera áhyggjuefni og talsmenn stjórnarandstöðu hafa vakið máls á hér, það er hagur sveitarfélaganna. Það segir í þjóðhagsspánni, sem fylgir frv., að gert sé ráð fyrir að halli á rekstri sveitarfélaganna á næsta ári muni að öllum líkindum nema hálfum öðrum milljarði kr. Þá vaknar sú spurning hvort góður hagur ríkissjóðs sé á kostnað sveitarfélaganna því að það er staðreynd að ríkið hefur verið að færa verkefni af sínum herðum yfir til sveitarfélaganna. Þegar peningaleg staða sveitarfélaganna og skuldsetning sveitarfélaganna er skoðuð núna á undanförnum árum kemur mjög alvarleg og uggvænleg þróun í ljós.

Ef litið er á peningalega stöðu sveitarfélaganna, eðlilegast er að skoða hana í stað heildarskuldanna, það gefur gleggsta mynd af raunverulegri stöðu. Árið 1990 var peningaleg staða þeirra um fimm milljarðar í mínus. Árið 1993 er þessi tala komin í 13,5 milljarða. Árið 1995 24 milljarða í mínus. Samkvæmt nýjustu tölum sem menn hafa þá gera menn ráð fyrir að peningaleg staða sveitarfélaganna verði 24,3 milljarðar í mínus árið 1997.

Allt þetta þurfum við að skoða þegar við erum að velta fyrir okkur þessari góðu stöðu ríkissjóðs. Þess vegna er rétt að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., og væri fróðlegt að fá skýringar hans á því hér á eftir eða vangaveltur um það efni, hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að á sama tíma og hann spáir því að árið 2003 verði skuldir ríkissjóðs komnar niður í það mark að vera 20% af vergri landframleiðslu muni skuldir íslensku þjóðarinnar hafa aukist. Skuldir íslensku þjóðarinnar verða 2% hærri árið 2003 en núna samkvæmt þeirra eigin spám. Íslendingar munu því búa við verri hag að þessu leyti samkvæmt spám ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Hún spáir því í gögnum sínum að skuldir Íslendinga árið 2003 verði tæp 50% af vergri landsframleiðslu en er að stæra sig núna af því að verða þá komin með skuldir ríkissjóðs niður í 20%. Ég er að hvetja til þess að menn skoði heildardæmið. Alvarlegast finnst mér ef góð staða ríkissjóðs er á kostnað sveitarfélaganna. Það kemur fram í þjóðhagsáætluninni að halli á rekstri sveitarfélaganna verði hálfur annar milljarður á næsta ári. Að hluta til ætla menn að þetta sé vegna ákvarðana um að færa dýr verkefni frá ríki til sveitarfélaga.

En hvað hefði ríkisstjórnin getað gert? Hvernig hefði hún átt að bera sig að? Ég held að hér hafi verið gerð mjög alvarleg mistök í skattamálum á undanförnum árum. Í ljós kemur að fyrirtækin í landinu láta nánast ekkert af efnahagsbatanum rakna til þjóðarbúsins. Framlag fyrirtækjanna til samneyslunnar stendur nánast í stað undanfarin þrjú ár á meðan launafólk greiðir miklum mun meira en það gerði áður. Ég tel það hafa verið rangt að lækka skatta á hátekjufólk og ég tel það hafa verið rangt að lækka tekjuskatta fyrirtækja í þeim mæli sem gert hefur verið. Fyrir örfáum árum voru tekjuskattar fyrirtækja yfir 50%. Hvað skyldu þeir vera núna? Hvað skyldu tekjuskattar á Íslandi fyrir fyrirtæki vera núna á þessu yfirstandandi skattaári? 30%, tekjuskattar fyrirtækjanna hafa verið lækkaðir um 20% á fáeinum árum. Skattar á hátekjufólk hafa líka verið lækkaðir stórlega. Frægast að endemum var lækkun í tengslum við fjármagnstekjufrv. og fjármagnstekjulögin. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra á sínum tíma lækkaði skattstofn af arði, söluhagnaði, um tæpan milljarð króna við þau. Svo dæmi sé tekið af einu fyrirtæki, fyrir og eftir þessa skattbreytingu, minnist ég þess að í þann mund sem þessi breyting var gerð á lögum var eitt stórt fyrirtæki með aðsetur í Reykjavík að greiða út arð. Tíu einstaklingum sem tilgreindir voru í frétt um það mál voru greiddar 14,3 millj. kr. í arðgreiðslur. Áður en þessi lög um fjármagnstekjuskatt tóku gildi hefði skatturinn sem þetta fólk hefði þurft að borga verið 5,5 til 6,5 millj. kr. Hver skyldi hann hafa verið eftir að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og hæstv. fjmrh. Geirs H. Haarde og forvera hans Friðriks Sophussonar fór höndum um lögin? Hver skyldi breytingin hafa orðið? Jú, þetta fólk greiddi eftir umræddа lagabreytingu 1–1,5 millj. kr., það fór eftir aðstæðum hvers og eins hvar á bilinu menn voru. Með öðrum orðum, aðeins skattur þessa hóps, tíu einstaklinga sem eru að fá útgreiddan arð úr stórfyrirtæki í Reykjavík, lækkar úr um 6 millj. niður í 1 millj. Þetta hefur verið að gerast í landinu. Þetta eru þær skattbreytingar sem hv. þm. Jón Kristjánsson hefur beitt sér fyrir á undanförnum árum. Að lækka tekjuskatta fyrirtækja um 20%. Lækka skatta á ríkustu einstaklingana í landinu og á sama tíma berast okkur fréttir af því að öryrkjar og gamalt fólk leiti til Hjálparstofnunar kirkjunnar og Rauða krossins til að hafa í sig og á. Hvers konar ríkisstjórn er þetta eiginlega?

Vill þjóðin hafa þetta svona? Vill þjóðin hafa ein lög og eina reglu fyrir almenning en láta allt annað gilda um forréttindafólkið? Hvers vegna segi ég það? Hvers vegna segi ég að allt annað gildi um forréttindafólkið? Við skulum taka af því dæmi. Hver skyldu skattleysismörk vera fyrir almennan launamann? Hver skyldu þau vera? Þau eru 59.867 kr. en ef einstaklingur hefur tekjur af arði og fjármagni, hver eru skattleysismörkin þá? Hver skyldu skattleysismörkin vera fyrir þann sem situr heima og klippir á sér neglurnar meðan peningarnir streyma inn á bankareikningana? Hver eru skattleysismörkin fyrir hann? Þau eru 233.600. Slíkur einstaklingur má hafa 233.600 í tekjur á mánuði án þess að ein einasta króna fari til samfélagsins.

Þetta er þjóðfélag meiri háttar fólks og minni háttar fólks og svo er þessi ríkisstjórn að tala um sólskinsfjárlög. Auðvitað baðar þetta fólk, fjármangarar og gróðafólk, sig í góðæri og sólskini hæstv. fjmrh. Geirs H. Haarde á meðan aðrir og fátækasti hluti þjóðarinnar þarf að leita til hjálparstofnana til að hafa í sig og á.

Fyrir nokkru var gerð athyglisverð könnun og hún rædd á opinberum vettvangi fyrir fáeinum vikum. Harpa Njáls, félagsfræðingur, hefur unnið þá könnun. Þar kemur í ljós að þrátt fyrir stórstígar efnahagsframfarir sem orðið hafa á þessari öld er það svo að það hlutfall þjóðarinnar sem er undir fátækramörkum, og er þá notast við algilda mælikvarða um að hafa í sig og á, er hið sama nú í aldarlok og það var í aldarbyrjun. Er þetta sæmandi? Er sæmandi að gera ekki eitthvað í þessu máli? Ég beini orðum mínum til Geirs H. Haarde og fulltrúa Framsfl. vegna þess að Framsfl. er að sjálfsögðu ábyrgur fyrir þessu líka. Er sæmandi að lækka skatta á hátekjufólk, arðgreiðslur, fjármagn og tekjur stórfyrirtækja á sama tíma og fátæku fólki er vísað út á gaddinn?

En vill íslenska þjóðin þetta? Vilja menn hafa þetta svona? Nei, þjóðin vill ekki hafa þetta svona. Í umfangsmestu könnun sem framkvæmd hefur verið hér á landi á afstöðu Íslendinga til velferðarþjónustunnar — þetta var gert á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands — kemur fram að Íslendingar vilja ekki hafa þetta svona. Þeir vilja breytingar á þessu. Fram kemur að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar vill aukna aðstoð hins opinbera við þá hópa í þjóðfélaginu sem standa höllum fæti og yfirgnæfandi meiri

hluti þjóðarinnar er tilbúinn að taka á sig auknar byrðar til að svo geti orðið.

Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar hafnar þjónustugjöldum. Þjónustugjöld er hugtak sem segir okkur kannski lítið. Þetta orð er notað yfir það að rukka gamalt fólk sem fer á elliheimili eða fólk sem verður veikt og þarf að leita til læknis, þá er það rukkað sérstaklega. Þegar þjóðin var spurð fyrir tæpum tíu árum, 1989, hvort henni fyndist koma til greina að lækka skatta, greiðslur úr sameiginlegum sjóðum, og hækka þá þjónustugjöld, gjöldin á gamla fólkið og veika fólkið og skólanemana, voru um 60% þessu andvíg. 40% sögðu að þetta kæmi til greina í einhverjum litbrigðum, menn voru misjafnlega harðir á þessu. Nú eru yfir 70% andvíg þessu. Yfir 70% hafna þjónustugjöldum og vilja jafnvel taka á sig meiri skattbyrðar til að geta hlaupið undir bagga með þeim sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu.

Margt annað kemur fram merkilegt í þessari könnun. Það kemur fram að fólk vill auka aðstoð við aldraða, við öryrkja. Vill auka aðstoð við barnafólk. (**GE:** Margir jafnaðarmenn.) Margir jafnaðarmenn, segir hv. þm. jafnaðarmanna, Gísli Einarsson. Það er alveg rétt. Fólk andæfir þeirri stefnu og þeim ráðstöfunum sem gripið hefur verið til þennan áratug sem tvær undangengar ríkisstjórnir Sjálfstfl., fyrst í samvinnu við Alþfl. og síðan nú við Framsfl., hafa gripið til. Þjóðin er að andæfa þessu, hún vill þetta ekki. Hún vill aðstoð við barnafólk.

Nú er hið sama að gerast og gerðist á fyrstu árum þessa áratugar þegar skorið var niður við barnafólk. Þá var á einum fjárlögum, í einu vetfangi skorið niður um hálfan milljarð. Þetta er að gerast núna, reyndar undir öðrum formerkjum, vegna þess að þá var reglunum breytt. Viðmiðunarreglunum var þá breytt þannig að um beinan niðurskurð var að ræða. Engu að síður er það svo að framlag til barnafólks í gegnum barnabætur verður nú 550 millj. lægra á næsta ári en á þessu ári. Hvernig stendur á þessu? Jú, ástæðan er sú að tekjur fólks hafa aukist án þess að viðmiðunarreglum, útreikningsreglum fyrir barnabætur sé breytt. Þess vegna verður framlag hins opinbera til barnafólks minna, sem nemur rúmum hálfum milljarði kr. en í fyrrgreindri könnun kom fram að 97% þjóðarinnar vill auka aðstoð við barnafólk. Svar ríkisstjórnarinnar er að skera niður, að framlagið verði 550 millj. kr. minna á næsta ári en það er núna.

Síðan eru í frv. ýmsar mjög undarlegar mótsagnir. Menn gera t.d. ráð fyrir því að efna til hátíðahalda árið 2000. Það er ágætt. Ríki og kirkja ætla að halda mikið partí árið 2000. Það er góðra gjalda vert að gera sér glaðan dag. En á næsta ári einu til undirbúnings samkvæmislífinu árið 2000 eiga að fara 260 millj. kr. 260 millj. kr. eiga að fara í undirbúning að hátíðahöldunum og hinu stóra samkvæmi árið 2000. (**Gripið fram í:** Það þarf aldeilis að hita upp.) Það þarf aldeilis að hita upp. (**Gripið fram í:** Það er þúsundkall á mann.) Á sama tíma treysta menn sér ekki til að koma til móts við sanngjarnar kröfur öryrkja og aldraðra og á sama tíma er verið að skera niður við barnafólk um rúman hálfan milljarð á einu ári.

Það er margt harla óljóst í þessu frv. Það er t.d. talað um að gera þjónustusamninga við sjúkrahúsin án þess að nokkuð komi fram hvað felist í þessu. Þetta er fræg leið sem menn hafa víða farið til að ýta vandanum áfram, koma honum af eigin herðum yfir á aðra, láta menn fá tilteknar upphæðir og svo bítast innbyrðis um hvernig eigi að skipta þeim inni á sjúkrahúsunum og stofnunum. Þetta er þekkt leið. Þetta er hin nýsjálenska leið, þeir gerðu þetta svona. En hvað felst í þessu? Á að koma meira fjármagn til sögunnar? Hvað er verið að tala um? Hvað eiga menn við þegar þeir tala um að spara 360 millj., held ég, í lyfjakostnaði. Ég held að það hafi verið talað um 360 millj. og þar er talað um breytingar á reglugerðum. Hvað er átt við með því? Það er að vísu talað um samkeppni og markaðinn, en það er líka talað um breytingar á reglugerðum án þess að það komi fram hvað þar er átt við. Það er því margt mjög óljóst í þessu.

En einu vil ég koma að áður en ég hverf frá einstökum efnisþáttum en það eru lífeyrisskuldbindingar sem hér hafa verið til umfjöllunar. Reyndar er það svo að mér finnst framsetningin á þeim lið ekki alveg ljós að öllu leyti. Hún er eilítið misvísandi og ruglingsleg. Ég er ekki að segja að hún sé röng, alls ekki, en það er að mörgu leyti erfitt að átta sig á henni. En það er talað um lífeyrisskuldbindingar upp á rúma 9 milljarða á þessu ári, 9,2 milljarða. Þar af eigi 1,3 milljarðar að fara á reikninga einstakra stofnana en hitt eru áfallnar og uppsafnaðar skuldbindingar. Það sem ég vildi segja í þessum efnum er að vara menn við einhverjum miklum og þungum dómum vegna þess að hér er margt að gerast í senn. Hér áður fyrr var iðgjaldið greitt inn í lífeyrissjóðinn, 10% af föstum launum. Síðan fór það eftir verðbólgunni hverju sinni hvernig tækist til um verðbótaþáttinn. Iðulega var hann ekki að finna í reikningum. Nú er verið að skuldfæra þetta allt inn í reikninga sem er hið besta mál og þetta eru peningar sem koma ekki til útborgunar fyrr en síðar en um er að ræða annan uppsetningarmáta á reikningshaldinu.

Hitt hafa menn rætt að þarna komi til miklar skuldbindingar vegna launakerfisbreytinga og það er alveg rétt. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér finnst það mjög jákvætt að lífeyrisþegar fái hlutdeild í þeim breytingum sem til góðs kunna að horfa í launakerfinu. Mér finnst það jákvætt, mér finnst það mjög gott og ég fagna því. Að sjálfsögðu á ekki að hlunnfara eldra fólk að þessu leyti. Að sjálfsögðu á ekki að gera það. Hitt er annað mál að ég hef af því áhyggjur ef ég horfi á málin frá þessari hlið, frá þessu sjónarhorni, að hér sé um kúf að ræða. Hvers vegna segi ég það? Vegna þess að því miður var það svo að með þessum launakerfisbreytingum er byggð inn í launakerfið launalækkun. Hvernig stendur á því? Vegna þess að það var numin úr gildi ákveðin sjálfvirkni í launakerfinu og þegar talað er um sjálfvirkni er verið að tala um starfsaldurshækkanir t.d. Þessi hækkun gat numið upp í 25% á starfsævinni. Frá því að einstaklingurinn byrjaði og þar til hann lauk störfum gátu launin hækkað um 25%. Þetta er að verulegu leyti tekið út úr launakerfinu. Þess vegna er það þannig að þótt enginn lækki núna í launum við þessar launakerfisbreytingar, þá er að finna þarna launalækkun til framtíðar, óttast ég. Ég óttast það en hið jákvæða fyrir ríkisreikningana er að lífeyrisskuldbindingarnar núna eru að öllum líkindum kúfur sem er ekki til framtíðar. Á þetta vildi ég benda.

Hver er þá niðurstaðan? Niðurstaðan er sú að þótt skuldir ríkisins séu á niðurleið eru skuldir þjóðarinnar í heild á uppleið og verða samkvæmt spá ríkisstjórnarinnar hærra hlutfall af landsframleiðslu eftir fimm ár en þær eru nú. Hagur ríkissjóðs er að vænkast, m.a. á kostnað sveitarfélaga. Og vegna þess hve ríkisstjórninni hafa verið mislagðar hendur í skattlagningu hefur skapast hér hættulega mikill viðskiptahalli og stefnir í að hann nálgist 40 milljarða eða 6,6% af landsframleiðslu og er það miklu meira en nokkru sinni síðan 1982 þegar viðskiptahallinn nálgaðist 8% af landsframleiðslu.

Auðvitað eru það skelfileg mistök að lækka skatta á fyrirtæki um 20 prósentustig á örfáum árum með þeim afleiðingum að fyrirtækin taka engan þátt í að leggja sinn skerf af efnahagsuppsveiflunni til þjóðarbúsins. Barnafólki er ætlað rúmum hálfum milljarði minna en á síðasta ári vegna þess að tekjuviðmiðun er ekki breytt í kerfinu, og á sama tíma er öryrkjum skammtað úr hnefa eins og fyrri daginn. Á sama tíma og á þriðja hundrað millj. er ætlað til undirbúnings hátíðahöldum árið 2000 — ég bið menn um að taka eftir þessu — á næsta ári er áætlað að verja á þriðja hundrað millj., 260 millj., í undirbúning að veisluhöldum ríkis og kirkju. Á sama tíma verður öryrkjum áfram vísað til Rauða krossins og Hjálparstofnunar kirkjunnar. Hvers konar kristni er þetta, með leyfi? Er ekki ástæða til að ræða þetta í kirkjum landsins? En úr þessu fáum við að öllum líkindum ekki bætt fyrr en í kjörklefanum næsta vor.

[12:39]

Útbýting þingskjala:

Húsaleigubætur, 7. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 7.

Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, 25. mál, frv. SvanJ og LB, þskj. 25.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, 10. mál, þáltill. SJS, þskj. 10.

Réttur til launa í veikindaforföllum, 15. mál, frv. HG og BH, þskj. 15.

Tekjuskattur og eignarskattur, 6. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 6.

Úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna, 11. mál, þáltill. HG og KÁ, þskj. 11.

Úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans, 8. mál, þáltill. JóhS og ÁRJ, þskj. 8.

[12:40]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Fjárlagafrv. fyrir árið 1999 er nú komið til 1. umr. á öðrum degi Alþingis þetta haust. Þetta er nokkuð fyrr en verið hefur og er það vel. Þótt gott samkomulag hafi verið um það í fjárln. að vinna í tengslum við frv. hefjist áður en það komi til nefndarinnar með formlegum hætti er eðlilegt að þær ábendingar og áherslur sem koma fram við 1. umr. berist nefndinni áður en vinna hefst við frv. af fullum krafti.

Frv. til fjárlaga er mikilvægasta mál ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma og kemur þar margt til. Það markar rammann um umsvif og aðgerðir ríkisvaldsins. Það er mikilvægur hluti efnahagsstefnunnar á hverjum tíma og það stjórntæki í efnahagsmálum sem ríkisvaldið hefur í sínum höndum. Það markar útgjöld til hinna ýmsu málaflokka og þar með umsvif ríkisstofnana. Það hefur einnig áhrif á lífskjör þjóðarinnar og markar þær tekjur sem ríkisvaldið tekur til sín þó að þær séu niðurnegldar í frv. um skattamál á hverjum tíma. Það markar velferðarkerfinu ramma og þeim tryggingabótum sem ríkisvaldið hyggst greiða þeim sem þurfa á þeim að halda.

Það er ekki óeðlilegt að spyrja þegar fjárlög eru til umræðu hvert hlutverk ríkisvaldsins sé á hverjum tíma. Þetta er eitt af þeim grundvallaratriðum sem til umræðu eru í stjórnmálum samtímans, bæði hér og annars staðar. Þau ríki Austur-Evrópu sem bjuggu við kommúnisma, sósíalisma og alræði ríkisvaldsins berjast nú við að losa þessi tök af efnahagslífinu.

Í vestrænum ríkjum snýst umræðan um það hve mikil þessi afskipti eiga að vera og hvaða þætti samfélagsins ríkið eigi að tryggja. Flokksþing Framsóknarflokksins árið 1996 ályktaði um þessi efni þar sem stefnan er mörkuð. Þar segir eftirfarandi:

„Rekstur samkeppnisfyrirtækja er best komin í höndum einstaklinga og samtaka þeirra. Hlutverk ríkisvaldsins er þá fyrst og fremst að tryggja heilbrigt rekstrarumhverfi fyrir atvinnulífið þar sem samkeppni er næg og fyrirtæki geta vaxið og dafnað. Ríkinu ber að draga sig úr þeim rekstri sem einstaklingar og samtök þeirra geta sinnt með góðu móti, en nýta sér kosti markaðarins eftir því sem hægt er, nema þar sem markaðsbrestir kalla á ríkisafskipti eða ríkisrekstur. Vinna ber gegn hvers konar hringamyndun og fákeppni sem leiðir til óhóflegrar auðsöfnunar eigenda og verðhækkana fyrir almenning. Ríkisvaldinu ber að stuðla að og leggja fjármuni til þeirrar starfsemi þar sem markaðurinn er ófullkominn."

Ég nefni þetta stefnuskráratriði í þessari umræðu vegna þess að það hefur verið unnið í anda þess síðustu tvö árin. Í fjárlögum ársins í ár og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir umtalsverðri sölu ríkiseigna. Tilgangurinn er tvenns konar: Að ríkið dragi sig út úr samkeppnisrekstri og andvirði eignanna sé notað til að greiða niður skuldir.

Þegar sala ríkiseigna er áformuð ber brýna nauðsyn til að búa svo um hnútana að almenningur fái sannvirði fyrir þessar eignir. Í ljósi þessa markmiðs ber t.d. ekki nauðsyn til að hraða sölu ríkisbankanna. Þeir hafa verið að styrkja sig í batnandi efnahagsástandi og það er eftirspurn eftir hlutabréfum í þeim eins og nýlegt hlutafjárútboð sýnir og það styrkir stöðu þeirra enn frekar. Sama gildir um Landssíma Íslands. Fyrirtækið er að koma sér fyrir í breyttu markaðsumhverfi. Þar eru miklar eignir sem þjóðin á og það skiptir miklu máli þar hvernig á er haldið. Það má ekki gleyma því að Landssími Íslands og Ríkisútvarpið eru hluti af öryggiskerfi landsmanna. Það er sérstök ástæða til að hafa það í huga þótt umhverfi þessara stofnana hafi breyst mjög á síðari árum í samkeppnisátt. Af þessum ástæðum viljum við framsóknarmenn að Ríkisútvarpið sé áfram í eigu og undir stjórn ríkisvaldsins.

Fjárlagafrv. nú einkennist af batnandi efnahagsástandi. Fyrir fjórum árum var vaxandi atvinnuleysi í landinu sem var framar öðru félagslegt og fjárhagslegt vandamál fyrir þá einstaklinga sem lentu í hremmingum þess en einnig fjárhagslegt vandamál fyrir ríkissjóð. Atvinnuleysið stafaði m.a. af því að fjárfestingar voru þá í lágmarki frá stríðslokum. Í raun ríkti kyrrstaða í þessum málum. Það var eitt höfuðmarkmið núv. ríkisstjórnar að fá hjólin til að snúast og minnka atvinnuleysið. Árangurinn blasir við í dag. Fjárfestingar hafa vaxið, atvinnuleysið hefur minnkað meira en um helming í prósentum talið og er nú eftirspurn umfram framboð eftir vinnuafli á mörgum sviðum. Erlendir fjárfestar hafa nú trú á íslensku efnahagslífi og jafnframt hefur bjartsýni vaxið hjá innlendum aðilum og fjölmörg fyrirtæki hafa verið að fara inn á nýja starfsemi og bæta við sig. Þetta er eitt lykilatriðið hvað varðar afkomu ríkissjóðs eins og ég kem að síðar.

Við Íslendingar höfum nú búið áratug við lága verðbólgu. Þjóðarsáttin árið 1989 lagði grunn að þessum árangri eftir mikla verðbólgu í lok uppsveiflunnar í efnahagsmálum árið 1987 og 1988. Þessi staðreynd hefur lagt grunn að stöðugleika í efnahagslífinu og aukið kjark til athafna og framfara. Efnahagskerfi okkar er hluti af efnahagskerfi vestrænna þjóða og verðbólga upp á tugi prósenta mundi rústa samkeppnisstöðu atvinnugreinanna, hún mundi rústa afkomu

ríkissjóðs og hún mundi rústa afkomu einstaklinganna í landinu. Hallalaus fjárlög eru það tækifæri sem ríkisvaldið hefur í höndunum framar öðrum úrræðum til þess að halda þessu jarfnvægi.

Ég minnist þess að á fyrstu starfsmánuðum núverandi ríkisstjórnar hélt þingflokkur framsóknarmanna fund á Akureyri þar sem sérfræðingar fóru yfir skuldastöðu þjóðarinnar og horfur næstu ára í því efni. Þar var sú staðreynd undirstrikuð að ef haldið yrði áfram á sömu braut næsta áratug og verið hafði á áratugnum áður í skuldasöfnun, væri raunveruleg hætta á því að Íslendingar mundu missa fjárhagslegt sjálfstæði sitt og sendinefnd frá Alþjóðabankanum eða öðrum lánardrottnum setti hér leikreglur um efnahagsráðstafanir. Mér brá við þessar staðreyndir og ég hef áreiðanlega ekki verið einn um það. Þetta má aldrei gerast. Til þess að koma í veg fyrir það þarf að horfa yfir lengri tíma og láta stundarhagsmuni víkja þegar fjallað er um ríkisfjármál. Til að sporna við að slíkt gerist er tilvinnandi þó að sárt sé oft og tíðum að hafna erindum sem berast til ríkisvaldsins um aukin útgjöld jafnvel þó að þau séu til hinna bestu mála. Til þess að jafnvægi náist þarf að vanda til forgangsröðunar í ríkisfjármálum. Þetta á alveg jafnt við þó árferði sé gott eins og nú er og tekjur séu vaxandi.

Sem betur fer gerir frv., sem við höfum nú í höndum, ráð fyrir að skuldir séu greiddar niður um umtalsverða fjármuni. 30 milljarða skuldaniðurgreiðsla á næstu tveimur árum mun þýða að heildarskuldir ríkissjóðs sem hluti af landsframleiðslu lækka á næstu tveimur árum úr 49% í 34%. Þetta er mikill árangur og það er forgangsmál að ná þessu markmiði og ber að undirstrika það sérstaklega.

Hin jákvæðu teikn efnahagsmálanna blasa alls staðar við um þessar mundir. Atvinnuleysi hefur minnkað og beinn fjárhagslegur sparnaður er af því fyrir ríkissjóð sem nemur 180 millj. kr. á næsta ári þrátt fyrir hækkanir bóta. Verðbólguspáin er núna 1,7% og er lægri en í upphafi árs. Við nálgumst nú meðaltal OECD-ríkja hvað þetta varðar. Landsframleiðsla vex um 5,2% samkvæmt áætlun þessa árs og 4,6% samkvæmt spá um næsta ár. Kaupmáttur ráðstöfunartekna eykst um 9% á yfirstandandi ári samkvæmt nýjustu spám og spáð er áframhaldandi aukningu á næsta ári um 4,6%. Það hefur verið samið á vinnumarkaði fram á árið 2000. Þetta skiptir sköpum um afkomu ríkissjóðs. Því er oft haldið fram að þetta sé eingöngu hagstæðum ytri skilyrðum að þakka en ekki stjórnvöldum. Vissulega er rétt að ytri skilyrði hafa verið hagstæð. Hitt er staðreynd að auðvelt hefur verið að spila út ábatanum í auknum ríkisútgjöldum í enn ríkara mæli en gert hefur verið og ber brýna nauðsyn til að búa atvinnulífið þannig úr garði að það sé samkeppnisfært í alþjóðlegri samkeppni. Það er sú krafa sem gerð til þjóða sem vilja standa á eigin fótum í efnahagslegu tilliti.

Það er ekki leiðin til þess að svo verði að skattleggja atvinnulífið í ríkari mæli en gerist hjá öðrum þjóðum. Ég nefni þetta sérstaklega hér vegna þess að stjórnarandstaðan mun enn sem fyrr stunda þann málflutning að nær væri að taka meiri skatta af atvinnulífinu og verja þeim útgjaldaauka til góðra mála. Aldrei má gleymast að atvinnulífið í landinu verður að vera þess umkomið að borga fólki sínu mannsæmandi laun án þess að fara út í verðlagið, standa sig í samkeppni og hafa fjármuni til þess að þróa starfsemina og sækja inn á nýjar brautir.

Sérstök ástæða er til að nefna þetta nú þegar vinstri flokkarnir hafa það sérstakt stefnuskráratriði að leggja skatt á sjávarútveginn, undirstöðuatvinnuveg landsmanna, sem í upphafi var kallaður auðlindagjald en er í raun skattlagning upp á 5 milljarða kr. sem hafa verið nefndir sem upphafstala. Vissulega er það markmið að atvinnulífið greiði skatta til samfélagsins en þræða verður hinn gullna meðalveg í þeirri skattheimtu.

Framsóknarmenn settu sér það mark fyrir síðustu kosningar að skapa 12 þúsund störf í landinu til aldamóta. Þetta vakti athygli og var jafnvel haft í flimtingum af andstæðingunum í kosningabaráttunni eins og þetta væri ókleift markmið. Nú er útlit fyrir að þetta náist og vel það og með sömu þróun verða ný störf ekki 12 þúsund til aldamóta heldur yfir 14 þúsund. Eins og ég kom að í fyrri ræðu minni hefur þetta tekist með því að halda stöðugleika í atvinnulífinu og með því að vinna markvisst að því að laða að fjárfestingar. Við framsóknarmenn höfum verið ásakaðir fyrir stóriðjustefnu en ég vill fullyrða að stækkun álversins í Straumsvík og fjárfestingar Norðuráls á Grundartanga og þau umsvif sem fylgdu mörkuðu þáttaskil í auknum umsvifum í atvinnulífinu hérlendis. Þau eru nú að skila sér í auknum tekjum almennings og minnkandi atvinnuleysi.

Hins vegar er byggðaþáttur þessara framkvæmda áhyggjuefni og nauðsyn ber til ef samningar takast um frekari stórframkvæmdir þá verði það framkvæmdir á landsbyggðinni eins og ríkisstjórnin hefur reyndar markað stefnu um. Vaxandi fjárfestingar hafa reyndar leitt af sér aukinn viðskiptahalla og vaxandi einkaneysla hefur bætt þar í. Hins vegar er efnahagskerfi okkar smátt og stór viðskipti eins og flugvélakaup og -sölur geta haft merkjanleg áhrif á viðskiptahalla. Eigi að síður er hann eitt af hættumerkjunum í efnahagslífinu. Þversögnin er sú að ríkissjóður nýtur góðs af honum vegna óbeinnar skattlagningar. Við þessar aðstæður verður að ná endum saman í rekstri ríkissjóðs og nauðsyn ber til að huga að ráðstöfunum til að auka valkosti almennings í sparnaði. Þjóðhagslegan sparnað þarf að auka en hann hefur verið of lítill til þessa.

Hlutafjárkaup í álitlegum fyrirtækjum er ein leiðin að þessu marki og vissulega draga vel heppnuð hlutafjárútboð bankanna inn fjármagn sem fer þá ekki í innflutning eða neyslu. Hins vegar er nauðsynlegt að laða fólk til meiri sparnaðar í meira mæli en verið hefur til að koma sér upp húsnæði. Á vegum stjórnarflokkanna er nú unnið að því að kanna leiðir til þess að auka þjóðhagslegan sparnað og sporna gegn auknum viðskiptahalla. Við núverandi aðstæður er þetta eitt af forgangsverkefnum í efnahagsmálum.

Nútíminn einkennist oft af slagorðum og auglýsingum. Við höfum heyrt talað um góðæri, við höfum heyrt talað um sólskinsfjárlög og margt fleira í þeim dúr.

Vissulega eru skilyrði í mörgu hagstæð eins og ég hef rakið hér að undan. Hins vegar vil ég undirstrika það þrátt fyrir þessa orðanotkun að það ber að ganga hægt um gleðinnar dyr. Fyrir mér er fjárlagagerðin erfitt verkefni sem þarf að takast á við. Fjárln. fær um 500 erindi um útgjöld sem hún þarf að taka formlega afstöðu til. Það er ekki auðveldara að fást við þessa vinnu þó að tekjur séu miklar og mikill snúningur á atvinnulífinu í landinu. Margir eru kallaðir til þess að sækja hlut sinn í þeim ávinningi. Hið sama gildir áfram að forgangsraða verkefnum og reyna að nýta opinbert fjármagn sem best og úthluta því á sanngjarnan hátt.

Nokkur atriði hafa verið sett í forgang með þessu fjárlagafrv. Aukið er við fjármagn í heilbrigðiskerfið en þar hafa miklar þarfir kallað á. Við síðustu fjárlagagerð var

heilbrrn. eflt með fjármunum til að kosta starfshóp til að fara yfir rekstur sjúkrahúsanna og gera þjónustusamninga við heilbrigðisstofnanir og úthluta safnliðum sem ætlaðir voru til sjúkrahúsanna. Mikil vinna hefur verið innt af hendi í þessu efni þó að enn sé þjónustusamningum ekki lokið. Kjarasamningar kalla einnig á aukin fjárframlög til heilbrigðisstofnana en burt séð frá þeim er komið verulega til móts við vanda þeirra með frv. til fjárlaga og væntanlega einnig í frv. til fjáraukalaga árið 1998 sem er nú til vinnslu. Framlög til heilbrigðismála aukast um 4% að raungildi samkvæmt fjárlagafrv.

Annað forgangsmál eru rannsóknir og þróun en framlög til þessara mála aukast um 520 millj. Það væru 320 millj. tengdar íslenska upplýsingasamfélaginu sem er til að framfylgja þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að fylgja þeirri hraðfara þróun sem er á þessu sviði í nútímasamfélagi og skiptir sköpum um framfarir. Upplýsingar, þekking og rannsóknir eru grundvöllur fyrir öflugum framförum í nútímasamfélagi.

Ég get nefnt það sem dæmi að nýlega áttum við fjárlaganefndarmenn þess kost í ferð okkar um Reykjanes að heimsækja Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi. Þetta öfluga fyrirtæki er glæsilegt dæmi um þekkingu á sérstökum aðstæðum og auðlindum sem nýtt er til að bæta lífskjör fólksins. Við hlið þessa fyrirtækis er Bláa lónið þar sem saman fer ferðaþjónusta og þróun atvinnustarfsemi á sviði efnaiðnaðar.

Ég nefni þetta hér af því að mér er þessi starfsemi ofarlega í huga nú sem byggist á vísindum, rannsóknum og þekkingu. Hægt er að fullyrða að batnandi lífskjör í framtíðinni byggjast ekki síst á þessum atriðum og einnig á því hvernig er hægt að nýta auðlindir í sem mestri sátt við umhverfið. Rannsóknir og þekking eru lykilatriðið til þess að komast fram úr því vandasama verkefni.

Þriðja málið sem ég vil nefna er samgöngumál. Þar er reiknað með að standa við þær áætlanir sem nýlega hafa verið samþykktar í hafna- og vegamálum. Þetta þýðir viðbótarútgjöld upp á um það bil 1 milljarð kr. Ég vil í þessu sambandi undirstrika að tími er til kominn að Alþingi standi við þær áætlanir sem það setur. Þeim á að stilla þannig upp að það sé mögulegt. Svo hefur því miður ekki verið um þær vegáætlanir sem samþykktar hafa verið í gegnum tíðina. Vonandi verður hægt að stýra málum á þann veg að hægt verði að standa við þá áætlun sem nú hefur verið samþykkt í bráð og lengd. Til þess verður að ríkja jafnvægi í efnahagsmálum samfara öflugu atvinnulífi. Þar ber allt að sama brunni.

Sumarið hefur verið viðburðaríkt í stjórnmálum. Það hefur einkennst af viðræðum Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Kvennalista til að bræða flokkana saman. Það tókst á þann veg að tveir þeirra eru sundraðir. Málefnaflakk hefur séð dagsins ljós, staða þess er ekki fullljós. Það er nefnt framtíðarsýn, kosningastefnuskrá eða stjórnarsáttmáli flokkanna, allt eftir því hvað við á í fjölmiðlaumfjöllun á hverjum tíma. Hv. 4. þm. Norðurl. e. kallaði plaggið mórauðan læk. Það sér ekki til botns í mórauðum lækjum. Það er hverju orði sannara hvað varðar ríkisfjármál í þessari stefnuskrá. Ekki er gerð tilraun til að meta hvaða áhrif þessi samsetningur hefur á afkomu ríkissjóðs hvorki í bráð né lengd.

Ég efast ekki um að stefnuskráratriði um að leggja fram fjármagn úr ríkissjóði eins og þarf, eins og það er orðað í stefnuskránni, séu gerðar af góðum hug en hlutirnir eru bara ekki svona einfaldir. Til þess að halda vöku sinni í ríkisfjármálum þarf stöðugt að reyna að nýta fjármuni sem best og hafa ríkt í huga að afla þarf hvers einasta eyris sem eytt er frá almenningi í landinu eða atvinnulífinu í landinu.

Það mun verða lykilatriði í málflutningi stjórnarandstöðunnar og hefur verið í umræðunni að hagsmunir aldraðra og öryrkja séu fyrir borð bornir í fjárlagafrv. sem liggur fyrir. Þó hafa framlög til þessara mála hækkað um 17,7% frá því sem birtist í ríkisreikningi 1997. Með þessu er ég langt í frá að halda því fram að hér sé of í lagt eða að kjör þessara hópa séu of rúm. Þetta er mikilvægur málaflokkur og bótaþegum hefur fjölgað hlutfallslega. Hins vegar er langt í frá að ýmis stóryrði sem höfð hafa verið upp í þessu máli séu sanngjörn. Það er grundvallaratriði að halda þannig á málum að þeir fjármunir sem lagðir eru til tryggingamála nýtist og hægt sé að tryggja fjármuni til þeirra til frambúðar. Það verður best gert með því að halda stöðugleikanum og greiða niður skuldir og losa um fjármuni sem ella færu til þess að borga skuldavexti til erlendra lánardrottna.

Það hefur þótt mikið þjóðráð hingað til að tekjutengja og allir kannast við umræðuna um það. Allir flokkar hafa tekið þátt í því. Hins vegar heyrast nú þær raddir að slíkt sé óhæfa. Mér finnst eðlilegt að tekin sé upp alvarleg umræða um réttmæti þessa og hvar mörkin eigi að vera í tekjutengingu. Sjálfsagt er að leggja í það vinnu. Það er í sjálfu sér líka eðlilegt að viðmiðanir í þessu efni séu ávallt í endurskoðun. Hins vegar finnst mér eðlilegt að takmarka og tekjutengja bætur í samfélaginu til hátekjufólks. Eðlilegt er þó að bætur gangi til hins venjulega launamanns. Þar á ég t.d. við barnabæturnar. Því hefur m.a. verið lýst yfir af hálfu heilbrrh. að endurskoðun standi yfir á skerðingarákvæðum örorkubóta. Þessi mál munu vissulega koma til nánari umræðu við vinnslu fjárlagafrv. og sjálfsagt er að stuðla að því að upplýsa þau sem best í þeirri framhaldsvinnu.

Herra forseti. Fjárlagafrv. kemur nú til vinnslu í fjárln. Þar mun að venju verða farið yfir forsendurnar og hlýtt á áherslur þeirra sem eiga erindi við nefndina. Að því loknu fer fram endurmat á tekjum og gjöldum. Ég hef haldið mig nú við 1. umr. frv. við hinar breiðu pólitísku línur en ekki grafið mig niður í talnaverk þess. Til þess gefst mér tækifæri þegar frv. kemur til 2. umr. að lokinni skoðun nefndarinnar.

Hinar pólitísku línur eru skýrar. Þær einkennast af upplausn á vinstri vængnum og tillögum til að blanda ólíkum lífsviðhorfum fólks sem myndaði þá flokka sem þar eru saman í stefnuskrár sem verður fyrir bragðið eins og mórauður lækur. Í þessu umróti eru nokkur atriði sem við framsóknarmenn verðum að halda til haga sem miðjuflokkur. Þau eru að atvinnuleyfi verður að vera þess umkomið að greiða mannsæmandi laun. Það er forgangsverkefni. Atvinnulífið verður að hafa afkomu sem gerir því kleift að leggja hluta af ágóða sínum til samfélagsins. Af því má ekki missa sjónar. Ríkisvaldið á að mynda öryggisnet um þá sem minna mega sín í samfélaginu og það á að stilla þjónustugjöldum fyrir þjónustu í velferðarkerfinu í hóf og auka þau ekki. Í þessum anda verðum við að vinna og í þessum anda er það frv. sem er hér til 1. umr.

[13:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þennan hluta umræðunnar um fjárlagafrv. Ég tel að hér hafi farið fram málefnalegar og skýrar umræður sem varpa betra ljósi á eðli þeirra mála sem eru til umfjöllunar. Þannig á það líka að vera. Hér á fólk að ræða þessa hluti á málefnalegum forsendum og gera grein fyrir mismunandi viðhorfum sínum.

Ég mun nú reyna að svara í nokkru þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint. Þær eru auðvitað margar og sumar yfirgripsmiklar. Ég mun hins vegar ekki reyna að andmæla öllum þeim skoðunum sem hér hafa komið fram vegna þess að ég tel að menn hafi fullan rétt á því að lýsa skoðunum sínum á þessu frv. eða almennum viðhorfum sínum í stjórnmálum eða skattamálum o.s.frv. við umræðu sem þessa. En ég tel það ekki hlutverk mitt að gera athugasemdir við það á þessu stigi.

Ég hygg að það megi skipta umræðunni hér í dag í tvennt. Annars vegar hafa menn verið að velta vöngum, skiljanlega, yfir hinum efnahagslega þætti þessa frv. Það tel ég reyndar vera aðalatriðið á þessu stigi málsins við 1. umr. En síðan hafa menn að öðru leyti einni vikið nokkuð að einstökum þáttum í frv. og komið á framfæri athugasemdum sínum um þá eða fyrirspurnum. Allt er það eðlilegt og mun ég reyna að koma að þeim þáttum hér á eftir.

Að því er varðar hina efnahagslegu hlið frv. hafa þeir sem hér hafa talað, nánast allir að ég hygg, lýst áhyggjum sínum vegna viðskiptahallans. Það gerði ég líka í ræðu minni. Þeir sem hafa hlustað grannt á hana hafa væntanlega tekið eftir því að ég varði löngu máli í að fjalla um viðskiptahallann, útskýra hann og vara við því til hvers hann getur leitt ef menn gæta sín ekki. Það er ánægjulegt að flestir þeir sem hafa tekið þátt í umræðunni virðast gera sér grein fyrir þessum vanda. Viðskiptahallinn er ekki bara ein tala eins og fram hefur komið, 36 milljarðar eða þar um bil. Hann er samsettur úr mörgum þáttum. Sumt af því hefur verið nefnt hérna og sumt af því eru tímabundnir þættir. Það er sveifla upp á 6 milljarða kr. milli ára í viðskiptajöfnuði bara vegna þess að Flugleiðir fluttu út flugvél á síðasta ári en fluttu inn flugvél á þessu ári. Það er tímabundin sveifla.

Það eru líka miklar sveiflur í viðskiptahallanum vegna þess að það hafa verið miklar fjárfestingar í sambandi við stóriðjuframkvæmdir og virkjanir sem fer senn að ljúka og sjá fyrir endann á. Eins og ég gat um í ræðu minni eru það framkvæmdir sem munu skila gjaldeyri síðar meir. Hitt er svo annað mál að eftir stendur halli sem ég nefndi reyndar sérstaklega í ræðu minni og stafar af auknum almennum neysluinnflutningi, innflutningi bifreiða, heimilistækja o.s.frv. Það er sá hluti sem við þurfum að hafa áhyggjur af.

Eigi að síður má ekki gera of mikið úr þessum vanda. Við höfum t.d. ekki lent í vandræðum með að fjármagna þennan halla jafnvel þó svo að ríkissjóður hafi borgað upp hvorki meira né minna en 10 milljarða í erlendum lánum og sent þar með þann gjaldeyri úr landi. Hitt er annað mál að langvinnur viðskiptahalli skapar vandamál og hann tengist auðvitað því sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi í sambandi við skuldir þjóðarbúsins því meðan það er viðskiptahalli þá safnar þjóðarbúið skuldum. Hins vegar eru það skuldir sem í þessu tilfelli skrifast á reikning einkaaðilanna og lánastofnananna en ekki hins opinbera vegna þess að ríkið er að borga skuldir sínar í miklum mæli niður bæði innan lands en þó einkum í útlöndum. Skuldir þjóðarbúsins, eins og ég gat um í ræðu minni, fara hins vegar vaxandi á meðan viðskiptahalli er.

Það er spursmál hversu miklar áhyggjur menn eiga að hafa af því að fyrirtækin í landinu taki erlend lán eða jafnvel einstaklingar ef þau á annað borð hafa til þess lánstraust og telja sig hafa getu til þess að standa í skilum. Hins vegar er því ekkert að leyna að það má vel vera að einstakir aðilar í þjóðfélaginu, bankastofnanir og aðrir, hafi farið fullglannalega í að flytja inn erlent fjármagn á lágum hagstæðum kjörum, lágum vöxtum, til endurlána hér innan lands vegna þess að eins og margir hafa bent á í umræðunni vitum við að ástandið á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum getur verið brothætt og þar er vissulega heilmikil óvissa að því er varðar þróun gengismála á næstunni.

Ég tel ekki að það sé vandamál að skuldir ríkissjóðs lækki á árunum fram til 2003 ofan í 20% jafnvel þó að aðrar skuldir í þjóðfélaginu aukist. Það er þvert á móti mjög ánægjulegt ef tekst að draga þannig úr skuldum ríkissjóðs jafnvel þó að aðrar þjóðir skuldi meira en við. Við eigum að ganga á undan ef við mögulega getum við að losa okkur við þessar skuldir enda er það þannig í öðrum löndum að stjórnvöld eru að reyna víðast hvar hvað þau geta að grynnka á skuldahalanum sem þar blasir við.

Svo má ekki gleyma því að í fjárlagafrv. er líka langtímaspá fram í tímann sem er tiltölulega hagstæð að því er varðar viðskiptajöfnuðinn. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn minnki verulega á næsta ári og haldi áfram að minnka á árunum þar á eftir þannig að ekki er allt sem sýnist kannski við fyrstu sýn. Hins vegar vildi ég nefna í þessu sambandi það sem margir hafa gert að umtalsefni og snertir hugmyndir um aukinn þjóðhagslegan sparnað. Það eru þær sem eru kjarni málsins ef menn vilja vinna gegn varanlegri skuldasöfnun í útlöndum og varanlegum viðskiptahalla. Því verðum við að finna leiðir til þess að auka hér þjóðhagslegan sparnað. Viðskiptahallinn er til marks um að hann sé ekki nægjanlega mikill. Það hafa menn fjallað um í umræðunni alveg réttilega og menn hafa spurt: Hvað er á döfinni í þeim efnum?

Ég hef greint frá því að nefnd er að störfum um það hvernig megi reyna að efla sparnað heimilanna í landinu. Þar eru ýmsar hugmyndir í gangi þó ekki sé hægt að segja kannski að þar sé um það að ræða að finna upp hjólið. Það er um það að ræða að velta fyrir sér margs konar möguleikum sem menn þekkja, t.d. í þá veru að reyna að auka lífeyrissparnaðinn í landinu sem er vissulega ein öflugasta og besta uppspretta sparnaðar í landinu. En það er líka hægt að hugsa sér aðra möguleika, framlengingar á sparnaðarmöguleikum sem hafa verið í gangi, t.d. í formi skattaívilnana, jafnvel þó að því megi halda fram að þar sé hætta á að sparnaður flytjist frekar úr einu formi yfir í annað.

Einn þingmanna lét þess getið hér áðan að skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa mundi falla niður um áramótin. Það er ekki rétt. Hann heldur hins vegar áfram að lækka samkvæmt núgildandi lögum, var 60% af nafnverði þess sem keypt var á síðasta ári, fer niður í 40 á þessu ári og mun síðan þrepast niður um 20% á ári þangað til hann fjarar endanlega út miðað við gildandi lög. Þetta er vissulega eitt af því sem kemur til greina að breyta þó svo að framkvæmdin á þessu sé nokkuð flókin og það þyrfti kannski að líta á framkvæmdina og skilyrðin sem þessu fylgja í leiðinni.

Þetta tengist að sjálfsögðu hugmyndum manna og vangaveltum um skuldir ríkissjóðs, viðskiptahallann og skuldir heimilanna. Ég hef ekki jafnmiklar áhyggjur af skuldum heimilanna þó að þær séu að því er sagt var í umræðunni 400 milljarðar kr. Ég hef reyndar ekki þá tölu staðfesta. En

það er ekki hægt að slá fram þessari stærð sem einhverju stóru vandamáli nema menn vilji þá banna eða takmarka einhvern veginn möguleika heimilanna til þess að taka lán. Ég býst ekki við að margir hér inni vilji grípa til slíkra beinna ráðstafana. Hins vegar er hægt að bjóða heimilunum upp á aðra hluti til þess að festa sitt fé í, bjóða upp á fjárfestingarkosti, sparnaðarmöguleika og þess háttar. Svo sýna tölur um vanskil reyndar að þau eru minni en verið hefur þannig að fólk virðist ekki vera í eins miklum vandræðum með að standa í skilum með miklar skuldir þó að þær hafi farið vaxandi vegna þess að tekjur hafa vaxið, kaupmáttur hefur aukist og menn eru bjartsýnni á framtíðina.

Spurt var að því hvort hagur ríkissjóðs væri að eflast á kostnað sveitarfélaganna. Það tel ég aldeilis ekki. Ég tel að sveitarfélögin hafi þvert á móti fengið mjög væna hlutdeild í batnandi efnahagsástandi. Útsvarið til sveitarfélaganna hefur stórhækkað í peningum talið og ég held að þau hafi flest hver allar forsendur til þess að skila afgangi í sínum rekstri, kannski ekki öll, kannski ekki jaðarbyggðirnar sem hv. þm. Gísli Einarsson gerði að umtalsefni. En sem heildarstærð í efnahagslífinu ættu þau að geta það og ég sagði í ræðu minni að það væri mjög æskilegt að sveitarfélögin sem sá aðili sem ræður yfir fjórðungi opinberrar þjónustu í landinu reyndu að skila afgangi og grynnka á skuldum sínum miðað við núverandi efnahagsástand.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi tvennt sem ég vil gera að umtalsefni í þessum hluta ræðu minnar. Það var spurningin um álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ábendingar hans og álit framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambandsins sem kom fram í sumar. Ef ég hef tekið rétt eftir sagði hv. þm. að fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins teldu í sinni skýrslu að það ætti að nota allan bata í afkomu ríkissjóðs til þess að bæta stöðu hans og ekki stofna til nýrra útgjalda. Þetta er vissulega alþekkt kenning. Ef menn væru hér ekki í heimi raunveruleikans og þyrftu m.a. að taka tillit til annarra sjónarmiða í þjóðfélaginu, m.a. hér á Alþingi, þá væri einfalt mál að verða við þessu. Þetta er sú stefna sem boðar algert aðhald í ríkisfjármálum, þ.e. eins mikið aðhald og má verða ef nýjar tekjur skapast. Því miður höfum við ekki treyst okkur til að ganga svo langt. Við höfum því miður ekki gert það. En það má gagnrýna frv. út frá þessum forsendum eins og ég heyrði að hv. þm. var í rauninni að gera, þ.e. að of lítið aðhald væri út frá þessum sjónarmiðum. Ég tel hins vegar að aðhaldið í frv. sé í rauninni eins mikið og við má búast við núverandi aðstæður. Hvað halda menn að sagt yrði ef við mundum ekki nota tækifærið núna og greiða niður skuldir og reyna að búa í haginn fyrir framtíðina með því móti? Hvað halda menn að sagt yrði ef við mundum ekkert nota af góðærishagnaðinum til þess að lina þær þjáningar eða þær þrautir sem einna mestar hafa verið og einna mest hefur verið kvartað undan hér í sölum Alþingis á undanförnum árum að því er varðar opinber útgjöld? Auðvitað er erfitt að gera þar upp á milli einstakra þátta og erfitt að velja og hafna og forgangsraða í þeim efnum. En við höfum t.d. ákveðið að setja meira fjármagn í fleiri hjúkrunarrými. Mér heyrist að menn séu almennt hér inni nokkuð ánægðir með það. Við höfum ákveðið að setja meira fjármagn í vegina. Mér heyrist að menn séu nokkuð sáttir við það. Ég heyrði ekki neinn gagnrýna það. Við höfum ákveðið að setja fjármagn í rannsóknar- og þróunarmál, upplýsinga- og umhverfismál, stórfé á nokkrum árum þó að það megi gagnrýna eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir gerði að nokkur ár taki að koma þeirri áætlun í framkvæmd. En við höfum reynt að nota ávinninginn sem ríkið hefur fengið í þessu góðæri til þess að beina markvisst meira fjármagni inn á vissa þætti í frv. Út frá sjónarmiðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins má gagnrýna þetta. Ég tek undir það. En við lifum í heimi raunveruleikans og við lifum í þeim heimi að þurfa að taka tillit til alls kyns pólitískra sjónarmiða sem fram koma m.a. í þessum sal og þess vegna getum við ekki gengið eins langt og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefði viljað.

Ég er að fara á fund þangað seinna í dag, eins og hv. þm. nefndi, og kannski fæ ég einhverjar athugasemdir við þetta en ég treysti mér alveg til að svara því að við gengum ekki eins langt og sjóðurinn hefði viljað þó svo ég efist ekki um að ráðleggingar hans og ábendingar eru af heilum hug og byggðar á bestu þekkingu sem fáanleg er, enda eru þetta staðkunnugir menn hér sem koma reglulega og fylgjast vel með öllum atburðum á Íslandi.

Að því er varðar álit framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambandsins um lausatök í efnahagsstjórn, þá vil ég andmæla því sjónarmiði en bendi jafnframt á að af hálfu Vinnuveitendasambandsins hefur komið fram að þetta fjárlagafrv. sé þrátt fyrir allt ekki svo galið og þeir geti bara tekið sæmilega undir þau markmið sem hér er að finna og telja að meginstefnan í þessu frv. sé í góðu lagi. Auðvitað býst ég við að þeir hefðu viljað meira aðhald í þessum efnum alveg eins og ungir sjálfstæðismenn hafa beðið um meira aðhald eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir nefndi. Auðvitað vilja allir meira aðhald ef þeir þurfa ekki sjálfir að bera ábyrgð á því að skera niður útgjöldin og standa gegn útgjaldakröfum. En þeir sem hafa tekið að sér að bera ábyrgð á stjórn landsins þurfa kannski stundum að hlusta á fleiri heldur en slíka aðila sem ekki þurfa að standa frammi fyrir ábyrgðinni sem því fylgir.

Spurt var að því hvort forsendurnar í þessu frv. væru nægilega góðar og traustar. Ég hygg að tveir ræðumanna að minnsta kosti hafi vikið að því að forsendur ársins í ár hafi ekki alveg staðist. Það er alveg rétt en það er hins vegar ekki unnt að gera því skóna að fjmrh. panti sér einhverjar hagstæðar forsendur og leggi síðan út af því máli þannig. Þá hefði verið hægt að hafa þetta allt miklu hagstæðara. En við byggjum hins vegar á þeirri bestu vitneskju sem fáanleg er frá Þjóðhagsstofnum fyrst og fremst sem aftur byggir á gögnum alls kyns annarra aðila um útlit og horfur í þjóðarbúskapnum. Ég held að stóra forsendan sem brást hvað varðar árið í ár hafi verið það sem menn gerðu ráð fyrir í sambandi við lífeyrisskuldbindingarnar. Þar urðu miklu meiri frávik en nokkur maður gat gert sér grein fyrir en ég hygg að skýringarnar á því séu nokkuð ljósar og þær eru fyrst og fremst þær að ekki var ljóst þegar gengið var frá fjárlögum síðasta árs hversu margir aðilar mundu flytja sig á milli deilda í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og þar fyrir utan þrátt fyrir góðar væntingar um annað hafði ekki tekist að ljúka aðlögunarsamningum nema fyrir lítinn hluta opinberra starfsmanna fyrir síðustu áramót þannig að flestir þeirra hafa komið til á þessu ári og þar með var engin leið að segja fyrir um það í desember sl. hvaða áhrif þeir mundu hafa á lífeyrisskuldbindingarnar sem féllu til á árinu í ár.

Ég tek undir það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði um þetta mál. Hér er verið að vinna mikið þrifaverk að bókfæra lífeyrisskuldbindingarnar hjá ríkinu með þeim hætti sem nú er gert og það var mjög ánægjulegt að hann tók höndum saman við forvera minn um breytingarnar sem gerðar voru

í lífeyrismálum. Þetta er líka afleiðing af því sem ákveðið var að því er varðar lögin um fjárreiður ríkisins að taka upp rekstrargrunn og bókfæra samtímis þær skuldbindingar sem falla til. Það er þó verið að leggja til hliðar fyrir þeim sem ekki hefur áður tíðkast. Það er verið að gæta þess þegar þær loks koma til útborgunar og greiðslu að þá verði til peningar til þess að standa í skilum. Upp á þetta hefur mikið vantað á undanförnum áratugum. Það vitum við öll. Ég held að lífeyrisskuldbindingar ríkisins séu yfir 150 milljarðar kr. og það er fyrst núna sem er farið að reyna að fjármagna þetta þannig að það verði til peningar fyrir því þegar þar að kemur. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að komi fram. Ég held að það sé ekki hægt að halda því fram, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði, að þetta stafi af því að eitthvað hafi farið úrskeiðis í kjarasamningamálum opinberra starfsmanna á síðasta ári. Það var verið að ljúka því máli með gerð aðlögunarsamninga. Og það er rétt að ekki stóð til að þeir samningar leiddu til aukins kostnaðar í sambandi við einstakar stofnanir en ég skal ekki fullyrða um hvort það hefur staðist hjá öllum stofnunum. Hins vegar lá fyrir að hugmyndin var sú að flytja aukagreiðslur, eftirvinnugreiðslur og þess háttar inn í dagvinnulaunin og þar með hækkar stofninn sem notaður er til þess að reikna út lífeyrisskuldbindingarnar sem eru að sjálfsögðu dagvinnulaunin eins og kunnugt er.

Ég gat um það að samkvæmt þeim horfum sem kynntar eru í frv. hvað varðar viðskiptahallann þá horfir nokkuð vel með hann þegar fram líða stundir. Sama er að segja um almennar efnahagshorfur næstu ára og þar með talið horfurnar í afkomu ríkissjóðs sem á að geta haldið áfram að lækka sínar skuldir ef vel er á málum haldið á næstu árum. Hins vegar er það rétt sem fram hefur komið að horfur í alþjóðamálum eru óvissar. Það eru ákveðnar blikur á lofti. Það getur margt gerst sem við ráðum ekki við sem getur haft áhrif á okkar búskap á Íslandi og ríkisfjármálin þótt seinna verði. Það er einmitt það sem verið er að ræða vestur í Washington þessa dagana og menn hafa nefnt hér. Hvaða áhrif hefur öldudalurinn sem þjóðir Asíu eru nú að sigla í gegnum? Hvaða áhrif hefur ástandið í Rússlandi til að mynda fyrir markaði okkar? Hvaða áhrif hefur þetta allt saman á ríkisfjármál okkar og afkomu í efnahagsmálum þegar fram í sækir? Það vitum við náttúrlega ekki með vissu. En hitt vitum við að ef við búum ekki í haginn meðan við höfum peninga til þess og reynum að grynnka á skuldum okkar og gera upp ýmsan fortíðarvanda, eins og nú er verið að reyna að gera, þá er okkur miklu hættara við að fara illa út úr slíkum breytingum í framtíðinni ef þær verða á hinn verri veg. Það verður því að nota svigrúmið núna til þess líka að verjast slíkum áföllum í framtíðinni og til að koma okkur út úr ýmsum fortíðarvanda. Þá vil ég nefna það, eins og hv. þm. Jón Kristjánsson, og má segja að það sé miður fyrir þá sem eru að fjalla um þetta mál, að inn í þetta dæmi vantar að sjálfsögðu fjáraukalagafrv. sem verður afgreitt vonandi samhliða þessu eða um líkt leyti í haust, það kemur fram á næstu vikum, því að þar er líka tekið á ákveðnum vandamálum sem hafa verið að skapast. Ég nefni þar ákveðna þætti til að mynda í heilbrigðisþjónustunni, í löggæslunni, hjá kirkjunni og víðar þar sem við höfum ákveðið að nota tækifærið og leysa ýmsan vanda, gera upp gamla skuldahala og þess háttar þegar og þar sem séð hefur verið að búið er að koma rekstrinum á lífvænlegan grundvöll, búið að afmarka umfang hans og búið að tryggja að stjórnendur geri sér grein fyrir því með hvaða hætti þeir geti starfað innan þess ramma sem er verið að fjalla um. Þetta munu menn sjá að því er varðar til að mynda heilbrigðisstofnanirnar úti á landi sem hér hafa verið nefndar í umræðunni. Þar er gert ráð fyrir að þjónustusamningar verði gerðir, ekki til þess að pína stofnanirnar heldur til þess að allir átti sig á réttindum sínum og skyldum í þessu efni.

Ég vík þá að nokkrum einstökum atriðum sem nefnd hafa verið í umræðunni án þess að vilja fara út í smáatriði í því sambandi. Það var t.d. spurt um hvað gert væri ráð fyrir miklum tekjum af sölu 25% í Sementsverksmiðjunni. Því get ég því miður ekki svarað. Sú tala er ekki á takteinum, enda vitum við ekki hvernig matið verður á fyrirtækinu. En við gerum ráð fyrir að nettótekjur af sölu fyrirtækja skili 2,4 milljörðum kr. á næsta ári, þ.e. umfram það sem matsverð þessara eigna er í dag, sem kemur fyrir neðan strik sem kallað er, og kemur þá á móti skuldum, þ.e. 2,4 milljarðar sem við gerum ráð fyrir í tekjum af helmingshlutnum í Fjárfestingarbankanum, af því sem eftir verður af Aðalverktökum og svo þessum 25% í Sementsverksmiðjunni.

Það var líka nefnt að vel væri í lagt varðandi veisluhöld fyrir árið 2000 í sambandi við kirkjuna. Það er reyndar eitthvað málum blandið. Nefndin fær 27 millj. kr. á næsta ári til að undirbúa sín hátíðahöld en það er hins vegar fleira í bígerð. Landafundanefndin fær mikla peninga og svo hefur verið ákveðið að gera samning við Reykjavíkurborg vegna verkefnisins Reykjavík – menningarborg árið 2000. Í það fara 50 millj. samkvæmt frv. á næsta ári og það er gert ráð fyrir veglegri og mjög myndarlegri þátttöku ríkisins í því máli. Það er hins vegar nýtt. Það var ekki gert ráð fyrir því í byrjun en borgin hefur óskað eftir að ríkið komi þarna inn og það er óhjákvæmilegt, m.a. vegna þeirra ríkisstofnana sem starfa á menningarsviðinu, t.d. Sinfóníuhljómsveitarinnar, Þjóðleikhússins, Ríkisútvarpsins o.s.frv. Eftir nokkra daga verður undirritaður sérstakur samningur á milli ríkis og Reykjavíkurborgar um það mál.

Það var líka vitnað í bréf frá Reykjavíkurborg til fjárln. um samskipti ríkis og Reykjavíkurborgar. Ég verð reyndar að segja það af því að það mál bar hér á góma að mér fannst heldur ósæmandi sá tónn sem var í því bréfi. En ég nefni þennan nýja samning um aðild ríkisins að máli sem Reykjavíkurborg tekur upp á sitt eigið frumkvæði og ber auðvitað fjárhagslega ábyrgð á sem dæmi um hvernig hægt er að ná saman um góð mál milli ríkis og borgar ef vilji er fyrir hendi á báða bóga. Mér fannst því tónninn í bréfi borgarstjórans til fjárln. ómaklegur.

Annað mál sem er á döfinni í sambandi við samskipti ríkis og borgar er nýr samningur um lóðamál barnaspítalans á Landspítalalóðinni sem væntanlega verður hægt að ljúka á næstu dögum eða vikum og þar er um að ræða málefni sem borgin hefur lagt mikla áherslu á með tilliti til umferðarþunga á þessu svæði og nauðsynjar þess að flytja Hringbrautina spölkorn frá núverandi legu sunnar í Vatnsmýrina. Það bréf er því ekki til fyrirmyndar að mínum dómi.

Ég hef hlaupið á helstu atriðum sem hér hafa komið fram. Hv. þm. Kristinn Gunnarsson spurði reyndar hvort hætt væri við byggðatillöguna og byggðaáætlunina vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir fjármagni í hana. Það er ekki svo. Hún er hins vegar ekki sett inn í fjárlagafrv. með neinu fjármagni vegna þess að ekki er búið að samþykkja hana. Ekki er búið að afgreiða hana svoleiðis að við munum auðvitað taka tillit til þess þegar sú tillaga liggur fyrir sem ályktun Alþingis. En

það hefði verið óeðlilegt að taka það mál inn í frv. miðað við á hvaða stigi það mál er.

Það er rétt hjá hv. þm. Gísla S. Einarssyni að ekki er gert ráð fyrir því að ráðast í miklar framkvæmdir á Bröttubrekku í þessu frv. en hún er á vegáætlun. Ég geri þá ráð fyrir því að sú staðreynd að það takist að fjármagna núna vegáætlunina óskerta í fyrsta sinn í manna minnum flýti fyrir því að framkvæmdir eins og Brattabrekka og aðrar einstakar vegaframkvæmdir sem hafa verið aftar í röðinni komist að. Þess vegna veit ég að hv. þm. er ánægður með það að gert skuli ráð fyrir svo miklu fjármagni til vegamála og það hentar reyndar ágætlega inn í hinn efnahagslega ramma vegna þess að við sjáum fram á að aðrar framkvæmdir og fjárfestingar eru að minnka á næsta ári. Þess vegna er efnahagslega skynsamlegt að leggja heldur meira fé til vegamálanna en áður hefur verið og áður var gert ráð fyrir.

Ég hyggst ljúka máli mínu. Vel má vera að mér hafi ekki tekist að svara nákvæmlega öllu sem menn nefndu. Ég hef þó reynt að gera það eftir bestu getu. Ég vil láta þess getið að endingu að þetta er að sjálfsögðu frv. sem við erum að ræða. Þetta frv. er ekki orðið að lögum og eins og formaður fjárln. gat um á þetta frv. eftir að fá umfjöllun í fjárln. Eflaust verða gerðar á því einhverjar breytingar, mér dettur ekki annað í hug. Meðal annars eigum við eftir að fá endurskoðaða tekjuáætlun. Ég vil benda á eitt í því sambandi að ekki liggur enn fyrir hver tekjuskattur fyrirtækja á þessu ári verður vegna þess að álagningu á fyrirtæki lýkur ekki fyrr en núna um mánaðamótin og því ómögulegt að spá fyrir um hvort fyrirtækin muni skila meiru í ríkissjóð á þessu ári en gert var ráð fyrir. Þó er margt sem bendir til þess og það mun auðvitað gefa færi á að endurskoða áætlunina fyrir næsta ár að sama skapi og verður vonandi þannig að hinn góði hagur flestra fyrirtækja í landinu skili sér þannig til ríkissjóðs.

Vafalaust á eftir að endurskoða ýmislegt fleira í frv. samkvæmt venju. Ég óska eftir því að eiga gott samstarf við fjárln. og fjárlaganefndarmenn, bæði stjórn og stjórnarandstöðu, um þá vinnu sem fram undan er og treysti því að svo verði eins og jafnan. Ég geri ráð fyrir því að starfsmenn fjmrn. verði nefndarmönnum innan handar með þá vinnu sem þeir taka að sér í þessu máli og óska eftir góðu samstarfi við alla aðila um það.

Ég vil að endingu, herra forseti, þakka þingmönnum og sérstaklega fjárlaganefndarmönnum og stjórnarandstæðingum í fjárln. fyrir það samkomulag sem hefur verið gert um þessa umræðu, forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna, vegna sérstakra aðstæðna hjá mér þar sem ég þarf að fara á þann fund sem ég áður gat um og treysti því að þetta góða samkomulag sé upphafið að góðu samstarfi um þingstarfið á komandi vetri.

[13:35]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er með fyrirspurn og athugasemd til fjmrh. Fyrst fyrirspurnin. Efst á bls. 370 er fjallað um heimild til að selja húsnæði Gjaldheimtunnar við Tryggvagötu 28 og inn á milli setninga þar er skotið einni setningu: „Enn fremur er unnið að lausn húsnæðismála Tryggingastofnunar." Ég spyr fjmrh. hvernig þessu mikilvæga baráttumáli líður að Tryggingastofnun fái viðunandi húsnæði, ekki síst húsnæði þar sem þeir skjólstæðingar sem þangað leita geta komið að húsinu með sæmilegum hætti.

Athugasemd mín snýr að stolti ríkisstjórnarinnar í þessum fjárlögum, sem mér heyrist að séu 120 ný hjúkrunarrými, og andstöðu þess sem er Framkvæmdasjóður fatlaðra. Í þessum fjárlögum kemur fram að 480 milljónir verða innheimtar í erfðafjárskatt, 235 munu fara í framkvæmdasjóð, þ.e. upphæðin er helminguð. Þarna eru miklir biðlistar. Samkvæmt svari félmrh. var staðan í árslok 1997 þannig að 362 einstaklingar voru á biðlista eftir húsnæði og 119 á biðlista eftir dagvist. 245 milljónir af erfðafjárskattinum eiga að renna í ríkissjóð. Ég lék mér að því að skoða fjármögnun 120 hjúkrunarrýma sem er á bls. 314 í fjárlögunum. Þar er sagt frá því að kostnaður við 60 rými sé 72 milljónir, við önnur 26 sé hann 37 milljónir og síðan er sagt frá 25 sem eigi að kosta 25 milljónir. Mín stærðfræði segir mér að þarna séu 111 hjúkrunarrými sem kosta muni 134 milljónir. Einhverjar breytingar eiga síðan að eiga sér stað, að breyta öðrum rýmum í hjúkrunarrými.

Er það virkilega svo, herra forseti, að það fjárlagafrv. sem hér er sett fram sýni okkur að taka eigi helminginn af því sem hefði með réttu átt að fara í Framkvæmdasjóð fatlaðra og veita úrræði þar og setja það í þennan annars ágæta kost sem er að fjölga hjúkrunarrýmum? Og, herra forseti, auðvitað geri ég athugasemdir við að barnabætur lækka í fjárlagafrv.

[13:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. sagði er eiginlega bara einni fyrirspurn beint til mín. Annað voru athugasemdir eða skoðanir þingmannsins sjálfs.

En það er spurningin um húsnæðismál Tryggingastofnunar sem kom fram. Það hefur verið vitað að sú stofnun byggi við mjög þröngan kost og það hefur verið lagaheimild til þess að selja húsnæðið í Tryggvagötu 28 og sú heimild er í frv. þessa árs ásamt heimild til þess að ráðstafa því fé til að endurbæta húsnæði Tryggingastofnunar ellegar gera gangskör í að greiða fyrir húsnæðismálum ríkistollstjóra sem einnig er þar til húsa. Hins vegar er frá því að segja að Tryggingastofnun og sérstaklega forstjóri hennar hafa mjög þrýst á um það að fá þarna endurbætur og það situr að störfum hópur manna frá Tryggingastofnun, heilbrrn. og fjmrn. sem er að líta á það mál. Við höfum talað saman um þetta, ráðherrar þessara mála ásamt forstjóra Tryggingastofnunar. Það er alveg ljóst að þetta húsnæði er ófullnægjandi hvað varðar aðgengi að því og annað og ég held reyndar að það standi stjórnun á stofnuninni og þjónustu við þá sem þangað eiga erindi fyrir þrifum. Þess vegna er óhjákvæmilegt að gera þarna einhverjar endurbætur. Niðurstaða í málinu er hins vegar ekki fengin en ég vona að við finnum farsæla lausn í því máli þó auðvitað hafi heilbrrn. ekki sett þetta mál í forgang fram yfir til að mynda hjúkrunarrými fyrir aldraða eða ýmsar aðrar framkvæmdir sem má kannski segja að séu brýnni. Svo má ekki gleyma því að forstjóri Tryggingastofnunar er fyrrv. formaður fjárln. og veit allt um fjárhagserfiðleika ríkissjóðs og erfiðleika við að koma fjárveitingum í gegnum hið háa Alþingi.

[13:40]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta atriði var mjög óljóst í fjárlögunum og ráðherra hefur skýrt það. Hins vegar vek ég athygli á því að framsetning mín á því að kostnaður við 120 ný hjúkrunarrými er lægri en nemur skerðingunni á Framkvæmdasjóði fatlaðra og þeirri fjárhæð sem rennur til ríkissjóðs af þeirri upphæð sem hefði í raun átt að renna til úrbóta í málaflokki fatlaðra. Sú athugasemd mín stendur þá óbreytt og ég lít þá

á þögn hans sem samþykki á því að þarna sé ekki um aðrar tölur að ræða. Ég vek athygli á því og tel það mjög alvarlegt að við erum búin að gagnrýna þessi mjúku mál allt þetta kjörtímabil og úrræðaskort ríkisstjórnarinnar og að hér skuli blasa við að ekki er hægt að taka á í einum málaflokki hinna mýkri mála öðruvísi en að skerða verulega annan, eins og þarna er. Það er mjög auðvelt og eðlilegt að setja saman 245 millj. kr. skerðingu á málaflokki fatlaðra og innan við 240 millj. kr. útgjöld til 120 nýrra hjúkrunarrýma. Þetta er öll reisnin, virðulegi þingheimur.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er minni skerðing ráðgerð á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra á næsta ári en hefur verið í ár. Sú röksemdafærsla um að þeir peningar séu teknir til þess að fjármagna ný hjúkrunarheimili stenst náttúrlega ekki vegna þess að þar er um að ræða nýtt fjármagn. Samtals er því minni skerðing til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og peningarnir í hjúkrunarrýmin auðvitað umtalsverð fjárhæð.

Hins vegar kemur það fram, að ég hygg í frv., að kannski er ekki gert ráð fyrir heilsársrekstri á öllum þessum rýmum á næsta ári en við sjáum að þau eru að komast í gagnið á árinu og þar með, eins og ég vona að allir þingmenn fagni, sjáum við loks fram á að brýnustu þörfinni á þessu sviði verði fullnægt innan tveggja ára og það er mjög ánægjulegur áfangi.

En það er hins vegar ekki nýtt að Framkvæmdasjóður fatlaðra sé skertur, það hefur verið gert í mörg ár en hins vegar eins og ég segi minna á næsta ári en á þessu.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær gagnmerku upplýsingar að fjárlagafrv. sé frv., það er mjög mikilvægt að enginn vafi leiki á því. En í öðru lagi vegna orða hæstv. ráðherra um viðskiptahallann og að þar horfi til betri tíðar jafnvel strax á næsta ári og vissulega sé ég það í þessum töflum, vil ég gera fyrir mitt leyti mjög skýran fyrirvara á um það hér að ég skrifa ekki upp á þá bjartsýnisspá sem er í raun og veru grundvöllur þjóðhagsspárinnar fyrir næsta ár. Ég geri t.d. alvarlegar athugasemdir við það mat Þjóðhagsstofnunar að sjávarvöruframleiðslan muni aukast að bæði magni og verðmæti með þeim hætti sem er grundvöllur þjóðhagsspárinnar. Það er þrátt fyrir allt enn þá þannig að sjávarvöruframleiðslan skiptir hér mjög miklu máli. Það fer svolítill hrollur um mig, herra forseti, þegar menn tyggja allt þetta sólskinstal og bjartsýnis- og góðærishjal, hver upp eftir öðrum hér. Ég minnist þess að það eru kosningar á næsta ári og ég minnist þess líka að menn hafa stundum gert þessi mistök áður í sögunni, að í aðdraganda kosninga þá lítur þetta allt saman óskaplega vel út.

Ég man eftir góðærinu mikla sem kosið var í vorið 1987. En hvernig var ástandið rúmu ári síðar? Allt í kaldakoli. Ég verð að segja, herra forseti, alveg eins og er að ég er kannski ekki mjög dómbær á eða spakur maður hvað varðar líklega þróun í heimsmarkaðsviðskiptum með ál eða annað því um líkt sem þarna kemur inn í þjóðhagsspána og ekki síst þá horfurnar á næsta ári en ég set fyrirvara við að skynsamlegt sé að reikna með því að enn eitt árið í röð haldist það afbrigðilega góðæri, t.d. til sjávarins sem við höfum búið við. Það einkennist af einhverjum mestu aflabrögðum Íslandssögunnar og verður í sögulegu hámarki á mikilvægustu nytjategundunum. Það eru t.d. verulegar blikur á lofti hvað varðar verð á mjölmörkuðum núna og afurðum úr uppsjávarfiskum. Ég bið menn að vera niðri á jörðinni og forðast að trúa því að þetta gífurlega góðæri á næsta ári sé í hendi en það er undirstaða þeirrar spár að viðskiptahallinn, sem er auðvitað hrikalegur núna, fari lækkandi.

[13:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eindregið undir nauðsyn þess að menn hafi báða fætur á jörðinni og haldi sig við það sem raunsæjast er í mati á framtíðarhorfum. Ég hef einmitt sérstaklega varað menn við því að gera ráð fyrir að ekki geti brugðið til óvæntra tíðinda. Ég hef sérstaklega varað við því í báðum ræðum mínum hér. Hins vegar getum við ekki annað en byggt á þeim upplýsingum sem best er vitað um af hálfu þeirra fagstofnana sem við þessi mál vinna hér á Íslandi. Þjóðhagsstofnun hefur lagt fyrir okkur þessar upplýsingar um horfurnar á næstu árum og við sjáum að sem betur fer eru horfur á því að viðskiptahallinn minnki á næsta ári, úr þessum 36 eða 38 milljörðum sem horfur eru á að hann verði í ár, niður í um það bil 24 milljarða, minnir mig, sem er náttúrlega miklu lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu en er í ár, þó ekkert jafnist þetta nú á við árið 1982 eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson rifjaði upp hér áðan. Hins vegar er það þannig að við getum náttúrlega ekkert fullyrt um þetta, hvorki ég né hv. fyrirspyrjandi, Steingrímur J. Sigfússon, vegna þess að við vitum ekkert um það. En við getum hins vegar reynt að búa þannig í haginn að við séum betur undir óvænt áföll búin en ella væri. Það gerum við með því að greiða upp okkar lán, minnka vaxtabyrðina o.s.frv. og gera upp gömul vandamál. En það gerum við ekki með því að auka ríkisútgjöldin með stórfelldum hætti eins og ýmsir vilja að manni skilst.

Að því er varðar til að mynda álmarkað og þess háttar þá hefur hann verið í mikilli lægð að undanförnu. Það verður vonandi ekki framhald á því en það vitum við ekki. Það er viss óvissa út af því vegna ástandsins í Asíu fyrst og fremst. Ég held því við hljótum að vera sammála um að byggja á þeim upplýsingum sem bestar liggja fyrir en hafa samt borð fyrir báru í öllum okkar útreikningum að þessu leyti til.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. svarar þessu mjög vel og klókindalega og bendir á Þjóðhagsstofnun. Ég verð víst að játa mig sigraðan í því að ég get ekki gagnrýnt fjmrh. fyrir að styðjast við gögn í þjóðhagsspá frá þjóðhagsáætlun í sínu máli og tek undir með honum að rétt er að hafa þó fyrirvara á öllu, enda var ég fyrst og fremst að gera athugasemd og fyrirvara af minni hálfu við þessa þjóðhagsspá, eða horfur fyrir árið 1999 og sérstaklega á sviði sjávarútvegsins. Ég hef af því þó nokkrar áhyggjur að ekki séu að öllu leyti trúverðugar innstæður fyrir þeirri spá. Mér finnst hún bjartsýnisleg. Það verður að segjast eins og er að það væri með ólíkindum ef þetta afbrigðilega góðæri sem við höfum búið við héldist að öllu leyti, einnig út næsta ár, vegna þess líka að það eru ákveðnar vísbendingar uppi um að úr þessu geti farið að draga. Það verður náttúrlega að segjast eins og er að allt þetta umhverfi hefur verið með ólíkindum hagstætt ef við lítum á mikil aflabrögð, hátt verð, eitt lægsta olíuverð sem við

höfum búið við á síðari áratugum allt frá því að fyrstu olíuverðshækkanirnar riðu yfir o.s.frv., svo maður ekki minnist nú á ástand heimsmála og það að allt heila móverkið, herra forseti, er að ofhitna um þessar mundir og lata fjármagnið í heiminum að taka til fótanna. Það eru því áhyggjuefni víða sem er ástæða til að hafa í huga.

[13:49]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að svara hæstv. fjmrh. því að ekki mun standa á lipurð hjá minni hluta fjárln. um þau málefni sem gagnleg mega teljast fyrir íslenska ríkið og íslenskt samfélag. Ég get ekki að mér gert en að gagnrýna það svar sem kom varðandi þá litlu fyrirspurn sem sneri að 25% sölu hlutar í Sementsverksmiðjunni. Það liggur fyrir mat á því fyrirtæki upp á tæpar 700 millj. Fyrir liggur að fyrirtækið er með skuldbindingar upp á 385 millj. Eftir standa 400 millj. Það þýðir að um er að ræða 100 millj. til ríkissjóðs. Ég verð að upplýsa það hér. Ég tel að endurskoða þurfi þessar hugmyndir alveg sérstaklega og beini því til hæstv. fjmrh.

Í framhaldi af ræðu hæstv. fjmrh. þar sem segir: „Sveitarfélög leggi sitt af mörkum", þá spurði ég: Hvernig eiga sveitarfélögin í jaðarbyggðunum þar sem um er að ræða 30% tekjulækkun, þar sem um er að ræða verulega íbúafækkun, þar sem vantar læknisþjónustu, þar sem lítið hefur verið gert í vegamálum og öðru slíku, að standa undir þeim væntingum sem gert er ráð fyrir hér? Ég spyr um það. Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera í byggðamálunum sem hafa rekið á reiðanum undanfarin ár? Og þá segi ég: Af því engu var svarað í ræðum hér um þau 3,65% sem ég ræddi um varðandi bætur til bótaþega, hefur minni hluti fjárln. ákveðið að senda sérstakt bréf þar sem óskað er eftir að gerð verði grein fyrir stöðu bótaþega í íslensku þjóðfélagi og gerður verði samanburður á hækkun bóta og almennra launahækkana á árunum 1995 til 1998 til að sýna það svart á hvítu að þessi hópur hefur setið eftir, svo sannarlega setið eftir. Ég læt vita að þetta er í farvatninu og að í dag mun verða sent bréf til hv. formanns fjárln. sem lýtur að þessu málum.

[13:52]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kýs að fara ekki nánar út í umræður um verðmæti Sementsverksmiðjunnar hér á þessum vettvangi en ég hygg að gott væri að eiga hv. þm. að sem þekkir vel til mála að því er varðar Sementsverksmiðjuna þegar það mál kemst í gang, þegar það verður orðið raunhæft að fara af stað með þá sölu. Ég býst við að hann sé tilbúinn að leggja okkur lið í því máli.

Að því er varðar sveitarfélögin og jaðarbyggðirnar lét ég þess getið — ég hygg að hv. þm. hafi verið frammi — að auðvitað er ekki hægt að gera sömu kröfur til allra sveitarfélaga. En ég er að tala um sveitarfélögin sem eina stærð í þessu samhengi og nauðsyn þess að sú stærð reki sjálfa sig með afgangi við núverandi efnahagsaðstæður. Auðvitað geta verið lítil og veikburða sveitarfélög á jaðarbyggð o.s.frv. þar sem kann að horfa öðruvísi við en þá skulum við líka hafa í huga að slíkum sveitarfélögum fer sem betur fer fækkandi vegna þess að sveitarfélögin eru að sameinast og þau eru að efla sig með nánara samstarfi og sameiningu og gera sjálf sig að öflugri og sterkari einingum.

Hvað varðar bréf minni hlutans í fjárln. þá munum við taka það til athugunar ef það berst til ríkisstjórnarinnar og sjálfsagt er að kanna það mál til hlítar. En ég vek athygli á því að 3,65% hækkun bóta um næstu áramót er meiri en hækkun launa opinberra starfsmanna sem almennt er 3,5% og kaupmáttaraukningin á þessum bótum er auðvitað töluverð eins og allir vita. Spáð er 2% verðbólgu á næsta ári en hún er 1,5% í ár þannig að þeir sem þiggja bætur hafa notið góðs af auknum kaupmætti þótt auðvitað megi alltaf gera betur. Og auðvitað þekkjum við öll mörg dæmi þess að fólk er ekki ofsælt af sínum bótum. Það er sjálfsagt að líta á þau mál.

[13:54]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Hæstv. fjmrh. er alveg ljóst hver almenn launahækkun til ríkisstarfsmanna verður og síðan til bótaþega. Hæstv. ráðherra hlýtur líka að vera ljóst að það er verulegur munur á þeirri krónutölu sem berst til bótaþeganna og því sem 3,5% almenn launahækkun gefur til ríkisstarfsmanna. Þar er mikill munur í krónutölu, verulegur.

Aðeins af því ég er kominn hér aftur. Ég gerði grein fyrir þeim spurningum sem við munum vafalaust senda til ríkisstjórnar og hv. formanns fjárln. og til viðbótar við það spurði ég í ræðu minni hvað hæstv. ríkisstjórn ætlaði að gera varðandi leiguíbúðir. Það er biðlisti í Reykjavík upp á 600 leiguíbúðir. Gert er ráð fyrir 120 leiguíbúðum alls fyrir landið. Hvað ætlar hæstv. ríkisstjórnin að gera í málum þessa aðila sem út af standa?

[13:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Í sambandi við leiguíbúðirnar þá vænti ég þess að hv. þm. hafi tekið eftir því að þarna hefur fjölgað verulega íbúðum frá því við ræddum þetta mál í vor þegar lögin um Íbúðalánasjóð voru samþykkt. Þá var talað um 50 íbúðir. Nú eru þær þó orðnar 120. Ég vænti þess að hann viðurkenni að það sé þó í áttina. Hitt er annað mál að það dettur engum í hug að hægt sé að leysa þetta mál, anna eftirspurn eftir leiguíbúðum á einu ári, að hægt sé að leysa þetta bara si svona, 700–800 íbúðir. Ég held að engum detti í hug að það geti verið raunhæft. En menn eiga þó að viðurkenna það sem vel er gert og það sem er í áttina. Þarna er sem sagt gert ráð fyrir að verja töluvert miklu meira fé en áður var ráðgert, 180 millj. kr., í að fjármagna þann vaxtamismun sem myndast við þessar framkvæmdir. Ég held að allir sanngjarnir menn hljóti að viðurkenna að það er þó alltént í áttina.

[13:56]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vakti athygli á mjög undarlegu bréfi sem borgarstjórinn í Reykjavík skrifaði fjárln. þar sem borgarstjórinn hafnaði því að eiga fund með fjárln. og ræða um sameiginleg málefni ríkis og borgarinnar. Þetta vakti mikla athygli á sínum tíma. En hæstv. ráðherra nefndi einnig að í undirbúningi væri að gera samning við Reykjavíkurborg um þátt hennar í menningarborgaverkefninu árið 2000 sem er hið besta mál. Ég fagna svo sannarlega því samstarfi. Það er mjög mikilvægt að Reykjavíkurborg fái öflugan stuðning af landinu öllu til að takast á við þetta verkefni. En ég vildi af þessu tilefni spyrja hæstv. fjmrh. vegna þess að byggingar framhaldsskóla eru sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga og við vitum að framhaldsskólinn er í uppbyggingu, þ.e. Menntaskólinn í Reykjavík og svo aftur Menntaskólinn við Hamrahlíð: Hvar standa samningar milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um þátt borgarinnar í uppbyggingu framhaldsskólanna í Reykjavík?

[13:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ekki orðið nein breyting á stöðu þessa máls sem ég hygg að hv. fyrirspyrjandi þekki mætavel. Ríkisvaldið eða ég sem fjmrh. hef leitað eftir því við borgarstjóra að Reykjavíkurborg taki þátt í framkvæmdakostnaði til að mynda við Menntaskólann í Reykjavík. Það eru reyndar fleiri stofnanir sem eru sambærilegar. En þeirri málaleitan hefur verið hafnað og þar stendur þetta mál. Það er ekki þar með sagt að ekki verði einhvern tímann hægt að komast til botns í því máli. Ríkið og Reykjavíkurborg eru alltaf að semja sín á milli um hlutina. Vissulega er það viðurkennt af hálfu borgarinnar að Menntaskólinn í Reykjavík hefur náttúrlega þá sérstöðu að vera höfuðbygging hér í miðbænum og umhverfið allt í kringum hann skiptir mjög miklu máli fyrir borgarmyndina og miðbæjarmyndina. En eins og staðan er núna er efnislegt svar við spurningu þingmannsins það að staða þessa máls er óbreytt.

[13:59]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þetta svar. Ég vil bara að það komi fram hér af minni hálfu að ég get ekki séð að nokkur munur sé á framhaldsskólum úti um land og framhaldsskólum í Reykjavík þótt þeir heiti Menntaskólinn við Hamrahlíð eða Menntaskólinn í Reykjavík. Það eiga að gilda og gilda sömu lög þannig að borgin á að sjálfsögðu að taka þátt í uppbyggingu menntaskólanna hér og það er með öllu óeðlilegt og í rauninni til vansa fyrir Reykjavíkurborg að neita að taka þátt í þessari mikilvægu uppbyggingu og myndarlegu sem er áformuð við Menntaskólann í Reykjavík.

[13:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör. Einu fannst mér hann gera of lítið úr, þ.e. vanda sveitarfélaganna. Ég benti á í ræðu minni að hagur þeirra væri allur orðinn erfiðari, hagur ríkissjóðs hefði batnað að hluta til á kostnað sveitarfélaganna og þótt ég geri mér grein fyrir því að allt hafi þetta verið gert samkvæmt samningum við sveitarfélögin, yfirfærsla á verkefnum, t.d. skólamálum, þá hefur þetta reynst sveitarfélögunum erfiðari baggi en menn ætluðu.

Á hæstv. fjmrh. var að skilja að hann væri á milli steins og sleggju. Annars vegar væru sérfræðingar OECD sem fyrirskipuðu niðurskurð og að menn greiddu sínar skuldir en hins vegar væri þjóðin sem vildi sjúkrahús, skóla, vegi og framkvæmdir og hér í þessum sal skipuðu menn sér síðan í aðra hvora sveitina. Ríkisstjórnin reyndi að feta milliveg og hefði tekist bærilega að mati hæstv. fjmrh.

Í rauninni er þetta einföldun á þeirri mynd sem hefur komið fram í umræðunni vegna þess að stjórnarandstæðingar hafa fyrst og fremst gagnrýnt að tekna skuli ekki aflað til nauðsynlegra verkefna. Síðan hafa menn verið að gagnrýna forgangsröðun í fjárlagafrv. Varðandi tekjurnar benti ég t.d. á að tekjuskattur fyrirtækja hefði verið færður niður um 20 prósentustig á fáeinum árum. Ég benti á að á sama tíma og skattur af hagnaði og arðgreiðslum hefði verið lækkaður þá væru hér hópar sem þyrftu að leita til hjálparstofnana um mat. Ég benti á að það væri mismunað í skattkerfinu, skattleysismörk hjá launafólki væru tæpar 60 þús. kr. en hjá þeim sem hefðu fjármagnstekjur væru þau 233.060 kr. Það eru þessir hlutir sem voru hér til umræðu þannig að þetta var einföldun á umræðunni sem hæstv. fjmrh. dró upp í ræðu sinni.

[14:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er spurningin um að vera á milli steins og sleggju. Sá á kvölina sem á völina. Vissulega snúast þessar umræður um mismunandi pólitísk sjónarmið í raun. Það er alveg hárrétt að hv. þm. Ögmundur Jónasson vill fara allt aðrar leiðir í skattamálum en núv. ríkisstjórn. Ég bendi þó á að þrátt fyrir að tekist hafi að lækka tekjuskatt fyrirtækja úr 50% í 32% á þessu ári og 30% á næsta ári þá skila fyrirtækin betri afkomu, betri hagnaði og hærri sköttum í ríkissjóð af þeim sökum.

Það má ekki gleyma því að fyrirtæki eru ekki fólk. Hverjir njóta ávinningsins af því að fyrirtækin ganga vel? Annaðhvort starfsmenn þeirra sem fá þá væntanlega hærri tekjur og geta borgað hærri skatta, viðskiptavinir þeirra sem fá þá betri kjör á vörum sínum sem viðkomandi fyrirtæki framleiða eða eigendurnir sem fá þá meira fyrir sitt áhættufé sem lagt hefur verið í þessi fyrirtæki og skila á endanum meiru í ríkissjóð. Þannig er þetta. Ég hygg að afkoma fyrirtækja í landinu eins og álagning mun væntanlega sýna í haust sé þannig að þau muni skila dágóðum tekjum í skatta fyrir ríkissjóð og vonandi þá einnig á næsta ári.

Hv. þm. hefur orðið tíðrætt um að frítekjumörk eða skattfrelsismörk í fjármagnstekjuskatti séu 233 þús. Það er rétt svo langt sem það nær. En hvað voru þau áður en fjármagnstekjuskatturinn var lagður á? Óendanleg því að þá var enginn skattur á fjármagnstekjur. Þá gátu menn haft nákvæmlega allar tekjur sem þeir vildu af þeim vettvangi skattfrjálsar. En það má ekki gleyma því að hér hefur líka orðið viss breyting. Svona samanburður verður að vera sanngjarn þótt auðvitað megi fallast á það hjá hv. þm. að þarna megi kannski gera einhverja bragarbót. Ég skal ekki segja um það. Það er eitt af því sem við munum auðvitað líta á í sambandi við breytingar á skattkerfinu á næstu mánuðum.

[14:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. fjmrh. lýsir því yfir að hugsanlega verði gerðar breytingar á fjármagnstekjuskattinum í sanngirnisátt. En það sem hann lýsti í sinni stuttu ræðu áðan var í Bandaríkjunum kallað Reaganomics. Léttum sköttum af fyrirtækjum þannig að þau fái svigrúm til að baka sín stóru brauð og þá muni hrjóta molar til annarra í samfélaginu.

Staðreyndin er sú að fyrirtækin hafa ekki skilað efnahagsbatanum sem þau hafa notið góðs af til samneyslunnar. Framlag fyrirtækjanna vegna tekjuskatts hefur staðið nánast í stað undanfarin þrjú ár og hér erum við komin að forgangsröðuninni. Á sama tíma og fátækt fólk á Íslandi er að leita til hjálparstofnana vegna þess að það er matarþurfi og getur ekki keypt sér klæði og á ekki fyrir húsnæði sínu þá er ríkisstjórnin að undirbúa veisluhöld árið 2000. Mér finnst alltaf skemmtilegt að menn geri sér glaðan dag. En á næsta ári ætlar þessi ríkisstjórn að verja 260 millj. kr. til undirbúnings veisluhaldanna á sama tíma og hún vísar fátæku fólki út á gaddinn og það er hneyksli.

[14:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Ég vænti þess, hæstv. forseti, að í framhaldi af þessum umræðum af hálfu hv. þm. muni hann flytja brtt. um að fella

brott þessi framlög til landafundanefndar, til Reykjavíkur – menningarborgar árið 2000, til kristnihátíðarnefndarinnar og afmælishátíðarinnar á Þingvöllum í tilefni af 1000 ára kristni. Það er rökrétt framhald af þessari ræðu. Þar er um að ræða margvíslega útgáfustarfsemi, kynningarstarfsemi og margt margt fleira sem mun gagnast Íslendingum í framtíðinni. Vita menn ekki hvað hefur verið að gerast vestan hafs í sambandi við það sem á ensku er kallað Leif Ericson Millennium Commission sem er íslenska landafundanefndin. (**ÖJ:** Veit ráðherrann hvað er að gerast hjá öryrkjum?) Þetta er málið sem um er að ræða í þessari fjárhæð sem hv. þm. nefndi. Ég tel rétt að hann flytji þá brtt. um að fella þetta brott og við hættum við að minnast landafundanna, kristnihátíðarafmælisins og taka þátt í því að Reykjavík verði menningarborg árið 2000. Það er auðvitað valkostur. Ef hann flytur slíka tillögu þá skulum við ræða það í sameiningu hvernig hægt sé að nota þá peninga. En auðvitað eru þetta ekki allt tóm veisluhöld. Það er verið að minnast merkra tímamóta í sögu landsins, taka þátt í menningarborgaverkefni til þess að koma Íslandi á kortið í Evrópu og annars staðar. Menn geta ekki talað svona með svona samanburð. Þetta á ekki rétt á sér, hv. þm.

[14:07]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem ég hef ekki flutt ræðu mína í dag þá get ég ekki gert sérstakar athugasemdir. Ég mun koma að þeim síðar. En mig langar að nota tækifærið til að beina spurningum til hæstv. fjmrh. þar sem hann er á förum.

Ég rak augun í það á bls. 12 í frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 að það stendur til að selja fasteignina Borgartún 6 í Reykjavík þar sem eru fundar- og veislusalir ríkisins. Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að skýra það fyrir okkur hvers vegna stendur til að selja þetta húsnæði. Er meiningin að ríkið hætti að leigja út þessa fundarsali og þar með að bjóða fram fundarsali og veislusali fyrir ríkið og starfsmenn ríkisins og aðra þá sem hafa haft aðgang að þessum sölum? Hvað býr hér að baki, hæstv. ráðherra?

[14:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er ekki um að ræða nýja heimild. Þessi heimild er í fjárlögum yfirstandandi árs og man ég ekki hvort hún kom þá inn í fyrsta sinn eða hvort hún er enn eldri en það.

Hérna er einfaldlega um það að ræða að menn hafi heimild til þess að ráðstafa þessu húsnæði ef það verður talið skynsamlegast að hætta rekstri þessara veislu-, samkvæmis- og fundarsala á vegum ríkisins. Það er vitað að þessi aðstaða er leigð út og þeir sem þarna hagnýta sér þessa aðstöðu borga fullt endurgjald fyrir það í hvert skipti eins og auðvitað á að vera. Það er auðvitað það eðlilega að þegar ríkisstofnanir og ráðuneyti þurfa á þessum salarkynnum að halda greiði þau fyrir það þannig að hérna er um að ræða vissa samkeppni við aðra slíka aðila í bænum sem leigja út fundaraðstöðu. Raunin er nú sú að ráðuneyti ýmis hver og stofnanir eru í vaxandi mæli farin að skipta við aðra aðila en þann sem rekur Borgartún 6 og hefur gert með miklum ágætum lengi. Það er því bara verið að opna fyrir þann möguleika ef niðurstaðan verður sú, að þá sé hægt að ráðstafa þessu húsnæði og selja það. Þá getur auðvitað vel verið að ýmsir aðilar hafi áhuga á því að kaupa það annaðhvort til að nota það áfram í sama skyni eða til annarrar starfsemi. Þetta er eingöngu það sem um er að ræða.

[14:10]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra upplýsir hér að þessi heimild hafi verið í fjárlögum í fyrra. Ég man ekki eftir að ég hafi tekið eftir því. En sú spurning vaknar hver sé stefnan. Er verið að setja þetta inn til að halda opnum möguleika eins og hæstv. ráðherra nefnir eða hvað ætlar ríkisstjórnin í þessum efnum?

Ég hef ekki orðið vör við annað en mikil eftirspurn væri eftir þessum salarkynnum og m.a. höfum við þingmenn notað þessa aðstöðu þegar við höfum þurft að halda stærri fundi. Það er nú einu sinni svo að ekki er mikið um slíka fundarsali af hæfilegri stærð og mér fyndist rétt að ríkisstjórnin upplýsti okkur um það hver stefna hennar er í þessum málum. Ég fæ ekki betur séð en að full sé þörf fyrir slík salarkynni og ef það er raunverulega er ætlunin að selja þarna þá mundi ég halda að bæði Alþingi og ýmsir aðrir þyrftu að fara að hugsa sinn gang og þar með talin ríkisstjórnin.

[14:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ekki verið ákveðið hvort og hvernig þessi heimild verður nýtt. Hins vegar er enginn hörgull á fundarsölum eða aðstöðu fyrir samkvæmi og móttökur í borginni. Reyndin er sú að ráðuneyti og ríkisstofnanir hafa í vaxandi mæli flutt slíka atburði út fyrir þessi húsakynni og tekið á leigu aðra fundarsali, t.d. á hótelunum í borginni. Það er allur gangur á því.

Það hefur líka gerst samtímis að ýmsir aðilar sem eru ekki hluti af ríkiskerfinu hafa hagnýtt sér aðstöðuna í Borgartúni 6 og hafa gert það reyndar í mörg ár þannig að hérna er um að ræða bara almenna útleigu á húsnæði. Við vitum að t.d. stjórnmálaflokkarnir halda jafnvel landsfundi sína í þessum húsakynnum og almannasamtök eins og BSRB, samtök opinberra starfsmanna sem reyndar hafa frá upphafi átt þarna greiðan aðgang, hafa haldið fundi sína þarna. Ekkert sérstakt liggur fyrir um þetta mál. Það er engin ástæða til þess heldur að gera mál úr þessu. Hins vegar viljum við hafa þann möguleika opinn að geta gert þarna breytingar ef það verður talið skynsamlegt.

[14:13]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja ræðu mína á því að óska fjmrh. til hamingju með fyrstu fjárlagaræðu sína og óska honum velfarnaðar í vandasömu starfi. Jafnframt óska ég eftir að eiga gott samstarf við hann eins og ég reyndar er sannfærður um að verður.

Fjárlög hvers árs marka samfélaginu ákveðinn ramma og varða alla landsmenn beint eða óbeint.

Það er því mikilvægt að á Alþingi eigi sér stað vandaðar umræður og rækileg yfirferð á frumvarpi til fjárlaga. Í samræmi við stjórnskipun okkar leggur fjármálaráðherra fyrir Alþingi frumvarp til fjárlaga sem eru tillögur ríkisstjórnarinnar. Áður hafa stjórnarflokkarnir fjallað um meginlínurnar og standa að frv. Það er síðan hlutverk okkar alþingismanna í fjárlaganefndinni að fjalla um frumvarpið og ná samkomulagi um að gera breytingar á því eftir atvikum.

Sú umfjöllun sem nú er að hefjast er við mjög breyttar aðstæður frá því sem verið hefur. Bæði form frumvarpsins og efnahagsumhverfi hefur tekið miklum breytingum og mjög til hins betra. Umfangsmikil nýskipan í ríkisrekstrinum hefur náð til formsins, þ.e. uppsetningu á fjárlögum og ríkisreikningi, í samræmi við löggjöf um fjárreiður ríkisins

sem sett var á síðasta ári eftir margra ára aðdraganda. Allar þær breytingar miða að því að gera fjárreiður ríkisins aðgengilegri sem stjórntæki í ríkisrekstrinum og ættu að verða til þess að auðvelda alla áætlanagerð.

Meginstefnan, sem frumvarpið felur í sér og hv. fjármálaráðherra hefur kynnt, er að skuldir ríkisins skuli lækka. Þeirri stefnu verður að halda í meðförum fjárlaganefndar. Með lækkun skulda er slegið á óæskileg áhrif viðskiptahalla á efnahagslífið og svigrúm aukið í framtíðinni með því að vextir af skuldum ríkisins lækka. Minni umsvif ríkisins á lánamarkaði auka svigrúm atvinnulífs og heimila og draga úr þrýstingi á vaxtahækkun. Eins og fram hefur komið er frumvarpið byggt á nýrri löggjöf um fjárreiður ríkisins sem var samþykkt hér á hinu háa Alþingi 1997.

Þrátt fyrir að formið eigi ekki að ráða miklu um framvindu hinna efnislegu þátta í ríkisrekstrinum leyfi ég mér að fullyrða að löggjöfin um fjárreiður ríkisins hefur nú þegar haft afgerandi áhrif á framvindu ríkisfjármála.

Ríkisfjármálin geta haft afgerandi áhrif á þróun efnahagsmála í landinu. Það hefur komið rækilega í ljós hin síðari ár þegar okkur hefur tekist að snúa vörn í sókn. Í dag er rætt um efnahagslegt góðæri af mannavöldum. Þrátt fyrir efasemdir stjórnarandstöðunnar verður það viðurkennt þegar hagsaga okkar Íslendinga verður skoðuð, tímabil fyrir tímabil. Því verður ekki á móti mælt að mikill árangur hefur orðið af traustri meðferð ríkisfjármála og ábyrgri umfjöllun í fjárlaganefnd og hér á Alþingi.

Með afgreiðslu fjárlaga á rekstrargrunni skapast mikilvægt aðhald sem herðir mjög á því að ráðuneytin sjái til þess að stofnanir haldi sig innan fjárlaga og það verði til umfjöllunar í fjárlaganefnd og á Alþingi ef auka þarf fjárveitingar til einhverra þátta í ríkisrekstrinum. Þetta er ekki til þess að stöðva mikilvæg og eðlileg útgjaldatilefni heldur til þess að nauðsynleg umfjöllun eigi sér stað þar sem lagt er mat á hlutina í réttu ljósi.

Sem fyrr er meginmarkmið efnahagsstefnu frumvarpsins að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum og skapa skilyrði fyrir hagvöxt og batnandi lífskjör. Allar mælingar á efnahagslífinu bera þeirri stefnu vitni sem fylgt hefur verið undir forsæti Davíðs Oddssonar. Stefnan hefur ekki síst falist í að hafa traust tök á ríkisfjármálum, leggja áherslu á aukna ábyrgð atvinnulífsins á eigin málum, að lækka skatta, stefna að einkavæðingu lánastofnana, sölu ríkisfyrirtækja og skýrum kröfum um ábyrgan rekstur stofnana sem njóta framlaga af fjárlögum.

Áhrifin af stefnunni eru vaxandi kaupmáttur, eins og fram kemur í þjóðhagsáætlun. Um leið skiptir það miklu máli að atvinnuleysi er minnkandi samhliða aukinni atvinnuþátttöku, sem bendir til þess að störfum í þjóðfélaginu sé að fjölga. En slíkt gerist ekki á einni nóttu.

Áhrif mikilvægustu efnahagsumbóta koma að sjálfsögðu ekki fram strax enda er sígandi lukka best í þeim efnum sem öðrum. Styrk staða ríkisfjármála hefur hins vegar mikil áhrif og skapar þá umgjörð sem þarf til þess að atvinnulífið megi dafna um land allt.

Vissulega eru viðfangsefnin mörg sem taka þarf á. Eitt þeirra er óæskileg þróun byggðarinnar í landinu. Þar eru alvarleg teikn á lofti sem fyrr. Þau þarf að ræða í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Vandinn snýr ekki einungis að fækkun fólks á landsbyggðinni heldur og ekki síður að þeim vanda sem mikil fjölgun á höfuðborgarsvæðinu getur valdið. Í því ljósi þarf að bregðast við á landsbyggðinni og einnig á höfuðborgarsvæðinu.

En hvað er til ráða, svo snúa megi þróuninni við og nýta auðlindir okkar landsmönnum öllum til hagsbóta? Mikilvægast er auðvitað að skapa atvinnuvegunum skilyrði til þess að eflast svo atvinnuöryggi sé tryggt. Það sem einkum hefur hrakið fólk af landsbyggðinni í gegnum tíðina er annars vegar sveiflukennt atvinnuástand og einhæft og síðan takmörkuð þjónusta, sérstaklega hvað varðar menntun, og auk þess óöryggi vegna samgangna og heilbrigðisþjónustu. Á þessu hefur orðið mikil breyting og jafnframt hafa kröfurnar aukist. Það skýrir þróun byggðarinnar að einhverju leyti.

Alvarlegasta atlagan að byggðunum, og þá einkum sjávarbyggðunum, væri ef vinstri bræðingurinn kæmist til valda og setti sjávarútveginn í uppnám með þeim skattlagningarhugmyndum sem þeir boða, með auðlindaskatti á sjávarbyggðirnar. Gegn því verðum við að berjast með öllum ráðum.

Þegar fjallað er um fjárlög fyrir árið 1999 og framtíðaráform er eðlilegt að taka til afgreiðslu þá áætlun sem forsætisráðherra mun leggja fram um stefnumótun í byggðamálum. Vegna málþófs stjórnarandstöðunnar sl. vor náðist ekki að afgreiða þá tillögu eins og mikilvægt hefði verið. Það hefði gefið okkur betra færi á því að vinna að þeim tillögum sem þar eru fram settar. Með þeirri tillögu er tekist á við byggðamálin á nýjum og markvissum forsendum. Þess er að vænta að fluttar verði breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið til samræmis við tillöguna þegar hún hefur verið afgreidd. Augljóst er að henni fylgir kostnaður sem mun hins vegar, þegar litið er til lengri tíma, verða borinn uppi með öflugra atvinnulífi á landsbyggðinni og betri búsetuskilyrðum og nýtingu þeirrar fjárfestingu sem til staðar er og þeirra auðlinda sem eru til lands og sjávar.

Höfuðvandi landsbyggðarinnar, og um leið landsins alls, er að vel menntað ungt fólk snýr ekki aftur til starfa á landsbyggðinni að loknu námi. Það skortir „aðdráttarafl" í atvinnulífinu á landsbyggðinni þar sem ungt, vel menntað fólk getur hafið störf.

Svæðisbundnar byggðaáætlanir eru mikilvægar og geta verið áhrifaríkt stjórntæki í nútíma áætlanagerð þar sem tekið er á uppbyggingu í atvinnulífinu, samgöngum, menntun, menningarstarfsemi og hvers konar þjónustu.

Í samstarfi Byggðastofnunar og aðila í landshlutunum hefur verið leitast við að efla atvinnuþróunarstarf. Leggja þarf aukna áherslu á svæðisbundna áætlanagerð eins og ég nefndi í samstarfi við atvinnuþróunarfélög sem beiti bestu aðferðum við að aðstoða starfandi atvinnufyrirtæki við að fjölga vel launuðum störfum fyrir áhugasamt og vel menntað fólk.

Veita þarf atvinnuþróunarfélögum stuðning til þátttöku í eignarhaldsfélögum svo þau geti veitt verkefninu forustu, en auðvitað munu aðilar atvinnulífsins þurfa að vera leiðandi afl í því verkefni að snúa óæskilegri þróun við. Byggðastofnun verður að hafa svigrúm til þess að takast á við erfitt en mikilvægt hlutverk sitt. Núverandi stjórn Byggðastofnunar hefur breytt um kúrs og leggur nú aukna áherslu á atvinnuráðgjafarhlutverkið í landshlutunum í samstarfi við heimamenn, og er ekki að efa að það er rétta leiðin.

Ég hef áður gert það að umræðuefni við afgreiðslu fjárlaga hversu mikilvægt það sé að efla framhaldsskólastigið, ekki síður en grunnskóla og háskólastigið. Nú þegar grunnskólinn er kominn í öruggar hendur sveitarfélaganna og mikil gróska

er á háskólastiginu er komið að því að gera verulegt átak á sviði framhaldsskólanna og væntanlega verkmenntunar þá um leið. Ástæða er til að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir 260 miljónum króna auknum útgjöldum til að fylgja eftir áætlun um nýja skólastefnu.

Þegar unglingar komast á framhaldsskólaaldurinn losnar oft um fjölskyldur ef senda þarf unglinga til skóla í öðrum héruðum. Það getur með öðru raskað hag fjölskyldna og leitt til þess að þær flytja í önnur héruð og þá mest hingað á höfuðborgarsvæðið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til samgönguráðuneytis til þess að efla markaðssókn í ferðamennsku. Því ber að fagna enda er ferðaþjónusta mikilvægur þáttur í eflingu atvinnu en þessi grein er engu að síður á miklum brauðfótum enn sem komið er. Því er mikilvægt að beita þeim aðgerðum sem hægt er til þess að standa við bakið á þeim frumkvöðlum sem byggt hafa upp ferðaþjónustuna. Hluti þess að efla ferðaþjónustu er að koma upp menningarstofnunum svo sem söfnum sem kynna menningararf okkar og standa fyrir rannsóknum á menningarminjum. Við meðferð frumvarpsins er óhjákvæmilegt að líta til þeirra þátta og stuðla að eflingu menningarstofnana sem reistar hafa verið eða verið er að koma á fót á okkar helstu sögustöðum.

Í fjárlagafrumvarpinu er lögð sérstök áhersla á framlög til samgöngumála. Til grundvallar eru lagðar þær samgönguáætlanir sem samþykktar voru á Alþingi. Ber að fagna því sérstaklega og þess er að vænta að mikilsverðir áfangar náist í samgöngubótum á næstu árum ef sömu stefnu verður fylgt.

Framþróun vega-, hafna- og flugmála skiptir miklu um þróun byggðar í landinu. Ekki einungis fyrir hinar dreifðu byggðir heldur ekki síður fyrir suðurhluta landsins. Við mat á framlögum til þessara þátta er nauðsynlegt að greina ávinning atvinnulífsins og áhrifin sem bættar samgöngur og lækkandi flutningakostnaður hefur fyrir það. Með samgönguáætlunum eru sett markmið sem verður að endurmeta í ljósi fjárlaga hverju sinni. En fjárlögin getur með sama hætti þurft að endurmeta í ljósi þeirra mikilvægu markmiða sem samgönguáætlanir fela í sér vegna þróunar sem fyrirsjáanleg er.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir verulegum hækkunum á útgjöldum til heilbrigðismála. Umrótið í heilbrigðismálum að undanförnu hefur valdið margs konar óvissu. Það verður að viðurkennast að áform um hagræðingu og bætt skipulag hafa ekki öll gengið fram. Engu að síður hefur orðið margvíslegur árangur. Vandinn liggur eftir sem áður víða en einkum í rekstri stóru sjúkrahúsanna og þar er talið nauðsynlegt að auka samstarf og eða samruna sem gæti leitt til sparnaðar og meiri skilvirkni á öllum sviðum. Þá hefur verið á það bent að fjárfesting í sjúkrahúsunum sé ekki nýtt en læknarnir efni til fjárfestinga út í bæ í aðgerðastofum í stað þess að nýta fullbúnar aðstæður í sjúkrahúnum til svokallaðra ferliverka.

Þess er að vænta að í meðförum fjárlaganefndar komi betur í ljós hver staða einstakra sjúkrastofnana er og er við búið að útgjöld til heilbrigðismálanna verði skoðuð rækilega þegar fyrir liggur niðurstaða af gerð þjónustusamninga við einstakar stofnanir.

Stjórnarandstaðan hefur haft á orði að góðærið hafi ekki birst öllum landsmönnum. Í því sambandi er bent á bætur almannatrygginga. Við háttvirta þingmenn Alþýðuflokksins vil ég segja að staða lífeyrisþega hefur stórlega batnað frá því sem var í tíð ráðherra Alþýðuflokksins á stóli heilbrigðis- og tryggingaráðherra.

Ef litið er á þróunina frá 1995 hvað varðar tryggingabætur og elli- og örorkubætur þá hefur hækkunin, miðað við fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir núna, orðið 27% eða 16–17% kaupmáttarauki. Á þetta mál verður að líta í þessu ljósi.

Umræður hafa hins vegar spunnist um bætur til örorkulífeyrirþega og tekjutengingu bóta. Hér er um að ræða viðkvæman málaflokk sem skoða verður í heild sinni. Fyrsta skrefið í því efni er að taka til endurskoðunar viðkomandi löggjöf. Verði gerð breyting á lögunum og tekjutengingu breytt yrði tekið tillit til þess við afgreiðslu fjárlaga. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að ræða almennt um tekjutengingu bóta. Þess er að vænta að það mál verði til umræðu hér í þinginu og ásættanleg niðurstaða náist örorkulífeyrisþegum til hagsbóta.

Á síðustu árum hefur verið unnið að úrbótum og skipulagsbreytingum í ríkiskerfinu. Ég hef áður gert það að umræðuefni að gera þurfi grundvallarbreytingar í ríkisrekstrinum. Þær fela í sér þá hugsun að koma að sem víðast kaupanda/seljanda hugsuninni, gera samninga um tiltekna þjónustu sem veitt verði fyrir ákveðna umsamda þóknun. Þar sem fært væri mundi vikið frá því að ráða og skipa ríkisstarfsmenn en þess í stað að nýta einkaframtakið er sinni þjónustu í nafni ríkins með þjónustusamningum. Slíkir samningar væru byggðir á heimild í lögum um fjárreiður ríkisins þar sem fjallað er um gerð þjónustusamninga. Þannig yrði þjónusta hins opinbera í stöðugri endurskoðun með það að markmiði að gera hana skilvirka og hagkvæma með þeim aðferðum sem bestar eru hverju sinni.

Í fjárlagafrumvarpinu er, svo sem kveðið er á um í lögum um fjárreiður ríkisins, sett fram spá um þróun og horfur í fjármálum ríkisins nokkur næstu árin. Slík spá er mjög mikilvæg og ætti í raun að taka meira rúm við umfjöllum um fjárlagafrumvarpið hér á Alþingi. Samkvæmt framreikningi bendir allt til þess að hagur ríkissjóðs geti styrkst ef fram fer sem horfir og áform um lækkun skulda ná fram að ganga. Engu að síður er réttilega á það bent að fylgja þurfi aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálunum ef ná eigi því takmarki að lækka skuldirnar verulega og ná þannig fram markmiðum sem leitt gætu til þess að hækka mætti bætur til þeira sem á þeim þurfa að halda og gera þjóðfélag okkar enn öflugra, þar sem vinnufúsar hendur fá störf við sitt hæfi og geta staðið undir hinu mikilvæga velferðarkerfinu.

Ég vil í nokkrum orðum fara yfir helstu kennitölur frumvarpsins. Í fyrstu grein frumvarpsins er gerð grein fyrir tekjujöfnuði sem nú er jákvæður á rekstrargrunni um tæpa 2 milljarða króna. Það markmið að afgreiða fjárlög með afgangi er mjög mikilvægt miðað við núverandi aðstæður í hagkerfinu. Við þurfum að minnast þess að stutt er síðan við börðumst við kreppu, við atvinnuleysi og erfiðleika og vorum í miklum vanda með afkomu ríkissjóðs. Okkur hefur tekist á skemmri tíma en ýmsir þorðu að vona að styrkja stöðu okkar svo um munar. Þennan mikilvæga árangur þarf að varðveita.

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram árangur þar sem áætlað er að sjóðstreymi sýni 15 milljarða afgang til þess að lækka skuldir ríkissjóðs. Þau áform eru skýr skilaboð inn á lánamarkaðinn. Ríkissjóður mun draga úr umsvifum sínum þar með þeim afleiðingum að vextir ættu að geta lækkað á lánsfjármarkaði. Þau áhrif geta skilað sér inn á hvert einasta heimili í landinu og bætt hag ungra húsbyggjenda og kaupenda sem hafa þunga greiðslubyrði.

Fjárreiður ríkisfyrirtækja B-hluta eru sýndar í 3. gr. frumvarpsins. Rekstur þeirra skiptir miklu máli fyrir ríkissjóð vegna þeirra tekna sem sum þeirra veita í ríkissjóð í formi arðs. Hann nemur 3,4 milljörðum kr. Arðurinn kemur frá Fríhöfninni, ÁTVR og Rarik samkvæmt sérstökum samningi. Samkvæmt frumvarpinu er Rarik gert að greiða arð að upphæð 194 milljónir króna. Á móti kemur hins vegar hlutdeild í kostnaði við dreifikerfi í sveitum. Ég tel að forsendur þessara arðgreiðslna séu brostnar og taka verði upp samninginn milli Rariks og ríkissjóðs.

Gagnstætt því sem gerst hefur í símaþjónustu hefur okkur ekki enn tekist að jafna raforkukostnaðinn í landinu. Í því ljósi vil ég gera að umtalsefni stöðu Rafmagnsveitna ríkisins. Rarik gegnir því viðamikla hlutverki að dreifa raforku um stærstan hluta af mesta dreifbýli landsins þar sem fiskvinnslan og landbúnaðarframleiðslan fer fram auk nokkurs iðnaðar. Staða fyrirtækisins hefur verið fremur veik og það hefur orðið að selja raforku til almennra notenda á hærra verði en gerist hjá öðrum dreifiveitum. Á vegum fyrirtækisins hefur verið unnið að hagræðingu og endurskipulagningu sem hefur skilað sér í betri afkomu, þrátt fyrir erfitt rekstrarsvæði. Staða Rariks gagnvart Landsvirkjun er þannig að Rarik greiðir 42% af tekjum Landsvirkjunar af sölu til almenningsrafveitna en íbúar á Rarik-svæðunum, sem kaupa þessa orku, eru einungis 17% landsmanna. Þannig hafa þeir íbúar átt hlutfallslega mestan þátt í þeirri eignamyndun sem orðið hefur hjá Landsvirkjun.

Í því ljósi og vegna þess að rekstur Rariks er þungur væri eðlilegt að endurskoða samninga við fyrirtækið um hinar svokölluðu félagslegu framkvæmdir dreifikerfisins auk þess að leita leiða til þess að auka arðsemi fyrirtækisins. Það mætti m.a. gera með því að heimila Rarik að virkja hagkvæmar virkjanir og skapa þannig skilyrði til lækkunar orkuverðs og arðgreiðslna til ríkisins á breyttum forsendum. Tel ég eðlilegt að iðnn. kanni hvernig styrkja megi stöðu Rariks á markaði svo bætt afkoma komi notendum til góða en ríkissjóði einnig. Vel kann að vera að það verði að gerast með því að taka upp samninga við Landsvirkjun um orkukaup. Verðlagning Landsvirkjunar byggist á því að greitt er verð fyrir orku er nemur nærri 50% yfir langtímajaðarkostnaði sem er talið mikið álag og er gagnrýnt harðlega af forsvarsmönnum dreifiveitna í landinu.

Ég leyfi mér að gera þetta að umræðuefni hér því að áætlun um arðgreiðslur frá Rarik sker í augu á sama tíma og fyrirtækið er rekið með halla.

Í 7. gr. eru heimildarákvæði þar sem fjármálaráðherra er veitt heimild til ýmissa ráðstafana innan marka 160 milljóna samkvæmt frumvarpinu.

Í fjárlögum þessa árs kom inn heimildarákvæði að tillögu meiri hluta fjárlaganefndar þar sem veitt var heimild til þess að ráðstafa 80 millj. kr. eftir tillögu iðnaðarráðherra til atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu, einkum á þeim landsvæðum sem njóta ekki góðs af orku- og stóriðjuuppbyggingu. Ekki er gert ráð fyrir þessari fjárhæð í frumvarpinu. Er þess að vænta að iðnaðarráðherra gefi skýringar á því hvernig til hafi tekist og hvers vegna fallið er frá þessum styrkjum. Ég tel að við afgreiðslu fjárlaganefndar þurfi að taka þetta mál upp en jafnframt að leggja línur um hvernig úthluta skuli svo nýtist sem best ef heimildin verður endurvakin.

Virðulegi forseti. Viðfangsefni okkar á Alþingi er að bæta búsetuskilyrði okkar í landinu að því marki sem það verður gert með löggjöf. Það er von mín að afgreiðsla fjárlaga ársins 1999 marki öflugt framhald þeirra umbóta sem við sjálfstæðismenn höfum staðið fyrir í góðu samstarfi stjórnarflokkana það sem af er þessu kjörtímabili.

Fjárlagafrumvarpið bendir ótvírætt til þess að hagur landsmanna verði betri í lok þessa kjörtímabils en áður hefur þekkst. Við getum því með sanni sagt að á Íslandi geti ríkt velsæld og bjartsýni við aldamót.

[14:34]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson lét þess getið í ræðu sinni að tillaga um byggðaáætlun hefði ekki komist til umræðu vegna þess að stjórnarandstaðan hefði gert það sem hún gat til að stöðva málið, m.a. að tala svo mikið. Ég vísa þessu algerlega á bug. Mér finnst þetta í fyrsta lagi ekki sanngjarn málflutningur vegna þess að hv. þm. veit alveg nákvæmlega hvernig þetta mál þróaðist. Í öðru lagi vil ég upplýsa að það var ákvörðun hæstv. forsrh. að taka málið af dagskrá vegna þess að hann taldi að ekki væri hægt að veita því þann umbúnað á lokadögum þingsins sem hæfir svo mikilvægu máli. Auðvitað er það hann sem fyrsti flutningsmaður málsins sem ræður þessu þannig að það er ekki eðlilegt eða sanngjarnt að setja hlutina þannig upp að stjórnarandstaðan hafi í vor stöðvað það að byggðamálin kæmu til umræðu.

Af þessu tilefni vil ég spyrja hvenær þau koma til umræðu. Hvenær ætlar ríkisstjórnin að koma þessu máli fyrir þannig að hægt verði að taka það til umræðu? Bersýnilegt er að hægt er að koma málum að til umræðu því að t.d. allur dagurinn á morgun fer í þingmál stjórnarandstöðuflokkanna af því að ekkert er komið fram frá ríkisstjórninni annað en það fjárlagafrv. sem er núna til umræðu.

Í öðru lagi, herra forseti, þegar stjórnarflokkarnir og talsmenn þeirra hæla sér af þessu fjárlagafrv. fyrir það að þetta sé allt saman þeim að þakka þá er það fyrir neðan virðingu þeirra. Veruleikinn er sá að fiskverð á erlendum mörkuðum hefur hækkað um 20%. Veruleikinn er sá að olíuverð hefur lækkað svo mikið að það er komið niður fyrir það sem það var 1978. Veruleikinn er sá að ríkisstjórnin er að láta selja eignir ríkissjóðs upp á 7 milljarða í ár og 7 milljarða í fyrra. Veruleikinn er sá að menn eru að breyta færslum á veittum lánum ríkissjóðs verulega þannig að það gefur ríkissjóði 1,8 milljarða frá því sem ella væri í uppsetningu þeirra reikninga sem hv. þm. eru að hæla sér af. Það er því fyrir neðan virðingu þeirra sem reyndra, traustra og vandaðra stjórnmálamanna að hæla sér af því sem þeir hafa engan hlut átt í að koma frá sér eins og hér liggur fyrir núna. Auðvitað er margt vel gert sem þeir gera en að hæla sér af öllu þessu móverki eins og þeir hugsa sér að gera í þessum ræðum er út í hött, herra forseti.

[14:36]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þessa ræðu mætti segja að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Hv. þm. Svavar Gestsson kvartaði undan því að ég hefði vakið athygli á þeim tímaskorti sem við lentum í nú í vor. Hvers vegna var það? Það var vegna þess að haldnar voru ræður klukkutímum og tugum klukkutíma saman fyrir hvern ræðumann. Þess vegna tókst ekki að ljúka öllum þeim mikilvægu málum sem voru á dagskrá og þar á meðal áætlun um stefnu í byggðamálum. Hv. þm. getur því ekki vikið sér undan því að við lentum í miklum tímaskorti í vor vegna þess hversu mikinn tíma

stjórnarandstaðan tók í að ræða einstök mál. Þetta er staðreynd sem verður ekki vikist undan og auðvitað sá forsrh. að það yrði að gefa sér góðan tíma til þess að ræða byggðamálin. En sá tími var ekki fyrir hendi sem við þurftum til þess að ræða þann mikilvæga málaflokk.

Varðandi það atriði að við séum að hæla okkur af góðum árangri held ég að það sé ansi mikið ofsagt þar sem hv. þm. sagði að við værum að hæla okkur. Við erum að draga fram staðreyndir um stöðu ríkisfjármála og fróðlegt verður að fá upplýst hjá hv. þm. Svavari Gestssyni hvort lífeyrisskuldbindingar hefðu á fyrri árum verið færðar með þeim hætti inn til gjalda hjá ríkissjóði og ef við hefðum ekki staðið þannig að málum að viðurkenna og taka sem staðreynd þær skuldbindingar í lífeyrismálum sem við gerum auðvitað núna með breyttri framsetningu fjárlaga og fjárlagafrv. væri afgangurinn, sem við mundum þá hæla okkur af, miklu meiri en 2 milljarðar. Sá afgangur væri margfaldur og ég held að það sé ofsögum sagt að við séum að hæla okkur af svo góðri stöðu en við vekjum athygli á henni og við viljum nýta hana til að bæta hag landsmanna, bæta stöðu þjóðarinnar til lengri tíma.

[14:39]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þetta andsvar en bendi á að verulegur hluti af tekjubata ríkissjóðs stafar því að það var viðskiptahalli. Staðreyndirnar eru þær að á þessu ári er talað um að viðskiptahalli sé upp á 40 milljarða kr. og að ríkissjóður sé þess vegna að taka inn 16 milljarða út á viðskiptahallann. Rætt er um að viðskiptahallinn á næsta ári verði í kringum 25 milljarðar kr. og ríkissjóður muni á næsta ári taka inn þess vegna um 10 milljarða kr. aukalega. Þegar menn hæla sér af þessu eiga þeir að segja hlutina nákvæmlega eins og þeir eru. Vafalaust gera stjórnarliðar margt gott, bæði í fjárln. og í hæstv. ríkisstjórn en það er útilokað fyrir þá að setja hlutina upp eins og þeir séu samsafn kraftaverkamanna eingöngu þrátt fyrir góða viðleitni á ýmsum sviðum af þeirra hálfu.

Hitt atriðið í sambandi við byggðamálin. Ég segi alveg eins og er, herra forseti, mér finnst það eiginlega fyrir neðan virðingu hv. þm. að setja hlutina upp eins og hann gerir. Staðreyndin er sú að meiri hlutinn á Alþingi ræður í þessari stofnun. Hann ræður því hversu langan tíma hlutirnir taka, m.a. umræða um byggðamál, m.a. það hvenær þinginu lýkur o.s.frv. Það gengur ekki að kenna stjórnarandstöðunni um sem er með 23 þingmenn af 63 í þessari stofnun, herra forseti. Veruleikinn er sá að ríkisstjórnin gerði þetta mál ekki að forgangsmáli í vor. Það er kjarni málsins.

[14:40]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þrátt fyrir það að stjórnarflokkarnir hafi haft og hafi stóran meiri hluta á Alþingi var það þannig í vor að við urðum undan að láta vegna þess að hv. þingmenn, margir hverjir, töldu sig þurfa að ræða einstök mál afskaplega rækilega. Það er bara staðreynd máls.

Hvað varðar hina efnahagslegu stöðu er alveg hárrétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það eru miklar áhyggjur sem við höfum af viðskiptahallanum. En ef við lítum hins vegar á það hvernig hann er til kominn þá er það m.a. vegna þess að verið er að flytja inn til landsins mikið af tólum og tækjum og byggingarefni vegna stóriðjuuppbyggingarinnar og virkjana en auk þess sem landsmenn hafa talið ástæðu til þess að fjárfesta með ýmsum hætti vegna heimila sinna eins og gengur og þetta hefur verið og er grundvöllur að auknum tekjum ríkissjóðs. Þetta er allt saman hárrétt hjá hv. þm. Ég deili áhyggjum mínum með honum hvað þetta varðar. En ekkert bendir til annars þegar við lítum á langtímaspána sem fylgir fjárlagafrv. en að við séum á réttri leið þrátt fyrir þennan viðskiptahalla, þá eigi okkur að takast að halda efnahagslífinu í þeim skorðum sem við þurfum á að halda til þess að geta haldið uppi velferðarkerfinu, haldið uppi atvinnulífinu og styrkt stöðu okkar til lengri tíma. Það er aðalatriði málsins.

[14:43]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Svokölluð sólskinsfjárlög ríkisstjórnarinnar einkennast af misskiptingu góðærisins eða uppsveiflunnar. Þessi uppsveifla sem ráðherra gumar af er þó fyrst og fremst vegna aukinnar einkaneyslu sem er fjármögnuð með auknum skuldum. Þannig hafa skuldir heimilanna hækkað mjög mikið í valdatíð Davíðs Oddssonar og hafa aldrei verið hærri.

Skuldir heimilanna voru 407 milljarðar kr. um mitt þetta ár og höfðu aukist um 43 milljarða frá sama tíma í fyrra eða mun meira en árið á undan. Þetta er þeim mun alvarlegra þegar haft er í huga að tekjuaukningin í samfélaginu er veruleg þó henni sé misskipt. Samt sem áður eykur fólk við skuldir sínar. Þetta er orsökin fyrir hinum mikla hagvexti sem við búum við núna og ríkisstjórnin er að þakka sér.

Skuldasöfnunin getur leitt til þess að samhliða innlendri eftirspurn aukist viðskiptahallinn enn meira sem aftur hefur áhrif á gengið sem getur leitt til þess að verðbólga fari aftur af stað. Þessum ofþenslueinkennum í hagkerfinu sem eru til staðar lítur ríkisstjórnin algerlega fram hjá.

Til viðbótar við auknar skuldir heimilanna hafa sveitarfélögin einnig aukið skuldir sínar á þessu og síðasta ári, í miðju góðærinu. Góðæristal ríkisstjórnarinnar er því fyrst og fremst vegna aukinnar skuldasöfnunar og góðra ytri skilyrða. Ríkisstjórnin nefnir hins vegar ekki að erlendar skuldir munu hækka á næstu árum. Erlendar skuldir munu fara úr 45% af landsframleiðslu upp í tæp 49% árið 2000 eða hækka um rúmlega 20 milljarða á næstu árum. Erlendar skuldir sem eru aðalhættuefni íslensks samfélags munu aukast á næsta ári og þarnæsta. Við greiðum nú þegar tæpa 20 milljarða í vexti til útlanda. Þetta er nú allur árangurinn af efnhagsstjórninni.

Skuldir hins opinbera í árslok síðasta árs 1997 voru 200 milljarðar kr. Það er Íslandsmet. Skuldir hins opinbera hér á landi hafa aldrei verið jafnmiklar og í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Gengisþróunin hefur hins vegar verið þessari ríkisstjórn hagstæð þannig að tekist hefur að halda niðri verðbólgu með hækkandi raungengi sem aftur hefur þrengt að iðnaði. Aukin samkeppni, sérstaklega á smásölumarkaði, hefur einnig stuðlað að því að halda niðri verðhækkunum.

Hins vegar er það einkenni ríkisstjórnarinnar að slá vörð um fákeppnisfyrirtæki sem við höfum víða. Við sjáum þau í samgöngumálum, olíusölu, tryggingamálum, fjarskiptamálum og á fjármagnsmarkaði. En ytri skilyrði hafa verið landsmönnum og ríkisstjórninni einstaklega hagstæð. Verðlag á sjávarafurðum hefur hækkað um meira en 20% sl. þrjú ár. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur ekkert með verðlag á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum að gera.

Viðbótarhappdrættisvinningur fyrir samfélagið og ríkisstjórnina er að við búum nú við lægsta olíuverð í tólf ár. Við verðum að flytja inn allt eldsneyti þannig að vitaskuld hefur þetta gífurlega mikil áhrif á hagkerfið. Menn gætu rétt

ímyndað sér hvernig staðan væri í samfélaginu ef við byggjum við hefðbundið olíuverð og verðlagshækkanir hefðu ekki orðið á sjávarafurðum umfram önnur matvæli erlendis. Þá værum við einfaldlega að upplifa kreppu í samfélaginu. Þetta, herra forseti, gleymist í umræðunni.

Meginástæðan fyrir hinni hagstæðu verðlagsþróun er að mati Þjóðhagsstofnunar hækkun á gengi krónunnar. Sjávarútvegurinn hefur getað borið það uppi vegna verðlags á erlendum mörkuðum en það þarf lítið út af að bregða til að það snúist við hérlendis. Ríkisstjórnin spáir því að verðbólga verði meiri hér á næsta ári en á þessu og það er spáð 3% verðlagshækkunum sem þýðir að við verðum aftur komin upp fyrir nágrannalöndin. Það þýðir að við erum ekki að bæta samkeppnisstöðu okkar. Viðskiptakjörin sem bæta stöðuna í hagkerfinu um sem nemur 2% af landsframleiðslu eru ekki ríkisstjórninni að þakka heldur ytri skilyrðum. Sérstaklega hagstæð viðskiptakjör þessa árs munu samkvæmt áætlunum þessarar sömu ríkisstjórnar versna á næsta ári.

Alvarlegasta vandamálið er þó það sem hér hefur verið nefnt, viðskiptahallinn sem stefnir í 40 milljarða eða 7% af landsframleiðslu. Það er mesti viðskiptahalli í 16 ár. Það þarf að fara aftur til ársins 1982 til að finna sambærilegan halla á viðskiptum við útlönd. Í fjárlagafrv. sem nú er unnið eftir spáði ríkisstjórnin því að viðskiptahallinn yrði 19 milljarðar. Það skakkar þannig 21 milljarði á því sem ríkisstjórnin áætlaði fyrir ári frá því sem í reynd varð. Hún áætlar að á næsta ári verði viðskiptahallinn 25 milljarðar og það er enginn kominn til með að segja að þeim geti ekki skjátlast nákvæmlega jafnmikið og á þessu ári. En, herra forseti, 65 milljarða viðskiptahalla á tveimur árum höfum við aldrei upplifað í hagsögu okkar. Þetta sýnir betur en margt annað hvernig lausatök og of slök áætlunargerð býr að baki þessu fjárlagafrv. ríkisstjórnar.

Það eru engar tillögur í fjárlagafrv. um endurbætur á skattkerfinu. Þar er víða ranglæti, háir jaðarskattar, sérstaklega hjá millitekjufólki og öldruðum og öryrkjum. Öryrkjar og barnafólk kemur illa út úr skattkerfinu. Fjármagnstekjuskatturinn er einstaklega ranglátur og hyglir fyrst og fremst stórum hlutafjáreigendum. Ekki er lögð nein sérstök áhersla á aukna innheimtu og baráttu gegn skattsvikum en talið er að yfir tíu milljarðar tapist vegna þeirra árlega. Engar tillögur eru gerðar til auðlindagjaldtöku eða mengunargjalda en benda má á að hvort tveggja er í stefnu samfylkingu okkar stjórnarandstæðinga.

Auknar tekjur ríkissjóðs á þessu ári umfram áætlanir eru 9 milljarðar. Þar af eru 6 milljarðar vegna aukins innflutnings. Þannig hefur viðskiptahallinn, sem borinn er uppi af erlendum lánum, verið undirstaðan fyrir tekjuaukningu ríkissjóðs á þessu ári.

Ef bornar eru saman tekjur frumvarpanna árin 1998 og 1999 þá hækka tekjurnar um 10% að meðaltali. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 12%. Tekjuskattur fyrirtækja hækkar ekki um neitt, um 0%. Tryggingagjöld og launaskattar sem fyrirtæki greiða hækka um 8%, eru undir meðaltali. Virðisaukaskattur sem einstaklingar greiða að mestu hækkar um 15%. Eignarskatturinn hækkar hins vegar um 4% eða langt undir meðaltali. Þannig er, herra forseti, augljóst hverjum er hlíft í þessu fjárlagafrv., þ.e. fyrirtækjunum og eignafólkinu. Almennt launafólk er hins vegar krafið um hærri hlutdeild til ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Athygli vekur að meðal útgjalda á næsta ári er 4 milljarða kr. afskrift á sköttum. Þar væri verkefni fyrir hinn nýja fjmrh. að skoða í skúffur ráðuneytisins og skýra þau mál betur.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar kemur fram að áfram verði haldið á braut vaxtahækkana. Almenningur hefur greitt fyrir óhagkvæmt bankakerfi með hærri vöxtum og hærri þjónustugjöldum en í nágrannalöndunum. Engar endurbætur eru boðaðar á þessu sviði. Bent hefur verið á að fjárlagafrv. geri núna ráð fyrir 2 milljarða kr. afgangi. Síðasta fjárlagafrv. átti einnig að vera gert upp á núllinu. Reyndin varð 3 milljarða kr. halli. Þannig að enginn kemur til með að segja að hæstv. fjmrh. geti ekki staðið í sömu stöðu og sá fyrrv., að leggja fram frv. sem hann kallar hallalaust en standa síðan uppi með halla að ári.

Tekjuaukning milli frumvarpanna árin 1998 og 1999 leiðir í ljós að tekjuskattur einstaklinga mun hækka á næsta ári um 4 milljarða kr., 4 þús. millj. Tekjuskattur fyrirtækja mun hins vegar hækka um 7 millj. eða nær ekkert. Hér er greinilegt að fjárlagafrv. er fjármagnað með tekjuskattshækkun einstaklinga á sama tíma og fyrirtækin sleppa eina ferðina enn. Þetta er e.t.v. það sem einna áhugaverðast er í fjárlagafrv. og endurspeglar betur en margt annað hina raunverulegu stefnu ríkisstjórnarinnar.

Engar kerfisbreytingar eru í þessu frv. Landbúnaðarstefnan er óbreytt í því og til búvörusamninga, mjólkur- og sauðfjársamninga og til sjóða landbúnaðarins, er varið 7 milljörðum á næsta ári. Það er sama fjárhæð og ríkið ver í alla framhaldsskóla landsins.

Þjóðhagslegur sparnaður er orðinn hættulega lítill í samfélagi okkar. Fjárfestingarnar námu á þessu ári 22–23% en sparnaður er einungis 6–7%. Engar aðgerðir eru boðaðar af hálfu ríkisstjórnarinnar til að auka þjóðhagslegan sparnað þótt nefnd sé nú að störfum. Athyglisvert er að skoða í þjóðhagsáætluninni hlutdeild einstakra atvinnugreina í hagvexti vegna þess að það er nýmæli í framsetningu. Þar kemur m.a. fram að uppsprettan í hagvexti atvinnulífsins er fyrst og fremst vegna byggingarstarfsemi og verslunar. Þar verður hagvöxturinn til þetta árið. Hann myndast ekki í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði, heldur þar sem þensla myndast fyrst í hagkerfinu. Þetta segir okkur að að ýmsu leyti er byggt á veikum grunni.

Hagnaður fyrirtækja hérlendis á þessu ári er áætlaður 36 milljarðar. Hvað skyldu nú fyrirtækin greiða mikinn tekjuskatt af þessu til samfélagsins? Jú, 7 milljarða. Af 36 milljarða kr. hagnaði greiða fyrirtækin einungis 7 milljarða. Hins vegar er enn þá athyglisverðara að skoða hagnað fyrirtækja sl. þrjú ár, en hreinn hagnaður þeirra á þessum þremur árum, sem eru valdatími núv. ríkisstjórnar, er 100 milljarðar kr. Tekjuskattur fyrirtækjanna á þessu tímabili nam 16 milljörðum kr. Fyrirtækin í landinu höfðu þannig 84 milljarða eftir tekjuskattsgreiðslu og fólkinu í landinu þætti nú sjálfsagt gott að borga ekki hærra hlutfall af tekjum eða hagnaði í skatt. Á sama tíma, þ.e. á þremur síðustu árum, meðan fyrirtækin greiddu 16 milljarða í tekjuskatt þá greiddu einstaklingar þessa lands um 80 milljarða eða fimm sinnum meira. Það sést vel á þessu, herra forseti, hver raunverulega ber byrðarnar.

Vitaskuld er það gott að fyrirtæki hagnist hér á landi en þá eiga þau líka að greiða eðlilega til samfélagsins. Ef við létum fyrirtæki landsins greiða svipað og gert er í nágrannalöndunum þá gætum við leyst öll okkar vandamál í heilbrigðiskerfinu gagnvart öryrkjum og öldruðum, endurbætt allt menntakerfið og gert það eins vel úr garði og er

í nágrannalöndunum. Stefna ríkisstjórnarinnar er hins vegar að snerta ekki við hagnaði fyrirtækjanna eins og sést best á þessum tölum.

Við sjáum áframhald hins gífurlega vanda í heilbrigðismálum í þessu fjárlagafrv. Vandinn hefur einkennst af löngum biðlistum, örvæntingu og slakri stöðu öryrkja. Áfram verður stórkostleg fjárvöntun á Ríkisspítölunum og á Sjúkrahúsi Reykjavíkur því að aukin fjárframlög í frv. rétt duga til að greiða halla yfirstandandi árs. Vandi næsta árs, miðað við óbreytta starfsemi, verður óleystur. Þarna stefnir í fjárvöntun sem líklega verður meira en hálfur milljarður á næsta ári.

Það er enginn metnaður, herra forseti, í menntamálakafla frv. Hækkanir eru að langmestu leyti vegna verðlags- og launabreytinga en raunhækkanir sáralitlar. Við í stjórnarandstöðunni höfum þarna allt aðra áherslu og viljum auka framlög til þessa málaflokks um 2 milljarða á næsta ári. Það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar.

Rannsóknir og þróunarstarfsemi hér á landi er mjög bágborin í samanburði við útlönd og það kemur skýrt fram í fjárlagafrv. hve langt við erum á eftir. Þó fjárframlögin hafi eitthvað aukist upp á síðkastið er langt frá því að við höfum sambærilega stöðu og aðrar þjóðir. Þetta er alvarlegt vegna þess að rannsóknir og þróun eru undirstaða fyrir lífskjarabata í framtíðinni.

Metnaðarleysi í menntamálum kemur glöggt fram í því að tölvukennslan í Háskóla Íslands er í molum vegna tækjaskorts. Háskólasamfélagið ætlar því að fara með betlistafinn um þjóðfélagið til að ná sér í tölvur. Þetta er menntastefna Björns Bjarnasonar í hnotskurn, niðurlæging á niðurlægingu ofan. Framlagið til Þjóðarbókhlöðunnar er og nær óbreytt þrátt fyrir ófremdarástand.

Kvikmyndasjóður fær vesæla 10 millj. kr. aukningu þrátt fyrir að kvikmyndir skili yfir hálfum milljarði í ríkissjóð umfram framlög ríkisins, samanber nýja skýrslu Aflvaka um kvikmyndaiðnað.

Fjárfestingar eru í eðlilegum farvegi á þessu ári miðað við útlönd en einkenni þeirra er fyrst og fremst stóriðjufjárfestingarnar. Við ættum miklu frekar að leggja áherslu á möguleika innan þekkingar- og upplýsingasamfélagsins og ferðaþjónustu. Við í stjórnarandstöðunni höfum bent á þetta, en sama skoðun kom fram í viðtali við æðsta embættismann Bandaríkjanna á sviði alþjóðlegra umhverfismála í Morgunblaðinu fyrir skömmu. Þar bendir hann á að með breyttum áherslum gætum við vel uppfyllt skilyrði Kyotobókunarinnar en það er einmitt málaflokkur sem við höfum lagt áherslu á og reyndar fylgt eftir með sérstöku þingmáli. Áherslur ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum eru einfaldlega rangar. Þær eru gamaldags og hafa ekki sýn til framtíðar.

Í fjárlagafrv. er ríkisstjórninni heimilt með samþykki fjárln. að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana. Þetta er ótrúlega víð heimild og virðist engu skipta hvort lög gildi um viðkomandi stofnun. Þetta er ekki skýrt í grg. með frv. nema sagt er að þetta skýri sig sjálft. Það er ekkert sagt um hvernig ætlunin er að nota þessar heimildir á næsta ári. Jafnframt er í fjárlagafrv. lögð til mjög rúm heimild til að stofna ný félög á sviði iðnrn. Með þeirri heimild virðist vera að hægt sé að endurskipuleggja allan orkugeirann án þess að um það sé fjallað á Alþingi.

Einnig kemur fram í fjárlagafrv. að framkvæmdir á Bessastöðum kostuðu yfir einn milljarð kr. Það er sama upphæð og nýi barnaspítalinn á að kosta. Þetta er óstjórnleg upphæð sem þessar endurbætur hafa kostað. Þetta þarf sérstakrar skoðunar við og ég vona að það verði gert. Það er grátlegt að horfa upp á að þrátt fyrir smávægilega aukningu á framlagi til þróunarmála erum við enn langt á eftir nágrannalöndunum á þessu sviði. Það er skammarlegt að í miðju góðærinu sjáum við einungis á eftir einum tíunda hluta þess sem aðrar þjóðir veita til þessa hluta.

Sólskinsfjárlög þessarar ríkisstjórnar einkennast af misskiptingu og lausatökum. Öryrkjar og aldraðir bera skarðan hlut frá borði og tekjuaukningin hefur dreifst mjög misjafnlega. Það er ekki, herra forseti, brugðist við þenslueinkennum og hvorki er sókn né kerfisbreytingar að finna í þessu fjárlagafrv.

[15:03]

Útbýting þingskjals:

Gæludýrahald, 13. mál, frv. HG, þskj. 13.

[15:03]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns óska hæstv. fjmrh. til hamingju með fyrstu fjárlög hans. Sólskinsfjárlög hafa þau verið kölluð og ég held að óhætt sé að segja að yfir fáum ef nokkrum fjárlögum, sem lögð hafa verið fram á hv. Alþingi, er eins bjart og þessum. Það er ljóst að hagur ríkissjóðs hefur batnað verulega á undanförnum árum og ég held það sé við hæfi að þakka fráfarandi fjmrh. vel unnin störf á þessu sviði því staðreyndin er sú að verið er að leggja fram fjárlög á rekstrargrunni með afgangi og á tveimur árum verða greiddar niður skuldir upp á 30 milljarða. Ég held að óhætt sé að segja að aldrei hafi verið betri tök á ríkisfjármálunum en einmitt nú.

Hins vegar verður að hafa í huga að samanburðarfræðin svokallaða er ekkert sérstaklega hagstæð í þessu tilliti. Það er vegna þess að gerðar hafa verið breytingar á uppgjöri ríkisfjármálanna, fjárlögin eru ekki lengur gerð upp á greiðslugrunni heldur á rekstrargrunni sem að sönnu gefur betri mynd af stöðu ríkissjóðs en greiðslugrunnurinn gerði áður. En það er rétt að geta þess að seinasta fjárlagaárið sem gert var upp á greiðslugrunni hefði komið miklu betur út í samanburðarfræðinni hefði það verið gert upp á rekstrargrunni vegna þess að á því ári voru greiddar upp miklar, óhagstæðar skuldir ríkissjóðs og hefði verið betra fyrir samanburðarfræðina ef það ár hefði verið gert upp á rekstrargrunni.

Hið gagnstæða er hins vegar uppi á teningnum varðandi árið 1998 og hugsanlega árið 1999. Í samanburðarfræðinni hefði árið 1998 og hugsanlega 1999 komið betur út hefðu þau verið gerð upp á greiðslugrunni vegna þess sem komið hefur í ljós að er að gerast með lífeyrisskuldbindingar ríkisins vegna hinna svokölluðu aðlögunarsamninga sem gerðir hafa verið við ríkisstarfsmenn. Það er ljóst af þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að við höfum gert miklar breytingar á lífeyriskerfi landsmanna, bæði almenna kerfinu og kerfinu hjá opinberum starfsmönnum, þá höfum við ekki náð nægjanlega góðum árangri. Það er enn um það að ræða að skuldbindingar verði til og byggist upp langt fram í tímann og að ekki sé tekið nægjanlega mikið tillit til þeirra í því uppgjöri sem lagt er til grundvallar í uppgjöri ríkissjóða, bæði hér á landi og erlendis. Með öðrum orðum, grundvallaratriðin í gamla kerfinu koma fram í því hvernig lífeyrisskuldbindingarnar verða til varðandi aðlögunarsamningana og því segi ég að við höfum ekki náð nægjanlega góðum árangri. Við höfum heldur ekki náð nægjanlega góðum árangri í almenna kerfinu. Þar er enn ekki um nægjanlegt frjálsræði að ræða þótt það hafi

svo sannarlega batnað og vonandi að lífeyrissjóðirnir nýti þá möguleika sem í þeim lögum eru til að veita aðilum lífeyrissjóðanna meira frelsi en verið hefur fram til þessa.

Ég held að grundvöllurinn fyrir því að okkur takist að breyta hinu opinbera lífeyriskerfi sé sá að okkur takist að gera almenna kerfið betra og meira aðlaðandi fyrir opinbera starfsmenn en það virðist vera í dag. Þegar ég tala um lífeyriskerfin og lífeyrismálin þá er ég ekki að tala um að taka neitt af neinum, ég er að tala um að gera breytingar sem munu hjálpa okkur að ávaxta fjármuni okkar betur í framtíðinni. Þetta verður auðvitað ekki gert nema í góðri sátt við þá sem hagsmuni eiga en það er okkar sem sitjum á hinu háa Alþingi að hafa frumkvæði í þessum málum, hefja umræðuna, halda umræðunni vakandi, minna á þau vandamál sem við eigum við að glíma og hafa forustu um að lausn náist í góðri sátt við þá sem hagsmuna eiga að gæta. Í þessari umræðu hefur ekki borið mikið á því að stjórnarandstaðan hafi gagnrýnt grundvöll fjárlagafrv.

Það er ekki mikið gagnrýnt að hér er góðæri í landinu. Menn deila um hverjum góðærið sé að þakka. Eðlilega vill stjórnarandstaðan ekki þakka ríkisstjórninni það og telur að það komi allt að utan. Það er eins og svo oft áður að enginn er spámaður í sínu föðurlandi. Auðvitað eru ytri aðstæður góðar, en menn verða líka að viðurkenna að þær aðgerðir sem gerðar hafa verið hér á landi á undanförnum árum, bæði í tíð núverandi ríkisstjórnar og í tíð síðustu ríkisstjórnar, eru grundvöllurinn fyrir því góða fjárlagafrv. sem við nú horfum upp á. Það sem helst hefur verið gagnrýnt eru einstaka útgjaldaþættir og auðvitað eru þeir alltaf umdeilanlegir.

Sérstaklega hefur verið gagnrýnt að öryrkjar fái ekki nægjanlega mikið í sinn hlut en það er hins vegar staðreynd að hækkun til þeirra er meiri en almenna verðlagshækkunin til launþega og er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því 1997. Það er auðvitað alltaf hægt að skoða hlutina betur og sjá hvort ekki megi bæta og eins og fram hefur komið í umræðunni oftar en einu sinni er hér um að ræða frv. sem verður til úrvinnslu í þinginu. Þar verða hlutirnir skoðaðir og gaumgæfðir.

Það hefur líka verið gagnrýnt að ekki séu nægjanlega miklir fjármunir til heilbrigðiskerfisins og vissulega má segja að heilbrigðiskerfið gæti notað alla þá peninga sem til þess væru veittir en það er samt sem áður staðreynd að um 4% aukningu er að ræða til heilbrigðiskerfisins umfram verðlagsbreytingar og í fjáraukalögum sem dreift hefur verið á Alþingi er um 700 millj. kr. viðbótarframlag að ræða til heilbrigðiskerfisins. Það eru því stórar fjárhæðir sem þar er bætt í og vonandi að þær nýtist vel. Það sama er uppi á teningnum í menntmrn. Þar er um að ræða 2% aukningu umfram verðlagsbreytingar og í fjáraukalagafrv. er gert ráð fyrir rúmlega 800 millj. kr. aukaframlagi. Það eru peningar sem munar um.

Málefni fatlaðra hafa einnig verið til umræðu og er það ekkert skrýtið þar sem hugmyndir um yfirfærslu á þeim málaflokki til sveitarfélaga hafa verið ræddar að undanförnu og komið hvað eftir annað upp í viðtölum fjárln. við sveitarstjórnir í september. Það verður því miður að segjast eins og er að þar er verulegur munur á því sem ætti að vera samkvæmt lögunum og því sem er raunverulega gert í dag. Hér er ekki um neinn nýjan vanda að ræða, þannig hefur þetta verið til margra ára og ef eitthvert raunhæft tal á að vera um að færa málaflokkinn yfir til sveitarfélaganna þarf að ganga í þetta mál og gera þar breytingu á.

Ég hef setið í nefnd á vegum félmrh. sem hefur skoðað þessi mál og það er alveg ljóst af störfum þeirrar nefndar að háum upphæðum þarf að bæta í þennan málaflokk. Nefndin hefur ekki enn þá komist að niðurstöðu þannig að ég tel ekki rétt að fara með neinar tölur. Það er hins vegar ljóst að í þessu frv. eru stigin skref í þessa átt en þau skref þurfa að vera fleiri, a.m.k. þarf að liggja fyrir hvenær á að stíga þau og hversu stór þau eigi að vera til að eitthvert vit sé í því fyrir sveitarfélögin að ræða um að taka yfir þennan málaflokk.

Herra forseti. Hv. fjárln. barst á dögunum bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík og lítillega hefur verið minnst á þetta bréf hér í umræðunni. Á sjö ára tímabili í fjárln. hef ég aldrei séð svona bréf áður. Ég vona að þau verði ekki fleiri bréfin sem við fáum sem eru á þennan veg. Mig langar til að lesa nokkra kafla úr bréfinu en það hefst á því að borgarstjórinn í Reykjavík þakkar fjárln. fyrir boð til fundar á tímabilinu 21. til 24. september, en á því tímabili komu sveitarstjórnir víða að af landinu til fundar við nefndina.

Borgarstjórinn heldur síðan áfram og segir örlítið síðar í bréfinu, þar sem hann fjallar um fundi sem borgarstjórinn og embættismenn hans hafa átt við fjárln. og áður fjárveitinganefnd, með leyfi forseta:

„Það er skemmst frá því að segja að þar hafa sjónarmið forustumanna borgarinnar mætt takmörkuðum skilningi og viðræðurnar lítinn árangur borið."

Síðar í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Með vísan til fyrri reynslu þykir rétt að láta fjárln. það eftir að ákveða hvort forsvarsmenn Reykjavíkur skuli koma á fund nefndarinnar til þess að gera frekari grein fyrir málefnum borgarinnar."

Í lok bréfsins, eftir að hafa farið lauslega yfir þá málaflokka sem borgarstjórinn hefur áhuga á, segir, með leyfi forseta:

„Umfjöllunin er af augljósum ástæðum takmörkuð en ég tel reynsluna hafa leitt í ljós að eigi hugur að fylgja máli þurfi viðræður forsvarsmanna borgar og fjárveitingavalds að fara fram við upphaf fjárlagagerðar en ekki í lok hennar."

Herra forseti. Ummælum borgarstjóra, þar sem hann segir að sjónarmið forustumanna borgarinnar mæti takmörkuðum skilningi og viðræður við fjárln. lítinn árangur borið, mótmæli ég sem rakalausum. Í störfum fjárln. þarf að taka tillit til fleiri sveitarfélaga en Reykjavíkur einnar. Þar reyna menn að vega og meta eins og best er hægt þær óskir um fjárveitingar sem farið er fram á og leggja síðan tillögur fyrir Alþingi um hvernig beri að afgreiða.

Það að forsvarsmenn Reykjavíkur láti í hendur nefndarinnar að ákveða hvort þeir komi til fundar við hana um málefni borgarinnar tel ég vera dónaskap. Þetta er svar við boði nefndarinnar og svona svar er reyndar ekki bara dónaskapur heldur er þetta barnalegt og minnir á lítil börn sem láta ganga á eftir sér.

Um ummæli borgarstjórans þar sem hann segir, með leyfi forseta: „... en reynsluna tel ég hafa leitt í ljós að eigi hugur að fylgja máli þurfi viðræður forsvarsmanna borgar og fjárveitingavalds að fara fram við upphaf fjárlagagerðar en ekki í lok hennar," kalla ég yfirgang og hroka. Brigður eru bornar á að nefndarmenn í hv. fjárln. séu heilir í starfi sínu. Það er verið að gera þeim það upp að þeir séu með sýndarmennsku þegar borgin á í hlut og vegi ekki mál og meti af heilum hug. Bréfið er undirritað af borgarstjóra sem veit það mætavel að fjárlagavinna Alþingis hefst ekki formlega fyrr en fjárlagafrv. hefur verið lagt fram á fyrsta degi þingsins 1. okt. Ef

borgarstjórinn vill koma að gerð fjárlaganna eða fjárlagafrv. fyrr, þá þarf að leita annað en til Alþingis.

Ég ætla að vona, herra forseti, að fjárln. berist ekki fleiri svona bréf. Ég er sannfærður um að fjárln. mun ekki láta þetta bréf hafa áhrif á sig á neinn hátt og mun meta óskir Reykjavíkurborgar eins og annarra, efnislegan og af sanngirni og leggja til sanngjarna niðurstöðu við Alþingi.

Ég vil að lokum, herra forseti, óska þess að gott samstarf náist um vinnu í fjárln. um þetta fjárlagafrv. og að fjárln. takist að skila farsælli niðurstöðu til þingsins sem leiði til fjárlaga sem verði landi og þjóð til heilla.

[15:20]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Fjárlög á hverjum tíma sýna stefnu ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra og hvaða forgang ríkisstjórnin og einstakir fagráðherrar vilja hafa í sínum málaflokkum. Þess vegna verður að segja, herra forseti, að það er mjög slæmt að við séum að ræða hér fjárlagafrv. við 1. umr. og ráðherrabekkirnir tómir. Það er ekki einn einasti ráðherra hér í salnum. Ég skil fjarveru hæstv. fjmrh. en það er mjög nauðsynlegt að hafa fagráðherrana hér til staðar, vegna þess að fjárlögin í ýmsum málaflokkum, ekki síst að því er varðar heilbrrn., eru mjög óljós. Ýmislegt sem þar er sett fram hefði þurft að fá skýringu á núna við 1. umr. fjárlaga.

Hæstv. fjmrh. hrósar sér einkum af því sem fram kemur í þessu frv. og snýr að tekjuafgangi, að skuldir ríkissjóðs séu greiddar niður. Því ber vissulega að fagna og við hljótum að reyna að styðja fjmrh. í því verki. En sporin hræða, herra forseti, vegna þess að við síðustu fjárlagagerð var einnig boðað að ríkissjóður mundi skila tekjuafgangi. Mig minnir að það hafi verið upp á tæpa 2 milljarða. Nú er aftur rætt um tekjuafgang, en við stöndum frammi fyrir því að það stefnir í 3 milljarða halla á þessu ári. Hann er því alls ekki í hendi, sá tekjuafgangur sem hér er boðaður í fjárlagafrv. Síðan hefur verið sýnt fram á það, sem hlýtur að vera nokkurt umhugsunarefni, að fjárlögin hafa ekki staðist að því er varðar tekjurnar. Tekjur umfram fjárlög þessa árs eru um 9 milljarðar kr. Það er umhugsunarefni, herra forseti, að svo mikil skekkja skuli vera í tekjuáætlun sem kemur hingað til þingsins. Þegar upp er staðið þá stefnir í 9 milljarða meira í tekjur. Á næsta ári er tekjuuaukinn 15 milljarðar kr.

Nú getur maður spurt: Er það svo mikil snilld eða kraftaverk, eins og mér finnst stundum liggja í orðum forsrh. og fjmrh., að stjórna við þessar aðstæður með jafnmiklar tekjur og hér um ræðir? Ég get nefnt það, herra forseti, að ef við berum saman síðustu ríkisstjórn og þessa, þ.e. hvað þessi ríkisstjórn hefur haft miklu meiri tekjum úr að spila en síðasta ríkisstjórn, þá koma háar tölur í ljós.

Ef við tökum ríki og sveitarfélög, eða fjármál hins opinbera sem ég er hér með fyrir framan mig, þá hafa ríki og sveitarfélög á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar haft úr 130 milljörðum meira að spila á fjórum árum en síðasta ríkisstjórn. Ef við tökum það sem sveitarfélögin hafa fengið í sinn hlut, sem er sennilega um 25% af þessu, þá eru það nálægt 100 milljörðum sem þessi ríkisstjórn hefur haft meira úr að spila en síðasta ríkisstjórn. Það má gera ýmislegt fyrir 100 milljarða kr.

En það er alveg ljóst, herra forseti, eins og við vorum vitni að hér við þingsetninguna, að það eru stórir hópar í þjóðfélaginu sem ekki hafa fengið sinn skerf af þeim miklu tekjum sem ríkisstjórnin hefur haft úr að spila umfram síðustu ríkisstjórn. Það eru öryrkjar. Og það var alvarlegt en eftirminnilegt að sjá hvernig þeir töldu sig knúna til að vekja athygli á stöðu sinni í þjóðfélaginu hér við þingsetningu og hvernig þessi ríkisstjórn gleymir því aftur og aftur að til séu öryrkjar í landinu. Mig minnir að við þingsetninguna fyrir rúmu ári síðan hafi aldraðir staðið hér fyrir framan þinghúsið og mótmælt sínum kjörum. Það hefur auðvitað oft verið bent á það í þessum ræðustól að ríkisstjórnin hugsar fyrst og fremst um hagsmuni þeirra betur settu og hagsmuni fjármagnseigenda en ekki þá sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu. Einmitt þetta sjáum við í þessum fjárlögum og heyrðum af ræðum hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. við þingsetningu. Þeir muna greinilega ekki eftir því að sá stóri hópur sem öryrkjar fylla lifir við kröpp kjör að stórum hluta.

Bent hefur verið á ýmsa svarta bletti í þessum fjárlögum. Svo ég nefni þrennt, þá er það viðskiptahallinn, skuldir heimilanna og misskipting tekna, eins og ég hef hér farið inn á. Það er með ólíkindum að viðskiptahallinn á árinu 1997, 1998 og 1999 skuli vera 74 milljarðar kr. Árið 1995, þegar þessi ríkisstjórn tók við, var afgangur af viðskiptum við útlönd upp á 4 milljarða kr. en nú sjáum við hér halla upp á 74 milljarða á þremur árum. Það er auðvitað skýringin líka á þeim tekjuauka sem ríkissjóður hefur haft á þessu ári og því næsta.

Þegar rætt er um að mikil útgjaldaaukning sé nú til félags-, heilbrigðis- og menntamála þá finnst mér það mikið til vera sýndarmennska. Þetta eru mikið til launa- og verðlagsbreytingar og ætla ég að sýna fram á það hér í stuttu máli á eftir.

Ég minnist þess að í síðustu ríkisstjórn talaði Framsfl. mikið um skuldir heimilanna, bað aftur og aftur um umræður utan dagskrár um verulega skuldaaukningu heimilanna. En í þessu góðæri hafa skuldir heimilanna aukist verulega, eins og hér hefur verið sýnt fram á. Við erum að tala um að á 24 mánuðum, á tveimur árum, hafi skuldir heimilanna aukist um 73 milljarða kr. Þær hafa aldrei verið meiri en nú, um 406 milljarðar kr. Skyldi, herra forseti, ástæðan fyrir þessari skuldaaukningu að einhverju leyti líka vera lág laun hjá fjölda fólks í landinu? Getur fólkið ekki framfleytt sér af þeim tekjum sem því er boðið upp á? Þarf það kannski að taka lán fyrir framfærslunni? Þar á meðal öryrkjarnir sem stóðu hér fyrir framan þinghúsið þegar þingið var sett.

Mig langar, herra forseti, af því að tíminn er takmarkaður og af því að ég sé að hæstv. heilbrrh. er mætt hér í þingsalinn og ég vil þakka fyrir það, að leggja fyrir hana örfáar spurningar. Í fyrsta lagi hefur hæstv. heilbrrh. boðað að hún muni flytja inn í þingið frv. sem á að tryggja að dregið verði úr þeirri tekjutengingu sem öryrkjar búa við. Ég get ekki séð það í fjárlögunum að gert sé ráð fyrir fjármagni til þess að mæta afnámi tekjutengingar eða að úr henni sé dregið. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh.: Hvað er gert ráð fyrir að þetta kosti mikið og hvaða hugmyndir eru á borði ráðherrans um afnám tekjutengingarinnar, sem allir viðurkenna að er mjög óréttlát? Ráðherra hefur réttilega bent á að þetta er ekki eitthvað sem hún kom á í sinni ráðherratíð, það skal vel viðurkennt. Ráðherrann hefur nefnt að hún vilji fara í þessar breytingar. Ég fagna því en við verðum þá líka að sjá þess stað í fjárlögum að gert sé ráð fyrir þessu.

Ég vil líka spyrja ráðherrann um það sem nefnt er í fjárlögum undir kaflanum Heilbrigðismál þegar talað er um 320 millj. kr. sparnað í lyfjum, m.a. með breytingum á reglum um greiðslur almannatrygginga fyrir lyf. Er verið að hækka hlut sjúklinga í lyfjakostnaði? Eða hvað þýðir þetta? Það er

alveg óþolandi að búa við það þegar framsetning fjárlagafrv. er með þeim hætti að illmögulegt er að lesa úr því sem þar er skrifað. Það er vísvitandi verið að reyna að fela það sem þarna er á bak við. Og ég vil spyrja, því ráðherrann hlýtur að vita hvað er á bak við þessar 320 milljónir: Hverju megum við eiga von á, er verið að hækka hlut sjúklinga í lyfjakostnaði?

Ég vil einnig spyrja hæstv. heilbrrh.: Það kemur fram að samningur við sérfræðilækna valdi 330 millj. kr. hækkun. Og það virðist eiga að fá með sparnaði eða a.m.k að hluta til vegna þess að fram kemur að á móti á að koma 100 millj. kr. sparnaður m.a. „með bættu eftirliti með greiðslu bóta og greiðsluþátttöku sjúkratrygginga, sem eiga að skila 60 millj. kr." Hvað er þarna á ferðinni að því er varðar sjúkratryggingar sem á að skila sér upp á 60 millj. kr.?

Ég vil aðeins víkja að þeim kafla sem snýr að félmrn. Ég hygg, herra forseti, að við höfum náð nokkru fram þegar við þurftum að ræða töluvert um húsnæðismál á síðasta þingi og bentum á að einungis væri gert ráð fyrir 50 leiguíbúðum á fjárlagaárinu 1999 og sýndum fram á það með rökstuðningi að í það stefndi að 600 fjölskyldur, sem hefðu fengið fyrirgreiðslu í félagslega íbúðakerfinu, yrðu á götunni ef leiguíbúðum yrði ekki fjölgað. Sem betur fer, og því ber að fagna, verða leiguíbúðirnar, sem voru boðaðar 50, ekki 50 heldur 120 á næsta ári. En herra forseti, þetta nægir engan veginn vegna þess að aðeins í Reykjavík er biðlistinn um 400 manns, aðallega einstæðir foreldrar sem eru að bíða eftir leiguíbúðum og síðan 200 aldraðir eða um 600 manns. Og þrjú sveitarfélög, ég nefni Reykjavík, Akureyri og Kópavog, sýndu fram á það í umsögnum sínum um frv. félmrh. á síðasta þingi að þau þyrftu á næsta ári 300 leiguíbúðir, bara þessi þrjú sveitarfélög, til að koma til móts við þá sem ekki mundu fá inni í nýju kerfi. Ef við tökum saman biðlistana og þá sem ekki fá inni í nýju kerfi gætum við verið að tala um 1.000–1.200 manns á næsta ári sem eiga að komast inn í 120 leiguíbúðir. Það er auðvitað nauðsynlegt að vekja athygli á þessu vegna þess að í óefni stefnir hvað þessi mál varðar. Ég hef heyrt, herra forseti, að strax í sumar hafi mikil vandræði sýnt sig að því er varðar leiguíbúðir og við munum örugglega sjá þau aukast eftir því sem líður á veturinn. Og þessu á einungis að mæta með 120 leiguíbúðum.

Ég vil líka nefna málefni barna. Í frv. kemur fram að þar sé hækkun upp á 24 millj. og verið er að tala um ný meðferðarúrræði út af hækkun á sjálfræðisaldrinum. Ég minnist þess að hæstv. félmrh. sagði það í útvarpi fyrir skömmu að 90 millj. þyrftu í rekstur fyrir utan stofnkostnað til að koma til móts við það að verið væri að hækka sjálfræðisaldur úr 16 í 18 ár, 90 millj. Enda er það svo að biðlistinn lengist verulega. Það voru áður sennilega 15 börn sem biðu eftir meðferðarúrræðum en fjölgar í 30 með þessum breytingum. Það eru 24 millj. í aukningu en ekki vegna þessara nýju meðferðarúrræða. 9 millj. eru bara laun og verðlagsbreytingar, 15 millj. vegna meðferðarúrræða vegna hækkunar á sjálfræðisaldrinum, en það er vegna heimilis í Borgarfirði sem tók til starfa á þessu ári og heimilis í Skagafirði sem ég hef heyrt hæstv. ráðherra nefna, en þar var bara tilflutningur úr einu heimili í annað, heimili sem var áður rekið í tíu mánuði en verður rekið í tólf mánuði. Þannig að við erum ekki að sjá nein ný úrræði á næsta ári, herra forseti.

Ég vil einnig nefna það, herra forseti, af því hæstv. félmrh. er hérna, að mikið var um það talað að Húsnæðisstofnun væri svo dýr. Þess vegna væri ástæða til þess að leggja hana niður. En hvað sjáum við á fjárlögunum? Þessi svokallaði Íbúðalánasjóður á að kosta 30 millj. kr. meira í rekstur á næsta ári heldur en Húsnæðisstofnun kostaði.

Og þegar við komum að framlögum í leiguíbúðir, þar sem talað er um 120 leiguíbúðir, þá er verið að draga úr ríkisframlögunum. Höfðu þau nú minnkað verulega áður í tíð þessa hæstv. félmrh., voru komin niður í 275 millj. á þessu ári plús 40 millj. sem var greiðsla til Tryggingasjóðs vegna byggingargalla, en nú eiga að koma um 180 millj. Það er því verið að lækka verulega ríkisframlögin. Og það er auðvitað athyglisvert að rekstrarkostnaður Íbúðalánasjóðsins er þarna töluvert hærri.

Ég vil einnig nefna Framkvæmdasjóð fatlaðra. Sjálfsagt fer hæstv. félmrh., ef hann kemur hér í stólinn, að tala um þá 200 millj. kr. hækkun sem kemur fram í fjárlagafrv. en að verulegum hluta er líka um að ræða bara launa- og verðlagsbreytingar. Og það eru ekki mörg ný úrræði sem við sjáum fyrir fatlaða á næsta ári, einfaldlega vegna þess að meira en helmingur, ég held það séu um 250 millj., er tekinn af lögbundnum tekjum erfðafjársjóðs sem eiga að fara til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, og er bara hirtur inn í ríkissjóð, sisona. Það er eftir öðru þegar þessi ríkisstjórn á í hlut og hún lítur til öryrkja. Það er skerðing og aftur skerðing, hvort sem það eru sjóðirnir sem öryrkjar treysta verulega á að því er varðar uppbyggingu þeirra eða lífeyri þeirra og framfærslu. Hæstv. ráðherra verður því að svara fyrir það hvernig þarna á að fara með og finnst mér nú satt að segja mjög rýr þessi svokallaða aukning í félagsmálum sem maður hefur heyrt í fjölmiðlum að eigi sér stað í fjárlögunum. Ekki síst þegar til þess er litið að þessi ríkisstjórn hefur haft 100 milljörðum meira úr að spila en síðasta ríkisstjórn.

Ég vil víkja að skattamálum, herra forseti. Það er auðvitað mjög athyglisvert, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson kom inn á í máli sínu, að af 36 milljarða hagnaði fyrirtækja greiða þau aðeins 7 milljarða í skatt, og af 100 milljörðum á þessu kjörtímabili greiða þau 16 milljarða, meðan launafólkið hefur mátt greiða 84 milljarða. Við sjáum í þessu fjárlagafrv. að tekjuskattur einstaklinga er áætlaður hækka um 12% en tekjuskattur fyrirtækja hækkar ekkert og fjármagnstekjuskatturinn á að skila sömu tekjum og hann gerði á þessu ári. En þegar við komum að þeim sem eiga fjármagnið þá er ekkert reynt að fá meiri tekjur þaðan en lendir á þeim sem eru hinir venjulegu launamenn að halda þessu uppi.

Það er líka athyglisvert í þessu frv. að skattrannsóknir sem hafa skilað okkur verulegum fjármunum í ríkissjóð, þar sem tekið hefur verið myndarlega á skattsvikunum, að hækkun á framlögum til skattrannsókna eru 2 millj. milli ára. Það er kannski einn starfsmaður, varla það. Og ég fullyrði það, herra forseti, að hverjar 2 millj. sem settar eru til skattrannsókna skila sér fimmfalt aftur inn í ríkissjóð. Það er þarna sem á að leggja til peninga.

Það vekur líka athygli mína að ekki er ein króna lögð í auknar aðgerðir gegn fíkniefnavandanum. Það eru sömu 55 milljónirnar á næsta ári og voru á þessu ári. Það á að leggja peninga í fíkniefnamálin og til að auka aðgerðir í skattsvikamálum. Og það er líka athyglisvert, og skulu það vera mín lokaorð, að meðan þessi hæstv. félmrh. hefur setið í stóli að þá eru framlög til starfsmennta þau sömu og voru t.d. þegar Rannveig Guðmundsdóttir var félmrh. Þetta sýnir, herra forseti, hvaða hug hæstv. ráðherra ber til ófaglærðs starfsfólks sem sérstaklega á að njóta góðs af þessum peningum.

[16:04]

Útbýting þingskjala:

Bann við kynferðislegri áreitni, 24. mál, frv. GGuðbj o.fl., þskj. 24.

Gagnkvæm menningarsamskipti Íslands og Þýskalands, 35. mál, fsp. HG, þskj. 35.

Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, 23. mál, þáltill. GGuðbj o.fl., þskj. 23.

Nýtt starfsheiti fyrir ráðherra, 22. mál, þáltill. GGuðbj o.fl., þskj. 22.

Söfnunarkassar, 33. mál, fsp. ÖJ, þskj. 33.

Útsendingarstyrkur ljósvakamiðla á Suðurnesjum, 34. mál, fsp. ÁE, þskj. 34.

[16:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið góður dagur í lífi fjmrh. Hann hefur flutt fjárlagaræðu sína, jómfrúrræðu sína í fjárlögum, og stjórnarandstaðan hefur komið til móts við ráðherra í vandasömum tímasetningum og haft skilning á því að ráðherra hefur skyldum að gegna á erlendum vettvangi. En á sama tíma og stjórnarandstaðan kom til móts við stjórnarflokkana varðandi þetta og ákvað að fallast á að vera með fjárlagaumræðuna í dag og fallast á það að ráðherra hyrfi á brott um þrjúleytið var alveg ljóst af okkar hálfu að við mundum óska eftir því að forustumenn stjórnarflokkanna og jafnframt fagráðherrar yrðu viðstaddir umræðuna þegar fjmrh. hyrfi á braut.

Herra forseti. Um leið og ég lýsi yfir fullum skilningi á stöðu fjmrh. vil ég leyfa mér að vera með ólund vegna þess að það er ekki fyrr en við erum komin til fundar í þessum sal í dag að ég fæ upplýsingar um það að utanrrh. verður ekkert hér, hann er líka farinn til útlanda. Þó að það breyti engu hvenær maður fær slíkar fréttir hefði ég talið að miðað við lipurð okkar hefði verið bragur að því að láta okkur vita að því miður væri ekki hægt að verða við þeirri ósk að forustumenn stjórnarflokkanna yrðu við umræðuna.

Ég er mjög ánægð með það að félmrh. og heilbrrh. eru mættir og ætla væntanlega að sitja þessa umræðu og hlusta á athugasemdir og ég hefði talið að það væri eðlilegasti hlutur í heimi að hér sæti jafnframt forsrh. þar sem hann er fjmrh. í dag. Þó við fáum oft að heyra að hann sé að hlýða á umræðuna í öðru herbergi þá er bragur að því að sá sem þingmenn tala til sé í salnum.

Herra forseti. Þetta var ólundin í mér í dag. Ætla ég þá að víkja að öðru leyti að fjárlagaumræðunni. Það sem ég gat um eru umbúðir umræðunnar en annað er innihaldið og það er það sem við ræðum.

Virðulegi forseti. Það er nú svo að stjórnmál eru ekki bara hagfræði þó að stundum mætti ætla það af stjórnmálaumræðu liðinna ára þar sem allt hefur snúist um efnahagsmál og aðgerðir í efnahagsmálum, ekki síst á tímum þegar samdráttur og erfiðleikar voru í atvinnulífinu. En auðvitað setur ríkisstjórn sér efnahagsleg markmið og ríkisstjórn setur sér jafnframt þjóðfélagsleg markmið. Hún ákveður hverju skuli kosta til til að ná betri afkomu ríkissjóðs, hún ákveður í hvaða vasa skuli seilst, hún ákveður hvernig nýta á árangur, hvernig skuli jafna kjör og gæta aðstöðu ólíkra hópa. Þetta eru hin eiginlegu stjórnmál. Þetta eru stjórnmál dagsins í dag. Hvernig náum við efnahagslegum markmiðum, hvernig skýrum við stöðu ríkissjóðs, hvernig deilum við góðum efnahagsbata út til allra.

Það er í því verkefni sem við í stjórnarandstöðunni gagnrýnum ríkisstjórnina harðlega. Okkur þykir hún ekki nýta efnahagsbatann til að skila honum til þeirra sem lögðu sitt af mörkum á sínum tíma. Okkur þykir hún of upptekin af hagfræði efnahagsmálanna og hún veit ekki af fólkinu sem er ekki í nánasta umgengnishópi hennar.

Ég ætla að leyfa mér að víkja aðeins út úr þessum sal og vísa til orða annarra sem eru að fjalla um þessi mál og ég er hér með, virðulegi forseti, í höndunum viðtal sem heitir Gátan um góðærið. Þar er viðtal við Helga Seljan og Sigurð B. Stefánsson. Það er athyglisvert að þessir einstaklingar, sem starfa á ólíkum vettvangi úti í þjóðfélaginu, eru nokkuð sammála um hverjar séu forsendur efnahagsbatans og góðrar stöðu ríkissjóðs um þessar mundir. Báðir nefna framleiðsluna í landinu, góð markaðsskilyrði og með afbrigðum góð aflabrögð. Sigurður B. Stefánsson nefnir til viðbótar viðskiptafrelsi sem hafi verið að aukast með ráðstöfunum á liðnum árum, og hlýt ég þá að minna á samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem samið var um aðild okkar að á síðasta kjörtímabili og sem á sinn þátt í því hversu mjög efldist hagur fyrirtækja, hvaða möguleikar urðu til með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu varðandi útflutning og alla framleiðslu hér.

Það verður að líta á málin í heild sinni og skoða hvernig við búum í haginn og hvaða umhverfi við sköpum bæði með þessu viðskiptafrelsi, aðgangi að mörkuðum og öðrum aðgerðum sem við grípum til.

Það er athyglisvert að Sigurður Stefánsson nefndi líka að þetta umhverfi hefur verið að skapast í öðrum löndum, t.d. í Bandaríkjunum, og að Bandaríkjamenn væru núna á sínu áttunda ári síðan hagvaxtarskeið þeirra hófst en verðbólga hjá þeim væri enn að lækka. Það sama ætti við í Mið-Evrópulöndunum þó skemmra væri liðið síðan uppsveifla hófst þar.

Mér finnst ástæða til þess fyrir okkur að staldra við þetta og að líta til beggja átta, til Evrópu og vestur um haf og skoða hvað hefur verið að gerast í efnahagsumhverfinu á sama tíma og ríkisstjórnin er svo gífurlega upptekin af því, eins og hér hefur komið fram, að þakka sér góðærið eins og stjórn hennar og seta á ráðherrastólum ráði öllu um hvernig til hafi tekist. Af því að ég er að nefna þá þætti sem þeir félagar voru sammála um ætla ég að bæta við einum í viðbót og ekki þeim þýðingarminnsta frá eigin brjósti, og það er þjóðarsátt um bætt kjör. Þjóðarsátt um bætt kjör.

Það hefur ekki farið mikið fyrir umræðunni um þann þátt hjá stjórnarflokkunum í umfjöllun þeirra um góðærið og tilurð þess. En hvað gerðist ekki fyrir fáum árum þegar menn sameinuðust um að frysta laun og vera á þessum lágu launum um margra ára skeið til þess að ná niður og vinna bug á verðbólgu, til þess að ná hagvexti og skapa þau skilyrði að launafólk gæti raunverulega farið að fá afrakstur vinnu sinnar metinn til fjár?

En það er þegar kemur að efnahagsbatanum, þegar kemur að góðærinu átta menn sig á því að því er afskaplega misskipt hvað skilar sér til þeirra sem sköpuðu stöðugleikann með þjóðarsátt um bætt kjör. Ágætu félagar, við skulum halda því til haga í þessari umræðu að það var þjóðarsáttin sem fyrst og fremst varð til þess að við náðum þessum árangri, algjörlega óháð því hverjir sátu eða sitja í ráðherrastólunum.

Herra forseti. Það kom fram hjá fjmrh. að það er mikil breyting á fjárlagafrv. frá því það er sett fram og þar til í desember að við afgreiðum það. Það gerir umræðuna um

fjárlögin frekar veika. Við vitum að ýmislegt hefur ekki hefur komið fram og við vitum líka að mikilvægir þættir eiga eftir að koma inn í þessi fjárlög og ég vil halda því til haga.

Sólskinsfjárlög, segir íhaldið og beinir sjónum að ríkiskassanum. En eins og á aðra sólskinsbletti falla skuggar og bent hefur verið á þá í umræðunni í dag. Það eru dimmir skuggar á sólskinsbletti ríkisstjórnarinnar. Þeim varpa hóparnir sem eiga ekki upp á pallborðið hjá ríkisstjórninni. En við skulum skoða sólskinshópana.

Það er eignafólkið í landinu, það er fólk með skuldlausar eignir og háar tekjur. Það er fólkið á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaðnum. Þetta fólk er ánægt og því líður vel, það finnur fyrir góðærinu og það veit að góðærið mun skila sér í buddu þess.

Og fyrirtækin eru líka í sólskinshópnum. Búið hefur verið í haginn fyrir þau í kreppunni, skattar lækkaðir og viðskiptaumhverfi bætt. En þegar kemur að því að þau eiga líka að skila sínu til samneyslunnar bregður öðru við. Fjárlögin sýna að tekjuskattur fyrirtækja hækkar ekki meðan tekjuskattur einstaklinga hækkar um 2 milljarða kr. Fjármagnstekjuskattur skilar engu meiri tekjum á næsta ári en á þessu ári. Í stað þess að fjármagnseigendur greiði sama skatt af fjármagnstekjum sínum og fólkið í landinu greiðir af launatekjum sínum ákváðu stjórnarflokkarnir í fyrra að lækka skatt af arði úr um 42% og niður í 10%. Þessi breyting var kærkomin fyrir sólskinshópinn sem fékk þannig umtalsverðan aukinn arð til eigin nota, til eigin ráðstöfunar, til eigin fjárfestingar. Þessi hópur sleppur við að leggja áfram á sama hátt til samneyslunnar og kemur ekki inn í samneysluna á jafnréttisgrundvelli á við launamanninn.

Síðustu þrjú ár var hagnaður fyrirtækja 100 milljarðar. Þetta hefur komið fram í dag og ástæða er til að hamra á því aftur og aftur. Hagnaður 100 milljarðar en tekjuskattur fyrirtækjanna aðeins 16 milljarðar. Þetta eru góðar tölur. Vegna hvers? Það er svo auðvelt og blasir svo skýrt við að vekja athygli á því hver er þá raunskattur fyrirtækjanna að meðaltali. Ég segi að meðaltali vegna þess að öll umræða stjórnarflokkanna um fjárlögin hefur verið meðaltalsumræða. Allir hafa það gott að meðaltali. Þangað inn er seilst líka með öryrkjana. Að meðaltali er raunskattur fyrirtækjanna því 16% ef það hafa verið greiddir 16 milljarðar af 100 milljarða hagnaði.

Á sama tíma greiddu einstaklingar 80 milljarða í tekjuskatt, fimmfalt meira en fyrirtækin í landinu. Fjölskyldurnar í landinu greiða núna 39% skatt. Ég ætla að segja, virðulegi forseti: Það er fagnaðarefni að það á að lækka um 1% og niður í 38%. Það er fagnaðarefni og við eigum auðvitað að taka undir þau fáu viðleitniskref sem eru í átt til hagsældar launafólks sem koma fram í fjárlagafrv. En það er ekki nógu gott að lækka tekjuskatt um 1% ef sú gjörð er tekin til baka með hinni hendinni eins og það sem snýr að barnafólki að á sama tíma og verið er að lækka tekjuskattana eru barnabæturnar lækkaðar á móti þannig að staða barnafólks verður engu betri.

Skuldir heimilanna eru meira en 400 milljarðar og hafa aldrei verið meiri. Ég minnist þeirra hörðu radda sem hljómuðu frá stjórnarandstöðunni á síðasta kjörtímabili við mjög erfiðar aðstæður þegar verið var að tala um auknar skuldir heimilanna og kallað var eftir því hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera varðandi auknar skuldir heimilanna. Það voru utandagskrárumræður, það voru upphlaup í þinginu: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Ég spyr á móti: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í góðærinu? Af hverju gerir ríkisstjórnin ekkert í góðærinu þegar skuldir heimilanna aukast sífellt og eru nú komnar yfir 400 milljarða? Hvar eru nú raddirnar frá síðasta kjörtímabili? Við hljótum að spyrja okkur: Hverjir skulda? Hvaða hópar skulda? Um það er ekki rætt. Það er bara talað um meðaltalið, ekki er reynt að skilgreina á nokkurn hátt hverjir það eru sem skulda og hverjir það eru sem skapa viðskiptahallann.

Talað er um það í þessari umræðu hve gífurleg neysla eigi sér stað í þjóðfélaginu og forustumenn stjórnarflokkanna tala nákvæmlega eins og allir, allir hafa þau góðu ráð að vera að kaupa og fjárfesta. Þannig er umræða stjórnarflokkanna. Nú er ekki reynt að spyrja: Hverjir eru það sem eru með 400 milljarða skuldapakka? Og hverjir eru það sem hafa til ráðstöfunar fé til þess að búa til 40 milljarða viðskiptahalla, hverjir eru það sem eru á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði?

Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að þeir sem eru á þeim markaði sé m.a. sólskinshópur stjórnarflokkanna, sólskinshópur stjórnarflokkanna sem er á hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði og er með í að búa til þensluna með 40 milljarða viðskiptahalla. Þá spyrjum við: Er ekki vitlaust skipt? Hvað er oft spurt í þessum sal: Er ekki vitlaust skipt? Fara ekki saman skyldur og ábyrgð hjá öllum? Og um það er nefnilega deilt.

Á meðan ríkisstjórnin heldur því fram að góðærið nái til allra svo að segja, a.m.k. að meðaltali, þá segjum við að ríkisstjórnin hafi brugðist skyldu sinni. Hún gætir ekki að hag allra þegnanna. Hún einblínir á þá sem velmegunin lýsir af. Í umræðunni um stefnuræðu forsrh. gagnrýndi utanrrh. stjórnarandstöðuna fyrir að vera ekki ánægð með meðaltalsgóðærið og sagði eitthvað sem svo: Auðvitað eru margir sem eiga bágt. Auðvitað eru margir sem þurfa að hafa það betra og auðvitað eru það margir sem vilja hafa það betra. Hefur það ekki alltaf verið þannig og mun það ekki alltaf verða þannig? Ég hef hugsað um þessi orð síðan: Mun það ekki alltaf verða þannig? Á eitthvað að hafa áhyggjur af því þó sumir hafi það verra?

Virðulegi forseti. Ég hef verið í stjórnmálum í 20 ár og hef litið á það sem höfuðverkefni stjórnmálamanna að jafna kjör. Að það sé ekki sjálfgefið að það eigi alltaf einhverjir að hafa það skítt. Fráleitt væri að halda því fram að ríkisstjórnin hafi ekki gert eitthvað gott, m.a. lækkað þessa skatta. En áhugasvið hennar nær ekki til fjöldans. Hún er ekki að skilgreina hópa og hún er ekki að skoða hverjir það eru sem fá ekki hlutdeild í meðaltalsgóðærinu.

Ég er búin að átta mig á því að þessir herrar skilja ekkert hvað við erum að tala um þegar við tölum um jöfnuð. Þeir skilja ekki hvað við erum að tala um þegar við tölum um jöfnuð. Þeir sem leyfa sér að orða það sem svo: Hefur það ekki alltaf verið þannig og mun það ekki alltaf verða þannig? skilja ekki hvað við erum að tala um þegar við tölum um jöfnuð og að nýta góðærið, tekjur ríkissjóðs, til að jafna kjör þegnanna.

Við fáum bréf frá öldruðum þar sem þeir lýsa afkomu sinni, skerðingu á réttindum og biðja um leiðréttingu. Þeir biðja um skrifleg svör þingmannanna til að þeir geti áttað sig á hvort við meinum eitthvað með því sem við segjum. Ég veit ekki hvort þeir skrifa ráðherrunum eða hvort þeir fá yfirleitt svör. Við komum til Alþingis til að ræða stefnuræðu forsrh. þar sem boðskapurinn er: Allt er nú harla gott í góðærinu. En fyrir utan, meðfram Kirkjustrætinu fylkir sér hljóður hópur öryrkja til að minna á sig og kjör sín. Þögull vitnisburður

um misskiptingu gæðanna, skuggahópur sólskinsfjárlaganna og sólskinssamfélagsins. Og, herra forseti, ég ætla að grípa örlítið niður í viðtalið við Helga Seljan og Sigurð B. Stefánsson einmitt í umræðunni um þetta: Af hverju hafa öryrkjar dregist aftur úr? Hvað gerðist 1995?

Þá var m.a. gerður samningur, krónutölusamningur, og menn hugðu gott til glóðarinnar að bæta kjör öryrkja. Fengu þeir krónutöluhækkunina? Nei. Þeir fengu hana ekki. Hún hefði skilað þeim yfir 7% en það sem þeir fengu voru 4,8%. Áramótin næstu á eftir var mat þeirra að það hefði átt að hækka örorkugreiðslurnar um 5% en það komu bara 3,5%. Þess vegna er það að þegar skoðaðar eru prósentuhækkanir síðan þá hefur alltaf komið örlítið minna í hlut öryrkjanna en átti að vera í raun. Það er þess vegna sem þeir dragast aftur úr.

Virðulegi forseti. Hvaða aðrir hópar eru það sem tilheyra ekki sólskinshópi ríkisstjórnarinnar? Hvar sem menn líta í kringum sig í stórfjölskyldunni er ungt fólk að basla og nær ekki utan um verkefnin sín. Líka þar hefur verið litið til hópsins, barnabætur lækka þannig eins og ég sagði áðan á sama tíma og verið er að lækka tekjuskattinn þá eru lækkaðar barnabæturnar.

Herra forseti. Ég hlýt að spyrja: Hvar eru góðu yfirlýsingarnar um það að reyna að komast hjá jaðarskattinum og rétta af þann hlut? Ég hlýt að spyrja um það.

[16:25]

Útbýting þingskjals:

Skipstjórnarnám, 40. mál, fsp. SvanJ, þskj. 40.

[16:26]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Mikið hefur verið vitnað til sólarinnar í þessari umræðu í dag. Menn vilja kannski gefa svona umræðum ýmsar einkunnir og vitna í skáldin og segja að hér sé sólskin og sunnanvindur og Sörli ríði í garð. Þá er það spurningin hvað Sörli komi með með sér og hverjir njóti gjafa hans. Það var kannski hluti af inntaki umræðunnar um stefnuræðuna hverjir fá hinar góðu gjafir og hverjir lenda þar utan við. Ég kem kannski aðeins nánar að því á eftir.

Það er mikið til í því, eins og hér hefur komið fram, að verið er að auka við fjárveitingar á ýmsum sviðum og verið er að greiða niður skuldir og í sjálfu sér allt gott um það að segja. Ég sé t.d. mér til mikillar ánægju að framlög til þróunaraðstoðar eru aukin verulega og ríkisstjórnin loksins að taka sig á í þeim málum og framlög til rannsókna og fleira slíkt eru aukin. En sú spurning sem mér finnst liggja svolítið yfir vötnunum er hversu lengi þetta ástand muni vara. Þó að menn spái góðæri áfram á næsta ári þá er því ekki að neita að það eru blikur á lofti. Meðal annars slær Þjóðhagsstofnun ákveðinn varnagla í þjóðhagsáætlun og segir á bls. 7, með leyfi forseta:

„Þá er mikilvægt að hafa í huga að það góðæri sem hér ríkir er byggt á traustum grunni og raunverulegum forsendum, ólíkt því sem stundum var áður. Þannig hafa komið til sögunnar nýjar atvinnugreinar sem hafa megnað að byggja upp öflugan útflutning, svo sem hugbúnaðargerð og ýmis hátæknifyrirtæki í framleiðslu- og þjónustugreinum."

En á öðrum stað segir, þar sem verið er að ræða um framtíðarspá, að þetta mat sé þó háð þeim forsendum að efnahagsstarfsemi á heimsvísu verði ekki fyrir miklum eða langvarandi hnekki af þeim sviptingum sem eru nú á mörkuðum víða um heim. Sem betur fer hafa nýjar atvinnugreinar verið að koma upp sem eru í miklum vexti, eins og ferðaþjónustan, hugbúnaðargerð o.fl. þannig að fleiri stoðum hefur verið skotið undir efnahagslífið en um leið eru ákveðnar blikur á lofti.

Ég vil geta þess, ég nefndi það reyndar í ræðu minni sl. fimmtudagskvöld, að í síðustu viku var hér staddur framkvæmdastjóri stuðningssamtaka við íbúana á Austur-Tímor. Hann er búsettur í Ástralíu en hafði verið í tvígang í Indónesíu í síðasta mánuði. Hann greindi frá því að þar væri nánast allt í kaldakoli. Þeir sem hafa haldið uppi verslun og viðskiptum, þ.e. Kínverjarnir, eru meira og minna flúnir úr landi og það er mikið atvinnuleysi. Indónesar hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum af völdum náttúrunnar. Þetta er 200 milljón manna samfélag sem tengist efnahagslífinu í Austur-Asíu og þar hafa verið miklar erlendar fjárfestingar.

Þetta er bara eitt dæmið um ríki í Austur-Asíu þar sem efnahagslífið hefur hrunið nánast eins og spilaborg og við hljótum að vera mjög vakandi yfir því sem þarna er að gerast. Í þeim tímaritum sem skrifa um efnahagsmál, eins og The Economist og reyndar önnur tímarit sem fylgjast með ástandi heimsmála, má sjá að menn eru uggandi yfir þessu ástandi, hversu langt það muni ganga og hvaða áhrif það muni hafa á heimsvísu. Þetta verðum við að hafa í huga þegar við horfum til framtíðar.

Alveg eins og í samdrætti vekur góðærið spurningar um forgangsröð. Hvað er það sem hefur forgang, hvar þarf að byggja upp? Ég rek augun í það þegar ég fer yfir þetta frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 að þó að menn hrósi sér fyrir aukin framlög þá gleymist að ýmsar stofnanir og ýmis svið samfélagsins hafa búið við mikið fjársvelti um árabil. Þar vil ég sérstaklega nefna tvennt. Annars vegar eru það menntamálin og þá ekki síst Háskóli Íslands sem hefur verið í miklu fjársvelti nú um árabil.

Af þessu frv. að dæma fær Háskóli Íslands 90,7 milljónir til viðbótar við framlagið. Við vitum að þetta dugir auðvitað hvergi nærri til að ná upp þeim mikla samdrætti og niðurskurði sem háskólinn hefur orðið fyrir á undanförnum árum. Þetta gerist á sama tíma og menn tala fagurlega um nauðsyn þess að bæta menntun hér á landi og eru að átta sig á því að nánast öll sóknarfæri í atvinnulífinu, svo maður noti nú þekktan frasa, byggjast á sérmenntuðu vinnuafli. Hér er mikil eftirspurn eftir sérmenntuðu vinnuafli. Gera þarf mikið átak í að mennta fólk og endurmennta og gefa ófaglærðu fólki kost á að auka og bæta menntun sína. Ég fæ ekki séð að unnið sé markvisst að þeim málum. Þar þarf að taka miklu betur á. Ég vil beina því til fjárln. að fara nú enn og aftur rækilega ofan í fjármál Háskóla Íslands. Maður sér það á línuritunum hér að ýmsir skólar á háskólastigi hafa fengið mun meiri peninga til sín. Þeir hafa margir hverjir verið í uppbyggingu og ég er ekki að lasta það en óneitanlega hefur háskólinn verið sveltur.

Annar þáttur sem vekja þarf sérstaka athygli á er á sviði heilbrigðis- og tryggingamála og þá einkum stóru sjúkrahúsin og ástandið þar. Þar er sama sagan, bæði Ríkisspítalarnir og Sjúkrahús Reykjavíkur bjuggu við mikinn niðurskurð á tímabili og söfnuðu upp verulegum halla. Sömu aðferðunum hefur verið beitt ár eftir ár, nefndir hafa verið settar á laggirnar sumar eftir sumar til þess að taka á uppsöfnuðum vanda. Sett var á laggirnar sérstök nefnd til þess að deila út peningum fyrir þetta ár en hér í frv. til fjárlaga kemur fram

að þær áætlanir sem gerðar voru, bæði á Ríkisspítölunum og á Sjúkrahúsi Reykjavíkur um sparnaðar- og niðurskurðaraðgerðir og breytingar, hafa ekki náð fram að ganga. Hér á bls. 310 segir, með leyfi forseta, um Ríkisspítalana:

„Áformuð hagræðingarverkefni samkvæmt samkomulagi heilbrigðisráðherra, fjármálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík frá sl. hausti ganga ekki öll fram á þessu ári eins og ráðgert var."

Nákvæmlega sama segir um Sjúkrahús Reykjavíkur, að aðgerðir þar hafa ekki enn náð fram að ganga nema að hluta. Nú beini ég þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh.: Hvaða áform eru það sem ekki hafa náð fram að ganga á Ríkisspítölunum og á Sjúkrahúsi Reykjavíkur? Hvað er þar um mikla fjármuni að ræða? Hversu mikið vantar upp á hjá Ríkisspítölunum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur á þessu ári og hvernig standa þessar stofnanir núna andspænis uppsöfnuðum halla?

Ég hafði samband við formann stjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur um helgina. Þar á bæ er verið að skoða fjárlögin en ekki komnar niðurstöður um hvað upp á vantar. Miðað við fyrri ár vildi ég fá það upplýst hér við þessa umræðu hvernig staðan er. Ef að líkum lætur er þarna verulegur vandi á ferðinni og enn einu sinni standa sjúkrahúsin frammi fyrir niðurskurði fái þau ekki aukið fjármagn. Þá spyr maður auðvitað: Hvar á að skera niður, hvaða þjónustu á að skerða? En þegar að því kemur að skerða þjónustu þá kemur nú heldur betur babb í bátinn sem eðlilegt er.

Ég er svo heppin að hæstv. dómsmrh. skuli sitja hér og mig langaði til þess að beina til hans spurningu. Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að ég hef ekki farið nægilega rækilega yfir fjárlögin og eflaust eru hér margir liðir sem vert væri að spyrja um og velta fyrir sér. Í kaflanum um dómsmrn. rak ég augun í, og það er skýrt á bls. 288 í frv., að það sé mjög aukinn kostnaður við gjafsóknir hjá ráðuneytinu og þar segir: „Kostnaður við gjafsóknir hefur aukist jafnt og þétt hin síðustu ár og verður framlag 31,3 millj. kr. á næsta ári samanborið við 16,7 millj. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs." Á þessum lið er næstum helmingshækkun og maður spyr sig auðvitað: Hvað býr hér að baki? Og ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh.: Hvaða skýring er á því að þarna er svo mikil aukning? Er það fyrst og fremst efnaleysi? Er dýrara að sækja mál en verið hefur eða hvað býr hér að baki?

Þá minnist ég þess að sl. vor voru lagðar fram þrjár skýrslur frá hæstv. dómsmrh. varðandi það hvernig fylgja ætti eftir tillögu sem samþykkt var á Alþingi fyrir nokkrum árum, um aðgerðir til að draga úr heimilisofbeldi. Ég fæ ekki séð að það sé neins staðar vikið að þeim málum hér, þ.e. í fjárlögum næsta árs. Því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.: Stendur ekki til að fylgja þessum skýrslum eftir með aðgerðum sem væntanlega kynnu þá að kosta peninga? Hvað líður þessum málum? Þarna er að mínum dómi um afar brýnt efni að ræða.

Í umræðunni hefur mikið verið vikið að öryrkjum og stöðu þeirra. Á aðalfundi Tryggingastofnunar fyrir rúmri viku síðan kom fram að það er verið að vinna að könnun á högum öryrkja. Ég stóð reyndar í þeirri meiningu að einn megintilgangur þessarar könnunar hefði verið að reyna að átta sig á því hvers vegna öryrkjum hefði fjölgað svo mjög hér á landi sem raun ber vitni. Hver er ástæðan fyrir því? Þessi könnun er skammt á veg komin. Hins vegar er það alveg ljóst að stór hópur öryrkja býr við afar kröpp kjör. Á þessum aðalfundi kom fram í því samhengi að það eru til öryrkjar, fólk sem býr við 100% örorku, sem hvergi á heima og er hvergi skráð. Það er afar alvarlegt mál sem þarf að fara betur ofan í.

Það sem mér leikur hugur á að vita og kann að hafa verið spurt um hér áður í dag varðar þá yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. að dregið verði úr eða jafnvel horfið frá því að tengja bætur öryrkja við tekjur maka. Flestum ber saman um að slíkt er óþolandi misrétti sem felst í því að kerfið lítur ekki á einstaklingana heldur tengir öryrkjann við makann og fólk getur orðið algjörlega bótalaust. Ég spyr: Er gert ráð fyrir þessu í fjárlögum? Ég fæ ekki séð að það sé gert. Ef svo er ekki þá er spurningin: Hvenær er meiningin að þessi tekjutenging verði afnumin? Er það sem sagt ekki á næsta ári? Verður því vísað til fjárln. að áætla þann kostnað sem þessu fylgir? Mér finnst afar brýnt að í það minnsta verði stigin skref á næsta ári hvað varðar afnám þessarar tekjutengingar.

Eins og hér hefur verið minnst á fyrr í dag er enn einu sinni tekið fé af erfðafjárskatti inn í ríkissjóð, fé sem er eyrnamerkt Framkvæmdasjóði fatlaðra. Meira en helmingur skattsins rennur í ríkissjóð í stað þess að renna til framkvæmdasjóðsins. Nú getum við auðvitað deilt um það hversu mikil þörfin er fyrir framkvæmdir á vegum sjóðsins en alla vega er ljóst að skortur er á sambýlum bæði í Reykjavík og á Reykjanesi. Þar er þörfinni fyrir framkvæmdir hvergi nærri sinnt.

Eins og ég hef áður nefnt við þessar umræður um fjárlög og þetta atriði sérstaklega finnst mér spurningin vera: Eigum við ekki að hætta að vera með svona eyrnamerkta stofna og vera alltaf að klípa af þeim? Það er aldrei neitt að marka svona eyrnamerkta tekjustofna. Er þá ekki miklu betra að ganga bara hreint til verks og ákveða upphæðina heldur en að ganga svona fram ár eftir ár? Mér finnst þetta alveg ömurleg framganga og vil ítreka það að ég held að full þörf sé fyrir alla þessa peninga í þágu framkvæmda fyrir fatlaða.

Ég vil nefna hér eitt mál til viðbótar. Ég sé hér félmrh. út undan mér. Í þessu frv. er einungis reiknað með að Jafnréttisráð fái 30 millj. kr. í sinn hlut. Við samþykktum í vor framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í jafnréttismálum þar sem gert var ráð fyrir fjölda nýrra verkefna. Mér finnst Jafnréttisráði vera skorinn hér mjög þröngt stakkurinn og spyr hvort það sé virkilega ekki vilji til að veita meira fjármagn til jafnréttismálanna, ekki síst til þess að reyna að tryggja það að áætlun ríkisstjórnarinnar verði framfylgt. Ég held að það veiti ekki af því.

Og allra síðast, hæstv. forseti, vegna þess að fyrr í dag var minnst á Þjóðminjasafnið — ég fer nú svolítið fram og aftur í þessu — og harmað að engar sýningar yrðu á þess vegum meðan viðgerðir standa yfir, þá langar mig að koma því að að það er flókið mál að koma upp sýningum á þjóðardýrgripunum. Það þarf að tryggja þeim ákveðið hitastig og rakastig og það þarf auðvitað ákveðið öryggiskerfi og slíkt húsnæði er bara hreinlega hvergi til og væri mikið mál að koma því upp. Við setjum ekki Valþjófsstaðahurðina hvar sem er eða aðra dýrgripi sem við eigum. En vonandi ganga viðgerðirnar á Þjóðminjasafninu fljótt og vel enda orðið löngu, löngu tímabært að bæta þar aðstöðu. Ég hef stundum nefnt það í þessari umræðu að Þjóðminjasafnið sjálft er nú orðið hálfgerður forngripur.

Hæstv. forseti. Það er auðvitað af mörgu að taka í þessu frv. en enn og aftur vil ég minna á að það er afar brýnt að taka á kjörum þeirra hópa sem verst standa að vígi, hópar aldraðra og öryrkja, og því ítreka ég spurningu mína til

hæstv. heilbrrh.: Hvar finnum við þess stað í þessu frv. að til standi að bæta kjör þessara hópa?

[16:47]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. innti eftir framgangi mála varðandi skýrslur um heimilisofbeldi sem lagðar voru fram á sl. vori. Það er ætlun ráðuneytisins að fylgja þeim tillögum eftir sem þar voru settar fram. Allt er nú til vinnslu í ráðuneytinu. Eitthvað kann að leiða til lagabreytinga og þá kemur það til kostnaðarmats þegar þær tillögur liggja fyrir og verður tekin afstaða til þess á þeim tímapunkti.

Hv. þm. spurði einnig um ástæðuna fyrir því að kostnaður við gjafsóknir hefur hækkað á undanförnum árum. Ég kann ekki að gefa hér svar eða skýringu á því hvað hefur leitt til þess að sá kostnaður hefur aukist en staðreynd er að svo er. Það er þannig staðið að ákvörðunum um þessi mál að samkvæmt lögum er starfandi sérstök gjafsóknarnefnd sem fjallar um umsóknir. Komist hún að neikvæðri niðurstöðu þá ganga þau mál ekki lengra og eru úr sögunni. Komist nefndin að jákvæðri niðurstöðu hefur ráðuneytið heimild til þess að samþykkja gjafsókn eða hafna. Í reynd hefur það verið þannig að ráðuneytið hefur í einu og öllu farið að tillögum gjafsóknarnefndar. En það hefur ekki verið gerð nein úttekt á því hvað veldur aukinni ásókn í stuðning af þessu tagi.

[16:48]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör. Mér fannst afar athyglisvert að sjá þessar tölur í frv. og ég hygg að þetta mál, þ.e. gjafsóknir, sé einmitt eitt af því sem endurspeglar ástandið í samfélaginu og því væri afar forvitnilegt að fá greiningu á því hvað býr þarna að baki.

En hvað varðar aðgerðir gegn heimilisofbeldi eða til að draga úr heimilisofbeldi þá skil ég hæstv. ráðherra sem svo að verið sé að vinna að málunum í ráðuneytinu og við munum þá væntanlega á næstu vikum sjá frv. til laga um nauðsynlegar ráðstafanir sem þessu fylgja og ég vona að þær komist í gegn á þessu þingi og það fylgi með það fjármagn sem til þarf því að þetta er afar brýnt málefni og reyndar á fleiri sviðum ofbeldismála, t.d. það sem snýr að börnum.

[16:49]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það má á einfaldan hátt skilgreina hvernig hús á að vera, að það eigi að vera bjart, hlýtt og rúmgott. Á sama hátt má segja um það fjárlagafrv. sem hér er til umræðu og vélað er um, að það sé skynsamlegt, traust og framsækið. Á þessu stigi málsins er kannski ekki ástæða til að hafa mörg fleiri orð um frv. í heild sinni. Það fer nú til umræðu og vinnslu, fullvinnslu í fjárln. og kemur síðan aftur til þingsins. En það er augljóst mál að mínu mati að frv. er bitastætt og stendur vel.

Það sem mig langar hins vegar að vekja aðeins máls á er atriði sem hefur komið fram í umræðunni hjá hv. þm. Gísla Einarssyni og Árna Mathiesen og er bréf borgarstjórans í Reykjavík til fjárln. fyrr á þessu hausti. Bréf sem var, vægt til orða tekið dónalegt og ósanngjarnt og ber vott um vinnubrögð sem hafa ekki verið tíðkuð við stjórn Reykjavíkurborgar um langt árabil, a.m.k. ekki áður en Reykjavíkurlistinn komst til valda. Í bréfi borgarstjórans í Reykjavík var það einfaldlega sagt að það skipti engu máli að tala við fjárln., það hefði ekkert upp á sig og skilaði engu og væri út úr kortinu.

Skoðum aðeins vettvanginn sem fjárln. þarf að fjalla um, um 4.000 mál á hverju hausti sem spanna alla þætti þjóðfélagsins, stóra og smáa, hjá litlum sveitarfélögum og stórum, stofnunum og í mörgu er varðar einstaklingana. Það er auðvitað meginreglan við afgreiðslu fjárlaga að menn sitji við sama borð. Engu að síður er löng reynsla af því að þau sveitarfélög sem betur standa fjárhagslega en önnur gera og hafa gert aðrar kröfur en þau sem frekar bjátar á hjá, og á þetta við um marga þætti fjármálasviðsins.

Þegar Reykjavíkurlistinn komst til valda í Reykjavík var breytt um stefnu gagnvart ríkisvaldinu og kom það fram í fyrsta skipti, a.m.k. um áratuga skeið, að Reykjavíkurborg vildi fara að gera út á ríkisvaldið. Það má nefna dæmi þar að lútandi sem ég ætla að koma að aðeins síðar. Styrkur Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar landsins er gífurlegur á vettvangi fjármála landsins. Reykjavíkurborg hefur auðvitað forskot umfram öll önnur byggðarlög landsins og það er eðlilegt í höfuðborg landsins eins og hún hefur vaxið og þróast með markvissri og öruggri stjórn um áratuga skeið þar sem hryggurinn skiptir miklu máli og hugsað var til framtíðar á framsækinn hátt.

Auðvitað skiptir það máli að við erum að tala um gífurlegar skatttekjur. Skatttekjur Reykjavíkurborgar eru u.þ.b. 16 milljarðar kr., aðrar tekjur liðlega 5 milljarðar. Stórar stofnanir eins og Ríkisspítalar taka til sín 8,5 milljarða af fjárlögum og veita 3.100 manns atvinnu með 2.500 stöðugildum. Sjúkrahús Reykjavíkur tekur til sín um 5 milljarða af fjárlögum og veitir um 1.800 manns atvinnu og er með 1.300–1.400 stöðugildi. Háskóli Íslands tekur til sín um 3 milljarða af fjárlögum og veitir atvinnu nær 1.000 manns. Þetta eru auðvitað stofnanir sem þjóna alhliða öllu landinu en eru engu að síður styrkur höfuðborgarinnar og gott dæmi um trausta áskrift höfuðborgarinnar að góðum skatttekjum.

Þetta er nefnt hér vegna þess að í svo mörgum tilvikum eru sveitarfélögin úti á landsbyggðinni að berjast í bökkum fyrir lífi sínu og stöðu þar sem fólk er bundið átthögum sínum með fasteignum sem eru misverðmætar og í öllum tilvikum verðminni en samsvarandi fasteignir á Reykjavíkursvæðinu þótt gæðin séu þau sömu. Það er því mikið áhyggjuefni þegar borgarstjórinn í Reykjavík sýnir slíkan yfirgang gagnvart öðrum byggðarlögum landsins að hunsa nánast fyrir fram alla vinnu fjárln., sem byggist á því að sýna svo mikla sanngirni sem frekast er kostur og jafnræði meðal þegna landsins. Auk þess er Reykjavíkurborg sjálf auðvitað stærsti atvinnurekandinn í Reykjavík með um 7.500 starfsmenn. Það er auðvelt að nefna öflug, skapandi atvinnutækifæri svo sem þau sem liggja í staðsetningu Reykjavíkurflugvallar í Reykjavík, sem er lykill landsbyggðar að höfuðborg og auðvitað um leið lykill höfuðborgar að landsbyggð þar sem um 400 þús. farþegar fara um á ári. En þó vegur miklu meira aðgengi landsbyggðarinnar að höfuðborginni en aðgengi höfuðborgarinnar að landsbyggðinni, því í svo ríkum mæli þurfa landsbyggðarmenn að sækja til höfuðborgarinnar þjónustu, til að mynda til þeirra stofnana sem ég hef nefnt hér.

Auðvitað skapar Reykjavíkurflugvöllur þúsundir starfa í Reykjavík á mörgum sviðum þjónustu, verslunar, gistingar og ótal þátta sem tengjast þessari miklu umferð sem fer um Reykjavíkurflugvöll. Samt sem áður hefur Reykjavíkurborg undir forustu Reykjavíkurlistans dregið lappirnar í að

skipuleggja og staðsetja áform um endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar.

Ef borgarstjórinn í Reykjavík hefur talið það eðlilegt að geta komið til fjárln. og merkt við fjármagn til ákveðinna þátta þá er það mikill misskilningur og í mikilli mótsögn við aðra sveitarstjórnarmenn frá tugum sveitarfélaga á landinu sem koma árlega til fjárln. til þess að bera saman bækur með væntingar, vonir og þrár, með verkefni sem eru brýn og mikilvæg, þó svo að oft taki langan tíma að koma þeim væntingum á legg. Í þau tólf ár sem ég hef setið í fjárln. hef ég aldrei lesið slíkt bréf frá sveitarstjórnarmönnum eins og hv. þm. hafa fjallað hér um frá borgarstjóranum í Reykjavík.

Í sumum tilvikum er Reykjavík utan dyra í veitingu fjármagns, til að mynda er varðar hafnir landsins. Þar fer ekki króna af hafnaáætlun til Reykjavíkurhafnar enda eru þær reglur sem farið er eftir byggðar á tekjustöðu hafna landsins og tekjur Reykjavíkurhafnar eru það miklar að menn telja ekki sanngjarnt, og það hefur ekki verið gagnrýnt af neinum, að Reykjavíkurborg fái hlut úr hafnaáætlun. Tekjur Reykjavíkurhafnar á síðasta ári hafa verið eitthvað á níunda hundrað millj. sem er talsvert hærri upphæð en fer til allra hafna landsins árlega á hafnaáætlun.

Auðvitað er mikill burður í stofnunum eins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur með á fimmta milljarð í tekjur árlega, Hitaveitu Reykjavíkur með á fjórða milljarð í tekjur árlega. Þetta undirstrikar aðeins það gífurlega forskot sem Reykjavík hefur í allri fjármálastöðu landsins.

Það vakti athygli fyrir fáum árum þegar núverandi borgarstjóri lagði fram tillögu til fjárln. að sótt var um hálft stöðugildi safnvarðar við Árbæjarsafn. Einn af þeim liðum sem fjárln. fjallar um eru söfn landsins og minjar en samkvæmt almennu reglunni áttu söfn rétt á hálfu stöðugildi. Allir sem fjölluðu um málið vissu auðvitað að þessi grein var komin inn í hinni svokölluðu landsbyggðastyrkingu til þess að hjálpa litlum byggðarlögum, litlum sveitarfélögum, til þess að sýna lit við uppbyggingu safna í viðkomandi héruðum hvort sem það er á Vestfjörðum, Austurlandi eða annars staðar en allt í einu kom stóri bróðir, höfuðborgin sjálf, og heimtaði af þeim hálft stöðugildi í Árbæjarsafn og fékk það. Satt að segja er ekki mikil reisn yfir þessum vinnubrögðum. Það er ekki mikil reisn og það er ekki mikil tillitssemi við þann vilja, að ég hygg flestra þingmanna, að hlutast til um að hjálpa hinni dreifðu byggð til þess að standa í ístaðinu þegar lýtur að uppbyggingu menningar, atvinnu og annarra þátta sem þykja sjálfsagðir í nútímasamfélagi. Þetta ber að hafa í huga þegar fjallað er um hið furðulega bréf borgarstjóra til fjárln. og hv. þm. Gísli S. Einarsson vakti máls á fyrst í dag.

Heimsóknir sveitarstjórnarmanna þar sem fjöldi einstaklinga getur numið hundruðum á hverju ári sem heimsækja fjárln., leggja fyrir mál, kynna og skiptast á skoðunum, eru mjög af hinu góða. Þær kynna oft báðar hliðar málsins. Þær kynna þær óskir, þann vilja og þá stefnu sem sveitarstjórnarmenn landsins og aðrir forustumenn hafa á borði sínu og það skiptir miklu máli. Enda þótt það skili ekki alltaf árangri um leið og stundum ekki, skiptir miklu máli að tala saman og að Alþingi sýni þessum þætti í starfi þingsins virðingu og ræktarsemi. Þess vegna er það miður þegar til fjárln. kemur það bréf sem hér hefur verið rætt um og er í rauninni lítilsvirðing við þessa starfsemi Alþingis.

[17:05]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var býsna merkileg ræða hjá sérfræðingi Sjálfstfl. í fjárln. Hann varði ræðutíma sínum til þess að ráðast að borgarstjóranum í Reykjavík með allsérstökum hætti svo ekki sé fastar að orði kveðið. Allt byggir hann það á bréfi sem borgarstjóri leyfði sér að senda fjárln. Alþingis þar sem hún með vísan til reynslunnar taldi skynsamlegra að senda greinargerð í stað þess að hitta hv. nefnd að máli augliti til auglitis. Ég held að kannski væri ástæða til þess að ræða frekar hvort það væri eitthvað í verklagi og vinnubrögðum nefndarinnar sem við þyrftum að hugsa um.

Ég rifja það upp sem bæjarstjóri í allstóru sveitarfélagi í nágrenninu um nokkurra ára skeið að mér og kollegum mínum þótti það stundum hafa afskaplega lítið upp á sig að eiga að öðru leyti ágætt spjall og tal við fjárln. á hverjum tíma. Ég held að það sé ekkert þeim einstaklingum um að kenna sem þar sitja en vissulega svaraði hv. þm. Árni Johnsen sér sjálfur þegar hann benti á það að hundruðum saman kæmu einstaklingar á fund nefndarinnar með stór og lítil erindi og allt þar á milli og eðli máls samkvæmt ættu þeir lítinn kost á að sinna þeim öllum og hafa heildaryfirsýn yfir þau öll. Víst er það líka rétt að komið hefur til álita oftar en einu sinni hvort það sé hægt og gerlegt í þessu margbreytilega þjóðfélagi sem við lifum að fjárln. komi og vinni þannig að verkum.

Allt þetta tal hv. þm. og þessar ósmekklegu árásir á borgarstjóra sem leyfir sér að senda bréf og lýsa viðhorfum sínum til þessa samskiptaforms er með slíkum eindæmum að engu tali tekur og ég undrast það að þetta skuli standa efst í huga hv. þm. þegar menn ræða fjárlög íslenska ríkisins.

[17:07]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar forustumaður stærsta sveitarfélags landsins sendir bréf til fjárln. sem er að bera saman bækur um alla þætti þjóðfélagsins á sviði fjármála og segir: Ég hef ekkert við ykkur að tala. Þið ráðið hvort þið talið við mig, hinn stóra og háa, þá er það óeðlilegt og ástæða til að hafa áhyggjur af því.

Margt gott hefur komið út úr þessum samskiptum sveitarfélaganna við fjárln. og það hefur margsannast að á mikinn rétt á sér og er kannski eina beina tenging þingsins við þorra talsmanna og forustumenn talsmanna sveitarfélaganna í landinu og forustumenn á ýmsum sviðum. Ég held að það sé a.m.k. alveg ljóst að út úr þeim samtölum hefur komið markvissari niðurstaða og meiri árangur en í 70 ára spjalli svokallaðra vinstri manna um sameiningu.

[17:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því var kastað fram af einum hv. þm. að þetta væri sennilega ekki í fyrsta skiptið sem borgarstjórinn í Reykjavík hefði sýnt því takmarkaðan áhuga að eiga orðastað við fjárln. Nú þekki ég það ekki vel en það er eins og mig reki minni til þess að einhvern tíma hafi það gerst áður og sá borgarstjóri hafi ekki verið í R-listanum heldur hafi hann verið í flokki hv. þm. Árna Johnsens. Ef ég man rétt stýrir hann þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. styður nú heils hugar. Allt um það.

Mér finnst satt að segja engu að síður ákaflega undarlegt að hv. þm. gerir þetta að aðalatriði málsins og ég endurtek það að auðvitað er borgarstjóranum í Reykjavík eins og

hverjum öðrum sveitarstjórnarmanni það frjálst að hafa þann hátt á í samskiptum við þingið sem hann kýs og hann kýs það í þessu bréfi sínu að senda ítarlega greinargerð. Ég vænti þess að hv. fjárlaganefndarmaður Árni Johnsen eins og aðrir séu læsir og fái þar með milliliðalítið þessa greinargerð til aflestrar og geti þá áttað sig á því hvar hagsmunir borgarinnar liggja.

Ég get hins vegar ekki látið hjá líða, virðulegi forseti, af því eitthvað meira hefur farið á milli mála í þessum samskiptum fjárln., a.m.k. meiri hluta hennar, og borgaryfirvalda því að hv. þm. gerði að umtalsefni Reykjavíkurflugvöll og fór þar einfaldlega með rangt mál. Ég vakti athygli á því við gerð vegáætlunar til skemmri og lengri tíma að vandinn við Reykjavíkurflugvöll er einfaldlega sá að það vantar fjármuni og þeir fjármunir liggja í vösum stjórnarmeirihlutans í þinginu og sá stjórnarmeirihluti hefur ekki sýnt því nokkurn vilja að leggja þar nauðsynlega fjármuni til. Það var auðvitað svo áberandi sem raun bar vitni við afgreiðslu þessarar vegáætlunar og að snúa þar hlutum á hvolf og ráðast á borgaryfirvöld fyrir seinagang í þeim efnum er eins og hvert annað búmerang og hittir auðvitað þann fyrir sem því kastar.

En allur þessi málatilbúnaður, virðulegur forseti, er auðvitað með eindæmum. Ég hélt að virðulegur þingmaður og aðrir stjórnarliðar færu himnum ofar með þessum glæsilega árangri sem þeir þykjast guma af við þessa fjárlagagerð en það ber ekkert á því, það er bara pirringur og geðvonska.

[17:11]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig tekur sárt að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, vinur minn, skuli vera að fara á taugum út af borgarstjóranum í Reykjavík og ætti kannski hv. þm. að líta sér nær. En hv. þm. þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því að ég kunni ekki að lesa úr bréfum og það er ekki til neitt sambærilegt bréf í bréfasafni fjárln. í líkingu við það sem hér hefur verið rætt um og hv. samflokksþingmaður Guðmundar Árna Stefánssonar vakti máls á í ræðu fyrr í dag. Það þýðir ekkert að vera að koma upp í ræðustól og segja: Ég hugsa að ég muni rétt, það kunni að vera, uss og pú og kannski og sei, sei. Staðreyndir málsins eru aðrar.

Varðandi málflutning minn tengdan Reykjavíkurflugvelli þá fór ég með rétt mál vegna þess að borgarskipulagið sem er auðvitað undir stjórn Reykjavíkurborgar hefur ekki haft vilja í sér til þess að ljúka þeirri vinnu sem þarf að gera til þess að uppbygging Reykjavíkurflugvallar geti hafist. Meðan borgaryfirvöld sjálf draga lappirnar, að vísu á mismunandi forsendum, m.a. vegna þess að ákveðnir borgarfulltrúar eru andsnúnir Reykjavíkurflugvelli í Reykjavík, tefur það framgang málsins. Reykjavíkurflugvöllur er kominn inn á flugmálaáætlun. (**GÁS:** Hvar eru tekjurnar?) Það er reiknað með ákveðnum hlut í þeim efnum sem munu ganga hratt fyrir sig þegar Reykjavíkurborg hefur lokið heimavinnu sinni. Hv. þm. getur augljóslega óskað eftir því að fá réttar upplýsingar. Þær upplýsingar sem ég hef sagt eru staðfestar í flugráði og Flugmálastjórn.

[17:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er með ólíkindum að hlusta á fjárlaganefndarmenn Sjálfstfl. koma hver af öðrum og kveinka sér undan bréfi frá borgarstjóranum í Reykjavík. Mér finnst þetta ótrúleg viðkvæmni. Borgarstjórinn í Reykjavík sendir langt og mikið plagg til fjárln. þar sem er greinargerð um það hver erindi hann á við fjárln. og segir síðan í bréfinu:

„Með vísan til fyrri reynslu þykir rétt að láta fjárlaganefnd það eftir að ákveða hvort forsvarsmenn Reykjavíkur skuli koma á fund nefndarinnar til þess að gera frekari grein fyrir málefnum borgarinnar."

Það er búið að gera grein fyrir málefninu í ítarlegri greinargerð. Síðan koma þeir hver af öðrum og veitast að borgarstjóranum í Reykjavík sem á ekki sæti á Alþingi til þess einu sinni að skýra mál sitt. Hefði ekki, herra forseti, verið eðlilegra, ef bréfið frá borgarstjóranum fór svona fyrir brjóstið á fjárlaganefndarmönnum, að þeir hefðu þá kallað borgarstjórann í Reykjavík á fund sinn eins og hann býður í bréfinu og fengið skýringar á þessu öllu saman en vera að koma í ræðustól Alþingis þar sem borgarstjórinn er ekki til þess að svara fullyrðingum og ávirðingum nefndarmanna, að leyfa sér að vera með slík vinnubrögð og hafa það sem aðalmálflutning í umræðu um fjárlög ríkisins fyrir næsta ár. Ég get ekki annað en tekið undir það sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi áðan. Það er náttúrlega fyrir neðan allar hellur að koma dugleysi samgrh. í því að koma á framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll yfir á Reykjavíkurlistann. Það er síðasta sort, herra forseti.

[17:15]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla hvorki að fjalla um síðustu sort né síðasta ræðumann en bendi aðeins á að fjárln. hefur aldrei haft það til siðs að velja sér viðmælendur úr hópi sveitarstjórnarmanna. Fjárln. býður þeim sveitarstjórnum sem vilja, telja ástæðu til og hafa mál fram að færa að koma á fund fjárln. Þess vegna er það óvenjulegt að fá skætingsbréf frá stóra bróður í samfélagi sveitarfélaganna á Íslandi. Í því skætingsbréfi er Alþingi Íslendinga og öðrum sveitarfélögum sýndur dónaskapur.

[17:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að fjárln. velji sér ekki sveitarstjórnarmenn til viðræðna. Hv. fjárln. sendir sveitarstjórnarmönnum bréf þar sem hún býður þeim á fund sinn. Það gerðu þeir þegar þeir skrifuðu borgarstjóranum og borgarfulltrúum hér í Reykjavík, bréf þann 8. september sl. Þeir buðu þeim að koma á fund sinn 21.–24. september. Þeir hjá Reykjavíkurborg hafa hins vegar ákveðið síðan að skila inn greinargerð og segja umbúðalaust hvað þeim finnst um þau vinnubrögð sem þar eru viðhöfð. Ef menn eru ekki sáttir við það þá verða þeir auðvitað að ræða það við viðkomandi borgarfulltrúa eða sveitarstjórnarmenn.

Eins og ég sagði í andsvari mínu er vísað til þess í bréfinu að ef greinargerðin sem send er frá borgarstjórn í Reykjavík nægji ekki þá séu þeir tilbúnir að koma á fund nefndarinnar til að gera frekari grein fyrir málefnum borgarinnar. Svo einfalt er þetta mál og það að láta þetta fara fyrir brjóstið á sér er bara með ólíkindum.

[17:18]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað verður að reikna með misjöfnu siðferði á vorri jörð. Það verður líka að taka tillit til þess að þeir sem hafa reynslu af því að flakka á milli flokka hafa svolítið svigrúm í vinnureglum. (**RG:** Viðkomandi á ekki kost á að svara ræðumanninum.) Viðkomandi á kost á því að fara í nýjan flokk og ekki er nú öll nótt úti enn.

Ætli það þætti ekki svolítið kynlegt í sambandi við eðlilegt boð fjárln. til sveitarstjórna ef t.d. sveitarstjórnin í Þórshöfn á Langanesi mundi svara þessu hefðbundna boði og segja: „Ef þið viljið tala við mig, þá kem ég.“ Það eru bara ekki vinnureglurnar og það er óeðlilegt. Það er tímasóun að vinna á þeim nótum. Það þýðir ekkert fyrir hv. þingmenn sem hafa fjallað um þetta að reyna að réttlæta þetta bréf borgarstjórans í Reykjavík. Það eru leið mistök og ber að harma.

[17:19]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 19. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 19.

Framkvæmd fjármagnstekjuskatts, 36. mál, fsp. JóhS, þskj. 36.

Greiðslukortastarfsemi, 37. mál, fsp. JóhS, þskj. 37.

Rekstrarkostnaður Rafmagnsveitna ríkisins, 38. mál, fsp. JóhS, þskj. 38.

Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, 21. mál, frv. EOK o.fl., þskj. 21.

[17:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Af því að ég átti ekki kost á því í andsvörum áðan að svara síðasta andsvari síðasta ræðumanns þá vil ég geta þess, talandi um flokka, að ég vona að við munum eygja nýjan flokk fyrir aldamót, stóran jafnaðarmannaflokk. Ég ætla mér að vera hluti af þeim flokki og það get ég fullvissað hv. þm. um.

Þegar við ræðum fjárlagafrv. þá erum við auðvitað að ræða um hverjir muni njóta þess góðæris sem ríkt hefur undanfarið. Menn tala um að nauðsynlegt sé að greiða niður skuldir þegar góðæri ríkir og ég get alveg tekið undir það. Við getum aftur á móti ekki sætt okkur við að fólk í samfélagi okkar líði skort á meðan góðæri ríkir. Það getum við ekki sætt okkur við en því miður höfum við fengið margar staðfestingar um að í góðærinu líði fjöldi fólks skort í samfélaginu og ætla ég að koma aðeins að því á eftir.

Þar sem hæstv. heilbrrh. situr við umræðuna og hefur setið hér við, þá langar mig að ræða aðeins um heilbrigðismálin og sjúkrahúsin. Eins og menn þekkja hefur vandi heilbrigðiskerfisins verið mjög stór. Maður sér það á biðlistunum og maður sér það á fréttum af þjónustunni í heilbrigðiskerfinu. Því miður virðist, miðað við fjárlagafrv., að á næsta ári muni enn verða allmikill fjárskortur í rekstri sjúkrahúsanna. Ég verð þó að segja að það er jákvætt að þær 100 millj. til Sjúkrahúss Reykjavíkur og framlagið til Ríkisspítalanna sem fengust úr potti heilbrrh. virðist eiga að haldast inni sem aukalegt framlag á næsta ári. Það er jákvætt. Ef við skoðum Sjúkrahús Reykjavíkur þá koma þar til 160 millj. til viðbótar við upphæðina sem var á síðasta ári. En því miður dugar það alls ekki. Miðað við upplýsingarnar sem fram koma í fjárlagafrv. verður hallinn á Sjúkrahúsi Reykjavíkur áfram a.m.k. 150 millj. kr.

Samkvæmt úttekt endurskoðanda nam bráðafjárvöntun við síðustu áramót, þ.e. 1. janúar á þessu ári, ríflega 300 millj. kr. Það vantaði 300 millj. kr. á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Halli fyrra árs fluttist yfir á yfirstandandi ár, og við þann hala leggst síðan halli þessa árs sem eftir 100 millj. kr. úr potti heilbrrh., nemur um 314 millj. kr. Því mun hallinn sem Sjúkrahús Reykjavíkur mun dragast með inn á næsta ár verða ríflega 600 millj. kr. Ég spyr hæstv. ráðherra hvað hann hyggst gera í þessum málum, hvað hann hyggst gera vegna þessa 600 millj. kr. halla sem Sjúkrahús Reykjavíkur mun dragnast með fram á næsta ár.

Eins og fram hefur komið í ræðunum í dag er vandi sjúkrahúsanna mjög stór. Eitt langar mig til að nefna. Á Sjúkrahúsi Reykjavíkur hefur verið vitað að mjög brýnt er að stækka og endurnýja húsnæði til gjörgæslunnar. Ráðherra var búinn að gefa vilyrði um það opinberlega að það væri forgangsverkefni. Þetta er verkefni upp á tugi milljóna. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra: Hvar sér þessa verkefnis stað í fjárlagafrv.? Ég get ekki séð að það sé í því fjárlagafrv. sem við erum með fyrir framan okkur þannig að ég mundi gjarnan vilja að hæstv. ráðherra svaraði því hvernig hún hyggst kosta þetta forgangsverkefni.

Því miður hafa sjúkrahúsin verið rekin í fjársvelti og eins og komið hefur fram í skoðanakönnunum ekki alls fyrir löngu þá er það ekki í sátt við vilja meiri hluta þjóðarinnar. Fólk er tilbúið að greiða hærri skatta gegn því að búa við góða heilbrigðisþjónustu, til að hafa góða velferðarþjónustu og því miður hafa margir Íslendingar misst trúna á að við búum við mjög góða þjónustu í heilbrigðiskerfinu.

Eins og hæstv. heilbrrh. þekkir, herra forseti, er erfitt og varla hægt að stjórna heilbrigðiskerfinu, t.d. hversu mikla þjónustu sjúkrahúsin þurfi að veita. Sjúklingarnir skapa þá þörf. Þegar sjúklingarnir koma inn á sjúkrahúsin verður að sjálfsögðu að sinna þeim og það kostar peninga. Það kostar peninga að notast við hátækni á sjúkrahúsunum. Það kostar peninga að vera með vel menntað fólk. Það kostar peninga að halda heilsunni. Við Íslendingar erum fámenn þjóð og við viljum hugsa hvert um annað. Við viljum öfluga samhjálp og erum tilbúin að borga fyrir hana.

Ég minntist á að í góðærinu gætum við ekki sætt okkur við að skortur væri í samfélaginu. Þess vegna vil ég koma hér aðeins inn á kjör þeirra sem minnst hafa, þeirra sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi skuggahópinn í sólskinsfjárlögunum. Það er ekki tómt sólskin í þessum fjárlögum. Það skiptast á skin og skúrir. Skuggahópurinn er m.a. margir sjúkir, stór hópur lífeyrisþega, bæði aldraðir og öryrkjar sem býr við mjög kröpp kjör. Fjöldi fólks er með langt undir lágmarkslaunum til framfærslu. Það er vart boðlegt á uppgangstímum að fólk búi við þessi kjör. Það gladdi mig þegar hæstv. ráðherra heilbrigðismála talaði um að hún hygðist minnka jaðarskattana, minnka tekjutengingu við laun maka. Það er mál sem ég hef margoft talað um á þingi og tel mjög brýnt að verði leiðrétt. Þess vegna fagna ég því að þessi barátta okkar í stjórnarandstöðunni hafi náð eyrum ráðherrans og hún sé tilbúin til að leiðrétta það ranglæti.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það hefur lengi verið svo að tekjur maka skerði bætur öryrkja og lífeyrisþega. En eins og hæstv. ráðherra hefur margoft bent á þá hafa aðrir heilbrrh. ekki gert neitt í málinu. Mig langar að benda á að þessi regla, skerðingarregla við tekjur maka, stangast á við mannréttindasáttmála sem við höfum skrifað undir, bæði mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu. Það var ekki fyrr en 1995, herra forseti, sem við Íslendingar tókum þetta inn í stjórnarskrána og stjórnsýslulögin 1993. Því er mun meiri ástæða til þess nú að við leiðréttum þetta en nokkrun tíma áður. Það er komið inn í íslensk lög í dag að við megum ekki mismuna fólki og við erum þarna að mismuna fólki eftir því hvort það er í sambúð, hjónabandi eða býr eitt. Þetta er mikið ranglæti sem mjög brýnt er að leiðrétta.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir minntist á upplýsingar sem komu fram á ársfundi Tryggingastofnunar ríkisins um það hversu öryrkjum fjölgar á Íslandi og að menn hafi verið að velta því fyrir sér hvers vegna svo sé. Ég er alveg sannfærð um að ein af ástæðunum fyrir því hvers vegna öryrkjum fjölgar er sú hversu sjúkradagpeningar á Íslandi eru lágir. Ég tel að við þyrftum að taka inn í fjárlögin það atriði að hækka sjúkradagpeninga þannig að fólk sem missir heilsuna tímabundið fái sjúkradagpeninga sem eru hærri en örorkugreiðslur og þá fer fólk frekar út af almannatryggingagreiðslunum aftur.

Það hefur verið tilhneiging til þess, og maður tekur eftir því sérstaklega þegar maður vinnur við þetta kerfi, að þegar menn eru einu sinni komnir á örorkubætur þá haldi þeir áfram á örorkulífeyri. Þó svo það sé ekki algilt er sú tilhneiging ríkari og þess vegna þyrftu sjúkradagpeningar að vera mun hærri eins og þeir eru á Norðurlöndum en ekki þessar smánarbætur sem þeir eru í dag þar sem þær eru undir 20 þús. kr. á mánuði. Fáir fara einnig á sjúkradagpeningagreiðslur vegna þess hve smánarlega lágar þær eru. Það er alveg ljóst að enginn óvinnufær sjúklingur lifir á 20 þús. kr. á mánuði. Ég leyfi mér að halda því fram að þeir haldi og nái ekki einu sinni heilsu.

Við jafnaðarmenn höfum gagnrýnt það að ekki ríki jöfnuður í samfélaginu þegar svo stór hópur hefur verið látinn sitja eftir sem lífeyrisþegarnir og það hefur verið rakið í ræðum hér á undan. En ég verð að segja eins og er að ég hrökk í kút þegar ég heyrði formann annars stjórnarflokkanna tala úr ræðustóli Alþingis við umræðuna um stefnuræðuna þegar hann talaði um það að margir ættu bágt. Ég ætla að fá að vitna í þetta, herra forseti, þ.e. ummæli hæstv. utanrrh. í umræðunum um stefnuræðuna. Það kom fram í hádegisfréttum daginn eftir ræðuna en þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Auðvitað eru margir sem eiga bágt. Auðvitað eru það margir sem þurfa að hafa það betra og auðvitað eru margir sem vilja hafa það betra. Hefur það ekki alltaf verið þannig og mun það ekki alltaf verða þannig?"

Þetta er foringinn sem fór fram fyrir síðustu kosningar undir kjörorðinu „fólk í fyrirrúmi" og hann er tilbúinn að samþykkja það og segja það hér að það muni alltaf vera þannig að alltaf verði einhverjir sem búi við fátækt. Ég get ekki sætt mig við þessa hugsun. Ég get ekki sætt mig við það að í samfélaginu verði alltaf einhverjir sem líði skort. Við eigum auðvitað að vinna að því að svo verði ekki. Þess vegna er mikilvægt að þessi fjárlög verði skoðuð í því ljósi að þeir sem hafa orðið út undan í góðærinu fái sinn skerf. Við sættum okkur ekki við að það verði alltaf þannig að einhverjir verði undir, að einhverjir líði skort. Við verðum að sjá til þess að kjör þessa hóps verði bætt og þar á meðal er stór hópur, öryrkjarnir, sem einmitt stóð hér fyrir utan við upphaf umræðunnar um stefnuræðu forsrh. Sá hópur mun ekki sætta sig við að þetta góðæri fari fram hjá án þess að hann fái sinn hlut af því.

Ég vil í lokin vegna umræðunnar um jaðarskattana spyrja — reyndar hefur þessi spurning komið hér fyrr fram í dag — hvernig hæstv. heilbrrh., herra forseti, hyggst standa að því að minnka jaðarskattana á öryrkjana. Hvenær munu taka gildi reglur sem gera það að verkum að tekjur maka skerða ekki lífeyrisgreiðslur öryrkja og lífeyrisþega? Hvað á það að kosta og hvar er gert ráð fyrir kostnaði við það í fjárlagafrv.? Ég hef ekki rekist á það í yfirlestri yfir fjárlagafrv. að nokkurs staðar séu fjármunir til þess, a.m.k. kom ég kom ekki auga á það. Ég vil því gjarnan fá það uppgefið hjá hæstv. ráðherra hversu mikið það muni kosta, hvenær þetta muni taka gildi og hvar þessi fjárveiting sé í fjárlagafrv.

[17:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ekki átti ég von á því að mjög mikil reisn yrði yfir umræðu stjórnarliðanna um fjárlög en þó verð ég að segja að ekki átti ég von á því að hér yrði „eitt lítið lettersbréf" gert að svo miklu umræðuefni sem raun bar vitni í ræðu hv. þm. Árna Johnsens. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér fannst það innlegg tæplega eiga erindi í umræðu um fjárlög ríkisins. Nóg um það.

Þar sem ég geri ráð fyrir því að hæstv. félmrh. og hæstv. heilbrrh. komi hér með sínar ræður og tjái sig um þau mál sem bæði snerta spurningar sem beint hefur verið til þeirra og ábendingar eða athugasemdir þá ætla ég að leyfa mér, virðulegi forseti, að bæta við spurningum til þeirra. En áður en ég kem að því ætla ég að vekja athygli á mjög mikilvægum þætti sem hér kom fram í umræðunni í dag og fékk ekki það kastljós sem ástæða hefði verið til. Það voru upplýsingar sem komu fram í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún bar saman stöðu fjárlaga á síðasta kjörtímabili og þessu, þ.e. úr hverju ríkisstjórnir þessara tveggja kjörtímabila höfðu að spila og hverju munar. Í máli hennar kom fram að það munar hvorki meira né minna en 100 milljörðum á þessum tímabilum hvað ríkisstjórnin sem nú situr hefur haft úr meiru að spila en sú ríkisstjórn sem þá sat og kemur víst fáum á óvart sem til þekkja og þekkja samdráttinn og efnahagsþrengingarnar sem þá ríktu þó reyndar hafi staðan verið sú þá að þá var staðinn vörður um mikilvæga málaflokka svo sem húsnæði fyrir lágtekjutekjufólk og málaflokk fatlaðra. Þá hefði ekki þótt mikil reisn yfir því að boða félagslegt húsnæði upp á 120 íbúðir eins og nú þykir hin mesta frétt. Ég ætla einmitt að draga athyglina að þessu. Staðreyndin er sú að á þessum fjórum árum hafði sú ríkisstjórn sem þá sat úr samtals 703 milljörðum að spila í tekjur á móti 831 milljarði, þegar reyndar sveitarstjórnir eru teknar með sem sagt er að séu um fjórðungur af aukningunni. Við leyfum okkur því að segja að í stað þessara 130 milljarða þá muni um 100 milljörðum. Nú er um 100 milljörðum meira úr að spila til þarfra verka en á fyrra kjörtímabili. Enginn málaflokkur er settur í forgang. Ekkert er varið sem áður þótti mikilvægt og merkilegt. Ekki staðinn vörður um málaflokk fatlaðra. Ekki er verið að standa vörð um félagslega húsnæðiskerfið. Nei, öðru nær. Og því er veifað sem stórri frétt í fjárlögunum, herra forseti — og bið ég heilbrrh. að leggja ögn við eyru — og er vitnisburður þessarar ríkisstjórnar að hún sé að taka félagslega á og koma með úrbætur þar sem mjög á skortir. Herra forseti. Ég er þar að vísa til yfirlýsingar um 120 hjúkrunarrýmí fyrir aldraða. Ég bið hæstv. heilbrrh. að leggja við eyru. 120 hjúkrunarrýmí fyrir aldraða er það sem á að slá sér upp á í þessu fjárlagafrv.

Ég ætla að leyfa mér að endurtaka það sem ég sagði í dag í andsvari mínu við fjmrh. um erfðafjárskattinn og þessa glæsilegu stöðu, 120 hjúkrunarrýmí, af því að hvorugur ráðherrann var þá kominn hingað til Alþingis.

Það skila sér um 480 millj. kr. í erfðafjárskatt á næsta ári. Það kemur fram í fjárlögunum að 235 millj. eiga að fara í Framkvæmdasjóð fatlaðra, 245 millj. eru skertar af því framlagi sem með lögum hefur átt að fara til uppbyggingar málaflokks fatlaðra og rennur í ríkissjóð.

Þegar maður skoðar áformin og yfirlýsingarnar um hjúkrunarrúmin þá kemur fram að þau felast í 60 rúmum fyrir

aldraða sem eiga að kosta 72 millj., 26 rúmum á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði og ætlað til þess 37 millj. kr., 25 hjúkrunarrúmum í Garðabæ og ætlað til þess 25 millj. og í fjórða lagi er gert ráð fyrir að útgjöld hækki um 50 millj. þar sem dvalarrúmum er breytt í hjúkrunarrúm.

Hvað þýðir þetta, virðulegi forseti? Þetta þýðir u.þ.b. 185 millj. kr. Um það bil 185 millj. kr. kostar pakkinn sem ríkisstjórnin nefnir sem mikilvægasta þátt fjárlaganna og á að bæta úr brýnni þörf með 120 hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. En þetta nær ekki upphæðinni sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur skerst um. Það má gefa sér það að vinirnir í heilbr.- og félmrn., hæstv. ráðherrar, hafi skipt með sér erfðafjárskattinum sem á að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra til þess að eiga fyrir hjúkrunarrýmum fyrir aldraða. Er þá staðan svona góð í framkvæmdasjóðnum, herra forseti? Nei, öðru nær. Samkvæmt yfirliti sem hæstv. félmrh. skilaði til Alþingis og miðast við 31. desember sl. var biðlistinn 362 rými þar sem beðið var eftir húsnæði. Ég spyr hæstv. ráðherra og óska eftir að fá svar við því í ræðu hans hér á eftir hvort í úrræðunum sem áformuð voru fyrir 1998 upp á 46 rými af þessum 362 sem þörf er á, hvort inni í þessum 46 rýmum sé að finna útskriftarpakkann frá Kópavogshæli? Er þá bara bið eftir húsnæði? Öðru nær. Biðlisti eftir dagvistarplássi er 119 pláss.

Herra forseti. Ég hafði samband við það umdæmi sem ég þekki best, Reykjanesumdæmi, og fékk upplýsingar um að þar eru 140 á biðlista eftir búsetu, 92 á biðlista eftir dagtilboðum og tveir þriðju af þeim þurfa hæfingarúrræði sem hvergi blasa við. Bara á þessum stað þarf tvær hæfingarstöðvar og a.m.k. einn verndaðan vinnustað. Á sama tíma renna 245 millj. í ríkissjóð eða, herra forseti, yfir til heilbrrn. til að hægt sé að skreyta sig með 120 hjúkrunarrúmum fyrir aldraða. Þannig er það.

Herra forseti. Mér liggur á hjarta að fá svör félmrh. við spurningum um húsnæðismálin. Hefur ráðherra eitthvað skoðað framtíðarviðleitnina þegar öll viðleitnin við að fjölga leiguíbúðum er úr 50 í 120? Ég geri ekki lítið úr því. Það má segja að þetta sé 100–120% fjölgun. Ég geri ekki lítið úr því þó að tölurnar séu svo lágar að manni finnist næstum því að 120 sé jafnlágt og 50 þegar biðlistinn er upp á 600 leiguíbúðir. Eru komin einhver áform um næstu ár á eftir eða á bara að vera með 120 og ekki frekari framtíðarsýn?

30 millj. er talinn aukinn kostnaður vegna biðlauna starfsmanna í nýja Íbúðalánasjóðnum. Ég spyr ráðherrann: Er búið að ganga frá því hverjir munu starfa áfram eða bíður það hins nýja framkvæmdastjóra? Liggur það fyrir hve margir verða ekki endurráðnir hjá nýja Íbúðalánasjóðnum? Liggur það fyrir hve fjárhæðin er há sem á að fara í biðlaun til þeirra sem verður vísað á dyr og liggur það fyrir hvort þeim sem ekki verður vísað á dyr núna verður vísað á dyr síðar þar sem félagslega húsnæðiskerfið er lagt af, húsbréfakerfið er á leið til bankanna og óljóst hvað verður með ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar? Ég spyr um áformin varðandi hana og óska þess, herra forseti, að ráðherrarnir hafi tök á að koma inn á þessar spurningar mínar í svörum sínum á eftir.

Herra forseti. Enn einn þáttur hefur verið vanræktur í tíð félmrh. Allir vita hvað menntun, endurmenntun, símenntun og starfsmenntun er mikilvæg á árunum sem koma. Tækniþróun, hin öra breyting í atvinnuháttum kallar á að fólk endurmennti sig til nýrra starfa. Það er engin framtíðarsýn varðandi þennan þátt, ekki í félmrn. vegna þess að upphæð til starfsmenntunar stendur í sömu fjárhæð og hún var eftir uppbyggingarkafla síðasta kjörtímabils, nefnilega 50 millj. kr. Ég spyr líka: Hver eru framtíðaráform ráðherrans varðandi þann þátt?

[17:47]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum sem ég mun svara hér og mun byrja á því sem hv. síðasti ræðumaður talaði um og sagði að ríkisstjórnin væri að slá sér upp á 130 hjúkrunarrúmum. (**RG:** Það hafa margir þingmenn nefnt það sem stóra málið í fjárlögunum.) Ég tel, hv. þm., að þetta sé eitt af stóru málunum í fjárlögum og skipti geysilega miklu máli. Það eru mjög margir aldraðir Reykvíkingar sem bíða eftir hjúkrunarrými og með þessu erum við að stytta biðlistann verulega og það verður ekki nema 90 daga bið eftir hjúkrunarrými þegar búið er að fullnægja þessari þörf. (Gripið fram í.)

Þá vil ég segja hv. þm. nákvæmlega frá því hvað þetta muni kosta því að hv. þm. taldi að þetta mundi kosta 100 millj. Þetta kostar nákvæmlega 322 millj. kr. Það var kallað fram í áðan og spurt hvar þessi rými muni verða. Verið er að tala um 60 rúma hjúkrunarheimili í Reykjavík, 26 rúm í Ási í Hveragerði, 25 rúm í Garðabæ, vistheimili í Víðinesi fjölgar rúmum um 19 og það verður opnað núna fyrst í desember eins og í Hveragerði. Dvalarrými verður breytt í hjúkrunarrými og heimahjúkrun verður aukin í Reykjavík. Hér er því verið að bæta úr mjög brýnni þörf og ég er satt að segja mjög undrandi á því hve lítið er gert úr þessu í umræðunni. Ég hélt að hv. þm. væru sammála því að þetta væri forgangsverkefni.

Mig langar að nefna það, fyrst ég er byrjuð að ræða um það sem ekki hefur verið rætt við þessa umræðu, að verið er að bæta við verulegu fjármagni í heilsugæsluna, ekki bara á Reykjavíkursvæðinu heldur líka á landsbyggðinni og það væri hægt að telja upp mörg atriði þar að lútandi sem gerbreytir svigrúmi heilsugæslunnar. Hér er boðað að verið er að sameina stjórnir og gera allar stjórnir miklu skilvirkari en áður hefur verið. Ég tek sem dæmi, vegna þess að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði áðan að það væri mikil fjárvöntun varðandi sjúkrahúsin og fleiri hafa rætt um það hér, að verið er að bæta við geysilegu fjármagni einmitt til sjúkrahúsanna í þessum fjárlögum. Ég held að það hljóti allir að sjá sem lesa frv. Við erum að tala um hálfan milljarð á Reykjavíkursvæðinu. En af því að ýmsir hafa gert fremur lítið úr og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir kom inn á það að fagnefndir sem hafa verið að vinna fyrir heilbrrn. hafi að mér skildist ekki miklu skilað, þá sést ef við lítum á sjúkrahúsin hér á landi að 11 af 17 eru innan fjárhagsramma í dag. Það er því gerbylting varðandi rekstrarumhverfi sjúkrahúsanna.

Og til að ljúka umræðunni um sjúkrahúsin, þá var spurt að því áðan hvar í fjárlögunum stækkunin væri á gjörgæslugeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Á fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir milli 100 og 200 millj. til þess að bæta aðstöðuna á Sjúkrahúsi Reykjavíkur en ég er ekki með það hér á takteinum hve mikið er búið að nýta af því fjármagni. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Varðandi spurningu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um hvað ekki náðist af samningi sem gerður var við Reykjavíkurborg, fjmrn. og heilbrrn. varðandi hagræðingu á sjúkrahúsum, þá er það nákvæmlega það að Vífilsstaðaspítali átti að breytast í hjúkrunarsjúkrahús. Það hefur ekki gerst en mun gerast um leið og barnaspítalinn verður opnaður. Og eins varðandi bæklunarskurðlækningar sem átti að sameina,

þá hefur ekki náðst samkomulag um það milli Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala að auka samhæfinguna milli þessara deilda.

Hv. þm. spurði einnig um hvað það hafi kostað að ná ekki þeirri samræmingu. Það er eitthvað á milli 90 og 100 millj.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði mig þriggja spurninga. Hún spurði hvernig ætti að ná fram sparnaði í lyfjum en ég vil þá minna á að gert er ráð fyrir aukningu lyfjakostnaðar. Ríkið gerir ráð fyrir því að aukningin sé um 200 millj. kr. en fyrst og fremst verður áfram losað um samkeppnishömlur, t.d. með því að stuðla að samhliðainnflutningi og beinum innflutningi lyfja.

Í öðru lagi eru möguleikar á samstarfi við innlenda lyfjaframleiðendur um lækkun lyfjakostnaðar og í þriðja lagi er Tryggingastofnun ríkisins áfram falið að auka kröfur til lyfjaverðlagsnefndar um lækkun á verði þeirra lyfja en við höfum náð verulegum árangri þar. Hámarksverð hefur lækkað og það verður gripið til ýmissa annarra aðgerða til að halda lyfjaútgjöldum innan fjárlaga eins og við höfum gert á þessu ári með kostnaðarstýringu lyfjaávísana. Það er alveg ljóst að sjúklingar borga minna fyrir lyf í dag en þeir hafa gert á undanförnum árum og það er ýmislegt sem gerir það að verkum að svo er.

Hv. þm. hafa einnig komið inn á það í þessum umræðum varðandi tekjutengingu bóta og spyrja: Hvar stendur það í fjárlögunum hvað þetta muni kosta? Svarið við því er það að ekki eru nákvæmar útfærslur á því hvað þetta muni kosta. Það er alveg ljóst að þetta kostar verulega fjármuni. Það er ekki einfalt að útfæra þessa breytingu en samkomulag er um að fyrsta skrefið verði tekið á þessu þingi. En það sem er flókið við þessa útfærslu er fyrst og fremst það að þeir einstaklingar sem hafa getað nýtt sér svokallað frítekjumark frá sínum maka detti ekki út. Það er fyrst og fremst það sem er flókið við þessa útfærslu. Það er að einhverjir missi ekki spón úr aski sínum.

Ég á von á því að innan fárra vikna liggi fyrir þingmönnum hvernig þessi útfærsla verður. Þetta kostar verulegt fjármagn og ég vona að stjórnarandstæðingar muni standa með stjórninni í að breyta þessu sem er mikið sanngirnismál. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu hefur enginn ráðherra til þessa reynt að breyta þessum tekjutengingum allt frá því að þær voru settar árið 1936 og mér finnst það einkennilegt ef hv. þm. ætla að gera það tortryggilegt. Ég tel þetta vera mikið sanngirnismál.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði einnig um 60 millj. kr. sem áætlaðar eru til sparnaðar varðandi Tryggingastofnun. Það er fyrst og fremst með auknu eftirliti á ávísanir, bæði á röntgenrannsóknir, lyf og rannsóknir því það er ljóst að miklar tvítekningar eru í kerfinu. Okkur hefur verið bent á það af sérfræðingum að aukið eftirlit þurfi með því og með nýjum samningum við þá sérfræðinga sem vinna hjá Tryggingastofnun, sem nú helga sig alfarið störfum hjá Tryggingastofnun eykst svigrúmið að fylgjast með þessu. En ef menn skoða fjárlagafrv. og einmitt þann kafla sem snýr að heilbr.- og trmrn., þá sjá menn að mikil aukning er til heilbrigðis- og tryggingamála. Ef ég tel upp nokkur dæmi hljóta menn að sjá að mikil breyting verður þar á. Menn sjá t.d. að við erum að opna líknardeild, barna- og unglingageðdeildin er að fá aukið fjármagn, vökudeild nýbura er að fá aukið fjármagn. Við erum að fjölga ljósmæðrum á kvennadeild, við erum að auka áfallahjálp svo að eitthvað sé nefnt. Við erum að auka verulega fjármagn til endurhæfingar. Við erum að tala um 24 millj. bara á Reykjavíkursvæðinu.

Ég nefndi áðan verulega aukið fjármagn til sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu. Við erum að gera þjónustusamninga við einstaka stofnanir úti á landi sem fylgir aukið fjármagn. Þetta gerir það að verkum að við getum stytt biðlista og umhverfið verður allt annað. Mér finnst því rétt að benda á það um leið og ég svara þeim fyrirspurnum sem fyrir mig hafa verið lagðar.

[17:58]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur ekki skilið gagnrýni mína. Þingmenn stjórnarliðsins hafa komið fram í fjölmiðlum, barið sér á brjóst og sagt: Sjá, þetta er hið góða sem við gerum hvað varðar hjúkrunarrými fyrir aldraða. Það er mikilvægt að byggja 120 hjúkrunarrými og það er mikilvægt að biðtíminn fer niður í 90 daga og þótt fyrr hefði verið. En ég var að lesa upp úr greinargerð og benda á að framlag úr ríkissjóði er minna en þær 245 millj. kr. sem skornar eru af Framkvæmdasjóði fatlaðra. 84,4 millj. til viðbótar eru millifærðar af lífeyristryggingum vegna fækkunar dvalarrýma sem verða vegna fjölgunar hjúkrunarrýma. Þetta er ekki inni í útgjöldum úr ríkiskassanum. Það sem ég er að benda á er að þetta er viðkvæmur málaflokkur, málaflokkur fatlaðra. Hann geldur stefnu ríkisstjórnarinnar. Helmingur lögbundins tekjustofns Framkvæmdasjóðs fatlaðra er skorinn niður og um það bil sömu fjárhæð er veitt til að fjölga hjúkrunarrúmum. Auðvitað fagna ég fjölgun hjúkrunarrúma en ég spyr ríkisstjórnina: Er bara hægt að gera gott í einhverjum málaflokki með því að gera minna í öðrum þýðingarmiklum málaflokki? Þetta er gagnrýni mín, herra forseti.

[17:59]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki almennilega á hvar misskilningurinn liggur. Það sem ég sagði áðan og ætla að endurtaka er að til þessa málaflokks, til hjúkrunarheimila, er varið 322 millj. kr. Það er ekki verið að flytja það yfir til heilbrrn. frá félmrn. eins og mér skilst að hv. þm. vilji vera láta.

[18:00]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað þýðir ekkert að vera að hártoga um þetta. 84,4 millj. eru fluttar af lífeyristryggingum vegna þess að dvalarrýmum fækkar um leið og hjúkrunarrýmum fjölgar þannig að mismunurinn á 323 millj. og 84,4 millj. er innan við 250 millj. kr. í ný ríkisútgjöld úr ríkissjóði. Þetta er dæmið. Það sem ég er að benda á er að það er svo sláandi að þessi fjárhæð er um það bil sú sama og skorin er niður hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra til málaflokks þar sem eru langir og miklir biðlistar. Það hefði verið reisn yfir því, virðulegi forseti, ef þessi ríkisstjórn á síðasta ári kjörtímabilsins hefði tekið á varðandi biðlista fatlaðra og jafnframt því að hafa úr svo miklu að spila eins og kom fram í ræðu Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í dag, 100 milljörðum meira á kjörtímabilinu en síðasta kjörtímabil, ef hún hefði varið málaflokk fatlaðra, stytt biðlistana þar og fjölgað hjúkrunarrýmum. Þetta, herra forseti, er gagnrýni mín og ég vona að sú gagnrýni fari brátt að skiljast.

[18:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvert er aðalatriðið í þessu máli? Við erum að tala um heilbrigðis- og tryggingamál og við erum að tala um málefni aldraðra. Við erum að tala um að stytta biðlista eftir hjúkrunarrýmum. Við erum ekki að tala um að við séum að flytja peninga frá félmrn. yfir til heilbrrn. þannig að ég skil ekki nákvæmlega hvað hv. þm. er að fara. Ég vona að hún sé sammála okkur í því að við séum þarna að koma til móts við brýna þörf aldraðra.

[18:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gagnrýndi að hér hefði verið talað um að sjúkrahúsin hefðu verið rekin í fjársvelti. Það hefur verið aukin fjárveiting til sjúkrahúsanna. Í ræðu minni fagnaði ég því að það kæmu viðbótarfjárveitingar. Engu að síður vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það er rangt sem ég hélt fram að hallinn á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, sem flyst yfir á næsta ár, sé 600 millj. kr. eins og ég sagði í ræðu minni. Ef svo er þá er auðvitað enn verið að þrengja að sjúkrahúsunum því að þau dragnast með halla frá undanförnum árum.

Hæstv. ráðherra talar um að fyrsta skrefið í að minnka tekjutengingu við tekjur maka eigi að stíga á þessu ári. Hversu háa upphæð ætlar hæstv. ráðherra að setja í þetta? Er ekki réttlætismál að bætur hvers lífeyrisþega séu miðaðar við hans eigin tekjur en ekki við einhverja aðra þannig að framfærslunni sé ekki komið yfir á maka einstaklingsins? Það er réttlætismál og það er það sem stangast á við stjórnarskrána. Við tókum þessa mannréttindakafla bæði úr mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu inn í stjórnarskrána 1995, inn í stjórnsýslulögin 1993 og þess vegna er brýnt að ráðherra leiðrétti þetta og kannski vegna þess að aðrir hafa ekki gert það.

[18:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr hvað það kosti að taka fyrsta skrefið sem við munum taka á Alþingi við að afnema tengingu bóta við tekjur maka. Það væri óábyrgt af mér að svara því nákvæmlega vegna þess að útfærslan er ekki á borðinu. Ég fór nákvæmlega yfir það áðan og ég veit að hv. þm. þekkir hvaða vandamál eru þarna á ferðinni. Það eru þau vandamál sem við leysum áður en við komum með einhverjar tölur sem eru ekki fullkomlega nákvæmar.

Varðandi sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu, hvort hv. þm. sé með nákvæmar tölur um að halli fyrri ára sé 600 millj., vil ég segja að ekki er búið að afgreiða fjáraukalög. Auðvitað verður tekið á málefnum sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu í fjáraukalögum og það hefur komið fram áður.

[18:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra talar um að óábyrgt sé að segja það hér hvað það muni kosta mikið að taka fyrsta skrefið í að minnka tekjutenginguna við tekjur maka, þ.e. lífeyrisþega. En hversu mikið ætlar ráðherrann að setja í þessa breytingu? Hæstv. ráðherra hlýtur að vita hversu miklum fjármunum hún ætlar að verja til þess að reyna að stíga eitt skref í að minnka þetta óréttlæti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hún ekki réttlæti að afnema þessa tekjutengingu algjörlega vegna þess að hún er óréttlæti, hún er ósanngjörn og hún stangast á við íslensk lög? Telur hæstv. ráðherra ekki ástæðu til þess að breyta þessu og afnema þessa tengingu? Hversu mikið ætlar ráðherrann í þetta fyrsta skref og á ekki að afnema þessa tengingu algerlega? Hversu stórt verður skrefið?

[18:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Finnst hv. þm. aðalatriðið að fá það uppgefið á þessari stundu hver upphæðin er? Finnst hv. þm. ekki aðalatriðið að afnema þetta óréttlæti? (Gripið fram í.) Það er það sem mér finnst vera aðalatriðið en hv. þm. vill heldur hártoga málið og fá einhverja nákvæma upphæð upp á borðið. (**ÁRJ:** Ég vil vita hvort það sé alvara á bak við þetta eða ekki.)

[18:07]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst afar mikilvægt að hæstv. heilbrrh. svari skýrar en fram hefur komið hvernig á að standa að afnámi tekjutengingarbóta og hvenær það á að verða. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst að ekki er gert ráð fyrir fjármagni í þetta brýna verkefni í fjárlagafrv. þannig að við hljótum að þurfa að fá niðurstöðu í þetta mál áður en fjárlagafrv. verður afgreitt ef eitthvað á að vera að marka þetta. (Gripið fram í.) Ég vil spyrja ráðherrann hvort hún geti þá ekki upplýst nánar hvenær þetta verður lagt fram fyrir þingið og hve langt ráðherrann ætlar að ganga í afnámi á þessari tekjutengingu á bótum.

Ég vil líka spyrja ráðherrann um sparnaðinn á lyfjum og sparnaðinn í sjúkratryggingum. Má skilja orð ráðherrans þannig að ekki komi til að leggja eigi á aukin þjónustugjöld, að það eigi sem sagt ekki að hækka þjónustugjöldin eða auka hlut sjúklinga í lyfjakostnaði?

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að þegar hæstv. ráðherra er nefndur þá er hann nefndur hæstv. ráðherra.)

[18:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi lyfin munum við fara þær sömu leiðir og við höfum farið síðustu tvö ár og þær leiðir hafa ekki hækkað lyfjakostnað heimilanna. Við munum fara þær sömu leiðir vegna þess að við munum nýta okkur þá samkeppni sem er í gangi og hún hefur ekki orðið til þess að lyfjaverð til sjúklinga hafi hækkað. Þó svo að hlutfallið hafi hækkað innan tryggingakerfisins hefur samkeppnin orðið þess valdandi að sjúklingurinn greiðir minna.

Hitt málið sem hv. þm. kom inn á var um afnám tekjutengingar og sagði hann að nauðsynlegt væri að þetta lægi ljóst fyrir áður en fjárlög væru afgreidd. Að sjálfsögðu. En við erum í 1. umr. fjárlaga og fjárlög eiga eftir að taka einhverjum breytingum.

[18:10]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og mér fannst þau aðeins vera nær einhverri niðurstöðu í þessu máli að fá fram hvað ráðherrann hugsar. Það er alveg ljóst að ráðherrann segir að fjárhæðin og þá frv. muni liggja fyrir áður en fjárlög verða afgreidd. Ég skil það svo að ráðherrann sé þá að stefna að því að gera þetta frv. að lögum fyrir áramótin og þar með að fá fjármagn í það núna við fjárlagaafgreiðsluna. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það

liggi fyrir ef ég skil ráðherrann rétt vegna þess að þetta er mjög stórt mál sem snýr að öryrkjum. Ég ætla ekki að þakka hæstv. ráðherra fyrir það fyrr en ég veit hve stórt skref hún ætlar að stíga í þessu máli. Það er mjög brýnt að afnema þetta algerlega og ég vil sjá hve stórt skref ráðherrann ætlar að stíga í þessu áður en ég sé ástæðu til að þakka henni sérstaklega fyrir það. En það er auðvitað mikið framtak ef í þetta verður ráðist.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort fyrir liggi samþykki ríkisstjórnarinnar um að fara í þá breytingu að taka skref í því að afnema tekjutengingu bóta. Hefur þetta mál verið rætt við ríkisstjórnina og hefur ráðherrann ríkisstjórnina bak við sig í þessu máli?

[18:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sem hér talaði á undan hefur langa reynslu sem ráðherra og veit það eins vel og ég sem hér stend að slíkir hlutir gerast ekki nema í gegnum ríkisstjórn. (**JóhS:** Þá hefur verið rætt um þetta ...) Hv. þm. getur verið fullviss um það að ríkisstjórnin stendur að baki þessu máli. En eins og ég hef margsinnis sagt og segi enn er útfærslan ekki komin á borðið og ríkisstjórnin getur ekki tekið ákvörðun fyrr en útfærslan er komin á borðið.

Ég bað ekki um neitt þakklæti, hv. þm., alls ekki neitt þakklæti. Mér finnst aðalatriðið að við tökum fyrsta skrefið á þessu þingi. Ég hef ekki heyrt að nokkur annar ráðherra hafi tekið þetta upp fyrr, hvorki á þingi né í ríkisstjórn. (**ÁRJ:** En það hafa þingmenn gert.)

[18:12]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þetta síðasta atriði lýsti hæstv. heilbrrh. því yfir á aðalfundi Tryggingastofnunar að til stæði að draga úr tekjutengingunni þannig að það er afar eðlilegt að við þingmenn skulum spyrja að því hvenær þetta eigi gerast og hvernig. En ég held að hæstv. heilbrrh. hafi misskilið mig þegar hún vitnaði í eitthvað sem ég hafði sagt um nefndir ráðuneytisins. Ég var eingöngu að tala um stóru sjúkrahúsin og að þar hefði þurft að setja nefndir á laggir ár eftir ár til þess að reyna að stoppa í götin sem þar hafa verið skilin eftir aftur og aftur. Ég veit svo sem ekkert um það hvernig nefndir starfa annars staðar. En mér er mjög annt um málefni stóru sjúkrahúsanna.

Í tengslum við það sem fram kom í ræðu hæstv. heilbrrh. þar sem hún nefndi að þær aðgerðir og þau auknu framlög sem nú koma til heilbrigðismála yrði hægt að stytta biðlista og því vil ég fá að spyrja hæstv. heilbrrh.: Stendur til að setja reglur um biðlista eins og nefnd um forgangsröðun í heilbrigðismálum lagði til, þ.e. að hreinlega verði ekki heimilt að fólk sé á biðlistum lengur en ákveðinn tíma?

[18:14]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Forgangsröðunarnefnd skilaði af sér fyrir ekki alllöngu og munum við vinna eftir þeim tillögum sem þar liggja fyrir. Við erum ekki að breyta lögum en það er mjög gagnleg vinna sem þar fór fram og unnið verður eftir því plaggi.

Annað held ég að hafi ekki komið fram í fyrirspurnum hv. þm. en mig langar að minnast á það af því að hér hefur verið rætt um stóru sjúkrahúsin og fjárvöntun að það hljóta náttúrlega allir að kjósa nýja jafnaðarmannaflokkinn því að í stefnuskrá hans stendur einfaldlega að sjúkrahúsin skulu fá það fjármagn sem þau þurfa, hvað sem það þýðir.

[18:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það má segja um þessa umræðu að það séu fastir liðir eins og venjulega. Þessari umræðu svipar mjög til 1. umr. fjárlaga á undanförnum árum, það eru sömu athugasemdirnar sem maður heyrir, sömu gagnrýnisatriðin og sömu staðhæfingarnar. Mig langar nú samt til að gera nokkrar athugasemdir í þessu samhengi.

Ríkisstjórnin er einbeitt í því, og stjórnarflokkarnir eins og þeir hafa verið allt þetta kjörtímabil, að sýna ábyrgð í fjármálum ríkisins. Við leggjum höfuðkapp á að greiða niður skuldir og við höfum náð verulegum árangri þar. Við erum ekki að kasta fram ábyrgðarlausum áætlunum, eins og vandræðabandalagið gerði. Það mundi kosta 60 milljarða árlega ef allar þær óskir sem þar fóru á blað væru teknar inn í fjárlög. Við reynum að setja fram raunhæf fjárlög sem við ráðum við, að reka ríkissjóð hallalausan og að greiða niður skuldir, sem voru orðnar hættulega miklar.

Framkvæmdasjóður fatlaðra, það fé sem til hans rennur nú, er eins og undanfarin tvö ár notað til framkvæmda. Rekstrarhlutinn af erfðafjárskattinum — og það var ekki ég sem fann upp á erfðafjárskattinn til að reka stofnanir fatlaðra — rennur í gegnum ríkissjóð eins og eðlilegt er að hann geri. Eins og í undangengnum fjárlögum hafa málefni fatlaðra haft algjöran forgang hjá okkur í félmrn., fram yfir aðra málaflokka. Þar er svigrúmið notað og framlögin til málefna fatlaðra hækka um 208,8 millj. á milli ára. 88,8 millj. af þeirri upphæð eru að vísu vegna launa og verðlagsbóta, ný úrræði í málaflokknum eru dagvistarstofnanir í Reykjavík og á Reykjanesi.

Að öðru leyti skiptast þessar 120 millj. sem bættust við í málaflokkinn þannig að til ýmissa verkefna fara 15,5 millj. Af því hefur 8,5 millj. verið ráðstafað með samningi við Múlalund og á döfinni er samningur við Öryrkjabandalagið um rekstur verndaðra vinnustaða. Svæðisskrifstofa Reykjavíkur fær 20 millj. til nýrrar dagvistarstofnunar. Svæðisskrifstofa Reykjaness fær samtals 28,4 millj., þ.e. 20 millj. til nýrrar dagvistarstofnunar og 8,4 millj. til heilsársreksturs sambýlis sem fékk rekstrarfjárveitingu frá miðju þessu ári. Svæðisskrifstofa Vesturlands fær 8,6 millj. til heilsársrekstur sambýlis á Akranesi sem fékk rekstrarfjárveitingu frá miðju þessu ári og væntanlega verður tekið í notkun nýtt sambýli á Akranesi fyrir árslok. Svæðisskrifstofa Norðurlands vestra fær 3 millj. til heilsársreksturs sambýlis á Sauðárkróki sem fékk rekstrarfjárveitingu frá miðju þessu ári.

Samningar við sveitarfélög eru 7,5 millj., þ.e. 6 millj. vegna samnings við Akureyri og 1,5 millj. vegna samnings við Höfn í Hornafirði. Greiningarstöðin fær til viðbótar 7 millj. vegna ráðningar læknis, þ.e. sérfræðings í fötlun barna og sérfræðings í teymi fyrir einhverfa. Framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra hækkar um 30 millj. milli ára og verður 235 millj. á næsta ári.

Varðandi málefni barna og unglinga þá er það rétt sem hér kom fram að til að fullnægja þeirri þörf sem hlýst af hækkun sjálfræðisaldurs þá þyrftum við 90 millj. kr. Við höfum bara ekki efni á því að gera þetta í einu skrefi. Næstu áramót bætist við meðferðarúrræði í Háholti í Skagafirði. Það er hugsað fyrir erfiðustu unglingana á þessum aldri. Í þessum fjárlögum er það sú framkvæmd sem kemur til móts

við þær þarfir. Mér er það alveg ljóst að það er hægt að nota miklu meiri peninga í þennan málaflokk en við höfum bara ekki efni á að gera meira að svo komnu máli. Ég vænti þess að síðan verði haldið áfram þangað til fullnægt er þeirri þörf sem hlýst af hækkun sjálfræðisaldurs.

Komið hafa fram spurningar um Íbúðalánasjóðinn. Undirbúningi miðar mjög vel og allar horfur eru á að allt verði tilbúið um áramót. Skipuritið er nær frágengið, reglugerðarvinnan er langt komin eða á lokastigi. Um 40 starfsmenn Húsnæðisstofnunar verða endurráðnir. Eins og ég marglýsti yfir í umræðum um það mál, um húsnæðismálalöggjöfina í fyrravor, fór ég fram á það við undirbúningsnefndina að ráða starfsmennina úr hópi starfsmanna Húsnæðisstofnunar og þeir ganga fyrir í þau störf sem laus verða hjá Íbúðalánasjóði. Þetta loforð tel ég að bindi Íbúðalánasjóð í Reykjavík.

Komið hafa eindregnar óskir frá Húsvíkingum um að Íbúðalánasjóður verði staðsettur þar og víst hefði verið gaman að því. En það er of seint í rassinn gripið. Ég tel að það væru brigð við núverandi starfsmenn Húsnæðisstofnunar ef þess yrði krafist eftir á að þeir flyttu búferlum til Húsavíkur. Hins vegar er hægt að vinna ýmis af þeim störfum sem Íbúðalánasjóður þarf að láta vinna úti á landi. Það er sjálfsagt að huga að því hvort sem það yrði á Húsavík eða annars staðar. Því miður sé ég ekki að unnt sé að staðsetja aðalstövar Íbúðalánasjóðs á Húsavík. Reyndar er komin fram fyrirspurn um þetta hér í þinginu frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og okkur gefst tækifæri til að ræða það nánar þegar ég svara þeirri fyrirspurn.

Hér var spurt um jafnréttisáætlunina sem við samþykktum í vor. Í jafnréttisáætluninni eru tilgreind verkefni hinna einstöku ráðuneyta og ég geri ráð fyrir því að hugsað sé fyrir því í fjárhagsáætlunum einstakra ráðuneyta, a.m.k. er það þannig hjá okkur í félmrn. Jafnréttislögin eru í endurskoðun. Ég vonast eftir að leggja hér fram frv. á næstu vikum og vonast eftir að fá það afgreitt í vetur.

Ég endurtek að ég tel mjög mikilvægt fyrir þjóðina að stjórnarmeirihlutinn og ríkisstjórnin sýni siðferðisþrek, jafnvel þó á kosningaári sé, til að gæta hófs í útgjöldum og afgreiða ábyrg fjárlög og láta það sitja fyrir eftir því sem unnt er að greiða niður skuldir.

[18:25]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi Jafnréttisráð þá laut spurning mín að því hvort sú viðamkila áætlun sem samþykkt var sl. vor og við í hv. félmn. lögðum til þó nokkrar breytingar á, kallaði ekki á aukna vinnu hjá Jafnréttisráði og þar af leiðandi á aukið fjármagn. Vonandi er það svo að menn ætli sér að framfylgja áætluninni og það er auðvitað fyrst og fremst verkefni Jafnréttisráðs. Það er sá aðili sem fylgist með, tekur saman skýrslu um hvernig gengur og væntanlega, þegar kemur að næstu áætlun, koma tillögur um breytingar þaðan. Mér hefði því þótt eðlilegt að samþykkt þessarar tillögu kallaði á aukið fjármagn. Ég sé ekki annað en að þarna sé sáralítil breyting á milli ára.

[18:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki að það sé endilega bráðnauðsynlegt að ganga frá viðbótarfjárveitingu til Jafnréttisráðs á þessu stigi vegna jafnréttisáætlunarinnar. Þar hafa nú verið gerðar úttektir og unnið að ýmsu á vegum ráðsins að undanförnu án þess að til aukafjárveitinga kæmi. Jafnréttisráð er með vissum hætti í nokkuð lausu lofti eins og stendur vegna endurskoðunar laganna. Þegar við höfum fest okkur niður á lagarammann þá getur það hugsanlega kallað á aukafjárveitingu í fjáraukalögum næsta árs.

[18:27]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. félmrh. hafa af ansi litlu að státa þegar kemur að málefnum fatlaðra. Það eru 360 á biðlista eftir búsetuúrræðum fyrir fatlaða. Það á ekki að taka neitt nýtt sambýli í gagnið á næsta ári, fyrst og fremst er verið að setja í fullan rekstur sambýli sem hófust á þessu ári. Það eru 360 sem bíða. Mér finnst að ráðherrann hæstv. geti ekki hreykt sér hátt í þessum málaflokki.

Varðandi málefni barna þá nefnir ráðherrann alltaf eins og það sé nýtt meðferðarúrræði, í tengslum við sjálfræðisaldurinn, þetta heimili í Skagafirði. Það er ekki nýtt úrræði. Fyrst og fremst er þar um að ræða flutning úr Bakkaflöt í Skagafirði í Háholt, þar sem tekin verður upp heilsársstarfsemi í staðinn fyrir tíu mánaða starfsemi. Þar bíða 30 eftir meðferð, það eru börn á aldrinum 16–18 ára. Ef þetta gengur eftir, þessar fjárhæðir eru veittar í þetta, þá þarf að bíða í 6–8 ár til þess að allir fái lausn sinna mála. Þá eru þessi börn náttúrlega orðin meira en sjálfráða.

Það er því mjög lítið, herra forseti, sem sett er í þessa mikilvægu málaflokka, málefni barna og málefni fatlaðra, þegar litið er til þess að tekjuaukning hjá ríkisstjórninni er 24 milljarðar á þessu og næsta ári.

Ráðherrann talar um að það séu alltaf fastir liðir í málflutningi okkar stjórnarandstöðuþingmanna að ráðast á þetta. Það er af því að það er sífellt verið að skera þetta niður. Í málefnum fatlaðra er helmingurinn af lögboðnum framlögum erfðafjársjóðs í þriðja sinn tekinn í ríkissjóð. Það er ekkert nýtt að því er varðar málefni barna.

Síðan er ráðherrann að bjóða 600 manns sem eru núna á biðlista eftir leiguíbúðum, fyrir utan þann fjölda sem ekki fær inni í nýja kerfi ráðherrans, upp á 120 leiguíbúðir. Reykjavík ein og sér hefur óskað eftir að fá 100 leiguíbúðir og þrjú sveitarfélög saman, Akureyri, Kópavogur og Reykjavík, biðja um 300 leiguíbúðir. En ráðherrann býður fátækasta fólkinu hér á Íslandi upp á 120 leiguíbúðir.

[18:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefði komið það mjög á óvart ef hv. 13. þm. Reykv. hefði verið ánægð með yfirleitt einhvern skapaðan hlut, a.m.k. hjá félmrn.

Varðandi biðlistana þá er sérstök nefnd að skoða það mál og formaður hennar er hv. þm. Jón Kristjánsson og hann kemur inn á það verkefni hér á eftir. Þessi nefnd var skipuð til þess að skoða biðlistana í þessum tveimur kjördæmum, líka með tilliti til væntanlegrar yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna.

Það er nýtt úrræði í Háholti í Skagafirði. Það má segja að heimilið á Bakkaflöt verður ekki flutt, vistmennirnir á Bakkaflöt eða þeirra líkar fara ekki í Háholt. Það verður opnað nýtt heimili á Hvítárvöllum í Borgarfirði og það er arftaki, skulum við segja, heimilisins á Bakkaflöt. Hins vegar er Háholt hugsað fyrir erfiðustu unglingana sem þurfa mesta gæslu og það er nýtt úrræði.

Þá eru það þessar 120 leiguíbúðir. Við sátum nú hér klukkutímum saman í fyrravor undir fullyrðingum um það að leiguíbúðirnar yrðu 50. Það var auðvitað allt of lág tala og ég bar á móti þeirri staðhæfingu. Það var nú ekki aldeilis tekið trúanlegt. „Nei, nei, þær verða áreiðanlega bara 50.“

Nú eru þær 120. Nú eiga þær að vera 300 eða eitthvað af því þörfin er svo mikil eða jafnvel 600. Ég veit ekki hvar í ósköpunum þetta lendir.

[18:32]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé full ástæða til þess að hafa nokkrar áhyggjur af þessum málaflokki, þ.e. málefnum fatlaðra og fjármagni í þennan málaflokk. Ég er farin að heyra það og við þingmenn að sveitarstjórnarmenn eru orðnir mjög hugsi yfir því að taka þennan málaflokk til sín af því að ríkisstjórnin er að draga lappirnar í því að setja fjármagn í þennan málaflokk og ætlar sér greinilega að setja þetta allt yfir á sveitarfélögin. Það væri ágætt að formaður fjárln. upplýsti um það hvað er að gerast að því er varðar Reykjavík og Reykjanes þar sem stærstu og lengstu biðlistarnir eru. Mér heyrist að það kosti nú nokkur hundruð milljónir, 500–700 milljónir, að leysa búsetumál fatlaðra í Reykjavík og á Reykjanesi. Það er því mjög nauðsynlegt að fá það skýrt fram.

Varðandi málefni barna þá liggur það fyrir að það á nánast ekkert að gera í sambandi við sjálfræðisaldurinn, það liggur fyrir í fjárlögum og hægt er að lesa sér til um það. Hvað varðar leiguíbúðirnar þá er auðvitað til skammar hvernig að því er staðið. Það er enn verið að minnka framlögin sem voru 275 millj. niður í 180. Það er hrein skömm að því hvernig staðið er að uppbyggingu á leiguíbúðum.

[18:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki geri ég mér vonir um að geta gert hv. 13. þm. Reykv. áhyggjulausan. En það er ekki mér að kenna. Það er hennar mál.

[18:34]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikil reisn í þessum orðaskiptum, en hér hefur fallið tilsvar dagsins.

Ríkisstjórnin hefur ekki efni á því að vera með þau úrræði sem þarf vegna hækkunar sjálfræðisaldursins. Þarna birtast okkur sólskinsfjárlögin, barnaverndarsjónarmiðin og umhyggjan fyrir æskunni. Þarna liggur það klárt og kvitt. Það er hægt að skýra þessi fjárlög með einni setningu í stíl við þá sem hér féll: Ríkisstjórnin hefur ekki efni á félagslegum úrræðum. Þetta eru sjónarmið þessarar ríkisstjórnar.

Virðulegi forseti. Ráðherrann svaraði mér mjög takmarkað um Íbúðalánasjóð. Ég ætla að endurtaka spurningarnar:

Félagslega húsnæðiskerfið hefur verið aflagt. Húsbréfin eru á leið í bankana geri ég ráð fyrir og óska eftir að fá það staðfest. Ég spyr hvort ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar verði aflögð og hvað það þýði að margir fari á biðlaun og hvað það kostar. Hæstv. ráðherra talaði um hve margir yrðu endurráðnir. Hve margir fara á biðlaun og hvað kostar það?

Að lokum, herra forseti. Ég spurði um starfsmenntasjóðinn og stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er staðfest í svari ráðherrans. Það er engin stefna, engin framtíðarsýn.

[18:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú þetta með umhyggju fyrir æskunni. Ég hygg að þau fjárlög sem eru til umræðu í dag sýni æðimikið meiri umhyggju fyrir æskunni en sá óskalisti sem var presenteraður hér fyrir nokkrum dögum, líklega er það nú farið að skipta vikum, og kostar 60 milljarða á ári í rekstur. Ég held að æskan sé betur sett með fjárlög í þeim anda sem er í þessum fjárlögum.

Varðandi starfsmenntasjóðinn þá er það rétt hjá hv. þm. að hann fær sömu fjárveitingu og hann hefur haft undanfarið. Hún hefur ekki hækkað. Ég sagði það áðan að ég hefði reynt að nota það svigrúm sem félmrn. hefur haft til þess fyrst og fremst að auka við málaflokkinn málefni fatlaðra.

Það var spurt um Íbúðalánasjóð. Nú er ég ekki með endanlega tölu um það hve margir verða ráðnir. Það er eitthvað í kringum 40. Starfsmennirnir eru eitthvað í kringum 70 þannig að væntanlega verða þá á milli 20 og 30 sem ekki verða endurráðnir hjá sjóðnum og fara á biðlaun. Það kostar auðvitað sitt. Það liggur hins vegar fyrir, ef hv. þm. lesa skýringar í fjárlagafrv., og það er byrjunarkostnaður við Íbúðalánasjóð en síðan verður hann í framtíðinni miklu ódýrari í rekstri en Húsnæðisstofnun hefur verið. Þjónusta veðdeildarinnar sem hefur verið keypt dýrum dómum af veðdeild Landsbankans verður boðin út og við gerum okkur vonir um að hún verði miklu ódýrari samkvæmt útboði.

[18:37]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ráðherra svaraði mér ekki alveg skýrt. Ég nefndi að félagslega húsnæðiskerfið hefur verið aflagt. Ég spyr hvort húsbréfin séu að fara almennt í afgreiðslu til bankanna. Og ég spyr hvort ráðgjafarstöð Húsnæðisstofnunar verði aflögð og óska eftir svari við því.

Herra forseti. Ráðherrann er pirraður í dag og er alltaf í vörn sinni með fjárlög ríkisins að koma inn á sameiginlegt framboð okkar jafnaðarmanna og óskalistann okkar, eins og hann kallar okkar framtíðarsýn. Ég ætla bara að segja ráðherranum það að verkfnaskrá sameiginlegs framboðs til fjögurra ára liggur ekki fyrir. Hún mun brátt liggja fyrir og við skulum ræða þá hvernig við ætlum að halda á málum með tekjur og útgjöld ríkissins.

[18:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það standa yfir viðræður við bankana um að þeir yfirtaki eða lánastofnanir yfirtaki afgreiðslu húsbréfanna, greiðslumatið og veðmatið. Þeim viðræðum er ekki lokið þannig að ég treysti mér ekki til þess að fullyrða að afgreiðslan fari í bankana. En ég vænti þess að svo verði.

Varðandi ráðgjafarstöðina þá hefur félmrn. rekið Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna í Lækjargötu 4 með afar góðum árangri og það er að mörgu leyti miklu eðlilegra að styrkja þá starfsemi sem er samstarfsverkefni ráðuneytisins og lánastofnana og láta hana yfirtaka ráðgjafarhlutverk Húsnæðisstofnunar.

Varðandi verkefnaskrána, já. Það væri gaman að hafa meira en mínútu til þess að ræða hana en það gefst tækifæri til þess síðar. (**RG:** Það gefast tækifæri síðar.)

[18:39]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það eru ein tvö atriði sem ég vildi bæta inn í þessa umræðu, en efni hennar mun síðan verða tekið til athugunar í starfi fjárln. í framhaldinu. Það var minnst hér á hina svokölluðu biðlistanefnd sem er að störfum í félmrn. Ég fékk reyndar óvænta stöðuhækkun hér hjá hæstv. félmrh. Ég er ekki formaður nefndarinnar og sækist ekki eftir því starfi. Það er Sturlaugur Tómasson sem er formaður hennar en ég á sæti í nefndinni. (**Félmrh.:** Ég biðst afsökunar.) Nefndin hefur safnað að sér miklu efni og störf hennar eru í miðjum

klíðum. Það er ljóst að vandinn á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi er mikill í málefnum fatlaðra og m.a. hafa sveitarstjórnarmenn á Reykjanesi, flestir eða allir, ítrekað þennan vanda og lýst honum í viðræðum við nefndina. Vandinn er af þeirri stærðargráðu að ég hef ekki trú á að hann verði leystur á einu ári en nefndin hefur ekki enn þá skilað tillögum til ráðherra um hvað hún leggur til. Vissulega er þarna um mikinn vanda að ræða sem stafar m.a. af því að hér er mikil samþjöppun á fólki. Það er mikil mannfjölgun á þessu svæði, t.d. á Reykjanesi. Vandamál fylgja því og þau aukast að sama skapi þannig að þarna verður að vanda vel til og gera sér glögga grein fyrir því hvaða úrræði koma að sem mestu gagni í þessum vandamálum.

Hér í dag hefur bréf borgarstjórans í Reykjavík til fjárln. verið töluvert til umræðu og vinna fjárln. í því sambandi og viðræður fjárln. við sveitarstjórnarmenn. Það er rétt sem fram hefur komið að fjárln. hefur boðið sveitarstjórnum til viðræðu við nefndina um sameiginleg mál ríkis og sveitarfélaga og önnur þau mál sem sveitarstjórnir vilja bera upp. Forsvarsmönnum Reykjavíkurborgar var boðið til þessara viðræðna og þeir hafa komið til viðræðna við okkur undanfarin ár eða síðan R-listinn tók þar við stjórnartaumunum. Það var ekki gert áður. Að þessu sinni sendi borgarstjórinn til okkar skriflega greinargerð um málefni Reykjavíkurborgar, í fyrsta lagi um fjárhagsleg samskipti, í öðru lagi fræðslumál, í þriðja lagi samgöngur, í fjórða lagi undirbúning að yfirfærslu á þjónustu fatlaðra, í fimmta lagi fasteignaviðskipti borgar og ríkis, í sjötta lagi sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps og í sjöunda lagi heilsugæslu í Reykjavík.

Þetta er í rauninni það sama og aðrar sveitarstjórnir gera nema þær hafa komið og fylgt þessum greinargerðum eftir, þær eru misjafnlega ítarlegar, og rakið efni þeirra. Hins vegar er hér þessi setning: „Það er skemmst frá því að segja að þar hafa sjónarmið forustumanna borgarinnar í viðræðum við okkur mætt takmörkuðum skilningi og viðræðurnar lítinn árangur borið.“ Það er þetta sem hefur farið fyrir brjóstið á mönnum og ég verð að segja um þetta að mér finnst þetta auðvitað leitt. En þetta verður hver að meta fyrir sig. Reykjavíkurborg hefur vissulega ekki fengið allar sínar óskir uppfylltar fremur en önnur sveitarfélög sem koma til okkar en það verður auðvitað hver fyrir sig að meta hvernig erindum er fylgt eftir.

Síðan segir hér í bréfinu eftirfarandi:

„Umfjöllunin er af augljósum ástæðum takmörkuð um þessi mál sem send eru sem greinargerð. En ég tel reynsluna hafa leitt í ljós að eigi hugur að fylgja máli þurfi viðræður forsvarsmanna borgar og fjárveitingavalds að fara fram við upphaf fjárlagagerðar en ekki lok hennar.“

Þarna tel ég að sé örlítill misskilningur á ferðinni að fjárln. fái fjárlagafrv. í hendurnar þegar þingið kemur saman að hausti. Auðvitað hefur það verið lengi í undirbúningi á vegum framkvæmdarvaldsins og á vegum ríkisstjórnarinnar og það er ekki á valdi nefndarinnar að ræða við sveitarstjórnarmenn þegar undirbúningur fjárlaga er að byrja vegna þess að þá er það einfaldlega ekki komið til okkar. Að vísu er ekkert því til fyrirstöðu fyrir Reykjavíkurborg að leita eftir viðræðum við ríkisvaldið um sameiginleg mál og það er auðvitað opin leið til þess að leita eftir viðræðum fyrr á árinu en þær viðræður þurfa þá að fara fram við framkvæmdarvaldið.

Það hefur reyndar verið siður á síðari árum, a.m.k. síðan ég kynntist störfum í fjárln., að viðræður hafa farið fram milli forsvarsmanna Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisvaldsins á meðan fjárlagagerð stendur yfir um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og niðurstöður af þeim viðræðum og þær tillögur sem ríkisstjórnin gerir í framhaldi af því samkomulagi koma oft inn á borð fjárln. Það hefur verið svo undanfarin ár.

Ég vildi rekja þetta af því að þetta hefur komið til umræðu í dag. Auðvitað finnst mér leitt ef borgarstjórinn í Reykjavík telur ekki svara kostnaði að tala við okkur en það verður hver að meta fyrir sig. Við munum að sjálfsögðu taka þá greinargerð sem kom frá borginni út af þessum málaflokkum sem ég hef nefnt til umræðu og ef ástæða er til leita eftir nánari upplýsingum. Þetta vildi ég láta koma fram í lok umræðunnar en eins og ég sagði í upphafi munum við fara yfir þær ábendingar sem hér hafa fram komið við 1. umr. málsins.

[18:48]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði svo sem ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu fyrr en ég hlýddi á mál tveggja fagráðherra sem með sönnu taka til sín stóran hluta af útgjöldum hvers árs í fjárlögum og þar er ég auðvitað að ræða um hæstv. heilbrrh. og hæstv. félmrh. Nú sé ég hvorugan þeirra í salnum og spyr því hvort þeir séu skammt undan.

(**Forseti** (ÓE): Þeir eru báðir í húsinu. Forseti gerir þeim viðvart að óskað sé nærveru þeirra.)

Virðulegi forseti. Á meðan hæstv. ráðherra er beðið er það auðvitað aðalatriðið í þessari umræðu eins og kom svo glögglega fram í umræðum um stefnuræðu forsrh. að í ræðum hæstv. ráðherra og stjórnarliða kveður sýknt og heilagt við hinn sama tón. Þeir hnykkja á ákveðnum tilteknum þáttum sem hafa vissulega þokast í rétta átt en láta lítið með önnur atriði sem eru auðvitað mjög veigamikil. Ég segi það fyrir mig, virðulegi forseti, að ég saknaði þess til að mynda núna við þessa umræðu og í ræðu hæstv. félmrh. að hann skyldi ekki að eigin frumkvæði og með einhverja framtíðarsýn í huga gera að umtalsefni þau tíðindi sem hafa borist á ári hverju frá því að núv. ríkisstjórn tók við stjórnartaumunum að skuldir heimilanna fara snarvaxandi. Hann gat ekki um það einu aukateknu orði og ég hef hvergi séð það að hæstv. fjölskyldumálaráðherra hafi sýnt því máli einhvern sérstakan áhuga. Hæstv. forsrh. nefndi það ekki einu orði í stefnuræðu sinni og enginn þeirra stjórnarliða sem ræddu þau mál sl. fimmtudagskvöld ef ég man rétt. En ég átti satt að segja von á því að sá sem er skjól heimilanna í landinu, hæstv. félmrh., mundi víkja einhverjum orðum að þessum veruleika.

43 milljarðar á síðustu 12 mánuðum, 11,8% aukning. Frá miðju ári 1996 til miðs árs 1997, ef ég man rétt, var þessi tala í kringum 30 milljarðar. Aukningin þá milli ára var 8% eða þar um bil, ef ég man rétt, þannig að það hallar á ógæfuhliðina. Virðulegi forseti. Þetta gerist allt á sama tíma og öll kennileiti efnahagskerfisins, langflestar kennitölur vísa til þess að allt sé til betri vegar.

Nú á auðvitað viss hluti þessarar skuldaaukningar sér eðlilegar skýringar. Fólk er í fjárfestingu, er að kaupa sér íbúðir, tekur stór lán hjá Húsnæðisstofnun og er að steypa sér í ákveðnar skuldbindingar af þeim sökum og ósköp eðlilegt. Þarna eru með öðrum orðum eignir á móti. En þessi gífurlega aukning hins vegar getur ekki skýrst af þessu. Hér er því klárlega um það að ræða að annaðhvort eða hvort tveggja er fólk að lifa um efni fram ellegar þá að það er í neyð sinni að slá lán til rekstrar heimilis síns. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi skýra og góða mynd af því hvað er á seyði og

starfsmenn hans í ráðuneytinu hafi gert á því úttekt hverju þetta sæti og hvernig skipting sé á þessu. Ef það er svo að í miðju góðærinu safni þjóðin öll skuldum upp á milljarða kr. á ári hverju vegna þess að endar ná ekki saman í heimilisbókhaldinu er auðvitað mikið að og ég ætla ekki að kveða fastar að orði en svo. Hæstv. félmrh. sem var fremstur í flokki annarra framsóknarmanna fyrir síðustu kosningar og sagði: „Stöðvum skuldasöfnun heimilanna. Fólk í fyrirrúmi." Hvað hefur brostið í þessu? Hvernig víkur því við að þetta er allt í öfuga átt á sama tíma og önnur kennileiti í efnahagslífinu fara vissulega í rétta átt sem betur fer? Hér er eitthvað að.

Ég segi það satt, virðulegi forseti, að ég sakna þess dálítið við stefnumótandi umræðu eins og hér á sér stað að hæstv. fagráðherrar komi ekki hver á fætur öðrum óumbeðnir og geri með skeleggri og undirbúinni ræðu grein fyrir því hvað efst er á baugi í ráðuneytum þeirra og hver framtíðarsýn þeirra sé á því fjárhagsári sem um er að ræða og kannski eitthvað eilítið lengra fram í tímann. En að hlutdeild þeirra í umræðunni verði ekki í formi þess að vera með útúrsnúninga og eitthvert karp í skeytastíl vegna fyrirspurna yfirleitt stjórnarandstæðinga. Auðvitað er ekki bragur á þessu og ég kenni hæstv. ráðherrum dálítið um þetta að þeir skuli ekki koma á eigin forsendum en ekki lufsast þetta í skjóli hæstv. fjmrh. sem leggur að sönnu fram þetta frv. en auðvitað samkvæmt tillögum fagráðherranna og auðvitað samkvæmt samþykktum í ríkisstjórninni sjálfri. Ég vænti að um sé að ræða tillögu hæstv. fagráðherra og hér á ég sérstaklega orðastað við tvo þeirra, hæstv. heilbrrh. og hæstv. félmrh., sem taka til sín rúmlega helminginn af útgjöldum þessara fjárlaga ef ég man rétt. Þessa sakna ég.

Virðulegi forseti. Ég nefndi skuldaaukningu hjá heimilunum. Ég ætla ekki að fara orðum um það sem margir hafa áður réttilega á bent að ákveðnir hópar hafa með réttu gert vart við sig vegna þess að þeir njóta ekki góðærisins. Í þessu samhengi fannst mér dálítið sláandi fyrir rétt rúmri viku, í Morgunblaðinu sunnudaginn 27. september, einhverjum dögum áður en sólskinsfjárlögin voru lögð fram, einhverjum dögum áður en hæstv. forsrh. greindi frá því í stefnuræðu sinni að erlendir sérfræðingar gæfu íslenskri efnahagsstjórn hæstu einkunn. Var það ekki Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og einhverjir fleiri snillingar í útlöndum sem kunnu vel á tölur og talnadálka? Hins vegar voru einhverjum dögum áður aðrir sérfræðingar í útlöndum sem talað var við í Morgunblaðinu í mjög ítarlegri umfjöllun um Íslendinga í útlöndum, raunar í Hanstholm í Danmörku. Íslendingar þar, sem eru um 300 talsins ef ég man rétt, gáfu allt aðra einkunn en sérfræðingar hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar. Þeir gáfu Íslandi og íslenskri efnahagsstjórn enga ágætiseinkunn. Þeir höfðu þvert á móti hundruðum saman flúið land vegna þess að endar náðu ekki saman og skuldabaslið var svo mikið að það varð ekki við neitt ráðið. Þeir sögðu orðrétt: Hamingjan er í Hanstholm. (**Gripið fram í:** Þeir eru í sólskinshópnum.) Það var ekki sólskin hjá þeim en hamingjan var í Hanstholm og þeir voru þráspurðir um það af blaðamanni Morgunblaðsins, sem er stuðningsblað ríkisstjórnarinnar, hvort þeir væru þá hugsanlega á heimleið núna þegar samkvæmt yfirlýsingu stjórnmálamanna allt væri gott og blessað en þeir kváðu nei við. Skýringarnar voru marghátttaðar en allar voru þannig í sömu átt. Launin voru lægri. Félagslega kerfið var óöruggara. Þeir nefndu að kostnaður við heilbrigðisþjónustu væri hærri. Þeir nefndu vinnutímann. Einn, fyrirvinna stórrar fjölskyldu, nefndi að hann ynni núna 37 klukkustundir í stað 100 heima fyrir hærri laun. Með öðrum orðum gæti hann látið enda ná saman í Hanstholm í Danmörku en ekki á Ísafirði eða á Íslandi. Einnig kom þarna til sögu fæðingarorlof og fleiri mikilvægir þættir. Það er auðvitað þessi samanburður, virðulegi forseti, sem við getum ekki annað en staldrað örlítið við þegar hæstv. ríkisstjórn heldur því fram að hamingjan sé hér á Íslandi og allt sé í lukkunnar velstandi. Það er bara ekki þannig. Því staldrar maður dálítið við þegar — núna er nýr maður mættur til leiks, hæstv. félmrh. — dauðhræddir fulltrúar þessarar ríkisstjórnar vegna samfylkingar vinstri manna koma í geðvonskukasti og einhverjum lufsugangi og reyna að snúa út úr stefnumörkum samfylkingar sem er í raun og sanni að segja það eitt að hún vilji geta boðið íslensku launafólki, meðaltekjufólki og fólki sem er með lág laun, svipuð kjör og gerast í nágrannalöndum, hvorki meira né minna. Þetta kallast yfirboð og gylliboð og ég heyri það á hæstv. félmrh. að hann er ekki einasta genginn í björg með íhaldinu og farinn að einkavæða á báða bóga til að þóknast foringjanum, heldur er hann farinn að apa upp eftir hæstv. forsrh. einhverjar tölur út í bláinn. Ég held að ég muni það rétt að þegar hæstv. félmrh. var og hét félagshyggjumaður hafi hann einhvern tímann gert grín að áætlunargerð hæstv. forsrh. þegar bygging ráðhússins stóð fyrir dyrum og einhvers konar áætlanir út í loftið spruttu þá fram eða hvernig það var nú orðað. Nú er hins vegar tekið mark á hvaða tölu sem er sem kemur frá hæstv. forsrh. Þjónkunin er orðin slík, orðin alger.

Þær 60 millj. kr. sem hæstv. félmrh. nefnir að sé útgjaldaauki vegna tillagna málefnaskrár eru náttúrlega algerlega út í bláinn. En gefum okkur það hins vegar að þær séu ekki fullkomlega út í bláinn, þær kosti einhverja 20–30 milljarða í hæsta lagi, þá er það svipuð tala og hæstv. ríkisstjórn hefur haft til viðbótar umleikis á ári hverju á valdatíma hennar. Það eru í kringum 100 milljarðar kr. sem ríkisstjórnin hefur haft umfram miðað við sama tíma hjá þeirri ríkisstjórn sem starfaði áður þannig að eitthvað geta menn gert með þessa fjármuni.

En veruleikinn á bak við þessa málefnaskrá samfylkingarinnar, sem ég ætla ekki að staldra lengi við og hefur verið svarað, er auðvitað kortlagning á því samfélagi sem við sannir félagshyggjumenn og jafnaðarmenn viljum sjá hér á landi. Ekki á morgun og ekki hinn, það tekur vafalaust lengri tíma. Þetta er samfélagið sem við viljum sjá hér á Íslandi. Það er auðvitað allt annað samfélag en það sem við búum við í dag. Það er alveg hárrétt. Þess vegna verða valkostirnir skýrir þegar nær dregur kosningum.

Lítið atriði en þó stórt, virðulegi forseti. Svör hæstv. félmrh. vegna Íbúðalánasjóðsins eru ekki fullnægjandi. Eftir því sem ég tók best eftir, eru það 40 störf sem núverandi starfsmenn Húsnæðisstofnunar eiga að ganga fyrir í og 30 missa vinnuna. Hvenær á þetta að vera skýrt? Ég veit það, eftir samtöl við almennt starfsfólk þarna, að það veit ekki hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Það eru innan við þrír mánuðir til áramóta og auðvitað verður að fá skýr svör fyrr en síðar. Þetta getur ekki velkst svona áfram.

Nóg er nú samt að það næst ekki að kalla til forstjóra þessa Íbúðalánasjóðs fyrr en einhvern tímann og einhvern tímann. Er það ekki 1. mars? Eða var það 1. apríl? Það passar kannski betur. En það er þó bara einn maður. Ég er að hugsa um atvinnuöryggi fólks sem hefur fyrir fjölskyldum að sjá. Hvernig á það að haga sér með þetta í huga? Getur það vænst þess að fá starf eða ekki?

Það eru þrír mánuðir í þessar breytingar. Gott og vel, þetta fólk fær hugsanlega biðlaunagreiðslur og þakka skyldi yfirvöldum vegna þess arna en það er ekkert svar við því sem ég spyr um. Ég spyr því enn og aftur um tímasetningar í þessu sambandi. Hvaða stefnumörkun er höfð í huga í þessu? Er miðað við að starfsaldur ráði þarna einhverju? Er miðað við að þeir sem komnir eru á sextugsaldur fái ekki áframhaldandi störf? Eru það einhvers konar almennar viðmiðanir sem þarna eru hafðar í heiðri? Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að hið háa Alþingi fái einhver svör við því. Það eru innan við þrír mánuðir þar til að þessu kemur.

Ég gagnrýni, virðulegi forseti, þá ofsatrú sem hæstv. félmrh. hefur nú allt í einu á markaðnum. Hann er algjörlega með ólíkindum þessi viðsnúningur hjá hæstv. ráðherra á örfáum árum. Nú sér hann öll vandamál leysast með því einu að færa þetta yfir í hendur bankanna. Vaxtalækkun, betri þjónusta, lægra verð. Guð láti gott á vita, en ég hef ekki þessa sannfæringu eins og hæstv. ráðherra, að með því einu að færa þetta í hendur markaðarins þá lagist þetta allt sjálfkrafa.

Nú sný ég mér að öðrum hæstv. ráðherra, sem er heilbrrh. Ég tók eftir því hér í andsvari, þegar hæstv. heilbrrh. var spurður um hvernig ná ætti þeim sparnaði sem ráðgerður er í fjárlagafrv. Hæstv. heilbrrh. svaraði því til að ekki væri ráðgert að auka sérstaklega lyfjakostnað heimilanna enda þótt hugsanlega yrði breyting á kostnaðarhlutdeild sjúklinga. Jú, og hvernig jafnaðist þetta út? Samkeppnin eykst, sagði hæstv. ráðherra og þar kom loksins að því. Ég bað skrifstofumenn þingsins að sækja fyrir mig svar hæstv. heilbrrh. við fsp. sem ég lagði fram á síðasta þingi um þessi lyfjaverðlagsmál. Hæstv. heilbrrh. var þingmaður í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili og hafði nákvæmlega allt á hornum sér þegar kom að því að beita lyfjalögum í þá veru að auka þar samkeppni. Þess vegna spurði ég nú hæstv. heilbrrh. á síðasta ári hvort hún hefði sömu skoðun og hún hafði sem stjórnarandstöðuþingmaður þegar frv. til nýrra lyfjalaga var til umræðu og afgreiðslu á Alþingi.

Og hæstv. ráðherra svaraði, með leyfi forseta, á síðasta þingi, á þessu ári:

„Ráðherra er enn sömu skoðunar enda hafa allar afleiðingar aukins frelsis í lyfjasölu og verðlagningu lyfja ekki enn komið fram."

En nú í dag segir hún: Samkeppnin á lyfjamarkaðnum gerir það að verkum að við getum náð þessum sparnaði fram. Við getum hækkað kostnaðarhlutfall sjúklinga. En af því að heildarverðlagning lyfja lækkar af samkeppninni einni saman, vegna þess að ný lyfjalög eru nú í gildi, þá er þetta allt gott og blessað.

Með öðrum orðum, hefur hæstv. heilbrrh. skipt um skoðun frá því á þessu ári? Hefur hann kannski skipt um skoðun síðan áðan? Ég bara vil glöggva mig á þessu. Þetta er kannski ekkert stórt mál en það er betra að vita hvaða skoðun hæstv. ráðherra hefur í þessum efnum.

Varðandi hin stærri mál á vettvangi heilbrigðismála — ég ætla ekki að setja á langa ræðu um það — þá er þar margt ágætlega gert og miðar í rétta átt enda meiri fjármunir til staðar. Ég tók til að mynda eftir því núna að framlagið hækkar til ráðuneytisins fjórða árið í röð. Ég fagnaði því í fyrra og ég fagnaði því í hittiðfyrra og hef verið þeirrar skoðunar að ráðuneytið sé allt of veik stofnun, þ.e. að þar vantar fleira starfsfólk og meira fé til að geta staðið í stappi við stórar og öflugar stofnanir eins og Ríkisspítala sem státar af, ef ég man rétt, 70–80 starfsmönnum á kontór á sama tíma og ráðuneytið er með 30–40. Nú sé ég að það á enn að hækka þetta, 20 milljónir til þess að ráða nýtt starfsfólk. Ég spyr hæstv. ráðherra hvaða starfsfólk það er. Hvar á að hnykkja á núna og auka þekkinguna og kraftinn? Ég spyr líka hæstv. ráðherra hvort henni finnist kannski nóg komið í bili.

Ég var að reyna að rifja það upp, hæstv. ráðherra gæti kannski svarað því: Hvað hafa framlög til ráðuneytisins sjálfs hækkað í tíð núv. hæstv. heilbrrh.? Ég held að það sé ekki fjarri lagi að það skipti a.m.k. einhverjum tugum milljóna. Ég gæti ímyndað mér að þau hefðu beinlínis hækkað um 60–70 millj. Ég endurtek það að ég er ekki að gagnrýna það en það væri hins vegar fróðlegt að sjá það. Eftir því sem við styrkjum heilbrrn. þá gerum við jafnframt meiri kröfur til þess. Það er nú meginatriðið.

Ég fagna því að við sjáum loks fram á nýjan barnaspítala, þetta hefur verið löng og ströng meðganga. Nú líður að lokum þessa kjörtímabils og enn er ekki farið að hreyfa jarðveg. En mér skilst að það sé núna dagaspursmál um það hvenær útboð fari fram. (Gripið fram í.) Þetta er komið á rekspöl og hefur verið ágætlega undirbúið. Sá sem hér stendur skrifaði einmitt undir samning á vordögum 1994 þar sem Hringskonur komu líka að verki og allt var klappað og klárt. Það mál lenti því miður í útideyfu þegar sá sem hér stendur fór í annað ráðuneyti. Ég fagna því og ítreka að loksins sjáum við þetta verða að veruleika, en mikið hefur þetta allt tekið langan tíma. Ég vona svo sannarlega að núv. hæstv. ráðherra nái að hreyfa þarna jarðveg áður en hún hverfur frá störfum því að ég held, með fullri virðingu fyrir hæstv. heilbrrh. og öðrum þeim ágætu ráðherrum sem hér eru, að það stefni í að bræðingurinn, samfylkingin fari að hreyfa stólana undir þeim og það er vonum seinna.

[19:08]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom víða við og ég ætla að svara honum í stuttu máli. Hann gerði aðallega athugasemdir við þá tvo fagráðherra sem setið hafa hér í allan dag. Hann er eins og prestarnir sem skamma þær fáu hræður sem mæta til messu, en nóg um það.

Hv. þm. talaði um það að ég hefði haft allt á hornum mér þegar lyfjalögum var breytt. Það er alveg rétt, ég hafði allt á hornum mér og kom ýmsu góðu til leiðar með því. Við höfum getað lækkað lyfjaverð vegna þriggja aðalatriða. Gengismálin hafa verið okkur mjög hagstæð. Við höfum beitt samhliðainnflutningi og við höfum lækkað hámarksverð. Auðvitað höfum við líka notið samkeppninnar. Það hefur komið á daginn, alveg eins og ég sagði í umræðunni fyrir fjórum árum síðan að lyfjaverð er ekki jafnt milli Reykjavíkursvæðisins og landsbyggðarinnar. Það er mismunandi.

Varðandi Barnaspítala Hringsins þá hefur það dregist allt of lengi að hefja framkvæmdir. Við vorum tilbúin með teikningar í byrjun maí og vildum fara af stað en við höfum verið í samningaviðræðum við Reykjavíkurborg varðandi flutning á Hringbrautinni og nú er það loksins komið í höfn. Við getum því hafist handa.

Nú, hamingjan er í Hanstholm í Danmörku. Ég ætla að segja hv. þm. stutta sögu. Ég var í Danmörku núna síðast í ágúst hjá gamalli vinkonu minni sem er um áttrætt. Hún er með krabbamein. Hún sagði við mig: Mikið var ég heppin að

ég skyldi fá krabbamein áður en ég varð sjötug. Ef ég hefði verið orðin sjötug þegar ég fékk þetta mein þá hefði ég enga meðferð fengið. Maðurinn hennar dó fyrir tveimur árum síðan, 78 ára gamall. Hann fékk lungnakrabbamein. Hann fékk enga meðferð af því hann var of fullorðinn. Þannig er nú þetta hamingjuríki Danmörk. Við höfum ekki sömu forgangsröðun og ég tel það vera gott.

[19:11]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað lyfjaverðið varðar þá fagna ég því að hæstv. ráðherra er loksins farin að átta sig á því að þessi lyfjalög sem hún lagðist mjög eindregið gegn hafa sannað gildi sitt. Hún ætlar að spara hér 120 milljónir á þessu ári án þess að leggja það á fjölskyldur í landinu vegna samkeppninnar. Þannig er það bara.

Í öðru lagi varðandi barnaspítalann. Ég er ekki að gera sérstakar athugasemdir við það, þetta tekur auðvitað allt sinn tíma. Ég vil hins vegar halda því til haga að hefðu menn farið þá leið sem ég lagði upp með á sínum tíma, að fara á alútboð, þá hefði verið hægt að ráðast í það verk mun fyrr og spítalinn væri sennilega upp kominn í dag. Í staðinn var sett á þunglamaleg nefnd sem hefur teiknað þetta fram og til baka, það tekur alltaf sinn tíma. Burt séð frá því fagna ég að loksins sjái fyrir endann á því máli, við sjáum a.m.k. fyrir endann á byrjuninni.

Hamingjan, hvar er hún? Ég þekki ekki þetta blessaða fólk sem ég las um í Morgunblaðinu. Ég er bara eins og hver annar lesandi. Þar var rætt við fjórar fjölskyldur. Hjá öllum þeim stóð það sama upp úr. Ég þekki ekki þessa gömlu konu sem hæstv. ráðherra talaði sérstaklega um. Vissulega veit ég að það eru ákveðnar reglur varðandi forgangsröðun í Danmörku. Þær eru umdeildar og við höfum ekki viljað taka þær upp. Auðvitað er þetta ekkert svart hvít mynd sem ég er að draga hér upp. Ég vek athygli á því — það er stundum sagt að fólk kjósi með fótunum — að þetta fólk hefur aldeilis kosið með fótunum. Það er bara farið til Danmerkur. Það er ekki vegna þess að við í stjórnarandstöðunni séum að segja því að fara. Ekki vegna þess að einhver sé að gylla þetta úti. Þetta fólk er í fiskvinnslu, það er í verkamannavinnu. Það aflar sér ekki milljóna á mánuði. Þetta er fólk sem berst í bökkum eins og þúsundir og tugþúsundir Íslendinga. Það sagði að þetta væri ekkert sældarlíf. Það sagði hins vegar að það væri mun einfaldara að láta enda ná saman þar heldur en hér heima. Það er bara sá veruleiki sem við okkur blasir.

Virðulegi forseti. Ég get ekkert gert að þessu. Þetta er bara svona.

[19:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna alútboðs sem hv. þm. nefndi hér áðan varðandi Barnaspítala Hringsins þá nefndi hann ekki aðalatriðið. Hve miklu fjármagni var ætlað til verksins meðan hv. þm. var ráðherra? Það var ekki fyrr en sú sem hér stendur settist í ráðherrastól að ætlaðir voru peningar til verksins. Það fer náttúrlega enginn í alútboð í verkefni sem kostar 1 milljarð án þess að það sé fimmeyringur á fjárlögum til verksins.

[19:14]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóst mál að hæstv. ráðherra ætlar að búa hér til leiðindi. Ég ætla bara að rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra, af því að hún veit betur, að vorið 1994 samþykkti þáv. ríkisstjórn að heimila þáv. heilbrrh. að undirrita samning um byggingu nýs barnaspítala. Samkomulag náðist við forsvarsmenn Ríkisspítalanna, sem höfðu yfir sjóði að ráða, við Hringskonur, sem höfðu líka yfir sjóði að ráða og það sem meira var, þáv. borgarstjórann í Reykjavík sem gaf vilyrði um 100 millj. kr. Þá var áætlunin upp á 600 milljónir samtals. Fyrir lá áætlun, samþykkt í ríkisstjórn, til þriggja ára um að ljúka því verki. Því væri lokið í dag. Svo einfalt er það. Svo klárt og einfalt er það. Ég minnist þess, virðulegi forseti, að hæstv. heilbrrh. hafi komið í þennan ræðustól oftar en einu sinni og oftar en tvisvar með nokkra tugi milljóna og sagt að hér væri dregið upp plaggið, hér ætti að hefja byggingu barnaspítala. Þá dugðu til einhverjar tíu eða tuttugu milljónir.

Virðulegi forseti. Af því að menn eru komnir í þetta farið þá vek ég athygli á því að hæstv. ráðherra leggur hér til 120 millj. kr. á næsta ári. Með sama áframhaldi tekur það tíu ár að byggja þennan spítala. (**Gripið fram í:** Langt fram á næstu öld.) Langt fram á næstu öld. Ég mundi ekki kasta steinum úr glerhúsi í sporum hæstv. ráðherra.

Við skulum hins vegar ekki karpa um þetta á þessum nótum. Við erum bæði áhugamenn um að koma þessum spítala upp og börn í þessu landi eiga allt annað og betra skilið en að við séum í einhverjum leðjuslag um þetta.

[19:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er alveg rétt eftir tekið hjá hv. 9. þm. Reykn. að ég minntist ekkert á skuldir heimilanna í þeim fáu orðum sem ég sagði áðan. Við skulum athuga þetta aðeins með þessa skuggalegu tölu sem hv. þm. fór með um skuldirnar.

Kaupmátturinn vex frá 1995–1999 um 23–25%. Viðskiptahallinn skýrist að töluverðu leyti af því að kaupmátturinn vex og fólk kaupir meira og eyðir meiru. Aðgengi að lánsfé er sífellt greiðara og menn eiga kost á margvíslegum lánum sem mönnum hefði þótt óhugsandi fyrir nokkrum árum. Menn geta farið í bifreiðaumboð og farið þaðan út með fínustu bíla án þess að borga krónu, t.d. Þetta er slæm þróun. Ég viðurkenni það.

Eitt er þó jákvætt og það er að skilin við lánastofnanir stórbatna, t.d. við Húsnæðisstofnun. Ég veit að hv. þm. hefur tekið eftir því. Fólki gengur miklu betur að standa í skilum en áður var.

Það er reyndar annað sem er dálítið merkilegt í þessu. Við settum upp ráðgjafarstofu í Lækjargötu 4 um fjármál heimilanna. Fólkið sem kom þangað til að byrja með var yfirleitt fólk með lágar tekjur, fólk sem hafði orðið fyrir einhverjum áföllum og misst vald á fjármálum sínum. Gerð hefur verið athugun á þeim sem fengu þar ráðleggingar fyrsta árið. Árangurinn er feiknarlega góður. Milli 60 og 70% hafa farið eftir ráðleggingunum og telja sig hafa náð valdi á fjármálum sínum.

Þeir sem eru hins vegar að koma núna á ráðgjafarstofuna, er yfirleitt fólk með háar tekjur, fólk með háar tekjur sem hefur skuldsett sig um of og ræður svo einn góðan veðurdag ekkert við skuldirnar sínar. Það er áhyggjuefni því að það kemur í ljós að ýmsir lifa um efni fram þrátt fyrir góðar tekjur.

Varðandi Íbúðalánasjóðinn þá skýrist það á næstu vikum hverjir verða ráðnir af starfsmönnum Húsnæðisstofnunar til hins nýja sjóðs. Ég ætla ekki að gefa forskrift um það hvaða menn það verða sem ráðnir verða. Ég veit um nokkra sem

ekki munu óska eftir ráðningu hjá hinni nýju stofnun af núverandi starfsmönnum Húsnæðisstofnunar. En ég ætla ekki að gefa neina forskrift um það hverja eigi að ráða. Það er annarra að gera það. Það verður gengið í það alveg á næstu vikum að ganga frá ráðningum. Það er mjög nauðsynlegt að gera það því það er ekki viðunandi að menn séu í lausu lofti fram á síðasta dag. Ég vænti þess að gengið verði frá ráðningum alveg á allra næstu vikum.

Ég veit ekki hvort við eigum að fara að taka tíma í að tala um fólkið sem fann hamingjuna í Hanstholm. Sem betur fer hafa sumir fundið hamingjuna þar svo sem sést á viðtölum í Morgunblaðinu. Sumir fundu hana ekki og eru komnir til baka og ekki mjög vel settir allir, því miður, verð ég að segja, því að ég þekki sumt af þessu fólki sem fór til Hanstholm og er komið til baka. Það sótti ekki þangað gull eða græna skóga. Þetta fólk fór út með reynsluna frá fyrra kjörtímabili fyrst og fremst. Það hefur ekki verið mikill landflótti eftir að þessi ríkisstjórn tók við nema rétt á fyrstu mánuðunum. Ég hef enga trú á því að þó að bræðingurinn, eins og hv. þm. kallaði samfylkingu sína og Alþb., kæmist hér til valda að þá væri glæsilegra fyrir þetta fólk að koma heim. Ef hv. þm. les málefnaskrána sem þeir kynntu fyrir örfáum vikum síðan með pompi og pragt þá sér hann það sjálfur að hún er ákaflega dýr. Nú skal ég ekki fullyrða að hún kosti akkúrat 60 milljarða. Það má kenna forsrh. þá tölu. Ég svaraði því til að hún mundi kosta marga tugi milljarða þegar ég var beðinn að leggja mat á hana. En ég er ekki frá því að þessi áætlun hjá forsrh. sé nærri lagi enda er bræðingurinn önnum kafinn við að segja að hún hafi verið ómark og er reyna að éta hana ofan í sig og vill helst gleyma henni. En við höfum veturinn fyrir okkur til að ræða þessi atriði. Ég veit ekki hvort við eigum beint að vera að taka tíma í það núna í kvöld.

[19:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sönnu hárrétt hjá hæstv. félmrh. að við eigum eftir að taka einhverjar rispur um samfylkinguna og þá pólitík sem hún mun fara fram með. En á einu skulum við standa alveg klárir, það verður ekkert í líkingu við það sem við erum að ræða hér, þ.e. þær áherslur í pólitík sem finna má í þessu fjárlagafrv. Þar kveður við annan tón.

Ég þakka svörin um Íbúðalánasjóðinn og heyri það á hæstv. ráðherra að hann er fullur vilja til þess að reyna að fá í þetta skýrar línur eins fljótt og nokkur kostur er og það er mjög mikilvægt. Þarna erum við að eiga viðskipti við fólk og þurfum að ganga þannig um dyr að allir geti komið þar standandi niður og með reisn.

Varðandi skuldir heimilanna, þá eru þetta svona almennar vangaveltur sem hæstv. félmrh. fer hér með líkt og ég gerði áðan. Því miður gerum við okkur ekki nógu glögga og heillega grein fyrir því hvað hér er á ferðinni. Þetta er sambland af mörgu. Ég veit að Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur hjálpað mörgum. Ég hef lesið ágætt viðtal við forstöðumann þeirrar stofnunar um að sá skjólstæðingahópur sem þangað sækir hefur breyst. En það er ekki nema lítill hluti af því sem hér um ræðir. Þetta getur farið í báðar áttir. Hæstv. ráðherra bendir á að kaupmáttur hafi vaxið. En er það þá sjálfsögð fylgni að skuldirnar vaxi að sama skapi? Erum við að gefa okkur það að með auknum tekjum missi fólk tök á fjármálum sínum og fari að eyða og spenna? Er ekki alveg eins hægt að álykta sem svo að fólk eigi að nota þessa peninga og noti það flest til þess að greiða niður skuldir? Myndin er ákaflega óskýr. Ég vænti þess að hæstv. félmrh. reyni með einhverjum leiðum að skýra hana því að svona getur þetta ekkert gengið, að tugir milljarðar á hverju ári séu til hækkunar á skuldum heimilanna. Það endar með ósköpum.

[19:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður feta ekki allir í fótspor ríkisstjórnar og stjórnarflokka og leggja megináherslu á að greiða niður skuldir. Menn freistast til þess að nota peningana sem þeir fá í hendur. Ég veit ekki hvort það er eitthvað í þjóðarsálinni en ég hygg að okkur Íslendingum sé dálítið tamt að lifa um efni fram. Ég þekki t.d. dálítið til í Noregi og það er allt annar hugsunarháttur hjá Norðmönnum í þessu efni. Þeir eru miklu passasamari og hræddari við skuldir en við Íslendingar erum.

Þó er einn gleðilegur vottur um að ástandið sé ekki svo slæmt og það er að vanskilin skuli hafa fallið svona niður, þ.e. fólki gengur þrátt fyrir allt, þrátt fyrir þessa miklu skuldaaukningu heimilanna, miklu betur að standa við fjárhagslegar skuldbindingar.

[19:25]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við bætum okkur kannski ekki mikið með þessum almennu vangaveltum. Ég get auðvitað haldið hér ræðu þar sem ég hef aðra kenningu á orsökum þessa. En getum við ekki verið sammála um það, ég og hæstv. ráðherra, að orðið sé brýnt að við fáum af þessu heillegri mynd og rannsökum það ofan í kjölinn? Nú höfum við grófa skiptingu á hvaða lán hér er um að ræða. En ef það er svo að kannski, við skulum segja, þriðjungur, fjórðungur eða fimmtungur af þessu sé vegna þess að menn eru að reka sín heimili á lánum þá er auðvitað eitthvað að í miðju góðærinu. Ég ætla ekkert að halda því fram. En við komumst ekkert áleiðis þegar stjórnarandstaðan segir: „Það er augljóst mál að heimilin í landinu eru að safna skuldum af því að þau hafa það svo slakt.“ Ríkisstjórnin segir aftur á móti: „Það er augljóst mál að þessi skuldaaukning er vegna þess að fólk kann ekki með peninga að fara í góðærinu.“

Getum við ekki verið sammála um að við þyrftum að nálgast veruleikann einhvern veginn? Ég kann ekki nægilega vel á það hvernig það er hægt. Ýmis ráð eru tæk og ýmsar nefndirnar hafa verið skipaðar, ekki satt?

[19:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta nokkuð góð hugmynd hjá 9. þm. Reykn. Ég er fús að ræða við hann og við ættum í sameiningu að setjast yfir það hvernig unnt væri að greina þessa skuldasöfnun. Ég held að það sé mikilvægt verkefni. Þar að þyrfti náttúrlega viðskrn. fyrst og fremst að koma líka.

Ég tel mikilvægt að gera sér grein fyrir því að e.t.v. væri hægt að setja upp einhver hættumerki, eitthvað til varnaðar sem yrði til þess að menn færu sér ekki fjárhagslega að voða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:28.

4. FUNDUR

þriðjudaginn 6. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1999, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Réttarfarsdómstóll, frv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
4. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
5. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Almannatryggingar, frv., 17. mál, þskj. 17. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Þjónustugjöld í heilsugæslu, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
9. Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
10. Undirritun Kyoto-bókunarinnar, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason menntmrh.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Svavari Sigurðssyni.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[13:31]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseta hefur borist bréf frá sjútvn. um að Kristinn H. Gunnarsson hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Árni R. Árnason varaformaður.

Frá menntmn. þess efnis að Sigríður A. Þórðardóttir hafi verið kjörin formaður nefndarinnar og Hjálmar Árnason varaformaður.

Frá félmn. um að Kristín Ástgeirsdóttir hafi verið kjörin formaður nefndarinnar og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.

Og frá allshn. að Sólveig Pétursdóttir hafi verið kjörin formaður nefndarinnar og Valgerður Sverrisdóttir varaformaður.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, 44. mál, frv. KHG, þskj. 44.

Áhrif hvalveiðibanns, 50. mál, fsp. EKG, þskj. 50.

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, 9. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 9.

Endurskoðun hjúalaga, 48. mál, fsp. SvG, þskj. 48.

Greiðsluþátttaka sjúklinga vegna hjálpartækja, 47. mál, fsp. MF, þskj. 47.

Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, 14. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 14.

Sjálfbær orkustefna, 12. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 12.

Stjórnarskipunarlög, 51. mál, frv. SF, þskj. 51.

Virðisaukaskattur, 46. mál, frv. JóhS og RG, þskj. 46.

Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, 43. mál, frv. KHG, þskj. 43.

Fjárlög 1999, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 2.–10. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, fyrri umr.

Þáltill. SvG, 5. mál. — Þskj. 5.

[13:36]

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég flyt í þriðja sinn í þessari virðulegu stofnun till. til þál. um að íslenska táknmálið verði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra. Tillagan er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa frumvarp til laga um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra hér á landi."

Tillagan er einföld og lætur lítið yfir sér. Þó hefur tekist að láta tvö þing líða án þess að hún yrði samþykkt. Í rauninni hefur þetta mál lent í útideyfu þannig að á því hefur ekki verið tekið eins og hefði þurft að gera. Það hefði með öðrum orðum að mínu mati þurft að taka um það ákvörðun að gera það sem þarf til að tryggja í verki að íslenska táknmálið verði raunverulega viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra hér á landi.

Þegar umræðan um þessi mál hófst er stofnuð var Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir 10 árum, var stigið mjög mikilvægt skref í þessa átt og þá var hreyft þeirri hugmynd að teknar yrðu ákvarðanir um það í lögum að íslenska táknmálið yrði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Þá þótti sú umræða býsna fjarri veruleikanum og að hún styddist kannski í mesta lagi við þau almennu rök að allir eigi að vera jafnir í landinu og það eigi að gera ráðstafanir til þess. Síðan sú umræða hófst árið 1990 hefur hins

vegar það gerst að Alþingi hefur staðfest býsna mikilvæga mannréttindaþætti, bæði í mannréttindayfirlýsingu Evrópu og einnig í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar sem gerir það að verkum að heyrnarlausir eiga skilyrðislausan rétt á því í dag að fá þá þjónustu sem þeir þurfa til þess að njóta opinberrar þjónustu hér á landi, þ.e. táknmálstúlkun.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður flutti á fundi Félags heyrnarlausra á laugardaginn var erindi um þessi mál þar sem hann sýndi skýlaust fram á að heyrnarlausir eiga þennan rétt á grundvelli þeirra mannréttindasáttmála sem við erum aðilar að og á grundvelli stjórnarskrár Íslands. Hann reyndar komst svo að orði í erindi sínu að þau ákvæði sem eru í lögunum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra væru of veik miðað við þær ákvarðanir sem við höfum síðan tekið um mannréttindi hér á landi.

Í greinargerð tillögunnar segir svo, með leyfi forseta:

„Málefni heyrnarlausra hafa oft komið til meðferðar á Alþingi. Fullyrða má að þar sé samstaða um að íslenska táknmálið eigi að geta orðið móðurmál heyrnarlausra. Það leiðir reyndar hugann að því að ekki er einfalt að setja slíkt í lög og hætta er á að lögin verði dauður bókstafur ef þeim er ekki fylgt eftir. Reyndar er íslenskan ekki viðurkennt móðurmál Íslendinga í lögum eða stjórnarskrá, og þess gerist reyndar ekki þörf þar sem hún er móðurmálið í raun og enginn dregur það í efa. Vaknar sú spurning hvort engu að síður væri rétt að setja lög um móðurmálið eða ákvæði um það í stjórnarskrá. Má hugsa sér í því sambandi almenn lög og breytingar á einstökum lögum, t.d. breytingu á lögum um þingsköp Alþingis þar sem tekið yrði fram að töluð skuli íslenska á Alþingi og að skjöl skuli vera á íslensku.

Sérstök lög um íslenska táknmálið sem móðurmál eru hins vegar annars eðlis, þau eru jafnréttismál sem snýst um að tiltekinn hópur hafi rétt á því að taka þátt í öllum athöfnum þjóðfélagsins til jafns við aðra og að hann eigi því rétt á túlkun. Jafnframt væri samfélagið með slíkri lagasetningu að ákveða að mennta túlka og að rannsaka og þróa íslenska táknmálið svo sem nauðsynlegt er. Hins vegar ráða fjármunir og fjárlög úrslitum. Auðvitað er unnt að taka ákvörðun um að táknmálið sé raunverulegt móðurmál heyrnarlausra með því að veita fjármuni til þess. Tryggja þarf að til sé nægur hópur táknmálstúlka og táknmálskennara, að heyrnarlausir og aðstandendur þeirra hafi tækifæri til að læra táknmálið og að foreldrar heyrnarlausra barna læri það, að heyrnarlaus börn í Vesturhlíðarskóla fái móðurmálskennslu í táknmáli og að allir kennarar kunni táknmál og geti verið málfyrirmyndir. Það þarf að tryggja að börnin fái táknmálstúlkun í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum. Til þess að allt þetta megi gerast þarf að þróa rannsóknir á íslenska táknmálinu." — Að því hefur verið unnið á undanförnum árum en þarf að halda áfram. — „Tryggja þarf að opinberar stofnanir, dómstólar, sjúkrahús o.s.frv. hafi táknmálstúlka. Loks þarf að sjá til þess að skýrt sé hver á að borga hvað svo að réttindi heyrnarlausra merjist ekki sundur á milli ríkis og sveitarfélaga eins og oft hefur gerst."

Þar með lýkur tilvitnun í þessa greinargerð, herra forseti. Ég hef orðið var við það á undanförnum missirum að rætt er um að skynsamlegt sé að taka á málefnum heyrnarlausra eins og á málefnum fatlaðra og það eigi að vísa þessum málaflokki yfir til sveitarfélaganna þegar málefni fatlaðra flytjast til sveitarfélaganna. Hér er um grundvallarmisskilning að ræða vegna þess að hér er um að ræða spurninguna um það að tiltekinn hópur geti notað sér ákveðið mál, táknmálið, sem sitt móðurmál hvar svo sem menn eru staddir á Íslandi. Þess vegna er þetta þjóðarmál, ríkismál, en ekki bara mál sem hægt er að vísa til sveitarfélaganna. Þess vegna eru bæði praktísk rök og almenn jafnréttisrök fyrir því að á þessu máli sé tekið með sérstakri löggjöf héðan.

Spurningin er þá sú hvernig hún eigi að vera og í þeim efnum koma tvær leiðir aðallega til greina. Önnur leiðin er sú að sett verði almenn lög um táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra og hvernig með það skuli farið, bæði að því er varðar notkun og rannsóknir. Hin leiðin er sú að setja inn í öll lög ákvæði um það að fólk skuli geta notið þjónustu opinberra stofnana og fengið þar táknmálstúlkun. Þá er ég að tala um í raun og veru öll dómsmálalög, lög um meðferð einkamála, lög um meðferð opinberra mála. Ég er að tala um þau lög sem snerta skólana, snerta kirkjuna, sjúkrahúsin og félagslega þjónustu af hvaða tagi sem er. Ég tel að það væri skynsamlegra að reyna að fara þá leið að setja inn í öll lög ákvæði um að heyrnarlausir skuli eiga rétt á táknmálstúlkun þar sem þeir þurfa að njóta þjónustu.

Nú vill þannig til, herra forseti, að þetta sérstaka vandamál liggur fyrir til meðferðar hjá opinberum aðilum. Stjórnvöld og Alþingi hafa tekið jákvætt á því, vil ég segja áður en lengra er haldið, með því að í lögunum um réttindi sjúklinga sem við settum í fyrra eða hittiðfyrra eru skýr ákvæði í þessum efnum sem snerta réttindi heyrnarlausra. Í þeim lögum er sjúklingum sem á þurfa að halda tryggð táknmálstúlkun og þar með viðurkennt að þeir sjúklingar sem þurfa á túlkuninni að halda mundu njóta annars flokks heilbrigðisþjónustu án *túlkunarinnar*.

Auk þess hefur það gerst núna ekki alls fyrir löngu að ákveðnir aðilar fengu ekki þjónustu hjá opinberri stofnun af því að viðkomandi var heyrnarlaus og opinbera stofnunin neitaði í raun og veru að veita viðkomandi þessa þjónustu. Slíkt mál frá ákveðnu sýslumannsembætti hér í landinu er nú til athugunar og úrskurðar í dómsmrn.

Embætti sem heyrir undir dómsmrn. synjaði heyrnarlausri konu um afgreiðslu máls vegna þess að hún gat einungis tjáð sig á táknmáli. Hún hafði þó boðað komu sína með þriggja daga fyrirvara og gert grein fyrir aðstæðum sínum. Ég tel að með hliðsjón af þeim mannréttindasáttmálum sem við höfum þegar staðfest og mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar þá séu viðbrögð þessarar opinberu stofnunar óheimil og standist ekki og séu andstæð fyrrnefndum jafnréttis- og málsmeðferðarreglum. Að þeirri niðurstöðu komst Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður á fundi á vegum Félags heyrnarlausra núna á laugardaginn var.

Þess má geta, herra forseti, að þetta tiltekna mál er nú til meðferðar og ítarlegrar athugunar í dómsmrn. vegna þess að við því er að búast að úrskurður þess muni skapa fordæmi fyrir önnur íslensk stjórnvöld gagnvart þeim sem heyrnarlausir eru. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég er þess fullviss og læt það koma fram úr þessum ræðustól að úrskurður dómsmrn. verður jákvæður í þessu máli. Það væri algerlega fráleitt að annað gerðist vegna þess fyrst og fremst að ef þessum sjónarmiðum yrði hafnað þá væri verið að brjóta gegn grundvallarþáttum bæði mannréttindaákvæða okkar eigin stjórnarskrár og þeirra mannréttindasáttmála alþjóðlegra sem við höfum gerst aðilar að. Ég segi það því hér og nú án þess að hafa spurt dómsmrh. um það einu einasta orði: Ég er þess fullviss að það hljóti að vera þannig að dómsmrn. úrskurði í þessum málum í vil þeim heyrnarlausa einstaklingi sem leitaði þjónustu hjá sýslumannsembætti en

var neitað um þjónustuna af því að embættið var ekki með aðstöðu til táknmálstúlkunar.

Ég tel, herra forseti, að hér sé um að ræða mjög mikilvægt almennt mannréttindamál og ég skora á hv. Alþingi að taka því vel. Ég skora á hv. menntmn. að afgreiða málið. Ég gagnrýni menntmn. fyrir að hafa ekki afgreitt málið síðustu tvö þing. Hún lá með það í allan fyrravetur og sinnti því lítið. Það var sent til umsagnar en engin niðurstaða kom úr því sem er mjög alvarlegur hlutur. Það er algerlega tilefnislaust að liggja á þessu máli þó það sé frá stjórnarandstæðingi, jafnvel þó að svo illa vilji til að stjórnarandstæðingur hafi flutt það. Mér skilst að stjórnarflokkarnir beri því við í þessu máli að það sé til athugunar í nefnd á vegum forsrn. Ég tel að það dugi ekki sem viðbára vegna þess að sú nefnd er almennt að fjalla um málefni sem snúa að þjónustu fatlaðra í þessu landi og ekki sérstaklega að málefnum heyrnarlausra og réttindum þeirra og íslenskra táknmálinu sem móðurmáli heyrnarlausra. Það er sérstakt mál og það á ekki að grauta því saman við almenna hluti nema ef menn vilja tefja málið enn lengur. Ég er fullviss um að það er ekki svo og vænti þess að málið verði afgreitt jákvætt á þessu þingi. Allt er þá þrennt er. Þetta er í þriðja sinn sem tillagan er flutt. Vonandi verður hún samþykkt áður en langur tími líður á þessu ágæta þingi sem núna hefur nýlega hafið störf.

Ég legg svo til, herra forseti, að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[13:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að byrja á því að þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að flytja þessa þáltill. hér í þriðja sinn. Hér er á ferðinni mikið mannréttindamál, að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Við verðum að viðurkenna það að heyrnarlausir og heyrnarskertir eru sérstakur málhópur, minnihlutamálhópur.

Hv. þm. Svavar Gestsson hefur lýst því vel í máli sínu hver staða þessa málhóps er en mig langar til að benda á nokkur atriði til viðbótar. Norðurlandabúi sem kemur hingað og þarf þjónustu í kerfinu er rétthærri til að fá túlkun á máli sínu en Íslendingur sem er heyrnarskertur eða heyrnarlaus. Við höfum gert samninga við Norðurlöndin um að túlkað sé af Norðurlandamálunum. En eins og kom fram áðan þá hefur heyrnarlausum Íslendingi verið vísað frá hjá sýslumanni vegna þess að ekki var unnt að túlka fyrir hann á þeim stað. Það er auðvitað mjög alvarlegt þegar svona staða er uppi og við verðum að rétta þeirra hlut.

Það er skýr vilji heyrnarlausra og heyrnarskertra að fá tungumál sitt, táknmálið, viðurkennt og það var til umræðu á málþingi þeirra á laugardaginn. Þar voru fyrirspurnir til fulltrúa stjórnvalda um þessi mál þar sem fulltrúi úr nefnd menntmrh. sat fyrir svörum og ég gat ekki heyrt að það væri raunverulegur vilji til þess að táknmálið yrði viðurkennt sem móðurmál. Ég hefði gjarnan viljað fá skýringar á því hvers vegna menn eru ekki afgerandi allir á þeirri skoðun að málið verði samþykkt, táknmálið verði viðurkennt. Meðan tungumál heyrnarlausra er ekki viðurkennt þá gengur þeim alls staðar illa að fá þjónustu.

Við getum nefnt sem dæmi að Tryggingastofnun ríkisins greiðir fyrir talþjálfun og talkennslu en hún greiðir ekki fyrir kennslu í táknmáli sem er tungumál þessa hóps. Foreldrar sem eignast heyrnarlaus eða heyrnarskert börn þurfa að læra táknmál til að geta haft samskipti við börn sín og það þurfa aðrir aðstandendur þeirra líka. Auðvitað þyrfti að greiða það eins og aðra þjónustu úr velferðarkerfinu.

Þess má líka geta í umræðu um þetta mál að umboðsmaður barna hefur kallað eftir því að táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál þessa hóps og að það séu skýlaus mannréttindi þeirra barna sem ekki heyra. Við verðum nefnilega að gera okkur grein fyrir því að þetta er hópur sem er fatlaður þangað til réttindi þeirra eru tryggð. Þegar við höfum tryggt réttindi þeirra þá getur þessi hópur tekið virkan þátt í samfélaginu. Þá getur hann farið af greiðslunum frá velferðarkerfinu. Þá getur hann tekið þátt í atvinnulífinu. Þetta er ódýrt fyrir okkur. Það er sparnaður fyrir samfélagið að tryggja þessum hópi þau réttindi sem honum ber því að þar með verður þessi hópur sjálfbjarga og kemst greiðar út í atvinnulífið og menntakerfið. Heyrnarlausir og heyrnarskertir hafa ekki aðgang að þjóðfélagsumræðu t.d. Þó svo að heyrnarlausir greiði hálft gjald fyrir útvarp og sjónvarp þá er alveg ljóst að útvarpið gagnast þeim ekki. En þeir greiða fyrir sjónvarpið og eru aðeins með tíu mínútna þátt á dag í fréttaumfjöllun. Það eru engar fréttaskýringar. Þessi hópur hefur engan aðgang að annarri þjóðfélagsumræðu.

Það hefur komið hér fram að búið er að taka á þessu máli hvað varðar réttindi sjúklinga en það þarf að taka á þessu máli mun víðar því að eins og komið hefur fram þá er verið að brjóta á þessum hópi.

Mig langar til að vitna aðeins í fréttabréf Félags heyrnarlausra sem okkur þingmönnum barst nú á dögunum þar sem ritstjórnarpistillinn fjallar mjög um þetta mál og þetta fréttabréf fjallar einmitt um mannréttindi. Ég ætla, með leyfi forseta, að fá að vitna aðeins í þennan ritstjórapistil í Fréttablaði Félags heyrnarlausra, sem lýsir vel upplifun heyrnarlausra, en þar segir:

„Þema blaðsins að þessu sinni er um mannréttindi. Mannréttindi eru öllum sjálfsögð, líka heyrnarlausum, sem sagt öllu fólki. En hvað þýða mannréttindi fyrir okkur? Það er spurning sem við þurfum stundum að velta fyrir okkur en nú á dögum er auðvelt að svara henni. Ég mundi segja að mín mannréttindi sem heyrnarlaus einstaklingur séu að ég vilji þekkja mitt þjóðfélag, vera fullgildur meðlimur í þjóðfélaginu. En hef ég tækifæri til þess? Svarið við þessari spurningu kann kannski að vefjast fyrir mörgum en ekki fyrir mér. Mitt svar við þeirri spurningu er: Nei, ég þekki ekki mitt þjóðfélag. Ég fæ ekki að vera með. Fólki kann kannski að finnast það djarft af mér að kasta þessu svona fram blákalt vegna þess að við búum í velferðarþjóðfélagi. Ég mundi segja að við búum ekki í velferðarþjóðfélagi vegna þess að ég fæ ekki að fylgjast með íslensku sjónvarpsefni. Það er ekki textað nema kannski bara á hátíðisdögum. Ég er orðin þreytt á að vera fullgildur þjóðfélagsþegn bara á hátíðisdögum. Ég vil vera það alltaf, alla daga ársins. Með þessum orðum er ég að beina orðum 10–25 þúsund þjóðfélagsþegna til yfirvalda um að hefja strax textun á allt íslenskt sjónvarpsefni."

Undir þetta ritar Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, ritstjóri Fréttablaðs Félags heyrnarlausra.

Ég verð að segja eins og er að ég skil ekki hvers vegna Ríkisútvarpið hefur ekki enn tekið upp meiri textun fyrir þennan hóp því að það vita allir sem vilja það vita að þegar fréttir eru lesnar í sjónvarpi þá er búið að texta fréttatextann sem fréttaþulurinn les því að hann les hann af skjá sem rennur fyrir framan hann þegar hann er að flytja fréttirnar fyrir okkur í sjónvarpið. Hvers vegna er ekki hægt að nýta þá textun og láta hana renna fyrir neðan á sjónvarpsskjánum

fyrir þann fjölda fólks sem eru heyrnarskertir eða heyrnarlausir? Það er nefnilega mjög stór hópur í samfélaginu, hátt í 25 þúsund manns sem býr við einhver skonar heyrnarleysi eða heyrnarskerðingu og getur ekki nýtt sér sjónvarpið að fullu hér á landi. Ég er alveg sannfærð um það að ef táknmálið yrði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra og það væri farið að taka tillit til þessa hóps sérstaklega þá yrðu þessi mál rétt við. Ég vil geta þess hér að í málefnaskrá samfylkingar A-flokkanna og Kvennalistans er það eitt af baráttumálum okkar að tungumál heyrnarlausra, táknmálið, verði viðurkennt á Íslandi.

[13:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta er þriðja þingið í röð sem við ræðum þetta brýna mál og ég er afskaplega ánægð með að við ræðum þessa till. til þál. um að íslenska táknmálið verði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra fyrst mála í dag vegna þess að við erum að taka fyrir fyrsta þingmannamálið, fyrsta almenna málið á eftir fjárlögum ríkisins sem voru á dagskrá í gær. Það fer vel á því að fyrsta þingmannamálið sem við ræðum sé réttindamál og réttindamál þess hóps sem hefur gengið svo illa að fá áheyrn sinna mála hjá stjórnvöldum á liðnum árum.

Ég styð þessa tillögu. Ég hef stutt hana frá því að hún kom fram og vil leggja mitt af mörkum til þess að það sé hægt að efla réttindi heyrnarlausra. Því ætla ég að koma aðeins inn á hvað þarf að fylgja með eins og flutningsmaður gat réttilega um áðan.

Í fyrsta lagi þarf að setja í lög að íslenska táknmálið sé viðurkennt móðurmál heyrnarlausra. Í öðru lagi verður að tryggja fjármuni til þess að þau lög verði virk og í þriðja lagi þarf að tryggja lágmarksfjölda táknmálstúlka og táknmálskennara til að fullnægja þessum þætti þannig að rétturinn sé tryggður. Allt þetta þarf að koma til til þess að sómi sé að því fyrir okkur að setja lög um réttindi heyrnarlausra.

Herra forseti. Þegar við ræddum þetta mál í fyrra fengum við sérstök viðbrögð frá menntmrh. og það eru þau sem ég ætla að gera að umtalsefni. Ég var að vona að hann yrði með okkur við þessa umræðu þannig að ég gæti beint til hans spurningum. En í umræðunni í fyrra sagði menntmrh. að það væri mikið álitamál hvort rétt væri að vísa tillögu eins og þessari til menntmrh. sérstaklega af því hér væri um að ræða ákvörðun um að viðurkenna táknmál sem móðurmál og það væri miklu víðtækara en svo að hún félli einvörðungu undir verksvið menntmrh. Ráðherrann lagði mikla áherslu á að samskiptamiðstöðin væri á vettvangi hans, að verkaskipting væri milli einstakra ráðuneyta og sá þáttur táknmálsins sem lyti að framkvæmd grunnskólalaga, framhaldsskólalaga og táknmál á háskólastigi félli undir verksvið hans en álitamál væri um annað. Ráðherrann benti á nefnd sem þá hafði nýlega verið sett á laggirnar sem sú er hér stendur á sæti í og er undir stjórn Sigríðar Önnu Þórðardóttur og er að fjalla um flutning félagslegra verkefna á heilbrigðissviði sem þyrfti að flytja af því sviði, t.d. yfir á félmrn. eða hugsanlega menntmrn. Forsrh. skipaði nefndina og fól þeirri nefnd m.a. að skoða önnur atriði er varða fatlaða sem menntmrh. óskaði að væru skoðuð. Nefndinni var líka falið að skoða framtíðarskipan túlkaþjónustu. Hin almenna túlkaþjónusta sem er utan við réttinn í skólunum og á sjúkrahúsunum er í molum. Um nokkurra ára skeið hefur verið veitt 2 millj. kr. til þessarar almennu túlkaþjónustu. Hin síðari ár hefur þurft með eftirgangsmunum að sækja þessar 2 millj. og því sakna ég menntmrh. að ég get ekki séð það í fjárlögunum að þar sé þessar 2 millj. að finna og tel að það eigi eftir að útkljá það af hálfu ríkisstjórnarinnar hvort einnig í ár verði settar 2 millj. til almennrar túlkaþjónustu. Þetta hangir saman við málið sem hér er flutt vegna þess að ekki væri nægilegt hjá Alþingi Íslendinga að lögbinda íslenska táknmálið ef aðrir þættir eru ekki tryggðir og fjármagn til þeirra.

Fram kom í máli menntmrh. í fyrra að nefnd sú er ég sit í, eigi að gera tillögur um framtíðarskipan, líka þess að lögfesta móðurmálið. En ég tek undir það með flm., ég tel að Alþingi eigi að taka afstöðu til þessa máls, líka þess vegna er mikilvægt að það sé flutt á fyrsta degi þingsins því að þá er erfitt að hamla gegn því að málið sé afgreitt frá Alþingi. Ef það er svo að það muni standa framgangi þessa máls fyrir þrifum að því hefur verið vísað til nefndar er ég sannfærð um að formaður þeirrar nefndar sem hér um ræðir mun flýta því að afgreiða þennan sérstaka þátt í starfi nefndarinnar. Það er ég sannfærð um og mun styðja hana í því.

Herra forseti. Flutningsmaður gat um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra sem var afskaplega mikilvægt mál þegar hún var sett á laggirnar og mikilvægt að henni sé tryggt fjármagn til starfseminnar. Í fyrra var fjármagn til samskiptamiðstöðvar lækkað. Það var lækkað um 3,4 millj. og sagt að það væri vegna þess að það drægi úr framlagi til náms táknmálstúlka vegna þess að þörf væri að verða fullnægt. Nú eru í fjárlögum ársins 16,6 millj. til þessa þáttar, 1,4 millj. meira en í fyrra. Samhliða þeim lið er nám táknmálstúlka sem fær 5,2 millj. samtals 21,8 millj. En þar segir að rekstrargjöldin hækki vegna aukinnar táknmálstúlkunar fyrir framhaldsskólanemendur. Ég vek athygli á því að ef af þessari fjárhæð er verið að leggja til 4 millj. vegna aukinnar táknmálstúlkunar fyrir framhaldsskólanemendur er hætt við að fjármagn skorti til annarra mikilvægra þátta sem samskiptamiðstöðin hefur á sinni könnu.

Herra forseti. Ég óska þess að forsrh., sem heiðrar okkur með nærveru sinni, og mér finnst mjög mikilvægt að hann sé viðstaddur þessa umræðu, ekki síst vegna þess að nefndin sem ég vísaði til er á verksviði hans, upplýsi okkur um það hvort þær 2 millj., sem hafa komið sem aukafjárveiting eða sérstök fjárveiting til almennrar táknmálstúlkunar, verði veittar í ár. Svo beini ég þeirri spurningu til flm. hvort e.t.v. eigi að vísa þessari tillögu til þeirrar nefndar sem fer með mál á verksviði forsrh. úr því að menntmrh. vék málinu af höndum sér í umræðunni hér í fyrra og þar sem nefnd forsrh. hefur fengið verkefnið sem ég hef gert að umtalsefni.

[14:06]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill láta þess getið vegna þeirra umræðna sem hér hafa farið fram að hæstv. menntmrh. hefur fjarvistarleyfi í dag þar sem hann er staddur erlendis.

[14:07]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hafa tjáð sig ýmsir hv. þm. sem hafa komið að þessu máli í miklu ríkara mæli en ég hef gert og talað af meira viti en ég er fær um að gera. Ég kem fyrst og fremst hingað í pontu til að lýsa stuðningi við málið og þakka flm. tillögunnar, hv. þm. Svavari Gestssyni, fyrir sinn hlut í málinu. Hér er um mjög mikilvægt réttindamál að ræða og helsta röksemdin fyrir því að það nái fram að ganga er sú að það byggir á lýðræðislegum vilja þeirra sem í hlut eiga.

Þeir skilgreina málið sem mannréttindi, sín mannréttindi, og það er mikilvægasta röksemdin.

Þessi þáltill. byggir á skýrum vilja heyrnarlausra og heyrnarskertra til að fá táknmálið viðurkennt sem móðurmál. Máltækið segir að dropinn holi steininn og hér hefur komið fram að þetta er í þriðja skipti sem hv. þm. Svavar Gestsson flytur þetta mál og ég er ekki frá því að það veki meiri áhuga nú en áður. Það er því ljóst að baráttan skilar árangri en ég leyfi mér að taka undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og auglýsa eftir viðhorfum stjórnarsinna. Mjög sannfærandi rök hafa verið sett fram um að þetta mál nái fram að ganga og hér á að fara fram umræða um málið og ég auglýsi eftir því að rök komi úr stjórnarbúðunum og skýringar á því að málið skuli ekki þegar hafa fengið afgreiðslu.

[14:09]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa stuðningi við þá tillögu til þingsályktunar sem hér er flutt. Nákvæmlega þetta atriði um að íslenska táknmálið verði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra hefur verið tekið upp í málefnaskrá samfylkingar sem hyggst bjóða fram sameiginlegt framboð til næstu alþingiskosninga. Sá tillöguflutningur sem um er að ræða og hv. þm. Svavar Gestsson stendur að í þriðja sinn fellur nákvæmlega að þeirri stefnu og ég lýsi yfir stuðningi við hana.

Vissulega má síðan hugsa sér einstaka framkvæmdaatriði sem hægt væri að taka strax fyrir. Við fluttum á Alþingi í fyrra, ég og hv. þm. Tómas Ingi Olrich og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, frv. til laga um breytingu á útvarpslögum sem er í tveimur greinum þar sem í fyrsta lagi er lagt til að komi inn grein í útvarpslögin þess efnis að allar þær fréttir sem fluttar séu í aðalfréttatíma sjónvarps skuli jafnan vera textaðar á íslensku og textinn gerður aðgengilegur þeim sem svo kjósa. Í öðru lagi var hins vegar veitt undanþága frá þessu skýlausa ákvæði ef um væri að ræða fréttir eða fréttasendingar sem kæmu jafnóðum frá vettvangi þannig að ekki væri unnt að texta þær því þær væru fluttar í sjónvarpsfréttatíma jafnóðum og hlutirnir gerðust. Í grg. með frv. er m.a. bent á að nú líði að því að sjónvarpið flytji í nýtt húsnæði uppi við Efstaleiti. Þá sé rétt að gera ráð fyrir því við innréttingar og tækjakaup vegna þess flutnings að sjónvarpinu sé gert tæknilega unnt að texta allar fréttir í aðalfréttatímum sjónvarps og flytja þann texta jafnharðan þannig að við lögðum til á Alþingi í fyrra að ákvörðunin um að þetta skyldi gert yrði tekin svo hún lægi fyrir áður en sjónvarpið flytti á hinn nýja stað. Því miður fékkst frv. ekki afgreitt í fyrra en nú líður óðum að því að þessi tilflutningur á sjónvarpinu eigi sér stað þannig að menn þurfa að taka ákvörðun um hvaða tækjabúnaður og aðstaða eigi að fylgja þar. Ég mun ræða við þá samþingmenn mína sem fluttu með mér þetta frv. að þeir fallist á að endurflytja það nú svo hægt sé að taka afstöðu til málsins áður en að því kemur að sjónvarpið flytur í nýtt húsnæði.

[14:12]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil sömuleiðis láta í ljós stuðning við málið og þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að flytja það í þriðja sinn. Það kom skýrt fram á ráðstefnu um síðustu helgi og fjölmiðlaumræðu um hana að hér er um mjög mikilvægt mannréttindamál að ræða og það hafa átt sér stað umræður á vettvangi mannréttindamála sem styðja mjög að þessi tillaga fái raunverulegan framgang núna. Ég hef átt sæti í menntmn. undanfarin ár þegar þessi tillaga hefur komið til umfjöllunar og sama málsmeðferðin hefur verið á henni og öðrum stjórnarandstöðutillögum, að þær eru sendar út til umsagnar og þar við situr. Yfirleitt fá stjórnarandstöðumál mjög litla umfjöllun í menntmn. og málið hefur satt best að segja aldrei komist á umræðustig í þeirri nefnd. Mér finnst því mjög athyglisverð sú umræða sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir bryddaði upp á áðan að hæstv. menntmrh. hafi allt að því hafnað málinu í þingsal í fyrra, eða bent á að hugsanlega sé það betur komið hjá forsrh. Ég tel og mun beita mér fyrir því að í menntmn. verði málið ekki bara sent út heldur muni einnig verða aflað upplýsinga frá Svíþjóð en táknmál er viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra í Svíþjóð og ég mun beita mér fyrir því að afla upplýsinga þaðan til að átta okkur kannski betur á hvað þetta þýðir í reynd. Mér er t.d. ekki ljóst hver kostnaður verður af þessu eða hvort málið sé betur komið á forræði forsrh. eða menntmrh. Mér finnst að hvort tveggja geti komið til greina eins og er og ég hef heyrt tölur á bilinu 10 til 200 millj. Væntanlega fer það allt eftir útfærslu og hversu víðtæk þjónustan verður en ég held að allar forsendur séu til að ætla að við verðum að taka þessa kröfu alvarlega. Ekki er hægt að ætlast til þess, hvort sem heyrnarlausir einstaklingar eru 200 eða fleiri, að þeir geti búið í þessu þjóðfélagi og við lyftum ekki litla fingri til að hjálpa þeim að verða alvöruþátttakendur í því.

Ég vil sem sagt, herra forseti, taka undir þessa kröfu og mun gera mitt til þess að málið fái alvörumeðferð í menntmn.

[14:15]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það hefur nokkuð verið rætt um það í þessari umræðu að málið sem hér er verið að ræða hafi ekki fengist afgreitt í menntmn. Það hefur jafnvel verið látið að því liggja að málið hafi fengið eitthvað óeðlilega meðferð þar inni. Því vil ég mótmæla. Þetta mál hefur fengið eðlilega meðferð. Hins vegar er það svo að það eru mörg mál sem berast til nefnda og það er engin nýlunda að nefndum takist ekki að afgreiða þau öll.. Ég vísa því til föðurhúsanna að um eitthvað óvandaða eða óeðlilega meðferð sé að ræða á þessu máli.

Ég vil líka láta þess getið, af því að það hefur komið fram í umræðunni, að á vegum forsrn. er að störfum starfshópur sem fjallar um verkaskiptingu ráðuneyta í þágu fatlaðra. Það er auðvitað alveg gríðarlega stórt og flókið mál og þarfnast mikillar skoðunar. Í starfshópnum hafa sérstaklega verið til meðferðar málefni heyrnarlausra. Við höfum átt mjög góða samvinnu við Félag heyrnarlausra og farið nákvæmlega yfir þeirra mál og munum gera það áfram. Það hefur komið til tals í starfshópnum að e.t.v. væri ástæða til að taka málefni heyrnarlausra sérstaklega út úr í þessari vinnu okkar. Um það er ekki komin niðurstaða enn þá, en ég vænti þess að hún gæti orðið áður en allt of langur tími líður.

Ég vil einnig geta þess að ríkisstjórnin veitti fjármuni til túlkaþjónustunnar á þessu ári til að tryggja að hún verði eins og verið hefur fram til þessa. (Gripið fram í.) Já, en á þessu ári var veitt fé til þess.

[14:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. sem hér hafa rætt og undirstrika þann skilning minn að hér sé um þýðingarmikið mál að ræða, hér sé fjallað um réttindamál sem eru þýðingarmikil fyrir tiltekinn hóp í þjóðfélaginu til

að gera honum kleift og fært að standa, þrátt fyrir tiltekna hömlun, sem næst jafnfætis þeim sem ekki búa við slíka hömlun. Það er örugglega ríkur vilji til þess hjá þingheimi að gera sitt ýtrasta til að brúa það bil. Við höfum stigið jákvæð skref í þá veru á undanförnum árum. Þau hafa bætt hér úr en engu að síður er það rétt sem þetta frv. byggir á að þar skortir enn töluvert.

Ég tel mikilvægt að menn leiti með jákvæðum huga lausna í þeim anda sem frv. byggir á. Jafnframt þurfum við að hafa það fullkomlega ljóst með hvaða hætti það yrði útfært, áður en endanleg ákvörðun er tekin, hvaða kostnaður þarf að falla til og hvort menn séu tilbúnir að leggja hann fram í allra næstu framtíð. Menn geta ekki leyft sér þann munað að ákveða eingöngu rammann án þess að gera sér grein fyrir útgjöldunum. Ég held reyndar ekki að það búi að baki hjá flm. Hann er hér að leggja drög að bættri réttarstöðu sem ég held að við öll eigum að geta sameinast um að finna flöt á.

[14:19]

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég kem hér upp til að þakka þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram. Átta þingmenn hafa kvatt sér hljóðs og þar með hefur þingheimur staðfest að allir hafa áhuga á málinu og vilja að því verði sinnt af alvöru. Ég tel að mjög margt mikilvægt hafi komið fram í máli þeirra sem hér hafa kvatt sér hljóðs. Fjölmargar gagnlegar ábendingar.

Ég tel það skipta miklu máli að þingnefndin setji sig inn í allar aðstæður málsins eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir nefndi. Mikilvægt er að menn velti því fyrir sér hvar best sé að vinna þetta mál eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi. Ég stakk upp á menntmn. vegna þess að samskiptamiðstöðin er þar, í menntmrn. Það var ekki alveg rakið að hún ætti að vera þar á sínum tíma. Það kom til tals að hún yrði í félmrn. en niðurstaðan varð síðan sú að hún var í menntmrn., sérstaklega vegna rannsóknar- og kennsluþáttar málsins. Ég tel að það hafi verið góð ákvörðun á sínum tíma og þess vegna er ég nokkuð íhaldssamur eða tregur til að fallast á að þetta mál fari annað en til menntmn. Ég er þó alveg tilbúinn til að skoða hvað sem er í þeim efnum ef samstaða myndast um annað.

Auðvitað mætti hugsa sér að forsrn. fjalli um málið með hliðsjón af starfsemi þeirrar nefndar sem hér hefur nokkuð borið á góma. Ég verð þó að segja að ég tel að hún sé að fjalla um allt annað mál og ég vil helst ekki tala um þetta í sömu andránni. Mér fyndist betra ef við gætum skilið þarna á milli. Þess vegna finnst mér það ágæt hugmynd sem fram kom hjá ágætum formanni menntmn., sem jafnframt leiðir nefnd þá er fjallar um flutning verkefna milli ráðuneyta, að málið verði í raun og veru afgreitt, mér liggur við að segja, út af borði þeirrar nefndar sem hún stýrir, annaðhvort fullbúið eða í annan vinnufarveg. Það má hugsa sér að setja það þá inn í annan vinnufarveg hvort sem það yrði hjá forsrn. eða menntmrn.

Ég vil hins vegar láta það koma fram að ég tel enga ástæðu til að bíða mjög lengi eftir að klára þetta mál að því er þessa stofnun varðar. Þetta er nú einu sinni löggjafinn sem hér situr. Hann er ekki í Stjórnarráðinu. Auðvitað er það alveg augljóst að ef það dregst mjög lengi fram eftir vetri að fá botn í þetta mál, hvort sem það er á vegum hinnar sérstöku nefndar í forsrn. eða í menntmn., þá er mjög einföld leið til fyrir Alþingi til að taka af skarið. Hún er sú að hér á Alþingi verði samþykkt lög um það að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra, lög sem verða undirbúin í þessari stofnun, flutt af þingmönnum, m.a. öllum þeim ágætu þingmönnum sem hér hafa kvatt sér hljóðs og bersýnilega hafa áhuga á því að leiða málið til lykta. Ég gef mér það að auk þeirra séu hér í salnum mjög margir sem styðji það mál sem hér er verið að tala um þó að þeir hafi ekki kvatt sér hljóðs.

Ég vil láta það koma hér fram, herra forseti, að ég er albúinn til þess að berja saman á tölvuna hjá mér sem er ágætis tæki, frv. til laga um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Ég hef satt að segja velt talsvert fyrir mér formi þess texta og tel að það sé ekki mikið verk í sjálfu sér. Að lokum vil ég taka fram að ég mun láta verða af því ef ekkert gerist í málinu hér á næstu vikum og mánuðum.

Í framhaldi af þessu held ég mig við það í bili, nema mjög hávær mótmæli verði við því, að málinu verði vísað til menntmn. Lengi má manninn reyna og lengi má menntmn. reyna. Það vill svo til að menntmn. var í morgun svo vinsamleg að samþykkja sérstaklega áheyrnaraðild mína að þessari nefnd. Það hefur kannski verið gert í tilefni dagsins og málsins. Ég mun láta reyna á það hvort ég get nuddað eitthvað í málinu í nefndinni ef þingið fellst á að hún fái að reyna við málið einu sinni enn. En það eru örugglega alveg síðustu forvöð. Það er rétt að menn treysti menntmn. fyrir þessu máli, það liggur í hlutarins eðli eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég þakka að öðru leyti fyrir umræðuna, herra forseti. Ég held að hún hafi verið gagnleg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarfarsdómstóll, 1. umr.

Frv. SvG, 4. mál. — Þskj. 4.

[14:24]

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það frv. til laga sem ég mæli nú fyrir heitir frv. til laga um réttarfarsdómstól. Það var flutt hér í lok síðasta þings en komst þá ekki til afgreiðslu vegna þess hve seint það var flutt. Það var ekki vegna þess að nein meinbægni væri uppi af hálfu nokkurs manns í því máli, að ég tel. Frv. fékk góðar undirtektir við 1. umr. málsins. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði af því tilefni og lýsti stuðningi við það. Hér er hreyft nýrri, róttækri hugmynd að mínu mati og má ekki seinna vera að Alþingi taki ákvörðun eins og segir hér í grg., með leyfi forseta: „... sem bæti fyrir það réttarfarshneyksli sem margir telja að hafi átt sér stað í svokölluðu Guðmundar- og Geirfinnsmáli."

Í fyrra fylgdi frv. grg. sem er birt hér á nýjan leik og ég ætla að lesa úr, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi þessu er lagt til að settur verði á stofn sérstakur dómstóll, réttarfarsdómstóll, sem hefur það hlutverk að fjalla um kröfur um endurupptöku opinberra mála. Þar með yrði Hæstiréttur losaður við þetta verkefni sem er í rauninni stjórnsýsluverkefni. Frumvarpið er lagt fram til kynningar" — það var lagt þannig fram í fyrra — „með von um að nefnd afli umsagna um málið svo unnt verði að flytja það að teknu tilliti til athugasemda í haust."— Ég endurtek að þetta er grg. frá í vor. — „Málið er flutt að gefnu tilefni frá í fyrrasumar

er Hæstiréttur hafnaði beiðni Sævars Ciesielskis um endurupptöku máls hans. Með þessu frumvarpi er ekki verið að gagnrýna niðurstöðu Hæstaréttar; tilgangur þessa frumvarps er að hreyfa nauðsyn þess að Hæstiréttur þurfi ekki að fella úrskurði í eigin málum eins og nú háttar til. Fyrirmynd að slíkum dómstól er fengin úr dönsku réttarfarslögunum, en samkvæmt þeim starfar sérstakur kvörtunardómstóll (d. Den Særlige Klageret).

Fram að þessu hafa ekki verið ákvæði í íslenskum lögum um slíkan dómstól, en í lögum um meðferð opinberra mála er að finna reglur um endurupptöku dæmdra mála, nánar tiltekið í XXII. kafla laganna. Þar kemur fram meginreglan um að opinbert mál verður almennt ekki endurupptekið eftir að óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur í því hefur gengið. Þó er slík endurupptaka möguleg í undantekningartilvikum og þá er það Hæstiréttur sem tekur ákvörðun un endurupptöku máls, kveður upp efnisdóm í málinu eða vísar því frá.

Fyrirmynd að ákvæðum þessa frumvarps er að mestu sótt til danskra laga, en einnig er stuðst mjög við núgildandi ákvæði laga um meðferð opinberra mála um endurupptöku mála."

Frv. er í raun og veru ekki mjög langt, þetta eru sjö efnisgreinar þar sem fjallað er um að setja skuli á fót réttarfarsdómstól. Hann á í fyrsta lagi að fjalla um endurupptöku opinberra mála. Ég vil taka það fram að ég velti því heilmikið fyrir mér hvort þetta væri rétt heiti á þessari stofnun. Ég hafði fyrst hugsað mér önnur heiti á hana en ég endaði á þessu. Ég fann ekki neina aðra skárri leið í bili.

Hér er gert ráð fyrir að í dómnum eigi sæti þrír menn, ráðherra skipi dómara við dómstólinn til fimm ára í senn. Einn þeirra skal vera hæstaréttardómari og er hann jafnframt forseti dómsins en hinir tveir héraðsdómarar. Aðeins má skipa sama dómara til setu í dómnum tvisvar í röð. Hér er vikið að mjög mikilvægu atriði sem er skipan dómstólsins.

Aðalatriðið sem vekja þarf athygli á í þessu sambandi er að ég sé ekki þannig fyrir mér að þessi dómstóll verði eins og föst stofnun til lengri tíma. Ég reikna með því að talsvert verði leitað til hans til að byrja með, ég býst við því. Ég býst hins vegar við að hann muni fljótlega móta málsmeðferðarreglur þannig að í raun og veru verði það aðeins í undantekningartilvikum sem leitað yrði til dómstóls af þessu tagi. Í 3. gr. er útskýrt nánar hvað átt er við með þessu en þar segir, með leyfi forseta:

„Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli og verður málið þá ekki tekið upp á ný nema til þess séu þau skilyrði sem hér segir:

1. Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir mun meira brot en það sem hann hefur framið, skal taka mál upp á ný:

a. ef fram eru komin ný gögn sem ætla má að hefðu skipt verulegu máli fyrir niðurstöðu málsins ef þau hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk,

b. ef ætla má að dómari, ákærandi, rannsóknari eða aðrir hafi haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá fram þau málalok sem orðin eru, svo sem ef falsvitna hefur verið aflað, fölsuð skjöl látin koma fram, vitni eða aðrir hafi gefið vísvitandi rangar skýrslur og þetta hafi valdið rangri dómsúrlausn.

2. Ef einhver sá sem að lögum á að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála fær vitneskju eða rökstuddan grun um atriði sem í 1. tölul. segir ber honum að veita dómfellda vitneskju um það.

3. Eftir kröfu ríkissaksóknara skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir mun minna brot en hann var borinn, upp á ný:

a. ef ákærði hefur síðan dómur gekk játað að hafa framið það brot sem hann var borinn eða önnur gögn hafa komið fram sem benda ótvírætt til sektar hans,

b. ef ætla má að falsgögn eða refsiverð hegðun dómara, ákæranda, rannsóknara eða annarra í því skyni að fá fram ákveðin málalok hafi valdið dómsniðurstöðu að nokkru leyti eða öllu.

4. Ríkissaksóknara er rétt að óska eftir endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur að svo standi á sem í 2. tölul. segir."

Síðan er fjallað um ákvörðunartöku dómstólsins í 4. gr. og í 5. gr. Það er í 6. gr. að dómar réttarfarsdómstólsins séu endanlegir og þeim verði ekki áfrýjað og ætla ég engu við þetta að bæta frekar, herra forseti, en legg á það áherslu að ég tel að hér sé um að ræða mjög mikilvægt mannréttindamál, líka réttindamál fyrir dómstólana liggur mér við að segja og þá sem starfa þar og eru dómarar.

Það var afar erfitt fyrir Hæstarétt og hæstaréttardómarana í fyrra eða hittiðfyrra að taka ákvarðanir með þeim hætti sem þeir hlutu að gera í svokölluðu Sævars Ciesielskis-máli. Ég endurtek það sem segir í greinargerð frv. að ég er ekki að hafa neina skoðun á því hvort þeir höfðu komist að réttri eða rangri niðurstöðu, það vil ég ekki gera hér. En hitt vil ég segja að ég tel að það skipti miklu máli fyrir almenning í landinu að hann hafi það a.m.k. á tilfinningunni að ýtrustu sanngirni sé alltaf gætt í málum af því tagi sem hér eru uppi.

Það segir í greinargerð frv. og það bar nokkuð á góma í fyrra að sumir teldu að réttarfarshneyksli hafi orðið í þessu svokallaða Guðmundar- og Geirfinnsmáli og sumir telja að rétt sé að bæta fyrir það með einhverri lagasetningu af því tagi sem hér er gerð tillaga um. Ég ætla svo sem ekkert endilega að fara að tengja þau mál saman vegna þess að mér finnst það kannski ekki skipta öllu máli. Ég vil þó benda á það að Alþingi hefur með ákvörðunum sínum þegar tekið á þeim málum með vissum hætti að því er þá menn varðaði sem sátu saklausir í gæsluvarðhaldi langtímum saman í tengslum við þetta mál og fengu tiltekna afgreiðslu mála sinna við fjárlagaafgreiðslu fyrir allmörgum árum. En ég tel líka að það sé kannski ekki aðalatriðið í þessu heldur það að við búum við heildstætt og gott réttarkerfi sem almenningur í landinu hefur á tilfinningunni að sé ævinlega sanngjarnt og enginn sé í raun og veru nokkurn tíma að fjalla um eigin sök eða sakleysi eftir atvikum heldur séu allar leiðir í kerfinu faglegar og vandaðar og skýrar þannig að menn viti að fyllstu sanngirni sé gætt á öllum tímum.

Herra forseti. Ég vænti þess að hv. Alþingi taki þessu frv. vel og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til allshn. og 2. umr. Ég segi svo að allra síðustu að mér er alveg ljóst að frá því að þessi niðurstaða Hæstaréttar var felld á sínum tíma hefur dómstólalöggjöfinni verið breytt. Það skiptir máli. Það er líka innlegg í þetta mál en engu að síður tel ég að nauðsynlegt sé að taka á þessu sérstaka máli.

[14:34]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki fremur en hv. flm. að leggja mat á það tilefni sem greint er um að hafi leitt til þess að

þetta frv. var flutt. Ég ætla þó að minna á eins og hv. flm. gerði einnig að á undanförnum árum hefur í meginatriðum allri löggjöf sem lýtur að meðferð mála fyrir dómstólum og lögregluyfirvöldum verið gerbreytt þannig að ýmislegt af því sem menn hafa fundið með talsverðum rétti að framgangi réttvísinnar á sínum tíma á nú að heyra sögunni til.

Það er rétt sem hv. flm. segir að þær efnisreglur sem lúta að endurupptöku mála snúast um mjög mikilvæg mannréttindi. Að vísu er það meginregla í réttarkerfi okkar og víðast hvar í hinum vestræna heimi að málum er lokið í eitt skipti fyrir öll fyrir dómstólum og mikilvægir hagsmunir eru í því fólgnir, það er meginreglan. En fram hjá hinu verður ekki litið að það kunna að vera mjög veruleg mannréttindi í húfi að geta tekið upp mál þannig að fyrir það sé girt að saklausir menn sitji uppi með dóm sem eru ekki rök fyrir.

Þau atriði sem þarf að hafa í huga að mínu mati eru fyrst og fremst þrjú, þ.e. hvaða almennu skilyrði eiga að vera til þess að unnt sé að taka upp mál, í annan stað hverjir eiga að taka slíkar ákvarðanir og í þriðja lagi hvaða málsmeðferðarreglur eiga að gilda þegar slík mál koma til úrlausnar.

Ég er almennt þeirrar skoðunar að rétt skref hafi verið stigið á sínum tíma að fækka sérdómstólum og reyndar ýta þeim með öllu út úr kerfi okkar. Ég dreg mjög í efa að rétt sé að fara inn á þá braut á nýjan leik og við mat á frv. eins og þessu hljóta menn að fjalla um þau almennu sjónarmið sem liggur að baki þeirri stefnumörkun. Þá er á það að líta hvaða almennu skilyrði eiga að vera fyrir því að unnt sé að taka upp mál. Í fljótu bragði sýnist mér að í þessu frv. sé byggt á svipuðum efnisreglum og eru fyrir hendi í dag. Sums staðar eru þessar efnisreglur rýmri eins og bæði í Danmörku og Noregi þar sem endurmat á sönnun getur komið til álita við endurupptöku máls en þá er á það að líta að þar eru aðstæður með öðrum hætti þar sem sönnunarmat er í höndum leikmanna en ekki löglærðra dómara og það er að einhverju leyti ástæðan fyrir því að í þeim löndum er endurupptakan rýmri að þessu leyti. En hér getur Hæstiréttur einnig tekið með vissum hætti afstöðu til þess sönnunarmats sem fram hefur farið á lægra dómstigi, en þar sem kviðdómur eða leikmenn hafa kveðið upp úrskurð um sönnunarmatið á lægra dómstigi eins og í Danmörku kemur það ekki til mats hæstaréttar. Við slíkar aðstæður, þar sem áfrýjunardómstóllinn tekur ekki afstöðu til atriða eins og þessara, kann að vera eðlilegt að hafa rýmri endurupptökureglur en við höfum stuðst við. En þetta eru þó alltaf atriði sem menn þurfa að hafa í skoðun og er mikilvægt að menn glöggvi sig á á hverjum tíma.

Síðan eru þær reglur sem gilda um það hvernig staðið er að málsmeðferð. Hér er til að mynda ekki alveg ljóst hvað niðurstaða Hæstaréttar í þessum efnum heitir. Síðast þegar slík ákvörðun var tekin var hún kölluð úrlausn ef ég man rétt og er í sjálfu sér einhvers konar úrskurður. Ég held að full ástæða sé til þess að setja gleggri reglur um málsmeðferð og hvers konar athöfn það er þegar mál er endurupptekið og enn fremur að setja skýrari reglur um rétt dómþola sem leggur mál að nýju undir mat dómstóla. Hæstiréttur gerði það í því máli sem hér hefur verið vitnað til að skipa sérstakan talsmann dómþola við ákvörðun um það hvort mál skyldi endurupptekið. Það er ekki skylt að lögum en mér sýnist að það séu mjög gild rök fyrir því að setja alveg sérstakar reglur um slík atriði.

Það er því ljóst að mínu mati að það er ýmislegt varðandi þessar reglur sem ástæða er til að skoða þó að ég hafi vissar efasemdir um það hvort setja eigi á fót sérstakan dómstól í þessu skyni. Réttarfarsnefnd hefur haft fjölmörg mál á sinni könnu. Að undanförnu hefur það verið forgangsmál að ljúka umfjöllun og tillögugerð varðandi nýjar lagareglur að því er varðar brotaþola en næsta stóra verkefni að því loknu er endurskoðun á löggjöfinni um meðferð opinberra mála. Ég hef litið svo á að þær reglur sem lúta að þessum atriðum falli að þeirri endurskoðun og sé mikilvægur þáttur í þeirri endurskoðun og ég hef gert ráð fyrir að þessi atriði komi öll þar til skoðunar og umfjöllunar í þeirri nefnd sem öðru fremur hefur á undanförnum árum mótað nýjungar í réttarfari okkar sem hefur síðan verið fjallað um á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Ég vil aðeins koma þessum sjónarmiðum á framfæri við upphaf umfjöllunar um þetta mál á þinginu að þessu sinni.

[14:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Löngum var það svo að lögfræðingar voru fyrirferðarmiklir í þingsölum. Þeim hefur nú fækkað mjög og þykir mörgum gott, öðrum lakara. Hér hafa verið fjórir lögfræðingar í salnum lengst af, jafnvel í meiri hluta framan af umræðunni þó að það hafi hallast aðeins á okkur síðar vegna þess að hér er til umræðu mjög áhugavert, lögfræðilegt efni. Ég tel að þetta mál sé þarft mál. Ég er ekki í vafa um að það er hárrétt hjá hæstv. dómsmrh. að eins og málum er nú skipað um réttarfar í landinu — og hann á ekki síst þökk í þeim efnum fyrir stórfelldar breytingar til batnaðar á undanförnum árum. Eins og málum er nú skipað er ekki hætta á því að atvik kæmu upp eins og þau sem beint eða óbeint eru tilefni flutnings frv. til laga af hálfu hv. flm. Svo hafa mál sem betur fer breyst til batnaðar.

Engu að síður tel ég eftir niðurstöðu Hæstaréttar að skynsamlegt og eðlilegt sé að Alþingi velti þessu máli fyrir sér og hvort ekki sé til öryggis að hafa varnagla af því tagi sem gerir fært og kleift að taka upp mál sem kunna að hafa farið úrskeiðis á rannsóknar-, meðferðar- og dómstigum þess.

Hæstv. dómsmrh. nefndi sérstaklega að ekki væri endilega skynsamlegt að fjölga sérdómstólum. Stefnan hefði gengið í hina áttina, að fækka þeim. Ég hygg að það hafi verið út af fyrir sig rétt stefna að fækka sérdómstólum en ég tel að þó að sú stefna sé í meginatriðum rétt, þá þurfi hún ekki að þýða það að í einstökum tilvikum geti slíkir dómstólar ekki átt við. Það eigi menn að skoða í hverju tilviki. Á hinn bóginn gætu menn líka skoðað við meðferð þessa frv. hvort fara ætti þá leið fremur að auka heimildir Hæstaréttar til endurupptöku mála vegna þess að þó að það sé hárrétt sem hv. flm. og hæstv. dómsmrh. sögðu að við værum ekki að taka hér niðurstöðu Hæstaréttar, til að mynda upptöku í Geirfinnsmáli til meðferðar sem áfrýjunaraðili, þá hljótum við að skoða þær forsendur sem Hæstiréttur gaf sér og þær forsendur byggðu á því að Hæstiréttur hefði ekki efnislegar heimildir eins og það mál væri vaxið til að taka það upp á nýjan leik.

Ég segi það fyrir mig persónulega að mér urðu mikil vonbrigði að Hæstiréttur skyldi ekki séð sig geta haft lagaskilyrði til að taka Geirfinnsmálið upp á nýjan leik. Ég hef fyrir mitt leyti kynnt mér þetta mál rækilega í gegnum tíðina og tel að þar hafi mönnum orðið á í messu í stórkostlegum mæli á nánast öllum stigum málsins. Reyndar tek ég undir með hæstv. dómsmrh. að slíkir hlutir gætu ekki gerst í dag eins og þarna gerðust. En þeir gerðust. Ég held að þó að það hefði verið mjög sársaukafullt fyrir íslenska dómstólakerfið, þá hefði það verið gott og nauðsynlegt, hundahreinsun fyrir

okkur ef nota má það óviðulegt orð, að fara í gegnum það mál allt og með hvaða hætti það var unnið. Þeir sem hafa kynnt sér það mál rækilega geta ekki annað en sagt að þar var víða pottur brotinn.

Ég hef líka af persónulegum áhuga fylgst með málum sem varðað hafa endurupptöku mála annars staðar, til að mynda í Bandaríkjunum og Bretlandi. Mál sem þar eru tekin upp hafa verið miklu betur unnin og með miklu færri annmarka en Geirfinnsmálið var hjá okkur þannig að það munar miklu. Ég er þeirrar skoðunar að sú vantrú sem lýsir sér í skoðanakönnunum á dómskerfinu eigi m.a. rót í þessu máli. Það hefur þau áhrif á sálarlíf okkar Íslendinga að menn telja sig ekki geta treyst dómskerfinu. Ég er ekki þeirrar skoðunar að menn almennt geti ekki treyst dómskerfinu. Ég tel að eins og það er nú komið sé það í góðu standi til þess að fara með þessi viðkvæmu mál borganna. En þarna mistókst því og ég held að við hefðum haft gott af því að þetta mál væri tekið upp og skoðað og af því lært til framtíðar.

Ég vil því gjarnan að þetta mál fái góða meðferð, menn skoði hvort það eigi að fá framgang nákvæmlega í þessu fari eða hvort það eigi að gera eins og hæstv. dómsmrh. ýjar kannski að að veita frekari heimildir innan núverandi dómstólaskipunar til þess að svona mál mætti upp taka. Það var ekki aðeins eitt dómsmorð framið á allri þessari vegferð, þau voru mörg dómsmorðin sem framin voru á þessari vegferð allri og það er mjög erfitt fyrir okkur að búa við það.

Ég fagna þessu frumkvæði hv. flm. og vænti þess að þingið taki þetta til mjög málefnalegrar meðferðar í þeirri nefnd sem það fær til sinna kasta.

[14:48]

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka þær ágætu undirtektir sem þetta frv. hefur fengið, bæði frá hæstv. dómsmrh. og hæstv. forsrh. Ég tel að þeir hafi í grófum dráttum lýst stuðningi við þá stefnu málsins sem hér er um að ræða þó svo að um fyrirkomulagið megi að sjálfsögðu hafa ýmsar skoðanir og eðlilegt sé að menn velti því fyrir sér.

Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh. að í þessu frv. er gert ráð fyrir svipuðum efnisreglum að því er varðar hugsanlega endurupptöku mála og eru í lögum í dag. Hins vegar er hér aðeins tekið öðruvísi á málsmeðferðinni og síðan er lagt til að stofnaður verði sérstakur dómstóll.

Nú verð ég að segja það eins og er að ég leitaði lengi að heiti á þessari stofnun vegna þess að ég hef kannski ekkert endilega áhuga á því að þessi stofnun heiti dómstóll af því að hún er mjög sérstök miðað við okkar réttarkerfi þannig að ég held að gjarnan megi líta svo á að hér sé um að ræða sérstaka nefnd sem ætti að réttu lagi að heita úrskurðarnefnd í réttarfarsmálum. Það er kannski einum of brotamikið heiti en það er það sem hér er átt við. Þess vegna finnst mér að það mætti kannski velta málinu fyrir sér út frá því hvort menn vilja kannski gefa þessu eitthvert annað heiti. Ég segi líka fyrir mig að ef hæstv. ríkisstjórn og hæstv. dómsmrh. vilja flytja hér annað frv. um líkt efni og telja þannig auðveldara að koma málinu í gegnum þingið þá skiptir það mig nákvæmlega engu máli.

Ég tel líka að mjög miklu máli skipti þær afdráttarlausu og sögulegu yfirlýsingar sem komu fram í ræðu hæstv. forsrh. sem hljóta að vekja mikla athygli með hliðsjón af því að þessi Guðmundar- og Geirfinnsmál eru ofarlega í huga þjóðarinnar. Þó að mörg ár séu liðin frá því að þau voru til meðferðar þá sitja þau talsvert mikið í okkur öllum geri ég ráð fyrir. Ég var blaðamaður á þeim árum þegar um þessi mál var fjallað og fékk m.a. ákúrur fyrir það sem slíkur að ég sinnti þeim ekki sem skyldi, gæfi þeim ekki eins mikið pláss og þau ættu að fá. Þá vorum við dálítið á valdi æsifréttamennskunnar og tilfinninganna að mér fannst stundum og því miður verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst að hlutur Alþingis í því máli hafi kannski ekki verið alveg nægilega góður og að það sé til nokkurrar eftirbreytni að reyna að læra af því þannig að við lendum ekki aftur í því vegna þess að það er slæmt (**SJS:** Voru þetta einhverjir sérstakir þingmenn?) fyrir þjóðina. Hv. þm. sem kallar fram í var þá ekki kominn á þing enda ungur að árum. Það er slæmt fyrir þjóðina eins og kunnugt er að Alþingi, að stjórnmálamenn taki sér dómsvaldið í hendur. Það er slæmt og það er alveg sama hver í hlut á. Ég hygg að það sé eitt það versta sem gæti gerst fyrir þessa þjóð ef menn ætluðu sér að fara að kveða upp efnisdóma í málum í þessari stofnun. Það má aldrei gerast, ekki heldur í málum af því taginu sem að einhverju leyti eru undirrót þessa frv. sem hér er flutt þó svo að það sé ekki eina ástæðan fyrir því vegna þess að á bak við frv. eru fyrst og fremst almennar mannréttindaástæður.

Ég þakka að öðru leyti fyrir góðar undirtektir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 10. mál. — Þskj. 10.

[14:52]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir lítilli þáltill. sem ber yfirskriftina: Tillaga til þingsályktunar um ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort rétt sé að færa saman undir eitt ráðuneyti málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og vinnumarkaðsmála, a.m.k. það sem lýtur að atvinnuleysisbótum og málefnum atvinnulausra. Sérstaklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmingu á þessu sviði.“

Hér er um að ræða endurflutta tillögu, herra forseti, frá síðasta þingi en hún varð þá eigi útrædd enda kom hún fram síðari hluta vetrar. Ég bind vonir við að a.m.k. tímaskortur verði mönnum ekki fjötur um fót við að fá botn í þetta einfalda mál, þ.e. hvort vilji sé fyrir hendi til þess á Alþingi að fela ríkisstjórninni og þá væntanlega forsrh., en undir hann heyrir verkaskipting innan Stjórnarráðsins, að gera úttekt á, eins og segir í tillgr., kostum þess og göllum að gera þessa skipulagsbreytingu.

Það er ljóst, herra forseti, að veruleg skörun er á verksviði ráðuneyta í málum sem snerta þetta svið, lífeyris- og framfærslusviðið. Lífeyristryggingarnar á einum stað, í fjmrn., almannatryggingarnar eru hjá heilbr.- og trmrn. og síðan eru málefni atvinnulausra og framfærslustuðningur sveitarfélaga o.fl. hjá félmrn. Samspil þessara þátta bæði innbyrðis og við skattkerfið er mjög flókið og það er kunnara en frá þurfi að

segja að tekjutenging bótaliða innan og utan skattkerfisins er mjög margþætt og flókið mál.

Það er skoðun mín eftir að hafa nokkuð skoðað þessi mál að eitt af því sem hefur staðið löngu tímabærri endurskoðun og samræmingu fyrir þrifum sé þessi dreifing málaflokksins innan Stjórnarráðsins.

Enginn vafi er á því heldur í mínum huga að betri nýting fjármuna og skýrari mörk gætu hjálpað til í þeim efnum að ná betur utan um stjórn á þessu sviði. Ég tel hvort tveggja koma til greina að stofna nýtt ráðuneyti sem færi með þennan málaflokk í heild sinni — það væri þá í raun og veru einhvers konar velferðarmálaráðuneyti — eða fela einu ráðuneyti og þá væntanlega helst félmrn. að taka að sér allan þennan málaflokk. Færa má fyrir því ýmis rök að þetta væri heppilegast vistað þar. Hvað heilbrrn. varðar þá er þar þegar á ferðinni gífurlega umfangsmikið ráðuneyti sem hefur ærinn starfa og mikla forvöltun fjármuna þó að almannatryggingahlutinn bætist ekki við þau 35–40% sem heilbrigðismálin taka til sín. Það er ekki að öllu leyti heppilegt að mínu mati að fjmrn. sem fer með skattamál og mundi að sjálfsögðu gera einnig hvað varðar tekjutengingar á bótaliðum og stuðning innan skattkerfisins, fari jafnframt með málefni lífeyrissjóðanna. Síðast en ekki síst er það sem snýr að sveitarfélögunum í þessum efnum mikilvægt og vill oft gleymast svo ekki sé talað um þá aðila sem eru utan Stjórnarráðsins og fá því miður í vaxandi mæli á sínar herðar verkefni þessu tengd. Þá er ég að vitna til þess sem hjálparstofnanir og frjáls félagasamtök inna af höndum og er vissulega hluti af því öryggisneti sem segja má að velferðarkerfið samanstandi af.

Ég, herra forseti, er þeirrar skoðunar að það sé a.m.k. fullrar athygli vert og einnar messu virði ef svo má að orði komast að fara yfir það hvort akkúrat núverandi verkaskipting í þessum efnum sé hin heppilegasta. Ég veit að það þarf ekki að nefna við hv. þm. tölur um umfang þessa málaflokks. Telji menn of í lagt að sérstakt ráðuneyti sem við gætum kallað velferðarmálaráðuneyti, trygginga- og framfærslumálaráðuneyti eða hvað við kysum að kalla það, færi með þessi mál þá leyfi ég mér að nefna nokkrar tölur því til rökstuðnings að þetta yrði umsvifalaust væntanlega annað stærsta ráðuneytið í útgjöldum á eftir heilbrrn. ef þessi mál yrðu færð undir einn hatt og í rauninni án þess að við tökum inn í það þá veltu sem er í lífeyrissjóðakerfinu. Þar er að sjálfsögðu á ferðinni sjálfstæður sparnaður einstaklinganna sem ekki þarf endilega að færa undir eða flokka sem hluta af hinum opinberu útgjöldum á þessu sviði nema þá ef menn kjósa að gera svo í tilviki lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna.

Ritið Búskapur hins opinbera er ein ágæt bók og kemur út hér í landi og ég hef nýjast undir höndum hefti frá því í nóvember 1997. Þar er fjallað um búskap hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, opinberra aðila í heild á árunum 1995–1996. Þar er t.d. tafla sem sýnir útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála og í ljós kemur að félagsmálaútgjöld hins opinbera eru alls 41,9 milljarðar kr. á árinu 1996 og þar af er það sem flokkast undir þessi mál beint og er utan skattkerfisins, þ.e. sjúkra-, mæðra- og örorkubætur upp á tæpar 1.800 millj., elli-, örorku- og ekkjulífeyrir upp á 16,5 milljarða og atvinnuleysisbætur upp á 3,2 milljarða. Hér eru á ferðinni yfir 20 milljarðar kr. af rúmlega 40 milljarða útgjöldum til almannatrygginga og velferðarmála. Ef við lítum á tekjutilfærslur hins opinbera þá voru þær 33 milljarðar kr. á árinu 1996 eða 6,8% af landsframleiðslu. Við erum þar af leiðandi ekki að tala um neinar smátölur, herra forseti, þegar við ræðum þetta.

Mér sýnist að undir það málasvið sem ég er að fjalla um mundu falla beint a.m.k. 25 milljarða útgjöld sem flokkast undir trygginga- og velferðarmál og þar fyrir utan liggja greiðslur lífeyrissjóðanna sem hér þarf einnig að hafa í huga. Heildargreiðslur lífeyrissjóða til sinna félagsmanna, iðgjaldagreiðslur eða heildargreiðslur á árinu 1997, voru um 10,5 milljarðar kr. og skiptust þannig að í lífeyri eða ellilífeyri voru greiddir 6,4 milljarðar, í örorkulífeyri 1,9 milljarðar, í makabætur um 2 milljarðar og í barnalífeyri um 200 millj. Það lætur nærri að þessi útgjöld verði þá á árinu 1998 í lífeyrissjóðakerfinu um 12 milljarðar miðað við lauslegan framreikning, þ.e. um 1 milljarður kr. í hverjum mánuði ársins.

Þar af leiðandi er ljóst, herra forseti, að við erum hér að tala um málasvið sem veltir mjög háum fjárhæðum og er umtalsverður hluti af ráðstöfun þjóðarverðmæta okkar, eða af stærðargráðunni 35–40 milljarðar kr. hið minnsta, lauslega reiknað.

Við gætum einnig litið í fjárlagafrv., ef menn kjósa svo, t.d. á útgjöldin hjá þessum tveimur ráðuneytum, þ.e. félmrn., sem er með Atvinnuleysistryggingasjóð og þau mál. Atvinnuleysisbæturnar einar eru upp á tæpa 2,3 milljarða á þessu ári og veltan í tryggingabótunum er um 5 milljarðar í bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og um 17,5 milljarðar í lífeyristryggingunum sjálfum. Þetta eru nokkrar tölur, herra forseti, til að rökstyðja hversu umfangsmikill málaflokkur er hér á ferðinni og þar af leiðandi mikið í húfi að vel takist til við að halda utan um þessa fjármuni og nýta vel og þó meira væri. Ég hef þó ekki komið inn á það sem væri auðvitað tilefni mikillar umræðu, að mörgum þykir sinn hlutur rýr út úr þessu kerfi. Það er dapurleg staðreynd að mitt í góðærinu skuli ásóknin í úrlausn hjá hjálparstofnunum og félagasamtökum utan hins skipulega velferðarkerfis vera jafnmikil og raun ber vitni.

Ég vil einnig nefna, herra forseti, að það vill svo merkilega til, enda tilviljanirnar oft skrýtnar, að einmitt í dag birti dagblaðið Dagur forsíðufrétt þess efnis að verið væri að vinna að því innan heilbr.- og trmrn. að semja drög að nýrri löggjöf og þar væri það merkast nýmæla í vændum að svokölluðum félagslegum öryrkjum yrði úthýst úr tryggingakerfinu. Samkvæmt fréttinni er ætlunin að reyna að byggja á einhvers konar skilgreiningu á þeim grunni að eingöngu þeir öryrkjar sem búi við það sem kallað er „læknisfræðilega örorku" yrðu áfram innan opinbera tryggingakerfisins, öðrum ætti þá að vísa á félagsmálastofnanir sveitarfélaganna eða framfærslu sveitarfélaganna.

Mér finnst ástæða til að staldra við þessa frétt, án þess að ég hafi nú neitt fyrir mér um málið nema þessa forsíðufrétt Dags og tek auðvitað enga ábyrgð á áreiðanleik þess fréttaflutnings og enn síður á því orðbragði sem þar er haft eftir ónafngreindum heimildarmönnum. Ég verð að segja að mér leiðist að sjá á prenti vissa hluti af því tagi sem þar eru birtir, eins að vandamálið snúist um letingja í bunkum sem séu í þessu kerfi, fólk sem sé sérstaklega að svindla sér inn í tryggingakerfið o.s.frv.

Eftir stendur að séu menn í trmrn. með vangaveltur af þessu tagi þá er það til marks um landamæradeilur í kerfinu sem eru afleiðing þess að málaflokkurinn er á tvist og bast í Stjórnarráðinu. Þarna eru menn að reyna að ýta af sér viðfangsefnum og koma þeim yfir á aðra, ýta hópum út úr opinbera tryggingakerfinu yfir á sveitarfélögin. Ég held að

allir hljóti að sjá að það er eitthvað að ef menn nálgast málin svona. Ef það á að verða sparnaðarráðstöfun, eða hvað annað sem þarna vakir fyrir mönnum, að færa hópa til á grundvelli skilgreininga af þessu tagi, sem ég hef auðvitað fullan fyrirvara á, og hægt sé að draga menn í dilka eftir því hvort þeir séu félagslegir eða læknisfræðilegir öryrkjar. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að það fer nokkur hrollur um mig þegar ég reyni að geta mér til um það sem er á ferðinni, hvaða hugarheimur býr að baki vangaveltum af þessu tagi.

Herra forseti, þetta eru mér enn frekari rök fyrir því að ástæða sé til að velta alvarlega fyrir sér hvort þetta er skynsamlegt og skilvirkt fyrirkomulag sem við búum við í þessum efnum. Er ekki ástæða til að yfirfara það?

Að lokum, herra forseti, er ljóst að um er að ræða málaflokk sem eykst mjög hratt að umfangi í ráðstöfun þjóðarverðmæta okkar á komandi árum. Til þessa málaflokks munu stórauknar fjárhæðir renna nú ár frá ári. Það stafar einkum af tvennu, sem þó er auðvitað hvort öðru tengt. Annars vegar fer öldruðum hratt fjölgandi, breytt aldurssamsetning í samfélaginu mun að sjálfsögðu skila hlutföllum sem eru í ætt við það sem gerist í nálægum þjóðfélögum. Reyndar erum við Íslendingar þar dálítið seinna á ferðinni, aldurssamsetning þjóðfélagsins hér hefur breyst hægar en gerist t.d. á hinum Norðurlöndunum. Fæðingartala hefur verið hærri hér og kannski gengur aldurssamsetningin aldrei alveg jafnlangt í þá átt og hún hefur þegar gert t.d. í Svíþjóð og Þýskalandi, að hlutfall aldraðra verði jafnhátt miðað við heildarmannfjölda eða þá sem eru á vinnumarkaði. En þarna eru hlutföllin að breytast.

Hitt kemur líka til og er önnur meginástæðan fyrir því að þarna þarf að veita stóraukna fjármuni á komandi árum. Það er auðvitað uppbygging lífeyrissparnaðarins í landinu, sem á hinn bóginn mun draga eitthvað úr umfangi opinbera tryggingakerfins. Gegnum þetta kerfi munu á komandi árum renna stórauknir fjármunir að raungildi en líka sem hlutfall af ráðstöfun þjóðarverðmæta okkar. Þar af leiðandi, herra forseti, er ég sannfærður um að eitt af mikilvægustu atriðunum til þess að undirbúa velferðarkerfi okkar fyrir þá framtíð sem blasir við í þessum efnum er að stjórnkerfið sé skipulagt og skilvirkt.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að ítreka að lokum þá ósk mína að þetta fái skoðun hjá hv. nefnd. Væntanlega er skynsamlegast að allshn. þingsins taki þetta til umfjöllunar þó að til greina kæmi að málið færi til heilbr.- og trn., eða þess vegna í efh.- og viðskn. Við nánari umhugsun er kannski rétt að flm. fái að hugleiða aðeins á milli funda, herra forseti, um hvaða nefnd verði gerð tillaga.

Málið sem slíkt fær vonandi efnislega skoðun og afgreiðslu hér á þinginu og ég vænti þess einnig að hæstv. forsrh., sem er hér viðstaddur, undir hann heyrir verkaskipting innan Stjórnarráðsins og jafnframt er hann um þessar mundir starfandi hæstv. fjmrh., bregðist vel við, verði það niðurstaða Alþingis að samþykkja að fela ríkisstjórninni að skoða þetta mál. Það færi vel á því að ný ríkisstjórn á komandi kjörtímabili fengi niðurstöður af slíkri úttekt í sínar hendur þegar hún hæfi störf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til launa í veikindaforföllum, 1. umr.

Frv. HG og BH, 15. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 15.

[15:08]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér mæli ég fyrir frv. til laga um rétt til launa í veikindaforföllum. Flm. ásamt mér er hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir. Frv. gerir ráð fyrir breytingu á tveimur lögum. Fyrst ber að telja breytingu á lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, nr. 19/1979, þar sem gert er ráð fyrir að aukið verði við tveimur greinum. Í fyrsta lagi að tvær málsgreinar bætist við 5. gr. laganna. Þær eru svohljóðandi:

„Til forfalla frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa samkvæmt lögum þessum teljast hvers kyns aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar af læknisfræðilegum ástæðum, rannsóknir og önnur meðferð að læknisráði, enda þótt launamaður hafi ekki verið óvinnufær við upphaf læknismeðferðar.

Heilbrigðir líffæragjafar njóta réttar til launa í forföllum frá vinnu vegna líffæragjafar í samræmi við ákvæði laga þessara."

Og síðan önnur grein, sem er umorðun á 8. gr., svohljóðandi:

„Nú vill launamaður neyta réttar síns skv. 4.–6. gr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda vottorð læknis er sýni að forföll hafi verið óhjákvæmileg, sbr. og ákvæði 5. mgr. 5. gr." sem einnig er verið að breyta með ákvæðum frv.

Hér er verið að skýra í lögum og kveða á um atriði sem hafa verið mjög umdeild og ekki náð fram að ganga, verið álitamál. Hins vegar hafa gengið dómar í þessum málum þar sem fjallað hefur verið um álitaefni og túlkun á gildandi lögum um þetta efni raunar verið óljós. Með frv. er meiningin að kveða það skýrt á um þetta að réttarstaðan verði ljós og styrkist launamanninum í vil.

Hinn þáttur frv., sérstakur kafli, er um breytingu á sjómannalögum nr. 35/1985. Þar er umorðun á 36. gr. laganna og efnislega er um að styrkja ákvæði sem varðar réttindi sjómanna ef þeir forfallast og geta ekki sinnt sínum störfum, að þeir missi ekki réttindi við það, að þeir njóti skýrrar réttarstöðu þó að þeir hafi forfallast vegna veikinda.

Í greinargerð með málinu er rakin þróun undanfarinna ára og athygli vakin á auknu misrétti sem orðið hefur milli einstakra hópa launafólks varðandi rétt til launa í veikindaforföllum. Bent er á að það byggist annars vegar á því að lögbundinn réttur verkafólks og sjómanna á þessu sviði hafi verið túlkaður mjög þröngt og hins vegar á því að þessum hópum hafi ekki verið tryggður réttur í samræmi við þróun á sviði nútímalækninga. Sem dæmi er nefnt að starfsmenn ríkis og bæja fá greidd laun í 15 daga vegna fjarveru af völdum tæknifrjóvgunar og á hver starfsmaður rétt á slíkum greiðslum einu sinni.

Sé litið til þessarar þróunar er langt frá því að verkafólk og sjómenn njóti slíks réttar og í raun hefur þróunin í heild leitt til þess að verkafólk og sjómenn hafa nú lakari rétt en almennt gerist og lakari rétt en ráða má af lagafyrirmælum. Þannig hafa hugtökin „sjúkdómur" og „óvinnufærni" í lögum nr. 19/1979 og lögum nr. 35/1985, þ.e. sjómannalögum, verið túlkuð afar þröngt af dómstólum. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að lögin tryggi þeim ekki rétt sem

að læknisráði gangast t.d. undir hjartaþræðingu eða rannsókn vegna magasárs. Fjarvistir vegna munnskurðaðgerðar, kjálkaaðgerðar eða ísetningar nýs gerviauga hafa ekki verið taldar veita rétt til launa í veikindaforföllum. Þá hefur tæknifrjóvgun ekki talist til greiðsluskyldra forfalla þótt ófrjósemi kunni að stafa af sjúkdómi, en eins og að framan er getið fá opinberir starfsmenn greidd laun í forföllum vegna tæknifrjóvgunar.

Með breytingum á þessum lögum er leitast við að bæta stöðu hinna fjölmennu starfsstétta sem hér um ræðir að því er þetta snertir og virðist það sanngjarnt miðað við þróun almennt í þjóðfélaginu.

Þetta frv. hefur verið flutt hér á þingi nokkrum sinnum áður og um það hefur verið fjallað í félmn. þingsins. Fyrir liggja umsagnir frá ýmsum aðilum í þessu máli, einkum frá aðilum vinnumarkaðarins. Þær umsagnir sem borist hafa bera vott um að þar beri mikið í milli. Það hefur leitt til þess að félmn. hefur ekki afgreitt málið hingað til. Mér finnst einnig skorta svolítið á að þau fjölmennu samtök sem gæta hagsmuna umræddra stétta hafi tekið þessi mál upp af þeim þunga sem þyrfti að vera til að fá tryggðar og viðurkenndar þær réttarbætur sem hér er um að tefla.

Auðvitað eru þetta ekki fjölmennir hópar sem þetta mál varðar og kostnaðarauki sýnist ekki eiga að verða mikill þótt þessar réttarbætur yrðu innleiddar. Ég tel því að hér sé fyrst og fremst um sanngirnisatriði að ræða sem full ástæða sé til að lögfesta á Alþingi. Þess vegna er þetta mál enn endurflutt í von um að félmn. fjalli um málið og skili niðurstöðu í málinu. Ég tel að mikil þörf sé á því að við fáum afgreiðslu af hálfu nefndarinnar. Auðvitað kunna að vera einhverjar aðrar leiðir færar til að ná þessum markmiðum en hér er vísað til en ef svo er ætti hv. þingnefnd að koma því á framfæri við þingið. Ég legg sem sagt til, virðulegur forseti, að að lokinni umræðunni gangi þetta frv. til hv. félmn. og vænti þess að við eigum eftir að sjá það aftur á dagskrá þessa þings.

[15:16]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þetta frv. er um margt athyglisvert og vil ég þá einkum koma þar að sem lýtur að sjómannalögunum. Ég tel að það hafi verið nokkurt vandamál umliðinna ára þegar sjómenn hafa þurft að fara í land vegna krankleika en þó ekki legið ljóst fyrir hvort hægt væri að skilgreina beint sem sjúkdóm eða veikindi sem viðkomandi aðila þjáði. Þá hafa oftar en ekki komið upp vandamál við að menn hafi getað leitað réttar síns til veikindalauna. Mér finnst þetta mál því athyglisvert og tel eðlilegt og rétt að það fái góða umfjöllun. Hins vegar greinir mig og flm. aðeins á um hvert skuli vísa málinu. Ég tel að breytingin á sjómannalögunum hljóti að falla undir samgn. Það sé eðlilegt að hún komi þar til umfjöllunar en hv. félmn. hefur vissulega um málið að fjalla sem snýr að lögum um rétt verkafólks til uppsagnarfrests og launa vegna sjúkdóms, ég efa það ekki en nú er það svo að samgn. Alþingis fjallar um sjómannalögin. Þetta er mál sem þarf að skoða og ég teldi því ekki óeðlilegt að báðar nefndirnar fengju málið til umfjöllunar. Segja má að þetta sé nokkurs konar bandormur vegna réttinda launafólks og þá líka sjómanna en ég endurtek það sem ég sagði áðan, málið er þess eðlis að það þarf virkilega að fá skoðun í nefndinni. Margir sjómenn hafa oftar en ekki lent í vanda vegna þess að réttur þeirra hefur ekki verið nægilega tryggur.

Sjómenn hafa oftar en ekki staðið frammi fyrir þeim vanda að hafa komið í land og jafnvel á skipi sem er úti í fjórar vikur í einu, verið veikir í fimm vikur eða á sjöttu viku og þá hafa læknar útskrifað viðkomandi aðila að hálfu leyti, sagt að þessi viðkomandi aðili væri fær til léttra starfa þótt hann væri ekki að fullu frískur. Það þýðir einfaldlega að maður sem hefur ekki stundað nein önnur störf en sjómannsstörf kann að lenda í miklum vanda. Hann er fallinn út af tryggingabótum og á ekki rétt til launa hjá útgerðinni og fær ekki heldur starf við sitt hæfi. Vandamálið er því stórt og kemur víða við en ég vildi aðeins beina þessu til þeirra flm., hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og Bryndísar Hlöðversdóttur, hvort ekki sé rétt að beina þessum málum m.a. til samgn., að breyting á sjómannalögum fari einnig til þeirrar nefndar.

[15:19]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir ítrekaðan stuðning hv. þm. við þetta mál. Hann hefur áður tekið til máls á fyrri þingum og lagt þessu máli lið. Ég man hins vegar ekki eftir þessari velviljuðu ábendingu varðandi samgn. Það kann að vera að hún hafi komið áður fram en auðvitað eiga þingtæknileg atriði ekki að koma í veg fyrir að svona mál fái eðlilega málsmeðferð. Ástæðan fyrir því að þetta mál er flutt upphaflega í þessum búningi og hefur farið til félmn. er sú að hér er að nokkru leyti um hliðstæð efni að ræða í báðum tilvikum. Það eru þessi óvissuatriði sem deilt er um varðandi löggjöfina og réttindi launamanna og sjómanna í þessum efnum. Af minni hálfu er ekkert því til fyrirstöðu að málið fari til umsagnar t.d. í samgn. og mér fyndist það kannski miðað við að málið hefur verið á borði félmn. á allnokkrum þingum og mikið liggur fyrir af efni sem borist hefur nefndinni að rétt væri að hafa þann hátt á að félmn. sendi þann hluta málsins, a.m.k. sem varðar sjómannalögin, eða málið í heild þess vegna til umsagnar í samgn. Ekki hefði ég á móti því að báðar þessar þingnefndir settust saman til að fara yfir málið.

Eins og ég gat um í framsögu liggur mikið fyrir af umsögnum um málið. Ég er með safn af umsögnum frá undanförnum þingum um málið þannig að sjónarmið þeirra aðila sem leitað hefur verið til liggja fyrir. Þannig ætti að vera hægt að taka efnislega á málinu fyrir þingnefndina og gera upp við sig hvaða háttur er vænlegur til að afgreiða málið í hendur þingsins á nýjan leik. Mér finnst ekki viðunandi að málefni sem þetta, sem snertir hagsmuni fólks, sé látið ganga fram hjá löggjafanum, að löggjafinn ýti því frá sér aftur og aftur að taka á málinu, skýra þá löggjöf sem fyrir er þannig að m.a. forsendur fyrir ágreiningsefnum sem gengið hafa til dómstóla séu skýrar að því er varðar laganna hljóðan. Það tel ég vera mjög mikilvægt og að sem flestum sé ljós réttarstaða sín og hún þannig mörkuð í lögum að mönnum megi vera hún ljós. Að mínu mati er í mörgum tilvikum ekki um stóra hópa að ræða þótt annað megi lesa út úr umsögnum um málið, m.a. umsögnum Vinnuveitendasambands Íslands, þá skiptir þetta viðkomandi einstaklinga sem í hlut eiga afar miklu máli að þarna sé réttarstaðan sem skýrust.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:23]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu, 20. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 20.

Þjóðgarðar á miðhálendinu, 16. mál, þáltill. HG, þskj. 16.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 17. mál (tannlækningar). — Þskj. 17.

[15:24]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi og þá vísað til heilbr.- og trn. en hlaut þar ekki afgreiðslu og er þess vegna endurflutt.

Í stærstum dráttum fjallar þetta frv. um að auka greiðsluhlutfall hins opinbera í tannlæknakostnaði unglinga og einnig í tannlæknakostnaði aldraðs fólks og öryrkja. Lagatextinn eða brtt. er stutt og ætla ég að lesa hana upp orðrétt. Gerð er tillaga um að 37. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, orðist á þennan veg, með leyfi forseta:

„Fyrir almenna tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um almenna tannlæknaþjónustu. Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna, 17 ára og yngri, 90% en hver einstaklingur í þessum aldurshópi skal eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.

2. Heimilt er að greiða 80% kostnaðar við gullfyllingar, gerð króna og brúa hjá börnum og ungmennum, 17 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.

3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 100% kostnaðar, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur, brýr eða tannplanta. Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum tryggingaráðs að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna þessara þátta.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður.“

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Á undanförnum árum hefur tilkostnaður barnafólks og elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar stóraukist og er svo komið að margt efnalítið fólk á ekki lengur kost á að leita sér lækninga. Vorið 1997 var birt skýrsla á vegum landlæknisembættisins sem bar heitið „Heilbrigðisþjónustan — árangur og skipulag í nútíð og framtíð.“

Í þeirri skýrslu kom fram að efnalítið fólk veigrar sér við því að leita lækninga vegna þess hve kostnaðarsamar þær eru en í skýrslunni kom fram að það væru fyrst og fremst tannlækningar sem ættu hér í hlut enda nokkuð sem ætti ekki að koma fólki á óvart því öll vitum við að tannlækningar eru kostnaðarsamar.

Greiðsluhlutfall hins opinbera í tannlækniskostnaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Þetta greiðsluhlutfall var aukið jafnt og þétt á 8. og 9. áratugnum en í byrjun þessa áratugar varð breyting á. Þannig var hlutdeild Tryggingastofnunarinnar í tannlækniskostnaði barna undir 16 ára aldri færð úr 100% niður í 85% árið 1992. Árið eftir var þetta framlag enn skert og fært í 75% fyrir börn og unglinga. Sama ár var framlag Tryggingastofnunar við tannlækniskostnað elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta óskertrar tekjutryggingar lækkað úr 100% í 75% og hlutur þeirra sem búa við skerta tekjutryggingu var færður niður í 50%. Aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar sem áður höfðu fengið greidd 50% af tannlækniskostnaði sínum fengu engan stuðning. Fleiri ráðstafanir hafa verið gerðar í skerðingarátt, einkum á sviði tannréttinga.

Þetta þýðir á mannamáli að Tryggingastofnun greiðir nú 75% af almennum tannlækniskostnaði þeirra sem hafa óskerta tekjutryggingu. Þeir sem eru með 28 þús. kr. á mánuði eða minna í tekjur fá sem sagt endurgreidda $^3/_4$ hluta tannlækniskostnaðarins en þeir sem eru með tekjur á bilinu 28 þús. til 79 þús. fá helming endurgreiddan. Þeir sem eru með tekjur þar fyrir ofan fá ekki neitt. Fólk sem hefur tekjur um og yfir þessum viðmiðunarmörkum, 79 þús. kr., er fæst aflögufært til mikilla fjárútláta enda er afleiðingin sú að öryrkjar og aldrað fólk hefur í mörgum tilvikum ekki efni á því að leita sér lækninga. Þess má geta að öryrkjar sem búa á stofnunum eða í sambýlum fá 90% kostnaðar endurgreidd. En þá má spyrja hvers þeir eigi að gjalda sem búa í heimahúsum. Samtök eldri borgara hafa bent á að hér sé um að ræða mjög ósanngjarnan jaðarskatt sem beri að afnema.

Í þessu frv. er sem áður segir gert ráð fyrir því að endurgreiðsluhlutfall lífeyrisþega og öryrkja verði fært í 100% og ekki óeðlilegt að menn spyrji hvað þetta kæmi til með að kosta ríkissjóð. Samkvæmt útreikningum yfirtannlæknis Tryggingastofnunar ríkisins má ætla að þessi ráðstöfun ein mundi kosta rúmar 100 millj. kr., 105 millj. samkvæmt útreikningum sem hann gerði í fyrra þegar þetta frv. var í smíðum.

Með þessu frv. er líka gert ráð fyrir breyttu greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannlækniskostnaði unglinga eins og áður segir. Aldursviðmiðunarmörkunum er líka breytt. Þeim er breytt úr 15 árum í 17 ár og ekki er gert ráð fyrir fyrirkomulagi með þrepum eins og nú er, þ.e. gagnvart 16 ára unglingum sem nú fá stuðning en lægra endurgreiðsluhlutfall en yngri aldurshópar. Gert er ráð fyrir því að unglingar 17 ára og yngri greiði 10% af tannlækniskostnaði en síðan segir hér í greinargerð með frv. að brýnt sé að endurmeta með tilliti til eftirlitsþáttarins hvenær rétt væri að færa hlutfallið upp í 100%. Þess má geta að annars staðar á Norðurlöndunum eru aldursmörkin og þátttaka hins opinbera í tannlækniskostnaði hærri en hér. Allur kostnaðurinn er greiddur af hinu opinbera í Danmörku til 18 ára aldurs, í Finnlandi og Noregi til 19 ára aldurs og í Svíþjóð til 20 ára aldurs. Og hér er á það bent að æskilegt væri að innan fjögurra ára verði búið að hækka aldursmörkin í 20 ár og byggjum við þá við svipað fyrirkomulag og best gerist á Norðurlöndum að þessu leyti.

Það eru ýmis rök sem hníga að því að þetta verði samþykkt. Bæði er um að ræða mikið réttlætismál gagnvart öryrkjum og öldruðum og hér væri óneitanlega á ferðinni mikil búbót fyrir barnafólk. Það er athyglisvert að skoða kostnaðarskiptingu Tryggingastofnunar og sjúklinga og breytingar sem hafa orðið þar á á liðnum árum við þær kerfisbreytingar sem hafa verið framkvæmdar. Það kemur í ljós að þegar dregið var úr stuðningi hins opinbera á árunum 1992–1993 jókst greiðslubyrði heimilanna að sama skapi eða úr 62% af heildarútgjöldum í 75%. Þetta kemur fram í skýrslu sem Hagsýsla ríkisins gerði og ber heitið: Tannlækningar — skipulag og stjórnsýsla. Hún kom út í júlímánuði 1997. Árið 1996 var kostnaðarhlutdeild ríkisins 856 millj. kr. en útgjöld heimilanna voru 2 milljarðar 412 millj. kr. Það er ljóst að þessar breytingar höfðu það í för með sér að samanlögð útgjöld heimila og ríkisins vegna tannlæknaþjónustu drógust

saman. Þar sem hvorki var um það að ræða að verð á tannlækningum hefði lækkað eða að tannheilsan hefði batnað er eðlilegt að draga þá ályktun að þessar breytingar hafi haft það í för með sér að fólk veigri sér við því að leita lækninga eða fyrirbyggjandi ráðstafana enda staðhæfir fólk að svo sé samkvæmt skýrslu landlæknis sem vitnað var til hér að framan.

Ég gat þess áðan að samkvæmt útreikningum yfirtannlæknis Tryggingastofnunar ríkisins mætti ætla að breytingarnar gagnvart öryrkjum og öldruðum mundu kosta rúmar 100 millj. kr. og samkvæmt sömu útreikningum eða útreikningum sem gerðir voru á sama tíma er þessi heildarpakki metinn upp á 263,7 millj. kr. Rúmlega 100 millj. eru til öryrkja og aldraðra en hitt er vegna aukinnar hlutdeildar í tannlækniskostnaði unglinga. Annars er erfitt að áætla nákvæmlega kostnað við breytingarnar en þegar kostnaður við þær er metinn ber að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlytist af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Það eitt að bæta tannheilsu og efla vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda tennurnar mundi stórlega draga úr tilkostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu sviði á Norðurlöndunum benda mjög eindregið til þess að þessi verði raunin þannig að þótt hér sé verið að leggja til umtalsverðan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð þá eru allsterk rök fyrir því og allmiklar líkur á því að þetta muni leiða til sparnaðar þegar fram líða stundir.

Ég legg til að þessu frv. verði vísað til umfjöllunar í heilbr.- og trn. Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustugjöld í heilsugæslu, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 18. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 18. [15:38]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um að fella niður þjónustugjöld í heilsugæslu. Þetta frv. var flutt á síðasta þingi án þess að verða útrætt og það er því endurflutt hér en ýmsar nýjar upplýsingar um málið koma fram í greinargerð. Meðflutningsmenn eru hv. þingmenn Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon en öll eigum við sæti í þingflokki óháðra.

Ég vil geta þess hér að þetta frv. var á síðasta þingi og þinginu þar á undan, ef ég man rétt, flutt af þingflokki Alþb. og óháðra og má segja að það sé nokkurt stílbrot af minni hálfu að hafa ekki leitað eftir meðflutningsmönnum úr þeim röðum vegna þess að við höfum sameiginlega barist fyrir þessu máli og ég veit að svo er enn. Þar eru á ferðinni mistök af minni hálfu þannig að ég hefði viljað hafa þetta á annan veg.

Hér er gert ráð fyrir tveimur lagabreytingum, breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum. Þar er gert ráð fyrir að breyta 2. mgr. 20. gr. laganna sem mundi orðast svo, með leyfi forseta:

„Ekki eru tekin gjöld fyrir þjónustu heilsugæslunnar við einstaklinga. Um þjónustu sem aðrir greiða fer eftir sérstakri gjaldskrá sem ráðherra setur."

Síðan er lögð til breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Hún orðast á þennan veg, með leyfi forseta:

„Í stað fyrri málsliðar 66. gr. laganna koma tveir málsliðir, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara í reglugerð. Í reglugerðinni er þó ekki heimilt að leggja gjöld á þá einstaklinga sem leita þjónustu heilsugæslunnar."

Nú er þess fyrst að geta að komugjöld í heilsugæslunni eru hluti af miklu stærri mynd. Það olli miklum deilum í þjóðfélaginu þegar sú ríkisstjórn sem þá sat, ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., ákvað að koma þessum gjöldum á og auka við þau gjöld sem áður voru fyrir. Röksemdin að baki komugjöldunum var sú að þau væru líkleg til að skapa kostnaðarvitund, eins og það var kallað, hjá sjúklingum, auk þess sem þau mundu afla heilsugæslunni tekna og ýmsir frjálshyggjumenn höfðu á orði að þetta gæti greitt fyrir almennum skattalækkunum. Í þjóðfélaginu var þetta hins vegar gagnrýnt mjög harkalega á þeirri forsendu að verið væri að hverfa frá samtryggingu sem heilbrigðisþjónustan á Íslandi væri byggð á og að það væri siðferðilega rangt að freista fólks með skattalækkunum á kostnað þeirra sem þyrftu aðstoðar við. Þá var bent á rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis og hafa leitt í ljós að þjónustugjöld í heilsugæslunni eru mjög vandmeðfarin. Reynslan sýnir að ef þjónustugjöld væru mjög há þá gætu þau fælt tekjulágt fólk frá því að leita sér aðstoðar í heilbrigðisþjónustunni eða annars staðar þar sem slík gjöld eru en ef gjöldin væru lág væru áhöld um það hvort skrifræðið og fyrirhöfnin væru erfiðisins virði og hvort þetta borgaði sig hreinlega fjárhagslega.

Ýmis rök mæla með því að byrja á því að afnema þjónustugjöld í heilsugæslunni. Heilsugæslan er grunnþjónusta heilbrigðisþjónustunnar og á það hefur verið bent að greiður aðgangur að henni geti orðið til þess að draga úr sérfræðikostnaði þannig að á sama hátt og leidd voru rök að því hér í máli sem ég flutti áðan um breytingar á almannatryggingalögum, um breytta greiðsluhlutdeild hins opinbera í tannlækniskostnaði, þá gæti þetta leitt til sparnaðar þegar fram líða stundir.

Samkvæmt fjárlagafrv. er áætlað að þessi kostnaður nemi árlega um 260 millj. kr. Þetta er vissulega umtalsverð upphæð. En ekki er ólíklegt að þetta gæti borgað sig þegar fram líða stundir og hvað sem því líður og hvað sem kostnaðinum líður þá er hér á ferðinni mikið réttlætismál og komið hefur fram að mikill meiri hluti Íslendinga er á því máli einnig.

Í ítarlegustu skoðanakönnun sem framkvæmd hefur verið hér á landi um afstöðu Íslendinga til velferðarþjónustunnar kemur fram að yfirgnæfandi meiri hluti er því fylgjandi að fallið verði frá þessum þjónustugjöldum í heilbrigðisþjónustunni og hún algerlega fjármögnuð úr sameiginlegum sjóðum landsmanna með skattfé. Það er athyglisvert þegar borin er saman sambærileg könnun sem gerð var fyrir tæpum 10 árum, árið 1989, að hlutfall þjóðarinnar sem er á þessu máli, að afnema beri þjónustugjöldin, hefur aukist.

Árið 1989 voru um 60% andvíg þjónustugjöldunum og hlynnt fjármögnun úr skattpyngjunni en í könnuninni sem var gerð núna í haust á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir BSRB kemur fram að 71% þjóðarinnar er því fylgjandi að þjónustugjöldum verði létt af og heilsugæslan fjármögnuð með skattfé.

Það er líka merkilegt í þessari könnun að almennt er fólk á því að það beri að efla félagslega þjónustu, beri að efla heilbrigðisþjónustuna og aðra þætti velferðarþjónustunnar, jafnvel þótt þetta kostaði auknar skattálögur. Þetta finnst mér athyglisvert og eykur manni bjartsýni að þrátt fyrir þá ríkisstjórn sem við búum við, þrátt fyrir stjórnarfarið og þá stefnu sem hefur verið keyrð fram, nýtur hún ekki fylgis hjá meiri hluta þjóðarinnar. Það er síðan umhugsunarefni hvers vegna þjóðin fylgir ekki þessu áliti sínu eftir í kjörkassanum en við vonum að þar verði breyting á þegar gengið verður til kosninga næsta vor.

Í umfjöllun heilbr.- og trn. þingsins sem fékk þetta mál til skoðunar á síðasta þingi var leitað til ýmissa aðila um álit á þessu frv. Í gögnum nefndarinnar kemur fram að allir þeir sem tjáðu sig um málið hafi verið því mjög eindregið fylgjandi að það yrði samþykkt. Er þar vísað í stærstu samtök launafólks í landinu, vísað í stjórn Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna sem mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt, og hér leyfi ég mér að vitna orðrétt í umsögnina:

„Stjórnin telur að nægjanleg rök séu færð fyrir samþykktinni í greinargerð með frumvarpinu og hefur engu við hana að bæta. Rétt þykir þó að taka fram að sjaldan er leitað til almennrar heilsugæslu með börn sem fengið hafa krabbamein og því er ekki talið að þær breytingar á lögum um almannatryggingar og heilbrigðisþjónustu sem hér um ræðir komi fjölskyldum þeirra sérstaklega til góða. Umsögn SKB miðast því fyrst og fremst við hinn almenna notanda í heilsugæslu."

Í greinargerð frá Umhyggju, félagi til stuðnings sjúkum börnum, segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafa álögur á sjúka og aðstandendur þeirra aukist á undanförnum árum þegar um rannsóknir ásamt þjónustu heilsugæslu og heimilislækni er að ræða. Þetta á við í fleiri tilfellum og nægir þar að nefna lyfjakostnað og þjónustu sérfræðinga sem dæmi. Auknar álögur vegna heilbrigðisþjónustu þegar um langsjúk börn er að ræða koma afar illa við aðstandendur þeirra. Ástæðan er sú að foreldri eða foreldrar barnsins minnka við sig vinnu eða hætta að vinna í lengri eða skemmri tíma til þess að geta annast það sem best. Með öðrum orðum verður viðkomandi fjölskylda fyrir nánast óbættri tekjurýrnun sem er afleiðing af því að barn greinist með sjúkdóm eins óréttlátt og það hljómar (alla vega í eyrum þeirra sem verða fyrir því). Á sama tíma eykst kostnaður af ýmsum orsökum og ekki hætta gluggaumslögin að koma inn um bréfalúguna. Afleiðingin er fjárhagserfiðleikar, mismiklir að vísu eftir aðstæðum hvers og eins.

Alvarlega sjúk börn njóta þjónustu sérfræðinga í flestum tilfellum og því skiptir frumvarp það sem hér er til umfjöllunar ekki meginmáli en sá hópur er afmarkaður. Reyndar breytist sú fullyrðing ef um systkin er að ræða sem þurfa á heilsugæslu að halda. Hins vegar er algengt að langveik börn, sem ekki eru talin alvarlega sjúk, þurfi alloft á þjónustu heilsugæslu að halda og kæmi samþykkt frumvarpsins fjölskyldum þeirra án nokkurs vafa til góða sem nokkurs konar kjarabót þótt augljóst sé þeim sem vilja skilja hlutina að talsvert meira þarf að koma til ef fullnægja á réttlætinu í þessu sambandi. Er þar einkum átt við að nauðsynlegt er að fjölga launuðum frídögum launþega sem þarf að sinna sjúku barni sínu.

Niðurstaða stjórnar Umhyggju er sú að hér sé um þarft frumvarp að ræða og því er eindregið mælt með því að það verði samþykkt. Ekki þykir ástæða til að leggja til breytingar á frumvarpinu."

Í umsögn Félags ísl. heimilislækna um frv. segir, m.a.:

„Komugjöld voru tekin upp fyrir einum fimm árum. Mikil ábyrgð, skriffinnska og vinna felst í að innheimta þau og standa á þeim skil. Settur var á stofn svonefndur 10% sjóður en andvirði hans skyldi einkum varið til þess að endurmennta starfsfólk.

Þótt komugjöld megi að ýmsu leyti rökstyðja og æskilegt sé að kostnaðarvitund almennings sé sem mest er samt staðreynd að fyrir marga sjúklinga geta fjárútlát fyrir heilbrigðisþjónustu orðið umtalsverð. Hefur því verið mætt m.a. með því að gefa út afsláttarkort til þeirra sem verst eru settir. Fylgir því einnig mikil skriffinnska og vinna og fjöldinn er gífurlegur því að árlega eru gefin út hátt í 30.000 kort. Einstaklingar sem afsláttar njóta eru þó enn fleiri, jafnvel yfir 50.000."

Þetta var úr umsögn Félags ísl. heimilislækna en hér er vikið að því sem ég kom inn á hér í upphafi máls míns að það hlýtur að vera áleitin spurning hvort það sé fyrirhafnarinnar og kostnaðarins virði að ráðast í þessar innheimtur og Félag ísl. heimilislækna setur þarna ákveðin spurningarmerki. Eitt af því sem ég set hins vegar spurningarmerki við er ábending þeirra um kostnaðarvitund almennings. Ég skrifa ekki upp á slíkt. Ég vil hins vegar stuðla að kostnaðarvitund lækna og allra þeirra sem starfa í heilbrigðisþjónustunni og reyndar samfélagsins alls, þeirra sem skipuleggja þessa þjónustu, Alþingi sem setur lögin og almennar reglur og framkvæmdarvaldið sem stýrir hendi en ég frábið mér að við köllum eftir kostnaðarvitund hjá veiku fólki.

Ég legg til, hæstv. forseti, að þessu frv. verði vísað til heilbr.- og trn. Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, 1. umr.

Frv. EOK o.fl., 21. mál. — Þskj. 21.

[15:55]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég flyt þetta frv. til laga um slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands ásamt þeim hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, Pétri H. Blöndal, Einari K. Guðfinnssyni og Árna R. Árnasyni.

Þetta er í þriðja skipti sem þetta frv. er flutt á hinu háa Alþingi. Það hlaut ekki afgreiðslu hvorki á þinginu í fyrra né hittiðfyrra. Það hafa orðið um þetta þó nokkrar umræður í bæði skiptin sem málið var flutt þannig að ég gæti orðað það sem svo að efnislega væri kannski óþarfi að mæla fyrir því. Segja má að þetta mál sé löngu útrætt en ég tel brýnt að það komi til afgreiðslu, til samþykktar eða synjunar.

Í aðalatriðum fjallar þetta mál um það að gagnkvæmt tryggingafélag hættir starfsemi sinni. Í fyrstu gerist það meðeigandi að nýju tryggingafélagi en selur síðan sinn hlut í því og er núna bara handhafi þeirrar sölu. Það er sem sagt hætt störfum eins og það var stofnað til. Slit á þessu félagi er því fyrst og fremst spurning um prinsippmál. Það er spurning um afstöðu manna til séreignarréttarins en í íslenskum lögum, svo og allri löggjöf Norður-Evrópu, liggur það fyrir

að gagnkvæm tryggingafélög eru eign þeirra sem tryggja. Þeir bera ábyrgð á skuldbindingum þess og eignum. Þar sem félagið hefur hætt starfsemi teljum við flutningsmenn að það beri að slíta því og deila eignum þess meðal hinna réttu eigenda. Um þetta eru mýmörg dæmi frá Vestur-Evrópu á síðustu árum og áratugum en þetta hefur átt sér stað þannig.

Það er ekki spurning um það, herra forseti, hverjir það eru, hvort það eru stórir hlutir eða litlir hlutir, heldur er það afstaðan til þess sem verður að taka, afstaðan til eignarréttarins að hann sé ekki fótum troðinn heldur sé hann virtur. Samfélag okkar byggist í grundvallaratriðum á þessum séreignarrétti. Ef hann er ekki virtur, þá stæðist fátt. Því er það mjög brýnt, herra forseti, að þetta mál fái að koma til afgreiðslu á þinginu þannig að ljóst sé hver afstaða hinna einstöku þingmanna er til þess. Sérstaklega er brýnt að vekja athygli á því þar sem ég varð fyrir miklum vonbrigðum á hinu fyrra þingi að þetta mál gat ekki fengið afgreiðslu. Eflaust hefur það verið vegna röð óhappa að það atvikaðist svo, en ég geri ráð fyrir því að þetta mál geti fengið núna mjög fljóta afgreiðslu. Hér er kosningaþing sem við köllum svo. Það eru kosningar að vori og því held ég að það sé mjög nauðsynlegt að það komi fram mjög skýrt hver er vilji þingsins til máls eins og þessa, það sé mjög nauðsynlegt fyrir þjóðina í heild að gera sér grein fyrir því hverjir vilja virða séreignarréttinn eða hverjir vilja líta fram hjá honum.

Það er nú þannig að ef menn vilja ekki viðurkenna séreignarréttinn og vilja líta fram hjá honum í einu máli þá er sannfæring mín að þeim sé ekki að treysta í neinu öðru máli. Því legg ég þetta frv. fram, herra forseti, og legg til að það fari til umfjöllunar hjá efh.- og viðskn. þingsins.

[15:58]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eins og hv. framsögumaður Einar Oddur Kristjánsson gat um hefur þetta mál verið rætt mjög ítarlega. Ég mun samt sem áður freista þess að ræða það enn frekar til þess að varpa ljósi á það hvað er raunverulega að gerast.

Eins og hv. þm. gat um, þá er gagnkvæmt tryggingafélag rekið þannig öndvert við venjuleg tryggingafélög að hinn tryggði ber ábyrgð á tjónum félagsins. Hann greiðir eitthvert iðgjald en ef tjónið verður meira en iðgjaldið nemur ber honum að greiða iðgjald til viðbótar. Ef tjónið verður minna, þá ber að endurgreiða hluta iðgjaldsins. Þetta er munurinn á gagnkvæmu tryggingafélagi og venjulegu tryggingafélagi sem tekur við iðgjöldum og ber sjálft áhættuna af rekstrinum. Hvort tjón verður meira eða minna. Þess vegna liggur í eðli slíks félags að ef þar verður eignamyndun vegna þess að iðgjaldið er of hátt þá á hinn tryggði það. Það átti að endurgreiða honum iðgjaldið. Það var bara ekki gert.

Nú er það svo að í lögunum stendur í dag um þetta félag:

„Við andlát sameiganda og þegar lögaðili, sem er sameigandi, er ekki lengur skráður sem lögaðili falla eignarréttindi sameiganda skv. 5. gr. niður og eignarréttindin falla þá til sameignarsjóðs félagsins."

Þetta segir í stuttu máli að sameignarsjóð félagsins erfir fólkið. Það er eins og þessar eignir fólksins séu annars eðlis en aðrar eignir. Hvergi er talað um það í stjórnarskránni að það sé til fyrsta og annars flokks eignir heldur er bara talað um eignir. Það er grundvallaratriði að eignir erfist til lögerfingja. Hér er brot af þeirri grundvallarreglu. Þess vegna leggjum við flutningsmenn til að þetta félag verði leyst upp og það verði hætt að láta sameignarsjóðinn, sem er í eigu sveitarfélaganna, erfa borgarana sína.

Herra forseti. Ég hef margoft bent á að það er munur á ríki og þjóð og það er munur á sveitarfélagi og borgurum þess. Þetta dæmi er akkúrat dæmi um það að sveitarfélögin eru að sölsa undir sig með tímanum eignir borgara sinna. Þau erfa borgara sína og það hlýtur að teljast mjög óeðlilegt. Hér er ekki um neina smáaura að ræða eins og haldið hefur verið fram. Ef þeim eignum sem hér er um að ræða er skipt niður á fjölda þeirra sem voru tryggðir, þá er það 50.000 kr. á mann og fólk munar um það að meðaltali þannig að þetta eru engir smáaurar.

Herra forseti. Því hefur verið haldið fram að þar sem þetta frv. komi svona seint fram og hafi nú verið rætt svona lengi sé þetta nánast mál sem ekki sé hægt að laga og það sé í rauninni bara orðið úrelt þannig að eignarrétturinn fyrnist. Ég hlýt að mótmæla því mjög eindregið. Eignarrétturinn fyrnist ekki. Það er alveg sama þó menn komi eftir 50 ár sem erfingjar og geri kröfur til eignar. Þeir fá eign sína, eignarrétturinn fyrnist ekki þannig að þetta mál er ekki of seint fram komið.

Eins og ég gat um áðan hefur þetta mál verið margrætt og er kominn tími til að það fái umfjöllun og afgreiðslu hjá hinu háa Alþingi og ég skora á þingmenn að stuðla að framgangi þess.

[16:02]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram hjá þeim hv. ræðumönnum sem hér hafa talað þá er þetta mál að koma fyrir Alþingi í þriðja sinn. Ég tók til máls í umræðu um málið í fyrra og í sjálfu sér er ekki miklu við það að bæta. En mig langaði aðeins að fjalla örlítið um orðræðu hv. 1. flm., Einars Odds Kristjánssonar, hér áðan þar sem hann í fyrsta lagi kallaði eftir afstöðu Alþingis.

Ég tel að Alþingi hafi svarað þessari spurningu 1994 því að þá var Brunabótafélagi Íslands breytt í eignarhaldsfélag þar sem tilgangur félagsins var nánar skilgreindur í 3. gr. Þá tók Alþingi afstöðu til þessa máls. Ég ætla ekkert að segja til um það hvaða skoðun ég hef á þeirri niðurstöðu sem þar varð en þar varð ákveðin niðurstaða sem er alveg ljós og fram kemur í lögum nr. 68/1994. Ég get því ekki tekið undir það með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að Alþingi hafi ekki tekið afstöðu til þessa máls. Hvorki ég, sá er hér stendur, hv. þm. Pétur Blöndal né hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson áttum sæti á Alþingi þegar Alþingi svaraði þessari spurningu, þ.e. breytti hinu gagnkvæma tryggingafélagi í Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands með markmiði og tilgangi eins og fram kemur þar í 3. gr.

Í öðru lagi vil ég líka mótmæla því sem fram kom hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni áðan um viðurkenningu séreignarréttarins og að þetta frv. væri í rauninni grundvallarmál hvað það varðaði. Ég er ekki sammála því Til þess að stytta mál mitt og þurfa ekki að lengja þessa umræðu því að þetta er í þriðja sinn sem frv. kemur fram þá vísa ég m.a. til 4. tölul. fskj. sem fylgir með frv. þeirra félaga. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því hversu óvirkt og óvisst hugsanlegt tilkall félagsmanna BÍ [Brunabótafélags Íslands] er til eigna BÍ verður að telja líkur á að löggjafinn geti án þess að það fari í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar mælt fyrir um ráðstöfun á eignum BÍ í þágu þeirra markmiða, sem lög um BÍ hafa verið byggð á, enda séu uppfyllt ýmis almenn skilyrði slíkrar lagasetningar."

Virðulegi forseti. Þessi spurning er ekki eins skýr og hv. þm. vill vera láta því að það hugsanlega tilkall sem hér er vitnað til er bæði óvirkt og óvisst. Það er því örlítil einföldun hjá hv. þm. að setja þetta þannig fram að það snúist um grundvallarspurningar um séreignarrétt eða ekki séreignarrétt. Ég vil mótmæla þessari framsetningu á málinu.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, af því að ég ætla ekki að setja á langa ræðu, ítreka það sem ég sagði fyrr, að Alþingi svaraði spurningunni um það hvernig það vildi skipta upp hinu gagnkvæma tryggingafélagi á árinu 1994 þannig að Alþingi hefur þegar svarað þeirri spurningu. Á hinn bóginn má deila um það hvort sú leið sem þar var farin hafi verið rétt. Það er umdeilanlegt. Ég svara því en ekki úr þessum ræðustól. Hitt er ljóst að Alþingi hefur tekið ákvörðun og þetta frv. er þá fyrst og fremst frv. til þess að breyta þeirri ákvörðun. Það er að mínu viti ekki rétt skilgreining hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal þegar hann talar um gagnkvæmt tryggingafélag vegna þess að því var breytt í eignarhaldsfélag 1994. Það er eins og það þrep hafi gleymst þegar menn eru að skilgreina hér þá stöðu sem nú er uppi og menn vilja breyta.

[16:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurning okkar flutningsmanna og þá sérstaklega mín sú hvort lagasetningin frá 1994 hafi verið í samræmi við stjórnarskrána. Ef það kemur í ljós löngu seinna að lagasetning hafi hugsanlega ekki verið í samræmi við stjórnarskrána þá hljóta menn að verða að breyta því af því að stjórnarskráin gildir ofar lögum Alþingis.

Síðan varðandi gagnkvæmt tryggingafélag og að því hafi verið breytt 1994. Þær eignir sem voru í gagnkvæmu tryggingafélagi þegar því var breytt eru eignir hinna tryggðu og engra annarra. Þær geta ekki verið eignir annarra vegna þess að það átti alltaf að endurgreiða þegar tjónin urðu minni en iðgjaldið. Iðgjaldið var of hátt áratugum saman til þessa félags og sú eign sem myndaðist var ekkert annað en of há iðgjöld sem átti að endurgreiða á hverju ári. En það var ekki gert þannig að þessi eign var eign hinna tryggðu og það átti að endurgreiða hana. Þeir áttu félagið þegar því var breytt og það er ekki hægt að taka þessa eign af þeim. Það kom fram í álitsgerðum ýmissa lögmanna.

[16:08]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gert skýra grein fyrir sinni afstöðu í þessu máli og vissulega er honum heimilt að hafa þá skoðun sem hann telur rétta og hann telur sig geta rökstutt eins og hann hefur gert hér ágætlega.

Ég vil aðeins í þessu samhengi vitna til niðurstöðu Árna Tómassonar og Tryggva Gunnarssonar. Hæstaréttarlögmaðurinn Tryggvi Gunnarsson, sem nú er eftir því sem mér skilst að taka við embætti umboðsmanns Alþingis, er einn af þekktari mönnum á sviði eignarréttar hér á Íslandi. Ég vitna hér til 4. tölul., með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því hversu óvirkt og óvisst hugsanlegt tilkall félagsmanna BÍ er til eigna BÍ verður að telja líkur á að löggjafinn geti án þess að það fari í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar mælt fyrir um ráðstöfun á eignum BÍ í þágu þeirra markmiða, ...“

Löggjafinn hefur nú — gerði það 1994 — mælt fyrir um ráðstöfun þessara eigna og byggði það m.a. á áliti manna eins og Tryggva Gunnarssonar og fleiri. Það er alveg ljóst að hv. þm. Pétur H. Blöndal er ósammála þessum mönnum. Það er ekki mitt að dæma um það hvor þeirra hafi rétt fyrir sér en ég þori þó að fullyrða að Tryggvi Gunnarsson og hans menn sem hafa unnið í þessu hafa meiri reynslu á því sviði að meta hvenær eignarrétturinn er í samræmi við stjórnarskrána og hvenær ekki.

[16:10]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Örfá orð til áréttingar því sem áður hefur komið fram. Í lögum nr. 68/1994 er nákvæmlega tilgreint hverjir eru eigendur Brunabótafélags Íslands, nákvæmlega. Það eru tryggingatakarnir. Í þeim lögum segir líka nákvæmlega fyrir um það hvernig sameignarsjóður félagsins muni erfa eignarréttinn og um þetta hefur Tryggingaeftirlitið nákvæmt bókhald og færir það á hverju ári. Ég veit að Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands heldur þetta bókhald líka. Þeir skrá það nákvæmlega niður hversu margir eigendanna eru ekki lengur í tölu lifenda og hvernig það færist yfir á þeirra hendur. Þetta verður að vera alveg skýrt, herra forseti. Það eru engar deilur um það hverjir eru eigendurnir enda er verið að færa þessar eignir manna yfir á sameignarfélagið í hvert skipti sem einhver eigandi andast.(**Gripið fram í:** Í sameignarsjóðinn.) Í sameignarsjóðinn.

Þegar Alþingi setti þessi lög 1994 lágu fyrir þær greinargerðir sem hér hefur verið vitnað til. Ég sé ekki, herra forseti, að það þjóni neinum tilgangi að velta því fyrir sér hvort þar hafi verið um brot á stjórnarskrá að ræða vegna þess að það lá fyrir þegar það var gert að menn töldu líklegt að svo væri ekki og það hefur ekki verið látið á það reyna til þessa. Það sem hefur hins vegar gerst er að þetta félag sem var í sameign með stórar tryggingar nákvæmlega eins og það hafði verið í reynd í framkvæmd allt frá því að það var stofnað, ákvað að hætta. Það seldi sinn hlut og er núna bara svona „holding company“. Það er rétt að taka það fram líka að enginn efast um að forráðamenn þessa sameignarsjóðs séu hið ágætasta fólk. Það er enginn að efast um það. Það skiptir heldur ekki máli hvaða sjóður þetta er eða hvaða menn þetta eru. Þetta er spurningin um prinsippafstöðu. Þetta er ekki lengur það tryggingafélag sem það var heldur er þetta bara sjóður og því ber, því er það samviskuspurning — við skulum orða það þannig, herra forseti — viðkomandi þingmanna hvort þeir vilji virða þann eignarrétt sem sannarlega er svo skýrt skilgreindur í lögum nr. 68/1994. Það er sannarlega þannig alveg burt séð frá því hvaða einstaklingar þetta eru eða lögaðilar, hversu stórar upphæðir þetta eru eða litlar. Menn verða að vera viðbúnir því að taka slíka afstöðu og hafa hana.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan, herra forseti, að ég tel það mjög mikilsvert að afstaða þingmanna komi fram. Lögin nr. 68/1994 eru í gildi. Það hefur enginn efast um það. Auðvitað hefur Alþingi á hvaða tíma sem er rétt til þess að setja lög. Það getur sett lög í ár sem eru öðruvísi en lög um sama málaflokk voru í fyrra, í hittiðfyrra eða árið þar áður. Það er hið eðlilega að menn taki afstöðu til þessa og það er mjög brýnt. Því treysti ég því, herra forseti, að þetta mál fái fljóta og góða afgreiðslu á þessu þingi þannig að ekki fari á milli mála hver vilji þingheims er.

[16:14]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski að æra óstöðugan að halda þessari umræðu mikið áfram. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lagði á

það ríka áherslu í ræðu sinni að einn megintilgangur Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands væri eignaraðild að vátryggingafélögum. Ég verð að segja í fyrsta lagi að ef ég man það rétt þá var sá kaupsamningur sem gerður var milli eignarhaldsfélagsins og Landsbanka Íslands á sínum tíma til nokkurra ára þannig að ég geri fastlega ráð fyrir því að Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands sé enn þá a.m.k. eigandi samkvæmt kaupsamningi, þ.e. það er ekki að fullu greiddur sá hlutur sem keyptur var. Hv. þm. leiðréttir mig ef ég fer þar með rangt mál.

Í öðru lagi ákvað Alþingi 1994 að félagið skyldi auk þessa hafa það að megintilgangi að stunda lánastarfsemi, m.a. til verklegra framkvæmda o.s.frv. og í þriðja lagi að stuðla að þróun vátrygginga með fræðslu og menntun á því sviði og taka þátt í því að veita styrki til slíkrar starfsemi. Eftir því sem ég kemst næst þá er félagið enn þá að stunda þessa starfsemi.

Ég vil enn frekar vekja á því athygli að í þessum sömu lögum er kveðið á um það hvernig félaginu skuli slitið eins og fram kemur í V. kafla laganna. Því átta ég mig ekki alveg á því, virðulegi forseti, eftir að Alþingi hefur tekið um það ákvörðun hvernig þessum málum skuli skipað, að á Alþingi sé vilji núna aftur, einungis fjórum árum síðar og þá væntanlega fyrir tveimur árum einnig því að þetta er í þriðja skipti sem frv. er lagt fram, slíta félaginu þrátt fyrir að í lögum sé kveðið skýrt á um hvernig því skuli slitið. Og ég mótmæli því, virðulegi forseti, að hér sé á ferðinni einhver samviskuspurning. Alþingi hefur tekið prinsippafstöðu til þessa máls, gerði það 1994. En núna, virðulegi forseti, er verið að reyna að fá málið tekið upp á ný og ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekki alveg sáttur við á hvaða forsendum það er gert.

[16:17]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er ekkert við því að segja þó menn séu misjafnlega sáttir lagafrumvörp. Það verður alltaf að hafa sinn gang. Ég ætla heldur ekki að svara fyrir þá sem stóðu að þessari lagasetningu árið 1994, ég var ekki hér. Þeir hljóta að afstöðu og geta staðið fyrir henni. Ég þarf ekkert að svara fyrir það. Þeir hafa eflaust reiknað með því að þetta félag mundi halda áfram þeirri starfsemi sem það var bundið í upphafi. Ég geng út frá því. Annars svari hver fyrir sig.

Ég tel hins vegar, herra forseti, alveg ljóst að þessi hlutur hefur verið seldur. Það getur vel verið að eitthvað sé ógreitt af því. Ég man ekki nákvæmlega hvernig þetta var en þeir hafa þegar afsalað sér atkvæðisrétti og hafa hann ekki, hvort sem eignarhluturinn er að fullu greiddur eða ekki. Það skiptir ekki máli.

Við flytjum þetta frv. til þess að fullnusta því sem ég sem flm. og aðrir hv. meðflytjendur, teljum alveg óyggjandi, að eignarrétturinn sé eins og hann hefur verið skilgreindur í lögunum, að afhenda beri réttum eigendum tryggingafélagsins sinn hlut hvort sem hann er stór eða lítill. Þeir eru náttúrlega að stórum hluta sveitarfélögin sjálf. Við metum það svo að það eigi að gera það, öll rök leiði til þess, án tillits til þess hvort góðir menn og gegnir sitji í þessum sjóði. Það skiptir engu máli. Þetta eru hinir réttu eigendur og ber að afhenda þeim peningana í þessu tilfelli eins og öllum öðrum þegar um slík mál er að ræða.

[16:19]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þeim lögum sem hér hefur oft verið vitnað til kemur fram að tilgangur þeirra sé þrenns konar. Nú er það dregið í efa að einu þeirra markmiða sé fullnægt. Það er umdeilanlegt. A.m.k. hafa ekki verið bornar brigður á að hinum tveimur meginatriðunum sé fullnægt og af þeirri ástæðu, virðulegi forseti, sé ég ekki af hvaða orsökum svo mikil áhersla er lögð á þetta frv. eða tilganginn með ganga fram og slíta félaginu óðruvísi en kveðið er sérstaklega á um í lögunum. Ég sé ekki nauðsyn þess. Ég tel að Alþingi hafi þegar tekið afstöðu til málsins.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að ég var ekki á þingi þegar afstaða var tekin til málsins og vil ekki segja til um hver afstaða mín hefði verið. Ég tel að þarna hafi málum verið skipað og enn sé unnið samkvæmt þeim forsendum sem þar voru gefnar. Af þeirri ástæðu, virðulegi forseti, á ég mjög erfitt með að átta mig á hvers vegna hv. þm. ásamt öðrum flutningsmönnum sækir svo fast að þessu félagi verði slitið.

[16:20]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Brunabótafélag Íslands var í upphafi tryggingafélag. Það var tilgangur þess og starfsemi, það fer ekkert milli mála. Í öllum þeim tilfellum sem ég þekki til frá Vestur-Evrópu hefur það verið þannig, að hætti gagnkvæmt tryggingafélag störfum, þá hefur eignunum verið skipt milli eigendanna. Tilgangurinn með þessu frv. er eingöngu sá að sami háttur verði hafður á á Íslandi og hjá öllum siðmenntuðum þjóðum við álíka aðstæður, að skila eignunum til eigenda þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:21.

---

5. FUNDUR

miðvikudaginn 7. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Réttarfarsdómstóll, frv., 4. mál, þskj. 4. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 15. mál, þskj. 15. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Almannatryggingar, frv., 17. mál, þskj. 17. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Þjónustugjöld í heilsugæslu, frv., 18. mál, þskj. 18. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.

9. Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr.

10. Undirritun Kyoto-bókunarinnar, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Fyrri umr.

11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.

12. Húsaleigubætur, frv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.

13. Úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.

14. Úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.

15. Gæludýrahald, frv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr.

16. Almannatryggingar, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.

17. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, frv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[13:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur bréf frá samgn. um að Einar K. Guðfinnsson hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Magnús Stefánsson varaformaður.

Frá heilbr.- og trn. þess efnis að Össur Skarphéðinsson hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.

Frá efh.- og viðskn. um að Vilhjálmur Egilsson hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Ágúst Einarsson varaformaður.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Ályktun fultrúa ESB- og EES-ríkja um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, 60. mál, fsp. HG, þskj. 60.

Eignarréttur á upplýsingum í sjúkraskrám, 52. mál, fsp. HG, þskj. 52.

Fjárreiður ríkisins, 64. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 64.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði og samkeppnisreglur, 59. mál, fsp. HG, þskj. 59.

Gjafsóknir, 54. mál, fsp. KÁ, þskj. 54.

Húsnæðissparnaðarreikningar, 61. mál, frv. TIO og JónK, þskj. 61.

Miðlægur gagnagrunnur, 58. mál, fsp. HG, þskj. 58.

Miðlægur gagnagrunnur og vísindasiðanefnd, 57. mál, fsp. HG, þskj. 57.

Persónuvernd og gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 62. mál, fsp. HG, þskj. 62.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 56. mál, fsp. RG, þskj. 56.

Upplýsingar um lyfjanotkun í gagnagrunn, 53. mál, fsp. HG, þskj. 53.

Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, 65. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 65.

Verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 55. mál, fsp. SF, þskj. 55.

Virðisaukaskattur, 49. mál, fsp. JóhS, þskj. 49.

Réttarfarsdómstóll, frh. 1. umr.

Frv. SvG, 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG, 5. mál. — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 10. mál. — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Réttur til launa í veikindaforföllum, frh. 1. umr.

Frv. HG og BH, 15. mál /breyting ýmissa laga). — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 17. mál (tannlækningar). — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Þjónustugjöld í heilsugæslu, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 18. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 18.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frh. 1. umr.

Frv. EOK o.fl., 21. mál. — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 42. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 42.

[13:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 42 er frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Þetta er einungis tæknilegs eðlis. Þetta er til staðfestingar á bráðabirgðalögum um gildistökuákvæði sveitarstjórnarlaga.

Eins og menn muna voru þann 28. maí sl. samþykkt á Alþingi ný sveitarstjórnarlög og í 105. gr. þeirra var kveðið svo á um að þau tækju gildi 1. júní. En þetta voru annasamir tímar á Alþingi og skrifstofa Alþingis sendi félmrn. lögin undirrituð af forseta Alþingis 2. júní, þ.e. eftir að gildistökudagur sá sem í frv. var tilgreindur var liðinn, og þau voru send forseta Íslands til undirritunar sama dag og forseti undirritaði lögin ásamt félmrh. 3. júní og 5. júní voru þau birt í Stjórnartíðindum. Þá komu fram efasemdir um að lögin væru komin í gildi og yrðu að líða þrír mánuðir þar til gildistaka væri fullnuð. Ég var ekki sammála þeirri túlkun en til að gæta fyllsta öryggis ákvað ríkisstjórnin að gefa út bráðabirgðalög um að þau tækju þegar gildi. Það gerðist þann 10. júlí 1998 og handhafar forsetavalds undirrituðu þessi bráðabirgðalög.

Þetta er sem sagt efni frv. Ég vænti þess að hv. félmn. taki þetta mál til afgreiðslu og ég hygg að það ætti ekki að vefjast lengi fyrir henni en legg til að málinu verði vísað til hv. félmn.

[13:41]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er nokkuð sérkennilegt mál á ferðinni og merkilegar lögfræðilegar spurningar sem vakna við skoðun þess.

Eins og þingmenn minnast eflaust var lögð mikil vinna í sveitarstjórnarfrv. og hér var gífurlega mikil umræða um það mál, ekki síst vegna 1. gr. þess og ákvæðis til bráðabirgða, en það vill nú oft gleymast að þarna var á ferð mikill lagabálkur um sveitarstjórnarstigið þar sem kveðið var á um starfsemi þess á nánast öllum sviðum. Þetta er sjálfur lagaramminn um sveitarstjórnirnar.

Eins og fram kom í máli hæstv. félmrh. voru lögin samþykkt 28. maí en áttu að öðlast gildi þann 1. júní. Hins vegar var tilkynning ekki gefin út fyrr en þann 1. júní og það var síðan um mánaðamótin júní/júlí eða nánar tiltekið 1. júlí sem Páll Sigurðsson lagaprófessor vakti athygli á því í grein í Morgunblaðinu að þessi aðferð stæðist ekki og að lögin gætu þar af leiðandi ekki öðlast gildi fyrr en 1. október.

Eftir alla þá vinnu og pressu sem var í þingsölum finnst manni náttúrlega öfugsnúið að sjálft ráðuneytið, sem lagði þvílíka ofuráherslu á að fá þessi lög samþykkt í vor, skyldi ekki standa sig betur en þetta að geta ekki komið lögunum út og birt þau í tæka tíð.

Síðan voru sett bráðabirgðalög og þau hafa samkvæmt fylgiskjali verið undirrituð 10. júlí 1998 en ég veit ekki nákvæmlega hvenær þau hafa verið birt. Út af þessu vil ég beina spurningum til hæstv. félmrh. Reyndar kom fram hjá hæstv. félmrh. að hann væri ekki endilega sammála túlkun Páls Sigurðssonar en ég vil spyrja hann: Komst ráðuneytið að niðurstöðu varðandi gildistökuna? Ég veit að málið var skoðað í ráðuneytinu og m.a. í Morgunblaðinu var rætt við Sesselju Árnadóttur lögfræðing. Þar kom fram að málið var til skoðunar og ég spyr: Hver var niðurstaða ráðuneytisins? Mér finnst í raun mikilvægt fyrir alla framkvæmd lagasetningar að það sé alveg ljóst hvað rétt er í þessu máli því að í grein Páls Sigurðssonar kom fram að ella hefðu liðið þrír mánuðir þar til lögin tækju gildi.

Það sem mér finnst vega þyngra er að ef þetta er rétt og ef lögin öðluðust í raun ekki gildi fyrr en í kringum 10. júlí, þá vaknar sú spurning hvaða áhrif þetta getur hugsanlega hafa haft á sveitarstjórnirnar og það að þær voru farnar að vinna eftir þessum lögum og þá er ég ekki síst að hugsa um þann málatilbúnað sem sjálfstæðismenn í Reykjavík hafa haft uppi varðandi starfshætti Reykavíkurlistans og sú spurning eftir hvaða lögum var sveitarstjórnin í Reykjavík að vinna þegar hún tók ákvarðanir sínar. Ef ljóst er að lögin hafa ekki tekið gildi fyrr en eftir að bráðabirgðalögin birtust þá er Reykjavíkurlistinn væntanlega í góðum málum því að starfshættir hans voru fyllilega í samræmi við það sem tíðkast hafði en hins vegar kann að vera að þessi nýja lagasetning hafi einhver áhrif þar á. Þá er ég ekki síst að hugsa um það atriði hvort borgarstjórinn í Reykjavík hefur lagaheimild til þess að stjórna fundum borgarráðs eða hvort lögin kveða skýrt á um að það skuli vera kjörinn formaður borgarráðs. Það vakna því spurningar vegna þeirra mistaka sem þarna áttu sér stað að mínum dómi og þetta hlýtur að verða öllum ráðuneytunum víti til varnaðar og sýnir hvað getur gerst þegar svona mikil pressa er varðandi lagasetningu.

[13:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þá hefur fyrsta stjórnarfrv. komið á dagskrá þingsins fyrir utan fyrsta málið sem er fjárlög ríkisins. Og hvaða mál er það? Hvaða stjórnarfrv. er það sem við fáum til umræðu nú í upphafi þingfundar á miðvikudegi? Jú, það er átakasamasta frv. síðasta vetrar. Það er sjálft sveitarstjórnarfrv. sem var þess eðlis að það klauf þjóðina í fylkingar og var lögð svo gífurleg pressa á af hálfu félmrh. að fá afgreitt út úr félmn. af hálfu Alþingis að það hálfa hefði verið nóg. Þegar Alþingi var búið að skila sínum þætti var ekki haldið betur á málum í félmrn. en svo að gildistakan er auglýst of seint og mikið álitamál uppi hvort lögin hafi tekið gildi, svo mikið álitamál að sett eru bráðabirgðalög á miðju sumri til að ákveða að sveitarstjórnarfrv. hafi orðið að lögum.

Þetta er málið, herra forseti. Stjórnarfrv. sem við ræðum er fyrsta mál sem komið er fram frá hv. ríkisstjórn. Ég ætla að leyfa mér að segja það, herra forseti, þetta er alveg ótrúlega neyðarlegt fyrir félmrh., alveg ótrúlega neyðarlegt mál.

Mikil vinna var lögð í frv. í fyrra í félmn. Það var ofboðslega mikil umræða í þinginu, til þings og ráðherra bárust erindi frá hópum um allt land þar sem var óskað eftir því að þessu frv. yrði frestað til haustsins, a.m.k. ákveðnum þáttum þess, þannig að hugsanlega mætti ná sátt um mál sem svo mikilvægt var að mati þjóðarinnar allrar. Nei, þetta frv. var barið áfram, það var afgreitt út úr félmn. í ósætti, þótti ótímabært, og því var haldið í langri umræðu og barið í gegnum þingið.

Herra forseti. Ég tek undir þær spurningar sem formaður félmn. hefur borið hér fram, sérstaklega hver hafi verið niðurstaða ráðuneytisins sjálfs. Það kom alls ekki fram í umfjöllun um málið í sumar heldur fyrst og fremst að ráðuneytið væri að verða við ábendingum og til öryggis. Ég tek undir þessa spurningu: Hver er niðurstaða ráðuneytisins sjálfs? Nú kemur þetta mál hérna inn í þingið, það mál sem við óskuðum svo mjög eftir að yrði frestað til haustsins í vor. Ekki mun verða efnisleg umfjöllun um það aftur, eðlilega ekki, þessu máli verður vísað til félmn., að hún staðfesti gildistökuna sem sett var með bráðabirgðalögum. Og, herra forseti, ég hlýt að minna á að þingflokkur jafnaðarmanna sat hjá um þetta frv., þrátt fyrir að í frv., sveitarstjórnarlögunum sem slíkum, væru svo mörg ákvæði sem mikilvægt er að kveðið sé á um í lögum varðandi sveitarstjórnarstigið. En hjáseta okkar byggðist á þeim þætti sem ég hef þegar nefnt, þessu átakamáli um hálendið og stjórnun þess sem ráðherrann léði ekki máls á að skoða nánar. Ég á von á því að við munum ekki hafa mikil afskipti af því þegar þetta mál kemur aftur til afgreiðslu úr þinginu og gildistaka þess verður staðfest.

En ég tek undir spurningu formanns félmn. og vek athygli þingheims á því að stundum væri betra að fara sér örlítið hægar, vanda til verksins og horfa fram á veg og sjá að það er ekki bara nóg að berja mál í gegnum þingið og út úr þessu húsi. Það þarf líka að vera sómi að því hvernig haldið er á málum þegar komið er heim í ráðuneyti.

[13:50]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þau orð sem hafa verið sögð og sérstaklega að stundum sé rétt að fara sér hægt og hlusta á rödd þjóðarinnar. Reyndar var það svo að þegar þessi umræða hófst var mjög mikill kliður í salnum. En hæstv. félmrh., sem sté í pontu og hóf mál sitt, kærði sig kollóttan um þetta. Hann var hógvær í tali og óvenjulega lágvær og ég velti því fyrir mér hvernig á því stæði að þessu færi svona fram. Ég leit á dagskrána og sá að sveitarstjórnarlögin voru til umræðu. Og þá er nú eins gott fyrir ríkisstjórnina að tala ekki of hátt.

Þegar þetta frv. var til umræðu í í vor skall mikil mótmælaalda yfir þjóðfélagið allt. Hvaðanæva að bárust mótmæli og óskir til ríkisstjórnarinnar og kröfur um að frágangi þessa máls yrði frestað og þjóðinni gæfist tóm til að ræða frv. í sumar. Nú hefur komið í ljós að ofan á alla gagnrýnina sitjum við uppi með afleiðingar handarbakavinnu ríkisstjórnarinnar.

En ástæða þess að ég kveð mér hljóðs er ekki að ræða þessi efnisatriði heldur önnur sem tengjast þessu frv. Í tengslum við umræðuna og undirbúning þessa frv. var því heitið af hálfu ríkisstjórnarinnar að fram kæmu í tengslum við lagabreytingarnar, sem fólust í þessu frv., sveitarstjórnarlögum, annað frv., breytingar á skipulagslögum. Þegar ríkisstjórnin hljóp frá þessu loforði sínu, sem lá í loftinu þó að það hefði ekki verið formlega gefið í þingsal, var ljóst að ekki mundi nást víðtækt samkomulag um sveitarstjórnarlögin sem ég tel að hefði mátt ná í vor. Það er skoðun mín.

Nú er spurning mín þessi til hæstv. félmrh.: Hvað líður þeirri vinnu sem heitið var varðandi skipulagslögin og því frv. sem ríkisstjórnin lofaði á sínum tíma að lagt yrði fram?

[13:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Frv. til sveitarstjórnarlaga var lagt fram á síðasta þingi, líklega snemma í nóvember, ég man ekki dagsetninguna og hef ekki sinnt um að finna hana. Ég held að það hafi verið tekið til 1. umr. 18. nóv. þannig að málið var lengi fyrir þinginu. Það var ekki afgreitt fyrr en 28. maí, eins og ég sagði áðan, og vegna anna á skrifstofu Alþingis var það ekki sent til félmrn. fyrr en 2. júní. Það er því ekki nein handarbakavinna í félmrn. sem olli þessum töfum, það voru miklar annir hjá hinu ágæta starfsfólki á skrifstofu Alþingis og það er sjálfsagt orsökin fyrir því að frv. fór ekki til félmrn. fyrr en gildistökudagur var liðinn.

Svo ég svari þeim spurningum sem fram komu taldi ráðuneytið vissara að eyða efa ef um efa skyldi verða að ræða. Það hefur einn hæstaréttardómur, að vísu í gjörsamlega óskyldu máli, það var í refsimáli, verið byggður á því að lög hefðu ekki verið komin í gildi þar sem ekki var búið að birta þau í Stjórnartíðindum. Þó að um óskylt mál væri að ræða vildum við eyða öllum efa gjörsamlega og þess vegna var sú ákvörðun tekin að setja bráðabirgðalög.

Við höfum enga ástæðu til að ætla að sveitarstjórnir hafi ekki starfað í fullum rétti þessa daga í júní og fram í júlí og engar kærur hafa borist ráðuneytinu um gerðir sveitarstjórna á þeim tíma, þ.e. þar sem sveitarstjórnir hafa dregið í efa að þær væru að vinna í fullum rétti. Ég vil biðja hv. þm. að vera ekki að álasa skrifstofu Alþingis fyrir þann drátt sem varð á skrifstofuvinnunni við fullgildingu laganna.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. Ögmundar Jónassonar er það ekki ég sem félmrh. heldur er það hæstv. umhvrh. sem kemur til með að leggja fram frv. til breytinga á skipulags- og byggingarlögum. Mér er kunnugt um að hann hyggst gera það næstu daga og þá kemur það til umræðu í þinginu innan mjög fárra daga. Ég tel mjög mikilvægt að það dragist ekki að frv. hljóti afgreiðslu. Ég veit ekki um gildistökudag þess frv. en ég vænti þess að það líti dagsins ljós innan örfárra daga og vonast eftir að það hljóti afgreiðslu a.m.k. fyrir jól.

[13:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það verður mjög stutt ræða. Mér kemur í hug „ber er hver að baki nema sér bróður eigi“. Það er gott núna að geta sagt að það sé Alþingi sem hafi skapað þann vanda að þurfa að setja bráðabirgðalög og koma inn með fullgildingarfrv. á haustdögum. Ég ætla bara að draga athyglina að því að það er félmrh. sem kom fram með þetta mál, hvort sem það var í nóvember eða síðar. Mikið var unnið með það í félmn., það fór fram góð vinna í félmn, það voru mikil átök um málið. Að sjálfsögðu átti félmrh. að breyta gildistökuákvæðunum ef einhver vafi var á að þetta næðist fyrir 1. júní, það er mitt mat, í stað þess að ráðuneytið hafi bara setið og beðið eftir því hvenær eitthvað kæmi frá skrifstofu Alþingis sem var í önnum. Ég mun ekki

álasa skrifstofu Alþingis, síður en svo, en ég gagnrýni alla málsmeðferð þessa máls frá upphafi, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

[13:59]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um jafnréttisfræðslu fyrir æðstu ráðamenn. Flm. auk mín eru þau Kristín Halldórsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir og Svavar Gestsson. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að móta stefnu um aðgerðir sem tryggi að æðstu ráðamenn þjóðarinnar hafi þekkingu á ólíkri stöðu kynjanna í þjóðfélaginu almennt og á sínu sviði sérstaklega. Í því skyni verði tekið saman vandað námsefni og haldin námskeið sem ráðamönnum verði gert að sækja. Tryggt verði að þekkingunni verði haldið við með eftirliti og aðhaldi og með því að halda námskeið með reglulegu millibili."

Þessi tillaga var lögð fram á 122. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu fremur en fjöldamörg önnur mál frá stjórnarandstöðunni. Umsagnir um tillöguna bárust frá eftirfarandi aðilum: Félagsmálaráði Selfoss, félmrn., félagsmálastjórn Seltjarnarness, jafnréttisnefnd Reykjanesbæjar, karlanefnd Jafnréttisráðs, Kvenréttindafélagi Íslands, Skrifstofu jafnréttismála og Stígamótum. Allir umsagnaraðilar töldu tillöguna efnislega jákvæða og flestir mæltu eindregið með samþykki hennar.

Markmiðið með framangreindum jafnréttisaðgerðum er að skapa samfélag þar sem bæði kynin búa við sömu möguleika, réttindi og skyldur á öllum sviðum samfélagsins. Til þess að þetta markmið náist þarf að beita kynjaðri hugsun við alla stefnumörkun og aðgerðir framkvæmdarvaldsins, Alþingis, fyrirtækja og stofnana.

Íslenska ríkisstjórnin hefur á alþjóðavettvangi skuldbundið sig til að samþætta sjónarhorn kynjajafnréttis hefðbundnum stjórnmálum og stjórnun. Má þar nefna að samþætting gengur eins og rauður þráður í gegnum framkvæmdaáætlunina frá kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking 1995. Norræna ráðherranefndin hefur sett sér það markmið að samþætting skuli einkenna allt starf á vegum nefndarinnar. Innan Evrópuráðsins og í framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins í jafnréttismálum sem Íslendingar eiga aðild að í gegnum EES-samninginn er samþætting lykihugtak og miklar vonir bundnar við þessa aðferðafræði.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir næstu ár byggist á samþættingarhugmyndum samkvæmt bæklingi frá skrifstofu jafnréttismála. Út frá því mætti ætla að það sé pólitískur vilji til að leiðrétta þann ójöfnuð á milli kynjanna sem allt samfélagið líður fyrir. Þennan vilja þarf að sýna í verki. Þess má geta að í málefnaskrá samfylkingar A-flokkanna og Kvennalista er gert ráð fyrir að byggt verði á þessum samþættingarhugmyndum, enda er það ráðandi aðferð á þessu sviði nú til dags. Til þess að geta notað þessa aðferð við stjórnun þjóðfélagsins þurfa vissar grunnforsendur að vera til staðar.

Grunnforsenda þess að samþætting takist er að til staðar sé pólitískur vilji, kyngreindar upplýsingar, fræðsla og eftirfylgni. Það er einmitt þessi fræðsluþáttur sem sérstaklega er tekið á með þessari tillögu. En fræðin um hin félagslegu kyn, eða kynjafræði eins og það er nefnt í þessum bæklingi Skrifstofu jafnréttismála um samþættingu, er ákveðið þekkingarsvið sem mikilvægt er að nýta ef raunverulegur vilji til jafnréttis er til staðar. Það er ekki hægt að krefjast ábyrgðar á samþættingu jafnréttissjónarmiða af fólki sem ekki hefur til þess kunnáttu. Til þess að um raunverulega samþættingu verði að ræða þarf jafnréttisfræðsla því að vera forgangsverkefni.

Hér á Íslandi höfum við haft í gildi jafnréttislög í um 23 ár. Ég held að óhætt sé að segja að obbi þeirrar vinnu hafi verið unnin á vegum hins opinbera, verið í höndum sérfræðinga án pólitískra valda, á Skrifstofu jafnréttismála eða áhugasamra sérfræðinga í ráðuneytum, þ.e. aðila sem oft hafa ekki það fjármagn sem til þarf. Samþættingarhugmyndafræðin gerir ráð fyrir því að jafnréttisvinnan verði eðlilegur hluti af allri starfsemi ríkisstofnana og ráðuneyta. Þar eru áhrifamestu gerendurnir að sjálfsögðu þeir sem mestu völdin og fjármagnið hafa, æðstu ráðamenn þjóðarinnar. Með æðstu ráðamönnum er átt við ráðherra ríkisstjórnarinnar, forstjóra ríkisstofnana, biskup, ríkissaksóknara, dómara og rektora háskóla. Þessum aðilum verður að vera ljóst hver ábyrgð þeirra og áhrifamáttur er á stöðu kynjanna. Að sjálfsögðu er síðan æskilegt að þessir aðilar sjái til þess að starfsfólk þeirra verði frætt um þessi mál í kjölfarið. Ábyrgð og áhrifamætti æðstu ráðamanna má líkja við ábyrgð á fjármálum eða öryggismálum sem engir stjórnendur geta skorast undan, hver svo sem starfsvettvangur þeirra er eða hvort þeir hafa sérstakan áhuga á þeim sviðum. Ég vil ítreka að þetta ætti að vera jafnsjálfsagður þáttur hjá æðstu stjórnendum ríkisstofnana og að hafa þekkingu á fyrirtækinu eða á fjármálum viðkomandi stofnunar.

Svíar hafa gert myndarlegt átak til þess að tryggja lágmarksþekkingu æðstu stjórenda sinna á ólíkri stöðu kynjanna á mismunandi sviðum samfélagsins. Það var Mona Sahlin sem hóf þessi námskeið í jafnréttisráðherratíð sinni árið 1994. Hún lagði mikla áherslu á að þetta væru námskeið fyrir æðstu ráðamenn og þá til þess að sýna öðrum fordæmi var Ingvar Carlsson, þáv. forsrh., sá fyrsti sem settist á skólabekk og síðan hafa allir sænskir ráðherrar farið á slík námskeið ásamt aðstoðarmönnum sínum, ráðuneytisstjórum, biskupum, forstjórum ríkisstofnana, blaðafulltrúum og fleirum. Í Svíþjóð hafa námskeiðin verið tvíþætt. Annars vegar hefur sænsku þjóðinni verið lýst út frá stöðu kynjanna á mismunandi aldri og sviðum og kyngreind tölfræði óspart notuð í þeim tilgangi. Hins vegar hafa námskeiðin verið aðlöguð mismunandi þekkingarsviðum ráðamanna. Þessi fræðsla og vitundarvakning er ein ástæða þess að staða kvenna í Svíþjóð er umtalsvert betri en staða íslenskra kvenna. Ég þetta eina ástæðu þess því að vissulega koma þar mun fleiri þættir til. Hinn pólitíski vilji stjórnvalda skiptir þar mjög miklu máli.

Á Íslandi hefur safnast mjög mikil þekking á ólíkri stöðu kynjanna og á kynjafræðum þótt enn sé mikið verk óunnið. Mikilvæg sérþekking hefur skapast bæði á Rannsóknarstofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands og tekin hefur verið upp kennsla á þessu sviði við háskólann. Skrifstofa jafnréttismála, Kvennaathvarfið, Kvennalistinn, Stígamót, kvennablaðið Vera, karlanefnd Jafnréttisráðs og fleiri aðilar hafa einnig dregið fram í dagsljósið mikilvægar upplýsingar um

stöðu kynjanna sem nauðsynlegt er að taka mið af. Kyngreind tölfræði er að verða aðgengilegri hér á landi, sbr. bækling Hagstofunnar „Konur og karlar" sem fyrst kom út 1993 og síðan 1997. Það ætti að vera vel framkvæmanlegt að taka saman gagnlegt fræðsluefni og fá sér sérfræðinga til kennslustarfa. Símenntun þarf að tryggja með því að halda námskeið með reglulegu millibili og með eftirliti og aðhaldi. Aðhald mætti veita með ýmsum hætti. Í Svíþjóð hefur það verið gert með því að aðstoðarmenn ráðherra hittast mánaðarlega og eiga að fylgja því eftir, hver á sínu sviði, að öll starfsemi sé í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um samþættingu. Þeir bera einnig ábyrgð á því að nauðsynleg þekking sé aðgengileg.

Herra forseti. Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna fyrir árin 1998–2001 er í lið 3.2 gert ráð fyrir fræðslu um jafnréttismál fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana á árinu 1998. Því framtaki ber að fagna en það virðist mun takmarkaðra en hér er átt við. Framtak er takmarkaðra að því leyti að því er eingöngu beint að yfirmönnum ráðuneyta og ríkisstofnana og á einungis við árið 1998. Mér er kunnugt um, herra forseti, að nýlega var slíkt námskeið haldið í Háskóla Íslands, þann 26. september sl. Um var að ræða fjögurra klukkustunda námskeið. Um 100 manns var boðið að taka þátt en um þriðjungur mætti, þar af var mikill meiri hluti kvenna. Það kemur að sjálfsögðu ekki á óvart en er visst áhyggjuefni vegna þess að oft hafa konur meiri þekkingu á þessum málum þar sem þau brenna meira á þeim. Rektor Háskóla Íslands mætti sjálfur á þetta námskeið sem er mikið ánægjuefni. Reynslan frá útlöndum sýnir að rektorar háskóla hafa verið hvað erfiðastir á þessum námskeiðum.

Ég tel að þetta sé ágætis fyrsta skref og vonandi er vísir af sérþekkingu að byggjast upp hjá Skrifstofu jafnréttismála. Það þarf hins vegar að gera betra námsefni. Þarna var að hluta til stuðst við erlend gögn og einnig þarf að búa til námsefni lagað að viðkomandi stofnunum. Þetta er fyrsta skrefið en það er ekki nægjanlegt að hafa einstaka námskeið. Það væri fróðlegt að vita hvort til stendur að hafa námskeið á vegum fleiri stofnana á þessu hausti. Það virðist eiga að takmarka þau, samkvæmt framkvæmdaáætluninni, við haustið 1998. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að þessi mál komist í góðan farveg og fræðsluefni verði undirbúið og þetta verði gert reglubundið.

Herra forseti. Sannfæring mín er sú að ef vilji er fyrir hendi til að sýna samþættingu í verki er jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn einföld, ódýr og áhrifarík aðgerð til vitundarvakningar og hefur mikilvægt fordæmisgildi fyrir aðra þjóðfélagsþegna.

[14:14]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér reifar hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir mjög athyglisvert mál sem þó vekur nokkrar spurningar í brjósti mér, sjálfsagt vegna þess að ég er ekki allt of vel að mér í þessum fræðum. Ýmis hugtök sem hér er talað um vekja vissar spurningar, eins og kynjuð hugsun, ef hún gæti skýrt það út í örstuttu máli hvað felst í kynjaðri hugsun. Einnig mundi ég vilja að hún kæmi örlítið betur inn á þetta samþættingarhugtak. Hvað þýðir samþættingarhugtakið í þessari tillögu, ef hún vildi skýra hugtakið örlítið betur út fyrir mér og þingheimi sem kannski hefur ekki skilið þetta til fullnustu.

Ég spyr líka: Hvað sér hv. þm. fyrir sér að þessi námskeið taki langan tíma? Það vakna líka spurningar hjá mér um hvort íslenskt stjórnkerfi býður upp á að hægt sé að skikka eða skylda biskup Íslands til þess að taka þátt í námskeiði sem þessu. Ég spyr líka um hæstaréttardómara. Getur íslenskt stjórnkerfi skikkað íslenska embættismenn til þess að taka þátt í slíku námskeiði? Ég endurtek að hér er um mjög merkilegt og athyglisvert mál að ræða en mér þætti vænt um að fá örlítið nánari útskýringar á þessum hugtökum.

[14:16]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er stórt spurt og efni í marga fræðilega fyrirlestra en ég skal gera mitt besta á þeirri mínútu eða tveimur sem ég hef. Kynjuð hugsun er þýðing á enska hugtakinu „gendered thinking" og þýðir að litið er á þjóðfélagið og reynt að horfa á það frá sjónarhóli karla annars vegar og kvenna hins vegar. Ég held að t.d. í predikun séra Sigríðar í Dómkirkjunni á þingsetningardaginn hafi þetta komið mjög vel í ljós þegar lesið var úr Gamla testamentinu og sagan síðan endursögð frá sjónarhóli viðkomandi konu. Það var mjög gott dæmi um kynjaða hugsun að mínu mati.

Þá er það samþætting. Oft er talað um að jafnréttismál séu mál á jaðrinum. Þeir sem hafa áhuga á jafnréttismálum eru að vinna að sérmálum og það eru gjarnan nokkrar konur í hverju þjóðfélagi sem verða sérfræðingar í þeim málum. En hugmyndafræði samþættingar gengur út á að þetta sé málasvið sem flytjist inn í miðju stjórnmálanna og að jafnréttismálin verði samþætt alls staðar inn í skólamálin, inn í heilbrigðismálin og inn í öll mál, þannig að þetta verði ekki bara sérhæfður lítill málaflokkur, heldur málaflokkur sem verði miðlægur eins og t.d. fjármál, þ.e. komi inn í öll mál. Samþætting er þýðing á „mainstreaming" og táknar að sviðið færist og verði miðlægt en ekki sérmál.

Spurt var um hve langan tíma þessi námskeið taka. Þau hafa verið skipulögð í Svíþjóð sem fjögurra til sex tíma námskeið, þá gjarnan tvískipt. Fyrst er almennur hluti og síðan sérhæfður miðað við viðkomandi stofnun. Loks eru þau endurtekin reglulega, kannski árlega eða svo.

Það að skikka menn, hvort sem það eru biskup Íslands eða aðrir yfirmenn, til að mæta er auðvitað umdeilanlegt. Það var einmitt hugsunin hjá Monu Sahlin í Svíþjóð. Ég held að það sé mjög mikilvægt að skilgreina þetta fyrir æðstu ráðamenn þannig að það þyki merki um háa stöðu að mæta á þessi námskeið því þau séu bara fyrir æðstu ráðamenn. (Forseti hringir.) Fólk fann þetta fljótt og þeir sem líta á sig sem einstaklinga í mikilvægum störfum mættu á þessi námskeið. Þessi aðferð virkaði vel og ég er alveg sannfærð um að hún gæti líka verið áhrifarík hér.

[14:19]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þessar útskýringar. Ég var svo óheppinn að vera á vegum Vestnorræna ráðsins úti í Noregi einmitt þegar þingsetningin fór fram þannig að ég missti því miður af ræðu séra Sigríðar. En ég er kirkjurækinn maður og hver veit nema ég læri betur um þessa svokölluðu kynjuðu hugsun ef ég verð enn duglegri að mæta í guðsþjónustur, ég tala nú ekki um hjá kvenprestum. Við erum svo heppin t.d. í Rangárþingi að vera með tvo ágæta kvenpresta þannig að þær gætu hugsanlega kennt mér þessi fræði enn betur. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að útskýra þessi hugtök fyrir mér. Ég mun hlusta með athygli á umræðurnar áfram og verð væntanlega margs vísari. Ég endurtek að mér

finnst málið merkilegt og þess virði að fylgjast vel með því.

[14:20]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Mér finnst um mjög góða og merka tillögu að ræða og vil þakka flutningsmönnum hennar. Það var nokkuð skemmtilegt að hlusta á þær umræður sem áttu sér stað áðan þegar einn ungur hv. karlþingmaður spurði þessara spurninga: Hvað er kynjuð hugsun? Hvað er samþætting? Þetta fannst mér lýsa þörfinni á því að menn fræðist betur. Það er alveg ljóst að menn átta sig ekki á því hvað þetta þýðir. Þó er þessi hugsun vonandi að síast inn í samfélagið hægt og rólega og þessi tillaga gengur út á það að gera þetta skipulega.

Hér var líka spurt: Er hægt að skikka æðstu ráðamenn landsins á svona námskeið? Ég held að það sé ekki hægt en ég held að þeir vilji fara á svona námskeið því þeir vilja vita hvað þetta þýðir og út á hvað þetta gengur með samþættinguna. Þeir hafa ekki græna hugmynd um það í dag að mínu mati.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að pólitískur vilji hljóti að vera fyrir hendi til að leiðrétta ójöfnuð milli kynjanna sem allt samfélagið líður fyrir og þennan vilja þarf að sýna í verki. Ég er ekki alveg viss um að þessi pólitíski vilji sé svo afar mikill. Hann er einhver. En ég tek mjög undir það að það þurfi að uppfræða fólk til þess að þessi vilji, hvort sem hann er mikill eða lítill, komi fram. Það er ekki hægt að krefjast ábyrgðar á þessari samþættingu nema menn viti um hvað er að ræða og skilji út á hvað þetta gengur.

Seinna í greinargerðinni kemur fram að jafnréttisvinnan hafi hingað til verið unnin af sérfræðingum án pólitískra valda. Það er undirstrikað á þennan hátt. Ég er ekki alveg sammála þessu. Það hefur mikil jafnréttisvinna átt sér stað hjá fólki sem hefur pólitísk völd. Ég vil t.d. nefna sem dæmi að í ráðuneyti hæstv. heilbrrh. Ingibjargar Pálmadóttur sem hefur mest pólitísk völd kvenna hér á landi trúlega nú um stundir, undir hennar stjórn, er búið að auka hlutfall kvenna talsvert í nefndum á vegum heilbrrn. Stjórnmálamenn með pólitísk völd hafa því líka lagt sitt í þessa vinnu. Ég vil líka minnast á það að sú er hér stendur lagði fram þáltill. á síðasta þingi um að auka bæri hlut kvenna í stjórnmálum. Hún var samþykkt. Þannig var hægt að nota pólitísk völd. Þessi tillaga var samþykkt í þinginu og nýlega tók nefnd til starfa. Í henni sitja reyndar bara konur, en það vill þannig til að allir þingflokkar og þeir sem áttu að tilnefna í nefndina tilnefndu einungis konur. Það er búið að ráða verkefnisstjóra til að sinna þessu starfi. Verið er að vinna við merki til að nota á þá fræðslu og þær auglýsingar sem við ætlum að fara út í til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Þetta er einmitt starf sem verður örugglega mjög áberandi núna á næstunni þegar stjórnmálaflokkar fara að raða upp á sína lista. Hvort sem það verður með prófkjörum eða með öðrum hætti þá mun nefndin sjá til þess að fræðsla verði í gangi og áróður fyrir því að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Þetta hefur verið gert á Norðurlöndunum og ég vona svo sannarlega að við náum góðum árangri hér.

Ég vil líka koma hérna inn á hugtakið samþætting. Framsfl. hefur sérstaklega hugað að því í sínu starfi. Þar var samþykkt í framkvæmdastjórninni að setja á stofn nefnd sem mun koma með tillögur um hvernig sé hægt að samþætta jafnréttismálin inn í allt starf flokksins. Þessi nefnd hefur verið að vinna og ég veit að hún hefur skoðað allar ályktanir flokksins með þessari kynjuðu hugsun. Kynjuð hugsun eru reyndar svolítið leiðinleg orð. Þetta er svo líkt orðunum úrkynjuð hugsun. Ég hef þó ekkert betra orð. Það er búið að skoða ályktanir flokksins með þessari kynjuðu hugsun eða kynjuðu gleraugum og það er alveg ljóst að fyrir næsta flokksþing mun flokkurinn sérstaklega fara yfir allar ályktanir með þetta í huga þannig að ályktanirnar höfði bæði til karla og kvenna og að engin mismunun sé í texta. Þessi nefnd hjá okkur í Framsfl. mun einnig leggja til, að mér skilst, að það verði fræðsla fyrir þingmenn og ráðherra flokksins. Við sáum áðan að ekki veitir af því þar sem einn þingmaður okkar kom og spurði nákvæmlega þessarar spurningar: „Hvað er samþætting?“ Ég býst því við að jafnréttisfulltrúi Framsfl. muni taka okkar þingmenn á sérstakt námskeið og ráðherrana líka. Það er mjög brýnt.

Mig langaði að spyrja 1. flm. út í tengslin við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Hún var samþykkt á síðasta þingi. Nú kemur þar mjög skýrt fram og stendur t.d. í kaflanum um forsrn., með leyfi forseta:

„Kanna skal stöðu jafnréttismála í ráðuneytinu og stofnunum þess og gera áætlun um hvernig rétta skuli hlut kynjanna. Verði það m.a. gert með markvissri fræðslu yfirmanna og annarra starfsmanna.“

Eins og ég les þetta er þetta markviss fræðsla yfirmanna. Þetta er svona lifandi starf, ekki einungis eitt námskeið heldur markviss fræðsla þannig að mér finnst þetta vera nánast það sama og felst í þáltill. sem við erum að ræða nú.

Ég vil líka undirstrika að í kafla 3.2 í framkvæmdaáætluninni, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur áðan, á félmrn. að skipuleggja námskeið fyrir yfirmenn ráðuneyta og ríkisstofnana og aðra stjórnendur þannig að þetta er mjög víð nálgun. Þetta eiga að vera námskeið um markmið og leiðir í jafnréttisstarfinu og þau á að halda á fyrri hluta ársins 1998 sem að sjálfsögðu stenst ekki þar sem hann er nú liðinn. Væntanlega verður þetta þá gert á næsta ári, hugsanlega fyrir áramót þó ég sjái það nú ekki fyrir mér að það náist. En ég vil taka undir það sem kom fram hjá flutningsmanni áðan að ekki er nóg að halda eitt námskeið, láta okkar æðstu ráðamenn mæta þar með sparibrosið, hlusta á og meðtaka boðskapinn og svo er það bara búið, því pakkað ofan í skúffu og nánast sagt: „Bless og takk fyrir kaffið.“ Þetta þarf að vera lifandi starf og síendurtekin fræðsla þangað til við sjáum árangur. Ég tek því undir að ekkert þýðir að sjá aðeins fram undan eitt námskeið. Þetta verður að vera mjög markviss og skipulögð fræðsla af því að á brattann er að sækja og heilmikið starf eftir og því er miður er hinn pólitíski vilji kannski minni en við höldum.

[14:28]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta er mikilvæg tillaga eins og kom fram hjá 1. flm. og við væntum mikils af því að Alþingi samþykki hana og að hún komist til framkvæmda. Við erum mjög oft að ræða jafnréttismál. Við ræðum þau aftur og aftur og alltaf í jafnmikilli bjartsýni á eitthvað nýtt sem verði til þess að átak verði gert eða hugarfarsbreyting verði þannig að komumst svolítið fram á veg. En það þokast og það þokast hægt.

Á liðnum árum höfum við tekið þátt í kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna, gerst aðilar að Peking-áætluninni og ráðherrar standa að samstarfsáætlun Norðurlandanna í jafnréttismálum og á öllum þessum stöðum er verið að fjalla um sömu hlutina, þ.e. fræðslu og aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna af því það er þjóðhagslega gott og mikilvægt. Ég

held að framkvæmdaáætlunin sem við ræddum sl. vetur hafi verið sú fimmta eða sjötta í röðinni. Þrátt fyrir þetta erum við ekki komin lengra en raun ber vitni og þrátt fyrir þetta erum við knúin til að setja fram till. til þál. eins og þá sem hér er rædd í dag.

Í vetur munu væntanlega koma inn á Alþingi ný jafnréttislög og ég harma að ráðherra skuli ekki hafa litið á það sem sjálfsagðan hlut að þar yrði þverpólitískur undirbúningur, að það væri jafnsjálfsagt að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna kæmu að undirbúningi breyttra jafnréttislaga og stjórnarflokkanna. Jafnréttislög eru í eðli sínu þverpólitískt fyrirbæri og afskaplega óeðlilegt að nokkur ráðherra í dag láti sér detta í hug að undirbúa ný lög eingöngu með fulltrúum stjórnarflokka og þeirra stofnana sem hann velur. Þetta vil ég segja í upphafi umræðu um þessa ágætu tillögu.

Flm. Guðný Guðbjörnsdóttir gerði mjög góða grein fyrir tillögunni sem er um að mótuð verði stefna um aðgerðir sem tryggi að æðstu ráðamenn þjóðarinnar hafi þekkingu á ólíkri stöðu kynjanna í þjóðfélaginu almennt og á sínu sviði sérstaklega og þess vegna verði valið námsefni og haldið námskeið og e.t.v. frekari aðgerðir sem kunni að koma fram.

Fyrir utan það sem 1. flm. nefndi í framsögu sinni langar mig að vekja athygli þingheims á nál. félmn. um framkvæmdaáætlunina sl. vetur vegna þess að í því nál. ákvað félmn. að kveða örlítið á um hvaða tónn hefði verið sleginn af umsagnaraðilum. Það er mjög mikilvægt að Alþingi geri sér grein fyrir því að það eru mjög margir aðilar núna sem eru að hvetja til ólíkra aðgerða til þess að efla jafnrétti og ég ætla að grípa niður í þetta nál.

Seltjarnarnesbær taldi að kveða þyrfti nánar á um skyldur fjölmiðla í jafnréttismálum. Nauðsynlegt sé að efla íþróttauppeldi stúlkna og auka fræðslu til æðstu ráðamanna um jafnréttismál. Egilsstaðabær vildi að tekið yrði fast á tilnefningum í ráð og nefndir og öllum væri skylt að tilnefna tvo einstaklinga, karl og konu, þannig að hægt yrði að velja á milli og starfsmannahald á stofnunum fyrir aldraða yrði kannað út frá skiptingu milli kynja og launa, að haldin væru jafnréttisnámskeið fyrir kennara og skólastjórnendur.

Bandalag ríkis og bæja vildi að í hvert sinn sem ný framkvæmdaáætlun væri lögð fram fylgdi með úttekt á hinni fyrri. Þetta er svo sjálfsagt að við eigum auðvitað að stuðla að því að svo verði. Kennarasambandið vill stuðla að því að fjölga körlum í kennarastétt, að flétta jafnréttissjónarmið og jafnréttisfræðslu inn í kennaramenntuna og endurskoða námsefnið út frá jafnréttissjónarmiðum. Unifem á Íslandi vill taka rækilega á íþróttauppeldi stúlkna, hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í starfi utanrrn. og Þróunarsamvinnustofnunarinnar, halda jafnréttisnámskeið fyrir fólk sem fer til starfa í þróunarlöndum eða vinnur að slíkum verkefnum. Karlanefnd Jafnréttisráðs taldi að Hagstofan ætti að gera könnun á því hvernig konur og karlar verðu tíma sínum en menntmrn. ætti að kanna framkvæmd og reynslu annarra þjóða af sérstökum umhyggjunámskeiðum í skólum. Síðan ætti að halda sjónvarpsfund um framkvæmdaáætlun á miðju tímabilinu þar sem ráðamenn sætu fyrir svörum og mat yrði lagt á árangur. Að ríkisskattstjóri eða Hagstofan ætti að gera skýrslu um hlutföll milli fjölskyldna, heildartekjur þar sem tekjur kvenna eða karla eru hærri. Halda ætti sérstök námskeið fyrir dómara og lögmenn um orsakir, eðli og birtingarmyndir heimilisofbeldis og stofna ætti stöðu prófessors í kynjafræðum.

Jafnréttisráð vill endurskoða og styrkja 12. gr. jafnréttislaganna, gera athugun á starfsmannahaldi ráðuneyta og ríkisstofnana, kanna ráðningar, launamun, semja leiðbeinandi reglur um ráðningu starfsmanna ríkisstofnana og um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, semja starfslýsingar og skipuleggja jafnréttisfræðslu fyrir yfirmenn stofnana. Skólastjórafélag Íslands telur að það þurfi að bæta menntun kennaraefna hvað varðar jafnréttismál. Jafnréttisfulltrúi Akureyrar telur vanta tímasetningar í aðgerðaráætlunina en líka ákvæði um skipan í ráð og nefndir hjá ráðuneytum.

Bandalag háskólamanna telur að endurmeta þurfi hefðbundin kvennastörf hjá ríkinu, endurskoða launakerfisbreytingar, efla kerfisbundnar kjararannsóknir og fræðslu til ráðamanna um jafnréttismál, hafa jafnréttissjónarmið í huga við allar túlkanir á lögum og reglum sem snerta réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, lögleiða tilskipanir ESB sem bæta stöðu vinnandi fólks og fjölskyldna.

Herra forseti. Ég hef bara gripið niður í þetta nefndarálit en það er athyglisvert að sjá hversu margir ólíkir aðilar eru að biðja um jafnréttisfræðslu í utanríkismálum, jafnréttisfræðslu til þeirra sem eru í þróunarmálum, jafnréttisfræðslu til yfirmanna stofnana, jafnréttisfræðslu til æðstu yfirmanna. Auðvitað er það ekki skrýtið og það er engin tilviljun að við erum að flytja tillögu um að æðstu ráðamenn þjóðarinnar fái þá fræðslu sem þarf til að það komi skilningur á til hvaða aðgerða á að grípa til að gera breytingar í þjóðfélaginu. Þess vegna tölum við um æðstu ráðamenn þjóðarinnar því eftir höfðinu dansa limirnir. Við getum hamast og hamast neðar í þjóðfélagsstiganum og í undirstofnunum en engar verulegar breytingar verða nema það verði tekið á í toppnum hjá þeim sem eru æðstir, þeim sem hafa hin mestu völd og geta notað þessi völd til að gera breytingar á þjóðfélaginu þannig að konur og karlar verði jafnsett.

[14:36]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég byrja á því að þakka fyrir þá góðu umræðu sem hefur orðið um þessa tillögu. Allir ræðumenn hafa tekið vel í efni hennar enda held ég að það sé nokkuð ljóst eins og kom fram í umsögnum að hérna er um mjög þarft mál að ræða.

Mig langar aðeins að koma fyrst nánar inn á ræður einstakra þingmanna. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason lýsti yfir miklum áhuga á málinu en þekkir greinilega ekki frekar en margir aðrir þau flóknu hugtök sem eru notuð. Þá datt mér í hug að það hefði alveg mátt bæta þingmönnum á listann yfir æðstu ráðamenn sem þarna eru taldir upp í tillögunni og kannski ekki vanþörf á. En varðandi orð hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur vil ég nefna að gott er að heyra að hæstv. heilbrrh. er að ráða eða fá fleiri konur í nefndir á vegum ráðuneytis síns og við skulum vona að það sé markvisst vegna þess að hún sé með jafnréttissjónarmið í huga en í þessum málaflokki, heilbrigðismálunum eru náttúrlega mjög margar konur sem eru mjög sterkar á því sviði. Við skulum vona að þetta verði í fleiri ráðuneytum sem framsóknarráðherrar ráða yfir. Einnig nefndi hv. þm. tillögu sína um að auka hlut kynjanna í stjórnmálum sem er vissulega mjög mikilvægt og við erum sammála um. Ég vil þó benda á að þótt konur séu í stjórnmálum þurfa þær ekkert endilega að hafa áhuga á jafnréttismálum. Við vitum það báðar tvær að það þarf alls ekki að fara saman þannig að þegar ég tala um að það sé mest fagfólk í jafnréttismálum sem vinni þessa jafnréttisvinnu er ég að ræða um það. Vissulega er það gott mál að konum fjölgar í stjórnmálum en það þarf alls ekki að þýða að þær séu

yfir höfuð áhugasamar um jafnréttismál. Þess vegna gerum við kvennalistakonur oft greinarmun á því að tala um konur í stjórnmálum og svo aftur feminista eða kvenfrelsiskonur, konur eða karla sem hafa áhuga á jafnréttismálum kynjanna.

Það er líka mjög gott að heyra að Framsfl. hyggst taka þingmenn sína og ráðherra á námskeið í þessum málum og flokkurinn er með jafnréttisáætlun. Það er vissulega mjög mikilvægt og ég vil nefna það hér vegna nýframkominnar skýrslu um breytingu á kjördæmaskipaninni að þar þótti ekki ráðlegt að mæla með lögbundnum kynjakvótum en hins vegar mjög greinilegt að valdið er hjá flokkunum, t.d. á Norðurlöndum. Bæði í Noregi og Svíþjóð hafa flokkar komið sér saman um að hafa kynjakvóta eða fléttulista eða einhverjar slíkar aðgerðir. Það hefur haft mjög mikil áhrif á framgang kvenna í stjórnmálum á Norðurlöndum þannig að ég lít svo á að við þingkonur sem erum áhugasamar um jafnréttismál verðum að beina þessum málum að okkar flokkum og reyna að fá slíkar reglur samþykktar til þess að tryggja framgang kvenna innan stjórnmálaflokkanna. Ég held að ég geti búist við því að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir muni standa að því innan síns flokks og sama á við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem talaði áðan um ýmislegt sem tengist þessum málum og eru í greinargerð með framkvæmdaáætlunni. Þar er vissulega mikil áhersla á að það þurfi fræðslu og það er alveg rétt að eftir höfðinu dansa limirnir og auðvitað verður að ná til æðstu yfirmanna því að annars gerist ekki neitt.

Ég vil aðeins ítreka það, herra forseti, hvers vegna á að fræða biskup, ráðherra, dómara, háskólarektora og ráðuneytisstjóra um jafnrétti kynjanna, hvers vegna? Jú, við skulum muna það að þó að konur hafi undanfarin 20 ár menntað sig í sama mæli og karlar, þá sitja þær enn þá uppi með þá staðreynd að þær fá 50–60% af launum karla og þær fá ekki sama framgang og karlar. Þær fá ekki sömu sporslur eða greiðslur fyrir ýmis önnur verk en laun og ég held að konur láti ekki bjóða sér þetta lengur. Á meðan konur eru ekki sjálfar í toppstjórnunarstöðum verður að ætlast til þess að stjórnendur hafi skilning á aðstæðum þeirra. Við höfum heyrt dæmi úr mörgum fyrirtækjum, t.d. lögreglunni þar sem fyrirkomulagið er þannig að framgangur kvenna er svo til útilokaður.

Herra forseti. Að lokum þakka ég fyrir þessa góðu umræðu og vona að tillögunni verði vel tekið í hv. félmn. og hún verði samþykkt á þessu þingi.

[14:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tek undir þau efni þess máls sem hér er flutt og þau markmið sem lýst er yfir í greinargerð að eigi að nást fram. Ég held að það sé alveg réttmætt að gera átak til þess að koma fræðslu um jafnréttismál á framfæri við háa ef það á að skipta mönnum eftir því, háa og lága eða æðstu og lægri eins og verið er að flokka samkvæmt þessu. Ég held að jafnhliða því sem mál af þessum toga yrði samþykkt í þinginu skipti mjög miklu að þetta þing nái að afgreiða nýja löggjöf um jafnréttismál sem er í endurskoðun á vegum ríkisstjórnarinnar og birtist vonandi í frumvarpsformi fljótlega en í þeirri löggjöf er að sjálfsögðu kveðið á með almennum hætti um fræðslu í jafnréttismálum en það er með það eins og víða í löggjöf að þar sem fræðsla er nefnd þegar kemur til ráðstöfunar á fjármagni vill oft verða takmarkað sem varið er til þess þáttar. Hann er oft látinn sitja á hakanum og það er mjög miður því að auðvitað er þekking og skilningur undirstaða undir aðgerðir á svo mörgum sviðum.

Ég hlýddi á það í gegnum sjónvarpið við fyrri hluta þessarar umræðu um fyrirspurnir um þá stefnu sem felst í samþættingu eða „mainstream-hugsun“ sem kölluð er svo á ensku máli og gengur ekki aðeins sem þráður í gegnum umræðu um jafnréttismál heldur á mörgum öðrum sviðum. Umhverfismálin eru einnig þáttur í því. Það eru alveg réttmæt sjónarmið en auðvitað leysa slík orð eða stefnumörkun ekki allan vanda og það þarf að mínu mati jafnhliða því sem reynt er að koma meginstefnu fram sem víðast, þá þarf að gæta þess að stýring eða vöktun í viðkomandi málaflokki sé á tilteknum stað eða stöðum í stjórnkerfinu til þess að fylgja eftir.

Ég vildi aðeins nefna það hér varðandi þetta mál að ég hefði kannski hagað orðalagi öðruvísi í sjálfum tillögutextanum. Það er ekkert stórmál og viðkomandi þingnefnd tekur það væntanlega til athugunar. Ég efast t.d. um að hægt verði, þrátt fyrir góðan vilja og mikla fræðslu, að tryggja, eins og hér er sagt, að æðstu ráðamenn þjóðarinnar hafi þekkingu á ólíkri stöðu kynjanna. Ég átta mig ekki á því hvernig það yrði tryggt og bendi góðfúslega á að kannski væri ráð að velja önnur orð í sambandi við það. Ég skil hins vegar hvert verið er að fara.

Sagt er að þeim verði gert að sækja námskeið o.s.frv. Það er líka álitaefni hvernig svona eigi að orða. Út af fyrir sig er ekki hægt að skylda menn ef vilji er ekki til staðar. Ég efast ekki um að þeir sem leitað er eftir að fræðist á þessu sviði notfæri sér það. Það er hins vegar spurning hvort hægt er að setja það fram með þeim hætti sem hér er, með þessum orðum.

Síðan á að tryggja að þekkingunni verði haldið við með eftirliti og aðhaldi. Það er auðvitað spurning um málsmeðferð og á kannski að sumu leyti betur heima í grg. en í samþykkt. Ég skil þó mætavel að þörf sé á að fylgja þessum málum stöðugt eftir. Ég ítreka um leið og ég lýk máli mínu, virðulegur forseti, að ég vona að þetta góða mál fái jákvæða afgreiðslu í þinginu fyrr en seinna.

[14:47]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar aðeins að koma inn á eitt atriði sem hv. þm. nefndi, þ.e. hvort skylda eigi fólk til þess að mæta og hvort því verði gert að sækja þessi námskeið. Þessi umræða kom einnig fram á síðasta þingi, þá beint frá Páli Péturssyni, hæstv. félmrh. Þetta orðalag er hugsað út frá því viðmiði að þetta sé jafnsjálfsagt og að læra um fjármál eða uppbyggingu stofnunar og eigi ekki endilega að vera val og háð áhugamáli.

Hins vegar er ég sammála hv. þm., út frá uppeldisfræðilegum sjónarmiðum, um að almennt sé æskilegra að fræðsla sé sótt af fúsum og frjálsum vilja fremur en skyldu. Reynslan sýnir að það virðast oft sem konurnar og áhugasama fólkið um jafnréttismál sæki slík námskeið aftur og aftur en þeir sem helst þyrftu að mæta geri það síst. Þetta orðalag er haft þarna nokkuð markvisst og þá fyrst og fremst út frá þeirri hugsun að þetta eigi að vera jafnsjálfsagt og hver önnur fræðsla til stjórnenda stofnana.

[14:49]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki ætla ég að orðlengja þetta mikið. En ef Alþingi ætlar að tryggja þá skyldu gagnvart æðstu ráðamönnum að þeir skuli koma til tiltekinnar auglýstrar

fræðslu eða fræðslunámskeiða, þá er náttúrlega vissast að lögfesta það.

Ég held að menn nái svona markmiðum betur með jákvæðari nálgun en í slíku felst og er ekki að mæla með því. Þetta er aðeins vinsamleg ábending til þingnefndar um að skoða orðalag þannig að líklegt sé að markmiðum megi sem best ná fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Undirritun Kyoto-bókunarinnar, fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 41. mál. — Þskj. 41.

[14:50]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Á þskj. 41 hef ég lagt fram tillögu til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að undirrita nú þegar Kyoto-bókunina fyrir Íslands hönd, bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Svavar Gestsson, Svanfríður Jónasdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

Þessi tillaga var flutt í lok síðasta þings af fjórum þingmönnum þingflokks jafnaðarmanna en þá náðist ekki að mæla fyrir henni. Nú er tillagan endurflutt, lítillega breytt, af hálfu þingmanna úr þingflokki jafnaðarmanna, Alþýðubandalagsins og Kvennalista. Hér er um að ræða sameiginlega tillögu þeirra flokka sem nú vinna að sameiginlegu framboði til næstu alþingiskosninga. Efni þessarar tillögu, um að Kyoto-bókunin verði staðfest, er meðal efnisatriða í nýlega birtri málefnaskrá þessara þriggja flokka. Þannig má segja, herra forseti, að þetta sé fyrsta þingmálið sem samfylkingin leggur fram hér á hinu háa Alþingi sem hefur beina skírskotun í málefnagrunninn.

Íslendingar eru aðilar að samningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar en bókunin sem kennd er við borgina Kyoto í Japan er gerð við þann samning. Í bókuninni er mótuð alþjóðleg stefna um að þjóðir heimsins skuldbindi sig til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda.

Kyoto-bókunin felur í sér að iðnríkin skuldbinda sig til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þannig að hún verði rúmlega 5% minni á tímabilinu 2008–2012, miðað við árið 1990, en það ár er viðmiðunarár í samningnum. Skuldbindingar eru mismunandi hjá einstökum ríkjum. Sum ríki verða að draga úr losun allt að 8% en öðrum ríkjum er heimil meiri losun, allt að 10% meiri miðað við viðmiðunarárið. Íslendingar fengu rýmstar heimildir allra þjóða og er okkur heimil 10% meiri losun í Kyoto-bókuninni.

Að minnsta kosti 55 ríki þurfa að staðfesta samninginn til að hann öðlist gildi og í þeim hópi verða að vera iðnríki sem bera ábyrgð á að minnsta kosti 55% af útblæstri iðnríkjanna. Íslenska ríkisstjórnin hefur tekið þá ákvörðun að undirrita ekki Kyoto-bókunina, sem er þvert á stefnu nágrannalandanna. Nú hafa flest ríki í Evrópu undirritað samninginn, öll Evrópusambandsríkin og Norðmenn svo nokkur séu nefnd, auk fjölmargra annarra ríkja. Sú stefna íslensku ríkisstjórnarinnar að undirrita ekki Kyoto-bókunina heldur bíða framhaldsráðstefnu sem verður haldin í Buenos Aires í haust, er að mati okkar flutningsmanna algerlega röng.

Íslendingar eiga að axla ábyrgð í umhverfismálum með öðrum þjóðum og laga stefnu sína innan lands að þessum breyttu viðhorfum. Vitaskuld hafa Íslendingar nokkra sérstöðu m.a. vegna þess að húshitun með hitaveitu er langt komin hérlendis meðan aðrar þjóðir kynda hús sín með útblástursmengandi orkugjöfum. Við notum tiltölulega mikla orku m.a. í sjávarútvegi og í samgöngum sem ræðst af atvinnuháttum hérlendis. Vitaskuld er hér fámenni og þar með lítið hagkerfi. Einstakar framkvæmdir geta þannig virkað hlutfallslega íþyngjandi hvað varðar þær skuldbindingarnar sem kveðið er á um í Kyoto-bókuninni.

Um þriðjungur af útblæstri okkar er vegna fiskiskipaflotans og annar þriðjungur vegna samgangna. Við getum dregið úr þessu með markvissum aðgerðum. Auk þess sem hægt er að draga út áhrifum mengunar með aukinni gróðurrækt og skógrækt en bæði er rætt um landgræðslu og skógrækt í tengslum við Kyoto-bókunina. Aukin tækni, betri vélar og minni orkusóun munu að hluta til leysa þetta vandamál. Þá opnast möguleiki við hina nýju stefnu að taka upp mengunargjöld hérlendis eins og fjölmargar aðrar þjóðir hafa gert, til dæmis að leggja á koldíoxíðskatt. Fyrsta flokks tækifæri gafst til að leggja á mengunarskatt í anda Kyoto-bókunarinnar síðastliðið vor þegar stóð til að breyta þungaskatti í almennt olíugjald. Við jafnaðarmenn lögðum til að olíugjald yrði útfært á alla olíu sem hefði verið fyrsti vísir að mengunarskatti hér á landi. Ríkisstjórnin féllst ekki á þessa lausn, endurvakti hið gamla þungaskattskerfi og lét þetta tækifæri ganga sér úr greipum.

Hægt er að benda á fjölmarga þætti sem tengjast endurbótum á umferð og geta hjálpað okkur við að uppfylla kvaðir Kyoto-ráðstefnunnar. Þróun á sviði bílavéla, hvort sem þær eru knúnar vetni eða rafmagni, er gott dæmi um það þótt vitaskuld sé enn nokkuð í land með að slík faratæki verði almenningseign. Flest ríki heimsins vinna nú mjög að nýjum aðferðum til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Það er til skammar, herra forseti, að við skulum ekki taka þátt í þessari vörn gegn umhverfisskaða eins og önnur ríki sem mörg hver eiga mun erfiðara við að uppfylla kvaðir Kyoto-bókunarinnar.

Ríki heimsins hafa áfram fundað um hnattrænar aðgerðir til að sporna gegn frekari upphitun lofthjúpsins. Þannig funduðu nýlega ráðherrar frá fjölda ríkja, þar á meðal öllum Evrópusambandsríkjunum, Bandaríkjunum, Rússlandi og fleiri ríkjum, um framhald þessa máls og undirbúning fyrir ráðstefnuna í Buenos Aires.

Þess má geta að hluti af Kyoto-bókuninni fjallar um viðskipti með mengunarkvóta en búist er við að þau viðskipti verði heimiluð þótt enn hafi þau ekki verið útfærð nákvæmlega. Ritt Bjerregaard sem fer með þessi mál fyrir hönd Evrópusambandsins hefur lagt mikla áherslu á að verði slíkt kerfi tekið upp þá verði eftirlitið að vera mjög skilvirkt. Hún vill einnig að framtíðarviðskipti með útblásturskvóta verði takmörkuð með vel skilgreindu þaki. Ef slík viðskipti verða heimiluð munu Íslendingar vitaskuld eiga kost á þeim. Þó eru þeir möguleikar meira spennandi að rækta landið t.d. með skógi til að minnka gróðurhúsaáhrifin og opna þannig möguleika fyrir nýjan iðnað hérlendis.

Hins vegar er ljóst að ýmis áform um orkufrekan og útblástursmengandi iðnað verður að endurmeta hér á landi, ekki einungis í ljósi Kyoto-bókunarinnar heldur einnig til

að mæta breyttum viðhorfum í umhverfismálum. Að mati okkar flutningsmanna ráðum við mjög vel við að uppfylla skilyrði Kyoto-bókunarinnar ef við mörkum okkur skynsamlega stefnu.

Þetta snýst vitaskuld um hvaða áherslur við viljum leggja í atvinnumálum í framtíðinni. Við höfum á undanförnum árum lagt mikla áherslu á stóriðjuframkvæmdir til að nýta vatnsorku landsins. Við getum hins vegar hagað uppbyggingu atvinnulífsins með öðrum hætti og lagt meiri áherslu á þær atvinnugreinar sem hagkvæmari reynast til framtíðar. Það er athyglisvert, herra forseti, að skoða ummæli Williams Nitze, yfirmanns alþjóðamála hjá Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna, sem er æðsti embættismaður Bandaríkjanna á sviði alþjóðlegra umhverfismála. Í viðtali við Morgunblaðið 2. október sl. sagði Nitze, með leyfi forseta:

„Ég er viss um að það er hægt að vinna saman að einhvers konar lausn á þessu vandamáli. Hins vegar verður að hafa í huga að hér á Íslandi fara nú fram umræður um það hvar framtíð íslensks atvinnulífs liggi, hvort það sé í álbræðslu og annars konar stóriðju, þekkingariðnaði eða ferðaþjónustu. Vandamálið, sem er til umræðu, verður augljóslega minna ef Íslendingar ákveða að fara fremur í átt þekkingariðnaðar og ferðaþjónustu."

Þetta er laukrétt ábending hjá hinum bandaríska embættismanni. Umræðan verður vitaskuld að eiga sér stað út frá þeirri stefnu sem við viljum taka í atvinnumálum. Nú er þetta hins vegar ekki spurning um annaðhvort eða. Vitaskuld munum við halda áfram að virkja og byggja hér iðjuver. Það er ekkert útilokað þó við skrifum undir Kyoto-bókunina og vinnum eftir hinum nýju viðhorfum um umhverfisvernd. *Hins vegar munum við gæta enn frekar að umhverfinu og* vinna gegn útblástursmengandi iðnaði með öðrum aðgerðum. Það er mikilvægt fyrir okkur að lifa í sátt og samlyndi við umhverfið.

Undanfarið hefur átt sér stað athyglisverð umræða um hvílík verðmæti eru fólgin í víðerninu norður af Vatnajökli sem fer mikið til undir vatn vegna stóriðjuáforma núverandi ríkisstjórnar. Það er vissulega kominn tími til, herra forseti, að menn fari sér aðeins hægar í þessari uppbyggingu og staldri við vegna þess að umhverfisskaðar verða ekki bættir eftir á.

Athyglisvert viðtal við Sigfús Bjarnason hjá Umhverfisstofnun Evrópu birtist í Morgunblaðinu 8. júlí sl. Þar vekur hann sérstaka athygli á að meðan aðrar þjóðir stefni að því að minnka útstreymi þá stefni Íslendingar að auknu útstreymi. Sigfús bendir m.a. á að Kyoto-bókunin dugi ekki til að minnka hættuna á hækkun hitastigs og gróðurhúsaáhrifum, hún sé einungis veikburða skref í rétta átt. Þess vegna er enn fráleitara af okkur að stefna í þveröfuga átt. Sigfús bendir á að þó að við séum að tala um að stóriðja byggist hér á hreinni orku, sem minnki mengun annars staðar, þá sé sú hætta vitaskuld fyrir hendi að við fáum á okkur orð sem umhverfissóðar. Það er laukrétt ábending að við eigum meiri sóknarfæri í þekkingariðnaði, byggðum á góðri menntun, og ferðaþjónustu í framtíðinni en í stóriðjuverum sem útheimta tiltölulega lítinn mannskap en mikil umhverfisspjöll. Víðerni Íslands og ósnortin náttúra eru vitaskuld auðlindir alveg eins og vatnið í ánum. Ef til vill liggur framtíð okkar meira í alls konar hátækniiðnaði fremur en að halda áfram í stóriðjuframkvæmdir sem einu lausnina í íslenskum atvinnumálum eins og ríkisstjórnin vill.

Það þarf að hafa skýrt í huga að við undirritun Kyoto-bókunarinnar *munum við samt sem áður áfram taka þátt í* þeim samningum sem eftir á að gera. Við munum hins vegar verða mun ábyrgari þátttakendur en að vera ein af þeim tiltölulega fáu þjóðum sem skorast úr leik á fyrsta stigi málsins. Það er mat okkar flm. að þessi afstaða ríkisstjórnarinnar vinni gegn hagsmunum Íslendinga til lengri tíma. Umhverfisvandamál eru ein mesta ógn heimsins. Það er skylda okkar sem ábyrgrar þjóðar í samfélagi þjóðanna að taka á því með öðrum þjóðum að bægja þessari hættu frá, hættu sem getur tortímt öllu lífi á jörðinni.

Það er ljóst að við viljum að sérstaða Íslendinga verði viðurkennd og það hefur okkur þegar tekist en það er mjög hættulegt að grípa ekki þegar í taumana. Sjóstaða getur hækkað mjög í heiminum og það er ætlað að hitastig geti hækkað um 3,5° á næstu öld. Það er mesta hækkun hitastigs í 10.000 ár.

Við í samfylkingunni, þ.e. í Alþýðuflokki, Alþýðubandalagi og Kvennalista, sem vinnum nú að sameiginlegu framboði, höfum gengið frá málefnaskrá fyrir næstu alþingiskosningar. Þar er umhverfisstefna lykilatriði. Við lítum svo á að almannaréttur, vernd lífríkis, verðmætar náttúruminjar, sjálfbær nýting auðlinda og sjálfbær orkustefna séu lykilatriði í umhverfisstefnu til framtíðar. Við viljum að Íslendingar axli ábyrgð á við aðrar þjóðir með því að taka virkan þátt í alþjóðlegum aðgerðum til verndar umhverfinu og hafa grundvallarreglur Ríó-yfirlýsingarinnar um samskipti manns og umhverfis að leiðarljósi. Þetta eru meginþættir í umhverfisstefnu okkar. Við viljum sameign þjóðarinnar á helstu auðlindum. Við viljum að sjónarmið umhverfisverndar og grænna mælikvarða verði teknir upp á öllum sviðum. *Við viljum endurskoðun náttúruverndarlaga, leggja* áherslu á almannarétt, vernd búsvæða, jarðfræðilegar náttúruminjar, landslagsvernd og vernd víðerna. Við viljum umhverfis- og mengunargjöld og að heildstæð viðhorf náttúruverndar ráði við skipulagningu og stjórnun hálendissvæða og óbyggða. Við viljum mat á umhverfisáhrifum sem meginreglu í atvinnustefnu okkar. Það sést á þessu, herra forseti, að við í samfylkingunni höfum markað mjög róttæka og afdráttarlausa umhverfisstefnu. Þessi tillaga er hluti af henni og þar með höfum við tekið forustu í umhverfismálum í íslenskum stjórnmálum.

Við verðum að hafa í huga að losun gróðurhúsalofttegunda á mann hérlendis er sambærileg við það sem gerist á mann innan annarra ríkja Evrópu-sambandsins. Fámenni okkar er engin afsökun fyrir því að leggjast ekki á árina með öðrum þjóðum. Þó við endurmetum stóriðjuframkvæmdir okkar og skoðum þær í ljósi breyttra aðstæðna munum við vitaskuld nýta auðlindir okkar sem best. En fleiri auðlindir eru í landinu en vatnsorkan ein.

Vitaskuld munum við eftir sem áður taka þátt í starfi á vegum Sameinuðu þjóðanna á sviði umhverfismála. Staða okkar er styrkari í því umhverfi ef við skrifum undir Kyoto-bókunina. Þetta mál snýst, herra forseti, um að aðstæður hafa breyst mjög hratt á síðustu 5–10 árum. Við eigum að svara kalli tímans og stuðla að umhverfisvernd með öðrum þjóðum. Það mun hafa jákvæð áhrif á lífskjör framtíðarinnar því fáar þjóðir, ef nokkrar, eiga meira undir því að það takist að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið.

Ég legg til, herra forseti, að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. umhvn. að lokinni þessari umræðu. Ég vil hins vegar geta þess að hér er rætt um undirritun alþjóðlegs

samnings sem varðar vitaskuld utanrmn. Ég vænti þess að hv. umhvn. íhugi þetta og leiti umsagnar utanrmn.

[15:05]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt og eðlilegt að leggja nokkur orð í belg út af þeirri till. til þál. sem hér hefur verið mælt fyrir. Ég vil fyrst segja og hef reyndar lýst áður yfir úr þessum ræðustóli að ég tel að Íslendingar eigi að gerast aðilar að þessum samningi og undirrita Kyoto-bókunina. Það hefur komið fram áður og út af fyrir sig þarf ég ekki að fara mörgum orðum um það viðhorf mitt. Ég tel að við eigum að taka þátt í því verkefni með öðrum þjóðum. Ég tel að við séum að takast markvisst á við umhverfismálin og af ábyrgð. Hins vegar er ég ósammála hv. frsm. tillögunnar og efni hennar þar sem segir að Íslendingar eigi að undirrita þessa bókun nú þegar. Fyrir því færði ég líka rök í umræðum á seinasta þingi þegar við ræddum þessi mál ítarlega, reyndar bæði fyrir og eftir fundinn í Kyoto á seinasta ári.

Í grg. með þáltill. víkja flm. að sérstöðu Íslands og telja að tekið hafi verið tillit til hennar, a.m.k. að nokkru nú þegar. Ýmislegt af því sem þar kemur fram og í máli hv. frsm. get ég tekið undir, þ.e. um þá þætti sem við getum kallað sérstöðu okkar. Vegna þeirrar sérstöðu sem við teljum okkur hafa með fullum rökum, taldi ríkisstjórnin og íslenska sendinefndin á fundinum þau 10% sem fólust í þessari viðurkenningu á sérstöðu Íslands ekki nægjanleg. Við lýstum því yfir strax á Kyoto-ráðstefnunni eins og hv. þm. er kunnugt um og grein var gerð fyrir hér í fyrra, á seinasta þingi. Ég vil líka minna á að í lok Kyoto-bókunarinnar var ákveðið að reyna að finna lausn á þeim sérstaka vanda sem lítil hagkerfi standa frammi fyrir þegar kemur að því að halda losun gróðurhúsalofttegunda innan settra marka. Þessum ákvæðum börðumst við fyrir og fengum sett þar inn til að fylgja sérstöðu okkar eftir. Sérstaðan er m.a. sú að einstök verkefni hafa svo mikil áhrif á lítil hagkerfi eins og okkar. Ísland er sérstaklega í þessum sporum þar sem þetta ákvæði getur átt við. Við höfum oft tekið dæmi um að álver Norðuráls á Grundartanga mun auka losun hér um 13%, sem er auðvitað hátt hlutfall af heildarlosun okkar, í fullri stærð en hjá samsvarandi fyrirtækjum eða verksmiðjum í öðrum löndum þar sem losun er allt önnur og miklu meiri hefðu verkefni af þessu tagi vart mælanleg áhrif eins og hefur reyndar líka verið bent hér á í umræðum.

Hv. frsm. nefndi reyndar ýmis þau atriði sem við höfum notað sem rök fyrir sérstöðu okkar, t.d. að viðmiðunarárið 1990 höfðum við leyst að verulegu leyti vanda okkar varðandi húshitun, komið húshitun úr því að nota orkugjafa sem losa mikið af gróðurhúsalofttegundum, yfir í jarðhitann eins og allir þekkja. Við erum þess vegna í algerri sérstöðu miðað við aðrar þjóðir. Hv. frsm. nefndi líka mikla orkunotkun í sjávarútvegi og samgöngum sem stafa af atvinnuháttum okkar. Við eigum því miklu meira undir, sérstaklega í sambandi við sjávarútveginn, en aðrar þjóðir og erfiðara með að beita okkur í þeirri tæknibreytingu sem ég er alveg sammála hv. frsm. um að er fram undan en við erum því miður kannski meiri þiggjendur í því en gerendur. Við eigum þó auðvitað að leggja okkar af mörkum í því efni og höfum vissulega verið að vinna að því, m.a. með nefndarstarfi og ýmiss konar vinnu við að leita að nýjum orkugjöfum og láta sjónarmið okkar koma fram, leita að samstarfsaðilum varðandi framleiðslu og nýtingu á vetni svo eitthvað sé nefnt af því sem þar hefur verið rætt.

Varðandi þessa sérstöðu í lokasamþykkt bókunarinnar og ég nefndi áðan um vanda lítilla hagkerfa vil ég segja frá því að á fundi undirnefnda loftslagssamningsins í Bonn í júní sl. var þetta mál sérstaklega rætt og Ísland lagði þar fram hugmyndir sínar um það hvernig við teldum að hægt væri að leysa þetta mál eða komast að niðurstöðu sem við teldum ásættanlega. Sú tillaga okkar fékk í raun góðar undirtektir. Hún byggir í stuttu máli á því að einstökum framkvæmdum megi halda utan losunarbókhalds ef þær auka losun um 5% eða meira, eins og það dæmi sem ég tók áðan, byggja á endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er auðvitað forsenda í þessu efni, og nota bestu fáanlegu tækni. Gert er ráð fyrir að þessi heimild nái einungis til ríkja sem losa minna en 0,05% af heildarlosun ríkjanna árið 1990. Það er því verið að tala aðeins um hin smæstu ríki í þessu sambandi, hin smæstu efnahags- eða hagkerfi sem Íslendingar falla hér undir með 0,01 til 0,02% af heildarlosun.

Í gangi eru viðræður við önnur aðildarríki um þessa lausn og það hefur fengið góðar undirtektir og von mín er að lausn finnist á málinu á fundinum í Buenos Aires í nóvember. Ég tel að annað væri óeðlilegt og ekki málinu til framdráttar af okkar hálfu en fylgja þessu eftir í þeim farvegi sem við höfum lagt upp með og strax að loknum fundinum í Buenos Aires tökum við afstöðu til málsins, í hvaða farvegi það er þá. Ég vænti þess sannarlega að forsendur málsins verði eftir þann fund þannig að við getum skrifað undir bókunina að Buenos Aires-fundinum loknum. Það er það upplegg sem ríkisstjórnin hefur unnið eftir og sendinefndir og samninganefndir okkar hafa unnið að á þessu ári og við munum að sjálfsögðu reyna að vinna svo til loka.

Hæstv. forseti. Ég sé að ég á eftir örstuttan tíma og vil taka undir sumt annað sem kom fram í máli hv. frsm. eins og áherslubreytingar í skattamálum. Að því höfum við reyndar unnið nokkuð á þessu kjörtímabili. Umhvrn. hefur verið í viðræðum við fjmrn. um upptöku grænna skatta, hvort sem við köllum það nú mengunarskatta eða CO -skatta, en reynt verði að leita nýrra leiða í áherslum í skattamálum sem tækju meira tillit til umhverfissjónarmiða. Þar er verkefni sem við höfum verið að vinna að. Ég hef fullan hug á að reyna að fylgja því eftir áfram á þessum vetri eða næstu mánuðum. Ég vil líka undirstrika það að ég er náttúrlega sammála hv. þm. í áherslum varðandi þekkingariðnað, ferðaþjónustu og ýmsar aðrar atvinnugreinar sem okkur er nauðsynlegt að leggja áherslu á og byggja upp. Hv. þm., frsm. tillögunnar, tók reyndar fram að þetta ynni í raun ekki hvað gegn öðru og ég vil undirstrika það viðhorf mitt líka. Ég tel að það sé alls ekki. Það er fráleitt að fullyrða að ríkisstjórnin hafi ekki neina aðra sýn en til stóriðjuuppbyggingar.

[15:14]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég er sammála því markmiði sem fram kemur í tillögutexta þeirrar þáltill. um undirritun Kyoto-bókunarinnar sem hér liggur fyrir og er hér rædd. Ég tel nauðsynlegt og þó fyrr hefði verið að Ísland gerist formlegur aðili að Kyoto-bókuninni á hliðstæðan hátt og önnur ríki hafa þegar gert, þ.e. með því að setja fangamark sitt undir þá niðurstöðu sem fékkst í Kyoto. Það gerðu fjölmörg ríki þá þegar eða skömmu eftir að þessari ráðstefnu lauk. Síðan fylgir að sjálfsögðu, eftir slíkan gjörning, að málin eru lögð fram til staðfestingar eins og aðrar viðbætur skuldbindandi við alþjóðasáttmála. Þau eru lögð fyrir þjóðþing og

leitað staðfestingar eftir reglum hvers þjóðríkis þannig að viðkomandi ríkisstjórnir geti staðfest gjörninginn.

Það var illt til þess að vita að íslenska ríkisstjórnin valdi þá leið sem hún gerði í Kyoto, að bíða með að staðfesta samninginn fyrir sína hönd eða réttara sagt að setja fangamark sitt undir hann. Það sem vekur sérstaklega áhyggjur í málinu nú er það, eins og heyra mátti af stefnuræðu hæstv. forsrh. og ítrekað hefur heyrst frá hæstv. utanrrh., að ríkisstjórnin er í raun á annarri skoðun varðandi þetta mál en fram kemur hjá hæstv. umhvrh. Ég get ekki lesið annað út úr stefnuræðu hæstv. forsrh. og orðum hæstv. utanrrh. en að þeir ætli Íslandi að standa utan við þessa bókun. Ef íslenska ríkisstjórnin nær ekki fram þeim vilja sínum sem marglýst hefur verið og felst í sérstakri bókun við samninginn, þ.e. bókun sem var tekin þar inn um athugun á stöðu lítilla hagkerfa, stöðu einstakra verkefna í litlum hagkerfum eins og það hefur verið sagt í knöppu formi og borið var fram af formanni ráðstefnunnar og tekið inn ásamt öðrum slíkum atriðum til frekari athugunar. Mér þætti mikilsvert að yfirlýsing fengist frá hæstv. umhvrh. við þessa umræðu um að þessi skilningur minn sé rangur, að íslenska ríkisstjórnin muni staðfesta Kyoto-bókunina þótt ekki gangi fram vilji hennar samkvæmt umræddri bókun um stöðu einstakra framkvæmda í litlum hagkerfum eins og það hefur verið orðað, að þau standi utan við. Mér finnst nauðsynlegt að talað sé skýrt í þessum efnum.

Hæstv. ráðherra lætur að því liggja að staðan verði væntanlega sú eftir Buenos Aires-ráðstefnuna að Ísland geti staðfest bókunina. En gerist það í reynd ef þetta atriði verður ekki afgreitt eins og ríkisstjórninni líkar á ráðstefnunni í Buenos Aires? Nú vil ég ekki spá neinu fyrir fram um þau efni, þ.e. hver niðurstaða verður á þeirri ráðstefnu og auðvitað verður fróðlegt að fylgjast með því hvað gerist.

Ég vildi síðan, virðulegur forseti, jafnhliða því sem ég ber þessa spurningu fram við hæstv. ráðherra ítreka þá skoðun mína að þannig verði tekið á málum í íslensku atvinnulífi og varðandi aðgerðir sem varða losun gróðurhúsalofttegunda að tryggt verði að Ísland standi við þau markmið sem því er ætlað og það fellst á í alþjóðlegum skuldbindingum. Í því samhengi vísa ég til máls sem er komið fram í þinginu um sjálfbæra orkustefnu og væntanlega verður til umræðu í þinginu á morgun þar sem af hálfu þingflokks óháðra er lýst sjónarmiðum og gerðar tillögur um það hvernig halda beri á orkumálum Íslendinga til lengri tíma litið til þess að við höfum sjálfbæra orkustefnu að leiðarljósi og áttum okkur á því að orkulindir landsmanna eru takmarkaðar þrátt fyrir að þær séu endurnýjanlegar að vissu marki — ég segi að vissu marki vegna þess að jarðhitinn er auðvitað takmarkaðri sem endurnýjanleg auðlind heldur en margir hafa viljað vera láta vegna þeirra takmarkana sem felast í jarðhitakerfunum — og að Íslendingar virði þessi takmörk og átti sig á því að það verður að taka frá vegna umhverfissjónarmiða mjög stóran hluta af því sem reiknað er út af verkfræðingum og sérfræðingum sem möguleiki í sambandi við beislun orkunnar.

Við erum í raun með miklu minna í höndum í sambandi við íslenskar orkulindir en látið hefur verið að liggja. Ég ætla að spara mér að ræða það í einstökum atriðum þangað til umrætt þingmál kemur á dagskrá sem varðar mjög stóra þætti og stóra hagsmuni til framtíðar litið.

Ég fagna því að flutningsmenn þessarar tillögu hafa komist að þeirri niðurstöðu sem hv. þm. Ágúst Einarsson lýsti í tillögu sinni í fyrra og hann hefur fengið liðsauka. Ég fagna því alveg sérstaklega. Ég vænti þess að viðkomandi þingmenn og þingflokkar sem standa að baki standi við þau markmið sem þarna er um að ræða í öllum greinum til þess að efni tillögunnar nái fram að ganga. Menn eru auðvitað með þessum hætti að setja sig undir mjög skýr takmörk varðandi orkufrekan iðnað því að það er orkufrekur iðnaður sem mest munar um í einstökum þrepum sem viðbót við losun í landinu. Hv. þm. Ágúst Einarsson er með þessari tillögu m.a. að lýsa því yfir að hann standi ekki að áformum varðandi magnesíumverksmiðju á Reykjanesi. Auðvitað er alveg ljóst að hv. þm. er ekki stuðningsmaður þess að farið verði að reisa magnesíumverksmiðju á Reykjanesi og heldur ekki aðrir þingmenn sem að baki þessum tillöguflutningi standa. Því þó að málið kunni að líta öðruvísi út ef af verður en lýst var hér þegar hæstv. umhvrh. svaraði fyrirspurn minni fyrir hálfu öðru ári eða svo, þ.e. að þarna væri um losun að ræða upp á 2,5 millj. tonna — ég skal ekki segja hvað liggur fyrir í forathugunum — en þó að þetta sé dregið niður með nýjum framleiðsluaðferðum í 300–400 þús. tonn kemur það auðvitað hvergi nærri því að rúmast innan einhverra takmarka sem við erum að tala um og flutningsmennirnir sérstaklega. Viðkomandi hv. þm. gildir þá einu hvort menn eru að tala um magnesíumverksmiðju á Reykjanesi, stækkun járnblendiverksmiðju eða álverksmiðjur eins og risaálverksmiðju á Austurlandi. Þeir eru að lýsa sig andvíga slíkum framkvæmdum og það er vel. Þeir eru að gera kröfu um aðra nálgun í íslensku atvinnulífi.

[15:23]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem hér er til umræðu byggir á því að bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar verði undirrituð nú þegar fyrir Íslands hönd. Síðan kemur greinargerð með þessu máli þar sem rök fyrir þessari þáltill. eru tilgreind. Meðal þess sem þar kemur fram er eftirfarandi og nú vitna ég orðrétt í greinargerðina, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er þó ljóst að Íslendingar hafa þegar fengið viðurkennda sérstöðu sína og nú gildir að vinna út frá markmiðum ráðstefnunnar.“

Um þessa fullyrðingu má deila. Að vísu er búið að fá viðurkenningu á sérstöðu Íslands en málið snýst um það hvort sú viðurkenning er fullnægjandi eða hvort eðlilegra er að leita eftir frekari skilningi á sérstöðu Íslendinga. Það liggur ljóst fyrir að í lokaniðurstöðu Kyoto var settur í gang ákveðinn ferill til þess að skilgreina og finna út lausn á vanda lítilla hagkerfa þar sem stór verkefni hafa hlutfallslega mikil áhrif á útblásturinn. Þetta eru vandamál sem eru að sjálfsögðu mjög einkennandi fyrir Íslendinga. Þessu samningaferli á að ljúka í Buenos Aires og leiða má rök að því að þegar því ferli er lokið þá hafi hugsanlega skapast skilyrði fyrir því að skoða þetta mál, þ.e. undirritun bókunarinnar, í nýju ljósi. Samningsstaða okkar í vinnuferlinu sjálfu er að sjálfsögðu sterkari á meðan við höfum ekki undirritað samkomulagið heldur en ef við færum að undirrita bókunina fyrst og ganga síðan í samninga um þessi mál.

Það er að sjálfsögðu eitt af sérkennum íslensks hagkerfis hversu það styðst við lítinn mannfjölda og hvað hlutfallstölur geta orðið okkur óhagstæðar þegar þær eru skoðaðar. Einnig má geta þess að allar umræður um útblástur og mengun markast nokkuð af því að ekki hefur verið komið á neinni alþjóðlegri skilgreiningu á því hvaða orka teljist umhverfisvæn og hvaða orka teljist ekki umhverfisvæn. Mikil umræða hefur verið um endurnýjanlega orku. Hins vegar

hefur orðið minni umræða og enn minna um skilgreiningar á alþjóðavettvangi um það sem við gætum kallað kannski hreina og endurnýjanlega orku. Sum orkuvinnsla er þannig að hún skapar ekki umhverfisvanda, þ.e. vinnslan sjálf. Önnur vinnsla er þannig að hún skapar alltaf og mun alltaf skapa umhverfisvanda þó að hægt sé að ná verulegum árangri í betri nýtingu á orkulindunum. Það er mjög mikilvægt mál út frá umhverfissjónarmiði séð að ýta undir það að þær framleiðsluaðferðir sem heiminum eru nauðsynlegar, t.d. á sviði málmbræðslu, styðjist við eins umhverfisvænar orkulindir og orkuframleiðslu og frekast er unnt. Á þessu er mikill misbrestur í dag og það gildir raunar bæði um olíuna og kol í heiminum að raforka er framleidd með olíu og kolum í heiminum í stórum stíl í orkuverum sem skila mjög miklu út í andrúmsloftið af mengandi efnum. Kol eru t.d. einn mesti uppruni orku í heiminum í dag og olía, kol og gas eru t.d. notuð til þess að framleiða um $^2/_3$ af raforku í Evrópu í heild. Hluti af þessari orku er fenginn með mjög mengandi orkuverum.

Þegar við lítum á umhverfismálin í heild, því að þessi mál, umhverfismálin, hafa þá náttúru að þau eru vandamál heimsins — um það deilum við ekki hér — þá er hagstætt að standa að slíkum iðnaði með eins orkuvænum hætti og hugsast getur og nýta þá helst til þess þá orku sem kallast getur hrein og endurnýjanleg orka en það einkennir orkubúskap Íslendinga að vinnsla orkunnar er hrein og endurnýjanleg þó að alls ekki megi líta fram hjá því að við uppsetningu slíkra orkuvera skapast umhverfisvandamál sem þarf að taka á með ákveðnum hætti. En það er frekar vandamál sem þarf að taka á við undirbúning veranna með einmitt mati á umhverfisáhrifum því að vinnslan sjálf skapar ekki raunveruleg umhverfisvandamál. Umhverfismálin eru þá frekar tengd uppistöðulónum og því raski á náttúrunni sem fylgir því að setja slík ver upp og ber þá að taka á þeim vanda í sambandi við mat á umhverfisáhrifum. Mér er því efst í huga hér að ég tel að þessi ályktun sé að þessu leyti til ótímabær.

Mig langar aðeins til þess að nefna það að hv. þm. Ágúst Einarsson sem er 1. flm. þáltill. sagði réttilega að málið væri efnislega á sviði umhvn. en samt væri um að ræða bókun í milliríkjasamningi sem heyrir undir utanrmn. Hann nefndi það sem möguleika að málinu yrði vísað til umhvn. sem fjallaði þá um það en síðan gæti hún leitað álits utanrmn. Ég hefði talið eðilegra að ef menn vildu á annað borð virða þau formlegu tengsl sem þarna eru þá yrði málinu vísað sem utanríkismáli til utanrmn. En þar sem hún er ekki eins vel í stakk búin til þess að fjalla efnislega um málið og umhvn. mundi hún vísa því til umhvn. til álits. Það er ljóst að þetta mál er á vegum utanrrh. Hins vegar ef umhvrh., eins og allt bendir nú til, undirritar bókunina þá mun hann gera það með umboði utanrrh. þannig að ef við viljum virða einhver formlegheit þá held ég að eðlilegra væri að málið kæmi formlega á hendur utanrmn. en hún mundi síðan vísa því til álitsgerðar hjá umhvn. En þetta er mál sem mér finnst að þurfi ekki að sækja af neinni festu.

[15:30]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er afskaplega stórt mál sem við erum að ræða hér þó að umræðan sé ljúfleg og fáir í salnum. Ég vil sérstaklega þakka að hæstv. umhvrh. skuli vera hér og ræða þetta mál við okkur. Það var athyglisvert að hlusta á þau viðbrögð hans hér áðan að Íslendingar eigi að gerast aðilar að Kyoto-samningnum, að við eigum að undirrita hann, að við eigum að taka þátt í þessu stóra verkefni á ábyrgan og markvissan hátt. Þetta eru sterk orð og hvetjandi. En síðan kemur fjórða setningin: „En við eigum ekki að undirrita nú þegar af því að 10% er of lítið fyrir okkur og hagkerfi okkar."

Þá er eðlilegt að sú spurning vakni sem hefur verið varpað fram hér: Ætlar þessi ríkisstjórn að standa utan við Kyotosamninginn ef hún fær ekki meira en 10%? Verðum við þá e.t.v. eina ríkið meðal iðnaðarþjóðanna sem ekkert getur lagt af mörkum í þessu mikla hagsmunamáli framtíðarinnar? Sú spurning vaknar.

Þetta mál er að mörgu leyti flókið. Þó að það sé umhverfismál og stærsta umhverfismál okkar tíma þá er þetta líka utanríkismál og það er svo auðvelt að beina umræðunni í þann farveg að ekki sé sama hvernig þessi mál séu rædd heima fyrir út af samningsstöðunni. Þetta er auðvitað líka hagsmunamál fyrir ríkisstjórn, meira að segja ríkisstjórn í góðæri, vegna þess að með því að fá svigrúm fást auknir peningar. Svigrúm þýðir peningar. 10% þýðir minni peningar en ef þú færð 11% eða 12%. 11% eða 12% þýðir öðruvísi fjárhagsleg framtíð. Um þetta erum við að tala.

Ef við ætlum að taka þátt í þessu með þeim fallegu orðum að Íslendingar eigi að gerast aðilar, eigi að taka þátt í verkefninu með ábyrgum og markvissum hætti þá vaknar spurningin: Hvernig tökum við þátt í verkefninu ef niðurstaðan verður sú að ekki fæst meira en 10% og ríkisstjórnin heldur fast við sína afstöðu?

Ríku þjóðirnar sem búa við annað umhverfi og öðruvísi orkugjafa hafa ákveðið það að minnka losun. Hvernig sem á stendur heima fyrir hjá hverri og einni þá hafa þær ákveðið með undirritun að minnka losun. Þar fyrir utan stendur þó ein rík þjóð og ég ætla að koma að því síðar.

Að mínu mati eru það pólitísk skilaboð að skrifa undir Kyoto-bókunina. Það eru pólitísk skilaboð um að Ísland ætlar að taka þátt í verkefninu á ábyrgan og markvissan hátt. Síðan væri það verkefni ríkisstjórnar að útfæra og kynna það hvernig hún ætli að ná þeim markmiðum sem lögð eru til grundvallar. Að skrifa undir gæti þýtt að Ísland trúi því að skilningur sé á sérstöðu þess og treysti því að staða þess í orkumálum og það sem Ísland hefur sett fram verði viðurkennt. Að skrifa undir getur þess vegna verið sterkara en að rembast eins og rjúpan við staurinn við að biðja um 0,5–2% sem menn vilja fá í viðbót við þessi 10% sem er það mesta sem þjóð hefur fengið. Þá hljótum við sem teljum að reisn sé yfir því að skrifa undir og að það geti þýtt að við sýnum traust og við séum að kalla eftir skilningi, að það gætu verið sterkari og mikilvægari skilaboð en skilaboðin sem ríkisstjórnin sendir frá sér, hljótum að spyrja: Hvað er viðunandi niðurstaða? Á þetta að vera opin bók fyrir okkur eða er hugsanlegt að ríkisstjórnin telji sig geta fengið ákveðnar heimildir, t.d. um eitthvert ákveðið magn stóriðjuframkvæmda og síðan sé hún tilbúin að skrifa undir þegar hún sé búin að fá einhvern slíkan pakka? Þetta höfum við ekki fengið að vita og um þetta er ekki rætt.

Umræðan um þessi mál rennur oft inn í umræðu um hagsmuni byggðarlaga og það flækir umræðuna. Það flækir umræðuna þegar henni er beint að ákveðnum byggðarlögum og talað um að undirritun geti skaðað hagsmuni ákveðins byggðarlags vegna þróunarinnar þar. Þess vegna er þetta bæði byggðamál og utanríkismál auk þess að vera umhverfismál og það gerir þetta mál flókið.

Það er mjög erfitt að fóta sig á taktík ríkisstjórnarinnar. Það eru bara tvö OECD-lönd sem hafa ekki undirritað. Það er

litla Ísland með hagkerfið sitt, en umhvrh. sagði að það yrði að fá lausn fyrir þetta litla hagkerfi, og það eru stóru Bandaríkin með stóra hagkerfið sitt. Hvað gerist nú ef Bandaríkin ákveða að skrifa undir á fundinum í Buenos Aires? Hvað gerist ef stóru Bandaríkin með stóra hagkerfið sitt, sem er eina OECD-landið fyrir utan okkar sem ekki hefur skrifað undir, skrifar undir? Ætlar þá litla Ísland með litla hagkerfið sitt áfram að biðja um meira? Hvað er þetta meira sem litla Ísland er að biðja um? Við þessu hafa ekki fengist svör og eiginlega ætlast ég til þess, herra forseti, að umhvrh. komi og svari okkur: Hvað er þetta meira sem við þurfum að fá? Af hverju getum við ekki notað hina mýkri nálgun í samskiptum þjóða, þ.e. að hafa trú á því að með því að skrifa undir séum við að segja: Við ætlum að vera með í þessu stóra verkefni sem varðar þjóðir heims og varðar börnin okkar. Við ætlum að vera með í því og leggja okkar af mörkum vegna þess að við eigum hreina orkugjafa og getum gert það sem aðrir geta ekki gert. Þess vegna ætlum við í alla þá uppbyggingu sem þarf hvort sem það eru aðgerðir á vegum skógræktar og uppgræðslu eða aðrir þættir sem við þurfum að breyta í okkar hagkerfi. Þegar maður beitir þessari mýkri nálgun er kannski hægt að biðja um einhvern aðlögunartíma þannig að mark verði á okkur tekið af því að við erum að segja að við ætlum að vera með í að taka á alþjóðavanda.

En núna lítur út fyrir að við ætlum ekkert að vera með, að við mælum bara fögur orð. En hinar hreinu orkulindir okkar geta þá virkað í báðar áttir. Þær virka vel á alla þá sem horfa hingað til landsins, á þetta hreina land, sækja hingað til að ferðast um víðerni okkar og njóta. Þeir hljóta að hugsa: Afskaplega er þetta gott og ríkt land sem á þessi víðerni, þessa fegurð og þennan hreinleika. En þetta virkar líka öfugt fyrir okkur þegar við biðjum um meira en 10% af því að við eigum hreinar orkulindir, hreint og fagurt land því þeir sem eiga ekkert slíkt hljóta að hugsa: Afskaplega eru þau eigingjörn. Auðlindir okkar slá því í báðar áttir og þess vegna held ég að við eigum að haga okkur með reisn. Við eigum að samþykkja þessa tillögu og við eigum að gerast aðilar. Við eigum að undirrita núna og síðan þegar verkefnið er lagt fram og kynnt á að ræða hvort einhvern sveigjanleika þurfi til að ná þessum markmiðum.

[15:39]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef lýst því nú þegar að mér finnast það mjög ánægjuleg sinnaskipti sem hafa komið fram hjá talsmönnum Alþfl. í þessari umræðu og með framlagningu þessarar tillögu í sambandi við stóriðjuframkvæmdir í landinu. Það er ekki langt síðan ég stóð í nokkuð hörðum deilum við talsmenn Alþfl. Ég þarf ekki að fara alla leið aftur til Jóns Sigurðssonar, fyrrv. iðnrh., til þess að rekja það. Það má líta nær. Í sambandi við stækkun járnblendiverksmiðju á Grundartanga fyrir einu ári eða svo var t.d. um að ræða ákvarðanir sem vörðuðu m.a. verulega aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda. Nú skil ég talsmenn Alþfl. og talsmenn þessarar tillögu þannig að menn séu að tala um að lýsa sig reiðubúna til þess að setja strik yfir þær hugmyndir um stóriðjuframkvæmdir sem uppi hafa verið í landinu að undanförnu og ráðgerðar hér og þar á landinu og hefur m.a. verið ýtt á eftir þeim af byggðarlögum o.s.frv.

Ég tel að það sé nauðsynlegt við þessa umræðu, vegna þess að hún varðar mjög stórt mál, að það sé alveg ljóst að menn séu í raun að skuldbinda sig í þeim efnum. Þess vegna spyr ég hv. formann þingflokks Alþfl., talsmann þeirra í þessu máli: Er með þessum orðum sem hér hafa fallið af hennar hálfu verið að lýsa því yfir að ekki sé að vænta stuðnings við uppbyggingu t.d. magnesíumverksmiðju á Reykjanesi, frekari stækkun járnblendiverksmiðju á Grundartanga eða aðrar viðlíka stóriðjuframkvæmdir sem hér hafa verið á dagskrá og mjög verið ýtt á eftir af ýmsum? Mér finnst alveg nauðsynlegt að þetta sé skýrt í þessari umræðu. Þess vegna er þessi spurning fram borin.

[15:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki svarað afdráttarlaust þessari spurningu sem Hjörleifur Guttormsson spyr mig um. Hins vegar eru sinnaskipti okkar ekki ný. Þau eru ekki sinnaskipti gærdagsins eða frá því fyrir viku og það veit Hjörleifur Guttormsson. Það eru sinnaskipti sem urðu fyrir tveimur árum á flokksþingi Alþfl. þegar við fjölluðum ítarlega og alvarlega um umhverfismál og virkjana- og stóriðjumál. Þá var gerð samþykkt um að gjörbreyta okkar stefnu, fara í endurskoðun á henni og vinna að því að finna út hvernig við mundum standa að málum.

Það hefur síðan gerst, sem Hjörleifur veit, að við höfum farið í mikla samvinnu á milli flokkanna í stað þess að einbeita okkur að verkefnum innan flokksins og þess vegna liggja þessi mál ekki fyrir af okkar hálfu. Þau munu gera það innan tíðar í samvinnuverkefni flokkanna þegar við munum kynna verkefni næstu fjögurra ára. Þar verður m.a. fjallað um verkefni á vettvangi stóriðju og hvernig við munum standa að virkjunarmálum og öðru. Það er mjög víðtækt verkefni að skoða hvernig við nýtum orkulindirnar, hvaða orkulindir og í hvaða röð.

[15:43]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú fór í verra. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir á engin svör við því hér og nú hvort þingmaðurinn standi hugsanlega að ákvörðunum varðandi stóriðjuframkvæmdir á borð við magnesíumverksmiðju á Reykjanesi sem fyrir tveimur árum var talið að gæti losað 2,5 millj. tonna af gróðurhúsalofttegundum. Samkvæmt endurskoðuðum framleiðsluáætlunum kann það að vera langtum minna og vonandi langtum minna magn. Nefnd hafa verið 300–400 þús. tonn af gróðurhúsalofttegundum. Hér stendur hv. þm. ásamt hv. þm. Ágústi Einarssyni, þingmanni úr Reykjaneskjördæmi, að tillögu um að undirrita nú þegar Kyoto-bókunina í algerri óvissu um það hvort einhver frekari teygjanleiki fæst í 10% mörkin. Er þá engin alvara á bak við þennan tilöguflutning? Er þetta bara sýndarmennska sem hér er uppi? Mér finnst alveg nauðsynlegt að þetta liggi ljóst fyrir.

Hvað segir hv. þm. Gísli S. Einarsson — hann er ekki hér í þingsal — sem ég átti í deilum við út af stækkun járnblendiverksmiðju á Grundartanga vegna mengunarmála fyrir einu ári, ári eftir þetta umrædda flokksþing Alþfl. sem átti að hafa tekið nýja stefnumörkun í málum? Hvað segir sá hv. þm. úr samfylkingarliðinu um að undirrita þessa bókun nú þegar og taka á sig þá ábyrgð sem því væntanlega fylgir að ekki verði ráðist í frekari stóriðjuframkvæmdir uppi í Hvalfirði, þ.e. að ekki verði farið að stækka Norðurálsálbræðsluna frekar? Það verður auðvitað að vera fótur fyrir því sem hér er verið að leggja til. Ég harma það ef svörin eru jafnþokukennd og óljós og hér kom fram.

[15:45]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég læt mig ekki miklu varða ólund þingmannsins í samskiptum við Alþfl. Hún er að verða jafngömul veru hans á Alþingi og kemur upp á yfirborðið í öllum málum hver svo sem þau eru. Okkar svör munu liggja fyrir. Afstaða okkar er skýr. Það er verið að flytja þessa tillögu hér. Forustumenn í þingflokki okkar flytja hana ásamt forustumönnum í samstarfsflokkum okkar.

Við erum að ganga til samstarfs í vinstra framboði eins og þingmaðurinn veit og þarf ekki að skýra það nánar. Afstaða hans til þess er mjög vel þekkt. Það framboð mun leggja fram verkefnaskrár um alla málaflokka og um aðgerðir á næstu fjórum árum. Ef við komumst til valda munum við fara yfir hvernig halda skuli á málum og hann mun fá skýr svör. Það er full alvara hjá okkur.

[15:46]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg þar sem ég hef vissar efasemdir um þessa tillögu. Hún kveður mjög skýrt á um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að undirrita Kyoto-bókunina nú þegar fyrir Íslands hönd, nú þegar, ekki seinna en þegar þessi tillaga verður samþykkt sem flutningsmenn vonast væntanlega til að það verði hið allra fyrsta. Ég hef miklar efasemdir um þetta mál. Ég held að það sé betra að bíða og sjá hvort okkur tekst að fá viðurkenningu á sérstöðu okkar.

Ég heyrði orðaskipti tveggja síðustu þingmanna. Þar kom mjög skýrt fram að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur efasemdir um að hugur fylgi máli varðandi þessa tillögu þar sem ekki fást nein svör hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um byggingu magnesíumverksmiðju á Reykjanesi. Að sjálfsögðu mun slík verksmiðja ekki rísa ef við undirritum þessa bókun nú þegar. Það er ekki hægt að túlka það öðruvísi en að ef hún yrði undirrituð þá mundum við ekki fara út í neina frekari stóriðju á Íslandi.

Ég viðurkenni að þetta er mjög óþægilegt og snúið mál, þ.e. þessi Kyoto-bókun. Að sjálfsögðu vilja allir að við sjáum fram á lækkun á koltvísýringi í heiminum. Allir sjá hættuna í því að auka magn koltvísýrings í andrúmsloftinu. Það getur t.d. haft stórfelld áhrif á yfirborð sjávar og lífskjör í heiminum. Hins vegar viljum við líka nýta vistvæna orku okkar. Spurningin er: Getur þetta farið saman? Við höfum fært fyrir því rök að brýnt sé að nýta hina vistvænu orku okkar þar sem það gæti dregið úr losun á koltvísýringi annars staðar, þ.e. að hér mundu rísa verksmiðjur sem ekki mundu brenna kolum eða olíu heldur grænni orku, þ.e. nýta rafmagnið okkar. Mér finnst þetta ekki vera eigingirni eins og hér kom fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Mér finnst þetta alls ekki vera eigingjarnt sjónarmið. Mér finnst þetta sjónarmið eiga fullan rétt á sér.

Við viljum nýta orku okkar og teljum það vera til hagsbóta fyrir heiminn, stuðla að minnkandi losun á koltvísýringi í heiminum. Ég held að við ættum að sjá hvort við getum fengið sérstaka viðurkenningu á aðstæðum okkar. Ég veit að það hefur farið fram mikil vinna bæði í umhvrn. og utanrrn. til þess að reyna að opna augu manna fyrir sérstöðu okkar. Það er alveg ljóst að fyrir okkur er 10% aukning á losun koltvísýrings ekki nægjanlegt ef við ætlum að nýta endurnýjanlega orku okkar. Hér er hagkerfið svo lítið að hver einasta framkvæmd á þessu sviði hefur mikil áhrif.

Hér áðan kom fram hjá hæstv. umhvrh. að álverið á Grundartanga mun auka magn koltvísýrings í andrúmsloftinu um heil 13% sem er auðvitað mjög mikið miðað við heildina hjá okkur en lítið ef það risi annars staðar. Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra. Við þurfum að reyna að vinna þessari leið fylgi sem hann nefndi hér fyrir smáríkin, þ.e. að þau ættu að geta nýtt sér þessi úrræði með bestu fáanlegu tækni o.s.frv. til að nýta orku sína. Ég vona svo sannarlega að þetta verði samþykkt í Buenos Aires. Ég er því talsmaður þess að bíða og sjá.

Hins vegar er alveg rétt að ef við fáum ekki skilning á aðstæðum okkar þá er okkur mikill vandi á höndum. Hvað eigum við að gera þá? Eigum við að undirrita samt eða eigum við að sleppa því? Ég hef svo sem ekkert svar hér við því. Ég held að aðalatriðið sé að við einbeitum okkur að því að reyna að fá aðra til að skilja málstað okkar.

Ég get ekki tekið undir það sem kom fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, um að við ættum að undirrita strax til að senda pólitísk skilaboð. (Gripið fram í.) Hvað þýðir það? Þetta er eins og að skjóta og spyrja svo. Mér finnst það mjög óeðlilegt. Ég held að við eigum að bíða og sjá hvort við náum árangri í að fá viðurkenningu á okkar málum þannig að við getum hækkað koltvísýringskvóta okkar örlítið.

Ég vil líka taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich varðandi hvert senda eigi svona tillögu í þinginu. Ég held að það væri mjög æskilegt að senda hana til utanrmn. Það er alveg ljóst að umhvrh. mun undirrita Kyoto-bókunina ef við sættum okkur við þá niðurstöðu sem í henni felst en það verður í umboði utanrrh. Ég tel því eðlilegt að þessi tillaga fari til utanrmn. og við munum þá leita eftir umsögn umhvn. um þetta mál.

Að lokum vil ég, virðulegi forseti, taka undir eitt ákveðið atriði sem kom fram í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um það hvernig við eigum að nýta orkulindir okkar í framtíðinni. Hann kom inn á það að jarðhitinn væri ekki endurnýjanleg auðlind til fullnustu fram í tímann. Það er alveg rétt og ég held að við Íslendingar höfum verið allt of sofandi fyrir því. Við höfum nýtt orkulindirnar eins og þær verði hér um aldur og ævi og að það skipti ekki máli hvernig við nýtum þær. Ég held að hér sé gífurleg sóun í notkun heita vatnsins. Það væri mjög til bóta ef við gætum látið einhvers konar starf fara fram til að upplýsa almenning og fyrirtæki um það hvernig spara megi heita vatnið. Við Íslendingar höfum alltaf hælt okkur af því að við getum notað heitt vatn nánast eins og okkur lystir en svo er alls ekki.

[15:53]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er mjög eðlilegt að umræður skapist um tillöguna sem við ræðum hér. Hún varðar gífurlega stórt mál. Ég lýsti mikilli ánægju með tillöguflutninginn en jafnóvænt er að hér kemur fram hjá formanni þingflokks Alþfl. — er það ekki rétt að það sé formaður þingflokks Alþfl. sem hér talaði? — að hún hefði enga skoðun á því og gæti ekki lýst afstöðu sinni til byggingar magnesíumverksmiðju á Reykjanesi eða ekki. Það væri eitthvað sem ætti eftir að ræða í viðræðum milli samfylkingaraðilanna sem hv. þm. Ágúst Einarsson nefnir svo í framsögu sinni. Hv. þingflokksformaður Alþfl. hafði þó nefnt það sérstaklega að Alþfl. hefði tekið nýja stefnu í stóriðjumálum fyrir tveimur árum. Sú stefnubreyting fór reyndar afskaplega hljótt.

A.m.k. var henni lítið fylgt eftir á árunum á eftir af fulltrúum flokksins.

Er það virkilega svo að hv. samfylkingarþingmenn krefjist þess að undirrita Kyoto-bókunina og ætli síðan að hafa frítt spil til að taka ákvarðanir og styðja stóriðjuframkvæmdir sem auka losun gróðurhúsalofttegunda stórfellt og tala hver með sínu nefi? Er þetta ekki skuldbindandi samþykkt um að menn ætli, hvað sem gerist í Kyoto-samningsferlinu, að hverfa frá þeirri stefnu í stóriðjumálum sem ríkisstjórnin hefur fylgt, undirbúin hefur verið og hefur notið stuðnings sumra þeirra þingmanna sem standa að baki málinu. Þeir hafa lýst stuðningi við framkvæmdir sem hafa þarna veruleg áhrif. Ég hélt að í tillöguflutningnum fælist stefnubreyting en mér sýnist það vera orðið meira en lítið óljóst.

Að þetta hafi eitthvað að gera með viðhorf mín til Alþfl. eins og hv. formaður þingflokksins nefndi, um leið og hv. þm. kinokaði sér við að taka þátt í efnislegri umræðu um málið, þ.e. að lýsa skoðun sinni skýrt og afdráttarlaust í þessu máli. Ég á bágt með að skilja slíkan málflutning, virðulegur forseti.

Ég ætla ekki að ræða frekar þessar veiku stoðir sem mér sýnast vera að baki þessum tillöguflutningi. Það á auðvitað eftir að koma betur í ljós. Að það sé eitthvað sem eftir eigi að ræða og semja um milli þeirra aðila sem eru að leggja upp í samfylkingu, eins og hv. þingflokksformaður Alþfl. nefndi hér, þá ætlar sá lopi að reynast ansi langur og teygjanlegur, þær viðræður allar. Er þetta líka óljóst og á eftir að ræða um það af viðkomandi aðilum hvort það eigi að stuðla að uppbyggingu magnesíumverksmiðju á Reykjanesi, álbræðslu austur á landi og járnblendiverksmiðju eða álbræðslu uppi í Hvalfirði? Eru þetta atriði sem útkljá á í samningaviðræðum á næstu vikum og kannski mánuðum? En þetta á væntanlega eftir að skýrast. Ég vænti þess að þessi mál skýrist að einhverju leyti þegar hv. 1. flm. tekur til máls um tillöguna.

Það er nú svo, virðulegur forseti, að framkvæmdir í orkufrekum iðnaði, sem við höfum kallað svo og hefur heldur ljótan hljóm, geta rúmast undir það sem ekki leiðir til aukningar á gróðurhúsalofttegundum. Það væri kannski ráð að doka við í sambandi við stóriðjuframkvæmdir sem valda slíkri mengun og hafa eitthvert svigrúm til þess að leggja í þær orkuframkvæmdir sem vistvænar geta talist. Íslendingar gætu þá skapað sér svigrúm í atvinnulífi sínu og framkvæmdum. Ég er hér að vísa til framleiðslu á vistvænu eldsneyti. Ég er að vísa til framleiðslu á vetni sem kalla mun á verulega notkun orku í landinu svo að miklu munar miðað við þann orkuforða sem við höfum. Ég er að tala um aðrar leiðir eins og notkun rafbíla og rafknúinna farartækja í samgöngum sem kalla munu á verulega nýtingu orkulinda okkar. Ég er ekki að loka á slíkar framkvæmdir í framtíðinni vegna þess að ég tel þetta skynsamlegt markmið enda sýni menn náttúru landsins þá hlífð sem frekast er unnt. En við eigum að hætta þeirri stefnu að binda orkuna á Íslandi í sívaxandi mæli í málmbræðslum með tilheyrandi mengun sem af því hlýst.

Baráttumál ríkisstjórnarinnar um að fá meira en Íslandi var veitt í Kyoto byggir á þeirri hugsun að við séum svo fáir og smáir, hagkerfið sé svo lítið. Þetta er étið upp af hverjum á fætur öðrum, t.d. það að einstakar framkvæmdir eins og álbræðsla valdi því að losunarprósenta gróðurhúsalofttegunda rjúki hér upp af því að við séum svo fáir. Hvað þýðir það hins vegar í utanríkisviðskiptum? Hvað þýðir það í tekjum á hvern íbúa? Væri ekki rétt að umreikna þann ágóða sem menn ætla að fá af slíkri framleiðslu í tekjum á hvern íbúa og bera það saman? Hvers konar samanburðarfræði eru þetta?

Íslendingar vilja auðgast, binda þessar endurnýjanlegu orkulindir sem fyrst til að skapa auknar þjóðartekjur sem allra fyrst. Það er stefnan. Það er hugsunin. Svo standa menn kannski frammi fyrir því að slík andstaða er orðin við virkjanaframkvæmdir í landinu og nýtingu okkar góðu endurnýjanlegu orkulinda að það verður ekkert svigrúm þegar að því kemur að framleiða vistvæna orku.

Þetta mál, virðulegur forseti, er stærra og lengra en svo að það verði rætt til hlítar í þessu efni. Þingflokkur óháðra hefur lagt fyrir þingið till. til þál. um sjálfbæra orkustefnu, það er 12. mál þingsins, þar sem finna má nánari útfærslu á þeirri hugsun sem ég hef hér reitt fram. Hún verður væntanlega til umræðu hér í þinginu á morgun.

Umræðu frestað.

[16:02]

Útbýting þingskjala:

Íbúð Búnaðarbankans í Lundúnum, 69. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 69.

Samningar við bankastjóra Búnaðarbanka Íslands, 70. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 70.

Samningar við bankastjóra Landsbanka Íslands, 71. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 71.

Út af dagskrá voru tekin 11.–17. mál.

Fundi slitið kl. 16:03.

---

6. FUNDUR

fimmtudaginn 8. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 42. mál, þskj. 42. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Undirritun Kyoto-bókunarinnar, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Frh. fyrri umr.
4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
5. Húsaleigubætur, frv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.
6. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
7. Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
8. Almannatryggingar, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
9. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, frv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.
10. Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
11. Þjóðgarðar á miðhálendinu, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.

12. Endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Fyrri umr.

13. Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, frv., 43. mál, þskj. 43. — 1. umr.

14. Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.

15. Virðisaukaskattur, frv., 46. mál, þskj. 46. — 1. umr.

16. Stjórnarskipunarlög, frv., 51. mál, þskj. 51. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

[10:30]

Útbýting þingskjala:

Dagsektir vegna umgengnisbrota, 72. mál, fsp. ÖS, þskj. 72.

Skýrsla um frísvæði á Suðurnesjum, 67. mál, fsp. KPál, þskj. 67.

Starfsemi erlendra kvikmyndavera á Íslandi, 68. mál, fsp. KPál, þskj. 68.

Þingsköp Alþingis, 66. mál, frv. KH o.fl., þskj. 66.

Undirritun Kyoto-bókunarinnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 41. mál. — Þskj. 41.

[10:31]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Við tökum upp þráðinn á ný þar sem frá var horfið í umræðunni í gær við að fjalla um till. til þál. um undirritun Kyoto-bókunar sem er í raun fyrsta sameiginlega mál samfylkingar Alþb., þ.e. því sem eftir er af Alþb., Alþfl., Þjóðvaka og Kvennalista. Í þáltill. segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirrita nú þegar fyrir Íslands hönd Kyoto-bókunina, bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar."

Umræðan í gær var um margt mjög athyglisverð. Hún var á vissan hátt prófsteinn á það hvort hugur fylgir máli hjá samfylkingu þessara flokka og flokksbrota.

Þegar samfylkingin kynnti málefnaskrá sína varð uppi fótur og fit í þjóðfélaginu. Menn voru ekki alls kostar klárir á því um hvað málið snerist, hvað þessar tillögur kostuðu og þar fram eftir götunum. Í raun má segja að þegar við fórum að skoða þessa þáltill. og hlusta á rökstuðninginn í gær vantaði á ákveðin rök í málið.

Hins vegar er margt athyglisvert og gott í þáltill. sem ég get verið sammála. Ég er auðvitað sammála því að draga beri úr útblæstri fiskiskipa og annarra farartækja. Það beri að gera á markvissan hátt. Einnig ber að draga úr mengun með aukinni gróðurrækt, skógrækt og landgræðslu og sem betur fer hefur áhugi á skógrækt og landgræðslu og hvers konar gróðurrækt aukist mjög mikið á Íslandi þannig að við eigum að kappkosta að leggja enn meira fé til þess en við höfum gert. Þá ber að nefna mjög jákvæð mál sem við höfum verið að leggja út í á síðustu árum. Það má t.d. nefna Suðurlandsskóga sem er mikið framtíðarverkefni til næstu 40 ára og Héraðsskógaverkefnið sem er eldra verkefni og gengur í raun mjög vel og skógrækt í landinu er að verða almennt áhugamál borgaranna.

Ég er líka sammála því sem kom fram í umræðunni í gær að okkur ber að fara eins vel og kostur er með orkulindir þjóðarinnar. Þær eru ekki óþrjótandi og við getum gert mun betur í þeim efnum en við höfum gert.

Í umræðunni í gær kom fram hjá hæstv. umhvrh. að það er ætlan ríkisstjórnarinnar að staðfesta Kyoto-samkomulagið. Hins vegar erum við enn að leita eftir sérstöðu Íslands og ég tek undir það sem kom fram hjá þingmönnum, t.d. hv. þm. Tómasi Inga Olrich og hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og reyndar hæstv. umhvrh., að ekki væri enn þá tímabært að skrifa undir þetta samkomulag. En til þess að öllu sé haldið til skila haldið árétta ég enn spurningu mína. Því miður er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir ekki í salnum núna en hér er hv. þm. Ágúst Einarsson, sem er 1. flm. þessarar tillögu, og því árétta ég spurninguna um það hvort þessir ágætu þingmenn muni beita sér gegn því að magnesíumverksmiðja verði reist á Suðurnesjum til þess í raun að uppfylla þau áform sem koma fram í þessari þáltill.

[10:37]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu þál. um undirritun Kyoto-bókunarinnar og er þetta eftir því sem sagt er fyrsta mál þríflokksins sem lagt er fram í sameiningu eftir fræga málefnaskrá sem birt var opinberlega fyrir nokkrum dögum. Rokið er fram með öll möguleg mál sem flokknum dettur í hug að geti vakið athygli og nú er það að knýja á um það að Kyoto-samþykktin verði strax og þá er ekkert ef eða kannski í þeim efnum heldur bara strax.

Rökin eru að sjálfsögðu einhver fyrir því að gera þetta strax en þau rök eiga ekki við um Ísland. Ísland hefur verið hreinasta land Vestur-Evrópu og vesturveldanna almennt síðustu 10 árin og vinna okkar við að ná niður mengun í andrúmsloftinu hefur verið margföld miðað við það sem annars staðar þekkist í heiminum. Við vorum fyrir 1990 búnir að ná mengun frá húsahitun miðað við aðrar þjóðir niður í nánast ekki neitt með því að nýta heita vatnið og olíukynding er nánast undantekning. Þar sem ekki er hægt að koma við heitu vatni er rafmagnskynding á flestum stöðum þannig að við vorum búnir að ná þeim árangri fyrir 1990 sem aðrar þjóðir eru að berjast við að ná í dag og eiga langt í land með að ná. Að þessu leyti höfum við náð miklu framar en aðrir og eigum mjög erfitt með að uppfylla þau ákvæði sem eru í þessu Kyoto-samkomulagi þó við höfum svigrúm. Það er því mjög hættulegt að hlaupa til nú á þessu augnabliki og krefjst þess að undirritað verði án þess að staða okkar sé könnuð frekar.

Í þessari umræðu hefur komið upp að margt er á döfinni varðandi atvinnumál þjóðarinnar og ekki hvað síst á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum sem er í vinnslu og mun skýrast á næstu mánuðum hvort af verður eins og magnesíumverksmiðja sem mun geta skapað nokkur hundruð manns atvinnu ef af verður. Það er augljóst að ef Kyoto-samþykktin verður undirrituð eins og hún er þá verður ekki af þessari framkvæmd. Það verður heldur ekki af öðrum framkvæmdum sem hafa verið til athugunar eins og Keilisnesálver sem á að verða eitt stærsta álver sem risið hefur a.m.k. á Íslandi. Allt þetta hefur verið hugsað til þess að skapa vinnu fyrir svæðið á suðvesturhorninu, jafnvel í tengslum við það að herinn mundi fara. Það hefur heyrst að herinn mundi fara en enginn veit hvenær. Við vonumst til

þess að hann fari ekki en við gerum að sjálfsögðu ráð fyrir því að það geti gerst þannig að menn hafa á Suðurnesjum sem annars staðar verið að reyna að byggja upp möguleika sem verða til framtíðar. Mér finnst það því mikið ábyrgðarleysi og nánast kæruleysi og óábyrgur málflutningur frá þessum nýja flokki, þríflokknum, að vera með tillöguflutning eins og komið hefur fram bæði hér og í málefnaskránni að stoppa í rauninni alla þá möguleika og koma í veg fyrir þá möguleika sem við höfum í stöðunni til þess að byggja upp atvinnu á svæðinu, á Suðurnesjum sérstaklega. Mér finnst einhvern veginn eins og þríflokkurinn hafi einbeitt sér sérstaklega að því að koma höggi á Suðurnesjasvæðið með einhverju móti. (**Gripið fram í:** Það er af og frá.) Ég veit ekki hvers vegna mönnum finnst það spennandi svæði að höggva í en þessi þáttill. lýtur sérstaklega að þeim málum. Verið er að reyna að koma í veg fyrir að þeir stóriðjukostir sem eru í umræðunni um þetta svæði verði að veruleika með því að undirrita þessa bókun eins og tillagan gerir ráð fyrir. Það er bókstaflega verið að því.

Í málefnaskrá þríflokksins er einnig gert ráð fyrir því að herinn fari úr landi og það helst strax í dag. Það stendur í málefnaskránni. Reyndar hafa hv. þm. sumir hverjir frá jafnaðarmönnum þrætt fyrir þetta en það kemur fram í þessari frægu málefnaskrá ef ég má, með leyfi forseta, endurtaka það sem þar stendur:

„Teknar verða upp viðræður við Bandaríkjastjórn um varnarsamninginn, uppsagnarákvæði hans taki gildi árið 2000 og varnarsamningurinn er úti árið 2001."

Það er reyndar búið að leiðrétta þetta og það hefur komið fram en varnarsamningurinn verður ekki úti 2001. Varnarsamningurinn er ótímasettur. Svo segir hér:

„Fyrir liggur vilji Bandaríkjamanna til að loka herstöðvum í Evrópu og draga úr herstyrk sínum, þar á meðal á Íslandi."

Það hefur hvergi legið fyrir að Bandaríkjamenn vilji draga úr herstyrk sínum á Íslandi, það hefur hvergi nokkurs staðar komið fram. Engar umræður hafa farið fram eða óskir komið fram frá Bandaríkjamönnum við utanrrn. eða ríkisstjórnina um að draga úr varnarliðinu á Keflavík eða þá að loka þessari herstöð. Þetta er alger misskilningur og uppspuni og í rauninni fáránlegt að vera að koma fram með svona á þessum tímum þegar menn héldu að nokkuð góð samstaða væri um samstarfið við Bandaríkjamenn og NATO yfirleitt.

Hæstv. forseti. Jafnaðarmenn hafa verið að reyna af veikum mætti að klóra yfir vitleysu sína vegna þess að þetta var ekki stefna þeirra. Stefna þeirra hefur alltaf verið sú að styðja NATO og styðja varnarliðið og samstarf okkar við Bandaríkjamenn í varnarmálum. En þeir hafa verið knésettir af Alþb. til þess að samþykkja svona gjörning, skammast sín þó fyrir það en þeir komust ekki undan þeim samþykktum sem hafa þegar verið gerðar. Ef þeir eru menn sem ætla að standa við orð sín hljóta þeir að standa við þessa samþykkt hvað sem þeir segja nema þeir meini ekki neitt með því sem þeir eru að segja í þessu plaggi. Það sannar kannski það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði í gær að þeir meina bara akkúrat ekki neitt með því sem þeir hafa verið að samþykkja og ætla sér að reyna að sannfæra kjósendur um það sem þeir eru með á þessari málefnaskrá sem ég held, herra forseti, að öllum sé ljóst að er hvorki fugl né fiskur.

[10:45]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst það mjög alvarlegt ef það kemur ítrekað fram á Alþingi Íslendinga í tengslum við það mál sem hér er rætt, alþjóðasamninginn um loftslagsbreytingar og þá bókun sem frá var gengið í Kyoto í fyrra, að Ísland hafi einhverja alveg gífurlega sérstöðu í þessu máli. Þetta mátti heyra í stefnuræðu hæstv. forsrh. Þetta er endurtekið hér af stjórnarþingmönnum, nánast hverjum eftir annan. Mér finnst þetta bera vott um að menn hafi lítið sett sig inn í málið. Það er verið að apa hér upp klisjur sem menn hafa fundið upp til þess að komast hjá þessu eða telja þjóðinni trú um að við eigum ekki samleið með öðrum þjóðum í þessu stóra máli.

Síðasti hv. ræðumaður endurtók þessa klisju. Hann fór með þuluna um hitaveiturnar sem við komum á laggirnar um 1980, að við hefðum útrýmt olíukyndingu, sem var auðvitað gott og þarft verk, og af þeim sökum gætum við alls ekki verið með öðrum þjóðum í sambandi við skuldbindingar til að draga úr þessari stórfelldu mengun sem talið er að valdi breytingu á loftslagi jarðar.

Hverjar eru staðreyndirnar í þessu máli? Hafa menn ekki lesið skýrslu sjálfs hæstv. umhvrh. sem lögð var fram á síðasta þingi? Ísland losar á hvern íbúa nánast alveg sama magn í tonnum talið og meðaltalið er hjá Evrópusambandsríkjunum, 8,6 tonn á hvern íbúa. Það er nú öll sérstaðan. Við erum alveg fast upp við meðaltal í Evrópusambandinu. Hvers konar málflutningur er það að telja þjóðinni trú um að við höfum einhverja slíka sérstöðu meðal þjóða að við eigum bara að njóta þess á alþjóðavettvangi og þurfum ekkert að taka til í eigin ranni.

[10:48]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kvartar yfir því að ég tali um sérstöðu. Auðvitað höfum við sérstöðu. Það kemur fram í Kyoto-bókuninni að við höfum þá sérstöðu að fá 10% svigrúm umfram flesta aðra. Í því felst ákveðin viðurkenning á starfi hv. þm. á sínum tíma þegar hann var iðnrh. og annarra eftir hans tíma í ráðuneytinu.

Auðvitað höfum við sérstöðu. Ég er ekki að segja að við þurfum ekki að taka til. Menn eru að því. Ég hef sjálfur flutt hér tillögu um að nýta metangas á strætisvagna í höfuðborginni og opinber tæki þannig að hægt sé að draga úr mengun í andrúmsloftinu. Ég styð það heils hugar. Ég styð að sjálfsögðu heils hugar að reynt verði að nýta vetni. En því miður er ljóst að við nýtum ekki vetni, t.d. á skipaflotann, fyrr en eftir langan tíma. Þetta er of dýr aðgerð eins og er og ekki eins aðgengileg og menn vildu vera láta. Þess vegna mun ekki verða hægt að nota slíkan orkugjafa á fiskiskipaflotann fyrr en eftir nokkuð langan tíma.

Ef við getum ekki dregið úr mengun skipaflotans og ekki frekar úr bílaflotanum þá er ekki svo mjög margt eftir. Það sem við höfum gert er viðurkennt og ég held að sjálfsagt sé að halda því á lofti, hv. þm. Ég tek að sjálfsögðu undir það að við eigum að gera betur. En við eigum ekki að eyðileggja fyrir okkur þá möguleika í atvinnuuppbyggingu sem við augljóslega höfum og við þurfum ekki endilega að ganga á auðlindir okkar á hálendinu til þess. Til eru margir aðrir virkjunarkostir, eins og komið hefur fram, svo sem virkjun háhitasvæða og aðrir möguleikar sem til eru og við þekkjum.

[10:50]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ljómandi gott að hugur hv. þm. er jákvæður í sambandi við málið. En mér finnst að menn þurfi að fóta sig rökrænt í sambandi við þetta mál.

Það er rétt að í Kyoto fékk Ísland betri fyrirgreiðslu, ef við eigum að kalla það því nafni, meira svigrúm til losunar en aðrar vel stæðar þjóðir. En það nægir ekki ríkisstjórninni sem hv. þm. styður. Það nægir ekki. Hann vill hafa hér opið hús, sjálfsafgreiðslu varðandi uppbyggingu á orkufrekum iðnaði sem mun sprengja í loft upp þetta mál að því er Ísland áhrærir alveg burt séð frá því hvort við fáum einhverjar heimildir innan bókunarinnar eða ekki.

Það er siðferðilega, að mínu mati, ekki verjanlegt að ganga fram í þessu máli eins og ríkisstjórnin gerir. Magnesíumverksmiðja á Reykjanesi sem þingmenn þar margir hverjir, og hv. þm. heyri ég, eru stuðningsmenn að rísi, veldur stórfelldri losun gróðurhúsalofttegunda. Það er enginn að tala um virkjanirnar í þessu sambandi þó að þar geti komið til einhver losun á jarðhitasvæðum. Það er enginn að tala um þær. Það er iðnaðurinn sem verið er að tala um. Við sáum hrikalegar tölur í sambandi við magnesíumverksmiðju og þó að þær lækki mikið þá yrði þarna um mjög alvarlega viðbót að ræða sem hvergi rúmast innan þeirrar heimildar sem við nú þegar höfum. Það sama gildir um öll þessi mörgu áform til stóriðjuuppbyggingar sem ríkisstjórnin hefur á borðinu.

Það er þetta ósamræmi sem ég var að benda á í sambandi við málflutning hv. þm. Ágústs Einarssonar og alveg sérstaklega það sem fram kom í ræðu Rannveigar Guðmundsdóttur hér. Hún er ekki reiðubúin að taka á sig neinar skuldbindingar, er hér með málamyndatillöguflutning af þessum toga en neitar að horfast í augu við það hvað fylgir í kjölfarið ef menn meina eitthvað með þessum tillöguflutningi. Hv. þm. sem ég gerði athugasemd við í gær var ekki reiðubúinn til að lýsa nokkru yfir um það. Hún sagði að þetta væri allt í skoðun hjá flokkunum þremur.

[10:52]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. að þríflokkurinn virðist ekki meina neitt með þeim tillögum sem hann eru að leggja fram hér né þessari málefnaskrá. Það hefur ítrekað komið fram. Að minnsta kosti veit hægri höndin ekki hvað sú vinstri gjörir í þeim málatilbúnaði sem hefur heyrst fram að þessu.

Ég held samt, herra forseti, að við megum ekki verða kaþólskari en páfinn í því að ganga fram í að stöðva eðlilega uppbyggingu atvinnuvega í landinu þannig að við getum nýtt orkulindir og skapað þá velsæld sem við viljum hafa hér. Þess vegna verðum við náttúrlega að taka tillit til þeirra aðstæðna sem hér eru. Það er viðurkennt að við höfum gengið vel um andrúmsloftið. Það er viðurkennt. Við þurfum að sjálfsögðu að gera betur í þeim efnum en við höfum ekki margra kosta völ. Við höfum ekki sömu kosti og þjóðir Evrópu virðast ætla að nota í sambandi við Kyoto. Þær virðast ætla að færa kvóta á milli landa. Tekin er út fyrir sviga ýmis mjög mengandi starfsemi sem við höfum enga möguleika á að nýta okkur eins og í flugi og fleiru. Það er því margt sem við getum ekki nýtt okkur í sambandi við Kyoto sem aðrar þjóðir, stórþjóðir og sambönd þjóða geta nýtt sér og ætla sér að nýta.

Varðandi magnesíumverksmiðju þá hefur ítrekað komið fram að fyrstu tölur sem birtust um mengun í loftinu frá þeirri verksmiðju voru rangar. (**HG:** Hvað er þetta núna?) Þær eru $^{1}/_{10}$ af því af því sem upphaflega var talað um eða í kringum 300 þús. tonn á ári. Það er samt meiningin og unnið er að því að reyna að lækka þá tölu verulega enn. Auðvitað fylgir einhver mengun slíku. En ég minni bara á það að mengunin í kringum álverið í Straumsvík og víðar hefur ekki reynst vera eins skaðleg og menn hafa haldið fram eða óttast.

[10:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að hlýnun andrúmsloftsins vegna losunar gróðurhúsalofttegunda sé eitt af alvarlegustu vandamálum sem mannkynið allt stendur frammi fyrir. Mér þykir það miður þegar þessi umræða er dregin niður á plan einhvers skæklatogs um magnesíumverksmiðjur eða eitthvað annað slíkt. Ég held að samkomulagið í Kyoto sé eitt það merkilegasta sem okkur sem lifum í þessum heimi hefur tekist sameiginlega að ná fram varðandi umhverfisvernd. Ég tel að við gætum staðið á mörkum nýrra tíma þar sem við gætum í samvinnu við aðrar þjóðir tekið verulega á þessum málum. Ég fagna þessu samkomulagi og ég tel að Íslendingar eigi að skrifa undir það, eigi að staðfesta það.

Ég vil líka segja, herra forseti, sem mína skoðun sem hefur mörgum sinnum komið hérna fram í umræðum á þingi, að ég er þeirrar skoðunar að við eigum að nota þetta tækifæri til þess að slá á frest öllum framkvæmdum um frekari stóriðju. Við eigum að hugsa málið upp á nýtt og við verðum líka að vera okkur meðvituð um það að við höfum ekki jafnótæmandi orkulindir og menn hafa verið að telja sjálfum sér og þjóðinni trú um. Ég held að við eigum að nota þetta tækifæri og þessi kaflaskipti til þess einmitt að einhenda því fjármagni sem við höfum og því ráðrúmi sem við höfum til uppbyggingar til þess að fara í stórfellda uppbyggingu á framleiðslu á einhvers konar orkulindum sem ekki menga. Við erum sérstaklega vel í sveit sett til þess. Við höfum möguleika til þess. Við höfum tækni til þess. Við höfum e.t.v. meiri þekkingu á því en flestar aðrar þjóðir. Mér finnst að þessi umræða eigi að snúast um slíka hluti.

Mér fyndist til að mynda að það væri mynduglegt af hv. þm. Kristjáni Pálssyni sem hefur lagt fram þáltill. sem ganga í þessa átt, að nota þessa umræðu einmitt til þess að taka undir með okkur sem viljum þetta. Ég held að við höfum ríkfæri til þess og ég held að við megum ekki kasta frá okkur þessu tækifæri sem við stöndum, mannkynið allt, frammi fyrir með þessu samkomulagi. Og mér þykir það miður að það er eins og hv. þm. hafi ekki komið auga á það heldur sé hann fastur á sínum Suðurnesjum. En þetta er vandamál sem varðar ekki aðeins Suðurnesin heldur heiminn allan.

[10:57]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar um skæklatog um magnesíum. Auðvitað snýst þetta allt um hagsmuni og líf okkar á þessari jörð og á okkar stað. Við getum ekkert horft fram hjá því að við erum að gæta hagsmuna Íslendinga. Við erum að gæta hagsmuna okkar svæða um leið og við erum að gæta hagsmuna alls heimsins í bandalagi við aðrar þjóðir. Eins og ég sagði áðan megum ekki verða kaþólskari en páfinn í þessu og undirrita alla skapaða hluti skilyrðislaust.

Ég, eins og hv. þm., hef lagt mig heilmikið fram um það að vinna upp mál sem geta leitt til þess að draga úr

mengun, bæði í lofti og í höfunum og að því held ég að við eigum að vinna. Mér finnst samt fróðlegt að heyra það koma fram hér hjá hv. þm. að hann telji að það eigi að stoppa alla stóriðju strax. Þá er náttúrlega komið svarið sem var beðið um hér í gær, þ.e. hvort jafnaðarmenn meintu það þegar þeir leggja fram tillögu að það eigi að stoppa allar hugmyndir um magnesíumverksmiðju á Suðurnesjum, álver einhvers staðar annars staðar eða hugsanlega stóriðju sem getur mengað að einhverju leyti. Þetta er svarið. Ég spyr þá hv. þm. Össur: Er hann að tala í nafni þríflokksins í heild sinni eða er það bara hans persónulega skoðun að það eigi að gera þetta? Ég er ekki með þáltill. fyrir framan mig og man ekki hvort hann er einn af flutningsmönnum. Ég geri bara fastlega ráð fyrir því. Það hlýtur því að vera samdóma álit þessara aðila, þríflokksins, að nú þegar eigi að stöðva uppbyggingu á magnesíumverksmiðju, álverum og annarri stóriðju og mengandi iðnaði og þá kannski sama hvaða nafni hann nefnist.

Ég minni á að ekki er hægt að skapa neina atvinnu öðruvísi en að einhver mengun geti orðið af henni.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill minna hv. alþingismenn á að ávarpa hv. þingmenn með fullu nafni.)

[11:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég tala samkvæmt sannfæringu minni. Mér ber að gera það samkvæmt stjórnarskránni. Ég hef margsinnis lýst skoðun minni í umræðum áður. Ég er þeirrar skoðunar að slá eigi öllum áformum um stóriðju á frest. Það þýðir ekki að ég sé á móti því að byggja upp stóriðju. Ég vil að það verði ráðist í stóriðju á Íslandi og hún á byggjast á framleiðslu á mengunarlausum orkugjöfum. Við getum það, við höfum þekkingu til þess og getum dregið hingað alþjóðlegt fjármagn til þess.

Hv. þm. sagði: Þetta snýst um hagsmuni Íslendinga. Það er nákvæmlega það sem þetta snýst um. Hver hefur lagt það skeleggar fyrir þetta þing en hæstv. umhvrh.? Í skýrslu hæstv. umhvrh. í fyrra dró hann fram í mjög glöggum dráttum þá framtíð sem vísindamenn hafa komist að að kynni að bíða Íslendinga. Hlýnun andrúmsloftsins kann að leiða til mjög staðbundinnar kólnunar á norðurhveli. Hún kann að leiða til þess að Ísland verði óbyggilegt. Hagsmunir Íslendinga til lengri tíma að felast í að koma í veg fyrir að það gerist. Við megum ekki láta skammtímahagsmuni blinda okkur og taka þátt í einhverju sem mundi leiða til þess að þetta land yrði óbyggilegt. Er það það sem hv. þm. Kristján Pálsson vill? Ætlar hann að gera eftirkomendum sínum það?

Herra forseti. Þessi málflutningur dæmir sig auðvitað sjálfur. Ef hv. þm. segir: Ég hef hagsmuni Íslendinga að leiðarljósi, þá hlýtur hann að fallast á að sú mynd sem hæstv. umhvrh. dró í fyrra upp af þeirri framtíð sem kann að bíða okkar ef ekki verður tekið í taumana, er mynd sem við viljum helst ekki vera hluti af. Okkur ber siðferðileg skylda til þess að taka á með öðrum þjóðum heims. Við getum ekki verið stikkfrí í þessu máli. Þetta er ekki mál sem aðeins varðar aðra. Þetta er mál sem gæti, ef verstu spár rætast, e.t.v. komið verst við Íslendinga. Hvað verður þá um Suðurnesin sem hv. þm. Kristján Pálsson ber svo mjög fyrir brjósti?

[11:02]

Kristján Pálsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar að mér finnst digurbarkalega um þetta mál. Það er alveg ljóst að ef mjög mikil hlýnun yrði í andrúmsloftinu eða jörðinni, þá mundi vatnsborð hækka. Við vitum það mjög vel. En við vitum líka jafn vel, herra forseti, að hlýnun andrúmslofts hefur orðið alveg gersamlega óháð atvinnustarfsemi á jörðinni.

Fyrir 12 þúsund árum, ef ég man rétt, hlýnaði á nokkrum áratugum, 20–30 árum, það mikið að andrúmsloftið gerbreyttist. Það var ekki út af neinum koltvíoxíðsútblæstri sem það gerðist. Menn eru nefnilega alls ekki sammála um að þessi hlýnun geti orðið svo mikil út af þessari koltvíoxíðsmengun. Menn eru alls ekki sammála um þetta, herra forseti. (**ÖS:** Það eru allir sammála um þetta.) Það eru ekki allir sammála um það, hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Aftur á móti eru allir sammála um að fara verði varlega og ekki eigi að auka hættuna. Við eigum fullt af mengunarlausum orkugjöfum. Við getum virkjað fallvötnin og við getum virkjað háhitasvæði til að koma hér upp iðnaði sem nýtist okkur öllum. Að slá því öllu á frest hjálpar ekki neinum. Ég vil fagna því að hér skuli hafa komið fram skýrt og skilmerkilega að nýi flokkurinn er á móti því að fara út í byggingu stórra fyrirtækja í landinu. Það er óljóst hvenær þeir hafa þá hugsað sér að hefja mætti iðnaðaruppbyggingu hér að nýju. Ég held að þetta sé mjög gott innlegg í þá stjórnmálaumræðu sem fram undan er, um það hvert þessi nýi flokkur stefnir.

[11:04]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég held að ástæða sé til að fagna umræðunni sem hér fer fram um þetta mikilvæga mál sem varðar hagsmuni okkar Íslendinga miklu eins og hér hefur komið fram í umræðunni. Hugsanlegar afleiðingar loftslagsbreytinganna sem menn óttast að fylgt geti í kjölfar losunar gróðurhúsalofttegundanna svokölluðu, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson bendir á, varða auðvitað hagsmuni okkar líka á ýmsan annan hátt, t.d. varðandi nýtingu á auðlindum okkar. Þær varða einnig hagsmuni okkar í atvinnuuppbyggingu og í efnahagslegu tilliti þannig að að mörgu er að hyggja í þessu efni. Því er ekki óeðlilegt að Alþingi velti þessu fyrir sér og hv. þm. skiptist á skoðunum um málið.

Ég kem hér aftur upp, hæstv. forseti, af því að til mín var beint nokkrum athugasemdum sem mér finnst ástæða til að svara. Þar eru t.d. fullyrðingar sem hafa komið fram hjá hv. þm. um að við séum eftirbátar annarra og við gerum of mikið úr sérstöðu okkar, að við ætlum ekki að vera með í samningaferlinu og umræðan af hálfu ríkisstjórnar stjórnist af eigingirni o.s.frv., svo ég nefni nokkur atriði.

Ég vil í fyrsta lagi segja varðandi fullyrðingar af þessu tagi, að við settum skoðanir okkar fram í þessu efni strax við gerð Kyoto-bókunarinnar í Japan í fyrra. Við lýstum því yfir að þrátt fyrir að tekið væri tillit til ákveðinnar sérstöðu, þar er þó viðurkenning á ákveðinni sérstöðu Íslands, þá teldum við það ekki ásættanlegt miðað við þær aðstæður sem við búum við. Mig langar aðeins að nefna tvö eða þrjú atriði í því sambandi. Við höfum talað mikið um húshitunina og takmarkaða notkun á olíu og kolum í því efni sem er afar mikilvægt, en það er auðvitað ekki það eina. Ég tel samt mikilvægt og rétt að draga fram einu sinni enn að það torveldar okkur að leita sömu leiða og aðrar þjóðir í kringum okkur við að standa við ákvæði bókunarinnar.

Í öðru lagi höfum við Íslendingar, og það kom fram í máli hv. frsm. þáltill. í gær, ákveðna sérstöðu í atvinnuháttum okkar. Við erum t.d. mjög háðir sjávarútvegi sem er gríðarlega stór losunarvaldur í þessum gróðurhúsalofttegundum.

Að því leyti er kannski erfiðara fyrir okkur að taka á atvinnumálum en fyrir aðrar þjóðir sem byggja efnahagslíf sitt á atvinnuháttum sem ekki hafa eins mikil áhrif á lofthjúp jarðar. Sérstaða okkar er einnig fólgin í því.

Sérstaða okkar er einnig fólgin í því að vera háð samgöngunum í þessu stóra landi sem fáir búa í, þ.e. flutningatækni sem losar kannski hlutfallslega meira af gróðurhúsalofttegundum en gerist hjá öðrum þjóðum. Ég hef ekki þá tölfræði fyrir framan mig en ég nefni þetta sem sérstöðu. Að minnsta kosti er full ástæða til að taka þessi þrjú atriði fram.

Það á því ekkert skylt við þessi mál þó einn hv. þm., Rannveig Guðmundsdóttir, segði hér í gær: Ætlum við, litla Ísland, að sýna einhverja sérstöðu og vera utan við þegar hin stóru Bandaríki og aðrir þjóðir hafa skrifað undir? Það kemur málinu ekki nokkurn skapaðan hlut við. Við erum ekki að bera okkur saman við Bandaríkin í þessu efni sem þar að auki búa við einna mestu losun sem um getur á íbúa og þurfa sannarlega að taka til hendinni. Okkar forsendur og rök eru bara allt önnur en þeirra. Ég veit reyndar ekkert á hvaða forsendum, hvort eða hvenær þeir hafa ákveðið að skrifa undir. Það skiptir bara ekki máli í samanburði okkar. Ég vil leyfa mér að fullyrða að við séum að vinna með bókuninni. Við erum að vinna með þeim undirtóni sem er í þessu samningaferli öllu, að nýta í auknum mæli endurnýjanlega orkugjafa. Við undirstrikum það með málflutningi okkar og tillögugerð.

Ein af þeim spurningum sem ég fékk frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og einnig frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur var t.d.: Er ráðherra tilbúinn að staðfesta að bókunin verði undirrituð eftir fundinn hvernig svo sem fundurinn fer? Ég tel mig ekki geta fullyrt það á þessu stigi. Ég hef lýst skoðunum mínum í því efni. Ég hef lýst vilja mínum til þess að Ísland geri það sem það getur til að standa við þau ákvæði sem samningurinn felur í sér. Við eigum að leggja áherslu á að vera þátttakendur í þessum þætti umhverfismálanna í heiminum sem skipir okkur Íslendinga svo miklu máli, ekki síður en aðrar þjóðir.

Strax í upphafi lögðum við fram áherslur okkar í þessu efni. Við áttum þátt í að fá inn sérbókun í Kyotosamkomulaginu, um málefni smárra hagkerfa, sem við erum nú að reyna að vinna úr. Við bindum miklar vonir við að tillit verði tekið til sjónarmiða okkar í því efni. Það er það eina sem ég get sagt á þessu stigi. Við verðum að sjá hvað kemur út úr því. Síðan verður það ákvörðun ríkisstjórnarinnar og í framhaldi af því löggjafarsamkomunnar hvaða tillögu við gerum varðandi undirritun og hver þátttaka okkar verður í ferlinu. Ég þarf ekki að endurtaka mitt persónulega viðhorf í þessu efni.

Hvað er viðunandi niðurstaða? spurði hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Ég lýsti aðeins því sem við höfum lagt til í undirbúningsvinnunni og gerðum á Bonn-fundi svokölluðum í júní sl. Þar byggði tillaga okkar í stuttu máli á því að einstökum framkvæmdum megi halda utan losunarbókhaldsins ef þær auki losun um 5% eða meira. Þær byggja á endurnýjanlegum orkugjöfum og bestu fáanlega tækni. Eins er lagt til að þetta eigi aðeins við um ríki sem losa minna en 0,05% af heildarlosun iðnríkja. Ef þetta næði fram að ganga þá gilti þetta aðeins um þrjú ríki úr þeim hópi sem telst til iðnvæddra ríkja. Fyrir utan Ísland eru það aðeins Mónakó og Liechtenstein. Hér er því ekki um mörg ríki að ræða. Hagkerfi þeirra eru lítil og hlutfallslega er því um mjög litla losun að ræða. Við erum að vinna að þessu sem stendur og vonumst til að fá áheyrn hvað þetta varðar.

Ég er sammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þegar hann segir að við höfum í raun minna í höndum af orkuauðlindum en látið er í veðri vaka. Því hef ég áður lýst sem viðhorfi mínu. Þegar rætt er um að við höfum ekki virkjað nema $^1/_{10}$ eða svo af nýtanlegum orkulindum, þá held ég að það sé alls ekki rétt í ljósi breyttra viðhorfa varðandi umhverfisvernd og náttúruvernd. Ég get deilt skoðunum mínum með honum í því efni.

Einu gleymdi ég varðandi spurninguna um hvað sé viðunandi. Við verðum líka að fá niðurstöðu um hvert viðhorfið til uppgræðslu og skógræktar verður. Skógræktarmálin hafa að einhverju leyti verið tekin inn í samninginn, var gert í fyrra, en varðandi uppgræðsluna er allt enn í fullkominni óvissu. Við höfum líka lagt áherslu á að mikilvægt sé að fá botn í það mál þannig að enn eru ýmis atriði í vinnslu. Okkar aðild að málinu veltur á því hvernig málin þróast á næstu vikum.

Allra seinast vil ég benda hv. þm. á að á morgun mun umhvrn. beita sér fyrir kynningarfundi um stöðu þessara mála. Þar á að kynna viðhorf og afstöðu íslenskra stjórnvalda. Það ætti því að vera auðvelt fyrir hv. þm. að komast nákvæmlega að því sem er að gerast í málinu og hvað við höfum í farteskinu til fundarins í Buenos Aires.

[11:13]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var heldur dapurt að heyra frá hæstv. umhvrh. að þegar hann lýsir viðhorfinu til Kyotobókunarinnar og spurningarinnar um staðfestingu hennar, þá er hann aðeins að lýsa persónulegu viðhorfi. Hæstv. umhvrh. hefur greinilega ekkert umboð frá íslensku ríkisstjórninni til þess að fara með málið, út frá þeirri forsendu að hans vilji nái fram að ganga. Hæstv. ráðherra hefur ítrekað sagt að hann vilji vera samferða öðrum þjóðum, hann vilji staðfesta bókunina, það verði niðurstaða Íslands en hann veit ekkert um ríkisstjórnina að öðru leyti.

Við höfum hins vegar heyrt í öðrum talsmönnum ríkisstjórnarinnar sem ég þykist vita að séu nokkuð þyngri á metaskálunum en hæstv. umhvrh., því miður. Þar nefni ég sérstaklega til hæstv. utanrrh., sem fer með hið formlega vald að því er varðar þetta sem alþjóðasamning. Hann hefur dregið það mjög skýrt upp að að hans mati komi það ekki til greina að Ísland verði með ef ekki verður orðið við kröfunni um að við höfum opið hús að því er varðar stóriðjuframkvæmdir. Hann hefur lýst því sem gífurlegu efnahagslegu áfalli fyrir Íslendinga ef ekki verði orðið við þeirri kröfu. Reynt er að ná fram séróskum í skjóli bókunar sem fékkst í Kyoto í samfylgd með Mónakó og Liechtenstein. Þetta er nú málafylgja, virðulegur forseti. Ég hef ekki íbúatöluna á hraðbergi í Mónakó. Ferkílómetrarnir eru ekki ýkja margir. Búa ekki um 30 þúsund manns í Liechtenstein? Um $^1/_{10}$ hluti Íslendinga eða svo. Þetta lykillinn að því að fá þessa undanþágu.

[11:16]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins út af þessu um viðhorf ríkisstjórnar og viðhorf umhvrh. og hvert framhald mála verður eða hver staða þeirra er. Það er ekkert nýtt í þessu. Það hefur alla tíð, frá því í Japan fyrir tæpu ári, legið fyrir afstaða ríkisstjórnarinnar sem ég flutti þar inn á þann fund og íslenska

sendinefndin gerði þar grein fyrir viðhorfum Íslands sem fælust í þeirri sérstöðu sem við höfum verið að rekja bæði þar og þá og síðar í þinginu og hér og nú. Það er því ekkert nýtt í þessu efni fyrir hv. Alþingi eða fyrir hv. 4. þm. Austurl. Þetta veit hann ósköp vel. Hvort við ætlum að vera samferða öðrum þjóðum eða ekki, það lá líka fyrir þá strax að ýmsar af þeim þjóðum sem komu til fundarins voru tilbúnar að ganga þá strax lengra en síðan varð niðurstaða fundarins.

Af því að verið er að tala annars vegar um viðhorf til umhverfismála og hins vegar viðhorfin til þessa sem efnahagslegs þáttar eða viðskiptalegs þáttar minni ég á að Evrópusambandið, sem hefur talið sig vera einhvern frumkvöðul í þessu efni, fer til fundarins með boð upp á 15% samdrátt í losuninni en fer heim með 8% samdrátt í losuninni. Hvað ætli hafi ráðið í þessu efni? Hvað ætli hafi ráðið því að þeir fara ekki heim og segja: Við skulum samt draga saman í 15%? Það voru auðvitað bara efnahagslegir þættir, efnahagslegar forsendur þessa ríkjasambands eða bandalags sem sætti sig ekkert við það síðar þegar upp var staðið en fara heim með önnur markmið en þeir komu með til fundarins. Við fórum hins vegar með markmið okkar, við lögðum þau fyrir og við stöndum við þau enn þá. Ég held áfram að fylgja þeim eftir á þann hátt sem ég reyndi að gera þá og við gerum fram yfir Buenos Aires-fundinn. Eftir þann fund tökum við afstöðu til málsins.

Samfylgd við önnur ríki er út af fyrir sig ekki önnur en sú að við höfum tekið þátt í svokölluðum regnhlífarhópi. Við höfum ekki verið í neinni sérstakri samfylgd með Liechtenstein og Mónakó. Ég nefndi þau ríki sem eru þau einu sem koma til greina til samanburðar af því að losunin er svo lítil þar en engin samfylgd með þeim ríkjum að öðru leyti.

[11:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við þekkjum áherslumuninn innan ríkisstjórnarinnar. Við vitum það líka að hæstv. umhvrh. hefði viljað vera staðinn upp úr stóli sínum og kominn til annarra verka og stefnir í það ef ég hef skilið málið rétt að hann verði horfinn úr ríkisstjórninni fljótlega eftir áramót eða jafnvel þegar um áramót. Því miður ræður ekki miklu þegar til uppgjörs kemur sá góði vilji og skilningur sem hefur að mörgu leyti komið fram hjá hæstv. umhvrh. og fyllsta ástæða er til þess fyrir Íslendinga að hafa af þessum málum miklar áhyggjur eins og á þeim er haldið af ríkisstjórn Íslands.

Hæstv. ráðherra gat um losun frá sjávarútvegi og samgöngum og að þar hefðum við að mörgu leyti sérstöðu. Vafalaust má finna atriði sem má túnda sem slík og finna því stað að einhverju leyti. En að hvaða leyti erum við að reyna að bregðast við þessum aðstæðum? Mér finnst þau málstök vera afar veikluleg að því er varðar þessar atvinnugreinar og ekki mikið um það hugsað. Það hefur t.d. ekki verið mikið um það hugsað í sambandi við gjaldtöku á bifreiðum að stemma stigu við losun frá aflmiklum og eyðslufrekum bílum. Ekki hefur verið mikið hugsað um það og ekki hefur verið mikið hugsað um það í sambandi við stjórn fiskveiða hvernig hægt er að beita henni skynsamlega til að draga úr losun. Hér er sem sagt ekki verið að vinna markvisst að þessum málum eins og vera ber. Hvað ætlar ríkisstjórn Íslands að segja við sjávarútveginn sem hún ætlar væntanlega að taka myndarlega á í þessum efnum ef stóriðjan á að hafa algera sérstöðu og opið hús? Hver verður aðstaðan til að þrýsta á aðrar atvinnugreinar ef ríkisstjórnin leggur á það allt kapp að ein atvinnugrein skuli hafa opið hús og sjálfsafgreiðslu, stóriðjan, aðrir skulu draga saman? Hvers konar aðstaða er það sem verið er að skapa til að ná einhverjum skikkanlegum markmiðum í þessu máli?

[11:20]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki komið í veg fyrir að menn ræði um það að sá sem hér stendur stefni til annarra verka þegar líður á næsta ár. Það gæti farið svo með fleiri hv. þm. hér inni því að svo vill til að fyrri hluta næsta árs eru kosningar og ekki er alveg vitað hverjir muni sitja að þeim loknum eða hafa áhrif á stefnu sem Alþingi mótar að kosningum loknum. Ég bið menn að blanda því ekki sérstaklega inn í. Ég mun reyna að gegna embættum mínum, bæði þingmennsku og þeim ráðherraembættum, sem mér hefur verið falið að gegna af þeirri trúmennsku sem ég hef reynt að gera hingað til og ætla mér að halda því áfram en að öðru leyti er ekki meira um það mál.

Ég tel alveg nauðsynlegt að Íslendingar — og við höfum auðvitað verið að vinna að því með stefnumótunarvinnu og framkvæmdanefnd um þessar loftslagsbreytingar — stefni að því að taka á öðrum málum sínum en bara að tala um eða ræða um stóriðjuna. Við þurfum auðvitað að huga að því hvernig við getum mætt markmiðum þessa samnings eins og aðrar þjóðir eru að gera í atvinnugreinum okkar, sjávarútvegi, í umferðinni, í öðrum iðnaðarferlum og á öllum sviðum. Það er alveg ljóst. Ég hef einhvern tíma nefnt hér áður, af því að verið er að tala um Suðurnesin og atvinnuuppbyggingu þar, að við höfum heyrt talað um að mikill áhugi sé hjá Suðurnesjabúum og kannski öllum landsmönnum að tvöfalda Reykjanesbraut til þess að auðvelda umferð um þá fjölförnu leið. Það mun auðvitað auka umferðina. Það mun auka losun, það mun auka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Væri ekki kannski skynsamlegt að skoða aðrar leiðir, aðra möguleika í því efni til þess að draga úr umferð þó það kunni að kosta okkur peninga. Auðvitað kostar peninga að takast á við verkefni samningsins. Menn verða að gera sér grein fyrir því. Það gerir það og ef við ætlum í alvöru að standa við málin eins og við og ég hef marglýst yfir og ríkisstjórnin hefur gert, að lýsa yfir vilja sínum og áformum um að gerast aðili að bókuninni og síðan formlega samningnum þurfum við auðvitað að taka á ýmsum málum sem við höfum kannski ekki hugað nægjanlega að.

[11:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hið dapurlega í þessu máli er sú staðreynd að hæstv. umhvrh. talar á þann veg að menn skilja það að hann hefur réttan skilning á málinu og ég dreg ekki í efa góðan vilja hans til þess að haga verkum ríkisstjórnarinnar talsvert öðruvísi en raun ber vitni. En hann er hins vegar í þeirri óþægilegu stöðu að vera í klemmu á milli tveggja annarra hæstv. ráðherra, utanrrh. og iðnrh. sem bókstaflega hafa tekið af honum völdin og þetta vitum við.

Herra forseti. Mig langar að leyfa hæstv. umhvrh. að hlýða á örlitla tilvitnun. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eitt helsta áhyggjuefni Íslendinga varðandi loftslagsbreytingar af mannavöldum eru hugsanlegar afleiðingar þeirra á hafstraumakerfi jarðar og Golfstrauminn, sem veldur

því að meðalhiti á Íslandi er mun meiri en búast mætti við miðað við hnattstöðu landsins."

Herra forseti. Hvaðan er þessi tilvitnun vera komin? Hún er komin úr skýrslu hæstv. umhvrh. Það er hann sem hefur lagt það fyrir þetta háa þing að það er mögulegt að loftslagsbreytingarnar leiði til þess að Golfstraumurinn hniki stöðu sinni, víki frá landinu og Ísland verði óbyggilegt. Það er hæstv. umhvrh. sem hefur einum þremur sinnum ítrekað þetta fyrir þinginu. Er það verjanlegt, herra forseti, frá siðferðilegu sjónarmiði að við ætlumst til að það séu einungis aðrar þjóðir sem taki á sig þær byrðar sem mögulega þarf til þess að Ísland verði áfram byggilegt? Mér þætti vænt um að hæstv. umhvrh. svaraði þeirri fyrirspurn hér á eftir.

Í máli hæstv. ráðherra kom fram að á morgun verður af hálfu ráðuneytisins kynnt afstaða ríkisstjórnarinnar til fundarins í Buenos Aires en hæstv. ráðherra gat eigi að síður ekki svarað því í fyrirspurn hérna áðan sem var beint til hans hvað ríkisstjórnin telur ásættanlega lausn. Með öðrum orðum, við vitum ekki hvað hæstv. ráðherrann hefur af stefnumálum í veganestinu þegar hann fer til fundarins.

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn hlýtur að hafa metið hvaða afleiðingar það hefur fyrir Ísland varðandi stöðu þess í alþjóðasamfélaginu ef við skirrumst við að skrifa undir þegar fundinum og þessu ferli lýkur. Ég spyr því, herra forseti: Hvaða aðgerða telur hæstv. umhvrh. að verði gripið til gegn Íslendingum ef svo fer?

[11:26]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafna algerlega þeim ummælum hv. þm. að umhvrh. sé í einhverri klemmu milli kollega sinna. Við erum að vinna sameiginlega að þessu verkefni og við höfum farið sameiginlega fram með þau sjónarmið sem ég hef talað fyrir í þessum ræðustóli bæði nú og áður. Það er því ekki heldur neitt nýtt í þeirri umræðu þó að bæði hv. þm. og sumir aðrir hafi reynt að draga þetta fram sem eitthvert stórstríð innan ríkisstjórnar eða milli ráðherra. Við erum sammála um áherslurnar í þessu, við erum sammála um það sem við fórum með til Kyoto á sínum tíma, og ég man ekki lengur hvort það var leiðari sem hv. þm. skrifaði í öðru hlutverki eða hvort það var í blaðagrein sem hann skrifaði eitthvað í þá átt, þegar við vorum að fara til Japans, að tillögur okkar yrðu auðvitað hlegnar út af borðinu. Þær væru svo fáránlegar og við svo dæmalausir sóðar að láta okkur detta þetta í hug en sagði svo þegar við komum til baka með það að hafa þó fengið viðurkennda ákveðna sérstöðu, eitthvað á þá leið að að sjálfsögðu hafi verið tekið tillit til sérstöðu Íslendinga á þessum fundi. Ég bið því hv. þm. að rifja þetta upp og kannski átta sig aðeins á því hvenær hann er í hvaða hlutverki í þessu efni þegar hann er að ræða annars vegar í ræðustól hér á Alþingi og síðan hins vegar að skrifa um svona hluti í fjölmiðlum sem hann hefur góðan aðgang að. Ég tel að okkur hafi borið að fara með sérsjónarmið okkar til fundarins. Við gerðum það og fengum tekið tillit til þeirra á vissan hátt, þ.e. sérstaðan var a.m.k. viðurkennd, og við höldum áfram að vinna í því máli og við höfum fengið undirtektir við þann málflutning okkar.

Hættan við loftslagsbreytingarnar getur verið mikil fyrir okkur ef verstu spár rætast sem koma fram í skýrslunni sem hv. þm. vitnar til og við vitum öll af. En það sem ég fer með í veganestinu er ég margbúinn að lesa hér upp, las upp í gær og las upp aftur núna. Af því að tíminn er því miður búinn get ég ekki lesið það upp í þriðja skiptið enda ástæðulaust. Við erum að tala um að tekið verði tillit til þeirrar sérstöðu okkar hvað einstakar framkvæmdir hafa mikil áhrif á losunarmarkmið okkar og losunarkvóta þegar álver í Grundartanga þýðir 13% aukningu, magnesíumverksmiðja ef það eru réttar tölur sem komu fram áðan um 10% af því sem var í upphafi áætlað, þá þýðir það samt 10% losun í viðbót, 10% bara sú eina verksmiðja.

[11:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að hæstv. ráðherra hefur lagt á minnið ýmislegt sem ég hef skrifað um þetta en það er eigi að síður rangt hjá honum að ég hafi nokkru sinni kallað hann sóða, hvorki í óeiginlegri né eiginlegri merkingu enda er hæstv. ráðherra snyrtimenni til orðs og æðis. Ég get ekki að því gert ef hæstv. ráðherra er ósammála mér um það sem ég og aðrir upplifa sem klemmu. Staða hans í ríkisstjórninni í þessu máli er í klemmu. Hann hefur ákveðna skoðun sem hann læðir að í máli sínu sem er talsvert frábrugðin þeirri sem aðrir hæstv. ráðherrar hafa.

Herra forseti. Ég lagði fyrir hæstv. ráðherra tvær spurningar og hann skaut sér undan að svara báðum. Annars vegar bað ég hæstv. ráðherra um að reyna að upplýsa þingheim um hvaða mat ríkisstjórnin hefur lagt á til hvaða aðgerða verði gripið gagnvart Íslandi ef við skrifum ekki undir Kyoto-samkomulagið. Í annan stað bað ég hann um að svara eftirfarandi spurningu: Er siðferðilega verjandi að þjóð eins og við, sem kunnum að eiga mest á hættu ef hlutirnir þróast á versta veg, að ætlast til að aðrir beri þær byrðar sem þarf að taka á sig til þess að koma í veg fyrir að Ísland verði óbyggilegt?

Í annan stað, herra forseti, finnst mér að við þurfum að ræða þetta miklu ríkara út frá hinu siðferðilega sjónarmiði. Það er alveg ljóst ef ekki tekst að snúa þessari þróun við í loftslagsmálum heimsins mun það leiða til þess að ýmsar þjóðir, sem eru jafnfjölmennar og við og búa að miklu lengri og e.t.v. merkilegri menningu en við, muni í bókstaflegum skilningi sökkva undir yfirborð hafs. Er verjanlegt að við stöndum hjá og höfnum því að taka á okkur þann skerf sem okkur ber til þess að snúa því við?

Herra forseti. Mér finnst að við þurfum að ræða þetta mál út frá slíkum þáttum, ekki bara út frá því hvort það eigi að setja niður magnesíumverksmiðju á Suðurnesjum sem skiptir engu máli varðandi þær gríðarlegu afleiðingar sem þessi þróun gæti haft fyrir fjarlægar þjóðir og mögulegar fyrir Íslendinga í framtíð sem er ekkert allt of fjarlæg.

[11:31]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hugsar sér að gerast aðili að þessari bókun. Við erum að vinna að því að Ísland geti orðið aðili að bókuninni og síðan fullgilt samninginn, þannig að það er sú vinna sem er í gangi af hálfu umhvrh. og ríkisstjórnarinnar allrar með sameiginlegum áformum og markmiðum. Á þeim fundum sem við höfum sótt og í þeim tvíhliða viðræðum eftir Bonn-fundinn við aðrar þjóðir þá höfum við fulla ástæðu til að ætla að tekið verði tillit til okkar viðhorfa, og við getum gerst aðilar að bókuninni. Hvernig svo sem Buenos Aires-fundurinn fer þá verður ríkisstjórnin auðvitað að gera það upp við sig hvað hún ætlar að gera að honum loknum. Ætlar hún að taka þátt í samningnum og undirrita

bókunina með þá niðurstöðu sem við fáum þar og þá út af fyrir sig líka að taka afstöðu til þess hvort við eigum að standa utan við og hvaða afleiðingar það kynni að hafa? Ég er því ekki reiðubúinn að tjá mig um það neitt frekar hér á þessu stigi. Við erum í þessu samningaferli og við höldum því áfram í því fari sem það er og hljótum að sjá hver niðurstaðan verður þar áður en við tökum ákvarðanir um annað.

Hvað það varðar að aðrir séu að bera fyrir okkar byrðarnar þá vil ég einu sinni enn undirstrika það sem ég hef margsinnis sagt og kemur fram í viðhorfum okkar til þess að fá að nýta hinar endurnýjanlegu orkulindir okkar og hreina orkugjafa með þeim hætti sem við erum að reyna að berjast fyrir, að það er auðvitað í anda samningsins. Það er í anda bókunarinnar sjálfrar þar sem eitt meginatriði hennar er að auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og losna við nýtingu jarðefnaorkugjafanna, eldsneytis sem mengar miklu meira en okkar orkugjafar. Þetta verð ég að undirstrika einu sinni enn af því að hv. þm. talar um að við ætlum öðrum að bera fyrir okkur byrðar. Ég undirstrika einnig það sem ég sagði áðan í lok andsvars míns til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að ég tel að ríkisstjórnin og Íslendingar eigi að leggja á sig, þó það þurfi að kosta fjármuni, að standa við þau markmið sem samningurinn setur okkur. Við eigum auðvitað að gera það líka jafnvel þó svo færi að ríkisstjórnin skrifaði ekki undir bókunina, sem ég vona að verði ekki.

[11:33]

Útbýting þingskjals:

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 77. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 77.

[11:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér hefur verið rætt mikið um undirritun Kyoto-samþykktarinnar og afleiðingar hennar. Það hefur ekki komið fram eitt einasta orð um það að hugsanlega sé þessi kenning, koldíoxíð-kenning, röng, en það hafa komið fram efasemdir um það á undangengnum árum að hún sé rétt. Við þekkjum að margar vísindakenningar hafa reynst rangar. Ég nefni t.d. það að jörðin hafi verið flöt, það var einu sinni vísindakenning. Síðan newtonska eðlisfræðin sem var kollvarpað með rannsóknum Max Planck.

Við þekkjum þetta í hagfræði. Þar hafa verið kenningar sem hafa verið umdeildar og í veðurfræðinni, sem er tiltölulega ung vísindagrein, eru stöðugt nýjar rannsóknir og breytingar á kenningum. Það er því mikil spurning hvort sú kenning, sem allt þetta byggir á, sé rétt.

Herra forseti. Það eru ýmis atriði sem hafa áhrif á veðurfar. Til dæmis er talið að vatnsinnihald andrúmsloftsins hafi miklu meiri áhrif á sveiflur í hitafari en koldíoxíðmengunin. Síðan eru einnig uppi kenningar um það að sólvirkni hafi líka mikil áhrif. Það hve mikið vatn er bundið í yfirborði jarðar, í mýrum og slíku eða í skógum, hefur mikil áhrif. Áhrif borgarskipulags á vatnsinnihald yfirborðs jarðar eru þau að það þurrkar upp vatnið. Vatnið er leitt hratt í gegnum skolpræsi og veldur því að borgirnar verða ekki sú dempun á hitafar eins og var áður en byggt var.

Myndun eyðimarka og eyðing skóga hefur valdið miklum flóðum víða um heim og um leið minnkar sú dempun sem skógar hafa á veðurfar og kæling jafnframt. Það er því ýmislegt í þessari vísindakenningu sem orkar tvímælis.

Herra forseti. Sú afleiðing sem þessi kenning veldur hagfræðilega á lífskjör alls heimsins, vil ég segja, er gífurlega mikil. Ég tel sjálfsagt að rannsaka þessa kenningu miklu betur vegna þess að mikið er í húfi. Hér erum við t.d. að tala um þau vandkvæði sem þetta veldur hér á landi m.a. í skerðingu lífskjara. Þetta gerist um allan heim. Þetta skiptir verulegu máli og ég vil hvetja þá aðila sem standa að þessu, þar á meðal hæstv. umhvrh., til að rannsaka betur hvort þessi kenning sé yfirleitt rétt eða hvort einhver önnur atriði valdi hitasveiflum — ef þau gera það yfirleitt. Það er ekki einu sinni sannað að hiti sé að hækka. Það fer eftir því hvernig það er mælt. Ef mælt er yfir allan heiminn með gervitunglum þá þykjast menn ekki sjá neina hækkun á hitafari. Aftur á móti telja menn að yfir meginlöndum sé ákveðin hækkun á hitafari. Ég bendi á að meginlöndin eru ekki nema 30% af yfirborði jarðar.

Herra forseti. Þá kemur að þeim punkti sem við ræðum hér, þ.e. hvort við eigum að hætta að virkja, hætta að virkja hreina orku, þá alhreinustu í heimi. (Gripið fram í.) Málið er — vegna frammíkalls — að það er verið að framleiða raforku um allan heim. Það er verið að framleiða ál, það er verið að framleiða þessi tæki sem við erum að tala um. Spurningin er hvort það eigi að framleiða þau með raforku sem búin er til með kolum eða á að framleiða þau með raforku sem búin er til með hreinni vatnsorku?

Ég tel það allt að því skyldu Íslendinga gagnvart heimsbyggðinni að nota þessa hreinu orku sem við eigum. Það er nánast skylda okkar að framleiða frekar ál á Íslandi en í þéttbyggðri Evrópu þar sem allt er vaðandi í mengun og raforkan er framleidd með mókolum eða kolum. Það er því skylda okkar. Og það er líka skylda okkar að framleiða ál vegna þess að ál er notað í staðinn fyrir járn í auknum mæli í bifreiðar, sem minnkar orkuna sem þarf til að knýja tækin áfram. Þannig að þetta er ekki alveg svona einhlítt eins og menn vilja vera láta.

Vegna þeirra áhrifa sem þessi kenning segir okkur að hækkun loftslags muni hafa á heimsbyggðina, þá er það sjálfsagt, og ég tek undir það, að gæta ýtrustu varkárni. En, eins og ég benti á áðan, ég vil vera viss í minni sök, hvort það sé koldíoxíðmengun sem veldur þessu eða einhverjir aðrir þættir eins og eyðing skóga eða eyðimerkurmyndun o.s.frv. (**Gripið fram í:** Hver á á njóta vafans?)

Ja, þetta er nú góð spurning, hver á að njóta vafans? Segjum svo að í ljós komi eftir um 30 ár að koldíoxíðmengun væri ekki ástæðan heldur eyðing skóga og eyðimerkurmyndun, sem ekki hafa verið settir peningar í að minnka, þá erum við illa sett, því við gætum notað hið gífurlega efnahagslega tjón sem þetta veldur til þess að rækta upp skóga, t.d. í Himalaja og annars staðar þar sem eyðing skóga hefur verið mjög mikil. Ég hvet því til þess að stuðlað verði að stórauknum rannsóknum á þessu fyrirbæri og þessi kenning fái sterkari undirstöðu en hefur verið hingað til.

Svo er það aftur annað mál, herra forseti, að það er mikið af annarri mengun eins og kolmónoxíðmengun sem þarf að gæta að. Blýmengun og lífræn leysiefni sem þarf að gæta að. Það er að mínu mati allt annar handleggur og ég held að ekki sé vafi á að sú mengun er mjög skaðleg.

En ég vil endurtaka það, herra forseti, að ég skora á hæstv. umhvrh. að hann stuðli að mjög auknum rannsóknum á þeirri kenningu að koldíoxíðmengun valdi hitahækkun á jörðinni.

[11:41]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru sannarlega merkileg innlegg sem koma frá talsmönnum þingflokks Sjálfstfl. í þessari umræðu. Þau eiga það skilið að koma með stórum fyrirsögnum á síður dagblaðanna og ég veit að hér eru menn inni sem geta haft áhrif á það.

Það er látið að því liggja af hv. þm. Pétri Blöndal að sú meginniðurstaða loftslagspanels Sameinuðu þjóðanna sem hefur legið yfir þessum málum, þúsunda vísindamanna sem hafa legið yfir þessum málum í áratug, geti verið byggð á sandi. Meginniðurstaðan er sú að það séu svo sterkar vísbendingar um það að losun gróðurhúsalofttegunda leiði til áhrifa á loftslag jarðar, gróðurhúsaáhrifa, að það er það sem gengið er út frá og þá auðvitað einnig með varúðarregluna að leiðarljósi, sem er viðurkennd sem eðlileg viðmiðun þegar slíkar breytingar geta verið yfirvofandi.

Og svo kemur hv. þm. og heldur bara að það sé hægt með einhverjum rannsóknum og góðum vilja að kollvarpa þessari kenningu. Þetta er með slíkum fádæmum að það tekur vart nokkru tali. Svo kemur hv. þm. hér, fóðraður af þeim sem vinna í þessu, það eru stórar fjárhæðir sem eru í gangi sem greiddar eru mönnum til að vinna gegn þessum sjónarmiðum. Það vantar ekki peningana í það.

Eitt af þessu er það sem hv. þm. nefndi með ósamræmið í niðurstöðum eftir mælingum frá gervitunglum og landstöðvum, ég held að það hafi verið þannig. Ég las um það á þessu ári að fundist hefði skýring á þessu misræmi, það væri ekki lengur til staðar. Ef ég er rétt upplýstur þá er þessi hluti fallinn.

Skylda okkar að nota hreina orku. Hvað felst í samningnum, loftslagssamningnum? Það eru skuldbindingar þjóðríkja með ákveðnum sveigjanleika. Svo er bara talað um það eins og við getum haft þetta eftir einhverjum óskalista. Það er aldeilis með ólíkindum að hlusta á þetta.

[11:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er stundum talað um flokksræði og menn séu þvingaðir til þess að hlíta vilja flokka. Ég lendi aftur og aftur í þeirri stöðu að ég er talinn vera — eða stjórnarandstaðan reynir að þvinga mig inn í minn flokk, þvinga mig undir flokksaga. Ég er hér ekki talsmaður þingflokks sjálfstæðismanna. Ég tala hér sem þingmaður og fylgi sannfæringu minni.

Það eina sem var í málflutningi mínum var það að ég setti spurningarmerki við þessa miklu kenningu sem byggir eingöngu á vísbendingum, eins og hv. þm. sagði, en ekki á vísindalegum staðreyndum. Þessi kenning öll sömul byggir á vísbendingum, reyndar nokkuð sterkum vísbendingum, en hún er ekki vísindalega sönnuð. Og það eru fleiri þúsundir, ef ekki tugþúsundir vísindamanna sem hafa skrifað undir plögg á móti henni þó að það séu kannski fleiri vísindamenn sem styðja hana.

Ég var ekki að biðja um rannsókn til þess að kollvarpa kenningunni, alls ekki. Ég vil bara vita hvort hún sé rétt. Það er það eina sem ég vil. Ég vil ekki kollvarpa henni en ég vil vita hvort hún sé rétt vegna þess að við erum að fara hérna út í þvílíkar efnahagslegar hömlur að þær skaða allt mannkynið. Við erum t.d. að stöðva það að Íslendingar geti notað sína hreinu orku til þess að reisa hér orkuver. Við erum að stöðva það með þessari bókun. Það er þó þjóðhagslega hagkvæmt og hagkvæmt fyrir heimsbyggðina í heild. Ég vil vita hvort þessi kenning sé rétt af því hún byggir enn bara á vísbendingu.

[11:46]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég met það að þingmenn fylgi fram sannfæringu sinni og ég átti ekki við það að hér væri verið að túlka fyrir hönd þingflokks Sjálfstfl. Ég benti á að hér væru tveir talsmenn úr þessum þingflokki. En það vill hins vegar svo til að það er alger samhljómur á milli þess sem kemur fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal og fram kom hjá forsrh. Íslands í nóvembermánuði 1996 — mig minnir það hafi verið 13. nóvember — í Morgunblaðinu, þar sem þetta var rakið, nákvæmlega þessi málflutningur sem hér var hafður uppi af hv. þm. svo hann hefur nú aldeilis bakstuðning í þessu máli.

Kenningin hefur ekki verið sönnuð. Eigum við að bíða eftir því? Eigum við að bíða eftir því að það fáist sönnun fyrir þessari kenningu, hugsanlega að verstu líkindareikningar rætist? Eigum við að bíða eftir því að breyting verði á straumakerfi Golfstraumsins eins og leiddar eru að líkur að gæti orðið vegna hlýnunar á jörðinni og í heimshöfunum? Eigum við Íslendingar að bíða eftir því í okkar afstöðu á alþjóðavettvangi og sjálfir?

Hér er talað um efnahagslegar hömlur og skaða fyrir mannkynið. Hvað er skaði fyrir mannkynið? Hv. þm. nefndi að ýmsar kenningar hefðu brugðist, m.a. kenningar hagfræðinga. Ég tek undir það. Ég held að það sé nú eitthvað sem ætti að hætta að tala um sem fræðigrein eins og ástandið er á þeim bæ. Ég held að menn ættu að athuga hvað er skaði og hvað er tjón.

Er það skaði þó að komið verði böndum á þá lönguvitleysu sem er í gangi í efnahagsbúskap heimsins með því að framleiða meira og meira og meira? Til hvers?

[11:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að hv. þm. hefur fundið út að ég er í sama flokki og hæstv. forsrh. og að við höfum svipaðar skoðanir í þessu máli eins og í mörgum öðrum. Þess vegna erum við saman í flokki.

En varðandi það að hagfræðin sé ekki vísindagrein þá vil ég nú bara halda því fram að hagfræðin sé ekki síður vísindagrein, og það er ég viss um að 1. flm. tekur undir, en veðurfræði og hún er meira að segja eldri að einhverju leyti. Það eina sem ég er að fara fram á er að menn stundi rannsóknir og vísindalega hugsun í þessu máli og reyni að skjóta vísindalegum stoðum undir þessa kenningu en ekki bara einhverjum vísbendingum. Það er það sem ég er að fara fram á. Og ég tel það mjög mikilvægt vegna þess að þessi kenning og þessi bókun og öll þessi umræða veldur geysilegu tjóni. Það má ekki gera þessa hluti og ekki gera hina hlutina vegna þess að það veldur koltvíoxíðmengun.

Ef það kemur svo í ljós að koltvíoxíðmengun er ekki ástæðan heldur t.d. bara vatnsinnihald andrúmsloftsins eða sólgos, hvað þá? Þá erum við búin að valda geysimiklu tjóni sem hefur áhrif í áratugi. Og mannkynið hefur það ekki svo gott, hv. þm., svona að meðaltali. Það veitir ekki af að auka hagsæld mannkynsins. (**HG:** Það er ekki það sem er í gangi.) Vissulega er það það. Allar takmarkanir á slíku og sérhver skerðing á framförum er til tjóns fyrir mannkynið.

[11:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aldrei þessu vant þá þótti mér hv. þm. tala af nokkurri vankunnáttu. Hann hélt því til að mynda fram að ekki væri sannað að hitastig á jörðinni hefði hækkað. Það þykir fullsannað í dag og það leikur enginn efi á því.

Hv. þm. taldi líka að fram hefðu komið ýmsar gloppur á þeirri kenningu sem hér um ræðir. Ég veit ekki nákvæmlega hvað hann á við. Kannski er hann að vísa til nýlegra upplýsinga frá Danmörku þar sem danskir eðlisfræðingar telja að hitasveiflur á jörðinni ráðist miklu frekar af sólblettum fremur en útstreymi lofttegunda. Ég vil upplýsa það, herra forseti, að þær kenningar standast ekki ef þær eru t.d. bornar saman við hitasveiflur eins og þær eru lesnar úr ískjörnum úr Grænlandsjökli. Ekki er ég því sammála honum um þetta.

Hv. þm. gerir sig líka sekan um að fara með mál sem er fullt af þverstæðum. Hann segir til að mynda að auðvitað eigi að beita ýtrustu varkárni. Þetta segir hann á einum stað í ræðu sinni. En áður var hann búinn að halda því fram að ekki ætti að grípa til ráðstafana fyrr en búið væri að sanna það endanlega að þessar afleiðingar yrðu sem við erum að reifa hérna. Mér finnst að ekki sé hægt að halda fram annars vegar að það eigi að beita ýtrustu varkárni og síðan að bíða eftir því að skaðinn verði.

Mig langar líka að ræða hagfræðihliðina á þessu dæmi. Hv. þm. segir það fullum fetum að þetta muni leiða til einhvers konar efnahagslegrar stöðnunar. Ég held hins vegar að Kyoto-samkomulagið muni einmitt leiða til þess að miklu hraðari þróun verði á ýmsum sviðum tækni og vísinda. Nú þegar erum við farin að sjá að verið er að veita gríðarlegt fjármagn í að þróa nýjar bílvélar og þróa nýja tækni sem lýtur að endurnýjanlegum hreinum orkugjöfum. Það er jafnvel verið að búa til skip sem er drifið með miklu minna eldsneyti en unnt er í dag. Með öðrum orðum held ég að við stöndum á barmi tæknibyltingar og að það verði einmitt Kyoto-samkomulagið sem hrindi okkur yfir þann þröskuld sem við höfum dvalið við allt of lengi.

Ég held þess vegna, herra forseti, að þegar upp er staðið þá muni þetta samkomulag leiða til efnhagslegra framfara þó að þeirra gæti ekki alveg á fyrstu árum.

[11:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reyndi að haga máli mínu þannig að ég fullyrti sem allra minnst. Ég held ég hafi sett allt fram sem spurningar. Ég setti líka fram spurningar um þessa kenningu vegna þess að hún er byggð á vísbendingu að miklu leyti og fram hafa komið ýmsar athugasemdir við þessa kenningu frá málsmetandi vísindamönnum. Svo gat hv. þm. þess einnig að ég talaði í þverstæðum, þ.e. að ég vildi gæta ýtrustu varkárni en samt bíða. Það er ekki rétt. Ég lagði áherslu á að stundaðar yrðu miklar rannsóknir og sett ofurafl á rannsóknir til þess að finna út hvort þessi kenning sé rétt. Ég ætla ekki að bíða eftir því að Golfstraumurinn breytist, alls ekki. Ég geri þá kröfu til vísindamanna að þeir vinni hratt, finni út úr þessu og setji vísindalegan grunn undir þessa kenningu eða varpi henni fyrir róða. Það var það sem ég gerði.

Varðandi það að svona kvaðir á efnahagslífið örvi efnahagslega þróun tækni og vísinda, þá er það þekkt. Og það þarf að gæta að ýmiss konar annarri mengun, t.d. kolmónoxíðmengun eða blýmengun þannig að ég tel að kvaðir á þeim þáttum muni ekki síður valda þróun tækni og vísinda eins og þróun sparneytnari bíla og öðru slíku. Ég vil því bara að það sem menn gera sé stutt eins miklum líkum og sé eins rétt og hægt er.

[11:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er allsendis ómögulegt að skilja hvað hv. þm. vill í þessu máli. Hann hafnar því að hann hafi verið að mæla fyrir því að menn undirrituðu ekki Kyoto-bókunina en hann er samt sem áður ekki sammála okkur hinum sem viljum að hún verði undirrituð. Hvað er það sem hv. þm. vill?

Hann talar um það, herra forseti, að gloppur séu í þessari kenningu. Ég held að ekki sé hægt að segja lengur með neinum rökum að gloppur séu í þeirri kenningu að hitastigið sé að hækka né heldur að losun gróðurhúsalofttegunda hafi áhrif á það. Hins vegar eru gloppur í þeirri kenningu sem dregur upp verstu mögulegu myndina. Menn geta ekki fullyrt að sú mynd sem til að mynda er dregin upp í skýrslu hæstv. umhvrh. sé hin rétta. En það eru vaxandi líkur á að svo sé. Og það eru vaxandi líkur á því að ef það verður mikil hlýnun þá geti það leitt til þess að jöklarnir fari að bráðna, höfin hérna í kringum Ísland verði köld og að kaldur flaumur sem fer í þessu neðasjávarstraumakerfi norður úr höfum muni bægja Golfstraumnum frá Íslandi. Þetta er að vísu kenning. Ég er alveg sammála hv. þm. um það. Mér tekst ekki að fella neinar stoðir aðgilds sannleika undir hana. En ég tek mark á henni. Þetta er möguleiki, möguleiki sem skiptir afkomu allra Íslendinga sem koma á eftir okkur miklu máli. Þetta getur valdið úrslitum um það hvort hægt sé að búa hér á landi.

Ef við eigum að gæta ýtrustu varkárni, eins og hv. þm. sagði sjálfur, þá hljótum við að taka mark á þessu og þá hljótum við að grípa til þeirra ráða sem færustu menn telja nauðsynleg til þess að draga úr þessari þróun, þ.e. við verðum að gera það sem hægt er til þess að draga úr losun þessara lofttegunda.

En hv. þm. hefur í sínum löngu ræðum og mörgu hérna ekkert dvalið við það að nauðsynlegt sé að kosta miklu til að þróa nýja orkugjafa. Hann vill hins vegar að við förum í að kanna það sem búið er að kanna áratugum saman, hvort það sé rétt að andrúmsloftið sé að hlýna og hvort það sé rétt að það sé m.a. vegna þess að að útstreymi þessara lofttegunda sé að aukast. Ég frábið mér svona málflutning.

[11:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segist ekki skilja hvað ég vilji. Það sem ég vil er það að menn taki ekki þessari kenningu algjörlega hrárri og að menn taki henni ekki án þess að hafa minnsta snefil af gagnrýni á hana vegna þess að hún hefur ekki einu sinni verið sönnuð. Ég benti á að margar kenningar hafa reynst vera rangar í hvort heldur er eðlisfræði, stærðfræði, hagfræði, læknisfræði o.s.frv. (Gripið fram í.) Það sem ég er að leggja áherslu á — ég ætla að benda þingmanninum á það sem ég vil þannig að hann nái því — eru stórauknar rannsóknir á þessu sviði. Ég vil stórauknar rannsóknir til að leiða í ljós hvort þessi kenning sem svona mikið byggir á sé þá nokkurn veginn örugg. Það er það sem ég vil. Ég hélt að þetta væri nokkuð einfalt og skýrt.

En menn tala hér alltaf fram og til baka um afleiðingar af einhverri kenningu án þess að spyrja að því hvort kenningin sjálf sé rétt eða röng. Það vil ég varast. Ég vil eingöngu setja spurningarmerki við það og benda mönnum á að þeir eiga sjálfir að setja spurningarmerki við kenninguna.

[11:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á mjög erfitt með að sitja hjá þegar umræðan berst inn á gamalt áhugasvið mitt sem eru loftslagssveiflur eða loftslagsbreytingar. Hér hafa menn nefnt til sögunnar ýmsar kenningar á því sviði svo sem eins og möguleg áhrif sólbletta eða sólgosa á loftslag á jörðinni. Það væri gaman að vita hvort menn hafa kynnt sér svonefndar Milankovitch-kenningar sem þekktur serbneskur stærðfræðingur setti fram um aldamótin síðustu um að vissar reglubundnar sveiflur væru þarna á ferðinni. Þá hafa menn jafnvel haldið því fram að breyttir hafstraumar og fyrirbæri eins og El Niño og önnur sambærileg væru þarna orsakavaldar. En síðast en ekki síst, og það sem langmest hefur farið fyrir á síðustu árum, eru nýjar vísbendingar um svonefnd gróðurhúsaáhrif það sem nánast hefur tekið yfir. Langflestir vísindamenn eru nú uppteknir af því að leita skýringa á loftslagsbreytingum og þó sérstaklega því fyrirbæri að lofthjúpur jarðarinnar er að hitna upp vegna aukins magns svonefndra gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnum.

Ég held að hv. þm. Pétur Blöndal sé á afar þunnum ís þegar hann fer út í það hér að segja að vegna þess að gróðurhúsaáhrifakenningin sé ekki sönnuð þá sé kannski ástæða til að fara varlega gagnvart því að bregðast við henni. Þetta er akkúrat dæmi um viðbrögð sem hafa reynst mönnum mjög hættuleg þegar umhverfismál eiga í hlut. Þetta er sama aðferðin og Bretar notuðu í 20 ár til þess að tefja öll úrræði gagnvart súru regni. Þeir sögðu: „Það er ekki sannað að iðnaðarmengunin í Bretlandi sé að valda súru rigningunni í Skandinavíu.“ Þannig þvældust þeir fyrir málinu í 20 ár. Síðan tóku þeir önnur tíu ár í það að hækka skorsteinana eins og það væri einhver lausn í málinu.

Staðreyndin er að þessar kenningar sannast yfirleitt fyrst og fremst í gegnum afleiðingarnar. Orkubúskapurinn og lofthjúpur jarðar eru svo flókin og gígantísk fyrirbæri að þau er ekki hægt að setja upp í tilraunastofu sem litla og einangraða tilraun og sanna eða afsanna nokkurn skapaðan hlut. Öflugustu tölvur heimsins ráða ekki við að reikna þetta fyrirbæri út. Þannig viðurkenna allir vísindamenn upp að vissu marki að þetta muni hvorki sannað né afsannað, öðruvísi en gegnum afleiðingarnar. Þær geta hins vegar orðið svo skelfilegar að hér er sjálfsagt að láta varúðarregluna ráða.

[12:00]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Nú líður að lokum þessarar umræðu sem staðið hefur yfir í allan morgun og í gær einnig. Það er því ástæða til, fyrir mig sem 1. flm., að reyna að draga saman nokkur af þeim atriðum sem komið hafa fram í umræðunni.

Meginniðurstaðan í þessari umræðu er sú að pólitískur ágreiningur ríkir um málið. Við, flutningsmenn úr þremur flokkum, höfum lagt til að undirrita beri Kyoto-bókunina nú þegar og hefja þann feril til staðfestingar sem þar er um getið. Ríkisstjórnin og hæstv. umhvrh. lýstu því hins vegar yfir að ekki væri á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að undirrita Kyoto-bókunina nú þegar, heldur láta reyna á viðhorfið til tillagna Íslendinga á fundi í Buenos Aires í haust.

Við höfum til stuðnings okkar málflutningi bent á að langflest ríki hafi þegar undirritað Kyoto-bókunina en séu jafnframt þátttakendur á ráðstefnunni í Buenos Aires. Það á eftir að útfæra ýmsa þætti í kringum Kyoto-bókunina og framhald þeirrar vinnu. Við flm. segjum: Þetta mál snýst um það hvort við viljum sýna ábyrgð í samfélagi þjóðanna og vinna gegn þeirri hættu sem losun gróðurhúsalofttegunda hefur í för með sér. Ríkisstjórnin hefur ekki þessa meginstefnu. Ríkisstjórnin hefur þá meginstefnu að gera enn atlögu að því að tryggja að við getum haldið áfram með stóriðjuáform okkar. Ríkisstjórnin hefur lagt fram tillögu um að ekki eigi að taka tillit til framkvæmda sem leiða til þess að losun gróðurhúsalofttegunda aukist um 5% af heildarlosun viðkomandi ríkis ef notaðir eru endurnýjanlegir orkugjafar og að losun frá iðnaðarferlinu sé haldið í lágmarki með bestu fáanlegu orku. Ríkisstjórnin lagði fram þá tillögu að ef þetta yrði uppfyllt þá ætti ekki að reikna aukninguna inn í mengunarkvótann. Hver voru viðbrögð hinna þjóðanna? Hæstv. umhvrh. hefur ekkert getið um það. Það liggur nefnilega fyrir hvernig aðrar þjóðir brugðust við.

Bandaríkin og samtök lítilla eyríkja lýstu yfir ákveðnum áhyggjum af þessari tillögu. Evrópusambandið sagði að þegar hefði verið tekið tillit til mismunandi samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda eftir ríkjum. Það var gert í Kyoto og þeir bentu á að Ísland hefði fengið rýmstu heimildir allra ríkja. Þeir töldu því ekki ástæðu til að veita frekari undanþágu. Fulltrúar Sviss sögðu að yrði þessi tillaga samþykkt væri trúverðugleika Kyoto-bókunarinnar ógnað. Þetta voru viðbrögð ríkjanna.

Hvað gerir íslenska ríkisstjórnin þá? Þá endurskoðar hún tillögu sína og leggur til að í viðbót þurfi að skilgreina lítil hagkerfi, að þetta eigi allt að vera utan reikninganna ef losunin sé ekki meiri en 0,05% af heildarlosun iðnríkja. Þar með falla stóriðjuáform Íslendinga undir þetta.

Eins og hér hefur komið fram er íslenska ríkisstjórnin að klæðskerasauma opnun á samningnum í Kyoto fyrir sig. Tvö ríki önnur munu falla undir þessa viðbótarbókun, það hefur verið nefnt hér: Mónakó og Liechtenstein. Hins vegar eru ekki fyrirhugaðar hjá þeim aðgerðir eins og hér hafa verið nefndar. Íslenska ríkisstjórnin leggur allt kapp á það í þessari umræðu að tryggja að hún þurfi ekki að breyta um stefnu. Þetta er pólitískt viðhorf sem við í stjórnarandstöðunni erum ósammála. Við segjum: Umhverfismálin, umhverfisógnunin af losun gróðurhúsalofttegunda er svo geigvænleg að okkur ber skylda til að taka þátt í því með öðrum þjóðum að leysa það. Vitaskuld eiga aðrar þjóðir í erfiðleikum við að uppfylla ákvæði Kyoto-bókunarinnar, en þær leggja þó ekki fram klæðskerasaumaðar tillögur til að gata þá stefnu sem mörkuð var í Kyoto.

Menn verða að hafa skýrt í huga að Kyoto-bókunin er einungis fyrsta skrefið. Margir vísindamenn segja: Meira að segja samþykktin í Kyoto dugir hvergi til við að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda. Það er þeim mun mikilvægara að menn axli ábyrgðina, reyni að uppfylla þetta og taka þátt í því með öðrum þjóðum. Nágrannaþjóðir okkar hafa allar tekið þann kost. Menn skynja þennan alþjóðlega vanda sem við ræðum ekki hér nema að mjög litlu leyti.

Ég hef kannski orðið fyrir mestum vonbrigðum með það í umræðunni að menn skynja ekki að hér erum við að tala um vandamál annarra. Hér hafa verið nefnd áhrifin á Ísland sem geta orðið geigvænleg, en ef ekkert verður að gert mun hitastig hækka meira á næstu öld en í 10.000 ár. Ef ekkert verður að gert fara 6% af Hollandi og 17% af Bangladesh undir vatn. Mér kemur það við. Það eru kannski einhverjir sem segja: Hvað kemur mér það við þótt Holland eða Bangladesh fari að hluta undir vatn? Ég segi að það komi okkur Íslendingum við. Þarna er sá pólitíski grundvallarágreiningur milli okkar og ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin vill ekki endurmeta atvinnu- og umhverfisstefnu sína. Hún hefur fullt tækifæri til að gera það með því að skrifa undir Kyoto-bókunina, vinna áfram með þjóðunum á fundinum í Buenos Aires og ræða málin áfram. Hún getur vitaskuld haldið áfram að gera það en með því að skorast úr leik á upphafsstigi málsins, taka ekki þátt í því sem nær allar þjóðirnar hafa þegar gert, er íslenska ríkisstjórnin að sýna ábyrgðarleysi.

Sýn ríkisstjórnarinnar og stefna er gamaldags, hún tekur ekki tillit til hinna breyttu viðhorfa. Ég segi fyrir mig að ég leit umhverfismál og stóriðjuáform allt öðrum augum fyrir 10 árum, jafnvel fyrir fimm árum. Það er ósköp eðlilegt. Menn eiga að endurmeta allar stefnur í ljósi breyttra aðstæðna og ég held að umhverfismálin séu hvað skýrust hvað það efni varðar.

Ég nefndi í framsöguræðu minni að við vildum taka upp mengunarskatt og tækifærið til þess hefði gefist í vor. Í skýrslu sem umhverfisráðherra lagði á sínum tíma fyrir Alþingi var því fagnað að breyta ætti þungaskattinum í olíugjald vegna þess að þar væri kominn vísir að mengunargjöldum. Hvað var gert? Hvað gerði þessi sama ríkisstjórn? Hún henti þessari hugmyndafræði út af borðinu og endurvakti gamla þungaskattskerfið sitt. Það er vegna þess, herra forseti, að ríkisstjórnin tekur þessi mál ekki alvarlega. Hún tekur það ekki alvarlega að hindra losun gróðurhúsalofttegunda. Vitaskuld á umræðan að vera á fullu um það hvernig við getum dregið úr mengun, t.d. hjá fiskiskipaflotanum þar sem þriðjungur losunarinnar er og í samgöngunum sem veldur öðrum þriðjungi. Sérstaðan í atvinnuháttum okkar er vitaskuld eitthvað sem við þurfum að taka á. Það væri hægt ef menn skynjuðu þetta sem vandamál, ekki einungis hér á landi, heldur sem hluta af alþjóðlegu vandamáli.

Það er rangt þegar því er haldið fram að þetta snúist um annaðhvort eða, að hætta eigi að virkja og hætta að byggja iðjuver. Málið snýst ekki um það. Við segjum skýrt: Það þarf að endurmeta stóriðjuáform eins og margt fleira. Það þarf að endurmeta orkunotkun í fiskiskipaflotanum og samgöngum. Þetta felur allt í sér aðra umhverfisstefnu og með því mundum við taka á með öðrum þjóðum.

Það er miður ef við getum ekki rætt þessi mál út frá vandamálum mannkynsins í heild en þurfum að blanda inn í þau tilteknum framkvæmdum eða kjördæmamálum á Íslandi. Mér finnst þetta mál vera miklu alvarlegra en það og við flm. höfum lagt málið upp með þeim hætti að draga fram hina siðferðilegu ábyrgð okkar Íslendinga í þessari umræðu. Við eigum ekki að skorast úr leik á alþjóðlegum vettvangi. Vitaskuld eigum við að gæta hagsmuna Íslendinga, það höfum við alltaf gert. Við náðum því fram í Kyoto með því að fá rúma heimild, og málin halda vitaskuld áfram á fundinum í Buenos Aires. Það skortir mikið á þá sýn, hjá ríkisstjórninni og hjá ýmsum sem tóku þátt hér í umræðunni, að ástæða sé til stefnubreytingar í þessum efnum.

Í dag eru allt önnur viðhorf gagnvart náttúrunni og gagnvart víðernum en áður. Mönnum eru miklu ljósari verðmæti þeirra svæða sem auðlindar, útivistarsvæða og hluta af lífskjörum framtíðar okkar en var fyrir nokkrum árum. Okkar pólitíska stefnumörkun er fólgin í að við viljum skrifa undir Kyoto-bókunina og taka þátt í þeirri samvinnu sem skapast hefur á alþjóðlegum vettvangi vegna þess að umhverfisspjöll eru mesta vá heimsins. Þau eru dauðans alvara.

Við höfum ekki leyfi til þess, við Íslendingar sem erum tiltölulega rík þjóð, gagnvart öðrum þjóðum að skorast úr leik. Við höfum margt fram að færa til umhverfismála á alþjóðavettvangi og við eigum að gera það. Við eigum að einhenda okkur í það en þá eigum við líka að hugsa út fyrir okkar gömlu hagsmunagæslu og gömlu atvinnustefnu. Það átti vel við fyrir nokkrum árum en á einfaldlega ekki við lengur við þegar kemur fram á næstu öld.

Um þetta efni er pólitískur ágreiningur, það er meginniðurstaðan í þessari umræðu en um það snýst jú pólitísk umræða, að reyna að draga fram ágreininginn, eins skýrt og hægt er. Ég tel að þessi ágreiningur milli flm. tillögunnar og ríkisstjórnarinnar sé algerlega ljós. Við viljum fara eina leið, ríkisstjórnin vill fara aðra.

[12:13]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hefur um margt verið mjög merkileg og góð umræða í dag og í gær um fyrsta mál samfylkingar jafnaðarmanna. Það er greinilega heilmikill pólitískur ágreiningur um þetta mál eins og fram kom hjá hv. 1. flm. þessarar tillögu. Sá pólitíski ágreiningur er þó einnig innan þessara nýju samtaka. Það hefur komið í ljós að þeir sem tóku hér til máls í gær, t.d. hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, hefur ekki verið hér í þingsalnum í dag til að svara fyrir það sem hún kom með í sínu máli. Það er greinilega pólitískur ágreiningur hér.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson benti á að hv. þm. Gísli Einarsson hefði ekki tekið þátt í þessari umræðu, hann hefur þó látið sig umhverfismál miklu skipta.

Í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar kom hins vegar aldrei fram svar við meginspurningu okkar: Hver er afstaða samfylkingarinnar eða hans persónulega, um t.d. magnesíumverksmiðjuna á Suðurnesjum? Þessari spurningu á hv. þm. eftir að svara.

[12:15]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ekki stórmannlegt af hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni að veitast að þingmönnum sem eru ekki í þingsalnum. Hann gerði það gagnvart hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Hún tók þátt í umræðu í gær. Ég held að hún sé ekki í þinginu núna fyrir hádegi. Þetta eiga menn ekki að gera, herra forseti. Það er alveg eins og að vera að dylgja gagnvart hv. þm. Gísla S. Einarssyni, af hverju tekur hann ekki þátt í umræðu? Þingmenn hafa rétt til að vera hér, taka þátt í þeirri umræðu sem þeir kjósa. Ég man ekki til þess að menn hafi þannig verið þvingaðir upp í ræðustól og menn eiga ekki að tala þannig.

Ég reyndi að draga fram í síðustu ræðu minni meginþætti þessa máls og ég sagðist harma að menn gætu ekki litið á þetta mál í stærra samhengi. Menn vildu endilega reyna að færa þetta niður á spurninguna um eina verksmiðju til eða frá, fara með þetta inn í kjördæmakarp heima á Íslandi. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason heldur áfram í þeim efnum.

Það er alveg ljóst að við höfum svarað þessari spurningu. Henni er svarað í tillögutextanum. Henni er svarað í málflutningi mínum. Við segjum: Við viljum endurmeta stóriðjuáform. Það þýðir að endurmeta stóriðjuáform. Það eru ýmis stóriðjuáform í gangi hvort sem það er þessi verksmiðja eða önnur. Við tölum líka um sparnaðarátök á ýmsum sviðum eins og ég hef gert að umtalsefni. En það er ekki það sem hv. þm. er að leita að. Hann er að reyna að athuga hvort hann geti komið pólitísku höggi á mig sem þingmann Reykn. með því að nota umræðuna um magnesíumverksmiðjuna í þessu samhengi. Það er ekki umhyggja fyrir umhverfismálinu eða

Kyoto-bókuninni sem rekur hann áfram í umræðunni. Nei, það er spurningin hvort hann geti komið höggi á pólitískan andstæðing út frá þessi máli. En svarið er algerlega skýrt. Það er ekki hægt að svara því öðruvísi en ég hef gert og þeirri spurningu er svarað þegar í tillgr. af okkur flutningsmönnum.

[12:17]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alls ekki að veitast að hv. þingmönnum, langt í frá. Hins vegar fyndist mér mjög eðlilegt að þeir sem taka þátt í umræðu um jafnstórt mál og þetta, fyrsta mál sem samfylking jafnaðarmanna kemur með í þingsali, og eru jafnskeleggir og þingmaðurinn Rannveig Guðmundsdóttir, væru til andsvara og það er mjög algengt. Við stjórnarþingmenn þekkjum að mjög gjarnan er kallað eftir okkur í þingsali þegar fjallað er um stjfrv. og annað slíkt og ég er því alls ekki að brjóta neinar heiðir í þeim efnum. En ég hef ekki fengið svar við þessari grundvallarspurningu enn þá.

[12:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 1. flm. málsins segir: Svarið við spurningum um framkvæmdir á stóriðjusviði á Íslandi felast í tillögutextanum. Svarið við spurningunni um magnesíumverksmiðju á Reykjanesi, stækkun járnblendiverksmiðju og álverksmiðju í Hvalfirði, byggingu risaálbræðslu á Austurlandi felst í tillögutextanum. Hv. þm. getur ekki fært þetta í orð. Hann hefur ekki álit á þessum verkefnum, eða hvað?

Ég hlýt að vekja athygli á því að ekki er hægt að koma fram með tillögu af þessum toga og segja síðan að spurningin um stóriðjuframkvæmdir hér og þar á landinu, sem er á dagskrá ríkisstjórnarinnar og kappsmál ríkisstjórnarinnar, sé spurningin um einhverja kjördæmaafstöðu, verið sé að reyna að kljúfa menn eða ráðast að mönnum á grundvelli kjördæma. Það er ekki frambærilegt, virðulegur forseti, að setja málin svona upp. Spurningin sem menn standa frammi fyrir, hvort sem þeir eru þingmenn Reykjaness, Austurlands eða Vesturlands eða hvar það er á landinu, er um það hvort þeir eru reiðubúnir að leggjast á sveif með nýrri stefnu, hafna því að taka þátt í stóriðjuuppbyggingu og láta spila sig sundur og saman og flokka sína út á það að menn verði að fá að hafa svigrúm í þessu og hinu kjördæminu. Þannig verður stefna ekki til og þess vegna stendur auðvitað eftir spurningin gagnvart þingmönnum Reykjaness hvort sem það er hv. þm. Ágúst Einarsson, Rannveig Guðmundsdóttir eða aðrir. Eru þeir fylgjandi uppbyggingu magnesíumverksmiðju á Reykjanesi og hvernig samræma þeir það kröfunni um undirritun á Kyoto-samkomulaginu?

[12:21]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur einungis einn þingmaður valdið mér vonbrigðum og það er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Við flm. eru að leggja upp með mjög merkilegt mál og ég tel að ég hafi fært fyrir því rök sem hv. þm. hefur einnig stundum haldið fram í þingræðum. Hann kýs hins vegar að fara með þetta mál nákvæmlega eins og sumir stjórnarliðar hafa verið að gera, tala um einn afmarkaðan þátt í þessu máli. Mér finnst hann með framkomu sinni í þessari umræðu ekki hafa gert umhverfismálum nokkurn greiða. Það er mat mitt á uppleggi hans inn í umræðurnar. Það segir í þessari tillögu, með leyfi forseta:

„Hérlendis hefur því verið haldið fram að öllum stóriðjuáformum sé teflt í hættu ef við gerumst aðilar að samningnum. Það er rangt. Við getum dregið úr útblæstri fiskiskipa og samgöngutækja með markvissum aðgerðum og dregið úr áhrifum mengunar með aukinni gróðurrækt og skógrækt, en landgræðsla og skógrækt eru rædd í tengslum við útfærslu Kyoto-bókunarinnar. Vitaskuld munum við grípa til sparnaðaraðgerða auk þess sem tækniframfarir leysa hluta af þessu vandamáli. Einnig er líklegt að ýmis áform um orkufrekan og útblástursmengandi iðnað verði endurmetin."

Hér er talað um nýja stefnu, stefnubreytingu. Hvernig þessi endurmetna stefna, endurmetin stóriðjuáform, verður gerð nákvæmlega get ég ekki svarað á þessari stundu en það er rangt að reyna að taka út eina verksmiðju og segja: Ertu með eða móti? Það er barnalegt. Það er fáránleg afstaða gagnvart því merka máli sem við erum að leggja upp með. Hér er lögð fram heilsteypt stefna, ný umhverfisstefna, sem ég hefði haft trú á að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mundi fagna. Nei, hann fagnar þessu ekki, kannski vegna þess að frumkvæðið kemur frá okkur eða vegna óvildar hans gagnvart mér eða Alþfl. í þessu máli og öðrum. Ég veit ekki hvað það er en hann var ekki að gera umhverfismálum greiða.

[12:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er sannarlega sérkennilegur málflutningur og ber ljóst merki um að hugur býr ekki að baki þessum tillöguflutningi og það er það alvarlega. Ég hef lýst afstöðu minni til tillögunnar. Ég er reiðubúinn að skrifa upp á tillöguna og standa að henni. En þýðir að bjóða þjóðinni að koma með þessa kröfu og svara því ekki um leið hvort menn eru andvígir því að ráðast í stóriðjuuppbyggingu, stóriðjuframkvæmdir sem munu, ef þær gengju allar fram, líklega tvöfalda þá losun gróðurhúsalofttegunda sem nú er um að ræða eða fara langt með það? Hvers konar málflutningur er þetta og vísa síðan á landgræðslu og skógrækt og aðra góða hluti sem eru vissulega möguleiki inni í þessu samhengi en skipta ekki nokkru máli hvað magn snertir, ekki nokkru máli ef borið er saman við þær risaframkvæmdir sem ríkisstjórnin áformar? Það verður spurt um þetta, hvaða hald er í þessum tillöguflutningi þegar kemur til afstöðu einstakra þingmanna og þá væntanlega þingflokka í heild sinni. Spurningin er þessi: Eru menn reiðubúnir að snúa af stóriðjubrautinni, setja strik undir hana og taka upp nýja stefnu?

[12:25]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf jafngaman að heyra hvernig þríflokkurinn hleypur undan í hverju einasta máli sem komið hefur upp eftir að þeir birtu sína frægu málefnaskrá og pólitískur loddaraskapur og tvískinnungur hv. þm. Ágústs Einarssonar er alveg hreint ótrúlegur. Verið er að hlaupa á bak við eitthvað sem skiptir ekki neinu í þessu máli og reyna að skýla sér á bak við það hvort einhverjir séu mættir í salinn og hvernig menn hafi brugðist við í allt öðrum málum. Ég skil ekki hvað hv. þm. er í rauninni að fara með þessari tillögu sinni eftir að hafa hlustað á þetta.

Hann meinar greinilega ekkert með því að hann vilji undirrita bókunina, — nema. Ég held að samt hljóti að vera krafa ef menn meina eitthvað með því sem þeir eru að gera og segja hér, það hlýtur að vera krafa fólksins í landinu, fólksins í Reykjaneskjördæmi að vita hvert þessi flokkur er að stefna. Hvert er þríflokkurinn eða hv. þm. í þessum þremur flokkum

að stefna með þessum málflutningi? Eru þeir að leggjast gegn ákveðnum verkefnum eða eru þeir ekki að gera það?

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að hann vildi í raun að hætt yrði við allar stóriðjuframkvæmdir og stóriðjuáform um óákveðinn tíma. Vill hv. þm. Ágúst Einarsson það einnig? Þögn er sama og samþykki. Ef hann svarar þessu ekki þá er þögn sama og samþykki. Ef hann sem sagt meinar þetta, þá hlýtur hann að geta sagt þetta.

Hv. þm. jafnaðarmanna og annarra hafa hlaupist ákaft undan því að meina það í málefnasamningnum að herinn eigi að fara úr landi. Það er ein árásin enn á Suðurnes að reyna að koma því til leiðar að herinn fari. Við vitum að því fylgja 1.700 störf. Það fylgja 400 störf magnesíumverksmiðju ef hún skyldi verða að raunveruleika. Ég segi: Þetta er ótrúleg árás á Suðurnesjamenn og þau störf sem þar eru og verið er að reyna að byggja upp, það er skylda þingmannsins að svara.

[12:28]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson sagðist ekkert skilja í tillögunni og þá er náttúrlega lítið sem ég get sagt við því. Ég held að tillgr. sé skýr og ég held að ég hafi rökstutt hana hvort sem menn eru sammála því eða ekki. Ég get því ekki skýrt það betur í umræðunni.

Við erum ekkert að hlaupa frá neinum stefnumálum. Ég hef dregið alveg skýrt fram, þetta er stefnumál okkar í samfylkingunni. Við erum að fylgja því eftir með mjög skýru þingmáli. Ríkisstjórnin er ósammála þeirri stefnu sem við leggjum upp með.

Ég hef margoft svarað að við erum að endurmeta stóriðjuáform. Við erum að grípa til fjölþættra aðgerða til að bregðast við áhrifum Kyoto-bókunarinnar. Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég hef sagt í því hvernig sú endurskoðun verður, það verður að koma í ljós.

Hv. þm. blandaði síðan öðru algerlega óskyldu máli inn í þetta sem er utanríkismál, hann fór rangt með úr málefnagrunni samfylkingarinnar. Þar er bent á að bókun um framkvæmd hluta varnarsamningsins rennur út og þær viðræður eru hafnar undir forustu utanrrh. Til hvers þær leiða veit ég ekki en það er líka alveg skýrt kveðið á um það í bókun okkar að úrsögn úr NATO eða eitthvað þess háttar er ekki á dagskrá hjá okkur. Ég bið menn að gæta sanngirni úr því að þeir blanda algerlega óskyldum þáttum inn í umræðuna. Við verðum, herra forseti, að gefa því betra rúm þá og ræða utanríkismál og skýra þau betur ef það er eitthvað óljóst í hugum hv. þm. Ekki skal standa á mér gagnvart þeim þáttum en mér finnst ekki vel við hæfi að ásaka okkur um að ætla að skapa einhverja hættu í atvinnuástandi á Suðurnesjum með utanríkisstefnu okkar. Það er einfaldlega rangt en því verður að svara og skýra betur síðar.

[12:30]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að benda á hvert þessi nýi flokkur er að stefna, hvað hann er að leggja til varðandi atvinnumál á ákveðnum svæðum landsins. Þessi flokkur, herra forseti, þetta nýja stjórnmálaafl leggur það til í þeirri málefnaskrá sem þeir hafa lagt fram að herinn fari. Það fylgja því 1.600–1.700 bein störf. Það er óumdeilt og ekkert hefur komið fram um að þetta sé ekki meining og vilji þessara samtaka. Það hefur einnig komið fram að þessi samtök eru líka á móti magnesíumverksmiðju og annarri uppbyggingu stóriðju eða hugmynda sem eru á borðinu í dag á Suðurnesjum um atvinnuuppbyggingu. Þetta nýja framboð er á móti því. Og það er mjög nauðsynlegt að kjósendur, íbúar á þessum svæðum viti hvað hv. þm. eru að meina með þessum málflutningi. Það er komið fram og ég þakka fyrir það, herra forseti, að hv. þm. hefur útskýrt að þau samtök munu leggjast gegn frekari atvinnuuppbyggingu á stóriðjusviði á Suðurnesjum eða í kjördæminu en orðin er.

[12:31]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson kýs að láta allt sem ég segi sem vind um eyru þjóta. Það er hans mál og vilji hann snúa út úr og fara með rangt mál þá er það líka hans mál. Ég ætla ekki að elta ólar við hann í umræðunni um þann þátt málsins. En það er rangt að við séum með þessari tillögu eða öðrum tillögum að beina spjótum að Suðurnesjum eða öðrum svæðum á landinu. Það eru ósannindi en hann má fara með þau ósannindi hér í þessum ræðustól nákvæmlega eins og honum sýnist.

Hins vegar vil ég, herra forseti, vekja athygli á því að í utanríkismálakafla okka segir ekkert um að reka eigi herinn úr landi eða láta herinn fara. Þetta eru líka ósannindi sem hv. þm. kýs að fara með. Hann verður þá að lesa textann betur. Það er ekki hægt að fara með þennan texta hér. (Gripið fram í.) Ég skal reyna að lesa þennan texta við annað tækifæri en það snýr hins vegar ekki að Kyoto-bókuninni.

[12:33]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi syrpa er orðin nokkuð löng og kannski ekki á bætandi, en hv. 1. flm. þessarar tillögu er í nokkrum vandræðum. Það fer ekki milli mála og hann fær ótrúlega litla aðstoð annarra hv. þm. í samfylkingunni í þessum málflutningi sínum, en það er nú eins og það er. Hann hefur kannski álitið þingheim vitlausari en hann er því þingheimur sá í gegnum þessa tillögu, að ekki er bæði sleppt og haldið, hv. þm. Mér finnst þetta mál kannski dálítið dæmigert fyrir það stefnuplagg sem dreift var af hálfu framboðsins því þar er í fyrstu talað mikið um útgjöld sem skiptir tugum milljarða. Síðan kemur ein setning aftarlega þar sem lögð er áhersla á stöðugleika í efnahagsmálum, lága verðbólgu og stöðugt gengi. Í þessu máli er lögð áhersla á að skrifa strax undir Kyoto-bókunina, en samt sem áður eru hv. þm. ekki andvígir stóriðjuframkvæmdum og þetta tvennt fer einfaldlega ekki saman.

Ég vil lýsa mikilli ánægju með framgöngu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. umhvrh. í þessu máli. Hann er að berjast fyrir hagsmunum Íslands og hagsmunir Íslands eru þeir að við fáum sérstöðu okkar Íslendinga metna. Það er allt á réttri leið og ég óska hæstv. umhvrh. til hamingju með það og óska honum velfarnaðar áfram í því starfi. En aðalatriðið er það, hæstv. forseti, að það verður ekki bæði sleppt og haldið og hv. þm. hlýtur að hafa áttað sig á því nú þegar.

[12:35]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að staðfest hafi verið með þessu andsvari hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, að það er grundvallarágreiningur um þetta mál milli okkar og ríkisstjórnarinnar. Hún óskaði umhvrh. til hamingju með framgöngu hans í þessu máli og það getur hún alveg gert ef hún er þeirrar skoðunar að þarna sé verið að berjast vel fyrir hagsmunum Íslands.

Það sem við höfum hins vegar verið að reyna að draga fram í umræðunni er að þetta mál er stærra en svo að það snúist einungis um hagsmuni Íslands. Það snýst að hluta til um hagsmuni Íslands en það snýst um hagsmuni heimsbyggðarinnar og við höfum lagt fram ítarlega stefnu í umhverfismálum. Þessi tillaga er ein af fjölmörgum stefnuatriðum okkar um umhverfismál en hins vegar er hún mjög mikilvæg. Þetta snýst ekkert um það að sleppa eða halda. Þetta mál snýst ekki, herra forseti, um annaðhvort eða. Þetta mál snýst um atvinnustefnu framtíðarinnar. Vilja menn halda áfram á þessari gamaldags braut ríkisstjórnarinnar með því að einu úrræði atvinnuuppbyggingar framtíðarinnar séu fólgin í frekari stóriðjuframkvæmdum sem hún rær öllum árum að að nái fram að ganga, eða eru menn reiðubúnir til að hugsa aðra þætti atvinnulífsins? Ríkisstjórnin heldur dauðahaldi í sína gömlu stefnu og það er hennar réttur. Hún hefur til þess pólitískt umboð og pólitískan meiri hluta. Við flm. höldum því hins vegar fram að þessi stefna sé til lengri tíma andstæð hagsmunum Íslendinga, og um það snýst þetta mál. Það er alveg ljóst hvernig málflutningi okkar er háttað, hann er mjög skýr. Menn geta verið ósammála honum, það er góður réttur hæstv. ráðherra og hv. þm. í þessu máli, og þannig vil ég einnig ræða málið. Ég vil að það sé alveg ljóst um hvað þessi ágreiningur snýst þannig að fólk geti síðan dregið ályktanir sínar og tekið afstöðu á grundvelli þess.

[12:37]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki nóg að segja okkur hv. þm. að stefna sé skýr þegar okkur finnst hún óskýr. Hún er óskýr og hv. þm. veit það sjálfur. Vill hv. þm. ekki að sérhagsmunir Íslands séu metnir? Er það niðurstaða þessarar umræðu? Vill hann ekki að við reynum að ná okkar fram í þessum samningum og að aðstæður okkar, sem eru sérstakar, séu metnar? Það er best að fá svar við því. Ég tók eftir að hæstv. umhvrh. vitnaði til orða eins hv. þm. Alþfl. sem sagði áður en farið var til Kyoto að hugmyndir okkar og kröfur yrðu hlegnar út af borðinu, en þegar hann sá að hlustað var á okkur skrifaði hann leiðara þess efnis að að sjálfsögðu hefði verið tekið tillit til sérhagsmuna Íslendinga. Ég vil spyrja hv. þm.: Vill hann að Ísland berjist fyrir því að sérstaða Íslands sé metin, ekki síst þegar það samræmist þeim megináherslum sem settar eru fram í bókuninni?

[12:38]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur, þetta mál snýst ekki einungis um hagsmuni Íslendinga. Við fengum á Kyoto-ráðstefnunni rúmastar heimildir allra þjóða. Að mati ríkisstjórnarinnar er það ekki nóg og þess vegna leggur hún til að bora gat á hugmyndafræði Kyoto-samningsins með þessari nýju tillögu, sem getur vel verið að verði samþykkt. Það þýðir þá áframhald á atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar, þar á meðal óbreyttri stóriðjustefnu ef þessi bókun væri samþykkt. Við erum að segja að þessi stefnumörkun sé ekki hagstæð Íslendingum til lengri tíma. Ég veit vel að út frá skammtímasjónarmiðum geta menn sagt: Allt í lagi, eigum við ekki að reyna að nýta stóriðjudrauminn núna eins mikið og við getum næstu ár? Við segjum hins vegar: Endurmetum þetta, skoðum tímaröðina betur í þessum málum, tökum tillit til breyttra aðstæðna í umhverfinu og hjá almenningi sem hafa komið upp á síðustu missirum. Þetta veit hv. þm. að er skynsamlegt að gera og það er þess vegna sem við segjum: Ef ríkisstjórnin lítur á alþjóðleg umhverfismál einungis út frá þröngum hagsmunum Íslendinga er hún á villigötum.

[12:39]

Útbýting þingskjals:

Vegtollar, 45. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 45.

[12:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en kemst þó ekki hjá því að tjá mig aðeins um viðbrögð hv. þm. Ágústs Einarssonar við spurningum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Ég tel að viðbrögð hv. þm. hafi verið röng, eða öllu heldur réttar orðað ekki skynsamleg því ég held að það liggi í hlutarins eðli að eðlilegt sé að spyrja um það hvort menn geri sér ljósar afleiðingar þess að taka upp hina gjörbreyttu stefnu og í ljósi þess að andstaða ríkisstjórnarinnar við undirritun Kyoto-samningsins er auðvitað drifin áfram að verulegu leyti af þeim stóriðjuáformum sem ríkisstjórnin er með á borðinu. Og ríkisstjórnin áttar sig á því þrátt fyrir allt að ef hún skrifar undir bókunina og framkvæmir hana, þá eru þessi áform út úr myndinni og því finnst mér samhengi þessa máls svo augljóst að það er ekki hægt að kalla það neina meinbægni að bregðast illa við því þótt þingmenn leyfi sér að spyrja í umræðunni: Þýðir þetta þá að í tengslum við þá tillögu sem hér er flutt af nokkrum hv. þm. sé á ferðinni stefnubreyting hvað varðar afstöðu þeirra þingmanna eða flokka sem þeir eru fulltrúar fyrir til slíkra áforma? Nú tek ég fram að ég fagna því auðvitað ef Alþfl. er í alvöru að reyna að taka sig á í umhverfismálum. Og ég viðurkenni fúslega að mér finnst það gott ef Alþfl., sem var á síðasta kjörtímabili meira og minna kolóður stóriðjuflokkur undir forustu páv. iðnrh. og þm. Jóns Sigurðssonar, hefur nú tekið upp þar aðrar áherslur og geðþekkari og vill setja spurningarmerki við þá siglingu sem þá var efnt til. En staðreyndin er reyndar sú, herra forseti, að nú eru að koma til framkvæmda hlutir sem voru í stóriðjuaukningu undirbúnir í stjórnartíð Alþfl. og af ráðherrum Alþfl. og ber þar auðvitað hæst stækkunin í Straumsvík og jafnvel að einhverju leyti framkvæmdirnar á Grundartanga þótt þær kunni nú að mestu leyti að hafa komið til sögunnar síðar.

Ég tel að þetta samhengi málsins sé svo augljóst og eðlilegt að menn geti ekki brugðist neitt illa við því þótt spurt sé út í það. Ég er hins vegar sammála hv. þm. Ágústi Einarssyni að því leyti til að mér finnst heldur dapurlegt að menn taki afstöðu í þessu máli út frá þröngum hagsmunum og atvinnutækifærum í kjördæmum sínum. Það er auðvitað á lágu plani að ræða málið þannig, eins og hv. þm. Kristján Pálsson gerði áðan og kemst ekkert annað að í hans huga en störfin við hermangið og störfin við einhverjar fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir í kjördæmi hans og það er greinilegt að hv. þm. rís ekki hærra í þessum efnum en það að honum finnst ekkert annað skipta máli. Framtíð lífs á þessari jörð og umhverfið, lofthjúpurinn, það er einhvers staðar langt í burtu þegar hv. þm. Kristján Pálsson er að velta þessum hlutum fyrir sér, a.m.k. þegar styttist í prófkjör Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi. Nei, hér eru auðvitað mjög stórir hlutir á ferð, herra forseti, og ég ætla ekki að fara að fara aftur inn í þá eða opna aftur upp þá umræðu sem auðvitað er fullkomin þörf á að Alþingi fari rækilega yfir, og verðskuldar jafnvel betri umfjöllun og meiri en tími og rúm leyfir í umfjöllun um eina þáltill. Þá á ég við þau margvíslegu áhrif sem breyttar aðstæður í þessum efnum koma til með að hafa, eða ættu að hafa ef mannkynið og þar með taldir við Íslendingar tekur

alvarlega á þessum hlutum. Ég held að loftslagsbreytingarnar og gróðurhúsaáhrifin séu þar mjög stór þáttur þótt mjög mörg önnur alvarleg umhverfisvandamál megi ekki gleymast og hverfa í skuggann af umræðunni um gróðurhúsaáhrifin. Ég get reyndar ekki annað en játað það að ég hef vissar áhyggjur af því hvað við erum upptekin þessi árin af vandamálinu sem snýr að lofthjúpnum og loftslagsbreytingunum sem slíkum sérstaklega, og það hafi valdið því að minna er fjallað um ýmislegt annað sem er að gerast og er stóralvarlegt.

Merkur maður sem ég tek mark á í þessum hlutum, kunningi minn erlendur, hefur sagt mér að hann sé þeirrar skoðunar, og er hann þó einn af helstu sérfræðingum einmitt um loftslagsbreytingar, að þrátt fyrir allt þá muni önnur umhverfisvandamál reynast alvarlegri og nær okkur í tímanum en loftslagsbreytingarnar þó að jafnvel það versta gangi eftir í þeim efnum. Og til hvers er þá verið að vísa? Þá er sérstaklega verið að vísa til eyðingar regnskóganna og eyðingar jarðvegs sem er gígantísk og er að keyra mannkynið, einnig með tilliti til vaxandi fólksfjölda, beint í hungur, beint í hungurgildru vegna þess að það gengur með ótrúlegum hraða á það þurrlendi jarðarinnar sem er hæft til framleiðslu matvæla.

Hið sama á við um regnskógana sem eru gífurlega mikilvægir af margvíslegum ástæðum, t.d. vegna þess lífs sem þar er og vistkerfa sem þar eru, vegna áhrifa á loftslag svæðisbundið og vegna þess að þeir eru uppspretta margs konar efna til lyfjagerðar og ýmissa hluta. Það var hrollvekjandi frétt á einni sjónvarpsstöðinni, ég held það hafi verið í gærkvöldi, um hinar óbeinu eða jafnvel beinu afleiðingar af þróunarhjálp eða styrkjum Evrópusambandsins í tilteknu Mið-Afríkuríki sem hafa leitt til þess að á skömmum tíma er búið að fella um helming af regnskógum í því landi.

Þó að hér séu stór og alvarleg mál á ferð sem verðskulda athygli og kalla á að við bregðumst við og séum menn til að breyta hugsunarhætti okkar og jafnvel lífsvenjum þá er þar ýmislegt fleira á ferðum.

Að síðustu verð ég að segja að mér finnst það alveg merkilegt þegar menn koma upp í þessari umræðu og tala um þær takmarkanir sem alþjóðasamningurinn um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda kunni að hafa á hagkerfi heimsins eins og alveg sérstakt vandamál í því samhengi og jafnvel almennt talað. En eru það ekki einmitt slíkar takmarkanir, það að slíkar bremsur verði settar á hið taumlausa neyslukapphlaup og græðgi Vesturlandabúa, sem eru lífsnauðsynlegar nánast í öllu tilliti. Það er alveg sama hvar okkur ber niður á sviði umhverfismála, mengunar og auðvitað loftslagsbreytinga, græðgin, þessi taumlausa neysla og vítahringur hagvaxtarskrúfunnar sem verður að vera 2–3% á ári því annars fer allt í steik eins og ástandið í efnahagskerfi heimsins sannar nú um þessar mundir, er að leiða okkur í glötun. Þó að engar loftslagsbreytingar kæmu til og engin þörf væri á því að takmarka sérstaklega gróðurhúsalofttegundalosunina þá er bara svo margt annað í umhverfismálunum sem kallar á slíkar aðgerðir að það hálfa væri nóg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:49]

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 6. mál (húsaleigubætur). — Þskj. 6.

og

Húsaleigubætur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 7. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 7.

[13:35]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem fjallar um að húsaleigubætur verði skattfrjálsar líkt og vaxtabætur. Jafnframt mæli ég fyrir frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða húsaleigubætur sem tengist þessu frv. Um er að ræða að verði fyrra frv. samþykkt, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þá þarf að breyta ýmsum öðrum lögum, svo sem lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um húsaleigubætur. Flutningsmenn að þessum tveimur frv. eru auk mín hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Kristín Halldórsdóttir.

Markmið frumvarpanna er að tryggja að markmiðum laga um húsaleigubætur, um lækkun húsnæðiskostnaðar tekjulágra leigjenda, verði náð og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Eins og ég nefndi í upphafi máls míns er um að ræða breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt í þá veru að húsaleigubætur verði skattfrjálsar en húsaleigubætur bera nú skatt.

Húsaleigubótum var komið á á árinu 1995 og var lögð fram skýrsla nefndar um húsaleigubætur og reynsluna af húsaleigubótum. Þar kemur fram að húsaleigubætur hafi sannarlega verið tekjulágum leigjendum til hagsbóta og stuðlað að framförum á leigumarkaði. Í skýrslunni segir, herra forseti, að um 70% bótaþega séu undir skattleysismörkum og 86% íbúða séu þriggja herbergja eða minni.

Það kemur fram í því að 70% bótaþega séu undir mörkum að þetta hefur fyrst og fremst nýst því fólki sem verst er statt í þjóðfélaginu og hefur úr minnstu að spila.

Auðvitað er mikið óréttlæti fólgið í að skattleggja húsaleigubætur meðan vaxtabætur eru skattfrjálsar. Nálægt 60% þeirra sem nú fá húsaleigubætur eru atvinnulausir, ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar, námsmenn eða einstæðir foreldrar. Hér er um að ræða tekjulægstu hópa þjóðfélagsins og húsaleigubætur og vaxtabætur eru hvort tveggja aðstoð samfélagsins til að auðvelda fólki að standa straum af húsnæðiskostnaði. Því má líkja við brot á jafnræðisreglunni þegar bætur sem komið er á í nánast sama tilgangi, þ.e. að auðvelda fólki að fá húsaskjól, hljóta mismunandi meðferð í skattkerfinu.

Ég vitnaði í skýrslu sem skilað var af nefnd á vegum félmrh. sem falið var að fylgjast með framkvæmd laga um húsaleigubætur. Þar er einmitt komið inn á skattlagningu húsaleigubóta og vil ég vitna í þann kafla, með leyfi forseta. Þessi kafli skýrir einmitt tilganginn þess að leggja þetta frv. Í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að skattlagningu húsaleigubóta verði aflétt. Markmið laga um húsaleigubætur er að niðurgreiða

húsnæðiskostnað hjá tekjulágum einstaklingum til samræmis við vaxtabætur sem greiddar eru íbúðareigendum. Húsaleigubótum er ætlað að jafna húsnæðiskostnað leigjenda og draga úr þeim aðstöðumun sem ríkt hefur með tilliti til þess hvort um er að ræða eigendur eða leigjendur að íbúðarhúsnæði.

Nefndin telur skattlagningu húsaleigubóta því vera gróft brot á þeirri grundvallarreglu skattaréttar, jafnræðisreglunni, að skattleggja húsaleigubætur á sama tíma og vaxtabætur eru skattfrjálsar."

Hér er ég að vitna til skýrslu nefndar sem félmrh. skipaði, herra forseti, sem segir að skattlagning húsaleigubóta sé gróft brot á þeirri grundvallarreglu skattaréttar, jafnræðisreglunnar, að skattleggja húsaleigubætur á sama tíma og vaxtabætur eru skattfrjálsar. Áfram segir, með leyfi forseta:

„Í þeirri reglu felst gróf mismunun sem ekki verður réttlætt á nokkurn hátt. Með skattlagningu húsaleigubóta er verið að viðhalda þeirri mismunun sem ríkt hefur um langt skeið á húsnæðismarkaðnum, þvert á markmið laga um húsaleigubætur. Skattlagning húsaleigubóta felur í sér að skattlagðar eru bætur til þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, tekjulægstu hópa samfélagsins, og skattfrelsi til handa þeim sem betur eru staðir fjárhagslega, fasteignareigenda. Nefndin telur að við slíka mismunun verði ekki unað.

Skattlagning húsaleigubóta hefur einnig þau áhrif að aðrar bætur sem eru tekjutengdar skerðast, svo sem barnabótauki. Áhrif húsaleigubóta á auknar ráðstöfunartekjur verða því mun minni en ætla mætti í fyrstu.

Þá getur skattlagning húsaleigubóta einnig haft þau áhrif að einstaklingi sem er á leigumarkaði og vill komast í eigið húsnæði verði hafnað í félagslega íbúðakerfinu vegna of hárra tekna.

Húsaleigubætur eru skattfrjálsar á öllum Norðurlöndum."

Þessi skýrsla er unnin í lok árs 1995. Það sem gerst hefur í millitíðinni er að núv. hæstv. félmrh. hefur lagt fram frv. um breytingar á húsaleigubótum sem orðið er að lögum. Þar er gert ráð fyrir að skylda öll sveitarfélög til þess að taka upp húsaleigubætur en engu að síður lagði félmrh. ekki til, þrátt fyrir það sem fram kemur hjá þessari nefnd og ég var hér að lesa upp, að húsaleigubætur yrðu skattfrjálsar.

Sveitarfélögin hafa ítrekað sent áskoranir um skattfrelsi húsaleigubóta en hæstv. félmrh. ekki orðið við því. Ég geri ráð fyrir, herra forseti, nema annað komi fram við þessa umræðu, að hér sé kannski fyrst og fremst við Sjálfstfl. að sakast fremur en Framsfl. Ég þekki það frá tíð minni sem félmrh. að hv. sjálfstæðismönnum var illa við húsaleigubætur sem þó er ljóst, herra forseti, að er ein besta kjarabót sem láglaunafólk hefur fengið í langan tíma. Það hefur komið fram í skýrslum og úttektum sem gerðar hafa verið á reynslunni af húsaleigubótunum.

Í áðurnefndri skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt upplýsingum ágústmánaðar er langstærsti hluti bótaþega einstaklingar eða um 46%. Kynjaskipting er nokkuð jöfn eða 47% karlar og 53% konur. Næststærsti hópurinn eru einstæðir foreldrar eða um 23% bótaþega. Í þeim hópi er kynjaskiptingin 97% konur og 3% karlar. 30% bótaþega eru giftir eða í sambúð."

Því er ljóst að ef fallist verður á að húsaleigubætur verði skattfrjálsar, þá mun þetta koma einstæðum foreldrum sérstaklega til góða. Það mundi einnig gagnast hópi sem nokkuð hefur verið í umræðunni undanfarið og það eru öryrkjar. Þeir hafa ályktað í þessa veru og vil ég vitna í ályktun sem þeir hafa nýlega látið frá sér fara. Í ályktun Öryrkjabandalags Íslands segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdastjórn Öryrkjabandalags Íslands skorar eindregið á stjórnvöld að breyta lögum um húsaleigubætur, svo og skattalögum á þann veg að þessar bætur verði ekki skattlagðar svo sem nú er. Í langflestum tilvika valda hin lágu skattleysismörk því að leigjendur skila sjálfkrafa aftur nærri 40% húsaleigubóta sinna í skattgreiðslur."

Af þessum fáu þúsundum króna sem lægstlaunaði og fátækasti hópurinn á Íslandi fær til þess að jafna húsnæðiskostnað á við þá sem eiga íbúðir, þarf að skila 40% í skattgreiðslur meðan þeir sem eru betur settir og fá vaxtabætur þurfa engu að skila af því í ríkissjóð. Síðan segir í þessari ályktun Öryrkjabandalagsins, með leyfi forseta:

„Framkvæmdastjórnin vekur sérstaka athygli á því hversu öryrkjar eru fjölmennir í hópi leigjenda, enda kjarastaða margra þeirra slík að þeir eiga fárra annarra kosta völ. Framkvæmdastjórn Öryrkjabandalagsins ítrekar því eindregna áskorun sína um að húsaleigubætur verði ekki skattlagðar svo tryggt sé að þær komi að sem allra bestu notum fyrir það tekjulága fólk sem þeirra á að njóta."

Auðvitað er alveg sérstök ástæða til þess að nefna þessa ályktun öryrkjanna, ekki síst þar sem nú nýverið kom fram hve fjárhagsstaða margra öryrkja er erfið. Það birtist í því að helmingur þeirra sem leita til Hjálparstofnunar kirkjunnar eru öryrkjar. Maður spyr: Er það virkilega svo að ríkissjóður eigi að finna matarholu í vasa öryrkjanna í gegnum skattlagningu á húsaleigubótum?

Ég minntist þess áðan að Sjálfstfl. hefði verið tregur í taumi varðandi húsaleigubætur og skattlagningu þeirra. Í tíð minni sem félmrh. þegar húsaleigubótum var komið á voru miklar deilur uppi milli mín og þáv. fjmrh. um skattlagningu húsaleigubóta, þar sem ég óskaði eindregið eftir því að þær yrðu skattfrjálsar með líkum hætti og vaxtabætur. Niðurstaðan þá varð sú að hækka húsaleigubæturnar sem áformaðar voru sem samsvaraði því sem skattlagningin væri. Þannig að raunverulega voru bæturnar hækkaðar sem samsvaraði skattlagningu áður en það var lagt fram á þingi frá því sem áformað var. Þetta var málamiðlun á þeim tíma og ég taldi vera skref í áttina og þess virði jafnvel þó frv. væri með þeim annmarka að reyna þó að koma því í gegnum þingið. Enda kom það sér mjög vel að hækka frekar bæturnar þá því eins og kom fram í mínu máli áðan er stór hópur þeirra sem fá húsaleigubætur undir skattfrelsismörkum þannig að sá hópur græddi á þeirri útfærslu.

En nú er, herra forseti, umhverfið orðið nokkuð annað en þegar húsaleigubótum var komið á í árslok 1994–1995. Nú er það þannig að félagslega húsnæðiskerfinu hefur verið breytt og húsaleigubætur koma nú í stað niðurgreiðslna á leiguíbúðum sveitarfélaga og í stað þeirra niðurgreiðslna sem hafa verið á félagslegum íbúðum. Þetta þýðir að stærri hluti tekna láglaunafólks fer í húsnæðiskostnað en áður þannig að staða þess er miklu erfiðari eftir þá breytingu sem gerð var á húsnæðislöggjöfinni á síðasta þingi og raunverulega enn meira en áður sem knýr á um það, herra forseti, að þessi lagabreyting nái fram að ganga.

Við fórum einmitt í gegnum það þegar hæstv. félmrh. kom með frv. sitt um húsaleigubætur hvað skattlagningin þýddi í útgjöldum hjá þeim hópum sem verst hafa það í þjóðfélaginu. Þá voru nefnd raunveruleg dæmi af fólki t.d. með árstekjur um 700 þúsund. Svo ég taki af handahófi eitthvað af þessum dæmum, þá var um að ræða einstætt foreldri sem

þurfti að borga 5.300 kr. í skatt á mánuði af þeim 12.900 kr. sem þetta einstæða foreldri fékk í húsaleigubætur. Eftir skatt stóðu um 7.600 kr. Þannig er fjöldi dæma af fólki með kannski tekjur upp á 700 þús. til 1 millj. kr., sem hefur fengið 12–15 þús. kr. í húsleigubætur á mánuði, og fólk vissulega munar um, sem borgar kannski 20–30 þús. kr. í leigu á mánuði, að tekið er af því kannski um 40% aftur, 5, 6, 7 þús. kr. Um það höfum við mörg raunveruleg dæmi sem Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar lagði fram þegar stofnunin var að sýna fram á nauðsyn þess að húsaleigubætur yrðu skattfrjálsar.

Og það er ekki nóg með að skattlagning húsaleigubóta virki með þessum hætti, að 40% af húsaleigubótunum, tekjunum af húsaleigubótum þarf að skila aftur í ríkissjóð heldur kemur þetta líka niður á skerðingu á barnabótum. Þetta getur leitt til þess að barnabætur skerðist hjá fólki sem er kannski með tvö til þrjú börn. Það kemur til viðbótar skattlagningunni, herra forseti. Við sjáum það núna t.d. í fjárlagafrv. að þar er gert ráð fyrir að úr útgjöldum ríkissjóðs dragi vegna barnabóta á næsta ári um 500 millj. kr.

Við erum alls ekkert að tala um einhverjar himinháar fjárhæðir ef Alþingi samþykkir þetta frv. sem ég mæli hér fyrir. Vaxtabæturnar eru sennilega að nálgast núna 4 milljarða í útgjöldum hjá ríkissjóði, sem ekki eru skattlagðar, og ekki er ég að mæla með því að vaxtabætur verði skattlagðar. En þetta eru 4 milljarðar í útgjöld sem ekki eru skattlagðir, þ.e. vaxtabæturnar. En þegar kemur að húsaleigubótum, sem eru kannski — voru í fyrra um 300 millj., þó þær eigi örugglega eftir að vaxa, sem er tífalt lægri fjárhæð en vaxtabæturnar, þá er talin ástæða til, herra forseti, að skattleggja þær. Og við erum þó að tala um hóp, herra forseti, sem er mun verr staddur í þjóðfélaginu en þeir sem fá vaxtabætur og eiga sínar íbúðir. Við erum að tala um þann hóp sem nokkuð hefur verið rætt um í þjóðfélaginu, öryrkja, sem sumir hverjir eiga varla til hnífs eða skeiðar út mánuðinn. Á þennan hóp er ráðist með skattlagningu á húsaleigubótunum.

Herra forseti. Þó að þetta hafi vissulega verið slæmt í upphafi, eins og ég nefndi áðan, þegar húsaleigubótunum var komið á, þá er ég sannfærð um að þær breytingar sem voru gerðar á húsnæðislöggjöfinni og félagslega kerfinu á síðasta þingi muni auka verulega útgjöld húsaleigubóta sem nú eru komin til sveitarfélaganna. Uppgjörið milli ríkis og sveitarfélaga að því er varðar húsaleigubætur var það að ríkið lætur sveitarfélögin hafa 280 millj. á ári sem fer í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. En við höfum haldið því fram, og ég hef þar m.a. stuðst við útreikninga Þjóðhagsstofnunar, að breytingin sem gerð var á síðasta þingi þegar hætt verður niðurgreiðslu á félagslegum íbúðum og leiguíbúðum, gæti þýtt að útgjöld sveitarfélaganna yrðu 500–600 milljónir.

Stærri hluti framfærslunnar fer því í húsnæðiskostnað hjá þeim sem eru á leigumarkaðnum en áður var þegar húsnæðisaðstoðin birtist í formi niðurgreiðslu, bæði niðurgreiðslu á félagslegum íbúðum og niðurgreiðslu á kostnaði eða húsnæðiskostnaði í leiguíbúðum sveitarfélaga. Vegna þess að sveitarfélögin greiddu jú niður húsnæðiskostnaðinn hjá þeim sem voru í leiguíbúðum á vegum sveitarfélaga, kannski um nálægt helming, sem nú er stefnt að að hætta þannig að fólk þarf að fullu að greiða raunkostnað við húsnæðisaðstoðina á leigumarkaðnum en fær þess í stað húsaleigubætur sem eru skattlagðar. Við erum því að tala um það, herra forseti, að með þeirri breytingu og með skattlagningu húsaleigubóta erum við að auka verulega framfærslukostnað þeirra sem verst hafa það í þjóðfélaginu.

Ég hef látið reikna út, og þá var það miðað við sl. ár, að samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra námu greiðslur húsaleigubóta á síðasta ári 321 millj. kr. Og að teknu tilliti til þess að margir geta nýtt persónuafslátt sinn til greiðslu á skatti af húsaleigubótum má ætla að tekjutap ríkissjóðs verði um 100 millj. kr. á ári nái frv. fram að ganga. Þetta eru ekkert voðalega stórar fjárhæðir fyrir ríkissjóð sem hafði í tekjuauka á þessu ári og næsta 25 milljarða kr. En þetta munar gífurlega miklu fyrir þann stóra hóp í útgjöldum sem verst er staddur í þjóðfélaginu og þarf að taka á sig þessa skattlagningu.

Ég held að við verðum að fara að horfa til þess, eins og fram kom í einu dagblaðanna fyrir tveim eða þrem dögum, að þriðja þjóðin er að verða til í okkar ágæta landi, sem þessi hæstv. ríkisstjórn virðist gjörsamlega hafa gleymt á kjörtímabilinu. Það eru öryrkjar, einstæðir foreldrar og fólk sem gert er að lifa á 50–70 þús. kr. á mánuði. Það eru aldraðir, öryrkjar og einstæðir foreldrar. Þetta er að verða þriðja þjóðin í þjóðfélaginu. Og það þarf endilega, herra forseti, að skattleggja húsnæðisaðstoðina sem þessum hópi er veitt um 40%. Taka aftur 7–8 þús. kr. af þeim 12–15 þús. kr. sem þetta fólk fær í húsnæðisaðstoð.

Ég held að allir hljóti að sjá alveg eins og nefnd félmrh. á sínum tíma komst að raun um, að þetta er gróft brot og gróf mismunun. Gróft brot á þeirri grundvallarreglu skattaréttar, jafnræðisreglu, að skattleggja húsaleigubætur á sama tíma og vaxtabætur eru skattfrjálsar. Og það er auðvitað ekkert annað en sjálfsagt mál, herra forseti, að breið samstaða náist um það á hv. Alþingi milli stjórnar og stjórnarandstöðu, sem stendur að þessu frv., að leiðrétta nú það óréttlæti sem hér er á ferðinni.

Við erum líka að lesa það, herra forseti, varðandi þennan hóp sem ég hef verið að tala um, öryrkjana, að nú standi til að taka félagslega öryrkja, eins og það er orðað, úr tryggingakerfinu. Því er hér með ósvífnum hætti haldið fram að þeir sem eru svokallaðir félagslegir öryrkjar, sé útsmogið fólk sem sé að svíkja peninga út úr tryggingakerfinu. Og það er sagt að hér sé verið að smíða frv. á vegum heilbrrh. sem gæti leitt til þess að hundruð ef ekki þúsundir öryrkja, sem hafa núna framfærslu af örorkulífeyri, verði settir út úr tryggingakerfinu. Þetta er sami hópur og ég er að tala um hér, sem er verið að skattleggja hvað varðar húsaleigubæturnar.

Ég nefndi að þetta kostaði ríkissjóð 100 millj. Við höfum fundið tekjur til að mæta þessu ef ríkisstjórnin treystir sér ekki til að standa að því að afnema skattlagningu á húsaleigubótum nema við finnum tekjur á móti. Við höfum fundið þær tekjur. Það liggur fyrir annað frv. frá mér og hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um að laxveiðileyfi skuli nú skattlögð, sem hafa verið undanþegin virðisaukaskatti. Þar fáum við 75–100 millj. af þeim sem hafa efni á að fara í laxveiðar, sem er nú yfirleitt efnaðasti hluti þjóðarinnar og sleppur við skattlagningu á laxveiðileyfum. Við getum tekið peningana af þeim þannig að húsaleigubætur geti orðið án skattlagningar án þess að ríkissjóður tapi tekjum.

Herra forseti. Enn og aftur vil ég vitna til þess að við erum að tala um mjög tekjulága hópa. Hér liggur fyrir frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur yfirlit yfir þá sem fengu húsaleigubætur 1996 og fjórðungur þeirra er með 700 þús. kr. eða minna í tekjur. (**Gripið fram í:** Á ári.) Á ári. Ekki myndi ég treysta mér til að lifa af 700 þús. kr. á ári og ekki hv. þm. Pétur Blöndal sem hér hefur beðið um orðið. (Gripið

fram í.) Ég get ekki ímyndað mér að hann treysti sér til að lifa af því. Og 50 þús. eru með á bilinu 700 þús. til 1 millj. kr. Við erum sem sagt að tala um sem sagt einstæða foreldra, öryrkja, lífeyrisþega, aldraða o.s.frv.

Það er raunverulega svo þó staða þessa hóps sé slæm í dag að hún á enn eftir að versna fyrir tilverknað þessarar ríkisstjórnar. Það munum við sjá á næstu vikum og mánuðum þegar áhrifin af þeim lögum sem samþykkt voru á vorþingi um breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu koma fram. Við fórum yfir það í vor að með þeirri lagabreytingu er verið að úthýsa hundruðum af tekjulægsta fólkinu úr húsnæðiskerfi þjóðarinnar. Hæstv. ráðherra sagði að því yrði mætt með leiguíbúðum. Við höfum afraksturinn á fjárlögunum núna, þ.e. hvað hæstv. ráðherra ætlar að gera til að bæta þessum hópi það sem gert var á hans hlut, vil ég bara segja, með þeirri breytingu sem var gerð á húsnæðislöggjöfinni. Það eru 120 leiguíbúðir á næsta ári fyrir 600 fjölskyldur sem eru þegar á biðlista hjá Reykjavíkurborg og sennilega annan eins hóp sem bætist við sem afleiðing af húsnæðisfrv. ráðherrans. Það eru 120 íbúðir. Þetta eru töluvert færri íbúðir en hægt var að veita á tímum þegar við bjuggum ekki við það góðæri sem við búum þó við núna því að á árunum 1990–1992, svo ég taki dæmi, var veitt lán bara til félagasamtaka einna og sér, 169 leiguíbúðir á árinu 1990, 130 leiguíbúðir á árinu 1991, 165 leiguíbúðir á árinu 1992. Það var bara til félagasamtaka. En þessar 120 leiguíbúðir eiga bæði að nægja félagasamtökum og þeirri þörf sem er hjá sveitarfélögunum og mun skapast vegna þessarar lagabreytingar. Einmitt á þeim árum voru yfir 500 íbúðir og allt upp í 800 veittar til að mæta þörfum lægstlaunaða fólksins. Ég held því að það umhverfi sem við erum í núna kalli á það, herra forseti, að menn skoði það mál af fullri alvöru sem ég mæli fyrir. Ég er sannfærð um að þegar menn meta þetta mál og skoða hug sinn í þessu efni, að hér er ríkisvaldið með húsaleigubótum að aðstoða lægstlaunaða fólkið með sama hætti og það gerir með vaxtabótum til þeirra sem eiga sitt húsnæði, þá munu menn sjá að ekkert réttlæti er í því að skattleggja húsaleigubæturnar en ekki vaxtabæturnar. Þarna á að ríkja jafnræði, herra forseti, og það er hrein skömm vil ég bara segja, herra forseti, að ríkissjóður skuli sjá ástæðu til að skattleggja fólk sem býr við 50 til 70 þús. kr. á ári með þessum sérstaka hætti sem hér er gert að því er varðar húsaleigubæturnar.

Ég sé að tíma mínum er lokið og ég skal þá láta mínu máli lokið. Ég hefði helst kosið að þessum frv. yrði vísað til félmn. Ég geri mér grein fyrir að það getur verið álitamál að þau ættu fremur að fara til efh.- og viðskn. og læt ég það á vald forseta að skoða það mál. En ósk mín er sú að þessi mál gangi til félmn. og 2. umr.

[14:05]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Umræður um húsaleigubætur hafa staðið nokkuð lengi yfir eins og eðlilegt er því að hér er um mikilvægt réttindamál að ræða. Það er ótrúlega stutt síðan lög voru sett um húsaleigubætur á Íslandi. Í öllum þróuðum velferðarþjóðfélögum í kringum okkur, sem við berum okkur saman við, hafa verið greiddar húsaleigubætur í marga áratugi. Það hefur tekið ótrúlega langan tíma að nudda þessu máli áfram hér á landi. Ég man eftir mörgum atlögum að þessu máli, m.a. af hálfu ríkisstjórna sem hafa lagt af stað með þetta mál og verkalýðshreyfingarinnar í kjarasamningum. Ég man eftir því við myndun ríkisstjórnar haustið 1989 að þetta mál var tekið sérstaklega á dagskrá að kröfu Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur sem er ágætt að minnast og nefna sérstaklega í tengslum við þetta mál en hún var hér skamman tíma alþingismaður eins og kunnugt er og einn af leiðtogum verkalýðshreyfingarinnar. Það var síðan, að ég hygg, í tíð síðustu ríkisstjórnar og þá undir forustu Jóhönnu Sigurðardóttur, hæstv. þáv. félmrh., að lög voru sett um húsaleigubætur og það var mikið fagnaðarefni þótt margir væru þeirrar skoðunar að þau lög væru mjög gölluð, m.a. var ég þeirrar skoðunar, vegna þess að þetta var ekki almenn skylda þá heldur var um það að ræða að einstök sveitarfélög urðu að gera það upp við sig. Engu að síður var þetta gríðarlega mikilvægt skref og á þeim tíma studdum við alþýðubandalagsmenn þetta. Ég tel að múrinn hafi verið brotinn með þessari ákvörðun þótt hún væri ekki að öllu leyti gallalaus, ekki heldur að mati þess hæstv. ráðherra sem þá bar málið fram. Þess vegna er eðlilegt að þetta mál komi hér upp eins og það gerir hér, sem næsta skref, sem sé það að skattkerfið meti vaxtabætur vegna kaupa á húsnæði og húsaleigubætur á sama hátt. Það er rökrétt og það er eðlilegt og í raun er annað ósanngjarnt en þetta sé hlutlaust, að skattalögin séu hlutlaus gagnvart því formi íbúða sem fólk kann að velja sér. Nú er það ekki þannig. Staðreyndin er sú eins og húsaleigumarkaðurinn er í dag að hann er svo erfiður hér á þéttbýlissvæðinu að það má heita algerlega vonlaust mál að leigja og svo að segja allir séu reknir inn í eiginhúsnæðiskerfi jafnvel þótt það sé mjög erfitt fyrir fólk. Það er fjöldinn allur, ekki síst af ungu fólki, sem ég hef verið að fara með í gegnum þennan frumskóg á undanförnum vikum og mánuðum, sem kemst að þeirri niðurstöðu í vaxandi mæli að það verði að fara inn í eigið húsnæði. Jafnvel þótt það eigi ekkert eigið fé sé það skárra en okrið á leigumarkaðnum eins og það er í Reykjavík í dag. Leigumarkaðurinn hérna er hrikalega erfiður og ég hygg að fara þurfi marga áratugi aftur í tímann til að finna jafnerfiðan leigumarkað í Reykjavík og nú er. Þess vegna er þetta mál nákvæmlega á réttum stað og verður vonandi vel tekið þótt ég verði að segja eins og er að ég óttast að þeir stjórnarliðar sem hér eru í salnum — þótt ástæða sé til að þakka þeim fyrir að vera hér og vafalaust taka þátt í umræðunni — megi ekki við margnum og þeir muni ekki knýja félaga sína í stjórnarmeirihlutanum á flótta ásamt okkur hinum í þessu máli. Ég óttast með öðrum orðum að stjórnarflokkarnir muni ekki mikið gera með þetta mál nema það verði farið í einhvern sérstakan leiðangur út af því. Þó er þetta ódýrt. Hér er réttlætismál á ferðinni og mundi ná til mjög margra og er satt að segja alveg ótrúlega ódýrt. Mig minnir að hv. þm. hafi sagt að það kostaði í kringum 100 millj. kr. og það er ekki dýrt miðað við hvað er á ferðinni.

Ég tel reyndar að gera ætti mjög mikið átak í húsaleigumálum í landinu. Það sem nú er verið að vinna af hálfu ríkisstjórnarinnar er hins vegar algerlega þvert á móti þar sem bersýnilegt er að þeir efnaminni og húsnæðisaðstaða þeirra verður stöðugt verri. Fyrst og fremst er það vegna þess að búið er að afnema félagslega íbúðakerfið en í öðru lagi er það vegna þess að menn vilja ekki taka heildstætt á þeim málum sem heita húsnæðismál þeirra sem eiga ekki pening til að eignast íbúðir. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að senda það fólk út á guð og gaddinn. Hún hefur ekki viljað gera neitt til að koma til móts við vanda þeirra sem eru hraklegast settir í þessu landi og verða að hafa húsaskjól af því hér á Íslandi er kalt, a.m.k. á veturna og fólk verður að komast í húsnæði. Sú gamaldags afstaða að ætla sér að láta fólk bjargast svo að segja við illan leik við að tryggja sér húsnæði

eins og er tíðkað hér enn þá, það liggur við að fólki sé ætlað að rífa upp jarðveg til að byggja sér hreysi eins og var hér á síðustu öld vegna þess að engin önnur úrræði eru til. Engin úrræði eru til fyrir það fólk sem hér var verið að tala um, þ.e. öryrkja og veikt fólk og aðra, láglaunafólk af ýmsu tagi, engin úrræði og sífellt er verið að gera stöðu þess verri sem er náttúrlega hrópandi í himininn á sama tíma og staðan er þannig að þjóðfélagið er að hirða líklega eina 20–30 milljarða í viðbótarhagvexti upp á hvert einasta ár núna ár eftir ár, þá er þessi úrslitaþáttur í tilveru þessa láglaunafólks í þessu landi látinn liggja. Það er alveg ótrúlegt að fólk skuli á sama tíma reyna að tala um að hér sé til velferðarkerfi vegna þess að velferðarkerfi í grannlöndum okkar er til af því að það nær til allra þátta, veikinda, menntunar, félagslegrar aðstoðar og húsnæðismála. Velferðarkerfi sem nær ekki yfir húsnæðismálin stendur ekki undir nafni. Þess vegna er það, herra forseti að það átak sem hér er gerð tillaga um, lítið skref í rétta átt, er svo sjálfsagt mál að það ætti ekki að þurfa að eyða í það mjög mörgum orðum. Við búum hins vegar í þessu þingi við þetta meirihlutaofríki þar sem aldrei er hlustað á það sem þingmenn stjórnarandstöðunnar leggja til, jafnvel þótt um sé að ræða almenn sanngirnismál sem sem allir, eða 99% landsmanna taka undir. Það verður að játa að maður óttast að þessi þörfu þingmál sem hér var mælt fyrir af hv. 13. þm. Reykv. verði látin liggja eins og önnur góð mál.

Ég tel að eitt brýnasta verkefnið í velferðarstefnu á Íslandi séu húsnæðimálin og húsaleigumálin og það eigi skoða eigi möguleika, bæði að því er varðar það að gera húsaleigubæturnar virkari en þær eru. Það á að skoða hvort hægt er að hvetja þá sem eiga húsnæði til að gera það að leiguhúsnæði í auknum mæli, m.a. með ráðstöfunum í skattamálum. Ég er sannfærður um og það vitum við reyndar öll sem þekkjum til í þessu kjördæmi sem við erum stödd í, að gífurlegur skortur er á leiguhúsnæði hér og það er beinlínis rangt að þjóðfélag *seint á 20. öld skuli byggast upp á því* að húsnæðiseigendur skuli svo að segja við þær aðstæður sem nú eru, vera dæmdir til þess að hafa láglaunafólk og þarfir þess að féþúfu í þessu efni. Það er algerlega ólíðandi. Þess vegna ætti að horfa á þetta sem heildstætt mál. Ég man eftir því í fyrra þegar verið var að eyðileggja félagslega húsnæðiskerfið að þá lýstum við því yfir mörg að þótt ríkisstjórnin hefði sitt fram á síðasta þingi þá áskildum við okkur allan rétt til að breyta því, bæði með kosningaúrslitunum og nýjum áherslum eftir næstu kosningar og ég endurtek þær yfirlýsingar hér. Ég tel það algerlega gefið mál að ef verkalýðshreyfingin í landinu stendur undir nafni hljóti hún að taka það upp sem eitt sitt stærsta mál í næstu kjarasamningum þegar þeir kjarasamningar, sem voru gerðir síðast og standa fram á næstu öld, verða loks lausir að menn setji á dagskrá kröfu um nýtt víðtækt félagslegt húsnæðiskerfi sem byggist bæði á eign og leigu.

Að öðru leyti þakka ég hv. 1. flm. fyrir frumkvæði hennar og þá framsöguræðu sem hún hér flutti.

[14:15]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var með ólíkindum að hlýða á málflutning hv. þm. Svavars Gestssonar. Þar var þvílík eymd og volæði og það mitt í öllu góðærinu. Það er nefnilega þannig að raunlaun, ráðstöfunartekjur heimilanna, hafa stóraukist í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ráðstöfunartekjur launþega hafa stóraukist. Í kjölfarið hafa ráðstöfunartekjur öryrkja og annarra bótaþega líka aukist en reyndar ekki eins mikið.

Herra forseti. Hvergi í heiminum er til gott velferðarkerfi nema að baki því standi mjög sterkt efnahagslíf. Það sem núverandi ríkisstjórn hefur verið að vinna að er að styrkja efnahagslífið og gera það heilbrigt. Það er að verða heilbrigt og veitir öllum vinnu sem hafa vilja. Atvinnuleysið er nánast að verða núll. Þar af leiðandi getum við byggt upp miklu betra velferðarkerfi. Ég ætla að minna hv. þingmenn á stöðuna árið 1993 þegar allt var í kaldakoli og svartsýni ríkti alls staðar eða þar á undan og hvernig velferðarkerfið var þá skert og skert og skert. Það er rétt að stefna að heilbrigðu efnahagslífi, í kjölfarið getum við byggt upp heilbrigt velferðarkerfi.

[14:16]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 16. þm. Reykv. fyrir einkar uppbyggilegt andsvar við ræðu minni. Ég er þeirrar skoðunar að ríkisstjórnin hafi í raun lítið gert til þess að bæta efnahagsástandið í landinu. Ég tel að sú hækkun á sjávarafurðum sem hefur orðið um 20% frá miðju árinu 1997 til miðs árs 1998 sé ekki henni að þakka. Það væri fróðlegt ef hv. þm. gæti rökstutt að það væri ríkisstjórninni að þakka að sjávarafurðir hafa hækkað í verði um 20%. Það gerir 20 milljarða í útflutningstekjur, það munar ansi mikið um það. En hvernig er það ríkisstjórninni að þakka? Það væri fróðlegt að fara yfir það ef hv. þm., sem er nú góður í reikningi og örugglega betri en ég, sýndi okkur fram á það.

Í öðru lagi vildi ég fá um það upplýsingar frá hv. þm. hvernig það er ríkisstjórninni að þakka að olíuverð hefur lækkað svo mikið að verð á tunnu er komið niður fyrir það sem það var fyrir aðra olíukreppuna 1978. Fróðlegt væri að fá upplýsingar um að hvaða leyti þetta sé ríkisstjórninni beinlínis að þakka.

Ég held að þegar sá mikli hagvöxtur sem hér hefur verið er skoðaður af sanngirni sjái menn að ríkisstjórnin hefur sáralítið með þetta að gera. Auðvitað geta menn sagt: Ríkisstjórnin hefur gert margt gott. Ég ætla út af fyrir sig ekkert að neita því. En það er barnaleg pólitísk uppsetning mála og ekki við hæfi í þróuðu og upplýstu lýðræðisþjóðfélagi að menn setji hlutina upp eins og hv. þm. gerði, að það sé allt saman *ríkisstjórninni að þakka hvernig hagvöxturinn hefur* verið hér.

Hitt er aftur á móti alveg ljóst að það er ríkisstjórninni að kenna að hún hefur ekki tekið á kjörum aldraðra og öryrkja og þeirra sem búa við lélegt húsnæði á undanförnum árum heldur þvert á móti. Það hefur ekki eyrir af hagvextinum farið aukalega til þessa fólks. Forgangsröðin er óbreytt. Þeir sem höfðu mest hafa enn þá meira og þeir sem höfðu minnst hafa líka lítið vegna þess að ekkert hefur verið gert sérstaklega til að koma til móts við þetta fólk. Það er ríkisstjórninni en kenna en hitt er ekki henni að þakka.

[14:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkisstjórnin tók þá stefnu að lækka álögur á atvinnulífið, minnka það helsi og þá hlekki sem höfðu verið lagðir á atvinnulífið sem varð t.d. til þess að fiskvinnslufyrirtæki fóru að prófa nýjar tegundir af útflutningsafurðum. Það hefur m.a. átt þátt í þeirri verðhækkun sem hefur orðið á útfluttum fiski. Það er allt önnur afurð sem er flutt út núna en fyrir 10 árum. Þetta leiðir m.a. að því að það eru minni

álögur á atvinnulífið. Það er meira pláss fyrir frumkvæði atvinnulífsins.

Ég ætla ekki að þakka ríkisstjórninni lækkun á olíu, það dettur mér ekki í hug. En ég held að ríkisstjórnin eigi einhvern þátt í hinu. Hún á sérstaklega þátt í því hvað laun hafa hækkað mikið. Það vil ég þakka ríkisstjórninni að einhverju leyti eða stefnu hennar gagnvart fyrirtækjunum.

Varðandi öryrkja og aðra slíka hafa kjör þeirra verið bætt. Þau hafa verið bætt umfram verðlag. Það þýðir ekkert að halda öðru fram. Þau munu batna enn frekar ef atvinnulífið fær að vera myndarlegt og standa sig vel. Ég hvika ekki frá þeirri sannfæringu minni að það er atvinnulífið sem stendur undir velferðarkerfinu og ekkert annað.

[14:20]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf talað af þessum frjálshyggjuleiðtogum eins og ríkið sé ekki með atvinnulíf. Hvað með fólkið sem vinnur hjá ríkinu, eru þetta bara afætur? Auðvitað er það hluti af atvinnulífinu í landinu og skiptir þar af leiðandi mjög miklu máli hvernig það heldur á sínum málum.

Veruleikinn er auðvitað sá, eins og hv. þm. þekkir náttúrlega, að um leið og hagvöxtur hefur orðið á undanförnum árum er alveg greinilegt að ekki hefur verið varið aukalega fjármunum til þess að bæta við velferðarkerfið.

Til dæmis er aukningin í heilbrigðis- og tryggingamálum, sem menn eru stundum að tala um, ekki viðbót heldur fyrst og fremst viðurkenning á fjölgun. Það er ómerkileg talnaleikfimi sem í þessu máli er t.d. stunduð í greinargerð og skrifuð í grg. fjárlagafrv. fyrir árið 1999 þannig að það er með ólíkindum.

Hver er svo veruleikinn sem blasir við fjölskyldunni? Segjum að við séum með fjölskyldu í blóma lífsins, fullvinnandi fólks þar sem tveir eru úti að vinna og hafa kannski 200 þús. kr. á mánuði hvor eða 400 þús. kr. Augljóst er að hagvöxturinn hefur bætt gífurlega miklu við tekjur þessa fólks. En hver er staða þess manns, karls eða konu, sem reynt hefur að framfleyta sér og sínum af 40–50 þús. kr. á mánuði? Hve mikið hefur bæst við hjá því fólki? Það er lítið sem ekkert. Veruleikinn er sá að ríkisstjórnin hefur ekkert gert til að tryggja að einhver hluti af hagvextinum fari til þessa fólks.

[14:22]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Málið sem við ræðum hér fjallar um einn þátt húsaleigubóta sem er skattskylda þeirra og samanburður við vaxtabætur sem eru skattfrjálsar. Ég get að mörgu leyti tekið undir að það væri sanngjarnt að þessar bætur væru meðhöndlaðar eins gagnvart skatti. En það er margt fleira sem spilar inn í.

Þegar við ræddum þetta mál, húsaleigubæturnar, fyrir tíu mánuðum — það var samþykkt fyrir um tíu mánuðum — þá skilaði ég minnihlutaáliti hjá hv. félmn. vegna þess að mér finnst húsaleigubótakerfið sem við búum við í dag algjörlega óalandi og óferjandi. Mér finnst vanta í tillögur þeirra hv. þm. sem flytja þetta frv. að taka á ýmsum þáttum sem þar var bent á.

Í þessu kerfi er um að ræða verulega oftryggingu, verið er að tryggja fólk sem þarf ekki neinar bætur, en það er líka vantrygging. Sumir fá ekki bætur þó að þeir hafi mikla þörf fyrir það. Ég ætla að nefna nokkur dæmi.

Varðandi oftrygginguna er greinilegt að námsmenn eru stórlega oftryggðir í þessu kerfi og stór hluti þeirra sem þiggja húsaleigubætur eru námsmenn. Þeir hafa að sjálfsögðu lágar tekjur. Að sjálfsögðu. Þeir stunda sitt nám. Ég geri ráð fyrir því að flestir námsmenn séu undir 700 þús. kr. á ári í tekjum vegna þess að þeir fá námslán til þess að mæta framfærsluþörfinni.

Þessi hópur fólks fær námslán fyrir húsnæðiskostnaði. Síðan fær hann húsaleigubætur til viðbótar. Ef þeir eiga börn þá eru börnin tryggð úr mörgum kerfum. Í fyrsta lagi fær móðir, ef ég tek dæmi um einstæða móður með tvö börn, sem ég hef nefnt, námslán fyrir börnin, 45% fyrir hvort barna, 90% af láninu. Hún fær um 106 þús. kr. á mánuði í námslán í níu mánuði. Síðan fær hún bætur úr skattkerfinu sem eru yfir 30 þús. kr. Hún fær mæðralaun og að sjálfsögðu meðlag frá föðurnum, síðan fær hún húsaleigubætur. Svo má hún vinna fyrir 180 þús. kr. ári án þess að það skerði námslánið. Segjum að hún geri það líka, vinni þrjá mánuði á sumri fyrir 60 þús. kall á mánuði.

Þá er þessi manneskja með 170 þús. kr. á mánuði í ráðstöfun allt árið um kring. Þessi manneskja hefði ekki efni á því að vera þingmaður því þá væri hún verr sett. Hún þyrfti að borga skatta. Af þessum tekjum borgar hún enga skatta, hún er ekki með nema 180 þús. kr. í skattskyldar tekjur og hefur í ráðstöfun 170 þús. kr á mánuði. Þetta er hluti af því fólki sem er undir tekjumörkum sem hv. frsm. gat um.

Ég segi: Þessi manneskja á ekki bágt. Ég trúi því ekki.

Þá má nefna að einstaklingur sem er í fullri vinnu með 125 þús. kr. mánuði fær húsaleigubætur óskertar. Hann þarf bara að sjá um sjálfan sig. 125 þús. kr. á mánuði hefur hann í tekjur. Hann borgar að sjálfsögðu skatta af þeim. En hann fær húsaleigubætur óskertar. Ég segi: Þessi maður er oftryggður. Hann fær sömu húsaleigubætur og hann fengi ef hann hefði engar tekjur. Þá fengi hann nákvæmlega sömu húsaleigubæturnar. Ég segi: Maður sem hefur engar tekjur, einstaklingur, þarf húsaleigubætur. En maður sem hefur 125 þús. kr. á mánuði þarf ekki húsaleigubætur. Þetta eru oftryggingarnar.

En vantryggingarnar eru líka til staðar, t.d. hjá fjölskyldum með börn. Ég reikna með því að mjög fáar fjölskyldur með börn geti fengið húsaleigubætur. Tekjur fjölskyldunnar í heild mega ekki fara yfir 220 þús. kr. á mánuði. Þá er skerðingin búin að éta upp húsaleigubæturnar. Fólk með mörg börn verður að hafa 220 þús. kr. á mánuði. Það fær því ekki húsaleigubætur. Þarna er vantrygging.

Svo er það það alversta. Það er fólkið sem getur ekki búið nógu flott til að fá þessar húsaleigubætur, sem getur ekki búið í fullbúinni, fínni íbúð. Þetta ógæfusama fólk sem við þekkjum öll, fólk sem hefur lent í óreglu og atvinnuleysi og leigir sér herbergi. Þetta fólk fær ekki húsaleigubætur vegna þess að það býr ekki nógu flott.

Svona er þetta kerfi, herra forseti, svona er þetta kerfi. Það er bæði með oftryggingu og vantryggingu. Oftrygging kostar þjóðfélagið gífurlega peninga og vantryggingin er til skammar. Hv. flm. ætla ekki að breyta þessu þrátt fyrir að þeir viti alveg af þessum agnúum vegna þess að ég benti á það í minnihlutaáliti mínu.

Ég benti líka á að húsaleigubætur hafa víðast hvar leitt til hærri húsaleigu. Þetta eru því ekki bætur til leigjenda, þeirra sem leigja íbúðina, heldur til þeirra sem leigja út íbúðir, þetta eru bætur til þeirra. En það er náttúrlega gott mál vegna þess að þá fjölgar væntanlega íbúðum í leigu og það er þegar farið að gerast að menn eru farnir að kaupa íbúðir til að leigja

út. Það er gott mál. Það bætir hag leigjenda en hækkar líka leiguna.

Við sjáum það best hjá Reykjavíkurborg. Hún stofnaði hlutafélag, Félagsíbúðir hf., og leigir nú þessu sama fólki gegn miklu hærri leigu en ætlar sér að nota húsaleigubæturnar á móti eins og allir þeir sem leigja út íbúðir.

Hv. þm., frsm. og flm., taka heldur ekki á því rugli sem ég kalla, að þurfa að þinglýsa leigusamningi. Það er algjör óþarfi, ég hef aldrei getað fengið botn í það af hverju þess þarf. Þetta kostar hlaup þeirra sem eiga íbúðirnar, ég frétti af einum bara í síðustu viku sem hafði ætlað að fara að leigja út íbúðina sína og það kom í ljós að gamall leigusamningur var þinglýstur á íbúðinni eftir að leigjandinn var löngu fluttur út. Þá þurfti að fara að aflýsa því, finna leigusamninginn, hann fannst úti á landi einhvers staðar. Þetta voru mikil hlaup hjá manninum. Hann sagði við mig: Ég leigi bara ekkert út, ég nenni ekki að standa í þessu.

Svona kvaðir sem eru settar algjörlega að óþörfu, ég hef aldrei getað skilið af hverju þetta þarf. Ég fékk engin svör við því. Ég hefði viljað sjá hv. þm. taka þetta út. Þeir vissu af þessu, það var bent á þetta.

Þetta kerfi sýnir okkur enn frekar en mörg önnur að fólk er að fá bætur alls staðar að. Ég spurði að því í fsp. til forsrh. hvað maður með 80 þús. kr. á mánuði — ég held það séu eitt eða tvö ár síðan — fengi í bætur samtals ef hann yrði öryrki og tjónið yrði skaðabótaskylt, þ.e. hann yrði fyrir slysi hjá vinnuveitanda sínum. Þá fékk hann samtals 140 þús. kr. mánuði í bætur. Hann bætti stöðu sína um 60 þús. kr. á mánuði. Þetta kemur fram í svari til Alþingis.

Þarna er um gífurlega oftryggingu að ræða. Og oftrygging kostar þjóðfélagið mikla peninga. Og af hverju kemur þetta? Það er vegna þess að menn líta alltaf á einn þátt dæmisins, nákvæmlega eins og hv. þm. eru að gera. Þeir líta bara á einn þátt dæmisins, ekki á dæmið í heild, líta ekki á lánasjóðinn, líta ekki á tryggingafélögin, líta ekki á lífeyrissjóðina og almannatryggingar. Þessi maður sem ég gat um fær nefnilega fyrst bætur frá lífeyrissjóði og svo frá almannatryggingum og svo fær hann bætur samkvæmt skaðabótalögunum. Þessi lög eru öll sett án tillits til annarra laga. (Gripið fram í.) Ég á eftir að koma að því.

Svo er það eins og ég gat um að við erum líka að tala um það að námsmenn með börn fá bætur samkvæmt fjölmörgum lögum. Það er í fyrsta lagi lánasjóðurinn, svo eru það skattalögin, svo er það meðlagið og svo eru það húsaleigubæturnar. Allt vegna barnanna. Það er verið að margbæta þessi sömu börn, enda reiknast mér til að þessi tvö börn fái 60 þús. kr. á mánuði í bætur. (**Gripið fram í:** Fá allir námsmenn meðlög?) Einstæð móðir með tvö börn fær greitt meðlag, já, vissulega samkvæmt lögum. Henni er tryggt það. Ríkið borgar það ef enginn annar gerir það. Hún fær 25 þús. kr. í meðlag, að sjálfsögðu. (**Gripið fram í:** En ekki aðrir?) Herra forseti. Ég vil gjarnan fá frið til að halda ræðuna. Ég er truflaður.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hljóð í þingsal.)

Það sem mér finnst að hv. þm. ættu að gera er að vinna að því að kortleggja allar bæturnar og reyna að koma á heilbrigðu og réttlátu bótakerfi sem tryggir líka þeim ógæfumönnum sem búa í litlum herbergjum og geta ekki búið nógu flott. Ég vil sjá svoleiðis kerfi sem er miklu ódýrara fyrir þjóðfélagið en er skilvirkara. Þeir þekkja það sem hafa unnið í almannatryggingum að þau lög skilur maður ekki nema akkúrat á meðan maður les þau. Maður man þau ekki í tíu mínútur lengur af því að þau eru svo flókin.

Þá kem ég að vaxtabótunum sem eru hluti af þessu líka. Vaxtabæturnar eru með ólíkindum. Hjón með 600 þús. kr. í tekjur á mánuði geta fengið vaxtabætur. Er þetta félagslegt? Ekki fyrir tíu aura. En þau verða að skulda mjög myndarlega sem ég hef margoft bent á. Vaxtabæturnar hvetja til skuldsetningar heimilanna og svo eru hv. þm. og fleiri alveg undrandi á því að skuldir heimilanna aukist. Þetta er innbyggt í skattkerfið.

Ég hef lagt til að í stað vaxtabóta og húsaleigubóta komi bætur sem heiti húsnæðisbætur sem verði greiddar háðar tekjum og eignum og verði heilsteyptar bætur. Þetta kom fram í frv. sem ég flutti um flatan tekjuskatt og ég ætla að biðja hv. þm. að kynna sér þær bætur og athuga hvort þeir geti ekki tekið undir með mér að það sé miklu heilbrigðara að hafa samræmdar bætur bæði fyrir þá sem eiga og þá sem leigja íbúðarhúsnæði sitt.

Ég var spurður að því áðan hvort ég gæti lifað af 700 þús. kr. á ári. Ég er búinn að svara því. Það fólk sem er undir 700 þús. kr. á ári er flest hvert geri ég ráð fyrir með námslán. Þau teljast ekki til tekna. (**JóhS:** Og öryrkjarnir líka og ellilífeyrisþegarnir?) Ég hefði gaman að sjá þá öryrkja sem eru undir 700 þús. kr. á ári. Ég held að flest af þessu fólki séu námsmenn þar sem ráðstöfunartekjurnar, þ.e. námslánið, telst ekki til tekna. (**JóhS:** Eru öryrkjar allir námsmenn?) Það sagði ég ekki. (**ÁRJ:** Hvers konar yfirlýsingar eru þetta?) Herra forseti. (Gripið fram í.) Gæti ég fengið frið. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁS)**:** Hv. þm. Pétur Blöndal hefur orðið.)

Herra forseti. Ég get ekki haldið ræðu mína í friði. Ég ráðlegg hv. þm. að koma upp í andsvar ef þeir hafa eitthvað við þetta að athuga.

Ég sagði: Stór hluti af þeim sem fá húsaleigubætur eru námsmenn og þeir eru með námslán og námslánið telst ekki sem tekjur en er að sjálfsögðu til ráðstöfunar. Það var það sem ég sagði.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki fleira um þetta að segja. Ég hefði viljað sjá hv. þm. taka á húsaleigubótunum og jafnvel vaxtabótunum heilsteypt, í heild sinni, því að þarna er víða pottur brotinn, illilega brotinn. Og það er líka um að ræða mikla oftryggingu. Ég skora á hv. þm. að líta á þessi kerfi öll saman í heild sinni og koma með lausnir. Ég vil gjarnan vinna með þeim að slíku máli.

[14:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég bara á ekki orð yfir þessari ræðu hv. þm. Að halda því fram að það séu allt námsmenn sem eru á þessu launabili og eru með húsaleigubætur er náttúrlega alveg ótrúlegt. Hv. þm. veit að það eru langflestir öryrkjar sem þurfa að nýta sér þennan kost. Ég hafði ætlað að taka til máls um þessi tvö frv. þar sem ég er einn af flm. en finnst ræðumenn hafa gert mjög vel grein fyrir þessu. En talandi um það að kjör öryrkja hefðu verið bætt eins og hv. þm. heldur fram, þá verð ég að mótmæla því harðlega. Og mig langar til að benda hv. þm. á það vegna þess að hann þekkir almannatryggingarnar ágætlega að á bls. 29 í nýútgefnum hagtölum almannatrygginga frá 1997 er ágætislínurit sem lýsir hvernig kaupmáttur lífeyris og lágmarkslauna hefur þróast á undanförnum árum. Það sýnir að kaupmáttarvísitala lágmarkslauna verkakarla með eingreiðslum — og þar er verið að tala um lægstu laun — hefur aukist mun meira en

lífeyrisgreiðslur með eingreiðslum. Það er himinn og haf þar á milli, hvað þá kaupmáttur annarra launa. Ég held því að hv. þm. sem er sérfræðingur í tryggingamálum ætti að kynna sér hvernig þróunin hefur verið í þessum málum. Þar fyrir utan hefði það ekki átt að fara fram hjá hv. þm. við hvaða aumu kjör lífeyrisþegar búa núna í góðærinu. Það ætti hv. þm. að þekkja. Það er ekki hægt að alhæfa út frá þessu að þeir sem noti húsaleigubætur séu allir námsmenn. Það er bara fáránlegt. Og að það séu þeir sem eru á þessum lágu launum og að efast um að það séu öryrkjar sem eru undir 700 þús. kr. á ári og vilja sjá þann öryrkja. — Það er fjöldi fólks í samfélaginu sem er undir þessum árslaunum, hv. þm.

[14:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði því sem ég ætlaði að svara. Ég ætlaði nefnilega að koma inn á það að ég sagði að góðærið hefði valdið því að laun hafa hækkað mjög mikið, afar mikið, óvenjumikið á Íslandi miðað við öll löndin í kringum okkur og það þakka ég stefnu núv. ríkisstjórnar og fyrrv. ríkisstjórnar líka sem minn flokkur stóð reyndar einnig að.

Laun hafa hækkað verulega mikið og ég gat þess líka að þau hafa hækkað meira en bætur. En ráðstöfunartekjur bótaþega að raungildi hafa líka vaxið, og það má ekki gleyma því, sem betur fer. Ef staða ríkissjóðs batnar enn frekar vegna góðærisins á næstu árum munum við geta bætt bætur velferðarkerfisins enn frekar, sérstaklega ef við berum gæfu til að finna kerfi sem er skilvirkara þannig að þeir sem raunverulega þurfa á bótunum að halda fái þær en við séum ekki með oftryggingar út um allt sem kostar náttúrlega mjög mikið. Ég hef margoft nefnt þetta hérna og því hefur ekki verið mótmælt. Hagur lífeyrisþega hefur batnað og mátti svo sem gera það því að hann var orðinn mjög slæmur eftir vandræðaárin eða erfiðleikaárin upp úr 1990. En hagur launþega hefur batnað enn þá meira og það er ágætt og nú er kannski lag til þess, ef svo heldur áfram, að fara að bæta hag öryrkja.

[14:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Bætur almannatrygginga hafa ekki hækkað sambærilega og laun. Þær hafa setið eftir og bilið hefur breikkað á þessu kjörtímabili, hv. þm. Pétur Blöndal. Bilið hefur breikkað og þessi hópur hefur setið eftir. Það er alveg ljóst.

Herra forseti. Við höfum verið að ræða um að sömu reglur gildi um vaxtabætur og húsaleigubætur, þ.e. að þær verði skattfrjálsar. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur haldið þessa ræðu sína sem maður hefur heyrt nokkrum sinnum áður um alla vankantana á velferðarkerfinu og m.a. vankantana á húsaleigukerfinu og ég spyr hv. þm.: Hvernig stendur á því að hann hefur ekki lagt fram frv. til breytinga á þessum lögum, breytinga á velferðarkerfinu til þess að sníða þessa vankanta af kerfinu sem hann þekkir svona vel og talar hér um svo fjálglega? Hvernig stendur á því að það kemur ekkert frá hv. þm. um breytingar til bóta úr því að hann telur að hann hafi þarna lausnir á öllum málum? Ég furða mig á því.

Aftur á móti get ég ekki tekið undir þetta tal hans því að þetta samræmist ekki minni hugsun um það hvernig komið er og hvernig hlutunum hefur verið skipt í þjóðfélaginu. Því miður hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar á þessu kjörtímabili vanrækt stóran hóp í samfélaginu, þ.e. öryrkja og ellilífeyrisþega sem hafa lítinn rétt í lífeyrissjóðakerfinu og þetta fólk þarf á skattlausum húsaleigubótum að halda.

[14:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. staðfesti það sem ég hafði sagt. Hagur öryrkja hefur batnað. Öryrkjar geta keypt sér meira í dag en þeir gátu fyrir fimm eða sex árum. (**ÁRJ:** Það getur enginn keypt ...) Þeir geta keypt vegna þess að bæturnar hafa hækkað umfram verðlag. En launin hafa hækkað miklu meira og það er einmitt það sem ég sagði. Ég sagði það að launin hefðu hækkað miklu meira. Ég skil ekki af hverju hv. þm. er að fara í andsvar við mig og segja það sem ég sagði sjálfur.

Svo spurði hún að því af hverju ég hefði ekki komið með breytingar til bóta. Hv. þm. les væntanlega frv. sem hér eru lögð fram. Ég hef lagt fram frv. til bóta. Ég lagði fram frv. um flatan tekjuskatt og með því frv. fylgdi m.a. þáltill. um breytingar á húsaleigubótum og vaxtabótum, sem heita húsnæðisbætur hjá mér. Þetta hef ég lagt fram og ég vona að hv. þm. hafi lesið það því að þetta hef ég lagt fram. Ég hef lagt fram breytingar á þessu kerfi þannig að hún getur ekki spurt mig af hverju ég hafi ekki lagt fram frv. til breytinga. Ég er búinn að því.

[14:42]

Útbýting þingskjals:

Rekstrarkostnaður Vegagerðarinnar, 63. mál, fsp. JóhS, þskj. 63.

[14:42]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um þessi frv. um að húsaleigubætur verði skattfrjálsar og þær undirtektir sem það hefur fengið að þessi frv. nái hér fram að ganga.

Ég gat ekki skilið hv. þm. Pétur Blöndal á annan veg en þann að hann hefði vissan skilning á því að skattalögin væru hlutlaus gagnvart húsnæðiskostnaði þó að hann eyddi mestu af sínum tíma í að ræða um það að námsmenn, einstæðir foreldrar, öryrkjar og ellilífeyrisþegar væru oftryggðir hjá ríkisvaldinu. Það var út af fyrir sig skringileg ræða en maður hefur heyrt hana áður.

Ég hef sjaldan heyrt hv. þm. Pétur Blöndal býsnast yfir t.d. fjármagnseigendum sem hafa það gott í þessu þjóðfélagi og ríkisstjórnin hefur fitað verulega á kjörtímabilinu. Hefur hv. þm. ekkert við það að athuga og gerði hann athugasemd við það þegar með fjármagnstekjuskattinum var opnað fyrir það að þeir sem ættu fjármagnstekjur og fengju arð gætu flutt launatekjur yfir í arðinn og greitt þá 10% af því í staðinn fyrir að greiða 40% af launatekjum? Ég man ekki eftir að hafa heyrt hv. þm. mótmæla því. Þar er þó verið að minnka skatttekjur þeirra sem raunverulega eiga peningana í þjóðfélaginu. Hér erum við að tala um skattlagningu á þeim sem eru verst settir.

Hv. þm. ræddi mikið um að ýmsir hópar í þjóðfélaginu væru oftryggðir. Það er af því að atvinnulífið er að verulegu leyti og hefur verið á framfæri hins opinbera. Þegar ég segi framfæri hins opinbera er ég að tala um það að stórum hluta þjóðarinnar er borgað kannski innan við 100 þús. kr. í tekjur. Fólk þarf að lifa af 70 þús. kr. sem atvinnulífið greiðir því og þá þarf ríkið að koma þar til móts til að fólk eigi fyrir salti í grautinn, herra forseti. Þess vegna fer töluvert af útgjöldum hjá ríkinu í bætur. Ég er viss um að fólk sem er gert að fá í launatekjur kannski 70 þús. kr. vildi miklu frekar taka það

sem þyrfti til framfærslu úr launaumslaginu en í gegnum skattkerfið eða bæturnar. Þetta er bara einu sinni íslenskt samfélag sem við búum í. Það er viðurkennt, herra forseti, að framfærslukostnaður fjögurra manna fjölskyldu er varla undir 200 þús. kr. á mánuði.

Hv. þm. nefndi ýmis dæmi af námsmönnum og einstæðum foreldrum sem hann taldi oftryggða. Ég heyrði hann þó aldrei fara upp í þessar 200 þús. kr. sem er viðurkennt að sé framfærsluþörf venjulegrar fjölskyldu. Ég held ekki að margir taki undir með hv. þm. að námsmenn í þjóðfélaginu séu eitthvað of sælir af því sem þeim er gert að lifa af meðan þeir eru í námi. Hv. þm. Pétur Blöndal fyllir kannski einhvern hóp með sjálfstæðismönnum sem hafa þessa skoðun. En það er einmitt í gegnum ýmsa aðstoð sem við höfum verið með t.d. í félagslega kerfinu fyrir námsmenn, lága vexti og nú húsaleigubætur sem hefur auðveldað námsmönnum framfærsluna.

Hv. þm. nefndi að það ætti að gera vel við barnafólk en þegar við erum að skattleggja húsaleigubætur erum við að skerða barnabætur hjá ýmsum vegna þess að skattlagningin á húsaleigubótum skerðir barnabæturnar. Ég tel að ræða hv. þm. hafi ekki breytt neinu um það að frv. sem við ræðum hér á fullan rétt á sér og fannst mér nú koma fram ákveðinn skilningur hjá hv. þm. þar að lútandi.

Hv. þm. Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv., hélt ágæta ræðu. Vissulega er hægt að deila með hv. þm. áhyggjum yfir því hvernig leigumarkaðurinn er núna að þróast vegna þess að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin fór í á sl. ári varðandi félagslega húsnæðiskerfið mun færa upp leiguna vegna þess að fleiri þurfa að fara á leigumarkaðinn og eftirspurnin mun aukast. Ég sé engin sérstök merki þess að framboð muni aukast á leiguhúsnæði. Hv. þm. taldi enga ástæðu til þess að nefna þá leigu sem þessir hópar, einstæðir og öryrkjar og námsmenn, þurfa kannski að borga sem er iðulega 35–40 þús. kr. og ekki er óalgengt að þeir sem lægstar hafa tekjurnar og minnstar hafa bæturnar borgi helminginn, stundum upp í $^{3}/_{4}$ af tekjum sínum upp í húsnæðiskostnað. Ég er alveg viss um að það er stór hópur öryrkja sem þarf að tína upp úr umslagi sínu um hver mánaðamót helming af því sem hann hefur í tekjur eða lífeyri til þess að greiða í leigukostnað. En hv. þm. sá enga ástæðu til að nefna að leigan væri há.

Það sjá náttúrlega allir ef við tökum t.d. húsnæðiskerfið til samanburðar að þá er talið að greiðslubyrði á mánuði af lánum megi raunverulega ekki fara upp fyrir 20% af tekjum viðkomandi til þess að hann ráði sæmilega við það þannig að viðkomandi eigi 80% eftir þegar hann er búinn að borga húsnæðiskostnaðinn. En hvað þurfa öryrkjarnir að borga, einstæðu foreldrarnir og námsmennirnir oft og tíðum af framfærslupeningum sínum, tekjum sínum? 50% í leigu og menn ræða um að greiðslubyrði húsnæðislána megi alls ekki fara yfir 20% vegna þess að þá fari heimilin á hausinn. En það er ekki oft sem ég heyri það t.d. úr munni þessa hv. þm. sem talaði um oftryggingu öryrkja, námsmanna og einstæðra foreldra að hann hafi reiknað út hvað það þýðir fyrir útgjöld og pyngju þessara láglaunahópa þegar 50% af framfærslutekjum þeirra, bótum eða tekjum, fer beint í húsaleigu. Ég held að ekki þurfi hagfræðing til að sjá það að endar hjá slíkri fjölskyldu ná ekki saman yfir mánuðinn. Það þarf engan hagfræðing til að sjá það. Það sjá auðvitað allir að fyrri hluta mánaðarins er þetta fólk búið með það sem það hefur sér til framfærslu hvort sem það er gegnum launatekjur eða lífeyri. Það er til skammar, herra forseti, hvernig þetta þjóðfélag sem telur sig vera velferðarþjóðfélag, telur sig vera í uppgangi og vera á tímum góðæris með 100 milljarða. 100 milljarða hefur þessi ríkisstjórn haft úr að spila á þessu kjörtímabili umfram það sem síðasta ríkisstjórn hafði, og samt höfum við aldrei heyrt eins og nú hvað öryrkjar hafa það slæmt. Ég man ekki einu sinni eftir að hafa heyrt það á þeim tímum sem við sigldum í gegnum þegar jafnaðarmenn voru mikið í ríkisstjórn þar sem við bjuggum við tímakreppu og samdrátt í efnahags- og atvinnulífi. Ég er viss um að öryrkjarnir núna í þjóðfélaginu hafa það verr en þeir höfðu það þá. Þá bjuggu þeir líka við það að örorkulífeyririnn var nálægt lágmarkstekjum þannig að mér finnst að hv. þm. eigi að fara varlega í að tala um oftryggingu hjá þessum hópum.

Ég vona, herra forseti, að þetta frv. fái framgang á þessu þingi. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það er með ólíkindum að ekki eru nema kannski fjögur ár síðan teknar voru upp húsaleigubætur hér á landi en húsaleigubætur hafa tíðkast í gegnum ár og áratugi t.d. á hinum Norðurlöndunum og þeim dettur ekki í hug að skattleggja þær eins og hér er gert. Það skulu vera lokaorð mín að ég vil líka taka undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að náist þetta frv. ekki fram á þessu þingi, sem maður verður að leyfa sér að vona, sem verulega mun bæta stöðu þeirra hópa sem ég hef nefnt hér, hlýtur það að verða fyrsta verk jafnaðarmanna, félagshyggjufólks og kvenfrelsissinna þegar það tekur við stjórnartaumunum, vonandi eftir næstu kosningar, að breyta því ástandi sem er í húsnæðismálum þeirra sem þurfa að vera á leigumarkaðnum og afnema það að þessir hópar þurfi að greiða skatta af litlum húsaleigubótum, að hirða þurfi 40% í skatt af 15 þús. kr. sem það fær í húsaleigubætur. Það hlýtur að verða fyrsta verk slíkrar ríkisstjórnar að endurreisa á ný félagslega aðstoð í húsnæðismálum á Íslandi sem er eitt af þeim verkum sem er þessari ríkisstjórn til skammar og hennar verður lengi minnst fyrir, þ.e. að afnema félagslega aðstoð í húsnæðismálum fyrir lægstlaunaða fólkið á Íslandi.

[14:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að notfæra mér andmælarétt minn til að benda á umfjöllun í Degi í gær. Þetta er fréttaskýring: Öryrkjar eru þriðja þjóðin. Ég held að það væri gott fyrir ýmsa sem hafa verið að tala gegn þessu frv. eða nánast ekki tekið undir það að lesa hana en hún sýnir fram á við hvað þessir öryrkjar búa sem hv. þm. hafa verið að ræða. Rætt er við ungan mann sem greindist með MS-sjúkdóm og hann lýsir því hér. Hann fær fulla tekjutryggingu og fullar bætur og hann er með 63 þús. kr. á mánuði. Það er eins hátt og hægt er að komast í almannatryggingakerfinu. Þar af fer helmingurinn í húsaleigu, hann á 31 þús. kr. eftir. Hann er fráskilinn og hann á börn. Hann getur ekki leyft sér að bjóða börnunum sínum upp á neitt. Fólk sem þarf að lifa af 31 þús. kr. getur ekki leyft sér nokkurn skapaðan hlut. Í Degi segir, með leyfi forseta:

„Eiríkur rifjar upp bíóferð með öðrum sona sinna. „Eftir bíóferðina vildi ég fá að bjóða honum upp á hamborgara á MacDonalds sem kostar 490 kr. Ertu að grínast pabbi, var svar hans. Svona lagað fær á mann; það er ekki búist við neinu af manni. Enda getur maður ósköp lítið veitt sér og sínum.““

Svona er nú staðan hjá þessu fólki og ég vildi bara bæta þessu inn í og ég teldi hollt fyrir ýmsa stjórnarliða að lesa þessa fréttaskýringu Friðriks Þórs Guðmundssonar í Degi í

gær því að hún lýsir því alveg í hnotskurn hver kjör öryrkja eru og hversu stór hluti tekna þeirra ef þeir eiga ekki íbúð fer í að borga húsaleigu og hvað eftir er í góðæri Davíðs Oddssonar og Péturs Blöndals.

[14:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var að tala um fjármagnstekjuskatt út úr heiðskíru lofti og ég vil benda honum á, sem ég hef gert mörgum sinnum, að sá sem ætlar að flytja tekjur í gegnum arð þarf að borga 30% af hagnaði fyrirtækisins, fyrst sem skatt og síðan borgar hann 10% fjármagnstekjuskatt þannig að hann tapar á því.

Í öðru lagi sagði hv. þm. að ég hefði sagt að ellilífeyrisþegar og öryrkjar hefðu það gott. Það sagði ég aldrei. Ég gat um einstök dæmi þess að fólk væri oftryggt í kerfinu, einstök dæmi. Og hann sagði líka að ég hefði sagt að námsmenn hefðu það allir gott. Það sagði ég ekki. Ég tók sem dæmi einstæða móður með tvö börn sem stundar nám. Hún er oftryggð en ég sagði alls ekki að allir námsmenn væru oftryggðir, aldrei nokkurn tíma. Það fyrir finnst hvergi stafur í minni ræðu um það. (**Gripið fram í:** Þú ættir að lesa yfir ræðuna.)

Síðan sagði hv. þm. að ég talaði eingöngu um oftryggingu. Ég talaði líka um vantryggingu og það er veruleg vantrygging. Ég gat um hana sérstaklega og ég vildi gjarnan að hv. þm. kæmi inn á þau atriði þar sem ég talaði um vantryggingu. Þeir menn sem búa í litlum herbergjum, búa ekki nógu flott og fá ekki húsaleigubætur. Ég talaði líka um stóra fjölskyldu sem fær ekki húsaleigubætur af því að tekjurnar samanlagt fara yfir 220 þús. kr. Það er líka vantrygging þannig að ég vildi gjarnan að hv. þm. ræddi þetta. Ég talaði líka um vantryggingu þess manns sem er með engar tekjur og fær sömu húsaleigubætur og annar einstaklingur sem er með 120 þús. kr. á mánuði. (**Gripið fram í:** Hvað er oftrygging?) Oftrygging er þegar menn eru betur settir eftir tjón en þeir voru áður, það er oftrygging, herra forseti.

Ég hefði viljað að menn mistúlkuðu ekki svona ræðu mína og væru málefnalegir í umræðunni því að það gefur okkur miklu meira en vera að mistúlka og rangtúlka það sem maður segir.

[14:59]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa stuttu ræðu hjá hv. þm. Ég hygg að síðasta ræða mín hafi haft einhver áhrif á hv. þm. þannig að hann hafi séð að kannski hafi hann verið að tala af sér þarna og sjái að sér og dragi í land. Ég gat ekki betur heyrt en hann — þó hann nefndi einhver einstök dæmi um vantryggingu, þá gekk ræða hans út á oftryggingu sem hv. þm. sá ofsjónum yfir. Ég nefndi auðvitað dæmi sem mér finnst hv. þm. taka sjaldnar upp eins og varðandi fjármagnstekjuskattinn og skattaparadís fyrirtækja, sem hafa haft 100 milljarða í hagnað og greiða 16 milljarða í skatt vegna þess að það eru til svo mörg skattagöt og undankomuleiðir fyrir atvinnulífið í þessu þjóðfélagi, sem er raunverulega skattaparadís fyrir fyrirtækin og maður heyrir á boðskap ríkisstjórnarinnar að gera eigi að enn þá meiri skattaparadís en það eru auðvitað fyrst og fremst launamenn sem greiða skatt í ríkissjóð. Ég held að hv. þm. ætti að tala varlega þegar hann er að tala um að þessir hópar sem við höfum verið að fjalla um, námsmenn og öryrkjar, aldraðir og einstæðir foreldrar, hann nefndi alls ekki alla, að sumir hverjir væru oftryggðir vegna þess að ég held að hv. þm. fari ekki með rétt mál í því og ég held að hv. þm. þekki ekki — miðað við hvernig hann talar — raunverulega kjör þeirra sem verst eru staddir í þjóðfélaginu og hvernig þeir geta yfirleitt komist af miðað við þær tekjur, bætur og lífeyri sem þeim er skammtað í þessu þjóðfélagi.

[15:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Öll ræða hv. þm., sú sem ég fór í andsvar við, var í rauninni andsvar við ræðu mína og ég hef ekki breytt neitt um skoðun. Það eina sem ég sá út úr ræðu hv. þm. var það að hún hafði misskilið ræðu mína allhrapallega og gerði mér upp orð og skoðanir sem ég lét ekki í ljós. Ég sagði aldrei að námsmenn hefðu almennt verið oftryggðir, það sagði ég aldrei. Ég sagði heldur ekki að öryrkjar væru almennt oftryggðir og ég sagði heldur ekki að ellilífeyrisþegar væru almennt oftryggðir. Ég nefndi einstök dæmi um oftryggingu og því hefur ekki verið mótmælt.

En varðandi það að ég þekki ekki kjör vissra hópa ætla ég ekki að fara að vera neitt sérstaklega persónulegur en ég get sagt hv. þm. að ég hef haldið á barni sem er fjögur kg eins árs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfbær orkustefna, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

[15:03]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Þegar ég tek til máls vekur það athygli mína að fyrir utan Alþingishúsið á Austurvelli stendur hópur fólks sem hefur staðið þar í rigningunni um skeið og lesið upp kvæði og fleira gott úr íslenskum bókmenntum. Hvað er það sem veldur stöðu þessa fólks fyrir utan Alþingishúsið? Það er að vekja athygli á þeirri stefnu sem er uppi hjá íslenskum stjórnvöldum og verið hefur alllengi, að ráðast í virkjanir í landinu og virkja hratt til hagsbóta að sagt er fyrir landsfólkið en með gífurlega miklum áhrifum sem það mun hafa á íslenska náttúru. Ég held að við ættum að hlusta á þau skilaboð sem þarna er verið að flytja. Ég vildi nefna þetta þegar ég hef mál mitt um þá stefnumörkun sem ég mæli fyrir í formi till. til þál. um sjálfbæra orkustefnu.

Sú tillaga sem hér er flutt af þingmönnum í þingflokki óháðra ásamt mér hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni gerir ráð fyrir því að í fyrsta sinn, a.m.k. um langt skeið, verði reynt að draga upp heildstæða stefnumótun varðandi nýtingu orkulinda landsins og verndun landsins í tengslum við þá nýtingu og koma á viðunandi sátt í þeim málum sem eru nú mjög umdeild og eiga eftir að verða það um langa hríð, ekki síst ef fram heldur sem horfir.

Við höfum gefið þessu máli heitið sjálfbær orkustefna og það vísar til þeirrar stefnumörkunar sem er nú orðin á vitund flestra og komið var á framfæri á 9. áratug aldarinnar og sérstaklega í tengslum við ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro fyrir sex árum. Hugtakið hafði þó komið fram áður, m.a. í skýrslu Brundtland-nefndarinnar sem skilaði af sér með myndarlegu riti um sjálfbæra þróun árið 1987, rit um sameiginlega framtíð okkar. Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa upp tillögutextann sem er svofelldur:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að undirbúa, í samvinnu við umhverfisráðherra og þingflokka, sjálfbæra íslenska orkustefnu sem hafi að markmiði:

a. að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi,

b. að dregið verði markvisst úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda,

c. að ríkulegt tillit verði tekið til náttúruverndar og umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Forsenda þessarar stefnumótunar verði að Ísland gerist fullgildur aðili að Kyoto-bókuninni frá 12. desember 1997 við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Á meðan þessi stefna er í mótun verði ekki ráðist í orkufrekan iðnað umfram það sem þegar hefur verið samið um og frestað að innleiða hér reglur Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum."

Þetta er texti þáltill. sem er lögð fyrir þingið. Þessari tillögu fylgir ítarleg greinargerð. Þar er í upphafi leitast við að skýra hvað átt sé við með hugtakinu sjálfbær orkustefna og bent á að í áherslum Sameinuðu þjóðanna er lögð áhersla á eftirfarandi þætti til að stuðla að sjálfbærri orkustefnu. Ég ætla að leyfa mér að vitna til greinargerðar:

„orkusparnað og bætta nýtingu orku á öllum sviðum, ekki síst í þróuðum ríkjum,

umhverfisvæna orkugjafa, ekki síst endurnýjanlega orku og nýja og hreina tækni,

orkugjöld vegna mengunar og/eða reglur er takmarki losun mengandi efna,

afnám niðurgreiðslna til kjarnorku og hefðbundinna orkugjafa,

að heildarkostnaður, m.a. vegna umhverfis, verði sýnilegur og hluti orkufjárfestingar,

jöfnuð í aðgengi að orkuþjónustu og áhrif almennings á mótun orkustefnu,

forustu ríkisstjórna og opinberra aðila í að ryðja braut fyrir sjálfbæra orkustefnu,

áætlanir og aðgerðir þjóðríkja í þágu sjálfbærrar orkustefnu."

Við minnum á að orka er undirstaða efnahagsþróunar og við í þessu landi búum óvenjuvel hvað snertir bæði þá orku sem framleidd er og einnig orkulindir að tiltölu við fólksfjölda og vegna eðlis orkulindanna sem við tölum um almennt sem sjálfbærar þó að við þurfum vissulega að gæta að áhrifum þessara auðlinda okkar að því er varðar nýtinguna.

Það er alveg ljóst að þrátt fyrir að orkugjafar okkar séu endurnýjanlegir, endurnýi sig eins og vatnsaflið alveg sérstaklega og jarðvarminn, þó með ákveðnum takmörkunum, hefur nýting þessara orkugjafa veruleg áhrif á umhverfið. Þau áhrif eru auðvitað allt annars eðlis en gerist með framleiðslu orku á grunni jarðefnaeldsneytis, að ekki sé talað um kjarnorku. Varðandi báða þessa orkugjafa eru takmörkin orðin mjög ljós og birtast okkur m.a. í þeirri umræðu sem fram fór fyrr á þessum degi um samninginn um loftslagsbreytingar og Kyoto-bókunina þar sem jarðefnaeldsneytið kemur sérstaklega við sögu en það eru ekki nema hörðustu talsmenn kjarnorkuleiðarinnar sem halda uppi vörnum fyrir kjarnorku. Almennt er viðurkennt að hún sé ekki vistvænn orkugjafi, hún sé ekki orkugjafi sem hægt sé fyrir mannkynið að nýta til frambúðar, hún sé ekki sjálfbær og kemur þar margt til, alveg sérstaklega sá úrgangur sem fylgir kjarnorkuvinnslunni og ekki hefur tekist að leysa vandamálin við förgun hans eða vörslu. En nýting vatnsaflsins veldur einnig hvarvetna í heiminum verulegri röskun og þarf ekki að hafa mörg orð um það í þessum sal svo oft sem um þau áhrif hefur verið rætt og verður rætt, sem nýting vatnsaflsins hefur á umhverfi okkar og náttúru landsins. Rétt er að nefna það hér að erlendis er komið að því að menn eru farnir að rífa vatnsaflsvirkjanir vegna umhverfisáhrifa. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku er farið að hverfa frá eða rífa virkjanir sem taldar eru hafa óviðunandi áhrif á umhverfið, þar á meðal á veiði í viðkomandi vötnum.

En það sem ég vil draga alveg sérstaklega fram í sambandi við þessa tillögu og það sem fylgir henni er sú sýn til þessara mála sem ég hef nefnt áður í umræðu á þessum degi að magn hinna endurnýjanlegu orkulinda Íslands hefur verið gróflega ofmetið af þeim sem gera úttektir á verkfræðilegum forsendum, fyrst og fremst, og út af fyrir sig er ekkert við það að athuga. Tölur sem við þekkjum í þessu sambandi og hér vil ég nota viðmiðunina um teravattstundir í ársframleiðslu en teravattstundir er níunda veldi hvað snertir núllin, þ.e. níu núll fylgja á eftir tölunni, en það gefur þá tiltölulega lága tölu. Hvað vatnsaflið snertir er þessi tæknilega hagkvæma orka talin nema, og sú tala hefur lengið verið notuð, 30 teravattstundir, jarðvarminn hefur verið reiknaður sem svarar 20 teravattstundir til raforkuframleiðslu þannig að samanlagt magn þessara tveggja auðlinda hefur verið reiknað um 50 teravattstundir. Það er nokkuð langt síðan menn áttuðu sig á því að það væri ekki frambærilegt á sama tíma og menn tala um hlíf við náttúru landsins að reikna með þessum tölum að þarna yrði um nýtingu að ræða í reynd sem þessu svaraði. Menn sem hafa verið reiðubúnir til viðræðu og vilja horfa á önnur sjónarmið hafa fyrir alllöngu sagt sem svo að ekki veitti af að draga þriðjung frá þeirri tölu. Ég fullyrði að það er of lítið og í framsetningunni hér, horft til lengri tíma, höfum við flutningsmenn sett fram sem hugmynd að menn eigi í langtímaáætlunum í íslenskum orkubúskap alls ekki að reikna með meira en 25 teravattstundum sem hagnýtanlegri orku frá vatnsafli og jarðvarma samtals. Það er þó vel í lagt, tek ég fram, og að mínu mati mætti sú tala gjarnan vera meira varúðarmegin í þessu sambandi. Ef við lítum á málið út frá þessu að menn hefðu þessa orku til umráða til næstu aldar, þetta framleiðslumagn af orku, þá er af minna af taka en almennt er rætt um.

Við skulum aðeins líta á tölur í þessu sambandi. Við framleiðum nú samtals tæpar sex teravattstundir af raforku í landinu, meira en helmingur fer til framleiðslu fyrir stóriðjufyrirtækin. Ef stóriðjufyrirtæki nýttu þá raforku, sem gert hefur verið ráð fyrir, t.d. með stækkun á Ísal uppi í 200 þúsund árstonn sem starfsleyfi er fyrir og Norðurál upp í umræddd 180 þúsund tonn, þá bætist auðvitað verulega við þetta. En við skulum láta það liggja milli hluta og reikna með þeirri stóriðju sem nú er. Í raforkuspá orkuspárnefndar frá árinu 1997, sem ég hef hér handa á milli, er þetta sýnt í greinargerð á bls. 9. Hvert er það magn að óbreyttri stóriðju sem mætti reikna með til ársins 2025? Það eru tæpar 10 teravattstundir, það eru 9,4 teravattstundir nákvæmlega reiknað og væri engu bætt við. Samkvæmt spá orkuspárnefndar væri þetta að óbreyttri stóriðju fram til ársins 2050 11,3 teravattstundir. En inn í dæmið skulum við taka það sjálfsagða markmið sjálfbærrar orkustefnu að við ætlum okkur að útrýma innflutningi á orku til landsins í formi jarðefnaeldsneytis. Hve

mikið er það magn sem flutt er inn í því formi umreiknað í raforku? Um það fékk ég upplýsingar frá Orkustofnun og það er birt sem fylgiskjal með tillögunni hversu mikið það er. Þá fáum við út tölu sem segir okkur ef við ætluðum að útrýma þessari innfluttu orku getur það numið hátt í 20 teravattstundum en minna þó ef um er að ræða efnarafala og tiltekna framleiðsluaðferð, t.d. við vetnisnotkun, þá er hægt að ná fram meiri hagkvæmni. Ég hef því sett þetta fram þannig að um sé að ræða 10–20 teravatttíma sem við þurfum í þessu skyni, mismunandi mikið eftir því hvaða tækni yrði notuð í einstökum atriðum.

Virðulegur forseti. Af þessu sjáum við að við erum þegar komin á þau mörk þar sem við þurfum að fara af fyllstu alvöru að gæta okkar ef við ætlum að hafa til ráðstöfunar óbeislaðar orkulindir til að taka í notkun til framleiðslu vistvænna orkugjafa sem komi í staðinn fyrir innflutt eldsneyti á næstu áratugum. Þá erum við farin að ráðstafa þeim 25 teravatttímum sem ég nefndi sem líklegt þak ef menn ætla að sýna náttúru landsins þá hlífð sem henni ber. Ég vildi draga fram þá meginsýn sem tengist þessu máli og jafnframt minna á það hvar við erum stödd í sambandi við virkjanir í landinu. Segja má að varla sé nefnd sú virkjun sem ekki séu athugasemdir við, mismunandi eftir aðstæðum, en það er alveg ljóst að sú röskun er orðin mjög viðkvæm í hugum þjóðarinnar sem fylgir nýjum vatnsaflsvirkjunum í landinu og það mun einnig gilda um jarðvarmavirkjanir, þó mismunandi eftir aðstæðum. Þess vegna þurfum við að átta okkur á því að við höfum engin efni á því að binda meira magn orku en orðið er í málmbræðslur í þessu landi, í hefðbundna stóriðju, og sú forsenda er sett fram í tillögutextanum.

[15:19]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti þessa tillögu á síðasta þingi ef ég man rétt þannig að hún er nú endurflutt og ... (**HG:** Hún var aldrei rædd.) var aldrei rædd á síðasta þingi en var eitthvað aðeins rædd í þeim þingflokki sem ég stýrði þá og hét þá þingflokkur Alþb. og óháðra og hv. þm. var þá hluti af.

Ég byrja á því að nota þetta tækifæri fyrst og fremst til að þakka hv. þm. fyrir þá gagnaöflun sem hann hefur beitt sér fyrir og birtist í þessu þskj. Hér er um að ræða óvenjulega fróðlegt yfirlit um raforkubúskap landsmanna og horfur í þeim efnum allt fram á næstu öld. Ég er þá að tala um hagnýtingarhorfurnar, ég er að tala um umhverfishorfurnar, bæði að því er varðar Kyoto-samkomulagið og fleiri þætti. Ég er að tala um þær ábendingar sem birtast þarna varðandi orkufrekan iðnað og einnig um raforkutilskipun Evrópusambandsins og síðast en ekki síst þetta stórmerkilega fylgiskjal frá Orkustofnun, dags. 13. febrúar 1998, um eldsneytisnotkun Íslendinga árið 1996. Það er mjög athyglisvert ef það er rétt sem hér er haldið fram að það sé orðið svo miðað við umhverfisaðstæður að hagnýtanleg orka vatnsafls og jarðvarma til raforkuframleiðslu hér á landi nemi ekki 50 teravattstundum heldur 25 teravattstundum og það er hrikaleg staðreynd ef það er þannig. Ég tel að það hvetji til þess að allar orkunýtingarforsendur verði skoðaðar upp á nýtt og endurmetnar. Það er augljóst mál að það er æðimikið annar heimur sem við mundum hrærast í ef við yrðum að setja þakið á við 25 teravattstundir til hagnýtingar í raforkuframleiðslu eða hvort við erum að tala um 50 teravattstundir eins og menn hafa yfirleitt reiknað með. Ég hygg að þeir menn sem hafa verið uppi með ákveðnar stóriðjuhugmyndir á undanförnum árum eins og núv. hæstv. ríkisstjórn hafi gengið út frá hinni háu tölu, 50 teravattstundum, og gengið út frá því að hægt væri að nýta svo mikla orku hér á landi og þar af leiðandi hægt að nota mjög mikið af henni til málmbræðslu, til stóriðju. Út af fyrir sig má segja ef menn eru með það sem járnmúraða niðurstöðu af sinni hálfu, stutt rökum fræðimanna, að til séu 50 teravattstundir, geti menn leyft sér dálítið kæruleysi með að nota þá hluti. Ef þetta er aftur á móti komið niður í 25 er beltið náttúrlega miklu þrengra utan um menn sem þeir þurfa að taka tillit til. Mér finnst gagnasöfnun hv. þm. og sú ræða sem hann flutti hvetja til þess að fyrirbæri eins og hv. iðnn. Alþingis láti fara fram sjálfstæða skoðun á þessu með því að láta kalla fyrir Orkustofnun, Landsvirkjun og alla aðra aðila þannig að þessir hlutir verði merktir upp á nýtt að frumkvæði Alþingis. Það er miklu eðlilegra að Alþingi geri það en allir aðrir af því fyrst og fremst að núv. ríkisstjórn og fyrri stjórnir hafa gjarnan verið uppteknar af því að þær þurfi að tryggja atvinnu eins og það heitir, og nú er farið að blanda þessum stóriðjumálum í uppbyggingu á landsbyggðinni eins og kunnugt er og hv. þm. þekkir úr kjördæmi sínu þar sem ákallið á uppbyggingu stóriðju er gríðarlega hávært.

Einnig er dálítið umhugsunarvert að ef þessi veruleiki horfir svona við eru þær tölur sem hv. þm. bendir á umhugsunarverðar að öðru leyti að um miðja næstu öld án viðbótarstóriðju verði um að ræða orkuþörf í þessu landi upp á 11,3 teravattstundir. Það bætist svo við ef menn ætla sér að útrýma innfluttu eldsneyti, sem getur verið út af fyrir sig ágætt markmið en má sjálfsagt líka ræða aðeins betur. Ég tel að það eigi þá fyrst og fremst að vera keppikefli af umhverfispólitískum ástæðum og heimsástæðum ef til þess að útrýma innfluttu eldsneyti þurfi 20 teravattstundir til viðbótar við þær 11,3 sem þarna var verið að tala um að þyrfti að nota um miðja næstu öld. Þá er komið að tíðindum sem hafa aldrei verið rædd úr þessum ræðustól, a.m.k. ekki um nokkurra áratuga skeið og það er að við Íslendingum gæti blasað orkuskortur þegar kemur fram á næstu öld og ég geri ráð fyrir því að einhverjir okkar muni falla einhvern tíma á þeim tíma. Engu að síður er ljóst að það verður þá viðfangsefni niðja okkar að takast á við algerlega nýjan veruleika, með öðrum orðum orkuskort í landinu miðað við það sem við höfum verið að tala um.

Hins vegar er auðvitað svo að það er náttúrlega líklegt að þegar kemur svo langt fram í tímann hafi skapast aðstæður til þess að flytja raforku milli landa, að við búum við allt aðrar aðstæður en við gerum í dag en ég tel að sú mynd sem hv. þm. dró hvetji mjög til umhugsunar. Ég hvet til þess að hv. iðnn. taki þessari tillögu vel og ég endurtek þakkir mínar fyrir þau gögn sem hv. þm. hefur dregið með sem fylgiskjöl þessa máls.

[15:25]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Út af fyrir sig tek ég undir það sem kom fram í lokaorðum hv. þm. Svavars Gestssonar, 8. þm. Reykv., að það er eðlilegt að Alþingi skoði vel þessa þáttill. og raunverulega efni tillögunnar og þær upplýsingar sem eru dregnar fram. Það er ekkert nema gott um það að segja og nauðsynlegt að þingið velti þessum stóru málum fyrir sér. Eins og við ræddum fyrr á þessum degi þegar við vorum að ræða um loftslagsbreytingarnar, gróðurhúsaáhrifin og Kyoto-bókunina svokölluðu, eru þetta allt mál sem tengjast

og þarf að líta á í nokkru samhengi með því að við hugum að nýtingu orkulinda okkar sem er nauðsynlegt að gera.

Hér eru settar fram spár eða vangaveltur um það hvað framtíðin kunni að bera í skauti sér annars vegar varðandi hugsanlega og mögulega nýtingu orku í landinu, hins vegar það sem þegar er búið að ákveða eða gefa fyrirheit um í sambandi við orkunýtingu og iðnaðaruppbyggingu en svo eru þar að auki upplýsingar um framtíðarmöguleikana og vetnisframleiðslu og nýja orkugjafa. Allt eru þetta mál sem við Íslendingar viljum gjarnan taka þátt í og vera eftir því sem við getum aðilar að slíkri nýrri orkustefnu, ef má orða það þannig, og eigum að leggja okkar af mörkum. Við eigum möguleika, við höfum ákveðna þekkingu, við höfum ákveðna reynslu af vetnisframleiðslu og við höfum verið að leita eftir samstarfi og samvinnu við ýmsa aðra aðila í þessu, t.d. bílaframleiðendur í sambandi við samgöngurnar. Auðvitað skiptir ekki litlu máli ef við gætum breytt eitthvað áherslum í sambandi við orkugjafa fiskiskipaflotans.

Hér er því velt upp ýmsum hugmyndum sem vert er að skoða og full ástæða til að við gerum. Enda er það svo að í megininntaki þáltill. er talað um að iðnrh. láti undirbúa í samvinnu við umhvrh. og þingflokka sjálfbæra íslenska orkustefnu. Mig langar í því sambandi að minna á að í framkvæmdaáætlun sem ríkisstjórnin hefur samþykkt um *sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi er m.a. fjallað um mjög* hliðstæða hugmynd og hér er sett fram, í kaflanum um orku og iðnað í þeirri framkvæmdaáætlun sem ég er með hér og ég veit að hv. þm. kannast við. Auðvitað er fjallað um fjölmargt fleira sem getur tengst sjálfbærri þróun í samfélagi okkar og er ávöxtur af mikilli vinnu sem unnin var í starfshópum þar sem fulltrúar félagasamtaka, fyrirtækja, stofnana og ráðuneyta komu að. Eftir þá miklu vinnu var síðan haldið sérstakt umhverfisþing sem fór yfir það mikla efni sem lá fyrir. Svo að ég geri langa sögu stutta varð úr því þessi framkvæmdaáætlun til sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Iðnrh. í samráði við umhvrh. láti gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og skal henni lokið fyrir árslok árið 2000. Áætlunin sé í samræmi við samhæfða stefnu í umhverfis-, orku-, iðnaðar- og efnahagsmálum auk ferðaþjónustu. Í henni verði sérstaklega fjallað um verndargildi einstakra vatnasvæða og niðurstöður felldar að skipulagi. Í því sambandi verði sérstaklega könnuð áhrif smárra virkjana."

Hér er út af fyrir sig fjallað um nátengd efni.

Með tillögunni sem hér er til umræðu fylgir ítarleg greinargerð um hugmyndir flutningsmanna þar sem fram kemur rökstuðningur þeirra en í framkvæmdaáætluninni sem ég vitnaði til er líka margvíslegur rökstuðningur og margvíslegt efni til upplýsingar til þess að byggja undir þær hugmyndir sem hér eru settar fram um aðgerðir eða leiðir til að ná markmiðunum. *Við höfum nú þegar átt nokkrar viðræður um* þetta mál við iðnrh., þ.e. umhvrh. og iðnrh. ásamt embættismönnum og ráðuneytisstjórum þessara ráðuneyta, hvernig við stöndum að gerð þessarar langtímarammaáætlunar. Það er nauðsynlegt að sú vinna verði unnin á næstu missirum. Hér segir: „fyrir árslok árið 2000", eins og ég gat um áðan. Það er fullur vilji til þess að vinna að því máli og ég hef lagt mig fram um það að reyna að koma þessu áleiðis. Við höfum rætt við undirstofnanir ráðuneytanna um að leggja efni til þessarar áætlunargerðar og vinnan er, ef ég má orða það svo, um það bil að fara af stað. Hún hefði auðvitað mátt vera komin af stað eða komin lengra. Þó er hægt að orða það svo að gerð þessarar áætlunar sé um það bil að fara af stað. Þetta vildi ég láta koma fram, hæstv. forseti, í umræðu um þessa tillögu.

Ég get eins og ég hef reyndar áður sagt og kom fram í umræðum í morgun um það dagskrármál sem þá var til umræðu, þ.e. um undirritun eða staðfestingu á Kyoto-bókuninni, verið sammála hv. 1. flm. og frsm. þessarar tillögu sem hér er til umræðu að ég held að hugmyndir manna fyrr á tímum um þá orku sem við eigum nýtanlega en óvirkjaða séu ofmetnar og það þurfi að endurskoða þá orkuspá eða orkustefnu. Þar á ég fyrst og fremst við að það eru mjög breyttar áherslur í umhverfismálum. Það er öllum þegnum þessa lands ljóst og hvort heldur er þeim sem sitja á Alþingi, í ríkisstjórn eða starfa í ráðuneytum hvað þessar áherslur hafa verið að breytast mikið á undanförnum missirum. Á tiltölulega skömmum tíma hefur þarna orðið mikil hugarfarsbreyting og stjórnvöld verða auðvitað að taka mið af því. Þess vegna er líka mjög nauðsynlegt að stjórnvöld setjist niður og semji þá stefnu eða áætlun og reyni að gera hana í sátt við sem flest, helst öll sjónarmið eftir því sem það er hægt, að við leitum allra leiða til þess að nýting orkunnar sé markviss og að við fórnum ekki ómetanlegum eða óbætanlegum verðmætum. Ég hef nefnt dæmi áður í umræðu til hvers mér fyndist að þyrfti t.d. að taka tillit í því efni. Dæmi um slíkt er margumrædd virkjun Jökulsár á Fjöllum með þeim afleiðingum að Dettifoss yrði ekki svipur hjá sjón, kannski ekki til. Ég mundi ekki telja það ásættanlegt, náttúrlega alls ekki fyrir umhverfisyfirvöld og raunar alls ekki fyrir stjórnvöld að sætta sig við slíka breytingu svo ég taki bara eitt dæmi af því sem ég held að þurfi að hafa í huga við mótun nýrrar stefnu.

Hæstv. forseti. Ég sé að tími minn er útrunninn. Að öðru leyti um spána eða framsetningu flutningsmanna og hv. frsm. vil ég ekki leggja neina dóma á þessu stigi en veit að nefnd fer yfir þetta og ræðir þá sjálfsagt bæði við fulltrúa iðnrn. og umhvrn.

[15:34]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. og um leið iðnrh. því að hæstv. umhvrh. er nú starfandi hæstv. iðnrh., fyrir innlegg í þessa umræðu og þau sjónarmið sem þar komu fram. Auk þess þakka ég hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir þátttöku í umræðunni og góðan stuðning við þá tillögu sem hér er til umræðu.

Um það sem fram kom hjá hæstv. umhvrh. er ekki annað að segja af minni hálfu en að mér þykir gott að heyra þau meginviðhorf sem hann viðraði í þessu efni og þann vilja sem þar kom fram, að tekið verði á þessu máli með langtímasjónarmið í huga og að sú stefnumótun eða framkvæmdaáætlun sem ríkisstjórnin stóð að að yrði mótuð, fellur með vissum *hætti að þeim hugmyndum sem settar eru fram í þessari* tillögu. Því er í rauninni ekki annað vænlegra og sjálfsagðara en að þingið leggi sitt af mörkum til þessa máls og inn í undirbúning að slíkri stefnumótun og það ætti að geta farið saman. Ég tel að það sé eitthvert allra brýnasta mál þessa þjóðfélags að slík stefna verði mótuð og um leið auðvitað að endurskoðuð verði sú vegferð sem menn hafa verið að undirbúa um alllangan tíma, miklu hraðari hagnýting á orkulindum okkar heldur en skynsamlegt er út frá sjónarmiðum umhverfisverndar og út frá þjóðhagslegum markmiðum að auki.

Ég vil aðeins nefna í því sambandi að ef við lítum á þær hugmyndir sem hafa fengið á sig einhverja mynd og verið kynntar landsmönnum í einu eða öðru formi varðandi stóriðjufyrirtæki og það stóriðjufyrirtæki sem kannski ætti að rísa að mati ríkisstjórnar á næsta áratug, næstu tíu árum eða svo, þá er þarna í fyrsta lagi umrædd risaálbræðsla á Austurlandi. Það má gjarnan nota risa- fyrir framan. Það mætti kannski nota hugtakið peta- sem er notað í útreikningum Orkustofnunar um innflutning á orku í því sambandi. Þakið á hugmyndina um risaálbræðsluna þar hefur verið sett við 720 þúsund tonna framleiðslu af áli á einu ári. Þessi hugmynd kallar á raforku sem nemur yfir 10 teravattstundum sem er fullur þriðjungur af tæknilega hagnýtanlegu vatnsafli í landinu. Þetta hefur verið dregið fram og komið fram í þingskjölum þannig að ég er ekki með neina „science fiction" í þessu sambandi. Ég er ekki með neinn tilbúning í þeim efnum heldur er þetta mál sem menn hafa setið yfir og verið er að verja stórfé til, til þess að athuga í samvinnu við útlendinga.

Ef við tökum síðan stækkun á þeim álbræðslum sem fyrir eru í landinu þá nemur það verulegu magni sem svarar til nær þriggja teravattstunda að auki og magnesíumverksmiðja sem hefur verið rædd á þessum degi kallar á orku sem svarar til einnar teravattstundar þannig að í þessum fjórum hugmyndum, tveimur stækkunum á iðjuverum og tveimur nýjum iðjuverum erum við með orkumagn sem nemur um 14 teravattstundum. Það er nær helmingurinn af tæknilega virkjanlegu vatnsafli í þessu landi. En ég hef verið að reifa þá hugmynd okkar flutningsmanna að menn ættu að draga mörkin við 25 teravattstundir sem það hámark sem menn ættu að miða við í langtímaáætlun. Ég held að alveg nauðsynlegt sé að menn geri sér þetta ljóst og ég held að stjórnmálamenn og hv. alþingismenn sem fylgjast með þjóðmálaumræðunni verði að átta sig á hve viðkvæmt mál röskun á víðernum landsins, hálendi landsins og jarðhitasvæðum landsins, er orðið í huga þjóðarinnar. Hvar verðum við stödd hvað það snertir eftir að við værum búin að tvöfalda núverandi orkuvinnslu, þrefalda hana? Hvert verður ástandið þá í þjóðfélagsumræðunni um slíkar framkvæmdir? Er þá skynsamlegt að fara að binda stóran hluta af orkuforða landsins í málmbræðslum sem gera verður ráð fyrir að gangi í hálfa öld? Sumar hafa gengið lengur samkvæmt reynslu. Er það skynsamlegt? Ég segi nei. Það er ekkert óskynsamlegra varðandi ráðstöfun á orkulindum okkar heldur en einmitt það vegna þess að þá eru menn að loka á möguleika sem eru eðlileg keppikefli fyrir Íslendinga, þ.e. að geta orðið sjálfum sér sem mest nógir um orku úr sínum eigin orkulindum með því að útrýma jarðefnaeldsneytinu, skapa þar með aukið svigrúm gagnvart alþjóðasamningum sem við höfum rætt fyrr á þessum degi, auk þess að tryggja öryggi sitt og koma sér fyrir í landinu í góðri sátt við náttúruna. En ef við tökum hinn kostinn, ráðstöfum svona stórum hluta í málmbræðslur, bindum orkuna þar, þá stöndum við frammi fyrir þeirri viðkvæmu stöðu að þurfa að fara að taka kosti sem við vildum helst ekki nýta til ráðstöfunar til að framleiða vistvæna orku í landinu. Það er ekki skynsamleg staða, virðulegur forseti.

Aðeins vildi ég nefna, af því að mér gafst ekki tími til þess í fyrri ræðu minni, það sem kemur fram í tillögunni varðandi raforkutilskipun Evrópusambandsins. Ég ætla ekki að fara langt út í það efni en ég vildi samt vekja sérstaka athygli á því að Evrópusambandið samþykkti 1996 sérstaka tilskipun sem varðar Ísland sem aðila að hinu Evrópska efnahagssvæði og snertir innri markað á raforku, þ.e. að innleiða svokallaða frjálsa samkeppni í sambandi við framleiðslu og dreifingu á raforku. Það er lengi búið að vinna að þessu máli innan Evrópusambandsins og það er sem sagt orðið viðtekið að ráðast í slíkt á allnokkrum tíma í þrepum ef svo má segja. Hins vegar er málið ekki farið í gegn í sameiginlegu EES-nefndinni. Ísland hefur sett fram spurningarmerki í sambandi við þetta stóra mál og það er mjög eðlilegt og réttmætt að það hafi verið gert. Ég tel að við eigum ekki, a.m.k. ekki á meðan við höfum ekki lokið því bráðnauðsynlega verki að átta okkur á okkar hagsmunum betur en orðið er og móta hér orkustefnu til lengri tíma, að gerast aðilar að þessari tilskipun Evrópusambandsins. Og ég skora á íslensk stjórnvöld að spyrna þarna við fótum og færa fram mjög skýr og eðlileg rök fyrir því að við eigum ekki að gerast þarna aðilar. Við erum með einangrað raforkukerfi í okkar landi. Við erum eyland, ekki í tengslum við orkumarkað Evrópu og hér gilda allt önnur viðhorf en á meginlandinu í sambandi við þessi mál.

Það heyrast oft miklar skammir um okkar raforkufyrirtæki, þar á meðal og ekki síst Landsvirkjun, það stóra fyrirtæki sem sér fyrir framleiðslu á meginhluta af raforku þjóðarinnar og menn leiða líkur að því að ástandið yrði betra ef einhverjir aðrir kæmu þar við sögu. Ég hef ekki þá sannfæringu í þeim efnum sem ég heyri suma mæla fyrir. Ég neita því ekki að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með sitthvað í stefnu Landsvirkjunar. Það er margt sem þar þarf endurskoðunar og fyrirtækið þarf að setja sig í allt aðrar stellingar, ekki síst gagnvart umhverfismálum, en tekist hefur fram að þessu. Ég tel hins vegar að því fylgi ákveðnir kostir að meginraforkuframleiðslan í landinu sé á einni hendi í opinberu fyrirtæki og bendi m.a. á markmið eins og það að jafna raforkuverð í landinu sem geti orðið mun erfiðara ef við erum með svonefnda frjálsa samkeppni og þurfum ekki langt að leita til þess að sjá til hvers það gæti leitt. Ég tel því nauðsynlegt að menn átti sig a.m.k. á því miklu betur en orðið er hvað sé æskilegt fyrir Íslendinga í þessum efnum varðandi tilhögun á framleiðslu og dreifingu raforku áður en við förum að binda okkur í viðjar tilskipana frá Brussel.

Ég vildi leyfa mér, virðulegur forseti, að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort ég hafi ekki tekið rétt eftir að sú tillaga sem hæstv. iðnrh. bar fram á síðasta þingi er ekki á því yfirliti — ég tók a.m.k. svo eftir að hún væri ekki á því yfirliti — sem dreift var með stefnuræðu forsrh., þannig að það liggi fyrir að það sé ekki hugmyndin að knýja á um afgreiðslu á því máli á þessu þingi.

Ég vildi svo, virðulegur forseti, áður en ég vík úr stóli leggja til að að lokinni umræðu verði þessari tillögu sem við ræðum hér vísað til hv. iðnn.

[15:45]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Í tilefni af lokaorðum hv. frsm. tillögunnar og vegna umræðunnar sem hann tók upp, m.a. í umræðum um stefnuræðu forseta, um reglur Evrópusambandsins um innri markaði í raforkumálum svo ég vitni beint til orðalags í tillögunni, verð ég því miður að upplýsa að ég hef ekki gefið mér tíma til að undirbúa svar við spurningu hv. þm. um hvað sé á döfinni af hálfu hæstv. iðnrh. í sambandi við þennan sérstaka samning.

Ég hafði sannast sagna ekki leitt hugann að því fyrr en rétt fyrir umræðuna að ég mundi hugsanlega þurfa að veita svör af hálfu iðnrh. Það er hárrétt sem hv. frsm. getur um hér

að hæstv. iðnrh. er staddur erlendis og ég fer með málaflokk hans um stundarsakir. Ég hefði því kannski getað verið búinn að afla mér upplýsinga um þetta atriði en ég játa að ég er mjög ókunnugur þessum þætti sem hér er getið og nokkuð ítarlega er fjallað um í greinargerð tillögunnar á bls. 7 og bls. 8. Ég hef ekki nákvæm svör um það til þess að færa fram. Ég vildi láta það koma fram í umræðunni af því að hv. frsm. spurði um það sérstaklega hvað hæstv. iðnrh. hugsaði sér um framgang þessa máls.

Í framhjáhlaupi gæti ég látið þess getið að ég sat í byrjun þessarar viku fund með Evrópusambandsráðherrum á EES-samráðsfundi. Þar var ég í hlutverki utanrrh. en þetta mál kom ekki til sérstakrar umfjöllunar þar. Þar voru rædd önnur mál sem reyndar eru sum óuppgerð og gætu orðið átakamál á vettvangi EES-samningsins. Það blandast að öðru leyti ekki inn í þessa umræðu hér en sýnir að menn eru ekki algerlega sammála á þeim vettvangi. Það getur auðvitað þurft að taka á málum, standa vörð um rétt sinn og setja fram skoðanir sínar þó samningurinn kunni að binda bæði varðandi lagasetningu eða löggjöf og reglugerðarsetningu. Hv. þm. er þetta vel ljóst en við þurfum að huga að rétti okkar, ekki síst ef það skarast í þessu efni á við umtalsverða hagsmuni og möguleika okkar til að nýta orkulindir okkar á eigin forsendum.

Hæstv. forseti. Ég verð að láta þetta duga sem stutt innlegg inn í umræðuna af hálfu iðnrn. þar sem ég er ekki nógu kunnugur þessum þætti málsins.

[15:49]

Útbýting þingskjala:

Breyttar reglur um örorkumat, 90. mál, fsp. SJS, þskj. 90.

Fangaverðir, 88. mál, fsp. KÁ, þskj. 88.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 87. mál, fsp. JóhS, þskj. 87.

Samræmd skráning og endurskoðun á biðlistum, 89. mál, fsp. ÖS, þskj. 89.

Siglingalög, 80. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 80.

[15:50]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fullan skilning á því að hæstv. umhvrh. og starfandi iðnrh. hafi þessar upplýsingar ekki á hraðbergi. Hins vegar er æskilegt að fram komi gagnvart Alþingi fyrr en seinna hvort áformað er að taka málið upp að nýju á þessu þingi. Kannski gerði ég rétt í því að bera fram formlega fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um málið svo það liggi fyrir.

Eins og fram kom hjá hæstv. umhvrh. þá er hér stórt mál á ferðinni og ég fullyrði að þetta mál varðar mjög hagsmuni Íslendinga. Við þurfum að beita okkur til verndar hagsmunum okkar í þessu máli. Við verðum að átta okkur á framtíðarhagsmunum í sambandi við orkumálin. Þeir tengjast því sem við ræðum hér. Við megum ekki láta binda orkumál okkar í framandi viðjar. Við getum eftir sem áður tekið okkar eigin ákvarðanir og þurfa þær helst að vera sem best ráðnar. Við ættum ekki að þurfa að lúta leiðsögn að utan um þau efni. En þetta mun væntanlega skýrast.

Ég vil svo aðeins að endingu þakka fyrir þessa umræðu og vænti þess að hv. iðnn. eigi eftir að fara ofan í saumana á þessum málum. Ég kalla eftir hugmyndum stjórnvalda um mótun langtímastefnu. Við þurfum að taka saman spilin til þess að sem fyrst megi leggja þann kapal. Á því er full þörf svo spá megi fram í tímann í þessum málum og finna skynsamlegar forsendur fyrir góðum ákvörðunum strax í nútímanum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–2. og 7.–16. mál.

Fundi slitið kl. 15:53.

7. FUNDUR

mánudaginn 12. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 42. mál, þskj. 42. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Undirritun Kyoto-bókunarinnar, þáltill., 41. mál, þskj. 41. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Húsaleigubætur, frv., 7. mál, þskj. 7. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 77. mál, þskj. 77. — 1. umr.
9. Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
10. Almannatryggingar, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
11. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, frv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.
12. Þjóðgarðar á miðhálendinu, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde fjmrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá ýmsum náttúruverndarsamtökum.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:01]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Með vísan til 12. gr. laga nr. 88/1995, um þingfararkaup og þingfararkostnað, sbr. 2. gr. laga nr. 57/1987, um fæðingarorlof, með síðari breytingum, hyggst ég taka fæðingarorlof næstu tvær vikur, frá og með mánudeginum 12. október að telja. Ég óska eftir því að varamaður minn, Árni Steinar Jóhannsson, umhverfisstjóri á Akureyri, taki sæti mitt á meðan.

Virðingarfyllst,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.“

Árni Steinar Jóhannsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um stjórn í þingflokki.

[15:01]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Á þingflokksfundi þann 29. september sl. skipti þingflokkur óháðra með sér verkum sem hér segir:

Formaður: Ögmundur Jónasson. Varaformaður: Kristín Ástgeirsdóttir. Ritari: Steingrímur J. Sigfússon.

Fyrir hönd þingflokks óháðra.
Steinþór Heiðarsson.“

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þá hefur borist tilkynning frá landbn. um að Guðni Ágústsson hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Egill Jónsson varaformaður.

Frá utanrmn. að Tómas Ingi Olrich hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Össur Skarphéðinsson varaformaður.

Frá iðnn. um að Stefán Guðmundsson hafi verið kjörinn formaður nefndarinnar og Guðjón Guðmundsson varaformaður.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, 75. mál, þáltill. SJS og SJóh, þskj. 75.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, 83. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 83.

Fjöldi starfsmanna sem vinna við fiskveiðistjórnunarkerfið, 93. mál, fsp. LB, þskj. 93.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, 76. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 76.

Hvalveiðar, 92. mál, þáltill. GuðjG o.fl., þskj. 92.

Mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar, 82. mál, beiðni KH o.fl. um skýrslu, þskj. 82.

Ritun sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi, 74. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 74.

Stjórnarskipunarlög, 78. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 78.

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, 79. mál, frv. JóhS og ÖS, þskj. 79.

Vegagerð í afskekktum landshlutum, 73. mál, þáltill. SJS og KHG, þskj. 73.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Einkavæðing fiskeldisfyrirtækisins Stofnfisks.

[15:04]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Í DV á föstudaginn var vakin athygli á sérkennilegu máli sem snýr að landbrh. Ríkið starfrækir fiskeldisfyrirtæki sem heitir Stofnfiskur. Nú á að einkavæða það en áður en það er gert er gerður samningur um kaup ríkisins á laxahrognum upp á 250 millj. næstu átta ár. Þetta er óskiljanleg aðgerð. Hún skekkir samkeppnisstöðu á markaðnum og er óþolandi fyrir önnur fiskeldisfyrirtæki.

Jafnframt brýtur þetta í bága við starfsreglur einkavæðingarnefndar þar sem kveðið er á um að engir samningar sem kveða á um sérréttindi fyrirtækisins til að annast þjónustu við ríkisstofnanir skuli fylgja sölu. Hér er því um tvöfalt brot að ræða.

Engu skiptir að þessi samningur eykur verðmæti fyrirtækisins. Hann skekkir samkeppnisstöðu gagnvart öðrum fyrirtækjum sem vel geta selt ríkinu laxahrogn. Það er með rökum hægt að kalla þennan samning ríkisstyrk. Það hefur vissulega verið samningur í gangi milli ríkisins og Stofnfisks en um lægri fjárhæðir og vitaskuld horfir öðruvísi við þegar fyrirtækið er einkavætt.

Ráðherrann segir einnig í viðtali að hægt hefði verið að gera slíkan samning við eitthvert annað fyrirtæki en Stofnfisk. Hér er því klárlega um misnotkun á opinberu fé og aðstöðu að ræða og tilteknu fyrirtæki hyglað á kostnað annarra. Hér er um að ræða þjónustu sem aðrir geta innt af hendi þannig að hér er ekki verið að gæta hagsmuna ríkisins. Málið er í höndum landbrh. og einkavæðingarnefndar. Ég bið ráðherra um skýringar á þessu og spyr hvort hann sé reiðubúinn að láta þennan samning ganga til baka og standa eðlilega að einkavæðingu þessa fyrirtækis.

[15:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Um nokkurn tíma hefur verið unnið að undirbúningi þess að selja eða einkavæða eða hvað við viljum nú kalla það nokkur fyrirtæki sem heyra undir landbrn. og Stofnfiskur er eitt af þeim fyrirtækjum. Stofnfiskur hefur, eins og nafnið bendir til, annast það hlutverk að fara með og gæta erfðaefnis í laxfiskum og annast þá þjónustu. Það var reyndar stofnað sérstaklega í kringum það á sínum tíma. Samningurinn sem síðan er gerður við þetta fyrirtæki um frekari þjónustu gagnvart opinberum aðilum fjallar m.a. um breytingar sem við höfum gert á Veiðimálastofnun og breytingar sem hafa verið gerðar um framkvæmdir eða verkefni í Kollafirði. Stofnfiskur hefur tekið þessi verkefni að sér með sérstökum samningi. Það var gert nokkru áður en farið var að undirbúa sölu fyrirtækisins eða einkavæðingu þess. Þegar sá undirbúningur hófst var litið yfir þennan samning aftur og hann reyndar endurskoðaður nokkuð með tilliti til þess að samningurinn gæti fylgt og verið samningur við fyrirtæki sem ekki væri í eigu ríkisins eða ríkisstofnun heldur einkafyrirtæki og á því stigi ekki taldir neinir meinbugir á málinu af hálfu ráðuneytisins eða þeirra sem um það mál fjölluðu þar.

Nú hefur verið bent á það í umfjöllun í fjölmiðlum, eins og hv. þm. nefndi, að framkvæmd einkavæðingarinnar eða sölunnar skarist á við starfsreglur einkavæðingarnefndar sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Ég minnist á það í því blaðaviðtali sem hv. þm. vitnaði til áðan, sem ég er því miður ekki með fyrir framan mig, að sé það svo að þar hafi að einhverju leyti verið farið með öðrum hætti að en ber að gera, þá vænti ég þess að um það komi athugasemdir frá einkavæðingarnefnd til mín og þá verður tekið á málinu í þeim farvegi en það hefur ekki gerst, í það minnsta ekki enn.

[15:09]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin en ég lít svo á að hæstv. ráðherra beri skylda til að ganga í þetta mál en láta það ekki vera á valdsviði einkavæðingarnefndar. Í þessu sama viðtali ver formaður einkavæðingarnefndar þessa ákvörðun en ákvörðunin er óeðlileg, m.a. vegna þess sem hæstv. ráðherra hefur sagt. Það er hægt að gera slíkan samning við önnur seiðaeldisfyrirtæki. Hér er um að ræða mismunun gagnvart fyrirtækjum þegar verið er að einkavæða. Slíkur samningur má ekki fylgja þegar verið er að einkavæða vegna þess að hann mismunar öðrum fyrirtækjum og hann brýtur í bága við starfsreglur einkavæðingarnefndar. Ég óska því eftir, herra forseti, að ráðherrann hafi frumkvæði að því að endurmeta þennan samning. Það er enginn að tala um að stöðva eigi einkavæðingu þessa fyrirtækis. Það geta menn gert ef menn telja það vera rétt og eðlilegt. Hins vegar er mjög mikilvægt í svona málum að rétt og eðlilega sé staðið að því og það orki hvergi tvímælis gagnvart öðrum samkeppnisaðilum að og hér sé ekki staðið rétt að málum.

[15:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég get vel fallist á að það sé sjálfsagt að landbrh. hafi samband við einkavæðingarnefnd um að við séum sammála um að rétt sé að hlutunum farið og ég mun gera það. Ég hef reyndar verið í viðræðum við fulltrúa einkavæðingarnefndar um málsmeðferðina þannig að það hafa verið ágætissamskipti og samband þar á milli og engin hætta á að neinir hnökrar séu í því efni.

Um það hvort hér sé um að ræða sérreglur sem fylgi við sölu eða frjálsan samning, þá vil ég undirstrika það að ég tel að þarna sé ekki um að ræða sérreglur sem brjóti starfsreglur einkavæðingarnefndarinnar heldur sé þetta samningur sem hefur verið gerður við þetta fyrirtæki. Sá samningur hefði getað verið gerður við eitthvert annað fyrirtæki, eins og ég segi í viðtalinu. Var það þá mismunun gagnvart einhverjum enn öðrum fyrirtækjum? Ef samningurinn er gerður á viðskiptalegum grundvelli og talinn eðlilegur og hefur verið endurskoðaður með tilliti til sölu fyrirtækisins eða einkavæðingarinnar á Stofnfiski, þá sé ég nú ekki vandann sem reynt er að draga fram varðandi þetta mál.

Endurskoðun á lögum um málefni aldraðra.

[15:11]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Í janúar 1990 gengu í gildi lög um málefni aldraðra með endurskoðunarákvæðum sem fram færu 1. janúar 1996. Í lögum þessum segir svo, með leyfi forseta:

„Markmið þessara laga er að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða."

Í þingsölum hafa alþingismenn tekist nokkuð á um þessi mál, einkum að því er lýtur að þjónustuþætti hjúkrunarheimila og vistheimila hvað varðar hjálpartæki og fleira. Einnig hafa komið upp oftar en ekki umræður um hvers konar þjónustu eigi að veita á vistheimilum eða hjúkrunarheimilum og hvaða kröfur eigi að gera til þeirra sem byggja og selja íbúðir og segja að þær séu sérhannaðar fyrir aldraða. Ég tel að full ástæða sé til að fá það fram hvað líði endurskoðun þessara ákvæða vegna þess að í svari hæstv. heilbrrh. frá 30. okt. 1996 kom fram að kappkostað yrði að ljúka endurskoðun laganna og leggja breytingar fyrir þing í upphafi árs 1997.

Ég endurtek því spurningu til ráðherra: Hvað líður endurskoðun þeirra laga? Hvenær er þess að vænta að þau verði lögð fram fyrir Alþingi?

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi endurskoðun á lögum um málefni aldraðra, þá hefur hún verið í vinnslu um alllangt skeið, tveggja ára skeið. Frv. var nánast tilbúið í upphafi síðasta árs og fór þá í skoðun og umsögn. Margir hafa komið að því máli sem þurfa um það að fjalla og eru um það bil tveir mánuðir þar til við getum lagt það fyrir Alþingi. Það er sem sé alveg í lokavinnslu í ráðuneytinu.

[15:14]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið og það er gott að vita af því að málinu er senn að ljúka og verður lagt fyrir hið háa Alþingi.

Það er hins vegar annað sem ég vildi spyrjast fyrir um þegar ráðherrann nefndi að fjölmargir aðilar hefðu komið nálægt þessu máli. Voru hagsmunasamtök aldraðra í þessari grunnvinnu, sem mér skilst að hafi farið fram og staðið í nokkurn tíma? Við vitum að þau eiga mikilla hagsmuna að gæta og ég spyr því hvort hagsmunaaðilar aldraðra, þ.e. Landssamband aldraðra eða Félag eldri borgara í Reykjavík, hafi komið nálægt þeirri vinnu.

[15:14]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Vegna síðari fyrirspurnarinnar vil ég taka fram að félagasamtök aldraða hafa komið verulega að þeirri vinnu sem nú er að ljúka.

Fullgilding samþykktar um starfsöryggi.

[15:15]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og kunnugt er erum við Íslendingar aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni sem er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Á vegum þeirrar stofnunar hafa verið gerðar fjölmargar samþykktir um samskipti launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda. Við Íslendingar höfum fullgilt 18 af þessum samþykktum sem er ekki mikið ef við tökum mið af því sem hefur tíðkast á hinum Norðurlöndunum þar sem á bilinu 80 til og yfir 100 samþykktir hafa verið fullgiltar. Allar þjóna þær þeim tilgangi að greiða fyrir samskiptum atvinnurekenda og launafólks og að bæta réttarstöðu launafólks.

Fulltrúi samtaka launafólks í nefndinni hefur margsinnis leitað eftir því að ákveðnar samþykktir verði fullgiltar í þríhliða nefnd samtaka launafólks, atvinnurekenda og félmrn. Þeirra á meðal er samþykkt um starfsöryggi nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda. Fulltrúi atvinnurekenda hefur lýst sig andsnúinn því og ríkisstjórnin hefur ekki tekið af skarið.

Nú hefur hæstv. félmrh. lýst yfir vilja til að bæta þarna úr, m.a. hér úr ræðustóli einhverju sinni. Því vil ég spyrja hann:

Er að vænta fullgildingar á næstunni á samþykkt 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda? Ef svo er, hvenær? Ef ekki, hyggst félmrh. beita sér fyrir því á þessu kjörtímabili að samþykktin verði fullgilt?

[15:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það vill svo til að í síðustu viku átti ég fund með samstarfsnefnd aðila vinnumarkaðarins og félmrn. um fullgildingu á ýmsum ILO-samþykktum. Samkomulag hefur náðst um að fullgilda samþykkt 138 og ég mun beita mér fyrir því að gengið verði frá því máli fljótlega.

Varðandi samþykkt 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, þá hef ég mjög mikinn áhuga á því að fullgilda þá samþykkt og fór fram á að það yrði athugað eða sett í gang vinna við það. Það kostar lagabreytingar hér og ég vil sjá fyrir endann á þeim áður en ég geri meira í því máli.

Varðandi samþykkt 158 þá kæmi hún kannski á eftir hinum tveimur. Ég reikna með því að vinna að því að hún verði samþykkt. Ég þori ekki að lofa því að það klárist á þessu kjörtímabili. Út af fyrir sig væri ég sæmilega sáttur við að klára hinar tvær.

[15:18]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Hann svaraði reyndar meiru af því sem ég spurði ekki um en því sem ég spurði um, þ.e. öðrum samþykktum sem eru til umræðu í nefndinni.

Ég lít hins vegar svo á að það megi skilja það af svari hæstv. ráðherra að hann muni beita sér fyrir því eða hafi vilja til að beita sér fyrir því að samþykkt 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, verði fullgilt. Ég spurði að því hvort hæstv. ráðherra mundi beita sér fyrir því á kjörtímabilinu. Sú deila sem þar liggur að baki milli atvinnurekenda og launafólks er þekkt svo ég er kannski fyrst og fremst að spyrja hæstv. félmrh. um það hvorum megin hann standi í þeirri deilu og hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að höggvið verði á þann hnút sem er á þeirri samþykkt í nefndinni.

[15:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég er ekki alveg tilbúinn að höggva á þennan hnút að svo komnu máli. Það eru tvær hliðar á þessu máli, þ.e. að það getur komið sér illa fyrir starfsmann að hafa það á bakinu um alla framtíð af hverju hann hafi verið látinn hætta störfum. Ég er ekki tilbúinn að kveða upp úr með þetta endanlega hér en ég lít svo á að við eigum að vinna að því að fullgilda ILO-samþykktirnar eftir því sem við höfum föng á.

Skemmdir á hafsbotni af völdum veiðarfæra.

[15:20]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Um árabil hefur því verið haldið fram að lífríki á hafsbotni við Ísland væri spillt með veiðarfærum. Nýlegar rannsóknir við Noregsstrendur staðfesta að þar er um slík spjöll að ræða. Ég vil því beina eftirfarandi fyrirspurnum til hæstv. sjútvrh.:

Hafa sjútvrh. borist ábendingar um skemmdir á lífríki og lífsskilyrðum á sjávarbotni við Ísland vegna veiðarfæra?

Hvaða rannsóknir eða upplýsingar er að finna hér á landi um slíkar skemmdir?

Telur sjútvrh. hæstv. tilefni til að rannsaka hvort um slíkar skemmdir er að ræða og hvaða áhrif slíkar skemmdir geta haft á náttúrufar, lífríki og fiskveiðar við Ísland?

[15:21]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt að um þó nokkurn tíma hafa verið talsverðar umræður um áhrif veiðarfæra og spurningar vaknað um það hvort einstök veiðarfæri væru meira skaðleg en önnur fyrir umhverfið. Því miður hafa ekki farið fram miklar

rannsóknir á þessu sviði hér en umræðan hefur auðvitað átt sér stað eins og víða annars staðar. Hafrannsóknastofnun hefur í vaxandi mæli lagt áherslu á að slíkar rannsóknir fari fram og hefur fengið sérstaka fyrirgreiðslu í því efni. Þegar sjóðir atvinnuveganna voru sameinaðir var ákveðin upphæð tekin frá til þess einmitt að hefja rannsóknir á veiðarfærum og áhrifum þeirra. Ég tel að þetta séu mjög mikilvægar rannsóknir og að þær þurfi að efla mjög á komandi árum.

[15:22]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að athygli hæstv. sjútvrh. á þessu alvarlega máli hefur verið vakin og að hann hyggst beita sér fyrir rannsóknum og viðbrögðum í samræmi við það.

Mér þykir einsýnt að nauðsynlegt sé að safna frumgögnum jafnvel þó að þau séu ekki byggð á vísindalegum grunni en vitnisburður sem getur leitt til frekari rannsókna mun að sjálfsögðu hjálpa mikið á þessu stigi.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að með samráði við sjómannasamtök og útgerðarmenn megi ná árangri nú þegar og á næstu missirum og eins líka að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki að nýta megi reynslu og samstarf við Noreg.

[15:23]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Öll þekking um þetta efni er mikilvæg og íslenskir vísindamenn hafa leitað upplýsinga og þekkingar erlendis frá en fyrst og fremst þurfum við að skoða þetta og rannsaka út frá íslenskum aðstæðum. Samvinna við sjómenn og útvegsmenn um umgengni um auðlindir sjávar er brýn. Það hefur verið starfandi nú um nokkurra ára skeið sérstök samstarfsnefnd ráðuneytisins, sjómanna og útvegsmanna sem fjallar um umgengni um auðlindina, m.a. um notkun veiðarfæra. Fulltrúar frá útvegsmönnum og sjómönnum hafa skipst á um að hafa forustu í þessari nefnd. Ég tel að hún hafi skilað mjög góðu starfi og hafi leitt til bættrar umgengni um auðlindina og það verður áfram lögð rík áhersla á samstarf af þessu tagi.

Útboð á vegum varnarliðsins.

[15:25]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Eins og alkunna er samdi fyrrv. utanrrh. árið 1994 um það að rekstrarþættir hjá varnarliðinu yrðu boðnir út. Á ýmsu hefur gengið í þessum útboðum og er nú ekki tími til að rekja það hér. Ástæða þess að ég ber upp þessa fyrirspurn er sú að nýlega var boðin út starfsemi hjá deild innan varnarliðsins sem er kölluð „billeting" og samkvæmt niðurstöðum útboðsins voru laun starfsmanna lækkuð um 35–40%.

Ég spyr því hæstv. utanrrh. Er það gert með vitund ráðuneytisins að útboð hjá varnarliðinu geti gengið út á það að lækka umsamin laun starfsmanna? Einnig vil ég spyrja, herra forseti, hvort ráðuneytið skoði sérstaklega hvernig verktakar sem valdir eru til að taka þátt í slíkum útboðum hafi staðið sig gagnvart starfsmönnum sínum þegar um umsamin laun er að ræða.

Að síðustu vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann sé tilbúinn til þess að skoða þetta sérstaklega og málin almennt hvað þetta varðar.

[15:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um það mál sem hv. þm. Kristján Pálsson spurðist hér fyrir um en það er sjálfsagt að athuga það. Það liggur alveg ljóst fyrir að ástæðan fyrir því að farið var út í útboð vegna verkefna hjá varnarliðinu var sú einfalda staðreynd að menn vildu leitast við að ná þar niður kostnaði. Segja má að útboðsstefnan almennt hér á landi hafi miðað í þá átt að menn hafi talið að með því mætti lækka kostnað. Við Íslendingar erum skuldbundnir til þess að vinna með varnarliðinu að því að lækka kostnað við rekstur stöðvarinnar og það er verið að því. Það er hins vegar á ábyrgð þeirra sem bjóða í viðkomandi verk hvernig þeir hyggjast standa að því eins og annarra sem bjóða í verk hér á landi.

Eins og ég sagði áður þá þekki ég ekki þetta mál. Það hefur ekki komið inn á mitt borð en það er sjálfsagt að ég kynni mér það betur og get þá upplýst hv. þm. betur um það síðar.

[15:27]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi svör. Ég skil það að hann þekki ekki þetta einstaka dæmi en mörg mál hafa komið upp í þessum samskiptum þó að þetta sé nú það sem ég hef heyrt einna alvarlegast. Þetta er þróun sem ég held að enginn vilji sjá, þ.e. að það myndist hér tortryggni og spenna á milli starfsmanna og þeirra sem taka að sér verkefni fyrir varnarliðið. Að sjálfsögðu eru menn að leita leiða til þess að spara og það skilja allir. En það er samt ekki og verður aldrei liðið af okkar hálfu geri ég ráð fyrir, að starfsmenn verði látnir gjalda lækkandi kostnaðar við reksturinn með lægri launum. Það getur ekki gengið upp frekar en það að ekki er hægt að nota rússneska starfsmenn til þess að byggja hér upp orkuver vegna þess að íslenskir starfsmenn eru svo dýrir. Sú stefna getur ekki gengið upp, hvorki hjá varnarliðinu, Landsvirkjun né öðrum.

Fangelsismál.

[15:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um hlutverk lögreglunnar í heilbrigðisþjónustu og þjónustu við geðsjúka í fangelsum.

Í heimsókn heilbrn. á sjúkrahúsin í Reykjavík fyrir tveim til þremur árum kom fram að eftir að sjúkrahúsin þurftu að draga saman þjónustu vegna fjárskorts þyrfti stundum að kalla til lögreglu á geðdeildum til aðstoðar í erfiðum tilfellum. Þetta kom okkur mörgum á óvart. En það kom mér algjörlega í opna skjöldu þegar það henti í síðustu viku að sjúklingur sem hafði leitað sjálfur á geðdeild vegna þess að hann fann að hann var að verða sjúkur, var fluttur í fangageymslu lögreglunnar af sjúkrahúsinu þegar hann fékk mjög slæmt kast að næturlagi. Og hann var lokaður inni í fangageymslunni þangað til næsta dag.

Nú spyr ég hæstv. dómsmrh. þar sem ég tel að þetta hljóti að vera undantekningartilvik: Er honum kunnugt um að þetta hafi gerst oft áður? Einnig vil ég spyrja hvort þetta sé ný stefna hjá ríkisstjórninni, hvort þetta sé ný verkaskipting milli heilbrrn. og dómsmrn., að þeir grípi inn í erfið tilvik í geðheilbrigðisþjónustunni á þennan hátt. Ég spyr einnig: Er einhver heilbrigðisþjónusta í fangageymslum lögreglunnar,

t.d. hér í Reykjavík, þegar fársjúkt fólk er tekið af sjúkrahúsi þar sem það er innritað og lokað inni í fangaklefa?

[15:30]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þekki ekki það tilvik sem hv. þm. vék hér að og get ekki um það fjallað. Ég veit ekki hversu oft lögregla hefur verið kölluð til aðstoðar á sjúkrahúsum eða geðdeildum en vitaskuld er það svo að lögreglunni ber skylda til þess að sinna verkefnum á sjúkrahúsum ef nauðsyn krefur. Ég þekki hins vegar ekki og get ekki svarað hversu oft það hefur gerst. Ugglaust eru til dæmi um það og lögreglan getur ekki undan því vikist. Ég get hins vegar svarað hv. þm. því að í þessu efni hefur, að ég hygg, ekki átt sér stað stefnubreyting eða ný viðhorf komið fram, hvorki af hálfu lögreglu né heilbrigðisyfirvalda.

[15:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að ekki skuli hafa orðið stefnubreyting en ég verð að segja að fróðlegt væri að fá upplýsingar frá hæstv. dómsmrh. um hversu oft þetta hefur gerst. Ég vil aftur spyrja þeirrar spurningar sem ég spurði í lokin: Er einhver heilbrigðisþjónusta í fangageymslum lögreglunnar þegar fársjúkt fólk er tekið og flutt af sjúkrahúsum inn í fangaklefa og lokað þar inni jafnvel hátt í sólarhring? Ég spyr hæstv. ráðherra hvort honum finnist það vera hlutverk lögreglunnar. Ég veit að lögreglan þarf auðvitað oft að grípa inn í og koma til aðstoðar, ég geri ekki athugasemdir við það. En hún flytur fársjúkt fólk af sjúkrahúsum inn í fangageymslur og ég spyr hvort það sé hlutverk lögreglunnar að hans mati. Er það siðlegt?

[15:32]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þekki ekki dæmið sem er tilefni þessarar fyrirspurnar og vil að svo stöddu ekki leggja mat á það. Til þess þarf ég að hafa í höndum upplýsingar um öll málsatvik. Ég get ekki og vil ekki svara siðferðilegum spurningum eins og málið liggur hér fyrir.

[15:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég heyri það að hæstv. dómsmrh. þekkir ekki þetta tilvik en maður þarf ekki endilega að þekkja tilvikið til þess að hafa skoðun á því hvort þetta sé rétt aðferð. Auðvitað er það óþolandi bæði fyrir geðsjúklinginn og aðstandendur hans sem telja hann nánast óhultan, fárveikan á sjúkrahúsi, að uppgötva að hann sé í fangageymslum vegna þess að sjúkrahúsið getur ekki sinnt þeirri þjónustu sem ætti að veita á geðdeildum.

[15:34]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að þær aðstæður geta verið fyrir hendi að lögregla þurfi að hafa afskipti af slíkum málum. Það er útilokað fyrir mig að leggja mat á þetta einstaka tilvik og ég ítreka það.

Meðferðarúrræði fyrir unga fíkniefnaneytendur.

[15:34]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Á síðasta þingi bar ég fram fyrirspurn og mælti fyrir þáltill. um meðferðarúrræði fyrir unga fíkniefnaneytendur. Viðbrögð ráðherra við þessum málflutningi voru mjög eindregið þau að vel væri séð fyrir þessum málum, verið væri að opna ný heimili og fé hefði verið stóraukið til forvarnastarfs.

Í gærkvöldi bárust þær fréttir á öldum ljósvakans að samkvæmt frásögn forstöðumanns Barnaverndarstofu sé neyðarástand ríkjandi í þessum málum og tugir ungmenna séu á biðlista eftir meðferðarplássi mánuðum saman, m.a. margir sem séu mjög illa haldnir. Þar var tekið dæmi af 14 ára unglingi sem væri í stöðugri neyslu amfetamíns en foreldrar hans kæmu honum ekki í meðferð.

Mér þykja þessi tíðindi ógnvænleg í ljósi þess sem hér kom fram í umræðum í fyrra og þess vegna langar mig að bera fram tvær fyrirspurnir:

Hefur ráðuneytið fylgst með þeirri miklu fjölgun neytenda sem orðið hefur í yngstu aldursflokkunum samkvæmt því sem kom fram hjá Braga Guðbrandssyni í gær? Er von á sértækum aðgerðum vegna þess neyðarástands sem nú hefur myndast?

[15:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hefja máls á þessu. Við undirbúning fjárlaga á síðasta vori héldum við að þau meðferðarúrræði sem tiltæk eru og koma í gagnið á þessu ári væru viðunandi. Hins vegar hefur það aldrei verið leyndarmál að hækkun lögræðisaldurs mundi þyngja mjög á félmrn. í þessu tilfelli. Tveir árgangar bætast við og 90 millj. hafa verið nefndar sem rekstrarkostnaður meðferðarúrræða fyrir þessa tvo árganga.

Nú gerist því miður og það er hryllileg staðreynd að neysla virðist aukast sérstaklega í árganginum sem fæddur er 1982. Meðferðarúrræðin eru fullnýtt, þ.e. þeir útskrifast ekki 16 ára heldur fá þeir meðferð áfram. Ég tók málið upp í ríkisstjórn í síðustu viku. Það verður að endurskoða fjárlagaupphæðina í frv. og við þurfum meiri peninga í þennan málaflokk. Í undirbúningi eru bráðabirgðaráðstafanir til þess að stytta biðlista, að taka neyðarvistunina út af Stuðlum þar sem hún er núna og koma henni annars staðar fyrir til að fjölga greiningarplássunum. Þá væri hægt að auka afköst greiningarþjónustunnar um 50%.

Ég mun taka upp viðræður við Reykjavíkurborg um hentugt húsnæði til að koma neyðarvistuninni fyrir. Jafnframt því þurfum við að fá aukið húsrými í Varpholti í Eyjafirði sem er í eigu Ríkisútvarpsins.

[15:39]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. félmrh. er meðvitaður um vandamálið og hyggst taka það föstum tökum. Ég tel að hægt hefði verið að sjá þessa aukningu fyrir á síðasta ári, bæði vegna þess sem hæstv. félmrh. minntist á, að við hækkun lögræðisaldurs fjölgar þeim sem þurfa á úrræðum frá félmrh. að halda, enda var það einkum vegna þessa að breytingin var gerð, og að það hafi blasað við í fyrra að neyslan væri mjög að aukast í yngstu aldursflokkunum. Það kom til umræðu á Alþingi og var vitnað í sérfróða um þessi mál. Þá þegar blasti við að þetta var að gerast. Þetta er hörmulegt. Ég tek undir það með ráðherra og ég vona að hann bregðist vel við þessu, enda heyrðist mér það á hans málflutningi.

[15:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég held að við höfum ekki séð fyrir, a.m.k. gerði ég mér ekki grein fyrir henni, þeirri flóðbylgju eiturlyfja sem nú hefur dunið yfir í sumar. Það er alvara málsins. Alvara málsins er hvað neyslan virðist aukast rosalega hjá þessum unglingum. Í fyrra tókum við í gagnið sérstakt meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur í Varpholti í Skjaldarvík í Eyjafirði. Við erum að taka í notkun heimili fyrir erfiðustu unglingana í Háholti í Skagafirði og það fer í gang núna um jólin eða um áramót. Við héldum að það mundi duga. En þörfin er greinilega miklu meiri og úr henni verður að bæta.

Eitt enn. Unglingarnir hafa margir verið í meðferð hjá SÁÁ sem ekki virðist duga.

Áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins.

[15:42]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Á síðasta þingi samþykkti Alþingi ályktun vegna flutnings þáltill. um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins. Ég leyfi mér að lesa þessa ályktun upp, með leyfi forseta, hún er stutt:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og mismunandi veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Sérstaklega verði kannað hver áhrif veiðanna eru á botnfiskstofna, viðkomu þeirra og afrakstursgetu, sem og áhrif veiða með dragnót, botnvörpu og öðrum dregnum veiðarfærum á botnlagið.

Til verkefnisins verði veitt sérstök fjárveiting næstu þrjú ár í samræmi við kostnaðaráætlun Hafrannsóknastofnunarinnar."

Þessi ályktun var samþykkt samhljóða á Alþingi á sl. vori. Það hryggir mig, virðulegur forseti, að ég sé þess ekki merki í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar að tekið sé tillit til þessa vilja Alþingis þar sem vísað er í kostnaðaráætlun frá Hafrannsóknastofnun sem gerir ráð fyrir 25 millj. kr. framlagi á næsta ári og tæplega 20 millj. kr. næstu tvö árin á eftir.

Ég undraðist líka að við umræðu um fyrirspurn fyrr í dag virtist þetta ekki ofarlega í huga manna, að Alþingi hefði lýst vilja sínum um þessi mál og jafnframt til að fjárveitingu yrði varið í þessu skyni. Það er hins vegar ánægjulegt að fleiri en ég og væntanlega mjög margir hafa tekið eftir því sem sást á sjónvarpsskjá í gær í ágætum fréttapistli um þessi mál í Noregi. Ég held að það ætti að vera Alþingi hvatning til þess að staðið verði við þá ályktun sem þingið gerði á þessu ári.

[15:44]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að í fjárlagafrv. eru ekki gerðar ráðstafanir sérstakar til þess að mæta þessari ályktun Alþingis. Hins vegar hefur Hafrannsóknastofnun fengið fjármagn til þess að auka rannsóknir og athuganir á þessu sviði eftir öðrum leiðum.

[15:44]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er gott ef baktrygging er í þessu máli en ég hef orð forstjóra Hafrannsóknastofnunar fyrir því að hann sjái ekki möguleika á því, miðað við þær tillögur sem fyrir liggja um fjárframlög til stofnunarinnar, að lagt verði í þetta verkefni sem þingið tók afstöðu til í fyrra. Ég held að þingið megi til með að endurskoða þetta með stuðningi ráðuneytisins þannig að þessi rannsókn geti hafist samkvæmt þeirri áætlun sem ég fékk frá Hafrannsóknastofnun við undirbúning málsins.

Ég vil líka geta þess að skyld tillaga var flutt í þinginu af hv. þm. Gísla S. Einarssyni. Undir hana tók sjútvn. og ég er sannfærður um að á Alþingi er ríkur vilji til að taka loks myndarlega á þessum málum. Það er líka rétt sem fram kom hjá hæstv. sjútvrh. að Hafrannsóknastofnun sýndi á fyrri stigum viðleitni til þess að hefja athugun þessara mála.

Áform Norsk Hydro um byggingu álvers.

[15:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Í frétt Morgunblaðsins í gær kemur fram að viðræður við Norsk Hydro miðist við að farið verði í 120 þús. tonna álver á Reyðarfirði og byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Hins vegar kemur líka fram í fréttinni að viðræðurnar þýði ekki að tekin hafi verið ákvörðun um staðarval eða stærð álvers. Hæstv. utanrrh. hefur gefið yfirlýsingar um að fyrir liggi ákvörðun ríkisstjórnar um að næsta stóriðja verði á Reyðarfirði. Í frétt DV í dag kemur fram að mikill órói sé á verðbréfamörkuðum og að hlutabréf í Norsk Hydro hafi fallið um 20% í kauphöll í Ósló á 30 dögum, þau séu enn að falla í gær. Því hlýtur maður að spyrja hvort þarna sé verið að veðja á rangan hest þegar eingöngu er rætt við einn aðila, eða er kannski verið að ræða við fleiri? Það kemur jafnframt fram að álver á Íslandi sé ekki fyrst í byggingaröðinni hjá Norsk Hydro og maður hlýtur því að velta því fyrir sér í ljósi t.d. nýjustu talna um íbúaþróun á Austurlandi hvort ekki verði að líta til annarra kosta. A.m.k. er ljóst að það verður að vinna mjög hratt. Ég spyr því hæstv. utanrrh.:

1. Hver er staðan í viðræðunum við Norsk Hydro?
2. Hvenær má búast við ákvörðunum?
3. Er ekki fullkomlega ljóst að næsta stóriðja verði á Reyðarfirði?
4. Eru viðræður í gangi um aðra stóriðjukosti og þá á Reyðarfirði?

[15:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Að mínu mati hefði átt að beina þessari fyrirspurn til hæstv. iðn.- og viðskrh. en ég skal leitast við að svara henni eftir því sem ég get. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að við það hefur verið miðað af hálfu ríkisstjórnar að stóriðja rísi á Reyðarfirði í tengslum við nýtingu orkulinda á Austurlandi og þar er Fljótsdalsvirkjun fyrst og fremst nefnd. Þetta hefur legið fyrir í langan tíma og viðmælendum Íslendinga, Norsk Hydro, gerð grein fyrir því þannig að þeir ganga út frá því að ef af þessu verður muni álverið rísa á Reyðarfirði. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að fullyrða um niðurstöður þess máls á þessu stigi. Menn hafa gert sér vonir um að línur muni skýrast á þessu hausti, eða a.m.k. á fyrri hluta næsta árs en það er alveg rétt að það eru sveiflur á heimsmarkaði, ekki aðeins að því er varðar þessa framleiðslu heldur ýmsa aðra framleiðslu. Mér er ekki kunnugt um að það hafi neitt dregið úr áhuga þessa fyrirtækis til að reisa álver hér á landi þótt að nú sé niðursveifla, menn gera ráð fyrir því að verðið muni sveiflast upp á nýjan leik og það er langt í að þessi fyrirhugaða verksmiðja taki til starfa.

Ég get tekið undir það með hv. þm. að það verður að huga að ýmsu öðru og iðnrn. er að því. Hins vegar eru menn í þessum viðræðum af mikilli alvöru og með það að leiðarljósi að fá hér niðurstöðu og meðan bjartsýni ríkir um það verða menn að sjálfsögðu að einbeita sér að því.

[15:50]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að þessi fyrirspurn fór fram hjá honum og hann tilkynnti iðnrh. að ekki væru fyrirspurnir til hans. Hv. þm. breytti henni svo yfir í fyrirspurn til hæstv. utanrrh.

[15:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er rétt að til stóð að beina þessari fyrirspurn til iðnrh. og ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að svara. Ég tel að það sé mjög óheppilegt að þessar væntingar um stóriðju í kjördæminu hangi í loftinu þannig að fólk hugi ekki að öðrum kostum. Og þegar við fáum núna þessar nýjustu tölur um íbúaþróun hlýtur fólki að bregða allverulega og við hljótum að verða að líta til þess að eitthvað þurfi að gera. Ef menn ætla að hanga yfir þessum viðræðum við Norsk Hydro mjög lengi til viðbótar þegar jafnframt berast fréttir um að þarna sé jafnvel ekki mjög traustur fjárhagur á bak við, þegar órói er svo mikill á hlutabréfamörkuðum og hlutabréf í þessu einstaka fyrirtæki hafa fallið um 20% á skömmum tíma, hljóta þetta að vera atriði sem menn verða að skoða mjög alvarlega.

[15:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er alltaf verra að búa við óvissu um framtíðina en það er erfitt að komast hjá því og ef þessi rök ættu að gilda mundu menn aldrei reyna neitt fyrir sér. Það verður ekkert vitað um þetta mál fyrr en niðurstaða er fengin en það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að á það reyni. Ég tel að hér sé um mjög traust fyrirtæki að ræða, fjárhagslega mjög sterkt og það geta allir séð sem hafa kynnt sér reikninga þess. Þótt sveiflur séu á hlutabréfum í Norsk Hydro nú ætti það ekkert að koma á óvart. Ég held það sé alveg ljóst að hlutabréf í Norsk Hydro hafa að undanförnu verið að hækka mjög mikið og þó að þau lækki eitthvað nú um þessar mundir sé ég ekki að það breyti neinu um fyrirætlanir fyrirtækisins um að auka sína álframleiðslu í framtíðinni því menn vita að mikil eftirspurn verður á næstu áratugum eftir áli. Það er mikil þörf fyrir það þegar verið er að reyna að draga úr mengun í heiminum, ekki síst í bílaiðnaði.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 42. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Jafnréttisfræðsla fyrir æðstu ráðamenn, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 23. mál. — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Undirritun Kyoto-bókunarinnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 41. mál. — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 6. mál (húsaleigubætur). — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Húsaleigubætur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 7. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Sjálfbær orkustefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 12. mál. — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Um fundarstjórn.

Framlagning stjórnarfrumvarpa.

[16:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn en hefði allt eins getað gert það undir liðnum um störf þingsins í upphafi fundar. Tilefnið er þetta litla stjfrv. á þskj. 77 frá sjútvrh., um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Reyndar ekki frv. sjálft

í eðli sínu heldur það sem felst í því. Hér er um að ræða annað stjfrv. frá því að við tókum fyrir fyrsta mál þingsins, þ.e. fjárlögin. Þetta er lítið frv. tæknilegs eðlis um að fresta gildistöku laganna.

Í síðustu viku, herra forseti, ræddum við frv. frá félmrh. þar sem við staðfestum gildistöku sveitarstjórnarlaganna sem var lögfest með bráðabirgðalögum í sumar. Það mál allt með stjórnsýslu miðhálendisins innan borðs er orðið frægt að endemum, jafnalvarlegt og það er í raun.

Aðeins hafa komið fram þessi tvö frv., herra forseti, á dagskrá á fyrstu 12 dögum þingsins. Þegar við þingflokksformenn fengum í dag að sjá drög að dagskrá vikunnar fram undan varð ljóst að fyrirhugað er eða hugsanlegt er að stjfrv. sem e.t.v. verður útbýtt í dag og á morgun komi á dagskrá þingsins næsta fimmtudag. Þetta þýðir að á fyrstu 15 dögum þingsins, í hálfan mánuð eftir þingsetningu erum við ekki að ræða nein almennileg stjfrv. Þetta sama gerðist í fyrra. Þá voru engin frv. fyrstu vikur þingsins, stjfrv. komu seint fram en, herra forseti, þegar leið að vori var þrýst á að allt sem fram hafði komið að vetri yrði afgreitt. Sum frv. voru nýkomin fram, en þau skyldu afgreidd.

Vorið varð átakasamt eins og öllum er minnisstætt og stjórnarandstaðan var sökuð um að tefja þingstörf þegar hún óskaði eftir því að viðhöfð væru vönduð vinnubrögð um alvarleg og mikilvæg frv. fyrir þjóðina.

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur ekki unnið heimavinnu sína. Þetta er stutt þing vegna kosninganna í vor og mikil ástæða til þess að stjfrv., ekki síst um stærri mál, komi fram í upphafi þings, en því er ekki að heilsa. Við höfum fengið langan lista um stjfrv. sem afgreiða á á þessu þingi en það bólar ekkert á þeim. Það bólar ekkert á þessum frv. Ég gagnrýni þetta harðlega, herra forseti. Við munum væntanlega lenda í því sama og í fyrra, aukafundum verður pressað á og stjfrv. keyrð í gegnum þingið ef að líkum lætur. Við eigum von á stórum, alvarlegum málum. Og ég gagnrýni það, herra forseti, jafngóð og þingmannafrv. eru, að ekkert skuli bóla á stjfrv. og jafnvel hefur það gerst að aðstoðarmenn ráðherra hafa sagt að stjfrv. í viðkomandi ráðuneytum séu tilbúin í ráðuneytunum og ég spyr: Hvað dvelur orminn langa?

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti á erfitt með að svara því en hlýtur að láta þá skoðun í ljós að þetta sé svona á mörkunum að þetta eigi við undir liðnum um fundarstjórn forseta.)

[16:03]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég segi alveg eins og er að nokkuð sérkennileg staða er orðin á þessu þingi. Tvær vikur eru bráðum liðnar af því án þess að neitt sé í raun komið af málum frá hæstv. ríkisstjórn til að ræða. Mér finnst það benda til þess, þó að reynt hafi verið að skipuleggja störf þingsins betur en áður og ástæða er til að þakka hæstv. forseta fyrir það, að veruleikinn sé engu að síður sá að þingflokkar stjórnarflokkanna hafi ekki tekið eftir þeim skipulagsumbótum sem hafa átt sér stað á Alþingi Íslendinga. Þeir eru bersýnilega mjög seinir að koma frá sér málum og ríkisstjórnin sein að koma frá sér málum til þingflokka stjórnarflokkanna. Það er því nauðsynlegt fyrir hæstv. forseta að ræða sérstaklega við formenn þingflokka stjórnarflokkanna um þetta alvarlega vandamál vegna þess að þetta hlýtur auðvitað að leiða hugann að því hvort starfsáætlunin er þegar í hættu. Er það kannski svo að þessi knappa starfsáætlun sem við höfum þegar sett saman sé þannig að það verði að endurskoða hana? Ég vil spyrja hæstv. forseta: Er hann þrátt fyrir þetta sleifarlag stjórnarflokkanna staðráðinn í að halda sig fast við starfsáætlun Alþingis þannig að þingi ljúki jafnsnemma og þar er gert ráð fyrir? Það er auðvitað nauðsynlegt að fá að vita, eða hvort það er kannski á bak við hin seinu viðbrögð stjórnarflokkanna að láta eigi þingið standa lengur en gert var ráð fyrir í þeirri starfsáætlun sem var gefin út fyrir einni viku.

[16:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hlýtur að svara þessari fyrirspurn þannig að hann sé staðráðinn í að halda starfsáætlun Alþingis og vísar þar til viðtæks samkomulags sem varð milli forseta og formanna þingflokkanna og ráðherra um að stefna að þingfrestun 10. mars og það hlýtur að verða gert.

[16:05]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á störf þingsins og þar með dagskrá þessa dags. Það hlýtur að vera okkur áhyggjuefni hversu fá stjfrv. hafa komið fram en á borðum okkar liggur langur listi þar sem kemur fram að von er á tugum stjfrv. og við hljótum að spyrja hvernig stendur á því að þau koma svona seint fram.

Ég vil benda á að samkvæmt starfsáætlun þingsins eru um það bil fjórar og hálf vika þangað til kemur að nefndavikunni og til þess að hún nýtist þurfa frv. að vera komin fram og búið að ræða þau hér. Við vitum reyndar að von er á gagnagrunnsfrv. og ég býst við að mikil umræða verði um það mál. En það er beðið eftir fjölda annarra frv., mismunandi stórum, og sömu sögu er að segja eftir áramót. Þá eru líka fjórar og hálf vika þar til gert er ráð fyrir sérstökum dögum fyrir nefndastörf. Við verðum því að gera okkur grein fyrir að það er afar knappur tími sem nefndir þingsins hafa til starfa og þar af leiðandi getur ríkisstjórnin ekki vænst þess að hennar mál nái fram að ganga ef hún stendur sig ekki betur en raun ber vitni í framlagningu mála.

[16:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að forseti á ekki auðvelt með að svara þeirri gagnrýni sem hér hefur komið fram og þó svo ég hefði e.t.v. átt að vekja máls á þessu í upphafi fundar undir liðnum um störf þingsins, þá bar svo við að hér voru þannig mál á dagskrá að fyrir mér var það eðlilegra að ræða þetta um leið og hið litla stjfrv. kæmi til umræðu.

Herra forseti. Eins og heyra má af undirtektum er þetta frekar alvarlegt mál og ég óska eftir því, ef forseti á þess nokkurn kost, að hann upplýsi okkur um hvaða mál það eru sem fyrirhugað er að dreifa í þingsal í dag og á morgun þannig að við hefðum einhverjar hugmyndir um hvaða mál koma hugsanlega til umræðu nk. fimmtudag. Ég tek undir þau orð sem hér hafa fallið, að forseti leiti eftir því hjá formönnum þingflokka stjórnarflokkanna að reynt verði að reka á eftir því að frumvörp komi til þingsins til þess að ekki halli stöðugt á stjórnarandstöðuna þegar kemur að vinnunni með frumvörpin á vori komanda eins og við höfum reynslu af.

[16:08]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti getur því miður ekki upplýst hvaða málum kunni að verða dreift síðar í dag. Forseti var að kanna það rétt áðan

en getur ekki upplýst það á þessari stundu en vonast til að einhverjum frv. verði dreift áður en þessum fundi lýkur.

Forseti mun að sjálfsögðu ræða þessi mál við formenn þingflokka stjórnarflokkanna svo og ráðherra og deilir áhyggjum með þeim sem hér hafa talað, að það er slæmt að stjórnarfrv. komi mjög seint fram.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 77. mál (gildistaka EES-reglna). — Þskj. 77. [16:09]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 77 liggur frammi frv. um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Eins og fram hefur komið í umræðu um fundarstjórn er þetta frv. ekki stórt í sniðum, hvorki að efni né formi. En tilgangur þess er að seinka gildistöku nefndra laga frá 1. nóvember nk. til 1. janúar 1999. Ástæðan er sú að lögin eru til þess að fullnægja samningum okkar við Evrópusambandið um yfirtöku á heilbrigðisreglugerðum sambandsins.

Það hefur dregist af hálfu Evrópusambandsins að samþykkja þessa samninga af sinni hálfu og því geta þessar reglur, sem byggjast á samningnum, ekki tekið gildi fyrr en um áramót og því er nauðsynlegt að fresta gildistöku laganna sem við höfðum áður samþykkt af okkar hálfu.

Ég vænti þess, herra forseti, að frv. geti fengið skjóta meðferð á Alþingi með tilliti til efnisins. Ég legg síðan til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. [16:10]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í skrá yfir þingmál ríkisstjórnarinnar sem dreift var með stefnuræðu forsrh. kemur fram að sjútvrh. hyggst flytja eitt mál á þessu þingi. Það er frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Er þetta litla frv. sem hér var mælt fyrir það frv.? Felst í þessu þingmáli stefna og fyrirheit ríkisstjórnarinnar í málefnum sjávarútvegsins á þessum þingvetri?

Ég vek athygli á því, herra forseti, að efni frv. er einungis að seinka gildistöku. [16:11]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. er það sama og getið er um á lista yfir stjfrv. sem fylgdi stefnuræðu hæstv. forsrh. Hins vegar má það vera ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum sjávarútvegsins er miklu víðfeðmari en svo að hún rúmist í þessu litla frv. og hélt ég satt best að segja að ekki hefði þurft að taka það sérstaklega fram hér á hinu háa Alþingi. En að gefnu því tilefni að fyrirspurnin er borin fram þá er rétt að því sé svarað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 19. mál (tekjur maka). — Þskj. 19. [16:14]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Flutningsmenn auk þeirrar sem hér stendur eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Bryndís Hlöðversdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tekjur maka hafa ekki áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þessi breyting á almannatryggingalögunum, nr. 117/1993, hefur verið lögð fram tvívegis áður, þ.e. á 121. og 122. löggjafarþingi. Málið kom í hvorugt skiptið til atkvæðagreiðslu. Í fyrra skipti þótti ekki ráðlegt að taka málið til umfjöllunar í þinginu vegna þess að kæra hafði borist til umboðsmanns Alþingis vegna framkvæmdar á 17. gr. um tekjutrygginguna en í eldri lögunum um almannatryggingar, nr. 67/1971, var í 17. gr. sérstök reglugerðarheimild um það hvernig tekjutrygging lífeyrisþega skerðist.

Þegar lögunum var breytt 1993 var þessi reglugerðarheimild ekki lengur í 17. gr. og var málinu því skotið til umboðsmanns Alþingis sem fjallaði um það og skilaði 27 síðna áliti, sem má segja að hafi verið ákall til Alþingis um afstöðu í málinu. En spurningin er um hvort tekjur maka lífeyrisþega megi skerða tekjutryggingu hans.

Þeir sem hafa kynnt sér þessi mál og þekkja þau og hafa lent í því að þurfa að hlíta þessari reglu eru allir sammála um hversu óréttlát hún er, þ.e. að tekjur maka skerði greiðslur lífeyrisþega.

Af því að ég gerði álit umboðsmanns að umræðuefni í upphafi vil ég geta þess að ekki var leitað álits umboðsmanns á því hvort þessi reglugerð um skerðingu tekjutryggingarinnar stangaðist á við önnur lög eða hvort hún stangaðist á við alþjóðasáttmála, en það hefur komið fram í rökum gegn þessari reglu að þetta stangist á við bæði önnur lög sem við höfum sett og sömuleiðis alþjóðasamþykktir og mun ég fara yfir það hér á eftir.

Eins og menn þekkja hefur verið þjóðarsátt um samhjálpina á Íslandi og má segja að nýleg skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir BSRB staðfesti það að menn vilji halda hér uppi öflugri samhjálp, öflugu velferðarkerfi. Samkvæmt því er réttlætismál að sá sem ekki getur séð sér farborða með því að vinna fyrir sér fái lágmarksframfærslu úr sameiginlegum sjóðum velferðarkerfisins.

Nú er það svo að þeir sem missa atvinnuna, geta ekki unnið fyrir sér, fá greiddar atvinnuleysisbætur óháð tekjum maka. Það sama gildir ekki um lífeyrisþega. Sá sem missir heilsuna heldur ekki bótum úr almannatryggingunum óháð tekjum maka síns. Eins og málum er háttað nú skerða tekjur maka lífeyrisgreiðslur og hefst skerðingin er tekjur maka fara yfir 40.224 kr. Þá byrja þær að skerða tekjutryggingu lífeyrisþegans.

Upphæðin sem tekjur maka byrja að skerða er 43.726 kr. hjá öryrkjum. Um leið og þeir fara yfir tæplega 44 þúsund þá byrja 40 þúsund kr. tekjur makans að skerða þessar bætur. Menn sjá nú hvað eftir er þar. Hjá ellilífeyrisþegum er það heldur lægri upphæð, 42.947 kr., sem byrja að skerðast hjá

ellilífeyrisþeganum ef maki hans er með yfir 40 þús. kr. á mánuði og það er ef lífeyrisþeginn hefur engar aðrar tekjur en almannatryggingabæturnar. Ungt fjölskyldufólk sem missir heilsuna fær því oft aðeins grunnlífeyri, 15.123 kr., úr almannatryggingakerfinu ef það á maka á vinnumarkaði.

Herra forseti. Mig langar til að vekja athygli á því að í Degi á miðvikudagínn var var einmitt fréttaskýring um stöðu lífeyrisþega sem lenda í þessari fátæktargildru. Friðrik Þór Guðmundsson fjallar um þetta þar og mig langar til, herra forseti, aðeins að benda á í hvaða stöðu menn geta verið og hér er dæmi um það beint upp úr Degi á miðvikudaginn var. Þar segir frá manni sem var sjómaður og fékk krabbamein. Sem betur fer tókst honum að sigrast á þeim sjúkdómi, a.m.k. lítur ekki út fyrir annað. Hann segir, með leyfi forseta:

„Og það virðist vera sem maður sé hvergi hæfur á vinnumarkaðnum með þennan sjúkdóm. Bæði er það röddin og svo tekur krabbinn ótrúlega mikinn mátt úr manni þótt hann sé tekinn burt."

Síðan lýsir hann stöðu sinni þar sem hann hefur verið metinn öryrki og þarf að treysta á velferðarkerfið. Í Degi er mynd af þeim hjónum með fjögur lítil börn og þið getið ímyndað ykkur stöðuna hjá þessu fólki. Hann á rétt á rúmum 40 þús. kr. og ef konan hans sem starfar sem heimilishjálp fær tekjur yfir 42 þús. kr. þá fara þær að skerða 40 þúsundirnar hans úr Tryggingastofnun. Enda kemur það fram því hann segir, með leyfi forseta:

„„Ég fékk bréf frá þeim" — þ.e. Tryggingastofnun ríkisins — „á dögunum. Þeir töldu sig hafa greitt mér of mikið og sögðust ætla að taka það til baka. Bæturnar, sem fyrir höfðu farið minnkandi, hurfu núna vegna þessarar svokölluðu leiðréttingar. Það var ekkert eftir. Og síðan kemur spurningin hvort ég fái nokkuð útborgaðar bætur meir, vegna tengingarinnar við tekjur maka."

Birna vinnur hjá heimaþjónustu borgarinnar. „Það er nú síst hátekjustarf hjá henni, en hennar laun ásamt lífeyri sem ég hef úr gamla lífeyrissjóðnum mínum, virðist samt duga til að skera lífeyrinn og tekjutrygginguna niður í núllið. Mér sýnist á öllu að reginmunur sé á því að vera öryrki eða atvinnulaus; því atvinnuleysisbætur til mín mundu ekkert skerðast þótt Birna væri með milljón krónur á mánuði. En ég er öryrki og fæ skertan skammt og fæ ekkert um það að segja. Það er í íslenskum lögum að þegar tveir aðilar stofna til hjónabands hafi þeir báðir framfærsluskyldu. En það er búið að svipta mig þessum rétti og skyldu að vera framfærandi. Þetta er að mínu viti hreint mannréttindabrot. Og mér sýnast skilaboðin skýr; við Birna erum með 31 árs hjónaband að baki en tenging bótanna við tekjur maka jafngildir því að það sé verið að banna okkur að vera saman. Þetta er aðskilnaðarstefna í verki, ..." Þetta segir Ágúst Jónsson sem segir sögu sína í Degi á miðvikudaginn.

Þetta er því miður ekki eina dæmið því að þau eru mýmörg í þessa veru. Því miður hefur aðskilnaðarstefnan sem hefur falist í þessari óréttlátu skerðingarreglu sundrað fjölskyldum og því miður get ég sagt það af minni eigin reynslu að ég hef hitt allmarga lífeyrisþega sem hafa staðið í svipuðum sporum og Ágúst lýsti og hafa neyðst til þess að skilja. Oft er það svo að fólk skilur kannski á pappírunum til að byrja með en það vill oft verða til þess að menn leiðast út í raunverulegan skilnað. Fjölskyldan leysist upp.

Þetta er lagt á fólk sem er búið að missa heilsuna, fjölskylduáhyggjurnar, fjárhagsáhyggjurnar og félagslegu vandamálin sem fylgja því að þetta fólk getur ekki leyft börnunum sínum nokkurn skapaðan hlut eins og þau lýsa einmitt í þessari fréttaskýringu í Degi á miðvikudaginn var, þ.e. að þau geta ekki leyft börnunum sínum að vera í íþróttum eða taka þátt í nokkrum sköpuðum hlut sem kostar peninga vegna þessara smánargreiðslna og hinnar ósanngjörnu reglu sem viðgengst. Þessi tekjutenging er jaðarskattur sem fólk kemst ekki út úr.

Þess ber að geta vegna þess að ég var að tala hér um maka að þetta gildir ekki aðeins um hjón heldur gildir þetta líka um sambýlisfólk og eins og menn þekkja þá er það nú oftast þannig að sambýlisfólk er yfirleitt ekki með sameiginlegan fjárhag. Og það er mjög sérkennilegt að einstaklingur sem leigir íbúð með öðrum eða býr með öðrum þurfi sífellt að vera að hnýsast í það hvað sambýlisaðilinn er með í tekjur til þess að geta vitað hversu miklar tekjur hann má sjálfur hafa því annars lendir hann í þeirri gildru sem Ágúst lýsti í Degi að þurfa að endurgreiða ofgreiðslur frá fyrra ári og fá jafnvel ekki neitt mánuðum saman.

Þetta gildir einnig um hjónin. Öryrki sem á maka í vinnu þarf sífellt að vera að athuga það hversu miklar tekjur maka hans eru til þess að vita hvernig staða hans sjálfs er. Ég bið þingmenn í salnum að velta því fyrir sér hvort þeir eru mikið að hnýsast í það hvað maki þeirra er með í tekjur frá mánuði til mánaðar til þess að geta hugsað það út hversu mikið þeir geti síðan leyft sér að fá í tekjur. Þetta er ekki boðleg regla.

Í sambandi við þessa reglu vil ég aðeins grípa aftur niður í greinargerðina og það sem ég minntist á áðan að heimildin fyrir þessari skerðingu er byggð á reglugerð nr. 485/1995, um tekjutryggingu. Ákvæði hennar hafa það í för með sér að fjölskyldur lífeyrisþega lenda í þessari fátæktargildru sem ég lýsti hér áðan þar sem tekjur maka, auk tekna lífeyrisþegans sjálfs, geta skert tekjutryggingu hans. Ég verð að segja það hér og hef sagt það oft áður úr þessum ræðustóli að reglugerðin virðist andstæð lagaákvæðinu sem tekjutryggingin byggist á, en í 17. gr. almannatryggingalaganna segir að tekjur bótaþega umfram ákveðið mark skuli skerða tekjutryggingu, þ.e. tekjur bótaþega. Ekkert er minnst á maka í greininni eða tekjur hans. Í 11. gr. sömu laga er fjallað um skerðingu ellilífeyris vegna tekna. Þar er talað um tekjur einstaklinga og hjóna hvors um sig. Sama á við um 12. gr. þar sem kveðið er á um skerðingu örorkulífeyris. Það er talað um tekjur einstaklingsins og hjóna hvors um sig.

Ekki er nóg með að reglugerðin sé andstæð almannatryggingalögum heldur virðist einnig um að ræða brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar, en henni var breytt 1995, eins og menn hlýtur að reka minni til í þessum sal. Í 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Lífeyrisþegum er með þessari skerðingarreglu mismunað eftir hjúskaparstöðu. Það er alveg ljóst. Fólki á vinnualdri er einnig mismunað eftir því hvort það á við atvinnuleysi eða heilsubrest að stríða. Slík mismunun hlýtur að teljast andstæð anda stjórnarskrárinnar.

Reglugerðin virðist einnig brjóta gegn 11. gr. stjórnsýslulaganna, nr. 37/1993, þar sem segir að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti og að þeim sé beinlínis óheimilt að mismuna aðilum á grundvelli þjóðfélagsstöðu eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Hér virðast lög vera

brotin, ekki ein heldur fleiri á þeim sem síst skyldi og geta ekki eða illa borið hönd fyrir höfuð sér.

Ég vil vekja athygli á því, vegna þess að í umræðu um þessa tekjutengingu hefur komið fram bæði hjá hæstv. heilbrrh. og fleirum að aðrir heilbrrh. hafi ekki tekið á þessu máli, að á það ber að benda að ég hef hér verið að vitna í breytingu á stjórnarskránni frá 1995 sem kveður á um þessi atriði og því orðið tímabært nú að breyta þessu. Kannski hefur ekki verið eins rík ástæða áður þó að ég hafi alltaf talið þessa reglu vera mjög ósanngjarna.

Ég vil líka vekja athygli á því að við meðferð fyrsta almannatryggingalagafrv. árið 1935 á Alþingi kom fram í nál. að gert væri ráð fyrir að í almannatryggingunum fælist hrein persónutrygging. Samkvæmt því er það andstætt hugsun laganna að færa tryggingaskylduna yfir á maka. Og að hið opinbera firri sig ábyrgð ef lífeyrisþeginn er í hjónabandi eða í sambúð eins og ég lýsti áðan — hvað þá í sambúð, segi ég nú frekar.

Þá stríðir þetta líka gegn mannréttindasáttmálum og alþjóðasáttmálum sem við höfum skuldbundið okkur til að virða. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt var á allsherjarþinginu 10. desember 1948, segir í inngangsorðum, með leyfi forseta:

„Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum."

Í 2. gr. sáttmálans segir einnig, með leyfi forseta:

„Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálsræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna eigna, ætternis eða annarra aðstæðna."

Í 16. gr. er fjallað um jafnrétti til hjúskapar og stofnunar fjölskyldu og er þar sérstaklega kveðið á um hlutverk fjölskyldunnar og skyldur ríkisins gagnvart henni. Þar segir, m.a.:

„Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana."

Í 25. gr. sáttmálans segir enn fremur: „Hver maður á kröfu til lífskjara, sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og velliðan hans sjálfs og fjölskyldu hans. Telst þar til matur, klæðnaður, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagshjálp, svo og réttindi til öryggis gegn atvinnuleysi, veikindum, örorku, fyrirvinnumissis, elli eða öðrum áföllum sem skorti valda og að fötluðum sé ekki mismunað með lögum hvað varðar kynferðissambönd, hjónaband og barneignir." En það er alveg ljóst að þessi regla eða reglugerð mismunar fólki eftir því hvort það er í sambúð, hjónabandi eða hvort það býr eitt og vinnur gegn fjölskyldunni en verndar hana ekki eins og gera ber skv. 16. gr.

Mig langar líka til að geta þess að margoft hefur komið fram hjá heilbrigðisstarfsmönnum, sálfræðingum, læknum og fleirum að miklar fjölskylduáhyggjur, fjárhagsáhyggjur og félagsleg vandamál auka líkur á heilsubresti, hvað þá ef maður er með heilsubrest fyrir, þá er það ekki til að bæta ástandið að leggja þetta á hinn heilsulausa.

Reglugerðin, sem ég gerði að umtalsefni áðan, sem kveður á um að tekjur maka skerði tekjutryggingu lífeyrisþega, og er byggð á mjög hæpnum grunni eins og ég hef rakið, grefur vissulega undan hjónabandinu, það eru ótalmörg dæmi um það, og einnig möguleikum lífeyrisþega til að hefja sambúð og stofna fjölskyldu. Það er hægt að leiðrétta með því að samþykkja þetta frv.

Greiðslur til lífeyrisþega, ekki síst öryrkja, skulu vera óháðar tekjum maka. Þannig styðjum við best við bakið á því fólki sem verst er statt í samfélaginu og einnig við þá grunneiningu þjóðfélagsins sem fjölskyldan er. Einnig er ástæða til að benda á það að lífeyrisþegi í hjónabandi eða sambúð á ekki rétt á heimilisuppbótum allt að 19.811 kr. á mánuði, sem hann ætti rétt á byggi hann einn. Það er því verið að mismuna þeim sem eru í hjónabandi eða sambúð með lægri greiðslum og fá þeir allt að því þriðjungi lægri almannatryggingagreiðslur en einstaklingur, því að hæstu greiðslur eru um 63 þús. kr. Sá sem er í sambúð fær allt að því 20 þús. kr. lægri greiðslur úr kerfinu ofan á það að tekjur maka skerða tekjutrygginguna. Þess vegna er lagt til í frv. að sett verði í almannatryggingalögin ákvæði sem felur það í sér að tekjur maka skuli ekki hafa áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega. Þrátt fyrir það verða þeir með 20 þús. kr. lægri greiðslur en einbúi.

Ég vil benda á tvö fskj. með frv. en í fyrravor komu fulltrúar kjaranefndar Öryrkjabandalags Íslands á fund heilbr.- og trn. Alþingis með erindi um að við tækjum þetta mál upp og beittum okkur fyrir því að breyta þessum óréttlátu reglum. Áður hafði hv. þm. Margrét Frímannsdóttir vakið athygli í utandagskrárumræðu á því óréttlæti sem lífeyrisþegar í hjónabandi eða sambúð, þ.e. fjölskyldur lífeyrisþega búa við. Það hafði hún gert ári áður, um það leyti sem málið var til umfjöllunar hjá umboðsmanni Alþingis.

Með þessu frv. er bréf frá kjaranefnd Öryrkjabandalags Íslands sem er mjög ítarlegt og rekur þetta mál vel reyndar út frá kærunni til umboðsmanns Alþingis en engu að síður eru mjög sterk rök færð fyrir því að þessi regla er ekki í takt við íslenska lagasetningu. Ég vil einnig nefna það að í bréfinu frá kjaramálanefndinni er bent á að við erum aðilar að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra og voru þær kynntar einmitt í fyrra á Alþingi. Þar er sérstakur bálkur þar sem segir að aðildarríkin skuli tryggja að öryrkjum sé ekki mismunað í möguleikum til hjónabands og fjölskyldulífs. Umboðsmaður Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra, Bengt Lindqvist, sem á að hafa eftirlit með því að mannréttindi fatlaðra séu í heiðri höfð, sá ástæðu til að gagnrýna það opinberlega í desember sl. hvernig reglugerð íslenskra stjórnvalda takmarkar möguleika fatlaðra til hjónabands og fjölskyldulífs. Þess vegna fór kjaramálanefnd Öryrkjabandalagsins fram á það og óskaði eftir því við þingmenn að þeir tækju „sem fyrst á þessu alvarlega máli, svo það böl sem stöðugt hlýst af núgildandi fyrirkomulagi mundi einhvern endi taka."

Ég vil líka benda á samþykkt prestastefnu á Akureyri frá 1997, sem fylgir hér með, þar sem hún ályktar um þetta mál, um „að gerð verði gangskör að því að leiðrétta það ranglæti sem öryrkjar búa við," þ.e. að tekjutrygging þeirra skerðist við laun maka.

Nú hefur hæstv. heilbrrh. lýst því yfir að hún hyggist afnema þessa óréttlátu reglu í áföngum og muni taka eitt skref í því á þessum vetri. Í umræðunni um fjárlögin í síðustu viku kom ekki fram hversu miklar fjárhæðir ættu að fara í þetta, en í dagblöðum hefur komið fram að 200 millj. eigi að fara í að stíga fyrsta skrefið í að afnema þessa óréttlátu tengingu, en auðvitað verður að afnema þessa tengingu við tekjur maka að öllu og fullu. Það er ekki hægt að bjóða þessum hópi fólks upp á það að brotin séu á honum mann-

réttindi. Það er búið að gera það nógu lengi og núna í sólskini ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hlýtur að vera meira en það til handa þeim hópi, sem reyndar hefur verið afskiptur og hefur fært gild rök fyrir því að hann hefur ekki fengið þann hluta af góðærinu sem ýmsir aðrir hafa talið sig fá, að það verður að hætta slíkum mannréttindabrotum á þessum hópi og afnema þessa reglu. Öryrkjabandalagið hefur lýst því yfir að það muni berjast fyrir málinu og ekki aðeins þessu máli því að það eru fleiri óréttlætismál sem snúa að kjörum þessa hóps, eins og t.d. mikil tekjutenging og mjög lágar greiðslur úr tryggingakerfinu sem þarf auðvitað að bæta. En eitt af þessum baráttumálum öryrkja og lífeyrisþega, jafnvel ellilífeyrisþega sem eru með lægstar greiðslurnar úr velferðarkerfinu er að fá þessa óréttlátu reglu afnumda að fullu og menn munu ekki sætta sig við annað.

Herra forseti. Ég tel mig hafa rakið það að flestu leyti hvers vegna menn ættu að samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir og afnema þá óréttlátu reglu um tekjutengingu við tekjur maka hjá lífeyrisþegum.

Ég legg til að þegar þessari umræðu lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu frestað.

Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

[16:42]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér er komin á dagskrá till. til þál. um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar. Þetta er stórt mál og ég hafði óskað eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. iðnrh. yrði viðstaddur umræðuna og honum yrði gert viðvart og vænti ég þess að hann komi í sal mjög fljótlega. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi verið gert viðvart um það að minni beiðni og ég met það að hæstv. umhvrh. er viðstaddur umræðuna. Raunar hagaði svo til að þegar málið var á dagskrá fyrir helgi hafði hæstv. umhvrh. bæði ráðuneytin, gegndi þá embætti fyrir hæstv. iðnrh. Þá ætluðum við að ræða málið saman og hefðum kannski komist að skynsamlegri niðurstöðu en nú höfum við báða hæstv. ráðherra sem málið snertir og ég fagna því að þeir eru viðstaddir umræðuna.

Tillaga sú sem ég mæli fyrir er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram mat samkvæmt lögum nr. 63/1993 á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þrátt fyrir að virkjunarleyfi hafi verið veitt."

Þetta er tillögutextinn. Hann er ekki langur en það er mikið spurt eftir viðbrögðum við þeirri kröfu sem felst í þessum tillöguflutningi. Hliðstæð tillaga var lögð fram af mér sem þingmanni sl. vor en nú flytja málið með mér aðrir félagar mínir í þingflokki óháðra, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson.

Það mál sem hér er fjallað um hefur verið mikið rætt opinberlega á undanförnu ári og árum er óhætt að segja, og samþykktar hafa verið fjölda ályktanir um það af almannasamtökum þar sem beint er þeirri áskorun til stjórnvalda að fram fari lögformlegt umhverfismat vegna áforma um framkvæmdir við þessa virkjun. Í þessum hópi eru áhugafélög um umhverfis- og náttúruvernd, sem hafa öll að mig minnir látið til sín heyra. Það á a.m.k. við um áhugasamtök á Austurlandi, Náttúruverndarsamtök Austurlands og Félag um verndun hálendis Austurlands og það á við um Náttúruverndarsamtök Íslands sem hafa látið sig þetta mál mikið varða, þau ungu samtök. En það eru einnig margir fleiri sem hafa látið til sín heyra og síðast var það sveitarstjórn nýs sveitarfélags á Austurhéraði sem ályktaði um málið á fundi sínum nýlega eða 6. október, þar sem gerð var og samþykkt svohljóðandi bókun, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af umfjöllun um bréf Landsvirkjunar, dags. 31. júlí 1998, sem varðar mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar beinir sveitarstjórn Austurhéraðs eftirfarandi ályktun til stjórnar Landsvirkjunar og umhvrh.:

Sveitarstjórn Austurhéraðs telur nauðsynlegt að fram fari lögformlegt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar."

Síðan stendur í þessu bréfi sem m.a. var sent þingmönnum Austurl. en einnig umhvrn.:

„Um leið og framangreindri bókun er komið á framfæri við hlutaðeigandi sendast hjálagðir umræðupunktar frá umhverfis- og atvinnumálaráði Austurhéraðs varðandi sama málefni. Er það ósk ráðsins og sveitarstjórnarinnar að áhersluatriði þau sem þar koma fram verði höfð til hliðsjónar í þeirri vinnu sem fram undan er."

Þessa ályktun og bókun sendir bæjarstjóri Austurhéraðs til þingmanna Austurl. og umhvrn. Ég ætla hér ekki að taka tíma til að fara yfir umræðupunkta til athugunar vegna vinnu við umhverfismat Fljótsdalsvirkjunar sem fylgdu þessari ályktun, nema þá síðar í umræðunni ef tími leyfir. Þar er lögð áhersla á að könnuð verði áhrif á lífríki alls virkjanasvæðisins frá Vatnajökli og út í Héraðsflóa, áhrif á Löginn og Lagarfljót, áhrif vegna veitna Hölknár, Laugarár, Keldár, Sauðár og Grjótár og áhrif á ýmsa þætti sem nánar eru skilgreindir.

Þessi ályktun er ný af nálinni og kemur frá sveitarfélagi sem er nálægt þeim vettvangi sem um ræðir, frá fjölmennasta sveitarfélagi á Fljótsdalshéraði og skiptir auðvitað máli í því samhengi sem við ræðum málið. Skylt er að taka fram að ekki var full eining um þessa ályktun en þetta var niðurstaða sveitarstjórnarinnar.

Þá vil ég minna á, virðulegur forseti, að í umræðum um þessi mál hafa komið fram mjög mikilsverðar yfirlýsingar frá ráðamönnum í landinu. Ég tel nauðsynlegt að geta þeirra í framsögu fyrir tillögunni. Þann 16. júlí 1998 hefur dagblaðið Dagur eftir hæstv. umhvrh. að hann ætli að leggja það til í ríkisstjórn að umhverfismat fari fram vegna Fljótsdalsvirkjunar. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna orðrétt til ummæla hæstv. umhvrh. eins og þau koma fram í blaðinu:

„„Ég mun taka málið upp í ríkisstjórn og hreyfa þeirri hugmynd þar að Fljótsdalsvirkjunin fari formlega í umhverfismat. Það er minn vilji að svo verði og ég tel að Landsvirkjun eigi að fallast á það að Fljótsdalsvirkjun fari undir hin nýju lög um umhverfismat. En ég ræð því ekki einn," sagði Guðmundur Bjarnason umhvrh. á opnum fundi um umhverfismál á Hótel Borg í gærdag.

Hann benti á að Landsvirkjun hefði nú þegar lögformlegt leyfi til að virkja í Fljótsdal án þess að láta fara fram umhverfismat vegna þess að leyfið var veitt áður en lög um umhverfismat voru sett." Síðan er fjallað nánar um það.

Annað atriði sem ég vil geta um, sem kom fram hálfum öðrum mánuði fyrr eru ummæli annars ráðamanns og áhrifamanns í þingflokki Framsfl., formanni í umhvn. Alþingis, hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar sem lét það koma fram í viðtali við dagblaðið Dag þann 15. maí að hann styddi það að fram fari umhverfismat. Með leyfi forseta, gríp ég niður í viðtalið við hv. þm.:

„Ég vil alveg skilyrðislaust að Landsvirkjun láti fara fram mat á umhverfisáhrifum á Norð-Austurlandi vegna fyrirhugaðrar virkjunar þar. Ég vil að þetta verði gert jafnvel þó að Landsvirkjun megi virkja án þessa, vegna þess að heimildin sem hún hefur er fengin áður en lögin um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi. Það væri úr takt við kröfur tímans og fagleg vinnubrögð að ætla að sleppa umhverfismati á þessu svæði. Og þá á ég við bestu aðferðir við það mat en enga skemmri skírn. Það má vel vera að við það mundi einhver orka tapast og þá eigum við bara að taka því. Það væri þá bara það verð sem við eigum að vera tilbúin að greiða fyrir verndun náttúruperlna," segir Ólafur Örn Haraldsson.

Ég fagnaði auðvitað þessum ummælum sem þarna lágu fyrir og liggja hér fyrir sem yfirlýsing af hálfu hv. þm. sem formanns umhvn. þá og nú.

Við umræðuna nú væri auðvitað mjög dýrmætt að fá að heyra viðhorfin hjá hæstv. ráðherrum Framsfl. sem hafa þetta mál í hendi sinni, hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. Við hljótum að vænta þess að málið skýrist við þessa umræðu. Það er mikil þörf á að þetta mál skýrist.

Þannig hefur málið gengið fyrir sig, virðulegur forseti, að sérstaklega hæstv. iðnrh. hefur skotið sér á bak við það, um leið og hann telur sig styðja það hann kallar umhverfismat á framkvæmdum, það sem gert verði áður en ráðið styður framkvæmdir við þessa virkjun, að vísa til þess að Landsvirkjun hafi ráðgert að láta fara fram mat á sínum vegum og það sé stjórnar Landsvirkjunar að taka á því máli.

Eins og fram kemur í tillögutextanum er skorað á ríkisstjórnina að láta mat þetta fara fram. Auðvitað er öllum ljóst að það er á valdi ríkisstjórnarinnar að taka ákvarðanir í þessu máli. Enginn annar er bærari um það en ríkisstjórnin sjálf. Ef ríkisstjórnin telur sig vera í aðstöðu til þess að láta Landsvirkjun fara í málið án beinnar íhlutunar sinnar þá er það ekki nema góðra gjalda vert út af fyrir sig. Menn mundu ekki gera athugasemdir við það. Spurningin er um það hvort hér verði farið að lögum um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. að umhverfismatið verði framkvæmt sem lögformlegt mat eins og auðvitað eru heimildir til í lögum um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt grein sem veitir hæstv. umhvrh. heimild til að fara út fyrir þann ramma sem þar er dreginn.

Hvernig ímynda menn sér, virðulegur forseti, að hægt sé að halda þannig á málum hér í landinu að hver einasti nýr vegarstúfur eigi að lúta lögformlegu mati á umhverfisáhrifum en framkvæmd af því tagi sem hér um ræðir verði haldið utan við það, þrátt fyrir það sem í lögum segir til bráðabirgða um mat á umhverfisáhrifum? Ég vek sérstaka athygli á því, virðulegur forseti, að lögum samkvæmt átti endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum að hafa farið fram og það fyrir löngu. Með því hefði verið tekið á þessu máli. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 63/1993 segir, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Lög þessi skulu endurskoðuð jafnframt því sem fram fer endurskoðun skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, og byggingarlaga, nr. 54 16. maí 1978, ásamt síðari breytingum."

Endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum átti að vera lokið samhliða afgreiðslu skipulagslaganna og ekki síðar en þau lög voru samþykkt. Þau voru samþykkt vorið 1997, ef ég man það rétt eða í lok 121. þings. Þá átti í síðasta lagi að vera búið að ljúka endurskoðun á þessum lögum. Einnig það kemur inn í þetta mál og gerir það enn ljósara að stjórnvöld verða að sjálfsögðu að láta fara fram lögformlegt mat á fyrirhuguðum framkvæmdum.

Það á ekki að hengja hatt sinn á stjórn Landsvirkjunar í þessu sambandi. Það er út af fyrir sig ekkert sjálfgefið að stjórn Landsvirkjunar finni upp á að láta lögformlegt mat fara fram án þess að það sé gert upp við stjórnvöld. Þá er að gera það, virðulegur forseti.

Hér er um að ræða framkvæmdir sem lagaheimild var veitt fyrir árið 1981 eða fyrir 17 árum síðan. Virkjunarleyfi er gefið út 1991 af ráðherra. Síðan eru liðin sjö ár. Ég þarf ekki að hafa um það mörg orð, virðulegur forseti, hvaða breyting hefur orðið á viðhorfum landsmanna til framkvæmda af þeim toga sem hér um ræðir. Ég vil jafnframt segja í sambandi við þetta mál að á öllum áformum um virkjanir norðan Vatnajökuls, á þeim hugmyndum í heild sinni að virkja jökulárnar, Jökulsá í Fljótsdal, Jökulsá á Dal, eða Brú eins og kallað er — hún ætti að heita Jökla — og Jökulsá á Fjöllum, og veita þessum vatnsföllum tveimur síðarnefndu austur í Lagarfljót, ætti að fara fram umhverfismat. Í reglum sem Evrópusambandið hefur verið að móta um þessi mál er gert ráð fyrir að skipulags- og framkvæmdaáætlanir af þessu tagi lúti mati á umhverfisáhrifum.

Það er auðvitað allt of seint, virðulegur forseti, að ætla að setja framkvæmdir eins og við Jöklu, þ.e. Jökulsá á Dal, (Forseti hringir.) í mat á umhverfisáhrifum þegar menn eru komnir langleiðina með að semja um orkusöluna frá slíkri virkjun. Þetta á að gera heildstætt strax og hugmyndirnar liggja fyrir. Síðan má fara fram ítarlegra og nákvæmara mat ef fyrra matið hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að ekki séu stórar athugasemdir við hugmyndina í heild sinni.

Við væntum þess, virðulegur forseti, að mál þetta skýrist. Það er í höndum ráðherra Framsfl. að leysa það.

[16:58]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa eindregnum stuðningi við þessa tillögu og jafnframt að lýsa þeirri skoðun minni að stjórnvöld eigi ekki annarra kosta völ en að verða við þeirri áskorun sem kemur fram í tillögunni. Það er í raun sjálfsagt að fara eftir þessu. Eins og 1. flm. og frsm. sagði hljótum við að verða að taka tillit til gjörbreyttra aðstæðna í umhverfismálum og gjörbreyttra viðhorfa frá því að þessar hugmyndir voru mótaðar og samþykktar af stjórnvöldum. Það eru 17 ár síðan Alþingi lagði blessun sína yfir áform um virkjun á þessu svæði sem öllum má nú ljóst vera að mun hafa gríðarleg áhrif á allt umhverfi norðan Vatnajökuls. Það mundi hafa varanleg áhrif vegna þess að við vinnum ekki aftur það land sem þarna á að sökkva.

Margir eru fróðari um þau áhrif og hvað í húfi er eftir ítarlega og góða umfjöllun í fjölmiðlum, bæði í Morgunblaðinu að undanförnu og í mjög góðum sjónvarpsþáttum sem hafa birst á þessu hausti. Í báðum þessum fjölmiðlum hefur m.a. komið vel fram hver staða okkar er í samanburði við margar aðrar þjóðir, ekki síst frændur okkar Norðmenn. Þeir vildu nú fegnir vera í okkar sporum en ekki sínum eigin. Þeir hafa unnið slík spjöll á norsku landi og náttúru að það verður ekki aftur tekið. Nú ríkir þar eftirsjá og iðrun meðal

ráðamanna sem hafa áttað sig á því að þeir hafa farið offari í virkjanaframkvæmdum. Það er kannski ekki síst þess vegna að þeir horfa til Íslands og virðast telja maklegt að herja á ósnortnar víðáttur hér á landi, eftir að hafa gengið svo freklega á sínar eigin.

Eins og kunnugt er af fréttum og m.a. var til umræðu í fyrirspurnatíma fyrr í dag eru uppi hugmyndir um verksmiðjurekstur á Austfjörðum og þá fyrst og fremst á Reyðarfirði að manni skilst á vegum norsks fyrirtækis, Norsk Hydro, sem er í raun forsenda fyrir þeirri virkjun sem um ræðir í þeirri tillögu sem hér er á dagskrá. Hvor framkvæmdin um sig er hinni háð og báðar eru mjög áhrifa- og afdrifaríkar. Risaálbræðsla á Reyðarfirði er vissulega sérstakt umfjöllunarefni en áhrif hennar á umhverfið varða fyrst og fremst aukningu á útblæstri gróðurhúsalofttegunda sem við sem þjóð höfum nú síst efni á. Þar að auki eru Austfirðingar að mínu mati á hreinum villigötum með þær hugmyndir að hér sé um einhverja lausn að ræða á þeim vanda sem hefur skapast vegna flutninga fólks af þessu svæði. Það er ekki reynsla Norðmanna að stórvirkjanir og stóriðja megni að snúa slíkri þróun við heldur jafnvel þvert á móti. Þaðan af síður eru menn á réttri leið með þá stefnu að umbylta landi og náttúru svo sem ætlunin er með Fljótsdalsvirkjun. Mergurinn málsins er auðvitað að þegar landi hefur verið bylt, þegar farvegi árstrauma hefur verið breytt, fossar eyðilagðir, landi sökkt o.s.frv., þá er það óafturkallanlegt. Því verður ekki breytt aftur. Það er hægt að stöðva verksmiðjurekstur. Það er jafnvel hægt að jafna slíkar byggingar við jörðu og bæta að miklu leyti úr en spjöll af völdum virkjana verða ekki aftur tekin. Þess vegna hljóta menn að hafa þetta allt í huga þegar stóriðjurekstur er á dagskrá.

Þetta er auðvitað ekki mál Austfirðinga einna, heldur þjóðarinnar allrar. Það er ekki spurning í mínum huga að svæðið sem hér um ræðir er gífurlega dýrmætt í mörgu tilliti. Það er mjög dýrmætt frá sjónarhóli ferðaþjónustunnar. Það er dýrmætt fyrir vísindin og til rannsókna og það er ómetanlegt með tilliti til ímyndar landsins sem tákns um ósnortna náttúru vegna þess að hér er um að ræða stærsta ósnortna víðerni í Evrópu. Það er einmitt slík ímynd sem er í raun og veru grundvöllur þeirra tækifæra sem hvað vænlegust eru til framtíðaruppbyggingar í íslensku atvinnulífi og er raunar löngu orðinn slíkur grundvöllur og þá möguleika má ekki eyðileggja með skammtímasjónarmið í huga. Það er því, herra forseti, að mínum dómi alger lágmarkskrafa að fram fari eins og hér er lagt til, lögformlegt mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar. Hér eru slíkir hagsmunir í húfi að um þetta þurfa allir að geta fjallað og komið að á einhvern hátt. Það verður ekki tryggt með öðru móti. Og með tilliti til fyrri yfirlýsinga sem hér var vitnað til áðan, yfirlýsinga hv. 11. þm. Reykv. sem er formaður hv. umhvn., verður að treysta því að þessi tillaga fái skjóta og jákvæða afgreiðslu í hv. umhvn.

[17:05]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég trúi því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nagi sig dálítið í handarbökin þessa dagana þegar hann horfir til þess hvernig að því var staðið á sínum tíma með lögum nr. 60 frá 4. júní 1981 að koma á virkjunarheimildum fyrir Fljótsdalsvirkjun. Núverandi hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var þá iðnrh. og beitti sér fyrir því að í þessar framkvæmdir yrði ráðist án þess að horfa þá neitt til þess hvaða landspjöll hlytust af því. Það sem alvarlegast er þó af öllu er að það var algerlega án þess að hafa nokkra möguleika á að selja þá hugsanlegu orku sem þetta fyrirtæki kæmi til með að framleiða. Það er í sjálfu sér nokkuð alvarlegt. Þá var sett upp ákveðin virkjanaröð þar sem Fljótsdalsvirkjun var ein af fleiri virkjunum sem átti að ráðast í á þessum tíma. Þeirri virkjanaröð var síðan breytt og snúið á aðra leið og ráðist í að byggja virkjun við Blöndu og það var líka fyrir verk hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Og við þá virkjun hafa sennilega einhver mestu umhverfisspjöll verið framin sem nokkurn tímann hafa verið framin í allri virkjanasögu Íslands þegar þessum stóra hluta gróins lands var þar sökkt undir vatn. Auðvitað skil ég það að hv. þm. sé órólegur yfir því að hafa þessa forsögu mála að baki og vilji núna bæta fyrir með því að hafa endurskoðað afstöðu sína til Fljótsdalsvirkjunar. Ég skil það í sjálfu sér og tel rétt að það sé rætt.

Það er alveg rétt að miklar breytingar hafa orðið á viðhorfi almennings til umhverfismála. Það ber að taka tillit til þeirrar viðhorfsbreytingar og hún er af hinu góða. Hins vegar hafa engar breytingar á þessum árum orðið á verndargildi þeirra svæða sem við erum að tala um þó svo að menn upplifi svæðin og verndargildið öðruvísi en menn gerðu þá.

Um það er ekki deilt að Landsvirkjun hefur rétt samkvæmt þeim lögum sem ég vitnaði hérna í áðan og hv. þm., þáv. iðnrh., Hjörleifur Guttormsson beitti sér fyrir að Alþingi Íslendinga samþykkti 1981. Þá veitti Alþingi Íslendinga heimild til þess að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka ýmsar vatnsaflsvirkjanir, þar á meðal Fljótsdalsvirkjun, með allt að 330 megavatta afli. Síðan er löng saga frá 1981 og í tíu ár eða heilan áratug gerist ýmislegt í virkjanamálum og ég fór aðeins inn á það varðandi Blöndu. Það var svo ekki fyrr en 24. apríl 1991 að þáv. iðnrh., Jón Sigurðsson alþýðuflokksmaður, veitti Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir 210 megavatta virkjun í Fljótsdalsvirkjun. Þá líka var þetta gert, á þeim tíma, án þess að hafa neina orkusölu tryggða, án þess að orkusala væri á nokkurn hátt tryggð frá þessari virkjun. Ég vonast því til að menn séu sammála því og að það sé ekki vefengt að Landsvirkjun hefur þennan ótvíræða rétt. Sá réttur er ekki frá framkvæmdarvaldinu fenginn, sá réttur er fenginn frá löggjafarvaldinu og ef breyta á þeim rétti þarf að breyta lögum til þess að ná slíku fram. Það er því ekki rétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði áðan að það sé á valdi umhvrh. og iðnrh. að breyta þessum rétti sem Landsvirkjun var afhentur á sínum tíma. Það er í hendi Alþingis að framkvæma slíkar breytingar.

En í trausti þess að eitthvað væri að baki yfirlýsingunum og lagasetningunni frá 1981 og fyrir m.a. tilstuðlan þáv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar og fyrir tilstuðlan Alþingis á þessum tíma, réðst Landsvirkjun í verulegar framkvæmdir á þessum stað til að undirbúa virkjun og ætli heildarkostnaður fyrirtækisins af slíkum undirbúningi sé ekki í dag í kringum 3 milljarðar kr., bæði í tengslum við leyfisveitinguna 1981 og kannski ekki síður í tengslum við leyfisveitinguna hjá hv. þáv. iðnrh. Jóni Sigurðssyni. Ef taka á réttinn af Landsvirkjun er það Alþingis eins að ákveða það. Fordæmi eru um slíkt og enginn ágreiningur er um það, vonast ég til, að það er Alþingi eitt sem getur tekið þennan rétt af.

Nú stendur yfir og hefur staðið yfir í sumar mat á umhverfisáhrifum á þessu svæði, á virkjunarkosti í Fljótsdal. Sá undirbúningur að umhverfismati er algerlega í réttum höndum og eðlilegur og þegar hv. þingmenn eru að fjalla um það hér að hann sé ekki lögformlegur þá eru þeir einfaldlega að reyna að blekkja. Hver er að undirbúa þetta mat og hver er

að láta framkvæma þetta mat? Það er Landsvirkjun. Hver á að sjá um slíkt mat samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum? Það er framkvæmdaaðilinn sem í þessu tilfelli er Landsvirkjun. Undirbúningur að mati á umhverfisáhrifum í Fljótsdal er því nákvæmlega í réttum höndum og eðlilegur.

Um miðjan ágúst lauk endurskoðun grunnkorta af svæðinu. Í byrjun september lauk jarðfræðikortlagningu við jökulinn. Um miðjan ágúst lauk endurskoðun á gróðurfarsrannsóknunum. Um miðjan ágúst lauk fornleifarannsóknunum og öðrum vettvangsrannsóknum lauk síðan í lok september. Kortlagningu á efnisnámunum lauk síðan um mánaðamótin ágúst/september. Staðsetningu mannvirkja á hraunununum lauk um miðjan september og núna stendur yfir vinna við að skrifa frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Það er ekkert öðruvísi að þessu staðið en á að standa að slíku samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifunum. Það er gert ráð fyrir að í desember verði þessi frummatsskýrsla tilbúin. Þá kemur fyrst að því hvernig verði staðið að framhaldinu, þ.e. hvort frumathugun frummatsskýrslunnar verði send til skipulagsstjóra og síðan til Alþingis með þeim kærurétti sem þá er fyrir hendi. Það er í höndum stjórnar og stjórnenda fyrirtækisins að taka slíka ákvörðun. Engin yfirlýsing hefur komið fram frá fyrirtækinu um að þetta skuli ekki gert og því er þessi tillaga til þingsályktunar sem hér er flutt algerlega óþörf.

[17:13]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það á að halda loddaraleiknum áfram hér sem hæstv. iðnrh. er búinn að stunda allt þetta ár og sennilega lengur. Hann er að reyna að koma því á framfæri að Landsvirkjun ætli að framkvæma mat á umhverfisáhrifum og málið sé bara í hinum besta farvegi. Ef svo væri eins og hæstv. ráðherra er að tala um þá hefði ég ekki flutt þessa tillögu, þ.e. ef svo væri að fyrir lægi að Landsvirkjun ætlaði að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það liggur hins vegar ekki fyrir og það liggja fyrir mörg ummæli stjórnarformanns Landsvirkjunar um það að engin slík ákvörðun hafi verið tekin innan fyrirtækisins. Eftir hverju er verið að bíða? Það er nauðsynlegt að allir átti sig á því að grundvallarmunur er á því hvort Landsvirkjun lætur á sínum vegum fara yfir mál og leggur fram skýrslur eða hvort að fylgt er lögum um mat á umhverfisáhrifum. Á því er grundvallarmunur. Hvað vantar á? Jú, það vantar á að borgarar þessa lands komist að málinu og það fari í þann farveg sem lög um mat á umhverfisáhrifum kveða á um, þ.e. að það sé kærufrestur til skipulagsstjóra og það sé kærufrestur til hæstv. umhvrh. Og það er hæstv. umhvrh. sem sker úr að lokum um það sem út af stendur í sambandi við þær athugasemdir sem fram koma. Það er þetta sem beðið er um, að málið verði sett í þennan farveg. Ég vil jafnframt spyrja og vænti þess að það komi fram hér hjá hæstv. umhvrh.: Hvað hefur gerst í ríkisstjórninni viðkomandi málið eftir yfirlýsingu hæstv. umhvrh. í lok júlímánaðar? Hvað hefur gerst?

[17:15]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri það á ræðu hv. þm. að um það er ekki ágreiningur að það er hlutverk framkvæmdaaðilans að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum. Ég er með það skjalfest frá Landsvirkjun hver staða rannsókna og undirbúnings mats á umhverfisáhrifum fyrir Fljótsdalsvirkjun er. Ég fór yfir það í minni ræðu áðan. Þetta mat stendur yfir. Undirbúningurinn stendur yfir. Það er ekki komið að því að taka ákvörðun af hálfu stjórnenda fyrirtækisins um það hvort málið skuli sent í kærufarveg eða ekki. Hv. þm. getur því ekki haldið því fram á meðan málið er í lögformlega réttum farvegi að menn ætli ekki að standa löglega að þessu. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um að svo sé og það er ótvírætt á valdi framkvæmdaaðilans hvernig staðið er að matinu, hvort sem það er Landsvirkjun eða einhver annar sem hefur rétt til slíkra hluta.

[17:17]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvernig getur hæstv. iðnrh. hagað máli sínu á þennan hátt, að mál sé í lögformlega réttum farvegi, að það liggi fyrir að það verði farið að lögum um mat á umhverfisáhrifum? Það liggur ekki fyrir. Hvort Landsvirkjun er að látið framkvæma athuganir á sínum vegum er mál út af fyrir sig og þær geta auðvitað fallið inn í þá skýrslu sem framkvæmdaaðila lögum samkvæmt ber að leggja fram sem frumgagn í máli. En það liggur ekki fyrir að það verði gert. Það er það sem beðið er um að verði ákvarðað og að ákvörðun um það liggi fyrir þannig að menn geti verið rólegir vitandi það að mat á þessari framkvæmd eigi að fara fram lögum samkvæmt. Það er það sem verið er að reyna að fela.

Hæstv. ráðherra veifar hér lýsingu á því hvaða mat er unnið á vegum Landsvirkjunar. Það er ekkert mat á umhverfisáhrifum í þeim skilningi sem menn ræða hér og eins og lög kveða á um. Það er svo einfalt.

[17:18]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er bara ekki rétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að ekki sé verið að undirbúa mat á umhverfisáhrifum á algerlega réttan og lögformlegan hátt. Það er ekki hægt að halda því fram að ekki eigi að fara að lögunum eins og lögin eru um mat á umhverfisáhrifum fyrr en sú ákvörðun hefur verið tekin, ef hún verður þá einhvern tíma tekin, að málið skuli ekki sent í kærufarveg. Það er þá fyrst sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson getur haft uppi með stór um það að fyrirtæki hafi ekki sett málið í lögformlegan farveg. Undirbúningur málsins er í lögformlegum farvegi eins og hann á að vera í höndum framkvæmdaaðila að verki eins og þessu.

[17:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst þetta fráleit umræða. Mér finnst fráleitt að hlusta á þau skoðanaskipti sem hafa farið hér fram vegna þess að mér finnst ráðherrann vera í þeirri stöðu að standa og segja „ekki benda á mig“ vegna þess að aðrir ráðherrar, jafnvel ráðherra fyrir 20 árum, voru að gera slæma hluti. Ég er alveg steinhissa á því að árið 1998 skulum við falla í þá gryfju á Alþingi Íslendinga að vera með þannig málflutning, að þessi skoðanaskipti heyrist um að það sé lögformlega rétt að hagsmunaaðilinn, Landsvirkjun í þessu tilfelli, láti fara fram mat á umhverfisáhrifum, að það sé hið eina rétta af því að það sé í samræmi við lögin sem eftir því sem mér skilst eru frekar ófullkomin. Auðvitað eigum við að skoða þau, gera þau þá betur úr garði. Það hlýtur að vera þannig miðað við þá umræðu sem ríkir í þjóðfélaginu í dag að okkur beri að ræða hvort lögin séu rétt, hvort það þurfi að gera breytingar á þeim miðað við kröfur tímans. En við eigum ekki vera með orðhengilshátt eins og hér hefur átt sér stað um hvað ráðherra hafi gert fyrir 20 árum. Ég skil hins

vegar vel að ráðherra skuli ítrekað benda á virkjunarleyfið frá 1991. En hitt er algerlega fráleitt.

Herra forseti. Ég mun ekki flytja hér langa ræðu. Ég kom upp til þess að lýsa yfir stuðningi við þessa tillögu þó að mér sé til efs að það gleðji flutningsmanninn mjög mikið vegna þess að í þau skipti sem ég hef komið í ræðustól til þess að lýsa yfir stuðningi við þessi viðhorf sem mér finnst að séu kall tímans og sem við þingmenn eigum verulega að hlusta á, þá er það nú fremur að ég hafi fengið létt fráspark á móti. En ég læt mér það í léttu rúmi liggja og því stend ég hér.

Mér finnst mjög mikilvægt að þingheimur allur horfist í augu við þá breytingu sem varð með lögum um umhverfismat. Sú breyting varð ekki fyrr en árið 1993. Það er mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því, sérstaklega ráðherrann sem stendur hér og vísar á hvað menn hafi gert alveg 20 ár aftur í tímann vegna þess að það eru þessi lög um umhverfismat sem breyta viðhorfum fólks og gera það að verkum að almenningur, fólkið í landinu, treystir því að hægt sé að hafa áhrif á hvað gerist, að lagt sé mat á hvað fyrri ákvarðanir þýði og að það mat geti orðið til þess að fyrri ákvörðunum sé breytt. Þess vegna eiga og verða þingmenn og ráðherrar líka að standa í lappirnar og horfast í augu við breytt viðhorf.

Ráðherrann er búinn að margendurtaka það að Landsvirkjun sé að gera umhverfismat og að hún sé réttur aðili samkvæmt lögum. Ég ætla ekki að deila um það. Hann segir að það sé eðlilegt en mér finnst það afar óeðlilegt vegna þess að ég tel að þar sé hagsmunaaðilinn sjálfur að leggja mat á það hvort það sem hann ætlar að framkvæma falli að umhverfismatinu eður ei.

Í umræðu okkar, herra forseti, um hálendið í vor benti ég á viðtal við umhverfisstjóra Landsvirkjunar. Þessi umhverfisstjóri er ung kona nýkomin úr sérfræðinámi í Svíþjóð og hefur þar starfað jafnframt. Hún gagnrýndi þessa undarlegu atburðarás sem ég leyfi mér að segja að sé ekki eðlileg eins og ráðherrann heldur fram og vakti athygli á því að umhverfismatið í Svíþjóð væri hluti af allri skipulagsstarfsemi og að almenningur væri hafður með í ráðum en hjá okkur sé fyrst tekin ákvörðun um staðsetningu og eftir það sé farið í umhverfismat. Þetta er rétt ábending hjá umhverfisstjóranum. Hér er ákveðið hvort það á að virkja eða hvort leggja eigi veg og þegar ákvörðun er komin er málið sett í umhverfismat hversu viðkvæmt sem það er, fyrir svo utan það þá eigum við það til að hrifsa málið út úr atburðarásinni eins og við þekkjum.

Hún benti á að umhverfismatið ætti að taka fyrst í grunnumræðunni og áður en ákvörðun er tekin um hvort leggja eigi veg eða annað það sem á að fara í og síðan ráðist af umhverfismatinu hvernig framkvæmdin verður. Hún vísar í umræðuna um svæðið norðan Vatnajökuls og að fyrirliggjandi rannsóknarskýrsla komi eingöngu inn á ferðamál og virkjanir á meðan rannsóknir þurfi á fleiri sviðum, svo sem vatnafari og náttúrufari. Ég vek athygli á þessu vegna þess að það er umhverfisstjóri Landsvirkjunar sem er í þessu viðtali, hagsmunaaðilans, aðilans sem hæstv. ráðherra finnst eðlilegt að sé með umhverfismatið á sinni könnu.

Hún tekur sérstaklega fyrir spurninguna um svæðið norðan Vatnajökuls og segir að spurningin snúist um það hvort við viljum varðveita svæðið norðan Vatnajökuls fyrir framtíðina eða hvort við viljum eitthvað annað. Orðrétt segir hún í þessu viðtali, með leyfi forseta:

„Ef þetta væri í Svíþjóð þá mundu stjórnvöld gera það sjálf, skoða heildarmyndina og marka stefnu. Þetta er spurning um hvort við viljum varðveita svæðið fyrir norðan Vatnajökul fyrir framtíðina eða viljum við leggja vegi og veita fleira fólki aðgengi að svæðinu. Gætum við hugsað okkur að taka hluta af vatni t.d. frá Jökulsá á Fjöllum? Mér finnst þetta ekki vera spurningar sem Landsvirkjun eigi að svara heldur þurfi stefnumörkun frá ríkisstjórninni, ...“

Þetta segir þessi unga kona sem nýkomin er erlendis frá. Glöggt er gests augað og glöggt er auga þess sem hefur lært annars staðar og kemur heim og uppgötvar að við erum ekki komin á það stig sem við eigum að vera á.

Herra forseti. Ég ætla aldrei að vera feimin við að horfast í augu við að þurfa e.t.v. við að gera öðruvísi nú en fyrir sjö eða átta árum þegar ég tók þátt í ákvörðun, aldrei. Ef ég horfist ekki í augu við það þá á ég ekkert erindi í þennan sal, ekkert. Ég tel mig eiga erindi hingað og ég ætla að vinna vel að málum þjóðarinnar. Ég ætla að vinna heiðarlega að því sem þarf að gera og ég styð þessa tillögu. En ráðherrann sagði: „Það er Alþingis að taka ákvörðunina, ekki mín.“ En hvaða mál eru það sem fá afgreiðslu Alþingis? Það eru, herra forseti, mál sem hæstv. ráðherrar bera inn á þingið. Við hin vekjum athygli á málum og reynum að skapa umræðu. Það er það sem við gerum. Málin okkar koma ekki til baka úr nefnd. Ég lýsi því stuðningi við þessa tillögu en ég óttast að hún komi ekki til baka úr nefnd.

Herra forseti. Ef við erum ekki með góð lög þá skulum við breyta þeim. Við skulum ekki standa í sporum ráðherrans og segja: „Fyrir 20 árum gerðir þú þetta og fyrir sjö árum gerðu þau hitt.“ Þetta er spurningin um hvað við ætlum að gera í dag og hvernig. Ég styð þessa tillögu.

[17:27]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér var ég ekki að kalla neinn til ábyrgðar um það hvað gerðist í fortíðinni. Mér fannst hins vegar rétt við þessa umræðu að rifja upp hvernig að þessu hafði verið staðið áður fyrr og það er auðvitað óhjákvæmilegt að rifja það upp hvernig að þessari leyfisveitingu á sínum tíma var staðið þar sem menn eru núna að tala um að taka hana af. Þá verða menn líka að gera sér grein fyrir því hvernig hún kom til og það kann vel að vera að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir eigi erfitt með að kyngja þeim sannleika sem í því fólst.

Hv. þm. var hins vegar á algerum villigötum í ræðu sinni og áttar sig ekki á því einu sinni hvernig lögin um mat á umhverfisáhrifum eru. Í fyrsta lagi er það skýrt í lögum um mat á umhverfisáhrifum að framkvæmdaaðilinn á að sjá um undirbúninginn á mati á umhverfisáhrifum. Það liggur alveg fyrir. Hvort sem það er Landsvirkjun eða einhver annar þá gera lögin ráð fyrir því að framkvæmdaaðilinn eigi að sjá um slíkt og það er það sem Landsvirkjun hefur verið að gera og hefur verið að undirbúa með eðlilegum hætti og alveg í samræmi við það hvernig að því er staðið eins og lögin gera ráð fyrir. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að segja: „Það er óeðlilegt.“ Lögin gera ráð fyrir þessu og ef hv. þm. vildi einhverju breyta í þeim efnum þá er auðvitað að breyta því í þinginu.

Ég held að það sé heldur ekki umdeilt að Alþingi veitti heimildina og að það er Alþingis að taka þessa heimild aftur af Landsvirkjun ef það á að gera. Það er ekki framkvæmdarvaldsins og það er ekki framkvæmdarvaldsins eins að taka ákvörðun um það. Hitt er svo aftur annað mál að það er framkvæmdarvaldsins hugsanlega að flytja tillögur um að

slíkt skuli gert. Og það sem ég var að deila á varðandi þessa þáltill. er að ég tel hana ekki vera komna fram á réttum tíma vegna þess að ekki er enn þá farið að reyna á það í hvaða farveg málið muni fara. Ef það fer ekki í þann farveg sem mönnum sýnist að sé skynsamlegur, þ.e. að ekki séu nýttar kæruheimildir og aðkoma almennings að málinu, þá fyrst væri eðlilegt að flytja mál eins og þetta og á það var ég að deila.

[17:29]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á ekkert erfitt með að kyngja neinu. Ráðherrann er fullkomlega á villigötum þegar hann heldur því fram. En ég vil vera í nútíðinni og ég var að leggja áherslu á það. Ráðherrann sagði eðlilegt að málin væru í höndum framkvæmdaaðilans. Ég sagði að mér þætti það óeðlilegt að í okkar lögum væri staðið þannig að málum að framkvæmdaaðilinn sæi um jafnmikið hagsmunamál og umhverfismatið er fyrir hagsmunaaðila. Þetta eru skoðanir. Mér finnst það óeðlilegt og ég sagði að ef það er svo þá ættum við að sameinast um að breyta lögum, a.m.k. ef við erum sammála um að þau eigi að vera öðruvísi. Og ég gerði meira. Ég var að fara yfir sjónarmið sem komu fram hjá umhverfisstjóra hagsmunaaðilans sem er að koma frá útlöndum þar sem menn eru komnir lengra og hafa farið að horfa á náttúru sína með öðrum augum. Ég get svo sem nefnt líka annað Norðurlandanna, Noreg. Það er ekki lengra síðan en í gærkvöld að væntanlega hálf þjóðin sat og fylgdist með umfjöllun um þessi mál í sjónvarpi. Þar var líka farið yfir það hvernig menn vildu taka ákvarðanir í viðkvæmum málum þar. Þetta andsvar ráðherrans á því engan veginn við mína ræðu. Ég geri mér alveg grein fyrir því eins og hann bregst við þessari tillögu að við tvö erum að tala í kross og það skiptir mig engu.

[17:31]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann vel að vera að við séum að tala í kross. Ég er ekki frá því að það sé rétt. Það sem ég vil hins vegar halda mig við í þessari umræðu er það að Landsvirkjun er að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum eins og óskað er eftir að hér verði gert. Það mál hefur verið í undirbúningi frá því í júní í sumar og er í ákveðnum farvegi og á tímamótum nú að mínu viti og því væri rétt að flytja tillögu eins og þessa, ef menn teldu það rétt, þegar menn sjá hvert framhald atburðarásarinnar verður. Ég tel því að málið sé í eðlilegum og réttum farvegi og burt séð frá því hvort okkur finnist að aðrir aðilar eigi að sjá um undirbúninginn þá kveða lögin á um að það sé framkvæmdaaðilinn og það skiptir höfuðmáli.

Ef ég tók rétt eftir var hv. þm. að vitna í skýrslu Önnu Dóru Snæþórsdóttur um ferðir og fjallvegi norðan Vatnajökuls. Ég held að það sé sú eina könnun sem gerð hefur verið á því svæði og Anna Dóra Snæþórsdóttir stýrði þeirri könnun. En bara ef það var einhver misskilningur þá er hún ekki umhverfisstjóri Landsvirkjunar. Hún vann hins vegar þessa skýrslu fyrir Landsvirkjun og fleiri aðila við mat á þessu og viðhorfum ferðamanna á svæðinu.

[17:32]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega frekar leiðinlegt hve ráðherrann tekur illa eftir en ég gerði mér grein fyrir því að þeir ráðherrar voru að spjalla saman þegar ég var að flytja þessa stuttu ræðu mína. Ég var að vísa í orð Ragnheiðar Ólafsdóttur umhverfisstjóra sem eftir henni voru höfð í Degi í vor. Hún vísaði í þá einu skýrslu sem væri að finna sem e.t.v. er eftir þessa ungu konu sem ráðherrann nefndi.

Ég spyr hins vegar ráðherrann að gefnu tilefni af því að hann var að segja að Alþingi þyrfti þá að gera breytingar á lögum: Styður hann það að Alþingi geri þær breytingar á lögum að það sé stjórnvalda að vera með stefnumörkun og stjórnvalda að setja hluti í umhverfismat á grunnstigi? Styður hann það?

[17:33]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Góðir þingmenn. Ég styð þessa þáltill. sem nú er komin fram og ég vil flytja örfá rök fyrir stuðningi mínum. Mér finnst alveg furðulegt eins og síðasti ræðumaður kom raunar inn á að menn skuli fara 20 ár aftur í tímann til þess að ná í forsendur fyrir ákvörðunartöku í umhverfismálum eða hvernig staðið er að málum. Ég held að það hljóti allir að gera sér grein fyrir því að núna eru vatnaskil varðandi skilning almennings á gildi umhverfismála. Það er nefnilega þannig fyrir okkur sem höfum unnið í umhverfisgeiranum að þrátt fyrir lögin um mat á umhverfisáhrifum var samfélagið alls ekki tilbúið til þess að taka þær reglur. Það var andstaða við þau og eiginlega var þetta gert með semingi úti í samfélaginu. Framkvæmdaaðilar alls staðar úti í samfélaginu litu á þetta sem skyldu til þess að friðþægja græningjana, náttúruverndarsinnana, og þannig var þetta um hríð og ég held að það séu allir sammála um þennan skilning og þetta viðhorf gagnvart mati á umhverfisáhrifum eins og það var framkvæmt.

Þess vegna vil ég taka undir þau orð hv. síðasta þingmanns að það á að taka stöðuna eins og hún er núna. Það eru breyttar áherslur hjá almenningi úti í samfélaginu til hagsbóta fyrir umhverfið og náttúruna og við eigum að bregðast við því. Við eigum ekki að þumbast og halda áfram og beita lögum og fyrri samþykktum ef við sönsum það, ef við finnum fyrir því að mönnum finnist ástæða núna til þess að staldra við og taka nýja stefnu og um það er stór hluti þjóðarinnar að biðja. Hvernig verður svo farið að því? Ein leiðin er að þingið taki frumkvæðið.

Það er ekki við hæfi í dag, svo ég nefni annað dæmi, að stór framkvæmdaaðili eins og Landsvirkjun hafi frumkvæði og forsvar fyrir því að gera umhverfismat. Við eigum að endurskoða það og ég er svo hissa á því að menn sem ötullega vinna að einkavæðingu á öllum sviðum þjóðlífsins skuli ekki hafa gert sér grein fyrir því fyrir löngu að það er nauðsynlegt að breyta leikreglum frá því sem var þegar þetta voru ríkisrekin fyrirtæki þar sem þingmenn voru ráðandi jafnvel inni í stjórnunum og miklu auðveldara var að grípa í taumana og hlutirnir voru samtengdari. Það er allt önnur staða í dag og það á að bregðast við því.

Varðandi umhverfismat er líka nauðsynlegt að Alþingi fari að beita sér meira að því að skoða umhverfisáhrifin í víðu samhengi. Ætli það sé ekki það sem þjóðin er að biðja um úti í samfélaginu? Hún er kannski að biðja um að aðeins verði staldrað við í því offorsi sem farið hefur verið fram með varðandi virkjanir og uppbyggingu á stóriðju. Það verði kannski farið aðeins hægar í sakirnar og menn fái ráðrúm til þess að skoða aðra hluti. Og það get ég fullyrt og sagt Austfirðingum að það er mín bjargfasta trú að líti menn til stóriðju sem bjargvættar fyrir Austurlandskjördæmi í atvinnumálum, þá er það rangt, rangt, rangt. Ætli það sé ekki þannig að stóriðjuframsóknin á síðustu þremur til fjórum árum hafi orðið til þess að mönnum fækkaði í fjórðungnum frekar en

margt annað. Innskot stóriðjunnar í Austurlandskjördæmi eða Norðurlandskjördæmi eða hvar menn vilja setja hana niður mun engin áhrif hafa á byggðaþróun. Hún mun þvert á móti styrkja höfuðborgarsvæðið. Umsetningin vegna stóriðjunnar, uppbyggingarinnar, allrar grunnþjónustu er hér og því er spýtt inn hér. Þetta eru þeir hlutir sem við verðum líka að horfa á í umhverfismatinu í víðu samhengi. Það er hlutverk þingsins að mínu mati.

Að tala um nauðsyn á umhverfismati út frá ferðaþjónustunni er svo augljóst að það þarf ekki að eyða tíma í það. Við vorum að fá tölur um gildi ferðaþjónustunnar og ætli stóriðjan blikni ekki bara við hliðina á þeim tölum sem þar komu fram, bæði í tekjum og varðandi störf. Þarna eru gríðarlegir sóknarmöguleikar ef menn halda rétt á málum. Hér var vitnað í umhverfisstjóra Landsvirkjunar og ég vil taka svo heils hugar undir með henni hvernig hún matreiddi málin. Við höfum nefnilega vaðið áfram og undirbyggt undir það sem við viljum. Umhverfismatið er gert á vitlausum forsendum. Og það er kannski eins og með svo margt annað hjá okkur að okkur ætlar að takast að vera þarna svo sem eins og 20 árum á eftir öðrum þjóðum.

Herra forseti. Það er mitt mat að til þess að komast út úr þessum farvegi, finna nýjan flöt á þessum málum og skoða þetta í nýju ljósi, þá sé þessi till. til þál. fyrsta skrefið og við skulum samþykkja hana.

[17:39]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Út af þeirri till. til þál. sem hér er til umfjöllunar langar mig að leggja nokkur orð í belg og byrja þá kannski þar sem vitnað var til ummæla sem höfð eru eftir mér í dagblaðinu Degi frá 16. júlí sl. þar sem ég læt þau orð falla að ég muni taka þetta mál, þ.e. hvort Fljótsdalsvirkjun skuli fara að lögum um mat á umhverfisáhrifum, upp í ríkisstjórn og hreyfa þeirri hugmynd þar og að það sé vilji minn að svo verði gert.

Kveikjan að þessu var sú að umhvrh. bárust tilmæli frá Náttúruverndarráði þar sem fram kemur sú skoðun eða það viðhorf Náttúruverndarráðs að það sé eðlileg krafa að Fljótsdalsvirkjun skuli fara að ákvæðum þessara tilvitnuðu laga og ég var m.a. með þessum ummælum að svara því hvernig ég mundi fara með það erindi Náttúruverndarráðs. En ég bætti líka við að þetta væri skoðun mín. Ég teldi eðlilegt að það færi með þessa virkjun að þeim lögum.

Það kemur einnig fram í þessari tilvitnun að ljóst er, eins og komið hefur komið fram í þessari umræðu á undan, að Landsvirkjun hefur formleg leyfi til þessara framkvæmda vegna þess að í lögunum um mat á umhverfisáhrifum eru bráðabirgðaákvæði sem undanþiggja framkvæmdir, sem heimilaðar hafa verið áður, því að fara að þessum lögum.

Ég hef einnig lýst því viðhorfi mínu og þeirri skoðun, og ég vil láta það koma fram hér, að við þá endurskoðun sem nú er í gangi á þessum lögum um mat á umhverfisáhrifum beri að takmarka eða afnema ótímabundna heimild til ákveðinna framkvæmda. Hv. 1. flm. og frsm. þessarar þáltill., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, nefndi áðan að raunar hefði átt að vera búið að endurskoða þessi lög og það er vissulega rétt samkvæmt ákvæðum þeirra, það fylgdi hins vegar ekki endurskoðuninni á byggingar- og skipulagslögunum eins og þar var þá kveðið á um en endurskoðunin var hafin um það bil sem það frv. var að verða að lögum, lögum um ný byggingar- og skipulagslög. Ég setti þá af stað vinnu við endurskoðun á lögunum um mat á umhverfisáhrifum á seinasta ári og nú er sú vinna langt komin. Það er verið að yfirfara drög að nýju frv. sem væntanlega kemur fyrir sjónir þingmanna áður en langt líður eða ég vona að það takist. Ég hef lagt það til að þar verði tekið á ákvæðinu um ótímabundna heimild til framkvæmda, hafi hún verið veitt fyrir gildistöku laganna upphaflega.

Ég tel ekki óeðlilegt að veitt sé einhver aðlögun eða aðdragandi að því að ný lög af þessu tagi taki gildi og það hafi verið eðlilegt á sínum tíma og það geti enn verið eðlilegt að veittur sé einhver aðdragandi að því hvað varðar heimildir sem áður hafa verið gefnar út en ég tel óviðunandi að sú heimild standi ótímabundin, sé viðvarandi og sé ekki með neinum sólarlagsákvæðum eins og stundum er sagt. Ég tel því að við endurskoðun á lögunum um mat á umhverfisáhrifum eigi að setja inn ákvæði um það að slíkar heimildir geti ekki staðið um aldur og ævi.

Viðhorfin breytast að sjálfsögðu og það hefur komið fram í þessari umræðu. Þau hafa breyst og þau breytast á styttri tíma en 20 árum. Viðhorf til umhverfismála, skilningur manna til þessara þátta, til náttúruverndar og umhverfismála í víðara samhengi hefur breyst mjög á undanförnum missirum eða við getum sagt fáum árum, og ég hygg að sú umræða sem hér fer fram sé einmitt dæmi um það.

Hins vegar er rétt líka að láta það koma fram að framkvæmdaaðilinn skal láta gera frummatsskýrslu. Það er fyrsta skrefið að því að fyrirhugaðar framkvæmdir fari í mat á umhverfisáhrifum og að þeim lögum að framkvæmdaaðilinn *láti gera frummatsskýrsluna. Sú vinna er í gangi af hálfu* Landsvirkjunar. Það er því rétt hjá hæstv. iðnrh. að nú þegar er hafinn undirbúningur að þessari vinnu sem gæti nýst verði það niðurstaða að þessi framkvæmd fari að þeim lagaákvæðum að málið verði lagt fyrir skipulagsstjórn, málið verði auglýst og fái athugasemdafrest og síðan hugsanlegan þá möguleika á kæruferli eins og lögin kveða á um. En um það hafa ekki verið teknar ákvarðanir.

Ég hef hins vegar fyrir framan mig í þessari sömu tilvitnuðu blaðagrein þar sem vitnað er til ummæla minna, tilvitnun í formann stjórnar Landsvirkjunar þar sem hann segir m.a. að ekki sé útilokað og það hafi ekki verið tekin nein ákvörðun um það enn þá að Landsvirkjun láti að eigin frumkvæði þessa framkvæmd fara samkvæmt þessu ferli laganna. Ég lýsti því einnig yfir að ég teldi að það væri skynsamlegast. Það væri skynsamlegast, eðlilegast og auðveldast að Landsvirkjun sjálf tæki þá ákvörðun að láta framkvæmdina fara að þessum lagaákvæðum. Þá væru öll deilumál óþörf, þá væru allar ákvarðanir um það hvort breyta eigi lögum eða ekki óþarfar, þá væru allar vangaveltur um það hvort upp kynni að vakna skaðabótaréttur eða guð má vita hvað, allt óþarft ef Landsvirkjun tekur sjálf þessa ákvörðun.

Ég sé að tími minn er að renna út en mig langar að svara hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um það hvað hafi gerst síðan 16. júlí og hvort ég hafi lagt málið fyrir ríkisstjórnina. Það hef ég ekki gert enn þá. Ég hef hins vegar átt viðræður við einstaka ráðherra. Ég hef átt viðræður við iðnrh. og reyndar aðra ráðherra um málið. Ég hef einnig átt viðræður við formann stjórnar Landsvirkjunar, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, sem ég var að vitna til áðan og ég tel að mér beri að reyna að sjá hvort ekki sé hægt að ná málinu fram með þeim hætti og þá ella, ef ekki er hægt að fá Landsvirkjun til þess, að meta hver staða málsins er í ríkisstjórn því það er í raun til lítils fyrir mig að fara með málið í ríkisstjórn ef ég hefði þar ekki erindi sem erfiði. Ég hef því verið að vinna að þessu

áfram og kanna hver viðhorf annarra ráðherra eru til málsins eins og ég hef lagt það upp og hvaða vankantar kunni að vera á því að fara með það samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum án þess að þurfa að breyta lögunum, sem er auðvitað róttæk aðgerð og er þá verið að taka ákveðið vald og ákveðinn rétt af þessu fyrirtæki. Ég hef hins vegar lýst hinu almenna viðhorfi mínu að slík heimild eins og nú er í lögunum í bráðabirgðaákvæði hvorki geti né eigi að standa til frambúðar. Ég hef því ekki lagt það til hliðar eða lagt það af að málið fari fyrir ríkisstjórn til að ég standi við þær skoðanir og yfirlýsingar mínar í því efni og fari að tilmælum Náttúruverndarráðs um að kynna og leita eftir stuðningi við erindi ráðsins. En ég hef metið það svo að skynsamlegt væri að skoða málið vel og sjá hvaða möguleikar eru á að fá því framgengt.

[17:48]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í málflutningi hæstv. umhvrh. var nú annar tónn en hjá hæstv. iðnrh. og vil ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir hve hann leggur spilin í rauninni opið á borðið um þetta eins og málið virðist liggja eftir frásögn hans. Það sem bar á milli mín og hæstv. iðnrh., og ég vænti að menn hafi náð að skilja, er það að málið er ekki í lögformlegum farvegi vegna þess að Landsvirkjun ber ekki lögum samkvæmt að fylgja lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þetta dró hæstv. umhvrh. skýrt fram þegar hann sagði að sú vinna sem fram færi á vegum Landsvirkjunar nú gæti nýst færi þessi framkvæmd að lögunum. Því hefur enginn neitað en það er einmitt það sem hæstv. umhvrh. segist vera að vinna að, þ.e. að reyna að tryggja að fá fram þann vilja í ríkisstjórninni að úr þessu verði skorið þannig að ótvírætt sé hvaða farvegur er markaður um málið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir viðleitni hans. Ég vil ekki kveða upp dóma yfir hæstv. umhvrh. að hafa ekki komist lengra. Það er auðvitað ljóst að menn ná ekki lengra en nafn stendur til á pólitískum vettvangi en ég trúi ekki öðru en ríkisstjórnin nái áttum í málinu og það ætti að auðvelda hæstv. ríkisstjórn að ná áttum ef reyndi á þingviljann og þingviljinn lægi fyrir eins og lagt er til í þessari tillögu, að þeim vilja verði lýst yfir af hálfu Alþingis að þessi tiltekna framkvæmd fari að lögum um mat á umhverfisáhrifum. Svo væri gott að heyra frá hæstv. ráðherra hvað líður endurskoðun þeirra laga.

[17:50]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef í raun ekki miklu við það að bæta sem ég sagði áður þrátt fyrir þetta andsvar hv. þm. Aðeins um lokasetningu hans hvað líði endurskoðun á lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Ég reyndar greindi frá því aðeins áðan að hún hefur staðið nokkuð lengi, í raun frá því við vorum að samþykkja hér byggingar- og skipulagslögin sem endurskoðun átti að fylgja, eins og hv. þm. greindi frá í fyrri ræðu sinni en varð ekki. Endurskoðunin hefur nú staðið yfir í eitt ár eða á annað ár kannski, ég man það ekki nákvæmlega hvenær það starf var sett af stað, en nú liggja fyrir drög að frv. sem hafa verið send til málsaðila til lestrar og skoðunar, þeirra sem við töldum að málið varðaði, til að kalla eftir viðbrögðum og athugasemdum og ég vonast til að ekki líði margar vikur þar til ég get lagt það frv. fyrir hv. Alþingi, a.m.k. fyrir áramót. Ég treysti því að það verði á þessu ári.

[17:52]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Þetta stóra mál og staða þess ætti að hafa skýrst nokkuð við umræðuna. Eins og málið liggur eftir yfirlýsingar frá hæstv. ráðherrum tel ég alveg ljóst að vilji hæstv. umhvrh. sé sá sem ráðherrann skýrði frá í yfirlýsingum á miðju sumri, að þessi framkvæmd ætti að fara að lögum um mat á umhverfisáhrifum, en framkvæmdin er hins vegar að formi til undanþegin lögunum, og það er það sem stendur út af og er ástæðan fyrir flutningi þeirrar tillögu sem hér er til umræðu.

Ég vil taka upp einn þátt sem lesa má út úr grg. með frv. vegna þess að hann er þýðingarmikill og snertir stöðu þessa máls með tilliti til þess svæðisskipulags sem nú liggur fyrir tillaga um frá sérstakri svæðisskipulagsnefnd. Það er ferli sem hefur verið í gangi á vegum hæstv. umhvrh. um lengri tíma og er að nálgast lokastig sem er mjög þýðingarmikið. Ég vænti þess og treysti því raunar að hæstv. ráðherra nái að koma því máli í höfn á starfstíma sínum, sem er ekki mjög langur fram undan en gæti væntanlega orðið allt til loka kjörtímabilsins. Ég held það væri jákvætt fyrir ýmis mál sem hæstv. umhvrh. hefur verið að vinna að, að hann hafi aðstæður til að nýta veturinn á enda til að koma þeim málum í höfn og eitt af því er svæðisskipulagstillagan.

Þannig er að þegar tillögur voru mótaðar á sínum tíma af samvinnunefndinni og lagðar fram til umsagnar lá frammi tiltekið orðalag, skilningur og uppdrættir varðandi einmitt virkjanir norðan Vatnajökuls og Fljótsdalsvirkjun sérstaklega, og ætla ég ekki að vitna í það orðalag, þ.e. þessa upphaflegu tillögu, það hafa menn á bls. 3 í þskj. Síðan komu fram ýmsar athugasemdir við þessa tillögu, m.a. frá orkuaðilum en einnig frá öðrum, og nú liggur fyrir lokatillaga svæðisskipulagsnefndarinnar. Í umsögn hennar í ágúst 1998 um innsendar athugasemdir eftir auglýsingu 6. júní til 10. desember 1997, segir svo um Fljótsdalsvirkjun og raunar einnig um Norðlingaölduveitu, með leyfi forseta:

„Heimild samvinnunefndarinnar til þess að setja fyrirvara um útfærslur einstakra stórframkvæmda á borð við virkjanir snýr að ýmsum grundvallaratriðum skipulagsvinnu. Andi skipulagslaganna er að hlutverk svæðisskipulags sé að samræma og samþætta mismunandi hagsmuni í landnotkun. Nefndin telur að eðlilegt sé að endurmeta 15 ára gömul áform með tilliti til breyttra forsendna, m.a. nýrrar tækni og breyttra viðhorfa til umhverfismála. Gert er ráð fyrir að bæði Fljótsdalsvirkjun og Norðlingaölduveita geti komið til framkvæmda á skipulagstímanum í einhverri mynd. Gerðir eru fyrirvarar um stærð miðlunarlóna á gróðurlendum í 600 m yfir sjávarmáli sem eru meðal stærstu fuglabyggða hálendisins. Á landnotkunaruppdráttum 2 og 3 eru annars vegar sýnd náttúruverndarsvæði og hins vegar orkuvinnslusvæði. Á Eyjabakkasvæðinu koma báðir þessir landnotkunarflokkar við sögu sem er í samræmi við skipulagsuppdráttinn, þ.e. blönduð landnotkun."

Samkvæmt þessari tillögu er það augljós vilji samvinnunefndarinnar að fram fari endurskoðun á virkjunaráformum sem snerta Eyjabakkasvæðið, og gerðar eru tillögur um og ég hef lesið hvernig orðaðar eru. Þetta er auðvitað mjög þýðingarmikið atriði sem endurspeglar þá breyttu stöðu þessara mála almennt sem fyrir liggur. Hér liggja fyrir tillögur frá nefnd sem fékk kannski ekki allt of góð orð í umræðum á síðasta þingi, en sem ég held að mönnum sé ljóst að hefur að mörgu leyti tekið tillit til breyttra viðhorfa í samfélaginu

til landnotkunarmála á hálendi Íslands, og það endurspeglast m.a. í þessum tilvitnuðu orðum sem ég fór áðan með. Ég vil líka vekja athygli á því að hæstv. utanrrh. sá ástæðu til þess í umræðu í þinginu 1. okt. sl. að víkja sérstaklega að þessari vinnu að svæðisskipulagi og leggja áherslu á það sem mikilvægan þátt í starfi að umhverfismálum á undanförnum árum. Það voru viðbrögð hæstv. utanrrh. við orðum sem ég lét falla í þeirri umræðu. Ég tók eftir þeim og taldi það vera jákvætt að af hálfu hæstv. utanrrh. kom fram, eins og skilja mátti á orðum hans, eindreginn stuðningur við að þessi tillaga að svæðisskipulagi næði fram að ganga. Hún væri mikilsvert innlegg af hálfu þeirrar vinnu sem fram hefur farið hjá hæstv. umhvrh.

Ég vil einnig, virðulegur forseti, benda á þau viðhorf sem koma fram í samþykktum sveitarstjórna á Austurlandi, þótt ekki séu einróma, það ber vissulega nokkuð á milli. Það sem síðast gerðist í því máli með ályktun fulltrúa sveitarstjórnar á Austurhéraði skiptir verulegu máli, a.m.k. fyrir þá sem eru að horfa á þetta mál álengdar og meta stöðu þess. Ég er líka sammála því sem hefur komið fram í ágætu máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur og kom fram í máli Árna Steinars Jóhannssonar, að menn ættu að skoða þessi mál í enn víðara samhengi og endurmeta þær hugmyndir sem uppi hafa verið um stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi, sem greinilega koma inn í þetta mál og stöðu þess.

Mér dylst a.m.k. ekki, virðulegur forseti, að sá leikur — svo ég noti orðið leikur sem kannski er ekki rétt um svo alvarlegt mál — sú málafylgja skulum við kalla það sem hæstv. iðnrh. hefur hér uppi í þessu máli, tengist greinilega tilraunum til þess að semja um stóriðju á Austurlandi, samningum sem fram fara á vegum ráðuneytis hæstv. iðnrh.

Ég geri ráð fyrir að hæstv. iðnrh. hugsi sem svo: Ja, þegar á veturinn líður og ekki er lengur hægt að draga það að gera þetta mál upp, á þetta að fara eftir lögformlegum farvegi um mat á umhverfisáhrifum eða ekki? Nú, það getur farið eftir því hver staðan er varðandi samninga um stóriðju á Austurlandi. Ég held að það sé hugsunin sem býr að baki hjá hæstv. iðnrh. Það hefur raunar komið fram hjá hæstv. utanrrh. líka hver hugsunin er í þessum efnum.

Ég vil eindregið ráða frá því að málið verði skoðað út frá þessu sjónarhorni. Ég fullyrði, virðulegur forseti, að það yrði ófriður um þetta mál ef menn ætluðu að keyra það fram í tengslum við stóriðjuáform á Austurlandi án þess að hafa eðlilegt svigrúm til að láta reyna á þann farveg sem markaður er í lögum um mat á umhverfisáhrifum að því er varðar ekki aðeins iðnaðaráformin heldur sjálf virkjunaráformin. Því fyrr sem hæstv. ráðherrar, sem áhuga hafa á því að úr framkvæmdum við stóriðju verði á Austurlandi, gera sér þetta ljóst, þeim mun vænlegra er að einhver friður skapist um þessi mál.

Mín skoðun er sú að það verði mjög erfitt að vinna því fylgi að ráðast í stóriðjuframkvæmdir, hvort sem það væri á Austurlandi eða suður á Keilisnesi, sem einnig hefur verið í skoðun í tengslum við þessi efni af hálfu Norsk Hydro, að það verði mjög erfitt að skapa frið um að fórna þeim náttúruverndarhagsmunum sem æ fleiri gera sér ljóst að tengjast þessum málum, í þágu frekari áliðnaðar í landinu. Ég vil hvetja til þess, virðulegur forseti, að m.a. í tengslum við endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum, verði markaður sá farvegur að þessi mál verði skoðuð í miklu víðara samhengi en gert er ráð fyrir í gildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ég vil að farið verði yfir frumáætlanir varðandi virkjanir og mynstur virkjana sem verið hafa á borðum manna á Austurlandi og raunar á landinu öllu, allar götur frá árinu 1969 eða 1970, að fyrstu skýrslurnar og áætlanirnar komu um nýtingu jökulánna á Austurlandi til virkjana. Við höfum þörf á að tileinka okkur þau viðhorf sem orðin eru ráðandi í nágrannalöndum okkar og Vestur-Evrópuríkjum, að áætlanastigið verði hluti af mati á umhverfisáhrifum.

Það segir sig sjálft að það er óskynsamlegt að ráðast fyrst í slíkt mat þegar menn eru búnir að byggja upp áætlanir og væntingar um nýtingu orkunnar og binda sig meira og minna í báða skó í sambandi við framkvæmdirnar þegar að þessu ferli kemur. Þó er því ætlað að vera farvegur fyrir borgarana til að hafa áhrif á þróun mála.

Ég vænti þess að hæstv. umhvrh. hlutist til um, ef það er ekki nú þegar í sambandi við endurskoðun þessara laga, að þannig verði á málum tekið að skipulagsstigið sjálft verði hluti af mati á umhverfisáhrifum, sem fyrsta stig á slíku mati til leiðbeiningar fyrir stjórnvöld þegar kemur að framkvæmdahugmyndum.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að taka upp umræðu um liðna tíða og það sem var á borðum manna í þessari virðulegu stofnun fyrir tuttugu árum. Út af fyrir sig væri full ástæða til að ræða það og ég skorast ekkert undan því. Af því mætti læra margt. Ég tel sjálfur að ég hafi nokkuð af því lært og það mættu fleiri gera.

Í þessu sambandi vil ég þó benda á, vegna þess að hér er talað um rétt í sambandi við heimildir til virkjana, að í aðdraganda ákvarðana Alþingis um heimildir til virkjana, margra virkjana sem gerðar voru með lögum um raforkuver 1981, þá afturkallaði sá iðnrh., sem sat á stóli veturinn 1979 og fram á árið 1980, heimild til virkjunar sem gefin hafði verið á grundvelli gildandi laga. Sá ágæti ráðherra var Bragi Sigurjónsson, nú látinn, en hann afturkallaði leyfi sem byggði á lögum frá árinu 1974 að mig minnir og fordæmið fyrir slíkri afturköllun er frá þessum tíma. Minnt hefur verið á það nokkrum sinnum í tengslum við þessa umræðu, stundum kennt við Jón Sigurðsson, fyrrv. iðnrh., af misskilningi. Það sem menn eru í raun að vitna til er gjörð Braga Sigurjónssonar í öndverðum nóvember 1979, sem afturkallaði virkjunarleyfi sem veitt hafði verið samkvæmt gildandi lagaheimild. Ég tel rétt að nefna þetta hér til umhugsunar fyrir hæstv. iðnrh. ef hann vill taka á málinu eftir þeim leiðum.

Ég vil svo að endingu segja, virðulegur forseti: Sé það mat framkvæmdarvaldsins að nauðsynlegt sé að breyta lögum til þess að setja málin í lögformlegan farveg varðandi mat á umhverfisáhrifum þá er að gera það. Ég tel að ekki sé eftir neinu að bíða. Ef sú staða er uppi og það er mat ríkisstjórnar að breyta þurfi lögum, þá er að breyta lögunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–12. mál.

Fundi slitið kl. 18:08.

8. FUNDUR

þriðjudaginn 13. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Minningarorð.

Fjarvistarleyfi:
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

Minningarorð um Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur forsetafrú.

[13:29]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Íslenskri þjóð hefur borist harmafregn. Guðrún Katrín Þorbergsdóttir, eiginkona forseta Íslands, er látin. Hún andaðist á sjúkrahúsi í Seattle í Bandaríkjunum í gærkvöldi.

Guðrún Katrín Þorbergsdóttir var fædd í Reykjavík 14. ágúst 1934. Foreldrar hennar voru hjónin Þorbergur Friðriksson skipstjóri og Guðrún Beck húsmóðir. Sjö ára að aldri missti hún föður sinn í sjóslysi. Þannig varð hún sem margir aðrir fyrir sárri reynslu í æsku.

Guðrún Katrín lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1955 og stundaði síðar háskólanám í Gautaborg. Hún gegndi bæjarfulltrúastarfi í heimabyggð sinni, Seltjarnarnesi, og ýmsum öðrum trúnaðarstörfum á vegum félagasamtaka.

Fyrir rúmum tveimur árum tók Guðrún Katrín við ábyrgðarmiklu og vandasömu starfi húsmóður á forsetasetrinu á Bessastöðum og bjó þá að þroska og lífsreynslu til að rækja það starf. Hógvær framkoma, ljúfmennska og háttprýði voru aðlaðandi þættir í fari hennar. Því hlutverki, sem henni var fengið við hlið forseta Íslands, gegndi hún með sannri prýði og vakti aðdáun hárra sem lágra. Að því kom of fljótt að hún varð að stríða við alvarleg veikindi. Í því erfiða stríði stóð hún sem hetja meðan stætt var.

Í djúpri samúð með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, fjölskyldu þeirra og öðrum ástvinum er Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur minnst með söknuði. Andlát hennar er íslenskri þjóð harmsefni.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Minning Ástu B. Þorsteinsdóttur.

[13:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Við alþingismenn söknum nú eins úr okkar hópi. Ásta B. Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur og alþingismaður, andaðist í gær, mánudaginn 12. október. Hún var fimmtíu og tveggja ára að aldri.

Ásta B. Þorsteinsdóttir var fædd í Reykjavík 1. desember 1945. Foreldrar hennar voru hjónin Þorsteinn Þorsteinsson sjómaður og fisksali og Ásdís Eyjólfsdóttir húsmóðir og skrifstofumaður. Að loknu gagnfræðaprófi í Reykjavík árið 1962 var hún vetrarlangt í framhaldsskóla í Bandaríkjunum og síðar við nám í Hjúkrunarskóla Íslands, lauk hjúkrunarfræðiprófi 1968. Eftir það nam hún og stundaði skurðhjúkrun á Íslandi og í Danmörku. Framhaldsnám í hjúkrunarstjórn stundaði hún við Nýja hjúkrunarskólann. Hún vann á Borgarspítalanum, á sjúkrahúsi í Árósum í Danmörku og á Landspítalanum, lengst af við skurðhjúkrun. Frá 1988 var hún hjúkrunarframkvæmdastjóri Landspítalans.

Við alþingiskosningarnar 1995 var Ásta B. Þorsteinsdóttir kjörin varaþingmaður Alþýðuflokksins í Reykjavík. Hún tók fjórum sinnum varamannssæti á þremur þingum 1995–1997. 1. janúar síðastliðinn varð hún alþingismaður Reykvíkinga við afsögn Jóns Baldvins Hannibalssonar. Nú í haust var hún hér í upphafi fjórða þings kjörtímabilsins.

Ástu B. Þorsteinsdóttur voru falin ýmis félags- og nefndastörf. Hún var í stjórn Landssamtakanna Þroskahjálpar frá 1985, formaður frá 1987. Fulltrúi Þroskahjálpar í stjórn Norrænna samtaka foreldra fatlaðra var hún 1990–1997. Hún var kjörin varaformaður Alþýðuflokksins í nóvember 1996 og var endurkjörin nú í haust.

Ástu B. Þorsteinsdóttur entist ekki heilsa til langrar setu á Alþingi, vannst ekki langur tími til að sinna hér áhugamálum sínum. Auk stefnumála um jöfnuð og jafnrétti beindist áhugi hennar að heilbrigðismálum hvers konar. Hún þekkti vanda sjúkra og fatlaðra og fylgdi fast eftir umbótum á lífskjörum og aðstöðu þeirra. Með söknuði er hennar minnst.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Ástu B. Þorsteinsdóttur með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fundi slitið kl. 13:35.

---

9. FUNDUR

þriðjudaginn 13. okt.,
kl. 6 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[18:02]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, 98. mál, þáltill. KÁ, þskj. 98.

Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, 86. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 86.

Átak til að draga úr reykingum kvenna, 95. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 95.

Dreifðir gagnagrunnar á heilbrigðissviði og persónuvernd, 97. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 97.

Flutningur ríkisstofnana, 91. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 91.

Framleiðsla og sala á búvörum, 110. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 110.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 109. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 109.

Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 107. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 107.

Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga, 105. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 105.

Náttúruvernd, 84. mál, frv. HG o.fl., þskj. 84.

Rannsóknir á kóröllum og svömpum, 99. mál, fsp. MF, þskj. 99.

Styrkveitingar til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar, 94. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 94.

Sveigjanleg starfslok, 102. mál, fsp. GHall, þskj. 102.

Útköll björgunarþyrlna Landhelgisgæslunnar, 103. mál, fsp. GHall, þskj. 103.

Útköll lögreglu á geðdeildir sjúkrahúsa, 101. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 101.

Vernd barna og ungmenna, 106. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 106.

Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 108. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 108.

Vinnuumhverfi sjómanna, 81. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 81.

Þingfararkaup, 104. mál, frv. PHB og ÁRÁ, þskj. 104.

Fundi slitið kl. 18:06.

10. FUNDUR

miðvikudaginn 14. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til sjávarútvegsráðherra:

1. Hrefnuveiðar, fsp. SvanJ, 28. mál, þskj. 28.
2. Áhrif hvalveiðibanns, fsp. EKG, 50. mál, þskj. 50.

Til dómsmálaráðherra:

3. Smíði varðskips, fsp. SvanJ, 30. mál, þskj. 30.
4. Gjafsóknir, fsp. KÁ, 54. mál, þskj. 54.
5. Ályktun fulltrúa ESB- og EES-ríkja um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, fsp. HG, 60. mál, þskj. 60.
6. Fangaverðir, fsp. KÁ, 88. mál, þskj. 88.

Til félagsmálaráðherra:

7. Íbúðalánasjóður, fsp. SvanJ, 29. mál, þskj. 29.
8. Endurskoðun hjúalaga, fsp. SvG, 48. mál, þskj. 48.

Til heilbrigðisráðherra:

9. Ár aldraðra, fsp. SvG, 32. mál, þskj. 32.
10. Eignarréttur á upplýsingum í sjúkraskrám, fsp. HG, 52. mál, þskj. 52.
11. Upplýsingar um lyfjanotkun í gagnagrunn, fsp. HG, 53. mál, þskj. 53.
12. Miðlægur gagnagrunnur og vísindasiðanefnd, fsp. HG, 57. mál, þskj. 57.
13. Miðlægur gagnagrunnur, fsp. HG, 58. mál, þskj. 58.
14. Persónuvernd og gagnagrunnur á heilbrigðissviði, fsp. HG, 62. mál, þskj. 62.

Til utanríkisráðherra:

15. Gagnkvæm menningarsamskipti Íslands og Þýskalands, fsp. HG, 35. mál, þskj. 35.
16. Skýrsla um frísvæði á Suðurnesjum, fsp. KPál, 67. mál, þskj. 67.

Til viðskiptaráðherra:

17. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði og samkeppnisreglur, fsp. HG, 59. mál, þskj. 59.
18. Starfsemi erlendra kvikmyndavera á Íslandi, fsp. KPál, 68. mál, þskj. 68.

Tilkynning um nýjan þingmann.

[13:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Við fráfall Ástu B. Þorsteinsdóttur tekur Magnús Árni Magnússon sæti hennar á Alþingi. Hann verður 15. þm. Reykv. Kjörbréf Magnúsar Árna Magnússonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann er hins vegar staddur erlendis og mun því ekki undirrita drengskaparheit skv. 2. gr. þingskapa fyrr en hann kemur til þings. Formaður þingflokks jafnaðarmanna hefur óskað eftir fjarvistarleyfi fyrir Magnús Árna Magnússon þessa viku.

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Gjaldþrotaskipti, 96. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 96.

Athugasemdir um störf þingsins.

Tilkynning um úrsögn úr þingflokki.

[13:31]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Fyrir rúmum þremur mánuðum var tekin ákvörðun á aukalandsfundi Alþb. um sameiginlegt framboð með Alþfl. og Kvennalista fyrir næstu alþingiskosningar. Ákvörðun aukalandsfundarins um sameiginlegt framboð án þess að málefnagrundvöllur lægi fyrir leiddi af sér að eðlisbreyting varð á umræðunni um samfylkingu stjórnarandstöðuflokkanna. Í stað þess að vera samstarf flokkanna til sóknar í næstu alþingiskosningum var markmiðið að sameiginlegt framboð leiddi til stofnunar nýs flokks í stað hinna þriggja og klofningur í Alþb. og Kvennalista var skilgreindur sem fórnarkostnaður sem yrði að reiða fram nú en mundi skila sér í góðum kosningaúrslitum í þar næstu alþingiskosningum árið 2003 undir fána hins nýja flokks.

Mikill ágreiningur er um þessa ákvörðun innan Alþb. og ljóst að hún mun sundra liðssveit flokksmanna og kjósenda umfram það sem hefur nú þegar komið fram. Ég hef ekki viljað lýsa yfir stuðningi við framboðið af þessum sökum en ákvað að bíða þess að fyrir lægi málefnalegur grundvöllur framboðsins og gerði mér vonir um að þar yrði að finna betrumbætur sem gæfu færi á að fylkja liðinu saman á nýjan leik. Nú liggur sá grundvöllur fyrir í öllum meginatriðum eftir að málefnaskrá flokkanna var kynnt á dögunum og því hægt að taka afstöðu til málsins á þeim forsendum. Þar er að finna ýmis góð fyrirheit en alla efnahagslega undirstöðu vantar í stefnuna og ef henni yrði hrint í framkvæmd leiddi hún til óstöðugleika og verðbólgu. Þar er um of haldið í gildandi reglur um þátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði og kostnaði við heilbrigðisþjónustu og fráleitt er að mínu mati að íhuga aðild að Evrópusambandinu. Alvarlegast er þó viðhorfið til byggðamála þar sem þörfin er hvað mest á djarfhuga og

róttækum aðgerðum til þess að styrkja byggð um landið og stöðva fólksflutningana suður.

Árlega flytjast um tvö þúsund manns suður af landsbyggðinni með tilheyrandi þjóðfélagslegum kostnaði og erfiðleikum fjölda manna. Í stað skilnings og stuðnings á þessu vandasama og erfiða úrlausnarefni er meginbaráttumál sameiginlega framboðsins að efna til sérstakrar skattlagningar um milljarða króna árlega á aðalatvinnuveg landsbyggðarinnar, sjávarútveginn. Þann skatt munu sjómenn og aðrir launamenn í atvinnugreininni greiða að lokum með lægri launum sínum. Þessi viðhorf styð ég ekki og hef ítrekað gert kröfu um að þeim verði breytt. Ljóst er nú að ekki verður orðið við þeim kröfum.

Þessi stefna mun ekki verða landsbyggðinni til gagns heldur mun hún frekar auka á strauminn suður. Nýir skattar af þessu tagi efla ekki byggð á Vestfjörðum. Ég treysti mér ekki til þess að standa að framboði á þessum grundvelli og mun ekki styðja sameiginlegt framboð Alþb., Alþfl. og Kvennalista.

Herra forseti. Í aðdraganda næstu alþingiskosninga munu þingflokkar þeirra flokka sem standa að sameiginlegu framboði leitast við að samræma afstöðu sína af augljósum ástæðum og þeir þingmenn sem hyggja á endurkjör verða að miða málflutning sinn við það. Í sumum málum svo sem varðandi veiðileyfagjald í sjávarútvegi mun ég lenda óhjákvæmilega í andstöðu við þá sem fylgja sameiginlegu framboði. Ég tel ekki rétt að efna til slíkra árekstra og trufla málflutning samfylkingarinnar innan frá. Ég tel eðlilegast að stíga úr röðum þeirrar fylkingar og tala fyrir sjónarmiðum mínum á eigin forsendum enda hef ég fullan hug á því að leggja störf mín og áherslur í dóm kjósenda í næstu alþingiskosningum.

Að vandlega athuguðu máli hef ég ákveðið að segja mig úr þingflokki Alþb. Þetta tilkynnist hér með, herra forseti.

Ég vil að lokum færa samstarfsmönnum mínum innan þingflokksins þakkir fyrir samstarfið á undanförnum árum og árna þeim velfarnaðar á þeim vettvangi sem þeir velja sér og læt í ljós þá ósk að störf þeirra megi verða landi og þjóð til heilla.

[13:36]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í lífi hvers stjórnmálamanns og stjórnmálaflokks skiptast á skin og skúrir. Það hef ég fengið að reyna töluvert í sumar sem formaður Alþb. Birtan í störfum okkar er samþykkt yfirgnæfandi meiri hluta Alþb. um að stefnt skuli að sameiginlegu framboði félagshyggjufólks um allt land. Skuggarnir eru hins vegar þeir að nokkrir mætir hv. þingmenn Alþb. og óháðra hafa kosið að fara aðrar leiðir og fylgja ekki þessari niðurstöðu.

Það eru gömul sannindi og ný að hver manneskja verður að velja sér sinn farveg í pólitík. Kannski er skylda stjórnmálamannsins og þingmanna enn meiri í þessum efnum því að þar ber okkur samkvæmt stjórnarskrá að fara eftir sannfæringu okkar.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka þeim þingmönnum sem hafa starfað með Alþb. og óháðum á þessu kjörtímabili og reyndar lengi áður, og hafa nú kosið sér að beita starfskröftum sínum annars staðar, og jafnframt þeim þingmanni sem hér er að kveðja þingflokk Alþb. fyrir vel unnin störf og óska þeim alls hins besta í framtíðinni.

Hrefnuveiðar.

Fsp. SvanJ, 28. mál. — Þskj. 28.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Sú ákvörðun að við Íslendingar gengjum úr Alþjóðahvalveiðiráðinu var ekki síst tekin á þeim forsendum að vera okkar þar kæmi í veg fyrir sjálfbæra nýtingu hvalastofna. Möguleikar okkar til að hefja hvalveiðar að nýju áttu að felast í því að stofna ný samtök með öðrum hvalveiðiþjóðum, samtök þar sem menn ynnu vísindalega og tækju ákvarðanir um veiðar á grundvelli vísinda en ekki á pólitískum grundvelli sem var talinn helsti galli þess að vera háð ákvörðunum Alþjóðahvalveiðiráðsins. Reyndar er það svo að þjóðir sem eru innan ráðsins veiða hval. Það höfum við sem stöndum utan við hins vegar ekki gert og höfum þannig sjálf tekið að okkur eins konar innra pólitískt eftirlit.

Nú er staða mála hins vegar þannig að samtökin sem við stofnuðum til að geta farið að veiða hval á faglegum forsendum, NAMMCO, hafa gefið grænt ljós á að við hefjum hrefnuveiðar að nýju.

Á aðalfundi NAMMCO nú í byrjun september kom fram það mat vísindanefndar samtakanna að veiði á 292 hrefnum hefði ekki skaðleg áhrif á stofninn og stjórnunarnefnd NAMMCO staðfesti síðan á fundinum stofnmat vísindanefndarinnar. Veiðar á 292 dýrum væru sjálfbærar veiðar. Um var að ræða endanlega umfjöllun nefndarinnar sem þýðir að frekari vísindalegan rökstuðning er ekki að fá. Ákvörðun um veiðar eða ekki er nú alfarið í höndum stjórnvalda. Vísindaleg niðurstaða liggur fyrir og einungis eftir hin pólitíska ákvörðun stjórnvalda. Ég spyr því hæstv. sjútvrh. á þskj. 28:

„Hyggst ráðherra leggja það til á grundvelli niðurstaðna vísindanefndar og stjórnunarnefndar NAMMCO að hrefnuveiðar verði hafnar við Ísland þegar á næsta ári?"

Herra forseti. Það er afar mikilvægt að svör við þessari spurningu liggi fyrir sem fyrst því ef stjórnvöld treysta sér ekki til að hefja hvalveiðar á grundvelli vísindalegra niðurstaðna frá þeim samtökum sem voru beinlínis stofnuð til að gefa slíkar ráðleggingar þarf að endurskoða frá grunni þá stefnu sem rekin hefur verið í hvalveiðimálum.

[13:40]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst minni ég á að ekki hefur verið ágreiningur við vísindasamfélagið um það að hrefnustofninn við Ísland og nokkrir aðrir hvalastofnar þyldu nýtingu. Ekki var ágreiningur um það við vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þegar ákveðið var að stofna NAMMCO var samkomulag um það milli aðildarþjóðanna að ráðið skyldi einvörðungu fjalla um nýtingu sela og minni hvala sem falla ekki undir valdsvið Alþjóðahvalveiðiráðsins. Hrefna var þannig skilgreind utan við verksvið samtakanna. Við lýstum því hins vegar yfir af okkar hálfu að við mundum nota tímann til þess að vinna að því að valdsvið NAMMCO og verksvið yrði fært út, og lýstum því strax yfir og gerðum grein fyrir því að það mundi taka nokkurn tíma. Sú vinna hefur borið árangur og samstarfsþjóðir okkar þar hafa fallist á að taka m.a. hrefnu inn í vísindaathuganir sínar, athuganir varðandi eftirlit með veiðum og þar fram eftir götunum. Þetta er nauðsynlegt að liggi fyrir vegna misvísandi frásagnar fyrirspyrjanda í inngangi að fyrirspurn sinni.

Sem svar við fyrirspurninni get ég hins vegar sagt að ég hef ekki í hyggju að flytja þáltill. um að leyfa veiðar á hrefnu eða hvölum í atvinnuskyni en minni á að í vor var til athugunar af hálfu ráðuneytisins og á vegum ríkisstjórnarinnar að svara jákvætt ósk Hafrannsóknastofnunar um að hefja rannsóknir á efnahagslegum áhrifum þess að veiða ekki og nýta ekki hvalastofnana og þá einkum hrefnu og áhrif þess á aðrar tegundir. Til þess að framkvæma slíkar vísindalegar rannsóknir þarf veiðar í vísindaskyni og hefur Hafrannsóknastofnun gert grein fyrir því. Það er nú í skoðun í ráðuneytinu hvort rétt sé að taka þetta mál upp á nýjan leik og óhjákvæmilegt er að svara Hafrannsóknastofnun sem hefur óskað eftir leyfi til slíkra rannsókna. Í því sambandi minni ég á niðurstöðu NAMMCO-fundarins en í fréttatilkynningu frá honum segir svo um þetta efni:

„Á síðasta ári var komist að þeirri niðurstöðu á grundvelli athugana af hálfu vísindanefndar NAMMCO að stofnar hrefnu, vöðusels og blöðrusels í Norður-Atlantshafi gætu haft veruleg bein eða óbein áhrif á mikilvæga nytjastofna sjávar. Frekari rannsóknum á fæðuvali þessara tegunda verður haldið áfram. NAMMCO hefur enn fremur hafið rannsóknir á efnahagslegu samspili sjávarspendýra og fiskveiða. Ákveðið hefur verið að beina athyglinni að afmörkuðum athugunarefnum svo sem að bera saman efnahagslega þýðingu þess annars vegar að nýta og hins vegar að nýta ekki stofna vöðusels og hrefnu."

Það er í mjög góðu samræmi við þessa stefnumörkun NAMMCO sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt áherslu á að fá heimild til þess að framkvæma slíkar rannsóknir með nauðsynlegum vísindalegum veiðum. Það er nú á ný til athugunar í ráðuneytinu hvort mál verður tekið upp með svipuðum hætti og áform voru uppi um í vor sem leið en eins og kunnugt er strandaði framgangur þess máls m.a. af tæknilegum ástæðum þar sem erfitt reyndist að útvega nauðsynleg skotfæri til þess að unnt væri að hrinda slíkri áætlun í framkvæmd á sl. sumri.

[13:45]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir að spyrja enn einu sinni, sennilega þriðja þingið í röð um þetta mál, hvernig menn ætla að snúa sér í málum varðandi hrefnuveiðar. Ég vil segja það hér að líklega hefur það verið röng ákvörðun á sínum tíma þegar Íslendingar gengu úr Alþjóðahvalveiðiráðinu með tilliti til þess sem þróunin hefur verið í þeim málum. Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja hæstv. sjútvrh. til að endurskoða ákvarðanir varðandi hvalveiðar og ég tel að hefja eigi hvalveiðar hið fyrsta. Ég er þar með í þeim hluta 80% þjóðarinnar sem vilja hefja hvalveiðar nú þegar. Ég segi þetta vegna þess að ég tel að nauðsynlegt sé fyrir okkur Íslendinga að nýta alla þá möguleika sem við eigum varðandi afkomu okkar, þar með taldar hvalveiðar.

[13:46]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Auðvitað á að leyfa hrefnuveiðar og þó fyrr hefði verið. Það mælir allt með því. Ég minni á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár þar sem lagt er til í ljósi úttektar vísindanefndar NAMMCO að aflamarkið verði 250 hrefnur á ári. Nú hefur borist nýrra álit frá NAMMCO í september á þessu ári þar sem stjórnunarnefndin samþykkir að veiði 292 dýra á ári væri sjálfbær. Það hníga því öll rök að því að við hefjum þessar veiðar.

Það sem sjálfsagt hefur staðið í mönnum eru hótanir erlendra aðila og þá kannski fyrst og fremst Bandaríkjamanna. En ég minni á að þegar Norðmenn hófu hrefnuveiðar sínar að nýju fyrir 5–6 árum sátu þeir undir svipuðum hótunum. Þeim var hótað viðskiptaþvingunum, takmörkun á ferðamannastraumi o.fl. en ekkert af þessu gekk eftir. Útflutningur þeirra stórjókst eftir að hvalveiðarnar hófust, ferðamannastraumur jókst og meira að segja hefur aðsókn í hvalaskoðunarferðir meira en tvöfaldast á þessu tímabili. Menn mega ekki skjálfa allt of mikið fyrir slíkum hótunum, og við eigum að taka þessa ákvörðun.

Ég minni svo á að fyrr í vikunni var lögð fram á Alþingi till. til þál. sem ég flyt ásamt ellefu öðrum þingmönnum um að hvalveiðar skuli leyfðar frá og með næsta ári á þeim tegundum og innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til og það er auðvitað á valdi Alþingis að samþykkja tillöguna og heimila þessar veiðar.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil lýsa furðu minni yfir þeim svörum sem komu fram af hálfu hæstv. sjútvrh. Hann segir okkur að hann telji að ekki sé grundvöllur til að leggja það til að hrefnuveiðar verði hafnar og eftir allt sem undan er gengið þá heyrist mér helst að hann telji að það þurfi frekari könnunar við, að rannsaka þurfi meira og betur. Það þurfi að rannsaka áhrif þess að ekki sé veitt og hann vísar í að Hafrannsóknastofnun hafi óskað eftir slíku.

Herra forseti. Mér finnst þetta vera einhver átakanlegasti kaflinn í því leikriti sem stjórnvöld hafa haldið úti og leikið fyrir áhugamenn um hvalveiðar á Íslandi. Mönnum hefur verið sagt og gefið til kynna að það væri vilji stjórnvalda að hefja hvalveiðar. Það hefur hins vegar gerst í hvert einasta skipti þegar tilefni hefur verið til að taka ákvarðanir, að menn hafa farið í aðra sálma. Nei, það þarf að rannsaka meira. Menn hafa sem sé heykst á því að taka hina pólitísku ákvörðun aftur og aftur.

Það væri meiri sómi að því að stjórnvöld kæmu hreint fram í þessu máli og segðu þeim sem eru áhugamenn um hvalveiðar hreint út að ekki standi til að hefja hvalveiðar að nýju, frekar en að halda þessum tvískinnungi áfram og leyfi fólki að halda að stefnan sé allt önnur en hún er í reynd.

[13:50]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að vandasamt mat væri að ákveða tímasetningu á því hvenær unnt væri að hefja hvalveiðar í atvinnuskyni. En það er nauðsynlegt að leiðrétta það sem hv. þm. segir um nauðsyn rannsókna. Það hefur legið lengi fyrir og er enginn ágreiningur um það í samfélagi vísindamanna að hrefnustofninn hér þolir nýtingu. Það hefur meira að segja verið viðurkennt af vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins. Um það er enginn ágreiningur og ekki þarf frekari rannsóknir á stofnstærð til að taka slíkar ákvarðanir.

Hitt er alveg ljóst og það er að loka augunum fyrir staðreyndum ef menn gera sér ekki grein fyrir því að erfitt er að vinna þessu máli framgang á erlendum vettvangi. Þau rök sem helst hafa bitið af okkar hálfu eru einmitt þau að mikilvægt sé fyrir okkur, ekki aðeins að nýta allar tegundir sem finnast í sjónum heldur að tryggja eðlilegt jafnvægi þar á milli. Við höfum ákveðnar vísbendingar um það og óskir frá

færustu vísindamönnum okkar að ástæða sé til að rannsaka samhengið í lífríkinu betur sem hluta af því fjölstofna verkefni sem Hafrannsóknastofnun fór fram með á sínum tíma. Ég er þeirrar skoðunar að ekki verði hjá því komist að líta á þessar óskir. Menn verða að gera greinarmun á athugunum á stofnstærð hvala annars vegar, hrefnu í þessu tilviki, og hins vegar þeim rannsóknum sem miða að innra samhengi þessara stofna og fiskstofna. Það er til að blekkja og villa almenning ef menn eru að halda öðru fram í umræðum um þessi efni eins og mátti ráða af máli hv. fyrirspyrjanda.

Smíði varðskips.

Fsp. SvanJ, 30. mál. — Þskj. 30.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í mars sl. spurði ég hæstv. iðnrh. um stefnu stjórnvalda varðandi smíði nýs varðskips og þá jafnframt hvaða nesti smíðanefndin, sem hæstv. dómsmrh. skipaði, hefði fengið. Í svörum við fsp. kom fram að ekki hefði verið ákveðið hvar skipið yrði smíðað en bæði iðnrh. og dómsmrh., sem tók þátt í umræðunni þá, lýstu þeim vilja sínum að kannað yrði til þrautar hvort ekki fengist viðurkennt að um skip þeirrar gerðar væri að ræða að jafna mætti við herskip annarra ríkja. Og þar með þyrfti ekki að bjóða smíði skipsins út á alþjóðlegum markaði. Einkum var vísað til þess að Danir byðu smíði strandgæsluskipa sinna eingöngu út í Danmörku.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess fyrir skipasmíðaiðnaðinn að fá að glíma við verkefni af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir og hafa skipasmíðafyrirtæki innan samtaka iðnaðarins sameinast um að vinna að framgangi málsins. En þar sem lítið hefur frést af ákvörðunum stjórnvalda spyr ég dómsmrh. á þskj. 30:

„Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar um smíði nýs varðskips?"

Þar er auðvitað bæði átt við ákvarðanir smíðanefndar, sem nú hefur starfað í rúma níu mánuði, hvort niðurstöður liggi fyrir frá henni, og þá í framhaldinu hvort stjórnvöld hafi tekið sína ákvörðun varðandi það hvort þau treysta sér til að láta bjóða smíði nýs varðskips út eingöngu á heimamarkaði.

[13:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Smíðanefndin sem skipuð var til þess að annast framkvæmd þessa verks hefur unnið að því að undanförnu að skilgreina gerð og búnað varðskipsins og réði fyrirtækið Ráðgarð, skiparáðgjöf, sem ásamt með starfsmönnum Landhelgisgæslunnar hefur unnið að þessu verkefni að undanförnu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið er fyrirhugað að Ráðgarður, skiparáðgjöf, skili í þessum mánuði smíðalýsingu sem hægt verði að styðjast við varðandi útboðsskilmála.

Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár eru tæpar 19 millj. kr. áætlaðar í undirbúning að smíði skipsins og miðað við þá fjárveitingu er reiknað með að smíðin geti hafist í byrjun árs 2000. Smíðatíminn yrði tvö ár þannig að skipið yrði væntanlega afhent á árinu 2002.

Fyrir nokkrum vikum lagði ég tillögu fyrir ríkisstjórnina í samræmi við þau fyrirheit sem áður höfðu verið gefin á Alþingi og hv. fyrirspyrjandi vitnaði til um að samþykkt yrði að smíði skipsins færi fram hér innan lands. Á fundi ríkisstjórnarinnar í morgun var þessi tillaga samþykkt og verður áframhald vinnunnar miðað við það að skipið verði smíðað hér heima. Það er til sérstakrar athugunar hvort nauðsynlegt sé að flytja sérstakt frv. um það efni. Það er ekki víst að þess þurfi en sé það talið nauðsynlegt verður það gert.

[13:56]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa mikilli ánægju með það sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. að ríkisstjórnin skuli hafa tekið ákvörðun um að þetta skip verði smíðað á Íslandi. Iðnn. Alþingis hefur fjallað nokkuð um þetta mál og við höfum verið mjög áhugasamir um að niðurstaðan yrði þessi. Staðreyndin er að skipasmíðaiðnaður á Íslandi er á talsverðri uppleið eftir mjög langt erfiðleikatímabil en hann vantar tilfinnanlega nýsmíði, bæði til að auka stöðugleika í verkefnastöðu skipasmíðastöðvanna og treysta rekstur þeirra, og eins til að viðhalda þeirri þekkingu og reynslu sem enn er til staðar í skipasmíðaiðnaði á Íslandi, þekkingu sem við megum alls ekki týna niður.

Síðastliðin tíu ár hefur nær engin nýsmíði verið í íslenskum skipasmíðastöðvum, aðeins örfáir litlir fiskibátar og einn hafnsögubátur. Hér er hins vegar á ferðinni mjög stórt verkefni sem verður samstarfsverkefni skipasmíðastöðvanna og ég treysti þeim mjög vel til að leysa það farsællega af hendi því að það er staðreynd að þau stálskip sem voru smíðuð hér á áttunda og níunda áratugnum hafa reynst mjög vel og engin ástæða til að ætla annað en að svo verði einnig með varðskipið.

En ég ítreka að ég lýsi mikilli ánægju með það sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. um ákvörðun ríkisstjórnar.

[13:58]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég held að ástæða sé til þess að fagna sérstaklega yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. varðandi smíði varðskips. Það er ljóst að lægð hefur verið í þessari iðngrein í nokkurn tíma bæði vegna samdráttar í kvóta á sínum tíma en einnig vegna þess að hörð samkeppni gildir á þessum markaði.

Það er ljóst að það er svigrúm til að bjóða smíði þessa skips út á innlendum markaði eingöngu og mjög mörg fordæmi fyrir því í Evrópu að slíkt sé gert. Það er ljóst að þetta hefur verið til skoðunar frá því skömmu eftir áramótin síðustu innan dómsmrn. og það ber að fagna því að sú skoðun hafi leitt til þess að menn séu nú reiðubúnir og hafi tekið ákvörðun um að smíðin verði boðin út á innlendum markaði. Það mun boða nýja tíma fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað.

[13:59]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. til hæstv. dómsmrh. Ég hjó hins vegar eftir því að í ræðu hv. fyrirspyrjanda að það hefði komið fram í svari dómsmrh. á síðasta ári að skipið yrði smíðað hér innan lands enda mætti jafna varðskipi við herskip.

Ég spurði að því fyrir líklega ári síðan hvort ekki væri möguleiki á að leita til Framkvæmdasjóðs NATO um styrk

til að smíða þetta skip vegna þess að í skipum Dana, sem við höfum nú horft mikið til, eru einmitt kafbátaleitartæki sem valda því að þessi dönsku varðskip flokkast undir herskip.

En ég fagna því vissulega ef hægt er að koma málum svo fyrir að skipið verði smíðað hér innan lands en þó tel ég að nokkur munur sé á dönsku varðskipunum og þeim íslensku.

[14:00]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Um leið og ég þakka hv. þm. fyrirspurnina vil ég lýsa sérstakri ánægju með ákvörðun ríkisstjórninnar og með tillögu hæstv. dómsmrh. um að varðskip verði smíðað hér heima. Ég er sannfærður um að við höfum hæfni og getu til þess að gera það og með ákveðnum útfærslum mun vel til takast með slíka smíði.

[14:01]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel að það hafi verið hárrétt ákvörðun hjá hæstv. ríkisstjórn að ákveða að þetta skip skuli smíða á Íslandi og tel reyndar að það hafi legið nokkurn veginn fyrir að svo yrði gert miðað við jákvæðar yfirlýsingar hæstv. iðnrh. og hæstv. dómsmrh. á síðasta þingi.

Ég held að enginn vafi leiki á því að íslenskar skipasmíðastöðvar muni ráða við þetta verkefni og er þar að mínu mati Slippstöðin á Akureyri nokkurs konar kjarnafyrirtæki. Sú verkþekking sem var mjög rík í okkar samfélagi fyrir allmörgum árum, þ.e. að smíða skip, var í ákveðinni hættu en með þessari ákvörðun tel ég að henni hafi verið bjargað. Ég lýsi sérstakri ánægju með þessa ákvörðun.

[14:02]

Stefán Guðmundsson:

Herra forseti. Þetta eru vissulega gleðileg tíðindi fyrir íslenskan iðnað og fyrir miklu fleiri en íslenskan iðnað, ekki síður fyrir sjávarútveginn almennt. Við höfum rætt þessi mál nokkuð í iðnn. þingsins. Við kynntum okkur þau sérstaklega fyrir ekki löngu síðan þegar við í iðnn. ferðuðumst um Norðurland og heimsóttum m.a. Slippstöðina á Akureyri þar sem okkur voru kynntar þessar hugmyndir. Hér hefur verið stigið mikið gæfuspor og ég kem upp fyrst og fremst til þess að þakka ráðherra og ríkisstjórn fyrir að hafa tekið svo skynsamlega ákvörðun. Ég er sannfærður um að íslenskir iðnaðarmenn munu rísa undir því merki sem hér hefur verið reist.

[14:03]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það er ríkjandi lukka með þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að smíða nýtt varðskip á Íslandi. Þetta eru mikil fagnaðartíðindi. Þetta yrði væntanlega fyrsta stórverkefni um langt árabil í nýsmíði á Íslandi og sem betur fer, þrátt fyrir að ekki hafi árað vel í þeim efnum um alllangt skeið, þá hafa menn haldið sjó. Í landinu eru nokkrar skipasmíðastöðvar, vítt og breitt um landið, sem hafa burði til þess, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra, að takast á við það mikla verkefni sem er að smíða nýtt varðskip og endurnýja þannig varðskipaflota landsmanna sem er löngu tímabært.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil fagna því sem hæstv. dómsmrh. tjáði okkur áðan, þ.e. að í morgun hafi sú ákvörðun verið tekin á vettvangi ríkisstjórnarinnar að bjóða smíði nýs varðskips út innan lands. Það hefur verið nokkuð rætt að almenna reglan væri sú að ef um er að ræða skip sem sé til varnar landi eða lögsögu þá kæmust þjóðir upp með að bjóða slík verkefni út einungis á heimamarkaði. Íslenska ríkisstjórnin hefur borið gæfu til þess að taka slíka ákvörðun og það er vel vegna þess að eftir þessari ákvörðun hefur verið beðið. Íslenskur skipasmíðaiðnaður býr ekki við sömu samkeppnisaðstæður og keppinautar í nágrannalöndum og þess vegna er það mikill fengur fyrir skipasmíðaiðnaðinn að fá þetta verkefni til að takast á við.

Þetta er mikið fagnaðarefni vil ég meina og ég þakka fyrir þau svör sem hér hafa komið.

Gjafsóknir.

Fsp. KÁ, 54. mál. — Þskj. 54.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Á bls. 288 í frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 kemur fram að lagt er til að framlög til gjafsókna verði nánast tvöfölduð. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kostnaður við gjafsóknir hefur aukist jafnt og þétt hin síðustu ár og verður framlag 31,3 millj. kr. á næsta ári samanborið við 16,7 millj. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs."

Þetta vekur upp spurningar um það sem að baki býr. Er þetta spegilmynd af efnahagslegri stöðu margra þeirra sem þurfa að leggja út í málaferli? Segir þetta okkur að dómskerfið og þjónusta þeirra sem þar koma að málum sé orðin allt of dýr eða hvað? Því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. eftirfarandi spurninga:

„1. Í hve mörgum málum var veitt gjafsókn árin 1996 og 1997?

2. Hvers konar mál fengu gjafsókn, flokkuð eftir eðli mála?

3. Hvaða ástæður voru fyrir því að leyfi var veitt til gjafsóknar?"

[14:06]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ætla að svara þessum þremur spurningum í einu lagi samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja um gjafsóknarleyfi. Það er rétt að taka fram áður að gjafsókn er ekki veitt vegna opinberra mála þannig að gjafsókn tekur einvörðungu til einkamála.

Árið 1996 mælti gjafsóknarnefnd með gjafsókn í 204 málum. Hún mælti gegn gjafsókn í 118 málum sem um hafði verið sótt.

Árið 1997 mælti nefndin hins vegar með gjafsókn í 184 málum en gegn gjafsókn í 118 málum.

Ástæða fyrir veitingu gjafsóknar árið 1996 var fjárhagsstaða umsækjenda í 112 tilvikum. Í 38 tilvikum var um lögbundna gjafsókn að ræða. Í 23 tilvikum vörðuðu málsúrslit atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjenda og í fjórum tilvikum hafði úrlausn máls verulega almenna þýðingu. 27 tilvik hafa ekki verið flokkuð sérstaklega eða falla undir tvo eða fleiri af framangreindum flokkum.

Ástæða fyrir veitingu gjafsóknar árið 1997 var fjárhagsstaða umsækjenda í 103 tilvikum. Í 33 tilvikum var um lögbundna gjafsókn að ræða. Í 11 tilvikum vörðuðu málsúrslit atvinnu, félagslega stöðu eða einkahagi umsækjenda og í fimm tilvikum hafði úrlausn máls verulega almenna þýðingu. En 32 tilvik á því ári hafa ekki verið flokkuð sérstaklega eða

falla undir tvo eða fleiri af framangreindum flokkum.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör. Í fljótu bragði blasir það við að það eru fyrst og fremst fjárhagsástæður fólks sem leiða til þess að gjafsókn er veitt. Árið 1996 er það þó tæplega helmingur og hið sama gildir 1997 þar sem tilvikin eru heldur færri.

Eins og ég nefndi í inngangi mínum vakna auðvitað upp spurningar um það hvað búi þarna að baki. Er svona dýrt að afla gagna í málum? Eru þetta mál af því tagi sem kalla á mikla vinnu, jafnvel ferðir til útlanda eins og í forræðismálum og annað slíkt eða hvað býr þarna að baki? Ég á varla von á því að hæstv. dómsmrh. geti svarað því án þess að hafa kannað málið nánar. En þetta gefur vissulega tilefni til þess að skoða betur hvað býr þarna að baki.

[14:10]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það liggur ekki fyrir sundurgreining á málskostnaði í þessum tilvikum. Hann er auðvitað margs konar, þóknun til lögmanna, öflun sérfræðiálita og þar með fram eftir götunum. En það liggur sem sagt ekki fyrir sérstök sundurgreining á því hver kostnaðurinn er í einstökum tilvikum og það getur auðvitað verið mismunandi frá einu máli til annars og eftir eðli mála hvernig kostnaðurinn sundurgreinist á einstök viðfangsefni.

Ályktun fulltrúa ESB- og EES-ríkja um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Fsp. HG, 60. mál. — Þskj. 60.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Þann 24. september sl. beindu fulltrúar frá ESB- og EES-ríkjum á sviði gagnaverndar erindi til hæstv. dómsmrh. vegna þess frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði sem liggur fyrir Alþingi eða lá þá fyrir í drögum. Þeir höfðu fengið vitneskju um þetta frá kollegum sínum á Norðurlöndum sérstaklega sem eru hluti af þessum hópi og leggja áherslu á eftirfarandi þætti í erindi til hæstv. ráðherra í lauslegri þýðingu:

„Grundvallarregluna um upplýst samþykki viðkomandi aðila á geymslu og vinnslu gagnanna verður að virða. Viðkomandi aðila verður einnig að vera gefinn kostur á því að draga gögn um sig úr gagnagrunninum eftir að gögnin hafa verið sett þar inn. Undanþága frá þessum grundvallarreglum yrði aðeins ásættanleg ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi og gætt væri fyllsta öryggis við notkun upplýsinganna. Skilgreiningin á „persónuupplýsingum" verður að vera mjög skýr og aðferðin við að tryggja nafnleynd verður að vera traust. Í fámennu landi er líklegt að af erfðafræðiupplýsingum sé unnt að rekja ættlegg viðkomandi einstaklings og þannig komast að því um hvern er að ræða. Notkun dulkóða til að leyna því um hvern gögnin eru er a.m.k. ekki nægileg til að tryggja nafnleynd. Viðskiptahagsmunir notandans mega ekki leiða til víkkunar á upprunalegum tilgangi skráningar."

Þeir láta í ljósi þungar áhyggjur af málinu og mæla með því að íslensk stjórnvöld endurskoði verkefnið í ljósi grundvallarreglna þeirra sem fram koma í Evrópusamningnum um mannréttindi, samningi Evrópuráðsins 108 um gagnavernd og tilmæli 97/5 um læknisfræðileg gögn og tilskipun Evrópubandalagsins 95/46 um vernd persónuupplýsinga.

Í þessum hópi sem senda þetta erindi eru fulltrúar á sviði gagnaverndar frá eftirtöldum ríkjum: Austurríki, Belgíu, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Grikklandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Hollandi, Noregi, Portúgal, Spáni, Svíþjóð og Bretlandi.

Fyrirspurn mín til hæstv. ráðherra er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hver eru viðbrögð dómsmálaráðuneytisins við ályktun fulltrúa Evrópusambands- og EES-ríkja (Data Protection Commissioners) á 20. alþjóðaráðstefnunni um öryggi tölvugagna, 16.–18. september 1998, þar sem lýst er miklum áhyggjum af áformum um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði hérlendis?"

[14:14]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er auðvelt að svara því að sú ályktun sem hér er vitnað til og spurt um gefur ekki tilefni til sérstakra viðbragða af hálfu dómsmrn. Fundur framkvæmdastjóra tölvunefnda í Evrópu er ekki sérstök valdastofnun eða formleg stofnun á vegum Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins og þar er því ekki á nokkurn hátt um að ræða yfirþjóðlegt vald sem við þurfum að beygja okkur fyrir eða taka tillit til. Þetta gefur ekki tilefni til þess af hálfu ráðuneytisins að fjalla sérstaklega um eða bregðast við. Hér er aðeins um að ræða óformlega samráðssamkomu framkvæmdastjóra tölvunefnda í þessum ríkjum og það er ekki hlutverk þeirrar samkomu að mæla fyrir um eða gefa sérstakar ábendingar til einstakra ríkja.

Þessi ályktun hefur gengið til heilbrrn. sem vann með alveg sérstökum og mjög opnum hætti að endurskoðun á gagnagrunnsfrv., setti það á netið og opnaði fyrir athugasemdir hvaðanæva að úr heiminum. Ég geri ráð fyrir því að heilbrrn. hafi tekið þessa ályktun til athugunar eins og allar aðrar ályktanir og athugasemdir sem ráðuneytið hefur fengið við endanlega gerð á gagnagrunnsfrv. og það er ekki tilefni til þess að bregðast öðruvísi við þeirri ályktun sem hér er verið að spyrjast fyrir um.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hæstv. dómsmrh. hengir sig í formið. Hann vill ekki lýsa neinum skoðunum á þeim sjónarmiðum sem fram komu á þessum vettvangi, frá forstöðumönnum þeirra sem fara með skráningu persónuupplýsinga í þessum löndum. Hæstv. dómsmrh. er nú einu sinni vörslumaður laganna um skráningu persónuupplýsinga frá 1981 sem boðað er að eigi að endurskoða. Ég hélt að hæstv. ráðherra hlyti að hafa skoðun á því hvort rök væru fyrir ályktuninni eða hvort hann hafni þeim sjónarmiðum sem þar koma fram. Við höfum lesið það í Morgunblaðinu sem lagði spurningu fyrir hæstv. ráðherra 8. október sl., með leyfi forseta. Þar svarar hæstv. ráðherra með þessum orðum:

„Mér finnst ekki viðeigandi að þessi samkoma sé að skipta sér af innanríkismálum Íslendinga og hef ekki meira um þetta að segja."

Er það þetta sem vænta má af hálfu íslenskra yfirvalda í tengslum við frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði? Eigum við von á sendingum af þessum toga frá hæstv. heilbrrh., hæstv. dómsmrh. og ríkisstjórninni í heild? Skiptir

engu máli hvað hæstv. ríkisstjórn hefur skrifað undir og staðið að samþykktum á á erlendum vettvangi í sambandi við þessi mál? Hefur hæstv. dómsmrh. enga skoðun á því hvort þessir trúnaðarmenn hafi ástæðu til að lýsa áhyggjum sínum? Er ekki ástæða til fyrir hæstv. ráðherra hér á vettvangi Alþingis að reyna að svara efnislega en hengja sig ekki í form? Mér finnast þetta alveg dæmalaus viðbrögð af hálfu hæstv. ráðherra og ef þetta á að verða rauði þráðurinn í umræðunni um málið, sem verður væntanlega á dagskrá á morgun, þá stendur nú enn þá verr í bólið hjá hæstv. ríkisstjórn en ég hafði reiknað með.

[14:18]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þó það sé ekki til umræðu lít ég svo á að frv. sem lagt hefur verið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar um gagnagrunn fullnægi alþjóðlegum skuldbindingum okkar. Við höfum sérstaka stofnun, tölvunefnd, sem starfar samkvæmt sérstökum lögum og hennar hlutverk er að leggja mat á það hvort íslenskum lögum og íslenskum skuldbindingum sé fullnægt.

Í fyrsta lagi minni ég á að sú samkoma sem hv. þm. er að spyrjast fyrir um hefur ekkert alþjóðlegt vald. Í öðru lagi skil ég ekki hinn sérstaka áhuga hv. þm. á að beygja sig frekar undir álit einhverrar erlendrar stofnunar. Hann vill lúta einhverju erlendu valdi í þessu og treystir ekki þeim íslensku stofnunum sem við höfum sett á fót til að starfa samkvæmt íslenskum lögum. Ég hefði trúað hv. þm., í ljósi málflutnings hans á undanförnum árum, til að leggja meiri áherslu á að það er Íslendinga að taka afstöðu til þessa og algert aukaatriði hvað einhver samráðsfundur framkvæmdastjóra tölvunefnda í Evrópu ályktar. Sem betur fer hefur sú samkoma ekkert yfirþjóðlegt vald sem við þurfum að beygja okkur fyrir.

Fangaverðir.

Fsp. KÁ, 88. mál. — Þskj. 88.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir fyrirspurn minni er sú að ég las nýlega viðtöl í erlendu blaði, við konur sem gegna stöðum fangavarða á karladeildum í San Quentin-fangelsinu í Bandaríkjunum. Þar sitja bak við lás og slá margir hættulegustu fangar Bandaríkjanna en stefna stjórnvalda þar vestra er að fjölga konum í röðum fangavarða, bæði vegna ákvæða jafnréttislaga og vegna þess að það þykir hafa gefist vel að hafa konur innan um karlkyns fanga þótt því fylgi vissulega hættur. Ég þekki ekki stefnu stjórnvalda í öðrum löndum en Bandaríkjunum en fýsir að vita hvernig þessum málum er háttað hér á landi og hver stefna stjórnvalda er í þessum efnum. Því spyr ég hæstv. dómsmrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hversu margar konur gegna nú störfum fangavarða:
   a. í fangelsum fyrir karla,
   b. í fangelsum fyrir konur,
   c. á lögreglustöðvum þar sem er skammtímavistun fanga?
2. Hvert er hlutfall kvenna af fjölda fangavarða?
3. Er það stefna ráðherra að fjölga konum í röðum fangavarða, bæði við gæslu karla og kvenna?

[14:21]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá Fangelsismálastofnun eru aðstæðurnar þannig að í fangelsum fyrir karla eru nú átta konur á skrá sem fangaverðir. Þrjár í fangelsi þar sem konur afplána dóma og sex í fangageymslum lögreglunnar í Reykjavík.

Sem svar við annarri spurningunni get ég gefið þær upplýsingar að til starfa eru skráðir 99 fangaverðir og þar af eru 17 konur, eða um 17%.

Fangelsismálastofnun fylgir þeirri stefnu að ráða fleiri konur til starfa við fangavörslu en því miður hafa, í a.m.k. tveimur síðustu auglýsingum um fangavarðarstörf, einungis komið umsóknir frá körlum. Þessa stefnu Fangelsismálastofnunar styður ráðuneytið heils hugar og væntir þess að hún beri meiri árangur en síðustu auglýsingar gefa tilefni til að ætla.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör. Ef ég hef skilið hann rétt starfa engar konur sem fangaverðir á Litla-Hrauni þar sem eingöngu karlmenn dvelja eftir því sem ég best veit. Hins vegar eru þær í Kvennafangelsinu og á lögreglustöðinni hér í Reykjavík. Hlutfallið sem hér kemur fram er kannski ekki svo ýkja slæmt en mætti þó vera hærra.

Við vitum að nú standa yfir launadeilur meðal fangavarða. Margir þeirra eru ákaflega óánægðir með kjörin en ég hygg þó að hið hefðbundna starfsval kvenna ráði því að þær sækja ekki inn í þessar stöður. Samkvæmt því sem ég hef lesið og nefndi hér áðan geta konur haft góð áhrif á karlkyns fanga. Það er öðruvísi að hafa konur innan fangelsismúranna. Þær tala öðruvísi við karlkyns fanga og eftir því sem kemur fram í þessum viðtölum hafa margir hættulegir fangar trúað konunum fyrir ýmsu sem þeir hafa ekki rætt við karlkyns fangaverði.

Það virðist vera til bóta að ráða konur sem fangaverði og ég hlýt að hvetja hæstv. dómsmrh. og fangelsisyfirvöld til að reyna betur í þessum málum. Spurningin er hvað hægt er að gera til að sýna konum fram á að þær eigi jafnmikið erindi í þessi störf og flest önnur.

[14:25]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er alveg kórrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að vel hefur gefist að hafa fangaverði af báðum kynjum. Vonandi tekst að bæta það hlutfall þó ekki sé hægt að halda því fram að hlutfall kvenna í fangavarðastétt sé lágt. Þar má hins vegar gera betur. Hvað getur orðið til þess skal ég ekki segja hér en held þó að umræða af því tagi sem hv. þm. hefur vakið gæti opnað augu manna fyrir áhugaverðum starfsmöguleikum á þessu sviði. Sú umræða er gott framlag til þess að auka áhuga kvenna á að hugsa um þetta sem góðan starfsvettvang.

Íbúðalánasjóður.

Fsp. SvanJ, 29. mál. — Þskj. 29.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í september beindi bæjarstjórn Húsavíkur þeim tilmælum til félmrh. að hann beitti sér fyrir því

að aðsetur hins nýja Íbúðalánasjóðs yrði á landsbyggðinni. Jafnframt lýsti bæjarstjórnin sig reiðubúna til samstarfs við ráðherrann vegna nauðsynlegs undirbúnings þess að sjóðurinn fengi aðsetur á Húsavík. Þannig kom bæjarstjórnin þeim ábendingum til ráðherra og ríkisstjórnarinnar að taka alvarlega það sem þeir segja sjálfir, að betra sé að setja nýjar stofnanir niður úti á landi en flytja þangað gamlar.

Það er ljóst að allar aðstæður til atvinnusköpunar eru að breytast. Ný tækni gerir kleift að verkefni séu unnin um allt land, svo fremi að tölva og símalína séu tiltæk. Nýjar aðstæður samfara nýrri tækni skapa nýja möguleika en gera jafnframt þær kröfur til stjórnvalda, bæði hjá ríki og sveitarfélögum, að ýmislegt sé hugsað upp að nýju. Það á ekki síst við nú þegar flutningur af landsbyggðinni er meiri en nokkru sinni fyrr og menn gera sér æ betur grein fyrir þeim gífurlega kostnaði sem það hefur í för með sér, bæði fyrir fjölskyldur og hið opinbera, að nýta ekki fjárfestingar sem ráðist hefur verið í um land allt en þurfa síðan að endurfjárfesta hér syðra.

Þær kannanir sem fyrir liggja um orsakir búferlaflutninga benda til þess að orsakanna sé ekki síst að leita í einhæfu atvinnulífi. Það ætti því að vera samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga að nýta alla nýja möguleika og aðstæður til að gera atvinnu fjölbreyttari um land allt. Bæjarstjórnin á Húsavík hefur lýst vilja sínum til að bregðast við og í ljósi þess hef ég á þskj. 29 lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. félmrh.:

„Hver er afstaða ráðherra til ályktunar bæjarstjórnar Húsavíkur um aðsetur Íbúðalánasjóðs?

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að teknar verði upp viðræður við bæjarstjórn Húsavíkur um aðsetur sjóðsins?"

[14:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Því miður er þessi hugmynd of seint fram komin og of seint í rassinn gripið. Þegar við fjölluðum um löggjöf um Íbúðalánasjóð í fyrravor var gengið út frá því, og ég lýsti því yfir að ég mundi beina því til stjórnar Íbúðalánasjóðs, að ráða starfsmenn þá sem sjóðurinn þyrfti á að halda úr hópi núverandi starfsmanna Húsnæðisstofnunar, þ.e. að starfsmenn Húsnæðisstofnunar mundu að öðru jöfnu sitja fyrir störfum hjá hinum nýja Íbúðalánasjóði. Ég lít svo á að það væri brigð við þessa starfsmenn ef þeim væri gert að flytja út á land. Ég veit að það er gott að búa á Húsavík, hún hefur ýmsa kosti eins og aðrir staðir á landsbyggðinni.

Ég hygg að starfsmenn Húsnæðisstofnunar teldu að það væri mikil röskun á þeirra háttum ef þeir yrðu að færa heimili sín til Húsavíkur þannig að af þeirri ástæðu er ekki hægt að verða við þessari ágætu hugmynd.

Hitt er svo annað mál að samningi Húsnæðisstofnunar við veðdeild Landsbankans hefur verið sagt upp og verkefni sem veðdeildin hefur sinnt fyrir Húsnæðisstofnun, svo og ýmis önnur verkefni sem Íbúðalánasjóður þarf að láta vinna, gætu farið ágætlega á landsbyggðinni. Það er alveg hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að nútímatækni, símalínan og sú samskiptavæðing sem gengið hefur yfir í þjóðfélaginu, gerir það mögulegt að vinna hluti á landsbyggðinni eða fjarri Reykjavík sem ekki var kannski eins gráupplagt áður. Ég ætla bara að vona að stjórn Íbúðalánasjóðs leiti eftir því að láta vinna verkefni úti á landsbyggðinni sem hægt er að koma þar fyrir.

Svarið er sem sagt að því miður þá get ég ekki komið til móts við þessa ósk bæjarstjórnar á Húsavík.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að harma þessi svör hæstv. ráðherra. Ég hefði talið að honum væri bæði rétt og skylt að fara í viðræður við bæjarstjórn Húsavíkur þó ekki væri nema til að þreifa á því hvort þær hugmyndir sem hann hér sjálfur reifaði gætu rímað við óskir þeirra að einhverju leyti, þ.e. hugmyndir um það að starfsmenn í einhverjum verkefnum hins nýja Íbúðalánasjóðs gætu haft aðsetur á Húsavík.

Það er nefnilega þannig að hin nýja samskiptatækni gerir ekki endilega kröfu um að fólk sé staðsett á þeim stað sem stofnun hefur heimilisfesti. Það getur allt eins verið þannig að stofnun sem er með heimilisfesti úti á landi hafi eitthvað af sínum starfsmönnum á Ísafirði og eitthvað af þeim í Reykjavík og eitthvað af þeim austur á Eskifirði þess vegna. Það er þess vegna, herra forseti, sem ég tala um nýja hugsun, þ.e. að menn hugsi þessa hluti upp að nýju, horfi ekki alltaf á verkefnin þannig að þau þurfi öll að rúmast inni í sama kassanum, inni í sama húsinu, heldur horfi þannig á hlutina að um sé að ræða verkefni sem þarf að vinna og að það skiptir ekki máli hvar mörg þeirra verkefna eru unnin. Þau má allt eins vinna norður á Húsavík eða hvar annars staðar sem er á landinu þar sem er sæmileg greitt símasamband og menn hafa þekkingu og vilja til að taka á málum.

Þess vegna skora ég á hæstv. félmrh. að fara í viðræður við bæjarstjórnina á Húsavík og kanna hver vilji bæjaryfirvalda sé til þess að mæta þeim hugmyndum sem ráðherrann reifaði hér vegna þess að það svar að hugmyndin sé of seint fram komin er ekki boðlegt í ljósi þess að ný samskiptatækni gerir það að verkum að starfsfólk Húsnæðisstofnunar, þó það vildi þiggja vinnuna hjá hinum nýja Íbúðalánasjóði, getur haldið áfram að eiga heim í Reykjavík þó að það sé að störfum hjá stofnun sem er með aðsetur annars staðar.

[14:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Málið er nú að nokkru leyti úr mínum höndum. Það var gengið frá þessari löggjöf í fyrravor. Það voru meira að segja kröfur um að lögbinda það að starfsmennirnir skyldu fá störf hjá Íbúðalánasjóði og helst allir starfsmenn Húsnæðisstofnunar. Það varð nú ekki niðurstaðan.

En ég get tekið undir margt af því sem hv. fyrirspyrjandi sagði. Ég tel að það þurfi að athuga gaumgæfilega, ekki bara varðandi þessa stofnun, Íbúðalánasjóð, heldur vil ég athuga það með aðrar undirstofnanir félmrn., sem eru nokkrar, t.d. Vinnueftirlitið, Jafnréttisráð og fleiri og fleiri, hvað af þeirra verkefnum væri unnt að flytja út á land og vinna þar með möguleikum nútímatækni.

Endurskoðun hjúalaga.

Fsp. SvG, 48. mál. — Þskj. 48.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég hef lagt hér fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um endurskoðun hjúalaga en þau eru enn í gildi, hjúalög frá 1928, og hafa að geyma mörg afskaplega athyglisverð ákvæði en það er svona íhugunarefni hversu mikið erindi þau eiga við samtíð landsmanna.

Þessi hjúalög fjalla um, eins og það heitir, vistarráð þeirra hjúa, sem ekki hafa náð 21 árs aldri. Ástæðan til þess að

ég spurði um þessi hjúalög var fyrst og fremst sú að fyrir nokkru leitaði til mín ungur maður, innan við 21 árs aldur, sem hafði rokið út af vinnustað sínum í fússi í ósætti við yfirmann sinn og yfirstjórn fyrirtækisins tók þá ákvörðun að halda eftir helmingi þeirra launa sem hann hafði sannanlega unnið sér inn. Ég fór að velta því fyrir mér hvernig þetta geti verið. Niðurstaðan var þá sú, að því er mér var sagt, að þetta væri gert á grundvelli hjúalaga og það var vitnað í tilteknar greinar í þeim efnum. Það er tilefni þess að ég fór að lesa þessi ótrúlegu lög sem innihalda ákvæði eins og t.d. þetta í 4. gr., með leyfi forseta:

„Sanni ógift vinnukona, að hún ætli að giftast áður en vistartíminn er á enda, getur hún sagt upp vistinni til næsta skildaga með mánaðar fyrirvara."

En hún þarf að sanna það að hún ætli að giftast.

Í 5. gr. er þetta ákvæði, með leyfi forseta:

„Vistráðið árshjú sitt skal húsbóndi, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en 100 kg þunga. Kostar húsbóndi flutning þennan án endurgjalds frá hjúinu."

Síðan segir hér í 7. gr., í þessum makalausu lögum, með leyfi forseta:

„Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og rúmfatnað, ef hjú sefur á heimili húsbónda síns, og aðra aðhlynningu eftir því, sem venja er til í hverri sveit eða bæ hjúum að veita auk kaups. Ekki er" — og það er mikilvægt atriði, herra forseti, — „hjúi skylt að sofa í rúmi með öðrum. Það [hjúið] á rétt til að fá hreinar rekkjuvoðir eða lök í rúm sitt einu sinni á mánaðarfresti og hreint handklæði einu sinni á viku."

Tilefni er sem sagt til þess að spyrja um það hvort hæstv. félmrh. hefur látið sér til hugar koma að endurskoða þessi lög og hvernig hann hyggst standa að því.

[14:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil nú þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og jafnframt verð ég að viðurkenna að ég hafði ekki hugmynd um að þessi lög væru í gildi. En þegar við fórum að skoða lögin þá kemur í ljós að í héraðsdómum hefur verið vísað til þessara laga. Í Hæstarétti hefur ekki verið vísað til þeirra eða ákvarðað á grundvelli þeirra eftir 1978 a.m.k. Raunar er það þannig að nýrri ákvæði í vinnurétti hafa tekið við af mörgum ákvæðum í þessum lögum og með lögskýringu taka yngri lög af eldri lög.

En það er dálítið fróðlegt að lesa þessi lög og hugleiða þær þjóðfélagsbreytingar sem hafa orðið síðan þá. Þessi lög voru sett til varnar réttindum hjúa á sínum tíma, 1928. Þá voru þau fyrst og fremst til að vernda hjúið. Nú eru breyttir tímar, hjúin eru færri. Þó eru dæmi þess að fólk sé í svipaðri aðstöðu og hjú eða megi jafna til hjúa og þar á ég sérstaklega við au pair stúlkur sem kunna að eiga enn vörn í þessum lögum.

Ég held það væri þarfaverk og eðlilegt verk að að endurskoða þetta og reyna að færa til nútímahorfs og er tilbúinn að láta leggja vinnu í það þegar fram líða stundir. En ég get ekki lofað því að koma með frv. þess efnis á þessu þingi.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir undirtektirnar og ég segi honum það að ég get alveg lofað honum því að ég kem þá bara með frv. á þessu þingi því það er voðalega einfalt, satt að segja, að flytja frv. um breytingar á þessum lögum en halda þó þeim réttindagreinum sem eru hér inni með því að breyta lögunum um rétt verkafólks við uppsagnir, lögunum frá 1979. Það er tiltölulega einfalt. Ég hvet hv. þingmenn til að lesa þessi lög í smáatriðum því að þau eru alveg óþrjótandi skemmtiefni miðað við nútímann því að það eru svo ótrúlegir hlutir sem þarna standa.

Satt að segja var það þannig að eftir að ég flutti þessa fyrirspurn þá kom upp mál sem kennt er við rússneskt fyrirtæki sem heitir Technopromexport og gáfaðir menn bentu mér á að félmrn. mundi hafa stuðst við þau lög þegar það var að fjalla um það mál. Ég hygg nú að svo hafi ekki verið. Engu að síður þá voru þau nefnd í því samhengi og það er nokkurt umhugsunarefni að þetta mál, Technopromexport, skuli ekki hafa verið rætt á Alþingi, svo mikla umfjöllun sem það hefur fengið, m.a. framganga stjórnvalda í því máli og gagnrýni verkalýðsforustunnar og ýmissa aðila á vinnubrögð stjórnvalda.

En látum það vera. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að þessi lagaákvæði þarf að laga og það er einfalt mál fyrir þingmenn að beita sér fyrir því að það verði gert.

Ár aldraðra.

Fsp. SvG, 32. mál. — Þskj. 32.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. um ár aldraðra. Fyrirspurnin er á þessa leið:

„1. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í tilefni af ári aldraðra?

2. Hefur verið haft samráð við samtök aldraðra í tilefni af ári aldraðra?

3. Verður haft samráð við samtök launafólks og lífeyrissjóðina um ár aldraðra?

4. Verður um þverpólitískt samstarf að ræða með fulltrúum allra flokka?

5. Hvenær mun ríkisstjórnin kynna Alþingi áætlanir sínar í tilefni af ári aldraðra?"

Eins og kunnugt er er það ákvörðun Sameinuðu þjóðanna að næsta ár, árið 1999, verði tileinkað málefnum aldraðra. Ég hygg að það sé í annað sinn í sögu samtakanna að slíkt ár er ákveðið á þeirra vegum. Þegar ár aldraðra var haldið síðast var efnt til ýmissa aðgerða af hálfu stjórnvalda. Þá voru t.d. undirbúin lögin um málefni aldraðra. Þá voru sett lögin um Framkvæmdasjóð aldraðra sem munaði mjög mikið um og tókst með þeim að byggja upp stofnanir fyrir aldraða í talsverðum mæli víðs vegar í landinu.

Á ári aldraðra voru því teknar ákvarðanir sem mörkuðu mikilvæg framfaraskref í hagsmunamálum aldraðra landinu. Og fyrirspurnin er ekki síst borin fram til að hvetja hæstv. heilbrrh. til að nota tækifærið, nota ár aldraðra til að reisa upp fána í málefnum aldraðra, því eins og eðlilegt er þarf enn mjög margt að gera.

Ég vil í þessu sambandi m.a. minna á þær ábendingar sem birst hafa frá Landssambandi eldri borgara sem hefur sent frá sér sérstakt bréf í þessum efnum, þar sem fjallað er um kjör aldraðra, lífeyri aldraðra, lífeyrissjóðina, Tryggingastofnunina og skort á hjúkrunarrýmum sem sérstöku viðfangsefni. Ég vil einnig af þessu tilefni rifja upp — ég hygg að það hafi

verið í þessari viku að mig minnir — að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson spurði hvað liði endurskoðun laganna um málefni aldraðra. Í máli hæstv. ráðherra kom þá fram að drög að frv. hefðu legið tilbúin mjög lengi í ráðuneytinu en ekki yrði tilbúið að leggja frv. fram fyrr en eftir tvo mánuði, ef ég man rétt það sem hæstv. ráðherra sagði. Mér finnst satt að segja alveg ótrúlegt hvað það tekur langan tíma að endurskoða þessi lög. Mér er auðvitað ljóst að ýmsir sérfræðingar sem svo eru kallaðir og eru á sviði öldrunarmála telja óþarft að hafa nokkur sérstök lög um málefni aldraðra vegna þess að í raun og veru eigi að samþætta málefni aldraðra annarri félagsmálalöggjöf. Um það má margt segja og tími minn til að fjalla um það er nú útrunninn, en ég vænti þess að hæstv. ráðherra sjái sér fært að svara þessum spurningum jákvætt, þannig að það gæti orðið upphaf að líflegri umræðu um málefni aldraðra á þessu þingi.

[14:47]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson spyr hvað ríkisstjórnin hyggist gera í tilefni af ári aldraðra. Ég ætla að byrja á að þakka hv. þm. fyrir þessa fsp. Ríkisstjórnin ætlar að standa vel að ári aldraðra 1999 í samræmi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna. Ríkisstjórnin hefur samþykkt sérstaka fjárveitingu til þessa verkefnis, eins og fram kemur í fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir þinginu.

Síðastliðið vor skipaði ég framkvæmdastjórn til að vinna að verkefnum og einnig kom ég á fót samráðshópi fulltrúa frá mörgum félaga- og hagsmunasamtökum sem á ýmsan hátt tengjast málefnum aldraðra. Yfirskrift árs aldraðra er: „Þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri" og rík áhersla er lögð á að hverfa frá því að skipa öldruðum á sérstakan bekk í þjóðfélaginu.

Framkvæmdastjórnin hefur unnið að undirbúningi og skipulagi verkefna og ég bind vonir við að það víðtæka samstarf sem nú hefur náðst geti leitt til varanlegra breytinga á stöðu aldraðra í þjóðfélagi okkar. Þar vil ég sérstaklega nefna sveigjanleg starfslok, heilbrigðismál, félagsmál og menntamál aldraðra en 1. október sl. var helgaður málefnum aldraðra um allan heim og þann dag, 1. október, var mikil ráðstefna haldin í Kópavogi sem verkalýðshreyfingin, Landssamband eldri borgara og heilbrrn. stóðu að og var gaman að sjá að þar mættu hundruð aldraðra og margir áhugasamir aðilar um málefni og hagsmuni aldraðra.

Einstök verkefni eru þegar hafin og ég vil sérstaklega benda á að hér er hópur aldraðra sem sækir nú námskeið í tölvunotkun sem framkvæmdanefndin stendur fyrir. Þannig mun ráðuneytið standa myndarlega að ári aldraðra í góðu samstarfi við þá sjálfa, hagsmunaaðila og aðra sem áhuga hafa.

Önnur spurning hv. þm. er hvort haft hafi verið samráð við Samtök aldraðra í tilefni af ári aldraðra. Svarið er að náið samstarf hefur verið haft við Samtök aldraðra í tilefni af árinu og er formaður Landssambands eldri borgara í framkvæmdastjórn verkefnisins og þar á einnig sæti fulltrúi lífeyrissjóðanna.

Hv. þm. spyr í þriðja lagi hvort haft hafi verið samráð við samtök launafólks og lífeyrissjóðanna um ár aldraðra. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að ná sem víðtækustu samstarfi við alla þá sem tengjast með einhverjum hætti málefnum aldraðra og þar á meðal við fulltrúa samtaka launafólks og lífeyrissjóðanna, auk fjölmargra annarra sem með einhverjum hætti láta sig málefni aldraðra skipta.

Mig langar til að telja upp að eftirtaldir aðilar hafa komið að undirbúningi verkefnisins:

Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Biskupsstofa, Bændasamtök Íslands, Félag eldri borgara í Reykjavík, Félag stjórnenda í öldrunarþjónustu, Íþróttasamband Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Landssamband eldri borgara, Landssamband lífeyrissjóða, Samband almennra lífeyrissjóða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Ungmennafélag Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Öldrunarfræðifélag Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Tryggingastofnun ríkisins.

Á undanförnum mánuðum hefur mikil undirbúningsvinna átt sér stað þar sem fjölmargir aðilar hafa tekið þátt í vinnu undirbúningshópa um stefnumörkun og framhald verkefnisins. Í þeirri vinnu hefur sérstaklega verið lögð áhersla á aðalmarkmiðið í samþykkt Sameinuðu þjóðanna, „Þjóðfélag fyrir fólk á öllum aldri" og að auka lífsgleði ævikvöldsins. Þessi atriði ásamt ítarlegri upplýsingum koma fram á heimasíðu ráðuneytisins.

Í fjórða lagi spyr hv. þm. hvort um þverpólitískt samstarf verði að ræða meðal fulltrúa allra flokka. Sú vinna sem ég hef lýst er ekki á pólitískum grundvelli. Hér verður ekki um þverpólitískt samstarf að ræða, heldur faglega vinnu um málefni aldraðra.

Í fimmta lagi spyr hv. þm. hvort ríkisstjórnin muni kynna Alþingi áætlanir sínar í tilefni af ári aldraðra. Eins og áður er sagt er unnið skipulega að gerð framkvæmdaáætlunar og verður framkvæmdaáætlunin tilbúin fyrir lok þessa árs og því væntanlega kynnt skömmu fyrir áramót.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Ég vil láta það koma fram að ég tel að í tilefni af ári aldraðra sé eðlilegt að Alþingi og ríkisstjórn setji sér markmið sameiginlega. Ég tel í raun að ekki sé nóg í þessum efnum, þó það sé mikilvægt, að ríkisstjórnin hafi með þetta að gera, heldur tel ég að flokkarnir og Alþingi eigi að koma að málinu. Ég tel t.d. af því ég sé hér mann fram undan mér, að heilbrn. Alþingis eigi að ræða um mál af þessu tagi og Alþingi eigi að sameinast um þau markmið sem menn setja sér í tilefni af ári aldraðra. Það eru aðallega fjögur atriði sem ég vil sjá að eigi sér stað.

Í fyrsta lagi að á árinu taki gildi ný lög um málefni aldraðra og það hefur verið undirbúið á ýmsan hátt á undanförnum árum, eins og hæstv. ráðherra rakti, þannig að það á að vera hægt að gera það.

Í öðru lagi tel ég að stjórnvöld eigi að setja sér það að styðja við bakið á Samtökum aldraðra. Ég tel að það skipti mjög miklu máli, t.d. með því að Samtök aldraðra verði með í ráðum þegar kemur að ákvarðanatöku um t.d. lífeyrisbætur og breytingar á lífeyrisbótum og fleira. Ég er auðvitað að tala um heildarsamtök eldri íbúa landsins, þ.e. þau samtök sem heita ef ég man rétt, Landssamband eldri borgara. Ég tel mjög mikilvægt að það verði eitt af sjálfstæðum markmiðum árs aldraðra að treysta stöðu þessara samtaka.

Í þriðja lagi tel ég að á árinu eigi að taka í notkun ný vistrými fyrir aldraða en nú er staðan þannig að það eru 170 aldraðir hér á þéttbýlissvæðinu í því sem heitir mjög brýnni þörf fyrir vistun og ég tel að nota eigi ár aldraðra sem viðspyrnu til að ákveða það að slíkur biðlisti verði ekki til, og að tekið verði á þessu máli þannig að við séum ekki með

gamalt fólk við mjög erfiðar aðstæður og slaka aðhlynningu út um allan bæ eins og þetta er hjá okkur núna.

Og í fjórða lagi tel ég, og það er auðvitað það erfiðasta og stærsta en mikilvægt samt, að setja eigi á árinu 1999 eða beint í kjölfar þess taki gildi ný lög um almannatryggingar. Það auðvitað gengur ekki að þau lög, sjálfur tilverugrundvöllur gamals fólks í landinu, séu jafngötótt og raun ber vitni um. Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðherra fyrir ágæt svör.

[14:55]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir ágætar ábendingar, en hann fór aðeins yfir sviðið. Fyrst og fremst vil ég ræða um ný lög um málefni aldraðra. Það er rétt, ég sagði í fyrirspurnartíma fyrir tveim dögum að málið hefði verið í langri endurskoðun og þegar við ætluðum að leggja það fyrir Alþingi fengum við ýmsar ábendingar og athugasemdir sem mér finnst rétt að taka tillit til áður en frv. verður lagt fyrir þingið, en það verður gert á ári aldraðra.

Varðandi þau hjúkrunarrými sem vantar tilfinnanlega á Reykjavíkursvæðinu munum við á næsta fjárlagaári bæta við 120–130 hjúkrunarrúmum fyrir einstaklinga sem eru í brýnni þörf og þá verður ekki lengri bið en 90 dagar eftir hjúkrunarrúmi eftir það. Það er mjög mikilvægt atriði, þannig að við höfum sett okkur þessi markmið á ári aldraðra að koma til móts við brýna þörf varðandi hjúkrunarrými.

Við erum að vinna með Samtökum aldraðra að stefnumótun og ég vil benda á heimasíðu ráðuneytisins og bækling sem við höfum gefið út í tilefni af ári aldraðra þar sem ýmislegt kemur fram sem verið er að vinna að. En varðandi það að hv. þm. þyki rétt að pólitískir aðilar komi að þessu, þá eru margir ágætir aðilar sem eru að vinna að þessum málum og ég held við getum verið sammála um menn eins og Benedikt Davíðsson sem er í framkvæmdastjórn, þannig að ég held að þarna sé vel skipað.

Eignarréttur á upplýsingum í sjúkraskrám.

Fsp. HG, 52. mál. — Þskj. 52.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fsp. mín til hæstv. heilbrrh. á þskj. 52 varðar eignarrétt á upplýsingum í sjúkraskrám. Hún er svohljóðandi:

„Er ráðherra samþykkur því, með tilliti til umfjöllunar Alþingis um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga (260. mál á 121. löggjafarþingi) og ákvæða laga nr. 74/1997, að hver sjúklingur eigi þær upplýsingar í sjúkraskrá sem hann varða og hann hefur látið heilbrigðisstarfsmönnum í té?"

Fsp. þessi vísar til þess að við umfjöllun um frv. til laga um réttindi sjúklinga, 260. mál á næstliðnu löggjafarþingi, var gerð breyting frá stjfrv. þess efnis að felld voru niður ákvæði um eignarrétt heilbrigðisstofnana á sjúkraskrám. Þetta er gert með ótvíræðum hætti og kemur fram í framsögu formanns nefndarinnar, hv. 9. þm. Reykv., formanns heilbr.- og trn. sem kveður svo á að það sé sjónarmið nefndarinnar að baki þessu að upplýsingarnar í sjúkraskránum séu eign sjúklinganna, og það er rétt að ég vitni til framsögunnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Tel ég með öðrum orðum að það sé siðferðilega ekki hægt að segja að sjúkraskrá sem felur í sér sjúkrasögu einstaklings sé eign einhvers annars heldur en viðkomandi sjúklings."

Og áfram segir framsögumaður nefndarinnar.

„Ég tek það fram, herra forseti, að þessi breyting okkar var borin undir Læknafélagið og ýmsa sem komu til fundar við nefndina eftir að hún ákvað að gera þetta að sinni tillögu, og enginn mælti þessu í gegn."

Því er ég að spyrja um þetta og vek athygli á þessu að það frv. sem hæstv. heilbrrh. hefur lagt fyrir Alþingi, gengur fram hjá þessum vilja Alþingis og þeirri lagatúlkun sem hér liggur fyrir og verður því að ræða það mál í ljósi þess sem fyrir liggur um lög í landinu um eignarrétt sjúklinga á upplýsingum í sjúkraskrám. Það eru upplýsingarnar sem ég er að fjalla hér um, ekki pappírsgögnin sem liggja á heilbrigðisstofnunum, heldur upplýsingarnar sem sjúklingur hefur veitt.

[15:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. leggur fram fimm fyrirspurnir á fimm þingskjölum um gagnagrunninn til mín. Eins og hv. þm. veit verður umræða um þetta mál á morgun og við getum þá gefið okkur góðan tíma til að fara yfir alla efnisþætti. Ég á von á því að umræðan verði á föstudaginn jafnframt. Ekkert eitt mál hefur fengið meiri umfjöllun í þjóðfélaginu en einmitt gagnagrunnsmálið og er það vel og það er opin og góð umræða um það.

Í fyrstu fyrirspurn sinni spyr hv. þm. hvort sjúklingur eigi þær upplýsingar í sjúkraskrá sem hann varða og hann hefur látið heilbrigðisstarfsmönnum í té. Svarið við því er nei. Í upphaflegu frv. til laga um réttindi sjúklinga var sjúkraskrá skilgreind sem eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða heilbrigðisstarfsmanns sem hana færir í eigin starfsstofu.

Að tillögu hv. heilbr.- og trn. var gerð sú breyting á frv. að í stað þess að skilgreina sjúkraskrá sem eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns, er nú gert ráð fyrir að sjúkraskrá skuli varðveitt hjá þessum aðilum. Þessi breyting felur í sér að heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstarfsmenn eru ekki eigendur sjúkraskrár í lögfræðilegri merkingu heldur vörslumenn.

Að teknu tilliti til umfjöllunar Alþingis um frv. til laga um réttindi sjúklinga tel ég að sjúklingur teljist ekki eiga þær upplýsingar í sjúkraskrá sem hann varða og hann hefur látið heilbrigðisstarfsmönnum í té. Þessar upplýsingar eða þessar skrár geta ekki lotið almennum reglum eignarréttar. Sjúklingar eiga ekki rétt á að fara með þær að eigin vild og ekki verður talið að almennar réttarreglur eignarréttar gildi um ráðstöfun þeirra.

Hins vegar gilda um sjúkraskrár ýmis sérákvæði sem nauðsynlegt er talið að setja vegna eðlis þeirra og tilgangs með skráningu þeirra, svo sem að þær skuli varðveittar hjá heilbrigðisstofnunum eða þeim aðilum öðrum sem skrá upplýsingar í sjúkraskrár. Þessir aðilar eru því vörslumenn skránna og hafa sem slíkir ákveðnar skyldur að því er varðar meðferð sjúkraskráa og þeirra upplýsinga sem þar koma fram.

[15:04]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þegar þetta kom til umræðu í heilbr.- og trn. er frv. til laga um réttindi sjúklinga var þar til umfjöllunar þá

var það alveg skýrt, held ég, meðal allra sem sátu í nefndinni að það væri með engu móti hægt að fallast á að sjúkraskráin eða upplýsingar í henni væru eign einhvers annars en sjúklingsins sjálfs og þess vegna var þetta orðað svo í framsögu minni með samþykki nefndarmanna.

Ég get fallist á það hjá hæstv. ráðherra að líkast til er ekki hægt að segja að eignarhald í réttarfarslegum skilningi þess orðs sé hjá sjúklingi. Eigi að síður finnst mér það fullstórt til orða tekið af hálfu hæstv. ráðherra að halda því fram að sjúklingur geti ekki farið með þessar upplýsingar eins og hann vill. Lögin segja að hann geti fengið þær í sína vörslu þegar hann vill. Og þegar hann er búinn að fá þær í sína vörslu hlýtur honum að vera heimilt að fara með þær eins og hann vill svo lengi sem það særir engan annan. Það er andi laganna. En þetta er auðvitað efni sem hægt er að ræða í umræðunni á morgun. Ég hefði hins vegar haft gaman af því að heyra frekari rökstuðning frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir staðhæfingum hans hérna áðan um að frv. fari raunverulega gegn þessum anda laganna vegna þess að ég hef talið að sá möguleiki sem frv. gefur sjúklingum til þess að segja sig frá þessu, virði þetta.

[15:05]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það mál sem hv. fyrirspyrjandi, Hjörleifur Guttormsson, hefur hér imprað á er vissulega eitt af þeim athyglisverðu álitamálum sem upp koma í sambandi við miðlægan gagnagrunn og það frv. sem hefur verið lagt fram. Ég skal ekki meta það hér og nú hvernig við getum túlkað þau lög sem um þessar skrár hafa verið sett nú þegar. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að við lendum í miklum vandræðum ef við skilgreinum á ákveðinn hátt að upplýsingar úr sjúkraskrám séu eign sjúkrastofnananna annars vegar eða eign sjúklinganna hins vegar. Við lendum í miklum vandræðum vegna þess að ekki er hægt að gera ráð fyrir því að hægt sé að reka eðlilega heilbrigðisstarfsemi í landinu með þeirri skráningu sem nauðsynleg er nema sjúkraskrárnar séu ekki háðar eignarrétti einstaklinganna sem leggja til upplýsingar. Því til staðfestingar er hægt að benda á það að í flestöllum alþjóðlegum samþykktum er alls ekki gert ráð fyrir því að skrárnar séu í eigu einstaklinganna.

[15:06]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Sú fsp. sem hv. Hjörleifur Guttormsson bar hér fram er eitt af þeim grundvallaratriðum sem við komum til með að ræða í umræðu um frv. til laga um miðlægan gagnagrunn á morgun. Svo virðist sem þessar upplýsingar fari að verða mikil verðmæti. Þetta er eitt af þeim grundvallaratriðum sem við ræðum á morgun og vitaskuld grundvallaratriði í efni þessa frv. Þess vegna vakti það eftirtekt mína þegar hæstv. heilbrrh. sagði að sjúklingarnir ættu ekki þessi upplýsingar og að sjúkrastofnanirnar ættu þær ekki heldur. Þess vegna hefði ég haldið, virðulegi forseti, sérstaklega í ljósi þess hversu alvarlegt þetta mál er, að hæstv. heilbrrh. hefði átt að láta vinna einhverja grundvallargreinargerð eða sérfræðiálitsgerð um þetta álitaefni vegna þess að þetta er eitt af þeim grundvallaratriðum sem við þurfum að ræða.

Það að hæstv. heilbrrh. skuli ekki núna á þessari stundu, eftir alla þá umræðu sem fram hefur farið um miðlægan gagnagrunn, geta komið og sagt okkur af þessari vinnu, segir mér að mikið sé eftir. Það er mikið órætt og mikið ónunið hvað varðar þennan miðlæga gagnagrunn.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Svar hæstv. ráðherra er nei. Hæstv. ráðherra er ekki samþykkur þeirri túlkun sem ég lagði hér fram og byggð er á umfjöllun Alþingis og afgreiðslu þess á frv. til laga um réttindi sjúklinga.

Mér finnst þetta vera afar gáleysisleg niðurstaða hjá hæstv. ráðherra. Ég legg áherslu á að ég er ekki að tala um pappírinn eða skráningu á upplýsingum, hvort sem hún er á pappír eða í rafrænu formi. Ég er að tala um upplýsingarnar sjálfar sem sjúklingurinn veitir. Á því er að sjálfsögðu munur. Þetta er spurningin um höfundarrétt upplýsinganna. Hann hlýtur að vera sjúklingsins miðað við afgreiðslu þingsins.

Og hvernig snertir þetta frv. til laga um gagnagrunna? Beint og á mjög afdrifaríkan hátt. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að ráðstafa eign sjúklinga á eigin upplýsingum sem teknar hafa verið inn í sjúkraskrár inn í miðlægan gagnagrunn til Péturs og Páls eða þess sem fær rekstrarleyfi á slíkum grunni — hvernig ætti það að vera hægt? — og láta það nægja að einstaklingur hafi einhverja almenna heimild til að segja sig frá. Það verður auðvitað að semja við einstaklinginn um þetta. Heimild viðkomandi einstaklings verður að liggja fyrir, skýrt og skilmerkilega upplýst samþykki um það að heimildin liggi fyrir. Hér er því um grundvallaratriði að ræða.

Ég vísa í þessu sambandi, virðulegur forseti, til umsagnar Daggar Pálsdóttur hæstaréttarlögmanns í læknablaðinu númer 84 frá þessu ári, þar sem hún segir orðrétt, virðulegur forseti:

„Já, ég tel að grunnforsendan sem frumvarpið byggist á stangist á við lögin um réttindi sjúklinga, ...“

Margt fleira má finna í umsögn þessa fyrrv. starfsmanns heilbrrn. um langt árabil um þetta mál. Ég bið því hæstv. ráðherra að gæta sín og draga nú þetta frv. til baka hið fyrsta og skoða þetta mál frá grunni sem hér er rætt.

[15:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Við erum sem betur fer komin lengra en nokkur önnur þjóð varðandi réttindi sjúklinga. Mörg þau álitamál sem hér hafa verið til umræðu erum við komin miklu lengra með heldur en þjóðirnar í kringum okkur og það held ég að hv. þm. ætti sérstaklega að skoða.

Mig langar aðeins að vitna í það sem ég sagði áðan og ítreka það að sjúklingurinn er ekki eigandi að sjúkraskrá í venjulegum skilningi. Hann getur til að mynda ekki krafist þess skilyrðislaust að sjúkraskrá sé eyðilögð. (**Gripið fram í:** Nei, upplýsingar ...) Upplýsingar um hann sjálfan getur hann að sjálfsögðu fengið og átt. En sjúkraskráin sem slík er varðveitt á heilbrigðisstofnun þar sem hún verður til.

Í námsefni á námskeiði Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands um meðferð persónuupplýsinga í rannsóknum á heilbrigðis- og félagsvísindasviði fjallar Þorgeir Örlygsson lagaprófessor við Háskóla Íslands og formaður tölvunefndar um eignarrétt á sjúkraskrám á grundvelli laga um réttindi sjúklinga. Þar segir hann að því verði ekki haldið fram að sjúklingur, þ.e. sá sem upplýsingar í sjúkraskrá varða, sé eigandi sjúkraskrárinnar í lögfræðilegri merkingu hugtaksins og geti hann því ekki krafist eignarréttar. En hann getur krafist afhendingar á afriti á skránni. Hann getur ekki krafist eyðileggingar á skránni. Hann á hins vegar rétt á að fá aðgang að skránni, rétt til þess að hindra að óviðkomandi aðilar fái

aðgang að skránni og rétt til þess að athugasemdir hans um ranga skráningu upplýsinga í sjúkraskrá séu lagðar í skrána.

Virðulegi forseti. Niðurstaða prófessors við lagadeild Háskóla Íslands er því sú að sjúkraskrá sé ekki eign sjúklings og byggir hann þá niðurstöðu m.a. á brtt. heilbr.- og trn. Alþingis við meðferð málsins á 121. löggjafarþingi.

Upplýsingar um lyfjanotkun í gagnagrunn.

Fsp. HG, 53. mál. — Þskj. 53.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. ráðherra um upplýsingar um lyfjanotkun í gagnagrunn er svohljóðandi:

„Hefur verið leitað álits Tryggingastofnunar ríkisins, Lyfjaeftirlits ríkisins, Lyfjanefndar ríkisins, Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands á hugmyndum um að upplýsingar um lyfjanotkun einstaklinga og þjóðarinnar í heild verði settar í miðlægan gagnagrunn?

Liggi álit ofangreindra aðila fyrir er óskað eftir að skýrt sé frá meginniðurstöðum þeirra."

Bakgrunnur þessarar fsp., virðulegur forseti, er sá að gert er ráð fyrir skráningu á upplýsingum úr sjúkraskrám um meðferð á sjúklingum m.a. og ráðstöfunum sem gerðar eru til þess að bæta heilsu þeirra, m.a. með lyfjum. Samkvæmt frv. hæstv. ráðherra á að taka upplýsingar úr sjúkraskrám og setja í miðlægan gagnagrunn. Því er eðlilegt að fara yfir svið með tilliti til upplýsinga um lyf og lyfjanotkun almennt, út frá margþættu sjónarmiði, einnig viðskiptalegu.

Nú er vitað að á bak við fyrirtækið að baki þessu stjórnarfrumvarpi, Íslenska erfðagreiningu, er lyfjarisinn Hoffmann-La Roche. Það væri ekki óþægilegt fyrir þann hinn sama að hafa upplýsingar um lyfjanotkun Íslendinga, um það hve mikið þeir kaupi, af hverju, hvaða lyf eru notuð o.s.frv. Það er þó aðeins einn þáttur málsins sem tengist lyfjarisanum sem ætlar að vera svo örlátur að gefa Íslendingum þau lyf sem hann framleiðir og kunna að koma upp úr töfraboxi því sem þarna um ræðir.

Virðulegur forseti. Tryggingastofnun ríkisins er að rafvæða gagnagrun sinn og fyrir liggur skýrsla Ríkisendurskoðunar frá júlí 1997 um lyfjaeftirlitskerfi stofnunarinnar og pappírslaus viðskipti við lyfjaverslanir og allt er þetta tölvufært. Ég veit ekki hvort fyrirhugað er að upplýsingar úr þessum grunni fari inn í gagnagrunninn. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi miðað við að upplýsingum um meðferð sjúklinganna er ætlað þarna inn og þar er auðvitað lyfjagjöfin grundvallarþáttur.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi farið rækilega ofan í þessi mál. Mér heyrist hæstv. ráðherra nokkuð viss í sinni sök ef marka mátti yfirlýsingar hennar áðan. Væntanlega hefur þetta verið tekið til ítarlegrar meðferðar. Því væri fróðlegt, virðulegi forseti, að heyra viðbrögð frá hæstv. ráðherra um þetta efni.

[15:16]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Í frv. um miðlægan gagnagrunn er ekki gert ráð fyrir að upplýsingar komi frá Tryggingastofnun eða lyfjaverslunum. Þar af leiðandi höfum við ekki beðið sérstaklega um umsagnir frá þessum aðilum. Þar fyrir utan hefur þetta frv. verið öllum opið á netinu. Við höfum fengið margar góðar athugasemdir, bæði frá almenningi og fagmönnum á sviðinu, þrátt fyrir að hafa ekki sent þeim frv. sérstaklega. Þar sem við ætlum ekki að neinar upplýsingar úr Tryggingastofnun eða lyfjaverslunum fari í þennan grunn töldum við ekki ástæðu til að leita þaðan umsagna.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu er afskaplega mikilvægt að málið skuli vera á netinu. Það er í rauninni aðalsvar hæstv. ráðherra. Málið er á netinu. En hvað á að fara inn í grunninn? Við því eru engin svör. Um það stendur ekkert í frv. hvað á að fara inn í grunninn og í frv. er ekki tekið fram hvort upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins, apótekum eða lyfjaverslunum eigi að fara inn í grunninn. Um það stendur ekkert, svo ég hafi séð, í frv.

Hér kemur hæstv. ráðherra og segir: Það var ekki fyrirhugað. En eiga upplýsingar úr sjúkraskrám ekki að fara inn í grunninn, hæstv. ráðherra? Eru ekki í sjúkraskrám upplýsingar um lyfjameðferð og lyfjanotkun og kannski þau „preparöt" sem notuð eru? Ég veit það ekki enda er ekki kveðið á um þetta. Hæstv. ráðherra leysir sig ekki frá málinu með því að segja að ekki standi til að upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins og apótekum fari inn í grunninn. Er það svarið við þessari spurningu? Ef svo gengur eftir er kannski til lítils að spyrja í þinginu, virðulegur forseti.

[15:19]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég hirði lítið um útúrsnúninga hv. þm. Ef hv. þm. veit ekki að sjúkraskrár eru ekki geymdar í Tryggingastofnun og heldur ekki í lyfjaverslunum, þá veit hann það nú. Í frv. stendur skýrum stöfum að það séu upplýsingar úr sjúkraskrám sem fari í miðlægan gagnagrunn. Þangað fara því engar upplýsingar frá þessum stofnunum sem ég hef hér nefnt og því ástæðulaust að ræða það meira hér.

[15:19]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Tveir hv. þm. hafa beðið um að gera athugasemd sem þeir hafa rétt á samkvæmt þingsköpum. Venjan hefur samt sem áður verið sú að slíkar athugasemdir komi fram eftir að hv. fyrirspyrjandi og sá hæstv. ráðherra sem til svara er hafa lokið fyrri umferð. Þetta er ekki boðið í þingsköpum en forseti vill beina þeim tilmælum til hv. þm. að óski þeir að koma með athugasemd í fyrirspurnatíma þá geri þeir það áður en fyrirspyrjandi og ráðherra hafa talað í síðara sinn. Samkvæmt þingsköpum er ekkert sem bannar annað en það er óheppilegt.

[15:20]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Með tilliti til þess að hæstv. ráðherra hefur þegar fullnýtt rétt sinn til þess að tala mun ég verða einkar hógvær og kurteis í máli mínu nú.

Ég vil segja, herra forseti, að það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vekur máls á hérna undirstrikar að enn skortir alla umræðu um hvort rétt sé að allar upplýsingar fari inn í gagnagrunn af þessu tagi. Ég velti því fyrir mér hvort rétt sé að inn í þennan gagnagrunn fari upplýsingar um fóstureyðingar, kynsjúkdóma og um ýmiss konar geðsjúkdóma.

Ég held að afstaða manna til þessa gagnagrunns markist mjög af því að engar umræður hafa átt sér stað um hvers

konar upplýsingar muni fara þarna inn. Ef menn vissu af því tel ég að undirtektirnar væru e.t.v. ekki jafnjákvæðar meðal þjóðarinnar og þær eru. Mér finnst að áður en gengið verði frá þessu máli á þinginu þurfi að slá það í gadda að stjórnvöld verði einhvern veginn skyldug til að gefa ríkulegar upplýsingar um eðli upplýsinganna sem þarna fara inn. Meðal annars þarf að fá umræðu um það hvort undanskilja eigi einhverjar upplýsingar frá grunninum.

[15:21]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það er að vísu hárrétt sem fram hefur komið að það liggur ekki fyrir hvað af þeim upplýsingum sem í sjúkraskrám finnast eigi erindi inn í gagnagrunninn. Ég er ekki frá því að menn séu nú kannski komnir nokkuð fram úr sjálfum sér vegna þess að það er úrvinnsluatriði.

Hluti af sjúkraskrám í sjúkrastofnunum er t.d. þannig að ekki er hægt að vinna upp úr þeim upplýsingar sem fara mundu í gagnagrunninn. Hluti af sjúkraskrám er huglægt mat, t.d. hjúkrunarfræðinganna. (**HG:** Það þarf lykilinn.) Þetta er að sjálfsögðu úrvinnsluatriði. Ég hygg að erfitt sé á þessu stigi málsins að segja fyrir um hvað af þessu eigi að fara í sjúkraskrárnar. Við skulum ekki gleyma því að sjúkrastofnanirnar sjálfar munu koma að þessu máli og hafa aðstöðu til að hafa áhrif á hvaða upplýsingar fara í skrána. Það er ekki nokkur vafi á því að viss hluti upplýsinganna, ekki síst tölusettar upplýsingar eins og sjúkdómsgreiningar, jafnvel rannsóknarniðurstöður eiga erindi í grunninn. Talsvert af því sem er í sjúkraskránum á hins vegar ekkert erindi í grunninn og er vart mögulegt að færa þangað.

[15:23]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill árétta í tengslum við það sem hann ræddi áðan, um aðkomu hv. þingmanna í fyrirspurnatíma, þ.e. annarra en fyrirspyrjanda hverju sinni og hæstv. ráðherra sem til svara er, að þingsköp Alþingis eru sumpart ákaflega skýr í þessu. Þau kveða þó ekkert á um það hvenær í fyrirspurnatíma hv. þm. hafi þennan rétt. Með öðrum orðum geta þeir nýtt rétt sinn eftir að fyrirspyrjandi og hæstv. ráðherra hafa lokið sínum tíma.

Forseti vill árétta að venjan hefur verið sú, sem eðlilegt er, að athugasemdir hv. þingmanna komi í miðju kafi, ef svo mætti segja, þ.e. milli ræðna hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra. Þá er því komið á framfæri, væntanlega með skeleggum og skýrum hætti.

Miðlægur gagnagrunnur og vísindasiðanefnd.

Fsp. HG, 57. mál. — Þskj. 57.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fyrirspurn mín um miðlægan gagnagrunn og vísindasiðanefnd er svohljóðandi:

„1. Hvað veldur því að ráðherra ætlar að hafa að engu álit vísindasiðanefndar á hugmyndum ráðuneytisins um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði?

2. Telur ráðherra sér stætt á því að ganga gegn áliti nefndarinnar, samanber umsögn hennar til ráðuneytisins, dags. 3. sept. 1998, og ákvæði laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, og reglugerðar um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 449 frá 4. júlí 1997?

3. Hver var tilgangur með skipun nefndarinnar ef ekki á að fela henni að fjalla um rannsóknir sem byggjast á upplýsingum úr miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði, ef heimilaður verður að lögum, heldur setja þau mál í allt annan farveg?“

Ég vísa til nefndrar reglugerðar frá 4. júlí 1997. Sami hæstv. ráðherra og gaf þá reglugerð út 4. júlí í fyrra leggur hér fram umrætt stjórnarfrv. sem kúplar vísindasiðanefnd algerlega út úr þessu máli að því er varðar rannsóknir sem unnar yrðu á grundvelli þessa gagnagrunns. Eins og menn þekkja er sett upp sérstök nefnd til að fjalla um það mál og í þá nefnd er ekki tekinn neinn úr vísindasiðanefnd. A.m.k. er ekki kveðið á um það í frv. Þar er hins vegar nefndur sérstaklega, sem þriðji aðilinn í nefndinni, fulltrúi frá væntanlegum rekstrarleyfishafa.

Í þessu opinberast aldeilis ótrúleg ósvífni af hálfu stjórnvalda, ótrúlegur sóðaskapur í umgengni við eigin verk og forskriftir, t.d. þá reglugerð sem hér um ræðir. Það verður ekki séð að álit vísindasiðanefndar til ráðuneytisins sem vitnað er til hafi haft nokkur áhrif í sambandi við meðferð umrædds frv. sem veltast á netinu í allt sumar eða eftir að heimasíðan var opnuð. Það virðist ekki hafa dugað að málið væri komið á netið. Viðbrögðin við niðurstöðum vísindasiðanefndar og aðfinnslum varðandi málið eru engin. Kannski skýrist þetta þegar hæstv. ráðherra svarar fyrirspurninni.

[15:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spyr þriggja spurninga á þskj. 57. Þær eru mjög ítarlegar og ég vona að mér takist að svara honum. Ef það skyldi ekki takast þá höfum við tíma bæði á morgun og á föstudaginn.

Í fyrsta lagi vil ég svara því að ráðuneytið hefur ekki haft að engu álit vísindasiðanefndar við vinnu að frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði frekar en álit annarra umsagnaraðila. Þvert á móti hafa umsagnir allra aðila verið málefnalegar. Við endurskoðun frv. munu þær hafa mikil áhrif á sama hátt og hingað til. Það á ekki síst við um umsögn vísindasiðanefndar, enda er hún bæði ítarleg og mjög vel unnin.

Í öðru lagi vil ég svara því til að ég tel að hvorki hafi verið gengið gegn áliti nefndarinnar, ákvæðum laga um réttindi sjúklinga né ákvæðum reglugerðar um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði byggist á þeirri forsendu að í gagnagrunninum sjálfum og við vinnslu úr honum verði upplýsingar ópersónugreinanlegar. Varðandi öryggi upplýsinganna í gagnagrunninum skal bent á að samkvæmt frv. er það skilyrði rekstrarleyfis að öryggiskerfi uppfylli kröfur tölvunefndar. Auk þess skal nefnd um starfrækslu gagnagrunns láta fara fram úttekt óháðs sérfræðings á sviði öryggismála upplýsingakerfa áður en vinnsla að gagnagrunninum hefst.

Hér gegnir tölvunefnd sem fyrr veigamiklu hlutverki en án hennar samþykkis, eða þeirrar stofnunar sem hugsanlega mun skipa henni sess í framtíðinni, mun ekki verða unnt að vinna upplýsingar úr gagnagrunninum. Þetta er grundvallaratriði sem aldrei verður of oft ítrekað. Frumvarpið byggist á því að um sé að ræða ópersónugreinanlegar upplýsingar og mun jafnframt gilda um meðferð heilsufarsupplýsinga, núgildandi lög og reglur, svo sem lög um réttindi sjúklinga, reglur um vísindasiðanefnd og lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga eftir því sem við á. Þannig er gert

ráð fyrir að þær reglur gildi fyrir rekstrarleyfishafa ef hann hyggst vinna með persónuupplýsingar eins og menn gera í vísindaheiminum í dag.

Hins vegar vil ég leggja áherslu á að ein af grundvallarforsendunum fyrir því að stjórnvöld leggja fram frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði er að þau hyggjast með því bæta aðgengi annarra vísindamanna að rannsóknargögnum og jafna þannig að allir sem hyggjast stunda rannsóknir eigi möguleika á að nálgast samhæfð gögn um land allt. Annars vegar persónugreinanleg gögn á heilbrigðisstofnunum eins og í dag, með því skilyrði að þau hljóti samþykki tölvunefndar og vísindasiðanefndar, og hins vegar ópersónugreinanleg gögn í miðlægum gagnagrunni.

Þess er að vænta að þau skref sem fyrirhugað er að stíga að þessu leyti verði fyrst og fremst til framgangs rannsóknum bæði hér á landi og erlendis. Okkur ber að stuðla að því að við getum skipað okkur í fremstu röð og styðja vísindamenn okkar með þeim tækjum sem við höfum yfir að ráða.

Varðandi starfssvið vísindasiðanefndar og reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði ber að undirstrika að þar er átt við rannsóknir þar sem fjallað er um persónuupplýsingar eða jafnvel beina þátttöku í vísindarannsóknum, samanber 10. gr. laga um réttindi sjúklinga.

Að lokum er spurt um tilgang með skipun vísindasiðanefndar ef ekki eigi að fela henni að fjalla um rannsóknir sem byggjast á upplýsingum úr miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði.

Virðulegi forseti. Enn og aftur vísa ég til þess að við gagnagrunninn á heilbrigðissviði verður einungis unnið með ópersónugreinanlegar upplýsingar sem tölvunefnd hefur heimilað vinnslu og nýtingu á. Með öðrum orðum: Fallist tölvunefnd ekki á hugmyndir um vinnslu, þá verður hún ekki heimiluð. Vísindasiðanefnd mun áfram gegna veigamiklu hlutverki þegar um er að ræða rannsóknir þar sem fjallað er um persónuupplýsingar eða beina þátttöku í rannsóknum.

Virðulegi forseti. Ég fæ tækifæri til að ljúka svari mínu eftir að hv. þm. hefur veitt andsvar.

[15:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef jafnan litið svo á að vísindasiðanefnd eigi að vera eins konar siðræn sía sem bægi frá þeim vísindarannsóknum sem ekki uppfylla tiltekin siðferðileg skilyrði. Þá finnst mér engu máli skipta hvort um er að ræða persónuleg eða ópersónugreinanleg gögn. Frv. í dag er mjög undarlegt að því leyti að gert er ráð fyrir því að þær fyrirspurnir sem berast til gagnagrunnsins verði sendar vísindasiðanefnd eftir að þeim hefur verið svarað. Það er mjög undarlegt fyrirkomulag. Þessu tel ég að þurfi að breyta.

Í annan stað sýnist mér að þetta valdi því að ákveðinn ójöfnuður verður milli vísindamanna. Þeir vísindamenn sem kaupa sér aðgang að gagnagrunninum til að mynda erlendis frá eða starfa innan þess fyrirtækis sem fær rekstrarleyfið þurfa ekki að leggja sínar vísindarannsóknir fyrir vísindasiðanefnd. Það þurfa hins vegar aðrir vísindamenn að gera sem fara í gegnum aðgengisnefndina. Þetta tel ég að skapi óþolandi ójöfnuð milli vísindamanna eftir því hvar þeir eru staðsettir í veröldinni og hvort þeir eru staðsettir innan viðkomandi fyrirtækis sem fær rekstrarleyfið eða utan þess. Ég held þess vegna að ekki sé hægt að þola að þetta ákvæði sé svona innan frv. og þetta er einn af verstu skafönkunum í frv. núna eftir breytingarnar frá því í vor sem hafa að vísu stórbætt frv.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra er við það heygarðshorn að klifa á því að allar upplýsingar í miðlægum gagnagrunni séu ópersónugreinanlegar og ætlar að skýla sér á bak við það. Við eigum vafalaust eftir að heyra talsvert um þau fræði í umræðu um þetta mál. Fjölmargir hafa hins vegar bent á að ekki er hægt að líta svo til að upplýsingar í miðlægum gagnagrunni séu ópersónugreinanlegar og nægir að minna á það sem fram kom á málþingi Háskóla Íslands um þetta mál um síðustu helgi þar sem fleiri en einn og fleiri en tveir tóku mjög ákveðið og sterkt til orða í þessu efni. Það hefðu mátt vera fleiri til að hlýða á þá rökræðu sem fór þar fram því að hún var mjög fróðleg. Ég geri því fullan fyrirvara við staðhæfingu hæstv. ráðherra að þessu leyti.

Síðan vil ég leyfa mér að lesa upp úr reglugerð hæstv. ráðherra og það er ekki bara um tölvunefnd, það er um vísindasiðanefnd, með leyfi forseta. Í 4. gr. segir, með leyfi forseta:

„Með vísindarannsókn er átt við rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem gerir m.a. kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma.

Mat vísindasiðanefndar, eða siðanefndar skv. 2. gr., á vísindarannsókn verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar.

Þátttakandi skal fyrir fram samþykkja með formlegum hætti þátttöku í vísindarannsókn."

Í 5. gr. segir, með leyfi forseta:

„Aðgangur að sjúkraskrám vegna vísindarannsóknar er óheimill nema rannsóknin hafi áður hlotið samþykki tölvunefndar, sbr. 30 gr. laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, og samþykki siðanefndar skv. 2. gr. eða vísindasiðanefndar."

Þetta er reglugerð ráðherrans sem er þannig orðuð. Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að fara á eintal við sjálfa sig um þetta mál áður en lengra er haldið og þurfi þá að hafa fyrir því að breyta sinni eigin reglugerð ef henni er ætlað að standa.

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þessa síðasta sem fram hefur komið þá er það þannig að ef tölvunefnd telur að upplýsingar séu persónugreinanlegar þá verða engar upplýsingar settar í grunninn. Það er mergurinn málsins, hv. þm.

Varðandi vísindasiðanefnd og rekstur grunnsins þá verður sérstakri nefnd falið eftirlit með grunninum og á hún að gefa vísindasiðanefnd reglulega upplýsingar. Nefndin á að geta svarað öllum þeim spurningum sem vísindasiðanefnd leggur fyrir hana.

Miðlægur gagnagrunnur.

Fsp. HG, 58. mál. — Þskj. 58.

[15:38]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fyrirspurnin fjallar um miðlægan gagnagrunn og tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins, nr. R (97) 18, og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Telur ráðherra að framkomnar hugmyndir um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði samræmist tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins, nr. R (97) 18 frá 30. september

1997, og greinargerð með þeim (explanatory memorandum) „um vernd persónuupplýsinga sem safnað er og unnar eru í tölfræðilegum tilgangi" (the protection of personal data collected and processed for statistical purposes)?"

Þessi tilmæli og skýringar við þau eru mikil að vöxtum, virðulegur forseti, þessi samþykkt Evrópuráðsins. Ætli það sé ekki nær 100 bls. en 50 sem þetta plagg er sem hér er um að ræða. Í þeim drögum að frv. sem svo voru kölluð og hæstv. ráðherra setti á netið í sumar var hvergi minnst á þetta „memorandum" eða þessi tilmæli. Það er fyrst að ég sé þetta aðeins orðað í texta með frv., og þá aðeins sem tilvitnun en ekki er nokkurt viðhorf til þessara tilmæla. Þessi tilmæli eru reist á sáttmála frá 1981 um vélræna úrvinnslu persónuupplýsinga og það hefur verið valið að byggja á tilmælum en ekki viðaukum við þennan samning í vinnslu að þessu og umrædd tilmæli hafa verið í vinnslu sérfræðinga að mér er sagt í fimm til sjö ár þannig að í þau hefur verið lögð mikil vinna þeirra sem gerst eiga að vita um réttarstöðuna og samninginn sjálfan sem þessi tilmæli byggja á. Þau varða með beinum hætti marga þætti þessa máls, þ.e. frv. hæstv. ráðherra. En það er ekkert að finna um viðbrögð við þessu enda aðeins tæpt á því og því virðist hafa verið skotið inn í greinargerð á lokastigi, kannski eftir að þessi fyrirspurn var borin fram.

Ég gæti bent á marga þætti og geri það til glöggvunar fyrir hæstv. ráðherra. Ég bendi á gr. 4 í þessum samningi. Ég bendi á gr. 4.7. Ég bendi á gr. 4.8. Ég bendi á gr. 5, 5.4, 5.5 og 6, alveg sérstaklega 6.2, tölusett í þessum samningi, og nr. 11 og 11.1 undir gr. 11. Í þessum tilmælum, virðulegur forseti, eru hin mikilsverðu atriði sem snerta þetta mál. Ég fæ ekki séð að tekið hafi verið mikið tillit til þeirra margra hverra í sambandi við vinnslu þessa frv. En nú er að heyra skýringar hæstv. ráðherra héðan úr ræðustól, ekki bara af netinu.

[15:42]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur gaman af netinu. Ég er búin að standa hér a.m.k. í rúman klukkutíma og svara hv. þm. í beinni útsendingu þannig að hann þarf ekki að kvarta. Eins og ég hef margsinnis komið inn á þá munum við ræða þetta næstu tvo sólarhringa þannig að nógur er tíminn.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. á þskj. 58 sem er fjórða fyrirspurnin til mín þá er hugmyndin um miðlægan gagnagrunn og það frv. sem nú liggur fyrir í samræmi við tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R (97) 18 frá 30. september 1997. Samþykktin er meðal þeirra gagna sem vinnuhópurinn kynnti sér sérstaklega, samanber yfirlit í þeim kafla greinargerðar frv. sem fjallar um Evrópurétt og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

Í þessu sambandi vil ég enn ítreka að upplýsingar í gagnagrunninum verða ekki persónuupplýsingar, hvorki í skilningi tilskipunar Evrópusambandsins um vernd persónuupplýsinga, nr. 95/46, né í skilningi fyrrgreindra tilmæla Evrópuráðsins.

[15:43]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég hygg að þetta framlag hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar geti verið mjög gagnlegt. En ég hefði álitið að forvitnilegt væri að heyra frá honum hvernig hann sjálfur skilgreinir persónugreinanlegar og ópersónugreinanlegar upplýsingar, hvort skilningur hans á þessu sé í samræmi við þau fyrirmæli sem hann er að vitna í. Þar er nefnilega að finna miklu víðari skilgreiningu á þessu heldur en hann virðist telja rétta.

Hann sagði áðan að ekki væri hægt að ráðstafa upplýsingum úr sjúkraskrám án upplýsts samþykkis viðkomandi sjúklings. Þessi hugmynd hv. þm. er heldur ekki í samræmi við þau fyrirmæli sem hann er að vitna hér í. Hann virðist því hafa um þetta allt aðrar skoðanir en ramminn í þeim plöggum sem hann er að vitna í leyfir.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að taka tíma í að svara hv. þm. núna að öðru leyti en því að segja honum að í þingmáli sem ég hef lagt fram um þetta efni er vitnað til ákveðinnar reglugerðar sem hefur að geyma tilteknar undanþágur. En það snertir ekki þetta sem við hæstv. ráðherra erum að ræða hér.

Ég vil fylgja þessu eftir. Það var afar stutt í hæstv. ráðherra núna varðandi þetta mál. Hæstv. ráðherra ætlar að skjóta sér á bak við það eitt að upplýsingarnar verði ekki persónugreinanlegar. Ég verð satt að segja æ meira undrandi eftir því sem svörunum hér fjölgar eða viðleitni hæstv. ráðherra vex til svara. Og þetta á að vera fullnægjandi svar við því efni sem er í þessum tilmælum Evrópuráðsins. Þessi tilmæli Evrópuráðsins eru um vernd persónuupplýsinga sem safnað er og unnar eru í tölfræðilegum tilgangi. Í þessum tilmælum og skýringum við þau er einmitt fjallað ítarlega um þann nauðsynlega greinarmun sem þarf að gera á upplýsingum sem safnað er í rannsóknarskyni annars vegar og hins vegar á upplýsingum sem notaðar eru af stjórnvöldum eða öðrum í tölfræðilegum tilgangi. Á þessu ber að gera skýran greinarmun. Þarna er vikið að mörgum þáttum þar sem er eyða í frv. hæstv. ráðherra eða skellt við skollaeyrum. Þetta á t.d. við það sem kemur fram í gr. 5.5, hvað varðar ófullveðja og látna og heimildir til þess að ráðstafa upplýsingum um slíka hópa.

Þeir sem voru að skrá þetta voru kannski ekki svo uppteknir af því að það ætti að fara að safna upplýsingum úr grárri fortíð í sambandi við þessi mál. En það að látnir hafi engan rétt, ég held að það standist ekki íslenska réttartúlkun, m.a. nýlega fallna dóma í þeim efnum. Ég hvet, (Forseti hringir.) virðulegur forseti, hæstv. ráðherra til að lesa í gegnum þessar upplýsingar fyrir morgundaginn þannig að hæstv. ráðherra hafi einhver svör fram að færa en ekki bara staðhæfingar um að engar persónugreinanlegar upplýsingar séu í þessum gagnagrunni. Þó svo væri, virðulegur forseti, þá er þetta svar út í hött.

[15:47]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það fer að hitna í kolunum hjá hv. þm. Hann telur að hann fái hér engin svör. Hann fékk mjög skýr svör. Frv. eins og það liggur fyrir brýtur ekki í bága við alþjóðasamþykktir sem við höfum gert og við höfum sent fulltrúa ráðuneytisins til að fara yfir það með forsvarsmönnum í Brussel. (**HG:** En ráðherrann þarf að lesa ...) Það er þetta sem hv. þm. er að spyrja um hér nú og hefur hann fengið svör við því.

Persónuvernd og gagnagrunnur á heilbrigðissviði.

Fsp. HG, 62. mál. — Þskj. 62.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fyrirspurn á þskj. 62 til hæstv. ráðherra um persónuvernd og gagnagrunn á heilbrigðissviði, með leyfi forseta:

„1. Hefur ráðherra hlutast til um að leitað verði álits sérfróðra aðila, innlendra og erlendra, t.d. innan Evrópuráðsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, um álitaefni er snerta persónuvernd og hugmyndir heilbrigðisráðuneytisins um gagnagrunn á heilbrigðissviði?

2. Ef slíks álits hefur ekki verið leitað, hvenær er þá fyrirhugað að gera það og til hverra verður leitað?"

Virðulegur forseti. Þegar ég bar þessa fyrirspurn fram þá vissi ég að sjálfsögðu ekkert um hvaða svara væri að vænta við fyrirspurnum eins og hér hafa komið fram frá hæstv. dómsmrh. og nú frá hæstv. heilbrrh. En mér er það ljóst eftir það sem komið hefur fram að knýjandi nauðsyn er á að afla hlutlægra upplýsinga um þetta mál frá innlendum aðilum sem gerst vita um þessi efni. Við höfum rætt hér um vísindasiðanefnd sem hefur gefið álit og lítið hefur verið hlustað á og frá samkomum sem Ísland er þátttakandi í, alþjóðastofnunum eins og Evrópuráðinu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Það ætti að vera hægurinn á að leita þar ráða og fá þar góða fyrirgreiðslu hjá þeim sem nú veitir forstöðu þeirri alþjóðastofnun, Gro Harlem Brundtland.

Ég held, í ljósi þess sem hér hefur komið fram, m.a. í svari hæstv. heilbrrh. við síðustu fyrirspurn minni um umrædd tilmæli Evrópuráðsins, að þörfin á því að fylgja því sem er á bak við þessa fyrirspurn, um að leita álits þessara aðila til að fá fram viðhorf þeirra til málsins, sé knýjandi. Spurningin er ekki um það hvort við Íslendingar ætlum að beygja okkur undir einhverjar skoðanir eða sjónarmið sem teljast yfirþjóðleg eða eitthvað þess háttar. Málið snýst ekki um það. Málið snýst um það að við reynum að fylgja tilmælum og alþjóðasáttmálum sem við erum sjálfir og sjálfviljugir aðilar að.

Varðandi tilmæli Evrópuráðsins þá var áðan svarað út í hött, gjörsamlega út í hött. Mér er að verða það ljóst að hæstv. ráðherra hefur ekkert haft fyrir því að setja sig inn í þetta mál. Ég fæ ekki séð það, virðulegur forseti, enda er bara vitnað í embættismenn. Þeir látnir skoða málið og svo fór það á netið. Svo fór málið á netið og þar með er málið gott.

[15:51]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að elta ólar við útúrsnúninga hv. þm. sem hefur í skapvonsku sinni, ja ég vil segja, þanið sig umfram ástæðu. Hv. þm. spyr á þskj. 62 nokkurra spurninga sem ég svara hv. þm. að sjálfsögðu.

Leitað var álits fjölmargra sérfróðra aðila, innlendra og erlendra, við smíði frv. Meginhersla var lögð á að afla upplýsinga um reglur Evrópusambandsins þar sem þær reglur eru eða verða hluti löggjafar hér á landi. Sérfræðingar komu á fund vinnuhópsins sem samdi frv. en jafnframt fóru þrír starfsmenn í heilbrrn. til Brussel, eins og áður kom fram, í þeim tilgangi að ræða óformlega við sérfræðinga hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Um þetta vísa ég að öðru leyti til umfjöllunar í grg. frv. í kaflanum um Evrópurétt og alþjóðlegar skuldbindingar.

Jafnframt leitaði vinnuhópurinn álits sérfræðings sem hefur tekið virkan þátt í starfi á vettvangi Evrópuráðsins varðandi tilmæli ráðsins er varðað geta frv. á einn eða annan hátt. En yfirlit yfir þau tilmæli sem nefndin kynnti sér sérstaklega er að finna í kaflanum um alþjóðlegar skuldbindingar sem fyrr er getið. Þess ber þó að geta að upplýsingar að tilmælum eru ekki bindandi að lögum en hafa hins vegar þjóðréttarlegt gildi.

Ekki var talin ástæða til þess að leita sérstaklega álits á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, en nokkrir starfsmenn ráðuneytisins taka mjög virkan þátt í mótun samþykkta á þeim vettvangi og reyndar er það svo að Íslendingar eiga einir Norðurlandaþjóða sæti í fastanefnd sem stýrir starfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Evrópu. Hins vegar hafa starfsmenn ráðuneytisins leitað óformlega álits sérfræðinga víða að og viðað að sér nýju efni sem varðað getur álitaefni, t.d. um dulkóðun og persónuupplýsingar. Þá hefur verið fjallað um frv. á margvíslegum vettvangi erlendis og hér á landi undanfarna mánuði, m.a. í tengslum við fundi norrænna landlækna og norrænna lögfræðinga.

Ástæða þykir til þess að benda á að upplýsingaöflun ráðuneytisins hefur leitt í ljós að alþjóðasamþykktir á þessu sviði byggja á rannsóknum, þar sem notaðar eru persónuupplýsingar, og/eða beinni þátttöku í vísindarannsóknum. Það er mjög algengt að menn séu í umræðunni um gagnagrunninn á heilbrigðissviði að beita samþykktum um persónuupplýsingar þrátt fyrir að tölvunefnd sé falið það hlutverk í frv. að sjá til þess að upplýsingar í grunninum séu ekki á neinu stigi persónugreinanlegar. Hér, eins og margsinnis hefur komið fram í þessari umræðu, hefur tölvunefnd veigamiklu hlutverki að gegna.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Tölvunefnd hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Það efa ég ekki og væntanlega styrkist staða hennar með breyttri löggjöf. En ég hef ekki orðið var við að hlustað væri á tölvunefnd í þessu máli eins og ástæða er til. Ég hef ekki orðið var við að það væri mikill skilningur á því hjá hæstv. ráðherra að hlusta mikið á tölvunefnd. Að minnsta kosti hafði hæstv. dómsmrh. ekki miklar áhyggjur af viðhorfum manna sem vinna að hliðstæðum málum erlendis. Það var alveg ljóst.

Ég er að spyrja um álit. Frá hverjum? Þegar ég tala um álit, virðulegur forseti, þá á ég við skriflegar greinargerðir sem hægt er að leggja fyrir Alþingi til skoðunar við meðferð málsins. Hér kom ekkert fram um þau efni. Allt voru þetta óbein viðtöl, álitsgerðir á fundum erlendis o.s.frv.

Í þessu máli verður, virðulegur forseti, og ég hélt að það lægi fyrir við vinnslu hæstv. ráðherra og starfsmanna ráðuneytisins í málinu, að afla skriflegra greinargerða um þau stóru álitaefni sem þessu tengjast, alveg sérstaklega vegna þess að hér er verið að fara inn á alveg nýjan farveg sem ekki hefur verið farið í erlendis. Enda eru menn sem eru að skoða þessi mál og líta til Íslands á fáu meira undrandi þessa dagana en því frv. sem hér hefur verið lagt fyrir Alþingi og á að byggja á því að upplýsingar séu ópersónugreinanlegar þó að það sé nú mat manna margra hverra að svo sé ekki, heldur að um persónugreinanlegar upplýsingar sé að ræða. Og á bak við þetta ætlar hæstv. ráðherra að skjóta sér.

Ég hvet hæstv. ráðherra og alveg sérstaklega heilbr.- og trn. — það er gott að formaður þeirrar nefndar er hér við umræðuna — til þess hið bráðasta að leggja þessi efni fyrir stofnanir sem margar hafa fjallað um þau um áratugi, eins og Evrópuráðið sem hefur innan sinna vébanda færustu sérfræðinga á þessu sviði, og sérfræðinga Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Ekki endilega til að fylgja öllum þeirra ráðum heldur til að hafa þau til hliðsjónar við meðferð málsins.

[15:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Við undirbúning þessa máls höfum við leitað umsagna mjög margra, bæði innlendra sérfræðinga og erlendra. Ég tel að málið sé mjög vel unnið. En hv. þm. sagði réttilega í upphafi máls síns núna síðast að við værum frumkvöðlar í þessu máli. Við erum í fararbroddi í þessu máli og þar af leiðandi erum við að fara nýjar slóðir sem aðrar þjóðir hafa ekki farið. Það getur því vel verið að allir þeir sérfræðingar sem hér hefur verið getið hafi ekki svör við mörgum þeim spurningum sem við svo gjarnan vildum að til væru svör við, vegna þess að við erum að fara nýjar leiðir.

Þegar við horfum á þetta mál þá er spurningin: Hvort er meira virði að fara þessa leið sem við ætlum að fara og nýta það sem út úr því kemur eða að hrökkva burt og þora ekki vegna þess að einhverjar alþjóðastofnanir úti í heimi gætu kannski haft einhverjar athugasemdir við þetta? En þetta brýtur ekki í bága við alþjóðasamþykktir og það er mergur málsins.

Gagnkvæm menningarsamskipti Íslands og Þýskalands.

Fsp. HG, 35. mál. — Þskj. 35.

[16:00]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fsp. mín til hæstv. utanrrh. um gagnkvæm menningarsamskipti Íslands og Þýskalands er svohljóðandi:

„Hyggst ríkisstjórnin ræða gagnkvæm og aukin menningarsamskipti Íslands og Þýskalands við væntanlega nýja ríkisstjórn í Bonn, þar á meðal um starfsemi Goethe-stofnunar í Reykjavík?"

Ástæða þessarar fsp. eru þau stjórnarskipti sem eru á döfinni í Þýskalandi og sú umræða sem fór fram um þessi efni sl. vetur þar sem Alþingi ályktaði um málið. Ég tel rétt að lesa þá ályktun upp til hliðsjónar, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar, með hliðsjón af hinum góðu samskiptum Íslands og Þýskalands, að lýsa yfir stuðningi við þau tilmæli ríkisstjórnarinnar til þýskra stjórnvalda að tryggja að Goethe-stofnunin í Reykjavík verði starfrækt áfram.

Jafnframt hvetur Alþingi ríkisstjórnina til að stuðla að því að af Íslands hálfu verði aukin kynning á íslenskri menningu í Þýskalandi."

Í þessari samþykkt þingsins sem var einróma, það var 19. nóvember sem utanrmn. afgreiddi málið frá sér, er talað um að stuðla að gagnkvæmum samskiptum. Á það legg ég áherslu í fsp. minni þótt við ræðum hér um Goethe-stofnunina í Reykjavík en breytingar urðu á högum hennar sem kunnugt er. Frá því Alþingi ályktaði um málið hefur vissulega ýmislegt verið að gerast sem hæstv. ráðherra mun vafalaust koma að og m.a. stendur til að opna svokallað Goethe Zentrum nk. föstudag, 16. okt. 1998, og vonandi er það til bóta sem þar er á ferðinni. En ekki alls fyrir löngu var hér í heimsókn sá maður sem nú er að fást við stjórnarmyndun í Þýskalandi, Gerhard Schröder, áður en til kosninga dró. Ef ég man rétt tók hinn sami mjög jákvætt undir áhyggjur íslenskra stjórnvalda af því sem var að gerast í málefnum Goethe-stofnunar í Reykjavík og vafalaust hefur hæstv. utanrrh. rætt þau efni við Gerhard Schröder, sem var forsætisráðherra Neðra-Saxlands þegar hann kom í opinbera heimsókn. Það eru eðlilega spurningar í tengslum við þetta mál hvort ekki hafi orðið veðrabrigði varðandi stöðu þess, a.m.k. þannig að ástæða sé til fyrir íslensk stjórnvöld að taka það upp til vinsamlegrar viðræðu við þýsk stjórnvöld hvort ekki sé hægt að tryggja tilvist Goethe-stofnunar í Reykjavík fyrr en seinna, að stofnunin verði endurreist. Auðvitað kemur til greina einhver breyting á högum frá því sem var, aðalatriðið er styrking og styrking gagnkvæmra tengsla milli Íslands og Þýskalands.

[16:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Íslensk stjórnvöld hafa margoft rætt menningarsamskipti Íslands og Þýskalands á undanförnum árum, ekki síst í kjölfar þeirrar ákvörðunar að loka Goethe-stofnuninni í Reykjavík. Ég ræddi þessi mál oft við fyrrverandi utanrrh. í fyrri ríkisstjórn, Klaus Kinkel, sem mun senn láta af embætti og hann tók því mjög vel og vildi reyna að gera hið besta úr málinu. Ég tel að þær viðræður hafi leitt til þess að Þjóðverjar lögðu fram fé til nýrrar Goethe-miðstöðvar. Eins og hv. þm. sagði þá verður hún opnuð nk. föstudag í Reykjavík. Þar verður m.a. hýst bókasafn þeirrar stofnunar sem var lögð niður.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið slys og hafi verið slæmt fyrir samskipti þjóðanna að þessi stofnun var lögð niður. Ég met það svo að ýmsir ráðamenn hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað þessi stofnun er mikilvæg í samskiptum þjóðanna og það sé mikill vilji til þess að leggja sig fram um að bæta þar úr. Ég met því mikils það skref sem hefur þegar áunnist. Ég tel að mikilvægt sé að varðveita þann grunn sem var þarna fyrir hendi og vænti þess að síðar meir leiði það til þess að þessi starfsemi verði styrkt á nýjan leik.

Það er rétt hjá hv. þm. að við ræddum bæði þessi mál í utanrrn. og ég hygg að ýmsir aðrir hafi gert það sem hittu Gerhard Schröder sem kom í fyrra í opinbera heimsókn sem forsætisráðherra Neðra-Saxlands. Hann hafði einlægan áhuga á samskiptum Íslands og Þýskalands og ég tel að heimsókn hans í fyrra sé mikilvæg fyrir framtíðarsamskipti Íslands og Þýskalands. Að sjálfsögðu er of snemmt að fullyrða um hvaða erindi verða borin upp við nýja ríkisstjórn en það er alveg ljóst að menningarsamskipti þjóðanna verða rædd við ný stjórnvöld. Hins vegar er rétt að taka það fram að eins og allir vita er það að sjálfsögðu þýskra stjórnvalda að taka endanlegar ákvarðanir um menningarstofnanir á þeirra vegum erlendis. Ég get fullvissað hv. þm. um að við munum halda áfram að ræða þessi samskipti og ég er sammála honum um að það væri mjög mikilvægt fyrir samskipti landanna ef hægt væri að endurreisa þessa stofnun með þeim hætti að hér starfaði fullgild Goethe-stofnun. Ég tel hins vegar mjög þýðingarmikið að þó hafi tekist að varðveita þann meið sem hér er til staðar og verður opnaður undir nýju nafni nk. föstudag.

Ég tel ástæðu til að þakka þann mikla áhuga sem margir hafa sýnt sem hafa tengst Þýskalandi með ýmsum hætti. Hv. þm. á miklar þakkir skilið fyrir að sýna þessu máli áhuga ásamt ýmsum öðrum og ég trúi því að sá einlægi áhugi ýmissa Íslendinga verði til þess að opna betur augu þýskra yfirvalda fyrir mikilvægi málsins.

[16:07]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör og ég er afar ánægður með að heyra viðbrögð hæstv. ráðherra í þessu máli. Ég átti raunar ekki von á öðru því að hæstv. ráðherra sýndi þessu máli mikinn skilning og beitti sér eftir föngum í aðdraganda þess alvarlega skrefs fyrir samskipti þjóðanna sem lokun Goethe Institut í Reykjavík var að okkar mati. Ég er líka sammála því að sú viðleitni sem hefur síðan verið höfð uppi og sú staðreynd að þráðurinn slitnaði ekki heldur verður hér opnað svonefnt Goethe Zentrum í lok vikunnar í Reykjavík er brúarsporður til þess að vinna upp það sem tapast hefur. Ég hef ekki vitneskju í einstökum atriðum hvernig búið er að þessu Goethe Zentrum en þykist þó vita að talsvert mikið vanti á að það sé sá fjárhagsgrundvöllur og bolmagn sem var að baki Goethe Institut eða Goethe-stofnunarinnar hér. Það er það sem við þurfum að reyna að heimta til baka en við þurfum jafnhliða að sýna virkan áhuga á því að leggja okkar af mörkum til að kynna Ísland og íslenska menningu í Þýskalandi og leggja fram krafta í þeim efnum.

Ástæða er til að nefna að í fyrra kom sendinefnd þýskra þingmanna undir forustu þingmanns úr flokki Græningja sem mun væntanlega leggja til ráðherra í komandi ríkisstjórn. Þingmenn úr þeim flokki sýndu þessu máli mikinn skilning og börðust fyrir því ásamt fleirum, einnig jafnaðarmönnum í þinginu, að hnekkja þeirri ákvörðun sem tekin var um lokun stofnunarinnar í Reykjavík.

Skýrsla um frísvæði á Suðurnesjum.

Fsp. KPál, 67. mál. — Þskj. 67.

[16:10]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Mikil umræða um stöðu frísvæða var hér fyrir nokkrum árum og rekstur slíkra fyrirbæra, um hann gerðar langar skýrslur og skrifaðar greinar. Flestir sem hafa skoðað frísvæðahugmyndina að einhverju ráði hafa heillast af því hvernig hún getur virkað eins og hún hefur gert á Írlandi þar sem ekki hefur einungis risið stórt svæði með frísvæðafyrirtækjum heldur hefur einnig risið stór háskóli í Limerick með um 7.000 nemendum og skapað Írum orð fyrir nýjunar og framsýni sem aðrir reyna að læra af í dag. Sá sem hér stendur hefur skoðað frísvæðið á Írlandi og kynnt sér þessi mál ítarlega sem einn af nefndarmönnum um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum en sú nefnd, sem þá starfaði, gaf út skýrslu sem birtist í nóvember 1995.

Hugmyndin fékk slæma útreið áður en skýrslan var komin fram og lítið hefur frést til hennar síðan. Skemmst er frá því að segja að Aflvaki í Reykjavík hafði í maí sama ár og skýrslan kom út rakkað frísvæðahugmyndina niður og allar hugmyndir um frísvæðakjör, hvort sem um var að ræða innan girðingar eða sem samninga um einstök fyrirtæki þar sem ekki væri um aðrar girðingar að ræða en huglægar sem sérstakur skatta-, tolla-, eða styrkjasamningur. Að mati Aflvaka var þessi hugmynd um frísvæði hvítur fíll eða tálsýn byggð á óraunhæfum fyrirmyndum og sóun á fjármunum hins opinbera.

Hæstv. utanrrh., sem ég spurði um þetta mál í júní það sama ár, hafði því ekki mörg fögur orð um þessa hugmynd og sagði m.a., með leyfi forseta, að „það þýddi ekki að byggja upp aukið atvinnulíf á Suðurnesjum á einhverjum fölskum forsendum eða grunni sem fengi ekki staðist eða ala á vonum um að koma á sérstöku svæði sem stæðist ekki". Hér á Alþingi hefur ekkert komið fram um hvaða afdrif skýrslan fékk hjá hæstv. utanrrh. þó opinberlega hafi komið til orðahnippinga milli mín og hæstv. utanrrh. í fréttum eftir útkomu skýrslunnar í nóvember 1995.

Að mínu áliti hefur fátt breyst varðandi réttmæti samninga við nýsköpunarfyrirtæki eða rekstur sem alfarið byggist á útflutningi hráefna eða hugviti. Það sem hefur þó breyst hér á landi er að atvinnuleysi er miklu minna og er það vel en nýsköpun er enn bundin að mestu við stóriðju. Það er ekki hvað síst vegna möguleika á nýsköpun sem ég hef heillast af frísvæðahugmyndinni sem hefur reynst skapa störf fyrir menntafólk og það er eitthvað sem þarf hér. Ég veit að hæstv. utanrrh. vill gera landi og þjóð vel í störfum sínum og hefur reynt að skapa okkur stöðu á alþjóðavettvangi með vörur okkar þó ég telji að hann hafi verið of neikvæður gagnvart frísvæðahugmyndinni.

Ég heyri nú að kvikmyndaiðnaðurinn hafi óskað eftir frísvæðafyrirgreiðslu hér á landi og er það gott innlegg inn í frísvæðaumræðuna. Aflvaki hefur gefið út sérstaka skýrslu samfara þessari hugmynd og kveður nú við allt annan tón hjá því fyrirtæki en áður um frísvæði á Suðurnesjum. Í framhaldi af því spyr ég hæstv. utanrrh.:

„1. Hefur ráðherra tekið afstöðu til skýrslu frá nóvember 1995 um frísvæði á Suðurnesjum og ef svo er, hver er hún?

2. Hefur einhver athugun á gagnsemi frísvæða eða frísamninga við fyrirtæki farið fram á vegum ráðuneytisins eftir að umrædd skýrsla var afhent?

3. Hefur einhver vinna farið fram á vegum ráðuneytisins um annars konar frísvæði eða frísamninga við erlenda aðila, eins og stofnun kvikmyndavera?"

[16:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel rétt að taka fram í upphafi að spurningin um frísvæði hér innan lands er fyrst og fremst skattalegs eðlis og því má segja að það sé ekki beint í verkahring utanrrn. að fjalla mjög mikið um þau mál almennt. Hins vegar er rétt að skýrsla kom til utanrrh. í fyrri ríkisstjórn á árinu 1995. Ég sagði þá strax að ég teldi einsýnt að þær tillögur sem þar komu fram stangist á við ríkisstyrktarreglur EES-samningsins og ég er enn þeirrar skoðunar. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun hvort menn vilja sækja á um það að koma slíku frísvæði á sem ég tel að eigi ekki að gera vegna þess að við munum strax lenda í árekstrum um það mál.

Ég tel að sú hugmynd sem þar hefur verið til umfjöllunar sé á margan hátt úrelt. Frísvæði voru tekin upp víða um heim vegna þess að efnahagslífið var vanþróað. Það átti við um Írland á sínum tíma. Það á ekki við núna. Slík svæði hafa verið tekin upp í allstórum stíl t.d. í Kína og víða í Asíu þar sem menn hafa ekki getað treyst á hið almenna efnahagslíf.

Hins vegar hefur allt önnur leið verið farin að því er varðar Suðurnes með ágætum árangri. Þar hefur verið farin sú leið að efla starfsemina í kringum Keflavíkurflugvöll.

Það er í fullum gangi og hefur skilað miklum árangri, enda hefur atvinnuleysi minnkað mikið á því svæði. Ég hef því verið þeirrar skoðunar að mikilvægara sé að byggja á réttum grunni og hafa enga tálsýn í því sambandi. Þannig hefur verið unnið að þessum málum. Þegar skýrslan kom fram á sínum tíma var markmiðið að bregðast við samdrætti með atvinnusköpun og þar kom líka fram að auka þyrfti tekjur Keflavíkurflugvallar.

Ég veit ekki betur en hollenskt fyrirtæki hafi ákveðið að setja sig niður á þessu svæði vegna þess að þar er góður aðgangur að Evrópumarkaðnum, eða er það kanadískt fyrirtæki? Ég er ekki alveg viss um það. Það mun vera í sambandi við kæliskápa eða einhverjar slíkar vörur og er mjög jákvætt. Þar með er viðurkennt að á þessu svæði eru miklir möguleikar. Í kringum Keflavíkurflugvöll eru miklir möguleikar og við þurfum að vinna að því af fullum krafti. Það hefur verið gert í flugstöðinni og þar hefur mörgu verið snúið við.

Svo ég svari annarri spurningunni þá hefur engin slík athugun farið fram á vegum utanrrn. Ég tel það í verkahring annarra ráðuneyta að standa fyrir slíku. Ég vísa til svara viðskrh. við fyrirspurn hér um starfsemi kvikmyndavera á Íslandi.

Svarið við þriðju spurningunni er sama eðlis. Engin slík vinna hefur farið fram á vegum utanrrn. en önnur ráðuneyti hafa unnið að þeim málum og ég vísa til svars viðskrh. í því sambandi enda er hér um að ræða mál sem fyrst og fremst eru á verksviði fjmrh. og viðskrh. Þetta eru verkefni sem ekki eru á verksviði utanrrh. Hverjar sem ástæðurnar voru fyrir því að nefndin var sett upp á hans vegum á sínum tíma þá tel ég að það samrýmist ekki verkaskiptingu ráðuneytanna.

[16:18]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir greinargóð svör. Ég er út af fyrir sig alveg sammála hæstv. ráðherra um að þetta mál hafi aldrei átt heima hjá utanrrn. Ég hygg að ástæðan fyrir því að þetta fór upphaflega þangað hafi verið að hugmyndirnar snerust um að starfsemin yrði innan vallar og utanrrh. hefur einn nánast alræðisvald innan þess svæðis.

Það er svo aðalmálið að tillögurnar í skýrslu vinnuhópsins sem gefin var út í nóvember 1995 voru á annan veg en að stofna frísvæði innan girðingar á Keflavíkurflugvelli. Hugmyndin var sú að hægt væri að stofna til slíkra fyrirtækja hvar sem væri innan þéttbýlis og þannig hægt að gera samninga við fyrirtæki sem störfuðu á allt öðrum forsendum, þannig að þarna væru aðeins ímyndaðar girðingar en ekki hinar hefðbundnu gaddavírsgirðingar sem áður fyrr aðgreindu slíka starfsemi frá annarri starfsemi í landinu.

Ég vil minna hæstv. ráðherra á sérstaka úttekt á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA um hvar megi hafa sérstakar aðgerðir til styrktar atvinnulífi. Samkvæmt henni er það á Íslandi leyfilegt á svæðum utan höfuðborgarsvæðisins. Að mínu áliti er því ekki hægt að orða það svo að þetta sé úrelt fyrirkomulag. Hugmyndir sem snúa að stofnun fyrirtækja með þessum fríðindum eru sífellt að koma fram. Þær eru því ekki úreltar en ég viðurkenni auðvitað að hægt er að breyta hugmyndinni þannig að hún aðlagist betur nútímaviðskiptum.

[16:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef mikinn skilning á atvinnumálum á Suðurnesjum og viðurkenni fúslega ábyrgð utanrrn. í því sambandi enda reynum við að sinna þeim skyldum af bestu getu. Ég tel að það geti vart hafa verið hugmyndin að koma þessari atvinnustarfsemi fyrir inni á varnarsvæði. Það er alveg ljóst að um slíkt hefði þurft samninga við Bandaríkjamenn. Það er ekki hægt að setja upp hvaða atvinnustarfsemi sem er inn á varnarsvæðunum. Við þurfum að gæta nokkuð að okkur í þeim efnum.

Síðan breytist hugmyndin, það er rétt, í að þetta væri starfsemi sem koma mætti fyrir á ýmsum stöðum á Suðurnesjum. Þá spyrja menn náttúrlega í framhaldi af því: Verður þá ekki að gilda hið sama um önnur svæði á landinu, t.d. Vestfirði, Austfirði og um ýmsa staði þar sem atvinnumál standa öllum fæti? Þá erum við komin út í að gerbreyta öllum skattamálum hér á landi. Hér er því um mjög stóra prinsippspurningu að ræða sem ég held að sé meinloka. Ég tel að rangt sé að eyða miklum tíma í hana. Ég held að vænlegra væri að eyða frekar kröftunum í eitthvað annað, eins og menn gera af fullum krafti á Suðurnesjum í dag, en að tala um eldgamlar og úreltar hugmyndir.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði og samkeppnisreglur.

Fsp. HG, 59. mál. — Þskj. 59.

[16:22]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fyrirspurn um gagnagrunn á heilbrigðissviði og samkeppnisreglur er svohljóðandi og beint til hæstv. viðskrh.:

„1. Hefur ráðherra hlutast til um, eða hefur áform um, að afla álits Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort hugmyndir heilbrigðisráðuneytisins um gagnagrunn á heilbrigðissviði og veitingu rekstrarleyfis til eins aðila fari í bága við samkeppnisreglur EES, reglur um útboð og reglur um ríkisaðstoð?

2. Hafi álits þegar verið leitað hjá Eftirlitsstofnun EFTA, hver eru þá viðbrögð stofnunarinnar?“

Þetta er fyrirspurnin og á bak við hana er álit sem Samkeppnisstofnun gaf heilbrrn. 29. júní 1998 og ítrekaði með bréfi 8. september að athugasemdir hennar væru í fullu gildi fyrir utan eitt atriði sem fært hefði verið til betri vegar að mati stofnunarinnar. Það atriði var varðandi ákvæði um að starfsleyfishafi sé íslenskur lögaðili. Þessu hefur verið breytt en samandregnar niðurstöður Samkeppnisstofnunar voru þessar, með leyfi forseta:

„1. Stofnunin telur vafasamt að heimild 5. gr. frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði við veitingu sérleyfis sé nauðsynleg til að tryggja að aðrir leyfishafar geti ekki nýtt sér þá vinnu og fjárfestingar sem tiltekinn leyfishafi hefur lagt í við gerð gagnagrunns.

2. Vegna óvissu um forsendur getur Samkeppnisstofnun ekki tekið afstöðu til þess hvort kostnaður leiði til þess að sérleyfi sé nauðsynleg forsenda til þess að unnt verði að ráðast í gerð gagnagrunns á heilbrigðissviði. Samkeppnisstofnun beinir þeim tilmælum til ráðuneytisins að gerð verði nánari úttekt á þörfinni fyrir veitingu sérleyfis.

3. Hætta er á því að veiting sérleyfis á þessu sviði brjóti í bága við 1. mgr. 59. gr. og 3. gr. EES-samningsins, samanber 54. gr. Samkeppnisstofnun hvetur ráðuneytið til að leita álits Eftirlitsstofnunar EFTA vegna þessa.“

4. tölul. varðar síðan þetta með íslenskan lögaðila. Því atriði hefur verið breytt í þeirri gerð frv. sem liggur fyrir þinginu.

Á bak við þessar meginniðurstöður liggja ýmsar ábendingar. Þetta er ítarleg umsögn á mörgum síðum frá Samkeppnisstofnun um málið og þar er m.a. bent á tilskipun Evrópusambandsins, nr. 96/9 frá 11. mars 1996, um lögverndun gagnagrunna. Athygli er vakin á því að inntak þess réttar veiti „sinnar tegundar" rétt eins og hann er kallaður, „sui generis", og því er lýst nánar í 7. gr. þessarar tilskipunar. Samanlagt leiðir þetta til þeirrar niðurstöðu Samkeppnisstofnunar sem ég hef bent á. Þar sem þessi samningur og samningsákvæði heyra undir hæstv. viðskrh. kaus ég að bera þessa fyrirspurn fram við hæstv. ráðherra.

[16:26]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 59 beinir hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, til mín tveimur spurningum um gagnagrunn á heilbrigðissviði og samkeppnisreglur. Hin þær hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Hefur ráðherra hlutast til um, eða hefur áform um, að afla álits Eftirlitsstofnunar EFTA á því hvort hugmyndir heilbrigðisráðuneytisins um gagnagrunn á heilbrigðissviði og veitingu rekstrarleyfis til eins aðila fari í bága við samkeppnisreglur EES, reglur um útboð og reglur um ríkisaðstoð?

2. Hafi álits þegar verið leitað hjá Eftirlitsstofnun EFTA, hver eru þá viðbrögð stofnunarinnar?"

Nú vona ég að hv. þm. sætti sig við að ég svari báðum spurningunum í sama svarinu.

Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins hefur Eftirlitsstofnun EFTA það hlutverk að tryggja efndir á skuldbindingum samkvæmt samningnum. Stofnuninni er ætlað að starfa sjálfstætt og lýtur hún því ekki fyrirmælum EFTA-ríkjanna varðandi störf sín. Í ljósi þessa er það ekki á verksviði viðskrn. að beina málum til Eftirlitsstofnunarinnar eða leita álits hennar á því hvort tiltekin áform annarra ráðuneyta kunni að fara gegn ákvæðum EES-samningsins.

Eins og kunnugt er hefur heilbrrn. leitað álits utanaðkomandi aðila um frv. eins og það var upphaflega lagt fram. Þar á meðal var eins og hv. þm. vitnaði til, álit Samkeppnisstofnunar. Eins og hv. þm. benti á hefur frv. verið breytt mjög frá því að upphaflegt svar Samkeppnisstofnunar kom. Því hefur líka verið breytt frá því að endurnýjað svar stofnunarinnar kom fram. Mér er kunnugt um að heilbrrh. hafi eftir þetta borið málið undir mjög marga aðila enn á ný, þar með talda sérfræðinga á sviði Evrópuréttar.

Á morgun verður frv. rætt á hv. Alþingi og mun það þá væntanlega endurspegla margar og gagnlegar athugasemdir eins og reyndar sést í frv. eins og það liggur fyrir nú. Ég tel því eðlilegt að bíða frekari umræðu um frv. þar til það verður tekið til formlegrar umfjöllunar.

[16:28]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Ég efa ekki að formi til það sem hæstv. ráðherra vék að. Ég vil ekki vefengja það að neinu leyti. Mér er auðvitað ljóst að það er álitaefni hvort ég ætti að beina svona fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. eða hæstv. viðskrh. Hitt gat komið til greina vegna þess að frv. er auðvitað á forræði hæstv. heilbrrh. en umsögn Samkeppnisstofnunar er mjög eindregin í þessu efni.

Ég fékk ekki séð nema að einu atriði hefði verið breytt að fenginni þessari umsögn. Eftir standa mjög veigamiklar athugasemdir sem hljóta að kalla fram spurningar um réttarstöðuna. Ég vitnaði í tilskipun nr. 96/9 frá 11. mars 1996 sem ber að lögleiða hér og mun vera einhvers staðar á leiðinni til fullgildingar í kerfinu. Menn þurfa því að búa sig undir það nema menn ætli að hafna henni og taka því sem að höndum ber í framhaldi af því.

Í sambandi við „sinnar tegundar" rétt sem svo er kallaður og lýst er í 7. gr., þá vil ég nota tíma minn, virðulegi forseti, til að lesa það sem þar stendur:

„Þegar unnt er að sýna fram á að lagt hafi verið út í umtalsverða fjárfestingu til að afla, sannprófa eða setja fram efni gagnagrunns, metið með hliðsjón af magni eða mikilvægi, skulu aðildarríkin tryggja höfundi gagnagrunnsins rétt til að koma í veg fyrir útdrátt og/eða endurnýtingu á öllum eða umtalsverðum hluta hans, metið með hliðsjón af magni eða mikilvægi."

Þetta varðar bæði einstaklinga og fyrirtæki. Í mínum huga vaknar spurningin, ég er ekki að krefjast þess að ráðherra svari því: Hvers vegna einkaleyfi eða rekstrarleyfi með þessum sterku kvöðum sem eru í frv. ef þessi tilskipun um gagnagrunna hjá Evrópusambandinu veitir svonefndum höfundi þann sterka rétt sem þar er vísað til?

Starfsemi erlendra kvikmyndavera á Íslandi.

Fsp. KPál, 68. mál. — Þskj. 68.

[16:31]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Í sumar heyrðist í fréttum að bandarískir aðilar hefðu áhuga á að stofnsetja kvikmyndaver hér á landi og nýta sér ægifagra náttúru þessa lands til kvikmyndagerðar. Það verður að teljast viðburður þegar slík tíðindi berast, enda er þessi iðnaður einhver sá stærsti í heiminum þar sem sérfræðingar, listamenn og rithöfundar o.s.frv. koma við sögu, og um leið vel launuð störf. Óskir þessara kvikmyndaframleiðenda frá Bandaríkjunum voru þær, svo að af þessu gæti orðið, að ákveðin skattfríðindi fylgdu starfseminni hér á landi ásamt öðrum fríðindum sem tíðkast um slíka starfsemi, t.d. á Írlandi þar sem frísvæði og frísamningar hafa þróast frá því á 6. áratugnum.

Að mínu áliti er ekkert eðlilegra en að nota þau tækifæri sem gefast til að auðga atvinnulífið hér á landi, nýta sér þá athygli sem landið nýtur um þessar mundir og þann áhuga erlendra aðila til starfrækslu áhugaverðra fyrirtækja eins og kvikmyndavera. Það er ekki í fyrsta sinn að áhugi erlendra aðila hefur komið upp á fyrirtækjarekstri með frísvæðasniði hér á landi. Það má segja, að þegar slíkir aðilar hafa fjárfest í einhverjum mæli hér á landi hefur starfsemin verið með slíkum kjörum. Má í því sambandi nefna álver í Straumsvík, járnblendið og kísiliðjuna í Hvalfirði. Fyrir minni fyrirtæki er þessi ferill allt of langur og erfiður og vill oft fara svo að þegar langri skoðun ráðuneyta er lokið og álits atvinnurekenda hefur verið leitað, er áhugi hins erlenda aðila horfinn. Hann hefur ekki tíma eða nennu til að bíða eftir stirðbusalegri afgreiðslu ráðuneyta og leitar því til Írlands þar sem allir slíkir samningar ganga fljótt fyrir sig. Fyrir þremur árum lagði nefnd um frísvæði fram hugmyndir sínar um að laða hingað fyrirtæki með frísamningum. Samhliða því leitaði

forsrn. eftir því við Eftirlitsstofnun EFTA hvar mætti setja sérreglur til að örva atvinnulíf og fjölbreytni með aðgerðum ríkisins. Svarið kom og leyfilegt er að setja slíkar reglur á öllum svæðum utan höfuðborgarsvæðisins. Það þarf varla að rifja það upp fyrir hæstv. viðskrh. að ástandið á landinu utan höfuðborgarsvæðisins er að verða mjög alvarlegt vegna fólksflutninga frá blómlegum stöðum um land allt, staða sem að flestu leyti eru óskastaðir fjölskyldufólks en vegna fábreytni atvinnulífsins og þeirrar kröfu nútímans að báðir foreldrar vinni úti, verður fólk að flytja á höfuðborgarsvæðið. Að setja lög um frísvæði og frísvæðakjör fyrirtækja er að mínu áliti löngu tímabært og gott innlegg í þá baráttu að stemma stigu við fólksflóttanum af landsbyggðinni. Ef við hefðum löggjöf um frísvæðasamninga væri búið að negla niður þennan kvikmyndarisa með starfsemi hér á landi, að mínu áliti. Slík starfsemi mun tvímælalaust styrkja atvinnulífið hér á landi og auka fjölbreytni og styðja við íslenska kvikmyndagerð. Þess vegna spyr ég hæstv. iðnrh. eftirfarandi spurninga:

„Er fyrirhugað að gera einhvers konar frísvæðasamning um kvikmyndaiðnað á Íslandi?

Hefur skýrsla um frísvæði á Suðurnesjum sem afhent var utanríkisráðherra 15. nóvember 1995 verið skoðuð af viðskiptaráðuneytinu þannig að kvikmyndaver gæti risið á grunni niðurstaðna hennar?

Er fyrirhugað að leggja fram frumvarp til laga sem geri mögulegt að fyrirtæki eins og kvikmyndaver hefðu frísvæðakjör hér á landi?"

[16:34]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 68 beinir hv. þm. Kristján Pálsson til mín fsp. um hugmyndir um starfsemi erlendra kvikmyndavera á Íslandi.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: „Er fyrirhugað að gera einhvers konar frísvæðasamning um kvikmyndaiðnað á Íslandi?"

Seinni hluta ágústmánaðar var staddur hér á landi forstjóri kvikmyndafyrirtækisins Miramax Dimension. Hann kom á vegum viðskiptaþjónustu utanrrn. en í boði iðn.- og viðskrn. Þetta fyrirtæki er alfarið í eigu Disney-samsteypunnar og Miramax framleiðir á ári hverju um 30 kvikmyndir og velta þessa fyrirtækis er í kringum 36 milljarðar ísl. kr. Tilgangur ferðar forstjóra Miramax hingað var sá að kynna sér aðstæður til kvikmyndagerðar hér á landi, einkum hvort og þá með hvaða hætti íslensk stjórnvöld væru tilbúin til að ívilna fyrirtækinu, t.d. skattalega ef það legði í umtalsverðar fjárfestingar hér á landi.

Heimsókn þessa manns er fullrar athygli verð og á vissan hátt nokkuð sérstök fyrir þær sakir að venjulegast eru það ríki og borgir sem standa í samkeppni sín á milli um að laða til sín stórfyrirtæki á þessu sviði, þannig að Ísland hefur sérstöðu hvað þetta snertir. Ljóst er að íslenskri kvikmyndagerð yrði það mikil lyftistöng að fá inn í landið kvikmyndaver eins og hér er um rætt, en það mundi auk þess hafa veruleg áhrif út fyrir raðir þeirra fjölmörgu sem að þeim málum starfa. Af þessum málum má ráða og hugmyndum Miramax að þeim hefur verið vel tekið hér. Á grundvelli samþykktar ríkisstjórnarinnar frá því fyrir nokkru síðan skipaði ég sérstakan starfshóp sem hefur fengið það hlutverk að kanna ofan í kjölinn hvaða tækifæri kunna að felast í yfirlýstum áhuga þessa bandaríska kvikmyndafyrirtækis eða annarra sambærilegra fyrirtækja um fjárfestingar hér á landi í tengslum við kvikmyndaiðnaðinn.

Nefnd þessi er skipuð fulltrúum iðn.- og viðskrn., fjmrn., menntmrn. og umhvrn. Nefndin á að skila tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar. Staða málsins um þessar mundir er sú að nú er unnið að samanburði á kostnaði við kvikmyndagerð hér á landi og í öðrum löndum og að skoða ívilnanir sem annars staðar standa til boða við svipaðar kringumstæður. Á þessa vinnu ber að líta sem nauðsynlega forvinnu fyrir slíkri ákvarðanatöku, m.a. á vegum áðurnefndrar nefndar. Málið er því á frumstigi skoðunar og fyrr en niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir tel ég vera ótímabært að hafa uppi áform um hvort frísvæðasamningur um kvikmyndaiðnað á Íslandi gæti hér komið að notum eða ekki.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hefur skýrsla um frísvæði á Suðurnesjum sem afhent var utanríkisráðherra 15. nóvember 1995 verið skoðuð af viðskiptaráðuneytinu þannig að kvikmyndaver gæti risið á grunni niðurstaðna hennar?"

Þessi skýrsla hefur verið skoðuð og lesin með mikilli athygli í viðskrn. Ég tel að það sé tvennt sem komi til greina þegar við förum að velta því fyrir okkur hvort hægt væri að laða hér að erlenda fjárfesta á þessu sviði. Annars vegar væri um að setja almennar reglur sem mundu gilda sem fyrirtæki hér innan lands gætu líka búið við. Eða í öðru lagi að gera sérstakan fjárfestingarsamning við viðkomandi fyrirtæki um mikla fjárfestingu eins og við þekkjum. Þar tel ég að við séum ekki að fara inn á þá braut að skapa almenna löggjöf um fríverslun eða frísvæði. Ég tel eins og hér kom fram hjá utanrrh. áðan að vissar líkur væru á því að slík lagasetning gæti brotið í bága við EES-samninginn og samkeppnisreglur hans. Að baki hugmyndum sem uppi eru um alþjóðaviðskiptamynstur, eins og ég veit að hv. þm. hefur heyrt talað um, liggur sambærileg hugsun og ef um frísvæði væri að ræða, en þar er hins vegar um að ræða starfsemi sem fellur utan EES-samningsins, um þriðju landa viðskipti á sviði sjávarútvegs sem falla utan EES-samningsins og það er meginmunurinn þar á. Og af því hv. þm. hefur nokkuð vitnað til Íra í þessu sambandi er ljóst að Írar verða út af EES-samningnum að breyta sínum reglum og gert er ráð fyrir að það verði árið 2001.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Er fyrirhugað að leggja fram frumvarp til laga sem geri mögulegt að fyrirtæki eins og kvikmyndaver hefðu frísvæðakjör hér á landi?"

Við höfum eins og ég sagði áðan gert fjárfestingarsamninga, ef um erlenda fjárfestingu hefur verið að ræða, upp á rúmar 100 millj. Bandaríkjadala og ég tel að það komi til greina að gera slíkan samning. En á meðan nefndin hefur ekki lokið störfum sínum tel ég ekki rétt og tímabært að kveða upp úr um það hvort slíkt lagafrv. verði flutt hér eða ekki.

[16:40]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. viðskrh. fyrir góð svör og jákvætt innlegg og umræðu um þessi mál. Ég er sammála honum um að þetta er kannski ekkert einfalt mál og þarf að skoðast vel, en ég vil nú samt minna á að búið er að skoða þessi mál, t.d. um frísvæðamöguleika og samninga við fyrirtæki með einhvers konar sérkjörum í mörg ár og niðurstaðan hefur aldrei í raun fengist í gegnum samþykktir í þinginu eða í ráðuneytum vegna þess að mjög margir aðilar innan atvinnulífsins eru á móti því að sett séu upp einhver slík sérkjör hér á landi.

Ég minntist aðeins á það í ræðu minni að samkvæmt úrskurði EFTA væri leyfilegt að ívilna sérstaklega utan höf-

uðborgarsvæðisins þegar um viðskiptasamninga eða sérkjör væri að ræða og aðstæður byðu upp á það. Ég velti því fyrir mér hvort það geti ekki verið ein leið til að þetta rúmaðist innan reglna Evrópusambandsins, að höfða til þess fólksflótta sem augljóslega er að verða gríðarlegt vandamál hér á landi og menn þurfa að finna einhverjar aðrar leiðir en þær hefðbundnu sem hingað til hafa verið notaðar. Það virðist ekkert ætla að stoppa þann flótta, a.m.k. ekki þær aðgerðir sem Byggðastofnun og aðrir aðilar hafa reynt að viðhafa eftir bestu getu. Það er ekkert sem virðist geta breytt þessu miðað við þær aðferðir sem notaðar eru. Ég held því að við þurfum virkilega að leggja höfuðið í bleyti og finna alvöruaðferðir og ég heyri að hæstv. viðskrh. er fullur af vilja til að leysa þetta mál og ég vona svo sannarlega að það verði til þess að við getum reist slíkt kvikmyndaver hér á landi.

[16:42]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Til að það sé alveg skýrt, þá tel ég þær hugmyndir sem fram koma í skýrslunni, sem hv. þm. hefur vitnað í um frísvæði á Suðurnesjum, allrar athygli verðar. Vitaskuld mun nefndin sem nú hefur verið skipuð horfa mjög á þær tillögur sem þar liggja fyrir. En engu að síður er ég í vafa um að frísvæði sem slíkt og sú hugsun sem þar liggur að baki komi að gagni í þessu sambandi vegna þess að það þarf að vera um starfsemi að ræða á frísvæði sem er utan EES-samningsins.

Varðandi úrskurð EFTA um að menn gætu rekið slíka starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins, þá byggir það á öðru ákvæði EES-samningsins, að ég hygg, sem snýr að því að heimilt sé að mismuna þegar menn eru með byggðastyrki í gangi í þeim efnum. Það þekkjum við m.a. frá því að heimilt er að mismuna, eða veita slíkar niðurgreiðslur á flutningsjöfnun á olíu og þar fram eftir götunum af því það er tengt byggðastyrkjum sem slíkum. Hins vegar held ég að slíkir styrkir og slík mismunun kæmi ekki að gagni fyrir fyrirtæki sem vildi starfa með þessum hætti, vegna þess að það þyrfti að einhverju leyti að starfa í höfuðborginni líka. Þess vegna þurfum við að horfa á það hvort getum við nýtt okkur þær hugmyndir sem eru að baki í þessari skýrslu, sem ég vil alls ekki útiloka og mun láta skoða, og svo hitt hvor leiðin okkur finnst vera vænlegri, að skapa almenna reglu fyrir kvikmyndaiðnaðinn í landinu í heild sinni eða þá að reyna að fara þá leið sem við höfum verið að fara í stóriðjunni, að gera sérstaka fjárfestingarsamninga, en þá höfum við líka að verið að tala um fjárfestingu sem er af þeirri stærðargráðu sem ég minntist á áðan.

[16:44]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 114. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 114.

Almenn hegningarlög, 115. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 115.

Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, 116. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 116.

Þingsköp Alþingis, 112. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 112.

Þjónustukaup, 113. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 113.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 16:45.

---

11. FUNDUR

fimmtudaginn 15. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 77. mál, þskj. 77. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar, beiðni um skýrslu, 82. mál, þskj. 82. *Hvort leyfð skuli.*

4. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1997.

5. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1996.

6. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, stjfrv., 109. mál, þskj. 109. — 1. umr.

7. Dreifðir gagnagrunnar á heilbrigðissviði og persónuvernd, þáltill., 97. mál, þskj. 97. — Fyrri umr.

8. Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga, frv., 105. mál, þskj. 105. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Magnús Árni Magnússon, 15. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Afkoma Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, 118. mál, fsp. MS, þskj. 118.

Áfengisauglýsingar, 119. mál, fsp. KÁ, þskj. 119.

Lækkun álverðs og orkuverðs, 117. mál, fsp. SvG, þskj. 117.

Vinnumarkaðsaðgerðir, 85. mál, frv. KÁ og ÖJ, þskj. 85.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1997.

[10:34]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Fyrir hönd forsn. Alþingis mæli ég fyrir starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1997. Lögum samkvæmt ber stofnuninni að semja skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Ársskýrslan var gefin út og birt í maímánuði sl. Með sama hætti og á liðnum árum mun ég hér á eftir gera grein fyrir því helsta úr skýrslunni auk þess sem ég mun víkja að nokkrum öðrum atriðum er tengjast starfsemi stofnunarinnar.

Svo sem ráða má af skýrslunni var starfsemi Ríkisendurskoðunar á síðasta ári með hefðbundnu sniði. Í samræmi við lögbundið hlutverk sitt fór stofnunin yfir og endurskoðaði reikningsskil ríkissjóðs og ríkisaðila, gekk úr skugga um að fjárráðstafanir og fjárskuldbindingar þeirra styddust við

tilskildar heimildir auk þess sem hún lauk við nokkur verkefni á sviði stjórnsýsluendurskoðunar en í slíkri endurskoðun felst að kanna hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri einstakra stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins.

Starfsmenn í föstum stöðugildum hjá Ríkisendurskoðun voru alls 42 á árinu 1997 sem er sami starfsmannafjöldi og árið á undan. Hjá stofnuninni störfuðu einnig sex starfsmenn sem voru tíma- eða verkefnaráðnir. Útgjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum námu alls 171,5 millj kr. á síðasta ári samanborið við 161,2 millj. kr. á árinu 1996. Sé tekið tillit til launa- og verðlagsbreytinga á milli áranna hækkuðu útgjöldin að raungildi um 2,4%. Aukning útgjalda skýrist að verulegu leyti af auknum ferðakostnaði vegna endurskoðunar alþjóðastofnana ásamt úttekt bresku ríkisendurskoðunarinnar á stofnuninni.

Almennt má segja að útgjöld stofnunarinnar hafi verið mjög svipuð frá einu ári til annars á liðnum árum og ætið hafa þau verið vel innan fjárheimilda. Af einstökum liðum námu launaútgjöld 125,9 millj. kr., en það svarar til 69% af heildarútgjöldum stofnunarinnar á árinu 1997. Annar stærsti útgjaldaliðurinn er aðkeypt þjónusta, en hún nam um 30,6 millj. kr. á árinu 1997, eða sem svarar til tæplega 17% af heildargjöldum. Hér er fyrst og fremst um að ræða aðkeypta þjónustu af löggiltum endurskoðendum sem starfa í umboði Ríkisendurskoðunar við endurskoðun ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins. Á árinu 1997 voru í gildi samningar við 28 endurskoðunarstofur um endurskoðun á 96 ríkisaðilum. Verkefnum þessum sinna skrifstofurnar í umboði Ríkisendurskoðunar og í samráði við hana. Kostnaðurinn er borinn af Ríkisendurskoðun ef um A-hluta stofnun er að ræða en annars af viðkomandi ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki.

Stofnunin heldur mjög nákvæmt verkbókhald. Samkvæmt því skiluðu starfsmenn hennar alls 60.949 vinnustundum við endurskoðun og tengd verkefni. Þessu til viðbótar keypti stofnunin 5.723 tíma af sjálfstætt starfandi löggiltum endurskoðendum. Heildarvinnustundafjöldi var því tæplega 66.700 á síðasta ári samanborið við 67.300 á árinu 1996. Til fróðleiks skal þess getið að kostnaður við hverja unna vinnustund samkvæmt verkbókhaldi stofnunarinnar nam um 2.457 kr. á síðasta ári samanborið við rúmar 2.400 kr. á árinu 1996. Á hinn bóginn greiddi stofnunin fyrir aðkeypta sérfræðiþjónusta á sviði endurskoðunar 4.448 kr. á síðasta ári, en rétt rúmar 3.600 kr. á árinu 1996.

Stofnunin gerir verkefnaáætlun fyrir hvert ár. Þar er lagður grunnur að sérstökum endurskoðunarverkefnum og helstu áhersluþættir markaðir. Grunnur þessara áætlana er áðurnefnt verkbókhald. Á síðasta ári var gert ráð fyrir að verja liðlega 37.300 vinnustundum til fjárhagsendurskoðunar og 6.600 vinnustundum til verkefna á sviði stjórnsýsluendurskoðunar. Í meginatriðum stóðust þessar áætlanir. Á sviði fjárhagsendurskoðunar var sérstök áhersla lögð á að kanna innra eftirlit stofnana, laun- og starfstengda liði ásamt því að meta hvort fjárhagsupplýsingar séu nýttar til stjórnunar og eftirlits. Alls var endurskoðað hjá 271 ríkisaðila.

Á árinu 1997 sendi stofnunin frá sér alls 157 skýrslur og greinargerðir. Af þeim voru 146 unnar á fjárhagsendurskoðunarsviðum stofnunarinnar og ellefu af starfsmönnum stjórnsýslu- og lögfræðisviða. Skýrslur um fjárhagsendurskoðun eru að jafnaði ekki gerðar opinberar. Í árlegri skýrslu stofnunarinnar um ríkisreikning, sem lögð er fram hér á Alþingi og er opinbert gagn, er þó venjulega gerð grein fyrir meginefni framangreindra skýrslna og greinargerða. Skýrslur stjórnsýslusviðs stofnunarinnar eru á hinn bóginn öllum aðgengilegar. Þær eru eðli málsins samkvæmt langtum færri en skýrslur um fjárhagsendurskoðun en á móti kemur að þær eru mun umfangsmeiri. Helstu skýrslurnar frá stjórnsýslusviðinu voru um hafnarframkvæmdir, flugvallarframkvæmdir, læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins og skipulag skattkerfanna á Norðurlöndum. Þá vann stofnunin m.a. greinargerð um þróun útgjalda sjúkrahúsanna í Reykjavík auk annars. Í starfsskýrslunni er gerð grein fyrir því helsta úr skýrslum þessum.

Eins og ég hef minnst á í fyrri ræðum mínum um störf Ríkisendurskoðunar er stofnuninni að lögum heimilt að fela löggiltum endurskoðendum að annast einstök verkefni sem henni er falið að sinna. Um árabil hefur stofnunin samið við sjálfstætt starfandi löggilta endurskoðendur um að sinna tilteknum verkefnum á sviði fjárhagsendurskoðunar. Einkum hefur hér verið um að ræða endurskoðun reikninga stofnana og sjóða í B-hluta ríkisreiknings og sjálfseignarstofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs.

Ljóst er að sum af þeim verkefnum sem stofnuninni ber að sinna á sviði fjárhagsendurskoðunar og sem hún hefur í hyggju að fela öðrum að annast eru svo stór og umfangsmikil að þau ber að bjóða út samkvæmt reglum EES. Má hér einkum nefna verkefni á borð við endurskoðun banka og sjóða í eigu ríkisins. Útboð af þessu tagi hefur nú farið fram á vegum stofnunarinnar og er ljóst að nokkur fjárhagslegur ávinningur hlýst af þessu fyrirkomulagi. Mun þetta vera í fyrsta skipti hér á landi sem endurskoðunarþjónusta er boðin út með þessum hætti, en slíkt er algengt víða erlendis.

Könnun á innra eftirliti stofnana og fyrirtækja er svið sem fer ört vaxandi innan endurskoðendastéttarinnar. Í lögum um Ríkisendurskoðun sem afgreidd voru hér á Alþingi vorið 1997 er sérstaklega kveðið á um að stofnunin skuli kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur. Við þessum nýju lagafyrirmælum hefur Ríkisendurskoðun brugðist skjótt, en síðastliðin tvö ár hefur hún unnið markvisst að því að kanna innra eftirlit hjá ríkisstofnunum við fjárhagsendurskoðun. Er nú unnið að því að gefa út sérstaka handbók til að vekja athygli stjórnenda á þessu mikilvæga sviði og er ætlunin að dreifa henni til allra ríkisstofnana þegar henni verður lokið. Mun það vonandi skila sér í markvissari og árangursríkari rekstri ríkisstofnana á komandi árum.

Endurskoðun upplýsingakerfa er einnig mikilvægt svið sem vaxið hefur jafnt og þétt á undanförnum árum. Ríkisendurskoðun hefur um nokkurt skeið unnið að því að móta sér verklagsreglur um þessa tegund endurskoðunar og byggir stofnunin í því sambandi á alþjóðlegum stöðlum. Á árinu 1997 vann stofnunin sérstaka skýrslu um vandamál tengd ártalinu 2000 í rekstri tölvukerfa ríkisins. Skýrslan vakti marga stjórnendur ríkisstofnana til umhugsunar um þetta mikilvæga málefni. Hjá stofnuninni er nú í vinnslu skýrsla um rekstrartruflanir í tölvukerfum ríkisins og kemur hún út innan skamms.

Fyrir stofnun á borð við Ríkisendurskoðun, sem sinnir ekki aðeins hefðbundinni endurskoðun, heldur og ráðgjöf í formi álits- og greinargerða og eftirliti, er mjög brýnt að fylgjast með og aðlaga sig að þróun og breyttum tímum. Þetta á bæði við um ytri starfsskilyrði, svo sem lagaramma sem dreginn er um starfsemina, og hið innra skipulag og verklag. Að mínu áliti hefur Ríkisendurskoðun brugðist vel við þeim breytingum sem átt hafa sér stað í rekstrar-

umhverfi ríkisins á undanförnum árum. Í því sambandi ber sérstaklega að nefna að stofnunin hefur nú lokið við að móta sér verklagsreglur um allflesta þætti þeirrar vinnu sem henni er falin lögum samkvæmt með útgáfu sérstakra endurskoðunarhandbóka. Nú mun vera unnið að því að móta verklag um umhverfisendurskoðun innan stofnunarinnar, en nýverið voru ráðnir tveir sérfræðingar á sviði umhverfismála til að vinna að þessum málaflokki í framtíðinni.

Í verkefnaáætlun Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1999 gerir stofnunin ráð fyrir að verja alls um 65.000 vinnustundum í endurskoðun samanborið við áætlun um 61.000 tíma á yfirstandandi ári. Þessi vinnustundaaukning kemur fram í aukinni áherslu á stjórnsýslu- og umhverfisendurskoðun innan stofnunarinnar á næsta ári. Með sama hætti er gert ráð fyrir að útgjöld Ríkisendurskoðunar aukist nokkuð eða um rúmar 9 millj. kr. að frádregnum sértekjum. Undanfarið hefur stofnunin unnið að því að ráða til sín fólk til að sinna þessu aukna verkefnaumfangi og mun því nú að mestu vera lokið.

Að lokum vil ég, herra forseti, flytja fyrir hönd forsætisnefndar Ríkisendurskoðun og starfsmönnum Ríkisendurskoðunar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

[10:46]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til að þakka fyrir þá skýrslu sem hér er birt, starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar 1997. Ég vil nú sem stundum áður kvitta fyrir það að ég tel Ríkisendurskoðun vera stofnun sem stendur fyrir sínu. Hún hefur staðið sig vel að flestu leyti og hefur í raun og veru skapað Alþingi nýja aðhaldsmöguleika sem gerir þjóðfélagið betra og opnara vegna þess að það skiptir máli að almenningur í landinu viti hvað er að gerast í ríkisrekstrinum og það komi fram með skipulegum, sanngjörnum og heiðarlegum hætti. Ég tel að starfsmenn Ríkisendurskoðunar hafi unnið frábært starf í þessu efni sem ástæða er til að þakka fyrir nú eins og áður, menn mega ekki gleyma að þakka fyrir þó að þetta hafi staðið nú um alllangt skeið.

Það sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar að þessu sinni, sem ég vil líka vekja sérstaka athygli á, er niðurstaða bresku ríkisendurskoðunarinnar um starfsemi Ríkisendurskoðunar. Þar er um að ræða mjög jákvæða skýrslu sem ég hygg að hafi komið til umræðu síðast þegar við ræddum um ársskýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég átti kost á að kynnast því ásamt nokkrum fleiri hv. þm. að Ríkisendurskoðun okkar er mikils metin af þeim sem þekkja til faglega og vita um hvað þessi mál snúast og breska ríkisendurskoðunin er raunar alveg einstök að því leytinu til. Hún er sú elsta í veröldinni sem stendur undir nafni, eins og fleira gott í því landi, og í raun má mjög margt af henni læra. Og það verður að segjast eins og er að Ríkisendurskoðunin hér hefur lært mjög margt af bresku ríkisendurskoðuninni og núverandi ríkisendurskoðandi okkar hefur gert sér far um að reyna að setja sig inn í það sem þar er verið að gera.

Eitt af því sem hefur tíðkast í Bretlandi um áratuga skeið, ég hygg í eina öld eða svo ef ég man rétt, er að þar er sérstök nefnd í þinginu sem fer yfir málin, fer yfir skýrslur ríkisendurskoðunar og ræðir þær. Ég átti kost á því ásamt fleiri þingmönnum að vera viðstaddur fund í þessari sérstöku ríkisendurskoðunarnefnd í breska þinginu þar sem aðilar frá bresku vatnsveitunum voru kallaðir til, sérstaklega til að reyna að átta sig á því hvernig einkavæðing þeirra hefði gengið fyrir sig, og var afar fróðlegt að kynnast því hvernig þar var unnið, bæði hvernig starfsmenn ríkisendurskoðunarinnar og nefndarinnar undirbjuggu sig og það var líka fróðlegt að heyra hvernig þeir sem voru þar í fyrirsvari svöruðu fyrir sig og höfðu greinilega vandað sig vegna þess að þeir gerðu sér grein fyrir því að þessi ríkisendurskoðunarnefnd í breska þinginu er mikilvæg og hún spyr spurninga sem skipta máli.

Af þeim ástæðum er það sem ég hef hreyft því mjög oft um langt skeið að til verði svipuð nefnd hér, og fjölmargir aðrir þingmenn hafa einnig gert það. Að til verði nefnd sem fari yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar, ræði þær og komist að niðurstöðu um þær og ég tel að það sé okkur til vansa að hafa ekki lokið því máli hvernig með þessar skýrslur verði farið.

Ég tel að í raun og veru séu tvö kerfi uppi í grannlöndum okkar sem ætti að styðjast við. Annað er breska kerfið þar sem er um að ræða tiltekna nefnd sem vinnur mjög náið með ríkisendurskoðuninni en hefur þá sérstöðu meðal allra annarra nefnda í breska þinginu að hún er undir forustu stjórnarandstöðunnar og það stendur í þingsköpunum, lögunum og reglunum að þessi nefnd eigi að vera undir forustu stjórnarandstöðunnar. Þannig ætti það að vera hér líka að mínu mati, að nefnd af þessu tagi væri undir forustu stjórnarandstöðunnar á hverjum tíma, nefnd sem færi yfir allar skýrslur Ríkisendurskoðunar, og jafnvel reyndar einnig umboðsmanns Alþingis líka, en sérstaklega Ríkisendurskoðunar eins og hér er verið að ræða um.

Í öðru lagi finnst mér að slík nefnd og vinnubrögð í þinginu ættu að taka mið af þeirri reynslu sem núna liggur fyrir og er mjög góð í danska þinginu. Þar er þetta þannig að ákveðin nefnd fjallar um þessar skýrslur. Sú nefnd kemst að niðurstöðum og hún afgreiðir alltaf skýrslurnar með niðurstöðum. Hún segir: Það er ekki ástæða til að halda þessu máli áfram eða ástæða er til að fara fram á það við menntmn. þingsins að hún skoði málið betur eða að ástæða sé til þess að að fara fram á það við viðkomandi stofnun, Vegagerð ríkisins, Hafnamálastofnun eða hvað það nú væri í okkar tilviki, að gefa betri skýringar á því sem um væri að ræða. Í fjórða lagi segir hún að nauðsynlegt sé að viðkomandi ráðuneyti, samgrn., menntmrn., félmrn. eða hvað það nú er, taki á þessu máli sérstaklega. Og í síðasta lagi er stundum sagt að nauðsynlegt væri að breyta lögum og nefndin beinir því til viðkomandi þingnefnda að þær undirbúi það að lögum verði breytt.

Þetta er það sem hér á að gera, herra forseti, og mér finnst engin ástæða til að ljúka þessu þingi, sem er nýhafið, öðruvísi en að taka þessar ákvarðanir á því þannig að þær taki gildi þegar þingið kemur saman aftur eftir kosningar. Það er algerlega fráleitt að láta þetta mál liggja. Vandinn og veruleikinn er sá, það þekkjum við sem höfum verið hér lengi, að nýtt þing og nýtt kjörtímabil þarf alltaf dálítið tilhlaup að málum eins og t.d. þessu. Ef þetta mál væri látið detta niður núna, þá er hætt við að ekki yrði farið í málið fyrr en seint á næsta kjörtímabili. Þess vegna segi ég það sem mína skoðun og vil spyrja hæstv. forseta hvort tekið verði á þessu máli. Verður það gert? Það er einfalt að svara því með já eða nei. Þingið er stutt og það þarf að skipuleggja verkin og það er hægt að ákveða þetta núna og það á að gera það vegna þess að þessi vinna Ríkisendurskoðunar svo góð sem hún er nýtist ekki þinginu eða þjóðinni sem skyldi meðan þessa eftirfylgni vantar. Ég fer fram á það að hæstv. forseti tjái sig um þetta mál vegna þess líka að á síðasta þingi lágu

fyrir drög að heildarendurskoðun á þingsköpunum eins og þau leggja sig. Það var stoppað hér í fyrra vegna þess að stjórnarandstaðan leyfði sér að greiða atkvæði á móti því að tiltekið frv. yrði tekið fyrir með afbrigðum. Þá reiddust goðin er hraunið rann er vér nú stöndum á. Það var því ekkert gert í því máli og frv. er enn þá í skúffu.

Nú er það hins vegar svo að hafið er nýtt þing og hæstv. forseti hefur því miður lýst því yfir að hann ætli ekki að bjóða sig fram aftur til þings. Það getur náttúrlega breyst. Það veit enginn hvað kemur út úr þessu prófkjöri í Reykjanesi hjá íhaldinu en ég heiti á hæstv. forseta að beita sér fyrir því á þinginu núna að ljúka þessu dæmi. Og ég lýsi því yfir af minni hálfu að ég styð hann í þeim efnum, enda gangi hann vasklega fram og lýsi því jafnframt yfir að ef það gengur ekki upp, þá er ég reiðubúinn til að flytja frv. vegna þess að það er tilbúið, að vísu ofan í skúffu, en það er ekki verri skúffa en ýmsar aðrar. Það er hægt að draga þetta mál fram og flytja það og ég er viss um að það er vilji til þess bæði hjá þingmönnum stjórnar og stjórnarandstöðu því að núverandi kerfi að Ríkisendurskoðun framleiði þessar skýrslur og ekkert eða lítið gert með þær nema fjalla um þær í fjölmiðlum, það er oft ágætt, það er ekki nógu gott fyrir virðingu Alþingis sem okkur er öllum alveg gasalega annt um eins og alþjóð veit, herra forseti.

[10:55]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil eins og síðasti hv. ræðumaður þakka hæstv. forseta þingsins, hv. 1. þm. Reykn., fyrir þá skýrslu sem hann hefur flutt Alþingi um starfsemi Ríkisendurskoðunar á árinu 1997. Það ber auðvitað enn og aftur að undirstrika vegna þess að það hefur margoft sýnt sig að starfsemi Ríkisendurskoðunar hefur margsannað sig og sýnt að hún er *mjög mikilvæg þingmönnum og Alþingi við að sinna* mikilvægu hlutverki sem er eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Á þeim árum sem Ríkisendurskoðun hefur starfað hefur margoft komið fram hve mikilvæg þessi stofnun er en hlutverk hennar er kannski ekki síst að sjá til þess að fjármunum skattgreiðenda sé ráðstafað á skilvirkan hátt.

Eins og fram kemur í skýrslunni voru ný lög sett um Ríkisendurskoðun á árinu 1997 og þar voru ýmis nýmæli, kannski nákvæmari heimildir um stjórnsýsluendurskoðun en líka að því er varðar umhverfisendurskoðun sem mun örugglega vega þungt í nánustu framtíð.

Í þeim lögum sem samþykkt voru 1997 var vissulega margt til bóta en ég hefði þó talið að þar mætti gera raunverulega enn betur til að styrkja möguleika þingmanna til að sinna eftirlitsskyldu sinni með framkvæmdarvaldinu, þ.e. að þingmenn eða a.m.k. þingflokkar hefðu beinan aðgang að Ríkisendurskoðun en ekki fyrir atbeina forsætisnefndar. Ég hefði talið að það mundi styrkja mjög og auðvelda eftirlit þingmanna með framkvæmdarvaldinu.

Ég held að gagnsemi Ríkisendurskoðunar hafi líka komið í ljós að því er varðar framkvæmdarvaldið, en á umliðnum missirum hafa allt of oft komið röng svör frá ráðherrum til þingmanna. Þar hefur Ríkisendurskoðun reynst ómetanleg til að upplýsa það rétta í viðkomandi máli.

Í þeirri skýrslu sem við fjöllum um núna kemur fram, með leyfi forseta, að „á árinu 1997 var sérstök áhersla lögð á skoðun á innra eftirliti og athugun launa- og starfstengdra liða.“ Þar kemur einnig fram, með leyfi forseta, sem ég vil vitna í að „þegar á heildina er litið virðist nokkuð skorta á að innra eftirlit sé nýtt sem stjórntæki til að bæta árangur í rekstri ríkisstofnana. Þá voru m.a. gerðar athugasemdir vegna launakostnaðar og viðveruskráningar hjá yfir helmingi þeirra stofnana sem endurskoðaðar voru.“

Þetta er ansi hátt hlutfall að þurft hafi að gera athugasemdir við launakostnað og viðveruskráningu hjá yfir helmingi þeirra stofnana sem endurskoðaðar voru. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort hann viti — af því mér gafst ekki tími til að skoða það nánar eða fara yfir það — í hverju athugasemdir varðandi launakostnaðinn hafa helst verið fólgnar.

Það er líka mjög athyglisvert sem fram kemur í skýrslunni að „áætlun um fjárhagsendurskoðun ríkisaðila gerir ráð fyrir að eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti séu allar stofnanir og fjárlagaliðir endurskoðaðir rækilega. Síðastliðin fjögur ár hefur stofnunin unnið að þessu marki og náðist það í megindráttum í árslok 1996.“ Ég tel mjög mikilvægt að það markmið hafi náðst fram, að eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti séu allar stofnanir og fjárlagaliðir endurskoðaðir rækilega.

Það kemur fram í þessari skýrslu og kom reyndar fram í máli hv. 1. þm. Reykn. að stofnunin þarf að leita mikið til sjálfstætt starfandi löggiltra endurskoðenda af því að starf Ríkisendurskoðunar er mjög umfangsmikið, að í gildi eru samningar við 28 endurskoðunarskrifstofur eða voru það í árslok 1996 og að hátt í 6.000 tímar séu keyptir sem er nauðsynlegt vegna þeirrar víðtæku starfsemi sem þarna fer fram. Maður veltir fyrir sér hvort það hafi verið skoðað hvort hagkvæmara sé að gera þetta svona, þ.e. að kaupa þetta út hjá sjálfstætt starfandi löggiltum endurskoðunarskrifstofum eða hvort það borgi sig að auka við umfang stofnunarinnar til að hún geti sjálf sinnt þessu. Ég spyr um það hvort hæstv. forseta þingsins og frsm. þessarar skýrslu sé kunnugt um *hvort farið hafi fram einhver samanburður á því hvort er* hagkvæmara.

Ég tók líka eftir því að hv. frsm. nefndi að farið hafi fram útboð, eða fari fram, á endurskoðunarþjónustu þegar hún er mjög umfangsmikil og er það auðvitað mjög gott að það skuli gert. Ég vil í því sambandi minnast á bréf sem *þingflokkur jafnaðarmanna sendi forsn. Alþingis 11. mars* 1998 þar sem þingflokkurinn fór fram á endurskoðun hjá ríkisviðskiptabönkunum og Seðlabanka. Bréfið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 3. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, getur forsn. að ósk þingmanns krafist skýrslna um einstök mál er falla undir Ríkisendurskoðun. Með heimild í 3. gr. óskar þingflokkur jafnaðarmanna eftir því að Ríkisendurskoðun framkvæmi sérstaka endurskoðun hjá ríkisbönkum og Seðlabanka.

Tilefni þessarar beiðni er að á undanförnum mánuðum og missirum hafa komið fram upplýsingar á Alþingi um ýmislegt í starfsemi bankanna og rekstri sem kallar á úttekt. Auk þess ber brýna nauðsyn á sérstakri úttekt á ríkisviðskiptabönkum fyrir formbreytinguna til þess að hægt verði að leggja mat á hagkvæmni hlutafélagavæðingu bankanna.

Þingflokkur jafnaðarmanna leggur áherslu á að þessari endurskoðun verði hraðað eftir föngum.“

Undir þetta ritar formaður þingflokks jafnaðarmanna, Rannveig Guðmundsdóttir.

Nú er nokkuð um liðið síðan beðið var um þessa stjórnsýsluúttekt á bönkunum og Seðlabanka. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hann viti nokkuð hvað þeirri endurskoðun líður, hvort honum sé kunnugt um hvort fram hafi farið útboð að

því er varðar endurskoðun á bönkunum sem hann nefndi, af því að ég hjó eftir því í máli hans að hann nefndi einmitt sérstaklega úttekt á bönkunum sem stórt verkefni, og hvort útboðið sem hann nefndi tengist þessu bréfi og beiðni frá þingflokki jafnaðarmanna um úttekt og endurskoðun á ríkisviðskiptabönkunum og Seðlabanka. Það er mikilvægt, herra forseti, að niðurstaðan af slíkri úttekt liggi fyrir sem fyrst.

Ég vil líkt og hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, ítreka nauðsyn þess að sett verði á laggirnar sérstök nefnd til að fjalla um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þetta er, eins og hv. þm. nefndi, ekki í fyrsta skipti sem sú krafa kemur úr þessum ræðustól frá hv. síðasta ræðumanni, þeirri sem hér stendur og reyndar fleirum. Ég veit ekki annað en að forseti hafi tekið vel undir það og sett reyndar fram sjálfur að slíkt sé nauðsynlegt, þ.e. að það sé sérnefnd sem fjalli um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Mér er raunverulega ekki kunnugt um að nokkur andstaða, herra forseti, sé við því að setja á laggirnar slíka nefnd. Svo mikilvæg sem Ríkisendurskoðun er í öllum störfum þingsins þá er auðvitað lágmark að skýrslan fái sérstaka umfjöllun í nefnd og að sú nefnd skili síðan niðurstöðu sinni til þingsins aftur þannig að þá sé hægt að fara yfir málið. Ég hygg því að hér skorti fyrst og fremst á framkvæmdina, það að koma þessu í verk frekar, en að mikil andstaða sé, svo mér sé kunnugt, hér í þinginu. Ég vil því líkt og síðasti ræðumaður spyrja hvort þess sé ekki að vænta að menn bretti upp ermar og komi því í verk að það verði sérnefnd sem fjalli um skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Reyndar vil ég líka spyrja hæstv. forseta hvort við megum vænta þess að endurskoðun almennt á þingsköpunum sé í undirbúningi. Það hafa verið að koma fram ýmis mál sem snerta breytingar á þingsköpum. Ég hef nú flutt í annað ef ekki þriðja sinn frv. um að komið verði á fót sérstökum rannsóknarnefndum sem geti að eigin frumkvæði fjallað um og rannsakað önnur mál en þau sem ríkið vísar til þeirra, svo sem framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varðar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það komi til sérstakrar skoðunar og umfjöllunar. Þetta mál hefur ekki fengið mikla umfjöllun í nefnd sem því var vísað til á síðasta þingi, þ.e. hv. allshn., einmitt vegna þeirra raka meiri hlutans að verið væri að fjalla um breytingar á þingsköpunum. Að þessu gefna tilefni spyr ég hæstv. forseta hvort þetta mál hafi sérstaklega verið skoðað. Það snertir jú aðbúnað og möguleika þingmanna til þess að sinna eftirlitsskyldu sinni með þinginu ekki síður en starfsemi Ríkisendurskoðunar, ef komið verður á fót sérstökum rannsóknarnefndum í þinginu.

Ég vil líka nefna nauðsyn þess að sérstök nefnd fjalli um þessa skýrslu af því að ég sakna þess í skýrslunni, ég hef ekki rekist á það við fljóta yfirferð að þess sé getið í skýrslunni hvernig hinar ýmsu ríkisstofnanir sem Ríkisendurskoðun skoðar bæði fjárhagsendurskoðun og stjórnsýsluendurskoðun, framfylgja svo þeim ábendingum sem koma frá Ríkisendurskoðun vegna þess að oft er um það að ræða að Ríkisendurskoðun er með mjög gagnmerkar og nauðsynlegar ábendingar um það sem betur má fara í stjórnsýslu einstakra stofnana sem snerta bæði framkvæmdaatriði innan viðkomandi stofnunar og eins kannski breytingar á lögum og reglum. Mér hefur skilist að stofnanirnar hafi bærilega framfylgt þessu og gert úrbætur í samræmi við þær athugasemdir sem Ríkisendurskoðun hefur gert. Engu að síður finnst mér að í þessa skýrslu skorti það að við höfum eitthvert yfirlit um það hvernig stofnanirnar hafa brugðist við og hvað það er sem út af stendur og þær ekki hafa brugðist við. Það er auðvitað verkefni þeirrar nefndar sem við hv. þm. Svavar Gestsson erum að kalla eftir, að fara rækilega yfir hvernig stofnanirnar framfylgi þeim úrbótum sem Ríkisendurskoðun kallar eftir og hvað stendur út af og hvernig þingið sjálft geti brugðist við ýmsum athugasemdum frá Ríkisendurskoðun sem hugsanlega snúa að lagabreytingum, t.d. ábendingum um reglugerðarbreytingar sem ráðherrar framfylgja ekki o.s.frv.

Ég vil spyrja hæstv. forseta um vitneskju hans um það hvernig að því hefur verið staðið og hvort það sé umkvörtunarefni ríkisendurskoðanda að brögð séu að því að ábendingum hans sé ekki framfylgt af hálfu stofnana sem hann framkvæmir fjárhagsendurskoðun eða stjórnsýsluendurskoðun hjá.

Herra forseti. Mér finnst mjög athyglisverð sú tafla sem kemur fram í skýrslunni á bls. 12, þar sem er skipting heildartíma fjárhagsendurskoðunar eftir ráðuneytum. Það er aðallega fjmrn. sem mestur tími fer í varðandi fjárhagsendurskoðun og auðvitað er á því skýring. En þetta er mjög mismunandi eftir ráðuneytum og nánast ekkert hjá viðskrn. Lítill tími hefur farið í endurskoðun að því er varðar stofnanir sem heyra undir það. Ég nefndi bankana áðan. Ég veit ekki til þess að nokkru sinni frá því að þessi stofnun tók til starfa hafi farið fram stjórnsýsluendurskoðun á bönkunum. Ég held að við höfum orðið vitni að því á síðasta þingi að það er full þörf á því. Þessi tafla og súlurit vöktu athygli mína á því hve mjög mismunandi það er hvernig heildartími í fjárhagsendurskoðun skiptist milli ráðuneyta, en þar er mjög mikill munur á.

Ég sé að tíma mínum er lokið og vil segja að hér er mjög góð skýrsla á ferðinni, að vísu ábótavant eins og ég nefndi að því er varðar það að við fáum betri vitneskju um það hvernig stofnanir sinna þeim umbótum sem Ríkisendurskoðun beinir til þeirra. En ég vænti þess að hæstv. forseti sem hefur framsögu í þessu máli geti eitthvað hér úr bætt að því er svör við því varðar.

[11:11]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1997 liggur hér fyrir til umræðu. Ég vil þakka þá skýrslu sem er greinileg og gefur góða mynd af starfsemi stofnunarinnar að vanda. Ég kem einkum upp til að þakka samskipti Ríkisendurskoðunar og fjárln. sem eru margvísleg. Ríkisendurskoðun hefur gefið greinargerðir um afkomu ríkissjóðs og stöðu mála á hverjum tíma og það hefur verið farið yfir þær í fjárln. Ríkisendurskoðun hefur gefið skriflegar umsagnir um fjáraukalög á síðustu árum. Sú skipan hefur verið tekin upp nefndarmönnum til hægðarauka. Ríkisendurskoðun hefur veitt nefndinni margvíslega aðstoð en eins og segir í lögum um hana þá er það eitt af hlutverkum hennar að aðstoða þingnefndir. Fjárln. hefur nýtt sér það á margan hátt. Starfsmenn Ríkisendurskoðunar hafa verið nefndarmönnum hjálplegir og gefið upplýsingar í vinnu þegar nefndarmenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, eru að undirbúa nál. og undirbúa 2. og 3. umr. fjárlaga. Fyrir þetta vil ég þakka við þetta tækifæri. Samskipti nefndarinnar við stofnunina hafa verið með ágætum.

Ég átti þess kost ásamt hv. 8. þm. Reykv. sem talaði hér áðan að kynna mér starfsemi bresku ríkisendurskoðunarinnar og sat þá nefndarfundi í breska þinginu sem starfsmenn hennar undirbjuggu með þeirri „control"-nefnd sem þar er. Ég tek undir að það var einkar fróðlegt. Það vakti athygli hve

fundurinn var vel undirbúinn af beggja hálfu, en tilefnið var að yfirheyra forstjóra vatnsveitnanna í Yorkshire til þess að komast að raun um hvernig einkavæðing þeirra hefði tekist. Þetta var mjög fróðlegt á að hlýða.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að hér vantar ákveðinn skýran þinglegan farveg fyrir skýrslur Ríkisendurskoðunar. Við höfum t.d. í fjárln. kallað á starfsmenn hennar til að fara yfir ýmsar skýrslur sem við teljum að komi fjárhag ríkissjóðs sérstaklega við. En okkur vantar skýran og þinglegan farveg og fyrirmæli til að fylgja þeim eftir. Umræðan hefur hnigið að því hér eins og fram hefur komið í umræðunni að stofna sérnefnd í þessu skyni.

Mér er ekki kunnugt um hvar sú endurskoðun sem stendur yfir á þingsköpum er á vegi stödd. Ég hef ekki átt aðild að þeirri endurskoðun. Eðlilegt er auðvitað að skipan nefndar fylgi þeim ákvörðunum ef breytingar eru gerðar og verði þá flutt frumvarp um allar þær breytingar. Það hafa oft fallið yfirlýsingar um það frá mér áður að mér finnist eðlilegt að starfandi sé nefnd í Alþingi sem taki þessar skýrslur til þinglegrar meðferðar og skili áliti um þær á þskj.

Ég tel að Ríkisendurskoðun sé sá farvegur sem þingið á að nota til að gera fjárhagsendurskoðanir og rannsóknir á fjárreiðum stofnana. Ég er ekki hrifinn af þeirri hugmynd að þingið fari að stofna sérstakar rannsóknarnefndir til þess að kalla menn til yfirheyrslu. Ég tel að Ríkisendurskoðun sé sá aðili sem eigi að gera slíkt og leggja niðurstöður sínar síðan fyrir þingið. Það er áríðandi að festa þá skipan í sessi. Ég er ekki fylgismaður þeirra rannsóknarnefnda sem hv. 13. þm. Reykv. nefndi í umræðunni. Það tel ég að sé hlutverk Ríkisendurskoðunar en ég tel að það sé hlutverk þingsins að taka við þeim skýrslum sem koma frá stofnuninni og ákveða þá hvað þingið geri í framhaldi af þeim.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Erindi mitt hingað var að undirstrika mikilvægi þessarar stofnunar þingsins og þakka fyrir þau samskipti fyrir hönd fjárln. sem nefndin hefur átt við stofnunina.

[11:18]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns hvað áhrærir ágæti þessarar skýrslu og jafnframt það líka að ég tel að Ríkisendurskoðun sé sá farvegur sem Alþingi á að byggja afstöðu sína á til ýmissa mála hvað áhrærir áður veittar fjárveitingar til ýmissa ríkisfyrirtækja. Ég tel að rétt sé og kannski umhugsunarefni hvort ekki megi betur ná samspili milli Alþingis og Ríkisendurskoðunar hvað þessi mál áhrærir almennt.

Þegar litið er yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram á bls. 14 ágætt yfirlit yfir það að breska ríkisendurskoðunin hafi komið hingað til lands og litið á starfsemi Ríkisendurskoðunar hér á landi og telji margt ágætt um þá starfsemi. Það sem hins vegar vekur athygli mína er að þær ábendingar sem fram hafa komið af hálfu bresku ríkisendurskoðunarinnar í garð Ríkisendurskoðunar hér á landi koma ekki allar fram. Ég hef a.m.k. ekki rekið augun í það hér að það hafi verið til umræðu á Alþingi eða þeim upplýsingum verið dreift um ádrepur bresku ríkisendurskoðunarinnar hvað varðar starfsemi hinnar íslensku. Það vekur þess vegna athygli og kallar á spurningar og svör við því sem hér stendur frá Ríkisendurskoðun þegar eftirfarandi textar eru lesnir. Með leyfi forseta, segir hér:

„Að mati NAO" — þ.e. bresku ríkisendurskoðunarinnar — „er lofsvert hversu margar skýrslur eru gefnar út á vegum stjórnsýsluendurskoðunarsviðs Ríkisendurskoðunar miðað við starfsmannafjölda."

Það er kannski eitt af þeim fyrirbrigðum sem hrjáir starfið hér á Alþingi, þessi ógrynni skýrslna sem gefnar eru út, þannig að ég hef ekki litið svo á að það væri mælikvarði á ágæti einhverrar ríkisstofnunar hversu margar skýrslur eru þar gefnar út. Í annan stað segir, með leyfi forseta:

„Þá kom einnig fram að æskilegt væri að lögð yrði meiri áhersla á eftirfylgni með skýrslum stofnunarinnar."

Það eru margar skýrslur gefnar út og svo ekki meir, og það er kannski einkenni þessarar ágætu ríkisstofnunar og margra annarra í öllu því skýrslugerðarflóði sem flýtur inn um dyr Alþingis og til alþingismanna. Eftirfylgni þeirra skýrslugerða sem unnar eru er mjög takmörkuð. Síðan segir, með leyfi forseta:

„NAO telur að Ríkisendurskoðun eigi sjálf að hafa meira frumkvæði við val á verkefnum í stjórnsýsluendurskoðuninni."

Þá vaknar sú spurning: Getur verið að það séu einhverjir aðrir aðilar sem segi þessari ágætu stofnun hvar hún eigi að drepa niður fæti til að endurskoða þá fjármuni sem Alþingi úthlutar til ýmissa ríkisfyrirtækja? Ég hef alltaf staðið í þeirri meiningu að það væri hún sjálf sem hefði frumkvæðið í einu og öllu hvað þetta mál varðar. Eðlilega koma upp dæmi þar sem bent er á í umræðum á Alþingi að betur þurfi að skoða mál og athuga innan ríkisfyrirtækis og það er ekkert óeðlilegt. En að Ríkisendurskoðun skuli ekki hafa meira frumkvæði en kemur fram í ádrepu bresku ríkisendurskoðunarinnar er umhugsunarefni. Hvernig má það þá vera, þegar þetta þrennt er borið upp og vitnað til, að þessar ádrepur komi ekki inn á borð Alþingis í einu og öllu? Þá vaknar upp sú spurning: Getur verið að dæmi séu um að Ríkisendurskoðun sé að endurskoða sjálfa sig? Eru einhver dæmi um það í starfsemi ríkisfyrirtækja að Ríkisendurskoðun sjái um bókhald eða endurskoðun bókhalds og endurskoði síðan sjálfa sig í því efni?

Það kom fram hér í framsögu að samið hefði verið við allmargar endurskoðunarskrifstofur um vinnu og kemur þá Ríkisendurskoðun að þegar endurskoðun þessara viðskiptaaðila, þ.e. endurskoðunarskrifstofa er lokið. En er það alfarið svo? Það má skilja hlutina þannig, og kannski skjátlast mér, en ég skil það á þá leið að dæmi séu um að Ríkisendurskoðun bæði framkvæmi og endurskoði svo sín eigin verk. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þær ábendingar sem fram komu af hálfu NAO eru réttmætar og gagnlegar að mati stofnunarinnar og hefur verið kappkostað við að hrinda þeim í framkvæmd undanfarna mánuði. Með þeim hætti er tryggður enn frekari árangur í starfsemi Ríkisendurskoðunar."

Það væri vissulega áhugavert að fá að sjá hvað þarna hefur komið fram, hvað það er sem breska ríkisendurskoðunin hefur haft við þessa starfsemi að athuga.

Ekki ætla ég að gagnrýna bresku ríkisendurskoðunina en er það hún ein sem getur gefið bestu ráðin sem fyrirfinnast í veröldinni? Er ekki eðlilegt að leitað væri jafnvel hér innan lands? Hér eru mörg fyrirtæki nú orðið sem vinna á þessu sviði og væri full þörf á að innlendir aðilar kæmu líka að til að skoða þessi vinnubrögð. Ekki það að ég sé að gagnrýna þau með neinum hætti heldur hitt að hér fleygir tækninni og tölvuvæðingunni fram og ég tel ekki óeðlilegt að hæfir Íslendingar, sem vinna hjá mörgum fyrirtækjum sem bjóða þessa þjónustu, kæmu þarna að til að skoða þessa hluti.

Í annan stað vildi ég aðeins grípa niður í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 16 og 17. Þar koma fram athugasemdir um tvö fyrirtæki, þ.e. annars vegar um hafnarframkvæmdir og hins vegar um flugvallarframkvæmdir. Varðandi hafnarframkvæmdirnar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun gerði sérstaka athugun á því hvernig staðið var að þeim hafnarframkvæmdum sem notið hafa styrks úr ríkissjóði og Hafnamálastofnun (nú Siglingamálastofnun Íslands) hefur umsjón með. ... Ríkisendurskoðun kannaði með úrtaki framkvæmd áætlana um hafnarframkvæmdir árið 1992–1995. Af þeim 62 framkvæmdum sem teknar voru út voru 43 af hafnaáætlun. Alls 21 framkvæmd var lokið á tilsettum tíma miðað við hafnaáætlun og var 22 framkvæmdum flýtt eða frestað. Ríkisendurskoðun bar saman kostnaðaráætlanir Hafnamálastofnunar við raunkostnað við hafnargerð. Sá samanburður sýndi að í mörgum tilfellum reynist kostnaður umfram þær nákvæmniskröfur sem gerðar eru til slíkra áætlana við opinberar framkvæmdir. Í ljós kom að ráðist var í nokkrar hafnarframkvæmdir án þess að útboð hafi farið fram þrátt fyrir að bæði hafnalög og lög um skipan opinberra framkvæmda mæli fyrir um að það skuli að jafnaði gert.“ — Síðan kemur: — „Við athugun á tæknilegu uppgjöri hverrar framkvæmdar kom í ljós að Hafnamálastofnun gerir ekki framkvæmdaskýrslur þegar framkvæmdum er lokið. Ríkisendurskoðun telur að Hafnamálastofnun eigi að gera slíkar framkvæmdaskýrslur fyrir hverja framkvæmd.“

Þá kemur í huga mér: Og hvað svo? Hvað gerist svo þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar hefur verið lögð fram um þessa stofnun? Sömuleiðis er komið inn á flugvallaframkvæmdir og virðist þar vera svipað uppi á teningnum. Hver er það sem fylgir þessu máli eftir um að ekki skuli svona staðið að málum? Hefur Ríkisendurskoðun vald til þess að sjá svo um að það gerist ekki eða er þessu beint hingað til Alþingis? Er það þá fjárln. sem tekur á því? Er það viðkomandi ráðherra? Eða er það viðkomandi starfsnefnd þingsins? Ég er hræddur um, eins og ég gat um áðan, að mikið sé um skýrslur en lítið um eftirfylgni eins og kemur fram hjá bresku ríkisendurskoðuninni.

[11:28]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa talað og þakkað fyrir skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það hefur verið beint til mín örfáum spurningum sem ég skal reyna að svara.

Breska ríkisendurskoðunin hefur komið nokkuð við sögu af eðlilegum ástæðum vegna þeirrar úttektar sem hún gerði á starfsemi Ríkisendurskoðunar. Ég held að enginn vafi sé á því að sú úttekt var hin gagnlegasta og að það hafi verið gott verk að fá hina virtu bresku ríkisendurskoðun til að vinna þessa úttekt.

Ég ætla að segja það strax vegna ræðu hv. 10. þm. Reykv., Guðmundar Hallvarðssonar, að skýrslan sem breska ríkisendurskoðunin skilaði var engin leyniskýrsla. Ég held ég muni það rétt, en ég skal kanna það, að þeirri skýrslu hafi verið dreift til alþingismanna. Ég man ekki betur. Hún var því alls ekkert leyniplagg og átti aldrei að vera, en ég skal kanna það betur hvernig henni var dreift. Ég er með hana hér í höndum.

Það hefur einnig komið sérstaklega til umræðu hvernig skýrslur Ríkisendurskoðunar og raunar aðrar skýrslur eru meðhöndlaðar í þinginu og það höfum við oft rætt áður. Mér er vel kunnur áhugi ýmissa þingmanna á því að hér verði stofnað til sérstakrar nefndar sem fái skýrslur Ríkisendurskoðunar sérstaklega og raunar aðrar skýrslur til meðhöndlunar. Ég hef lýst fylgi við þá skipan mála og ég hef ekkert breytt um skoðun.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði beint og bað mig sem forseta þingsins að svara hvort tekið yrði á þessu máli nú. Svar mitt er já, það verður tekið á þessu máli nú og ég vonast eindregið eftir samvinnu um það mál við þingmenn almennt. Við höfum rætt þetta ítrekað í forsn. Alþingis og ég við formenn þingflokka. Á síðasta fundi forsn. var endurskoðun þingskapalaganna til umræðu og nú er í undirbúningi sameiginlegur fundur forsn. og formanna þingflokka þar sem farið verður yfir plaggið, sem er raunar til, þar sem er heildarendurskoðun þingskapanna.

Ég vonast auðvitað til þess að okkur takist að afgreiða ný þingskapalög á þinginu. Ef það tekst ekki af einhverjum ástæðum er það skoðun mín að taka verði út einstök atriði og fá þau afgreidd og þar á meðal þetta ákvæði um stofnun nefndar sem fari yfir þær skýrslur sem lagðar eru fyrir Alþingi. Ég á þar sérstaklega við skýrslu Ríkisendurskoðunar sem verður að fá betri umfjöllun en hún getur fengið með því kerfi sem við búum við í dag. Ég heiti því á stuðning hv. þingmanna og efast ekkert um að hann verður látinn í té.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom að nokkrum atriðum eins og þeim að gera mætti lögin markvissari og betri. Ég efast ekki um það að lögin um Ríkisendurskoðun, þótt ný séu, frá 1997, mætti gera markvissari og betri og það er sérstakt umfjöllunarefni. Það er kannski ekki sérstakt efni til þess að ræða hér þegar fylgt er úr hlaði starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1997 en ekkert óeðlilegt að það komi upp.

Hv. þm. nefndi þann tímafjölda sem er unninn af endurskoðunarskrifstofum úti í bæ, eins og nefnt er, og spurði hvort einhver samanburður hefði verið gerður á því hvort þetta væri hagkvæmara. Það fylgir nú ákveðinn samanburður í starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar, þ.e. um kostnað á unninn tíma. Hann er að vísu hærri hjá hinu aðkeypta vinnuafli, frá endurskoðunarskrifstofum, en ég held ég viti það rétt að það sé skoðun ríkisendurskoðanda að hagkvæmt sé að fela endurskoðunarskrifstofum utan skrifstofunnar að vinna ýmis verk frekar en að auka svo mjög við starfsmannafjöldann sem þyrfti ef þetta væri ekki gert. Ýmis tilfallandi verkefni koma upp sem er þá miklu hagkvæmara, ég held að af sjálfu leiði, að fá unnin af sjálfstætt starfandi endurskoðendum utan Ríkisendurskoðunar.

Sama á raunar við um útboðið. Hv. þm. nefndi útboð á verkefnum sem er einmitt greint frá í starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar og ég kom inn á í máli mínu. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir að hv. þm. spurði hvort fyrir lægi hvort slíkt væri hagkvæmara og ég nefndi það í ræðu minni að útboð af þessu tagi hafi núna farið fram á vegum stofnunarinnar og ljóst væri að nokkur fjárhagslegur ávinningur hlytist af þessu fyrirkomulagi. Ég get því ekki svarað þessu öðruvísi en að svo virðist vera.

Hv. þm. minntist á bréf frá því í mars sl. frá þingflokki jafnaðarmanna um stjórnsýsluúttekt á bönkunum. Ég get ekki svarað því hvernig þeirri úttekt vindur fram, það er efni í næstu skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1998, það er eðlilega ekki til umfjöllunar hér. Ég minni aðeins á að samkvæmt gildandi lögum hafa þingmenn ekki heimild til þess að biðja um stjórnsýsluendurskoðun heldur eingöngu til þess að biðja um skýrslu. Það er hins vegar atriði sem

gæti staðið til endurskoðunar við endurskoðun laganna eins og hv. þm. minntist á.

Ég hef þegar rætt um endurskoðun þingskapalaganna sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom einnig inn á.

Þá spurði þingmaðurinn hvernig þeim ábendingum væri fylgt eftir sem koma fram í endurskoðunarskýrslum Ríkisendurskoðunar. Reyndar kom einnig fram í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar hvernig því væri fylgt eftir. Auðvitað eru það fyrst og fremst ráðherrarnir sem þurfa að taka til athugunar athugasemdir Ríkisendurskoðunar. Eðlilega er þetta hins vegar rætt í Alþingi, þetta er stofnun sem heyrir undir Alþingi, er eftirlitsstofnun sem Alþingi hefur á sínum vegum til að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Hins vegar kemur það fram og hefur komið fram í skýrslum Ríkisendurskoðunar ef ekki hefur verið orðið við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Þá hefur það verið endurtekið í síðari skýrslum um hliðstæð efni, hafi ekki verið orðið við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun hefur auðvitað það tæki til þess að ítreka ábendingar sínar.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson benti á að ábendingarnar kæmu ekki allar fram. Ég vísa enn til skýrslunnar sem ég held endilega að hafi verið dreift hérna en mun kanna sérstaklega hvort það hafi verið gert og ef ekki þá þarf auðvitað að gera það. Hv. þm. nefndi að eitt af því sem hefði komið fram í starfsskýrslunni í úttekt bresku ríkisendurskoðunarinnar væri sá mikli fjöldi skýrslna sem gefinn væri út og þm. hv. taldi það ekki vera mælikvarða í sjálfu sér á stofnunina hversu mörgum skýrslum hún kæmi frá sér. Það er rétt. Það er í sjálfu sér ekki mælikvarði. En ábending bresku ríkisendurskoðunarinnar hékk saman við það hve margar skýrslur væru gefnar út miðað við starfsmannafjölda stofnunarinnar. Það kom bresku ríkisendurskoðuninni nokkuð á óvart. Ég hlýt að líta á það sem hól við Ríkisendurskoðun frá hinni bresku.

Þá nefndi hv. þm. hvort verið gæti að einhverjir aðrir réðu því í hvaða endurskoðunarverkefni væri ráðist, ég býst við að hann hafi þá átt sérstaklega við stjórnsýsluendurskoðun, einhverjir aðrir en Ríkisendurskoðun sjálf. Að það væri sem sagt skortur á frumkvæði. Ég kannast að vísu ekki við það, frumkvæðið kemur í langflestum tilvikum frá Ríkisendurskoðun sjálfri. En hitt er vitað að ráðherrar fara mjög gjarnan fram á það við Ríkisendurskoðun að hún framkvæmi stjórnsýsluúttekt, endurskoðun á einstaka stofnunum sem undir þeirra ráðuneyti heyra. Það er mjög algengt og Ríkisendurskoðun hefur undantekningarlaust orðið við slíkum tilmælum frá ráðherrum. Það er út af fyrir sig algengt og ekkert óeðlilegt við það, ég tek það fram. Eðlilegt er að ráðherrar fari fram á slíkt við Ríkisendurskoðun. En að það séu einhverjir aðrir sem ráði því í hvaða endurskoðunarviðfangsefni er farið, það þekki ég ekki og efast satt að segja um.

Þá nefndi hv. þm. líka hvort það væri svo að breska ríkisendurskoðunin ein gæti gefið hin bestu ráð. Nei, sjálfsagt ekki. Vafalaust eru ýmsir aðrir sem gætu gefið gagnleg ráð um bætt verkefni Ríkisendurskoðunar. Það þótti hins vegar vel ráðið að leita til hinnar virtu bresku ríkisendurskoðunar. Sjálfsagt eru ýmsir hæfir aðilar innan lands til þess að vinna slíkt verkefni en þetta er þó fremur þröngur markaður hér heima og býsna margar endurskoðunarskrifstofur hafa verið og eru á samningi við Ríkisendurskoðun. Um það getur því vart orðið að ræða að fá slíka aðila til þess að gera úttekt. En sjálfsagt eru þeir til og vafalaust margir sem hafa aldrei unnið verk beint fyrir Ríkisendurskoðun og væru þess vegna ekki vanhæfir til þess að vinna verkið.

Þá nefndi hv. þm. það sem getið er um í endurskoðunarskýrslunni þar sem eru ágrip úr skýrslum sem birtar voru opinberlega á árinu 1997 og nefndi þar sérstaklega athugasemdir sem hafa komið fram við hafnarframkvæmdir og spurði: „Og hvað svo?" Það er einmitt það sem ég var að reyna að svara áðan að þess er vænst að ráðherrar viðkomandi málaflokka taki tillit til athugasemda sem þessara og forstöðumenn þeirra stofnana sem gerðar eru athugasemdir við.

Ég held ég þurfi ekki að bæta frekar við þetta enda tími minn senn á enda. Ég ítreka þakkir til þeirra sem tekið hafa þátt í umræðunni.

[11:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. frsm. fyrir skýr og skilmerkileg svör við fyrirspurnum mínum og ég fagna því að stefnt er að heildarendurskoðun á þingskapalögunum. Hv. frsm. nefndi að a.m.k. yrði að taka út það sem snýr að því að stofna til sérnefndar varðandi skýrslur Ríkisendurskoðunar og fleira og ég fagna því. Hann nefndi einnig önnur atriði og ég vil spyrja hvað það er sem hv. frsm. hefur þar í huga. Ég hef mikinn áhuga á þessum rannsóknarnefndum. Ég heyri að sumir þingmenn eru því andsnúnir, en ég vil nefna það, herra forseti, að það tíðkast í flestum þjóðþingum að slíkar rannsóknarnefndir séu til staðar, og það er áhugamál mjög margra að svigrúm skapist einnig á þjóðþingi Íslendinga að slík rannsóknarnefnd verði sett á laggirnar.

Ég vil því spyrja sérstaklega um hvað það er sem hv. frsm. hefur í huga þegar hann talar um önnur atriði ef ekki næst samstaða um heildarendurskoðun en sérnefnd um skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Hv. frsm. nefndi að hann teldi eðlilegt og sjálfsagt að ráðherrar hefðu beinan aðgang að Ríkisendurskoðun. Ég er ekki sammála hv. frsm. um það og sé reyndar ekki þegar ég les yfir lögin um Ríkisendurskoðun að ráðherrar geti haft beinan aðgang að Ríkisendurskoðun. Mér finnst miklu nær að huga að því að þingflokkar eða þingmenn hafi beinan aðgang að Ríkisendurskoðun, sem heyrir undir Alþingi, fremur en að ráðherrar hafi þar einhverja sérstöðu og beinan aðgang að Ríkisendurskoðun sem ég fæ ekki séð af lögunum að standist.

[11:43]

Ólafur G. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ekkert er í lögunum sem segir að ráðherrar eigi einhvern lögvarinn rétt til þess að biðja Ríkisendurskoðun um úttektir. Hins vegar hefur sú starfsvenja orðið til hjá Ríkisendurskoðun alveg frá upphafi að Ríkisendurskoðun hefur undantekningarlaust orðið við beiðnum ráðherra.

Mér finnst koma til greina að setja þessi ákvæði í lög og hafa þau ótvíræð. Mér finnst einnig vera til athugunar að þingmenn eigi þennan beina aðgang, ekki endilega í gegnum forsn. Mér er kunnugt um að svo er t.d. í breska þinginu, þar eiga þingmenn beinan aðgang að ríkisendurskoðun. Það er hins vegar ríkisendurskoðunar að ákvarða hvort og þá hvernig erindi eru afgreidd. Hún fer ekki eftir neinum fyrirmælum um það hvernig endurskoðun er innt af hendi og það gerir Ríkisendurskoðun okkar heldur ekki.

Hv. þm. spurði hvaða önnur atriði ég ætti við þegar ég sagði að ef ekki tækist að koma á heildarendurskoðun þing-

skapalaganna að þá yrðu einhver atriði tekin. Ég átti þar fyrst og fremst við mikinn fjölda ýmissa tæknilegra breytinga sem ég efast ekki um að samstaða er um en breytir mjög mörgum greinum þingskapalaganna. Við erum hins vegar með ýmis atriði sem er ágreiningur um og þar á meðal eru rannsóknarnefndirnar sem hv. þm. nefndi. Ég þekki áhuga margra á því að koma slíkum rannsóknarnefndum á laggirnar en það hefur ævinlega verið mjög umdeilt atriði og er enn þá. Ég ætla ekki að fara út í neina umræðu um hvað mér þykir um það, það bíður betri tíma.

[11:45]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir skýr svör og ég fagna því sem fram kom í máli hans að hann tekur undir þá skoðun mína að eðlilegt sé að skoða hvort þingmenn geti einhvern veginn átt beinan aðgang að Ríkisendurskoðun. Ég fagna því mjög að hv. þm. og hæstv. forseti þingsins skuli hafa þessa skoðun.

Ég vil líka spyrja hv. þm. og hæstv. forseta um þá beiðni þingflokks jafnaðarmanna um endurskoðun á bönkunum frá því í mars sem ég nefndi. Auðvitað er hennar ekki getið í þessari skýrslu. Það gefur auga leið. En ég vil spyrja hvort hæstv. forseti hafi einhverja vitneskju um hvort sú endurskoðun sé hafin. Það skiptir máli að vita hvort hún er hafin. Við gerum okkur grein fyrir að hún tekur nokkurn tíma. Og þegar nefnt var útboð, t.d. vegna bankanna, er það þá vegna beiðni okkar í þingflokki jafnaðarmanna? Liggur nokkur vitneskja fyrir um þetta og þá hugsanlega hvenær henni lýkur?

Ég vona það í lengstu lög, eins og ég veit að hæstv. forseti gerir, að góð og breið samstaða náist um heildarendurskoðun á þingskapalögunum. Á ýmsu þarf þar að taka og auðvitað er ágreiningur um einstaka atriði eins og þingnefndir en það verður þá að útkljást á lýðræðislegan hátt í atkvæðagreiðslu í þinginu.

[11:47]

Ólafur G. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég get ekki svarað spurningunni um hvað líði endurskoðun á bankakerfinu. Mér er alveg ókunnugt um það. En varðandi útboðið á endurskoðun hjá ríkisbönkunum, þá er það ekki í neinum tengslum við bréf þingflokks jafnaðarmanna. Eins og ég held að hafi komið fram í framsöguræðu minni er það útboð gert vegna þess að þetta eru það stór viðfangsefni að okkur ber að bjóða þetta út samkvæmt samningnum sem við höfum undirgengist.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1996.

[11:49]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1996 var tekin fyrir á fundi allshn. 24. apríl sl. Á fundinn kom til viðræðna við nefndina um efni skýrslunnar umboðsmaður Alþingis, Gaukur Jörundsson, ásamt Páli Hreinssyni, aðstoðarmanni umboðsmanns.

Umboðsmaður starfar nú á grundvelli nýrra laga um umboðsmann Alþingis, nr. 85/1997, en hlutverk hans er eftir sem áður að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins.

Á árinu 1996 voru skráð 334 ný mál hjá embættinu, einu máli fleira en árið áður og staðfestir það að nokkurt jafnvægi virðist vera að komast á fjölda mála eftir að mikil aukning varð á málafjölda milli áranna 1993 og 1994. Inni í þessari tölu eru aðeins skrifleg erindi og mál sem umboðsmaður tekur upp að eigin frumkvæði en embættinu berast að auki fjölmargar fyrirspurnir sem starfsmenn þess greiða úr og leitast við að koma í réttan farveg.

Umboðsmanni er heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði og gerði hann það í fjórum tilvikum á árinu 1996. Var um að ræða mál sem lúta að almennum bótum í stjórnsýslunni.

Skipting mála hjá embættinu eftir viðfangsefnum er misjöfn milli ára. Ef teknar eru allar skráðar kvartanir á árinu 1996 beinast 57 að töfum hjá stjórnvöldum við afgreiðslu máls, 24 kvartanir beindust að málsmeðferð og starfsháttum stjórnsýslunnar, 21 að fangelsismálum, 16 að almannatryggingum, 11 að námslánum, 15 að skattamálum, 9 að stöðuveitingum og svo mætti lengi telja.

Í máli umboðsmanns kom fram að skattamál eru ört vaxandi málaflokkur og telur hann þörf á því að gerð verði á vegum embættisins almenn úttekt á skattamálum, burt séð frá kvörtunum sem embættinu berast, en ekki hefur enn verið ráðist í þetta verkefni vegna anna hjá embættinu.

Að mati umboðsmanns er það helsta vandamál stjórnsýslunnar nú að stjórnvöld afgreiða ekki erindi sem berast þeim eins fljótt og hægt er og brjóta þannig í bága við meginreglu þá sem fram kemur í 9. gr. stjórnsýslulaga þar sem segir að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er. Bárust umboðsmanni alls 57 kvartanir vegna þessa á árinu 1996. Kom fram í máli hans að mjög brýnt væri að bæta úr þessum annmörkum en þó yrði að gæta þess að það mætti ekki gera á kostnað réttaröryggis.

Einnig kom fram í máli umboðsmanns að nokkur misbrestur væri á því að tilmælum hans um upplýsingar og skýringar væri sinnt af stjórnvöldum innan æskilegra tímamarka. Sagði hann þó að mikil bót hefði orðið á verklagi stjórnvalda vegna þessa að undanförnu.

Að lokum, herra forseti, þakka ég umboðsmanni Alþingis fyrir greinargóða skýrslu og tek undir orð nefndarmanna í allshn. sem lýstu yfir mikilli ánægju með störf umboðsmanns á þeim árum sem liðin eru frá því að embættið tók til starfa.

[11:53]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá skýrslu sem frsm. hafði hér frammi áðan. En það sem vekur athygli enn einu sinni þegar skýrslan er lögð fram eru þær miklu tafir sem verða hjá stjórnvöldum á afgreiðslu mála og nú er talað um 57 mál.

Frsm. hafði orð á því að nokkurt jafnvægi væri í fjölda mála á milli ára og vekur það þá athygli hve þessi málaflokkur, þ.e. tafir, er stór hluti af heildarfjölda mála sem umboðsmaður Alþingis er að fjalla um. Ég vildi því spyrja hv. frsm., sem tók á móti þessu máli og málflutningi umboðsmanns, hvað það væri sem gæti orðið á kostnað öryggis ef breytt væri ákvæðum laga um það sem segir að skil hjá stjórnvöldum skuli vera skilvirkari en sagt er. Nú segir, ef ég man rétt, að það skuli vera svo fljótt sem verða má. Væri þessum ákvæðum breytt og sett skilyrði, gæti það þá orðið á kostnað öryggis eins og mátti skilja á málflutningi frsm. þegar umboðsmaður Alþingis kom í heimsókn til þessarar hv. nefndar?

[11:55]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi það sem hv. þm. nefndi eru sjálfsagt ýmis atriði sem umboðsmaður á við þegar hann segir þetta við okkur nefndarmenn í hv. allshn. Það þarf að rannsaka mál og síðan er ákveðinn andmælaréttur sem þarf að geta átt sér stað. Ég tel að hann hafi fyrst og fremst verið að leggja áherslu á að vanda þyrfti til þeirra verka þegar þessi mál yrðu endurskoðuð og þeim komið í betri farveg.

En það sem kom m.a. fram, þó að þessi málaflokkur eða þessi mál sem varða það sem hv. þm. nefndi séu svo mörg sem raun ber vitni og séu í sjálfu sér áhyggjumál, þ.e. að ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af því, er að ákveðin þróun hefur orðið í sambandi við störf umboðsmanns þannig að nú er t.d. minna um kvartanir sem tengjast lögunum um stjórn fiskveiða en áður var. Þannig hefur þetta breyst hvað varðar málaflokkana sem þeir vinna fyrst og fremst að.

En þetta er atriði sem verður að leggja vinnu í nú á næstunni og umboðsmaður hefur þegar komið þeim skilaboðum til stjórnvalda.

[11:56]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði á orði hvort umboðsmaður Alþingis hefði nokkuð komið inn á þetta öryggi sem hann talaði um þegar hann kom til hv. allshn. Það er í sjálfu sér óþolandi að það skuli taka svo langan tíma fyrir þá að fá svör frá stjórnvöldum sem telja sig eiga óuppgerð mál við stjórnvöld og leita síðan til umboðsmanns Alþingis sem raun ber vitni.

Þess vegna vildi ég spyrja hv. þm. hvort ekki sé orðin ástæða til, og hann metur það væntanlega út frá umræðunni við umboðsmann Alþingis, að setja inn í lögin ákvæði um svartíma ráðuneyta og opinberra aðila varðandi umboðsmann Alþingis þannig að fyrirtæki eða stjórnvöld séu ekki að draga úr hófi fram þau svör sem umboðsmaður Alþingis leitar eftir til bættrar réttarstöðu einstaklinga.

[11:58]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst mjög eðlilegt að hv. þm. velti þessu fyrir sér, þ.e. hvort hægt sé að setja nánari reglur um það hve langan tíma megi taka að svara erindum. Þetta er orðað einhvern veginn á þá leið að það skuli vera „svo fljótt sem auðið er". Auðvitað getur verið mismunandi milli málaflokka og milli ráðuneyta og mismunandi aðstæður sem geta komið upp í þessu sambandi þannig að kannski er ekki einfalt að setja ákveðinn dagafjölda inn í lög hvað þetta varðar. En mér finnst aðalatriðið að þetta er málefni sem er til skoðunar innan stjórnsýslunnar. Við verðum að vænta þess að á því verði tekið af skynsemi og reynt að koma málum þannig fyrir að þessi atriði séu ekki eins mikið gagnrýnd og eins stór hluti af þeim málum sem berast umboðsmanni og raun ber vitni.

[11:59]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1996 sem við erum nú að fjalla um er mikil að vöxtum og snertir mjög marga þætti og mörg mál sem upp komu í samfélaginu á því ári. Kannski sannar skýrslan og umfang hennar betur en margt annað hve mikið það er sem þarf að taka á í stjórnsýslunni og hefur verið gert af hálfu umboðsmanns.

Ég vil aðallega koma inn á það sem kom reyndar fram í andsvari hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar áðan og vakti sérstaka athygli mína þegar ég fór yfir skýrslu umboðsmanns. Það er þar sem umboðsmaður fjallar um málshraðareglu stjórnsýslulaganna, 9. gr. stjórnsýslulaga. Eins og komið hefur fram er gert ráð fyrir því að mál samkvæmt stjórnsýslulögum eða erindi sem stjórnvöldum berast skuli afgreiða svo fljótt sem verða má. Umboðsmaður greinir frá því að hann hafi fljótlega eftir að han hóf störf árið 1988 orðið var við mjög óviðunandi tafir í þessu tilliti og bendir á að mikill fjöldi manna sem leiti til hans leiti einmitt þangað gagngert af þeim sökum að málum er ekki sinnt af þeim hraða sem væri æskilegt innan stjórnsýslunnar.

Hann bendir jafnframt á að þessi mál hafi staðið til bóta á þeim 10 árum frá því embætti umboðsmanns tók til starfa en að enn séu til stjórnvöld sem virði ekki þessa málshraðareglu. Að sjálfsögðu er það líka rétt sem fram kom í andsvari hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að það er að sjálfsögðu alltaf þannig í stjórnsýslu og meðferð stjórnvalda á erindum sem til þeirra berast, að þar þurfi að vegast á annars vegar sú krafa að sæmileg skilvirkni sé í gangi þannig að málum sé hraðað eins og unnt er, en þó sé þeim ekki hraðað það mikið að það verði á kostnað réttaröryggis borgaranna. Að sjálfsögðu hlýtur málshraðareglan að taka mið af því meginsjónarmiði.

Dráttur á að mál séu tekin til athugunar hjá stjórnvöldum hefur líka í för með sér að niðurstaða af athugunum mála við embætti umboðsmanns dregst. Umboðsmaður bendir þó á að slíkur dráttur á svörum stjórnvalda við erindum hans teljist þó ekki almennur lengur, eins og var, sem var mjög slæmt, en hann er þó a.m.k. ekki almennur lengur heldur er hann bundinn við ákveðin stjórnvöld, eins og segir í skýrslu umboðsmanns, stundum tímabundið vegna breytinga á starfsmannaskipan.

Umboðsmaður bendir á í skýrslu sinni að dráttur á því að ráðuneyti sinntu tilmælum um að veita honum skýringar og upplýsingar vegna mála sem hann hafði til meðferðar urðu umboðsmanni tilefni til að taka til athugunar að eigin frumkvæði hvort ráðuneyti fylgdu almennt einhverjum reglum um afgreiðslu erinda. Þetta var gert snemma á árinu 1989. Þá kom í ljós að yfirleitt var það ekki þannig, enda þótt flest teldu ráðuneytin sig afgreiða erindin svo fljótt sem verða mætti. Af því tilefni hvatti umboðsmaður til þess að í kjölfarið mótuðu ráðuneyti jafnt sem önnur stjórnvöld sér reglur um svör við erindum frá þeim sem til stjórnvalda leita og settu fram ákveðin viðmiðunarsjónarmið af því tilefni.

Það var örlítið komið inn á það áðan í framsögu og enn síðar í andsvari hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar hvort ekki mætti setja einhver frekari ákvæði í stjórnsýslulögin um að það væri skýrara hversu fljótt þyrfti að afgreiða erindi. Í skýrslu umboðsmanns er bent á að það geta verið ákveðin vandkvæði á slíkum ákvæðum í stjórnsýslulögunum sjálfum vegna þess að tilvikin eru eins misjöfn og þau eru mörg, og að slíkar reglur gætu hindrað það í raun og veru að gætt sé þess réttaröryggis sem við viljum líka gera kröfu til vegna þess að sum mál eru einfaldlega flóknari en önnur. Þess vegna getur kannski verið óþægilegt og óeðlilegt að hafa of stífar almennar reglur í þessum efnum.

Hins vegar er bent á það af umboðsmanni að ekki sé útilokað að afgreiðslutíma megi ákveða nákvæmar á nánar afmörkuðum sviðum svo sem reyndar dæmi eru um í lögum. Þarna finnst mér umboðsmaður vera að gefa svolítið í skyn að alveg megi skoða þetta í ákveðnum tilvikum og væntanlega hefur hann kannski meiri hugmynd um það en margur

annar á hvaða sviðum það er sem þörf væri á að setja slíka reglu. Ég mundi vilja spyrja hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur og frsm. allshn. hvort ekki væri skoðandi af hálfu allshn. að óska e.t.v. eftir hugmyndum eða ábendingum frá umboðsmanni um það hvar mætti setja slíkar reglur í lög eða hvar væri æskilegt að setja þær. Kannski hefur allshn. nú þegar fengið einhverjar slíkar ábendingar en ég vil gjarnan vita hvort svo væri eða hvort ekki væri ástæða til að skoða þessi mál frekar.

[12:06]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er tekið til við að ræða mikilvæga skýrslu sem er skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1996. Hv. allshn. hefur fengið umboðsmann árlega á fund sinn til þess að fjalla lítillega um þessa skýrslu. Það er alveg ljóst að miðað við það hvað allshn. er störfum hlaðin — en hún fær af nefndum þingsins næstflestan málafjölda til sín að því er ég best veit — getur hún ekki með fullnægjandi og góðu móti fjallað um þessa skýrslu eins og nauðsynlegt væri og efni standa til. Ég hygg því að við séum enn með rök fyrir því sem við ræddum áðan undir liðnum Skýrsla Ríkisendurskoðunar, að nauðsynlegt er að setja á stofn sérstaka nefnd til að fjalla ítarlega um þær skýrslur sem berast, ekki síst frá *Ríkisendurskoðun og umboðsmanni Alþingis*.

Hér hefur orðið nokkur umræða um þann fjölda mála sem berst til umboðsmanns Alþingis og þann drátt, sem ég tel eðlilegan, sem orðið hefur á afgreiðslu mála frá umboðsmanni Alþingis. Frá því að umboðsmaður Alþingis var settur á laggirnar 1987 hefur sívaxandi fjöldi mála borist til umboðsmanns. Ef ég man rétt er þetta hátt á fjórða hundrað mála á ári og það er alveg ljóst að með þeim lögum sem sett voru 1997, ef ég man rétt, var enn verið að víkka út starfssvið umboðsmanns Alþingis. Áður tók starfssvið umboðsmanns Alþingis aðeins til stjórnsýslu sveitarfélaga, að um væri að ræða ákvarðanir sem skjóta mætti til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins, en með þeim lögum sem sett voru 1997 hefur þessi takmörkun verið felld niður þannig að undir starfssvið umboðsmanns Alþingis fellur einnig hér eftir sú stjórnsýsla sveitarfélaga sem fellur ekki undir rétt til málskots til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins. Einnig *var gerð sú breyting að starfssvið umboðsmanns tekur einnig* til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur ekki með lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnsýslulaga. Það má því búast við því, herra forseti, að næst þegar við fjöllum um skýrslu umboðsmanns, en við erum nú að fjalla um skýrsluna 1996, þá verði áhrifin af þessari útvíkkun á starfssvið umboðsmanns komin fram þannig að við munum þá einnig sjá að það gæti svo farið að umfang mála væri enn meira og erfiðara fyrir umboðsmann að inna þau öll af hendi á tilskildum tíma miðað við þann mannskap sem hann hefur yfir að ráða. Ég held því að það sé nauðsynlegt að Alþingi og fjárveitingavaldið hafi góðan skilning, sem ég efa ekki að það hafi, á stöðu umboðsmanns og hvað nauðsynlegt er að búa þannig að honum varðandi mannafla og starfsaðstöðu alla, að honum sé fært að sinna mikilvægu og brýnu hlutverki sínu. Mig minnir að það sé ekki nema um 30–40 millj. sem *fari til reksturs umboðsmanns Alþingis og ef vel ætti að vera* þyrfti að auka þarna verulega við til þess að við þyrftum ekki að fjalla um þann drátt sem verður á afgreiðslu mála frá umboðsmanni. Ekki er þar við umboðsmann eða starfslið hans að sakast því það fólk sem þar vinnur og umboðsmaður á hrós skilið fyrir hvað vel umboðsmaður og starfslið hans hefur innt sitt verk af hendi.

Við getum líka velt fyrir okkur í þessari stofnun af hverju málafjöldinn fer sívaxandi. Er það eitthvað í störfum þingsins, í lagasetningu eða annað sem leiðir til þess að málafjöldinn er svo mikill? Ég man eftir því að í skýrslu umboðsmanns Alþingis, mig minnir á síðasta þingi eða þar áður, var aðeins farið yfir skýringar á þessu og þar var m.a. minnst á að íslensk stjórnsýsla hafi lengst af verið lausari í reipunum en stjórnsýsla nágrannaþjóðanna, lög séu oft óskýr um stöðu stofnana og embætta í stjórnsýslukerfinu og einmitt það valdi oft vafa á því hvort aðila máls er heimilt að skjóta ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalda til ráðuneytis eða annarra stjórnsýsluhafa. Nú benti umboðsmaður einmitt á að rekja mætti hluta mála sem embættinu berast til þess að ekki hefur verið hugað að því við setningu laga að haga stjórnsýslukerfinu þannig að stjórnsýslan sé sjálf fær um að leysa á fljótvirkan og ódýran hátt þau vandamál sem upp koma. Það má líka vera. Á það hefur stundum verið bent að sú tilhneiging hafi verið í áranna rás að Alþingi framselji vald meira með reglugerðum yfir til framkvæmdarvaldsins. Auðvitað hef ég ekki skoðað það grannt hvort þar sé einhver skýring á ferðinni á hinum vaxandi fjölda mála. En ég held að við ættum líka að velta þessari hlið mála fyrir okkur hvort eitthvað sé í störfum þessarar virðulegu stofnunar sem gerir það að verkum að fjöldi mála fer vaxandi og fólk þarf í auknum mæli að leita með mál sín til umboðsmanns Alþingis.

Við höfum það líka fyrir okkur á hv. Alþingi á umliðnum árum að mikil tilhneiging er til þess að fjölga umboðsmönnum á hinum ýmsu sviðum. Við höfum umboðsmann barna og menn hafa stundum velt fyrir sér hvort þar sé einhver skörun að því er varðar umboðsmann barna og umboðsmann Alþingis, en ég held ekki. Ég held að verksviðin þar á milli séu alveg sæmilega skilgreind, en hér hafa menn viljað koma á fót umboðsmanni jafnréttismála, umboðsmanni sjúklinga, ja, umboðsmanni aldraðra, er það ekki rétt? Hæstv. forsrh. hefur talað um umboðsmann skattgreiðenda þannig að það eru komnar ansi margar tillögur um að fjölga umboðsmönnum hér á landi og við getum velt fyrir okkur af hverju það er. (***Gripið fram í:*** *Svo vantar umboðsmann hinna dauðu eftir* gagnagrunnsfrv.) Já, svo er bent á að eftir gagnagrunnsfrv. þurfi umboðsmann hinna látnu og verður væntanlega farið yfir það hér á eftir. Þetta er allt orðið mikið umhugsunarefni og efast ég ekki um að t.d. á sviði jafnréttismála sé þörf á að fá umboðsmann jafnréttismála vegna þess að á því sviði, svo við tökum það fyrir sérstaklega, þá átti að vera komið á launajafnrétti fyrir 30–40 árum en þar eigum við langt í land þrátt fyrir ýmsa lagasetningu og þrátt fyrir að hert hafi verið á jafnréttislögunum o.s.frv., þá búum við enn við mikið misrétti að því er varðar launamál kynjanna. Það er því mál sem ég vil taka undir að full ástæða er til að íhuga vel hvort ekki er hægt að setja á umboðsmann jafnréttismála.

Ég hef meiri efasemdir að því er varðar tillögu forsrh. um umboðsmann skattgreiðenda. Þar tel ég að skoða ætti það frekar að aðstaða umboðsmanns Alþingis sé með þeim hætti að hann geti tekið við kvörtunum sem snúa að skattamálum og stöðu skattgreiðenda. Það hefur ekki mikið bólað á þeirri hugmynd hæstv. forsrh. síðan hann setti hana fram fyrir einhverjum mánuðum og ég man ekki eftir að ég hafi séð það á málaskrá forsrh. Það hefði auðvitað verið æskilegt að forsrh. væri hér til að ræða það mál ef hæstv. forsrh. er fallinn frá

þeirri hugmynd til að styrkja stöðu umboðsmanns frekar en gert er á fjárlögum núna við afgreiðsluna þannig að hann geti tekið við þeim fjölda erinda sem berast að því er varðar skattamál.

Ég vil einnig nefna að umboðsmaður sjálfur hefur í samtölum við allshn. sett fram mjög athyglisverða tillögu um breytingu á heitinu umboðsmaður Alþingis til aðgreiningar frá umboðsmanni barna og því sem er verið að nefna varðandi aðra umboðsmenn og hefur rætt um heitið „lögsögumaður" sem mér finnst mjög gott. Það ætti að skoða hvort ekki væri rétt að breyta nafninu á umboðsmanni Alþingis og taka til alvarlegrar skoðunar þá tillögu sem umboðsmaður sjálfur hefur uppi í þessu efni.

Ég vil í lokin nefna að við í allshn. höfum nokkuð rætt þá hugmynd sem umboðsmaður hefur verið með uppi en það er tillaga um að umboðsmaður Alþingis fengi heimild til að veita gjafsókn sem væri ætlað að stuðla að réttarbótum í þjóðfélaginu og treysta rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Umboðsmaður benti á að 1991 voru sett lög um meðferð einkamála en þar var ekki að finna ákvæði sem veitir dómsmrh. heimild til að veita gjafsókn að tillögu umboðsmanns Alþingis. Ég man að allshn. hefur tekið undir nauðsyn slíkrar heimildar fyrir umboðsmann að veita gjafsókn. Hv. starfandi formaður allshn., sem mælir fyrir skýrslunni, gæti e.t.v. rifjað það upp hvort allshn. hafi ekki komið formlega á framfæri við dómsmrh. eða í nál. sínu hér í þinginu, nauðsyn þess að umboðsmaður Alþingis hefði slíka heimild til að veita gjafsókn. Ég man ekki eftir hvort þetta er í þeim frv. sem dómsmrh. hefur boðað, mig minnir þó síður þó ég vilji nú ekki þvertaka fyrir það. Ég vil setja það fram hér sem skoðun mína og spyrja hv. starfandi formann allshn. hvort hún geti ekki tekið undir það með mér að ef ekki bólar á því hjá framkvæmdarvaldinu á þessum vetri að umboðsmaður fái slíka heimild, að allshn. skoði það þá sérstaklega að flytja sjálf slíkt frv. í eigin nafni þannig að heimildin sé fyrir hendi. Ég man ekki eftir því að fram hafi komið nein sérstök andstaða af hálfu dómsmrn. eða dómsmrh. að því er það varðar og minnist þess ekki að lagt hafi verið fram frv. um það. En ég vil bara halda þessu til haga hér þegar við ræðum þessa mikilvægu skýrslu umboðsmanns Alþingis, að þetta mál gleymist ekki sem ég held að sé mjög mikilvægt og þýðingarmikið í störfum umboðsmanns Alþingis.

Að öðru leyti vil ég nota tækifærið til að þakka umboðsmanni Alþingis og starfsliði hans fyrir mjög gott starf og enn og aftur sýnir það sig hve merk löggjöf var hér á ferðinni sem sett var fyrir rúmum 10 árum varðandi umboðsmann Alþingis og það á að vera metnaður löggjafarsamkomunnar og fjárveitingavaldsins að búa svo um hnútana að því er varðar störf umboðsmanns Alþingis að hann geti leyst þau verkefni eðlilega og með eðlilegum hraða sem hann fær til sín frá hinum ýmsu aðilum og borgurum en hér hefur einmitt verið gagnrýnt að umboðsmanni Alþingis er ekki búin sú staða í dag að geta leyst sín verkefni eðlilega en ég er sannfærð um að það er vilji allra hv. þm. að halda svo á málum að svo geti orðið í nánustu framtíð.

[12:20]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir flest það sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir hafa sagt í ræðum sínum um skýrslu umboðsmanns Alþingis en vildi þó kannski bæta örlitlu við þó ég hafi ekki hugsað mér að halda langa ræðu.

Ég held að ekki sé ofsögum sagt að stofnun umboðsmanns Alþingis sé eitthvað það markverðasta sem hefur gerst í íslenskri stjórnsýslu um langt skeið og hann hefur fyrir löngu sýnt og sannað að þörf var á að koma embættinu á fót. En nú er það orðið rúmlega áratugargamalt og hefur afgreitt gríðarlegan fjölda mála og virkilega sýnt fram á nauðsyn þess að þessu embætti var komið á fót. Það sem mig langaði að nefna aðeins í þessu samhengi er að í dag ræðum við annars vegar skýrslu um Ríkisendurskoðun og hins vegar skýrslu um umboðsmann Alþingis en þessar tvær stofnanir eru þær helstu sem sinna því hlutverki Alþingis að hafa eftirlit með stjórnsýslunni og ráðuneytunum í störfum sínum. Í mínum huga eru þetta gríðarlega mikilvægar stofnanir og kannski má finna að því, virðulegi forseti, að þessi mál skuli tekin upp og rædd í skugga þess máls sem við erum að fara að ræða hér á eftir, sem hefur verið gríðarlega mikið í þjóðfélagsumræðunni í allt sumar, þ.e. frv. um gagnagrunninn. Ég hefði viljað að jafnmikilvæg mál og skýrslan um Ríkisendurskoðun og skýrsla umboðsmanns Alþingis hefðu verið rædd á öðrum tíma en nú er í skugga þeirra mála sem við erum að fara að ræða á eftir og munu sjálfsagt verða rædd næstu daga og vikur.

Umboðsmaður bendir á í skýrslu sinni að honum þyki það miður og telur að nokkur misbrestur hafi orðið á að tilmælum hans um upplýsingar hafi verið komið á framfæri á réttum tíma og það hafi dregist jafnvel svo úr hömlu að ekki sé við unandi. Mig langaði að beina því til hv. varaformanns allshn., sem flutti skýrslu umboðsmanns, þá væntanlega í fjarveru formanns, hvort allshn. hyggist með einhverjum hætti mæta tilmælum umboðsmanns og hverjar þær hugmyndir þá hugsanlega eru vegna þess að í huga mínum er umboðsmaður Alþingis fyrst og fremst bara einn angi af Alþingi. Hann er að sinna því hlutverki sem Alþingi hefur og byggir á grundvellinum um þrígreiningu ríkisvalds, að hafa eftirlit með ráðuneytum og stjórnsýslu í landinu. Því er mjög mikilvægt að gott samstarf sé milli umboðsmanns Alþingis annars vegar og alþingismanna hins vegar. Þess vegna leikur mér forvitni á að vita hvort allshn. hyggist á einhvern hátt taka undir þessi viðhorf og þá jafnvel leggja fram hugmyndir fyrir Alþingi um það hvernig megi mæta þessari gagnrýni.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, hefur flest það komið fram í ræðum hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur sem ég vildi koma á framfæri í þessari umræðu þótt hún hefði þá væntanlega orðið með öðrum hætti ef hún hefði ekki verið í skugga þeirrar umræðu sem fer fram á eftir. Ég vil líka taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem lagði áðan til, sem hefur kannski oft komið fram áður, að Alþingi hugi að því að koma á fót nefnd sem skoði skýrslur, annars vegar skýrslu Ríkisendurskoðunar og hins vegar skýrslu umboðsmanns Alþingis og fari ofan í þær sérstaklega. Enn fremur vek ég á því eftirtekt að starfsemi umboðsmanns Alþingis fer sívaxandi með hverju árinu sem segir okkur og staðfestir enn frekar hve merkilegt embætti er á ferðinni og nauðsynlegt að vel sé hlúð að því.

Ég vil að lokum ítreka spurningar mínar til starfandi formanns allshn. í salnum, hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, hvort nefndin hyggist koma til móts við hugmyndir umboðsmanns og þá hugsanlega í einhvers konar frumvarpsformi fyrir Alþingi.

[12:25]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill upplýsa vegna orða hv. þm. um að það væri vont að ræða þessa skýrslu í skugga þess máls sem hér yrði á eftir, eins og þingmaðurinn orðaði það, að skýrslur umboðsmanns og Ríkisendurskoðunar eru ræddar í dag samkvæmt starfsáætlun Alþingis. Það var því löngu ákveðið.

[12:25]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram um skýrslu umboðsmanns Alþingis. Mér þykir vænt um þá umræðu vegna þess að ég tel starf umboðsmanns mjög mikilvægt og þess vegna er umræðan á hv. Alþingi mikils virði.

En þau atriði sem komu fyrst og fremst fram hjá hv. þm. eru nokkur og ég mun reyna að fara yfir þau. Í fyrsta lagi er rétt að á árinu 1997 var lögunum breytt og starfssviðið víkkað nokkuð út þannig að sveitarfélögin eru einnig undir. Ég held við gerum okkur alveg grein fyrir því að búast má við að það þýði aukið starf hjá umboðsmanni en sú skýrsla sem við ræðum nú er fyrir árið 1996. Hins vegar er athyglisvert að á því ári eru nánast jafnmörg mál tekin fyrir ný og árið áður sem segir okkur að það er kominn ákveðinn stöðugleiki í starfið. Vegna þess sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi um m.a. orð forsrh. sem vörðuðu umboðsmann skattgreiðenda vil ég geta þess að í fjárlagafrv. sem liggur nú fyrir Alþingi er lagt til að 3,6 millj. verði lagðar til embættisins að auki og þeim verði varið til að ráða sérfræðing á sviði skattaréttar. En í allt eru útgjöld embættisins 51 millj. kr. Þá vil ég nefna í sambandi við gjafsókn, sem var einnig rædd, að í þeim lögum sem samþykkt voru á síðasta ári, kemur eftirfarandi fram í nál. frá allshn. og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er með á því nál. sem ég les, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 10. gr. er lagt til að fest verði í lög að umboðsmaður geti lagt til við dómsmálaráðherra að veitt verði gjafsókn í máli sem heyrir undir starfssvið umboðsmanns og hann telur rétt að lagt verði fyrir dómstóla. Var þetta nokkuð rætt í nefndinni, en slíkt ákvæði er nú að finna í reglum um störf og starfshætti umboðsmanns. Voru nefndarmenn sammála um að eðlilegt væri að umboðsmaður hefði heimild til að mæla með gjafsókn í dómsmáli á hendur viðkomandi stjórnvaldi ef stjórnvöld sinna ekki tilmælum hans. Fram kom í máli umboðsmanns að aðeins ætti að nýta heimild þessa í undantekningartilfellum."

En í 10. gr. laganna er þetta ákvæði í d-lið:

„Umboðsmaður getur lagt til við dómsmálaráðherra að veitt verði gjafsókn í máli sem heyrir undir starfssvið umboðsmanns og hann telur rétt að lagt verði fyrir dómstóla til úrlausnar."

Þetta læt ég koma hér fram til skýringar. Út af því atriði sem fleiri en einn hv. þm. nefndi um það hvort allshn. mundi beita sér í því máli sem hefur mest verið rætt og varðar seinagang í stjórnsýslunni við afgreiðslu mála þá tel ég rétt og mun beita mér fyrir því í allshn. að við tökum málið fyrir og tökum það upp við nýjan umboðsmann sem ráðinn hefur verið tímabundið en hann mun hefja störf 1. nóvember nk.

Þá kem ég að því sem talað var um og er sjálft nafnið á þessu starfi og embætti — umboðsmaður Alþingis. Mér finnst það mjög miður að önnur embætti eru komin með þetta heiti, umboðsmaður, umboðsmaður barna og fleiri, með fullri virðingu fyrir þeim embættum, vegna þess að ég tel að það valdi misskilningi. Hvort rétt er að breyta nafni umboðsmanns Alþingis eða reyna að koma í veg fyrir að fleiri embætti, hugsanlega ný, beri þetta nafn skal ég ekki kveða upp úr með á þessari stundu, en mér finnst að þetta sé mál sem við þurfum að taka á. Mér finnst eðlilegra að t.d. heitið talsmaður yrði notað um aðra en umboðsmann og vil ég að við veltum því fyrir okkur í sambandi við lagasetningu í framtíðinni.

Ég tel að það sé rétt sem nefnt hefur verið hér og reyndar oft áður, að ástæða sé til að sérstök nefnd á hv. Alþingi fari yfir þær skýrslur sem m.a. hafa verið ræddar hér á þessum degi og ég efast ekki um að það mál verði tekið sérstaklega fyrir í þeirri vinnu sem nú er fram undan og hefur staðið yfir um nokkurn tíma um þingsköp Alþingis.

Að síðustu vil ég óska umboðsmanni Alþingis, Gauki Jörundssyni, velfarnaðar í nýjum störfum sem hann tekur að sér nú tímabundið hjá Mannréttindadómstóli Evrópu og þakka honum fyrir sérstaklega vel unnin störf og hversu vel hann hefur mótað þetta starf fyrir okkar hönd.

[12:32]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. frsm. fyrir orð hennar og svör við fyrirspurnum mínum sem voru í alla staði mjög skýr. Auðvitað kom það mér ekki á óvart að hún hefur sama skilning á því og ég varðandi nauðsyn þess að það sé virkt úrræði varðandi gjafsókn sem umboðsmaður hefur.

Hvað varðar heitið á umboðsmanni Alþingis, sem ég bryddaði aðeins á í máli mínu, þá er þetta eitthvað sem mér finnst að við ættum að ræða aðeins í allshn. Ég heyrði að hv. þm. var þarna með ákveðna hugmynd og nefndi talsmann varðandi aðra umboðsmenn en umboðsmann Alþingis og hefur það komið til tals og verið nefnt varðandi t.d. umboðsmann barna. En ég vil halda því til haga að ég tel að skoða eigi í fullri alvöru að heiti umboðsmanns Alþingis verði breytt og hann verði kallaður lögsögumaður. Ég beini því til forseta þingsins og vil um leið nefna það að ég tel eðlilegra, alveg með fullri virðingu fyrir allshn. og formanni hennar, að forseti þingsins mæli hér fyrir skýrslu umboðsmanns Alþingis líkt og hann mælir fyrir skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég tel rétt að sú breyting verði á og hefð skapist fyrir því að það sé forseti sem fylgi henni úr hlaði, þó að ég geri mér grein fyrir því að þessi hefð hafi sennilega skapast af því að allshn. hefur fjallað um þá skýrslu, en tel að við ættum að breyta því.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi, að hér væri um að ræða tímabundið stöðugildi út af skattamálum, upp á rúmar 3 millj. kr. sem þingmaðurinn nefndi, sem sett hefði verið á fjárlagalið umboðsmanns Alþingis, þá fagna ég því. En það svarar auðvitað ekki spurningu minni um það hvort forsrh. hafi fallið frá þeirri hugmynd sem lýtur að umboðsmanni skattgreiðenda eða hvort þessu á að vera fyrir komið hjá umboðsmanni Alþingis. En a.m.k. er þetta byrjunin og ég fagna því.

[Fundarhlé. — 12:34]

Um fundarstjórn.

Umræður um frumvörp um miðlægan gagnagrunn.

[13:32]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir að ræða fundarstjórn forseta sökum þess að á dagskrá þessa fundar eru þrjú nátengd mál, þ.e. 6., 7. og 8. dagskrármálið. Á umliðnum dögum hefur verið rætt um að hafa þau mál undir einum hatti og ræða hvert í samhengi við annað. Skilningur minn á því var lengi vel sá að um þetta væri allgott samkomulag í hópi formanna þingflokka enda mæla öll efnisrök með því að þannig sé farið að málum. Hins vegar bárust þær fréttir í gærkvöldi að hæstv. heilbrrh., sem er með eitt þessara þriggja mála, hefði eindregið lagst gegn því að fara svona að. Forseti getur þingsköpum samkvæmt ekki annað en orðið við þeirri neitun. Í þingsköpum er um neitunarvald að ræða þegar ósk um slíkt kemur fram.

Ég verð hins vegar, virðulegi forseti, að lýsa yfir undrun minni og miklum vonbrigðum með hvernig staðið er að málum. Það sér auðvitað hver einasti maður að fráleitt er að verja fleiri klukkutímum til umræðu um 6. dagskrármálið, gagnagrunn á heilbrigðissviði, ræða 7. dagskrármálið síðan á morgun, dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd, og 8. dagskrármálið, miðlæga úrvinnslu heilbrigðisupplýsinga, á mánudaginn. Þessi mál skarast auðvitað öll meira og minna og málsrökin til og frá. Efnisatriði eru öll mjög svipuð þó ólík aðkoma sé að þeim markmiðum sem hér er við að fást.

Ég lýsi yfir miklum vonbrigðum með þetta og kalla eftir rökum hæstv. heilbrrh. fyrir þessari afstöðu. Hún á hér augljóslega hlut að máli. Ég held ég sé ekki að uppljóstra neinu þegar ég segi að forseti þingsins var jákvæður fyrir því að fara svona að. Einhverra hluta vegna telur hæstv. heilbrrh. sig ekki þess umkominn að ræða hér aðra valkosti, aðrar leiðir að svipuðu markmiði og er að finna í hennar frv. um gagnagrunninn.

Ég vil láta það alveg koma hér skýrt fram, virðulegi forseti, að í umræðu minni hér á eftir mun ég vitaskuld fjalla um það frv. sem ég og aðrir félagar mínir í þingflokki jafnaðarmanna hafa lagt inn í þetta mál, einfaldlega vegna þess að það er nauðsynlegt til þess að skýra afstöðu mína og annarra til frv. heilbrrh. Þetta leiðir því allt að einni og sömu niðurstöðu þegar til kastanna kemur. Þessi undarlega afstaða og stífni hæstv. heilbrrh. er því algjörlega óskiljanleg. Ég kalla því eftir rökum og svörum af hennar hálfu í þessum efnum.

[13:34]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vegna ræðu hv. þm. vill forseti taka fram að í þingsköpum Alþingis, í 63. gr., stendur:

„Forseti getur heimilað, ef ósk berst um það frá flutningsmanni eða flutningsmönnum og enginn þingmaður andmælir því, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu ef þau fjalla um skyld efni eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum."

Þarna segir „ef enginn þingmaður andmælir" og hér liggur fyrir að hæstv. heilbrrh. andmælir. Þess vegna er það alveg skýrt hjá þeim forseta sem nú er á forsetastóli að þeirri niðurstöðu verði að hlíta.

[13:35]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil staðfesta að forseti getur ekki brugðist öðruvísi við en hann hefur gert. Náttúrlega er það alveg ljóst og það viðurkenna það allir.

Ég vil láta það koma fram að ég harma afstöðu hæstv. heilbrrh. Ég tel hana mjög sérkennilega og man ekki eftir að ráðherra hafi áður brugðist svona við. Ég er sannfærður um að það hefur tvo afgerandi kosti að ræða málin saman. Í fyrsta lagi yrði umræðan a.m.k. eins málefnaleg ef ekki málefnalegri, vegna þess að þá hefðu menn málin öll undir í senn. Í öðru lagi, það sem skiptir kannski enn meira máli, gæti umræðan gengið greiðar fyrir sig. Ég hélt að það væri keppikefli þeirra sem flytja mál, a.m.k. er það venjulega keppikefli hæstvirtra ráðherra, að umræða gangi greiðlega fyrir sig.

Ég vil upplýsa það hér að formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar buðu upp á það í hádeginu að samið yrði um umræðulokin með tilteknum hætti. Reynsla mín, eftir að hafa verið hér um alllangt skeið, er sú að ráðherrar séu nánast alltaf fegnir þegar þeir heyra tilboð af því tagi. Það var ekki í þessu tilviki. Ég sé ekki hvaða tilgangi það þjónar hjá hæstv. ráðherra að bregðast svona við. Ég reikna með að hæstv. heilbrrh. telji að hún sé með mikið mál, þyngra og stærra en þau sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa verið að flytja, að hennar mál hafi fengið mikla umræðu í þjóðfélaginu og eigi því rétt á því að fá sviðsljósið eitt út af fyrir sig.

Í því í sjálfu sér er mikið til í því. Veruleikinn er hins vegar sá að þingmenn eiga rétt á því að flytja þau frumvörp sem þeim sýnist og hvaða tillögur sem þeim sýnist um mál af þessu tagi. Enginn ráðherra getur stöðvað slíkt. Þess vegna fer ég fram á það, herra forseti, að hæstv. ráðherra íhugi mjög alvarlega undir þessari umræðu að falla frá andmælum sínum þannig að umræðan geti hafist um öll málin í senn og samið verði milli flokkanna hér í þinginu um umræðuna í heild.

[13:38]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér áðan kom fram að allgott samkomulag hefði verið milli formanna þingflokka um að ræða öll málin saman. Ég vil því að fram komi að þegar forseti kallaði okkur til fundar við sig á sl. þriðjudagsmorgni hafði ég fullan fyrirvara á að málin yrðu öll rædd saman.

Mér heyrist að hv. þm. Svavar Gestsson sé nánast með hótanir um að ef svo verði ekki þá geti umræðan dregist á langinn. Það getur vel verið að svo verði en við óttumst ekkert þessa umræðu, enda er málið ekki flokkspólitískt það ég veit. Ég veit ekki betur en það eigi stuðning í öllum þingflokkum. Mér þykir miður ef hv. formenn þingflokka koma með dylgjur um að umræðan verði dregin á langinn ef ekki verði farið að þeirra óskum um að ræða málin öll í einu.

Við verðum að hafa í huga að hér er um mjög sérstakt mál að ræða sem mikið hefur verið í umræðunni á undanförnum mánuðum. Mál sem dreift er daginn áður en umræða á að hefjast hafa ekki sömu stöðu hér í þinginu. (**GÁS:** Dreift á sama tíma.) Það er ekki hægt að ætlast til þess að hv. þingmenn almennt hafi kynnt sér þau mál, sem ég er ekki að lítilsvirða, en hv. þingmenn hafa ekki haft tíma til þess að kynna sér þau mál.

Ég stend með hæstv. heilbrrh. varðandi það að ræða málið eitt og sér, enda hefur það verið lengi til umfjöllunar. Nú

er að nálgast sá dagur sem við höfðum hugsað okkur, og var allgóð samstaða um í vor, að þetta tiltekna mál, sem nú á að hefja umræðu um, yrði gert að lögum. (**SvG:** Mikil samstaða?) Hvort það var full samstaða get ég ekki sagt um en menn höfðu hugsað sér að reyna að gera þetta mál að lögum um 20. okt. Auðvitað verður það ekki, enda er það ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að málið fái málefnalega umfjöllun bæði við 1. umr. og í hv. heilbrn.

[13:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu er enginn ágreiningur um að samkomulag þurfi til að ræða mál saman hér í þinginu. Það samkomulag var í boði af allra hálfu nema hæstv. heilbrrh., sem hafnar því. Það er rétt að hv. formaður þingflokks Framsfl., Valgerður Sverrisdóttir, sagði á þriðjudagsmorgni að hún hafði fyrirvara um afstöðu hæstv. ráðherra, enda ósköp eðlilegt að ræða við hæstv. ráðherrann þar sem hún hefur forræði á fyrsta málinu.

Það sem við erum að segja, í mínum huga er það a.m.k. svo, er hversu óeðlilegt það er að standa fast á þessu sem hæstv. ráðherra gerir, að gera ekki umræðuna skilmerkilegri fyrir þing og þjóð með því að hér séu reifuð þau mál sem fyrir þinginu liggja og varða sama svið. Málið snýst um það. Ég varð var við að forseta Alþingis þætti þetta eðlileg tilhögun. Hæstv. forseti reifaði málið út frá því sjónarhorni en auðvitað með skýrum fyrirvara um að samkomulag þyrfti að vera um málið. Mér finnst þetta afar sérkennilegt og óheppilegt fyrir umræðuna í heild sinni.

Í þessu felast að sjálfsögðu ekki hótanir um eitt eða neitt og mér fannst hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir ekkert bæta um með innleggi sínu hér áðan, talandi um að önnur mál en mál hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar hafi komið svo seint fram að menn hafi ekki getað kynnt sér þau. Það er alveg furðulegt af hálfu þingflokksformanns að orða hugsun sína svona úr þessum ræðustóli.

Málin væru ekki hér án afbrigða ef þau hefðu komið fram með óeðlilega stuttum fyrirvara. Þeim var öllum dreift hér á þriðjudagskvöld á útbýtingarfundi í Alþingi, samtímis. Hið sama gildir því um málin öll að þessu leyti.

Ég þarf ekki að orðlengja þetta frekar. Ég harma þessa afstöðu hæstv. ráðherra og finnst hún gera sjálfum sér verst með því að halda fast í skoðun sína en hún hefur til þess ótvíræðan rétt.

[13:43]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér stjfrv. sem verið hefur í umræðu í þjóðfélaginu í sjö mánuði. Málið hefur verið til umfjöllunar og þorri þjóðarinnar heyrt um það. Fulltrúar hálfrar þjóðarinnar hafa veitt umsögn um frv. Því er rétt að taka það á dagskrá eitt og sér. Ef þessi þrjú frumvörp væru öll eins þá væri hægt að taka þau saman. En vegna þess að þau eru ekki skyld að öllu leyti þá er rétt að taka stjfrv. hér fyrir og ræða það sér.

[13:45]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hafi maður vænst þess að fá einhverjar haldbærar skýringar frá hæstv. heilbrrh. fyrir þessari undarlegu afstöðu hennar þá er sú von fokin út í veður og vind. Hafi maður verið undrandi fyrr þá er maður orðlaus núna. Fyrst þessi þrjú mál eru ekki öll eins þá er ekki unnt að ræða þau saman. Datt hæstv. ráðherra það í hug að menn kæmu með mál samhljóða hennar máli inn í þingið upp á punkt og prik? Hvers konar þvæla og þrugl er þetta eiginlega, virðulegi forseti? Og fyrirgefðu orðbragðið?

Sannleikurinn er einfaldlega sá að fyrir tveimur dögum síðan, innan tilskilins frests, var dreift þremur málum á hinu háa Alþingi á útbýtingarfundi kl. sex á þriðjudaginn. Það var frv. hæstv. heilbrrh. Það var frv. nokkurra þingmanna jafnaðarmanna og það var þáltill. frá þingflokki óháðra. Þetta var fyrir tveimur dögum síðan. Í frv. hæstv. heilbrrh. var um að ræða 20 eða 30 breytingar frá fyrri drögum, ég hef ekki enn þá talið þær saman, og voru þá fyrst að koma fyrir sjónir þingheims á nákvæmlega sama hátt og þau mál önnur sem hér voru birt. Það er því bókstaflega rangt og út í bláinn að halda því fram að hálfri þjóðinni hafi verið gefinn kostur á því að fjalla um frv. heilbrrh. Það birtist þingheimi og þjóðinni fyrir tveimur sólarhringum þannig að öll efnisrök eru nákvæmlega þau sömu þegar kemur að þessu stjfrv. og þeim þingmannafrumvörpum sem hér er um að ræða. Þetta er einfaldlega málið.

Ég hlustaði auðvitað á lestur virðulegs forseta um að svona verði þetta að fara fram fyrst hæstv. heilbrrh. ætlar sér strax áður en umræðan er hafin að fara út í þetta hornið og stefna þar með í hættu, ég segi það, stefna þar með í hættu annars málefnalegri aðkomu að þessu stóra og mikilvæga máli. Að fara að setja þetta í einhvers konar stjórn/stjórnarandstöðusamhengi eins og hæstv. ráðherra hefur gert eru mér mikil vonbrigði. Ég ætla hins vegar ekki að detta í það far og mun fara í umræðuna á eftir, eins og ég gerði grein fyrir áðan, á málefnalegum forsendum og sem mikilvægast er, ekki eingöngu til þess að ræða meingallað frv. ráðherra og benda þar á veikleika heldur líka sem nauðsynlegt er til þess að umræðan verði uppbyggileg og gagnleg fyrir þjóðina og þá þingnefnd sem við þessum málum tekur, benda á aðrar og betri leiðir. En það vill hæstv. ráðherra greinilega ekki hlusta á í þessari lotu og það eru mér veruleg vonbrigði. Og enn þá auðvitað hafa engin handbær og handföst efnisrök komið fram. Hér er um eitthvert misskilið stolt að ræða sem ég fæ engan botn í, ekki nokkurn.

[13:48]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Fyrir okkur þingmenn snýst málið einfaldlega um það hvernig skynsamlegast sé að halda á þessum umræðum. Það liggur fyrir að þau efnisatriði sem eru annars vegar í þáltill. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og fleiri og hins vegar í frv. hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar o.fl. verða öll rædd jafnhliða því sem umræðan fer fram um frv. hæstv. ráðherra vegna þess að í þessum tveimur þingmannamálum eru lögð til ákveðin efnistök á málinu sem eru öðruvísi en hjá hæstv. ráðherra. Með neitun sinni á því að ræða málin öll í einu er hæstv. ráðherra því ekki að koma í veg fyrir að um efnisatriði hinna þingmálanna tveggja verði rætt. Það verður gert hér á eftir. Spurningin fyrir okkur þingmenn er einfaldlega sú hvernig skynsamlegast sé að halda á þessu og skynsamlegasta aðferðin er að sjálfsögðu að hafa öll málin undir í einu. Fyrir liggur að sá var vilji forseta, en eins og forseti hefur tekið fram, þá nær sá vilji ekki fram að ganga af því að hæstv. heilbrrh. hafnar því. Mér finnst nauðsynlegt að hæstv. heilbrrh. geri þinginu grein fyrir ástæðu þess að ráðherra hafnaði því. Mér finnst að þingið eigi kröfu á að vita það. Af hverju hafnar hæstv. heilbrrh. skynsamlegustu málsmeðferðinni sem Alþingi getur haft á þessum málum? Að segja eins og hún sagði áðan, að ekki sé hægt að ræða fleiri en eitt frv. saman um sama mál af því að málin séu ekki

alveg eins, er auðvitað gjörsamlega út í hött því að halda mætti af þeim ummælum að hún gerði ráð fyrir því að til þess að hægt væri að ræða mál um sama efni þá þyrfti að vera um sams konar frumvörp að ræða í öllum tilvikum. Þá hefði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson orðið að endurflytja frv. hæstv. ráðherra til að hægt væri að ræða þau saman. Þetta er auðvitað algerlega út í hött og mér finnst að Alþingi eigi kröfu á því, virðulegi forseti, að hæstv. heilbrrh. útskýri og geri grein fyrir því sem hún hlýtur að geta gert öðruvísi en svona, af hverju hæstv. ráðherra leggst gegn því að Alþingi viðhafi skynsamlegustu vinnubrögðin í þessum málum.

[13:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kem hér einungis til að mótmæla ákveðinni fullyrðingu sem kom fram í máli hæstv. heilbrrh. Hún heldur því fram að vegna þess að búið sé að ræða meðal þjóðarinnar það frv. sem hér liggur fyrir í sjö mánuði, þá eigi það að njóta forgangs umfram annað frv. sem er lagt fram svo að segja á sama tíma í þinginu. En fullyrðing hæstv. ráðherra er röng. Í þessu frv. sem núna liggur fyrir af hennar hendi eru algerlega nýir hlutir sem varða lykilþætti. Í frv. sem hæstv. ráðherra lagði fram fyrir örfáum dögum er að finna algerlega ný tök á einu umdeildasta atriði frv. sem varðar persónuverndina. Þess vegna er með engu móti hægt að halda því fram að hin nýja hugmynd sem lögð er fram í frv. hafi verið til umræðu meðal þjóðarinnar í sjö mánuði.

Í annan stað, herra forseti, varðar það frv. sem hv. þm. Guðmundur Árni ásamt fleiri þingmönnum jafnaðarmanna hefur lagt fram einmitt þetta tiltekna atriði, þ.e. persónuverndina. Þess vegna hefði það verið skilvirkast fyrir umræðuna að fá það frv. samhliða í umræðu með frv. hæstv. ráðherra. Það hefði dregið fram valkostina sem eru tveir í þessu máli og það hefði gert umræðuna miklu hnitmiðaðri og það hefði auðveldað okkur að komast að málefnalegri niðurstöðu. Síðan, herra forseti, frábið ég mér tilraunir hæstv. ráðherra til þess að hrekja þetta mál í einhvers konar pólitískar skotgrafir. Þetta er ekki flokkspólitískt mál. Þetta mál er lagt fram og menn koma til þess að taka þátt í málefnalegri umræðu og hæstv. ráðherra hefur umræðuna með því að gera þetta að einhverju máli sem varðar stjórnina annars vegar og andstæðinga stjórnarinnar hins vegar. Þetta eru röng málstök og þetta er röng byrjun af hálfu hæstv. ráðherra.

[13:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Meginreglan er sú að frv. eru rædd hvert fyrir sig. Undantekning er sú að frumvörp séu rædd saman þannig að hæstv. ráðherra í sjálfu sér skuldar enga skýringu á því að hæstv. ráðherra kýs að fylgja reglunni en ekki undantekningunni.

Hvenær veita menn helst undanþágu frá reglunni? Það er þegar mál eru samkynja, sama eðlis og styðja hvert annað. Undanþága er miklu síður veitt ef mál ganga þvert hvert á annað. Þannig að það er fullkomlega sjálfsagt og eðlilegt af hálfu ráðherrans að óska eftir því að reglunni verði fylgt en ekki undantekningunni.

[13:54]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er vissulega regla í þingsköpum að mál eru rædd aðskilin. En af hverju breyttum við þingsköpunum þannig að það mætti spyrða mál saman? Það var til þess að ræða mætti mörg í einu og flýta fyrir umræðum og í þingskapaumræðunni var aldrei gert ráð fyrir því að mál þyrftu að vera samkynja eða í sömu veru að einhverju leyti. Ég vísa því algerlega í bug sem fram kom hjá hæstv. forsrh. í þessu efni. Það er algerlega augljóst mál að væri um að ræða skyld mál eða mál á svipuðu sviði, þá væri hægt að taka þau saman og við höfum aftur og aftur gert það í þessari stofnun, herra forseti, á þessu kjörtímabili. Við höfum meira að segja gengið svo langt að við höfum tekið saman undir eina umræðu mál sem í raun og veru á að ræða um á mismunandi hátt samkvæmt ákvæðum þingskapa þannig að í raun hefur þingið og forusta þess beitt sér fyrir því að menn tækju sem flest mál saman ef mögulegt væri. Ég tel því að sú uppsetning sem var hjá síðasta hv. ræðumanni sé algerlega út í hött, herra forseti.

Ég vil hins vegar benda á það, sem er kannski það alvarlegasta í þessari umræðu, að hæstv. heilbrrh. hefur tekið um það ákvörðun að þetta sé ríkisstjórnarflokkamál sem hér á að fara að ræða. Hún hefur tekið um það ákvörðun að við sem erum í stjórnarandstöðuflokkum, eins og t.d. ég sem hef litið á þetta mál með tiltölulega jákvæðum hætti, eigum í raun og veru mjög erfitt með að styðja það vegna þess að við erum ekki hluti af stjórnarliðinu. Ég tel að þessi uppsetning hjá hæstv. ráðherra sé yfirgengileg miðað við allar aðstæður. Ef hún óskar eftir því að málið fái eðlilega umræðu í stofnuninni þá hefði hún átt að nálgast það með öðrum hætti.

Ég segi líka um ummæli hv. formanns þingflokks Framsfl. um það að ég hafi haft hér í frammi hótanir: Ég bið hv. þm. um að taka ummælin til baka. Ég sagði ekkert annað en það að veruleikinn væri sá að neitun ráðherrans á eðlilegu samstarfi hér getur haft sínar afleiðingar og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir þekkir hverjar þær eru. Ég skora á hana að taka þessi ummæli um hótanir af okkar hálfu til baka. Ég skora á hana að gera það.

Síðan segi ég: Hver samdi um að ljúka ætti málinu fyrir 20. október? Það var ekki þingflokkur Alþb. og óháðra a.m.k., sá sem ég stýrði á þeim tíma. Það er alveg ljóst. Hafi einhver hugsað sér það, þá er það mál sem ég kom ekki nálægt, herra forseti, þannig að ég neita því að þetta sé borið hér fram sem málsástæða eins og hv. þm. gerði áðan.

[13:57]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég held að menn eigi að halda stillingu sinni hér. Er ekki eðlilegt að stjfrv. komi á dagskrá og menn ræði það eitt og sér? Er það ekki eðlileg umræða sem slíkt er sett í gang? Eru menn að hóta því af því að stjfrv. er sett á dagskrá eitt og sér, að menn ætli ekki að styðja málið? Skil ég hv. þingmenn rétt?

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 1. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 109.

[13:58]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 15. okt. 1998:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokks Alþb. að umræðutími við 1. umr. um frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði og persónuvernd verði tvöfaldaður vegna mikilvægis málsins."

Undir bréfið ritar Svavar Gestsson, formaður þingflokks Alþb.

Forseti verður við þessari ósk.

[13:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Frumvarp þetta byggist á frumvarpi sama efnis sem lagt var fram á Alþingi á 122. löggjafarþingi en var ekki afgreitt.

Vinnuhópur á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hefur í sumar unnið að endurskoðun frumvarpsins. Hópurinn kallaði á sinn fund ýmsa sérfræðinga, m.a. á sviði læknisfræði, rannsókna, siðfræði og hagfræði og leitaði ráðgjafar íslenskra og erlendra sérfræðinga á sviði Evrópuréttar.

Í vinnu sinni studdist vinnuhópurinn m.a. við fjölmargar ábendingar sem fram komu í ræðu og riti þegar fjallað var um frumvarpið sl. vor. Jafnframt vann hópurinn úr þeim umsögnum og athugasemdum er bárust heilbrigðis- og tryggginanefnd Alþingis og ráðuneytinu við umfjöllun um málið á 122. löggjafarþingi. Í lok júlí voru drög að endurskoðuðu frumvarpi send fjölda aðila til umsagnar og bárust yfir 40 umsagnir. Vinnuhópurinn hefur nú unnið úr þessum umsögnum og hefur frumvarpið tekið miklum breytingum frá fyrra frumvarpi.

Frumvarpið eins og það liggur nú fyrir ber það með sér að mikið tillit hefur verið tekið til þeirra fjölmörgu ábendinga sem okkur hafa borist og tel ég að mjög vel hafi til tekist um endurskoðun frumvarpsins og í nánast öllum atriðum hefur verið komið verulega til móts við þau sjónarmið sem fram koma í umsögnunum. Ég tel því að í frumvarpinu felist sú sátt sem nauðsynleg er um mál þetta.

Virðulegi forseti. Íslendingar standa einna fremstir meðal þjóða heims samkvæmt mælikvörðum á heilbrigði. Þessi staða er eftirsóknarverð og ber því að leggja mikla áherslu á að varðveita hana og styrkja. Nú eru teikn á lofti um að Íslendingar geti fært sér þessa sérstöðu í nyt með nýjum og áhugaverðum hætti til margs konar ávinnings.

Skráðar upplýsingar um heilsu íslensku þjóðarinnar eru þjóðarauður sem ber að varðveita og ávaxta eftir því sem kostur er. Sjúklingar og aðrir skjólstæðingar heilbrigðisþjónustunnar hafa gefið heilbrigðisstarfsmönnum ítarlegar upplýsingar um heilsu sína í þeim tilgangi að fá bót meina sinna eða til þess að taka þátt í ýmiss konar rannsóknum. Upplýsingunum hefur verið safnað skipulega í marga áratugi og mikil vinna verið lögð í að tryggja sem vandaðasta skráningu. Þannig hafa upplýsingarnar orðið til fyrir atbeina starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar, skjólstæðinga hennar og íslenskra vísindamanna og kostnaður hefur verið greiddur af almannafé.

Safn heilsufarsupplýsinga verður ekki metið til fjár því gildi þeirra er fyrst og fremst fólgið í möguleikunum til að efla heilbrigði. Verði þeir möguleikar ekki nýttir er slíkt safn ekki mikils virði. Það eykur augljóslega verðmæti upplýsinganna að Íslendingar geta státað af góðri heilbrigðisþjónustu, góðum árangri ýmissa aðgerða til að efla heilsu landsmanna og öflugu vísindastarfi.

Vegna eðlis þessara upplýsinga og hvernig til þeirra er stofnað geta þær ekki lotið lögmálum eignarréttar í venjulegum skilningi. Stofnanir, fyrirtæki eða einstaklingar geta því ekki átt þær. Þær eru fyrst og fremst hjálpartæki vegna meðferðar sjúklinga. Hins vegar er bæði rétt og skylt að nýta þær til framgangs heilbrigðisvísindum og til eflingar lýðheilsu.

Á undanförnum árum hefur talsvert verið unnið að þróun hugbúnaðar fyrir heilbrigðiskerfið hér á landi og á sl. ári var samþykkt stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins og hefur hún verið gefin út í riti Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 1 frá 1997.

Þau stefnumið sem ráðuneytið leggur áherslu á í ritinu eru eftirfarandi:

Þjónusta við sjúklinga verði bætt.

Trúnaður við sjúklinga verði tryggður.

Kostnaði verði haldið í skefjum.

Stjórnun verði gerð einfaldari og skilvirkari.

Aðgangur að upplýsingum verði fljótvirkari og öruggari.

Mér var það ljóst þegar ég kynnti þessa stefnu að til þess að hún næði fram að ganga þyrfti að hrinda í framkvæmd mörgum verkefnum á sviði upplýsingamála heilbrigðisþjónustunnar. Eitt af brýnustu verkefnunum er þróun samræmds sjúklingaupplýsingakerfis. Það mundi síðan smám saman mynda dreifða, persónutengda gagnagrunna sem hægt væri að tengja saman. Þeir yrðu bæði til hagræðis við notkun sjúkragagna í daglegu starfi og við vísindarannsóknir, til að mynda á sviði faraldsfræði, lýðheilsu og erfðatengsla sjúkdóma. Það verkefni eitt er svo umfangsmikið og kostnaðarsamt að ljóst er að fjármögnun þess mun taka mörg ár ef fjármagna á það eingöngu af almannafé. Þetta á sérstaklega við ef gera á eldri upplýsingar aðgengilegar í tölvum heilbrigðisstarfsmanna, en af slíku væri ómælt hagræði fyrir daglega þjónustu þeirra við sjúklinga. Ljóst er að tölvuvæðing sjúkraskráa heilbrigðisstofnana mundi jafnframt tryggja betur persónuvernd en unnt er í dag.

Skipta má ávinningi af gagnagrunninum í fjóra meginþætti: Í fyrsta lagi öflun nýrrar þekkingar um eðli heilsu og sjúkdóma, í öðru lagi aukin gæði og sparnað í heilbrigðiskerfum, í þriðja lagi uppbyggingu hátækniþjónustu og þar með atvinnu menntaðs fólks í landinu og í fjórða lagi möguleikum á því að laða til Íslands starfsemi sem tengist gagnagrunninum. Áhættan af gagnagrunninum felst aðallega í möguleikum á misnotkun upplýsinga. Því er í frumvarpinu lögð rík áhersla á að tryggja öryggi persónuupplýsinga.

Vinnuhópurinn sem vann að samningu frumvarpsins kynnti sér þær Evróputilskipanir, alþjóðasamninga, tilmæli og önnur gögn varðandi alþjóðaskuldbindingar sem reynt gæti á varðandi frumvarp um gagnagrunna. Hópurinn kynnti sér sérstaklega tilskipun Evrópusambandsins nr. 95/46, um persónuvernd og frjálst flæði upplýsinga, og fylgdi hún frumvarpinu eins og því var dreift til alþingismanna sem fylgiskjal IV. Fylgiskjalið var á ensku þar sem opinber þýðing lá ekki fyrir þegar frumvarpið var prentað. Nú hefur tilskipunin hins vegar verið þýdd á íslensku og í nýrri prentun frumvarpsins fylgir hún á íslensku.

Fyrrgreind tilskipun um persónuvernd er ekki orðin hluti EES-samningsins en ákvörðun hefur verið tekin um að hún verði felld undir samninginn. Reiknað er með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um það í desember 1998 og hefur Ísland þá sex mánuði til þess að aðlaga löggjöf sína tilskipuninni. Við endurskoðun frumvarpsins var þess því gætt að það væri í samræmi við tilskipunina.

Enn fremur kynnti vinnuhópurinn sér og tók mið af ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins nr. 95/9, um lögverndun gagnagrunna, en hún er þegar hluti af EES-

samningnum. Sú tilskipun fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal V.

Þá kynnti vinnuhópurinn sér ýmsar viðskiptareglur EES-samningsins, t.d. samkeppnisreglur, reglur um opinber innkaup og reglur um ríkisstyrki.

Vinnuhópurinn kynnti sér og hafði hliðsjón af tilmælum Evrópuráðsins R (97) 5 frá 13. febrúar 1997, um vernd heilsufarsupplýsinga, m.a. varðandi skilgreiningu á heilsufarsupplýsingum, erfðafræðilegum upplýsingum og því hvenær persónuupplýsingar séu nafnlausar. Þar segir að einstaklingur skuli ekki teljast persónugreinanlegur ef verja þyrfti verulegum tíma og mannafla til að persónugreina hann. Síðan segir að þegar einstaklingur sé ekki persónugreinanlegur sé litið svo á að upplýsingarnar séu nafnlausar. Einnig var stuðst við ákvæði tilmælanna um að skráning og úrvinnsla heilsufarsupplýsinga væri framkvæmd og stjórnað af fólki með starfsréttindi á sviði heilbrigðisþjónustu.

Hér hafa aðeins verið nefndar fáar tilskipanir og tilmæli sem kannaðar voru en að öðru leyti er vísað til umfjöllunar í greinargerð með frumvarpinu þar sem helstu gögn sem könnuð hafa verið og geta skipt máli í þessu sambandi eru rakin.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heilbrigðisráðherra verði heimilt að veita rekstrarleyfi til 12 ára í senn til gerðar eins miðlægs gagnagrunns, með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu. Kveðið er á um að rekstrarleyfishafi greiði allan kostnað við vinnslu upplýsinga til flutnings í gagnagrunninn.

Rétt er að taka fram að gert er ráð fyrir að þessi vinna verði unnin á vegum heilbrigðisstofnana og af starfsmönnum þeirra. Að svo miklu leyti sem um aðkeypta vöru eða þjónustu yrði að ræða mundu gilda um hana almennar reglur um innkaup ríkisins. Það ætti m.a. annars við um kaup á tölvum og gerð hugbúnaðar vegna upplýsingakerfa heilbrigðisstofnana.

Upplýsingarnar skulu unnar með þeim hætti að þær uppfylli þarfir viðkomandi stofnunar fyrir samræmt upplýsingakerfi og þarfir heilbrigðisyfirvalda vegna heilbrigðisskýrslna, áætlanagerðar og annarra verkefna þeirra. Jafnframt skal við vinnslu upplýsinganna leitast við að taka tillit til þarfa vísindamanna sem stunda rannsóknir á heilbrigðissviði. Þannig yrðu annars vegar til dreifðir persónutengdir gagnagrunnar á heilbrigðisstofnunum, sem væru alfarið í vörslu og á forræði þeirra, en hins vegar miðlægur gagnagrunnur með ópersónugreinanlegum upplýsingum frá mörgum stofnunum. Hinn miðlægi gagnagrunnur hefði að geyma allar aðgengilegar upplýsingar síðustu áratuga. Hann yrði síðan uppfærður reglulega þegar nýjar upplýsingar bættust við.

Í umræðu um gagnagrunnafrumvarpið hafa komið fram efasemdir um þau áform að veita aðeins einum aðila leyfi til starfrækslu miðlægs gagnagrunns.

Samkvæmt frumvarpinu skal sá sem fær heimild til starfrækslu miðlægs gagnagrunns standa straum af öllum kostnaði við uppbyggingu hinna dreifðu gagnagrunna á heilbrigðisstofnunum landsins.

Ljóst er að verulegur kostnaður er samfara smíði gagnagrunns af því tagi sem hér um ræðir. Eignamatið sf. hefur að beiðni heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins metið kostnað við hönnun og uppsetningu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði og fylgir það frumvarpinu á fskj. III. Samkvæmt niðurstöðum matsins er þess að vænta að kostnaðurinn verði á bilinu 10–19 milljarðar króna. Kostnaðurinn fer eftir því hve langt verður gengið í skráningu þeirra gagna sem liggja þegar fyrir á heilbrigðisstofnunum. Kostnaðurinn sundurliðast þannig að 2 milljarðar króna eru vegna upplýsingakerfis fyrir heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn, 1,3 milljarðar vegna gagnagrunnskerfis miðlæga grunnsins og 7 til 16 milljarðar vegna skráningar fyrirliggjandi gagna.

Veruleg óvissa er tengd arðsemi slíkrar fjárfestingar. Því er ljóst að ekki væri unnt að ráðast í þetta verkefni nema hafa einhverja tryggingu fyrir því að aðrir aðilar sem kynnu að vilja koma á fót heildargagnagrunni í samkeppni við rekstrarleyfishafa geti ekki fengið hinar samræmdu upplýsingar sem rekstrarleyfishafi hefur kostað skráningu á og búið þannig til annan heildargagnagrunn. Við þær aðstæður er ljóst að útilokað væri að sá sem upphaflega kostaði vinnsluna fengi þann kostnað til baka og forsendur fyrir gerð hans væru því brostnar.

Vernd persónuupplýsinga er tvímælalaust mikilvægasta viðfangsefnið við setningu reglna um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði. Í frumvarpinu er lögð rík áhersla á að hvers kyns upplýsingar sem unnið er með og færðar verða í gagnagrunn verði gerðar ópersónugreinanlegar og að við meðferð gagna sé fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Þar er m.a. sett það skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfis að öryggiskerfi væntanlegs rekstrarleyfishafa uppfylli kröfur tölvunefndar. Þá er kveðið á um að við úrvinnslu og samtengingu sé þess gætt að ekki sé unnt að tengja upplýsingar persónugreinanlegum einstaklingum og að óheimilt sé að veita upplýsingar um einstaklinga úr grunninum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fól hugbúnaðarfyrirtækinu Stika ehf. að gera tillögur um dulkóðun og fylgja tillögurnar frumvarpinu á fylgiskjali VI. Gert er ráð fyrir að dulkóðun skuli a.m.k. vera jafnörugg og sett er fram í fyrrgreindri tillögu Stika ehf. Hér er um að ræða mjög trygga dulkóðun gagna og auk þess er gert ráð fyrir aðgangstakmörkunum til að tryggja persónuvernd. Starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar munu samkvæmt frumvarpinu annast samræmda skráningu upplýsinga, dulkóðun heilsufarsupplýsinga og fyrstu dulkóðun persónuauðkenna þannig að þeir sem starfa við gagnagrunninn fái aldrei í hendur persónugreindar upplýsingar úr sjúkraskrám. Tölvunefnd annast frekari dulkóðun persónuauðkenna með þeim aðferðum sem hún telur bestar til að tryggja öryggi upplýsinganna á hverjum tíma.

Dulkóðun persónuauðkenna skal vera með þeim hætti að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til baka með greiningarlykli og er það breyting frá fyrra frumvarpi. Með henni er fallist á það sjónarmið sem fram kom í umsögn tölvunefndar um drög að frumvarpinu að upplýsingar séu persónuupplýsingar ef til sé greiningarlykill. Þá er skilgreiningu persónuupplýsinga breytt í samræmi við sjónarmið tölvunefndar og skilgreining persónuupplýsinga í tilskipun Evrópusambandsins 95/46 um persónuvernd og frjálsa miðlun upplýsinga tekin upp orðrétt.

Auk þeirra aðgerða sem að framan greinir miða mörg önnur ákvæði frumvarpsins að vernd einstaklinganna, og ætla ég nú að gera grein fyrir þeim helstu.

*Það skilyrði er sett fyrir veitingu rekstrarleyfis að öryggi*skerfi uppfylli kröfur tölvunefndar.

Ákvæði er í frumvarpinu um að við meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga skuli fylgt skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg.

Sett er það skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfis að gagnagrunninn megi ekki flytja úr landi og úrvinnsla megi aðeins fara fram hér á landi. Það skilyrði er sett til þess að tryggja að hægt sé að framfylgja reglum, sem tryggja eiga persónuvernd.

Ákvæði er í frumvarpinu um úttekt óháðs fyrirtækis á sviði öryggismála upplýsingakerfa og skal hún liggja fyrir áður en starfsemi hefst.

Skráningu og vinnslu heilsufarsupplýsinga er stjórnað af fagmenntuðu heilbrigðisstarfsfólki, sem bundið er þagnarskyldu, skv. lögum um viðkomandi heilbrigðisstétt og háð siðareglum stéttar sinnar. Auk þess er sérstakt ákvæði í frumvarpinu um þagnarskyldu starfsmanna rekstrarleyfishafa.

Gert er ráð fyrir að í gagnagrunninn fari aðeins upplýsingar úr sjúkraskrám sem túlka má með tölum. Við ákvörðun um þetta ber að taka mið af þörfum stofnana og sérgreina, sem geta verið mismunandi. Því er eðlilegt að láta frekari útfærslu bíða samninga við einstaka stofnanir. Við þessa vinnu skal fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd telur nauðsynleg hverju sinni.

Ákvæði er í frumvarpinu um upplýsingaskyldu stjórnvalda, svipað og í lögum um réttindi sjúklinga. Þessu ákvæði er ætlað að tryggja að þegnarnir geri sér grein fyrir hvað felst í miðlæga gagnagrunninum og rétti sínum til að hafna þátttöku og geti þannig tekið ákvarðanir byggðar á þekkingu.

Einstaklingar geta hafnað því að upplýsingar um þá fari í gagnagrunninn með einfaldri tilkynningu til landlæknis.

Fellt er brott ákvæði úr fyrri frumvarpsdrögum sem kvað á um að upplýsingar til notkunar við gerð heilbrigðisskýrslna færu í miðlæga grunninn, þrátt fyrir höfnun. Engar upplýsingar verða því í gagnagrunninum um þá einstaklinga, sem hafna þátttöku.

Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að ekki megi hefja flutning upplýsinga í gagnagrunninn, fyrr en að loknum sex mánuðum frá samþykkt frumvarps, þannig að mönnum gefist tími og svigrúm til að ákveða hvort þeir vilji hafna þátttöku.

Takmarkandi reglur verða settar um aðgengi rekstrarleyfishafa, heilbrigðisyfirvalda og vísindamanna að upplýsingum úr grunninum, þannig að ekki verði hægt að skoða einstaklinga eða lítinn hóp. Sama gildir um viðskiptavini rekstrarleyfishafa, þeir fá aldrei aðgang að gögnum í grunninum, aðeins afleiddar, unnar upplýsingar um hópa. Aðilar eins og tryggingafélög eð atvinnurekendur gætu því aldrei fengið upplýsingar um einstaklinga úr gagnagrunninum, eins og sumir virðast óttast.

Starfsemi gagnagrunns á heilbrigðissviði er háð eftirliti tölvunefndar, vísindasiðanefndar og starfrækslunefndar auk heföbundins eftirlits landlæknis. Þá skal þess að lokum getið að ítarleg ákvæði eru í frumvarpinu um viðurlög við brotum m.a. um afturköllun eða sviptingu rekstrarleyfis.

Krafa um að aflað væri upplýsts samþykkis einstaklinga fyrir flutningi upplýsinga í gagnagrunninn var áberandi í umsögnum um drög að frumvarpi frá 31. júlí sl. Ég vil sérstaklega undirstrika að í þeim drögum var gert ráð fyrir að til væri greiningarlykill, þannig að samkvæmt þeim hefði verið mögulegt að rekja upplýsingar í gagnagrunninum til tiltekins einstaklings. Samkvæmt því frumvarpi sem nú hefur verið lagt fram verður hins vegar ekki unnt að rekja upplýsingar til tiltekins einstaklings.

Samkvæmt fyrrgreindri tilskipun Evrópusambandsins 95/46 um persónuvernd ber almennt að afla upplýsts samþykkis viðkomandi fyrir notkun persónuupplýsinga í öðrum tilgangi en þeirra var upphaflega aflað. Á hinn bóginn þarf ekki að afla slíks samþykkis ef ekki er um persónuupplýsingar að ræða. Því má segja að tvær leiðir komi til greina við gerð miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Í fyrsta lagi að gera gagnagrunn með persónugreindum eða persónugreinanlegum upplýsingum, sem skráðar yrðu í gagnagrunninn að fengnu samþykki allra viðkomandi einstaklinga. Kostir þess eru að auðvelt er að rekja upplýsingar til einstaklinga ef á þarf að halda vegna heilsu þeirra eða af öðrum ástæðum. Ókostirnir eru að hugsanlega yrði þátttaka minni, þannig að minni not yrðu af gagnagrunninum. Ljóst er að það mundi kosta mikla fyrirhöfn, tíma og fjármagn að afla samþykkis allra viðkomandi við eins viðamikla upplýsingasöfnun og hér er um að ræða. Kostnaður við gerð slíks gagnagrunns yrði því enn meiri en gert er ráð fyrir miðað við frumvarpið. Þá yrði persónuvernd í slíkum grunni mun minni.

Í öðru lagi er hægt að byggja upp ópersónugreinanlegan gagnagrunn. Þá þarf ekki að afla samþykkis, enda persónuauðkenni dulkóðuð og upplýsingarnar órekjanlegar. Ókostir eru þeir að ekki er hægt að rekja sig til baka og finna einstaklinga sem þyrftu hugsanlega á heilbrigðisþjónustu að halda. Það yrði að gera með hinni heföbundnu leið, þ.e. í gegnum heilbrigðisstofnanir. Kostir eru að mun betur yrði gengið frá persónuvernd og mun líklegra að heildstæðar upplýsingar fáist.

Ákveðið var að fara síðarnefndu leiðina og gera ráð fyrir gagnagrunni með ópersónugreinanlegum upplýsingum. Persónuauðkenni verða dulkóðuð með þeim hætti að ekki verði hægt að rekja þau til baka til tiltekins einstaklings með greiningarlykli. Í fyrra frumvarpi var gert ráð fyrir því að til væri greiningarlykill sem rekstrarleyfishafi hefði ekki aðgang að, þannig að unnt væri að rekja upplýsingar til baka til einstaklings. Með fyrrgreindri breytingu er þessum möguleika hins vegar fórnað til þess að ekki þurfi að afla samþykkis fyrir flutningi upplýsinga í grunninn.

Eins og fyrr greinir verða upplýsingar í gagnagrunninum ekki persónuupplýsingar og er því ekki skylt að afla upplýsts samþykkis fyrir flutningi þeirra í gagnagrunninn. Af sömu ástæðu er heldur ekki skylt að gefa sjúklingum kost á að hafna því að upplýsingar um þá séu færðar í grunninn. Þrátt fyrir það þykir mér rétt að gefa þeim sem kunna að hafa á móti því að upplýsingar úr sjúkraskrám þeirra séu fluttar í grunninn kost á að hafna því. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sjúklingur geti, á þar til gerðu eyðublaði, sett fram ósk um að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í grunninn. Slíkar óskir skuli tilkynntar landlækni. Hann skal sjá um að dulkóðuð skrá um viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði og er hér tekið mið af ábendingum sem fram komu í umsögnum um drög að frumvarpinu, m.a. umsögn tölvunefndar. Landlækni er samkvæmt frumvarpinu falið að sjá til þess að upplýsingar um gagnagrunninn og rétt sjúklings til þess að neita því að upplýsingar um hann fari í grunninn séu aðgengilegar almenningi.

Ýmsir hafa lýst áhyggjum sínum af því að samþykkt frumvarps um miðlægan gagnagrunn skerði aðgang vísindamanna að upplýsingum úr sjúkraskrám.

Ég vil leggja áherslu á að slíkar áhyggjur eru með öllu ástæðulausar. Þvert á móti munu upplýsingar í sjúkraskrám heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna verða mun aðgengilegri til úrvinnslu vegna vísindarannsókna, ef áform um miðlægan gagnagrunn ná fram að ganga.

Frumvarpið kveður skýrt á um að starfræksla miðlægs gagnagrunns hefti ekki þann aðgang er vísindamenn hafa fram til þessa haft að upplýsingum hjá heilbrigðisstofnunum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Þeir geta því eftir sem áður fengið aðgang að þeim með leyfi vísindasiðanefndar og tölvunefndar. Samkvæmt frumvarpinu skal rekstrarleyfishafi kosta samræmt upplýsingakerfi fyrir heilbrigðisstofnanir og skal m.a. tekið tillit til þarfa vísindamanna við gerð þess. Í stað þess að fá aðgang að skjalabunkum í möppum geta vísindamenn fengið aðgang að samræmum upplýsingum í tölvuvæddum sjúkraskrárkerfum heilbrigðisstofnana og ætti það að auðvelda mjög alla vinnu við vísindarannsóknir.

Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir að sérstök nefnd skipuð fulltrúum tilnefndum af landlækni, læknadeild Háskóla Íslands og rekstrarleyfishafa geti veitt vísindamönnum aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum til notkunar í vísindarannsóknum.

Frumvarpið byggir á því að rekstrarleyfishafi geri samninga við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Heilbrigðisstofnanir skulu hafa samráð við læknaráð og faglega stjórnendur viðkomandi stofnana áður en gengið er til samninga við rekstrarleyfishafa. Jafnframt skal haft samráð við þá um hvaða upplýsingar verði fluttar í gagnagrunninn. Loks er gert ráð fyrir að nefnd um starfrækslu gagnagrunnsins muni veita ráðgjöf og aðstoð eftir þörfum heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og hafa eftirlit með samningagerðinni eftir því sem þurfa þykir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að tölvunefnd hafi eftirlit með því að öryggi persónuupplýsinga sé tryggt. Þannig er það grundvallarskilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfis samkvæmt frumvarpinu að fylgt sé þeim skilyrðum sem tölvunefnd telur nauðsynleg. Mikilvægt er að tölvunefnd verði búin nauðsynleg aðstaða til þess að sinna þessu nýja og aukna hlutverki. Tölvunefnd hefur þegar reynslu af því að þróa reglur um vinnuferli við vísindarannsóknir á heilbrigðissviði sem tryggja eiga persónuvernd, m.a. dulkóðun, og mun væntanlega geta byggt á þeirri þekkingu. Auk þess er nauðsynlegt að gera ýmsar frekari öryggisráðstafanir svo sem strangar og vel skilgreindar aðgangstakmarkanir og ljóst er að margir þættir frumvarps þessa fela í sér nýmæli varðandi gagnavinnslu sem kalla á verulega sérfræðiþekkingu.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að sett verði á fót sérstök nefnd um gerð og starfrækslu gagnagrunnsins. Nefndinni er ætlað mikilvægt hlutverk við undirbúning gagnagrunnsins þannig að tryggt sé að skráning upplýsinga taki mið af þörfum sjúklinga, heilbrigðisstofnana, sérgreina, vísindamanna og heilbrigðisyfirvalda. Þá er nefndinni ætlað að tryggja að við daglega starfsemi sé í hvívetna fylgt skilyrðum laga, reglugerða og rekstrarleyfis að því leyti sem ekki er um að ræða lögbundið hlutverk tölvunefndar. Nefndin skal einnig fylgjast með öllum fyrirspurnum og úrvinnslu úr gagnagrunninum og senda vísindasiðanefnd reglulega skrá um allar fyrirspurnir sem berast um upplýsingar úr gagnagrunninum ásamt upplýsingum um fyrirspyrjendur. Loks er eins og áður sagði gert ráð fyrir að óháður sérfræðingur á sviði öryggismála upplýsingakerfa geri úttekt á gagnagrunninum áður en starfræksla hans hefst. Sú vinna yrði að fara fram eftir að tölvunefndin og eftirlitsnefndin hefðu fjallað um þessa þætti.

Virðulegi forseti. Eins og áður hefur komið fram er frumvarp það sem nú er lagt fram verulega breytt frá því frumvarpi til laga um gagnagrunna á heilbrigðissviði sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi. Ég hef fyrr í ræðu minni farið ítarlega yfir helstu breytingar og ætla því einungis að gefa hér stutt yfirlit yfir þær.

Í 1. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir markmiði laganna.

Í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir einum miðlægum gagnagrunni og að einum aðila verði veitt tímabundið rekstrarleyfi. Frumvarpið tekur ekki til annarra gagnagrunna sem starfræktir eru á afmörkuðum sviðum.

Ekki er gert skilyrði um að rekstrarleyfishafi sé íslenskur lögaðili, heldur einungis að gagnagrunnurinn sé alfarið staðsettur hér á landi.

Skilgreining hugtaksins „persónuupplýsingar" er breytt og tekin upp orðrétt skilgreining tilskipunar Evrópusambandsins 95/46 um persónuvernd og frjálsa miðlun upplýsinga.

Sett eru ítarlegri ákvæði um þann kostnað sem rekstrarleyfishafi skal greiða.

Sett eru ítarleg ákvæði um vörslu, meðferð og starfrækslu gagnagrunnsins bæði þegar leyfistíma lýkur og ef röskun verður á starfsemi leyfishafa. Þannig skal rekstrarleyfishafi afhenda nefnd um starfrækslu gagnagrunns afrit af gagnagrunninum og skal það uppfært reglulega. Þá eru sett ákvæði til að tryggja að heilbrigðisyfirvöld fái ótímabundin afnot af hugbúnaði og réttindum sem nauðsynleg eru til starfrækslu gagnagrunnsins. Er hér m.a. hafður í huga höfundarréttur rekstrarleyfishafa að skipulagi og samsetningu gagnagrunnsins og höfundarréttur að nauðsynlegum hugbúnaði.

Gert er ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja manna nefnd til þess að hafa umsjón með gerð og starfrækslu gagnagrunnsins og samningum leyfishafa við heilbrigðisstofnanir. Nefndin skal skipuð lögfræðingi, sem er jafnframt formaður, heilbrigðisstarfsmanni sem þekkingu hefur á faraldsfræði og einstaklingi með þekkingu á sviði upplýsinga- og/eða tölvufræði. Nefndin á að fylgjast með öllum fyrirspurnum og úrvinnslu úr gagnagrunninum og senda vísindasiðanefnd reglulega skrá yfir allar fyrirspurnir sem berast gagnagrunninum, ásamt upplýsingum um fyrirspyrjendur. Vísindasiðanefnd getur þannig fylgst með því að starfsemi fari ekki í bága við vísindasiðfræðileg sjónarmið.

Heilbrigðisstofnanir skulu hafa samráð við læknaráð og faglega stjórnendur áður en gengið er til samninga við rekstrarleyfishafa.

Kveðið er á um að starfsmenn heilbrigðisstofnana skuli annast dulkóðun heilbrigðisupplýsinga og persónuauðkenna fyrir flutning í gagnagrunninn. Dulkóðun persónuauðkenna skal vera þannig að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til baka til tiltekins einstaklings með greiningarlykli. Tölvunefnd skal síðan annast frekari dulkóðun með þeim aðferðum sem hún telur tryggja best persónuvernd.

Kveðið er á um að skylt sé að verða við óskum sjúklinga um að upplýsingar um þá verði ekki fluttar í gagnagrunninn. Hafi sjúklingur sett fram slíka ósk fara engar upplýsingar um hann í gagnagrunninn. Í fyrra frumvarpi var hins vegar

gert ráð fyrir því að upplýsingar sem nauðsynlegar væru til gerðar heilbrigðisskýrslna færu í grunninn þrátt fyrir ósk sjúklings. Landlæknir skal sjá til þess að dulkóðuð skrá um viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunninn. Jafnframt er kveðið á um að landlæknir skuli sjá til þess að upplýsingar um gagnagrunn á heilbrigðissviði og rétt sjúklinga til að hafna því að upplýsingar um hann séu fluttar í gagnagrunn séu ávallt aðgengilegar almenningi.

Vísindamenn, sem starfa hjá aðilum sem vinna upplýsingar í gagnagrunninn, geta fengið aðgang að upplýsingunum með leyfi sérstakrar aðgangsnefndar og þurfa þeir aðeins að greiða breytilegan kostnað vegna vinnslu upplýsinganna. Nefndin er skipuð fulltrúum landlæknis, læknadeildar Háskóla Íslands og rekstrarleyfishafa og skal fulltrúi landlæknis vera formaður nefndarinnar. Taka á tillit til þarfa vísindamanna við vinnslu upplýsinga í gagnagrunninn. Kveðið er skýrt á um að þeir hafi jafnframt, eins og áður, aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám samkvæmt núgildandi reglum og eins og ég hef áður getið um á það að sjálfsögðu einnig við um aðgang að hinum tölvuvæddu sjúkraskrám heilbrigðisstofnana sem fyrirhugað er að rekstrarleyfishafi kosti.

Nánar er kveðið á um takmarkanir á vinnslu rekstrarleyfishafa úr upplýsingum í gagnagrunninum, m.a. þannig að tryggt sé að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum og að óheimilt sé að veita úr grunninum upplýsingar um einstaklinga eða veita beinan aðgang að gögnum úr grunninum og skuli það tryggt með aðgangstakmörkunum.

Tekin eru af tvímæli um að tölvunefnd skuli falið eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunnsins að því er varðar persónuvernd og öryggi gagna í gagnagrunninum.

Nefnd um starfrækslu gagnagrunns skal hafa umsjón með því að fylgt sé ákvæðum laga þessara, reglugerða og skilyrða rekstrarleyfis. Þá skal hún, eins og áður sagði, fylgjast með öllum fyrirspurnum og úrvinnslu úr gagnagrunninum og senda vísindasiðanefnd reglulega skrá um allar fyrirspurnir sem berast gagnagrunninum ásamt upplýsingum um fyrirspyrjendur.

Gert er ráð fyrir því að í reglugerð verði m.a. nánar kveðið á um starfsemi nefndar um starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði og starfsemi nefndar um aðgengi að upplýsingum úr gagnagrunni, svo sem hvaða upplýsingar vísindamenn, sem óska eftir upplýsingum vegna rannsókna, þurfi að leggja fyrir nefndina. Gert er ráð fyrir að þar verði aðeins um að ræða upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að meta hvort beiðni um upplýsingar fari í bága við viðskiptalega hagsmuni rekstrarleyfishafa.

Í ákvæði til bráðabirgða er tekið fram að flutningur upplýsinga í gagnagrunn skuli ekki hefjast fyrr en í fyrsta lagi sex mánuðum eftir gildistöku laganna þannig að sjúklingar hafi svigrúm til þess að koma á framfæri óskum um að upplýsingar um þá verði ekki fluttar í gagnagrunninn. Þá er í ákvæði til bráðabirgða kveðið á um að nefnd um starfrækslu gagnagrunns skuli sjá til þess að fyrir liggi úttekt óháðs sérfræðings á sviði öryggismála upplýsingakerfa áður en vinnsla í gagnagrunninn hefst.

Virðulegi forseti. Þegar ég kynnti upphaflegt frumvarp um gagnagrunna, í lok mars síðastliðinn, lagði ég strax áherslu á að hér væri um að ræða umfangsmikið og flókið mál sem þyrfti mikla og vandaða umræðu og kynningu.

Mér hefur svo sannarlega orðið að ósk minni því ég held að ekkert mál hafi á síðari árum hlotið jafnvíðtæka og almenna umræðu og kynningu og frumvarp til laga um gagnagrunn.

Nánast á hverjum degi í sex mánuði hefur mál þetta verið til umræðu í öllum helstu fjölmiðlum landsins.

Drög að frumvarpinu voru send til yfir 200 aðila til skoðunar nú í sumar. Drögin voru aðgengileg á netinu á þremur tungumálum og þúsundir hafa kynnt sér málið á heimasíðu ráðuneytisins.

Yfir 40 umsagnir bárust ráðuneytinu, umsagnir sem fjöldi fagfólks á ýmsum sviðum hefur lagt mikla vinnu í að semja og þannig hafa hundruð einstaklinga velt ítarlega fyrir sér kostum og göllum hugmyndarinnar, ávinningi og hættum sem fylgt geta þessari starfsemi.

Ráðuneytið hefur þannig tryggt að allir ættu kost á að koma skoðun sinni á framfæri. Það verður því ekki annað sagt en að undirbúningur málsins hefur verið mjög vandaður.

Sú aðferð sem beitt var til að gefa þjóðinni kost á að hafa áhrif á samningu þessa frumvarps er einsdæmi á Íslandi. Við höfum nýtt tækni netsins sem ótvírætt hefur sýnt okkur hversu öflugar tölvurnar og þekkingin sem þeim fylgir eru í nútímaupplýsingaþjóðfélagi. Í mínum huga er það alveg ljóst að þessi nýja tækni eykur opna lýðræðislega umræðu í þjóðfélaginu og gefur almenningi möguleika á að hafa áhrif langt umfram það sem við höfum áður þekkt. Það er einmitt þessi nýja tölvutækni upplýsingasamfélagsins sem gerir mögulegt að ráðast í verkefni eins og gagnagrunninn. Möguleiki sem fyrir fáum árum var einfaldlega ekki fyrir hendi.

Ég er ekki í neinum vafa um að kostir þess að setja saman og starfrækja miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði vegi mun þyngra en hugsanlegir gallar.

Kostirnir eru ótvíræðir í öflun þekkingar, fyrir rannsóknir, framþróun í meðferð sjúklinga og stjórnun og ákvarðanatöku í heilbrigðismálum.

Grundvöllur yfirvegaðra ákvarðana er þekking og augljóst er að uppbygging samræmdra upplýsingakerfa í heilbrigðisþjónustunni er tímabær og nú hefur skapast tækifæri til að byggja þau upp á mun skemmri tíma en við höfum hingað til talið okkur fært.

Auk þess eru bundnar vonir við að þetta risastóra verkefni muni hafa margvísleg áhrif fyrir atvinnu- og efnahagslíf, við getum boðið okkar hámenntaða unga fólki fleiri og betri atvinnutækifæri en nú er og fengið heim fagfólk sem eflir og auðgar okkar samfélag.

Vissulega hefur í umræðunni einnig verið bent á þær hættur sem þurfi að varast í málinu. Ýmsir telja að sumt af því sem ég hef talið til kosta, geta einnig falið í sér hættur, svo sem sú meginhugmynd að koma upp miðlægum gagnagrunni.

Margir umsagnaraðilar hafa lýst áhyggjum af tryggingu persónuverndar, eftirliti með gagnagrunninum, vísindasiðfræðilegum álitaefnum, trúnaðarsambandi við sjúklinga, tæknilegum atriðum varðandi öryggismál og hvort slíkur gagnagrunnur kynni að brjóta í bága við skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða öðrum alþjóðlegum skuldbindingum.

Öll þau atriði sem ég nefndi hafa verið skoðuð vandlega og tekið tillit til þeirra við endurskoðun frumvarpsins. Ég tel að með endurskoðuðu frumvarpi sé unnt að tryggja fullnægj-

andi persónuvernd og að frumvarpið brjóti hvorki í bága við vísindasiðfræðileg sjónarmið eða alþjóðaskuldbindingar.

Í frumvarpinu er komið verulega á móts við sjónarmið þeirra sem lagt hafa á sig mikla vinnu við að skoða þetta mál og koma á framfæri ábendingum um það sem betur mætti fara. Þetta var hins vegar nauðsynlegt því að gagnagrunnurinn verður aldrei settur saman og nýtist aldrei eins og til er ætlast nema sátt ríki um hann og starfrækslu hans.

Ég tel að í frumvarpinu, eins og það er nú, felist sú sátt sem nauðsynleg er til að þetta verkefni verði að veruleika okkur öllum til heilla.

Virðulegi forseti. Ég hef fjallað ítarlega um efni frumvarps þess sem hér er lagt fram og leyfi mér því að leggja til að að lokinni umræðu verði því vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

[14:45]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. þetta fjallar öðrum þræði um gagnagrunn á heilbrigðissviði en að hinu leytinu um hvernig eigi að reka og nýta þær upplýsingar sem þar er safnað. Ég geri mér fulla grein fyrir því eins og flestir að það geti verið mjög til gagns að safna saman upplýsingum um sjúkdóma og þróun þeirra, setja upp gagnagrunn á heilbrigðissviðinu, m.a. til þess að rannsaka gengi sjúkdóma, tengsl, árangur meðferðar o.s.frv. Þetta er vissulega mikilsvert en þetta er ekki hlutur sem þriðji aðili er reiðubúinn til að borga 20 þús. millj. kr. fyrir.

Í frv. er gert ráð fyrir því að fá reksturinn á gagnagrunninum í hendur tilteknum aðila. Hæstv. ráðherra hlýtur því að hafa gert sér grein fyrir því hvernig sá aðili hyggst nýta þessar upplýsingar. Hvað er það sem sá aðili hyggst selja? Maður skilur það ekki betur en svo að gert sé ráð fyrir því að keyra þessar upplýsingar saman við genetískar upplýsingar, þ.e. upplýsingar um ætterni manna, tengsl eins sjúklings við annan. Spurning mín til hæstv. heilbrrh. er:

1. Telur hún að frv. leyfi slíkt?

2. Hvað er það sem hún telur að væntanlegur rekstraraðili að þessum upplýsingum ætli að selja sem sé svo verðmætt að þriðji aðili sé reiðubúinn að leggja fram 20 þús. millj. kr. til þess að afla slíkra upplýsinga?

[14:47]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt frv. er ekki gert ráð fyrir því að hægt sé að tengja heilsufarsupplýsingar við ættfræðilegar upplýsingar, ekki nema með sérstöku leyfi tölvunefndar. Það er grunnur málsins og kemur fram í frv.

Varðandi hitt hvað valdi því að einhver aðili sé tilbúinn að leggja allt að 10–20 milljarða í þennan gagnagrunn þá kemur skýrt fram í frv. að verið er að tala um að þróa ný lyf við ýmsum sjúkdómum og það er grundvöllur málsins. Verið er að tala um að þróa læknisfræði og lyfjafræði og það er mergur málsins, virðulegi þingmaður.

[14:48]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að þróa ný lyf. Hvað á hæstv. ráðherra við? Á hæstv. ráðherra við að unnt sé að nota þessar upplýsingar og aðrar þeim tengdar til þess að ná til hóps sem gæti verið virkur t.d. í tilraunir eða þróun lyfja? Á hæstv. ráðherra við það?

Ég spurði hæstv. ráðherra að því hvort heimilt væri samkvæmt túlkun hennar að keyra upplýsingar um heilsufar sjúklinga saman við ættfræðiupplýsingar, þ.e. leita að tengslum milli sjúklinga innbyrðis. Ég fékk ekki skýrt svar. Hæstv. ráðherra sagði: Nei, nema tölvunefnd leyfi. Ég er að spyrja um afstöðu hennar, hæstv. ráðherra. Hver er túlkun hennar á málinu? Telur hæstv. ráðherra að það eigi að heimila slíkt? Ég ítreka: Hvað er svo mikils virði í þeim upplýsingum sem á að safna að þriðji aðili, hugsanlega lyfjafyrirtæki eins og nefnd hafa verið, tryggingafyrirtæki og aðrir slíkir aðilar séu reiðubúnir að borga 20 þús. millj. kr. fyrir það? Ég fullyrði að þeir eru ekki reiðubúnir til að gera það bara úr úrvinnslu þeirra gagna sem gert er ráð fyrir því að verði safnað á heilbrigðissviði samkvæmt frv. þessu. Það eru mikilsverðar upplýsingar sem þar koma fram sem hægt er að nýta á ýmsan hátt en þær upplýsingar einar, sem hægt er að vinna úr þeim grunni, duga ekki til þess að þriðji aðili sé reiðubúinn að leggja fram 20 þús. millj. kr. til að safna þeim. Ég ítreka því spurningu mína til hæstv. heilbrrh.: Hvað telur hæstv. heilbrrh. að sé verið að selja sem er svona verðmætt?

Í öðru lagi: Já eða nei. Hver er afstaða hæstv. heilbrrh.? Telur hún að heimilt sé að reyna að leita að tengslum þeirra sjúklinga sem munu vera inni í gagnagrunninum, þ.e. keyra saman ættfræðilegar upplýsingar og upplýsingar í gagnagrunninum sem verið er að safna. Hver er vilji ráðherra í því efni?

[14:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég tel að tölvunefnd eigi að skera úr um hvort leyfilegt sé að samkeyra þessar upplýsingar. Fyrst og fremst leggjum við það í hendur tölvunefndar.

Varðandi seinni fyrirspurn hv. þm. hvernig standi á því að einhverjir eru tilbúnir til að leggja í svona mikinn kostnað til að mynda varðandi þróun lyfja minni ég á að bara á Íslandi greiða almannatryggingar um 8 milljarða í lyf á hverju einasta ári. Þá er ég að tala um þau lyf sem nýtt eru á sjúkrahúsum og til almennra nota. Ég held að það hljóti að svara þessari spurningu hv. þm.

[14:51]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Gríðarlega margar spurningar vakna varðandi þetta frv. og að þeim verður væntanlega komið síðar í umræðunni en sú stóra spurning sem vaknar í huga mínum og ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra er það sem kemur fram í 7. gr. frv., að gert er ráð fyrir því að viðkomandi heilbrigðisstofnanir gefi samþykki sitt fyrir því að viðkomandi upplýsingar fari inn í gagnagrunninn.

Ég hef skilið það svo að bullandi ágreiningur sé um þetta mál og mikil gagnrýni vísindasamfélagsins hér í landinu og því spyr ég hæstv. heilbrrh.: Er eitthvert gagn að því og eru það skynsamleg vinnubrögð að hennar mati að koma með þetta frv. og ræða það með þeim þrýstingi sem því fylgir? Því það er greinilegt að það á að reyna að afgreiða þetta nokkuð skjótlega, fyrir áramót hefur hæstv. ráðherra sagt. Væri ekki nær að reyna fyrst að ná sátt við vísindasamfélagið í landinu og finna leið sem menn geta sætt sig við áður en byrjað er að þrýsta svona á?

Ég vil líka varpa fram spurningu sem mér finnst mikilvægt að fá svar við. Hæstv. ráðherra nefndi að kostnaðurinn við gagnagrunninn væri á bilinu 9–20 milljarðar og ég spyr: Er inni í þeim kostnaði það sem landlæknisembættið þarf að leggja fram? Ég þykist vita að svo sé en ég spyr: Hver verður

kostnaður landlæknisembættisins? Ég var að telja það saman að ef ég ætlaði að neita því að upplýsingar um mig færu inn í þennan gagnagrunn þyrfti landlæknir að skrifa til a.m.k. 12 aðila og tilkynna að viðkomandi einstaklingur ætli ekki að láta upplýsingar af hendi og því sé ég það fyrir mér að við þetta verði mikill kostnaður.

Að lokum vil ég, hæstv. forseti, ítreka þá spurningu sem kom áðan fram um það hvað má selja út úr þessum gagnagrunni og þá hverjum. Hvað t.d. um erlenda aðila? Ein megingagnrýnin sem ég hef heyrt er ótti ýmissa aðila við að hægt verði að vinna upplýsingar út úr þessum gagnagrunni sem geti t.d. nýst bandarískum tryggingafélögum.

[14:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frv. gerir ekki ráð fyrir því, ef að lögum verður, að það nýtist tryggingafélögum sérstaklega. Það er fyrsta svar mitt.

Varðandi stofnanir og stjórnir þeirra sem munu ráða því hvort upplýsingar fara úr grunninum er algert grundvallaratriði að sátt náist innan stofnana um að upplýsingar fari inn í grunninn. Varðandi vísindasamfélagið sem hv. þm. minntist á er það frv. sem hér liggur fyrir útrétt sáttarhönd til vísindasamfélagsins vegna þess að það voru ýmis ágreiningsmál í fyrra frv. sem vísindamenn bentu á en við teljum að með framlagningu þessa frv. séum við að rétta fram sáttarhönd.

[14:55]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hverjum á að trúa eða hvort menn skilja þessi mál svona mismunandi skilningi. Ég veit ekki betur en Kári Stefánsson, sem er forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar og væntanlegur einkaleyfishafi ef frv. gengur óbreytt fram, hafi fullyrt að það verði hægt að selja t.d. tryggingafélögum upplýsingar. Það er augljóst mál að tilgangurinn með þessu öllu saman er að hægt sé að nýta þessar upplýsingar, ekki bara í þágu læknavísindanna og lyfjaframleiðslu heldur líka til annarra hluta. Mér finnst að ganga þurfi mjög tryggilega frá því að slík upplýsingasöfnun og sala á þeim verði ekki heimil því að þó að það kunni ekki að snerta okkur á þessari stundu, upplýsingar um einhverja hópa, það er ekki verið að tala um einstaklinga eða persónugreinanlegar upplýsingar heldur upplýsingar um ákveðna hópa, fólk með ákveðinn sjúkdóm sem tryggingafélög erlendis vildu gjarnan nýta sér því að auðvitað gilda alveg sömu lögmál um sjúklinga hér og sjúklinga í öðrum löndum. Ég hef orðið vör við það að útlendingar sem hér hafa verið, m.a. ritstjórar vísindatímarita sem hafa verið að kynna sér þessi mál, hafa miklar áhyggjur af því hvaða upplýsingar verði hægt að nálgast hér á landi og hvernig hægt verði að nota eða misnota þær til þess m.a. að setja fólki skilyrði varðandi tryggingar. Það eru sérstaklega Bandaríkjamenn sem hafa áhyggjur af þessu. Í mínum huga er þeirri spurningu því enn þá ósvarað hvaða upplýsingar eiga að fara inn í þennan grunn, hvaða upplýsingar verður leyfilegt að taka út og hvaða upplýsingar verður leyfilegt að selja. Þetta þarf allt saman að vera alveg nákvæmlega skýrt hver er tilgangurinn með þessu og hver er ástæðan fyrir því að þessi ákveðni aðili sem kom með þessa tillögu vill leggja út í þetta. Það gefur auga leið að ekki á að verða mikið tap á þessu.

[14:58]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er deginum ljósara að þau mál er við ræðum hér eru geysimikilvæg og hafa skírskotun til fjölmargra þátta þjóðmála og munu ef að lögum verða hafa víðfeðm og langvarandi áhrif á það umhverfi sem við höfum skapað okkur og ætlum að skapa okkur í framtíðinni. Bæði vísa ég til heilsufarsþáttar þessa máls, réttindi sjúklinga, siðferðileg álitamál sem lúta að réttindum einstaklinga, persónuvernd og síðast en ekki síst hið pólitíska umhverfi sem við erum að skapa.

Því hefur verið haldið fram að markmiðið sem lagt er upp með í 1. gr. þessa frv., um að þessir gagnagrunnar og þessi söfnun upplýsinga og meðferð þeirra í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu, sé óumdeilt og ég tek undir það. Þetta meginmarkmið er vissulega óumdeilt.

Auðvitað er mikilvægt að safna upplýsingum um sjúkdóma með það að markmiði að efla heilsu og leita leiða til að lækna sjúkdóma og koma í veg fyrir þá. Á hinn bóginn er það ekki nýtt af nálinni að gagnagrunnar og upplýsingasöfnun hér á landi og erlendis hafi farið fram í þessum tilgangi. Ætla mætti af umræðu þeirri sem átt hefur sér stað nú um nokkurra mánaða skeið að nálgun heilbrrh. og ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að þessum málum væri slík að hér væri verið að finna upp hjólið. Það er auðvitað fjarri öllu lagi.

Hins vegar dreg ég ekki undan þeirri staðreynd að mér finnst skynsamlegt og karlmannlegt að leggjast í þá vinnu skapa umgjörð, leikreglur og ramma um það hvernig best verði farið að þessu. Ég fagna vissulega frumkvæði hæstv. heilbrrh. að reyna að skapa þessa umgjörð. Það er fagnaðarefni. Því miður eru þær leiðir sem valdar hafa verið til að ná þessum markmiðum mjög gallaðar svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þær eru í rauninni stórgallaðar og geta þegar fram líða stundir, í stað þess að stuðla að örvandi og skapandi umhverfi fyrir þessa mikilvægu rannsóknarvinnu, snúið öllu á hvolf og skemmt meira fyrir en hitt. Þá er nú verr af stað farið en heima setið.

Frv. ráðherra sem hér var til umræðu á vorþingi var stórgallað. Í sumar hafa sérfræðingar ráðherrans reynt að stoppa í verstu götin og sumt virðist hafa færst til betri vegar en annað ekki. Ég vil geta þess strax í upphafi, virðulegi forseti, að mér finnst það umhugsunarefni þegar hæstv. ráðherra ítrekar stöðugt að með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. milli þinga hafi persónuvernd verið tryggð og þannig búið um hnúta að til verði ópersónugreinanlegar heilsufarsupplýsingar. Í andsvörum rétt áðan var auðvitað komið að kjarna þess máls. Hann er sá að ef krosskeyrsla upplýsinga um einstaklinga, sem koma víða að á ýmsum tímum, er frumskilgreind þannig að þær upplýsingar verði með öllu aftengdar einstaklingsauðkennum, þá spyr maður sig: Til hvers þessi gagnagrunnur? Hverjum á hann að koma að gagni?

Ég hef af því áhyggjur, virðulegi forseti, að hér sé einfaldlega fullyrt meira en menn geta staðið við og einnig: Ef einhver möguleiki er á að staðið verði við þetta þá hefur dregið mjög verulega úr gagnsemi og mikilvægi þeirrar upplýsingasöfnunar sem hér er stefnt að og þetta fer auðvitað ekki saman.

Sannleikurinn er sá að enn núna eru réttindi sjúklinga í skötulíki í frv. heilbrrh. Einnig er ljóst að einkaleyfið sem er hinn rauði þráður í þessu frv. heilbrrh. torveldar mjög, svo

ekki sé fastar að orði kveðið, aðgengi annarra í vísindaheiminum að nauðsynlegum upplýsingum sem einkaaðilinn hefur safnað saman í einn varanlegan, samkeyrðan gagnagrunn. Auðvitað skiptir engu máli í þeim efnum hvað almennur lagarammi segir þegar viðskiptalegir hagsmunir munu ráða ferð. Hér dugir ekki frómur vilji til að íslenski vísindaheimurinn geti samkvæmt skilgreindum leikreglum haft aðgengi að þessum prívat gagnagrunni stórfyrirtækis á íslenskan mælikvarða. Við getum hugsað okkur einföld dæmi í þeim efnum, t.d. ef íslenskir vísindamenn sem hafa hug á að kanna tiltekið atriði og skilgreina þá þörf sína mjög rækilega, koma að máli við einkaréttarleyfishafa og leggja gögn sín fram með ósk um að fá aðgang að tilteknum þætti þessa gagnagrunns. Þá er auðvelt fyrir einkaréttarleyfishafann að segja: Nei, kæru vinir, þetta eru mál sem við erum að sýsla með og höfum hug á að fara í mjög fljótlega þannig að því miður passar þetta ekki inn í það prógramm. Yfirburðastaða einkaréttarhafans er algerlega skýr og klár og þarf ekki að deila um það.

Spurningin er líka þessi: Eigum við enn og aftur að láta það sigla hér fram hjá okkur í þessari lotu að opna fyrir þann möguleika að íslenska þjóðin geti haft beinan fjárhagslegan ávinning af afrakstri þessarar rannsóknarvinnu? Rannsóknarvinnan byggist auðvitað að stórum hluta, í andartakinu a.m.k., á upplýsingum sem opinberir aðilar hafa safnað og gert kleift að teknar verði saman og þjóðin, fólkið, einstaklingarnir hafa látið af hendi. Upplýsingar um heilsufar þjóðarinnar fyrr, nú og í framtíðinni eru auðvitað auðlind. Þótt óljóst kunni að vera um eignarhald á slíkum upplýsingum er réttlætismál að þeir sem þær gefa og safna í frumgagnagrunna hafi á þeim ráðstöfunarrétt. Framsal á slíkum upplýsingum er framsal verðmæta sem hugsanlegt er að margfalda við frekari úrvinnslu og nýtingu.

Virðulegi forseti. Öryggi gagna í gagnagrunnum er auðvitað grundvallaratriði til að rannsóknarvinnan geti skilað sér með markvisst og tryggilega. Því miður er frv. heilbrrh. götótt hvað þetta varðar. Því er mikilvægt, virðulegi forseti, að koma þessu stóra máli og þessum mikilvægu markmiðum í annan farveg, út úr því öngstræti sem það er komið í. Af víðtækri og ítarlegri umræðu má ljóst vera að aldrei næst sátt um þessa útfærslu heilbrrh. og ríkisstjórnar. Málið er hins vegar svo mikilvægt að nauðsynlegt er að það þróist farsællega.

Eins og allir aðrir hef ég tekið eftir því að almenningur bindur miklar vonir að þetta mál geti gengið fram svo að íslensk þjóð geti haft gagn af í framtíðinni með beinum og óbeinum hætti. Í því ljósi fagna ég því að meiri hluti Íslendinga hefur lýst yfir þeim vilja sínum að gefa kost á upplýsingum um heilsufar sitt inn í gagnagrunna. Ég er þó hræddur um að margir þeirra sem lýst hafa þessum almenna velvilja sínum, jákvæðu viðhorfi til markmiðsins sjálfs, hafi ekki gaumgæft og hafi kannski ekki nægilega þekkingu til að átta sig á því sem er á ferð í þessu frv. heilbrrh.

Ég vek athygli á því og vil gera það nú strax, virðulegi forseti, að miðað við það sem nú er lagt upp með í frv. heilbrrh. er ljóst að sá einstaklingur sem ekki tekur ákvörðun um að hafna því að fara inn í gagnagrunn heilbrrh. hefur ekki tök á því síðar að ná þessum upplýsingum út úr þessum grunni. Það er einfaldlega vegna þess að í frv. heilbrrh. er tekið af skarið um að dulkóðun í eina átt sé gerleg og klippt á öll tengsl við frumgagnagrunna. Með öðrum orðum verður aldrei hægt að finna þann einstakling aftur sem í gagnagrunn er einu sinni kominn. Hann er kominn þangað inn að eilífu. Einu sinni inn, aldrei út. Þetta eru afleiðingar þess sem hér er lagt upp með í frv. heilbrrh.

Ég segi, virðulegi forseti: Við verðum að komast út úr þessu öngstræti. Málið er svo mikilvægt og hagsmunirnir svo ríkir fyrir land og þjóð að ég hef ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni, lagt til atlögu við að búa til nýjan, breyttan og betri valkost til að ná þeim höfuðmarkmiðum sem ég hygg að við séum flest sammála um, að efla þekkingu til lækninga og til fyrirbyggjandi aðgerða gegn sjúkdómum. Ég gerði það með vilja að leggja frv. mitt upp með þeim hætti að auðvelt væri um allan samanburð við frv. heilbrrh. Það er með öðrum orðum svipað byggt upp en er, eins og ég mun gera grein fyrir hér á eftir, í veigamiklum atriðum mjög ólíkt frv. ráðherrans. Þar eru farnar aðrar leiðir.

Meginatriðið er að í frv. mínu er ekki gert ráð fyrir varanlegum miðlægum gagnagrunni heldur styrkingu og stöðlun frumgagnagrunna, þ.e. þeirra sem til staðar eru og eiga eftir að vaxa í næstu framtíð. Jafnframt skuli settur upp búnaður sem geri mögulegt að keyra upplýsingar tímabundið úr alnetstengdum frumgagnagrunnum í miðlægan gagnagrunn samkvæmt skilgreindum þörfum. Íslenska vísindasamfélagið er ákaflega vant að vinna út frá þeim skilgreiningum og það er forsenda þess að þegar af stað er farið sé nákvæmlega vitað hvernig standa eigi að viðkomandi rannsókn og að hvaða markmiðum hún miðar. Það er ekki gert með varanlega miðlægum gagnagrunni. Hann er upplýsingabanki, óháður skilgreindum markmiðum hverju sinni.

Annað lykilatriði er að þessir skilgreindu gagnabankar sem heimilað yrði að miðlæg úrvinnsla fari fram í væru háðir sérstöku tímabundu leyfi. Tímalengdin færi eftir hverju verkefni fyrir sig, gæti verið frá einhverjum mánuðum til einhverra ára en það fer eftir eðli og umfangi verkefnisins hverju sinni. Gögnum úr þessum miðlæga gagnagrunni yrði eytt samkvæmt eftirliti opinberra aðila að notkun lokinni.

Í öðru lagi er í frv. mínu og félaga minna úr þingflokki jafnaðarmanna gert ráð fyrir því að heimilt sé að semja við einn eða fleiri aðila um uppsetningu og rekstur tölvubúnaðar sem geri mögulegt að keyra saman til úrvinnslu dulkóðaðar upplýsingar úr frumgagnagrunnum gegnum alnetstengingar. Hér er fyrst og síðast vísað til þess að burt séð frá því hvaða leið verður valin er mikil vinna fram undan í að nettengja, samhæfa og staðla ýmsar þær upplýsingar sem finna má í fjölmörgum frumgagnagrunnum í dag. Það hefur aftur og aftur komið fram opinberlega að einkaréttarleyfishafinn væntanlegi, sem er hér á hverri einustu blaðsíðu, ósýnilegur en til staðar engu að síður, ætlar að leggja í kostnað við slíkt. Við opnum á það í þessu frv. að ráðherra sé heimilt að semja við aðila um að setja slíkan búnað upp. Hugsanlegt væri að gjald fyrir slíkt kæmi í heimildum til að þess að veita slíkum aðila rekstrarleyfi samkvæmt skilgreindum og þó víðtækum heimildum til tiltekinna tímabundinna rannsókna.

Ég undirstrika, virðulegi forseti, að frv. sem við leggjum fram er ekki gert með því hugarfari að skellt sé í lás á fyrirtækið Íslenska erfðagreiningu, langur vegur frá. Við höfum þvert á móti reynt að tryggja að starfsgrundvöllur þess fyrirtækis eins og annarra fyrirtækja á þessum vettvangi eigi möguleika og geti aflað sér nauðsynlegs fjár til að geta unnið.

Í frv. er líka gert ráð fyrir því, og nú vísa ég enn og aftur til frv. þingmanna jafnaðarmanna, að öll miðlæg úrvinnsla heilbrigðisgagna, öll samkeyrsla upplýsinga úr

frumgagnagrunnum verði háð leyfi ráðherra og framkvæmd á dulkóðuðum gögnum í fyrrnefndum búnaði og undir eftirliti viðeigandi tölvu- og siðanefnda. Þar gildir einu hvort um miðlæga úrvinnslu er að ræða til opinberra eftirlitsstofnana svo sem Tryggingastofnunar eða einkaaðila eins og Íslenskrar erfðagreiningar.

Í frv. ráðherrans er gert ráð fyrir því að rekstrarleyfishafinn verði krafinn um allan kostnað sem hlýst af miðlægri úrvinnslu. Í frv. okkar jafnaðarmanna er gengið skrefi lengra og ráðherra heimilað að krefjast gjalds fyrir nýtingu upplýsinga sem aflað er með slíkri úrvinnslu. Með öðrum orðum viljum við horfa lengra fram á veginn og vísum til þess sem hefur einatt komið fram af hálfu hagsmunaaðila í allri þessari umræðu, að menn ætla auðvitað að hafa út úr þessu peninga. Hér er um arðsaman bisness að ræða. Okkur þykir eðlilegt að komi til þess að úr þessu verði sú auðlind í upplýsingum og í peningum talið sem margir spá sé það nauðsynlegt strax í upphafi að Alþingi, löggjafinn, fulltrúi framkvæmdarvaldsins, í þessu tilfelli fulltrúi sjúklinga og fólksins, hafi heimild til þess að sækja eðlilega hlutdeild í þeim framtíðarhagnaði.

Í frv. okkar jafnaðarmanna er einnig gert ráð fyrir því að samþykki vörslumanna upplýsinganna, þ.e. lækna og stjórna heilbrigðisstofnana, þurfi til þess að flytja upplýsingar í afleidda, miðlæga gagnagrunna til úrvinnslu. Í breyttu frv. heilbrrh. tek ég eftir því að nú hefur læknum sem vörslumönnum þessara upplýsinga verið bætt inn en stjórnir viðkomandi heilbrigðisstofnana eiga að hafa samráð við þessa vörslumenn upplýsinga.

Hvað þýðir það í mæltu máli? Hvar liggur hið endanlega vald? Það liggur auðvitað hjá forsvarsmönnum þessara stofnana. Ef þeim sýnist svo geta þeir eftir að nauðsynlegt samráð hefur verið viðhaft, farið sínu fram þrátt fyrir mótmæli lækna. Það er hin eðlilega ályktun af orðanna hljóðan í þessari breyttu grein í frv. heilbrrh.

Ég tek hins vegar af öll tvímæli og við jafnaðarmenn í okkar frv. og segjum það eðlilegt að það þurfi sameiginlega niðurstöðu beggja vörslumanna, læknanna, sem hafa aflað þessara upplýsinga frá þeim einstaklingum sem hlut eiga að máli, og oft og einatt verið spurðir um það yfir borðið í viðkvæmum málum hvort ekki sé algjörlega tryggt að þessar upplýsingar fari aldrei á flot og læknar hafa jafnoft svarað því játandi að þeir séu ráðandi um það hvort og hvernig þessum gögnum verði komið á framfæri ef þeir telja slíkt heimilt en að stjórnir heilbrigðisstofnananna hafi þar jafnan rétt. Þarna eru tekin af öll tvímæli í þeim efnum og ekkert verið að velkjast með ákvörðunarvaldið í þessum efnum fram og til baka eins og var í báðum frumvörpum ráðherra.

Það er líka mikilvægt að góð samvinna sé við vörslumenn þessara upplýsinga og raunar þá sem hafa skráð þær inn, þ.e. læknana. Það tryggir gæði verkefnanna. Ef hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnin hyggst fara fram eins og sem frv. heilbrrh. gerir ráð fyrir er alveg augljóst mál að ákvæði þar munu stangast á við gildandi lög í þessum efnum og ábyrgð lækna, læknalög. Það er ekkert flóknara en það. Samkvæmt gildandi lögum er ákveðin ábyrgð á hendur læknum, ábyrgð sem þeir geta ekki vikist undan, og þetta er hreinlega ávísun á málaferli ef menn ætla að skilja við hlutina með þeim hætti sem gert er í frv. ráðherra og menn kjósa ekki að fara þá leið sem er skýr og afmörkuð í frv. okkar jafnaðarmanna.

Ég vil líka fara nokkrum orðum um það hverjir eru helstu kostir þess í raun og sanni að geyma gögn í frumgagnagrunnum í stað þess að steypa þeim öllum inn í einn stóran upplýsingabanka sem menn vita eins og sakir standa og í framtíðinni ekkert um hvernig komi til með að líta út því að hann er ekki skilgreindur. Í fyrsta lagi verða gæði gagnanna meiri þegar þau eru í höndum þeirra sem öfluðu þeirra. Þeir halda þeim við og þekkja því kosti þeirra og galla best. Í öðru lagi er kostur að geyma gögn í frumgagnagrunnum að dulkóðun verður virk vegna þess að hver greiningarlykill er aðeins notaður til eins verkefnis og nýr lykill myndaður fyrir næsta verkefni. Í þriðja lagi er kostur að geyma gögnin í frumgagnagrunnum að upplýsingar eru aðeins fluttar í afleidda, miðlæga gagnagrunna til tiltekinna verkefna og þá er einmitt, og það er lykilatriði, raunhæft að beita viðteknum aðferðum við að fá samþykki sjúklings, þ.e. upplýst samþykki sjúklinga til framsærra rannsókna.

Unnið hefur verið með þeim hætti að þeim rannsóknum sem menn hafa farið í fram að þessu og það er engin ástæða, ekki nokkur ástæða til að víkja af þeim vegi. Ekki hefur verið kvartað yfir því af vísindaheiminum fram að þessu og algjör óþarfi að víkja frá þessu grundvallaratriði og það gerum við ekki í frv. okkar jafnaðarmanna.

Einnig er gert ráð fyrir því að hægt verði að aftengja upplýsingar persónum og gera þær ópersónutengdar ef þess gerist þörf. Ef upplýsingar eru svo viðkvæmar að líklegt sé að mikill fjöldi sjúklinga hafni þátttöku í rannsóknarverkefni má aftengja upplýsingarnar persónugreiningu. Þá hafa einstaklingar engra hagsmuna að gæta og því óþarfi að leita samþykkis þeirra.

Hvað er ég að segja með þessum orðum? Ég vísa til þeirra frétta sem komu upp um um daginn þar sem aðstoðarmaður landlæknis gerði blóðskimun á öllu blóði sem safnað hefur verið í Blóðbankanum. Hann aftengdi strax í upphafi öll persónutengd gögn og fékk þá niðurstöðu, ef ég man rétt, að svo og svo margir væru því miður smitaðir sem hefðu gefið blóð í Blóðbankann. Þetta voru auðvitað sjokkerandi upplýsingar. En af því að forsendan var sú í byrjun að aðeins væri verið að leita að þessum upplýsingum voru engir möguleikar á því að leita leita upphafsins, leita til þeirra sem hugsanlega væru þannig. Í tilfellum sem þannig er búið um hnútana er auðvitað eðli máls samkvæmt ekki þörf á upplýstu samþykki sjúklinganna því að það er forsenda og skilgreind forsenda fyrir fram að menn ætli ekki að leita upphafsins, menn ætli ekki að rekja sig til baka til þess að fást við vandann ef svo mætti segja.

Sumpart finnst mér hin nýja ásýnd og hin nýja sýn heilbrrh. og þær áherslur sem hún hefur lagt í hinu nýja frv. sínu vera eitthvað í þá veru að láta líta út fyrir, eins og sagt er í 1. gr. frv. hennar, að hér sé um ópersónugreinanlegar upplýsingar að ræða þannig að hrein og klár tölfræði gerir það vonlaust samkvæmt orðanna hljóðan að leita lausna við þeim vandamálum sem verið er að fást við.

Ég get ekki látið hjá líða í því samhengi, virðulegi forseti, að fara beinlínis í þann þátt málsins. Ég fullyrði að sú staðhæfing hæstv. ráðherra og sérfræðinga hennar að ekki verði hægt að rekja slóð til baka til sjúklings þegar dulkóðað hefur verið þrisvar, fjórum eða fimm sinnum og að upplýsingar séu þar með ópersónugreinanlegar sé einfaldlega röng og það sem meira er hættuleg. Ég hef tekið eftir því að enginn hefur þorað að halda slíku fram. Allir sérfræðingar sem að málinu hafa komið hafa horft á þann veruleika að dulkóðun getur fræðilega ekki komið í veg fyrir persónugreiningu þótt slíkt sé torveldað. Við skulum kalla hlutina sínum réttu nöfnum og fara rétt með.

Ég ætla ekki að orðlengja hvernig það er gert, ég gæti þó gert það hér en tímans vegna geri ég það ekki. En þessi fullyrðing um að hægt sé að dulkóða með þeim hætti að um ópersónugreinanlega einstaklinga sé að ræða er hættuleg vegna þess að hún bendir til þess að ekki sé ætlunin að uppfylla sjálfsagða siferðis- og lagaskyldu.

Segjum sem svo að upplýsingar verði til í afleiddum gagnagrunni sem varða einstaklinginn miklu og hann hefur gefið upplýst samþykki um að vera þátttakandi í viðkomandi rannsókn og komið fús og frjáls öllum upplýsingum á framfæri. Ef síðan kemur t.d. í ljós að tilteknir einstaklingar bera með sér gen sem veldur áhættuþætti fyrir lífshættulegan sjúkdóm, t.d. krabbamein, sem hægt væri að koma í veg fyrir eða að lækna á frumstigi, ber þá ekki að nýta slíkar upplýsingar í þágu sjúklingsins?

Ef slíkt verður ekki gert, eins og ætla mætti af fullyrðingum heilbrrh. og fullyrðingum í frv. hennar, er það hrein og klár ávísun á að málaferli muni hefjast og tiltrú fólks á starfseminni muni minnka því að handhafi upplýsinganna sem hann hefur fengið af fúsum og frjálsum vilja, frá upplýstum sjúklingum, veitir ekki þær nauðsynlegu upplýsingar sem sjúklingurinn sjálfur gerir ráð fyrir að verði til í hinum miðlæga gagnagrunni og hann eigi að njóta beint, ekki bara óbeint. Hér rekst því hvað á annars horn.

Enn eitt, virðulegi forseti. Hér hefur hin nýja lína hæstv. heilbrrh. verið sú að með dulkóðun í eina átt væri verið að koma í veg fyrir persónugreiningu. Skoðum þá hina hlið þess máls. Ef uppfærðar eru upplýsingar, við skulum segja hv. 9. þm. Reykv., sem situr fyrir framan mig, eins og þær eru í dag í þeim gagnagrunnum heilbrigðiskerfisins sem nothæfir eru. Eftir tíu ár hefði heilsa hans breyst að einhverju leyti og mikilvægt væri að gaumgæfa hvort og hvernig þær breytingar hefðu átt sér stað og samkeyra þessar upplýsingar og uppfæra. Þá er slíkt ekki hægt samkvæmt uppleggi heilbrrh. Þá er hv. 9. þm. Reykv. bara einn af x-um og y-um og z-um í þessum gagnagrunni og gefur því auga leið að gagnsemi þessa gagnagrunns hefur þar af leiðandi minnkað til mikilla muna.

Nálgun okkar jafnaðarmanna í þessa veru er allt önnur. Við tryggjum persónuvernd í fyrsta lagi með upplýstu samþykki, sem er grundvallaratriði, og því að gagnagrunnarnir verða margir og ótengdir nema rekstrarleyfishafa verði gefið leyfi hverju sinni samkvæmt skilgreindum og tímabundnum forsendum. Hinni miðlægu úrvinnslu og hinum miðlæga gagnagrunni verði eytt að úrvinnslu lokinni. Sú dreifing og sú nálgun samsöfnunar upplýsinga og keyrslna á þeim er auðvitað mesta og besta persónuverndin. Hins vegar viljum við jafnaðarmenn halda þeim jákvæðu þáttum til haga, og það er sérstök heimild um það, að landlæknir sem sá aðili sem haldi utan um hina mikilvægu dulkóðunarlykla, hina mikilvægu greiningarlykla, að hægt verði að rekja sig til baka, hægt verði að nota þær upplýsingar sem koma hugsanlega upp með praktískum hætti til þess að bregðast við áreitum, sjúkdómum á frumstigi og öðru því sem hugsanlega birtist okkur eða birtist rekstrarleyfishafa í rannsóknum hans. Við viljum með öðrum orðum að gagnsemi þessarar vinnu verði sem mest en að menn feti ekki þessa slóð eins og hæstv. ráðherra alveg út á enda og endi í slíku öngstræti að það þurfi nánast að klippa hendur og fætur af frumhugmyndinni.

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á ítarlegri greinargerð sem finna má í frv. mínu, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Lúðvíks Bergvinssonar. Ég mun að þessu sinni ekki fara yfir það stig af stigi. Ég áskil mér rétt til þess síðar meir ef ég met það svo. En ég undirstrika, virðulegi forseti, að hér er mjög málefnalega, skýrt og afmarkað vakinn upp annar, nýr og betri valkostur að þessu sama markmiði sem ég hygg að sé nokkuð góð og breið sátt um. Hér eru menn ekki í pólitískum skotgröfum. Hér er um allt of stórt og viðamikið og margþætt mál að ræða til að missa málið í slíkan farveg. Þess vegna vil ég sérstaklega biðja hæstv. heilbrrh. í umræðum á eftir að forðast það að missa málið í hefðbundna umræðu stjórnar og stjórnarandstöðu. Þannig vil ég ekki koma að málinu. Þannig hef ég aldrei rætt þetta mál og ég hygg að flestir aðrir þingmenn stjórnarandstöðu hafi einmitt gætt þess að nálgast þetta mál mjög málefnalega og opið. Mér fannst upphaf þessarar umræðu eilítið bera keim af því að hæstv. heilbrrh., málsvari ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, ætlaði að missa sig inn í slíka umræðu en vonandi hafa mál róast nægilega mikið frá því þá til að menn geti hér átt málefnalega og uppbyggilega umræðu. Ég vildi því biðja alla hv. þm. að skoða þessi mál með mjög opnum huga. Ég er vitaskuld reiðubúinn til að svara þeim fyrirspurnum sem til mín er beint vegna frv. okkar þremenninga og um nánari útfærslu á þeim leiðum sem þar er farið af stað með og ég vænti þess og trúi að hv. heilbrn. gefi sér góðan tíma til að gaumgæfa alla þætti þessa máls. Ég held að það sé óskynsamlegt að vera með einhverjar fyrir fram gefnar tímasetningar í þeim efnum. Það er deginum ljósara að sú tímasetning sem vakti yfir hinu háa Alþingi, 20. október, er farin veg allrar veraldar enda var frv. heilbrrh. ekki dreift fyrr en þann 13. Ég hygg því að það sé okkur þingmönnum verðugt verkefni að ljúka hér, a.m.k. að einhverju leyti eins og hægt er, umfjöllun þessara mála sem eru fyrir framan okkur á yfirstandandi þingi og þætti mér það gott. Ég hef hins vegar fulla trú á því að í þessu máli sigri skynsemin að lokum og að menn festi sig ekki í klisjum og gömlum yfirlýsingum heldur opni huga sinn og reyni að nálgast málið út frá því sem mestu skiptir, að okkur miði áleiðis í öflun og úrvinnslu upplýsinga um heilsufar sem þannig geti stuðlað að lækningu fleiri sjúkdóma og komið í veg fyrir þá.

[15:34]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem við ræðum hér um gagnagrunn á heilbrigðissviði, 109. mál þingsins, er eitt af stærstu málum sem komið hefur fyrir Alþingi Íslendinga og það er í rauninni mjög auðvelt að rökstyðja það. Við erum hér að fjalla um mál sem varðar alveg nýtt svið eða svið sem ekki hefur verið til umfjöllunar í því samhengi sem þetta frv. gerir ráð fyrir þó að vissulega liggi nokkrir áratugir að baki því að forsendur sköpuðust til að fara að skoða huliðsheima erfðagóss mannsins.

Alþingi hefur vissulega fjallað um mál sem snerta líftækni á fyrri þingum og í því sambandi bendi ég á frv. til laga sem samþykkt var sem lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, eftir mikla umfjöllun í umhvn. þingsins. Það er á sinn hátt skylt því máli sem við fjöllum hér um hvað snertir bakgrunninn.

En aðdragandi þessa frv. á Alþingi er ekki langur. Frv. um þetta efni, gagnagrunnar á heilbrigðissviði, var lagt fyrir Alþingi í aprílbyrjun sl. og þótti vissulega tíðindum sæta. Það kom Alþingi sem öðrum afar mikið á óvart að sjá tillögu til löggjafar af þeim toga sem þar var flutt og við heyrum hér frá hæstv. heilbrrh. sem mælir fyrir þessu máli öðru sinni,

fullyrðingar um að búið sé að breyta miklu úr því frv. sem þá lá fyrir og að það skipti mjög miklu máli í samhengi við umfjöllun um þetta mál. Í því samhengi er rétt að vekja athygli á því að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin öll lögðu á það mikla áherslu í apríl eða síðasta vor að fá það frv. lögfest þegar málið var lagt fyrir þingið og ef hæstv. ráðherra hefði mátt ráða ferðinni svo ekki sé talað um hæstv. forsrh. sem ljóst var að ýtti mjög á eftir um afgreiðslu málsins, hefðu þau afglöp í lagasetningu sem hæstv. ráðherra telur að nú sé verið að bæta fyrir verið orðin að lögum á Íslandi — það var a.m.k. alveg ljóst að heilbr.- og trn. þingsins var ekki ætlað svigrúm til að fara yfir þetta mál að neinu gagni — og þá stæðum við uppi með löggjöf sem væri ekki með þeim breytingum sem hæstv. heilbr.- og trmrh. leggur nú fyrir. Ég geri hins vegar ekki mikið úr þeim breytingum hvað snertir meginatriði málsins. Þessar breytingar skipta auðvitað máli ef lögfesta á frv. af þessu tagi. Ýmsar þeirra eru lagfæringar sem hægt er að taka undir miðað við þá forsendu að það eigi að setja lög um miðlægan gagnagrunn en það breytir ekki meginsviði þessa máls eða eðli þessa frv. sem hér er borið fram.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki hæstv. heilbrrh. og óska eftir að hæstv. ráðherra sé hér til að hlýða á málið. (**Heilbrrh.:** Ég er hérna hjá þér.)

Það er rétt líka, virðulegur forseti, að vekja athygli á því að frv. þetta stangast á við þá stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins sem hæstv. heilbrrh. lagði fyrir alþjóð á árinu 1997 í sérstöku riti og vék raunar lauslega að en kom ekki að því sem snertir miðlæga gagnagrunna eða miðlægan gagnagrunn eins og frv. nú heitir. Það var alveg hlaupið yfir það. Eitt atriðið sem tekið er fram í yfirliti um meginmál í þessari stefnumörkun sem unnin var af nefnd um upplýsingasamfélagið og heilbrigðisþjónustuna — þeir skipta sennilega tugum sem tóku þátt í þeirri vinnu með beinum hætti auk vinnuhópa sem unnu í afmörkuðum þáttum — er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þeirri meginreglu verður fylgt að upplýsingar séu varðveittar þar sem þær verða til. Ekki er áformað að setja upp miðlæga gagnabanka með persónutengdum upplýsingum um heilsufarsmálefni. Gerðar verða ráðstafanir til þess að tryggja rekstraröryggi upplýsingakerfa og öryggi gagna."

Hvergi í þessari stefnumörkun hæstv. heilbrrh., því heilbrrh. fylgir þessu úr hlaði með sérstökum formálsorðum, er vikið að þeirri hugmynd að setja upp miðlægan gagnabanka á heilbrigðissviði. En það er ekki liðið nema ár, rétt árið frá því þetta er gefið út formlega, að komin er á borð þingmanna inn á Alþingi tillaga að frv. um þetta efni og hæstv. heilbrrh. skuldar þinginu skýringar á þeim veðrabrigðum sem þarna hafa orðið.

Ég bendi einnig á að starfshópur sem vann að þessum málum á vegum Rannsóknarráðs Íslands, eða RANNÍS, og skilaði tillögum frá sér með velþóknun Rannsóknarráðs sem varða þó meira spurninguna um lífsýni og aðgengi að þeim en einnig upplýsingagrunninn, gerði ekki tillögur um miðlægan gagnagrunn, og hefur þeim nú lítið verið hampað í umræðu um þetta mál.

Ég vil líka benda á, virðulegur forseti, hvað væntanlegt er hingað inn á Alþingi um þessi efni samkvæmt upplýsingum frá ríkisstjórninni sjálfri og einstökum ráðherrum. Það er boðað að inn á Alþingi komi innan tíðar, væntanlega innan nokkurra vikna í síðasta lagi, endurskoðun laga eða nýtt lagafrv. um skráningu persónuupplýsinga, ný tölvulög eins og þessi löggjöf hefur gjarnan verið kölluð. Hvernig dettur mönnum í hug að afgreiða frv. og leggja fyrir þingið til afgreiðslu frv. að þeirri löggjöf óafgreiddri þegar vísað er til þess að tölvunefnd eigi að hafa víðtækar heimildir? Hún er eitt helsta haldreipi hæstv. heilbrrh. þegar til umræðu er sú óútfyllta ávísun sem ráðherrann ætlar að fá heimild til að skrifa á nafn Íslenskrar erfðagreiningar. Tölvunefndin á að vera helsta öryggið. En löggjöfin á að verða til endurskoðunar einhvern tíma síðar á þinginu og satt að segja frekar ólíklegt að hún verði hér til afgreiðslu á þessu þingi eins og starfsáætlun þingsins lítur út. Einnig er þess að geta að náskylt mál um vörslu og meðferð lífsýna er ekki komið til þingsins. Það er svið sem er algerlega óafgreitt af hálfu Alþingis en boðað er að frv. komi inn í þingið þar að lútandi. Það er ekki forsvaranlegt, virðulegur forseti, að fjalla um mál af þessum toga, miðlægan gagnabanka, án þess að löggjöf í heild sinni sem varðar þetta svið liggi fyrir. Það síðasta sem ætti að gera í sambandi við þessi efni er að fjalla um frv. af þessum toga eins og það er lagt hér fyrir því það ætti þá að byggja á þeim heimildum og þeirri lagasetningu sem komin væri og á að nota og beita í sambandi við þetta frv. samkvæmt hugmyndum ríkisstjórnarinnar.

Það er líka óleyst mál af hálfu þeirra sem bera frv. þetta fram að draga upp fyrir Alþingi Íslendinga mynd af alþjóðaumhverfinu, sáttmálum, samþykktum og reglum í alþjóðaumhverfinu sem liggja fyrir og sem Ísland er aðili að eða ætlar sér að gerast aðili að samkvæmt yfirlýsingum stjórnvalda. Ég verð að segja að sá þáttur málsins er aldeilis með ólíkindum. Það nægir ekki, virðulegur forseti, að birta fylgiskjöl með þessu frv. um tvær eða svo af þessum alþjóðasamþykktum. Það er ekki nóg. Það vantar algerlega úttekt á mörgum fleiri þáttum þessa máls og ekki er lagt út af þessum alþjóðasamþykktum þannig að það sé nokkur leið að botna í því hvernig það á að ríma saman við þetta frv. Þarna vantar því grunnvinnuna af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Þó að við séum snjöll hér á Íslandi og uppfinningasöm og höfum áhuga á tækni, eins og alkunnugt er, þá er okkur nú ekki allt gefið í þessum efnum. Og það er full þörf á því fyrir þessa stofnun, fyrir Alþingi Íslendinga sem og framkvæmdarvaldið, að átta sig sem best á alþjóðlegu umhverfi í þessum efnum. Þar er af nógu að taka, virðulegur forseti.

Ég nefni sem dæmi rit sem varðar vísindaleg og félagsleg málefni sem snerta HUGO-áætlunina sem slíka, þ.e. kortlagningu á erfðamengi mannsins, mál sem er í fullum gangi. Þar er finna rit um það sem ég hef handa á milli og eru útbær af minni hálfu til hv. þingnefndar. Og ég nefni rit um genamýtuna, goðsögnina, genagoðsögnina, eftir Ruth Hubbard og Elijah Wald, sem er nýlega komið út og dregur upp mynd af mörgu því sem er á ferðinni í Bandaríkjunum í þessum efnum sem goðsögn um þetta og flettir ofan af því mjög rækilega. Einnig þetta rit er útbært fyrir hv. þingnefnd til skoðunar.

Ég held að æskilegt sé fyrir hv. þingnefnd sem fær þetta mál að fara yfir bandarísku löggjöf í þessum efnum því að hvergi eru þessi mál lengra komin en í Bandaríkjunum en þó með allt öðrum hætti en hér er verið að leggja til. Á þeim er haldið af meiri varfærni og undir öðru sjónarhorni en þetta frv. ber með sér. Enda státar hæstv. heilbrrh. sig af því og gerði það í umræðum í gær í svörum við fyrirspurnum, að Íslendingar væru í fararbroddi á þessu sviði. Í fararbroddi á þessu sviði án þess að horfa fram fyrir tærnar á sér, því að þannig liggja málin.

Það er auðvitað ástæða til að ræða og spyrja og athuga, svo ég segi ekki rannsaka, hvað réði kúvendingu íslenskra stjórnvalda í þessu máli. Hvað var það sem breytti þeirri stefnumörkun sem hæstv. heilbrrh. hafði lagt fyrir og leiddi til framlagningar þessa frv.? Allt tengist það svo langt við vitum einu fyrirtæki, óskum eins fyrirtækis um sérstaka löggjöf og rekstrarleyfi eða einkaleyfi til langs tíma á þessu sviði, söfnun heilsufarsupplýsinga í miðlægan gagnagrunn. Það verður ekki betur séð en að fyrirtækinu hafi verið heitið löggjöf löngu áður eða nokkru áður — það er nú kannski ekki rétt að tala um langan tíma því aðdragandinn var ekki langur — en þetta frv. var lagt fram á Alþingi Íslendinga. Það er full ástæða til að ætla að svo hafi verið.

Og það, ef rétt er, er náttúrlega skelfileg staðreynd, skelfilegt mál, ég skal ekki segja staðreynd á meðan það er ekki fullsannað, en auðvelt er að leiða líkur að því.

Hvað kemur svo inn á Alþingi Íslendinga? Jú, frv. í aprílbyrjun í ár, sem er óvandaðasta plagg sem sést hefur á Alþingi um langa hríð í stóru máli. Aldeilis furðulegur samsetningur sem þar er borinn fram með svo litlum upplýsingum og svo litlum skýringum að það væri tæplega frambærilegt í miðlungsmáli á Alþingi, hvað þá ef um er að ræða mikilsvert mál. Og einnig þannig úr garði gert eins og hæstv. ráðherra er nú að votta hér þegar hann mælir fyrir þessu frv. að núna sé búið að ráða bót á ýmsum miklum götum sem voru í þessu dæmalausa plaggi. Einnig það bætist við fljótaskriftina að út frá forsendum ríkisstjórnarinnar var allt fullt af götum í því plaggi. Engin viðleitni til að lýsa upp baksviðið. Og þessu var Alþingi ætlað að kyngja á fjórum vikum og heilbrn. að renna niður á einni helgi.

Það gerði nefndin ekki. Hæstv. ráðherra tók þó tillit til þeirrar flóðbylgju andmæla sem voru í þjóðfélaginu og hafði betur í glímunni við hæstv. forsrh. í því efni, að því best verður séð. Það er náttúrlega nokkuð vel af sér vikið út af fyrir sig.

En það er nokkuð sérstakt, virðulegur forseti, að frv. af þeirri stærð sem hér um ræðir skuli vera skrifað utan um hagsmuni eins fyrirtækis, undir nálarauga og undir smásjá eins fyrirtækis sem ætlar sér að hagnast um milljarðatugi á upplegginu, svo ekki séu nefndar stærri tölur. Það út af fyrir sig getur verið allt í lagi, ef menn ná í eitthvað af þeim hagnaði, ef málið að öðru leyti væri gott.

Ég vil taka eitt fram til að ekki valdi misskilningi að ég ber ekki kaldan hug að nokkru leyti til fyrirtækisins Íslensk erfðagreining. Það fyrirtæki á að sjálfsögðu að hafa rétt sem önnur fyrirtæki í landinu og er á margan hátt mjög frumlegt og merkileg starfsemi sem þar fer fram. En það má ekki verða til þess, þó að fyrirtæki veiti menntuðu fólki vinnu og sé nýtt af nálinni og nýstárlegt og allt það, að menn hlaupi til og afhendi því einkaleyfi á sviði sem er jafntvísýnt og vandmeðfarið og hér um ræðir.

Ég hef það fyrir satt að forsvarsmenn þessa fyrirtækis hafi ekki miklar áhyggjur — telji að fyrirtækið geti vel staðist, haldið áfram starfsemi sinni og blómgast án þess að þetta frv. verði að lögum. Það hefur ítrekað komið fram. Og vegna þess að þetta fyrirtæki og umræða um það hefur mjög verið tengt nafni forstjórans þá þurfum við auðvitað að átta okkur á því að það veit enginn hversu lengi sá forstjóri verður í forsvari fyrir það fyrirtæki. Hver sem hann væri getur hann auðveldlega losað sig út úr því og ekki síst með góðum hagnaði ef svona frv. verður að lögum, því að það er alveg ljóst að pundið mun hækka í hlutafénu á bak við fyrirtækið ef þetta frv. verður lögfest, og eigendur þess þurfa ekki að hafa miklar áhyggjur af framtíðinni. Það held ég að sé alveg ljóst.

Framan í þessa hluti verða menn að sjálfsögðu að horfa á Alþingi Íslendinga. Og það er hæstv. heilbrrh. sem ber á þessu máli stjórnskipulega ábyrgð þó að fast sé rekið á eftir af öðrum heimilum.

Hæstv. heilbrrh. taldi sig hafa samið um það að geta afgreitt þetta sem lög frá Alþingi 20. okt. eða svo. Sem betur fer er sá eindagi ekki uppi hafður hér nú enda mundi Alþingi væntanlega ekki taka við slíkum skilaboðum. Umræðan sem hefur staðið yfir um þetta mál linnulaust frá því frv. var lagt fram hefur verið mjög góðra gjalda verð, verið mjög jákvæð og vakið marga til umhugsunar um það stóra mál sem hér er á ferðinni. Þeir eiga þakkir skildar allir sem hafa tekið þátt í þeirri umræðu, hvort sem þeir hafa verið að styðja við hugmyndina að baki frv. eða andmæla henni. Því að umræða af þessum toga er góð og alveg nauðsynleg áður en mörkuð er löggjöf á sviði sem þessu.

En þessi umræða ein og sér er ekki þroskuð. Umræðan er rétt að hefjast, hún er rétt að koma okkur upp úr hjólförunum, þeim hjólförum sem ríkisstjórnin reyndi að marka um málið. Hugmyndin um að lögfesta í vetur frv. á þessu sviði er því fráleit, virðulegur forseti, að mínu mati. Menn gætu litast um að loknum kosningum — nýtt þing, ef vel er unnið — og skoðað sviðið, enda liggi þá fyrir úttektir og upplýsingar fyrir Alþingi sem geta réttlætt það að menn fari að fást við lagasetningu af þessum toga.

Það er ekkert við því að segja, virðulegur forseti, þó að rekið sé á eftir um svona mál af hálfu þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Það er ekkert skrýtið. En það hefur verið harðari lobbíismi en Alþingi Íslendinga hefur átt að venjast fram undir þetta, sem þar hefur verið í gangi. En það er góður réttur manna og menn eiga að hlusta á allar raddir í þessum efnum.

Ég hef nefnt það, virðulegur forseti, í sambandi við þetta mál og ætla að gera það hér úr þessum ræðustóli, að ég hefði talið æskilegt að heilbr.- og trn. þingsins hefði notað tímann frá því að frv. var tekið úr höndum hennar í lok apríl og fram undir það að það er lagt fram núna — til að fara yfir þær stóru spurningar sem uppi eru vegna málsins alveg burt séð frá því hvort þetta eða hitt frv. lá fyrir eða var í einhverri umskrift í heilbrrn.

Ég tel að Alþingi Íslendinga og nefndir þingsins þurfi í sambandi við vandasöm mál af þessum toga að leggja af mörkum miklu meiri vinnu en tíðkast hefur — og ég er ekki eingöngu að horfa á þessa tilteknu þingnefnd — til að fara yfir ný svið, ný málasvið af þeim toga sem hér um ræðir. Leggja í það vinnu til að auka veg þessarar stofnunar og tryggja það sem best að hér sé vel að verki staðið þegar löggjöf er afgreidd.

Líftæknin, erfðatæknin að baki þessu máli er svið sem er í þróun og mótun og hefur verið það um nokkurra áratuga skeið ef allt er meðtalið. Ég hef getið um erfðabreyttar lífverur og löggjöf þar að lútandi og ég hef getið um HUGO-verkefnið, sem er kortlagning á erfðasviði mannsins, sem á að ljúka að nokkrum árum liðnum. Það er auðvitað mikið rætt um hagnýtingu þessarar nýju þekkingar í læknisfræði og lyfjafræði og það eru óhemjulegir fjármunir í gangi á þessu sviði. Það er slík staða sem kallar á það að á hverju þjóðþingi sé mikið lagt í sölurnar til að vanda sig í löggjöf sem varðar slík mál. Enda hefur þetta tekið tíma manna á

ýmsum þingum, m.a. í nágrannalöndum okkar, sem þó hafa ekki afgreitt löggjöf af svipuðum toga og hér um ræðir. Ég get nefnt Evrópuþingið í Strassborg sem mikið hefur fjallað um þessi mál, Evrópuráðið, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Evrópusambandið og fleiri slíkar stofnanir.

Það gengur auðvitað ekki, virðulegur forseti, að Alþingi sé að fjalla um þessi mál án þess að menn safni saman kjarnanum í því sem fram hefur komið í þessum efnum hjá virtum þjóðþingum annarra landa og stofnunum, eins og þeim sem ég hef nefnt, fyrir utan þróunina vestan hafs sem er komin hvað lengst og sem ætti að horfa alveg sérstaklega til. Það eru ekki aðeins spurningar í sambandi við markmið þessa máls, heldur eru það svið, stór og áleitin, sem þarf alveg sérstaklega að gæta að. Þar á ég við hin siðfræðilegu álitamál sem tengjast þessu efni.

Hvernig á að beita nýrri þekkingu á sambandi við þetta mál? Hvar eru þau landamæri og takmörk sem þarf að virða?

Ég nefndi það í umræðu um stefnuræðu forsrh., virðulegur forseti, að það sé hollt fyrir okkur þegar við erum að fjalla um líftæknina og hennar svið að líta til sviða sem hafa vissar hliðstæður hvað snertir stærð og hversu afdrifarík þau eru, t.d. kjarnorkuna. Kjarnorkan þótti vera mikil uppgötvun og auðvitað var hún það og menn sáu mikla möguleika til nýtingar hennar í friðsamlegum tilgangi eftir að hafa jafnað sig á sjokkinu eftir að kjarnorkunni var beitt í lok síðasta stríðs. En hvar er staðan varðandi þær vonir í dag? Hver er hún? Nýting kjarnorkunnar í friðsamlegum tilgangi er orðin ein af mestu grýlum sem mannkynið þarf að fást við um þessar mundir og þjóðþing landa eru upptekin við að reyna að komast til baka út úr þeirri ófæru sem þetta svið kallar yfir menn og átti þó að leysa mikinn vanda orkubúskapar heimsins.

Spyrjum okkur að því, virðulegi forseti: Getur verið að við séum hér að fjalla um hliðstætt efni að þessu leyti, sem beri í sér hættur sem geti kallað yfir okkur vanda sem er kannski enn þá stærri en sá vandi sem nú blasir við vegna tækniþróunar á sviði kjarnorkumála? Það er alveg ljóst að siðferðilegar spurningar sem snerta þetta mál eru enn þá stærri því að við erum að fjalla um sjálft sköpunarverkið í þessu máli, spurninguna um það að menn fari í æ ríkari mæli að reyna að endurbæta það sem við höfum kallað sköpunarverkið, þá leiðsögn sem býr í hverri lífveru og í þessu tilviki býr í lífverunni maður.

Það er talað um að þetta eigi að leiða til þess, m.a. sá stórkostlegi gagnagrunnur sem hér er til umræðu, að auðvelda okkur að ráða við sjúkdóma, fyrirbyggjandi með því að geta í framtíðinni afnumið, aftengt þá erfðavísa sem þeim valda. Það er ekki síður talað um að nota þessa þekkingu og rannsóknir til þess að þróa lyf sem geti orðið til þess að ráða við sjúkdóma. Í því sambandi skal ég ekki út af fyrir sig fullyrða að menn geti ekki komist eitthvað áleiðis í slíkum efnum. Það fullyrði ég ekki. En hvar ætla menn að enda? Ætla menn engin mörk að setja?

Ég held að það sé nokkuð snemmt, virðulegur forseti, að veifa því að sá gagnabanki sem hér um ræðir og sú vinna sem er hafin hér á landi verði til þess innan skamms að leysa stóran vanda á heilbrigðissviði með þróun nýrra lyfja. Mér finnst afar ósmekklegt og ekki traustvekjandi, virðulegur forseti, þegar verið er að reyna að telja fólki trú um það og draga það fram og slá því upp í fjölmiðlum að það sé svona rétt handan við hornið að fram komi lausnir á vanda eins og MS-sjúkdómum og öðru slíku. Og þessu er slegið upp í víðlesnum blöðum rétt eins og um sé að ræða góða og gilda vöru án þess að það séu komnar nokkrar lausnir í málið. Það er slæmt og það er ekki siðlegt að gefa fólki og aðstandendum fólks sem þjáist af alvarlegum sjúkdómum til kynna að slíkar lausnir séu í sjónmáli fyrr en það er þá veruleiki sem menn hafi nokkurn veginn í hendi.

En stærsta spurningin í þessu máli er kannski: Ætla menn að opna þetta svið á viðskiptalegum forsendum sérstaklega? Ætla menn ekki aðeins að opna það rannsóknarlega og með beinum tæknilegum inngripum í erfðagóss mannsins heldur að láta viðskiptalegar forsendur stjórna þessari vegferð? En það er verið er að gera með því frv. sem hér liggur fyrir. Þau sjónarmið hafa komið fram í umræðu liðinna mánaða að það sé einmitt hið rétta í þessu máli, þ.e. að þetta sé unnið á viðskiptalegum forsendum af einkafyrirtækjum á hreinum viðskiptalegum forsendum en ekki af opinberum aðilum. Það ber nokkuð nýrra við ef það er orðið meginsjónarmið hér á Íslandi að heilbrigðiskerfið eigi að reka þannig. Við erum vissulega að tala um mjög stóran hlut og kannski vaxtarbrodd á þessu sviði.

Virðulegur forseti. Álitaefni þessa máls eru mörg og fáum spurningum hefur verið svarað af hæstv. heilbrrh. og svör hæstv. ráðherra eru mörg hver afar óljós og sumpart alröng sem er auðvitað mjög alvarlegt mál. Ég vísa til þeirrar umræðu sem fór fram á þingi í gær. Ég hvet hv. þm. til að fara yfir þá umræðu, svör hæstv. heilbrrh. við þeim fyrirspurnum sem ég bar þar fram. Það voru ekki merkileg svör við stórum spurningum sem þar komu fram í ýmsum greinum.

Miðlægur gagnagrunnur í höndum einkaaðila til 12 ára hið minnsta eða allt að því og trúlega lengur er inntak þessa máls. Það er rétt, virðulegur forseti, að minna á umsögn Samkeppnisstofnunar um þetta mál, Samkeppnisstofnunar sem hæstv. viðskrh. var að svara spurningum mínum um í gær. Samkeppnisstofnun vísar í ákveðna tilskipun Evrópusambandsins um þessi efni, tilskipun 96/9 um lögverndun gagnagrunna sem er á leiðinni inn í EES-kerfið, liggur þar og átti held ég að vera búið að lögtaka hér eftir færibandsreglunni 1. janúar sl. En samkvæmt þessari tilskipun eru leiddar líkur að því að eigandi gagnagrunna sem þróaðir eru fái ákveðinn verndaðan höfundarrétt á sínum grunni, ákveðna vernd á sínum grunni og Samkeppnisstofnun lýsir þeirri skoðun að ekki eigi að vera nein þörf á veitingu einkaleyfis miðað við það að þessi tilskipun verði lögtekin á Íslandi. Það er líka bent á það af þeim sem vel þekkja til að það geti orðið nokkuð erfitt að aftengja slíkan grunn eða taka hann úr höndum þess aðila sem hefði verið veitt einkaleyfi vegna þeirrar tilskipunar sem er þarna á leiðinni. Við erum því kannski ekki að horfa á 12 ár í þessu sambandi ef heimild yrði notuð og þetta mál lögfest heldur tíma sem við sjáum ekki fyrir. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að lesa sig svolítið í gegnum umræddu tilskipun og það sem í henni felst áður en miklu lengra er farið.

Ópersónugreinanlegar upplýsingar, dulkóðun og lyklar og hvað það heitir, það eru, virðulegur forseti, persónugreinanlegar upplýsingar sem fara inn í þennan grunn. Það er mat manna sem eiga vel til að þekkja. En þetta er auðvitað grundvallarspurning og henni svarar hæstv. ráðherra neitandi enda hvílir allt hugverkið, allt frv., á því að það séu ópersónulegar upplýsingar sem inn í grunninn fari.

Ég gæti, virðulegur forseti, farið hér yfir umsagnir aðila um þetta efni. Ég vísa aðeins til heimilda eins og þess sem kemur fram í viðtali við Ross Anderson, ráðgjafa breska

læknafélagsins í málefnum sem varða upplýsingakerfi á heilbrigðissviði. Þetta er viðtal í Morgunblaðinu 13. október sl. þar sem er að finna harða gagnrýni á undirbúning þessa máls og baksvið og varað sterklega við. Ég held að það hefði verið fróðlegt fyrir hæstv. heilbrrh. að taka sér tíma til að sitja málþing Háskóla Íslands um síðustu helgi til þess að hlusta á umræðu um þetta hugverk sitt og heyra m.a. skoðanir manna sem þar töluðu og tóku mjög skýrt til orða um spurninguna um persónulegar upplýsingar eða ekki. Ég vísa þar til ummæla manna eins og Jóns Jóhannesar Jónssonar dósents, Mikaels M. Karlssonar prófessors, Halldórs Guðjónssonar prófessors um þessi efni sem drógu þar ekkert af. Í rauninni er viðurkennt af mönnum að þarna sé um persónugreinanlegar upplýsingar að ræða, einnig af hálfu þeirra sem bera ábyrgð á því að þetta liggur hér fyrir og fær stuðning, en þá á þeim *forsendum að menn virði lögin.*

Einn þáttur sem tengist þessu máli, virðulegur forseti, er spurningin um samkeyrslu, spurningin um það um leið hvað fer inn í þennan grunn. Það vill svo til, virðulegur forseti, að engar upplýsingar er um það að finna. Um það er engin ákvæði að finna í þessu frv. Þar er gersamlega óútfyllt ávísun þegar kemur að því hvað á að fara inn í grunnin. Hæstv. ráðherra kunni engin svör við því eða hafði ekki vilja til þess að reyna að skýra það, enda er meiningin að hafa það óútfyllta ávísun, setja um það reglur eftir á og þegar kom að því að hæstv. *ráðherra var spurður hér áðan um* ættfræðilegar upplýsingar og samkeyrslur þá hefur ráðherrann engin svör við því nema að það er þá tölvunefndar að ákveða það. Hæstv. ráðherra er að leggja til lagafrv. sem veitir heimild til einkaleyfis, rekstrarleyfis sem jafngildir einkaleyfi, til a.m.k. 12 ára og ég hef leitt líkur að því að það gæti verið til mun lengri framtíðar miðað við réttarþróun og engin svör er að fá um það hvað fer inn í grunninn. Það er tölvunefnd sem á að bera ábyrgðina, ekki Alþingi Íslendinga heldur tölvunefnd. Tölvunefnd á að standast þrýstinginn af milljarðahagnaðarvon fyrirtækis sem nú þegar er á hægra brjóstinu á stjórnvöldum á Íslandi. Það er staðan í þessu máli. Það er bremsan í þessu máli. Það er nefnd sem við vitum ekki hvaða réttarheimildir hafi að lögum eftir nokkra mánuði ef hér verða sett ný lög um skráningu persónulegra upplýsinga. Það er hún sem á að vera bremsan og þeir einstaklingar sem þar eru skipaðir til verka sem eiga að vera *bremsan og standast þrýstinginn. Hvers konar siðleysi er* þetta sem hér er á ferðinni?

Auðvitað á tölvunefnd að hafa sínar skýru heimildir en það á ekki að leggja á slíka nefnd þá krossa sem hér er verið að gera af hálfu stjórnvalda með þessum tillögum sem hér um ræðir. Hún á að hafa víðtækar heimildir og hún á að vera óháð. Ég tek algerlega undir það. En það á ekki að leggja á eina slíka nefnd að þurfa að segja já eða nei við því þegar sá þrýstingur er byggður upp sem hér er á ferðinni. Það er ekki skynsamlegt.

Virðulegur forseti. Það er vísað til heimilda tölvunefndar og ég vísa til þess sem fram kemur m.a. í tímariti Læknafélagsins frá varaformanni tölvunefndar, Haraldi Briem, um það hvert álit hans er á miðlægum gagnagrunni, manni sem starfar í nefndinni og vísar til margra athugasemda tölvunefndar. Ég vísa í tímarit Læknafélagsins, Læknablaðið, á bls. 413 í ár undir fyrirsögninni: Hætta á stórslysi vegna miðlægs gagnagrunns. Nei, virðulegur forseti. Þetta mál er ekki frambærilegt á Alþingi Íslendinga. Það er fráleitt að ætla sér að lögfesta það. (Forseti hringir.) Íslenska ríkisstjórnin gerði rétt í því að draga þetta mál til baka og reyna að vinna heimavinnuna sína og reyna að sannfæra Alþingi Íslendinga, ekki þetta þing heldur næsta þing, að hér sé verið að fara inn á svið sem ráðlegt sé að afla lagaheimilda fyrir.

[16:15]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér fór síðasti ræðumaður mikinn og dró upp afar dökka mynd af því að viðskiptaleg sjónarmið kæmu að þessu máli. Mig langar að spyrja hv. þm. aðeins út í það. Hvað er svona slæmt við það að viðskiptaleg sjónarmið komi hér að? Er það ekki í lagi ef þróa á betri lyf, betri læknisþjónustu og betra heilbrigðiskerfi? Hvað er að því að á það sé litið út frá viðskiptalegum sjónarhóli? Er hv. þm. á móti einkafyrirtækjum og hlutafélögum sem bæta heilsuþjónustu í viðskiptalegum tilgangi? Hvað með lyfjafyrirtækið Pharmaco? Hvað með Össur hf. sem smíðar stoðtæki fyrir fjölda fólks erlendis og hér heima, á viðskiptalegum grunni? Er hv. þm. á móti því? Ég bara spyr.

Það að draga svona sterkt upp hve slæmt sé að ekki standi nákvæmlega hvað fara eigi í grunninn fellur um sjálft sig vegna þess að það verður ekki hægt að rekja upplýsingar til einstaklinganna í þessum grunni, þó að ég viti að hv. þm. trúi því ekki. Fyrir mitt leyti er mér nánast sama um hvað fer inn í þennan grunn af því að það verður ekki rakið til persónunnar. Ég hélt satt að segja að allt sem stæði í sjúkraskrám ætti að fara í grunninn en samkvæmt frv. og grg. á að hafa samráð við faglega stjórnendur sjúkrahúsa, lækna og fleiri um hvað fara skuli í hann svo það nýtist sem best.

[16:17]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi persónugreinanlegar upplýsingar eða ekki ætti hv. þm. að fara betur yfir sviðið en mér sýnist hún hafa gert. Ég vísa til þess sem hér kom fram m.a. í ræðu hv. 9. þm. Reykn., Guðmundar Árna Stefánssonar, um það efni og ég hef vísað til sjónarmiða sem það varða og ekki meira um það.

Varðandi viðskiptalegar forsendur þessa máls er kannski ekki sambærilegt að tala um almenn fyrirtæki, lyfjafyrirtæki eins og hv. þm. nefndi og hins vegar gagnagrunn sem á að geyma heilsufarsupplýsingar um Íslendinga, látna, lifandi og óborna, og fá að nota þær upplýsingar í viðskiptalegum tilgangi. Grunn sem metinn er að verðmæti sem skiptir tugum milljóna og sumir nefna tugi milljarða eða hundruð milljarða. Ekki skal ég leggja neinn dóm á þær tölur en um þetta stendur málið af hálfu þeirra sem sækjast eftir yfirráðum yfir þessum gagnagrunni og þessum upplýsingum, til þess að ná tökum á þekkingu og upplýsingum sem verða svo verðmætar að þessar tölur eru nefndar í því samhengi.

Í því sambandi ætti hv. þm. að fara yfir það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan sem hafnar því að m.a. tryggingafélög eigi að hafa aðgang að þessum grunni. Hins vegar stendur svart á hvítu í lýsingu deCODE-fyrirtækisins, Íslenskrar erfðagreiningar, að meðal viðskiptaaðila þeirra eigi að vera tryggingafélög. Þessu, að samþætta heilsufarsupplýsingar íslensku þjóðarinnar við hagsmuni einkafyrirtækis, vara ég við.

[16:19]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Það kom fram í svörum tölvunefndar í vor að þeir teldu að hægt væri að tryggja persónuverndina með miklum tilkostnaði og aðgerðum. Núna er frv. miklu betur úr garði gert, þannig að mitt mat er að persónuverndin sé alveg trygg.

Varðandi þetta yfirklór, að lyfjafyrirtækin væru svo sem ágæt en þetta fyrirtæki væri allt annars eðlis — ég vísa þessu algerlega á bug. Að mínu mati er um fyrirtæki að ræða sem hefur áhuga á að nýta þessar einstöku upplýsingar sem Íslendingar hafa yfir að ráða. Okkur væri nær að vera stolt af því að geta lagt eitthvað til læknisþróunar og lyfjaþróunar fyrir allan almenning, ekki bara á Íslandi heldur og annars staðar. Viðskiptaleg sjónarmið eiga fullan rétt á sér í þessu eins og hjá öðrum fyrirtækjum. Ég spyr: Er þingmaðurinn á móti fyrirtækinu Össuri og á móti Pharmaco vegna þess að þau vinna á viðskiptalegum grundvelli?

[16:20]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er einkar efnislegt innlegg í málið frá varaformanni heilbr.- og trn. Hv. þm. hefur ekki aðeins kyngt þeirri staðhæfingu að hér séu ekki persónugreinanlegar upplýsingar á ferðinni. Hún er sannfærð um það og þá liggur það fyrir. Hún líkir málinu sem við ræðum við fyrirtæki sem framleiðir stoðtæki eða þróar tiltekna vöru samkvæmt sínum áætlunum og skýrum heimildum. Ég sé ekki að mikill viðræðugrundvöllur sé á milli okkar sem lítum jafnólíkt á þetta mál og hv. þm. og ég. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með staðhæfingar hv. þm., sérstaklega vegna stöðu þingmannsins sem varaformanns heilbr.- og trn. og aðaltrúnaðarmanns stjórnarliðsins í þeim efnum. Mér finnst sannarlega vera áhyggjuefni hversu gáleysislega er talað í þessu stóra máli.

[16:22]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil hér í andsvari einnig taka fyrir þá yfirlýsingu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að aðalmálið sem hann vildi leggja áherslu á væri að hér ætti að opna þetta svið á viðskiptalegum forsendum. Það draup af þingmanninum vandlætingin þegar hann nefndi viðskiptalegar forsendur.

Mig langar að spyrja hv. þm. hvort hann átti sig á því að nánast allar framfarir í lyfjaframleiðslu í heiminum undanfarna áratugi byggjast á upplýsingum um heilsufar sem eru fengnar með ýmsum hætti. Rannsóknarmenn í Bandaríkjunum sækja t.d. mjög til Evrópulandanna, ekki síst til skandinavísku landanna vegna þess að þar er betri heilsufarsgrunnur en í Bandaríkjunum. Til hvers gera þeir það? Til að geta byggt á þessu rannsóknir og framleitt og þróað lyf. Allt er þetta gert á viðskiptalegum forsendum. Það vill svo til að verulegur hluti af framförum í læknavísindum byggist á viðskiptalegum forsendum og þessar viðskiptalegu forsendur eiga rætur að rekja til upplýsinga sem eru fengnar úr heilbrigðiskerfinu.

Ef hv. þm. talar gegn þessu máli fyrst og fremst á þeim forsendum að þarna fari saman ákveðnir heilsufarshagsmunir opinberra aðila og svo viðskiptalegar forsendur þá finnst mér hann skulda okkur skýringar á því hvernig hann lítur almennt á þá þróun sem orðið hefur innan lyfjageirans.

Að því er varðar þá gagnrýni hans að ekki sé vitað hvað fara eigi inn í grunninn finnst mér að hann geti lesið um það í frv. hvernig ætlast er til að það verði unnið. Það eru ekki forsendur fyrir því að segja nú þegar í smáatriðum hvað fara eigi inn í grunninn. Það er að sjálfsögðu hluti af þeirri áætlun sem gert er ráð fyrir að sérleyfishafinn leggi fram og þá í samvinnu við sjúkrastofnanir, hvað á erindi inn í grunninn og hvað ekki.

[16:24]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Heilbrigðisupplýsingar um íslenska þjóð. Efni safnað í sjúkraskrá hvers einasta manns sem ekki hefur fyrir því að hafna því að vera í þessum grunni. Upplýsingar um allt þetta á að afhenda einu fyrirtæki sem rekstrarleyfishafa í allt að 12 ár, og ég segi líklega lengur. Honum á að veita þá sérstöðu sem í því felst. Hverju er kostað til? Á hinni vogarskálinni er persónuvernd Íslendinga og það er vitað að sami aðili er á fullu að safna ættfræðiupplýsingum um Íslendinga til að samkeyra þetta. Á þessum grundvelli á að stunda þróun, sölu í þeim tilgangi sem menn geta lesið sér til um í verklýsingu umrædds fyrirtækis, þar á meðal sölu til tryggingafyrirtækja.

Það er ekkert undarlegt að erlendir aðilar sem fylgjast með þessu máli, því það eru margir sem horfa til okkar í þessu sambandi, orði það eins og tímaritið Magazin í Sviss í síðustu viku sem hefur yfirskriftina: Íslendingar — tilraunamýsnar okkar. Hér er gengið fram af slíku gáleysi að umheimurinn hristir höfuðið. Síðan talar hv. þm. um að það eigi að vera á valdi heilbrigðisstofnana Íslendinga að segja Íslenskri erfðagreiningu eða öðrum einkaleyfishafa fyrir um hvað fara megi inn í grunninn, stofnunum sem eiga að lifa á því fjárhagslega að gera slíka samninga.

[16:26]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. kom sér undan því að svara spurningunni sem ég lagði fyrir hann, þ.e. um hlut viðskiptastofnana í framförum í lyfjaþróun. Hann bætir síðan gráu ofan á svart með því að segja að heilbrigðisupplýsingar verði afhentar einu fyrirtæki. Hvar stendur þetta í frv., með leyfi að spyrja? Þvert á móti er verið að afhenda sérleyfishafanum möguleika á að steypa þessum upplýsingum saman í grunn. Hverjir eiga að hafa aðgang að þessum grunni? Að sjálfsögðu eiga rannsóknaraðilar og fyrirtæki að hafa aðgang að grunninum þannig að það er ekki verið að afhenda fyrirtæki heilbrigðisupplýsingar. Það er verið að gera heilbrigðisupplýsingar aðgengilegar fyrir rannsóknaraðila. Þetta er því alger rangtúlkun á innihaldi frv. sem hv. þm. leyfir sér hér að fara með.

[16:27]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Sjálfstfl., sumir hverjir, sem virðast ætla að styðja þetta mál eru í nokkrum vanda. Módelið sem hér er reynt að ýta fram og lögfesta stangast dálítið á við þá viðskiptahætti sem menn hafa almennt reynt að koma hér á í sambandi við frjáls viðskipti. Ég held að hv. þm. sé kominn á ansi hálan ís þegar hann dregur það sérstaklega fram í þessari umræðu að þessi einkaleyfisaðili forvalti ekki þessar upplýsingar. Hann gerir það svo sterkt að það verður ekki hægt. Þannig er búið um hnútana að það verður a.m.k. mjög örðugt að ganga gegn hagsmunum hans og það er vísað sérstaklega til viðskiptahagsmuna umræddss rekstrarleyfishafa. Svo er talað um að að sjálfsögðu eigi rannsóknaraðilar að hafa þarna aðgang. Ég held að hv. þm. ætti að fara út í bæ og spyrja vísindasamfélagið á Íslandi hvaða augum það lítur þetta.

[16:29]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði áðan í ræðu sinni að það vantaði frumvörp til að geta samþykkt frumvarpið sem hér liggur fyrir. Hann sagði m.a. að það vantaði frv. til laga um lífsýnasöfn en það frv. liggur nú á borðum þingmanna. Hann sagði einnig að frv. vantaði um tölvulög eða persónuvernd. Það frv. verður afgreitt í ríkisstjórn á föstudaginn. Hann sagði að frv. bryti í bága við stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins. Ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta, hvað þar stendur. Það brýtur ekki í bága við þá stefnumótun, þar stendur:

„Þeirri meginreglu verður fylgt að upplýsingar séu varðveittar þar sem þær verða til." — Hér er engin breyting á í frv.

„Ekki er áformað að setja upp miðlægan gagnabanka með persónutengdum upplýsingum um heilsufarsmálefni." — Það er ekki gert ráð fyrir því að þetta séu persónugreinanlegar upplýsingar samkvæmt frv. Og af því að hv. þm. vitnaði í Ross Anderson máli sínu til stuðnings þá veit ég að þingheimur veit, þó að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson viti það ekki, að þetta hefur verið rekið ofan í þennan ágæta doktor.

[16:30]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það voru ekki mikil og stór tíðindi sem hæstv. ráðherra greindi hér frá. Ég var einmitt að rekja að boðað væri að hér kæmi frv. um lífsýni, lífsýnasöfn, og það er vissulega gott ef það liggur fyrir núna. Það hefur þá komið inn á borð á þessum degi. Einnig upplýsti hæstv. dómsmrh. að skammt væri í frv. varðandi skráningu persónuupplýsinga. Auðvitað á Alþingi að fara yfir þessi mál og ganga frá þeim málum áður en farið er að fjalla um, ég tala nú ekki um að afgreiða, það frv. sem hér liggur fyrir og taka það til afgreiðslu. Þessi frv. sem hæstv. ráðherra nefndi eiga að mynda bakgrunn umfjöllunar um mál af þeim toga sem við ræðum hér.

Varðandi stefnumótunina á heilbrigðissviði bið ég hæstv. ráðherra um að koma hér og greina okkur frá því hafi það verið áætlun í þeirri stefnumótun sem var lögð fyrir á síðasta ári að byggja upp miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði hérlendis. Ég les það ekki út úr þeirri stefnumótun heldur þvert á móti.

[16:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að leiðrétta hv. þm. því hann sagði áðan að það frv. sem hér lægi fyrir bryti í bága við stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins. Það gerir það ekki og ég var að leiðrétta það.

[16:32]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Auðvitað er mjög gott að hæstv. ráðherra telur sig geta staðhæft að það hafi legið í tillögum þeirra fjölmörgu sem komu að samningu þeirrar stefnumörkunar á upplýsingasviði í heilbrigðismálum sem gefin var út í riti 1 1997. Ég sé ekki að þar sé gert ráð fyrir því að byggður verði upp miðlægur gagnabanki á heilbrigðissviði. Ég les það ekki út úr þeirri stefnumörkun heldur er því þvert á móti vísað frá að það verði gert. Það stendur vissulega með persónugreinanlegum gögnum en það er það sem við erum að fjalla um. Við erum að fjalla um frv. um gagnabanka þar sem persónugreinanleg gögn verða þó að hæstv. ráðherra kjósi að telja að svo sé ekki. Það er kannski sá þunni ís sem hæstv. ráðherra er að hætta sér út á og er ég hræddur um að eigi eftir að brotna undan hæstv. ráðherra.

[16:33]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdasjóður Íslands, 123. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 123.

Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, 100. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 100.

Landgræðsla, 111. mál, frv. HG o.fl., þskj. 111.

Lífsýnasöfn, 121. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 121.

Siglingalög, 122. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 122.

[16:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég held að ég byrji á því að þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir þær vinsamlegu leiðbeiningar sem hann hefur flutt mér og heilbr.- og trn. um það hvernig hún eigi að haga störfum sínum. Ég held að þetta sé í annað eða þriðja skiptið á örfáum dögum sem hv. þm. agnúast út í nefndina fyrir að hún hafi ekki komið saman og starfað í sumar til að fjalla um frv. sem hefur ekki verið lagt fram og sem hefur allt sumarið verið að taka umfangsmiklum breytingum.

Hv. þm. talar af miklu viti og mikilli þekkingu en þó sýnist mér að hv. þm. hefði e.t.v. haft gott af því að komast í ýmis þau gögn sem einstakir þingmenn heilbr.- og trn. hafa viðað að sér. Mér þótti til að mynda merkilegt að heyra hjá þessum víðlesna hv. þm., eða ég skildi það svo í ræðu hans, að hann væri að vísa til Bandaríkjanna sem einhvers fordæmis um það hvernig eigi að haga þessum málum og vísa til þess að þeir væru komnir svo langt fram úr okkur. Veit ekki hv. þm. að ekkert land undir sólinni misnotar þær upplýsingar sem við erum að tala um með jafngrófum hætti og einmitt þar og veit ekki hv. þm. að einmitt vegna gloppna í löggjöf Bandaríkjamanna liggja ekki bara 59, ég held að þau séu orðin 60, frumvörp fyrir bandaríska þinginu einmitt til að stoppa upp í hana, og ég held að á annað hundrað frv. liggi fyrir í hinum ýmsu ríkisþingum víðs vegar um Bandaríkin til þess að gera slíkt og hið sama. (**HG:** Ég var einmitt að vísa í það ...) Veit ekki hv. þm. að nýlega er fallinn hæstaréttardómur í Bandaríkjunum einmitt um gagnagrunn sem verið er að búa til innan bandarískra hersins þar sem niðurstaðan varð beinlínis sú að menn hefðu ekkert leyfi og ekkert vald til þess að fara með upplýsingar um eigin lífsýni og upplýsingar um sínar eigin erfðir og þær voru ekki einu sinni ópersónugreindar.

Ég skildi hv. þm. þannig, en það má vel vera að það hafi örlítið farið í taugarnar á mér sá hroki sem hv. þm. gæddi mál sitt þegar hann var að tala til hv. heilbr.- og trn.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það mál sem við erum að ræða þarfnist verulegra lagfæringa. En ég vil eigi að síður segja að sú mikla gagnrýni sem kom fram á málið á síðasta þingi hefur bersýnilega leitt til þess að verulegar breytingar eru á frv. Þegar við ræddum þetta í fyrra veltum við einmitt upp spurningum sem vörðuðu persónuverndina, aðgengi vísindamanna að gagnagrunni og rannsóknarsvigrúmi annarra vísindamanna og einnig hvaða aðferð þyrfti að beita til að afla samþykkis fyrir því að upplýsingar um einstaklinga væru fluttar í slíkan gagnagrunn.

Þá er ótalin sú harða gagnrýni sem kom fram a.m.k. af hálfu nokkurra þingmanna, þar á meðal þess sem hér stendur á einkaleyfin, einkaréttinn eða eigum við að segja einokunarréttinn sem frv. á að veita eftir því sem ég skil það einu tilteknu fyrirtæki. Ég verð hins vegar að segja það, herra forseti, að allar þær breytingar sem eru gerðar á frv. og þær eru margar veigamiklar svara þessari gagnrýni að einhverju leyti. Sums staðar, eða ég hef a.m.k. talið það, eru nokkrar breytingarnar til verulegra bóta og svari nánast nægjanlega sumum hlutum af þeirri alvarlegu gagnrýni sem kom fram.

Ég skil það auðvitað, herra forseti, að miðlægur gagnagrunnur er óæskilegur í augum margra. Það er hægt að halda því fram með ágætum rökum að minni hætta sé fólgin í því að geyma gögnin í smærri dreifðum grunnum heldur en einum stórum miðlægum gagnagrunni og út á það gengur einmitt málflutningur og röksemdafærsla í frv. hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Ef ekki er hægt að byggja nægilega traustar varnir inn í miðlægan gagnagrunn er meiri hætta ef tekst að brjótast inn í hann og stela gögnum til að misnota þau en ef menn gera það með smærri gagnagrunna þar sem miklu minna af upplýsingum um sérhvern einstakling er geymt. Þegar menn meta þess vegna hvort um sé að ræða ásættanlega áhættu hljóta þeir að reyna að velta fyrir sér hversu þéttriðið það öryggisnet er sem menn setja upp í kringum slíka grunna.

Ég hélt, herra forseti, að þessi umræða mundi snúast um allt aðra hluti, miklu meira um eignarhald og annað slíkt en umræðan hefur þróast í að ræða verulega um gagnaverndina, persónuverndina og ég er ósammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Eins og staðan er í dag miðað við frv. og þau gögn sem ég hef, þá lít ég svo á að þetta sé ásættanleg áhætta. Ég vil reyna að taka þátt í málefnalegri umræðu og þess vegna langar mig að skýra út fyrir þingheimi þá hugsun sem liggur að baki skoðun minni vegna þess að hún er í aðalatriðum á öðrum brautum og rekst á þær forsendur sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ber fram.

Mat mitt ræðst af því að í fyrsta lagi segir í frv. að í grunninn eigi einungis að fara ópersónugreinanlegar upplýsingar. Það er forsenda sem ég tek gilda með rökum sem ég ætla að reyna að flytja hérna þangað til hægt er að sýna mér fram á eitthvað annað, og mér dugar ekki breskur sérfræðingur sem heitir dr. Ross í þeim efnum eins og ég kem kannski að. Ramminn sem frv. leggur upp er auðvitað ekki útfærður en þetta er forsenda hans. Þegar hægt er að sýna mér fram á að hann gildi ekki lengur þá fell ég frá þessari skoðun minni en ég tel að þessi þrefalda dulkóðun sem núna er eða fjórfalda eftir atvikum sé snöggtum skárri og sé tiltölulega traust.

Í öðru lagi segir fortakslaust í frv. að bannað sé að veita upplýsingar um einstaklinga og ef rekstrarleyfishafinn gerir það þá fyrirgerir hann rekstrarleyfinu. Því er auðvitað haldið fram að það sé hægt þrátt fyrir dulkóðun og önnur brögð til að halda persónuverndinni, þá sé eigi að síður hægt að ná upplýsingum um einstaklinga og í mín eyru hafa gjarnan verið borin skemmtileg dæmi af eftirfarandi toga: Hvað ef viðkomandi er sykursýkissjúklingur og ekki er hægt að finna hann vegna þess? Hvað ef hann er karlmaður sem fæddur er á tilteknu ári? Hópurinn þrengist og ef því er bætt við að hann hafi viðbeinsbrotnað í tilteknum mánuði á tilteknu ári þá er hægt að greina þennan mann. Við höfum öll heyrt svona sögur. En frv. bannar hins vegar að viðlagðri sviptingu rekstrarleyfisins að gögnin séu misnotuð með þessum hætti. Nú er ég að vísu þeirrar skoðunar að menn skuli aldrei vanmeta mannlega heimsku en ef menn halda að rekstrarleyfishafi sem hefur lagt gríðarlegar upphæðir í að þróa slíkan grunn fari að misnota þetta með slíkum hætti þá eru þeir á einhverju allt öðru stigi en ég er, með mína greind alla vega, sem er að vísu tiltölulega lágt. Áhættan sem í þessu felst er því sú að gögnunum sé í fyrsta lagi stolið og í öðru lagi að líkast til takist að brjóta dulkóðunina.

Í þriðja lagi hafa menn verið að segja að hægt sé að fá upplýsingar um smáa hópa sem gera það að verkum að hægt væri að þekkja þá af upplýsingunum og ráða þar af leiðandi í einstaklingana. Nú er það svo að frv. er gallað að því leyti að aðgengishömlur eru ekki byggðar inn í grunninn samkvæmt ákvæðum laganna. Þetta er hins vegar auðvelt að gera og þetta er eitt af því sem ég mun beita mér fyrir í umfjöllun um málið að þurfi að gera því það dregur a.m.k. úr þessari áhættu.

Í fjórða lagi hefur því verið haldið fram að hægt sé að nota og samkeyra upplýsingar úr opinberum ættarskrám við upplýsingar sem liggja inni í grunninum og ná þannig út ættum og þar af leiðandi þekkja einstaklinga. Ég tek það gilt þegar sérfræðingar sem vita miklu meira um þetta en ég segja að það sé hægt að setja ættarvenslin á dulkóðuðum tölulegum gildum inn í grunninn þannig að þessi samkeyrsla virki ekki. Ef hægt er að sýna mér fram á annað, þá skal ég hugsa málið upp á nýtt, en svona er staða í dag.

Þar sem viðhorf mín í þessum efnum rekast harkalegast á við viðhorf hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er varðandi tölvnefnd. Mér þótti hv. þm. tala af ótrúlegu kæruleysi sem stappaði nærri lítilsvirðingu um tölvunefnd þegar hann í rauninni gaf ekkert fyrir þá breytingu sem í frv. felst þar sem tölvunefnd er ekki lengur falið eftirlit með gögnunum meðan þau eru á persónulegu formi heldur líka eftirlit með öryggi þeirra og meðferð eftir að þau eru komin á margdulkóðuðu formi inn í grunninn. Hvað þýðir það? Það þýðir einfaldlega að sú tæknilega útfærsla á meðferð gagnanna sem mun liggja fyrir einhvern tíma síðar áður en grunnurinn fer endanlega af stað þarf að uppfylla skilyrði tölvunefndar.

Ég viðurkenni fúslega að ég er leikmaður í þessum flóknu fræðum. Ég treysti mér ekki eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson til að leggja dóm á rök með- og mótmælanda í þessu máli. En mitt haldreipi er tölvunefnd. Ferill hennar er glæsilegur. Hún hefur sýnt að því er ég best veit að hún hefur stungið við fótum til verndar persónum einstaklinga og fyrir mig skiptir þetta öllu máli. Hún er varnaglinn sem ég sem einn af þeim sem setja gögn þarna inn og sem þingmaður sem fjallar um þetta reiði mig á. Ég þarf að fá mat tölvunefndar á að þessi aðferð sé góð og líka að lokum þegar við stöndum frammi fyrir tæknilegri útfærslu, að hún haldi. Það dugar heldur ekki fyrir mig þó að ráðgjafi á vegum bresku læknasamtakanna komi hingað til lands og kanni málið. Eftir því sem ég hef skilið á viðtölum við hann í fjölmiðlum, en hann ræddi við menn hjá Íslenskri erfðagreiningu sem sinna dulkóðunarmálum, væru aðferðirnar barnalegar, ófrumlegar og ófullnægjandi. En herra minn trúr. Hver ætlast til þess að fyrirtæki, sem er ekki einu sinni búið að fá rekstrarleyfi samkvæmt lögum sem ekki er enn búið að samþykkja og er ekki einu sinni víst að verði samþykkt í þessari mynd, sé tilbúið með fullbúið kerfi á þessu sviði áður en umfjöllun er hafin í Alþingi? Það er ekki hægt að ætlast til þess.

Niðurstaða mín er sú að gæði þeirra aðferða sem Íslensk erfðagreining býður upp á segi nákvæmlega ekkert til um það hvort það ferli sem liggur í frv. heldur eða ekki. Það

verðum við að meta þegar hin tæknilega útfærsla liggur fyrir. En mér finnst á þessu stigi málsins að áhættan sem felst í persónuverndarmálunum sé ásættanleg.

Ég er reiðubúinn til þess að rökræða það og viðurkenni alveg fúslega að á stórum hluta byggi ég traust mitt á tölvunefndinni. Ég get þess líka, herra forseti, að hægt er að færa rök að því og virtir vísindamenn munu gera það, að dulkóðunin gangi eiginlega úr hófi vegna þess að hægt er að vísa til dæma um að hún brjóti a.m.k. í bága við svona ákveðin gildi læknisfræðinnar en ég ætla ekki að ræða það frekar hérna.

Eitt af því sem mig langar til þess að ræða og hefur líka komið til tals er hið upplýsta samþykki. Frv. gerir ekki ráð fyrir upplýstu samþykki og það hefur verið gagnrýnt harðlega. Hvað felst í upplýstu samþykki? Vanalega felur það í sér að sá sem tekur þátt í rannsókn eða heimilar notkun gagna um sjálfan sig er upplýstur um tilgang rannsóknarinnar. Hann fær fullvissu um að þær verði ekki notaðar í öðrum tilgangi, rannsóknaraðferðirnar eru skýrðar, möguleg óþægindi hans af þátttökunni eru dregin fram og hann er líka upplýstur um mögulega áhættu, mögulegan ávinning, og það er undirstrikað að hann geti hætt þátttöku hvenær sem hann vill. Í þessu samhengi skiptir máli forsendan sem ég hef gefið mér að frv. haldi að ásættanlegu marki um það að ekki séu notaðar persónugreinanlegar upplýsingar. Ef við erum sammála því að treysta tölvunefnd fyrir því, sem sumir eru ekki, þá fellur grundvöllurinn undan kröfunni um hið upplýsta samþykki.

Einn af göllum frv. er að það gefur engar upplýsingar um hvernig nota megi gögnin í grunninum og öllu alvarlegra er að það eru heldur engar upplýsingar um það hvernig megi ekki nota þau sem er miklu alvarlegra mál. Það er hægt að lagfæra þessa galla að hluta en þeir verða aldrei lagfærðir svo að það verði hægt að upplýsa þátttakendur um markmið rannsóknarinnar, aðferðir, ávinning, áhættu eða óþægindi. Miðað við þetta yrði krafan um hið upplýsta samþykki krafa um falskt öryggi. Það er skoðun mín.

Eitt enn, bara á grundvelli þessarar skilgreiningar. Gert er ráð fyrir því að þátttakandi geti hætt þátttökunni. Eins og kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar í dag sker hin stranga dulkóðun strenginn á milli þess sem veitir upplýsingarnar og upplýsinganna um hann. Með öðrum orðum, það er engin leið til baka. Það er ekki hægt að hætta þátttökunni og á tæknilegum forsendum gerir hið upplýsta samþykki það líka ókleift.

Ég tel sjálfur að aðferð frv., sem felur í sér einhvers konar öfugt samþykki eða möguleikann til þess að neita þátttöku, sé ekki jafnfráleit og menn hafa haldið. Það er hins vegar hægt að auðvelda mönnum synjunina með því að breyta frv. talsvert. Það er hægt að lágmarka áhættuna en það verður alltaf einhver áhætta sem menn taka með því að gerast aðilar að gagnagrunninum. Við getum minnkað þessa áhættu með ýmsum aðgerðum.

Við getum gert það í fyrsta lagi með því að láta vísindasiðanefnd meta allar fyrirspurnir áður en þeim er svarað. Það er ekki gert ráð fyrir því í frv. í dag. Í öðru lagi með því að setja í lög hvers konar upplýsingar eiga að fara inn í grunninn. Í þriðja lagi hvers konar upplýsingar eiga ekki að fara inn í grunninn. Í fjórða lagi, það sem er mikilvægast, að láta lögin mæla skýrt fyrir um það í hvers konar tilgangi megi ekki nota þær og grunninn þar með.

Ég er alveg klár á því, herra forseti, að áreiðanlega eru margir ósammála þessum viðhorfum mínum en mér þykir rétt að gera mönnum grein fyrir því af hverju ég fylgi ekki kröfunum um hið upplýsta samþykki. Menn munu auðvitað segja sem svo: Það munu einhverjar upplýsingar sytra út úr þessum grunni. Ég tel að það muni gerast. Það er einhver áhætta fólgin í því. Ég tel að við eigum að segja mönnum frá því. Á þeim grundvelli verða þeir einfaldlega að taka þá áhættu sem í því felst að vera með eða ekki. Ég get fallist á það, kannski má segja að það feli í sér einhvers konar blankótékka. En við getum, eins og ég hef lýst, gert okkar til þess að draga úr þessari áhættu. Þetta er í rauninni spurningin: Á ríkisvaldið stöðugt að vera með einhverjar aðgerðir í gangi til þess að vernda fólk fyrir eigin ákvörðunum? Harkalega spurt, en málið snýst um þetta.

Mig langar í samhengi við þetta að drepa á eitt atriði til viðbótar sem varðar einmitt rétt þess sem veitir upplýsingarnar. Frv. veitir bæði sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðisstofnunum rétt til þess að neita að taka þátt í þessu samstarfi. Þá spyr ég: Hver er þá réttur þess sjúklings sem vill leggja upplýsingar inn í grunninn en læknirinn eða heilbrigðisstofnunin segir nei? Í því sambandi er ég að rifja upp afgreiðslu heilbr.- og trn. á ákvæði í frv., sem kom hingað fyrir nokkrum árum, til laga um réttindi sjúklinga. Þar var gert ráð fyrir því að sjúkraskráin væri eign viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns eða heilbrigðisstofnunar og því var hafnað af nefndinni. Það var mat okkar þá að siðferðilega væri ekki hægt að segja að sjúkraskrá væri eign einhvers annars enda innihéldi hún upplýsingar sem sjúklingurinn hefði gefið.

Ég tel að samkvæmt þessari túlkun Alþingis á sínum tíma hljóti, í þessu tiltekna tilviki sem stundum hefur komið upp í umræðunni, réttur sjúklingsins alltaf að vera hærri, ég tel að þessi túlkun okkar á sínum tíma geri það að verkum. Í tengslum við rétt þeirra sem leggja gögn í grunninn er óhjákvæmilegt að reifa lítillega hlutverk vísindasiðanefndar í frv. Þar er mælt svo undarlega fyrir að fyrirspurnir sem komi til grunnsins eigi að leggja fyrir vísindasiðanefnd eftir að þeim hefur verið svarað, þ.e. það á að vera eins konar tilkynningarskylda, það á að láta vísindasiðanefnd vita um fyrirspurnirnar eftir að þeim hefur verið svarað.

Fyrir mér er þetta ótrúlega heimskulegt og ég get ekki séð hvaða tilgangi það þjónar að láta hana fjalla um rannsóknir eða vita um rannsóknir eftir að þær hafa verið framkvæmdar.

Mig langar, herra forseti, að lesa hér úr 2. mg. 4. gr. reglugerðar nr. 449/1997, sem segir að forsenda þess að vísindarannsókn verði heimiluð sé að það liggi fyrir það mat vísindasiðanefndar að, með leyfi forseta: „engin siðfræðileg eða vísindaleg sjónarmið mæli gegn henni".

Í 1. mgr. þessarar sömu greinar segir, með leyfi forseta: „Með vísindarannsókn er átt við rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem gerir m.a. kleift að bæta heilsu eða lækna sjúkdóma."

Ég spyr nú, herra forseti: Er það ekki einmitt helsta málsvörn formælenda gagnagrunnsins að fyrir tilstilli hans sé hægt að gera rannsóknir sem bæta heilsu manna? Hvernig í veröldinni er þá hægt að verja að rannsóknir í gegnum þennan grunn séu einu rannsóknirnar á Íslandi á þessu sviði sem þurfi ekki að fara í gegnum hina siðferðilegu síu vísindasiðanefndar? Hver eru rökin fyrir því að nefndin fái ekki fjalla um þau? Þau hafa ekki komið fram. Ekki stafar þetta af töfum við vinnu nefndarinnar vegna þess að að jafnaði tekur ekki nema þrjár vikur hjá henni að afgreiða slíkt og það er bara ásættanlegur tími. Í einu tilviki tók það fimm mánuði.

Það vill að vísu til að það var fyrirspurn eða rannsókn sem laut að Íslenskri erfðagreiningu en ég er hárviss um að það eru engin tengsl á milli þessa og þeirrar staðreyndar.

Ég tel auðvitað að þetta sé stór galli á frv. Ég held að með því að leggja allar rannsóknir, sem eru gerðar gegnum grunninn fyrir vísindasiðanefnd, fengjum við sem í hann leggjum upplýsingar afar mikilvæga tryggingu fyrir því að þær yrðu ekki notaðar í tilgangi sem samrýmist ekki hagsmunum þeirra hópa sem þeir tilheyra og brytu þar með gagnvart siðferðilegum grunni vísindarannsóknar. Þetta er mjög mikilvægt. Ef menn hafa einhverjar efasemdir um að nauðsynlegt sé að breyta þessu ættu þeir hinir sömu að lesa hinn dæmalausa auglýsingabækling sem Íslensk erfðagreining sendi væntanlegum fjárfestum og væntanlegum kaupendum á þjónustu sinni.

Annar ömurlegur galli á þessu frv. lýtur einmitt að svigrúmi vísindamanna til þess að stunda fræði sín. Ég leyfi mér hér að rifja upp þá fráleitu tilraun sem mér þótti koma fram í frv. hæstv. heilbrrh. eins og það leit út á síðasta vori. Þar var beinlínis gerð tillaga um að lögleiða vísindalegan stuld. Gert var ráð fyrir því samkvæmt því frv. að þau lög ættu að ná líka yfir gagnagrunna sem væru í vörslu félagasamtaka og stofnana á borð við Krabbameinsfélagið og Hjartavernd. Það var líka sagt að í gagnagrunninn ættu ekki aðeins að koma upplýsingar úr sjúkraskrám úr heilbrigðisstofnunum heldur líka aðrar heilsufarsupplýsingar. Hvað þýddi það? Undir það féllu að sjálfsögðu niðurstöður úr sjálfstæðri vinnu vísindamanna innan þessa sjúkrastofnana.

Sem betur fer er búið að hverfa frá þessari forræðishyggju sem ég hef kallað. Samt er vísindamönnum enn þá gróflega mismunað að þrennu leyti. Í fyrsta lagi er það svo að erlendir vísindamenn eða fyrirtæki sem kaupa rannsóknir í gegnum grunninn og starfsmenn rekstrarleyfishafans þurfa ekki að leggja rannsóknaráætlanir sínar fyrir vísindasiðanefnd. Allir aðrir vísindamenn þurfa að gera það. Á tímum samkeppni þar sem tíminn skiptir máli skapar þetta mismunun sem er ekki hægt að fallast á.

Ein af forsendunum fyrir því að gagnagrunnurinn verður settur á laggir er m.a. að samkvæmt því sem ríkisstjórnin hefur sagt, samkvæmt því sem frumkvöðlar Íslenskrar erfðagreiningar hafa sagt, er að lyfta íslenskum vísindamönnum, bæta möguleika þeirra til þess að stunda vísindi sín. Það má líta á sem hluta af þeirri greiðslu sem fyrirtæki sem fær rekstrarleyfið innir af höndum fyrir að fá að nýta það sem hæstv. heilbrrh. sjálf kallar „þjóðarauðinn" í grg. með frv.

Hins vegar er í frv. mælt fyrir um að einungis þeir vísindamenn sem borga fyrir notkun sína á grunninum með því að leggja í hann eigin upplýsingar fái að nota hann. Þetta brýtur algerlega gegn þeirri forsendu sem ég lýsti hérna áðan, þetta brýtur gegn hinum siðferðilega grunni frjálsrar vísindastarfsemi. Þetta útilokar fjölmarga, þar á meðal fjölmarga innan Háskóla Íslands, og það er ekki hægt að þola þetta.

Þriðji gallinn sem varðar svigrúm vísindamanna felst í samsetningu nefndarinnar sem á að meta hvort vísindamenn fá aðgang að gagnagrunninum. Í henni eiga sæti þrír menn og þar af er einn þeirra fulltrúi starfsleyfishafans. Fyrir þessa nefnd eiga vísindamennirnir að leggja allar rannsóknaráætlanir sínar. Hvað þýðir það? Það þýðir, herra forseti, að fulltrúi rekstrarleyfishafans getur séð vel útfærðar hugmyndir annarra vísindamanna og meðan þetta er svona vakir alltaf sá grunur og sá kvíði að hugmyndirnar verði teknar ófrjálsri hendi. Ekki er hægt að bjóða öðrum vísindamönnum upp á þetta. Fulltrúi starfsleyfishafans verður að fara út úr þessari nefnd og þess vegna er hægt að setja inn í hana fulltrúa vísindasiðanefndar eða eitthvað slíkt. En þetta er ómögulegt svona.

Versti galli þessa frv. er einokunarblærinn sem smitar út um allt frv. Ég er þegar búinn að rekja þessar sovésku tilskipanir sem hæstv. heilbrrh. lagði á borð okkar í fyrra og sem vörðuðu rannsóknir annarra vísindamanna utan þessa grunns. Þær eru horfnar. En eftir sem áður er þessi blær og andi yfir og allt um kring í frv.

Það er ekki aðeins að Íslensk erfðagreining eigi að fá einokunarrétt á öllum heilsufarsupplýsingum í landinu heldur sýnist mér samkvæmt þessu að hún eigi líka að fá einokunarrétt á því að þróa hugbúnað fyrir nánast allt íslenska heilbrigðiskerfið og það er ekki hægt að þola. Þetta frv. felur í rauninni í sér að innan Íslenskrar erfðagreiningar verði sett upp eins konar Reiknistofa bankanna. Allir vita um áhyggjur og andmæli íslenska hugbúnaðargeirans gagnvart Reiknistofu bankanna. Þetta kemur í rauninni í veg fyrir að í þessum hluta starfsins, þ.e. því sem lýtur að því að koma upp tölvukerfum og hugbúnaðarkerfum, er verið að taka fyrir frjálsa samkeppni. Mér finnst að það sé ekki hægt.

Samkvæmt upplýsingum og áliti hæstv. heilbrrh. um kostnað við grunninn kemur fram að það á að setja 2 milljarða í nákvæmlega þetta atriði og 2 milljarðar fyrir unga grein sem er að flytja út fyrir rúman milljarð á ári er ofboðslegur peningur. Ég tel að hægt væri að nota þessa fjármuni til þess að gefa þessum þróttmikla nýja geira íslensks atvinnulífs verulega vítamínssprautu og um leið að fá miklu betri vinnu út úr dæminu.

Hjá Íslenskri erfðagreiningu er að finna sérfræðinga á sviði erfðagreininga. Þeir hafa ekki mikla reynslu í því að dulkóða eða búa til kerfi af því tagi, ég leyfi mér að halda því fram. Ég held að miklu eðlilegra væri að koma þessu yfir í einkageirann, þ.e. yfir í frjálsa samkeppni, leyfa þessum fyrirtækjum, nú þegar eru þrjú eða fjögur að flytja út hugbúnað sem varðar einmitt heilbrigðisvinnslu. Ég tel að þetta sé nauðsynlegt.

Mér finnst líka, herra forseti, fráleitt sjálfgefið að Íslensk erfðagreining, sem allir vita að á að fá einokunarréttinn, eða eitthvert annað fyrirtæki fái þennan einkarétt sem frv. gerir ráð fyrir til þess að starfrækja miðlægan gagnagrunn. Ég tel það óþarft og ég tel það hættulegt. Það er einfaldlega staðreynd að vísindi alveg eins og viðskipti eru orpin undir samkeppni, undir harða samkeppni. Og í gagnagrunninum alveg eins og alls staðar í heimi erfðagreiningarinnar fléttast vísindi og viðskipti saman með nýjum og allt öðruvísi hætti en við eigum að venjast. Það hafa ekki, a.m.k. ekki gagnvart mér, verið færð haldbær rök fyrir því að það sé fyllilega hægt að réttlæta nauðsyn þess að eitt tiltekið fyrirtæki fái einkarétt á því að fénýta það sem hæstv. heilbrrh. kallar þjóðarauðinn. Rökin sem til þessa hafa verið færð þessu til stuðnings felast nánast einvörðungu í því að bent er á þá staðreynd að gríðarlegur kostnaður er fólginn í því að setja upp gagnagrunninn og þar af leiðandi segja talsmenn þessa einkaréttar að það verði að tryggja fyrirtækinu einkaréttinn í 12 ár til að vernda þessa fjárfestingu, annars muni ekkert fjármagn fást til að kosta gerð hans. Þetta, herra forseti, er mjög svipuð röksemdafærsla og útgerðarmenn hafa notað til að réttlæta sinn einkarétt til að nýta fiskimiðin. Þeir hafa lagt í gríðarlegan kostnað til að nýta þau og byggja upp, segja þeir. Alveg eins og hérna er verið að tala um að Íslensk

erfðagreining muni leggja í gríðarlegan kostnað og þess vegna eigi hún að fá einokunarrétt. Í tilviki kvótans hefur þjóðin hafnað þessari röksemdafærslu og ég hafna henni hér. Það hefur ekkert reynt á það hvort fjármagn fáist til þess að kosta grunninn við aðstæður þar sem einkarétturinn væri ekki leyfður eða veittur og við skulum ekki horfa fram hjá framlagi hæstv. forsrh. í þessum efnum. Auðvitað hafa yfirlýsingar hans um að það eigi að samþykkja þessi lög og það eigi að láta eitt tiltekið fyrirtæki fá einkaleyfið fælt alla aðra mögulega fjárfesta frá því að kynna sér þetta mál. Það hefur því ekkert reynt á þetta. En ef það er rétt hjá forsvarsmönnum Íslenskrar erfðagreiningar að þessar íslensku upplýsingar séu einstæðar og að með þeirri vísindabyltingu sem er að gerast innan erfðafræðinnar sé hægt að gera úr þeim gríðarleg verðmæti, þá tel ég afar líklegt að fleiri hefðu áhuga ef ekki væri búið að stugga þeim frá nú þegar eins og stjórnvöld hafa gert með yfirlýsingum sínum.

Ég vil líka benda á þessari skoðun til stuðnings að í erlendu tímariti um fjárfestingar var því lýst sem hálfgerðri útsölu ef eitt fyrirtæki fengi einkarétt á íslenskum heilsufarsupplýsingum fyrir 12–14 milljarða. Í sömu grein var bent á að ef einungis eitt lyf sprytti af nýrri þekkingu sem yrði til vegna grunnsins þá mundi það duga til að greiða kostnaðinn niður. Miðað við þessa stöðu, þessa gríðarlegu hagnaðarvon sem er fólgin í grunninum og þann áhuga sem ýmis önnur fyrirtæki hafa a.m.k. sýnt með því að fylgjast með þessu máli er ég viss um að samkeppni um starfrækslu á þessum gagnagrunni yrði raunveruleg ef boðið væri upp á hana. Ég held að ef svo yrði mundu fyrirtæki á þessum sviðum væntanlega reyna að sérhæfa sig á sviði tiltekinna upplýsinga og tiltekinna sjúkdómaflokka og afleiðingin gæti orðið sú að hérna skapaðist miklu meiri þekking og miklu fljótar en ef aðeins eitt fyrirtæki sæti að þessum einkarétti. Það gæti auðvitað leitt til þess, vegna þess að þær röksemdir hafa verið leiddar inn í umræðuna, að miklu fleira ungt fólk gæti fengið vel launuð störf við það sem það hefur menntað sig til. Ég óttast þess vegna, herra forseti, að með þessum einkarétti séum við í rauninni að reisa girðingar sem fæla önnur erlend stórfyrirtæki frá því að notfæra sér gríðarlegar tækniframfarir til að fjárfesta í því erfðafræðilega kjörlendi sem a.m.k. talsmenn Íslenskrar erfðagreiningar segja að sé til staðar hér á Íslandi.

Í viðskiptaheiminum er það einfaldlega staðreynd að þar er samkeppni og nákvæmlega það sama gildir í vísindaheiminum. Það gildir ekki síst á sviði erfðagreiningarinnar. Það sést, herra forseti, berlega þessa dagana á því kapphlaupi sem er núna innan þessarar greinar í Bandaríkjunum. Þar hafa menn verið í stórfelldu verkefni sem felst í því að kortleggja gen mannsins, svokallað „Human Genome Project" og það hefur ekki reynst erfitt fyrir þá sem hafa klofið sig út úr því verkefni að draga stórkostlegt fjármagn frá stórfyrirtækjum til að fara í samkeppni á þessu sviði. Ástæðan liggur einfaldlega í hagnaðarvoninni sem menn sjá í þessu. Ég held reyndar að byltingarhamurinn sem er á erfðafræðinni og nábýli hennar lyfjafyrirtækin hafi skapað áður óþekkta samvist viðskipta og vísinda. Þetta er einfaldlega staðreynd, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þar hefur það sýnt sig að arðsvonin byggir á uppgötvunum og driffjöður uppgötvananna er samkeppni. Þar af leiðir að þar, alveg eins og hér, hlýtur greinin að blómstra eftir því sem samkeppnin er meiri. Þetta er skoðun mín, herra forseti. Ég tel að einokun eða einhvers konar einkaréttur á þessu sviði mundi setja þessa grein í ramman fjötur í Bandaríkjunum og ég held það sama mundi gerast hér.

Önnur röksemd hefur stundum verið flutt fyrir einkaréttinum og hún er miklu geðfelldari að mínu mati en sú vernd sem þarf að veita fjárfestingunum. Hún snýr að rétti frumkvöðulsins þó að hann sé hvergi skráður í lagabókstaf Íslendinga. Mér finnst að menn eigi að fá að njóta hugmynda sinna og ég spyr: Væri gengið á rétt frumkvöðulsins Kára Stefánssonar ef frjáls samkeppni mundi ríkja um smíði grunna af þessu tagi? Þegar menn skoða það verða þeir að hafa eftirfarandi í huga: Þessi hugmynd er ekki ný. Í grg. kemur fram að hún vaknaði hér um miðbik áttunda áratugarins en tæknistigið var slíkt að ekki var kleift að hrinda henni í framkvæmd. En spástofnanir til að mynda í Bandaríkjunum hafa sagt fyrir um og lýst smíði slíkra grunna um einhverra áratuga skeið. Hugmyndin er því ekki ný. Það breytir því ekki að segja má að Kári Stefánsson, af því hann er nefndur á nafn í grg. með frv., hefur vissan frumkvöðulsrétt að þessari hugmynd. En hefur hann ekki þegar notið hans? Ég bendi á það að Íslensk erfðagreining hefur forskot umfram alla aðra. Hún er nú þegar komin með nánast allar ættir Íslands frá því ævar snemma inn í skrár sínar. Hún hefur fengið í sína vörslu ýmsa smærri mjög mikilvæga gagnagrunna sem varða einstaka þýðingarmikla sjúkdóma, eins og þann sem John Benedikz gerði um MS-sjúklinga hér á landi. Hún nýtur geysilegrar vildar meðal almennings og ekki þarf að segja þessu hv. þingi frá vildinni sem hún nýtur meðal stjórnvalda. Hún hefur þegar lífsýni gríðarlegs fjölda Íslendinga í sinni vörslu sem hafa aflast við rannsóknir á sjúklingum sem menn hafa tekið þátt í með upplýstu samþykki og þar að auki er ekkert líftæknifyrirtæki í heiminum sem er eins vel auglýst í heimspressunni og vísindaritum og einmitt þetta tiltekna fyrirtæki. Ég held þess vegna, herra forseti, að staðan sé einfaldlega þannig í dag að þessi ágæti vísindamaður hafi þegar fengið sitt forskot. Hann er þegar farinn að njóta þessarar hugmyndar. Það getur enginn ógnað forskotinu. Ég held því að einkaréttur til handa einu fyrirtæki sé ekki bara tímaskekkja heldur sé hann óþarfur og gæti verið hættulegur þróun greinarinnar. Þetta finnst mér nauðsynlegt að menn hafi líka inni í umræðunni.

Ef það fer hins vegar svo að Alþingi vilji ekki leyfa samkeppninni að blómstra eins og mig grunar og fer leið einkaréttarins þá tel ég sjálfur að 12 ár séu allt of langur tími. Ég tel líka að það væri fullkomið glapræði að afhenda einu fyrirtæki þennan einkarétt á þjóðarauðnum án þess að einhvers konar ákvæði séu fest í lög um að tiltekið gjald þurfi að greiða. Ef við orðum það með öðrum hætti: Ég get fellt mig við það að hagnaðinum sem af þessari starfsemi sprettur verði deilt einhvern veginn með íslensku þjóðinni. Þetta finnst mér að skipti verulega miklu máli. Ég vek þó athygli á því að það hefur kviknað einhver skilningstíra á skari hæstv. heilbrrh. vegna þess að grafið djúpt í iður greinargerðar frv. er talað um að til greina komi að binda skilyrði fyrir rekstrarleyfi einhvers konar deilingu á hagnaði með íslensku þjóðinni. Það finnst mér vera mjög jákvætt en ég tel að það sé algjörlega nauðsynlegt að fá þetta inn í lögin.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að ég er ekki eins hræddur við þetta frv. og ég var í vor. Ég sé á því marga skafanka en ég sé líka margar leiðir til þess að bæta úr þeim ágöllum sem í því finnast. Ég tel t.d. að það væri ekki mikið verk að breyta þeim ágöllum sem tengjast vísindafrelsi íslenskra rannsóknaraðila og fyrir því mun ég auðvitað beita

mér. Það eru fjölmargar hugmyndir sem ég tel að við ættum að íhuga til að kanna þetta, en fyrst og síðast er spurningin, sem mér finnst enn ósvarað eftir þennan dag, einmitt sú sem lýtur að persónuverndinni. Ég hef hér lagt fram það sem fyrir mér eru mín rök fyrir því að ég get fallist á þann þátt frv. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er algerlega annarrar skoðunar og auðvitað verðum við í nefndinni að vega og meta þau sjónarmið sem koma fram. En ég tek það fram og vil ítreka það nú að ég held að tölvunefnd sé fyllilega treystandi. Það þarf auðvitað að auka atgervi hennar, beina til hennar meira fjármagni. En ég held að miðað við þann mannafla og þá þekkingu og þá reynslu sem hún hefur yfir að ráða og ætti að hafa yfir að ráða, ættum við að geta fallist á þennan þátt frv. Ég ítreka hins vegar að í honum er falin áhætta. Það er áhætta sem ég get fyrir mína hönd fallist á á þessu stigi málsins.

Til þess að draga enn frekar, herra forseti, úr möguleikanum á því að upplýsingar úr gagnagrunninum verði misnotaðar hef ég líka lýst þeirri skoðun minni að það sé nauðsynlegt, ekki bara að festa í þessi lög ákvæði um það til hvers ekki megi nota upplýsingar úr grunninum, heldur einnig að Alþingi samþykki samhliða sérstök lög sem banna mismunun gagnvart mönnum á grundvelli erfða og þá vísa ég til reynslunnar í Bandaríkjunum. Það eru að vísu aðrar aðstæður hér en þjóðirnar í kringum okkur eru í óða önn að kanna slíka lagasetningu og sums staðar hafa þær þegar lokið henni. Ég hef lýst því, herra forseti, að æskilegt væri að leggja slíkt frv. fram og það má íhuga hvort ekki sé rétt að heilbr.- og trn. leggi slíkt frv. fram í sínu nafni samhliða afgreiðslu sinni á frv. um gagnagrunn. Ef ekki tekst sátt um það þá held ég nauðsynlegt sé að einstakir þingmenn geri það og ég fyrir mitt leyti mun beita mér þá fyrir því.

[17:12]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér sýnist að hagur ríkisstjórnarinnar hafi nokkuð vænkast eftir að ég heyrði í formanni og varaformanni heilbr.- og trn. í sambandi við meginviðhorf til þessa máls. Mér sýnist að það fari nokkuð eftir sem stendur í greininni í Magazin, sem ber heitið „Íslendingar — tilraunamýsnar okkar", að Alþfl. sveiflist milli tískuhrifningar og lýðræðislegra fyrirvara. Íhaldsmenn hafi hins vegar ákveðið fyrst um sinn að fylgja forsrh. sínum þrátt fyrir nokkrar siðferðilegar áhyggjur.

En varðandi miðlægan gagnagrunn og tölvunefnd, leyfi ég mér að vitna til varaformanns tölvunefndar sem segir, með leyfi forseta:

„Ég hef stundum líkt þessu [þ.e. mismun milli dreifðra gagnagrunna og miðlægs] við sprengiefni. Maður geymir það ekki allt í kjallaranum hjá sér, heldur dreifir því. Með þeim hætti verður bara smáhvellur þótt slys hendi en ef það er allt á einum stað verður hvellurinn þvílíkur að húsið hrynur og afleiðingarnar verða eftir því".

[17:14]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. ræddi mikið um persónuvernd og burt séð frá því hvort við erum sammála eða ósammála því hvort frv. tryggir persónuvernd, þá hef ég miklar áhyggjur af því hvaða upplýsingar verður hægt að kaupa út úr þessum grunni. Ekki upplýsingar sem tengjast einstaklingum heldur upplýsingar kannski um einstaka sjúkdóma, einstaka hópa o.s.frv. Í 10. gr. frv. segir um einkaleyfishafann eða rekstrarleyfishafann, með leyfi forseta:

„Rekstrarleyfishafa er á leyfistíma heimil fjárhagsleg hagnýting upplýsinga úr gagnagrunninum með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum og í rekstrarleyfi."

Spurningin er: Hver verða þessi skilyrði? Og enn og aftur: Hvaða upplýsingar verður hægt að kaupa út úr þessum grunni? Mér finnst þetta vera grundvallaratriði og þetta er það, eins og ég nefndi fyrr í dag, sem aðilar erlendis hafa mjög miklar áhyggjur af.

[17:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er vel kunnugur umræðunni sem farið hefur fram erlendis um þetta mál. Ég hef m.a. lesið um það 40–50 lagafrv. frá Bandaríkjunum sem liggja fyrir um þessi efni.

Ég er deili áhyggjum hv. þm. og þess vegna gat ég þess í ræðu minni að eitt af því sem þyrfti í þessi lög væri ákvæði um það til hvers mætti ekki nota upplýsingarnar. Ég gat þess líka í lokaorðum ræðu minnar að það væri líkast til eðlilegast að heilbr.- og trn. reyndi að sameinast um að leggja fram frv. þar sem mælt væri fyrir um bann við mismunun á grundvelli erfða.

Í þriðja lagi vakti ég athygli hv. þm. á því að nauðsynlegt væri að allar fyrirspurnir eða rannsóknir sem gera á í krafti gagnagrunnsins yrðu sendar til umfjöllunar vísindasiðanefndar áður en þær yrðu framkvæmdar en ekki eftir á. Ég tel að þá færu þær í gegnum þá siðferðilegu síu sem dugar til þess að bægja frá fyrirspurnum eða rannsóknum af þeim toga sem mér fannst hv. þm. vera að velta fyrir sér.

[17:16]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir þessi atriði varðandi galla á frv. Auðvitað þarf að skilgreina þetta allt miklu betur. Ég vek hins vegar athygli á því að í allri umræðunni festa menn sig um of í þessar persónulegu tengingar. Í greinargerðinni segir m.a., með leyfi forseta:

„Áhættan af gagnagrunninum felst aðallega í möguleikum á misnotkun upplýsinga. Því er í frumvarpinu lögð rík áhersla á að tryggja öryggi persónuupplýsinga."

Það er eins og eina hættan sem þessu fylgir sé aðgangur að persónulegum upplýsingum og tenging við persónur. Ég vek hins vegar athygli á því að þarna kann að vera hægt að fá upplýsingar sem m.a. gefa tryggingafélögum kost á að mismuna fólki. Það er mjög alvarlegt atriði.

[17:17]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði í ræðu sinni áðan að þar sem um væri að ræða ópersónugreinanlegar upplýsingar þá félli krafan um upplýst samþykki um sjálfa sig. Ég verð að svara þessu. Þetta er rangt hjá hv. þm. Reynir Alfreðsson, læknir og erfðafræðingur, sagði m.a. um þetta á fundi:

„Þótt Íslendingar séu gerðir ópersónugreinanlegir þá eru þeir áfram menn. Um rannsóknir á mönnum gilda sem betur fer strangar reglur sem eru m.a. byggðar á Helsinkiyfirlýsingunni og ýmsum siðareglum og alþjóðasáttmálum. Ein þeirra er sú að ætíð skuli krefjast upplýsts samþykkis þeirra sem upplýsingarnar stafa frá."

Þingmaðurinn talaði um að þetta væri falskt öryggi. Með þessu mæla sömu rök og með því að allir þeir sem nota

menn sem viðfangsefni í rannsóknum þurfi að fara í gegnum ákveðið öryggiskerfi. Þar á meðal er sú skylda að óska skuli eftir upplýstu samþykki frá því fólki sem upplýsingarnar stafa frá. Með frv. á að gera undanþágu frá þessu og það er alveg sama hvað við klæðum þetta í marga dulkóðunarbúninga. Við þurfum að gera þetta. Við þurfum að fara fram á upplýst samþykki og fylgja þeim almennu siðareglum sem fylgt hefur verið. Við komumst ekki fram hjá því.

[17:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég færði þrenns konar rök fyrir því að ég tel upplýst samþykki ekki eiga við. Ég gæti bætt fjórðu rökunum við en ég held einfaldlega því fram að það sem hv. þm. sagði áðan sé rangt. Þær upplýsingar sem ég byggi þessar yrðingar mínar á eru komnar frá manni sem ekki aðeins hefur menntun í siðfræði heldur hefur starf af því að veita siðfræðilegar ráðleggingar til íslensku þjóðarinnar.

Ég er þeirrar skoðunar að það mundi búa til falskt öryggi með því að gefa því þær upplýsingar sem við höfum núna um hvernig kynni að vera farið að því að nota gagnagrunninn, þá værum við að búa til falskt öryggi. Ég er þeirrar skoðunar að á þessu stigi sé einfaldlega ekki hægt að segja fyrir fram um eðli tiltekinna rannsókna eða hvaða möguleg ópægindi eða ávinning þær kynnu að hafa í för með sér. Ég held að ef við gæfum til kynna að við gætum sagt til um það þá værum við að búa til falska öryggiskennd. Fólk á að vita að það tekur áhættu með því að leggja gögn sín í þennan grunn.

[17:20]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að hv. þm. hafi fært fram þrenns konar rök fyrir því að ekki væri æskilegt eða rétt að nota upplýst samþykki. Hann hefur ekki enn sannfært mig. Ég verð að spyrja einu sinni enn: Hvers vegna er réttlætanlegt að víkja frá kröfunni um upplýst samþykki í þessu tilviki á meðan við gerum þá kröfu í öllum öðrum rannsóknum á fólki, jafnvel þó að unnið sé með ópersónugreinanlegar upplýsingar.

[17:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er einfaldlega ósammála hv. þm. Ég tel að það sé útilokað og að það væri verra, miðað við þær forsendur sem ég hef, að búa til eitthvað sem væri upplýst samþykki. Ég tel að við værum að draga fólk á asnaeyrum. Þessi skoðun mín byggir á þeim rökum sem ég reyndi að færa fyrir máli mínu. Auðvitað getur hv. þm. komið og spurt um þetta í þriðja skiptið. Þetta er svar mitt. Það vill svo til að við sitjum bæði í heilbr.- og trn. þar sem hún getur auðvitað komið og reynt að vega mig með þeim rökum sem ég dreg ekki í efa að hún búi yfir í vopnabúri sínu.

[17:21]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér færði hv. þm. Össur Skarphéðinsson þau rök fyrir máli sínu að mjög slæmt yrði að eitt fyrirtæki fengi þetta starfsleyfi. Hann taldi það vera eins konar einkaleyfi sem jafnvel yrði til þess að skaða framþróun í læknavísindum. Ég átta mig alls ekki á þessari röksemdafærslu þar sem ljóst er að afar dýrt er að setja upp þennan grunn, kostar 10–20 milljarða. Eins er ljóst að ef einhver annar mætti gera slíkan grunn daginn eftir að þeim fyrri væri komið upp þá væri lítið spennandi að leggja í alla þá vinnu, þá mundi enginn fjárfesta í slíkum grunni. Ég átta mig ekki á þessari röksemdafærslu. Hvernig dettur hv. þm. í hug að einhver fjárfesti í grunni ef það er ekki tryggt að það sé bara eitt starfsleyfi, að það sé bara einn sem getur gert það? Hvernig dettur manni slíkt í hug?

Ég spyr: Stendur ekki valið milli þess að veita einum þetta starfsleyfi eða fá bara engan grunn, gera ekki neitt? Er þetta ekki valið sem við stöndum frammi fyrir?

[17:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er gædd hæfileika sem ég hef ekki. Hún getur séð inn í framtíðina. Hún heldur því fram að ef einkarétturinn verði ekki veittur þá muni enginn gagnagrunnur verða. Ég held því hins vegar fram að ef enginn einkaréttur yrði heldur frjáls samkeppni þá mundu fyrirtæki leita eftir því að setja upp fyrirtæki á þessu sviði. Þau mundu að öllum líkindum reyna að hafa einhvers konar samvinnu sín á milli um það hvers konar sjúkdómaflokkum þau mundu starfa að og hvers konar gagnagrunna þau mundu byggja upp. Að líkindum yrðu þeir smærri og ekki eins altækir og þessi er en ég hygg að þetta mundi gerast.

Það er hins vegar ekki hægt að segja að engir aðrir mundu koma vegna þess að við höfum ekki gefið öðrum færi á því að segja hug sinn. Hæstv. forsrh. hefur sagt öllum heiminum að aðrir skuli ekki að koma hingað vegna þess að Íslensk erfðagreining eigi að fá þetta. Þar með hefur hann bægt öllum í burtu. Ég tel að þetta sé slæmt. Ég tel að þetta komi í veg fyrir að hér komist á samkeppni á þessu sviði, svipuð samkeppni og við höfum nú séð þróast í Bandaríkjunum og hefur leitt af sér fjölda nýrra uppgötvana. Þær hafa t.d. stytt allverulega þann tíma sem tekur að greina erfðir mannsins. Sú samkeppni hefur skapað fjölda nýrra starfa og dregið að sér gríðarlegt fjármagn. Ég held að það sama mundi gerast hérna ef það er rétt að Ísland sé það erfðafræðilega kjörlendi sem Kári Stefánsson t.d. heldur fram.

[17:24]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil það þá þannig að hv. þm. eigi við að upp geti komið margir litlir gagnagrunnar í staðinn fyrir einn stóran miðlægan eins og við ræðum um núna. Þá erum við að bera saman ólíka kosti. Ég tek undir það sem fram kom að það getur vel verið að fleiri sæki um þetta eina starfsleyfi en eitt fyrirtæki. Það er algerlega opið þannig að segja mætti að í reynd sé þetta nokkurs konar útboð. Allir geta boðið í þennan pakka og reynt að gera samninga. Í greinargerðinni hefur verið opnað fyrir þann möguleika að hægt sé að semja um hlutdeild í hagnaði. Ég á hins vegar ekki von á því að mörg fyrirtæki banki hérna á dyrnar. Ég á reyndar aðeins von á einu fyrirtæki en það er opið fyrir alla að sækja um þetta starfsleyfi. Ef fleiri en einn gera það þá þarf heilbrrn. að velja á milli og gera það á forsvaranlegan hátt.

[17:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað á hv. þm. von á einu fyrirtæki. Hvers vegna? Vegna þess að forsrh. sagði við allan heiminn að hann ætti ekki að leita hingað í þessu skyni. Hann hefur sagt að Íslensk erfðagreining fái þennan einkarétt þannig að það er auðvitað eðlilegt að hv. þm. dragi þessa ályktun.

Ég er þeirrar skoðunar að samkeppni mundi draga hingað fyrirtæki og þetta yrði miklu öflugri iðnaður. Því miður óttast ég að þetta verði til þess að þau komi ekki. Við erum reyndar

stödd í miðri byltingu í erfðafræðunum og engri vísindagrein í öllum heiminum fleygir jafnört fram og einmitt henni.

Hv. þm. gaf mér hins vegar færi á að mæla örfá orð á þeim tveimur mínútum sem ég hef hér, herra forseti, um útboð. Það er nefnilega ekki rétt hjá henni að það verði útboð. Það er nákvæmlega það sem mælt er fyrir um í þessu frv., að verði ekki. Ég tel líka að ef menn ætli að vera með einkarétt þá ætti að vera útboð. Ég er þeirrar skoðunar og held að þegar upp verður staðið muni menn komast að því að reglur um EES mæli svo fyrir. Þetta er einn af stórkostlegum göllum á þessu frv., og alveg rétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér í dag, að þetta er sniðið í kringum eitt fyrirtæki. Ég held einfaldlega að það sé skammsýni af ríkisstjórninni að skilja ekki þá möguleika sem upp eru komnir í þessari grein. Ég held að frv. í þessari gerð komi í veg fyrir að hingað komi fleiri fyrirtæki á þessu sviði, því miður.

[17:27]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Við erum að fjalla um gagnagrunnsfrv. Þegar horft er til baka er alveg hægt að staðfesta að þetta er betra frv. en það sem við sáum í vor. Ég viðurkenni fúslega að það var gott að frv. fór ekki í gegn í vor. Það kom of bratt inn og vakti miklar athugasemdir fjölmargra aðila eins og lækna, hjúkrunarfræðinga, vísindamanna, tölvunefndar o.s.frv.

Gífurleg umræða hefur átt sér stað í sumar, sem betur fer. Við erum nú með nýtt frv. í höndunum. Í sumar kom jafnframt út frv. númer tvö og um það bárust um 40 umsagnir. Nú hefur verið tekið tillit til þeirra þannig að við erum með þriðja frv. í höndunum.

Í sumar og haust hafa verið haldnar fjölmargar ráðstefnur, fundir haldnir, mikil greinaskrif orðið um málið og segja má að sumir séu orðnir hálfleiðir á þessu máli, sumir meira að segja hundleiðir. Mig grunar að þjóðin sé orðin nokkuð þreytt á allri þessari umfjöllun en ég tel þó rétt að undirstrika það að hún hefur verið mjög brýn. Umræðan hefur tekið á sig margar skrýtnar myndir. Hún hefur mikið farið fram í fjölmiðlum og stundum hefur mér fundist hún líkjast einhvers konar burtreiðum þar sem Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, er öðrum megin og Guðmundur Björnsson, formaður Læknafélagsins, er hinum megin. Jafnframt hafa ýmsir mætir menn og konur tekist á og svolítið reynt að lítilsvirða hver annan. Tekist hefur verið á með ýmsum rökum, bæði góðum og slæmum og þetta líkist allt hálffurðulegum burtreiðum.

Á erlendum vettvangi hefur líka verið talsverð umfjöllun um þetta mál og hér dró hv. þm. Hjörleifur Guttormsson upp ýmis gögn um það og las upp úr þeim. Margt af því er örugglega ágætt en sumt er örugglega ekki rétt. Nýlega var meira að segja svo komið að erlendur fjölmiðill fjallaði um að forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar hefði boðið öllum þingmönnum í mat til þess að lobbíera fyrir þessu máli. Það er ekki rétt og ég heyri að hér kallar hver þingmaðurinn á fætur öðrum: Ekki ég! Sú er hér stendur hefur heldur ekki komist í slíkt matarboð. Ég auglýsi þá eftir því, þannig að það er ekki allt satt og rétt sem sett er á blað, hvorki hér á Íslandi né erlendis.

Helsta átakamálið í vor var þáttur persónuverndarinnar og ég hafði mestar áhyggjur af því í vor. Gerð var Gallupkönnun fyrir Íslenska erfðagreiningu í vor og niðurstaða hennar var nokkuð afgerandi varðandi þetta mál. Það kom fram að 82% svarenda voru fylgjandi því að gagnagrunnur á heilbrigðissviði yrði gerður. Það er mjög afgerandi stuðningur við þetta mál úti í þjóðfélaginu.

Þegar spurt var um aðgengi vísindamanna að heilsufarsupplýsingum var svarhlutfallið svipað, reyndar aðeins hærra, því að 92% sögðust vera tilbúnir til að veita vísindamönnum aðgengi að heilsufarsupplýsingum um sig sem ekki væri á neinn hátt hægt að tengja viðkomandi. Það er því alveg ljóst að Íslendingar eru mjög opnir og opinskáir og hlynntir því að taka þátt í rannsóknum og skilja gildi þeirra fyrir framþróun í læknisfræði, lyfjagerð og öðrum slíkum málum.

Helstu kostir þessa máls eru, eins og hefur komið fram hér áður, að hægt er að bæta heilsu manna með því að nota þennan miðlæga gagnagrunn. Það er hægt að laða hingað ungt og vel menntað fólk til starfa og það er hægt að gera heilbrigðiskerfið hagkvæmara. Það er hægt að spara til framtíðar. Það er hægt að fá betri heilbrigðisþjónustu fyrir sama fjármagn. Þetta er afar brýnt. Gagnagrunnurinn gefur okkur því má segja stórkostleg tækifæri til þess að bæta heilsu manna, ekki bara á Íslandi heldur um allan heim. Þetta tækifæri á að nýta, annað væri ekki verjandi.

Ókostirnir við grunninn eru að það þarf miklar aðgerðir til þess að tryggja persónuverndina, en samkvæmt frv. er það gert og það eru helstu breytingarnar frá því í vor, þ.e. hvernig persónuverndin er styrkt. Það kemur fram í frv. að samkvæmt því á hlutverk tölvunefndar að vera mjög víðfeðmt. Í 5. gr. er skýrt sett fram að eitt af skilyrðunum fyrir rekstrarleyfi sé að tækni-, öryggis- og skipulagslýsing eigi að uppfylla kröfur tölvunefndar. Í 7. gr. segir að við meðferð skráa, annarra gagna og upplýsinga skuli fylgt þeim skilyrðum sem tölvunefnd metur nauðsynleg hverju sinni. Þar segir einnig að það eigi að dulkóða persónueinkenni í eina átt, þ.e. að ekki sé hægt að nota greiningarlykil til að rekja sig til baka.

En síðan segir í 2. mgr. 7. gr., með leyfi forseta:

„Tölvunefnd skal annast frekari dulkóðun persónuauðkenna og heilsufarsupplýsinga með þeim aðferðum sem hún telur“ — ég undirstrika það — sem hún telur tryggja persónuvernd best.“

Ég vil einnig draga það fram að í 12. gr. segir að tölvunefnd eigi að hafa eftirlit með öryggi gagna í grunninum, þ.e. að tölvunefnd á að vaka yfir öryggi gagna eftir að gögnin eru komin inn í grunninn þó að þau séu ópersónugreinanleg. Þarna fær tölvunefnd því mjög sterkt og mikið hlutverk.

Margítrekað hefur verið bent á í þessari umræðu að vegna smæðar okkar samfélags mætti rekja upplýsingar um fólk úr þessum grunni, þ.e. að það væri hægt að spyrja það ítrekað um ýmis einkenni sem væri hægt að rekja og finna út hvað ætti við hvern. En í 10. gr. frv. kemur fram að til þess að tryggja persónuvernd gagnvart þessu á að vera óheimilt að veita upplýsingar um einstaklinga úr grunninum og það á að tryggja með því að beita aðgangstakmörkunum þannig að ekki verður hægt að skoða einstaklinga eða lítinn hóp manna. Það verða því settar girðingar í grunninn. Það á ekki að vera hægt að rekja upplýsingar til einstaklinga úr honum.

Í vor þegar við ræddum þetta frv. í fyrsta sinn kom fram í viðtölum okkar í heilbrn. við tölvunefnd að þeir töldu þá að hægt væri að tryggja persónuverndina í gagnagrunninum. Það mundi hins vegar kosta mjög miklar aðgerðir og mikinn mannafla. Þeir skutu á einhverja tölu. Mig minnir að það hafi verið tugir manna sem áttu að sinna því eftirliti. Núna er búið að styrkja hlutverk tölvunefndar í frv. En það er alveg ljóst að samt verður að viðhafa mjög miklar aðgerðir og ég býst við því að tölvunefnd þurfi að kalla til erlenda ráðgjafa.

Þetta er það flókið og stórt mál. Og tölvunefnd þarf að fá miklu betri aðstöðu heldur en hún hefur nú. Nú er að mig minnir hálf framkvæmdastjórastaða hjá tölvunefnd og þeir hafa nokkra eftirlitsmenn á sínum snærum þannig að hún er vanburðug til að sinna verkefninu eins og staðan er núna. Ég treysti því hins vegar að Þorgeir Örlygsson sem er formaður tölvunefndar og hans fólk í nefndinni geti tekist á við þetta risavaxna verkefni ef þau fá góða aðstöðu og góð skilyrði til að sinna því verkefni.

En yfir í annað mál. Hér hefur mjög verið gagnrýnt að það eigi að veita einkaleyfi. Það kom fram í andsvörum áðan. En það er mjög ankannalegt að hlusta á þær röksemdir þar sem það kostar svo mikið að setja upp þennan grunn að enginn mundi fara út í það nema tryggt væri að hann hefði einkarétt á þessari hugmynd. Annars kæmi enginn grunnur.

Ég vil líka benda á, vegna radda um að starfsleyfishafi eigi að borga hlut af væntanlegum gróða til íslenska ríkisins, nokkurs konar auðlindagjald, að gert er ráð fyrir því í 5. gr. að ráðherra geti bundið ýmis skilyrði, frekari skilyrði, fyrir veitingu rekstrarleyfis. Í grg. með 5. gr. kemur fram að þarna er átt við þann möguleika að samið verði um hlutdeild í hagnaði af starfrækslu grunnsins og það eigi að fara þá inn í heilbrigðiskerfið. Ég spyr: Hvað ef það verður tap? Varla fer íslenska ríkið að taka þátt í hluta af tapi. En ég tek undir það sem kom fram áðan í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að það er spurning hvort ekki sé hægt að færa þessa klásúlu inn í sjálfan lagatextann. Er hægt að setja það í sjálfan lagatextann að við eigum að taka hlutdeild í hagnaði af þessu fyrirtæki? Það er spurning. Það getur verið að einhverjir annmarkar séu á því en mér finnst það skoðunar vert.

Það er hins vegar eitt sem ég átta mig ekki á í þessu frv. og vil deila því með ykkur og tel að við þurfum að fá svar við í heilbrn. þegar við förum að vinna málið. Í 7. gr. segir, með leyfi forseta:

„Að fengnu samþykki heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna er rekstrarleyfishafa heimilt að fá upplýsingar, sem unnar eru úr sjúkraskrám, til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði."

Þetta þýðir að það má ekki setja upplýsingar inn í grunninn nema læknir heimili það, sjálfstætt starfandi læknir heimili það.

Ég spyr: Segjum sem svo að læknir vilji ekki að sjúkraskrárnar hans, þ.e. frá hans sjúklingum, fari inn í grunninn en sjúklingurinn hans vilji það. Þetta gæti t.d. verið geðlæknir. Þeir eru mjög hræddir við þetta frv. (Gripið fram í.) Kynsjúkdómalæknir eða hvaða læknir sem er. En sjúklingurinn vill að upplýsingarnar fari inn í grunninn. Ég spyr: Hver er þá réttur sjúklingsins?

Tökum sem dæmi þetta fyrirtæki sem hér er margoft búið að minnast á, Íslenska erfðagreiningu, og segjum að einhver starfsmaður þar sé hjá lækni sem vilji ekki að upplýsingarnar um hann fari inn í grunninn en starfsmaðurinn vill það, telur þetta verkefni vera gott og vill vera með. Hvað á hann að gera?

Það væri svo sem hægt að svara því á þann veg: Jú, samkvæmt réttindum sjúklinga þá getur sjúklingur fengið afrit af sinni sjúkraskrá, mætt með þau ljósrit þangað sem innsláttur fer fram í gagnagrunninn og sagt: „Hér eru mínar upplýsingar. Nú vil ég að þetta fari inn í grunninn." Hins vegar er það ljóst að það á að uppfæra grunninn reglulega. Hann á að vera lifandi. Það á að bæta upplýsingum við. Þessi aðferð er því eiginlega óbærileg fyrir viðkomandi sjúkling af því að hann þyrfti þá alltaf að fara með nýjan og nýjan bunka þegar eitthvað kæmi upp á varðandi hans samskipti við heilbrigðiskerfið. Ég spyr því: Er ekki hægt að skoða það í heilbrn. að setja klásúlu inn í frv., koma með brtt., þar sem segir að vilji sjúklingur að upplýsingar um hann fari inn í gagnagrunninn þrátt fyrir að læknirinn hans vilji það ekki þá sé réttur sjúklingsins meiri og gögnin eigi að fara inn? Ég spyr: Er ekki rétt að koma slíkri breytingu inn í frv. þannig að réttur sjúklings sé meiri en réttur læknis í þessu tilviki?

Í 6. gr. er komið inn á nefnd sem á að hafa umsjón með gerð samninga, rekstrarleyfishafa annars vegar og heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna hins vegar. Ég tel að við í heilbrn. þurfum að skoða aðeins hvað slíkir samningar geta falið í sér. Í grg. frv. er einungis rætt um það hvaða gerð hugbúnaðar ætti að nota til að gæta samræmis við skráningu og að það ætti líka að skilgreina hvaða upplýsingar færu inn í grunninn í þessum samningum. En ég spyr: Geta þessir samningar milli rekstrarleyfishafa og heilbrigðisstofnunar t.d. eða sjálfstætt starfandi læknis, falið í sér einhvern tilflutning á fjármagni? Getur verið að í svona samningi geti t.d. staðið: Heilbrigðisstofnunin veitir þessu fyrirtæki aðgang að upplýsingunum ef það borgar x krónur? Ég spyr: Er meiningin að hafa eitthvað slíkt í samningunum? Ég held að við þurfum að skoða það í heilbrn. hvort svo sé.

Áðan kom fram hörð gagnrýni hjá formanni heilbrn. á það að í frv. er sagt að einungis þeir vísindamenn sem starfa hjá þeim aðilum sem eru að skrá inn í grunninn eigi að fá ódýran aðgang að grunninum í gegnum þessa aðgangsnefnd. Það var gagnrýnt og spurt: Af hverju ekki allir vísindamenn, af hverju ekki hinir? „Fjöldinn allur af vísindamönnum í háskólanum er útilokaður á þennan hátt", var sagt.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, af því að þetta stakk mig líka þegar ég sá þetta fyrst, þá skilst mér að ef þarna stæði að allir íslenskir vísindamenn ættu að hafa aðgang í gegnum aðgangsnefndina á ódýran hátt þá væri það brot á EES-samningnum að taka Íslendingana svona sérstaklega út úr. Því væri eðlilegra að þarna stæði að allir vísindamenn ættu að hafa aðgang að þessum grunni með ódýrum hætti í gegnum aðgangsnefndina. En það rekst auðvitað á við tilgang grunnsins. Tilgangurinn er að sjálfsögðu að selja vísindamönnum aðgang að honum til þess að hann beri sig. Ég sé því þetta í því ljósi að annaðhvort verðum við að velja þann hóp úr sem getur fengið aðgang að grunninum í gegnum aðgangsnefndina, þ.e. fyrir vísindamenn sem starfa hjá þeim sem eru að vinna inn upplýsingar í grunninn, eða að hafa enga aðgangsnefnd. Ég sé ekki að um annað val sé að ræða.

Þó er hugsanlega til einhver þriðja leið til þess að koma þeim að sem nú vinna ekki hjá aðilum sem skrá inn í grunninn og þar er ég að hugsa um þá sem eru t.d. uppi í háskóla, að þeir gætu hugsanlega unnið sérstök verkefni t.d. fyrir sjúkrahúsin og verið þar á launaskrá við það. Þá eru þeir orðnir starfsmenn hjá þeim sem eru að skrá inn í grunninn og ættu þess vegna að fá aðgengi í gegnum þessa aðgangsnefnd með ódýrum hætti. Og þá mundi jafnt ganga yfir alla íslenska vísindamenn væntanlega.

Í 8. gr. frv. kemur fram að sjúklingur getur neitað því að upplýsingar um hann fari inn í gagnagrunninn. Ég tel eðlilegt að við skoðum í heilbrn. hvernig slíkt fer fram. Í frv. segir að landlæknir skuli sjá um að dulkóðuð skrá sé til yfir þá sem vilja ekki vera með í grunninum og þessi skrá eigi að vera

aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunninn, svo sem tölvunefnd. En ég spyr: Hvernig er þetta í praxís? Segjum að ég vilji ekki að nein gögn um mig fari inn í gagnagrunninn. Ég tek það fram að ég mun vilja vera með, en tökum þetta sem dæmi. Verður þá mín sjúkraskrá lokuð? Verður hún merkt? Verður hún merkt á einhvern hátt, með einhverjum lit, sem lokuð skrá eða eitthvað slíkt? Eða verða upplýsingarnar skráðar en aðgengi þeirra að grunninum lokað? Mér skilst að vegna þess að upplýsingarnar eru á svo mörgum stöðum — þær eru sumar á heilsugæslunni, aðrar á sjúkrahúsinu og svo einhvers staðar annars staðar, t.d. á Hólmavík þar sem viðkomandi var í fyrra í sumarfríi, lenti á heilsugæslunni o.s.frv. — að þá eigi að loka fyrir aðgengi þessara upplýsinga hjá þeim sem vilja ekki vera með í gegnum kennitölurnar áður en dulkóðun fer fram.

Ég spyr: Hvar á að loka? Af því að ég held að þeir fáu einstaklingar sem ekki vilja vera með, (**Gripið fram í:** Þeir örfáu.) þeir örfáu einstaklingar sem ekki vilja vera með í gagnagrunninum vilji ekki einu sinni að skráin sé opnuð og neinn fari að slá inn, það sé enginn skrásetjari eða heilbrigðisstarfsmaður sem skrái. Ég held að þeir vilji ekki að neinn fari í skrána sína, að hún sé ekkert opnuð, bara alls ekki. Því tel ég að við eigum að skoða það nákvæmlega í praxís hvernig þessi lokun fer fram. Er ekki eðlilegt að skráin sé merkt og þá er ekki nóg að merkja eina skrá á einum stað heldur margar skrár á mörgum stöðum þannig að þetta er nokkuð flókið mál.

Ég vil líka taka fram af því að um það var talað áðan að vísindasamfélagið væri nokkuð neikvætt gagnvart þessum gagnagrunni að ég tel að það sé ekki alveg rétt. Við fengum núna í október 1998 bréf frá Einari Stefánssyni prófessor og þar stendur, með leyfi forseta:

„Ég sendi yður hér með umsögn 15 prófessora og dósenta við læknadeild Háskóla Íslands um gagnsemi miðlægs gagnagrunns. Þessir umsagnaraðilar hafa umtalsverða reynslu af faraldsfræðilegum og erfðafræðilegum rannsóknum sem byggja í mörgum tilvikum á samslætti gagnagrunna enda þótt þeir séu ekki eins stórir í sniðum og rætt er um í frumvarpsdrögum ráðuneytisins. Í umsögninni kemur fram að þessir vísindamenn telja kosti miðlægs gagnagrunns mikla til eflingar læknisfærði og lækninga en áhættuna takmarkaða. Hópurinn lýsir sig reiðubúinn til að starfa með stjórnvöldum til að gera frv. um miðlægan gagnagrunn eins vel úr garði og frekast er kostur."

Undir þetta ritar fyrir hönd hópsins Einar Stefánsson prófessor.

Undir þetta skrifa 15 prófessorar og dósentar við læknadeild háskólans og ég ætla ekki að lesa nöfn þeirra upp. En það er alveg ljóst að í vor voru nánast allir á móti frv. sem höfðu einhverra hagsmuna að gæta. Læknasamfélagið, vísindasamfélagið og fjölmargir aðrir aðilar sem hafa komið til okkar í heilbrigðisnefndinni voru með miklar efasemdir um gagnsemi frv.

Nú er staðan önnur. Ég er ekki að segja að hún sé algóð. Afstaðan er klofin. (Gripið fram í.) Núna er greinilega klofin afstaða innan vísindasamfélagsins eins og ég var að lesa upp áðan og það er líka klofin afstaða innan Læknafélagsins. Þeir héldu aðalfund sinn um daginn og vegna þess að hópurinn var ekki samstiga í skoðunum sínum á þessu frv. tóku þeir þann kost að fresta aðalfundi sínum meðan þeir skoða málið betur. Ég tel því að þessir hópar séu núna vonandi að upplifa meira gagnsemi miðlægs gagnagrunns.

Ég vil að lokum, herra forseti, taka það fram að ég tel uppsetningu á miðlægum gagnagrunni vera mjög spennandi og ögrandi verkefni fyrir okkur Íslendinga. Ég held að með honum getum við hjálpað fólki til bættrar heilsu með okkar sérstöðu. Sérstaða okkar er mjög eftirsótt í heimi nútímavísinda og okkur ber skylda til þess að gera mönnum mögulegt að nýta hana, þær upplýsingar sem við höfum, öllu mannkyninu til heilla.

[17:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir talaði um rétt sjúklings sem vill vera með í grunninum ef heilbrigðisstofnun eða jafnvel sérfræðingur neitar að upplýsingar um hann fari inn í grunninn, talaði um það að ef sjúklingur vildi bæta við upplýsingum um sjálfan sig, hvernig hann ætti að fara að því, þyrfti kannski að hafa fyrir því. Ég spyr hv. þm.: Ef upplýsingarnar í grunninum eru ópersónugreinanlegar, telur hv. þm. þá að hægt sé að finna sjúklinginn og bæta við upplýsingum um hann? Því að ef við finnum sjúklinginn í skránni, þá er hann náttúrlega ekki ópersónugreinanlegur. Við þurfum að hafa hann persónugreinanlegan til þess að geta fundið sjúklinginn og bætt við upplýsingum um hann eða a.m.k. hef ég skilið það þannig. Ég spyr því hv. þm.: Er hægt að finna sjúkling í gagnagrunninum til að bæta við upplýsingum um hann?

[17:49]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta er alveg ljóst að þessi gagnagrunnur er ekki eitthvert statískt fyrirbæri. Hann er ekki bara eitthvað sem er búið til klukkan þetta á þessum degi. Að sjálfsögðu á að bæta upplýsingum í hann reglulega og uppfæra hann. Það er allur galdurinn við þennan gagnagrunn. Annars væri hann einskis nýtur. Hann væri kannski nýtanlegur aðeins í upphafi út af einhverjum sérstökum rannsóknum. En aðalkosturinn við hann er sá að það á alltaf að bæta nýjum og nýjum upplýsingum inn og sjá hvernig málin þróast, fylgjast með heilli þjóð. Það er kosturinn við hann. Og það á að vera hægt að láta upplýsingarnar rekja sig niður eftir þessu dulkóðunarkerfi þannig að þær hitti á réttan einstakling en það er ekki hægt að rekja þær til baka. Það er hægt að láta upplýsingarnar rata úr réttri sjúkraskrá á réttan aðila hvenær sem er í framtíðinni en ekki til baka. Það er ekki hægt að finna sjúklinginn. Það er mjög spennandi að finna hann. Segjum að einhver sjúkdómur finnist hjá einhverjum manni og vitað er hvernig á að lækna hann en enginn getur fundið hann til baka, það er ekki mögulegt að hjálpa honum. Það er gallinn við alla þessa dulkóðun. En þetta er gert til að koma upp þessum gagnagrunni, þurfa ekki að fá upplýst samþykki og til þess að persónuverndin sé trygg, þá er ekki hægt að rekja neitt til baka. Ég tók dæmi af því áðan ef einhver vildi vera með í grunninum en læknirinn ekki, þá þarf viðkomandi að fara reglulega með ljósrit af sjúkraskrá sinni til þess að grunnurinn sé lifandi og eðlilegur. Það yrði til að æra óstöðugan að gera það. Það gengur ekki. Ég legg því til að heilbr.- og trn. skoði það að gera rétt sjúklings hærri en rétt læknis í sambandi við það að vera með í grunninum.

[17:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessi svör. Ég held að það sé rétt hjá hv. þm. að heilbr.- og trn. þurfi aðeins að skoða þetta mál því að það eru greinilega skiptar skoðanir

um það hjá sérfræðingum hvort unnt sé að finna sjúkling í þessum gagnagrunni til þess að bæta við hann upplýsingum. Ég hef a.m.k. heyrt það á sérfræðingum sem ég hef rætt við um þetta mál að þeir hafa ákveðnar efasemdir um að þetta sé hægt. Auðvitað veit ég og mér fyndist eðlilegt að stöðugt þyrfti að bæta við upplýsingum í grunninn. En það eru ákveðnar efasemdir meðal sérfræðinga um tölvufærslur af þessu tagi, efasemdir um að þegar um ópersónugreinanlegar upplýsingar er að ræða sé hægt að finna sjúklinginn til þess að bæta við hann upplýsingum. Það hef ég fengið upplýst af þeim sérfræðingum sem ég hef leitað til. En við finnum vonandi svör við því í nefndinni og ef þetta er rétt hjá hv. þm. þá er það gott og blessað. Ég vona að það sé rétt. En við þurfum greinilega að skoða þetta mál betur í nefndinni, og ekki bara þetta heldur mjög margt annað.

[17:53]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér sýnist að það sé tiltölulega auðvelt að selja, svo ég noti kaupmannsmál, hv. varaformanni heilbr.- og trn. svona vísindahugmyndir og „science fiction" hugmyndir. Í máli hv. þm. kom fram að um væri að ræða stórkostlegt tækifæri til að bæta heilsu manna og var ítrekuð sú staðhæfing að í þessum miðlæga gagnagrunni felist stórfellt tækifæri til þess. Nú vil ég ekki útiloka að menn geti ekki fikrað sig með varúð áfram til hagsbóta í heilbrigðislegu tilliti að einhverju marki í gegnum genarannsóknir og erfðafræðilegar rannsóknir, líftækni kannski í einu orði sagt. En ég held að það sé mjög mikið gáleysi að ætla sér að alhæfa með þeim hætti að í þessum gagnagrunni og viðlíka rannsóknum og tækjum felist þetta stórfellda tækifæri. Ég er þeirrar skoðunar að þessi heimur hafi verið gylltur allt of mikið fyrir almenningi og það er augljóst hver mótorinn er á bak við slíka gyllingu. Hann er hagsmunatengdur, ekki síst, þ.e. að fá fjármagn til rannsókna til þess að drífa þetta gangverk áfram en menn spyrja ekki hvort við eigum að fara í þessa vegferð með þeim aðferðum sem verið er að tala um, að afla upplýsinga um erfðagóss mannsins sem fyrirbyggjandi þátt. Menn standa fljótlega frammi fyrir því t.d. hvaða upplýsingar á að veita fólki um þá forskrift sem er að finna í erfðagóssi þess. Hvað er rétt að veita fólki af slíkum upplýsingum? Hvar ætla menn að stöðva sig af í þeim efnum? Ég vara því mjög við þessari staðhæfingu um stórfellt tækifæri til að bæta heilsu manna. Göngum hægt um þær dyr.

[17:55]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ljóst að við höfum sérstakar aðstæður hér á Íslandi. Við höfum ekki blandast mjög öðrum kynstofnum. Þetta er einangruð þjóð. Við eigum mjög miklar upplýsingar um ættfræði. Íslendingar eru einungis 600 þúsund manns frá upphafi. Helmingurinn er látinn, hinn helmingurinn er á lífi. Við erum einungis 600 þúsund og miklar upplýsingar eru til um þennan hóp. Heilsufarsupplýsingar hafa verið skráðar í tugi ára þannig að þetta er mikil sérstaða. Annað eins fyrirfinnst ekki víða. Þetta er því mikil sérstaða og ég spyr: Af hverju eigum við ekki að nýta hana? Af hverju eigum við ekki að fara í þessa vegferð eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spyr mig hér? Hvað er það sem réttlætir það að við nýtum ekki þessa sérstöðu til að bæta heilsu manna?

[17:56]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var að skýra það út fyrir hv. þm. að við eigum að ganga hægt um þessar dyr. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé sjálfgefið að búa til þennan miðlæga gagnagrunn og samkeyra við hann ættfræðiupplýsingar um Íslendinga í voninni um að ná þessu fram sem hv. þm. hefur greinilega mikla trú á. Ég efast um að það sé eðlilegt að veita heimild til þess að safna öllum upplýsingum um ættfræði Íslendinga í eitt hólf til samkeyrslu við aðrar upplýsingar, heilsufarsupplýsingar um þjóðina eins og verið er að gera. Ég held að formaður og varaformaður heilbr.- og trn. ættu að fara vandlega yfir tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins, nr. R (97) 18, um söfnun og vinnslu upplýsinga í tölfræðilegum tilgangi og átta sig á þeirri leiðsögn sem þar er að finna og þeim viðvörunum sem þar er að finna og ég efast um að það sé í anda þeirra tilmæla að safnað sé á einn disk upplýsingum um ættfræði Íslendinga í þeim tilgangi að keyra þær saman í miðlægum gagnagrunni við heilsufarsupplýsingar fyrir alla þjóðina. Ég vara líka sterklega við þeim draumsýnum sem reynt er að hampa og hv. þm. hefur tekið upp að í þessu felist stórkostlegt tækifæri til að bæta heilsu manna. Ég hef fyrirvara um það. Ég held að þetta sé allt of sterkt til orða tekið. Menn eiga að fara af varkárni og varúð í umgengni við þá möguleika sem vissulega eru þarna til staðar en við eigum ekki að gleypa þá hráa.

[17:58]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. að maður á að ganga hægt um gleðinnar dyr. En maður á ekki að sýna svo mikla varúð að maður festist í dyrunum og komist hvorki lönd né strönd. Ég spyr: Af hverju er það svo hræðilegt að samkeyra ættfræðiupplýsingar og heilsufarsupplýsingar? Hér verða upplýsingarnar ópersónugreinanlegar. (**HG:** Það er rangt.) Og ég spyr: Af hverju er það svona slæmt? Hér á að reyna að bæta heilsu manna, það á að þróa lyf og það á að reyna að hagræða í heilbrigðiskerfinu, allt mjög háleit markmið. Þá spretta upp alls konar úrtöluraddir, sem er allt í lagi, en ég skil ekki af hverju hv. þm. getur ekki viðurkennt það að í þessum miðlæga gagnagrunni við íslenskar aðstæður felast stórkostleg tækifæri til framþróunar fyrir mannkynið. Af hverju er ekki hægt að viðurkenna það?

[17:59]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Vegna þess að þessi umræða fór í gang með nokkuð sérstökum hætti og í raun og veru í ágreiningi um það hvernig ætti að taka á málinu þá stenst ég ekki þá freistingu að benda á að umræðan hefur verið mjög málefnaleg. Það á við um alla þá sem hafa tekið til máls, og ég undanskil ekki þann þingmann sem er nánast á öndverðum meiði við mig í öllum meginatriðum málsins, þ.e. hv. þm. Hjörleif Guttormsson. Þetta hefur verið gagnleg umræða og hún hefur skilað okkur áfram.

Ég held við ættum að hugleiða hvers konar verkfæri er verið að tala um að koma upp í gegnum miðlægan gagnagrunn. Hvort sem við erum sammála um hvernig verkfærið er hugsað eða ekki held ég að við ættum að hugleiða hversu byltingarkennt verkfæri við erum að tala um og við hvaða aðstæður við erum að koma inn með þessa hugmynd um miðlægan gagnagrunn. Hverjar eru aðstæðurnar? Aðstæðurnar eru þær að við höfum staðið í miklum deilum um

heilbrigðismálin. Það er innbyggður aukinn kostnaður í heilbrigðisúrræðum sem fer vaxandi og við sjáum ekki nein tök á að ráða við þennan vanda. Við viljum halda heilbrigðiskerfinu jafnfullkomnu og það hefur verið og við viljum að heilbrigðiskerfi okkar verði í fremstu röð. Við vitum að það þarf að fjárfesta mikið í heilbrigðiskerfinu en við gerum okkur jafnframt grein fyrir því að því eru mjög mikil takmörk sett hve mikið við getum sótt í vasa skattborgaranna til að fjárfesta í heilbrigðiskerfinu þótt við vitum að fjárfesting er nauðsynleg.

Það er við þessar aðstæður sem við eygjum möguleika á því að tengja saman ákveðna hagsmuni fyrirtækja, ákveðna viðskiptalega hagsmuni og hagsmuni hins opinbera í sambandi við heilbrigðismálin og við vitum það öll að við erum nauðbeygð til að fara aðrar leiðir í heilbrigðismálunum en við höfum farið hingað til. Við höfum reynt að halda aftur af kostnaðaraukanum í heilbrigðismálunum og höfum gert það með mjög sársaukafullum hætti sem hefur stefnt því samstarfi í voða sem er milli stjórnmálamanna og heilbrigðisstéttanna. Við verðum að leita annarra leiða og það er við þessar aðstæður sem við erum að tala um að koma á samstarfi milli einkageirans og opinberra aðila til að bæta stórlega aðstöðuna til að efla heilsugæsluna.

Við hvaða aðstæður erum við að tala um þetta? Við erum að tala um það við þær aðstæður að í heilbrigðiskerfinu er gífurlegt magn af upplýsingum sem hægt er að nota til rannsókna. Þessar upplýsingar eru nú þegar notaðar í rannsóknum en svo vill til að þær eru afar óaðgengilegar. Þeir vísindamenn sem stunda nú rannsóknir og byggja þær á upplýsingum úr heilsukerfinu viðurkenna allir að þessar upplýsingar eru mjög óaðgengilegar. Hluti af þessum upplýsingum er sjúkdómsgreining og svo ég nefni það alveg sérstaklega þá er sjúkdómsgreiningin núna gerð eftir staðli sem er frá 1996. Fyrir þann tíma, frá árunum um 1980 til 1996, held ég að tvisvar hafi verið skipt um staðal. Frá árunum þar á undan liggur fyrir gífurlegt magn af heilsufarsupplýsingum sem er í enn óaðgengilegra formi til að vinna úr þeim rannsóknir en þessar heilsufarsupplýsingar. Ég vil einnig geta þess að vegna þess að hér hafa verið þær aðstæður að upplýsingar hafa ekki eyðilagst, eins og þær hafa gert í Evrópu af völdum styrjaldarátaka, sjúkrastofnanir hafa brunnið þar og eyðilagst og skýrslurnar eyðilagst með þeim, eru meiri upplýsingagrunnar hér en hjá flestum öðrum þjóðum og þær ná líka lengra aftur. Þetta gerir að verkum að við höfum efnivið sem við getum steypt saman í miðlægan gagnagrunn og búið til úr honum afar öflugt verkfæri til að byggja á, ekki aðeins upplýsingar um heilsugæslu okkar, heldur höfum við líka möguleika til að búa til sérstaklega gott umhverfi fyrir framfarir í læknavísindum og fyrir eflingu atvinnufyrirtækja sem tengjast heilsugæslunni og heilbrigðiseftirlitinu margvíslega.

Það sem mun ráða mestu um það að út úr þessu geti komið mjög gagnlegt verkfæri er að við munum fá út úr þessu betra heilsugæslukerfi, við munum fá fullkomnari og ódýrari upplýsingaöflun og við munum geta skapað aðstæður fyrir þróun heilbrigðisþjónustunnar. Við getum skapað aðstæður fyrir þróun hugbúnaðar og nýsköpun á sviði vísinda, svo sem erfðavísinda en þá ekkert síður á sviði faraldsfræði og ýtt undir starfsemi atvinnufyrirtækja sem nýta sérhæfðan mannafla á þessum sviðum. Þá á ég t.d. við hugbúnaðarfyrirtæki, lyfjafyrirtæki og fyrirtæki sem selja niðurstöður sérhæfðra rannsóknar- og þróunarverkefna. Við erum ekki eina þjóðin sem er að hugsa um að búa til slíkt umhverfi. Ég nefni sérstaklega í þessu sambandi að Finnar hófu fyrir tveimur og hálfum áratug að byggja upp sérstakt umhverfi fyrir heilsugæslustofnanir og atvinnulífið. Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að kynnast því sem þeir höfðu gert í Oulu árið 1992, minnir mig að það hafi verið, en þar hafði verið byggt upp gífurlega stórt rannsóknarsjúkrahús, háskólasjúkrahús. Í tengslum við það var byggt yfir fjöldann allan af einkafyrirtækjum sem voru að vinna að ýmsum verkefnum á sviðum sem voru tengd heilsugæslumálum, að sjálfsögðu í því skyni að reka þar fyrirtæki á viðskiptalegum grundvelli og með arðsemissjónarmið í huga. Þá voru þeir að fjárfesta í þessu og höfðu áhyggjur af því að þetta mundi ekki skila árangri. Nú hefur sýnt sig að hátækni er langstærsta útflutningsgrein Finna og ekki dettur nokkrum manni í hug í Finnlandi að bera á móti því að þetta hefur skilað mestum árangri af öllum þeirra meiri háttar áætlunum sem þeir hafa ráðist í. Finnar voru svo heppnir að þeim tókst að ná samkomulagi á meðan málið var á umræðustigi milli stjórnmálaaflanna og vísindasamfélagsins um þetta þannig að þar fór þetta friðsamlegar fram en hefur gerst hjá okkur.

Gagnagrunnsmálið endurspeglar miklar hræringar sem eiga sér nú stað, ekki aðeins hjá okkur, ekki aðeins í þjóðfélagi okkar heldur líka í flestum tæknivæddum samfélögum nútímans og það á rætur að rekja til þeirra breytinga sem upplýsingatæknin og fjarskiptin og þessar rafrænu leiðir til að skrá upplýsingar og varðveita og miðla upplýsingum og vinna úr upplýsingunum hafa leitt yfir þessi þjóðfélög. Þessar breytingar eru miklar, ég vil jafnvel halda því fram að við getum jafnað þessum breytingum við byltingu. Slíkar byltingarkenndar nýjungar kalla á að við endurskoðum hefðbundin viðhorf okkar í þeim tilgangi að greiða götu fyrir nýjungunum án þess þó að sjálfsögðu að grafa undan hefðbundnum gildum mannréttinda og persónuverndar. En svo djúptæk held ég að áhrifin af þessum breytingum séu sem fylgja þessum rafrænu boðum að ég held við getum kannski aðeins sagt að einu sinni áður höfum við upplifað eins djúptæka byltingu á Íslandi en það var einmitt þegar nýtt verkfæri var innleitt fyrir alllöngu. Það vill nefnilega svo til að við Íslendingar höfum upplýsingar um hvað gerðist hér þegar mjög flókið samfélag, heiðið samfélag sem hélt uppi allri upplýsingaöflun sinni munnlega, innleiddi það kröftuga verkfæri sem ritlistin var, sem gjörbylti nákvæmlega öllu í þjóðfélaginu. Það gjörbylti stjórnmálunum, það gjörbylti bókmenntunum, það gjörbylti allri upplýsingaöflun og þá ekki síst gjörbylti það lögunum. Það gjörbylti samfélaginu. Hvað gerðist svo þegar þessi bylting fór að ná rótum í þjóðfélaginu? Íslendingar urðu allt í einu heimsveldi á sviði bókmennta, unnu mikil afrek á sviði málfræði, unnu líka mikil afrek á sviði stjörnufræði og sagnfræði og nú er vitnað til þessara tíma sem gullaldar Íslendinga og allt var það vegna þess að hér var samfélag sem hafði sjálfstraust til að bera, sem fékk nýtt verkfæri og beitti því á móðurmálið. Þetta samfélag hafði sjálfstraust en gerði ekki eins og nágrannasamfélög okkar og fór að rita á latínu. Auðvitað var það svo að þetta nýja verkfæri, hið ritaða mál, var hægt að misnota. Þannig er það alltaf í heiminum að hægt er að misnota verkfærin. Eitt besta dæmið um það hvernig ritmálið var misnotað getum við séð í frægri setningu sem höfð er eftir Árna Magnússyni, sem gerði hvað mest í því að safna þeim verðmætum sem við höfðum komið á blað eftir að þetta nýja verkfæri var flutt hér inn og sat löngum stundum yfir handritum sínum og

vann mikið að handritaskoðunum. Árni Magnússon, sem er einn merkasti fulltrúi upplýsingaaldarinnar í Evrópu, segir svo í einu af bréfum sínum: „Svo gengur það til í heiminum að sumir hjálpa erroribus á gang en aðrir leitast síðan við að útryðja aftur þeim sömu erroribus. Hafa svo hverir tveggju nokkuð að iðja." Auðvitað var hann upptekinn við það að leiðrétta og afmá þær röngu upplýsingar sem komið hafði verið á kreik með ritmálinu og svo er það alltaf að við getum misnotað þau verkfæri sem við höfum í höndunum.

Nú þegar við förum úr ritöld í raföld er að sjálfsögðu enn fyrir hendi þeir möguleikar að við getum misnotað þessa tækni. Það þýðir ekki að við eigum að hafna henni, það þýðir að við eigum að gæta þess að sjá svo til að þessi nýja tækni verði ekki misnotuð. Ég held þetta sé þannig að við séum að talsverðu leyti að glíma við vandamál sem eru þess eðlis að fordæma er ekki beinlínis að leita hjá öðrum þjóðum. Grunnar af því tagi sem frv. gerir ráð fyrir hafa ekki verið settir upp áður hjá öðrum þjóðum þótt ýmsar ábendingar sem við finnum í alþjóðlegum samþykktum og ályktunum geti verið gagnlegar þá erum við Íslendingar engu að síður að ryðja braut í þessum efnum og slíkt brautryðjendastarf gengur að vonum ekki andskotalaust og viðbrögðin sem málið hefur vakið hafa óneitanlega verið nokkuð ofsafengin á köflum. Reyndar er árátta á Íslandi að hefja umræður um mál sem er á umræðustigi með yfirlýsingum þar sem tekin er afstaða til málsins og síðan er skotist á í skotgröfum án þess að það skili miklum árangri. En það verð ég að segja að síðan þetta mál kom fyrst til umræðu í vor hefur umræðan færst niður á jörðina og orðið gagnlegri með hverri vikunni sem liðið hefur.

Ég hygg að þótt þessi umræða hafi verið mjög gagnleg sé því ekki að leyna að allmörg af þeim rökum sem fram hafa komið gegn frv. og hér hafa verið tíunduð í dag muni reynast nokkuð tvíeggjuð sverð ef þeim er beitt almennt í umræðunni. Ég hygg að nokkrir þeirra sem hæst hafa látið gegn frv. hafi ekki hugsað það fyllilega til enda þegar þeir reiddu til höggs hvar höggið kæmi niður endanlega. Þetta á við t.d. um þá óbilgjörnu kröfu að í öllum tilfellum skuli krafist upplýst samþykkis þegar upplýsingar um einstaklinga eru færðar í gagnagrunn, hvort sem það eru dulskráðar upplýsingar eða ekki. Áðan kom fram sú skoðun að allar upplýsingar sem væru notaðar í rannsóknarskyni væru fengnar með upplýstu samþykki. Því fer víðs fjarri og það er ekki einu sinni svo að í alþjóðlegum samþykktum sé gert ráð fyrir því að allar upplýsingar sem notaðar eru í rannsóknum eða tölfræðilegum athugunum séu fengnar með upplýstu samþykki. Því fer víðs fjarri. Þetta á t.d. við um þegar stofnanir sem stunda rannsóknir á ákveðnum, þröngum sviðum fá upplýsingar eru þær ýmist fengnar með upplýstu samþykki ellegar að upplýsingarnar koma frá sjúkrastofnunum á landinu og þegar upplýsingarnar koma þannig, frá sjúkrastofnunum, eru þær aldrei fengnar með upplýstu samþykki.

Einnig má geta þess að þær rannsóknir sem framkvæmdar eru á vegum landlæknisembættisins og eru unnar úr tölfræðilegum gögnum sem þangað berast frá sjúkrastofnunum eru heldur ekki unnar með upplýstu samþykki og í alþjóðlegum samþykktum er ekki gert ráð fyrir því að ekki sé hægt að vinna úr upplýsingum nema með upplýstu samþykki. Það er ekki gert ráð fyrir því, að maður tali ekki um ósköpin ef upplýsingarnar eru ópersónugreinanlegar. Þá er sú krafa ekki gerð. Ef upplýsingarnar eru persónugreinanlegar er sniðinn þröngur rammi um það hvernig hægt sé að nýta þær, m.a. í tölfræðiúrvinnslu en engu að síður er það mögulegt í allmörgum tilfellum og þetta hefur ekki verið praxísinn hjá okkur Íslendingum.

Hins vegar er fyllilega ástæða til þess að við förum að herða svolítið kröfurnar um það hvernig farið er með heilsufarsupplýsingar hér á Íslandi. Það held ég að sé rétt og ég held að þetta gefi tilefni til þess að gera kröfur til frv. en gera jafnframt kröfur til annarra sem eru að vinna úr heilsufarsupplýsingum ýmsar gagnlegar og mjög miklar þjóðþrifarannsóknir, að gera engu að síður kröfur um að menn skoði það betur en gert hefur verið hvernig fara skuli með þessar upplýsingar.

Ég held að þá sé ekki úr vegi að skoða aðeins þær fullyrðingar sem hafa komið fram um hvernig eigi að skilgreina hvað teljist vera persónuupplýsingar því að það er atriði sem hefur komið mikið til umræðu hér og gerði það líka í gær, þ.e. hvernig við getum skilgreint upplýsingar sem persónuupplýsingar eða ópersónugreinanlegar upplýsingar.

Í umræðunni var áðan sagt og það var hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem kom með þá fullyrðingu: Gögnin í grunninum verða persónugreinanleg. Ég hygg að það byggist á þeirri fullyrðingu einna helst að hægt sé að brjótast inn í kerfið, dulkóðunarkerfið, það sé ekki hægt að búa til svo fullkomið dulkóðunarkerfi að ekki sé hægt að brjótast inn í það. En er þetta nægilegt til þess að halda því fram að upplýsingar í þessum grunni verði alltaf persónugreinanlegar, er það nægilegt til þess? Eru upplýsingar úr sjúkrahúsum persónuupplýsingar eða persónugreinanlegar upplýsingar ef þær eru dulskráðar jafnvel þótt tæknilega eða fræðilega sé hægt að brjótast inn í dulskráningarkerfið, hversu fullkomið sem það er? Vísbendingar um það hvernig stjórnvöld sem eiga aðild að Evrópuráðinu svara þessari mikilvægu spurningu er að finna í ráðleggingum ráðherraráðs Evrópuráðsins, annars vegar R (5) frá 1997 um vernd heilsuupplýsinga og hins vegar í R (18) um söfnun og vinnslu tölfræðiupplýsinga sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist á sérstaklega í fyrirspurn sinni í gær.

Í skilgreiningarkafla í báðum þessum gögnum kemur það fram skýrt og hafið yfir allan vafa að ekki telst vera um persónuupplýsingar að ræða ef persónugreining á þessum upplýsingum krefst mikillar fyrirhafnar og mannafla. Hér er að sjálfsögðu vísvitandi verið að búa til svigrúm til að nýta upplýsingar í lögmætum tilgangi með því að rjúfa tengslin milli þess einstaklings sem upplýsingarnar um hann varða og hans sjálfs. Dulkóðaðar upplýsingar teljast því ekki persónuupplýsingar eða eins og það heitir á ensku „personal data" í skilningi þessara gagna sem ég vitnaði í áðan og skiptir þá ekki neinu máli þó að hægt sé tæknilega og fræðilega að brjóta dulmálslykilinn.

Sú mótbára að alla dulmálslykla megi brjóta, inn í öll lokuð kerfi megi brjótast og það geri allar upplýsingar í raun að persónugreinanlegum upplýsingum stenst ekki þegar þessar samþykktir Evrópuráðsins eru skoðaðar. Og ef þau rök að hægt sé að komast inn í trúnaðarskjöl með ólöglegum hætti fela það í sér að ekki er hægt að safna trúnaðarupplýsingum og ekki er hægt að vinna úr þeim, þá verður engum slíkum upplýsingum safnað yfirleitt hvorki í rafrænum gagnagrunni, læstum skápum né læstum eldtraustum peningaskápum. Það verður ekki gert ef upplýsingarnar teljast óvarðar.

Ég verð að nefna það sérstaklega að mjög margir aðilar fjalla um trúnaðarupplýsingar í þessu samfélagi. Það á t.d. við um banka, það á við um stjórnendur skóla sem hafa

oft í spjaldskrám sínum mjög viðkvæmar upplýsingar um einstaklingana sem þar starfa og að sjálfsögðu líta þeir á slíkar upplýsingar sem trúnaðarupplýsingar. Hvernig fara þeir að því að gæta þeirrar skyldu sinnar að varðveita þær upplýsingar þannig að hægt sé að gæta trúnaðar við skjólstæðingana? Í mínum tilfellum þar sem ég þekki til var það gert með því að loka þessar spjaldskrár inni í læstum skáp. Hluti af upplýsingunum var inni í eldtraustum peningaskáp. Auðvitað var hægt að brjótast inn í hvort tveggja. Þýðir það að hægt var að brjótast inn í þessar geymslur að þarna var ekki um trúnað að ræða? Voru þetta þá trúnaðarupplýsingar sem voru fengnar á fölskum forsendum? Að sjálfsögðu ekki. Það er hægt að brjóta öll kerfi hvort sem það eru skápar eða hugbúnaðarkerfi. Það breytir ekki þeirri staðreynd að hægt er að líta á þessar upplýsingar sem trúnaðarupplýsingar og þær séu ekki í hættu af þeim sökum. Við verðum alltaf að taka einhverja áhættu. Ef það er svo að upplýsingarnar sem eiga að fara í gagnagrunninn eru dulkóðaðar þá teljast þær ekki vera persónulegar upplýsingar og þetta er grundvallarstaðreynd í málinu.

Það er hægt að fara í gegnum þessi tvö plögg sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist sérstaklega á og þá kemur í ljós að í öllum tilfellum er reiknað með því að upplýsingar sem hafa verið dulkóðaðar séu ópersónulegar upplýsingar, flokkist ekki undir persónulegar upplýsingar. Þetta er nauðsynlegt að komi hér fram vegna þess að ef menn rangtúlka þessar samþykktir þá náum við ekki saman. Ég held að við getum náð saman um margt og við getum verið ósammála um ýmislegt. Þannig er nú gangur lífsins að við stjórnmálamenn erum oft ósammála um mörg atriði og ég reikna með því að við getum verið ósammála um grundvallaratriði en það er erfiðara fyrir okkur að ná árangri í þessum þingsal ef við túlkum ekki grundvallarplögg eins og þau koma fyrir. Það er ekki hægt að túlka þessi plögg sem ég nefndi — þá erum við að tala um ráðleggingar eða samþykktir ráðherraráðs Evrópuráðsins nr. (5) 97 og R (18) 97 — ef við túlkum þetta þannig að gagnagrunnurinn muni hafa að geyma persónuupplýsingar samkvæmt skilgreiningum þessara plagga, þá náum við ekki saman um hlutina vegna þess að það stenst engan veginn skoðun þessara samþykkta.

Það koma að sjálfsögðu upp mjög mörg álitaefni í sambandi við þetta merkilega mál, frv. um miðlægan gagnagrunn, og meðal þeirra mála sem upp koma og skipta miklu er m.a. það að sett er upp samkvæmt frv. svokölluð aðgengisnefnd. Í henni eiga sitja þrír aðilar og einn af þeim er fulltrúi rekstrarleyfishafans. Þetta hefur verið mikið gagnrýnt hér og menn telja að með þessum hætti sé verið að veita sérleyfishafanum nánast aðgang að öllum rannsóknarverkefnum sem inn í grunninn fara og gefa honum alveg sérstaka stöðu til þess að fá upplýsingar um það sem aðrir eru að gera á þessu sviði. Það er mjög nauðsynlegt að þetta verði skýrt í starfi nefndarinnar, afar nauðsynlegt.

Ég hef heyrt þá skýringu á þessu ákvæði að þarna sé verið að reka varnagla og ástæðan fyrir þeim varnagla er skýrð á eftirfarandi hátt: Það er meiningin að þeir aðilar sem leggja grunninum til upplýsingar fái aðgang að grunninum ókeypis. Hins vegar er gert ráð fyrir því að utanaðkomandi aðilar, og þá skulum við kannski nefna sérstaklega erlenda aðila sem leggja ákveðnar spurningar og fá svör við þeim út úr grunninum, greiði fyrir það. Skýringin um varnaglann hefur verið gefin sú að þetta sé til þess að koma í veg fyrir að erlendir aðilar sem ættu samkvæmt þessu að greiða fyrir aðganginn kæmu inn í grunninn í gegnum innlenda aðila án þess að greiða neitt og mundu þar af leiðandi spilla rekstrargrunni sérleyfishafans. Ef þetta er eina ástæðan fyrir þessari aðgengisnefnd þá er ljóst að aðgengisnefndin þarf ekki að fá aðgang að rannsóknaráætlunum sem slíkum og er fullkomlega óeðlilegt að hún fái það. Þetta þarf að skýra, þetta þarf nefndin að fara mjög rækilega yfir til þess að við getum áttað okkur á því hvort þarna er um að ræða aðgengisnefnd sem sett er saman með eðlilegum hætti og hvort hlutverk hennar er þá eðlilegt. Þarna stangast fullyrðingar á um hvert hlutverk þessarar aðgengisnefndar eigi í raun og veru að vera og hvort það geti talist eðlilegt eða ekki. Þetta er eitt af þeim álitamálum sem nefndin verður að fjalla um og fá svör við.

Ég ætla aðeins að fjalla meira um hið svokallaða upplýsta samþykki. Það er alveg ljóst, og í þeim efnum hafði hv. þm. Össur Skarphéðinsson rétt fyrir sér að mínu mati, að svo fremi sem upplýsingarnar eru ópersónutengdar, og það eiga þær að vera í þessum grunni, þá kemur ekki til álita hið svokallaða upplýsta samþykki. Það mundi þrengja mjög að t.d. þeirri tölfræðilegu úrvinnslu og þeim upplýsingum sem við höfum um heilbrigðiskerfið og það mundi þrengja mjög að faraldsfræðilegum rannsóknum ef upplýsts samþykkis væri krafist í hvert skipti sem rannsóknarverkefni eru unnin. Það er ekki gert nú en hitt er svo annað mál að þegar farið er út í sérstök rannsóknarverkefni sem beinast að ákveðnum hópum þá er að sjálfsögðu eðlilegt að fara fram á upplýst samþykki og það er gert, enda ganga alþjóðlegar samþykktir út á að svo sé unnið. Þá á ég sérstaklega við sáttmálann sem unninn var í raun og veru á tíu ára skeiði á vegum Evrópuráðsins og heitir sáttmáli um mannréttindi og líflækningar. Þetta þarf einnig að skoða vegna þess að það nær náttúrlega engri átt að setja svo þröng mörk og miklar kröfur um upplýst samþykki að það sé verið að gera okkur nánast ókleift að afla gagna og stunda rannsóknir á grundvelli upplýsinga sem eru ópersónutengdar og eru í raun og veru grundvöllurinn að allri þeirri tölfræðiúrvinnslu sem við stundum í sambandi við heilsugæsluna. Það gengur bara ekki að gera slíkar kröfur. Þær kröfur hafa ekki verið gerðar hingað til.

Það er annað atriði sem þarf að skoða mjög vendilega í þessu frv. og það er hvort aðgengi rannsóknaraðila hér á landi er nógu vel tryggt. Það er ljóst að aðgengi þeirra sjúkrastofnana og þeirra sem þar vinna að þessum grunni er tryggt, en það þarf líka að skoða hvernig aðgengi annarra innlendra aðila að þessum grunni verður tryggt.

Sérleyfisumræðan er líka afar mikilvæg og ég tók eftir því að kröfur komu fram um það að samkeppnin fengi að gilda á þessu sviði og það var talað um að rétt væri að grunnurinn og vinnan við grunninn yrði boðin út. En við verðum að gera okkur grein fyrir því að það eru margir annmarkar á því að slíkt sé hægt eins og raunar hefur verið bent á í blöðum. Í fyrsta lagi er um þróunarverkefni að ræða og hluti af því framlagi sem gert er ráð fyrir að sérleyfishafinn leggi fram er vinnan við að athuga það í samráði og samvinnu við þá sem hlut eiga að máli hvaða upplýsingar eigi að fara inn í grunninn og þetta er mjög flókið verkefni og kostnaðarsamt. Auk þess er í raun og veru ekki auðvelt að sjá eftir hvaða formúlum væri hægt að bjóða verk af þessu tagi út. Ef það ætti að gerast yrði fyrst að leggja í mjög kostnaðarsama vinnu við að skilgreina nákvæmlega hvað ætti að fara inn í grunninn og hvað ætti að koma út úr honum. Hver mundi borga það? Að sjálfsögðu mundi hið opinbera borga alla þá vinnu. Við erum hins vegar að tala um að reyna að finna

ásættanlega leið til þess að saman fari hagsmunir einkafyrirtækis og hagsmunir stjórnvalda í því að ná saman um hvers konar grunnur verði þarna búinn til og til hvers hann verði notaður. Þetta er áhugaverð leið sem ég lýsi hér með yfir að ég geti vel hugsað mér að við förum.

Því fer víðs fjarri að svokölluð útboðsleið sé farin í öllum stórkostlegum og miklum verkefnum af þessu tagi. Ég nefni verkefni á allt öðru sviði sem eru að hluta til líka þróunarverkefni sem ekki er hægt að ráðast í með útboðum og þar nefni ég sérstaklega að hugmyndir eru um að smíða prótótýpu af nýrri tegund af kjarnakljúf og fara þar eftir niðurstöðum nóbelsverðlaunahafans Carlo Rubbias. Það er ekki hægt að bjóða slíkt verkefni út. Það er verkefni sem er þess eðlis að á öllum stigum þróunarstarfsins geta komið upp ný og óþekkt vandamál. Það er að hluta til kannski sambærilegt við þetta verkefni sem hér er um að ræða. Viðfangsefnið er illa skilgreinanlegt og það er í raun og veru hluti af þeirri áhættu sem sérleyfishafinn tekur.

Það eru sem sagt ýmis atriði sem þarfnast skoðunar og ég tel að margar af þeim ábendingum sem hér hafa komið fram í dag séu réttmætar. Það er ekki nokkurt vafamál að við 1. umr. hafa þessar umræður verið gagnlegar. Þær hafa haldið sig á þeirri línu sem nú er komin að menn hafa meira jarðsamband í þessum umræðum en áður hefur verið. Ég tel því að við séum á réttri leið og við séum á vissan hátt að nálgast í skilningi okkar á eðli þessa máls.

[18:32]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu hv. síðasta ræðumanns kom fram að gagnagrunnur sá sem umrætt frv. fjallar sé einstakur. Hann sagði að í Vestur-Evrópu hafi ekki komið til álita að gera slíkan gagnagrunn og því sé mönnum mikill vandi á höndum við að smíða hann. Ég veit að þetta er rétt.

Hann benti jafnframt á skilgreiningu Evrópuráðsins á því hvað væri ópersónulegt, að gagnagrunnur teljist ópersónulegur þegar það kostar mikinn mannafla og fyrirhöfn að brjótast þar inn.

Ég tel að menn viti, þó ekkert sé út á þessi dulkóðunaráform að setja og þau séu góð svo langt sem þau ná, að það er fræðilega mögulegt svipta hulunni af. Það fullyrða allir sem ég hef rætt við, það er hægt. Þá er spurningin: Ef við vitum að hægt er að taka huluna af, þá verður þetta persónugreindur gagnagrunnur hvað sem svo sem skilgreiningin segir, er þá ekki rétt að ganga frá þessari lagasetningu eins og um persónugreinanlegan gagnagrunn sé að ræða?

[18:34]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurningin er athyglisverð. Ég verð hins vegar að segja það við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson að við verðum að leggja mat á hið líklega en ekki það sem er fræðilega mögulegt. Við þurfum að gera okkur grein fyrir afleiðingum þess að líta á allar þessar upplýsingar sem persónulegar upplýsingar. Þá mun svigrúmið sem við viljum skapa fyrir vísindin þrengjast mjög verulega. Það mun þrengjast af ástæðum sem ég hef ekki talið vega mjög þungt vegna þess að líkindin á því að menn brjótist inn í þennan grunn eru afar lítil. Þá vil ég kannski svara spurningu þingmannsins með því að koma með aðra spurningu: Telur hann tilvinnandi að takmarka svo mjög möguleikana á því að nota þetta verkfæri vegna ástæðna sem eru svo lítilvægar?

[18:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á málþingi háskólarektors nú um helgina kom skýrt og greinilega fram hjá fleiri en einum og fleiri en tveimur okkar fremstu vísindamanna í stærðfræði að hægt væri að gera þetta, ekki eingöngu með því að brjótast inn heldur mætti gera þetta á löglegan hátt. Eins kom fram það sjónarmið að læknisfræðileg þörf gæti kallað á að opna gagnagrunninn. Ég er ekki frá því að sá tími gæti komið að vegna læknisfræðilegrar nauðsynjar verði að opna hann. Þess vegna lagði ég fram þessa spurningu.

[18:36]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil nú betur hvers vegna spurningin var svo orðuð. Hún var á þeim forsendum að nauðsynlegt væri að geta rakið sig til baka eftir grunninum og við henni eru svör. Ef upplýsingarnar úr grunninum benda til þess að til sé ákveðinn hópur manna sem eitthvað væri hægt að gera fyrir en ekki hafi fyrr verið hægt að sinna þá eru aðrar aðferðir, hugnanlegri og mannlegri til að komast í tengsl við þennan hóp. Það væri að gera það í gegnum þá sérfræðinga sem starfa í sjúkrastofnunum á þessu sviði og í gegnum lækna sérhvers einstaklings. Þessi aðferð er ekki langsótt. Þegar vandamálið hefur verið þrengt um ákveðinn hóp, þá vita heimilislæknar og sérfræðingarnir mjög vel hvaða hópur á í hlut. Þá er hægt að nálgast þá en ekki með því að rekja sig til baka eftir grunninum.

Það stendur deila um það, sem ég treysti mér ekki til að gerast dómari í, hvort hægt sé að búa til dulkóðunarkerfi sem ómögulegt sé að rekja til baka, alla vega ekki lengra en til ákveðins hóps, eða hvort hægt sé, í öllum tilfellum með mikilli fyrirhöfn, að rekja sig alla leið til einstaklinganna. Ég treysti mér ekki til að hafa skoðun á því máli. Í lokin vil ég hins vegar leggja áherslu á að ef við förum að líta á dulkóðaðar upplýsingar sem persónuupplýsingar, þá munum við lenda í miklum erfiðleikum.

[18:38]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Erindi mitt hingað er ekki ósvipað því sem hv. þm. átti hér í andsvari áðan, þ.e. að ræða um persónuverndina. Ég held að menn megi ekki horfa á þetta mál aðeins út frá orðanna hljóðan í þessum samþykktum, að sjálfsögðu ber að fara í gegnum þær mjög vandlega og margt þar varðar þetta mál og rekst á við texta frv. Ég fer ekki út í það hér en ég vek athygli á þeirri ályktun sem send var hæstv. dómsmrh. þann 24. september um þessi efni, frá forstöðumönnum eða fulltrúum á sviði gagnaverndar í um 14 ríkjum eða svo. Þeir lýsa þungum áhyggjum sínum út af þessu máli. Þeir segja t.d., með leyfi forseta:

„Skilgreiningin á persónuupplýsingum verður að vera mjög skýr og aðferðin við að tryggja nafnleynd verður að vera traust. Í fámennu landi er líklegt að af erfðafræðilegum upplýsingum sé unnt að rekja ættlegg viðkomandi einstaklings og þannig komast að því um hvern er að ræða. Notkun dulkóða til að leyna því um hvern gögnin eru er a.m.k. ekki nægileg til að tryggja nafnleynd."

Svo Ross Anderson sé nefndur til sögunnar, þá segir hann í viðtali við Morgunblaðið þann 13. október að verulegar líkur séu á því að einhverjir starfsmenn muni freistast til að nota upplýsingarnar í ólöglegum tilgangi og orðrétt: „Ég var í mörg ár öryggisráðgjafi stórs bresks banka. Á hverju ári rákum við um 1% starfsfólksins vegna þess að það hafði stolið

peningum. Það er aldrei hægt að sjá fyrir hvaða fólk muni gera það. Það getur komið til vegna einhverra vandamála sem koma upp í lífi fólks til dæmis."

Þarna er getið um margt fleira. Það var hárrétt sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði áðan að margir á nefndu málþingi höfðu uppi fullyrðingar af því tagi sem hann minntist á.

[18:40]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi að ýmislegt í þeim samþykktum sem ég vitnaði hér í ræðist á við gagnagrunninn. Ég tek eftir því að hv. þm. hefur ekki nefnt eitt einasta atriði. Ég vil gjarnan heyra þessi atriði nefnd. Ég vil fá að sjá hvað það er í þessum samþykktum sem rekst á við gagnagrunnsfrv. Í raun og veru má segja að meginlínan sé að gagnagrunnsfrv. sé í fullu samræmi við þessar samþykktir.

Síðan er spurt hvort þarna komi ekki upp hætta á misnotkun. Þá verð ég að segja sem svo: Að hve miklu leyti eykst hættan á misnotkun heilsufarsupplýsinga með tilkomu miðlægs gagnagrunns? Ef þessar upplýsingar eru svo mikils virði fyrir þá sem vilja brjóta lög og notfæra sér þessar upplýsingar ólöglega, eru þá ekki til leiðir til þess að komast í þessar upplýsingar sem jafnvel kosta minna en að verja því til að brjóta kóðann? Þessar upplýsingar eru fyrir hendi í sjúkrastofnunum, sumar í Tryggingatofnun ríkisins og það er hægt að komast í þær þó að þeir aðilar sem þar vinna gæti vel að þeim. Það er hægt að komast yfir þessar upplýsingar. Ef það er svona mikils virði að komast inn í þetta, er þá ekki ódýrara að brjótast inn í þessar upplýsingar þar sem þær eru?

[18:42]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mitt ráð til hv. þingnefndar og hæstv. ráðherra — nú verður málið í höndum þingnefndar — er að fengnir verði til aðilar á vegum Evrópuráðsins og á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir utan þá sem leggja orð í belg hér heima. Þeir þyrftu að veita skriflegt álit til Alþingis um þessi mál til þingnefndarinnar og það eru auðvitað þau vinnubrögð sem við ættum hafa uppi í þessu máli. Það ætti ekki að vera ágreiningur um að viðhafa slíkar aðferðir.

Í sambandi við það hvort upplýsingar í dreifðum gagnagrunnum eða þær sem liggja fyrir í núverandi sjúkraskrám séu jafnvel verr komnar en í miðlægum gagnagrunni, ég geri ekki mikið með slíkar staðhæfingar. Telji menn að meðferð persónulegra gagna, sjúkraskráa o.s.frv. sé áfátt þá er verkefnið að tryggja vörslu þeirra og bæta þar úr en ekki að taka þá áhættu sem hér er stefnt að, að safna þessu í miðlægan gagnagrunn þar sem ekki er skilgreint af hálfu löggjafans hvað fara á inn í grunninn né hvernig með skuli fara.

[18:44]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Í raun er þarna um að ræða fullyrðingu gegn fullyrðingu. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fullyrðir að minni hætta sé á að brotist verði inn í dreifða gagnagrunna heldur en miðlægan gagnagrunn. Ég hef ekki heyrt þetta rökstutt. Ég hef hins vegar heyrt tölvusérfræðinga tala um að auðveldara sé að verja upplýsingar í miðlægum gagnagrunni, vel dulkóðuðum miðlægum gagnagrunni, en í dreifðum gagnagrunni. Þeir segja líklegra að menn séu reiðubúnir til að verja miklu fé til þess að dulkóða þessar upplýsingar í miðlægum gagnagrunni heldur en í dreifðum gagnagrunnum. Að sjálfsögðu er alveg rétt hjá hv. þm. að þetta ber að skoða, ég er alveg sammála því. Ég hef ekki á móti því að farið verði nákvæmlega yfir það að hve miklu leyti þetta frv. um miðlægan gagnagrunn stenst viðmiðanir í samþykktum Evrópuráðsins, bæði í hinum miklu sáttmálum sem við höfum gert um þessi mál og líka í ráðleggingum ráðherraráðs Evrópuráðsins. Ég tek undir það.

[18:45]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru fjölmörg atriði sem ég mundi vilja koma að í þessu andsvari en hluta þess mun ég taka fyrir í ræðu minni sem verður væntanlega ekki fyrr en í fyrramálið, m.a. það sem sneri að upplýstu samþykki.

Samkeyrsla upplýsinga, sem hv. þm. kom inn á áðan, er lykilatriði í allri umræðu um persónuvernd. Ekki þarf annað en að lesa lögin um meðferð og skráningu persónuupplýsinga til að sjá að samkeyrsla er alltaf litin öðrum augum en upplýsingar sem eru dreifðar. Það er lykilatriði að talin er sérstök ástæða til að að tryggja persónuverndina betur þegar um samkeyrslu er að ræða.

Varðandi það að þetta séu ekki persónugreinanlegar upplýsingar sem öll þessi hugmynd byggir á í raun og veru og ef hægt er að hrekja það að þetta séu ekki persónugreinanlegar upplýsingar þá tel ég að hugmyndin sé fallin um sjálfa sig.

Hv. þm. kom áðan inn á að það væri ekki rétt túlkun sem hefði verið haldið fram, að þetta frv. stæðist ekki ákvæði alþjóðasáttmála hvað þetta varðar. Þetta snýst nefnilega um það. Eru þetta persónugreinanlegar upplýsingar samkvæmt skilningi þessara sáttmála eða ekki? Um það deila sérfræðingar. Fjölmargir sérfræðingar hafa lýst því yfir, m.a. þeir sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vitnaði til, þeir vara við því, þeir telja sérstaka ástæðu til að vara við því. Þeir eru mjög margir sem hafa þetta frv. undir höndum á ensku og hafa kynnt sér það, og vara við því að þarna sé ekki nægilega vel staðið að því að gera upplýsingarnar persónugreinanlegar.

Þess vegna er ekkert skrýtið þó að menn séu með efasemdir um það að öll þessi hugmynd standist í raun og veru þá alþjóðasáttmála sem við höfum skrifað upp á og teljum okkur skuldbundin af. Það eru ekki bara þeir sérfræðingar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi — ég vitnaði í bréfið áðan — það eru líka aðrir sem hafa komið að þessu máli og tjáð sig um þetta.

Það er því full ástæða til þess að taka það með hæfilegum alvarleika að þessar upplýsingar séu ekki persónugreinanlegar.

[18:47]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála því sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að náttúrlega skiptir meginmáli hvort hægt sé að skilgreina upplýsingarnar sem eiga að fara í miðlægan gagnagrunninn sem persónulegar eða ópersónugreinanlegar upplýsingar. Það skiptir meginmáli.

Ég vil ekki fjalla um ágreining um túlkun á ákvæðum Evrópuráðsins sem ég var að vitna í en það sem ég hef aðallega stuðst við eru ráðleggingar ráðherraráðs Evrópuráðsins um verndun læknisfræðilegra upplýsinga. Þetta ákvæði, ég ætla nú að leyfa mér að reyna að þýða þetta með hraði, ég biðst þá afsökunar á því að þýðingin er ekki gjörð af löggiltum skjalaþýðanda en hér stendur í skilgreiningarkafla samþykktarinnar sem er frá síðasta ári:

„Ekki telst vera um persónuupplýsingar að ræða ef mikla fyrirhöfn og mikinn kostnað þarf til þess að brjótast inn í kerfið. Þá eru upplýsingarnar nafnlausar taldar."

Þetta er viðmiðunin. Þá á að vitna í upplýsingarnar sem nafnlausar upplýsingar. Þetta er þess vegna ekki þannig hugsað að upplýsingar séu alltaf persónulegar ef það er með einhverjum hætti hægt að brjótast inn í þær. Þvert á móti er með þessu ákvæði verið að búa til svigrúm fyrir vinnslu upplýsinga sem reynt er að dulkóða og aftengja persónunum, jafnvel þó fræðilegur möguleiki sé fyrir því að hægt sé að brjótast inn í þær.

[18:49]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikla fyrirhöfn og mikla peninga, að brjótast inn í kerfið. Allt er þetta á endanum túlkunum háð. Það er kannski þar sem vandi okkar þingmanna liggur að við þurfum að leggja ákveðið mat á þetta, hvort þetta séu persónugreinanlegar upplýsingar, m.a. út frá þessum ákvæðum og út frá túlkunum á þessum ákvæðum í gegnum tíðina. Og því sem hefur verið skrifað um það af fræðimönnum sem til þekkja á því sviði.

Það er nákvæmlega þarna, það er um ákveðið mat að ræða. Ég er alveg sammála hv. þm. í því að við getum ekki miðað við að það sé fræðilega ómögulegt, við eigum ekki að ganga svo langt, þá mundum við komast skammt í þessu lífi. En ég er ekki sannfærð eftir að hafa hlustað og fylgst vel með umræðunni að þetta sé nægilega tryggt, að þetta standist þær kröfur sem við viljum gera í þessum efnum.

En við eigum kannski eftir að fá frekari umfjöllun um þetta í heilbr.- og trn. eftir að málið hefur verið sett í þann farveg sem það er í í þeirri mynd sem það er í frv. í dag. Fróðlegt verður að heyra hvaða mat menn leggja á þetta núna eins og frv. lítur út í dag með þessari nýju dulkóðunaraðferð.

[18:51]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo með þessar samþykktir að þær eru að vísu skrifaðar á samansúrruðu máli en engu að síður er hægt að lesa þetta og kynna sér þetta. Það eina sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar menn lesa samþykktir af þessu tagi er að það þarf að lesa þær í heild. Plöggin gefa ekki rétta mynd nema tekið sé tillit til allra undantekninga og alls þess svigrúms sem búið er til í þessum samþykktum.

Ég er sammála því að auðvitað þarf að skoða þetta mjög rækilega. En eitt vil ég þó segja í lokin, að það er — nú hefur víst hv. þm. ekki aftur andsvararétt — afar mikilvægt að nefndin skoði hvaða afleiðingar það hefur fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi og fyrir íslensk vísindi ef við göngum svo langt að líta svo á að dulkóðaðar upplýsingar séu persónuupplýsingar. Því að þá held ég að menn muni lenda í mjög miklum erfiðleikum og búið sé að þrengja svo bæði að stjórnvöldum til að fara með sínar tölfræðilegu athuganir en einnig að vísindunum að það sé óviðunandi. Ég vil þá biðja hv. nefnd sem fjallar um þetta að skoða líka afleiðingar þess ef menn færu að þrengja rammann þarna miklu meira en alþjóðlegar samþykktir gera ráð fyrir.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3. og 7.–8. mál.

Fundi slitið kl. 18:54.

---

12. FUNDUR

föstudaginn 16. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, stjfrv., 109. mál, þskj. 109. — Frh. 1. umr.

2. Dreifðir gagnagrunnar á heilbrigðissviði og persónuvernd, þáltill., 97. mál, þskj. 97. — Fyrri umr.

3. Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga, frv., 105. mál, þskj. 105. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Magnús Árni Magnússon, 15. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[10:29]

Úthýting þingskjala:

Mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar, 126. mál, fsp. RG, þskj. 126.

Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, 120. mál, þáltill. GÁ o.fl., þskj. 120.

Skipaður talsmaður í barnaverndarmálum, 127. mál, fsp. RG, þskj. 127.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 109.

[10:30]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem er til umræðu hefur fengið mikla gagnrýni og reyndar hlotið líka mikla umræðu sem er af hinu góða. Í markmiðsgrein laganna segir að markmiðið með þessum lögum sé að heimila gerð og starfrækslu miðlægs gagnagrunns með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu.

Ekki hefur aðeins verið efast um að þetta markmið frv. nái tilgangi sínum með því að gera þennan miðlæga gagnagrunn heldur hefur einnig verið bent á ýmis atriði sem séu ógnvænleg ef þessi hugmynd ríkisstjórnarinnar verður að veruleika.

Kannski má skipta þeirri gagnrýni sem hefur komið fram á frv. aðallega í þrennt: Í fyrsta lagi hvort persónuverndin sé nægilega trygg. Athygli hefur verið vakin á því að heilsufarsupplýsingar séu viðkvæmar persónuupplýsingar en mótrök þeirra sem styðja frv. eru þau að þarna séu einstaklingar ekki persónugreinanlegir og á þeim fúnu stoðum vil ég segja hvílir öll smíði ríkisstjórnarinnar í málinu. Menn viðurkenna að ef hægt er að hrekja þá staðhæfingu að einstaklingar þarna inni séu ekki persónugreinanlegir, þá er allt hugverkið hrunið þannig að mikið veltur á þessari röksemd í málinu. Þessi

röksemd er það sem skiptir öllu máli. Eins og fram hefur komið í umræðunni hefur alls ekki verið sýnt óyggjandi fram á að þarna sé um að ræða ópersónugreinanlegar upplýsingar. Menn greinir á um hvort þessi skilgreining standist alþjóðasamþykktir sem við erum skuldbundin af. Bent hefur verið á að fámennið eitt geri það að verkum að mjög erfitt sé að fela einstaklinga úr svo litlum hópi eins og íslenska þjóðin er, 270 þúsund manna hópi, vegna þess að þar sé mjög auðvelt að leita uppi fólk ef hægt er að finna einn lykil sem stendur fyrir eitthvert ákveðið sérkenni sem menn hafa.

Auk þess hefur verið vakin athygli á því að allt þetta hugverk um að einstaklingar séu ekki persónugreinanlegir byggist á því að dulkóðunin sé örugg, ekki sé hægt að rekja upplýsingarnar til baka. Mjög margir sérfræðingar á sviði tölvuverndar og á sviði dulkóðunar og því sem að henni snýr hafa bent á að engin dulkóðun sé það örugg að hún geti örugglega staðist 100%. Við getum haft hana nokkuð örugga en aldrei sé hægt að segja að hún geti verið það örugg að aldrei verði mögulegt að brjóta hana. Sem sagt, engin dulkóðun er það örugg að hana megi ekki með mikilli fyrirhöfn og hugsanlega miklum fjármunum brjóta niður.

Við vitum að tölvutækninni hefur fleygt gífurlega fram á undanförnum árum og áratugum og ég velti því líka fyrir mér hve mikið við vitum um það hvort eftir eitt ár, fimm ár eða tíu ár verði ekki til tækni til að brjóta það dulkóðunarkerfi sem þetta hugverk er allt saman byggt á og hver ætlar þá að bæta tjónið sem af því hlýst ef það gerist? Ekki hefur verið sýnt fram á það. Það má líka færa fyrir því rök að áhættan með miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði með heilsufarsupplýsingum sé einfaldlega of mikil til þess að við eigum að taka hana og ég mun fara nánar inn á það hér á eftir.

Hvað persónuverndina snertir hefur líka verið komið inn á það að frv. geti hugsanlega ógnað friðhelgi einkalífs. Það er umræðan um það hver eigi upplýsingarnar. Er ríkisstjórninni yfirleitt heimilt að afhenda þessar upplýsingar á þann hátt sem gert er? Þá hefur komið inn í umræðuna það sem er kallað upplýst og óþvingað samþykki og menn deildu svolítið um í umræðunum í gær hvort ætti rétt á sér í þessu tilviki og um það eru menn heldur ekki á einu máli.

Ég vil aðeins nefna hvað varðar upplýst samþykki að vitnað var í umræðunum í gær í heimspeking sem öllum er ljóst að heitir Vilhjálmur Árnason þó að nafn hans hafi sennilega ekki verið nefnt og vitnað var í það sem hann átti að hafa sagt á ráðstefnu hjá háskólanum um þetta mál um helgina. Ég átti þess því miður ekki kost að sitja þá ráðstefnu en vitnað var til þess að hann hefði sagt að það væri ekki unnt að nota upplýst óþvingað samþykki í þessu tilviki, það væri bara ekki fræðilega mögulegt. Án þess að ég vilji vitna í mann sem er fjarstaddur og ég tel það reyndar óviðeigandi þar sem er verið að vitna í einhver munnleg ummæli sem geta verið dregin úr samhengi þá get ég ímyndað mér að það sem Vilhjálmur hafi átt við þarna sé það að meðan frv. er eins úr garði gert og það er í dag, óljóst sé hvaða upplýsingar fara í grunninn og til hvers eigi að nota þær, þá geti aldrei verið um að ræða það sem heitir upplýst óþvingað samþykki. Mér er reyndar sagt það af þeim sem sátu þarna að hann hafi talað um að vekja máls á virðingu fyrir hugtakinu upplýst óþvingað samþykki, í því felist ákveðin skilyrði um að það þurfi að vera hægt að gera fólki grein fyrir því hvað það er að samþykkja og það sé ekki hægt í þessu tilviki. Ég viðurkenni að þetta eru alveg frambærileg rök inn í umræðuna. En ég vil ekki kaupa það að með því séum við að segja að við eigum að minnka kröfurnar sem við gerum eins og gert er með þessu frv. með því að við á hinu háa Alþingi gefum stimpil okkar á að heimila að setja þessar upplýsingar þarna inn og þær séu notaðar án þess að fyrir liggi hvaða upplýsingar á að setja inn og í hvaða tilgangi eigi að nota þær vegna þess að það er óljóst samkvæmt þessu frv. og þá er ég bara að horfa á frv. sjálft. Því miður hafa ýmis gögn og ýmis rök verið dregin inn í umræðuna sem standa ekki í þessu frv. og ég minni alþingismenn á að það sem við erum að taka afstöðu til er þetta frv. þótt vissulega geti önnur gögn verið til skýringar. Frv. er mjög óljóst hvað það varðar hvað eigi að fara inn í grunninn og til hvers eigi að nota það.

Efnahagsleg rök hafa verið færð fram gegn þessu frv. Er verjandi að veita einu fyrirtæki sérleyfi á gerð og starfrækslu gagnagrunns án þess að fram fari útboð þar um og án þess að öðrum sé heimilt að koma þar að og gera tilboð? Þarna er ég að gera ráð fyrir því að við viðurkennum að við eigum að fara út í þessa hugmynd. Er réttlætanlegt að gera það á þennan hátt? Sú aðferð sem ríkisstjórnin leggur þarna til tryggir ekki hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina vegna þess að ekki er leitað eftir hagkvæmasta kostinum í þessu tilviki heldur er ákveðið fyrir fram að eitt tiltekið fyrirtæki eigi að fá þetta og það er algerlega án tillits til þess hvað aðrir eigi að gera í þessum efnum.

Í sambandi við einkaleyfið vil ég vitna í rit sem heitir Vísbending og það hefur frekar verið þekkt fyrir það að styðja ríkisstjórnina í því sem hún er að gera á þessum sviðum hvað varðar frjálsa samkeppni. Það er svolítið broslegt að sjá kúvendingu ríkisstjórnarinnar og talsmanna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum sem hafa lengi stuðlað að því að efla frjálsa samkeppni og hafa verið gegn einokun í hverjum mæli sem hún hefur verið. Í Vísbendingu segir um þetta efni, með leyfi forseta:

„Einkaleyfið verður ókeypis. Forráðamaður Íslenskrar erfðagreiningar segir einkaleyfið grundvallaratriði. Það er ótrúlegt að menn sem ættu að vera í fararbroddi gegn einokun styðji slíkt leyfi. Jafnvel sumir sem berjast fyrir veiðigjaldi sjá ekki líkinguna við sameign þjóðarinnar. Þjóðerniskennd ræður vart því að fyrirtækið mun í meirihlutaeign erlendra aðila og forráðamaðurinn ekki með lögheimili hérlendis. Leysi menn siðferðisvandann ætti að selja þessar upplýsingar hæstbjóðanda. Markaðurinn getur leyst það hvort hærra verð fengist fyrir einkaleyfi eða tímabundinn aðgang. Það verður hins vegar að heyra sögunni til að einkaaðilum séu færð sérleyfi á silfurfati án þess að aðrir komist þar að."

Mér þótti gagnrýni Vísbendingar athyglisverð og satt best að segja verð ég að viðurkenna að ég hafði sjálf undrast yfir því að menn skyldu þegjandi og hljóðalaust samþykkja þá aðferð sem hefur verið notuð í tengslum við frv. Ákveðið er fyrir fram hvaða fyrirtæki eigi að fá góssið og því er afhent það og búin til lagaumgjörð í kringum það og ég tel það vera mjög ámælisvert eins og að því hefur verið staðið.

Í þriðja lagi má kannski tala um það sem eru vísindaleg rök og eru alls ekki þau sístu þó að ég nefni þau síðust. Í mínum huga er algerlega augljóst að sérleyfi eins og það er kynnt í frv. heldur öðrum niðri sem starfa á sama sviði. Annars væri sérleyfið einskis virði ef það væri ekki til þess að halda öðrum frá til þess að vernda hagsmuni sérleyfishafa gagnvart öðrum sem eru á sama sviði. Talað er um í greininni að aðgengi annarra vísindamanna að upplýsingum úr gagnagrunninum sé heimil enda sé ekki um að ræða rannsókn sem

fyrirsjáanlegt er að mati nefndarinnar sem á að fjalla um það að skerði viðskiptahagsmuni rekstrarleyfishafa og það hljóta þá að vera allir þeir sem eru í svipuðum rannsóknum og rekstrarleyfishafi er í og það er reyndar ekki nánar skilgreint frekar en svo margt annað í þessu frv.

Vísindafrelsinu er ógnað með frv. að því leytinu til að þarna er verið að veita einum aðila ákveðinn forgang umfram aðra. Ég vitna í bréf frá 21. apríl 1998 þar sem undir skrifa Helga Ögmundsdóttir, yfirlæknir á rannsóknarstofu Krabbameinsfélagsins í sameinda- og frumulíffræði og dósent við læknadeild háskólans, og Jórunn Erla Eyfjörð erfðafræðingur á sama stað. Þær segja í þessu bréfi sem er til alþingismanna að þær hafi verulegar áhyggjur af því að frv. geti haft neikvæð áhrif á starfsemi þeirra sem stundað hafa sjálfstæðar rannsóknir í læknisfræði og erfðafræði á Íslandi undanfarin ár. Þær segja, með leyfi forseta:

„Margar þessara rannsókna byggjast á söfnun læknisfræðilegra upplýsinga. Það er ljóst að veiting einkaleyfis til söfnunar slíkra upplýsinga gætu orðið til að takmarka rannsóknir þeirra sem vilja vinna óháð leyfishafanum. Veiting einkaleyfis á notkun gagnagrunns um heila þjóð stangast einnig á við almenna vísindasiðfræði. Það er misskilningur að um ónýtta auðlind sé að ræða og því sé það einungis til góðs að veita einum aðila einkaleyfi."

Þær benda á það að á síðustu 10 árum hafi verið byggð upp rannsóknarstofa hjá Krabbameinsfélaginu sem hafi fengið talsverða alþjóðlega viðurkenningu og umfjöllun vegna rannsókna á brjóstakrabbameini. Þær rannsóknir hafa átt stóran þátt í því að einangrað var áhættugen fyrir brjóstakrabbamein og eftir þessar konur hafa birst tugir greina, margar hverjar í mjög virtum tímaritum.

Þær benda á að þessar rannsóknir hafi m.a. verið fjármagnaðar með erlendum styrkjum. „Slíkar styrkveitingar byggjast á trausti á vinnubrögðum okkar og vitneskjunni um aðgang okkar að einstökum upplýsingum og efnivið til rannsókna."

Síðan segir það sem mér þykir vera full ástæða til að gefa gaum að:

„Við höfum rökstuddan grun um að vinnu okkar sé stefnt í mikla hættu og miklu erfiðara verði að sækja fjármagn, eins og við höfum gert hingað til, ef starfsemi okkar verður háð leyfi samkeppnisaðila."

Ég verð að segja það að í mínum huga er algerlega augljóst að bara tilvist þessa miðlæga gagnagrunns, sem einn tiltekinn aðili hefur rekstrarleyfi að, hefur sérleyfi á og hefur ákveðið forskot umfram aðra, hlýtur að gera það fýsilegra fyrir erlenda hugsanlega samstarfsaðila og aðila sem mundu hugsanlega styrkja slíkar rannsóknir. Og eins og þær eru kannski að benda á í bréfinu, Þórunn Eyfjörð og Helga Ögmundsdóttir, hlýtur vissulega að vera fýsilegra fyrir slíka menn að fjárfesta í fyrirtækinu sem hefur sérleyfi. Verið er að færa þessu fyrirtæki ansi mikið umfram aðra og það gerir öðrum erfiðara fyrir um að fjármagna rannsóknir sínar með styrkjum eins og gert hefur verið hingað til. Allt tal og allar fullyrðingar um það eins og hafa heyrst í umræðunni að þetta megi á engan hátt skerða vísindafrelsi eða möguleika annarra til að nýta sér upplýsingar til að stunda rannsóknir sínar þykir mér fráleitt og ég spyr þá bara: Hvað eru fjárfestarnir, sem fjárfesta í Íslenskri erfðagreiningu og eru tilbúnir að leggja í það alla þessa milljarða, þá að kaupa?

Í bréfi Jórunnar Eyfjörð og Helgu Ögmundsdóttur er einnig bent á það að átt hafi sér stað mikil umræða að undanförnu, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, um siðfræði lífvísinda og að umræðan hafi einkennst af áherslu á rétt sjúklings til að hafa áhrif á notkun upplýsinga sem hann hefur gefið í lækningaskyni. Þær benda á að samþykkt hafi verið hér lög um réttindi sjúklinga. Þá var m.a. tekin afstaða til þess á Alþingi og Alþingi komst að þeirri niðurstöðu að sjúklingar ættu upplýsingarnar og það er reyndar líka athyglisvert innlegg inn í umræðuna. Það má því spyrja: Hver á upplýsingarnar og hver hefur heimild til að ráðstafa þeim?

Síðan benda þær á að frv. stangist í verulegum atriðum á við þessi lög og að við meðhöndlun persónu- og heilsufarsupplýsinga skipti trúnaður meginmáli. Þær hvetja til þess að Alþingi bregði ekki með þessu frv. fæti fyrir þá vísindastarfsemi sem fyrir er í landinu og brjóti niður það traust sem byggt hefur verið upp á milli sjúklinga og heilbrigðisstofnana og á milli almennings og vísindamanna.

Það bréf sem ég vitna í er ekkert einsdæmi. Það er ekkert einsdæmi um skoðun vísindamanna og þeirra sem hafa unnið með heilbrigðisupplýsingar á hinum ýmsu sviðum, hvort sem það hefur snert persónuverndina, hvort sem það eru læknar, erfðafræðingar eða hvað sem við nefnum. Fólk sem starfar uppi í háskóla og hefur unnið við rannsóknir er meira og minna mjög ósátt við þetta frv. Einhver dæmi eru um annað en mikill meiri hluti fólks sem hefur unnið í tengslum við þessi mál virðist vera á móti þessu. Ég kaupi það nú ekki, eins og látið hefur verið að liggja í umræðunni, að það sé af tómri öfund og vegna þess að frv. ógni hagsmunum þeirra. Ég kaupi ekki slík rök að það sé ástæðan fyrir mótmælum þeirra.

Á það hefur líka verið bent, og ég vil taka undir það, að aðrar leiðir hafa ekki verið skoðaðar nægilega vel í þessu frv. Aðrar leiðir hafa allar verið ræddar í skugga þessarar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að því er virðist vegna þess að ég skil það þannig að búið sé að taka ákvörðun um að veita þessu tiltekna fyrirtæki þetta sérleyfi. Þó að ekki hafi verið tekið fram í samningi sem þetta fyrirtæki gerði t.d. við stórt erlent lyfjafyrirtæki að svo væri — enda þykir það nú vart viðeigandi vegna þess að Alþingi á eftir að veita samþykki sitt — þá var hæstv. forsrh. viðstaddur undirritun þessa stóra samnings. Stimpill ríkisstjórnarinnar var því greinilega á þessum samningi. Ég tel það bara staðfesta að það sem hefur verið talað um og m.a. kynnt af forsvarsmönnum fyrirtækisins, að fyrir lægju þreifingar við ríkisstjórnina um að koma á miðlægum gagnagrunni, væri rétt, það væri staðfesting þess. Ég gat ekki skilið nærveru hæstv. forsrh. við undirritun samningsins öðruvísi en að svo væri.

Þá hefur líka verið bent á það, bæði af aðilum heima og eins erlendis, að hugsanlega feli frv. í sér brot á ýmsum alþjóðasáttmálum auk þess sem það sé siðferðilega óverjandi.

Ég kem þá aftur að því sem snertir vísindafrelsið og aðstöðu annarra vísindamanna gagnvart þessum sérleyfishafa. Ég bendi t.d. á að í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því að í þeirri nefnd sem á að fjalla um aðgang annarra vísindamanna og ákveða hvort aðrir vísindamenn fái að komast þarna að, á einn nefndarmanna að vera skipaður af rekstrarleyfishafa. Öðrum vísindamönnum er sem sagt boðið upp á að leggja fyrir þessa nefnd hugmyndir sínar og þar situr einn af fulltrúum rekstrarleyfishafa sem getur þá væntanlega greint rekstrarleyfishafa frá því hvaða hugmyndir aðrir vísindamenn eru með og að hvaða hugmyndum þeir séu að vinna. Þetta er bara til að benda á hve fráleit staða annarra vísindamanna er gagnvart þessum sérleyfishafa, þessu óskabarni ríkisstjórnarinnar.

Faghópar erlendis frá hafa einnig varað við frv. Á það var bent í umræðunum í gær að komið hefði viðvörun til dómsmrh. frá Evrópunefnd um persónuvernd sem í sitja allir helstu sérfræðingar Evrópu á þessu sviði hvað varðar persónuvernd. Þeir vöruðu mjög við því að þarna væri ekki nægilega vel staðið að persónuverndinni. Borist hafa bréf og ábendingar frá samtökum norrænna lækna og frá fjölmörgum sérfræðingum bæði á sviði heilbrigðisvísinda og eins á sviði persónuverndar. Við hljótum að hlusta á þessi rök líka í umræðunni. Ég trúi því ekki að allt hið alþjóðlega vísindasamfélag sé líka bara öfundsjúkt út í sérleyfishafa og það sem ríkisstjórnin ætlar að veita honum. Ég verð að efast stórlega um það.

Ég hef skoðað þetta mál nokkuð vel og sérstaklega eftir að þessi síðasta útgáfa frv. kom út hef ég reynt að skilja út á hvað þessi hugmynd gengur. Ég hef skoðað frv. sjálft sem er náttúrlega fyrst og fremst það sem við þingmenn verðum að byggja afstöðu okkar á. Ég hef skoðað það sem fyrirtækið, sem á að vera hið útvalda fyrirtæki sem væntanlega verður sérleyfishafi, hefur sent frá sér til fjárfesta sinna um það hvaða hugmyndir þeir eru að selja fjárfestum sínum til að fá þá til að fjárfesta í fyrirtækinu. Svo hef ég náttúrlega skoðað grg. með frv. og þannig reynt að átta mig á því hvert sé raunverulegt viðfangsefni þessa frv., vegna þess að mér þykir það mjög óljóst eins og frv. liggur fyrir, og kannski ekki síður hver sé ávinningurinn, hvað geri það að verkum að fjárfestar séu tilbúnir að leggja í þetta gríðarlega mikla fjármuni. Eftir því sem ég skoða þetta betur og reyni að tengja þetta saman verður myndin einhvern veginn óskýrari. Ég verð að segja það. Þá erum við ekki að tala um þetta með persónuverndina, þá fúnu stoð sem ég vil segja að öll þessi hugverkasmíði byggi á.

Okkur er sagt að inn í heilsufarsupplýsingagrunninn fari bara tölur. Það sem stendur í upplýsingum til fjárfesta er um sérstöðu fyrirtækisins og þær einstöku aðstæður, sem eru að mörgu leyti á Íslandi og við höfum öll heyrt í umræðunni um einsleitni þjóðarinnar, og er það sem notað er til að laða að fjárfesta. Enn fremur að hér sé einstaklega vel haldið til haga heilsufarsupplýsingum, hér sé einstök skráning ættfræði og ætta landsmanna langt aftur í aldir og síðan er bent á að hér sé líka til alveg einstakt lífsýnasafn.

Ættfræðiupplýsingarnar og öll sú umfjöllun er ekki lengur til umfjöllunar í þessu frv. þannig að ég geri ráð fyrir því að það sé litið svo á að heimilt sé að safna þeim upplýsingum sem fyrirtækið er að safna um ættfræðina og ég hef m.a. lesið um í greinum þar sem forsvarsmenn fyrirtækisins greina frá því að þeir séu búnir að vera að skrá þessar upplýsingar um ættir allra landsmanna langt aftur í aldir. Þær upplýsingar eru að því er mér skilst — og ég hef séð mynd á tölvuskjá þar sem stendur „leit að einstaklingi“ og það er allt saman undir nafni og hægt að fá fram ættartrén eins og þau eru.

Hvað varðar heilsufarsupplýsingarnar er okkur sagt að bara eigi að setja inn tölur þannig að aldrei verði hægt að rekja þetta til einstaklinga. Ekki er gert ráð fyrir að frv. nái til lífsýna. Ekki er hægt að rekja þetta til baka til einstaklinga, eins og var dregið fram í umræðunni í gær, sem þýðir að ekki er hægt að nota þessar upplýsingar til að vara einstaklinga við ef þeir eru haldnir hættulegum sjúkdómum eða taka þá inn í einhverja læknismeðferð. Ég verð að segja eins og er að þetta allt saman stenst ekki vegna þess að í upplýsingum til fjárfesta sé ég ekki betur en að gert sé ráð fyrir að það sé einmitt hægt að krosskeyra þessi gögn á alla kanta. Lífsýnin, sem samkvæmt frv. sem nú liggur fyrir frá hæstv. heilbrrh. er litið á sem persónuupplýsingar, eru öll persónutengd og það þarf að leita eftir upplýstu samþykki til þeirra sem eiga þau. Ég sé því ekki að þetta stemmi, þ.e. annars vegar frv. eins og það hljóðar nú og miðað við þær skýringar sem forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa gefið á frv. og út á hvað þessi hugmynd gangi, og hins vegar það sem stendur í upplýsingum til fjárfesta. Eitthvað í þessu gengur hreinlega ekki upp, herra forseti.

Ég spyr líka, og þá brestur mig kannski skilning til að átta mig á því þar sem ég hef ekki sérfræðiþekkingu á þessu sviði: Ef það á að keyra þetta þrennt saman, er persónuverndin þá tryggð? Ef ekki á að keyra þetta saman, hvert er þá verðmætið í þessu dæmi fyrir Íslenska erfðagreiningu eða fjárfesta? Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki á því enn þá og ég vona að einhver geti útskýrt það í umræðunum á eftir. Þegar upp er staðið sé ég ekki neina glóru í þessu máli fyrir nokkurn mann, þeim mun betur sem ég skoða þetta mál.

Ég vil líka spyrja: Eigum við að taka þá áhættu sem felst í því að gera miðlægan gagnagrunn? Við verðum líka að athuga það að við erum ekki aðeins að taka áhættu fyrir okkur heldur líka fyrir niðja okkar. Á það hefur verið bent að engin dulkóðun sé svo örugg að ekki sé hægt að brjóta hana. Í ljósi þess að tölvutækni fleygir fram og í ljósi þess að tjónið verður óbætanlegt ef — ef það gerist einhvern tíma að hægt er að brjóta kóðann.

Í viðtali við Læknablaðið fullyrðir Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir að áhættan sem sjúklingum stafi af miðlægum gagnagrunni á heilbrigðssviði sé meiri en hugsanlegur ávinningur af honum og reyndar hefur Geðhjálp varað mjög við því að þetta verði framkvæmt og bent á að persónuverndin sé ekki nægilega trygg þrátt fyrir alla kóða. Ólafur segir í þessu viðtali að hann sé sannfærður um að slíkur upplýsingabanki mundi innihalda ómetanlegar upplýsingar en niðurstöður rannsókna sem unnar yrðu eftir úr gögnum úr honum yrðu undir áhrifum kaupandans og nýttar samkvæmt óskum hans. Hann bendir á í þessu viðtali að tilgangur læknavísinda sé fyrst og fremst sá að verða sjúklingum að gagni og það hafi ekki tíðkast að hefta aðgang að niðurstöðum. Þvert á móti sé tilgangur vísindanna að sem flestir njóti afrakstursins og sem fyrst. Hann reyndar efast líka um sérleyfið í sjálfu sér.

En hvað er það sem gerir þessa hugmynd um miðlægan gagnagrunn betri, umfram t.d. dreifða gagnagrunna, sem t.d. ég og margir fleiri telja að sé miklu vænlegra? Hvað er það sem gerir þá í sjálfu sér eitthvað hættulegri eins og bent hefur verið á? Nú koma oft fram þau rök að þessar upplýsingar liggi alls staðar fyrir og það sé jafnmikil hætta í dag og verði eftir tilkomu miðlægs gagnagrunns að þessar upplýsingar liggi einhvern tíma frammi.

Í þessu sama Læknablaði er grein eftir Þorgeir Örlygsson, sem er helsti sérfræðingur okkar á sviði persónuverndar í lögfræði. Þorgeir er jafnframt formaður tölvunefndar og ég treysti honum best Íslendinga til að kenna mér eitthvað um það sem snýr að persónuvernd á sviði lögfræði. Hann segir m.a. að miðlægir gagnagrunnar séu „taldir varhugaverðir vegna þeirrar hættu sem getur verið samfara stofnun þeirra og starfrækslu. Er því ákveðin tilhneiging í löggjöf til þess að sporna við myndun þeirra og byggja á því sem grundvallarreglu að viðkvæmar persónuupplýsingar beri að varðveita þar sem þær verða til og að þær beri fyrst og fremst að

hagnýta í þeim tilgangi sem var upphaflegur með söfnun þeirra og skráningu."

Þetta er eitt lykilatriði. Þó að við gerum þetta kóðað fram og til baka þá er grundvöllurinn að þessu viðkvæmar persónuupplýsingar. Síðan segir hann:

„Miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði er annars eðlis en sakaskráin." — Hann var að bera þetta saman við sakaskrána. — „Hann tengir saman upplýsingar sem til verða annars staðar og *í ákveðnum tilgangi, sem yfirleitt tengist* þjónustu við þá einstaklinga sem upplýsingarnar varða, og myndar úr þeim einn allsherjargagnagrunn. Hann gerir það kleift að kortleggja einstaklinginn, það er að ná fram ákveðinni heildarmynd af þeim einstaklingum sem skráningin nær til, heildarmynd sem viðkomandi gat alls ekki átt von á að hægt væri að ná fram þegar hann gaf upplýsingarnar *á hinum* mismunandi stöðum."

Síðan segir: „Það er og hefur lengi verið eitt helsta meginmarkmið vestrænnar löggjafar um persónuvernd að sporna við því að hægt sé að ná fram slíkri heildarmynd af þegnum þjóðfélagsins. Það er gert með því að banna í lögum samtengingu viðkvæmra persónuupplýsinga, nema í algjörum undantekningartilvikum og að undangengnu umfangsmiklu hagsmunamati, þar sem aðaláherslan liggur á því að tryggja að einstaklingshagsmunir séu ekki fyrir borð bornir."

Mér þótti ástæða til að draga þetta sérstaklega fram vegna þess að ég heyri allt of oft þau rök til varnar þessari hugmynd að upplýsingarnar séu hvort sem er alls staðar til og ekkert mál að fá þær. En í allri umfjöllun, lagasmíð og í öllum alþjóðasáttmálum eru það viðurkennd rök að persónuverndinni stafi meiri ógn af miðlægum grunnum en dreifðum grunnum.

Segja má að ýmislegt hafi skilað sér í þessari umfjöllun frá því í vor og hefur kannski sannast að sú umræða sem hefur átt sér stað í sumar er mjög mikilvæg. Ég held þó að enn skorti töluvert á. Við eigum eftir að fá svör við ákveðnum spurningum, við byggjum þetta frv. á allt of fúnum stoðum og höfum ekki gefið öðrum hugmyndum nægilegan gaum.

Eins er full ástæða til að gjalda varhug við og hlusta á þær ábendingar sem komið hafa frá útlöndum. Þó við Íslendingar séum færir um að meta þetta á okkar forsendum þá verðum við að gera það í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við teljum okkur bundna af. Ég vil grípa niður í viðtal sem tekið var við Ólaf Ólafsson landlækni. Þar segir hann frá norrænum fundi þar sem frv. heilbrrh. um gagnagrunn var kynnt. Landlæknir hefur ásamt fjölmörgum öðrum varað mjög við þessari hugmynd. Í þessu viðtali segir landlæknir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið sjálft vildu kollegar mínir lítið ræða og þótti sem þar færi viðkvæmt innanríkismál. Menn ræddu hins vegar almennt um gagnagrunna og það kom skýrt fram að miðlægur gagnagrunnur er ekki til umræðu hjá þeim. Þeir leggja höfuðáherslu á að upplýsingar um heilsufar séu í mörgum litlum gagnagrunnum en ekki eins stórum og lagt er til í fyrirliggjandi frumvarpi. Heilsufarsskrár eru lokaðar inni á opinberum stofnunum og ekki seldar á markaðssviði til einkafyrirtækja. Vissulega er sókn í það víðar en hjá okkur að fá að steypa heilsufarsupplýsingum saman. Það var reynt í Finnlandi en því var hafnað."

Þetta er athyglisvert þar sem því hefur verið haldið á lofti til varnar þessari hugmynd að hið sama hafi verið gert í Finnlandi en ég þekki það reyndar ekki mjög vel. Ég reyndi að kynna mér það í gærkvöldi eftir umræðuna hér og mér skilst að grunnurinn í Finnlandi sé annars eðlis, hann sé dreifður og í eigu ríkisins.

„Sömu sögu er að segja frá Noregi," — segir landlæknir — „þar leitaði lyfjafyrirtæki eftir upplýsingum úr sjúkraskýrslum frá ríkisspítölunum í Ósló og bauð í staðinn 100 millj. dollara styrk til vísindarannsókna. Eina skilyrðið fyrir styrknum, að fengnum upplýsingum úr sjúkragögnum, var að á viðkomandi deild yrði einungis ávísað lyfjum frá fyrirtækinu *næstu þrjú árin*. Þessu var alfarið hafnað þannig að umræða eins og hér hefur farið fram að undanförnu er einfaldlega ekki fyrir hendi á hinum Norðurlöndunum."

Reyndar tekur landlæknir fram að út úr einum fundarmanna hafi hrokkið: „Gud bevare os for den islandske epidemien." Það útleggst einhvern veginn þannig: Guð verndi okkur fyrir *hinum íslenska faraldri. Þannig* er talað um þetta mál á meðal vísindamanna víða erlendis. Ég tel að við eigum að hlusta á þetta og gefa okkur tóm til þess að skoða hvort ekki sé æskilegra að framkvæma frekar hugmyndina um dreifða gagnagrunna.

Eitt þeirra fyrirtækja sem hefur nefnt þá hugmynd er Urður, Verðandi, Skuld. Sú hugmynd þeirra *hvílir á ættfræði*grunni og gagnabanka með heilsufarsupplýsingum þjóðarinnar sem kallaður er dreifður eða aðskilinn grunnur. Munurinn er sá að í miðlægum grunni eru allar heilsufarsupplýsingar samtengdar og hægt að skoða þær í samhengi en í dreifðum grunni eru upplýsingarnar í hólfum, t.d. eins og hér er sagt, SÁÁ í einu og upplýsingar frá Krabbameinsfélaginu í öðru og enginn kæmist í allar upplýsingarnar í einu.

Í viðtali Morgunblaðsins við Bernhard Pálsson, einn af forsvarsmönnum Urðar, Verðandi, Skuldar og jafnframt prófessor við Kaliforníuháskóla í San Diego í Bandaríkjunum, bendir hann á að í dreifðum gagnagrunni sé minni hætta á að óviðkomandi fái aðgang. Hann ímyndar sér að auðveldara verði að taka afrit af miðlægum gagnagrunni en aðskildum. Hann bendir reyndar líka á það í viðtalinu að möguleikinn á afritun og því að brjóta dulkóða og annað séu viðfangsefni tölvufræðinga og vissulega er það svo. Ég held að það sé reyndar mjög erfitt fyrir þá sem ekki hafa sérþekkingu á því sviði að meta slíkt. Miðað við þá löggjöf sem víðast hvar gildir, að samkeyrslan og upplýsingarnar allar á einum stað séu meiri ógnun við persónuverndina en á dreifðum stöðum, er þessi hugmynd enn þá skemmtilegri en miðlæga kerfið.

Ég ræddi um upplýst samþykki í andsvörum í gær, og reyndar aðeins fyrr í ræðu minni í dag, og hvort það væri mögulegt. Ég fullyrði að með þessu frv. sé vikið frá meginreglum um rannsóknir á fólki. Siðareglum um rannsóknir á fólki hefur gjarnan verið skipt í fjóra flokka. Fyrsti flokkurinn lýtur að samþykki þátttakenda í rannsókninni og meginlögmálið er að þeir sem gangast undir rannsókn verði að gera það sjálfviljugir og hafa fulla vitneskju um eðli rannsóknarinnar, markmið hennar, framkvæmd sem og áhættuna sem henni fylgir. Í frv. er vikið frá þessu enda ekki talið hægt þar sem menn viti ekki hver endanleg markmið þessa grunns séu eða hvaða upplýsingar eigi að setja þarna inn. Það hefur líka verið talið meginatriði að þátttakendur hafi rétt til að draga samþykki sitt til baka á hvaða stigi rannsókna sem er. Annar flokkurinn lýtur að áhættuþættinum. Aðalreglan er sú að það sem vinnst með rannsóknum á mönnum þarf að vega meira en skaðinn sem þær kunna að valda, útiloka verður eftir megni alla óvissu og óþarfa áhættu. Þriðji flokkurinn varðar síðan faglega ábyrgð og hæfni þeirra sem framkvæma

rannsóknir á fólki og þarf ekkert að draga í efa hér. Allt snýst þetta um fólk. Jafnvel þó við gerum þessar upplýsingar ópersónugreinanlegar, þá er um að ræða rannsóknir á fólki og við verðum því að fara eftir þeim meginreglum sem gilda um rannsóknir á fólki. Það verður að segjast eins og er: Ætlunin er að fara á svig við meginreglur um rannsóknir á fólki. Ekki er talin þörf á að fyrir liggi klár rannsóknaráætlun til þess að fá aðgang að þessum upplýsingum eins og er í dag. Við verðum að gera þá kröfu, ef við ætlum á annað borð að vernda einstaklingana fyrir þeim hættum sem þeim getur stafað af rannsóknum á fólki, að þessar reglur verði virtar. Heilbrigðispólitíkin sem rekin er í þessu frv. er ekki að mínu skapi og ég held að áhættan sem þessi hugmynd felur í sér sé miklu meiri en svo að þess virði sé að framkvæma hana.

Varðandi þær forsendur frv., eins og látið hefur verið að liggja í umræðunni, að með þessari framkvæmd leggi Íslendingar lóð á vogarskálarnar þess að finna lækningu við öllum sjúkdómum sem hrjá mannkynið á næstu tíu árum eða hvað það nú er, þá efast ég stórlega um þær. Ég efast stórlega um að þetta sé rétt og að eðlilegt sé að menn gefi fólki slíkar gyllivonir.

Ég verð að ljúka máli mínu núna en ég kem því kannski seinna að sem ég hef fleira að segja um þetta mál. Ég vil bara ítreka að þau verðmæti sem talin eru felast í þessari hugmynd nýtast jafn vel með dreifðum gagnagrunnum og með miðlægum.

[11:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir mjög málefnalega ræðu þó að mínu mati sé frv. kannski frekar dökkt málað. Ég vildi hins vegar spyrja hv. þm. út í eftirfarandi. Hún sagði eftir því sem ég náði að frv. veitti sumum vísindamönnum forgang umfram aðra. Hv. þm. las upp úr bréfi frá Krabbameinsfélaginu að starfsemi félagsins yrði háð leyfum annarra.

Í 2. gr. frv. stendur að setja eigi upp einn gagnagrunn og hann er ekki til í dag en aðrir gagnagrunnar verði alveg undanskildir lögunum. Hvað breytist fyrir þá vísindamenn sem vinna við núverandi gagnagrunna? Þeir geta unnið með þá áfram alveg óbreytt. Hið eina sem breytist er að við bætist nýr grunnur sem þeir fá hugsanlega aðgang að en hugsanlega ekki. Eru þeir verr settir?

Þá talaði hv. þm. um einkaleyfið og hafði eitthvað á móti því. Hefur hv. þm. eitthvað á móti einkaleyfi á lyfjum sem greinilega hækkar verð á lyfjum? Hefur hann á móti t.d. höfundarrétti tónskálda og rithöfunda sem gerir það að verkum að það geta ekki allir notað þessi tónverk og ritverk eins og þeim dettur í hug? Þetta eru aðgerðir löggjafans til þess að vernda eign í hugverkum nákvæmlega eins og einkaleyfi á gagnagrunninum.

[11:12]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Tilvist samhæfðs gagnagrunns á heilbrigðissviði ógnar öðrum vísindamönnum sem starfa á sömu sviðum aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi, eins og ég reyndi að útskýra áðan, vegna þess að vitneskja hugsanlegra samstarfsaðila sem annars mundu vilja fjármagna t.d. rannsókn sem Krabbameinsfélagið byggði á sínum litla krabbameinsgrunni væri ekki jafnsjarmerandi fjárfesting meðan einn leyfishafi hefur hlotið náð fyrir augum ríkisstjórnarinnar og hefur grunn með öllum upplýsingum um íslensku þjóðina og er að gera kannski sömu rannsókn. Þess vegna ógnar þetta öðrum vísindamönnum. Auk þess er gert ráð fyrir því að aðgangur vísindamanna að grunninum sjálfum sé háður því að þeir séu ekki í samkeppni, að hann sé ekki að vinna á sama sviði og rekstrarleyfishafi. Forskotið er augljóst og ógnar þar af leiðandi hagsmunum annarra.

Til að svara seinni spurningunni verð ég að biðja þingmanninn að koma upp aftur svo ég geti átt færi á að svara honum í seinni athugasemd.

[11:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að þetta yrði ekki eins sjarmerandi fjárfesting. Þetta er sem sagt fjárfesting í dag. Einhverjir samstarfsaðilar Krabbameinsfélagsins græða á þeim rannsóknum sem þar eru unnar á mjög lágum launum. (**BH:** Fjármagnaðar.) Já, þær eru fjármagnaðar en verða ekki eins sjarmerandi fjárfesting. Nú þyrftu þeir væntanlega fara þá leiðina að borga Íslenskri erfðagreiningu fyrir upplýsingar. Telur hv. þm. að Krabbameinsfélagið sé ekki samkeppnishæft? Ég tel að þeir séu fullkomlega samkeppnishæfir við Íslenska erfðagreiningu í rannsóknum. Þeir hafa skilað frábæru starfi.

Svo vil ég spyrja aftur um einkaleyfið.

[11:15]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Krabbameinsfélagið er að sjálfsögðu samkeppnishæft að því leyti til að þar starfa jafnfærir vísindamenn og hjá Íslenskri erfðagreiningu. En á meðan það hefur bara lítinn grunn en eitthvert, ja ég vil segja eitthvert útvalið fyrirtæki hefur stærri grunn með meiri upplýsingum þá er það meira aðlaðandi fjárfesting.

Hvað varðar einkaleyfið og samlíkingu hv. þm. við einkaleyfi á lyfjum og hugverkum þá ógnar það ekkert vísindafrelsinu á neinn hátt. Þar er um það að ræða að það er búið að setja einhverja ákveðna þekkingu og vinnu og úr því verður eitthvert ákveðið hugverk. Það eru bara til lög um það sem heita einkaleyfalög. Þau leyfa ákveðið forskot sem er varið með einkaleyfi, og það er allt annars eðlis, það ógnar engum öðrum vegna þess að þar er verið að vernda eitthvað sem búið er að búa til.

[11:16]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur lagt áherslu á tvennt. Í fyrsta lagi að þar sem hægt sé að brjóta dulkóðaða grunna séu allar upplýsingar í þeim persónulegar. Einnig hefur hún lagt áherslu á að krefjast verði upplýsts samþykkis.

Mér finnst þetta óvarleg umræða, ekki vegna frv. um miðlægan gagnagrunn heldur vegna þess hve þessi ályktun hlýtur að hafa alvarlega afleiðingar fyrir heilsugæslukerfið í heild. Vegna þess að það er svo að upplýst samþykki er ekki meginreglan í notkun upplýsinga í rannsóknarskyni og það kemur mjög skýrt fram að upplýsingum til Krabbameinsfélagsins frá heilsugæslustofnunum er ekki safnað á grundvelli upplýsts samþykkis.

En menn verða að gera sér grein fyrir því hvaða afleiðingar þetta hefur í heild ef mann ganga fram í þessari harkalegu kröfu um upplýst samþykki og þeirri harkalega kröfu um að ekki megi líta á dulkóðaða grunna sem ópersónugreinanlegar upplýsingar.

[11:17]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fullyrti ekki að þessar upplýsingar væru persónugreinanlegar, ég sagði að mikil hætta væri á því. Það er það fyrsta.

Í öðru lagi hvað varðar upplýst samþykki og líka það sem ég hef komið inn á sem er að krafist sé samþykkis vísindasiðanefndar fyrir ákveðinni rannsóknaráætlun sem þarf að liggja fyrir áður en er farið er út í rannsóknir, það er meginregla. Upplýsta samþykkið er meginregla þegar verið er að vinna með persónuupplýsingar. (Gripið fram í.) Það er meginreglan.

Hvað varðar upplýsingar sem verið er að vinna með, sem ekki er fengið upplýst samþykki fyrir, þá er fengið leyfi heilbrigðisstofnunar eða þess læknis sem safnaði þeim. Það er þá væntanlega byggt á trúnaðarsambandi þeirrar stofnunar sem sjúklingurinn sækir til og hún ber þá ábyrgðina á því að afhenda þær frá sér.

Hérna erum við að gefa blankótékka á að afhenda allar upplýsingar og að þær séu notaðar í hverjum þeim tilgangi sem rekstrarleyfishafa hugnast. Mér finnst það bara einfaldlega allt of opið, allt of opinn og óútfylltur tékki.

[11:18]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að benda hv. síðasta ræðumanni á að t.d. til Krabbameinsfélagsins streyma upplýsingar frá nánast öllum sjúkrastofnunum landsins og þær upplýsingar eru notaðar í mjög athyglisverðum rannsóknum og mjög nauðsynlegum rannsóknum án þess að upplýst samþykki sé fengið.

Ef menn ætla sér að gera kröfuna um upplýst samþykki að meginreglu eru menn að gera mjög harkalega kröfu sem getur orðið til þess að þrengja alvarlega það svigrúm sem við höfum til þess að stunda þá heilsugæslu sem við stundum í dag. Ég vildi mælast til þess við hv. þm. að hann stilli kröfum sínum um þetta í eitthvert skynsamlegt hóf.

[11:19]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef sagt þetta mjög oft og ég ætla að segja það einu sinni enn, að fyrir rannsóknum, hvort sem þær eru gerðar á mönnum á vegum Krabbameinsfélags Íslands eða annarra liggja ákveðnar öryggiskröfur: Upplýst samþykki ef um er að ræða að verið er að vinna með persónugreinanlegar upplýsingar eða persónuupplýsingar og síðan þarf þetta að fara í gegnum vísindasiðnefnd og fá samþykki tölvunefndar áður en rannsóknaráætlun viðkomandi rannsóknar er samþykkt.

Hér er ekki verið að tala um það. Ekki er gert ráð fyrir því í frv. að gengið sé svo frá hnútunum. Þess vegna erum við að víkja fram hjá þeim reglum sem almennt gilda um þessi mál.

[11:19]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér dró hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir fram mikla ógn af miðlægum gagnagrunni og talaði um að dreifðir grunnar væru betri. Ég á mjög erfitt með að átta mig á þessum rökum. Ég vil lesa upp það sem þessir 15 prófessorar og lektorar í háskólanum skrifa nákvæmlega um þetta atriði en þeir segja að ljóst sé að miðlægur gagnagrunnur sé skilvirkari og hraðvirkari í notkun en dreifðir. Það er vandséð að dreifðir gagnagrunnar hafi kosti umfram miðlæga.

Ég spyr: Er ekki betra að hafa féð í einum hóp en í mörgum dreifðum hópum? Það er betra að passa þetta ef þetta er í einum miðlægum grunni.

Varðandi þá ógn sem vísindamönnum stafar af því að þessi miðlægi gagnagrunnur kemur, að ekki verði eins sjarmerandi að fjárfesta í t.d. rannsóknum sem eru ekki tengdar miðlæga gagnagrunninum, þá er þetta nú bara eðli framfara. Á maður t.d. að nota sömu rök gagnvart versluninni í landinu? Ef það kemur stór verslun þá er hún alveg hræðileg af því hún getur ógnað þeim minni verslunum sem fyrir eru? Mér finnst þetta ekki boðlegt.

[11:21]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég get líkt þessu við verslun í landinu. Mér þætti það ansi alvarlegt ef ríkisstjórn Íslands ætlaði að leggja til að Hagkaup eða Nýkaup fengi einkaleyfi af rekstri matvöruverslana á Íslandi, sérleyfi umfram aðra. Já, ég mundi mótmæla því harðlega.

Hvað það varðar að dreifðir gagnagrunnar séu ekki eins skilvirkir og þeir miðlægu þá er það alveg ljóst: að sjálfsögðu er verið að auka skilvirknina. En við megum ekki gera það á kostnað þeirrar áhættu sem því fylgir að það geti hugsanlega ógnað öryggi einstaklinganna og íslenskra borgara. Út á það gengur þetta.

[11:21]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru alveg ákveðin rök fyrir því einkaleyfi sem við erum búin að margfara yfir. Það er vegna þess hvað það kostar mikið að setja grunninn upp að þá er ekki hægt að halda því fram að hann verði settur upp nema það sé einhvers konar vernd á honum.

En að draga fram að það sé svo mikil ógn af þessu af því þetta sé stórt og mikið, að aðrir geti ekki þrifist þar við hliðina á, eru algjörlega óskiljanleg rök.

Varðandi persónuverndina, að ekki megi taka þessa áhættu, þetta sé áhætta fyrir öryggi borgaranna, minni ég á að í vor þegar við fórum yfir málið töldu fulltrúar tölvunefndar að hægt væri að verja persónuverndina með reyndar miklum tilkostnaði. Í dag erum við komin með miklu betra frv. Persónuverndin er miklu betur skilgreind þar þannig að fyrir mér er alveg tryggt að persónuverndin verður í lagi.

[11:22]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei heyrt tölvunefnd gefa einhvern stimpil á þetta frv. (**Gripið fram í:** Á fundi heilbrn.) Nei, hún gerði það ekki, ég sat á þessum fundum, hv. þm., og hún gaf engan stimpil á það. Hún sagði að hugsanlega væri hægt að tryggja þessa persónuvernd með miklum tilkostnaði og það vantaði mikið upp á að tölvunefnd sæi möguleika á því eins og starfsháttum hennar er háttað í dag.

En það er annað atriði í þessu. Það eiga nefnilega sömu rök við um þetta eins og mjög víða annars staðar í samfélaginu og ég spyr bara: Treystir þetta fyrirtæki sér ekki út í frjálsa samkeppni um gerð gagnagrunna og starfsrækslu? Af hverju treysta önnur fyrirtæki sér út í það? Fyrirtæki sem telja sig geta fjármagnað það, eins og Urður, Verðandi, Skuld. (Gripið fram í.) Nei, dreifðan gagnagrunn, og telja sig geta náð fram sama árangri. Virtir vísindamenn eru á bak

við þá hugmynd. Það eru líka viðskiptamenn með sérfræðiþekkingu á viðskiptasviðinu sem telja að þetta sé alveg eins mögulegt.

Það er vissulega rétt að skilvirknin er ekki eins mikil. En ef við getum tryggt öryggið betur með þessari hugmynd og menn telja sig geta fjármagnað hana, af hverju ekki að reyna það?

[11:24]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir taldi vísindafrelsi ógnað með þessu frv. og vitnaði í bréf tveggja virtra vísindamanna. Það bréf var skrifað í vor. Frv. hefur tekið miklum breytingum síðan það bréf var skrifað.

Ég legg áherslu á að frv. fjallar eingöngu um gerð miðlægs, ópersónutengds gagnagrunns og sá gagnagrunnur er viðbót við aðra gagnagrunna sem eru persónutengdir inni á stofnunum og verða það áfram. Áfram hafa vísindamenn sömu möguleika um aðgengi að upplýsingum sem færðar eru inni á stofnunum, eins og verið hefur. Þess vegna breytir frv. engu um það frelsi og aðgang að upplýsingum sem vísindamenn hafa í dag.

Ég leyfi mér að vitna í grg. með 9. gr. þar sem segir:

„Rétt er að undirstrika að aðgangur að þeim upplýsingum sem skráðar eru á einstökum stofnunum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum verður óbreyttur."

[11:25]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nefnilega þetta sem stendur í athugasemdum með grg., ýmsar fullyrðingar sem ég bara trúi ekki vegna þess að þær standast ekki miðað við ýmsar aðrar fullyrðingar sem fram koma. Það er nefnilega þannig. Talað er um að aðgangur verði óbreyttur en hvaða þýðingu hefur það á meðan menn eiga ekki sömu möguleika og áður á að fjármagna starfsemi sína vegna tilveru þessa miðlæga gagnagrunns sem eitt tiltekið fyrirtæki hefur sérleyfi fyrir? Hvers virði er þá að hafa óbreyttan aðgang að grunnum sínum eins og það var áður?

Hvað varðar þetta tiltekna bréf sem var vissulega skrifað í vor og ég ætla ekkert að fullyrða það svo sem að allt sem í því standi standist. En ég vil þó fullyrða að meginatriðin sem ég dró fram standist enn af hálfu þeirra vísindamanna sem þar töluðu en það á vissulega eftir að koma í ljós þegar heilbr.- og trn. fer að kalla til sín fólk vegna þessa nýja frv. En ég óttast því miður, herra forseti, að það sé ekki enn orðin sú sátt um þetta frv. og þessa hugmynd á meðal vísindamanna á Íslandi í dag eins og nauðsynleg er til þess að frv. nái tilgangi sínum.

[11:26]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til að efast um þær fullyrðingar sem eru í frv. að þessu leyti, um aðgengi vísindamanna að þeim upplýsingum sem eru í dreifðum gagnagrunnum inni á stofnunum, ég sé enga ástæðu til að efast um að það verði ekki óbreytt eins og verið hefur.

Mér finnst mjög sérkennilegt að það skuli verið að ala á tortryggni með þeim hætti sem þingmaðurinn gerði í ræðu sinni áðan.

[11:27]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær upplýsingar — mér þykir miður ef hv. þm. skilur það ekki — sem eru fyrir í aðskildu grunnunum sem eru til staðar í dag, þegar búið er að tengja þær við allar upplýsingar, heilsufarsupplýsingar íslensku þjóðarinnar, þá hlýtur sá grunnur að vera miklu, miklu verðmætari en litlu grunnarnir stakir. (**Gripið fram í:** So what?) So what? Þar með er þeim vísindamönnum sem hafa aðgang að sínum litlu grunnum haldið niðri. Og þeim gengur verr að ná í fé til að fjármagna sína starfsemi og ná í samstarfsaðila og annað. Þetta hafa þeir líka mjög margir bent á og ég tel enga ástæðu til að efast um að þeir viti hvað þeir eru að segja.

[11:28]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Við ræðum öðru sinni frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Sem betur fer bárum við gæfu til þess að fresta afgreiðslu málsins sl. vor því að að sjálfsögðu hefur komið í ljós að ýmislegt mátti betur fara og ég er sannfærð um að enn þarf að bæta þetta frv. mjög mikið til þess að það fullnægi lágmarksskilyrðum um stórvirki af því tagi sem hér um ræðir.

Hér er á ferðinni eitt af stærstu málum sem fram hafa á komið á Alþingi lengi, mál þar sem margvísleg sjónarmið takast á. Siðfræðilegum álitamálum, mögulegri framþróun í vísindum og þekkingarsköpun er teflt fram gegn mögulegum viðskiptahagnaði sem kemur vonandi ekki bara til þess sérleyfishafa sem um ræðir heldur einnig til íslensku þjóðarinnar. Mér finnst álitamál hvort er geggjaðri hugmynd að samþykkja frv. og heimila þennan miðlæga gagnagrunn á heilbrigðissviði eða að hafna frv. og tilheyrandi möguleikum þó að ljóst sé að vísindalega væri líklega hægt að ná svipuðum markmiðum með dreifðum gagnagrunnum sem fengjust samtengdir út frá skilgreindum rannsóknarspurningum. Það er einmitt þetta, þessi verulegu álitamál sem kalla fram mjög sterk viðbrögð á báða bóga. Ég hef fylgst af mætti með umræðum um gagnagrunninn, fyrst í heilbr.- og trn. sl. vor og síðan í sumar og haust og ég mun sem betur fer fá tækifæri til að fylgja málinu eftir í nefnd núna á þessu hausti.

Herra forseti. Ég kom með opnum huga að málinu og sé ýmislegt sem enn má betur fara þrátt fyrir að ýmsar umbætur hafi verið gerðar frá því sl. vor. Sjálf hef ég ekki tekið endanlega afstöðu til frv. en mun í þessari umræðu benda á atriði sem enn eru óljós og gagnrýniverð. Óskastaðan væri sú að þessu máli mætti koma þannig fyrir að öll góðu og æskilegu markmiðin næðust, t.d. að persónuvernd yrði tryggð, sem ég tel líklegt að takist með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til. Að sjálfsögðu eru til skúrkar og þeir munu alltaf verða til, því miður.

Í öðru lagi væri æskilegt að það tækist að stuðla að fleiri möguleikum til þekkingarsköpunar í þeim tilgangi að efla heilbrigiðskerfið og til að efla framþróun vísindanna.

Í þriðja lagi væri óskandi að það tækist að stýra framþróun vísindanna á þessu viðkvæma sviði þannig að tryggt verði að aldrei verði farið út fyrir það sem telst siðferðilega ásættanlegt að mati færustu manna og vísindasiðanefnda. Enn er þetta atriði ótryggt þar sem sérleyfishafinn á að geta stundað rannsóknir án þess að nokkur slík leyfi komi til.

Í fjórða lagi væri æskilegt að hér tækist að skapa fjölmörg störf fyrir háskólamenntað fólk, störf sem gefa vel af sér, góð laun þannig að menntun fólksins gefi þann arð sem ætlast er til.

Fimmta æskilega markmiðið er að þjóðinni sjálfri takist að nýta sér efnahagslega þessa óvæntu auðlind. Já, ég segi óvæntu auðlind því að það er tækniþróunin á sviði tölvumála sem skapar hana. Kári Stefánsson margumræddur má eiga

það að hafa bent þjóðinni á möguleikann, enda talar hann sjálfur um brotajárnsvinnu, þ.e. að ætlunin sé að endurvinna fyrirliggjandi upplýsingar sem heilmiklu hefur verið kostað til við að safna nú þegar.

Til að þjóðin njóti beint ágóðans af þessari auðlind verður að vera ákvæði í frv. um að ríkið njóti efnahagslegs ávinnings í ákveðnum hlutföllum við sérleyfishafann. Hæstv. heilbrrh. er hlynnt því að þjóðin fái hlutdeild í væntanlegum ágóða samkvæmt Morgunblaðinu í dag Ég vil því spyrja hæstv. heilbrrh. hvers vegna slíkt ákvæði er ekki í frv., samanber athugasemd í þá veru með 5. gr. frv. Ég vil geta þess að Kári Stefánsson sagði á fundi með okkur, þingmönnum stjórnarandstöðunnar, að hann væri sjálfur hlynntur því að deila ágóðanum með þjóðinni en mótfallinn því að setja það inn í frv.

Hvernig ber að túlka slíkar undirtektir? Hvað á væntanlegur sérleyfishafi við? Á að taka það trúanlegt að hann vilji deila þessum ágóða ef hann er á móti því að setja það í frv.? Hvað ef þessi sérleyfishafi ákveður eftir nokkur ár að draga sig út úr fyrirtækinu og selja fyrirtækið? Samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri erfðagreiningu eiga íslenskir lífeyrissjóðir og fleiri aðilar 52% í fyrirtækinu, í deCODE Genetics, þ.e. móðurfyrirtækinu, og 48% eru í eigu erlendra fjárfesta. Mér hefur ekki tekist að sannreyna þessar tölur en mér finnst umhugsunarvert hvort sú staða gæti komið upp að sérleyfishafinn gæti selt íslensku þjóðinni aftur þessa auðlind?

Í 15. gr. frv. er tekið á sviptingu rekstrarleyfis en atriðið sem ég gerði hér að umtalsefni er ekki nógu skýrt. Í þessu sambandi vil ég líkja þessu við aflaheimildirnar sem færðar voru útvegsmönnum á silfurfati á sínum tíma og nú hafa komið fram hugmyndir um að bjóða landsmönnum að kaupa þessa auðlind aftur á markaðsverði.

Í framhaldinu má velta því fyrir sér hvers vegna íslenska ríkið ræðst ekki sjálft í þessa framkvæmd og fjárfestir í auðlindinni í stað allra þeirra fjárfestinga sem það hefur lagt í, t.d. á hálendinu, og fjárfest þannig í atvinnustefnu fortíðarinnar. Ef ríkið ætlaði út í slíka framkvæmd þyrfti að sjálfsögðu að liggja fyrir mun skýrari kostnaðar- og hagnaðargreining og skýrari upplýsingar um hvað eigi að fara inn í grunninn og hvað eigi að koma út. Ég er ósátt við, herra forseti, að veita einum aðila sérleyfi þó að ég viðurkenni jafnframt að líklega sé það nauðsynlegt til þess að fjárfestar fáist til að borga háar upphæðir fyrir viðkomandi upplýsingar. Ef þetta sérleyfi er nauðsynlegt þá fyndist mér mun æskilegra að það væri í eigu íslensku þjóðarinnar eða Háskóla Íslands.

Kostnaðurinn er auðvitað mikill, á það hefur verið bent, en það er að mínu mati meginókosturinn við frv. þeirra Guðmundar Árna Stefánssonar og fleiri sem hér verður rætt nánar á eftir. Þess vegna finnst mér þáltill. þingflokks óháðra ekki óskynsamleg því að mörgu leyti er í þessu stjfrv. byrjað á öfugum enda. Ég stórefast um, ef við mundum byrja á þessu máli frá grunni að nýju, að við mundum enda með frv. eins og það sem hér liggur fyrir.

Ég er á því, herra forseti, að ef ná ætti þeim fimm góðu markmiðum sem sveima yfir vötnunum og laða fólk að hugmyndinni þá þurfi margt að breytast í frv. en ég efast jafnframt um að hægt sé að ná öllum þessum markmiðum. Það er vandinn. Einhverju verður að fórna og spurningin er hversu mikla áhættu við erum tilbúin að taka. Hvað á að ráða?

Herra forseti. Það hefur vakið athygli mína hversu sterk viðbrögð hafa verið á báða bóga við hugmyndum þeim sem um ræðir í frv., einkum hversu sterk viðbrögð hafa komið fram hjá læknum og fleiri heilbrigðisstéttum. Fróðlegt væri að greina hvers vegna þessi viðbrögð eru svona sterk. Þar kemur margt til, m.a yfirvofandi ógnun á trúnaðarsambandi læknis og sjúklings en ekki síst valdatogstreita um aðgang að og yfirráð yfir heilbrigðisupplýsingum, t.d. til vísindarannsókna.

Að sjálfsögðu er ekki boðlegt fyrir aðra vísindamenn að geta eingöngu notað grunninn með því að leggja vísindatilgátur sínar undir nefnd þar sem sérleyfishafi á fulltrúa og að þeir geti ekki markaðssett vísindaniðurstöður sínar ef þær skerði ábata sérleyfishafans. Þetta atriði er enn inni í frv. og því er ekkert skrýtið að læknar og vísindamenn á þessu sviði sætti sig ekki við það. Þetta varðar bæði frelsi til hugverka og frelsi til að hagnast af eigin hugmyndum og rannsóknum.

Ég tek því undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og fleirum. Hann talaði í gær um að æskilegt væri að vísindasiðanefnd ætti fulltrúa í aðgangsnefndinni sbr. 9. gr. frv., þó að ljóst sé að sérleyfishafi hljóti að þurfa að tryggja sína hagsmuni. Ég sé því ekki hvernig hægt er að leysa þetta mál svo viðunandi sé fyrir báða aðila.

Fyrsta grundvallarspurningin, sem ég hef ekki enn þá fengið svar við, er hvort réttlætanlegt sé að búa til miðlægan grunn fyrir heila þjóð, sem kannski verði notaður til langrar framtíðar í heimi vísindanna. Allur heimurinn kæmi til með að þekkja þjóðina í búrinu og ýmsa eiginleika okkar, sjúkdómamynstur og erfðaeiginleika. Þessu fylgir m.a. sú áhætta að við verðum þekkt sem þjóðin með þetta sjúkdómsfyrirbæri eða hitt. Slíkt gæti komið niður á Íslendingum almennt, t.d. hjá tryggingarfyrirtækjum erlendis. Við þekkjum sögur, t.d. af Ashkenazy-gyðingum, af þessum toga frá Bandaríkjunum.

Þó íslenska þjóðin sé að mörgu leyti ákjósanleg sem viðfangsefni fyrir grunn af þessu tagi vegna erfðafræðilegrar einsleitni, smæðar, einangrunar og góðs heilbrigðiskerfis, þá var það sama sagt árið 1994 um Frakka þegar annað bandarískt fyrirtæki, Millenium Pharmaceuticals, var með stóráætlanir í samvinnu við franska vísindamenn um að kortleggja kortleggja DNA frönsku þjóðarinnar. Þar voru líka á ferð virtir prófessorar frá Harvard og MIT. Þá var talað um að þetta væri stórkostlegt tækifæri fyrir frönsku þjóðina til þess að leggja sitt af mörkum í heimi vísindanna og viðlíka umræða og hér fór af stað.

En hvað gerðist? Franska ríkisstjórnin stöðvaði verkefnið. Ekki síst vegna þess að hin verðmæta þekking á franska erfðaefninu var að komast í eigu Bandaríkjamanna, úr höndum Frakka sjálfra og þeirra vísindamanna.

Í þessu samhengi skulum við hugleiða hvað er að gerast hér. Íslensk erfðagreining er dótturfyrirtæki deCODE í Bandaríkjunum en samkvæmt upplýsingum frá Íslenskri erfðagreiningu eiga íslenskir lífeyrissjóðir, eins og ég sagði áðan, 52% af hlutafé. Erlendir áhættufjárfestar eiga 48%. Ég hef ekki fengið tækifæri til að sannreyna þessar tölur en þær sýna ótvírætt að það er engin trygging fyrir íslenskum yfirráðum yfir þessari þekkingu, a.m.k. ekki að íslenskir vísindamenn hafi yfirráð yfir þessari þekkingu.

Þó fyrirtækið sé staðsett á Íslandi er ekki lengur gerð sú krafa að um íslenskan lögaðila sé að ræða. Það er réttlætt með skírskotun til EES-reglna sem vel má vera rétt, en mér virðist sem við ætlum að afhenda alheiminum þessar upplýsingar. Íslendingar standa kannski aðeins betur að vígi

en bandarískir vísindamenn. Þeir þurfa eingöngu að greiða fyrir keyrslur og ekki fyrir bein afnot að öðru leyti, nema ef einhver hagnaðarvon er í spilinu, þá þurfa þeir væntanlega að fara sömu leið og erlendir fjárfestar.

Mig langar, herra forseti, að koma nánar að nokkrum atriðum í einstökum greinum. Strax í 1. gr. frv. kemur fram grundvallaratriði sem allt frv. byggir á en er þó umdeilt, að um sé að ræða gagnagrunn með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum. Þetta er grundvallaratriði vegna þess að ef grunnurinn væri persónugreinanlegur þyrfti upplýst samþykki, eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu, hvers eins og einasta lifandi sjálfráða Íslendings. Það er hins vegar ekki nauðsynlegt samkvæmt alþjóðasáttmálum ef um ópersónugreinanleg gögn er að ræða.

Í því sambandi vil ég nefna nokkuð sem kom fram á fundi okkar í þingflokkum stjórnarandstöðunnar. Ef grunnurinn er misnotaður er fólk hugsanlega verr sett ef um upplýst samþykki er að ræða. Þar með hefði viðkomandi gefið opinn passa á notkun á upplýsingum um sig. Eins og fram kom hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur áðan og einnig hefur komið fram hjá Vilhjálmi Árnasyni siðfræðingi, er mjög erfitt að beita upplýstu samþykki á þennan grunn meðan svo óljóst er með upplýsingarnar, hvað fara á inn og koma á út. Það er því grundvallaratriði því að hér sé um ópersónugreinanlegan grunn að ræða og þá þarf ekki upplýst samþykki.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir margföldu dulkóðunarkerfi í þessu frv. er því enn haldið fram, m.a. af sérfræðingum eins og Ross Anderson sem hér var á ráðstefnu um helgina, að þessi grunnforsenda sé ekki nægjanlega traust. Hann telur að auðvelt sé að finna skilgreindan hóp einstaklinga í slíkum grunni. Þetta verður að vera alveg skýrt. Það mun því krefjast töluverðrar vinnu, finnst mér, í hv. heilbr.- og trn. að fá það á hreint hvort þessi grundvallarforsenda er nógu traust eða ekki.

Ég verð að segja, herra forseti, að rök Ross Andersons sannfærðu mig ekki. Vissulega verða til skúrkar í þessu kerfi, aðilar sem hugsanlega vinna við þetta og munu reyna að misnota það en það eru takmörkuð rök fyrir því að kerfið sé ekki pottþétt. Ég tel því að tryggasta leiðin til að taka á því sé að setja, samhliða þessu frv., nýja löggjöf um bann við misnotkun á heilbrigðisupplýsingum og persónulegum upplýsingum í tölvukerfum yfirleitt. Hæstv. heilbrrh. hefur boðað slíka löggjöf en að mínu mati er óábyrgt annað en afgreiða slíka löggjöf samhliða þessu frv.

Siðfræðingar hafa bent á að öryggi ákveðinna hópa sé ekki tryggt í grunninum. Það má biðja um útkeyrslu á tíu eða fleiri einstaklingum og í því sambandi hafa sérstaklega verið nefnd dæmi eins og nýbúar á Íslandi eða ákveðnar starfsstéttir. Einnig má velta því fyrir sér hvort því fylgi ákveðin stimplun að heimila ekki, sem er leyfilegt samkvæmt þessu frv., að gögn um mann fari inn í grunninn. Slíkur listi, þótt hann verði dulkóðaður, á að liggja fyrir á öllum heilbrigðisstofnunum og þeir sem vinna með þann lista, þ.e. koma gögnum úr sjúkraskýrslum inn í grunninn, hafa aðgang að þeim nöfnum. Því má velta því fyrir sér hvort þeir sem óska eftir að gögn um þá fari ekki inn í grunninn, t.d. þeir sem þjást af viðkvæmum sjúkdómum, kynsjúkdómum eða geðsjúkdómum, fái á sig vissan stimpil með því að vera á þessum lista. Þetta tel ég umhugsunarvert atriði.

Svo ég fjalli áfram um 1. gr. frv. er markmiðið með grunninum að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla þjónustu. Þetta markmið er sett fram á annan hátt í markaðssetningu fyrirtækisins Íslenskrar erfðagreiningar erlendis, eins og fram kom m.a. hjá Bryndísi Hlöðversdóttur. Því má ætla að væntingar erlendra fjárfesta og Íslendinga geti stangast á með ófyrirséðum afleiðingum. Ekki er nógu ljóst hvað á að selja, hvað á að fara inn í grunninn og hvað á að koma úr honum.

Bæði í 6. og 7. lið í 3. gr. frv., um skilgreiningar, er áhersla lögð á erfðafræðilegar upplýsingar. Þó er ekki ljóst hvaða erfðafræðilegu upplýsingar eigi að fara inn í grunninn. Skv. 2. gr. t.d. taka lögin ekki til vörslu, meðferðar eða aðgangs að lífsýnum, eingöngu upplýsinga úr sjúkraskýrslum. Í sjúkraskýrslum er hins vegar oft að finna upplýsingar um foreldra viðkomandi eða ættingja.

Við þetta bætist að síðar getur sérleyfishafi, þó að það taki ekki til þessa frv., bætt við gögnum samkvæmt leyfi tölvunefndar. Það getur vel verið að síðar komi til þess að lífsýnum verði hleypt þarna inn, að heimilt verði að rannsóknir og alls konar erfðafræðilegar upplýsingar fari þarna inn. Á því er ekki tekið í þessu frv. og því er mjög óljóst um hvað við erum að tala hér þó að þetta frv. geri eingöngu ráð fyrir upplýsingum úr sjúkraskýrslum.

2. gr. frv. fjallar um gildissvið. Þar finnst mér ekki nægilega skýrt, herra forseti, hvað átt er við með að lögin taki ekki til gagnasafna vegna vísindarannsókna á einstökum sjúkdómum eða sjúkdómaflokkum. Þýðir þetta að öll rannsóknargögn á heilbrigðisstofnunum sem læknar, hjúkrunarfræðingar eða aðrar heilbrigðisstéttir stunda, fari ekki inn í grunninn? Mér finnst þetta ekki alveg skýrt. Talað er um vísindarannsóknir í tengslum við ákveðna sjúkdóma og ég vil fá það á hreint hvort fólki sem vinnur á heilbrigðisstofnunum er heimilt að vera algerlega sér með sín rannsóknargögn sem ekki verði færð inn í sjúkraskrár. Um leið spyr ég hvaða afleiðingar það hefur. Verður það ekki til þess að þau gögn sem fara inn í sjúkraskrár verði efnisminni en ella?

Í 4. gr. frv. er fjallað um veitingu rekstrarleyfis og greiðslur leyfishafa. Þar finnst mér orka tvímælis að ekki eigi að bjóða leyfið út, og veita eigi leyfið gegn málamyndagjaldi, þ.e. gjaldi til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu sérleyfisins. Að auki á sérleyfishafinn að kosta starf tveggja nefnda skv. 6. og 9. gr., eftirlit tölvunefndar og auðvitað að kosta uppsetningu grunnsins. Þær kostnaðaráætlanir sem fyrir liggja eru allsendis ófullnægjandi enda er alls ekki ljóst hvað fara á í grunninn. Meðal annars verður það háð leyfi lækna á viðkomandi heilbrigðisstofnunum og því ljóst að þessi grunnur verður ekki búinn til nema sátt verði um hann meðal lækna og heilbrigðisstarfsfólks yfirleitt. Hér finnst mér vanta skýr ákvæði um hlutdeild þjóðarinnar í ágóðanum þó að ýjað sé að slíku í grg. með 5. gr. eins og ég kem nú að.

5. gr. fjallar um skilyrði rekstrarleyfisins og þar er fjallað um veitingu einkaleyfis til sérleyfishafa til 12 ára sem vafalítið er einn umdeildasti þáttur þessa frv. Eins og ég sagði áðan finnst mér umræðan um það mjög svipuð umræðunni um meginauðlind þjóðarinnar, sjávarútveginn, þ.e. aflaheimildirnar. Einu fyrirtæki skal veitt sérleyfi gegn kostnaði án þess að tryggja að þjóðin fái nokkurn efnahagslegan ávinning af fyrirtækinu umfram skatttekjur, framlag til atvinnulífs, störf fyrir háskólamenntað fólk og hugsanlega eitthvað bætt heilbrigðiskerfi. Ef þessi hugmynd kemst á koppinn er gert ráð fyrir að hún gefi vel í aðra hönd, mögulega milljarða. Því finnst mér mjög mikilvægt að inn í frv. komi ákvæði um það hvernig ágóðanum megi skila til íslensku þjóðarinnar, t.d. í ákveðnum hlutföllum móti sérleyfishafanum. Eins og

ég sagði áðan hefur Kári Stefánsson lýst sig fylgjandi því að ágóðanum verði deilt til þjóðarinnar, þótt hann hafi jafnframt mælt gegn því að slíkt ákvæði fari inn í frv. Þetta er alls ekki trúverðugt. Það verður að taka mun markvissar á þessu í frv. og ég mun fá tækifæri til að fylgja þeirri hugmynd eftir í hv. heilbr.- og trn.

Í 8. gr. frv. er kveðið á um réttindi sjúklinga. Þar kemur m.a. fram að sjúklingur geti neitað að upplýsingar um hann fari í grunninn og slíka neitun þurfi eingöngu að tilkynna landlækni, sem ég tel verulega til bóta. Á tímabili leit út fyrir að fara þyrfti á hverja einustu stofnun í þjóðfélaginu þar sem heilbrigðisupplýsingar einstaklingsins lægju fyrir.

Ég vil ítreka í þessu sambandi það sem ég sagði áðan að ég tel að það að fara á þennan lista, þó að hann verði dulkóðaður og liggi á öllum heilbrigðisstofnunum, geti fylgt ákveðin stimplun. Í raun og veru eru valkostirnir ekki mjög miklir, þ.e. annaðhvort að fara inn í grunninn eða vera á lista sem fær hugsanlega neikvæða skírskotun. Því vil ég ítreka mikilvægi þess að sett verði lög sem banna misnotkun á heilsufarsupplýsingum þannig að þessi listi verði í raun algjört trúnaðarmál eins og er að sjálfsögðu ætlast til.

Mér finnst ekki nógu skýrt, herra forseti, hvað gerist ef sjúklingur vill að gögn um hann fari inn í grunninn en læknir neitar því. Hvað verður gert í slíku tilviki? Verður varðveisluréttur lækna metinn hærra en ósk sjúklings? Ég spyr hæstv. heilbrrh. að því.

Í 9. gr. er fjallað um aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum. Þar vil ég endurtaka og leggja áherslu á þá annmarka að sérleyfishafi fái aðgang að öllum vísindatilgátum annarra vísindamanna eða a.m.k. upplýsingar um það hvort rannsóknir skerði viðskiptahagsmuni sérleyfishafa. Ef það lítur t.d. svo út að viðkomandi vísindamaður geti grætt á vísindarannsóknum sínum, segjum að þarna sé lyfjaþróunarfyrirtæki og um sé að ræða mikla framþróun í lyfjaiðnaði eða einhverju slíku, þá á samkvæmt þessari grein væntanlega að neita þeim vísindamanni um aðgang eða hann verður að kaupa sig inn í grunninn eins og aðrir viðskiptaaðilar. Hér kemur því fram stór annmarki þessa fyrirkomulags frá sjónarhóli vísindamanna á heilbrigðissviði. Þeir geta unnið að vísindarannsóknum áfram eins og áður úr sjúkraskrám og öðrum þeim grunnum sem til eru nú þegar, t.d. grunni Krabbameinsfélagsins, en þær upplýsingar eru ekki eins mikils virði eftir að þessi miðlægi grunnur verður til eins og áðan kom fram. Síðan geta þessir vísindamenn notað grunninn til að fá frekari upplýsingar og bæta enn fremur þekkingu sína. En til að markaðssetja rannsóknir sínar, til þess að græða á sínu eigin hugviti þarf að borga fyrir þessar upplýsingar dýrum dómi á sama hátt og erlend stórfyrirtæki. Eins og ég sagði áðan er þetta skiljanlegt frá sjónarhóli rekstrarleyfishafans en algjörlega óásættanlegt frá sjónarhóli hinna enda ekkert skrýtið að andstaðan sé mikil.

10. gr. frv. fjallar um hagnýtingu gagnagrunnsins. Þar kemur skýrt fram að eingöngu megi nota upplýsingar úr grunninum til góðra verka. Ég ætla ekki að telja nákvæmlega upp hver þau eru en m.a. að bæta heilsu þjóðarinnar og framþróun vísinda o.s.frv. Jafnframt er rekstrarleyfishafa gefinn opinn passi inn í grunninn, þ.e. rannsóknir hans eru undanskildar mati vísindasiðanefndar, tölvunefndar eða nokkurra annarra. Þetta er verulegur annmarki og opnar þá hættu á að gögn úr grunninum verði notuð til siðfræðilegra vafasamra rannsókna með ófyrirséðum afleiðingum, ekki bara fyrir Íslendinga heldur fyrir allt mannkyn. Þessu þarf að breyta að mínu mati.

Í 12. gr. er fjallað um eftirlit. Þar er gagnrýnivert að vísindasiðanefnd komi eingöngu að þessum málum eftir á og eftirlit með sérleyfishafa og rannsóknum hans er mjög takmarkað samanber það sem ég sagði áður um 10. gr. Ljóst er að efla þarf tölvunefnd verulega til að geta sinnt hlutverki sínu og má ekki verða bið svo vonandi verður hið fyrirhugaða frv. hæstv. heilbrrh. kynnt hér samhliða afgreiðslu á þessu frv. og helst þarf að afgreiða það samhliða.

Herra forseti. Ég fer brátt að ljúka máli mínu. Ég endurtek að hér er um mjög sérstakt mál að ræða sem varðar hvern einn og einasta Íslending beint svo og þjóðina í heild, þ.e. hvernig hún mun birtast í vísindatímaritum framtíðarinnar. Hér er um mjög spennandi og stórhuga hugmyndir að ræða sem gætu opnað ný tækifæri, bæði á sviði þekkingarsköpunar og sem arðbær auðlind í efnahagslegu tilliti. Því miður fylgja hugmyndinni töluverðar áhættur siðfræðilega séð, bæði hvað varðar stöðu einstaklings og hópa, og þar á ég við misnotkun á persónulegum upplýsingum og að hægt er að fá upplýsingar um afmarkaða hópa og ekki síður vegna stöðu vísindamanna á heilbrigðissviði. Um þessi mál eru því gífurleg átök og skiptar skoðanir sem verður að leysa. Það verður að reyna að ná sátt um þennan grunn ef hugmyndin á að ganga upp. Það hlýtur því að koma í hlut Alþingis og hv. heilbr.- og trn. að vinna mjög vandlega að málinu og til þess er ég reiðubúin þó að ég sjái alls ekki á þessari stundu að lausnir finnist sem verði viðunandi fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Sátt verður að nást um málið. Annars gengur þessi stórkostlega hugmynd alls ekki upp.

[12:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur fyrir mjög málefnalega ræðu. Hún sagði á einum stað: Hvers vegna fjárfestir ríkið ekki sjálft í grunninum? Þetta er mjög góð spurning. Það er nefnilega þannig að í þessum grunni er feiknarleg áhætta þeirra sem fjárfesta í honum, sennilega mesta áhætta sem til er, meiri en í hugbúnaði. Þeir sem stunda rannsóknir vita að þeir eru að rannsaka eitthvað sem er ekki þekkt, annars þarf ekki rannsóknir. Það sem ekki er þekkt þarf ekki að vera til þannig að þeir geta lent í því að þær rannsóknir sem þeir stunda leiði til einskis. Fjöldi vísindamanna hefur stundað ævilangar rannsóknir og aldrei fundið það sem þeir leituðu að. Þetta er þekkt.

Svo kemur samkeppnisáhætta. Verið getur að einhver annar finni niðurstöðuna sem leitað er að. Síðan kemur markaðsáhætta. Það getur verið að einhver annar markaðssetji lyf eða eitthvað annað í samkeppni við þetta. Ég tel því að hér sé um almestu áhættu sem um er að ræða og ég vil forða því að íslenska ríkið taki þátt í slíkri áhættu fyrir utan að ég hef þá trú að einkaaðilar geri hlutina ódýrar, betur og hraðar en ríkið. Ég bendi á að rekstur heilbrigðiskerfisins á Íslandi hefur ekki verið til að hrópa húrra fyrir.

Ég verð að taka undir þá beiðni hv. þm. Tómasar Inga Olrichs til hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um það að gera ekki kröfu til persónugreinanlegra grunna að þar af leiði upplýst samþykki. Það mundi stofna mjög merkum rannsóknum hjá Krabbameinsfélaginu í voða þar sem eru stundaðar mjög merkar faraldsfræðilegar rannsóknir á krabbameinsskránni sem er undir kennitölu.

[12:10]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn eða ábendingu varðandi áhættuna. Ég er alveg sammála hv. þm. um að hér er um áhættusama aðgerð að ræða, enda tel ég að ef íslenska ríkið færi út í þetta mundi það auðvitað taka þetta skref af skrefi, byrja á því að samtengja þá gagnagrunna sem fyrir eru og vinna málið smátt og smátt á skynsamlegri hátt. Hér er ráðist í mjög mikið stórvirki og ég tel eðlilegt að ríkið mundi ekki taka slíka áhættu eins og hér er gert. Ég er alveg sammála því. En það er hægt að vinna málið þannig að á endanum verði jafnmikil auðlind til en þá yrðu vinnubrögðin að sjálfsögðu öðruvísi og byrjað með því að samtengja fyrirliggjandi grunna.

[12:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessum hraða heimi vísinda og uppgötvana er ekki hægt að vinna hlutina smátt og smátt, það er ekki hægt að vinna þá hægt vegna þess að hraðinn er svo mikill og samkeppnin svo mikil að ef við ætluðum að fara í rólegheitunum með fjárveitingu íslenska ríkisins sem er kannski 100 millj. á hverju ári eða eitthvað af þeirri stærðargráðu og ætluðum smátt og smátt að fara að vinna upp svona grunn, þá næðist það ekki. Það væri búið að finna upp það sem við ætluðum að finna upp löngu áður en við byrjuðum á því. Þennan grunn þarf að vinna mjög hratt og það verður ekki gert nema með frumkvæði og atbeina fjármagns sem krefst arðs og mikils fjármagns, nánast ótakmarkaðs fjármagns.

[12:12]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Íslenska ríkið hefur nú lagt marga milljarða í kostnað t.d. á hálendinu vegna virkjana og enginn hefur spurt um arðsemi sem út úr því kemur og það er búið að eyða milljörðum í það. Ég er alveg sannfærð um jafnvel þó að íslenska ríkið mundi ráðast í svona framkvæmd væri er hægt að gera mun nákvæmari kostnaðar- og arðsemisgreiningu en nú liggur fyrir og það þyrfti ekki að taka svo ofboðslega langan tíma. Ef það er rétt að þetta er svona arðsöm hugmynd eins og fjárfestar virðast trúa finnst mér koma til greina að íslenska ríkið hugleiði að hætta fjárfestingum á hálendinu og færa þær yfir í aðra auðlind sem er auðlind framtíðar, hugvit fólksins en ekki vera fast í stóriðjuframkvæmdum eða atvinnuvegum fortíðar.

[12:13]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Rétt er að geta þess að ég hef allt frá upphafi þess að hugmyndinni var fyrst hreyft að búa til þennan miðlæga gagnagrunn þar sem bókstaflega öllum upplýsingum um heilsufar einstaklinga svo og erfðafræði þeirra og ættfræði yrði sett saman haft mjög miklar efasemdir um að gera þetta, bara í sjálfu sér, vegna þess að mér er mjög til efs hvort ávinningurinn er meiri en það sem við fórnum. Við gætum verið að fórna heilmiklu núna þegar þessi mikla nýja upplýsingaöld með þeirri tækni sem fylgir er að ganga í garð, að við göngum svo óvarlega fram um það sem okkur ber fyrst og fremst að vernda og eigum að vernda sem er persónufrelsi einstaklinganna.

En hvað sem því líður get ég náttúrlega ekki sannað mál mitt um þetta, hvort við erum að fórna meiru en ávinningurinn er. Hinir sem vilja gera þetta geta heldur ekki sannað sitt mál hvort ávinningurinn verður miklu meiri.

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn tekið ákvörðun um að við skulum búa til svona gagnagrunn á Íslandi, ein þjóða í Vestur-Evrópu að ég ætla. Ég held að þessum hugmyndum hafi hvergi verið hreyft eða enginn ætlað sér að gera þetta. Þá liggur náttúrlega fyrir úr því að svo er að menn verða að ganga efnislega til verks um þetta frv.

Ég gerði þingflokki mínum, þingflokki Sjálfstfl., þegar í upphafi grein fyrir því að ég sæi bókstaflega ekkert samhengi milli þess að vera dyggur stuðningsmaður minnar ágætu og farsælu ríkisstjórnar og stuðnings við þetta mjög svo sérstæða mál. Ég ætla samt ekki nú við 1. umr. að að ræða þau prinsipp: Eigum við að gera þetta eða ekki? Ég ætla að spara mér það að taka endanlega afstöðu til þessa máls þar til við 2. umr. er ljóst verður hvernig þingnefndin sem fær það til meðferðar vill frá því ganga. Þá gefst meiri tími til að ræða þessi mál og fara í gegnum þau.

Nú finnst mér hins vegar rétt, eins og aðrir þingmenn hafa reyndar gert í gær og í dag, að fara yfir nokkur álitamál og efnisatriði sem ég vildi þá sérstaklega biðja þingnefndina að fara yfir og gaumgæfa vendilega.

Það hefur verið gengið út frá því, eins og fram kom í ræðu hæstv. heilbrrh., að frv. færi til umsagnar heilbr.- og trn. Ég vil fá að benda á að hér eru mjög mörg lögfræðileg og siðfræðileg vandamál á ferðinni. Ég spyr hvort ekki væri rétt að jafnframt fengi allshn. hluta af þessu frv. til umfjöllunar. Ég held að það væri mjög brýnt.

Þetta frv. hefur verið gagnrýnt talsvert og menn hafa á því ýmsar skoðanir. Strax í vor fannst mér dagljóst að lykillinn að því að þetta mál gæti farsællega gengið fram, hlyti að vera eins og síðasti ræðumaður reyndar kom inn á, að við næðum bærilegri sátt í samfélaginu, sérstaklega innan vísindaheimsins sem fjallar um þessi mál. Ég veit að þegar þessu máli var frestað í vor báru allir þá von í brjósti að í því mætti ná sátt.

Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. heilbrrh. að hún telur að með þessari gerð frv. hafi mjög verið komið til móts við þá sem ákafast voru á móti málinu. Eigi að síður er ljóst og hefur komið mjög skýrt fram að það er gríðarleg ósátt meðal lækna og annarra vísindamanna sem um þetta mál hafa fjallað. Því liggur það fyrir að Alþingi og alþingisnefndum ber að halda áfram viðleitni ráðuneytisins og reyna til þrautar að ganga þannig frá þessum lögum að mönnum þyki þau ásættanleg.

Ég legg áherslu á og bið menn að athuga alveg sérstaklega umræðuna um það hvort við séum með þessum gjörningi að eyðileggja það trúnaðartraust sem byggst hefur gegnum kynslóðirnar milli lækna og sjúklinga. Það er mjög alvarlegt fyrir þingið að standa frammi fyrir slíkri gagnrýni. Það verður að grandskoða og taka tillit til þess sem fram hefur komið.

Varðandi persónutengdar upplýsingar þá fórum við í gær aðeins gegnum þessar dulkóðanir og gildi þeirra. Það eru engar deilur milli mín og hv. þm. Tómasar Inga Olrichs um það hvernig Evrópuráðið skilgreinir þessa hluti, um það eru engar deilur, heldur hitt, sem er vitað mál og þarf ekki að fara í grafgötur með það þó sumir vilji um þræta, að þó þetta sé dulkóðað og gengið sé frá þessu á allra tryggilegasta hátt af hinu allra besta fólki þá er fræðilega mögulegt að taka hjúpinn af. Menn verða því að umgangast grunninn með það í huga.

Menn hafa ekki verið sammála um það hvort leggja ætti áherslu á hið svokallaða upplýsta samþykki sjúklinga eða ekki og sýnist sitt hverjum. Eins kann að vera að upplýsingar

sem fara inn í þennan grunn séu líka ákaflega mismunandi viðkvæmar og kannski eigi ekki alltaf við það sama. Hitt vildi ég þó leggja á alla áherslu og tel það meira virði en samþykki sjúklingsins að tryggja svo ekki verði frá því vikið að allar rannsóknir og öll rannsóknarverkefni sem unnin verða úr þessum grunni, ef hann verður einhvern tíma búinn til, verði háð samþykki tölvunefndar og vísindasiðanefndar. Einu gildir hvort það er sérleyfishafinn eða einhver annar. Það hlýtur að vera grundvallarskilyrði að allar rannsóknir séu því háðar. Þetta held ég að sé miklu meira atriði en samþykki sjúklinga. Upplýst samþykki gæti falið, eins og einhver sagði hér í gær, í sér falskt öryggi og skaðað okkur í að afla upplýsinga og rannsókna.

Mér finnst ástæða til að fara yfir þetta einkaleyfismál. Hér er gert ráð fyrir því að sérleyfishafinn hafi einkaleyfi. Það hefur mörgum þótt mjög kynlegt og ég vil benda á að Evróputilskipunin er við að komast hér í lög og búist við því að menntmrn. leggi fram lagafrv. um breytingu á höfundarrétti. Í því er gert ráð fyrir Evróputilskipuninni.

Mér er því spurn: Hvernig má það vera að Evróputilskipunin sem við erum um það bil að samþykkja, á að koma hér inn eftir nokkrar vikur, er ekki nægjanleg? Af hverju er hún ekki nægjanleg til þess að tryggja eðlilegan höfundarrétt sérleyfishafans af því sem hann vinnur, tryggja tæki hans, forrit og vinnu þannig að aðrir geti ekki fénýtt það?

Hjá hæstv. heilbrrh. kom fram að hún og þeir í ráðuneytinu teldu tilskipunina ekki duga heldur væri þetta einkaleyfi alveg bráðnauðsynlegt. Ég held að menn verði að skoða þetta mjög vendilega. Hvernig má það vera að Evróputilskipun um verndun slíkra gagnagrunna sem gilda mun hér eftir nokkrar vikur, sem við munum taka inn í lögin hér eftir nokkrar vikur og er á starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, dugi ekki?

Mér finnst því, herra forseti, miklu nær að við skoðum þessa tilskipun um breytingu á höfundarrétti þannig að hún dugi til að vernda sérleyfishafann frekar en að setja einkaleyfið. Ég lít þannig á að erfitt sé að verja einkaleyfið, það eigi ekki að vera. Við erum að berjast á móti einkaleyfum og einokun, vitandi það að einokun hefur fært þessari þjóð meiri hörmungar en nokkuð annað, vitandi að það er mjög til gagns fyrir þjóðina að afnema hana alls staðar. Við erum enn þá með einokun á nokkrum sviðum og við þurfum að afnema hana, það er mjög brýnt. Þess vegna er erfitt fyrir okkur ef við ætlum að setja núna einokunarlög um þetta atriði, þó það sé bara spurning um prinsipp.

Það kann að vera að það sé ekkert praktískt í því. Það kann að vera að enginn annar vilji nokkurn tíma leggja tugi milljarða, hvort sem þeir eru tíu eða tuttugu, í að vinna upp úr þessum sjúkragögnum. Það kann að vera. Mér finnst það mjög ósennilegt. Þetta er bara spurning um prinsipp. Er ekki nær fyrir okkur að reyna að komast hjá því að veita þetta einkaleyfi ef þess er nokkur kostur? Ég trúi ekki öðru en að þess sé kostur. Það hlýtur að vera.

Hvað eftir annað hafa menn bent á að ekki komi fram í þessu frv. hvað fara eigi inn í grunninn. Úr frv. ber því að lesa þannig að undir það falli allt. Það sé bókstaflega allt. Eða er það ætlun ráðuneytisins að setja seinna í starfsleyfið hvað inn megi fara?

Ég hefði haldið að réttast væri fyrir okkur að fara í gegnum það. Ætlum við að setja allar upplýsingar inn, hvað svo sem það heitir? Ætlum við að setja inn upplýsingar um hvaða sjúkdóma sem er? Ætlum við að setja inn upplýsingar um erfðir og geðræn vandamál?

Ég vona, herra forseti, að þingheimi gefist tækifæri til að velta þessu vandlega fyrir sér. Það hljóta að vera ákaflega margar siðfræðilegar spurningar í þessu. Ég treysti því að nefndirnar muni fara vandlega yfir það, skoða það og koma svo með niðurstöður um hvað menn treysta sér til að gera.

Bent hefur verið á að ekki sé getið um neina takmörkun á því hvað megi selja nema hvað sagt er að það verði tekið fram í rekstrarleyfinu, sem ekki liggur fyrir hvernig á að vera. Ég er sammála hv. form. heilbr.- og trn., Össuri Skarphéðinssyni, um að við hljótum að setja einhver takmörk um það sem ekki má selja. Það hlýtur að vera og ég trúi ekki öðru. Ég trúi ekki öðru en að þingið setji slík takmörk.

Aðgengi annarra vísindamanna að þessum grunni hefur einnig verið til umræðu. Ég held að það sé ein af stóru spurningunum sem við þurfum að leita svara við. Hér hefur verið bent á að eins og textinn er núna sé hann óaðgengilegur. Ég hefði haldið að Alþingi ætti fyrst og fremst að tryggja aðgengi Háskóla Íslands sem allra best. Það skipti okkur höfuðmáli. Gagnvart öllum framförum erum við mest háðir þeirri stofnun þannig að staða háskólans hlýtur að skipta höfuðmáli og þarf að tryggja hana með löggjöfinni.

Menn hafa líka velt dálítið fyrir sér því atriði að fulltrúi fyrirtækisins eigi sæti í þessari nefnd og bent á að mörgum þætti það óviðunandi. Mig langar í því sambandi að geta þess að í fyrra höfðuðu ungir læknar mál gegn Tryggingastofnun ríkisins vegna þess að það voru læknar fyrir sem voru umsagnaraðilar og dómarar um það hvort þeir kæmust í viðskipti við Tryggingastofnun. Þar voru hagsmunaaðilar á milli. Ungir læknar unnu þetta mál, bæði fyrir Samkeppnisstofnun og áfrýjunardómstólnum í fyrra. Ég held að nefndin ætti að skoða mjög vel hvort þetta sé ekki að mörgu leyti mjög sambærilegt við skipun hinnar nefndarinnar, hún fái ekki staðist af fulltrúum fyrirtækisins hérna inni. Ég held að mjög brýnt sé að fara yfir það og skoða hvort það fái með nokkru móti staðist.

Menn hafa getið þess að við ættum ekki að hræðast að gera þessa hluti, þ.e. heilbrigðisupplýsingar, að verslunarvöru, við ættum ekki að hræðast viðskipti, við ættum ekki að hræðast að nýta áhættufjármuni til þess að byggja upp svona grunna. Margir hafa líka komið inn á að það hafi verið tíðrætt um að hér væri kannski á ferðinni einhver óskaplegur gróði, ég veit ekki hvað, eina 100 milljarða nefndi einhver o.s.frv. Ég deili ekki áhyggjum með mönnum um það. Hitt held ég að væri miklu nær að hafa áhyggjur yfir því ef svo færi að sá sem ætlar að fjármagna þetta allt saman entist ekki örendið. Það er vissulega rétt sem kom fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals, þetta hlýtur að vera gríðarlegt áhættufyrirtæki. Þá er rétt fyrir þingnefndina að skoða vel hvort þau atriði standi sem koma fram í frv. til að tryggja ríkinu hag sinn, hvort þau eru nægilega trygg. Það þarf að fara mjög vendilega í gegnum það ef allt skyldi nú lenda í strandi á miðri leið. Ég ætla ekkert að segja annað en allt gott um það að við skulum vera í sambandi við áhættufjármagn, að við skulum vera í sambandi við verslun og viðskipti. Við skulum ekki hræðast það. En við getum minnst þess og það er rétt að fara í gegnum þá gæfu þessarar þjóðar að vera þó sú velmegunarþjóð sem hún er í dag. Það er fyrst og fremst viðskiptafrelsið, verslunin og frjáls verðmyndun sem hefur gert hana að því sem hún er. En menn mega heldur ekki gleyma því að sú gæfa, þau viðskipti og það verslunarfrelsi hefði aldrei getað skilað okkur þessum árangri nema af því að við vorum í þjóðfélagi sem hafði mjög í hávegum siðræna

hluti. Því er það að þó að mönnum finnist kannski á stundum það ekki praktískar spurningar sem eru siðrænar, þá eru þær mjög praktískar. Við verðum að spyrja þeirra og gæta okkar mjög vel.

Þingmenn tala oft um að þeir séu háðir stuðningi kjósenda. Þeir fá dóm kjósenda á fjögurra ára fresti o.s.frv. Við skulum líka minnast þess að verið er að fjalla um alveg einstakt mál, mál sem á sér ekki hliðstæður í löggjöfum annarra þjóða og þess vegna skulum við vera viðbúin því að sagan dæmir hvernig til tekst hjá okkur nú þegar við erum að stíga þessi brautryðjendaspor. Það er mjög brýnt að hafa það í huga um alla gerð þessa máls.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, ætla ég ekki endanlega að taka efnislega afstöðu til þessa frv. fyrr en við 2. umr. Ég tel að þess þurfi ekki vegna þess að ég á eftir að sjá það og trúi því að Alþingi muni breyta frv. verulega í meðförum sínum.

[12:35]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði í upphafi ræðu sinnar að við ættum fyrst og fremst að vernda persónufrelsið. Ég reikna með að með þeim orðum eigi hann að við það að við eigum fyrst og fremst að gæta persónuverndar í sambandi við þessa upplýsingagrunna.

Nú hefur okkur tekist án miðlægs gagnagrunns, þ.e. í því ástandi sem nú er, að nýta upplýsingar úr heilbrigðiskerfinu til að ná mjög athyglisverðum árangri í læknavísindum og læknisfræðilegum úrræðum. Þetta hefur tekist án þess að skaða persónufrelsið eða persónuverndina með því að virða trúnað, með því að stunda vandvirkni og með því að nýta ýmis tæknileg varúðarúrræði eins og dulkóðun. Þetta hefur okkur tekist nú í dag. Þetta hefur tekist þrátt fyrir þá viðurkenndu staðreynd, hæstv. forseti, að upplýsingarnar séu mjög óaðgengilegar í því formi sem þær eru geymdar nú. Þá spyr ég: Hvers vegna, hv. þm., eigum við að hafna því að nýta bestu fáanlega tækni til að útbúa stórum öflugra vopn í baráttunni gegn sjúkdómum en við höfum í höndunum í dag ef okkur tekst að standa þannig að málum að ásættanleg persónuvernd náist?

Í öðru lagi ætla ég að segja það við hv. þm. að hann heldur að við getum hugsanlega skaðað trúnaðartraust milli lækna og sjúklinga. En þetta trúnaðartraust hefur ekki beðið skaða af því þótt upplýsingar hafi verið notaðar með persónutengdum upplýsingum og þær samkeyrðar í gagnabönkum sem hafa verið dulkóðaðir. Þetta er allt í gangi í dag og hefur ekki skaðað trúnaðartraust milli lækna og sjúklinga.

[12:37]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að við höfum náð miklum og glæsilegum árangri. Það er alveg hárrétt. Það er líka hárrétt að ástæða er til að ætla að á Íslandi sé ríkjandi mikið trúnaðartraust milli lækna og sjúklinga. En hvers vegna fór ég með þessi varnaðarorð? Það er vegna þess að það eru þeir sem hafa náð þessum glæsilega árangri. Það eru þeir, sem hafa verið fremstir í flokki um að byggja upp íslenskt heilbrigiskerfi og gera það að því sem það er, það eru þeir sem vara við. Það eru þeir sem vara ákafast við að fara út á þá braut að búa til þennan miðlæga gagnagrunn. Ég er eingöngu að taka undir þau varnaðarorð. Það eru varnaðarorð þeirra sem best hafa unnið að þessu og ættu þess vegna gerst til að þekkja.

[12:38]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki fyrri fyrirspurn minni hvers vegna við ættum ekki að nýta þetta tækifæri til þess að búa enn öflugra vopn til í baráttunni gegn sjúkdómum. En ég verð að segja eins og er að nú beinist athyglin að því að persónugreinanlegar upplýsingar í gagnagrunni geti orðið til þess að veikja trúnaðartraustið. Það sem ég er að segja er að þeir menn sem vara við þessu hafa samt búið við það á undanförnum árum að nýta upplýsingar án upplýsts samþykkis, upplýsingar sem eru persónugreinanlegar. Í vissum tilvikum þegar saman hafa verið keyrð upplýsingakerfi, þá hefur verið notuð dulkóðun þannig að allt það sem þeir óttast mest í miðlægum gagnagrunni er til með ýmsum hætti í kerfinu í dag og hefur ekki skaðað heilbrigðiskerfið og ekki skaðað trúnaðartraustið sem ríkir milli lækna og sjúklinga.

Ég verð að segja eins og er að það er nokkur ábyrgðarhluti að tala svo fjálglega um að gagnagrunnurinn geti skaðað þetta traust vegna þess að umtalið sjálft skaðar trúnaðartraustið. Að sjálfsögðu hef ég orðið var við að það hafa orðið mistök í samskiptum lækna og sjúklinga og stundum hefur verið farið með upplýsingar sem ekki skyldi gera. En menn tala að sjálfsögðu ekki mikið um það vegna þess að það eru undantekningar sem sanna að reglan er virk. Ef við værum hins vegar sífellt hreint að tala um þessi mistök mundum við skaða trúnaðartraustið sem er á milli lækna og sjúklinga og þess vegna held ég að umræðan um hættuna af gagnagrunninum sé þegar farin að valda skaða vegna þess að hún hafi verið óvarleg.

[12:40]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða er farin að snúast upp í andhverfu sína ef það er svo að þeir sem vara við séu þar með valdir að hættunni. Það kann ekki að vera. Ég benti aðeins á það áðan að við hefðum fengið fjölmargar álitsgerðir, svo skiptir tugum frá mjög mörgum þeirra aðila sem gerst ættu að þekkja til þessara hluta. Frá læknum, frá vísindamönnum, bæði hérlendis og erlendis og þeir hafa varað okkur við að stíga þetta skref. Það er ekki tilviljun að þessi lagasetning á sér ekki hliðstæður í Vestur-Evrópu. Halda menn að tæknin sé ekki til þar? Jú, tölvutæknin er til þar. Menn hafa bara hafnað hugmyndinni um að gera þetta svona vegna þess að menn óttast að menn séu að bregðast svo hroðalega þeirri skyldu sinni að standa vörð um trúnaðartraust, persónur. Ég hef beðið þingið að hlusta á þau varnaðarorð. Ég hef enga þekkingu á þessu sviði til að dæma þar um. En mér finnst full ástæða til þess að leggja við hlustir þegar slíkir menn tala.

[12:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir mjög málefnalega umræðu og alveg sérstaklega fyrir varnaðarorðin því að okkur veitir ekki af varnaðarorðum í allri þessari umræðu. Hann spyr um nauðsyn einkaleyfis og segir að von sé á tilskipun frá Evrópusambandinu um höfundarrétt á gagnagrunninum og hann spyr af hverju það tryggi ekki nægilega vel. Því er til að svara að í 7. lið 5. gr. segir, með leyfi forseta, að upplýsingarnar sem settar eru í grunninn „skulu unnar með þeim hætti að þær uppfylli þarfir viðkomandi stofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns fyrir samræmt upplýsingakerfi,

þarfir sérgreina og þarfir heilbrigðisyfirvalda, sbr. 6. tölul., og að þær nýtist við vísindarannsóknir."

Það merkir að meginhluti af þessu starfi, og að mínu mati er það einn verðmætasti þátturinn, er skilgreining á gögnunum, skilgreining á því hvað þarf að geyma, t.d. varðandi magakrabba. Þegar búið er að skilgreina þetta einu sinni þá getur ekki verið einkaleyfi á skilgreiningunni og þá getur einhver annar komið daginn eftir og notað nákvæmlega sömu skilgreiningu sem búið er að setja mikla fjármuni og mikið vit og atorku í að setja fram. Það getur einn komið og notað nákvæmlega sömu skilgreiningu til að byggja upp gagnagrunn við hliðina. Þetta tel ég að sé ástæða þess að ekki er hægt að vísa í tilskipun Evrópusambandsins um höfundarrétt vegna þess að þarna er verið að búa til hugverk sem er ekki hægt að beita höfundarrétti á.

[12:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu þeirrar skoðunar að það eigi að vernda höfundarrétt hvort sem það er á þessu sviði eða öðru. Það er mjög brýnt. Þessa tilskipun Evrópuráðsins sem er frá því í fyrra, á að lögfesta eftir nokkrar vikur á Íslandi. Það var í skrá ríkisstjórnarinnar yfir frumvörp sem væru að koma. Þess vegna spurði ég: Hvernig má það vera að frv. sem á að fara að lögfesta eftir nokkrar vikur, liggur þegar fyrir í menntmrn., en á sama tíma kemur frá heilbrrn. að það dugi ekki? Er þá ekki nær að reyna þá að þróa við þessa tilskipun þannig að hún dugi? Ég er alls ekki að segja neitt annað ef við ætlum að vernda þann kostnað sem frumkvöðullinn, sá sem fyrstur fer af stað, leggur út í. Það er mjög nauðsynlegt að gera það. Það verðum við að gera. En eigi að síður er spurningin þessi: Getum við ekki verndað hann, getum við þá ekki þróað við þetta dírektív þannig að það dugi honum, þannig að við þurfum ekki að setja einokun? Ef svo ótrúlega vildi til að einhver annar aðili vildi koma hér og vinna sömu vinnuna og með sína 20 milljarða þá væri líka rétt að hann byrjaði á sama stað, ég er alveg sammála því. En þetta er bara spurning um prinsipp frekar en praktíska hluti. En ég spyr að þessu. Ég álít að það sé miklu nærtækara fyrir okkur að gera þetta þannig.

[12:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki bara það að sá sem vinnur þetta fyrst setji feiknarlega fjármuni í að skilgreina hvað þarf að setja upp heldur er líka reiknað með því að hann kosti skráningu á gögnum langt aftur í tímann, jafnvel 40–50 ár aftur í tímann, sem að mjög góðu mati Stefáns Ingólfssonar er metið á 2.700 ársverk. Þegar búið er að skrá allar þær upplýsingar sem sá fyrsti borgar þá liggja þær fyrir. Þá geta aðrir farið að nota nákvæmlega sömu upplýsingar sem búið er að skrá og setja á tölvutækt form. Núna eru þær bara geymdar í möppum og ekki nokkur leið að nálgast þær. Þarna er allt komið upp á borðið og þeir sem á eftir koma, sporgöngumennirnir sem koma á eftir frumkvöðlinum, geta byggt upp skrá á engum tíma, þurfa ekki að leggja í þennan feiknakostnað. Þetta er meginkostnaðurinn í þessu. Það er ekki hægt að hafa höfundarrétt á þeim gögnum sem hafa verið skráð, úr því að vera í möppum.

[12:47]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki fær um að deila við hv. þm. Pétur H. Blöndal um tækniatriði varðandi þetta. Ég hef bara bent á að ég gekk út frá því að menn væru verndaðir með hugverk sín, menn væru verndaðir með forrit sín og enginn ætti að geta stolið því. Ég er alveg sammála því að frumkvöðullinn á að vera verndaður. Ég vil ekki trúa því að ekki sé hægt að koma því þannig fyrir að hægt sé að vernda hann. Ég vil ekki trúa því að óreyndu. Þess vegna var það sem ég bað þingnefndina að skoða þetta mjög gaumgæfilega. Ég vil ekki trúa því að það sé ekki hægt öðruvísi en að setja einkaleyfi.

En við skulum láta á það reyna og við skulum skoða það. Ef menn sýna mér fram á að einkaleyfið sé eina leiðin til að gera þetta, fyrr ekki ætla ég að fallast á það.

[Fundarhlé. — 12:48]

[13:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Tómasi Inga Olrich og þakka þá málefnalegu umræðu sem hér hefur átt sér stað. Ég vil líka þakka þeim aðilum utan þings sem hafa tekið þátt í þessari umræðu í sumar með mjög málefnalegum hætti. Alveg sérstaklega vil ég þakka hæstv. heilbrrh. og ráðuneyti hennar fyrir það mikla frumkvæði að setja allt efni sem þessu tilheyrir inn á heimasíðu sína, jafnt frv. sjálft sem umsagnir um það. Það er mjög verðmætt og til mikillar eftirbreytni héðan í frá.

Eftir þá umræðu sem hefur átt sér stað í dag og í gær og í sumar tel ég að kostir þessa frv. yfirgnæfi galla þess og þar munar miklu á. En það er enn eftir töluvert af umræðunni þannig að það kann að vera að þessi skoðun mín breytist.

Í frv. er gert ráð fyrir feiknamiklu fé til rannsókna sem við höfum aldrei séð áður hér á landi. Þetta er andvirði eins til tveggja álvera og þetta fé fer nánast eingöngu í launakostnað til menntaðs fólks yfirleitt og til hálauna. Þetta eflir vísindi og álit almennings á vísindagreinum sem hafa því miður ekki verið mjög hátt metnar á Íslandi enda höfum við haft það orðtak að bókvitið verði ekki í askana látið. Þetta eflir þekkingu og hugvit og það er svo merkilegt með hugvitið að það er auðlind sem vex þegar af henni er tekið. Eftir því sem meira er notað af hugviti þeim mun meira verður hugvitið. Þetta er andstætt öllum öðrum auðlindum sem í besta falli eru sjálfbærar en eyðast yfirleitt. Og aðalkosturinn við þetta er að Íslendingar taka ekki nema að litlu leyti áhættu af þessu dæmi sjálfir og alls ekki ríkisvaldið.

Ég ætla nú að fara í gegnum kosti og galla frv. eða þessarar hugmyndar og vega þá hvora á móti öðrum því að vissulega eru ókostir við þetta en líka miklir kostir. Höfuðókosturinn, herra forseti, er mikil samansöfnun gagna á einn stað. Þetta minnir á „stóra bróður". Þessu er reynt að mæta með því að gera upplýsingarnar óbundnar persónu og lögð er mikil áhersla og lagt er í mikinn kostnað við að dulkóða upplýsingarnar. En eins og bent hefur verið á heldur slíkt aldrei 100%. Hins vegar er þetta gert þannig að mjög dýrt verður að afla upplýsinga um einn aðila og það er auk þess bannað og maður sér ekki að nokkur skuli leggja í þann kostnað að fá upplýsingar um eina persónu fyrir utan það að hægt er að gera það í dag, kannski miklu ódýrara.

En það má fara aðra leið en dulkóðun og ég vil benda á hana. Ég benti á hana í vor. Það er að halda loggskrá yfir þessa skrá þar sem allur aðgangur að einni persónu yrði færður í eina skrá. Það mætti jafnvel gefa persónunni upp hver hafi fengið upplýsingar um hana, hvernig, á hvaða tíma og í hvaða tilgangi. Það held ég að yrði miklu sterkara til eftirlits en þessar miklu dulkóðanir sem menn eru að fara út í

og gera gagnagrunninn kannski að einhverju leyti ónothæfan fyrir vissar rannsóknir.

Í dag er það þannig að möppur eru geymdar í skápum hingað og þangað og þar geta menn gengið að þessu og enginn fylgist með því að ekki sé farið í möppurnar. Það eru engar ljósmyndavélar í gangi eða eitthvað slíkt á mörgum stöðum. Annars staðar er þetta mjög vel gert.

Það er rétt að leggja áherslu á það að í þessum nýja grunni eru engar nýjar upplýsingar. Það er ekkert sett inn í hann sem ekki er til annars staðar í öðrum skrám þannig að það er ekkert nýtt í honum og þar af leiðandi er þetta ekki „stóri bróðir" í þeim skilningi því að hægt er að safna upplýsingum hvenær sem er fyrir þann sem hefði virkilega áhuga á því að verða „stóri bróðir". En þetta er vissulega atriði sem þarf að hafa í huga og hefur verið margbent á.

Herra forseti. Því fylgir annar ókostur að samþykkja þetta frv. og hann er þessi: Hvað ætlum við að gera við aðra miðlæga gagnagrunna sem eru í gangi? Þar nefni ég t.d. krítarkortagrunnana en úr þeim er dælt upplýsingum um Íslendinga í stórum stíl til útlanda á hverjum einasta klukkutíma. Það er dælt út upplýsingum um það hvort menn versli í ákveðinni bensínstöð eða á ákveðnum veitingastað, næturklúbbi. Það er dælt út upplýsingum um það hvar menn eru á ákveðnum tíma, t.d. á Akranesi o.s.frv. Með öllum þessum upplýsingum úr þessum grunnum er hægt að rekja feril einstaklingsins um allan heim.

Svo er Reiknistofa bankanna með grunn sem heldur utan um skuldastöðu allra Íslendinga. Þar getum við rakið það hverjir skulda, hverjir eru í vanskilum o.s.frv. og allt er þetta undir kennitölum. Svo hefur verið minnst á Krabbameinsfélagið og Hjartavernd og erfðafræðinefnd sem hefur byggt upp ættartré. Nefna má ættfræðibækur og nú er meira að segja komið inn á netið ættartré þar sem menn geta flett uppi ætt sinni á netinu. Allt eru þetta persónuupplýsingar.

Svo er spurning: Hef ég verið spurður um leyfi um það hvort setja mætti nafn mitt í einhverja ættfræðiskrá eða ættfræðibók? Nei, svo er ekki. (**ÖS:** Þarf þess?) Það er spurning hvort þess þurfi. En þetta eru að sjálfsögðu upplýsingar ... (**KÁ:** Þetta eru opinberar upplýsingar.) Það er spurning hvort opinberar upplýsingar séu ekki persónugreinanlegar og hvort mig varði það ekki að allur almenningur og allur heimurinn viti það hver ætt mín er. (**ÖS:** Er þessi heimur ekki ...?)

Herra forseti. Við höfum aðrar persónuupplýsingar skráðar og þar vil ég t.d. nefna krufningar. Ef einhver ferst voveiflega þá er hann krufinn hvort sem hann vill eða ekki. Það má kannski segja að þegar hann er dauður þá skipti það hann ekki máli. En það getur skipt orðstír hans máli hvernig hann dó og úr hverju hann dó og hvaða sjúkdóma hann hafði. Þannig er þetta í dag.

Það gerist líka ef fólk óttast viðkvæmar upplýsingar, t.d. um fóstureyðingar, að það bregði sér af bæ, fari til annars læknis en venjulega til þess að losna við það að upplýsingunum verði safnað saman. Þessar upplýsingar verða væntanlega geymdar í þessum grunni og menn geta ekki varast það að þessum upplýsingum sé safnað öllum saman á einn stað.

Varðandi grunninn um fóstureyðingar þá er mér það óskiljanlegt af hverju upplýsingarnar eru geymdar undir nafni vegna þess að ég sé ekki nokkra þörf á því læknisfræðilega og ég vil leggja til að menn þurrki út nöfn í þeim grunni. Þar má kannski geyma aldur en ekki nöfnin.

Herra forseti. Rannsóknir vísindamanna hafa mikið verið til umfjöllunar og margir hafa sagt að þeir muni ekki geta rannsakað eins og hingað til. Nú er það sérstaklega tekið fram í 2. gr. frv. að þessi lög eigi við einn nýjan grunn sem eigi að mynda, þau eigi ekki við alla hina grunnana sem eru í gangi. Þeir eru taldir upp og þetta er mjög almenn upptalning þannig að þessi lög taka ekki til þeirra grunna sem til eru núna. Auk þess er gert ráð fyrir því í frv. að til verði staðlaðar upplýsingar um þá grunna sem eru á heilbrigðissviðinu og að skráð verði heilmikið af upplýsingum sem nú eru í möppum þannig að aðstaða vísindamanna ætti að stórbatna við þá grunna sem eru geymdir í einstökum heilbrigðisstofnunum vegna þess að búið verður að skrá miklu meira af upplýsingum en nú er. Meginhlutinn af heilbrigðisupplýsingum nú virðist vera óskráður og ekki á tölvutæku formi. Þetta frv. mun fremur bæta stöðu vísindamanna til að fá upplýsingar heldur en hitt. Auk þess geta svo margir þeirra fengið aðgang að þessum miðlæga grunni, þeir sem ekki eru í beinni samkeppni við þann aðila sem fær að reka grunninn. Ég sé því ekki annað en staða vísindamanna batni í öllu falli hvort sem þeir fá aðgang að grunninum eða ekki, þessum eina.

En aðrir ókostir eru í þessu sem hafa ekki verið nefndir og það er að laun rannsóknarfólks er að hækka og vegna þess hve mikil áhersla verður lögð á vísindi þá mun verða skortur á vísindamönnum. Laun þeirra munu hækka umtalsvert þannig að rannsóknir sem hingað til hafa verið reknar með fáránlega lágum launum hámenntaðs fólks sem hefur skilað alveg frábærri vinnu — þetta fók er kannski með laun um 100 þús. kr. og mjög mikil námslán á herðunum — verða dýrari af því að launin munu hækka og mér finnst bara ekkert af því. Að ætla að reka rannsóknir með einhverri láglaunastefnu og þjóðnýta og fara illa með vísindamennina sem margir hverjir eru frábærir, finnst mér ekki rétt stefna. Ef þessi grunnur verður að veruleika og þetta frv. verður að lögum þá mun staða þessara vísindamanna batna mjög mikið vegna þeirrar áherslu sem lögð er á rannsóknir. Það mikla fé sem sett er í rannsóknir mun óhjákvæmilega hækka laun þessa fólks þannig að það verður þá komið með skikkanleg laun miðað við þá miklu menntun sem það hefur aflað sér og þann kostnað í formi námslána sem það síðan ber af þeirri menntun. En þetta mun óhjákvæmilega hækka kostnað við rannsóknir og þetta held ég að sé að hluta til bakgrunnur þeirrar andstöðu sem frv. mætir í heilbrigðiskerfinu.

Herra forseti. Það hefur líka verið gagnrýnt að trúnaðarsamband læknis við sjúkling sinn verði rofið og það er mjög alvarlegt því að það verður að vera gott trúnaðarsamband þar á milli. Mér finnst alveg sérstaklega þessi umræða hafa rofið það trúnaðarsamband þegar menn eru að komast að því hvert upplýsingarnar fara. Ég er hræddur um að margur sjúklingurinn hafi ekkert vitað af því hvernig upplýsingar um hann hafa verið notaðar í rannsóknarskyni. En það er engin ástæða til þess að ætla að þær upplýsingar hafi lekið út af rannsóknarstofum og ég sé enga ástæðu til þess að þetta trúnaðarsamband eigi að rofna þrátt fyrir þessa umræðu og mér finnst einmitt að umræðan muni bæta umgengni um gögnin og hafi þegar gert það. Ég er alveg viss um að mörg mappan sem var geymd einhvers staðar er nú þegar horfin úr hillunni og komin á bak við lás og slá.

Herra forseti. Það hefur verið nefnt að það sé ljótt að hafa heilbrigðisupplýsingar að söluvöru. Þetta kom t.d. fram í umsögn Blóðbankans, að það sé af hinu illa að einhver ætli að græða á heilbrigðiskerfinu sem í eðli sínu er mannúðlegt og ber keim af miskunnsama Samverjanum. Þessu er til að svara að heilbrigðiskerfið er rekið með gróða að sjónarmiði

í heild sinni. Það er verið að borga fyrir lyf. Einkaleyfi eru veitt fyrir lyf og ég veit ekki betur en læknar séu með hæstu laun allra háskólamanna hér á landi. Þeir sem sagt selja sína vinnu mjög dýrt í þessu sama kerfi. (**ÖJ:** Viðskiptafræðingar.) Ég efast um að viðskiptafræðingar séu með sömu laun og læknar. Ég held að læknar séu almennt séð með hæstu laun háskólamanna hér á landi og þeir selja sína vinnu. Vinna þeirra er því söluvara og meira að segja á mjög háu verði.

Herra forseti. Í umsögn erfðafræðinefndar Háskóla Íslands segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Veiting sérleyfis til einkaaðila til rekstrar og hagnýtingar á miðlægum gagnagrunni felur í sér vald til að hafa áhrif á og takmarka frelsi annarra vísindamanna til verkefnavals, auk hins pólitíska valds, sem slíkum einkarétti fylgir. Undirbúningstími og „frumkvöðulskostnaður" eru ekki rök fyrir einkaleyfi. Ef svo væri ætti EHÍ (erfðafræðinefnd Háskóla Íslands) að *fá einkaleyfi á starfrækslu ættfræðigagnagrunns*, en nefndin hefur nú unnið í 34 ár að gerð og starfrækslu slíks gagnagrunns og endurbótum á honum."

Þessu er til að svara að í fyrsta lagi breytist ekki neitt í aðgangi vísindamanna að þeim grunnum sem til eru hjá einstökum stofnunum, þetta verður nákvæmlega eins og það er nú. Það breytist ekki neitt nema að það verða miklu meiri upplýsingar á tölvutæku formi. Það verða miklu meiri upplýsingar staðlaðar og hægt að nota þær beint þannig að aðgangur vísindamanna til hagnýtingar á grunnum sem eru til í dag verður miklu betri ef eitthvað er. En síðan kemur nýr grunnur og hann verður ekki til ef þetta frv. verður ekki samþykkt. Þá verður enginn grunnur til. Ekki má veita vísindamönnum sem eru í samkeppni við rekstrarleyfishafa aðild að þeim grunni. Það er satt. En aðrir vísindamenn fá þar miklu fleiri tækifæri en nú. Staða vísindamanna til að nálgast gögn verður því betri en hingað til. Þessi atriði hjá erfðafræðinefnd Háskóla Íslands eru því að mínu mati ekki rétt.

Þeir segja að þeir ættu að fá einkaleyfi. Ef þeir hefðu fengið einkaleyfi til 15 ára á sínum tíma og tekist að markaðssetja það og vinnu sína þá væru þeir örugglega komnir miklu lengra í að búa til ættfræðitré fyrir alla Íslendinga. Ég er sannfærður um það. Ég geri ráð fyrir að þeir hafi verið sveltir í rannsóknarfé eins og allir aðrir.

Herra forseti. Við höfum heyrt gagnrýni um að sú þekking sem hér verði búin til verði misnotuð af tryggingafélögum úti um allan heim. Þetta er alveg ótrúleg niðurstaða og ég heyri aftur og aftur að þetta verði misnotað, t.d. í ályktun frá BSRB. Ég sé að formaður BSRB kinkar kolli. Eru menn á móti þekkingu? Ég spyr: Eru menn á móti rannsóknum og þekkingaröflun? Ég bendi á að tryggingafélög biðja fólk um fullt af heilbrigðisupplýsingum. Menn eru spurðir um það hvort þeir hafi fengið þetta eða hitt, hvort þeim líði svona og svona. Ef viðskiptavinurinn gefur rangar upplýsingar á því blaði þá gildir tryggingin ekki. Það er svo einfalt. Þannig að tryggingafélögin þurfa ekkert þessar upplýsingar. (**Gripið fram í:** Spyrja þeir um erfðagalla?)

Það er spurning, herra forseti, hvort menn vilji hafa þekkingu um erfðagalla. Það er spurning. Viljum við öðlast meiri þekkingu á erfðagöllum? Ég segi já, því það væri hægt að hjálpa fólki með erfðagalla með lyfjagjöf og annarri meðferð. Ég segi því tvímælalaust já, jafnvel þó það komi niður á einhverjum. Á þessu eru kostir og gallar og ég er að fara í gegnum gagnrýni á gallana.

Herra forseti. Sömuleiðis hefur komið fram gagnrýni frá Blóðbankanum um að ákvæði um einkaleyfi til einkaaðila og sala slíkra upplýsinga sé til þess fallin að grafa undan trausti almennings á heilbrigðisþjónustu þegar til lengri tíma er litið. Ég spyr þessa menn: Hvernig er með lyfin sem framleiðendur hafa einkaleyfi fyrir? Hafa menn ekki traust á lyfjum, sem eru allt of dýr vegna þess að á þeim eru einkaleyfi? Af hverju eru gefin einkaleyfi fyrir framleiðslu lyfja? Það mundi enginn rannsaka og finna upp lyf ef ekki væri hægt að fá einkaleyfi fyrir því. Það er bara gjörsamlega útilokað. Það tekur kannski átta eða tíu ár að þróa eitt lyf með feikna kostnaði. Ef lyfjafyrirtækið þyrfti að búa við að samkeppnisaðilar kæmu með lyfið daginn eftir, án rannsókna og kostnaðar, þá mundi enginn rannsaka svona lyf. Þetta er nauðsyn þess að hafa einkaleyfi og það grefur ekkert undan trausti almennings á heilbrigðisþjónustunni.

Herra forseti. Ég hef svarað gagnrýninni að einhverju leyti og farið í gegnum ókostina. Nú ætla ég að ræða um kostina. Læknavísindi þróast ekki án rannsókna á sjúkdómum einstaklinga. Læknavísindin byggja á því að rannsaka sjúkdóma. Það þýðir að læknirinn eða rannsóknaraðilinn fær upplýsingar um innstu leyndarmál annars einstaklings, þ.e. sjúklingsins. Þetta er óhjákvæmilegt. Einhver veit t.d. hvort *einhver hér inni er rangfeðraður. Ef einhver hefur farið í* fóstureyðingu þá er annar sem veit af því.

Fyrir læknavísindin er nauðsynlegt að upplýsingar um einstaklinga séu gefnar upp. Þar á meðal eru t.d. upplýsingar um krufningar og krabbameinsrannsóknir, kynsjúkdóma og geðveiki, svo fátt eitt sé nefnt af viðkvæmum rannsóknum og sjúkdómum. Til þess að hægt sé að lækna þessa sjúkdóma þarf að fá upplýsingar hjá viðkomandi einstaklingum. Ef það væri ekki gefið upp þá yrðu engin læknavísindi. Það er t.d. talið að 3% séu rangfeðruð, (**Gripið fram í:** 15%.) 10% segja aðrir. Sú staða getur komið upp að einhver viti að sá sem situr á móti honum sé rangfeðraður, þó að sá hinn sami viti ekkert um það og telji sig rétt feðraðan. Sú staða getur komið upp með nútímavísindum í erfðafræði. Sennilega er það nokkuð oft að rannsóknaraðilinn, læknirinn, veit þetta.

Með þessu frv., svo maður tali um kostina, eykst skilgreining, stöðlun og skráning gagna hjá heilbrigðisstofnunum, öllum vísindamönnum og þar með læknavísindum til góða. Það atriði eitt sér, að skilgreina og staðla upplýsingar hjá heilbrigðisstofnunum, er af hinu góða og feikimikill kostur fyrir Íslendinga og jafnvel mannkynið allt. Það getur verið að einhver hinna frábæru vísindamanna hjá Krabbameinsfélaginu finni lyf eða meðferð gegn krabbameini út frá því að upplýsingarnar hjá Krabbameinsfélaginu verða staðlaðar enn frekar en nú er. Þar með mundi það gagnast mannkyninu öllu. Hlutverk vísindamanna er einmitt að gagnast öllu mannkyninu.

Úr miðlæga gagnagrunninum, sem við ætlum að búa til, verða til upplýsingar sem að mati fjárfesta eru feiknarlega verðmætar. Menn ræða um 10 til 20 milljarða sem á að fjárfesta í þessu. Þvílík eru verðmæti þessara upplýsinga. Fjárfestarnir sjá því væntanlega meiri verðmæti í upplýsingunum ef dæmið gengur upp. Þeir sem fjárfesta þarna sjá mikil verðmæti í þessu, þau verðmæti að lækna sjúkdóma, finna upp aðferðir og meðferð við sjúkdómnum alls mannkyns. *Þetta eru feiknarleg verðmæti. Ég tel þetta aðalkostinn* við frv.

Síðan eru margir aðrir kostir, herra forseti. Þeir varða í fyrsta lagi gildi menntunar á Íslandi. Eins og ég gat um áðan hefur verið sagt að bókvitið verði ekki í askana látið. Það

hefur nú verið afstaða Íslendinga til menntunar hingað til, því miður. Þessi afstaða mun breytast, þ.e. afstaða manna til rannsókna og vísinda þegar í ljós kemur að vísindamenn geta skilað starfi sem færir þjóðinni milljarða, mun álit Íslendinga á vísindum og menntun stórbatna. Sjálfstraust vísindamanna mun vaxa við að skila svo verðmætu starfi í stað þess að lifa á hungurlaunum úr hungurfjárveitingum frá Alþingi eða erlendum fjárfestum og þurfa að þakka fyrir í hvert skipti.

Vísindamenn hafa hingað til verið lágtekjufólk á Íslandi. Þeir hafa gengið um með betlistaf. Þeir hafa ekki getað unnið hjá öðrum en ríkinu. Nú er þeim allt í einu sýnt að menn geta unnið sjálfir á markaðnum og selt vinnu sína og hugvit á markaði fyrir háar fjárhæðir. Allir íslenskir vísindamenn fá slík skilaboð með þessu frv. Þannig mun auðlindin hugvit og þekking vaxa með þessu frv. og álit almennings á þeirri auðlind einnig vaxa. Almenningur sér að til eru fleiri auðlindir en fiskurinn í sjónum.

Herra forseti. Því er ekki að neita að vinir ríkissjóðs og fjármálamenn sjá líka ákveðið gleðiefni þarna. Þarna streymir inn mikið fé, 10, 20 milljarðar streyma inn til landsins, að mestu leyti frá útlöndum. Af þessu fé kemur virðisaukaskattur og fjmrh. brosir væntanlega því að 25% þess fer væntanlega í ríkiskassann, þó ég þekki ekki nákvæmlega hvernig það verður meðhöndlað. Þeir sem vinna að verkefninu munu fá háar tekjur, það er talað um 2.700 ársverk sem er fjöldi fólks. Margir þeirra flytja frá útlöndum til Íslands, borga skatta í ríkissjóð og greiða fyrir þjónustu, fara t.d. til rakara o.s.frv. og þannig breiðist þetta út um allt þjóðfélagið. Þessir 10–20 milljarðar, fyrir utan virðisaukaskattinn, eru sennilega 80–90% laun, renna til íslensku þjóðarinnar. Þeir sem áhuga hafa á fjármagni, sparnaði og öllu slíku hljóta náttúrlega að gleðjast yfir þessum áhrifum frv., burt séð frá hinu sem ég nefndi áðan, um gildi menntunar og gildi rannsóknanna fyrir allt mannkynið.

Herra forseti. Hvers virði er þessi gagnagrunnur ef hann verður ekki til? Ef við samþykkjum ekki þetta frv. og enginn gagnagrunnur verður til, hvers virði er þetta þá? Hvar standa íslensku vísindamennirnir þá? Þeir standa í nákvæmlega sömu betlisporunum og hingað til. Með lágu launin sín, vanvirðinguna o.s.frv. Hér er því verið að búa til verðmæti úr engu, eins og oft hefur gerst núna á síðustu árum. Ríkasti maður heims hefur orðið ríkur af hugviti. Hann er ekki ríkur af því að selja olíu, málma eða eitthvað því um líkt. Nei, hann er ríkur af hugviti. Hann bjó til eitthvað úr engu, þ.e. hið mikla fyrirtæki Microsoft. Þetta er að gerast núna og hér verður allt í einu til eitthvað sem verður til úr engu, þ.e. ef við berum gæfu til að samþykkja þetta frv.

Annar kostur við þetta er sá að umræðan hefur nú þegar bætt umgengni um gögn og ég geri ráð fyrir því að á síðasta hálfa árinu hafi mörg mappan horfið úr hillu og farið inn í læstan skáp. Það er kostur. Umræða um persónuvernd hefur hingað til ekki verið neitt mjög ríkjandi hér á landi.

Herra forseti. Einnig má spyrja: Hvers virði verður þessi grunnur eftir tólf ár og hver á hann þá? Í fyrsta lagi verður heilmikil þekking komin inn í landið, þekking sem ella hefðu ekki safnast hér á landi. Vísindasamfélagið verður mun ríkara af reynslu og þekkingu. Mikið af nýjum gögnum verður aðgengilegt á tölvutæku formi á heilbrigðisstofnununum. Verður hann nýttur á annan hátt? Enginn veit hvernig hægt yrði að nota þennan grunn eftir tólf ár. Sumir segja að hann verði verðlaus. Ég segi: Hvað gæti gerst?

Ég vil benda á að árið 1899 sagði, að ég held, forstjóri einkaleyfisstofnunar Bandaríkjanna að allt væri fundið upp sem upp yrði fundið og nú gætu þeir lokað. Þetta var álit hans 1899 en síðan hefur ýmislegt verið fundið upp.

Þegar menn meta grunninn eftir tólf ár þá líta þeir á hann út frá núverandi þekkingarstöðu en eftir tólf ár verður allt önnur staða komin upp. Þá er hugsanlegt að nota þennan grunn í eitthvað allt annað sem við sjáum ekki í dag. Kannski verður verðmæti hans enn meira. Þetta hefði einnig í för með sér breytta aðstöðu og sjálfsálit vísindamanna og það er mikils virði líka.

Í frv. vantar hins vegar, og ég vil beina því til hv. nefndar sem fær þetta til umfjöllunar, að segja til um hvað verði um grunninn eftir tólf ár. Í 5. gr. mætti bæta því við að þegar leyfistíma ljúki, samkvæmt ákvæðum um rekstrarleyfi, taki ráðherra ákvörðun um starfrækslu gagnagrunns að undangengnu útboði. Ég vil hafa útboð eftir tólf ár. Ekki núna vegna þess að ég met rétt frumkvöðulsins til að koma þessari miklu hugmynd í framkvæmd. Það er ekki nóg að hafa hugmynd, heldur verður hún að komast í framkvæmd. Frumkvöðullinn hefur sameinað fjármagn og hugmynd. Ég vil virða frumkvöðulinn þannig að ekki fari fram útboð í fyrsta skipti, þó að ég teldi að yfirleitt væri það nauðsyn. Eftir tólf ár finnst mér hins vegar sjálfsagt að hafa útboð.

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan í andsvari þá er áhætta sérleyfishafans feikimikil af ýmsum ástæðum. Spurningin er: Hver vill fjárfesta? Ég er ekki viss um að hv. þingmenn væru tilbúnir til að hætta sínu fé í þetta. Ég mundi a.m.k. ráða þeim frá því að setja umtalsverðan hluta af eignum sínum í svona áhættu. Hún er það mikil. Þeir aðilar sem leggja fjármagnið fram eru reiðubúnir til þess að hætta því í þetta verkefni og það er þeirra mál. Það sem við þurfum að huga að er hvað gerist ef þeim endist ekki örendið. Ég held að hægt sé að gera ráð fyrir því og reikna með því, kannski eru litlar líkur á því en það gæti gerst. Þá sæti eftir sú þekking sem þegar væri búið að byggja upp og hugsanlegt að væri hægt að fá einhvern annan til að taka við.

Ég gat um nauðsyn einkaleyfis áðan í andsvari. Við erum með eignarvernd hugverka, t.d. höfundarrétt í tónverkum og ritverkum, einkaleyfi varðandi lyf og bílatækni og svo einkarétt og sérleyfi. Allt eru þetta aðgerðir ríkisvaldsins til þess að tryggja þá sem eiga hugverk, sem eiga eign í hugverki. Til að tryggja þá eign. Þetta er nauðsynlegt. Eins og ég gat um áðan er ekki nóg að hafa bara höfundarrétt að þeim upplýsingum sem hér er verið að vinna að, vegna þess að hluti af þeirri vinnu sem fjárfest verður í er stöðlun á upplýsingum og skráning gagna og ég get ekki séð að þegar búið er að skrá gögn sé einhver höfundarréttur að þeim. Ég get ekki séð það, en það getur vel verið að einhver lögfræðingur gæti séð það. Það er því nauðsynlegt að hafa einkaleyfi til að tryggja þetta.

Sumir hafa sagt að ríkið gæti séð um þetta og jafnvel fjárfest í þessu. Ég hef nú bara ekki þá trú á ríkinu og mér finnst rekstur ríkisins á heilbrigðisstofnunum ekki hafa verið þesslegur að ástæða sé til að ætla að ríkið geri þetta ódýrast, best og hraðast.

Herra forseti. Inn í þetta mál blandast óneitanlega siðfræði. Við verðum að spyrja okkur: Er þessi miðlægi gagnagrunnur góður eða slæmur? Ég er búinn að fara hér í gegnum kosti og galla og þeir eru umtalsverðir, persónuleyndin, „stóri bróðir" o.s.frv. Kosturinn er upphafning vísinda, miklir peningar inn í landið og svo ekki hvað síst rannsóknir í þágu alls mannkyns, sem er óneitanlega mjög stór, jákvæður plús,

þ.e. gagnagrunnurinn er mjög góður að því leyti. En hann er að einhverju leyti slæmur eins og ég hef getið um. Ég tel að þar sem hann gæti bætt læknavísindin, bjargað mannslífum og linað þjáningar fjölda manns, miklu fleiri en Íslendingar eru, þá sé hann meira góður en slæmur og umtalsvert meira góður.

Við Íslendingar höfum í gegnum tíðina sýnt það að við viljum stuðla að velferð náungans. Ég nefni t.d. blóðgjafir sem hér á landi eru veittar ókeypis, þ.e. sá sem gefur blóð fær ekki greitt fyrir það, hann fær reyndar kaffi og kökur, en víðast hvar annars staðar er greitt fyrir blóðgjafir. Menn gefa líffæri án endurgjalds o.s.frv. þannig að Íslendingar eru yfirleitt velviljaðir í garð heilbrigðisþjónustu sem gagnast öðru fólki. Og ég held að sú afstaða Íslendinga til þessa gagnagrunns sem yfirleitt virðist vera jákvæð helgist af þessu, að Íslendingar eru jákvæðir í því að stuðla að bættu heilbrigðiskerfi og vellíðan og betri heilsu náungans.

En það má vel vera, herra forseti, að bæta þurfi inn í markmiðin, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, að ekki megi misnota grunninn í illum tilgangi þannig að hann sé raunverulega alltaf góður í skilningi siðfræðinnar.

Herra forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu en ég vil benda á að sumt fólk horfir mjög mikið á ókosti þegar taka á ákvörðun. Það er stundum horft svo mikið á ókostina að sumir róa aldrei til fiskjar af því vera kynni að það kæmi vont veður, það gæti gert bál, og svo sitja þeir með hendur í skauti í blankalogni og róa ekki til fiskjar. Þeir gera ekki neitt. Ég held að Íslendingar almennt átti sig á því að svona getum við ekki farið fram. Við verðum alltaf að taka áhættu. Við getum ekki lifað áhættulausu lífi. Það þekkjum við hér í okkar landi.

Það er gott að vera varkár, það er að sjálfsögðu gott og ég met mikils varnaðarorð þeirra sem í þessari góðu umræðu hafa varað við frv. Það er einkenni góðrar íhaldsstefnu að huga vel að öllum breytingum sem menn ætla að gera og ég met það mikils. En ég tel að þegar búið er að fara í gegnum alla umræðuna og fara í gegnum kosti og galla, þá séu kostirnir yfirgnæfandi meiri en gallarnir og gagnagrunnurinn er yfirgnæfandi góður, hann er meira góður en vondur í siðfræðilegum skilningi. Og ég tel að menn eigi að sýna áræði og hugrekki og samþykkja þetta frv.

[14:05]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef haft það að leiðarljósi í störfum *mínum á hinu háa Alþingi að reyna að skoða öll mál frá* ýmsum hliðum og draga fram kosti og galla hinna ýmsu mála. Síðan verður annað hvort sem vegur þyngra, kostirnir eða gallarnir.

Við erum einmitt að ræða um mál sem hefur það einkenni að á því eru margir kostir en líka stórir gallar. Stærsti gallinn er kannski óvissan sem fylgir frv., þau svör sem vantar í umræðuna um það hvert er verið að stefna, hvað á að gera, hvað á að fara inn í þennan gagnagrunn, hvað á að gera við *þær upplýsingar o.s.frv., eins og ég mun koma betur að síðar* í dag. Og það finnst mér vera sú áhætta sem Íslendingar eru að taka.

Hv. þm. sagði í upphafi máls síns að Íslendingar væru ekki að taka neina áhættu, og ég hygg að hann hafi þar fyrst og fremst átt við fjárhagslega áhættu. Áhættan sem við erum að taka felst í því að safna saman svo gífurlegum upplýsingum um heilsufar íslensku þjóðarinnar, um öll hennar einkenni í fortíð, nútíð og framtíð, og leggja það inn á einn stað án þess að við vitum hvað verður gert við þetta. Þetta tengist því sem mér finnst að menn þurfi að beina sjónum að, að úti í heimi — og það er langt síðan sú umræða hófst — þá er mikið rætt um hvaða leyfi höfum við varðandi erfðalækningar og hugsanlega breytingar á genamengi mannsins. Menn eru farnir að gera svo ótrúlegar aðgerðir á fóstrum í móðurkviði og það er verið að grípa fram fyrir hendurnar á náttúrunni. Hver er réttur okkar í þessum efnum? Þetta eru hinar stóru siðferðilegu spurningar. Ég tel því að við séum þarna að taka ákveðna áhættu og þess vegna, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom að í sínu máli, þarf auðvitað að skoða og meta hverja einustu rannsókn sem á að framkvæma á grundvelli þessa gagnagrunns.

[14:08]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns fara örfáum orðum um aðdraganda að frv. og þessa máls sem við erum að tala um í dag. Það veldur mér áhyggjum að aðdragandinn, nokkurra mánaða aðdragandi, hefst einvörðungu á umræðum um peninga og fjárhagslegan ábata. Það er bara á allra síðustu mánuðum sem menn fara í efnislega umræðu um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Þetta er í sjálfu sér mjög góð nálgun hjá þeim sem vill panta frv. vegna þess að íslenska þjóðin er mjög viðkvæm og spennt fyrir því að menn komi með peninga, ég tala nú ekki um að menn komi með störf sem allir eru ginnkeyptir fyrir, og að menn leggi grunn að því að fólk geti flutt heim frá útlöndum. En það sem er alvarlegt í málinu er að íslenska þingið skuli ekki taka málin til efnislegrar umræðu strax og að svo löng og hörð umræða skuli fara fram svo mánuðum skiptir án þess að menn fari efnislega í verkið.

Við stöndum nefnilega frammi fyrir þeirri staðreynd að Íslendingar eru hrekklausir. Þeir meta það að fá störf, þeir meta það að fá peninga og þeir meta það að fá fólk heim frá útlöndum. Og þannig fer þessi umræða af stað. Hún fer ekki af stað á þeim grunni sem þarf að leggja til þess að fara í málið og kryfja það í mergjar.

Í mínum huga er alvarlegasti bresturinn í umræðunni síðustu mánuði að fara ekki í siðfræðilegu umræðuna. Það fer voðalega lítið fyrir siðfræðilegu umræðunni. Menn tala langmest um peninga. Siðfræðileg umræða er grunnurinn að því sem við viljum gera og fyrir hverju við viljum standa. Það er nefnilega ekkert víst að við viljum endilega gera suma hluti, hvort sem við erum einstaklingar eða félagasamtök, þó að við fáum fullt af peningum fyrir það, ef við höfum ekki þann siðfræðilega grunn til grundvallar sem við getum staðið á.

Mér sýnist að staðan í þinginu sé þannig núna að fæstir hv. þingmenn hafi þann siðfræðilega grunn eða réttlætingu hjá sjálfum sér á hreinu þannig að þeir geti farið út í samfélagið, ég tala nú ekki um til kollega sinna í útlöndum og talað fyrir málinu og samþykkt það. Það eru örfáir sem hafa lagt málin upp þannig í umræðunni.

Í morgun flutti Einar Oddur Kristjánsson, hv. 3. þm. Vestf., varnaðarorð til manna. Í ræðu hans voru varnaðarorð í mörgum liðum sem ég get fyrir mína parta tekið undir að langmestu leyti. Ég held að miklu lengri umræðu þurfi um þetta mál og það þurfi að fara miklu dýpra ofan í frv., taka það upp og gera á því breytingar.

Fyrir mína parta vil ég ekki miðlægan gagnagrunn sem er seldur til einkafyrirtækis. Ég vil ekki miðlægan gagnagrunn

sem verður einokaður þannig að aðrir fái ekki aðgang að honum. Ég vil jafnan aðgang allra að upplýsingum til að stunda rannsóknir í landinu. Ég held að það sé meginmál sem verður að standa vörð um. Þess vegna vil ég að það sé opinber stofnun, kannski Háskóli Íslands, sem standi vörð um slíkar upplýsingar á heilbrigðissviði. Það eru allir sammála um að rannsóknir þurfi að eiga sér stað og við viljum framfarir í læknavísindum en spurningin er um aðferðirnar til að gera þetta.

Ég talaði áðan um aðdraganda svona máls. Hvar ætla menn að staldra við? Ég á við að í dag eru málin þannig að það gæti t.d. verið spennandi fyrir einhvern að koma utan úr heimi í næsta mánuði með fullt af peningum, kannski 100 milljarða, og lýsa kostum þess að setja þá inn í efnahagskerfið, en það eina sem viðkomandi færi fram á væri að strikamerkja íslensku þjóðina til þess að geta stundað atferlisfræðirannsóknir. Það er einfalt mál, strikamerking á Íslendingum, lítill silfurpinni í eyrað þannig að hægt væri að fylgjast með öllu.

En erum við tilbúin að gera allt — þarna eru siðfræðispurningarnar — bara ef við fáum peninga? Þessu verður að svara. Nálgun aðeins út frá peningum er röng. Hún byggir ekki á þeim siðfræði- og siðvitundargrunni sem við eigum að fara eftir. Og þingmenn eiga auðvitað fyrstir manna að stunda störf sín, gagnrýna og setja reglur út frá þessum sjónarhóli en ekki bara út frá sjónarhóli peninganna.

Hv. þm. Pétur Blöndal minntist á áðan í ræðu sinni að þetta væri að mestu leyti gott frv. Það væri mjög lítið vont í því. Og hann minntist á það líka að menn vissu ekkert hvernig þetta hugverk nýttist eftir tólf ár þegar einkarétturinn verður afnuminn.

Við getum líka hugsað okkur að eftir 12 ár verði staðan allt önnur þannig að dæmið verði kannski enn hryllilegra en okkur óar fyrir. Það getur alveg eins orðið á þann veginn eins og á góða veginn. Þetta verða menn að hafa í huga.

Ég vil taka undir þau varnaðarorð að mönnum verði ekki bara frjálst að gera það sem þeim sýnist, að setja upp verk eins og þeim sýnist. Það verður að vera þannig um hnútana búið að öll verkefni fari í umræðu og séu leyfum háð, að ekki sé bara hægt að láta sér detta eitthvað í hug og fara í dæmið á þeim grunni.

Svo vil ég líka koma inn á þá áhættu sem menn eru að taka ef við ströndum á miðri leið eins og getur gerst með öll fyrirtæki. Ég er ansi hræddur um það að þótt þjóðin virðist samkvæmt skoðanakönnunum í dag vera meðmælt þessu að langstærstu leyti — 80% er verið að tala um — þá fyndist henni fyrirtækið, einkaleyfishafinn, minna spennandi ef hún stæði frammi fyrir því í desember að eignarhaldið væri allt saman komið til útlanda á annarra manna hendur. Ég nefndi nefnilega áðan að íslenska þjóðin er hrekklaus og hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á það líka að Íslendingar væru velviljaðir gagnvart heilbrigðiskerfinu, þeir gæfu upplýsingar, þeir gæfu jafnvel líffæri sem aðrir væru að selja. Þessi velvild byggir nefnilega á vissum forsendum. Hún byggir á forsendum sem menn gefa sér um að þetta sé fyrirtæki sem nýtist þjóðinni, þetta sé íslenskt, unnið af Íslendingum, þetta sé atvinnumál o.s.frv.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína lengri um gagnagrunnsfrv. en vil benda mönnum á þáltill. sem þingflokkur óháðra hefur lagt fram til leiðréttingar í málinu. Ég vona að umræðan verði sett í þann farveg að þær breytingar verði gerðar sem nauðsynlegar eru og hefur verið bent á með varnaðarorðum margra í þinginu.

[14:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að það væri betra að opinberir aðilar, eftir því sem ég skildi hann, mundu búa til þennan grunn, að opinber stofnun gerði þetta en ekki einkaaðilar. Þarna skilur sennilega á milli okkar bara hvað varðar hugsjón eða lífssýn. Ég hef aðra lífssýn en hv. þm. og það er ekkert við því að segja. En hann sagði að allir ættu að hafa jafnan aðgang að þessum grunni og þá er það spurningin: Er betra að hafa engan grunn en hafa grunn sem er misjafn aðgangur að? Er betra að hafa engan grunn sem engir hafa þar af leiðandi aðgang að eða hafa misjafnan aðgang? Svo sagði hann að það mætti ekki græða á rannsóknum? Telur hann betra að útlendingar græði á rannsóknum eins og nú þar sem íslenskir vísindamenn eru að vinna fyrir lág laun og útlend fyrirtæki notaða niðurstöður vísindarannsókna þeirra til að græða á? Er það betra að grætt sé úti í heimi?

Síðan sagði hann að menn gerðu allt bara ef þeir fá peninga. Ég vil benda honum á að ég tók það sem þriðja atriðið. Fyrsta atriðið var það að við bætum læknavísindin, annað atriðið að við aukum virðingu vísindamanna á Íslandi og þriðja atriðið hjá mér, nánast undir lokin, voru peningarnir. Þannig leit ég á þetta. Ég ræddi líka sérstaklega um að gagnagrunnurinn væri meira góður en vondur í siðfræðilegum skilningi, að hann gerði meira gagn fyrir mannkynið heldur en ógagn fyrir nokkra Íslendinga þannig að ég reyndi að leggja siðferðilegt mat á gagnagrunninn sem slíkan.

[14:19]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst menn gera ansi mikið úr því að ekkert verði til í rannsóknum í þágu læknavísindanna ef þetta frv. nær ekki fram að ganga. Ég veit ekki betur en að upplýsingar liggi úti um allt samfélagið. Þær eru að vísu ekki í miðlægum gagnagrunni en það er verið að vinna úr þessum upplýsingum á hverjum einasta degi og gengur bara bærilega. Átta menn sig ekki á því að þegar hafa hafið störf, að því er manni skilst, í kringum 200 manns? Og úr hvaða grunnum eru þeir að vinna? Auðvitað eru þeir að vinna úr gagnagrunnum sem eru til og margir aðrir eru að vinna eftir og vinna í og þeir munu halda því áfram.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að það skilur á milli okkar, hv. þm. Péturs Blöndals og mín, því að ég vil að opinberir aðilar haldi um þessi mál. Ég vil ekki einkaleyfi. Ég vil ekki mónópól og þar skilur á milli.

[14:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki mikinn mun á mónópól einstaklinga eða mónópól opinberra starfsmanna, þ.e. hvort opinber starfsmaður eða starfsmenn ríkisins hafi einkaleyfi á rekstrinum eins og er í dag á mjög mörgum sviðum, eða aðrir.

Varðandi það að upplýsingar liggi út um allt og að þær séu notaðar. Þær liggja þær út um allt. Það er rétt. En þær eru óskráðar og meginkostnaðurinn, fleiri milljarðar eru ætlaðir í þessu frv. eins og kom fram í greinargerð með því, liggur í því að skrá þessar upplýsingar þannig að þær liggi fyrir í tölvutæku formi og séu aðgengilegar. Það er meginatriðið. Frv. mun því bæta aðgengi vísindanna og bæta læknavísindin þar af leiðandi vegna þess að það gerir upplýsingar sem

núna liggja í möppum út um allt aðgengilegar í tölvutæku formi.

[14:21]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það að skapa mónópól eins og hv. þm. Pétur Blöndal kemur inn á er engin forsenda fyrir því að vinna þessa vinnu. Það er hægt að nota allar mögulegar aðrar formúlur. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði í morgun að menn þyrftu að skilgreina verkefnin, skilgreina hvað þeir ætluðu að fara í. Það er meginmál að menn upplýsi hvað þeir ætli að fara að gera. Ef upplýsingarnar liggja ekki í tölvutæku formi úti í samfélaginu þá getur opinber stofnun eftir slíka skilgreiningu, þ.e. á því hvað menn ætla að fara í, veitt mönnum leyfi til þess gegn gjaldi að fara í þessar upplýsingar til þess að vinna úr þeim. Menn eru fastir í þessu formi vegna aðdragandans sem ég var að nefna áðan. Aðkoman að málinu er röng og við skulum bara viðurkenna það að þingið er í þeim fasa núna að það er að búa til ramma utan um hugarfóstur eða verkefni sem fór langt fram úr mönnum vegna þess að þeir fóru ekki í þessa efnislegu umræðu sem var nauðsynleg. Á þetta var ég að benda mönnum.

Ég held að staðan hefði verið allt önnur í þinginu ef menn hefðu nálgast verkefnið út frá þeim forsendum sem ég var að nefna, ekki út frá forsendum um það hvað þetta gæfi mikið í aðra hönd, en þannig fór umræðan af stað. Peningar, atvinna sem er að vísu peningar líka og síðan þetta þjóðlega að ná heim sprenglærðu fólki o.s.frv., þetta er allt í sjálfu sér gott en nálgunin er röng. Það er hægt að ná öllum þessum markmiðum sem við erum að leita eftir með öðrum formúlum og á það er ég að benda.

[14:23]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins bregðast við og þakka fyrir þessa ræðu og fleiri sem fluttar hafa verið í dag. Hv. þm. talaði um að enn þá vantaði siðfræðina. Það kann vel að vera og þó er skírskotunin mjög augljós. Það á að skrásetja alla heimsbyggðina nánast og fari nú hver til sinnar borgar í sína ætt til þess að láta af hendi gögnin um sjálfa sig.

Hvað varðar siðfræðina þá eru flest mál sem þingið afgreiðir siðferðilegs eðlis. Mér er t.d. þagnarskylda og trúnaður heilagt mál og ég er klár á því líka að grundvöllur árangurs lækninga og meðferðar er trúnaður, þagnarskylda og að ekki sé misfarið með mikilvægar upplýsingar.

Ég vil benda á að málefnaleg vinna er að hefjast núna á hinu háa Alþingi um þetta mál. Fram undan er þingleg meðferð í hv. heilbr.- og trn. og ég treysti því að hún hafi það sem veganesti í sinni vinnu sem hér hefur komið fram í umræðunni og allt það sem búið er að afla af gögnum og heimildum í málinu, en síðan þegar kemur til 2. umr. verði virkilega, málefnalega, siðferðilega o.s.frv. tekið á þessu máli. Það dugir auðvitað ekki að samþykkja neitt út á það þótt óvarlega hafi verið farið með slíkar trúnaðarupplýsingar fyrr á heilbrigðisstofnunum. Ég hvet til þess að nefndin fari mjög varlega í sínu starfi og málefnalega.

[14:25]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að mér finnst fleiri og fleiri þingmenn vera á því að það þurfi að skoða málin í nýju ljósi. Auðvitað er ekki öll von úti því að málið á eftir að fara í nefndir og það á eftir að ræða það mikið. Og ég treysti því sérstaklega eins og ég benti á áðan að þau varnaðarorð sem hafa verið sett fram verði tekin til greina í vinnu nefndarinnar. Auðvitað er það von mín í þessu tali um siðferðilegan grunn að menn endurskoði það líka hver á að standa fyrir gagnagrunni. Ég geri mér fulla grein fyrir því að áherslumunur er hér á milli manna um það hvort menn vilja vera privat, einstaklingshyggjumenn, með einkafyrirtæki eða opinberan rekstur. En eins og hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á áðan í sambandi við opinberar stofnanir og opinberan rekstur þá vil ég sem opinber starfsmaður frábiðja mér það að ekki sé unnið dyggilega að málum þar sem opinberir starfsmenn koma að. Þeir eru hugsjónamenn, góðir til verka og þar innan um eru ekki fleiri lélegir eða vondir starfsmenn en gengur og gerist á öðrum vinnustöðum og þar með talið er hæstv. þingið.

[14:27]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði áðan að nú væri að hefjast málefnaleg vinna um þetta frv. hér á þingi. Að lokinni þessari umræðu færi málið til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn. og síðan yrði tekist á um það á síðari stigum. Hann orðaði það ekki þannig en þetta var inntakið í orðum hans.

Ég vona að þetta sé rétt en ég óttast að það sé ekki rétt. Ég óttast að ákvörðun hafi verið tekin fyrir löngu síðan um að keyra þetta mál í gegnum Alþingi og að okkar verkefni eða hlutskipti öllu heldur verði því miður fyrst og fremst að pússa þetta frv. eitthvað til. Ég óttast að svo sé. Ég óttaðist það þegar ég sá hæstv. forsrh. þjóðarinnar vera viðstaddan undirritun viðskiptasamnings við erlenda stórfyrirtækið Hoffmann-La Roche í Perlunni fyrir fáeinum mánuðum síðan. Það var samningur um lyfjasamstarf sem margir ætla, án þess að ég geti fullyrt nokkuð um það, að hafi tengst þessu frv. hér. Frá því að ég varð vitni að þessum atburði í gegnum fjölmiðla óttaðist ég að stjórnarmeirihlutanum á Alþingi yrði skipað að samþykkja þessi lög. Ég vona því að það sé rétt hjá hv. þm. Hjálmari Jónssyni að hér sé að hefjast málefnaleg vinna þar sem hver og einn taki afstöðu samkvæmt eigin sannfæringu. Ég vona að það sé rétt.

Hins vegar finnst mér umræðan á Alþingi hafa verið góð og mér finnst menn hafa vandað sig í þessari umræðu og að hér hafi verið fluttar margar góðar ræður. Okkur ber að vanda okkur við afgreiðslu allra mála sem koma fyrir Alþingi. Öll lög sem sett eru á Alþingi skipta máli, en mismiklu þó, og ég held að engum blandist hugur um að fá mál hafa komið til kasta Alþingis í seinni tíð sem eru eins mikilvæg og kunna að hafa eins afdrifaríkar afleiðingar í för með sér og einmitt þetta. Þess vegna ber okkur að vanda sérlega til verka.

Við spyrjum hverjar séu líklegar afleiðingar þess að samþykkja þessi lög. Ekkert okkar veit það nákvæmlega. Við byggjum afstöðu okkar á líkindum en eitt vitum við þó: Það er verið að taka ákvörðun um að fela einkafyrirtæki réttinn til afnota af heilbrigðisupplýsingum íslensku þjóðarinnar í rúman áratug, til a.m.k. 12 ára, eins og segir í frv. Lítum nú til baka 12 ár aftur í tímann. Hvernig leit heimurinn út þá? GSM-síminn var ekki kominn til sögunnar. Nú er annar hver maður með GSM-síma. Internet, það var ekki til. **(Gripið fram í:** Varstu búinn að læra á tölvu þá?) Nú notar drjúgur hluti þjóðarinnar internetið til samskipta. Ég var spurður úr salnum hvort ég hefði verið búinn að læra á tölvu þá. Svarið er nei. Nú er þetta vinnutæki okkar allra. Nýbyrjað var að senda lifandi myndir um gervihnött. Íslenska sjónvarpið fékk tvisvar í viku filmusendingu með flugvél sem var náð í til

Keflavíkur og ég segi filmusendingu vegna þess að myndbandið var ekki komið til sögunnar, með allri þeirri tækni sem það býður upp á. Þetta var fyrir 12 árum, sumt af því fyrir rúmum 12 árum að vísu.

Í heimi vísindanna og fjarskiptanna eru tæknibreytingar geysilega örar. Hvers vegna er ég að nefna þetta núna? Jú, það er tvennt sem ég vil draga fram í dagsljósið. Annars vegar þetta: Þegar við tölum um kóðun og dulkóðun þá er það sem ógerlegt er í dag gerlegt á morgun. Tæknin tekur slíkum framförum og slíkum breytingum. Hitt sem ég vil leggja áherslu á í þessu sambandi er að það er mikil skammsýni að binda sig til þetta langs tíma.

Ein ástæðan fyrir því að margir eru komnir með efasemdir um einkaframkvæmd sem svo er nefnd í Bretlandi, PFI, Private Finance Initiative, þar sem gerður er samningur við einkafyrirtæki um rekstur skóla, um rekstur sjúkrahúsa, oft langt fram í tímann, stundum áratugi fram í tímann, gagnrýni sem er nú komin fram er sú að það sé varasamt fyrir hið opinbera, hvort sem er ríki eða sveitarfélög, að binda sig þetta langt fram í tímann. Nú erum við að taka ákvörðun um það að fela einu fyrirtæki einkarétt á afnotum eða ráðstöfun upplýsinga um heilbrigði íslensku þjóðarinnar í rúman áratug, 12 ár fram í tímann. Þetta er skammsýni sem ég vara við.

Annað sem ég vek athygli á og kannski í framhaldi af því sem hér kom fram í gær, m.a. hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich þar sem hann að vísu undir öðrum formerkjum vildi að við leiddum hugann að því umhverfi sem við hrærðumst í. Hann sagði: Við þurfum að skoða þróun heilbrigðiskerfisins, það fjársvelti sem það býr við og möguleika til að afla tekna. — Þetta eru rök út af fyrir sig. En ég hvet til þess að við skoðum málin í enn víðara samhengi en þetta.

Mig langar til að segja frá reynslu sem ég hef aflað mér þegar ég hef verið að kynna mér vinnuvernd og heilsuvernd vinnustaða á Norðurlöndum vegna þess að í íslensku þjóðfélagi hefur komið til umræðu að gera breytingar á þeim lögum sem við búum við í því efni. Við byggjum á lögum sem voru sett árið 1980, um heilsuvernd á vinnustöðum. Þau lög hafa í reynd aldrei komið til framkvæmda og menn eru að velta fyrir sér leiðum í þeim efnum. Það sem menn hafa verið að skoða er hvort fara eigi með vinnuverndina, jafnvel heilsuverndina inn á vinnustaðinn í ríkari mæli en gert hefur verið. Á Norðurlöndum hefur þetta verið gert sums staðar. Í Danmörku og Noregi hafa menn farið varlega í sakirnar og fyrst og fremst lagt áherslu á vinnuverndina og það sem fyrirbyggjandi er en í Finnlandi, sem vísað var til hér í gær, hafa menn gengið alla leið og reka heilsuverndina að nokkru leyti í gegnum vinnustaðinn. Hvernig gerist þetta? Röksemdin gengur á þessa leið: Sagt er við atvinnurekandann að tíminn sé peningar og heilsufar starfsmanna skipti máli. Heilsuhraust fólk starfi betur, því líði betur, það sé síður fjarverandi vegna veikinda. Tíminn sé peningar og þegar fólk þurfi að leita sér lækninga þurfi það að standa í biðröðum í heilbrigðiskerfinu, á heilsugæslustöðvunum. Fyrirtækin eru hvött til að gera samninga við heilsugæslustofnanir, bæði ríkisreknar og einnig einkastofnanir. Þær gera samninga um að einstaklingarnir fái skjóta afgreiðslu, komast á vinnutíma til fyrirtækisins sem gerir við skrokkinn og allir eru mjög ánægðir. Ríkið stuðlar að þessari þróun og reynir að örva hana með skattafslætti. Hvernig er það gert? Jú, það er gert með því að telja þennan tilkostnað til framleiðslukostnaðar. Fyrirtækin hagnast, starfsmennirnir hagnast. Fólkið kemst út úr biðröðunum og fær skjóta afgreiðslu. En hverjir standa í biðröðunum? Það eru þeir sem standa utan vinnumarkaðarins og eru ekki „verðmætaskapandi". Hverjir skyldu það vera? Það er gamalt fólk, það eru börn, það eru öryrkjar og það eru atvinnulausir. Þeir standa í biðröðunum en hinn verðmætaskapandi hluti samfélagsins fær þessa afgreiðslu. Þetta er þróun sem margir vilja stuðla að og örva. En fyrir atvinnurekandann getur þetta þýtt ákveðna áhættu og hver er áhættan? Fólk er misvel á sig komið, sumir eru sterkari en aðrir, sumir búa við sjúkdóma, suma arfgenga. Þeir eru áhætta. Þeir verða áhætta fyrir atvinnurekandann. Og hvað gerir hann? Hann tryggir sig. Hann kaupir að sjálfsögðu tryggingu hjá tryggingafyrirtæki vegna þess að starfsmennirnir eru farnir að skapa honum áhættu og til þess að fyrirbyggja að hann verði fyrir áföllum kaupir hann tryggingu hjá tryggingafyrirtæki. Þessi þróun veldur því að heilsufar og upplýsingar um heilsufar eru orðin verðmæti í sjálfu sér og það er í þessum heimi og í þessu samhengi sem okkur ber að skoða þetta frv. og þessa þróun.

Nú skulum við halda áfram og spyrja: Hverjir eru það sem ætla að kaupa upplýsingar úr íslenska heilsufarsgrunninum? Hverjum eru boðnar þessar upplýsingar? Hér er upplýsingabæklingur frá deCODE Genetics, hinu íslenska fyrirtæki, þar sem vakin er athygli á því sem hér verður upp á að bjóða og þar segir á enskri tungu: „DeCODE Genetics is a population-based genomics company that has unlimited access to an ideal population that is likely to have the qualities that are necessary to yield the genetics of all or most common diseases." Það er boðið upp á aðgang að gagnagrunni fyrirtækis sem hefur ótakmarkaðan aðgang að kjörþjóð og síðan segir áfram þar sem spurt er hver þessi kjörþjóð sé: „This population is the Icelandic nation." Þessi kjörþjóð er íslenska þjóðin. Hæstv. heilbrrh. í ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Íslands eru að fá samþykkt lög á Alþingi þar sem við, kjörþjóðin Íslendingar, erum afhent þessu fyrirtæki. Hefur einhvern tímann verið spurt um forræði í þessum sal og forræðishyggju? Ef einhvern tímann hefur verið ástæða til þess, þá er það nú. Hvers vegna skyldu tryggingafyrirtækin og lyfjafyrirtækin vilja fá aðgang að kjörþjóðinni? Til að gera hvað? Til þess að fá upplýsingar um Höllu Sigurjónsdóttur, Ögmund Jónasson, Ástu Ragnheiði eða Kristínu Ástgeirsdóttur, hv. þm.? Nei, ekki nokkurn einasta áhuga á því. Þess vegna, þótt vissulega skipti máli í umræðunni um miðlægan gagnagrunn hverju verði þar safnað og að hvaða marki er hægt að verja einstaklinginn, það skiptir vissulega máli, ég er ekki að gera lítið úr því, þá er hitt miklu stærra og mikilvægara að spurt sé: Hver er tilgangur þessara aðila? Tilgangurinn er að kortleggja áhættuhópa. Það er það sem tryggingafélögin vilja gera. Þau vilja fá aðstæður til að meta hvar áhættan liggur. Til þess er leikurinn gerður. Ísland er enginn markaður fyrir erlend tryggingafyrirtæki sem koma til með að kaupa þessar upplýsingar. Það er ekki svo. Þau vilja fá aðgang að upplýsingum sem verða síðan notaðar til að mismuna fólki vegna þess að við getum haldið áfram að tala um og skilgreina þann heim sem við lifum í og hvert stefnir.

Ein þróun sem á sér stað og er mjög áberandi í markaðsvæðingu heimsins er sú að hluta alla skapaða hluti niður í kostnaðareiningar og margir sjá hvers kyns samtryggingu sem nokkuð af hinu illa. Allt á að vera uppi á borði og ef það eiga að vera millifærslur eða stuðningur við náungann þá á það ekki að gerast í gegnum kerfin sem slík. Dæmi: Félags-

legar íbúðir eru gerðar að hlutafélagi í Reykjavík en það á að aðstoða fátækt fólk að sögn í gegnum félagsmálastofnun, ekki í gegnum kerfið sem slíkt. Í tryggingafyrirtækjum er þessi hugsun líka að verða ráðandi og það er ekki bara hjá stjórnendum fyrirtækisins heldur hjá þeim sem tryggja sig, einstaklingunum. Sá sem ekki reykir spyr: Á ég að borga sama iðgjald og sá sem reykir? Á ég, sem er ekki í neinum áhættuhópi, að greiða sömu gjöld og sá sem ber áhættuna í skrokknum? Svona er fólk farið að spyrja. Það er þetta sem tryggingafyrirtækin eru líka að kveikja á. (**Gripið fram í:** Hvað finnst okkur réttlátt?) Okkur finnst þetta ranglátt. Ég er að segja inn í hvaða heim við stefnum og hvað það er sem við viljum gera til að hafa síðan áhrif á þessa þróun. En tryggingafyrirtækin hafa áhuga á þessum upplýsingum til þess að geta síðan notað þær til að mismuna í viðskiptaskyni. Það er ástæða þess að þau vilja komast í þessar upplýsingar. En lyfjafyrirtækin? Til hvers vilja lyfjafyrirtækin komast í þessar upplýsingar? Verkefni þeirra er tvíþætt: Að finna leiðir til að lækna fólk og græða peninga. Það er tvennt.

Ég er ekkert að gera lítið úr því sem menn eru að gera hjá Íslenskri erfðagreiningu eða þeim sem standa fyrir þessu. Alls ekki. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að fyrir þeim vakir ekki annað en að gera gott. En til hvers vilja lyfjafyrirtækin fá aðgang að kjörþjóðinni Íslendingum? Til hvers? Til þess að gera á henni tilraunir. Til þess að gera tilraunir á þjóðinni. Það er markmiðið. Þetta er ósköp einfalt mál. Stundum tala menn um að þetta sé óskaplega flókið og það skilji þetta enginn o.s.frv. en í rauninni er þetta óskaplega einfalt. Þeir skynja þetta í erlendu vísindatímaritunum sem eru farin að tala um Íslendinga sem tilraunamýsnar. Þess vegna þurfa þessi lyfjafyrirtæki engan aðgang að einstaklingum af holdi og blóði. Þau þurfa þess ekki. Þeim nægir alveg að hafa þjóðina dulkóðaða. Það skiptir engu máli svo framarlega sem hægt er að láta hana éta pillur reglulega og næstu tegund á morgun og hina í næstu viku og þar á eftir eitthvað nýtt. Það er sitthvað að taka þátt í tilraun á meðvitaðan hátt og að gerast tilraunadýr sem er það sem verið er að gera. Það er það sem ríkisstjórn Íslands er að gera. Hún er að bjóða upp á þjóðina sem tilraunadýr.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að engar framfarir í læknavísindum verða án tilrauna á mönnum. Ég er líka á því að við eigum að vera tilbúin til þess að taka þátt í framförum, jafnvel tilraunum, en það þarf að gera á réttum forsendum. Við þurfum að gera það á meðvitaðan hátt og af fúsum og frjálsum vilja. Þess vegna er það svo að stundum getur stigsmunur orðið það mikill að hann verði að eðlismun. Að mínum dómi er það að gerast með þessari lagasmíð. Mér fyndist fyllilega ásættanlegt að fyrirtæki skrifaði einstaklingum og hópum og bæði um samstarf í vísindaskyni. Mér finnst það allt annar handleggur en að þröngva þjóðinni allri niður í þennan farveg. Svo er sagt að menn geti neitað að taka þátt í tilrauninni. Einhvern tíma voru sett lög gagnvart þeim sem voru að selja — ég man ekki hvað það var, alfræðiorðabækur held ég. Það var bankað upp á og lítil börn komu til dyra og tóku við stóra bunkanum. Svo var ekkert gert í málinu og síðan komu reikningarnir. Búið er að setja sumum bóksölufyrirtækjum eða farandfyrirtækjum einhverjar skorður af því tagi að þau verða að fá upplýst samþykki. En hér eru allir teknir nauðugir, viljugir, börn, allir og þröngvað inn í þennan farveg.

Ég spyr: Finnst stjórnvöldum þau hafa rétt á því að fara svona fram jafnvel þótt ekki væri nema lítill hluti þjóðarinnar andvígur þessu? Mér finnst nægilegt að lítill hluti þjóðarinnar sé mikið andvígur þessu til þess að tekin verði ákvörðun um að hætta við þessa lagasmíð. Það er skoðun mín. Mér finnst stjórnvöld ekki hafa leyfi til að fara svona fram. Mér finnst þau ekki hafa siðferðilegan rétt á því að fara svona fram. Þar fyrir utan er ýmislegt í þessu sem mér finnst ekki ásættanlegt. Mér finnst t.d. ekki ásættanlegt að mismuna vísindamönnum á þann hátt sem gert er. Mér finnst það ekki ásættanlegt. Það á að ráðast af viðskiptahagsmunum sérleyfishafa hvern aðgang vísindamenn, t.d. hér á landi, fá að þessum upplýsingum sem þeir hafa sjálfir verið að vinna með og hafa farið frá þeim inn í gagnagrunn. Það ræðst af viðskiptahagsmunum sérleyfishafans. Hann getur numið lönd í heimi vísindanna og útilokað aðra frá þeim löndum. Þetta finnst mér ekki vera ásættanlegt. Svo eru menn að tala um vísindi og vísindastarfsemi og framfarir á því sviði eins og ekkert hafi gerst hér um áratuga skeið. Tugir og hundruð vísindamanna hafa unnið hörðum höndum um langan tíma og gert góða hluti. En nú láta menn í veðri vaka, eða svo er að skilja á mörgum, að hér hafi ekkert gerst og komi ekki til með að gerast. Hvernig urðu framfarir í vísindum og hvernig hafa þær orðið til þessa? Hefur það allt verið gert í gróðaskyni eða vegna græðgi? Það held ég ekki. Ég held að það hafi einfaldlega verið vegna þess að menn vildu gera gott og reyna að finna lausnir á þeim vanda sem menn stóðu frammi fyrir. Hitt er alveg rétt að verið er að reyna að færa þennan heim allan niður í budduna. Það er verið að gera. Fram til þessa hefur það verið þannig að innlendar og erlendar vísindastofnanir hafa skipst á upplýsingum og menn hafa fyrst og fremst verið í þekkingarleit. Síðan koma menn í pontu og spyrja með nokkrum þjósti hvort eitthvað sé rangt við það að gera læknavísindin að viðskiptum. Í mínum huga hefur það verið þannig að þegar fólk er veikt er reynt að lækna það. Á Landspítalanum liggur veikt fólk í rúmum en ekki viðskiptavinir. Það eru ekki fullir gangar af viðskiptavinum. Það er veikt fólk sem á að lækna. En menn reyna að taka þennan heim og þessa hugsun og umbylta henni, afbaka hana og snúa þessu öllu yfir í peninga.

Mér er minnisstætt þegar efnt var til umræðu í sjónvarpssal fyrir nokkrum mánuðum. Ég held að það hafi verið í þætti sem hét Dagsljós og þar hafi verið mættir fulltrúar frá ráðuneyti og Íslenskri erfðagreiningu. Í salnum sátu fulltrúar ýmissa sjúklingahópa, væntanlega hráefnið. Við háborðið var sagt að það væri þannig í heimi nútímans að menn skiptust á upplýsingum, vöru og þjónustu í gegnum markaðinn. Það væri ekkert óeðlilegt við að þar gengu hlutirnir kaupum og sölum og þannig ætti það líka að vera í heimi vísindanna og lækninganna. Þá rétti skyndilega einn sem var í salnum upp höndina og spurði: En hvað fæ ég? Hvað fær sjúklingurinn? Það kom svolítið á þá sem sátu fyrir svörum. Menn höfðu ekki alveg hugleitt þetta eða a.m.k. ekki hugsað það til enda. En þetta gerist ef við förum inn í þennan heim sem hér er verið að leggja til. Allt verður að verslunarvöru. Sjúklingur verður að viðskiptavini. Viljum við þetta? Ég hélt ekki. Ekki vil ég þetta. Þess vegna mun ég greiða atkvæði gegn þessu frv.

[14:57]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hóf ræðu sína á ívitnun í orð mín þar á undan, hvort búið sé að afgreiða málið fyrir fram. Það tel ég afar undarlega tilgátu. Þegar þingleg meðferð er að hefjast í máli er ekki búið að ákveða

það fyrir fram. Enginn í þeim flokki sem ég er fulltrúi fyrir, Sjálfstfl., ætlar að vera sá aumingi að taka ekki afstöðu sjálfur til málsins og kunna svörin sjálfur við því sem verið er að fjalla um og leiða á í lög. Það er svo einfalt mál. Menn fara eftir sannfæringu sinni. Það er þá í einhverjum öðrum flokkum sem eru þeir aumingjar sem selja atkvæði sitt. Það er ekki hjá okkur.

[14:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona svo sannarlega að menn fari að samkvæmt sannfæringu sinni. Hins vegar verð ég að segja alveg eins og er að mér hefur fundist menn oft ganga langt í því að fylgja flokksaga í ýmsum málum sem mig grunar að þeir hefðu viljað hafa annan hátt á. Ég var að vekja athygli á því að hæstv. forsrh. þjóðarinnar sat nánast eins og pantur þegar fulltrúar hins íslenska fyrirtækis Íslenskrar erfðagreiningar og stórfyrirtækisins Hoffmann-La Roche undirrituðu viðskiptasamning sem mörgum býður í grun að hafi tengst þessu gagnagrunnsfrv. Ég vakti athygli á þessu. Ég vonast hins vegar til að það sé rétt hjá hv. þm. Hjálmari Jónssyni að menn muni hlíta sannfæringu sinni og að sú sannfæring byggi á upplýsingum um þetta mál.

[14:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Umræðan hefur verið mjög gagnleg um þetta umdeilda frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði sem hefur farið fram í gær og í dag. Ég verð að segja eins og er að eftir gagngera skoðun í sumar hefur frumvarpið tekið miklum framförum og miklum breytingum til bóta. Ég fagna því að ekki var farið að þeim óskum sem komu fram í heilbr.- og trn. í vor að reyna að keyra málið í gegnum nefndina því að í ljós hefur komið að ekki veitti af þeim tíma sem sumarið var til að endurskoða ýmsa þætti málsins.

Ég talaði í þessu máli í vor þegar fyrsta frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði var til umræðu og var þá frekar hlynnt þessu máli en sá á því marga stóra annmarka eins og það var lagt fram þá. Þó svo að margar breytingar hafi verið gerðar til batnaðar í málinu þá eru enn þá allmargir þættir sem heilbr.- og trn. þarf að skoða mjög gaumgæfilega. Ég er sannfærð um að þessi umræða og sú gagnrýni, þau rök og gagnrök sem komið hafa fram í málinu um einstaka þætti, og komið hafa fram í umræðunni hér, munu gagnast heilbr.- og trn. mjög vel við vinnuna en sú vinna verður ærin í vetur.

Nefndin þarf að gera úttekt á því hvort frv. stangist að einhverju leyti á við alþjóðasamninga, við önnur lög o.s.frv. Við þurfum að taka verulega á ýmsum greinum frv. því að það eru greinar í frv. sem ég get ekki sætt mig við eins og þær liggja fyrir.

Ég hef líka áhyggjur af því að enn er ekki sátt í samfélaginu um þetta mál, þ.e. í vísindasamfélaginu og meðal heilbrigðisstétta, og ég velti því fyrir mér hvort málið þyrfti e.t.v. lengri tíma, en það hlýtur að koma í ljós.

Við fyrstu umferð þessa máls í vor gagnrýndi ég einkaréttinn og er enn þá á sama máli. Ég hef verulegar efasemdir um að eitt fyrirtæki fái einkarétt til þessa gagnagrunns og a.m.k. að það fari þá fram útboð áður en fyrirtækið fær einkaréttinn ef ekki verður fallið frá honum.

Ég teldi einnig að vísindasiðanefnd þyrfti að koma að þeim umsóknum sem koma um aðgang að gagnagrunninum, ég tek undir það með hv. formanni heilbr.- og trn., Össuri Skarphéðinssyni, og má segja að ég sé að miklu leyti sammála afstöðu hans til málsins sem kom fram er hann talaði hér í gær.

Við þessa umræðu og á næstu dögum gefst okkur einnig kostur á að bera saman hvort við viljum miðlægan gagnagrunn eða dreifðan gagnagrunn því að hér liggur fyrir annað frv. um dreifða gagnagrunna. Það er auðvitað eitthvað sem menn verða að taka afstöðu til, hvort þeir vilja einn stóran, miðlægan gagnagrunn eða dreifðan, og um það eru margir ekki sammála, hvora leiðina beri að fara.

Ég held að við getum verið nokkuð róleg með eitt af þeim málum sem við ræddum mikið í vor og í nefndinni, en það er persónuverndin. Ég hef ekki áhyggjur af því máli ef sýnt verður fram á það í nefndinni að gögnin í grunninum verði ópersónugreinanleg. Það á að vísu eftir að sýna okkur fyllilega fram á það og ég hef heyrt mjög sannfærandi efasemdarraddir. En ég er ekki sérfræðingur í þeim efnum og tel að heilbr.- og trn. þurfi að fá til sín sérfræðinga um þau efni þegar málið kemur þangað til vinnslu.

Það er annað sem ég vildi nefna, án þess að ég ætli að taka upp öll þau atriði sem ég teldi ástæðu til að ræða því ég get komið að málinu í nefndinni, en hér eru nokkur atriði sem ég vil nefna. Það er t.d. hugmyndin í 4. gr. um að rekstrarleyfishafi skuli greiða fyrir kostnaðinn við nefndir sem hafa eftirlit með grunninum, öllum þeim nefndum sem nefndar eru í frv. Mér þætti eðlilegra að sá sem fengi réttinn til að gera þennan grunn og reka hann, greiddi fyrir aðganginn að þeirri auðlind sem heilsufarsupplýsingar íslensku þjóðarinnar eru og kostnaðurinn af þessum nefndum og eftirlitinu yrði greiddur af hinum sama. Mér finnst að þarna gæti komið til hagsmunaárekstra ef rekstrarleyfishafi greiðir kostnaðinn vegna þessara nefnda. Ég tel eðlilegt að þó svo að það standi í greinargerðinni, og hefur komið fram í umræðunni að hagnaðinum verði að deila með íslensku þjóðinni, þá sé ekki hægt að láta af hendi aðganginn að þessari auðlind án þess að á einhvern hátt verði greitt fyrir þann aðgang. Ég tel að við þurfum að skoða hvort það sé unnt, og einnig þetta með útboðið sem ég nefndi áðan, hvort e.t.v. þyrfti að setja eitthvað slíkt inn í lögin.

Mér finnst 9. gr. ekki ganga upp og ég held að við verðum að skoða hana gaumgæfilega í nefndinni þar sem er verið að mismuna vísindamönnum, eins og komið hefur fram hjá fjölda þingmanna sem hafa tekið til máls í umræðunni. Ég held að við þurfum að skoða þessa grein mjög vel við yfirferðina í nefndinni. Og það að rekstrarleyfishafi hafi fulltrúa í nefndinni sem heimilar aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum finnst mér alls ekki ganga upp. Ég held að við þurfum að skoða það mál verulega því að ekki er hægt að samþykkja það að rekstrarleyfishafi sé með fulltrúa þarna sem geti skoðað allar þær umsóknir sem koma um aðgang að grunninum.

Mikið hefur verið talað um að það fyrirtæki, sem hefur verið hér í umræðunni og er talið eini aðilinn sem komi til greina, þ.e. Íslensk erfðagreining, verði að njóta þess að hafa átt hugmyndina að þessum gagnagrunni. Ég get tekið undir það með hv. formanni heilbr.- og trn. Mér finnst Íslensk erfðagreining njóta velvilja, hún hefur forskot umfram önnur fyrirtæki og hefur haft tíma til að auka það forskot sitt á þeim tíma sem málið hefur verið til umfjöllunar. Ég tel að fyrirtækið hafi nú þegar forskot og í því tilliti tel ég að einkarétturinn sé tímaskekkja og sömuleiðis að vera með einkaréttinn til tólf ára, það finnst mér nánast ekki ganga upp.

Það er eitt atriði í viðbót, herra forseti, sem ég ætla að nefna en ég ætla ekki að lengja þessa umræðu því að hún verður áreiðanlega mikil og löng í nefndinni þar sem ég á sæti, en það er eitt í sambandi við 13. gr. frv. þar sem er talað um það að: „Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki skilyrðum þeim sem sett eru í rekstrarleyfi skal ráðherra veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.“ Og þá velti ég því fyrir mér, hvað ef aðrir brjóta þessar reglur, þ.e. þeir sem fá upplýsingar hjá rekstrarleyfishafa? Nú hefur Kári Stefánsson hjá Íslenskri erfðagreiningu sagt að hann muni selja þessar upplýsingar til annarra aðila, hvað ef þeir misnota upplýsingarnar eða fara ekki að þessum lögum? Ég hefði talið að það þyrfti aðeins að velta þeim hlutum svolítið fyrir sér og e.t.v. bæta inn í þá grein.

Ég ætla ekki að hafa þessar vangaveltur mínar lengri. Ég tel að þessi umræða hafi verið mjög gagnleg og efast ekki um að þegar málið kemur aftur til þingsins verði búið að gera einhverjar breytingar á frv. því ég verð að segja, eins og ýmsir aðrir, að ég tel að það sé nánast búið að ákveða að þetta mál fari í gegnum þingið. Við fengum þau skilaboð í vor að þetta mál þyrfti að vera búið að afgreiða í haust, a.m.k. fyrir jól. Það var talað um 20. október og í dag er 16. október. Það er því alveg greinilegt að það er ákvörðun stjórnvalda að þetta mál fari í gegn.

Þess vegna er það mjög mikilvægt og stórt hlutverk heilbr.- og trn. þingsins að fara gaumgæfilega yfir frv. og skoða alla þá þætti sem hafa verið gagnrýndir, alla þá þætti sem eru ákveðnar spurningar um og orka tvímælis. Við verðum að skoða þetta gaumgæfilega, leita álits allra þeirra sem hafa talað um og skoðað þessi mál, og síðan að gera athugasemdir og breytingar eftir því sem nefndin telur réttast og eðlilegast í framhaldi af því. En ég lýk nú máli mínu, herra forseti.

[15:11]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp aðeins vegna þess að ég heyrði hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur ræða um frumkvöðulsstarf á sviði erfðavísindanna á Íslandi. Mig langar til að benda sérstaklega á þá vinnu sem unnin hefur verið á undanförnum árum og áratugum í þeim fræðum. Ég man eftir, jafnvel 30 ár til baka, þegar Ólafur Jensson, prófessor í blóðmeinafræði og blóðbankastjóri, og sömuleiðis John Benedikz voru að vinna að rannsóknum sínum þar sem þeir tóku ekki eingöngu sjúkrasögu viðkomandi einstaklings og hugsanlega sjúkrasögur úr fjölskyldunni sem gætu tengst viðkomandi og skráðu niður umhverfið sem einstaklingurinn bjó í, heldur tóku þeir skipulega niður ættartölu og skoðuðu ættartölu þessara manna jafnvel langt aftur í aldir og fundu út ákveðin tengsl.

Jafnframt vil ég segja það að fyrir um 15 árum man ég mjög greinilega eftir því að rætt var um möguleika upplýsingatækninnar í framtíðinni til að standa að þeim rannsóknum sem við munum sjá á næstunni. Og þess vegna er gleðilegt að nú skulum við vera með í höndunum þá upplýsingatækni sem til þarf til að stunda svona rannsóknir.

[15:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir þetta allt saman og þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir að koma með þetta innlegg og er sammála því að auðvitað beri að hafa þetta allt saman í huga.

[Fundarhlé. — 15:14]

[15:19]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns, þá liggur nokkuð ljóst fyrir að meiningin er að afgreiða frv. sem hér er til umræðu. Hæstv. heilbrrh. vill að það verði afgreitt fyrir jól en það verður auðvitað að koma í ljós hvað hv. heilbr.- og trn. telur sig þurfa til vinnslu þessa máls. Það sem hins vegar gæti breytt þessari áætlun er það sem gerist í þjóðfélaginu, hvort mikil gagnrýni verður á frv. og hvort finna má leið sem vísindasamfélagið hér á landi, sem einkum hefur gagnrýnt frv., sættir sig við.

Í gær og í dag og hafa flestir hverjir nýtt þann tíma sem þeir hafa til að ræða málið og er ekki að furða. Ég hygg að það sé rétt sem margir hafa sagt, að þetta sé með stærri málum sem komið hafa fyrir Alþingi Íslendinga um langt skeið. Það stafar af því að hér höfum við fengist við margar grundvallarspurningar sem við ýmist höfum aldrei staðið frammi fyrir eða ekki spurt um langt skeið. Menn hafa glímt við slíkar spurningar um siðferði, réttmæti og um það hvað er verið að gera og tilgang þess.

Umræðan sem átt hefur sér stað síðan frv. kom fram í vor stafar auðvitað af því að hér erum við að líta inn í heim sem flestum okkar er lítt kunnur. Það hafa orðið gríðarlegar framfarir á sviði erfðafræði, erfðavísinda, erfðalækninga og annarra sviða heilbrigðisfræða — ég nota orðið heilbrigðisfræði því framfarirnar ná ekki eingöngu til læknisfræði heldur tengdra greina — og nú svo komið að sú tækni sem maðurinn ræður yfir er aldeilis ótrúleg og gerir mönnum kleift m.a. að breyta erfðagenum mannsins. Hún gerir læknum og vísindamönnum kleift að grípa inn í þróun á fósturstigi, hún gerir vísindamönnum kleift að frjóvga egg og jafnvel breyta þeim. Þarna er því um stórar grundvallarspurningar að ræða, um það hvað okkur er leyfilegt. Sjálf vísindin eru komin langt fram úr umræðunni. Enn hafa ekki verið settar nægilega skýrar leikreglur um það hvernig meðhöndla eigi þessa þekkingu og hvað sé leyfilegt.

Vitnað hefur verið til þess sem gerðist í Þýskalandi á stríðsárunum þar sem m.a. læknar leyfðu sér að gera margs konar tilraunir á fólki krafti þess að þar var um fanga að ræða. Víða erlendis viðhafa menn því varnaðarorð og óttast mjög það sem vísindamenn gætu leyft sér. Menn óttast að löngunin til tilrauna, til að finna upp eitthvað nýtt, geti leitt menn af réttri braut og menn gleymi sjálfum tilganginum og þeim siðferðilegu spurningum og skyldum sem vísindamenn jafnt og aðrir hafa við sköpunarverkið.

Málinu tengjast óskaplega stórar spurningar. Ég minnist þess að fyrir allmörgum árum las ég grein eftir danskan lækni, konu sem hafði miklar áhyggjur af því hvað hægt væri að gera með genalækningum og erfðafræði til þess að velja úr. Við leyfum okkur orðið að velja úr hverjir fá að fæðast. Foreldrum er ráðlagt að láta eyða fóstri ef grunur leikur á að það beri alvarlega erfðagalla, sé mongólíti eða haldið alvarlegum sjúkdómum. Ýmsir þeir sem sinna málefnum fatlaðra hafa gagnrýnt þetta og spurt: Hver er réttur okkar til að stýra því hverjir fæðast og hverjir ekki? Er það ekki náttúran sjálf sem á að velja þar úr? Það eru því óskaplega margar og erfiðar spurningar sem við er að glíma í tengslum við þessa umræðu. Af því leiðir að við höfum orðið vitni að því að þeir sem fást við þetta svið hér á landi eru ákaflega tvístígandi. Margir eru á móti þeirri aðferð sem hér er lagt til að nota og þá er ég ekki síst að vitna til íslenskra lækna.

Þeir hafa verið afar gagnrýnir á fyrirætlanir hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnar varðandi þetta mál.

Eins og ég kom að í andsvari í gær er ljóst að markmiðið með þessum lögum mun ekki nást öðruvísi en sæmileg sátt náist. Menn verða að vera tilbúnir til að leggja gögn sín í fyrirhugaðan, miðlægan gagnagrunn til að hann komi að gagni. Það er grundvallaratriði. Menn verða að vera reiðubúnir til þess og á meðan efasemdirnar og andstaðan er svona mikil, bendir margt til þess að gagnagrunnurinn komi ekki að tilætluðum notum. Þótt ýmsir aðilar kunni að neita að láta gögn sín af hendi kemur engu að síður upp deila um hver eigi gögnin. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir varpaði fram spurningu í gær: Hvað gerist ef sjúklingur vill láta gögn sín af hendi en læknirinn ekki? Hvers er rétturinn?

Allt þetta skiptir máli en samt býst ég við að þær upplýsingar sem Íslensk erfðagreining hefur nú þegar aflað sér, lífsýni, ættfræðiupplýsingar og aðrar upplýsingar, geri fyrirtækinu kleift að vinna að ýmiss konar rannsóknum. Þótt þessi miðlægi gagnagrunnur yrði ekki til, getur fyrirtækið samt sem áður unnið áfram að hvers kyns rannsóknum. Bent hefur verið á að yfir 70% Íslendinga eru reiðubúnir til að láta upplýsingar í té og mikið hefur komið til fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur þegar aflað sér upplýsinga og þá spyr maður: Hvaða upplýsingar á eftir að skrá? Hvar er málið statt núna og hverju breytir þessi miðlægi gagnagrunnur?

Mig langar að halda mig við ýmsar grundvallarspurningar. Ég ætla ekki að ræða um dulkóðun og slíka hluti sem ég hef afar lítið vit á og hvort hægt sé að rekja fram og aftur. Mér finnst það í raun og veru lítið atriði í þessu öllu saman. Fyrsta spurningin er: Á að setja saman miðlægan gagnagrunn? Er skynsamlegt að safna í einn grunn svo viðamiklum og jafnframt viðkvæmum upplýsingum um heila þjóð?

Ég skil vel þann spenning sem hlýtur að hafa vaknað þegar menn áttuðu sig á því hvílíkur upplýsingafjársjóður er þarna á ferðinni. Ég sem sagnfræðingur skil ákaflega vel hvílíkur upplýsingaauður þetta er. Ég ímynda mér að m.a. út frá sagnfræði væri hægt að vinna mjög margar merkilegar rannsóknir úr þessum grunni. Ég efast ekkert um að ef menn keyra saman heilbrigðisupplýsingar og ættfræði muni menn átta sig betur á arfgengi sjúkdóma. Ég er alveg viss um að með því að hafa allar þessar upplýsingar á einum stað er hægt að lesa ótal margt út. Ég held hins vegar að það sé líka hægt að finna það út án þess að setja upplýsingarnar allar í einn grunn.

Það getur verið spurningin um að tengja saman upplýsingagrunna og að þetta viðkomandi fyrirtæki fari sömu leiðir og aðrir vísindamenn verða að gera, að afla sér upplýsinga. Við hljótum að verða að spyrja okkur hvort réttlætanlegt sé að safna öllum þessum upplýsingum, sem eru að hluta til viðkvæmar, því að nú er ég ekki að hugsa um einstaklinga, heldur upplýsingar sem kunna að vera viðkvæmar vegna þess að vitum ekki hvernig verður hægt að nota þær. Þó að menn geti séð fyrir sér að rannsóknir geti leitt til þess að menn átti sig á arfgengi sjúkdóma — menn finna viðkomandi gen og í framhaldi af því finna menn hugsanlega aðferðir til að koma í veg fyrir sjúkdóminn, lyf sem virka á hann o.s.frv. Ég efast ekki um að mjög margt getur verið þarna til bóta eða sem getur leitt til mikilla framfara en við hljótum að spyrja okkur þeirrar grundvallarspurningar: Er réttlætanlegt að gera þetta? Og að hlusta þar á varnaðarorð annarra.

Það tengist þeim spurningum sem ég hef nokkrum sinnum komið inn á í andsvörum um það hvað á að fara inn í grunninn og hvað má selja út úr honum. Ég hef skilið það svo að nánast allar upplýsingar um heilbrigði, um sjúkdóma eigi að fara inn í grunninn og þá kemur þessi spurning aftur: Á að undanskilja einhverjar viðkvæmar upplýsingar, t.d. um fóstureyðingar? Nú kann að vera að öðrum þyki fóstureyðingar ekki viðkvæmar upplýsingar þó að mér þyki það. Ýmsum þykja upplýsingar um geðsjúkdóma afar viðkvæmar. Þótt ég skilji að margir eru mjög viðkvæmir fyrir þeim finnst mér afar brýnt að unnið verði ötullega að því að átta sig á arfgengi geðsjúkdóma og það t.d. sé fjölskyldum ljóst. Fólk viti t.d. þegar það er að eiga börn að þessir sjúkdómar eru í fjölskyldum. Það er vel þekkt dæmi af rannsókn sem hefur átt sér stað hér um langt skeið á ætt sem er með ákveðinn heilasjúkdóm. Ég held að betra sé að vita þetta en að vita það ekki.

Það sem sagt er stór og mikil spurning hvað á að fara inn í grunninn. Enda þótt einhver hluti þjóðarinnar vilji ekki að upplýsingar um sig fari inn í grunninn held ég að það muni í sjálfu sér breyta litlu vegna þess að áreiðanlega verður hægt að lesa mikið út úr því sem fer samt áður inn í grunninn.

Síðan er lykilspurningin: Hvað má selja út úr grunninum? Ég vitna þar enn í 10. gr. frv. þar sem segir: „Rekstrarleyfishafa er á leyfistíma heimil fjárhagsleg hagnýting upplýsinga úr gagnagrunninum með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum og í rekstrarleyfi.“ Þá kemur þessi stóra spurning: Hver verða skilyrðin?

Mér finnst að það sé afar brýnt og ég beini því til heilbr.- og trn. að það verði ekki bara í hendi ráðherra að skilgreina þessi skilyrði heldur að í lögunum verði tekið fast á þessu og menn reyni að skilgreina það vel. Ég vil kannski ekki endurtaka mikið það sem ég hef verið að segja en það getur skipt miklu máli hvað hægt er að selja út úr grunninum og eitthvað sem við áttum okkur ekki á að skipti fólk máli og getur breytt aðstæðum þess. Þetta geta t.d. tryggingafélög gert sér að fjárþúfu eða getur ráðið því hvernig tryggingar fólk fær. Eins og ég hef áður sagt, er þetta ekki mál sem skiptir okkur hér, íslenska þjóð, miklu máli vegna þess að við búum ekki við þannig tryggingakerfi en þetta skiptir t.d. Bandaríkjamenn máli. Ef ekki eru sett skýr skilyrði þá geta viðkomandi tryggingafélög eða einhverjir aðilar fyrir þeirra hönd keypt upplýsingar. Við skulum bara búa til dæmi um örvhenta, það séu upplýsingar sem sýni að örvhentir lendi tíu sinnum oftar í slysi en aðrir. Þetta er bara tilbúið dæmi en það geta verið alls konar svona hlutir sem hægt er að lesa út úr upplýsingunum. Menn verða því einfaldlega að vita hvað þeir eru að gera.

Þá vil ég koma að því stóra atriði sem hefur verið mjög mikið til umræðu, um persónuverndina. Við skulum átta okkur á því að þetta eru persónuupplýsingar sem á að skrá. Óháð því hvort hægt er að kóða þær og dulkóða fram og aftur þá eru þetta persónuupplýsingar og þá á auðvitað að meðhöndla þær sem slíkar og að öll sú meðhöndlun sé í samræmi við þau lög og reglur sem við og alþjóðasamfélagið hefur sett sér. Það er grundvöllur málsins. Eflaust verður hægt að brjótast inn í öll kerfi og hamingjan má vita hvaða tækni verður komin eftir tólf ár en þessar upplýsingar á að meðhöndla sem persónuupplýsingar því að þær eru það.

Í samhengi við þetta allt saman langar mig að koma inn á þetta mál frá öðru sjónarhorni en hér hefur verið nefnt og nú langar mig að biðja hæstv. heilbrrh. að hlusta vegna þess að mér finnst það líka skipta máli. Ég vil líka svolítið vara við

því, hæstv. forseti, að menn gangi allt of langt í að verja upplýsingar. Nú er ég að horfa á þetta út frá sagnfræðinni. Það er líka mjög mikilvægt að hafa aðgang að upplýsingum. Mér finnst umræðan vera að þróast í þá átt að jafnvel um aldur og ævi megi enginn hafa aðgang að upplýsingum um heilsufar einstaklinga. Að persónuvernd sé að ganga svo langt að ekki megi komast í upplýsingar um þessa einstaklinga.

Ég vil vara við þessu. Mig langar að taka tvö sagnfræðileg dæmi vegna þess að heilsufar fólks, sjúkdómar einstaklinga, t.d. leiðtoga, þjóðarleiðtoga, geta skipt sköpum við þróun sögunnar. Mig langar að taka tvö dæmi. Það er vel þekkt úr danskri sögu þegar tengdasonur Kristjáns IV., Corfitz Ulfeldt, hóf að haga sér afar undarlega og gerði algjörlega vonlausa og fáránlega uppreisn gegn konungi sem á endanum kostaði hann útlegð og dauðann og konu hans fangelsisvist um margra ára skeið. Þegar menn, m.a. læknar, fóru að skoða upplýsingar sem voru til um hann áttuðu menn sig á því að hann var með sýfilis á hæsta stigi og var orðinn kolruglaður. Þetta skýrir þá hörmungarsögu sem þarna átti sér stað þó það skýrir ekki hvernig hann fékk aðra með sér.

Annað dæmi úr íslenskri sögu, mjög nýlegt dæmi, varðar sögu Einars Benediktssonar. Þegar Guðjón Friðriksson sagnfræðingur var að vinna að fyrsta bindi um Einar Benediktsson komst hann í krufningarskýrslu um Einar Benediktsson og komst þar að því að hann hafði um tólf ára gamall fengið sullaveiki. Innan við þrítugt var hann tvisvar við dauðans dyr. Þetta skýrir mikið í sögu hans og skáldskap, hann hefur kannski aldrei búist við því að verða gamall.

Ég vil með þessum dæmum koma því að þó að menn tali mikið um rétt einstaklingsins, um vernd einstaklingsins, sem auðvitað á að virða, þá eru líka ákveðin takmörk fyrir því hvað hægt er að vernda einstaklinginn. Við búum í samfélagi, við búum hvert innan um annað og við eigum að hafa rétt bæði á félagslegum, sagnfræðilegum og læknisfræðilegum rannsóknum, við eigum að hafa þann rétt. En auðvitað þarf að setja reglur sem þetta varða. Mér fannst nauðsynlegt að koma þessu að því að ég er svolítið hrædd um það og mér finnst það og fannst það í umræðunni um réttindi sjúklinga, mér fannst það í umræðunni þegar við vorum að ræða um fundargögn utanrmn., sem hefur verið trúnaðarmál, að ákveðin hætta sé á því að menn ætli að læsa þetta allt saman inni til eilífðar. En það er vísindunum allra síst til gagns.

Þetta er ein hlið málanna en það breytir ekki því sem hér er að gerast, sem sagt hvort réttlætanlegt er að safna saman öllum þessum viðkvæmu upplýsingum saman í einn grunn.

Þá kem ég að því sem aðrir hafa nefnt og ég vil taka undir en það er varðandi aðgengi vísindamanna. Það er alveg ljóst samkvæmt þessu frv. — og nú gef ég mér að Íslensk erfðagreining fái einkaleyfið — að þeir koma fyrst að notkun á grunninum. Ef einhver vísindamaður vill afla gagna til þess að rannsaka eitthvert fyrirbæri sem Íslensk erfðagreining er líka að kanna þá getur Íslensk erfðagreining neitað fyrirtækinu um upplýsingar, þ.e. ef hún telur að þetta rekist á viðskiptahagsmuni rekstrarleyfishafa. Kveðið er á um þetta í 9. gr.

Þetta finnst mér ekki. Ég get að vísu alveg skilið ef fyrirtæki er búið að leggja í gífurlegan kostnað við að búa til þennan gagnagrunn að þá vill það auðvitað sitja eitt að krásunum þangað til það er búið að ná upp í kostnaðinn. En það má líka passa sig mjög á því að fara ekki að hamla framförum með svona ákvæðum.

Tökum sem dæmi að við vitum að margir aðilar víða um heim rannsaka brjóstakrabbamein. Við skulum segja að Íslensk erfðagreining færi að taka upp rannsóknir á brjóstakrabbameini og notaði til þess gagnagrunninn en neitaði um leið öðrum aðilum sem eru að fást við svipaðar rannsóknir um upplýsingar. Er það vísindunum til bóta? Er það íslensku heilbrigðiskerfi til góðs? Ég held ekki. Ég held að þetta þurfi að skoða og ég tek undir að ég held að það sé mjög brýnt að allar þessar rannsóknir fari í gegnum ákveðna síu, líka allar rannsóknir Íslenskrar erfðagreiningar. Fari í gegnum síu vísindasiðanefndar og tölvunefndar þannig að reynt verði að tryggja að vísindamenn sitji við sama borð. Jafnframt er auðvitað ljóst skv. 9. gr. að það eru þeir vísindamenn eða þeir aðilar sem hafa lagt efni inn í grunninn sem eiga rétt á því að fá að nýta upplýsingarnar og þar með er verið að útiloka aðra. Um það má deila hvort selja eigi upplýsingar úr grunninum en mér finnst ekki óeðlilegt að t.d. þeir sem ekki hafa lagt neitt inn í grunninn borgi eitthvert gjald en séu ekki útilokaðir. Ég nefni þar t.d. ýmsa sem vinna við Háskóla Íslands en vinna ekki endilega á Landspítalanum. Þetta finnst mér að þurfi að skoða mjög rækilega.

Hér hefur mikið verið rætt um einkaleyfið og mér finnst það í raun og veru vera eitt allra stærsta málið í þessu hvort réttlætanlegt sé að taka svona miklar, merkilegar og jafnframt viðkvæmar upplýsingar um Íslendinga í fortíð, nútíð og framtíð og fela þær einkafyrirtæki. Mér finnst það afar mikið vafaatriði og ég á mjög erfitt með að sætta mig við það. Þetta er ekki eins og hverjar aðrar viðskiptaupplýsingar, viðskiptavild eða fiskur eða eitthvað slíkt. Við erum að tala um menn. Við erum að tala um upplýsingar um fólk, um líf og heilsu, dauða, fósturlát, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, margt sem snertir innstu hjartans rætur hvers einasta manns hjá okkar litlu þjóð. Þetta geta verið afar viðkvæmar upplýsingar. Ég tek það fram að ég hef sjálf ekkert á móti því að upplýsingar um mig fari inn í þennan grunn, ekki nokkurn skapaðan hlut. Eftir því sem ég best veit hef ég ekkert að fela, en ég get skilið það að aðrir séu viðkvæmir, og eins og ég nefndi áðan hef ég miklar efasemdir um að rétt sé að búa til þennan stóra grunn.

En það var einkaleyfið sem ég ætlaði að ræða. Mér finnst eðlilegast að ef menn vilja byggja upp miðlægan gagnagrunn — sem ég tel reyndar að þurfi ekki að gera, ég held að það sé hægt að tengja þá grunna sem til eru, halda áfram að byggja þá upp þar sem verið er að því á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum og hvar sem menn eru nú að vinna, og það er unnið ötullega að skráningu upplýsinga — þá hefði ég talið langsamlega eðlilegast að það væri gert annaðhvort á vegum t.d. Landspítalans eða Háskóla Íslands eða einfaldlega ríkisins, en ég hef miklar efasemdir um að veita einkafyrirtæki þennan rétt, ekki síst í ljósi þess að ekki liggur fyrir hvaða upplýsingar á að skrá eða hvað á að gera við þær eða hver skilyrðin verða nákvæmlega varðandi notkun þessara upplýsinga.

En það er auðvitað skiljanlegt að ef fyrirtækið ætlar að leggja í þennan mikla kostnað, þá vill það fá að ná upp í þann kostnað og ef allar þessar upplýsingar eru svona mikils virði, jafnmikils virði og menn vilja vera láta, þá held ég nú og vona að ef af þessu verður fái fyrirtækið fljótlega upp í kostnað því þetta hlýtur að vera ákveðin áhætta. Ég skil það hins vegar og sé mjög vel að mjög margt verður hægt að lesa út úr þessu og það má beina því til hv. heilbr.- og trn. að

hafa aðra vísindamenn í huga, takmarka ekki aðgang annarra vísindamanna en þeirra sem eru að fást við erfðavísindi eða læknisfræði eins og ég nefndi. Þess vegna er ég nú að tengja þetta sagnfræðinni og félagsfræði. Það er hægt að lesa gríðarlega margt út úr þessu út frá öðrum sjónarmiðum.

Aðeins um sjúklinginn og stöðu hans í þessu. Ég spurði hæstv. heilbrrh. í gær, og fleiri komu inn á þetta atriði, með það fólk sem vill ekki að upplýsingar um það fari inn í grunninn, hvernig það á að fara fram. Ég sé í rauninni tvær leiðir til þess. Það er ljóst að landlæknisembættið á að sjá um þennan hluta verksins. Sjúklingur á að tilkynna landlækni um ósk sína og landlæknir á síðan að koma því á framfæri og þá sé ég tvær leiðir í því. Annaðhvort að landlæknisembættið skrifi til viðkomandi heilbrigðisstofnana og segi: Upplýsingar um þennan sjúkling mega ekki fara frá ykkur, ellegar að landlæknisembættið hafi lista og sendi hann til rekstrarleyfishafa og segi: Það má ekki færa inn upplýsingar. En gallinn við þá leið er sá að þar með eru upplýsingarnar farnar út. Þá eru þær einu sinni farnar út frá viðkomandi heilbrigðisstofnun og það yrði þá rekstrarleyfishafinn sem segði: Ég verð að senda þetta til baka og maður vonast náttúrlega til að farið yrði að lögum og reglum hvað það varðar en þar með væru upplýsingarnar farnar út og ákveðinn trúnaður rofinn við þennan sjúkling. Ég sé því ekki annað en að eina leiðin væri sú að landlæknir tilkynni viðkomandi stofnunum að þær megi ekki láta af hendi upplýsingar um viðkomandi sjúkling. Og þá vandast nú heldur málið eins og ég rakti í gær, því þegar ég fór að reyna að átta mig á því hvar ég sjálf hefði komið við á lífsleiðinni, sem er nú ekkert óskaplega löng enn sem komið er, þá reyndust það vera 12 aðilar. Ég var komin upp í 12 aðila, sem ég hef komið við. (**Gripið fram í:** Má samt allt koma fram?) Já, það er ekkert þar sem ég vil fela.

En það sem ég var að koma að í tengslum við þetta er að bara þessi þáttur hlýtur bæði að kalla á mikla vinnu hjá landlæknisembættinu og þar af leiðandi mikinn kostnað. Heilbrrh. svarar þessu hér á eftir. Það á að fylla út eyðublöð og taka saman skrár og einhvern veginn þarf landlæknisembættið að koma þessu til skila til allra þessara aðila og ég held það verði erfitt fyrir þá sem ætla að neita að hafa uppi á öllum þessum stöðum eða hreinlega muna hvar þeir hafa komið við á lífsleiðinni á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum eða hjá einkalæknum o.s.frv. Þetta er vissulega framkvæmdaþáttur en þetta er hliðarverkun út frá öllu þessu. Þarna þarf eitt embætti að sinna þessu hlutverki.

Ég ætla nú að fara að stytta mál mitt en ætla aðeins að koma aftur inn á eina af þessum grundvallarspurningum. Þó að menn tali digurbarkalega um að Íslendingar eigi að taka sínar sjálfstæðu ákvarðanir þá erum við nú einu sinni bundin af erlendum alþjóðasáttmálum og samþykktum ýmissa alþjóðastofnana og ég hef séð þess dæmi á hinu háa Alþingi að hingað hafa komið inn frv. sem ráðherrar hafa fullyrt að stæðust alla alþjóðasáttmála en við betri skoðun hefur nú annað komið í ljós. Ég vil því hvetja hv. heilbr.- og trn. til að skoða þann þátt mjög rækilega hvort þetta frv. stenst. Ég vil líka benda á að gagnrýnin á frv. hefur ekki aðeins orðið til hér innan lands heldur hafa verið að koma hingað heilu sendinefndirnar. Ritstjórar fagtímarita og erlendir sérfræðingar hafa komið hingað til að kynna sér þetta mál og hafa af því miklar áhyggjur. Ég spyr því hæstv. heilbrrh.: Hefur hún ekki áhyggjur af því hvað samþykkt frv. í þessum búningi kann að hafa í för með sér fyrir íslenska vísindamenn? Og ég vitna þar til bréfs frá prófessor við Harvard sem var birt í Morgunblaðinu nú í vikunni í grein eftir Einar Árnason þar sem fram kom að hann ætlaði hreinlega að vinna að því að íslenskir vísindamenn yrðu settir út í kuldann, einangraðir frá alþjóðlegu vísindasamfélagi ef þeir ætluðu að koma nálægt þessum gagnagrunni. Við verðum því að hafa það í huga að um þetta mál eru miklar efasemdir, ekki bara hér á landi heldur líka erlendis, og það finnst greinilega mörgum að hér séum við að fara inn á mjög hættulega braut. Þetta tengist því sem ég nefndi áðan, þeirri miklu umræðu um siðfræði erfðavísindanna og um rétt vísindamanna til að gera rannsóknir og hvernig þeir fara með upplýsingar.

Það eru ýmsir aðrir þættir í þessu sem hægt væri að koma inn á. Ég vil taka það skýrt fram að ég fagna mjög tilkomu Íslenskrar erfðagreiningar og finnst það fyrirtæki hafa verið að gera merkilega hluti, þó ekki væri nema það eitt að kalla heim íslenska vísindamenn og borga þeim almennileg laun. Mér finnst það alveg stórkostlegt og það hefur þegar skapað nokkra pressu á launamarkaði og verður vonandi áfram til þess að bæta laun vísindamanna og að Íslendingar fari að átta sig á því hversu mikilvæg þekkingin er og að eiga góða vísindamenn og þeir hafi möguleika til að sinna sínum störfum.

Þetta fyrirtæki hefur unnið afar vel að kynningu á sér og störfum sínum, samanber Morgunblaðið í dag í heilsíðuauglýsingu þar sem fyrirtækið er einmitt að slá á þessa strengi að það sé að kalla heim unga vísindamenn. Því ber vissulega að fagna. En það gefur okkur ekki rétt til að afhenda þær mikilvægu upplýsingar um íslenska þjóð og við eigum ekki að blanda þessu einstaka fyrirtæki inn í þessa umræðu, jafnvel þótt hugmyndin sé komin þaðan. Við eigum fyrst og fremst að ræða grundvallaratriði málsins sem eru þessi, að lokum, hæstv. forseti:

Er réttlætanlegt að setja allar upplýsingar um heilsufar Íslendinga inn í einn gagnagrunn? Hvað á að fara inn í gagnagrunninn? Hvað má selja út úr honum og er réttlætanlegt að afhenda einu fyrirtæki allar þær upplýsingar? Þetta eru að mínum dómi grundvallarspurningarnar, auk þess að sjálfsögðu hvort þetta frv. stenst þá alþjóðasáttmála og samþykktir sem við erum aðilar að og hvort tekst að vernda réttindi einstaklinganna með viðunandi hætti með þeim fyrirvörum sem ég hef þó sett varðandi það mál fyrr í ræðu minni.

[15:59]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis, 141. mál, skýrsla forsrh., þskj. 141.

Fjöldi starfsmanna í menntamálaráðuneyti, 130. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 130.

Framlög til Æskulýðssambands Íslands, 133. mál, fsp. SF, þskj. 133.

Loftskeytastöð á Siglufirði, 129. mál, fsp. SvanJ, þskj. 129.

Loftskeytastöðin á Siglufirði, 137. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 137.

Mannanöfn og hjúskaparlög, 134. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 134.

Nefndir og ráð á vegum ríkisins, 131. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 131.

Rannsóknarhús við Háskólann á Akureyri, 132. mál, fsp. ÁSJ, þskj. 132.

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, 142. mál, þáltill. ÁSJ o.fl., þskj. 142.

Störf við loftskeytastöðina á Ísafirði, 128. mál, fsp. SvanJ, þskj. 128.

[16:00]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef talað áður við þessa umræðu en hef ýmsu við að bæta sem ég mun leitast við að koma á framfæri á þeim takmarkaða tíma sem gildir við umræðuna. Ég vil byrja á því að víkja að nokkrum atriðum sem fram hafa komið í sambandi við umræðuna og í viðhorfum þeirra sem lýsa stuðningi við meginefni þessa frv. Þar vil ég alveg sérstaklega gera að umræðuefni þann þátt sem snertir 1. gr. frv. um markmið þar sem gengið er út frá því sem meginforsendu að um sé að ræða ópersónugreinanlegar heilsufarsupplýsingar sem fara inn í þennan grunn. Þetta atriði hefur verið rætt mikið við umræðuna og það er auðvitað öllum ljóst að þetta er forsenda sem ríkisstjórnin eða hæstv. heilbrrh. gefur sér í sambandi við málið, þ.e. að þarna sé um ópersónugreinanlegar heilsufarsupplýsingar að ræða.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að þetta sé röng staðhæfing, að eins og málið er fyrir lagt hér þá sé alveg ljóst að upplýsingar sem inn í þennan grunn fara séu persónugreinanlegar upplýsingar en ekki ópersónugreinanlegar. Það er í raun viðurkennt af öllum sem um málið fjalla að þær séu það í reynd. Sumir orða það þannig að þær séu það fræðilega. Aðrir hafa annað orðalag um þetta. En það stendur enginn á því að þær séu ópersónugreinanlegar. Hins vegar bendir hæstv. heilbrrh. á skilgreininguna á ópersónugreinanlegum upplýsingum sem er að finna í frv. og gengur út frá því að það þurfi að leggja mikið á sig til þess að gera þær persónugreinanlegar.

Hér er auðvitað um að ræða kjarnaatriði í sambandi við málið og ég held að þeir sem skoða þetta efni verði að gera sér grein fyrir því að þessi fyrirvari sem einnig er að finna í samþykktum og alþjóðlegum tilmælum stenst ekki í sambandi við mál af þessum toga. Hann er ekki frambærilegur í tengslum við svona mál. Þess vegna ber að mínu mati að fjalla um þessa hugmynd um miðlægan gagnagrunn út frá því eingöngu að um sé að ræða persónuupplýsingar sem inn í grunninn fari og menn skoði málið út frá því. Það liggur í hlutarins eðli varðandi allar svona upplýsingar að það er hægt að brjóta upp alla kóða í sambandi við svona mál. Það dylst engum. Ég rakti það við 1. umr. í aprílmánuði um hliðstætt frv. frá hæstv. ráðherra hvernig brotist hefði verið inn í GSM-kerfi vestan hafs sem var talið alveg hreint tryggt en menn munaði ekki um að fara inn í það. Í rauninni brosa þeir sem þekkja til í tölvuheiminum að þessum staðhæfingum sem uppi eru hafðar sem varnagli um að ekki sé hægt að komast tiltölulega einfaldlega inn í þetta, hvað þá ef um er að ræða samkeyrslur af þeim toga sem rætt er um og sá aðili sem þetta frv. er sniðið fyrir hefur lýst sem viðskiptalegri forsendu, m.a. að ætla að samkeyra þessar upplýsingar við erfðafræðilegar upplýsingar, erfðafræðilegt gagnasafn um Íslendinga sem er í uppbyggingu á vegum fyrirtækisins, og þá vefst náttúrlega ekki fyrir nokkrum einasta manni að það er leikur einn að persónugreina þá sem inni í grunninum eru með slík gögn í höndunum og þarf ekki mikið á sig að leggja til þess. Fjöldi Íslendinga er heldur ekki slíkur að það vefjist fyrir mönnum þegar búið er að tölvutengja þetta allt saman. Ég bið því hæstv. heilbrrh. um að endurskoða þetta mál út frá þeirri grundvallarforsendu að um sé að ræða persónugreinanlegar upplýsingar.

Það er engin tilviljun, virðulegur forseti, að það er horft til Íslendinga með ákveðnum hryllingi utan úr heimi. Sumir mundu segja með öfund. Sumir vilja túlka það þannig. En ég orða það svo að það er horft til okkar með hryllingi af hálfu þeirra sem vilja hafa persónuvernd í heiðri og þeirra sem þekkja inn á gagnagrunna af þessum toga. Við lesum það í virtum ritum, í grein eftir grein, hvernig á því er haldið. Ég hef vitnað hér áður í það nýjasta sem ég hef fengið í hendur úr svissnesku tímariti sem heitir Das Magazin. Þar eru fjölskyldumyndir. Það er önnur síðan í greininni. Þar er að finna svona klassíska kommóðufjölskyldumynd. Síðan koma minni myndir af fjölskyldum. Það er móðir með tvö börn, strák og stelpu sýnist mér, og það er móðir eða amma með lítinn hnokka. Síðan eru tengingarnar raktar og það sett upp hvernig þetta liggur, ekki bara á einni síðu heldur er áfram haldið og þetta er bara inngangurinn að þessari grein. Síðan er fjallað um Íslendinga, m.a. nafngreinda Íslendinga sem eru að bera þetta mál fram undir þeim formerkjum að um ópersónugreinanlegar upplýsingar sé að ræða.

Ef hæstv. ráðherra fengist til þess að átta sig á því að grunnurinn er ekki fyrir hendi í málinu — hann er rangur — og væri reiðubúinn að skoða málið út frá þeirri forsendu þá er sjálfsagt að skoða það því að það er orðið annars eðlis ef menn ganga út frá því og þurfa þá að uppfylla þau almennu skilyrði sem varða persónuverndina út frá þeirri forsendu að um persónugreinanlegar upplýsingar sé að ræða. Þá liggur málið öðruvísi og hæstv. ráðherra þarf að koma hér í þriðja sinn ef hann ætlar að bera svona mál fram um miðlægan gagnagrunn eða tengingar milli dreifðra grunna og á þessari breyttu forsendu. Ég er alveg reiðubúinn að skoða það mál með hæstv. ráðherra. En mál sem er borið fram á þeirri forsendu sem liggur í 1. gr. frv. er svo fyrir neðan allar hellur að ég fullyrði að það mun aldrei koma raunverulega til framkvæmda ef menn hafa í heiðri þá varnagla sem ber í sambandi við persónuvernd. Þó að svona módel eins og hæstv. ráðherra er að reyna að knýja í gegnum Alþingi yrði lögfest þá mun það festast í foraði þeirra hindrana sem ætti að virða í málinu.

Þetta er undirstöðumál, virðulegur forseti, ættfræðigrunnur og erfðafræðiupplýsingar um þjóðina. Mér skilst að lífsnafrv. verði rætt innan tíðar. Það er búið að dreifa því. Það er tengt þessu máli og það verður að skoða það með hliðsjón af því að sjálfsögðu. Og ef menn líta á það sem liggur alveg fyrir, að væntanlegur rekstrarleyfishafi sem hefur haft hæstv. heilbrrh. svona — jæja, það er best að fara ekki að gera það myndrænt (**Heilbrrh.:** Er ekki til mynd af því?) Hvað segir hæstv. ráðherra? (**Heilbrrh.:** Er ekki til kommóðumynd af því?) Að hafa hæstv. heilbrrh. á hné sér. Ætli ég láti það ekki duga sem orðalag — haft hæstv. heilbrrh. á hné sér frá í fyrravetur og haldið um pennann meðan verið var að semja frv. Þessi sami aðili ætlar sér að hafa undir höndum ættfræðigögnin, ættfræðigrunninn og erfðafræðigrunninn og keyra þetta allt saman saman. Það eru engar hindranir. Það er engin verklýsing á þessum grunni. Það liggur engin verklýsing fyrir. Það liggur engin lýsing fyrir á því hvað á að fara inn í þennan grunn. Menn þurfa að átta sig á því að spurningin stendur ekki bara um mig og þig. Spurningin stendur ekki bara um lifandi Íslendinga nú í dag. Þetta er ekki bara spurningin um einstaklinginn sem svarar til eða segir sig frá og hér á ekki að vera upplýst samþykki sem við

þekkjum.

Það breytir kannski heldur ekki öllu að því leyti að upplýsingarnar snerta, þegar komið er að erfðafræðilegum upplýsingum, stóran fjölda manna, þá sem tengdir eru viðkomandi, auðvitað með þeirri dreifingu sem felst í dreifingu erfðagóssins, erfðavísanna, á milli ættliða og kynslóða. En menn eru ekki að svara fyrir sig eingöngu. Menn eru að svara fyrir aðra, nákomna og jafnvel fjarskylda í sambandi við þetta. Hvar eru hinar siðferðilegu forsendur til að ganga þannig til verks, hæstv. heilbrrh.? Þær eru ekki til staðar ef menn ætla að hafa í heiðri einhverjar lágmarksumgengisreglur í þessu samfélagi. Mín ráð til hæstv. ráðherra eru því þessi: Að skoða þetta mál upp á nýtt, henda þessu í körfuna, ekki að láta hv. heilbrn. eyða tíma og fyrirhöfn í að fara yfir málið þótt ég treysti því auðvitað að nefndin geri það ef hún fær það í hendur og geri það vel. Ég gagnrýndi það að nefndin skuli ekki hafa setið yfir þessu máli, ekki þessu frv. heldur yfir þessu máli, frá því að hæstv. heilbrrh. tók það upp í ráðuneyti til sín í apríllok sl. til þess að fara vandlega yfir það og nota tímann til þess að skoða allar hliðar þess og þarf ekkert frv. til, þ.e. að átta sig á þeirri veröld sem er baksvið þessa máls og til þess þarf tíma. Ég óttast það að þó hv. heilbrn. hafi góðan vilja þá hafi hún ekki þann tíma sem þarf til þess að skoða málið hafandi svipu hæstv. ráðherra á bakinu til að ljúka þessu máli til afgreiðslu fyrir jól. Það er ekki viðhlítandi að ganga þannig að verki.

Ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra hafa skotið sér á bak við það að tölvunefnd eigi að vera fullveðja og hafa ráð í hendi og eigi að forða frá afglöpum í því módeli sem hér er verið að leggja upp með með þessu frv. og væntanlegu rekstrarleyfi. Ég sagði í gær að það er ekki á eina nefnd leggjandi að fá slíka óútfyllta ávísun með öllum þeim þrýstingi sem verður í þessu máli um að það gangi fram, að rekstrarleyfishafinn geti í reynd komið sínum hjólum á viðskiptalegum forsendum til að snúast, fjárfestingunum og hagnaðinum væntanlega og öllu sem tilheyrir. Svo ætlar ríkisstjórnin að leggja það nefnd, á tölvunefnd, að standast þann ógnarþrýsting sem þar kemur upp. Þetta er ekki siðlegt, virðulegur forseti.

Hæstv. ráðherra hefur sagt að í þessu máli sé búið að hafa frv. á netinu í fleiri mánuði, á netinu. Það er svona eitt helsta flagg hæstv. ráðherra. Nú skal enginn skilja mig svo að ég telji það ekki til bóta að hafa málið þar en það eitt út af fyrir sig skýrir ekki neitt eða bætir úr ef frv. tekur ekki tillit til þeirra umsagna sem berast frá samfélaginu. En hæstv. ráðherra hefur látið að því liggja og það hefur mátt skilja hæstv. ráðherra svo að þetta mál hafi allt verið fært til betri vegar, það sé búið að verða við svo geysimörgum óskum. Ég hef handa á milli útskrift af þeim umsögnum sem eru á netinu til hæstv. ráðherra og ég hvet menn til þess að lesa þannan lista yfir þá mörgu sem hafa notað sér réttinn til að senda inn umsagnir og bera þann lista saman við frv. ráðherrans eins og það liggur hér fyrir. Þá held ég að menn komist að því að sú harða gagnrýni sem birtist í meiri hluta þessara umsagna stendur óhögguð vegna þess að ríkisstjórnin eða hæstv. ráðherra hefur ekki orðið við ábendingunum, ekki tekið tillit til þeirra. Það er hluti af alvöru þessa máls. Og af því að tölvunefnd er eðlilega mikið til umræðu í þessu samhengi og eitthvað hefur hún fengið af þeim ábendingum sem gerðar voru af hálfu nefndarinnar, þá stendur kjarninn í umsögn nefndarinnar óhaggaður eftir sem vísar í rauninni á mæltu máli þessu máli frá sem slæmu og sem ótæku máli. Ég skal láta, virðulegur forseti — ég hef nauman tíma — örfá atriði úr umsögn tölvunefndar nægja um málið. Sú umsögn er dagsett 4. september 1998. Þar er segir í fyrsta lagi, með leyfi forseta:

„Frumvarp til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði er að mati Tölvunefndar viðamesta málið, sem komið hefur til kasta Alþingis síðustu áratugi og snertir skráningu og meðferð persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs. Fyrir þessari skoðun eru tvær ástæður.

Fyrri ástæðan er sú, að málið varðar ekki aðeins skráningu og varðveislu heilsufarsupplýsinga um eina tiltekna ætt í landinu, einn tiltekin sjúklingahóp, einn tiltekinn árgang þjóðarinnar eða eina tiltekna starfsstétt, eins og hingað til hefur yfirleitt verið, þegar skráðar hafa verið heilsufarsupplýsingar í vísindaskyni hér á landi, heldur snýst málið um miðlæga skráningu og varðveislu upplýsinga um alla íslensku þjóðina nokkra áratugi aftur í tímann, og hagnýtingu þeirra upplýsinga í margvíslegum tilgangi, m.a. viðskiptalegum. Umfang skráningarinnar er því stærra í sniðum en áður hefur sést hér á landi, og hagnýting skráningarinnar verður í öðrum tilgangi en áður hefur tíðkast.

Seinni ástæðan er sú, að þau atriði, sem stendur til að skrá, samkeyra og varðveita í slíkum upplýsingabanka, eru upplýsingar, sem flestum mönnum eru viðkvæmari en aðrar upplýsingar, sem þá varða. Málið snýst um skráningu upplýsinga um sjúkdóma og orsakir þeirra, sjúkdómsmeðferð og árangur hennar, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, og upplýsingar, sem lúta að ættfræði og sameindaerfðafræði. Þá girðir frumvarpið ekki fyrir, að við slíkar upplýsingar séu tengdar aðrar viðkvæmar persónuupplýsingar, t.d. upplýsingar um félagsleg vandamál manna, skólagöngu þeirra, starfsferil, brotaferil o.s.frv.

Þegar horft er á framangreindar staðreyndir, er það mat Tölvunefndar, að fara beri gætilega við undirbúning máls, sem hefur slíka skráningu að markmiði, svo tryggt sé að málið fái sem vandaðastan undirbúning og ná megi sátt um það. Þar hlýtur hvað mestu máli að skipta, að þannig sé staðið að málum, að stjórnarskrárvarinn réttur manna til að njóta friðhelgi um einkalíf sitt sé ekki fyrir borð borinn.

Við undirbúning að lagasetningu um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði telur Tölvunefnd að hafa beri í huga, að stórir, miðlægir gagnagrunnar; sem hafa að geyma umfangsmiklar og viðkvæmar persónuupplýsingar um heilar þjóðir eða þjóðarbrot, eru af mörgum taldir varhugaverðir vegna þeirrar hættu, sem getur verið samfara stofnun þeirra og starfrækslu. Tölvunefnd tekur því undir það sjónarmið, sem fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpsdrögunum, að áhættan af grunninum felist aðallega í möguleikum á misnotkun upplýsinga og því sé vernd persónuupplýsinga mikilvægasta viðfangsefnið við setningu reglna um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði."

Virðulegur forseti. Þetta er aðeins inngangur að athugasemdum tölvunefndar um málið. Ég hvet hv. alþingismenn og þjóðina alla til að kynna sér þetta mál, kynna sér viðhorf þeirra sem gerst mættu vita, sem starfa að því að fylgja gildandi lögum um persónuvernd í landinu, og athuga sinn gang og endurmeta þetta mál í ljósi þess sem þar segir.

Varúðarreglan er eitt af því sem farið er að tala um í þróun alþjóðaréttar, ekki síst í umhverfismálum. Ætli það sé ekki þörf á slíkri varúðarreglu í sambandi við mál af þessum toga þegar um er að ræða einkahagi manna og stjórnarskrárvarin réttindi um friðhelgi einkalífs. Ég tel að svo sé. Ég vara því

alvarlega við þeim áformum sem hér eru uppi. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, og vísa til þeirra umræðna sem fóru fram á miðvikudaginn var þegar hæstv. ráðherrar voru að svara fyrirspurnum frá mér um ýmsa grundvallarþætti þessa máls. Ég tel að það sé afar langt frá því að ráðherrarnir, og þá ekki eingöngu hæstv. heilbrrh. heldur einnig hæstv. dómsmrh., sýni þá aðgæslu í þessu máli sem ber. Ég tel að ráðherranir og ríkisstjórnin í heild séu á mjög varhugaverðri braut í þessu máli og ég aðvara alla sem í hlut eiga, þ.e. íslensku þjóðina, við að veita á einn eða annan hátt þessum fyrirætlunum um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði brautargengi.

[16:22]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef fylgst grannt með þeirri ítarlegu og málefnalegu umræðu sem farið hefur fram á þinginu í dag og í gær um frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Skoðanir hafa komið fram með og móti en einnig hefur verið varpað fram spurningum um vafaatriði í frv., athugasemdum sem þýða ekki endilega andstöðu við það heldur endurspegla að enn er margt ógert þrátt fyrir þá miklu umfjöllun og vinnu sem hefur verið í gangi í rúmt hálft ár.

Í lok 1. umr. tel ég ekki ástæðu til að tíunda athugaemdir mínar við frv. heldur vil ég benda á nokkra helstu þætti sem nauðsynlega þarf að skoða í umfjöllun heilbrrn., sem ég á reyndar sæti í, á komandi vikum.

Ég vil einnig taka það fram að ég hef ekki endanlega myndað mér skoðun með eða móti frv. um gagnagrunna. Sú afstaða ræðst af þeirri umfjöllun sem frv. fær fyrir 2. umr. málsins. Hins vegar vil ég leggja áherslu á mikilvægi þess að Ísland taki virkan þátt í brautryðjendastarfi innan erfðafræði. Til þess höfum við alla burði og einstaka möguleika vegna eiginleika íslensku þjóðarinnar. Ég vil nú stuttlega fara í nokkur helstu atriði sem ég tel að verði að hafa í huga.

Eins og ég benti á í blaðagrein í vor þá er alger forsenda fyrir að lögum um gagnagrunna takist ætlunarverk sitt að sátt náist um þessi lög. Sú sátt verður að vera almenn í landinu og ekki síst meðal þeirra aðila sem mest fjalla um eða koma að söfnun og úrvinnslu úr væntanlegum gagnabanka. Því verður að skoða ítarlega lögfræðileg og ekki síður siðfræðileg álitamál. Nauðsynlegt er að skoða hvort breyting verður á trúnaðarsambandi sjúklings og læknis með þessum nýju lögum hvort sem menn munu endanlega vilja skilgreina upplýsingar gagnabankans persónugreinanlegar eða ópersónugreinanlegar.

Þá er full ástæða til að skoða þá leið að veita leyfi til einkarekstrar í stað rekstrarleyfa fleiri fyrirtækja á gagnagrunni, þ.e. hvort formið sé árangursríkara. Hvort einkaleyfi eigi að vara allt að 12 árum er einnig álitamál. 12 árum í hraðvaxandi þróun erfðavísindanna mætti líkja við mörg ljósár á mælikvarða stjörnufræðinnar. Þróunin er svo mikil. Enn fremur er rétt að íhuga hvort ekki skuli hafa skýrari endurskoðunarákvæði á einkaleyfi, t.d. á tveggja eða þriggja ára fresti, og þetta segi ég vitandi að sú fjárfesting sem verður í gagnagrunnabankanum er gríðarleg og það er vart nokkur öfundsverður af þeirri áhættutöku sem þar er.

Í tengslum við einkaleyfisumfjöllunina er einnig mjög æskilegt að komi fram hvort aðrir aðilar en Íslensk erfðagreining hafi falast eftir slíku leyfi og þá á hvaða forsendum og með hvaða skilyrðum. Ég vil einnig spyrja eins og fram hefur komið í umræðunni hvaða skilyrði um verndun persónuupplýsinga þurfa að vera í þessu frv. eftir að við höfum tekið í íslensk lög títtræddа Evróputilskipun um verndun persónuupplýsinga.

Ég tel enn fremur nauðsynlegt að staldra við aðgengismöguleika íslenskra vísindamanna sem ekki vinna upplýsingar í grunninn og spyrja einnig hvort ekki sé rétt að allir vísindamenn sem vinna úr gagnagrunninum, erlendir sem íslenskir, lúti sömu reglum vísindasiðanefndar og gilda um aðrar rannsóknir.

Ég vil taka undir orð margra, t.d. orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar í morgun, um að nauðsynlegt sé að skilgreina vel hvað eigi að fara í grunninn en ekki síst hvað eigi ekki að fara úr honum. Góð skilgreining Alþingis eykur traust bæði lærðra og leikra á notkunargildi og úrvinnslu gagnagrunnsins.

Herra forseti. Að lokum, ég ætla að hafa þetta stutt. Auðvitað verður haldið áfram ákveðnu valdatafli í umfjöllun um frv. á næstunni en slíkt er eðlilegt í svo flóknu þróunarstarfi sem við blasir þar sem hagsmunir almennings, heilbrigðiskerfisins, vísindamanna og viðskiptaheimsins skarast í brautryðjendastarfi sem ekki á sinn líka. Vönduð og góð vinna Alþingis á næstunni með víðsýni og jákvæðum viðbrögðum við öllum athugasemdum, lagalegum rétt sem siðfræðilegum og jafnvel einnig á viðskiptalegum forsendum, mun vonandi skila okkur árangri sem Íslendingar fá að njóta til framtíðar og verður til fyrirmyndar fyrir lagasetningu annarra þjóða í þessum efnum.

Umræðu frestað.

Dreifðir gagnagrunnar á heilbrigðissviði og persónuvernd, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 97. mál. — Þskj. 97.

[16:30]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd. Flutningsmenn að þessu máli ásamt mér eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson og Ögmundur Jónasson. Öll erum við starfandi í þingflokki óháðra á Alþingi og það má því segja að þetta mál sé lagt fram af þingflokki óháðra. Við erum algerlega samstiga í sambandi við framlagningu þessa máls eins og það birtist hér og höfum auðvitað í umræðunni fram að þessu hvert á sinn hátt talað út frá okkar viðhorfum til þessa máls eins og það birtist í þeirri tillögu sem ég ætla að kynna, en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að í stað þess að stefna að miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði verði ríkisstjórninni falið að láta fara fram vandaða úttekt á dreifðum gagnagrunnum með það að markmiði að nýta megi þá betur en nú er gert í þágu rannsókna og bættrar heilbrigðisþjónustu að teknu tilliti til réttinda sjúklinga og ákvæða um persónuvernd. Kannað verði jafnframt hvernig tengja megi saman dreifða gagnagrunna til að auðvelda afmarkaðar og vel skilgreindar rannsóknir og hvernig um þurfi að búa til að tryggja persónuvernd. Sé talið nauðsynlegt að breyta lögum á þessu sviði verði gerðar tillögur þar að lútandi.

Við vinnu að úttektinni verði meðal annars gert ráð fyrir:

1. Að ríki, rannsóknastofnanir og félög sem standa fyrir rannsóknum á heilbrigðissviði eigi framvegis sem hingað til aðild að dreifðum gagnagrunnum.

2. Að upplýsingar úr sjúkraskrám séu varðveittar þar sem þær verða til og ekki verði settur upp miðlægur gagnabanki.

3. Að leitað verði upplýsts samþykkis sjúklinga vegna skráningar upplýsinga í dreifða gagnagrunna vegna rannsókna, eftir því sem við á og unnt er, sbr. tilskipun 95/46/EC, og í hvívetna gætt ákvæða um persónuvernd.

4. Að sérstaklega verði athugað um réttarstöðu þeirra sem sviptir hafa verið sjálfræði eða eru vegna veikinda ófærir um að svara til um skráningu, sem og um heimildir til skráningar upplýsinga um þá sem eru látnir.

5. Að tryggður verði réttur ófullveðja barna til að afturkalla er viðkomandi verður fullveðja heimildir sem foreldrar kunna að hafa veitt til skráningar upplýsinga um viðkomandi.

6. Að athugað verði hvernig koma megi í veg fyrir að upplýsingar úr gagnagrunnum séu misnotaðar af hálfu tryggingafélaga og atvinnurekenda.

7. Að ákvæði alþjóðasamninga og samþykkta á þessu sviði, sem Ísland er aðili að, séu virt í hvívetna, sem og mannréttindaákvæði.

8. Að mörkuð verði stefna um hvort, og þá hvernig, veita eigi aðgang að dreifðum og hugsanlega samtengdum gagnagrunnum til rannsókna og annarra vel skilgreindra verkefna og um gjaldtöku í því sambandi.

9. Að kannaðir verði kostir þess að nýta upplýsingar úr dreifðum og hugsanlega samtengdum gagnagrunnum til að auka gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu.

10. Að tekið verði, eftir því sem við á, tillit til stefnumörkunar um söfnun, vörslu og meðferð lífsýna úr mönnum, sem og laga um réttindi sjúklinga.

11. Að komið verði á skipulegri fræðslu til almennings um erfðatækni og eðli og starfrækslu gagnagrunna á heilbrigðissviði, ekki síst um varhugaverða þætti, svo og um skyldur og trúnað heilbrigðisstarfsstétta gagnvart sjúklingum og um réttindi sjúklinga og persónuvernd.

12. Að tekið verði, eftir því sem við á, mið af „stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins", sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gaf út árið 1997 (rit 1, 1997).

Við úttektina verði haft náið samráð við tölvunefnd og vísindasiðanefnd, sem og þá aðila sem þegar starfrækja gagnagrunna á heilbrigðissviði, þar á meðal erfðafræðinefnd, Krabbameinsfélag Íslands og Hjartavernd. Þá verði og haft samráð við Háskóla Íslands og aðrar rannsóknastofnanir og leitað upplýsinga um fyrirkomulag og þróun hliðstæðra mála í nágrannalöndum austan hafs og vestan.

Skýrsla um úttektina og æskilegar lagabreytingar verði lögð fram á næsta reglulegu Alþingi til kynningar og umræðu."

Þetta er tillaga okkar í orðanna hljóðan. Eins og menn taka eftir er hún yfirgripsmikil. Meginatriði hennar er það að við vísum frá hugmyndinni um miðlægan gagnabanka. Í staðinn hvetjum við ríkisstjórnina til þess að gera vandaða úttekt á dreifðum gagnagrunnum og möguleikum til að nota þá í vísindaskyni og til rannsókna og annarra þátta, einnig til endurbóta í heilbrigðiskerfinu almennt séð, að teknu fullu tilliti til ákvæða um persónuvernd sem er grunnurinn sem við leggjum að sjálfsögðu alla áherslu á að sé virtur í hvívetna.

Í sambandi við undirbúning þessa máls höfum við að sjálfsögðu fylgst náið með þeirri umræðu sem fram hefur farið. Sá sem hér talar lýsti á sl. vori yfir andstöðu við það frv. sem þá kom fram um miðlæga gagnagrunna — það var víst í fleirtölu á þeim tíma — og þó að ég væri reiðubúinn að skoða það mál út frá öllum hliðum leist mér ekki á blikuna eins og það var lagt fyrir þegar það kom til 1. umr. Síðan hef ég leitast við að afla vitneskju og heimilda um þessi efni, ekki aðeins hér innan lands heldur líka erlendis frá. Ég gerði mér m.a. ferð til Noregs í þessu sambandi, að vísu einnig til að afla upplýsinga um marga þætti umhverfismála og heimsótti í því samhengi norska heilbrigðisráðuneytið og fékk þar gagnlegar upplýsingar og lýsingu á því hvernig tekið er á þessum málum af hálfu Norðmanna, hvernig þeir eru að fikra sig áfram til mótunar laga og reglna um gagnagrunna á heilbrigðissviði. Til fróðleiks létum við fylgja, sem eitt af mörgum fylgiskjölum með tillögu okkar, upplýsingar í íslenskri þýðingu úr sérstöku nefndaráliti stjórnskipaðrar nefndar sem vann að stefnumótun fyrir hönd stjórnvalda um aðgang að heilsufarsskrám. Ég vænti þess að þessar upplýsingar séu til fróðleiks en ég tek það skýrt fram að við höfum ekki tekið út af fyrir sig afstöðu til þeirra í einstökum atriðum, ekki frekar en norsk stjórnvöld sem hafa enn ekki afgreitt eða lagt fyrir tillögu að lögum á þessu sviði heldur eru að skoða málið að sjálfsögðu vandlega og mættu íslensk stjórnvöld þar margt af læra.

Í greinargerð með tillögu okkar færum við fram ljós rök fyrir máli okkar hvers vegna við erum andvíg miðlægum gagnagrunnum og ég get vitnað til örfárra atriða í máli okkar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Meginannmarkar frumvarps ríkisstjórnarinnar felast í allsendis ófullnægjandi persónuvernd og áhættu sem fylgir miðlægum gagnagrunni, óljósum og óskilgreindum ákvæðum um hvað í hann verði sett, stærð hans og fyrirhugaðri samkeyrslu við erfða- og ættfræðiupplýsingar, og síðast en ekki síst viðskiptalegum forsendum fyrir uppbyggingu hans og rekstri. Þá verður vísindamönnum mismunað gróflega að því er varðar aðgengi að upplýsingum úr grunninum. Verði frumvarpið að lögum getur verið skammt í að „stóri bróðir" berji að dyrum á mörgum heimilum á Íslandi."

Jafnframt því að hafna miðlægum gagnagrunnum á heilbrigðissviði eins og fyrir er lagt þá erum við opin fyrir því að sá möguleiki verði athugaður að teknu tillit til ýtrustu ákvæða um persónuvernd að tengja saman upplýsingar úr dreifðum gagnagrunnum í skilgreindum afmörkuðum þáttum samkvæmt mótuðum leikreglum til að auðvelda rannsóknir, að sjálfsögðu að fengnu samþykki þeirra sem eiga að leggja þar til upplýsingar úr sjúkraskrám. Við erum með því opin fyrir því að það mál verði skoðað nánar og ég bið menn um það, sem eru að halda því fram að þeir sem ekki gleypa hugmyndir ríkisstjórnarinnar og tillögur um miðlæga gagnagrunna séu að loka á nýtingu heilsufarsupplýsinga í afmörkuðum tilvikum og samkvæmt eðlilegum leikreglum að teknu tilliti til persónuverndar.

Við fjöllum í greinargerð okkar með tillögunni um kosti dreifðra gagnagrunna og þeir eru margir. Þar má nefna, virðulegur forseti, að með dreifðum grunnum yrði ekki um stórfelldan flutning að ræða á gögnum frá heilbrigðisstofnunum í miðlægan gagnagrunn heldur yrðu upplýsingar í vörslu stofnana þar sem þeim er safnað. Með þessu yrði trúnaðarsambandi læknis og sjúklinga í engu spillt.

Ég vil vekja athygli á nokkrum af þeim áherslupáttum sem við nefnum í sambandi við vandaða úttekt um þessi efni. Ég tek sem dæmi lið nr. 6 sem ekki hefur verið mikið ræddur hér en hann er um það að athugað verði sérstaklega hvernig koma megi í veg fyrir að upplýsingar úr gagnagrunnum séu misnotaðar af hálfu tryggingafélaga og atvinnurekenda. Þessi

þáttur málsins hefur eðlilega verið áhyggjuefni þeirra, m.a. fulltrúa í samtökum launafólks, sem hafa verið að skoða þetta mál vitandi um það hvernig upplýsingar úr slíkum grunnum hafa verið misnotaðar gróflega erlendis. Ekki síst er mikil umræða um það og liggur mikið safn upplýsinga fyrir um slíka misnotkun í Bandaríkjunum þar sem tryggingafélögin hafa haft úti allar klær til að nálgast upplýsingar um heilsufar þeirra sem leita tryggingа. Til þess að undirstrika hversu stórt mál hér er á ferðinni og mál sem fyllsta ástæða er til að skoða á Íslandi einnig er sú staðreynd að í ágústmánuði sl. setti norska ríkisstjórnin á fót sérstaka stjórnskipaða nefnd til að fara ofan í þessi mál og gera tillögur um hvernig megi reisa rönd við í sambandi við þessi efni.

Hið sama gildir varðandi þá sem standa höllum fæti í samfélaginu, þá sem eru atvinnulausir eða eru bótaþegar o.s.frv. Allir slíkir geta átt undir högg að sækja vegna þeirrar mismununar sem útfærsla þeirrar tækni sem hér er um rætt og þeirra leikreglna sem eru á ferðinni getur leitt af sér.

Við fjöllum að sjálfsögðu mikið um persónuverndina, enda kemur hún fram í heiti tillögunnar. Fyrir utan dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði er það persónuverndin. Í greinargerð með tillögu okkar vitnum við til tveggja virtra fræðimanna og vísindamanna á þessu sviði, sem raunar eru ábyrgðaraðilar í þeirri nefnd sem ríkisstjórnin ætlar að leggja mest traust á í sambandi við útfærslu málsins, þ.e. í svonefndri tölvunefnd. Vel að merkja þá stendur til að endurskoða þá löggjöf og búa til stofnun sem sannarlega veitir ekki af þó að ekki komi til þetta mál. Þarna er um að ræða Þorgeir Örlygsson, lagaprófessor og formann tölvunefndar, og dr. Harald Briem lækni og varaformann nefndarinnar, og ég held að það sé fróðlegt fyrir menn að kynnast sjónarmiðum þeirra eins og þeir lýsa þeim sjálfir í tilvitnuðum köflum í greinargerð með tillögunni.

Við förum líka yfir þróunina á alþjóðavettvangi, bendum á margar samþykktir, þar á meðal samþykktir sem litla skoðun hafa fengið af hálfu ríkisstjórnarinnar við undirbúning málsins. Með tillögunni fylgir ítarefni með tilvitnunum í fjölmarga. Fyrir utan þýðingu á kafla úr norska nefndaráliti nu er þar að finna reglugerð hæstv. heilbrrh. frá 4. júlí 1997, um vísindasiðanefnd, og siðanefndir á sjúkrahúsum, svo og tilvitnanir í greinar eftir fjölmarga aðila, gagnrýnar umsagnir um frv. því ekki hefur þurft að halda öðru mikið á lofti, það hefur skilað sér. Við höfum fylgt þeirri reglu varðandi þetta ítarefni með greinargerðinni að taka ekki út af gagnagrunni eða heimasíðu heilbrrn. þær umsagnir sem þar eru og eru mönnum tiltölulega aðgengilegar sem eru að skoða þessi mál og hafa aðgang að netinu.

Ég legg svo til, virðulegur forseti, að að lokinni umræðu um þessa tillögu verði henni vísað til hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 109.

[16:46]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vil ég þakka fyrir mjög málefnalega umræðu sem hér hefur farið fram, bæði í dag og í gær. Ég tel að umræðan hafi verið afburðagóð og man ég ekki eftir jafngóðri umræðu um nokkurt mál síðan ég hóf störf á Alþingi. Hér hafa þingmenn komið mjög vel undirbúnir, þeir hafa kynnt sér þetta mál mjög ítarlega og það er mikils virði.

Umræða um gagnagrunn á heilbrigðissviði hefur verið til góðs. Hún hefur opnað umræðu um persónuvernd almennt, um siðfræði, um læknisfræði og hinar ýmsu fræðigreinar sem ekki hafa verið mikið til umræðu á hinu háa Alþingi. Ég er alveg viss um að eftir þessa umræðu förum við betur með persónuupplýsingar en áður. Umræðan hefur vakið þvílík viðbrögð að það kemur af sjálfu sér.

Eins og svo margoft hefur komið fram í þessum umræðum er þetta viðamikið mál. Það vekur margar spurningar eins og vísindin gera almennt. Um leið og vísindin svara einni spurningu, þá vakna tíu spurningar í staðinn. Eins er með þetta mál. Það er alveg rétt sem fram hefur komið í umræðunni að framkvæmd þessa er ekki algerlega hættulaus. Það er almennt ekki þannig um atvinnurekstur.

Við getum tekið stóriðju sem dæmi. Stóriðja getur valdið mengun eins og allir þekkja. Virkjanir geta valdið landspjöllum og við þekkjum allar hættur sem af sjósókn geta hlotist. En eðli stjórnmálanna er að taka ákvarðanir og vinna mál þannig að þau fái farsælan endi. Það tel ég hafa verið gert í þessu tilviki. Ég tel að þetta mál sé afar vandlega unnið en ég efa ekki að hægt sé að vinna enn betur að því í heilbr.- og trn. Ég heyri það að menn eru tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu þar.

Mér finnst það einkum fernt sem upp úr umræðunni stendur í sambandi við þau álitamál sem hér hafa komið upp. Í fyrsta lagi er það einkaleyfið. Menn eiga erfitt með að sætta sig við það varðandi þennan gagnagrunn að gefið sé sérleyfi til 12 ára. Það hefur margsinnis komið fram og verið ítarlega rannsakað að ef við ætlum að ganga þessa leið, þá þurfum við að gefa sérleyfi til einhverra ára. Þetta er áhættusamur rekstur og það mun enginn leggja ótakmarkaða fjármuni í slíkan rekstur ef samkeppnisaðilar geta komið í kjölfarið og jafnvel hirt það sem hefur verið unnið. Spurningin er því: Ætlum við að ganga þessa leið eða ætlum við ekki að ganga þessa leið?

Margir hafa komið inn í umræðuna og talið að rétt væri að Háskóli Íslands tæki þetta verkefni að sér. Þá verða hinir sömu að svara: Hefur Háskóli Íslands þá fjármuni sem þarf til að ráðast í slíkt stórvirki? Mitt svar við því er nei.

Annað álitamál er hvað fara skuli í þennan grunn. Það er auðvitað alger grundvallarspurning: Hvað fer inn í þennan grunn? Yfir höfuð er hér um viðkvæmar upplýsingar að ræða. Í frv. er gert ráð fyrir því að fagaðilar innan stofnana muni ákvarða það og ég tel að þeir séu langbest til þess fallnir. Ég tel ekki að Alþingi Íslendinga eigi að ákvarða það í smáatriðum.

Hvað fara skal út úr grunninum er svo að sjálfsögðu önnur spurning. Enn og aftur vil ég ítreka að út úr grunninum fara engar persónuupplýsingar. Þangað verða sóttar upplýsingar um hópa og auðvitað verða þær seldar öðrum vísindamönnum og lyfjafyrirtækjum alveg eins og ítrekað hefur komið fram í umræðunni.

Fjórða álitaefnið varðar aðra vísindamenn á Íslandi. Ljóst er að ef af þessum gagnagrunni verður fá íslenskir vísindamenn miklu betri aðgang að gögnum inni á þeim stofnunum sem þeir starfa en þeir hafa í dag. Aðgangur þeirra er hvergi heftur. Þeir fá aðgang að þessum gagnagrunni. Af því að menn hafa talað um að óeðlilegt sé að einkaleyfishafi sé einn

þeirra þriggja sem er í þeirri aðgangsnefnd, þá minni ég á að landlæknir tilnefnir formann og Háskóli Íslands á einnig fulltrúa þar. Auðvitað mun meiri hluti nefndarinnar ráða því hverjir fara inn í grunninn. Þetta eru þau álitaefni sem stærst eru og eðlilegt er að ræða.

Síðan koma önnur atriði sem hér hafa verið rædd, t.d. ef læknir vill ekki að upplýsingar um sjúkling fari inn í grunninn en sjúklingurinn vill það. Við í heilbrrn. höfum farið ítarlega í gegnum það hvaða leiðir sjúklingurinn á inn í gunninn. Hann hefur þann möguleika að fá afrit af sjúkraskrá sinni og fara sjálfur með upplýsingar um sjálfan sig. Þar sjáum við ekki aðra og betri leið. Það er auðvitað dálítið umhendis því að grunnurinn þarf sífellt að fá nýjar upplýsingar og þá þarf náttúrlega sjúklingurinn að fara með upplýsingarnar eftir því sem þær verða fleiri.

Þetta eru þau álitamál sem menn hafa rætt. Menn hafa líka rætt um það hvort kannski sé fulllangt gengið varðandi persónuvernd, þ.e. að við getum ekki rakið upplýsingar aftur til baka. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir kom inn á það í sinni ræðu. Það verður hins vegar ekki bæði sleppt og haldið. Ef við ætlum að halda þessari fullkomnu persónuvernd, þá getum við ekki rakið okkur til baka. En við skulum ekki gleyma því að inni á stofnunum eru þessar upplýsingar allar persónugreindar. Það verður þá ekki nema í gegnum heilbrigðisstofnanir sem menn geta rakið slíkt. Þeir geta það í dag og geta það að sjálfsögðu áfram.

Ég vil ítreka þakkir mínar fyrir þá vönduðu umræðu sem hér hefur verið um þetta mál.

[16:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Umræðan hefur orðið til góðs, segir hæstv. heilbrrh., öll umræða er til góðs. Það er ekki alltaf svo og á eftir að koma í ljós hvert þessi umræða sem hér hefur farið fram leiðir. Við förum betur með persónuupplýsingar en áður, er mat hæstv. heilbrrh. þegar hún metur umræðuna sem farið hefur fram í þjóðfélaginu og á Alþingi um þetta mál. Ég held ekki, því miður. Vegna þessarar lagasetningar, ef þetta frv. verður að lögum, munu upplýsingar um heilsufar Íslendinga verða söluvara, annars vegar til lyfjafyrirtækja sem munu notar þessar upplýsingar til að gera tilraunir á íslensku þjóðinni og hins vegar til tryggingafyrirtækja sem munu nota þessar upplýsingar til þess að mismuna áhættuhópum í sínum viðskiptahópi. Mér finnst ekki til góðs að stuðla að slíkri þróun hvort sem er hér eða í heiminum almennt.

Varðandi persónuverndina sem hæstv. ráðherra gerir einnig að umræðuefni hef ég vakið athygli á því, það hefur hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir reyndar einnig gert, að í raun er það ekki löngunin til að grennslast fyrir um hagi einstaklinga á Íslandi sem vakir fyrir viðskiptavinum Íslenskrar erfðagreiningar. Þeir vilja ekki fá upplýsingar um einstaklinga hér á landi heldur á fyrst og framst að rannsaka hópana. Við erum því miður að setja okkur niður í það tilraunabúr sem lýst var í einu svissnesku fræðiriti þannig að Íslendingar ætluðu að gerast tilraunamýs heimsins. Ég get því ekki tekið undir með hæstv. heilbrrh. Þótt umræðan hér sé góðra gjalda verð þá efast ég um að þessi málatilbúnaður allur verði til góðs þegar upp er staðið.

[16:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. þm. Ögmundur Jónasson erum ekki sammála að öllu leyti í þessu máli. Það kom skýrt fram í andsvari hans. Hann lítur ekki á jákvæða þætti málsins. Þetta frv., ef að lögum verður, getur orðið til þess að við greinum sjúkdóma fyrr, þróum lyf við sjúkdómum og eflum forvarnir. Hann einskorðar sig við að tortryggja málið. Hann telur ekki að grunnurinn muni efla heilbrigðisþátt þjóðarinnar og heldur því fram að þetta sé gert fyrir erlend tryggingafélög. Það er mergur málsins hjá hv. þm. og þarna erum við bara ekki sammála. Trúlega verðum við ekki sammála um það og ég er viss um að ég get ekki snúið hv. þm. við með þetta mál, enda hefur félag hans gefið út harðorðar yfirlýsingar um það og þá er ég að tala um stéttarfélagið sem hann vinnur fyrir.

[17:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil segja það eitt að ég er hlynntur rannsóknum, ég er hlynntur forvörnum og ég er hlynntur því að stuðla að vísindastarfi hvort sem er hér á landi eða annars staðar. Ég tel þetta hins vegar ekki verða rannsóknum eða vísindum til framdráttar.

Það var eitt atriði sem hæstv. ráðherra hefði mátt nefna þegar hún nefndi þá meginþætti sem hafa verið til umræðu í tengslum við þetta mál og það er forræðishyggjan. Ég gagnrýndi það mjög harkalega í ræðu minni að stjórnvöld virtust ekki setja spurningarmerki við þá siðferðilegu ábyrgð sem þau virðast reiðubúin að axla gagnvart þjóðinni og gagnvart þeim hluta hennar sem er andvígur málinu.

Ég hef iðulega sagt að mér finnist ekkert að því að fyrirtæki hafi samband við sjúklinga, einstaklinga og hópa og leiti eftir samstarfi um rannsóknir. En hitt, að ein ríkisstjórn geti afhent þjóð sína, kjörþjóð eins og það heitir í auglýsingabæklingi Íslenskrar erfðagreiningar, erlendum lyfjafyrirtækjum og tryggingafyrirtækjum til ráðstöfunar, finnst mér vera áhyggjuefni.

Að lokum, hæstv. forseti, þegar talað er um hvort þetta hafi orðið til góðs finnst mér að við eigum að hafa í huga að á milli læknastéttarinnar og íslensku þjóðarinnar hefur verið allgott trúnaðartraust. Því trausti er nú stefnt í hættu. Þegar menn gera sér skyndilega grein fyrir því að upplýsingar sem fóru áður til vísindarannsóka og til þess eins að finna bót þeirra meina eru nú orðnar að viðskiptavöru sem í sumum tilvikum, og ég leyfi mér að staðhæfa, verða notaðar í tilgangi sem ég get a.m.k. ekki skrifað upp á.

[17:02]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það trúnaðartraust sem ríkir milli læknis og sjúklings er mjög mikilvægt og er alger grundvallarforsenda og þess vegna hef ég lagt megináherslu á það varðandi gerð þessa frv. að það sé tryggt.

Varðandi aðra þætti sem hv. þm. kom inn á að við værum að afhenda þjóð okkar (**ÖJ:** Kjörþjóð.) já, og bætir við kjörþjóð, þá minni ég á að engar upplýsingar fara í þennan grunn nema samkomulag náist við viðkomandi heilbrigðisstofnun sem varðveitir gögnin. Það er grundvallaratriði. Það er grundvallaratriði upp á þetta traust sem er nauðsynlegt.

[17:04]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. sagði í ræðu sinni að ef við ætluðum að ganga þessa leið, þ.e. að búa til miðlægan gagnagrunn, yrði að veita sérleyfi. Ég hefði haldið að hægt væri að fara aðrar leiðir og fela þetta öðrum aðilum. Þá er

ég að hugsa um t.d. Háskóla Íslands en það þýðir að þar með yrði ríkisvaldið að standa straum af þeim kostnaði. Ef ávinningurinn er svona mikill, ef menn hafa svona mikla trú á þessu af hverju í ósköpunum ætti íslenska ríkið þá ekki að greiða þann kostnað ef menn trúa því að það skili heilbrigðismálum ekki bara þessarar þjóðar heldur alls heimsins svona miklum ávinningi? Þetta er því ekki eini möguleikinn.

Hæstv. heilbrrh. sagði varðandi það hvaða upplýsingar eiga að fara inn í gagnagrunninn að fagaðilar innan stofnana ákveði hvað fer inn í hann. Það er ansi mikið vald sem þeim stofnunum er falið og ég er eiginlega engu nær um það hvað mun fara inn í þennan grunn.

Ef menn taka hugsanlega ákvarðanir um að vinsa úr einhverja sjúkdóma, segjum t.d. að á Landspítalanum eða Ríkisspítölunum, náist ekki samkomulag og menn ákveði bara að skilja alla geðsjúkdóma frá, hvaða gagn er þá orðið að þessu? Hvert er gagnið? Það hlýtur því að þurfa að setja þarna ákveðnar viðmiðunarreglur.

Að lokum varðandi það sem ég var að nefna um persónuverndina finnst mér að að sjálfsögðu eigi að ganga þar afar varlega um. Það á að standa við öll lög og reglur og alþjóðasamninga hvað það varðar. Hins vegar var ég að vara við því að menn færu í þessari umræðu að ganga hugsanlega allt of langt og færu ýmist að eyða upplýsingum eða loka upplýsingar inni um aldur og ævi sem að mínum dómi væri vísindum ekki til gagns. Menn eiga að virða rétt einstaklingsins en hann á ekki að ná út yfir gröf og dauða og eilífðina alla.

[17:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi gagnsemi grunnsins verður ekki gagn að þessum grunni nema víðtækt samkomulag náist um hann. Þess vegna er svo mikilvægt að þær heilbrigðisstofnanir, sem er trúað fyrir varðveislu þessara mikilvægu gagna, séu þær sem ráða því hvaða upplýsingar fara úr úr stofnun. Það er grundvallaratriði.

Hvað það varðar að Háskóli Íslands ætti að fá leyfi til að reka slíkan gagnagrunn eru menn um leið að viðurkenna að rétt sé að setja upp slíkan gagnagrunn. Þá eru menn aðeins komnir nær efninu því að þá eru menn búnir að viðurkenna að rétt sé að setja upp slíkan gagnagrunn. Þá kemur hitt álitaefnið. Það er hvort íslenska ríkið sé tilbúið að leggja í það þær fjárhæðir sem til þarf til að þetta geti orðið að veruleika. Þá erum við að tala um 10–20 milljarða. Þá verðum við að taka það fjármagn úr einhverjum öðrum liðum sem við erum með, t.d. á fjárlögum, og ég er ekki tilbúin að svara því hvaðan við tökum það fjármagn.

[17:07]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málið er að allt hangir þetta saman, þær spurningar hvort rétt sé að setja saman miðlægan gagnagrunn sem ég vil leyfa mér að hafa efasemdir um og mér finnst að eigi að skoða mjög gaumgæfilega í ljósi þess hvaða upplýsingar muni verða þar. Þetta hangir saman við það hvort þetta verður nokkurn tíma að raunveruleika, hvort viðkomandi stofnanir og þeir einstaklingar, sérfræðingar sem búa yfir upplýsingum vilji láta þær af hendi. Ekki er hægt að taka einn þátt út úr. Það er afar erfitt. Það eru þessar siðferðilegu spurningar í þessu. Það eru spurningarnar um sérleyfi og hvort það sé rétt að koma upp svona gagnagrunni o.s.frv. Allt þetta erum við að vega og meta.

Ég vil nefna eitt atriði til viðbótar, hæstv. forseti, sem ég kom ekki að áðan og það er varðandi aðgang að nefndinni sem úrskurðar um aðganginn að grunninum. Hæstv. heilbrrh. var að reyna að skýra sjónarmið sín hvað það varðar. Gagnrýnin sem hefur komið fram varðar það að sá sem hefur sérleyfi skuli koma að sem eftirlitsaðili eða dómari hvað þetta varðar. Ég tek undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á í gær að ef þetta verður svona, koma fyrir augu fulltrúa sérleyfishafans hugmyndir um verkefni sem menn ætla að vinna út frá þessum upplýsingum, þessum gagnagrunni þannig að þar með getur verið rofinn trúnaður við vísindamenn. Þeir geta ekki treyst því að að ekki sé hægt að stela af þeim hugmyndunum. Mér finnst þetta fyrirkomulag algerlega óásættanlegt að sá aðili sem á allt sitt undir þessu skuli eiga aðild að nefndinni. Hann á að fá að koma og skýra sjónarmið sín en hann á ekki að vera dómari í þessari nefnd.

[17:10]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi aðgangsnefndina svokallaða eru hagsmunir á báða bóga og það verður að líta á hagsmunina á báða bóga vegna þess að það getur líka komið inn vísindamaður sem ætlar að grípa allan bankann. Þarna verða vissir hagsmunaárekstrar og þess vegna er svo mikilvægt að meiri hluti nefndarinnar sé skipaður eins og hann er skipaður. Þannig tel ég að við náum utan um málið.

Af því að umræðan er senn á enda runnin í bili endurtek ég þakkir mínar til þingmanna sem hafa tekið þátt í umræðunni. Nú er það okkar stjórnmálamanna að vega og meta málið eins og svo mörg önnur erfið mál sem liggja fyrir þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 105. mál. — Þskj. 105.

Enginn tók til máls.

[17:12]

Útbýting þingskjala:

Dvalarrými fyrir aldraða, 139. mál, fsp. SvG, þskj. 139.

Hreinsun jarðvegs á Nickel-svæðinu, 138. mál, fsp. SJóh, þskj. 138.

Leiklistarlög, 146. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 146.

Rekstur spilavíta og eftirlit með þeim, 125. mál, fsp. MF, þskj. 125.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:17.

13. FUNDUR

mánudaginn 19. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 77. mál, þskj. 77. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar, beiðni um skýrslu, 82. mál, þskj. 82. *Hvort leyfð skuli.*
5. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, stjfrv., 109. mál, þskj. 109. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Dreifðir gagnagrunnar á heilbrigðissviði og persónuvernd, þáltill., 97. mál, þskj. 97. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga, frv., 105. mál, þskj. 105. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
9. Framkvæmdasjóður Íslands, stjfrv., 123. mál, þskj. 123. — 1. umr.
10. Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, stjfrv., 107. mál, þskj. 107. — 1. umr.
11. Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, stjfrv., 108. mál, þskj. 108. — 1. umr.
12. Þjónustukaup, stjfrv., 113. mál, þskj. 113. — 1. umr.
13. Úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.
14. Almannatryggingar, frv., 19. mál, þskj. 19. — Frh. 1. umr.
15. Endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Fyrri umr.
16. Nýtt starfsheiti fyrir ráðherra, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Fyrri umr.
17. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, frv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.
18. Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, frv., 43. mál, þskj. 43. — 1. umr.
19. Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.
20. Vegtollar, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
21. Virðisaukaskattur, frv., 46. mál, þskj. 46. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Undirritun drengskaparheits.

[15:01]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill tilkynna að honum hefur borist drengskaparheit sem Magnús Árni Magnússon, 15. þm. Reykv., hefur undirritað í samræmi við 47. gr. stjórnarskrárinnar og 2. gr. þingskapa.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dagsett 16. október 1998:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vesturl., Guðlaugur Þór Þórðarson stjórnmálafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl."

Guðlaugur Þór Þórðarson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[15:02]

Útbýting þingskjals:

Lögleiðing EES-gerða, 148. mál, skýrsla forsrh., þskj. 148.

Rannsókn kjörbréfs.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hafa svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er staddur erlendis og get því ekki um nokkrar vikur sótt þingfundi leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 2. varaþm. af lista Alþfl. í Reykjavík, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni, en 1. varaþm. á listanum er forfallaður.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Magnús Árni Magnússon, 15. þm. Reykv."

Þá er hér svohljóðandi bréf:

„Af persónulegum ástæðum sé ég mér ekki fært að taka sæti Magnúsar Árna Magnússonar, 15. þm. Reykv., á næstunni sem 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi.

Virðingarfyllst, Hrönn Hrafnsdóttir."

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur sem nú er 2. varamaður á lista Alþfl. í Reykjavík. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund áður en þingfundur hófst til þess að fjalla um kjörbréfið.

[15:03]

Frsm. kjörbréfanefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf 2. varaþm. Alþfl. í Reykjavík, Þórunnar H. Sveinbjörnsdóttur, sem landskjörstjórn gaf út í dag en 1. varaþm. flokksins í kjördæminu, Hrönn Hrafnsdóttir, getur ekki tekið sæti að þessu sinni sökum anna.

Nefndin hefur kynnt sér kjörbréfið og ekki fundið neitt athugavert og leggur til að það verði samþykkt.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Tillaga kjörbréfanefndar um kjörbréf Þórunnar H. Sveinbjörnsdóttur skoðast samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, 15. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 77. mál (gildistaka EES-reglna). — Þskj. 77.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar.

Beiðni KH o.fl. um skýrslu, 82. mál. — Þskj. 82.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Beiðni leyfð til umhvrh. með 45 shlj. atkv.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 109.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Dreifðir gagnagrunnar á heilbrigðissviði og persónuvernd, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 97. mál. — Þskj. 97.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÞÞ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvanJ, VS, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BH, GB, GHall, GÁS, GMS, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KHG, LB, MF, RA, SighB, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Miðlæg úrvinnsla heilsufarsupplýsinga, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 105. mál. — Þskj. 105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÞÞ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvanJ, VS, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BH, GB, GHall, GÁS, GMS, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KHG, LB, MF, RA, SighB, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fjáraukalög 1997, 1. umr.

Stjfrv., 3. mál (niðurstöðutölur ríkissjóðs). — Þskj. 3.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997, fjáraukalaga hinna síðari fyrir þetta almanaksár. Þetta fjáraukalagafrv. er uppgjör síðasta árs og var lagt fram á síðasta þingi án þess að hljóta afgreiðslu. Það er flutt nú að nýju óbreytt. Í millitíðinni hafa þingmenn fengið í hendur ríkisreikning fyrir árið 1997 eins og hann er gerður úr garði af hálfu Ríkisendurskoðunar. Innan fárra daga er væntanlegt í þingið frv. til laga um ríkisreikning og staðfestingu hans.

Þar sem frv. er endurflutt og hefur áður verið til meðferðar í þinginu og hjá hv. fjárln. sé ég ekki ástæðu til þess að fara í umræður um efni þess. Þingmönnum er þetta frv. vel kunnugt en ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og til endurnýjaðrar meðferðar í hv. fjárln.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdasjóður Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 123. mál (afnám laga). — Þskj. 123.

[15:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. um afnám laga nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands. Ég mæli fyrir þessu frv.

Í frv. er gert ráð fyrir því að lögin um Framkvæmdasjóð verði felld úr gildi og ríkissjóður Íslands yfirtaki eignir og skuldir Framkvæmdasjóðs miðað við stöðu þeirra 31. desember nk.

Forsaga málsins er sú að á árinu 1992 var lánastarfsemi á vegum Framkvæmdasjóðs Íslands hætt og lögum um hann breytt. Síðan hefur hann eingöngu verið rekinn sem innheimtu- og uppgjörsaðili en ekki veitt ný lán. Lánasýsla ríkisins hefur haft umsjón með þessari starfsemi og miðað mjög vel í að grynnka á skuldum sjóðsins og innheimta þau lán sem hann hafði áður veitt. Eigi að síður er ljóst að uppgjörið er með þeim hætti að sjóðurinn á ekki fyrir skuldum og þarf að leggja til hliðar, að því að áætlað er, um það bil 700 millj. kr. við þessa breytingu.

Reiknað er með því að heildarskuldir sjóðsins verði um 3,5 milljarðar í árslok en eignirnar um 2,8 milljarðar. Mismunurinn er því 700 millj. eins og ég hef nefnt. Við þessa breytingu flyst Framkvæmdasjóður úr C-hluta ríkissjóðs yfir í A-hlutann og verður hluti af ríkissjóði sjálfum. Þar með hækka tekjur og gjöld ríkissjóðs. Vaxtagjöldin hækka um 230 millj. en vaxtatekjur um 220. Mismunurinn er neikvæður vegna þess að sjóðurinn er með neikvæðan höfuðstól. Jafnframt er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður á umsýslu með þessar eignir færist á lið Lánasýslu ríkisins í A-hlutanum. Lánasýslan mun hér eftir sem hingað til annast uppgjör á þessum sjóði og sinna eftirhreytunum af starfsemi hans, gera upp skuldir og innheimta þau lán sem eftir standa af þessum áður merka sjóði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 1. umr.

Stjfrv., 107. mál. — Þskj. 107.

og

Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 1. umr.

Stjfrv., 108. mál (úthlutun sérstakra dráttarréttinda). — Þskj. 108.

[15:15]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tveimur frumvörpum sem snerta Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hið fyrra er 108. mál þingsins, frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en hið seinna er 107. mál þingsins, frv. til laga um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Vík ég fyrst að frv. um breytingar á viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ísland hefur verið aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum frá stofnun hans árið 1945. Þrisvar hefur stofnskrá sjóðsins verið breytt og hafa þær breytingar verið staðfestar af ríkisstjórn fyrir Íslands hönd og fengin heimild Alþingis. Lög þar að lútandi voru samþykkt árið 1968, 1977 og 1990.

Á ársfundi sjóðsins í Hong Kong 1997 var samþykkt fjórða breyting á stofnskrá sjóðsins. Sú breyting lýtur að úthlutunum sérstakra dráttarréttinda, SDR, að fjárhæð 21,4 milljarðar SDR en SDR er varasjóðseign sjóðsins og jafnframt greiðslueining hans. Hér er um tvöföldun á úthlutuðum dráttarréttindum að ræða.

Síðasta úthlutun fór fram árið 1981. Síðan hafa um 40 ríki bæst í hóp aðildarríkja sjóðsins. Mörg þeirra eru févana og þau njóta þess ekki í utanríkisviðskiptum að eiga aðgang að sérstökum dráttarréttindum til jafns við önnur aðildarríki. Með því að treysta varasjóðseignir aðildarríkja er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn betur í stakk búinn til að stuðla að auknum og jöfnum vexti utanríkisviðskipta í heiminum.

Úthlutun sérstakra dráttarréttinda til Íslands mun aukast um 8,6 milljónir SDR við þessa aðgerð eða um 820 millj. kr. og verða samtals 25 milljónir SDR eða um 2,4 milljarðar kr. Ný úthlutun bætist við gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands sem fer fyrir Íslands hönd með fjárhagslega aðild að sjóðnum. Eins og fram kemur í kostnaðarumsögn fjmrn. mun samþykkt frv. ekki valda kostnaði fyrir ríkissjóð.

Þá vík ég að seinna frv. til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Með lagafrv. er leitað heimilda fyrir ríkisstjórnina til að taka þátt í elleftu hækkun á kvóta Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Kvótinn er helsta ráðstöfunarfé sjóðsins og er hinum nýja kvóta ætlað að styrkja sjóðinn í viðleitni sinni til að forða heimsbúskapnum frá alvarlegum áföllum sem fylgt geta staðbundnum efnahagskreppum.

Kvóti Íslands hækkar við þessa breytingu úr 85,3 milljónum SDR í 117,7 milljónir SDR sem jafngildir um 11,5 milljörðum ísl. kr. Hlutdeild Íslands í kvóta sjóðsins helst óbreytt við þessa breytingu og nemur áfram 0,06% af heildarkvóta. Fjórðungur hækkunarinnar er greiddur í SDR en þrír fjórðu

hlutar greiðast í íslenskum krónum. Sá hluti kvótahækkunarinnar, sem greiddur er í SDR, greiðist af Seðlabankanum, sem er fyrir Íslands hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Myndar þessi hluti sérstaka gjaldeyrisyfirfærslu og gjaldeyrisinnstæðu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og telst áfram til gjaldeyrisforða Seðlabankans. Er þar því einungis um að ræða breytingu á samsetningu gjaldeyrisforðans. Þrír fjórðu hlutar kvótahækkunarinnar eru í rauninni ekki inntir af hendi heldur eignast Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn innstæðu í Seðlabankanum sem nemur umræddri fjárhæð.

Eins og fram kemur í kostnaðarumsögn fjmrn. hefur hækkunin ekki áhrif á hag ríkissjóðs. Ávinningur Íslands af því að taka þátt í þessari almennu kvótahækkun er einkum af tvennum toga. Í fyrsta lagi geta aðildarríki sjóðsins tekið hagstæð lán hjá honum úr ýmsum lánaflokkum og miðast lánsfjárhæðir við tiltekið margfeldi af kvóta viðkomandi ríkis. Ísland hefur nokkrum sinnum tekið lán hjá sjóðnum. Í öðru lagi ræðst atkvæðavægi einstakra ríkja í stjórn sjóðsins af kvóta þeirra en Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin skipa sameiginlega einn fulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins.

Herra forseti. Að lokinni 1. umr. legg ég til að málinu verði vísað til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustukaup, 1. umr.

Stjfrv., 113. mál. — Þskj. 113.

[15:20]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um þjónustukaup sem samið var af nefnd sem skipuð var fulltrúum viðskrn., Samtaka iðnaðarins, Neytendasamtakanna og Samkeppnisstofnunar. Þetta frv. hefur áður verið lagt fram á Alþingi. Það var gert á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Í sumar hefur ráðuneytið athugað efni frv. nánar eftir skoðun efh.- og viðskn. Niðurstaða þeirrar athugunar er að frv. þetta er nú lagt fram í óbreyttri mynd frá því sl. vor.

Á undanförnum árum hefur þörf á almennri lagasetningu sem tekur til seldrar þjónustu farið vaxandi. Þjóðfélagið tekur örum breytingum og verður flóknara og neytendur þurfa í síauknum mæli að treysta á þjónustu sem hinar ýmsu fagstéttir veita. Jafnframt verður að leggja áherslu á að aðstaða neytenda er önnur þegar um er að ræða kaup á þjónustu en þegar um er að ræða kaup á vöru.

Þegar samningur er gerður um kaup á þjónustu getur neytandi ekki skoðað það sem keypt er með sama hætti og þegar keyptur er hlutur. Mikilvægt er því að treysta réttarstöðu neytenda, einkum og sér í lagi þeirra sem hafa ekki yfir sérþekkingu að ráða. Við kaup á þjónustu reynir á mörg þau sömu atriði og upp koma í kaupum í viðskiptum með vörur, t.d. ef keypt þjónusta reynist vera gölluð eða dráttur verður á afhendingu hennar o.s.frv. Í einstaka tilfellum hefur verið unnt að beita lögunum um lausafjárkaup til að leysa úr ágreiningi undir slíkum kringumstæðum. En ljóst er að þau lög veita ekki fullnægjandi réttarvernd fyrir neytendur.

Lög um þjónustukaup hafa verið sett annars staðar á Norðurlöndum að Danmörku undanskilinni. Finnsk lög um þjónustukaup ganga einna lengst í vernd til handa neytendum en sænsk og norsk lög nokkuð skemmra. Frumvarp þetta tekur mið af lagasetningu annars staðar á Norðurlöndum en danskt frumvarp sem samið var árið 1988 um þetta efni hefur enn fremur verið haft til hliðsjónar við samningu frumvarpsins. Ákvæði þessa frumvarps um neytendavernd þegar keypt er þjónusta er nýmæli í löggjöf hér á landi.

Velta þjónustugreina hefur aukist um 10–20% að raunvirði á tímabilinu 1990–1995. Þar af hefur velta í bifreiðaviðgerðum aukist um 15% og velta í skóviðgerðum um 9% svo dæmi séu tekin. Velta í greinum eins og tölvuþjónustu hefur aukist mun meira.

Hlutur þjónustu af einkaneyslu landsmanna hefur jafnframt aukist, eða úr 35,4% af allri einkaneyslu á árinu 1990 og upp í 37,8% af einkaneyslu árið 1995. Enn fremur er þjónusta, sem veitt er í tengslum við fasteignir og sumarhús, stór útgjaldaliður enda hefur fasteignum fjölgað mjög á seinni árum og nauðsynlegt viðhald og endurbætur á þessum eignum þar af leiðandi stóraukist.

Nýjar þjónustugreinar hafa bæst við eins og geymsla á lausafjármunum þar sem engin eiginleg vinna er tengd hlutunum, t.d. búslóðageymsla, frystigeymslur o.fl. Af þessari ástæðu ná ákvæði frumvarpsins einnig til þjónustu sem felst í geymslu muna og er stunduð í atvinnuskyni gegn endurgjaldi.

Umsvif aukast sífellt á sviði seldrar þjónustu, svo og fjölbreytni hennar, og má nefna í því sambandi ráðgjafarþjónustu af ýmsu tagi. Um ýmsar þjónustugreinar gilda einnig oft á tíðum sérlög, t.d. lög nr. 34/1986, um fasteignasala, og lög nr. 117/1994, um ferðaskrifstofur.

Aðalhvatinn að lagasetningu á sviði þjónustu hér á landi er hinn sami og í öðrum ríkjum sem sett hafa sérstök lög um þjónustukaup, þ.e. að leysa úr brýnni þörf á lagareglum til að greiða úr réttarágreiningi sem kann að rísa vegna kaupa á þjónustu. Að vísu geta skýr samningsákvæði seljanda og kaupanda þjónustu oft leyst úr vandamálum er upp kunna að koma en það er sjaldgæft að gert sé ítarlegt samkomulag um þau þjónustuverk sem á að vinna. Enn fremur er oft stuðst við ákvæði laga sem gilda um kaup á vöru þegar leysa á úr réttarágreiningi en takmarkaðar leiðbeiningar getur verið að finna í slíkum lagaákvæðum.

Að öllu framangreindu athuguðu þótti rétt að leggja aftur fram í þinginu frv. til laga um þjónustukaup. Um meginefni frv. vil ég vísa til ræðu minnar frá því á síðasta þingi þar sem ég gerði grein fyrir því hvað fólst í einstökum greinum frv., og vísa þar af leiðandi til þeirrar framsöguræðu sem flutt var með frv. á síðasta þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjáraukalög 1997, frh. 1. umr.

Stjfrv., 3. mál (niðurstöðutölur ríkissjóðs). — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Framkvæmdasjóður Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 123. mál (afnám laga). — Þskj. 123.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 107. mál. — Þskj. 107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 108. mál (úthlutun sérstakra dráttarréttinda). — Þskj. 108.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

[15:33]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 20, 20. máli, um endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu. Flutningsmenn eru sú sem hér stendur ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni. Þál. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta fara fram úttekt á reglum um sjúklingatryggingu hér á landi og í kjölfarið verði lagðar fram tillögur sem miði að réttarbótum á þessu sviði. Tillögurnar lúti m.a. að því að skaðabætur og miskabætur verði greiddar þeim sem verða fyrir líkamstjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, dvalarstofnun fyrir sjúklinga eða heilsugæslustöð og að leið sjúklinga til að sækja rétt sinn verði einfölduð og þannig komið í veg fyrir fjölda dómsmála."

Þessi þáltill. var lögð fram á síðasta þingi, 122. þingi, kom á dagskrá en var ekki rædd.

Á síðustu árum hefur komið skýrt í ljós að ekki eru í nægilega góðu horfi málefni þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir tímabundinni eða varanlegri örorku vegna rannsóknar eða meðferðar á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða dvalarstofnun fyrir sjúklinga, þ.e. þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir svokölluðum læknamistökum. Kvartað hefur verið undan seinagangi í kerfinu, erfiðleikum við að afla gagna, erfiðri sönnunaraðstöðu, lágum bótum og svo mætti lengi telja.

Í f-lið 24. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, er kveðið á um slysatryggingu sjúklinga sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks á þessum stofnunum. Ákvæðið hefur ekki verið talið tryggja nægilega réttarstöðu þeirra sem undir það falla.

Flutningsmenn hafa kynnt sér þessi mál í Danmörku og telja að hafa skuli lög og reglur þar til fyrirmyndar við endurskoðunina. Þar eru í gildi sérstök lög um sjúklingatryggingar, nr. 367/1991, með síðari breytingum, en þau tóku gildi 1. júlí 1992. Með þeim lögum er tryggt að sjúklingar eða aðstandendur látins sjúklings eigi rétt á skaðabótum vegna afleiðinga rannsóknar og/eða meðferðar á sjúkrahúsum. Auk þess taka lögin til þeirra sem tekið hafa þátt í tilraunum, sem og blóð-, sæðis- og líffæragjafa sem hafa orðið fyrir líkamstjóni við meðferð á sjúkrahúsi. Gildissvið laganna var enn víkkað árið 1995. Dönsku lögin hafa leitt til aukins réttar fyrir sjúklinga í Danmörku til skaðabóta vegna afleiðinga rannsóknar og meðferðar á sjúkrahúsum því að unnt er að fá greiddar skaðabætur án þess að sannað sé að um mistök læknis hafi verið að ræða. Þó þarf ákveðnum skilyrðum samkvæmt lögunum að sjálfsögðu að vera fullnægt til að bótaréttur verði virkur. Ákvæði laganna hafa einnig í för með sér að mun einfaldara og fljótlegra er að leita réttar síns nú en áður, en margir setja fyrir sig löng og erfið réttarhöld. Í Danmörku eru og til frekari úrræði ef unnt er að rekja líkamstjón til lyfja.

Á 113. löggjafarþingi var lagt fram til kynningar af þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Guðmundi Bjarnasyni, frumvarp til laga um sjúklingatryggingu, en frumvarpið var samið af Arnljóti Björnssyni, þáverandi prófessor, að beiðni ráðherra. Fyrirmynd frumvarpsins var hið danska lagafrumvarp um sjúklingatryggingu sem síðar varð að lögum þar í landi, þ.e. þeim lögum sem að framan getur. Þeim hefur síðan verið breytt lítils háttar. Einnig hafa verið gerðar ýmsar breytingar á íslenskum lögum sem varða sjúklinga, svo sem almannatryggingalögum. Þá tóku gildi 1. júlí 1993 skaðabótalög hér á landi, en þau hafa sætt breytingum, og árið 1997 voru samþykkt lög um réttindi sjúklinga. Frumvarp um sjúklingatryggingu hefur hins vegar ekki verið lagt fram að nýju á Alþingi frá því á 113. löggjafarþingi þegar málið var lagt fram til kynningar.

Á haustþingi 1997 lagði Margrét Frímannsdóttir fram fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um mistök við læknisverk. Þar var m.a. spurt um fjölda kæra sem borist hafa frá sjúklingum til landlæknisembættisins vegna meintra mistaka lækna á árunum 1990 til og með 1997, skipt niður eftir sjúkrahúsum, innan og utan höfuðborgarsvæðisins, heilsugæslustöðvum og einkareknum læknastofum. Þá var spurt um afdrif kæranna og bótafjárhæðir. Í svari heilbrigðisráðherra á þskj. 432, 159. mál 122. löggjafarþings, kemur m.a. fram að tölvufærð skrá um ágreiningsmál hafi verið haldin hjá landlæknisembættinu í áratug. Fjöldi mála hefur á þeim tíma aukist frá nokkrum tugum í um það bil 250 mál á ári. Þar eru meðtaldar allar kvartanir og kærur sem berast embættinu en undanskilin þau mál sem afgreidd eru í gegnum síma. Þá kemur fram í svari ráðherra, samkvæmt upplýsingum frá

embætti ríkislögmanns, að á árunum 1990–1997 hafi verið greiddar bætur fyrir læknamistök að fjárhæð 74.393.598 kr. í kjölfar málaferla. Þá kemur einnig fram að fjöldi þeirra sem telur sig hafa orðið fórnarlömb læknamistaka leggur ekki í málarekstur bæði vegna mikils kostnaðar og annars álags sem því fylgir.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja þessar niðurstöður sýna að mjög brýnt sé að tekið verði á þessum málum. Mikil vinna hefur þegar verið innt af hendi, samanber framangreint frumvarp um sjúklingatryggingu frá 113. þingi sem birt er sem fylgiskjal með tillögu þessari, og leggja flm. til að það frumvarp verði haft til hliðsjónar við þá vinnu sem tillögugreinin gerir ráð fyrir.

Eins og kom fram í upphafi máls míns er þetta í annað sinn sem þessi þáltill. er lögð fram. Nú tók ég eftir því á þeim verkefnalista eða málalista sem birtur var með stefnuræðu hæstv. forsrh. í upphafi þessa þings að hæstv. heilbrrh. hyggst leggja fram frv. um sjúklingatryggingar en það er ekki farið að sjást í þingsölum. Vonandi hefur það að þetta mál kom fram á síðasta þingi ýtt við ráðherranum að taka á þessum málum sem eru mjög brýn. Fólk sem hefur orðið fyrir læknamistökum eða telur sig hafa orðið fyrir þeim hefur lagt mjög ríka áherslu á að gerð verði einhver réttarbót og því auðveldað að ná fram rétti sínum. Sé búið að vinna einhverja þá vinnu sem við leggjum til í þessari þáltill. vonast ég til að málið komi fram og unnt verði að samþykkja það þannig að það verði hægt að ráða bót á því ástandi sem ríkir í málefnum þeirra sem hafa orðið fyrir eða telja sig hafa orðið fyrir læknamistökum á undanförnum árum.

Herra forseti. Ég legg til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn.

[15:42]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er afskaplega gott og þarft mál sem flutt er í till. til þál. um endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu. Ég tek undir það sem kom fram í máli flm. að það er undarlegt að við skulum hafa fengið hingað stjfrv. fyrir svo mörgum árum án þess að því hafi verið fylgt eftir og að það skuli í raun hafa týnst á ný og horfið úr sölum Alþingis, ekki verið endurflutt, ekki verið unnið í nefnd eða afgreitt frá nefnd, jafnmikilvægt og það er fyrir fólkið í landinu, fyrir alla þá sem lenda inni á sjúkrahúsum, inni á stofnunum, reknum af ríkinu og telja að á þeim stað sem þau eru stödd séu þau best sett af öllum stöðum landsins. Þarna sé verið að taka á málum þeirra, þarna sé verið að hlúa að viðkomandi á besta hátt og að hvergi sé viðkomandi jafnöruggur hvort sem um er að ræða veikindi, slys eða annað það sem hefur gert það að verkum að einstaklingur hefur leitað inn á sjúkrastofnun eða verið vistaður þar um tíma.

Síðan gerist það að í stað þess að fá bót meina sinna, í stað þess að viðkomandi sé á þeim stað sem best verður haldið á málum hans þá lendir hann e.t.v. í læknamistökum, veikindum, rangt er tekið á málum og hann getur borið skarðan hlut frá borði, orðið öryrki upp frá því eða jafnvel að viðkomandi látist og lítið sé hægt að gera með þá stöðu sem upp hefur komið.

Herra forseti. Þetta er afskaplega alvarlegt mál og því miður kemur alvara þess fyrst og fremst í ljós eftir á þegar viðkomandi sjúklingur hefur lent í erfiðleikum, þegar sú staða er komin upp að miskinn er til staðar eða dauðsfall hefur átt sér stað. Og það er ótrúlega erfitt eftir á að reyna að leita réttar síns, sérstaklega þegar engin lög eru til staðar til að halda í eða sýna fyrir þann sem þess þarf.

Við höfum margoft rætt þessa stöðu og þingmenn úr þingflokki jafnaðarmanna hafa flutt frv. um umboðsmann sjúklinga sem væri t.d. ein leiðin fyrir fólk að leita réttar síns, hvort heldur það eru aðstandendur eða einstaklingur sem á sjúkrastofnun hefur lent í erfiðleikum, sjúkdómi eða fötlun í kjölfar læknismeðferðar. Slíkt mál hefur ekki hlotið náð hins háa Alþingis enn þá en við munum freista þess að úr því verði bætt.

Það er athyglisvert að þegar árið 1992 voru sett lög í Danmörku sem tryggðu rétt sjúklinga eins og hér er gerð tillaga um og þau svo útvíkkuð árið 1995. Þessi dönsku lög hafa skapað aukinn rétt fyrir sjúklinga þar til skaðabóta vegna afleiðinga rannsókna og meðferðar á sjúkrahúsum og samkvæmt þeim er unnt að fá greiddar skaðabætur jafnvel án þess að sannað sé að um mistök læknis hafi verið að ræða. Hér er þetta erfiðleikum bundið jafnvel þó fyrir liggi að mistök hafi átt sér stað, hvað þá heldur ef óljóst er hvar mistökin hafa orðið og hver réttur sjúklingsins er. Ég verð að viðurkenna að ég er slegin yfir því að við skulum hafa fengið stjfrv. til umfjöllunar á Alþingi sem átti að tryggja þennan rétt eins og framsögumaður gat um en að það frv. skuli hafa verið lagt til hliðar og við skulum ekki vera komin lengra en raun ber vitni.

Ég vil vekja athygli á því svari heilbrrh. við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur sem flutningsmaður nefndi, að samkvæmt tölvufærðri skrá um ágreiningsmál sem haldin hefur verið hjá landlæknisembættinu í um áratug hefur fjöldi mála verið að aukast frá nokkrum tugum í um það bil 250 mál á ári. Það kemur fram að þarna er verið að ræða allar kvartanir og kærur sem berast embættinu en undanskilin eru þau mál sem afgreidd eru í gegnum síma. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það er ekki vegna þess að læknamistök hafa verið að aukast svo mjög á liðnum árum að fjöldi kæra hefur aukist úr nokkrum tugum í 250, öðru nær. Það er vegna þess að fólk er betur upplýst um hvað hefur verið að gerast, um orsakir þess sem gerðist og allmargir eru upplýstir um þann rétt sem fólk á að hafa og leita þess réttar jafnvel þó lögunum sé ábótavant. Herra forseti. Jafnvel þó lögunum sé svo ábótavant.

Þegar við sjáum að undanskilin eru þau mál sem afgreidd eru gegnum síma og þar með öll þau sem ekki eru kærð þá gerum við okkur grein fyrir því að mjög margir kanna hver er réttur sjúklings, hver er réttur þess sem í hlut átti eða hver er réttur eftirlifandi þegar um er að ræða að sjúklingur hafi látist af völdum einhvers sem gerðist á sjúkrahúsinu og rekja má til mistaka í umönnun eða læknisaðgerðum. Mér segir svo hugur að þau mál sem ekki leiða til kæru séu fleiri vegna þess að fólk brestur kjark, það brestur þor að leita síns réttar ekki síst ef um dauðsfall er að ræða, þá kemur líka inn sú tilfinning að ekkert geti bætt skaðann sem orðinn er.

Þess vegna, herra forseti, er svo mikilvægt að heilbr.- og trn. skoði þessa tillögu vel og álykti um að endurskoða skuli reglur um sjúkratryggingu svo að við í velferðarríkinu Íslandi sem höldum að heilbrigðiskerfið sé með því besta sem gerist meðal þjóða, tryggjum að þessi þáttur sé jafngóður og í nágrannalöndum okkar. Engin fjölskylda á að þurfa að búa við það að einstaklingur sem leggst inn á sjúkrastofnun og kemur annaðhvort ekki þaðan út aftur eða hefur orðið fyrir þeim skaða að hann eigi að geta leitað réttar síns, að ekki

skuli vera lagastoð fyrir því að hægt sé að leita réttar vegna þess sem þarna hefur gerst.

[15:51]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir þetta innlegg í umræðuna um endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu, þessa þáltill. sem hér liggur fyrir og er til umræðu. Það er hverju orði sannara eins og fram kom í máli hennar, hve mikilvægt það er að tekið verði á þessum málum, hve mikilvægt er að stjfrv. frá 113. löggjafarþingi verði tekið upp, unnið og gert að lögum því eins og við vitum að þótt til séu ákveðnar reglur, eins og t.d. í almannatryggingunum með sjúklingatrygginguna, þá ná þær mjög skammt. Bótarétturinn er rýr. Hann er lítill, t.d. hvorki greiddar miskané skaðabætur, og málatilbúnaður getur verið mjög þungur og erfiður fyrir þá sem leita réttar síns og því miður veigra sér allt of margir við því að fara út í slíkt, treysta sér ekki til þess, bæði vegna tilkostnaðar og vegna þess að þetta er mikið álag. Það er því orðið mjög brýnt að við verðum eins og þær þjóðir sem við berum okkur saman við og gerum þessa leið auðveldari fyrir þá sem telja sig hafa orðið fyrir læknamistökum, og einnig fyrir aðstandendur þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýtt starfsheiti fyrir ráðherra, fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 22. mál. — Þskj. 22.

[15:53]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um nýtt starfsheiti fyrir ráðherra. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og hv. þm. Svavar Gestsson. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta undirbúa breytingar á stjórnarskrá og lögum til að taka megi upp nýtt starfsheiti ráðherra sem bæði kynin geta borið. Nauðsynleg lagafrumvörp verði lögð fram hið fyrsta."

Í greinargerð með tillögunni segir m.a.:

Sú þróun hefur átt sér stað í hefðbundnum kvennastéttum þegar karlar hafa haslað sér þar völl að starfsheitum hefur verið breytt til þess að bæði kynin gætu borið þau. Þannig urðu hjúkrunarkonur að hjúkrunarfræðingum, fóstrur urðu leikskólakennarar og Fóstruskóla Íslands var breytt í Fósturskóla Íslands, m.a. af tillitssemi við karla því að ekki þótti boðlegt fyrir karlmenn að vera kvenkenndir. Um eðlilega og sjálfsagða leiðréttingu var að ræða. Ef orðin ráðherra og sendiherra væru t.d. „ráðfrú" og „sendifrú" hefði eflaust einnig þótt sjálfsagt að breyta starfsheitinu um leið og fyrsti karlmaðurinn tók að sér slíkt embætti. Það er því í fyllsta samræmi við þessa þróun að breyta einnig starfsheitum í hefðbundnum karlastéttum, þannig að konur geti borið þau. Ráðherraembætti eiga ekki að vera eyrnamerkt körlum.

Orðið ráðherra ber þess merki að æðsta stjórn landsins er í höndum karla, enda var það svo að frá stofnun lýðveldisins og fram til ársins 1970 gegndi engin kona embættinu. Á lýðveldistímanum hafa 98 karlar gegnt ráðherraembætti en aðeins fimm konur, og nýlega tók 99. karlinn við ráðherraembætti. Það særir ekki málkennd manna þótt konur séu forsetar, kennarar eða forstjórar en öðru máli gegnir um orðið „herra". Það stríðir ekki einungis gegn málvitund okkar að kona sé herra, heldur er það merkingarlega útilokað að kona sé herra á sama hátt og karl getur ekki verið frú. Orðið herra merkir tvennt samkvæmt orðabók Menningarsjóðs, annars vegar titil karlmanns og hins vegar húsbónda eða yfirmann og ljóst er að síðarnefnda merkingin er frá þeim tíma þegar aðeins karlar gegndu slíkum stöðum. Það er því mikið réttlætismál að þessum starfsheitum verði breytt. Sömu rök eiga við um stöðuheitin sendiherra og skipherra sem væntanlega eru einnig formlega opin fyrir konur.

Á það hefur verið bent að orðið herra beygist ekki neitt. Það er eins og það sé frosið orð álíka og orðið „séra". Orðið herra er eina karlkynsorðið sem endar á -rra. Önnur orð eins og t.d. kerra eru kvenkyns og beygjast þá yfirleitt kerra, um kerru. Sama á við um önnur karlkynsorð sem enda á -a eins og Órækja og Sturla.

Í nágrannalöndum okkar eru mun kynhlutlausari orð notuð yfir þá sem sæti eiga í ríkisstjórn, samanber „secretary" í Bandaríkjunum og Englandi og „minister" á Norðurlöndum, Þýskalandi og Frakklandi. Þrátt fyrir það hafa ráðakonur gert athugasemdir við slíka titla og er þess skemmst að minnast að franskir kvenráðherrar notuðu starfstitla sína í kvenkyni. Þær kalla sig „madame la ministre" í stað hins hefðbundna „le ministre". Því var mótmælt af frönsku akademíunni og bent á að slíkt væri málfræðivilla. Eðlileg lausn hefði getað verið sú að skipta um heiti á embættinu eða að öðrum kosti að heimila þá notkun sem konunum fannst sér samboðin. Því er ekki haldið fram hvorki þar né í þessu þingmáli að um mannréttindabrot sé að ræða, en það er tvímælalaust óvirðing að karlkenna konu á sama hátt og það er óvirðing að kvenkenna karl.

Þá hefur verið bent á að orðin „minister" og „secretary" hafi ekki eins valdbjóðandi og kynbundið yfirbragð og ráðherra. Erlendu orðin hafa lýðræðislegra yfirbragð og gefa skýrar til kynna að viðkomandi séu þjónar fólksins fremur en herrar.

Í stjórnarskránni er talað um ráðherra í 13.–19. gr. og í 54.–56. gr. Þar sem um brýnt mál er að ræða þarf að athuga hvort hægt sé að breyta starfsheitinu strax á þessu þingi með nauðsynlegum lagabreytingum þó að breytingarnar á stjórnarskránni taki gildi síðar.

Í tillögu þessari er ekki stungið upp á nýju orði í stað ráðherra. Aðalatriðið er að nota orð sem hentar báðum kynjum. Á Íslandi finnast ótal dæmi um snilldarlega nýsmíði orða. Leita mætti eftir tillögum t.d. hjá íslenskri málnefnd og heimspekideild Háskóla Íslands. Vel kæmi einnig til greina að fram færi vel auglýst samkeppni um verðugt orð yfir þessi mikilvægu embætti þjóðarinnar sem konur hljóta að gegna í æ ríkari mæli á komandi árum.

Herra forseti. Þessi tillaga kom fyrst fram á síðasta þingi en komst þá ekki á dagskrá. Nokkur viðbrögð hafa þegar orðið við tillögunni, bæði jákvæð og neikvæð. Dæmi um neikvæð viðbrögð eru hneykslan á því hvort þetta sé nú brýnasta málið á Alþingi og hins vegar hefur verið bent á að ráðherra sé virðulegt starfsheiti og ekki eigi að kasta því loksins þegar konur eigi aukna möguleika á að geta notað það.

Vissulega er þetta ekki það mál sem brennur brýnast á almenningi í landinu. En slíkt heiti hefur oft meiri áhrif en ætla mætti, meðvitað og ómeðvitað. Franskir ráðherrar sjá ástæðu til að kvarta yfir kyni starfsheitisins samanber t.d.

starfsheiti eins og forseti, prestur eða borgarstjóri. Þá finnst mér það mun minna mál samanber karlkynsorð sem eru merkingarlega hlutlaus eins og t.d. orðið fræðingur. Hér er hins vegar um merkingarleysu að ræða, þ.e. að einhver sé bæði frú og herra eins og hæstv. heilbrrh. er nú titluð og mér finnst konum alls ekki samboðið að kalla þær herra.

Að auki er orðið óþarflega valdbjóðandi og gefur alls ekki til kynna að viðkomandi þiggi vald sitt frá almenningi. Af þeirri ástæðu einnig tel ég rétt að breyta heitinu.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er ekki lagt til ákveðið starfsheiti í staðinn fyrir ráðherra. Það er gert af ásettu ráði vegna þess að ég tel að það sé mjög hollt að þjóðin velti þessu fyrir sér, að kennarar láti grunnskólabörn, framhaldsskólanema og háskólanema velta því fyrir sér hvort réttmætt sé að nota þetta orð um konur og karla.

Ein besta tillagan sem ég hef heyrt, því að margir hafa verið að velta þessu fyrir sér, er hugtakið aðalritari, samanber aðalritari Sameinuðu þjóðanna og það orð hefur þann kost að geta átt við bæði kyn. Ráðynja var nefnt sem kvenheiti á móti ráðherra, að ég held í Þjóðarsálinni, en ég tel það mun óæskilegra, þ.e. að hafa sitt hvort starfsheitið fyrir konur og karla sem gegna þessu embætti.

Æskilegt væri að mínu mati að efna til samkeppni um orð þótt ljóst sé að slík samkeppni og fjölmiðlaumræða kalli oft fram óviðeigandi eða skopleg heiti samanber t.d. orðið senditík fyrir sendiherra sem að sjálfsögðu er með öllu óviðunandi. Ég tel æskilegt að leita verði ráða til Íslenskrar málnefndar samanber lögin um Íslenska málefnd frá 1990 eins og áður segir.

Herra forseti. Hér er um mjög mikilvægt táknrænt mál að ræða sem snertir grunn kvennabaráttunnar því rætur karlaveldisins liggja djúpt og stundum er nauðsynlegt að snerta heilög vé til að vekja almenning til umhugsunar.

Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að málinu verði vísað til hv. allshn. og til umsagnar viðeigandi aðila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, 1. umr.

Frv. SvanJ og LB, 25. mál (námslán). — Þskj. 25. [16:05]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, nr. 23/1989. Þetta er 25. mál. á þskj. 25 en flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson.

Á síðasta þingi undir vor fluttum við þáltill. sama efnis. Sú tillaga kom seint fram, varð ekki útrædd og því er tillagan endurflutt nú.

Herra forseti. Samkvæmt lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði skal ríkissjóður veita námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum. Þessi námsstyrkur er í daglegu tali kallaður dreifbýlisstyrkur og getur tekið til ferða, fæðis og húsnæðis auk þess sem efnalitlir nemendur geta átt rétt til sérstakra styrkja samkvæmt lögunum. Ekki er um háar upphæðir að ræða en þó munar fjölskyldur sem þurfa að kaupa fæði og húsnæði fyrir unglinginn sinn um þessa peninga, enda er afar kostnaðarsamt ef ungmenni þurfa að sækja nám sitt um langan veg og leigja húsnæði og kaupa fæði auk ferðakostnaðar.

Það er ástæða til að nefna það, herra forseti, að í ár eru 110 millj. á fjárlögum vegna liðarins Jöfnun á námskostnaði, en það hefur komið fram í þeim könnunum sem gerðar hafa verið vegna hinna miklu búferlaflutninga af landsbyggðinni og til höfuðborgarsvæðisins að aðstaða til menntunar og í rauninni sá mismunur sem fólki er boðið upp á varðandi menntunarkosti og aðstöðu til þess að geta stundað nám, vega þar mjög þungt og þess vegna er ástæða til að gaumgæfa þau mál sem hægt er að hnika til og breyta svo að þeim aðstöðumun verði eytt. Þessi réttur til dreifbýlisstyrks er þannig að hans eiga þeir framhaldsskólanemar að njóta sem stunda reglubundið framhaldsskólanám og verða að vista sig utan lögheimilis fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins. Þó eiga framhaldsskólanemar ekki rétt á styrk ef þeir geta stundað sambærilegt nám frá lögheimili sínu eða ef þeir eiga rétt til láns úr Lánasjóði ísl. námsmanna og það er einmitt vegna þessa ákvæðis sem við flutningsmenn þessa frumvarps leggjum til að lögunum verði breytt, þ.e. að ef framhaldsskólanemar eiga rétt til láns úr Lánasjóði ísl. námsmanna, þá eigi þeir ekki rétt til dreifbýlisstyrks.

Herra forseti. Lánasjóður ísl. námsmanna veitir aðallega lán vegna náms á háskólastigi en lánasjóðurinn veitir einnig lán til svokallaðs sérnáms á framhaldsskólastigi. Lög um framhaldsskóla taka til alls skólastarfs á því skólastigi sem tekur við af skyldunámsstiginu og allt til háskólastigs. Þessir skólar eru fjölbrautaskólar, iðn- og verkmenntaskólar og menntaskólar, svo og skólar sem veita sérhæft nám á framhaldsskólastigi. Hvaða nám flokkast sem sérnám og verður við það lánshæft hjá Lánasjóði ísl. námsmanna ræðst af ákvörðunum stjórnar lánasjóðsins og er upptalning á slíku námi í fylgiskjali með auglýsingu um úthlutunarreglur lánasjóðsins. Ég vek athygli á því, herra forseti, að það er stjórn lánasjóðsins sem tekur ákvörðun um þessa hluti. Menntastefnan að þessu leytinu til liggur þar. En í auglýsingunni um úthlutunarreglur eru taldar upp ýmsar námsbrautir framhaldsskólanna eða nám sem fram fer í framhaldsskólum landsins, svo sem vélstjórnarnám, skipstjórnarnám, fiskiðn og fiskvinnsla, snyrtifræði, tækniteiknun, sjúkraliðanám, garðyrkja og fleira, allt nám sem þar er flokkað sem sérnám.

Við umræðu um fyrirspurn um dreifbýlisstyrk á síðasta þingi kom fram að nemandi á tónlistarbraut í menntaskóla fékk ekki dreifbýlisstyrk eins og félagar úr sama landshluta því samkvæmt reglum er tónlistarnám á 7. og 8. stigi talið lánshæft samkvæmt reglum LÍN og átti þá viðkomandi nemandi sem greinilega var þangað kominn í sínu tónlistarnámi ekki lengur rétt á dreifbýlisstyrknum eins og félagarnir því hann átti samkvæmt lögum orðið rétt á láni frá LÍN. Réttur nemanda til námsstuðnings á framhaldsskólastiginu í formi styrks eða lána er því mjög ólíkur á framhaldsskólastiginu. Nemendur sem stunda nám í framhaldsskóla, það nám sem stjórn LÍN skilgreinir sem sérnám og þar með lánshæft nám, geta ekki vegna þess réttar fengið dreifbýlisstyrkinn. Skiptir þá engu samkvæmt gildandi lögum hvort þeir nýta sér réttinn til lántökunnar við lánasjóðinn eða ekki. Bara það að rétturinn er fyrir hendi samkvæmt lögum kemur í veg fyrir að þeir geti fengið dreifbýlisstyrk. Þeir nemendur sem stunda hefðbundið bóknám á framhaldsskólastigi eða nám sem skoða má sem beinan undirbúning undir háskólanám eiga hins vegar ekki rétt á námslánum á framhaldsskólastigi

en geta eftir atvikum fengið dreifbýlisstyrk. Þetta er áhugavert ákvæði, herra forseti, vegna þess að við hljótum að velta því fyrir okkur hvort stjórn lánasjóðsins sé þess umkomin að ákveða hvaða nám er undirbúningur undir háskólanám og hvað ekki vegna þess að við höfum verið að beina okkar framhaldsskólamenntun inn í þann farveg að allir gætu, þó svo þeir stundi svokallað sérnám, lokið þar þeirri undirbúningsmenntun sem krafist er við inngöngu í háskóla og þannig má segja að allt nám á framhaldsskólastigi geti verið undirbúningur fyrir háskólanám. En vegna þessa ákvæðis í lögum getur það gerst í dag að nemendur frá sama stað, hvor á sinni braut, þó í sama skóla, eigi gjörólíkan rétt þó að aðstæður þeirra séu að öðru leyti hinar sömu.

Herra forseti. Sá málsliður sem nú er í lögunum og á að hverfa verði þetta frv. að lögum hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eigi skulu þeir njóta styrks er eiga rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu.“

Í stað þessa, herra forseti, er lagt til í frv. okkar að þessi málsliður orðist svo:

„Réttur til styrks fellur niður ef nemandi nýtir rétt sinn til töku námsláns.“ Samanber 1. gr. þessa frv. sem ég mæli hér fyrir.

Það yrði því réttur allra framhaldsskólanema að njóta dreifbýlisstyrks ef aðstæður eru þannig hvað sem liði skilgreiningu stjórnar LÍN á því hvað flokkast sem sérnám og hvað flokkast sem undirbúningsnám fyrir háskólanám. Það er reyndar full ástæða til þess, herra forseti, að endurskoða í heild þau ákvæði sem gilda um námsstuðning, bæði um námslán og styrki til að gætt sé samræmis og að réttlæti og tilgangur þessara jöfnunaraðgerða hins opinbera sé öllum ljós og skiljanlegur. Það er ekki mál þessa fundar en ég ítreka að það er orðið mjög brýnt að þetta sé skoðað samhliða vegna þeirra breytinga sem hafa orðið og eru að verða á menntakerfi okkar.

Með þessu litla frv. er ekki verið að leggja til stórar breytingar í þessum málum en þó breytingar sem hníga í réttlætisátt. Hér er einfaldlega lagt til að það ákvæði laga um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði sem kveður á um að framhaldsskólanemendur eigi einungis kost á námsláni en ekki dreifbýlisstyrk ef þeir stunda sérnám á framhaldsskólastigi samkvæmt skilgreiningu stjórnar lánasjóðsins falli út. Þess í stað verði það val nemenda hvort þeir taka námslán eða þiggja dreifbýlisstyrk eins og jafnaldrarnir, enda séu aðstæður þeirra sambærilegar hvað það varðar að um sé að ræða ungmenni, fólk sem enn á lögheimili hjá foreldrum og þarf að stunda nám fjarri fjölskyldu.

Það er hins vegar svo, herra forseti, að vegna eðlis sérnáms, m.a. er fólk gjarnan eldra þegar það hefur slíkt nám, þá er eðlilegt að nemendur í slíku námi eigi rétt á námsláni þannig að það er fjarri því að verið sé að leggja til að sá réttur verði af tekinn með þessu frv. Það má líka undirstrika að með því að nemendur í slíku sérnámi, sem oft er einnig starfsnám, eigi bæði þennan rétt til dreifbýlisstyrks og láns úr lánasjóðnum ef þeir svo kjósa, þá sé beinlínis verið að ýta undir að nemendur fari í slíkt nám en það hefur nokkuð þótt skorta á að slíkt nám þætti nógu eftirsóknarvert og hefur margoft komið fram í umræðum bæði á hinu háa Alþingi og annars staðar þar sem menntamál og stefnan í þeim hefur verið rædd.

Hins vegar er alveg ljóst að hluti nemenda vill gjarnan eiga kost á dreifbýlisstyrk á framhaldsskólaárunum og geta síðan átt óskertan rétt til námsláns því eins og kunnugt er er sá réttur takmarkaður við tiltekinn árafjölda, þ.e. sá réttur sem menn eiga til námsláns, það eru fimm ár. Iðnnemar hafa t.d. ítrekað bent á það óhagræði sem hlýst af því að vera e.t.v. búinn að nýta stóran hluta þess tíma þegar háskólanám er hafið. Þá er fólk líka gjarnan komið á þann aldur að það er farið að reyna að standa á eigin fótum og jafnvel að stofna eigið heimili.

Það fer því betur á því, herra forseti, að snúa þessum réttindum við eins og hér er lagt til, þ.e. að allir sérnámsnemar á framhaldsskólastigi, sem uppfylla að öðru leyti þessi skilyrði, eigi rétt til dreifbýlisstyrks nema þeir sem kjósa að taka námslán. Þeir eigi þann rétt áfram. Þannig verður það val framhaldsskólanema í svokölluðu sérnámi hvort þeir nota rétt sinn til láns úr lánasjóðnum þá þegar eða þiggja dreifbýlisstyrk, geti þeir átt rétt til hans aðstæðna sinna vegna, en þeir nemar eigi þá óskertan rétt til námslána ef þeir hyggja á háskólanám síðar. Hér er um ákveðna réttarbót að ræða fyrir þá framhaldsskólanemendur sem eru enn á framfæri foreldra sinna en stunda nám fjarri heimili og vilja geyma þann rétt sem þeir eiga eða geta átt hjá Lánasjóði ísl. námsmanna þar til þeir eru lengra komnir í námi.

Hvað varðar kostnað af breytingu sem þessari er ekki auðvelt að segja til um en ég geri ráð fyrir að sú nefnd, þ.e. hv. menntmn., sem ég geri ráð fyrir að fái þetta mál til umfjöllunar, geti látið kanna hve margir framhaldsskólanemar, sem uppfylla skilyrði fyrir dreifbýlisstyrk, séu í svokölluðu sérnámi samkvæmt skilgreiningu LÍN. Með því móti ætti að vera hægur vandi að sjá fyrir hversu mikill kostnaðarauki yrði af þessari breytingu. Miðað við að í ár eru einungis 110 milljónir á fjárlögum vegna þessa verkefnis, þ.e. jöfnunar námskostnaðar, get ég ekki ímyndað mér að um mjög háar upphæðir sé að ræða, a.m.k. ekki þær upphæðir sem neinu muni ryðja í fjárlagafrv. en geta vissulega skipt verulegu máli fyrir þá sem fá notið þeirrar réttarbótar sem hér er lögð til. Það er svo annað mál og sérstakt, herra forseti, hversu rausnarlegt þetta framlag, 110 milljónir, til jöfnunar á námskostnaði er, en það er mál sem við ræðum þegar fjárlög verða til frekari umfjöllunar og afgreiðslu.

Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og meðferðar í hæstv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegtollar, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 45. mál. — Þskj. 45.

[16:22]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um vegtolla, 45. mál. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Árni M. Mathiesen og Kristín Halldórsdóttir. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort unnt sé að beita vegtollum til þess að draga úr þörf á gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar.“

Eins og sjá má af lestri tillögugreinarinnar er ekki um að ræða hefðbundna tillögu um að beita vegtollum. Hér er alls ekki um það að ræða að verið sé að leggja til viðbótarálögur á umferðina eða tillögur í þeim anda að fjármagna með nýjum hætti til viðbótar við vegáætlun vegagerð í landinu. Hér er með öðrum orðum fyrst og fremst verið að fitja upp á nýmæli og leggja til við Alþingi að kannað sé hvort hægt sé að beita vegtollum í því skyni sem rætt er um í tillögugreininni sjálfri.

Vegtollum hefur verið afar lítið beitt hér á landi eins og menn vita. Fyrsta reynslan sem við erum að fá af alvöru í þeim efnum er nú við gerð Hvalfjarðarganganna þar sem vegtollunum hefur verið beitt beinlínis til þess að standa undir þeirri fjárfestingu og gera það að verkum að hægt er að auka vegagerð í landinu án þess að það fjármagn sé sótt í ríkissjóð eða Vegasjóð. Út af fyrir sig er þetta mjög merkilegt og mjög mikilvægt og það er alveg ljóst að ef við værum ekki að beita vegtollum til að mynda í Hvalfjarðargöngum hefði sú framkvæmd aldrei komið til.

Erlendis hefur þessari aðferð hins vegar verið mun meira beitt. Það er mjög algengt víða í Evrópu, t.d. á Ítalíu og í Frakklandi, að beita vegtollum til að standa undir fjárfestingu af þessu tagi og tryggja að hægt sé að ráðast í fjárfestingar sem hefði ella hefði ekki verið hægt að gera.

Nú stöndum við frammi fyrir miklum breytingum. Það er að verða vaxandi vakning meðal fólks um mikilvægi umhverfisins. Eðlilega er líka vaxandi þrýstingur í þjóðfélaginu á að farið sé eins vel með fjármagn almennings og hægt er og menn séu þess vegna ekki að ráðast í ónauðsynlegar framkvæmdir. Síðan gerir nýjasta tækni, rafeindatækni, okkur kleift að afla fjár til vegagerðar með nýjum hætti. Í dag má segja sem svo að gróft tekið er fjármagnsins aflað í fyrsta lagi með því að leggja skatt á bensínið þannig að hluti af bensínverðinu rennur til þess að standa undir fjárfestingum í vegagerð, og í öðru lagi er það þungaskatturinn, sem eigendur dísilbifreiðanna greiða, sem stendur undir fjármögnun vegakerfisins í landinu.

Þess vegna hafa komið upp hugmyndir á síðustu árum hvort ekki sé hægt að nota vegtollana í fyrsta lagi sem eins konar hagstjórnartæki til þess að draga úr þörfinni á því að reisa umferðarmannvirki. Tökum dæmi frá þéttbýlisstöðum þar sem umferð er býsna mikil á skömmum tíma eða litlum tíma sólarhringsins, fyrst á morgnana og seinni hluta dags, þegar fólk er að fara til og frá vinnu. Það gerir það oft að verkum að umferðarmannvirkin, fjárfestingarnar sem menn hafa ráðist í, rísa ekki undir allri þessari umferð. Þá vaknar hin eðlilega krafa fólks um að úr þessu sé bætt og ráðist sé í viðurhlutamikla vegagerð. Á síðustu árum hafa komið upp þau sjónarmið í fyrsta lagi hvort ekki sé hægt að nýta þessa fjárfestingu betur, hvort ekki sé til önnur leið og skynsamlegri að því að nýta þessa fjárfestingu en að gera það með þeim hætti að ráðast í viðbótarfjárfestingu sem skilar í sjálfu sér ekki neinum nýjum tekjum fyrir þjóðfélagið heldur leysir eingöngu mjög tímabundinn vanda í vegagerð við slíkar aðstæður.

Víða úti í heimi hefur þessi umræða orðið enn þá meiri fyrir þeirra hluta sakir að vegagerð þýðir auðvitað að verið er að leggja græn svæði undir vegi og slík mannvirki, það þarf jafnvel að ryðja burt húsum, eins og menn þekkja dæmi um á höfuðborgarsvæðinu, og fleira í þessum dúr. Umhverfisþáttur málsins hefur af þeim ástæðum orðið mjög ráðandi í umræðunni.

Síðast en ekki síst er auðvitað rétt að vekja athygli á því að umferðarhnútar og tafir í umferð eru ákaflega kostnaðarsamir fyrir þjóðfélagið. Tíminn er dýr og er auðvitað virtur til verðs en það er ekki allt. Það er líka hitt, sem kemur reyndar fram í grg. frv., að kostnaðurinn við umferðartafirnar getur stafað af mengun af útblæstri bifreiða sem er meiri en þörf er á vegna þess að bílar eru lengi á ferðinni og bíða í biðröðum. Í öðru lagi veldur hann oft hávaðamengun sem gerir það að verkum að menn þurfa að byggja veigameiri og dýrari og betur einangruð hús. Og svo auðvitað það sem ég nefndi áðan að tíminn fer í einskisnýta bið sem stafar af hægfara umferð. Þetta eru því þættir sem menn þurfa mjög að hyggja að.

Þann 6. desember á síðasta ári var fjallað mjög ítarlega um þetta mál í hinu virta breska tímariti The Economist. Þar var velt upp mörgum hliðum þessa máls. Vissulega er þetta mál er nokkuð flókið og getur verið viðkvæmt bæði pólitískt og af ýmsum öðrum ástæðum. Þess vegna er niðurstaða okkar sem erum að leggja fram þessa tillögu, sem eru þingmenn úr allmörgum flokkum, að nefnd kanni möguleikana á að beita vegtollum því að auðvitað er það þannig að hyggja þarf að mörgum úrlausnaratriðum og umdeilanlegum þáttum sem menn þurfa að átta sig á áður en farið er í svo viðurhlutamikla aðgerð og þá að fara að beita vegtollum almennar og víðtækar en nú er gert ráð fyrir.

Í þessu blaði, The Economist, er vakin athygli á vegi í Frakklandi sem reistur var af einkaaðilum norðan við París í átt til borgarinnar Lille. Þar stóð eigandi vegarins frammi fyrir því að sunnudagsumferðin um veginn var orðin meiri en vegurinn bar. Hin hefðbundna leið hefði auðvitað verið sú að tvöfalda, þrefalda eða fjórfalda veginn en niðurstaðan varð hins vegar sú hjá þessum ágæta eiganda að farið var að beita mismunandi vegtollum, vegtollarnir voru hækkaðir þegar umferðin var mest, sem leiddi til þess að umferðin dreifðist.

Rafeindatækni nútímans gerir það að verkum að miklu auðveldara er að koma þessari tækni við núna en var áður. Í stað þess að vera með mikil mannvirki í sambandi við að rukka inn fyrir vegtolla, eins og við þekkjum víða, er smám saman að koma upp sú tækni sem þegar er reyndar farið að beita, t.d. í Hvalfjarðargöngunum, að þetta fer fram rafrænt. Auðvitað væri mjög einfalt að gera þetta þegar fram í sækti, það væri þá hluti af skráningu bílsins og það væri hluti af því að fá skoðun á bílnum að vera með slíkan búnað í bílnum þannig að það væri tiltölulega mjög einfalt að fylgja þessu eftir og tryggja eftirlit.

Við sjáum að gífurlega mikið er í húfi í þessum efnum. Nokkru eftir að þessi þáltill. var lögð fram á síðasta þingi en hún er endurflutt nú, birtist grein í hinu kunna bandaríska tímariti Business Week 18. maí sl. eftir heimsþekktan hagfræðing og nóbelsverðlaunahafa, Gary S. Becker. Nú er ég ekki að segja að þessi nóbelsverðlaunahafi hafi fengið þá hugmynd af lestri þáltill. sem var lögð fram í fyrra. Þó er vitað að hann hefur áhuga á íslenskum málum og gæti vel verið að hann þekkti betur til íslenskrar tungu en marga grunaði. Nokkru eftir að þáltill. var lögð fram í fyrra, sem fékk þónokkra athygli á opinberum vettvangi, birti þessi heimsþekkti bandaríski nóbelsverðlaunahafi í hagfræði grein sem var nánast eins og kórréttur rökstuðningur við þáltill. og fór í raun yfir helstu rök sem við flutningsmenn höfðum sett fram í greinargerð tillögunnar. Kemur m.a. fram í grein nóbelsverðlaunahafans að á grundvelli viðurhlutamikillar rannsóknar sé hægt að fullyrða að kostnaður vegna

umferðartafa í Evrópu sé um 7 þús. milljarðar kr. á ári hverju og það er ekki bara tíminn sem þar er um að ræða heldur líka mengunarkostnaður og annað þess háttar sem ég nefndi áðan í ræðu minni. Sjö þús. milljarðar kr. er auðvitað ónauðsynlegur kostnaður sem gerir ekkert annað en að draga úr lífskjörum í viðkomandi löndum og sýnir okkur hversu mikilvægt það er fyrir framtíðina að við reynum að stýra umferðinni eins og öðrum þáttum sem allra hagkvæmast og beitum þá til þess hagstjórnartækjum nútímahagfræði og hagstjórnartækjum markaðarins eftir því sem það á við. Ábending þessa ágæta nóbelsverðlaunahafa er einmitt sú að vegtollar geti verið misháir til að vinna á móti hættunni á tímabundinni umferðarþröng og þannig sé hægt að dreifa umferðinni og koma í veg fyrir umferðarhnúta. Becker þessi vitnar enn til þýskrar skýrslu eða könnunar sem sýnir að hægt sé að dreifa umferðinni mikið með því að beita mismunandi vegtollum.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir helstu röksemdirnar sem mér sýnist að liggi til grundvallar því að þessi mál séu skoðuð dálítið betur. Þetta er mál sem ég geri mér mætavel grein fyrir að verður ekki hrint í framkvæmd í dag eða á morgun og jafnvel ekki hinn, heldur sé þetta mál sem þurfi að fara dálítið vel yfir, skoða ýmsa þætti þess, samspilið við aðra innheimtu af umferðinni og áhrifin á einstök landsvæði o.s.frv. Þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé fyrir okkur að hyggja að þessum málum í tíma vegna þess að það gefur alveg auga leið í ljósi þeirrar umhverfisumræðu sem hefur farið fram hér á landi og annars staðar að þetta er eitt þeirra mála sem menn munu hyggja miklu meira að á komandi árum. Ég spái því t.d. að á næsta kjörtímabili muni það verða eitt af stóru viðfangsefnunum í íslenskum stjórnmálum einmitt að velta fyrir sér gjaldtöku af þessu taginu í margs konar myndum sem menn þurfi að skoða miklu betur en áður hefur verið gert. Mér er kunnugt um að hjá þjóðum sem hafa staðið framarlega í að fitja upp á nýjum hugmyndum eins og Ástralía, Nýja-Sjáland og raunar Evrópuríki líka, t.d. Holland, þar eru menn að fara mjög rækilega ofan í þetta sérstaklega vegna þess að mönnum sýnist að hægt sé að ná árangri bæði til að bæta nýtingu á fjárfestingu og að ná mikilvægum árangri í að minnka útblástur. Allt eru þetta hlutir sem er mjög knýjandi að við tökumst á við með einhverjum hætti og þetta er tilraun til að leggja fram innlegg í það púkk.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til viðeigandi nefndar og síðari umr.

[16:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að þetta er athyglisverð tillaga sem kemur frá formanni hv. samgn. En mig langar til að spyrja 1. flm. Einar K. Guðfinnsson hvort honum hafi ekki dottið í hug að skoða fleiri leiðir en tolla til að ná þeim markmiðum sem hann setur fram í ályktuninni. Til að draga úr þörf á gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar hafa verið notaðar aðrar aðferðir eins og t.d. ákveðnar reglur í sambandi við akstur. Í Bandaríkjunum hafa menn sett reglur um að á vissum leiðum og vissum tíma megi bílar ekki fara fram úr nema þeir sem sitja í þrír eða fjórir eða fleiri o.s.frv. til að minnka mengun og draga úr umferðarþunga. Ég hefði gjarnan viljað heyra það frá hv. þm. hvort ekki hefði komið til umræðu eða hvort hann hafi ekki hugsað út í það að sú nefnd sem hann leggur til að ríkisstjórnin setji á laggirnar til að skoða þetta skoði fleiri aðferðir en bara vegtollana til að ná þeim markmiðum.

[16:36]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. 18. þm. Reykv. segir að víða úti í heimi eru menn að skoða mjög margar leiðir að þessu sama marki sem segir okkur að þetta er mjög víða ákveðið vandamál sem þýðir ekkert að horfa fram hjá og þetta er auðvitað vandamál sem er að birtast okkur þó að það sé að sumu leyti í smærri mæli.

Ég komst að þeirri niðurstöðu þegar ég fór að skoða málið að sú leið að beita mismunandi vegtollum til að stýra umferðinni og dreifa þannig nýtingunni á fjárfestingunni væri tiltölulega einföld. Þetta er leið hagfræðinnar, leið sem gerir það að verkum að hún krefst ekki mjög mikils eftirlits eins og hv. þm. nefndi t.d. um reglur um akstur bíla og þess háttar. Þetta er auðvitað vandasamt en niðurstaða mín varð sú að skynsamlegast væri í þessu samhengi að skoða fyrst og fremst hvaða einfaldar leiðir væru til til að hafa þessi áhrif. En ég get út af fyrir sig tekið undir það að mér finnst alveg sjálfsagt að annað sé undir líka þegar menn fara að vinna að málinu.

Eitt vil ég kannski segja sem ég hefði getað nefnt í framræðu minni áðan. Það er að það vekur athygli þegar maður fer að skoða gögn, erlend gögn varðandi mál af þessu tagi, hversu lítil áhrif það hefur eða hversu erfitt það er í raun og veru að stýra mönnum til aukinnar notkunar á almenningssamgöngum. Til dæmis er ljóst að lækkandi gjöld til almenningssamgangna virðast ekki hafa þau áhrif að fólk fari að nota strætisvagna í stað einkabílsins. Einkabílisminn virðist vera ríkjandi og fyrir því eru margar ástæður.

[16:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ánægð með að hv. þm. telur ástæðu til að skoða fleiri leiðir en tollana. Maður hefur tekið eftir því að víða erlendis þar sem vegtollar hafa verið notaðir í þessa veru — hv. þm. talaði um Ástralíu og Nýja-Sjáland — hefur öðrum aðferðum einnig verið beitt auk tollanna til að létta á umferð og ná þessum markmiðum. En ég ítreka að mér hefði fundist full ástæða til, þó að þessi grein hagfræðinnar sé góð og gild, að fleiri aðferðir yrðu skoðaðar ef farið verður í þessa vinnu, sem lagt er til að farið verði í. Ég tek vissulega undir að full ástæða er til að skoða ýmsar leiðir, bæði með tollana, hvernig á að beita þeim og einnig aðferðir til að draga úr bæði mengun, umferðarálagi og þörf á gerð samgöngumannvirkja.

[16:39]

Útbýting þingskjala:

Breytingar á ýmsum skattalögum, 150. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 150.

Einkahlutafélög, 147. mál, frv. LB o.fl., þskj. 147.

Innheimtulög, 136. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 136.

Ríkisreikningur 1997, 152. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 152.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 135. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 135.

Stimpilgjald, 151. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 151.

[16:40]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Guðfinnsson leggur fram frv. um vegtolla. Ég vil taka undir með hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur þegar hún nefnir þá nauðsyn að fara í meiri

breidd í þessari umræðu. Ég viðurkenni fúslega að vegtollaleiðin er mjög spennandi og henni hefur verið beitt víða, en ég held að við Íslendingar séum mjög skammt á veg komnir í öðrum lausnum sem þó aðrar þjóðir hafa beitt sér mjög í.

Það er t.d. mjög furðulegt að mínu mati að við skulum ekki hafa reynt fyrir okkur meira varðandi rafmagnsbíla bara sem dæmi. Við ættum að beita efnahagslegum forsendum eða efnahagslegum ágóða notenda til að hvetja menn til að fara í rafmagnsbíla. Ég tel að tæknin sé orðin þannig núna að mjög margir mundu kannski velja þá leið ef það væri gert fýsilegra að hafa t.d. annan bíl heimilisins sem rafmagnsbíl. Ég tel að miðað við aðrar þjóðir séum við mjög skammt á veg komin í sambandi við almenningssamgöngur og það á bæði við strætisvagna í bæjum og sérleyfisbíla og almenningssamgöngur í það heila tekið í landinu. Þar er hægt að beita opinberum aðgerðum af ýmsu tagi til þess að fá fólk til að fara frekar saman til vinnu og nota almenningsflutningskerfi af ýmsu tagi. Ég býst við að við værum meira í rútubílum og þess háttar en lestum þó að margir hafi talað um að vera með lestir hér.

Við höfum ekki verið mjög dugleg í að skipuleggja okkar umferðarmál. Ég tel að við höfum anað út í fjárfestingar og einkabílisma án þess að umræðan hafi verið mikið í þá veru að við ættum að gæta að okkur og gæta sparnaðar. Ég er ánægður með að hv. þm. Einar Guðfinnsson hugsi til náttúrunnar og öll þau atriði sem ég var að nefna í sambandi við rafmagnsbíla, strætó og skipulag ásamt með vegtollum og e.t.v. fleiri hugmyndum eru mjög spennandi mál. Ég vonast til þess að sérstaklega þessi mál varðandi rafmagnsbíla og strætókerfi eða almenningsflutningakerfi verði tekið sterklega inn í myndina og tek undir með hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að óska eftir því að í meðhöndlun nefndar verði málið breikkað og ekki bara skoðuð leið vegtollanna heldur meira fyrirbyggjandi leiðir.

[16:43]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka kærlega fyrir þær ágætu viðtökur sem þetta mál hefur fengið. Ég hef orðið þess var eftir að málið var upphaflega flutt á síðasta þingi að það hefur fengið talsverða athygli. Þetta er auðvitað tilraun til nýstárlegrar hugsunar. Ég á ekkert von á því að þetta mál verði óumdeilt nema síður sé. Það munu verða margir til að sperra eyrun þegar menn fara að tala í þessum anda.

Ég hef sérstaklega orðið var við að sumir hafa af því áhyggjur að þetta geti orðið til þess að auka álögur á umferðina. Þess vegna vil ég leggja mikla áherslu á að hér er alls ekki um slíka hugmynd að ræða heldur þvert á móti. Hér er um annan valkost að ræða við þá innheimtu af gjöldum af umferðinni sem við höfum í dag. Vegtollum í dag hefur verið beitt til að auka framkvæmdir til vegamála. Hér er verið að reyna að hugsa þetta mál út frá öðrum sjónarhóli, að þetta geti verið gjaldtaka sem komi í staðinn fyrir núverandi gjaldtöku, þetta geti verið gjaldtaka sem dragi úr þörfinni fyrir því að gera umferðarmannvirki og þetta sé gjaldtaka sem gæti dregið úr mengunarhættu sem er mjög alvarlegt mál í þjóðfélaginu hvernig sem á málin er litið og við skulum ekki gleyma því eins og oft hefur komið fram að hinn hættulegi útblástur sem menn vilja takmarka stafar að einum þriðja af innanlandssamgöngum. Hér er því um mál að ræða sem við verðum að nálgast af mikilli alvöru.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. kom inn á þessi mál í mjög eðlilegu samhengi við umhverfismál í landinu og ég vil þess vegna taka það sérstaklega fram að það er einmitt ætlunin með þáltill. að reyna að nálgast það viðfangsefni með þeim sérstaka hætti.

Það er í raun ekki mikil þörf á að bæta við þessa umræðu að öðru leyti en því að ég held að þetta sé eitt af þeim málum sem menn þurfi nokkurn tíma til að skoða og þess vegna sé eðlilegt að fara að hyggja að því núna vegna þess að þetta er viðfangsefni framtíðarinnar sem menn verða að komast að einhverri niðurstöðu um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, 1. umr.

Frv. KHG, 43. mál (leyfi frá opinberu starfi o.fl.). — Þskj. 43.

[16:46]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Á þskj. 43 flyt ég frv. til laga um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995. Breytingin sem ég legg til að gerð verði á þessum lögum er að 4. gr. laganna verði felld brott og sú breyting öðlist þegar gildi.

Ég flutti þetta mál á síðasta þingi en það varð ekki útrætt þá og er því endurflutt. Í greinargerð með frv. sagði, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að brott falli 4. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað. Greinin kveður annars vegar á um rétt alþingismanns til leyfis frá opinberu starfi, sem hann gegnir, í allt að fimm ár frá þeim tíma er hann hlýtur kosningu og enn fremur um forgangsrétt að öðru jöfnu að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera þaðan í frá í önnur fimm ár. Hins vegar er ákvæði þess efnis að alþingismaður sem starfar hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku skuli njóta launa fyrir það starf samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærri en 50%.

Fyrra ákvæðið er nýmæli, kom fyrst í lög fyrir rúmum tveimur árum. Um það segir svo í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins, sem síðar varð að núgildandi lögum: „Eðlilegt þykir að alþingismaður geti fengið leyfi frá störfum fram á annað kjörtímabil sitt, þ.e. að hann verði að sleppa starfinu ef hann er kosinn á Alþingi í annað sinn í röð. Sanngjarnt þykir líka að þingmaður, sem þannig verður að velja milli opinbers starfs og þingmennsku, hafi tryggingu fyrir hliðstæðu starfi hjá hinu opinbera í nokkurn tíma, fimm ár, ef hann afsalar sér því starfi sem hann er skipaður eða ráðinn í. Áherslu ber að leggja á í þessu sambandi að um lágmarksrétt alþingismanns er að ræða samkvæmt greininni og ekkert því til fyrirstöðu að hann njóti rýmri réttar ef stofnun ákveður svo, en dæmi eru um það, m.a. í Háskóla Íslands. Loks ber að nefna að í 48. gr. stjórnarskrárinnar voru ákvæði hliðstæð þessu, þ.e. að embættismenn, sem kosnir eru til Alþingis, þurfi ekki „leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna". Málsgreinin, 2. mgr. 48. gr., var hins vegar felld brott með stjórnarskipunarlögum 1991."

Um þetta ákvæði fórust framsögumanni, Geir H. Haarde, svo orð í ræðu sinni 15. júní 1995: „Ákvæðið um rétt alþingismanna til að fá leyfi frá opinberu starfi í allt að fimm

ár til þess að gegna þingmennsku er nýtt. Það er hins vegar eðlilegt að dómi okkar flutningsmanna að afsali hann sér starfinu eftir fimm ára leyfi eigi hann að öðru jöfnu forgang í allt að fimm ár frá þeim tíma að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera. Hér er verið að tryggja opinberum starfsmönnum sem hljóta kosningu til Alþingis ákveðin lágmarksréttindi og er að okkar dómi eðlilegt að kveða á með skýrum hætti um slíkt í lögum, en á það hefur nokkuð skort að um þetta atriði væru skýr ákvæði."

Í framangreindum rökstuðningi fyrir lagaákvæðinu er ekki að finna nein rök sem réttlæta að veita alþingismönnum sem áður störfuðu hjá hinu opinbera starfsöryggi í allt að tíu ár. Ekki hefur verið sýnt fram á að þeim alþingismönnum sé hættara við að missa þingsæti sitt en hinum sem áður störfuðu á almennum vinnumarkaði. Verður því ekki séð að ástæða sé til þess að grípa til mismununar af þessu tagi og því lagt til að ákvæðið sé fellt brott.

Þá er jafnræðis milli þegnanna ekki gætt í lagasetningunni og vafasamt verður að teljast að lagaákvæðið sé í samræmi við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Því er umrætt lagaákvæði hvorki eðlilegt né sanngjarnt."

Ég vil rifja það upp, herra forseti, að á þeim tíma sem þetta ákvæði frv. árið 1995 var borið upp til atkvæða greiddi ég atkvæði gegn því.

„Eftir stendur þá að það verður samningsatriði milli viðkomandi stofnunar og alþingismannsins hvort hann heldur stöðu sinni, þó innan ramma gildandi lagaákvæða sem varða stofnunina. Eðlilegra verður að telja að í löggjöf um þingfararkaup séu almenn ákvæði um starfsmöguleika þingmanna að lokinni þingmennsku, fremur en sérstök ákvæði í þágu fárra eins og nú er.

Síðara ákvæði lagagreinarinnar sem lagt er til að falli brott setur mörk á launagreiðslur til alþingismanns ef hann starfar hjá hinu opinbera jafnhliða þingmennskunni og er miðað við að laun hans verði að hámarki 50% af launum fyrir fullt starf. Ekki þykir eðlilegt að festa í lög ákvæði sem geta falið í sér að starfsmanni hins opinbera sé gert að vinna að einhverju leyti án þess að fá laun fyrir. Vinni starfsmaðurinn meira en hálft starf á hann að sjálfsögðu að fá laun í samræmi við starfshlutfall sitt. Lagaákvæðið gerir í raun upptæk laun fyrir vinnu umfram 50% af starfi. Slík lagasetning getur ekki talist samboðin lýðræðisríki og er því lagt til að ákvæðið sé fellt brott.

Það er hins vegar annað mál hvort eðlilegt er að alþingismenn hafi aðra launaða vinnu samhliða þingmennskunni og kemur til greina að reisa skorður við því. En á meðan ekki hafa verið settar almennar reglur þar um verða allir alþingismenn að sitja við sama borð í þessum efnum og eiga það við sig og kjósendur sína hvort þeir hafi annað starf samhliða þingmennskunni."

Herra forseti. Ég hef lokið við að mæla fyrir frv. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr., til hv. efh.- og viðskn. að ég hygg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, 1. umr.

Frv. KHG, 44. mál. — Þskj. 44.

[16:53]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Á þskj. 44 flyt ég frv. til laga um afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum en þau lög voru sett 4. febrúar 1952. Fyrri grein frv. kveður á um það að umrædd lög verði felld úr gildi og síðari grein frv. um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í ljós hefur komið að sveitarstjórnir nýta ekki heimild í lögunum um álagningu og innheimtu gjalds af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, öðrum en íslenskum kvikmyndum og fræðslumyndum, allt að 10%, sem verja skal til menningar- og líknarfélaga í viðkomandi sveitarfélagi. Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn flutningsmanns á síðasta þingi kom fram að leitað var upplýsinga frá öllum kaupstöðum landsins. Svör bárust frá 17 og í ljós kom að enginn þeirra nýtir sér þessa lagaheimild. Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður gerðu það en hættu því fyrir nokkrum árum. Þykir því ekki lengur forsenda fyrir umræddum lögum og er lagt til að þau verði afnumin. Frv. þetta var áður flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og er því endurflutt óbreytt.

Frv. þetta var áður flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og er því endurflutt óbreytt.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13., 14. og 21. mál.

Fundi slitið kl. 16:56.

---

14. FUNDUR

þriðjudaginn 20. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 115. mál, þskj. 115. — 1. umr.
2. Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 116. mál, þskj. 116. — 1. umr.
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 114. mál, þskj. 114. — 1. umr.
4. Mannanöfn og hjúskaparlög, stjfrv., 134. mál, þskj. 134. — 1. umr.
5. Gæludýrahald, frv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr.
6. Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, þáltill., 142. mál, þskj. 142. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,

Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðarmenn, 149. mál, frv. LB o.fl., þskj. 149.

Áhrif af afnámi línutvöföldunar, 159. mál, fsp. HjÁ, þskj. 159.

Áhrif af Schengen-aðild á ferðaþjónustu, 155. mál, fsp. EKG, þskj. 155.

Fræðsla fyrir erlenda ferðamenn, 154. mál, fsp. KÁ, þskj. 154.

Landbrot á Suðurlandi, 156. mál, fsp. ÍGP, þskj. 156.

Lausaganga búfjár, 158. mál, fsp. HjÁ, þskj. 158.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 77. mál, nál. sjútvn., þskj. 171.

Rekstrarkostnaður Flugmálastjórnar, 145. mál, fsp. JóhS, þskj. 145.

Rekstrarkostnaður Pósts og síma, 144. mál, fsp. JóhS, þskj. 144.

Störf í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 157. mál, fsp. HjÁ, þskj. 157.

Tollalög, 143. mál, frv. GÁ, þskj. 143.

Umönnunargreiðslur, 153. mál, fsp. MF, þskj. 153.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 115. mál (mútur til opinbers starfsmanns). — Þskj. 115.

og

Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, 1. umr.

Stjfrv., 116. mál. — Þskj. 116.

[13:35]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum og frv. til laga um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns. Með þessum frumvörpum eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum svo unnt verði að fullgilda samning OECD um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum sem undirritaður var í París 17. des. 1997.

Þessi samningur hefur áður komið til kasta Alþingis en með þál. 2. júní sl. var ríkisstjórninni veitt heimild til að fullgilda samninginn af Íslands hálfu.

Á alþjóðavettvangi hefur verið lögð rík áhersla á samstöðu þjóða um aðgerðir gegn spillingu og skipulagðri glæpastarfsemi. Mútusamningurinn er viðleitni af því tagi. Meginatriði samningsins er að finna í 1. gr. hans, en þar segir að samningsríkin skuli gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að gera refsiverða í löggjöf sinni þá háttsemi að bjóða, gefa eða færa erlendum opinberum starfsmanni óhæfilegar ívilnanir. Skiptir engu hvort um er að ræða fjármuni eða annað sem ætlað er starfsmanninum sjálfum eða þriðja manni, enda hafi ívilnunin þann tilgang að fá starfsmanninn til að vinna eða láta ógert að vinna einhver þau verk sem tengjast opinberum skyldum hans. Þetta þarf einnig að vera gert í því skyni að ná eða halda viðskiptum eða öðrum ótilhlýðilegum ávinningi í alþjóðlegum viðskiptum.

Samningurinn leggur einnig þær skyldur á samningsríkin að þau geri þær ráðstafanir sem nauðsynlegar séu til að lögaðilar verði ábyrgir vegna mútugreiðslu til erlends opinbers starfsmanns. Þá fjallar samningurinn um framsal, refsilögsögu, meðferð mútumála, fyrningarfrest, gagnkvæma réttaraðstoð og eftirlit til að fylgjast með framkvæmd samningsins.

Ísland fullnægir þegar flestum þeim skuldbindingum sem felast í mútusamningnum. Þó verður að gera nokkrar breytingar á 109. gr. almennra hegningarlaga þar sem lögð er refsing við því að múta opinberum starfsmanni. Það ákvæði er bundið við innlenda opinbera starfsmenn og því verður að kveða sérstaklega á um refsinæmi mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna. Einnig er nauðsynlegt að breyta verknaðarlýsingu ákvæðisins til samræmis við mútusamninginn.

Þá verður að bæta nýjum tölulið við 6. gr. hegningarlaga þannig að unnt verði að sækja mann til saka hér á landi þótt brot sé framið erlendis. Til að mútusamningurinn verði fullgiltur er enn fremur nauðsynlegt að með lögum verði lögð ábyrgð á lögaðila vegna mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna. Tillögu um ábyrgð af því tagi er að finna í öðru af þeim frumvörpum sem ég mæli fyrir. Þar er lagt til að sett verði sérstök lög sem mæla fyrir um þessa ábyrgð en ekki þykir að svo komnu ástæða til að mæla fyrir um refsiábyrgð lögaðila í hegningarlögum sem til þessa hafa verið bundin við persónulega ábyrgð. Á þessu kynni þó að verða breyting síðar eftir því sem endurskoðun hegningarlaganna vindur fram.

Herra forseti. Ég hef þá í aðalatriðum gert grein fyrir efnisákvæðum þeirra tveggja frumvarpa sem hér liggja fyrir og legg til að þeim verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 114. mál (refsiábyrgð lögaðila). — Þskj. 114.

[13:38]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum þar sem lagt er til að lögfestar verði almennar reglur um refsiábyrgð lögaðila. Almenn hegningarlög eru bundin við persónulega refsiábyrgð og persónubundin viðurlög og gera þau ekki ráð fyrir því að lögð sé refsiábyrgð á lögaðila, þ.e. ópersónulega aðila sem geta átt réttindi og borið skyldur. Aftur á móti hefur í öðrum lögum um nokkurt skeið verið mælt fyrir um refsiábyrgð lögaðila. Með frv. þessu er lagt til að sett verði í hegningarlög almenn ákvæði um tilhögun þessarar ábyrgðar þar sem mælt verði fyrir um skilyrði slíkrar refsiábyrgðar, hverjir geti sætt henni og hvaða viðurlög komi til greina. Þetta mun stuðla að samræmingu við lagasetningu og túlkun sérrefsilaga.

Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af norrænum lögum um refsiábyrgð lögaðila. Samkvæmt frv. verður

lögaðila ekki refsað nema þegar lög mæla svo fyrir skýrt og afdráttarlaust. Þannig gerir frv. ekki ráð fyrir almennri refsiábyrgð til lögaðila til jafns við refsiábyrgð manna. Frv. felur því ekki í sér sjálfstæða heimild til að leggja refsiábyrgð á lögaðila heldur setur það almennt skilyrði um að slíka heimild verði að finna í öðrum lögum.

Með frv. er lagt til að lögaðilum verði refsað með fésektum eða sviptingu starfsréttinda. Í frv. er einnig tekið fram að refsiábyrgðin gildi um sérhvern ópersónulegan aðila. Þó er refsiábyrgð stjórnvalda bundin við brot sem framin eru í einkaréttarlegri starfsemi á vegum ríkis eða sveitarfélaga sem er í samkeppni við eða á annan hátt sambærileg starfsemi einkaaðila.

Í frv. er refsiábyrgð lögaðila bundin því skilyrði að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða einhver annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman eða ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir því að í sérrefsilögum megi kveða á um frávik frá þessu skilyrði, ýmist þannig að refsiábyrgð lögaðila sé ekki háð sök starfsmanns eða sett séu önnur skilyrði svo sem að refsiábyrgð sé háð því að brot hafi verið framið til hagsbóta fyrir lögaðila.

Þá er ekki nauðsynlegt samkvæmt frv. að staðreynt hafi verið hvaða maður á vegum lögaðilans hafi gerst sekur um verknaðinn heldur nægjanlegt að sýnt hafi verið fram á að refsiverður verknaður hafi verið unninn af einhverjum á hans vegum.

Auk þeirra nýmæla sem er að finna í frv. og ég hef rakið er lögð til sú breyting á viðmiðunarreglu 1. mgr. 51. gr. laganna að hafa skuli hliðsjón af þeim fjárhagslega ávinningi eða sparnaði sem leiddi af broti eða stefnt var að.

Ég hef þá, herra forseti, gert grein fyrir meginatriðum í frv. þessu og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mannanöfn og hjúskaparlög, 1. umr.

Stjfrv., 134. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 134.

[13:42]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um mannanöfn og frv. til breytinga á hjúskaparlögum. Þessum breytingum er ætlað að færa efni laganna til samræmis við hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár með nýju lögræðislögunum sem tóku gildi um síðustu áramót.

Lagt er til að nafnalögum verði breytt þannig að foreldrar barna undir 18 ára aldri þurfi að standa að umsókn um nafnbreytingu. Þessi tillaga er reist á samhljóða tillögu lagaskoðunarnefndar sem skipuð var vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Fyrir þessu færði nefndin þau rök að forsjárforeldrar eigi rétt á og beri skylda til að velja barni sínu nafn við upphaflega nafngjöf. Því verði að telja eðlilegt að forsjárforeldrar skuli einnig leggja fram umsókn um breytingar á nafni barnsins.

Með tillögu um breytingu á hjúskaparlögum er lagt til að dómsmrn. afli afstöðu forsjárforeldra áður en börnum yngri en 18 ára er veitt leyfi til að stofna til hjúskapar. Þykir rétt að foreldrar komi að svo mikilvægri ákvörðun sem stofnun hjúskapar er en almennt verður að gera ráð fyrir því að ráðuneytið veiti ekki slík leyfi gegn vilja forsjárforeldra.

Ég hef þá, herra forseti, rakið efni þessa frv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og til meðferðar hjá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gæludýrahald, 1. umr.

Frv. HG, 13. mál. — Þskj. 13.

[13:44]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það frv. sem ég flyt um gæludýrahald hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum og ég geri mér vonir um að eftir umræðu sem farið hefur fram um málið í hv. umhvn. á liðnum þingum megi takast að afgreiða það frá nefndinni á yfirstandandi þingi. Þetta mál hefur vakið talsvert umtal og athygli og yfirleitt verið frekar jákvæð viðbrögð við því, bæði af hálfu margra sem halda gæludýr og samtaka um dýravernd sem og þeirra sem hafa áhuga á því að koma þessum málum í sem best horf. Þessi lög eru hugsuð sem rammalöggjöf um málið.

Það er búið að setja lög eiginlega á flestum sviðum um dýr, dýrahald, dýravernd, villt dýr, búfjárhald í þéttbýli o.s.frv. Þetta frv. fer ekki inn í á svið búfjárhalds í þéttbýli, um það gilda sérstök lög. En um gæludýrahald hafa ekki verið í gildi nein rammalög. Það eru ákvæði í lögum um hollustuhætti sem sveitarstjórnir hafa stuðst við til að gera samþykktir um gæludýrahald, sérstaklega hafa verið settar samþykktir víða um hundahald og reyndar kattahald í vaxandi mæli. Á því er ekki ætlað að verði breyting með þessu frv. Gert er ráð fyrir víðtækum heimildum til sveitarfélaga til að gera samþykktir um þetta á sínum vegum en þá innan ramma þessarar löggjafar eða með tilliti til þessarar löggjafar, ef frv. yrði samþykkt.

Markmiðið með frv., virðulegur forseti, kemur fram í 1. gr., að lögfesta reglur um gæludýrahald í þéttbýli, kveða á um réttarstöðu eigenda þeirra og annarra og veita sveitarfélögum skýrar heimildir til að setja nánari reglur í samþykktir um gæludýrahald. Síðan er þetta markað frekar í greinum sem á eftir fara. En það er gert ráð fyrir að þetta taki til gæludýra sem einstaklingar halda sér til afþreyingar og hleypt er út undir bert loft um lengri eða skemmri tíma. Þessu er ekki ætlað að taka til gæludýra sem eingöngu eru haldin í húsum inni. Réttarstaðan er skýrð með ákvæðum 4. gr. þar sem gert er ráð fyrir að eigendur gæludýra skuli gæta þess að þau gangi ekki á annarra manna lendum og sjá til þess að dýrin valdi öðrum hvorki óþægindum né tjóni. Einnig er kveðið á um bótaskyldu og gert ráð fyrir því hins vegar, ef tjónþoli hefur á einhvern hátt stuðlað að því að tjón varð að heimilt sé að lækka bætur eða láta þær niður falla. Það er gert ráð fyrir að gæludýr verði auðkennd eða merkt eiganda sínum í samræmi við nánari ákvæði í samþykkt sveitarfélags.

Ég stikla hér aðeins á nokkrum þáttum í þessu frv., þeim atriðum sem skipta kannski mestu máli. Þar sem málið hefur áður verið rætt í þinginu þá ætla ég ekki að orðlengja það eða fara ítarlega yfir ákvæði frv. að öðru leyti.

Í fskj. er að finna yfirlit um könnun sem gerð var í Reykjavík varðandi óþrifnað af völdum katta og er vitnað til

þess. En grg. sem fylgir málinu lýsir nánar stöðu mála, fjölda slysa eða óhappa sem skráð hafa verið af völdum dýra, þar á meðal bitsára, og ýmislegt fleira.

Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að ég tel að gæludýrahald sem er mjög vaxandi sé eðlilegur þáttur í lífi manna í þéttbýli sem dreifbýli þar sem rýmra er um. Þessu er ekki á neinn hátt stefnt gegn slíku dýrahaldi heldur fyrst og fremst til að kveða á um ábyrgð eigenda og réttarstöðu að öðru leyti. Ég hef fylgst með þróun samþykkta hjá sveitarfélögum á undanförnum árum um hunda- og kattahald. Þær eru nokkuð misjafnar þessar samþykktir en sumar þeirra býsna víðtækar og ítarlegar og gera einnig ráð fyrir gjaldtöku. Nokkur brögð hafa verið að því að löggæsluyfirvöld sinni ekki þessum málum sem skyldi og verið undan því kvartað. Auðvitað þarf að hafa reiðu á dýrahaldi af þessu tagi eins og öðru sem snertir lög og reglur og skiptir miklu að þetta fari sem best fram og verði ekki til ama fyrir fólk þannig að grannaréttur sé virtur og heilbrigðisákvæði séu virt, þ.e. að ekki þurfi að angra nágranna þó að menn haldi gæludýr.

Ég legg til, virðulegur forseti, að að lokinni umræðu um málið verði frv. vísað til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ o.fl., 142. mál. — Þskj. 142.

[13:50]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Herra forseti. Ég flyt till. til þál. á þskj. 142, um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, sem er 142. mál. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Tillagan hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði."

Í grg. með frv. segir, með leyfi forseta:

„Á undanförnum missirum hafa verið mótaðar hugmyndir um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Áætlað er að keyrt verði á tveggja tíma fresti, frá kl. 7.00 árdegis til kl. 24.00 á miðnætti, á þremur leiðum:

1. Akureyri–Hjalteyri–Hauganes–Árskógssandur–Dalvík–Ólafsfjörður.

2. Akureyri–Kristnes–Hrafnagil–Laugaland.

3. Akureyri–Svalbarðseyri–Laufás–Grenivík."

Við leggjum til að þetta verði tilraunaverkefni í fimm ár, stutt með framlögum úr ríkissjóði á móti sveitarfélögunum. Form svona reksturs er í raun og veru opið. Þetta gæti hugsanlega verið byggðasamlag en það er líka hægt að hugsa sér að um stofnun raunverulegs einkafyrirtækis yrði að ræða þar sem til kæmu stuðningsframlög.

Byggð á svæðinu mundi styrkjast með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa. Ungmenni sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima. Hafa ber í huga að það tekur t.d. ekki lengri tíma að fara frá Akureyri til Dalvíkur en úr miðbæ Reykjavíkur frá Lækjartorgi og upp í Breiðholt. Það er sannfæring okkar að það sé svæðinu til stórkostlegs framdráttar að setja upp almenningssamgöngukerfi líkt þeim kerfum sem sett hafa verið upp á landsbyggðinni í t.d. Skandinavíu og á Jótlandi í Danmörku, þar sem sú hefur orðið raunin.

Við ímyndum okkur að hagræðing verði í skólaakstri og allri þjónustu við stofnanir, svo sem eins og Kristnesspítala. Sumar stofnanir og sveitarfélög stunda sjálf skólaakstur sem mundi ganga inn í þetta kerfi og stofnanir eins og t.d. Kristnesspítali kaupa akstur á starfsfólki og að einhverju leyti sjúklingum. Það er því hugsanlegt að þetta kerfi gæti nýst þessum rekstraraðilum.

Stóra málið e.t.v. í þessari hugmynd um almenningssamgöngukerfi í Eyjafirði er þjónusta við ferðamenn. Eins og við vitum hefur einkatúrismi vaxið á undanförnum árum. Það er borðleggjandi að út frá Akureyri mundi almenningssamgöngukerfi á tveggja tíma fresti nýtast ferðamönnum og gera þeim allan aðgang að svæðinu miklu auðveldari.

Síðast en ekki síst vil ég nefna að aðgerðin er orkusparandi. Það fer allt of lítið fyrir slíkum umræðum í samgöngumálum okkar á Íslandi. Þó vil ég nefna að í gær flutti hv. 1. þm. Vestf., Einar Guðfinnsson, þáltill. um athugun á því hvort hyggilegt væri að beita vegtollum í orkusparandi tilgangi. Umræðan um orkusparnað í samgöngukerfinu er því að byrja að mínu áliti og þetta er innlegg í það.

Við nefndum í umræðunum í gær, og það tengist þessu, hugmyndir um strætó eða almenningssamgöngukerfi, rafmagnsbíla og vegtolla til þess að jafna eða draga úr orkunotkun o.s.frv. Málið hefur verið kynnt embættismönnum í forsrn. Eins og öllum er kunnugt þá fer forsrn. með byggðamál og í okkar huga er þetta fyrst og fremst tilraun til byggðastyrkingar. Aðkoma Byggðastofnunar að málinu er fyrst og fremst til þess að gera úttekt á því hvernig til tekst á þessum fimm árum sem tilraunin á að taka. Ef vel tækist til þá yrði þetta módel e.t.v. nothæft fyrir önnur landsvæði.

Í umræðum um þessi mál á Eyjafjarðarsvæðinu sem sveitarstjórnarmenn og hagsmunaaðilarallir hafa komið að, bæði í ferðaþjónustu og þeir sem eru nú með sérleyfisaksturinn, hafa nágrannar okkar í Þingeyjarsýslum, t.d. sérleyfishafi Húsavíkurleiðar, lýst miklum áhuga á því að fá að tengjast kerfinu þegar og ef góð reynsla verður af því og það gæti jafnvel verið innan þessara fimm ára sem er talað um.

Ég vona að þessi tillaga til þál. fái góðar undirtektir og að litið verði á þetta sem verkefni til byggðastyrkingar í Eyjafirði, tilraunaverkefni með framlagi úr ríkissjóði til fimm ára. Að þeim tíma liðnum er það að sjálfsögðu okkar von að kerfið geti verið sjálfbært og staðið undir sér.

[13:57]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir þessa tillögu sem hann mælti fyrir. Ég tel að hérna sé hreyft mjög þörfu máli og ekki aðeins vegna Akureyrarsvæðisins og Eyjafjarðar heldur vegna almenningssamgangnanna yfirleitt. Það vill reyndar þannig til að í þessu kjördæmi, byggðarlaginu sem við erum stödd í, eru almenningssamgöngur mjög gildur þáttur í öllum rekstri borgarsamfélagsins. Því miður hefur hið opinbera, þ.e. ríkið, að öðru leyti ekki fengist til að horfa á almenningssamgöngurnar á þann hátt að um sé að ræða umhverfisvænar samgöngur sem skipta miklu máli til þess að spara fjármuni á öðrum sviðum, eins og hv. þm. gat um.

Ríkissjóður innheimtir t.d. verulega skatta, þrátt fyrir margar tillögur sem við höfum flutt gegn því á undanförnum árum, af strætisvögnum sem eru fluttir hingað inn vegna Strætisvagna Reykjavíkur og annarra almenningssamgöngufyrirtækja. Ríkissjóður hefur ekki fengist til að taka á þeim málum sérstaklega m.a. vegna þess að menn hafa talið að það gæti boðið heim misnotkun vegna þess að erfitt væri að greina á milli bíla sem ætti að nota fyrir almenningssamgöngur hér og almenningssamgöngur af öðru tagi, milli byggðarlaga en ekki bara innan þeirra.

Engu að síður hafa Strætisvagnar Reykjavíkur, sem eru ákaflega merkilegt fyrirbæri, haldið uppi myndarlegum samgöngum sem þó mætti gera miklu betur. Það er alveg augljóst að umferðarþunginn er orðin heilmikið vandamál í Reykjavík í þeim skilningi að það kostar gífurlega fjármuni að greiða úr honum. Þannig háttar t.d. til að hin miklu umferðarmannvirki sem hafa verið byggð uppi á Vesturlandsvegi og verða síðan gerð hér niður Ártúnsbrekkuna, eins og menn þekkja, nú á gatnamótum Skeiðarvogs og Miklubrautar og síðan gatnamótum Kringlumýrarbrauar og Miklubrautar o.s.frv., munu kosta tugi milljarða kr. þegar allt er lagt saman. Síðan er meiningin að leggja þessa miklu Sundabraut frá Kleppi og yfir á nesin hér vestur af, m.a. til að tengja saman þessa hluta Reykjavíkur sem nú eru orðnir, þ.e. Reykjavík hina gömlu og Kjalarnesið. Allt eru þetta gríðarlegir fjármunir og nú orðið eru þeir greiddir af hinum almennu skattpeningum ríkissjóðs að talsverðu leyti því að þessir fjármunir koma á vegáætlun að langmestu leyti.

Menn hljóta að velta því fyrir sér af fjárhagslegum ástæðum hvort ekki kæmi til greina að nýta þessa fjármuni að einhverju leyti til að efla, treysta og styrkja almenningssamgöngur og hvort menn gætu ekki séð þetta sem eina heild, þ.e. annars vegar almenningssamgöngurnar og hins vegar endurnýjun umferðarmannvirkjanna eins og hún hefur verið.

Þá kemur að þeirri spurningu hvort ekki þurfi að skoða almenningssamgöngurnar, flutninga á fólki í landinu öllu, í samfellu. Þá er ég að tala um á sjó, á landi og ég er líka að tala um flugið, að til verði samþætt samgönguáætlun með almenningssamgönguvinkil þar sem verði tekið á málunum út frá þörfum almennings, út frá kostnaðarástæðum en líka út frá umhverfismálunum, eins og hv. þm. nefndi sérstaklega, vegna þess að auðvitað er ljóst að ef við ætlum að taka okkur tak í umhverfismálunum, ef við ætlum að draga úr koltvíoxíðútblæstri hér á landi, þá verður það langbest gert með verulegu átaki í samgöngumálunum.

Ef við ætlum að hafa borð fyrir báru til að geta hafið framleiðslu á vetni á næstu öld í verulegum mæli, sem hefur mikil og jákvæð áhrif á umhverfismálin í heild, þá þurfum við jafnframt að eiga leiðir til að taka á þeim málum sem lúta að almenningssamgöngunum vegna þess að það verða þau samgöngutæki sem munu kannski nota vetnið í stórum stíl þegar kemur á næstu öld frekar en einkabílarnir, því að brennslutækin fyrir þetta efni verða það dýr og flókin að erfitt verður að koma þeim í einkabíla nema það kosti svo mikið að erfitt verði að ráða við það og þess vegna hljóti menn að leggja áherslu á almenningssamgöngurnar.

Ég kvaddi mér hljóðs, herra forseti, til að þakka hv. þm. og öðrum flutningsmönnum fyrir þá tillögu sem hér er flutt. Mér finnst að í henni felist mikil almenn framtíðartilvísun fyrir málflutning á Alþingi, fyrir utan það að hún snertir sérstaklega það byggðarlag sem hv. þm. er fulltrúi fyrir. Að vísu hefur það oft komið fyrir áður að við höfum tekið svipuð mál hérna fyrir. Við höfum flutt svipaðar tillögur. Við höfum flutt tillögur um að fella niður gjöld af bílum, innfluttum bílum til Strætisvagna Reykjavíkur o.fl. En hér er hreyft mjög stóru máli og ég þakka hv. þm. fyrir það og ég vona að hv. þingnefnd taki vel þeim hugmyndum sem hann hefur hér hreyft.

[14:03]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir vegna tekjumissis grásleppusjómanna, 168. mál, fsp. GE, þskj. 170.

Aðstoð við smábátaútgerð, 167. mál, fsp. GE, þskj. 169.

Afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis, 169. mál, þáltill. GÞÞ, þskj. 172.

Almannatryggingar, 161. mál, frv. MF, þskj. 163.

Félagsleg aðstoð, 162. mál, frv. MF, þskj. 164.

Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, 160. mál, þáltill. StG og EOK, þskj. 160.

Nauðsynlegt iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins o.fl., 165. mál, fsp. PHB, þskj. 167.

Skuldbinding B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna aukins hluts dagvinnulauna, 164. mál, fsp. PHB, þskj. 166.

Skuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins o.fl., 163. mál, fsp. PHB, þskj. 165.

Smábátaútgerð, 166. mál, fsp. GE, þskj. 168.

[14:04]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. flm. og flutningsmönnum þessarar tillögu fyrir að leggja hana fram. Mér finnst hún vera allrar athygli verð og tel reyndar að svæðið sem um ræðir, Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið, falli ákaflega vel að þessu verkefni ef út í það yrði farið.

Það sem kom m.a. fram í máli síðasta hv. ræðumanns í sambandi við almenningssamgöngur almennt og að skoða þær í samhengi þá er mikið rétt að það þyrfti að gera. En mér finnst að það sé mál sem hafi verið rætt alveg síðan ég kom hingað fyrst fyrir tólf árum, að þarna þyrfti að horfa meira á hlutina í heild sinni en ekki einangrað, þ.e. umferð á vegum, sjó og í lofti.

Ég get tekið undir allt það sem hv. þm. nefndi í framsöguræðu sinni sem rök með því að þetta verði gert og út í þessa tilraun verði farið. Hann nefnir m.a. framhaldsskólana á Akureyri. Það hefur sýnt sig í þeim könnunum sem gerðar hafa verið af hálfu Byggðastofnunar um ástæður þess að fólk flyst af landsbyggðinni, að þar er kostnaður við að senda börn í framhaldsskóla verulega stór þáttur. Þess vegna finnst mér það sterk rök með tillögunni að með þessu móti gæti ungt fólk við Eyjafjörð búið heima í stað þess að þurfa að dvelja um veturinn á Akureyri, og kannski ein meginástæða fyrir því að þessi tilraun er áhugaverð.

Í sambandi við ferðamenn og ferðamannaþjónustu við Eyjafjörð þá er náttúrlega um stórt mál að ræða og sífellt vaxandi fjöldi ferðamanna heimsækir þetta svæði sem er mikilvægt. Sem dæmi um það er Laufás við Eyjafjörð, sem yrði einn af þeim áfangastöðum sem kæmu til greina. Þar er ferðamannafjöldi orðinn tíu til ellefu þúsund á ári hverju, sem er alveg geysileg breyting frá því sem var fyrir örfáum árum.

Það hefur svo sem áður verið reynt að fara út í skipulagðar áætlunarferðir á þessu svæði og eitthvað er um það í dag að þær séu í gangi. En það er svolítið annað að vera með áætlunarferðir, sem eru ekki nógu vel auglýstar eða

ekki nógu ljóst hvenær þær eru, en að taka upp skipulagða starfsemi þar sem mætti alltaf stóla á ferðir með svo þéttu millibili. Vegasamgöngur fara mjög batnandi á þessu svæði. Á aldamótaárinu ætti að verða komið bundið slitlag á öllu svæðinu. Það er einnig stór þáttur sem varðar þetta mál og þar af leiðandi ætti að verða auðveldara að fara um svæðið allan ársins hring. Svæðið er að þróast sem eitt atvinnusvæði og sér maður með hverju árinu sem líður skref tekin í þá átt.

Ég vil þó segja í lokin að það er nú þannig með okkur Íslendinga að við erum víst dálítið mikið fyrir að vera á eigin vegum en ferðast ekki með almenningssamgöngutækjum, hvað sem því veldur. Það er því ekki þar með sagt að þetta mundi heppnast, en ætla ég ekki að vera með neinar hrakspár á þessari stundu. En a.m.k. slær það mig þannig að þetta sé tilraun eða verkefni sem sé þess virði að eiga rétt á að eiga sér stað. Nefni ég umhverfismál einnig í því sambandi sem hér hafa verið nefnd. Það má ábyggilega draga úr mengun með frekari notkun almenningsvagna og gildir það náttúrlega ekki síst á suðvesturhorninu þar sem sú mengun er mest.

Hv. þm. gerði ekki tillögu um nefnd í máli sínu áðan og sjálfsagt geta fleiri en ein komið til greina í þeim efnum. *En mér finnst koma til greina að tillagan verði tekin fyrir* í allshn. þar sem málið varðar Byggðastofnun og málefni Byggðastofnunar eru á málefnaskrá þeirrar nefndar. En þar sem um samgöngumál er að ræða tel ég líka að samgn. gæti komið til greina. Mér finnst að það mætti alveg eins hugsa sér að þessi tilraun verði gerð án þess að hún verði á vegum Byggðastofnunar. Það er ekkert skilyrði í mínum huga. Hins vegar kemur hún mjög vel til greina. En ég þakka fyrir þessa tillögu.

[14:10]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir góðar undirtektir hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur og Svavari Gestssyni. *En þó að það sé góðra gjalda vert að tala um* Strætisvagna Reykjavíkur, og ég nefndi reyndar að taka þyrfti þessi samgöngumál í heild sinni í gegn og get tek undir það, þá er þessi tilraun svolítið sérstök að því leyti til að ég er sannfærður um að almenningssamgöngukerfið á landsbyggðinni er barn síns tíma. Sérleyfin þjóna ekki nútímafólki þar sem verið er að fara milli staða kvölds og morgna. Við höfum ekkert gert í því að setja okkur markmið að lagfæra þetta til að þjóna landsbyggðinni betur. Það hafa nágrannalöndin okkar öll gert. Að því leyti til er þessi tillaga svolítið sérstök þó svo að ég sé fyllilega sammála því að samgöngumálin og flutningsmál í landinu þurfi að fá meiri og betri umfjöllun.

Sérleyfiskerfið er úrelt. Allir eru sammála um það. Það þjónar ekki ferðamönnum. Það þjónar ekki því sem verið er að bjóða upp á o.s.frv. Þetta er ný hugsun, tilraun til að fara í nýtt kerfi sem gerir fólki kleift að notfæra sér á reglulegu bili, tveggja klukkutíma bili, frá sjö á morgnana til tólf á kvöldin. Það er gjörbreytt staða fyrir alla notendur, bæði íbúana og ég tala nú ekki um ferðamennina sem koma inn á svæðið. Út frá þessum sjónarhóli, breytingum á almenningssamgöngukerfinu í dreifbýlinu, legg ég málið fram og vona að það geti fengið skjótvirka meðhöndlun í gegnum þingið með stuðningi frá ríkinu til að gera þessa tilraun sem samkvæmt minni sannfæringu er bráðnauðsynleg fyrir allt dreifbýlið.

En ég geri ekki lítið úr og er innilega sammála því að taka þurfi þessi mál upp, líka á öllum þéttbýlisstöðunum bæði hvað varðar gjöld af rútum og strætisvögnum og þess háttar. En það er önnur umræða og mér þætti verra ef þessu máli yrði slegið saman við aðra stærri umræðu. Ég held að málið sé þess eðlis að við ættum að fara í þessa tilraun innan mjög fárra mánaða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 14:14.

---

15. FUNDUR

fimmtudaginn 22. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, frv., 25. mál, þskj. 25. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, frv., 43. mál, þskj. 43. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, frv., 44. mál, þskj. 44. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu, þáltill., 20. mál, þskj. 20. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Nýtt starfsheiti fyrir ráðherra, þáltill., 22. mál, þskj. 22. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Vegtollar, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 115. mál, þskj. 115. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 116. mál, þskj. 116. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Almenn hegningarlög, stjfrv., 114. mál, þskj. 114. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Mannanöfn og hjúskaparlög, stjfrv., 134. mál, þskj. 134. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Gæludýrahald, frv., 13. mál, þskj. 13. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, þáltill., 142. mál, þskj. 142. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 77. mál, þskj. 77, nál. 171. — 2. umr.
14. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 106. mál, þskj. 106. — 1. umr.
15. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 110. mál, þskj. 110. — 1. umr.
16. Siglingalög, stjfrv., 122. mál, þskj. 122. — 1. umr.
17. Leiklistarlög, stjfrv., 146. mál, þskj. 146. — 1. umr.
18. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, stjfrv., 135. mál, þskj. 135. — 1. umr.
19. Innheimtulög, stjfrv., 136. mál, þskj. 136. — 1. umr.
20. Lífsýnasöfn, stjfrv., 121. mál, þskj. 121. — 1. umr.
21. Úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.
22. Þjóðgarðar á miðhálendinu, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.

23. Bann við kynferðislegri áreitni, frv., 24. mál, þskj. 24. — 1. umr.

24. Stjórnarskipunarlög, frv., 51. mál, þskj. 51. — 1. umr.

25. Afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis, þáltill., 169. mál, þskj. 172. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Dagsektir vegna umgengnisbrota, 72. mál, svar dómsmrh., þskj. 175.

Ráðstafanir í skattamálum, 170. mál, frv. ÖS og ÁE, þskj. 173.

Sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, 140. mál, þáltill. HG, þskj. 140.

Skipstjórnarnám, 40. mál, svar menntmrh., þskj. 162.

Uppsögn af hálfu atvinnurekanda, 124. mál, þáltill. BH og RG, þskj. 124.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Klukkan 13.30 fer fram umræða utan dagskrár um aðlögunarsamning við fangaverði. Málshefjandi er hv. 2. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, og hæstv. dómsmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í allt að hálfa klukkustund.

Klukkan tvö fer fram önnur umræða utan dagskrár um íbúaþróun á landsbyggðinni. Málshefjandi er hv. 4. þm. Norðurl. e., Árni Steinar Jóhannsson. Hæstv. forsrh. verður til andsvara. Umræðan fer einnig fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í allt að hálfa klukkustund.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 77. mál (gildistaka EES-reglna). — Þskj. 77, nál. 171.

[10:35]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Sjútvn. tók til meðferðar á fundi sínum fyrr í vikunni frv. á þskj. 77 breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Nefndin hefur sent frá sér svohljóðandi nefndarálit, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristínu Haraldsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti. Ekki þótti tilefni til að senda frumvarpið til umsagnar.

Fulltrúi sjávarútvegsráðuneytis lagði áherslu á að gildistöku IV. og V. kafla laga nr. 55/1998 verði frestað í ljósi þess að samningur sérfræðinga EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins frá nóvember 1996 um að fella inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir var samþykktur í EES-nefndinni 17. júlí sl. með gildistöku 1. janúar 1999. Í IV. og V. kafla laganna er að finna ákvæði til lögfestingar á þeim samningi og er nauðsynlegt að fresta gildistöku þeirra ákvæða til samræmis við gildistökutíma samningsins.

Nefndin tekur undir röksemdir fulltrúa sjávarútvegsráðuneytis og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Vilhjálmur Egilsson, Guðmundur Hallvarðsson, Lúðvík Bergvinsson og Stefán Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.“

Undir nefndarálitið rita auk formanns Árni Ragnar Árnason, Hjálmar Árnason, Svanfríður Jónasdóttir og Einar K. Guðfinnsson.

Herra forseti. Nefndin leggur til að málið verði samþykkt og mælist til ef unnt er að það verði gert að lögum fyrir 1. nóv. nk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingalög, 1. umr.

Stjfrv., 122. mál (björgun). — Þskj. 122.

[10:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að breytt verði ákvæðum björgunarkafla siglingalaga. Frv. er samið af nefnd sem ég skipaði 11. apríl 1997 og í áttu sæti Guðmundur Sigurðsson lögfræðingur, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur, Guðný Björnsdóttir lögfræðingur, Benedikt Bogason lögfræðingur og Jón Finnbjörnsson lögfræðingur, en starfsmaður nefndarinnar var Gustav Magnús Siemsen skipstjóri.

Breytingar þær sem frv. felur í sér byggja á alþjóðasamningi um björgun frá 1989 sem leysti af hólmi eldri samninga um sama efni frá 1910. Ástæður alþjóðasamningsins frá 1989 má fyrst og fremst rekja til þess er olíuskipið Amoco Cadiz fórst við Frakklandsstrendur í mars 1978 sem hafði í för með sér mikið umhverfistjón. Með frv. er verið að leiða í lög hér á landi alþjóðlega björgunarsamninginn frá 1989. Ísland undirritaði hvorki samninginn frá 1910 né fullgilti hann en tekið hefur verið mið af honum í núgildandi siglingalögum. Ísland var heldur ekki eitt þeirra landa sem undirritaði samninginn frá 1989 en miðað er við að gerð verði tillaga um fullgildingu hans ef frv. þetta verður að lögum.

Alþjóðlegi björgunarsamningurinn frá 1989 öðlaðist gildi 14. apríl 1996 þegar eitt ár var liðið frá því að 15 ríki höfðu samþykkt hann. Meginatriði frv. er eftirfarandi:

Samkvæmt gildandi siglingalögum eiga björgunarreglurnar fyrst og fremst við um björgun á skipi eða farmi um borð í skipinu eða sem verið hefur um borð. Björgun mannslífa sem slík veitir ekki rétt til björgunarlauna en getur þó haft áhrif við ákvörðun björgunarlauna.

Með samningnum frá 1989 sem frv. þetta byggir á gilda nýjar björgunarreglur, einnig um lausafé sem er ekki í neinum tengslum við skip. Það er jafnframt nýmæli að nú er lagt til að björgunarreglur siglingalaga taki ekki aðeins til björgunar á sjó, heldur á jafnt við um björgun á ám eða vötnum.

Í 9. gr. björgunarsamningsins er miðað við að strandríki hafi rétt til að gera ráðstafanir í samræmi við reglur þjóðaréttar til að vernda strandlengju sína. Í því efni hefur verið litið svo á að því nær ströndum viðkomandi ríkis sem mengunarhætta kemur upp, því meiri líkur eru á að réttur til

að grípa inn í sé fyrir hendi. Meginreglan í björgunarrétti er reglan um „no-cure, no-pay" sem útleggst — engin björgun, engin björgunarlaun.

Með samningnum frá 1989 og frv. þessu er það nýmæli að gerð er undantekning frá þessari meginreglu sem felst í því að björgunarmaður, sem unnið hefur að björgun skips sem eitt og sér eða ásamt farmi hefur falið í sér hættu á umhverfistjóni, á rétt á að fá sérstaka þóknun sem svarar kostnaði hans við björgunarvinnuna þó svo að honum hafi ekki tekist að koma í veg fyrir eða draga úr umhverfistjóni. Samningurinn frá 1989 kveður á um að hverju ríki sé í sjálfsvald sett hvort björgunarreglurnar verði látnar gilda um skip í eigu ríkisins. Almenna reglan á Norðurlöndunum er sú að björgunarreglur siglingalaga taka einnig til skipa í eigu ríkisins. Hér er lagt til að þessi meginregla verði áfram í gildi hér á landi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um efni þessa frv. Ég vísa til ítarlegrar greinargerðar sem fylgir frv. og minni á að frv. var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt svo þingmönnum og nefndarmönnum samgn. er frv. kunnugt.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leiklistarlög, 1. umr.

Stjfrv., 146. mál (heildarlög). — Þskj. 146.

[10:42]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en er nú endurflutt. Nokkrar umræður fóru fram um málið á síðasta þingi og þess vegna er óþarfi fyrir mig að hafa langa framsöguræðu að þessu sinni en þó vil ég geta þess að breytingar hafa verið gerðar á frv. sem að mínu mati taka mið af þeirri gagnrýni sem kom fram á frv. þegar það var flutt á síðasta þingi.

Í 6. gr. hefur orðalagi verið breytt þannig varðandi þjóðleikhússtjórann að mælt er fyrir um það í fyrri mgr. greinarinnar að ætíð skuli auglýsa embætti þjóðleikhússtjóra laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils, þ.e. á fimm ára fresti skuli embætti þjóðleikhússtjóra auglýst laust til umsóknar.

Í umræðum um frv. hefur komið fram að æskilegt væri að hafa áfram í lögum ákvæði sem mælti fyrir um það að sami maður mætti ekki í senn gegna embætti þjóðleikhússtjóra nema í takmarkaðan árafjölda. Ég hef lagst gegn slíkum hugmyndum og geri ekki tillögu um það í þessu frv. Rökin sem ég tel að hafa beri í huga þegar um þessi mál er rætt eru þau að óeðlilegt sé að mæla fyrir um það í lögum að ekki megi ráða mann nema til takmarkaðs tíma í starf sem þetta. Þar með væru menn að binda hendur framkvæmdarvaldsins um of og koma í veg fyrir það nema lögum sé breytt að hæfir menn ráðist til starfa við slíkar stofnanir af lagaástæðum þegar þeir hafa sýnt það í starfi að þeir eru vel til þess fallnir að sinna slíkum störfum. Hér er hins vegar gengið lengra en almennt gerist í lögum um embætti starfsmanna ríkisins, þ.e. á þann veg að auglýsa beri stöðuna lausa alltaf á fimm ára fresti og þess vegna verður sá sem gegnir embættinu að una því að starf hans sé auglýst laust til umsóknar á fimm ára fresti. Aðrir geta að sjálfsögðu sótt um starfið en mat er lagt á starf þess sem embættinu gegnir og tekin afstaða til þess hvort beri að ráða hann áfram í fimm ár eða ekki.

Regla þessi gengur lengra en almennt er mælt fyrir um í lögum um réttindi opinberra starfsmanna. Ég tel að með því að breyta 6. gr. á þennan veg í frv. sé komið til móts við þá gagnrýni sem fram kom og þá sé á fimm ára fresti unnt að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að endurráða viðkomandi embættismann eða ekki. Að öðru leyti er ekki sett þak á starfstíma embættismannsins og það er ekki verið að binda hendur framkvæmdarvaldsins og ráðningarvaldsins þannig að það megi ekki endurráða mann sem getið hefur sér gott orð og sinnt sínu starfi óaðfinnanlega. Þar með er ekkert sem segir að ekki megi endurráða hann að loknum ákveðnum árafjölda.

Ég efndi til fundar í menntmrn. 15. október sl. að ósk forseta Bandalags ísl. listamanna og formanns Félags ísl. leikara. Á þeim fundi voru forustumenn ýmissa samtaka og stofnana á sviði leiklistar sem hafa látið að sér kveða í umræðum um leiklistarlagafrv. frá því það kom fram á Alþingi í fyrravetur. Þar var ítarlega rætt um frv. og farið yfir málefni sem því tengjast. Menn stöldruðu sérstaklega við þetta ákvæði í 6. gr., þ.e. að hún afnemur skylduna til þess að hafna manni sem starfað hefur við Þjóðleikhúsið sem þjóðleikhússtjóri ákveðið árabil. Í máli þeirra sem töluðu á þessum ágæta fundi komu fram skiptar skoðanir um þetta eins og hvað eina annað. Sumir vilja hafa þak, aðrir telja það ónauðsynlegt og enn aðrir töldu að með breytingunni á frv. væri farin eðlileg leið málamiðlunar og vinna bæri að slíkri niðurstöðu.

Sjónarmið þeirra sem sérstaklega bera hag Þjóðleikhússins fyrir brjósti er að brýnt sé að breyta lögunum um Þjóðleikhúsið og hvetja eigi til þess. Ég hef verið hvattur til þess m.a. af þjóleikhúsráði að þetta frv. fái greiða leið í gegnum þingið og tekið verði tillit til þeirra miklu hagsmuna sem eru í húfi fyrir Þjóðleikhúsið með að lög um það séu endurskoðuð. Ég kem því sjónarmiði hér á framfæri. Fyrir Þjóðleikhúsið er frv. mjög mikilvægt og þjóðleikhúsráð kom á fund minn fyrir nokkrum vikum til þess að árétta hve brýnt væri að það næði fram að ganga í þeirri mynd sem það er núna.

Nokkrar umræður hafa einnig orðið um 7. gr. þar sem fjallað er um þjóðleikhúsráð. Á fundi þeim sem ég efndi til í ráðuneytinu 15. október var yfirgnæfandi meiri hluti fundarmanna hlynntur þeirri skipan sem lagt er til að tekin verði upp varðandi þjóðleikhúsráðið í 7. gr. Þeir fögnuðu einnig þeirri breytingu sem gerð hefur verið á greininni frá því að frv. var flutt á síðasta þingi, þ.e. að í stað þess að Leiklistarsamband Íslands tilnefni tvo fulltrúa í þjóðleikhúsráðið verði sú skipan tekin upp að Félag ísl. leikara tilnefni einn fulltrúa og Félag leikstjóra á Íslandi annan af þeim tveimur fulltrúum sem ráðherra ekki skipar af fimm stjórnarmönnum í þjóðleikhúsráði.

Síðan hefur verið gerð breyting að því er varðar 16. gr. frv. Þegar frv. var lagt fram á síðasta þingi kom fram að menn töldu að í frv. bæri að tilgreina nöfn mikilvægra stofnana á leiklistarsviði eins og Leikfélags Reykjavíkur, Leikfélags Akureyrar og ýmsir aðrir voru nefndir til sögunnar. Ég færði þá rök fyrir því að í lögum sem þessum, sem mæltu fyrir um heimildir til þess að semja við aðila sem stunda leiklist og danslist og sviðslistir almennt, væri mjög erfitt að setja í lög nafn á einum en sleppa öðrum, að fara út í slíkar nafnarunur í lagatexta. Í sjálfu sér breytti það engu um efni málsins því aðalatriðið væri að ýta undir og hlúa að leiklistarstarfsemi

og sviðslistum almennt. Það er betur tryggt eins og lagt er til í frv. en nú er. Í raun skortir mjög lagaforsendur fyrir menntmrh. til að veita þann öfluga stuðning, sem nauðsynlegur er í mörgum tilvikum, við leiklistar- eða sviðslistir, óperu og listdans, eins og málum er háttað í þjóðfélagi okkar. Núgildandi lög taka ekki mið af þeirri þróun sem verið hefur á þessu sviði á undanförnum árum.

Í 16. gr. var bætt inn annarri málsgrein. Fyrri hluti greinarinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að gera tímabundinn samning við rekstraraðila atvinnuleikhúss og hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélög um fjárstuðning við leikhúsið, með fyrirvara um fjárveitingar í fjárlögum á samningstímanum. Heimilt er einnig að gera slíka samninga við lögaðila, félög eða stofnanir á sviði listdans, óperu og annarra sviðslista."

Þetta er hin almenna heimild sem veitt er í fyrri hluta 16. gr. Síðan er eftirfarandi ákvæði bætt inn í frv.:

„Í þessum efnum skal taka sérstakt tillit til leiklistarstofnana og félaga sem lengi hafa notið fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði."

Þarna er með almennum orðum vísað til þeirra sem menn gerðu sérstaklega að umtalsefni hér við umræðurnar á síðasta þingi án þess þó að loka sig inni í nafnarunu. Lagt er til að þetta verði orðað svo almennt enda sé það best til þess fallið að skapa það jafnræði sem vera þarf á milli aðila á þessu sviði. Þó er þarna viðurkennt að sumir sem hafa aflað sér trausts á undanförnum árum vegna starfsemi sinnar njóti sérstakts tillits í þessu sambandi.

Herra forseti. Síðan er í 17. gr. lögð til sú breyting að í leiklistarráði sitji ekki fimm manns heldur þrír fulltrúar. Með því er mið tekið af hugmyndum sem fram komu við meðferð málsins á síðasta þingi.

Ég held, herra forseti, að ég hafi gert grein fyrir þeim helstu breytingum sem orðið hafa á frv. frá því að það var síðast flutt. Ég vil í lokin ítreka að það eru mjög eindregin tilmæli frá þeim sem hafa forustu fyrir Þjóðleikhúsinu að ákvæði frv. um Þjóðleikhúsið fái skjóta meðferð í þinginu. Það var leitað eftir umsögnum á síðasta þingi og þær liggja fyrir. Ég hef haldið fund með fulltrúum þeirra sem ég nefndi áður í ræðu minni og er sjálfsagt að menntmn. þingsins fái afrit af fundargerð þess fundar. Þannig gætu menn kynnt sér þær umræður sem fram hafa farið milli ráðuneytisins og forustumanna í sviðslistum frá því að þingið fjallaði um málið á sl. vori.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til hæstv. menntmn. eftir þessa umræðu.

[10:54]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. menntmrh. var frv. sama efnis lagt fram á síðasta þingi en ekki afgreitt. Hins vegar var ljóst, strax eftir að það frv. kom fram og var kynnt, að efni þess var mikið gagnrýnt. Hvert félagið og samtökin á fætur öðru gengu fram fyrir skjöldu og gagnrýndu frv. Sumir gengu svo langt að lýsa það nánast ónýtt.

Það var aðallega þrennt sem gagnrýnt var á þeim tíma. Í fyrsta lagi ákvæðið um ráðningartíma þjóðleikhússtjóra, í öðru lagi skipan þjóðleikhúsráðs og í þriðja lagi var harkalega gagnrýnt að það yrði ekki framar skylda hins opinbera að styrkja ýmsar af mikilvægum og grónum stofnunum í listalífinu, svo sem Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar, Bandalag ísl. leikfélaga og fleiri slíka aðila.

Ég ætla að fara, herra forseti, yfir þessa gagnrýni vegna þess að ég tel mikilvægt að rifja hana upp nú strax þegar málið kemur til 1. umr. á þessu þingi. Það er rétt sem hæstv. menntmrh. gat um áðan, það hafa verið gerðar breytingar á einstaka greinum en ég fæ ekki séð að neinar þeirra séu þess eðlis að þær hreki í nokkru þá gagnrýni sem sett var fram á síðasta þingi.

Það er þá fyrst, herra forseti, skipan þjóðleikhússtjóra. Samkvæmt gildandi lögum er þjóðleikhússtjóri ráðinn til fimm ára en ráðningu hans má endurnýja til annarra fimm ára ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Það að haga málum með þessum hætti er því ekki hugmynd sem hann kaus að gerast ekki málsvari fyrir, eins og ráða mátti af máli hæstv. ráðherra áðan, heldur er hér um að ræða gildandi lög um Þjóðleikhúsið. Þessum lögum var breytt líklega fyrir tveimur árum. Í stað þess að ráðningartími þjóðleikhússtjóra væri fjögur ár og mætti síðan framlengja um önnur fjögur, var því breytt í fimm ár til samræmis við önnur lög um opinbera starfsmenn.

Þetta frv., eins og það sem lagt var fyrir á síðasta þingi, gerir ráð fyrir allt annarri skipan, þ.e. að þjóðleikhússtjóri geti verið æviráðinn embættismaður. (**Menntmrh.:** Það er ekki rétt.) Frv. gerir ráð fyrir því að þjóðleikhússtjóri geti verið æviráðinn embættismaður. (**Menntmrh.:** Það er ekki rétt.) Ég heyri að hæstv. ráðherra er órólegur vegna staðhæfingar minnar og kallar fram í að það sé ekki rétt. Við skulum líta á þann lagatexta sem fyrir liggur til að glöggva okkur á formi þeirrar ráðningar sem hér er um að ræða.

Samkvæmt textanum sem við fjölluðum um á síðasta þingi átti ráðning að vera samkvæmt lögum um opinbera starfsmenn og það átti að fjalla um ráðningu þjóðleikhússtjóra í samvinnu við þjóðleikhúsráð. Nú hefur textanum verið breytt þannig að þjóðleikhússtjóri er ráðinn, staðan verður auglýst eftir hvert fimm ára tímabil, en ekkert segir að ekki megi ráða hann aftur. Nú á ekki að leita til þjóðleikhúsráðs heldur er það eingöngu viðkomandi ráðherra sem metur það á fimm ára fresti hvort ástæða sé til að ráða viðkomandi áfram. Þetta er svipað og var áður en núgildandi lög fengu það snið sem þau hafa og gafst í raun þannig að um æviráðningu var að ræða.

Það verður fróðlegt að heyra álit þeirra sem gagnrýndu þessa skipan eins og hún var lögð til í því frv. sem við fjölluðum um á síðasta þingi. Mitt mat er að hér sé ekki um þá breytingu að ræða að sú gagnrýni hafi misst gildi sitt. Svo við rifjum aðeins upp þá gagnrýni þá sögðu menn að það væri ekki í samræmi við heildarhagsmuni leikhúsfólks að hafa þann möguleika að sami einstaklingur gæti gegnt embætti þjóðleikhússtjóra um aldur og ævi.

Menn fóru vandlega yfir það að listræn stjórnun leikhúss fælist að stórum hluta í að velja listamenn til samstarfs. Þar réði stefna, vilji og smekkur hins listræna stjórnanda og sitji hann lengur í embætti en 10 ár, sem er hámark samkvæmt núgildandi lögum, sitji hann t.d. í 15 ár eða 20 ár, þá hefur stefna hans, vilji og smekkur afgerandi áhrif á persónulegan feril mjög margra leikhúslistamanna. Af þessu hafa menn eðlilega áhyggjur og þær komu svo sannarlega fram. Það er ekkert í þessu frv. sem segir að búið sé að loka á þennan möguleika, þvert á móti. Hann er galopinn enn þá, þ.e. að sami aðili geti verið þjóðleikhússtjóri í 15–20 ár, jafnvel lengur.

En það er líka þannig, herra forseti, að í okkar litla samfélagi, í fámenninu, hefur umræðan um þetta mál verið

hálffeimnisleg. Það hefur jafnvel verið látið líta svo út að þeir sem töluðu fyrir takmörkuðum tíma í ráðningu þjóðleikhússtjóra væru að vinna að því sérstaklega að sitjandi þjóðleikhússtjóri fengi ekki að sitja áfram. Þetta er auðvitað mjög ómerkilegur málflutningur vegna þess að við horfum bara til gildandi laga og við horfum líka til þess hvers vegna þau lög tóku á sig þann svip sem þau hafa núna. Það var af gildum ástæðum sem rétt er að menn rifji upp.

Það er líka rétt í því sambandi að menn hugi að því hvernig þjóðleikhús eða mikilsvirt leikhús í nágrannalöndunum hafa þessa hluti. En ég geri ráð fyrir að þessi gagnrýni verði skoðuð nánar þegar frv. kemur til meðferðar í hv. menntmn. og ég geri ráð fyrir að menn láti sér ekki nægja að kalla eftir einstökum fundargerðum þar, heldur hljóti þeir einnig að vilja eiga viðtöl við ýmsa af þeim aðilum sem gengu hvað harðast fram í gagnrýni sinni á síðasta þingi til að fá viðhorf þeirra gagnvart þeim breytingum sem orðið hafa.

Það kom líka fram mikil gagnrýni eins og ég gat um áðan á skipan þjóðleikhúsráðs. Frá upphafi hefur þjóðleikhúsráð verið samsett af fjórum fulltrúum sem skipaðir hafa verið af þeim fjórum þingflokkum sem stærstir hafa verið á Alþingi og ásamt þeim hefur setið þar einn fulltrúi Félags ísl. leikara. Þetta fyrirkomulag hefur ekki þótt vera til neinnar sérstakrar fyrirmyndar, að löggjafinn væri með beinum hætti með fulltrúa í nefndum og ráðum af þessu tagi, enda hefur það verið á undanhaldi að alþingismenn væru skipaðir í nefndir og ráð á vegum framkvæmdarvaldsins og flestir alþingismenn eru hættir að sækjast eftir slíku þó að þess séu reyndar enn þá dæmi. Leikhúsfólki fannst þetta heldur ekki björgulegt í upphafi þegar þessari skipan var komið á af Alþingi sjálfu, en hins vegar er ljóst að sú undirbúningsnefnd sem starfaði fyrir stofnun Þjóðleikhússins og skilaði tillögum sínum til menntmrh. árið 1947 gerði hvergi ráð fyrir þjóðleikhúsráði og allra síst pólitísku þjóðleikhúsráði. Sú hugmynd varð til á Alþingi.

Nú er ný hugmynd að verða til á Alþingi eða a.m.k. hefur hún orðið til í menntmrn., þ.e. hugmyndin um að ekki sé lengur við hæfi að löggjafinn skipi fulltrúa heldur sé réttara að menntmrh. skipi meiri hluta í þjóðleikhúsráði. Það á sem sé enn að halda þjóðleikhúsráði við þó að störfum þess verði eitthvað breytt, samanber hvað varðar aðkomu þess að ráðningu þjóðleikhússtjóra, og nú á að tryggja að menntmrh. á hverjum tíma sé sá aðili sem hafi kláran meiri hluta innan ráðsins. Pólitískum tökum á stjórnun Þjóðleikhússins verður því ekki aflétt með þessum lögum og er dálítið merkilegt að ekki skuli standa til að aflétta hinum pólitísku tökum heldur einungis að breyta þeim á þann hátt sem hér er lagt til.

Ég ætla þá að gera að umtalsefni það sem hæstv. ráðherra vék að og varðar 16. gr. Samkvæmt frv. kemur ekki fram í lagatextanum hvaða aðilar utan Þjóðleikhússins eigi rétt á stuðningi hins opinbera, þ.e. stuðningi sem fram kemur á fjárlögum sem Alþingi afgreiðir. Það er óbreytt frá frv. sem við fjölluðum um á síðasta þingi.

Í nýrri mgr. 16. gr. er reyndar texti sem vekur athygli, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í þessum efnum skal taka sérstakt tillit til leiklistarstofnana og félaga sem lengi hafa notið fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði."

Maður veltir því fyrir sér af hverju er verið að hnýta þessu aftan í. Af hverju er því hnýtt aftan í greinina, sem fjallar um að ráðherra geti gert tímabundna samninga við rekstraraðila atvinnuleikhúsa og hlutaðeigandi sveitarfélög um fjárstuðning við leikhúsið og það sé líka hægt að gera slíka samninga við lögaðila, félög eða stofnanir á sviði listdans, óperu og annarra sviðslista? Af hverju er verið að hnýta því þarna aftan í að taka skuli sérstakt tillit til þeirra leiklistarstofnana sem lengi hafa notið fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði? Svo kemur fram í greinargerðinni hvaða stofnanir þetta eru. Af hverju, herra forseti, er ekki hægt að nefna það í greininni sjálfri? Af hverju þetta kauðslega orðalag? Af hverju þessi veiking? Af hverju má ekki segja það? Það kemur reyndar fram í athugasemd við 16. gr. að ekki þyki rétt að binda hendur ráðherra í lögum þannig að gert sé skylt að ganga til samninga við tiltekna aðila. Það er nefnilega það. Það má ekki skylda ráðherra til að ganga til samninga við einn eða neinn. Þetta loðna orðalag sem er í greininni og það sem kemur síðan fram í athugasemd við 16. gr. skyldar ráðherra ekki til eins eða neins en er kannski sett þarna inn til að róa einhverja. En róa hverja?

Þetta orðalag sem þarna kemur inn breytir nefnilega engu, því það má ekki binda hendur ráðherra. Af hverju má ekki binda hendur ráðherra? Mér er spurn. Af hverju má ekki segja í lögunum hvað menn ætla að gera eða hvað menn ætla ekki að gera? Ég lít svo á að það sé gert í þessu frv., og ef það fer óbreytt fram þá verði það gert í lögunum, að gert verði ljóst hvað menn vilja gera. Ráðherrann verður ekki með bundnar hendur. Ég velti því auðvitað fyrir mér og spyr aftur: Af hverju má ekki binda hendur ráðherra? Af hverju má ekki t.d. sú stefna koma fram í þessu frv. að ráðherra menntamála og menningarmála á Íslandi sé umhugað um að leiklist þrífist víðar en á höfuðborgarsvæðinu? Af hverju má það ekki koma fram? Af hverju má ekki binda hendur ráðherra í þá veru? Ég hef ekki fengið svör við því enn þá og sú aumlega tilraun sem gerð er með loðnu orðalagi í 16. gr. sannfærir engan og styrkir engan og hjálpar engum sem vill trúa því að vilji sé fyrir því að leiklistarstarfsemin þrífist víðar en á höfuðborgarsvæðinu.

Ég velti því fyrir mér þegar ég les frv. og þegar ég sé hve sárlega litlar breytingar hafa orðið á því hvort ríkisstjórninni sé sérlega umhugað um að reka flóttann af landsbyggðinni. Eða sjá menn ekki að allt sem veikir stöðu þeirra leikfélaga sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins, veikir líka stöðu landsbyggðarinnar? Þetta er stefna. Þetta er ekkert óvart, þetta er stefna. Þetta er stefna frv. Það veikir stöðu þessara leikfélaga, það veikir stöðu Leikfélags Akureyrar að það skuli ekki vera nefnt í frv. og það veikir stöðu Bandalags ísl. leikfélaga að það skuli ekki vera nefnt í tillögunum. Þykir mönnum aðgerðaleysi og hirðuleysi undanfarinna ára ekki hafa skilað nægri byggðaröskun og er kostnaður ekki orðinn nægur fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrir þjóðfélagið í heild?

Menn hafa reynt að svara þessum spurningum með útúrsnúningum. Menn hafa spurt: Er ekki betra að fá peninga en að hafa nafnið sitt endilega í lögunum? En málið er það, herra forseti, að ef nafnið er ekki í lögunum þá eru heldur engar skyldur, hvorki fyrir framlögum né samkomulagi eða samningum um aðra ráðstöfun hlutanna. Það er það sem skiptir máli. Ef nafnið er ekki í lögunum er allt í óvissu og það er óvissan sem skapar óöryggi um frekari starfsemi. Það er þetta óöryggi sem er svo fullkomlega óþolandi. Hvernig halda menn að hægt sé að reka listastofnanir úti á landi við það óöryggi sem hér er boðið upp á þegar menn vita að það er ekki hægt í Reykjavík? Segir þróun undanfarinna ára mönnum það að staða landsbyggðarinnar sé svo sterk að

ekki þurfi að hafa áhyggjur af henni, þar megi bara láta reka á reiðanum og þar sé allt í lagi að hafa óvissu?

Herra forseti. Ég heyrði áðan á máli hæstv. menntmrh. að hann taldi að með frv., ef það yrði að lögum, yrði betur tryggt að hægt væri að styðja og styrkja leiklistarstarfsemina í landinu. Það var auðvitað almenn heimild fyrir því að gera mætti samninga. Það er ágætt að ítreka það frekar í þessum lögum. En umfram það er ekki margt í frv. sem sýnir manni fram á að verið sé að tryggja þetta. Það er verið að auka vald ráðherra til þess að taka ákvarðanir. Það er alveg rétt. En það er engin trygging í þessu frv., ekki nokkur einasta.

Herra forseti. Ég vil endurtaka að mér finnst þetta orðalag í 16. gr. veikt. Það hefur ekkert að segja. Ef menn eiga að njóta einhvers tillits á að segja það í lögunum. Ég er að biðja um ákveðna pólitík. Hún er ekki í þessu frv. en ég vil segja það strax, herra forseti, að ef frv. tekur ekki ákveðnum breytingum í meðförum hv. menntmn., þá mun ég í samráði við aðra leggja fram ákveðnar brtt. til að freista þess að ná fram breytingum á frv. sem eru meira í samræmi við þá hagsmuni sem ég held að menn þurfi virkilega að huga betur að en gert hefur verið.

[11:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alrangt að í frv. felist einhver byggðafjandsamleg stefna og að leggja þannig út af frv. og túlka 16. gr. á þann hátt sem hv. þm. gerði er með ólíkindum ef hv. þm. ber í raun fyrir brjósti frjálsa leiklistarstarfsemi í landinu, hvar sem er á landinu. Í þessari grein er alls ekki verið að mismuna aðilum eftir því hvar þeir eru staðsettir á landinu, þvert á móti.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um 6. gr. frv. og þann rangsnúning og grundvallarmisskilning sem kom fram á greininni, þá er eins og hv. þm. hafi alls ekki lesið greinina því þar stendur, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn, að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs."

Það er alrangt hjá hv. þm. að búið sé að breyta þessu ákvæði eitthvað frá því sem var í frv. eins og það var lagt fram á síðasta þingi.

Og síðan hitt að líta þannig á að þetta ákvæði í lögunum mæli fyrir um æviráðningu þjóðleikhússtjóra er líka hrein rangtúlkun á frv. og alger grundvallarmisskilningur á því í hverju æviráðning felst.

[11:16]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu frv. er ekkert sem kemur í veg fyrir æviráðningu. Það var það sem ég sagði og það verður ekki hrakið. Í núgildandi lögum eru ákvæði sem koma í veg fyrir það. Svo er ekki í þessu frv.

Já, ég trúi því að ráðherra finnist með ólíkindum að ég skuli líta svo á að þetta frv. sé byggðafjandsamlegt. Hann segir: Hér er ekki verið að mismuna. Nei, það voru ekki mín orð að verið væri að mismuna. Ég sagði að ekki væri tekið tillit til. Í frv. er ekki sú stefna sem segir okkur að sérstakur vilji sé fyrir því að leiklistarstarfsemi þrífist víðar en á höfuðborgarsvæðinu. Það kemur ekki fram. Mér finnst, herra forseti, að í orðum hæstv. menntmrh. felist ótrúlegt skilningsleysi á aðstöðumuninum milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðarinnar. Skilningsleysi hans endurspeglast í þessu frv. og í því hvernig hann styður mál sitt.

[11:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur verið lögð fram þáltill. um byggðaáætlun og þar er sérstaklega fjallað um mennta- og menningarmál. Rannsóknir hafa leitt í ljós, þegar menn ræða um búseturöskun í landinu, að íbúar hinna dreifðu byggða setja sérstaklega fyrir sig mennta- og menningarmál þegar spurt er hvort þeir hyggist áfram halda búsetu sinni eða ekki. Þetta er mál sem ég er reiðubúinn að fjalla um hvar og hvenær sem er og tel mig í störfum menntmrh. hvað eftir annað hafa sýnt það í verki að mér er annt um að efla menntun og menningu um landið allt.

Ég tel alrangt að bregða fæti fyrir leiklistarlagafrv. á þeim forsendum sem hv. þm. er að gera. Hún verður að ræða málin á þeim vettvangi, þegar byggðamál eru til umræðu. Þá skulum við fara yfir það sem gert hefur verið þar og fjalla um það á þeim forsendum. En að ætla að bregða fæti fyrir almenna löggjöf um leiklistarstarfsemi í landinu með þeim rökum sem hv. þm. hefur flutt finnst mér, ef ég má orða það svo, herra forseti, út í hött.

[11:18]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nákvæmlega þarna liggur þetta: Það á að tala um þessi mál þegar fjallað er um þáltill. um byggðamál. En hvað eru byggðamál? Er það eitthvað sem við tölum um í sérstöku hólfi? Á að tala um leiklistarmálin þá? Er það rétti vettvangurinn til að tala um fyrirkomulag listamála í landinu? Auðvitað ekki, herra forseti. Auðvitað á að ræða um þessi mál þegar einstök málefni eru á dagskrá. Þegar leikhúslög eða frv. til nýrra leikhúslaga er á dagskrá eigum við að ræða hvernig við getum sem best tryggt að leikhúslistir og sviðslistir nái sem best til allra landsmanna og öllum landsmönnum sé tryggður aðgangur og þátttaka.

Með sama hætti ræðum við um byggðamál þegar við fjöllum um íbúðarmál, um félagsmál og öll önnur mál, hvernig þeim sé best fyrir komið þannig að jafnræðis sé gætt. Við viljum gefa sem flestum kost að njóta gæðanna og ef við þurfum að gera sérstakar ráðstafanir til þess að allir fái notið þeirra þá á að taka það fram í viðkomandi lögum. Þess vegna vil ég að það sé tekið fram í þessum lögum en ekki að búinn sé til einhver bás sem heitir byggðamál og þar eigi að tala um þessa hluti. Það er algerlega fráleitt.

Hins vegar er löngu tímabært að ræða um þáltill. til byggðamála sem átti að gilda fyrir árið í ár. Það sýnir kannski best viðhorfin gagnvart því sem þar er flokkað undir, að ekki skuli hafa verið hirt um að taka þá tillögu á dagskrá á liðnum þingvetri. Það er gagnslítið að vísa til þáltill. sem er ekki einu sinni komin fram á þessu þingi.

[11:21]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til leiklistarlaga sem lagt er fram öðru sinni. Ég tók ekki þátt í umræðunni í fyrra og fylgdist ekki nógu grannt með málinu. Hins vegar er ég mikil áhugamanneskja um leikhús og leiklist og vil í upphafi nefna að við búum við ótrúlega blómlegt leikhúslíf á Íslandi, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu.

Ég minnist þess að snemma hausts eða síðla sumars, eftir því hvernig maður lítur á það, birtist heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu frá sjálfstæðum leikhópum á höfuðborgarsvæðinu. Ég man ekki tölu þeirra en þeir voru ótrúlega margir. Allir þeir hópar og hin blómlega starfsemi í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu og víðar um landið sýnir að

hér er gríðarlegur áhugi á leiklist, enda leikhúsin ótrúlega vel sótt. Það gengur hins vegar upp og ofan eftir því hvernig sýningarnar eru og ýmis leikhús hafa lent í erfiðleikum eins og Borgarleikhúsið fyrir skömmu. Eins hafa borist fréttir af því að leikhúsið á Akureyri sé nú rekið með halla.

Þá kemur að grundvallarspurningu: Hvernig á ríkisvaldið að styðja við bak leiklistarinnar í landinu? Ég tel það gríðarlega nauðsynlegt og get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að leiklistarlíf úti á landi er eitt af því sem gerir lífið þar fjölbreyttara og gæti frekar orðið til þess að halda í fólk. Hin mikla umræða um byggðaþróunina er mál sem tengist fjöldamörgum þáttum þjóðlífs okkar, ekki bara atvinnulífinu heldur einnig menningu, menntun, félagslegum aðbúnaði og öðru.

Þar sem ég tók ekki þátt í þessari umræðu í fyrra þá langar mig að velta vöngum yfir einstökum greinum og breytingum á þeim frá því í fyrra. Ég lít þannig á að hér sé um rammalöggjöf á sviði leiklistar að ræða. Síðan er fléttað inn í þennan lagabálk lögum um Þjóðleikhúsið sérstaklega en það er ríkisstofnun sem alfarið er kostuð af ríkinu auk þeirra tekna sem leikhúsið sjálft aflar sér.

Ef ég vík fyrst að Þjóðleikhúsinu þá vakna ýmsar spurningar, t.d. varðandi það sem snýr að 5. gr. frv. þar sem hlutverk Þjóðleikhússins er skilgreint. Í greinargerðinni kemur fram að greininni hefur verið breytt og dregið úr skyldum Þjóðleikhússins. Ég spyr því: Er rétt, í lagabálki af þessu tagi, að skylda leikhúsið til flutnings ákveðinna tegunda verkefna? Í gömlu lögunum var m.a. tekið fram að Þjóðleikhúsið skyldi standa árlega að ýmiss konar sýningum. Hér er þetta „árlega" að mestu tekið út úr greininni en þó ekki alveg. Þó að ég geri mér fulla grein fyrir því að t.d. lagaákvæði um að Þjóðleikhúsið skyldi setja upp óperu hafði ómetanlega þýðingu fyrir óperuflutning hér á landi spyr ég mig samt hvort þetta er nauðsynlegt í lagagreininni í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa. Ég tek þó undir það að samstarf Þjóðleikhússins við ýmsa aðra leikhópa eins og Íslensku óperuna og fleiri er sjálfsagt. Ég set hins vegar spurningarmerki við það hvort nauðsynlegt sé að tíunda þannig hlutverk leikhússins.

Tekið er fram að flytja skuli verk sérstaklega ætluð börnum. Þetta ætti að vera svo sjálfsagt mál að það þyrfti ekki að taka það fram í lögum. En það er alltaf spurning hvort það sé rétt að hafa skyldur af þessu tagi.

Þess er og getið að á vegum Þjóðleikhússins skuli árlega farnar leikferðir sem víðast um landið. Þetta hefur reynst óframkvæmanlegt fyrir Þjóðleikhúsið, ekki síst vegna mikils kostnaðar þó að það hafi vissulega reynt að leggja sitt af mörkum, m.a. er ein sýning á þeirra vegum norður á Akureyri um þessar mundir. Þetta eru býsna þungar skyldur sem þarna eru lagðar á leikhúsið en það er rökstutt með því að þetta sé þjóðleikhús og allir landsmenn eigi að njóta þess sem þar er boðið upp á. En í þessu felst ansi mikil skylda.

Þá kem ég að skipun þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn, að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. Ég lít þannig á að hér sé verið að aðlaga ráðningu þjóðleikhússtjóra þeim reglum sem almennt gilda um opinbera starfsmenn, þ.e. um embættismenn, og þjóðleikhússtjóri þarf að búa við að staða hans verði auglýst á fimm ára fresti. Þó að það sé rétt sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, að þetta gæti leitt til þess að þjóðleikhússtjóri yrði skipaður aftur og aftur, þá er þetta sú regla sem gildir um opinbera embættismenn og reyndar stundum strangari. En þetta er ekki mikið öryggi fyrir embættismenn. Þeir voru ekki aldeilis sáttir við þessa breytingu þegar hún var gerð á sínum tíma.

Þetta er alltaf mikið álitamál. Eiga aðrar reglur að gilda um listastofnanir en aðrir stofnanir? Almennt hefur verið litið þannig á að það væri bæði hollt og nauðsynlegt fyrir listastofnanir að þar væri skipt um stjórnendur. Ég held að menn hljóti að verða að hafa í huga í framtíðinni að skipta með reglulegu millibili til þess að hleypa að nýjum stefnum og straumum.

Varðandi skipan þjóðleikhúsráðs komum við enn einu sinni að því að taka á út pólitískt skipaða fulltrúa án þess að fram hafi farið umræða um það, meðal stjórnmálaflokka og annarra sem koma að málum, hvaða skipan er æskileg í þessum efnum. Nú má segja sem svo að frá upphafi hefði það verið óeðlilegt að skipa pólitíska fulltrúa í listastofnun af þessu tagi. Sú skipan á rætur að rekja til þess tíma er mikil pólitísk átök áttu sér stað og menn börðust um nánast hvert einasta sæti sem til ráðstöfunar var. Ég ítreka efasemdir mínar um þetta.

Mér finnst að almennt þurfi að ræða hvort framkvæmdarvaldið eigi að skipa í allar stjórnir og ráð á vegum framkvæmdarvaldsins. Hvar eiga pólitískt kjörnir fulltrúar að koma að? Hvar eiga faglegir fulltrúar að koma að? Í því samhengi vil ég minna á að á sínum tíma þegar gerðar voru breytingar á skipan þjóðminjaráðs og undirhópa þar sem eingöngu faglegir aðilar komu að, þá þróuðust mál mjög til verri vegar. Fagaðilar hafa oft mjög sterkar skoðanir á því hvernig málum skuli háttað og lenda í miklum fræðilegum deilum. Það er því oft mjög gott að utanaðkomandi aðilar komi að málum. Eftir reynsluna í Þjóðminjasafninu hef ég haft miklar efasemdir um að alltaf sé hollt að einungis faglegir aðilar komi að og tel mjög nauðsynlegt að stjórnir stofnana séu opnar fyrir öðrum sjónarmiðum.

En það sem mig langaði aðallega til að ræða í sambandi við 7. gr. og beina spurningum til hæstv. menntmrh. er varðandi hlutverk þjóðleikhúsráðs. Eins og lagatextinn hljóðar finnst mér að hlutverk þjóðleikhúsráðs og verkaskiptingin milli þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs sé býsna óljós. Ætla menn fyrst og fremst að byggja þarna á reynslunni?

Í 6. gr. segir, með leyfi forseta:

„Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og markar listræna stefnu þess í samráði við þjóðleikhúsráð."

Hver er ræður í raun og veru ef ágreiningur kemur upp? Hvers er valdið í Þjóðleikhúsinu? Eins og þetta hljómar í 6. og 7. gr. finnst mér að þjóðleikhúsráð sé meira eins og ráðgefandi í málefnum leikhússins. Í 7. gr. segir með, leyfi forseta:

„Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn bornar undir ráðið."

Til samþykktar eða synjunar eða bara svona til þess að hafa borið málið upp? Mér finnst þetta mjög óljóst. Ýmsir fræðingar á sviði stjórnunar mundu segja að skipuritið væri óljóst í Þjóðleikhúsinu hvað þetta varðar.

Hér fá fulltrúar starfsmanna leikhússins fulltrúa í ráðið og það er að mínum dómi sjálfsagt og eðlilegt.

Þá vík ég að 16. gr. sem gerð var að umræðuefni fyrr á þessum fundi. Ég er ekki alveg sammála hv. síðasta ræðumanni hvað það varðar að ég held það hljóti að vera ákaflega erfitt að tíunda í svona rammalöggjöf hverjir eigi ótvírætt að njóta fjárstuðnings og hverjir ekki. Eiga menn þar að binda

sig við atvinnustarfsemina, nefna Íslensku óperuna, Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar? Alþýðuleikhúsið er atvinnuleikhús sem hefur ekki starfað um nokkurra ára bil en var lengi með fastar fjárveitingar. Ég veit ekki hvort og kannast ekki við að það hafi verið lagt niður. Hvað um rótgróin og stórkostleg leikfélög eins og Leikfélag Húsavíkur sem hefur haldið uppi aldeilis frábærri starfsemi áratugum saman? Hverjir eiga að hafa forgang og hverjir ekki?

Hvað um ný leikhús? Í Reykjavík hefur t.d. leikhúsið Loftkastalinn starfað um nokkurra ára bil og fleiri leikhús. Er eðlilegt að tíunda í rammalöggjöf hverjir eigi ótvírætt að njóta fjárstuðnings?

Ég skil þau sjónarmið viðkomandi aðila að þeim finnist þetta ekki skapa mikið öryggi eins og þetta er hér fram sett. En ég set stórt spurningarmerki við þetta þó að ég skilji sjónarmið hv. þm.

Þá vil ég aðeins víkja að 17. gr. varðandi leiklistarráðið. Þar er verið að fækka fulltrúum og ég spyr hæstv. menntmrh. um rökin fyrir þessari fækkun í leiklistarráði. Hlutverk þessa ráðs er reyndar að gera tillögu um úthlutun fjár og síðan að vera til umsagnar um ýmis leiklistarerindi sem berast menntmrn. Væntanlega á umræða um leiklistarmál að fara fram á vettvangi þessa ráðs. En í rauninni finnst mér hlutverk þess ekki mjög skýrt í frv. eða til hvers það á eiginlega að vera. Er nauðsynlegt að skipa þetta ráð til þess að úthluta þessum peningum? Er þetta eitthvert samkomulag við fulltrúa listamanna eða hvað er á ferðinni?

Fleira ætlaði ég ekki að nefna í sambandi við þetta frv. Eins og ég nefndi í upphafi fylgdist ég ekki grannt með umræðunni í fyrra enda hafði ég nóg að sýsla í öðrum stórmálum á þinginu. En nú á ég sæti í menntmn. og fæ þar með kost á því að heyra sjónarmið þeirra sem málið varðar sérstaklega, leikhúsanna og leikfélaganna úti um allt land og það verður fróðlegt að heyra hvaða sjónarmið eru þar uppi. Ég sé að hér hefur að nokkru leyti verið komið til móts við sjónarmið eða þá gagnrýni sem þeir aðilar komu fram með. En síðan eru ákveðin álitamál eins og um ráðningartíma þjóðleikhússtjórans, um skipan þjóðleikhúsráðs, um leikhúsráðið og þetta atriði sem felst í 16. gr.

En eins og ég segi gefst mér færi á að fara nánar ofan í málið þannig að ég læt máli mínu lokið, hæstv. forseti.

[11:37]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna orða hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um þær áherslur sem ég er að reyna að leggja í þessum málum þá finnst mér dálítill munur á því hvort við erum að tala um eina atvinnuleikhúsið sem er starfrækt utan höfuðborgarsvæðisins og svo aðra hugsanlega atvinnueða áhugaleikhópa. Ég geri skýran greinarmun þarna á og ég hefði gjarnan viljað sjá þetta eina atvinnuleikhús landsbyggðarinnar þróast yfir í það sem annars staðar á Norðurlöndunum eru kölluð landshlutaleikhús vegna þess að sú grósku í leikhúsmálum sem hv. þm. gat réttilega um að er víða um landið og ekki síst á Norðurlandi, er ekki hvað síst fyrir það að leikhús þar á þennan bakhjarl í atvinnuleikhúsi. Ef við höfum ekki traust atvinnuleikhús þá veikjum við í leiðinni grundvöll áhugaleikfélaganna. Þannig er veruleikinn og það er hann sem ég held að við verðum að horfa til í þessu efni og reyna að stuðla að því að við veikjum ekki þetta hlutverk Leikfélags Akureyrar heldur styrkjum.

Sömuleiðis skiptir verulegu máli fyrir Bandalag ísl. leikfélaga, sem er fulltrúi þess nets sem leikfélögin hafa myndað úti um allt land, að því sé veittur sá sess sem það verðskuldar. Þessi atriði eru í rauninni spurning um ákveðna menningarpólitíska stefnu sem ég óska eftir að komi betur fram í lögum um leiklistarlíf en verður ef þetta frv. verður að lögum.

[11:39]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að atvinnuleikhúsið eina sem starfar utan Reykjavíkur hefur haft gífurlega þýðingu fyrir leiklistarstarfsemi á Norðurlandi. En spurningin snýst um hvort eðlilegt sé í rammalöggjöf að tíunda einstaka aðila. Við fjöllum hér sérstaklega um Þjóðleikhúsið vegna þess að það er ríkisstofnun. Aðrir aðilar eru reknir með stuðningi sveitarfélaganna, með ákveðnum stuðningi ríkisins og með sjálfsaflafé. Spurningin er sem sagt: Ef við förum að tíunda einn eða tvo aðila, hvað þá um hina þó að þeir starfi á höfuðborgarsvæðinu eða eins og Alþýðuleikhúsið gerði á sínum tíma? Það starfaði og fór vítt og breitt um landið.

Mér finnst þetta fyrst og fremst vera lagalega tæknilegt spursmál en ég skil þann vilja þingmannanna að reyna að tryggja stöðu þessa ágæta og merkilega leikhúss norður í landi.

Ég bendi hv. þm. á að í 14. gr. er Bandalags ísl. leikfélaga getið. Það á leita tillagna þess til úthlutunar styrkja til áhugaleikfélaganna. Leiklistarráðið annast atvinnuleikhópana. Í í lögunum er því verið að tryggja stöðu bandalagsins. En enn stendur eftir spurningin um 16. gr.: Hvað á að tíunda þar?

[11:41]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að Bandalags ísl. leikfélaga er getið í 14. gr. af því að þeir eiga að setja fram ákveðnar tillögur um úthlutun. Í gildandi lögum fær bandalagið hins vegar beinan styrk frá hinu opinbera og dálítill munur er þar á.

Hvað á að vera í rammalöggjöf? Mér finnst allt í lagi og miklu meira en það, mér finnst sjálfsagt að í rammalöggjöf komi fram tilteknar áherslur, tiltekin pólitík. Mér finnst sjálfsagt að í rammalöggjöf komi það fram að ríkið hafi áhuga á því að leiklistarstarfsemi sé um allt land og ætli þess vegna að vera með tilteknar ráðstafanir og tilteknar áherslur í þeim efnum. Mér finnst það sjálfsagt þó það sé rammalöggjöf.

Vegna þess opna orðalags sem er í 16. gr., að taka eigi sérstakt tillit til leikstofnana og félaga sem lengi hafa notið fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði, þá tek ég undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur: Á að taka sérstakt tillit til t.d. Alþýðuleikhússins? Eftir hverju ætla menn að fara? Þetta er galopið, hefur enga sérstaka merkingu og svarar engan veginn væntingum þeirra sem héldu að með nýjum leikhúslögum yrði það t.d. tryggt að hér yrði til vísir að því sem kallað er landshlutaleikhús annars staðar á Norðurlöndunum og hefur, að svo miklu leyti sem við getum litið á leikhúsið á Akureyri sem slíkt landshlutaleikhús, gefið afskaplega góða raun.

[11:43]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir það með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, sem talaði á undan mér, að ég er mikill leikhúsunnandi og er ákaflega stolt af íslensku

leikhúsi. Ég held að íslenskt leikhús sé meðal þess sem við getum verið hvað stoltust af í menningarlífi okkar. Ég hef margsinnis heyrt útlendinga tjá sig um þetta sem hér hafa verið og eru listunnendur og hafa kynnt sér mjög vel það sem er á boðstólum í listum, bæði í Evrópu og vestan hafs. Bæði á þetta við um leikhús og óperur, og þetta fólk hefur lokið miklu lofsorði á íslenskar uppfærslur á verkum sem það hefur áður séð. Ég held að þetta sé eitt af því sem við eigum að taka eftir og muna að þarna er vel gert. Þarna er vel unnið. Þarna er eitthvað sem við getum virkilega verið ásátt með.

Þess vegna gat maður ímyndað sér að þegar farið væri að leggja fram nýtt frv. til leiklistarlaga í stað þeirra sem hafa verið í gildi frá 1977, ef ég man rétt, mundi markið vera sett hærra, það yrði ákveðið að nú mundi ríkið beita sér fyrir því að styðja enn frekar við þessa menningarstarfsemi en verið hefur. Þar á ég bæði við atvinnuleikhús svokölluð og þó ekki síður áhugaleikhús. En áhugaleikhúsin á Íslandi hafa borið keim af því kannski hve að atvinnuleikhúsin hafa verið ákaflega góð og af jafnháum gæðastaðli og við þekkjum. Það er alveg ótrúlegt hvað lítil leikfélög, eins og ég t.d. þekki á því svæði sem ég bý, í Keflavík — ég tala nú ekki um Litla leikfélagið í Garði á sínum tíma — gátu sett upp margar áhugaverðar sýningar. Þetta var fátt fólk. Það hafði mjög litla peninga umleikis, en áhuginn var ódrepandi og gæðin voru ótrúleg í mörgum þessara sýninga.

En mér finnst að þetta frv. sem við fórum mjög vel í gegnum á liðnu ári í menntmn. þó það yrði ekki afgreitt þá, sé kannski ekki alveg nógu metnaðarfullt fyrir hönd íslenskrar leiklistar. Ég vil tiltaka nokkur atriði, en að mörgum þeirra var einmitt gerð sérstök atlaga, má segja, í viðtölum gesta við menntmn. í fyrra vetur. Það kom glögglega fram að leikhúsfólki var mörgu ákaflega órótt vegna margra atriða þessa frv. sem ýmis hafa verið hér til umræðu í dag og við fundum glögglega að þetta mundi ekki bæta móralinn, ef svo má segja, meðal leikhúsfólks frá því sem verið hefur.

Að vísu hafa verið gerðar ákveðnar breytingar á frv. í sumar en mér finnst það satt að segja engan veginn vera nægjanlegt miðað við þær athugasemdir og vægi þeirra athugasemda sem komu fram við meðferð málsins í menntmn. á liðnu ári.

Ég ætla hér fyrst að gera að umtalsefni 5. gr. frv. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar leikferðir sem víðast um landið."

Ég vil ítreka mikilvægi þessarar greinar og minna á að það hefur reynst þessari menningarstofnun ákafleg erfitt hingað til að uppfylla þetta ákvæði. Þetta hefur reynst dýrt og fjárhag leikhússins ofviða. Ég tala nú ekki um leikferðir til annarra landa. Það hefur verið reynt að fara í slíkar ferðir en það hefur líka verið mjög dýrt og þungur baggi á leikhúsinu þau ár sem það hefur verið gert.

Ég hefði óskað að inn í þessa grein hefði bæst að gerð yrði sjónvarpsuppfærsla af a.m.k. einni leiksýningu Þjóðleikhússins á ári hverju og sýnd í íslenska ríkissjónvarpinu. Þetta hefur líka verið reynt og einstaka sinnum verið gert, þó að það hafi ekki verið sérstaklega bundið við Þjóðleikhúsið, og hefur tekist ákaflega vel til að mínum dómi. Mér finnst að það eigi virkilega núna, þegar við höfum reynsluna, að setja í lög að slíkt verði gert á vegum Þjóðleikhússins a.m.k. árlega og þar að auki svo vonandi hjá öðrum leikhúsum líka.

Ég get ekki verið sammála hv. 6. þm. Norðurl. e., sem ég er þó að flestu leyti sammála, um 6. gr. þar sem tiltekið er að þjóðleikhússtjóri sé skipaður til fimm ára í senn og að embættið skuli ætíð laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils, en að ekki sé í lagatextanum tekið fyrir að hægt sé að endurnýja skipun. Ef allir eru um það sammála að þessi maður hafi unnið ákaflega gott starf og almennur áhugi er á að hafa hann áfram þá fyndist mér mjög slæmt að með lagatexta væri komið í veg fyrir að slíkt væri hægt. En mér finnst að með því að taka það fram að embættið skuli ætíð auglýst þá sé tryggt að þarna verði skipt út ef á því er áhugi og fyrir því er grundvöllur og ég sætti mig fyllilega við það.

Varðandi 7. gr. um að menntmrh. skipi fimm manna þjóðleikhúsráð, þá finnst mér þar ganga aftur sú tilhneiging sem hefur verið ákaflega rík í þeim lagasetningum sem hæstv. núv. menntmrh. hefur beitt sér fyrir, þ.e. að miðstýra þessum hlutum sem mest úr ráðuneytinu. Ég varð vör við það þegar fólk kom til hv. menntmn. að gefa umsagnir á sl. ári að þótt undarlegt megi virðast þá voru flestir ánægðir með þá skipun sem nú er á þessum málum, þ.e. að þarna væru skipaðir menn á vegum stjórnmálaflokkanna á Alþingi. Flestum þótti það hafa reynst vel og flestum leist verr á að menntmrn. hefði algjört vald á því hverjir sætu í þjóðleikhúsráði, ef það ætti á annað borð að hafa það.

Í 15. gr. stendur merkileg setning, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið er í árlegri fjárhagsáætlun þeirra."

Svo mörg voru þau orð. Áður var kveðið á um það í lögum að sveitarfélög mættu ekki veita minna fé til starfandi leiklistar í bænum en ákveðið hefði verið að veita frá ríkinu eftir tillögum Bandalags ísl. leikfélaga. Nú er þessu breytt og sveitarfélögunum í rauninni algjörlega í sjálfsvald sett hvort þau styrkja leiklistarstarfsemi í bænum eða ekki. Ég verð að segja að mér finnst þetta vera afturför frá gildandi lögum. Var það ekki í hittiðfyrra sem sett voru ný lög um bókasöfn? Þá var hliðstætt ákvæði sett inn um að sveitarfélögum væri algjörlega í sjálfsvald sett hversu mikið þau styrktu bókasöfn og var rökstutt með því af hálfu menntmrh. að þetta gæfi þeim svigrúm til að veita meiri stuðning en áður hefði þekkst.

Það væri fróðlegt að heyra hvernig þar hefur til tekist þó að reynslan sé kannski ekki alveg orðin nógu löng. Ég verð að segja að ég sé ekki að neitt standi í vegi fyrir því að sveitarfélög megi styrkja leiklistarstarfsemi meira en ríkið gerir samkvæmt tillögum Bandalags ísl. leikfélaga í núgildandi lögum. Eina svigrúmið sem þetta veitir er til að afnema styrkina þegar að dómi sveitarstjórnarmanna stendur illa á við gerð fjárhagsáætlunar. Mér finnst þetta ekki vera ákvæði sem til framfara horfir um íslenska leiklist, sérstaklega úti um land.

Það fór ekkert á milli mála, eins og hér hefur komið fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., að ýmsir höfðu miklar áhyggjur af því að úr lögum var tekin upptalning á þeim atvinnuleikhúsum sem ríkinu bæri að styrkja. Að vísu hefur verið sett þarna inn breyting í 16. gr., með leyfi forseta:

„Í þessum efnum skal taka sérstakt tillit til leiklistarstofnana og félaga sem lengi hafa notið fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði."

En ég verð að segja að mér hefði fundist sterkara fyrir þessi félög sem eru að berjast í bökkum ef nafn þeirra stæði í lögum og öllum væri ljóst að menntmrn. bæri að styrkja þau. Ég held að þá mundi þessu fólki líða betur. Við skulum bara

nefna þau: Leikfélag Akureyrar og Leikfélag Reykjavíkur og líka má nefna Íslensku óperuna. Þau lentu á erfiðu árunum svokölluðu í miklum hallarekstri sem þau eru að berjast við. Þetta eru leikfélög sem hafa starfað af miklum metnaði. Leikfélag Reykjavíkur er t.d. með 100 manns á launaskrá og er fullkomið atvinnuleikhús sem hefur verið með mjög góðar sýningar, t.d. á liðnum vetri.

Ég er ekki sammála því sem hv. 14. þm. Reykv. sagði þegar hún bar þetta saman við Alþýðuleikhúsið sem hefði einu sinni verið starfandi sem atvinnuleikhús, Loftkastalann eða leikfélag Húsavíkur. Þessi félög eru rekin á allt öðrum grunni. Þau voru aldrei með fastlaunað fólk, fastlaunasamninga við leikara. Þau gerðu hins vegar mjög marga góða hluti. Ef við tökum sérstaklega Loftkastalann þá hafa þar náttúrlega verið mjög góðar sýningar. En flestir þeir leikarar sem taka þar þátt í sýningum eru annaðhvort fastlaunafólk hjá Þjóðleikhúsinu eða eftirlaunafólk. Það er ekki um það að ræða að Loftkastalinn, þó hann sé gott leikhús, sé með fastlaunasamninga við leikara. Þess vegna finnst mér ekki hægt að tala um það leikhús í sama orðinu og t.d. Leikfélag Reykjavíkur.

Mér fyndist sterkara að telja a.m.k. þessi þrjú leikhús upp í lagatextanum og ég vona að hv. menntmn. gefist tækifæri til þess í meðförum milli umræðna að koma með breytingartillögur við lagatextann þessa efnis.

[11:58]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér ræðum við að nýju frv. til leiklistarlaga. Eins og fram hefur komið í umræðunni var frv. lagt fram á síðasta þingi en hlaut þá eigi afgreiðslu enda gagnrýnt mjög harkalega og þá ekki síst ákvæði sem koma fram í 6. gr. um skipan þjóðleikhússtjóra, í 7. gr. um skipan þjóðleikhúsráðs og 16. gr. þar sem tekið er á stuðningi ríkisins við önnur leikfélög en Þjóðleikhúsið.

Í frv. sem nú er lagt fram er þessum atriðum breytt lítillega. Samt finnst mér eins og herslumuninn vanti. Það er jafnvel gefið til kynna að það eigi að breyta í þá átt sem gagnrýnin tók til en hins vegar er mjög lítið um tryggingar. Vil ég í því sambandi gera þessi þrjú atriði sérstaklega að umtalsefni.

Fyrst er það 6. gr. um ráðningu þjóðleikhússtjóra. Þar segir nú að auglýsa eigi starfið á fimm ára fresti. En ég tel að með því orðalagi sem er í greininni sé verið að opna á þann möguleika að þjóðleikhússtjóri sitji mjög lengi. Ekki kannski æviráðinn, en að hann geti setið mjög lengi. En þó eru í greininni skýr ákvæði um auglýsingu á fimm ára fresti sem eru ekki eins skýr í almennum starfsmannalögum. Mér finnst þetta því svolítil sérstaða miðað við aðra starfsmenn ríkisins en þó er þetta að mínu mati ekki nógu skýrt. Ég tel að það fyrirkomulag sem er í núgildandi lögum sé betra, þ.e. að þak hafi verið sett á þá tímalengd sem þjóðleikhússtjóri getur starfað. Ég tel að í þessu tilviki, ef við miðum við fimm ára ráðningartíma, þá sé æskilegt að setja hámark tíu ár og vil ég í því sambandi benda á fordæmi við ýmis erlend stöndug leiklistarfélög, t.d. National Theatre í London og Shakespeare Theatre þar sem tíu ár er hámarksráðningartími.

Ég tel að slík regla muni virka mjög hvetjandi bæði fyrir starfandi þjóðleikhússtjóra og einnig fyrir aðra listamenn á sviðinu, að eygja möguleika á að keppa. Ég fagna því að auglýsa á embættið á fimm ára fresti en ég tel að setja eigi þarna inn hámarksákvæði um tíu ár.

Varðandi 7. gr. um skipun þjóðleikhúsráðs má vissulega segja að ekki sé verið að slaka á pólitísku klónni í frv. en sú breyting er gerð að menntmrh. á að skipa pólitísku fulltrúana en ekki þingflokkar Alþingis. Þó að það sé vissulega álitamál hvort fjölga eigi fagmönnum í þessu fimm manna þjóðleikhúsráði, þá tel ég eðlilegt þar sem um mjög mikilvæga ríkisstofnun er að ræða að menntamálayfirvöld hafi þar örugga stjórn. Ég geri ekki athugasemd við það í þessu tilviki fremur en almennt að framkvæmdarvaldið skipi þá fulltrúa og því finnst mér þessi grein í raun ásættanleg eins og hún er núna.

Þriðja stóra álitamálið varðar 16. gr. og stuðning við aðra leiklistarstarfsemi en Þjóðleikhúsið. Í stað þess að telja upp þá aðila, eins og gert er í núgildandi lögum sem fá stuðning, þá er valdið fært til framkvæmdarvaldsins, þ.e. menntmrh., til að ákveða hverja skuli styrkja hverju sinni. Í gildandi lögum eru leikfélög sérstaklega nefnd t.d. Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar, Íslenska óperan og svo Bandalag íslenskra leikfélaga, en í þessu frv. er engin slík upptalning en þó er bætt við í lok 16. gr. ákvæði sem styrkir aðeins stöðu þessara félaga, þ.e. orðalagið er þetta, með leyfi forseta:

„Í þessum efnum skal taka sérstakt tillit til leiklistarstofnana og félaga sem lengi hafa notið fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði."

Í athugasemd með 16. gr. eru sérstaklega tilnefnd Leikfélag Akureyrar, Leikfélag Reykjavíkur og Íslenska óperan, og tel ég það til bóta miðað við orðalag greinanna að þessi félög skuli a.m.k. vera nefnd í athugasemdum, en Bandalag ísl. leikfélaga er ekki nefnt sem ég tel tvímælalaust að ætti að vera.

Herra forseti. Ég tel það vissulega álitaefni í landslagi eins og núna þegar næstum því mánaðarlega koma upp mjög gróskumiklir leikhópar, að binda eigi með lögum stuðning við ákveðna aðila en ekki aðra. Ég tel þó að þau félög sem nefnd eru í athugasemdum, Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar og Íslenska óperan, hafi svo mikla sérstöðu að ekki sé nægjanlegt að nefna þau í athugasemdum, betra væri að nefna þau í sjálfri lagagreininni. Og þar vildi ég einnig sjá Bandalag íslenskra leikfélaga nefnt með sömu rökum því að þetta félag hefur algjöra sérstöðu þegar störf áhugaleikhópa í landinu eru annars vegar. Að mínu mati er því stigið of stutt skref þó að lokasetning lagagreinarinnar sé til bóta.

Ég tek undir með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að í frv. kemur ekki fram afdráttarlaus stefnumörkun gagnvart leiklist á landsbyggðinni. Auðvitað á að fjalla um byggðamál þegar fjallað er um einstaka málaflokka því að byggðastefna sem byggir bara á einhverjum sérlögum eða sérstakri stofnun, eins og Byggðastofnun, getur ekki orðið lífvænleg. Það þarf að samþætta byggðamál inn í öll mál ef hún á raunverulega að hafa áhrif.

Ég tel að í frv. komi skýrt fram að byggðastefna Sjálfstfl. í menningarmálum ristir ekki mjög djúpt og er ég þá sérstaklega að tala um leiklistarmálin. Hún ristir ekki það djúpt að tryggja beri með lögum að lífvænlegt leiklistarlíf blómgist á landsbyggðinni. Nei, það á að vera á valdi menntmrh. hverju sinni að ákveða slíkt. Ég tel að þetta sé ekki nægilega skýrt og vildi gjarnan sjá kveðið skýrar að orði, ekki síst frá Sjálfstfl. sem telur sig nú vera mjög vinsamlegan byggð í landinu úti um allt land.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál að sinni en mun beita mér fyrir ofannefndum breytingum í hv.

menntmn. Það er auðvitað ekkert skrýtið að mál af þessu tagi sé mjög umdeilt. Margir eru um hituna og mjög blómlegt leiklistarlíf er í landinu, sem betur fer, og mér finnst sjálfsagt að hv. nefnd hlusti á sem flest sjónarmið. En löggjafinn hlýtur að þurfa að hafa skýra meginstefnu sem hlýtur að hafa það markmið að efla leiklistina í landinu og að því opinbera fjármagni sem er veitt til þessa málaflokks sé varið sem best þannig að sem flestir geti nýtt þetta fjármagn og að leiklistin verði á sem hæsta stigi.

[12:09]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get á vissan hátt tekið undir orð hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, og deilt með henni áhyggjum af því að við gætum hugsanlega með þessum lögum setið uppi með þjóðleikhússtjóra í mjög langan tíma.

Eitt af því sem skiptir mjög miklu máli í Þjóðleikhúsinu er að það sé sprelllifandi stofnun og það koma alltaf nýir siðir með nýjum mönnum. Ég minnist þess að þegar þjóðleikhússtjóri sem nú situr var ráðinn talaði hann einmitt um hvað það skipti miklu máli að Þjóðleikhúsið væri sprelllifandi stofnun og að þar færu fram ákveðnar útskiptingar.

Miðað við 6. gr. frv. kemur í ljós að möguleiki er á því að endurráða þjóðleikhússtjóra — hvert tímabil er fimm ár. Þrátt fyrir að staðan sé auglýst getur það gerst að þjóðleikhússtjóri sitji í mjög langan tíma vegna endurráðningar.

Mér fyndist mun nær að setja í lög ákveðinn kvóta, annaðhvort bara fimm ár eða hámark tíu ár. Ef við settum fimm ár sem kvóta mætti ráða þjóðleikhússtjóra á nýjan leik að fimm árum liðnum, þ.e. hann fengi þá fimm ára frí, mundi vinna eitthvað annað innan stofnunarinnar eða annars staðar og gæti þá komið aftur. Mér finnst full ástæða til að vekja athygli á þessu og ég get í rauninni deilt áhyggjum mínum af þessu atriði með hv. þm.

[12:11]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Í sambandi við frv. sem liggur frammi um leiklistarlög, svo og um frv. sem lagt var fram á síðasta þingi, þá hafa spunnist mjög miklar umræður um það hvað felist í raun í því að fella niður upptalningu á leikfélögum sem fram kemur í 2. gr. gildandi leiklistarlaga. Því er haldið fram að í þessari upptalningu séu fólgnar einhvers konar tryggingar gagnvart þeim aðilum sem taldir eru upp.

Nú er það ekki svo þegar um fjárveitingar er að ræða að tryggingar séu fólgnar í því að slík upptalning fari fram, og á það raunar ekki eingöngu við um leiklistarlög heldur almennt. Fjárlagagerðin ræður því að sjálfsögðu hversu ríflega veitt er til einstakra stofnana, fyrir utan það að þar sem samningar eru í gildi um þessi mál eru stjórnvöld samningsbundin af framlögum sínum og eru í raun þær einu tryggingar sem hægt er að tala um í þessu sambandi.

Ef við lítum á upptalninguna í gildandi lögum þá er Leikfélag Reykjavíkur m.a. talið þar upp og þar er minnst á óperustarfsemi. Nú hefur reyndin hins vegar orðið sú að Leikfélag Reykjavíkur hefur ekki fengið framlög úr ríkissjóði og er það afleiðing þess að samningar voru gerðir um að hlutverkaskipti yrðu milli ríkisins og Reykjavíkurborgar með þeim hætti að ríkið styrkti óperu sem hér starfar, Íslensku óperuna, en Leikfélag Reykjavíkur kæmi í hlut borgarinnar.

Það er að sjálfsögðu erfitt að leita jafnvægis í því hvernig ríkið á að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer í sveitarfélögum. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að reyna að leita einhvers konar jafnvægis að því er varðar höfuðborgarsvæðið annars vegar og landsbyggðina hins vegar. Mjög mikil tilhneiging er til þess að ríkið hafi meiri umsvif á höfuðborgarsvæðinu í menningarmálum en annars staðar á landinu og þar af leiðandi ekkert óeðlilegt, t.d. út frá byggðasjónarmiði séð, að þegar sú staða kemur upp að starfsemi, eins og Íslenska óperan, er sett á kostnað ríkisins þá sé dregið úr stuðningi ríkisins við Leikfélag Reykjavíkur til að skapa einhvers konar jafnvægi í þeim styrkveitingum. Þetta er nú það fyrsta.

Í öðru lagi kemur í ljós í sambandi við 2. gr. gildandi laga að engar tryggingar eru fólgnar í því að aðilar séu taldir upp í þessum lögum. Besta dæmið um það er Leikfélag Reykjavíkur sem hefur ekki fengið framlög úr ríkissjóði þó að það sé talið upp.

Í raun er þessi upptalning hluti af liðnum tíma og ber hans merki. Í frv. hefur komið fram sá vilji að fella niður upptalningarnar en með þeirri tæknilegu aðgerð er ekki ætlunin að draga úr framlögum til þeirra sem stunda leiklistarstarfsemi úti á landi.

Það var sérkennilegur málflutningur sem fram kom áðan, að líta svo á að niðurfelling upptalningar á stofnunum í 2. gr. núgildandi laga væri sérstök árás á landsbyggðina. Í þessari upptalningu eru fyrst og fremst stofnanir í Reykjavík og fyrst og fremst verið að fella niður upptalningu á þeim. Því er mjög sérkennilegt að túlka þetta atriði sem sérstaka árás á landsbyggðina. Ef eingöngu væru felldar úr upptalningunni stofnanir á landsbyggðinni, þá væri kannski hægt að líta á það sem árás á landsbyggðina en svo er ekki og þessi umræða öll frekar óeðlileg.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir taldi að valdið væri fært til framkvæmdarvaldsins en í framkvæmdinni hafa verið gerðir samningar milli ríkisins og aðila þó í lögum hafi ekki beinlínis verið kveðið á um að það væri heimilt fyrr en nú í þessu frv. Hverjir hafa gert þessa samninga? Að sjálfsögðu hefur framkvæmdarvaldið gert þessa samninga. Hafi þessir samningar styrkt leiklistarstarfsemi um skeið eins og það hefur gert á Akureyri, þá er það að sjálfsögðu verk framkvæmdarvaldsins. Ég endurtek það að í samningunum er fólgin hin eina raunverulega trygging.

Samstarf ríkisins, Akureyrarbæjar og Leikfélags Akureyrar sem nú er bundið með þríhliða samningi þessara aðila hefur styrkt starfsemi Leikfélags Akureyrar og menningarstarfsemi á Akureyri yfirleitt. Aðdróttanir um að á bak við þetta frv. sé dulin árás á Leikfélag Akureyrar eða landsbyggðina fá ekki staðist við neinar staðreyndir. Það liggur t.d. fyrir í fjárlagafrv. að þar er aukinn stuðningur við menningarmál á Akureyri og verður áfram unnið að framhaldi á þessu samstarfi milli ríkisins, Leikfélags Akureyrar og bæjarstjórnar, þ.e. nýrrar bæjarstjórnar. Ég held því að hér búi eitthvað allt annað á bak við en staðreyndir málsins. Staðreyndin er að núv. menntmrh. og sá sem sat í því sæti á undan honum hafa ekki dregið úr framlögum til menningarmála, t.d. á Akureyri. Þvert á móti hafa þeir styrkt þau með ýmsum hætti og þá er átt við menningarmálin í víðasta samhengi. Það á t.d. við um myndlistarkennslu og leiklistarstarfsemi. Því er sérkennilegt hversu umhugað hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur er að vekja tortryggni í þessu sambandi. Það vekur upp spurningar um það hvort ekki sé kominn inn í þingsalinn, eins og var í fyrra, einhvers konar kosningaskjálfti og menn vilji byggja sér upp einhverja stöðu með því að vekja tortryggni.

Byggðastefna Sjálfstfl. ristir ekki djúpt, sagði hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir. Sjálfstfl. þarf ekki að fyrirverða sig

fyrir stefnu sína í menningarmálum og síst af öllu gagnvart landsbyggðinni. Hann hefur tekið á því máli og þar er meira í vændum.

[12:19]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Tómasi Inga Olrich er nokkuð í mun að gera málflutning minn tortryggilegan. Ég vil hins vegar benda honum á að ræða mín er ekki mikið breytt frá ræðu minni fyrir um það bil ári þegar frv. kom fram, einfaldlega vegna þess að málið er svo ótrúlega líkt og nánast hið sama.

Hv. þm. virðist ekki koma auga á þann mun sem er á milli menningarstarfseminnar úti á landi og þeirrar sem er á höfuðborgarsvæðinu. Hann virðist ekki átta sig á því að sú starfsemi er í öllu tilliti viðkvæmari. Þegar fjallað var um málið kom fram hjá mörgum viðmælenda hv. menntmn., og hann hlýtur að hafa heyrt það rétt eins og ég, að þeir höfðu ákveðnar áhyggjur vegna þess að staðan væri viðkvæmari. Menn höfðu áhyggjur af því að þeirra yrði ekki lengur getið í lögum vegna þess að í því felst ákveðin trygging. Tryggingin felst í því að það þarf a.m.k. að rökstyðja af hverju ekki er um fjárframlög að ræða. Ef svo er ekki, eins og hjá Leikfélagi Reykjavíkur, þá eru ákveðnar skýringar á því, þ.e. að gerður hafi verið samningur. Af hverju ætli ríkið hafi fundið sig knúið til að gera þennan samning? Jú, það hafði ákveðnar skyldur samkvæmt lögum. Um þetta snýst málið, að mörkuð sé pólitíska stefna um það gagnvart hverju ríkið á að hafa skyldur.

[12:21]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkið hafði skyldur gagnvart Leikfélagi Reykjavíkur af því að það stóð í greininni og þess vegna gat það fellt niður framlög til Leikfélags Reykjavíkur. Þetta er nú orðinn frekar sérkennilegur hringlandaháttur. Dæmið sýnir fram á að ekki sé fólgin trygging í því að hafa nafnið inni í 2. gr. núgildandi laga fyrst í ljós hefur komið að Leikfélag Reykjavíkur fær ekki stuðning og kvartar undan því. Það hefur komið skýrt fram á fundum menntmn. að Leikfélag Reykjavíkur kvartar sáran undan því að fá ekki framlög. Í hverju er þá þessi trygging fólgin sem hv. þm. var að tala um hér áðan? Tryggingin er að sjálfsögðu fólgin í samningunum sem gerðir eru. Það hafa verið gerðir samningar við Leikfélag Akureyrar og stendur ekki til að gera breytingu á því. Um það hefur engin yfirlýsing komið. Þvert á móti er fullur vilji fyrir því að styrkja áframhaldandi menningaruppbyggingu á Akureyri.

Vilja menn ekki horfast í augu við þá einföldu staðreynd að ríkið hefur stóraukið umsvif sín á öllum sviðum úti á landi í náttúruvísindum, menningarstarfsemi og háskólakennslu? Ef menn vilja ekki horfast í augu við þetta þá hafa þeir ekki mikinn skilning á byggðastefnu.

[12:23]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek það sem ég sagði áðan. Það hefur komið fram að ef ríkið hefði ekki talið sig hafa skyldur við Leikfélag Rekjavíkur, af því að það stendur í lögum, þá hefði það ekki farið út í þessa samningsgerð. Ef fullur vilji er fyrir hlutunum þá er eðlilegast að það komi fram í lögum. Ef fullur vilji er fyrir því að styrkja Leikfélag Akureyrar, að um áframhaldandi samningsgerð verði að ræða og skilningur er á mikilvægi þess, af hverju kemur það þá ekki fram í textanum? Af hverju má þá ekki segja það? Það veldur tortryggni og það er eðlilegt. Það er nefnilega ekki nóg að segja hlutina þannig að gefið sé í skyn að einhver meini vel. Það þarf að koma fram í lögum til þess að menn trúi því. Ég stend við það sem ég sagði, herra forseti: Það skiptir máli fyrir mjög marga aðila að þeirra sé getið í lögum. Annars væri löggjöf á Íslandi allt öðruvísi en hún er. Í hvert sinn sem hér eru sett lög, þá er auðvitað matsatriði hvort og þá hvernig geta eigi þeirra aðila sem mestra hagsmuna hafa að gæta. Það er iðulega gert og með því er mörkuð ákveðin stefna og ég auglýsi eftir þeirri stefnu hér. Orðin tóm nægja ekki. Ef menn vilja að orðunum sé treyst, þá þurfa þau að standa í lögunum.

[12:25]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir lendir í miklum vandræðum með að sannfæra þingheim um að sú staðreynd að Leikfélag Reykjavíkur var nefnt í 2. gr. hafi verið aðalástæðan fyrir því að hægt var að semja við Óperuna. Samningagerðin leiddi til þess að styrkur til LR féll niður og Leikfélag Reykjavíkur kvartar sáran undan því. Í hverju er þá fólginn sá hagur sem Leikfélag Reykjavíkur hefur af þessu? Hvaða trygging er fólgin í þessu fyrir Leikfélag Reykjavíkur? Um það snerist spurningin sem ég varpaði hér fram áðan, þvert á móti því sem hv. þm. hélt fram hér að Leikfélagi Reykjavíkur væri einhver trygging í 2. gr.

Að sjálfsögðu skipta hér máli gjörðir manna og í þessari umræðu hefur það sýnt sig að fullur vilji er fyrir því að standa við bakið á menningarstarfsemi úti á landi og þar á meðal Leikfélagi Akureyrar. Til Leikfélags Akureyrar eru gerðar miklar kröfur sem eðlilegt er og það er fullur vilji til standa við bakið á Leikfélagi Akureyrar. Það sem staðfestir þessi orð eru gerðirnar. Það eru framlögin og það eru samningarnir sem skipta mestu máli. Í samningunum finna félögin og Leikfélag Akureyrar þar á meðal þá tryggingu sem hægt er að ætlast til.

[12:26]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. Tómas Ingi Olrich taldi að stefna menntmrn. væri sú að færa sem mest af menningu og þar á meðal leiklist út á land. Ef þetta er meiningin, hvers vegna er frv. þá hannað svo sérkennilega sem hér er? Þar vil ég sérstaklega nefna 15. gr. Þar stóð áður að sveitarfélögum bæri skylda til að styrkja leiklistarstarfsemi a.m.k. jafnmikið og ríkið gerði samkvæmt tillögum Bandalags ísl. leikfélaga. Samkvæmt frv. er það nú orðað svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið er í árlegri fjárhagsáætlun þeirra."

Þetta finnst mér gefa sveitarfélögum færi á að víkjast undan því að styrkja leiklistarstarfsemi ef þannig stendur í bólið hjá þeim. Mér finnst þetta ekki vera til framfara fyrir leiklistarstarfsemi á landinu og ég skil ekki hvers vegna þetta skref er tekið. Ég vil biðja hv. þm. að útskýra það fyrir mér. Að lokum vil ég taka fram að það skiptir máli að þeirra atvinnuleikhúsa sem hér hafa verið talin upp sé getið í lögum. Ef hv. þm. og hæstv. ráðherra eru þeirrar skoðunar að það skipti engu máli, hvers vegna eru þeir þá svo harðir á því að textanum verði ekki breytt?

[12:29]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi sérstaklega 15. gr. og velti því fyrir sér hvernig stæði á því að sú skuldbinding sem þar hvíldi á sveitarstjórnunum væri numin brott. Það er náttúrlega eðlilegt að hv. þm. sé óróleg yfir þessu. Með þessu er dregið nokkuð úr miðstjórn og það er mjög eðlilegt að þingmaður með jafnsterka miðstjórnaráráttu og hv. þm. finni að því.

Að sjálfsögðu er verið að fylgja því eftir sem hér hefur verið í gangi og allir verið sammála um, að auka ábyrgð og sjálfstæði sveitarfélaganna. Hvers vegna er það gert, hv. þm.? Vegna þess að þeir sem ganga fram í því trúa að sveitarfélögin hafi metnað til að sinna þeim störfum þó hv. þm. trúi því kannski ekki. Auðvitað er gert ráð fyrir því að frumkvæði heimamanna muni leiða þessi mál í góðan farveg. Hverju er hægt að treysta ef ekki má treysta frumkvæði heimamanna?

[12:30]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að sönnu manneskja miðstýringar hvað það snertir að ég tel að ríkið eigi að veita ákveðna forustu, að ríkið eigi að reka ákveðna menningarpólitík og að ríkið eigi að beina því til sveitarfélaganna að þeim beri ákveðin skylda til að standa við bakið á ákveðinni menningarstarfsemi. Þannig hefur þetta verið varðandi leiklistarstarfsemi og auðvitað hefur stundum verið vel staðið við bakið á litlum leikfélögum úti um land af sveitarstjórnum og verður vonandi í framtíðinni.

En það hefur líka verið misbrestur á því og ég veit dæmi þess að sveitarfélög hafa kvartað yfir þeirri skuldbindingu sem sett hefur verið á þau í lögum um að þau verði að leggja fram a.m.k. jafnháa fjárhæð og ríkið. En nú er því létt af þeim og auðvitað er sagt eins og hér hefur áður verið gert við afgreiðslu annarra frumvarpa: „Það er gert til þess að veita ákveðið svigrúm og styrkja stöðu sveitarfélaganna.“ En ég er fyrst og fremst að hugsa um stöðu leikfélaganna þegar ég kvarta.

[12:32]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir hefur réttilega bent á að þarna er um tvær leiðir að ræða í menningarmálum, mismunandi stefnu. Annars vegar er þessi miðstýringarárátta sem hv. þm. hefur viðurkennt að hún sé fulltrúi fyrir og hins vegar er menningarpólitík sem byggist á frumkvæði heimamanna. Með öðrum orðum snýst málið um það hvort við ætlum að byggja upp menningarpólitík sem byggist á frumkvæði heimamanna eða á fyrirsögn að sunnan. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, hv. þm., að ég kýs frekar að byggja menningarstefnu á frumkvæði heimamanna.

Ég vil bara geta þess að það er einmitt þetta frumkvæði heimamanna sem nú á síðari árum hefur fengið ýmsa viðurkenningu. Fyrir utan leikfélögin sem gjarnan mætti minnast á í þessu sambandi þá nefni ég t.d. að frumkvæði heimamanna í náttúruvísindum hefur nú verið viðurkennt. Ríkisstjórnin hefur viðurkennt það á mjög rausnarlegan hátt. Það er einnig hægt að nefna að frumkvæði heimamanna á sviði íþróttamála hefur líka verið viðurkennt af ríkinu með ríflegum styrkjum þannig að þarna er verið að svara þessu frumkvæði með sérstakri stefnu í menningarmálum.

[12:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í þessu frv. er margt til bóta. Hér er verið að hverfa frá ýmsum hlutum sem hafa verið menningu til baga. Þegar maður les frv. þá eru samt einstök atriði dálítið undarleg eins og t.d. 14. gr. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk framlaga til Þjóðleikhússins veitir Alþingi árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi, bæði atvinnumanna og áhugaleikfélaga.“

Þarna er verið að setja kvöð á Alþingi framtíðarinnar, því að þessi lög gilda væntanlega áfram, um að veita fjármagn á fjárlögum. Ég get ekki séð að þetta hafi nokkuð að segja, ekki nokkurn skapaðan hlut því að Alþingi framtíðarinnar hefur að sjálfsögðu fjárveitingavald og ræður því algjörlega sjálft hvort það setur peninga í þessa starfsemi eða ekki.

Það sama á við 12. gr. þar sem talað er um að kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins greiðist úr ríkissjóði. Þetta er að sjálfsögðu ákvörðunarvald Alþingis í framtíðinni þannig að þessi ákvæði bæði eru tóm.

Svo hefur hér verið rætt nokkuð um það að sveitarfélög skuli veita fé til leiklistarstarfsemi. Þar gildir það sama því að sveitarfélögin hafa forræði á sínu fé og þau ráða því alveg sjálf hvort þau setja peninga í leiklistarstarfsemi eða ekki þannig að hér er dálítið mikið af óskaákvæðum.

Í 3. gr. og í 13. gr. kemur fram ákveðin steinsteypudýrkun. Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar. Þetta er eitthvað eldgamalt ákvæði þegar menn héldu að steinsteypa væri eitthvað mikilvægt. Í fyrsta lagi eru þarna spurningar um hugtök eins og: Hvað er eign og hvað er íslenska þjóðin? Þetta eru hugtök sem eru notuð dálítið oft en menn gera ekki grein fyrir. Íslenska þjóðin, eru það menn sem hafa íslenskan ríkisborgararétt, fólk sem er úti um allan heim og hefur jafnvel aldrei á ævinni komið til Íslands eða er átt við fólk sem býr á Íslandi, þ.e. líka útlendinga? Hvað er íslenska þjóðin? Og Þjóðleikhúsið er eign. Hvað þýðir eign? Ef ég á eitthvað þá má ég nota það. En ég get ekki labbað inn í Þjóðleikhúsið, tel ég mig þó vera hluta af íslensku þjóðinni, því að Þjóðleikhúsinu er væntanlega læst á nóttunni. Ég get því ekki notað Þjóðleikhúsið að eigin vilja eins og aðrar eignir mínar þannig að þetta er dálítið skrýtið ákvæði.

Þessu tengt er 13. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.“

Það er sem sagt verið að segja að steinsteypan þarna á ákveðnum stað í bænum sé eitthvað sérstök. Leikhús er að sjálfsögðu ekki steinsteypa þar sem leikstarfsemi fer fram í, alls ekki. Það er til mikil og blómleg starfsemi sem fram fer í tjöldum. Ég nefni sirkusa og annað slíkt. Það er líka til starfsemi sem fer fram undir berum himni. Ég nefni þjóðhátíðir og annað. Þjóðhátíðin í Vestmannaeyjum er mjög merkileg menningarstarfsemi og þar er engin bygging, þar eru bara tjöld og meira að segja fer mest fram undir berum himni í roki og rigningu oft og tíðum. (**Menntmrh.:** Alþingi fór reyndar lengi fram undir berum himni.) Já, það er líka ágætisinnlegg í umræðuna.

Herra forseti. Ég kom aðallega í pontu til að ræða um stjórnskipunina og skipulagið. Í 6. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn, að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og markar listræna stefnu ...“ o.s.frv.

Þá kann væntanlega sá maður sem ráðinn er þjóðleikhússtjóri að halda með vísan í 6. gr. að hann eigi að stjórna. Það mundi maður halda. En svo kemur í 7. gr., með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð.“

Gott og vel. Það er eitthvert ráð sem á að ráðleggja einhverjum væntanlega, en svo stendur í 2. mgr. 7. gr., með leyfi forseta:

„Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins ...“

Og hvað skyldi það nú þýða? Ef ég yrði kjörinn í þjóðleikhúsráð, sem ég reikna alls ekki með, þá mundi ég lesa út úr þessari setningu að ég ætti að stjórna sem stjórnarnefndarmaður. En þá lendi ég í vandræðum. Hver á að ráða, þjóðleikhússtjóri eða þjóðleikhúsráð? Hver á að ráða? Þetta leiðir til vandræðagangs, stjórnunarlegra mistaka og þess að mál frestast, fást ekki í gegn, átök myndast, persónuleg átök og enginn ber ábyrgð vegna þess að þjóðleikhússtjóri getur ekki borið ábyrgð gagnvart ráðherra því að hann segir: „Þjóðleikhúsráð tók af mér völdin.“ Þjóðleikhúsráð ber heldur ekki ábyrgð gagnvart ráðherra vegna þess að það mun segja: „Þjóðleikhússtjóri fór bara ekki eftir því sem við sögðum.“ Með þessum hætti er því vald og ábyrgð beggja aðila minnkuð, ábyrgðin líka. Ég legg til að menntmn. sem fær frv. til umsagnar skoði þann möguleika að menntmrh. skipi fimm manna þjóðleikhúsráð og það ráði og reki þjóðleikhússtjóra þannig að það beri ábyrgð á honum og hann beri ábyrgð gagnvart því. Síðan ráði þjóðleikhússtjóri annað starfsfólk og reki það. Og því þarf að bæta inn í 6. gr.: „Hann ræður og rekur aðra starfsmenn leikhússins“.

Þetta var um stjórnskipunina og það er mjög víða í opinberri stjórnsýslu að skipuritið er ekki hreint sem leiðir til vandræðagangs í stjórnun þannig að ákvarðanir fást ekki teknar og enginn ber ábyrgð.

Herra forseti. Það er svo merkilegt að við hér á landi búum við ákaflega blómlegt leikhúslíf og menningarlíf yfirleitt og það merkilega er að mest af því er ekki í þessum opinbera geira. Mörg leikhús hafa sprottið upp, myndlistarsýningar og annað slíkt sem njóta lítilla eða engra styrkja og veita um leið hinum opinbera leiklistarhluta ákveðna samkeppni.

Maður spyr sig: Hvers vegna í ósköpunum þarf að taka peninga af skattgreiðendum, taka peninga úr öðrum vasa borgarans og borga honum til baka með niðurgreiðslu á miðaverði? Af hverju í ósköpunum þarf að gera þetta? Af hverju borgar maðurinn bara ekki sjálfur sína leikhúsferð? Það skyldi þó ekki vera að einhver vilji stýra fólki inn í ákveðna menningu? Það skyldi ekki vera að menn vilji hafa vit fyrir borgaranum, hafa forsjá fyrir honum, sjá til þess að hann sæki ákveðnar sýningar en aðrar ekki? Það skyldi nú ekki vera?

Ef við tökum dæmi um frægt leikhús eins og Vínaróperuna þá nýtur hún gífurlegra styrkja frá austurríska ríkinu. Ég man ekki tölurnar en þær eru óskaplega háar. Þessir styrkir eru að sjálfsögðu borgaðir af öllum Austurríkismönnum, líka lágtekjufólkinu, í formi virðisaukaskatts, söluskatts og annars slíks. En hverjir sækja þessar sýningar? Miðaverðið í óperunni er svo hátt í Austurríki að það geta raunar ekki aðrir en meðaltekju- eða hátekjumenn sótt sýningarnar. Þetta kemur því út þannig að lágtekjufólkið er að niðurgreiða menningu fyrir hátekjufólkið. Þetta kemur þannig út og oft og tíðum gerist þetta svona, líka á Íslandi, að fólk sem borgar t.d. virðisaukaskatt, borgar hærra vöruverð, hefur ekki efni á því eða ekki tíma til að sækja leiksýningar vegna þess að það er svo önnum kafið við að vinna fyrir þessum leiksýningum sem aðrir njóta.

Svo er til mjög mikið af menningu sem almenningur stundar en engum dettur í hug að styrkja. Þar á ég t.d. við menningarstarfsemi sem fram fer á ölkrám eða þjóðhátíðum eða einhverjum hátíðum úti á landi sem er lítt eða ekkert styrkt. Og spurningin er: Af hverju í ósköpunum erum við að taka peninga úr öðrum vasa skattgreiðenda og láta hann fá þá ef hann sækir ákveðna sýningu? Hvers vegna þarf þetta? Af hverju sækir fólkið ekki menninguna sjálft?

Hér var áðan rætt um hlut sveitarfélaga. Í 15. gr. stendur, með leyfi herra forseta:

„Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið er í árlegri fjárhagsáætlun þeirra.“

Sumir hv. þm. töldu að þetta leiddi til þess að ekki yrði um styrk að ræða. Látum okkur nú sjá, af hverju? Getur verið að sveitarstjórnir vilji kannski frekar leggja meiri áherslu á menntun barna sinna í grunnskólunum, veita þeim betri kennslu? Getur verið að þeir vilji kannski opna barnaheimili árinu fyrr en seinna? Getur verið að menn hafi kannski aðrar áherslur en akkúrat þær að hafa einhverja hámenningarlega leiklistarstarfsemi sem fólkið hefur kannski engan áhuga á? Hvernig væri að spyrja fólkið sjálft hvað það hefur áhuga á að sjá og hætta að taka peninga úr öðrum vasa þess til láta það sjá eitthvað sem einhverju hámenntuðu fólki er þóknanlegt? Það er verið að búa til ákveðna menningu með þessum hætti sem ekki er endilega menning fólksins. Ég bendi á að orðið „menning“ er dregið af „maður“ eða „menn“ og það sem menn gera er menning. Menning er ákaflega vítt hugtak og alls ekki bara það að hafa sinfóníuhljómsveitir eða þjóðleikhús.

[12:43]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal flutti hér athyglisverða ræðu og spurði nokkurra grundvallarspurninga. Ég ætla mér ekki þá dul að svara þeim grundvallarspurningum hér en vil hins vegar, herra forseti, benda á að fólkið sýnir mjög vel hvað það vill. Það gerir það með því að mæta. Það er þannig að flestir sem hafa tekið til máls í dag hafa mært hina miklu grósku sem er í íslensku leiklistarlífi. Þessi mikla gróska er ekki vegna ríkisstyrkja. Hún er vegna áhuga fólksins, einfaldlega vegna þess að ef fólk ekki mætti í leikhúsið til að njóta þess sem borið er fram þá væri ekkert leikhús á Íslandi. Hér er afskaplega mikill leikhúsáhugi. Það er bæði áhugi fyrir þátttöku og þess að fá að njóta. Hann er um allt land og við eigum að svara honum alls staðar.

Komið hefur í ljós að þegar sjónvarpið hefur tekið sig til og verið með leiksýningar, sunnudagsleikhús, að áhorf hefur verið með allra mesta móti. Og menn segja að þátttaka almennings í menningarviðburðum ýmiss konar, þ.e. mæting á tónleika, í leikhús og á ýmsa fleiri svokallaða menningarviðburði, sé mun meiri en mæting fólks á íþróttaviðburði, sem eru — og taki menn eftir — líka ríkulega styrktir af hinu opinbera.

Ég held því að fyrsta einfalda svarið við spurningum hv. þm. sé þetta: Menn greiða atkvæði með fótunum um það hvort þeir vilja láta styrkja einhverja starfsemi vegna þess að sú starfsemi sem sýnt er að fólk hefur áhuga á er styrkt, og leiklistarstarfsemin er slík starfsemi.

Ég held líka að gætt hafi ákveðins misskilnings hjá hv. þm. áðan þegar hann gat sér þess til eða sagði að til væri einhver leiklistarstarfsemi sem væri ekki styrkt. Ég held að hún sé ekki til. Ég held að öll leiklistarstarfsemi í landinu sé styrkt. Hún er styrkt af sveitarfélögunum, hún er styrkt af ríkinu með ýmsu móti og langflestir áhugaleikhópar eða atvinnuleikhópar eru með styrki fyrir leikara sína sem þeir fá í gegnum starfslaun listamanna, sem er í lögum frá 1991 en voru endurnýjuð fyrir líklega tveimur árum, þar sem fram koma starfslaun og hversu margir geta fengið starfslaun í hverri grein á hverju ári. Ég held að þessi lög skipti sköpum fyrir ýmsa listastarfsemi í landinu, séu mjög mikilvæg og séu hluti af þeirri grósku sem er. En ég endurtek að ég er alveg handviss um það, herra forseti, að ef viðtökur almennings væru ekki svo jákvæðar sem raun ber vitni væri vilji Alþingis ekki jafnríkur og hann er til að setja peninga í þessa starfsemi. En það þekkir hv. þm. væntanlega jafn vel og sú sem hér stendur að fullt er út úr dyrum á flestar leiksýningar og tónleika sem boðið er upp á, hvort sem það er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Það er þessi mikla gróska sem okkur er svo annt um að geti verið áfram af því að — svo maður grípi til gamallar klisju — að maðurinn lifir ekki á brauði einu saman.

Það sem gerði það að verkum, herra forseti, að ég ákvað að biðja um orðið aftur var ákveðinn misskilningur sem mér fannst koma fram þegar verið var að tala um miðstjórnaráráttu einstakra þingmanna. Það er nefnilega svo skemmtilegt að menn hafa viljað setja miðstjórnarstimpilinn á suma fremur en aðra og einatt staðið þá í miðju glerhúsinu og grýtt sem óðast. Ég held að minni miðstýringarárátta sé falin í þeirri afstöðu hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur að þingið, sem er skipað fulltrúum fólksins í landinu, marki stefnuna en að stefnumörkuninni sé varpað yfir til ráðherra. Ég held að það sé nær lýðræðinu að fulltrúar fólksins sem sitja á löggjafarsamkomunni marki stefnuna. Þá er ég ekki að tala um hvað lýtur að sveitarfélögunum því að sveitarfélögin eru annað stjórnstig sem hlýtur að marka sína eigin menningarstefnu og úthluta fjármunum í samræmi við það. En almennt talað er það að mínu mati mun lýðræðislegri aðferð að þingið marki stefnuna en að svo og svo mikið af stefnumörkuninni sé skilið eftir í höndum ráðherra sem setur reglugerðir, skipar stjórnir — jafnvel meiri hluta stjórna án tilnefninga — og hefur heimildir í lögum til að gera samninga og veitir fjármuni út til hinna ýmsu aðila.

Ég met það sem sé þannig, herra forseti, og mér fannst ástæða til að það kæmi hér fram vegna þess hvernig hv. þm. Tómas Ingi Olrich brást við spurningu hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur, að miðstjórnaráráttan kemur víða fram í löggjöf á þinginu og hún kemur miklu frekar fram í því að hv. núverandi ríkisstjórn, ekki síður hæstv. menntmrh. en aðrir, hefur tilhneigingu til að raka til sín valdi sem að öllu eðlilegu ætti frekar að vera hjá þinginu og þá er ég að tala um vald til að marka stefnu. Mér fannst ástæða til að þetta kæmi fram, herra forseti.

Hvað varðar þá umræðu sem hefur orðið í dag sýnist mér að flest sitji við það sama. Stjórnarliðar munu því miður reyna að verja stefnu ráðherra síns og ráðuneytis hans sem fram kemur í frv. án tillits til þess hversu mikil skynsemi eða hvaða pólitík er í henni. En ég endurtek að að sjálfsögðu munu verða gerðar tilraunir til að breyta frv., bæði í hv. nefnd og sömuleiðis þegar frv. kemur hér til 2. umr. og atkvgr. ef það nær þá svo langt að þessu sinni.

[12:51]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Styrkir til leiklistarstarfsemi hafa verið ákaflega mismunandi. Styrkir á hvern miða eru ákaflega mismunandi. Ég er reyndar ekki með upplýsingar um það en mér skilst að Loftkastalinn fái verulega miklu minni styrk á hvern aðgöngumiða en t.d. Borgarleikhúsið eða Þjóðleikhúsið. Það er því ekki jafnræði á. Menn greiða ekki bara atkvæði með fótunum heldur hjálpar ríkið líka pínulítið til hvert menn fara.

Varðandi það að öll leiklist sé styrkt vil ég leyfa mér að efast um það. Það er mikið af leiklist sem fer fram án opinberra afskipta, t.d. á veitingastöðum o.s.frv. Ég vil nefna stað eins og Vegas og slíka sem örugglega fá ekki styrki til leiklistarstarfsemi sinnar.

Það er því alls konar menning í gangi og hún er ýmist styrkt eða ekki styrkt og það sem er vissu fólki þóknanlegt er styrkt sérstaklega mikið til að stýra öðru fólki inn í það.

Ég spyr: Af hverju er ekki nóg að fólkið velji sjálft? Af hverju þarf að taka úr öðrum vasanum í formi skattgreiðslna og setja í hinn vasann fyrir þá sem njóta?

[12:52]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kvartar undan því að ekki sé jafnræði með Loftkastalanum og Þjóðleikhúsinu og það komi fram í því að styrkir á hvern miða séu mismunandi. Þetta er ósköp eðlilegt. Við gerum heldur ekki sömu kröfur til Loftkastalans og Þjóðleikhússins. Við gerum mismunandi kröfur til hinna ýmsu leikhópa og það er fullkomlega eðlilegt að það sé gert.

Við gerum mismunandi kröfur til hinna ýmsu stofnana samfélagsins. Væntanlega er þá stuðningur Alþingis, ef um hann er að ræða, í einhverju samhengi við þær kröfur sem gerðar eru. Þau leiklistarlög sem við erum að fjalla um taka sérstaklega til Þjóðleikhússins og þeirra skyldna sem Þjóðleikhúsið hefur. Af því að Þjóðleikhúsið hefur ákveðnar skyldur þá er eðlilegt að ekki sé jafnræði á milli Þjóðleikhússins og leikhúss sem fyrst og fremst tekur að sér að hýsa ýmsa leikhópa eins og Loftkastalinn gerir. Loftkastalinn tekur að sér að hýsa ýmsa leikhópa sem eru með ýmsa styrki frá hinu opinbera.

Fyrir utan það að Loftkastalinn hefur fengið styrki þá eru margir leikhópar líka með ýmsa styrki. Þeir leikhópar sem standa undir nafni og troða upp á veitingastöðum borgarinnar eru líka með styrki. Vegna þess að allt þetta fólk vill fá laun fyrir vinnuna sína og hluti af þeim launum er alla jafna í formi styrkja.

[12:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að gerðar séu mismunandi kröfur til ýmissa sýninga. Ég spyr: Í hvaða formi eru þær kröfur? Er hann virkilega að segja að þegar maður fer á sýningu hjá Loftkastalanum þá geti maður vænst þess að fá lakari leiksýningu, lakara listrænt gildi leiksýningarinnar? Eða hvað felst í því að gera aðrar kröfur? Er það þannig að menningin sem þeir eru að framreiða sé lakari eða verri en sú sem Þjóðleikhúsið framreiðir? Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu.

Og það að Loftkastalinn sé að hýsa ýmsa leikhópa — hvað felst í þessu orði að hýsa? Er þetta fólk ekki að koma þarna fram með leiksýningar sínar, og eru þær ekki fullkom-

lega jafngildar öðrum leiksýningum sem t.d. Þjóðleikhúsið kemur fram með?

Ég skil ekki svona hugsun. Ég skil ekki hvernig hægt er að leggja mat á að eitthvað eitt sé mikilvægara eða merkilegra en eitthvað annað.

[12:55]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að vekja athygli hv. þm. á því að það var ekki ég sem var að leggja á mat. Það er kannski hann sem er fyrst og fremst að leggja á mat.

Við erum hins vegar að fjalla um frv. til laga þar sem tíundaðar eru ýmsar skyldur Þjóðleikhússins. Þær liggja fyrir í textanum og þar getur hv. þm. kynnt sér þær. Þessar skyldur eru ekki lagðar á herðar annarra leikhúsa a.m.k. ekki Loftkastalans sem er hús.

Ég tók eftir því áðan að hv. þm. fjallaði sérstaklega um hús þegar hann var að tala um Þjóðleikhúsið. Ég les þetta ekki þannig að Þjóðleikhúsið þurfi endilega að vera hús. Þjóðleikhúsið er bara það leikhús sem framið er og er að vilja og með vitund og stuðningi allrar þjóðarinnar. Það getur verið í hvaða húsi sem er.

Hins vegar er Loftkastalinn fyrst og fremst hús. Ég var ekki að taka afstöðu til þess hvaða listræn starfsemi fer þar fram innan dyra, svo langt í frá. Þar eru nefnilega ýmsar ágætar sýningar en það er dálítill munur á kröfunum sem gerðar eru. Það er dálítill munur á kröfunum sem gerðar eru annars vegar til Þjóðleikhúss, sem hefur ákveðnar skyldur, og hins vegar húss, sem hefur þá ákveðnu starfsemi að taka til sín og hafa á fjölunum hjá sér marga leikhópa, ýmsa mjög góða.

Mér finnst hv. þm. hafa lent í dálitlum ógöngum í málflutningi sínum. Mér finnst hann hafa verið að bera saman, eins og menn segja stundum, epli og appelsínur. Og það getur vel verið að honum finnist það eðlilegur samanburður. Mér finnst það ekki. Mér finnst sá samanburður ekki einu sinni sanngjarn. Mér finnst hann ósanngjarn og mér finnst ósanngjarnt að bera saman annars vegar gróið Þjóðleikhús og leikhópa sem búa við allt aðrar ytri aðstæður, þó að framlag þeirra til menningar okkar sé jafnmikilvægt og oft hefur komið fram í umræðunum.

[12:58]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður. Ég ætla ekki að blanda mér í síðasta þátt þeirra um það sem fer fram innan dyra í leikhúsunum og hvernig eigi að styrkja það í sjálfu sér, það er matsatriði hverju sinni.

En það er alveg ljóst að allir aðilar eiga sama rétt til þess að sækja um styrk í ríkissjóð. Um það hefur þetta mál snúist að verulegu leyti, hvort stilla beri þessu frv. upp með þeim hætti að réttur einstakra aðila sé skilgreindur öðruvísi en annarra. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hefur verið málsvari fyrir því að í frv. verði tekið af skarið um að sumir yrðu betur settir en aðrir.

Ég held hins vegar að það leiði okkur í ógöngur og þótt að hv. þm. bregði fyrir sig að byggðasjónarmið eigi að ráða í þessu tilliti þá held ég að það dugi ekki til þess að þeirrar sanngirni sé gætt í þessari lagasetningu sem nauðsynleg er til að ekki verði um óeðlilega mismunun að ræða. Það standa allir aðilar jafnir fyrir í frv. en í 2. mgr. 16. gr. er hins vegar sagt að taka beri sérstakt tillit til þeirra sem hafa unnið sér ákveðinn sess á undanförnum árum.

Herra forseti. Ekki er hægt að segja að í þessum umræðum hafi það komið fram að stjórnarandstaðan sem slík sé einróma í gagnrýni sinni á frv. Það eru nokkur atriði sem eru lykilatriði í frv. og menn hafa rætt þau, eins og 6. gr. hvort setja beri tímamörk á ráðningartíma þjóðleikhússtjóra, hvernig þjóðleikhúsráð eigi að vera skipað og atriði varðandi 16. gr. hvort þar beri að tíunda einstaka aðila eða ekki.

Þegar ég hlusta á ræður stjórnarandstæðinga kemur fram að þeir eru alls ekki samstiga í gagnrýni sinni á frv. þegar litið er til þessara einstöku greina. Sumir telja að eðlilegt sé að hafa þetta eins og mælt er fyrir um í 6. gr., þ.e. að embætti þjóðleikhússtjóra skuli auglýst á fimm ára fresti en ekki sett þak á ráðningartímann að öðru leyti. Aðrir telja að setja beri þak o.s.frv. Það er því ómögulegt að draga þá ályktun af þessum umræðum að hér séu skýr skil á milli annars vegar þeirra sem styðja ríkisstjórnina og hins vegar þeirra sem eru á móti ríkisstjórninni.

Menn hafa komið hér og lýst skoðun sinni á frv. og einstökum greinum og það er ljóst að margir sem hér hafa talað telja, eins og kom fram á fundi mínum með forustumönnum úr leiklistarlífinu, að þær breytingar sem lagðar eru til í frv. séu til þess fallnar að skapa meiri sátt um það en var á síðasta þingi.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði, og einnig vék hv. þm. Pétur Blöndal að því hvort vera kynni að stjórnskipanin samkvæmt frv. væri næsta óljós og lesa mætti úr 6. og 7. gr. frv. að við blasti að ágreiningur yrði á milli þjóðleikhúsráðsins annars vegar og þjóðleikhússtjórans hins vegar. Kannski er aldrei hægt að orða svona hluti nægilega skýrt í lögum, og lagatexti þarf að hafa ákveðna sveigju þegar að atriðum eins og þessum kemur, en ég tel að í grg. sé tekið af skarið þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta, um 6. gr.:

„Í meginatriðum er ekki um að ræða mikla breytingu frá gildandi lögum, en ætlast er til að orðalag greinarinnar gefi skýrt til kynna að þjóðleikhússtjóri er ótvíræður stjórnandi stofnunarinnar og ber ábyrgð á starfi hennar í samræmi við það."

Og síðan segir líka í athugasemdum um 7. gr.:

„Rétt er að ítreka það sem segir í athugasemd um 6. gr. hér að framan, þar sem áhersla er lögð á forustuhlutverk og ábyrgð þjóðleikhússtjóra. Hlýtur samstarf þjóðleikhúsráðs og þjóðleikhússtjóra að taka mið af því."

Í 9. gr. er tekið af skarið um að þjóðleikhússtjóri ræður alla starfsmenn Þjóðleikhússins. Það er því ljóst þegar menn lesa þetta, án þess að líta á það með sérstökum tortryggnisgleraugum, að endanlega ábyrgðin er hjá þjóðleikhússtjóranum og hann ber meginábyrgðina á starfsemi Þjóðleikhússins.

Hvað varðar leiklistarráð sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gerði að umtalsefni, þá er lagt til að það verði þriggja manna ráð, umsagnaraðili fyrir menntmrn., en ekki fjölskipuð nefnd sem komi saman einu sinni eða tvisvar á ári, og þá sem umræðuvettvangur. Leiklistarsamband Íslands gegnir því hlutverki núna að mati ráðuneytisins en hins vegar telur ráðuneytið að nauðsynlegt sé að hafa formlegan umsagnaraðila um ýmis málefni sem varða leiklist í landinu og þess vegna er lagt til að leiklistarráð sé starfandi. Það er eðlilegt að mælt sé fyrir um það í lögum, að mínu mati, að það sé samráðsaðili fyrir menntmrn. og ríkisvaldið gagnvart leiklistinni í heild og að þessi samráðsaðili sé leiklistarráð.

Ég tek undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur þegar hún segir um 16. gr. að ekki sé unnt að gera upp á milli félaga með því að tíunda einstök félög í greininni. Það verði

að hafa þetta opið með þessum hætti til þess að jafnræðis sé gætt og mér finnst, eins og ég gat um áður, að þau rök sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hefur haldið fram til að hnekkja þessari skoðun vegi ekki nægilega þungt til þess að ég telji skynsamlegt að breyta greininni frá því sem nú er. Það hefur einnig komið mjög glöggt fram hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að núverandi löggjöf, leiklistarlöggjöf frá 1977, tryggir að sjálfsögðu ekki að Leikfélag Reykjavíkur fái styrk úr ríkissjóði. Hins vegar hefur verið samið við Íslensku óperuna, sem ekki er nefnd í þessum lögum, og hún er með fimm ára samning við ríkissjóð fyrir tilstilli menntmrn. og með samþykki Alþingis þar sem skapaður er grundvöllur fyrir starfsemi Íslensku óperunnar. Sömu sögu er að segja um samning sem menntmrn. hefur gert við Akureyrarbæ um menningar- og listastarfsemi þar, að hann er gerður og gildir til ákveðins tíma þótt ekki sé getið um það í lögum að gera beri slíkan samning. Það er því alfarið rangt að halda því fram að með því að hafa þetta eins og við leggjum til sé verið að *sníða af einhverjum aðilum eða svipta þá réttindum.*

Ekki er lengur getið um það í leiklistarlögum að rekinn skuli Leiklistarskóli Íslands en það hefur enginn vakið máls á því hér að ætlunin væri að leggja þann skóla niður þótt hans sé ekki sérstaklega getið í leiklistarlögum. Auðvitað er það ekki ætlunin. Skólinn starfar á grundvelli almennra laga og nú er, eins og vitað er, verið að flytja hann á háskólastig og hans er ekki lengur getið í leiklistarlögunum. En að túlka það sem svo að ríkisvaldið hafi í hyggju að leggja niður leiklistarnám í landinu er út í hött. Það er jafnmikið út í hött og að segja að það að hverfa frá því að hafa einstök félög nefnd í lögunum þýði að menn ætli að setja þau út á guð og gaddinn.

Varðandi það sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir nefndi um sjónvarpsútsendingar, að geta ætti þess sérstaklega í lögunum að árlega skyldi færa eina sýningu Þjóðleikhússins upp í sjónvarpi, þá held ég að það sé ekki lagasetningarákvæði. Ríkissjónvarpið hefur hins vegar sent út sýningar eins og þær hafa verið færðar upp í Þjóðleikhúsinu og ég held að það mælist mjög vel fyrir. Meðal svokallaðra fagmanna er reyndar ágreiningur um mál af þessu tagi og telja þeir að taka verði upp hverja leiksýningu og breyta henni fyrir sjónvarpssendingar. En ég er þeirrar skoðunar að þessar sýningar sem verið hafa úr Þjóðleikhúsinu hafi gefið mjög góða raun og *það beri að halda áfram á sömu braut og það eigi að takast* gott samstarf milli Þjóðleikhússins og sjónvarpsstöðvanna um það efni.

Hér hefur verið rætt um sveitarstjórnir og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir nefndi þær einnig. Með breytingum á stjórnarskránni frá 1995 segir í 78. gr.: „Sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða." Og síðan: „Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir." Þetta er nýmæli í stjórnarskránni og ég lít þannig á að menn eigi, m.a. í lögum af þessu tagi, að taka mið af þessu ákvæði stjórnarskrárinnar og mæla ekki fyrir um það hvernig eða hve háar fjárhæðir sveitarstjórnir leggi til einstakra málefna, heldur orða það á þann hátt sem gert í 15. gr. Annað væri ofstjórn af hálfu löggjafarvaldsins miðað við það sem löggjafarvaldið sjálft hefur samþykkt með nýrri stjórnarskrá.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðurnar frekar. Ég held að allt það hafi komið fram sem máli skiptir og ég var sérstaklega spurður um. Ég vil þakka málefnalegar umræður og ég tek undir með hv. þingmönnum um að *gróskumikið leiklistarlíf er í landinu og það mun halda áfram* að þróast. Og það er ekki á Alþingi sem við ákveðum hve gróskan er mikil, það er úti í leikhúsunum sjálfum, meðal leikaranna og síðast en ekki síst meðal áhorfendanna, meðal almennings sem sækir leiksýningar mjög mikið, hvort sem þær eru styrktar af hálfu ríkisins eða ekki, og vonandi verður svo áfram. En ég tel hins vegar að þetta frv. skapi leiklistarstarfseminni nútímalegri starfsramma og þess vegna muni það enn bæta leiklistarlífið og stuðla að enn frekari grósku í leiklistarstarfsemi hér á landi.

[13:09]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í lok umræðunnar og vegna orða menntmrh. árétta að ég var ekki bara að tala um suma, ég var fyrst og fremst að tala um Leikfélag Akureyrar og Bandalag íslenskra leikfélaga vegna þess að ég hef verið að biðja um ákveðna pólitík inn í frv. Og það er hægur vandi vegna þess sem hæstv. ráðherra sagði um jafnræðið, að ganga þannig frá málum að fulls jafnræðis sé gætt þó að menn gæti byggðasjónarmiða einnig. Það þarf ekki að vera neitt annað en jafnræði í því.

Ég talaði mikið um landshlutaleikhús í fyrra en hef ekki haft jafnmikinn tíma til þess af ýmsum ástæðum við þessa umræðu, ég vék reyndar að þeim áðan, landshlutaleikhús sem *hefðu skilgreindu hlutverki að gegna og yrðu að uppfylla* tilteknar kröfur. Þetta gera önnur Norðurlönd til að styrkja leiklistarstarfsemina úti um landið. Þetta er hlutur sem ég vil sjá að við gerum einnig.

Leikfélag Akureyrar hefur verið vísir að slíku landshlutaleikhúsi. Það hefur verið eina atvinnuleikhúsið úti á landi og hefur skapað þann bakhjarl fyrir leiklistarlífið á Norðurlandi sem nauðsynlegur hefur verið. Þetta þyrftum við að sjá víðar og það er með þessu móti, herra forseti, sem ég vil sjá aðkomuna að þessu máli og í því felst ekkert annað en jafnræði. Ekki bara jafnræði á milli leikhúsa heldur líka jafnræði á milli þegnanna sem allir ættu þá kost á góðu leikhúsi hvar svo sem þeir búa á landinu.

[13:10]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held við komumst í sjálfu sér ekki lengra í þessum umræðum í dag. Varðandi hugtakið landshlutaleikhús þá *hafa menn aðallega, ef ég hef spurt um hvað í því* felist, bent á aðgerðir sem Norðmenn hafa gripið til í sínu landi. Það getur vel verið að það gagnist vel þar en það á nú eftir að ræða það betur og útfæra hér ef menn ætla að koma með nýtt hugtak inn í þessar umræður og leggja áherslu á það.

Leikfélag Akureyrar er merk stofnun en eins og ég hef *svo margítrekað hér í þessum umræðum er ekki með neinu* móti verið að vega að Leikfélagi Akureyrar með þessu frv. Þvert á móti byggist stuðningur ríkisins við Leikfélag Akureyrar á þeim samningi sem er í gildi milli ríkisvaldsins og Akureyrarbæjar um menningarstarfsemi á Akureyri. Og í frv. til fjárlaga núna er gert ráð fyrir því að auknu fé verði varið til þess að efla þetta samstarf og stuðla þannig að auknu menningarlífi á Akureyri og er það alveg án tillits til þess hvað stendur í leiklistarlögum, enda fjalla lögin ekki um slíka hluti.

[13:12]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi landshlutaleikhús vegna þess að ráðherrann sýndi af sér nokkurn ótta ef hlutskipti hans yrði að setja fram leiklistarlög þar sem boðið væri upp á eitthvað sem ekki væri jafnræði. Ég benti honum á þessa leið, hún er greiðfarin ef hann óttast að ekki verði um jafnræði að ræða ef byggðasjónarmiðum er sinnt. Ég mun auðvitað tala fyrir þessari leið áfram í hv. nefnd. Ég vænti þess að þegar hæstv. menntmrh. hefur íhugað málið nánar sjái hann að jafnræði getur falist í öðru en því að allir séu eins. Stundum felst jafnræðið einmitt í því að fá að vera svolítið öðruvísi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:13]

Umræður utan dagskrár.

Aðlögunarsamningur við fangaverði.

[13:31]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mikill vandi blasir við í málefnum fangelsanna ef 80% fangavarða hafa þegar skrifað uppsögn sína og ætla að hverfa til annarra starfa. Þetta segja forustumenn stéttarfélags fangavarða. Enn hafa fangaverðir ekki náð svokölluðum aðlögunarnefndarsamningum og telja sig standa á byrjunarreit eftir langt þref.

Ummæli fangelsismálastjóra í Morgunblaðinu 14. október sl. eru kaldhæðnisleg. Hann gerir lítið úr áformum um uppsagnir og telur auðvelt að manna stöðurnar á ný, „alltaf hægt að bjarga slíkum hlutum," segir hann. Síðan bætir hann við og segir, með leyfi forseta: „Eins og staðan er núna hef ég litla trú á því að málið leysist." Sem sé pattstaða, fangaverðir munu hverfa til annarra starfa og finnst ábyrgð sín og reynsla í starfi að engu höfð.

Óumdeilt er að störf fangavarða hafa breyst á undanförnum árum. Kröfur til starfsins hafa vaxið verulega en launakjör fangavarða farið versnandi miðað við samanburðarstéttir. Samkvæmt úttekt kjararannsóknarnefndar kemur fram að t.d. laun lögreglumanna voru 15% hærri en fangavarða árið 1990 og í apríl 1998 eru þau orðin 34% hærri og eru lögreglumenn alls ekki ofsælir af kjörum sínum.

Mér skilst að eitt aðalatriðið í aðlögunarsamningum sé að meta hvers eðlis starfið sé, þar séu laun felld undir fjóra ramma: A, B, C og D. Í ramma A eru almenn störf sem jafnan eru unnin undir stjórn annarra. Starfið krefst ekki sérhæfingar. Undir þennan lið vill fulltrúi ríkisins fella störf fangavarða. Í mörgum samningum sem náðst hafa fram við aðra starfshópa eru 17 ára unglingar í þessum flokki. Fangaverðir gera kröfu um að heyra undir ramma B, sérhæfð störf sem fela í sér umsjón og ábyrgð á sérstökum verkefnum og/eða umsjón skilgreindra verksviða. Störfin krefjast sjálfstæðis í starfi en eru undir ábyrgð eða umsjón næsta yfirmanns.

Hæstv. forseti. Í mínum huga leikur ekki vafi á því að störf fangavarða eru sérhæfð. Þeir ganga í gegnum sérhæft nám. Krafist er tveggja ára framhaldsnáms og fangavarðaskólinn er sértækur skóli. Í starfinu felst mikil ábyrgð og hófstillingar er krafist við erfiðar aðstæður. Oft þarf að fást við sjúka menn sem ekki gera greinarmun á réttu og röngu. Því spyr ég: Hvert er viðhorf hæstv. dómsmrh. til þessa deiluatriðis? Telur hann störf fangavarða sérhæfð og að í þeim felist mikil ábyrgð?

Ég vil enn fremur, hæstv. forseti, spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann óttist ekki þá stöðu að fangaverðir segi upp störfum og hvort hann telji auðvelt að manna stöður fangavarða eins og fangelsismálafulltrúi fullyrti í fyrrgreindu viðtali. Undir löggæslustörf falla störf lögreglu, tollvarða og fangavarða. Er ekki eðlilegt að þessi vandasömu störf fylgist að hvað hæfniskröfur og launakjör varðar?

Í nágrannalöndum okkar hefur verið mótuð opinber stefnumótun í fengelsismálum. Er slíkt ekki tímabært hér, hæstv. dómsmrh.?

Hæstv. forseti. Ég vil til viðbótar minnast á tvö mál sem snúa að öryggis- og tryggingamálum fangavarða. Mér skilst að eftir að skaðabótalöggjöfinni var breytt séu tryggingamál fangavarða í upplausn. Verði þeir fyrir slysi og varanlegum skaða eftir átök við fanga verða þeir að sækja málið sjálfir á hendur fanganum sem slysinu olli og dómar sem fallið hafa eru í þá átt. Þetta er óöryggi fyrir þá sem vinna þessi störf. Vinnuveitandinn, þ.e. ríkið, telur vinnuslysið sér óviðkomandi. Þarna hafa orðið mistök í löggjöf sem ófært er fyrir fangaverði og fjölskyldur þeirra að una við. Hefur hæstv. dómsmrh. kynnt sér þetta mál og hver er skoðun hans á því?

Hæstv. forseti. Eitt brýnasta verkefni dagsins er að koma í veg fyrir að fíkniefni berist með gestkomandi fólki inn í fangelsin. Þetta er vandamál í dag en tæknin og hertar öryggisregur eru mikilvægar svo slíkt eigi sér ekki stað.

[13:37]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það mun hafa verið í apríl 1997 að gerður var kjarasamningur milli fjmrh. og Starfsmannafélags ríkisstofnana. Í þeim samningi var kveðið á um gerð svokallaðra aðlögunarsamninga sem hv. 2. þm. Suðurl. minntist á. Þar var gert ráð fyrir því að störf opinberra starfsmanna yrðu skilgreind í fjóra flokka frá A til D samkvæmt nánari skilgreiningu í samningunum. Hlutverk einstakra ríkisstofnana hefur síðan verið að gera samninga við starfsmenn á sínu sviði, svokallaða aðlögunarsamninga, til að fella störf að þessum skilgreiningum. Hins vegar lá fyrir að svigrúm einstakra stofnana væri mjög takmarkað og byði aðeins upp á breytingar í samræmi við tilfærslu eða upp á 2%.

Fjárlög fyrir þetta ár marka einstökum stofnunum og þar á meðal Fangelsismálastofnun ákveðinn fjárlagaramma. Forstöðumaður stofnunarinnar hefur ekki umboð til samninga umfram það sem fjárlög kveða á um. Segja má að þetta sé sá grundvallarvandi sem fyrir liggur. Það er rétt sem hér hefur komið fram að fangaverðir hafa lagt áherslu á að störf þeirra yrðu flokkuð í svokallaðan B-ramma. Fangelsismálastofnun metur það svo að það hefði í för með sér launahækkun sem nemur 25–30%. Eins og kunnugt er og hv. málshefjandi vék hér að hafa fangaverðir gjarnan miðað laun sín við laun lögreglumanna og telja að breytingu af þessu tagi þurfi til að fylgt sé hefðbundnum viðmiðunum. Ég ætla ekki að leggja dóm á það á þessu stigi en legg á það áherslu að hér er ekki um að ræða hefðbundinn kjarasamning heldur aðlögunarsamning sem settar voru mjög þröngar skorður þar sem forstöðumaður hefur ekki aðrar heimildir en þær sem fjárlög kveða á um.

Nokkrar viðræður hafa farið fram frá því að þær hófust en ekki leitt til niðurstöðu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um

að vísa málinu til úrskurðarnefndar. Hvorugur aðilinn hefur gert það enn sem komið er. Ég hef það á tilfinningunni að ef menn sæju þess kost að mætast á miðri leið, þá væri unnt að ljúka þessari deilu tiltölulega fljótt. Ég get ekki lagt mat á það hvort grundvöllur er fyrir því að svo komnu máli. Við hljótum hins vegar að vona að samningsaðilar leiði málið til lykta og finni á því viðunandi lausn. Ég tek undir það með hv. þm. að hér er um mikilvæg störf að ræða sem kalla á ábyrgð og hæfni þeirra sem þeim gegna.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. um bótakröfur eða skaðabótarétt fangavarða hef ég ekki upplýsingar um það mál en að gefnu þessu tilefni mun ég kynna mér það og koma upplýsingum um það til hv. þm.

[13:42]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að taka þetta mál upp og vekja athygli þingsins á þeirri stöðu sem er uppi í tryggingamálum fangavarða og þeim hnúti sem kjaramál þeirra eru komin í.

Fangavarðafélagið á aðild að SFR, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, sem samdi um nýtt launakerfi í síðustu kjarasamningum. Þetta launakerfi byggir á því að gerðir séu svokallaðir aðlögunarsamningar inni á hverri stofnun fyrir sig. Á sínum tíma stóð mjög í stappi um aðkomu stéttarfélaganna að slíkum samningum enda vildu menn ekki lúta alhliða forstjóravaldi. Menn vissu sem var að forstjórar eru misjafnir. Sumir sýna mjög mikla óbilgirni í samskiptum við starfsfólk sitt og þess vegna vildu stéttarfélögin tryggja félagslega aðkomu svo þessir forstjórar hefðu félagslegt aðhald við samningaborðið.

Framkvæmd þessara aðlögunarsamninga hefur gengið tiltölulega vel. 90% félagsmanna í SFR hafa gengið frá aðlögunarsamningum og á vegum félaganna er unnið að því að ljúka þessum málum. En það þarf tvo til og þar á meðal fangelsisstjóra ríkisins. Hann hefur sýnt slíka óbilgirni í þessu máli að ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur af því. Hann er að semja við öryggisstétt sem býr við lakari kjör en aðrar öryggisstéttir. Hann er að semja við starfsstétt sem sinnir mjög erfiðu starfi sem gerir miklar kröfur og hefur verið látin sæta skerðingu á starfsréttindum og tryggingum. Nú, þegar fangaverðir missa þolinmæðina og hyggjast hverfa til annarra starfa leyfir fangelsismálastjóri sér að segja í blaðaviðtali að þetta geti komið sér illa en hægt sé að bjarga slíkum málum. Hvað á að gera? Á að flytja inn fangaverði frá Kasakstan eða Úkraínu? Hvernig ætlar hæstv. dómsmrh. að bjarga málum?

[13:44]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að taka þetta mál upp á þingi. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem athygli okkar er vakin á því hversu léleg launakjör fangaverðir hafa búið við á undanförnum árum. Í vor var haldin ráðstefna þar sem fjallað var um heilbrigðismál innan fangelsanna og þá fór fulltrúi fangavarða m.a. yfir það hversu mikill munur væri á kjörum fangavarða hér á landi og hjá þeim þjóðum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við. Þegar farið var að vinna að þessum aðlögunarsamningum held ég að flestir hafi gert sér vonir um að ákveðin leiðrétting fengist í gegnum þá. Það er alveg hárrétt sem hæstv. ráðherra segir að forstöðumönnum er óheimilt að fara út fyrir fjárlagaheimildir. En ef vilji er fyrir hendi til þess að breyta þessu þá eigum eftir að afgreiða fjáraukalög fyrir þetta ár og fjárlög fyrir næsta ár og því hægt að taka á þessum málum ef viljinn er til staðar. Vilji er allt sem til þarf.

Við gerum mjög miklar kröfur til þessarar stéttar, langt umfram það sem þekkist annars staðar. Fangaverðir þurfa ekki aðeins að sinna störfum sem gæslumenn. Þeir þurfa líka að sinna sálgæslu og hluta heilbrigðisþjónustunnar. Þeir þurfa í dag að inna af hendi mörg verkefni sem tíðkast hvergi annars staðar, a.m.k. ekki hjá þeim þjóðum sem við berum okkur saman við. Það er með ólíkindum og sem betur fer sjaldgæft að sjá aðra eins lítilsvirðingu yfirmanns á störfum undirmanna sinna og var í ummælum fangelsismálastjóra í Morgunblaðinu 14. október. Það er sem betur fer sjaldgæft en mér fyndist það í raun næg ástæða til þess að veita þeim yfirmanni áminningu til að slíkt gerist ekki aftur og að hann komi fram við undirmenn sína af virðingu og sanngirni.

[13:47]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Suðurl., Guðna Ágústssyni, fyrir að vekja máls á því alvarlega máli sem hér er komið upp. Það er vissulega alvarlegt að um 80% fangavarða hafa sent uppsagnarbréf til yfirmanna sinna. Í raun og veru er mjög erfitt að ímynda sér hvað gerist ef fangaverðirnir ganga út.

Í sumar vildi svo til að ég fór í skoðunarferð ásamt allshn. í fangelsið á Litla Hrauni. Það er einstök lífsreynsla að ganga þar um sali og hitta bæði fangaverði og fanga og kannski hafði ég ekki gert mér fyllilega grein fyrir því, fyrr en þarna inn var komið, í hverju störf fangavarða eru fólgin. Þetta eru greinilega gríðarlega sérhæfð störf þar sem reynir afskaplega mikið á hvern einn einstakling og vissulega er nauðsynlegt að taka á tryggingamálum fangavarða eins og kom réttilega fram í ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar. Við hljótum að geta borið saman störf fangavarða annars vegar og störf löggæslumanna hins vegar. Bæði störfin eru mjög krefjandi og reyna mjög mikið á hvern einn einstakling. Ég held að við getum verið nokkuð sammála um að líkja megi þessum störfum saman.

Eins og fram hefur komið í ræðum manna eru ummæli fangelsismálastjóra ekki til þess fallin að ná sáttum í þessum aðlögunarsamningsdeilum. Við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að ná sáttum við þessa stétt.

[13:49]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það má nefna fjölmargar brotalamir í starfskjörum fangavarða. Alvarlegust er sú staðreynd að þeir búa ekki við nægilegt öryggi á vinnustað og ekki nægar tryggingar ef þeir verða fyrir slysum eða árásum af hendi fanga, nokkuð sem því miður gerist tíðar á fíkniefnaöld. Þeir njóta ekki varnar síns atvinnurekanda. Á ýmsum sviðum mætti nefna dæmi um hve óásættanleg kjör fangavarða eru en hitt er með ólíkindum hve langt er seilst til að skerða þessi kjör.

Eitt einfalt dæmi er að til skamms tíma höfðu fangaverðir frímiða í sund. Smámál kann einhver að segja enda 200 þús. kr. á ári eða þar um bil. Nú er líka búið að hirða þetta af þeim. Ákvörðun um það var tekin af mönnum sem ég man ekki betur en reistu sjálfum sér ágæta líkamsræktarstöð í Stjórnarráði Íslands. Gott ef þar er ekki gufubað og ekkert nema gott um það að segja. En hitt hljótum við að spyrja hæstv.

dómsmrh. um: Hverju sætir þessi mismunun? Þetta fer að minna á ofsóknir af hálfu þeirra sem stýra málum hjá þessari stofnun. Eða er þetta gert samkvæmt skipun ráðuneytisins og hæstv. dómsmrh.? Það er óskað eftir svörum.

[13:51]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu og hæstv. dómsmrh. fyrir málefnaleg svör. Hann segir að það standi á fjárlögum í þessu efni, stakkurinn sé það þröngt skorinn. Þá sjáum við að málið hlýtur að vera auðleyst á næstu dögum. Þegar búið er að semja við yfir 90% fólks í fyrirtækjum ríkisins þá getur það ekki gerst í þessu efni að ein stétt, fangaverðir, sæti slíkum afarkostum. Þeir hljóta að fá það upp borið í fjárlögum að laun þeirra verði hækkuð sem nemur menntun þeirra og reynslu og að þeir verði ekki settir á bekk með 17 ára ungling sem er að hefja sinn starfsferil. Ég trúi því að þetta mál sé auðleysanlegt. Ég ætla ekkert að ásaka hæstv. dómsmrh. Ég trúi því að hann muni leysa þetta. Fangelsismálastjóri mun sannarlega vilja að lögum fara og þola þann ramma og pína aðra undir honum. Þeim pyndingum verður auðvitað að linna í þessu efni.

Ég vil enn fremur þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að minnast á þetta með skaðabótalöggjöfina, sem kom mér á óvart. Ég er með í höndunum bréf frá lögfræðingi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fangavörður sem verður fyrir líkamstjóni af völdum árásar fanga þarf að sækja bætur úr hendi fangans. Litið er svo á að ábyrgð ríkisins sé til vara og byggist sú túlkun á dómum Hæstaréttar í málum sem varða bótarétt lögreglumanna."

Hér kom líka á fund minn undir umræðunni hv. formaður allshn., Sólveig Pétursdóttir, og sagði mér að þessi endurskoðun heildarlöggjafarinnar væri fram undan á þessu þingi. Þetta kom hv. þm. einnig á óvart þannig að ég trúi því að þetta þing muni einnig leysa það mál.

Hæstv. forseti. Ég læt þá máli mínu lokið.

[13:53]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er mikilvægt í þessari umræðu að menn geri glöggan greinarmun á almennum kjarasamningum og hins vegar þeim aðlögunarsamningum sem forstöðumenn einstakra stofnana og stéttarfélögin fengu umboð til að gera. Í því liggur sá vandi sem menn standa hér frammi fyrir að menn eru að tala um leiðréttingu á launum sem fellur utan við þann fjárlagaramma sem sú stofnun hefur sem hér á í hlut. Ég þykist vita að alþingismenn gera þær kröfur til þessa forstöðumanns eins og annarra að þeir í störfum sínum freisti þess að halda sig innan við ramma fjárlaganna. Auðvitað verður lagt á það kapp að finna lausn á þessu máli eins og öðrum. En hér er um samninga að ræða og þess vegna getur annar aðilinn ekki gefið út einhliða yfirlýsingu um það á hvern veg sú lausn verður fengin. Ég vona að sá tími sem menn hafa nýtist mönnum til að komast að skynsamlegri niðurstöðu fyrir alla aðila í málinu.

Ég þakka svo fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram.

[Fundarhlé. — 13:56]

Umræður utan dagskrár.

Íbúaþróun á landsbyggðinni.

[14:00]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég hef beðið um þessa utandagskrárumræðu vegna þess að stöðugt berast fréttir utan af landsbyggðinni um fækkun íbúa. Nú er svo komið að ekki er lengur hægt að tala um fækkun íbúa heldur ætti að tala um fólksflótta.

Mér sem nýliða hér blöskrar andvaraleysið gagnvart þessum málum. Þetta eru sennilega stærstu mál sem við stöndum frammi fyrir í dag. Hér er dag eftir dag og viku eftir viku rætt um hluti sem að mínu mati mættu bíða miðað við stöðuna í þessum málum.

Ég hef líka farið fram á þessa umræðu vegna þess að nú liggur fyrir tillaga um kjördæmabreytingu. Þegar ég sá hana fannst mér fyrst kasta tólfunum. Ætlum við eina ferðina enn að fara út í breytingar, undir því yfirskini að þær séu til hagsbóta fyrir landsbyggðina, sem byggja einvörðungu á vægi flokkanna innbyrðis gagnvart kjósendum úti á landi? Ekkert í þessum tillögum tekur á þeim grunnvanda sem við erum að kljást við.

Grunnvandi landsbyggðarinnar er ekki að senda þurfi peninga út á land, hann er stjórnsýslulegs eðlis. Við búum við miðstýrt efnhagslegt og pólitískt kerfi sem hefur haft þær afleiðingar að við úti á landsbyggðinni getum ekki lengur notið ábata vinnu okkar.

Alveg frá 1980 hef ég starfað í samtökum sem farið hafa í grunnvinnu til að skilgreina á hverju þurfi að halda til þess að landsbyggðin geti blómstrað á eðlilegum forsendum. Það eru kerfisbreytingar, frá miðstýringu til valddreifingar og beinni tengsl milli tekjuöflunar og ráðstöfunar á sameiginlegum tekjum landsmanna.

Því miður er það svo í samfélagi okkar að við erum líklega með hæstu prósentu þess sem við eyðum í samfélagslega þjónustu, um 70% síðast þegar ég vissi. Ég hef lagt fram eftirfarandi spurningar til forsrh.:

1. Hver hefur íbúaþróun varðandi íbúafjölda á landsbyggðinni verið síðustu sjö ár?

2. Hver er þróun íbúafjölda á þessu tímabili miðað við þær áætlanir sem menn höfðu?

3. Hyggst ríkisstjórnin grípa til sérstakra aðgerða til þess að stemma stigu við fólksflótta af landsbyggðinni?

4. Hver er áætlaður grunnkostnaður samfélagsins vegna flutnings inn á höfuðborgarsvæðið sl. tvö ár?

Að skipta um búsetu á 2.000–2.500, ég tala nú ekki um 3.000 manns, það kostar tugi milljarða. Ætli það sé ekki á þriðja tug milljarða, aðeins í götur, holræsi, lagnir og því um líkt, svo ekki sé talað um tap þeirra sem lenda í þeim hremmingum að þurfa að flytjast búferlum.

Þessu þarf að svara, þetta er landsmál. Þetta er ekki landsbyggðarmál. Við verðum að leggjast í þá vinnu í þinginu að setja niður fyrir okkur hvernig við ætlum að lifa í þessu landi. Þetta er leikregluspursmál.

Ég spyr forsrh. líka: Er ekki þörf á nýrri stefnu varðandi stöðu landsbyggðarinnar?

Hæstv. forsrh. Ég minntist á vinnu sem ég hef verið viðriðinn mörg undanfarin ár. Ég var félagi í Samtökum um jafnrétti milli landshluta alveg frá árinu 1980. Þau komu fram með greinargóð plögg til þess að leggja grunn að því sem við teljum að þörf sé á að framkvæma.

Árið 1987 tók Ólafur Þ. Þórðarson, hv. þm. Vestf., nú látinn, frv. til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem Samtök um jafnrétti milli landshluta höfðu unnið, og lagði hér fyrir þingið. Það var tilraun til að setja fram nýja stefnu frá grunni. Þetta frv. fékk sáralitlar eða engar undirtektir að því er ég best veit og dagaði uppi eins og svo margt. Í framhaldi af því flutti hv. þm. Hjörleifur Guttormsson till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga, sama ár og Ólafur lagði fram frv. Samtaka um jafnrétti milli landshluta, um stjórnskipunarlög.

Þessa grunnþætti þarf að fara í og ég hvet hv. þingmenn til þess að kynna sér þessi plögg og hefja alvöru umræðu um hvernig við ætlum að búa í þessu landi. Það er mál málanna í þessu samfélagi.

[14:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hefja máls á þessu viðfangsefni. Hann sendi mér þær spurningar sem hann vitnaði til, mér bárust þær í morgun. Ég verð strax í upphafi að geta þess að svörin verða fyrir þær sakir kannski ekki jafngóð og hann hefði kosið, þ.e. vegna þess stutta tíma sem til ráðstöfunar var, a.m.k. fyrir þá spurninguna sem er viðamest.

Hv. þm. spyr hver hafi verið þróun varðandi íbúafjölda á landsbyggðinni sl. sjö ár. Frá 1990–1997 hefur íbúum á landsbyggðinni fækkað úr 109.700 manns í 107.700 eða um 2,1%.

Í annarri spurningu er spurt: Hvernig er þróun íbúafjölda á landsbyggðinni miðað við áætlanir? Út af fyrir sig hafa ekki verið gerðar neinar spár og hvað þá áætlanir um íbúaþróun einstakra landsvæða. Í stefnumótun um byggðaáætlun fyrir árin 1994–1997, en hún var ályktun Alþingis frá 1994, var eitt af markmiðunum að draga úr, eins og þar var orðað, fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins. Það hefur ekki tekist til fulls eins og sést af þeim tölum sem við sjáum á þessu augnabliki.

Þegar þau sjónarmið voru sett fram og voru í vinnslu töldum við flest, hvar sem við bjuggum í landinu, að atvinnuástandið sem þá var erfitt og atvinnuleysi sem var mikið, til að mynda í kjördæmi hv. þm., hefði mest að segja um byggðaþróun. Nú hefur þetta gengið í þá átt að atvinnuleysi í landinu er aðeins 2%. Þá gerist það að frá sumum kjördæmum liggur engu síður mikill straumur fólks til þéttbýlisins. Það er auðvitað mikið áhyggjuefni.

Hv. þm. spyr hvort ríkisstjórnin hyggist grípa til sérstakra aðgerða til að stemma stigu við fólksflótta af landsbyggðinni. Ég hygg að þrátt fyrir það sem þingmaðurinn sagði um umræður í þessum sal hafi allir þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa og hvar sem þeir búa, áhyggjur af þessari þróun. Þó held ég að kannski sé fullmikið sagt að tala hér um hreinan fólksflótta. Ég held að við eigum heldur ekki að ýkja ástandið.

Eins og fram kom í stefnuræðu sem flutt var hér fyrir ekki löngu síðan á þinginu þá stendur til að endurflytja þáltill. um stefnu í byggðamálum og afgreiða þá stefnuáætlun. Ég tel að sú áætlun sé afar vel unnin af hálfu stjórnar Byggðastofnunar og geti gefið okkur góða viðspyrnu ef við fylgjum henni eftir af manndómi, sem ég vona að sé stuðningur við í þinginu. Við skulum þó ekki ætla að sú áætlun, jafnvel þó henni verði fylgt fast eftir, leysi allan vanda. En hún getur gefið okkur góða viðspyrnu og vonandi, ef vel tekst til, snúið vörn í sókn.

Jafnframt hefur ríkisstjórnin auðvitað reynt að stuðla að sambærilegum og svipuðum markmiðum með stefnu sinni í öðrum málum, t.d. varðandi stóriðjustefnu, sem á nú kannski undir högg að sækja í augnablikinu eins og menn vita. Þar er deilt um markmið, leiðir og fórnarkostnað. Einnig hefur ríkisstjórnin með eflingu menntastofnana á landsbyggðinni stuðlað að því að draga úr þeirri þróun sem við höfum verið að horfa upp á og fleira mætti nefna í þeim efnum.

Þá spyr hv. þm.: Hver er áætlaður grunnkostnaður samfélagsins vegna flutnings inn á höfuðborgarsvæðið sl. tvö ár? Þetta er kannski erfiðasta spurningin og þarf lengstan aðdraganda til að svara. Við eigum í rauninni ekki einfalt svar við þessari spurningu. En vegna þess að félagsleg þjónusta og ýmis þess háttar grunngerð hefur verið byggð upp um allt land þá er ljóst að við aðflutning á höfuðborgarsvæðið þarf að byggja þar upp þjónustu og grunngerð að nýju, eins og hv. þm. nefndi áðan í ræðu sinni.

Aðflutningur af landsbyggðinni myndar u.þ.b. helming af fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Þó er ekki hægt að reikna með, samkvæmt viturra manna ráði, að helmingur af kostnaði við uppbyggingu opinberrar þjónustu og grunngerðar sé viðbótarkostnaður vegna flutninganna. Hluti aukningarinnar er frá stöðum þar sem ekki á sér stað fækkun. Þar er því ekki um tvöfaldan kostnað að ræða.

Hins vegar er ósvarað spurningunni um það hver grunnkostnaður samfélagsins er og hvaða kostnaðarþætti eigi þá að telja með. Mjög gróf athugun, með fullum fyrirvörum á fjárfestingu Reykjavíkurborgar á undanförnum árum, bendir til að slík fjárfesting sé u.þ.b. 3–5 millj. kr. á hvern nýjan íbúa. Þá eru fjárfestingar veitustofnana ekki meðtaldar. Ekki er mögulegt að gefa ítarlegra svar þessari spurningu nema að undangenginni mikilli rannsókn og athugun.

Varðandi fimmtu spurninguna þá vísa ég til þess sem ég sagði um þriðju spurninguna.

[14:11]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu um byggðamál og þá sérstaklega málshefjanda, hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni. Þingflokkur jafnaðarmanna óskaði sérstaklega eftir því á liðnu vori að þáltill. sú sem rætt var um í máli hæstv. forsrh. kæmi þá þegar til umræðu. Það segir nokkuð um að við álítum þessi mál mikilsverð en miður þá vannst ekki tími til að ræða hana.

Við erum sammála um að mikilla aðgerða sé þörf en spurningin er hvaða aðgerða eigi að grípa til. Við teljum og höfum sett fram í stefnumálum okkar að jöfnun húshitunarkostnaðar, jafnt aðgengi að læknisþjónustu, skólum og ekki síst jafnt aðgengi til atvinnu, séu grundvallaratriði sem taka þurfi á ef stöðva eigi þennan flótta af landsbyggðinni.

Flóttinn er slíkur að í byggðarlagi hér í nágrenninu, í Kópavogi, rís byggð sem nemur einni Grindavík á hverju ári, nú á undanförnum árum. Hvers vegna er það? Jú, það er vegna þess að fólkið sækist eftir sama aðgengi og ég nefndi hér áðan. Þetta eru lykilatriðin.

Það má líka velta því fyrir sér hvort Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hafi ekki fengið öfugt hlutverk á við það sem hann hafði áður. Hann átti að hjálpa dreifðari byggðum. Það liggur við að það þurfi orðið að hjálpa þéttbýlinu til að taka við fólkinu utan af landi.

Þess vegna segi ég: Það er mikil ástæða til að spyrna við fótum og við eigum að taka sameiginlega á því. Við ættum hvorki að kenna hver öðrum né ríkisstjórninni um hvernig

komið er. Við eigum að snúa til baka þróun undanfarinna ára.

[14:13]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Stundum heyrist í umræðum um byggðamál að aðgerðir í byggðamálum séu tilgangslitlar vegna þess að flutningar séu mjög miklir til höfuðborgarsvæðisins þrátt fyrir þær aðgerðir sem farið hefur verið út í á liðnum áratugum. Menn gæta ekki að því að ástandið í þjóðfélaginu væri hálfu verra ef ekkert hefði verið að gert. Því miður hefur stuðningur við landsbyggðina farið ört minnkandi, aðgerðir í byggðamálum hafa farið dvínandi og ástandið farið versnandi.

Á Íslandi er meiri þörf á aðgerðum í byggðamálum en í flestum öðrum Evrópulöndum. Þó er líklega hvergi minni stuðningur í formi aðgerða í byggðamálum en einmitt hér. Ef við berum okkur saman við nálæg lönd, t.d. löndin í Evrópusambandinu, þá er miklu meiri stuðningur og styrkir til byggðamála þar en hér, margfalt meiri satt best að segja og hefur oft verið á það bent.

En hvað skal gera? Auðvitað kemur margt til greina en það kostar allt aukið fjármagn. Ég hef oft á Alþingi bent á að það þarf að stuðla að jöfnun verðlags. Raforkuverðið er t.d. miklu hærra víða úti um landsbyggðina. Það þarf líka stjórnkerfisbreytingar eins og frummælandi benti alveg réttilega á. En síst af öllu þurfum við á því að halda að sundra þeim stjórnsýslueiningum sem þó eru nú til staðar í formi núverandi kjördæma. Það væri að fara úr öskunni í eldinn.

[14:16]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fagna þessari umræðu. Það er kannski vert að benda aðeins á það, til þess að undirstrika þann vanda sem hér er á ferð, að flutningur af landsbyggðinni það sem af er þessu ári er jafnmikill og sem nemur íbúum Egilsstaða. Og það sem Egilsstaðamenn hafa verið að gera á 50 ára ferli er nokkuð líkt því sem þarf að aðhafast hér til þess að byggja yfir þá íbúa sem færa sig af landsbyggðinni hingað suður eftir.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að í þeirri till. til þál. sem hæstv. forsrh. hefur lýst yfir að flutt yrði á Alþingi, er út frá því gengið að stöðva þennan fólksflótta. Markmið þeirrar tillögu er að landsbyggðin haldi sinni hlutdeild í íbúafjölguninni á næstu árum. Þetta er auðvitað grundvallaratriði og tillagan er unnin og fram sett með tilliti til þessara grundvallarmarkmiða.

Ástæðurnar fyrir þessum breytingum í búsetu á Íslandi var ákveðið að rannsaka og tillagan byggir einmitt á þeim niðurstöðum. Það sem þarf því að gerast er að fá þessa tillögu fram, eins og reyndar hæstv. forsrh. hefur lýst skilmerkilega, og að fylgja henni eftir með trúverðugum hætti. Það þarf að gera og þá breytast þessar aðstæður í þjóðfélaginu.

[14:18]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu sem að sjálfsögðu fæst ekki niðurstaða í á svo stuttum tíma sem hér er til umráða. En ég vil segja í upphafi að auðvitað er enginn ánægður með þá þróun sem hefur orðið, hvorki á landsbyggðinni né í Reykjavík.

Spurningin er þessi: Er hægt að vinna gegn þessari þróun og hvernig yrði það helst gert? Ég vil halda því fram að núverandi ríkisstjórn hafi svo sannarlega sýnt viðleitni í þá átt. En betur má ef duga skal. Hér er, eins og kom fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, varið hlutfallslega minni fjármunum til byggðamála en hjá ýmsum nágrannaþjóðum. Því hefur verið haldið fram að það sé helmingi minna en hjá Finnum og aðeins um 40% af því sem Svíar verja til þessa málaflokks.

Mörg rök eru fyrir því að reka byggðastefnu. Það má nefna menningarleg rök, efnahagsleg rök og sumir nefna einnig öryggissjónarmið, þ.e. að ekki sé rétt að setja öll eggin í sömu körfuna. Ég held því fram að það megi breyta þessu og bæta úr með fjármunum. Ástandið var þannig, eins og allir vita, í upphafi þess kjörtímabils sem nú er að ljúka að svigrúm var ekki mikið. Það varð að fara í það fyrst og fremst að reyna að ná tökum á efnahagslífinu og ríkisfjármálunum. Engu að síður eru t.d. í fjárlagafrv. fyrir næsta ár um 800 millj. kr. að auki í vegamál. Það er verið að efla skógrækt og fram undan eru aðgerðir í sambandi við landbúnaðinn í tengslum við þá skýrslu sem nú hefur verið gerð opinber. Dreifbýlisstyrkurinn hefur verið hækkaður um tæp 50%. En betur má ef duga skal. Það má nefna stóriðju á Austurlandi sem verið er að vinna að og að síðustu nefni ég Háskólann á Akureyri, en á morgun verður tekin þar fyrsta skóflustungan að nýjum áfanga.

[14:20]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Áratugum saman hefur verið reynt að sporna gegn flutningi fólks úr dreifbýli í þéttbýli, af landsbyggð á höfuðborgarsvæðið. Menn hafa verið nokkuð sammála um að fólk eigi rétt á þjónustu hvar sem það býr á landinu. Byggðir hafa verið vegir, skólar, heilbrigðisstofnanir og starfsfólki í opinberri þjónustu greitt sérstaklega fyrir að starfa og búa víða úti á landi, sem reyndar dugir ekki alltaf til þótt sums staðar séu há laun og fríðindi í boði. Atvinnulíf hefur verið styrkt og á ýmsan hátt reynt að skapa skilyrði til eflingar atvinnu og búsetu utan höfuðborgarsvæðisins og til þessa hafa farið gríðarlegir fjármunir.

En í öllu þessu hafa menn nánast algjörlega horft fram hjá þeirri staðreynd að aðstæður eru gjörbreyttar. Fjölskylduhagir eru gjörbreyttir. Sá tími er liðinn að mestu skipti að hafa næga atvinnu fyrir karla, t.d. stóriðju eins og stjórnvöld virðast trúa á. Konur og börn fylgi einfaldlega með í farangrinum hvert á land sem er.

Staðreyndin er hins vegar sú að langflestar konur eru á vinnumarkaði og atvinnulífið getur ekki án þeirra verið þótt menn eigi nú í basli með að viðurkenna það. Konur eru nú óvart sjálfstæðir einstaklingar sem láta ekki skikka sig fram og til baka og þess vegna er það lykilatriði að á hinum ýmsu stöðum þar sem búseta þrífst í landinu séu úrræði og kostir við hæfi beggja kynja.

Herra forseti. Fjölbreytni er krafa nútímans, í atvinnulífi, í allri þjónustu og í menningarlífi og stóra spurningin er hve langt menn treysta sér til að ganga á öllum þessum sviðum. Það er auðvitað sameiginlegt verkefni landsmanna allra.

[14:22]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Menn hafa mikið velt vöngum yfir því hvernig hægt væri að treysta búsetu í landinu öllu. Menn hafa fært rök fyrir því að svo þyrfti að vera vegna þess að við viljum tryggja bæði menningarlegan og atvinnulegan

fjölbreytileika sem við teljum að geri lífið í landinu innihaldsríkara og skemmtilegra. Menn hafa líka bent á hin efnahagslegu rök, að það þurfi að minnka þann kostnað einstaklinga, fjölskyldna og þjóðarbúsins alls sem hlýst af svo miklum búferlaflutningum, þegar eignir fólks verða verðlausar og fjárfesta þarf tvisvar í grunnþjónustu fyrir sama fólk.

Spurningin um það hvernig eigi að stemma stigu við fólksflótta er að mínu mati hins vegar ekki rétt. Ég held við eigum frekar að spyrja eftirfarandi spurningar: Hvernig getum við skapað það umhverfi atvinnu, mennta og menningar sem hlúir vel að fólki og skapar þær aðstæður sem fólk vill búa við? Svör við því hafa verið að koma fram á undanförnum árum. Það hafa verið gerðar kannanir en gallinn er sá að lítið hefur verið gert með svör úr þeim enn.

Í þáltill. um stefnu í byggðamálum sem ekki er enn komin fram, þó hún sé hér til umfjöllunar að vissu leyti, eru ágætar greinargerðir frá Háskólanum á Akureyri þar sem fjallað er um þessa hluti. En það er ekki nóg að fjalla um byggðamál í einni tiltekinni þáltill. Við verðum og það verður að láta þá hugsun og þann vilja, að fólk geti búið og þrifist um land allt, koma fram í allri löggjöf og í allri stefnumótun vegna þess að í því kemur hinn raunverulegi vilji fram, ekki í því að vísa í þáltill. um stefnu í byggðamálum.

[14:24]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í umræðu um byggðamál á undanförnum áratugum hefur verið rætt um málið á þeim forsendum að landinu væri skipt í tvennt, annars vegar höfuðborgarsvæðið og hins vegar landsbyggðina, og annar hlutinn væri að tapa og hinn að vinna.

Ég held að það sé að renna upp fyrir mönnum að þróunin, sem er enn á sama veg og verið hefur og fer heldur vaxandi en hitt, leiðir það af sér að hvorugur vinnur, hvorki fólk á höfuðborgarsvæðinu né fólk á landsbyggðinni. Allir þekkja hvernig áhrif þessir flutningar hafa á stöðu fólks á landsbyggðinni og þarf ekki að rekja það frekar, bæði efnahagslega, félagslega og að öðru leyti. En hitt er mönnum nýtt, sem er þó að renna upp fyrir þeim, að kostnaðurinn er mjög mikill og leggst mjög þungt á íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Fjárlaganefnd heimsótti sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu fyrr í þessum mánuði. Þá kom í ljós að fjárhagur stóru sveitarfélaganna hér, Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Mosfellsbæjar, er mjög þungur og skuldir þeirra hafa verið að aukast vegna þess mikla kostnaðar sem sveitarfélögin verða að ráðast í til að byggja upp þjónustu fyrir íbúana sem eru að flytja utan af landi.

Þegar að er gáð eru nefnilega báðir aðilar að tapa, báðir verða fyrir útgjöldum umfram tekjur. Það er því hagur beggja aðila að ráðast í að stöðva þetta ójafnvægi sem verið hefur á undanförnum áratugum. Ég legg áherslu á það að fá höfuðborgarbúana í lið með okkur landsbyggðarmönnum til þess að snúa þessari þróun við. Öðruvísi mun það ekki takast nema að menn geri almenna uppreisn í þjóðfélaginu sem ég vænti að menn séu ekki að leggja til, a.m.k. á þessari stundu.

[14:27]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum er eitthvert alvarlegasta vandamálið sem við er að glíma í okkar þjóðfélagi um þessar mundir. Það er ljóst að sú búsetuþróun sem orðið hefur á undanförnum árum, allt of mörgum árum, hefur leitt yfir þjóðfélagið margs konar kostnað, ekki síst fyrir sveitarfélögin í þéttbýlinu.

Það kom fram í máli hæstv. forsrh. að kostnaðurinn við það að búa nýjum einstaklingi búsetu í sveitarfélögum gæti legið á bilinu 3–5 millj. kr. Og ef við gefum okkur að búseturöskunin nemi um 2.000 manns á ári þá sýnist mér að talan sem við erum hér að ræða geti legið eitthvað á bilinu 6–10 milljarðar á ári.

Jafnvel þó við gæfum okkur, eins og hæstv. forsrh. benti á, að þetta sé ekki alveg svona, að þessi tala sé eitthvað lægri, þá blasir það samt sem áður við að kostnaður þjóðfélagsins, fólks sem er að yfirgefa heimahaga sína og skilur eftir fjárfestingar úti á landsbyggðinni sem eru lítt metnar auk þess kostnaðar sem jafnframt leggst á sveitarfélögin sem eftir standa með færri gjaldendur til að standa undir þessari fjárfestingu, er alveg stjarnfræðilegur. Það er enginn vafi á því að þessi búsetuþróun hefur auðvitað þau áhrif til lengri tíma litið að lífskjörin verða lakari. Þetta hefur með öðrum orðum þær afleiðingar í för með sér að lífskjörin versna í þjóðfélaginu ef okkur tekst ekki að snúa þessari byggðaþróun við.

Okkur er auðvitað ljóst að þessi mál eru miklu flóknari núna en þau voru áður. Við höfum engu að síður að undanförnu verið að reyna að átta okkur betur á ástæðu búseturöskunarinnar og ég tel að við séum í betri færum nú en nokkru sinni áður vegna þeirrar undirbúningsvinnu sem stjórn Byggðastofnunar beitti sér fyrir og kemur fram í till. til þál. sem hæstv. forsrh. lagði fram á liðnu þingi og verður vonandi lögð fram innan tíðar og afgreidd sem fyrst héðan frá Alþingi. Það liggur fyrir að við höfum betri möguleika núna til að bregðast við vegna þess að við þekkjum forsendurnar betur. Og ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að nú *ríður mjög á að afgreiða þessa þáltill.*

[14:29]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil undirstrika það sem hefur komið fram í þessari umræðu að byggðaþróunin er landsmál. Hún er þjóðfélagsvandamál. Hún er efnahagsvandamál. Það urðum við fjárlaganefndarmenn mjög varir við þegar við fórum í heimsókn í nágrannabyggðir Reykjavíkur. Þar kemur í ljós að mjög hefur fjölgað í þeim byggðum og fólkið sem kemur utan af landi mætir biðröðum þegar það kemur. Það mætir biðröðum til þess að fá opinbera þjónustu og það mætir biðröðum til að komast í vinnuna og ef svo heldur áfram sem horfir þá þarf að leggja mikið fjármagn í það á næstu árum að ráða við þessar biðraðir.

Ég tek því undir það sem fram hefur komið. Þetta er mál þjóðarinnar allrar og það á ekki að sundra þjóðinni í því efni að leita úrbóta.

Ég er sannfærður um að ein aðalástæðan fyrir því hvernig komið er er sú að fjölbreytni skortir í vinnu á landsbyggðinni. Ungt fólk krefst meiri fjölbreytni í atvinnutækifærum en áður var og það er ein ástæðan fyrir því hvernig komið er. Þess vegna finnst mér dálítið sérkennilegt að verða var við þá miklu andstöðu sem er t.d. við að byggja upp virkjanir og nýta orku, t.d. á Austurlandi, og skjóta þar fleiri stoðum undir atvinnulífið. Það segja margir í mín eyru að það geri bara ekkert til þó að byggðaröskunin verði. Það sé eðlilegt og engu fórnandi til þess að koma í veg fyrir hana. Það kemur maður eftir mann og segir þetta.

Ég er ekkert tiltakanlega bjartsýnn þegar nýjar hreyfingar í stjórnmálum koma upp með að leggja veiðileyfagjald á

sjávarútveginn og skjóta orkunýtingu út af borðinu.

[14:31]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka frummælanda fyrir að vekja máls á þessu efni. Til þess að bregðast við þeim vanda sem við horfum fram á er auðvitað mikil hjálp í þeim rannsóknum sem Byggðastofnun hefur staðið fyrir og þar koma fram ákveðin atriði sem þarf að bæta úr að áliti þess fólks sem býr á landsbyggðinni og þess fólks sem hefur flutt hingað á suðvesturhornið. Það eru atriði eins og orkuverð, samgöngumál, menntamál, menningarmál auk fjölbreytni í atvinnulífinu.

Margir af þessum þáttum eru atriði sem stjórnvöld og ríkisvaldið getur tekið á. Það er hægt að bregðast við háu orkuverði, stjórnvöld geta gert eitthvað í þeim málum, það er hægt að gera átak á því sviði. Orkuverð á landsbyggðinni er allt of hátt, húshitunarkostnaður er of hár.

Eitt af því sem menn hafa miklar áhyggjur af eru samgöngumál og liggur í augum uppi að er verkefni stjórnvalda. Menntamál er mikilsvert atriði þegar horft er til búsetu og ég vil nefna að Háskólinn á Akureyri er trúlega besta einstaka aðgerð sem gerð hefur verið í byggðamálum. Rannsóknir sýna að það fólk, sem menntast þar, sest að úti á landi að mjög miklum hluta. Það verður auðvitað að leggja áherslu á uppbyggingu, á endur- og símenntun ásamt háskólamenntun og nýta til þess þá nýju tækni sem við höfum yfir að ráða nú til dags.

Við vitum að allir þeir fjármunir sem fara til menningarmála fara á suðvesturhornið. Þeir fara ekki út á land og það er bara þannig. Þetta eru hlutir sem hægt er að breyta.

En málið er alvarlegt og við verðum að taka á því.

[14:33]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Íbúaþróunin á landsbyggðinni er mikið áhyggjuefni. Stöðugur straumur fólks hefur verið af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins allt frá árinu 1980. Á þessu 18 ára tímabili hafa brottfluttir umfram aðflutta af landsbyggðinni verið frá 500 og upp í 1.800 manns á ári.

Í mjög ítarlegri könnun um orsakir búferlaflutninga, sem Stefán Ólafsson gerði fyrir Byggðastofnun á síðasta ári, kemur fram að einhæfni atvinnulífsins vegur mjög þungt. Enda er það svo að fólki fækkar ekkert síður á þeim stöðum þar sem mikil uppbygging hefur verið í atvinnulífinu, atvinna næg og tekjur þokkalegar. Fólkið fer ef atvinnutækifærin eru of einhæf.

Byggðastofnun hefur brugðist við þessu með því að stórauka atvinnuþróunarstarfsemi í öllum kjördæmum landsins. Þar sem sú starfsemi fór fyrst af stað, á Suðurlandi, hefur tekist mjög vel til þar sem um 30 ný fyrirtæki urðu til á tæpum tveimur árum með talsvert á annað hundrað störf og fjárfestingu upp á hálfan milljarð króna.

Annað sem vegur þungt í könnun Stefáns Ólafssonar er t.d. húshitunarkostnaður, verslunaraðstæður og samgöngumál. Í þeirri þáltill. sem hæstv. forsrh. lagði fram í vor um stefnu í byggðamálum fyrir næstu fjögur ár, og nefnd hefur verið í þessum umræðum, er það markmið sett að fólksfjölgun á landsbyggðinni verði ekki undir landsmeðaltali næstu fjögur árin. Þar eru settar fram mjög afgerandi tillögur til úrbóta á mörgum sviðum, m.a. í sambandi við atvinnuþróun, samgöngur, menntamál og lækkun húshitunarkostnaðar, þar sem stefnt er að því að verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs. Þetta er auðvitað stórmál því að sums staðar á landsbyggðinni munar um heilum mánaðarlaunum hvað það er dýrara að kynda hús en þar sem það er ódýrast.

Ég tel að þessi þáltill. sé mjög ákveðin tilraun til að snúa þróuninni við og mikilvægt að hún verði afgreidd sem fyrst á Alþingi og farið verði að vinna eftir þeirri stefnu sem þar er mótuð.

[14:36]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ætlum við að horfa upp á stórar byggðir, víðlendar byggðir eyðast? Við erum að reyna að svara þeirri spurningu á þá leið að við viljum ekki horfa upp á það aðgerðarlaus. Nú um stundir eru efnahagslegar forsendur fyrir því að við getum tekið á byggðamálum og byggðavandamálum. Við getum sem ein þjóð í einu landi tekið upp umræðuna um hvernig við viljum byggja landið. Við eigum val og höfum reyndar ekki efni á því að láta tímann líða án þess að bregðast við.

Víða um landið er byggð mjög hætt og búast má við að miklu meiri breyting verði í framtíðinni ef ekki verður nú brugðist við. Byggðin getur víðast hvar ekki grisjast mikið úr þessu án þess að hún einfaldlega hrynji. Félagslegar og ýmsar aðrar forsendur vantar til þess að halda henni gangandi ef enn fækkar fólki á vissum svæðum.

Það er lag að bregðast við, herra forseti, í góðæri. Það er lag líka þar sem tillögur hæstv. forsrh. í byggðamálum eru yfirgripsmiklar og raunhæfar. Við hljótum að gera byggðamálin að höfuðviðfangsefni okkar á næstu mánuðum, taka raunhæfar og ábyrgar ákvarðanir í framhaldi af tillögum hæstv. forsrh. sem skili sér öllum landsmönnum til hagsbóta því eins og margoft hefur komið fram í umræðunni er þetta málefni allrar þjóðarinnar, mikið hagsmunamálefni allra. Ég hvet því til þess að við látum hvergi slaka verða á í umræðunni.

[14:37]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka þessa umræðu þó að ljóst sé að við getum ekki komist til botns í henni á svo stuttum tíma sem hér er gefinn til hennar.

Það er ljóst að margir og ólíkir þættir valda þeirri byggðaröskun sem við fjöllum um. Hægt er að ráða við suma af þeim en aðra alls ekki. Það liggur fyrir að búsetuskilyrðin skipta mjög miklu máli í þessu sambandi og að þeim málum koma stjórnvöld, heimaaðilar og aðrir. Stjórnvöld geta haft veruleg áhrif og það hefur komið fram í umræðunni. Þar ber að nefna samgöngur, heilbrigðisþjónustu, menntamál, sem eru mjög ríkur þáttur, og ýmiss konar búsetukostnað.

En það sem mér finnst hins vegar geta vakið okkur bjartsýni um að eitthvað fari að gerast í aðgerðum í byggðamálum er einmitt sú staðreynd að nú eru menn almennt farnir að viðurkenna að ákveðið misvægi ríki í þjóðfélaginu milli landsbyggðar og þéttbýlis. Þar á ég við kosningalöggjöfina. Ef menn komast að þeirri niðurstöðu að mikilvægt sé að leiðrétta misvægi hlýtur það að fylgja í þessum málum vegna þess að mér heyrist menn vera almennt sammála um að verulegt misvægi sé ríkjandi varðandi búsetuskilyrði í þéttbýli og dreifbýli.

Íslendingar hljóta að vera moldrík þjóð ef núverandi ástand getur gengið mikið lengur. Við höfum rætt um marg-

falda uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og þjónustu og við vitum að með þessari þróun verður eftir sóun og vannýting fjárfestinga víða úti um landið.

Herra forseti. Stjórnvöld verða að beita þeim aðgerðum sem þau geta og hafa vald á að framkvæma. Við höfum rætt þetta mál margoft og það liggur fyrir að ýmislegt er hægt að gera. Ég tel að mjög margt gott sé í þeirri þáltill. um stefnu í byggðamálum sem hér hefur verið rædd en það er ekki nóg að samþykkja hana. Aðgerðir verða að fylgja og ég skora á menn að beita þeim.

[14:39]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mjög skortir á að fólk í landinu hafi tiltrú á stjórnvöldum, treysti stjórnvöldum landsins til að grípa til aðgerða þegar illa horfir eins og um er að ræða í byggðamálum í landinu. Það er ekki nóg að bera fram ályktanir ef aðgerðir fylgja ekki eftir. Eftir hverju er að bíða varðandi augljósar aðgerðir til að leiðrétta mismunun?

Hér koma stjórnarliðar og kalla eftir jöfnun húshitunarkostnaðar. Hvað skyldum við vera oft búin að ræða það mál í þinginu á undanförnum þingum án þess að nokkuð gerist til breytinga? Ég hef í pússi mínu reikning á mínu nafni fyrir íbúð í heimabæ mínum upp á tæpar 30 þús. kr. fyrir tvo mánuði, 15 þús. á mánuði til greiðslu á upphitun. Þetta er það sem menn búa við. Þarf að ályktа um það eða liggja yfir ályktunum til þess að grípa inn í svona misræmi og óréttlæti og það af ríkisstjórn sem telur sig hafa efni á að ráðstafa stórum fúlgum af orku á undirverði til stóriðjufyrirtækja?

Stóriðjuuppbygging er ekki lausn á byggðavanda, það er mjög langt frá því. Auk þess hafa stjórnvöld ekkert haft í hendi í þeim efnum, vita ekkert hvort þau geta staðið við fyrirheit um slíka uppbyggingu. Það eru markvissar aðgerðir hér og nú sem þarf til að leiðrétta misræmið og kerfisbreytingar, eins og frummælandi vakti athygli á.

Opinber störf gætu verið í allt öðrum og miklu meiri mæli úti um land ef menn hefðu staðið eðlilega að uppbyggingu stjórnsýslu í landinu. Ekki með því að glíma við að rífa einstakar ríkisstofnanir upp með rótum frá Reykjavík, heldur með því að færa stjórnsýsluna kerfisbundið út í byggðir landsins, út í fylki í landinu.

[14:42]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Miðstýringin er vandamál landsbyggðarinnar og landsins alls. Ég vil nefna sem dæmi að þeir í Rússlandi lentu í þvílíkum vandræðum með að það var orðinn sex ára biðlisti að komast inn í Moskvu þrátt fyrir uppbyggingu á öllum mögulegum iðnaði um allt svæðið, í öllum lýðveldum, t.d. í stóriðju, stíflun fallvatna o.s.frv. Fólkið ruddist inn að kjötkötlum hins miðstýrða kerfis efnahagslega og pólitískt. Það er þessi grunnvandi sem þarf að ráðast á.

En ég er ekkert voðalega bjartsýnn þannig lagað séð. Hér yfir vötnunum vofir miðstýringarglýja. Menn eru ofboðslega mikið í þeim farvegi að halda að þeir þurfi að hugsa og gera fyrir þá úti á landi. Ég er að lýsa eftir grunnvinnu, grunnreglum til að leiðrétta þennan klafa miðstýringar sem við vinnum eftir. Það er það sem ég er að biðja um.

Nú eru sveitarfélögin að búa til fjárhagsáætlanir fyrir næsta ár sem verða samþykktar innan mánaðar. Góðærið gefur ekki nokkurt útslag hjá sveitarstjórnunum vegna þess að þeir fá skammtinn sinn héðan. Það eru því engin bein tengsl milli tekjuöflunar og ráðstöfunar tekna. Enginn hvati, engin birta þótt góðæri sé. Farið á línuna og heyrið í þeim mönnum sem eru að vinna núna. Það er grunnvinna, nýjar grunnreglur sem byggja á valddreifingu, minnkun á ríkisumsvifum og beinni tengsl milli tekjuöflunar heima fyrir og ráðstöfun teknanna þar, sem á skortir.

[14:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessar umræður gefa tilefni til að ætla að umræður um byggðamál geti verið góðar og farsælar á næstu vikum. En við þurfum einnig að hafa í huga það sem hér hefur verið nefnt að byggðamál eru ekkert afmarkað verkefni, það tengist nánast öllu því sem við erum að fást við frá degi til dags í þinginu þó að það hafi ekki þá forskrift að heita byggðamál.

Eins og hv. málshefjandi nefndi nú síðast, þ.e. að stjórnvöld hefðu ekki treyst hinum dreifðu byggðum og vildu einmitt gefa þeim forskrift á sem flestum sviðum, þá er það nú ekki alveg nákvæmt miðað við þá þróun sem verið hefur á undanförnum árum. Stjórnvöld hafa til að mynda verið að reyna að ýta undir að sveitarfélög sameinuðust og stækkuðu. Það mun skila sér til langframa sem sterkari stjórnsýslueining sem ræður við fleiri verkefni.

Í framhaldi af því hefur ríkisvaldið beitt sér fyrir því að verkefni á borð við skólana, sem eru auðvitað stór og mikil verkefni, flytjist til sveitarfélaganna, forræðið og ábyrgðin verði þar í auknum mæli. Miðstýring er þannig minnkuð. Auðvitað falla fleiri svið sem við erum að ræða hér og deila um undir hatt byggðastefnu eða byggðasjónarmiða eins og nefnt hefur verið af hv. 2. þm. Austurl. Þegar rætt er um veiðileyfagjald á þá sem starfa við sjávarútveg, þá er beinlínis verið að ráðast á byggðir landsins. Það gefur auga leið og það veit fólk í hjarta sínu.

Sama er auðvitað með stóriðjumálin. Ef koma á í veg fyrir að stóriðja geti gengið og haldið áfram í einhverjum mæli, þá er líka ráðist gegn sjónarmiðum í byggðamálum. Stundum eru menn dálítið gamaldags í þessum efnum, t.d. hv. talsmaður Kvennalistans í umræðunum talar um að störf í stóriðju séu karlastörf. Hvers vegna? Af hverju geta þau ekki jafnt verið kvennastörf eins og karlastörf? Við höfum nú síðast séð það í álverinu í Straumsvík hvernig kona vinnur sig upp í gegnum þau störf og er forstjóri þess fyrirtækis. Slík störf geta auðvitað með nýrri hugsun verið jafnt kvennastörf sem karlastörf. Það gefur auga leið að við eigum að ræða þessi mál með opnum huga og það munum við gera á næstu vikum.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 110. mál (verðjöfnunargjald af kindakjöti o.fl.). — Þskj. 110.

[14:46]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, á þskj. 110, 110. mál.

Frv. felur í sér breytingu á ákvæðum búvörulaga um verðmiðlunargjöld og verðskerðingargjöld. Tillögur um þær breytingar sem hér um ræðir hafa borist frá búgreinafélögum þeim sem hlut eiga að máli. Landssamtök sauðfjárbænda hafa þannig gert tillögu um afnám verðskerðingargjalda og lækkun á verðjöfnunargjaldi af kindakjöti og Landssamband

kúabænda hefur gert tillögu um lækkun á verðskerðingargjöldum af nautakjöti. Bændasamtök Íslands hafa síðan fylgt þessum óskum eftir með erindrekstri við landbrn. Tillögur þessara aðila eru því teknar upp í þessu frv.

Samkvæmt frv. verður verðjöfnunargjald af kindakjöti, skv. 19. gr. laganna, lækkað úr 7 kr. í 5 kr. á kg. Verðskerðingargjöld af kindakjöti, skv. 20. gr. sömu laga, eru afnumin og verðskerðingargjöld af nautakjöti lækkuð úr 600 kr. í 400 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í ákveðnum gæðaflokkum. Gert er ráð fyrir að breytingar þessar taki gildi 1. september 1998 skv. ákvæði til bráðabirgða í frv. Verðmiðlunar- og verðskerðingargjöld sem innheimt hafa verið eftir 1. september og fram að gildistöku laganna verða því endurgreidd framleiðendum og sláturleyfishöfum í samræmi við ákvæði frv.

Í umsögn fjmrn. um kostnaðaráhrif kemur fram að tekjur af verðmiðlunargjaldi og verðskerðingargjöldum fyrir árið 1999 séu áætlaðar alls 110 millj. kr. í fjárlögum. Þar sem þessum gjöldum er ætlað að jafna flutningskostnað frá framleiðendum til afurðastöðva og til markaðsaðgerða vegna nautgripa- og sauðfjárafurða mun breyting á tekjum af gjöldunum ekki hafa nein áhrif á afkomu ríkissjóðs, hvorki til né frá.

Hæstv. forseti. Ég hef lýst þeim áhrifum sem frv. þetta hefur á verðmyndun búvara, verði það að lögum. Að öðru leyti vísa ég til grg. með frv.

Ég leyfi mér í framhaldi af því, hæstv. forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ og LB, 25. mál (námslán). — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnaður, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 43. mál (leyfi frá opinberu starfi o.fl.). — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 44. mál. — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Endurskoðun reglna um sjúklingatryggingu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 20. mál. — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Nýtt starfsheiti fyrir ráðherra, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 22. mál. — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 115. mál (mútur til opinbers starfsmanns). — Þskj. 115.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, frh. 1. umr.

Stjfrv., 116. mál. — Þskj. 116.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 114. mál (refsiábyrgð lögaðila). — Þskj. 114.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Mannanöfn og hjúskaparlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 134. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Gæludýrahald, frh. 1. umr.

Frv. HG, 13. mál. — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vegtollar, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 45. mál. — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ o.fl., 142. mál. — Þskj. 142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 77. mál (gildistaka EES-reglna). — Þskj. 77, nál. 171.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Siglingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 122. mál (björgun). — Þskj. 122.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Leiklistarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 146. mál (heildarlög). — Þskj. 146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 14. og 18.–25. mál.

Fundi slitið kl. 15:03.

---

16. FUNDUR

fimmtudaginn 22. okt.,
að loknum 15. fundi.

Dagskrá:

1. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 77. mál, þskj. 77. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 106. mál, þskj. 106. — 1. umr.
3. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, stjfrv., 135. mál, þskj. 135. — 1. umr.
4. Innheimtulög, stjfrv., 136. mál, þskj. 136. — 1. umr.
5. Lífsýnasöfn, stjfrv., 121. mál, þskj. 121. — 1. umr.
6. Úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.
7. Þjóðgarðar á miðhálendinu, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
8. Bann við kynferðislegri áreitni, frv., 24. mál, þskj. 24. — 1. umr.
9. Stjórnarskipunarlög, frv., 51. mál, þskj. 51. — 1. umr.
10. Afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis, þáltill., 169. mál, þskj. 172. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 77. mál (gildistaka EES-reglna). — Þskj. 77.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, GE, GuðjG, GÞÞ, GB, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞHS, ÖS.

28 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, BH, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, MF, ÓE, PP, SF, StG, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 182).

Úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna, fyrri umr.

Þáltill. HG og KÁ, 11. mál. — Þskj. 11.

[15:07]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur flutt till. til þál. um úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna. Tillögutextinn er þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að beita sér fyrir að gerð verði vönduð úttekt á líklegum áhrifum Schengen-aðildar á ólöglegan innflutning fíkniefna til landsins, í samvinnu við önnur ráðuneyti og samtök sem berjast gegn fíkniefnum. Alþingi verði gefin skýrsla um málið í ársbyrjun 1999."

Þetta er efni tillögunnar og texti. Hér er á ferðinni mál sem flutt var á síðasta þingi en varð þá eigi útrætt. Tillagan var lögð fram nokkuð síðla á þingi og er því endurflutt enda málið tímabært og jafnbrýnt nú og þegar það var lagt fram á vorþinginu í fyrra.

Schengen-aðild Íslands er enn á dagskrá. Stefnt er að inngöngu í kerfi sem opnar landamæri innan Schengen-svæðisins eins og það er kallað, frjálsa för fólks þar sem ekki verði heimilt að krefja fólk frá Vestur-Evrópulöndum, aðila að Schengen, og það eru flest ríki Vestur-Evrópu, um skilríki við innkomu í landið. Þó ekki fylgi með að tolleftirlit sé aflagt gagnvart hinum sömu er óhjákvæmilegt að draga verulega úr tolleftirliti með farangri farþega og möguleikar á því að fylgjast með farþegum verða allt aðrir og minni en við núverandi aðstæður. Samkvæmt Schengen-reglunum sem eru 142 ef ég man rétt, þarna er geysistór samningur á ferðinni, er ekki heimilt að taka stikkprufur á skilríkjum fólks eins og þó er heimild til í norræna vegabréfasamningum sem við þekkjum og heimilar frjálsa för án skilríkja milli Norðurlanda. Sá gamli samningur frá sjötta áratugnum er notaður eins og eins konar pólitísk beita fyrir þeirri tilhögun sem íslensk stjórnvöld hafa reynt að ná fram árum saman, að Ísland verði aðili að Schengen-svæðinu og þeim reglum sem það lýtur.

Því er alveg ljóst að eftirlit með ólöglegum innflutningi fíkniefna til landsins frá löndum Vestur-Evrópu með aðild að Schengen verður mun torveldari eftir en áður. Þeir sem bera í bætifláka fyrir aðild að Schengen halda því fram að komið verði upp sterkum vörnum á ytri landamærum svæðisins með gífurlegri tölvuvæðingu sem þessu á að fylgja, kostnaðarsamri ofan á annað, og út af fyrir sig er rétt að reyna að koma slíkum vörnum við. En uppspretta fíkniefna sem smyglað er til Íslands liggur ekki síst innan Schengen-svæðisins. Framleiðsla þeirra, pakkning og dreifing á sér uppruna innan svæðisins. Þar fyrir utan verður miklu erfiðara að fylgjast með dreifingu á svæðinu. Viðhorf ríkja til eftirlits með fíkniefnum er mjög mismunandi og í sumum löndum heyrast raddir um að draga úr því og jafnvel að heimila sölu fíkniefna í tilraunaskyni eða með öðrum hætti, hinna meinlausari sem svo eru kölluð. Þar með fengjum við ekki við ráðið vegna þess að það lyti löggjöf viðkomandi landa.

Í tillögunni, virðulegur forseti, eru rökstudd þau sjónarmið sem liggja að baki því að brýnt sé að gera úttekt. Hér er ekki talað um annað en úttekt á líklegum áhrifum Schengen-aðildar á ólöglegan innflutning fíkniefna til þess að leggja fyrir Alþingi áður en kemur til ákvarðana um hugsanlega aðild Íslands að þessu fyrirkomulagi.

Í gær eða fyrradag munu samningaviðræður hafa hafist á nýjan leik, einn ganginn enn um þessa aðild. Eins og menn vita fór málið allt upp í loft í fyrra vegna þeirra miklu breytinga sem gerðar voru varðandi ákvæði Schengen-samningsins og tengsla þeirra ákvæða við grunnsáttmála Evrópusambandsins. Nú er frjáls för fólks orðin hluti af reglum Evrópusambandsins sjálfs, heyrir undir Evrópusambandið að mestu leyti og einnig undir dómskerfi þess. Þetta setti samstarfssamninginn, sem líklega var gengið frá á árinu 1996 og Ísland gerðist óbeinn aðili að, í uppnám. Það samkomulag hafði aldrei verið lagt fyrir Alþingi og var fyrst sýnt í apríl sl. en ekkert frekar um það fjallað. Síðan hafa menn leitað að nýjum grundvelli fyrir þetta samstarf í samræmi við íslenska stjórnarskrá og íslenskan stjórnskipunarrétt og telja sig hafa fundið það, a.m.k. eru samningaviðræður hafnar og Evrópusambandið hefur fallist á að taka upp samninga. Þó það varði ekki beinlínis þessa tillögu er þó ljóst að þau skilyrði sem Íslandi og Noregi eru þar sett eru enn þá lakari en í fyrri samstarfssamningi, vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á tengslum Schengen-reglnanna við grundvallarsáttmála Evrópusambandsins.

Í greinargerð með tillögunni, virðulegur forseti, eru rakin ummæli m.a. tollgæsluaðila sem staðfesta eða rökstyðja a.m.k. að hér muni möguleikum til ólöglegs innflutnings fíkniefna fjölga og það er síst af öllu það sem þurfum, ofan á allan þann vanda sem við er að fást í þessum efnum.

Ég legg til, virðulegur forseti, að þetta mál fari að lokinni umræðu til nefndar, það mun vera hv. allshn. sem eðlilegt er að fjalli um málið. Þó væri ekki óeðlilegt að hafa samstarf við utanrmn. þingsins jafnhliða og eftir atvikum við aðrar þingnefndir sem gætu haft áhuga á að tjá sig um það stóralvarlega efni sem tillagan fjallar um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:16]

Útbýting þingskjala:

Hjálmanotkun hestamanna, 171. mál, frv. KH o.fl., þskj. 174.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 172. mál, frv. PHB o.fl., þskj. 176.

Sveitarstjórnarlög, 42. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 177.

Vernd barna og ungmenna, 1. umr.

Stjfrv., 106. mál (hækkun sjálfræðisaldurs o.fl.). — Þskj. 106.

[15:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Flutningur þessa frv. er afleiðing þess að Alþingi ákvað í fyrra að breyta lögræðislögum og sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 í 18 ár. Þessi breyting kallar á breytingu á ákvæðum gildandi laga um vernd bara og ungmenna eins og reyndar á lögum um lögheimili, tilkynningar um aðsetursskipti og fleira. Þetta frv. hefur fyrst og fremst að geyma nauðsynlegustu breytingar sem gera þarf vegna hækkunar sjálfræðisaldursins.

Taka ber fram að á vegum félmrn. er að störfum nefnd sem ætlað er að endurskoða barnaverndarlögin í heild sinni. Þarna er því ekki um tæmandi breytingu að ræða. Ég vonast eftir því, ef þeirri nefnd auðnast að starfa af þrótti, að a.m.k. verði hægt að sýna fyrir þinglok frv. um heildarendurskoðun á lögum um vernd barna og ungmenna.

Þeim ákvæðum sem tekið er á í þessu frv. þarf hins vegar að koma í lag sem fyrst og þess vegna er það ráð tekið að flytja sérstakt frv. núna.

Núgildandi lög um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, samanber lög nr. 22/1995, hafa að geyma skilgeiningu á *börnum og ungmennum í 2. mgr. 1. gr. laganna* sem er svohljóðandi:

„Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru einstaklingar 16–18 ára."

Lögin gera nokkurn greinarmun á ákvæðum sem gilda um börn annars vegar og ungmenni hins vegar, m.a. með tilliti til þess að foreldrar fóru einungis með forsjá barna til 16 ára aldurs. Því er nauðsynlegt að fella hugtakið ungmenni úr lögunum. Í staðinn komi alls staðar hugtakið „barn". Með börnum er sem sagt átt við einstakling innan 18 ára.

Ég verð að játa það að í málvitund minni orkar breytingin tvímælis og að nota hugtakið „barn" um 17 ára ungling. Mér finnst að við séum að færa barnastigið óþarflega hátt en í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og í lögum annarra er þetta orðað svona og við verðum sjálfsagt að sætta okkur við það.

Með breytingu þeirri sem lögð er til með þessu frv. munu barnaverndarlögin gilda eins fyrir alla einstaklinga innan 18 ára. Þar sem gera má ráð fyrir miklum mun á þroska *einstaklinga í þessum hópi er í frv. lagt til* að reiknað verði með ríkari þátttöku eldri barna í ákvörðunum um eigin mál en þegar um yngri börn er að ræða. Í markmiðsgrein frv. er m.a. lagt til að barn *skuli njóta réttinda í samræmi við* vaxandi aldur og þroska. Þetta orðalag er fengið úr samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns og í 12. gr. hans segir:

„Aðildarríki skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra, eða eftir því sem við á þeirra sem tilheyra stórfjölskyldu eða samfélagi samkvæmt staðbundnum venjum, eða lögráðamanna eða annarra sem að lögum eru ábyrgir fyrir barni, til að veita því tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess er það beitir réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum."

Önnur tilvitnun: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska."

Samningurinn gerir sem sagt ráð fyrir því að börn hafi ríkari rétt og ábyrgð með vaxandi þroska án þess að það sé bundið ákveðnu aldursári. Lögð er til breyting á 1. mgr. 1. gr. laganna um markmið barnaverndar og gert ráð fyrir að þessi *sjónarmið verði einnig höfð í huga* við heildarendurskoðun laganna og muni hugsanlega hafa áhrif á lagatextann víðar að lokinni þeirri endurskoðun.

Þá gerir frv. ráð fyrir breytingu á 22. gr. laganna. Í þeirri grein er fjallað um vistun barna sem stefna heilsu sinni og þroska í hættu með eigin hegðun. Umræða um úrræði handa börnum á aldrinum 16–18 ára var sérstaklega áberandi í umfjöllun Alþingis um breytingu á lögræðislögunum á vorþinginu 1997. Í ljósi þess og að breyttum lögræðislögum þykir rétt að kveða skýrar á um meðferð barna sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu með hegðun sinni. Í lögum um vernd barna og ungmenna er einungis tekið á möguleikanum á að vista barn til skammtímavistunar eða rannsóknar í allt að fjórar vikur í senn. Þó hefur alltaf verið litið þannig á að í krafti forsjárvalds hafi foreldrar heimild til að samþykkja vistun til lengri tíma, enda er ljóst að fjögurra vikna vistun er í fæstum tilfellum nægileg til að veita barninu nauðsynlega meðferð. Búast má við að þetta ákvæði núgildandi laga komi að breyttum lögræðislögum helst til álita varðandi aldurshópinn 16–18 ára og því er mikilvægt að það sé skýrara til að tryggja stöðu þessa aldurshóps.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir nýju ákvæði um réttindi barns í VIII. kafla, um málsmeðferð. Samkvæmt gildandi *lögum er börnum einungis tryggður réttur til* að tjá sig um mál ef um er að ræða vistun skv. 22. gr. eða úrskurð skv. 45. gr., sbr. 2. og 3. mgr. 46. gr. Lögð er til breyting til þess að tryggja hagsmuni barns betur með hliðsjón af 12. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns. Þá má ætla að þörf barna fyrir talsmann aukist með aldrinum og með hliðsjón af breyttum sjálfræðisaldri þykir nauðsynlegt að leggja þessa breytingu til nú. Ákvæðinu er ætlað að tryggja rétt barns til að tjá sig áður en tekin er ákvörðun er varðar barnið, hvort sem ákvörðun er í formi úrskurðar eða ekki.

Einnig er lagt til að ákvæði núgildandi laga um skipan talsmanns verði rýmkuð. Lagt er til að barnaverndarnefnd beri að eigin frumkvæði að skipa talsmann ef málsatvik eru þannig að þörf sé á að talsmaður tali máli barns, svo sem ef barnið leitar sjálft ásjár barnaverndarnefndar. Af þessu ákvæði mun einnig leiða að barnaverndarnefnd mun gæta þess að barn fái að tjá sig um hvort skipa eigi því talsmann. Það ber að taka tillit til skoðana barnsins þar að lútandi.

Eins og ég sagði, herra forseti, er hér ekki um endanlega útgáfu af barnaverndarlögum að ræða heldur er brugðist við til að leysa bráðasta vandann. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málið verði sent hv. félmn. til athugunar.

[15:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var afskaplega ánægð að á lista yfir fyrirhuguð frumvörp ríkisstjórnarinnar var boðað frv. um

breytingar á lögum um vernd barna og ungmenna. Þetta eru þýðingarmikil lög en því miður er mörgu ábótavant í þeirri lagasetningu miðað við verkefnin sem eru aðkallandi í dag.

Aukin áhersla hefur verið lögð á málefni barna á liðnum árum og að mínu mati var það mjög til góðs að flytja þau til félmrn. frá menntmrn. Uppbyggingin hefur verið farsæl og skipulagsbreytingar hafa fært málaflokkinn til betri vegar.

Barnaverndarstofa hefur þegar sannað gildi sitt og það skiptir miklu máli að þær skipulagsbreytingar sem gerðar voru fyrir fáum árum virðast réttar. Þó ég sé sátt við þessa þróun, herra forseti, þá erum við enn allt of skammt á veg komin og við verðum að veita meira fjármagn til aðkallandi aðgerða í málaflokknum. Við verðum að finna betri stuðningsúrræði. Sumt er dýrt en annað er fyrst og fremst vinnulag sem eiga verður stoð í lagasetningu og úr því verður að bæta. Þess vegna, herra forseti, var ég ákaflega vonsvikin að lesa þetta frv.

Eins og fram kemur í framsögu félmrh. er í frv. fyrst og fremst brugðist við breytingum sem hækkun sjálfræðisaldurs hefur í för með sér. Það er auðvitað alveg sjálfsagt að gera orðalagsbreytingar á lögum vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Þetta frv. er fyrst og fremst og nær eingöngu tæknilegs eðlis og mér finnst það miður. Það kemur fram, bæði í máli ráðherrans og í greinargerð með frv. að nefnd hefur starfað að endurskoðun laganna í heild sinni. Mig grunar að nokkuð langt sé síðan þessi nefnd var skipuð.

Mér finnst endurskoðun þessara laga afar brýnt verkefni. Eins og ráðherra orðaði það, ef auðnast að starfa af þrótti þá er e.t.v. hægt að sýna frv. fyrir þinglok. Þar með er ráðherrann að gefa vísbendingu um að endurskoðuninni ljúka nógu tímanlega til þess að breyta lögunum á þessum síðasta vetri kjörtímabils þessarar ríkisstjórnar. Þess vegna spyr ég ráðherrann: Hvenær skipaði hann nefndina og hvað líður störfum hennar?

Ég hefði verið afskaplega ánægð að sjá metnað ráðherra í þessum málaflokki og að hann hefði lagt alla áherslu á að nefndin góða væri búin að skila niðurstöðu og kynnti fyrir okkur niðurstöðu þess starfs.

Í grg. með frv. er vísað til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. Sérstaklega er vísað í 5. og 12. gr. samningsins og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aðildarríki skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra, eða eftir því sem við á þeirra sem tilheyra stórfjölskyldu eða samfélagi samkvæmt staðbundnum venjum, eða lögráðamanna eða annarra sem að lögum eru ábyrgir fyrir barni, til að veita því tilhlýðilega leiðsögn og handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þess er það beitir réttindum þeim sem viðurkennd eru í samningi þessum."

Og enn fremur er sagt:

„Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska."

Í tilefni af þessu ákvæði barnasáttmálans er bætt við einum málslið í 1. gr. laganna um að börn skuli „njóta réttinda í samræmi við vaxandi aldur og þroska."

Í grg. er gefið til kynna að það sé nýmæli að börnum sé gefinn kostur á að tjá sig um mál sitt. 24. gr. kveður á um að barn eigi kost á að tjá sig en í þeirri grein er jafnframt ákvæði um talsmann barna. Samkvæmt barnasáttmálanum sem ég var að vísa til skal stefnt að því markmiði að barnið skuli njóta réttinda og axli ábyrgð í samræmi við aldur þess og þroska. Tjáningarfrelsið verði því að skoðast í samræmi við þessa meginreglu, þ.e. að leitað verði eftir afstöðu barnsins til málefna sem varða það sjálft eftir því sem aldur og þroski verður meiri.

Hlutverk talsmanns hlýtur að öðrum þræði að vera að gæta þess að tekið verði tillit til afstöðu og óska barnsins. Hins vegar er hlutverk talsmanns víðtækara. Hann á í hvívetna að gæta hagsmuna barnsins þegar togast er á um hagsmuni þess.

Í lögunum um vernd barna og ungmenna er gert ráð fyrir að heimilt sé að skipa barni talsmann. Í fyrsta lagi samkvæmt 2. mgr. 22. gr. er heimilt að skipa barni talsmann þegar það er vistað á stofnun eða meðferðarheimili gegn vilja þess og er hér um aðgerðir að ræða til að vernda barn gegn eigin hegðun. Svo er og samkvæmt 3. mgr. 23. gr.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að skipa megi barni talsmann áður en barnaverndarnefnd kveður upp úrskurð, t.d. varðandi brotttöku þess af heimili til vistunar á fósturheimili. Í 3. mgr. 46. gr. segir að þegar sérstaklega standi á sé barnaverndarnefnd heimilt að skipa barni eða ungmenni sérstakan talsmann. Svona er þetta í lögunum núna.

Í reynd hefur heimild ekki mikið verið beitt. Ég hef lagt inn fyrirspurn um skipaðan talsmann í barnaverndarmálum og bíð svars við henni. Ég tel að hér sé um svo mikilvægt atriði að ræða að vanda verði sérstaklega til allrar málsmeðferðar og tel því, og hef reyndar flutt mál í tvígang sem byggt er á þessari skoðun, að hér eigi ekki að vera um heimild að ræða heldur skyldu, að auðvitað eigi að skipa barni talsmann við þessar aðstæður.

Herra forseti. Ég lét þess getið að ég hefði sett fram fyrirspurn um hversu oft talsmaður hafi verið skipaður í barnaverndarmálum en á síðasta þingi bar ég fram fyrirspurn til dómsmrh. um skipaðan talsmann í forsjármálum, þ.e. hversu oft barni hafi verið skipaður talsmaður til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls frá því að heimildin var sett í barnalög bæði þegar dómstóll sker úr ágreiningsmáli og dómsmrn. fer með úrskurðarvald. Í svarinu kom fram að aldrei hefur komið til þess að talsmaður hafi verið skipaður á grundvelli barnalaganna og að dómsmrn. hafi heldur ekki skipað slíkan talsmann. Við eigum eftir að sjá hvað kemur fram í svarinu frá félmrh. um talsmann í barnaverndarmálum en þetta er afskaplega stórt mál. Að mínu mati á að vera skylda að skipa talsmann. Þetta á sérstaklega við þegar gætt er að málsmeðferðinni við framkvæmd barnaverndarmála.

Í VIII. kafla laganna er mælt fyrir um málsmeðferðina við forsjársviptingu en barnaverndarnefndir fara með slíkt vald.

Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera og mun gera að umtalsefni atriði sem eru að finna í lögum um vernd barna og ungmenna og þurfa að taka breytingum að mínu mati og atriði sem ég sakna í þessu frv. í trausti þess að e.t.v. fáist stuðningur við það í félmn. að ef þessar ábendingar mínar eru réttar sé hugsanlegt að félmn. lagfæri þessa þætti í umfjöllun sinni um frv. sem liggur fyrir. Þess vegna langar mig til að við skoðum aðeins kaflann sem lýtur að valdi barnaverndarnefnda og forsjársviptingu. Þegar við skoðum þennan kafla sjáum við að hlutverk barnaverndarnefnda er margþætt. Þær eiga með öðrum orðum að hafa eftirlit með aðbúnaði barna, taka á móti ábendingum um slæman aðbúnað barna, sjá um skráningu barna í áhættuhópa, kanna mál þegar rökstuddur grunur liggur fyrir um vanrækslu eða vanhæfni foreldra, gera áætlanir um meðferð mála og úrskurða um forræðissviptingu foreldra þegar það á við.

Herra forseti. Hér sjáum við hið gamla réttarfar í hnotskurn. Sama stjórnvaldið tekur við ábendingum, rannsakar málið og endar síðan með að úrskurða í málinu. Barnaverndarnefnd fer bæði með rannsóknarvald og úrskurðarvald. Ég vil taka það sérstaklega fram og tala af reynslu að störf barnaverndarnefndar eru afskaplega viðkvæm og erfið. Ég held að ég geti mælt fyrir munn flestra sem hafa tekið þátt í þeim störfum að þau ganga nærri fólki vegna þess að farið inn í einkalíf og viðkvæmustu mál fjölskyldunnar og það er þungt verkefni að barnaverndarnefnd skuli fara með rannsóknarvald og úrskurðarvald. Úrskurðinum er reyndar hægt að skjóta til barnaverndarráðs til fullnaðarúrskurðar. Þannig er fullnaðarákvörðun alltaf tekin á stjórnsýslustigi en þetta hefur sætt gagnrýni sérfræðinga sem fjalla um þessi mál, svo og fræðimanna. Þegar þess er gætt að um svo alvarleg inngrip í friðhelgi og einkalíf einstaklinga er að ræða þarf að vanda sérstaklega til allrar málsmeðferðar og því væri eðlilegra að skipta valdinu að einhverju leyti upp, þ.e. að aðgreina rannsóknarþáttinn frá úrskurðarþættinum. Spyrja á hvort dómstólar eigi að koma að þessum málum, annaðhvort að ákvörðunin liggi hjá dómstólum en rannsóknar- og eftirlitsþáttur hjá barnaverndarnefndum eða a.m.k. sé unnt að skjóta ákvörðunum barnaverndarnefnda til dómstóla. Þessa umræðu höfum við ekki tekið í þessum sal eða í félmn. og þetta er brýn umræða og afar stórt verkefni að leysa.

Herra forseti. Þetta frv. gefur tilefni til að fjalla um mikilvæg atriði í barnavernd sem ekki er að finna í frv. eins og ég hef þegar getið. Barnaverndarmálin eru mjög stór en viðkvæmur þáttur fjölskyldumálanna. Það er því erfitt að þurfa að horfast í augu við að enn þá eigi að bíða heildarendurskoðunar nefndar sem hefur verið mjög lengi að störfum, ef ég man rétt, og ekki er vitað hvenær hún lýkur störfum. *Hugsanlega verður bara sýnt frv. fyrir þinglok.*

Þetta gefur mér líka tilefni til þess, herra forseti, að víkja að tillögu sem undirrituð ásamt fleiri þingmönnum úr þingflokki jafnaðarmanna flutti á síðasta þingi. Ég fékk því miður ekki að mæla fyrir því ágæta máli, væntanlega vegna annarra mikilvægari mála sem höfðu forgang á dagskrá Alþingis. Um er að ræða till. til þál. að bæta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þetta mál er að verða tilbúið hjá mér til endurflutnings en ég hef valið að bíða eftir nýjum talnalegum upplýsingum sem varpa ljósi á stöðuna í málaflokknum. Ég hef í þeirri tillögu lagt það til, virðulegi forseti, að dómsmrh. skipi nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, að gera úttekt á framkvæmd laga sem snúa að börnum í sama tilgangi og að meta hvort rétt sé að lögleiða sáttmálann í heild sinni. Auðvitað mun þetta mál koma til umræðu síðar, en mér finnst eðlilegt að benda á það þegar ég er að tala um *hin brýnu verkefni og þá endurskoðun sem ég hefði viljað* sjá og er ekki að finna í þessu frv.

Mig langar líka að vísa í 19. gr. sáttmálans. Hún er um ofbeldi. Hún er um að vernda börn gegn ofbeldi. Þetta er ákvæði sem kveður á um almenna vernd barna gegn hvers konar ofbeldi, líkamlegu og andlegu, misnotkun og vanrækslu, að meginsjónarmið barnaverndarlaga er að vernda börn gegn slíkri meðferð, samanber enn fremur ákvæði almennra hegningarlaga. Ég tel að í lögin um vernd barna og ungmenna vanti ákvæði um að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi. Stórt verkefni og vandasamt en ef sáttmáli Sameinuðu þjóðanna treystir sér til að kveða á um í slíkum sáttmála til aðildarríkjanna að taka verði á þessum málum í lögum sem lúta að vernd barna og ungmenna, þá eigum við að skoða þau og ég hefði viljað sjá slíkt ákvæði í endurskoðun laganna um vernd barna og ungmenna.

Enn eitt stórmál, sem ég vil víkja að, herra forseti, er vistun ungra afbrotamanna. Af og til berast okkur fregnir af alvarlegum ágöllum í meðferðarkerfi okkar. Í tillögu minni um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hef ég lagt til að íslensk lög og réttur verði skoðuð, eins og ég hef þegar nefnt, þannig að þau uppfylli öll skilyrði barnasáttmálans. Hér hefði verið gott tækifæri til að bæta löggjöf okkar í barnaverndarmálum og koma líka að þessu ákvæði, nota tækifærið til að bæta réttarstöðu barnanna okkar til áskilnaðar barnasáttmálans. Það er ekki gert og ráðherrann hefur greint frá því að í raun sé bara um nauðsynlegustu orðalagsbreytingar að ræða. Mig langar að vísa í enn eitt ákvæði sem ég tel að taka verði á og er að finna í samningnum um réttindi barna. Það er varðandi unga afbrotamenn. Þar segir um þennan þátt að ekki megi vista unga afbrotamenn með fullorðnum afbrotamönnum. Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Gerður var fyrirvari af hálfu Íslands við hliðstæða grein í alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sbr. 10. gr. 2. mgr. b-lið og 3. mgr. hans. Það ákvæði er þó afdráttarlausara en c-liður 37. gr.“ — og er þá vísað til barnasáttmálans — „sem kveður á um að taka beri mið af því sem barni er fyrir bestu.“ Svo segir: „Með hliðsjón af ofangreindu og í trausti þess að við ákvörðun um fangelsun ungmenna sé ávallt tekið mið af hvers konar afplánun sé ungmenni fyrir bestu er ekki talið nauðsynlegt að gera fyrirvara við c-lið 37. gr. en rétt talið að gera sérstaka yfirlýsingu um þetta við fullgildingu samningsins.“

Þetta hefur oft borið á góma, sérstaklega þegar við eru að ræða vímuefnavandann og vistun ungra afbrotamanna, að vísað er til bókunar við barnasáttmálann um að ekki sé skylda hjá okkur að uppfylla þetta ákvæði. Ég tel að þetta sé mikill blettur á samfélaginu að vista unga afbrotamenn í fangelsum með fullorðnum afbrotamönnum. Ég tel að það sé tvímælalaust skylda okkar að gera þær breytingar að okkur sé unnt að vera með önnur úrræði. Það er löngu tímabært að aðskilja yngri fanga frá þeim eldri en þar sem ekkert ákvæði er í íslenskum lögum sem verndar börn gegn því að vera vistuð með síbrotamönnum sem gætu haft afar óheppileg áhrif á þroska svo ungra fanga, þá er það gert. Við höfum fengið blaðafregnir um það og ýmislegt hefur verið gagnrýnt hvað varðar það að kornungt fólk afplánar dóma með síbrotamönnum sem hafa haft slæm áhrif á það.

Ég skil ekki af hverju Ísland kaus að vera með þessa yfirlýsingu. Ég þykist vita að á þeim tíma var ekki mikið um að fangelsa þyrfti unga afbrotamenn. Menn voru bjartsýnir á að vandi *nágrannalanda*, bæði varðandi *vímuefnaneyslu* og afbrot sem henni fylgja, næði ekki svo hratt til okkar en nú blasir þessi vandi við. Við eigum auðvitað að gera breytingar á lögum og það á að vera skylda okkar að taka á þessu viðkvæma máli.

Í umræðunni sem átt hefur sér stað undanfarið um unga fíkniefnaneytendur og úrræðaleysið kring um það, blasir sú staðreynd við að við höfum látið hjá líða að búa þannig að börnum og unglingum í þessu þjóðfélagi að þau eigi sér viðreisnar von í stað þess að vera brotin niður við fyrstu afbrotin. Þau þurfa meðferð í refsivistinni og við ættum að stefna að því. Við þurfum annaðhvort sérfangelsi fyrir þau

eða það sem ég mundi vilja sjá, meðferðarstofnanir. Ungviðið á að ná fullorðinsaldri með aðstoð okkar eldri. Við eigum að sjá til þess að afplánunin verði notuð uppbyggilega og barnið verði í stöðugri meðferð og enduruppbyggingu. Það er auðvitað miklu meiri von til þess að slík úrræði hafi góð áhrif á barnið en óforbetranlegur síbrotamaður sem stundað hefur iðju sína um skeið.

Herra forseti. Ég hef rakið helstu atriði þess sem ég tel að við hefðum átt að gera nú í lögunum um vernd barna og ungmenna. Ég spyr félmrh. hvort nokkur kostur sé að mikilvæg ákvæði, t.d. skyldan um talsmann í málefnum barna, verði lagfærð í störfum félmn.

[15:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir orð hæstv. ráðherra um orðanotkun. Málskilningur minn segir að 17 ára glímukappi, tveggja metra hár og jafnvel orðinn faðir, sé ekki barn. En fyrst Alþingi tók þessa ákvörðun, að taka sjálfræðið af 8 þúsund Íslendingum og gera þá að börnum, þá verð ég að sjálfsögðu að lúta þeirri ákvörðun og þetta frv. er afleiðing þess.

Herra forseti. Í 15. og 24. gr. er fjallað um að barni verði skipaður talsmaður. Í 24. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Barnaverndarnefnd ber að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess ef þörf krefur."

Börn geta lent í þeirri óskaplegu stöðu að foreldrarnir hafa á einhvern hátt brugðist því, eru jafnvel orðnir óvinir þess og síðan kemur barnaverndarnefnd, sem er enn meiri óvinur, og ætlar að fara að gera eitthvað fyrir barnið. Þá er ekki beint traustvekjandi að sami aðilinn og ætlar að veita barninu hjálp skipi því talsmann. Ég legg til við hv. þingnefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar að því verði breytt og talsmaður verði skipaður af umboðsmanni barna, sem hefur sannað sig með góðum verkum. Umboðsmaður barna skipi barninu talsmann og að barnið verði upplýst um þennan rétt sinn. Sá talsmaður yrði ætíð skipaður og þar tek ég undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem benti á að alltaf ætti að skipa talsmann. Þetta eru nefnilega mjög þungbær mál og erfið frá sjónarhorni barnsins. Við verðum því alltaf að bera virðingu fyrir því og skipa því talsmann.

Herra forseti. Ég kom aðallega upp til þess að ræða um kostnaðarmat fjmrn. en þar segir að kostnaðurinn muni nema allt að 90 milljónum á ársgrundvelli, þ.e. rekstrarkostnaður vegna nýrra heimila. Þegar þetta mál bar upp, að taka ætti forræðið eða sjálfræðið af 8 þúsund Íslendingum, var það einmitt rökstutt með því að sparnaður mundi nást í kerfinu. Það þyrfti ekki lengur eins sterkt vald til þess að meðhöndla þessi börn, og vissulega valda þessi ungmenni sem núna eru 17 og 18 ára geysilegum kostnaði hjá lögreglu og dómsvaldi. Sá kostnaður sparast, um það er hvergi talað.

Rætt er um að einstakir, sem betur fer mjög fáir, síbrotamenn á þessum aldri fremji tugi glæpa. Það hlýtur aldeilis að kosta í dómskerfinu, í lögregluskýrslum og öðru slíku en sá kostnaður fellur niður. Ég vildi því gjarnan sjá þessa umsögn fjmrn. endurskoðaða í því ljósi að kostnaður sparast hjá dómsmrn. og nota eigi þá peninga til þess að byggja upp þessi heimili sem að mínu mati geta orðið mjög góð til að ráða við vanda þeirra ungmenna — eða barna — sem eru orðin 16, 17 ára og hafa lent á villigötum.

[15:51]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna þessara orða hv. þm. Péturs Blöndals, að hann er ósáttur við orðið barn. Við höfum ákveðna málvitund og þegar við tölum um barn þá erum við oftast nær að hugsa um ungt barn. Þetta eru auðvitað skilgreiningar og lagaskilgreiningar og er ekki aðalatriði í matinu hvort 17 ára glímukappi, og faðir, er skilgreindur barn samkvæmt lögum eða ekki. Annað er miklu stærra og mikilvægara í þessu samhengi. Við höfum oft komið inn á það. Það er sannfæring mín að þessi breyting, að hækka sjálfræðisaldurinn, var enn stærra mál og enn mikilvægari en ég hafði þó talið fyrir fram. Það finnst mér að við höfum séð í þeirri umfjöllun sem átt hefur sér stað eftir að þetta var lögfest á Alþingi.

Ég vil minna þingmanninn á að við höfum t.d. fengið upplýsingar um ungt fólk sem verið hefur í meðferð vegna vímuefnaneyslu. Foreldrarnir hafa reynt að bjarga þessum ungu börnum kannski fimmtán, fimmtán og hálfs árs gömlum. Við erum væntanlega sammála um að fimmtán ára séu þau enn þá börn. Algengt er að fimmtán og hálfs árs gömul hafi þau komist í meðferð og varla hafi tekið því að skrifa þau inn á heimili eða taka af þeim forræðið til þess. Þau hafa getað gengið út daginn sem þau verða 16 ára. Við stöðum frammi fyrir því að eftir 16 ára aldur hafi verið litið á þetta unga fólk sem fullorðið fólk með leyfi til þess samkvæmt lögum að eyðileggja líf sitt.

Auðvitað kallar þessi breyting á nýja hugsun og ný endurhæfingarúrræði og ekki síst nýtt fjármagn til þess fólks sem við viljum aðstoða sem allra mest, ungt fólk upp að 18 ára aldri.

[15:53]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég var ein af þeim sem hvöttu mjög til þess að sjálfræðisaldurinn yrði hækkaður í 18 ár á sínum tíma. Ég fagnaði þeirri breytingu mjög. Frv. sem nú er til meðferðar hér, um breytingu á lögum um vernd barna og ungmenna, er fyrst og fremst leiðréttíng á lögum í kjölfar þess að sjálfræðisaldurinn var hækkaður.

Ég vil láta ánægju mína í ljós með þetta frv. Börn eru skilgreind upp á nýtt, núna kallast þau börn upp að 18 ára aldri. Þetta stríðir kannski gegn málhefð okkar, að tala um 17 til 18 ára börn, en þetta er gert í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ég tel eðlilegt að hafa sambærilega málnotkun í löggjöf okkar.

Ég fagna málinu sérstaklega þar sem ég hef sjálf langa reynslu af því að vinna við barnaverndarmál frá því að ég sat í Barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Það var oft mjög erfitt að horfa upp á réttleysi eldri barna varðandi mál er vörðuðu þau sjálf, ég vil þess vegna sérstaklega fagna ákvæðunum í 15. gr. og einnig í 1. gr. þar sem segir að börn skuli njóta réttinda í samræmi við vaxandi aldur og þroska. Ég tel mjög mikilvægt, t.d. í sambandi við forræðisdeilur og annað slíkt, að hlusta á börn. Oft er þar miðað við 12 ára en ég held að óhjákvæmilega hljóti að verða ýmislegt á aldrinum 16 til 18 ára sem snerti mál af þessum toga. Nauðsynlegt er að virða sjónarmið þeirra og hlusta á þau þó að vissulega séu foreldrarnir með forræðið.

Ég fagna þeim breytingum sem einnig koma fram í 15. gr., að foreldrum er treyst til að meta það hve lengi börn þeirra eiga að vera í meðferð hugsanlega, ef til vímuefnameðferðar kemur. Jafnframt er komið á móti með því að

tryggja börnunum talsmann. Ég tel að þetta frv. sé mjög mikilvægt til þess að koma til móts við hækkun sjálfræðisaldurs en jafnframt þarf að skoða kostnaðarliðinn betur. Gera þarf átak í meðferðarmálum ungra fíkniefnaneytenda. Að börnin séu alfarið á fullorðinsstofnunum er og hefur alltaf verið óviðsættanlegt en núna finnst mér réttur þeirra skýrari.

Ég vona svo sannarlega að gert verði átak í þeim efnum, hvort sem það verður eingöngu á vegum Barnaverndarstofu eða líka á vegum annarra aðila. Vímulaus æska hefur borið fram óskir um að hægt verði að vista börn á slíkum heimilum án milligöngu barnaverndarnefnda og einnig hefur komið í ljós að SÁÁ fyrirhugar að setja upp unglingadeild hjá sér. Ég held að við ættum bara að reyna að nýta krafta sem flestra á þessu sviði. Það er alls ekki þolandi að foreldrar og börn þurfi að bíða eftir meðferð, allt að átta mánuði eins og nú er.

[15:57]

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 1998, 173. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 178.

[15:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir málefnalegar umræður sem hér hafa farið fram um þetta mál og hyggst reyna að svara nokkrum þeirra spurninga sem beint hefur verið til mín.

Hv. 5. þm. Reykn. spurði hverjir væru í endurskoðunarnefndinni. Svo ég rekji það stuttlega þá var að störfum nefnd til endurskoðunar á barnaverndarlögum þegar ég kom í félmrn. Mér er ekki kunnugt um hvaða ráðherra skipaði hana þar eð um þrjá er að ræða. Nefndin skilaði ekki áliti og málið var í lausu lofti í nokkurn tíma.

Núverandi nefnd, sem var skipuð 15. des. 1997, hefur haldið nokkra fundi og leitað álits fjölmargra vegna endurskoðunarinnar og mikil vinna hefur farið fram á milli fundanna.

Það er rétt ég fari aðeins yfir það hverjir eru í nefndinni. Það er Davíð Þór Björgvinsson prófessor, sem er formaður, Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu og fyrrum aðstoðarmaður félmrh. Rannveigar Guðmundsdóttur, Hrefna Friðriksdóttir, sem er lögfræðingur á Barnaverndarstofu, Ingibjörg Broddadóttir, deildarstjóri í félmrn., en hún er í leyfi núna og við störfum hennar tók Guðrún Ögmundsdóttir, deildarstjóri í félmrn., Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjóri í félmrn., er líka í nefndinni. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga voru tilnefnd Benedikt Bogason og Hjördís Hjartardóttir, sem er félagsmálastjóri í Vestur-Húnavatnssýslu, og frá Barnaverndarráði er Guðrún Erna Hreiðarsdóttir í nefndinni.

Ég ber mikið traust til þessa hóps og veit að hann mun vinna vel og samviskusamlega en þarna er um viðkvæma lagasetningu að ræða og vafalaust tekur endurskoðunin töluverðan tíma. Jafnframt þarf Alþingi töluverðan tíma til að fara yfir málið. Þetta er ákaflega viðkvæmt og getur tekið á málefnum fjölskyldna með mjög afgerandi hætti og ég held að ekki megi hrapa að slíkri vinnu. Ég hef út af fyrir sig kannski ekki viljað reka mjög fast á eftir nefndinni en eins og ég sagði áðan þá vonast ég eftir því a.m.k. að geta sýnt frumvarp fyrir þinglok í vor. Upphaflega var það í mínum huga að frumvarpið yrði tilbúið í haust en það verður ekki.

Ég tel hins vegar að sú umræða sem hefur farið fram og ræður þeirra sem hafa tekið til máls eigi erindi í nefndina og ég mun beita mér fyrir því að hún hafi aðgang að umræðunni og þá ekki síst athugasemdum hv. 5. þm. Reykn., sem benti á ýmsa hluti sem hún taldi að betur mættu fara í barnaverndarlögunum og það er sjálfsagt að halda því til haga.

Hv. þm. spurði hvort ég væri til viðtals um að gera talsmann að skyldu ef því yrði breytt í hv. félmn. Ég segi ekki Alþingi fyrir verkum, svo það sé alveg klárt, en ef hv. félmn. og Alþingi þykir viðeigandi eða tiltækilegt að gera þetta að skyldu er það ekki í neinum blóra við mig. Hitt er annað mál að þetta atriði er ekki í þessu frv. vegna þess að ég taldi að það gæti beðið eftir heildarendurskoðuninni úr því hún stóð yfir. Við erum fyrst og fremst að bregðast við hinum brýna vanda dagsins.

Hv. 5. þm. Reykn. hefur beint til mín fyrirspurn um hve oft talsmaður hefði verið skipaður. Í félmrn. er verið að afla gagna til að svara þeirri fyrirspurn, sem ég vonast til að geta gert í næsta fyrirspurnatíma, og ég hafi þá tilbúið svar í höndum, en það þarf að leita að og telja saman þessi tilvik og það er dálítið verk.

Nú hefur það komið fram að óheppilegt sé að hafa unga afbrotamenn í fangelsum með hinum eldri. Það eru ýmsar hliðar á því máli. Ég hygg að allir geti verið sammála um að ekki sé heppilegt að hafa unga afbrotamenn og þá eldri saman í fangelsum. Það væri betra að koma á meðferðarúrræðum fyrir hina yngri fremur en að dæma þá til fangelsisvistar.

Raunar hafa ekkert mjög margir verið dæmdir til fangelsisvistar á undanförnum árum. Í svari frá hæstv. dómsmrh. 30. mars 1998, þ.e. í fyrravor, kom fram að fjórir yngri en 18 ára voru í fangelsum eða luku fangelsisvist á árinu 1996, og tveir á árinu 1997 sem voru yngri en 18 ára. Menn mega því ekki halda að þarna sé um einhvern fjölda að ræða.

Á vegum okkar í félmrn. eða Barnaverndarstofu er verið að koma upp sérstöku úrræði, sérstöku meðferðarheimili fyrir þá erfiðustu af unglingunum í Háholti í Skagafirði og verður það tekið í gagnið um áramótin. Það er von okkar að það verði til þess að ekki þurfi að dæma unglinga til fangelsisvistar nema um mjög alvarleg afbrot sé að ræða — eða ég ætti náttúrlega að segja börn ef þetta frv. væri orðið að lögum.

Talað hefur verið um úrræðaleysi í meðferð ungra fíkla. Ég vil ekki viðurkenna að um úrræðaleysi sé að ræða. Það eru ófyrirséð atvik eða atvik sem mönnum voru a.m.k. ekki að fullu ljós sem hafa orðið til þess að slíkir biðlistar hafa orðið til. Ég vakti strax athygli á því þegar lögræðislögin voru til meðferðar á Alþingi í fyrra að þetta mundi hafa í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir félmrn. Ég nefndi 90 millj. í því sambandi. Á fjárlögum þessa árs eru 20 millj. út af þessari hækkun. Ég svaraði óundirbúinni fsp. fyrir nokkrum dögum þar sem þetta mál bar á góma og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir spurði. Síðan hef ég tekið málið upp í ríkisstjórn og það eru á fjáraukalögum þessa árs, eða í frv. til fjáraukalaga, 10 millj. til viðbótar til að bregðast við þessum vanda og 30 millj. sem gerð verður tillaga um að komi inn í fjárlög næsta árs. Til viðbótar þeim 20 millj. sem ætlaðar voru í málaflokkinn eru því komnar 80 millj. þarna inn. Ég get fyrstur manna viðurkennt að það er of lítið, en ætti þó að nýtast til töluverðra úrbóta.

Ég hef verið í viðræðum við Reykjavíkurborg um útvegun húsnæðis og Rauða krossinn um samstarf í þessum efnum og báðir þessir aðilar hafa tekið mjög jákvætt í að koma til liðs við okkur því þetta er ekki vandi sem félmrn.

eitt eða Barnaverndarstofa getur leyst, hér þarf sameiginlegt átak. Það er hagur bæði sveitarfélagsins, Reykjavíkurborgar, og Rauða krossins sem mannúðarstofnunar að leggja þarna hönd á plóg og ég er sannfærður um að það muni takast.

Það er mikið til af húsnæði í eigu ríkisins sem ekki er nýtt og líka í eigu sveitarfélaga. Ég nefni heimavistarskóla víða eða sums staðar um land sem standa auðir, Staðarborg í Breiðdal, þar er heimavistarskóli sem ekkert er notaður og hefur ekki verið notaður í nokkur ár, ágætis hús. Ég nefni Núpsskóla, ég nefni Húsmæðraskólann á Laugalandi. Það er ekki óeðlilegt að láta sér detta í hug að eitthvað af þessum stofnunum eða húsnæði væri hægt að nota til að bæta úr brýnum vanda sem er í þessum málaflokki um meðferðarúrræði. En sérfræðiliðið er yfirleitt staðsett í Reykjavík og því þykir nú langt út á land svo ég veit ekki hvernig þetta gengur en vek athygli á því hér. Ég vil láta það koma fram að bæði Reykjavíkurborg og Rauði krossinn eru mjög jákvæð að koma til samstarfs við okkur í félmrn. um úrbætur varðandi þessi fíkniefnamál.

[16:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gat þess að ófyrirséð atvik hefðu orðið til þess að biðlistar eftir sérstökum fíkniefna- eða meðferðarúrræðum hefðu lengst. Það kom fram í umræðum um daginn í svari við fsp. frá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur að hæstv. ráðherra taldi að það væri vegna þess að flóðbylgja fíkniefna hefði skollið yfir landið í sumar.

Síðan hefur komið fram í fjölmiðlum að til að mynda lögreglustjórinn í Reykjavík er ósammála hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra virðist því ekki hafa réttar upplýsingar í þessum efnum sem út af fyrir sig gefur tilefni til ákveðinna vangaveltna um hvort menn séu nægilega í stakk búnir til að leggja fram ráð við þessari vá.

Eigi að síður, herra forseti, fagna ég því að hæstv. ráðherra er bersýnilega að velta fyrir sér hvernig hægt væri t.d. að afla húsnæðis undir meðferðarheimili, og mér finnst það jákvætt hjá ráðherranum. Það sem mig langar til þess að spyrja um er þetta: Við það að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 upp í 18 ár færast augljóslega auknar skyldur á herðar ríkisins, eins og hæstv. ráðherra hefur reifað í máli sínu. Talið er að fjögur til fimm ný meðferðarheimili þurfi samkvæmt því sem kemur fram í áliti fjmrn. En hvað telur hæstv. ráðherra sjálfur að þurfi mörg slík heimili til að uppfylla þær skyldur?

Herra forseti. Í fjölmiðlum hefur komið fram, og einhver gat um það í umræðunni áðan, að samtök áhugamanna um áfengisvarnir hafa nú hafið viðbyggingu við heimili sitt að Vogi, sem á sérstaklega að verða fyrir ungt fólk sem er á þessum aldri. Mig langar því til að spyrja hæstv. ráðherra hvort gert sé ráð fyrir því að SÁÁ fái sérstakt fjárframlag af þessu tilefni. Hvort hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því, fyrst þau eru að taka þarna ákveðinn hluta hinna auknu byrða yfir á sig, að þeim verði gert það auðveldara með sérstöku fjárframlagi.

[16:12]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ófyrirséð atvik, já. Það er að vísu rétt að lögreglustjórinn í Reykjavík hefur upplýst að ekki hafi meira af fíkniefnum verið gert upptækt en venjulegt er. Það er sjálfsagt rétt hjá honum. Hitt er svo annað mál að það kann að vera að eitthvað meira hafi sloppið fram hjá yfirvöldum en undanfarin ár.

Ég byggði fullyrðingu mína á því hvað miklu fleiri leita núna til Barnaverndarstofu um liðsinni vegna þess að unglingar eru komnir í fíkniefnin, ekki bara eitthvert dúll heldur jafnvel í mjög hörð fíkniefni. Einhvers staðar fá þeir þau. Í einhverju liggur þessi fjölgun.

Ég hef síðan — og reyndar áður líka — haft tal af mörgum sem fullyrða í mín eyru að í nánasta umhverfi þeirra fari fíkniefnaneysla ungmenna hraðvaxandi. Það getur ekki verið af öðru en því að meira sé í umferð af fíkniefnum en áður. Við að vísu verðum meira vör núna við árganginn sem er 16 ára. Hann átti ekkert athvarf hjá Barnaverndarstofu fyrr en eftir lagabreytingu, þannig að við þurfum ekki að hafa fylgst með honum. En það ber bara flestöllum saman um þetta nema lögreglustjóranum í Reykjavík, að menn geta ekki annað en dregið þá ályktun að meira sé af fíkniefnum í umferð.

Hvað SÁÁ áhrærir hefur SÁÁ ekki haft neitt samband við okkur í félmrn. varðandi byggingaráform sín og ég veit ekkert um þau nema það sem ég hef séð í fjölmiðlum. Það er framtak SÁÁ en ekki okkar.

[16:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Miðað við þær forsendur sem hæstv. félmrh. leggur til grundvallar mati sínu á auknu magni fíkniefna í umferð tel ég að það sé skynsamlega ályktað hjá honum að um aukningu sé að ræða. Og ég get verið sammála honum um að ýmis teikn í umhverfi manns benda til að svo sé.

Ég skildi hæstv. ráðherra svo að vegna þess að nú hefur hann stærri hóp í sínu mikla skjóli vegna hækkunar sjálfræðisaldursins og þar sem þetta er nýtilkomið þá hafði hann kannski ekki samanburðinn áður. En ef fullyrðing hans er rétt, sem eins og ég sagði að mér þykir skynsamlega ályktað hjá honum, þá er það umhugsunarefni fyrir okkur sem erum annað veifið að velta fyrir okkur fíkniefnavandanum að hæstv. félmrh. sem hefur í sjálfu sér enga sérþekkingu á fíkniefnum eða magni þeirra í umferð hafi að öllum líkindum komist að skynsamlegri og réttari niðurstöðu um þá vá sem við stöndum frammi fyrir heldur en þar til bær yfirvöld eins og t.d. lögreglustjórinn í Reykjavík vegna þess að mér finnst, eins og hæstv. ráðherra hefur sagt hérna, að fleiri unglingar leiti aðstoðar og fleiri foreldrar leiti aðstoðar og það bendir til þess eðlilega að meira magn sé í umferð.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að hæstv. ráðherra hafi haft rétt fyrir sér en lögregluyfirvöld hafi haft rangt fyrir sér. Því spyr ég sjálfan mig: Hvað er þetta fólk að gera sem við treystum til að þess að taka upp baráttuna fyrir okkar hönd og barna okkar gegn þessum vágesti? Kannski að hæstv. félmrh. hefði átt að sækja um í löggunni.

[16:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get upplýst að ég er prýðilega ánægður með það starf sem ég hef núna og hef ekki í hyggju, a.m.k. á næstunni, að sækja um í löggunni enda er ég ekki viss um að ég yrði tekinn.

Nóg um það. Þetta er alvörumál. Það er rétt að einhver hluti eða verulegur hluti er vegna hækkunar sjálfræðisaldursins, þ.e. að við þurfum að sjá um úrræði fyrir tvo árganga til viðbótar því sem var áður. En það er líka aukning í yngri hópunum og breyting á þeim efnum sem þau eru að neyta. Maður heyrir næstum því á hverjum degi persónulegar sorgarsögur frá fjölskyldum sem lenda í þessum vanda. Og þetta

er ekki bara í Reykjavík. Því miður þá virðist þetta vera bara stefnan um allt land.

Við í félmrn. erum aðilar að áætlun sem heitir: Eiturlyfjalaust Ísland árið 2002. Því miður þá held ég að það sé fullmikil bjartsýni miðað við þróun undanfarinna mánaða að reikna með því að Ísland verði eiturlyfjalaust árið 2002.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ég hef ekkert vit á eiturlyfjum. Ég hef ekki einu sinni notað þau nema bara tóbak og brennivín eins og er þjóðlegur siður. (**Gripið fram í:** Eins og hv. þm.)

[16:18]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Varðandi þetta með lögregluna, herra forseti, þá ætla ég að hugga ráðherrann því að kannski er verið að vísa til hæðar sem gerðar eru kröfur um. Ég ætla að hugga ráðherrann með því að hann sýnist kannski lægri en hann er af því hann er þéttur á velli.

Vegna orðaskipta hér þá ætla ég ekki að leggja mat á hvort um holskeflu sé að ræða, en ástandið er alvarlegt. Efnin eru sterkari, börnin yngri. Eins og félmrh. er kunnugt liggur fyrir beiðni um utandagskrárumræðu um úrræði vegna vímuefnaneyslu barna og það hefur orðið að ráði, m.a. milli mín og hans, að þessi umræða fari fram að lokinni kjördæmaviku. Ég vona að fleiri ráðherrar fáist til að taka þátt í þeirri umræðu vegna þess að vandinn snýr að fleiri ráðuneytum en félmrn. Þar verður að sjálfsögðu komið inn á sum úrræðin sem ég var með ábendingar um og sumt af því sem kom fram hjá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Ég þakka ráðherranum fyrir svör hans. Ég geri mér grein fyrir því að vinnu nefnda seinkar alltaf þegar þar verða mannaskipti, ég tala nú ekki um ef formaður nefndar víkur úr henni og þarf að byrja upp á nýtt. Og það veldur mér áhyggjum líka núna. Hópurinn sem ráðherrann hefur skipað í núverandi nefnd er hópur mjög hæfra einstaklinga og ég ber til þeirra mikið traust. En það er mikil hætta á því að málið færist á byrjunarreit ef eingöngu næst að koma fram með frumvarp rétt fyrir þinglok og það fyrsta sem gerist hjá hugsanlega nýjum ráðherra er að skipa nýja nefnd og byrja upp á nýtt.

Þess vegna bið ég um að hann reyni að fá nefndina til að haska sér svolítið, og ég þakka fyrir að hann vill koma þessari umræðu á framfæri við nefndina.

[16:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þarna sé um mjög hæfan hóp að ræða. Reyndar vann sumt af því fólki sem nú vinnur í hópnum einnig í eldri hópnum þannig að ekki er alveg byrjað upp á nýtt. Jafnvel þó að ráðherraskipti yrðu, sem ég er ekki að gera skóna, þá þarf starf hópsins ekki að verða ónýtt eða sú vinna sem unnin hefur verið. Ég vænti þess að hópurinn skili frumvarpi sem hægt verður að leggja fram og hugsanlega afgreiða í vetur ef Alþingi sýnist svo.

En ég minni á að þetta er stutt þing. Það verður ódrjúgt hjá okkur vorið vegna kosninga og áformað er að ljúka þingi snemma í mars þannig að eftir jól er ekki mjög mikill tími til stefnu.

[16:21]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er stutt þing og fá mál munu verða afgreidd eftir jól. Það mun skipta mjög miklu máli hvernig ríkisstjórnin skilar frá sér öðrum frumvörpum hingað inn á þingið, þ.e. hvort við verðum með næstum því öll mál undir síðla vetrar eins og í fyrravor.

Þess vegna hef ég komið með ábendingar, herra forseti, um það hversu mörg mál voru ókomin frá ríkisstjórn eða réttara sagt hversu fá mál voru komin frá ríkisstjórninni um miðjan október. Þetta mál er komið snemma fram og við munum væntanlega afgreiða það fljótt og vel. En það skiptir mjög miklu máli hvort ríkisstjórnin komi með mörg, stór og pólitísk mál fram vegna þess að ég spái því að nýtt frumvarp um heildarendurskoðun á málefnum barna og ungmenna muni fá mjög góða og jákvæða umfjöllun af hálfu stjórnarandstöðu á vetri komanda, nái það hingað inn í þing nokkuð tímanlega.

[16:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að vísu rétt hjá hv. þingmanni að stjfrv. hafa ekki borist nógu greiðlega til þingsins. Það er slæmt. Það er kannski ekki sérstaklega við okkur í félmrn. að sakast því að við erum komin með nokkur mál inn í þingið. En í farvatninu eru enn frá minni hendi, fyrir utan þetta mál, tvö verulega mikilvæg mál, skulum við segja, sem taka einhvern tíma í umræðu og afgreiðslu á þinginu.

Það er í fyrsta lagi frv. um húsnæðissamvinnufélög sem frestað var í fyrra en hv. þingmenn þekkja. Það verður lagt fram væntanlega lítið breytt en þó með ákveðnum breytingum frá því sem var í fyrravor. Ég geri ráð fyrir því að sæmilega gott samkomulag verði um það mál. Í því er ekki nein bylting.

Í öðru lagi stendur yfir endurskoðun jafnréttislaganna. Hún er á lokastigi og ég vænti þess að koma því máli fyrir þingið innan fárra daga eða fárra vikna, skulum við segja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 1. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 135.

[16:24]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Frv. er á þskj. 135 og er 135. mál þingsins.

Frv. þetta var upphaflega samið á vegum dóms- og kirkjumrn. á grundvelli ályktunar Alþingis en vegna ákvörðunar forsrh. á grundvelli stjórnarráðslaganna flyt ég það sem viðskrh. Hefur frumvarpi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins verið breytt í nokkrum atriðum, m.a. ákvæðum þess um ársreikninga.

Í frv. eru hugtökin sjálfseignarstofnun og stofnun notuð í sömu merkingu en þessar stofnanir nefnast reyndar stundum sjóðir. Stundum getur komið fyrir að sjálfseignarstofnun stundi atvinnurekstur og stundi þá starfsemi á líkan hátt og félög og önnur fyrirtæki. Er því talið rétt að setja svipaðar reglur um þessa tegund sjálfseignarstofnana og um fyrirtæki í atvinnurekstri. Hliðsjón hefur verið höfð af löggjöf nágrannaríkjanna við samningu frv. þessa sem Stefán Már Stefánsson prófessor vann einkum að en einnig er um margt tekið mið af lögum um einkahlutafélög.

Samkvæmt frv. ber viðskrh. ábyrgð á framkvæmd laganna um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, ef sett verða, en skráningin fer fram í sjálfseignarstofnanaskrá sem Hagstofa Íslands starfrækir og ber Hagstofa Íslands ábyrgð á skráningarmálunum. Þessi verkaskipting er eins og í löggjöfinni um hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög.

Ég mun nú gera nánari grein fyrir sjálfseignarstofnunum og einstökum ákvæðum frv. og vík þá fyrst að I. kafla þess og gildissviði frv.

Í athugasemdum við 1. gr. kemur fram að helstu einkenni sjálfseignarstofnunar samkvæmt frv. eru þau að hún hefur tiltekið stofnfé, hefur yfir fjármagni að ráða og starfar samkvæmt sérstökum samþykktum sem heita jafnvel skipulagsskrá. Jafnframt skal fjármagn stofnunar vera reikningslega og raunverulega aðskilið frá eignum stofnenda og sérhver greiðsla af því fé til stofnenda bönnuð nema hún sé sérstaklega heimiluð í lögum. Stofnunin skal hafa á að skipa stjórn sem starfar sjálfstætt og er óháð stofnendum og henni er jafnframt ætlaður langur líftími.

Í 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum þessum verður til með þeim hætti að reiðufé eða önnur fjárverðmæti eru afhent óafturkallanlega með erfðaskrá, gjöf eða öðrum gerningi til ráðstöfunar í þágu sérgreinds markmiðs, enda fullnægi afhendingin að öðru leyti ákvæðum laganna.“

Í 3. gr. frv. er atvinnurekstur skilgreindur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sjálfseignarstofnun telst stunda atvinnurekstur ef hún:

a. hefur tekjur af sölu á vörum og þjónustu og því um líku eða stundar starfsemi sem er í meginatriðum hliðstæð starfsemi annarra félaga eða einstaklinga í atvinnurekstri;

b. fer með meiri hluta atkvæða í hlutafélagi eða einkahlutafélagi eða öðrum félögum eða fer með öðrum hætti með sambærileg yfirráð.“

Í 4. gr. segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka ekki til:

a. sjálfseignarstofnana, sem stofnaðar eru með lögum eða ákvörðun Alþingis eða heimild í þjóðréttarsamningi og háðar eru eftirliti íslenska ríkisins eða annars ríkis, eða,

b. sjálfseignarstofnana sem sveitarfélög stofna eða leggja fé í til að fullnægja beinum lagalegum skyldum sínum.“

Í II. kafla frv. er að finna ýmis ákvæði um stofnun sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur, m.a. um efni samþykkta þessara stofnana.

Í III. kafla er fjallað um stofnfé og hvernig það megi hækka og lækka. Samkvæmt 10. gr. er miðað við að lágmarksfjárhæð stofnfjár sé 2 millj. kr.

Í IV. kafla er fjallað um stjórn og framkvæmdastjórn með hliðsjón af dönskum lögum um sama efni svo og nýlegum lögum um hlutafélög og einkahlutafélög hér á landi. Samkvæmt 14. gr. þurfa stjórnarmenn að vera a.m.k. þrír. Auk þess þarf a.m.k. einn varamann og eru því gerðar strangari kröfur en í lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög, enda er ekki um að ræða félagsfundi í stofnununum eða almenn önnur ákvæði til að leysa úr vanda með auðveldum hætti. Ráðherra hefur vald til að bæta úr ef ákvæði skortir í samþykktir um skipan stjórna eða starfstíma stjórna.

Í 23. gr. er sagt að í samþykktum megi ákveða að auk stjórnar skuli vera fulltrúaráð, en það tíðkast í sumum sjálfseignarstofnunum sem stunda atvinnurekstur hér á landi. Þótti því rétt að setja nokkur ákvæði um slíkt ráð í frv. og þá með hliðsjón af ákvæðum 73. gr. hlutafélagalaga um fulltrúanefnd, en hún sinnir m.a. eftirliti með stjórn og framkvæmdastjóra hlutafélaga.

Í V. kafla eru ákvæði um ársreikning sjálfseignarstofnana og endurskoðun, en ákvæði ársreikningslaganna geta þó ekki gilt óbreytt vegna sérstaks eðlis sjálfseignarstofnana. Þannig eiga t.d. greinar ársreikningslaga um móðurfélög og dótturfélög ekki við. Þá geta þau ákvæði þar sem skírskotað er til félagsfunda heldur ekki átt við.

Í VI. kafla er fjallað um ráðstöfun ágóða og úthlutun fjármuna stofnana. Í 34. gr. er fjallað um hvaða fé sjálfseignarstofnun getur notað til úthlutunar. Eru reglur þar að lútandi að mörgu leyti sambærilegar reglum hlutafélagalaga og einkahlutafélagalaga um úthlutun arðs, en þó með þeim breytingum sem leiðir af eðli sjálfseignarstofnana.

Í VII. kafla er fjallað um skaðabætur sem sjálfseignarstofnun getur krafið stofnendur, stjórnarmenn og fleiri aðila vegna ólögmætra eða ósaknæmra athafna eða vanrækslu þeirra.

Síðan er í VIII. kafla fjallað um breytingar á samþykktum sjálfseignarstofnunar, slit hennar og sameiningu hennar við aðra stofnun, en stjórn stofnunar skal hafa frumkvæði að tillögugerð til ráðherra í þessu sambandi.

Í X. kafla er fjallað um dagsektir og fyrirmyndir að slíkum ákvæðum er að finna í lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög.

Í XI. kafla er ákvæði um refsingar sem svipar til ákvæða 127. og 128. gr. laga um einkahlutafélög og samsvarandi refsiákvæði í lögum um hlutafélög.

Ákvæði XII. kafla fjalla m.a. um eftirlit viðskrh. með sjálfseignarstofnunum sem stunda atvinnurekstur og ýmis úrræði til að framfylgja því eftirliti. Samkvæmt 45. gr. laganna hefur viðskrh. almennt eftirlit með framkvæmd laganna og getur hann t.d. beitt fyrirmælum eða ákveðnum skilyrðum eða beitt sér fyrir því að sjálfseignarstofnunarskrá grípi til aðgerða og dagsekta, svo og skipað sérstaka rannsóknarmenn vegna reikninga. Í ýmsum öðrum greinum frv., t.d. í 43., 46. og 47. gr., er reyndar kveðið á um eftirlitshlutverk ráðherra í ákveðnum tilvikum. Þá segir í 48. gr. að ráðherra geti bætt úr ef ákvæði skortir í erfðaskrá eða annað stofnskjal um stjórnun, stjórn stofnunar eða annað efni sem vera skal í samþykktum.

Í XIII. kafla er loks ákvæði um gildistöku og aðlögun stofnana sem starfa við gildistöku laganna og falla undir gildissvið þeirra.

Samkvæmt kostnaðarumsögn verður ekki séð að samþykkt frv. hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð en í umsögninni kemur fram að frv. taki aðallega til hjúkrunarheimila, hjálpar- og líknarstofnana og nokkurra skóla.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þetta, sem ætlað er að komi betri skipan á málefni sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur, m.a. með skýrum reglum, verði að lokinni þessari umræðu vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr.

[16:32]

Útbýting þingskjals:

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 176. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 181.

[16:32]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er rætt er að mínu mati býsna þýðingarmikið og löngu orðið tímabært. Það var ljóst

fyrir alllöngu síðan að mikil þörf var orðin á því að skapa viðunandi lagaramma um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Hér er um að ræða starfsemi sem getur verið mjög þýðingarmikil og umsvifamikil og þess vegna sjálfsagt mál að skapa um þetta viðunandi umhverfi.

Ég vil vekja athygli á því að í þeim umræðum sem hafa farið fram um formbreytingu ríkisfyrirtækja hefur það komið fyrir allnokkrum sinnum að menn hafa velt því fyrir sér hvort hægt væri að breyta þessum ríkisfyrirtækjum í einhvers konar sjálfseignarstofnanir sem væru að fullu og öllu leyti þó undir eftirliti ríkisins, en ekkert hefur orðið af því. Það út af fyrir sig tel ég vel því að auðvitað er hlutafélagaformið eins og við þekkjum það langsamlega heppilegasta og eðlilegasta rekstrarform allrar atvinnustarfsemi.

Hins vegar er það svo að upp geta komið tilvik þar sem sjálfsagt er að atvinnureksturinn sé skipulagður með *einhverju öðru formi eða sniði og þess vegna er nauðsynlegt* fyrir okkur að hafa skýr lög sem kveða á um það hvernig með skuli fara þegar fyrirtækjum er skipað í form sjálfseignarstofnana, sem við þekkjum svo sem vel á ýmsum sviðum þjóðlífsins, ekki síst t.d. á umönnunarsviði og slíkum sviðum, þar sem menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast sé að viðhafa form sjálfseignarstofnunar.

Þess vegna, virðulegi forseti, geri ég ekki athugasemdir við þetta frv. í sjálfu sér. Ég tel reyndar að það sé að langmestu leyti prýðilega unnið eftir því sem ég hef vit á og í sjálfu sér fagnaðarefni að það skuli vera komið fram.

Hins vegar finnst mér koma fram í þessu frv. sama refsigleðin gagnvart bæði stjórnendum að nokkru leyti og öðrum, sem mér finnst vera orðin allt of áberandi í lagaumhverfi okkar hvað varðar atvinnulífið. Þess vegna, virðulegi forseti, vildi ég nota tækifærið núna til þess að fara um þetta nokkrum orðum.

Það er ljóst að frv. byggist að nokkru leyti, eins og fram kom í máli hæstv. viðskrh., á lagasetningunni um hlutafélög og einkahlutafélög þar sem nákvæmlega hið sama á við. Þetta er sérlega áberandi varðandi alla okkar skattalöggjöf sem gengur miklu lengra í þessum efnum heldur en skattalöggjöfin í mörgum nágrannaríkjum okkar og er auðvitað farið að hafa verulega slæm áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins í heild.

Í frv. eru a.m.k. tvær greinar sem ég verð að játa, virðulegi forseti, að ég hef miklar efasemdir um og lýsi mig hreinlega á þessu stigi málsins, sérstaklega hvað aðra greinina varðar, fullkomlega ósammála. Hér á ég við í fyrsta lagi 16. gr. frv. sem mér finnst, svo ég taki nú ekki dýpra í árinni að þessu sinni, afar umhugsunarverð. Þar segir í síðustu málsgrein, með leyfi virðulegs forseta:

„Stjórnarmaður, sem vegna langvarandi sjúkdóms eða annarra forfalla eða á annan hátt hefur sýnt sig óhæfan til að gegna starfinu, skal víkja úr stjórninni."

Mér er ekki kunnugt um það, virðulegi forseti, að ákvæði af þessu taginu séu algeng í lagasetningu, þ.e. ef stjórnarmaður eða einhver annar er sjúkur og getur ekki um tíma gegnt starfi sínu þá er ekki svo að um það sé tekin einhver formleg ákvörðun heldur er það lagaskilyrði að hann skuli úr stjórninni. Með öðrum orðum, maður gæti staðið frammi fyrir því, til þess að sanna tilverurétt sinn í stjórn sjálfseignarstofnunar sem stundar atvinnurekstur, að þurfa að koma með læknisvottorð. Mér er t.d. ekki alveg ljóst hverjum eigi að *framvísa* þessu læknisvottorði. En þetta, virðulegi forseti, tel ég að hv. efh.- og viðskn., sem ég held að muni fá þetta mál til meðhöndlunar, eigi sérstaklega að skoða og kanna hvort ekki séu aðrar leiðir til ef menn vilja hafa þann möguleika að skipta út stjórnarmanni sem einhverra hluta vegna er óhæfur til að sinna starfi sínu. Þarna finnst mér sjálfum við vera komin inn á afar hættulegar brautir.

En ég hef enn þá stífari athugasemdir við annað ákvæði frv. sem mér finnst vera mjög skýrt dæmi um þá refsigleði sem ég hef kallað svo og svífur svo mikið yfir vötnunum í nútímalagasetningu hvað varðar starfsumhverfi atvinnulífsins, hvort heldur er í skattalögunum, hlutafélagalögunum og einkahlutafélagalögunum. Þar á ég við 44. gr. *í XI. kafla* sem ber yfirskriftina Refsingar. Og nú ætla ég að lesa, með leyfi virðulegs forseta:

„Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum:" Ef maður gerir hvað?

„b. að bera vísvitandi út rangar frásagnir eða skapa með samsvarandi hætti rangar hugmyndir um hag sjálfseignarstofnunar eða annað er hana varðar."

Veltum aðeins fyrir okkur hvað þetta þýðir. Þetta þýðir að ef einhver, af einhverjum hvötum sem við skulum ekkert ræða sérstaklega, kysi að tala illa um einhverja stofnun, segja eitthvað misjafnt um starfsemi hennar, þá væri hægt að stinga honum í tugthúsið í tvö ár, í 24 mánuði, ef hann yrði dæmdur til ýtrustu refsingar, aðeins vegna þess að hann hefði talað öðruvísi um tiltekna sjálfseignarstofnun en mönnum líkaði vel, lygi t.d. einhverju upp á sjálfseignarstofnunina, sem út af fyrir sig er nú kannski ekki mjög góður siður. Ég held samt sem áður, virðulegi forseti, jafnvel miðað við það starfsumhverfi sem við búum atvinnulífinu eða einstaklingunum, að þarna sé nokkuð langt til seilst, 24 mánaða fangelsi fyrir það að tala illa um einhverja stofnun, ef menn beita lögunum til hins ýtrasta.

Þess vegna segi ég, virðulegi forseti, og beini því nú m.a. til hæstv. viðskrh., sem ég veit að er sanngjarn maður, og efh.- og viðskn., að menn skoði það sérstaklega hvort við *ættum ekki að reyna að setja lagaumhverfið í þessu þannig* að það sé ekki að kalla á refsingar langt út fyrir þau mörk sem maður getur talið að eðlileg tilefni séu til.

Virðulegi forseti. Þessi tvö atriði sem þarna skjóta upp kollinum með afskaplega leiðinlegum hætti finnst mér svona á vissan hátt dæmi um þá þróun sem hefur verið í lagasetningunni hvað varðar atvinnulífið. Þess vegna finnst mér full ástæða til þess að menn skoði þetta nánar og fari betur yfir. Það getur ekki verið vilji eins né neins að hafa ákvæði af því taginu að það varði fangelsisvist ef menn tala illa um sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri. Það getur bara ekki verið hugsunin. Eitthvað annað hljóta menn að hafa ætlað sér að gera þó að þarna hafi tekist svona til.

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi áðan þá er frv. er mikilvægt að öðru leyti. Það varðar atvinnustarfsemi sem oft og tíðum getur verið viðkvæm. Þess vegna er nauðsynlegt að búa þetta sem best úr garði og ég efast ekki um að vandað hefur verið til þess og heyri það af þeim mönnum sem m.a. komu að þessu að þar voru hæfir menn að störfum (**Gripið fram í:** Refsiglaðir.) en refsiglaðir nokkuð. Að *mínu mati* er því ástæða til að vanda sem best til þessarar lagasetningar og taka tillit til sjónarmiða mildi og mannúðar.

[16:41]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það er rétt að hérna er um að ræða mikilvægt mál sem skapar ákveðinn lagaramma um mjög mikilvæga starfsemi sem er til hér á

landi. Ef við tökum eitt dæmi af sjálfseignarstofnun þá var það lengst af sjálfseignarstofnun — og er reyndar enn — sem rak Landakotsspítala. Sá spítali var því rekinn á grundvelli laga um sjálfseignarstofnun sem ekki voru í raun og veru til skýrar reglur um.

Tilgangurinn með þessu frv., eins og kom fram, er fyrst og fremst að færa rekstrarform sjálfseignarstofnunar sem næst því fyrirkomulagi sem núna er á einkahlutafélögum og hlutafélögum.

Hv. þm. gerir athugasemdir við 16. gr. frv. og ég tek undir með hv. þm. að mér finnst vera fyllilega eðlilegt að efh.- og viðskn. skoði þessa hluti í meðförum hennar á frv. En það er nokkur munur á sjálfseignarstofnun og hlutafélagi og einkahlutafélagi. Í hlutafélagi og einkahlutafélagi er skylda að halda ársfundi, aðalfundi, á hverju einasta ári þar sem kosnar eru stjórnir fyrir viðkomandi félög. Með sjálfseignarstofnunarfyrirkomulaginu er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að stjórnir séu kosnar árlega. Stjórnir geta verið skipaðar til tiltölulega mjög langs tíma hverju sinni. Þess vegna er þetta ákvæði sett inn og það má vel túlka þannig að menn séu býsna refsiglaðir því að hægt er að setja menn úr stjórn viðkomandi stofnunar ef þeir einhverra hluta vegna, t.d. vegna lasleika, geta ekki sinnt skyldum sínum sem stjórnarmenn. Hugsunin sem liggur þarna að baki er fyrst og fremst sú að komi upp einhver vandkvæði, t.d. erfiðleikar í rekstri viðkomandi stofnunar og stjórnin beri ábyrgð á því sem þar hefur gerst, þá geti menn einfaldlega ekki — af því þeir hafi ekki getað komist út úr stjórninni með því að segja af sér — borið við lasleika til að firra sig ábyrgð á því sem þar hefur gerst.

Varðandi 44. gr. þá er þar um mjög sambærilegt ákvæði að ræða og er í hlutafélagalöggjöfinni, þó að það snúi dálítið öðruvísi, um að illt umtal eða upplýsingar sem eru veittar um viðkomandi stofnun geti á einhvern hátt orðið til þess að skaða sjálfseignarstofnunina. Slík ákvæði eru til um meðferð trúnaðarupplýsinga innan hlutafélaga sem snúa að stöðu viðkomandi félags og ekki síst ef þær snúa að stöðu félags sem starfandi er á Verðbréfaþingi Íslands og þar fram eftir götunum. Ég vil ítreka það að hér er fyrst og fremst verið að færa þetta form atvinnustarfseminnar, þ.e. sjálfseignarstofnunarformið, sem næst formi annarra félaga eins og einkahlutafélaga og hlutafélaga sem er aðalrekstrarform atvinnulífsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innheimtulög, 1. umr.

Stjfrv., 136. mál. — Þskj. 136.

[16:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til innheimtulaga sem er á þskj. 136. Tilgangur þessa frv. er að setja lög um innheimtuaðgerðir, lög sem ekki hafa áður verið sett hér á landi en er velþekkt fyrirkomulag annars staðar á Norðurlöndum.

Í frv. eru sett ákvæði um samband innheimtuaðila og kröfuhafa, nánar tiltekið upplýsingaskyldu innheimtuaðila og meðferð innheimtufjár. Í öðru lagi eru einnig sett ákvæði um greiðslu innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknun sem og heimild til viðskrh. til að setja reglugerð um hámark á innheimtuþóknun til þeirra aðila sem fá heimildir samkvæmt þessum lögum til að stunda slíka starfsemi.

Eins og nafnið ber með sér fjallar frv. um innheimtu skulda. Lög um þess háttar starfsemi eru ekki til hér á landi. Ýmis ákvæði aðfaralaga, laga um nauðungarsölu og fleiri laga taka að sjálfsögðu á einstaka þáttum í innheimtu vanskilakrafna en það breytir ekki því að engin almenn innheimtulög eru til í landinu. Ríkisstjórninni þykir því rétt að bæta úr því. Slík lög eru í gildi í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og lagafrv. hefur verið samið í Danmörku.

Samkvæmt frv. munu innheimtulög skiptast í sex kafla. Ákvæði I. kafla fjalla um gildissvið og fleira. Þar kemur m.a. fram að lögin gilda með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna krafna, um greiðslu peninga og að unnt sé með samningi að víkja frá sumum ákvæðum laganna.

Í II. kafla er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtustarfsemi, m.a. innheimtuleyfi. Í III. kafla er að finna ákvæði um samband innheimtuaðila, t.d. kröfuhafa og skuldara, m.a. um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvaranir.

Í IV. kafla er fjallað um ákvæði og það samband sem er og þarf að vera milli innheimtuaðila og kröfuhafa, nánar tiltekið upplýsingaskyldu innheimtuaðila, og meðferð innheimtufjárins. Í V. kafla eru ákvæði um greiðslu innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans, m.a. þóknunar, og hægt að ákveða með reglugerð, eins og áður var getið, hver hámarksþóknun skuli vera.

Í VI. kafla eru ýmis ákvæði m.a. um starfsábyrgðartryggingar, eftirlit með framkvæmd laganna, leyfissviptingu, refsingar og almenna reglugerðarheimild.

Eins og segir í athugasemdum með frv. er markmið þess að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviðvörun og innheimtuleyfi og sviptingu þess. Þá er mælt fyrir um heimildir handa ráðherra að gefa út reglugerð þar sem kveðið verður á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar sem heimilt verður að krefja skuldara um.

En frv. er ekki einungis ætlað að tryggja hagsmuni skuldara. Verði það að lögum mun staða kröfuhafa einnig batna. Þannig er mælt fyrir um vörslufjárreikning innheimtuaðila og starfsábyrgðartryggingar allt að 16,5 millj. kr. sem innheimtuaðilar verða að hafa. Starfsábyrgðartryggingin getur þó einnig orðið skuldurum til hagsbóta sem órétti eru beittir og hafa eignast bótakröfu á hendur innheimtuaðilanum.

Einhverjum kann að þykja að það skjóti skökku við að setja í lög heimild til handa ráðherra til að ákveða verð fyrir tiltekna þjónustu nú þegar verið er að leitast við að efla samkeppni á sem flestum sviðum. Því er til að svara að samkeppni kemst ekki að þegar um innheimtuþóknun er að ræða, a.m.k. ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Ræðst það af því að skuldarinn sem borgar innheimtuþóknunina velur ekki innheimtuaðilann. Það gerir að sjálfsögðu kröfuhafinn. Þar sem kröfuhafinn greiðir ekki kostnaðinn við innheimtuna hefur hann takmarkaðra hagsmuna að gæta að því er varðar upphæð innheimtuþóknunar.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns taka þessi ákvæði réttarfarslaga til innheimtu skulda og skipa réttindum og skyldum skuldara og kröfuhafa. Auk þess hefur Lögmannafélag Íslands, samkvæmt heimild í lögum um málflytjendur, úrskurðarvald um þóknanir fyrir lögmannsstörf, þar með talið innheimtuþóknanir. Því þótti eðlilegt að binda gildissvið þessa frv. við innheimtuaðgerðir á frumstigi, þ.e. frá því

að skuld kemst í eindaga þar til byrjaðar eru innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga, þ.e. stefnt er fyrir kröfunni eða aðfarar eða uppboðs er beiðst á grundvelli þar til nauðsynlegra heimilda.

Með frv. þessu er því ætlunin að brúa bil, bilið frá því *skuld kemst í eindaga og þar til innheimtuaðgerðir með* atbeina yfirvalda eru hafnar. Ekki er stefnt að því með innheimtulögum að koma í veg fyrir eðlilega gjaldtöku vegna innheimtuaðgerða á frumstigi, lágt gjald, sem á tímum samkeppni er óvíst að mun fleiri tækju upp en nú tíðkast, hvað þá allir, heldur óeðlilegum kostnaði sem getur og er í ýmsum tilvikum tilfinnanlegur.

Því er við þetta að bæta að markmið frv. er ekki einungis að veita ráðherra heimild til að ákveða með reglugerð hámark innheimtuþóknunar, og stemma þannig stigu við óeðlilegum innheimtukostnaði, heldur er markmið frv. ekki hvað síst að skipa réttindum og skyldum skuldara og kröfuhafa að öðru leyti og er þar um að ræða mjög þýðingarmikil atriði eins og drepið hefur verið á hér að framan.

Það er því álit mitt að hér sé um mikilvægt mál að ræða. Verði frv. þetta að lögum er víst að það mun stuðla að myndun góðra innheimtuhátta, skýra réttarstöðu allra þeirra aðila sem að innheimtum koma, og á eftir að firra bæði skuldara og kröfueigendur tjóni í framtíðinni.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífsýnasöfn, 1. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 121.

[16:52]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lífsýnasöfn. Meginmarkmið löggjafar á þessu sviði er að styrkja starfsemi þeirra lífsýnasafna sem til eru hér á landi, hvetja til vísinda- og þjónusturannsókna, styrkja samstarf fagaðila hér á landi og samstarf íslenskra vísindamanna við erlenda stéttarbræður þeirra íslenskri heilbrigðisþjónustu og vísindastarfi til heilla. Í frumvarpinu er sérstaklega reynt að tryggja að varsla, meðferð og nýting lífsýna úr mönnum verði með þeim hætti að virðing og réttindi þegnanna séu tryggð og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill.

Hér á landi eru nokkur mjög verðmæt söfn lífsýna. Þau eru sum hver árangur af marga áratuga vinnu heilbrigðisstarfsmanna. Lífsýnasöfnin eru ekki hvað síst verðmæt í *ljósi vísindalegra, heilsufarslegra og læknisfræðilegra sjón*armiða. Lífsýnasöfnin hafa m.a. skapað grunn að sívaxandi vísindasamfélagi hér á landi síðustu áratugina. Í mörgum tilvikum hefur verðmætt safn lífsýna ýtt undir áhuga erlendra aðila, vísindastofnana og rannsóknasjóða til ýmiss konar samstarfsverkefna íslenskra og erlendra vísindamanna.

Frumvarp þetta byggir á drögum siðaráðs landlæknis að frv. til laga um lífsýni, sem ráðið vann á árunum 1996–1997. Hvatinn að frumvarpssmíð siðaráðsins var að við umfjöllun margvíslegra mála varð ráðamönnum ljóst að nauðsyn bar til að setja reglur um ýmis álitamál tengd meðferð lífsýna hér á landi. Siðaráðið sendi fyrirspurn til lífsýnasafna um gildandi starfsreglur þeirra.

Í framhaldi af þeirri vinnu taldi siðaráðið mikilvægt að sett yrðu sérstök lög um þessa starfsemi og vann frumvarpsdrög sem send voru heilbr.- og trmrn. Frumvarpsdrögin komu til *umfjöllunar í ráðuneytinu snemma* árs 1998 og var síðan myndaður vinnuhópur á vegum ráðuneytisins sem útfærði tillögurnar nánar nú í sumar og haust.

Vinnuhópurinn fékk á sinn fund ýmsa sérfræðinga á sviði læknisfræði, siðfræði, rannsókna og öryggis persónuupplýsinga. Þannig átti vinnuhópurinn m.a. fundi með forsvarsmönnum stærstu lífsýnasafnanna hér á landi.

Vinnuhópurinn kynnti sér ýmsar þjóðréttarlega skuldbindingar á þessu sviði þar sem tekið er á atriðum eins og friðhelgi einkalífs, umgjörð vísindarannsókna, verndun persónuupplýsinga, banni við misnotkun erfðaupplýsinga og almennum öryggissjónarmiðum við geymslu heilsufarsgagna á upplýsingaöld, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Víða um lönd hafa verið sett lög um líffæra- og lífsýnabanka í tengslum við flutning líffæra og vefefna milli manna. Lagasetning um lífsýnasöfn, þar sem söfnin þjóna fyrst og fremst vísindalegum tilgangi, er hins vegar á frumstigi.

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að vekja sérstaklega athygli á þremur helstu álitamálum sem til umræðu komu við gerð frumvarpsins. En þau eru í fyrsta lagi eignarréttur á lífsýnum, í öðru lagi fyrirkomulag samþykkis lífsýnisgjafa og í þriðja lagi vernd persónuupplýsinga.

Við umfjöllun um lífsýnasöfn verður ekki hjá því komist að taka afstöðu til *þess hvort sá er leyfi fær til reksturs líf*sýnasafns verður eigandi þess. Í hefðbundinni skilgreiningu eignarréttarins felst að eigandinn einn hefur heimild til umráða og ráðstöfunar verðmæta, oftast fjárhagslegra. Þá felst það í eignarréttindum að eigandinn getur fylgt heimildum sínum eftir með þvingunum ef á þarf að halda, oftast fyrir atbeina dómstóla og eftir atvikum annarra handhafa opinbers valds. Þá er það einkenni eignarréttinda að aðilaskipti geta orðið að þeim og að þau verða metin til fjár á peningalegan mælikvarða.

Vegna eðlis lífsýna og þess hvernig til lífsýnasafna er stofnað geta þau hvorki né mega lúta lögmálum eignarréttar í venjulegum skilningi. Leyfishafi lífsýnasafns telst því ekki eigandi lífsýnanna; hann getur ekki selt þau eða veðsett. Hann fær hins vegar ákveðinn umráða- og ráðstöfunarrétt yfir þeim, sem nánar er kveðið á um í frumvarpinu.

Siðaráð landlæknis gerir í drögum sínum ráð fyrir að lífsýnagjafi gæti farið fram á að lífsýni væri eytt úr lífsýnasafni. Við frekari skoðun þótti þetta ekki rétt því fara bæri með lífsýni svipað og sjúkraskrár, sem ekki má eyða. Nokkrir þeirra er ráðgast var við og vinna með lífsýni töldu reyndar að setja ætti ákvæði í lögin sem bönnuðu eyðingu lífsýna undir öllum kringumstæðum en vafi þótti leika á að slíkt *væri framkvæmanlegt.*

Samkvæmt frumvarpinu verður lífsýni einvörðungu vistað í lífsýnasafni með samþykki lífsýnisgjafa. Slíkt samþykki getur verið tvenns konar, ætlað samþykki eða svokallað upplýst og óþvingað samþykki. Gert er ráð fyrir að einstaklingar séu almennt ekki mótfallnir því að lífsýni, sem t.d. eru tekin við venjubundnar rannsóknir á heilbrigðisstofnunum, verði vistuð á lífsýnasafni, þ.e. gert er ráð fyrir samþykki.

Sé lífsýnagjafi mótfallinn því að lífsýni verði geymt verður hann að lýsa því yfir. Hafi lífsýnagjafinn ekki gert neinar

athugasemdir getur farið svo að sýnið verði vistað til frambúðar í lífsýnasafni og með það farið samkvæmt ákvæðum þessa lagafrv.

Í frv. er lögð sú skylda á stjórnvöld að kynna efni þess rækilega fyrir almenningi, m.a. hvað felist í samþykki lífsýnisgjafa. Sérstaklega er tekið fram í ákvæði til bráðabirgða með frv. að landlæknisembættið eigi að annast ítarlega kynningu meðal almennings á reglum um lífsýnasöfn. Þegar lífsýnum er safnað, t.d. til vísindarannsókna, ber að afla upplýsts, óþvingaðs samþykkis lífsýnisgjafa. Slíkt samþykki byggir á að lífsýnisgjafi hafi verið upplýstur um markmiðin með töku sýnisins, um gagnsemi og áhættu samfara tökunni og að lífsýnið verði hugsanlega varðveitt til síðari notkunar.

Áhætta af meðferð lífsýna felst aðallega í hugsanlegri misnotkun upplýsinga eða niðurstöðum rannsókna á lífsýnum. Því er í frv. lögð rík áhersla á að tryggja öryggi persónuupplýsinga í íslenskum lífsýnasöfnum. Mikilvægur þáttur í starfi heilbrigðisstétta er að tryggja persónuvernd og öryggi heilsufarsupplýsinga. Löggjafar- og framkvæmdarvaldið hafa leitast við að tryggja vernd heilsufarsupplýsinga með setningu laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, læknalaga, nr. 53/1988, laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 449/1997, svo nokkur dæmi séu tekin.

Starfræksla lífsýnasafna um margra áratuga skeið hefur hvorki orðið tilefni til tortryggni meðal almennings í garð heilbrigðisstétta né hafa komið í ljós tilvik misnotkunar eða vanrækslu. Þrátt fyrir það er sjálfsagt að tryggja í frv. að öryggis persónuupplýsinga á lífsýnasöfnum sé gætt. Þess vegna er m.a. sett sem skilyrði fyrir leyfi til reksturs lífsýnasafns að umsögn tölvunefndar liggi fyrir. Þá hafa leyfishafar lífsýnasafna upplýsingaskyldu gagnvart tölvunefnd, sbr. 6. gr. frv.

Frv. til laga um lífsýnasöfn skiptist í sex kafla. Í I. kafla er að finna almenn ákvæði um markmið, gildissvið og skilgreiningar. Kveðið er á um það markmið laganna að heimila söfnum, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna þannig að persónuvernd sé trygg og að lífsýni verði eingöngu nýtt í vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi. Lífsýni, sem geymd eru til frambúðar, skal vista á lífsýnasafni og er það nýmæli.

Í II. kafla er fjallað um stofnun og starfræksla lífsýnasafna. Þar er m.a. gert ráð fyrir að einungis þeir sem fengið hafa til þeirra heimild ráðherra geti rekið lífsýnasafn. Ráðherra skal afla umsagna landlæknis, vísindasiðanefndar og tölvunefndar áður en leyfið er veitt. Jafnframt eru sett ýmis skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Í fyrsta lagi er sett það almenna skilyrði að uppfyllt séu öll ákvæði frv. og þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem sett kunna að verða á grundvelli frv.

Í öðru lagi er það gert að skilyrði að lífsýnasafn sé staðsett hér á landi. Skilyrðið er sett til að hægt verði að koma við fullnægjandi eftirliti íslenskra stjórnvalda með rekstri lífsýnasafnsins og varðveislu lífsýnanna.

Í þriðja lagi er kveðið á um að skýr markmið með starfrækslu liggi fyrir, svo sem að lífsýnunum sé safnað í tilgreindum vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi.

Í fjórða lagi þarf umsækjandi að gera grein fyrir því hvernig varðveislu lífsýnanna er háttað. Þetta skilyrði er sett til að tryggja að lífsýnin skemmist hvorki né glatist vegna ófullnægjandi aðstæðna á lífsýnasafninu.

Í fimmta lagi er kveðið á um að starfsreglur liggi fyrir og að þar séu ákvæði um erlent samstarf. Þau lífsýnasöfn sem nú eru starfandi hér á landi hafa flest sett sér starfsreglur. Sú leið var farin í frv. að setja starfsemi lífsýnasafnanna ekki of þröngar skorður með því að skilgreina í smáatriðum hvernig starfi þeirra verði háttað.

Í sjötta lagi ber leyfishafa að tilnefna safnstjórn, auk þess sem einn einstaklingur skal vera ábyrgðarmaður lífsýnasafnsins. Til að tryggja hæfni ábyrgðarmannsins skal hann hafa menntun á sviði heilbrigðisþjónustu eða sambærilega menntun.

Stjórn lífsýnasafns ásamt ábyrgðarmanninum er ætlað að tryggja að við daglega starfsemi safnsins sé fylgt fyrirmælum laga og reglugerða og gætt þeirra skilyrða sem sett voru fyrir starfsleyfi safnsins. Þá er stjórnin, ásamt ábyrgðarmanni, ábyrg fyrir rekstri safnsins, ráðstöfun lífsýna og vörslu. Stjórnin hefur upplýsingaskyldu gagnvart landlækni, tölvunefnd og vísindasiðanefnd.

Í III. kafla er fjallað um söfnun, meðferð og aðgang að lífsýnum. Þar er m.a. fjallað um ætlað og upplýst samþykki, svo sem lýst er hér á undan. Í þessum kafla frv. er gert ráð fyrir því að tölvunefnd hafi eftirlit með því að öryggi persónuupplýsinga sé tryggt. Tölvunefnd hefur þegar mikla reynslu af því að þróa reglur um vinnuferli sem tryggja eiga persónuvernd við vísindarannsóknir.

Ef lífsýnasafn hættir rekstri er gert ráð fyrir að ráðherra taki ákvörðun um ráðstöfun safnsins eftir að leitað hefur verið álits landlæknis, vísindasiðanefndar og tölvunefndar. Leyfishafi getur þó gert tillögur um ráðstöfun safnsins. Í virðingarskyni við starf þeirra aðila sem safnað hafa lífsýnum og byggt upp lífsýnasöfn á undanförnum áratugum er eðlilegt að tekið sé tillit til óska þeirra eins og unnt er.

Ákvæði 9. gr. fjalla um aðgang að lífsýnasafni til vísindarannsókna, frekari greiningar sjúkdóma, kennslu og gæðaeftirlits. Þar segir að sýni skuli að jafnaði ekki notuð í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, en undantekningar frá því eru mögulegar með samþykki vísindasiðanefndar.

Aðgang vegna vísindarannsókna getur safnstjórn ekki heimilað nema að fengnu samþykki tölvunefndar og að fyrir liggi rannsóknaráætlun samþykkt af vísindasiðanefnd eða siðanefnd viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Safnstjórn getur að fengnu samþykki tölvunefndar (og vísindasiðanefndar þegar það á við) heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en hinum upphaflega, að uppfylltum skilyrðum sem lýst er í greininni. Dæmi um slíkt gætu tengst erfðamálum eða laganauðsyn.

Eins og ég gerði grein fyrir hér á undan eignast leyfishafi lífsýnasafns ekki lífsýnin en fær ákveðinn umráða- og ráðstöfunarrétt yfir þeim. Að öðru leyti en kveðið er á um að leyfishafanum sé óheimilt að framselja lífsýnin eða að setja þau að veði fyrir fjárskuldbindingum og þau eru ekki aðfararhæf. Nauðsynlegt er að setja þessi skilyrði til að tryggja öryggi lífsýnanna og hagnýtingarmöguleika ef röskun verður á starfsemi leyfishafans.

Eins er fjallað um þagnarskyldu og er það ákvæði samhljóða þagnarskylduákvæði í lögum um réttindi sjúklinga.

Í IV. kafla er fjallað um eftirlit og upplýsingaskyldu. Landlæknir skal samkvæmt frv. árlega gefa út skrá um lífsýnasöfn sem aðgengileg er fyrir almenning. Skránni er einnig ætlað að tryggja að réttar upplýsingar um stjórn og ábyrgðarmann hvers safns séu ávallt til reiðu. Þetta er liður í

því almenna kynningarstarfi sem heilbrigðisyfirvöldum ber að viðhafa í tengslum við lífsýnasöfnin.

Í kaflanum er ítrekuð sú skylda heilbrigðisyfirvalda að kynna almenningi rekstur lífsýnasafna, rétt einstaklinga og hvað felst í ætluðu samþykki. Almenningi verður að vera ljóst að við þjónusturannsóknir verður að taka það sérstaklega fram óski viðkomandi ekki eftir því að lífsýni hans verði vistað á lífsýnasafni og hvernig hann geti komið slíkri ósk á framfæri.

Skylt er að veita einstaklingum upplýsingar um hvort lífsýni úr þeim eru geymd á lífsýnasöfnum og um hvers konar lífsýni er að ræða, fari þeir fram á slíkt.

Í V. kafla er fjallað um refsingar og viðurlög. Þar er kveðið á um heimild ráðherra til að afturkalla leyfi ef brotið er gegn ákvæðum laganna eða skilyrðum leyfis er ekki fullnægt. Áður en rekstrarleyfi er afturkallað skal ráðherra þó veita leyfishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sé um að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi getur ráðherra afturkallað leyfi án þess að gefa aðvörun eða veita frest til úrbóta.

Í VI. kafla eru ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir aðlögunartíma fyrir starfandi lífsýnasöfn og landlæknisembættinu falið að sjá um ítarlega kynningu meðal almennings á starfsemi lífsýnasafna.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir helstu ákvæðum í frv. til laga um lífsýnasöfn og lýst þeim álitaefnum sem til skoðunar komu við frumvarpssmíðina. Fyrir liggur mat fjárlagaskrifstofu fjmrn. á kostnaðaráhrifum frv. þar sem gert er ráð fyrir að kostnaðarauki verði á bilinu 3– 5 millj. kr. Ég tel að frv. geti orðið til að efla starfsemi á þessu sviði og með því sé tryggður réttur þeirra sem gefa lífsýni, til persónuverndar.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

[17:11]

Útbýting þingskjala:

Ferðakostnaður aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda, 175. mál, fsp. MF, þskj. 180.

Stjórnarskipunarlög, 174. mál, frv. GGuðbj o.fl., þskj. 179.

[17:12]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. hæstv. heilbrrh. um lífsýnasöfn sem að hennar sögn byggir að verulegu leyti á drögum sem siðaráð landlæknis skilaði frá sér á síðasta ári til ráðuneytisins. Það er samt athyglisvert, þegar maður les grg. með frv., að í vinnuhópi þeim sem hæstv. ráðherra setti á laggirnar til þess að vinna frv., þá virðist enginn úr téðu siðaráði hafa setið. Satt að segja heyrist mér á ræðu hæstv. ráðherra, og raunar líka á flýtilestri á þessu frv. að betra hefði verið að hafa einhvern úr siðaráðinu í þeirri vinnu. Mér sýnist satt að segja að einstakir kaflar eða ákvæði í þessu frv. brjóti mjög harkalega gegn ýmsum reglum sem eru eiginlega viðteknar í vinnu af þessu tagi. Siðaráð var bersýnilega, eftir upplýsingum sem komu fram í ræðu ráðherrans, þeirrar skoðunar að haga ætti þeirri vinnu öðruvísi en ráð er fyrir gert í frv.

Vísast er það rétt hjá hæstv. heilbrrh. að tímabært sé að setja sérstök lög um lífsýnasöfn og lífsýni. Slík lög hafa ekki verið til og lengi vel hefur meðferð lífsýna vafist nokkuð fyrir stjórnsýslunni. Lögin hafa ekki tekið á mikilvægum þáttum sem varða t.d. öflun þeirra, eignarhald og vörslu í mörgum tilvikum.

Ég geri mér grein fyrir því að mikilvægi lífsýna og dýrmæti sem í þeim felst hefur aukist hraðfluga á síðustu árum. Það stafar ekki af vaxandi umfangi lífsýnabanka, þó að þeir kunni að hafa stækkað allverulega á síðustu árum. Það stafar ekki síður af því að í burðarliðnum er ný tækni sem gerir kleift að vinna miklu meira magn upplýsinga, mun hraðar en áður úr lífsýnum.

Hér á landi eru til frábær söfn lífsýna, sem frumkvöðlar á sviði læknisfræði tóku upp hjá sjálfum sér að safna fyrir áratugum. Þau ná marga áratugi aftur í tímann, eru vel skrásett og í þessum söfnum er að finna gögn um tugþúsundir einstaklinga. Þegar við bætist að ný tækni gerir síðan kleift að bæta við þær upplýsingar sem liggja fyrir í þessum söfnum öðrum upplýsingasöfnum eins og ættarskrám, þá er ljóst að úr því má afla miklu verðmætari upplýsinga frá sjónarhóli læknisfræðinnar en gert hefur verið hingað til.

Í ræðu hæstv. ráðherra kom fram að þessi söfn hafa á undanförnum árum verið aflvaki aukins samstarfs milli íslenskra og erlendra vísindastofnana. Í grg. með frv. kemur jafnframt fram að með tilvísan til þessara lífsýnasafna hafi tekist að fá erlenda rannsóknarsjóði til þess að leggja verulegt fjármagn til rannsókna.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra hafa verið áhöld um mikilvæga þætti og má orða það svo að varði réttarstöðu þeirra sem lagt hafa til lífsýni. Að því tilefni finnst mér rétt að rifja hér upp, herra forseti, að heilbr.- og trn. tók mikilvægt skref til að skýra réttarstöðu sýnagjafa þegar hún fjallaði um frv. til laga um réttindi sjúklinga fyrir réttum tveimur árum. Í meðförum nefndarinnar — og það er mikilvægt að rifja það upp — var tekið af skarið um að lífsýni eru hluti af sjúkraskrá. Ég leyfi mér, herra forseti, að vísa til 10. gr. laga um réttindi sjúklinga þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna gilda ákvæði 15. gr.“

Og í 3. mgr. 15. gr. segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Tölvunefnd er heimilt samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga að veita aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum.“

Skoðun nefndarinnar á þessum tíma var, eins og kemur fram í þessum lögum — þetta orðalag er vegna breytinga sem urðu í meðförum heilbr.- og trn. — að lífsýni eru hluti af sjúkraskrá. Óðruvísi er ekki hægt að líta á þetta. Það er lykilatriði í málinu.

Við þetta frv. verðum við að hafa til hliðsjónar frv. um miðlægan gagnagrunn. Þar er lagt til að heimilt verði að safna upplýsingum úr sjúkraskrám í þann tiltekna gagnagrunn. Samkvæmt þessu má einnig, ef þetta frv. yrði að lögum, færa í þann miðlæga gagnagrunn upplýsingar sem vinna má úr þeim hluta sjúkraskráa sem samkvæmt skilgreiningu laga um réttindi sjúklinga heita lífsýni. Það er mjög mikilvægt að menn hafi þetta til hliðsjónar, sér í lagi þegar rakin eru ýmis ákvæði í frv. því sem til umræðu er.

Ég verð að segja að óvanalega margar spurningar vöknuðu um innihald frv. þegar ég las það. Áður en ég kem að þeim allra helstu langar mig aðeins að drepa á þátt úr ræðu hæstv. ráðherra. Hún sagði að áhöld hefðu verið um það í vinnu ráðuneytisins hvort setja ætti inn ákvæði um leyfi til að eyða lífsýnum. Vísindasiðanefnd lagði það til. Það er vel

skiljanlegt vegna þess að það er jafnan hluti aðferðafræðinnar sem liggur að baki upplýstu, óþvinguðu samþykki, að menn hætti þátttöku í vísindarannsókn. Samkvæmt frv., eins og ég kem inn á síðar, virðist það ekki vera hægt.

Hæstv. ráðherra greindi frá því að á þessu hafi leikið vafi. Mér skildist að rökin, a.m.k. sumra, hefðu verið að ekki væri hægt að leyfa að eyða lífsýni.

Nú er það svo, herra forseti, í frv. sem hér liggur fyrir er í 2. gr. greint frá því að við tilteknar aðstæður sé lífsýnum eytt. Þetta varðar ekki meginefni ræðu minnar en mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Er í raun mögulegt, með hliðsjón af lögunum um réttindi sjúklinga sem fortakslaust segja að lífsýni séu hluti af sjúkraskrá og samkvæmt hennar eigin röksemdafærslu, að heimila eyðingu lífsýna við þær tilteknu aðstæður sem greint er frá í 2. gr.? Þetta er bara svona akademísk spurning sem vaknaði hjá mér.

Í 2. gr. er mælt fyrir um að lögin eigi ekki að ná til tímabundinnar vörslu sýna vegna afmarkaðra vísindarannsókna. Þar er tvímælalaust tekið fram að sýnum sem þannig er aflað skuli eytt. Með þessu virðist löggjafinn gefa þeim, sem af fúsum og frjálsum vilja taka þátt í að brjóta út akurlendi nýrrar þekkingar með því að láta af höndum lífsýni, afar góða tryggingu fyrir því að sýnin úr þeim verði ekki notuð til annarra rannsókna en þeirra sem eru gefnar upp þegar samþykkis er aflað. Þetta finnst mér vera mjög jákvætt.

Í sömu grein segir að lögin nái ekki til sýna sem aflað er vegna tímabundinna nota við þjónusturannsóknir og svo vitnað sé orðrétt í greinina, með leyfi forseta: „.... enda sé slíkum sýnum eytt þegar þjónustu eða rannsókn lýkur."

Gott og vel. Þarna er í raun lagagrein sem mælir mjög skýrt og ótvírætt fyrir um að þeir sem fara í þjónusturannsókn geti treyst því að lífsýnum úr þeim verði eytt að þjónustu lokinni. Þetta er mikilvæg yfirlýsing af hálfu löggjafans. Við fyrstu sýn tekur hún af tvímæli um að sá sem haldinn er sjúkleika eða telur sig haldinn sjúkleika og leitar á náðir heilbrigðiskerfisins geti treyst því að lífsýni, sem úr honum yrði tekið til að aðstoða við greiningu á sjúkdómi hans, verði ekki notað til óskyldra hluta. Þetta skiptir máli enda ein af burðarstoðum trúnaðarsambands læknis og sjúklings sem er einn af meginþáttunum heilbrigðiskerfisins.

Mér virðist, herra forseti, að hér sé því miður verið að búa til falskt öryggi. Það sést þegar komið er í 7. gr. þar sem segir í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Hafi lífsýnum verið safnað vegna þjónusturannsókna má ganga út frá ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að lífsýnið verði vistað á lífsýnasafni."

Ætluðu samþykki? Ég sé ekki betur, herra forseti, en að tryggingunni, sem sjúklingum er gefin í 2. gr. og reyndar líka með 1. málslið 9. gr., sé hér kippt til baka. Frv. opnar ótvírætt þann möguleika að sá sem leitar sér aðstoðar hjá lækni geti átt von á að lífsýni sem hann lætur af höndum til þess að auðvelda greiningu á sínum eigin sjúkdómi lendi í lífsýnabanka spítala eða einkafyrirtækja. Ég held að óhjákvæmilegt sé, herra forseti, að lesa þetta með hliðsjón af því að annars vegar er lífsýni partur af sjúkraskrá og hins vegar að upplýsingar úr sjúkraskrám megi færa í miðlægan gagnagrunn. Af því dreg ég þá ályktun að það verði heimilt, samkvæmt þessu — nema því verði breytt í umfjöllun Alþingis, að vinna upplýsingar úr lífsýnum einstaklinga og flytja þær í miðlægan gagnagrunn. Það er mikilvægt að menn hafi það til hliðsjónar í umræðunni.

Ég tel algjört lágmark, þegar þetta er gert, að sjúklingur verði að heimila notkun á slíku sýni skriflega. Það tryggir a.m.k. að honum hafi verið gerð grein fyrir því að mögulegt sé að sýni, sem er tekið við þjónusturannsókn, verði sett á safn og notað til alls óskyldra rannsókna. Það verður að tryggja að hann viti um réttinn til þess að synja slíkri þátttöku.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hví í ósköpunum er ekki tekið fastar á þessu í frumvarpinu? Svona málsmeðferð er mjög óljós og getur skapað hvers konar rugling og óvissu í samskiptum læknis og sjúklings.

Ég held jafnframt, herra forseti, að rökstuðningurinn fyrir þessu sé á æði hálum ís. Ég held reyndar að höfundar frv. gerir sér grein fyrir því og það speglast vel í skýringum frv., t.d. undarlegri skilgreiningu á hinu „ætlaða samþykki". Einu efnislegu rökin sem þar er að finna fyrir skilgreiningunni er eftirfarandi setning sem ég les, með leyfi forseta:

„Hér er m.a. höfð hliðsjón af 9. gr. laga um réttindi sjúklinga."

Og hvað segir, herra forseti, í 9. gr. laga um réttindi sjúklinga? Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú er sjúklingur meðvitundarlaus eða ástand hans að öðru leyti þannig að hann er ófær um að gefa til kynna vilja sinn varðandi meðferð sem telst bráðnauðsynleg. Í því tilviki skal taka samþykki hans sem gefið nema fyrir liggi örugg vitneskja um að hann hefði hafnað meðferðinni."

Mér finnst, herra forseti, að þetta sé vægast sagt afar hæpin rökfræði. Ég skil ekki hvernig hægt er að nota sem rök fyrir þeirri málsmeðferð sem frv. leggur til, þá aðferð sem lögin mæla fyrir um að læknar eigi að viðhafa þegar þeir telja nauðsynlegt að grípa til ákveðinnar meðferðar, þegar líf er í hættu og viðkomandi sjúklingur er rænulaus. Ég get ekki fallist á að það sé leyfilegt að nota þessi rök.

Ég óska eftir því að hæstv. heilbrrh. skýri þetta út fyrir okkur. Ég fæ ekki með nokkru móti séð að þarna sé um eðlilegan samanburð að ræða. Í öðru tilvikinu er um að ræða meðvitundarlausan sjúkling og til að bjarga lífi hans gefa menn sér að hann sé sammála tiltekinni meðferð sem er nauðsynleg til þess að bjarga honum sjálfum. Þetta er ofur skiljanleg aðferð sem ég tel að þurfi ekki að skýra.

Í hinu tilvikinu er um að ræða fólk sem er með ráði og rænu og ef það hafnar ekki ákveðinni meðferð á sýnum úr því þá beri að telja það samþykkt meðferðinni. Eins og ég sagði áðan þá er þetta hæpið nema það sé algjörlega ljóst að fólkið viti af þessu. Í lögunum kemur hins vegar fram að af hálfu læknis þurfi ekki að greina sjúklingi frá því, það er ekki nauðsynlegt. Hann gæti kannski gert það af eigin hvötum en löggjafinn leggur ekki fyrir hann að gera það. Þar segir að viðkomandi geti synjað þátttökunni, enda hafi skriflegar upplýsingar um að slíkt kynni að hafa verið gert verið aðgengilegar.

Bíðum nú við, herra forseti. Skriflegar upplýsingar eiga að vera aðgengilegar. Hvernig? Eiga þær að hanga á spjaldi uppi á vegg á heilsugæslustöðinni sem sjúklingurinn kemur á? Eiga þær að vera í bæklingi sem hann þarf að finna sér til þess að lesa? Þarf hann að fara í ráðuneytið til þess að verða sér úti um þessar upplýsingar?

Herra forseti. Þetta er alls ekki boðlegt. Þrátt fyrir það sem hæstv. ráðherra sagði um að leggja ætti sérstakt fjármagn í að kynna sjúklingum þessa möguleika, hvenær á að gera það? Kannski í upphafi þegar lögin eru orðin að veruleika, þá á að gera átak. Það mun fljótt gleymast, ekki síst þar sem

í áliti fjárlagaskrifstofu fjmrn. kemur fram að eyða eigi einni til tveimur milljónum í þetta. Herra forseti. Þetta gengur að sjálfsögðu alls ekki.

Mér finnst líka með fádæmum, herra forseti, að sjá skilgreiningu í 3. gr., 5. tölul., um upplýst og óþvingað samþykki. Þar segir að sá sem veitir samþykkið þurfi að vera upplýstur um markmiðið með töku lífsýnis, gagnsemi, áhættu og að lífsýnið verði varðveitt til frambúðar á lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. Þetta leyfir hæstv. ráðuneyti sér að kalla upplýst samþykki. Þó liggur fyrir skilgreining í lögum um réttindi sjúklinga á því hvað teljist upplýst samþykki. Samkvæmt þeirri grein, þ.e. 10. gr. laga um réttindi sjúklinga, segir m.a., með leyfi forseta:

„Sjúklingi skal gerð grein fyrir því að hann geti hafnað þátttöku í vísindarannsókn og hann geti hvenær sem er hætt þátttöku eftir að hún er hafin."

Þetta er, herra forseti, allt annað en segir í frv. til laga um lífsýnasöfn um upplýst samþykki og það er óásættanlegt. Þetta er í blóra við það sem segir m.a. í reglugerð ráðuneytisins sjálfs um heilbrigðisrannsóknir. Þetta tengist þeim deilum sem hæstv. ráðherra greindi okkur frá áðan og kemur fram í því að þetta frv. heimilar ekki að láta eyða lífsýni. Með öðrum orðum getur maður lent í þeirri stöðu að maður kemur til þess að gefa blóð, blóðið verði skimað og til verði lífsýni. Á grundvelli þess væri hægt að vinna upplýsingar og þær fengjust ekki dregnar til baka. Þetta er stórhættulegt, herra forseti.

Tímans vegna get ég ekki farið ítarlega í ýmis önnur atriði en eitt og annað er óhjákvæmilegt að ræða. Í 9. gr. er sagt að stjórn lífsýnasafns geti, eftir að hafa fengið samþykki tölvunefndar og eftir atvikum vísindasiðanefndar, heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en ætlað var.

Bíðum nú við. Hvað er hér á ferðinni, herra forseti? Samkvæmt grg. eru tiltekin dæmi. Og dæmin eru hver? Þau gætu tengst erfðamálum eða laganauðsyn. Hvað felst í orðinu laganauðsyn, herra forseti? Af hverju talar hæstv. ráðherra ekki skýrar?

Gæti það verið maður, ásakaður um glæp og ætti það á hættu að lífsýnið yrði notað gegn honum? Ég leyfi mér aftur að taka dæmið af blóðgjafanum. Maður kemur til þess að gefa blóð, kemur af fullkomlega frjálsum vilja og af göfugum hvötum en við það verður til lífsýni sem mögulega yrði notað gegn honum síðar.

Hvað er hér á ferðinni, herra forseti? Hér er á ferðinni upphaf að lífsýnabanka sem lögreglan gæti notað, eins konar DNA-banka sem lögregluyfirvöld í hverju landinu á fætur öðru hafa óskað eftir að fá en ekkert land hefur veitt heimild fyrir.

Þetta, herra forseti, er stórhættulegt ákvæði. Ég vil ekki gera hæstv. ráðherra upp neinar hvatir en mér sýnist orðalagið á þessu vera þannig að menn séu að fela þetta með kansellístíl þegar fyrir liggur að hér er ekki verið að gera neitt annað en að opna þann möguleika að settur verði upp eins konar lífsýnabanki sem lögreglan gæti átt aðild að. Ég er því algjörlega mótfallinn, herra forseti.

Ég held þess vegna að í frv. séu a.m.k. þrjú stórhættuleg ákvæði sem þurfi að skoða verulega vel. Ég vona satt að segja, herra forseti, að þetta frv. verði ekki samþykkt að óbreyttu og mun svo sannarlega leggja mitt af mörkum til að svo verði ekki. Ég tel að hér sé um mjög vanhugsað verk að ræða og það geti raunverulega stefnt gegn því sem við höfum talið að væri eðlileg vernd borgaranna í ríki okkar. Ég held þess vegna að hæstv. ráðherra ætti að hugsa sinn gang áður en hann reynir að þrýsta þessu í gegnum þingið.

[17:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er komið til 1. umr. frv. til laga um lífsýnasöfn sem hefur nokkuð borið við í umræðu í tengslum við frv. sem hæstv. ráðherra lagði fram um gagnabanka á heilbrigðissviði, gagnagrunn á heilbrigðissviði, eins og það hét víst, og ég kom nokkuð að þegar þau efni voru rædd, því að með þessum málum er vissulega skyldleiki og hefur verið farið yfir það nokkuð í umræðunni nú þegar, án þess að það hafi kannski verið með beinum hætti.

Hæstv. ráðherra greindi svo frá í framsögu sinni að í þessu máli væru sérstaklega þrjú álitamál, eignarréttarþátturinn, samþykki lífsýnisgjafa og vernd persónuupplýsinga. Þetta væru þeir þrír meginþættir sem þyrfti að skoða vegna þess að þeir væru álitaefni.

Ég tel, eftir að hafa farið yfir málið, að í engum þessara þátta sé í raun fullnægjandi á máli haldið í því frv. sem liggur fyrir og ég vil koma að því um leið og ég leyfi mér að bera fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. ráðherra sem tengjast málinu. Kannski tekst hæstv. ráðherra að beina hugsun minni á aðra braut ef ég hef ekki lesið rétt í textann og er það þá vel ef það skýrist við umræðuna, en hér erum við við 1. umr. að fara nokkuð almennt yfir málið og ég mun reyna að haga máli mínu út frá því.

Ég tel að eignarréttarþátturinn sé skilinn eftir algjörlega í þoku með svipuðum hætti og gilti þegar fjallað var um eignarrétt að upplýsingum í sjúkraskrám, sem reyndar var nú farið með þannig að talað var um eignarrétt eða eignarhald á sjúkraskrám sem gögnum í frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra og lesa má í texta frv., er gengið út frá því að sá sem leyfi fær og safnar lífsýnum sé ekki eigandi þeirra, en hafi hins vegar umráðaréttinn samkvæmt nánar skilgreindum reglum.

En hver er þá eigandinn? Hver er þá eigandinn, virðulegur forseti? Það er spurning sem hæstv. ráðherra og þingið verður að svara.

Og á sama hátt og upplýsingar í sjúkraskrám sjúklinga, sem auðvitað varða sitthvað eða geta varðað sitthvað sem lesið er úr lífsýnum, eru samkvæmt gildandi lögum eign sjúklinganna, þá á það auðvitað ekki síður við um lífsýni að á þau sé litið sem eign sjúklinganna. Þau eru jú með beinum hætti hluti af viðkomandi einstaklingi og verið er að lesa í málið á grundvelli erfðaefnis eða annarra lífsýna sem sjúklingurinn hefur gefið eða aflað er frá honum.

Ég tel því að fara þurfi yfir þetta mál og treysti heilbr.- og trn. til þess að gera það rækilega, enda vék hv. formaður nefndarinnar áðan nokkuð að þessu í máli sínu og vísaði þar einmitt til ákvæða í nýlega settum lögum um réttindi sjúklinga.

Ég sakna þess, virðulegur forseti, að í þessu máli sé ekki skilmerkilega vikið að tillögum nefndar Rannsóknarráðs Íslands sem sendi heilbrigðisyfirvöldum beinar tillögur um meðferð, notkun og vörslu erfðaefna úr mönnum með greinargerð og túlkunum af sinni hálfu í septembermánuði 1996. Þar segir um skilyrði sem þarf að uppfylla áður en skipuleg söfnun eða fræðileg notkun erfðaefna er hafin, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að allar rannsóknir sem falla undir þessar reglur séu metnar af vísindasiðanefnd og þess vegna ekki nauðsynlegt að senda þær einnig til siðanefnda einstakra stofnana, nema rannsakendur eða hlutaðeigandi stofnanir óski sérstaklega eftir því.

Það er lykilatriði í þessum reglum að þeim sem samþykkja að taka þátt í erfðafræðilegum hóprannsóknum sé gerð skýr grein fyrir því að þeir gefi erfðaefni sitt til rannsóknarinnar, og eiga þar af leiðandi enga kröfu á því að vita um þær einstaklingsbundnu upplýsingar, sem erfðaefni þeirra kemur til með að leiða í ljós. Hins vegar sé það tryggt eftir föngum að þátttakendur eigi greiðan aðgang að sérfræðilegri ráðgjöf varðandi spurningar sem kunna að vakna og álitamál sem upp kunna að koma hjá erfðaefnagjöfum á öllum stigum rannsóknarinnar."

Ég vek athygli á þessu, þ.e. að viðkomandi verði gerð skýr grein fyrir því að þeir gefi erfðaefni sitt. Um þetta er fjallað nánar í skýringum með hliðstæðum hætti, sem fylgja frá Rannsóknarráði Íslands, RANNÍS, því að Rannsóknarráðið framsendi þær tillögur til heilbrigðisyfirvalda sem starfshópur vann að og ég er að vitna til. Það er jú ekki hægt að gefa, virðulegur forseti, neitt sem ekki er eign manns, væntanlega ekki. Það verður að álykta af þessari meðferð — á bak við þennan texta stendur fjölskipaður starfshópur, margir einstaklingar, einir átta líklega eða níu, sem áttu sæti í þessum starfshópi sem skila um þetta sameiginlegri tillögu.

Út frá þessu er því litið svo til af þessum hópi með hliðstæðum hætti og túlkun okkar er á lögum um réttindi sjúklinga, að erfðaefnið sé eign sjúklingsins. Það er auðvitað grundvallaratriði. Út frá því verður síðan að fara með málið og ég treysti raunar hv. þingnefnd vel að fara yfir efnið, sem hefur nýlega afgreitt frá sér frv. til laga um réttindi sjúklinga sem hér hefur verið komið að í umræðunni. Þetta hefur að sjálfsögðu áhrif á önnur atriði sem varða málið og þarf að taka mið af því.

Þá kem ég, virðulegur forseti, að öðrum þætti þessa máls, sem er samþykki lífsýnisgjafa. Það má segja að hv. síðasti ræðumaður, formaður heilbr.- og trn., hafi með vissum hætti tekið af mér ómakið og ég mun stytta mál mitt með vísan til þess sem fram kom hjá hv. þm. um þetta mjög svo sérkennilega form sem er að finna í frv. varðandi þessi efni, hið svonefnda áætlaða samþykki og hins vegar upplýsta samþykki.

Hér er greinilega feluleikur á ferðinni, sem verður að sjálfsögðu að upplýsa skýrt og skilmerkilega þannig að öllum sé ljóst hvað verið er að fara með þessari löggjöf. En ég tel að það sé í rauninni illa til fundið hjá hæstv. ráðherra að leggja málið fyrir eins og hér er gert. Ég skal ekki hafa sterkari orð um það að sinni. En þetta er auðvitað afar þýðingarmikið.

Í sambandi við þetta efni vil ég beina einni fyrirspurn til hæstv. ráðherra varðandi meðferð á upplýsingum sem eru í lífsýnasöfnum sem eru orðin til að einhverju leyti með áætluðu samþykki þess sem ráðstafaði, vitandi eða óvitandi, sínu erfðaefni eða lífsýni til safnsins. Og þá er spurningin sú: Kemur til greina að hægt sé að nýta lífsýni, sem safnað er sem hluta af heilbrigðisþjónustu í landinu, í hagnaðarskyni? Kemur það til greina?

Þessu vil ég tengja, virðulegur forseti, spurningu um þann sem hæstv. ríkisstjórn fer ekkert í launkofa með að ætlað sé að fá rekstrarleyfi á miðlægum gagnagrunni: Er það fyrirtæki sem þar er á ferðinni, Íslensk erfðagreining, líklegur leyfishafi að lífsýnasafni? Er það líklegur leyfishafi að lífsýnasafni? Skýr svör.

Er líklegt að inn í það lífsýnasafn geti borist í gegnum sjúkraskrár upplýsingar um lífsýni — eða með beinum hætti það sem aflað er í viðkomandi safn á vegum þessa fyrirtækis og það verði nýtt í viðskiptalegum tilgangi?

Ég sé það í lýsingu umrædds fyrirtækis á eigin fyrirætlunum, deCODE Genetics, sem dreift hefur verið til allnokkurra og er fróðleg lesning, að þar er rætt um lífsýnasafn, Tissue Bank, og þýðingu þess, eins og segir hér á enskunni:

„Furthermore, all biopsies taken in Iceland have been processed in the same histology laboratory and all of the tissue blocks have been stored. Hence, DNA from generations past is available for genetic studies which enhances the value of the genealogy databases and is particularly important for studies of diseases of late onset."

Hér er sem sagt vikið að því að safnað hafi verið lífsýnum, þau orðið til á sömu rannsóknarstofunni, og öllu þessu hafi verið safnað, og þess vegna séu DNA-sýni frá liðnum kynslóðum til staðar í erfðafræðilegar rannsóknir sem auki gildi þessa gagnabanka og sé sérstaklega þýðingarmikið fyrir rannsóknir á sjúkdómum framvegis. Þetta er lausleg endursögn á þessum texta sem liggur fyrir og ég sá ástæðu til að hafa yfir á ensku úr þessu plaggi sem er á enskri tungu.

Ég tel, virðulegur forseti, að þetta mál þurfi að skoða í nánu samhengi við miðlægan gagnagrunn og fyrirætlan ríkisstjórnarinnar um að koma á fót miðlægum gagnagrunni og ráðstafa honum í hendur á einum rekstrarleyfishafa um langan tíma. Eins og komið hefur fram við umræðuna er þetta mál að sjálfsögðu í allt öðru samhengi en það hefur verið, lífsýnasöfn og meðferð þeirra, vegna nýrrar rannsóknartækni, vegna tölvutækninnar og þeirra samtenginga og samkeyrslu sem hægt er að stunda.

Ég ætla, virðulegur forseti, síðan aðeins að koma að fleiri þáttum, þar á meðal vernd persónuupplýsinga, sem var þriðja atriðið sem hæstv. ráðherra lagði áherslu á sem álitamál og fjallað er um í III. kafla frv. Þar vekur athygli 7. gr. þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Hafi lífsýnum verið safnað vegna þjónusturannsókna má ganga út frá ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að lífsýnið verði vistað á lífsýnasafni."

Það má ganga út frá ætluðu samþykki.

Í 9. gr. er síðan fjallað nánar um þetta atriði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lífsýni skulu að jafnaði ekki notuð í öðrum tilgangi en þeim var ætlað þegar þau voru tekin."

Orðalagið „að jafnaði ekki notuð í öðrum tilgangi" vekur sannarlega athygli, virðulegur forseti. Hvað er undanskilið? Hæstv. ráðherra skýrir það væntanlega á eftir hvað er undanskilið í þessu efni í þessu orðalagi 9. gr.

Í 3. mgr. 9. gr. segir, með leyfi forseta:

„Safnstjórn getur, að fengnu samþykki tölvunefndar og eftir atvikum vísindasiðanefndar, heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en ætlað var þegar þau voru tekin, enda mæli brýnir hagsmunir með því og ávinningurinn vegi þyngra en hugsanlegt óhagræði fyrir lífsýnisgjafann eða aðra aðila."

Virðulegur forseti. Hvað er verið að fara í þessu efni? Mér sýnist raunar alveg ljóst að hér er óútfyllt ávísun. Af hálfu safnstjórnar lífsýnasafnsins, að fengnu samþykki tölvunefndar og eftir atvikum vísindasiðanefndar, það er nú ekki fastar að orði kveðið um það, þá er heimilt að nota lífsýni í öðrum tilgangi en ætlað var þegar þau voru tekin, enda mæli

brýnir hagsmunir með því og ávinningurinn vegi þyngra en hugsanlegt óhagræði fyrir lífsýnisgjafann eða aðra aðila. Þetta er alveg dæmalaus texti að mínu mati sem hér liggur fyrir og þarfnast rækilegrar athugunar. En hæstv. ráðherra víkur væntanlega að því sem hér liggur að baki.

Virðulegur forseti. Ég vek í þessu samhengi jafnframt athygli á því sem segir í 16. gr. frv., í kafla sem ber yfirskriftina Ýmis ákvæði, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um frekari framkvæmd laga þessara."

Þetta er afar rúm reglugerðarheimild, að setja reglugerð um frekari framkvæmd laga þessara. Það er ekki vitnað til texta frv. eða væntanlegra laga, heldur að ráðherra sé heimilt að setja reglugerðir um frekari framkvæmd. Þarna er galopið ákvæði til reglugerðarsetningar og í ljósi margra hálfkveðinna vísna í frv. er þetta sannarlega varhugavert.

Ég tel, virðulegur forseti, að þetta mál þurfi mjög rækilega og vandaða athugun. Í rauninni er þetta frv., eins og frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði, of snemma fram komið eða liggur of snemma fyrir þinginu með tilliti til boðaðs frumvarps um skráningu og verndun persónuupplýsinga. Röðin á þessum málum á að sjálfsögðu að vera sú að fyrst sé fjallað um væntanlega löggjöf um skráningu og verndun persónuupplýsinga, ný tölvulög, eins og þau eru gjarnan kölluð. En það frv. er ekki enn þá komið fram. Að mínu mati verður að tryggja það að sú löggjöf sé fyrsta löggjöfin sem afgreidd er og þá er hægt að taka afstöðu til mála eins og þeirra þar sem vísað er til heimilda og aðbúnaðar þeirra aðila sem eiga að fylgjast með að vernd persónuupplýsinga sé í heiðri höfð.

Ég tel, virðulegur forseti, um leið og ég tek undir það almenna sjónarmið að nauðsynlegt sé að setja löggjöf um þessi efni, að það þurfi að vanda til hennar og að það frv. sem við höfum hér undir höndum sé langt frá því að uppfylla skilyrði til þess að hljóta staðfestingu af hálfu þingsins án mjög verulegra breytinga og skýringa sem þurfa að koma fram við 1. umr. málsins áður en það fer til nefndar.

[17:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eignarrétturinn og eignarhald á sjúkraskrám og lífsýnum hefur komið til umræðu. Það er eðlilegt. Um þetta er deilt og sumir telja að meginás umræðunnar um þetta frv. og um frv. um miðlægan gagnagrunn kunni að snúast um það.

Mig langaði aðeins til að gera grein fyrir hugsunum mínum á þessu sviði gagnvart lífsýnunum. Ég tel að það sé auðveldara fyrir þann sem lætur af hendi lífsýni að gera óskorað eignarréttartilkall til þess heldur en til sjúkraskrár í hefðbundnum skilningi. Ástæðan er sú að sjúkraskráin, sem er færð af lækni, hefur að geyma a.m.k. tvenns konar upplýsingar. Annars vegar eru það upplýsingar sem sjúklingurinn hefur miðlað um sjálfan sig og einkenni sín. Hins vegar er það greining sem læknirinn sjálfur ritar í krafti reynslu sinnar og menntunar. Með vissum hætti má því segja að hann leggi nokkuð til sjúkraskrárinnar.

Því er ekki til að dreifa þegar lífsýnið eitt og sér er annars vegar. Framlag læknisins til þess er ekkert. Það er að öllu leyti framlag sjúklingsins. Það er því auðveldara að halda fram óskoruðum eignarrétti sjúklings yfir einhverju sem var hluti af honum sjálfum en sjúkraskránni eins og við höfum haft það hugtak fyrir okkur í hefðbundnum skilningi.

[17:53]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. um að eignarrétturinn á lífsýnum ætti að vera augljós og óumdeildur, þ.e. að gefandinn eða sá sem leggur til lífsýnið sé eigandinn og þannig verði að halda á málinu.

Á sama hátt tel ég að upplýsingar sem sjúklingur veitir lækni og færðar eru inn í sjúkraskrá sem upplýsing frá sjúklingi séu eign sjúklingsins. Kringum þetta hefur hæstv. ráðherra verið að reyna að fara eins og köttur í kringum heitan graut í frv. sínu um gagnagrunn á heilbrigðissviði í sambandi við eignarréttarmálið, þ.e. að tala um sjúkraskrárnar sem pappír væntanlega með því sem á honum stendur, og að það sé einskismannseign, aðeins sé um að ræða vörsluskylda af hálfu heilbrigðisstofnana. En þetta gengur ekki upp. Og lögfræðialitið sem hæstv. ráðherra lagði fram frá Jóni Steinari Gunnlaugssyni, að ég held, sem einum höfundi þess, byggði einmitt á þessu viðhorfi um pappírsgagnið en ekki því hver ætti upplýsingarnar, upplýsingar sem sjúklingurinn veitir lækninum um sjálfan sig og færðar eru í sjúkraskrá. Þær eru eign sjúklingsins og ótvírætt lífsýnin, eins og fram kom og er sjónarmið hv. þm., þannig að við erum alveg sammála um þetta. Þetta eru grundvallarþættir.

Þetta mál er rétt að fara af stað en í ljósi þeirra álitaefna og deilna sem líkur eru á að rísi út af þessum málum með viðeigandi málaferlum hugsanlega o.s.frv., þá er nauðsynlegt fyrir Alþingi að fara ofan í saumana á svona grundvallaratriðum áður en málin eru send lengra og gerð að lögum.

[17:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hinar síðferðilegu spurningar um lífsýni í sjálfu sér séu flóknari en þær sem varða sjúkraskrána. Í sjúkraskránni eru upplýsingar sem væri í sjálfu sér hægt að rekja hvaðan komu, frá sjúklingnum eða lækninum, ef því væri að skipta.

Í tilviki lífsýnisins höfum við hlut sem einu sinni tilheyrði sjúklingnum og hann einn og sér, án frekari rannsókna, gefur e.t.v. ekki mjög miklar upplýsingar nema um tiltekið sjúkdómsástand sjúklingsins. En ég hefði gaman af því að heyra viðhorf hv. þm. til þeirra upplýsinga sem kunna að vera unnar úr slíku sýni. Hvað telur hv. þm. að yrði um eignarréttinn á þeim upplýsingum? Ætti sjúklingurinn tilkall til þeirra að hans dómi? Ætti hann það alfarið eða sá sem vinnur þær, eða yrði að hans dómi um einhvers konar eignarréttarskiptingu þar að ræða?

Þetta er að mínu mati miklu flóknara mál en varðar einfalda, hefðbundna sjúkraskrá.

[17:57]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Málið hefur margar skírskotanir eins og hér er vakin athygli á. Ég treysti hv. þm. til þess að grafa djúpt ofan í þetta mál í þingnefnd. Ég tel einmitt að það sem hv. þm. er að spyrjast fyrir um sé einn slíkur þáttur sem þarf að fara rækilega yfir.

Ég tel að það þurfi að vera alveg skýr gjöf, eins og tekið er fram í tillögum RANNÍS-hópsins, að það sé skýrt að viðkomandi sjúklingur hafi gefið lífsýnið, afsalað sér eignarréttinum þar með eða tilkalli til að fá upplýsingar um hvað út úr því kemur, að þarna þurfi að liggja til grundvallar alveg skýrt og ákveðið upplýst samþykki.

Ég vek líka athygli á því að hér er ekki bara um að ræða mál sem varðar viðkomandi einstakling — og það varðar

hinn siðferðilega þátt málsins — heldur alla ættina, hvað hún er stór og hvar við setjum rammann um ættina. Það er álitaefni.

Einstaklingurinn, við hv. þingmenn hver og einn, erum með safn upplýsinga aftan úr grárri fortíð. Og ef við veitum aðgang að þessum upplýsingum þá erum við ekki aðeins að tala til forfeðra okkar heldur auðvitað ekki síður til hina óbornu, miðað við það að um afkomendur sé að ræða. Þetta ber að sjálfsögðu að taka inn í skoðun málsins.

Varðandi hins vegar upplýsingarnar inn í sjúkraskrá sem hv. þm. vék að, þá er það spurning um höfundarétttarlega túlkun. Það er þó alveg ljóst að þær upplýsingar sem ég veiti lækni um mitt ástand og færðar eru í sjúkraskrá eru frá mér komnar, eru mín eign. Og ég forvalta þær. Mér ber rétturinn.

[17:59]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel að við séum að ræða mjög mikilvægt frv. þar sem allir vita að hér hafa verið starfrækt fjölmörg lífsýnasöfn hingað til án nokkurs sérstaks lagaramma. Því má segja að löngu sé kominn tími til að setja þennan lagaramma.

Hér hefur nokkuð borið á umræðum um tengsl þessa frv. við miðlægan gagnagrunn en eins og menn muna var tekið fram í frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði að þau lög ættu ekki að taka til lífsýnanna. Hins vegar er alveg ljóst að þegar búið er að rannsaka lífsýni og skrá niðurstöður sem úr þeirri rannsókn fengust þá fara þær upplýsingar í sjúkraskrá þannig að menn geta komist í þær í gegnum sjúkraskrána. En lífsýnið sjálft fer hvorki sjálfkrafa inn né verður hluti af sjúkraskrá, það eru einungis upplýsingarnar úr lífsýninu. Ég sé því ekki að frv. um miðlægan gagnagrunn taki nokkuð á þessum lífsýnum sem einingum heldur einungis til þeirra upplýsinga sem skráðar verða vegna rannsókna á þessum sýnum.

Ég vil drepa á nokkur atriði. Það er búið að fara yfir fjölmörg þeirra en í 5. gr. er tekið sérstaklega fram að lífsýnasafnið eigi að vera staðsett hér á landi. Mér skilst þó að ýmis sýni hafi verið send til útlanda til rannsóknar og orðið þar eftir. Spurning er hvort þau verði flutt heim, ég býst síður við því. En ég skil það þannig að lífsýnin eigi alfarið að vera staðsett hér á landi og það er mjög jákvætt til þess að geta haft eftirlit með þeim.

Í 8. gr. kemur fram að lífsýnin skuli vera tryggilega merkt og geymd og varðveitt án persónuauðkenna. Núna eru þau varðveitt með mismunandi hætti, flest án persónuauðkenna skilst mér, en þó er eitthvað um það að lífsýni séu geymd með kennitölum og jafnvel með nöfnum viðkomandi einstaklinga. Að sjálfsögðu er mjög til bóta að eiga að varðveita þau í framtíðinni án nokkurra persónuauðkenna.

Í 10. gr. er einmitt tekið á því sem hefur verið rætt nokkuð, hvort einhver sé eigandi lífsýnanna eða eða eigi að hafa umráðarétt yfir þeim. Þetta er mjög athyglisverð umræða. Sjálf tel ég ekkert endilega sjálfsagt að viðkomandi einstaklingur eigi að vera eigandi lífsýnis síns þó að ég átti mig á þeim rökum að þetta sé hluti af persónunni í vissum skilningi. Segja má að á meðan þetta sýni er ekkert rannsakað sé það ósköp lítils virði. Einnig má spyrja af hverju þeir sem rannsaka sýnið eigi það þá ekki.

Það kemur mjög greinilega fram í meginatriðum frv. að ekki er tekið nákvæmlega á þessum eignarrétti, vegna eðlis lífsýna þá megi þau ekki lúta lögmálum eignarréttar í venjulegum skilningi.

Einnig kemur fram að leyfishafi hafi umráðarétt yfir lífsýnunum. Hvað þýðir það? Þetta er spurning sem ég hef svolítið velt fyrir mér. Í greinargerðinni kemur fram að leyfishafi megi ekki selja lífsýnin eða veðsetja. Hvað þýðir það að mega ekki selja lífsýnin? Jú, gott og vel, hann má ekki selja sýnin sjálf, en ég spyr: Má hann selja aðgang að þeim, þ.e. að sýnin yrðu áfram á sínum stað en leyfishafi mundi selja aðgang að þeim?

Til dæmis Dungalssafnið, sem Háskóli Íslands á, ef maður getur sagt sem svo, en Landspítalinn varðveitir og notar í rannsóknarvinnu sinni, er afar dýrmætt safn, með lífsýnum úr tugum þúsunda Íslendinga tugi ára aftur í tímann. Það hljóta að vera afar mikil verðmæti sem felast í því. Ég átta mig ekki alveg nákvæmlega á því í frumvarpstextanum hvort leyfishafi, sem er hugsanlega háskólinn eða Landspítalinn í framtíðinni, megi selja aðgang að lífsýnum. Það kemur fram að hann má ekki selja þau sjálf burt, en má hann selja ítrekað aðgang að þessum sýnum? Þetta er nokkuð sem ég tel að við í nefndinni þurfum að skoða mjög vel.

Í 13. gr. kemur fram að landlækni eða safnstjórn er skylt að veita einstaklingum upplýsingar um það hvort lífsýni úr honum eru geymd í safni og hvaða sýni þetta eru. Þetta tel ég vera afar umfangsmikið. Ég sé ekki annað en að landlæknir þyrfti, ef maður biður hann um að gefa sér upplýsingar um hvar sýnin eru, að leita að þeim hér og þar. Mér finnst að þetta yrði erfitt í framkvæmd.

Í bráðabirgðaákvæðinu kemur fram að þau söfn sem eru núna starfandi eigi að hafa rúmlega tvö ár í aðlögunartíma til að uppfylla þau lagaskilyrði sem er meiningin að setja. Ég velti því fyrir mér hvort þetta er ekki svolítið rúmur tími. Best hefði verið að gera þetta hraðar. Það mega vera rök fyrir því að það sé æskilegt að hafa þetta svona langan tíma, þetta kostar kannski mikla vinnslu að fara í gegnum allan þann feril sem lagafrv. krefst en ég velti því fyrir mér hvort þetta sé ekki of langur aðlögunartími.

Ég vil einnig koma á framfæri að ég tel persónuverndinni nokkuð vel fyrir komið í frv. Á fjölmörgum stöðum kemur fram að tölvunefnd og vísindasiðanefnd eigi að gæta persónuverndar og þess að rannsóknirnar séu unnar eðlilega þannig að ég tel að nokkuð hafi verið vandað til þess í frv.

Hér kemur einnig fram að lífsýnagjafi eigi að tiltaka sérstaklega ef hann er mótfallinn því að lífsýni úr honum sé vistað á lífsýnasafni. Þetta kann að hljóma nokkuð erfitt í framkvæmd, hann verður sem sagt að muna það og hafa þessar upplýsingar alltaf fyrir framan sig að hann geti neitað því að lífsýni hans verði vistað í safninu. Mér skilst að landlæknir eigi að veita þessar upplýsingar þannig að hann eigi að vita um rétt sinn.

En þetta er ekki eins og menn ætla að gera í sambandi við miðlægan gagnagrunn þar sem einungis er nægjanlegt að segja einu sinni: Ég vil ekki að upplýsingar um mig fari inn í miðlægan gagnagrunn og þá sé hægt að loka fyrir aðgengi upplýsinga um viðkomandi persónu í hvert einasta skipti inn í miðlæga gagnagrunninn.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að ég tel þetta frv. vera ágætt og mjög brýnt að setja lög um lífsýnasöfn og hálfgert hneyksli að við höfum ekki gert það löngu fyrr.

[18:07]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er um efni sem við höfum þegar rætt nokkuð og hv. þm. svaraði ekki en velti fyrir sér, þ.e. hvort selja megi aðgang að lífsýnum. Ég hefði kosið að hv. þm. lýsti skoðun sinni á málinu. En alveg sérstaklega vil ég hugsa svolítið lengra, þ.e. hvað um upplýsingar sem unnar eru úr þessum sýnum? Mér fannst hv. þm. vera að velta fyrir sér sýnunum sem fýsískum eindum eða sem efnafræðilegu safni, en ekki upplýsingunum sem úr því eru unnar, e.t.v. með samkeyrslu við alls konar aðrar upplýsingar, ættfræðilegar o.s.frv. Hvað um eignarhaldið á því?

[18:08]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var spurð að því hvort mér þætti eðlilegt að selja aðgang að þessum lífsýnum eða ekki. Ég hef ekki vegið kosti og galla þess en við fyrstu sýn er ljóst að hingað til hefur ekki verið seldur aðgangur að þessum sýnum. Ég er ekki alveg viss um að ég mundi vilja kvitta upp á það að það yrði gert.

En ég tel að hérna sé það stórt og mikið mál á ferðinni að ég taldi eðlilegt að vekja athygli á því af því ég sé það ekki í frv. að tekið sé beint á þessu. Það er bara sagt að ekki megi selja lífsýnin og ég túlka það sem svo að ekki megi selja þau í heild, í einum pakka, og þau verði horfin um alla eilífð eitthvert annað. En ekkert stendur um það hvort selja megi aðgang að upplýsingunum í hvert skipti sem þeirra er leitað. Það er spurning sem ég tel að við eigum að skoða í heilbr.- og trn.

[18:09]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel þennan efa í huga hv. þm. jákvæðan, betra en ef svar hefði fallið hér á þann veg að þingmaðurinn teldi eðlilegt að selja aðgang að sýnunum. En ég fékk ekkert svar við upplýsingunum og sölu upplýsinga sem unnar væru á grundvelli sýnanna sem væru þó á sínum stað í lífsýnasafninu. Ef upplýsingarnar væru komnar inn í tölvubanka, er þingmaðurinn þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að selja slíkar upplýsingar?

[18:10]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég taldi mig vera að svara því hvort selja ætti upplýsingarnar úr viðkomandi lífsýnabanka, þ.e. að selja aðgengi að þeim upplýsingum, að menn geti notað lífsýnin til að afla sér upplýsinga, þ.e. sá sem ætlar að gera einhverja vísindarannsókn fer til lífsýnasafnsins og segir: Ég ætla gera svona rannsókn — og fær öll leyfi upp á það. Spurningin er hvort safnstjórnin getur sagt: Enginn fær aðgang að þessum sýnum til að stunda rannsóknir nema að borga tiltekna upphæð. Ég var að svara því.

Ég er ekki alveg búin að mynda mér skoðun á því og tel eðlilegt að við skoðum það í nefndinni hvað felist nákvæmlega í frv. og hvort æskilegt sé að hafa þennan möguleika til staðar eða ekki.

[18:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil í upphafi máls míns segja að við svörum auðvitað ekki öllum þeim siðfræðilegu spurningum sem eru uppi með þessu frv. um lífsýnabanka. Það frv. sem hér er til umræðu hefur einkum þrennt í för með sér:

Eftirlit er með lífsýnabönkum sem ekki hefur verið áður. Það er öryggi lífsýnabanka og það er aukin persónuvernd. Þetta eru þær þrjár meginbreytingar sem boðaðar eru í þessu frv.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson gat þess áðan að enginn úr siðaráði hefði komið að endanlegri gerð frv., hafi aðeins komið að frumsmíði frv. En það er ekki rétt, fulltrúi heilbrigðisstarfsmanna í siðaráði fylgdi málinu alla leið og var því tengiliður. Að þessu máli hefur komið fjöldi vísindamanna. Það er búið að velta upp þessum siðfræðilegu spurningum fram og til baka. (Gripið fram í.) Að mörgu leyti förum við þá leið sem siðaráð mælti í upphafi með, en það er alveg rétt hjá hv. þm. að það urðu smávægilegar breytingar. En að það hafi vantað tengilið þarna á milli, það er ekki rétt.

Í umræðunni hefur líka komið fram að við eigum frábær lífsýnasöfn, t.d. Dungalssafnið sem Ríkisspítalar hafa umráðarétt yfir. Menn hafa talað um mikilvægi upplýsts samþykkis varðandi lífsýnabanka. Auðvitað hefðum við ekki getað nýtt okkur þetta safn, Dungalssafn, ef við hefðum krafist þess að það væri upplýst samþykki ef við ætlum að nýta þau sýni sem þar eru. Menn þurfa að velta ýmsu upp í þessari umræðu.

Varðandi það hvort rétt sé að eyða lífsýnum kemur það fram í þessu frv. að varðandi þjónusturannsóknir í mörgum tilvikum er talið rétt að eyða lífsýnum. En að öllu jöfnu ekki. Alveg sömu reglur gilda þarna og um sjúkraskrár.

Annað atriði sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á er það að í sumum tilfellum gæti verið laganauðsyn að nýta lífsýni. Þá talaði hann um það með tortryggni að þarna værum við að nýta okkur lífsýni, t.d. fyrir lögregluna. Þarna er fyrst og fremst verið að hugsa um faðernismál. Það er réttur einstaklings að vita hver faðirinn er. Í þeim tilvikum gæti það verið lagaleg nauðsyn að nýta þessi lífsýni.

Að mörgu leyti vék hv. þm. Hjörleifur Guttormsson að því sama og hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann talaði um mikilvægi þess að nýta ekki lífsýni í hagnaðarskyni og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vék að því líka. Hún spurði hvort hægt væri að selja aðgang að lífsýnum. Það er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson talaði líka um hve mikilvægt væri að ný tölvulög, eða frv. um tölvulög og persónuvernd lægi hér samhliða þessu frv. Við höfum auðvitað fylgst með þeirri lagasmíð og frv. sem hér liggur fyrir er smíðað í samræmi við það og ég býst við því að á allra næstu dögum muni dómsmrh. leggja það fyrir Alþingi.

Varðandi 9. gr. frv. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék að líka, þ.e. um það í hvaða undantekningartilvikum tölvunefnd getur leyft sérstaka notkun lífsýna. Það er fyrst og fremst í þeim tilvikum sem brýnir heilbrigðishagsmunir eru í veði.

Í lokin vil ég segja að ég held að þessar umræður hafi verið mjög gagnlegar og ég treysti hv. heilbr.- og trn. til að fara vel yfir þetta mál og skal segja hv. formanni þeirrar ágætu nefndar að ég mæli ekkert sérstaklega með því að hann hraði þessu máli. Mér finnst alveg rétt að velta öllum steinum upp. Þetta er í fyrsta skipti sem frv. af slíku tagi er lagt fyrir Alþingi og það er alveg hárrétt að það þarf að ræða fjölda spurninga um siðfræðileg efni.

[18:17]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Miðað við ræðu hæstv. heilbrrh. þá spyr ég mig óneitanlega að því til hvers við séum að fara yfir þetta efni hér við 1. umr. þegar við fáum ekki meiri viðbrögð

og svör eða viðleitni til svara frá hæstv. ráðherra. Og þvílík skemmri skírn í svörum. Hér veltum við hv. þm. Össur Skarphéðinsson upp grundvallarspurningum sem varða frv. og það er ekki reynt að víkja að því frekar, t.d. varðandi eignarréttarmálið. Það er ekki viðleitni til þess.

Og varðandi hinn þáttinn sem hæstv. ráðherra taldi sig síðast vera að veita einhver svör við, þá varð ég nú ekki mikils vísari við skýringu hennar á 9. gr., þ.e. að það væru mikilvægar heilbrigðisupplýsingar sem leitt gætu til þess að farið væri að ákvæðum 3. mgr. 9. gr. þannig að heimiluð væri notkun lífsýna í öðrum tilgangi en ætlað var þegar þau voru tekin. Ég hefði kosið að heyra frekar frá hæstv. ráðherra um þetta efni en alveg sérstaklega einnig um eignarréttarþáttinn og það sem hæstv. ráðherra kom að fyrst í máli sínu, að ekki sé gert ráð fyrir að selja megi aðgang að lífsýnum. Er þetta svar við spurningu minni um það hvort hægt verði að nýta lífsýni sem safnað er sem hluta af heilbrigðisþjónustu, í hagnaðarskyni, þ.e. upplýsingarnar, rannsóknirnar á grundvelli lífsýnanna, að nýta þær í hagnaðarskyni? Við því vildi ég fá svar, virðulegur forseti.

[18:19]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er afar sárt að valda hv. þm. svo miklum vonbrigðum sem raun ber vitni. Ég hef svarað þeim fyrirspurnum sem hv. þm. lagði fyrir mig. En hann er varkár og stundum töluvert tortrygginn og það er hans háttur.

Varðandi 9. gr. sem hann taldi sig ekki hafa fengið svör við sem hann gæti verið sáttur við, þá er hægt að nefna dæmi. Ég nefni dæmi um stóra aðgerð, t.d. aðgerð á brjósti, að tekið sé brjóst af konu, og það eru frumur í því sýni sem tekið er og geymt. Svo kemur fram á síðari stigum, löngu síðar, að hægt er að nýta þessi sýni, t.d. til að hjálpa öðrum, og þá er heimild til þess án þess að biðja um sérstakt leyfi.

Hvað varðar önnur atriði sem hv. þm. vék að áðan, t.d. eignarréttinn, þá fórum við vel yfir þetta varðandi sjúkraskrárnar. Þar sem sjúkraskrá verður til er hún varðveitt. Hún er varðveitt á þeirri stofnun. Það er eins með lífsýnin að þau eru varðveitt í sérstökum lífsýnabönkum sem hér liggur fyrir frv. um hvernig reka megi og hvert eftirlit eigi að vera með.

[18:21]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Málið verður æ torráðnara og óljósara eftir því sem hæstv. ráðherra kemur oftar í stólinn. Ég hélt ekki að hugmyndin með 1. umr. um mál væri að sá sem ber málið fram reyni ekki að varpa ljósi á það með því að svara fyrirspurnum.

Ég var að spyrja um eignarhald á lífsýnum. Ber að skilja hæstv. ráðherra þannig, svo ég reyni að ráða í það, að enginn eigi þau? Þau séu bara varðveitt einhvers staðar, að enginn eigi lífsýnin? Að hæstv. ráðherra hafni því að sá sem lagt hefur lífsýnið til sé eigandi þess? Er hæstv. ráðherra að hafna því? Ég vil ekki tengja þetta sjúkraskránum. Við skulum ekki flækja það með því.

Og þetta með aðgerðina á brjósti sem hæstv. ráðherra tók sem dæmi um mikilvægar heilbrigðisupplýsingar eða þýðingu þeirra í því samhengi, þá er nú hægt að spinna þann lopa nokkuð lengi samkvæmt þessu. Telur hæstv. ráðherra að sýni sem þannig falla til eigi sem sagt almennt að vera aðgengileg, falla undir áætlað samþykki, ef ég reyni að ráða í þetta samhengi? En alveg sérstaklega spyr ég og endurtek held ég í þriðja sinn þá spurningu: Telur hæstv. ráðherra eðlilegt og rétt að nýta upplýsingar sem safnað er innan heilbrigðisþjónustunnar á grunni lífsýna í hagnaðarskyni og liggur það m.a. að baki þessa máls?

[18:23]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er spurningin um hagnaðarsjónarmið sem hv. þm. ítrekar. (**HG:** Í viðskiptalegum tilgangi.) Hann talar um viðskiptaleg málefni.

Auðvitað veit hv. þm. eins og ég að þróun lyfja er til góðs fyrir sjúklinginn og þar geta líka verið hagsmunir þeirra sem framleiða lyfin til að mynda. Þarna geta því hagsmunir farið saman.

[18:24]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sú spurning sem er forvitnilegust þeirra sem vaknað hafa í þessari umræðu er auðvitað spurningin um eignarréttinn. Af því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var að velta fyrir sér hver ætti hvað sem tengdist sjúkraskrám og lífsýnum þá er sá möguleiki auðvitað uppi að enginn eigi ákveðna hluti. Og það er möguleiki sem ég hef velt örlítið fyrir mér í tengslum við a.m.k. ákveðnar upplýsingar sem óhjákvæmilega hljóta að vera í sjúkraskrám vegna þess að ég held að hægt sé að benda á ákveðinn flokk upplýsinga þar sem erfitt er að segja að sjúklingur ætti höfundarrétt á og sömuleiðis erfitt að segja að læknir ætti höfundarrétt á.

En við höfum dæmi um það hvað gerist ef um er að ræða einhvers konar eign sem enginn getur sagt að hann hafi eignarhaldslegan rétt yfir. Ég minni til að mynda á að svipað dæmi kom upp um botn Mývatns og svipað dæmi hefur komið upp um afréttir og þá hefur, a.m.k. varðandi afréttina, verið niðurstaða Hæstaréttar að í því tilviki að enginn geti gert beint eignarréttartilkall til einhverra hluta þá hafi ríkið í rauninni rétt til að mæla fyrir um ráðstöfun þeirra. Ég held þessu nú bara til haga í umræðunni. Ég er ekki að segja að það eigi við í þessum efnum.

Ég gat þess í umræðunni áðan að eignarrétturinn í mínum augum er óskoraðri yfir lífsýninu heldur en yfir hefðbundinni sjúkraskrá. Ég gat þess í umræðu um gagnagrunn að sá möguleiki væri uppi, ef það frv. yrði að lögum, að sjúklingur vildi að upplýsingar um sig færu inn í miðlægan gagnagrunn en viðkomandi læknir, ef hann er sjálfstætt starfandi, gæti samkvæmt orðanna hljóðan í frv. hafnað því. Þá velti ég upp þessari spurningu: Hvor er rétthærri?

Miðað við þá túlkun sem ég flutti fyrir hönd heilbr.- og trn. fyrir tveimur árum varðandi vörslu og eignarrétt sjúkraskráa þá var niðurstaða mín sú að réttur sjúklingsins væri meiri en læknisins. Í þessu frv. er því hins vegar þveröfugt farið. Í því tilviki að lífsýni er í lífsýnasafni þá getur sá sem lagði það til, og er a.m.k. samkvæmt túlkun okkar rétthærri eigandi að sjúkraskrá en læknirinn, þá getur sá sem lagði til lífsýnið ekki farið fram á að það verði fjarlægt úr lífsýnasafninu eða eytt. Með öðrum orðum: Sá sem hefur það í vörslu sinni er samkvæmt orðanna hljóðan í þessu frv. til laga um lífsýnasöfn rétthærri þeim sem eitt sinn bar viðkomandi lífsýni sem hluta af líkama sínum. Ég á afskaplega erfitt með að sætta mig við þá túlkun frá öllum sjónarhornum.

Eignarhaldið er afskaplega flókið. Ég sagði áðan að sjúkraskrá hefði að geyma a.m.k. tvenns konar upplýsingar sem hægt væri að rekja til tvenns konar uppsprettna. Annars vegar eru það upplýsingar sem sjúklingurinn veitir lækni um

ástand sitt og einkenni sjúkdómsins og hins vegar er það skráning meðferðar sem læknirinn fyrirskipar, fylgist með og lýsir í sjúkraskránni. Undir þann hatt fellur líka greining læknisins þannig að í höfundarréttarlegum skilningi er þetta mjög flókið mál.

Spurningin er hins vegar hvort það sé endilega nauðsynlegt að hafa það á hreinu til þess að geta með réttu afgreitt þessi tvö mál sem við höfum verið að tengja hérna saman, gagnagrunninn og lífsýnasöfnin. Ég er ekki alveg viss um að nauðsynlegt sé að það liggi fyrir til þess að hægt verði að afgreiða gagnagrunnsmálið faglega. En það kann vel að vera að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að það sé nauðsynlegt.

Varðandi hið undarlega form ætlaðs samþykkis sem hér er þá finnst mér meginmáli skipta að ekki er gert ráð fyrir neinni aðferð til þess að koma þeirri vitneskju til sjúklingsins að hann hafi rétt til að synja. Það er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði með lögunum að þegar þau taki gildi þá eigi landlæknir að fara í herferð til þess að upplýsa fólk um það. Hann á að fá til þess 1–2 milljónir króna samkvæmt fylgiskjali með frv. Nú skulum við gefa okkur það, herra forseti, að þessi herferð landlæknis takist mjög vel og allir í landinu séu sæmilega upplýstir um þetta. Ég er ekki að segja það að mannskepnan hafi skammtímaminni gullfisksins sem rannsóknir hafa sýnt að er ekki nema þrjár sekúndur, en það er ekki mjög ríkt eigi að síður. Skammtímaminni mannskepnunnar nær ekki nema yfir nokkra mánuði, nokkur ár. Og eftir tíu ár, þegar sjúklingar fara til síns heimilislæknis þá eru þeir búnir að gleyma þessu. Það koma nýjar kynslóðir. Hver á að upplýsa þær? Þær eiga að hafa aðgang að skriflegum upplýsingum segir frv. Það eru engin ákvæði um hvers eðlis þessar skriflegu upplýsingar eru. Þess vegna segi ég: Þetta er ekki ásættanlegt.

Ég var ekki að gera kröfu um skriflegt, óþvingað, upplýst samþykki. En þetta samþykki sem hér er lagt fyrir er miklu veikara, að minni hyggju, en sú aðferð sem til að mynda er lögð til grundvallar í gagnagrunnsfrv. og ég tel að það sé alls ekki nógu gott mál.

Það sem er mikilvægast í málinu er: Ef maður fer til læknis til þess að sækja tiltekna þjónustu, fá hjá honum greiningu á einhverju sem maður telur að sé sjúkleiki, hvers vegna þarf maður þá að eiga von á því að blóðsýni eða annars konar sýni, sem er tekið, rati um síðir inn í lífsýnasafn og verði notað til rannsókna í alls óskyldum tilgangi? Hvaða nauður rekur hæstv. heilbrrh. til þess að setja þetta ákvæði inn í frv.?

Ég held að frv. væri að mörgu leyti afar gott ef það næði einungis til þessara hefðbundnu lífsýna sem menn hafa verið að safna, þ.e. menn hafa verið að fjarlægja ákveðna líkamshluta, þeir hafa verið að taka sýni úr ákveðnum líkamshlutum vegna þess að grunur leikur á því að viðkomandi sjúklingur hafi einhvern sjúkdóm að bera. Í sumum tilvikum er það enginn grunur heldur staðfest vissa. Í sjálfu sér er ekkert við því að segja þó að slík sýni séu tekin og það sé klárt að þau fari í lífsýnasöfn.

Ég held hins vegar að það sé afar hættulegt ef sérhver maður sem leitar til læknis síns eigi á hættu að tekið verði úr honum sýni og það rati um síðir inn í einhvers konar banka, jafnvel lífsýnabanka einkafyrirtækis. Ég held nefnilega að ef maður skoðar þetta frv. með hliðsjón af lögunum um réttindi sjúklinga sé alveg ljóst að sá sem fær til að mynda einkarétt á því að reka miðlægan gagnagrunn getur leitað eftir því að fá sem part af sjúkraskrá aðgang að lífsýnum þeirra sem hann hefur í grunni sínum. Hvers vegna segi ég það? Ályktun mín byggist á því að fortakslaust sé kveðið á um það að lífsýni sé hluti af sjúkraskrá.

Hæstv. ráðherra gat þess að tekið væri miklu sterkar á persónuvernd í þessu frv. en gerist í veruleikanum. Ég er ekki viss um að það sé rétt. Lífsýnin sem hingað til hafa verið tekin hafa fyrst og fremst verið af þeim flokki sem ég var að lýsa áðan, þ.e. sýni sem hafa verið tekin úr einhverjum líkamshlutum sem hafa verið sjúkir eða úr einhverjum sem hafa borið einhvers konar mein. Hins vegar gerir ný tækni það að verkum að upplýsingarnar sem hægt er að vinna úr slíkum sýnum — eða bara venjulegum blóðsýnum sem falla til við þjónusturannsóknir — eru svo gríðarlega miklu meiri en þær sem hægt var að vinna úr þessum lífsýnum fyrir kannski 20 árum að á þeim er ekki bara munur heldur stjarnfræðilegur munur. Og í því liggur ákveðin hætta.

Þess vegna verð ég að taka undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það er eins og menn séu að fara einhverja bakdyraleið til þess að tryggja farveg fyrir gríðarlega sýnatöku úr gríðarlega stórum hluta Íslendinga og ég spyr sjálfan mig: Hvers vegna er það nauðsynlegt?

Ég held því líka fram, herra forseti, að í rauninni sé verið að reyna að fela þennan tilgang. Það segir í í 1. málslið 1. mgr. 9. gr. að þau lífsýni, sem tekin eru skuli „að jafnaði ekki notuð í öðrum tilgangi en þeim var ætlað þegar þau voru tekin". Og það segir líka í 2. mgr. 2. gr. að sýnum, sem tekin eru vegna þjónusturannsókna, skuli vera eytt. Þetta ætti að vera næg trygging fyrir alla.

Hins vegar birtist líka í III. kaflanum um samþykki lífsýnisgjafa að þar megi „ganga út frá ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að lífsýnið verði vistað á lífsýnasafni". Þarna er verið að kollvarpa þeim fyrri tryggingum sem búið er að setja inn í frv. Þarna er í rauninni verið að skapa ákveðinn farveg fyrir þessi lífsýni inn í lífsýnabanka þrátt fyrir að á tveimur öðrum stöðum í frv. sé skýrt tekið fram að það sé ekki tilgangurinn. Maður veltir auðvitað fyrir sér: Hver er tilgangurinn með þessu?

Ég skil hann ekki, herra forseti, og mér finnst að hæstv. heilbrrh. þurfi að skýra hvaða nauður rekur hana til þess að binda það í lög að sýni, sem eru tekin við þjónusturannsóknir, verði notuð við alls óskyldar rannsóknir í einhverjum lífsýnabönkum, á einhverjum spítölum eða hjá einhverjum einkafyrirtækjum. Mér finnst að þetta sé heldur alvarlegur fingurbrjótur á frv.

[18:34]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér féllu orð áðan í þá veru, raunar frá hæstv. ráðherra, að hv. heilbr.- og trn. gæti eiginlega tekið sér þann tíma sem hún teldi sig þurfa til þess að fara yfir málið. Áðan talaði formaður þeirrar þingnefndar og ég vil spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson að því hvert viðhorf hans sé til tengslanna á milli þessa máls og frv. ríkisstjórnarinnar um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Spurning mín er þessi: Kemur til greina að afgreiða frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði með þetta mál ófrágengið? Ég hef ítrekað það, virðulegur forseti, að röðin eigi að vera þessi: Persónuverndarlögin, endurskoðuð tölvulög númer eitt. Þetta frumvarp númer tvö. Þriðja málið sem væri til hugsanlegrar afgreiðslu er frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

[18:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég svara spurningu hv. þm. játandi. Ég held að það sé engin frágangssök að afgreiða frv. til laga um miðlægan gagnagrunn fyrst og síðan þetta. Ég held að það sé engin frágangssök. Ég sé ekki augljósan þráð á milli þessara tveggja frumvarpa en vakti máls á því í ræðu minni áðan að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði hins vegar skýrt út ákveðinn farveg sem kynni að liggja á milli þessara frumvarpa. Ég á erfitt með að skilja í því frv. sem við erum að ræða hvers vegna þörf er á því að setja inn þetta ákvæði um að sýni sem tekin eru við þjónusturannsóknir hafi greiða leið inn í lífsýnabanka, eins og ég hef sagt, á spítölum eða einkafyrirtækjum. Ég skil það ekki og hæstv. ráðherra á eftir að skýra það út fyrir mér.

En spurningunni svara ég að öðru leyti játandi.

[18:37]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst fyrstu orð hv. þm. ekki falla að játandi svari hans við túlkun minni, það er kannski misskilningur.

Viðhorf mitt er þetta: Persónuverndarlögin fyrst, ný persónuverndarlög, vegna þess að þau eru lykilatriði um meðferð mála sem er að finna í þessu frv., sem ég teldi eðlilegt að væri til afgreiðslu númer tvö. Fyrst að þeim lögum samþykktum og með tilliti til þeirrar löggjafar tækju menn fyrir löggjöf um gagnagrunna, hvort sem þeir eru dreifðir eða miðlægir, vegna samhengis hlutanna.

En öll eru þessi mál að sjálfsögðu komin í alveg nýtt samhengi upp á síðkastið vegna þeirra möguleika sem menn hafa á að tengja saman það sem hefur verið óskylt til þessa. Út frá því verður að fara yfir málið.

[18:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um almennar rannsóknir sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að áðan. Ef hann færi t.d. inn á heilsugæslustöð og tekið væri úr honum blóðsýni til að mæla blóðrauða eða eitthvað slíkt, þá yrði sá blóðdropi, þó merkilegur væri því hann væri náttúrlega úr merkilegum manni, ekki geymdur um aldur og ævi. Hann er bara geymdur í vissan tíma, eins og ávallt hefur verið, og síðan eytt. (**HG:** Þar fór í verra.) Þar fór í verra, sagði hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Auðvitað væri gaman að geyma lengi úr honum blóðdropann. En það væri ansi mikið safn ef geyma ætti allar þær fjölmörgu rannsóknir sem gerðar eru, t.d. á heilsugæslustöðvum og öll þau lífsýni sem þar verða til, segjum hverja einustu tönn sem tannlæknir dregur úr manni. Til þess er ekki ætlast með þessu frv. Mér finnst menn oftúlka þær breytingar sem er verið að gera með framlagningu þessa máls. Ég endurtek að fyrst og fremst er verið að auka öryggi og eftirlit og persónuvernd. Það er markmið frumvarpsins.

Varðandi það atriði hvort nauðsynlegt sé að þetta mál fylgi gagnagrunnsfrv. er ég sammála hv. formanni heilbr.- og trn. að auðvitað afgreiðum við miðlægan gagnagrunn fyrst og síðan kemur þetta í kjölfarið. Það þarf alls ekki að koma samhliða. En mér fannst mikilvægt að kynna þingheimi það frv. sem hér liggur fyrir.

[18:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er mætavel kunnugt um að þegar verið er að taka blóðsýni í dag vegna þjónusturannsókna þá eru þau ekki geymd nema í skamman tíma. Það er t.d. reglan sem viðhöfð er með réttu hjá Blóðbankanum.

Ég held því hins vegar fram að þetta frv. opni leiðina til að gera það vegna þess að ekkert er tekið fram um annað í frv. Það er sagt að að jafnaði skuli þjónustusýni ekki geymd, og það er sagt að þeim skuli eytt eftir tímabundna vörslu. Hins vegar kemur fram í einni grein frv. alveg skýlaus réttur til þess að heimila hverjum sem er, sem rekur slíkar stöðvar eða þá lífsýnabanka, að geyma þessi sýni. Það er ekkert sem bannar það. Ég skil ekki nauðsynina á því að opna þennan möguleika.

Ég tel miklu eðlilegra, herra forseti, og vænti þess að hæstv. heilbrrh. hlýði á orð mín, að í staðinn fyrir að opna þennan möguleika með frv. þá ætti að loka honum vegna þess að ég tel að í því fælist aukið öryggi fyrir mig sem einstakling, fyrir stofnanir eins og Blóðbankann sem eru háðar vild og göfugum hvötum almennings. Ég spyr þess vegna hæstv. heilbrrh.: Getur hún ekki fallist á það að í meðförum nefndarinnar þegar hún loksins tekur til við að vinna þetta mál sem verður einhvern tíma í mjög fjarlægri framtíð, miðað við óskir hæstv. heilbrrh., að þessu verði einfaldlega breytt með þessum hætti?

[18:42]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg viss um það að þegar hv. þm. og formaður heilbr.- og trn. fer að kanna frv. betur vill hann eiga þennan möguleika að hægt sé að geyma dropa. Ef t.d. finnst í blóði einhver stökkbreyting, eitthvað alveg sérstakt sem getur komið læknavísindum til góða, þá getur það verið einnar messu virði að geyma þann dropa, eins og margoft hefur komið fram að undanförnu.

[18:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var afar óheppilegt svar. Og ég er viss um að það hefur staðfest verstu grunsemdir allra þeirra sem staddir eru í þessum sal.

Hæstv. ráðherra sagði: Ef svo vildi til að það fyndist stökkbreyting í erfðaefni blóðdropa sem ég hef látið af höndum við þjónusturannsóknir, þá væri gott að geta átt það til þess að geta kannað það síðar og leitað uppi þennan mann sem hefði þessa stökkbreytingu í blóði sínu.

Ég veit að vísu að hæstv. ráðherra tekur þetta einungis sem dæmi en í þessu felst einmitt hrollvekjan. Að í gegnum þjónustu heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa verði á tiltölulega skömmum tíma safnað sýnum úr sérhverjum Íslendingi og erfðaefni þeirra allra verði greind. Hvað verður síðan gert með það? Á kannski að setja það í miðlægan gagnagrunn og selja þessar upplýsingar? Er það kannski æfingin sem felst í þessu öllu saman, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson upplýsti fyrir þingheim áðan, og var auðvitað nýtt fyrir hinum bernska huga þess þingmanns sem hér talar?

[18:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að ég treysti læknum landsins og heilbrigðisþjónustunni miklu betur en hv. þingmenn sem hér sitja í stólum sínum. Ég treysti því fullkomlega

að það sé ekki nýtt nema í þágu læknavísindanna, í þágu þess sem við eiga þegar slíkir dropar eru geymdir. Segjum sem svo að til dæmis fyndist viss stökkbreyting í blóði sjúklings. Þá yrði að sjálfsögðu haft samband við þann einstakling. Síðan væri ljóst að hægt væri að leysa ýmsar gátur, bæta heilsu bæði einstaklingsins og annarra sjúklinga, þá er ég alveg viss um það að sá sem hefði gefið þetta lífsýni væri tilbúinn í að nýta það í þessa góðu þágu og ég sé það á hv. þm. þegar ég horfi á hann að hann væri tilbúinn til þess.

Hvernig heldur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem brosir úti í sal, að vísindin hafi þróast? Heldur hv. þm. að læknavísindin hefðu þróast á þann hátt sem þau hafa gert ef enginn hefði verið tilbúinn að láta nýta lífsýni úr sér t.d. til frekari rannsókna?

Mér finnst alveg rétt að hv. þm. skoði þetta með vissri tortryggni. Það er alveg hárrétt að nálgast málið þannig en ekki með þvílíkri tortryggni sem hér hefur komið fram.

[18:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú tortryggni sem fram hefur komið í umræðunni, a.m.k. af minni hálfu, hefur fyrst og fremst sprottið í seinni hluta umræðunnar vegna þess að ég hef varpað fram einni afar þýðingarmikilli spurningu sem varðar nauðsyn þess að þjónustusýni yrðu gerð að varanlegum hluta í lífsýnasöfnum og nýtt í allt öðrum tilgangi en þau voru tekin. Hæstv. ráðherra hefur ekki getað svarað þessu.

Eins og fram hefur komið í umræðunni er þetta frv. upphaflega samið af siðaráði landlæknis, síðan er um það vélað af sérstakri nefnd og það er lagt fyrir í þessu formi. Það getur vel verið eins og oft gerist að hæstv. ráðherra hafi sjálf ekki hugsað málið til þrautar. Þess vegna geti hún ekki svarað þessu. Þetta er auðvitað ein af þeim spurningum sem við munum velta upp í heilbr.- og trn.

Það hefur komið fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að þarna sé verið að opna farveg til þess að ná miklum fjölda lífsýna og það skiptir máli í því samhengi að frv. virðist vera búið til með það fyrir augum að skapa falskt öryggi, þ.e. sagt er að ekki eigi að taka þessa þjónustusýni og gera þau að varanlegu rannsóknarefni og það á ekki að nota þau til óskyldra rannsókna og það er sagt að það eigi að eyða þeim. En svo segir berum orðum í 2. gr. að heimilt sé að taka það og setja það í lífsýnasafn og nota það til annarra og óskyldra rannsókna. Og það vekur vissulega grunsemdir að það er gert mjög erfitt fyrir þann sem veitir sýnið að synja þess vegna þess að það er lítið gert til að upplýsa hann um rétt sinn.

Aðeins í lokin, herra forseti, ætla ég að leyfa mér að upplýsa hæstv. heilbrrh. um að talsverður fjöldi manna sem til að mynda gefur blóð í Blóðbankanum neitar því alfarið að nokkrar upplýsingar um sig verði skráðar inn á tölvur og það skiptir máli að vita af þessu þegar við erum að samþykkja frv. sem gerði það e.t.v. að verkum að allir blóðgjafar Blóðbankans kynnu að vera orpnir undir ákvæði um að þjónustusýni yrðu tekin án þess að þeir vissu af því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðgarðar á miðhálendinu, fyrri umr.

Þáltill. HG, 16. mál. — Þskj. 16.

[18:49]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér er flutt till. til þál. um þjóðgarða á miðhálendinu og kemur fyrir Alþingi öðru sinni. Ég ætla ekki að hafa langt mál fyrir tillögunni í ljósi þess að liðið er á dag en ég vil leyfa mér að lesa texta tillögunnar og fara örfáum orðum um það sem gerst hefur frá því að hún kom fyrir þingið síðast. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta undirbúa, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendi Íslands er hafi innan sinna marka helstu jökla og aðliggjandi landsvæði. Ráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi 1999 og stefnt verði að formlegri stofnun þjóðgarðanna árið 2000."

Þetta er tillagan. Frá því að tillagan var flutt á síðasta þingi hefur Alþingi fjallað frekar en þá hafði verið gert og lögfest ýmis mikilvæg mál sem snúa að miðhálendi landsins, eignar- og umráðarétti, stjórnsýslumörkum og fleiru. Til þessa var vísað að þetta væri í deiglu og líkur á því að þessi mál yrðu afgreidd af löggjafanum fljótlega og með vísan til þess var talið tímabært að bera þessa tillögu fram. Tillagan fór til hv. umhvn. þingsins og fékk þar ágæta umfjöllun þó að nefndin afgreiddi málið ekki frá sér. Tillagan vakti talsverða umræðu úti í samfélaginu og voru viðbrögð almennt jákvæð — svo ég meti það svona lauslega — ég segi ekki að þau hafi verið öll á einn veg en tillagan fékk óvenjugóða kynningu, m.a. hjá fjölmiðlum.

Ég vil víkja aðeins að umsögnum sem bárust umhvn. um tillöguna á 122. þingi. Það komu umsagnir frá ekki færri en 32 umsagnaraðilum og sumar þeirra voru allítarlegar. Gerð er grein fyrir kjarnanum í þessum umsögnum í greinargerð og það er nýtt í þingmálinu frá síðasta þingi og ég leyfi mér að vitna til fáeinna atriða en vísa að öðru leyti til þingskjalsins og náttúrlega fyrirliggjandi umsagna sem eru í vörslu hv. umhvn.

Margir umsagnaraðilar lýstu fylgi við meginefni tillögunnar, þeirra á meðal og ég vek athygli á því, virðulegur forseti, Skipulagsstofnun, Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Ferðafélag Íslands, Náttúruverndarsamtök Austurlands og Alþýðusamband Íslands. Allir þessir aðilar tóku mjög jákvætt undir efni tillögunnar og það voru aðeins örfáir aðilar sem mæltu gegn samþykkt tillögunnar en nokkrir töldu að skoða þyrfti málið betur og þá sumpart með vísan til þess að þingmál voru óafgreidd þegar umsagnir voru veittar sem vörðuðu miðhálendið.

Ég vek athygli á því að í umsögn skipulagsstjóra segir m.a.:

„Skipulagsstofnun fagnar þingsályktunartillögunni og telur hana vera í samræmi við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins sem nú liggur fyrir og rökrétt framhald hennar."

Þetta er kjarni umsagnar Skipulagsstofnunar. Umrætt svæðisskipulag er þróaðra nú og komið á lokastig, fullafgreitt að fengnum athugasemdum frá þeirri svæðisskipulagsnefnd sem það vann. Ferðafélagið, eins og ég sagði, tók jákvætt undir og Alþýðusamband Íslands mjög ákveðið. Félmrn. gerir ekki í umsögn sinni athugasemdir við efni tillögunnar og vísaði til væntanlegra sveitarstjórnarlaga, og, eins og seg-

ir í umsögninni, „telur ráðuneytið að þingsályktunartillagan samræmist fyllilega því frumvarpi".

Síðan eru margir aðilar sem veittu vandaða umsögn um málið og að jafnaði jákvæða þó að ábendingar og athugasemdir væru fram bornar af sumum þeirra. Ég ætla tímans vegna ekki að fara yfir það en undantekningar voru umsagnir þar sem lagst var gegn samþykkt tillögunnar. Það voru aðeins örfáir aðilar og ég ætla ekki að rekja þær, get þó nefnt héraðsnefnd Þingeyinga sem ekki felldi sig við málið eins og það lá fyrir og er dæmi um einn af örfáum sem ekki var með jákvæða umsögn.

Það er skylt að geta þess að Orkustofnun skilaði ítarlegri umsögn um tillöguna og segir í niðurstöðum Orkustofnunar:

„Í þessari umsögn hefur Orkustofnun fyrst og fremst lagt áherslu á að þingsályktunartillagan kann að útiloka mikilvæga orkuvinnsluhagsmuni. Ef hið háa Alþingi telur rétt að mynda þjóðgarða á hálendinu í líkingu við það sem kveður á um í umræddri þingsályktunartillögu, þá leggur Orkustofnun áherslu á að við afmörkun þeirra verði tekið tillit til ábendinga um hagsmuni orkuvinnslu.

Megintillaga Orkustofnunar er sú að Alþingi fresti því að taka meiri háttar stefnumarkandi ákvarðanir um nýtingu miðhálendisins þar til átaki því sem vitnað er til hér að ofan og lýst er í skýrslunni „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, framkvæmdaáætlun til aldamóta" er lokið."

Ég tel að ég hafi haldið til haga báðum sjónarmiðunum og því sem þar lá á milli í þessum umsögnum en hvet þá þingnefnd, sem ég á raunar sæti í, sem ég legg til að fái málið öðru sinni til meðferðar, til að skoða þessar umsagnir að nýju. Það virðist þarflaust að leita umsagna á nýjan leik í rauninni nema þá í einhverjum afmörkuðum tilvikum vegna þess að málið hefur ef eitthvað er skýrst með tilliti til lögfestingar á þýðingarmiklum málum sem varða tillöguna og afgreidd voru á síðasta þingi.

Ég vil í lokin, virðulegur forseti, aðeins hafa yfir lokaorð í greinargerð með tillögunni þar sem segir:

„Með tilkomu þeirra þjóðgarða sem hér er gerð tillaga um kæmust Íslendingar í fremstu röð þjóða að því er varðar náttúruvernd. Sú verndarstefna sem margir hafa lýst eftir varðandi miðhálendið fengi á sig skýra og fastmótaða mynd. Jöklum miðhálendisins væri lyft á þann stall sem þeir verðskulda og aðdráttarafl og gildi óbyggðanna yrði meira en áður í hugum manna. Fyrir þjóð sem ætlar sér stóran hlut í ferðaþjónustu er mikið í húfi að vernda náttúru landsins, ekki síst jarðsögulegar minjar og víðerni og jökla hálendisins."

[18:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hafa staðið harðvítugar deilur um miðhálendið. Þær hafa snúið að landnýtingu, eignarhaldi og stjórnsýslu. Það er hægt að hugsa sér ýmsar leiðir til að leiða þær deilur til lykta. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um þær. Ég hef sjálfur sett fram tilteknar skoðanir á öllum þessum málum.

Þegar þessi tillaga hv. þm. kom til umræðu á síðasta þingi átti ég þess ekki kost að taka þátt í þeim umræðum. Ég vil þess vegna segja það hér að ég tel að hugmynd hv. þm. sé vel fallin að sínu leyti til þess að svara öllum þeim spurningum sem snúa að þessum þremur þáttum sem ég nefndi áðan og menn hafa deilt um. Ég get ekki dæmt um það hvort hún sé rökrétt framhald af því svæðisskipulagi sem liggur fyrir um miðhálendið en eigi að síður held ég að hún mundi a.m.k. svara að flestu leyti þeim hugmyndum sem ég hef haft um hvernig beri að fara með miðhálendið.

Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að það sé æskilegt að fjölga þjóðgörðum. Meðan ég var umhvrh. varð ég þeirrar ánægju aðnjótandi að eiga frumkvæði að því að stofna einn nýjan þjóðgarð á Snæfellsnesi. Ég held að þeir fjórir sem hv. þm. gerir tillögu um yrðu mjög kærkomin viðbót og mundu jafnframt vera vel sniðnir að verndarþörfum miðhálendisins. Þess vegna get ég sagt fyrir mína parta og a.m.k. hluta míns þingflokks, án þess að við höfum rætt þetta út í hörgul þar, að þessi hugmynd nýtur stuðnings míns og ýmissa annarra vandamanna minna.

[18:58]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir mjög jákvæðar undirtektir við þetta mál. Það kom mér ekki á óvart að hv. þm. lítur ekki ósvipað og sá sem hér stendur á þetta efni. Það er rétt ráðið í það sem skilja mátti á máli hv. þm. að sú tillaga sem flutt var og kom fram á þinginu í miðri þeirri umræðu má segja sem fór hér fram á síðasta þingi, heitri umræðu um málefni miðhálendis Íslands, var af hálfu flm. hugsuð sem þýðingarmikið innlegg inn í meðferð, ráðstöfun og umgengnisrétt á miðhálendi Íslands. Hér er um að ræða geysilega víðlend svæði og talsvert út fyrir þá stóru jökla sem mynda kjarna og taka til 22 þús. km lauslega reiknað, þ.e. rösklega fimmtung landsins.

Ég varð var við það í þinginu af hálfu ýmissa, m.a. úr stuðningsliði ríkisstjórnarinnar, að þeir höfðu komið auga á gildi þess að beita náttúruverndarlöggjöfinni með þeim hætti sem þessi tillaga gerir ráð fyrir til þess að bera klæði á vopnin m.a., til þess að ná sátt eða a.m.k. að ná bærilegri sátt við þann fjölda sem vill vernda miðhálendi Íslands fyrir óbornar kynslóðir sem mest í ósnortnu formi.

[19:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. veit hef ég sett fram mjög skeleggar skoðanir um það hvernig eigi að haga stjórnsýslu miðhálendisins. Ég held að þó að þær hugmyndir sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur sett fram séu ekki algerlega í þeim anda þá lúti þær eigi að síður sömu lögmálum, þ.e. að þarna yrðu gríðarlega víðfeðm flæmi og mjög viðkvæm í rauninni sett undir almannastjórn, þ.e. að formlega væri umhvrh. yfir þeim en jafnframt færu, eins og lög og reglur kveða á um, sérstakar nefndir með stjórn sérhvers þessara fjögurra þjóðgarða.

Ég get fyrir mitt leyti mjög vel fallist á það fyrirkomulag og tel því að í þessu fælist málamiðlun sem af minni hálfu, og að ég tel þeirrar hreyfingar sem ég tilheyri, væri hægt að sættast á. Sömuleiðis tekur hún til verndarnauðsynjarinnar sem verður æ ríkari eftir því sem tíminn líður en í þriðja lagi kallast hún líka á við breytt viðhorf til virkjana. Ég er þeirrar skoðunar að þegar menn ræða mjög fjálglega um hina gríðarlegu orku í fallvötnunum sem enn er óbeisluð þá séu þeir að tala út í loftið og geri þeir sér ekki grein fyrir því að kröfurnar sem þjóðin gerir núna um meðferð á náttúrunni og miðhálendinu eru kannski allt aðrar en árið 1971 þegar menn voru að véla um þá stóru virkjun sem stundum er deilt um þessa dagana enn þá. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að við getum ekki gengið á þennan orkuforða, þ.e. við getum ekki leyft okkur af breyttum fagurfræðilegum og náttúruverndarsjónarmiðum að beisla sum þeirra fallvatna sem áður var talið sjálfsagt. Þetta bara er partur af því gjaldi

sem við þurfum að greiða fyrir að eiga þetta land eins og það er, eins og við viljum hafa það. Það má líka færa efnahagsleg rök fyrir þessu vegna þess að virkjunarárättan sem menn eru sumir enn þá helteknir af er líkleg til þess að kippa stoðum undan annarri burðargrein sem er í örum vexti, sem er ferðaþjónustan. Þarna eru tvenns konar sjónarmið sem renna saman í sömu kvísl og ég lýsi aftur ánægju minni með þessa hugmynd hv. þm.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis, fyrri umr.

Þáltill. GÞÞ, 169. mál. — Þskj. 172.

[19:03]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis. Þetta er afskaplega hógvær tillaga sem miðar að því að færa verslun til þeirra sem ættu helst að sjá um verslun og sömuleiðis að afla ríkissjóði nokkurra tekna með því að leggja niður stofnun sem við þurfum lítið á að halda og þar af leiðandi spara líka nokkur ríkisútgjöld.

Eins og fram kemur í greinargerðinni hefur hið opinbera á undanförnum árum og áratugum verið að draga sig út úr atvinnurekstri á mörgum sviðum þar sem talið er að einstaklingar og fyrirtæki geti sinnt viðkomandi starfsemi betur eða í það minnsta ekki verr. Nú er svo komið að til algerra undantekninga heyrir ef ríki eða sveitarfélög standa í verslunarrekstri. Ein þeirra undantekninga er sala á áfengum drykkjum til einstaklinga en ÁTVR hefur enn sem komið er einkaleyfi á því að selja almenningi áfengi í smásöluverslun. Lengi framan af var salan algerlega í höndum ÁTVR, þ.e. fyrirtækið átti eða leigði húsnæði undir áfengisverslunina víðs vegar um landið og einungis starfsfólk þess afgreiddi áfengið. Í seinni tíð hefur orðið nokkur breyting á þessu og á nokkrum stöðum á landinu sjá einkaaðilar um sölu á áfengum drykkjum fyrir ÁTVR með sérstöku samkomulagi við fyrirtækið. Ekki verður annað séð en að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel.

Þetta leiðir hugann að þeirri spurningu hvers vegna ríkið eigi yfirleitt að standa í rekstri slíkra verslana. Erfitt er að finna rökin fyrir því en aftur á móti eru fjölmörg rök gegn því. Fyrst skal nefna að einkaaðilar hafa séð um rekstur slíkra verslana með góðum árangri. Það er einmitt svolítið athyglisvert að fylgjast með því að þegar auknar kröfur koma á hendur stofnuninni um að bæta þjónustuna og setja upp fleiri útsölustaði hefur stofnunin séð hagkvæmasta kostinn í því að semja við einkaaðila um slíkt, oft að undangengnu útboði og nú eru að ég held um 11 útsölustaðir ÁTVR með þessu rekstrarfyrirkomulagi. Í öðru lagi er aðilum eins og verslunarmiðstöðvum og byggðarlögum mismunað eftir staðsetningu útibúa. Það er bæði hægt að sjá það á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu sjáum við að verslanir og verslunarmiðstöðvar heyja harða baráttu í harðri samkeppni og það er augljóslega mjög misjafnt komið á fyrir þessum aðilum eftir því hvort þeir geta boðið upp á þessa þjónustu eða ekki. Sömuleiðis er þetta kannski enn meira áberandi þegar menn skoða landsbyggðina — það var nú mikil umræða um stöðu landsbyggðarinnar í dag — því þar er gríðarlega mikil mismunun sem bitnar sérstaklega á þeim stöðum sem eru að reyna að byggja upp sína ferðaþjónustu ef þeir geta ekki boðið upp á þjónustu sem þessa. Í þriðja lagi má nefna kostnaðinn af versluninni. Ólíklegt má telja að ríkisfyrirtæki reki þessar verslanir á hagkvæmari hátt en einkaaðilar mundu gera. Má í þessu sambandi benda á að fasteignir ÁTVR eru nú á bókfærðu verði í ríkisreikningi 700 millj. kr. Og ef menn taka allar eignirnar sem eru teknar með í ársreikningum ÁTVR, þ.e. áhöld og tæki, eignir í öðrum fyrirtækjum, bílakost og annað slíkt, þá eru þetta rúmlega 820 millj. kr. á bókfærðu verði. Það segir sig sjálft að fjármunir sem fengjust með sölu þessara fasteigna eða eigna, hvort heldur þeirra allra eða nokkurra, mundu nýtast ríkissjóði vel. Sömuleiðis mundi ríkið spara verulegan hluta þess fjár sem nú er varið í rekstur ÁTVR ef þessi breyting næði fram að ganga.

Það má líka nefna að mismunun er ekki einungis á milli byggðarlaga og verslunarmiðstöðva því ef einn ríkisrekinn aðili sér um alla smásölu þá ræður hann eðli málsins samkvæmt hvaða vara er á boðstólum þannig að auðvelt er að sjá að mikil hætta er á mismunun á milli einstakra innflytjenda og framleiðenda. Ég er ekki að segja að sú mismunun sé til staðar en sú hætta er vissulega fyrir hendi.

Þó svo að þetta mál mundi ná fram að ganga gæti bæði ríkisvaldið og sveitarfélögin náð öllum þeim markmiðum sem þau hafa sett sér í áfengismálum. Hér er ekki gert ráð fyrir breytingu eða tillögu um breytingu á áfengisstefnu. Það eina sem mundi breytast er að verslunin yrði í höndum þeirra sem eiga að sjá um verslun, þ.e. einkaaðila, og að ekki yrði um að ræða eins sterkt skömmtunarvald á þessari þjónustu af hendi hins opinbera og nú er. Leyfi til að selja áfengi yrði veitt af sveitarstjórnum með svipuðum hætti og leyfi til vínveitingahúsa.

Ef við skoðum hvernig þessi mál hafa þróast þá voru nú nýverið samþykkt ný áfengislög. Helsta breytingin í þeirri löggjöf frá þeirri eldri er sú að í fyrsta lagi verður rekstur áfengisútsala háður eftirliti og sambærilegum skilyrðum og rekstur vínveitingastaða. Í öðru lagi að leyfisveitingar og yfirumsjón með allri verslun með áfengi er nú í höndum lögregluyfirvalda og jafnframt er leyfi til rekstrar vínveitingahúsa og áfengisútsala háð samþykki sveitarstjórna. Í rauninni er því allt til staðar nú þegar í löggjöfinni ef undan er skilið að í 10. gr. áfengislaganna er 1. mgr. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölu áfengis.“

Eftirlit og yfirumsjón er á hendi lögregluyfirvalda þó svo að þeir séu einir með leyfi til að stunda þessa starfsemi og sömuleiðis er leyfisveitingin háð samþykki viðkomandi sveitarstjórna.

Eins og ég ítreka enn og aftur er eina breytingin sem hér er farið fram á sú að fleiri, eða aðrir, mundu sjá um smásöluna eins og á öðrum sviðum en ekki er um að ræða breytingu á áfengisstefnu né heldur tekjuöflunarkerfi ríkisins á þessu sviði. Það er svolítið fróðlegt að skoða þetta með tilliti til sögunnar því að Áfengisverslun ríkisins, fyrirrennari Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, var sett á laggirnar árið 1922 þegar bannlögunum var aflétt og Tóbakseinkasalan var stofnuð í byrjun fjórða áratugarins þegar menn voru mjög gjarnir á að setja einokunarlög og hin ýmsu höft í íslenska löggjöf. Þar má t.d. nefna einkaleyfi á síldarsölu, einkasölu á

viðtækjum, einkarétt til útvarpsreksturs. Seinna komu ýmis lög og höft eins og einokun á sölu bifreiða, símtækja og annars slíks og einungis fyrir tíu árum síðan var ríkið með einokun á því að flytja inn eldspýtur. Það sem hins vegar allt þetta sem hér hefur verið nefnt og mörg fleiri höft og einokun sem verið hefur til staðar á Íslandi á sameiginlegt er að þessu hefur sem betur fer öllu verið aflétt.

Það er líka athyglisvert að engin krafa er um að færa ástandið í fyrra horf, enda mæla engin rök með því. En þó svo að margt hafi færst í frjálsræðisátt á þessu sviði — nú er t.d. Áfengis- og tóbaksverslunin ekki lengur eini aðilinn sem má flytja inn áfengi — stendur eftir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkaleyfi til smásölunnar. Þetta mál hlýtur að vera svolítið á dagskrá núna af þeirri einföldu ástæðu að nú eru fjölmargir, eins og oft áður, í biðröð eftir að fá þessa þjónustu og það er mikil sókn í að fá fleiri útsölur ÁTVR. Þá er spurningin hvort við förum áfram þá leið, því ég býst fastlega við því að menn muni vilja gæta jafnræðis og koma á fleiri áfengisútsölum þar sem þær vantar, að auka umsvif ríkisverslunar í landinu eða förum hina skynsömu leið að hafa þetta líkt og með vínveitingahús nú, þ.e. háð yfirumsjón og eftirliti lögregluyfirvalda og háð samþykki viðkomandi sveitarstjórna. Í leiðinni er svo hægt að sækja svolitla fjármuni fyrir ríkissjóð og ekki veitir af þó að við séum sem betur fer loksins að sjá nokkurn afgang hjá ríkissjóði um þessar mundir.

Það sem hefur vakið athygli mína frá því að fyrir lá að þessi tillaga yrði lögð fram og henni var dreift hér — ég hef átt viðræður við menn innan þingsins og þá sem fylgjast mjög vel með — er að mönnum þykir, eins og menn almennt orða það, að maður sé kaldur að leggja fram tillögu sem þessa. Það er umhugsunarefni að ef nýliði eins og ég, sem verð hérna í nokkra daga, hefði lagt fram tillögu um þægileg aukin ríkisútgjöld þá hefði það þótt sjálfsagt og eðlilegt og mönnum hefði ekki brugðið við það. En þegar hins vegar koma tillögur sem miða að því að færa hluti í frjálsræðisátt og ná kannski inn einhverjum tekjum sökum þess að lögð yrði niður ríkisstofnun sem er óþörf og ná sömuleiðis nokkrum sparnaði í ríkisrekstri, þá þykir það frekar bera vott um að viðkomandi sé helst til kaldur í málflutningi. Það er umhugsunarvert að þjóðmálaumræðan sé svona hjá okkur því að auðvitað er sjálfsagt og eðlilegt að menn leiti allra leiða til að draga saman umsvif hins opinbera og spara í ríkisrekstri og vonandi að greiða niður eitthvað af þeim skuldum sem ríkissjóður hefur safnað á undanförnum árum og áratugum.

Annað sem vekur athygli mína þegar maður hefur verið að spjalla um þessi er að flestir eru sammála, held ég, um að það sé rétt mat að í framtíðinni verði ÁTVR lagt niður. Það dettur í rauninni engum í hug að umsvif þeirrar stofnunar muni aukast nokkuð í framtíðinni né heldur að verksvið hennar verði stærra og því síður að ríkið fari út í smásöluverslun á einhverju öðru sviði en nú er.

Svo spyrja menn um tímann, hvort þetta sé rétti tíminn. Það hefur verið sagt um Íslendinga stundum sem kannski er ekki alveg sanngjarnt, en því hefur oft verið haldið fram að einu skiptin sem þeir færist í frjálsræðisátt í sínum eigin málum sé þegar þeir fá tilskipun að utan sökum alþjóðlegra samninga eða að einhver kreppa sé í þjóðfélaginu sem neyði menn til þess að færast í átt til frjálsræðis þannig að auðveldara sé að lifa af í þessu samfélagi. Nú er sú staða uppi að hvorugt er. Sem betur fer ríkir góðæri í þjóðfélaginu og það er sökum þess að menn hafa færst í átt til frjálsræðis og ekki er um að ræða neinar tilskipanir. En það reynir þá svolítið á þingheim hvort hann er tilbúinn til að stíga þetta skref og fækka ríkisstofnunum um eina, í það minnsta að straumlínulaga hana að skynsamlegum verkefnum eða því sem hún á að sinna, og færa verslunina til þeirra sem eru best færir um að sinna henni.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umræðu og hv. efh.- og viðskn.

[19:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég tel að fram komin tillaga sé algerlega óþörf og skal færa fyrir því nokkur rök. Hún er að vísu kærkomin fyrir þá sem sælast eftir myndarlegum ríkisreknum fyrirtækjum. Við höfum séð það á undanförnum missirum að það er ekki ónýtt að komast í Póst og síma, bankana o.s.frv. þannig að eflaust eru mörg öfl í samfélaginu hlynnt því eins og flutningsmaður, hv. þm. Guðlaugur Þórðarson orðar það að færa hlutina í frjálsræðisátt, það á eflaust mikinn byr.

Hvers vegna tel ég þetta óþarfa breytingar? Það er vegna þess að ég tel að miðað við núverandi reglur um starfsemi ÁTVR sé opið fyrir þær breytingar á þjónustunni sem langflestir kalla eftir. Það er opið fyrir þá möguleika að opnuð séu útibú í hinum dreifðu byggðum. Menn hafa sett það fyrir sig að langt sé að sækja búsið og það þurfi að fara kannski svo tugum kílómetra skiptir til að komast í ÁTVR-búð. En manni virðist sem ÁTVR dragi lappirnar svolítið og það er náttúrlega undir hæstv. fjmrh. komið líka að opna fyrir nútímalegri viðskiptahætti hjá ÁTVR. Það eimir kannski eftir af starfsháttum þar að þeir hafi markaðinn hvort eð er og þurfi ekki að þjóna betur. En ég tel þetta að miklu leyti bara praktísk mál miðað við núverandi reglur um starfsemina að verða við þeim óskum landsmanna um að bjóða þjónustuna víðar og það eru formúlur fyrir því að slíkar verslanir eru settar upp jafnvel í samstarfi eða samvinnu við aðra, t.d. í minni byggðarlögum.

Það er annað sem mig langar til að benda á. Ég tel að miðað við ástandið í vímuefnanotkun landsmanna, sérstaklega ungs fólks sem mikið er búið að ræða um á undanförnum missirum, sé óþarfi að taka stóran hluta vímuefnanotkunar út fyrir sviga og ætla að fara að blása í herlúðra og segja að það verði enn þá auðveldara að komast yfir vímuefnin og þá á ég við áfengið. Þetta er 10 milljarða dæmi sem við erum að tala um. Eins og þingheimi er ljóst eru flestir sammála um að við höfum engin tök á vímuefnanotkun eins og hún er í dag, og þá á ég við hörð og sterk vímuefni, og samfélagið virðist á engan hátt í stakk búið til að taka á þeim málum eða tækla þau. Það þarf a.m.k. að sannfæra mig betur um það eða gera mér betri grein fyrir því að við séum með þau mál í höfn og í betri farvegi áður en menn fara í frjálsræðisátt í sambandi við ÁTVR.

Ég legg megináherslu á það að ef þær reglur sem ÁTVR vinnur eftir eru notaðar á réttan hátt og komið til móts við kröfur manna um að fá þjónustuna víðar og ÁTVR sjálft innan frá og fjmrn. noti sér þá möguleika sem eru innan þess ramma sem ÁTVR er settur, þá mun fólki finnast að sú þjónusta sé fullboðleg sem þar er veitt og raunar mæti þeim þörfum sem við þurfum í sambandi við innkaup á áfengum drykkjum í dag.

[19:19]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti þetta svolítið athyglisvert sem kom fram hjá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni. Hann taldi tillöguna vera óþarfa, talaði svo um að það væri kærkomið fyrir einhverja aðila að komast í að kaupa ÁTVR. Tillagan gengur einfaldlega ekki út á það að selja ÁTVR heldur að selja eignir ÁTVR og leggja stofnunina niður. Það er ekki um það að ræða að fela það einhverjum einum aðila að selja þetta í staðinn fyrir ríkisfyrirtækið. Það er einfaldlega rangt.

Einnig talaði hann um að innan ramma ÁTVR væri hægt að fjölga áfengisútsölum. Um það er ekki deilt. En á sama tíma talaði hann um að það væri ekki gott út af vímuefnavandanum. Þetta snýst að vísu ekkert um það. Menn geta haft allar skoðanir á því hversu margar áfengisútsölur eiga að vera en Alþingi samþykkti að það væri að stórum hluta í ákvörðun hverrar sveitarstjórnar fyrir sig og það vald er ansi nálægt fólkinu. Það sem þetta snýst einfaldlega um er þetta: Hver á að sjá um þessa verslun? Hver á að sjá um þessa þjónustu? Það hafa engin rök komið fram fyrir því að það þurfi að vera ríkisfyrirtæki. Menn geta haft þá skoðun að hafa eigi styttri opnunartíma eða færri útibú. Það getur vel verið að eitthvað sé til í þeim viðhorfum. Menn gætu líka haft þá skoðun að lengja eigi opnunartímann og auka þjónustuna o.s.frv. En tillagan gengur einfaldlega út á það að hætta ríkisrekstri í smásölu. Það kemur vímuefnavandanum ekkert við hvort það er ríkisstarfsmaður sem afgreiðir flöskuna yfir borðið eða hvort það er einkaaðili, enda benti hv. þm. réttilega á að búið væri, eins og fram hefur komið, að semja við ÁTVR við fullt af einkaaðilum og til hvers er þá ÁTVR?

[19:21]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef upplýsingar um það að innan ÁTVR sé viss tregða á því að opna útibú þó svo að sveitarstjórnir hafi mælt með því og ég árétta það enn og aftur að til að færa þjónustu ÁTVR í nútímalegra form þá tel ég að nota eigi þann ramma sem stofnunin hefur og kannski að brýna hana innan frá. Auðvitað hafa sjálfstæðismenn burði til þess þar sem þeir eru í stjórnarmeirihluta og stjórna meira að segja því ráðuneyti sem stofnunin heyrir undir. Ég hjó sérstaklega eftir því að hv. þm. talaði um að hann væri kannski ungur og kaldur. Ber þá að skilja það svo að sjálfstæðismenn almennt, þingflokkurinn, styðji ekki þetta sprikl í ungum þingmanni? Ég hefði gjarnan viljað fá svör við því.

Að svo komnu vil ég bara árétta það að ég tel að möguleikarnir til að færa þjónustu ÁTVR í það form sem fólk og fjöldi sveitarstjórna sækist eftir séu innan rammans. Auðvitað er þetta spurning um peninga vegna þess að það er ekkert smámál að komast inn í umsetningu á 10 milljarða dæmi fyrir hvaða fyrirtæki sem er, hvert svo sem formið er á því ef það er fært í frjálsræðisátt.

[19:23]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson vísar iðulega í tregðu ÁTVR. Hann er hættur að tala um að ekki sé gott að fjölga útsölustöðum heldur er málið núna að ÁTVR verði að ganga í það og hafi til þess vald. Um það er ekki deilt. Það sem vantar hins vegar eru rökin hjá hv. þm. fyrir því af hverju í ósköpunum ríkisfyrirtæki eigi að standa í smásöluverslun af þessu tagi. Hann verður líka að vera sjálfum sér samkvæmur hvað þetta varðar því ef hann vill fjölga útsölustöðum, sem hann augljóslega vill og skammar okkur sjálfstæðismenn einhverra hluta vegna fyrir að vilja það ekki, þá verður hann líka að útskýra það fyrir okkur hvort ÁTVR sé að gera stórhættulega hluti með því að láta einkaaðila sjá um þessa smásölu því það er einmitt það sem er að gerast. Og það sem sýnir best hversu óþörf stofnunin er er að hún telur að besta og hagkvæmasta leiðin til að fjölga útsölustöðum sé að semja við einkaaðila eins og hv. þm. nefndi áðan og færi vel saman við ýmsa aðra verslun út um byggð. Um það snýst málið.

Hvað sjónarmið Sjálfstfl. varðar eða þingflokks sjálfstæðismanna, þá hefði ég náttúrlega ekki getað lagt fram þetta mál ef það hefði verið í andstöðu við þingflokkinn og ég fékk að sjálfsögðu heimild til þess en væntanlega munu félagar mínir í flokknum ræða þetta einhvern tímann seinna. En aðalatriðið er þetta: Það vantar rök hjá hv. þm. af hverju ríkið eigi að standa í þessari verslun og væri ágætt ef hann mundi upplýsa það hvort hann teldi þetta ekki hættulega stefnu. Að vísu er hann búinn að tala svolítið í hringi hvað það varðar hvort það sé gott eða slæmt að ÁTVR sé að semja við þessa einkaaðila víðs vegar um landið.

[19:25]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi að innan ramma stofnunarinnar ÁTVR væri möguleiki á að fjölga útsölustöðum. Ég tel að það sé hið besta mál, sérstaklega þar sem menn hafa samþykkt það heima fyrir og er alveg tilbúinn að styðja slíkt. En ég vil benda hv. 2. þm. Vesturl., Guðlaugi Þórðarsyni, á það að við erum ekki að tala um venjulega vöru, við erum að tala um vímuefni. Áfengi er vímuefni, tóbak er vímuefni og síðan allt annað sem ólöglegt er. Það er full ástæða fyrir ríki, sem ber hitann og þungann af öllum afleiðingum ef eitthvað út af bregður hjá einstaklingnum, að hafa töluverðan hemil á því hvernig menn fara í slík mál varðandi markaðssetningu og annað. Þess vegna gilda allt önnur lögmál um vímuefni, svo sem áfengi, dreifingu, auglýsingu, aðgang o.s.frv. en um alla aðra vöru sem er á boðstólum í landinu. Að því leyti til er ég ekki hlynntur því að menn opni frjálshyggjuflóðgáttir sjálfstæðismanna sem hafa gengið yfir á svo mörgum öðrum sviðum. Ég held að sjálfstæðismenn ættu að taka pásu í frjálshyggjubardúsinu, a.m.k. í þeim málum sem varða vímuefni fyrir landsmenn.

[19:27]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér þykir það jafnan betur og til fararheilla að menn hafi álit á sjálfum sér. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur álit á sjálfum sér og ég er viss um að það verður honum gott veganesti inn í framtíðina. Álit hans á sjálfum sér birtist m.a. í því að hann hefur upplýst þingheim um að hann er svalur gæi. Hann þorir að leggja fram frv. eins og það sem hann hefur gert hér og hann þorir að gera það af því að hann er ungur og kjarkaður en hann er samt ekki nógu svalur til að þora að gera það af eigin dáðum heldur verður hann áður að fá samþykki hjá stóra pabba, þ.e. þingflokki Sjálfstfl. Það má þess vegna, herra forseti, deila um hversu svalur hv. þm. er þegar hann er skorinn til hjartans og nýrnanna.

Hv. þm. gat þess líka að jafnan þegar vindar frelsisins hefðu svipst hér um sali og héðan út um landið allt hafi það aðallega verið þegar kreppa hafi verið í landinu eða þegar komið hafi erlendar tilskipanir, sem sagt af völdum náttúruafla. En nú er þriðja náttúruaflið komið í þessa sali og

það er hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sem er svalur gæi og þorir auðvitað.

Herra forseti. Ég held að það sem hv. þm. er að leggja til sé allrar athygli vert og ég skal tala við hann í fullri hreinskilni um afstöðu mína. Ég var lengi þeirrar skoðunar að það sem hv. þm. er að leggja til væri hið rétta. Ég taldi að það væri í anda þessa frjálslynda samfélags sem við búum við að sú meginregla væri í gildi höfð að menn fengju að taka ákvarðanir sjálfir fyrir sig sjálfa. Ég er þeirrar skoðunar að fullveðja einstaklingar eigi í sem ríkustum mæli að fá að taka ákvarðanir sem varða þeirra eigin afdrif og heill.

Í þessu tilviki snýst ákvörðunin um þetta: Á ég að fá að kaupa áfengi þar sem ég vil? Svarið miðað við það sem ég er búinn að segja ætti að vera játandi. Ég var þeirrar skoðunar að svo ætti að vera. Ég held hins vegar eins og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sagði áðan að það séu aðrir hlutir sem þurfi að velta upp líka. Þó að ég geti ekki nefnt tölur um það, þá hefur því verið haldið fram fullum fetum að rýmra aðgengi að áfengi auki neyslu þess og miðað við það sem ég sagði áðan ætti mér auðvitað að standa á sama.

En það eru aðrir hlutir sem ég velti fyrir mér. Ég hef séð það svart á hvítu í rannsóknum sem hafa verið gerðar við Háskóla Íslands að því fyrr sem ungt fólk fer að neyta áfengis og reyndar tóbaks líka, þeim mun meiri líkur eru á að það leiðist út í einhvers konar vímuefnaneyslu. Þetta skiptir máli fyrir mig og áður en ég get tekið afstöðu með frv. eins og þessu, þá þarf hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson að sýna mér fram á það svart á hvítu að þessi tilhögun mundi ekki verða til þess að auka líkur á að aðrir, einkum ungt fólk, leiddist út í neyslu annarra vímuefna. Ef svarið við því fæli í sér að svo væri, þá mundi ég ekki fylgja þessu. En ég gæti alveg hugsað mér að fylgja þessu ef hitt lægi fyrir að svo væri ekki.

Ég held reyndar, herra forseti, að menn þurfi að gera sér skýra grein fyrir af hverju þeir eru að leggja fram frv. eins og þetta. Hv. þm. var með ýmis rök fyrir máli sínu. Hann taldi m.a. upp að það fyrirkomulag sem núna væri, þar sem einstakir aðilar hafa innflutningsleyfi en verða síðan að selja í gegnum ríkiseinokun, gæti boðið upp á mismunun. Það er rétt hjá honum. Sú hætta er ekki fyrir hendi vegna þess að hv. þm. tók sjálfur fram að hann vissi ekki dæmi þess.

Hv. þm. sagði líka að með þessu mundi ríkið fá tekjur fyrir eignasölu sem næmi 870 millj. Það eru í sjálfu sér rök. Það er sjálfsagt að færa slík rök. En ég held að hv. þm. eigi að koma til dyranna eins og hann er klæddur og leggja þetta mál fyrir á þeim grunni sem það er raunverulega flutt. Það er af hvötum þingmannsins til að auka frelsi. Hv. þm. tilheyrir þeim armi Sjálfstfl. sem hefur gert frjálshyggjuna að sínu guðspjalli. Það er ekkert við það að athuga í sjálfu sér. Það er stjórnmálaskoðun sem mér er ógeðfelld. En hv. þm. hefur allt aðra skoðun og hann hefur rétt til þess.

Það þarf líka að skoða þetta mál og þennan tillöguflutning í samhengi við þá umræðu sem hefur verið síðustu vikur og missiri innan þess hluta Sjálfstfl. sem hann tilheyrir, sem er Samband ungra sjálfstæðismanna. Þar hafa menn vitaskuld aftur og aftur verið að reifa tillöguflutning af þessu tagi og það er allt í lagi að menn geri það. Menn hafa líka gengið skrefi framar í frelsinu. Þeir hafa sagt sem svo: Hvers vegna á að meina mönnum að geta keypt áfengi í hvaða smásöluverslun sem er? Og þeir hafa sagt annað, stór minni hluti innan Sambands ungra sjálfstæðismanna hefur sagt: Hvers vegna ekki að lögleiða fíkniefni sem núna eru ólögleg, t.d. hass og kannabisefni? Það er rétt, herra forseti, að skoða þennan tillöguflutning í samhengi við það vegna þess að hann er sprottinn af pólitískum hvötum sem raunverulega gætu, ef ekki væri spornað við þeim, leitt til verulegra breytinga á því vímuumhverfi sem við búum við.

Nú er ég ekki að segja að þessi hv. þm. sé endilega persónulega þeirrar skoðunar en hans pólitíska bakland er í jarðvegi þar sem þessi umræða fer fram og út af fyrir sig hefði ég gaman af að heyra álit hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar á því hvort lögleiða ætti t.d. einhver önnur fíkniefni en þau sem núna eru lögleg. Ég er ekki að segja að það skipti meginmáli fyrir þessa umræðu og ég ætla ekki að inna hann eftir því svari ef hann vill ekki svara því. En mér finnst hins vegar rétt að við skoðum þetta mál og þennan tillöguflutning í því samhengi sem hv. þm. er staddur í í sínu pólitíska umhverfi þegar hann kemur út fyrir þessa sali.

[19:33]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var mjög athyglisvert að hlusta á ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og sérstaklega athyglisvert fyrir nýliða að kynnast slíku. Þeir nýliðar sem hafa rómantískar hugmyndir um málefnalega umræðu innan sala Alþingis, eins og ég, verða í það minnsta fyrir hálfgerðum vonbrigðum. Það vakti mér hins vegar nokkra ánægju að hann taldi mig hafa sjálfsálit. Ég veit að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er sérfræðingur í slíku og því er ágætt að heyra það frá hinum allra besta í þeim efnum.

Varðandi útúrsnúninga um „svalan gæja" og „að spyrja stóra bróður" þá er það ákveðin verklagsregla í þingflokki sjálfstæðismanna sem ég kann vel að meta og mun fara eftir henni.

Síðan kom hugvekja hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um hvaða pólitíska baklandi ég væri í og hvernig það tengdist þessu máli. Ég frábið mér allt slíkt tal. Ég held að ef við færum út í þetta þá gæti ég nefnt ýmislegt sem hann hefur tengst í gegnum tíðina og sagt að afstaða hans mótist af því. Þetta snýst ekkert um það. Hér er tillaga sem liggur fyrir — um hvað? Um að afnema einokun ríkisins á áfengi. Ekkert annað. Ef hv. þm. vill vita afstöðu mína um lögleiðingu fíkniefna, þá er ég á móti því þó að það tengist þessu máli ekki neitt. Eftir stendur að það vantar rök frá hv. þm., þeim svala gæja Össuri Skarphéðinssyni með ágætis sjálfsálit. Hver eru rökin fyrir því að viðhalda ríkisverslun með áfengi? Öllu því sem hann nefndi varðandi aðgang og annað slíkt, getum við náð fram með öðrum leiðum og ákvörðunarvaldið er hjá sveitarstjórnum eins og það er í dag. Eftirlitið og yfirumsjónin er hjá lögregluyfirvöldum og rætt er um að hafa sambærilega skipan mála og í sambandi við vínveitingahús. Ef það hefur farið fram hjá hv. þm., þá eru þau ekki ríkisrekin.

[19:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri það á máli hv. þm. að hef ég bersýnilega sært tilfinningar hans í upphafi ræðu minnar hér áðan og ég bið hann afsökunar á því, það var ekki ætlunin.

Hv. þm. getur þess að það séu ákveðnar verklagsreglur í þingflokki Sjálfstfl., og skal ég ekkert um það segja. En okkur þingmönnum ber aðeins að fylgja einni verklagsreglu. Það er stjórnarskrárbundin verklagsregla sem segir að við eigum að fylgja sannfæringu okkar. Þess vegna segi ég að

hv. þm. eigi bara að gera það og ekkert endilega líta til stóra bróður, þingflokksins, í þeim efnum. Hann á bara að segja það sem honum finnst sjálfum.

Ég, herra forseti, var að reyna að gera hv. þm. grein fyrir því að við 1. umr. taki menn yfirleitt ekki endanlega afstöðu heldur reifi málin. Síðan fara þau til þingnefndar og koma síðan aftur til 2. umr. og þá koma menn með sínar mótuðu skoðanir. Ég var að segja honum hvaða forsendur ég þyrfti að hafa til þess að geta mótað mér ákveðna skoðun. Ég sagði alveg heiðarlega að ég hefði um tíma verið sömu skoðunar og birtist í þingmáli hv. þm. Ég gat þess hins vegar að vissrar breytingar gætti í samfélagsmynstrinu og birtist í því að vímuefnaneysla ungs fólks væri orðin gríðarlegt vandamál, miklu meira vandamál í dag en fyrir nokkrum missirum eða nokkrum árum og mér finnst það skipta máli.

Ég spurði, svo ég geri langt mál stutt: Getur þessi tillaga með einhverjum hætti leitt til þess að betri aðgangur að áfengi auki vímuefnaneyslu? Ég er ekki að biðja hv. þm. um að svara því hér. Það verður á verksviði þingnefndarinnar sem málið fær að kanna það. Svarið þarf hins vegar að liggja fyrir til þess að ég geti tekið afstöðu til málsins. Til þess að ég geti stutt málið þarf svarið að vera neitandi. Þetta sagði ég hv. þm. áðan þannig að hann hefur a.m.k. vísi að því í hvaða farveg mín afstaða mun hníga. Ég þarf þessar upplýsingar til þess að geta tekið hana.

[19:38]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum kannski aðeins að nálgast efnisatriði málsins og það er vel. Hv. þm. þarf ekki að hafa áhyggjur af því að ég fylgi ekki samviskunni. Það sem hann ræddi hér, og er nokkuð sem okkur öllum er hugleikið, eru vandamál sem fylgja aukinni vímuefnaneyslu. Spurningin er hvort aukinn aðgangur að áfengi mundi fylgja samþykkt þessarar tillögu. Svarið er einfaldlega nei. Í raun er ekkert í þessari tillögu sem miðar að því að lengja opnunartíma, fjölga útsölustöðum eða neitt slíkt. Slíkar ákvarðanir eru teknar á öðrum vettvangi.

Alþingi hefur ákveðið að slíkt vald sé á höndum sveitarstjórna og það hefur væntanlega verið gert að yfirlögðu ráði. Ég mundi ætla að það væri hin skynsamlega leið, að hafa það vald sem næst fólkinu. Þessi vara hefur ákveðna sérstöðu, það er alveg hárrétt. Mér þykir það alltaf slæmt þegar menn reyna, í þessari umræðu sem oftar, að draga önnur óskyld mál inn í þetta en eins og ég hef hvað eftir annað sagt gengur tillagan út á að við þurfum að hafa einhverja smásölu á áfengi. Spurningin er: Er það hlutverk ríkisvaldsins að stunda slíka verslun með ríkisfyrirtæki eða gætu aðrar aðferðir verið skynsamlegri? Við höfum komist að þeirri niðurstöðu með vínveitingar, tóbak og ýmislegt annað sem mætti kannski teljast hættulegt eins og skotvopn, að þrátt fyrir að við höfum almennar reglur um það og nokkuð hörð skilyrði, þá þyki okkur mun skynsamlegra og eðlilegra að það sé á höndum annarra en ríkisvaldsins. Um það snýst tillagan og ég er sannfærður um að ef hv. þm. les greinargerðina og kynnir sér málið, þá kemst hann að sömu niðurstöðu og ég, að það beri að styðja þetta mál.

[19:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að svarið við spurningu minni sé nei, þ.e. þetta mun ekki leiða til aukins aðgengis og því ástæðulaust að bera kvíðboga fyrir því að það leiði til aukinnar vímuefnaneyslu ungmenna.

Ég hef skilið tillögu hv. þm. þannig að hún leiddi til þess að hægt yrði að kaupa áfengi t.d. í matvöruverslunum og víðar, þetta væri svipað og í nágrannalöndum okkar. Ég hef skilið tillöguna þannig. (Gripið fram í.) En ég hef alla vega skilið það svo að frelsið fæli það í sér að útsölustaðir yrðu fleiri og til að mynda væri hægt að fara með áfengi í sölu í gegnum annars konar verslanir en nú þegar eru reknar. Ótti minn stafar af eftirfarandi:

Fyrirkomulagið sem viðhaft er um sölu á tóbaki felur í sér lagaleg fyrirmæli um að ekki megi selja fólki, innan við ákveðins aldurs tóbaksvarning. Mér er kunnugt um þrjár kannanir sem sýna að í 75% tilvika bregst þetta. Ef þetta bregst varðandi sölu á tóbaki, bregst þetta þá ekki varðandi sölu á áfengi? Þetta er eitt af því sem þarf að kanna og þetta er eitt af því sem þingnefndin þyrfti að vega og meta og mér nægja ekki orð kappsfulls flutningsmanns málsins. Það þarf einfaldlega nánari könnun á þessu. Ef könnun leiddi í ljós að breytingin mundi leiða til aukins aðgengis að áfengi, þá liggja fyrir aðrar kannanir um að það muni leiða til aukinnar vímuefnaneyslu, mundi það breyta í einhverju afstöðu hv. þm. til málsins?

[19:43]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Í lokin vil ég ítreka það sem hér hefur komið fram. Mér finnst það ágætlega við hæfi, þetta hefur verið langur dagur og eðlilegt að menn séu kannski ekki með athyglina við hvert einasta orð sem hér hefur fallið en ég reyndi í framsögu minni að fara nokkuð nákvæmlega í þessa hluti.

Það er alla vega búið að skýra það fyrir hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þetta snýst ekki um að færa sölu áfengis inn í almennar matvöruverslanir, það stóð aldrei til. Ef hann er mjög hræddur við þetta fyrirkomulag þá vil ég benda honum á að nú þegar er þetta fyrirkomulag við lýði. Sala áfengis hefur verið tekin upp í smásölu hjá einkaaðilum án þess að tekið hafi verið upp nýtt verklag frá því sem var hjá algerlega ríkisreknum ÁTVR-búðum. Þetta hefur verið reynt á eftirtöldum stöðum: á Blönduósi, í Borgarnesi, Hafnarfirði, Neskaupstað, Ólafsvík, Stykkishólmi, Kópavogi og á Patreksfirði. Hið sama er að gerast á Dalvík og í Mosfellsbæ. Nú er útboð á vegum Ríkiskaupa í Mosfellsbæ þar sem menn munu keppast um að fá þessa áfengissölu.

Um áfengissölu gilda sérstakar reglur eins og um margt annað, t.d. lyf, skotvopn og annað slíkt. Auðvelt væri fyrir þingmannanefndina sem fer í að skoða þetta mál að líta á þessi bæjarfélög og sjá hvernig gengur þar, hvort neyðarástand ríki á þessum stöðum eða verra ástand en þar sem búðir eru reknar einungis með starfsmönnum ÁTVR. Að sjálfsögðu er ekki svo en mér finnst alla vega gott að þessi umræða fór fram og gott að búið er að upplýsa eitthvað sem ekki var nógu skýrt. Ekkert er verra en misskilningur í þessum málum.

Ég hvet báða þessa þingmenn til að skoða málið vel. Ég er sannfærður um að þannig komist þeir að sömu niðurstöðu og ég, að það er engin ástæða fyrir hið opinbera, í þessu tilfelli ríkið, að standa í þessari smásöluverslun. Aðrir geta gert það betur og öllum til hagsbóta. Eftir sem áður getum við ákveðið áfengisstefnu. Menn geta haft alla skoðun á því.

Hér er ekki um það að ræða enda gengur tillagan ekki út á breytta áfengisstefnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 9. mál.

Fundi slitið kl. 19:46.

17. FUNDUR

mánudaginn 2. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Þjóðgarðar á miðhálendinu, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis, þáltill., 169. mál, þskj. 172. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Lífsýnasöfn, stjfrv., 121. mál, þskj. 121. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 106. mál, þskj. 106. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, stjfrv., 135. mál, þskj. 135. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Innheimtulög, stjfrv., 136. mál, þskj. 136. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 42. mál, þskj. 42, nál. 177. — 2. umr.
11. Úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.
12. Almannatryggingar, frv., 19. mál, þskj. 19. — Frh. 1. umr.
13. Virðisaukaskattur, frv., 46. mál, þskj. 46. — 1. umr.
14. Stjórnarskipunarlög, frv., 51. mál, þskj. 51. — 1. umr.
15. Stjórnarskipunarlög, frv., 78. mál, þskj. 78. — 1. umr.
16. Vegagerð í afskekktum landshlutum, þáltill., 73. mál, þskj. 73. — Fyrri umr.
17. Ritun sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi, þáltill., 74. mál, þskj. 74. — Fyrri umr.
18. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, þáltill., 75. mál, þskj. 75. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Varamenn taka þingsæti.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hafa svohljóðandi bréf er varða innkomu varaþingmanna:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Hannibalsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf."

Ólafur Hannibalsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Þá er hér svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Samtaka kvennalista í Reykjaneskjördæmi, Bryndís Guðmundsdóttir kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn."

Bryndís Guðmundsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Enn er svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi, Þuríður Backman hjúkrunarfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl."

Þuríður Backman hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Og svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mánudaginn 2. nóvember nk. óska ég eftir því að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Drífa Hjartardóttir, taki sæti mitt á Alþingi næstu tvær vikur.

Virðingarfyllst, Þorsteinn Pálsson."

Drífa Hjartardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Og svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþb. í Vestfjarðakjördæmi, Lilja Rafney Magnúsdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf."

Lilja Rafney Magnúsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[15:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur tilkynning um að á fundi umhvn. þann 22. október hafi Margrét Frímannsdóttir verið kjörin varaformaður nefndarinnar.

Undir þetta ritar Björn Þorvaldsson nefndarritari.

[15:05]

Útbýting þingskjala:

Hjúskaparlög, 180. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 196.

Hlutafélög og einkahlutafélög, 87. mál, svar viðskrh., þskj. 184.

Innheimta gjalds fyrir endurtektarpróf, 39. mál, svar menntmrh., þskj. 183.

Loftskeytastöðin á Siglufirði, 137. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 137.

Lögheimili, 185. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 201.

Miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu, 184. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 200.

Rannsóknir á laxi í sjó, 177. mál, þáltill. ÖS og GE, þskj. 187.

Skaðabótalög, 183. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 199.

Starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi, 179. mál, þáltill. KH og GGuðbj, þskj. 191.

Stofnun endurhæfingarmiðstöðvar, 178. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 188.

Sveigjanleg starfslok, 102. mál, svar forsrh., þskj. 190.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 56. mál, svar dómsmrh., þskj. 161.

Tilkynningar aðsetursskipta, 186. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 202.

Verslunarrekstur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 55. mál, svar utanrrh., þskj. 185.

Rannsókn kjörbréfs.

[15:07]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 2. varaþm. Þjóðvaka í Reykjaneskjördæmi, Jörundur Guðmundsson markaðsstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni, en 1. varaþm. listans í Reykjaneskjördæmi getur ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.“

Hér fylgir svohljóðandi bréf:

„Af persónulegum ástæðum sé ég mér ekki fært að taka sæti Ágústs Einarssonar, 11. þm. Reykn., á næstunni sem 1. varaþm. Þjóðvaka í Reykn.

Virðingarfyllst, Lilja Á. Guðmundsdóttir.“

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Jörundi Guðmundssyni sem er 2. varamaður á lista þjóðvaka í Reykn. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund áður en þingfundur hófst til þess að fjalla um kjörbréfið.

[15:08]

Frsm. kjörbréfanefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf 2. varaþm. Þjóðvaka, hreyfingar fólksins, í Reykn., Jörundar Guðmundssonar, sem landskjörstjórn gaf út í dag. 1. varaþm. flokksins í kjördæminu, Lilja Á. Guðmundsdóttir, getur ekki tekið sæti að þessu sinni sökum anna.

Nefndin hefur kynnt sér kjörbréfið og ekki fundið neitt athugavert og leggur til að það verði samþykkt.

[15:09]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Tillaga kjörbréfanefndar um kjörbréf Jörundar Guðmundssonar skoðast samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Jörundur Guðmundsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Jörundur Guðmundsson, 11. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:10]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Jörundur Guðmundsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Breyting á stjórnsýslu lögreglustjóraembættisins.

[15:10]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hvaða augum lítur hæstv. forsrh. áform hæstv. dómsmrh. um að nánast svipta lögreglustjórann í Reykjavík mannaforráðum og gera hann að staðgengli varalögreglustjóra, staðgengli aðstoðarmanns síns? Spurt er vegna þess að hæstv. dómsmrh. hefur verið að kynna breytingar í stjórnsýslunni sem stríða gegn landslögum. Í 6. gr. lögreglulaga frá árinu 1996 segir, með leyfi forseta:

„Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess.“

Í greinargerð með frv. er hnykkt á þessu því þar segir að áhersla sé lögð á sjálfstæði einstakra lögreglustjóra við daglega stjórn og rekstur embætta sinna og við framkvæmd lögreglustarfa í umdæmi sínu.

Mun hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin taka fram fyrir hendur á hæstv. dómsmrh. og sjá til þess að hann fari að landslögum?

[15:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef ekki séð þessar tillögur sem hafa verið kynntar í fjölmiðlum. Þær hafa ekki verið ræddar í ríkisstjórn. Ég get eingöngu sagt að eins og ég skildi þær tillögur var þar um að ræða skipurit sem ráðgjafarstofa hafði

unnið fyrir ráðuneyti dómsmála. Það liggur alveg í augum uppi að ef það er svo að skipurit stangist á við lög þá gilda lög en ekki skipurit.

[15:12]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör og að landslög gildi í þessu efni. Ég treysti því að ríkisstjórnin og hæstv. forsrh. taki fram fyrir hendur á dómsmrh. í þessu efni.

Greiðslur í þróunarsjóð EES.

[15:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. utanrrh. vegna deilu sem upp er komin um áframhaldandi greiðslur í svokallaðan þróunarsjóð í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þ.e. skv. bókun 38 með vísan til 115.–117. gr. samningsins.

Spánverjar hafa eins og kunnugt er sett fram þá kröfu að EFTA-ríkin, þau sem aðild eiga að EES-samningnum, haldi áfram að greiða í þennan sjóð en skv. bókun 38 átti hann að vera tímabundinn á árabilinu 1993–1997. Íslendingar hafa þegar greitt verulegar fjárhæðir í þennan sjóð eða eitthvað af stærðargráðunni 300–400 millj. kr. og greiðslum átti að ljúka um síðustu áramót.

Það kemur út af fyrir sig ekki á óvart að Spánverjar séu uppi með tiltölulega grímulausar hótanir um að blanda óskyldum málum í þessa deilu og hóta því að hindra aðild Íslendinga að ýmsum samstarfsverkefnum ef ekki verði um áframhaldandi greiðslur að ræða. Það er með öðrum orðum boðið upp á grímulaus hrossakaup um þetta mál. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra í þessu sambandi:

1. Hefur ríkisstjórn Íslands mótað endanlega stefnu í þessu sambandi?

2. Hefur ríkisstjórnin sett sér einhver samningsmarkmið ef gengið verður til samningaviðræðna við Evrópusambandið um þetta mál?

3. Telur ríkisstjórnin að það sé óhjákvæmilegt að EFTA-ríkin séu nauðbeygð til þess að taka þátt í samningaviðræðum við EES um kostnaðarþátttöku EFTA-ríkjanna í stækkunarferli Evrópusambandsins sem er nýtt mál, komið til sögunnar eftir að EES-samningurinn var gerður?

4. Hvað líður samræmingu á stefnu eða afstöðu EFTA-ríkjanna og þá einkum Íslands og Noregs í þessu sambandi? En þegar ber á því að ríkin muni ekki ná að stilla saman strengi eða verða samferða í þessari deilu.

Ég held að það sé ástæða til, herra forseti, að hæstv. utanrrh. upplýsi Alþingi aðeins um þetta mál.

[15:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Á fundi sem var fyrir stuttu síðan um þetta mál var afstaða Íslands, Noregs og Liechtensteins alveg skýr. Við héldum því fram, eins og hv. þm. sagði, að þessar greiðslur hefðu verið samningsbundnar og samkvæmt samningum hefðu þær átt að falla niður og ekki er gert ráð fyrir þeim í fjárlögum fyrir árið 1999. Þetta er afstaða okkar og hún er mjög skýr. Hins vegar var ósamkomulag um þessa afstöðu á fundi sem haldinn var í Lúxemborg og Evrópusambandið var með annan skilning en EFTA-ríkin á þessum málum.

Að því er varðar stækkunarferlið er um allt annað mál að ræða eins og hv. þm. sagði. Við höfum ekki neitað því fyrir fram að það geti ekki komið til þess að EFTA-þjóðirnar taki einhvern þátt í því með einhvers konar greiðslum. Það verður þá að vera alveg ljóst að við fáum réttindi þannig að við séum ekki aðeins að taka á okkur skyldur heldur fáum einnig réttindi á móti. Við teljum það vera annað mál og höfum út af fyrir sig opnað á að slíkt geti komið til greina án þess að það hafi á nokkurn hátt verið útfært nákvæmlega í hverju það gæti falist. Það verður að koma í ljós á síðari stigum eftir að samningaviðræður hafa hafist.

Ríkisstjórnin hefur fjallað um þetta mál og utanrrn. fengið umboð til þess að taka þátt í samningaviðræðum sem gengju út á hluti er varða stækkunarferlið.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Ég vil láta það álit mitt í ljós að ég tel að hér sé um mjög stórt mál að ræða og þá ekki síður það sem hæstv. utanrrh. upplýsti í svari sínu og mátti reyndar ráða af ummælum hans í viðtali við Morgunblaðið 16. október sl. að ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara í samningaviðræður við Evrópusambandið um hugsanlega þátttöku Íslendinga í greiðslu kostnaðar vegna stækkunar Evrópusambandsins. Það er mjög stórt mál og ekki séð fyrir endann á því til hvers það leiðir. Í raun er verið að tala um að taka upp alveg nýjar samningaviðræður um stöðu Íslands í þessu samhengi en eins og kunnugt er hafa menn í Evrópusambandinu miklar áhyggjur af þeim gríðarlegu fjármunum sem líklegt er að stækkun Evrópusambandsins muni hafa í för með sér. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Er það vegna þess að ríkisstjórn Íslands túlki 115. gr. samningsins um EES þannig að á grundvelli þeirra ákvæða sem þar eru um efnahagslegt og félagslegt misræmi á svæðinu séum við nauðbeygð að taka á okkur þennan kostnað? Ef svo er, hvers vegna var þá ekki haft samráð við utanrmn. Alþingis og Alþingi um það stórmál að Íslendingar væru að fara inn í nýtt samningaviðræðuferli um þessi efni?

[15:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það hafa engar ákvarðanir verið teknar um hvað hér gæti verið um að ræða. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að um leið og Evrópusambandið stækkar þá stækkar hið Evrópska efnahagssvæði. Við höfum hagsmuna að gæta á þessu svæði og t.d. er ljóst að Noregur greiðir nú þegar mjög verulegar fjárhæðir til ríkja bæði í Mið-Evrópu og Austur-Evrópu í sambandi við markaðsfærslu norskra afurða. Þar er því um allmiklar fjárhæðir að ræða.

Við höfum alltaf gert okkur grein fyrir því að slíkt kæmi til með að koma upp í þessum samningaviðræðum. Það eru mjög mikilvæg réttindi sem við þurfum að ná fram í þeim viðræðum. Þess vegna verður ekki hjá því komist að ræða þessa hluti en það hefur engin afstaða verið tekin til þess því ekki er hægt að taka afstöðu fyrr en eitthvað meira kemur upp á borðið í þeim efnum.

[15:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ítreka að ég held að hér sé á ferðinni mjög stórt mál sem í raun og veru væri óhjákvæmilegt að hafa lengri tíma til að ræða og svo vel vill til að hann gefst síðar í þessari viku þegar utanríkismál verða á dagskrá. En ég get ekki séð annað en það sé mjög stór ákvörðun að ákveða yfir höfuð að fara í samningaviðræður um þátttöku Íslands í greiðslu kostnaðar vegna stækkunarinnar og ég set stórt spurningarmerki við það að við hefðum átt að gera það

að óathuguðu máli eða lítt athuguðu máli. Ég held að menn hafi dálítið hlaupið á sig.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að spyrja: Hvaða mynd er verið að draga upp af Evrópusambandinu sem samningsaðila og samstarfsaðila þegar kröfugerð Spánverja er studd af flestum aðildarríkjum sambandsins, þegar menn eru með klárlega tímabundinn samning um greiðslur í þróunarsjóðinn í fjögur ár og svo þegar það tímabil er uppi, þá koma menn og segja: Nei, þið skuluð halda áfram. Er ekki verið að draga upp þá mynd að þarna sé um samnings- og samstarfsaðila að ræða sem sé dálítið erfitt að eiga við og ég spyr: Hvað kemur næst? Hvað verðum við látin borga næst? Þarf ekki ríkisstjórnin að gæta aðeins að sér í þessum efnum?

[15:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ríkisstjórnin mun gæta að sér í þessu máli eins og öllum öðrum og ekki fara út í neitt að óathuguðu máli.

Það er hins vegar ljóst að einstök ríki hafa neitunarvald og geta komið í veg fyrir að ákveðnir textar séu afgreiddir. Í þessu tilviki gátu Spánverjar gert það. Það er ekki þar með sagt að krafa Spánar sé studd af öllum aðildarríkjunum. Við vitum að svo er ekki og við erum að vinna málstað okkar fylgi meðal Evrópuþjóðanna og ræða þetta mjög svo alvarlega mál við þjóðirnar því það getur ekki gengið að ákveðin mál séu hreinlega stoppuð út af þessari kröfu, eins og kom fram í þeim textum sem afgreiddir voru eftir fundinn í Lúxemborg. Hér er því um mjög alvarlegt mál að ræða en ég tel að haldið hafi verið á því af fullri hörku og einurð. Í reynd vildu samstarfsþjóðir okkar, bæði Noregur og Liechtenstein, ganga lengra en við vorum tilbúnir að gera í þessu máli og við verðum að sjálfsögðu að taka jafnframt mið af því hvað þessi lönd vilja gera í málinu og halda samstöðu milli þeirra.

Kjaradeila meinatækna.

[15:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það kom fram í fréttum í dag að lífi og heilsu fólks sé stefnt í hættu á Landspítalanum vegna stöðunnar í kjaradeilu meinatækna. Í dag er aðeins lítið brot meinatækna að störfum á Landspítalanum, þ.e. fimm meinatæknar starfandi þar sem 45 eru venjulega að störfum. Þessir fimm eru óvanir þeim störfum sem þeir eru að sinna, hafa ekki starfað við þau lengi. Læknar tala um háskalegt ástand og neyðarástand, eins og sést í DV í morgun. Læknaráðið lýsti yfir áhyggjum á fundi í gær og það er ljóst að ákveðnir sjúklingar eru mögulega í lífshættu þar sem þessir fáu meinatæknar anna ekki að fylgjast með þeim.

Páll Torfi Önundarson, yfirlæknir á rannsóknardeild Landspítalans, og fleiri sem komið hafa að þessari deilu telja að hún leysist ekki án þess að fjmrh. og jafnvel forsrh. komi að málinu. Að deilan leysist ekki nema til komi aukið fjármagn. Enginn fundur hefur verið boðaður í deilunni og það er ljóst að hana verður að leysa fljótt. Það er alvarlegt ástand nú þegar og mun versna. Það er bráðavakt á Landspítalanum í dag og verður einnig á morgun og við skulum bara vona að ekkert alvarlegt slys verði eða alvarlegt ástand komi upp. Ég spyr því hæstv. fjmrh.: Mun hann grípa inn í til að aflétta þessu ástandi? Mun koma til aukið fjármagn til að leysa þessa deilu?

[15:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að allir geri sér grein fyrir því að hér er ekki um að ræða kjaradeilu í hefðbundnum skilningi. Það er kjarasamningur í gildi milli ríkisins og þessara starfsmanna sem var gerður á eðlilegan hátt og samþykktur í viðkomandi félagi. Það gildir líka úrskurður sem kveðinn var upp eftir að aðilar náðu ekki saman í aðlögunarnefnd um þann þátt málsins sem lýtur að því, og framkvæmd þessa samnings gengur að því er virðist allvel á Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Hins vegar er hópur starfsmanna á Landspítalanum sem hefur greinilega ekki viljað sætta sig við þá niðurstöðu og hefur sagt upp störfum. Uppsagnarfrestur þessara starfsmanna rann út um helgina. Þetta er hin formlega hlið málsins.

Ég geri ráð fyrir því að yfirmenn á Ríkisspítölunum vinni nú baki brotnu við að reyna að leysa þessa deilu og ég veit að svo er. Það er verið að reyna að finna lausn á þessari erfiðu deilu. En formlega séð hafa þessir starfsmenn nú látið af störfum vegna sinna eigin uppsagna.

Ég held hins vegar að öllum megi vera ljóst að svona mál leysast ekki, hvað sem einstakir læknar á Landspítalanum segja um það, í sölum Alþingis. Meira er í raun og veru ekki hægt að segja á þessum vettvangi eða hafa uppi um það frekari orð. Það er algerlega tilefnislaust. En ég verð þó að segja að ég harma það og ég vona að fleiri þingmenn taki sér ekki slík orð í munn, að ganga inn í þingsal með fullyrðingar um það að einstakir sjúklingar séu í lífshættu vegna þessa máls. Það eru fullyrðingar sem ekkert okkar getur staðið við.

[15:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vegna síðustu orða hæstv. ráðherra vil ég geta þess að ég vitnaði í orð læknа á Landspítalanum. Vissulega er um kjaradeilu að ræða og kjarasamninga en þessi deila er í hnút og það er hættuástand samkvæmt fagmönnum sem starfa á þessum stofnunum.

Það er líka mál manna sem vinna að þessari deilu að hún leysist ekki nema aukið fjármagn komi til. Það er vitað að Landspítalinn greiðir lægstu launin til meinatækna. Ríkisstjórnin hefur stutt það að mikil gróska hefur komið í störf sem meinatæknar geta starfað við þar sem er Íslensk erfðagreining. Það hefur verið stutt. Það hefur hækkað laun meinatækna í þjóðfélaginu. Það er ætlast til þess af almenningi að Landspítalinn veiti mjög góða þjónustu, betri en annars staðar, og þar verða menn að taka við öllum tilfellum og það er ekki boðlegt að þar séu greidd mun lægri laun en annars staðar í heilbrigðiskerfinu eða þar sem meinatæknar starfa. Landspítalinn verður að vera samkeppnisfær um menntað starfsfólk, eins og meinatækna.

[15:29]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það má gjarnan koma fram að mér er kunnugt um að áður en þessar uppsagnir komu til framkvæmda var ítrekað reynt af hálfu yfirstjórnar spítalans, sem fer með þessi mál því að þetta mál er á verksviði yfirstjórnar spítalans og yfirstjórnar heilbrigðismála, að koma til móts við kröfur þessa hóps. Ég hygg að á borðinu liggi tilboð til hans sem er það ríflegt að það mundi a.m.k. orka mjög tvímælis að ætla að ganga lengra miðað við aðra starfshópa á þessum spítölum

og miðað við það sem hefur verið að gerast í launamálum í landinu og er þá haft til viðmiðunar m.a. það sem aðrir hópar á sviði heilbrigðismála hafa knúð fram fyrir sjálfa sig að undanförnu.

[15:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að deilan er í hnút. Meinatæknar sætta sig ekki við þau tilboð sem þeir hafa fengið. Ljóst er að meira fjármagn þarf til.

Er hæstv. ráðherra tilbúinn að setja aukið fjármagn til þess að leysa deiluna? Það er eina leiðin. Eða verður forgangsraðað upp á nýtt á Landspítalanum og eitthvað tekið þar út af verkefnaskrá þannig að hægt verði að leysa þessi mál? Það er greinilega ófremdarástand.

Vegna þess sem hæstv. ráðherra sagði um Sjúkrahús Reykjavíkur og meinatæknana þar eru þeir ekki sáttari við kjör sín en svo að 16 meinatæknar hafa hætt þar störfum undanfarið vegna þess hve kjörin eru bágborin og léleg á sjúkrastofnunum okkar miðað við kjör annars staðar á heilbrigðisstofnunum og á hinum almenna markaði.

Ég kalla því eftir þessu, herra forseti: Mun koma inn aukið fjármagn? Vegna þess sem kom fram í fréttum í hádeginu um að Ríkisspítalarnir séu tilbúnir að senda til rannsókna erlendis spyr ég einnig: Er til fjármagn þannig að hægt sé að senda til rannsóknastofnana erlendis þegar ekki finnast peningar til að veita meinatæknum, sem eru í kjaradeilu, almennileg kjör?

Meðferð dómsskjala í barnaverndarmáli.

[15:31]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Tilefni þessarar fyrirspurnar er skaðabótamál sem höfðað var í kjölfar þess að heimilisfaðir á Íslandi var dæmdur til fangelsisvistar fyrir að misþyrma börnum sínum. Þetta skaðabótamál fór eðlilega leið innan dómskerfisins og þar voru þeir sem málið kom við, þ.e. börnin, yfirheyrð undir miklum trúnaði. Tilsjónarmenn þeirra fengu ekki að vera viðstaddir yfirheyrslurnar, svo mikill var trúnaðurinn, aðeins viðkomandi sálfræðingar og fyrir tilstilli þeirra gáfu börnin játningar og yfirlýsingar viðkomandi málinu.

Svo er dómur kveðinn upp. En í kjölfar dómsins gerist það að dómurinn er seldur út um borg og bý fyrir 2.500 kr. og þar fylgja með allar trúnaðarupplýsingarnar sem voru gefnar fyrir tilstilli sálfræðinganna inni í réttinum. Nú liggja þær því nánast fyrir hunda- og mannafótum og þeim er slegið upp í blaðinu Allt þar sem þetta er tíundað allt saman og er mjög svo persónugreinanlegt, af því okkur er orðið svo tamt að ræða um það. Þjóðerni viðkomandi manns er tiltekið en mjög fáir karlmenn af því þjóðerni á þessum aldri eru búsettir hér. Fjölskyldustaða er tiltekin, barnafjöldi, örlög móður þeirra og allt sem viðkom fjölskyldunni auk hinna leyndustu upplýsinga sem börnin höfðu gefið í réttinum.

Hvenær hætti trúnaðurinn að vera trúnaður?

[15:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki lesandi þess tiltekna tímarits sem hv. þm. vitnaði til. Ég þekki ekkert til þessa máls og viðurkenni það hér og nú. Ég mun hins vegar í framhaldi af þessari fyrirspurn biðja Barnaverndarstofu að fara yfir málið og kynna mér það.

Ég treysti mér ekki til að segja um eða giska neitt á hvernig upplýsingarnar hafa lekið út eða á hvaða hátt þessi uppljóstrun hefur orðið. Ég get tekið undir það að þessi mál eru mjög viðkvæm. Einmitt með tilliti til þess hve viðkvæmur þessi málaflokkur er var á föstudaginn var opnað svokallað Barnahús til að reyna að standa sem mannúðlegast að rannsókn kynferðisafbrotamála gagnvart börnum. Ég held að það sé mikið skref til betra þjóðfélags.

Ég þekki sem sagt ekkert til þessa tiltekna máls.

[15:35]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin og ég fagna því að það skuli verið að taka á þessum málum með þeim hætti sem hann lýsti. En áður en sá dómur sem hefur verið til umræðu var kveðinn upp og áður en þetta ágæta blað kom út höfum við verið aðilar að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég hefði haldið að einn og sér ætti hann að koma í veg fyrir að svona lagað gæti gerst.

Auðvitað vitum við að í íslenskum sakamálum eru dómar seldir en þurfa slíkar upplýsingar úr yfirheyrslum, eins og þarna er um að ræða, að fylgja með dómi? Ég veit um fjöldamarga sem hafa keypt þennan dóm og lesið hann, aðra en þá sem standa að umræddu tímariti. Ég held að þarna hafi orðið mikil mistök, óbætanleg, og ég vona að gerðar verði þær ráðstafanir að svona lagað komi aldrei fyrir aftur.

[15:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það hvarflar að mér að hv. þm. hefði heldur átt að spyrja dómsmrh. Mér skilst að hér hafi verið um dómsmál að ræða. Þessar upplýsingar hafa áreiðanlega ekki komið frá félmrn. eða undirstofnunum þess þannig að það sé alveg ljóst að þær hafa ekki lekið þaðan. Ég get tekið undir að það er óhæfa að slíkar upplýsingar séu á glámbekk. En það er ekki við okkur í félmrn. að sakast.

Ég vil hins vegar leggja mitt af mörkum, og þykist reyndar hafa gert það, til að rannsókn á slíkum málum, þ.e. þegar um kynferðisafbrot er að ræða, sé sem varfærnust og að reynt verði að lágmarka skaða þess sem fyrir ofbeldinu hefur orðið.

[15:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Enn vil ég þakka hæstv. ráðherra barnaverndarmála fyrir svörin en ég tel ekki óeðlilegt að beina þessari spurningu til hans. Ég hefði reyndar talið æskilegt að hæstv. dómsmrh. væri líka viðstaddur umræðuna því að vissulega snertir hún meðferð dóma í kerfinu. En ég treysti því að ráðherra barnaverndarmála gangi svo frá málum eftir þessa umræðu að slíkur harmleikur sem það hefur verið fyrir þessa fjölskyldu, að fá þetta opinberlega á þrykk, þurfi ekki að endurtaka sig.

[15:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og menn vita hef ég ekki yfir dómsmrn. að segja eða hvernig dómar eru birtir þar. Ég mun setja mig nú þegar í samband við forstöðumann Barnaverndarstofu og fá skýrslu um málið. Þá er hugsanlegt að taka málið upp við hæstv. dómsmrh. og fara fram á einhverjar úrbætur í þessu efni.

Jafnréttisstefna fjármálaráðuneytis og stofnana þess.

[15:39]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn segir það eitt af markmiðum sínum að vinna að jafnrétti kynjanna. M.a. var gefið út rit árið 1996 af hálfu hæstv. fyrrv. fjmrh. sem heitir Nýskipan í ríkisrekstri, jafnréttismál. Þar segir m.a. í inngangi undir yfirskriftinni „Úr viðjum vanans" að í fjmrn. hafi verið skipuð sérstök nefnd til að taka jafnréttismál í ráðuneytinu og stofnunum þess til athugunar, auk þess sem sérstakt átak hafi verið gert til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ríkisins.

Á bls. 13 í sama bæklingi segir m.a., með leyfi forseta:

„Þú sem vinnuveitandi gætir jafns réttar kvenna og karla með því m.a. að:"

Síðan eru taldir upp nokkrir punktar. Einn af punktunum er sá að sjá til þess að ávallt séu viðhöfð vönduð, hlutlæg vinnubrögð við ráðningar starfsmanna, að tryggja að skýrt liggi fyrir hvaða reglur sé stuðst við þegar teknar eru ákvarðanir um laun og að reglurnar þurfi að vera almennar. Svona mætti áfram telja.

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. í ljósi þess að bráðum eru liðin þrjú ár frá því að þessi hvatning til vinnuveitenda var gefin út, og spyrja hann ekki síst sem vinnuveitanda:

Hefur árangur náðst í samræmi við markmiðið frá 1996 í fjmrn. og stofnunum þess? Hefur það skilað sér í því að fleiri konur hafi verið ráðnar í stöður sem hafa losnað hjá fjmrn. og stofnunum þess? Og síðast en ekki síst: Hvað hefur verið gert í fjmrn. til að tryggja að fyrsta markmiðinu sé fullnægt, þ.e. að ávallt séu viðhöfð vönduð, hlutlæg vinnubrögð við ráðningar starfsmanna?

Hefur m.a. í þessu skyni verið bundið svo um hnútana að stöður sem losna í fjmrn. séu ávallt auglýstar? Hefur hæstv. fjmrh. þannig séð til þess að sýnt sé gott fordæmi varðandi hvatninguna sem kemur fram á bls. 13 í þessum bæklingi fjmrn.?

[15:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hef ekki þennan bækling við höndina og þar af leiðandi ekki bls. 13. (**BH:** Viltu fá hann lánaðan?) Ég get hins vegar fullyrt að auðvitað er reynt í einu og öllu af hálfu fjmrn. að standa við þau markmið sem þarna eru sett fram.

Hins vegar er ekki hægt að ætlast til þess að hægt sé að gefa nokkurt tölulegt yfirlit eða eitthvað þess háttar í óundirbúinni fsp. um þessi mál. Það er meginregla að störf séu auglýst, bæði í fjmrn. og annars staðar í ríkiskerfinu, og ég veit ekki betur en að þrátt fyrir allt hafi þokast í rétta átt í þeim málum sem fyrirspyrjandi gerði að umtalsefni.

En það er alveg sjálfsagt að kanna það betur og auðvitað má alltaf gera betur í þessum málum eins og öðrum. Ég hygg að tilgangur fyrirspyrjanda sé ekki að gera ágreining um þau markmið sem hérna er lýst á bls. 13, heldur þvert á móti að reyna að leggja sitt af mörkum til þess að ýta við því að menn reyni að ná þessum markmiðum og þá erum við alveg hjartanlega sammála um þessi mál.

[15:42]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Sennilega er það rétt að við hæstv. fjmrh. erum sammála um markmiðin. Munurinn er sá að hæstv. fjmrh. er vinnuveitandi og því í aðstöðu til þess að framkvæma það sem sett er fram í markmiðalistanum.

Ég mun leggja fram skriflega fsp. til að fá fram svör við þeim spurningum sem hæstv. ráðherra hafði ekki kost á að svara. Hefur sú meginregla að stöður skuli auglýstar verið framkvæmd í fjmrn. núna á þessu tímabili frá því að þessi markmið voru sett fram og telur ráðherrann það ekki mikilvægan þátt í því að tryggja að sem best sé staðið að ráðningum starfsmanna?

[15:43]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég veit ekki annað en að þessari meginreglu hafi verið fylgt frá því í ársbyrjun 1996. Mér er ekki kunnugt um annað.

Ég tel að það sé mikilvægt skref í að ná þeim markmiðum sem hér er stefnt að.

Aðgerðir í þágu sauðfjárbænda vegna verðfalls á gærum.

[15:44]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Tilefni þessarar fyrirspurnar er að gífurlegt verðhrun varð á gærum í sumar og í haust. Ástandið í Asíu hafði mest áhrif í byrjun, einkum í Kóreu sem hefur verið stór kaupandi á hrágærum. Síðan bættist við ástandið í Rússlandi en sá markaður hefur alveg lokast. Rússar hafa einkum keypt unnar vörur úr gærum. Loks hefur efnahagslægðin á Vesturlöndum samfara gífurlegu offramboði á þeim mörkuðum leitt til þess að verð hefur lækkað gífurlega ef gærur seljast þá á annað borð.

Verðfall á hrágærum er u.þ.b. 80% og má reikna með að verð til bænda lækki sem því nemur. Ef miðað er við að gæran sé rúmlega þrjú kíló að meðaltali og verðið hafi verið um 200 kr. á hvert kíló þýðir 80% lækkun að verðið fellur úr 200 kr. í u.þ.b. 60 kr. á hvert kíló eða úr rúmum 600 kr. í 180 kr. fyrir hverja gæru. Ef til falla um 500 þús. gærur gerir það 300 millj. kr. tekjutap fyrir landbúnaðinn eða bændur. Ljóst er að þetta er gífurlegt áfall. Samtímis liggur fyrir skýrsla um mjög bága afkomu sauðfjárbænda. Þess má geta að verð á ull hefur einnig farið lækkandi að undanförnu.

Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh.: Hyggst ríkisstjórnin grípa til aðgerða til stuðnings sauðfjárbændum vegna þess áfalls sem þetta verðhrun á gærum er?

[15:46]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur hjá hv. fyrirspyrjanda hefur orðið verulegt verðfall á gærum frá því var í fyrra. Að vísu er rétt að benda á að á seinasta ári voru gærur óvenjuverðháar, voru allt að þriðjungi hærri en þær hafa verið að meðaltali undanfarin ár. Það leysir þó ekki vandann sem nú blasir við þegar verðfallið er eins og fyrirspyrjandi lýsti. Ég hef ekki neinu við það að bæta, það er sannarlega mikið áfall. Ég held að á þessu stigi sé mest um vert að okkur takist að viðhalda skinnaiðnaði landsins sem hefur styrkst á undanförnum árum, m.a. vegna þess að iðnaðurinn hefur gengið betur og verð skinnanna hækkað. Áfallið sem er að mestu leyti, vegna efnahagsástands í Asíu og Rússlandi, er auðvitað þess eðlis að mikilvægt er að þreyja þorrann og góuna ef svo má að orði komast.

Staða landbúnaðar hefur nýlega verið til umræðu í ríkisstjórninni í tengslum við nýútkomna skýrslu um afkomu í landbúnaði, breytingar á undanförnum árum og hugmyndir

og tillögur um aðgerðir til úrbóta. Reyndar sýnist sitt hverjum um þær hugmyndir sem þar eru settar fram eins og þekkt er úr umræðunni í fjölmiðlum að undanförnu. Ég held að þar séu ýmsar hugmyndir sem nauðsynlegt er að skoða vel. Þær munu koma til athugunar í tengslum við endurskoðun á sauðfjársamningnum sem helst þarf að hefjast á þessu ári eða að minnsta kosti í vetur.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að verulegar fjáruppbæðir komi til viðbótar inn í samninginn til þess að mæta þessu áfalli sérstaklega. Þetta er nokkuð sem þarf að taka til skoðunar í heildarendurskoðun samningsins. Við erum að líta nánar á þessi mál. Það má minna á verulegt áfall í loðdýrarækinni á seinustu dögum og vikum. Það mál er einnig til sérstakrar skoðunar hjá ríkisstjórninni.

[15:48]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin. Það er ánægjulegt að heyra að horft verði til þess að framleiðslan, þ.e. iðnaðinum í kringum gæruverkunina, verði hjálpað í gegnum þetta erfiða tímabil. Það verður að hugsa sérstaklega til bændastéttarinnar varðandi þetta mál. Afkoma þeirra er það erfið. Ég treysti því að vegna ástandsins, sem þeir sem best til þekkja telja að muni ekki lagast í einni svipan heldur taka mörg ár að vinna upp aftur, verði bændum bættur þessi tekjumissir við endurskoðun á sauðfjársamningnum.

[15:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég gleymdi að nefna að auðvitað mun það skoðað hvort eitthvert svigrúm er innan núverandi sauðfjársamnings. Hugsanlegt er að þar megi hagræða greiðslum sem að öðru leyti eru merktar vaxta- og geymslugjöldum og öðrum þáttum. Ekki er líklegt að viðbótarfjármunir verði veittir til að grípa á þessu máli sérstaklega, enda nefndi hv. fyrirspyrjandi að hætt væri við að þetta mál leystist ekki á augnabliki. Það gæti jafnvel tekið mörg ár að leysa málið. Það er því ekki einfalt að grípa til aðgerða sem geta gjörbreytt stöðunni.

Nemendagarðar við Kennaraháskólann á Laugarvatni.

[15:50]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. félmrh.

Starfsemi Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni hefur gjörbreyst eftir að lög um Kennaraháskóla Íslands voru samþykkt á síðasta þingi. Á Laugarvatni er svokölluð íþróttaskor Kennaraháskóla Íslands og því höfum við í raun fengið háskóla á Suðurland. Hér er um þriggja ára háskólanám að ræða sem lýkur með B.Ed.-gráðu og nemendur fá kennararéttindi bæði í grunn- og framhaldsskólum.

Háskóli er gjarnan þannig samfélag að þar stundar fjölskyldufólk nám. Forsvarsmenn Kennaraháskóla Íslands, þeir Þórir Ólafsson rektor í Reykjavík og dr. Erlingur Jóhannesson á Laugarvatni, hafa mikinn hug á því að reisa stúdentagarða á Laugarvatni líkt og gert hefur verið af miklum myndarskap við Samvinnuháskólann að Bifröst. Hér er um mjög brýnt mál og mikilvægt að ræða í skólastarfi á Laugarvatni. Mig langar því að spyrja hæstv. félmrh. hverjir séu möguleikar forsvarsmanna Kennaraháskóla Íslands til að byggja upp stúdentagarða á Laugarvatni. Hver er afstaða ráðherrans til þessara mála?

[15:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Í nýjum lögum um húsnæðismál er gert ráð fyrir að hægt sé að lána til stúdentagarða og að sjálfsögðu hlyti slík umsókn, ef bærist frá Laugarvatni, að koma til skoðunar eins og aðrar. Ég er hins vegar ekki bær um að segja hvort hægt yrði að verða við henni. Stjórn Íbúðalánasjóðs verður að fjalla um það þegar þar að kemur. Nú er að störfum nefnd sem ég skipaði til að athuga þörf á leiguhúsnæði í landinu og gerir úttekt á leigumarkaðnum. Meðal annarra sem í henni sitja er fulltrúi frá námsmönnum.

[15:52]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Skólastarf á Laugarvatni skiptir Sunnlendinga og landsmenn alla mjög miklu máli. Í raun styrkir hver skólinn annan á Laugarvatni. Þess vegna er eins og fram hefur komið um mjög brýnt mál að ræða. Starfsemi íþróttakennaraskorarinnar á Laugarvatni má aldrei flytjast til Reykjavíkur. Því er grundvallaratriði að hægt verði að byggja upp nemendagarða á Laugarvatni.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. félmrh. og ég treysti hæstv. ráðherra best til að berjast fyrir þessu máli með okkur.

[15:53]

Útbýting þingskjala:

Afkoma Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, 118. mál, svar sjútvrh., þskj. 193.

Fjöldi starfsmanna sem vinna við fiskveiðistjórnunarkerfið, 93. mál, svar sjútvrh., þskj. 194.

Lífsiðfræðiráð, 182. mál, þáltill. HG, þskj. 198.

Rannsóknir á kóröllum og svömpum, 99. mál, svar sjútvrh., þskj. 195.

Útköll lögreglu á geðdeildir sjúkrahúsa, 101. mál, svar dómsmrh., þskj. 189.

Úttekt á Schengen-aðild og innflutningi fíkniefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG og KÁ, 11. mál. — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Þjóðgarðar á miðhálendinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.

Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÞÞ, 169. mál. — Þskj. 172.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífsýnasöfn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 121.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Vernd barna og ungmenna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 106. mál (hækkun sjálfræðisaldurs o.fl.). — Þskj. 106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 135.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Innheimtulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 136. mál. — Þskj. 136.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 42. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 42, nál. 177.

[15:59]

Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998.

Frumvarpið er til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 10. júlí 1998 en þau voru sett til að taka af vafa um gildistöku sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Samkvæmt ákvæðum laganna áttu þau að öðlast gildi 1. júní 1998. Þau voru hins vegar ekki birt fyrr en 5. júní og mátti því álykta, með hliðsjón af 7. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, að þetta gæti leitt til þess að lögin öðluðust ekki gildi fyrr en 1. október 1998. Með bráðabirgðalögunum voru tekin af öll tvímæli um að gildistaka laganna væri við birtingu þeirra, 10. júlí 1998, en ekki 1. október 1998. Var þannig eytt þeirri réttaróvissu sem hafði skapast um gildistöku sveitarstjórnarlaganna.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins.

Sú sem hér stendur skrifar undir með fyrirvara til að minna á að við tveir þáv. þingmenn í félmn., hv. þm. Ögmundur Jónasson og ég, höfðum fyrirvara vegna þess að við töldum okkur hafa gert samkomulag um að samhliða sveitarstjórnarlögunum yrðu lagðar fram breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Sá fyrirvari stendur enn enda hafa þær breytingar ekki enn litið dagsins ljós í þingsölum en vonandi verður þess ekki langt að bíða að svo verði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, BG, DO, DH, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JörG, KÁ, KPál, LRM, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞHS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (JóhS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, HÁs, HjÁ, IP, LMR, LB, MS, MF, ÓHann, RA, RG, SighB, SJóh, StG, StB, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, BG, DO, DH, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KÁ, KPál, LRM, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (JóhS, JörG, SvanJ) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, HÁs, HjÁ, IP, LMR, LB, MS, MF, ÓHann, RA, RG, SighB, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞHS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. JóhS og RG, 46. mál (veiðileyfi í ám og vötnum). — Þskj. 46.

[16:04]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem ég flyt ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Frv. þetta um breytingar á virðisaukaskattslögunum felur í sér að við 8. tölul. 3. mgr.

2. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá er sala veiðileyfa í ám og vötnum einnig skattskyld.

Með öðrum orðum, herra forseti, felur frv. í sér skattskyldu á sölu veiðileyfa í ám og vötnum.

Þegar frv. til laga um virðisaukaskatt var lagt fram í upphafi árið 1986 var gert ráð fyrir að sala veiðileyfa væri virðisaukaskyld starfsemi og þegar frv. var lagt fram á 110. löggjafarþingi 1987–1988 var einnig gert ráð fyrir að sala veiðileyfa væri virðisaukaskattskyld en þetta breyttist í meðförum þingsins að undirlagi meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar sem víkkaði mjög út gildissvið undanþágu 8. tölul. í virðisaukaskattslögunum, í stað undanþágu fyrir útleigu íbúðarhúsnæðis var ákvæðið látið ná til fasteignaleigu sem slíkrar og þar með var sala veiðileyfa í ám og vötnum undanskilin virðisaukaskatti.

Ég hygg að ekki hafi farið mikið fyrir þessum brtt. vegna þess að þetta var ekki mikið rætt í þingsal eftir að meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar hafði breytt frv. eins og hæstv. fjmrh. hafði þá lagt fram. Stundum hefur komið upp í umræðunni þegar menn eru að tala um að það vanti tekjur í ríkissjóð, sem oft og iðulega er, að rétt væri að veiðileyfi í ám og vötnum væru virðisaukaskattskyld en það hefur ekki náð fram að ganga enn sem komið er.

Ef frv. verður að lögum fellur 24,5% virðisaukaskattur á sölu veiðileyfa í ám og vötnum en frv. gerir ráð fyrir að sala veiðileyfa í ám og vötnum teljist virðisaukaskattskyld starfsemi þrátt fyrir að fasteignaleiga sé að öðru leyti undanþegin virðisaukaskatti.

Eins og málum er nú háttað varðandi virðisaukaskattinn eru undanþágur til staðar í virðisaukaskattskerfinu. Þær lúta aðallega að þjónustu heilbrigðisstofnana, félagslegri þjónustu, rekstri menntastofnana, menningu, listum og góðgerðarstarfsemi en nauðþurftir heimilanna, svo sem matvara og ýmis þjónusta er virðisaukaskattskyld. Ég tel að meðan svo er geti fátt réttlætt að laxveiðileyfi séu undanþegin virðisaukaskatti á sama tíma og brýnustu nauðþurftir heimilanna bera virðisaukaskatt.

Nefna má í þessu sambandi að annar af flm. þessa frv., hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, spurði hæstv. fjmrh. í fyrirspurnatíma í þinginu um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna laxveiða og minnti hv. þm. á að hæstv. fjmrh. hafði hafnað því að virðisaukaskattur yrði felldur niður af handverksmunum úr íslensku efni sem er stórmál fyrir handverksfólk til sveita en margar bændakonur eru að vinna slíka muni. Handverksmunir eru sem sagt virðisaukaskattskyld vara meðan, eins og áður hefur verið getið, sala veiðileyfa í ám og vötnum er undanþegin virðisaukaskatti.

Herra forseti. Nái þetta frv. fram að ganga má ætla að það gefi ríkissjóði í auknum tekjum um 50–100 millj. kr. sem telja verður betur varið til ýmissa þarfra verkefna á sviði félags- og heilbrigðismála en, eins og við búum við núna, að sala veiðileyfa sé undanþegin virðisaukaskatti og ríkissjóður verði af þeim tekjum sem hér um ræðir eða 50–100 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að orðlengja framsögu um þetta frv. en legg til að að lokinni umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:09]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er galli við virðisaukaskattskerfi okkar hve það er margbætt og það vantar í það vissa hluti. Í reynd er það núna með fjórum gjaldflokkum. Það er í fyrsta lagi núll prósent skattur á nokkur atriði, þar á meðal það sem hér um ræðir, síðan er um 10% skattur á vinnu sem er á byggingarstað þar sem hægt er að draga 60% af skattinum frá. Svo er sem kunnugt er 14% skattur á matvöru og fleiri þætti og síðan 24,5% skattur á restina.

Ég hef verið mjög á móti því að hafa margar undanþágur frá skattkerfum. Ég vil hafa skattkerfin einföld og ég vil hafa þau altæk. Ég fellst ekki á þau rök sem samkvæmt greinargerð hafa verið notuð á sínum tíma að þetta valdi tekjurýrnun hjá einhverjum aðilum. Vissulega veldur virðisaukaskattur tekjurýrnun hjá öllum fyrirtækjum sem þurfa að borga virðisaukaskatt þannig að ég tek heils hugar undir þetta frv. og vildi gjarnan að menn ynnu ötullega að því að reyna að gera virðisaukaskattinn altækan og almennan. Þá er hægt að lækka hann. Ég hef þá trú að ef hann lækkaði gæfi hann ríkissjóði meiri tekjur. Við erum nefnilega komin yfir markið í því hvað hægt er að leggja mikla skatta á atvinnulífið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. SF, 51. mál (þingseta ráðherra). — Þskj. 51.

[16:11]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnskipunarlaga en þar segir, með leyfi forseta, í 1. gr.:

„51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Ráðherrar mega ekki eiga sæti á Alþingi. Þó eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja og svara fyrirspurnum, en gæta verða þeir þingskapa.“

Að mínu mati er um mjög brýnt mál að ræða vegna þess að í dag má segja að við búum við mikið ráðherraræði. Ráðherrarnir hafa meiri völd en eðlilegt getur talist, sérstaklega á löggjafarsamkomunni.

Menn geta spurt af hverju þetta mál sé fram komið. Eru einhver vandkvæði á því skipulagi sem við búum við í dag? Að mínu mati er það svo. Íslenskt réttarríki byggir á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Þessi þríþætta skipting valds er mörgum kunn af því hún er kennd í flestum skólum landsins. Hugsunin með þessari þrískiptingu valdsins er sú að hver valdhafi um sig takmarki vald hinna en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig á þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá lýðveldisins byggi á þessum hugmyndum gerir hún samt ráð fyrir því að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn, þ.e. þeir eru í framkvæmdarvaldinu en líka í löggjafarvaldinu. Þeir sitja því báðum megin borðsins. Hér er því ekki um aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds að ræða, alls ekki eins mikill aðskilnaður og 2. gr. stjórnarskrárinnar gefur til kynna.

Fyrir tiltölulega stuttu var tekið á svipuðu máli í þinginu þar sem um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds var að ræða hjá sýslumönnum. þá var dómsvaldið fært frá þeim til þess að hafa ekki dómsvald og framkvæmdarvald í sama potti.

Í nágrannalöndum okkar er þessu ekki eins farið og hér. Bæði í Noregi og Svíþjóð verða þingmenn að víkja af þingi

á meðan þeir gegna ráðherradómi. Þar er skýr aðskilnaður milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Þetta kemur skýrt fram bæði í 9. gr. sænsku stjórnarskrárinnar og 74. gr. norsku stjórnarskrárinnar. Það kom mér því nokkuð á óvart þegar ég las Dagblaðið í morgun þar sem viðtal er við Bjørn Erik Rasch nokkurn, prófessor í stjórnmálafræði við háskólann í Ósló, en þar segir hann að þessi regla sé einungis viðhöfð í Noregi en það er ekki rétt því að þetta er líka svona í Svíþjóð. Reyndar hefur umræðan um að aðskilja þarna á milli verið talsverð í Danmörku og þar hefur umræðan líka snúist að einhverju leyti um þetta mál vegna þess að þar eru litlir flokkar sem eiga ráðherra í ríkisstjórnum og þeir ná ekki að anna bæði því að sinna ráðherraembættum og störfum þingmanna í litlum flokkum.

Í Dagblaðinu í morgun kom einnig fram að sú hugmynd að ráðherrar eigi ekki að eiga sæti á Alþingi með atkvæðisrétti meðan þeir sinna ráðherraembætti styrki völd flokka og embættismanna. Þetta er alrangt. Það er ekkert sem bendir til þess. Í Svíþjóð þar sem þessi regla hefur verið viðhöfð í áratugi hefur þróunin alls ekki ekki verið sú að fleiri hafi komið utan frá sem ráðherrar, embættismenn né neitt slíkt þannig að þetta er ekki rétt. Það styrkir ekki völd flokkanna að mínu mati að viðhafa aðskilnað milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Síður en svo. Hér má einmitt segja að vegna þess hve ráðherraræðið er sterkt stjórna forsvarsmenn flokkanna, sem eru yfirleitt ráðherrarnir, óeðlilega miklu í þingflokkum sínum.

Það er kannski nærtækt að taka dæmi af síðasta kjörtímabili þegar Alþfl. var í stjórn með Sjálfstfl. Þá hafði Alþfl. tíu þingmenn og af þessum tíu þingmönnum voru fimm ráðherrar. Þegar menn voru búnir að komast að einhverri niðurstöðu í ríkisstjórn voru því hæg heimatökin að fara með það í þingflokkana sína og valta yfir, má segja, sinn þingflokk. Þingflokkurinn gat ekki stöðvað nein mál vegna þess að ráðherrarnir fimm voru þarna á staðnum og komu málum ríkisstjórnarinnar í gegn. Síðan sátu ráðherrarnir hér að sjálfsögðu í þingsal og greiddu atkvæði áfram með ríkisstjórnarfrumvörpunum. Þetta er mjög nærtækt dæmi og sýnir hvað ráðherraræðið hér er óeðlilega sterkt.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu í þinginu fari fram í þingnefndum og það er rétt. Vinnan þar er mjög mikil og vönduð. Sú hefð hefur skapast að ráðherrar eiga ekki sæti í nefndum þingsins, enda geta þeir það varla vegna vinnuálags. Núverandi fyrirkomulag leiðir því til þess að um sjötti hluti þingheims er ekki nema að litlu leyti virkur í þingstarfinu. Þetta eru einnig rök fyrir því að ráðherrarnir eigi að víkja af þinginu. Það er t.d. mjög slæmt fyrir okkur þingmenn, sem „missum" okkar þingmenn í ráðherrastóla að þá þurfum við sem eftir erum að sinna öllum þingnefndum sem gefast. Í dag eru þingmenn á Alþingi í þremur til fjórum nefndum hver. Þetta er að mínu mati afar mikið vinnuálag og ég hef stundum efast um að þetta sé eðlilegt. Í þjóðþingum í kringum okkur, t.d. í Noregi, eru þingmenn yfirleitt bara í einni þingnefnd og geta sinnt henni almennilega, á meðan við erum að hlaupa á milli margra nefnda. Þetta er erfitt fyrir litla flokka sem þurfa að sinna mörgum nefndum og þetta er líka erfitt fyrir þá flokka þar sem þingmenn fara í ráðherrastóla og þingmennirnir sem eftir eru þurfa að sinna öllu.

Hvað varðar framkvæmdina á frv. þá er gert ráð fyrir því að sú leið verði farin að um leið og forseti hefur skipað alþingismann ráðherra taki varamaður sæti ráðherrans á þingi. Hlutaðeigandi ráðherra á hins vegar rétt á þingsæti sínu aftur jafnskjótt og hann lætur af ráðherradómi ef þing hefur ekki verið rofið og boðað til nýrra kosninga. Með þessu móti munu allir sem sæti eiga á Alþingi hverju sinni geta sinnt þeim skyldum sem á þeim hvíla í því starfi. Hins vegar er áfram gert ráð fyrir að ráðherrar geti tekið þátt í umræðum á þingi og svarað fyrirspurnum samkvæmt nánari reglum sem settar yrðu þar um í þingsköpum.

Sumir gætu spurt: Af hverju geta ráðherrar ekki gert þetta bara strax í dag? Það má segja að þeir geti það að vissu leyti en ég efast um að þeir geri það nema það sama gangi yfir alla. Núna gæti ráðherra sagt af sér þingmennsku og látið varamann taka sæti sitt í staðinn. En það er mjög ólíklegt að ráðherra mundi gera slíkt nú að öllu óbreyttu, því ef hann mundi missa ráðherraembættið aftur þá ætti hann ekki afturkvæmt í þingmennskuna fyrr en að afloknum kosningum, þ.e. ef hann næði kjöri, þannig að við núverandi aðstæður hafa ráðherrar ekki um góða kosti að velja í þessu sambandi.

Mig langar að draga fram aðra hlið á þessu máli. Þegar hugað er að afleiðingum þessa frv. má sjá í hendi sér að ef ráðherrarnir tíu færu af þingi og tækju varamenn sína inn í staðinn þá mundi störfum í okkar stjórnsýslu fjölga um tíu og kæmu þá inn eiginlega tíu menn til viðbótar. Af þessu hlytist talsverður aukakostnaður. Því legg ég til í greinargerð að það verði skoðað hvort rétt sé að fækka þingmönnum á móti til þess að ekki verði aukakostnaður af frv. Hins vegar set ég það ekki inn í sjálft frv. vegna þess að ég hef vissar efasemdir um að rétt sé að fækka þingmönnum. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við ættum að skoða það mjög alvarlega. En eftir að hafa starfað í þinginu í þessi ár sem nú eru liðin síðan ég var kosin, þá sé ég hvað þetta starf er erilsamt og er ekki viss um að það sé til bóta að fækka þingmönnum. Við erum í miklu erlendu samstarfi sem ég tel mjög æskilegt að við sinnum vel sem lítil þjóð og þess vegna er þetta sett inn í greinargerðina með þessum hætti.

Ég vil að lokum, herra forseti, undirstrika það að ég tel mjög brýnt að við minnkum ráðherraræðið á íslensku löggjafarsamkomunni, skiljum algjörlega á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, tökum atkvæðisréttinn af ráðherrunum, bæði í þinginu sjálfu og þar af leiðandi líka í þingflokkunum þannig að hlutverk þingsins verði sterkara en það er í dag.

Ég legg til að þessu máli verði vísað í sérnefnd um stjórnarskrármál þegar hún verður kosin. Sú nefnd mun, að mér skilst, taka til úrvinnslu breytingar á kosningalöggjöfinni, svo sem kjördæmaskiptingu. Núna er lag vegna þess að við erum að öllum líkindum að fara að opna stjórnarskrána vegna breytinga á kosningalögunum þannig að nú er lag að skoða þetta mál í leiðinni, gera eins og nágrannar okkar á Norðurlöndum og skilja algjörlega á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og minnka ráðherraræðið á Íslandi.

[16:22]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef margoft bent á að þau frumvörp sem Alþingi afgreiðir eru nánast öll samin utan Alþingis. Og ég hef bent á að þau komi frá hagsmunaaðilum, frá ríkisvaldinu, frá Evrópusambandinu, en ekki frá þingmönnum sjálfum, sem þó mynda hér löggjafarsamkundu.

Þetta held ég að sé í og með vegna þess að ráðherrarnir eru í því tvíþætta hlutverki að vera bæði þátttakendur í löggjafarsamkundunni og fulltrúar framkvæmdarvaldsins.

Ég hef bent á að Alþingi stendur í heilmiklum framkvæmdum líka, vegna þess að í fjárlagafrv. er talað um beinar framkvæmdir. Þar er talað um að þýða bók eða stunda rannsóknir eða byggja upp torfbæ eða ráða fólk. Þetta er hlutverk framkvæmdarvaldsins en ekki löggjafarvaldsins að mínu mati. Mér finnst að í staðinn eigi Alþingi að stunda lagasetningu einvörðungu.

Núverandi kerfi hefur í för með sér að enginn ber ábyrgð. Framkvæmdarvaldið ber ekki ábyrgð á framkvæmdum sem Alþingi hefur ákveðið. Stundum heyrir maður líka að löggjafarvaldið, þ.e. hið háa Alþingi, beri ekki ábyrgð á frumvörpum sem koma frá framkvæmdarvaldinu. Og ef einhver galli verður í frumvarpsgerð þá er oft vísað á þann sem samdi frumvarpið. Ég held því að það sé mjög brýnt að við förum að átta okkur á þessari þrígreiningu valdsins eins og hv. flm. benti á að væri mjög nauðsynlegt að taka á eins og við höfum verið að taka á gagnvart dómsvaldinu.

Herra forseti. Flm. fór ágætilega í gegnum rökin fyrir þessu frv. Ég get tekið undir allt sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði. Þó verð ég að segja að ég er ákveðnari varðandi fækkun þingmanna. Ég vil alfarið að þingmönnum verði fækkað um tíu. Sem betur fer búum við við þá stöðu hér á Íslandi að þessi þingsalur sem Alþingi heldur fundi sína í er svo lítill að ekki er pláss fyrir fleiri þingmenn og ekki fleiri ráðherra þannig að það takmarkar verðbólgu á því sviði að fjölga þingmönnum.

Ég sé ekki hvar hægt er að bæta tíu mönnum í þennan sal — og alveg ástæðulaust — því að ég mundi vilja að tækifærið yrði notað núna og þingmönnum fækkað um tíu, og þá í tengslum við kjördæmamálið sem við erum að ræða jafnframt. Það mundi líka kom í veg fyrir þann kostnaðarauka sem hv. flm. gat um áðan.

Varðandi það aðhald og ábyrgð sem menn bera þá fylgist það að að ef menn hafa vald þá bera þeir líka ábyrgð. Í þessari þrígreiningu valdsins, þ.e. ef framkvæmdarvaldið á að sjá um alla framkvæmd sjálft og hv. Alþingi að sjá um allt löggjafarstarf sjálft fælist um leið miklu meiri ábyrgð framkvæmdarvaldsins og sömuleiðis löggjafarsamkundunnar. Því held ég að mjög brýnt sé að taka á þessu máli.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiru við ágætan rökstuðning flm. að bæta en styð þetta frv. eindregið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 78. mál (þjóðaratkvæðagreiðsla). — Þskj. 78.

[16:26]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni. Með frv. er kveðið á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þetta frv. hefur verið flutt á þrem síðustu þingum en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það var endurflutt með nokkrum breytingum á 122. löggjafarþingi og er nú lagt fram með breytingum er varða fjölda þeirra sem þarf til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Í fyrri frumvörpum var kveðið á um að þriðjungur kosningabærra manna í landinu gæti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um lagafrumvörp sem Alþingi hefur samþykkt. En í frv. eins og það er nú lagt fram er kveðið á um að fimmtungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel eftir skoðun á málinu, eftir umsagnir sem um það hafa komið, að eðlilegra sé að hafa fimmtung heldur en þriðjung. Að vísu er það svo að í Danmörku er það um þriðjungur að lágmarki kosningarbærra manna sem getur krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, og þar er það bundið við að hún sé ekki um fjárlög ríkisins, um lántökur ríkisins, laun eða lífeyrismál, veitingu ríkisborgararéttar eða fjölda stöðugilda hjá ríkinu. Einnig er um það að ræða að þriðjungur þingmanna getur krafist þess að mál séu sett í þjóðaratkvæðagreiðslu og ég tel vissulega þess virði að skoða það einnig.

Ég tel að sú leið sem hér er lögð til og margoft hefur komið fram á hv. Alþingi á undanförnum og áratugum muni treysta lýðræðið í landinu og veita stjórnmálaflokkum meira aðhald. Ég tel að þjóðaratkvæðagreiðsla muni auka lýðræðislegan rétt fólksins.

Hér á landi búum við gjarnan við samsteypustjórnir og við höfum orðið vitni að því í samskiptum þeirra tveggja flokka sem hafa verið í ríkisstjórn sl. þrjú ár, að sett eru fram stór mál sem ekki hafa verið rædd í kosningabaráttunni. Miðhálendismálið er slíkt mál og hefði fyllilega komið til skoðunar að fara með það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þegar við búum við þessar samsteypustjórnir er auðveldara fyrir flokkana að semja sig frá kosningaloforðum. Því er mjög nauðsynlegt að hafa slíkan málskotsrétt varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu í stórum og umdeildum málum.

Á Íslandi er í mjög fáum tilvikum hægt að láta þjóðaratkvæðagreiðslu fara fram. Það á við ef $^3/_4$ hlutar þingmanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti, ef forseti synjar staðfestingu á lagafrumvörpum, ef gerðar eru breytingar á kirkjuskipan landsins með lögum. Það er í þessum þremur tilvikum. Réttur fólksins til atkvæðagreiðslu er einnig bundinn minni háttar málum eins og opnun áfengisútsölu eða hvort leyfa skuli hundahald.

Eins og við þekkjum hefur forseti lýðveldisins frá stofnun þess aldrei neitað staðfestingu á lagafrv., sem honum er heimilt samkvæmt stjórnarskránni, þannig að það færi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég tel, herra forseti, fyllilega koma til greina, ef við förum þá leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu, að nema úr gildi þann rétt forseta lýðveldisins, þ.e. að hann geti synjað staðfestingar á lagafrumvörpum. Það ætti að vera óþarft eða a.m.k. ekki eins mikil ástæða til þeirrar heimildar ef opnaðist fyrir þann lýðræðislega rétt fólksins að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu ef fimmtungur kosningarbærra manna óskar þess.

Ef litið er til sögunnar þá hafa nokkrum sinnum farið fram þjóðaratkvæðagreiðslur. Það var 1908 og 1933 að fram fór ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um innflutningsbann á áfengi, 1916 um þegnskylduvinnu. Tvisvar vegna fyrirmæla stjórnarskrár, þ.e. 1918, frv. til sambandslaga, og árið 1944 var greitt atkvæði um lýðveldisstjórnarskrána og niðurfellingu sambandslaganna.

Hér á hv. Alþingi hafa oft komið fram frv. um þjóðaratkvæðagreiðslur og tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur um ákveðin mál. Eins hefur verið lagt til að setja almenn lög um þjóðaratkvæðagreiðslu og breytingu á stjórnarskránni. Tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur hafa komið fram í

tengslum við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, samkomustað Alþingis, álbræðslu í Straumsvík, aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu, prestskosningar, efnahagsfrv. forsrh. á sínum tíma — það var að vísu dregið til baka, aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið auk þess sem algengt er að komið hafi fram tillögur vegna breytingar á áfengislöggjöfinni. Fyrir 30 árum síðan kom fram þáltill. um heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeirri tillögu var fylgt eftir fjórum sinnum og 1970 var samþykkt þáltill. um að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvort rétt væri að setja löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu í mikilvægum löggjafarmálefnum. En svo virðist sem ekkert hafi verið gert með þær hugmyndir, jafnvel þó þær hafi verið samþykktar á Alþingi sem ályktun þingsins. Lítið hefur gerst með að kanna hvort rétt væri að setja slíka löggjöf. Þrisvar sinnum síðar, á 100., 109. og 113. þingi komu fram þáltill. um sama efni. Fyrir sjö árum kom fram frv. um að þriðjungur þingmanna gæti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu. Síðast nefni ég frumvarp það sem ég mæli nú fyrir í fjórða sinn.

Ég tel því, herra forseti, eins og sjá má af þessu stutta yfirliti mínu, að ríkur vilji sé fyrir því í þinginu að til sé löggjöf sem heimili þjóðaratkvæðagreiðslur. Það sýnir sig bæði af því sem ég hef nefnt varðandi ítrekaðan flutning ýmissa þingmanna um að lögbinda þjóðaratkvæðagreiðslur og um einstaka þingmál sem þingmenn hafa sett fram og talið að fara ættu í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Það er kannski ástæða til að nefna það að stjórnarskrárnefnd sem starfaði undir stjórn Matthíasar Bjarnasonar og skilaði af sér 1982 lagði til að fjórðungur kjósenda gæti óskað eftir að fram færi ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla. Samstaða náðist ekki um tillögu stjórnarskrárnefndarinnar. Niðurstaðan varð sú að páv. forsrh., Gunnar Thoroddsen, lagði einn fram í eigin nafni tillögu stjórnarskrárnefndar, á Alþingi 1982–1983. Þar var m.a. að finna þetta ákvæði sem ég nefndi, um að fjórðungur kjósenda gæti óskað eftir og farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég hygg það rétt hjá mér að stjórnarskrárnefndin sem skilaði af sér árið 1995 og fjallaði þá um mannréttindakafla stjórnarskrárinnar hafi ekki fjallað mikið um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Ég vil þá, herra forseti, víkja að því frv. sem ég flyt og skýra út efni þess. Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir því hvernig þessum málum hefur undið fram á hv. þingi. Í greinargerð með frv. er því lýst að í 1. gr. frv. kemur fram að fimmtungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrv. sem Alþingi hefur samþykkt. Hér er sagt að til greina komi í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu að undanskilja ákveðna málaflokka líkt og gert er í Danmörku. Þar eru til að mynda fjárlögin sem ég tel einboðið að undanþiggja þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í frv. eru settir fram tímafrestir varðandi undirskriftasöfnunina og atkvæðagreiðsluna. Þannig er gert ráð fyrir því að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu studd undirskriftum berist forseta eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrv. á Alþingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal síðan fara fram eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfu um atkvæðagreiðsluna. Er þá miðað við reglu þá sem fram kemur í 24. gr. stjórnarskrárinnar um að boðað skuli til alþingiskosninga eigi síðar en 45 dögum eftir að gert var kunnugt um þingrof.

Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að fimmtungur kosningarbærra manna þarf alltaf að greiða atkvæði gegn gildi laganna. Þannig er um tvö sjálfstæð skilyrði að ræða. Þykir eðlilegt að gera kröfur um þátttöku ákveðins hluta kjósenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu og er það gert að danskri fyrirmynd. Því er í raun miðað við að sá fimmtungur kosningarbærra manna sem knýr á um atkvæðagreiðslu fylgi kröfunni eftir með því að mæta á kjörstað og greiða atkvæði. Í greinargerðinni eru dæmi tekin til skýringar. Í maí 1998 voru rúmlega 193 þúsund manns á kjörskrá. Ef þá hefðu verið í gildi reglur sem lagðar eru til í frv. þessu hefði þurft fimmtung kosningarbærra manna í landinu, eða u.þ.b. 38.700 manns, til að knýja á um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um gildi laga. Í atkvæðagreiðslunni sjálfri hefði að lágmarki sami fjöldi þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna ef þátttaka hefði verið 40% eða minni. Ef hins vegar t.d. 80% þeirra sem á kjörskrá eru, eða 154.905 manns, hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hefði helmingur þeirra þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna eða rúmlega 77 þúsund manns. Þannig þarf alltaf helmingur þeirra sem þátt tekur í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, en ef þátttaka er undir 40% dugir ekki helmingur heldur kemur þá til kasta fimmtungsreglunnar þannig að a.m.k. 20% kosningarbærra manna þurfa að greiða atkvæði gegn gildi laga.

Loks er mælt fyrir um það í ákvæðinu að nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu verði settar í lög. Meðal annars verður að telja nauðsynlegt að setja nánari reglur um kynningu á lögunum sem þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram um, en nútímalöggjöf er iðulega þess eðlis að til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar þarf hvort tveggja þekkingu og lögskýringargögn. Einnig er þörf á því að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði þjóðaratkvæðagreiðslu.

Herra forseti. Ég hef farið yfir frv. það sem ég flyt í fjórða sinn um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Herra forseti. Málið hefur farið til sérnefndar samkvæmt þingskapalögum og ég legg til að svo verði áfram um leið og því verði vísað til 2. umr. Jafnframt er nauðsynlegt að vekja athygli á því að þetta frv. ásamt öðrum frumvörpum til stjórnarskipunarlaga sem komið hafa fyrir þingið á þessu kjörtímabili hafa litla sem enga umræðu fengið í þessari sérnefnd. Ég vakti athygli á þessu í fyrra. Mér fannst ástæða til að vekja athygli forsn. og forseta á því að sérnefndin sem fjallar um þessi stjórnarskipunarlög starfar mjög illa. Hún kemur sjaldan saman og iðulega hef ég, a.m.k. á tveimur síðustu þingum, orðið að reka á eftir því á lokadögum þingsins að nefndin fjallaði um þessi mál. Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð, herra forseti. Jafnvel þó að þessi frumvörp til stjórnarskipunarlaga komi frá þingmönnum, þá eiga þingmenn rétt á því að um þessi mál sé fjallað í þingnefndum.

Ég vil ítreka þá ósk mína til forseta að tekið verði til sérstakrar athugunar í forsn. hve litla umfjöllun þessi mál fá í þeirri sérstöku nefnd og hve sjaldan hún hefur komið saman. Ég tel ástæðu til þess að fá yfirlit um það á þessu kjörtímabili hvað þessi sérstaka nefnd, sem fjallar um frv. til stjórnarskipunarlaga, hefur oft komið saman og hve mörgum málum hefur verið vísað til nefndarinnar. Ég legg áherslu á það núna á þessu síðasta þingi kjörtímabilsins að þau frv. sem fram koma til stjórnarskipunarlaga fái eðlilega umfjöllun í nefndinni.

Það var verið að mæla fyrir öðru frv. til stjórnarskipunarlaga á undan þessu þannig að þegar á fyrstu vikum þessa þinghalds eru komin fram tvö frumvörp til stjórnarskipun-

arlaga. Ég legg alla áherslu á, herra forseti, og það skulu vera mín lokaorð, að þessi frumvörp fái eðlilega umfjöllun í þingnefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegagerð í afskekktum landshlutum, fyrri umr.

Þáltill. SJS og KHG, 73. mál. — Þskj. 73.

[16:43]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sérstakt átak í vegagerð í afskekktum landshlutum. Tillagan er á þskj. 73 og er 73. mál þessa þings. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf. Tillögugreinin er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að gera skuli sérstakt átak til að ljúka á næstu þremur árum uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á vegum sem tengja heila landshluta eða fjölmenn byggðarlög við meginþjóðvegakerfið. Á næstu þremur árum verði varið allt að 2.500 millj. kr. úr ríkissjóði til þessa verkefnis, til viðbótar fjármunum af vegáætlun, með það að markmiði að árið 2001 verði allir þéttbýlisstaðir þar sem íbúar eru 100 eða fleiri tengdir þjóðvegakerfi landsmanna með vegum með bundnu slitlagi."

Hér er um endurflutning á þingmáli að ræða, herra forseti, sem fyrst var flutt á síðasta þingi. Það er spurning hvort hæstv. samgrh. er í húsinu, herra forseti, og mætti gera honum viðvart að hér sé komið til umræðu mál á hans sviði.

Það er ljóst, herra forseti, að þrátt fyrir bæði afgreiðslu vegáætlunar á síðasta vetri og þrátt fyrir mikla skýrslugerð hjá Byggðastofnun og fleiri aðilum um byggðamál þá er enn mjög langt í land að óbreyttu að viðunandi úrlausn fáist á þeim samgönguvandamálum sem þessi þáltill. er flutt til að taka á. Ég sé mig, herra forseti, því miður knúinn til að endurflytja hana og held reyndar að með hverju árinu sem líður verði það vandamál sem hér um ræðir alvarlegra og alvarlegra.

Ljóst er að enn er mikið verk ógunnið í vegamálum hér á landi og langt í land, svo áratugum skiptir að óbreyttu, að vegakerfið allt komist í nútímalegt horf. Þótt mikið hafi áunnist hér í uppbyggingu vega á undanförnum 20–25 árum, eða frá því að framlög til vegamála og samgöngumála voru aukin verulega upp úr 1970, er enn gífurlegt verk fyrir höndum. Staðreyndin er sú að framtíðin og þróun mála hefur á þessum tíma einnig kallað á stærri og dýrari mannvirki sökum aukinnar umferðar. Það sem þótti fullnægjandi fyrir 20–30 árum er það á engan hátt í dag.

Sá þáttur vegamála sem hvað heitast brennur á þeim hluta landsmanna sem við býr er aðstæður þeirra landshluta og byggðarlaga sem tengjast þjóðvegakerfi landsmanna með malarvegum. Á korti sem birt er sem fylgiskjal með tillögunni má sjá þau svæði og þar sést að þetta gildir fyrst og fremst um landsvæði á Vestfjörðum og um vestanvert landið og síðan aftur á Norðausturlandi og Austfjörðum.

Þegar tillagan var flutt á síðasta þingi og kortið góða teiknað upp sem hér er birt sem fylgiskjal var reyndar enn smáblettur á Miðnorðurlandi sem var sambærilega settur hvað þetta varðaði, að þéttbýlisstaðir eða heil byggðarlög þurftu að aka um alllanga malarvegi til að tengjast meginþjóðvegakerfinu. Þetta átti við um Siglufjörð og jafnvel einnig Hofsós. En nú er þarna sem betur fer að verða mikil breyting á og ég kann ekki að nefna hvort það er á næsta ári eða a.m.k. alveg í náND sá tími að allir þéttbýlisstaðir á Miðnorðurlandi verði komnir í nútímavegasamband, ef svo má að orði komast.

Eftir stendur að Vestfirðir, þ.e. allur Vestfjarðakjálkinn og nokkrir þéttbýlisstaðir á Vesturlandi, Snæfellsnesi, og síðan norðausturhorn landsins og kaflar — að hluta til svæði á Austurlandi — búa enn við þær aðstæður að þar er um lengri eða skemmri veg að fara sem liggur eftir ófullgerðum og óuppbyggðum malarvegum.

Það liggur í hlutarins eðli að eftir því sem meginhluti vegakerfisins batnar og akstur á bundnu slitlagi verður reglan en ekki undantekningin þá er aðstöðumunur þeirra sem eftir sitja og þurfa að sætta sig við malarvegina enn þá bagalegri. Kemur þar margt til. Í fyrsta lagi eru malarvegirnir lakari á allan hátt hvað varðar umferðaröryggi og akstur. Bílstjórar nú til dags eru unnvörpum að verða því afvanir, ef svo má að orði komast, að aka á malarvegum, hraðast þá jafnvel. Og það gerist æ algengara að þeir sem búa á slitlagsendunum verði varir við það að ferðafólk snýr við þegar það áttar sig á því að það er að leggja út í ferðalag sem færi fram eftir slíkum vegum. Nútímabílar, t.d. venjulegir fjölskyldubílar og fólksbílar eru alls ekki gerðir fyrir akstur á slíkum vegum. Þeir liggja undir stórskemmdum, ég tala nú ekki um ef vegirnir eru blautir og holóttir í rigningartíð á haustin, svo dæmi sé tekið.

Þetta eru auðvitað alvörumál sem snúa að umferðaröryggi og notagildi samgöngukerfisins, t.d. fyrir ferðamenn. En langbagalegast er þetta þó fyrir íbúa viðkomandi byggðarlaga sem þurfa að sætta sig við það að eiga allar sínar samgöngur á landi undir slíku vegakerfi. Notagildi þessara vega er stórskert og kemur það fram í miklu erfiðari samgöngum að vetri til, þar sem vegirnir eru ekki byggðir upp úr snjó og verður illa haldið opnum ef snjóþyngsli verða, eins og til að mynda gerst hefur nú þegar í vetrarbyrjun þessa árs, og eins kemur hitt til að á vorin eru þessir vegir oft um lengri eða skemmri tíma háðir þungatakmörkunum. Kveður svo rammt að í sumum tilvikum að heita má ómögulegt að stunda nokkra vöruflutninga með nútímasamgöngutækjum þar sem öxulþungi bifreiðanna án hleðslu er iðulega u.þ.b. sá sem leyfilegur er á vegunum. Má nefna dæmi um það að flutningabílar hefðu mátt fara með allt niður í 500 kílóa farm eftir vegunum, bílar sem ætlaðir eru til að flytja milli 20 og 30 tonn. Og má þá velta fyrir sér hagkvæmninni í því að senda þá 40 ferðir með 500 kíló í senn eftir vegunum.

Herra forseti. Það er alveg sama hvar á málið er litið, þetta ófremdarástand er orðið með öllu óþolandi. Það er ekki hægt að dæma byggðarlög og heila landshluta úr leik hvað samgöngur snertir með þessum hætti til frambúðar.

Það er enn rétt að minna á að fyrir nokkrum árum var tekin pólitísk ákvörðun um að leggja niður strandsiglingar með opinberum stuðningi á Íslandi. Það var þegar Ríkisskip voru lögð niður. Þar með hættu strandsiglingar á velflestar hafnir landsins og eftir standa nokkrar stórar hafnir sem viðkomustaðir skipafélaganna. Allir flutningar til annarra byggðarlaga hafa færst upp á land. Ekki síst á þetta einmitt við um þau byggðarlög sem búa við þær vegasamgöngur sem ég er að gera grein fyrir.

Enn síður er þetta ástand þolandi eftir að sú er orðin raun-

in að bæði aðflutningar, öll almenn neysluvara og varningur inn á þessi svæði, og í stórum stíl flutningar framleiðsluvara svæðisins á markað eiga að fara fram eftir þessum vegum. Útflutningsfyrirtæki á þessum svæðum verða fyrir stórtjóni á hverju ári vegna þess að þungatakmarkanir á vegum hafa í för með sér verulegan viðbótarkostnað og/eða jafnvel að fyrirtækin hreinlega koma ekki framleiðsluvöru sinni á markað. Við getum tekið þar sem dæmi framleiðendur á ferskum matvælum til útflutnings í Öxarfirði eða á Vestfjörðum. Fiskeldisfyrirtækin við Öxarfjörð, sem framleiða og senda á markað tvisvar, þrisvar í viku ferska hágæðavöru sem fer síðan með flugi á markaði bæði austan hafs og vestan, verða sérstaklega fyrir barðinu á þessum aðstæðum.

Ef við tækjum framleiðsluverðmæti útflutningsframleiðslunnar í heild á þessum svæðum, þ.e. á vestanverðu og norðaustanverðu landinu, sem hér eiga í hlut, þá telja þau upp á drjúgan hluta af útflutningsframleiðslu landsins eða líklega lauslega reiknað um 25–40 milljarða kr. Í grg. með tillögunni er reyndar sagt 20–30 milljarðar en ég hef farið yfir þetta aftur og ég er sannfærður um að þarna er um vanmat að ræða. Ef tekið er útflutningsverðmæti framleiðsluvara á svæðinu um norðaustanvert landið frá Húsavík til og með Vopnafirði og síðan á sunnanverðum og norðanverðum Vestfjörðum, og jafnvel staða á Snæfellsnesi og Austurlandi sem þarna má bæta við, þá er ljóst að við erum komin með drjúgan hluta af t.d. heildarútflutningsframleiðslu sjávarútvegsins, sem er í kringum 100 milljarðar kr. Það er því ekki þannig, herra forseti, að þjóðarbúið eigi ekki einhverra hagsmuna að gæta í því í sjálfu sér, fyrir utan aðstæður fólksins sem þessi byggðarlög byggir.

Þó að nokkrar framkvæmdir séu í gangi til að byggja upp þessa vegi samkvæmt vegáætlun, t.d. á leiðinni inn Djúp og á nokkrum stöðum á Vesturlandi, þá gengur það allt of hægt. Enn verra er ástandið ef litið til norðausturleiðarinnar frá Húsavík til Vopnafjarðar en framkvæmdir á því svæði eru fyrst og fremst fyrirhugaðar á síðustu árum núgildandi tólf ára langtímaáætlunar í vegagerð. Það er því verið að segja við fólkið í þessum byggðarlögum: Þið verðið að gjöra svo vel og bíða í tíu til tólf ár til að fá úrlausn á þessu vandamáli. Sú bið, herra forseti, er of löng. Og ég er ekki viss um að það verði mjög margir eftir til að þreyja biðina á enda ef ekki hillir undir skjótari úrlausn í þessum efnum.

Samt er það þannig að verkefnið er ekki stærra en svo að ef fjárveitingar fengjust af fjárlögum sem næmu 2,5–3 milljörðum kr. á jafnmörgum árum, eða þó þau væru fjögur, til viðbótar þeim fjármunum sem þarna eru samkvæmt vegáætlun, þá mætti ljúka þessu verkefni og hafa það sem markmið að koma öllum þéttbýlisstöðum landsins, þar sem íbúar eru t.d. 100 eða fleiri, í nútímavegasamband á þremur til fjórum árum. Ég held að ræða eigi um þessa hluti, herra forseti, eins og þeir eru, og þeir eru þannig að það er ekki lengur hægt að tala um að þessi byggðarlög séu í vegasambandi. Það væri alveg eins hægt að tala um kerruslóðirnar frá aldamótunum sem vegi eins og þessi ósköp.

Herra forseti. Ég held að ekki þurfi að rökstyðja mikilvægi þess og gildi að ráðast í úrbætur í þessum efnum. Mér finnst, herra forseti, allt tal um byggðamál og byggðaröskun og vanda í þeim efnum og möguleg úrræði stjórnvalda hálfbarnalegt og innstæðulaust þegar úrlausn á því vandamáli sem öllum ber saman um að standi landsbyggðinni mest fyrir þrifum — og það eru samgöngurnar — er ekki sinnt meira en raun ber vitni. Það er ljóst að þau byggðarlög sem hér um ræðir, t.d. Vestfirðir og vestanvert landið, eru nákvæmlega sömu byggðarlögin og hafa átt mest undir högg að sækja í byggðaþróun og eiga enn. Fólksflutningarnir af landsbyggðinni hafa tekið nýtt stökk af eðlilegum og skiljanlegum ástæðum. Með pólitískum ákvörðunum núna um nokkurra ára skeið hefur byggðaröskunin verið rækilega undirbyggð með því að raða öllum helstu stórframkvæmdum landsins á suðvesturhornið. Það eru pólitískar ákvarðanir, meðvitaðar ákvarðanir og engar tilviljanir að byggðaröskunin hefur nú tekið nýtt stökk svo nemur flutningum á tvö, þrjú þúsund manns á suðvesturhornið á hverju ári. Fyrir liggja útreikningar um að kostnaðurinn sem hér hlýst af uppbyggingu fyrir þetta fólk nemur milljónum á hvern mann. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð, herra forseti, held ég að vandfundin væri betri fjárfesting en sú að ráðast í úrbætur á þessu sviði og bæta þar með aðstæður fólks og mannlífs í þessum byggðarlögum og vonandi draga eitthvað úr þeim mikla herkostnaði sem byggðaröskunin er fyrir þjóðarbúið allt.

Það stendur einnig til, herra forseti, að gera kjördæmabreytingar og jafnvel stækka stórlega þá stjórnsýslueiningu í landinu sem kjördæmin eru og það væri fróðlegt að spyrja forsvarsmenn þeirra mála: Er ætlunin að gera þá breytingu að óbreyttum horfum í samgöngumálum landsins? Er ætlunin að búa til risakjördæmi sem taka yfir næstum hálft landið að óbreyttum samgönguaðstæðum í þeim kjördæmum? Eða eru menn tilbúnir til að líta á, einnig í samhengi við það mál, að gert verði sérstakt átak í þessum efnum? Ég mun lýsa eftir því, herra forseti, þegar — eða ef — umræður um það mál verða hér á þinginu.

Að síðustu held ég að menn eigi að gera sér það ljóst að tíminn sem er til stefnu til að grípa til aðgerða í þessu skyni er ekki mjög mikill. Hann er það ekki bæði vegna þess að eigi að koma byggð í þessum landshlutum til hjálpar verður að gera það á meðan hún er til staðar. Það er lítið gagn að því að leggja fína vegi til byggðarlaga á Vestfjörðum eða á norðausturhorni landsins þegar þau eru orðin tóm, nema ef menn vilja hafa það hugguleget þar í heimsóknum um eyðibyggðir þegar þar að kemur. En einnig vegna þess að ljóst er að fram undan eru gífurlega dýr verkefni á suðvesturhorni landsins sem vaxandi þrýstingur mun verða á um að ráðast í. Þar á ég við ýmis ytri samgöngumannvirki á höfuðborgarsvæðinu, mislæg gatnamót og brýr, fjarðaþveranir og guð má vita hvað, sem munu kosta milljarða og milljarðatugi króna. Og hafi ekki, áður en þær framkvæmdir skella á, náðst einhver árangur í að gera átak í samgöngumálum þessara afskekktu landshluta þá verður enn þá erfiðara að fá til þess stuðning þegar þar að kemur.

Herra forseti. Ég tel mig ekki þurfa í sjálfu sér að rökstyðja þetta mál frekar en leyfi mér að leggja til að að aflokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. samgn.

[16:59]

Lilja Rafney Magnúsdóttir:

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á mikilvægi þess að átak verði gert í vegagerð í afskekktum landshlutum og þeim landshlutum sem eru ekki tengdir þjóðvegakerfinu með bundnu slitlagi. Eins og fram kom hjá flm. hafa landflutningar aukist gífurlega undanfarin ár í kjölfar þess að sjóflutningar drógust saman og miklir þungaflutningar fara um vegakerfi landsins. Atvinnulífið víða í sjávarútvegi byggist mikið á því að koma afurðum sem fyrst í útflutning og mikill útflutningur á ferskum flökum byggir á því

að geta komið vörunni sem fyrst í flug til Keflavíkur. Þeir landshlutar sem eru aftarlega í lagningu bundins slitlags eru Vestfirðir, Norðurland eystra og Austfirðir sérstaklega, og það eru þessir landshlutar sem byggja mikið á því að útflutningur ferskra sjávarafurða sé í góðu lagi og sjávarútvegurinn byggir á því að þetta sé í góðu horfi.

Í þessum landshlutum hefur fólksfl óttinn líka orðið hvað mestur. Það er bein afleiðing þess að vegakerfið hefur dregist gífurlega aftur úr miðað við aðra landshluta og þéttbýlissvæðið á suðvesturhorninu. Við vitum að það er stór þáttur í búsetuþróun á landinu að hafa sem best vegakerfi. Landsmenn gera þá kröfu að vegakerfið sé það gott að það þjóni þeim þáttum sem fólk gerir kröfur um nú til dags varðandi heilbrigðisþjónustu, menntamál, verslun og aðra samneyslu og ég tala nú ekki um ferðaþjónustuna sem er alltaf að verða stærri og stærri þáttur víða úti um land. Í dag er vegakerfið sums staðar í dreifbýli svo slæmt að í raun er verið að þvinga fólk til búferlaflutninga í skjóli þess að fólk geri ekki ráð fyrir að úrbætur verði neitt á næstunni. En ef gert yrði átak í vegamálum til ákveðins tíma þá mundi fólk sjá að verið er að vinna í þessum málum og það mundi þreyja þorrann einhverja stund lengur.

Ég vil hvetja hv. Alþingi til að gera átak svo landið allt verði í raun tengt þjóðvegakerfinu. Það yrði byggðastefna í raun sem mundi skila sér. En það má ekki bíða of lengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ritun sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 74. mál. — Þskj. 74.

[17:03]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að rita sögu landnáms og búsetu Íslendinga á Grænlandi og landafunda í Vesturheimi. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Árni Johnsen, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Össur Skarphéðinsson.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem ráði sérfræðinga til að annast ritun sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi, búsetu þeirra þar og hinna merku landafunda í Vesturheimi. Stefnt skal að því að sagan komi út um aldamótin og tengist hátíðahöldum í tilefni þeirra og afmælis landafunda Íslendinga í Ameríku.

Nefndin hafi heimild til að ráða sér starfsmenn til gagnasöfnunar og söguritunarinnar. Nefndin hafi allt að 15 milljónir króna til ráðstöfunar í þessu skyni á árinu 1999 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum eftir því sem þarf til að ljúka verkefninu."

Hér, herra forseti, er sömuleiðis um að ræða endurflutning á þáltill. sem lögð var fram undir lok síðasta þings en náði þá ekki afgreiðslu eða varð eigi útrædd. Tillagan er því endurflutt ásamt greinargerð.

Það hefur, herra forseti, ekki verið gerð nein alvarleg tilraun til að skrifa þessa sögu með heildstæðum hætti og aðgengilegum fyrir almenning. Er hún þó stórmerk, bæði landnám Íslendinga á Grænlandi á söguöld og búseta þeirra þar, svo ekki sé nú talað um hina merku landafundi í Norður-Ameríku. Nú vantar ekki að margvíslegar heimildir er að finna um þetta mál, bæði skriflegar og í formi fornminja, og liggur ágæt skráning fyrir á þeim heimildum að miklu leyti. Þar vísa ég m.a. til hins merka rits eða samantektar dr. Ólafs Halldórssonar sem birtist í bókinni Grænland í miðaldaheimildum. Einnig má nefna rit Björns Þorsteinssonar sagnfræðings og nýlegt rit Helga Guðmundssonar prófessors. Þá er ýmsar heimildir að hafa um þetta mál bæði í grænlenskum og dönskum bókum og ritum, en þessari sögu hefur verið sýndur þó nokkur sómi þar.

Ég tel, herra forseti, að það vanti verulega á að við höfum sýnt þessum merka hluta sögu okkar eða sögu sem okkur tengist næga ræktarsemi. Þessum kafla í Íslandssögunni er ekki mikill gaumur gefinn í kennslubókum t.d. og fleira mætti nefna því til rökstuðnings.

Það varð nokkur vakning meðal Íslendinga í tengslum við hátíðahöld í tilefni af því að þúsund ár voru liðin frá komu Eiríks rauða til Grænlands á sínum tíma. Þá skiptust Íslendingar og Grænlendingar á heimsóknum og talsvert var um þetta fjallað í fjölmiðlum. En nú eru aftur fram undan tímamót sem gera það að verkum að tilefni er til að varpa ljósi á þessa sögu á nýjan leik.

Hvað varðar heimildir má fyrst og fremst nefna Íslendingasögurnar, Grænlendinga sögu og Eiríks sögu rauða. Einnig liggja allmiklar upplýsingar fyrir í bréfa- og skjalasöfnum. Og síðast en ekki síst hafa fornleifarannsóknir og gætu áframhaldandi fornleifarannsóknir varpað miklu ljósi á söguna, ekki síst þann þátt sem snýr að landnáminu og búsetunni sjálfri, lífi og störfum Íslendinganna á Grænlandi og samskiptum Grænlands og grænlenskra byggða á þessum tíma við önnur lönd. Margt bendir til þess að verslun og þjónusta við byggðina á Grænlandi hafi skipt meira máli á Íslandi á söguöld heldur en áður hefur verið talið og útflutningsvarningur og verslunarvara, verðmæt vara eins og loðskinn og bein, hafi verið umtalsverður búhnykkur fyrir þá Íslendinga sem höndluðu með þessar vörur eða voru milliliðir í viðskiptum með þau.

Búsetan sjálf sem varði þó í um hálft árþúsund, herra forseti, hefur ekki fengið mikla athygli. En nú er ljóst að allt frá landnámi Eiríks og fram yfir aldamótin 1400 stóð búseta búseta norrænna manna, a.m.k. í Eystribyggð, með allmiklum blóma á Grænlandi. Það eru fyrst og fremst endalok þeirrar búsetu og dulúðin sem hún er umofin sem hafa verið viðfangsefni manna og tilefni vangaveltna mikilla. Og þó að það sé áhugavert viðfangsefni í sjálfu sér, sem nútímanáttúrufræðirannsóknir m.a. kunna að varpa ljósi á og skýra, hvers vegna búseta norrænna manna á Grænlandi leið undir lok á fimmtándu öld, þá hlýtur fyrir okkur að vera ekki síður áhugavert að fræðast um það hvernig mannlífinu var háttað á þessum tíma og hvernig menn komust af.

Það má spyrja hver sé tilgangur með söguritun af þessu tagi annar en þá hreinlega faglegs eða fræðilegs eðlis af því menn hafi gaman af sögunni. En hefur það eitthvert hagnýtt gildi til viðbótar að skrá slíka sögu? Því svara ég hiklaust játandi. Gildi þess að sýna sögunni ræktarsemi er mjög margvíslegt og í þessu tilviki getur það einnig haft umtalsvert hagnýtt gildi. Þar má nefna t.d. það að útbúa aðgengilegt kennsluefni fyrir skóla og fyrir upplýsingamiðlun og fræðslu til almennings. Nefna má gerð kvikmynda og sjónvarpsefnis sem þetta spennandi tímabil er auðvitað upplagt fyrir. Það má nefna efni til landkynningar. Þetta stórmerka landnám

og siglingaafrekin sem voru forsenda þess eru auðvitað góð landkynning. Og það má nefna hagnýtingu í ferðaþjónustu og fleira og fleira.

Síðast en ekki síst og langmikilverðast tel ég þó að við sjálf, okkar sjálfra vegna, sýnum sögunni ræktarsemi og gerum þessum merka kafla skil í okkar sögu.

Ég held, herra forseti, að ekki sé ástæða til að fara út í þras um það hér hvort norrænir menn á Grænlandi voru Íslendingar eða Grænlendingar eða jafnvel Norðmenn. Þeir voru a.m.k. í byrjun Íslendingar þegar þeir fluttust þangað og arfleifðin er þessum þjóðum eða löndum, skulum við segja, sameiginleg. Ég held að ástæða sé til þess að minna á að Grænlendingar eða Ínúítar sem þar búa sýna þessum hluta sögu sinnar umtalsverða ræktarsemi og það jafnvel í vaxandi mæli, samanber t.d. áform um að byggja nú upp — áform sem eru að verða að staðreynd — bæ Eiríks rauða í Brattahlíð og einnig Þjóðhildarkirkju, fyrstu kristnu kirkjuna í Norður-Ameríku. Þeim framkvæmum er áætlað að ljúki í kringum aldamótin eða árþúsunda- og landnámsafmælið og er það vel.

Einnig hafa talsverðar fornleifarannsóknir verið í gangi á Grænlandi og söfn í Grænlandi sýna þessum hluta búsetu eða sögu landsins umtalsverða ræktarsemi eins og þeir geta borið vitni um sem hafa heimsótt grænlensk söfn. Þannig mætti áfram telja. Ég hygg að það halli miklu frekar á okkur Íslendinga að gera þessu sambærileg skil.

Herra forseti. Siglingaafrek kappanna Leifs heppna Eiríkssonar sem síðar var nefndur svo, Þorfinns karlefnis, Guðríðar Þorbjarnardóttur og fleiri yrðu að sjálfsögðu vænn kafli í þessari merku sögu landnáms og siglinga í vesturátt frá Íslandi. Það sýnir sig um þessar mundir að ekki er vanþörf á að við Íslendingar höldum á okkar rétti í þessu efni. Það eru gerðar ýmsar tilraunir til að umskrifa söguna þrátt fyrir óhrekjandi staðreyndir sem fyrir liggja um landafundina og jafnvel háskólaprófessorar vestan hafs skrifa þvælugreinar í blöð um Kristófer Kólumbus sem fyrstur hafi hvítra manna litið Ameríku augum (Gripið fram í.) þannig að sendiherra vor í Washington stendur í ströngu við að reyna að hrekja þessa vitleysu og er gott að eiga þar vaskan mann að til að gæta þjóðarsómans.

Sömuleiðis liggur fyrir að Norðmenn eru hér með yfirgang og frekju eins og því miður í fleiri tilvikum og hyggjast reka mikinn áróður fyrir Norðmanninn Leif heppna Eiríksson í tilefni árþúsundaafmælisins. Það er dapurlegt, herra forseti, að menn skuli þurfa að standa í slíkum þrætum. Í sjálfu sér er mér það ekki mikið kappsmál að reyna að þjóðernismerkja norræna menn frá þessum tíma. Þeir litu tæpast sjálfir á sig sem íbúa eða þegna eins lands frekar en annars heldur kölluðu sig allir norræna menn og voru það auðvitað þannig að hér er um sameiginlega norræna menningararfleifð og sögu að ræða sem er sameiginleg Norðurlandaþjóðunum, a.m.k. Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Íslandi, Færeyjum og Grænlandi, og einnig þeim hluta sem laut að búsetu eða heimsóknum til Norður-Ameríku.

Þess er rétt að geta, herra forseti, að Alþingi samþykkti síðasta haust að vísa til ríkisstjórnarinnar með jákvæðri umsögn tillögu hv. þm. Svavars Gestssonar um að minnast landafundanna sérstaklega og margvíslegar aðgerðir eru í gangi eða í undirbúningi í því skyni. Ríkisstjórn landsins hefur skipað nefnd sem er að störfum í þessu máli og hefur að ég best veit alveg þokkaleg fjárráð, a.m.k. hefur það komið til umræðu hér að talsverðum fjármunum standi til að verja í þessa landkynningu og hátíðahöld, sem út af fyrir sig er sjálfsagt mál að gera með sæmilega veglegum hætti. Hér er því verið að leggja til einungis lítils háttar viðbót eða viðauka við það sem nú þegar er á dagskrá og lýtur að því að minnast þessara tímamóta, þ.e. að setja niður nefnd og fá til þess færa menn að draga að gögn og rita og gera aðgengilega þessa sögu. Því ber að líta á þetta sem viðbót við það sem þegar er í undirbúningi eða er að koma til framkvæmda af hálfu stjórnvalda. Ég tel, herra forseti, að vel gæti komið til greina að fela svonefndri landafundanefnd — sem ég hygg að heiti svo þó það sé nú skondið nafn í sjálfu sér — að hafa yfirumsjón með þessu verki þannig að e.t.v. er óþarfi að grípa til þess ráðs að skipa sérstaka nefnd heldur eingöngu fela þeim aðilum sem nú þegar annast verkefni á þessu sviði að sjá einnig til þess að þessi saga verði rituð.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa um þetta fleiri orð en legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til — trúlega var það hv. allshn. sem fékk hana til umfjöllunar á síðasta þingi nema ef vera skyldi menntmn. Auðvitað gæti utanrmn. haft á þessu spaklegt vit, ég efa það ekki. Við skulum nú ekki lenda í þrætum um það heldur legg ég til að tillögunni verði vísað til allshn. en áskil mér þó rétt til að breyta þeirri tillögu ef í ljós kæmi að eitthvað annað væri hyggilegra, herra forseti.

[17:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að mæla fyrir þessari gagnmerku þáltill. og rökstyðja mál sitt jafn vel og raun bar vitni.

Samskipti Grænlendinga og Íslendinga hafa aukist mjög á síðustu árum og áratug er óhætt að segja og áhugi manna á landi og þjóð, þ.e. Grænlandi og þjóðinni sem þar býr, hefur aukist mjög á Íslandi. Vert er að þakka Vestnorræna þingmannaráðinu fyrir þetta en hv. þm. hefur verið ötull í því að berjast fyrir málefnum Vestur-Norðurlandanna og er vert að þakka honum og öðrum þingmönnum fyrir það starf.

Fyrir tæplega áratug voru tekin upp samskipti forsrh. Íslands og landstjórnarformanns og lögmanns Færeyinga. Það var gert af hæstv. forsrh. sem þá starfaði og var Steingrímur Hermannsson. Nú hefur hæstv. forsrh. Davíð Oddsson endurvakið þetta og fyrir stuttu voru hér einmitt Arnfinn Carlsberg, lögmaður Færeyinga, og Jonathan Motzfeldt, landsstjórnarmaður á Grænlandi, og þeir þinguðu um málefni þessara landa.

Ljóst er að við getum átt enn meiri samskipti og samvinnu við þessi lönd. Þau geta verið menningarleg og viðskiptaleg og í síðustu viku var einmitt haldin fyrsta vestnorræna kvikmyndavikan. Allt er þetta til þess að auka samskipti landanna og vekja Íslendinga til umhugsunar um það hvað við eigum margt sameiginlegt með þessum löndum.

Í þessum samskiptum er nauðsynlegt að huga að uppruna okkar og sögu og sjálfsagt að skrá hana og það er einmitt það sem þessi þáltill. fjallar um. Sögunni hefur ekki verið nægur gaumur gefinn. Það er helst á tyllidögum eins og þegar við minntumst þess að þúsund ár voru liðin frá komu Eiríks rauða til Grænlands en þá vaknaði áhugi manna um tíma á þessum málum en full ástæða er til þess að við höldum vöku okkar í þessum efnum.

Eins og fram kom í rökstuðningi hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar er nú verið að vinna að ákaflega merkilegu og spennandi verkefni í Brattahlíð á Grænlandi þar sem til stendur að byggja upp þjóðveldisbæ og kirkju og ljúka

því verki árið 2000. Einnig hefur verið unnið þar að mjög merkum fornleifauppgreftri sem tengist söguskýringunni og söguskráningunni. Arfleifðin er báðum þessum þjóðum sameiginleg, þ.e. Íslandi og Grænlandi, og söguritunin tengist landafundunum í Vesturheimi. Okkur ber að sýna sögunni ræktarsemi og Vestnorræna ráðið stóð einmitt fyrir mjög merkilegri ungmennaráðstefnu í sumar á Íslandi þar sem saman voru komin 150 ungmenni frá þessum þremur löndum á aldrinum 18–25 ára. Það kom einmitt fram í umræðum á þeirri ráðstefnu hve nauðsynlegt væri að halda til haga sögunni sem tengist þessum þjóðum.

Ég fagna þessari þáltill. og vonast til að hún nái fram að ganga á Alþingi.

[17:20]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mörg góð þingmál hefur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutt á þessu háa Alþingi en ekkert mál tel ég að hann hafi flutt hin seinni ár sem er jafnmerkt að inntaki og það mál sem hv. þm. mælti fyrir áðan. Gæði málsins markast m.a. af því að sú innblásna ræða, sem hv. 4. þm. Suðurl., Ísólfur Gylfi Pálmason, flutti málinu til stuðnings, sýnir að um er að ræða mál sem væri vel fallið til þess að sameina þjóðina, alla hluta hennar, jafnt hægri sem vinstri.

Herra forseti. Ég hef haldið svo margar ræður um Grænlendinga og nauðsyn þess að rækta hinar fornu sagnir og hin fornu tengsl sem lúta að samböndum okkar við Grænland að ég ætla ekki að setja á langa tölu hérna. Mig langar þó til að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir þetta merka framtak. Það er aðallega tvennt sem ég vil færa inn í umræðuna.

Ég held að eitt af því sem enn er óritað af sögu Íslendinga felist einmitt í þeim rótum sem má rekja alla leið til Grænlands. Sjálfsmynd Íslendinga styðst að verulegu leyti við þá mynd sem við höfum af sjálfum okkur gegnum söguna. Hins vegar hefur sjaldnast komið fram í rituðum greiningum seinni tíma á tilurð Íslendingasagnanna og þróun þeirra, hversu ríkan þátt Grænland átti einmitt í gerð Íslendingasagnanna. Menn hafa stundum velt því fyrir sér, hvaðan sá auður kom og hvaða fótum stóð hann sem var undirrót þess að bændahöfðingjum og kirkjuhöfðingjum tókst að sjá um það mikla verk sem fólst í því að rita á bókfell og skinn þær bækur sem við köllum núna Íslendingasögurnar. Á þeirra tíma mælikvarða kostaði þetta gríðarlegt fjármagn og hvaða kom það? Hér á Íslandi var enginn sérstakur útflutningur á þessum tíma. Menn reru til fiskjar, og varla þó á þessum tíma, og þó að hlýskeið væri miklu meira en á seinni söguskeiðum þjóðarinnar var ekki um það að ræða að menn væru að flytja út landbúnaðarafurðir. En einhvers staðar fengu þeir fjármagnið sem þurfti til þess að standa straum af þessum sögum og tilurð þeirra.

Ég held því fram, herra forseti, og væri hægt að gera það í miklu lengra máli að þessi auður hafi komið frá Grænlandi. Hann hafi sprottið af fyrstu milliríkjaverslun sem eitthvað kvað að í sögu Íslendinga. Ljóst er að í kjölfar Eiríks rauða fóru fleiri frá Breiðafirði til Grænlands og siglingar stóðu á milli Vesturlands, aðallega Breiðafjarðar, og vesturstrandar Grænlands. Það er engum blöðum lengur um það að fletta að varningurinn sem þeir fluttu frá Grænlandi var fyrst og fremst ýmiss konar grænlenskar vörur, það var svörður, rostungshúðir, og það voru rostungstennur en það sem var kannski dýrmætast voru tennur náhvelanna. Í kringum það er líka merkileg saga vegna þess að það er 2.500 km leið frá þessum búsvæðum Íslendinganna á vesturströnd Grænlands og þangað sem náhvelin héldu sig. Það er hægt að færa að því sterk rök, m.a. rúnaristur allar götur frá árinu rétt eftir 1200, minnir mig, fremur en 1300 þar sem menn eru beinlínis að gefa til kynna að þarna hafi þeir verið staddir að aflíðandi vetri í miðju Grænlandi, að vísu út við strendur og það er ljóst að þessir menn höfðu vetursetu þar. Hvað voru þeir að gera þar? Þeir voru á leiðinni norður á náhvalaslóðirnar. Hægt er að færa rök að því að tennur merktar með sérstöku rauðu rúnaletri hafi verið fluttar m.a. til biskupakirkjunnar, Dómkirkjunnar í Lincoln og alla leið til Flórens. Þetta var hin merkasta vara. Þetta var horn einhyrningsins sem aldrei var til. Það voru náhvalatennur. Verðlagið á þessum tönnum þegar þær voru komnar út í Evrópu var gríðarlega hátt. Aðalsmaður í Flórens greiddi sem svaraði 16 kg gulls fyrir tvær slíkar tennur, að vísu fagurlega útskornar. Tannvarning með sams konar rauðum mörkum var hægt að finna m.a. í Orkahaug í Skotlandi og líka í haugum í grennd við Dyflinni. Ég held því fram, herra forseti, að arðurinn sem fékkst fyrir sölu á varningi af þessu tagi úti í Evrópu hafi verið grunnurinn fyrir því að bændahöfðingjar og kirkju tókst að ráðast í þessar miklu framkvæmdir.

Það er í fyrsta lagi þetta sem enn á eftir að færa inn í Íslandssöguna en það er líka annað. Við sjáum það, herra forseti, af lýsingum í Íslandssögunum, sem við köllum svo, að þar eru siglingaleiðir sem er lýst mjög nákvæmlega, m.a. til Írlands og að sjálfsögðu til Noregs, en þeir fóru líka til Frakklands. Þessir ágætu verslunarmenn sem allir áttu ættir sínar og uppruna við vestanvert landið í Breiðafirði fluttu út þessa vöru og þeir komu heim með arðinn. En þeir komu líka heim með annað. Þeir komu heim með bækur. Hægt er að sýna fram á það í dag að bókakostur klaustra og einstakra bændahöfðingja var miklu ríkari en menn hafa talið fram á allra síðustu áratugi. Hvaðan komu þessar bækur? Þær komu með þessum skipum. Sýnt hefur verið fram á það að jafnvel merkir kaflar eins og Íslendingabók, sú hin ágæta saga af Pöpum sem hér voru og skildu eftir bækur og bagla, er tekin upp úr írskum samtímaritum og það er ljóst að þessar bækur, þó að aldrei hafi fundist af þeim tetur né tangur, komu frá Írlandi með þessum kaupmönnum og komu hingað.

Í þriðja lagi, herra forseti, má benda á eitt til viðbótar. Þessi skip fluttu út íslensk ungmenni. Þau fluttu út blóma kynslóðar sinnar, syni ríkismanna og líka þá sem höfðu sýnt afburða næmni og þessir ungsveinar fóru til náms. Einn af þeim var Sæmundur fróði. Til baka komu þeir með þekkingu sem þurfti til þess að þætta saman ýmsa þekkingu af erlendum bókum, þekkingu sem þeir höfðu numið. Það var því í krafti þessara siglinga, herra forseti, sem ég held að skriftir Íslendingasagnanna hafi að verulegu leyti helgast. Hægt er að sýna fram á það að Íslendingasögurnar urðu að mestum hluta til við vestanvert landið og síðan dregur úr þessu á 13. öldinni, nákvæmlega þegar kuldaskeiðin koma og siglingarnar til Grænlands leggjast af. Auðvitað er þetta tilgáta og hún hefur verið sproksett af ýmsum góðum mönnum en háskólamenn á borð við Helga Guðmundsson málfræðing hafa fært afar skemmtileg og skáldlega fögur og sannfærandi rök fyrir þessari kenningu. Ég held að ef menn ætla að ráðast í ritun á sögu okkar þjóðarbrots sem varð eftir í Grænlandi, þá sé þetta eitt af rannsóknarefnunum. Þetta er eitt af því þar sem við eigum eftir að kanna til hlítar í okkar eigin sögu.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar, herra forseti, að íslensku nýlendurnar í Grænlandi eigi miklu ríkari þátt í menningar-

arfinum sem við státum af í dag en við gerum okkur grein fyrir. Við erum þess vegna ekki einungis að greiða skuld við þetta horfna þjóðarbrot sem enginn veit hvað varð um heldur erum við líka að rækta okkar eigin sögu eins og hún hefur síðan þróast í landinu með því samþykkja þá tillögu sem hv. þm. hefur lagt fram ásamt öðrum. Ég segi einungis: Mæli hann manna heilastur og megi hann leggja sem flestar slíkar tillögur en e.t.v. verja tíma sínum minna í ýmislegt annað.

[17:29]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Það má kannski í þessari umræðu byrja á því að vitna í þá merku bók Njálu þar sem segir á einum stað: „Hvikið þér allir nema Skammkell." Hér hvika allir frá umræðunni nema varaþingmenn en það er aftur bætt upp með því að tveir orðfimustu menn þingsins sem hafa tekið hér til máls og mælt mjög ítarlega og sannfærandi fyrir tillögunni og kveikt svolítið í mér þannig að ég gat ekki undir því setið að koma ekki upp og lýsa yfir eindregnum stuðningi við málflutning bæði flm. Steingríms J. Sigfússonar og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar.

Það er mála sannast að ýmislegt vantar í Íslandssöguna enn þann dag í dag og sérstaklega allt sem snertir verslun og viðskipti. Viðskiptasaga Íslands hefur aðeins að litlu leyti verið skráð og það litla hefur verið mjög í brotum. Dr. Björn Þorsteinsson lagði þar að vísu mikið af mörkum með rannsóknum sínum á miðöldunum, á gullöld Íslendinga á miðöldum þegar skreiðin varð þungamiðja útflutnings héðan en það hefur í rauninni vantað alveg inn í Íslandssöguna á hverju þjóðin lifði, á hverju hún varð auðug. Það hefur verið gefið í skyn að við höfum bara lifað á landsins gagni og nauðsynjum frá 870 og eiginlega ekki flutt út annað en kveðskap, hirðkvæði og dróttkvæði sem getur varla staðist. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Steingrímur J. Sigfússon hafa rakið hér mjög rækilega hafa á undanförnum árum verið leidd mjög sterk rök fyrir því að undirstaðan hljóti að hafa verið önnur, meiri og sterkari en það að við höfum bara flutt út kveðskap Egils Skallagrímssonar, Gunnlaugs Ormstungu og fleiri.

Eins og kom fram í máli þeirra sem töluðu á undan hafa verið leidd mjög sterk rök að því að Grænland hafi gegnt þarna geysisterku og miklu hlutverki í verslunar- og viðskiptasögu landsins. Hins vegar má segja að enn þá hafi vantað verulega sönnunargögn og rannsóknir á byggð Íslendinga í Grænlandi gætu orðið til þess að varpa miklu skærara ljósi á þetta. Hins vegar er nú allmjög liðið á árið 1998 og spurning hvort landafundanefnd, þó að hún hefði 15 millj. til ráðstöfunar, gæti komið því í kring að saga landnáms Íslendinga í Grænlandi og byggðarinnar þar verði rituð á einu eða tveimur árum. Það er eftir því hvorum megin við teljum að aldamótin séu á árinu 2000, hvort það er nýárið 1999 eða 2000. Ég ætla ekki að fara að vekja upp þær deilur sem menn standa eilíflega í um hver einustu aldamót eða hvort þar er um að ræða áramótin 2000/2001.

Eins og hefur komið fram hjá þeim hv. þm. sem töluðu á undan mér, herra forseti, eru vissulega til miklar heimildir og skrár yfir heimildir sem getur kannski verið fljótlegt með nokkrum mannskap að taka saman en frumrannsóknir verða ekki miklar gerðar að ég hygg á því eina ári sem ætti að vera þangað til slíkt rit kæmi út. Það ætti hins vegar ekki að draga kjark úr okkur þingmönnum með það að hrinda verkefninu af stað. Oft hefur áður verið lagt upp með mikil sagnfræðiritunarverkefni á hátíðarstundum í sögu þjóðarinnar og þó að þau hafi dregist nokkuð fram yfir þau tímamót sem hátíðin hefur gefið tilefni til hefur verkið verið unnið að lokum og því hrundið í framkvæmd.

Ég vil þess vegna eindregið taka undir þessa tillögu og vonast til að gamalkunnugt tómlæti mörlandans sem vissulega hefur náð hér inn í þingsali verði þó ekki til þess að koma í veg fyrir að hún nái fram að ganga.

[17:35]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka þær umræður og þær undirtektir sem tillagan hefur fengið og segi við hv. 3. þm. Vestf. að það eru auðvitað gæðin en ekki magnið sem skipta sköpum eins og oftar og endranær og sá málflutningur sem hér hefur verið viðhafður og sá mannskapur sem hefur staðið fyrir honum skiptir náttúrlega ekki síður máli en þó að hér hefðu fleiri komið við sögu.

Í fyrsta lagi nefndi hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason réttilega að ákveðið frumkvæði í þessum efnum hvað varðar aukna ræktarsemi við söguna er að finna í vestnorrænu samstarfi og hjá Vestnorræna þingmannaráðinu. Það er mikið rétt og ber að þakka það sem hv. þm. gat um að á dagskrá vestnorræna samstarfsins hefur einnig þessum hlutum verið sýnd ræktarsemi og frumkvæði að uppbyggingunni í Brattahlíð er sannanlega að finna í tillöguflutningi á vettvangi Vestnorræna þingmannaráðsins. Ég hygg að það hafi verið hv. þm. Árni Johnsen sem þar reið á vaðið og einnig hafa fleiri þingmenn t.d. hv. þm. Svavar Gestsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og margir fleiri komið þar við sögu.

Ég fagna því einnig að vestnorræna samstarfið og samvinnan er að styrkjast, mér liggur við að segja á nýjan leik því að satt best að segja hygg ég að hún hafi gengið í gegnum hálfgert doðatímabil og lent í útideyfu. En nú hafa menn tekið þessu tak á nýjan leik og þar á meðal er auðvitað sú ákvörðun hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar í samstarfi við kollega sína á hinum Vestur-Norðurlöndunum að beita sér fyrir því að endurvekja reglubundna árlega fundi æðstu ráðamanna þessara þjóða sem Jonathan Motzfeldt kallar „de vestnordiske topmøde" og fer auðvitað vel á því.

Ég vil taka fram að þegar ég er að leggja til söguritun þá er ég ekki endilega að tala um að birtingarform þeirrar sögu eigi að einskorðast við hefðbundna bókaútgáfu. Það getur verið með margvíslegu móti og sjálfsagt að líta til möguleika sem tækni í myndgerð og margmiðlun býður upp á ekkert síður en hinnar hefðbundnu bókaútgáfu þó að ég telji að sjálfsögðu að hún eigi að vera þar í öndvegi, enda væri annað tæplega í samræmi við hefðirnar en að þetta kæmi a.m.k. einnig út í myndarlegri bók.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom með ýmsan fróðleik svo sem hans var von og vísa á þessu sviði og ég tek undir flest af því sem hann sagði, enda er hann minn aðallærifaðir í þessum þætti málsins, þ.e. því sem lýtur að hinum óskráða hluta sögunnar varðandi viðskiptahagsmuni og mikilvægi Grænlandsverslunarinnar. Ég hygg að allt það sé rétt sem hann fór þar með. Það er ástæða til að líta á það, bæði hvaða efnahagsleg áhrif það hafði á Íslandi, hvaða áhrif það hafði að öðru leyti hvað varðaði að halda uppi samgöngum, að mynda efnahagslegan grunn eða grundvöll fyrir samskiptum sem ella hefði ekki verið til staðar, t.d. siglingum, ef ekki hefði verið flutningurinn á þeim verðmætavarningi sem þarna kom við sögu. Mig minnir þó að hv. þm. hafi gleymt

að nefna ísbjarnarhúnana og skinn sem þarna voru einnig verðmæt vara. (Gripið fram í.) Já.

Þá nefndi hv. 3. þm. Vestf. Ólafur Hannibalsson það réttilega að söguskoðunin eða sú mynd sem við höfum af okkur sjálfum eða lífinu í landinu á upphafsárum Íslandsbyggðarinnar er auðvitað dálítið gloppótt. Það er enginn vafi á því. Við vitum t.d. að ýmsa kafla vantar þar af einhverjum ástæðum og menn hafa verið talsvert bundnir við að skoða þetta út frá hinum rituðu heimildum, út frá sögunum og sú mynd af hinum vígreifu köppum hefur fest í sessi en minna farið fyrir því að velta fyrir sér brauðstritinu, hinu daglega lífi, efnahagslegum grundvelli búsetunnar, hvaðan menningarstraumar bárust hingað o.s.frv. Þarna er því auðvitað að mörgu að hyggja.

Ég vil nefna eitt enn til sögunnar, herra forseti, sem mér finnst ástæða til að hafa í huga og það er að til viðbótar hefðbundnum fornleifarannsóknum sem bæði gamlar og nýjar geta náttúrlega lagt mikið af mörkum og veita t.d. upplýsingar um húsakost, búpeningshald og annað því um líkt eins og öllum má vera ljóst sem hafa labbað um rústirnar í Görðum og Brattahlíð og séð t.d. þau myndarlegu fjós sem þar voru og eru stífuð af með hvalbeinum eða básuð niður, en á síðari árum hefur líka verið að koma til sögunnar í vaxandi mæli ný grein eða hliðargrein innan fornleifafræðinnar sem er sú aðferðafræði að skoða fyrst og fremst það sem frá búsetunni kom, þ.e. þeir fornleifafræðingar sem líta ekki við bæjarrústunum sjálfum heldur fara beint í öskuhaugana og leita uppi þá staði þar sem frákastið var. Það er heil fræðigrein innan fornleifafræðinnar sem einbeitir sér eingöngu að því að skoða þennan þátt málsins. Mér er kunnugt um að bæði á Íslandi og Grænlandi hafa á seinustu árum verið talsverðar rannsóknir í gangi á þessu sviði, m.a. undir forustu bandarískra vísindamanna. Uppskeran af þeim rannsóknum er ekki nema að hluta til komin fram enn sem komið er að ég best veit. Sumt af því er jafnvel enn á úrvinnslustigi en það litla sem ég hef þó gluggað í þetta bæði í gegnum óbirt gögn hjá kunningjum og í gegnum blaðagreinar eða vísindagreinar sem birst hafa og birta afrakstur af rannsóknum á þessu sviði, þá þykist ég geta borið um það að þar er um stórmerkilega hluti að ræða sem út úr þessu koma og opna alveg nýjar víddir hvað það varðar að átta sig á t.d. lifibrauðinu, hvernig fæðan var samsett, hvað menn gerðu í tómstundum sínum o.s.frv. Og bara hlutir eins og að greina hve hátt hlutfall fiskbeina er í öskuhaugunum eða að finna taflmann segir heilmikla sögu. Að fæðan var samsett með tilteknum hætti eða menn gerðu sér dagamun eða höfðu sér það til afþreyingar að tefla manntafl. Svo getum við auðvitað velt því fyrir okkur hvað blessaðir mennirnir gerðu þegar þeir týndu þessu eina peði sem fannst síðan í öskuhaugnum á Svalbarða og þeir hafa auðvitað leitað lengi því að þeim var ónýtt taflið þegar vantaði einn mann.

Þannig eru, herra forseti, ýmsar aðferðir bæði klassískar en einnig sumpart nýlegar tiltækar til að nálgast þetta viðfangsefni. Ég tek að síðustu mjög undir það sem hv. þm. Ólafur Hannibalsson sagði að það kunni vel að vera að sá rammi sem tillagan setur þessu verkefni sé of þröngur enda ár um liðið síðan þessi hugsun var fyrst færð í letur og ég held að út af fyrir sig sé það ekki síðri kostur að nálgast þetta þannig að nota tilefnið, aldamótaafmælið eða landafundaafmælið til að hrinda verkinu af stað jafnvel þó að við sættum okkur við að það taki mun lengri tíma eða að birting og útgáfa færi fram einhvern tíma á árunum þar á eftir. Það væri auðvitað ekki síður ánægjulegt ef menn yrðu sammála um að standa virkilega myndarlega að verki í þessum efnum, leggja þessu til nokkra fjármuni og setja í þetta mannafla. Og þó svo að uppskeran yrði tekin í hús nokkrum árum síðar en tillagan gerir ráð fyrir, þá væri ekkert að því svo fremi sem verkið væri vandað.

Herra forseti. Ég þakka undirtektirnar sem tillagan hefur fengið og þær vekja mér bjartsýni um það, auk þeirrar staðreyndar að flutningsmenn úr öllum þingflokkum standa að tillögunni, að málið fái nú farsæla afgreiðslu.

[17:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af því að hv. þm. nefndi öskuhauga til sögunnar í fornleifafræði, þá vil ég segja eftirfarandi: Valt er mjög að beita öskuhaugum til sögulegra rannsókna. Þeir kónar sem hv. þm. dró inn í söguna, Thomas McGovern og félagar hans, allir amerískir, fóru nefnilega í gegnum öskuhaugana á Grænlandi en fundu engin fiskbein. Af þeirri niðurstöðu drógu þeir þá ályktun að Íslendingar hefðu verið aumingjar og hefðu ekki getað lagað sig að breyttum aðstæðum á Grænlandi eins og hinir innfæddu og þess vegna hefðu þeir dáið út af eintómum aulahætti. En ef Thomas McGovern hefði farið í kjördæmi hv. þm. og siglt til Grímseyjar hefði hann getað fundið þar gamlar skræður, m.a. minniskompur sem prestur skrifaði þar um miðja síðustu öld. Þar kemur fram að Grímseyingar, sem bjuggu jafnan við landnauð eins og einmitt landar okkar í Grænlandi, þurftu sökum skorts á grasi og eldiviði að nýta allt sem féll til. Þess vegna tóku Grímseyingar jafnan beinin úr þeim fiski sem þeir báru að landi og átu og blönduðu saman við hey og gáfu búsmala sínum eða notuðu sem eldivið. Þetta hefur auðvitað tíðkast frá alda öðli á Íslandi. Þetta gerðu hinir grænlensku Íslendingar og þess vegna fundu þessir menn engin fiskbein og drógu kolrangar ályktanir og eru búnir að auglýsa okkur eða þessa áa okkar út um allar þorpagrundir sem einbera aumingja. Mér varð það á að hoppa inn á ráðstefnu hjá þessum mönnum hér á Íslandi um verslunarmannahelgina síðustu þegar ég hefði betur verið úti í guðsgrænni náttúrunni með kaffibrúsann minn, en að hlusta á þetta dómadagsrugl var auðvitað alveg skelfilegt. En svo vill til að kona sem okkur Steingrími J. er eigi alls ókunn hefur nefnilega sýnt fram á hið þveröfuga, að eftir því sem leið á búsetuna og kólnaði þá óx einmitt hlutfall sjávarfangs í fæðunni þannig að ég tel að ekki eigi að draga öskuhaugarannsóknir eða Ameríkana inn í þessa umræðu heldur að halda sig bara við hina íslensku vísindakonu sem veit þetta allt miklu betur.

[17:46]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var að sönnu mjög hollt innlegg og góð ádrepa frá hv. þm. en honum skaust í einu og það er að ekki er við aðferðina að sakast í þessum efnum heldur túlkanir vísindamannanna sem ekki gæta sín þegar þeir fá tilteknar upplýsingar í hendur, eða öllu heldur oftúlkanir sem þetta er hreint og klárt dæmi um, þ.e. að sú staðreynd að fiskibein finnist ekki í öskuhaugunum þurfi ekki endilega að sanna að þau hafi ekki eftir sem áður verið í fæðunni. Það eina sem það segir er að þau fóru ekki á haugana. Menn verða auðvitað alltaf að gæta sín þó að aðferðin sem slík sé góð og það er enginn vafi á því að það má fá margar gagnlegar vísbendingar einmitt úr öskuhaugarannsóknunum. Þar getur verið ýmislegt að finna sem ekki finnst í sjálfum húsarúst-

unum eðli málsins samkvæmt af því að það er flutt þaðan og fjarlægt.

Auðvitað þurfa menn alltaf að vera á varðbergi gagnvart því að oftúlka ekki hlutina með þessum hætti og má svo sem nefna um það mörg dæmi, bæði skyld og óskyld. Sumt getur hafa breyst samtímis búsetunni sem veldur því að skekkjur geta komið fram ef menn gæta sín ekki í túlkunum. Svo vitum við að ýmislegt annað getur í gegnum tímans rás haft áhrif á rannsóknarefnið og valdið því að það lítur ekki eins út í dag og það gerði forðum. Ágætt dæmi um þetta eru t.d. rústirnar sjálfar í Grænlandi sem eru mjög misáberandi og mjög misupphlaðnar enn þann dag í dag. Við fyrstu sýn kann það að virðast þannig að húsakosturinn hafi verið mjög ólíkur að stærð og gerð, en þegar betur er að gáð er skýringin oftast nær sú að þær rústir sem liggja nálægt núverandi byggð eru að mestu leyti horfnar af þeim einföldu ástæðum að efniviðurinn hefur verið notaður í aðrar byggingar, en þær sem liggja fjær byggðum bólum eru betur varðveittar o.s.frv. Ótal dæmi af þessu tagi gætum við skemmt okkur við að rekja til kvölds ef forseti leyfði en ég held að aðalatriðið sé að þarna var ekki við aðferðina að sakast heldur óheppilegar túlkanir vísindamannanna.

[17:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins í lok þessarar skemmtilegu umræðu þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir sínar prýðilegu ræður um þetta mál. Mér finnst þær batna eftir því sem þær verða fleiri og e.t.v. ætti hv. þm. að einbeita sér að ræðum um Grænland í framtíðinni.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Ólafs Hannibalssonar áðan þá er þetta öðrum þræði verslunarsaga og við höfum vanrækt að skrifa hana. Það væri ekki úr vegi að fá Verslunarráð Íslands til þess að kosta gerð slíkrar sögu. Þeir hafa áður gert það. Þeir kostuðu útgáfu ágætrar bókar eftir annan íslenskan sósíalista, dr. fil. Gísla Gunnarsson, Upp er boðið Ísaland. Ég velti því fyrir mér í lokin, herra forseti, að ef við hv. þm. Ólafur Hannibalsson fengjum Verslunarráðið til þess að kosta slíka sögu hvort hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon væri ekki reiðubúinn til að taka sér afar langt frí frá stjórnmálum til þess að annast ritunina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, fyrri umr.

Þáltill. SJS og SJóh, 75. mál. — Þskj. 75.

[17:50]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis. Flm. ásamt mér er hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um aðgerðir til að draga úr framboði efnis þar sem ofbeldi, þar með talið kynferðisofbeldi, er sýnt í einhverju formi. Sérstaklega verði athygli beint að hvers kyns efni eða athöfnum sem líklegt má telja að börn eða unglingar verði fyrir áhrifum af.

Áætlunin miðist m.a. að því að takmarka eins og kostur er:

a. hvers kyns ofbeldi, misþyrmingar, limlestingar og manndráp í myndefni sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa og á myndböndum,

b. tölvuleiki, leiktæki og leikföng sem byggjast á ofbeldi,

c. ofbeldi á tölvunetum,

d. ofbeldi í sýndarveruleikatækjum,

e. ofbeldisefni í bókum, blöðum og tímaritum,

f. annað efni eða athafnir þar sem ofbeldi er hafið til vegs, réttlætt eða dýrkað, þar sem ástæðulausar eða tilgangslausar ofbeldisathafnir eru sýndar eða ofbeldi yfirleitt án listræns eða fræðandi gildis,

g. aðgengi barna og unglinga að ofbeldisefni.

Forsætisráðherra skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vinna með viðkomandi ráðuneytum, stofnunum og samtökum að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir á þessu sviði, þar með talið fræðslu, sem lögð verði fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu."

Hér er um endurflutta tillögu að ræða, herra forseti, frá tveimur síðustu þingum. Tillagan gerir ráð fyrir því að eins konar framkvæmdaáætlun, eins og vel eru þekktar á mörgum öðrum sviðum um aðgerðir, verði unnin og hrint í framkvæmd. Það má taka hliðstæðu af þeirri framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum sem nú er í gildi og reyndar af framkvæmdaáætlunum á ýmsum öðrum sviðum hvað varðar forvarnastarf í ýmsum málaflokkum, hvað varðar framkvæmdamálaflokka o.s.frv.

Það er enginn vafi á því, herra forseti, að vaxandi umræða er um ofbeldi og vaxandi áhyggjur af ofbeldi í samfélaginu. Við Íslendingar förum því miður ekki frekar en aðrar vestrænar þjóðir varhluta af því. Vissulega hefur ýmislegt verið gert eða undirbúið á síðustu árum. Lagaákvæði hafa verið hert og vonir eru bundnar við starfsemi nýrra eða nýlegra stofnana og embætta eins og Barnaverndarstofu og umboðsmanns barna. Ég tek það skýrt fram að ég fagna þeirri starfsemi sem þar er unnin og þar hefur margt mjög vel verið gert og merkilegt.

En eftir stendur að engin heildstæð áætlun er í gangi í þessum efnum. Ekki er um að ræða það samstarf fræðsluyfirvalda, skóla, samtaka foreldra og allra annarra sem ég tel að þurfi til að koma ef ná á einhverjum raunverulegum árangri í þessum efnum og sporna við því hvernig ofbeldi gegnsýrir allt samfélagið og veður yfir það. Það er því óbreytt skoðun okkar flutningsmanna að brýn þörf sé fyrir aðgerðir af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir.

Hér er auðvitað um að ræða, herra forseti, mál sem kemur inn á fjölskyldulíf og heimili allra landsmanna. Það þekkja sjálfsagt allir úr sínu umhverfi að sú viðleitni að reyna að forðast að láta börn horfa upp á ljótleika og þjáningar er samgróin okkur. Úr gamla bændasamfélaginu hygg ég að flestir kannist við að reynt var að forðast að láta ung börn vera viðstödd þegar skepnur voru aflífaðar eða annað því um líkt og á margan hátt var einfaldara að koma vörnum við í því samfélagi sem þá var við lýði. Í dag er þetta allt til muna erfiðara. Ofbeldið er miklu víðar að finna og það gegnsýrir heil svið, svo sem myndefni sjónvarpsstöðva og kvikmyndahúsa. Það er í leiktækjum og tólum og það er grundvöllur afþreyingar og leikja nánast á öllum sviðum. Ofbeldi í einhverju formi er einfaldlega orðið svo hversdagslegt og útbreitt fyrirbæri og á svo fjölmörgum sviðum að það er í raun ógerningur að einangra nokkurn þjóðfélagsþegn, þar með talin börnin, frá snertingu við það.

Um allan heim hafa áhyggjur manna af þessum staðreyndum verið að aukast. Menn hafa lengi beint sjónum einkum að sjónvarpi og kvikmyndahúsum og aðgerðir einskorðast við þau. Fyrir liggja ýmsar kannanir um áhrif ofbeldis í myndefni á þá sem á það horfa og þó svo að erfiðlega hafi gengið af skiljanlegum ástæðum að sýna fram á beint orsakasamhengi eða sanna að tiltekin áhrif verði af því að menn horfi á ofbeldisefni, þá liggja fyrir miklu meira en nægjanlega vel rökstuddar vísbendingar um samhengið sem er á milli mikils áhorfs á ofbeldisefni og hættu á því að menn grípi til ofbeldis í sínu lífi.

Vandaðar kannanir sýna til dæmis svo ekki verður um villst að mikil fylgni er á milli ofbeldishegðunar og mikils áhorfs á ofbeldisefni við tilteknar félagslegar eða heimilislegar aðstæður þó að ýmislegt skipti þar auðvitað máli. Ég vísa í þessu sambandi, herra forseti, til fylgiskjals með tillögunni.

Svo hefur það gerst, herra forseti, að á síðustu árum og sumpart á allra síðustu árum hefur framboð á ofbeldisefni aukist gífurlega um leið og breyting hefur orðið á eðli þess og gerð. Þar má t.d. nefna allt það ofbeldi sem nú er viðfangsefni barna og unglinga í tölvuleikjum, í venjulegum heimilistölvum og sérstökum leikjatölvum sem tengdar eru við sjónvarp. Uppistaðan í slíkum leikjum er því miður oftast nær hreint ofbeldi. Leikirnir ganga út á að drepa eða sprengja andstæðingana. Sama gildir að miklu leyti um sýndarveruleikatæki, leiktæki í spilasölum og leikföng. Ofbeldi í einhverri mynd sem einhvers konar bardagi eða hernaður er langoftast undirstaða leikjanna.

Tæknin kemur hér einnig við sögu, herra forseti, því að möguleikar í tækniframförum til að gera þetta efni eru tröllauknir. Tölvugerð mynda, bara svo dæmi sé tekið, gjörbreytir möguleikum til þess að framleiða slíka leiki og síðast en ekki síst, herra forseti, er enginn vafi á því að hér er einnig á ferðinni það sem ég kýs að kalla vítahring stigmögnunarinnar, þ.e. að rétt eins og um annað hliðstætt efni virðist það lögmál gilda að næsta mynd eða næsti leikur verði að taka þeim fyrri fram með pínulítið meiri ljótleika, pínulítið grófari ofbeldisatriðum o.s.frv. Það þarf með öðrum orðum stærri skammt í hverri umferð, meiri grimmd, afkastameiri drápstól, miskunnarlausari ofurhetjur og meira blóð. Þannig er þetta, herra forseti.

Þó hér sé ekki ætlunin að draga upp einhverja allsherjarhryllingsmynd af ástandinu þá gæti verið fróðlegt fyrir fólk að taka dæmi af því sem venjulegt barn eða unglingur getur lent í eða getur mætt í sínu daglega lífi í þessum efnum og í greinargerð með tillögunni á bls. 2 og 3 er eitt slíkt raunverulegt dæmi tekið. Það er frá haustinu 1996 og það styðst við staðreyndir hvað varðar þær ofbeldiskvikmyndir sem þá voru auglýstar á sjónvarpsstöðvunum. Það styðst við staðreyndir hvað varðar þá ofbeldisleiki sem þar eru nefndir til sögunnar. Það styðst við staðreyndir hvað varðar könnun á möguleikum unglinga undir aldri til að fá leigð myndbönd á myndbandsleigum með bönnuðu ofbeldisefni, könnun sem við nokkrir foreldrar gerðum og fengum börn okkar til að taka þátt í.

Það er sem sagt þannig, herra forseti, að ofbeldið gegnsýrir allt umhverfið. Það er mjög aðgengilegt fyrir börn og unglinga og það er stórfelldur misbrestur á að þó þau aldursmörk séu virt sem reynt er að setja hvað varðar aðgengi að kvikmyndahúsum, hvað varðar aðgengi að myndböndum og hvað varðar t.d. það að með eðlilegum hætti sé virtur réttur barna og unglinga inni á heimilum til þess að fá ekki fyrirvaralaust yfir sig ofbeldi í gegnum auglýsingar á hvaða tíma sólarhringsins sem er o.s.frv.

Herra forseti. Skoðun okkar er sú að brýn ástæða og þörf sé á því að bregðast við í þessum efnum. Menn geta auðvitað spurt sig að því hvaða möguleika Íslendingar hafi til þess að spyrna við fæti. Ekki ráðum við heimsmarkaðnum í gerð kvikmynda eða tölvuleikja. En það er ekki þar með sagt að við þurfum að fljóta meðvitundarlaus og sofandi að feigðarósi. Við getum að sjálfsögðu sett okkur reglur sjálf í eigin samfélagi og reynt að tryggja að eftir þeim reglum sé farið.

Á bls. 3 eru nefnd dæmi um hvað slík framkvæmdaáætlun um aðgerðir í þessum efnum gæti falið í sér. Í fyrsta lagi mætti t.d. setja, ef ástæða sýnist til, strangari reglur um sýningartíma efnis sem bannað er börnum. Það ætti að banna auglýsingar á efni sem ekki er leyft til sýningar fyrir alla aldurshópa nema seint á kvölddagskrá sjónvarpsstöðvanna. Að sjálfsögðu ætti einnig að banna auglýsingar á slíku efni í kvikmyndahúsunum þegar verið er að sýna myndir sem leyfðar eru til sýninga fyrir alla aldurshópa. Jafnvel gengur það svo langt að á sunnudagssýningum, sem sérstaklega eru ætlaðar yngstu aldurshópunum, er iðulega dembt yfir áhorfendur auglýsingum um ofbeldismyndir sem sama kvikmyndahús hyggst sýna fullorðnum seinna um kvöldið. Þá er væntanlega höfðað til foreldranna en ekki barnanna í þrjúbíói á sunnudögum.

Það mætti hugsa sér að aðgöngumiðar að kvikmyndum og jafnvel útleiga á myndböndum sem sýna ofbeldisefni bæru viðbótargjald, væru dýrari, og þeim fjármunum síðan varið til fræðslu og forvarnastarfs á viðkomandi sviði. Það mætti vel hugsa sér að fjármagna aðgerðirnar með slíkri gjaldtöku. Það þarf að stórefla kvikmyndaskoðun og bæta aðstöðu barnaverndaryfirvalda og löggæslu til eftirlits, sbr. 9. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum, nr. 47/1995. Framfylgja þarf ströngum reglum um að kvikmyndir séu ekki sýndar eða myndbönd leigð út eða afhent öðrum en þeim sem aldur hafa til að horfa á viðkomandi efni. Framfylgja þarf ströngum reglum um aðgang að leiktækjum sem byggjast á ofbeldisefni. Síðast en ekki síst þarf að beina fræðslustarfi að foreldrum jafnt sem börnum þar sem hvatt er til þess að virða aldursmörk, takmarka aðgang að ofbeldismyndum og öðru ofbeldisefni.

Ég vil skjóta því að, herra forseti, að ég fagna sérstaklega því átaki sem í gangi hefur verið að undanförnu, að skora á foreldra og alla aðila að virða útivistartíma með auglýsingaátaki og hvatningu. Sambærilegt átak og fræðslu þyrfti til að kynna mikilvægi þess að menn virði aldursmörk á þessu sviði.

Ég held að það sé mjög brýnt, herra forseti, að þetta mál komist formlega á dagskrá og til skoðunar hjá yfirvöldum uppeldis- og menntamála, hjá fjölmiðlum sem hér geta leikið lykilhlutverk, hjá félagsmála- og heilbrigðisyfirvöldum og annar staðar þar sem ástæða er til. Síðast en ekki síst og fyrst og fremst snýr þetta mál að almenningi í landinu, að foreldrum, uppalendum og fjölskyldunum. Þetta er mál sem við verðum að hvetja fólk til aukinnar umhugsunar um, ella sýnist mér, herra forseti, sem mér finnst ansi hart að þurfa að viðurkenna, að menn séu í raun og veru að gefast upp fyrir því að ofbeldið gegnsýri allt okkar daglega líf og fylli umhverfi okkar þannig að vart megi snúa sér við öðruvísi en að sá boðskapur sé sífellt fyrir augum eða í eyrum.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. allshn.

[18:04]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil eindregið taka undir með flutningsmönnum þáltill. um að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði á ofbeldisefni. Mér finnst við standa frammi fyrir alvarlegu ástandi. Ofbeldi í sjónvarpi síðdegis rétt fyrir fréttir er mjög algengt og foreldrar geta oft á tíðum engan veginn varist þessu. Allt þetta leiðir af sér ofbeldi í skólum og almennt meðal barna. Foreldrar eru gjörsamlega varnarlausir gagnvart ofbeldi í auglýsingum í sjónvarpi, þær flæða yfir á versta tíma þegar börnin eru kannski nýbúin að borða í samverustund fjölskyldunnar.

Ég veit þess dæmi að börn vakni upp um nætur, fái martraðir eftir auglýsingar. Þau líða fyrir þetta og samkvæmt rannsóknum hafa börn mjög rangt mat á ofbeldi, þau bera lítið skynbragð á hvað hnefahöggið þýðir. Oft á tíðum halda þau að sá sem beittur er einu höggi rísi bara upp aftur eins og í tölvuleikjunum. Þetta verður bara ekkert mál, dúndra einn niður hér og þar. Matið á styrkleika handarinnar við slíkar kringumstæður er oft á tíðum háð myndinni sem dregin er upp fyrir börn, mynd sem er alröng og mjög alvarleg.

Ég held að þetta tengist líka einelti. Við höfum séð mjög mikla aukningu á einelti í skólum og það er tengt þessum málaflokki líka. Segja má að allar sjónvarpsrásir séu uppteknar af einhvers konar ofbeldi. Ég tel að það sé mjög þarft að taka alvarlega á þessu, ekki ólíkt því sem hv. flm. nefndi rétt áðan, að mynda átak eins og gert hefur verið í sambandi við útivistartíma barna. Ég held að ef fólk mundi bindast samtökum um að gera eitthvað alvarlegt í málinu þá væri hægt að ná árangri.

[18:07]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Ég ætlaði nú ekki að hafa uppi miklar málalengingar á mínum fyrsta degi hér á þingi í fjarveru hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. (**Gripið fram í:** Ólíkt þér.) En ég get ekki orða bundist í sambandi við þessa miklu ræðu. Ég efa ekki góðan vilja og frómar óskir flutningsmanns í þessu efni en ég leyfi mér að hafa töluverðar efasemdir um hvað sé beinlínis hægt að gera á vegum ríkisvaldsins í þessum efnum.

Þó vil ég nefna til umræðunnar samlíkingu við annað álíka þar sem ég tel vera um töluverðan tvískinnung ríkisvaldsins að ræða. Annars vegar er að hafa í sínum höndum allan innflutning og sölu á áfengi og hins vegar að halda uppi töluvert viðamiklu apparati sem heitir áfengisvarnaráð, sem hefur þann starfa að vara menn við því að drekka áfengi og hafa það um hönd.

Nú veit ég ekki hvort svona ofbeldisvarnaráð mundi hafa mikil áhrif. Mér finnst líka að það gegni svolítið öðru máli þegar menn bera sig sjálfir eftir ofbeldisefni, kaupa það og greiða fyrir með eigin peningum, eða hvort því er beinlínis neytt upp á þá, eins og þegar ríkið rekur sjónvarpsstöð og innheimtir með góðu eða illu afnotagjöld af því ofbeldisefni sem það sýnir og hér hefur verið gert að umræðuefni. Ég tek eindregið undir það að fráleitt er af ríkisvaldinu og þá af okkur þingmönnum einnig, að gefa íslenska ríkissjónvarpinu ekki fyrirmæli um að hætta flutningi ofbeldisefnis og auglýsinga á ofbeldiskvikmyndum á aðalfjölskyldutíma sjónvarpsins. Fyrir utan það veit ég ekki betur en að í viku hverri séu fleiri eða færri framhaldssjónvarpsþættir heilu veturna í gegn sem byggjast eingöngu á ofbeldi, spörkum, lamningu og lemstrun fólks sem manni virðist síðan birtast aftur hér í veruleikanum í miðbæ Reykjavíkur um helgar.

Ég vil hér benda á að það væri a.m.k. nærtækt fyrir löggjafann og ríkisvaldið að gefa sínu eigin apparati fyrirmæli um að fyrir skylduáskrift að þessu sjónvarpi þurfi menn ekki að horfa upp á ofbeldi.

[18:10]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður og undirtektir, a.m.k. að verulegu leyti, við tillöguni. Ég tel alveg hárrétt að hér er það sérstaklega viðkvæmt sem snýr að börnum. Það er staðreynd að börn eiga erfiðara með að greina mörkin milli veruleika og ímyndunar. Mörkin verða óljós. Mikið áhorf á myndefni eða langsetur framan við tölvuskjái, þar sem allt er mögulegt og raunveruleikinn hverfur inn í óraunveruleikann, gerir börnum á viðkvæmu þroskastigi enn erfiðara að átta sig á þessum mörkum þegar út í lífið er komið.

Flestir félagsfræðingar nú um stundir og þeir sem rannsaka orsakir alvarlegra ofbeldisglæpa eða athafna hjá börnum og unglingum, ég leyfi mér að segja það miðað við það sem ég hef lesið og séð, hafa í vaxandi mæli áhyggjur af því að þarna sé kannski meira orsakasamband á ferðinni heldur en menn hafa hingað til talið. Vandinn liggur í því að afar erfitt að sanna nokkurn skapaðan hlut í þessum efnum. Jafnvel þó að framdir séu hroðalegir ofbeldisglæpir af ungum börnum, sem eru nánast nákvæm eftirlíking á öðru sem sést hefur í kvikmynd, þá er erfitt að sanna að það sé ástæðan. Því að auðvitað kemur í öllum tilvikum eitthvað fleira til. Væntanlega hefur eitthvað fleira bilað en það að viðkomandi ungmenni sá myndina, myndbandið eða hvað það nú var.

Mér finnst skipta miklu máli, herra forseti, hver viðbrögð samfélagsins verða. Ef við horfum t.d. á það sem hefur gerst bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum, kannski sérstaklega í Bandaríkjunum þar sem hroðalegir ofbeldisatburðir hafa orðið í hverjum skólanum á fætur öðrum, þá verður mér eiginlega enn meira um viðbrögðin en atburðina sjálfa. Viðbrögðin eru nánast eingöngu þau að loka viðkomandi ungmenni inni, dæma til þungar refsingar eða geyma handa þeim fangelsisdóma þangað til þau eru orðin nógu fullorðin til að sitja þá af sér. Að öðru leyti virðist samfélagið ekki ætla að bregðast mikið við. Í stað þess þætti mér eðlilegra að menn spyrji: Hvað er að hjá okkur þegar svona gerist? Hvað ber okkur að gera til að reyna að afstýra því að það endurtaki sig? Er nokkur leið að horfa fram hjá því að tíðni alvarlegra ofbeldisatburða, t.d. í skólum þar sem gerendurnir eru börn eða unglingar, fer vaxandi? Flestir eru sammála um að ofbeldið er alvarlegra, það er tilefnislausara og jafnvel hættulegra lífi og heilsu þeirra sem fyrir því verða en áður tíðkaðist.

Ég er einnig sammála því sem hér kom fram í máli hv. þm. áðan. Það má velta því fyrir sér hvort hlutir eins og einelti í skólum séu hér ekki í orsakasamhengi líka að einhverju leyti.

Varðandi athugasemdir hv. þm. Ólafs Hannibalssonar og efasemdir um að hér væri í sjálfu sér hægt að gera meira af ríkisins hálfu og að þetta sé tvískinnungur, svipað og að annars vegar annist ríkið um verslun með áfengi og hins vegar standi það fyrir áfengisvörnum, þá er ég nú ekki alveg sammála því sjónarmiði. Ég held ósköp einfaldlega að það

sem við stöndum hér frammi fyrir sé þess eðlis að menn treysta sér ekki til að banna viðkomandi starfsemi. Samfélagið hefur ákveðið að leyfa áfengi en um leið hefur verið ákveðið að meðferð þess og meðhöndlun sé með sérstökum hætti. Með öðrum orðum erum við að tala hér um atferli eða vöru sem er á gráu svæði, á mörkum hins leyfða og hins bannaða.

Það er ekki langt bil í mínum huga frá áfengi yfir í kannabisefni. En samfélagið hefur ákveðið að draga mörkin þar að annað sé leyft en hitt sé bannað. Það sem er leyft er sett undir strangar reglur en hitt er bannað. Ofbeldisefni, t.d. ofbeldiskvikmyndir, eru í huga mínum að þessu leyti í náskyldum flokki og brennivínið. Ég geri ekki ráð fyrir því að neinn stuðningur yrði við það eða að meirihlutasamþykki fengist fyrir því í samfélaginu eða á Alþingi í sveitarstjórnum eða annars staðar að banna slíkar myndir með öllu. Þær grófustu eru það að vísu. Menn skulu hafa það í huga að grófasta ... (**ÓHann:** Á ríkið ekki að hætta að sýna þær í skylduáskrift?)

Já, það er svo alveg sérmál sem ég ætla aðeins að koma að, að svo er spurning um hlutdeild ríkisvaldsins í þessu í gegnum það að hér er ríkisútvarp. En ég held að við eigum nú að nálgast það álitamál, þá pólitísku spurningu kannski fyrst og fremst út frá öðru en því hvort sú stöð, ef hún er til staðar, geti sýnt sams konar efni og aðrar. Ég sæi kannski tæplega að við færum að leysa þetta eða taka á þessu vandamáli þannig að við bönnuðum ríkissjónvarpinu að sýna myndir bannaðar eldri en tólf ára en leyfðum Stöð 2 að gera það. Ég held að það mundi nú ekki ganga upp.

Einnig að þessu leyti held ég að ríkisvaldið verði einfaldlega að axla bara þær skyldur sínar að þetta efni er ekki bannað, þó að takmarkanir gildi um meðferð þess. En það er meira spurningin um hvernig þær takmarkanir eru og að þær séu virtar í framkvæmd. Ég tek auðvitað undir það með hv. þm. að það er til sérstakrar skammar að ríkissjónvarpið skuli ekki reyna að vanda sig við að virða t.d. lög um vernd barna og ungmenna eða lög um ákvæði samkeppnislaganna um að vernda beri börn fyrir óæskilegum áhrifum af auglýsingum sem hér eiga við. Ég er þeirrar skoðunar. Ég geri meiri kröfur til ríkissjónvarpsins í þessum efnum en annarra.

Að vísu hefur þarna náðst nokkur árangur, m.a. vegna þess að málið var tekið upp á þingi, bæði á síðasta þingi og þarsíðasta, og hæstv. dómsmrh. og fleiri blönduðu sér í málið.

Ég tek fram að í tillögunni, eins og spurt var að í máli hv. þm. Ólafs Hannibalssonar, felst ekki í mínum huga að við ætlum að fara að setja upp eitthvert ofbeldisvarnaráð. Við flutningsmenn erum fremur að hugsa um þetta sem átak, sem átaksverkefni, sem einhvers konar aðgerðaáætlun fjölþætta, sem komi víða við sögu, ekki síst fræðsluátak. Vel má hugsa sér að reyna að gera einhvern greinarmun á því hvað aðgerðirnar snertir, hvort um er að ræða það að menn hafi sjálfir frumkvæði að því að nálgast efnið eins og með því að sækja kvikmyndahús eða með því að fara og fá sér leigt myndband eða hvort við erum að tala um varnir, að menn séu ekki varnarlausir t.d. inni á heimilum sínum fyrir þessu ofbeldi. Það er einmitt vandinn sem við verðum að átta okkur á að foreldarnir og fjölskyldurnar standa frammi fyrir. Það er enginn lengur öruggur, ekki inni á heimili sínu. Um leið og heimilið er orðið tengt netinu eða þar er myndbandstæki eru í raun allar gáttir opnar. Það er ekki lengur hægt eins og áður var í einfaldara samfélagi og fyrir tíma allrar þeirrar tækni sem nú er í boði, að vernda börn og ungmenni fyrir þessu. Þar held ég að skyldur okkar séu auðvitað hvað ríkastar, að við reynum að taka á málum í þeim efnum.

Herra forseti. Ég þakka svo að öðru leyti þær umræður sem hér hafa orðið og ég bind sömuleiðis vonir við að sú tillaga, sem er nú endurflutt í annað sinn, fái góða málefnalega umfjöllun í þinginu og vonandi afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11. og 12. mál.

Fundi slitið kl. 18:20.

---

18. FUNDUR

þriðjudaginn 3. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Virðisaukaskattur, frv., 46. mál, þskj. 46. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 51. mál, þskj. 51. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórnarskipunarlög, frv., 78. mál, þskj. 78. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vegagerð í afskekktum landshlutum, þáltill., 73. mál, þskj. 73. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Ritun sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi, þáltill., 74. mál, þskj. 74. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, þáltill., 75. mál, þskj. 75. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 42. mál, þskj. 42. — 3. umr.
8. Fjáraukalög 1998, stjfrv., 173. mál, þskj. 178. — 1. umr.
9. Ríkisreikningur 1997, stjfrv., 152. mál, þskj. 152. — 1. umr.
10. Breytingar á ýmsum skattalögum, stjfrv., 150. mál, þskj. 150. — 1. umr.
11. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 151. — 1. umr.
12. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 176. mál, þskj. 181. — 1. umr.
13. Fjárreiður ríkisins, frv., 64. mál, þskj. 64. — 1. umr.
14. Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, þáltill., 120. mál, þskj. 120. — Fyrri umr.
15. Ráðstafanir í skattamálum, frv., 170. mál, þskj. 173. — 1. umr.
16. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv., 172. mál, þskj. 176. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Greiðslur til starfsmanna í B-hluta stofnunum ríkisins, 190. mál, fsp. JóhS, þskj. 206.

Kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum, 187. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 203.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 192. mál, fsp. JóhS, þskj. 208.

Nýtt greiðslumat, 188. mál, fsp. JóhS, þskj. 204.

Samkeppnishindranir, 189. mál, fsp. JóhS, þskj. 205.

SR-mjöl, 191. mál, fsp. SvG, þskj. 207.

Athugasemdir um störf þingsins.

Undirbúningur svara við fyrirspurnum.

[13:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna fyrirspurna sem ég lagði fram í upphafi þings á þskj. 70 og 71. Fyrirspurnirnar eru til viðskrh. um samninga við bankastjóra ríkisbankanna. Þar er spurt hvort gerðir hafi verið samningar við starfandi bankastjóra Landsbanka og Búnaðarbanka áður en þeim var breytt í hlutafélög og síðan í hverju þeir samningar séu fólgnir og hversu mikið þeir kosti bankana á ári.

Nú er liðinn næstum mánuður frá því að þessar fyrirspurnir voru lagðar fram en engin svör hafa borist. Þó eru þetta einfaldar spurningar. Í gær komst ég síðan á snoðir um að vegna þessara fyrirspurna hefðu átt sér stað bréfaskipti milli ráðherra og forseta þingsins. Ég tel eðlilegt að ég sem fyrirspyrjandi verði upplýst um um hvað þessi bréfaskipti snúast og fer fram á það, herra forseti, að fá að sjá þau bréf sem farið hafa milli þingsins og hæstv. ráðherra um þetta mál.

Í gær kom einnig fram að ráðherra hygðist senda þessi svör til Ríkisendurskoðunar áður en þau kæmu fram í þinginu. Í gær hafði ég samband við ríkisendurskoðanda og kemur þá í ljós að hann er með svörin sem hefðu átt að birtast hér. Ég spyr: Telur yfirmaður Ríkisendurskoðunar, hæstv. forseti Alþingis, þetta eðlilegt? Er það, að mati hæstv. forseta, á starfssviði Ríkisendurskoðunar að kvitta fyrir svör frá ráðherrum? Út á hvaða brautir er ríkisendurskoðandi kominn þegar svo er komið? Ljóst er að gerður var samningur við bankastjórana, það hefur komið fram. Spurningarnar um þessi starfskjör eru einfaldar. Hvers vegna berast svörin ekki? Er hér eitthvað á ferðinni sem ekki þolir dagsins ljós?

Ég vil fá svör við þessu frá hæstv. ráðherra. Herra forseti. Ég fer einnig fram á að fá þau bréf sem skrifuð voru vegna þessara fyrirspurna minna og einnig að fá svör við því hvort forseti telji vinnubrögðin varðandi þessar fyrirspurnir eðlileg.

[13:36]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti lætur þess getið að hæstv. iðnrh. er á fjarvistarskrá og mun því ekki geta tekið þátt í þessari umræðu. Vegna þeirrar athugasemdar sem hv. þm. kom með vill forseti láta þess getið að það er rétt að svar við þeirri fyrirspurn sem þingmaðurinn nefndi hefur ekki borist og er þó liðinn tilskilinn frestur. Ástæðan mun vera sú sem fram kom í máli hv. þm. og hann gerði grein fyrir áðan, þ.e. bréfaskipti hæstv. iðnrh. og ríkisendurskoðanda.

Forseti vill láta þess getið að forsn. voru kynnt bréfaskipti ráðherra og þingforseta um þetta mál á seinasta fundi nefndarinnar.

Forseti ætlar ekki hér og nú að kveða upp dóm um það hvort hafi verið eðlilega að málum staðið, eins og hv. þm. komst að orði. Forseti hefur tekið eftir athugasemdum hv. þm. og gerir ráð fyrir því að málið verði rætt á næsta fundi forsn. sem haldinn verður.

[13:38]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leggja það eitt til þessa máls að í ljósi þess að hér er um mjög einfaldar spurningar að ræða og tiltölulega einföld svör, þá eru engar efnislegar skýringar á því að hæstv. ráðherra hefur ekki náð að svara þeim innan tilskilins frests sem getið er um í þingsköpum, þ.e. tíu virkum dögum eftir að fyrirspurnin er leyfð. Þær upplýsingar sem hér hafa verið gefnar um hlutdeild Ríkisendurskoðunar í þessum svörum eru auðvitað umhugsunarefni út af fyrir sig. Það breytir því ekki að engar skýringar eru handbærar fyrir því að þessi svör eru ekki hingað komin nú þegar.

Það liggur ljóst fyrir að hæstv. ráðherra er æðsti yfirmaður viðkomandi banka, var það fyrir hlutafélagavæðingu og er það eftir hana. Trúnaðarmenn hans sitja í bankaráðum og eru valdir af honum persónulega í núverandi hlutafélagabönkum. Fyrir áramót meðan þessir bankar voru ríkisbankar hafði hann sérlegan endurskoðanda á sínum snærum. Innan þessara banka er því hópur sérlegra trúnaðarmanna hæstv. ráðherra og honum er í lófa lagið að snúa sér beint til þeirra. Það kann að vera að hæstv. ráðherra hafi áður brennt sig í þessum efnum og vilji fara sér hægt áður en hann kemur fram fyrir hv. þm. og svarar þeim.

En maður lifandi, virðulegi forseti, hann þarf ekki lengri tíma en tíu virka daga til þessa. Ég tek því undir athugasemdir málshefjanda, hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Hún á auðvitað þinglegan rétt á að fá þessi svör hið allra allra fyrsta því ekki hafa borist haldbærar skýringar á óeðlilegum drætti hæstv. ráðherra í þessum efnum.

[13:40]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst þessi umræða um störf þingsins vera mjög sérkennileg svo ekki sé meira sagt. Ég hélt að það væru óskráðar reglur í þinginu að þegar ráðherra er krafinn svara um seinagang á svörum frá honum, þá væri hann viðstaddur. Þetta er alveg ný aðferð í umræðum hér á hv. Alþingi sem mér þykir mjög sérkennileg.

Varðandi málið almennt þá finnst mér orðið vandlifað. Viðkomandi ráðherra sat hér undir miklum árásum á sl. vori fyrir að veita ekki Alþingi rétt svör. Ég man ekki betur en hann segði að áður en hann svaraði mundi hann framvegis ráðgast við Ríkisendurskoðun um svör sín svo þetta kæmi ekki fyrir aftur. Nú situr sami ráðherra undir miklum ámælum fyrir að ráðgast við Ríkisendurskoðun um svörin. Mér finnst þetta mjög sérkennilegt svo ekki sé meira sagt og málatilbúnaður allur með ólíkindum.

[13:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Sem starfandi viðskrh. vil ég koma inn í þessa umræðu og upplýsa að hæstv. viðskrh. hefur eins og hér hefur komið fram fjarvist í dag og mun trúlega líka óska eftir fjarvist á morgun. Hann verður kominn aftur, eftir stutta ferð til Kanada, á fimmtudag og getur þá væntanlega tekið þátt í umræðum við hv. þm. um þetta mál.

Ég tek undir það með hv. seinasta ræðumanni, hv. þm. Jóni Kristjánssyni, að heppilegra hefði verið að bera þetta mál upp þegar hæstv. viðskrh. væri viðstaddur til þess að svara fyrir sig beint. Ég verð að gera þá játningu fyrir hv. málshefjanda og þingheimi að ég þekki auðvitað ekki til málsins og hvar svör hæstv. viðskrh. eru stödd í augnablikinu. Ég þekki ekki til umræddra bréfaskipta og get í sjálfu sér ekki svarað fyrir það. Ég vildi þó koma upp í þessari umræðu af því að ég gegni störfum hæstv. viðskrh. um þessar mundir og mun koma þeim athugasemdum sem hér hafa komið fram um málið og málsmeðferð á framfæri við hann.

[13:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vegna þessarar umræðu vil ég að fram komi að ég hugðist alls ekki eiga orðastað við hæstv. viðskrh. og iðnrh. Ég átti orðastað við hæstv. forseta þingsins vegna þess hvernig haldið hefur verið á þessum málum. Ég kalla eftir svörum forseta þingsins. Nú er liðinn mánuður síðan beðið var um þessi svör. Ég komst í gær á snoðir um að það er verið að skrifast á, milli hæstv. forseta Alþingis og hæstv. ráðherra, um þessa fyrirspurn mína og hvernig tilhögun á henni skuli vera. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að ég sem fyrirspyrjandi fái upplýsingar um þessi bréfaskipti. Ég fer fram á fá þessi bréf milli hæstv. forseta Alþingis og ráðherra. Mér finnst það fullkomlega eðlileg vinnubrögð en fékk ekki svör við því hjá hæstv. forseta áðan hvort ég fengi bréfaskiptin.

Auðvitað ætti að vera auðvelt fyrir hæstv. ráðherra, sem ég vissi reyndar að væri fjarverandi og ætlaði ekki að ræða við að koma með svör við þessum einföldu spurningum um þá starfslokasamninga sem gerðir voru við bankastjóra ríkisbankanna áður en þeir urðu að hlutafélögum. Þetta eru mjög einfaldar spurningar sem ætti að vera hægt að fá svör við, hvort sem væri frá bankaráðum eða öðrum fulltrúum hæstv. ráðherra í bönkunum. Ég kalla eftir því að fá svör frá hæstv. forseta: Fæ ég að kynna mér þau bréfaskipti sem orðið hafa vegna fyrirspurnar minnar? Ég fer fram á það hér með að fá að sjá hvað þarna hefur verið á ferðinni enda eru þar mjög sérkennileg vinnubrögð svo ekki sé meira sagt, herra forseti.

[13:45]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill láta þess getið, að gefnu tilefni, að það er rétt sem hefur komið fram að nokkrar bréfaskriftir hafa átt sér stað út af þessari tilteknu fyrirspurn. Bréfaskriftir þessar hafa verið milli forseta þingsins og hæstv. ráðherra annars vegar og hæstv. ráðherra og ríkisendurskoðanda hins vegar.

Hv. þm. hefur óskað eftir því að henni verði kynntar þessar bréfaskriftir og forseti hefur þegar tekið fram að hann mun koma óskum þingmannsins á framfæri og þær verða ræddar á næsta fundi forsn. Forseti gerir ekki ráð fyrir að það verði mikið vandamál að upplýsa hv. þm. um efni þessara bréfa en auðvitað er það þannig þegar bréf ganga milli að þá vilja menn kannski bera það undir þá sem bréfin hafa ritað áður en þau eru gerð opinber.

[13:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég er fullkomlega sáttur við úrskurð forseta í þessum efnum en ég tek til máls á nýjan leik vegna orða hv. þm. Jóns Kristjánssonar því það var ákaflega merk yfirlýsing sem hann gaf úr þessum ræðustóli þar sem hann kvað það bera vott um íhygli hæstv. ráðherra að fara með væntanleg svör til Ríkisendurskoðunar og fá þau stimpluð þar áður en þau kæmu fyrir augu þingheims.

Ég spyr: Er það þannig sem við viljum hafa þetta? Ég vek athygli virðulegs forseta á því, sem hann auðvitað veit, að ríkisendurskoðandi heyrir undir þingið. Ef þingmenn vilja eiga orðastað við ríkisendurskoðanda eða spyrja hann gera þeir það beint. Þeir þurfa ekkert að fara í gegnum hæstv. ráðherra eða ríkisstjórn um þau efni. Sannleikurinn er sá að þegar hv. þingmenn spyrja hæstv. ráðherra eiga hæstv. ráðherrar að svara því á eigin ábyrgð, eins og laganna hljóðan segir til um, en ekki hlaupa undir pilsfaldinn hjá ríkisendurskoðanda eins og mér virðist eiga að vera hér reglan fremur en undantekningin.

Ég mótmæli því algerlega þessu viðhorfi og þessum skilningi hv. þm. Jóns Kristjánssonar, forustumanns Framsfl. í þinginu í smáu og stóru, um að þannig eigi hlutir að ganga fram. Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi og lýsir miklum misskilningi. (Gripið fram í.) Hafi hann heyrt það eftir hæstv. viðskrh. að þannig ætlaði hann að hafa þetta í framtíðinni verður líka að vinda ofan af þessum misskilningi hæstv. iðnrh. og viðskrh. því þetta gengur þvert á venjur og reglur og gildandi lög. Við hv. þingmenn erum að spyrja hæstv. ráðherra og viljum að þeir svari en hlaupi ekki undir pilsfald ríkisendurskoðanda eða annarra úr embættismannakerfinu.

[13:49]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir það mat sem hann hefur á völdum mínum í hv. Alþingi. Það er verst að ég þarf ekki að fara í prófkjör á næstunni svo ég get ekki nýtt þessi ummæli mér til framdráttar í kjördæminu en ég mun koma þeim til skila í kosningabaráttunni. (**Gripið fram í:** Varaformaður.)

En svo að ég víki að efni ræðu hv. þm. að öðru leyti þá hef ég hvergi séð það í lögum um Ríkisendurskoðun að ráðherra sé ekki heimilt að leita álits hennar í málum. Ef það er talið vottur um óvönduð vinnubrögð að leita álits Ríkisendurskoðunar þá veit ég ekki hvar ég er staddur. Og ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS og RG, 46. mál (veiðileyfi í ám og vötnum). — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. SF, 51. mál (þingseta ráðherra). — Þskj. 51.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 78. mál (þjóðaratkvæðagreiðsla). — Þskj. 78.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Vegagerð í afskekktum landshlutum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og KHG, 73. mál. — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Ritun sögu landnáms Íslendinga á Grænlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 74. mál. — Þskj. 74.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og SJóh, 75. mál. — Þskj. 75.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 42. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 42.

[13:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram við 3. umr. þessa máls, þar sem ég var fjarverandi þegar það var tekið til 2. umr., að ég var viðstödd afgreiðslu málsins á fundi félmn. þó að í nál. kæmi aðeins fram að meiri hluti nefndarinnar samþykkti frv. og hverjir væru fjarverandi. Ástæða þessa er að ég lýsti því yfir við afgreiðslu málsins úr félmn. að ég tæki ekki afstöðu ...

(**Forseti** (RA): Forseti vill óska eftir því að hv. þm. gefi ræðumanni hljóð en láta þess um leið getið að þá má reikna með atkvæðagreiðslu innan tíðar.)

Ég þakka forseta fyrir þessi skörulegu viðbrögð enda mun ég ekki tefja fundinn lengi varðandi þetta mál. En það er mjög mikilvægt að koma því til skila að það var vegna ákvörðunar um að taka ekki þátt í afgreiðslu málsins úr félmn. sem nafn mitt var ekki að finna á nál. félmn.

Það frv. sem hér er tekið til 3. umr. er til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 10. júlí sl. sem voru sett til að taka af vafa um gildistöku sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Mikið ósætti var um afgreiðslu þessa máls í vor vegna ákvæða sem þar var að finna um stjórnsýslu miðhálendisins og við afgreiðslu málsins í vor sat þingflokkur jafnaðarmanna hjá og taldi að málið væri allt á ábyrgð stjórnarmeirihlutans. Ég árétta að það var vegna hálendismálanna sem við vorum með harða afstöðu vegna þess að í sveitarstjórnarlögunum sem slíkum eru mörg mikilvæg ákvæði varðandi sveitarstjórnarstigið. Þetta var grafalvarlegt mál. Þetta er grafalvarlegt mál. Þetta er mál á ábyrgð stjórnarmeirihlutans eins og það var í vor og þess vegna mun þingflokkur jafnaðarmanna sitja hjá við afgreiðslu málsins þegar það kemur til atkvæða, herra forseti.

[14:01]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Sú sem hér stendur á sæti í félmn. en átti það reyndar ekki á síðasta þingi. Af sömu ástæðu og fram kom hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur skrifa ég ekki undir það nál. sem hér er til umræðu og þingflokkur Kvennalistans mun sitja hjá við afgreiðslu þessa máls á sama hátt og við gerðum í vor. Við vorum efnislega algerlega ósammála þeim ákvæðum er varða hálendið í því frv. og teljum það fyrst og fremst vera á ábyrgð stjórnarmeirihlutans að gildistakan klúðraðist þar að auki. Þess vegna munum við sitja hjá við afgreiðslu þessa máls nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, BBj, DH, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, HjálmJ, IP, JónK, KÁ, LRM, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VE, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁRJ, BG, GE, GGuðbj, JörG, ÓHann, RA, RG, SJóh, SvanJ, ÞHS, ÖS) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, FI, FrS, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, SighB, StG, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 215).

Fjáraukalög 1998, 1. umr.

Stjfrv., 173. mál. — Þskj. 178.

[14:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998 sem er að finna á þskj. 178 og er 173. mál þessa þings. Með frv. er áætlað að tekjur ríkissjóðs hækki um ríflega 9 milljarða kr. frá fjárlögum þessa árs og sótt er um viðbótarfjárheimildir til útgjalda er nema 13,3 milljörðum. Þar af

eru 9,2 milljarðar kr. lífeyrisskuldbindingar sem koma til greiðslu síðar.

Frv. er með nokkuð breyttu sniði frá því sem verið hefur vegna nýrrar framsetningar á fjárlögum og ríkisreikningi í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Þannig er fjármögnun útgjalda sýnd sérstaklega fyrir hvern fjárlagalið. 1. gr. er sýnd á rekstrargrunni og sjóðshreyfingar koma fram í 2. gr. Loks eru sérstök yfirlit m.a. um breytingar er verða á mörkuðum tekjum og gjöldum. Vegna framangreindra breytinga verður frv. nokkru meira að vöxtum en undanfarin ár en vonast er til að á móti veiti það gleggri mynd af stöðu ríkisfjármálanna.

Vert er að benda sérstaklega á að tekin er upp breytt tilhögun á flutningi umframgjalda og ónotaðra fjárveitinga á milli ára. Undanfarin ár hefur verið sótt sérstaklega um flutning fjárveitinga til næsta árs en í 37. gr. laga um fjárreiður ríkisins frá því á síðasta ári er ákvæði um að fjmrh. og hlutaðeigandi ráðherra sé heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs og draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins. Ákvæðið er talið vera fullnægjandi heimild til að flytja fjárveitingar á milli ára og því er ekki sérstök tillaga þess efnis færð undir launa- og verðlagsmálalið fjmrn.

Sérstakt yfirlit yfir stöðu fjárheimilda er birt í frv. auk þess sem fjallað er um tilfærslurnar í greinargerð eins og venja hefur verið undanfarin ár.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs verði ríflega 9 milljörðum kr. hærri á þessu ári en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Það sem skýrir hærri tekjur er fyrst og fremst aukin velta og meiri vöxtur kaupmáttar en forsendur fjárlaga byggðu á. Þannig er nú gert ráð fyrir að einkaneysla vaxi tvöfalt meira en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir eða um 10% á milli ára í staðinn fyrir 5%. Svipaða sögu er að segja um kaupmátt ráðstöfunartekna sem vex um 8,9% í stað 4,9% og innflutningur og fjárfesting er mun meiri af þessum sökum en fjárlög gerðu ráð fyrir. Er nú talið að skattar af tekjum einstaklinga aukist um ríflega 2 milljarða kr. frá áætlun fjárlaga og skattar á vöru og þjónustu um 6,3 milljarða. Tryggingagjöld og aðrar tekjur aukast um tæpar 700 millj. Þegar frv. var í vinnslu lá álagning á fyrirtæki ekki fyrir. Var því gert ráð fyrir óbreyttum tekjum af tekju- og eignarsköttum lögaðila. Nú er álagningu á þessa aðila lokið og bendir hún til þess að tekjur ríkissjóðs verði sem næst áætlun fjárlaga. Ef miðað er við svipað hlutfall áætlana í skattálagningunni og í fyrra, þá bendir álagningin til að tekjuskattar fyrirtækja verði e.t.v. 100–200 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum en á móti verði eignarskattar um 100 millj. kr. lægri en áætlað er í fjárlögum þessa árs.

Í frv. er sótt um 13,3 milljarða kr. viðbótarfjárheimild. Þar af nema gjaldfallnar en ógreiddar lífeyrisskuldbindingar 9,2 milljörðum kr. og mismunur á lækkun greiddra og gjaldfallinna vaxta nemur 750 millj. kr. Að frátöldum lífeyrissjóðskuldbindingum og vaxtagjöldum er sótt um 4,5 milljarða kr. hækkun útgjalda sem skiptist þannig að 2.645 millj. kr. eru rekstrargjöld, ríflega 200 millj. eru rekstrar- og neyslutilfærslur. Síðan er gerð tillaga um að stofnkostnaður hækki um rúmlega 1.630 millj. kr. og viðhald um tæplega 40 millj.

Hækkun rekstrargjalda um 2.645 millj. skýrist að stærstum hluta af hækkun launaútgjalda eða um 1 milljarð vegna kjarasamninga og úrskurðar kjaranefndar. Þá eru um 650 millj. til að gera upp uppsafnaðan rekstrarhalla heilbrigðisstofnana, 180 millj. til reksturs framhaldsskólanna og 130 millj. til reksturs löggæslustofnana.

Neyslu- og rekstrartilfærslur hækka um 208 millj. kr. og vegur þar þyngst 150 millj. kr. greiðsla til bænda vegna hækkunar á grundvallarverði mjólkur og aukið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna hækkunar á mörkuðum útgjöldum er 146 millj. Aðrar hækkanir eru minni en á móti kemur að barnabætur lækka um 250 millj. vegna meiri hækkunar tekna en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga og bætur lífeyristrygginga verða um 200 millj. kr. innan forsendna fjárlaganna.

Stofnkostnaður hækkar samtals um 1.630 millj. frá fjárlögum og vega þar þyngst fasteignakaup og framkvæmdir í samræmi við ákvæði 7. gr. fjárlaga. Þar af eru 300 millj kr. færðar á liðinn Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum og má að stærstum hluta rekja til ráðstöfunar á söluandvirði ýmissa ríkiseigna til framkvæmda og til kaupa á húseignum umfram áætlun fjárlaga. Um 300 millj kr. eru færðar á liðinn Sendiráð almennt til kaupa á lóð undir bústað sendiherra Íslands í Berlín, til endurnýjunar á langtímaleigusamningi fyrir sendiherrabústaðinn í London og til kaupa á íbúð fyrir sendiherra Íslands í París. Til flýtiframkvæmda við hafnir er sótt um 286 millj., 170 millj. eru til aukinna jarðræktarframlaga og 119 millj. til Vegagerðarinnar í samræmi við endurskoðaða tekjustofna. Aðrar breytingar eru minni.

Eins og fram hefur komið er sérstakt yfirlit yfir ónotaðar fjárveitingar og umframgjöld árið 1997 í frv. Alls er gert ráð fyrir að fjárveiting til reksturs stofnana árið 1998 hækki um 1.688 millj. eða sem nemur þessum ónotuðu rekstrarheimildum frá árinu 1997. Á móti kemur að rekstrarfjárveitingar á yfirstandandi ári eru lækkaðar um 1.728 millj. vegna umframrekstrargjalda stofnana á sl. ári. Þá er lagt til að ónotaðar rekstrartilfærslur er nema 760 millj. kr. verði fluttar á þetta ár og loks er gert ráð fyrir að 857 millj. kr. fjárveitingar til stofnkostnaðar og viðhalds flytjist yfir á árið 1998 frá árinu 1997. Samtals er gert ráð fyrir að fluttar verði 1.575 millj. kr. nettó í fjárheimildum á milli ára.

Áætluð afkoma ríkissjóðs í ár er óbreytt frá því sem fram kemur í frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 og er sú áætlun sýnd óbreytt í frv. Samkvæmt því verður handbært fé frá rekstri 9,9 milljarðar kr. og fjármunahreyfingar skila ríkissjóði tæplega 4,8 milljörðum kr. Samtals verður lánsfjárafgangur ríkissjóðs því 14,6 milljarðar á þessu ári ef áætlanir ganga eftir. Það fé verður notað til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Þá fyrirvara verður að gera að áætlunin miðast við að órói á erlendum fjármálamörkuðum dragi ekki úr eftirspurn eftir íslenskum útflutningsvörum þótt blikur geti verið á lofti að því er varðar afurðir stóriðju. Minni hagvöxtur erlendis og hugsanleg áhrif hér á landi geta dregið úr þeim vexti einkaneyslu og fjárfestingar sem tekjuáætlunin byggir á. Þá er óvissu háð hve mikið af fjárheimildum ársins verða nýttar í ár og flytjast á milli ára í árslok. Því til viðbótar eru horfur á að greiddir vextir ríkissjóðs minnki minna en gert er ráð fyrir í áætluninni vegna innköllunar ríkisskuldabréfa á árinu. Ef af verður munu vaxtagjöld í framtíðinni hins vegar verða minni sem nemur innkölluninni. Þessi atriði gefa þó ekki tilefni til að endurskoða áætlunina og verður endurskoðuð áætlun lögð fyrir í desember eins og venja er. Markmið ríkisstjórnarinnar er óbreytt um að nota það svigrúm sem myndast eins og kostur er til að lækka skuldir ríkisins.

Þær breytingar eru gerðar á lánsfjárheimildum að tekin eru upp ákvæði eins og voru í lánsfjárlögum áður, þ.e. áður

en þau voru felld inn í fjárlög, um að fjmrn. geti heimilað aðilum sem njóta ríkisábyrgðar að skuldbreyta lánum sínum þegar hagstæðari kjör eru talin bjóðast. Þá liggur fyrir beiðni frá Húsnæðisstofnun ríkisins um að heimild til útgáfu húsbréfa í ár verði aukin um 3 milljarða kr. eða úr 16,5 milljörðum í 19,5 og hefur erindi vegna þessa þegar verið sent fjárln. Til að tryggja hnökralausa útgáfu húsbréfa er farið fram á að fjárln. staðfesti að nefndin muni leggja fyrir Alþingi tillögu þess efnis að heimild til útgáfu húsbréfa verði aukin um 3 milljarða á þessu ári.

Herra forseti. Ég hef farið nokkrum almennum orðum um frv. og þá stefnu sem fram kemur í því. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda einstaka liði í frv. umfram það sem hér hefur verið gert en legg að lokum til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þingsins.

[14:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög góð lesning hjá hæstv. fjmrh. og flest af því góð tíðindi. Ég ætla ekki að reifa það frekar, ég kem inn á það í ræðu á eftir en mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh. tveggja spurninga.

Í fyrsta lagi: Hver verður heildarskuldbinding ríkissjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga eftir þessar breytingar í árslok?

Í öðru lagi: Hver verða reiknuð vaxtagjöld ríkissjóðs árlega vegna þessara skuldbindinga næstu árin?

[14:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi er nú sennilega helsti sérfræðingur hér í sal um málefni lífeyrissjóða og tengdum hlutum. Ég man það ekki í svipinn hversu mikil lífeyrisskuldbindingin verður orðin að loknu þessu ári en ljóst er að hún er vel yfir 150 milljarða kr., sennilega rúmlega 160 milljarðar kr.

En það sem er að gerast er þó að hér er verið að leggja til hliðar fyrir þeim skuldbindingum, taka þær með í reikninginn sem ekki hefur verið gert áður, og áætla fyrir þeim greiðslum í framtíðinni. Ég held að það sé það merkilega að því er þetta atriði varðar sem hér er að gerast.

Varðandi vextina þá hef ég þann kostnað ekki á takteinum enda kemur hann ekki til greiðslu heldur er þetta útreiknuð vaxtaskuldbinding sem ekki kemur til útborgunar og er ekki gjaldfærð með sama hætti og venjulegir vextir af lánum. Þetta hygg ég að hv. fyrirspyrjandi þekki nú reyndar mun betur en ég. Þetta er það besta svar sem ég get gefið á þessu stigi við þessum ágætu spurningum.

[14:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin þó nokkuð óljós hafi verið. Að sjálfsögðu var hann ekki undir þau búinn. Ég fæ þau kannski seinna við tækifæri. Ég hef nú grun um að skuldbindingin sé ekki alveg svona há, en nógu há er hún samt og á þessum reiknigrundvelli er reiknað með 3,5% vöxtum. Þá vexti þarf að greiða til framtíðar á jafnafdrifaríkan hátt og þá vexti sem Íslendingar borga af barnaláninu fræga í Bretlandi sem ber 14% vexti ofan á pund. Þó að það lán komi ekki til greiðslu fyrr en eftir dúk og disk þá er það skuldbinding sem komandi kynslóðir koma til með að taka á sig. Það á jafnt við um þessa lífeyrisskuldbindingu og t.d. útgáfu á spariskírteinum sem ekki kemur til greiðslu á þessu ári heldur kannski eftir fimm, sex eða jafnvel tíu ár.

En til greiðslu kemur það samt fyrr en seinna, og það eru komandi kynslóðir sem munu borga þetta. Við þurfum vissulega að hafa áhyggjur af því hvað við eigum að leggja miklar byrðar á komandi kynslóðir.

[14:17]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Þegar þetta frv. til fjáraukalaga er lagt fram hefur kannski ekki gefist tími til að fara mikið ofan í þær tölur og aðgerðir sem um er að ræða í frv. En það eru nokkur atriði sem mig langar til að nefna.

Í fyrsta lagi er ný framsetning á sjálfu frv. Það er sett fram samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins og gerir það að verkum að öll framsetning er samanburðarhæfari. Það er miklu betra að líta á tölur sem verið er að fjalla um og skoða þær í samræmi við gildandi fjárlög og reikninga. Ég fagna því eins og þegar fjárreiðum ríkisins breytt var á þann veg sem nú er. Ég lét það þá skýrt í ljósi að það væri mér að skapi og ugglaust fleiri þingmönnum á þeim tíma sem það var gert.

Í gegnum árin hef ég alltaf gagnrýnt veittar en óhafnar fjárheimildir og ég tel að ástæða sé til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort einhverjar hugmyndir séu uppi um að breyta þeim háttum sem menn hafa haft, þ.e. að ráðuneytin hafa verið með fjárheimildir sem þau hafa ekki notað á milli ára og fengið þær fluttar ár eftir ár eftir ár, ekki hvað síst ráðuneyti hæstv. fjmrh. Ég tel þetta óeðlilegt. Ég tel að það væri a.m.k. skref í áttina að menn felldu niður 75% af óhöfnum fjárheimildum við hver áramót. Það væri það rétta og mundi gera það að verkum að skilvirkara væri ef þær fjárheimildir sem menn sækjast eftir til ráðstöfunar væru nýttar á því ári sem um er beðið. Annars getur maður ályktað að einungis sé verið að fá sér öryggisnet og menn séu að sækjast eftir því.

Það er rétt að geta þess, eins og fram kom í ræðum minni hlutans, að við síðustu fjárlög stefndi í það að 10–11 milljarða vantaði upp á tekjurnar. Og það passaði alveg, enda eru útgjöldin 12 milljarðar umfram áætlun, þar af tæpir 9,5 milljarðar vegna lífeyrisskuldbindinga, eins og frægt er orðið. Það var getið um það í ræðum minnihlutamanna við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1998, þó var ekki tekið tillit til þess.

Það sem mér finnst vera miður varðandi fjárlögin og fjáraukalögin er að ekki var hlustað á þau rök sem sett voru fram við fjárlagaafgreiðsluna í desember 1997, þ.e. að 1,5 milljarða vantaði vegna heilbrigðiskerfisins, — þó var það fyrirliggjandi — en kemur síðan fram í fjáraukalögum árið eftir. Ég ætla ekki að rekja þær tölur frá stofnun til stofnunar sem þó væri ástæða til vegna þess að núna er stefnt í að fara af stað á sama máta, þó fyrirsjáanlegt sé að stóru spítalarnir í Reykjavík verði keyrðir með halla þrátt fyrir að menn hafi reynt að klóra verulega í bakkann og leiðrétta. Þetta eru hlutir sem ég tel að við þurfum að bæta, ekki síst fyrir það að fyrirsjáanlegt er hvert stefnir í þeim málum.

Það væri kannski ástæða til þegar maður er að velta fyrir sér frv. til fjáraukalaga að spyrja hæstv. fjmrh. hvort fyrirhugaðar séu einhverjar aðgerðir vegna skattsvika. Það er ástæða til að taka á því máli. Þetta er vandamál sem er í þjóðfélaginu. Núna þegar allir virðast hafa nóg að gera fæst ekki fólk t.d. til viðhaldsvinnu nema gengið sé frá þeim málum nánast á þann veg að ekki sé gefið upp til skatts. Þetta er viðurkennt vandamál í þjóðfélaginu og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hann hugsi sér að taka á því máli. Það hefur verið talað um 11–14 milljarða sem eru einhvers staðar í

neðanjarðarhagkerfinu sem fari fram hjá. Þar held ég að við sem erum á hv. Alþingi gætum tekið sameiginlega á og reynt að lagfæra þá hluti. Þetta er mesta skömm og ég kalla það þjóðarskömm að allir skuli vita um þetta en enginn vilji gera neitt í þessum málum.

Mig langar síðan, herra forseti, að koma að öðru máli sem er ekki beint tengt frv. til fjáraukalaga en vil nota þetta tækifæri. Það er vegna breytinga á lögum sem voru felld úr gildi, þ.e. lög nr. 34/1995 voru felld úr gildi með lögunum nr. 83/1998, þ.e. um vörugjald af olíu. Það frv. var samþykkt af 23 aðilum í þinginu en bróðurpartur þingmanna sat hjá við afgreiðslu þessa máls. (Gripið fram í.) Þetta er olíugjaldsmálið. Og olíugjaldið varð ekki að veruleika eins og menn ætluðu sér. Þetta frv. var þá flutt af hæstv. þáv. fjmrh. og ég tel að menn hafi gert mikla skekkju þegar það var gert.

Mér finnst vera ástæða til að spyrja um það mál. Spyrja hvort hæstv. fjmrh. sé kunnugt um hversu miklar tekjur hafa orðið til vegna sekta hjá þeim sem eru að aka þungaflutningabílum um vegi landsins, og einnig hvort fyrirhugað sé að breyta aftur til þess sem hæstv. fyrrv. fjmrh. ætlaði sér, þ.e. að setja olíugjald á.

Ég held að á ferðinni sé svo mikil mismunun milli aðila, milli þessara litlu einkaaðila og tröllanna á vegunum, sem eru stóru flutningafyrirtækin sem búa við allt önnur skilyrði en litlu einkaaðilarnir sem eru kannski með einn, tvo, þrjá vöruflutningabíla á móti tröllunum á vegunum. Ég þarf ekki að útskýra það nánar hvað um er að ræða, ég veit að hæstv. fjmrh. er mjög vel kunnugt um að það er misjöfn aðstaða og misjöfn afkoma þessara aðila og misjöfn gjöld á þá lögð. Það eru stóru aðilarnir sem bera minni gjöldin af því að þeir geta gert sína bíla út sem flutningaskip. Það er merkilegt mál. Ég á eftir að gera þessu máli betri skil síðar. En mér fannst rétt að nota þetta tækifæri til að minnast á þetta. Síðar gæti komið til að þetta mál yrði sett fram í skriflegri fyrirspurn og þá gætum við rætt þetta mál nánar, ég og hæstv. fjmrh., en ég vildi fá að vita hjá honum hvort hann hugsaði sér að flytja á ný frv. um olíugjald. Þetta er mikið hitamál hjá mörgum aðilum sem búa við þær aðstæður sem ég var að nefna.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þetta frv. til fjáraukalaga. Ég læt það bíða þangað til við höfum fengið umsögn Ríkisendurskoðunar um framsetningu þess. Ég hygg að þetta sé allt saman gert með góðum og formlegum hætti, ég sé ekki ágalla á þessu máli. En ég gagnrýni, eins og ég gerði í upphafi, að um sé að ræða óhafnar fjárveitingar árum saman sem ráðuneytin sækja eftir og fá leyfi til að flytja á milli ára. Það ætti að fella niður kannski fyrstu tvö árin 75% af óhöfnum fjárveitingum og síðan að fullu og öllu.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nokkur orð um fjáraukalagafrv. hæstv. fjmrh. sem hér er til umræðu. Í fyrsta lagi er það auðvitað athyglisverð staðreynd, en staðreynd samt engu að síður, að búskapurinn hjá hæstv. ráðherra er býsna blómlegur að því leyti til að tekjuauki ríkissjóðs er umtalsverður. Það er sjálfsagt að ræða þá hluti bara eins og þeir liggja fyrir.

Samkvæmt töflu á bls. 50 í fskj. með frv. er 9 milljarða aukning á tekjum ríkissjóðs miðað við þá áætlun sem er nú unnið eftir frá fjárlögunum eins og þau standa prentuð fyrir árið 1998. Það er auðvitað ágætisbúbót. Að vísu aukast gjöldin einnig allverulega eða um 12 milljarða eins og það er bókfært hér. Að vísu er um að ræða gjaldfærslu á áætluðum áföllnum lífeyrisskuldbindingum sem greiða þarf í framtíðinni en koma ekki til greiðslu á árinu þannig að það fer eftir því hvernig því er stillt upp. Engu að síður er alveg ljóst að tekjuaukinn er umtalsverður og lánsfjárjöfnuðurinn verður jákvæðari en áður var talið. Þetta er gott og blessað og að sjálfsögðu tilefni til að gleðjast yfir.

Hitt er öllu verra sem ég veit að hæstv. fjmrh. viðurkennir að þessi tekjuauki er að langmestu leyti til kominn vegna meiri eyðslu og það eyðslu umfram efni í þjóðfélaginu en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þessi tekjuauki er fyrst og fremst bein afleiðing af því að nú gera menn ráð fyrir mun meiri viðskiptahalla, meiri innflutningi og þar með meiri tekjum ríkissjóðs úr þeirri átt en áður var talið og var þó um háar tölur þar að ræða strax í byrjun ársins eða í þjóðhagsáætlun síðasta árs sem lögð var til grundvallar við afgreiðslu fjárlaga.

Viðskiptahallinn sem áætlaður var á bilinu 20–25 milljarðar kr., ef ég ég man rétt, þegar við vorum að ræða þessi mál um síðustu áramót er núna áætlaður verða 35–37,5 milljarðar eða eitthvað á þeim nótum. Það liggur í hlutarins eðli að þessi aukni viðskiptahalli og meiri innflutningur sem þessu nemur, sem skýrir að mestu leyti þennan aukna viðskiptahalla, felur í sér umtalsverðan tekjuauka ríkissjóðs en það er ekki að sama skapi jákvætt að þessi viðskiptahalli er að sjálfsögðu ávísun á skuldaaukningu einhverra. Þó ekki sé ríkissjóðs, þá er hann ávísun á skuldaaukningu þjóðarbúsins í heild út á við og það eru fyrst og fremst tveir aðilar sem safna auknum skuldum um þessar mundir. Það eru sveitarfélögin og það eru heimilin á sama tíma og ríkissjóður greiðir sínar skuldir niður og ég hygg að atvinnulífið sé ekki að auka skuldir sínar nema þá sem nemur beinum fjárfestingum og þá aðallega stórfjárfestingar stóriðjufyrirtækja eða virkjunaraðila.

Í þjóðhagsáætlun sem fylgdi fjárlagafrv. og rædd var á dögunum, herra forseti, segir um þetta mál, með leyfi forseta:

„Mikill vöruinnflutningur hefur orsakað verulegan halla á viðskiptum við útlönd. Að töluverðu leyti á þessi innflutningur sér skýringar í miklum innflutningi á fjárfestingarvörum og kaupum á bifreiðum og öðrum varanlegum neysluvörum. Það er þó ekki einhlít skýring, því innflutningur vex feikilega á nánast öllum vörutegundum. Hallinn leiðir til erlendrar skuldasöfnunar og á rætur í lágum þjóðhagslegum sparnaði, sem kemur berlega í ljós þegar fjárfesting er eins mikil og nú er."

Þetta er dökka hliðin á glansmyndinni sem ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. forðast auðvitað að ræða eins og kostur er. Þetta er um forsendurnar og þær breytingar sem eru gerðar á stóru tölunum, niðurstöðutölunum um tekjur og gjöld.

Það eru svo nokkrir málaflokkar, herra forseti, sem ég hef reynt að skoða lauslega í frv. til að átta mig á hvaða úrlausn einstakir aðilar fái sem búa við mikinn fjárskort í starfsemi sinni. Þá varð mér fyrst fyrir að skoða heilbrigðismálin því að eins og kunnugt er urðu á síðasta vetri miklar umræður um það hvernig gengið væri frá fjárveitingum til heilbrigðisstofnana. Þar væri verið að vanáætla stórlega kostnað og menn mundu að sjálfsögðu þurfa að mæta því, standa frammi fyrir því þegar fjáraukalagafrv. yrði til umfjöllunar innan ársins. Það er eins og við manninn mælt að hér eru á ferðinni umtalsverð viðbótarútgjöld og er þó ekki í mörgum tilvikum neitt nálægt því gert ráð fyrir því að greiða upp uppsafnaðan halla og skuldahala sem margar heilbrigðisstofnanir draga á eftir sér.

Ég vil líka, herra forseti, rifja upp og minna á þá gagnrýni sem ég setti m.a. fram á vinnubrögð í þessu sambandi og allt hefur það gengið eftir að mínu mati að þessi ógeðfelldu vinnubrögð, þessir pottagaldrar ríkisstjórnarinnar, hafa auðvitað engan vanda leyst og minna en engan vanda leyst. En það gengur út á að vanáætlað er fyrir hefðbundnum rekstri stofnananna svo nemur nokkrum prósentum. Síðan er tekin frá upphæð sem er kannski um helmingurinn af því eða eitthvað í þá áttina, sett í einn pott eða sjóð og svo eru forsvarsmenn heilbrigðisstofnana og annarra opinberra stofnana látnir koma skríðandi til ráðuneytanna blóðrisa á hnjánum og biðja um einhverjar sporslur úr þessum pottum. Og þær sporslur fá þeir ef þeir verða góðir og halda kjafti og í þeim heyrist ekki múkk um vanda stofnananna að öðru leyti. Þetta eru kjörin, þetta eru býtin. Út á þetta er auðvitað búið að handjárna, fótjárna og munnkefla alla forustumenn þessara stofnana. Þeir þora ekki að segja neitt vegna þess að ef þeir eru með kjaft missa þeir bara sinn hlut úr pottinum. Þarna er komin ógeðfelld þvingunarskrúfa í hendurnar á ráðherrunum og þeirýta umfjöllun um þessi mál út úr þinginu og út úr sviðsljósi hinnar pólitísku umræðu og inn í skuggakompur ráðuneytanna þar sem þeir taka forsvarsmenn í opinberum rekstri á teppið og kúska þá niður og til hlýðni og láta þá svo hafa dúsu úr pottunum.

Í raun og veru er búið að afnema fjárveitingavaldið, þ.e. hið pólitíska ákvarðanavald Alþingis, og eftir sitja formaður fjárln. og önnur slík stórmenni eða ég veit ekki hvaða lýsingarorð á að hafa um það, svo lítilsiglt er hlutverk þeirra orðið og er von að þeir gleðjist við. Þeir sitja löngum stundum á fundum, sveittir með uppbrettar ermar við að skipta krónum til félagasamtaka og ríkast um það fram og til baka hvort það eigi að fara fimmkall hér eða túkall þar en í raun og veru er búið að hirða af þeim hið endanlega vald um fjárveitingar til mikilvægustu rekstrarflokka ríkisins, heilbrigðismála og menntamála, í gegnum þessa pottaaðferð ríkisstjórnarinnar. Þetta er ógeðfellt, herra forseti, þetta er ólýðræðislegt, þetta er til vansa fyrir Alþingi og þetta er ekki sá háttur sem á að vera á samskiptum aðila í þessu efni sem eiga að geta borið höfuðið hátt og gætt hagsmuna sinna og talað fyrir hagsmunum sínum óbeygðir af hnefavaldi pólitískra ráðherra.

Það ógeðfellda er einnig, herra forseti, að útkoma einstakra aðila úr þessari aðferð er mjög mismunandi. Það vekur athygli að ár eftir ár skuli stóru sjúkrahúsin í Reykjavík fá ekki aðeins stærstan hluta af pottinum sem ætlaður er sjúkrahúsunum heldur beinar viðbótaraukafjárveitingar til að gera upp uppsafnaðan halla frá fyrri árum. Það er önnur afgreiðsla en t.d. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri fær og margar aðrar heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni sem eiga að drasla með sinn halla, t.d. frá árinu 1997 en hér koma inn til viðbótar hlutdeild stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík úr pottunum miklar aukafjárveitingar og þá sannast það sem hér var rætt og lýst áhyggjum yfir á síðasta ári að þeir sem keyra mest fram úr eru verðlaunaðir þannig og það gerist trekk í trekk. Það eru nú engir aðrir en fjármálaráðherrar Sjálfstfl. sem ættu að vera handhafar fullkomleikans og ábyrgðarinnar í þessum efnum, að eigin sögn, sem standa nákvæmlega svona að málum. Þetta er ekki gott, herra forseti, að stofnunum sem hafa sýnt mikla ábyrgð, þrengt að sér og haldið sig nánast undantekningarlaust innan ramma fjárlaga sé refsað en aukningin fer þannig fram annars staðar að menn keyra fram úr og fá það svo bætt. Það er það sem hefur gerst með stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. Nú tek ég fram að ég hef mikinn skilning á vanda þeirra og veit að þar er gífurleg þörf fyrir vegna aukinnar starfsemi og aukinna útgjalda sem leiða af framförum í læknavísindum og öðru slíku og ég er ekki að tala gegn því að á þeim vanda sé tekið. En aðferðin er röng. Það á að horfast í augu við það að vilji menn halda uppi þessari þjónustu þá kostar það þetta og þá á að veita þær fjárveitingar í fjárlögum en ekki í gegnum þessa potta og síðan í gegnum aukafjárveitingar með þessum hætti.

Mér sýnist það standa eftir, herra forseti, að verið er að afgreiða fjáraukalög án þess að allir fái þarna sambærilega meðferð. Ég fullyrði t.d. að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni hafa ekki sömu möguleika til að mæta þeim útgjöldum sem nýgerðir kjarasamningar við starfsfólk hafa eins og hér virðist eiga að láta aðra hafa. Það er reyndar mjög merkilegt, herra forseti, og það á bæði við um heilbrigðisstofnanirnar og ýmsar stofnanir í menntakerfinu að fjmrn. sem gerir samningana eða ber ábyrgð á samningunum við starfsfólkið, sem fela í sér umtalsverðar launahækkanir og útgjaldaauka, neitar síðan að viðurkenna útgjöldin þegar kemur að fjárveitingunum og reiknar þessum stofnunum einhverja 3% hækkun eins og flata taxtahækkunin er í almennu kjarasamningunum. En við vitum að þessir samningar við ýmsa starfshópa, sérstaklega í heilbrigðiskerfinu, hafa kostað miklu meira enda hleðst sá vandi upp í stofnunum um þessar mundir fyrir utan þá ógeðfelldu stöðu sem stjórnendur stofnananna eru settir í þegar á að fara að raða fólki inn í B1, B2 og B3 og hvað það nú heitir allt saman, kannski á fámennum deildum, eiga að fara að velja úr þá starfsmenn sem fara í B1 og þá sem eru í B2 og B3 og guð má vita hvað. Ég sé ekki mikla framför eða framþróun í því, herra forseti, og mér þætti geðfelldara að um væri að ræða venjulega kjarasamninga á félagslegum grunni sem skiluðu þessum stéttum í heild sinni almennilegum kjarabótum en ekki þetta baksleikjukerfi sem þarna er verið að innleiða þarna.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. sérstaklega út í þetta. Hver er grunnurinn sem hér er byggt á í þessu fjáraukalagafrv. og út af fyrir sig, hvernig er ætlunin að mæta á næsta ári sömu útgjöldum? Hvað varðar augljósa þörf til að mæta þeim samningum sem gerðir hafa verið, aðlögunarsamningum eða hvað þeir nú heita, og forsvarsmenn margra þessara stofnana sem ég hef rætt við fullyrða að muni kosta mun meira en fjmrn. fæst til að viðurkenna og þumbast við með einhverja 3% tölu eða hvað það nú er.

Ég vil einnig spyrja hæstv. fjmrh. að hinu sama hvað varðar t.d. fjárveitingar til framhaldsskólanna. Ég tek eftir því að í kaflanum um menntmrn. er alls ekki gert ráð fyrir því, að ég fæ best séð miðað við skýringarnar á bls. 62, að neinar viðbótarfjárveitingar séu ætlaðar á þessu ári til að mæta þeim útgjaldaauka sem framhaldskólarnir eru að verða fyrir vegna samninga við kennara og hafa núna hlaðist upp sem mikill vandi í rekstri þessara stofnana. Mér er t.d. kunnugt um að í framhaldsskólunum í kjördæmi mínu, á Akureyri, svo dæmi sé tekið, eru menn að kljást við mikinn vanda í þessum efnum og það hefur verið ályktað um það og okkur þingmönnum send erindi sem því eru samfara en ég sé ekki annað miðað við það sem hér er á blaði en að fjmrn. ætli að halda áfram að þumbast við þarna og neita að viðurkenna í verki útgjöldin sem leiðir af þeim samningum sem ráðuneytið sjálft hefur skrifað undir. Þetta gengur auðvitað ekki. Menn verða annaðhvort að neita því að gera þessa samninga eða þá, ef þeir gera þá, að mæta með raunsæi í fjárveitingum

þeim útgjöldum sem af þeim leiða. Auðvitað er ekki hægt að setja stjórnendur stofnananna í þá stöðu að þeim séu reiknuð einhver 3% en svo kosti kannski samningarnir 10%. Það gengur ekki upp. (**Gripið fram í:** Hagræða.) Hagræða, já, hagræða. Hvernig? Hvernig á að hagræða, hv. þm.? Á að hætta að gefa mönnum að borða? Á að hætta að kenna? Á að fjölga í bekkjunum? Er það formúlan að fyrst séu gerðir samningar sem hafa í för með sér mikil útgjöld, kannski upp á 10–15% á launalið stofnananna en svo sé hann hækkaður um 3% í fjárlögunum og það séu þá forsvarsmenn stofnananna sem eigi að mæta kostnaðinum af kjarasamningum sem fjmrn. gerir með því að skera niður eitthvað annað á móti. (**PHB:** Hagræða.) Hagræða. Það heitir nú bara niðurskurður, hv. þm. Pétur Blöndal, bara blóðugur niðurskurður þegar komið er að þessum hlutum, heilbrigðismálum og skólamálum, og ég held að menn ættu ekki að vera að velkjast með þetta fína orð, hagræðing, mikið í munni þegar allir vita hvað það vísar á. Það vísar bara á niðurskurð, það vísar á lokun deilda, það vísar á lakari þjónustu við sjúklinga og það vísar á lélegra menntakerfi. (Gripið fram í.) Annars má hv. þm. Pétur Blöndal koma upp og reyna að útlista fyrir mér hvernig á t.d. að hagræða þessi ósköp í langsoltnu framhaldsskólakerfinu sem búið er að þjarma mikið að undanfarin ár eins og við vitum svo ekki sé talað um heilbrigðiskerfið. Það er eins og alltaf sé borið niður á sama stað, það er þessi rekstur úti á landsbyggðinni sem verður mönnum alveg sérstaklega tilefni til þess að fá útrás fyrir hagræðingaráráttuna og sjálfstæðismenn fá alveg sérstaka fullnægingu út úr því að hamast á þessum stofnunum á landsbyggðinni og hagræða í þeim eins og allur vandinn liggi þar. Það er af veikum mætti verið að reyna að halda uppi þessari þjónustu og er þó auðvitað staða landsbyggðarbúa mun lakari að öllu leyti hvað það snertir að hafa aðgang að henni. En þar er borið niður, í litlu framhaldsskólunum, eins og hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason varð frægur fyrir að endemum þegar hans merkasta innlegg og frumkvæði í menntamálum á fyrsta vetri var að ráðast alveg sérstaklega á minnstu framhaldsskólana á landsbyggðinni. Þannig var það nú.

Að lokum væri fróðlegt, herra forseti, að heyra álit hæstv. fjmrh. á einum litlum lið sem heitir Utanríkisráðuneytið. Við ræddum í fyrra það vandræðabarn þegar svo var komið að fjáraukalög ársins 1997 höfðu, held ég, vaxið um hálfan milljarð kr. eða þar um bil vegna tilfallandi viðbótarútgjalda í utanrrn. Það var auðvitað með ólíkindum hvernig þetta litla ráðuneyti gat vanáætlað þörf sína á fé. Í ljós komu heilu sendiráðin, lóðir og bústaðir sem voru að hruni komnir. Þar þurfti að kaupa eða leigja og kostaði hundruð milljóna. Menn áttuðu sig allt í einu á því að sendiráðið í London var hrunið og það kostaði 150 eða 200 milljónir (Gripið fram í.) að lappa upp á það. Nei, upphæðin var hærri, herra forseti, það voru 290 milljónir á miðju ári 1997 sem fengust bara sisona í fjáraukalögum í sendiráðið í London. Það reyndist ekki nóg því nú þarf 17 milljónir í viðbót.

Nú þarf mikla aukafjárveitingu í Berlín, 102 milljónir, og fékkst þó víst lóðin á góðu verði því að þarlendir ku hafa gert einhver mistök. Í París þarf að kaupa sendiherrabústað. Þar er aukafjárveiting upp á 180 milljónir o.s.frv.

Mér er alveg sama þó að að einhverju leyti hafi verið heimild fyrir þessu án upphæðar í 6. gr. fjárlaga. Kannski er það 7. gr. núna. Er áætlanagerðin á því stigi í utanrrn., að ár eftir skuli þurfa mörg hundruð milljónir í aukafjárveitingar? Maður hefði haldið að þeir tækju sig á og reyndu að gera einhverja raunhæfa áætlun fyrir þetta ár. En þetta er aftur svona og nú þarf utanrrn., bara í liðinn Sendiráð almennt, 299 millj. kr. aukafjárveitingu. Það er u.þ.b. tekjutapið sem íslenskir bændur verða fyrir vegna verðfalls á gærum. Einhverjum hefði kannski dottið í hug að þeir peningar væru ekki verr komnir þar, að reyna að bæta aðeins stöðu fátækustu stéttar landsins vegna þeirra áfalla sem hún hefur orðið fyrir. Hverju svaraði hæstv. landbrh. aðspurður um það hér í gær? Engu. Það kom ekki til greina. Það var ekki til króna í að mæta því hroðalega áfalli sem verðhrun á gærum er fyrir sauðfjárbændur. Hv. þm. Egill Jónsson hefur enga tillögur flutt um það en hann ætlar að standa að fjáraukalagafrv. um tæpar 300 millj. kr. í aukafjárveitingar í sendiráðin enda er það auðvitað brýnast nú um stundir.

Auðvitað þarf að reka utanríkisþjónustuna og sjálfsagt þarf að leggja út fyrir húsnæðiskostnaði af og til. En mér blöskrar að það skuli þurfa að gerast með þessum hætti ár eftir ár, að sulla þurfi hundruðum milljóna kr. í aukafjárveitingu þegar langt er liðið á árið til að bregðast við slíku. Fróðlegt væri að heyra hvað hæstv. fjmrh. gæti upplýst okkur um fjármálastjórnunina í þessum málum. Ég veit að hér inni eru fleiri áhugamenn um þetta, t.d. 1. þm. Vesturl.

[14:49]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta fjáraukalagafrv. sem komið er til 1. umr. er fyrsta fjáraukalagafrv. skv. nýjum lögum um fjárreiður ríkisins. Ég ætla að segja örfá orð við 1. umr. en hef að sjálfsögðu tækifæri til þess að koma nánar inn á einstök atriði við 2. umr. þegar fjárln. hefur lokið yfirferð sinni.

Vissulega ber frv. þess merki að ný lög eru komin í gildi. Vegna þeirra er ríkissjóður er í heild afgreiddur með halla á rekstrargrunni á þessu ári en það er einkum vegna lífeyrisskuldbindinga sem hæstv. fjmrh. hefur þegar gert grein fyrir í ræðu sinni.

Varðandi lífeyrisskuldbindingar vildi ég aðeins koma inn á að vissulega er þetta skuldbinding sem ríkinu ber að greiða í framtíðinni. Ég vildi eigi að síður undirstrika að þetta er lífeyrir sem kemur til greiðslu og ráðstöfunarfé eftirlaunaþega framtíðarinnar, það skiptir miklu máli. Upphæðin sem þarna kemur inn kemur til með að styrkja stöðu þeirra verulega og auka ráðstöfunarfé þeirra. Við megum ekki gleyma þessu þegar rætt er um þessar skuldbindingar.

Að öðru leyti má segja að rekstur ríkissjóðs sé í jafnvægi. Ef lífeyrisskuldbindingarnar eru frátaldar þá er verulegur tekjuafgangur á ríkissjóði. Það er vissulega vegna þess að tekjur ríkissjóðs hafa aukist mjög fram yfir áætlun á árinu. Þversögnin er í því fólgin, eins og hefur komið fram hér í umræðunni, að það eru hættumerki því samfara. Hættumerkin eru að vaxandi viðskiptahalli geti leitt til aukinnar verðbólgu. Þess vegna hefur ríkisstjórnin haft til athugunar hvernig hægt væri að auka þjóðhagslegan sparnað. Það þarf að gera þannig að fyrir þá sem eitthvað hafa aflögu sé einhver hvati til þess að spara.

Það er rétt að skuldasöfnun heimilanna hefur farið vaxandi og hluti af því er vissulega vegna aukins innflutnings á neysluvörum. Ég held að það þurfi að huga gaumgæfilega að því hvernig hægt sé að hvetja fólk til sparnaðar. Hluti af þessum innflutningi er vegna fjárfestingarvara en það er jafnframt ein af ástæðum þess að tekjurnar aukast, bæði tekjur ríkissjóðs og almennings í landinu. Hjól atvinnulífsins

hafa snúist á þessu ári og þessu kjörtímabili, svo maður taki það í heild.

Hins vegar segir lánsfjárjöfnuðurinn best til um hina raunverulegu stöðu ríkissjóðs. Í mínum huga er það mikilvægasta atriðið sem þessi fjáraukalög sýna. Ef ég vitna til bls. 51 í fjáraukalagafrv. þá segir þar, með leyfi forseta:

„Að teknu tilliti til rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi og til fjármunahreyfinga er talið að lánsfjárafgangur ríkissjóðs geti orðið um 14,7 milljarðar kr. Fyrirhugað er að bætt staða ríkissjóðs verði nýtt til að greiða niður skuldir hraðar en ella. Er það í fyrsta sinn í meira en hálfan annan áratug sem ríkissjóður þarf ekki að taka lán til að mæta fjárþörf vegna rekstrarhalla og lánveitinga."

Þetta er afar mikilvægt og nauðsynlegt, þegar svo hagar til eins og nú, að ríkissjóður þrengi sér ekki inn á lánamarkaðinn og gangi ekki á undan í umframeyðslu. Mér finnst lífeyrisskuldbindingar nokkuð á öðrum báti hvað þetta snertir þó að vissulega séu það útgjöld ríkissjóðs bæði nú og í framtíðinni.

Ég mun ekki hafa mörg orð um einstaka liði fjáraukalaganna nú, eins og ég sagði í upphafi. Ég læt nægja að geta þess að þar er tekið á nokkrum mikilvægum málum sem hafa verið í vinnslu. Þar eru m.a. lagðir nokkrir fjármunir til Byggðastofnunar til að standa straum af aðgerðum á sauðfjárræktarsvæðum. Þar eru lagðir viðbótarfjármunir til löggæslu, en endurskoðun þeirra mála og miklar breytingar á löggjöf hafa verið í vinnslu hvað hana snertir. Einnig hefur farið fram gagnger endurskoðun á löggjöf um þjóðkirkjuna og aukafjárveitingar hér varðandi hana eru í tengslum við þær breytingar.

Varðandi heilbrigðismálin er það að segja að við höfum unnið mikið í þeim. Hún er náttúrlega alveg fráleit sú dramatíska lýsing sem hv. 4. þm. Norðurl. e. fer hér með við hverja umræðu, hvort sem hún er um fjárlög eða fjáraukalög, á því hvernig við látum forsvarsmenn sjúkrahúsa skríða á fund ráðuneyta og fjárln., blóðrisa, með bundið fyrir augu, leiðum þá inn í dimm herbergi í ráðuneytum þar sem þeir séu píndir. Þetta er auðvitað algjörlega fráleitt vegna þess að vinnan hefur verið fólgin í að fara yfir mál sjúkrahúsanna í samráði við þessa forustumenn. Ég veit ekki betur en að nýráðinn sé í ráðuneytinu fyrrv. sjúkrahúsráðsmaður utan af landi sem vinnur í þessum málum. Þar er verið að styrkja innviði og auka starfslið til að ná utan um þessi mál. Ég held að verðugra væri að fagna því að verulegir viðbótarfjármunir eru veittir í fjárlögum og fjáraukalögum til að standa straum af hinni miklu fjárþörf sem er í þessum geira. Náttúrlega er ljóst að fara verður vel í gegnum þennan rekstur á hverjum tíma. Fjárþörfin er mikil og vaxandi og alls ekki sama hvernig staðið er að þessum málum.

Hv. þm. gerir ekki mikið úr vinnu fjárln. í þessu sambandi. Ég tek það svo sem ekki mjög nærri mér eða alvarlega. Ég vil geta þess að fjárln. hefur fylgst mjög náið með þessum málum. Það voru beinlínis ákvæði um að hún ætti að fylgjast með þeim í samþykktum sem gerðar voru þegar fjárlög voru afgreidd. Það hefur verið gert, fjárln. verið upplýst um gang mála og niðurstöðurnar hafa borist nefndinni.

Af því að hæstv. fjmrh. gat um að þörf væri á viðbótarútgáfu húsbréfa á þessu ári upp á 3 milljarða þá vil ég vil geta þess að fjárln. samþykkti fyrir sitt leyti, á fundi sínum í morgun, að gera brtt. við fjáraukalögin þegar þau koma til nefndarinnar um að heimild til útgáfu húsbréfa verði hækkuð um 3 milljarða frá þeim heimildum sem í gildi eru á þessu ári þannig að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að útgáfa húsbréfa haldi áfram og afgreiðsla þeirra mála geti gengið eðlilega fyrir sig.

Ég vil einnig segja, af því að komið var inn á kjarasamninga og gagnrýnt nokkuð að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra hvorki í fjárlögum né fjáraukalagafrv., að það er rétt að ýmsir aðilar hafa komið til viðtals við fjárln. sem hafa talið að þarna vantaði upp á. En þessi mál eru enn til skoðunar í fjmrn. og það er af eðlilegum ástæðum vegna þess að kjarasamningar, svokallaðir aðlögunarsamningar, sem allir vita um og þekkja, hafa staðið yfir allt fram undir þennan tíma og í framhaldsvinnu fjárln. munum við vissulega kalla eftir þeim niðurstöðum sem ráðuneytið hefur um þessi efni. Það er því ekki búið að ganga frá þessum málum af eðlilegum ástæðum. En við höfum tekið við þessum upplýsingum frá þeim sem koma til viðtals við okkur og munum ræða þær við fjmrn. í okkar framhaldsvinnu.

Ég ætla, eins og ég segi, ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni. Ég mun hafa tækifæri til þess við 2. umr. málsins þegar fjárln. hefur lokið sinni vinnu við frv.

[15:02]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú flutt okkur fjáraukalög fyrir árið 1998 og eins og ég gat um áðan í andsvari þá eru þau að mestu leyti góð tíðindi, verulega góð tíðindi. Ég vil benda á mikilvægi fjáraukalaga sem eru staðfesting á fjárlögum og eiginlega mælikvarði á það hversu vel fjárlög hitta í mark þegar metnar eru alls konar breytingar í þjóðfélaginu og metnar eru ýmsar breytingar sem menn gera ráð fyrir, þ.e. spá. Fjáraukalagafrv. er alltaf spá, fjárlagafrv. sömuleiðis en fjáraukalög eru nær raunveruleikanum en fjárlögin og sýna hversu vel til tókst með fyrri spána.

Í þessum fjáraukalögum eru feiknalegar breytingar á þjóðhagsforsendum og þær koma fram á síðu 52 í þessum fjáraukalögum. Þar kemur t.d. fram að áætlað er að einkaneysla muni aukast um 10% í staðinn fyrir 5% eins og gert var ráð fyrir þegar fjárlögin voru lögð fram. Gert er ráð fyrir því að fjárfestingar aukist um 27,3% í staðinn 1,3%. Gert er ráð fyrir því að innflutningur vöru og þjónustu aukist um 22,6% í staðinn fyrir 5,9%. Það er mjög sjaldan sem maður sér svona miklar skekkjur í áætlunum en þar er vegna þess góðæris sem við búum við, óvenjumikillar hækkunar launa og var svo sem ekki vanþörf á þar sem íslensk laun voru orðin skammarlega lág. Eflaust eru margar ástæður fyrir því hverju þetta er að þakka, t.d. utanaðkomandi aðstæðum sem við höfum ekki áhrif á. En ég vil líka benda á að ríkisvaldið hefur verið að gera margar ráðstafanir til þess að bæta hag atvinnulífsins og það hefur væntanlega skilað sér.

Hér er gert ráð fyrir því að skattar af tekjum landsmanna hækki um 2,1 milljarð og það er jákvætt. Mér þykir mjög jákvætt að ríkissjóður fái stórauknar tekjur af sköttum af tekjum landsmanna sem sýnir hvað tekjur landsmanna hækka mikið umfram það sem menn áttu von á og áttu menn þó von á góðri hækkun.

Það sem er neikvætt er að aukning neyslu gefur ríkissjóði 6,4 milljarða. Það er neikvætt því það sýnir að neyslan hefur aukist allverulega, miklu meira en menn áttu von á, og það er ákveðið áhyggjuefni eins og hér hefur komið fram áður.

Í frv. sjálfu er ekki gert ráð fyrir því að breyting verði á tekjuskatti lögaðila en það komu fram upplýsingar í máli hæstv. fjmrh. um að þær breytingar væru óverulegar. Ég reikna með því að hv. efh.- og viðskn. taki á því þegar málið

kemur þar inn og finni út breytingar sem nú liggja fyrir vegna upplýsinga úr skattframtölum fyrirtækja.

Herra forseti. Ef maður lítur á gjöldin þá eru það fyrst og fremst lífeyrisskuldbindingarnar sem við verðum vör við. Mér finnst hv. þingmenn oft tala um lífeyrisskuldbindingarnar eins og þær séu einhvers konar froða sem skipti ekki voðalega miklu máli. Þær komi einhvern tíma til greiðslu eða svona kannski, líklega ekki. En ég vil benda á að það er mjög nauðsynlegt að átta sig á því hvað lífeyrisskuldbindingarnar þýða. Þetta eru skuldbindingar sem eru til komnar vegna þess að ríkissjóður hefur lofað opinberum starfsmönnum lífeyri og það er ekki búið að greiða fyrir þann lífeyri. Það er ekki búið að greiða fyrir það loforð. En þetta loforð kemur til greiðslu nokkuð örugglega.

Hve miklu er lofað? Lauslega áætlað má segja svona gróft séð að hver opinber starfsmaður fái aukalega ein mánaðarlaun á ári. — Herra forseti, það eru aukafundir í gangi.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill biðja þingmenn að hafa hljótt í þingsal og hlýða á ræðumann.)

Lauslega má segja að lífeyrisskuldbinding opinberra starfsmanna svari til þess að þeir fái aukalega ein mánaðarlaun á ári alla starfsævina til þess að hægt sé að mæta þessum skuldbindingum. Það segir okkur að fólkið er með þetta hærri laun heldur en sést á launaseðli og á skattframtali. Ég get ekki séð og hef ekki séð í launadeilum undanfarinna mánaða að opinberir starfsmenn meti þetta nokkurs. Ég hef hvorki séð það í launakröfum fangavarða, hjúkrunarfræðinga né annarra sem eftir að stéttarfélögin hafa gert kjarasamninga hreinlega segja upp til að þvinga fram viðbótarhækkanir. Menn gera sem sagt lítið úr stéttarfélaginu sínu, gera ekkert úr því, segja að ekkert sé að marka það sem samið hefur verið um og krefjast launahækkana eftir að búið er að semja. Þá er aldrei talað um þessi lífeyrisréttindi, þ.e. hvað þau gefa. En það þyrfti að vera 8–10% viðbótariðgjald á launin sem svarar til einna mánaðarlauna á ári alla starfsævina. Þetta kemur hvergi fram. Þetta er ekki rætt. Þetta er ekki metið. Ég hef mörgum sinnum lagt áherslu á að það ætti að bjóða opinberum starfsmönnum upp á þau skipti að þeir geti valið að hafa venjuleg lífeyrisréttindi eins og 80% þjóðarinnar býr við, þessi almennu lífeyrisréttindi sem grundvallast á 10% iðgjaldi ... (**Gripið fram í:** Og hækka launin.) og hækka launin sem því nemur, hárrétt hv. þm., bjóða þeim hærri laun sem þess óska. Þá kæmi í ljós hvað þeir hafa raunverulega í laun.

Ekki eru öll kurl komin til grafar í þessu máli. Ekki er búið að ganga frá öllum samningum enn þá. Þessar lífeyrisskuldbindingar eiga eftir að hækka enn frekar.

Þetta eru óskaplega stórar tölur. Þetta eru svo stórar tölur að ég efast um að nokkur hv. þm. átti sig á því. Ég átti mig ekki á því. Einhvern tíma lék ég mér að því að reikna út að þetta samsvaraði öllum íbúðum og bílskúrum frá Akranesi norður og vestur um og austur um allt Norðurland og síðan til Austfjarða að Vík í Mýrdal, þ.e. öllum fasteignum einstaklinga, íbúðarhúsnæði og bílskúrum á þessu svæði, sem sagt meginhluta landsins, skuldlaus. Þetta væri sú skuldbinding sem ríkissjóður skuldaði Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þetta er skuld 80% þjóðarinnar við opinbera starfsmenn. Við erum ekki búin að borga velferðarkerfið þannig að ég held að það sé mjög brýnt að taka á þessu.

Á þessa skuldbindingu sem komin er yfir 100 milljarða þarf að reikna vexti, nákvæmlega eins og aðrar skuldir. Inn í þessari skuldbindingu er reiknað með 3,5% vöxtum ofan á lánskjaravísitölu, verðtryggðum vöxtum, þannig að við getum reiknað með því að ríkissjóður þurfi að áætla 4 milljarða á ári næstu árin, áratugi, til þess að greiða vexti á þessa miklu skuldbindingu, fyrir utan það að skuldbindingin sjálf fellur til. Ef ég væri opinber starfsmaður, þá hefði ég af því verulegar áhyggjur að ríkissjóður stæði ekki við þetta.

Svo er gert ráð fyrir því í gjöldunum að launabreytingar opinberra starfsmanna séu 1,9 milljarðar en það er nokkurn veginn sama tala og ríkissjóður fær í skatta vegna launahækkana allrar þjóðarinnar. Það stenst nokkurn veginn á. Sá 2,1 milljarður sem ríkissjóður hefur í auknar skatttekjur vegna launahækkana alls landslýðs svarar nokkurn veginn til þess sem opinberir starfsmenn fá í launahækkun umfram áætlun. Ég hygg að við næstu kjarasamninga almennu verkalýðshreyfingarinnar verði horft til þess mikla launaskriðs sem hefur orðið hjá opinberum starfsmönnum og að það verði ekki auðveldir samningar.

Herra forseti. Á bls. 59 kemur fram að fjármögnun sjóðstreymis ríkissjóð er mínus 14,7 milljarðar. Það þýðir að ríkissjóður greiðir niður 14,7 milljarða meira af lánum heldur en hann tekur. Þetta er eitt gleðilegasta atriðið í þessum fjáraukalögum fyrir árið 1998 að ríkissjóður er að létta þenslunni á ... (**Gripið fram í:** Sólskinsfrv.) Þetta er nánast sólskinsfrv., hv. þm. Ekki kannski alveg eins og það sem lagt var fyrir 1999, en svona í áttina. Það er mjög ánægjulegt að ríkissjóður ætlar að minnka þrýstinginn á lánamarkaðinn um 14,7 milljarða og öðruvísi mér áður brá. Þetta mun valda því að vextir munu lækka. Þeir hafa þegar lækkað allverulega og hefur lítið verið um það rætt, allt of lítið. Vextir hafa lækkað um 0,96% á lengstu lánunum bara frá áramótum, þ.e. þeir eru núna 3,94%. Þeir eru komnir undir 4% og hefur það ekki sést í áratugi að ríkissjóður geti tekið lán á fjármálamarkaði með 3,94% vöxtum. Þetta stafar að sjálfsögðu af því að lífeyrissjóðirnir eru með 80 milljarða í ráðstöfunarfé á ári, 80 milljarða. Ég bendi hv. þingmönnum á það að lífeyrissjóðirnir hafa núna í ráðstöfunarfé helminginn af ráðstöfunarfé ríkissjóðs. Það sem ríkissjóður notar til að borga heilsugæsluna, menntakerfið, lífeyriskerfið og allt sem ríkissjóður greiðir, er tvöfalt meira en ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Þeir hafa sem sagt 80 milljarða til ráðstöfunar.

Sú mikla vaxtalækkun sem við horfum á mun bæta hag skuldara sem hafa margir hverjir mjög bága stöðu. Hún mun bæta hag unga fólksins sem er að kaupa sér íbúð og hún mun bæta hag fyrirtækja sem eru að taka lán sem gerir það að verkum að hagur fyrirtækjanna blómstrar vegna lægri vaxta og þau geta þar af leiðandi greitt hærri laun sem við að sjálfsögðu berum öll von til að þau muni gera.

Herra forseti. Fjárlög og fjáraukalög gegna verulegu hlutverki í efnahagslífinu. Skynsamleg fjárlög geta lækkað vexti. Þau geta stuðlað að lækkun verðbólgu. Þau geta aukið innlendan sparnað og hafa mikið að segja um það hvernig efnahagslífinu reiðir af, hvernig þjóðfélaginu reiðir af næstu 20–40 árin. Þess vegna er mjög mikilvægt að afgangur sé á fjárlögum og fjáraukalögum. Ég verð að segja að þau fjáraukalög sem við höfum hér fyrir árið 1998 eru mjög jákvæð í því að bæta þessa stöðu svo maður tali ekki um fjárlögin fyrir árið 1999. En því má ekki að gleyma að þetta byggir, eins og hér hefur komið fram, á miklum halla á viðskiptajöfnuði sem eykur erlendar skuldir þjóðfélagsins, þjóðarbúsins, og það er hlutur sem við Íslendingar verðum að fara að taka á.

[15:15]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal komst svo að orði áðan að fjárlögin væru spá. Ég hef nú alltaf litið svo á að fjárlögin væru lög og það ætti að fara eftir þeim og að þetta fyrirbæri sem við köllum frv. til fjáraukalaga ætti að reyna að takmarka sem allra mest því að það er auðvitað mælikvarði á það að ýmist er verið að fara fram úr veittum heimildum til fjárframlaga eða þá að eitthvað óvænt kemur upp sem bregðast þarf við.

Á þessu ári er í fyrsta sinn unnið samkvæmt fjárreiðulögum og sett fram frv. til fjáraukalaga samkvæmt nýjum reglum, þ.e. samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins. Mig langar til þess að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. í upphafi þessarar umræðu hvernig þessi nýju lög hafi reynst, þ.e. lögin um fjárreiður ríkisins. Hafa menn reynt að leggja eitthvert mat á það hvernig þessi lög hafa reynst? Hafa menn rekið sig á einhverja sérstaka galla á lögunum eða horfir þetta allt til framfara? Það væri fróðlegt að fá að heyra álit hæstv. fjmrh. á því.

Ég átti ásamt fjöldamörgum öðrum þingmönnum sæti í nefndinni sem vann frv. Þar ríkti mikil samstaða um þessa breytingu og því væri nú fróðlegt að heyra hvernig mönnum finnst hafa gengið að framfylgja þessum lögum. Mér finnst reyndar að í þessu frv. til fjáraukalaga sé að finna býsna mikið af aukafjárveitingum og kannski meira en maður hefði viljað sjá því að það var rætt töluvert um það í nefndinni að reyna að draga sem allra mest úr þessum aukafjárveitingum.

Mig langar að beina annarri stórri spurningu til hæstv. fjmrh. í tengslum við þetta mál og ýmsar þær fjárveitingar sem hér er farið fram á, þ.e. um mat hans á þeim kjarasamningum opinberra starfsmanna sem hafa verið að koma til framkvæmda eða hafa verið gerðir á þessu ári. Þeir hafa verið þannig að ýmsum hlutum kjarasamninganna var vísað til úrskurðarnefnda og það hefur tekið feikilegan tíma að vinna úr mörgum þessum samningum þannig að í rauninni hefur verið erfitt að átta sig á því um hversu miklar launahækkanir var verið að ræða.

Það kom fram á fundi menntmn. í morgun með fulltrúum menntmrn. að ákveðinn ágreiningur hefur verið á milli fjmrn. og menntmrn. út af kjarasamningum framhaldsskólakennara. Menn hafa í raun og veru tekist á um það hvað ríkið á að greiða og svo virðist vera að sá kjarasamningur hafi falið meira í sér en menn töldu vera í samningnum þegar skrifað var undir hann. Þess sér auðvitað merki víða hér að verið er að leita fjárveitinga vegna hækkana á launum. Og ég spyr: Liggur eitthvert mat fyrir á því um hve miklar launahækkanir var verið að semja almennt að meðaltali? Þetta er eflaust afar mismunandi eftir því hvaða hópar áttu í hlut.

Hæstv. fjmrh. er nýr í starfi og kannski er ekki sanngjarnt að spyrja hann mjög grannt út í einstök atriði. Mig langar þó til þess að fylgja eftir spurningu sem fram kom hjá hv. þm. Gísla Einarssyni um skattsvik. Eftir því sem ég man best er nokkuð langt síðan farið hefur verið rækilega ofan í eða reynt að meta stöðu skattsvika og ég vildi spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur hann hug á því að láta gera sérstaka könnun á stöðu skattsvika núna? Ég man að fyrir allnokkrum árum voru skattsvik metin á allt að 11 milljarða kr. og nú er spurningin: Hvaða áhrif hafði það samdráttartímabil sem við gengum í gegnum og hvað gerist þegar samfélagið fer að rétta úr kútnum? Aukast skattsvik eða minnka þau? Hvernig lítur hæstv. fjmrh. á þau mál?

Mig langar líka til að spyrja enn einnar stórrar spurningar. Ég sé í þessu fjáraukalagafrv. og reyndar í frv. til *fjárlaga fyrir árið 1999* að gert er ráð fyrir töluverðri lækkun á barnabótum. Það tengist því auðvitað að barnabætur eru tekjutengdar. En mig langar að spyrja hæstv. fjmrh.: Stendur til að endurskoða barnabótakerfið? Eru menn sáttir við þá aðferð sem nú er beitt, þ.e. að tekjutengja með þessum hætti eða eru fyrirhugaðar einhverjar breytingar? Ég spyr vegna þess að ef eitthvað er þá finnst mér ástæða til þess að reyna í góðærinu að koma til móts við barnafólk og þann mikla kostnað sem það leggur út í vegna barna sinna. Ég lít þannig á að við eigum börnin öll saman og eigum að verja þau og búa eins vel að þeim og við getum. Við vitum að þótt aðstæður barnafjölskyldna séu afskaplega mismunandi þá fylgir þeim mikill kostnaður og ef samfélagið á einhvers staðar að koma til móts við fólk þá ætti það að vera til þess að auðvelda börnunum lífið og vernda þau, þó að deila megi um hvaða aðferðum eigi að beita.

Enn ein stór spurning lýtur að lausn á vanda stóru sjúkrahúsanna. Hér hefur aðeins verið minnst á þau í umræðunni og við sjáum í grg. þessa frv. að enn ein nefndin er að störfum til að skoða vanda stóru sjúkrahúsanna. Ég hef nú ekki tölu á því hvað nefndirnar eru orðnar margar sem sest hafa yfir þetta ár eftir ár og alltaf er sami leikurinn endurtekinn. Það skortir stórlega á fé til stóru sjúkrahúsanna. Það liggur algjörlega fyrir þegar fjárlög eru samþykkt að 200–400 milljónir vantar upp á í rekstrinum. Sjúkrahúsunum er gert að reyna að spara og hagræða og allt stjórnkerfi sjúkrahúsanna situr yfir því með sveittan skallann að reyna að finna leiðir til þess en það hefur lítið gengið. Maður spyr auðvitað: Hvenær kemur að því að menn horfast í augu við þennan vanda eða reyna að finna lausnir sem duga? Og ég spyr hæstv. fjmrh. hvar þau mál séu stödd og hvernig hann sem nýr ráðherra í embætti hyggist beita sér fyrir lausn á vanda stóru sjúkrahúsanna.

Þá langar mig til þess að víkja að örfáum atriðum sem fram koma í sjálfu frv. Margt vekur athygli og spurningar um það þar sem kostnaður hefur verið vanmetinn og kannski er ekki ástæða til þess að vera að fara rækilega ofan í það, eins og heimssýninguna í Lissabon eða Stjórnarráðshúsið. Það er auðvelt að skilja að slíkir liðir geti farið fram úr áætlun og það koma svo sem fram skýringar á því. En mig langaði að spyrja hæstv. fjmrh. frekar og kannski tíunda það enn að ég veit ekki hversu sanngjarnt er að spyrja hann út í einstök smáatriði sem heyra undir einstök ráðuneyti. En hann vísar því þá bara frá sér. Mig langaði að spyrja um Byggðastofnun. Hér er verið að leggja 45 millj. kr. til Byggðastofnunar. Getur hæstv. fjmrh. upplýst hvað flutningur hluta Byggðastofnunar norður í land kostaði? Hér kemur ekkert fram um það. Sjálfsagt er það að finna í reikningum. En ég minnist þess að í umræðunum um fjárreiður ríkisins vék ég að því að gott væri og í rauninni nauðsynlegt að fjárlagafrv. fylgdi yfirlit um ýmsar framkvæmdir eða nýtingu á heimildum ríkissjóðs. Mér finnst oft að hægt væri að auðvelda okkur að hafa yfirsýn yfir fjármál ríkisins ef menn birtu yfirlit yfir það hvað verið er að gera.

Hvað varðar menntmrn. þá tengist það reyndar spurningunni sem ég bar fram áðan um kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Ég hef eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon heyrt að framhaldsskólarnir séu víða í vanda vegna kjarasamninganna, að þeir hafi farið fram úr áætlunum. Og ég spyr: Hvernig á að leysa þann vanda? Er kannski búið að því eða er því vísað til næsta árs? Það er a.m.k. ljóst að

í fjárlögum fyrir árið 1999 er töluverða hækkun að finna vegna kjarasamninganna.

Ég vil fagna því sérstaklega að Vesturfarasetrið á Hofsósi fær fjárveitingu. Ég get bara ekki hugsað þá hugsun til enda ef það skemmtilega framtak og merkilega hefði orðið að engu vegna fjárskorts og ég vona svo sannarlega að menn finni stuðningi við það merkilega menningarsetur farveg. Það kom fram í fréttum að allt að 20 þúsund manns hafa heimsótt Vesturfarasetrið og það er náttúrlega alveg ljóst að það hefur alveg gjörbreytt aðstöðu fólks í þessum litla bæ.

Ég ætla ekki að fjalla um sendiráðin. Það var gerð mikil skýrsla um framtíð utanríkisþjónustunnar og ef ég man rétt sat hæstv. núv. fjmrh. í þeirri nefnd. Það þarf auðvitað að skoða þessi mál í tengslum við þá forgangsröð sem menn ákveða. En varðandi sendiráðin er náttúrlega bæði verið að kaupa og selja og ýmislegt að gerast í þeim málum.

Mig langar að spyrja um landbrn. Þar kemur fram varðandi liðinn 04-811 Bændasamtök Íslands. Þar er 170 millj. kr. fjárveiting til jarðræktarframlaga. Í skýringum við þetta segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar eru 170 millj. kr. til að mæta kostnaði ríkisins af samningum við bændur vegna framkvæmda á lögbýlum sem teknar voru út og samþykktar af héraðsráðunautum á árunum 1992–1997. Heildarkostnaður við fullnaðaruppgjör á þessum framkvæmdum er 220 millj. kr., en það er í samræmi við heimild í búnaðarlögum sem samþykkt voru á síðasta löggjafarþingi. Í fjárlögum 1998 er veitt 50 millj. kr. framlag vegna uppgjörsins."

Hér hefur sem sagt vantað 170 milljónir vegna þessa uppgjörs. Nú er sá sem situr í sæti forseta kannski manna líklegastur til að geta upplýst hvað hér er á ferðinni en ég verð bara að viðurkenna það að ég átta mig alls ekki á því hvað hér er á ferð. Er þetta hluti af búvörusamningnum eða samningum við sauðfjárbændur og kúabændur? Hvers konar framkvæmdir á lögbýlum eru hér eiginlega á ferðinni sem kosta þetta miklar upphæðir?

Þá ætla ég aðeins að víkja að félmrn. og fagna því að hér er að finna fjárveitingu til aðgerða til að auka hlut kvenna í stjórnmálum í samræmi við það sem samþykkt var í þáltill. í vor, en jafnframt að vekja athygli á því og biðja fjárlaganefndarmenn að athuga það sérstaklega að í fjárlagafrv. fyrir árið 1999 er aðeins áætluð 2,1 millj. kr. til þessa verkefnis. Það er allt of lítið, ekki síst á kosningaári. Úr þessu þarf að bæta snarlega. Þarna er mjög mikilvægt verkefni og auðvitað eiga fjárveitingarnar að vera samkvæmt og í samræmi við samþykkt Alþingis.

Það er eitt og annað sem væri vert að nefna. Ekki er að finna neinar úrbætur varðandi málefni fatlaðra í Reykjavík eða á Reykjanesi en athygli okkar ýmissa þingmanna hefur verið vakin á því að í þessum tveimur kjördæmum er mikið ófremdarástand og langir biðlistar vegna fatlaðra. Við svo búið má ekki standa og við þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness þurfum sannarlega að standa okkur betur hvað þá málaflokka varðar. Í fjárlögunum fyrir árið 1999 er að vísu aðeins um hækkun að ræða en hún ræðst m.a. af því að á höfuðborgarsvæðinu er verið að yfirtaka heimili einhverfra en sá rekstur heldur auðvitað áfram, en það vantar sárlega fé til þess að stytta biðlistana. Ég vil hvetja þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness til að snúa sér sérstaklega að þessum málaflokki á næstu vikum og reyna að vinna að úrbótum því að það er staðreynd að þessi mál eru sem betur fer í miklu betra horfi úti á landi en hér á þéttbýlustu svæðunum.

Það er eins og fyrri daginn að illa gengur að áætla meðlögin og þarf stöðugt að færa til milli félmrn. og jöfnunarsjóðsins eða sveitarfélaganna og er nú kominn tími til að stjórnvöld taki sig saman og fari í samstarf við fræðslusamtökin um kynlíf og barneignir og reyni að draga eitthvað úr ótímabærum barneignum og því sérkennilega fyrirbæri sem eru allar þessar meðlagsgreiðslur hér á landi.

Ég var búin að nefna stóru sjúkrahúsin og ætla ekki að tíunda meira um þau. Það eru sömu vandræðin þarna ár eftir ár. Ég var búin að nefna fjmrn. og er því í raun búin að koma inn á þá spurningu um kjarasamningana og ég ætla ekki að fjalla neitt um lífeyrissjóðina. Þetta eru þær skuldbindingar sem við stöndum frammi fyrir samkvæmt lögum og samningum. Varðandi ummæli hv. þm. Péturs Blöndals um lífeyrisgreiðslu til opinberra starfsmanna og þau mál yfir höfuð, þá man ég ekki betur en launum opinberra starfsmanna hafi verið haldið niðri um áratuga skeið á grundvelli þess að þeir hefðu svo góð lífeyrisréttindi. En það er spurning hvort menn vilja snúa þessu við og borga hærri laun og draga úr lífeyrisgreiðslunum en það kemur bara niður á samfélaginu með öðrum hætti þó síðar verði. Ég held því að það komi nokkuð í sama stað niður.

Þá vekur athygli, hæstv. forseti, aukafjárveiting hjá iðnrn. varðandi iðnaðarrannsóknir og stóriðju og er aldeilis með eindæmum hversu miklu fjármagni er varið til þess að reyna að laða að mengandi erlenda stóriðju meðan menn því miður skoða allt of lítið aðra kosti sem okkur standa til boða í atvinnumálum.

Þá vil ég að lokum vekja athygli á þeim kostnaði sem umhvrn. þarf að bera vegna flutnings Landmælinga Íslands til Akraness, 13 millj. kr. samkvæmt þessu frv., en ég hygg að ekki séu öll kurl komin til grafar í því máli. Þar eru enn þá málaferli í gangi og því miður hefur það mál allt saman verið afar erfitt og að mínum dómi kennir þetta okkur að það er ekki rétta aðferðin til þess að auka störf á landsbyggðinni að taka svona heilu stofnanirnar gegn vilja starfsfólks. Það getur ekki verið tilgangurinn að hálflama einstakar stofnanir. Þar verður ákveðin sátt að ríkja.

Hæstv. forseti. Þetta frv. ber það með sér að gerðar hafa verið miklar breytingar á framsetningu fjárlaga og frv. til fjáraukalaga og þau spegla stöðuna miklu betur en áður. Hér má greinilega sjá að ríkissjóður nýtur góðs af blómlegu atvinnulífi en ber jafnframt mikil útgjöld og það er auðvitað eitt af hinum stóru verkefnum sem stjórnmálamenn standa frammi fyrir, hvernig við ætlum að fjármagna okkar velferðarkerfi í framtíðinni og hvernig því skuli háttað. Það eru því stór og spennandi verkefni fram undan á þeim sviðum.

[15:35]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef í huga að segja nokkur orð um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998 sem hér liggur fyrir en ég mun ekki fara í frv. í smáatriðum því að til þess gefst tækifæri í fjárln. þar sem ég á sæti og svo aftur við 2. umr. Ég ætla að stikla á stóru á þeim atriðum sem mér finnst vera mikilvægust í frv. og þar með ríkisfjármálunum um þessar mundir.

Frv. ber auðvitað með sér eins og fjárlagafrv. sjálft að góðæri er í landinu. Það eru ýmsir sem vilja þakka sér sérstaklega þetta góðæri en ég held að aðallega séu það utanaðkomandi ástæður sem orsaka þetta. Það verður ekki

fram hjá því gengið að tekjur ríkisins eru 9 milljörðum umfram það sem áætlað var við lokaafgreiðslu síðustu fjárlaga. Ýmsum fannst, þar á meðal okkur í stjórnarandstöðunni, það nokkuð varlega áætlað enda hefur það komið í ljós.

Þrátt fyrir þessa miklu tekjuaukningu hefur stöðugleiki haldist í efnahagslífinu. Það er náttúrlega við fyrstu sýn nokkurt undrunarefni en orsök þess er fyrst og fremst mjög hátt verðlag á íslenskum sjávarafurðum erlendis. Þar hefur verðhækkun orðið upp á 20% að meðaltali á árinu en einnig lækkun olíuverðs. Olíuverð mun nú vera í sögulegu lágmarki, það lægsta sem hefur sést um 12 ára skeið.

Svo kemur ranghverfan á þessari stöðu, þessum 9 milljörðum, þ.e. að þeir eru að miklu leyti til komnir vegna gríðarlegrar aukningar á einkaneyslu, en talið er að einkaneysla hafi aukist úr 5% sem áætlað var í um 10%. Þetta hefur haft í för með sér mikla skuldasöfnun erlendis sem var þó ærin fyrir því að nú þegar borgum við 20 milljarða á ári í vexti af erlendum skuldum og væri gaman að hafa eitthvað af þeim peningum til að nota til þarfra verkefna hér innan lands.

Það allra versta kannski í þessari stöðu er að skuldaaukning heimilanna hefur á árinu orðið gríðarleg. Nú hefur það verið margtíundað hér að miklar hækkanir hafi orðið á launum, a.m.k. á launum einhverra, en skuldir heimilanna hafa vaxið gríðarlega. Þær voru um mitt árið í ár um 407 milljarðar kr. og höfðu vaxið um tæpa 50 milljarða frá sama tíma árinu áður og hefði minna nægt til að auka manni áhyggjur af þessari stöðu. Þetta er þvílíkur gríðarlegur dreki, þessi skuldastaða heimilanna, að svo virðist sem tvö eða þrjú höfuð vaxi í staðinn fyrir hið eina sem höggvið var af, og satt að segja er þetta kannski eitt af því sem liggur þyngst á manni varðandi íslenskt efnahagslíf.

Einnig má nefna skuldastöðu sveitarfélaga en hún er mikið áhyggjuefni. Að vísu standa sveitarfélögin misjafnlega. Veigamikil verkefni hafa verið færð yfir á sveitarfélögin en nægilegir fjármunir hafa ekki fylgt með að mínum dómi, t.d. þegar grunnskólinn var færður. Sveitarfélögin hafa mikinn metnað að vinna vel að þessu verkefni en mikið vantar á í flestum tilvikum að nægilegt fjármagn hafi fylgt með við yfirfærslu grunnskólans. Þessi slæma skuldastaða metnaðarfullra sveitarfélaga hefur því síst batnað af þessum orsökum. Mér finnst því mjög brýnt að renna fleiri stoðum undir fjármögnun verkefna sveitarfélaga. Það hafa verið nefndar leiðir eins og að auka hlutdeild þeirra í ýmsum sköttum eða t.d. í tryggingagjaldi. Það má auðvitað margt fleira láta sér detta í hug en ég held að mjög sé brýnt að taka á þessu máli. Við getum ekki látið þessi sveitarfélög hringinn í kringum landið hanga á horriminni með þeim hætti sem við gerum í dag. Ég heimsótti eitt sveitarfélag í vor á vesturhluta landsins þar sem staðan er mjög slæm og ég verð að segja að ég skil ekki að ekki skuli vera gert sérstakt átak til að breyta stöðu sveitarfélaga sem standa í slíkum sporum vegna þess að við ætlumst til að þau sinni mjög mikilvægum verkefnum.

Mér finnst að ekki sé brugðist nægilega við þeim þenslueinkennum sem eru í þjóðfélaginu í fjáraukalögunum og þeim fjárlögum sem nú liggja fyrir. Mér finnst ekki nóg af sparnaðarhvetjandi kostum í boði. Ég vil t.d. minna á að ég hef tekið það nokkrum sinnum upp á Alþingi að þegar verið er að greiða út stórar fjárhæðir í vaxtabætur á hverju ári, þá ætti að vera val um sparnaðarhvetjandi kosti þannig að ef fólk óskaði að binda þetta fé á reikningi til einhverra ára ætti það kost á einhverjum ákveðnum hluta af því í skattafrádrátt. Fleiri slíkar aðgerðir má hugsa sér en ég held að við þurfum að gera eitthvað sem er virkilega áhugavert fyrir fólkið í landinu til að hvetja til aukins sparnaðar.

Það er líka annað sem er að skella á núna í góðærinu og mér finnst vera umhugsunarefni. Það eru þessar skattalækkanir. Það er nefnilega svo að góðærið hefur ekki komið til allra eins og hefur nokkrum sinnum verið rætt hér því að um 50% þjóðarinnar telja sig ekki hafa orðið vör við góðærið. Þar að auki getum við bent á ákveðin 10–20% sem við vitum að hafa farið mjög illa út úr þessu góðæri. Um það bera t.d. skýrslur hjálparstofnana vitni þar sem ákveðinn hluti þjóðarinnar heitir á hurðir félagsmálastofnana og hjálparstofnana af ýmsu tagi í hverjum mánuði til að eiga fyrir mat og brýnustu nauðþurftum út mánuðinn. En ég verð að segja að ég met það fram yfir skattalækkanir, prósentulækkanir yfir heilu línuna, að gripið verði til einhverra aðgerða þannig að fólk þurfi ekki að búa við slíkan kost á Íslandi um þessar mundir.

Ég vil einnig minnast á sérstakar aðgerðir til að lækka tekjuskatt á fyrirtækjum sem eiga að koma til fullgildingar um áramótin. Það er engin sérstök ástæða til að lækka tekjuskatt á fyrirtækjum sem þó borga tekjuskatt í þjóðfélaginu í dag. Það eru ótal leiðir hjá fyrirtækjum til frádráttar sem einstaklingar hafa ekki. Ég hefði frekar kosið að skattar yrðu hækkaðir á fyrirtæki í stað þeirrar lækkunar sem gerð var á mögru árunum fyrir nokkru síðan og þeir peningar yrðu notaðir til að borga þeim sérstakar bætur sem standa höllum fæti.

Nú vil ég sérstaklega minnast á það sem hefur áður komið fram í umræðunni dag. Í þessum fjáraukalögum eru menn að hrósa sér af því að barnabætur lækki. Nú liggur fyrir af þeim skýrslum sem hafa verið skrifaðar nýlega um fátækt í landinu að ákveðinn hópur barnafólks, tekjulágt fólk með mörg börn, hefur ekki fyrir nauðþurftum og þarf að leita til félagsmálastofnana og hjálparstofnana. Ég bendi á að barnabætur hér á landi eru langt fyrir neðan það sem þekkist í nálægum löndum og eitt af því sem er mikilvægt að við gerum þegar batnar í ári er að bæta stöðu barnafólks. Gera sérstakar sértækar aðgerðir til að bæta stöðu barnafólks. En engin áform eru um það hvorki í þessum fjáraukalögum né þeim fjárlögum sem nú eru til afgreiðslu. Ég vildi að það yrði tekið til frekari athugunar milli umræðna.

Eitt atriði vil ég minnast á. Tekið var upp mikið patent sem átti að heita „viðmiðunarkjarasamningar" þar sem átti að vera hægt að gera samninga innan stofnananna. Það voru mörg orð höfð um að þetta ætti ekki að leiða til kostnaðarauka heldur ætti að verða sparnaður og hagræðing innan fyrirtækjanna eins og hv. þm. Pétur Blöndal minnti á áðan og er alveg hárrétt hjá honum, til að mæta þessum viðmiðunarkjarasamningum.

Þessa dagana koma forstöðumenn þessara stofnana í röðum fyrir fjárln. þingsins því það hefur gerst að þeir urðu að gera viðmiðunarkjarasamninga sem leiddu til verulegs kostnaðarauka fyrir stofnanirnar, ekki síst vegna þess að aðrar stofnanir sem höfðu starfsmenn með hliðstæða menntun voru búnar að gera slíkan viðmiðunarsamning á undan og þess vegna varð ekki undan því vikist að mati forstöðumanna þessara stofnana að gera sams konar eða hliðstæða samninga. Það virðist ekki hafa verið unnt að spara við listana, eins og áformað var, svo að þetta hefur leitt til verulegs halla hjá fjölda stofnana.

Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig hafi staðið á því að viðmiðunarkjarasamningarnir, sem áttu að

fara fram innan þeirra fjárlaga sem stofnanirnar höfðu, fóru þannig úr böndunum. Var þetta gert alveg án nokkurs samráðs við fjmrn.? Ég ætla ekki að gera einstakar fjárveitingar og einstaka liði í þessu frv. sem hér liggur fyrir að umræðuefni eins og ég sagði áðan, ég ætla að bíða 2. umr.

[15:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka málefnalegar umræður um þetta frv. í dag. Það er rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði í umræðunni að fjárlögin eru í eðli sínu spá en þau hafi lagagildi. Fjáraukalögin eru líka spá en þó spá sem ætti að vera betri vegna þess að hún kemur síðar með meiri upplýsingum innan borðs. Samt er það þannig að fjáraukalög á þessu stigi máls er ekki endanlegt uppgjör því að við eigum eftir á næsta ári, vonandi fyrri hluta næsta árs, að fjalla um enn ein fjáraukalög sem munu ljúka árinu og loka því endanlega.

Slíkt frv. er nú til meðferðar fyrir árið 1997, dróst frá því í vor fram á haustþing, og þar er verið að gera upp niðurstöðuna fyrir það ár. En vonandi verður það þannig að þau fjáraukalög, sem þetta frv. spáir að verði niðurstaða ársins, verði nærri lagi þegar árið verður gert upp.

Hér hafa komið fram ýmsar ábendingar, skoðanir og spurningar sem ég ætla að reyna að víkja nokkuð að. Þá vil ég fyrst nefna atriði sem ýmsir hafa vikið að að því er varðar þann tekjuauka sem þetta frv. ber með sér að ríkissjóður á í vændum eða hefur hlotnast á þessu ári.

Það er alveg rétt að að hluta til er tekjuaukningin vegna viðskiptahallans og vegna þeirrar miklu aukningar í veltu sem hefur orðið í þjóðfélaginu. Það er þó ekki nema að hluta til vegna þess að hér er líka um að ræða aukna tekjuskatta.

Það er hins vegar ekki rétt, sem einn hv. þm. hélt fram í ræðu sinni, að ríkisstjórnin forðaðist að ræða þann vanda sem viðskiptahallinn væri. Það er þvert á móti rangt. Við höfum víða rætt það vandamál. Ég ræddi það mjög ítarlega t.d. við 1. umr. um fjárlög og við höfum að sjálfsögðu gert okkur grein fyrir því að ein af ástæðunum fyrir þessum vanda er að þjóðhagslegur sparnaður er ekki nægilegur í landinu. Og hvað gerum við við því? Við reynum að efla hann. Við höfum verið að vinna sérstaklega í því máli. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, kom líka að því að það vantar sparnaðarhvetjandi kerfi.

Ég mun á næstu dögum leggja fram frv. sem ætlað er að virkja hvetjandi í þessu efni. Það frv. hefur verið afgreitt í þingflokkum stjórnarflokkanna og verður vonandi til þess að sparnaður í hagkerfinu muni aukast. Það byggist hins vegar auðvitað á frjálsum vilja launþega, þeirra sem eiga það fjármagn sem hægt er að leggja til hliðar. Ekki er um að ræða þvingaðan sparnað í því tilfelli eins og stundum hefur þó áður verið gripið til.

En ég vil þá víkja næst að spurningum hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um þetta kerfi sem búið er að taka upp í sambandi við fjárreiður ríkisins og þá framsetningu fjárlaga og fjáraukalaga sem sú löggjöf hefur í för með sér. Hvernig hefur þetta reynst? spurði þingmaðurinn.

Ég tel að sú litla reynsla sem er komin á þetta sé góð. Ég tel ótvírætt að þau spor sem þarna voru stigin hafi verið í rétta átt. Hins vegar má vel vera að það þurfi að fínpússa eitthvað í þessum efnum eins og jafnan er þegar um er að ræða svona nýja hluti. En hugsunin var ótvírætt í rétta átt. Þetta mál er auðvitað framfaraspor og meira að segja hafa ýmsir aðilar erlendis frá komið hingað og kynnt sér þetta, núna síðast frá Bandaríkjunum. Frá bandarísku ríkisendurskoðuninni voru fulltrúar um daginn til þess að kynna sér m.a. þetta fyrirkomulag. Athygli hefur verið vakin á því hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og annars staðar að við skulum hafa verið komnir þetta á undan öðrum.

Ég minnist þess frá þeim tíma þegar ég starfaði sem aðstoðarmaður í fjmrn. og á árunum þar á undan þegar sá hæstv. forseti sem var við upphaf umræðunnar í dag var fjmrh., að fjáraukalög voru aldrei lögð fram. Þá var það bara þannig að fjmrh. ákvað hvort það ætti að veita aukafjárveitingu. (**SJS:** Þægilegra.) Það var óneitanlega mun þægilegra. Þess munu m.a. hafa verið dæmi að fjárveiting hlaut ekki náð fyrir augum meiri hluta Alþingis við 3. umr. framlaga í desember en var síðan afgreidd sem aukafjárveiting í janúar. Auðvitað var það mun þægilegra.

Hins vegar var það ekki eins og hlutirnir eiga að vera, þ.e. þar sem Alþingi fer með fjárveitingavaldið og þar sem Alþingi ákveður á endanum hver verða útgjöld ríkisins. Þar hafa auðvitað allir flokkar í þessu gamla kerfi komið að málum og er enginn undanskilinn í þeim efnum. Stóra vandamálið þar var hin mikla óðaverðbólga sem byrgði mönnum ævinlega sýn. Fjárlög sem voru samþykkt í desember voru orðin úrelt í janúar, febrúar vegna verðbólgu. En þetta er sem betur fer allt saman liðin tíð og ástæðulaust að fjölyrða um þetta.

Kem ég þá að nokkrum einstökum þáttum sem hafa verið nefndir. Þó vildi ég kannski fyrst í tengslum við umræðuna um viðskiptahalla, sparnað og skuldir víkja að því sem tveir hv. þm. nefndu í sambandi við þetta, hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir og Steingrímur Sigfússon véku bæði að því að viðskiptahallanum fylgir auðvitað bókhaldslega séð óhjákvæmilega skuldaaukning fyrir þjóðarbúið, það er alveg hárrétt. Ríkissjóður er hins vegar á fleygiferð með að borga niður skuldir sínar en það eru aðrir að safna skuldum, það er rétt. Það hefur verið gert á þessu ári í stórum stíl, m.a. í gegnum bankakerfið vegna þess að bankarnir hafa verið stórtækir við að taka lán í útlöndum og endurlána innan lands. Ekki er alltaf víst að í slíkum efnum hafi verið fylgt mikilli fyrirhyggju og skal ég þó ekki um það dæma en ég hef grun um að þar hefði stundum mátt fara hægar í sakirnar hjá bankastofnunum í landinu.

Hverjir eru þá að taka þessi lán? Jú, það eru einstaklingar í stórum stíl og skuldaaukning heimilanna stafar af því að einstaklingar og heimili eru að taka lán af fúsum og frjálsum vilja. Væntanlega vegna þess að þau sjá fram á betri tíð og sjá fram á að geta staðið í skilum. Skuldaaukningin hjá heimilunum þarf ekki sem slík að vera eitthvert hrikalegt böl eins og stundum er látið í veðri vaka. Það er enginn sem neyðir fólk að skuldsetja sig með þessum hætti, t.d. þegar verið er að kaupa bifreiðar eða stærri heimilistæki og þess háttar á góðum lánskjörum. Það er hins vegar allt of mikið um það í þjóðfélaginu, eins og hv. þm. Pétur Blöndal er óþreytandi við að minna okkur á, að almenningur er hvattur til þess að eyða og taka lán en lítið hvattur til þess að spara og leggja til hliðar. Það er þetta sem þarf að breytast í þjóðfélaginu. Við getum ekki leyft okkur sem þjóð að lifa þannig og við þurfum að spara meira í þjóðarbúskapnum í heild, það þarf að auka og efla þennan þjóðhagslega sparnað sem er margumræddur.

Ég ætla þá að koma að nokkrum spurningum sem fram hafa komið að því er varðar einstaka þætti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson spurði um veittar en óhafnar fjárheimildir og taldi að þar væri pottur brotinn, að ekki ætti að leyfa mönnum að

geyma fjárveitingar. Nú rakti ég í framsögu minni að það er breytt fyrirkomulag í þessum efnum sem gengur reyndar þvert á það sem hv. þm. sagði, vegna þess að áður þurfti að sækja sérstaklega um að fjárveitingar flyttust milli ára en núna gerist það sjálfkrafa. Það hygg ég að sé ekki það sem hv. þm. kærði sig um eða vildi að væri. En það er samt afleiðing af lögunum um fjárreiður ríkisins og að mörgu leyti held ég að það gefi meiri sveigjanleika og gefi stjórnendum aukið svigrúm til þess að skipuleggja starfsemina örlítið meira en kannski bara tólf mánuði í einu. Það getur verið mjög gott að hafa slíkt svigrúm, að menn geti geymt fjárveitingu sína án þess að eiga á hættu að hún verði slitin af þeim og sett í eitthvað allt annað ef þeim hentar kannski eða ef það er hagkvæmara að fresta einhverri framkvæmd og eiga þá peninginn vísan. Nú ellegar ef menn þurfa að fara öfuga leið, að flýta einhverri framkvæmd, þá sé hægt að draga af fjárveitingu næsta árs með svipuðum hætti. Þetta vildi ég að kæmi fram sem svar við þessum ábendingum hv. þm.

Ég var búinn að svara honum áður við 1. umr. um fjárlagafrv. að því er varðar lífeyrisskuldbindingarnar og hvort vitað hafi verið um þær í desembermánuði sl. þegar fjárlög voru afgreidd. Það var ekki vitað. Bæði vissu menn ekki hversu margir mundu færa sig á milli deilda í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og þar fyrir utan var ekki heldur vitað hvaða áhrif aðlögunarsamningar, sem voru þá ekki allir komnir í höfn, mundu hafa á það hversu dagvinnulaunin væru stór hluti heildarlaunanna en það er af dagvinnulaununum sem greitt er í lífeyrissjóði eins og allir vita. Þessu hefur því verið svarað.

Hv. þm. vék einnig að spurningunni um olíugjald og bifreiðaskattana. Það liggur fyrir hver örlög þess máls urðu í þinginu á síðasta vori. Örlög þess máls urðu að hætt var við olíugjaldið og það má endalaust deila um hvort það hafi verið skynsamlegt eða ekki. Önnur leið varð fyrir valinu sem fjmrn. er nú að kanna hvort hafi verið hin allra heppilegasta sem völ var á. Ég geri ráð fyrir því að innan skamms komi fram frv. um þau málefni þar sem tekið verði á augljósum annmörkum sem komið hafa í ljós að því er varðar fyrirkomulagið frá því í vor. Ég hygg að þá verði ýmsum létt þegar tekið verður á nokkrum atriðum sem því miður fá ekki staðist í lögunum frá því í vor. Um það mál er ekki tímabært að fjalla nánar úr þessum ræðustóli.

Þingmaðurinn spurði einnig um aðgerðir gegn skattsvikum og það gerði hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir líka. Það er ekki ýkjalangt síðan fram fór úttekt á umfangi skattsvika. Vandamálið við umfang skattsvika er að enginn veit hversu mikið það er, ella væri ekki mikið vandamál að hafa uppi á þeim sem þar eiga hlut að máli. Hins vegar er hægt að fullvissa þingheim um að allt er gert sem hægt er, miðað við starfsliðið sem fyrir hendi er, til þess að reyna að efla eftirlitsþáttinn í starfi skattkerfisins og ekki slegið slöku við í þeim efnum eins og menn sjá auðvitað af fréttum annað slagið. Ég held að vel og hyggilega sé haldið á málum, t.d. af embætti skattrannsóknarstjóra í þessu tilliti.

Spurt var um aðlögunarsamningana og hvernig ætti að mæta þeim. Ég hygg að hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir hafi átt við þá þegar hún talaði um viðmiðunarkjarasamninga. Ýmsir hafa reyndar gert aðlögunarsamningana að umtalsefni. Hvernig á að mæta þeim? Það hefur auðvitað verið reynt að áætla fyrir þeim eins vel og hægt hefur verið í þessu fjáraukalagafrv. Það kemur til að mynda fram á bls. 79 í plagginu að þar er stór fjárhæð veitt í liðinn Launa- og verðlagsmál í fjmrn. til þess að fjármagna það sem gerst hefur á þessu ári, m.a. hjá heilbrigðisstofnunum vegna kjarasamninga hjúkrunarfræðinga og vegna ákvörðunar kjaranefndar um hina ýmsu hópa sem undir hana heyra, þar á meðal prófessora í Háskólanum. Á þeim lið eru lagðar til hliðar 120 millj. vegna endurmats á launabótum í kjölfarið á kjarasamningum við framhaldsskólakennara. Ég hygg því að fyrir þeim þætti sé séð í fjáraukalagafrv.

Hins vegar má vel vera, og það er hlutur sem við eigum eftir að fara betur yfir, að ekki sé enn komin fullnægjandi yfirsýn yfir alla þessa þætti. Ef svo er þá verða menn auðvitað að ganga þannig frá að staðið verði við það sem samið hefur verið um nema þá að maðkur hafi verið í mysunni í einhverjum slíkum samningum sem mér er ekki kunnugt um, þ.e. að menn hafi samið um eitthvað sem þeir hafa ekki heimildir til. Það eru þá sérmál ef slíkt er uppi. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta.

Að því er varðar spurningar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um utanríkisþjónustuna og að því vék einnig hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, þá er því til að svara hvað varðar sendiráðin í Berlín, London og París að í Berlín er um að ræða byggingu á nýjum bústað og nýju sendiráði en á móti kemur salan á sambærilegu húsnæði í Bonn. Þetta eru því ekki nettóútgjöld sem þarna er um að ræða og eins og þingmaðurinn benti á hafa menn farið betur út úr þessum viðskiptum en til stóð. Að því er París varðar er um mjög hagkvæm viðskipti að ræða vegna þess að þar var seld íbúð á 18 millj. franka og önnur keypt á 13 millj. franka, ef ég man rétt. Með endurnýjunarkostnaði var um að ræða allnokkurn hagnað ríkisstjórnarinnar á þessum viðskiptum. Hins vegar er þetta fært sem tekjur og útgjöld þannig að það lítur út eins og þetta séu viðbótarútgjöld upp á þessa fjárhæð.

Ég mun þurfa að taka aftur til máls, hæstv. forseti, ef mér leyfist, til að svara því sem eftir er.

(**Forseti** (GÁ): Forseti verður að biðja hæstv. fjmrh. að víkja úr stólnum svo að hann geti gefið honum orðið á nýjan leik.)

[16:05]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði að sjálfsögðu það að hæstv. fjmrh. hefur ekki lokið máli sínu en ég ætla þó að skjóta hér inn orði þannig að hann geti þá beðið um orðið aftur.

Varðandi óhafnar fjárveitingar hef ég gagnrýnt það að ár eftir ár eru stórar upphæðir fluttar á milli hjá ráðuneytunum og ég er að gagnrýna það. Ég er ekki að gagnrýna þetta á nokkurn annan máta. Ég tel eðlilegt að hafa sveigjanleika og ég vil gjarnan hafa sveigjanleika en það eru stórar upphæðir á hverju einasta ári, a.m.k. sl. sex ár.

Ég fjallaði um olíugjaldið og ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin varðandi það en mig grunar að í þjóðfélaginu sé bullandi óánægja. Þeir sem starfa við akstur og hafa atvinnu af þungaflutningum eru flestir mjög óánægðir með þau gjöld sem á þá hafa verið lögð. Orðsending, nr. 4 frá 1998, sem send er út, þ.e. tilkynning til hlutaðeigandi um við hverju þeir megi búast, ég bið hæstv. fjmrh. að skoða mjög rækilega útfærsluna sem þar er sett fram. Það er verið að leggja 100 þús. gjald á hvern einasta flutningabíl. Það er raunverulega verið að hækka gjöldin verulega á einstaklingunum. Þannig er staða þeirra fyrir utan sektirnar sem þeir fá fyrir að aka lengur en EES-tilskipunin gefur út. Þar eru innheimtir háir skattar. Ég hef boðað það áður og mun leggja fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um þau mál.

[16:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru málefni sem munu koma til umræðu innan skamms sem sérstakt þingmál. Því er ástæðulaust að fara út í þessa sálma hér í smáatriðum en þó vildi ég leiðrétta að 100 þús. kr. gjaldið leggst einungis á bíla sem eru 14 tonn eða þyngri. Þar fyrir utan má geta þess að kílómetragjald í þessum þungaflutningum hefur lækkað en á móti var afsláttur felldur niður o.s.frv. Þetta er því flókið mál og þarna er samspil fleiri gjalda eins og bifreiðagjalds og vörugjalds á nýjum tækjum. Því er ástæðulaust að fjölyrða frekar um þetta en ég er sannfærður um að við munum öll eins og hv. þm. gera okkar besta til að greiða úr þessari flækju. Þetta er ekki einfalt mál eins og hv. þm. veit.

[16:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég átti eftir að svara nokkrum atriðum frá því áðan og þá einkum spurningum frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um einstaka liði í frv. Hvað varðar stóru sjúkrahúsin er gert ráð fyrir verulegum aukafjárveitingum til þeirra í frv. Fyrir utan þær upphæðir sem ráðgerðar voru í tengslum við skiptingu fjármagns af óskiptum lið, svokölluðum potti, en af þeim fóru 266 millj. til sjúkrahúsanna í Reykjavík, þá er lagt til að Sjúkrahús Reykjavíkur fái 273 millj. og Ríkisspítalarnir 186 til viðbótar. Mér finnst ólíklegt annað en að með þessu fjármagni verði hægt að gera þessa spítala upp, a.m.k. til síðustu áramóta. Vandinn á þessu ári er enn óleystur og á vegum heilbrrn. er sérstakur faghópur að vinna að þessu máli.

Í þessu efni er hins vegar mörgum spurningum ósvarað og vissulega hefur þessi gríðarlega umfangsmikli rekstur verið áhyggjuefni á undanförnum árum, hvernig hægt sé að halda utan um þetta og jafnframt taka tillit til nýjunga og framfara í læknisfræði og lyfjaþróun sem menn vilja auðvitað að komi inn í þetta kerfi. Hins vegar hefur tilhneigingin til útgjaldaþenslu verið mjög mikil og þess vegna hafa þessi vandamál verið árum saman eins og margir hafa gert að umtalsefni.

Ég vil segja að bæði hvað varðar sjúkrahúsin í Reykjavík og fjölmargra aðra liði í heilbrigðismálunum hefur verið gert heilmikið átak. Hér er t.d. verið að leysa vandamál ýmissa heilsugæslustöðva úti á landi. Í ákveðnum lið er gert ráð fyrir því að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla á heilsugæslusviðum þessara stofna. Það er líka gert ráð fyrir að gera upp ýmis gömul ágreiningsmál, t.d. varðandi gæsluvaktir á þessum stofnunum. Hér eru aukafjárveitingar, t.d. í liðinn Sjúkrahús og læknisbústaðir sem eru líka gömul uppgjörsmál, gamall leiðindaágreiningur sem á að koma út úr heiminum og nota tækifærið við þessar aðstæður sem eru í ríkisbúskapnum til þess að leysa ótal slík mál, ekki aðeins í heilbrigðismálum heldur víðar. Þarna er sem sagt um að ræða uppgjör á eldri framkvæmdum og fleira þess háttar sem of langt mál yrði að taka hér upp.

Hér er líka komið til móts við starfsemi sem er í gangi. Hér er framlag í nýbyggingu Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið, 15 millj. í nýbyggingu á Vogi. Hér er framlag upp á sömu upphæð, 15 millj., vegna framkvæmda hjá Náttúrulækningafélaginu í Hveragerði. Síðan fá tóbaksvarnir óvænt 3,5 millj. kr. aukaframlag vegna þess að lögin um tóbaksvarnir gera ráð fyrir ákveðnu hlutfalli af brúttóheildarsölu af tóbaki. Við stöndum náttúrlega við það hér og ég held að hægt sé að gera eitthvað gott fyrir þá peninga. Þannig mætti lengi telja. Víða er verið að leysa gömul mál sem sum hafa verið ansi fyrirferðarmikil og okkur öllum til trafala og mörgum sem hlut eiga að máli til leiðinda.

Hv. þm. spurði um 45 millj. kr. til Byggðastofnunar. Þar er um að ræða eitt af þeim málum þar sem verið er að reyna að greiða upp gamlan skuldahala. Þetta stafar af því að þarna er talað um að gera upp fyrirheit sem lúta að sauðfjárbændum á svæðum sem ekki hafa notið góðs af stóriðjuframkvæmdum. Þetta er mál frá 1991 eða frá upphafi þessa áratugar sem ekki hefur verið hægt að ljúka við.

Að því er varðar Bændasamtökin er þar hins vegar um að ræða uppgjör á jarðræktarframlögum sem var endanlega samþykkt í þinginu í vor. Þarna eru 170 millj. lagðar til hliðar en samkvæmt nýju lögunum um fjárreiður ríkisins ber að gjaldfæra allt þetta núna þó það komi ekki til greiðslu fyrr en síðar vegna þess að þetta er skuldbinding.

Að því er varðar félmrn. og ályktun um að auka hlut kvenna, þá stendur í henni að framlög eftir þetta ár eigi að vera samkvæmt ákvörðun Alþingis. Tillaga ríkisstjórnarinnar er sem sagt 2,1 millj. sem er í samræmi við tillöguna.

Ég hef ekki rýmri tíma hér, herra forseti, enda tel ég að ég hafi svarað öllum spurningum sem fram komu og þakka fyrir ágæta umræðu um þetta mál. Ég treysti því að fjárln., undir forustu hv. þm. Jóns Kristjánsson sem tjáði sig um frv., vinni gott verk og þarft í þessu máli í samstarfi við ríkisstjórnina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1997, 1. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 152.

[16:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1997 en hann var lagður fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta þingsins á síðasta sumri. Reikningurinn kom þá fram og hefur legið hér fyrir til athugunar en nú er lagt fram frv. til þess að staðfesta samþykki á honum í framhaldi af framlagningu fjáraukalaga, frv. sem væntanlega verður afgreitt innan tíðar og er forsenda þess að hægt sé að afgreiða reikninginn frá Alþingi.

Niðurstöður uppgjörs ríkissjóðs fyrir árið 1997 sýna að ríkissjóður var í fyrsta sinn um margra ára skeið rekinn með tekjuafgangi á þessu ári. Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 1997 var tekjuafgangur á almennri starfsemi tæplega 700 millj. en rúmlega 10 milljarðar kr. ef tekið er tillit til tekjufærslu vegna breytinga á rekstrarformi fyrirtækja ríkisins sem gerðar voru á árinu.

Almennar tekjur ríkissjóðs námu alls 135,3 milljörðum kr. eða um 27,5% af landsframleiðslu ársins í fyrra. Frá árinu á undan hækkuðu þær um 7 milljarða kr. eða um 5,5%. Tekjurnar skiptust þannig að beinir skattar námu 22%, óbeinir skattar 70,7%, fjármunatekjur 6,1% og aðrar tekjur rúmlega 1%. Af beinum sköttum er tekjuskattur veigamestur eða 18,5% af heildartekjum en virðisaukaskatturinn var sem fyrr helsti tekjustofn ríkisins eða 37% tæp af heildartekjum, en innflutnings- og vörugjöld tæp 15% og tryggingagjöld tæp 11%.

Gjöldin námu 134,6 milljörðum á árinu 1997 sem er 25,5% af landsframleiðslu samanborið við 28,2% árið 1996. Gjöld ríkissjóðs lækkuðu um 2,4 milljarða kr. eða um 1,7%

á milli þessara ára. Af einstökum liðum má nefna lækkun á framlögum til héraðs- og grunnskóla um 5,1 milljarð kr. vegna tilfærslu á rekstri þeirra til sveitarfélaga 1. ágúst 1996 og hækkun á fjárveitingum til sjúkrahúsa og sjúkrastofnana um 2,2 milljarða kr. Þá lækkuðu framlög til vegamála um 1,1 milljarð á milli ára. Skýrist sú lækkun af því að á árinu 1996 voru gjaldfærð kaup á Vestmannaeyjaferjunni Herjólfi fyrir 1,4 milljarða en á árinu 1997 var gjaldfærð yfirtaka á lánum Breiðafjarðarferjunnar Baldurs að fjárhæð rúmir 0,3 milljarðar. Loks kemur fram lækkun framlaga á milli ára vegna 1,7 milljarða kr. yfirtöku ríkissjóðs á lífeyrisskuldbindingum Pósts og síma á árinu 1996.

Afkomubatinn kemur skýrt fram í lánsfjárþörf ríkissjóðs og breytingunni sem þar hefur orðið á milli ára. Lánsfjárþörfin minnkaði um 14,8 milljarða kr. frá árunum 1996–1997 og skilaði ríkissjóður 2,8 milljarða lánsfjárafgangi sem notaður var til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Á síðustu árum hefur verðbréfaútgáfa ríkissjóðs verið endurskipulögð með það að markmiði að fækka flokkum ríkisverðbréfa og stækka þá flokka sem eftir verða. Tilgangur breytinganna er að efla viðskipti á eftirmarkaði og gera vaxtamyndun virkari. Þessar aðgerðir hafa m.a. stuðlað að aukinni eftirspurn eftir ríkisverðbréfum þannig að innlendar lántökur umfram afborganir voru á árinu 3,9 milljarðar kr. en á móti voru erlendar skuldir greiddar niður um 6,5 milljarða kr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1997 er síðasti ársreikningur ríkissjóðs sem gerður er á grundvelli eldri laga um ríkisreikning en eins og kunnugt er voru á árinu 1997 samþykkt á Alþingi ný lög um fjárreiður ríkisins. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að bæta framsetningu og upplýsingagjöf um ríkisfjármál. Þannig hefur uppsetning ríkisreiknings verið færð nær því sem gerist um reikningsskil á almennum markaði. Þau eru á svipuðu formi og því aðgengilegri fyrir lesendur þeirra.

Á þessu ári verður unnið að því að undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra laga. Mikilvægur þáttur í því er að endurskoða framsetningu reikningsskila stofnana ríkisins með sama markmið í huga og við endurskoðun ríkisreiknings. Aðgengilegar og skýrar upplýsingar um þróun ríkisfjármála og starfsemi ríkisins er krafa sem skattgreiðendur og þeir sem taka ákvarðanir um ríkisútgjöld eiga skýlausan rétt á.

Breytingar sem orðið hafa á alþjóðlegu fjármálakerfi eins og frelsi í fjármagnshreyfingum milli landa og stofnun Efnahags- og myntbandalags Evrópu leiða til þess að ríkisvaldið hefur færri úrræði til að hafa áhrif á þróun efnahagsmála en áður. Því verða ríkisfjármálin mun mikilvægari en áður við hagstjórn. Enginn vafi er á því að aðhald í ríkisfjármálum er öruggasta leiðin til að treysta þann stöðugleika í sessi sem náðst hefur hér á landi að undanförnu og halda aftur af vexti þjóðarútgjalda. Því má hvergi slaka á til að halda afgangi á fjárlögum þannig að svigrúm skapist fyrir útgjöld á öðrum sviðum þjóðfélagsins og lækkun skulda. Þetta markmið náðist á síðasta ári, 1997, eins og ríkisreikningurinn ber með sér. Það næst á þessu ári ef allt gengur eftir sem horfir og við vorum að ræða hér áðan og eru horfur mjög góðar að því er varðar næsta ár í þessu efni.

Það er ástæðulaust að fjölyrða um þennan reikning. Hann er staðreynd sem hér hefur lengi legið á borðum. Það er ekki um það að ræða að flytja brtt. við ríkisreikninginn efnislega séð en ég legg til, virðulegi forseti, að þessu máli verði nú vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

[16:20]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er lítið við skýrslu hæstv. fjmrh. að bæta nema að þetta er náttúrlega allt á mjög góðri leið, ríkisreikningurinn sömuleiðis. Hann sýnir góða afkomu ríkissjóðs. Þó sakna ég þess að sjá ekki samanburð við síðustu fjáraukalög og fjárlög til þess að sjá hvernig til hefur tekist á árinu 1997. Fjárlög voru upphaflega lögð fram í árslok 1996 sem ákveðin spá um afkomu ríkissjóðs og um leið lagasetning um kvaðir á útgjöld stofnana og síðan koma fjáraukalög sem breyta þeirri spá og breyta þeim ramma og að lokum kemur ríkisreikningur sem segir hvernig til tókst. Það hefði verið gaman að sjá í þessu frv. samanburð á milli síðustu fjáraukalaga g síðan endanlegs ríkisreiknings. (**Fjmrh.:** Það er í fjáraukalagafrv. fyrir 1997.) Takk fyrir.

Ég bendi á lífeyrisskuldbindingarnar enn þá einu sinni sem voru 94,9 milljarðar í lok ársins og hafa vaxið umtalsvert síðan. Þetta er skuldbinding sem er um 350 þús. kr. á hvern einasta Íslending eða 1,4 millj. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Þessir fjármunir bera 3,5% vexti eins og ég gat um fyrr í dag þannig að af þessari tölu þarf að reikna vexti. Þetta fer hratt vaxandi á árinu 1998 og ég held að menn þurfi að fara að horfa mjög alvarlega á þessa tölu sem eru lífeyrisskuldbindingarnar.

Það er mjög ánægjulegt að sjá aftast í frv. ágrip af eignaskrá. Þetta eru byrjunarskref en það er mjög mikilvægt að ríkið haldi eignaskrá og löngu tímabært. Ég er mest hissa á því að ríkið skuli ekki hafa týnt eignum. T.d. held ég að Landsbankinn hafi hvergi verið færður í ríkisreikningi þannig að hann hefði getað týnst í eignaskrá ríkisins. En það er mjög mikilvægt að ríkið haldi skrá yfir allar eignir sínar.

Að öðru leyti tek ég undir þakkir til hæstv. fjmrh. og fyrrv. fjmrh. fyrir mjög góða niðurstöðu á fjárlögum.

[16:23]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða ríkisreikninginn efnislega að þessu sinni. Hann kemur til fjárln. og verður tekinn til meðhöndlunar þar. Ég vildi bara koma hingað upp til að benda á hvað hafa orðið í rauninni miklar framfarir í meðhöndlun þessara mála, þ.e. að við skulum vera að fjalla um ríkisreikning 1997. Reyndar er dálítið liðið á árið 1998 en ég man þá tíð að menn voru með nokkra ríkisreikninga í takinu og það voru satt að segja ekki vinnubrögð til fyrirmyndar.

Ég vil fagna því og auðvitað er það takmarkið og öll efni eru að verða til þess að setja þær upplýsingar upp sem hv. 16. þm. Reykv. nefndi, þ.e. að lesa saman við fjárlög og fjáraukalög, eins ljóst og skýrt og kostur er.

Þær breytingar sem hefur verið unnið að á undanförnum árum miða að því og þær hafa nú þegar skilað stórkostlegum framförum í upplýsingagjöf um öll þessi ríkisfjármál til Alþingis.

Ég vildi aðeins nota tækifærið til þess að benda á þetta og læt efnislega umræðu um málið bíða en tek til máls við 2. umr. ef ástæða er til að fjalla eitthvað nánar um einstök atriði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytingar á ýmsum skattalögum, 1. umr.

Stjfrv., 150. mál. — Þskj. 150.

[16:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga á þskj. 150. Það er bandormur svokallaður sem breytir fleiri en einum lögum en hefur verið fluttur í þessu formi þar sem um er að ræða tiltölulega einfaldar breytingar sem eru að einhverju leyti samkynja.

I. kafli frv. lýtur að breytingu á lögunum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þar er um að ræða það atriði að gert verði ótvírætt að unnt sé að draga staðgreiðslu frá launakröfum sem mönnum hafa verið dæmdar eða úrskurðaðar. Hér er um það að ræða að dómstólar hafa talið að ótvíræða lagaheimild skorti til þess að draga staðgreiðslu frá slíkum greiðslum þó að það liggi í augum uppi að ef mönnum eru dæmdar launakröfur þá hljóti þær að vera skattskyldar eins og önnur laun. En hér hefur vantað lagaheimild og til þess að taka af öll tvímæli er lagt til að í lögin um staðgreiðslu opinberra gjalda komi slíkt ákvæði til þess að gera þetta alveg kristaltært.

II. kafli laganna gerir ráð fyrir því að breyting verði á lögunum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, þannig að gildistíma laganna verði breytt þannig að þau gildi ekki aðeins til ársloka á árinu 1999 heldur í fimm ár til viðbótar vegna þeirra brýnu verkefna sem þar er um að tefla.

Þessi lög um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga og sá skattstofn sem þar er á ferðinni, 0,25% eignarskattur, hefur orðið til þess að unnt hefur verið að taka af myndarskap á endurbótum á ýmsu húsnæði menningarbygginga sem legið hefur undir skemmdum áratugum saman. Nægir þar að nefna Þjóðminjasafnið, Þjóðleikhúsið, Safnahúsið og fleiri verkefni og fram undan eru stórverkefni á þessu sviði enn þá og þar á meðal viðgerðir á gamla skólahúsinu í Reykholti. Þess vegna hefur verið talið nauðsynlegt að framlengja þessi lög um fimm ár til viðbótar og er eðlilegt að gera það strax þó svo að gildistími núverandi laga renni ekki út fyrr en um önnur áramót.

III. kafli laganna er breyting á lögunum um aukatekjur ríkissjóðs. Þar er um það að ræða að nauðsynlegt hefur verið m.a. að kveða á um sérstakt gjald fyrir leyfi til að reka almenna póstþjónustu og fjarskipta- og talþjónustu, fyrir innheimtuleyfi, fyrir leyfi til útvarps og fyrir leyfisbréf fyrir lífeyrissjóði. Jafnframt er kveðið á um gjaldtöku vegna skráningar póstrekenda og aðila sem veita fjarskiptaþjónustu.

Hérna er um það að ræða að þessum greinum er bætt við í lögin um aukatekjur ríkissjóðs og t.d. að því er varðar þær fjárhæðir sem lagt er til að teknar verði inn fyrir leyfi sem varða fjarskiptaþjónustuna, þá eru þessar tillögur í samræmi við það sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur lagt til.

Ýmsir muna að áður voru aukatekjur ríkissjóðs ákveðnar í sérstakri reglugerð en í samræmi við breytta stjórnsýsluhætti og betri skipan þeirra mála þá eru slíkar gjaldtökur ákveðnar í lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Það sem hér er verið að leggja til er sem sagt að nokkrir nýir liðir komi inn og hefur í hverju tilfelli fyrir sig verið reynt að miða við það sem sambærilegast er í sambandi við aðra gjaldtöku, til að mynda að því er varðar leyfisbréf fyrir lífeyrissjóði, skráningu sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur, innheimtuleyfi og útvarpsleyfi.

Lokakafli frv., IV. kaflinn, lýtur að breytingum á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Hérna er eingöngu um það að ræða, herra forseti, að í samræmi við þá vegáætlun sem samþykkt var á síðasta þingi er gert ráð fyrir því að 0,5% af tekjustofnum Vegagerðarinnar renni í ríkissjóð vegna umsýslu og til að standa straum af kostnaði við álagningu og innheimtu gjaldsins. Þetta ákvæði hefur þegar verið tekið inn í lög að því er varðar þungaskattinn en það er ekki enn komið í lög að því er varðar bensíngjaldið og þess vegna er lagt til með þessu frv. að þarna verði samræmi og þessu sé skipað á báðum stöðum eins og gert er ráð fyrir í vegáætlun sem þingið samþykkti samhljóða á síðasta vori.

Fleiri efnisatriði eru ekki í þessu litla frv., herra forseti, og því ástæðulaust að fjölyrða frekar um þetta mál.

[16:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er lagt til að breyta ýmsum ákvæðum ýmissa skattalaga og fer vel á því að allar þessar breytingar eru færðar í einn bálk þannig að við þurfum ekki að taka á mörgum lagafrumvörpum.

Í 1. gr. er bara verið að beita heilbrigðri skynsemi sem hefur einhvers staðar tapast og gera það að verkum að laun sem dæmd eru samkvæmt dómi lúti sömu reglum og önnur laun. Maður hefði talið að það væri bara heilbrigð skynsemi en það virðist ekki hafa verið, hún hefur einhvers staðar týnst.

Herra forseti. Ég kom aðallega upp til þess að ræða um 2. gr. Hún lætur lítið yfir sér. Í stað ártalsins 1999 komi árið 2004, þetta merkir að þjóðarbókhlöðuskatturinn sem er 0,25% af öllum eignum umfram ákveðið mark, skuli framlengjast í fimm ár í viðbót. Það á sem sagt að viðhalda áfram skatti upp á 1,45% af eignum sem er með hæstu sköttum á eignir í öllum OECD-löndum nema e.t.v. Noregi. Þessi skattlagning er mjög skaðleg fyrir sparnað. Á þennan hátt hirðir ríkið þær eignir af borgurunum sem eru yfir ákveðnum mörkum á 70 ára fresti. Þetta veldur mikilli eignasamþjöppun ríkisins og er í reynd ríkisvæðing og andstætt hugsjónum þess flokks sem ég er í, Sjálfstfl.

Hæstv. fjmrh. gat þess að þetta hefði gert það kleift að halda við menningarverðmætum af myndarskap og efa ég það ekki en mér þykir mjög óeðlilegt að eingöngu þeir borgarar landsins sem eiga eignir umfram ákveðið mark og nenna að greiða eignarskatt, ég kem inn á það á eftir, standi að þessu viðhaldi á menningararfleifð þjóðarinnar og meginhluti þjóðarinnar horfi á aðgerðalaus og heimti jafnvel enn meiri skatta á þessar eignir.

Herra forseti. Greiðendur þessa gjalds, eignarskattsins, er margt hvert eldra fólk í stórum illseljanlegum eignum, íbúðum sem gefa engan arð. Þetta fólk er yfirleitt ekki með mikil fjárráð og það á í miklu basli og vandræðum með að borga af eignunum. Það getur ekki selt eignirnar á viðunandi verði og á líka kannski erfitt með að skilja við þær eignir sem það hefur búið í alla ævi.

Við búum við skuldaraþjóðfélag og hefur lengi verið við lýði. Það er verið að dekra við skuldarann en það er verið að hegna þeim sem spara og stunda ráðdeildarsemi. Það er verið að verðlauna þann sem eyðir og sólundar. Vaxtabæturnar eru alveg sérstakt dæmi um að verið er að verðlauna þá sem skulda og hvetja þá til að skulda enn frekar. Ég hef margoft bent hv. þm. á að það er engin furða að skuldir heimilanna vaxa sífellt þar sem ákveðinn hvati er í skattkerfinu. Fólki er

sagt: Skuldaðu, vinurinn, skuldaðu meira. Ríkissjóður greiðir vextina í formi vaxtabóta. Síðan taka menn til við krampakenndar aðgerðir við að galdra og pína fram sparnað sem vill ekki koma fram vegna þess að honum er hegnt á öðrum sviðum. Þar er akkúrat eignarskatturinn sem refsar mönnum fyrir það að hafa lagt til hliðar og stundað ráðdeildarsemi og myndað eignir. Nei, ríkissjóður tekur þær eignir af fólki á 70 ára fresti. Það er mjög brýnt, herra forseti, að laga þessi atriði, lækka eignarskattinn á fólk og laga vaxtabæturnar og kalla þær húsnæðisbætur en ekki bætur til þeirra sem skulda.

Herra forseti. Ég lofaði því áðan að útskýra hverjir nenna að greiða eignarskatta. Það er nefnilega þannig að þeir greiða eignarskatta sem nenna því. Það er svo auðvelt að komast hjá því að greiða eignarskatta algerlega löglega og ég hef svo sem áður bent á það úr þessum ræðustól. Menn kaupi spariskírteini og taka til þess lán með veði í spariskírteinunum. Með svo gott veð fá menn lægstu kjör hjá bönkunum, jafnvel niður í 7,5% vexti vegna þess að það er veð í spariskírteinum. Þá fellur þetta ekki undir CAD-reglur bankanna. Þetta kemur ekki inn í þær reglur bankanna sem takmarka útlánagetu þeirra þannig að þeir taka svona skuldurum fagnandi. Ég skil eiginlega ekki í bönkunum að hafa ekki auglýst þetta. Bara auglýsing: Hver nennir að greiða eignarskatt? Eða: Nennir þú að greiða eignarskatt? Ef þú nennir ekki að geriða eignarskatt, komdu þá til mín og ég skal lækka eignarskattinn eins og þér sýnist. Þetta er nefnilega algerlega löglegt og ég hef margoft bent á það að þetta skattfrelsi spariskírteinanna er ákaflega óeðlilegt.

Eins og oft áður þegar menn búa til svona vitlaus skattalög sem eru reyndar búin að vera í gildi mjög lengi, það var ekki þessi ríkisstjórn og ekki sú síðasta sem tók þetta upp heldur einhver hæstv. fjmrh. lengst aftur í fortíðinni, með svona gölluðum reglum, leiða þær til þess að þeir sem hafa þekkinguna og góða endurskoðendur borga ekki skattinn. Hinir, smælingjarnir, sem eiga kannski eina íbúð, jafnvel kjallaraholu og borga eignarskatt 1,45%, borga skattinn. Þetta er nú allt réttlætið. Mér finnst mjög brýnt, herra forseti, að hæstv. fjmrh. taki sig á og lagi þetta misræmi, lækki eignarskatta og taki af eignarskattsfrelsi spariskírteina, að sjálfsögðu í áföngum. Það verður að gera í áföngum.

Herra forseti. Í 3. og 4. gr. eru alls konar gjöld, t.d. leyfi til rekstrar fjarskiptaþjónustu, 80 þús. kr. Hversu margir skyldu óska eftir leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu? Hvað ætli þetta gefi miklar tekjur? Síðan er leyfi til rekstrar póstþjónustu, 80 þús. kr. sömuleiðis. Hversu margir skyldu óska eftir leyfi til rekstrar póstþjónustu? Ég segi: Sárafáir. Leyfi til rekstrar lífeyrissjóðs. Það eru gjöld upp á 50 þús. kr., 30 þús. kr. og 10 þús. kr., þ.e. 50 þús. kr. fyrir nýjan lífeyrissjóð, 30 þús. kr. fyrir starfandi lífeyrissjóð og 10 þús. kr. fyrir lífeyrissjóð sem hættur er að taka við iðgjöldum. Í landinu starfa 60 lífeyrissjóðir. Ég hygg að þetta muni gefa ríkissjóði allt saman einhverjar örfáar milljónir.

Herra forseti. Ég hef ákveðnar efasemdir og hef alvarlegar athugasemdir við umsögn fjmrn. um kostnað við þessar breytingar. Það er ekki spurning að það að framlengja þjóðarbókhlöðuskattinn og ég vildi óska eftir að hæstv. fjmrh. hlustaði á mál mitt í þessu þar sem ég er að gagnrýna fjmrn. Það er ekki spurning að innheimta þjóðarbókhlöðuskattsins kostar ríkissjóð heilmikið. Það þarf að muna eftir þessum skatti, það þarf að forrita. Fólk þarf að standa í þessari innheimtu og þessi skattur gefur 550 millj. Það hlýtur að kosta heilmikið að innheimta hann fyrir þá sem taka að sér innheimtuna og það er ekki talað um að þetta valdi kostnaðarauka í umsögn fjmrn. Það er eins og rekstur alls skattkerfisins kosti ekki neitt. Ég hef miklar og alvarlegar athugasemdir við það.

Það kostar líka heilmikið að innheimta þennan skatt af lífeyrissjóðunum, þessar 3 millj. sem það gefur eða 2 millj. eða eitthvað slíkt. Allur þessi skattur lífeyrissjóðanna gefur ríkissjóði 2 millj. og það kostar heilmikið að halda utan um það og muna eftir öllum þessum sköttum, öllum þessum tilbrigðum, 50 þús., 30 þús. og 10 þús. Allt kostar þetta. Þetta er ekki kostnaður sem gefur þjóðhagslegar tekjur því að verið er að taka af einum þegninum til þess að láta annan hafa. Þetta gefur ekki nokkrar einustu tekjur, skilar engu í þjóðarbúið. Ég mundi leggja til að það yrði hreinlega sett núll á alla liði 3. gr., bara strikað út vegna þess að kostnaður við innheimtuna er meiri en það sem innheimt er eða a.m.k. það stór hluti af því að það er ekki skynsamlegt að fara út í svoleiðis hluti. Mér finnst persónulega að kostnaður við skattheimtu megi ekki fara mikið yfir 5% vegna þess að skattheimta gefur þjóðarbúinu ekki neitt.

Ég vil að fjmrn. endurskoði umsögn sína við þetta frv. um kostnaðinn sem það veldur að framlengja þjóðarbókhlöðuskattinn og taka upp öll þessi smágjöld á þessa aðila og mér finnst að það eigi hreinlega að sleppa sköttum sem eru svona smávægilegir og svona sjaldgæfir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stimpilgjald, 1. umr.

Stjfrv., 151. mál (undanþágur frá gjaldi). — Þskj. 151. [16:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Með þessu litla frv. er lagt til að lögum um stimpilgjald verði breytt nokkuð og tekið verði skýrt fram um allar undanþágur og heimildir til undanþágna frá greiðslu stimpilgjalds og þar með að almenn heimild fjmrh. til að ákveða hvort ríkissjóður greiði gjaldið falli niður ásamt ýmsum öðrum undanþágum sem tilgreindar hafa verið í sérlögum eða fjárlögum. Hérna er um það að ræða að taka fram með pósitívum hætti, eins og stundum er sagt, hvaða undanþágur eru í gildi en leggja það ekki í vald ráðherrans að meta slíkt og jafnframt að taka það skýrt fram í lögunum á almennum grundvelli í stað þess að vera með slíkar undanþágur til að mynda í fjárlögum eins og tíðkast hefur að því er varðar flugvélakaup hingað til lands þar sem tilgreind hafa verið sérstök tæki, tilgreindar flugvélar á skráningarnúmerum.

Þetta er meginefni þessa frv. Þó er ein breyting sem getur haft efnislega þýðingu vegna þess að gert er ráð fyrir því að afsalsgerningar eða skjöl sem leggja höft eða bönn á kaupskip, sem eru einkum ætluð til farmflutninga og eru rekin af félögum sem einkum stunda reglubundnar áætlunarsiglingar eða leigusiglingar innan lands eða á milli landa, falli niður. Slík skjöl verði sem sagt stimpilfrjáls.

Þannig háttar til um þessi mál að kaupskip sem skráð eru hérlendis eru orðin sárafá, m.a. vegna þess að stimpilkostnaðurinn er mikill. Hann hefur virkað þannig að hann hefur fælt frá þá aðila sem hérna er um að tefla og þess vegna er ekki um það að ræða að hér sé tekjutap á ferðinni fyrir ríkissjóð heldur þvert á móti muni þetta hugsanlega

geta orðið til þess að draga inn í landið skráningu skipa og hugsanlega einhverjar tekjur í því sambandi. Þetta er út af fyrir sig angi af miklu stærra máli sem varðar starfsskilyrði kaupskipaútgerða og deilur sjómanna við útgerðir en þessi litli angi af málinu er hins vegar beintengdur ríkinu og við höfum tekið þá afstöðu í ríkisstjórn að reyna að koma þarna til móts við þessa starfsemi m.a. vegna þess að núgildandi reglur hafa enga þýðingu og skila engum tekjum en eru frekar til bölvunar fyrir þá sem hlut eiga að máli.

Að því er varðar loftförin er eins og ég sagði áðan sett inn almennt ákvæði fyrir þá sem eru með atvinnurekstur í flugi, hvort heldur er innan lands eða milli landa, hvort heldur í áætlunarflugi eða leiguflugi, það sama eigi við um þá, þá gildi stimpilfrelsi að því er varðar skjöl í viðskiptum með þessi tæki en þó þannig að ekki verði hægt að þinglýsa almennum viðskiptaskuldum á þessi tæki heldur eingöngu skjöl og skuldbindingar sem tengjast fjármögnun sjálfra vélakaupanna. Það eru held ég eðlileg skilyrði.

Síðan er hérna, eins og ég sagði í upphafi, verið að tilgreina ýmsar aðrar undanþágur sem ástæðulaust er að tíunda og sem skýrast í frv. En vegna þessara atriða er nauðsynlegt að fella brott ákvæði um stimpilfrelsi í lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna vegna þess að það ákvæði kemur hér inn og sambærilegt ákvæði í nýlegum lögum um húsnæðismál vegna þess að ákvæðið um skuldabréf Íbúðalánasjóðs kemur inn í þetta frv. með sama hætti.

Það má spyrja, herra forseti: Hvað varð um stimpilgjaldafrv. mikla sem var á síðasta þingi? Það hlaut ekki afgreiðslu, á því voru gallar og stimpilgjaldið er að mörgu leyti gallagripur eins og við vitum. Ekki skal dregin fjöður yfir það. Það mál er hins vegar stærra í sniðum en svo að það verði til úrlausnar á þessu þingi. Þar er um að ræða tekjuöflun fyrir ríkissjóð sem er mjög umfangsmikil og ekki er hægt að kasta út um gluggann í einu vetfangi. En vissulega eru ýmsar hugmyndir uppi um hvernig gera megi þá tekjuöflun nútímalegri en felst í núgildandi lögum um stimpilgjald, en það bíður betri tíma. Hér er um að ræða eingöngu minni háttar lagfæringar á þessum lögum en að öðru leyti bíður það mál þess að ný endurskoðun verði hafin á þessum lögum og það frv. sem samþykkt var á síðasta þingi tekið til nýrrar meðferðar og endurskoðunar í fjmrn.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér eru felldar niður almennar heimildir til hæstv. fjmrh. og það er af hinu góða. Það er jákvætt og veitir aga að hann geti ekki veitt almennar heimildir til þess að gera pappíra stimpilgjaldsfrjálsa.

Ég tek þó helst eftir því í þessu frv. sem ekki stendur í því, eins og hæstv. fjmrh. gat um, þ.e. um nauðsyn þess að afnema stimpilgjöld á meginhluta þeirra skjala sem stimpluð eru. Eins og hæstv. fjmrh. kom inn á er stimpilgjaldið ákaflega hemjandi á viðskipti. Þetta er meingallaður skattur, sérstaklega ef um er að ræða skammtímapappíra þar sem stimpilgjaldið getur orðið svo hátt að eðlileg útgáfa skammtímapappíra verður ómöguleg. Þá bregðast menn að sjálfsögðu við og fara í kringum lögin — jafnvel Seðlabanki Íslands. Hann stundar viðskipti með „endurhverf verðbréf". Endurhverf verðbréf eru verðbréf sem hverfa til Seðlabankans aftur þegar þau eru greidd upp, þ.e. þau eru aldrei greidd upp heldur kaupir hann þau til baka. Hann getur því notað sama verðbréfið aftur og aftur og greiðir aðeins einu sinni af því stimpilgjald. Þannig hygg ég að þetta sé gert hjá Seðlabankanum sem er opinber aðili.

Þannig leysa menn að sjálfsögðu vandamálið þegar stimpilgjaldið gerir það að verkum að ekki er hægt að lána peninga í viku eða einn mánuð. Þetta er hins vegar mjög óeðlilegt. Þetta ætti ekki að vera svona.

Svo má benda á það, herra forseti, að stimpilgjaldið er aðallega skattur á skuldara og oft og tíðum skattur á skuldara í neyð, sem neyðast til að skuldbreyta, neyðast til að taka ný lán, neyðast til þess að skuldajafna og semja. Alltaf skulu þeir borga stimpilgjald til ríkissjóðs. Ég hef stundum kallað stimpilgjaldið skatt á neyð og hann er mjög óeðlilegur í þeirri stöðu.

Það sem ég vildi sjá, herra forseti, og ákveðnir hv. þm. í efh.- og viðskn. voru að hugsa um var að stimpilgjaldið yrði afnumið í áföngum og takmarkað við þinglýsingar eingöngu. Það held ég að sé ákveðin lausn. Vandamálið er að stimpilgjaldið gefur ríkissjóði miklar tekjur, of miklar. Sem vinur ríkissjóðs sem ekki vill sjá halla á ríkissjóði, vegna þess að það er ekkert annað en skattur á börnin okkar og framtíðina, þá mundi ég gjarnan vilja að hæstv. fjmrh. skoðaði þá leið að stimpilgjald yrði afnumið í áföngum, segjum á þremur, fjórum árum, og yrði takmarkað við þinglýsingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 181.

[16:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Frumvarp þetta er lagt fram til að einfalda lögin um starfsemi Söfnunarsjóðsins og samræma þau ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þau lög gilda um alla lífeyrissjóði þar á meðal lögbundna lífeyrissjóði með þeim undanþágum sem tilgreindar eru í 50. gr. þeirra laga, t.d. um útgáfu starfsleyfa og um lífeyrisréttindin, að undanskildu ákvæðinu sem fjallar um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka hans. Þrátt fyrir að sett hafi verið ítarleg ákvæði í lögin um starfsemi lífeyrissjóða þykir rétt að fjalla um helstu atriði er varða starfsemi Söfnunarsjóðsins í lögunum um hann, svo sem um aðild, stjórn, iðgjald og iðgjaldsstofn. Jafnframt er lagt til að meginreglurnar sem gilda eiga um lífeyrisréttindi í Söfnunarsjóðnum verði í lögunum. Gert er ráð fyrir að í samþykktum sjóðsins verði sett frekari ákvæði um starfsemi hans eins og á við um lífeyrissjóðina almennt.

Með lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er sjóðnum fengið nýtt hlutverk. Samkvæmt 6. gr. þeirra skal ríkisskattstjóri hafa eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Komi í ljós eftir könnun á framtali og samanburð á upplýsingum frá launagreiðendum og lífeyrissjóðum að ekki hafi verið greitt í lífeyrissjóð vegna einhvers manns skal senda upplýsingarnar til Söfnunarsjóðsins sem á þá að innheimta iðgjaldið.

Af öðrum atriðum vil ég nefna að í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um stjórn sjóðsins. Lagt er til að stjórn sjóðsins verði skipuð með sama hætti og áður nema að gert er ráð fyrir að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tilnefni ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins eins og áður heldur skipi fjármálaráðherra þrjá í stað tveggja án tilnefningar. Með setningu nýrra laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins verður sú breyting að ríkisstarfsmenn eiga enga aðild að Söfnunarsjóðnum eins og verið hefur. Því er ekki talin ástæða til þess að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tilnefni fulltrúa í stjórn Söfnunarsjóðsins. Lífeyrissjóðasamböndin hafa tilnefnt hvort sína tvo fulltrúa og gert er ráð fyrir að þannig verði það áfram samkvæmt þessu frv. Gert er ráð fyrir því áfram. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að nú standa yfir viðræður um sameiningu lífeyrissjóðasambandanna í ein hagsmunasamtök lífeyrissjóða. Í drögum að samþykktum hinna nýju samtaka kemur fram að þeim verði stjórnað af framkvæmdastjórum og stjórnarmönnum lífeyrissjóðanna.

Í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um heimild sjóðsins til móttöku viðbótariðgjalds en sjóðurinn fékk slíka heimild með breytingu sem gerð var á lögum hans árið 1996. Lagt er til að heimilt verði að ákveða í samþykktum að hluta af 10% iðgjaldinu sé varið í séreign en um slíka samþættingu sameignar og séreignar gilda 4. og 5. gr.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri, herra forseti, en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:54]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh. eru þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda að mestu tilkomnar vegna nauðsynjar þess að laga þessi lög að öðrum lögum, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Flest það sem lagt er til í frv. er til bóta, þótt að sjálfsögðu þurfi þetta frv. að sæta rækilegri skoðun í meðferð þingsins sem mun væntanlega leita umsagnar allra þeirra aðila sem hlut eiga að máli.

Á þessu stigi vil ég þó gera athugasemd við eina grein frv., 3. gr., um skipan í stjórn sjóðsins, en eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh. er gert ráð fyrir því að fjmrh. skipi sjö menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða, tveir eftir tilnefningu stjórnar Landssambands lífeyrissjóða og þrír án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður sjóðstjórnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Eins og fram kemur í grg. og reyndar einnig í framsöguræðu hæstv. fjmrh. er sú breyting gerð frá fyrri lögum að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, sem áður tilnefndi einn fulltrúa í stjórn, mun ekki tilnefna í stjórn Söfnunarsjóðsins nái þetta frv. fram að ganga.

Ég er ekki með tölur yfir félaga eða þá sem aðild eiga að Söfnunarsjóðnum en ég hygg að stór hluti þeirra komi úr röðum opinberra starfsmanna eða hafi gert til þessa. Það er rétt sem hæstv. fjmrh. bendir á að breytingar hafa orðið á aðgengi að LSR, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, með nýjum lögum um þann sjóð. Eftir sem áður er stór hluti þeirra sem aðild eiga að Söfnunarsjóðnum úr þessum ranni og verður væntanlega enn um hríð. Benda má á að ýmsir þeir sem starfa við stofnanir sem hafa verið einkavæddar eiga aðild að þessum sjóði og margar stofnanir á vegum hins opinbera eru aðilar að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Að mínum dómi er þetta því óeðlileg breyting. Ég hefði talið hyggilegra að bíða með breytingu af þessu tagi þar til síðar, að eðlilegt væri að skoða málin í ljósi reynslunnar. Því legg ég til að þetta mál verði skoðað auk þess sem hér er ákveðið stílbrot á ferðinni. Reynt hefur verið að gæta þess að jafnræði sé með atvinnurekendum og launamönnum um skipan í stjórnir lífeyrissjóðanna en hér er sú hefð brotin ef þetta nær fram að ganga. Ég vil því hvetja til þess að þessi lagagrein verði endurskoðuð en að sjálfsögðu áskil ég mér rétt til að taka til nánari skoðunar aðrar greinar frv., sem ég tel þó að séu flestar til mikilla bóta.

Hér hefur farið fram athyglisverð umræða um ýmislegt sem tengist fjmrn. og stjórn fjármála ríkisins. Menn hafa ekki hikað við að gefa sér góðar einkunnir fyrir frammistöðu á undangengnum árum og kallað til vitnis menn utan úr heimi. Í umræðu um fjárreiður ríkisins var vitnað til Alþjóðabankans eða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, ég man ekki hvort hæstv. fjmrh. gerði. Hann sagði að þar væru menn afskaplega hrifnir af því sem Íslendingar væru að gera. Gott ef ekki var getið um að frá Bandaríkjunum væri von á mönnum í sérstaka námsferð til að læra hvernig skipa ætti ríkisfjármálum. (**Fjmrh.:** Komnir og farnir.) Komnir og farnir, segir hæstv. fjmrh. Ég hef áður sagt að ég er ekki í þessum aðdáendaklúbbi og tel að þær breytingar sem gerðar hafa verið hér á skipulagi fjármála ríkisins séu ekki til góðs. Í grundvallaratriðum hefur verið unnið að því að búa í haginn fyrir einkavæðingu. Þótt við sjáum enn bara toppinn á ísjakanum þá held ég að hrifning þjóðarinnar verði ekki mikil þegar ísjakinn allur kemur í ljós. Ég efast þó ekki um að mikið verði klappað hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Alþjóðabankanum og öðrum þeim stofnunum alþjóðlegum sem hvatt hafa til einkavæðingar.

[17:00]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda eru töluvert yfir 70 þúsund manns. Nýjustu tölur sem ég man eru um 75 þúsund. Margir þeirra eiga rétt í mjög stuttan tíma. Sumir hafa verið opinberir starfsmenn, aðrir ekki. Sumir hafa verið mjög lengi í þessum sjóði.

Formaður BSRB, hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem situr í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og forvaltar þar mikið kapítal, er kapítalisti, saknar þess að hann fái ekki áfram að tilnefna menn í stjórn þessa lífeyrissjóðs. En hann segir ekkert um það að þeir sjóðfélagar sem eru í þessum sjóði skuli hafa einhver áhrif á stjórn sjóðsins. (**ÖJ:** Hverjir?) Sjóðfélagarnir í þessum sjóði sem hvorki eru í BSRB né eru aðilar að Landssambandi lífeyrissjóða eða Sambandi almennra lífeyrissjóða vegna þess að þeir eru í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Þeir hafa í dag engin áhrif á stjórn þess sjóðs sem forvaltar og fer með og ráðstafar því fjármagni sem á að vera þeim trygging í ellinni og þeir eiga allt sitt undir að vel sé að verki staðið.

Ég sakna þess að hér skuli ekki vera lagt til að sjóðfélagar kjósi stjórn. Ég sakna þess líka að ekki skuli vera tekið fram í lögunum að sjóðurinn sé eign sjóðfélaga sinna.

Við ræðum reyndar seinna í dag 16. lið á dagskránni, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þar sem einmitt er lagt til að lífeyrissjóðir verði almenn eign sjóðfélaga og að sjóðfélagar

fái að kjósa sér stjórn, líka hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

[17:02]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er ekkert nýtt að við heyrum hv. þm. Pétur H. Blöndal flytja þessa ræðu. Allar götur frá því að farið var að ræða um lífeyrissjóði og breytingar á löggjöf um lífeyrissjóði kom fram að honum eru þyrnir í auga samtryggingarsjóðir, lífeyrissjóðir. Hann er einn þeirra sem hafa gengið hvað harðast fram í því að koma lífeyrissparnaði í hendur einkaaðila, fyrirtækja á borð við Kaupþing og önnur sem höndla með sparnað landsmanna þannig að þetta er ekkert nýtt. Það er heldur ekkert nýtt að hann leggi til nýjar leiðir og aðrar til að brjóta niður áhrif verkalýðsfélaga, samtaka launafólks, og draga þannig úr virku lýðræði í stjórn lífeyrissjóðanna. Þetta er ekkert nýtt.

Hitt vil ég leggja áherslu á að þessi grein, 3. gr. frv., verði tekin til endurskoðunar þannig að meira jafnræði ríki á milli atvinnurekendahliðarinnar og hliðar launafólks.

[17:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að ég sé á móti samtryggingarsjóðum, langt í frá. Ég hef alla tíð lagt mikla áherslu á mikilvægi og gildi samtryggingarsjóða og ég var eindreginn andstæðingur séreignarsjóða þar til þeir fóru að taka upp áhættutryggingar og fóru að tryggja sitt fólk. Þetta er því ekki rétt eftir haft eða munað. Ég hef alls ekki verið á móti samtryggingarsjóðum og ég er mjög hlynntur þeim.

En ég er aftur á móti ekki hlynntur því hvernig stjórnir þeirra eru skipaðar og ég er ekki hlynntur því að sjóðfélagar hafi engin áhrif á stjórnir sinna sjóða. Ég er heldur ekki ánægður með að það skuli ekki vera á hreinu hver eigi það mikla fjármagn sem bundið er í lífeyrissjóðunum. Ég hef meira að segja lagt til — það var kolfellt fyrir mér og ég man ekki betur en að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi verið á móti því — að lífeyrissjóðirnir væru eign sjóðfélaganna. Og hann var enn fremur á móti því að sjóðfélagar fengju að kjósa sér stjórn.

[17:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er glaður að heyra að Pétur H. Blöndal sé fylgjandi samtryggingarlífeyrissjóðum. (**PHB:** Alltaf verið.) Og ef ég hef haft hann fyrir rangri sök þá bið ég hann afsökunar á því. En mér hefur fundist málflutningur hans yfirleitt vera á annan veg.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal segist vera hlynntur því að sjóðfélagar kjósi sér stjórn og leggur áherslu á að þeir eigi sjóðinn. Hann hefur lagt til að fundir, sem yfirleitt reynast fámennir fundir sjóðfélaga, kjósi þessa stjórn (**PHB:** Ekki ef þeir eru ...) í stað þess að leitað sé eftir víðtækara umboði sem þá hefur verið gert í gegnum samtök launafólks þar sem miklu fleiri koma að máli og kjósa eða tilnefna í þessar stjórnir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:06]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður og kjör öryrkja, 198. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj. 216.

Áætlanir í raforkumálum, 200. mál, fsp. MF, þskj. 218.

Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, 199. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 217.

Internetsamvinna skóla á Vestur-Norðurlöndum, 195. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 212.

Íþróttasamstarf milli Vestur-Norðurlanda, 196. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 213.

Orka fallvatna og nýting hennar, 181. mál, frv. HG, þskj. 197.

Stofnun vestnorræns menningarsjóðs, 197. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 214.

Fjárreiður ríkisins, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 64. mál (laun, risna o.fl.). — Þskj. 64.

[17:08]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins. Frumvarp þetta er í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum um Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands á árinu 1983, og reyndar einnig í samræmi við frv. um breytingu á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga frá 1982.

Sú sem hér stendur flutti þessi frumvörp á sínum tíma, 1982 og 1983, en með frumvörpunum til að mynda um ríkisbókhald og gerð ríkisreiknings var sú kvöð sett á að með ríkisreikningi skyldi fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiða-, risnu- og ferðakostnað einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna. Markmiðið var að ná fram virkara aðhaldi og eftirliti með fjármunum ríkisins og framkvæmd fjárlaga. Síðan voru árið 1983, eins og ég gat um áður, herra forseti, sambærileg ákvæði sett í lög um ríkisviðskiptabanka.

Ég vil aðeins fara í forsögu þessa máls sem skýrir tilefni flutnings þessa frv. Árið 1986 voru sett ný lög um viðskiptabankana og um Seðlabanka Íslands og þá féllu þessi ákvæði úr lögum en voru sett engu að síður í reglugerð um ársreikning bankanna. Árið 1993 eru síðan sett aftur ný lög um viðskiptabanka. Þar var heldur ekki að finna umrædd ákvæði í lögum og það sem verra var, ekki var sett reglugerð sem skyldaði bankana til að birta áfram upplýsingar um launa-, bifreiða-, risnu- eða ferðakostnað.

Eftir 1993 hættu því ríkisviðskiptabankarnir að birta þessar upplýsingar. En svo öllu sé haldið til haga þá held ég að ég fari rétt með að Seðlabankinn hafi engu að síður birt áfram þessar upplýsingar í ársreikningum sínum en ekki viðskiptabankarnir eftir 1993.

Það varð tilefni fyrirspurnar á Alþingi til viðskrh. frá þeirri sem hér stendur á sl. ári um risnu-, bifreiða- og ferðakostnað Landsbankans, Búnaðarbankans og Seðlabankans að þessi sundurliðun hafði ekki fylgt ársreikningi í fimm ár, en sú fyrirspurn dró síðan dilk á eftir sér, eins og menn þekkja.

Hvað varðar ríkisreikning þá hafa áfram verið birtar upplýsingar um þessa þætti ríkisrekstursins í ríkisreikningum en þau lög sem sett voru um þetta efni árið 1982 hafa verið í fullu gildi þar til lög voru sett um fjárreiður ríkisins um vorið 1997 en þá var fellt út ákvæðið um skyldu ráðuneyta og ríkisstofnana til þess að leggja fram sérstakt sundurliðað yfirlit yfir launagreiðslur, bifreiðakostnað, risnu- og ferðakostnað eins og frv. þetta gerir ráð fyrir.

Út af fyrir sig veit ég ekki, þó að það hafi ekki lagastoð eftir að ný lög um fjárreiður ríkisins voru sett 1997, hvort haldið verði áfram í ríkisreikningi að birta þessa umræddu sundurliðun. Engu að síður taldi ég betra að hafa þetta áfram í lögunum, eins og þetta var áður í lögum um ríkisbókhald, og að þetta verði fastsett í lögunum um fjárreiður ríkisins og nái þá einnig til bankanna. Ég vil vitna til þess, herra forseti, að í lögum um fjárreiður ríkisins frá 1997 segir í 2. gr.:

„Ríkisaðilar eru þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins."

Eftir því sem athugað hefur verið fyrir mig þá er mér sagt að ef þessi breyting verður gerð, sem ég hér mæli fyrir, þá haldist áfram sú skylda sem hefur verið allar götur frá 1982 varðandi stofnanir í eigu ríkisins og það sérstaka yfirlit sem birtist með ríkisreikningi. Og eins vegna þeirrar skilgreiningar sem um getur í 2. gr. laga um fjárreiður ríkisins, þá muni þetta, verði frv. að lögum, einnig ná til skyldu viðskiptabankanna, Landsbankans, Búnaðarbankans og Seðlabankans til þess að birta þetta áfram í ársreikningum sínum sem ekki hefur verið gert um a.m.k. fimm ára skeið.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa ítarlegri framsögu um þetta mál. Ég tel að þetta liggi nokkuð ljóst fyrir. Ég vil minna á það, herra forseti, að á sínum tíma, 1982 og 1983, var breið samstaða um það hér á þinginu að þetta yfirlit skyldi framvegis fylgja ríkisreikningi. Það er von mín að svo verði áfram á þessu þingi og að þegar þetta frv. kemur til umfjöllunar í nefnd og til kasta þingsins aftur þá hafi það vítækan stuðning hér á Alþingi.

Það er skoðun mín, herra forseti, að þessi ákvæði muni auðvelda eftirlit Alþingis, þ.e. ef þessi upplýsingaskylda er til staðar, auk þess sem það styrkir allt aðhald með ríkisstofnunum að því er þessa þætti varðar ef stofnanir þurfa árlega að gera grein fyrir sundurliðun á þessum þáttum sem ég hef nefnt.

Ég vil, herra forseti, spyrja hæstv. fjmrh. um afstöðu hans til þeirra breytinga sem hér eru lagðar til á lögum um fjárreiður ríkisins og hvort hæstv. ráðherra sjái eitthvað sem hann telji mæla gegn því að þetta frv. verði að lögum, vegna þess, herra forseti, að ég er sannfærð um að það muni auðvelda þinginu að hafa aðhald með stofnunum ríkisins og einnig auðvelda fjmrn. að hafa aðhald með þeim.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. síðasta ræðumanns vil ég segja að ég hef ekki haft aðstöðu til þess að setja mig inn í þetta mál og get ekki svarað því, hef ekki myndað mér afstöðu enn þá. Ég hef þar af leiðandi ekki kynnt mér hver ástæðan er fyrir því að þetta ákvæði féll brott úr fjárreiðulögunum. Það má vel vera að það sé vegna þess að það sé talið óþarft og hægt að veita þessar upplýsingar án þess að um sé að ræða lagaskyldu í þeim búningi sem hér er lagt til.

Hitt er annað mál að það á ekki að vera flókið mál að draga saman þessar upplýsingar, þær eru til. Þess vegna er hægt að spyrja um þær á þingi á hverju einasta ári ef einhver þingmaður vill það. En það er rétt að þetta mál fari bara í skoðun í þingnefndinni og síðan geri menn upp sína afstöðu.

[17:17]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þekki ekki fremur en hæstv. ráðherra ástæður þess að þetta féll út úr fjárreiðulögunum 1997, eða fylgdi ekki með því frv. Það má vel vera að engu að síður geti hæstv. ráðherra sett reglugerð sem skyldar ríkisstofnanir til að setja áfram slík yfirlit inn í ríkisreikninginn.

En ég vil minna á að árið 1993 var það ekki gert með reglugerð og eftir það hættu bankarnir, bæði Búnaðarbanki og Landsbanki, að birta þessi yfirlit í ársreikningum sínum. Þess vegna held ég að það sé tryggara að þetta sé bara aðgengilegt og árvisst að þetta birtist með ríkisreikningi frekar en að einstakir þingmenn þurfi að kalla eftir þessu.

Ég trúi ekki öðru og gat ekki heyrt annað á orðum hæstv. ráðherra en að hann gæti verið mér sammála um að gagnlegt sé að hafa slíkt árlegt yfirlit í ríkisreikningi og ekki þurfi að vera mikil fyrirhöfn að láta slíkt fylgja ríkisreikningi á hverjum tíma. Allra hluta vegna þá tel ég best að hafa þetta bundið í lögum eins og hér er lagt til og vænti þess og hef skilning á því að þó að hæstv. ráðherra hafi ekki kynnt sér frv. þá geri hann það og leggi hér hönd á plóginn til að þetta frv. geti orðið að lögum á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, fyrri umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 120. mál. — Þskj. 120.

[17:19]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Í fjarveru 1. flm. þessarar þáltill. mæli ég fyrir tillögunni, en 1. flm. er hv. þm. Guðni Ágústsson og auk þess þingmanns sem hér stendur er flm. einnig hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson.

Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd sem kanni hvort rétt sé að setja reglur sem heimili að meðlagsgreiðslur foreldra gangi til lækkunar á tekjuskattsstofni þeirra. Í þessu sambandi verði meðal annars skoðaðar þær reglur sem gilda á Norðurlöndunum og hvort rétt sé að binda heimildina við þá foreldra sem hafa stofnað til hjúskapar eða hafið sambúð að nýju.

Nefndin skili niðurstöðum sínum fyrir 1. september 1999."

Nú er það viðurkennt af öllum að það er heilagasta frumskylda hvers manns að framfæra og framfleyta fjölskyldu sinni og börnum sínum. Og enginn er ofhaldinn af því meðlagi sem nú er greitt, 12.205 kr. Því er þó ekki að neita að meðlagsgreiðendur hafa oft lent í margvíslegum ógöngum og erfiðleikum sem gera það að verkum að þeir hafa átt erfitt með að standa í skilum. Meðlagsgreiðslur fyrnast aldrei, einu skuldirnar sem aldrei fyrnast og eru þær mjög fljótar að verða að óviðráðanlegum bagga.

Þegar þetta er sagt þá skal ekki með neinum hætti sagt að meðlagsmóttakendur, sem oftast eru konurnar úr sambúðinni eða hjónabandinu, séu ofhaldnar af þessu. Aðstaða þeirra er oft mjög erfið með barnahópinn, oft með lágar tekjur og ekki er verið að bera þessa tvo hópa endilega saman, meðlagsgreiðendur og meðlagsmóttakendur. Fyrst og fremst er hér verið að beina sjónum að meðlagsgreiðendunum.

Á undanförnum árum hafa verið settar á laggirnar nokkrar nefndir, einar tvær a.m.k., sem fjallað hafa um þessi mál en verulega dró úr skilum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga eftir hina skyndilegu og miklu hækkun, allt að 36% sem skellt var á með engum fyrirvara. Í framhaldi af því hallaði mjög á ógæfuhliðina að þessu leyti hjá Jöfnunarsjóðnum og sveitarfélögin gerðu kröfur um að málið væri tekið á dagskrá í samskiptum ríkisins og sveitarfélaganna.

Það er skemmst frá að segja um tillögur þessara nefnda, og get ég þar trútt um talað því að ég var formaður í þeirri síðustu, að engar þeirra náðu fram að ganga nema ein. Og sá árangur birtist í lagasetningu á hv. Alþingi þar sem Innheimtustofnun sveitarfélaga er gert heimilt að semja við meðlagsgreiðendur sem eru komnir í algjört þrot. Slíkir samningar eru þá gerðir með hliðsjón af fjárhagslegum og félagslegum aðstæðum meðlagsgreiðandans og þá því aðeins að meðlagsgreiðandinn ráði fyrirsjáanlega ekki með neinum hætti fram úr sínum málum, enda er það vitað að slíkir aðilar lenda oft úti á kanti með margvíslegum hætti, m.a. eiga þeir erfitt með að festa rætur á nokkrum vinnustað og margir þeirra hafa lent í því að taka að sér störf án þess að gefa launin upp til skatts.

Flótti og hremmingar þessara manna eru ekki til neins hagnaðar fyrir ríkissjóð. Það er meiri hagur ríkissjóðs, svo maður horfi á hann einan sem slíkan, að hjálpa mönnum á fætur í þessu efni og til sjálfsbjargar þannig að þeir geti rétt úr bakinu, unnið störf og greitt sína skatta og stofnað til nýs hjúskapar ef þeim sýnist svo.

Ég hef átt viðtöl við mjög marga menn sem hafa lent í þessum aðstæðum. Meðal þeirra eru menn sem vinna fyrir 90–100 þús. kr., þurfa að borga meðlög þriggja barna, sem eru þá þrisvar sinnum 12.205 kr., þeir þurfa að leigja íbúð fyrir um 40 þús. kr. og þeir eru að reyna að stofna heimili. Ég ítreka að ég er ekki að gera lítið úr því hvað meðlagsmóttakandinn þarf að þola í þessu efni. En þessir menn eiga mjög erfitt með að stofna ný heimili. Ég tel að það séu hagsmunir samfélagsins og ríkissjóðs líka að hjálpa til að þessu leyti þannig að þessir aðilar geti stofnað ný heimili og framfleytt börnum sínum. Einnig er á það að líta að meðlagsmóttakandinn fer stundum í nýja sambúð þar sem fjárhagur er rúmur og hefur m.a. verið bent á það að slíkt gæti komið til umhugsunar þegar meðlög eru ákveðin.

Fleiri tillögur hafa verið nefndar sem ekki hafa hlotið náð fyrir augum yfirvalda, m.a. að hægt sé að ganga harðar fram í innheimtunni þannig að menn geti ekki leikið þá leiki sem stundum er gert, að nýta sér fyrirtækja- og skattalög um fyrirtækjaform og verktakagreiðslur og komast þannig hjá meðlagsgreiðslum og fleira mætti telja. Það má segja að það sé sammerkt öllum viðbrögðum að ríkisvaldið hefur ekki verið tilbúið til eins eða neins í þessu efni. Held ég að það sé vanhugsað.

Þessi tillaga miðar að því að kannað verði hvort rétt sé að setja lög sem heimili meðlagsskyldum foreldrum að draga meðlagsgreiðslur frá tekjustofni og lækka þar með tekjuskattsgreiðslur sínar. Hér eru fyrst og fremst hafðir í huga þeir foreldrar sem hafa gengið í hjónaband eða hafið sambúð að nýju. Þegar þannig háttar til hafa viðkomandi framfærsluskyldu gagnvart nýju fjölskyldunni sem þeim gengur oft á tíðum illa að fullnægja vegna greiðslubyrði sinnar af meðlagsgreiðslunum. Í sumum tilfellum verður afleiðingin sú að greiðslubyrðin verður einstaklingunum ofviða og þeir lenda í stöðu sem þeir ná sér ekki út úr, þ.e. gjaldþroti eða öðru slíku.

Virðulegi forseti. Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að benda á að þær tillögur, sem hafa verið nefndar í nefndarvinnu þeirri sem ég gerði grein fyrir, miða að því að breyta innheimtukerfi meðlagsgreiðslna með hliðsjón af því að þarna koma þrír aðilar að málinu. Í fyrsta lagi er það einn aðilinn, þ.e. ríkisvaldið, sem leggur á og ákveður meðlagið. Annar aðilinn, þ.e. sveitarfélögin, Innheimtustofnun sveitarfélaga, tekur að sér innheimtuna, og þriðji aðilinn tekur á móti greiðslunni, þ.e. meðlagsgreiðslumóttakandinn. Ég vil varpa þeirri hugmynd fram við þessa umræðu hvort ekki megi færa þessa innheimtu frá Innheimtustofnun sveitarfélaganna og til ríkisins, lækka þar með líklega innheimtukostnaðinn og færa þetta allt á eina hendi.

[17:29]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Hér er mælt fyrir till. til þál. um skattfrádrátt meðlagsgreiðenda. Samkvæmt tillögugreininni er gert ráð fyrir að skipa nefnd til að kanna þetta mál, en það fer ekki á milli mála að hugmynd flutningsmanna er sú að meðlagsgreiðslur skapi forsendur til skattafsláttar þannig að gera yrði breytingar á skattalögum eða standa þannig að verki að það tryggði þennan aðgang að skattafslætti, þ.e. að greiða meðlag.

Ég verð að viðurkenna það, herra forseti, og segja það að ég er mjög andvígur þeirri hugmynd. Ég er ekki á móti því að þetta mál verði skoðað en ég er mjög andvígur því að meðlagsgreiðslur geti skapað leið til skattafsláttar. Ástæðan fyrir því að ég get ekki verið sammála þeirri hugsun er sú að með því væri öðru foreldri, þ.e. því foreldri sem sér um framfærslu barnsins og allan kostnað af framfærslu barnsins, ekki sköpuð sömu réttindi gagnvart skattkerfinu, það væri einugis sá sem greiðir meðlagið sem fengi skattafslátt. Þar til viðbótar væri ekki komið til móts við þá sem ættu e.t.v. erfiðast með að greiða, þ.e. þá sem væru tekjulægri. Í tvennum skilningi væri þarna um mismunun að ræða, bæði gagnvart þeim sem sér um framfærslu barnsins og svo hins vegar mismunun að þeim mun hærri tekjur, þeim mun meiri afsláttur.

Í ljósi þessa verð ég, herra forseti, að lýsa þeirri afstöðu minni að ég tel ekki skynsamlegt að fara þá leið sem mér sýnist að flutningsmenn tillögunnar hugsi sér að fara.

Í dag er þetta kerfi þannig að Innheimtustofnun sveitarfélaga sér um að standa skil á þeim meðlögum sem eru ekki greidd. Þar hefur safnast upp mikill vandi sem sveitarfélögin bera, því að jöfnunarsjóðurinn er þar í tryggingu fyrir, og það hefur verið mikið ágreiningsefni á milli sveitarfélaganna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar að hafa þennan háttinn á. Oft hefur verið tekist á um það því að þarna hafa safnast upp mikil vanskil, þ.e. það hafa safnast upp mikil vanskil hjá þeim sem hafa ekki greitt meðlög sín.

Auðvitað geta foreldrar lent í margs konar fjárhagslegum vandræðum, sumir lenda í greiðsluerfiðleikum og geta ekki greitt meðlög sín. Til þess eru oft ærnar ástæður og hægt að hafa skilning á því. En ég held að þegar litið er á þessar meðlagsgreiðslur annars vegar og svo hins vegar litið til þess hversu mikill kostnaður fylgir framfærslu barnsins hjá því foreldri sem sér um framfærsluna þá held ég að þegar upp er staðið sé hlutur meðlagsgreiðandans ekki meiri en þess sem sér um allan kostnað af uppeldi barnsins. Þarna er því um að ræða mjög flókið og erfitt mál. Mér er ljóst að margir eru

í vandræðum gagnvart Innheimtustofnuninni en ég held að það eigi að finna aðra leið en þá að veita þeim skattafslátt sem greiða meðlögin. Ef ætti að gera það þá yrði með sama hætti að finna leið til þess að sá sem sér um framfærsluna njóti jafnræðis og þá sams konar skattafsláttar og sá sem greiðir meðlagið. Annað væri ekki forsvaranlegt.

Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi fram við umræðuna vegna þess að ég held að ef tillagan yrði samþykkt og Alþingi sendi þann boðskap til þeirrar nefndar sem yrði skipuð og færi ofan í þetta þá væru það ekki þau skilaboð sem ég vildi taka þátt í að senda héðan að standa ætti að því að mismuna foreldrum.

[17:35]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt er það að vandi jöfnunarsjóðs er mikill. Rétt er það að sá sem tekur við meðlaginu er síst ofhaldinn og þyrfti í raun og veru að fá meira. Ef meðlagsgreiðendur fengju með einhverjum hætti skattaívilnanir, og þá erum við ekki að tala um alla heldur við sérstakar aðstæður þar sem menn eru komnir í mikinn vanda. — Þetta er allt rétt. En það breytir ekki þeirri staðreynd að vandinn er fyrir hendi. Lífið er ekki bein lína hjá öllum. Menn geta lent í viðlíka erfiðleikum og hv. þm. sem talaði á undan mér gat um. Það eru ærnar ástæður fyrir því að margir lenda í erfiðleikum. Það breytir því ekki að þessir menn eiga mjög erfitt með að standa í skilum, ríkissjóður verður af tekjum vegna þess að þeir geta ekki komið að fullu heilir til starfa og stofnað fjölskyldur með þeim sóma sem þeir vilja. Það breytir því ekki að á þessu þarf að taka og leysa þennan vanda.

[17:36]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dró hvergi úr því í ræðu minni að ekki væri til staðar vandi hjá einhverjum meðlagsgreiðendum. Það er eitt og á þeim vanda þarf að taka með einhverjum hætti og ég tel að Innheimtustofnunin hafi reynt það. En ef það dugar ekki þarf auðvitað að leita annarra félagslegra úrræða gagnvart þeim sem eru í slíkum vanda. Ég tel að eðlilegt sé að leita að leiðum til þess.

Á hinn bóginn benti ég á það, herra forseti, að ekki væri eðlilegt og það fælist ekki í því jafnræði að gera það í gegnum skattkerfið vegna þess að þá nyti einungis annar framfærandinn skattafsláttar en ekki hinn og það er ekki ásættanlegt í þjóðfélagi okkar að hafa þann háttinn á. Ég tel því að þennan vanda þurfi að leysa með öðrum hætti en þeim sem tillagan gerir ráð fyrir.

Ég vil bara undirstrika það að mér er alveg ljós þessi vandi. Sem fyrrverandi bæjarstjóri þekki ég mörg dæmi um þann vanda sem fjölskyldur og einstaklingar voru í vegna skulda. Þetta eru auðvitað eins og aðrar skuldir sem þarf að greiða og blandast oft inn í annars konar erfiðleika sem einstaklingar rata í.

[17:38]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Mér fannst óhjákvæmilegt að blanda mér í umræðu um þetta mál af sömu ástæðu og sá sem hér talaði á undan, hv. þm. Sturla Böðvarsson, þ.e. ég tel að sú leið sem hér er lögð til sé ekki rétt. Í henni sé ekki fólgið það jafnræði sem við viljum halda í heiðri ef annar aðilinn í uppeldinu fær frádreginn frá tekjuskattsstofni þann kostnað sem er á honum varðandi uppeldi barns.

Það hefur verið skoðað, herra forseti, hversu mikill framfærslukostnaður er vegna barna. Þær tölur sem ég hef undir höndum eru frá árinu 1991. Þá var staða mála þannig að fyrir börn sem voru á bilinu eins til fimm ára gömul nam meðlagsgreiðslan u.þ.b. þriðjungi af reiknaðri framfærslu. Sömuleiðis fyrir börn á aldrinum sex til níu ára. En síðan fer að syrta í álinn fyrir þann sem hefur forræði yfir barninu vegna þess að þegar barnið er orðið tíu til tólf ára duga meðlagsgreiðslur einungis fyrir einum fjórða af framfærslu. Þegar barnið er orðið enn eldra, eða á aldrinum 13–15 ára, þá duga þær einungis fyrir einum sjötta. Menn sjá því að hér er býsna mikill munur á skyldum þess foreldris annars vegar sem sér um uppeldi barnsins og hefur forræði með uppeldi þess og síðan meðlagsgreiðanda.

Í máli frummælanda kom fram að hækkun hefði orðið á meðlagsgreiðslu og hún varð eftir að þessar tölur voru settar fram sem ég nefndi. En þó að þessi hækkun hafi verið býsna há í prósentum talið lyfti hún tölunni þó ekki hærra upp en svo að meðlag í dag er rétt rúmar 12 þús. kr. Það sér auðvitað hver maður sem þekkir það af eigin reynslu hvað það kostar að framfæra barn, ég tala nú ekki um ungling, að 12 þús. kr. duga ekki langt í uppeldinu.

Það hefur líka gerst á þessu tímabili frá því að þessar tölur voru reiknaðar út árið 1991 að barnabætur hafa breyst. Í dag eru allar barnabætur tekjutengdar. Þær eru tekjutengdar þannig að þær byrja að skerðast við 47 þús. kr. mörkin þannig að fari það svo að einstætt foreldri þurfi að njóta framfærslustyrks, sem hingað til hefur nú ekki þótt ofrausn, nægir slíkur styrkur til þess að barnabætur byrja að skerðast. Við erum því alltaf þegar við erum að tala um hlut þeirra sem eru meðlagsgreiðendur í rauninni líka, og það er óhjákvæmilegt, að bera saman kjör þeirra annars vegar og kjör hinna sem eru framfærendur barnanna.

Það má með réttu halda því fram að barnabætur séu leið skattkerfisins til þess að mæta þeim sem framfærir barnið. Hins vegar eru barnabætur mjög strangt tekjutengdar á Íslandi og menn hljóta að verða að horfa til þess hvernig að þeim er staðið þegar verið er að skoða leiðir til þess að leysa vanda hins aðilans.

Mér finnst virðingarvert og ég vil gjarnan taka þátt í því að ræða hvernig við eigum að leysa vanda fátæks fólks á Íslandi. Þá gildir einu hvort um er að ræða meðlagsgreiðendur, einstæða foreldra eða aðra. Meðlagsgreiðendur lenda oft í því að skuldir þeirra safnast upp hjá Innheimtustofnun en skuldir annars fátæks fólks sýna sig kannski frekar í skuldabréfum í bönkunum. Hvernig viljum við þá leysa þau mál?

Mér finnst það athyglisvert að hér er það nefnt að þau af þríburalögunum sem svo voru kölluð, þ.e. þau sem sneru að Innheimtustofnun og erfiðleikum meðlagsgreiðenda, virðast ekki hafa dugað. Ég hlýt a.m.k. að álykta sem svo að fyrst þær ráðstafanir eru ekki fullnægjandi, þ.e. að Innheimtustofnun var heimilað að semja, hafi þær ekki dugað. Hins vegar væri athyglisvert ef hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, sem mælti fyrir tillögunni og var í formennsku fyrir síðustu nefndinni sem skipuð var, rekti fyrir þingheimi hvernig sú reynsla hefur verið sem orðin er af lögunum. Það væri líka athyglisvert að fá að vita, og ég þykist vita að hann hafi þær upplýsingar, hve hátt hlutfall meðlagsgreiðslna lendir í vanskilum. Þá er ég ekki að tala um tafir um einhverja mánuði heldur í því sem við getum talað um sem veruleg vanskil. Hversu hátt hlutfall er það? Hvað erum við að tala

um stóran vanda miðað við þann vanda sem fólk lendir í varðandi skuldasöfnun yfir höfuð?

Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að við samræmum og höfum framfærsluskyldur beggja aðila samræmdar. Það hlyti að þýða það að miðað við það hvað kostar að framfæra barn þyrfti að hækka meðlagsgreiðslur og síðan, ef menn vildu fara skattaleiðina, að samræma þá skattafslætti og barnabætur. Það yrði með einhverjum hætti að ná þessu heim og saman þannig að sanngirni gætti. En á meðan munurinn er svo mikill sem raun ber vitni, þrátt fyrir barnabætur, þá finnst mér að við séum í nokkrum vanda að horfa á tillögu eins og þessa sem alvörutillögu — nema menn fari í að skoða hinn aðilann einnig.

Herra forseti. Ég vildi að þetta kæmi fram strax við fyrri umr. tillögunnar. Ég held að nauðsynlegt sé að á Alþingi komi fram sem flestar hugmyndir varðandi nálgun þessa máls. Mér finnst þarft og gott að við tölum um þá erfiðleika sem fátækt fólk á Íslandi lendir í en við þurfum að passa að jafnræði sé meðal hópa og að sanngirni sé í því ef einn hópur er tekinn út. Þess vegna þurfa menn að vanda sig bæði í þessari umræðu og eins og í þeirri umfjöllun sem fram fer um þetta mál.

[17:46]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fellst fyllilega á þau rök sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir setti fram áðan og komu að ýmsu leyti fram líka hjá þeim sem áður talaði.

Að sjálfsögðu þurfum við að skoða jafnræði. Að sjálfsögðu þurfum við að skoða einmitt hag þess aðila, sem oftast er reyndar konan, við uppeldi barnsins. Svo sannarlega eru hin dæmin til þar sem faðir fer með forræði og uppeldi barnanna og geri ég engan mun á. En staðreyndin er nú einu sinni sú að oftast eru það konurnar sem taka það hlutverk að sér. Þetta þarf að sjálfsögðu að athuga.

En það er sammerkt viðbrögðum ríkisvaldsins að ríkisvaldið er ekki tilbúið til að koma með neinum hætti til móts við meðlagsgreiðendur eða meðlagsmóttakendur. Á þetta lét ég reyna í þeirri formennsku sem ég stóð í til að reyna að bæta hag meðlagsgreiðenda, meðlagsmóttakenda og jöfnunarsjóðsins um leið. En á meðan ríkisvaldið er ekki tilbúið til að koma til móts við þetta fólk og jöfnunarsjóðinn þá gerist ekki neitt. Það er enginn aflögufær í þessu, hvorki sá sem elur upp barnið, eins og kom réttilega fram hjá hv. þm., né heldur hinir sem greiða.

Því miður hef ég ekki þær tölur sem hv. þm. bað um, en hitt get ég fullyrt: Það stórfjölgaði skuldum og þær hækkuðu og jöfnunarsjóðurinn komst í stórfelldan vanda þegar meðlagið var hækkað um 36%, þó ekki veitti af þeirri hækkun. Um þetta var gerð skýrsla og mjög ítarleg úttekt sem Löggiltir endurskoðendur hf. gerðu fyrir umrædda nefnd og væri mjög þarft að birta þá skýrslu hér í hv. Alþingi til upplýsingar.

Við skulum, virðulegi forseti, líka gera okkur grein fyrir því að það er erfitt um þetta að tala, ekki aðeins milli meðlagsmóttakenda og meðlagsgreiðenda, heldur líka að meðlagsgreiðendur eru afar misjafnir. Sumir eiga skilið mikla hjálp en aðrir hafa farið illa að ráði sínu þannig að maður efast um hvort ríkisvaldið eigi að koma þeim til aðstoðar.

[17:49]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem kom síðast fram hjá hv. frsm. gerir málið náttúrlega flóknara því að það er erfitt að gera upp á milli manna með tilliti til þess hvernig þeir stofnuðu til skulda eða af hverju.

Hins vegar spurði ég einnig um hver reynslan væri af þeirri löggjöf sem heimilaði Innheimtustofnun að semja. Ég geri ráð fyrir að flutningsmenn hafi kynnt sér þá reynslu áður en þeir fóru fram með þessa tillögu því að sú reynsla hlýtur að vera grundvöllur þess að menn vilja ganga skrefinu lengra. Það væri því fróðlegt og í raun nauðsynlegt fyrir okkur að fá að heyra af þeirri reynslu sem hefur orðið af þessari breyttu löggjöf.

[17:50]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tölulegar upplýsingar um það sem hv. þm. biður um og tel óábyrgt að fullyrða um of hvað það varðar. Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur verið að fikra sig af stað eftir þeim lögum sem hér voru sett hvað þetta varðar og eins hafa meðlagsgreiðendur verið að fá upplýsingar um þessa möguleika og átta sig á þeim möguleikum sem þeir hafa. Ég treysti mér ekki til þess að leggja fram staðhæfingar um þetta án þess að hafa tölur sem ég get stutt mál mitt með.

[17:51]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki halda langa ræðu. Ég hafði reyndar boðað forföll og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, sem ásamt hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni er meðflutningsmaður að málinu, mælti fyrir því og gerði það ágætlega. Fleiri hafa komið inn í umræðuna og ég þakka það.

Auðvitað er það svo að allt orkar tvímælis þá gert er og menn verða að skoða samanburð og menn verða að skoða leiðir í þjóðfélaginu, ekki síst til þess að styrkja heimilið, fjölskylduna sem hornstein. Tildrög þess að þáltill. er flutt eru þau að ég hygg að það sé mörgum ljóst að í öllum þeim hjónaskilnuðum sem eiga sér stað eru það fyrst og fremst börnin sem þjást í slíkum átökum. Auðvitað fara oft margir illa út úr skilnaðarmálum, en ég hygg að karlmenn fari ekki síður illa út úr slíkum málum og kvarta þeir mjög undan því að erfitt sé að stofna til sambúðar á nýjan leik ef þeir eiga börn sem þeir þurfa að borga með, kannski tvö eða þrjú, þá fer þetta að vega þungt af litlum mánaðartekjum og gerir þeim torvelt. Þess vegna tek ég undir það að auðvitað þyrfti að gera heildarskoðun á þessum málum.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að skertar barnabætur og jaðarskattar hafa mikil áhrif og ég vona að þau mál verði skoðuð sérstaklega núna við fjárlagagerðina. En ég er í engum vafa um það, og þess vegna er þessi tillaga lögð fram, að einstæðir feður, þó þeir hafi náð sér aftur í maka, hafa verið ákveðnir huldumenn sakir skulda og sakir þess hversu mikið þeir þurfa að borga og lent í vanskilum og erfiðleikum aftur af fjárhagslegum ástæðum í síðara hjónabandi, sem er auðvitað alvarlegur hlutur. Það er nú kannski svo með karlmenn að þeir segjast ekki gráta og þeir skammast sín fyrir að kvarta og kannski hefur samúðin ekki verið heldur of mikil með þeim mörgum. Ég segi því fyrir mig að þó þetta sé nú kannski ekki akkúrat tillagan þá vona ég að sú nefnd sem fjallar um þetta mál fari málefnalega yfir stöðu þessara einstaklinga og endurskoði þá þáltill. út frá því. Aðalmarkmiðið er að menn skoði sérstaklega þennan

hóp, sem við flutningsmenn erum sammála um að hafi orðið svolítið út undan í aðgerðum og hvorki náð eyrum löggjafans né annarra, og þetta verði þá sérstaklega skoðað og mótaðar einhverjar reglur. Við bendum t.d. á Norðurlöndin, að menn kanni það sérstaklega þar.

Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég geri mér grein fyrir því að margir þessara manna hafa líka orðið landflóttamenn. Þeir hafa því miður margir farið úr landi til að sleppa frá þessum erfiðleikum, þannig að ég held að það sé þjóðhagslega mikilvægt að þingið leggi á það áherslu við ríkisstjórnina að hér verði mótuð stefna gagnvart þessum hópi manna sem ég veit reyndar ekki hvað er stór, en þó hygg ég að hann sé allstór, og margir sem þjást við þessar aðstæður.

[17:55]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég er einn meðflutningsmanna að þessari þáltill. og hef hlustað af athygli á þær umræður sem hér hafa farið fram. Það er rétt, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að þessi hópur er í nokkrum vanda, einkum og sér í lagi þeir sem hafa lágar tekjur. Mér er það minnisstætt sitjandi í heilbr.- og trn. árin 1991–1994 þegar þetta mál var þá til umfjöllunar og tekin var sú ákvörðun að hækka þessar meðlagsgreiðslur allnokkuð. Margir aðilar höfðu þá samband við okkur í heilbr.- og trn. og vöruðu við að hækka þessar meðlagsgreiðslur eins og þá var gert. Það kom svo reyndar á daginn að skuldir þessara aðila hrönnuðust upp fljótlega eftir að lögin höfðu verið samþykkt á hinu háa Alþingi og má sjá glöggt nú að margir aðilar standa ekki í skilum við Innheimtustofnun sveitarfélaga og þar af er meginhlutinn menn sem vilja vera borgunarmenn og vilja standa við þær meðlagsgreiðslur sem þeim ber eins og lög gera ráð fyrir.

Ég tek undir það með síðasta ræðumanni að hér er fyrst og fremst lögð fram þáltill. þar sem gert er ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að kanna hvernig eigi að leysa þennan vanda, hvernig eigi að halda á þessum málum. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það er viss vandi á höndum sem snýr bæði að meðlagsgreiðanda og auk þess að þeim sem sér síðan um uppeldið. Það er vissulega vandi á ferð þegar fólk slítur samvistum, það er viss baggi lagður á báða aðila hvað því máli viðvíkur.

Eins og ég sagði áðan kom fjöldi manna til okkar í heilbr.- og trn., líklega hefur það verið árið 1993, og ræddi þessi mál. Þeir höfðu þungar áhyggjur af því að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að þeir væru ekki borgunarmenn þessara greiðslna vegna þess að tekjur þeirra voru ekki það háar.

Komið var inn á það áðan að barnabætur væru tekjutengdar. Það væri vissulega full ástæða til að skoða hvort ekki ætti að tekjutengja meðlagsgreiðslurnar þannig að þeir sem hefðu góðar tekjur ættu þá að greiða hærri bætur.

En hér er bara verið að ræða þessi mál og farið út á hin ystu mörk. Ekki er það ætlan flutningsmanna að sú leið verði farin heldur er fyrst og fremst sú leið nú stigin að skipa nefnd til að reyna að leysa þessi mál þannig að þeir sem við þurfa að búa geti lifað í sæmilegri sátt og borgunarmenn staðið við það sem þeim ber að greiða.

Ég veit að þeir sem hér hafa talað eru sama sinnis og við að eðlilegt er að þetta mál fái þinglega meðferð og nefnd sé kosin til þess að finna flöt á málinu og vænti ég þess að málið fái góða afgreiðslu á Alþingi.

[17:59]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Við skulum ekki tala neina tæpitungu hér. Það hafa verið skipaðar nefndir. Þessar nefndir hafa þaulkannað stöðu þessara mála, meðlagsgreiðenda, meðlagsmóttakenda, stöðu jöfnunarsjóðs, samskipti sveitarfélaganna og ríkisvaldsins. Það er allt þekkt. Það er allt þekkt í þessu máli. Aðalatriðið er líka þekkt. Ríkisvaldið er eini aðilinn sem getur komið inn og stutt í þessu máli bæði meðlagsgreiðendur og meðlagsmóttakendur og þar með stutt við fjölskyldurnar í landinu og við hag þeirra barna sem búa við þau kjör eða við þær aðstæður að skilnaður hefur átt sér stað eða að foreldrarnir búa ekki saman. En ríkisvaldið er ekki tilbúið til að leggja fram nokkurt einasta fé eða tilhliðranir í þessu efni. Meðan svo er þá gerist ekki eitt eða neitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í skattamálum, 1. umr.

Frv. ÖS og ÁE, 170. mál (endurákvörðun skatta, breyting ýmissa laga). — Þskj. 173.

[18:01]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem ég flyt ásamt hv. þm. Ágústi Einarssyni um ráðstafanir í skattamálum. Með þessu frv. leggjum við til að breytt verði ýmsum lögum sem varða tekjuskatt, eignarskatt og ýmis önnur opinber gjöld. Meginmarkmið þessara laga er að auka jafnræði og sjá til þess að gagnvart skattyfirvöldum njóti skattþegnar jafnræðis á við hið opinbera.

Forsaga þessa máls, herra forseti, er að í fyrra fluttum við, þessir tveir þingmenn, svipað mál sem gekk að vísu talsvert skemmra. Það fjallaði um endurgreiðslu oftekinna skatta og í umfjöllun efh.- og viðskn. hlaut málið mjög gott brautargengi og nefndin lagði til að það yrði samþykkt af þinginu. Þegar málið hafði hins vegar gengið út úr efh.- og viðskn. og var aftur komið í þingið var vakin athygli af hálfu fjmrn. á því að talsvert vantaði upp á að frv. gengi nægilega langt til þess að það næði þessum markmiðum. Nú höfum við endurgert þetta frv. og flutt það aftur í gjörbreyttri mynd.

Með frv., sem er eins konar bandormur, er gert ráð fyrir því að breytingar í þessa veru verði gerðar á sex lögum, þ.e. lögum um tekjuskatt og eignarskatt, um fjáröflun til vegagerðar, um staðgreiðslu opinberra gjalda, um tollalög, um virðisaukaskatt og um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Efnislega má segja að breytingin sem lögð er til á öllum þessum lögum sé ein og hin sama. Við leggjum til að ef í ljós kemur að álagning á skattþegn hafi verið of há þá geti hann krafist þess að viðkomandi skattyfirvald ákvarði honum skatt upp á nýtt sex ár aftur í tímann, og það er talið frá byrjun þess árs þegar krafan um endurupptökuna kemur fram.

Eins og ég sagði, herra forseti, er þetta til þess að ná fram jafnræði skattþegns annars vegar og hins vegar hins opinbera. Við erum með frv. að freista þess að jafna aðstöðumun milli skattyfirvaldanna og þegnanna þegar kemur að því að endurákvarða opinber gjöld og skatta. Í dag er það svo að skattyfirvöld og tollstjórar hafa heimild til þess að endurákvarða skatta og raunar önnur gjöld sex ár aftur í tímann

frá því að þeim hefur orðið kunnugt um að upplýsingar í skattframtali hafi ekki verið fullnægjandi.

Ákvæðin sem er að finna um þetta efni í núgildandi lögum eiga þó öll það sammerkt að þarna er um að ræða heimild skattstjóra en ekki skyldu. Reynslan sýnir hins vegar að þessa heimild nýtir skattstjórinn án undantekninga, næstum án undantekninga ef um það er um að ræða að skattþegn hafi ekki goldið réttilega gjöld og skatta. Hins vegar er líka ljóst að þessi heimild er alls ekki nýtt í sama mæli ef um það er að ræða að skattþegn hafi einhverra hluta vegna greitt of háa skatta.

Það má segja, herra forseti, að kveikjan að þessu frv. hafi verið dómur Hæstaréttar sem felldur var 19. des. 1996. Þar var viðurkenndur réttur stefnanda til þess að gjaldfæra á skattframtali sínu sín eigin lífeyriskaup, enda var um að ræða sjálfstæðan atvinnurekanda. Hér var um að ræða stefnubreytingu miðað við fyrri túlkun yfirskattanefndar og raunar áður ríkisskattstjóra.

Í kjölfar þess að dómurinn var felldur komu fram kröfur af hálfu fjölda skattþegna um að skattar þeirra væru í ljósi þessarar stefnubreytingar endurákvarðaðir sex ár aftur í tímann, með vísan til þeirrar heimildar sem ég hef rakið í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Því var hins vegar alfarið hafnað af hálfu skattyfirvalda. Yfirvöld bentu á að skattkröfur fyrnist á fjórum árum og þar af leiddi að skattþegnar ættu ekki rétt á að þeim væru endurákvarðaðir skattar vegna þessa dóms Hæstaréttar nema síðustu fjögur árin frá því að beiðnin um endurupptöku kom fram.

Við sem flytjum þetta mál teljum að það sé afar mikilvægt að gagnvart ríkisvaldinu sé jafnræði skattþegnanna tryggt varðandi endurákvörðun skatta. Ef breytingar verða á lagatúlkun, sem eru skattþegni í vil, þá viljum við og leggjum það til með þessum breytingum að viðkomandi eigi ótvíræðan rétt til þess að krefjast þess að honum verði endurákvarðaður skattur sex ár aftur í tímann með nákvæmlega sama hætti og yfirvöld skattamála hafa talið sér skylt og heimilt að endurákvarða slíkan skatt ef það er til hagsbóta fyrir ríkissjóð.

Frv. er raunar einnig ætlað að ná til allra annarra atriða sem kunna að leiða til þess að skattþegn hafi ofgreitt skatta. Ég nefni sem dæmi, herra forseti, að ef skattþegn kemst að því að hann hefur heimild til þess að draga tiltekinn rekstrarkostnað frá tekjum, eða ef hann fær vitneskju um einhvers konar ívilnun í skattalögum sem hann hefur ekki vitað af áður eða ekki nýtt sér einhverra hluta vegna, þá á hann að eiga þess kost — og það skiptir ekki máli að okkar mati í þessu sambandi hvaða atvik það eru sem breytast skattþegninum í vil — telji hann sig sannanlega hafa ofgreitt skatta þá á hann samkvæmt þessu að eiga kröfu á yfirvöld skattamála að þau endurákvarði honum skatta sex ár aftur í tímann en ekki fjögur.

Herra forseti. Ég vil líka vekja sérstaka athygli á ákvæði til bráðabirgða sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra skal fyrir árslok 1999 láta fara fram heildstæða úttekt á öllum þeim sköttum og gjöldum sem ríki og sveitarfélög leggja á einstaklinga og lögaðila hér á landi og hvaða málsmeðferðarreglur gilda um endurákvörðun slíkra skatta. Í framhaldi af þeirri úttekt skal fjármálaráðherra láta semja lagafrumvarp sem tryggi jafnræði skattþegna og hins opinbera við endurákvörðun skatta og opinberra gjalda á öllum sviðum skattlagningar."

Við höfum ekki átt þess kost að fara algjörlega út í hörgul á öllum þeim lögum og reglum sem kunna að varða opinber gjöld og skatta. Okkur hefur einfaldlega ekki gefist tóm til þess að láta fara fram eða gera sjálfir heildstæða úttekt á öllum þeim reglum um málsmeðferð sem gilda um endurákvörðun opinberra gjalda og skatta hér á landi. Þess vegna teljum við, til þess að taka af allan vafa, að fjármálaráðherra skuli hlutast til um að slík úttekt verði gerð á öllum tegundum skatta og á öllum tegundum opinberra gjalda.

Í framhaldi er það tillaga okkar samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði að hann tryggi að þeirri úttekt lokinni að ríkisstjórnin leggi fram frumvarp eða frumvörp til þess að hrinda í framkvæmd þeim breytingum sem úttektin bendi til að nauðsynlegt sé að verði gerðar til þess að fullt jafnræði ríki á milli skattyfirvalda og skattþegna þegar kemur að ákvörðun slíkra gjalda og skatta.

Herra forseti. Ég vænti þess, miðað við meðferð hins háa Alþingis á forvera þessa frv. á síðasta þingi, að það fái jákvæða meðferð og við fáum að sjá það hér aftur með svipaðri umsögn frá efh.- og viðskn. og hið fyrra fékk. Ég legg því til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til þeirrar sömu nefndar, efh.- og viðskn.

[18:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að flytja þetta mál og reifa það. Þetta er mikið hagsmunamál og réttlætismál fyrir skattgreiðendur, eins og hann kom hér inn á, og það hlýtur að gleðja mig að sífellt fleiri hv. þm. verða vinir skattgreiðandans, þ.e. þess eins þriðja hluta framteljenda sem greiða yfirleitt skatt til ríkisins. En það er tilhneiging til þess að skattleggja þá sífellt meira og meira og fækka þeim jafnframt.

Það er sjálfsagt réttlæti að hið sama gildi um ríkið og einstaklinga og að jafnræði sé á milli þeirra, en svo hefur aldeilis ekki verið hingað til. Það er rétt sem hv. þm. benti á að það hefur verið mikil mismunun t.d. varðandi vaxtagreiðslur, ríkið endurgreiðir með innlánsvöxtum eða jafnvel vaxtalaust, en er ekkert að tvínóna við það að taka dráttarvexti og sektir ef menn ekki greiða á réttum klukkutíma. Þá falla til sektir, eitt prósent á dag, í sumum sköttum.

Annað mætti skoða í þessu sambandi og það er mat á eignum. Nú er það þannig að ríkið leggur eignarskatt á eignir, en það metur líka eignina jafnframt og það getur oft og tíðum metið eignirnar óeðlilega hátt án þess að skattgreiðandi komi við vörnum, sérstaklega vegna þess að hið opinbera, sveitarfélögin, hafa skipulagsvald að auki. Gott og frægt dæmi er Fjalakötturinn sem var metinn á feiknaháa upphæð. En það mátti ekki gera neitt við hann vegna verndarsjónarmiða, húsafriðunarlaga og slíks þannig að eigandinn átti í rauninni einskis úrkosta. Hann gat ekki gert annað en að greiða ógnarupphæðir af eigninni sem ekkert gaf af sér og hann var algjörlega í klemmu.

Það er líka nýtilkomið að farið er að koma mat á tekjum. Þar vil ég nefna sérstaklega fyrirbæri eins og „opsjónir" eða hlutafjárvild, þ.e. heimild til að kaupa hlutabréf á ákveðnu gengi. Þetta á eftir að valda skattyfirvöldum vandamálum og ég legg til að hv. efh.- og viðskn., sem um þetta mál mun fjalla, taki það mál líka inn í umræðuna hvernig eigi að meta viðskiptavild eða sem sagt hlutafjárvild sem ekki er komin til, þ.e. menn hafa heimild til að kaupa — þetta hefur komið upp í sambandi við sölu á bönkunum — hlutabréf á ákveðnu gengi og hagnaður eða tekjur einstaklingsins myndast þá

fyrst þegar hann nýtir réttinn. En skattyfirvöld hafa að sjálfsögðu tilhneigingu til að meta þetta strax til tekna án þess að neinar tekjur séu komnar til. Þetta eru vandamál sem til viðbótar við mat á eignunum þarf að taka á.

Ég hef reyndar lagt til áður í frv. sem ég lagði fram um eignarskatt að ríkið væri skyldugt til að kaupa eignir á 80% af því mati sem það mæti þær á gegn staðgreiðslu þannig að það bremsaði ríkisvaldið og hið opinbera af í því að meta eignir mjög hátt.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. þm. Ég mun í hv. efh.- og viðskn. leggja mitt lóð á vogarskálarnar til að þetta frv. fái hraða og góða afgreiðslu.

[18:14]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir mjög góðar undirtektir við það mál sem ég flyt hér ásamt hv. þm. Ágústi Einarssyni. Ég fagna því sérstaklega að hann lofar liðsinni sínu við að koma málinu skjótlega fram í efh.- og viðskn. Ég raunar efa ekki að nefndin muni taka málinu vel, því að eins og ég gat um í fyrri ræðu minni hefur málið komið fyrir nefndina áður, að vísu í vanbúnara formi.

Þær ábendingar sem hv. þm. kom með í ræðu sinni og vörðuðu önnur mál fannst mér líka allrar athygli verðar. Hann bendir m.a. á að það sé mögulegt fyrir skipulagsyfirvöld, sem eru sveitarstjórnir, annars vegar að ákvarða verðmæti eigna og þar með eignarskattsstofn, en hins vegar koma í veg fyrir að hægt sé að nýta eignina. Í slíku tilviki sýnist mér að það liggi í augum uppi, eins og í því dæmi sem hv. þm. kom með af sögufrægu húsi í Reykjavík, að það þurfi einhvern veginn að meta þetta þegar skatturinn er lagður á húsið. Satt að segja kemur mér það á óvart að ekki skuli vera ákvæði í lögum sem heimila slíkt. Ég treysti þá hv. þm. til þess að barna frumvarpið með einhverju sem þessu tengist ef hann og hv. nefnd telja að eigi við í þessu tilviki.

Hvað varðar það sem hv. þm. sagði hér um hlutafjárvild eða „opsjónir" kom mér á óvart, hafi ég skilið hann rétt, að skattyfirvöld skuli þegar í stað reikna þeim starfsmanni hlutafélags sem nýtir sér slíkan möguleika tekjur af hlutabréfum áður en þau eru seld. Er það rétt skilið hjá mér, herra forseti? Ég er ekki viss um það? Ef svo er þá finnst mér það auðvitað með ólíkindum en hafi ég skilið það rangt þá bið ég hv. þm. afsökunar, en ég skildi mál hans þannig. Í öllu falli er ljóst að við stöndum andspænis atvinnulífi sem er stöðugt að breytast og að taka á sig ný form, alveg eins og við sjáum í þeirri öru þróun sem er á verðabréfa- og hlutabréfamarkaði. Það atriði sem hv. þm. kom með er auðvitað einn angi af því.

Að öðru leyti, herra forseti, tel ég að í þeim lagaákvæðum sem ég legg til að verði breytt með þessu frv. speglist ákveðinn andi sem kemur fram mjög víða af hálfu hins opinbera bæði gagnvart einstaklingum og atvinnulífinu. Það er ákveðinn valdhroki þar sem yfirvöld túlka lögin sér í vil en skirrast við að nýta sömu túlkunargleði þegar einstaklingurinn á í hlut.

Þetta er alveg eins og varðandi ýmiss konar lög og reglur sem gilda um atvinnulífið. Þar er refsigleðin alltaf efst á blaði. Ég bendi t.d. á ýmiss konar refsiákvæði sem er að finna í lögum um staðgreiðslu opinberra skatta og virðisaukaskatt, sem er ekki hægt að túlka með öðru móti en því að þar er beinlínis í sumum tilvikum verið að níðast á fólki. Þegar maður skoðar síðan erlend lög um svipað efni kemur í ljós að þar er ekki að finna jafngríðarlega hörð ákvæði og einmitt í hinum íslensku.

Herra forseti. Ég held, að þessar lagabreytingar sem hafa flestar átt sér stað á undanförnum árum endurspegli með vissum hætti ákveðnar skoðanir sem hafa komið tímabundið upp í þjóðfélaginu þar sem menn töldu að atvinnulífið væri stöðugt að reyna að stela undan og svíkja undan. Þessi viðhorf helguðust auðvitað af því að það liggja fyrir skýrslur um milljarða skattsvik í atvinnulífinu. Eigi að síður held ég að við höfum í ýmsum efnum gengið að þessu leyti of langt og það væri hægt að benda á mörg mjög hryggileg dæmi um það. Það væri líka hægt að benda á mjög hryggileg dæmi um það hvernig fólk hefur raunverulega steytt á skeri, strandað á milli laga, eins og einmitt breytingar á refsiákvæðum staðgreiðslulaganna frá 1994 og síðan breyting sem gerð var 1996. Það er hægt að benda á dæmi um það sem eru alveg skelfileg. Það tengist ekki efni þessa frv. sem ég legg til umræðu hér, herra forseti. Ég taldi hins vegar rétt að færa þetta inn í umræðuna í framhaldi af því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal gat áðan um.

Að öðru leyti fagna ég undirtektum þingmannsins og vænti þess að hann aðstoði nefndarmenn við að sjá til að þetta mál fái farsælar lyktir í nefndinni.

[18:18]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Til að leiðrétta allan misskilning gat ég þess að hlutir eins og hlutafjárvild, „opsjónir", kunni að valda vandræðum hjá skattyfirvöldum varðandi ákvörðun á tekjum og það sé rétt að menn reyni að hindra slík vandamál áður en þau koma upp með því að setja reglur sem taka á þessu tekjuhugtaki.

Varðandi það sem hv. þm. kom inn á með skattsvikin og það að vera að refsa. Mönnum hættir til að líta of sterkt á þá sem eru að svíkja og pretta og til þess að reyna að ná í skottið á þeim eru settar mjög stífar reglur sem yfirleitt koma niður á þeim sem eru heiðarlegir og gera allt rétt. Það er nefnilega þannig að mikið af þeim reglum sem settar eru eru til að reyna að koma í veg fyrir að menn misnoti og svindli á kerfum en um leið hamla þær og koma niður á þeim sem raunverulega gera allt saman hárrétt og kórrétt og ætla sér að gera það. Þetta er mjög sterkt sjónarmið og mjög sterkt viðhorf og ég fagna því að hv. þm. hafi séð hvað það getur skaðað mikið þegar menn festast í þeirri hugsun að líta á atvinnulíf sem glæpastarfsemi.

[18:20]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins blanda mér í umræðuna að gefnu tilefni. Málið er það að ekki fyrir löngu hafði samband við mig aðili hér í bæ sem hafði einmitt lent í slæmri meðhöndlun skattyfirvalda vegna þess að löggiltum endurskoðanda, sem fyllti út skattskýrsluna hans, hafði orðið á mistök sem leiddu af sér miklar ógöngur þessa einstaklings sem þurfti vegna mistaka framteljandans að taka dýr lán til þess að greiða upp í skatta sem honum bar ekki miðað við eðlilegar aðstæður. Það gekk svo fram um langan tíma að hann stóð í stöggli við skattyfirvöld með að fá leiðréttingu sinna mála og gekk hvorki né rak. En hann varð hins vegar að vera fljótur til að borga það sem skattyfirvöld höfðu ætlað honum en þó að ósekju.

Mér finnst þetta því hið besta mál og tek undir það að auðvitað þarf að tryggja rétt skattgreiðenda með sama hætti og ríkið er að tryggja sig.

Hvað varðar það sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Pétur H. Blöndal, kom inn á, tek ég kannski ekki eins djúpt í árinni

og hann en hins vegar neita ég því ekki að ég hef oft haft á tilfinningunni þegar verið er að undirbúa lög eða setja lög um fráhvarf frá viðvarandi ástandi, t.d. í skattamálum eða þar sem ríkisvaldið ætlar að koma að frekari fjáröflunarleið að kannski oftar en ekki sé það ráðandi í málinu hverjir gætu hugsanlega komist undan því að greiða skattana. Eða ef eftirgjöf er í sköttum er verið að hugleiða hvernig menn gætu notfært sér það — og kannski eru það ekki nema 10% — en þá vill það oftar en ekki brenna við að málið er í biðstöðu í óeðlilega langan tíma vegna einhverra 10% skattgreiðenda sem kannski ástunda það að fara fram hjá lögum hvað áhrærir skattgreiðslur.

Ég verð því að taka undir með Pétri H. Blöndal þegar hann lýsir yfir stuðningi við þetta mál og mun gera það líka. Hins vegar sit ég ekki í efh.- og viðskn., en fyrst og fremst er mér hugleikið að skattgreiðendur sitji við sama borð og þeir aðilar sem sjá um innheimtuna þannig að verði á mistök á hvorn veginn sem er skuli gilda þar jafnræði. Þess vegna tek ég heils hugar undir þetta mál og styð það að einstaklingarnir þurfi ekki að fara bónarleið að skattyfirvöldum ef mistök hafa orðið til þess að fá endurgreiðslu á því sem þeir hafa ofgreitt. Auðvitað á að vera jafnræði í þessu, svo sjálfsagt sem það er.

[18:23]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Mér finnst rétt, fyrst við erum að ræða þessi mál, að drepa aðeins á þann skort sem er í gildandi lögum um skyldu hins opinbera til þess að benda mönnum á þegar stefnubreyting verður, til að mynda um skatta, til þess að viðkomandi hafi tök á að notfæra sér það. Þetta á sérstaklega við í því máli sem varð kveikjan að þessu frv. Ég gat þess áðan, herra forseti, að það hefði verið dómur Hæstaréttar sem féll síðla desember 1996. Þar var um að ræða prófmál þar sem leidd var til lykta deila sem hafði staðið a.m.k. í einn og hálfan áratug.

Þar var um það að ræða að sjálfstæður atvinnurekandi óskaði eftir því að úrskurðað yrði hvort hann mætti draga þann kostnað sem hann hafði af því að kaupa sér lífeyri frá rekstrartekjum í atvinnurekstri sínum. Það var alveg klárt að ríkið hafði alltaf hafnað þessu áður þannig að dómurinn fól í sér algjöra stefnubreytingu miðað við fyrri túlkun ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar og mig langar að lesa hluta úr dómsorði, með leyfi forseta:

„Er það *meginregla* í skattarétti að öll gjöld sem fara í að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við komi til frádráttar frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Allar undantekningar frá þeirri reglu verða að vera skýrar og ótvíræðar. Er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms að atvinnurekandaframlag stefnda í eigin lífeyrissjóð falli undir rekstrarkostnað sem heimilt sé að gjaldfæra."

Herra forseti. Árum saman höfðu skattyfirvöld hafnað þessu. Þegar þessi dómur Hæstaréttar lá fyrir var alveg klárlega ljóst að um stefnubreytingu var að ræða. Þeir sem höfðu hins vegar staðið í þessu stappi árum saman voru yfirleitt flestir komnir á efri ár, þeir voru orðnir lífeyrisþegar. Þeir voru ekki líklegir til þess að fylgjast með málinu og ég er sannfærður um að í þjóðfélaginu eru sennilega hundruð, kannski örfáar þúsundir manna sem ættu með réttu að njóta góðs af þessari stefnubreytingu. En það er líklegt að fjölmargir þeirra viti ekki af því. Ég óttast það. Ég hefði talið heppilegt að hið opinbera mundi leita uppi þessa einstaklinga til þess að gera þeim ljóst hvaða rétt þeir eigi í málinu.

Á síðasta þingi lagði ég fram skriflega fyrirspurn í mörgum liðum sem tengdist þessu máli til hæstv. fjmrh. Svarið var auðvitað skelfilegt. Það kom í ljós að fjmrn. hafði a.m.k. ekki haft fyrir því að afla sér neinna upplýsinga um þetta. Síðan hefur mér reyndar borist vitneskja um það að þessar upplýsingar liggja fyrir sem er í sjálfu sér líka áfellisdómur yfir fjmrn. að það skuli ekki hafa borið sig eftir þessum upplýsingum.

En ef það er svo að í tilviki eins og þessu liggi fyrir hverjir það eru sem kunna að eiga rétt á að njóta afleiðinga þessarar stefnubreytingar finnst mér að það sé skylda ríkisins að leggja í þann kostnað, sem ekki er mjög mikill, að leita uppi þetta fólk eða gera tilraun til þess, svo að það geti notfært sér þann rétt.

Að öðru leyti, herra forseti, ítreka ég aftur þakkir mínar til þeirra sem hafa tekið þátt í umræðunni og lýst yfir stuðningi við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 1. umr.

Frv. PHB o.fl., 172. mál. — Þskj. 176.

[18:27]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem ég flyt ásamt hv. þm. Árna R. Árnasyni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Gunnlaugi M. Sigmundssyni.

Þetta frv. hefur tvö meginatriði að leiðarljósi. Það er í fyrsta lagi að lífeyrissjóðir verði skilgreindir sem eign sjóðfélaga sinna, og í öðru lagi að sjóðfélagar sem afleiðing af hinu fyrra kjósi sér stjórn beint, þ.e. stjórn fyrir lífeyrissjóðinn sinn.

Herra forseti. Þetta frv. er samhljóða breytingartillögum sem ég flutti ásamt hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni við frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sem varð að lögum rétt fyrir jólin 1997, eða fyrir tíu og hálfum mánuði. Þá voru þessar brtt. kolfelldar. Sjóðfélagar hafa síðan upplifað ársfundi, sem gert er ráð fyrir í frv. um starfsemi lífeyrissjóða, og upplifað að mæta þar á fundi, reyndar með málfrelsi og tillögurétti en ekki atkvæðisrétti. Margir hverjir hafa upplifað það þannig að þeir séu annars flokks fólk og fái ekki að ráða sjóðnum sínum.

Í lífeyrissjóðunum eru núna langt yfir 300 milljarðar og þeir ráðstafa 80 milljörðum á ári, eða hálfum fjárlögum. Spurningin sem vaknar er þessi: Hver á þetta mikla fé og hver á að ráða því? Hver á að ráðstafa þessum 80 milljörðum og kaupa fyrir þá hlutabréf, skuldabréf og tilnefna menn í stjórnir atvinnufyrirtækja um allt land? Því að lífeyrissjóðirnir eru í auknum mæli að eignast atvinnufyrirtæki og munu í auknum mæli eignast þau og reikna ég með að eftir svona fimm ár muni lífeyrissjóðirnir eiga nánast landið og miðin. Það skiptir verulegu máli fyrir sjóðfélagana hvernig þessu fjármagni er ráðstafað, hvernig það er ávaxtað.

Herra forseti. Þegar breytingartillögurnar voru hér til umræðu varð frekar lítil umræða um þær. Þó sagði hv. þm. Ágúst Einarsson þann 20. des. 1997, með leyfi forseta:

„Við í stjórnarandstöðunni stöndum heils hugar að frv. Lagðar hafa verið fram af tveimur hv. þm. nokkrar brtt. Við teljum þær ekki vera til bóta og leggjumst gegn þeim."

Þannig gat hv. þm. talað í nafni allrar stjórnarandstöðunnar væntanlega og var á móti því að sjóðfélagar ættu sjóðina, lífeyrissjóðina sína, og hann var á móti því að þeir mættu kjósa í stjórn. Og hann taldi sig geta mælt fyrir munn allrar stjórnarandstöðunnar, tuttugu og þriggja hv. þingmanna.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði sama dag, með leyfi forseta:

„Varðandi það að sjóðfélagar eigi sjóðina, þá er það að sjálfsögðu þannig. Þetta er lífeyrissparnaður sjóðfélaganna. En hv. þm. verður á hinn bóginn að átta sig á því að hér er um félagslega sameign að ræða. Það er mjög mikilvægt að menn bæði skilji og virði það. Það felst í eðli höptryggingarinnar að um félagslega sameign er að ræða."

Síðan segir hv. þm.: „... enda tel ég að brtt. hv. þingmanna hvað varðar 1. gr. sé að hluta til á misskilningi byggð, þ.e. að því leyti að hún horfir fram hjá þeirri staðreynd að lífeyrissjóðirnir eru í eigu aðildarfélaganna í formi félagslegrar sameignar."

Þessi síðasta ræða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar gengur að mínu mati dálítið út og suður. Hann segir fyrst að sjóðfélagarnir eigi sjóðina en síðan að þeir séu í eigu aðildarfélaganna. Og þá er það spurningin hvort hv. þm. átti við stéttarfélögin, væntanlega stéttarfélag sjóðfélaganna oft á tíðum eða hvort hann átti líka við félög atvinnurekenda, sem eiga vissulega aðild að lífeyrissjóðunum. Mér finnst því fleiri spurningar hafa vaknað heldur en var svarað í þeim orðum.

Herra forseti. Einungis þriðjungur eigna landsmanna er í eigu einstaklinga og fyrirtækja þeirra. Hinn hluti eignanna er í eigu ríkis og sveitarfélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarfélaga með ójöst eignarhald. Þessi einkaeign hefur minnkað mjög ört á þessari öld með vexti ríkisvaldsins, aukinni þátttöku þess og sveitarfélaganna í atvinnurekstri og myndun lífeyrissjóða. Og líka þeirrar — ég vil segja áráttu — að stofna sjálfseignarstofnanir um alls konar atvinnurekstur. Ríkið á m.a. sjúkrastofnanir, skóla, samgöngumannvirki, orkufyrirtæki að einhverju leyti og mörg önnur stærstu atvinnufyrirtæki landsins. Ég nefni bankana og mörg stór atvinnufyrirtæki.

Og síðan er ríkið nýbúið að slá eign sinni á allt hálendið eins og það leggur sig. 40% af öllu landi á Íslandi er ríkið búið að slá eign sinni á með frv. um þjóðlendur, sem varð að lögum. Auk þess á ríkið miklar fasteignir og jarðir. Sveitarfélögin eiga skólabyggingar og hluta í stórum atvinnufyrirtækjum og orkufyrirtæki og miklar lendur. Í þessu samhengi er rétt að benda á að allur orkugeirinn, sem er undir opinberri stjórn að öllu leyti, á eignir af svipaðri stærðargráðu og öll útgerð í landinu. Þetta er svona rétt aðeins dæmi um það hvað miklar eignir eru í eigu hins opinbera.

Síðan koma til alls konar sjálfseignarstofnanir. Það eru t.d. samvinnufélög og mjólkursamlög, sem eru í óljósri eign félagsmanna. Til dæmis á Mjólkursamsalan í Reykjavík 2 milljarða í eignum en það virðist enginn eiga hana. Ef við reiknum með að þúsund bændur hafi lagt mjólk inn hjá Mjólkursamsölunni þá á hver bóndi að meðaltali 2 millj., hann bara veit ekkert af því. Og hann nýtur þess í engu.

Staða bænda hefur verið mjög lök undanfarið. Ef hægt er að tala um fátækt í einhverri stétt þá er það væntanlega meðal bænda og alveg sérstaklega sauðfjárbænda. Þessir bændur eiga t.d. Hótel Sögu, Bændahöllina. (**Gripið fram í:** En fá ekki frítt kaffi þar.) Fá ekki frítt kaffi þar, sagði hv. þingmaður. Og það er hárrétt. Þeir eiga þarna mjög fallega byggingu í palisander og marmara. En um leið er þetta eignalausasta og fátækasta fólk á landinu og þeim er gert að borga í þessar hallir, bæði hjá Hótel Sögu og Mjólkursamsölunni í Reykjavík.

Til viðbótar við þau félög sem eru í óljósri eign koma sparisjóðirnir sem eru sjálfseignarstofnanir og að einhverju leyti í eigu stofnfjáreigenda. Það er enginn sem veit hver á þá milljarða sem þar eru geymdir, um 5 milljarðar eða eitthvað slíkt.

Til viðbótar öllu þessu koma lífeyrissjóðirnir sem ekki er á hreinu hver á, og sérstaklega ekki eftir að Alþingi felldi tillögu þess efnis að sjóðfélagarnir ættu lífeyrissjóðina. Þá vaknar spurningin: Hver á þessa 300 milljarða eða þar yfir sem geymdir eru í lífeyrissjóðunum? Það er því orðið mjög brýnt að finna eiganda að öllu þessu fé.

Það er skoðun þeirra sem leggja áherslu á framtak og frumkvæði einstaklingsins — og það er m.a. stefna míns ágæta flokks, Sjálfstfl. — að betra sé fyrir þjóðfélagið í heild að eignir séu í eigu einstaklinga. Þeirra sé betur gætt en eigna sem eru í einhvers konar sameign. Þeirra sé verr gætt og verr farið með þær. Ég vil benda á 70 ára tilraun sem gerð var í Sovétríkjunum í því skyni að kanna gildi sameignar. Og ég vil benda á hrunið á þeirri heimsmynd sem varð til þess að ég held að flestir séu komnir á þá skoðun að ekki sé gott að hafa eignir í sameign.

Það hefur ekki verið ljóst hverjir eru eigendur lífeyrissjóðanna. Sjóðfélagar eiga réttindi hjá sjóðunum en vegna þess að þeir borga yfirleitt 4% og atvinnurekendur 6% þá kann maður að halda og álykta að launþegar eigi 40% af eignum sjóðanna og launagreiðendur 60%. Þessi ályktun er í samræmi við stofnun lífeyrissjóðanna, sem er nokkuð gömul saga og nær allt aftur til Bismarcks gamla í Þýskalandi, sem stofnaði lífeyrissjóði til að létta húsbóndaábyrgðum af atvinnurekendunum. Það er aldagömul siðferðileg ábyrgð sem felst í því að bóndi sem hafði hjú ævilangt í þjónustu sinni bar siðferðileg skylda til að sjá því hjúi farborða ef það missti vinnugetuna sökum elli eða örorku. Þessi húsbóndaábyrgð er grundvöllurinn að því að lífeyrissjóðirnir voru á sínum tíma stofnaðir til að aflétta þessari húsbóndaábyrgð af atvinnurekendum, en iðnbyltingin olli því að mjög erfitt var að framfylgja húsbóndaábyrgðinni gagnvart fólki sem skipti um starf. Þess vegna voru lífeyrissjóðirnir stofnaðir til að taka húsbóndaábyrgðina af atvinnurekendum og þess vegna borga atvinnurekendur þetta iðgjald inn í lífeyrissjóðina.

Síðan gerist það, herra forseti, með uppbyggingu velferðarkerfisins að almannatryggingar taka yfir þessa húsbóndaábyrgð, þessa ábyrgð á velferð launþegans þegar hann missir vinnugetu sökum elli eða örorku. Þá um leið flyst þessi framfærsluábyrgð frá atvinnurekendum til ríkis og sveitarfélaga, og um leið dettur niður það hlutverk lífeyrissjóðanna að taka yfir húsbóndaábyrgð atvinnurekenda. Þeir eru allt í einu orðnir eingöngu fyrir sjóðfélagana og þeir eru meira að segja settir á með lagaboði frá hinu opinbera til þess einmitt að taka yfir þessa framfærsluskyldu ríkisvaldsins.

Það er líka þannig að þegar launþegi lýkur starfi hjá atvinnurekanda af einhverjum ástæðum þá dettur ekki nokkrum einasta manni í hug að krefja atvinnurekandann, sem hann vann einu sinni hjá, um að hann sjái honum

farborða ef þessi launþegi, sem einu sinni var, lendir í einhverjum ógöngum sökum elli eða örorku. Nei, menn beina kröfunum til sveitarfélaga, ríkisins eða til lífeyrissjóðanna. Og þar er krafan. Þess vegna er rökrétt að segja að lífeyrissjóðirnir séu eign sjóðfélaganna.

Herra forseti. Það er spurning hvort löggjafinn geti blandað sér í málefni lífeyrissjóðanna, sem starfa sjálfstætt, hafa stjórn og hafa verið stofnaðir af aðilum vinnumarkaðrins að mestu leyti. Það er spurning hvort ríkið eða löggjafinn geti blandað sér í málefni lífeyrissjóðanna á þann hátt sem hér er lagt til.

Því er til að svara að með lögunum 1974 og aftur 1980 var komið á skylduaðild að lífeyrissjóðum með mjög einföldum hætti. Vegna þess að í samningunum frá 1969, sem gerðu það að samningsatriði að menn gengju í lífeyrissjóði, þá náðist ekki sá árangur sem menn áttu von á. Fólk gekk bara ekki í lífeyrissjóðina þó að það væri samningsbundið. Sjóðfélagar voru mjög fáir hjá hinum almennu lífeyrissjóðum. Það er fyrst eftir að löggjafinn blandaði sér í málið 1974 að virkilega mikil fjölgun fer að verða á þátttöku launþega í lífeyrissjóðunum. Enda var það þannig að lífeyrissjóðirnir gátu sent lögfræðing til fyrirtækjanna og gert hjá þeim kröfur til iðgjalds samkvæmt lögunum. Menn urðu því að borga samkvæmt lögum frá hinu háa Alþingi.

Þar með vil ég rökstyðja að löggjafarvaldið hafi átt þátt í að lífeyrissjóðakerfið varð svona almennt, og það gefur um leið löggjafarvaldinu heimild til að blanda sér í málefni lífeyrissjóðanna, þessa mikla kerfis sem hefur verið byggt upp með lögum. Jafnframt er það spurning hvort það sé ekki skylda Alþingis að blanda sér í þetta. Hvort Alþingi geti fyrst skyldað alla launþega til að greiða 10% af launum sínum í eitthvert kerfi, einhverja lífeyrissjóði, án þess að gefa þeim færi á að fylgjast með hvernig þeim fjármunum er ráðstafað og án þess að gefa þeim færi á að fylgjast með hvernig þessir fjármunir eru ávaxtaðir.

Ég tel að það sé skylda Alþingis að tryggja að sjóðfélaginn eigi þetta fé, eftir að það hefur verið tekið af honum, og tryggja að hann geti komið að ráðstöfun þess þannig að því sé ekki sólundað í lélegri ávöxtun.

Árið 1980 var svo komið fyrir lífeyrissjóðunum að þeir voru allir meira og minna gjaldþrota. Vegna neikvæðra vaxta og mikillar verðbólgu voru lífeyrissjóðirnir allir meira eða minna gjaldþrota. Þá kemur aftur þetta sama löggjafarvald, hv. Alþingi, hið háa Alþingi, til sögunnar og heimilar verðtryggingu með Ólafslögum. Það bjargaði lífeyrissjóðunum og meira en það. Það kom þeim á svo góðan rekspöl að nú eiga þeir flestir vel fyrir skuldbindingum sínum. Það hefur reyndar gerst á kostnað lántakenda, það hefur gerst á kostnað skuldara og við megum ekki gleyma þeirri hlið medalíunnar sem eru gífurleg vandræði skuldara, gjaldþrot, skilnaðir, missir heimilis o.s.frv. Þessi medalía hefur ekki bara eina glansandi hlið, medalían varðandi það hvernig tókst að byggja upp lífeyrissjóðakerfið. Það hefur verið byggt upp með blóði og tárum skuldaranna.

En nú er svo komið að sjóðirnir eru komnir á mjög góðan rekspöl og þetta eru feiknamiklir fjármunir sem þarna eru í húfi. Ég tel mjög brýnt að eigandi þessa fjár komi að því þannig að fyrir liggi hver stjórni lífeyrissjóðunum, hver eigi þá og hver komi til með að stjórna atvinnulífinu í gegnum lífeyrissjóðina þegar fram líða stundir. Það er ekkert mjög langt í það. Ef menn líta á hluthafalista hjá stærstu fyrirtækjum landsins, Eimskip, Flugleiðum, Íslandsbanka, o.s.frv. þá tróna lífeyrissjóðirnir efstir á hluthafalistanum. Þeir eru nánast að eignast líka sjávarútvegsfyrirtæki í stórum stíl. Þetta er góð þróun en ég tel að það sé mjög brýnt að eigandi fjárins, þ.e. sá aðili sem samkvæmt lögum er skyldaður til að borga í sjóðina komi að þessu fé og geti stjórnað atvinnulífinu í gegnum það.

Herra forseti. Svo ég fari í gegnum nokkrar greinar þá er í 1. gr. kveðið afdráttarlaust á um það að sjóðfélagar eigi lífeyrissjóðinn sinn. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Lífeyrissjóður er eign sjóðfélaga sinna.“ Punktur. Það er enginn efi um eitt eða neitt.

Í kjölfar þessa er í 2. gr. lagt bann við veðsetningu og framsali og annarri ráðstöfun þessa eignarhluta með þeirri hugsun að baki að hér sé löggjafinn að tryggja að allir launþegar séu tryggðir ef þeir lenda í áföllum sökum elli og örorku, en það væri ekki ef menn gætu veðsett þessa eign sína. Þá væri ekki tryggt að þeir ættu fyrir ellilífeyri þegar þeir verða gamlir.

Svo er í 3. gr. lagt til að að senda eigi sjóðfélögum árlega upplýsingar um eign sína þannig að þeir geti fylgst með henni, hvernig hún vex og dafnar í höndum þeirra stjórna sem þeir hafa sjálfir kosið. En ég vil benda á að að meðaltali eiga allir launþegar á Íslandi um tvær milljónir hjá lífeyrissjóði sínum. Þeir vita það fæstir.

Síðan er í 4. gr. gert ráð fyrir því að sjóðfélagar kjósi stjórn fyrir sjóðinn. Það er ekki sagt nákvæmlega hvernig en að það skuli miðað við áunnin og framreiknuð réttindi í einhverjum hlutföllum.

Nú er það þannig að sjóðfélagar mega mæta á ársfund félagsins með umræðu- og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Eins og ég gat um áðan hlýtur það að vera undarleg tilfinning fyrir mann að koma á fund hjá lífeyrissjóðnum sínum og þegar kemur að því að kjósa stjórn fara einhverjir aðilar inn í bakherbergi og hann fær ekki að koma nærri þeirri aðgerð. Það hlýtur að vera merkileg upplifun.

Ég hef reyndar lent í þessu. Þar sem ég er sjóðfélagi í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda mætti ég þar á ársfund og þá var búið að skipa stjórnina þannig að ég þurfti ekkert að hafa áhyggjur af því.

Herra forseti. Ég hef farið í gegnum þetta frv. Eins og ég gat um í upphafi er þetta í meginatriðum um það að sjóðfélagar eigi lífeyrissjóðinn sinn og í öðru lagi að þeir fái að kjósa sér stjórn sem afleiðingu af því.

Að lokinni umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og ég segi máli mínu lokið.

[18:47]

Össur Skarphéðinsson:

Ég vona, herra forseti, að hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni takist að bíða aðeins í sæti sínu þó að honum sé greinilega orðið mjög mikið mál að koma skoðunum sínum á framfæri í þessu merka máli.

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal fór vítt yfir hinar sögulegu lendur og kvaddi til leiksins bæði Bismarck og Marx og Engels og síðan vökvaði hann svörðinn með blóði og tárum skattborgaranna. Þetta var falleg ræða og hún var af einlægni flutt og án efa af miklum vilja til þess að bæta stöðu þeirra sem eiga fé sitt í þessum sameiginlegu lífeyrissjóðum okkar.

Það mætti spyrja gagnvart þeim rökum, sem hv. þm. flytur um nauðsyn þess að aðilar lífeyrissjóðanna komi að stjórnarkjöri, hvort núverandi fyrirkomulag hafi gefist mjög illa. Hv. þm. lýsti því hvernig lífeyrissjóðirnir eru smátt og

smátt að komast til valda í efnahagslífi landsmanna og muni innan skamms taka þar öll völd. Vera kynni að sá sósíalismi, sem liggur nú dauður á hinum víðáttumiklu sléttum Sovétríkjanna, kunni þá aftur að rísa upp í gerfi hins samtvinnaða valds íslenskra atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar og taki völdin á Íslandi.

Spurt er: Hefur þetta gefist illa? Svarið er nei. Svarið er nefnilega nei miðað við reynsluna. Ég held að ávöxtun íslensku lífeyrissjóðanna hafi verið mjög góð. Ég treysti mér að vísu ekki til að fullyrða hvort ýmsir séreignarsjóðir hafi sýnt betri ávöxtun, ég er ekki viss um það.

Þá komum við hins vegar að hinni spurningunni: Er sæmileg afkoma sjóða undir núverandi kerfi rök gegn því að sjóðfélagarnir fái aukin völd í stjórnum sjóðanna? Svarið er nei. Ég held að hér sé spurt um það sem eru sjálfsögð réttindi. Ég er nefnilega sammála hv. þm. um að það á að auka ítök sjóðfélaganna í stjórnum sjóðanna. Ég er sammála honum um að þegar til lengri tíma er litið er það líklegra til þess að tryggja góða afkomu sjóðanna. Það er ekki síst nauðsynlegt í efnahagsumhverfi sem við erum að fara inn í þar sem vextir fara góðu heilli lækkandi, þ.e. góðu heilli fyrir alla aðra en lífeyrissjóðina sem hafa að mörgu leyti ávaxtað fé sitt í bréfum til langs tíma sem munu að öllum líkindum innan skamms fara undir þau 3,5% sem sjóðirnir kveða sjálfir nauðsynlegt til þess að standa undir þeim réttindum sem þeir hafa áskilið sjóðfélögum.

Ég tel þess vegna að hugsun hv. þm. sem birtist í 4. gr. þessa frv. sé hárrétt. Ég get hins vegar ekki stutt frv. og ekki einu sinni 4. gr. í núverandi formi vegna þess að hv. þm. og ég erum ósammála um eitt meginatriðið sem er eignareðli sjóðanna. Ég tel að þessir sjóðir eigi að vera í félagslegri sameign. Ég er þeirrar skoðunar að það kerfi, eins og mér fannst hv. þm. lýsa áðan í vönduðu máli sínu, hafi reynst afskaplega vel. Ég les það sem gengur frá yfirmönnum þessara sjóða og líka þeim sem koma með öðrum hætti að þeim og mér sýnist að það renni allt í sama farveg.

Lífeyrissjóðakerfið á Íslandi ber af öðrum kerfum. Það kann vel að vera að það sé vegna þess að hið opinbera hafi gripið inn í það með Ólafslögum, með lögunum 1974 og aftur 1997, það getur vel verið að það sé skýringin.

Ég held hins vegar að þetta eigi að vera í félagslegri sameign. Ég er þess vegna ósammála því að menn ættu í einhverri kjörveröld að hafa ítök við stjórnun sjóðanna sem markaðist af áunnum réttindum þeirra. En ég tel hins vegar að sjóðfélagarnir eigi að geta hnekkt hinu samtvinnaða valdi verkalýðsforustunnar og atvinnurekendavaldsins. Ég tel að menn eigi að geta komið á aðalfund lífeyrissjóða sinna og tekið þátt í stjórnarkjöri og þar með haft bein áhrif á hvernig fé þeirra er varið. Ég er sammála þeirri hugsun hjá hv. þm.

Ég gæti vel hugsað mér að vera aðili að máli sem byggðist á einhverri annarri forsendu en þeirri sem gefin er í 2. málslið 1. gr. þessa frv. Ég tel að það væri lýðræðislegra og á allan hátt meira í anda þeirrar samfélagsþróunar sem við búum við þar sem stöðugt er verið að reyna, a.m.k. af hálfu löggjafans, að tryggja vald einstaklingsins á eigin örlög. Ef hægt væri að setja þetta upp með einhverjum öðrum hætti mundi ég styðja þetta.

Ég hef ekki verið viðstaddur fyrir umræðu um þetta en get trúað hv. þm. fyrir því að enginn hefur getað gefið neinar yfirlýsingar fyrir mína hönd í þeim umræðum sem hér hafa komið fram, a.m.k. ekki varðandi þetta inntak sem er að finna í 4. gr. Afstaða mín liggur alveg fyrir eins og ég vona að hv. þm. hafi skilið hér, að ég er sammála honum um að það er nauðsynlegt að auka lýðræði í þessum stjórnum, það er nauðsynlegt að gefa sjóðfélögum kost á að velja stjórnina beint. Ég er ósammála honum um grundvallarforsenduna.

Fyrst ég er kominn hér upp, herra forseti, þá get ég ekki annað en bent á það sem mér finnst hafa verið örlítil þverstæða sem sést í þessu frv. Annars vegar er meginás frv. sá að sjóðfélagarnir eiga að eiga réttindi sín og eftir framlagi þeirra. Með öðrum orðum er grundvallarforsenda frv. að það sem viðkomandi sjóðfélagi leggur inn í sjóðinn er eign hans. Ég hef skilið það þannig og ég skildi það þannig í máli hv. þm., en ég hef kannski misskilið hann. Vegna þess að í 2. gr. er verið að leggja mjög þungar kvaðir á þessa eign. Þá sýnist mér nú gægjast fram einhvers konar stofusósíalismi sem ég taldi að væri síst að finna hjá hv. þm.

En að öðru leyti, herra forseti, hef ég lýst skoðunum mínum til þessa máls. Ég hef fullan skilning og ber virðingu fyrir þeim sjónarmiðum sem koma fram í 4. gr. en ég er ósammála grundvallarforsendunni.

[18:54]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvort núverandi stjórnarfyrirkomulag hefði reynst illa og benti á að ávöxtun sjóðanna hafi verið mjög góð. Það var ekkert skrýtið. Hér var ríkissjóður rekinn með bullandi halla ár eftir ár og hann var óseðjandi hít í því að gleypa fé lífeyrissjóðanna sem og annarra fé og hélt þannig uppi vöxtum. Það var eiginlega snilld ef menn komust hjá því að ná hárri ávöxtun eins og reyndar Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins tókst með ágætum því að hann hefur náð lakari ávöxtun en aðrir sjóðir.

Hinir sjóðirnir gátu ekki annað en náð góðri ávöxtun í ljósi þess markaðar sem þeir lifðu í. Nú er það að breytast. Eins og hv. þm. benti á er ávöxtunin að lækka og eins og ég benti á fyrr í dag var ávöxtunin í morgun 3,96% á langtímalánum ríkissjóðs og þegar þeir nálgast 3,5%, sem gerist væntanlega eftir hálft ár, fer að hrikta í stoðum lífeyrissjóðakerfisins og alveg sérstaklega í stoðum almennu sjóðanna sem þurfa að skerða lífeyri á meðan iðgjaldið í opinbera sjóðinn snarhækkar sem sjóðfélagar hinna lífeyrissjóðanna þurfa að borga líka.

Ég tek það fram vegna þess sem hv. þm. spurði að sjóðfélagar eiga ekki peninga í lífeyrissjóðnum, þeir eiga réttindi og það er munurinn á sameignarsjóði og séreignarsjóði að þeir eiga réttindi, þeir eiga réttinn til þess að fá lífeyri ef þeir verða öryrkjar, ef þeir falla frá um aldur fram eða verða mjög gamlir. Það eru því þessi réttindi sem hægt er að meta til fjár og hægt er að reikna tryggingafræðilega hárrétt út upp á krónu og eyri og senda manninum yfirlýsingu um að hann eigi þessi réttindi sem eru andvirði þetta margra króna.

[18:56]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þetta er um margt merkilegt mál og hið athyglisverðasta og kannski málflutningurinn ekki síður. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kom inn á það að eðlilegt væri að löggjafinn hafi átt að skipta sér af þessum málum svo mjög sem ríkisvaldið hafi áður komið inn á þessi mál. Alþingi eigi að tryggja rétt sjóðfélaganna og eigi að blanda sér þar með í starfsemi lífeyrissjóðanna.

Mig langar aðeins í þessu sambandi, herra forseti, að vitna til skrifa hvað áhrærir Lífeyrissjóð sjómanna og ítök og afskipti ríkisvaldsins af þeim sjóði. Þar segir m.a. „Þrátt

fyrir að ríkisvaldið hafi ekki tekist á hendur neina almenna ábyrgð á skuldbindingum Lífeyrissjóðs sjómanna gagnvart sjóðfélögum hefur það hins vegar gerst að ríkisvaldið hefur haft afskipti af réttindamálum sjóðfélaga þegar það hefur þurft að ná efnahagslegum markmiðum sínum, t.d. við lausn sjómannadeilna. Gleggst dæmi slíkra afskipta er frv. til l. um breyting á l. nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, sem lagt var fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980–1981. Í almennum athugasemdum með þessu frv. segir að það sé borið fram vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga sjómanna í febrúar sl. Frv. þetta varð að lögum nr. 48/1981 og fól m.a. í sér að sjóðfélagar sem fullnægðu vissum skilyrðum gætu hafið töku óskerts ellilífeyris frá 60 ára aldri. Þessi aukning á réttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna var af ríkisvaldinu hvorki borin undir stjórn sjóðsins né heldur lét ríkisvaldið kanna fjárhagslega þýðingu hennar fyrir sjóðinn. Ríkisvaldið lagði sjóðnum hvorki til fjármuni til að mæta þessum auknu skuldbindingum sjóðsins gagnvart sjóðfélögum né heldur var lögð sú kvöð á sjóðsaðila að þeir hækkuðu iðgjöld til sjóðsins."

Þetta voru afskipti ríkisvaldsins þá og ekki í fyrsta eða eina skiptið sem það hefur gerst og líklega ekki það síðasta því að fram undan eru breytingar hvað áhrærir lög lífeyrissjóðsins sem lögum samkvæmt var settur innan dyra Tryggingastofnunar ríkisins vegna þess að þegar lífeyrissjóðurinn var stofnaður 1957 fundu menn þessu afkvæmi sínu hvergi stað nema innan vébanda Tryggingastofnunar ríkisins og það er kapítuli út af fyrir sig vegna þess að sjóðstjórnir undangenginna ára, t.d. Lífeyrissjóðs sjómanna, vildu bera ábyrgð á sjóðnum. En við slíka meðferð sem þessa þar sem lífeyrissjóðurinn var orðinn leiksoppur ríkisvalds vegna kjarasamninga sjómanna kunni náttúrlega ekki góðri lukku að stýra. En allt um það.

Í 2. gr. þessa frv., segir svo, með leyfi forseta:

„Þetta er í samræmi við þá grundvallarhugsun laganna að með skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé verið að firra ríkið ábyrgð á skakkaföllum við tekjumissi sem einstaklingurinn verður fyrir vegna örorku, dauða um aldur fram eða langlífis. Það væri í andstöðu við þau markmið ef eignin gæti orðið að engu vegna fjárhagslegra vandræða einstaklingsins einhvern tíma á ævinni."

Nú hafa lífeyrissjóðirnir svokallaða samtryggingu sem hér kemur fram og það er vel. Hins vegar er ég alveg sannfærður um að þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir hafa þeir sem stóðu að stofnun lífeyrissjóðanna aldrei gert sér í hugarlund að örorkuþáttur þeirra yrði jafnmikill og raun ber vitni. Það er sérkapítuli út af fyrir sig og hefði kannski þegar betur er að gáð aldrei átt að fara inn í ákvæði lífeyrissjóðanna að þeir greiddu örorkulífeyri nærri takmarkalaust þó að þar sé nokkur munur á þegar litið er til starfsemi hinna fjölmörgu sjóða. (**Gripið fram í:** Mest til sjómanna.) Jú, Lífeyrissjóður sjómanna stendur hvað verst hvað það varðar. Hins vegar er athyglisvert að í lífeyrissjóði verkafólks, t.d. í fiskvinnslu, hafa örorkubæturnar aukist verulega.

Það er dálítið merkilegt að í þessu frv. skuli ekki vera komið að því sem nú er mjög í umræðunni og er umhugsunarefni, að þeir sem kaupa sér réttindi til lífeyris eða örorkubóta standa frammi fyrir því ef annars staðar hefur verið keypt trygging, t.d. hjá tryggingafélögum, að þessi tilteknu réttindi lífeyrissjóðanna skuli vera dregin frá þeim bótum sem menn hafa áunnið sér hjá tryggingafélögunum. Hvernig í ósköpunum getur það gerst að löggjafinn skuli standa að baki tryggingafélögunum og stuðla að því og gera engar athugasemdir við það að tryggingafélögin skuli geta hagað sér á þennan hátt? Eins og flm., hv. þm. Pétur Blöndal, kom inn á hafa menn hreint og beint verið skyldaðir til þess að fara í lífeyrissjóðina, já og kannski bara þökk sé að það skyldi hafa gerst. Það væri ábyggilega margur maðurinn sem nú er kominn á eftirlaun illa staddur ef þetta hefði ekki gerst með þessum hætti. Og það var rétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á að þetta er eitt albesta lífeyrissjóðakerfi sem fyrirfinnst á byggðu bóli og er það mjög athyglisvert.

Þess vegna hlýt ég að spyrja sjálfan mig: Hvers vegna vill þingmaðurinn fara að blanda sér í þessi mál og setja það fram af hálfu löggjafans um hvernig skipan sjóðstjórnar og nánast umfjöllun og meðferð lífeyrissjóðanna skuli háttað þegar það liggur ljóst fyrir að í frjálsum kjarasamningum milli launþega og vinnuveitenda hafa menn fundið sér ákveðinn farveg? Ég vildi að þessi orð hefðu verið sögð og þetta mál frekar rætt þegar Lífeyrissjóður sjómanna var stofnaður þannig að hann hefði sjálfur getað ráðið sínu heimilisfangi og hvernig farið yrði með sjóðstjórnun.

Eins og mönnum er kunnugt sitja nú að öllu jöfnu sex manna stjórnir eða svo og þær skiptast á milli launþega og vinnuveitenda. Og hvort sem það er eftir þeirri reglu sem hér kemur fram um að atvinnurekendur borga 6% og launþegar 4% eða hvaða formúla sem þar hefur verið fundin varðandi skipan stjórnar þá ætla ég ekki að blanda mér í það eða bæta neitt þar um. En eitt er ljóst og það er að mönnum getur verið mikill vandi á höndum að skipa stjórnir lífeyrissjóða eins og hér er getið um. Þar koma tvær ástæður til. Í fyrsta lagi ber að líta aðeins aftur í tímann, eins og hér hefur verið gert í umræðunni, til ársins 1980 í allri þeirri óðaverbólgu sem þá blossaði er sjóðfélagar fengu e.t.v. lánaðar 100 krónur en þurftu ekki að borga nema kannski 20 krónur til baka o.s.frv. Þá var stjórnum lífeyrissjóðanna mikill vandi á höndum og það er fortíðarvandi sem lífeyrissjóðirnir eru nú að komast upp úr og eru nú flestir svo staddir að þeir eiga fyrir skuldbindingum sínum.

En aðeins af því að tíminn flýgur frá mér þá vildi ég nefna hvað sagt er um 4. gr. frv. og það segir einmitt allt um þann vanda sem flutningsmenn standa frammi fyrir við að finna einhverja formúlu um það hvernig eigi að kjósa í stjórn og hvaða atkvæðavægi hver og einn sjóðfélagi eigi að hafa. Ég ætla aðeins að vitna, með leyfi forseta, í grg. Þar segir svo:

„Gert er ráð fyrir að atkvæðisréttur sjóðfélaga á félagsfundi fari eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum þeirra en ekki er kveðið nánar á um hvernig það skuli gert. Gert er ráð fyrir að þessi vandi verði leystur með nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Atkvæðavægi og þar með áhrif eldri sjóðfélaga verða mikil ef eingöngu er miðað við áunnin réttindi eða inneign. Þeir hefðu því hugsanlega of mikil ítök. Ef miðað er við höfðatölu fá þeir sem eiga mjög lítil réttindi, t.d. vegna hlutastarfs, of mikil ítök. Þeir geta auk þess átt atkvæðisrétt í tveimur eða þremur sjóðum samtímis. Koma má í veg fyrir það með því að miða við þann rétt sem sjóðfélaginn kemur til með að ávinna sér um starfsævina (framreiknaðan rétt), en þá er hugsanlegt að yngri sjóðfélagar fái of mikil ítök miðað við hagsmuni þeirra. Lausnin gæti falist í því að miða við blöndu af áunnum og framreiknuðum réttindum.

Þegar aðili, t.d. ríkissjóður eða sveitarfélag, ber ábyrgð á lífeyrissjóði, beina eða óbeina, er eðlilegt að hann hafi öll tök á stjórn sjóðsins og breytingum á samþykktum hans því

að hann á allt undir því að skynsamlega sé staðið að rekstri sjóðsins.

Nauðsynlegt getur verið að grípa til póstatkvæðagreiðslu ef aðstæður eru þannig að sjóðfélagar geta ekki kosið beinni kosningu á félagsfundi. Það getur átt við ef lífeyrissjóðurinn er mjög fjölmennur eða sjóðfélagar mjög dreifðir, t.d. sjómenn."

Póstatkvæðagreiðsla meðal sjómanna hefur vissulega farið fram í sambandi við kjarasamninga eða greiðslu atkvæða um verkfallsheimild o.s.frv. Það er alveg rétt. Hitt er annað mál að því sem hér á undan kom fram um þá formúlu sem á að liggja að baki vægis hvers atkvæðis eða hvers sjóðfélaga, er náttúrlega þannig háttað að menn mundu líklega gleyma því meginmarkmiði sínu að ávaxta sjóðinn og hugsa um að hann ætti fyrir skuldbindingum sínum vegna ársfundar. Þeir hefðu nóg að gera í því að reikna út hvernig ætti að fara með atkvæðavægi hvers sjóðfélaga því hér er ekki komið með konkret tillögu heldur er talað um að þetta megi vera svona, hvar menn hafa of mikið atkvæðavægi eða að þeir hafi of lítið atkvæðavægi o.s.frv.

Ég verð að segja að mér kemur mjög á óvart að slíkur lýðræðissinni sem hv. þm. Pétur Blöndal vilji blanda sér í þá sátt sem almennt hefur ríkt milli vinnuveitenda og launþega um hvernig skuli fara með þessi mál. En ég get heils hugar tekið undir með honum að það er eðlilegt og rétt að halda aðalfundi í sjóðunum þar sem menn geta að sjálfsögðu komið og fylgst með reikningum, ársreikningum, og gert athugasemdir. Hins vegar er ég honum ekki sammála um það hvernig halda skuli á málum þegar kemur að kjöri stjórnar því að þau ákvæði sem hér eru lögð til um atkvæðavægi og hvernig eigi að haga kjöri stjórnar, geta leitt marga lífeyrissjóði í ógöngur.

Hv. þm. Pétur Blöndal kom áðan réttilega inn á vandamál sem nú blasir við en engir hefðu trúað fyrir um þremur til fjórum árum síðan að gæti komið til, þ.e. að ávöxtun ætti eftir að fara niður fyrir 4%. Þá hringja allar viðvörunarbjöllur lífeyrissjóðanna. Þetta er mál sem lífeyrissjóðirnir þurfa að taka á og mæta með þeim hætti sem best getur tryggt enn frekari ávöxtun sjóðanna. Og það hafa þeir gert. Þeir hafa keypt bréf og fleira á erlendri grund. Ekki er langt síðan að hér kom fram í blöðum fyrir hvað háar upphæðir þeir hafa fjárfest erlendis, og það er vel.

Allir stjórnarmenn í lífeyrissjóðunum, hvorum megin borðsins sem þeir sitja, hvort heldur er vinnuveitenda- eða launþegamegin, leggja sig fram um að ávaxta sjóðina svo vel sem hægt er til þess að tryggja það að sjóðurinn standi við skuldbindingar sínar og til þess auðvitað að greiða mönnum út hæsta mögulega lífeyrinn þegar svo ber undir.

Eitt hefur stundum gleymst, eins og ég gat um í upphafi máls míns, og það er sá stóri þáttur sem lýtur að samtryggingunni, örorkunni, sem er orðinn allt of stór hluti af greiðslum lífeyrissjóðanna og er umhugsunarefni hvort ekki væri eðlilegt að beina því í annan farveg. En það er seinni tíma mál.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég get ekki stutt þetta frv. því að ég veit að meginhluti þess sem hér hefur verið sett á prent, a.m.k. hugurinn sem því máli fylgir, á að gera lífeyrissjóðina lýðræðislegri. En því fylgir ákveðinn vandi því að hér er um geysilegt fjármagn að ræða eins og flm. kom inn á. Málið verður ekki leyst með því sem hér hefur verið sett á prent í ljósi þess að menn leggja sig fram um að láta lífeyrissjóðina standa við skuldbindingar sínar og í annan stað vegna þess að frjálsir kjarasamningar hafa tekist milli verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda um það hvernig með skuli fara. Menn hafa treyst þeim aðilum fram til þessa og gera það væntanlega enn.

[19:11]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ein lítil spurning til hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar: Telur hann að sjóðfélagarnir eigi lífeyrissjóðinn sinn?

[19:12]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér blandast enginn hugur um það sem margir hafa þó lent í villigötum með, að 4% væru eign sjóðfélagans en 6% væru á einhverju gráu svæði. Mér blandast enginn hugur um það að lífeyrissjóðirnir eru eign sjóðfélaganna. Lífeyrissjóðirnir eru eign sjóðfélaganna vegna samtryggingarinnar sem þar kemur fram. Þess vegna eru þetta sameignarsjóðir en ekki séreignarsjóðir.

[19:12]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær umræður sem hafa orðið um frv., sem er af hinu góða. Þetta hafa verið mjög góðar og málefnalegar umræður. Ég vil byrja á því að nefna það sem Össur Skarphéðinsson gat um, þ.e. er hvers eðlis þessi eign er í lífeyrissjóðunum.

Þetta er eign í réttindum, þ.e. sjóðfélaginn á ekki peningaeign hjá sjóðnum sínum, a.m.k. ekki þegar um er að ræða sameignarsjóð — hann á það í séreignarsjóðum en ekki í sameignarsjóðum — heldur á hann réttindi. Hann hefur þann rétt að maki hans fær makalífeyri og börnin barnalífeyri ef hann fellur frá um aldur fram. Hann á rétt á því að fá örorkulífeyri ef hann verður öryrki og hann á rétt á því að fá ellilífeyri verði hann gamall því verði hann mjög gamall þá eykst áhættan á að missa vinnuþrekið, jafnvel í 30 ár, frá sjötugu til hundrað ára aldurs.

Þetta eru réttindi sem hægt er að reikna upp á krónu og eyri. Það er hægt að reikna út með ákveðnum líkum hvað þessi réttindi eru mikils virði ef. Ef maðurinn fellur frá um sjötugt og á enga erfingja, hvorki börn né maka þá eru réttindin akkúrat engin á því augnabliki sem hann fellur frá. Þá lenti hann ekki í þeim áföllum sem sjóðurinn tryggði hann gegn, þ.e. að falla frá um aldur fram, verða öryrki eða verða gamall. Það eru ákveðnar, litlar, líkur á þessu en einnig því að maðurinn verði 100 ára gamall og taki því lífeyri í yfir 30 ár. Þetta er um réttindin.

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom inn á mjög mörg atriði sem að mestu leyti tengdust Lífeyrissjóði sjómanna. Meðhöndlun löggjafans á þeim ágæta sjóði er ein sorgarsaga. Til þess að liðka fyrir samningum í sjómannadeilu einhvern tíma lofuðu menn upp í ermina á sér með því að auka réttindi sjóðsins, auka réttindi sjóðfélaganna, auka skuldbindingu sjóðsins, án þess að neitt kæmi á móti. Lífeyrisaldurinn var lækkaður niður í 60 ár og ekkert var hugað að því hver ætti að borga. Og nú er komið á hreint að það er ekki ríkissjóður sem á að borga. Þetta verður því ekki greitt nema af sjóðfélögunum sjálfum og þeirra atvinnurekendum í formi annaðhvort hækkaðs iðgjalds eða með því að skerða réttindi sem ég hygg að verði lendingin. Löggjafarvaldið hefur því blandað sér í málefni þessa sjóðs á óviðurkvæmilegan hátt. Það er náttúrlega ófært að auka réttindin í sjóði með lögum án þess að gera ráð fyrir peningum til þess að greiða þau réttindi.

Hv. þm. kom líka inn á örorkuþáttinn sem er vissulega einn af agnúunum á núverandi kerfi vegna þess að starfsstéttir hafa mjög mismunandi örorkulíkur. Skrifstofufólk hefur allt aðrar örorkulíkur en sjómenn og verkamenn þannig að í raun þyrfti að vera hærra iðgjald í sjóði þar sem örorkulíkur eru háar.

Annað mál er að örorkuþáttur lífeyrissjóðanna hefur aukist mjög hratt á undangengnum árum. Mér finnst að lífeyrissjóðirnir þurfi að grípa til varna í því máli vegna þess að ég hygg að til séu dæmi um að þessi örorkulífeyrir sé misnotaður. Sú misnotkun kemur í veg fyrir að sjóðurinn geti borgað mannsæmandi og nauðsynlegan örorkulífeyri til þeirra sem raunverulega eru öryrkjar. Þetta er mjög mikið félagslegt vandamál sem taka þarf á.

Það að þessar bætur séu dregnar frá bótum tryggingafélaga er á margan hátt eðlilegt. Tryggingafélögin bæta mönnum það tjón sem þeir verða fyrir vegna slysa eða annars. Það á að draga frá allar bætur sem menn fá annars staðar frá. Aðild að lífeyrissjóðum er lagaskylda og þar með hafi löggjafinn fyrir fram bætt einstaklingnum það tjón sem hann kann að verða fyrir. Þetta er rökstuðningur fyrir því að tryggingafélögin geti notað þessar bætur til að minnka tjón sitt. Það á að sjálfsögðu að gilda um annan lögbundinn lífeyrissparnað, t.d. í séreignarsjóðum þannig að tryggingafélögin eiga ekki að bæta nema það tjón sem maðurinn verður fyrir.

Lífeyrissjóðirnir glíma við annan vanda og sumir eru byrjaðir að leysa hann. Sá vandi er fólginn í því að réttindin hafa verið óháð aldri þrátt fyrir að vitað sé að miðað við þá ávöxtunarkröfu sem gengið er út frá í útreikningum sjóðanna eigi ungur maður um tvítugt að fá þreföld réttindi fyrir sömu krónutölu á við mann sem er kominn yfir fimmtugt. Þetta hefur ekki verið gert. Ungi maðurinn hefur fengið sömu réttindi og sá aldraði og því hefur verið tilflutningur á réttindum milli aldurshópa. Þetta hefur svo leitt til þess að þegar sjóðir eru sameinaðir þarf að skerða réttindi þeirra sem skyldaðir voru af löggjafanum til þess að vera í lífeyrissjóði þar sem sjóðfélagar voru aldraðir. Ef maður var skyldaður til að vera í lífeyrissjóði þar sem voru eldri sjóðfélagar þá fengust ekki eins góð lífeyrisréttindi og hjá þeim sem var skyldaður til að vera í lífeyrissjóði með ungum sjóðfélögum. Þetta leiðir til þess að sjóðirnir standa mjög mismunandi að vígi. Það er algerlega óháð því hvernig sjóðstjórnunum hefur tekist að ávaxta sitt pund eða halda niðri kostnaði. Aldursdreifing sjóðfélaganna ræður mestu um hvort sjóðirnir standa vel eða illa. Þetta er náttúrlega ófært og þennan vanda þarf að leysa en hann er ekki auðleystur. Hugsanlega má nota þá háu vexti sem nú hafa verið í gildi til þess að leysa þennan vanda. Sumir lífeyrissjóðir eru að því en það gengur ekki fyrir alla sjóði. Þetta verður vandamál sem kemur væntanlega fram í að skerða þarf lífeyrisréttindi hjá sjóðunum sem hafa elstu félagana. Það er mjög hastarlegt að löggjafinn skuli skylda menn til að borga í slíka lífeyrissjóði. Svo eru réttindi þeirra skert af því að þeir voru skyldaðir í lífeyrissjóð sem er með mikið af gömlu fólki.

Hvers vegna er nauðsynlegt að breyta skipun stjórna núna? Það er vegna þess að 1. flm. telur sig hafa orðið þess áskynja að ekki séu miklar breytingar í stjórnum verkalýðshreyfingarinnar. Hann telur sig jafnvel skynja að lýðræðið sé ekki sérstaklega virkt í verkalýðshreyfingunni. Hann hefur áhyggjur af því hvað gerist með þessa miklu eign þegar þeir sem ekki eru lýðræðislega kosnir í verkalýðshreyfingunni stjórna lífeyrissjóðum. Í sjóðunum er jafnvel fjöldi félaga sem ekki eru í verkalýðshreyfingunni og hafa þar af leiðandi engin tök á því að hafa áhrif á stjórnina. Ég nefni t.d. Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda þar sem sjóðfélagar ráða engu um stjórnina. Ég tel það mjög brýnt vegna framtíðar þjóðarinnar, 20–40 ár fram í tímann ef við hugsum svo langt, að sjóðfélaginn komi að þessari eign sinni og geti haft áhrif á það hvernig eigninni er ráðstafað, í hverju er fjárfest og hverjir komi til með að stýra atvinnulífi þjóðarinnar í framtíðinni.

Varðandi það að sjóðstjórnirnar hafi ávaxtað vel, þá vil ég benda á að áður en Seðlabankinn fór að birta upplýsingar sínar úr reikningum lífeyrissjóðanna, eftir að löggjafarsamkundan ákvað að birta skyldi reikningana, þá voru margir sjóðirnir með allt að 30% af iðgjöldum sem rekstrarkostnað. Eftir að samanburðurinn kom fóru menn að skammast sín, þeir minnkuðu þennan kostnað og hann hefur minnkað mjög hratt. Sjóðirnir eru almennt mikið betur reknir nú en áður en þá kemur að ávöxtunarþættinum og ég held að enn hafi ekkert reynt á það, hvernig mönnum tekst til að ávaxta sitt pund.

Mér finnst mikilvægast í þessu máli að þegar löggjafinn skyldar fólk til að borga inn í svo stórt kerfi, þá geti fólk annaðhvort kosið með fótunum eða höndunum, þ.e. það geti valið sér lífeyrissjóð og losnað frá þeim lífeyrissjóði sem illa er stjórnað yfir í þá sem vel er stjórnað. En það má ekki skipta um sjóð, það eru a.m.k. mjög miklar hömlur á því. Þrátt fyrir allt hjal um félagafrelsi o.s.frv., að menn geti valið sér stéttarfélag og ég veit ekki hvað, þá eru menn nánast ánauðugir í stéttarfélögum og þar af leiðandi ánauðugir í viðkomandi lífeyrissjóði. Ég tel því mjög brýnt að þar sem menn geti ekki valið með fótunum eigi þeir að geta valið með höndunum, þ.e. kosið stjórnina. Ég tel mjög brýnt, þegar maður lítur 30 ár fram í tímann, að eitthvað í þá veru sem frv. gerir ráð fyrir verði samþykkt og sérstaklega verði tekið fram að sjóðfélagarnir eigi lífeyrissjóðinn sinn.

[19:22]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals var mótsögn sem ég vildi skerpa á hér. Hann talaði um að sjóðfélagarnir ættu eðlilega að hafa þann rétt að geta farið úr sínum lífeyrissjóði ef sá sjóður væri illa rekinn. Rétt áður hafði hann sagt að þeir sem hefðu lent í lífeyrissjóði þar sem meginhluti sjóðfélaga væru aldraðir þá væru ungu félagarnir verr settir. Mér finnst hér bera á mótsögn. Sé maður kominn nærri lífeyristöku, ósáttur við lífeyrissjóðinn sinn og ætli að flytja sig í annan sjóð þá er ég hræddur um að það gæti orðið dálítið vandamál, þ.e. að lífeyrissjóðsstjórnin væri ekki alveg tilbúin að taka á móti þeim sem nálgast lífeyrisaldur og vildi flytja sig yfir. Það sem vissulega hefur líka gefið þessum lífeyrissjóðum lit er að fá yngra fólkið inn. Það er lengi að ávinna sér réttindi eða, eins og hv. þm. kom inn á áðan í ræðu sinni, slæm staða þeirra sjóða þar sem meginhluti sjóðfélaganna er farinn að nálgast nokkuð lífeyrisaldurinn.

[19:23]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki mótsögn vegna þess að ég gat þess sérstaklega að sjóðirnir væru ekki tryggingafræðilega réttir. Þeir eru ekki rétt útreiknaðir og það er mjög brýnt að taka á því þannig að yngra fólkið öðlist meiri réttindi en gömlu sjóðfélagarnir. Þegar búið er að gera sjóðina tryggingafræðilega rétta er enginn vandi að flytja réttindi á milli og þá geta menn valið. Ég sagði að það væri ekki heimilað að

menn gætu valið um sjóði með fótunum og taldi því að menn yrðu að geta valið með höndunum. Hitt er ekki heimilað. Um leið og menn mundu opna fyrir val á lífeyrissjóðum, þá yrði að hafa réttindin háð aldri, kyni og jafnvel hjúskaparstöðu. Þeir sem eiga börn þyrftu að borga hærra iðgjald en þeir sem eru barnlausir út af barnalífeyrinum, og giftir þyrftu að borga hærra iðgjald út af makalífeyrinum. Um leið og menn kjósa að fólk geti valið um lífeyrissjóði, þá eru þeir um leið að segja að sjóðirnir þurfi að vera tryggingafræðilega réttir, þ.e. að réttindin verði háð aldri, kyni og hjúskaparstöðu.

[19:25]

Útbýting þingskjals:

Náttúrufræðistofnun Íslands, 205. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 223.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:25.

---

19. FUNDUR

miðvikudaginn 4. nóv.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Aðbúnaður og kjör öryrkja, beiðni um skýrslu, 198. mál, þskj. 216. *Hvort leyfð skuli.*
3. Fjáraukalög 1998, stjfrv., 173. mál, þskj. 178. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ríkisreikningur 1997, stjfrv., 152. mál, þskj. 152. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Breytingar á ýmsum skattalögum, stjfrv., 150. mál, þskj. 150. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 151. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 176. mál, þskj. 181. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Fjárreiður ríkisins, frv., 64. mál, þskj. 64. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, þáltill., 120. mál, þskj. 120. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Ráðstafanir í skattamálum, frv., 170. mál, þskj. 173. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frv., 172. mál, þskj. 176. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Minning Magnúsar Torfa Ólafssonar.

[13:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Magnús Torfi Ólafsson, fyrrverandi alþingismaður, ráðherra og blaðafulltrúi ríkisstjórnarinnar, andaðist í gær, þriðjudaginn 3. nóvember, á heimili sínu hér í borg. Hann var 75 ára að aldri.

Magnús Torfi Ólafsson var fæddur 5. maí 1923 á Lambavatni á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu. Foreldrar hans voru hjónin Ólafur Sveinsson bóndi þar og Halldóra Guðbjört Torfadóttir húsmóðir. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum á Akureyri 1944. Blaðamaður við Þjóðviljann var hann 1945–1962, lengst fréttastjóri erlendra frétta, ritstjóri 1959–1962. Hann var deildarstjóri í Bókabúð Máls og menningar í Reykjavík 1963–1971. Vorið 1971 var hann kjörinn alþingismaður Reykvíkinga fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna og sat á Alþingi til 1978, var landskjörinn þingmaður frá 1974, sat á 8 þingum alls. Hann var menntamálaráðherra 1971–1974 og jafnframt félagsmála- og samgönguráðherra nokkra mánuði sumarið 1974. 1. varaforseti neðri deildar var hann 1974–1978. Eftir það var hann blaðafulltrúi ríkisstjórnarinnar 1978–1989.

Magnús Torfi Ólafsson var formaður Alþb. í Reykjavík 1966–1967 og formaður Samtaka frjálslyndra og vinstri manna 1974–1982. Hann átti sæti í menntamálaráði 1967–1971, var skipaður í stjórnarskrárnefnd 1986 og var formaður stjórnar Þjóðhátíðarsjóðs 1986–1994. Formaður sendinefndar Íslands á umhverfismálaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna var hann 1972 og var í sendinefnd Íslands á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1976–1978.

Magnús Torfi Ólafsson hóf störf við blaðamennsku strax að loknu stúdentsprófi. Hann var víðlesinn frá ungum aldri, minnugur með afbrigðum og gerðist fjölfróður um heimsviðburði fyrr og síðar. Nutu þeir kostir sín vel í starfi blaðamanns að fréttum og miðlun fróðleiks af ýmsu tagi. Hann var um fimmtugsaldur þegar hann kom á Alþingi og settist í ráðherrastól. Hann var vel búinn undir störf sín hér, hafði lengi fylgst vel með gangi þjóðmála. Að framgangi mála vann hann af hógværð og festu. Undir lok ráðherrastarfa stóð hann fyrir breytingu á skólahaldi til skyldunáms sem hafði verið nokkur ár á döfinni. Þá tóku grunnskólar við af aldagömlum barnaskólum og gagnfræðaskólum. Hvarvetna þar sem Magnús Torfi Ólafsson kom að störfum var hann vandvirkur og hreinskiptinn.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Magnúsar Torfa Ólafssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[13:07]

Útbýting þingskjala:

Farþjónusta sérfræðilækna, 201. mál, fsp. ÞBack, þskj. 219.

Greiðslukortastarfsemi, 37. mál, svar viðskrh., þskj. 192.

Jafnræði kynja við fjárveitingar til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfs, 193. mál, þáltill. BG og GGuðbj, þskj. 209.

Smásala á tóbaki, 206. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 224.

Stofnun þjóðbúningaráðs, 203. mál, þáltill. DH og StB, þskj. 221.

Tóbaksverð og vísitala, 207. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 225.

Verðmunur á leigulínum um ljósleiðara, 202. mál, fsp. JónK, þskj. 220.

Þriggja fasa rafmagn, 204. mál, þáltill. DH o.fl., þskj. 222.

Aðbúnaður og kjör öryrkja.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 198. mál. — Þskj. 216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:09]
Beiðni leyfð til forsrh. með 36 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1998, frh. 1. umr.

Stjfrv., 173. mál. — Þskj. 178.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Ríkisreikningur 1997, frh. 1. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Breytingar á ýmsum skattalögum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 150. mál. — Þskj. 150.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stimpilgjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 151. mál (undanþágur frá gjaldi). — Þskj. 151.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 181.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjárreiður ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 64. mál (laun, risna o.fl.). — Þskj. 64.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 120. mál. — Þskj. 120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:12]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ráðstafanir í skattamálum, frh. 1. umr.

Frv. ÖS og ÁE, 170. mál (endurákvörðun skatta, breyting ýmissa laga). — Þskj. 173.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Frv. PHB o.fl., 172. mál. — Þskj. 176.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Úrræði fyrir ungmenni í vímuefnaneyslu.

[13:14]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þá fer fram umræða utan dagskrár um úrræði fyrir ungmenni í vímuefnaneyslu. Málshefjandi er Rannveig Guðmundsdóttir. Félmrh. verður til andsvara, svo og menntmrh. og heilbrrh. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa en samið hefur verið um ræðutíma, sbr. 72. gr.

Fyrirkomulag umræðunnar verður þannig að málshefjandi og félmrh. hafa 8 mínútur. Menntmrh., heilbrrh. og talsmenn annarra þingflokka en málshefjanda og ráðherra

hafa 6 mínútur en aðrir þingmenn og ráðherrar 3 mínútur. Þeir sem tala í annað sinn hafa 3 mínútur. Reiknað er með að umræðan standi í allt að einni og hálfri klukkustund.

[13:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Alvarlegar staðreyndir birtust þjóðinni í október þegar fjölmiðlar beindu kastljósinu að fíkniefnaneyslu unglinga. Ölvunardrykkja unglinga eykst, hassneysla er meiri en áður, hlutfall stórneytenda harðra efna hefur farið vaxandi og neysla amfetamíns og jafnvel kókaíns finnst í sífellt lægri aldurshópum. Þetta er bakhliðin á velferðarríkinu Íslandi.

Móðir stendur frammi fyrir helsjúku, jafnvel örvita barni, sem er djúpt sokkið í eiturlyfjaneyslu, en hvað getur hún gert? Getur hún leitað til ráðgjafarmiðstöðvar? Á barnið kost á bráðainnlögn strax? Er möguleiki á að barnið fái langtímameðferð, stuðning og enduruppeldi til að breyta um stefnu í ungu lífi? Svarið er nei.

Svarið er nei, vegna þess að stjórnvöld hafa ekki fylgt eftir stefnumörkun sinni um fíkniefnalaust Ísland árið 2002 með nauðsynlegu fjárframlagi. Það er ekki fjárfest í æskufólki sem lent hefur út af sporinu.

Alþingi hækkaði sjálfræðisaldur upp í 18 ár í fyrra. Við jafnaðarmenn sem höfum flutt þessa tillögu aftur og aftur, töldum að lengja þyrfti þann tíma sem foreldrar og samfélagið allt bera ábyrgð á börnum sínum. Aðeins með þeim hætti nýtast úrræði samfélagsins fyrir unga fíkniefnaneytendur.

Við þá umræðu taldi félmrh. að útgjaldaauki bara hjá félmrn. yrði 120–140 millj. kr. fyrir utan stofnkostnað sem gæti þýtt heildarútgjaldaauka að mínu mati um 200 millj. kr. En ráðherrann nefndi líka að á móti útgjaldaaukningunni kæmi þjóðfélagslegur sparnaður og í þessari umræðu skulum við muna eftir að staldra við það.

Í fjárlagafrv. í fyrra var ekki gert ráð fyrir þessum kostnaðarauka, þó litlar 20 millj. kæmu inn síðar. Í svokölluðum sólskinsfjárlögum næsta árs er heldur engin fjárveiting. Með öðrum orðum, enginn sólargeisli fellur á þessa krakka. En það þýðir ekkert að kaupa stundarfrið frá þjóðfélagsumræðunni með smáaurum við hverja fjárlagagerð. Við verðum að sýna varanlegar lausnir.

Alþingi vill svör um hvort stytta á óhóflega langa biðlista eftir meðferð og hvaða kostnaður fylgir því að fullnægja meðferðarúrræðum fyrir unglinga miðað við hækkaðan sjálfræðisaldur.

Herra forseti. Mér finnst markmið ríkisstjórnarinnar um fíkniefnalaust Ísland vera að snúast upp í andhverfu sína miðað við það ástand sem blasir við. Og það sem verra er, umræðan á Alþingi hefur þornað upp. Í stað þess að hér sé vakandi umfjöllun um þetta alvarlega þjóðfélagsböl og í stað þess að stjórn og stjórnarandstaða sameinist um að leita lausna, þá hefur sú mynd verið dregin upp að innan þriggja ára verði búið að leysa vandann. Við vitum ekki hvernig.

Hver á þáttur barnaverndargeirans að vera í forvarnastarfi? Hafa forvarnaaðgerðir verið samhæfðar í samræmi við opinber markmið ríkisstjórnarinnar og samning ríkis og Reykjavíkurborgar? Er samráð um forvarnastarf, áherslur og markmið milli félmrh. og heilbrrh.? Er úthlutun úr Forvarnasjóði í samræmi við þá stefnumörkun? Er stefna fyrir hendi um hlutverk barnaverndarkerfis, heilbrigðiskerfis og frjálsra félagasamtaka varðandi meðferðarúrræði fyrir unglinga í fíkniefnaneyslu? Hvað varð um upplýsingamiðstöðina við barna- og unglingageðdeild Landspítalans, sem veita átti foreldrum aðstoð og ráðgjöf? Enginn kannast við hana. Hvað varð um þessi góðu áform sem ég studdi ráðherrann heils hugar í?

Alþingismenn hafa fengið tölvupóst frá Götusmiðjunni Virkinu. Þetta er lítið meðferðarheimili með 12 unglinga í meðferð. Starfsemi sem virðist eiga rétt á sér. Þau spyrja okkur hvort líklegt sé að meðferðarheimili sem er að reynast mörgum unglingum vel fái aðstoð yfirvalda. Þau trúa að alþingismenn hafi áhrif. „Ef einhver getur sagt eða gert eitthvað til að greiða götu okkar fyrir þessi mánaðamót þá yrðum við ævinlega þakklát," segir í bréfinu. Hverju eigum við að svara? Hvaða stefna er uppi varðandi frjáls félagasamtök, og hvernig má tryggja yfirsýn yfir það sem er ríkisins og það sem er falið öðrum?

Við erum langt á eftir nágrannalöndunum í meðferðarúrræðum fyrir unglinga en eigum heimsmet í fullorðinsmeðferð. SÁÁ hafa verið brautryðjendur í meðferðarstarfi fullorðinna. Samtökin hafa þar unnið feikigott starf. Það eru hins vegar deildar meiningar um að unglingar fari í meðferð með fullorðnum og samtök á borð við Vímulausa æsku gagnrýndu nýlega að ungmenni fari svo til beint úr fermingarveislunum sínum inn í fullorðinsbatterí. En örvæntingarfullir foreldrar grípa þennan kost fegins hendi þegar úrræði skortir á sviði barnaverndarmálanna, þar sem er 8 mánaða bið í greiningarmeðferð, og 12 mánaða bið í langtímameðferð.

Herra forseti. Nefnd sem heilbrigðisráðherra skipaði skilaði tillögum sínum í október um geðheilbrigðismál barna og unglinga. Ég kalla eftir svörum við því hvernig áform um að byggja unglingadeild við Vog samræmast þeim tillögum.

Lega landsins ætti að auðvelda okkur að afstýra innflutningi og efnum í umferð en magn fíkniefna eykst stöðugt. Það er lagt hald á meira magn en áður og efnin eru harðari. Vandinn er stigvaxandi, því miður. Höfum við látið þessi mál yfir okkur ganga án þess að sporna sérstaklega gegn þeim? Til hvaða sértækra aðgerða hefur verið gripið á síðustu missirum til að stemma stigu við innflutningi fíkniefna til landsins? Hefur formlegt samstarf toll- og lögregluyfirvalda verið aukið? Það er stærsta verkefni okkar að afstýra því að efnin komist í umferð og að koma í veg fyrir að unglingar ánetjist fíkniefnum. Hvernig leiðbeinum við börnum okkar? Hefur fræðsla um fíkniefni og afleiðingar þeirra verið tryggð í grunn- og framhaldsskólum?

Við Íslendingar erum rík þjóð. Á hátíðarstundu segjum við gjarnan að framtíðarauður samfélagsins búi í börnunum. Alþingi hefur með nýjum lögræðislögum skilgreint einstaklinga innan 18 ára aldurs sem börn. Með því lýsti Alþingi yfir ábyrgð á því að börn nytu samfélagslegrar verndar fram að þeim aldri. Ætlar ríkisstjórnin að bregðast þeirri ábyrgð sem fest er í lög?

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að ráðherrar félagsmála, heilbrigðismála og menntamála auk þess sem menntmrh. er starfandi dómsmrh. skuli vera með okkur í þessari umræðu í dag og ég met það mikils og vænti þess að hér verði markviss skoðanaskipti. Ég hef beint spurningum mínum til fagráðherranna.

Herra forseti. Vandinn er stærri en svo að ráðið sé við hann innan útgjaldaramma ráðuneytanna. Ábyrgðin er ríkisstjórnarinnar og þar með forsrh. Ríkisstjórnin á að taka kostnað við úrræði fyrir unga fíkniefnaneytendur út fyrir rammana og veita fjármagn til uppbyggingar. Það yrðu sólskinsfjárlög sem við mundum öll styðja.

[13:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég held að ég megi fullyrða það að ríkisstjórnin sé einbeitt í að reyna að bregðast við þessum vanda sem upp er kominn og hefur reyndar að hluta til verið fyrir hendi í þjóðfélaginu og verið er að kanna ýmsar leiðir. Ein er sú eða hluti lausnarinnar til að stytta biðlistana gæti verið að taka neyðarvistunina út af Stuðlum og fjölga rýmum í greiningarmeðferð þar. Við höfum undanfarið verið að leita að húsnæði sem gæti hentað til að koma annaðhvort neyðarvistun eða jafnvel frumgreiningu fyrir. Við höfum leitað til Reykjavíkurborgar og Rauða krossins um samvinnu um það atriði og þeir aðilar hafa brugðist vel við.

Ég tel líka mikilvægt að hafa samvinnu við frjáls félagasamtök eða samtök áhugamanna og hugsjónafólks og reyna að samhæfa kraftana. Ég nefni að í morgun kom til mín í viðtal í ráðuneytið bæði fulltrúi Virkisins sem hefur nýfengið starfsleyfi frá Barnaverndarstofu og þar með stimpil sem meðferðarúrræði og ef mínar upplýsingar eru réttar er þar rými fyrir 14 einstaklinga. Enn fremur komu fulltrúar frá Vímulausri æsku. Þeir hafa löngun til að setja á stofn foreldrahús sem gæti veitt ráðgjöf til foreldra sem hafa lent í þessari ógæfu. Við eigum samstarf við Reykjavíkurborg og Rauða krossinn í Heilsuverndarstöðinni um fjölskylduráðgjöf.

Vandinn er sá að greiningin tekur að mínu mati mjög langan tíma. Það væri hægt að stytta biðlistana ef hægt væri að hraða þessari greiningu. Hún tekur 3–4 mánuði eins og stendur. Ég tel að það ætti að vera hægt að sjá það á styttri tíma hvaða unglingar eða hvaða ungmenni þarfnast langtímameðferðar og við ættum að reyna að leggja áherslu á að fjölga langtímameðferðarúrræðunum svo sem frekast er kostur. Það eru nokkur meðferðarúrræði sem eru á döfinni. Í gang er að fara meðferðarheimili á Hvítárbakka í Borgarfirði. Það er hægt að fjölga meðferðarrýmum á heimilinu í Varpholti hjá Skjaldarvík um fjögur, það er hægt að bæta þar fjórum rýmum við en til þess þarf Ríkisútvarpið að gefa eftir húsnæði sem það hefur enn þá umráð yfir en hefur haft uppi loforð um að rýma en er ekki búið að því enn.

Um áramót tekur til starfa meðferðarheimili fyrir erfiðustu unglingana í Háholti í Skagafirði. Það er mjög dýrt úrræði en þar er hugmyndin að vista þá sem erfiðastir eru viðureignar.

Í Árbót í Þingeyjarsýslu hefur verið rekið meðferðarheimili um langan tíma með mjög góðum árangri. Þar er hugmynd forráðamanna að útvíkka starfsemina og bæta við 4–5 rýmum. Forstöðumaður Barnaverndarstofu er ef ég veit rétt einmitt í dag fyrir norðan að kanna aðstöðu þar. Ég vek sérstaka athygli á þessari meðferð eða þeim meðferðarárangri sem hefur náðst í Árbót. Þar hefur verið rekið heimili og búið að útskrifa þaðan um 20 ungmenni út í lífið. Nú veit ég ekki hvernig þeim vegnar. Ég hef fregnað að sumum vegni vel en eitt er þó víst að af þessum 20 hefur ekkert lent í fangelsi enn og það finnst mér segja nokkra sögu, að þarna sé um að ræða aðferð sem dugi vel en þetta er rekið eftir fyrirmynd frá Hassela í Svíþjóð. Þá má geta þess að SÁÁ hefur unnið mikið starf og einstaklingar fengið þar bót.

Á Stuðlum eru núna 25 á biðlista. Þennan biðlista er náttúrlega nauðsynlegt að stytta sem allra mest og að því er unnið baki brotnu.

Spurt var um kostnaðinn og hvað hækkun sjálfræðisaldursins kostaði. Hv þm. fór með tölur sem eru hærri en ég hef áður heyrt. Ég hef verið að tala um a.m.k. 90–100 millj. sem beinlínis ákvörðun Alþingis um hækkun sjálfræðisaldurs hefur í kostnaðarauka fyrir félmrn. Af þessum 90 millj. eru í fjárlagafrv. 20 millj. eins og stendur. 10 millj. eru á fjáraukalögum eða koma á fjáraukalög og 30 millj. til viðbótar hef ég fengið samþykkt í ríkisstjórninni að leggja til viðbótar í fjárlög ársins 1999. Það eru sem sagt komnar 60 millj. eða eru í hendi af þessum 90 millj.

Spurt var um hlutverk Barnaverndarstofu í barnaverndargeiranum. Ég tel að mjög mikilvægt sé að efla barnaverndarnefndirnar og reyna að láta þær starfa með sem allra faglegustum hætti og taka yfir víðara svæði. Þeim hefur fækkað mjög mikið undanfarið og umdæmi þeirra hafa stækkað. Þær eru 61 sem stendur. Ég held að Barnaverndarstofa vinni gott starf og ég vil efla það og ég sé ástæðu til að skjóta skildi fyrir forstöðumann Barnaverndarstofu í þessari umræðu.

Varðandi forvarnirnar er auðvitað mjög nauðsynlegt að efla tollgæslu og lögreglu og við viljum efla forvarnir sem mest við megum.

[13:32]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. frummælanda fyrir að vekja máls á þessum brýnu viðfangsefnum. Ég ætla í máli mínu að víkja að málefnunum sem snúa að menntmrn. annars vegar og hins vegar stuttlega að dómsmrn. í samræmi við þær fyrirspurnir sem hv. frummælandi lagði fram.

Í menntmrn. hefur fjölmargt verið gert á undanförnum árum til að stuðla að aukinni fræðslu um vímuefni og afleiðingar þeirra. Einnig hefur verið lögð áhersla á forvarnastarf almennt í samvinnu við ólíka aðila innan skólakerfisins. Búast má við að á næstu árum muni þessi fræðsla styrkjast til muna vegna áherslna í nýrri skólastefnu. Við endurskoðun á aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla sem nú er langt komin er sérstaklega hugað að fíknivörnum í skólastarfi ásamt öðrum þáttum sem mikilvægt er að nemendur hafi í farteskinu þegar út í lífið er komið.

Nýja skólastefnan byggir m.a. á því að komið verði á fót nýrri skyldunámsgrein í grunnskóla, svokallaðri lífsleikni, sem hefur það að markmiði að búa nemendur undir líf í nútímasamfélagi, bæði að nýta þau tækifæri sem þar bjóðast en einnig að varast þær hættur sem þar kunna að leynast, þar á meðal í ávana- og fíkniefnum. Sambærilegt lífsleiknínám verður einnig skylda á öllum námsbrautum framhaldsskólans. Í námskrám grunn- og framhaldsskóla verða sett fram námsmarkmið þessara greina fyrir hvort skólastig. Litið er á lífsleiknínámið sem hreina viðbót við annað forvarnastarf í skólum á vegum félagasamtaka eða sveitarfélaga og með þessu hefur menntmrn. lagt skýra áherslu á mikilvægi þess að skólar leggi sitt af mörkum til að styrkja einstaklinginn og búa hann undir þátttöku í samfélaginu.

Stefna ríkisstjórnarinnar í fíkniefnavörnum hefur verið útfærð sérstaklega fyrir skólakerfið og menntmrn. hefur staðið að fræðslufundum í samræmi við hana. Í kjölfar skýrslu nefndar um orsök og tíðni sjálfsvíga og leiðir til úrbóta fékk ráðuneytið sérstaka fjárveitingu til að vinna að forvörnum í skólakerfinu. Það hefur verið gert með margvíslegu móti og m.a. var komið á teymi fimm sérfræðinga sem hafa lagt á ráðin um forvarnastarf í skólum.

Þá hefur verið skipulögð sérfræðiráðgjöf í forvörnum í framhaldsskólum frá og með haustinu 1997 og sérfræðingar hafa farið í skólana og veitt starfsmönnum þeirra ráðgjöf. Þá hefur verið efnt til námskeiða og ráðstefna fyrir kennara

og fleira skólafólk um áhættuhegðun barna og ungmenna og viðbrögð við slíkri hegðun. Ráðuneytið hefur stutt Félag framhaldsskóla við jafningafræðslu, m.a. með þátttöku í verkefnisstjórn jafningjafræðslunnar og með árlegum fjárframlögum. Með þátttöku í jafningjafræðslunni hefur ráðuneytið einnig hvatt framhaldsskóla til að taka frumkvæði í forvörnum. Margir þeirra hafa brugðist vel við og t.d. mótað síðan eigin forvarnastefnu.

Menntmrn. veitti Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála sérstakan stuðning við rannsókn á högum ungs fólks, Ungt fólk '97. Sú rannsókn er mikivægur grunnur forvarnastarfs í skólum og í íþrótta- og æskulýðsstarfi.

Ef ég vík þá sérstaklega að málefnum dómsmrn. þá er frá því að greina að eftir að ríkisstjórnin hafði markað stefnu sína í fíkniefnavörnum í desember 1996 var ákveðið að verja 65 millj. kr. árlega í verkefnið í þrjú ár. Hefur þessari stefnu verið fylgt eftir og samkvæmt fjárlögum 1997 og 1998 var m.a. 35 millj. kr. varið til átaks í löggæslu vegna fíkniefnamála og í fjárlagafrv. ársins 1999 er lagt til að sömu fjárhæð verði varið til þessa verkefnis. Fjármunum þessum hefur m.a. verið varið til tækjakaupa lögreglu og fjölgunar sérhæfðra fíkniefnalögreglumanna víðs vegar um landið. Þannig hafa nýir rannsóknarlögreglumenn í fíkniefnamálum verið skipaðir í Reykjavík, Ísafirði, Eskifirði, Akureyri og Sauðárkróki.

Af hálfu dómsmrn. hefur verið lögð á það rík áhersla að hinum nýju stöðugildum sé eingöngu varið til fíkniefnamála en þar er jafnt átt við rannsóknir fíkniefnamála og forvarna- og fræðslumál. Hefur fjölgun lögreglumanna og endurskipulagning á starfi fíkniefnalögreglu leitt til aukinnar skilvirkni á þessu sviði löggæslunnar.

Þegar skýrslur ársins 1997 um framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum höfðu verið kynntar ákvað ríkisstjórnin að grípa þyrfti til enn markvissari aðgerða varðandi ólöglegan innflutning fíkniefna. Var þá ákveðið að dómsmrh. skipaði vinnuhóp sem í eiga sæti yfirmenn tollmála og lögreglumála og fulltrúi utanrrh. Verkefni hópsins er að skoða með hvaða hætti unnt sé að stöðva innflutning ólöglegra fíkniefna til landsins. Enn hefur vinnuhópur þessi ekki lokið störfum en störfum hans miðar vel. Þegar liggur fyrir að settur hefur verið upp formlegur starfshópur sem í eiga sæti fulltrúar ríkislögreglustjóra, ríkistollstjóra, tollstjórans í Reykjavík, lögreglustjórans í Reykjavík og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, sem vinna að fíkniefnamálum hver hjá sínu embætti. Er hópnum ætlað að skila tillögum um framtíðarskipan formlegs samstarfs milli þessara embætta á sviði fíkniefnamála fyrir 1. des. nk. Með þessu er ætlunin að koma á greiðum og formlegum samskiptaleiðum milli embættanna sem telja verður mjög mikilvægt að séu til staðar svo að samstarf þeirra verði sem skyldi. Þannig ætti betri árangur að nást en nú í baráttunni við innflutning ólöglegra fíkniefna.

[13:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt þegar því er haldið fram að vímuefnavandinn sé alvarlegasta vandamál sem við eigum við að etja í félags- og heilbrigðismálum hér á landi. Efnileg ungmenni verða fíkninni að bráð, fjölskyldur leysast upp, við horfum upp á afbrot og ofbeldi. Þetta eru afrek sölumanna dauðans sem eru reknir áfram af óstöðvandi gróðafíkn og virðingarleysi fyrir lífinu. Þeir sitja um börnin okkar. Í sumum tilvikum tekst þeim að ginna þau út í botnlaust fen neyslu og óhamingju.

Það er siðferðileg skylda samfélagsins að standa með börnunum og unglingunum þegar svo er komið. Það er siðferðileg skylda okkar að koma þeim foreldrum til hjálpar sem hafa þurft að horfa á börn sín verða fíkninni að bráð á oft ótrúlega skömmum tíma. Þetta var gert, þetta er gert og þetta verður gert. Markmið okkar hlýtur að vera að koma í veg fyrir tilefni þeirrar angistar og örvæntingar sem heltekur foreldra þegar börn þeirra lenda í vímuefnum. Þetta vandamál hefur verið í brennidepli síðustu árin og nú er spurt um stefnu.

Virðulegi forseti. Ég fullyrði: Engin ríkisstjórn hefur á síðari árum lagt jafnmikið fé til forvarna og úrræða vegna fórnarlamba vímuefna og sú sem nú situr. Aukningin er á þriðja hundrað millj. kr. á tveimur árum. Aðgerðirnar staðfesta stefnuna. Starfsemi tollgæslu og lögreglu hefur verið samhæfð. Fjölskyldumiðstöð hefur verið komið á fót í Reykjavík. Félagasamtök njóta stuðnings umfram það sem áður var. Samtök foreldra og nemenda hafa verið virkjuð og sú sem hér stendur beitti sér fyrir víðtæku forvarnaverkefni 10 sveitarfélaga í landinu þar sem áhersla er lögð á að sameina þá krafta sem vinna gegn vímuefnaneyslu barna og ungmenna.

Fundaherferðin um mörg sveitarfélög landsins til að upplýsa um þá vá sem vímuefnin eru var farin í samvinnu við SÁÁ. Þessi stefna skilar sér ekki strax, hún skilar sér hægt og bítandi. Barátta af þessu tagi nýtur kannski ekki mikillar hylli fjöldans og stundum yfirsést stjórnmálamönnum mikilvægi málaflokksins af því að árangurinn kemur ekki í ljós á einu kjörtímabili. Umræður um þessi mál ættu að vera hafnar yfir flokkspólitískt karp af því að viðfangsefnið er svo brýnt og alvarlegt.

Hér er spurt um tillögur nefndar sem ég skipaði fyrir tveimur árum og skilaði af sér vönduðustu úttekt um málefni geðsjúkra sem gerð hefur verið á Íslandi. Þar er mjög rætt um vímuefnavanda barna og ungmenna, enda sá vandi oftast birtingarform félagslegra og tilfinningalegra vandamála, eins og segir í skýrslunni. Þar er spurt hvort áform um að byggja upp aðstöðu vegna unglinga á Vogi samræmist tillögum sem fram komu í skýrslunni. Svarið er já. Það samræmist tillögum að dómi heilbrrh.

Að gefnu tilefni spyr ég á móti: Ætlar einhver hér að setja sig á móti því að við byggjum upp og rekum unglingadeild að Vogi?

Virðulegi forseti. Þessi vandaða 300 síðna skýrsla sem hér er spurt út frá er bæði úttekt og leiðarljós sem við ættum öll að kynna okkur. Þessi úttekt ætti að vera hinn faglegi grundvöllur sem við byggjum ákvarðanir okkar á, grundvöllur sem gagnast mun í bráð og lengd.

Hv. þm. spyr hvernig háttað sé verkaskiptingu heilbrigðiskerfisins, barnaverndargeirans og frjálsra félagasamtaka varðandi meðferðarúrræði fyrir þá sem ofurseldir eru vímuefnum. Skoðun mín er sú og stefna mín byggist á því að opinberir aðilar, félagasamtök, áhugamenn og ekki síst foreldrar vinni saman að hagsmunum unglinga. Allt sem gert hefur verið á þessu kjörtímabili byggist á þeim grundvallarsjónarmiðum.

Þessi samvinna hefur stóraukist á liðnum þremur árum. Fagmennska og samstarf í forvarnamálum hefur vaxið umtalsvert með tilkomu Forvarnasjóðs enda hefur markvisst

verið unnið að því að virkja áhugamenn og samtök þeirra í baráttunni gegn neyslu áfengis og vímuefna.

Virðulegi forseti. Við verjum um 750 millj. kr. í áfengis- og vímuefnameðferð á Íslandi. Beinn kostnaður ríkisins var í fyrra tæpar 600 millj. kr. Þetta eru háar fjárhæðir en ég held að við hljótum öll að vera sammála um að þegar börn og ungmenni eru annars vegar má ekkert til spara. Við megum aldrei gefast upp fyrir sölumönnum dauðans. Þegar ég tek fyrstu skóflustungu unglingadeildarinnar á Vogi á næstu dögum geri ég það á grundvelli þeirrar stefnu sem ég hef mótað sem heilbrrh. og vegna þess að það er mjög brýnt að byggja markvisst upp meðferðarúrræði fyrir unga vímuefnaneytendur í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Ég geri það einnig fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og okkar sem ráðstöfum fjármunum almennings vegna þess að hér erum við að taka á. Við verðum að tryggja að ungmenni eigi aðgang að sérhannaðri meðferðarstöð á Íslandi.

[13:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum vikum bankaði áhyggjufullur faðir upp á hjá mér og var að leita liðsinnis þingmanna vegna sonar síns sem er einn hinna fjölmörgu sem bíða eftir því að komast í meðferð. Hinn áhyggjufulli faðir var mjög harðorður og krafðist úrbóta vegna þess að hann óttaðist mjög um barnið sitt og að biðin yrði barninu erfið, enda nóg framboð á fíkniefnum.

Þetta leiðir hugann að því, hæstv. forseti, að við þurfum að greina þann vanda sem við stöndum frammi fyrir. Okkar vandi á Íslandi er kannski ekki meiri eða alvarlegri en vandi annarra þjóða og það er greinilegt af því sem hér hefur verið rætt það sem af er umræðunnar að ýmislegt er verið að gera. En vandinn er til staðar samt sem áður.

Hv. félmn. fékk Braga Guðbrandsson á sinn fund nýlega til þess að fara yfir þessi mál og samkvæmt því sem fram kom hjá honum hefur fyrst og fremst tvennt gerst nú á síðustu mánuðum. Í fyrsta lagi er það sú staðreynd að neysla harðari og hættulegri efna fer vaxandi. Við hljótum að spyrja: Hvaðan koma þau? Hvernig er þessi markaður? Hverjir halda honum uppi? Hvaðan kemur fjármagnið sem rekur þennan markað áfram? Og hvað er verið að gera til þess að stöðva þennan innflutning? Ég held að við hljótum að horfast í augu við að þar er greinilega pottur brotinn þrátt fyrir þær aðgerðir sem gripið hefur verið til.

Í öðru lagi hefur það verið að gerast að neytendum undir 16 ára aldri í langtímaneyslu fer fjölgandi. Það kom fram í máli Braga að yngsta barnið á biðlista er 14 ára gamalt. 14 ára gamalt barn er á biðlista eftir greiningu og meðferð. Þetta eru hörmulegar staðreyndir. Það var þetta tvennt sem Bragi nefndi sem hið nýja í stöðunni sem við stöndum frammi fyrir. En við hljótum að bæta við hinu þriðja, að ekki hefur verið sett nauðsynlegt fjármagn til þess að bregðast við þeirri breytingu sem varð við það að sjálfræðisaldurinn var hækkaður í 18 ár og það er ekki síst sá hluti meðferðarkerfisins sem hefur gersamlega sprungið nú á undanförnum mánuðum.

Sem betur fer er ýmislegt verið að gera og ekki veitir af, en betur má ef duga skal. Við hljótum alltaf að verða að reyna að vega og meta þær aðferðir sem við notum. Ég spyr mig að því hversu vel þær forvarnir dugi sem hér er beitt. Skila þær árangri? Kemst fræðslan til heimilanna? Hvernig er aðstoðinni við foreldra háttað? Hvernig gengur kennurum í skólum raunverulega að greina vanda barnanna? Hafa þeir hreinlega aðstöðu til þess? Ég fagna því að sjálfsögðu að verið sé að efna til námskeiða og beina sjónum að öllum þeim sem koma nálægt börnunum, en eins og ég sagði fyrr þá hljótum við að þurfa að greina vandann og ekki síst það hvað leiði börn og unglinga út í neyslu fíkniefna.

Ég heyrði vitnað í fyrrum forstöðulækni barnageðdeildarinnar sem nefndi að okkur væri gjarnt að tala á hátíðarstundum um allt það sem við viljum gera og tala mikið um forvarnir en minna er gert af því að reyna að greina raunverulegan vanda þeirra barna sem leiðast út í fíkniefnaneyslu? Hvað býr þar að baki? Við hvaða vanda stríða þau börn og unglingar sem lenda í eiturlyfjum?

Það er alveg ljóst, hæstv. forseti, að þrátt fyrir það sem verið er að gera þá vantar nýtt heimili í Reykjavík fyrir neyðarvistun. Það þarf að bæta frumgreininguna. Það þarf að brjóta þann flöskuháls sem nú er til staðar og gerir það að verkum að börn og unglingar komast ekki áfram í meðferð og það vantar líka fleiri heimili til langtímavistunar. Við erum langt á eftir t.d. Færeyingum og Grænlendingum hvað varðar fjölda vistunarrýma þannig að þar þarf verulega að taka á.

En enn og aftur, hæstv. forseti, við þurfum að beina sjónum jafnt og þétt að forvörnum. Við þurfum líka að greina vandann, horfa á það sem að baki býr og þær hörmungar og erfiðleika eða annað sem börn og unglingar standa frammi fyrir og leiðir þau út í neyslu þessara efna. Og við þurfum að stemma stigu við því að þessi efni streymi inn í landið. Ég spyr enn og aftur: Hvernig stendur á því að við náum ekki betri árangri þar en raun ber vitni verandi á eyju í Atlantshafinu þar sem í raun og veru ætti að vera svo auðvelt að fylgjast bæði með siglingum og loftferðum? Við þurfum að taka á í öllum þessum atriðum, hæstv. forseti.

[13:51]

Bryndís Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Fíkniefnaneysla ungmenna er mikið áhyggjuefni. Telja margir, eins og hér hefur komið fram, að hún fari vaxandi. Svo virðist sem þróunin sé þó í þá veru að hassneysla hafi færst í vöxt og nái allt niður í hóp 14–15 ára ungmenna en jafnframt er talið að harðari efni svo sem amfetamín og kókaín séu í gangi meðal yngri hópa en áður. Engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um þessi mál þar sem neysla þessa hóps hefur ekki verið könnuð nýlega. En lögreglan telur að oftar sé lagt hald á efni nú í seinni tíð þó ekki sé um að ræða meira magn en áður.

Hér er á ferðinni skelfileg þróun sem taka verður markvisst á með öllum tiltækum ráðum. Leita verður allra leiða sem gagnast mega í baráttunni við þennan vágest og þar má ekkert til spara. Því miður virðast allt of margir hafa tilhneigingu til að horfast ekki í augu við þennan alvarlega vanda. Samfélagið, foreldrarnir, jafnvel unglingarnir sjálfir loka augunum fyrir staðreyndum og því er hætta á að sífellt fleiri ánetjist og eyðileggi líf sitt.

Nokkur þrýstingur var á sínum tíma á hækkun sjálfræðisaldurs m.a. frá foreldrum ungmenna sem voru í alvarlegri neyslu. Þau þurftu hjálp en hún fékkst ekki. Með hækkun sjálfræðisaldursins í 18 ár bættust því við tveir árgangar í hóp þeirra ungmenna sem hægt var að skylda til vistunar á meðferðarstofnunum. Ekki hefur verið brugðist nægilega við þessari fjölgun með auknu vistunarrýmum eða öðrum viðeigandi úrræðum og er það mjög miður. En við þessa aukningu lengdust biðlistar eftir þjónustu til muna og er svo komið,

eins og fram kom áðan, að biðtími eftir fyrstu greiningu er nú allt að níu mánuðir.

Meðferðarúrræði SÁÁ og annarra frjálsra samtaka eru löngu viðurkennd og hafa skilað mörgum góðum árangri en þau virðist þó fremur henta körlum en konum og ungu fólki sem í dag eru þeir hópar sem eru í mestri þörf fyrir úrræði. Skammtímameðferð með innlögn á sjúkrastofnun og í kjölfar þess allt að mánaðardvöl á meðferðarstofnun reynist ekki besti kosturinn fyrir unga neytendur. Unglingar og fullorðnir eiga ekki samleið í meðferð. Þetta unga fólk lítur ekki á sig sömu augum og fullorðnir alkóhólistar, telur sig ekki vera sjúklinga og hentar því ekki að vera meðhöndlað sem slíkir. Vandi þeirra er annars eðlis. Hann birtist í neyslu en oftast liggja þó að baki ýmis önnur vandamál, félagsleg og persónuleg. Mörg þessara barna koma úr fráviksfjölskyldum, eiga jafnvel foreldra sem einnig eru í neyslu og hafa því ekki eðlilegar fyrirmyndir. Sum hver hafa kannski aldrei kynnst náið heilbrigðu fullorðnu fólki. Þau hafa því ekki nægan þroska til að standast þær kröfur sem eru gerðar til þeirra í þess háttar meðferð. Þau líta á sig sem „tapara" og verða svo áfram við þær aðstæður sem boðið er upp á. Reynsluheimur þeirra er allt annar en hinna fullorðnu og forsendur því gjörólíkar. Tryggja þarf þessum ungmennum viðeigandi meðferð til lengri tíma sem hæfir aldri þeirra og þroska. Rjúfa þarf þann vítahring sem þau eru komin í og aðstoða þau við að leita nýrra leiða á þeirra eigin forsendum. Efla þarf þau til ábyrgðar og þátttöku í samfélaginu svo sem kostur er. Þau þarfnast í raun enduruppeldis og aðstoðar við að ná fótfestu um leið og þau setja sér ný markmið og byggja upp eigið sjálfstraust. Þau þarfnast fræðslu og hjálpar við að komast í nám og störf, markvissrar handleiðslu og eftirfylgdar út í lífið.

Stjórnvöld verða að marka heildarstefnu í málefnum ungra vímuefnaneytenda. Byggja þarf upp markvisst meðferðarkerfi þar sem foreldrum er jafnframt auðveldað aðgengi að ráðgjöf og stuðningi og slíkt gerist ekki nema til þess sé ætlað nægilegt fjármagn. Ákveðin verkaskipting og samræming er nauðsynleg milli þeirra aðila og stofnana sem koma að vanda þessa hóps. Það er ekki vænlegt til árangurs að margir séu að bítast um sömu kökuna og allra síst ef lítið eða takmarkað er til skiptanna. Ef ekkert verður að gert má reikna með að hópur neytenda vaxi stöðugt og fleiri ungmenni ánetjist og verði vandanum að bráð. Fleira þarf að koma til en meðferð og ráðgjöf. Leggja þarf mikla áherslu á öflugt forvarnastarf. Ýmsar leiðir hafa þar verið reyndar en því miður fæstar skilað þeim árangri sem væntingar stóðu til. Væri verðugt rannsóknarverkefni að kanna hvaða aðferðir gæfust best. Stefnumótun og aðgerðir í fíkniefnamálum verður að byggja á traustum grunni upplýsinga og því væri mjög nauðsynlegt að rannsaka vímuefnavandann frá ýmsum hliðum.

Sýnt hefur verið fram á að margir samverkandi þættir hafa áhrif á fíkniefnaneyslu unglinga. Tengsl við fjölskyldu, agi og aðhald foreldra, viðhorf til náms, einkunnir, líðan í skóla og þátttaka í skipulögðu félags- og íþróttastarfi eru allt þættir sem skipta miklu máli.

Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á mikilvægi góðra fjölskyldutengsla og að unglingar sem eru í nánum tengslum við foreldra, hafa jákvæð viðhorf, vel skilgreind markmið og ákveðinn tilgang eru síður í áhættuhóp. Allt bendir til þess að því meiri tíma sem unglingar verja með fjölskyldunni utan skólatíma og því betur sem foreldrar fylgjast með því hvað börnin þeirra eru að gera, þeim mun minni líkur séu á því að þau neyti fíkniefna. Kjölfesta sem víðast minnkar líkurnar á vímuefnaneyslu.

Því miður eru góð fjölskyldutengsl víða mjög takmörkuð og kemur þar til m.a. mikið vinnuálag og lítt fjölskylduvænt umhverfi. Þar þurfa allir að vera samstiga í að byggja upp vinsamlegt umhverfi og sem bestar aðstæður fyrir fjölskylduna. Forvarnir þurfa að byrja snemma, heima og í skóla. Miklu skiptir að gott samstarf sé milli foreldra og skóla og allra þeirra sem vinna með börnum og unglingum og koma að forvörnum og meðferðar- og æskulýðsmálum. Engar einhlítar lausnir virðast til við fíkniefnavandanum. Ef árangur á að nást í baráttunni við hann verða hins vegar allir að leggjast á eitt. Öflugt forvarnastarf, heildarstefna stjórnvalda og markviss meðferðarúrræði eru nauðsynlegar forsendur þess að takast megi að mæta vanda þessa hóps ungmenna, koma honum til hjálpar og byrgja brunninn.

[13:58]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Í byrjun þessa árs kom út skýrsla SÁÁ um fjölda þeirra sem leitað höfðu meðferðar á árinu 1997. Í þessari skýrslu var sundurgreining eftir aldri og tegund neyslu. Þessi skýrsla vakti mikla athygli og í kjölfar birtingar hennar voru tekin viðtöl, m.a. við Þórarin Tyrfingsson, yfirlækni á Vogi, þar sem hann ræddi skýrsluna. Hann taldi að neysla ungmenna hefði greinilega aukist og eftirsókn ungmenna í harðari efni væri áberandi. Hann talaði um að upp væri komið nýtt neyslumynstur í þessum hópi sem gerði það að verkum að meðferð þessa hóps væri mun erfiðari en áður og tvísýnna um árangur, mikill fjöldi ungmenna væri í alvarlegri neyslu og þau biðu eftir meðferðarúrræðum langtímum saman.

Mér hnykkti við þessar upplýsingar og í kjölfar þess kom ég fram á Alþingi með fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um hvað fyrirhugað væri að gera í þessum málum. En á þeim tímapunkti virtist ekki vera mikill áhugi fyrir að gefa sérstakar innspýtingar í þennan málaflokk. Hæstv. heilbrrh. sagði að ríkisstjórnin hefði aðallega forvarnir á prjónunum um þessar mundir og vitnaði í erlenda sérfræðinga sem höfðu sagt að hér á landi væru meðferðarúrræði fleiri en víðast hvar annars staðar. Þessi umræða gaf ekki tilefni til mikillar bjartsýni því að ég taldi mig vita að ástandið væri mjög alvarlegt, enda hefur komið á daginn að það hefur versnað mjög eftir því sem liðið hefur á árið. Og nú, þegar Alþingi var nýhafið í október, þá birtist í ljóvakamiðlum viðtal við forstöðumann Barnaverndarstofu þar sem fram kom að fjöldi unglinga biði 8–12 mánuði eftir meðferðarúrræðum, þarna væri um að ræða börn sem væru í mjög alvarlegri neyslu. Tekið var dæmi um 16 ára dreng sem sprautaði sig með amfetamíni og kæmist ekki í meðferð.

Fréttir bárust líka af því að þau meðferðarúrræði sem helst eru tiltæk hentuðu mjög illa þessum aldurshópi, þau ættu mjög erfitt með að líta á sig sem sjúklinga, þau ættu mjög erfitt með að líta á sig sem einhvern orsakavald í því hvernig komið væri. Flestir aðrir í kringum þau væru öðruvísi en þeir ættu að vera, ekki þau sjálf. Þetta eru náttúrlega viðbrögð sem eru mjög sértæk fyrir þennan aldurshóp.

Ný lög um sjálfræðisaldur höfðu gert það að verkum að frá og með síðustu áramótum komu tveir nýir árgangar inn í þann hóp sem var möguleiki á að dæma til meðferðar að beiðni foreldra og það var vitað mál að það mundi mjög auka eftirspurn eftir meðferðarúrræðum.

Mig langar í framhaldi af þessu að minna á að í síðasta mánuði bar ég fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um hvort ríkisstjórnin hefði eitthvað sérstakt á prjónunum í þessum málum. Í svörum hæstv. félmrh. kom fram að ríkisstjórnin hafði þá einmitt tekið þetta fyrir á fundi og ákveðið að grípa til einhverra úrræða. Þá lá ekki fyrir hver þau úrræði yrðu og liggur nú ekki fyrir enn, en mér finnst sá góði vilji sem kom fram í svörum hæstv. félmrh. við fyrirspurn minni mikils virði og ég er þess fullviss að með sameinuðu átaki getum við leyst úr þessum málum og ég tel vera mikla þörf á að gera það.

Auðvitað kostar mikla peninga að sjá fyrir þeim meðferðarúrræðum sem þörf er á. Það er nefnilega ekki bara þörf á afeitrun á lokaðri stofnun. Það er þörf á enduruppeldi þessara unglinga á sama hátt og hefur verið gert á Hasselastofnuninni og félmrh. var að minnast á að væri gert í Árbót þar sem líka hefur náðst mjög góður árangur.

Það þarf líka að huga að meðferð fyrir þá foreldra sem eiga þessi börn og hafa bundið við þau allar sínar vonir og hafa orðið fyrir feikilegu áfalli við það að börnin þeirra lenda í þessu ástandi, líka fjölskyldur, systkini því að allir eru fórnarlömb í þessu máli. Það er dýrara að sitja aðgerðarlaus og missa þessi börn þannig að þau verði að félagslegum öryrkjum um alla framtíð heldur en taka höndum saman og bregðast af myndarskap við þessum málum nú.

[14:05]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir umræðuna. Það er ljóst að þó að menn greini nokkuð á um umfang fíkniefnavandans þá er hann fyrir hendi og á honum verðum við að taka.

Mér þykir rétt að undirstrika það í þessari umræðu að á þessu kjörtímabili hefur ríkisstjórnin unnið markvisst í vímuvarnamálum. Strax í upphafi ársins 1996 var á vegum ríkisstjórnarinnar hrundið af stað vinnu til að stemma stigu við vaxandi neyslu barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki. Hinn 3. des. 1996 samþykkti ríkisstjórnin síðan heildstæða áætlun í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum.

Fyrsti þátturinn í áætluninni er sérstök stefna ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og í þessari stefnu eru sett fram áhersluatriði allt fram til ársins 2000. Þau eru í fyrsta lagi að efla forvarnir, einkum þær sem beint er að einstaklingum sem eru í áhersluhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks. Í öðru lagi að hefta aðgang barna og ungmenna að fíkniefnum, áfengi og tóbaki. Í þriðja lagi að auka öryggi almennings með fækkun fíkniefnatengdra brota. Í fjórða lagi að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn notkun barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki. Í fimmta lagi að efla meðferðarúrræði fyrir ungmenni sem orðið hafa fíkninni að bráð. Þetta ber auðvitað að undirstrika.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar felst að hún beitir sér markvisst fyrir því að allir þeir sem að þessum málaflokki koma, jafnt opinberir aðilar sem einkaaðilar, taki höndum saman og sameini viðbrögð, aðgerðir og samstarf með það fyrir augum að uppræta fíkniefnaneyslu barna og ungmenna.

Nauðsynlegt er að fram komi að um árabil hafa aðilar sem sinnt hafa vímuvörnum kallað eftir stefnu ríkisstjórna. Því kalli var ekki sinnt fyrr en með samþykki ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar 3. des. 1996. Þetta er mikilvægt að undirstrika í umræðunni.

Annar þátturinn í áætlun ríkisstjórnarinnar er stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs. Ráðið hefur nú verið skipað og undirbúningur að starfi þess hafinn. Eins og hv. alþm. muna er ráðinu ætlað víðtækt hlutverk í áfengis- og vímuvörnum. Þriðji þátturinn í áætlun ríkisstjórnarinnar er aukning fjármuna til forvarna. Fjórði þátturinn í áætlun ríkisstjórnar er efling löggæslu og tollgæslu. Ákveðið var að á hverju ári í þrjú ár skyldi verja 65 millj. kr. til eflingar þessara þátta. Hæstv. menntmrh. fór rækilega yfir þann þátt hér áðan. Fimmti þátturinn er stuðningur við ungmenni í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna. Sjötti þátturinn er áætlun ríkisstjórnar í fullgildingu Íslands á tveimur alþjóðasamningum og sjöundi og síðasti þátturinn er verkefnið Ísland án eiturlyfja.

Virðulegi forseti. Allshn. fjallaði sérstaklega um þetta mál á fundi sínum í gær og við höfum fullan hug á að beita okkur fyrir því að haldinn verði sameiginlegur fundur með hv. félmn. og heilbr.- og trmn. þingsins til að fara betur yfir stöðu málsins. Við þurfum samstillt átak í þessum efnum.

[14:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þrátt fyrir ýmsar aðgerðir sem þessi og fyrri ríkisstjórnir hafa gripið til í baráttunni gegn neyslu og innflutningi fíkniefna bendir margt til þess að fíkniefnavandamálið hafi frekar vaxið og neyslan færst neðar í aldurshópana. Rannsókn meðal framhaldsskólanema frá 1996 sýnir að tæplega 42% drengja og 21% stúlkna höfðu neytt ólöglegra fíkniefna. Því verður að efla allan áróður og fræðslu meðal unglinga um skaðsemi fíkniefna. Það er ótrúlegt sem fram kom á fundi allshn. í gær með fulltrúum nefndar sem vinnur að aðgerðum í fíkniefnamálum að unglingar standi virkilega í þeirri meiningu, eins og fram kom, að hassneysla sé ekki skaðleg og efnið sé hættulaust.

Könnun sýnir líka að þriðjungur eða 30% 17 ára reykvískra unglinga hafa notað hass. Fram kom m.a. að mikið átak væri hægt að gera með 5–10 millj. kr. framlagi til að fara í herferð og áróður meðal unglinga um skaðsemi fíkniefna sem er varla miklu hærri fjárhæð en meðferð á örfáum fíkniefnaneytendum kostar. Ég býst við að staðan í fíkniefnamálum hafi lítið breyst frá 1996 en þá var lögð skýsla fyrir Alþingi um útbreiðslu fíkniefna. Þar kom fram að hlutur þeirra sem eru yngri en 20 ára og komu til meðferðar hjá SÁÁ hafi tvöfaldast sl. fimm ár og hlutur kvenna yngri en 20 ára, sem komu til meðferðar, þrefaldaðist á þessu tímabili. Að auki hafi fíkniefnaneytendum fjölgað og aldur neytenda lækkað verulega og ekki væri óalgengt að fíkniefnaneysla næði niður í 14 ára aldurshópana. Mjög algengir væru líka dómar vegna neyslu fíkniefna í aldurshópunum 15–19 ára.

Alvarlegasta hlið fíkniefnaneyslunnar kom fram í því að þeir sem neyta fíkniefna hafa sterka tilhneigingu til sjálfsvíga en alls höfðu 30% þeirra sem handteknir voru vegna fíkniefnamála á fjögurra mánaða tímabili á árinu 1995 gert tilraun til sjálfsvíga. Áætlað er að einungis sé lagt hald á innan við 10% þeirra fíkniefna sem flutt eru til landsins. Þetta eru hrikalegar tölur, herra forseti, og engan þarf að undra þó við nú, tveimur árum síðar, séum hér að ræða gífurlegan skort á úrræðum fyrir ungmenni í vímuefnaneyslu en enn brýnna er nú að fjölga meðferðarúrræðum við hækkun sjálfræðisaldursins.

Auðvitað verðum við að viðurkenna að það er stjórnvöldum og fjárveitingavaldinu til vansa hversu lítið fé er veitt til forvarna, fræðslu og úrræða fyrir fíkniefnaneytendur. Ég vil því spyrja ráðherrana í lokin: Munu þeir beita sér fyrir auknu

fjármagni við fjárlagaafgreiðslu til að hægt sé að taka með myndarlegum og afgerandi hætti á fíkniefnamálunum? Og ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort hann hyggist beita sér til að aðstoða meðferðarheimili Götusmiðjunnar, Virkið, sem er með 12 unglinga í meðferð og á nú í miklum fjárhagserfiðleikum. Þeir hafa sent neyðarkall til þingmanna um að þeir verði að loka heimilinu fái þeir ekki aðstoð með þeim afleiðingum að þau 12 ungmenni sem eru á heimilinu, flest 16 og 17 ára, verða án úrræða. Þó ýmislegt hafi verið gert af þessari og fyrri ríkisstjórnum þá er svo margt ógert að stjórn og stjórnarandstaða verða að taka höndum saman nú við fjárlagaafgreiðslu til þess að bæta hér úr.

[14:12]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. frummælanda, Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir að vekja máls á þessu grafalvarlega vandamáli, máli sem varðar okkur öll og ógnar samfélagi okkar. Í raun má segja að þetta vandamál samþættist inn í líf allt of margra fjölskyldna á Íslandi, fjölskyldna þar sem ungt fólk hefur orðið eiturlyfjum að bráð.

Ég hlustaði á mjög merkilegan fyrirlestur hjá Þórólfi Þórlindssyni prófessor ekki alls fyrir löngu þar sem hann var að tala um skólana á 21. öldinni. Þórólfur sagði að mesta ógn og ögrun framtíðarskólans væru ekki náttúruhamfarir, hernaður og stríð eða kjarnorkuvá heldur eiturlyf og eiturlyfjaneysla. Vandamál þetta er þegar til staðar hér á landi og er því grafalvarlegt vandamál.

Það var átakanlegt um daginn þegar ég fór í Krossinn og á Krossgötur að skoða starfsemi þar. Þar sá ég ungan og glæsilegan dreng sem hafði alheilbrigður farið á sumarhátíð fyrir nokkrum árum. Hann hafði tekið tvær eða þrjár pillur af svokölluðu ecstasy og það var soðinn í honum heilinn eins og forsvarsmaður þessarar stofnunar sagði frá. Í raun og veru ráfaði þessi ungi, glæsilegi maður um en það var ekkert í höfðinu á honum. Þetta var átakanlegt dæmi og það er fullt af svona dæmum í þjóðfélagi okkar. Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að sporna við þessari þróun.

Ríkisstjórnin er auðvitað að berjast fyrir lausn brýnustu vandamála í þessum efnum eins og fram hefur komið hjá hæstv. ráðherrum sem hér hafa talað, félmrh., menntmrh. og heilbrrh. og er það vel. En við getum í raun sagt að það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í. Við verðum að efla forvarnastarf í landinu eins og ríkisstjórnin hefur verið að gera. Við verðum að styrkja skólana okkar og fræðsluþáttinn. Við verðum að styrkja íþrótta- og æskulýðsstarf, við verðum að efla þessa þætti vegna þess að þannig getum við hugsanlega komið í veg fyrir þessi stóru vandamál. Þetta er málefni samfélagsins í heild. Þetta mál er hafið yfir flokkspólitík eins og hér hefur komið fram. Gott er að vita til þess að SÁÁ sé enn þá í fararbroddi í aðstoð í þessum efnum og er að hefja byggingu unglingadeildar núna og einnig er vert að þakka öllum þeim einstaklingum og stofnunum sem hafa verið að hjálpa einstaklingum sem eiga í vímuefnavanda fyrir þeirra góða starf. Stöndum saman um að uppræta þetta vandamál í íslensku samfélagi.

[14:15]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Undanfarin ár hafa umræður um áfengis- og vímuefnavandann verið fyrirferðarmiklar í samfélaginu. Í kjölfar aukinnar fíkniefnaneyslu sífellt yngra fólks hafa aðgerðir til að sporna gegn þessari óheillaþróun orðið fjölbreyttari og umfangsmeiri en áður var. Samspil reykinga, áfengisneyslu og eiturlyfja er margsönnuð. Sá unglingur sem byrjar að reykja er auðveldari bráð þegar honum eru boðin vímuefni. Þróun í fíkniefnaneyslu undanfarna áratugi er sífellt á verri veg og í kjölfarið hefur orðið veruleg vakning til vitundar um nauðsyn stefnumörkunar, skipulegs forvarnastarfs og faglegra vinnubragða í forvörnum. Það varðar þjóðarheill að við höldum vöku okkar í þessum efnum því að hver einstaklingur er okkur mikilvægur.

Í nýútkominni skýrslu frá fræðslumiðstöð í fíknivörnum um áfengis- og fíkniefnamál á Íslandi kemur margt athyglisvert fram en í þeirri skýrslu er í fyrsta sinn safnað á einn stað upplýsingum um stöðu og þróun þessara mála. Þar kemur m.a. fram að meðferðarrýmí og vistrými fyrir áfengis- og vímuefnafíkla eru samtals 445 fyrir alla aldurshópa. Bráðameðferð, greining, meðferð, eftirmeðferð fyrir börn og ungmenni eru 44 og vistrými í neyðarathvörfum og áfangastöðum eru á bilinu 15–20.

Í viðtölum mínum við foreldra sem eiga unglinga undir 18 ára aldri, sem eru í fíkniefnaneyslu, kemur fram að krafa þeirra númer eitt er að geta leitað á einn stað til hjálpar og leiðbeiningar í stað þess að vera vísað úr einum staðnum í annan. Það er erfið þrautaganga fyrir foreldra að koma börnum sínum í rétta meðferð og greiningu á vandanum.

Í nýlegri skýrslu heilbrrh. um geðvernd kemur í ljós að árangur á meðferðarúrræðum er harla lélegur. Er ekki ástæða til að gerð verði vönduð úttekt á meðferðarúrræðum þannig að það fé sem lagt er í þennan málaflokk nýtist sem best?

Hvað varðar forvarnir er það afar mikilvægt að félagslegt umhverfi sé þannig að fíkniefnavandi fái síður að þróast eða að úr honum dragi. Við foreldrar berum að sjálfsögðu mesta ábyrgð, síðan skólinn og umhverfið. Við verðum öll að taka ábyrga afstöðu og gera allt sem í okkar valdi stendur til að efla einstaklinginn og gera hann sterkari.

Mörg sveitarfélög hafa í auknum mæli verið að móta sína eigin stefnu í skipulögðum forvörnum í samstarfi við foreldra, félagsmiðstöðvar og ungmenna- og íþróttafélögin. Það þarf að efla forvarnastarf hjá lögreglu og tryggja að löggæsla og tollgæsla hafi á að skipa þeim mannafla og búnaði sem gerir þeim kleift að stemma stigu við innflutningi, dreifingu, sölu og meðferð fíkniefna.

Virðulegi forseti. Við skulum hafa það í huga að börnin eru framtíð hverrar þjóðar. Þau eru okkar fjöregg.

[14:18]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa utandagskrárumræðu sem kemur ekki til af góðu. Hér er mikill vandi á ferðum og ég heyri að umræðan er hafin yfir pólitískar þrætur. En til þess að geta veitt viðeigandi meðferð ungmenna í fíkniefnavanda verða yfirvöld og stofnanir að hafa haldgóðar upplýsingar um neysluvenjur og lífsstíl ungs fólks. Sömuleiðis verða þessar upplýsingar að liggja fyrir með reglulegum könnunum og rannsóknum á lífsstíl unga fólksins svo hægt sé að hafa réttar áherslur í forvörnum og fræðslu.

Því miður er það staðreynd að stór hópur unglinga hefur leiðst út í neyslu ólöglegra fíkni- og vímuefna og er mjög illa á sig kominn í neyslunni. Úrræðaleysi fjölskyldna þessara unglinga er oft algert og brýtur neyslan því miður miklu fleiri en einstaklinginn sjálfan sem er í neyslunni. Og því miður verðum við að gera ráð fyrir því að þetta ástand sé komið til

að vera a.m.k. einhvern tíma og þeir sem spáð hafa fram í tímann og þekkja þessa neyslu segja: Því miður til framtíðar. Því verða meðferðarstofnanir fyrir ungt fólk í ólöglegri sem löglegri ofneyslu að vera til staðar í heilbrigðiskerfinu. En það er öllum fyrir bestu að fyrirbyggja vín- og fíkniefnaneyslu og beita markvisst forvörnum þó að þær kunni að kosta töluverðar fjárupphæðir. Sparnaður í forvarnastarfi er *þjóðinni enn dýrari, bæði í fjármunum og mannfalli ungs* fólks. Forvarnir verða að vera virkar í samfélaginu.

Það er ýmislegt verið að vinna eins og fram hefur komið í ræðum í dag, en rétt væri að skoða það hvort ekki sé hægt að samhæfa alla eða a.m.k. einhverja þessara krafta þannig að úr verði betri og markvissari störf. Það er brýnt að koma á betri og aðgengilegri sálfræðiþjónustu við framhaldsskóla landsins. Það er sárt að horfa upp á vanlíðan ungs fólks án þess að geta veitt viðeigandi aðstoð og meðferð og fylgjast síðan með sumum þessara ungmenna fara út í harða neyslu. En við skulum ekki gleyma að neysla ólöglegra efna hefst á þeim löglegu, þ.e. tóbaki og áfengi. Og er það ekki þversögn að horfa upp á hvert stefnir í neyslu sterku fíkniefnanna en telja á sama tíma það skerðingu á persónulegu tjáningarfrelsi að mega ekki auglýsa áfengi eins og hverja aðra neysluvöru? Og að öllum líkindum munu tóbaksauglýsingar fylgja í kjölfarið.

[14:22]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka frummælanda, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir að hefja þessa umræðu. Það hefur hún gert ítrekað og barist mikilli baráttu gegn þeim vágesti sem verið er að ræða um.

Ég ætla ekki að ásaka einn eða neinn en við höfum ekki verið nógu vakandi. Fíkniefnaneyslan er eitt hið alvarlegasta málefni sem herjar á þjóðir heimsins. Íslendingar hafa ekki sloppið. Við erum með stefnuna fíkniefnalaust Ísland árið 2002. Ef svo á að vera þarf að grípa til meiri og öflugri aðgerða en gert hefur verið.

Það eru fjölmörg dæmi um hve fíkn í alls konar óþverraeiturefni hefur haft alvarlegar afleiðingar. Það er nefnilega enginn óhultur. Þessi vágestur sækir að öllum stéttum, öllum fjölskyldum, háskólafjölskyldum, sjómannafjölskyldum og öllum fjölskyldum landsins meira og minna. Hver er þá staðan? Hún er sú að margra mánaða biðlistar ungs fólks og fullorðinna eru eftir meðferð á sjúkrastofnunum og það undirstrikar þá staðreynd að taka verður í taumana.

Hvað á að gera? Að mínu viti á að stórauka fræðslu, það á að koma á alvörutollgæslu alls staðar á landinu, það á að stórauka fræðslu almennings og lögreglu, það verður að stórauka fjármagn til reksturs meðferðarstöðva. Fjármunir eru auðvitað ekki allt en það er gífurlega stór hluti af þessu vandamáli. Hvað getum við gert? Við getum veitt fjármuni til þessa málaflokks.

Herra forseti. Hv. Alþingi hefur vald til aðgerða. Hv. Alþingi hefur getu til aðgerða. Spurningin er bara þessi: Hefur hv. Alþingi vilja til að leggja til svo harðar aðgerðir að dugi?

[14:25]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka málshefjanda fyrir að brydda upp á þessari merkilegu og mikilvægu umræðu. Það er vissulega dapurlegt að horfa á einstakling lenda í þeirri ógæfu að verða fórnarlamb fíkniefnadjöfulsins. Það er ekki einungis ógæfa þessa einstaklings heldur er það mikið álag á fjölskyldu hans alla, nánustu ættingja og vini. Það er með sanni þjóðarböl og það er einmitt þess vegna sem er svo mikilvægt að bregðast við og geta rétt þessum fórnarlömbum hjálparhönd. Ég held að í rauninni sé enginn ágreiningur um það að þjóðin er tilbúin til þess. Því ber að fagna sem vel hefur verið gert. Hér hefur komið fram að fjárveitingar hafa í raun verið auknar. Hér hefur verið mótuð stefna hvað varðar forvarnir og þannig má áfram telja.

Ég leyfi mér, herra forseti, að fullyrða að að óbreyttum forsendum skipti í rauninni ekki höfuðmáli jafnvel þó að fjármunir væru auknir enn frekar.

Hvers vegna verða einstaklingar fórnarlömb fíkniefnadjöfulsins? Það er e.t.v. sú spurning sem okkur ber að svara og ættum að reyna að svara. Þá skulum við líka hafa það í huga að fíkniefnadjöfullinn fer ekki í manngreinarálit, hann getur lent hjá ólíkum þjóðfélagshópum, hann spyr ekki um stétt eða stöðu. Honum getur skotið upp alls staðar. Þetta má með sanni segja að sé vandi þjóðfélagsins alls og ég hygg að þetta snerti að nokkru leyti það gildismat sem almennt er ríkjandi í þjóðfélagi okkar. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að fullyrða að hér ríki um margt agaleysi á flestum sviðum. Við höfum búið ungmennum okkar tiltölulega lítið agað umhverfi. Við sendum þeim tvöföld ef ekki þreföld skilaboð þannig að þau vita í rauninni vart sitt rjúkandi ráð.

Sumir benda á að lífsgæðakapphlaup foreldrakynslóða og lífsgæðakapphlaup almennt í samfélaginu sé ein meginorsökin þar sem fjölskyldur eru uppteknar af veraldlegum gæðum en á meðan gangi gróðapungar og fíkniefnasalar lausir og dæli fjármunum og eiturlyfjum til ungs fólks meðan samfélagið er upptekið af veraldlegum gildum. Það kemur og fram að 50% nemenda í efstu bekkjum grunnskóla telja sig um helgar hafa lítil sem engin samskipti við foreldra sína. Hver er lausnin?

Herra forseti. Íslendingar eru þekktir fyrir að standa saman þegar mikið liggur við. Þeir hafa efnt til samskota um einstök fyrirbrigði, einstök mannvirki svo sem sundlaugar. Ég held að ástæða væri til þess að efna til þjóðarátaks um breytt viðhorf, ný gildi í samfélaginu. Það verður ekki leyst innan Alþingis. Það verður að vera í þjóðfélaginu öllu. Það er hin eiginlega forvörn. Það er forvörnin sem hlýtur að vera meginatriðið. Meðferðarúrræðin ættu að verða minni í kjölfarið.

[14:28]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hörmulegar afleiðingar eiturlyfjanotkunar á líf og heilsu manna koma daglega fyrir sjónir okkar og ráðleysið gagnvart þessari vá er *því alltaf jafnaugljóst* því hver einstaklingur sem verður þessari fíkn að bráð er of dýrmætur til þess að við missum hann í eitrið. Vandamál af þessu tagi eru því miður komin til að vera í hröðum heimi og fara enn vaxandi ef ekki er gripið inn í með mun meiri og afgerandi hætti en gert hefur verið fram að þessu.

Aðgerðir okkar hafa fram að þessu snúist að mestu leyti um tvennt. Það er annars vegar að stoppa innflutning og forvarnir og svo hins vegar að bregaðst við með meðferð þeirra sem hafa ánetjast þessum efnum. Verulegur árangur hefur náðst á þessum sviðum sem betur fer þó betur megi gera.

Það sem ég tel þó að þurfi að bæta enn frekar en gert hefur verið fram að þessu er að ná utan um það magn eiturefna sem kemst inn í landið. Það er talið að einungis 10% af þeim vímuefnum sem koma að landamærunum séu tekin við

landamærin, 90% af því sem komi hingað að landamærum komist inn á markaðinn og séu þar til dreifingar. Spurningin er því sú hvernig megi bæta eftirlitið á götunni, hvernig á að ná efnunum sem eru til sölu, til neyslu á götunni, á heimilunum og þar sem fólkið er. Ég tel að við getum bætt verulega við á þeim sviðum og þá með fleiri lögreglumönnum á götuna að leita skipulega að eiturlyfjum, ekki tilviljunarkennt. Ég held að skipuleg leit sé nauðsynleg og efling á fíkniefnadeildinni sjálfri og löggæslunni að þessu leyti sé það mikilvægasta sem við getum gert til að ná betri tökum á þessum vanda. Að sjálfsögðu á að auka enn frekar allar fyrirbyggjandi aðgerðir eins og fræðslu ungmenna af hættunni af þessari miklu vá. Eins ber að bæta meðferð þeirra sem í henni hafa lent og ég tek undir það með þeim sem hér hafa talað og einnig hv. málshefjanda að það má einskis láta ófreistað til að ná utan um vandann.

[14:31]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Því miður er notkun fíkniefna orðin svo útbreidd hérlendis að æ fleiri þekkja í sínu nánasta umhverfi einhvern sem hefur eyðilagt líf sitt og sinna nánustu með neyslu. Ég ætla því ekki að endurtaka það sem hér hefur verið sagt um hörmungar þessa máls.

Stríðið gegn þessum vágesti þarf að heyja á mörgum vígstöðvum. Það er ekkert eitt úrræði sem dugar í þessari baráttu. Í fyrsta lagi þarf að huga að dreifingarleiðum efnanna en það er fyrst og fremst með tollgæslu og eflingu hennar sem það er gert. Það hafa verið lagðir auknir fjármunir til þess og það er nauðsynlegt að þeir nýtist sem best til þeirra hluta. Í öðru lagi er meðferð og rannsókn mála. Mjög mikið verk hefur verið unnið í því og í löggjöf á Alþingi að endurskipuleggja löggæslu og dómstóla í landinu og vonandi skilar það sér í auknum árangri í þessu efni. Hitt er ekki síst mikilvægt að forvarnir í þessu máli séu í lagi og séu eins miklar eins og mögulegt er. Auðvitað þarf að huga að öllum greinum í því. Það eru fjölmargir aðilar í samfélaginu sem geta tekið að sér hlutverk á þessu sviði. Skólarnir hafa verið nefndir hin frjálsu félagasamtök og samtök sem starfa sérstaklega á vettvangi fíkniefna- og vímuefnamála. Ég vil ekki síst undirstrika að starf hinna frjálsu félagasamtaka og sjálfboðaliða sem starfa á því sviði í landinu er afar mikilvægt í þessu efni og þarf að huga að starfsaðstöðu þeirra og þá ekki síður starfsaðstöðunni í skólunum.

Það sem mest hefur verið rætt um í þessari umræðu er eftirmeðferðin og úrræðin í þeim efnum þegar skaðinn er skeður og menn standa frammi fyrir hinum miklu hörmungum og afleiðingum af fíkniefnaneyslunni. Það hefur verið rakið hér að ýmislegt hefur verið gert til þess að auka meðferðarúrræðin og ég ætla tímans vegna ekki að endurtaka það en ég vil undirstrika í því sambandi að viljinn er áreiðanlega fyrir hendi að verja í þetta auknum fjármunum en þeir verða að nýtast til vel skilgreindra og afmarkaðra verkefna. Þeir fjármunir verða að koma að gagni og skipulagið verður að vera fyrir hendi. Ég hygg að hér séu meðferðarstofnanir sem eru fullfærar um að taka að sér meðferð með árangri.

En ef til vill er tíska og tíðarandi og sýndarveruleikinn í þjóðfélaginu hættulegasti áhrifavaldurinn í allri þessari þróun og sá þáttur sem erfiðast er að meta og berjast gegn.

[14:35]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Vímuefnavandinn hér á landi fer vaxandi og það sem meira er, þessi vandi færist neðar í aldurshópum. Samkvæmt rannsókn sem Þórólfur Þórlindsson prófessor gerði kemur í ljós að fjórir af hverjum fimm nemendum í 10. bekk hafa smakkað áfengi, þrír af hverjum fimm orðið drukknir. Sígarettureykingar eru því miður aftur á uppleið og neysla svokallaðra ólöglegra vímuefna er að aukast. Afleiðingin er m.a. sú að stöðugt fleiri ungmenni innan við 19 ára aldur leggjast inn á meðferðarstofnanir vegna þess að þau eru komin í vímuefnavanda sem þau ráða ekki við.

Hækkun sjálfræðisaldursins, sem hefur nú tekið gildi, hefur í raun og veru ekki aukið kostnað þjóðfélagsins eins og stundum er haldið fram heldur hefur hann dregið fram vanda sem var vissulega til staðar og ástæða er til þess að leggja áherslu á þetta.

Við veltum því kannski dálítið fyrir okkur hversu umfangsmikil verslun með fíkniefni og vímuefni er í raun og veru er í landinu. Í ágúst sl. birtist í hinu virta tímariti European úttekt á því hversu umfangsmikil vímuefna- og fíkniefnasala væri í Bretlandi. Niðurstaðan í þeirri rannsókn varð sú að umfangið svaraði til 0,5% af vergri landsframleiðslu þar í landi. Ef við heimfærum þessar tölur upp á Ísland, er niðurstaðan sú að verg landsframleiðsla hér á landi eru röskir 580 milljarðar kr. og 0,5% þýðir að sams konar tala á Íslandi er 2,9 milljarðar kr. sem gæti þá verið velta í ólöglegum fíkniefnum hér á landi. 2,9 milljarðar kr. eru um það bil 30% af heildarsölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Það er álíka velta og við sjáum gerast í stórum fyrirtækjum hér á landi og að við erum því að tala um ákaflega stórt, mikið og alvarlegt mál sem er full ástæða fyrir okkur til að vera á varðbergi yfir.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram, m.a. í þessari umræðu, að SÁÁ hefur uppi áform um það að byggja nýtt húsnæði fyrir meðferðarúrræði fyrir unglinga. Það er ekkert óeðlilegt að SÁÁ spyrni þarna við fótum vegna þess að þessi samtök hafa verið í fararbroddi á sínu sviði eins og við þekkjum. Það er hins vegar líka rétt sem hér hefur komið fram að mjög mikilvægt er að reyna að nýta þessa fjármuni sem við höfum til þess að spila úr sem allra best. Við vitum að ríkið á húsnæði víða um land sem er vannýtt og ég vil þess vegna varpa því fram til hæstv. ráðherra sem hér eru hvort ekki sé ástæða fyrir hið opinbera að bjóða fram þetta húsnæði sérstaklega til þess að spara óþarfa fjárfestingu sem ella væri farið í og nýta þá peninga sem eru til staðar þar með til þess að bæta og auka reksturinn. Ég held að þetta sé mál sem við eigum að geta sameinast um. Við eigum húsnæði sem er ekki verið að nýta. Þörfin kallar hvarvetna og ríkið á þess vegna að bjóða fram þetta húsnæði ef það mætti verða til þess að lina þá þján sem eiturlyfjaneyslan og eiturlyfjaáþjánin er svo víða í þjóðfélagi okkar.

[14:39]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þetta er mjög brýn umræða sem á sér stað hér en hingað kemur hver hv. þm. á fætur öðrum upp í pontu og talar um fræðslu og forvarnir og samfélagið hrópar á sömu leið: Við viljum fræðslu, við viljum forvarnir og það er allt rétt og satt. En hvað er að gerast annars staðar á meðan? Hvað verður um þessa fræðslu og forvarnir? Ég tel að það geti borið til mikilla tíðinda ef Hæstiréttur staðfestir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur sem féll fyrir stuttu þar sem

framkvæmdastjóri ölgerðar var sýknaður vegna auglýsingar á áfengi. Þetta þykir mér mjög alvarlegt og ég tel að ef Hæstiréttur staðfestir þetta þá fari forvarnir okkar fyrir ansi lítið. Þetta hefur einungis einn hv. þm. dregið hér fram, Þuríður Backman, og ég tel að umræðan eigi að fara fram um þetta líka. Meðan þessum héraðsdómi er ekki hnekkt telur lögreglan sér ekki fært að grípa í taumana á auglýsingum á áfengi og það er mjög alvarlegt. Mig langar að grípa aðeins niður í dóminn og af hverju hann dæmir á þennan veg að telja auglýsingar á áfengi í lagi en í dómnum segir:

„Fortakslaus ákvæði áfengislaganna [þ.e. um bann við áfengisauglýsingum] eru ósamrýmanleg 73. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir m.a.: „Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs ...““

Það er að segja til verndar heilsu og að sjálfsögðu erum við með bann við áfengisauglýsingum og tóbaksauglýsingum og fíkniefnaauglýsingum til að vernda heilsu. En samt segir héraðsdómur að ekki liggi fyrir gögn um þetta þannig að þeir geti ekki bannað áfengisauglýsingar og þetta er afar alvarlegt.

Ég tel ef Hæstiréttur staðfestir þetta, þá verði hér óheftar áfengisauglýsingar og óheftar tóbaksauglýsingar og þess vegna auglýsingar á fíkniefnum og þá eru forvarnasjónarmið okkar farin fyrir lítið. Ég spyr: Ætlum við að bíða eftir dómi Hæstaréttar, bíða eftir að hann falli og taka honum þá? Ætlum við að undirbúa breytingar á stjórnarskránni þannig að það verði í lagi að banna auglýsingar á heilsuspillandi vöru eins og við höfum gert með áfengislögunum? Að sjálfsögðu er verið að banna auglýsingar á áfengi og tóbak vegna þess að það er heilsuspillandi. Ég spyr: Ætlum við Íslendingar að bíða eftir þessum dómi eða ætlum við að undirbúa okkur þannig að við getum gripið í taumana strax og hann fellur ef hann er forvörnum í óhag?

[14:42]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum var ég að fylla út upplýsingamiða um sjálfan mig er ég kom til Malasíu, það var miði fyrir útlendingaeftirlitið. Til hliðar á þessum miða var rauðletrað stórum stöfum að það væri dauðarefsing við að flytja eiturlyf til Malasíu. Mér var brugðið og ég hugsaði: Guði sé lof að við búum á Íslandi, eyju fjarri svo mikilli umferð sem hér er og við getum ábyggilega varist þessum vanda lengi vel.

En hvað hefur gerst? Þegar fréttir af þessum alvarlega vágesti og vandamáli hafa borist erlendis frá höfum við Íslendingar talið að vandamálið væri ekki erfitt, það væri ekki erfitt fyrir okkur að fást við þennan vanda á eyju í miðju Atlantshafi og fjarri alfaraleið. En reyndin er allt önnur. Það var rétt eins og hér hafa fáir einir komið inn á, þingmenn hafa komið með dæmisögur úr hinu daglega lífi og rætt um þann vanda sem blasir við mörgum fjölskyldum og þá fjölskylduvá sem hér hefur komið fram. Þegar einn fjölskyldumeðlimur lendir í þessari ógæfu, þá er öll fjölskyldan undir, það er rétt.

Sölumenn dauðans koma víða við og það er athyglisvert að hafa hlustað á foreldri sem hafa sagt: Fyrstu spor míns barns í þessa ógæfu voru á skólalóðinni þar sem sölumenn dauðans höfðu læðst inn í frímínútum og gefið krökkunum eða boðið þeim fíkniefni við vægu verði. Þar var fyrsta notkunin. Ég tek undir að auðvitað eigum við að hlúa að þeim sem hafa lent í þessum vanda. En hugsum við nógu vel um það að girða fyrir þetta áður en það kemur til landsins?

Þegar náttúruhamfarir hafa dunið yfir Íslendinga þá hafa þeir hlaupið til og stjórnvöld hafa jafnvel sett án nokkurra athugasemda skattbyrði á Íslendinga til að mæta þeim vágesti og þeirri alvarlegu stöðu sem upp hefur komið og menn hafa talið sjálfsagt að nú ætti að grípa til samhjálpar. En ég segi: Hvað má verða til þess að stöðva þennan innflutning? Hvers vegna getur eyþjóð í Norður-Atlantshafi, fjarri allri umferð ef svo mætti segja, ekki stöðvað þennan innflutning? Hverjir eru það sem fjármagna þetta? Hverjir eru sendiboðar þeirra manna sem kaupa þessi eiturlyf? Hverjir eru sendiboðarnir á skólalóðunum? Hefur lögreglan ekki nógu mikið fjármagn? Hefur hún ekki nógu mikinn mannafla? Fær hún ekki nógu mikinn tíma? Dæmi voru um að um miðjan mánuð hafi lögreglan eytt öllu fjármagni sínu og gat þá ekki unnið eftirvinnu eða næturvinnu til þess að uppræta þetta og þá fóru sölumenn dauðans af stað. Þetta er staðreynd. Þess vegna segi ég: Við eigum að mæta þessum vanda eins og hann blasir við og við eigum að takast á við sölumenn dauðans og þá sem fjármagna þessi kaup.

[14:45]

Jörundur Guðmundsson:

Herra forseti. Hv. síðasta ræðumaður, Guðmundur Hallvarðsson, talaði hér um innflutninginn og það er einmitt það sem mig langar að koma ofurlítið inn á.

Fyrir nokkrum árum starfaði ég á eyju suður í Indlandshafi og var þar um nokkurra mánaða skeið. Þegar ég kom út úr flugvélinni og inn í flughöfnina vöktu athygli mína stór skilti, mjög áberandi á nokkrum tungumálum, sem sögðu að innflutningur á eiturlyfjum eða lyfjum hvers konar væri bannaður og þyngsta refsing væri dauðarefsing með hengingu. *Með þessu er ég ekki að segja að ég vilji fara að hengja fólk hér en þetta hafði óneitanlega áhrif.*

Ef við settum upp svona skilti hér í flughöfnum og komuhöfnum til landsins og segðum þar á nokkrum tungumálum: Þetta er ólöglegt og þyngsta refsing er, hvað eigum við að segja, 5 ár, 3 ár, 4 ár eða 20 ár. Ég er ansi hræddur um að fólk sem ætlaði sér að koma ólöglega inn í landið með eiturlyf og sæi svona skilti mundi hugsa sig tvisvar um áður en það labbaði í gegn og tæki sjensinn, ef það vissi fyrir fram hver refsingin yrði. Þetta þyrfti að kynna mjög vel og væri ekki dýr framkvæmd. Ég hugsa að ríkissjóður mundi ekki finna mikið fyrir því að koma þessu upp.

Ég spurði lögregluna á staðnum — ég vann þarna talsvert með lögreglunni líka — hvaða áhrif þetta hefði haft. Þeir sögðu að það hefði skipt sköpum. Það væri nánast undantekning, sagði mér lögregluforingi, að þarna væri nokkur tekinn með eiturlyf eftir að þetta var sett í lög og skiltin sett upp. Þetta er hugmynd og ég held að það sé þess virði að skoða hana mjög vel.

[14:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu hefur margt mjög gagnlegt komið fram. Ég ætla að minna á nokkur þeirra atriða sem verið hafa til umræðu. Rætt hefur verið um að úttekt vantaði á ýmsum sviðum og rannsóknir, t.d. á því hvaða börn eru í mestri hættu að lenda í vímuefnavanda. Ég ætla að minna á mjög ítarlega og góða rannsókn sem dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir gerði með styrk Forvarnasjóðs um það málefni og það er leiðarljós sem við nýtum. Þórólfur Þórlindsson hefur líka gert mjög vandaðar úttektir á því

hvernig sporna megi við vandanum svo eitthvað sé nefnt. Ég ætla enn og aftur að minna á þá merku stefnumótunarvinnu sem unnin hefur verið varðandi geðverndarmál á Íslandi. Þar er bent á í tíu liðum hvað rétt sé að gera varðandi forvarna- og meðferðarmál, bæði geðsjúkra barna og barna sem lenda í þeirri vá sem við erum hér að ræða um. Ítarlegar og miklar rannsóknir hafa farið fram á þessu sviði og eftir þeim mótum við stefnu okkar.

Ríkisstjórnin hefur látið verkin tala hvað þennan málaflokk varðar en það verður aldrei nógsamlega að gert fyrr en við náum utan um þetta málefni þannig að ekkert barn lendi í því öngstræti sem hér er rætt um.

[14:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hér hefur margt gagnlegt komið fram. Í tvö ár hef ég talað fyrir því að viðkomandi nefndir þingsins standi fyrir sameiginlegum fundi og kalli þá aðila til sem vinna að lausn vímuefnavandans. Það hefur loks verið ákveðið. Það er gott mál en hefur tekið sinn tíma að fá því framgengt.

Mér hefur þótt þetta góð og málefnaleg umræða þó ólíkar skoðanir séu á hvort úrræði og fjármagn til aðgerða sé nægilegt. 20–30 millj. kr. hverju sinni er ekki nóg meðan jafnilla er ástatt og hér hefur komið fram. Það hljómar vel en þetta eru smápeningar í þessu stóra dæmi.

Félmrh. nefndi sjálfur 120–140 millj. kr. kostnað fyrir utan stofnkostnað í ræðu á Alþingi. Ég fletti því upp í gær og ég er sammála því mati að þetta sé lágmark.

Við erum að tala um ný úrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs og vegna þess hve biðlistar eru langir um þessar mundir, 8 mánuðir í greiningu og ársbið eftir langtímameðferð. Við verðum að stytta biðlistana sem fyrst.

Ég fagna því að nýverið bárust fréttir um að samningar hefðu náðst milli Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu um að vista unga afbrotamenn á meðferðarstofnunum í stað fangelsis. Ég vildi geta þessa þar sem þetta hefur ekki komið fram í umræðunni. Þetta er mjög mikilvægt en þetta kallar líka á fleiri pláss.

Kæru alþingismenn. Allt er þetta dýrt en ofbeldi, innbrot og rán eru þjóðfélaginu dýr. Ég vænti þess að ríkisútgjöld vegna ástandsins séu meiri en okkur órar fyrir. Númer eitt, tvö og þrjú er þó ómælanlegur skaði að hverju barni sem glatast vegna fíkniefnaneyslu.

Ég hef stutt allar góðar aðgerðir í þessum málaflokki og haldið þeim á lofti, svo sem jafningjafræðslunni sem spratt hjá framhaldsskólanemendum og var studd af menntmrn.

Ég þekki frábæran árangur á Árbót og veit að aukning á plássum þar er þýðingarmikil aðgerð og ég styð hana. Mér líkar vel að heyra að fræðslumálin hafa loks verið fest í aðalnámskrá. Það hefur tekið mörg ár frá því að tillögur voru fluttar á Alþingi fyrst. Fræðsla í skólunum hefur áður verið að tilhlutan Lionshreyfingarinnar og þess vegna er mikilvægt að búið er að taka á þessum málum. En ég er líka gagnrýnin, herra forseti. Nú lendir kostnaður í grunnskólum á sveitarfélögunum en tregða var í ríkisútgjöldum meðan málaflokkurinn var hjá ríkinu.

Það er og mjög gott að starfshópur gerir tillögur um formlega toll- og löggæslusamvinnu. Loksins, loksins. Í þessum efnum höfum við flotið að feigðarósi. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað um að það að stöðva innflutning sé auk forvarnanna mikilvægast við að minnka fíkniefnaneyslu.

Herra forseti. Heilbrrh. flutti hér góða ræðu. Við erum sammála um vandann. Mörg orð hafa verið sögð um góðan vilja en fyrir mig skiptir meira máli að orð og athafnir fari saman. Það er eðlilegt að ríkisstjórnin leggi meira fjármagn af mörkum nú meðan fíkniefnaneysla unglinga er svo óhugnanlega stór blettur á samfélagi okkar. Ég tók eftir því að ráðherrann nefndi ekki barna- og unglingageðdeildina en við munum ræða það seinna.

Herra forseti. Ekkert okkar leggst gegn uppbyggingu á Vogi. Við höfum engar forsendur til þess en stefnan er óljós og við vitum ekki hvernig starfsemi félagasamtaka fyrir þennan hóp tengist barnaverndarstarfi og sjónarmiðum barnaverndar. Hlutverkaskipting milli ráðuneytanna og stefnumörkun er enn óljós eftir þessa umræðu þó margt hafi hér komið fram.

Herra forseti. Lokaorð mín í þessari umræðu um leið og ég þakka fyrir hana eru: Forvarnir og aftur forvarnir, þeir sem hér hafa oft verið nefndir sölumenn dauðans leita nýrra markaða. Nýju markaðirnar eru yngri börn.

[14:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu. Þriðjungur þingmanna hefur tekið til máls og óvenjulegur einhugur komið fram. Guð láti gott á vita.

Hv. 13. þm. Reykv. spurði um Virkið. Barnaverndarstofa hefur veitt Virkinu starfsleyfi og forstöðumaður Barnaverndarstofu mun vera að hugleiða hvernig best yrði fyrir komið og hvaða möguleikar séu á stuðningi við þessa starfsemi. Ég tel að þarna sé um ódýr úrræði að ræða og án efa komi þau að einhverju gagni. Því er eðlilegt að líta til þeirrar starfsemi með góðum huga.

Eitt finnst mér kannski ekki hafa verið dregið nógu skýrt fram í þessari umræðu þó aðeins hafi verið minnst á það. Það er ábyrgð foreldranna. Það er það forvarnastarf sem foreldrarnir verða að vinna. Það þýðir ekkert að ætla skólunum að ala upp krakkana. Það þýðir ekkert að treysta því að meðferðarstofnanir taki við þeim ef þau hafa verið vanrækt og lent í ógæfu. Það þarf að benda foreldrunum á ábyrgð sína svo þeir vaki yfir börnunum. Það er miklu betra að þeir verji tíma í að tala við krakkana áður en þau lenda í vandræðum fremur en að sálfræðingarnir þurfi að tala við börnin eftir að þau eru komin í ógæfu.

Til barnaverndarmála er varið samkvæmt fjárlagafrv. 318 millj. Fyrirsjáanlega munu um 350 millj. fara í þennan málaflokk í fjárlögum næsta árs. Menn hafa krafist nýrra úrræða og sannarlega er pláss fyrir ný úrræði. En allt kostar þetta peninga. Málefni fatlaðra hafa haft algeran forgang í fjárhagsrömmum félmrn. Málefni barna þurfa aukið fé og hafa reyndar fengið aukið fé. Ef það er vilji Alþingis að leggja meira í fíkniefnameðferð, þá verður Alþingi jafnframt að ákveða frá hvaða málaflokki eigi að taka þá peninga. Ég treysti mér ekki til að taka það fé frá málefnum fatlaðra. (**RG:** Utan ramma.)

[14:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þess að ég ræddi ekki um barna- og unglingageðdeildina þá vil ég gera það hér og nú. Við höfum aukið fjármagn til barna- og unglingageðdeildarinnar á síðustu árum og gerum það einnig á fjárlögum þessa árs og næsta árs. Hér hefur verið rætt um að mikilvægt sé að foreldrar hafi einn stað til að leita á varðandi upplýsingar þegar erfiðleikar steðja að. Benda má á að mikil samvinna

er milli Vímulausrar æsku, nýju miðstöðvarinnar í Heilsuverndarstöðinni og barna- og unglingageðdeildarinnar til að koma slíkri samræmingu á, það er nauðsynlegt. Þannig getur fólk leitað til Vímulausrar æsku og Vímulaus æska hefur síðan bakhjarl þar sem barna- og unglingageðdeildin er. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram í þessari umræðu.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lauk ræðu sinni með orðunum: Forvarnir og aftur forvarnir. Þar erum við sammála. Á sl. tveimur árum eða frá árinu 1996 hefur fjármagn til forvarna verið aukið um 300 millj.

Fundi slitið kl. 14:59.

---

20. FUNDUR

miðvikudaginn 4. nóv.,
að loknum 19. fundi.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Fjöldi starfsmanna í menntamálaráðuneyti, fsp. ÁSJ, 130. mál, þskj. 130.
2. Rannsóknarhús við Háskólann á Akureyri, fsp. ÁSJ, 132. mál, þskj. 132.

Til heilbrigðisráðherra:

3. Afnám skerðingar bóta til öryrkja vegna tekna maka, fsp. SJS, 27. mál, þskj. 27.

Til samgönguráðherra:

4. Störf við loftskeytastöðina á Ísafirði, fsp. SvanJ, 128. mál, þskj. 128.
5. Loftskeytastöð á Siglufirði, fsp. SvanJ, 129. mál, þskj. 129.
6. Loftskeytastöðin á Siglufirði, fsp. HjálmJ, 137. mál, þskj. 137.
7. Fræðsla fyrir erlenda ferðamenn, fsp. KÁ, 154. mál, þskj. 154.
8. Áhrif af Schengen-aðild á ferðaþjónustu, fsp. EKG, 155. mál, þskj. 155.

Fjöldi starfsmanna í menntamálaráðuneyti.

Fsp. ÁSJ, 130. mál. — Þskj. 130.

[15:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn sem varamaður minn, Árni Steinar Jóhannsson, lagði fyrir hæstv. menntmrh. á dögunum. Hann hefur nú horfið af þingi og á þar af leiðandi ekki kost á að mæla fyrir henni sjálfur.

Spurt er: „Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í menntamálaráðuneytinu sem rekja má til þess að rekstur grunnskóla hefur verið færður til sveitarfélaga?"

Það er kunnara en frá þurfi að segja að hugsunin með flutningi verkefna til sveitarfélaganna er ekki síst sú að færa völd, áhrif og störf út um byggðir landsins til viðbótar því að færa þjónustuna nær því fólki sem hennar á að njóta. Það væri fróðlegt, samtímis því að sveitarfélögin hafa byggt upp þjónustu sína og umsýslu á þessu sviði, að fá upplýsingar um þær breytingar sem orðið hafa í kjölfarið á mannahaldi í hinu háa ráðuneyti. Ég geri ráð fyrir að mörgum leiki hugur á að heyra þær upplýsingar sem hæstv. menntmrh. kemur með og sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um það.

[15:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Á aðalskrifstofu menntmrn. hefur fækkað um 3,7 stöðugildi og má rekja þá fækkun til flutnings grunnskólans til sveitarfélaganna. Þá er þess einnig að geta að í kjölfar flutnings grunnskólans til sveitarfélaga voru fræðsluskrifstofur lagðar niður en við þær voru 71,55 stöðugildi. Fræðsluskrifstofurnar sinntu stjórnsýsluverkefnum á vegum menntmrn. þannig að segja má að alls hafi stöðugildunum fækkað um 75 eða þar um bil hjá ríkinu við að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna, þ.e. ef litið er á aðalskrifstofu menntmrn. og fræðsluskrifstofurnar.

Starfsmannahaldið í ráðuneytinu hefur einnig tekið öðrum breytingum en þeim sem hér hefur verið lýst. Skipan ráðuneytisins hefur verið breytt. Sett hefur verið upp mats- og eftirlitsdeild sem tekið hefur að sér eftirlits- og matshlutverk varðandi grunnskólastigið og einnig hafa verkefni verið flutt frá ráðuneytinu til Sambands ísl. sveitarfélaga að því er varðar svokallaðar kennaraskrár og eftirlit með þeim. En stöðugildin sem fækkað hefur í ráðuneytinu og á vegum þess eru um 75.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér komu fram athyglisverðar upplýsingar. Það er náttúrlega augljóst mál að það er einungis bókhaldsleg fækkun þegar öll stöðugildi sem tilheyrðu fræðslustofunum í umdæmum landsins eru talin til eins og hér er gert. Það er alveg ljóst að þar hafa engar forsendur verið fyrir fækkunum nema síður sé þegar sveitarfélögin fara að reyna að byggja upp í sínu nafni þjónustu sem áður var kostuð af ríkinu.

Það sem er áhugavert eru fyrst og fremst stöðugildin í ráðuneytinu. Það er upplýst hér að fækkað hefur um heil 3,7 stöðugildi í ráðuneytinu við allan flutning grunnskólans á milli stjórnsýslustiga. Nú hef ég ekki á reiðum höndum upplýsingar um stafsmannafjölda ráðuneytisins í heild. Fróðlegt væri ef hæstv. ráðherra upplýsti einnig um fækkunina í því samhengi. Ég hef grun um að þetta séu ekki stór tíðindi hvað varðar mannabreytingar í hinu háa ráðuneyti og ástæða sé til að ætla að raunveruleg hagræðing á þeim vígstöðvum hafi orðið minni en búast mátti við í kjölfar þessarar breytingar. Reyndar fannst mér það hálfpartinn koma fram í útskýringum hæstv. ráðherra þegar hann fór að tala um að mannahaldið í ráðuneytinu hefði síðan breyst af ýmsum öðrum orsökum. Í loftinu lá að eitthvað af því fólki sem áður vann við grunnskólann hefði farið að sinna öðru.

Ég hafði ímyndað mér að þarna væri á ferðinni umtalsverður hluti af starfsemi ráðuneytisins, hinn viðamikli málaflokkur, grunnskólinn, og meiri breytingar hefðu orðið við flutning hans. Ég hef ekki trú á því að sveitarfélögin í landinu gætu tekið við allri umsýslu grunnskólans og sloppið með bara 3,7 stöðugildi í það verkefni. Ég hef ekki trú á því.

[15:05]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér fer fram áhugaverð umræða um fjölgun eða fækkun starfa vegna yfirfærslu grunnskólans en fróðlegt væri ef hæstv. menntmrh. gæti í þessu samhengi reitt fram tölur um það hve mikið störfum hafi fjölgað við grunnskólana síðan grunnskólinn var fluttur yfir til sveitarfélaganna. Á landsþingi Sambands sveitarfélaga nú í haust kom fram að sú fjölgun er langt umfram lagaskyldu. Sveitarfélögin hafa tekið á sig mun meira en lagaskyldan býður og aukið þjónustuna. Er hæstv. menntmrh. með tölur um þessa aukningu og getur hann reitt þær fram, þó ekki væri nema þannig að hlypi á tugum.

[15:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Mér finnst viðbrögð hv. fyrirspyrjanda benda til þess að hann hafi ekki áttað sig á því hvernig grunnskólahaldinu var háttað í höndum ríkisvaldsins. Yfirstjórn stjórnsýslu grunnskólanna hafði þegar verið flutt að verulegu leyti úr menntmrn. til fræðsluskrifstofanna þannig að það var aldrei við því að búast að veruleg mannafækkun yrði í menntmrn. sjálfu við flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, enda var aldrei lagt upp með að fækka ætti verulega starfsfólki ráðuneytisins. Því hefur á hinn bóginn fækkað og það að stofnuð var mats- og eftirlitsdeild er ekki til marks um að fjölgað hafi verið í öðrum störfum. Þar var um tilflutning á fólki innan ráðuneytisins að ræða. Menn verða að meta stöðuna fyrir og eftir flutning grunnskólans og kynna sér verkefni ráðuneytisins til þess að hafa uppi þá gagnrýni sem hv. þm. var með. Hann vænti þess að meiri fækkun yrði í starfsliði ráðuneytisins við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna. Verkefnin höfðu þegar verið flutt úr ráðuneytinu til fræðsluskrifstofanna.

Sveitarfélögin hafa síðan tekið á þessu hvert með sínum hætti og skipulagt skólaskrifstofur öðruvísi en var þegar ríkisvaldið eða menntmrn. stóð að rekstri fræðsluskrifstofanna. Því miður hef ég ekki þær tölur enda er það ekki skylda sveitarfélaga að gera ráðuneytinu grein fyrir því hvernig þau haga mannaráðningum sínum fyrir grunnskólann að þessu leyti. Þess vegna hef ég ekki tölurnar en að sjálfsögðu væri hægt að afla þeirra. Ef þess væri óskað og fyrirspurn lögð fram um það þá yrði að sjálfsögðu hægt að afla slíkra upplýsinga frá sveitarfélögunum. Starfslið á skólaskrifstofum hlýtur að liggja fyrir í hverju sveitarfélagi fyrir sig og ekki um nein leyndarmál að ræða af hálfu sveitarfélaganna.

Herra forseti. Ég vil aðeins árétta það að mér þótti hv. fyrirspyrjandi gefa allt annað til kynna en er í raun og veru með starfsemina og hvernig henni var háttað í menntmrn. áður en grunnskólinn fluttist frá ríkinu til sveitarfélaganna. Hann var að dylgja um að illa væri að starfsmannahaldi staðið af hálfu ráðuneytisins og lét í það skína að um óeðlilega hluti væri að ræða. Hann hefur engar forsendur til að komast að þeirri niðurstöðu. Mér virtist hann alls ekki vita hvernig þessum málum hefði verið háttað.

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hv. 4. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hlýt að bera af mér þessi algerlega tilhæfulausu orð hæstv. menntmrh. í minn garð. Það fólust engar dylgjur í máli mínu. Ég reyndi ekki að gera málið tortryggilegt eins og hæstv. ráðherra lét hér að liggja. Ég held að hæstv. ráðherra hljóti að hafa farið öfugu megin fram úr í morgun. Ég sagði þessar upplýsingar hins vegar áhugaverðar. Ég tel að þær séu athyglisverðar og það séu fullkomlega rök fyrir því sem ég sagði. Það hlýtur fleirum en mér að þykja fróðlegt að skoða hvernig mannahaldið hefur breyst, annars vegar hjá ráðuneytinu og hins vegar hjá sveitarfélögunum. Ef það kemur á daginn sem þegar virðist liggja fyrir, samanber það sem kom fram hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, þá hefur hæstv. menntmrh. síst allra tilefni til aðdróttana af þessu tagi í minn garð. Að ég hafi farið með dylgjur og verið að reyna að gera þetta tortryggilegt með einhverjum hætti, að ég viti ekkert um hvað málið fjalli, að mér hafi greinilega verið alls ókunnugt um hvernig stjórnsýslu grunnskólans var háttað áður en til flutningsins kom, það eru dylgjur. Þetta eru algerlega órökstuddir sleggjudómar hæstv. ráðherra en ekki orð mín áðan. Ég vísa þessu til föðurhúsanna og hvet hæstv. ráðherra til að huga betur að því á morgnana hvorum megin hann fer fram úr rúminu.

Rannsóknarhús við Háskólann á Akureyri.

Fsp. ÁSJ, 132. mál. — Þskj. 132.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Enn mæli ég fyrir fyrirspurn til hæstv. menntmrh. og vona nú að við megum báðir taka gleði okkar því að hér er vísast á ferðinni ánægjulegra málefni, þ.e. spurning um uppbyggingu Háskólans á Akureyri. Menn lengir þó mjög eftir því, herra forseti, að niðurstaða fáist í hvenær unnt verði að hefjast handa við uppbyggingu rannsóknaraðstöðu eða rannsóknarhúss fyrir starfsemi háskólans og tengda starfsemi á lóð háskólans á Sólborgarsvæðinu.

Þannig er, herra forseti, að mikill velvilji og hugur heimamanna hefur fylgt því að byggja háskólann upp eins og margendurtekið hefur komið í ljós, m.a. í framlagi bæjarfélaga, Akureyrarbæjar og fleiri sveitarfélaga, í framlagi og stuðningi fyrirtækja á svæðinu, jafnvel einkaaðila sem þegar eru farnir að færa þessari stofnun, þessu óskabarni, miklar gjafir. Eitt af því sem þarna hefur verið boðið fram er fjármögnun á uppbyggingu rannsóknarhúss svo þegar megi hefjast handa við byggingu þess þó fjárveitingar frá ríkisvaldinu komi síðan á einhverju árabili þar á eftir. Akureyrarbær hefur boðist til að sjá um þessa fjármögnun og það tilboð hefur nú legið fyrir um alllangt skeið. Ég hygg að það hafi legið fyrir í um eitt til tvö ár a.m.k. Hins vegar hefur leyfi til framkvæmda ekki fengist hjá stjórnvöldum. Hugsunin er sú að sérstök fjárveiting komi í þetta verkefni til hliðar við þær fjárveitingar á fjárlögum sem eru í uppbyggingu háskólans að öðru leyti. Þær fjárveitingar eru því miður allt of litlar, herra forseti. Þó hæstv. menntmrh. hafi fyrir nokkrum dögum, með miklum glæsibrag og ágætum, tekið skóflustungu að nýbyggingaráfanga fyrir norðan þá eru fjárveitingarnar skv. fjárlagafrv. auðvitað sorglega lágar. Burt séð frá því hefur hugsunin verið sú að hrinda þessum mikilvæga áfanga í framkvæmd með því að annar aðili sjái fyrir fjármögnuninni tímabundið. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh.:

Hvað líður byggingu rannsóknarhúss við Háskólann á Akureyri og er þess að vænta að stjórnvöld muni nú innan

tíðar veita samþykki sitt fyrir því að framkvæmdir hefjist?

[15:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í júlí 1995 skipaði ég starfshóp til að fjalla um framkvæmdir Háskólans á Akureyri að Sólborg. Síðan hefur verið unnið í samræmi við það og farið fram samkeppni um það hvernig húsið verði best nýtt til að háskólinn geti flutt þangað og hvernig eigi að standa að nýframkvæmdum á Sólborgarsvæðinu. Hinn 23. október sl. var fyrsta skóflustungan tekin að fyrstu nýbyggingunni á svæðinu og verður nú ráðist í að reisa þar kennsluhús, vinnuaðstöðu fyrir kennara og skrifstofur. Í fjárlagafrv. er fé ætlað til þess verks fyrir næsta ár en ég tel nauðsynlegt að samið verði um framkvæmdahraða og fjárveitingar í samræmi við hann.

Nefnd sem gerði úttekt á húsnæðisþörf á háskólastiginu og skilaði áliti í maí 1997 lagði til að ráðist yrði í framkvæmdir að Sólborg í áföngum. Samdóma álit þeirrar nefndar og einnig annarra sem komið hafa að því að skipuleggja uppbyggingu á Sólborg var að í fjórða og síðasta áfanga framkvæmdanna yrði ráðist í smíði rannsóknarhúss. Þetta er samdóma álit allra þeirra sem um þetta mál hafa fjallað.

Akureyrarbær bauðst á sínum tíma til að fjármagna rannsóknarhúsið. Í desember á síðasta ári var skipuð nefnd til þess að ræða það mál sérstaklega. Málið hefur og verið rætt milli fulltrúa ráðuneytisins og bæjaryfirvalda með aðild Háskólans á Akureyri. Afstaða mín í þessu máli er skýr. Ég tel að menntmrn. eigi ekki að taka á sig allar skuldbindingar fyrir hönd ríkisins vegna rannsóknarhússins heldur eigi að skilgreina þörf háskólans á rými í húsinu og síðan eigi skólinn að greiða fyrir þá aðstöðu en rannsóknastofnanir og aðrir sem fá aðstöðu í húsinu verði að standa undir sínum hlut af kostnaði við byggingu rannsóknarhússins.

Ég hef einnig látið þá skoðun í ljós að af hálfu menntmrn. beri að leggja höfuðáherslu á að ljúka öðrum og þriðja áfanga framkvæmdanna að Sólborg. Ég tel að við séum nú að hefja annan áfangann með þeirri nýbyggingu sem verið er að ráðast í nú. Vilji menn taka sérstakar ákvarðanir um rannsóknarhúsið og flytja það fram miðað við fyrri tillögur um áfangaskiptingu við byggingu Háskólans á Akureyri þá tel ég að menntmrn. og háskólinn eigi að koma að málinu með því að skilgreina þörf háskólans á rými í húsinu og greiða fyrir þann hluta hússins en aðrir aðilar verði að standa að öðrum kostnaði sem vegna hússins verður.

[15:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin en hlýt um leið að lýsa vissum vonbrigðum yfir því að í raun og veru virðist þetta mál vera í algerlega óbreyttri stöðu, þ.e. það situr fast í einhverri nefnd sem búin er að fjalla um það í hartnær ár. Í raun komu engin góð tíðindi fram í máli hæstv. ráðherra.

Annað sem kom fram um nýbyggingaráformin, skóflustunguna og fjárveitingar í fjárlagafrv. liggur fyrir. Ástæða þess að menn leggja mikið kapp á að flýta rannsóknarhúsinu er einmitt sú sem hæstv. ráðherra nefndi en í allt öðru samhengi, að Háskólinn á Akureyri og samstarf hans við rannsóknastofnanirnar er kjölfestan í því tilraunamódeli eða verkefni sem verið er að reyna að byggja upp, þ.e. að samþætta þessa rannsókn á fræðslustarfsemi. Til þess að sú þróun geti haldið áfram og megi eflast þurfa menn að fá þarna aðstöðu og það helst á einum stað. Þó svo út frá hreinum kennslufræðilegum forsendum séu kennslustofurnar og skólahúsnæðið mikilvægast er vegna annarra hagsmuna og samstarfsins við rannsóknastofnanirnar og áforma um að byggja upp þetta rannsóknaumhverfi á Akureyri mjög brýnt að þessi áfangi í rannsóknarhúsinu náist í gang. Að mínu mati er ekki við það búandi að málið sé strand. Er það t.d. vegna þess að þessir aðilar eru að ýta þessu eitthvað á milli sín eins og mér finnst hálfpartinn mega ráða af máli hæstv. menntmrh.? Enginn er að fara fram á að menntmrn. eða ríkið í þeim skilningi borgi meira en sinn hlut í þessu. Ekki er verið að fara fram á neitt slíkt og ég skil ekki að það þurfi að stranda á því að ekki megi hafa það á hreinu hver leggur hvað af mörkum í þessu samstarfi. Það er ákaflega mikilvægt. Það er ljóst að það er til góðs fyrir alla að samstarfið gangi milli skólans og rannsóknastofnananna og ég óttast að ekki verði sú framþróun í því sem menn vilja sjá og sú styrking í tengslum við uppbyggingu skólans sem þarna þarf að koma til ef ekki verður unnt að þiggja þetta boð frá Akureyrarbæ sem liggur fyrir um fjármögnun. Ég hvet hæstv. menntmrh. eindregið til þess að reka á eftir þessu máli.

[15:20]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Steingrími J. Sigfússyni, og þeim félögum fyrir að vekja máls á þessu. Fyrirsvarsmenn Háskólans á Akureyri voru hjá okkur í fjárln. í morgun og voru að skýra þetta mál fyrir okkur og lýstu einmitt áhuga bæjarins á því að koma þarna sterklega inn í málið. Það er fullur skilningur á því í hv. fjárln. en það mundi engu spilla þó að bæjarstjórinn eða einhverjir af hálfu Akureyrarbæjar mundi láta svo lítið að koma til okkar í hv. fjárln. og ræða málin.

[15:21]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég held að ekki sé hægt að draga þær ályktanir af orðum mínum að þetta mál sé í einhverju stoppi eða strandi. Þvert á móti er verið að fjalla um málið. Ég lýsti þeim áherslum sem ég hef í þessu máli, þeirri forgangsröðun sem ég hef við uppbyggingu að Sólborg. Síðan hefur komið fram hugmynd um að ráðast sérstaklega í byggingu á þessu rannsóknarhúsi og auðvitað verður að komast að niðurstöðu um það eins og önnur mál. Ég lít þannig á að sem menntmrh. beri mér fyrst og fremst skylda til þess að nýta það húsnæði sem skólinn hefur þegar til umráða og byggja það þannig upp að það nýtist sem allra best fyrir skólann og að kennslan geti flust sem fyrst á einn stað. Það er verið að gera með þeim nýbyggingum og áformum sem við höfum lagt áherslu á. Allir þeir sem hafa komið að málinu og skoðað það í heild hafa lagt til að rannsóknarhúsið yrði lokaáfanginn í uppbyggingunni að Sólborg þannig að málið stendur svona. Ef menn vilja flýta þessu sérstaklega og ef Akureyrarbær vill leggja fram fé og semja við ríkið um það hvernig það greiðir það fé til baka á einhverju löngu árabili eða hvaða hugmyndir sem menn hafa um það þá er það viðfangsefni sem við erum ekki enn þá búnir að leysa úr. En tillagan liggur fyrir og ég hef lýst því að ég tel að menntmrn. eigi að koma að því að því er varðar húsnæðisþörfina fyrir háskólann sjálfan en ekki fyrir aðrar stofnanir sem falla ekki undir verksvið þess. Við höfum heldur ekkert umboð til að semja fyrir slíkar stofnanir.

Afnám skerðingar bóta til öryrkja vegna tekna maka.

Fsp. SJS, 27. mál. — Þskj. 27.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrirspurn sem ég veit að hæstv. ráðherra er án efa mjög kærkomið að fá tækifæri til að svara og það er að fá nánari skýringar á ummælum sem hæstv. ráðherra lét falla á ársfundi Tryggingastofnunar ríkisins. Það voru auðvitað stórfréttir sem þar komu fram þegar hæstv. ráðherra lýsti því sem sérstöku forgangsverkefni eða áhugamáli sínu, með orðum sem ég man nú ekki nákvæmlega utan að en er auðvitað hægt að fletta upp, að afnema eða draga a.m.k. úr skerðingu bóta til öryrkja vegna tekna maka. Ég vísa þar sem sagt í yfirlýsingu hæstv. ráðherra á nefndum fundi.

Þetta er stórt hagsmunamál og hefur farið ákaflega fyrir brjóstið á mönnum af eðlilegum ástæðum því að þessi hópur er í rauninni í niðurlægjandi stöðu þegar fjölskyldur þar sem önnur fyrirvinnan er öryrki, geta ekki bætt stöðu sína með aukinni vinnuþátttöku hins aðilans eins og aðrar fjölskyldur í landinu heldur verða tekjur makans sjálfkrafa til þess að skerða bætur bótaþegans. Ég spyr því í fyrsta lagi, herra forseti: Hvenær er áætlað að afnám skerðingar bóta til öryrkja vegna tekna maka komi til framkvæmda? Í öðru lagi: Hvað kosta þessar breytingar og er gert ráð fyrir fjárveitingum í þessu skyni til að mynda í fjárlagafrv. næsta árs þannig að við megum vænta þess að ekki verði löng bið á því að þetta komi til framkvæmda, a.m.k. að framkvæmdin hefjist? Á mannamáli þýðir þetta auðvitað, herra forseti: Koma þessar breytingar til framkvæmda fyrir kosningar eða á að vísa því inn í framtíðina?

[15:26]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur beint til mín fyrirspurn sem mér er ljúft að svara. Þingmaðurinn spyr í fyrsta lagi hvenær áætlað sé að afnám skerðingar bóta til öryrkja vegna tekna maka, samanber yfirlýsingu mína á ársfundi Tryggingastofnunar ríkisins, komi til framkvæmda.

Á aðalfundi Tryggingastofnunar ríkisins og reyndar einnig í byrjun september gaf ég þá yfirlýsingu að nú í haust mundi ég stíga fyrstu skref til að afnema skerðingu bóta öryrkja vegna tekna maka. Ég stend við það og nú er verið að ljúka útfærslu þessara breytinga og ég vonast til að þær geti tekið gildi um áramót.

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn spyr í öðru lagi hvað þessar breytingar kosti og hvort gert sé ráð fyrir fjárveitingum í þessu skyni á fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Kostnaður liggur ekki endanlega fyrir en mér virðist vera að um sé að ræða fjárhæð á bilinu 200–250 millj. kr.

Eins og áður hefur komið fram er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til þessara breytinga í frv. til fjárlaga eins og það liggur fyrir hv. Alþingi enda var ekki ljóst við frágang frv. hvað breytingin mundi kosta eða hvernig unnt væri að útfæra hana til þess að tryggja að hún kæmi þeim til góða sem mest þurfa á að halda og að enginn yrði fyrir skerðingu bóta vegna þessara breytinga.

Virðulegi forseti. Ég mun hins vegar beita mér fyrir því að við afgreiðslu fjárlaga verði nauðsynlegt fjármagn ætlað til verkefnisins.

[15:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Mannréttindabrot á ekki að afnema í mörgum skrefum heldur í einu skrefi. Ég veit sannast sagna ekki hvaða orð á að nota yfir þá aðför sem gerð er að öryrkjum, þá kjaraskerðingu sem þeir eru látnir sæta við það að ganga í hjónaband. Í Suður-Afríku var talað um apartheid þegar kynþáttum var haldið aðskildum og í apartheid-kerfinu voru blönduð hjónabönd bönnuð. Hér á landi eru öryrkjum reistar efnahagslegar skorður við að búa í hjónabandi og ég spyr hvort ekki væri hreinlegra að banna blönduð hjónabönd, að banna með lögum að fatlað fólk og ófatlað eigist. Það væri alla vega hreinlegra en að búa þessu fólki sömu örlög með fjárkúgun. Ég veit að þetta eru þung orð en það á að nota þung orð um mannréttindabrot og staðreyndir málsins eru einfaldar.

Öryrki getur fengið 63–64 þús. kr. á mánuði. Við það að ganga í hjónaband eru tekjur hans skertar um þriðjung og fara niður í 43 þús. kr. Og ef hann er giftur maka sem er með um meðaltekjur í ASÍ eða BSRB þá fara tekjur öryrkjans niður í 15 þús. kr. Þetta ber að leiðrétta, ekki í mörgum skrefum heldur einu.

[15:29]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hygg að öryrkjar séu eini þjóðfélagshópurinn sem með lögum er refsað fyrir það að ganga í hjónaband. Þess vegna er mikilvægt að afnema þessa skerðingu að fullu. Ég tók eftir að hæstv. ráðherra sagði að þetta yrði afnumið í skrefum og fyrsta skrefið tekið á þessum vetri.

Ég spyr: Verður ákvæði í frv. um hvenær skerðingin verður að fullu afnumin? Eða verða öryrkjar áfram í óvissu eftir frv. ráðherrans þar sem eitthvert skref er tekið, eða mun ráðherrann setja það markmið að þessu verði lokið og skerðingin afnumin að fullu t.d. á næsta ári? Ég spyr líka hvort þetta ákvæði muni ná til allra lífeyrisþega, líka aldraðra. Eða er bara verið að tala um öryrkja í þessu sambandi? Vegna þess að sú skerðing gildir líka að því er varðar aldraða og við getum ekki staðið frammi fyrir lagasetningu sem mismunar öldruðum og öryrkjum.

Ég spyr um þetta og legg áherslu á að ráðherra svari. Ég vil minna á í þessu sambandi þegar við erum að tala um kjör öryrkja, að á sl. fimm árum hafa lágmarkslaun hækkað um 52%, launavísitala um 30%, en örorkulífeyrir einungis um 17,4%. Þess vegna verðum við að stíga það skref núna, herra forseti, og afnema að fullu þessa skerðingu til að bæta kjör öryrkja. Þetta er eitt af stóru hagsmunamálunum sem öryrkjar hafa barist fyrir og ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að skerðingin verði afnumin að fullu.

[15:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég verð því miður að lýsa yfir vonbrigðum með svör ráðherrans við þessari fsp. Auðvitað ber að afnema þetta óréttlæti strax. Og ég minni á að þetta á ekki aðeins við um það þegar öryrkjar og aldraðir ganga í hjónaband eða eru í hjónabandi heldur á þetta líka við um sambúð þó svo að fólk sé ekki með sameiginlegan fjárhag. Þetta er miklu meira óréttlæti en að þetta gildi aðeins um hjónaband.

Hæstv. ráðherra talar um áfanga. Auðvitað á ekki að gera þetta í áföngum. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvernig þessir áfangar ráðherrans verða. Hvað felst í þeirri tillögu?

Ég minni líka á það, vegna þess að hér komu aldraðir til umræðu, að öryrkjar verða líka aldraðir. Eiga þeir þá að búa við skerðingarnar eftir að þeir eru orðnir gamlir, eftir að þeir eru orðnir 67 ára? Á þá að fara að skerða vegna tekna maka? Auðvitað verður þetta að ganga yfir alla lífeyrisþega.

Ég minni á að í þinginu er til umræðu frv. sem afnemur þessa tengingu. Og ef hæstv. ráðherra hefði áhuga á að afnema þetta þá getur hann lýst yfir stuðningi við það frv. sem hér er til umræðu um breytingu á almannatryggingalögunum, þar sem þessi tenging við tekjur maka eða sambýlings er afnumin að fullu með lögum.

[15:32]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Yfirlýsing hæstv. heilbrrh. fannst mér ekki vera neitt annað en ómerkilegt kosningabragð. Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir gagnvart öryrkjum að þessu umdeilda ákvæði verði breytt. En hvenær á að breyta því? Hún ætlar að breyta því eftir kosningar, það kom skýrt fram í fjárlagafrv.

Nú segir hún: Því miður var ekki hægt að setja neitt inn í fjárlagafrv. vegna þess að ekki var vitað um heildarupphæðina, en hún lýsir því sjálf yfir að heildarupphæðin skipti ekki máli vegna þess að hún ætli aðeins að stíga eitt skref. Það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra lýsi því yfir hversu stórt skref hún ætlar að stíga og hvenær á að afnema ákvæðið að fullu samkvæmt stefnu ráðuneytisins.

Herra forseti. Ég held að kominn sé tími til að hæstv. ráðherra upplýsi þetta. Hún hefur í rauninni lýst því yfir á aðalfundi Tryggingastofnunar að þetta ákvæði feli í sér mannréttindabrot. Hún ætlar að breyta því, en hún ætlar ekki að gera það fyrr en eftir kosningar. Hún verður að segja okkur hvað þetta skref á að vera stórt og hvenær á að ljúka verkinu.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka talsmönnum jafnaðarmanna fyrir þær undirtektir og stuðning sem ég hef fengið frá þeim við málflutning minn og þakka sömuleiðis hæstv. ráðherra fyrir svörin samkvæmt venju, þó að ég verði auðvitað að segja eins og aðrir að þau hryggja mig mjög. Ég fylltist bjartsýni fyrir hönd þessa hóps þegar ég frétti af yfirlýsingu hæstv. ráðherra á ársfundi Tryggingastofnunar og náði mér í þá yfirlýsingu og sá ástæðu til að reyna að skýra það betur hvenær þetta mikla réttlætismál næði nú fram að ganga.

Nú er það að vísu svo, herra forseti, að hin illræmdu jaðaráhrif eða tekjutengingar í almannatryggingakerfinu eru miklu víðar á ferðinni en þarna. Þar er á ferðinni heill frumskógur og að mínu mati er það eitt allra brýnasta réttlætismál í velferðarkerfi okkar að taka það til endurskoðunar. Ég veit ekki hvort allir þingmenn hafa farið yfir það nýlega og rifjað upp hvernig þessar tekjutengingar og skerðingar eru. En þær eru allhrikalegar eða 30% af tekjum á ellilífeyri umfram viss mörk, 25% á örorkulífeyri umfram viss mörk, 45% af tekjutryggingunni umfram viss mörk og 65% af vasapeningunum, umfram hvað? Umfram skitinn þrjú þúsund kall, rúman. (**BH:** Og 100% heimilisuppbót.) Og svo auðvitað þar sem tekin er króna á móti krónu, eins og heimilisuppbótin o.fl. Talandi um jaðaráhrif þá eru þetta náttúrlega einhver illræmdustu jaðaráhrif sem fyrirfinnast.

Ég harma að taka eigi þetta aðeins í skrefum. Hér eru ekki á ferðinni upphæðir af því tagi að það ætti að standa í mönnum að taka þetta í gegn í einni lotu. Ég held að menn viðurkenni hvað varðar öryrkja, fjölskyldufólk á miðjum aldri, að þetta óréttlæti er alveg svakalegt. Þessi staða er kannski sú versta og mest niðurlægjandi af öllu sem hér er boðið upp á, og er þá mikið sagt, fyrir þetta fólk sem fjölskyldufólk og sú staða sem það er sett í gagnvart maka sínum.

Ég skora á hæstv. ráðherra að berjast fyrir því hér og hafa til þess stuðning okkar að þetta komi í fjárlagafrv. nú í desember, verði afgreitt fyrir jólin og taki gildi um næstu áramót þannig að það verði ekki í einhverri útideyfu í næstu kosningum og sé vísað inn í framtíðina. Það er ekki það mikið fyrirtæki að kippa þessu í liðinn og taka restina af þessu til endurskoðunar og úrlausnar á næstu mánuðum.

[15:36]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Í Prédikaranum segir að það sé tími til að tala og það sé tími til að þegja. Nú hefur verið varpað ágætu ljósi á þetta mál. Það er misrétti á ferðinni og á þeim málum þarf að taka, ég held að það sé öllum ljóst. Og hinn velmeinandi og ágæti hæstv. heilbrrh. hefur lýst vilja til þess. Það þarf hins vegar að gera innan stjórnarinnar allrar og stjórnarflokkanna. Það er ekki hægt að hlaupa upp í fyrirspurnatíma til að taka svo stórar ákvarðanir sem hér um ræðir. Þannig að það verður að gera svo vel að ... (**Gripið fram í:** Mánuðum saman.)

Nú ætlar hv. þingheimur að tala hérna ofan í mig. (Forseti hringir.) Mig langar að biðja hv. þingmenn, sérstaklega Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, að hafa sig hæga meðan ég er að ljúka máli mínu. Ég vona að ákvörðun verði tekin í fyllingu tímans og hún verði öldruðum og öryrkjum skapfelld.

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þau lög sem hér er um að ræða hafa verið í gildi síðan 1936. (**ÁRJ:** Það breytir engu.) Þess vegna langar mig að segja það — þegar mönnum finnst það langur tími að taka sér nokkra mánuði til endurskoðunar þar sem við erum að vinna með Öryrkjabandalaginu til að gera þetta eins vel úr garði og mögulegt er — að mér finnst það nú dálítið skrýtið, sérstaklega þegar fyrrv. félmrh. talaði hér áðan. Hún var í sjö ár í félmrn. og ég man aldrei eftir að hún hafi tekið þetta mál upp, aldrei. Og tekjutengingarnar urðu mestar í ríkisstjórnartíð hennar. (Gripið fram í.)

Af hverju tók þáv. hæstv. félmrh. þetta ekki upp þá? Það var ég sem tók þetta upp vegna þess að ég tel þetta vera réttlætismál. Þetta er ekki lögbrot, þetta er réttlætismál. Og þess vegna tók ég það upp.

Og mig langar að segja þingheimi það að ef við mundum samþykkja á morgun frv. sem hér liggur fyrir frá Ástu R. Jóhannesdóttur, þá mundu 70 öryrkjar missa frítekjumark sitt. Það er þess vegna sem fulltrúar Öryrkjabandalagsins eru að vinna með heilbrrn. að því að engir skerðist við þessa breytingu. (**ÁRJ:** Hversu margir skerðast núna?) Þetta er sannleikur málsins. Við erum að vinna að því að breyta áralöngu óréttlæti. (Gripið fram í.) Þetta er áralangt óréttlæti sem við erum að takast á við og breyta og ég held að þingheimur ætti að halda ró sinni á meðan.

En af því að hv. þm. tala um að þetta sé eitthvað í langri framtíð og eftir kosningar þá sagði ég áðan í ræðu minni og endurtek að þetta málefni verður afgreitt í kringum áramót. (**ÁRJ:** Í áföngum, hvað er það?)

Störf við loftskeytastöðina á Ísafirði.

Fsp. SvanJ, 128. mál. — Þskj. 128.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Mikil umræða fer nú fram um fólksflutninga úr dreifbýli í þéttbýli, af landsbyggðinni og til höfuðborgarsvæðisins. Þessi umræða fer ekki einungis fram á Alþingi, það vita flestir hv. alþingismenn að þessi umræða er mikil og vaxandi úti um allt land.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að ein meginástæða þessara miklu fólksflutninga er einhæfni þeirra starfa sem víða er boðið upp á. Fólk telur sig einfaldlega ekki eiga nógu margra kosta völ í atvinnumálum þó aðrar þarfir séu vel uppfylltar. Það er m.a. talinn liður í árangursríkri byggðastefnu að fjölga opinberum störfum úti á landi, en fjölgun þeirra hefur á undanförnum árum fyrst og fremst orðið á höfuðborgarsvæðinu. Og í ljósi þessa sýnist það hljóta að vera forgangsmál, herra forseti, að stjórnvöld reyndu með tiltækum ráðum að viðhalda þeim störfum sem þegar eru unnin úti á landi, ég tala nú ekki um ef um er að ræða þjónustustörf. Til að leggja slík störf niður eða flytja af landsbyggðinni þá þurfi býsna þung rök.

Vegna þess að niðurlagning loftskeytastöðvarinnar á Ísafirði virðist algerlega andstæð þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar eðlilegri byggðapólitík, eða a.m.k. byggðapólitík í anda þeirra tillagna sem fram hafa verið settar og nú um stundir eru taldar árangursríkastar, þá hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. samgrh. á þskj. 128:

1. Hvert voru þau störf færð sem unnin voru í loftskeytastöðinni á Ísafirði þegar stöðin var lögð niður nú í sumar?

2. Var þeim starfsmönnum sem unnu við loftskeytastöðina á Ísafirði boðin áframhaldandi vinna hjá Landssíma Íslands hf.? Ef svo var, við hvað og hvar?

3. Er eitthvað í nýrri tækni sem kallar á að þessi störf séu unnin annars staðar en á Ísafirði?

[15:42]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi. Hvert voru þau störf færð sem unnin voru í loftskeytastöðinni á Ísafirði þegar stöðin var lögð niður nú í sumar?

Vegna langtímaþróunar í skipafjarskiptum er svo komið að vinnan á loftskeytastöðvunum er aðeins brot af því sem áður var. Raunar hefur það lengst af verið svo að starfsfólkið hefur mikinn hluta vinnutímans verið að hlusta eftir uppköllum.

Fyrir tveim árum unnu 49 afgreiðslumenn á strandstöðvunum í kringum landið. Á þeim tíma dagsins sem mest var að gera voru samtals ellefu menn á vakt. Nú hefur þessum störfum fækkað í 21 og nú eru mest sex menn á vakt í einu. Þessar fækkanir komu þannig fram að þeir tveir starfsmenn sem unnu við loftskeytastöðina á Ísafirði hættu en störfum þeirra var bætt á loftskeytamennina á Siglufirði. Raunar fækkaði um einn starfsmann á Siglufirði um svipað leyti.

Í öðru lagi. Var þeim starfsmönnum sem unnu við loftskeytastöðina á Ísafirði boðin áframhaldandi vinna hjá Landssíma Íslands hf.? Ef svo var, við hvað og hvar?

Starfsmönnum var báðum boðið starf við starfsstöð upplýsingaþjónustunnar 118 sem rekin er á Ísafirði. Annar starfsmaðurinn þái það en hinn kaus að hætta störfum hjá Landssíma Íslands.

Í þriðja lagi. Er eitthvað í nýrri tækni sem kallar á að þessi störf séu unnin annars staðar en á Ísafirði?

Sameining starfanna á Ísafirði og Siglufirði í sumar var fyrst og fremst vegna hagræðingar í mannahaldi. Þá þegar stýrðu afgreiðslumennirnir á Siglufirði vestfirsku tækjunum að næturlagi og um helgar. Nú á þessu ári eru ekki tæknilegar forsendur til að yfirtaka störf Ísfirðinganna annars staðar en á Siglufirði án verulegs aukakostnaðar. Á næsta ári eða þar næsta verður hins vegar hægt að stýra allri fjarskiptaþjónustu strandstöðvanna frá Reykjavík.

Ég vil svo aðeins bæta því við vegna þess sem hv. þm. sagði um einhæf störf úti á landsbyggðinni, þá er það auðvitað alveg laukrétt að nauðsynlegt er að reyna að að fjölga þeim.

Á hinn bóginn hygg ég að fæstir tali í alvöru fyrir því að halda fólki á launum, hvort sem það er úti á landi eða hér í Reykjavík, við störf sem ekki eru lengur nauðsynleg vegna tækniþróunar og tæknibreytinga. Við erum ekki að færa störf utan af landi til þess að jafnmargir vinni að störfunum í Reykjavík, það er misskilningur hjá hv. þm. að svo sé. Þvert á móti er um það að ræða að tæknibreytingar valda því að ekki er þörf fyrir jafnmarga einstaklinga og áður.

Þetta hefur áður komið fyrir í fjarskiptum. Sú var tíðin að það voru símakonur í Reykjavík. Ég hygg að hv. þm. muni eftir að það voru líka símstöðvar frammi í Svarfaðardal eða frammi í Eyjafirði. Nú eru símarnir orðnir sjálfvirkir og þar með hefur auðvitað þeim símstúlkum eða símamönnum fækkað sem við slík störf unnu. Hér er einungis um slíkt að ræða. Tækninni fleygir fram og sjálfvirkir símar eru komnir í staðinn fyrir handstýringu.

[15:46]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það geta vel verið tæknileg rök fyrir því að fækka störfum við strandstöðvarnar. Ef það er svo þá verðum við auðvitað að una því þó aldrei megi ganga svo langt að það komi niður á öryggi sæfarenda við landið.

En hitt er ljóst að alveg er hægt að sinna þeim störfum úti á landi sem eru nú unnin í Gufunesi. Þess vegna hefði ég talið eðlilegra af hálfu Landssíma Íslands hf. að leggja niður starfsemina í Gufunesi og flytja þau störf sem þar eru unnin annaðhvort norður á Siglufjörð eða vestur á Ísafjörð. Fyrir því voru margs konar rök, m.a. þau að Landssími Íslands á að vera í sem bestu samstarfi við fólkið úti um landið og það hefði verið þáttur í því að skapa meiri sátt um þetta góða fyrirtæki en ella verður. Þess vegna held ég að það hafi verið skammsýni af hálfu Landssíma Íslands hf. að grípa ekki frekar til þess ráðs að færa störfin úr Gufunesi og annaðhvort norður eða vestur en að gera það á þann veg sem og hér hefur verið lýst.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það komu fram hjá hæstv. samgrh. ýmsar upplýsingar sem margar hverjar lágu í augum uppi. Spurningin var í rauninni sú, sem mér fannst hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem hér talaði á undan mér, orða ágætlega, sem sé þessi: Ef tæknibreytingar verða þannig að störfum fækkar, þarf þeim þá alltaf að fækka úti á landi? Hefur ekki tæknin líka leitt til þess að störfum hefur fækkað í Reykjavík og mátti ekki hugsa þessi mál upp að nýju?

Það þarf fólk til ákveðinna verka, hlusta eftir uppköllum, nefndi hæstv. ráðherrann. Þessar strandstöðvar hafa líka sinnt tilkynningarskyldunni. Það er þannig að þó svo far-

símaþjónusta hafi leyst stóran hluta þessara starfa af hólmi, eru ekki öll mið innan þjónustusvæða. Það er því nauðsynlegt að viðhalda ákveðinni þjónustu sem þarf a.m.k. í fyrirsjáanlegri framtíð að hafa fólk til. Þar er e.t.v. ekki síst um að ræða ýmiss konar öryggisþjónustu og það væri fróðlegt að heyra það frá hæstv. ráðherra hvort hann telur að nægjanlegs öryggis sé gætt með því að vera með alla þessa þjónustu á einum stað og það hér suður í Reykjavík.

[15:49]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vek athygli á því að ræður hv. þingmanna snerust um fsp. sem er næst á dagskrá. Ég mun því svara hv. þm. Vestf. undir réttum dagskrárlið í næstu fsp.

En vegna þess sem ... (Gripið fram í.) Ég ber ekki fram fyrirspurnir, hv. þm., heldur svara þeim. Ég vil aðeins út af því sem sagt var minna á að það hefur auðvitað dregist saman líka á Gufunesi eða hér í Reykjavík vegna þessarar tækni og algjör misskilningur hjá hv. þm. ef þeir halda að þar séu jafnmargir starfsmenn og áður. Í skipaþjónustunni í Gufunesi voru 28 afgreiðslumenn fyrir tveim árum. Nú eru þeir 13. Þegar þessi tæknibreyting hefur gengið í garð verða þeir sjö og fjórir í Vestmannaeyjum. Það er því síður en svo að við séum að tala um að við séum að flytja störf til þess að fjölga starfsmönnum Landssímans í Reykjavík ef verið er að gefa það í skyn. Þvert á móti er starfsmönnum að fækka um allt land í þessari grein fjarskipta vegna tæknibreytinga.

Ég hygg að eðlilegt sé ef við viljum flytja störf út á land að reyna þá að snúa okkur að einhverjum þeim sviðum þar sem þörf er fyrir störfin. Að öðru leyti verða þau aldrei til frambúðar og menn una ekki til lengdar í störfum sem þeir vita að hafa ekki þýðingu.

[15:51]

Útbýting þingskjala:

Aukin landkynning og efling ferðaþjónustu í dreifbýli, 194. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 210.

Framleiðsla og sala á búvörum, 110. mál, nál. landbn., þskj. 226.

Loftskeytastöð á Siglufirði.

Fsp. SvanJ, 129. mál. — Þskj. 129.

og

Loftskeytastöðin á Siglufirði.

Fsp. HjálmJ, 137. mál. — Þskj. 137.

[15:52]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Nú stendur svo á að 5. og 6. dagskrármálið eru fyrirspurnir um sama málið, þ.e. loftskeytastöð á Siglufirði. Annars vegar er um að ræða fsp. frá hv. 6. þm. Norðurl. e., Svanfríði Jónasdóttur, það er 129. mál, þskj. 129. Hins vegar er um að ræða fsp. frá hv. 2. þm. Norðurl. v., Hjálmari Jónssyni, það er 137. mál, þskj. 137. Báðar fyrirspurnir eru til hæstv. samgrh.

Forseti vill leggja til að umræður um 5. og 6. dagskrármálið verði sameinaðar og verður það gert ef enginn hreyfir andmælum. Að sjálfsögðu verður tekið tillit til þess í tímavörslu að um tvö mál er að ræða. Ég hef gert ráð fyrir því að fyrirspyrjendur báðir taki til máls áður en ráðherra svarar.

[15:52]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það kom vel fram í umræðunum áðan hve fjölbreytni í atvinnulífinu er mikilvæg fyrir eðlilega byggðaþróun í landinu. Það var ekki verið að gefa það í skyn, eins og hæstv. ráðherra sagði, að verið væri að flytja störf til þess að fjölga þeim í Reykjavík. Það var miklu frekar talað um að þó svo samdráttur sé er ekki nauðsynlegt að hann komi allur fram úti á landi, eða af fullum þunga. Það er líka hægt að hugsa sér að hann komi fram af fullum þunga í Reykjavík en að þau störf sem eftir verða verði annars staðar. Það er sú hugsun sem ég held að væri mjög gott ef hæstv. ráðherrann vildi taka undir með okkur.

Stöðin á Siglufirði er mikilvæg. Eins og ég sagði áðan, herra forseti, eru skip ekki alltaf í farsímasambandi, stöðin sinnir öryggishlustun, sem er e.t.v. mikilvægust, og tilkynningarskyldan er einnig mikilvægur hluti störfum stöðvarinnar. Fróðlegt væri að heyra frá hæstv. ráðherra, af því að við erum að ræða þetta mál, hvort vænta megi einhverra breytinga varðandi form á tilkynningarskyldu. Hvort sú ákvörðun um að gera tilkynningarskylduna sjálfvirka, hvort þau áform eru eitthvað að breytast og það gæti síðan aftur haft breytingar í för með sér fyrir strandstöðvarnar. Þetta er aukaspurning ef ráðherrann væri með upplýsingar um þessa hluti því mér barst það til eyrna að eitthvað væri að breytast í sambandi við sjálfvirku tilkynningarskylduna.

Herra forseti. Af því að við erum að tala um flutning á störfum, og það er nú mikið gert þessa dagana, og af því að menn virðast oft skilja samhengi hlutanna og mikilvægi svo miklu betur þegar horft er héðan úr kvosinni þá jafngildir þessi flutningur á störfum frá Siglufirði ekki því að fimm heldur 500 störf væru flutt á einu bretti frá höfuðborgarsvæðinu. Við erum að tala um fimm störf frá Siglufirði og þau jafngilda því að á einu bretti væru flutt fimm hundruð störf héðan af höfuðborgarsvæðinu. Ég býst nú við, herra forseti, að ýmsum þætti slíkur flutningur mikil tíðindi og þau ill. Svona miklu munar um þessi störf fyrir norðan og jafnvel enn þá meira, herra forseti, þar sem einhæfni atvinnulífsins er mikil og þess vegna eykst mikilvægi hvers starfs í þjónustu.

Ég vil því endurtaka að það þarf að vera mjög ríkur rökstuðningur fyrir flutningi af þessu tagi, rökstuðningur í þá veru að störfin séu þá beinlínis ekki lengur framkvæmanleg á staðnum eða enginn vilji vinna þau lengur. Ég hef þess vegna lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. samgrh. á þskj. 129:

1. Hver er ástæða þess að Landssími Íslands hf. ákvað að leggja niður loftskeytastöðina á Siglufirði?

2. Verða þau störf sem unnin eru við stöðina færð annað og þá hvert?

3. Hefur þeim starfsmönnum sem starfað hafa við loftskeytastöðina á Siglufirði verið boðin áframhaldandi vinna hjá Landssímanum? Ef svo er, við hvað eiga þeir þá að starfa og hvar?

4. Er eitthvað í nýrri tækni sem kallar á að þessi störf séu unnin annars staðar en á Siglufirði?

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Stjórnarsáttmálinn kveður á um að störfum skuli fjölga úti á landsbyggðinni, störf skulu færð út á land.

Þessi þróun er vissulega að hefjast. Ég nefni sem dæmi þróunarsvið Byggðastofnunar sem starfrækt er nú á Sauðárkróki og fer vel af stað og engin sérstök vandamál hafa komið upp út af. Ég nefni einnig innheimtudeild Íbúðalánasjóðs sem verður með nýju hlutverki sínu einnig starfrækt á Sauðárkróki. Með nýrri tækni hefur þessi aðgerð orðið mun auðveldari, að færa störf og deildir út á land.

Fjarkennsla, nám í framhaldsskóla eða háskóla í heilum landshlutum getur farið fram gegnum internetið og með gagnvirkri sjónvarpstækni. Búið er að gjörbreyta möguleikum til náms einnig þótt fjarlægðir séu til skóla. Þannig er verið að hefja háskólanám á Austurlandi, það er hafið á Vestfjörðum og að hefjast á Austurlandi og fleiri landshlutar munu vafalaust fylgja í kjölfarið, þ.e. að háskólarnir þurfa ekki nýjar byggingar í landshlutunum heldur er einfaldlega verið að breiða þá út, færa þá út til fólksins gegnum þessa nýju tækni.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, Svanfríði Jónasdóttur, að þegar þessi þróun er nú hafin berast fréttir af að fyrirhugað sé að færa fimm störf frá Siglufirði og leggja þar niður loftskeytastöðina, en þau fimm störf jafngilda mörg hundruð störfum hér. Hún nefndi háa tölu. Það er jafngild tala í Reykjavík að færa héðan fimm hundruð manns eða svo til starfa einhvers staðar annars staðar. Svo mikil blóðtaka er þetta fyrir lítið byggðarlag.

Því spyr ég hæstv. samgrh.: Hvers vegna þarf að loka loftskeytastöðinni á Siglufirði ef um leið er hægt að veita starfsmönnunum, sem þar starfa nú, sambærilega vinnu í Gufunesi? Hvers vegna er ekki hægt á þessu sviði eins og mörgum öðrum að færa hluta starfseminnar út á land og nota til þess tæknina? Þeir sem stjórna loftskeytastöðvum hljóta að hafa áttað sig á þeirri nýju tækni sem felst í símatækninni og ljósleiðaranum og breiðbandinu og þessari gagnvirku sjónvarpstækni. Allt hefur þetta náð til Siglufjarðar eins og annarra staða. Getur því Landssíminn ekki aukið einhverja aðra starfsemi sína á Siglufirði, haft þar deild starfsemi sinnar þannig að loftskeytastöðin muni haldast þar og staðþekking og öryggi minnki ekki, strandþjónusta stöðvarinnar verði þar áfram eins og hún er núna að viðbættum öðrum verkefnum?

[15:59]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt er hver sé ástæða þess að Landssíminn ætlar að leggja niður loftskeytastöðina á Siglufirði og önnur fsp. sama efnis.

Áður fyrr voru fjarskiptastöðvar eini tengiliður sjómanna við þá sem voru á landi. Að sama skapi voru strandstöðvarnar eini tengiliðurinn frá landi til sjófarenda. Á undanförnum árum hafa orðið stórstígar framfarir í fjarskiptamálum með þeim afleiðingum að verulega hefur dregið úr þörf fyrir starfsemi strandstöðva.

Fyrsta stórbyltingin var tengd NMT-farsímakerfi Landssímans. Með uppsetningu þess, sem nú er að fullu afstaðin, varð sjófarendum á öllum helstu miðum Íslands kleift að hringja í land og unnt var að ná til þeirra með síma. Vegna minni kostnaðar og aukinna þæginda sem þessu fylgdu fyrir sjómenn og fjölskyldur þeirra hættu menn að nota strandstöðvarnar til persónulegra fjarskipta þar sem því varð við komið.

Utan við 50 sjómílur hafa skipin notað strandstöðvarnar. Af þessu leiðir að samtöl frá skipi til lands í gegnum strandstöðvar Landssímans eru nú mun færri en áður. Fyrirsjáanlegar eru breytingar á fjarskiptatækni við skip sem munu draga enn frekar úr notkun strandstöðva en nú er orðið. Sjálfvirk tilkynningarskylda verður að raunveruleika innan tíðar en allt að helmingur vinnutímans hjá starfsmönnum loftskeytastöðvanna hefur verið vegna handvirku tilkynningarskyldunnar og mér er ekki kunnugt um, vegna þeirrar fyrirspurnar sem hér kom fram, neinar breytingar í þeim efnum.

Nýtt alþjóðlegt fyrirkomulag í neyðar- og öryggisfjarskiptum skipa kemur til framkvæmda. Neyðarköllin verða að mestu send út með því að ýta á neyðarhnapp og ræsa þá sjálfvirkt sérstakan búnað bæði í landi og um borð í öðrum skipum. Þessum sjálfvirku neyðarköllum fylgir oftast aflestur af staðsetningartækjum skipanna. Þetta nýja fyrirkomulag hefur það í för með sér að færri menn geta sinnt neyðarvaktinni af öryggi.

Sjómenn munu í vaxandi mæli fara að hringja um gervihnattafarsímakerfi. Mörg stærri skip í flota Íslendinga eru nú þegar búin Inmarsat-gervihnattabúnaði sem notaður er til skeytasendinga í land þegar skipin fara út fyrir þjónustusvæði NMT-farsímakerfisins. Enn frekari bylting er nú að eiga sér stað á þessu sviði sem mun draga úr eða eyða þörfinni fyrir strandstöðvar á næstu árum. Iridium og Global Star alheimsfarsímakerfi eru nú að sjá dagsins ljós en miðað við fullyrðingar forsvarsmanna þeirra fyrirtækja munu þau verða samkeppnisfær í verði, en hafa ber í huga að símtalaverð í gegnum strandstöðvar á Íslandi eru miklu lægri en í gegnum strandstöðvar í nágrannalöndum okkar. Auk þess gefur Inmarsat-gervihnattakerfið sem nú er í mörgum skipum sem fara út fyrir þjónustusvæði farsímakerfis Landssímans, möguleika á talfjarskiptum.

Framfarir í fjarskiptamálum sjómanna hafa valdið því að notkun strandstöðva Landssímans hefur verulega dregist saman á undanförnum árum. Þrátt fyrir mikinn niðurskurð í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Siglufirði hefur verið mikið tap á rekstri strandstöðvanna. Þar sem líklegt er að sjófarendur muni nýta sér nýjungar í fjarskiptamálum er nauðsynlegt að draga eins mikið úr allri starfsemi og kostur er svo draga megi úr rekstrarkostnaði stöðvanna.

Rætt hefur verið um að leggja afgreiðsluna á Siglufirði niður á miðju næsta ári. Að sögn forstjóra Landssímans er nú hins vegar ljóst að af lokun hennar verður ekki á næsta ári. Fyrri áform miðuðust við að þróunin í fjarskiptum yrði afar hröð, en henni mun seinka einkum af þrem ástæðum.

Global Star gervihnattakerfinu seinkar um u.þ.b. hálft ár vegna óhapps við uppskot tíu gervihnatta af rúmlega 50.

GMDSS-neyðarfjarskiptabúnaður í skip fæst ekki afgreiddur á réttum tíma. Þetta er alþjóðlegur vandi og skapast af því að framleiðendur hafa ekki undan þegar öll stærri skip heimsins þurfa búnað á skömmum tíma.

Vandamál í flugfjarskiptakerfum sem tengjast árinu 2000 munu taka mikinn tíma í fjarskiptastöðinni í Gufunesi á fyrri hluta næsta árs. Þess vegna mun tengingu radíóbúnaðarins sem tengist Siglufirði inn á afgreiðsluhnútinn í Gufunesi seinka eitthvað.

Strandstöðinni á Siglufirði verður því ekki lokað á næsta ári eins og gert hafði verið ráð fyrir og mun dragast fram eftir árinu 2000 að það verði gert, og mér þykir sjálfsagt og einhlítt að nota tímann þangað til til þess að Landssíminn geti í samráði við heimaaðila athugað hvort ekki megi koma upp annarri starfsemi í stað þessarar.

Spurt er: Verða þau störf sem unnin eru við stöðina færð annað og þá hvert?

Eins og áður er fram komið hefur störfum við strandþjónustuna fækkað vegna tækniþróunar og tækninýjunga sem leiddi til þess að ekki var lengur þörf fyrir þau. Þetta er sama þróun og orðið hefur á öðrum sviðum fjarskiptatækninnar. Þó munu starfsmenn í Gufunesi og í Vestmannaeyjum yfirtaka neyðar- og öryggishlutverk strandstöðvanna. Tveir til þrír menn verða á vakt samtímis eða samtals 13 starfsmenn.

Spurt er: Hefur þeim starfsmönnum sem starfað hafa við loftskeytastöðina á Siglufirði verið boðin áframhaldandi vinna hjá Landssímanum? Ef svo er, við hvað eiga þeir þá að starfa og hvar?

Starfsmönnum hefur verið sagt að Landssíminn vilji gera sitt besta til að hjálpa þeim að finna ný störf. Ef þeir sækist eftir starfi sem er á lausu hjá Landssímanum hvar sem er á landinu verði það skoðað með jákvæðu hugarfari. Þeir voru upplýstir um að aðrir starfsmenn strandstöðva sem hafa misst vinnu sína hefðu farið í eftirtalin störf hjá Landssímanum:

Upplýsingaþjónustan 118, þrír á Ísafirði.

Flugfjarskipti, fimm í Reykjavík.

Þjónustumiðstöð, tveir í Reykjavík.

Viðhald og uppsetningar, einn í Reykjavík.

Það kom fram að verulegar líkur væru á að hægt verði að útvega önnur störf fljótt við upplýsingaþjónustuna 118 á Akureyri, við þjónustumiðstöðina í Reykjavík og við flugfjarskipti í Reykjavík. Einn starfsmannanna á Siglufirði hefur talið hag sínum best borgið með því að hætta án uppsagnarfrests þar sem hinir starfsmennirnir féllust á að lengja vinnutíma sinn til að sinna hans vöktum og var orðið við þeirri beiðni. En eins og ég sagði áðan þá eru nú aðstæður breyttar þar sem sýnilegt er að ekki kemur til þessarar uppsagnar fyrr en ári síðar en ætlað var og ég tel rétt að nota tímann til þess að athuga hvort hægt sé að finna önnur störf fyrir þessa starfsmenn.

Að síðustu er spurt: Er eitthvað í nýrri tækni sem kallar á að þessi störf séu unnin annars staðar en á Siglufirði?

Þessi mikla fækkun starfsmanna og sameining starfa krefst þess að tæknilegur frágangur sé öruggari en áður. Í Gufunesi þar sem Landssíminn rekur fjarskiptaþjónustu fyrir flugið yfir Norður-Atlantshafið í samvinnu við Alþjóðaflugmálastofnunina er mikið öryggi í öllum frágangi. Þar eru tvær varavélar fyrir rafmagn, símalínurnar koma úr tveimur áttum og tæknimenn á vakt eða bakvakt. Í Gufunesi er nú þegar tæknihnútur fyrir skipaþjónustuna sem verður nógu stór til að þjóna öllum radíóbúnaði á landinu eftir að áðurnefndar breytingar verða komnar til framkvæmda.

Uppbygging annars tæknihnúts kostar um 80–100 milljónir í fjárfestingu auk rekstrarkostnaðar. Ef við viljum á annað borð koma til móts við landsbyggðina til að skapa þar störf þá tel ég að svo mikilli fjárhæð yrði betur varið með öðrum hætti en að reyna að verja fjögur störf með þvílíkum fjármunum.

Mesta öryggi fæst með að vera með a.m.k. einn afgreiðslumann í skipaþjónustunni á vakt í Gufunesi sem næst tækjabúnaði tæknihnútsins og annan starfsmann á álagstímum. Ákveðið var að hafa einn starfsmann á vakt utan Reykjavíkur. Valið stóð á milli Vestmannaeyja og Siglufjarðar. Ástæða þess að Vestmannaeyjar urðu fyrir valinu er samnýting starfsmannanna og tekjur fyrir loftskeytastöðina þar sem starfsmennirnir vinna einnig fyrir Cantat 3 sæsímastrenginn. Verulegur kostnaður fylgir því að láta þriðja manninn, sem bætist á vaktina hluta dags á virkum dögum, vera á þriðja vinnustaðnum.

Ég vil, herra forseti, taka fram að þær tæknilegu upplýsingar sem koma fram í þessu svari eru frá Landssímanum hf.

[16:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég veit að hæstv. samgrh. er önnum kafinn maður. En mér þykir það með ólíkindum hversu illa hann fylgist með þróun í nútímatækni á þessu sviði. Það eru ekki nema nokkrar vikur eða a.m.k. ekki meira en tveir mánuðir, hygg ég, frá því að þessi ákvörðun var tekin um að loka stöðinni á Siglufirði, en nú kemur hæstv. ráðherra og segir okkur að sem betur fer hafi verið hætt við það vegna þess að komið hafi í ljós að ekki voru tæknilegar forsendur fyrir því. Þetta þykir mér bera vitni um handarbakavinnubrögð í þessu ráðuneyti.

Hæstv. ráðherra segir hérna sjálfur: „Er ekki rétt að nota 80–100 milljónir, sem ella færu í að verja störf fjögurra manna á Siglufirði, í eitthvað annað?“ Það er bara alveg hárrétt, herra forseti. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Er hann reiðubúinn til að lýsa því hér yfir að þessum peningum sem á að spara með þessum hætti verði varið til þess að efla atvinnulíf á Siglufirði?

[16:09]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég ætla að endurtaka það einu sinni enn, vegna þess að mér finnst ástæða til þess og það hefur margoft komið fram í umræðu um störf ýmist hér eða úti á landi, að spurningin um að flytja störf er kannski ekki númer eitt heldur hitt að viðhalda þeim störfum sem fyrir eru, þ.e. að reyna að valda sem minnstri röskun. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra þá er bara umræðan um lokun stöðvarinnar á Siglufirði þegar búin að hafa það í för með sér að einn starfsmaður er hættur og farinn. Það er auðvitað mjög slæmt þegar umræðan ein og sér hefur þau áhrif að menn hugsa sér til hreyfings.

Þetta er einmitt hættan við það að fara að tala um hlutina, ég tala nú ekki um þegar það er eins ótímabært og hér hefur komið í ljós, því að þegar farið er að skoða málið nánar þá kemur í ljós að tæknin leyfir ekki þann flutning sem menn ætluðu sér að fara í á næsta ári, leyfir hann ekki fyrr en hugsanlega einhvern tíma á árinu 2000.

Ég ætla að taka hæstv. ráðherra á orðinu hvað það varðar að þessu fólki verði fundin önnur störf og að tíminn verði þá notaður til þess að efla aðra atvinnustarfsemi. Ég er alveg viss um að ef hæstv. ráðherra kannaði það í sínu ráðuneyti þá væri hægur vandi fyrir hann að finna þar verkefni sem mætti hæglega vinna annars staðar en innan þeirra stofnana eða í þeim húsum eða kössum þar sem þau eru unnin nú í dag og koma þeim störfum fyrir annars staðar með því að nýta nútímatækni. Þessum 80 milljónum sem ráðherra ræddi um áðan væri þá væntanlega betur varið við uppbyggingu annars atvinnulífs sem hefði meiri möguleika til framhaldslífs en mér heyrist að búið sé að ákveða fyrir strandstöðvarnar.

[16:11]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég fagna orðum og yfirlýsingu hæstv. samgrh. þess efnis að nota tímann — sem er reyndar lengri en menn bjuggust við — þangað til stöðinni verður lokað á Siglufirði til þess að finna verkefni sem eðlilegt væri að færa

til Siglufjarðar þannig að þar haldist í það minnsta sambærileg og jafnmörg störf eða fleiri. Einnig tek ég undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem sagði að auðvitað væri eðlilegt að nýta eitthvað af þeim sparnaði sem felst í því að ný tækni þjappar þessu saman, þ.e. að nota þá fjármuni til þess að huga að atvinnuuppbyggingu á Siglufirði. Það leist mér afar vel á og tek undir það.

Þessi nýja tækni sem hefur komið til sögunnar og hér hefur verið gerð að umtalsefni gerir okkur auðveldara að byggja allt landið. Fjarlægðir verða afstæðar með nýjum búnaði, nýr tími og ný hugsun þarf líka að fylgja í kjölfarið. Það er auðvelt að hafa hluta af stofnunum, deildir stofnana, fjarri aðalstöðvunum eða miðstöðinni, í jafngóðum tengslum við allt þjónustusvæðið. Þetta þekkja þeir líka á Landssímanum, mér er kunnugt um það. Verkefnum er einfaldlega skipt á milli landsvæða.

Margt fleira getur verið á döfinni þegar menn hafa varpað af sér fjötrum gamla hugsunarháttarins. Tillögurnar í stefnumótandi byggðaáætlun hæstv. forsrh. bera vott um að stjórnvöld séu tilbúin að nýta hina nýju tækni til að forða landsmönnum frá því að hrúgast allir á sama landsvæðið og þess þarf auðvitað að sjá stað í ákvörðunum. Hindranirnar sem eru á því að við nýtum þessa þróun til að efla landsbyggðina eru fyrst og fremst huglægar. Þetta er eins og gamla sagan um að styttra sé frá Siglufirði til Reykjavíkur heldur en frá Reykjavík til Siglufjarðar, en ýmsir telja svo vera. Þannig hafa menn ekki fyllilega áttað sig á því að merkið eftir ljósleiðaranum á alveg jafnauðvelda leið hvora áttina sem farið er.

Herra forseti. Tækninni á að beita með landsbyggðinni en ekki gegn henni. Tæknin dregur ekki úr gildi Siglufjarðar og stöðvarinnar þar fyrir Landssímann.

[16:13]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er alltaf gaman að heyra hinn ópólitíska ritstjóra taka til máls í þingsalnum. Auðvitað kom það fram í máli hv. þm. að hann var mjög óánægður yfir því að ekki skuli koma til þess að strandstöðinni á Siglufirði skuli lokað nú á næsta sumri heldur muni það dragast um eitt ár a.m.k., og gat hann ekki leynt ólund sinni af þeim sökum sem er í raun og veru í samræmi við málflutning hans hér fyrr og síðar.

Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði áður að hér er einungis um það að ræða að tækniþróun veldur því að störf breytast hjá Landssímanum, færast til. Sums staðar bætast við ný störf, annars staðar fækkar þeim og það er, eins og ég sagði áður, óhugsandi að hægt sé að hafa nákvæmlega jafnmörg störf við handvirka símaþjónustu og áður. Á hinn bóginn mun ég, eins og ég sagði, ræða það við Landssímann hvort hann ásamt heimamönnum geti unnið að því að koma því svo við að þeir starfsmenn sem hér eiga í hlut geti komið að öðrum störfum á Siglufirði þegar að því kemur á árinu 2000 að strandstöðinni verði lokað.

Fræðsla fyrir erlenda ferðamenn.

Fsp. KÁ, 154. mál. — Þskj. 154.

[16:15]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Í sumar varð nokkur umræða um hvernig erlendir ferðamenn sem hingað koma eru upplýstir um þau lög og reglur sem hér gilda eða þær hættur sem kunna að leynast í íslenskri náttúru. Þessi umræða varð í kjölfar hörmulegs umferðarslyss þegar frönsk kona lét lífið í bílslysi eftir að bíllinn sem hún var í ók á sauðkind. Þá gerðist það einnig að bíll með erlendum ferðamönnum valt af sömu ástæðu, vegna lausagöngu búfjár meðfram vegum landsins. Og í þriðja lagi gerðist það að þýskir ferðamenn festu bíl sinn í leir utan vega uppi á hálendinu, en einnig varð umræða um það vegna þess að sýslumaður viðkomandi sýslu ákvað að láta ferðamennina sleppa við sektir og fresta því að taka á málinu um eitt ár þegar yrði komið í ljós hvort verulegar skemmdir hefðu orðið á náttúrunni. Þessu mótmælti umhvrn. Allt þetta olli því að hér urðu töluverðar umræður um hvernig ferðamenn sem hingað kæmu væru upplýstir. Það vekur spurningar um hvort ekki þurfi að taka verulega á í þeim efnum.

Það kom fram að Umferðarráð hefur unnið að því að koma upplýsingum til erlendra ferðamanna um ástand vega og umhverfi þeirra á Íslandi. Ráðið hefur látið gera myndbönd og bækling á fimm tungumálum sem dreift hefur verið á bílaleigur. En í blaðaviðtölum við fulltrúa Umferðarráðs kom fram að þeir hefðu miklar efasemdir um að þær upplýsingar kæmust til skila.

Það koma auðvitað ýmsir fleiri að þessum málum, eins og Ferðamálaráð og fleiri aðilar. En það er hreðilegt að horfa upp á fólk láta lífið, slasast og bíla eyðileggjast, m.a. vegna lausagöngu búfjár, og ekki síst að menn vinni tjón á íslenskri náttúru vegna þess að þeir telja sig ekki vita hvaða lög og reglur gilda hér.

Vegna alls þessa beini ég þremur spurningum til hæstv. samgrh.

Í fyrsta lagi: Hvaða reglur gilda um fræðslu fyrir erlenda ferðamenn sem koma hingað til lands?

Í öðru lagi: Hvaða kynningarefni fá erlendir ferðamenn í hendur við komu til landsins og hvert er inntak þess?

Í þriðja lagi: Hvaða áform eru uppi um að bæta fræðslu fyrir erlenda ferðamenn í ljósi nýlegra slysa á ferðamönnum og gáleysislegrar umgengni þeirra við landið?

[16:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt er: Hvaða reglur gilda um fræðslu fyrir erlenda ferðamenn sem koma hingað til lands?

Ekki eru neinar reglur um fræðslu fyrir erlenda ferðamenn sem koma til Íslands. Þrátt fyrir það hefur verið lögð mikil áhersla á að auka kynningar- og upplýsingaþáttinn á undanförnum árum. Árið 1987 var opnuð Upplýsingamiðstöð ferðamála í Reykjavík þar sem erlendir ferðamenn leita sér upplýsinga um allt sem varðar ferð þeirra um Ísland. Nú koma um 90 þúsund gestir árlega í þessa upplýsingamiðstöð.

Í framhaldi af opnun hennar hafa síðan alls 42 upplýsingamiðstöðvar verið opnaðar á landinu og gegna þær lykilhlutverki í að koma réttum upplýsingum beint til ferðamanna og auka þannig öryggi ferðafólks á ferð um Ísland. Á þessu ári var opnuð upplýsingamiðstöð í Leifsstöð. Í bæklingi Ferðamálaráðs sem dreift er í 300 þúsund eintökum á

níu tungumálum eru ýmsar leiðbeiningar um akstur á Íslandi og umgengni við landið.

Árið 1994 hóf Veðurstofan að gefa út veðurspá á ensku til ferðamanna og er sú spá nú á símsvara eins og aðrar spár. Á sama hátt gefur Vegagerðin einnig upplýsingar um færð á ensku. Viðkomandi símanúmer eru í kynningarefni Ferðamálaráðs.

Fyrir örfáum árum var unnið samstarfsverkefni samgrn., dómsmrn., umhvrn., Ferðamálaráðs, Náttúruverndarráðs, Vegagerðar, Slysavarnafélags og lögreglu, þar sem allar aðkomuleiðir að hálendinu voru merktar með varúðarmerkjum svo og gefinn út sérstakur bæklingur um akstur á hálendi og reglur um umgengni við landið.

Spurt er í öðru lagi: Hvaða kynningarefni fá erlendir ferðamenn í hendur við komu til landsins og hvert er inntak þess?

Erlendir ferðamenn koma til landsins aðallega á fjórum stöðum: Í Leifsstöð, á Reykjavíkurflugvöll, til Seyðisfjarðar og einnig til Akureyrar. Ekkert samræmt efni er afhent hverjum og einum ferðamanni sem kemur til Íslands. Alls konar upplýsinga- og fræðsluefni liggur frammi á upplýsingamiðstöðinni í Leifsstöð svo og við komu til Seyðisfjarðar. Þá liggur upplýsinga- og fræðsluefni frammi hjá bílaleigum auk áðurnefndum upplýsingamiðstöðvum.

Hvað varðar inntak þessa efnis þá er það mjög breytilegt en áhersla hefur verið lögð á, sérstaklega á Seyðisfirði og á bílaleigum, að þar væri áðurnefndur bæklingur og einnig bæklingur Umferðarráðs þar sem farið er yfir helstu reglur um akstur hér á landi.

Spurt er í þriðja lagi: Hvaða áform eru uppi um að bæta fræðslu fyrir erlenda ferðamenn í ljósi nýlegra slysa á ferðamönnum og gáleysislegrar umgengni þeirra við landið?

Eins og fram hefur komið í svörum hér að framan hefur stöðugt verið unnið að því að bæta og auka upplýsingaefni fyrir erlenda og innlenda ferðamenn og bæta aðgengi að því. Nú er unnið að endurbótum á vefsíðu Ferðamálaráðs þar sem enn frekari áhersla verður lögð á öryggis- og umgengnisþáttinn en fyrr. Kannanir sýna að stöðugt hærra hlutfall erlendra gesta okkar leitar sér upplýsinga á vefnum áður en ferð hefst.

Í stefnumótun samgrn. í ferðamálum og framkvæmdaáætlun hennar frá 1997 er lögð áhersla á að nýta nýjustu tækni til að reyna að tryggja að upplýsingar nái til ferðamanna. Í samræmi við þetta er nú unnið að frekari þróun rafrænnar upplýsingamiðlunar auk þess sem áhersla verður lögð á að kynna betur þá möguleika sem fyrir hendi eru nú þegar með upplýsingum til erlendra ferðamanna á símsvörum Vegagerðar og Veðurstofu.

Þá er einnig í samræmi við niðurstöður áðurnefndrar stefnumótunar að hefjast aukið samstarf á milli stofnana samgrn. og umhvrn. þar sem m.a. verður unnið að aukinni fræðslu varðandi umgengni ferðafólks við landið og einnig varðandi útbætur á ferðamannastöðum, þar með taldar merkingar t.d. við hveri og heitar laugar. Þannig er stöðugt verið að leita leiða til að koma upplýsingum til erlendra og innlendra ferðamanna og auk byltingarinnar, sem orðið hefur með tilkomu rafrænna upplýsingaleiða. Segir aukningin úr einni upplýsingamiðstöð á landinu 1987 í 42 ellefu árum síðar sína sögu um þær áherslur.

Ég vil síðan bæta því við að Vegagerð ríkisins hefur unnið mjög skipulega og vel að því að bæta merkingar úti á þjóðvegum landsins, bæði þar sem eru einbreiðar brýr og þar sem vænta má að búpeningur sé rekinn yfir hringveginn eða fjölfarna vegi og á hverju ári er unnið að því að loka hólfum eða girða meðfram vegum til þess að reyna að draga úr því að hætta sé á að kindur eða búpeningur hlaupi fyrirvaralaust út á þjóðvegi landsins.

[16:23]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þessa fyrirspurn hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur. Í sambandi við fræðslu til erlendra ferðamanna má minna á nýlega grein þar sem kom fram að fjöldi erlendra ferðamanna kemur að Reykholti í Biskupstungum og er þá að leita að Reykholti í Borgarfirði. Þá má minna á kostnaðarsama leit að fólki, t.d. á Drangjökli fyrir nokkrum árum þar sem fólk hafði enga vitneskju um að þarna væri það á hættuslóðum. Þarna var um hreina vanþekkingu að ræða og engar upplýsingar.

Sérstaklega þarf að brýna fyrir fólki að láta vita ef farið er út fyrir hefðbundnar leiðir og láta vita af áætlunum sínum, t.d. þegar farið er á fjöll og jökla. Upplýsingapoki má vera til með lágmarksupplýsingum til ferðamanna. Þetta mundi draga úr slysum og ýmsum vandræðum auk þess að kynna betur perlur landsins. Málið er því brýnt með tilliti til þeirrar aukningar ferðamanna sem hér hefur orðið.

[16:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að setja reglur um kynningu á hættum í íslenskri náttúru og það kemur á óvart að engar reglur skuli vera til. Í öðrum löndum, þar sem ferðaþjónusta er þróuð, eru slíkar kynningar í gangi fyrir hvern ferðamann sem kemur inn í landið. Í Afríku er t.d. varað við því að ekki sé óhætt að vera á gangi úti þar sem villt rándýr gætu verið og einnig varað við vatni sem ekki er drykkjarhæft o.s.frv.

Sérstaklega vil ég minna á slys þar sem ungur ferðamaður varð úti hér á landi þegar hann var á leið yfir úfið hraun. Það þarf því að vara við úfnum hraunum, hálendinu og jöklunum, landsvæðum sem geta verið viðsjárverð í slæmum veðrum.

Annað vil ég minna á varðandi lausagöngu búfjár og bílslys af hennar völdum, að nauðsynlegt er að setja upp skilti til að benda ferðamönnum á að þarna geti verið á ferðinni kvikfénaður sem hleypur óforvarandis yfir vegi. Í Ástralíu eru þeir með skilti um allt meðfram vegum þar sem kengúrur hlaupa gjarnan yfir og einnig í Evrópu eru víða slík skilti með myndum af villtum dýrum, t.d. elg, þar sem hætta er á að þeir hlaupi yfir vegi. Það er auðvitað nauðsynlegt að gera slíkt hér meðan búfé er hlaupandi yfir þjóðvegi landsins.

[16:26]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það kemur mér á óvart að engar reglur skuli vera í gildi hér um fræðslu til erlendra ferðamanna og má nú undarlegt heita miðað við þau fjölmörgu slys sem hafa orðið á undanförnum árum og áratugum. Fyrir utan þau dæmi sem hafa verið nefnd í umræðunni þá minnist ég þess að hörmuleg slys hafa orðið í jökulám, ísköldum jökulám, þar sem fólk áttar sig ekki á hversu hættulegar íslenskar ár geta verið. Það hafa orðið mjög alvarleg brunaslys í laugum og hverum. Fólk hreinlega áttar sig ekki á því hvað íslensk náttúra getur verið hættuleg um leið og hún er ægifögur. Og hingað koma flestir til að skoða íslenska náttúru.

Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til að setja reglur um þetta til að reyna að tryggja að þessi mjög svo nauðsynlega

fræðsla berist hverjum einasta ferðamanni sem hingað kemur. Það er ekki þar með sagt að fólk lesi þær upplýsingar sem það fær, það þarf ekki endilega að vera lesefni, og hægt er með ýmsu móti að koma upplýsingum til fólks. Við eigum að gera það sem við getum til að efla hér ferðaþjónustu. En við þurfum líka að gera allt sem við getum til að koma í veg fyrir hörmuleg slys og einnig auðvitað til að verja íslenska náttúru því að hún er eitt það dýrmætasta sem við eigum.

[16:28]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það má vera að það sé rétt að reyna að setja einhverjar ákveðnar reglur um hvaða upplýsingum nauðsynlegt sé að koma til ferðamanna og er sjálfsagt að athuga það.

Á hinn bóginn skulum við ekki gera of lítið úr því að mjög örðugt er að koma í veg fyrir slys og margir menn sem eru mjög kunnugir íslenskri náttúru hafa því miður brennt sig á því, látið lífið eða slasast stórkostlega. Náttúra Íslands getur verið mjög grimm og veður óvægin, svo ekki sé meira sagt.

Ég vil minna á að nú er völ á fullkominni miðunartækni í gegnum Flugbjörgunarsveitina þar sem ferðamenn sem fara inn á óbyggðir geta gert ferðaáætlun fyrir fram og eru síðan með búnað á sér sem veldur því að hægt er að fylgjast með ferðamanninum og ferðum hans hvar sem hann fer, sem veldur því að auðvelt er að átta sig á ef eitthvað óhapp hefur hent eða ferðamaðurinn er kominn í ógöngur. Þannig er stöðugt verið að reyna að vinna að öryggi ferðamanna, hvort sem þeir eru íslenskir eða erlendir. En auðvitað er það rétt hjá hv. þingmönnum að lengi er hægt að gera betur í þeim efnum.

Áhrif af Schengen-aðild á ferðaþjónustu.

Fsp. EKG, 155. mál. — Þskj. 155.

[16:30]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að rifja aðeins upp hver helstu markmið aukinnar Evrópusamvinnu eru. Í fyrsta lagi eru það pólitísk markmið um aukna samvinnu milli þjóðanna til að draga úr hættunni á átökum þeirra í millum. Hins vegar býr að baki sú fullvissa að aukin samvinna þjóðanna og það að draga úr eftirliti á landamærum muni leiða til aukinnar efnahagslegrar velmegunar. Það er talið draga úr kostnaði atvinnulífsins og gera það að verkum að meira sé þá til skiptanna og það muni auka þjóðarframleiðsluna í viðkomandi ríkjum. Hin svokallaða Cecchini-skýrsla, sem mig minnir að hafi heitið svo, leitaðist við að sýna fram á að með því að gera Evrópu að einum markaði þá mætti draga svo úr kostnaði að þjóðarframleiðslan í Evrópu ykist um tiltekin prósent á ári hverju, vegna þess að kostnaðurinn minnkaði og eftirlit minnkaði sömuleiðis.

Þetta þurfum við að hafa í huga þegar við ræðum um hugsanlega Schengen-aðild. Hluti af þessu dæmi öllu saman er spurningin um hvort aðildin að Schengen muni í raun og veru draga úr tilkostnaði í atvinnulífinu og þá alveg sérstaklega ferðaþjónustuna. Eins og málin standa nú varðandi Schengen þá eru markmiðin óskýr og ávinningurinn líka óljós. Þess vegna er það mjög mikilvægt áður en gengið er til þessa samstarfs að slíkar upplýsingar liggi fyrir. Hvað áhrif mundi hugsanleg aðild okkar að Schengen hafa á efnahagslífið í landinu og samkeppnisstöðu einstakra atvinnugreina. Mun þetta draga úr kostnaði? Mun þetta bæta stöðu t.d. ferðþjónustunnar eða mun þetta hafa þveröfug áhrif?

Þetta eru enn þá áleitnari spurningar í ljósi þess að Schengen-málið er komið í allt annan farveg en fyrir örfáum árum síðan. Með Amsterdam-samkomulaginu svonefnda var Schengen fært undir fyrstu stoð Evrópusambandsins og varð þar með hluti af hinu yfirþjóðlega valdi Evrópusambandsins líkt og aðrir þættir í því samstarfi, hvort sem við erum að tala um landbúnaðarstefnuna eða annað. Þess vegna þurfa hinar efnahagslegu hliðar þessa máls að vera okkur betur ljósar. Það yrði mjög afdrifarík ákvörðun sem við tækjum með að samþykkja aðild að Schengen.

Þess vegna hef ég leyft mér, á þskj. 155, að leggja eftirfarandi fsp. fyrir hæstv. samgrh.:

„Hefur farið fram úttekt á áhrifum þess á ferðaþjónustuna í landinu að Íslendingar gerist aðilar að svonefndu Schengen-samkomulagi?“

[16:33]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það hefur ekki verið gerð úttekt á áhrifum þess á ferðaþjónustuna að Íslendingar gerist aðilar að svonefndu Schengen-samkomulagi. Í umræðum um sama mál fyrir nokkru í norska Stórþinginu kemur fram að samband veitinga- og gistihúsa í Noregi telji aðild nauðsynlega til að ferðaþjónustan þar í landi skaðist ekki, enda sé líklegt að erlendir ferðaskipuleggjendur muni sneiða hjá löndum sem verða með hindranir af einhverju tagi við landamæri.

Hugmyndin að baki Schengen-samkomulagi er sú að auðvelda fólki ferðalög og helst hún í hendur við eitt helsta baráttumál ferðaþjónustunnar sem er að auðvelda ferðalög og draga úr takmörkunum. Á móti kemur að ekki hefur verið metinn til fulls sá kostnaður sem af samkomulaginu hlýst. Þann kostnað er ferðaþjónustan ekki reiðubúin til að taka á sig.

[16:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu þarfa máli. Satt best að segja vekur undrun að það skuli ekki fyrir löngu hafa verið gert að umfjöllunarefni hér á þinginu. Enn dæmalausari eru náttúrlega svörin, að engin úttekt hafi farið fram á áhrifum Schengen-aðildar á þá íslensku atvinnugrein sem væntanlega verður fyrir langmestum áhrifum til góðs eða ills af Schengen-aðild, ferðaþjónustuna. Það þýðir náttúrlega lítið að vitna í kannanir í Noregi í þeim efnum. Aðstæður Íslands eru að mörgu leyti algjörlega sérstakar hér þar sem umferðin hingað fer ekki yfir landamæri á landi. Allir vita hvað veldur mestum þrýstingi á þetta í Noregi, það eru hin löngu, sameiginlegu landamæri í Skandinavíu með Svíþjóð.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að við Íslendingar eigum ekkert erindi inn í Schengen nema við ætlum að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Þá er eins gott að segja það. En hægfara innlimun í Evrópusambandið eins og sú sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir, m.a. með aðild að Schengen, er fremur ógeðfelld. Menn koma ekki hreint til dyranna. Ég held að það vanti allt of miklar upplýsingar um það, t.d. hvaða áhrif Schengen-fyrirkomulagið kemur til með að hafa í Keflavík og í flugstöðinni þar og getur valdið miklum erfiðleikum, ekki síst Flugleiðum.

Að lokum er það misskilningur hjá hæstv. samgrh. að hægt sé að afgreiða málin með því að segja: Ferðaþjónustan ætlar ekki að borga þennan kostnað. Hún mun verða látin borga hann í formi aukinna gjalda og kostnaðar sem á hana leggst, hvað sem samgrh. segir.

[16:36]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Svar hæstv. samgrh. er dæmigert fyrir íslensk stjórnvöld. Hér hefur þetta stóra mál, aðildin að Schengen-samkomulaginu, verið til umræðu ár eftir ár. Samt hefur ekki verið gerð nein úttekt á áhrifum aðildarinnar á ferðaþjónustuna. Það er auðvitað alveg ljóst að ferðaþjónustan mun a.m.k. að hluta til þurfa að greiða töluverðan kostnað.

Mér er það minnisstætt að ég hitti einn af forráðamönnum Flugleiða fyrir svona tveimur árum. Hann hafði gríðarlegar áhyggjur af þessu. Fyrst og fremst þyrftu Flugleiðir hugsanlega að endurskipuleggja allt sitt ferðaprógramm vegna aukinnar tollgæslu í Keflavík og hvort þeir næðu að senda sína farþega áfram vegna þessarar tollgæslu. Það er alveg ljóst að þetta samkomulag mun hafa víðtæk áhrif fyrir utan aðrar hliðar á því og hvort við eigum eitthvert erindi þangað inn þegar allt kemur til alls. Einnig varðandi eiturlyfjamálin og lögreglusamvinnu og hitt og þetta. Þetta er mál sem kallar á mikla umræðu en það er auðvitað dæmigert að íslensk stjórnvöld reyna ekkert til þess að átta sig á afleiðingum samningsins.

[16:38]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Það er ekki nokkur vafi á að hv. 1. þm. Vestf. hreyfir hér mjög athyglisverðu máli. Ég tel engum vafa undirorpið að ferðaþjónustuaðilar og þá fyrst og fyrst og fremst Flugleiðir, munu hafa verulegan kostnað og óþægindi af því að við gerumst aðilar að Schengen. Það mun þýða verulega töf á afgreiðslu farþega frá Bandaríkjunum á leið til Evrópu, sem þurfa þá að ganga í gegnum vegabréfaskoðun hér á Keflavíkurflugvelli áður en þeir geta haldið för sinni áfram.

Töfin sem þarna er um að ræða getur orðið félaginu mjög kostnaðarsöm og óþægileg. Þess vegna er þetta mál sem þarf að gera úttekt á og rannsaka nánar.

[16:39]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Auðvitað er alveg ljóst að aðild okkar að Schengen yrði ákaflega stór ákvörðun. Mér hefur lengi verið ljóst að á þessu máli eru margar hliðar. Menn þurfa að vanda sig gríðarlega áður en þeir taka ákvörðun í þessu sambandi. Meðal þess sem þarf að liggja fyrir er hvaða áhrif þessi þátttaka okkar í Evrópusamstarfinu hafi á stöðu atvinnulífsins í landinu. Eitt af meginmarkmiðunum með með aukinni Evrópusamvinnu, eins og ég nefndi hérna áðan, er að draga úr tilkostnaði og auka samkeppnisfærni atvinnulífsins.

Ef niðurstaðan að Schengen-aðild er sú að svo dragi úr kostnaði að það bæti stöðu atvinnulífsins hér þá eru það auðvitað mikil rök með því að gerast aðilar að Schengen. Ef þessi athugun leiddi hins vegar í ljós að þetta yki tilkostnað ásamt því að skapa alls konar óvissu um aðra þætti er ólíklegt að við kysum að gerast aðilar að Schengen. Það er alveg rétt sem hæstv. samgrh. sagði hérna áðan. Hann sagði ýmislegt benda til þess að einhver tilkostnaður gæti lækkað með aðild að Schengen. Hitt er þó einnig ljóst, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, að kostnaður ferðaþjónustunnar mun á margan hátt aukast. M.a. yrði breyting í þeirri verslunarstarfsemi sem fram fer í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þar yrði hver einasta verslun að vera með tvö útibú, eitt fyrir Schengenfarþega og eitt fyrir þá sem ferðast utan Schengen-svæðisins. Við sjáum að það gefur auga leið að margs konar kostnaður er þessu samfara.

Þetta þarf allt að vega og meta og gera á því athugun. Ég hef heyrt aðila í ferðaþjónustu, bæði hérlendis og erlendis, lýsa yfir miklum áhyggjum yfir hugsanlegri Schengen-aðild. Forustumenn í ferðaþjónustu í Danmörku hafa t.d. haft um þetta mjög stór orð. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála mér um að skynsamlegt sé að athugun fari fram á áhrifum þess á ferðaþjónustuna að Íslendingar gerist aðilar að Schengen.

[16:41]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil minna á, ég hélt raunar að það tengdist ekki í þessari spurningu, að heilmiklar athuganir og rannsóknir hafa átt sér stað á því hvernig best verði fyrir komið í flugstöðinni í Keflavík að hafa þar skipt salarkynni, annars vegar innan og hins vegar utan Schengen. Miklar viðræður fóru fram um hvernig því yrði fyrir komið milli Flugleiða og utanrrn. en flugstöðin í Keflavík heyrir undir utanrrn. Samgrn. fylgdist með gangi mála og hefur auðvitað haft möguleika á að koma fram með athugasemdir. Miklar athuganir og rannsóknir fóru fram og farið í strangan undirbúning áður en niðurstaða var fundin. Hún var á þá leið að Flugleiðir féllust að lokum á Schengen-aðild okkar Íslendinga og gerðu ekki athugasemdir við undirbúninginn sem þar hefur verið ákveðinn varðandi byggingarframkvæmdir og fyrirkomulag í Leifsstöð.

Ég er alveg sammála þeirri ábendingu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að rétt sé að úttekt eins og hann talaði um hér fari fram og vil við þetta tækifæri lýsa því yfir að ég mun sjá til að hún fari fram.

Fundi slitið kl. 16:44.

---

21. FUNDUR

fimmtudaginn 5. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.
2. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fjögurra ára, frá 1. nóv. 1998 til 31. október 2002, að viðhafðri hlutbundinni kosningu, skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.
3. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.
4. Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
5. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
6. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 83. mál, þskj. 83. — Fyrri umr.

7. Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, stjfrv., 199. mál, þskj. 217. — 1. umr.

8. Náttúrufræðistofnun Íslands, stjfrv., 205. mál, þskj. 223. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.

[10:32]

Útbýting þingskjala:
Landbrot á Suðurlandi, 156. mál, svar landbrh., þskj. 227.
Lögskráning sjómanna, 209. mál, fsp. LRM, þskj. 230.
Málefni aldraðra, 211. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 233.
Rekstur spilavíta, 125. mál, svar dómsmrh., þskj. 211.
Vöxtur fiskstofna, 208. mál, fsp. ÓHann, þskj. 229.

Tilkynning um mannaskipti í nefnd.

[10:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseta hefur borist tilkynning um mannaskipti í nefndum frá þingflokki jafnaðarmanna. Gísli S. Einarsson tekur sæti sem varamaður í utanrmn. í stað Magnúsar Árna Magnússonar. Breyting þessi er gerð samkvæmt 16. gr. þingskapa og telst samþykkt ef enginn hreyfir athugasemd.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hér er og tilkynning um utandagskrárumræðu. Að lokinni umræðu um utanríkismál fer fram umræða utan dagskrár um skýrslu Ríkisendurskoðunar um jarðadeild landbrn. Málshefjandi er Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. landbrh. verður til andsvara. Umræðan mun standa yfir í hálftíma.

Að henni lokinni fer fram utandagskrárumræða um flutning starfa frá Íbúðalánasjóði til Sauðárkróks. Málshefjandi er Steingrímur J. Sigfússon og hæstv. félmrh. verður til andsvara. Það er einnig hálftíma umræða.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[10:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Á tímum örra breytinga og aukinnar alþjóðavæðingar sem nær til allra meginþátta í lífi þjóðarinnar, starfa hennar og menningar, er öflug utanríkisþjónusta nauðsynleg. Íslendingar eru háðari umheiminum um afkomu en gengur og gerist meðal þjóðanna. Mörkin milli innanríkis- og utanríkismála verða sífellt óljósari. Tengsl íslensku utanríkisþjónustunnar við atvinnuvegina í landinu hafa markvisst verið efld á undanförnum missirum. Alhliða tengsl hennar við íslenskt atvinnulíf er mikilvægur liður í að geta veitt þennan stuðning.

Nú er talið að um eitt hundrað milljónir manna hafi aðgang að alnetinu. Því er spáð að árið 2005 verði notendur orðnir um þúsund milljónir í heiminum. Þetta hefur skapað okkur ný tækifæri, enda eru Íslendingar meðal forustuþjóða í þessari þróun og hugvits- og athafnamenn okkar hafa fært umtalsverðar tekjur í þjóðarbúið. Aftur á móti ber að hafa hugfast að þrír fjórðu hlutar mannkyns eiga ekki síma, hvað þá tölvu og nettengingu. Allt of stór hluti íbúa heimsþorpsins svokallaða býr við sára fátækt og hefur engin tök á að njóta þó ekki væri nema brotabrots af þeim lífsgæðum sem við búum við og teljum sjálfsögð. Iðnríkjunum ber skylda til að aðstoða þróunarlöndin og hefur ríkisstjórnin ákveðið að efla íslenska þróunaraðstoð.

Mikilvægi auðlinda- og umhverfismála eykst stöðugt í samskiptum ríkja. Stofnun sérstakrar skrifstofu í utanríkisráðuneytinu sem fer með þau mál endurspeglar þetta og er unnið að því hörðum höndum að afla íslenskum sjónarmiðum fylgis á alþjóðavettvangi. Meginmál ræðu minnar á 53. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var helgað nýtingu sjávarauðlinda í tilefni af hinu alþjóðlega ári hafsins.

Í gær tók Ísland við varaformennsku í Evrópuráðinu og í maí á næsta ári munum við taka þar við formennsku í fyrsta sinn.

Næsta ár verður Ísland í fyrirsvari fyrir norrænu ráðherranefndinni og mun m.a. bera ábyrgð á samræmingu norrænnar ríkisstjórnasamvinnu og eiga nauðsynlegt frumkvæði að málum. Samstarf Norðurlandanna hefur sennilega aldrei verið jafnöflugt og nú, þrátt fyrir aðild þriggja þeirra að Evrópusambandinu. Jafnframt er athyglisvert hve virkan þátt öll Norðurlöndin taka í alþjóðlegu og evrópsku samstarfi.

Eftir hálft ár munum við minnast þess í Washington að fimmtíu ár eru liðin frá stofnun Atlantshafsbandalagsins. Saga bandalagsins og velgengni er ólygnust um réttmæti þeirrar framsýnu öryggisstefnu sem forystumenn núverandi stjórnarflokka og Alþýðuflokksins mörkuðu fyrir hálfri öld er Ísland gerðist stofnaðili að bandalaginu.

Norrænt samstarf verður í brennidepli á Íslandi árið 1999 þegar Ísland gegnir formennsku í norrænu ráðherranefndinni. Samstarf Norðurlandaþjóðanna sem á sér langa sögu er afar umfangsmikið og hefur nýst okkur á nánast öllum sviðum þjóðlífsins, milli ríkisstjórna, þingmanna, embættismanna, stofnana og félagasamtaka. Hin hefðbundna norræna samvinna fer m.a. fram á sviði menningar-, mennta- og rannsóknamála; efnahags,- félags-, löggjafar-, atvinnu- og umhverfismála; auk landbúnaðar-, samgöngu- og fiskveiðimála. Óumdeilt er að norrænt samstarf er einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu.

Norræn samvinna hefur aukist með nýjum straumum á alþjóðavettvangi. Ýmsir töldu að norrænt samstarf glataði merkingu sinni þegar þrjú norrænu ríkjanna gerðust aðilar að ESB. Raunin hefur orðið sú að samráð Norðurlandanna er nú mikilvægara en nokkru sinni fyrr og hefur aukist á mörgum sviðum. Næsta víst er að frekari stækkun ESB leiðir til stóraukins svæðasamstarfs. Þar standa Norðurlöndin vel að vígi með sitt rótgróna samstarf og samnorrænu stofnanir.

Nauðsynlegt er fyrir Íslendinga að staldra við og meta stöðu norræns samstarfs þegar við tökum við formennsku þess um næstu áramót. Á formennskuárinu gefst okkur tækifæri til að leggja áherslu á málefni sem við teljum sérstaklega brýn og koma Norðurlöndunum í heild til góða. Umhverfismálefni verða efst á baugi, einkum sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins á norðurslóðum, ekki síst í tengslum við ár hafsins og það starf sem unnið er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um þau málefni. Áhersla verður lögð á samstarf til

að koma í veg fyrir mengun og tryggja skynsamlega nýtingu auðlinda hafsins, þar með talda nýtingu sjávarspendýra.

Við munum leitast við að marka samnorræna stefnu varðandi norðlægu víddina, en þar er um að ræða tillögu sem Finnar hafa lagt fram innan Evrópusambandsins og miðar að því að ESB móti áætlun fyrir norðlægari hluta Evrópu líkt og gert hefur verið varðandi Miðjarðarhafssvæðið. Aukin áhersla ESB á norðlægu víddina getur haft mjög mikla þýðingu fyrir umhverfis-, atvinnu- og efnahagsmál á norðurslóðum og ekki síst evrópskt samstarf við Rússland. Á formennskuárinu er enn fremur stefnt að því að móta norrænt samráð varðandi evrómyntina og fylgjast vel með reynslu Finna hvað það varðar. Við teljum einnig mikilvægt að tengja norrænt samstarf nýrri öld og landafundaárinu. Með því gefst gott tækifæri fyrir Ísland og önnur lönd sem teljast til vesturhluta Norðurlandanna til að verða í norrænu sviðsljósi.

Þessar áherslur í norrænu samstarfi sýna glöggt vilja íslenskra stjórnvalda til að tengja norrænt samstarf alþjóðasamstarfi í víðara samhengi. Þrískipting norræna samstarfsins í hefðbundin norræn málefni, grannsvæðamálefni og evrópsk málefni hefur gefist vel.

Samstarf norrænu utanríkisráðherranna um málefni ESB, Sameinuðu þjóðanna, norðurskautsmál, þróunarmál, varnar- og öryggismál og mannréttindamálefni er afar mikilvægt fyrir Ísland og veitir okkur innsýn í ýmis málefni sem við eigum ekki kost á að sinna ein og sér.

Á vegum norrænu utanríkisráðherranna var tekin saman skýrsla í ágúst sl. um norrænt samstarf. Niðurstaða hennar er sú að norræn samvinna hafi aldrei verið eins náin og mikilvæg sem nú.

Starfsemi Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og norðurskautsráðsins stuðlar að jákvæðri þróun í samskiptum aðildarríkja á hinum ýmsu sviðum. Nefna má umhverfismál, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, efnahagssamvinnu og mannréttindamál. Utanríkisráðuneytið hefur í samstarfi við Flugmálastjórn boðið tveimur sérfræðingum frá hverju Eystrasaltsríkjanna til þjálfunar hjá Flugmálastjórn.

Á utanríkisráðherrafundi Norðurskautsráðsins í september sl. var mörkuð stefna fyrir starfsemi ráðsins næstu tvö árin og samþykkt aðgerðaáætlun um verndun hafsins á norðurslóðum gegn mengun frá landstöðvum. Um er að ræða yfirgripsmikla áætlun sem krefst náins samstarfs aðildarríkja í framkvæmd. Til að stuðla að framkvæmd þeirrar áætlunar og samhæfa aðgerðir bauðst ríkisstjórnin til að vista skrifstofu hér á landi og kosta hana til hálfs við önnur aðildarríki norðurskautsráðsins og verður skrifstofan opnuð í byrjun næsta árs.

Evrópuráðinu í Strassborg er ætlað að efla samvinnu og samkennd meðal ríkja álfunnar, standa vörð um mannréttindi, styrkja lýðræðislega stjórnarhætti og auka stöðugleika. Í þágu þessara markmiða sinnir Evrópuráðið málaflokkum eins og sveitarstjórnarmálum, félagsmálum, umhverfismálum, menningu, menntun og samvinnu á sviði löggjafar. Ljóst er að með fyrirbyggjandi aðgerðum gegnir Evrópuráðið mikilvægu hlutverki í hinu nýja öryggisfyrirkomulagi Evrópu sem enn er í mótun. Margþætt samstarf aðildarríkjanna, sveitarstjórnarmanna og þingmanna sem eiga sæti á þingmannasamkomu ráðsins, er mikilvægt fyrir tengslin á milli þjóða Evrópu.

Mikilvægi Evrópuráðsins hefur vaxið eftir lok kalda stríðsins. Ráðið gegnir nú stóru hlutverki í aðlögun ríkja Mið- og Austur-Evrópu að lýðræðislegum stjórnarháttum. Sextán ríki sem áður bjuggu við kommúnisma hafa fengið aðild að ráðinu en aðildarríkin eru 40 talsins. Flest hinna nýju aðildarríkja bjuggu við ólýðræðislega stjórnarhætti og meginreglur nútímaréttarríkja voru þeim framandi. Evrópuráðið hefur aðstoðað þau við að breyta þessu. Aðild að ráðinu hefur jafnframt skapað þessum ríkjum skilyrði fyrir þátttöku í evrópsku samstarfi og styrkt þau í öðru alþjóðlegu samstarfi.

Á utanríkisráðherrafundi Evrópuráðsins, sem haldinn var í gær, lagði ég sérstaka áherslu á að öll aðildarríki ráðsins standi við þær skuldbindingar sem aðild hefur í för með sér. Í þeim efnum verður að ríkja jafnræði milli aðildarríkjanna. Stækkun Evrópuráðsins má ekki leiða til lakari mælikvarða á sviðum sem það fjallar um. Virðing fyrir mannréttindum er grundvallarforsenda fyrir öryggi og jafnvægi í Evrópu.

Eftirlit með því hvort aðildarríkin uppfylli skyldur sínar er mikilvægur þáttur í starfi Evrópuráðsins. Nýr mannréttindadómstóll Evrópu tók til starfa sl. þriðjudag og leysir hann af hólmi mannréttindanefndina og fyrri dómstól. Ráðherranefndin og þingmannasamkoma Evrópuráðsins gegna einnig veigamiklu hlutverki í eftirlitskerfi ráðsins. Fyrirhugað er að stofna embætti sérstaks umboðsmanns mannréttinda við Evrópuráðið. Ísland hefur heils hugar stutt þessi framfaraskref í starfsemi þess.

Á utanríkisráðherrafundi Evrópuráðsins í gær tók Ísland við varaformennsku þess. Ísland tekur síðan við formennsku í Evrópuráðinu í fyrsta sinn í maímánuði á næsta ári, á hálfrar aldar afmæli ráðsins. Undirbúningur fyrir formennskuna er þegar hafinn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu hefur verið efld.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu er eini samstarfsvettvangurinn þar sem öll ríki Evrópu eru þátttakendur ásamt ríkjum Norður-Ameríku, samtals 54 ríki.

Á síðustu árum hefur ÖSE tekið að sér æ viðameira hlutverk í því nýja öryggiskerfi sem er í mótun í Evrópu. Þar má nefna margháttaðar aðgerðir til að koma í veg fyrir átök, starf sérstakra sendimanna og sveita til að finna friðsamlegar lausnir á deilumálum, friðargæslustörf og störf sem miða að vernd mannréttinda og takmörkun vígbúnaðar. Starf ÖSE í nýfrjálsum ríkjum álfunnar, þar á meðal í Eystrasaltsríkjunum og öðrum fyrrverandi hlutum Sovétríkjanna, allt austur í Mið-Asíu, hefur verið þeim ómetanlegur stuðningur.

NATO og ÖSE hafa bundist sífellt sterkari böndum. Það sést best með ákvörðuninni um að senda á vettvang 2.000 manna eftirlitssveit á vegum ÖSE sem fylgjast á með því að samkomulagið um Kosovo sé haldið.

Um nokkurt skeið hefur Ísland verið eina Evrópuríkið án fastanefndar hjá ÖSE í Vínarborg. Ákveðið hefur verið að opna skrifstofu fastanefndar Íslands þar á ný strax eftir áramótin. Ekki er síður mikilvægt að hafa íslenska fastanefnd í Vínarborg en Strassborg en þar höfum við nýlega opnað skrifstofu.

Þótt þátttaka okkar í starfi Sameinuðu þjóðanna hafi verið einn af hornsteinum utanríkisstefnunnar og að við höfum látið til okkar taka á flestum sviðum í starfsemi samtakanna höfum við aldrei tekið sæti í öryggisráðinu. Þátttaka í starfi þess er eitt mikilsverðasta framlag hvers aðildarríkis til veigamestu markmiða samtakanna, varðveislu friðar og öryggis í heiminum. Í ljósi þessa hefur verið ákveðið að stefnt skuli að framboði til sætis í öryggisráðinu. Ísland er reiðubúið að axla þessa ábyrgð, eins og önnur aðildarríki, og leggja sitt af mörkum til að styrkja hlutverk öryggisráðsins

og efla það traust sem er því nauðsynlegt til að geta sett niður deilur og verið samnefnari hins alþjóðlega samfélags þegar nauðsyn ber til að knýja fram friðaraðgerðir.

Norðurlöndin hafa með sér náið samráð um framboð til ráðsins og hafa lagt áherslu á að um norræn framboð sé að ræða. Ég hef rætt við norræna starfsbræður mína um framboð Íslands og fengið einróma stuðning þeirra við þá fyrirætlun. Ljóst er að nokkuð mörg ár munu líða þar til af framboði getur orðið og mun sá tími nýtast vel til undirbúnings og til að styrkja alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og fastanefndina í New York.

Á undanförnum árum hafa aðildarríki unnið að því að ná samkomulagi um að endurbæta starfsemi öryggisráðsins og fjölga aðildarríkjum þess. Fari svo að aðildarríkjum verði fjölgað gæti framboð Íslands orðið að veruleika fyrr en ella.

Hinn 10. desember nk. mun allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna minnast þess sérstaklega að fimmtíu ár eru liðin frá því að mannréttindayfirlýsingin, aðalsmerki mannréttindabaráttu í heiminum, var samþykkt. Ekki er hægt að undanskilja mannréttindi alþjóðastjórnmálum. Þau eru algild og það er á ábyrgð alþjóðasamfélagsins alls að tryggja virðingu fyrir þeim. Fyrir þessu höfuðatriði er vaxandi skilningur meðal þjóða.

Við Íslendingar viðurkennum ekki að gengið sé á mannréttindi í nafni trúarbragða, menningar eða annarra hefða. Við megum ekki láta okkar eftir liggja í alþjóðlegu mannréttindastarfi.

Íslendingar hafa um nokkurt skeið tekið þátt í friðargæslu og friðaruppbyggingu í Bosníu. Þar hafa að jafnaði starfað þrír íslenskir lögreglumenn í alþjóðlegri lögreglusveit við eftirlit og þjálfun innlendra lögreglusveita. Ásamt lækna- og hjúkrunarsveitinni, sem starfað hefur í alþjóðlega herliðinu undir stjórn NATO í Bosníu, hafa íslensku lögreglumennirnir sannað að Ísland hefur á að skipa fagfólki sem við getum verið stolt af í alþjóðlegu friðarsamstarfi.

Ísland hefur einnig leitast við að leggja sitt af mörkum til neyðaraðstoðar og til að leysa vanda flóttamanna en ljóst er að sá vandi er mjög mikill og að allar þjóðir verða að leggja sitt af mörkum í þeim efnum.

Hryðjuverkasprengingar á síðustu mánuðum, þar sem fjöldi saklausra borgara lét lífið eða limlestist, sýna þörfina á alþjóðlegri samvinnu gegn glæpastarfsemi hryðjuverkamanna. Við upphaf allsherjarþingsins í haust hafði ég tækifæri til að undirrita fyrir Íslands hönd alþjóðlegan samning sem beint er gegn hryðjuverkasprengingum.

Nauðsyn er einnig á auknu alþjóðlegu samstarfi til að berjast gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi og eiturlyfjasölu. Mikilvægt er að fylgja eftir niðurstöðum aukaallsherjarþingsins sem haldið var í sumar um fíkniefnavandann.

Auðlinda- og umhverfismál skipa æ mikilvægari sess í alþjóðasamstarfi, einkanlega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Nauðsynlegt er að efla markvissa þátttöku Íslands í þessu samstarfi.

Umfjöllun um sjávarútveg á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tengist í síauknum mæli umræðu um umhverfismál. Þessi þróun þarf ekki að vera neikvæð. Fyrir þjóð, sem byggir afkomu sína á sjávarútvegi í þeim mæli sem við Íslendingar gerum, er þó nauðsynlegt að vera á varðbergi. Umræða um algera friðun fiskstofna eða heilla hafsvæða og tillögur um að fela fjölþjóðlegu yfirvaldi eða stofnunum miðstýringu á nýtingu auðlinda hafsins vegna umhverfissjónarmiða varða lífshagsmuni okkar Íslendinga.

Nú á ári hafsins gefst einstakt tækifæri til að treysta vernd hafsins og sjálfbæra nýtingu auðlinda þess. Ljóst er að ríkisstyrkir og önnur óæskileg opinber fyrirgreiðsla til handa sjávarútvegi hafa stuðlað að ofveiði víðs vegar í heiminum. Sjávarútvegur er í mörgum löndum olnbogabarn þar sem ekki er hugað að fiskveiðistjórnun með ábyrgum hætti. Þetta hefur leitt til þess að fiskstofnar eru víða ofnýttir eða hafa hreinlega hrunið. Afnám ríkisstyrkja yrði áhrifamikið framlag til verndar og sjálfbærrar nýtingar sjávarauðlinda um heim allan.

Ýmis náttúruverndarsamtök og stofnanir, sem beita sér á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, halda því fram að strandríkin hafi brugðist í fiskveiðistjórnun sem er í verkahring þeirra samkvæmt hafréttarsamningnum. Flest þessara samtaka átta sig á afleiðingum ofnýtingar fiskstofna en fara vill vegar hvað varðar orsakirnar. Ég hef lagt ríka áherslu á að grannt verði fylgst með þróun mála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem málefni hafsins fá sífellt meiri umfjöllun.

Hafið verður meginumræðuefni á fundum nefndarinnar um sjálfbæra þróun í apríl á næsta ári. Aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna gefst þar tækifæri til að kynna stefnu sína og sjónarmið.

Í ræðu minni á allsherjarþinginu vakti ég athygli þingheims á athyglisverðri skýrslu sem umhverfisverndarsamtökin World Wildlife Fund gáfu út um nýtingu fiskstofna í heiminum. Í þessari skýrslu segir berum orðum að einungis þrjú ríki í heiminum hafi komið sér upp fiskveiðistjórnarkerfi sem leiði til sjálfbærrar og skynsamlegrar nýtingar fiskstofna, þ.e. Ástralía, Nýja-Sjáland og Ísland. Ýmsum umhverfisverndarsamtökum hættir til að vera með alhliða fullyrðingar um slæmt ástand fiskstofna. Hættan er sú að örökstuddar og rangar fullyrðingar komi því inn hjá fólki að öll neysla sjávarafurða sé neikvæð frá sjónarmiði umhverfisverndar. Þessu þurfum við að vinna gegn.

Þessa dagana stendur yfir í Buenos Aires fjórði aðildarríkjafundur rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Miklu skiptir að við Íslendingar tökum virkan þátt í því mikilvæga alþjóðlega átaki að draga úr gróðurhúsaáhrifum, m.a. með aðild að Kyoto-bókuninni. Aftur á móti hefur margoft verið tekið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að ekki getur orðið um slíka aðild að ræða feli hún í sér að Ísland taki á sig langtum meiri byrði hlutfallslega en önnur iðnríki. Úrslitaatriði í þessu efni er að samþykkt verði skynsamleg útfærsla á ákvæðinu um hlutfallsleg áhrif einstakra verkefna í litlum hagkerfum.

Á síðustu missirum hefur Ísland aukið umsvif sín í þróunarsamvinnu og sér þess merki bæði í tvíhliða þróunarsamstarfi við nokkur Afríkuríki og þátttöku í starfi fjölþjóðlegra þróunarstofnana.

Fyrir ári ákvað ríkisstjórnin að stórauka framlög til tvíhliða þróunarsamvinnu á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Fyrir skemmstu kom ég úr fyrstu heimsókn til samstarfslanda Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í sunnanverðri Afríku og var hún mjög áhugaverð. Ör lýðræðisþróun og batnandi efnahagsástand einkennir nú ástandið víða í Afríku. Til að viðhalda þeirri þróun þarf að auka erlenda fjárfestingu, byggja upp einkafyrirtæki, styrkja menntun og bæta heilsugæslu. Tryggja verður frið því átök geta hæglega breiðst út og ógnað jákvæðum árangri sem þegar hefur náðst.

Stærstu verkefni Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í þessum löndum, Namibíu, Malaví og Mósambík, eru á sviði

sjávarútvegs og er mikilvægt að sú aðstoð haldi áfram þó bróðurparturinn af nýjum verkefnum verði á sviði heilsugæslu og menntamála.

Ég er sannfærður um að starfsfólk Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vinnur afar gott starf í sunnanverðri Afríku og samstarfsaðilar okkar voru hvarvetna ánægðir með samvinnuna.

Ég hef nú um tveggja ára skeið setið í þróunarnefnd Alþjóðabankans fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Mikilvægi Alþjóðabankans og systurstofnana hefur sjaldan verið meira en nú þegar óvissa í efnahagsmálum ríkir víða um heim. Bankinn er stærsta þróunarstofnun heims en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn aðstoðar ríki heims við að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum og með neyðarlánum.

Á nýafstöðnum fundi nefndarinnar var mikið rætt um efnahagsöngþveitið í Asíu og Rússlandi. Þar lagði ég áherslu á að hlutverk Alþjóðabankans sé fyrst og fremst að veita ráðgjöf og fjárhagslega aðstoð við langtíma efnahagsuppbyggingu. Skammtímaaðgerðir séu þó nauðsynlegar til að tryggja fæðuöryggi, stuðla að atvinnuskapandi verkefnum, og standa vörð um menntun og heilbrigðisþjónustu hinna fátæku.

Ísland gegndi formennsku innan EFTA fyrri hluta þessa árs. Aldrei hafa fleiri ákvarðanir verið teknar af sameiginlegu EES-nefndinni en á fyrri helmingi þessa árs.

Í júlí samþykkti sameiginlega nefndin að samræmdar reglur skyldu gilda innan EES-svæðisins um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Auk þess gilda sömu reglur um eftirlit með innfluttum sjávarafurðum og tekur ákvörðunin gildi 1. jan. á næsta ári.

Það veldur því nokkrum áhyggjum að eitt aðildarríkja Evrópusambandsins, Spánn, hefur nú lýst því yfir að það muni standa í vegi fyrir frekari þróun EES-samningsins svo lengi sem kröfum Spánverja um áframhaldandi þróunaraðstoð frá EFTA/EES-ríkjunum verði ekki sinnt. Ljóst er að samningsskuldbinding um þróunarsjóð starfræktan af EFTA var bundin við fimm ára umsaminn starfstíma. EFTA/EES-ríkin hafa ekki ljáð máls á framlenginu hans. Það er ekkert nýtt að í tengslum við fríverslunarsamninga séu settir á stofn þróunarsjóðir til að styðja við bakið á þeim sem teljast eiga erfitt með að nýta sér tækifæri fríverslunar. Þannig nutum við Íslendingar góðs af Iðnþróunarsjóði, sem stofnsettur var í tengslum við aðild okkar að EFTA á sínum tíma. Slíkir sjóðir eiga hins vegar ekki að verða eilífir. Ég tel ekkert því til fyrirstöðu að við athugum hvort við getum eflt samstarf við þau ríki sem hér um ræðir, Spán, Portúgal, Grikkland og Írland, telji þessi ríki að þau beri skarðan hlut frá borði í viðskiptum við okkur.

Hvað varðar Schengen-samstarfið voru viðræður loks hafnar nú nýlega. Ótvíræður vilji er fyrir því, jafnt af hálfu Íslands og Noregs sem Evrópusambandsins, að halda áfram því samstarfi um vegabréfaeftirlit og landamæravörslu sem gefið hefur góða raun frá því samstarfssamningurinn um Schengen var undirritaður. Meginhersluatriði, jafnt Íslands sem Noregs, í þessum viðræðum hefur verið að tryggja fullan aðgang að allri umræðu um Schengen-málefni innan Evrópusambandsins. Útlínur samnings eru nú teknar að skýrast en enn er of snemmt að segja fyrir um lyktir.

Stefnt er að því að fríverslunarviðræðum EFTA-ríkjanna og Kanada ljúki á miðju næsta ári. Þetta eru fyrstu fríverslunarviðræðurnar við ríki handan Atlantsála en áður hafa EFTA-ríkin gert fríverslunarsamninga við þrettán ríki og gefið út samstarfsyfirlýsingar við sjö ríki.

Samningaviðræður EFTA-ríkjanna og Jórdaníu um fríverslun eru einnig hafnar og viðræður standa yfir við Kýpur og Túnis.

Ísland tekur sem fyrr virkan þátt í því margþætta alþjóðlega samstarfi sem á sér stað innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Má þar helst nefna víðtæka samvinnu á sviði efnahags-, viðskipta- og ríkisfjármála og ekki síður mikilvægt starf á sviði iðnaðar-, umhverfis-, fiski-, landbúnaðar-, heilbrigðis- og menntamála. Margar skýrslur stofnunarinnar hafa reynst mjög gagnlegar við stefnumótun íslenskra stjórnvalda.

Efnahagsþrengingar í helstu viðskiptalöndum Íslands í Asíu hafa haft í för með sér töluverðan samdrátt í útflutningi þangað, einkum til Japans. Aukinn útflutningur á aðra markaði og hátt verð þar hefur komið á móti þannig að efnahagssamdrátturinn í Asíu hefur ekki haft teljandi áhrif á íslenskt efnahagslíf.

Ætla verður að Asíuríkin vinni sig út úr þessum erfiðleikum og að viðskipti okkar Íslendinga aukist þá verulega við þennan heimshluta. Stöðugt stærri hluti innflutnings okkar kemur frá Asíu, eftir því sem vörugæði þar aukast og flutningar verða hagkvæmari. Enduruppbygging efnahagsríkja Suðaustur-Asíu skapar ný tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki til að ná fótfestu þar. Með þetta í huga ráðgeri ég að fara til nokkurra Asíulanda snemma næsta árs. Er sú ferð fyrst og fremst ætluð til að ryðja íslenskum fyrirtækjum braut með hliðstæðum hætti og gert hefur verið á öðrum mörkuðum.

Starfsemi viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins hefur verið öflug undanfarna mánuði. Útflutningsfyrirtækjum gefst kostur á sérhæfðri aðstoð við markaðssetningu vöru og þjónustu við öll sendiráð Íslands. Sérhæft starfsfólk, bæði íslenskt og erlent, hefur verið ráðið við sex sendiráð og er ætlunin að fjölga því í takt við umsvif viðskiptaþjónustunnar.

Öryggis- og varnarmál Evrópu hafa verið í brennidepli að undanförnu. Grimmileg ofbeldisstefna Milosevics Júgóslavíuforseta gagnvart Albönum í Kosovo varð til þess að Atlantshafsbandalagið setti forsetanum skýra afarkosti um að virða kröfur hins alþjóðlega samfélags eða sæta hernaðaraðgerðum bandalagsins ella.

Mikilvægt er að árétta að yfirlýsingar bandalagsins gagnvart stjórnvöldum í Belgrad hafa tekið mið af því að knýja fram friðsamlega lausn í deilum Serba og Albana.

Samkomulag sérlegs erindreka Bandaríkjastjórnar og forseta Júgóslavíu, sem gert var í krafti staðfestu Atlantshafsbandalagsins, lofar góðu um að takast megi að koma í veg fyrir frekari hernaðarátök á svæðinu. Gert er ráð fyrir að ÖSE annist ákveðna þætti eftirlits með framkvæmd samkomulagsins. Eftirlitinu er ætlað að tryggja að ákvæði ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um brottflutning hers og öryggissveita Serba frá Kosovo verði virt að fullu. Bandalagið sjálft annast eftirlit með framkvæmd samkomulagsins úr lofti.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í apríl á næsta ári verður þess minnst að fimmtíu ár verða liðin frá undirritun Norður-Atlantshafssamningsins. Merkum áfanga verður náð í ytri og innri aðlögun bandalagsins. Þrjú ný aðildarríki ganga formlega til liðs við bandalagið, endurskoðun á öryggismálastefnu bandalagsins verður lokið og stigin verða frekari skref í átt til eflingar Evrópusamstarfs á sviði öryggis- og varnarmála.

Fulltrúar Póllands, Tékklands og Ungverjalands taka þátt í leiðtogafundinum sem fullgildir aðilar. Þegar samþykkt var í Madrid að bjóða þessum þremur ríkjum aðild var jafnframt ákveðið að endurskoða stækkunarferlið á næsta leiðtogafundi bandalagsins. Öll aðildarríki þess hafa margítrekað að dyr þess standi opnar ríkjum Evrópu. Íslensk stjórnvöld munu sem fyrr leggja áherslu á að Eystrasaltsríkjunum verði veitt aðild að bandalaginu, komi til þess að einstök ríki verði nafngreind.

Endurskoðun á öryggismálastefnu bandalagsins hófst fyrr á þessu ári og stendur fram að leiðtogafundinum. Íslensk stjórnvöld telja að styrkur bandalagsins felist fyrst og fremst í sameiginlegum varnarskuldbindingum og Atlantshafstengslunum og áfram beri öðru fremur að fást við sameiginleg öryggismál aðildarríkjanna. Því til viðbótar og stuðnings er nauðsynlegt að bandalagið efli getu sína til þátttöku í friðargæslu og friðarframkvæmd og auki samráð og samvinnu við samstarfsríki enda er öryggishugtakið víðara nú en áður. Samhliða endurskoðun öryggismálastefnu bandalagsins munu íslensk stjórnvöld vinna að aðlögun stefnu Íslands í öryggis- og varnarmálum eftir því sem við á.

Sú umræða sem farið hefur fram á vinstri væng stjórnmálanna undanfarið um aðildina að NATO kemur á óvart. Álitið hafði verið að nú ríkti meiri friður en nokkru sinni fyrr um þátttöku okkar í bandalaginu, einkum í ljósi ótvíræðs mikilvægis þess í öryggismálum í álfunni og ekki síst vegna þess hve þátttaka okkar Íslendinga í bandalaginu hefur aukist og orðið sýnilegri í hinu nýja öryggisumhverfi.

Framtíð varnarsamstarfsins við Bandaríkin hefur komið til umræðu síðustu missirin. Öryggisumhverfi okkar heimshluta hefur tekið gífurlegum breytingum á undanförnum árum og hafa útgjöld til varnarmála lækkað í samræmi við það. Í Bandaríkjunum hafa útgjöld til varnarmála lækkað um 40% frá því um miðjan síðasta áratug og hefur varnarstöð Atlantshafsbandalagsins á Miðnesheiði ekki farið varhluta af þeim niðurskurði.

Vera varnarliðsins hér samrýmist varnarhagsmunum beggja ríkja og tryggir öryggi Íslands og jafnframt stöðugleika á Norður-Atlantshafi, mikilvægustu samgönguæð í heimi, hvort heldur á friðar- eða ófriðartímum. Varnarstöðin á Miðnesheiði er órjúfanlegur hluti þess kerfis. Samruni hinna pólitísku og hernaðarlegu þátta gera Atlantshafsbandalagið að akkeri stöðugleika í ólgusjó þeirra breytinga sem eiga sér stað í öryggismálum álfunnar. Í þessu samhengi verður að meta framtíð varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna.

Einn helsti styrkur varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna er sú gagnkvæmni og það gagnsæi sem er í samskiptum ríkjanna. Bandaríkin munu ekki án samþykkis íslenskra stjórnvalda breyta varnarviðbúnaðinum hér á landi. Að sama skapi þurfa íslensk stjórnvöld að laga sig að breyttu öryggisumhverfi og koma til móts við helsta bandamann sinn í varnarmálum, ekki síst á tímum niðurskurðar. Kostnaðarlækkun er lykilhugtak í því sambandi.

Mikið og gott starf hefur verið unnið í markaðs- og fjármálum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í kjölfar þeirra skipulagsbreytinga sem gerðar voru í fyrra. Skuldasöfnun hafði verið mikil fram að því. Tekjur flugstöðvarinnar hafa aukist verulega og er áætluð tekjuaukning í ár 245 millj. kr. sem 70% aukning milli ára. Verið er að hefjast handa við fyrsta áfanga stækkunar flugstöðvarinnar og hefur útboð vegna stækkunar flughlaða þegar verið auglýst. Á næsta ári verður hafist handa við suðurbyggingu stöðvarinnar og er ráðgert að ljúka verkinu í ársbyrjun 2001. Hér er um stórframkvæmd að ræða sem kostar um tvo milljarða króna. Með þessum áfanga fást sjö viðbótarstæði tengd landgöngubrúm auk þess sem byggð verður tæplega 4000 fm tengibygging. Verkefnið er brýnt því núverandi flugstöð er hönnuð fyrir um eina milljón farþega á ári. Flugtölur í september sýndu að þá höfðu tæplega milljón farþegar farið um flugstöðina þannig að hún annar ekki lengur því fólki sem þar fer í gegn.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka háttvirtum þingmönnum, reyndar landsmönnum öllum og atvinnulífinu, þann aukna skilning, sem ég tel að utanríkisþjónustan hafi fengið. Þessi stuðningur hefur eflt utanríkisþjónustuna og treyst hana í sessi. Stofnuð hefur verið fastanefnd í Strassborg, sendiráð í Helsinki var sett á laggirnar og í frumvarpi til fjárlaga næsta árs er gert ráð fyrir nýrri skrifstofu í Vínarborg, þ.e. við fastanefnd ÖSE. Enn fremur hafa innviðir aðalskrifstofu ráðuneytisins verið styrktir nokkuð. Enn kreppir þó skórinn að í vissum málaflokkum. Þannig verður að telja nauðsynlegt að efla starf að Evrópumálum og þátttöku annarra ráðuneyta í framkvæmd EES-samningsins. Ekki verður heldur hjá því komist að stuðla að því að ráðuneytið geti betur sinnt menningar- og upplýsingamálum gagnvart erlendum þjóðum.

Við verðum að horfa fram á veginn og opna ný sendiráð þar sem þörf er á, t.d. í Ottawa og Tókíó, eins og lagt var til í greinargerð nefndar um framtíð utanríkisþjónustunnar sem skilaði áliti í mars á þessu ári.

Herra forseti. Ég hef fjallað nokkuð um helstu þætti utanríkis- og öryggismála þó ég hafi á engan hátt getað gert þeim stóra málaflokki full skil. Stefna okkar Íslendinga í þeim mikilvægu málaflokkum hefur verið raunsæ og án skyndibreytinga allt lýðveldistímabilið. Hún hefur verið í anda friðar, vináttu og viðskipta við allar þjóðir og haft öryggi og velferð íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Sú vegferð hefur verið farsæl og það er skylda okkar að halda henni áfram af fyrirhyggju og víðsýni.

[11:08]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á einum stað í ræðu sinni segir hæstv. utanrrh. svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Grimmileg ofbeldisstefna Milosevics Júgóslavíuforseta gagnvart Albönum í Kosovo varð til þess að Atlantshafsbandalagið setti forsetanum skýra afarkosti ...“

Þetta finnst mér afskaplega óheppilegt orðalag, herra forseti. Ég bendi á að í Orðabók Sigfúsar Blöndals eru afarkostir útskýrðir sem mjög ósanngjarnir kostir eða „ugunstige vilkår“ og í íslensk-enskri orðabók er þetta orðalag útskýrt þannig að það beri að þýða sem „unfair terms“. Nú veit ég mætavel að það er ekki þessi skilningur sem vakir fyrir hæstv. utanrrh. en ég vil engu að síður vekja athygli á þessu afar óheppilega orðalagi og spyrjast fyrir um hvort hæstv. ráðherra eigi ekki við að Milosevic hafi verið sett afdráttarlaus skilyrði eða skýr skilyrði því að það væri ekki heppilegt, virðulegi forseti, ef sá skilningur kæmist upp að utanrríkisráðherra NATO-ríkis teldi að með skilyrðum sem Atlantshafsbandalagið setti Júgóslavíuforseta hafi menn verið að setja honum afarkosti í þessum skilningi orðsins eins og það er útskýrt í íslenskum orðabókum.

[11:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það hefði mátt orða þetta öðruvísi. Hins vegar er talað um grimmileg ofbeldisverk þessa manns í fyrri hluta setningarinnar þannig að ég tel að það skýri allvel hvað við er átt en það hefði verið nóg að segja þarna kosti eða úrslitakosti sem hefði verið heppilegra, en ég heyri það að hv. þm. hefur skilið þetta rétt og ég get fullvissað hann um að þetta yrði ekki þýtt með þessum hætti yfir á enska tungu, sem hefur þegar verið gert. Ég held því að þetta eigi ekki að valda alvarlegum misskilningi.

[11:11]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var eins og mig grunaði að hæstv. utanrrh. meinti annað en hann sagði en þetta sýnir bara hversu hætt er við því að menn geti misskilið hluti ef orðalagið er ekki alveg nákvæmt. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að taka af öll tvímæli um það. Auðvitað meinti hann ekki afarkosti í þessu sambandi þó að honum yrði á að segja það.

[11:11]

Útbýting þingskjala:

Ráðningar í stöður heilsugæslulækna, 31. mál, svar heilbrrh., þskj. 232.

Samgöngur á Vestfjörðum, 210. mál, fsp. LRM, þskj. 231.

Samræmd skráning og endurskoðun á biðlistum, 89. mál, svar heilbrrh., þskj. 228.

[11:12]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir prýðilega ræðu þar sem stefna ríkisstjórnarinnar var vel fram sett. Í ræðu sinni gerði hæstv. ráðherra þá þróun sem hefur orðið innan Evrópusambandsins að talsverðu umtalsefni og í ræðu minni á eftir hyggst ég skýra nokkuð þau viðhorf sem ég hef til þess hvernig staða Íslands hefur breyst sökum þeirrar hröðu þróunar sem nú sér stað hvað varðar samruna innan Evrópusambandsins.

Áður en ég kem að því, herra forseti, langar mig að nefna að í ræðu sinni upplýsti hæstv. ráðherra okkur um það að næsta stórverkefni á sviði utanríkismála sé að afla stuðnings við umsókn okkar um setu í öryggisráðinu. Ég fagna þessu, herra forseti. Ég tel að þessi stefnumótun beri vott um stórhug og metnað fyrir Íslands hönd. Ég held að framboð okkar til setu á þessum vettvangi sé vel fallið til þess að efla vægi okkar á alþjóðavettvangi og ég held að það sé rétt mat hjá hæstv. ráðherra að við eigum töluverða möguleika á því að afla nægilegs stuðnings við þessa umsókn. Við höfum litið á okkur sem góðan fulltrúa smáþjóða. Við höfum reynt að efla vægi smáþjóða og ég tel að okkur hafi tekist að sýna fram á það hvernig smáþjóð getur haft mikil áhrif með málefnalegum og réttsýnum flutningi mála sinna á alþjóðavettvangi.

Ég held líka að sá stuðningur sem við höfum meðal Norðurlandanna og án efa grannríkja okkar fyrir austan þau muni leiða til þess að þarna kunni að verða farsæl niðurstaða. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra greindi frá því að það yrði ekki um formlegt framboð að ræða um allmargra ára skeið en mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra hvenær hann telji að af þessu framboði geti orðið og sömuleiðis geri ég mér grein fyrir því að kostnaður við slíkt er allverulegur. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra hvað hann telji að sá kostnaður verði mikill og hvort gert hafi verið ráð fyrir honum af hálfu ráðuneytisins.

Herra forseti. Þróunin í Evrópu einkennist nú af hröðum samruna innan Evrópusambandsins og þróunin í Evrópu einkennist nú af hröðum samruna innan Evrópusambandsins. Þrátt fyrir sífelldar hrakspár allt frá því að sambandið eða forveri þess varð til er Evrópusambandið núna orðið að einu umfangsmesta milliríkjasambandi sem hefur þekkst frá því að mannkynssagan hófst. Ég tel að það sé athyglisvert að hugmyndin sem liggur að baki samrunaþróuninni felur í sér að aðildarríkin telja að mörg erfiðustu viðfangsefni sem þau standa frammi fyrir í nútímanum verði best leyst með því að framselja hluta af ríkisvaldi sínu til sameiginlegra stofnana.

Þegar Íslendingar gerðust aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu undir forustu Alþfl. var það svar okkar Íslendinga við því mikilvæga skrefi sem Evrópusambandið var þá að taka með myndun innri markaðarins. Það var gert í því ljósi að mikilvægustu viðskiptalönd okkar lágu þá innan Evrópusambandsins og myndun innri markaðarins hafði því óhjákvæmilega beina efnahagslega þýðingu fyrir okkur. Ég held að fáum dyljist að Evrópska efnahagssvæðið og sá samningur sem við gerðum um það hafi verið heilladrýgsti milliríkjasamningur sem við höfum gert um áratugaskeið. Þessi samningur tryggði okkur aðgang að innri markaðnum og hann tryggði okkur jafnframt nokkra möguleika á að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða málefni samningsins og þar með okkar sjálfra. En fyrir utan að tryggja mikilvæga verslunarhagsmuni Íslendinga stappar nærri að allar framfarir í félagslegum efnum sem varða launafólk á Íslandi hafi frá því að samningurinn var gerður orðið að veruleika vegna tilskipana sem við höfum þurft að hlíta í krafti samningsins. Þetta finnst mér mikilvægt að draga hér fram, herra forseti. Ég held að það sé tæpast hægt að draga nokkra verulega framför í þessum efnum sem hefur ekki beinlínis komið að utan.

Þegar þessi samningur var gerður um Evrópska efnahagssvæðið náði hann til verulegs hluta af starfsemi Evrópusambandsins eða Evrópubandalagsins eins og það nefndist. Sambandið er hins vegar í hraðri þróun sem ég tel að kunni að breyta stöðu Íslands og möguleikum gagnvart þessum mikilvæga heimshluta sem Evrópa er fyrir okkur. Í þessu sambandi vil ég einkum nefna fernt.

Í fyrsta lagi liggur það fyrir að bandalagið er á barmi mikillar stækkunar. Þegar hefur stækkun verið samþykkt og það liggur líka fyrir að næstum því öll ríki í Mið- og Austur-Evrópu hafa sótt um aðild að sambandinu. Þessi stækkun í næstu lotu og síðan þar næstu lotu er afar líkleg til þess að hafa áhrif og draga úr vægi okkar innan sambandsins.

Í öðru lagi rifjaði hæstv. ráðherra upp, herra forseti, að breytingar hafa orðið á möguleikum okkar til að hafa áhrif á ákvarðanir Evrópusambandsins sem varða okkur. Sú hálfgildings aukaaðild sem má kannski segja að við höfum haft að sambandinu gegnum Evrópska efnahagssvæðið hefur vitanlega gefið okkur vissan rétt til áhrifa á ákvarðanir í gegnum það samráð í sérfræðinganefndum sem hæstv. ráðherra drap áðan á. Á fundinum í Amsterdam í fyrra þegar Maastricht-sáttmálanum var breytt leiddi það til þess að drjúgur hluti þeirra mála sem falla undir fyrstu stoð ESB, þ.e. EES-málanna, fylgir núna svonefndu samráðsferli sem var sett upp að kröfu Evrópuþingsins til þess að auka vægi þess. Nú er staðan þannig ef upp kemur ágreiningur á milli

ráðherraráðsins og Evrópuþingsins og hann leysist ekki að tveimur umræðum loknum getur Evrópuþingið hafnað viðkomandi ákvörðun við 3. umr. og það er auðvitað hlutur sem menn innan þess ágæta sambands vilja ekki að gerist. Til þess að reyna að koma í veg fyrir það kallar þetta eðlilega á að reynt verði að freista málamiðlunar með einhvers konar samkomulagi áður en til 3. umr. kemur. Ég fæ ekki betur séð en að ljóst sé að Ísland getur með engu móti komið að þess konar málamiðlunum og á ekki tök á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á meðan þeirra er leitað. Þetta kallar að mínu mati líka á breytingu á stöðu Íslands og e.t.v. endurmat á aðferðum okkar.

Í þriðja lagi, herra forseti, liggur það fyrir að stefnu sambandsins um sameiginlega mynt verður hrint í framkvæmd innan skamms og þetta kallar líka á breytingar á stöðu Íslands gagnvart Evrópu og getur vitaskuld haft mikla þýðingu fyrir efnahag okkar.

Ég held að þau þrjú af þeim fjórum atriðum sem ég ætla að reifa hérna séu öll fallin til þess að staða Íslands gagnvart Evrópusambandinu er líkleg til þess að veikjast. Þarna er um að ræða mikilvægt viðskiptasvæði fyrir okkur og það skiptir máli hvernig við hyggjumst bregðast við. Ég held að sú þróun sem til að mynda leiðir af fundinum í Amsterdam í fyrra eigi eftir að koma skýrar fram á allra næstu árum og þá muni koma í ljós að áhrif okkar hafa í raun farið minnkandi. Í ræðu hæstv. ráðherra drap hann að vísu á margt sem varðaði Evrópusambandið. Hann kom ekkert inn á þessa þróun sem ég þykist alla vega greina þarna gagnvart stöðu okkar að því er Evrópu varðar. Þar kom ekkert fram hvaða leiðir ríkisstjórnin hyggst fara til þess að tryggja betra vægi okkar. Það má e.t.v. draga þá ályktun að hæstv. ráðherra sé þeirrar skoðunar að ekkert sé athugavert við þessa þróun og hún sé ekkert óhagkvæm Íslendingum. Ef svo er vildi ég gjarnan að sú skoðun kæmi fram í seinni ræðum hæstv. ráðherra. Ef þetta er á dagskrá ríkisstjórnar og ef umræða er innan ráðuneytisins á meðal sérfræðinga hennar um þessa þróun og hvernig eigi að bregðast við henni þætti mér rétt að hæstv. ráðherra greindi frá því. Mér finnst svolítið undarlegt í ljósi þess hversu gríðarlega mikilvæg samskiptin eru við ríki Evrópusambandsins ef engin raunveruleg vinna er í gangi af hálfu ríkisstjórnarinnar til að meta kosti í stöðunni. Ef hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að ekki þurfi að grípa til neinna aðgerða og að vægi okkar sé tryggt finnst mér rétt að hann skýri þau rök sem liggja til grundvallar þeirri skoðun. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji þá að óbreytt staða okkar innan Evrópska efnahagssvæðisins muni að fullu tryggja hagsmuni Íslands í framtíðinni. Ef svarið er neikvætt hvernig telur hann þá að ná eigi því marki.

Herra forseti. Fjórða atriðið sem mig langar til þess að reifa hérna varðar þá þróun sem hefur orðið í öryggis- og varnarmálum Evrópusambandsins. Að minni hyggju eru uppi mikilvægar stefnubreytingar sem varða stöðu Íslands í hinu alþjóðlega öryggiskerfi heimsins. Það hefur verið ágreiningur innan Evrópusambandsins um leiðir í varnarmálum. Ýmsar þjóðir hafa ekki viljað leggja jafnríka áherslu á hlutverk NATO í öryggismálum Evrópu eins og til að mynda við Íslendingar og Stóra-Bretland. Fremst í þeim flokki má nefna Frakka sem hafa að vísu myndað afstöðu sína til NATO á síðustu árum en það er alveg ljóst að stefna Frakka hefur verið sú að byggja upp sérstaka varnarstoð Evrópusambandsins, formlega varnarstoð, og það hefur legið opið að það er afstaða Frakka og fleiri þjóða sem eru á svipuðu róli að Vestur-Evrópusambandið eigi að vera þessi formlega varnarstoð.

Þessi skoðun hefur átt vaxandi stuðningi að fagna og hún hefur m.a. fagnað stuðningi meðal valdamikilla afla í bandarískaþinginu. Þeir hafa vitaskuld viljað efla hugmyndir um sameiginlegan herstyrk Evrópu til þess að eiga kost á að draga úr þeim útgjöldum sem fylgir því að halda úti bandarískum her í Evrópu. Íslendingar hafa hins vegar byggt eigin öryggisstefnu, eins og hæstv. ráðherra fór vel yfir áðan, á ríku öryggishlutverki NATO í Evrópu og þeir hafa ekki stutt þessa stefnu. Fulltrúar Íslands á alþjóðavettvangi, m.a. innan Vestur-Evrópusambandsins, hafa lagst alfarið gegn þessu og það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar sem hefur haft talsvert góða sátt í þinginu. Þar hafa menn staðið gegn því að Vestur-Evrópusambandið færi inn á þessa braut. Í þeim efnum höfum við átt afar sterkan bandamann sem ég nefndi áðan sem er Stóra-Bretland. Nú er hins vegar komin af stað þróun innan Evrópusambandsins sem vinnur hratt gegn þeirri stefnu. Það hefur komið æ skýrar fram hjá ýmsum forustumönnum ríkjasambandsins að ekki verður látið sitja við innri markaðinn eða sameiginlegan gjaldmiðil heldur er í auknum mæli stefnt að því að þróa sameiginlega varnar- og öryggisstefnu fyrir sambandið. Ég rifja upp að forseti ráðherraráðs sambandsins, Viktor Klima, austurrískí kanslarinn, sagði í stefnumótandi ræðu á Evrópuþinginu fyrr á árinu að sambandinu væri núna þörf á sterkri sameiginlegri stefnu í þessum málaflokki. Í sumar eða um miðbik síðasta mánaðar gerðist það að merk yfirlýsing kom frá varnarmálaráðherra Breta, George Robertson, sem staðfesti að hjá Bretum er komin stefnubreyting. Robertson sagði þá að Evrópa þyrfti á sérevrópskum varnarher að halda til þess að geta tekið á vandamálum í álfunni án íhlutunar Bandaríkjanna. Þetta olli að sjálfsögðu fögnuði meðal Breta því að þarna var um verulega þýðingarmikla stefnubreytingu varðandi framtíðarþróun Evrópusambandsins í öryggisefnum að ræða.

Sama dag og Robertson flutti þessa ræðu staðfesti Tony Blair, forsætisráðherra Breta, sama skilning og sama vilja. Hann lýsti því yfir að Bretland væri í fyrsta skipti reiðubúið til að samþykkja að ESB tæki að sér varnarhlutverk. Hugsun Breta er að sönnu sú, að aðgerðum slíks evrópsks varnarhers yrði stýrt af NATO en þó þannig að aðildarríki ESB legðu til heraflann og héldu yfirstjórn meðan á aðgerðunum stæði hvort heldur það væri í varnarskyni eins og það var orðað eða í árásarskyni. Blair sagði að sönnu að með þessari stefnubreytingu eða þessari stefnu væri ekki stefnt að því að kippa fótunum undan NATO en auðvitað dylst engum, eins og stjórnmálaskýrendur í Evrópu hafa bent á, að hér er um að ræða umtalsverða breytingu á utanríkisstefnu Breta. Hún felur í sér að á þessu sviði eru Bretar miklu hlynntari, örari og nánari samruna en áður. Þetta ber auðvitað að skoða í ljósi þess að ríki eins og Frakkar vilja draga úr vægi NATO og vilja skjóta formlegri varnarstoð undir Evrópusambandið og þeir hafa ekkert farið í launkofa með þá skoðun sína að Vestur-Evrópusambandinu er í framtíðinni hugað þetta hlutverk. Þetta tel ég, herra forseti, að kalli augljóslega fyrr en seinna á einhvers konar viðbrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Sú þróun sem þarna er hafin mun hvatast á næstu árum og hlutverk NATO og Bandaríkjanna þar með í öryggi Evrópu mun smám saman minnka og um leið dregur úr vægi þess sem hæstv. ráðherra kallar Atlantshafstengsl Evrópu. Hæstv. ráðherra benti raunar á það í ræðu sinni að í Bandaríkjunum væri sterkur þrýstingur á að lækka útgjöld

til varnarmála og hann upplýsti að þau hefðu þegar á liðlega áratug dregist saman um 40%. Hann benti enn fremur á að varnarstöðin á Miðnesheiði hefði ekki farið varhluta af þeim niðurskurði. En mér finnst athyglisvert, herra forseti, að það er eins og þessi mikilvæga stefnubreyting eins aðalleikarans á sviði Evrópusambandsins, þ.e. Bretland, hafi farið fram hjá íslenskum stjórnvöldum. Í ræðu hæstv. ráðherra var ekki drepið einu orði á þessa nýju þróun í öryggismálum Evrópu sem mun augljóslega auka enn þrýstinginn á samdrátt herafla Bandaríkjamanna í Evrópu og þar með væntanlega í framtíðinni á Íslandi.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það er hálf mínúta eftir.)

Þess vegna spyr ég, herra forseti, á þeirri hálfu mínútu sem ég á eftir: Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við þessu? Hefur hún í hyggju að efna til viðræðna við samstarfsþjóðir okkar í NATO um þetta? Hefur hún í hyggju að efna til viðræðna við Bandaríkjamenn um þetta? Ég vil sérstaklega, herra forseti, rifja upp í þessu samhengi að í málefnaskrá samfylkingar A-flokkanna og Kvennalistans er einmitt tekið á því að nauðsynlegt sé að taka upp viðræður við Bandaríkjamenn. Þessi þróun sem hefur augljóslega farið fram hjá hæstv. utanrrh. staðfestir það að nauðsynlegt er að slíkar viðræður um framtíðina verði teknar upp. Það er alveg ljóst að núna eru að verða breytingar í Evrópu sem draga úr því sem hæstv. ráðherra hefur kallað Atlantshafstengsl okkar.

[11:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hvað varðar spurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um öryggisráðið og eins og það stendur nú þá er gert ráð fyrir því að Noregur verði í framboði fyrir hönd Norðurlandanna á næsta ári. Síðan er gert ráð fyrir að Danmörk komi næst að öllu óbreyttu og síðan Ísland. Það yrði þá ekki fyrr en 2008 og Ísland sæti þá í öryggisráðinu árin 2009–2010. Það er langt þangað til þetta verður en hins vegar gat ég þess að það eru umræður um breytingar á öryggisráðinu sem leiða væntanlega til fjölgunar ríkja sem eiga þar sæti og þá er ljóst að það gæti komið mun fyrr að Íslandi. Þegar hefur eitt ríki haft samband við okkur og sagst styðja heils hugar aðild Íslands að öryggisráðinu og það ríki er Þýskaland. Við erum þakklátir fyrir þann stuðning þó að það sé langt fram í tímann og ég er ekki í nokkrum vafa um það að Íslendingar muni eiga þess kost að komast þarna inn. Að því er varðar kostnaðinn höfum við ekki tekið hann saman. Við höfum hins vegar kynnt okkur það hvernig aðrar þjóðir hafa farið í þetta. Við teljum að þarna sé um allmikinn kostnað að ræða. Einnig er það staðreynd að framboð til öryggisráðsins er líka dýrt og það þarf að hafa allmikið fyrir því en við höfum ekki tekið saman endanlegan kostnað enda er nokkur tími til stefnu. En þó að tíminn sé allmikill þurfum við nú þegar að fara að huga að því að búa okkur undir þetta.

[11:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það var afar athyglisvert að heyra hvernig hv. þm. Össur Skarphéðinsson þráspurði hæstv. utanrrh. um það hvort ekki væri í gangi vinna eða það þyrfti að vera í gangi vinna, athugun o.s.frv. á stöðu okkar og kostum gagnvart Evrópusambandinu. Þetta verkaði á mig allt saman eins og silkipappír utan um þá kunnu skoðun hv. þm. að við eigum að ganga í Evrópusambandið eða að stefna að aðild að Evrópusambandinu. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm.: Af hverju sagði hv. þm. það þá ekki beint en notaði þessa fjallabaksleið að lauma þessu inn í gildishlaðnar spurningar til hæstv. utanrrh. sem hljómuðu eins og gagnrýni á það að ríkisstjórnin væri ekki nógu dugleg við að skoða stöðu okkar gagnvart Evrópusambandinu?

Í beinu framhaldi og rökréttu samhengi við þetta kom umfjöllun hv. þm. um Vestur-Evrópusambandið og þá spurningu hvort við þyrftum ekki einnig að athuga það sem væri að gerast þar og taldi mikil tíðindi felast í breyttri afstöðu Breta. Þá er auðvitað komið að seinni spurningunni: Telur hv. þm. í samræmi við það að ég hef grun um að skoðun hans sé sú að við eigum að stefna að aðild að Evrópusambandinu að við eigum einnig að stefna að fullri aðild að VES, hernaðararmi Evrópusambandsins? Af hverju segir hv. þm. það þá ekki einnig berum orðum í staðinn fyrir að tala hér rósamál?

Loks er fróðlegt að spyrja, af því að hv. þm. sjálfur vitnaði í málefnaskrá A-flokkanna og Kvennalistans: Var hér flutt framsaga fyrir stefnu þeirra?

[11:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Afstaða mín til Evrópusambandsins hefur alltaf legið skýr fyrir. Afstaða hæstv. utanrrh. hefur verið með öðrum hætti. Ég lagði hérna fram í ræðu, sem ég reyndi að hafa málefnalega, þróun sem ég þykist greina innan Evrópusambandsins. Ég tel að slík þróun geti leitt til þess að vægi Íslands minnki og ég leyfði mér í fullri vinsemd, hv. þm., að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann væri sammála mér um að þessi þróun væri í gangi, og ef svo væri, með hvaða hætti hann hygðist bregðast við til að tryggja hagsmuni Íslands.

Hvað varðar spurninguna um Vestur-Evrópusambandið þá er ekki tilefni til að varpa spurningunni fram vegna þess að Ísland getur ekki orðið fullgildur aðili að Vestur-Evrópusambandinu. Til þess að svo verði þarf Ísland áður að gerast hluti af Evrópusambandinu. Það er ekki á dagskrá.

Að því er varðar hins vegar það sem ég taldi að lægi í spurningunni hjá hv. þm., hvaða stefnu ég teldi að e.t.v. ætti að taka varðandi þessa öryggisþróun í Evrópu þá er ég alfarið þeirrar skoðunar að það eigi ekki að efla Vestur-Evrópusambandið í það að verða varnarstoð undir Evrópusambandinu, alls ekki. Og sú skoðun mín hefur margsinnis komið fram og liggur fyrir í fjölda ræðna sem ég hef haldið, m.a. sem fulltrúi þessa háa Alþingis og á þingum Vestur-Evrópusambandsins.

[11:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka fyrir fræðsluna en hún var óþörf vegna þess að í spurningu minni fólst akkúrat þetta, að mér er vel ljóst að einungis aðildarríki Evrópusambandsins geta verið fullgildir meðlimir í Vestur-Evrópusambandinu. Enda spurði ég hvort það væri skoðun hv. þm. að samtímis því sem við stefndum á fulla aðild að Evrópusambandinu, en ekki hægfara innlimun aftan frá eins og nú hefur verið í gangi, stefndum við einnig að fullgildri aðild að Vestur-Evrópusambandinu. Það tvennt gæti að sjálfsögðu farið saman í stefnumótun stjórnvalda enda rökrétt að menn tækju afstöðu til þess í samhengi við það hvort menn ætla inn í Evrópusambandið eða ekki, hvort menn ætla þá jafnframt inn í Vestur-Evrópusambandið.

Ég er svo loks sammála hv. þm. um að ég hef ekki séð ljósið í því að efla þennan hernaðararm Evrópusambandsins til mikilla dáða og ég er ekki viss um að það væri framför

frá því sem nú er, og er þá mikið sagt af minni hálfu. Ég tel þvert á móti að menn ættu að reyna að bakka út úr því og var á móti þessari aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu sem var troðið upp á Ísland á sínum tíma.

En mér finnst að hv. þm. ætti að tala hérna eins skýrt og honum er nokkur kostur. Það er lítil afgreiðsla á minni spurningu að segja að ekki sé tímabært að svara því hvort við eigum að gerast aðilar að Vestur-Evrópusambandinu ef við ætlum inn í Evrópusambandið. Það er einmitt tímabært og þarf að liggja fyrir hvað menn ætlast fyrir í þessum efnum hvað hina stóru drætti varðar.

[11:34]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla ræðu sem tekur á öllum helstu þáttum utanríkismála Íslands. Það má raunar segja að það varpi nokkru ljósi á stöðu Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi að tekin hefur verið ákvörðun um að stefna að framboði til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það er táknrænn atburður að þessi ákvörðun hefur verið tekin og staðfestir það sem löngu er kunnugt að hlustað er á rödd Íslands á alþjóðlegum vettvangi.

Það er litið svo á að Íslendingar hafi mjög margt fram að færa á alþjóðlegum vettvangi. Þeir vekja athygli á sviði umhverfismála, þeir eru taldir öðrum meiri sérfræðingar á sviði sjávarútvegsmála og taldir hafa náð þar meiri árangri en aðrar þjóðir. Þeir standa vörð um umhverfismál hafsins. Staða þeirra í varnar- og öryggismálum hefur löngum verið sterk, og að lokum er ekki hægt að neita því að síðasta áratuginn hefur sú efnahagsþróun sem hefur átt sér stað á Íslandi vakið töluverða athygli á erlendum vettvangi.

Undanfarið hafa orðið miklar sviptingar, alþjóðlegar sviptingar í efnahagsmálum sem hófust með hræringum í Austurlöndum fjær. Um tíma var óttast að slíkar sviptingar mundu valda hruni efnahagslífsins hjá mörgum þeirra ríkja sem höfðu verið talin, t.d. hér á landi, fordæmi öðrum þjóðum í efnahagsuppbyggingu. Minnist ég þess að vitnað var til þeirra hér á landi sem kraftaverkasvæða sem við gætum lært mikið af.

Nú hafa komið í ljós margvíslegir veikleikar í efnahagskerfi þessara þjóða. Engu að síður virðist heldur vera að rofa til nú síðustu vikur og það er óvíst hvort afleiðingar af þessari efnahagsþróun í Austurlöndum fjær verða eins alvarlegar og um tíma var haldið.

Það er táknrænt fyrir þá tíma sem við lifum nú að þróun efnahagsmála í fjarlægum heimshlutum hefur bein og óbein áhrif hér á landi, ekki síst í ljósi þess að við höfum byggt upp markaði bæði fyrir matvæli og aðrar framleiðsluvörur á nokkrum mikilvægum mörkuðum í Asíu. Umrótið í efnahagsmálum Asíu er okkur því mikið umhugsunarefni. Þetta umrót hefur sýnt fram á að alþjóðleg viðskipti í hinu svokallaða heimsþorpi lúta mun flóknari lögmálum en svo að sérfræðingar í efnahagsmálum hafi yfirsýn yfir þau. Það hefur komið í ljós í þessari þróun að ráðgjöf á sviði efnahagsmála, ráðgjöf til stjórnmálamanna á sviði efnahagsmála, stendur snöggt um veikari fótum en talið hefur verið.

Umrótið í Austurlöndum fjær hefur haft neikvæð á hrif á nálægari markaðssvæði þar sem Íslendingar hafa verið að vinna lönd. Það er ljóst að efnahagsupplausninni í Rússlandi er stundum lýst sem sérstöku, einangruðu fyrirbæri og þá bent á hve Rússland tekur lítinn þátt í alþjóðaviðskiptum. En umrótið í Asíu hefur haft bein áhrif á efnahagsmál og stjórnmál í Rússlandi. Grundvöllur tekna ríkisins í Rússlandi, sem var afar veikur fyrir, er sá að tekjur ríkisins berast frá átta af 89 ríkjum rússneska ríkjasambandsins, en af þessum átta eru a.m.k. sex sem hafa fyrst og fremst tekjur af olíu- og gasvinnslu. Umrótið í Asíu hefur haft mjög slæm áhrif á orkumarkaðinn og lækkað verð á orku og þannig veikt rússneskt efnahagslíf.

Þannig hefur upplausnin í efnahagsmálum Rússlands ekki bara haft áhrif þar innan þess víðfeðma ríkis heldur líka haft áhrif á grannríki þeirra. Þetta aftur á móti hefur haft nokkra verkan á það sem hér hefur orðið að miklu umræðuefni, m.a. hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, en það er útvíkkun Evrópusambandsins. Ég nefni sérstaklega í þessu sambandi Lettland. Mið- og Austur-Evrópuríkin skynja nú enn frekar en áður að þeir erfiðleikar sem upp hafa komið í Rússlandi geta ýtt undir þá viðleitni þessara ríkja að hraða aðild sinni að ESB til að tryggja áframhaldandi efnahagsbata.

Hins vegar er rétt að menn hafi það í huga að þessi þróun í Mið- og Austur-Evrópuríkjunum, sem má rekja að hluta til til efnahagsþróunarinnar í Rússlandi, mun hafa öfug áhrif á Evrópusambandið. Það er mjög líklegt og raunar er þegar farið að finna fyrir því að innan ESB verða viðbrögðin á annan veg. Þar huga menn nú þegar að því að styrkja innri stöðu sína, styrkja stöðu eigin ríkja innan Evrópusambandsins, og eru það bein viðbrögð við samdrætti í heimsviðskiptum. Það mun því leiða til þess að frekar er líklegt að hægja muni á útvíkkunarmálunum af hálfu þeirra ríkja sem nú þegar byggja Evrópusambandið.

Í raun hefur þessi afstaða nú þegar komið í ljós hjá nýjum valdhöfum í Þýskalandi. — Má ég vekja athygli hæstv. forseta á því að ég sé ekki hvernig tíma mínum er háttað.

(**Forseti** (ÓE)**:** Já, forseti mun gera ræðumanni viðvart þegar hálf mínúta er eftir.)

Það er stuttur frestur, hæstv. forseti, en ég mun sætta mig við það.

Reikna má með því að þessi þróun muni bitna á útvíkkun Evrópusambandsins og draga úr hraða þeirrar útvíkkunar.

Hér hefur því verið haldið fram að þessi þróun muni verða hraðari á næstunni en hingað til hefur verið. Ég tel margt benda til þess að svo muni ekki verða. Það má nefna sem dæmi að ný viðhorf hafa komið upp meðal ríkja Evrópusambandsins og þar á meðal vegna þeirrar þróunar sem hefur orðið í stjórnmálum Evrópu. Þar hafa komið upp sterkari öfl á vinstri vængnum sem hafa nú tekið við forustunni í fjölmörgum Evrópusambandsríkjum. Þessi ríki hafa ekki lagt eins mikla áherslu á efnahagsþróunina og það aðhald sem verið hefur í efnahagsmálum innan Evrópuríkjanna, ekki síst varðandi myntsamstarfið. Nýju áherslurnar innan Evrópusambandsins eru frekar á hin félagslegu mál og þá ekki síst á atvinnusköpun og baráttuna gegn atvinnuleysi.

Þessi stefnubreyting kemur til með að hafa áhrif á Evrópusambandið. Hún mun gera dýpkun Evrópusambandsins heldur viðameira verkefni og erfiðara og ekki verður auðveldara að ná samkomulagi um þá þróun og mun þar af leiðandi hægja á dýpkunarferli Evrópusambandsins. En sú þróun sem nú er fyrirsjáanleg mun líka hafa áhrif á útvíkkunarferlið og draga úr hraða þess. Þetta skynja nú þegar mörg af þeim ríkjum sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu og hefur þetta komið mjög skýrt fram í málflutningi Letta gagnvart Evrópusambandinu.

Einnig er ljóst að það er beinlínis eðli starfseminnar sem fram fer innan Evrópusambandsins að útvíkkunin sé þróun

sem gengur hægt fyrir sig. Bæði snertir það skilmálana sem settir eru fyrir aðild. Þeir hafa í raun og veru ekki verið að veikjast eins og margir óttuðust. Þvert á móti hefur farið fram mjög hröð aðlögun innan núverandi aðildarríkja Evrópusambandsins að þeim skilmálum sem settir voru um efnahagssamvinnuna og EMU. Og ef eitthvað er sem vekur mikla athygli er það einmitt þessi hraða þróun aðildarríkjanna að þeim kröfum sem settar voru með efnahags- og myntsamstarfinu.

Skilmálarnir hafa því verið að styrkjast á undanförnum árum. Það mun einnig leiða til þess að heldur hægist á útvíkkunarpólitík Evrópusambandsins.

Ég held því að það sé á misskilningi byggt að einhver sérstök teikn séu á lofti um að útvíkkun Evrópusambandsins muni verða hraðað á næstu árum. Ég held það séu einmitt þvert á móti nokkur teikn um að sú þróun muni ganga hægt fyrir sig.

Ég held að staða Íslendinga við þessa þróun sé ekki slæm. Samkomulagið um Evrópska efnahagssvæðið hefur í raun reynst okkur vel. Það var skynsamleg leið sem við völdum þar. Sú staða okkar versnar ekki svo að orð sé á gerandi við þá þróun sem nú á sér stað í Evrópusambandinu. Það er að vísu rétt sem kom fram áðan að aukin völd Evrópuþingsins þrengja heldur stöðu okkar gagnvart Evrópusambandinu. En við megum heldur ekki gleyma því að útvíkkunin sem verður, þó að hægja muni á þeirri þróun á næstu árum, er einnig til þess fallin að skapa okkur möguleika miklu frekar heldur en að skapa okkur erfiðleika og við eigum að líta á útvíkkun Evrópusambandsins sem hagstæða þróun fyrir okkur, bæði fyrir Evrópu í heild en einnig fyrir okkur sem þjóð.

Við skulum samt sem áður ekki mikla fyrir okkur þann hag sem við höfum haft af Evrópska efnahagssvæðinu. Þróunin hefur raunar verið sú að frá 1992–1997 hefur útflutningur Íslendinga til Evrópusambandsins aukist talsvert, raunar um 30% á þessu tímabili sem er um talsverð aukning, en á sama tíma hefur innflutningur frá Evrópusambandinu vaxið um 60% þannig að það er ljóst að það er kannski frekar Evrópusambandið sem hefur haft viðskiptalegan hagnað hingað til af því að þetta samkomulag var gert. Ástæðurnar fyrir þessu eru að vísu flóknar og engan veginn slíkar að hægt sé að kenna samkomulaginu um Evrópska efnahagssvæðið um þessa þróun. Þar hafa áhrif t.d. gengisþróun dollarsins og jensins. En þetta segir okkur nokkuð um það að ekki er hægt með gildum rökum að fara þess á leit við Íslendinga að þeir greiði áfram verð fyrir þennan samning eins og raunar má segja að Spánverjar hafi nú gert að sínum málflutningi. Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að draga lærdóm af þeirri þróun sem hefur orðið á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, draga lærdóm af þróuninni innan ESB og lærdómurinn er þessi: Við þurfum að standa vörð um hagsmuni okkar á sem flestum markaðssvæðum í heiminum og ekki líta á stækkun Evrópusambandsins sem ógnun við okkur heldur þvert á móti sem möguleika. Þó að nokkurt bakslag hafi komið, eins og ég nefndi áðan, í þróun viðskiptatengsla okkar á nýjum markaðssvæðum bæði í Asíu og í Rússlandi, þá er alveg öruggt mál að það á að vera meginatriði fyrir okkur að leggja áfram rækt við þessa markaði. Við þurfum að dreifa viðskiptahagsmunum okkar sem mest og styrkja stöðu okkar á sem flestum mörkuðum.

Ástæða er til þess að fagna sérstaklega í sambandi við þetta því framtaki EFTA-þjóðanna að vinna að því að koma á fríverslunarsamningi við Kanada en undir formennsku Íslands í EFTA naut það mál forgangs á fyrri hluta þessa árs. Má í raun fullyrða að sú áhersla á viðskiptamál sem hæstv. utanrrh. hefur lagt í störfum sínum hafi nú þegar orðið til þess að styrkja ráðuneytið og það starf sem utanríkisþjónustan sinnir til að efla útflutningsstarfsemi og á þetta örugglega eftir að koma enn betur í ljós á komandi árum. Ég hygg satt best að segja að þegar til lengri tíma er litið muni menn minnast þessa framtaks hæstv. utanrrh. sem eins mikilvægasta framlagsins til íslenskra utanríkismála og íslenskra viðskiptamála.

Hér hefur verið rætt um umhverfismál og málefni hafsins sem eitt af þeim mikilvægu grundvallarmálum sem Íslendingar glíma við á vettvangi utanríkismála. Því ber að fagna hversu mikil áhersla er lögð á þetta í ræðu utanrrh. og okkur þingmönnum ber, bæði á þessum vettvangi og alls staðar annars staðar, ekki síst alþjóðlegum vettvangi, að styrkja þessa viðleitni hæstv. utanrrh. því að hér er um afar mikilvægt málefni að ræða.

Rétt er að geta þess að innan umhverfismálanna eigum við að gerast talsmenn umhverfismála og verndunar hafsins en umhverfismál hafsins hafa í raun og veru mjög lítil mörk. Mestöll mengun berst fyrr eða síðar til hafsins og rétt er að minna á það hér og nú að meginuppspretta mengunar hafsins eru landstöðvar. Á þessu ári hefur verið mikil umfjöllun á alþjóðlegum vettvangi um þennan málaflokk og okkur Íslendingum hefur gefist tækifæri til að beina athyglinni að umhverfismálum hafsins. Þar þurfum við að halda vel á málum til að halda til haga því grundvallarsjónarmiði að treysta beri sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins. Það sjónarmið á hins vegar undir högg að sækja á ýmsum vettvangi og er ástæða til þess að við Íslendingar leggjum okkur fram við að koma sjónarmiðum okkar á framfæri sem víðast og á áberandi hátt.

[11:50]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa skýrslu og sömuleiðis það að á undanförnum árum höfum við tekið upp þann sið að taka utanríkismál til almennrar umræðu í þinginu tvisvar sinnum á hverjum vetri, bæði að hausti og vori og það er gott að standa þannig að málum. Þetta hefur orðið til þess að meiri samfella er í umræðunni hér en ella væri og ég tel ástæðu til þess að lýsa því yfir að ég held að þetta sé fyrirkomulag sem menn eiga að halda áfram í þessari stofnun.

Ég vil líka segja að ég tel að ræða hæstv. utanrrh. sé ágæt undirstaða að umræðunni hér eins og hún liggur fyrir því að þar er drepið á mjög marga þætti sem ástæða er til að fjalla um og spurning hvort mönnum nægir sá tími sem hér er skammtaður til þess að fara almennt yfir hlutina og þess vegna verða menn meira en ella væri og kannski meira en góðu hófi gegnir að staðnæmast við einstök atriði frekar en almenn grundvallaratriði sem væri þó full ástæða til að ræða.

Ég vil fyrst, herra forseti, víkja aðeins að því sem rætt hefur verið núna í síðustu ræðum af hálfu hv. þm. Tómasar Inga Olrichs og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um Evrópusambandið. Það er augljóst mál að Evrópusambandið er núna að vinna í mjög mikilvægum, erfiðum og mjög flóknum verkefnum frá sjónarmiði Evrópusambandsins. Burt séð frá því hvaða skoðun við höfum á því þá er veruleikinn sá að þar eru menn að fjalla um málefni sem munu bersýnilega taka mjög mikinn tíma. Í þeim efnum er hægt að nefna t.d. mál eins og myntina og hvernig með þá hluti verður farið og hinn

evrópska seðlabanka og hver staða hans verður gagnvart hinum seðlabönkum þjóðanna og það er greinilegt að þar er þegar orðin veruleg spenna á milli, m.a. eftir yfirlýsingar Lafontaines og fleiri um nauðsyn vaxtalækkana sem forráðamenn evrópska seðlabankans hafa þegar mótmælt. Í fyrsta lagi er því bersýnilegt að Evrópusambandið mun eiga fullt í fangi með þetta mál. Í öðru lagi mun Evrópusambandið eiga fullt í fangi með að fara yfir það sem kallað er Dagskrá 2000, þ.e. verulegar breytingar á innri markaðnum og það sem kallað er á tæknimáli þarlendra að dýpka þann markað, innri markað Evrópusvæðisins, meira en þegar hefur verið gert. Í því sambandi hefur verið bent á ótal dæmi sem mundu hafa það í för með sér að þessi markaður yrði mun virkari en hann er núna og þar af leiðandi er augljóst mál að þar er mikið verk að vinna og miklar hindranir eru í veginum sem verður sums staðar mjög erfitt að yfirstíga.

Í þriðja lagi er náttúrlega ljóst að stækkunarferlið hefur það í för með sér að menn eru að tala um að breyta í grundvallaratriðum öllu stjórnkerfi Evrópusambandsins og það er ekkert smámál. Það er alveg greinilegt, t.d. af þeim viðtölum sem við fulltrúar utanrmn. áttum við ýmsa talsmenn Evrópusambandsins undir forustu hv. þm. Tómasar Inga Olrich núna á dögunum að menn líta þannig á að stækkunarferlið, sem nú er um að ræða og menn standa í, muni taka þó nokkurn tíma og það verði flókið. Ég held að málið liggi þannig að næsta stækkunarskref eftir þá stækkunarhrinu sem núna er verið að undirbúa verði ekki stigið fyrr en eftir 2006 eða 2007. Með öðrum orðum eftir annað kjörtímabil héðan í frá, talið í kjörtímabilum í okkar landi, þannig að auk þessa verður það svo líka á dagskrá á þessum næstu kjörtímabilum að Evrópusambandið mun í vaxandi mæli ganga fram sem stórveldi. Evrópusambandið er t.d. á alþjóðavettvangi farið að haga sér eins og stórveldi mjög víða. Það er að sumu leyti flóknara fyrir okkur að fylgja slíku stórveldi en nokkru öðru því að Evrópusambandið tekur í þessum efnum fyrst og fremst mið af viðskiptahagsmunum og engu öðru sem alls ekki er víst að fari saman við þá hagsmuni sem við t.d. mundum hafa í þessum efnum.

Ég held að það sé nauðsynlegt líka að gera sér grein fyrir því að þessum viðskiptahagsmunum gæti Evrópusambandið viljað fylgja eftir með hernaðarlegum styrk og sérfræðingar í málefnum Evrópusambandsins og Evrópu spá því að eftir eitt eða tvö kjörtímabil héðan í frá, ef við horfum á stöðuna út frá okkur, muni menn gera kröfu um það í vaxandi mæli að Evrópusambandið hafi hernaðarlegan styrk til að fylgja pólitík sinni eftir þar sem það á við að mati Evrópusambandsins.

Og hvað er að gerast einmitt núna um þessar mundir? Var það ekki bara í gær eða var það í fyrradag að varnarmálaráðherrar Evrópusambandsríkjanna komu saman til sérstaks fundar til að fjalla um stöðu sína? Meðal annars eftir kosningarnar í Þýskalandi eru menn að endurmeta hlutina og þessir fundir eru bersýnilega haldnir, næstum að segja, í andstöðu við utanríkismálaráðherrana sem vilja leggja aðrar áherslur í þessum löndum. Til dæmis er það þannig að utanríkismálaráðherra Dana, Niels Helveg Petersen hefur mótmælt þessum fundarhöldum alveg sérstaklega vegna þess að þar með sé verið að draga Evrópusambandið inn í hernaðarlega umgjörð sem er Dönum, eins og sakir standa, ekki að skapi. En eftir þau viðtöl t.d. sem við höfum átt undanfarna daga, þ.e. þeir þingmenn sem skoðuðu þessi mál pínulítið á vegum utanrmn. og bara af lestri blaða, er ég algerlega sannfærður um það, ef maður reynir að horfa eins og tíu ár fram í tímann, að Evrópusambandið mun setja það á dagskrá að vera með hernaðarlegan styrk. Það er engin spurning.

Spurningin fyrir okkur er þá sú í ljósi þessa og alls: Erum við þá nokkuð í vondri stöðu? Þurfa Íslendingar að hafa svo miklar áhyggjur af þessu og þurfum við alltaf að tala eins og við séum afgangsstærð og út undan í þessu Evrópumáli öllu saman? Ég hef sömu skoðanir á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og ég hafði þegar hann var gerður á sínum tíma. Ég tel að það hefði verið miklu betra fyrir Ísland að gera tvíhliða samning. En er veruleikinn sá þrátt fyrir þessa niðurstöðu núna að Íslendingar þurfi endilega, af því að þetta hafi verið svo vitlaus samningur sem meiri hluti Alþingis gerði, að sækjast eftir því að ganga í Evrópusambandið af því að menn geti ekkert annað, af því að annars verði menn afgangs í þessu ríki og verði kannski eftir 12 ár eða svo utan Evrópusambandsins, eitt Evrópuríkja fyrir utan náttúrlega Rússland og kannski Rúmeníu? Ég tel að málið liggi ekki svona. Ég tel að við eigum kannski ekki fyrst og fremst að leggja á það áherslu að skoða hvaða möguleika við fáum út úr því að vera aðili að Evrópusambandinu. Mér finnst að við eigum að skoða þá möguleika sem við höfum út frá þeirri stöðu sem við erum í núna. Við eigum að velta því fyrir okkur hvaða möguleika hún getur gefið okkur sérstaklega. Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að þeir möguleikar eru miklir og ég held að við eigum ekki að nálgast málin þannig að vægi Íslands sé að minnka. Það er ekki svo. Ég held að menn eigi að horfa á þessa hluti eins og þeir eru og miðað við allar aðstæður eigi menn ekki að setja sig í þær stellingar að við þurfum svo að segja að neyðast til þess að ganga í Evrópusambandið burt séð frá öllu öðru sem veldur svo því að það er engin ástæða til að ganga þar inn. Ég tel því að engin nauður reki Íslendinga til að skoða þessi mál sérstaklega.

Svo er líka hitt umhugsunarvert og það er að þarna eru á vettvangi vaxandi umræður um að efla þjóðríkin aftur. Það er verið að tala um að það verði að efla þjóðþingin gagnvart Evrópuþinginu aftur, að það sé nauðsynlegt ef menn ætli sér að ná utan um þessa þróun og það er býsna skemmtileg umræða sem væri fróðleg fyrir okkur að fara yfir í Alþingi Íslendinga, ekki síst í ljósi þess að menn voru svo að segja hér um tíma að afskrifa sjálfstæði þjóðríkjanna. En það er greinilegt að menn líta þannig á að ef það á að nást utan um þessa þróun á næstu árum og áratugum þá þurfi að halda í og jafnvel að styrkja sjálfstæði þjóðríkjanna inn í og andspænis þessum stóru bandalögum.

Ég vil nefna örfá atriði úr ræðu hæstv. utanrrh. og þá fyrst að snemma í ræðunni víkur hann að því sem kallað er aukið vægi alþjóðamála. Það er vitnað í að þjóðir heimsins hafi vaxandi aðgang að alnetinu. Þar þarf að fást við gríðarlega stórar spurningar. Við þurfum að velta því fyrir okkur hver fer með þau mál í Stjórnarráði Íslands. Eru það fagráðuneytin eða eru þetta utanríkisviðskiptamál, þau sem snúa að t.d. rafrænum viðskiptum og rafrænum boðum af öllu mögulegu tagi sem verða alger undirstaða allra samskipta í alþjóðamálum og utanríkismálum á næstu árum og áratugum?

Í grein sem ég skrifaði í Morgunblaðið og birtist á sunnudaginn var nefni ég fimm lykilspurningar í þessu efni: Hvernig á að tryggja markaðsaðgang allra með vörur og þjónustu á netinu? Hver hefur lögsögu á netinu, hvar endar lögsaga Íslands? Hvernig á að tryggja rétt neytenda á netinu? Hvað með höfundarrétt og firmaskráningu, staðfestingu

undirskrifta og allt þetta? Hver í Stjórnarráði Íslands heldur utan um þetta? Þetta eru í raun utanríkismál sem skipta okkur mjög miklu máli. Ég vil beina þeirri spurningu í fyrsta lagi til hæstv. utanrrh.

Í öðru lagi, þar sem ég verð að fara hratt yfir sögu, ætla ég að víkja aðeins að vestnorræna samstarfinu og norðurskautssamstarfinu. Ég tel það skipta mjög miklu máli að við reynum að ná betur utan um þetta samstarf á heimskautssvæðunum en þegar hefur tekist. Það hefur verið erfitt m.a. vegna þess að Bandaríkjamenn hafa ekki fengist til að taka þátt í því sem skyldi, þ.e. samstarfsins á vegum Arctic Council. Ég veit að hæstv. utanrrh. er allmikill áhugamaður um þetta mál ef ekki frumkvöðull beinlínis. Ég vil beina því til hans að menn íhugi hvernig hægt sé að tryggja að þetta samstarf á norðurheimskautssvæðunum verði öflugra en það hefur verið til þessa. Það er alltaf að bæta dálitlu við sig en í rauninni er mjög flókið að taka á þessu samstarfi vegna þess að það er ekki nóg að þetta samstarf nái til ríkja eða ríkisstjórna. Það verður að ná sérstaklega til svæða eins og t.d. Grænlands, Norður-Rússlands, norðurhluta Kanada og þar fram eftir götunum.

Ég tel mikilvægt að nefna þetta hér, m.a. með hliðsjón af því að Ísland hefur forustu í norræna samstarfinu á næsta ári, ef ég man rétt. Ég vildi því gjarnan sjá þetta þannig fyrir mér tæknilega að við höfum á eina hliðina hið norræna samstarf, í framhaldi af því hið vestnorræna samstarf og í framhaldi af því samstarfið á heimskautssvæðunum. Ég vil gjarnan horfa á þetta sem eina samfellu. Ég tel að þarna sé fólk sem við eigum samleið með, bæði pólitískt, hagsmunalega, menningarlega, hvernig svo sem það er skoðað. Ég tel að það væri slæmt ef við yrðum á nokkurn hátt viðskila við þetta fólk, enda veit ég að það er enginn áhugi á slíku.

Í þriðja lagi ætla ég að nefna öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og rifja upp að það eru líklega 3–4 ár síðan ég spurði hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. um þetta mál. Þá lýsti ég miklum áhuga á því að þetta yrði, að Ísland sæktist eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Ég vil lýsa því yfir að ég tel að þetta sé mjög mikilvægt atriði fyrir Ísland. Ég tel að þetta yrði upphefð fyrir Ísland og sjálfstæði þess að vera með þegar kemur að ákvarðanatöku innan öryggisráðsins. Ég tel að þetta væri afar jákvætt og mikilvægt og auðvitað ljóst að þetta mun kosta fjármuni eins og hér hefur komið fram, bæði undirbúningurinn og þátttakan. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli og spurning hvernig menn ætla síðan að vinna að því í framhaldinu, að tryggja að við náum þessu sæti. Það er útfærsluverkefni sem mér finnst að aðili eins og utanrmn. ætti að koma að.

Það eru fjöldamörg fleiri atriði sem ég ætlaði að nefna. Ég ætlaði aðeins að koma inn á þennan alþjóðlega sakamáladómstól og fara yfir Evrópumálin frekar en ég kemst ekki yfir það. Ég ætla aðeins að víkja að því sem snertir sérstaklega Atlantshafsbandalagið og hersetuna. Ágreiningurinn sem menn hafa viljað halda fram að sé uppi um hvort breytingar séu að verða í utanríkismálum er minni en menn vilja vera láta. Ég tel að í ræðu hæstv. utanrrh. komi fram að hann sé sammála því að það eru að verða breytingar sem menn hljóta að taka á og koma til móts við. Ég bendi á það að lokum, herra forseti, að snemma á næsta ári er sérstakur fundur þar sem fjallað verður um endurskoðun á öryggismálastefnu Atlantshafsbandalagsins. Það er því greinilegt að þessir hlutir eru að breytast og þróast. Það snertir líka aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og hersetuna á Keflavíkurflugvelli.

[12:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að nægilegur tími mun ekki gefast til þess að fjalla um þessi yfirgripsmiklu mál. Að því er varðar samstarfið í norðurskautsráðinu er ýmislegt jákvætt að gerast. Bandaríkjamenn hafa forustu í samstarfinu í norðurskautsráðinu á næstunni sem ég tel skipta afar miklu máli. Það mun verða til þess að þeir sinni því betur en áður var og þeir hafa sýnt vaxandi áhuga á þessu samstarfi. Þeir hafa sent menn á fundi Barentsráðsins svo að eitthvað sé nefnt og Kanadamenn hafa líka sýnt því vaxandi áhuga. Utanrrh. hefur m.a. mætt á slíka fundi. Bandaríkjamenn hafa aukið mjög samstarfið varðandi Eystrasaltsríkin og telja að Norðurlöndin skipti mjög miklu máli í því samhengi. Það er ekki mjög langt síðan haldinn var fundur Eystrasaltsríkjanna, Norðurlandanna og Bandaríkjanna um þau mál. Þessi bönd hafa því verið að styrkjast og ég tel að orðið hafi mikil stefnubreyting í Bandaríkjunum að því er það varðar.

Ég er sammála hv. þm. Svavari Gestssyni um að við Íslendingar þurfum að sinna þessu máli mjög vel í formennskutíð okkar í Norðurlandaráði. Þarna er einstakt tækifæri til að auka samvinnu Norðurlandanna, ekki bara við Rússland heldur líka við Bandaríkin og Kanada. Norðurlöndin hafa einstakt tækifæri til að leiða þessa fornu fjendur, sem nú eru bandamenn og starfa saman, til að vinna góð verk í heimsmálum. Ég tel að þetta sé tækifæri sem Norðurlöndin í heild sinni megi alls ekki glata.

[12:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. eins og aðrir ræðumenn fyrir yfirgripsmikla ræðu en eyði tímans vegna ekki orðum í kurteisishjal. Ég ætla að snúa mér beint að því sem ég vil taka fyrir.

Í fyrsta lagi finnst mér óskaplega mærðarlegt tal hæstv. utanrrh. í ræðunni um 50 ára afmæli NATO. Þegar ég las þetta fékk ég þá tilfinningu að þetta hlyti að vera einhver ástkær fjölskylduvinur hæstv. ráðherra sem yrði fimmtugur á næsta ári, svo hlýlegur er textinn. Ég er viss um að þó að einhver af nánustu vinum eða ættingjum ráðherrans ætti í vændum stórafmæli, þá kæmist ráðherrann varla hlýlegar að orði.

Eins verð ég að segja að mér finnst hæstv. ráðherra hneigjast til að nánast umskrifa söguna þegar hann víkur að ágreiningi um utanríkismál á liðnum áratugum. Hann setur það t.d. alltaf þannig fram að enginn ágreiningur hafi verið um utanríkismál í Framsfl. og Alþfl. um aðild að Atlantshafsbandalaginu og gerð herstöðvarsamningsins. Er hæstv. ráðherra að reyna að umskrifa söguna svona 50 árum síðar og breiða yfir þá staðreynd að djúpstæður ágreiningur og hörð átök voru um þessar stóru ákvarðanir í Framsfl. og Alþfl.? Ég veit ekki betur en að þingmenn bæði úr Framsfl. og Alþfl. hafi setið hjá eða greitt atkvæði gegn NATO-samningnum á sínum tíma. Í Alþfl. voru það t.d. þeir Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdimarsson og a.m.k. einn nafngreindur þingmaður Framsfl., að því er ég best veit. Fleiri voru síðan andvígir gerð herstöðvarsamningsins. Um áratuga skeið var forusta Framsfl. klofin í þessu máli eða minnist enginn lengur Hermanns Jónassonar og fleiri forustumanna á þeim kanti? Það er auðvitað mál núv. formanns Framsfl. hvaða virðingu hann vill sýna sjónarmiðum genginna forustumanna flokksins.

Ég fagna í öðru lagi, herra forseti, ákvörðun um að opna skrifstofu fastanefndar Íslands í Vín við stofnunina um öryggi og samvinnu í Evrópu. Ég fagna sömuleiðis því að stefnt er að framboði í öryggisráðið og styð hvort tveggja heils hugar. Enn fremur tek ég undir það sem hæstv. ráðherra segir um stofnun alþjóðlegs sakadómstóls, þ.e. niðurstöðuna frá því í Róm á sl. sumri. Ég hvet hæstv. ráðherra til að reyna að hraða fullgildingu samningsins af Íslands hálfu. Það skyldi þó aldrei verða svo að við gætum orðið í hópi fyrstu þjóða því að síðast þegar ég vissi hafði engin þjóð fullgilt samninginn. Við vorum í hópi þeirra fyrstu sem skrifuðum undir hann og vissulega væri ánægjulegt ef það gerðist aldrei þessu vant að Íslendingar yrðu í hópi þeirra fyrstu eða jafnvel fyrstir til að fullgilda slíkan tímamótasamning. Fastadómstóll um glæpi gegn mannkyninu væri að sjálfsögðu stórkostleg framför í hinu alþjóðlega samfélagi hvað þessi réttarmál varðar.

Þá verð ég að segja, herra forseti, að ég tel orðalagið í kafla um auðlindir og umhverfi í ræðu hæstv. ráðherra ekki vandað. Ég er ekki sammála því að það verði okkur til framdráttar að reka þessi samskipti undir jafnneikvæðum formerkjum og mér finnst hæstv. ráðherra gera. Hér segir t.d., með leyfi forseta:

„Umfjöllun um sjávarútveg á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tengist í síauknum mæli umræðu um umhverfismál. Þessi þróun þarf ekki að vera neikvæð."

Dýpra er ekki tekið í árinni. Mér finnst þetta of neikvæð framsetning. Ég tel að við eigum að fagna því að aukin umræða og meðvitund í umhverfismálum sé á ferðinni varðandi nýtingu lífrænna auðlinda. Það mun fyrr en síðar verða okkur til góða og styrkja stöðu okkar, ef við bregðumst rétt við og látum það vinna með okkur. Þessi texti er að mínu mati óþarflega neikvæður. Við eigum auðvitað ekki að láta undan síga fyrir því sem við teljum óskynsamlegan áróður í þessum efnum. Við eigum hins vegar ekki að taka sjálfri grundvallarþróuninni að umhverfismálin séu í vaxandi mæli tvinnuð saman við atvinnulífið og auðlindanýtinguna sem neikvæðri, alls ekki. Þess vegna eigum við að segja: Við teljum það jákvætt að umhverfismál séu í vaxandi mæli á dagskrá samhliða nýtingu lífrænna auðlinda.

Sömuleiðis er, herra forseti, þetta afdráttarlausa orðalag um andstöðu okkar við ríkisstyrki ekki að öllu leyti réttlætanlegt og hægt sé að kenna styrkjunum meira og minna um alla ofveiði sem er í heiminum. Þá er talið að styrkirnir hamli frjálsri samkeppni o.s.frv. Erum við þá orðnir alveg sérstakir boðberar einhverrar frjálshyggju eða kapítalisma í þessum efnum? Ég kem reyndar að því síðar hvernig mér finnst hæstv. ráðherra vera fánaberi þeirrar hugsunar.

Ég er sammála því að við eigum að berjast gegn ríkisstyrkjum sem bjagar samkeppni þegar í hlut eiga stórútgerðir, úthafsútgerðir, t.d. styrkir Evrópusambandsins til togaraútgerðar o.s.frv. En er það alveg jafnvíst að við getum fordæmt með öllu stuðning t.d. við afskekkt byggðarlög í Norður-Noregi eða stuðning Færeyinga við smábátaútgerð og hefðbundna línubátaútgerð sem er undirstaða byggðar í mörgum byggðarlögum Færeyja?

Ef hlutirnir eru á þeim nótum, er það þá ekki nokkuð annað mál? Ég held að við eigum að vara okkur á því og gera þá a.m.k. skýran greinarmun á því sem er annars vegar það sem við teljum vera samkeppnisbjagandi ríkisstyrki til stórútgerðar og stórrekstrar og hins vegar því sem er í raun og veru byggðastuðningur við afskekkt byggðarlög, vistvænar veiðar, smábátaútgerð og annað því um líkt. Ég tek ekki undir þessar alhæfingar eða þetta afdráttarlausa orðalag sem þarna er á ferðinni.

Dapurleg er auðvitað áframtvískinnungsframsetningin í sambandi við Kyoto, þar sem menn þykjast í öðru orðinu vera ákaflega áhugasamir um að mannkynið nái árangri í að takmarka losun en hins vegar er algjörlega ómögulegt fyrir Íslendinga að taka þátt í slíkum samningi.

Ég fagna því að komið er inn á þróunarsamvinnu og nefnt að hún er að aukast en minni á að það er úr grátlega lágum upphæðum og enn er óralangt í land að við Íslendingar komumst í hóp þeirra ríkja sem gera skyldur sínar í þessum efnum.

Þá vil ég nefna aðeins umfjöllun um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og efnahagsmál. Þar er orðalag hæstv. ráðherra — og reyndar á nokkrum stöðum í viðbót — í raun og veru ótrúlega blind frjálshyggja og markaðshyggja. Það segir t.d. að á fundum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna leggi Ísland sérstaka áherslu á að þróunarríkin innleiði markaðsbúskap. Það er talað um þetta sama í sjávarútveginum. Og þá rifjaðist upp fyrir mér að ég hafði lesið ræðu sem hæstv. ráðherra hélt á ársfundi Íslensk-ameríska verslunarráðins og þar var enn fastar að orði kveðið. Þar er svo langt gengið í markaðshyggju, í frjálshyggju, að langt er síðan ég hef lesið slíkan texta. Í þeirri ræðu sem flutt var snemma í október sl., segir ef ég má, með leyfi forseta, vitna í þetta á enskri tungu:

„The case for free trade remains an overwhelmingly strong one. Despite the temptation succumbed by many politicians to seek shelter from competition by putting up new barriers against trade, foreign investment or free flows of capital."

Víðar hefur hæstv. ráðherra sett þessa skoðun sína fram, að nú megi hvergi hvika. Og þó að á bjáti í efnahagsmálum heimsins þá sé aðalatriðið að slá ekki undan í markaðshyggjunni og frjálshyggjunni. Það er langt síðan ég hef heyrt svona hetjulega málsvörn fyrir þessari óheftu markaðshyggju eins og maður heyrir nú frá formanni Framsfl. sem er greinilega orðinn sérstakur talsmaður þessara sjónarmiða og er á góðri leið með að gera Hannes Hólmstein óþarfan.

Þetta er annað en maður les í mörgum virtum dálkum og efnahagstímaritum um þessar mundir þar sem hagfræðingar, viðskiptafræðingar og efnahagsrýnendur — jafnvel af ysta hægri kanti sem inn að miðju — eru komnir á þá skoðun að þetta gangi ekki eins og þetta er. Að hið frjálsa og stjórnlausa fjármagnsflæði sé að leiða okkur í gífurlegar ógöngur. Þetta rafvædda kerfi sem meira og minna er farið að fúnkera sjálft er stórhættulegt. Það er orðið að ófreskju sem menn hafa meira og minna misst stjórn á. Þegar tölvur eru sjálfar farnar að kaupa og selja verðbréf samkvæmt innbyggðum skipunum, samkvæmt viðmiðunum sem eru byggðar inn í prógrömmin og forritin, þá er það orðið meira en lítið alvarlegt mál. Ef Dow Jones vísitalan sígur um þetta eða vextir á ríkisskuldabréfum hækka um þetta, eða ef verðfall verður í Tókíó þá fer af stað forrit og tölvan fer að selja verðbréf á fullu. Og milljarðar og milljarðatugir og þúsundir milljarða flæða um í þessu stjórnlausa kerfi, sem allir sem ég hef rætt við eru orðnir sammála um að sé stórhættulegt og sé í raun og veru það sem magni núna þær kreppur sem eru að hrista efnahagslíf heimsins. En formaður Framsfl. efast ekki. Hann slær ekki undan. Sá skal sigla á móti vindinum. Og þó að Hannes Hólmsteinn kunni að bila þá gerir hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, það ekki. Mér finnst þetta sérkennilegt,

herra forseti, og ég hlaut að koma aðeins að þessu. Orðalag í ræðu hæstv. ráðherra gaf tilefni til þess.

Þá vil ég aðeins koma að kröfum Spánverja um áframhaldandi greiðslur okkar í Þróunarsjóð EFTA eða þróunarsjóð á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ég og hæstv. ráðherra skiptumst á orðum um þetta sl. mánudag og þá kom fram, sem reyndar hafði áður komið fram í ummælum ráðherra við fjölmiðla, að hvað sem líður niðurstöðu varðandi greiðslur í Þróunarsjóðinn þá hefur ríkisstjórn Íslands tekið um það ákvörðun að fara í viðræður við Evrópusambandið um mögulega greiðslu okkar Íslendinga í kostnaði vegna stækkunar Evrópusambandsins. Ég lýsti því sjónarmiði á mánudaginn, og ég endurtek það, að ég tel að hér séu stórtíðindi á ferðinni. Og ég sakna þess að um þetta mál hafi ekki verið fjallað með eðlilegum hætti í utanrmn. Alþingis og á Alþingi og það rætt hvort ríkisstjórn Íslands ætti að fara með samningsumboð í þessar viðræður. Því að hér er stórmál á ferðinni. Þó að enn liggi ekki fyrir hver kostnaður, viðbótarkostnaður Evrópusambandsins, verður vegna stækkunarinnar er flest sem bendir til að hann verði gífurlegur. Það er þegar mikil spenna innan Evrópusambandsins vegna þess að ríkin í suðrinu og þau fjögur ríki sem eru nettó þiggjendur að þróunaraðstoð, þ.e. Grikkland, Spánn, Portúgal og Írland, eru þegar farin að byggja upp varnir sínar gegn því að hróflað verði við þeim stuðningi sem þau fá úr sjóðum Evrópusambandsins. Og hvað á þá að gera? Þá verður að auka álögur á hin til að greiða kostnaðinn af stækkuninni. Ef Íslendingar lenda í því að 115. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á svæðinu, þ.e. öllu EES-svæðinu og þá stækkuðu Evrópusambandi þegar það kemur til, ef við lendum í að vera varanlega fastir í þeirri gildru að Evrópusambandið geti alltaf komið og sagt: Og svo verðið þið að koma með og borga, og borga og borga. Þá erum við komnir í mjög vonda stöðu. Ég tel að það sé misráðið að ljá máls á samningaviðræðum um þetta atriði yfirleitt. Eða lá það einhvern tíma fyrir þegar texti 115. gr. var settur niður að hann gæti tekið til stærra svæðis en þá var verið að semja um? Lá það fyrir? Er það óhrekjandi að við séum búin að tapa því máli? Ég spyr. Hefur verið farið lögfræðilega yfir það?

Um Schengen ætla ég að tala stutt, herra forseti, tímans vegna. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekkert erindi inn í Schengen-samninginn nema við ætlum að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Það mun valda endalausum vandræðum. Eftir að búið er að innlima Schengen-samninginn í Evrópuréttinn, og þar á meðal að hluta til í fyrstu stoð, þ.e. stoð hinna yfirþjóðlegu ákvarðana, mun það valda eldalausum vandræðum að við séum að þvælast þarna með. Það hefur ekki verið kannað hvaða áhrif þetta hefur á íslenska ferðaþjónustu, það var upplýst hér í gær. Og ég vek athygli á því að einn af talsmönnum Sjálfstfl., hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sagði trekk í trekk í þeirri umræðu: Ef — ef við gerumst aðilar að Schengen — með þeim hætti sem nú er stofnað til. Er þetta þá kannski mál sem stjórnarflokkarnir þyrftu að ræða aðeins betur í sínum hóp? Er hæstv. ráðherra Framsfl., utanrrh., kannski kominn pínulítið fram úr, ef ekki sjálfum sér þá a.m.k. öðrum í þessu máli?

Þennan dapurlega mærðartexta um NATO og herinn sem kemur svo í ræðu hæstv. ráðherra kýs ég að leiða að mestu leyti hjá mér. Það er langt síðan ég hef lesið jafndapurlegan texta og þennan um að „Samhliða endurskoðun öryggismálastefnu bandalagsins ...“ — sem ekki þarf að nefna fullu nafni því að allir eiga að vita hvað við er átt, það er auðvitað NATO — „munu íslensk stjórnvöld vinna að aðlögun stefnu Íslands í öryggis- og varnarmálum ...“

Þetta er frumkvæðið. Þarna er nú aldeilis sjálfstæð utanríkismálastefna á ferð. Nei, NATO ætlar að ákveða hvernig það vill hafa þetta og samhliða verður svo unnið að aðlögun Íslands að því. Þetta er frumkvæðið, sjálfstæðið, kjarkurinn sem býr að baki er í að móta einhverja sjálfstæða, íslenska utanríkisstefnu og segir í raun og veru allt sem segja þarf. Þvílíkt stolt sem þarna er á ferðinni.

Gaman væri líka að fá útskýringar hæstv. ráðherra á því hvað orðið gagnsæi þýðir í samhenginu að það sé sérstakur styrkur varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna, það sé bæði gagnkvæmnin en líka gagnsæið. Gagnsæið. Þetta hefur líklega heldur betur allt saman verið uppi á borðinu í samskiptunum við herinn og Bandaríkjamenn gegnum tíðina, er það ekki? Hvers vegna er þá verið að leyna öllum pappírunum? En sérstaka athygli vekur í skjalasöfnum í Washington að óvenjuleg leynd er yfir öllum pappírum sem varða samskipti Íslands og Bandaríkjanna á þessum tímum. Er það gagnsæið, hæstv. utanrrh., sem þarna er verið að vitna til?

Herra forseti. Ég held að fróðlegt væri að heyra hæstv. utanrrh. fjalla aðeins nánar um þessi mál því ljóst er hvaða lífssýn hann hefur í þessu. Hann er frjálshyggju- og markaðssinni þannig að hann er að slá Hannes Hólmstein út. NATO er heilagt friðarbandalag, vammlaust í hvívetna, herinn er lífsnauðsynlegur í landinu, ekki síst á friðartímum og þannig mætti áfram telja.

[12:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því fyrir hvað hv. þm. stendur. Hann vill ekki vinna með Atlantshafsbandalaginu, mér heyrðist hann ekki vilja vinna með Evrópusambandinu, hann vill ekki frjálsan markaðsbúskap sem alls staðar er verið að taka upp í heiminum. Ég spyr því: Vill þingmaðurinn ganga til baka til sósíalisma og kommúnisma? Er það það sem þessi nýi flokkur hans stendur fyrir?

Gerir hv. þm. sér ekki grein fyrir því að frjáls markaðsbúskapur er það sem hefur skapað hvað mestan hagvöxt í heiminum? Og það er mikilvægt fyrir öll lönd að taka hann upp. Gerir hann sér ekki grein fyrir því að t.d. ríki Mið-Evrópu og Austur-Evrópu eru öll að taka upp frjálsan markaðsbúskap? Heldur hann að það muni bæta ástandið í Rússlandi að ganga til baka, svo dæmi sé tekið? Heldur hann að það muni laga þá neyð sem sum ríki eru í að hætta frjálsum markaðsbúskap?

En það segir líka í ræðunni, sem hv. þm. hafði ekki fyrir að lesa, að stjórnlaus markaðsbúskapur gangi heldur ekki upp. Auðvitað verður að hafa ákveðna stjórn á hlutunum. Og það er það sem menn eru að reyna að koma sér saman um í heimsviðskiptunum.

En sá útúrsnúningur sem hv. þm. er með í minn garð er alveg furðulegur. Hv. þm. væri nær að reyna að skýra það út hvers konar viðskipti hann vill stunda og við hverja hann vill versla í heiminum. Eða vill hv. þm. bara loka sig inni í klæðaskáp, sem mér heyrist vera aðalmarkmiðið í málflutningi hans?

[12:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að eiga orðastað við hæstv. utanrrh. undir þessum málefnalegu formerkjum. Það

er alveg guðvelkomið að ég skýri betur viðhorf mín til viðskiptamála í heiminum við betra tækifæri og þegar ég hef til þess tíma. Þau liggja reyndar fyrir með ýmsu móti í gegnum afstöðu mína á undangengnum árum til mála t.d. úr efh.- og viðskn. og víðar. Ég held því að hæstv. ráðherra þurfi ekki að koma með svona klisjur um afturhvarf til kommúnisma og að loka sig inni í klæðaskápum og eitthvað því um líkt.

Staðreyndin er sú að langur vegur er frá því að frjálsræði sé í viðskiptum í heiminum og eðlilegar og sanngjarnar leikreglur í þeim efnum. Að tollmúrar og annað því um líkt sé tekið niður og yfir í hitt að um sé að ræða algjörlega óheftan markaðsbúskap, algjörlega frjálsar fjármagnshreyfingar um heiminn í vélvæddu og rafvæddu kerfi þar sem ekkert tillit er tekið til umhverfismála, þar sem ekkert tillit er tekið til félagsmála, jöfnuðar í lífskjörum, þar sem þróunarlöndin eru alltaf í hlutverki þess sem tapar, þar sem vestrænu iðnríkin kúga út úr þeim hráefnin á undirverði og selja þeim svo aftur dýrar framleiðsluvörur. Það er uppáskrift á slíkt kerfi sem ég tek ekki að mér gagnrýnislaust.

Ég held að hæstv. ráðherra, sem einnig fer með þróunarmál, ætti frekar að ræða um þetta á málefnalegum nótum en að fara út í einhverjar klæðaskápalíkingar.

Og svo segir hann: Halda menn að ástandið batni í Rússlandi? Hvernig er ástandið í Rússlandi? Eigum við aðeins að ræða það? Tíu árum eftir fall hins bölvaða kommúnisma. Hver er blessun rússneskrar alþýðu af umbótunum sem ekki má hvika frá? Umbótum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Umbótum, umbótum, umbótum sem eru að svelta gamalt fólk í hel. Eru það umbætur úr munni hæstv. utanrrh. Íslands?

Við skulum bara tala um hlutina eins og þeir eru. Þetta kerfi hefur ekki orðið mönnum alls staðar til blessunar. Það þjónar þeim ríku og þeim sterku vel að geta valsað með fjármagnið um allan heiminn. En hvað eru þeir að gera í Asíu og Rússlandi núna? Þeir taka til fótanna um leið og erfiðleikar kalla á.

Þetta kerfi, sem þjónar hinum ríku og mylur undir þá með hárri ávöxtun fjármagns á Vesturlöndum, er í raun og veru gildran sem mannkynið er statt í og fleiri og fleiri virtir hagfræðingar um allan heim hafa vaxandi efasemdir um, en ekki utanrrh. Íslands og arftaki Hannesar Hólmsteins íslenskra stjórnmála.

[12:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að útskýra hvað ég ætti við. Hann gerði það náttúrlega mjög furðulega og hélt því fram að ég vildi enga stjórn á nokkrum hlut, sem ég hef aldrei sagt. Hann mætti nú líta aðeins í eigin barm þegar hann er að tala um útúrsnúninga. Og maður vill þá náttúrlega frekar hlusta eitthvað á það hvers konar viðskiptaumhverfi hann vill lifa í, sem ég botna ekkert í, en hann er að halda því fram, eins og ég skil hann, að frjáls viðskipti séu af hinu vonda.

Eru frjáls viðskipti af hinu vonda fyrir Íslendinga? Á ég að halda því fram á alþjóðavettvangi að Íslendingar vilji afturhvarf í þeim efnum? Er það það sem hv. þm. vill að ég segi á alþjóðavettvangi? Ég sagði á þessum vettvangi ég teldi frjáls viðskipti lífshagsmunamál Íslendinga og ég er þeirrar skoðunar og þess vegna fyndist mér fróðlegt að heyra hver er skoðun hv. þm. á frjálsum viðskiptum.

Frjálst fjármagnsflæði er líka mjög mikilvægt en þar eru vissulega mörg vandamál uppi. Það er rétt hjá hv. þm. að frjálst fjármagnsflæði hefur stundum farið illa með ýmsar þjóðir, ekki síst í Asíu þegar bröskurunum tekst að spila á þetta kerfi og menn verða að koma þar við vörnum. Það eru menn að reyna að gera í hinu alþjóðlega samfélagi. En að hverfa algerlega frá frjálsu fjármagnsflæði dettur ekki nokkrum manni í hug sem er að vinna að þessu. En menn telja að það þurfi að bæta þessi kerfi og koma á betri stjórn.

Um þátttöku Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans í uppbyggingunni í Rússlandi er náttúrlega alveg ljóst að það skiptir sköpum hvernig þar tekst til. Þetta eru þau tæki sem við erum að reyna að beita til hjálpar þróunarríkjum, til hjálpar þeim ríkjum sem eru að reyna að taka upp markaðsbúskap og þau eru sannfærð um að það muni leiða til góðs, þar á meðal þróunarríkin. Þau vilja auðvitað vera með í heimsbúskapnum.

[12:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekkert af því tagi sem gefur tilefni til fyrir hæstv. utanrrh. að leggja mér þau orð í munn að ég sé algerlega á móti frjálsum viðskiptum. Það sem ég gerði, hæstv. forseti, var að ég vitnaði beint í orð hæstv. utanrrh., (Gripið fram í.) í ræðu hans bæði hér og aðrar ræður sem hæstv. ráðherra hefur flutt sem utanrrh. Íslands á opinberum vettvangi. Ég vitnaði t.d. í ræðu hans á fundi Íslensk-ameríska verslunarráðsins á dögunum. Þar segir hæstv. ráðherra:

„The case for free trade remains an overwhelmingly strong one. Despite the temptation succumbed by too many politicians to seek shelter from competition by putting up new barriers against free trade, foreign investment or free flows of capital."

Þarna varar hæstv. ráðherra við að láta undan nokkrum freistingum varðandi þetta mál. Það var þessi blinda trú á hinn óhefta markað og algerlega frjálsar fjármagnshreyfingar sem ég varaði við og sem ég er ekki sammála. Það dugar ekki fyrir hæstv. ráðherra að bregðast þannig við þegar vitnað er orðrétt í ræður hans og lagt út frá því að koma hér með einhverjar klæðaskápalíkingar. Það er ekki málefnalegt, það er ekki uppbyggilegt. Hæstv. ráðherra verður að gera upp við sig hvort hann er þessi markaðshyggjumaður sem ástæða er til að ætla þegar maður les þessa texta eða hann eitthvað annað og útskýra þá hvað í því felst. Ég er viss um að enginn annar utanríkisráðherra á Norðurlöndunum hefði jafnfyrirvafalaust sett þessa hluti svona fram. Sænskir utanríkisráðherrar a.m.k. mundu samkvæmt hefðinni þar minna á að jafnframt þarf að hafa reglur sem tryggja að félagslegt réttlæti, jöfnuður í lífskjörum og nú á síðari tímum umhverfismálin séu einnig höfð með í ráðum. Það er þessi gagnrýnislausa framsetning og blinda trú sem ég vara við.

Ég bið hæstv. ráðherra að taka þessu sem velviljuðum ábendingum og ég mælist til þess að hæstv. ráðherra fari yfir það með sjálfum sér (**Utanrrh.:** Þetta er bara útúrsnúningur.) hvort það er ekki þannig að við Íslendingar viljum jafnframt að félagsleg sjónarmið, að umhverfissjónarmið og annað því um líkt, sé haft í huga þegar þessar leikreglur eru settar í heiminum. Ég get verið stuðningsmaður þess að Alþjóðaviðskiptastofnunin setji um þetta almennar leikreglur enda hafi hún þetta í huga sem ég hef hér nefnt.

[12:34]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil koma með athugasemd varðandi ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um Schengen og þær hástemmdu yfirlýsingar sem hann kom með hér um það. Nú hefur viðkomandi þingmaður verið mjög virkur í

norrænu samstarfi en norræna vegabréfasambandið er mjög mikilvægur hluti af því samstarfi og það er alveg ljóst að ef við verðum ekki aðilar að Schengen, þá er það vegabréfasamband fyrir bí.

Ég tel alveg víst að Noregur verði aðili að Schengen. Ég tel útilokað að settar verði upp einhverjar miklar landamærastöðvar á milli Svíþjóðar og Noregs þannig að Noregur mun fara inn að öllum líkindum og þá spyr ég: Ætlar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að mælast til þess að við stöndum þá ein utan við? Ég spyr: Af hverju? Vegna þess að það er skoðun mín — ég er sammála hv. þm. um að við eigum ekki að gerast aðilar að Evrópusambandinu — en ég er algerlega ósammála því að með því að fara inn í Schengen væri okkur nær að fara inn í Evrópusambandið líka. Hvernig er hægt að segja þetta? Ég held að það sé þvert á móti, að með því að fara inn í Schengen séu minni líkur fyrir því að við förum inn í Evrópusambandið. Við eigum að liggja þétt upp að Evrópusambandinu í sem flestum málum. Við eigum að reyna að vera einsleitt samfélag við Evrópusambandið en við eigum ekki að ganga inn í það.

Ef við verðum mjög ólík Evrópusambandinu mun sú spurning koma upp miklu fyrr að ganga inn í það. Mér finnast rök hv. þm. vera algerlega á skjön við markmiðið. Hv. þm. vill vera utan við Evrópusambandið og það er skoðun mín að þess vegna eigum við líka að fara inn í Schengen. Við eigum að vera aðilar að Schengen-samkomulaginu, bæði af því að ég tel það vera mjög gott fyrirbæri að þurfa ekki að sýna passa á milli Evrópulandanna og pólitískt held ég að það sé mjög mikilvægt til þess að þurfa ekki að fara inn í Evrópusambandið. Þetta er einn hluti af því.

[12:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algerlega ósammála hv. þm. Ég tel að í fyrsta lagi hefðu ýmsar aðrar leiðir verið færar til þess að varðveita norræna vegabréfasambandið og reyndar má spyrja hv. þm., sem fer iðulega til útlanda, hversu oft hv. þm. hefur farið til útlanda og þó til Norðurlandanna sé án þess að hafa með sér vegabréf og hvaða óskapleg vandræði það skapi. Ég verð að segja alveg eins og er að það er oftar en ekki sem maður sýnir þetta vegabréf hvort sem er og mér finnst ekkert óskaplegt mál að taka það upp úr vasanum.

Um önnur réttarfarsleg atriði sem þessu tengjast hefði að sjálfsögðu mátt semja. Upphaflega var sagt að Norðurlöndin mundu fylgjast að og Norðurlöndin mundu varðveita norræna vegabréfasambandið. Við lögðum þá í það þann skilning að það þýddi að niðurstaðan gæti alveg eins orðið sú að þau yrðu öll fyrir utan eins og fyrir innan. Það var í ferlinu sjálfu sem þetta fór smátt og smátt að breytast og menn fóru að segja: Ja, við munum sjá um að þetta byggi á því að við finnum viðunandi lausn og þannig var þetta þróað yfir í það að að lokum voru Íslendingar og Norðmenn vissulega komnir í þá stöðu að þeir yrðu að rífa sig lausa þegar ljóst var að hin ríkin stefndu inn í ekki bara Evrópusambandið heldur líka Schengen.

Staða Noregs er auðvitað allt önnur en Íslands. Noregur hefur gífurlega löng landamæri sameiginleg við Evrópusambandslandið Svíþjóð. Ísland hefur alla aðstöðu til þess að gera það sem því sýnist í þessum efnum og ég gef mjög lítið fyrir að það yrði stórkostleg hindrun og mundi fæla ferðamenn frá Íslandi sem þurfa upp í flugvél og fljúga í nokkra klukkutíma yfir úthafið þó að þeir þyrftu að hafa með sér vegabréf. Ætli þeir mundu ekki hafa það hvort sem er til að geta skipt ferðatékkunum sínum o.s.frv. Við getum að sjálfsögðu samið um að ekki þurfi neina áritun. Þannig að allt er þetta heldur léttvægt finnst mér borið saman við hin rökin sem eru mjög þung að erfitt er fyrir ríki sem eru utan Evrópusambandsins að vera þátttakendur í hlutum sem búið er að innlima inn í Evrópuréttinn, búið að gera að hluta að Evrópusamningunum og jafnvel að hluta til taka inn í fyrstu stoð með yfirþjóðlegu valdi og ákvörðunum enda sjá mjög mörg Evrópusambandsríki þetta sem mjög mikinn hausverk og mikið vandamál að vera að draslast með Ísland og Noreg í þessu samhengi. Ég dreg alveg gagnstæða ályktun á við hv. þm. Ég óttast að þetta mundi auka þrýstinginn á að við förum inn en ekki minnka hann.

[12:39]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að við erum algerlega ósammála um þetta atriði. En ég vil spyrja hv. þm. hvernig í ósköpunum hann sér það að við ætlum að vernda norræna vegabréfasambandið án þess að ganga inn í Schengen vegna þess að Noregur mun ganga þar inn? Ég get alls ekki séð neina leið til þess.

Það er ekki þannig að menn þurfi að taka með sér passann til þess að fara til Norðurlanda og ef hv. þm. sýnir hann er það algerlega að óþörfu. Menn geta gengið þar í gegn án þess að sýna passa.

Það er alveg rétt að það var sagt að Norðurlöndin mundu fylgjast að varðandi Schengen og ég held að það sé bara mjög gott mál vegna þess að það eykur og bætir samningsstöðu okkar. Norðurlöndin eru að aðstoða okkur við að finna ásættanlega lausn til þess að við getum verið með í Schengen-samkomulaginu. Þau munu taka okkur með inn í það og aðstoða okkur við það. En að halda því fram að það hafi verið líklegt á sínum tíma að öll Norðurlöndin stæðu utan við Schengen held ég að sé mjög vafasamt að telja sjálfum sér trú um. Það er alveg ljóst að eitt af þeim atriðum sem hafa verið til grundvallar í Evrópusambandinu er frjáls för fólks. Ef öll Norðurlöndin ætluðu að vera fyrir utan þyrfti að gera einhverjar miklar ráðstafanir á landamærum Danmerkur og Þýskalands í framtíðinni og ég sé eiginlega engin rök fyrir því.

Ég sé hins vegar að ef við förum ekki inn í Schengen geti vel verið að það fæli ferðamenn frá Íslandi. Í framtíðinni, segjum eftir 10–20 ár, er alls ekki víst að allir verði sér úti um vegabréf í Evrópu, venjuleg vegabréf þannig að þeir aðilar sem ekki gera það og ferðast mest innan Evrópusambandsins, það eru og verða fjölmörg ríki í Evrópusambandinu mundu ekki hafa nein vegabréf til þess að sýna þegar þeir kæmu hingað.

[12:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fylgdist ágætlega með því hvernig þetta mál bar að innan Norðurlandanna og hefur þróast síðan og var þá kominn inn í Norðurlandaráð eins og hv. þm. og kann a.m.k. alveg mína útgáfu af þeirri sögu hvernig það var. Það sem gerðist var í mínum huga í raun og veru mjög grár leikur. Menn voru látnir halda að útkoman gæti orðið á hvorn veginn sem var, að ríkin héldu saman utan Schengen eða fyndu viðunandi lausn gagnvart Schengen þó sum þeirra yrðu aðilar. Svo breyttist þetta yfir í það að Svíar, Finnar og Danir fóru ákveðið inn og þá voru kostirnir náttúrlega ekki orðnir eins góðir fyrir Ísland og Noreg. Þó veit ég t.d. ekki til þess að látið hafi verið á það reyna á nokkurn hátt

hvort unnt hefði verið að semja um sérstakt vegabréfaleysi fyrir Ísland og Noreg gagnvart þessum þremur aðildarríkjum, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi þó að þau væru með. Ég held að það hafi t.d. ekki verið látið á það reyna hvort hugsanlega fengist viðauki við Schengen eða breyting sem virti þetta eldra norræna vegabréfasamband. Af hverju mátti ekki reyna það o.s.frv. Það voru margar leiðir færar í þessu. En það sem gerðist var að tekin var pólitísk ákvörðun um að Íslendingar og Norðmenn skyldu fara inn og það var notað sem réttlæting, öðruvísi væri ekki hægt að bjarga norræna vegabréfasambandinu án þess að það væri á nokkurn hátt kannað hvort fleiri leiðir væru þar í stöðunni.

Það er vissulega rétt sem hv. þm. nefndi að Danir höfðu þarna áhyggjur og voru í sérstakri stöðu vegna landamæra við Þýskaland. Finnar áttu þá engin landamæri og eiga reyndar ekki enn að Evrópusambandslandi fyrr en þá Eistar komu með og þannig gátu Svíar og Finnar valið hvorn kostinn sem var og spurningin var um að leysa þessa stöðu gagnvart landamærum Danmerkur og landi við Þýskaland. En það var ekkert látið á það reyna.

Svo minni ég á það að þarna hanga líka á spýtunni allt aðrir og stærri hlutir sem eru réttarfarsþátturinn, lögreglusamstarfið, spurningin um eftirlit með eiturlyfjadreifingu. Menn ættu að hafa af því einhverjar áhyggjur á Íslandi eins og umræðan hefur verið þessa dagana. Loks er það kostnaðurinn sem verður umtalsverður fyrir Ísland og mikið óhagræði fyrir íslensk flugfélög.

[12:43]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa ítarlegu ræðu. Umsvif utanríkisþjónustunnar eru mikil og það er vel að mínu mati. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að mikilvægi utanríkismála er mjög mikið og mörkin á milli utanríkismála og innanríkismála verða sífellt óljósari. Það er bæði vegna tæknilegrar þróunar eins og t.d. alnetsins þar sem fjöldi notenda mun tífaldast og fara í 1.000 millj. eftir nokkur ár. Hins vegar er löngu orðið ljóst að heimurinn er ein heild hvort sem litið er til umhverfismála, stjórnmála eða verslunar.

Því miður er þessari tækni og gæðum heimsins misskipt eins og kemur reyndar fram í ræðu hæstv. ráðherra og það hlýtur að vera öllum Íslendingum æ betur ljóst að við verðum að leggja meira af mörkum til þróunaraðstoðar. Þetta er nefnt yfirleitt á hverju einasta ári í ræðu hæstv. utanrrh. en mér finnst ganga allt of hægt að hækka framlög til þróunaraðstoðar.

Ég mun stikla á nokkrum atriðum sem ég vil vekja sérstaklega athygli á en í stórum dráttum geri ég ekki mjög miklar athugasemdir við þessa ræðu.

Það er mikið fagnaðarefni að það skuli koma í hlut Íslendinga að hafa formennsku í Evrópuráðinu á næsta ári á 50 ára afmæli þess. Ég tel Evrópuráðið vera mjög mikilvægan vettvang fyrir mannréttindi í Evrópu þó að ég hafi sjálf ekki haft möguleika á að kynnast því af eigin raun.

Ég vil og láta í ljós ánægju mína með starfsemi ÖSE sem ég hef haft betri möguleika á að fylgjast með. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu er eini vettvangurinn sem öll ríki Evrópu eiga aðild að ásamt Bandaríkjunum og Kanada. Mér er það mjög mikið fagnaðarefni að komist skyldi hjá hernaðaraðgerðum NATO vegna Kosovo og að ÖSE standi þar vaktina með 2.000 manns til að fylgjast með samkomulaginu sem náðist á milli forseta Júgóslavíu og sérlegs sendimanns Bandaríkjastjórnar. Ég tel að þetta sýni að það beri að efla samskipti ÖSE og NATO og að þessi stofnun hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna.

Ég er mjög hlynnt því að Ísland sæki um aðild að Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þó að alls ekki sé ljóst af ræðu hæstv. utanrrh. hvenær af því geti orðið og hve miklar líkur séu á að aðildarríkjunum verði fjölgað. Mér finnst það ekki nógu skýrt þarna og vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær mun það skýrast og hvað er ráðgert að kostnaður við framboð og aðild að öryggisráðinu verði mikill, ef til kemur?

Í ræðu hæstv. ráðherra er komið inn á mikilvægi alþjóðlegs samstarfs vegna glæpastarfsemi og eiturlyfja. Þar er hins vegar fátt haldbært og ég sé ekki alveg við hvað er átt. Reyndar er vísað til mikilvægis þess að fylgja eftir aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í sumar um fíkniefnavandann. Það væri mjög fróðlegt að heyra nánar hvað átt er við í þessum efnum, í sambandi við alþjóðlega glæpastarfsemi og fíknivarnir. Um leið mætti fjalla um hvernig það tengist fyrirhuguðu samstarfi í tengslum við Schengensamninginn. Fyrst Schengen er hér nefnt vil ég spyrja nánar um það mál. Er það skoðun hæstv. utanrrh. að takast muni að semja um Schengen eins og um sé að ræða venjulegan þjóðréttarsamning, þ.e. að þarna verði valdið ekki framselt til yfirþjóðlegra stofnana? Mér finnst það mjög óljóst og ekki nægilega skýrt tekið á því í ræðunni. Greint er frá því að samningsferlið sé í gangi en samanber umræðuna sem áðan átti sér stað milli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og Sivjar Friðleifsdóttur er það auðvitað álitamál hvort aðildin að Schengen geti forðað okkur frá því að fara inn í Evrópusambandið eða hvort við séum komin inn með aðildinni. Mér finnst þetta alls ekki nógu skýrt. Ég hef verið tiltölulega opin fyrir Schengen og hlynnt því sambandi en ég er ekki opin fyrir aðild að Evrópusambandinu og vildi því gjarnan að þetta yrði rætt aðeins nánar.

Ég fagna því að utanrrh. fjallar um auðlinda- og umhverfismál í ræðu sinni þar sem þessi mál eru svo sannarlega málefni alþjóðasamfélagsins. Vissulega er rétt að sjónarmið okkar um sjálfbæra nýtingu eiga að heyrast á alþjóðavettvangi. Það er þó allt annað en að vera að blessa kvótakerfið á alþjóðavettvangi með tilheyrandi brottkasti, sóun og félagslegu misrétti sem því fylgir. Því væri fróðlegt að heyra nánar um orsakir ofnýtingar fiskstofna. Samkvæmt málflutningi hans mætti ætla að þær séu fyrst og fremst ríkisstyrkir en að mínu mati eru þar miklu flóknari ástæður og ein þeirra er einmitt kvótakerfið. Það er mjög mikil sóun í kvótakerfinu t.d. vegna brottkastsins. Það er alveg ástæðulaust að draga fjöður yfir það.

Þá kemur hæstv. ráðherra inn á ráðstefnuna sem nú stendur yfir í Buenos Aires. Hann segir að ekki verði skrifað undir Kyoto-bókunina nema heimild fáist fyrir Íslendinga til þess að menga meira, fá meiri kvóta til þess að blása út CO og öðrum lofttegundum. Þessu er ég algjörlega ósammála og allt að því skammast mín fyrir þessu stefnu ríkisstjórnarinnar frá sjónarmiði alþjóðasamfélagsins og ekki síst okkar Íslendinga.

Vegna ókunnugleika míns vil ég spyrja nánar um umfang samstarfsins við OECD. Tekið er fram að flest ráðuneyti, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki og Hagstofan eigi þarna samskipti. Ég vil spyrja hvort þessi samskipti séu skráð á einum stað, hvort skráð sé í hverju þau felast og hver kostnaðurinn er eða hvort eingöngu sé hægt að fá upplýsingarnar í gegnum einstök ráðuneyti.

Ég vil þá, herra forseti, fagna því að ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita Rússum neyðaraðstoð upp á 14 milljónir og að Rauði krossinn hefur einnig komið þar til. Ég vil þó spyrja nánar um þessar 14 milljónir: Í hverju þær eru fólgnar, er um peningaaðstoð eða annað að ræða?

Hvað NATO varðar vil ég sérstaklega taka fram að ég átta mig alls ekki á athugasemd ráðherra í ræðunni vegna fyrirhugaðs samstarfs A-flokkanna og Kvennalistans. Samkvæmt málefnaskrá samfylkingarinnar er ekki gert ráð fyrir því að gengið verði úr NATO, að nokkur breyting verði á stefnunni gagnvart NATO. Ég skil þess vegna ekki þessar dylgjur í ræðunni.

Mér finnst það fagnaðarefni að Bandaríkjamenn skuli hafa lækkað útgjöld sín til varnarmála um 40% á tæpum áratug. Það er vonandi merki um friðsælli veröld, að gildismat þessa hernaðarveldis sé eitthvað að breytast og það sjái betri not fyrir fjármuni almennings. Jafnframt því var fróðlegt að sjá á prenti að hér á landi hafi verið framkvæmt fyrir 40 milljónir bandaríkjadala árlega sl. sex ár. Þetta er mjög há tala, 40 milljónir bandaríkjadala á ári. Þótt nú sé aðallega talað um hagræðingu, þ.e. að yfirvofandi sé að Bandaríkin dragi saman seglin, þá má öllum vera ljóst að frekari samdráttur á framlögum Bandaríkjahers hlýtur að koma við atvinnulíf á Suðurnesjum. Því vil ég spyrja hvort ríkisstjórnin hafi ráðgert að horfast í augu við frekari samdrátt í þessum efnum eða hvort hæstv. utanrrh. telji að ekki verði frekari samdráttur.

Herra forseti. Að lokum lýsi ég ánægju minni með mikla grósku í utanríkissamskiptum okkar. Ég tel að taka beri alvarlega ábendingar um að rétt væri að stofna ný sendiráð í Ottawa og Tókíó, eins og lagt hefur verið til í nefnd um framtíð utanríkisþjónustunnar. Í stórum dráttum er þessi ræða þó fyrst og fremst ítarleg umfjöllun um óbreytta meginstefnu og starfsemi einstakra stofnana. Hún er fróðleg en bendir ekki til stefnubreytingar hjá þessari ríkisstjórn. Algjörlega er forðast að ræða um Evrópusambandið og um það hvort aðildin að Schengen gengur upp miðað við óbreytt tengsl við Evrópusambandið. Málið er því, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, nokkuð í lausu lofti og þyrfti að ræða nánar. Hvers vegna er þetta svona óljóst? Er það vegna ágreinings innan stjórnarflokkanna og hvenær má búast við því að Schengen verði klárað? Ég ítreka þá spurningu.

Í framhaldi af því er rétt að spyrja: Á að fara í fyrirhugaðar breytingar á flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli? Þær eru að verulegu leyti hannaðar með tilliti til Schengen-aðildar. Á að fara út í þær framkvæmdir áður en hitt málið kemst á hreint?

Í grófum dráttum er ég sátt við ríkjandi utanríkisstefnu og tel mikilvægt að fylgjast mjög vel með í utanríkismálum okkar. Mér finnst mikill bjartsýnistónn í þessari ræðu, og einnig hjá forsrh. við setningu Alþingis, varðandi kreppuna í Asíu. Ég vona svo sannarlega að áhrifin verði ekki meiri en hér er búist við. Sjálf er ég þó hrædd um að svo verði.

Að lokum langar mig að spyrja hvort ríkisstjórnin hefur í hyggju að bregðast við vegna náttúruhamfaranna í Mið-Ameríku, í Hondúras og víðar. Við Íslendingar erum aflögufærir á ýmsum sviðum og getum ekki horft upp á svona hörmungar án þess að bregðast við. Við höfum hlotið stuðning frá alþjóðasamfélaginu þegar á hefur bjátað og ég tel að við verðum að standa okkur betur á sviði þróunaraðstoðar og neyðaraðstoðar af því tagi sem nú er þörf fyrir í Hondúras.

[12:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna spurninga um Schengen vil ég taka fram að það er enginn ágreiningur milli stjórnarflokkanna eða innan ríkisstjórnarinnar um þetta mál. Við höfum skilgreint samningsmarkmið okkar og tilkynnt þann ásetning okkar að taka þátt í þessu samstarfi. Við skrifuðum undir *samninginn um Schengen á sínum tíma*. Síðan varð breyting á þar sem Evrópusambandið tók þá afstöðu að færa hluta þessa samstarfs undir Evrópusamstarfið. Því þurfti að semja á nýjan leik. Ég tel að þetta samstarf skipti okkur mjög miklu máli. En það er ekki hægt að svara spurningum hv. þm. í þessu efni vegna þess að við erum að hefja samninga. Í þeim samningum mun ráðast hvort við getum tekið þátt eða ekki, hvort við fáum fullnægjandi niðurstöðu sem er ásættanleg fyrir íslenska hagsmuni.

Ég er tiltölulega bjartsýnn á það. Ég tel að fullur vilji sé innan Evrópusambandsins og ríkja þess að ná þarna niðurstöðu og það er mjög mikill þrýstingur í þá átt af hálfu hinna Norðurlandanna.

Út af því sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði um að hún skammaðist sín fyrir afstöðu okkar í sambandi við Kyoto-bókunina vil ég segja að ég hvet hana til þess að kynna sér málið svo henni líði betur. Við verðum að standa vörð um hagsmuni okkar. Við mengum mjög lítið. Og eigum við, ríkisstjórn Íslands, að semja um að við getum ekki lengur nýtt hreinar orkulindir Íslands á meðan aðrar þjóðir sem menguðu mjög mikið í kringum 1990, t.d. í Austur-Evrópu og Mið-Evrópu, vilja halda sig við viðmiðunina frá 1990, jafnvel þó það hafi sem betur fer lækkað mjög mikið og geta þá selt slíka kvóta til annarra þjóða? Á þingmaðurinn við það? Við erum með miklu minni útblástur en t.d. aðrar þjóðir OECD-ríkjanna og Bandaríkin.

[13:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Tíminn er stuttur því miður en ég þakka fyrir þessi svör varðandi Schengen og vona að viðunandi niðurstaða fáist þar. En vegna Kyoto vil ég upplýsa hæstv. ráðherra um að ég sat nýlega ráðstefnu á vegum umhvrn. um nestið sem fyrirhugað var að fara með til Buenos Aires og ég sannfærðist ekki alveg. Ég vil bara benda á að t.d. er mjög mikilvægt að eitthvað verði eftir hér af óbeislaðri orku þegar hægt verður að fara að framleiða vetni og þá er það allt annað mál. Þá verðum við með orkugjafa sem ekki mengar. Ég tel það vera skaðlegt á alþjóðavettvangi að við séum sífellt að biðja um aukakvóta hvort sem rökin eru lítil hagkerfi eða einhver önnur. Okkur hreinlega greinir á, við höfum skiptar skoðanir að þessu leyti. En ég vil gjarnan fá svör um þróunaraðstoðina og ástandið í Hondúras.

[13:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get því miður ekki svarað öllum spurningum í stuttum andsvörum en mun koma að því síðar. En samningaviðræðurnar í Buenos Aires skipta okkur afar miklu máli. Niðurstaðan í þessu máli getur skipt sköpum fyrir framtíðarhagsmuni Íslendinga. Ég heyri það að þessi nýja samfylking vill semja þannig á alþjóðavettvangi í þessum efnum að það útiloki jafnvel frekari hagvöxt hér á næstu árum. Það er afstaða út af fyrir sig. En þá er mjög undarlegt að leggja fram áætlanir um að setja fjármagn í hina og þessa málaflokka, t.d. á sviði velferðarmála, og ætla að auka kaup-

mátt o.s.frv. Það stenst engan veginn. Hér er um mjög stórt mál að ræða og við þurfum ekkert að skammast okkar fyrir þá stöðu sem við Íslendingar erum í. Við vorum búnir að leggja afar mikið af mörkum. Og það sem við erum að fara fram á skiptir máli fyrir mengunina í heiminum. Það skiptir máli að geta nýtt hreinar og endurnýjanlegar orkulindir. En ég heyri að hv. þm. finnst allt í lagi að aðrar þjóðir geti haldið áfram að menga mörgum sinnum meira. Við erum að leita eftir einhverju jafnvægi í þessu og halda þar á hagsmunum Íslands. Því miður næ ég því ekki hvernig stjórnarandstaðan talar um þessi mál. Ég tel að stjórnarandstaðan sé að tala gegn hagsmunum Íslands og sé ekki aldeilis að hjálpa til við að ná ásættanlegri niðurstöðu í þessi mál sem ég tel mjög alvarlegt. Því hvet ég þessa nýju samfylkingu til að kynna sér þessi mál almennilega sem ég held að hún hafi alls ekki gert.

[13:03]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði hæstv. ráðherra frá því áðan að ég sat ráðstefnu umhvrh. þar sem farið var vandlega yfir þessi mál núna fyrir Buenos Aires ráðstefnuna. Ég hef kynnt mér þessi mál. Þetta eru bara atvinnuhættir gærdagsins. Síðast í gær var birt mikið arðsemismat um verðmæti hálendisins, ósnortinnar náttúru Íslands. Það er kominn tími til að snúa blaðinu við og verða ekki heimsþekkt fyrir skítakvóta. Það er kominn tími til að breyta um stefnu í þessum efnum og svo sannarlega vona ég að samfylkingin komist hér að og breyti um stefnu.

[Fundarhlé. — 13:04]

[13:31]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans og ræðu um utanríkismál. Allítarleg skýrsla hæstv. ráðherra sýnir sífellt vaxandi umfang þessa mikilvæga málaflokks á tímum byltingarkenndra framfara í samskiptatækni og mótunar nýs skipulags í öryggismálum álfunnar.

Á þeim stutta tíma sem við höfum hér langar mig sem formaður Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins að koma aðeins inn á umræðuna um þróun Atlantshafsbandalagsins nú þegar 50 ára afmæli bandalagsins og söguleg stækkun þess til austurs nálgast.

Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í apríl á næsta ári verður þess minnst að 50 ár verða liðin frá undirritun Norður-Atlantshafssamningsins. Óhætt er að segja að árangurinn af starfi bandalagsins hafi verið glæsilegur, enda sækist fjöldi ríkja eftir aðild að því. Við sama tækifæri veitist leiðtogum bandalagsins einmitt sú ánægja að bjóða þrjú ný ríki velkomin. En leiðtogafundarins bíða fleiri verkefni en afmælisfagnaður og fjölgun aðildarríkja. Endurskoðun á öryggismálastefnu bandalagsins stendur nú yfir og er ætlunin að henni ljúki fyrir leiðtogafundinn.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. kemur fram sú skoðun íslenskra stjórnvalda að styrkur bandalagsins felist fyrst og fremst í sameiginlegum varnarskuldbindingum og Atlantshafstengslunum og er það vel. Á sama tíma liggur fyrir að kröfur samfélags þjóðanna til bandalagsins fara sífellt vaxandi.

Atlantshafsbandalagið hefur sem fyrr reynst eina fjölþjóðlega stofnunin sem stillt getur til friðar þar sem átök hafa brotist út á Balkanskaga. Aðrar stofnanir, einkum ÖSE og Evrópuráðið, hafa haft fyrirbyggjandi aðgerð og aðstoð við uppbyggingu á sinni könnu. Atlantshafsbandalagið hefur átt mjög gott samstarf við ÖSE á Balkanskaga þar sem ÖSE hefur m.a. haft umsjón með kosningaeftirliti. ÖSE fer nú með eftirlit með framkvæmd samkomulags sérlegs erindreka Bandaríkjastjórnar og forseta Júgóslavíu um brottflutning hers og öryggissveita Serba frá Kosovo. Ástæða er til að fagna þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að taka þátt í þessu eftirliti. Þarna er á ferðinni æskilegt samstarf stofnana þar sem samfélag þjóðanna færir sér í nyt þá sérþekkingu sem er til staðar innan hverrar stofnunar. Grimmdarverk serbnesku öryggissveitanna urðu hins vegar ekki stöðvuð án trúverðugrar hótunar um beitingu hervalds af hálfu Atlantshafsbandalagsins.

Við endurskoðun öryggismálastefnu Atlantshafsbandalagsins er sem fyrr segir nauðsynlegt að ítreka grundvallarmikilvægi sameiginlegra varna og Atlantshafstengslanna. Jafnframt er hins vegar nauðsynlegt að bandalagið efli getu sína til þátttöku í friðargæslu og friðarframkvæmd líkt og segir í skýrslu hæstv. ráðherra. Ekki er þó síst mikilvægt að bandalagið móti sér stefnu um aðgerðir utan eigin landsvæðis.

Samstaða ríkti um það meðal flestra þjóða í Evrópu að þær gætu ekki horft aðgerðarlausar upp á grimmdarverk á borð við þau sem nýlega voru framin í Kosovo. Hins vegar eru ýmis nýleg dæmi um enn meiri hörmungar í öðrum heimshlutum sem Vesturlönd höfðu lítil bein afskipti af, t.d. í Rúanda og í Afganistan.

Þegar stækkun Atlantshafsbandalagsins var til umræðu fyrr á þessu ári í öldungadeild bandaríska þingsins urðu þar sumir til að halda því fram að bandalagið ætti ekki einungis að standa vörð um landsvæði heldur jafnframt um hagsmuni og gildi Vesturlanda. Aðrir urðu til að vara við svo ónákvæmum skilgreiningum á hlutverki bandalagsins. Að mínu mati er hér á ferðinni varhugaverð þróun, þ.e. kröfur jafnt innan bandalagsins sem utan um aukið hlutverk þess utan eigin landsvæðis. Í því sambandi tel ég mikilvægt að bandalagið geti áfram þegar vilji er fyrir hendi tekið að sér verkefni utan svæðis með umboði Sameinuðu þjóðanna eða ÖSE, en jafnframt að það færist ekki of mikið í fang með lítt ígrunduðum skuldbindingum út á við. Sameiginlegar varnir og öflug tengsl yfir Atlantshafið eru og verða megintilgangur og grundvöllurinn að velgengni bandalagsins. Standa ber vörð um þann einstaka árangur sem náðst hefur á þeim grundvelli.

Virðulegi forseti. Draugar fortíðarinnar, sagði Morgunblaðið í leiðara sínum þann 18. september sl. í umfjöllun um málefnaskrá samfylkingarinnar. Í umræddri málefnaskrá er lagt til að teknar verði upp viðræður við Bandaríkjastjórn um varnarsamninginn og raunar var því upphaflega haldið fram að sá samningur væri um það bil að renna út eins og frægt er orðið. Um er að ræða undarlegt en jafnframt forneskjulegt bergmál af málflutningi stuðningsmanna Sovétríkjanna sálugu á dögum kalda stríðsins. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í ræðu sinni áðan að ágreiningur hefði verið um utanríkismál í öðrum flokkum en Alþb. og það er vitanlega rétt en það er bara svo langt síðan. Það er ekki fyrr en núna í haust sem þessi ágreiningur kristallast aftur í íslensku samfélagi og ég tel þessa umræðu afar óheppilega svo ekki sé sterkar tekið til orða, en svo mikið er víst að hún mun skerpa hin pólitísku skil í alþingiskosningunum sem fara fram í vor.

Það ríkir líka ótrúlegt skilningsleysi á hlutverki Atlantshafsbandalagsins hjá þeim stjórnmálamönnum sem hér hafa

tjáð sig um það. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur auðvitað haft þá skoðun eins og menn þekkja að hann vilji Ísland úr NATO og hann hefur undirstrikað þá skoðun sína hér. En hvað vill þessi svokallaða samfylking sem er kosningabandalag Alþfl., Alþb., Þjóðvaka og Kvennalista? Með leyfi virðulegs forseta langar mig til þess að rifja upp ummæli úr Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins frá 20. september sl. en þar segir:

„Eftir lok kalda stríðsins og fall Varsjárbandalagsins hefur Atlantshafsbandalagið verið að breytast í eins konar öryggiskerfi allra Evrópuríkja. Nánast öll ríki í Evrópu leita nú inngöngu í Atlantshafsbandalagið utan Rússland. En jafnframt er samstarf bandalagsins og Rússlands orðið ótrúlega náið. Í Brussel starfar nú stór hópur rússneskra embættismanna og varla er hægt að ganga um ganga í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins án þess að heyra rússnesku talaða. Það er eins og forustumenn kosningabandalagsins geri sér enga grein fyrir þessari grundvallarbreytingu á hlutverki og stöðu Atlantshafsbandalagsins. Til þess er nú horft til að leysa alvarleg vandamál, sem upp koma í einstökum ríkjum Evrópu eða þeirra í milli eins og t.d. í fyrrum lýðveldum Júgóslavíu. Það á að vísu eftir að koma í ljós, hvernig Atlantshafsbandalaginu gengur að rækja þetta nýja hlutverk en það er gersamlega út í hött að tala um það eins og gert er í málefnaskrá vinstra bandalagsins að „framtíðarmarkmiðið hlýtur samt að vera að Ísland geti staðið utan hernaðarbandalaga“.“

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur ekki séð sér fært að taka þátt í samfylkingu á vinstri væng og hefur ásamt fleirum viljað staðsetja sig vinstra megin við sameiginlegt vinstra framboð. Það kemur því kannski ekki á óvart að hann skuli vilja binda enda á veru bandaríska varnarliðsins í Keflavík. En athyglisvert er að sameiginlegt vinstra framboð annars vegar og væntanlegt framboð vinstra megin við það hins vegar virðast a.m.k. eiga það sameiginlegt að vilja varnarliðið burt.

Það er nauðsynlegt, virðulegi forseti, að undirstrika þetta atriði líka með tilliti til þeirra þingmála sem eru á dagskrá þingsins hér í dag. Þannig er rétt að ítreka að líkt og fram kom í umræðunni um skýrslu hæstv. utanrrh. þá er í vaxandi mæli horft til NATO til tryggingar friðar og stöðugleika í Evrópu og jafnvel þótt víðar væri leitað. Þá hafa Bandaríkin t.d. haft um það forustu að reyna að hefta útbreiðslu gereyðingarvopna m.a. með því að hóta hernaðaraðgerðum gegn Írak brjóti þarlend stjórnvöld gegn ákvæðum ályktana Sameinuðu þjóðanna um vopnaeftirlit. Til þess hafa m.a. borist óskir um afnot af Keflavíkurflugvelli vegna liðs-, gagna- og birgðaflutninga yfir Atlantshafið.

Áframhaldandi vera varnarliðsins í Keflavík er hluti af þessu nýja öryggiskerfi sem við nú búum við. Þegar hefur verulega verið dregið úr viðbúnaði varnarliðsins í Keflavík frá því sem mest var, enda ekki jafnskýr öryggisógn sem vofir yfir. En skjótt skipast veður í lofti og því eðlilegt að lágmarksvörnum sé viðhaldið til að tryggja öryggi lands og þjóðar.

Að sama skapi er eðlilegt að varnarbandalag vestrænna lýðræðisríkja sem í vaxandi mæli er að taka á sig mynd öryggisbandalags fyrir álfuna alla hafi hér aðstöðu sem m.a. má nýta við flutninga yfir Atlantshafið.

Vera má að sá tími eigi eftir að koma þar sem varnir og varnarbandalög verði óþörf og auðvitað vonum við öll að svo verði. En veruleikinn er annar. Óstöðugleika er víða að finna jafnt innan ríkja sem í samskiptum þeirra á milli. Þar við bætist að útbreiðsla gereyðingarvopna er verulegt áhyggjuefni sem enn fremur gefur tilefni til áframhaldandi samstarfs í öryggis- og varnarmálum.

Hið sama má segja um hryðjuverkastarfsemi. Samstarf um viðbrögð vegna náttúruhamfara lofar góðu og þannig mætti lengi telja. Brottför bandarískra varnarliðsins frá Íslandi er því engan veginn tímabær, hvorki nú né í fyrirsjáanlegri framtíð.

Virðulegi forseti. Ég nefndi í upphafi að ég væri formaður hinnar íslensku sendinefndar hjá Norður-Atlantshafsþinginu og vildi fá að koma að starfsemi þess. Það er athyglisvert að taka eftir því að Alþb. og Samtök um kvennalista hafa aldrei óskað eftir að eiga fulltrúa í Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins. Íslandsdeildin hefur hingað til verið skipuð þingmönnum Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl.

Með tilliti til þeirra breytinga sem nú eiga sér stað á vinstri væng stjórnmálanna má þó kannski eiga von á því að breyting verði á aðild þessara flokka að þessu starfi. Það verður fróðlegt að fylgjast með því. Kommúnistaflokkar ýmissa landa hafa í gegnum tíðina átt aðild að Norður-Atlantshafsþinginu. Má þar nefna ítalska, gríska, franska og portúgalska kommúnistaflokka. Fulltrúar þeirra hafa jafnvel beinlínis verið yfirlýstir andstæðingar Atlantshafsbandalagsins en hafa samt kosið að taka þátt í starfi þess til að fræðast um öryggis- og varnarmál, og til að geta haft áhrif á störf þingsins, kynna sínar skoðanir á sviði öryggis- og varnarmála o.s.frv. Þá má einnig benda á að í þýsku sendinefndinni er að finna þingmenn frá PDS eða fyrrum kommúnistaflokki Austur-Þýskalands. Norður-Atlantshafsþingið hefur þannig ávallt staðið öllum þingmönnum aðildarríkjanna opið og látið þjóðþingin að sjálfsögðu um að skipa sínar sendinefndir á þingið hvort sem um væri að ræða íhaldsmenn, frjálslynda jafnaðarmenn, kommúnista, fasista eða einhverja aðra.

Aðild að Norður-Atlantshafsþinginu eiga þjóðþing hinna 16 núverandi aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins auk þess sem þjóðþing 16 ríkja Mið- og Austur-Evrópu sem hafa hlotið aukaaðild að þinginu, þar á meðal rússneska þingið. Auk stjórnarnefndar sem skipuð er formönnum landsdeilda, forseta og varaforsetum, fer starf Norður-Atlantshafsþingsins í megindráttum fram í fimm málefnanefndum. Þess má geta sérstaklega að í stjórnarnefndinni hefur Ísland eitt atkvæði af sextán og getur því haft talsverð áhrif. Meginhlutverk þingsins hefur ávallt verið að sjá þingmönnum aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og í seinni tíð jafnframt 16 Mið- og Austur-Evrópuríkjum fyrir vettvangi þar sem þau geta fræðst um öryggis- og varnarmál og borið saman bækur sínar um ýmis málefni í samskiptum ríkjanna. Helstu umfjöllunarefni síðustu ára hafa verið hið nýja hlutverk Atlantshafsbandalagsins, stækkun bandalagsins, stöðugleiki og friður á nágrannasvæðum, samskipti Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku á sviðum stjórnmála og efnahagsmála, mannréttindamál og margt fleira. Með hinu nýja hlutverki bandalagsins er vísað til þess að Atlantshafsbandalagið er sá aðili í evrópskum öryggismálum sem nær ávallt er horft til hvað varðar tryggingu friðar og stöðugleika í álfunni. Fjöldi Mið- og Austur-Evrópuríkja sækist nú eftir aðild að bandalaginu og önnur ríki leita til bandalagsins til að stilla til friðar og standa vörð um hann.

Virðulegi forseti. Stundum hefur verið bent á að vegna smæðar þjóðarinnar eigi hún að vera hlutlaus í alþjóðamálum. En spyrja má: Til hvers er sjálfstæði og erum við

raunverulega sjálfstæð ef við, vegna smæðar okkar, þorum ekki að fylgja sannfæringu okkar, vera vinir vina okkar og standa vörð um sameiginlega hagsmuni með skoðanabræðrum okkar?

Með hliðsjón af þeim umræðum sem hér hafa átt sér stað og þeim breytingum sem nú eiga sér stað á vinstri væng stjórnmálanna vil ég undirstrika þá skoðun mína að vera okkar í NATO hefur verið og mun verða hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu.

[13:46]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Ég kem ekki hingað í ræðustól til að gera athugasemdir við einstök ummæli hæstv. ráðherra í ræðu hans um utanríkismál sem hann flutti þinginu áðan. Ég vil aftur á móti þakka honum sérstaklega fyrir þessa greinargerð um alþjóðleg viðhorf og stöðu Íslands í stórum og viðsjárverðum heimi.

Hins vegar vil ég nota tækifærið og koma hér á framfæri atriði sem ég sakna úr ræðu hæstv. ráðherra. Það varðar starf Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD að gerð alþjóðlegs sáttmála um fjárfestingar, sem kallaður hefur verið MAI-sáttmálinn eftir ensku skammstöfuninni á heiti hans, sem er Multilateral Agreement on Investment.

Þetta starf OECD á undanförnum árum hefur ekki farið hátt. Ég man raunar ekki til þess að það hafi verið gert að umtalsefni fyrr hér á Alþingi. Sumir munu segja að það sé hreinn óþarfi að vekja máls á þessu því að ríkisstjórnir hafa verið iðnar upp á síðkastið að lýsa þessa samningsgerð dauða og dottna upp fyrir. Þó er full ástæða til að ætla að ríkisstjórnir sem harðast hafa rekið á eftir gerð þessa samnings, stjórn Bandaríkjanna sérstaklega og Bretlands sem fylginauts hennar, hafi tekið upp aðra taktík í þessu máli og muni nú þrýsta á að fá einstök ákvæði hans samþykkt í öðru heimspólitísku samhengi, svo sem hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða í heimsviðskiptaráðinu WTO. Þannig mundu ríkin láta sér nægja að fá sínu framgengt í stykkjatali í stað þess að fá það samþykkt í heild sinni sem alþjóðlegan sáttmála og algilda stefnuyfirlýsingu um vernd fjárfestinga og völd alþjóðafyrirtækja hvarvetna í heiminum.

Í rauninni telur Bandaríkjamaðurinn Lori Wallach, yfirmaður heimsviðskiptadeildar bandaríska neytendafélagsins sem kennt er við Ralph Nader og ég byggi það sem hér fer á eftir að nokkru leyti á grein hans, að yfirlýstur dauði MAI-samningsins sé yfirskin eitt og áfram verði unnið með leynd að því að þoka honum áleiðis. Wallach þessi skrifaði nýlega grein um þetta í Parísarblaðið Le Monde Diplomatique, sem einnig kemur út á ensku sem fylgiblað The Guardian. Þar lýsir hann því skýrt hvernig farið hefur verið á bak við þjóðþingin og embættismenn einir staðið að þessari stefnumótun á þriggja ára ferli gerðar þessa sáttmála.

Bandaríkjaþing vissi t.d. ekki af þessari samningalotu fyrr en einhvern tíma í fyrra. Jack Lang formaður utanríkismálanefndar franska þingsins sagði í desember fyrir tæpu ári: Við vitum ekki hver er að semja um hvað og í hvers nafni. Raunar mun hann hafa beitt sér fyrir því að tekið var af skarið núna í október, þegar ákveðið var að franska ríkisstjórnin drægi sig úr þessari samningalotu. Þar með hefur hún verið lýst dauð og ómerk og menn þurfi ekki að hafa frekari áhyggjur af þessu en annað gæti átt eftir að koma í ljós.

Þegar þetta samningsuppkast komst á netið, einmitt fyrir tilstilli þessara bandarísku neytendasamtaka Naders, olli það miklu uppistandi og hörðustu deilum þar á þinginu síðan unnið var að gerð NAFTA-fríverslunarsamningsins við Bandaríkin fyrir tíu árum. Þegar samningsuppkastið lak út í fjölmiðla í Nýja-Sjálandi þá olli það þar miklum æsingi og nú í maí á þessu ári voru harðar árásir gerðar á samninginn og frammistöðu Bandaríkjastjórnar á Bandaríkjaþingi. Þingið taldi að þarna væri farið á bak við sig í hápólitísku og mjög alvarlegu máli.

Ég ætla ekki að fara út í smáatriði um gerð MAI-samningsins. Ég veit að margir í þessum sölum hafa þungar áhyggjur af sjálfstæði þessa lands ef til inngöngu kæmi í Evrópusambandið. Við þá hina sömu vil ég segja að það væru smámunir einir hjá því sem yrði ef ákvæði þessa MAI-samnings yrðu að veruleika og hann yrði algildur alþjóðlegur sáttmáli sem tæki til allra ríkja, stórra og smárra, hvort sem það gerðist í stykkjatali og smám saman eða hann yrði samþykktur í heild sinni.

Meginatriði þessa samnings gengur út á að alþjóðafyrirtæki, sem teygja arma sína um heiminn, yrðu réttlhærri en einstök þjóðríki. Þessi alþjóðafyrirtæki gætu dregið hvaða þjóðríki sem er í veröldinni fyrir alþjóðlegan dómstól, hvenær sem er, ef þau teldu að stjórnvaldsaðgerðir viðkomandi ríkis gætu leitt til minni hagnaðar en efni stóðu til þegar efnt var til tiltekinnar fjárfestingar í viðkomandi ríki. Þau gætu krafist hárra skaðabóta í reiðufé. Reyndar hefur reynt á svipað ákvæði í NAFTA-samningnum, fríverslunarsamningnum milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó. Kanada hefur tvisvar orðið að láta í minni pokann og reiða út mikið fé. Í annað skiptið fyrir að hafa vakið máls á ákveðnu máli á þinginu sem talið var skaða hagsmuni bandarísks fyrirtækis. Í hinu tilfellinu urðu þeir að falla frá því að framfylgja samþykkt sem gerð hafði verið í þinginu um að sígarettupakkar yrðu hér eftir í gráum lit og á þeim mættu ekki vera auglýsingar eða aðlaðandi auðkenni. Þetta er forsmekkur að því sem gæti gerst ef ákvæði þessa samnings yrðu uppfyllt, hvort sem sáttmálinn sjálfur yrði samþykktur eða honum yrði komið á með öðrum hætti.

Með öðrum orðum: Með þessum samningi væri hægt að lama getu ríkisstjórna til að setja lög, t.d. um verndun umhverfisins, varðveislu náttúrulegra auðlinda, setja lög um vinnuöryggi og sanngjarna framkomu við launþega og raunar hvað annað sem nöfnum tjáir að nefna.

Valdi ríkisstjórna til breytinga á skattalögum yrðu líka verulegar skorður settar. Þannig ber allt að sama brunni. Engar skuldbindingar og engin ábyrgð er sett á alþjóðafyrirtækin en þau geta dregið hvaða ríkisstjórn sem er fyrir alþjóðlega dómstóla hvenær sem er og krafist skaðabóta ef eitthvað í löggjöf eða reglum þessa ríkis verður til þess að rýra þann gróða sem fyrirtækin reiknuðu með að hafa þegar þau lögðu í fjárfestinguna í viðkomandi landi.

Ég er þess fullviss og tek undir það með þessum Bandaríkjamanni sem ég vitnaði til, að þessi MAI-sáttmáli er stórhættulegur meðan hann er til í pípunum og þjóðþing heimsins verða að halda vöku sinni þangað til hann er sannanlega og endanlega dauður.

Ég mun koma aftur að þessu áður en ég lýk máli mínu en ég vil skjóta hér inn kafla sem ég get ekki ætlast til að utanrrh. gerði heldur grein fyrir í ræðu sinni, enda ætla ég að brydda hér upp á nýjung í alþjóðasamskiptum. Það vill svo til að ég hef á undanförnum þremur, fjórum árum átt aðild að samstarfi nokkurra eyja í Norður-Atlantshafi. Nánar tiltekið eru það sjö eyjar sem allar hafa mismunandi forræði fyrir sínum málum. Tvær þeirra eru innan kanadíska

ríkjasambandsins, Prince Edward Island og Nýfundnaland. Þar eru heimastjórnarríki innan danska ríkisins, Grænland og Færeyjar, það eru Álandseyjar sem hafa sérstöðu innan Finnlands og eyjan Mön sem er í sérstöku konungssambandi við Stóra Bretland. Ísland eitt nýtur fulls sjálfstæðis og sjálfforræðis.

Þessar eyjar hafa borið saman bækur sínar um hagkerfi sín og félagslega uppbyggingu. Það hefur verið mjög ánægjulegt að eiga þátt í þessum samskiptum. Þau hafa vakið mig til umhugsunar um hvort ekki er of mikil áhersla lögð, í mótun íslenskrar utanríkisstefnu, á að fylgjast með hinum stóru ríkjum, heimsveldum og ríkjum sem slaga hátt upp í það. Það gæti hreinlega borgað sig fyrir Ísland að hafa mann í utanrrn. sem sérhæfði sig í þekkingu á hinum smáu og smærri ríkjum í heiminum. Mér hefur skilist að það séu í kringum 100 ríki í Sameinuðu þjóðunum sem hafa milljón íbúa eða þaðan af minna, njóta mismunandi sjálfsforræðis, ýmist fulls sjálfstæðis eða tilheyra á einhvern hátt öðrum ríkum. En öll hafa þau alþjóðleg samskipti og mörg hver aðild að alþjóðlegum samtökum sem skipta okkur miklu máli. Ég vil t.d. benda á að umhverfisverndarsamtök eins og Greenpeace eru grunuð um að hafa bókstaflega keypt upp aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu, t.d. af Seychelleseyjum til þess að koma mönnum sínum að og beita sér þar fyrir hinum ýtrustu verndarsjónarmiðum, þvert ofan í stofnsáttmála þessa ágæta ráðs sem við erum nú reyndar ekki lengur í.

Þannig geta þessi ríki valdið okkur miklum erfiðleikum í hinum og þessum alþjóðlegu samtökum sem taka að sér að gefa út ákveðnar reglur um verslun og viðskipti, um hvað megi veiða og hvað megi ekki veiða, hvað megi versla með og hvað ekki. Þess vegna er full ástæða til þess að utanrrn. hugi að því hvort ekki mundi beinlínis borga sig að hafa sérfræðiþekkingu innan ráðuneytisins á málefnum þessara ríkja. Þessi ríki líta gjarnan upp til Íslands fyrir það sem þeim finnst hafa tekist vel í uppbyggingu þjóðríkisins eftir að við unnum sjálfstæði okkar fyrir 50 árum. Þetta er nú svona ábending sem ég vildi koma til hæstv. ráðherra til vinsamlegrar athugunar.

Aðalástæðan fyrir því að ég kom hér upp var þó þetta mál sem ég vakti athygli á hér áðan, þ.e. þessi MAI-samningur. Ég hef að undanförnu reynt að afla mér upplýsinga um texta þessa samnings til viðbótar við þá grein sem ég nefndi áðan eftir þennan forsvarsmann bandaríska neytendafélagsins. Minn skilningur hefur verið sá að það sé ekki verið að fjalla um þessi mál í utanrrn. heldur sé það nánast á forræði iðnrn. og ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað en að góður og gegn embættismaður hafi séð um það þar. En ég held að full ástæða sé til þess að utanrrn. kynni sér þetta mál rækilega og að utanrmn. þingsins kynni sér líka öll gögn sem aðgengileg eru í þessu máli. Ég vil spyrja utanrrh. hvort því megi ekki treysta að með þessu máli verði fylgst ef það ætlar að lifna við aftur. Þó að það sé eins og dautt hross núna þá getur verið að einhverjir verði til þess að sparka í það lífinu.

[14:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að þeim samningi sem hér hefur verið gerður að umtalsefni, þ.e. fjölþjóðlega fjárfestingarsáttmálanum MAI, hefur verið unnið í mjög langan tíma og íslenska utanrrn. og viðskrn. jafnframt hafa komið að gerð hans. Við höfum haft allmikil áhrif á hann eða samningsgerðina og í vor sat ég ráðherrafund OECD þar sem þessi samningur var til umræðu og ákveðið var að fresta viðræðum til haustins. Síðan var haldinn samningafundur nú í október þar sem Frakkar sögðu sig úr viðræðunum eins og kom fram hjá hv. þm.

Þeir höfðu ýmsar athugasemdir fram að færa í sambandi við þennan hugsanlega samning. Þeir töldu að ákvæðin um lausn deilumála væri ekki nægilega góð, að þróunarlöndin hefðu ekki nægilega mikla möguleika til þess að koma að þessum samningi og að þar væri ekki fjallað nægilega um réttindi launafólks og umhverfismál, en umhverfismál höfðu verið eitt af þeim deiluefnum sem voru uppi á borðinu og höfðu ekki fengið neina lausn.

Það er frekar búist við því að framtíð þessara viðræðna verði á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar þannig að þær færist frá OECD yfir til WTO. Ég skal ekkert fullyrða um það en vil hins vegar benda á þá staðreynd að mikil þörf er á því að koma upp slíkum samningi. Smáar þjóðir eins og við Íslendingar erum þurfa oft að gera samninga af þessu tagi og þá gerum við þá tvíhliða en við höfum verið að reyna að koma okkur hjá því vegna þess að við höfum vonast til þess að þarna gæti fengist niðurstaða. En ekki verður komist hjá því að fjárfestingarsamningar verði í gangi milli þjóða því það þarf að skapa meira öryggi í fjárfestingum og gagnkvæmar fjárfestingar ríkja eru nú eitt aðalhreyfiaflið í efnahagslífi heimsins.

[14:04]

Ólafur Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka utanrrh. fyrir þessi svör. Mér finnst að þau hafi leitt í ljós að Ísland hefur þá komið miklu nær og meira að gerð þessa samnings en ég gerði mér grein fyrir. Vissulega er eflaust þörf á því að einhverjar alþjóðlegar reglur gildi í þessu efni en eins og ég hef séð þennan samning presenteraðan þá finnst mér hann nánast forkastanlegur í því hvað hann gerir alþjóðafyrirtækjunum hátt undir höfði en þjóðríkjunum lítið.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. utanrrh. um leið og ég þakka honum fyrir svör hans: Verða ekki öll gögn varðandi þetta mál lögð fyrir utanrmn. og mögulega efh.- og viðskn. þannig að þær geti fylgst með? Eins og ég nefndi áðan hafa orðið uppþot á þjóðþingum víða þar sem þessi sáttmáli hefur verið kynntur og ég vænti þess að Alþingi fái að fylgjast með frekari framvindu þessara mála.

[14:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi mál hafa komið til umræðu á hv. Alþingi. Þau hafa líka verið til umræðu í utanrmn. Að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu að taka þau til frekari umræðu í nefndinni og ekkert nema eðlilegt við það.

Ég er þeirrar skoðunar að sú mynd sem hv. þm. teiknaði upp um samninginn hafi verið nokkuð dökk og ég held að þeir sem skrifuðu þær greinar sem hann lýsti hafi verið afar mikið á móti samningnum og ekki séð margar jákvæðar hliðar á honum. En það er eins og gengur í öllum stórum alþjóðlegum samningum, að það eru bæði neikvæðar hliðar og jákvæðar. Menn taka á sig ákveðnar skuldbindingar en ná jafnframt verulegum árangri. Menn verða að vega og meta hvort það er þess virði að taka á sig slíkar skuldbindingar til þess að greiða betur fyrir vextinum í heimsviðskiptum og hagvexti í heiminum almennt. Við verðum að sjálfsögðu að gæta þess að fátæku þjóðirnar eigi þar eðlilega aðild að. En ef við viljum berjast gegn fátækt í heiminum og meiri hagvexti þá er ég ekki í nokkrum vafa um að meiri fjárfestingar

og meiri umsvif, sem skapa atvinnu fyrir fólkið, eru eitt af lykilatriðunum í þeirri baráttu. Ég held að það verði líka að sjá þennan samning í því ljósi.

[14:08]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla og fróðlega ræðu sem ég tel að hafi endurspeglað gjörla hve mikilvægt er að Ísland taki virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi. Og framlag okkar til alþjóðlegs samstarfs tel ég hafa skilað sér margfaldlega.

Ég vil því segja örfa orð um það sem ég tel vera mikilvæg áhersluatriði, ekki síst um mikilvægi þessa málaflokks, en byrja kannski á því að eins og kom fram hér í morgun þá minnumst við ýmissa tímamóta í friðar- og mannréttindaferli í heiminum. Það kom fram í ræðu utanrrh. í morgun að á næsta ári verða 50 ár liðin frá því að mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt, 50 ár verða frá stofnun NATO og 50 ár verða frá stofnun Evrópuráðsins. Á þessum tímum metum við árangur af alþjóðlegu samstarfi. Við höfum einnig upplifað hraðari breytingar á undanförnum árum en okkur hafði órað fyrir. Því er okkur nauðsynlegt að fylgjast vel með og búa okkur undir aðlögun að því framtíðarumhverfi sem næstu kynslóðir eiga að taka við.

Nýir tímar krefjast breyttrar áherslu. Staða okkar í utanríkismálum miðast ekki eingöngu við þrengstu hagsmuni okkar, eins og við oft viljum leggja áherslu á, heldur verðum við að tryggja framtíðarhagsmuni okkar og tengjast hvers kyns starfi á sviði öryggis-, friðar- og mannréttindamála, neyðaraðstoðar, flóttamannahjálpar, baráttu gegn hungursneyð, glæpastarfsemi og eiturlyfjasölu, og ekki síst auðlinda og umhverfismála, eins og við höfum svo glögglega fundið á hinu háa Alþingi á undanförnum árum.

Segja má að allir þessi þættir hafi meiri eða minni áhrif á daglegt líf okkar. Íslendingar eru ekki aðeins virkir heldur hafa tækifæri til mikilla áhrifa á þróun mála í dag. Við erum smá en við höfum bæði reynslu og við höfum tækifærin. Stefna á setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna verður tímamótatækifæri fyrir okkur. Við höfum sýnt ábyrgð með þátttöku okkar í þeim verkefnum sem við höfum tekið að okkur fyrir Sameinuðu þjóðirnar eða á vegum Sameinuðu þjóðanna og við erum virt fyrir framlög okkar, ekki eingöngu í friðargæslu og uppbyggingu í Bosníu, eins og tíðkast nú að ræða mest um og nú á næstunni í Kosovo, heldur einnig á öðrum sviðum. Skemmst er að minnast smærri verkefna okkar eins og t.d. hins nýja sjávarútvegsskóla og jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna hérna.

Eindreginn stuðningur Norðurlandaþjóðanna til þessa framboðs okkar gefur okkur sterka stöðu og í ljósi þátttöku okkar innan Sameinuðu þjóðanna á undanförnum áratugum tel ég okkur þess fullbúin að takast á við þá ábyrgð sem setu í öryggisráðinu fylgir.

Með aukaaðild okkar að Vestur-Evrópusambandinu, VES, höfum við haldið á lofti mikilvægi þess að VES tryggi umræðu friðar- og öryggismála meðal allra Evrópuþjóða en einskorðist ekki við ríki Evrópusambandsins. Leggja verður áherslu á að Evrópa geti sjálfstætt tekist á við þær hörmungar í álfunni sem við höfum horft upp á á undanförnum árum, og að styrkja VES.

Við höfum hins vegar notið góðs af samstarfi við Norður-Ameríku innan NATO og við megum ekki veikja það samstarf samhliða eflingu Evrópuþjóða til að takast á við eigin vandamál. Ég vil í þessu sambandi fagna þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að taka þátt í eftirliti á vegum ÖSE með framkvæmd Serba á samningi sérlegs erindreka Bandaríkjaforseta um Kosovo.

Ég hef á undanförnum árum átt þess kost að taka þátt í samstarfi Vestur-Evrópusambandsins og ég tel að mikilvægi þess að þau ríki sem þegar taka þátt í því starfi sem þar fer fram, hvort sem er með fullri aðild, aukaaðild eða lausari aðild að sambandinu, gefi okkur þann samstarfsanda sem við þurfum á Evrópuvettvangi og minnki þá spennu sem hugsanlega gæti hafa orðið með því að útiloka ný ríki, nýfrjáls ríki, Austur-Evrópuríki almennt og jafnvel önnur ríki sem okkur tengjast svo sem Tyrkland, frá umræðu um friðar- og öryggismál á þessu svæði.

Ég vil einnig leyfa mér nú í dag að ávarpa utanrrh. og óska honum allra heilla í tilefni af varaformennsku í Evrópuráðinu sem hann tók við í gær og síðar formennsku sem hann mun gegna frá maímánuði nk. Ég hef tekið þátt í starfi Evrópuráðsins á undanförnum árum og fylgst vel með hversu mikil áhrif Evrópuráðið hefur haft á mannréttindaþróun í Evrópu, ekki síst á undanförnum árum með þátttöku nýfrjálsra ríkja. Segja má að Evrópuráðið hafi verið hliðið sem þessi ríki hafa gengið í gegnum til að taka þátt í því samstarfi sem önnur Evrópuríki hafa átt á undanförnum áratugum meðan mikið bil var á milli Austur- og Vestur-Evrópu. Ég fagna því líka hversu vel hefur tekist til í því samstarfi sem ég tel að hvorki hafi verið lögð nægilega mikil áhersla á hérlendis né erlendis, þ.e. á mikilvægi þess starfs sem Evrópuráðið hefur haft og hlutverk Evrópuráðsins í þessu sambandi.

Því tel ég að formennska í Evrópuráðinu sé stórviðburður. Aðildarríkin eru 40 og mig minnir að um 700 milljónir manna tengist þessu ráði. Það er ekki lítið. Þess vegna er þetta einstakt tækifæri fyrir okkur til að komast í lykilstöðu, fyrst um sex mánaða skeið í varaformennsku og aðra sex mánuði í formennsku. Það er ljóst að langur tími líður þangað til við fáum annað tækifæri.

Einstök ríki hafa reynt að nýta sér formennskutímann til að koma hagsmunum sínum og hugmyndum á framfæri og vinna þeim brautargengi. Þannig lögðu finnsk stjórnvöld fram tillögu um embætti umboðsmanns Evrópu í formennskutíð sinni. Eins stóð ríkisstjórn Frakklands fyrir leiðtogafundi Evrópuráðsins á sl. ári og Frakkland var því í forustu fyrir að marka Evrópuráðinu stefnu á nýrri öld.

Ísland hefur einnig haldið hagsmunum sínum á lofti á þessum vettvangi sem annars staðar og höfum við haft áhrif á umræðu, ekki síst í umhverfis- og sjávarútvegsmálum, enn fremur í almennum umræðum um öryggis- og friðarmál í Evrópu. Ég tel að þau trúnaðarstörf sem okkur hafa verið falin hafi gefið okkur aukna möguleika til að tala máli okkar.

Þátttaka okkar innan EES hefur verið afar virk undanfarið og formennska okkar innan EFTA á þessu ári hefur skilað okkur áhrifum sem okkur eru nauðsynleg. Ég vil minna á gott dæmi sem nefnt var hér í morgun um samræmdar reglur um eftirlit með innflutningi sjávarafurða innan EES. Það að eftirlit með innflutningi sjávarafurða á EES-svæðinu sé í höndum Íslendinga hlýtur að auðvelda okkur leiðir inn á evrópska markaði og styrkja stöðu okkar.

Stækkun Evrópusambandsins mun hafa mikil áhrif á atvinnulíf og aðstöðu Íslands, enda verða ný lönd um leið aðilar að samningi okkar um Evrópska efnahagssvæðið. Á næstu sjö árum, til ársins 2006, verður unnið að því að fjölga ríkjum innan Evrópusambandsins um sex ríki. Þarna munu okkur opnast nýir markaðir og ný tækifæri. En samhliða

þessu verðum við að standa vörð um þann góða markaðsaðgang með sjávarafurðir sem við nú njótum við umrædd ríki á grundvelli fríverslunarsamninga á vegum EFTA.

Með samstarfi okkar við ESB fáum við einnig tækifæri til að tengjast samningum við markaði utan Evrópu, svo sem í löndum sunnan Miðjarðarhafsins, Suðaustur-Asíu og annars staðar. Ég tel augljóst að ESB muni taka breytingum með útvíkkun og áherslum innan þess og tel þess vegna afar mikilvægt að fylgjast með þeirri þróun sem fram undan er, bæði á viðskiptalegu sviði og pólitísku, því augljóst er að Evrópusambandið mun verða fjármálalegur risi í heiminum í framtíðinni. Sem fjármálalegur risi verður sambandið að sjálfsögðu einnig stórpólitískur risi sem okkur er nauðsynlegt að tengjast — hvort sem væri við núverandi ríki eða framtíðarríki — og fylgjast vel með.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta miklu lengra. Ég sagði í upphafi að framlag okkar í alþjóðlegu samstarfi skilaði sér margfaldlega. Þátttaka okkar á flestum sviðum er ekki eingöngu siðferðileg ábyrgð heldur skilar hún sér margfaldlega í þjóðarbúið með nýjum störfum og viðskiptamöguleikum. Nærvera okkar með fastafulltrúum í fjölþjóðastofnunum hefur verið bætt og aukin. Að sjálfsögðu má ætíð ræða um mismunandi forgangsröðun á slíkum ráðstöfunum og fjármagni til slíkrar starfsemi. Reynsla mín af stofnun fastanefndar í Evrópuráðinu er dæmi um vel heppnaða ráðstöfun að mínu mati, sem svarar kröfum tímans. Rödd okkar heyrist vel á þeim vettvangi og við fáum tækifæri til að hafa gríðarleg áhrif þar. Og ég er fullviss um að slík störf sem við tökum að okkur þar muni skila nýrri kynslóð nýjum tækifærum í framtíðinni.

[14:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir það sem hún sagði um Evrópuráðið. Ég vil jafnframt þakka þingmannanefndinni fyrir mjög góð störf í Evrópuráðinu. Ég tel að framlag Íslendinga í Evrópuráðinu á undanförnum árum hafi skipt mjög miklu máli og hafi m.a. orðið til þess að við getum hugsað okkur að taka við formennsku í Evrópuráðinu. En það er alveg rétt sem hv. þm. sagði að því fylgja miklar skyldur. Því fylgir viðurkenning á að Íslendingar séu tilbúnir að taka þátt og hafa forustu um lausn ýmissa alþjóðlegra vandamála og það er mikil ábyrgð sem við erum að takast á hendur í þessum efnum. Við getum reiknað með því að koma að málum í Kosovo, í Bosníu, í Nagornó-Karabakh, sem tilheyrir nú Aserbaídsjan en Armenía hefur gert kröfu um.

Það eru ýmis slík vandamál sem uppi eru hjá Evrópuráðinu sem við getum reiknað með að koma að. Þetta krefst þess að við leggjum okkur fram, þetta krefst mannafla, en það sýnir jafnframt að við erum tilbúin til að vinna með alþjóðasamfélaginu að framgangi mannréttinda, að framgangi friðar og við berum ekki síður ábyrgð þar en aðrar þjóðir.

Ég er alveg sammála hv. þm. að hér er um mjög stóran atburð að ræða. Hann er e.t.v. ekki jafnstór nú og þegar við tökum við formennsku. Það vill svo óheppilega til að við tökum við formennskunni á kosningadegi, sem er nú ekki mjög heppilegt. En því miður verður ekki við það ráðið, en það er hinn 7. eða 8. maí sem Ísland tekur við formennsku í ráðinu sem kemur í veg fyrir að ráðherra geti verið viðstaddur þann mikilvæga atburð.

[14:22]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og taka hér aftur til máls til að koma að nokkrum atriðum sem mér tókst ekki að ræða að fullnustu í fyrri ræðutíma mínum.

Ég nefndi sérstaklega að eitt af þeim grundvallarmálum sem Íslendingar glíma við á vettvangi utanríkismála eru umhverfismál og þá ekki síst umhverfismál sem tengjast mikilvægri nýtingu okkar á auðlindum hafsins. Á þessu ári, ári hafsins, hafa málefni hafsvæðanna og umhverfismála hafsins verið mikið til umfjöllunar á alþjóðlegum vettvangi. Það hefur gefið okkur Íslendingum tækifæri til að beina athygli annarra þjóða að því hvernig við tökum á umhverfismálunum og ekki síst hvernig við umgöngumst auðlindir sjávarins.

Það er mjög brýnt að við höldum til haga því grundvallarsjónarmiði í umhverfismálum að treysta beri sjálfbæra nýtingu hafsins. Sjónarmið okkar eru sjónarmið þeirra sem eru mjög háðir nýtingu sjávarauðlindanna. Þau sjónarmið stangast mjög auðveldlega á við sjónarmið þeirra sem líta fyrst og fremst á hafið sem vettvang samgangna og námavinnslu, svo sem olíu- og gasvinnslu. Ekki er hægt að neita því að á alþjóðlegum vettvangi hafa málin þróast þannig á undanförnum áratugum að sjónarmið þeirra sem nýta fiskimiðin hafa verið víkjandi fyrir sjónarmiðum hinna sem nýta hafið fyrst og fremst til sjósamgangna, sjóflutninga og svo til orkuvinnslu, þ.e. olíu- og gasvinnslu.

Þetta stendur í tengslum við þá staðreynd að sjávarútvegurinn í heiminum er almennt ekki mjög sterkur frá efnahagslegum sjónarhóli séð. Það á sérstaklega við t.d. um Evrópu þar sem fjölmörg ríki reka sjávarútveg ekki beinlínis í arðsemissjónarmiði heldur sem einhvers konar byggðastefnu og sem stuðning við málefni afskekktra byggðarlaga. Þannig tengjast sjávarútvegsmálin styrkjastefnu í mjög ríkum mæli í Evrópu. Og styrkjastefnan sem rekin er í sjávarútvegsmálunum leiðir óhjákvæmilega til þess að menn víkja til hliðar sjálfbærri nýtingu, enda er það almennt viðurkennt af þeim stofnunum sem þar eru til ráðuneytis og til þess eru bærar, að fátt eitt standi eins gegn sjálfbærri nýtingu og styrkjastefna í sjávarútvegi.

Það hefur þess vegna orðið nokkuð áberandi í þeirri miklu umfjöllun sem farið hefur fram um umhverfismál, umhverfismál hafsins, og um sjávarútvegsmál á alþjóðlegum vettvangi á þessu ári, að þar rekast á sjónarmið Íslendinga og fjölmargra annarra þjóða. Þetta kom t.d. afar skýrt fram í umfjöllunum á vettvangi Evrópuráðsþingsins þar sem lagðar voru fram viðamiklar skýrslur um málefni hafsins, þar á meðal ein skýrsla sem samin var af portúgölskum þingmanni um sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins, þ.e. um fiskveiðar. Ég átti þess kost að fjalla um þá skýrslu og skrifa um hana álitsgerð fyrir hönd vísinda- og tækninefndar Evrópuráðsþingsins. En í ljós kom að sjónarmið Íslendinga stönguðust verulega á við sjónarmið Portúgala. Eitt af þeim atriðum sem Spánverjar og einkum og sér í lagi Portúgalir settu fram sem grundvallarstefnumið sitt var að aðgerðum við stjórn fiskveiða sem leiddu til samdráttar skyldi sjálfkrafa fylgt eftir með styrkjum í sjávarútveginum.

Við Íslendingar snerumst mjög harkalega gegn þessum sjónarmiðum á Evrópuráðsþinginu og töldum að þessi sjónarmið gengju gegn hagsmunum þeirra þjóða sem vildu nýta auðlindir sjávarins á sjálfbæran hátt, og töldum að jafnvel væri vikið mjög alvarlega út frá sjónarmiðum um sjálfbæra

þróun með slíkri stefnumörkun. Tekist var á um þetta sjónarmið á Evrópuráðsþinginu, og mér er óhætt að segja að þótt Íslendingar hafi orðið undir þá tókst þeim þó að koma málum sínum þannig til skila að atkvæðagreiðslan var naum, sigurinn var naumur og umræðan fékk allmikla athygli.

Ég held að mjög mikilvægt sé að við höldum þannig áfram á málum okkar og skýrum út fyrir öðrum þjóðum hvernig við höfum umgengist sjávarauðlindir okkar. Og ég lýsi fullum stuðningi við þau sjónarmið sem fram komu í ræðu hæstv. utanrrh. um þessi mál í ræðu hans hér í morgun.

Talsvert hefur verið fjallað hér um þróun Atlantshafsbandalagsins og þá ekki síst í ljósi þeirra tíðinda sem hafa gerst í íslenskum stjórnmálum að Alþfl. hefur nú nánast tekið upp merki Alþb. í öryggis- og varnarmálum. Það er ljóst að Atlantshafsbandalagið hefur tekið mjög alvarlega það hlutverk sitt að laga sig að breyttum aðstæðum á alþjóðavettvangi. Ég tel að ekki sé of langt seilst með því að fullyrða að af öllum þeim alþjóðlegu stofnunum sem hafa þurft að endurskoða stefnu sína og starfsaðferðir í kjölfar endaloka kalda stríðsins hafi Atlantshafsbandalaginu gengið best að hraða aðlögun sinni og finna fleiri og betri fleti á því að brúa bilið milli bandalagsins og Mið- og Austur-Evrópuríkja.

Viðamikið samstarf fer nú fram innan höfuðstöðva NATO í Brussel á pólitísku og hernaðarlegu sviði. Samstarfið hefur gerbreytt andrúmsloftinu í viðskiptum fyrrverandi andstæðinga kalda stríðsins. Þetta á kannski sérstaklega við um samstarfið við Rússa. Sem dæmi um þann árangur sem náðst hefur er að nú sitja menn þarna með fastafulltrúa og hægt er að kalla fastafulltrúa Rússa á fund að ræða öryggismál eða sérstök álitaefni með mjög stuttum fyrirvara.

Þátttaka NATO í Bosníu- og Kosovo-deilunni hefur haft úrslitaáhrif á stöðu hins alþjóðlega samfélags til að koma málum þar til betri vegar. Þessi aðild Atlantshafsbandalagsins að viðkvæmum deilumálum utan sjálfs varnarsvæðis bandalagsins hefur orðið til þess að stórauka hróður NATO í Evrópu og í heiminum yfirleitt. Bandalagið hefur með þessum hætti ekki aðeins tryggt öryggi eigin bandalagsríkja heldur hefur það nú haldið út á þá braut að flytja öryggi til nærliggjandi svæða eða flytja öryggi út eins og það er orðað innan Atlantshafsbandalagsins.

Þátttaka Íslendinga í starfi NATO í Bosníu eða á Balkanskaga yfirleitt í lögreglu- og hjúkrunarmálum hefur styrkt stöðu Íslendinga innan bandalagsins og aukið hróður þeirra þar. Tiltrú Atlantshafsbandalagsins hefur því aukist stórlega innan Evrópu í kjölfar þessarar aðlögunar og þrýstingur umsóknaraðila um aðild að bandalaginu hefur aukist. Bandalagið hefur sannfært Evrópubúa um að það sé trútt grundvallarstefnumálum sínum sem varnarbandalag sem hefur það að meginmarkmiði að treysta öryggismál í álfunni allri. Það er nákvæmlega í þessum anda sem bandalagið mun endurskoða öryggisstefnu sína og við þá endurskoðun er nauðsynlegt að við Íslendingar missum ekki sjónar á því í hverju okkar eigin hagsmunir í varnar- og öryggismálum eru fólgnir. Þeir fara reyndar ekki alltaf saman við hagsmuni einstakra aðildarríkja NATO og á það t.d. sérstaklega við um Frakkland sem var nefnt áður í umræðunni af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni en hann taldi að sú breyting sem væri að eiga sér stað innan Evrópusambandsins í afstöðunni til öryggismála og nefndi þar sérstaklega Frakka, en einnig Breta, væri nú að breyta í grundvallaratriðum afstöðu Evrópuríkjanna til Atlantshafsbandalagsins.

Ég vil geta þess að ég held að sú tilvitnun í afstöðu Frakka sem hv. þm. notaði hafi verið frekar óheppileg vegna þess að Frakkar hafa alltaf skapað sér mikla sérstöðu í Atlantshafsbandalaginu og ekki alltaf verið til þess að styrkja það bandalag. Ég hygg að því fari víðs fjarri að mikill vilji sé fyrir því innan Evrópuríkjanna að draga úr raunverulegu vægi Bandaríkjanna í samstarfi Atlantshafsbandalagsþjóðanna og það eru ekki hagsmunir Íslands að ýta undir það. Því er það í raun og veru hluti af því stefnuleysi sem nú hefur haldið innreið sína inn í Alþfl. að hér skuli vera sérstaklega í þessum þingsal vitnað í mikilvægi afstöðu Frakka til Atlantshafsbandalagsins sem fordæmis fyrir okkur Íslendinga að fylgja. Það er mjög athyglisverð afstaða og undirstrikar hversu hugmyndafræði Alþfl. er komin á mikið flot eftir að hann hefur hafið samningaviðræður og er kominn að niðurstöðu um sameiginlegan hugmyndagrundvöll í svokallaðri samfylkingu við alþýðubandalagsmenn. Þegar það skjal er tekið sérstaklega fyrir og skoðað í smáatriðum er ljóst að nokkur mikilvæg atriði í þessari sameiginlegu stefnu þýða það að Alþfl. hefur í raun og veru látið Alþb. um að móta stöðuna í varnar- og öryggismálum.

Herra forseti. Í þær fáu mínútur sem ég á eftir ætla ég að fara í örfáum orðum yfir það sem má lesa út úr þessu stefnumótunarplaggi og leiða rök að því að hér sé um að ræða þá staðreynd að Alþb. hafi í grundvallaratriðum mótað þetta plagg.

Fyrir það fyrsta er sagt í þessu plaggi að Ísland og íslensk lögsaga eigi að vera friðlýst fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja eigi að vera bönnuð. Hér er um að ræða gamalt áhugamál Alþb. og það hefur verið flutt um þetta frv. árum saman og 1. flm. að þessu frv. hefur verið Steingrímur J. Sigfússon sem hefur nú markað sér stöðu lengst til vinstri á væng stjórnmálanna hér á Íslandi í harkalegri andstöðu við Atlantshafsbandalagið. Það er ljóst að Íslendingar geta ekki við núverandi aðstæður stutt Atlantshafsbandalagið, geta ekki starfað innan þess ef þetta stefnumál nær fram að ganga þar sem varnarstefna bandalagsins er m.a. byggð á kjarnavopnum.

Hér stendur einnig að þó að ekki séu ráðgerðar breytingar á aðild Íslands að NATO á kjörtímabilinu, það er tekið sérstaklega fram, þá er framtíðarmarkmiðið að Ísland geti staðið utan hernaðarbandalaga. Ef menn líta á orðaforðann sem er notaður er ljóst að ekki er vikið neitt frá þeim gamla orðaforða Alþb. að NATO sé hernaðarbandalag. Menn taka ekki upp þann almenna skilning sem er nú orðinn útbreiddur um alla Evrópu að NATO sé og hafi alltaf verið varnarbandalag sem vinni að öryggismálum, heldur er notað hér orðið hernaðarbandalag og markmiðið hlýtur að vera að ganga úr því. Það er ekki markmið lýðræðisríkja Evrópu að ganga úr NATO. Þvert á móti er markmið Evrópuríkjanna og æ fleiri lýðræðisríkja Evrópu að styrkja þetta varnarbandalag en ekki að ganga úr því.

Varnarhagsmunir okkar Íslendinga eru ekki að ganga úr Atlantshafsbandalaginu. Þvert á móti þurfum við að hafa það ofarlega í huga að núverandi aðstæður í öryggismálum krefjast þess að við stöndum fast við skuldbindingar okkar í Atlantshafsbandalaginu og styrkjum Atlantshafsbandalagið til þess að laga sig að nýjum aðstæðum og sinna betur í framtíðinni öryggis- og varnarhlutverki sínu. Fyrir utan svo efnislega villu sem er í þessu plaggi sem ég ætla ekki að fara út í, hefur verið varpað skýru ljósi á það er ljóst að gert er ráð fyrir því að hefja nú þegar undirbúning til að mæta þeim breytingum sem verða á Suðurnesjum ef herinn fer brott.

Hverjir ætla að krefjast þess að herinn fari brott? Það er enginn að krefjast þess nema þeir sem hafa samþykkt þetta plagg. Þeir hinir sömu aðilar gera þess vegna ráð fyrir því að nú þegar þurfi að fara að vinna að undirbúningi til að mæta þessum breytingum.

Þess vegna fer ekki milli mála að Alþfl. er kominn á flot í varnar- og öryggismálum. Þeir hafa misst sjónar á hinum sérstöku hagsmunamálum Íslendinga í varnar- og öryggismálum og þeir hafa látið Alþb. segja sér fyrir verkum í plagginu Ísland og umheimurinn — ný heimsmynd. Þess vegna er afar mikilsvert að menn geri sér grein fyrir því að sú stefna sem hér er boðuð fer engan veginn saman við þá strauma og þær stefnur sem eiga sér nú stað í Evrópu meðal hinna lýðfrjálsu ríkja. Auðvitað hafa þeir sem sömdu þetta plagg verið önnum kafnir við að að telja okkur trú um að það sem stendur í plagginu, standi ekki í plagginu og verður að segjast eins og er að það hefur ekki gengið mjög vel.

[14:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek mjög undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. um samband milli umhverfisverndar og nýtingarstefnu og mér finnst gæta nokkurs misskilnings í orðum þingmanna, sérstaklega hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem varar við því að hafa uppi þann málflutning sem við höfum haft á alþjóðavettvangi.

Ég held að það sé alveg ljóst að við Íslendingar og þeir sem mæla fyrir þessum orðum, bæði ég sem stend hér og hv. þm. Tómas Ingi Olrich, erum ekki á móti umhverfisvernd. En við viljum leggja áherslu á að við Íslendingar erum nýtingarþjóð. Við viljum nýta auðlindir okkar skynsamlega. Við viljum ekki friða fiskstofnana og það er mjög hætt við því að ef við höldum ekki uppi þessum málflutningi muni áhrif þeirra sem vilja friða, hætta öllum veiðum, ná undirtökum. Ég bendi m.a. á nýlegt rit sem heitir Hafið — framtíð okkar, sem kom út fyrir tiltölulega stuttu þar sem þessi sjónarmið fá nokkurt fylgi. Ef við Íslendingar tökum ekki þátt í umræðunni og höldum því á lofti að við verðum að geta nýtt auðlindir okkar skynsamlega þá getur komið að því að við verðum að draga mjög úr fiskveiðum okkar og annarri nýtingu náttúruauðlinda. Þetta er einu sinni grundvöllur lífs í þessu landi þannig að ég bið menn um að misskilja ekki það sem við erum að segja heldur að taka það gilt í ljósi þess að við viljum halda áfram að nýta sjávarauðlindir okkar skynsamlega.

[14:40]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég batt við það ákveðnar vonir þegar kjörinn var nýr formaður utanrmn., hv. þm. Tómas Ingi Olrich, að þar færi forustumaður í öðrum stjórnarflokknum sem vildi ganga málefnalega um dyr og ræða utanríkismál með víðsýni og staðreyndir að leiðarljósi. Þess vegna olli dómadagsræða hans í ræðustólnum mér miklum vonbrigðum og árásir hans á Alþfl. Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst hv. þm. færast mikið í fang þegar hann úr þessum ræðustóli vænir Alþfl. fyrr og nú um einhvers konar tepruskap eða óljósa stefnu í utanríkismálum. Sá flokkur sem hefur öllum öðrum flokkum framar á hinu háa Alþingi og á lýðveldistímanum farið fyrir ríkisstjórnum og íslenskum stjórnvöldum þegar kemur að því að marka og móta stefnu í utanríkismálum hinnar ungu íslensku þjóðar og það er ekki eingöngu í öryggismálum sem það á við. Það er í viðskiptamálum. Það er almennt í samskiptum við samfélag þjóðanna á sama tíma og núverandi stjórnarflokkar hafa oft og einatt hikað, tvístigið og jafnvel lagst í andóf gegn framfaramálum sem allir vilja kannast við og vera með í nú á tímum.

Virðulegi forseti. Á ég að nefna nýlegt dæmi sem öllum er ofarlega í huga og hæstv. utanrrh. alveg sérstaklega? EES-samningurinn þar sem flokkur hans gekk þverklofinn til leiks. Á ég að kalla Sjálfstfl. til vitnis um það mál hvernig hann lét í stjórnarandstöðu í lok síðasta áratugar, sló úr og í? Það er engin tilviljun að þessi flokkur ber nafnið Sjálfstfl. Hann hefur nefnilega verið tvístígandi og verið einangrunarflokkur í tíma og ótíma þannig að mér finnst hv. þm. Tómas Ingi Olrich, formaður utanrmn., færast mikið í fang að ætla að leggjast í þessa umræðu og samjöfnuð milli flokka og ég er til í þann samjöfnuð.

[14:42]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson lýsti Alþfl. fyrr og nú sem forustuafli í utanríkismálum. Það er að nokkru leyti hægt að taka undir það með hv. þm. að fyrrum var Alþfl. forustuafl í utanríkismálum og það er einmitt þess þá heldur sem hin nýja stefnuskrá samfylkingarinnar vekur athygli vegna þess að þar er kveðið við annan tón og óhjákvæmilegt er að fá skýringar á því hjá alþýðuflokksmönnum hvernig stendur á þeirri kúvendingu sem nú hefur komið fram í þessu merkilega plaggi, Ísland og umheimurinn — ný heimsmynd. Það er alveg ljóst mál að þar er beinlínis tekið upp merki Alþb. í utanríkismálum frá fyrri tíð og Alþfl. er með þessu að bregðast hlutverki sínu í utanríkismálum sem hann hefur gegnt með sóma fram til þessa dags.

Ef hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson heldur að það sé eitthvað utan við áhugasvið mitt sem formanns utanrmn. að ræða þessi mál er það alger misskilningur. Þetta er eitt af undirstöðuatriðunum í utanríkisstefnu þjóðarinnar.

En það er bara óhjákvæmilegt, herra forseti, að fá svar við þeim spurningum sem þessi stefnumörkun vekur.

[14:44]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo sannarlega fær hv. þm. svar við þessum spurningum hafi hann ekki fengið þau áður sem ég hygg að hafi legið nokkuð ljós fyrir. Það er óþarfi að lesa veruleikann á hvolfi eins og hv. þm. hefur reynt að gera í þessum ræðustóli. En á þessum vettvangi ætla ég ekki að nota það tækifæri því ég er næstur á málendaskrá og mun fúslega fara yfir nokkrar staðreyndir fyrir hv. þm. og raunar hæstv. ráðherra líka því að það kveður við sama tón í hans erindi hér og hv. formaður utanrmn. hefur reynt að apa upp eftir honum, virðulegi forseti. Fyrirgefðu orðbragðið. Raunar hafa fleiri hv. stjórnarliðar lagst á þessa sveifina og hafi þeir gott af. En við skulum láta veruleikann tala fyrir sig og ég skal að sjálfsögðu fara yfir það með hv. stjórnarliðum í þessu sambandi.

En ég árétta það, virðulegi forseti, við þetta tækifæri að mikil lifandi skelfing er það mikið afturhvarf til fortíðar og til þeirrar umræðu sem einmitt var og hét í utanríkismálum fyrr á þessari öld þegar menn lögðust í skotgrafirnar, Moggginn annars vegar og Þjóðviljinn hins vegar. Þetta er farið að minna mig dálítið á það en ég átti satt að segja von á öðru frá víðsýnum og sigldum hv. þm. eins og hv. formanni utanrmn.

[14:45]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Í raun og veru er grundvöllur þeirrar gagnrýni sem hér hefur komið fram á stefnumörkun samfylkingarinnar ekki annar en sá sem blasir við ef menn lesa textann eins og hann liggur fyrir. Þeir ágætir þingmenn Alþfl. sem hafa reynt að réttlæta þetta plagg hafa lagst í það að vera með miklar lestraræfingar og túlkunaræfingar um hvernig eigi að lesa texta sem í raun talar (Gripið fram í.) þó sínu eigin máli því að hér stendur, eins og margsinnis hefur verið bent á, að það þurfi að gera sérstakar hliðarráðstafanir vegna brottfarar varnarliðsins og ekki verður það lesið öðruvísi en í samhengi við þá meginstefnu að Ísland geti staðið utan hernaðarbandalaga eins og hér stendur. Það er ómögulegt að lesa þetta plagg öðruvísi en svo að Alþfl. sé nú í fyrsta skipti að marka sér þá stefnu að hann vilji ganga úr Atlantshafsbandalaginu, að það sé langtímamarkmið hans að ganga úr bandalaginu á sama tíma og lýðræðisþjóðir Evrópu eru að setja sér fyrir það verkefni að styrkja þetta varnarbandalag. Á sama tíma og trú þeirra hefur aukist á þessu bandalagi þá setur Alþfl. upp merki um að hann vilji draga sig út úr þessu, það sé langtímamarkmiðið, og hefur þar af leiðandi myndað sér samstöðu með Alþb. í þessu máli.

[14:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði svo sem ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu um utanríkismálin, skýrslu utanrrh. um þau efni. Væri þó auðvitað full ástæða til vegna ýmissa atriða sem fram koma í ræðu hæstv. ráðherra og vekja athygli. Margt af því sem þar er sagt og unnið er að er þannig farið að ég geri þar engar athugasemdir við og styð heils hugar. En við einstaka orðaleppa og kafla í skýrslu hans hlýt ég að staldra, einkanlega þegar vikið er að, eins og hann nefnir það, nýjum og breyttum áherslum Alþfl. eða samfylkingarinnar í utanríkismálum. Hann hefur í ræðu sinni og þessari umræðu og raunar fjölmiðlum á síðustu vikum kvartað yfir því að hinar meintu breyttu áherslur samfylkingarinnar í afstöðu til NATO og hersins og fleiri þátta hafi gert honum erfitt fyrir í vinnunni. Hann hefur haldið því fram að einhverjir menn hafi talað við hann í útlöndum um hvað væri eiginlega á seyði á Íslandi. Að vísu hefur hann ekki greint frá því hvaða menn þetta voru, við hvaða tækifæri hann hafi rætt við þá, undir hvaða formerkjum, hvort það hafi verið að frumkvæði hæstv. ráðherra sjálfs eða hvernig hann hafi yfirleitt lagt upp og túlkað þessar meintu breyttu áherslur samfylkingarinnar, Alþfl., Alþb. og Kvennalista, í þessum efnum.

Ég hef átt orðræður við kollega okkar þingmanna á þingum á Norðurlöndum og í Evrópu um þessi sömu efni. Við höfum rætt alþjóðamál og varnarmál og m.a. hefur þessa samfylkingu borið á góma, þau stórpólitísku tíðindi að þessir flokkar, félagshyggjuflokkar, ætli að taka höndum saman í íslenskri pólitík. Það eitt mun gjörbreyta landslaginu. Þessir kollegar mínar hafa nákvæmlega engar áhyggjur af því hvað hér er á ferð og finnst þessi umræða, þessi opnun, þessi hreinskipta nálgun á þeim viðfangsefnum stjórnvalda og utanríkisyfirvalda hverju sinni vera ósköp eðlileg og sjálfsögð þannig að ég veit ekki hvaða menn þetta eru sem eru að trufla hæstv. utanrrh. svona í vinnunni á ferðum hans í útlöndum.

Auðvitað er kjarni málsins sá, virðulegi forseti, að þessi harkalegu viðbrögð, gamalkunnu viðbrögð kaldastríðsáranna sem maður verður núna var við hjá fulltrúum stjórnarliða — einkanlega er það af hálfu Sjálfstfl. en stundum og annað slagið skreppur hæstv. utanrrh. einnig í þann flokk — bera þess merki og það er kjarni málsins, að þessir flokkar eru skíthræddir, „nervösir", við það nýja pólitíska afl sem er að hasla sér völl í íslenskri pólitík og mun láta til sín taka svo eftir verður tekið og munað verður eftir í næstu þingkosningum. Það er auðvitað kjarni þessa máls.

Oddvitum ríkisstjórnarinnar brá auðvitað í brún þegar það varð að veruleika að þessir flokkar náðu saman í meginatriðum um þau málefni sem skipta máli í íslenskri pólitík. Með öðrum orðum verður kosningabandalag þessara þriggja flokka og samtaka að veruleika. Það var stóra sjokkið og ber að líta á það sem í framhaldinu fór algerlega í því ljósi. Og þessi pirringur og þessi útúrsnúningur og þessi leiðindi sem runnið hafa af stjórnarliðinu í þessum ræðustóli birtast í skefjalausum árásum á Alþfl. fyrir að hafa svikið lit í öryggis- og varnarmálum. Það er alveg nauðsynlegt, virðulegi forseti, að hafa þessa forsögu í huga þegar maður ræðir efnislega og málefnalega um það sem þeir eru að segja, stjórnarliðar á borð við hæstv. utanrrh., hv. formann utanrmn. og hér áður og fyrr í þessari umræðu hv. 5. þm. Reykv., Sólveigu Pétursdóttur, sem er formaður þingmannasamtaka NATO. Þessar árásir eiga sér rætur í pólitík. Það er verið að reyna af veikum mætti að gera Alþfl. tortryggilegan. Það er verið að búa til einhverja grýlu úr þessum flokki og gefa til kynna að hann ætli að svikja lit í öryggis- og varnarmálum, að hann sé ótraustur í þessum efnum, að ekkert sé á hann að treysta í utanríkismálum. Þess vegna, virðulegi forseti, þótti mér algerlega nauðsynlegt að rifja upp þó ekki væri nema í örfáum orðum sögu þessa flokks á lýðveldistímanum samanborið við stöðu og viðhorf núverandi stjórnarflokka í þessum efnum og spyrja um og vekja á því athygli öllu heldur hvaða flokkur hefur oftar en ekki dregið vagninn, hefur opnað nýjar dyr inn í samfélag þjóðanna í viðskiptalegu tilliti, í efnahagslegu tilliti, menningarlegu tilliti og í öryggismálatilliti. Að þessir hv. þingmenn skuli leyfa sér að koma í þennan ræðustól og bera Alþfl. það á brýn að hann sé ótraustur og ekki á vetur setjandi í utanríkismálum, þvílík öfugmæli.

Auðvitað vita þessir hv. þm. miklu betur. Ég rifjaði það upp örstutt í andsvari hvernig núverandi stjórnarflokkar höfðu hrakist fram og aftur blindgötuna þegar blés um EES-samninginn. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu 1988–1991 vissi ekki hvert hann var að fara eða hvert hann var að koma en lagaðist svo strax í ríkisstjórn með Alþfl. 1991 og var heils hugar í stuðningi sínum.

Framsfl. er náttúrlega sérkapítuli og efni í heilan fyrirlestur í þessum efnum. Þó að hæstv. utanrrh. og núverandi formaður flokksins hafi staðið fast í báðar fætur í þessum efnum þá var hann í miklum minni hluta í sínum eigin flokki þegar kom að þessari afstöðu. Framsfl. var þó nokkuð heill í undirbúningi málsins í vinstri stjórninni 1988–1991. Stór hluti þingflokksins og flokksins í heild snarsnerist hins vegar þegar hann fór í stjórnarandstöðu 1991 og þá greiddu, ef ég man rétt, þrír eða fjórir þingmenn og þar með talinn hæstv. utanrrh. samningnum atkvæði sitt þannig að hann var þverklofinn í þessum málum. Nú kemur hins vegar hver skýrslan á fætur annarri — það þarf auðvitað ekki skýrslna við í þeim efnum — sem gerir okkur ljóst að aðild okkar að EES var lífsspursmál og hefur gjörbreytt stöðu þjóðmála á Íslandi og stöðu einstaklinga í þessu samfélagi til mikilla muna. Vinnumarkaðurinn hefur tekið breytingum til hins betra. Réttarbætur handa launafólki hafa til komið fyrst og

síðast vegna EES-samningsins, svo að ég tali ekki um hina viðskiptalegu sýn og viðskiptalegu möguleika Íslands gagnvart þessum stóra markaði. Neytendur standa öðruvísi. Við erum einnig að tala um réttindi almennings gagnvart ýmsum öðrum þáttum. Þetta getum við tíundað daglangt og enginn deilir um það lengur. Ég ætla satt að segja að vona það, virðulegi forseti, að menn muni þó það langt aftur að þeir geti staðið uppi í þessum ræðustóli og viðurkennt það sem satt er og rétt, að það var Alþfl., forusta hans og þingflokkur sem dró þennan vagn, kom honum í heila höfn þrátt fyrir ágjöf frá hægri og vinstri allan þann tíma.

Ég gæti líka rifjað upp EFTA, virðulegi forseti, sérstaklega fyrir hæstv. utanrrh. og afstöðu Framsfl. í þeim efnum og hvernig Framsfl. hefur látið í utanríkismálum svona eftir því hvernig hentað hefur hverju sinni.

En við ræðum utanríkismál og menn eru að reyna að snúa á hvolf og reyna að hafa endaskipti á texta sem er fyrir framan þá. Hvað er það sem þessi samfylking hefur komist að samkomulagi um? Jú, á þeim fjórum árum sem um er að ræða vill samfylkingin, Alþb., Alþfl. og Kvennalisti, standa við skuldbindingar sínar í NATO. En hv. þm. Tómas Ingi Olrich gagnályktar og segir: Fyrst það er bara talað um fjögur ár þá gefur það auga leið að þið ætlið að fara úr NATO eftir fjögur ár. (Gripið fram í.) Hvers konar þvæla og vitleysa er þetta? Hvers konar dómadags endaleysa er þetta? Það má með sömu röksemdafærslu segja að vegna þess að Tómas Ingi Olrich ætlar að starfa áfram með ríkisstjórn Davíðs Oddssonar á morgun, þá megi reikna með að hann ætli að hætta því þar næsta dag. (**TIO:** Lestu plaggið.) En þetta er auðvitað bara kjarni málsins og hann ber að skoða líka í því ljósi að samfylkingin hefur tekið ákvörðun um að hún ætli sér að standa við það að vera áfram í NATO og að standa við þær skuldbindingar. Ég vil árétta það, virðulegi forseti, að ég er að fara á mikilvægan fund í þingmannasamtökum NATO eftir helgina ásamt tveimur stjórnarliðum. Ég fylgist með því innan frá og hef fylgst með því utan frá fram að þeim tíma að ég varð aðili að þeim þingmannasamtökum að það er að verða gjörbreyting á starfsemi NATO. Það er ekkert launungarmál. Miklar breytingar hafa þar átt sér stað og munu eiga sér stað enn frekar í náinni framtíð. Þar hafa ný viðfangsefni komið upp, t.d. öryggisgæsla, við getum kallað það „lögreglustörf" NATO. Ég er þar í mannréttindanefnd sem hefur látið sig varða mannréttindamál í smáum og stórum stíl, sum hver sem ekki alltaf koma fyrir sjónir almennings og eru ekki á síðum dagblaða eða á öldum ljósvakans, og lætur sig varða mannréttindamál í ýmsum NATO-ríkjum. Ég fór til að mynda í gagnlega ferð til Tyrklands ekki fyrir margt löngu þar sem menn ræddu þessi mál mjög hreinskiptið við tyrknesk yfirvöld og tyrkneska þingmenn þannig NATO lætur sig ýmis mál varða og ég sé það í framtíðinni að þannig verður það. Þegar menn ætla síðan að hengja sig í það sem neðst kemur í þessum kafla og hv. formaður utanrmn., Tómas Ingi Olrich, tengir beint saman við það að markmið samfylkingarinnar sé að Ísland geti staðið utan hernaðarbandalaga, þá ætla ég að spyrja, virðulegi forseti: Er það markmið íslensku ríkisstjórnarinnar að Ísland verði innan hernaðarbandalaga? Ber að skilja það svo að það sé sérstakt markmið hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar að Ísland verði innan hernaðarbandalaga um aldur og ævi? Ef svo er þá væri fróðlegt að heyra það því að það hefur aldrei verið markmið mitt í pólitík eða mitt innlegg að einhver sérstök framtíðarsýn sé í því fyrir íslenskt samfélag að vera í hernaðarbandalögum hvaða nafni sem þau nefnast. Það er a.m.k. ekki í mínum kokkabókum. En það væri fróðlegt að heyra það ef það er sérstakt markmið Framsfl. að vera aðili að hernaðarbandalögum burt séð frá öllu öðru, að það sé sérstakur draumur hv. þm. Tómasar Inga Olrichs að vera innan hernaðarbandalaga um aldur og ævi. Það er þá alveg ný lína í íslenskum stjórnmálum.

Víkur nú sögunni að varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og þeim ódýru og ómerkilegu útúrsnúningum sem andstæðingar samfylkingar hafa reynt að viðhafa í þeim efnum. Þar er það eitt sagt að samfylkingin vilji taka upp viðræður við Bandaríkjastjórn í ljósi þess að hinn nýi varnarsamningur — þetta vil ég árétta, virðulegi forseti — hinn nýi varnarsamningur, sem er auðvitað síðasti viðaukasamningur utanríkisráðherra og varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, rennur út árið 2001 og að ákvæði eru um það að komi annar aðilinn til með að vilja gera á honum breytingar þá þurfi að ræða það á árinu 2000. Ég heyrði í fréttum um daginn að hæstv. utanrrh. ætlar að fara að alveg eins og samfylkingin hefur lagt til. Hann ætlar ekki að bíða þess tíma. Nei, hann ætlar að hefja þessar viðræður strax og hann er raunar byrjaður á því. Því er kannski rétt að nota tækifærið til þess að spyrja og leita eftir því hjá hæstv. utanrrh. hvaða viðræður eru farnar í gang. Hverjir taka þátt í þeim? Um hvað er verið að ræða? Hvaða markmið hafa íslensk stjórnvöld, íslensk ríkisstjórn, í þeim viðræðum? Það er algerlega nauðsynlegt því að ég árétta, virðulegi forseti, að samfylkingin og Alþfl. og ég sem þingmaður Reykn. ætla ekki að fljóta sofandi að feigðarósi og bíða þess að sá dagur renni upp árið 2000 að tilkynning komi frá bandarískum stjórnvöldum, eins og raunar gerðist sumpart 1994 þar sem þau ætluðu sér að draga mjög verulega og alvarlega úr umfangi á Keflavíkurflugvelli sem hefði þýtt umtalsverða breytingu á högum og kjörum starfsmanna þar syðra, 1.600 manna. Það tókst að ná samkomulagi 1994 og ég var aðili að þeirri ríkisstjórn. Hæstv. utanrrh. tókst að ná samkomulagi 1996 og þess vegna er ekki ráð nema í tíma sé tekið. Menn eiga að hefja þessar viðræður nú þegar. (Forseti hringir.) Hæstv. utanrrh. hefur farið að ráðum samfylkingar og er byrjaður að ræða þessi mál. Um hvað er verið að tala?

Virðulegi forseti. Hér er bara mjög hönduglega tekið á öllum málum og horft á þetta mál með sjálfstæði (Forseti hringir.) hugans, ekki undirlægjuhætti heldur með augum fulltrúa íslenskrar þjóðar og með það að markmiði að við stöndum við okkar alþjóðlegu skuldbindingar eins og ætíð en, (Forseti hringir.) virðulegi forseti, berum höfuðið hátt. Það er kjarni þessa máls.

[15:03]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur lagt mjög sérstaka merkingu í þessa setningu sem er að finna í stefnumörkun samfylkingarinnar: „Framtíðarmarkmiðið hlýtur samt að vera að Ísland geti staðið utan hernaðarbandalaga." Þá ber að spyrja einfaldra spurninga: Er það markmið Alþfl. að tryggja öryggi þjóðarinnar? Ef svarið við því er já, er það þá hægt utan varnarbandalags NATO? Ef það er nei sem þingmaðurinn er að rembast við að reyna að segja okkur, þá spyr ég: Er ekki átt við NATO með orðinu hernaðarbandalag? Og ef svo er ekki: Við hvað er þá átt?

[15:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Alþfl. og væntanlegir samstarfsaðilar hans vilja eins og væntanlega aðrir flokkar tryggja öryggi þjóðarinnar. Hvers konar spurningar eru þetta. Það kemur fram hjá þessari samfylkingu að eins og sakir standa á næstu fjórum árum, sem er tímamsetning þessa samkomulags, þá telja menn fyrirsjáanlegt að það verði best tryggt með aðild að NATO þannig að um það þarf ekkert að ræða. Síðan er sjálfstæð setning þar sem segir að framtíðarsýnin, sem ég hygg að allir friðelskandi menn hljóti að vera sammála um, sé sú að Ísland sem og öllur lönd geti geti verið í þessum stóra heimi okkar án þess að hernaðarbandalög þurfi að koma til. *Það er kjarni málsins.* Ég árétta enn og aftur og gagnspyr: Er það sérstakt markmið hjá hv. þm. að Ísland sé innan hernaðarbandalaga um aldur og ævi? Er það draumur hans í lífinu að þannig verði umhorfs í veröld okkar að öll þjóðríki lítil og stór þurfi að vera í hernaðarbandalögum? Sér hann enga aðra framtíðarsýn í heimshluta okkar og í veröldinni allri en að hún þurfi að standa grá fyrir járnum? Ég hef aðra framtíðarsýn en þá. Það getur vel verið að hún sé óraunsæ og óraunhæf og þá verður það bara að koma á daginn. En ég vona svo sannarlega að veröld okkar geti litið þannig út í framtíðinni að við þurfum ekki að byggja öryggi okkar á fælni, kjarnorkuvopnum og vígbúnaðartólum heldur komi til gagnkvæmur skilningur, orðræður og umburðarlyndi þess í stað. Það er framtíðarsýn mín. Hún er kannski allt önnur en hv. þm. Ég veit ekki um það.

[15:06]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er ekki hægt að líta fjögur ár fram í tímann og síðan stoppar tíminn og við tekur einhver draumsýn. Það sem hv. þm. verður að gera svo vel og svara er hvað tekur við eftir þessi fjögur ár. Það dugir ekki að bjóða okkur upp á það að eftir einhvern óákveðinn tíma komi upp sú draumsýn að við þurfum ekki að sinna öryggismálum okkar innan Atlantshafsbandalagsins.

Svar mitt við þessu er að á þeim tímum sem við lifum á þurfum við á Atlantshafsbandalaginu að halda og við eigum að styrkja starf okkar innan þess en ekki hið gagnstæða. Nú hefur hv. þm. fyrir hönd alþýðuflokksmanna hins vegar opnað nýjar dyr í varnarmálum og hvað blasir þar við? Þar blasir við hin gamla stefna Alþb.

[15:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði fyrr í þessum umræðum vonaði ég að hv. þm. sýndi víðsýni og ábyrgð störfum sínum sem formaður utanrmn. Ég vil árétta það, virðulegi forseti, að við erum að ræða um formann utanrmn. Alþingis Íslendinga og það er honum ekki samboðið að vera með útúrsnúning í þessa veru.

Ísland er ekki að fara úr NATO og það er ekki stefna samfylkingarinnar. Þetta samkomulag stendur til næstu fjögurra ára og Ísland verður í NATO á næstu fjórum árum. Það er alveg ljóst. Og ef engar breytingar aðrar verða þá mun svo verða líka þau fjögur ár sem þá fara í hönd. Við vitum það báðir og þingheimur allur og það væri undarlegt ef við tækjum ekki mið af því, að það verða breytingar á kringumstæðum. Ég var að lýsa því áðan að vonandi lifir maður það að breytingar verði það miklar að hernaðarbandalög verði óþörf í henni veröld. Kannski er það draumsýn. En bara til þess að sá veruleiki sem við okkur blasir í dag sé alveg ljós, þá hefur Alþfl. stutt NATO og mun gera það áfram. Alþfl. ætlar að tryggja að við stöndum við þær skuldbindingar sem aðild okkar að NATO hefur í för með sér þannig að það þarf ekkert að velkjast í vafa um hluti sem eru augljósir. Það þarf ekki að lesa þennan texta aftur á bak til þess að fá eitthvað allt annað út úr honum en í honum er. Við skulum því eyða tíma okkar í allt annað og betra en svona orðagjálfur og ég segi nú: Mikið færast menn í fang við að ráðast að Alþfl. fyrir þetta og ég ætla að vona að hæstv. utanrrh. detti ekki í þetta fúafen líka.

[15:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hér fari fram mjög mikilvæg umræða *því að það er afar mikilvægt að það sé skýrt hvað menn* eiga við í svo stóru máli sem þessu. Ég hef lesið þennan texta og það er mikilvægt að fleiri forustumenn Alþfl. skýri þetta betur út fyrir okkur, þ.e. að samfylkingin ætli sér ekki að segja sig úr NATO ef hún fær til þess vald á næstu fjórum árum en framtíðarmarkmiðið sé samt það að Ísland geti staðið utan hernaðarbandalaga.

Nú vil ég taka það fram að ég lít ekki á NATO sem hernaðarbandalag. Ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerir það. (**Gripið fram í:** Friðarbandalag.) Ef Alþfl. á við það að NATO sé hernaðarbandalag, þá les ég þetta þannig, ef það stæði þarna NATO, að þá sé það framtíðarmarkmið að segja sig úr NATO. Ef þetta er ekki svona þá er mjög mikilvægt að fá það fram. Það hlýtur að vera fagnaðarefni fyrir forustumenn Alþfl. að fá tækifæri á Alþingi til þess að eyða *allri óvissu í þessu máli því að við hljótum að lesa þennan* texta og fleiri lesa þennan texta. Það hefur ekki truflað mig í starfi mínu erlendis. Ég get fullvissað hv. þm. um það. Það hafa hins vegar ýmsir verið að spyrja um það hvað mennirnir séu að fara og skilja ekkert í því að á sama tíma og aðrar þjóðir eru að keppast við að fá inngöngu í NATO þá skuli vera til þjóð sem hefur þá framtíðarsýn að losa sig út úr þeirri aðild. Það er þetta sem þarf að vera skýrt. En ég tel það sem hv. þm. sagði vera mjög mikilvægt, að það hafi ekki orðið nein stefnubreyting hjá Alþfl. og ég tek það gilt. En hefur Alþfl. þá samið um eitthvað annað við samfylkinguna og er Alþfl. þeirrar skoðunar að NATO sé hernaðarbandalag? (**SJS:** Spyrja þá bara hvort þeir séu sammála því.)

[15:11]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat um það áðan að verulegar breytingar hafa orðið á starfsemi NATO á allra síðustu árum, einkum og sér í lagi eftir að Varsjárbandalagið gufaði upp sem hefur gert það að verkum að ákveðin starfsemi NATO hefur tekið gjörbreytingum, áherslan er minni nú á þá gagnkvæmu fælni sem birtist í kjarnorkuvígbúnaði og kjarnorkuuppbyggingu. En það breytir því ekki að eftir sem áður eru ákveðnir þættir í starfsemi NATO grundvallaðar á því hinu sama þannig að að því leytinu til er NATO auðvitað hernaðarbandalag, en þó í minnkandi mæli því að enn frekar hefur áherslan verið lögð á aðra þætti sem ég gat um áðan.

Virðulegi forseti. Ég hélt að það þyrfti ekki að árétta þetta enn frekar. Samfylkingin hefur orðið ásátt um það, Alþfl., Alþb. og Kvennalisti, að Ísland verði áfram aðili að NATO til þess tíma sem þetta samkomulag tekur til. Meira er ekki um það að segja. Það eru ekki neinar ákvarðanir um það að eftir þann tíma verði síðan gengið úr NATO. Það er bara verið að snúa hlutum á hvolf þannig að engin stefnubreyting hefur

orðið af hálfu Alþfl. í þessum efnum. Það er alveg skýrt. Það hefur heldur ekki orðið, svo að ég endurtaki það líka, nein stefnubreyting hvað varðar stefnu flokksins gagnvart Keflavíkurflugvelli heldur er fyrst og síðast áréttuð og undirstrikuð nauðsyn þess að íslensk yfirvöld gangi til viðræðna um framtíðarskipan mála suður á velli. Hæstv. utanrrh. hefur þegar hafið þessar viðræður. Ég óskaði eftir því áðan að hann svaraði í hverju þær væru fólgnar, á hvaða stigi þær væru, og ég óska eftir því að þau svör komi.

Ég segi það enn og aftur, virðulegi forseti, að ég á þá draumsýn, og ég vona að hæstv. utanrrh. deili henni með mér, að við sjáum veröld þar sem ekki verður þörf fyrir gereyðingarvopn og gagnkvæma fælni byggða á herveldum gráum fyrir járnum.

[15:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á mér líka þá draumsýn að við þurfum ekki á kjarnorkuvopnum að halda í þessum heimi. Ég tel hins vegar að nauðsynlegt sé að Atlantshafsbandalagið starfi um ófyrirsjáanlega framtíð. Ég er þeirrar skoðanir að það megi ekki vera nein óvissa um það. Ég hef þá skilið hv. þm. þannig að þetta þýði að Alþfl. vilji að Ísland sé aðili að NATO á næsta kjörtímabili en að framtíðarmarkmiðið sé að segja sig úr NATO því að Alþfl. er þeirrar skoðunar að NATO sé hernaðarbandalag og ég er algerlega ósammála því.

Mér finnst náttúrlega aðalatriðið vera það hvernig á að skilja þessaþetta orðalag: „... staðið utan hernaðarbandalaga.“ Ef það þýðir að standa utan NATO þá er það framtíðarmarkmið. Ég hef engan áhuga á því, svo það sé alveg ljóst, að snúa eitthvað út úr þessu svo menn skilji það vegna þess að ég tel að Alþfl. hafi verið mjög mikilvægur bandamaður í þessu máli. Ég tel að það sé mikilvægt að þessir flokkar standi að því áfram eins og þeir hafa gert, bæði Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. Ég vil bara skilja þetta og ég skil það þannig og lýsi yfir miklum vonbrigðum með það, að það sé framtíðarstefna þessarar samfylkingar að segja sig úr NATO. En ef það er rangt þá er afar mikilvægt að það sé þá leiðrétt í eitt skipti fyrir öll.

[15:15]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. segist ekki stunda þrætubókarlist eða vera með útúrsnúninga og hann vilji reyna að skilja. Ég hef miklar efasemdir um það því að skýrara getur þetta ekki orðið. Alþfl. hefur það ekki á stefnuskrá sinni að ganga úr NATO. Er það skýrt? Skilur hæstv. forseti þá setningu? (**Utanrrh.:** Ég skil hana.) Alþfl. telur það ekki markmið út af fyrir sig að Ísland verði um aldur og ævi í hernaðarbandalögum. Er það skýrt, virðulegi forseti? Kemur hæstv. utanrrh. e.t.v. til með að skilja hana? (**Utanrrh.:** Það stendur ekki þar.) Alþfl. telur það ekki sérstakt markmið fyrir fólkið í þessu landi að byggja öryggi í varnarmálum og utanríkismálum á gagnkvæmri fælni vegna gereyðingarvopna. Virðulegi forseti. Skilur hæstv. utanrrh. þessa setningu?

Virðulegi forseti. Ég get auðvitað farið með þetta orð fyrir orð og setningu fyrir setningu. Ég veit að hæstv. utanrrh. hefur greind til þess að skilja það sem hann vill en í þessu tilfelli hygg ég að annað eigi við en sá vilji.

Þetta er eins skýrt og verið getur og augljóst hvað hér er á ferðinni. Það er hræðsla, nagandi ótti við að nú týni þeir af sér spjörunum, framsóknarmenn og aðrir stjórnarliðar í komandi kosningum. Þegar stefnir í að ný, öflug og vösk sveit samfylkingarmanna og kvenna muni koma og sjá og sigra þá á að grípa í gamalkunnu ráðin: Úlfur, úlfur; Ísland úr NATO, herinn burt; kommarnir komnir, Rússarnir eru á næstu grösum. Þetta er fyrir neðan virðingu hæstv. utanrrh. og annarra stjórnarliða. Ég hélt að það væri umræða gærdagsins eða fyrradags, virðulegi forseti. Ætla menn aldrei að læra?

[15:17]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ef ég man rétt þá hefur Alþfl. á undanförnum 40 árum farið með stjórn utanríkismála í 22 ár eða meira en helming þess tíma og hefur öðrum fremur mótað þá utanríkisstefnu sem Ísland hefur fylgt á þeim tíma. Þar á meðal er samstarfið innan NATO og um varnarsamninginn. Á þeim tíma höfum við átt bandamenn í Framsfl. en við höfum líka átt andstæðinga í Framsfl. sem hafa verið á öðru máli. Einn þeirra situr í hæstv. ríkisstjórn nú, hæstv. félmrh. Hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. ætti í þessari umræðu að muna að þar hafa verið innan borðs fram undir þetta áhrifamiklir einstaklingar sem hvað eftir annað hafa tjáð sig um utanríkismál á Alþingi, í andstöðu við þá stefnu sem fylgt hefur verið sl. 40 ár.

Annars ætlaði ég, herra forseti, að þakka utanrrh. fyrir þessa skýrslu eins og aðrir hafa gert og láta í ljós leiða minn yfir því hversu takmarkaður umræðutíminn er. Raunar er ekki hægt að fara yfir þennan yfirgripsmikla málaflokk nema á hundavaði eða þá að velja úr örfá atriði eins og menn hafa neyðst til að gera. Ég ætla þó að nota þetta tækifæri til þess að færa starfsmönnum utanrrn. sérstakar þakkir. Við höfum ekki fjölmennt starfslið í utanrrn., erum með litla utanríkisþjónustu. En engu að síður hefur okkur á undanförnum árum tekist að axla stór verkefni svo sem að hafa á sínum tíma forustu fyrir EFTA-ríkjunum við gerð samningsins um EES. Með miklu fámennara starfsliði höfum við getað leyst slík verkefndi eins vel af hendi og jafnvel betur en margar aðrar þjóðir. Mér finnst starfsfólk utanrrn. eiga það skilið að við það sé virt, í umræðum um utanríkismál, hve vel það hefur staðið sig.

Nú eru, eins og hæstv. utanrrh. sagði, ýmis mjög mikilvæg verkefni fram undan, formennska í Evrópuráðinu á 50 ára afmæli þess, forusta í ráðherrasamstarfi Norðurlanda meðan reynt er að fá Evrópusambandið til þess að líta sérstaklega til hinnar norrænu víddar, aukið starf á vegum og í tengslum við ÖSE og hugsanlegur möguleiki á því að Ísland öðlist aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Allt eru þetta mikilvæg verkefni ásamt mörgum öðrum sem hæstv. utanrrh. minntist á. Ný verkefni og mjög mikil vinna flyst yfir á starfsfólk utanrrn. og ég er ekki í nokkrum vafa um að það mun rísa eins vel undir þeim og hingað til í fjölþjóðlegu samstarfi á undanförnum árum til jafns við miklu stærri og sterkari þjóðir. Ég vil aðeins láta það koma fram að þessu er veitt athygli á Alþingi og alþingismenn kunna starfsmönnum utanrrn. þakkir fyrir þeirra störf.

Í sambandi við hugsanlega öryggisráðsaðild Íslendinga vil ég spyrja hæstv. utanrrh. hvort ekki séu líkur á því að Evrópubandalagið muni marka sína eigin stefnu í þeim málum. Menn rekast mjög á það á fjölþjóðavettvangi að þegar hagsmunir norrænu þjóðanna utan Evrópusambandsins takast á við hagsmuni Evrópusambandsþjóðanna þá mótar Evrópusambandið oftar en ekki sína eigin stefnu í þeim málum. Norðurlandaþjóðirnar innan Evrópusambandsins neyðast þá til að fylgja þeirri stefnu fremur en horfa til norrænna nágranna sinna sem utan standa. Ég vildi spyrja hæstv. utanrrh.

að því hvort líkur séu á því að Evrópusambandið kunni að taka upp einhverja ákveðna stefnu varðandi þá aðila sem hugsanlega fengju sæti í öryggisráðinu á næstu árum og sú sameiginlega stefna gæti kannski orðið til þess að minnka möguleika okkar á að njóta þar stuðnings.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því að Íslendingar og Norðmenn geta ekki tekið nema takmarkaðan þátt í því svæðasamstarfi sem á sér stað innan ESB. Hins vegar er það á allra vitorði að Norðmenn, sem ekki gengu inn í samstarf Evrópuríkjanna á sínum tíma eftir atkvæðagreiðsluna, hafa reynt að komast til áhrifa innan Evrópusambandsins í gegnum bakdyrnar og með ýmsum öðrum aðferðum. Þeir reyna það sjálfsagt í kringum þetta svæðasamstarf en ég vek athygli á því að möguleikar okkar Íslendinga til þess að taka þátt í svæðasamstarfi norrænna ríkja innan Evrópusambands eru takmarkaðir. Við komumst ekki um þær bakdyr til áhrifa í Evrópusambandinu fremur en Norðmenn.

Þá vil ég einnig lýsa yfir sérstakri ánægju minni með þá stefnu sem hæstv. ríkisstjórn hefur markað í sambandi við móttöku flóttamanna. Mér finnst full ástæða til þess að vekja athygli á því sem vel er gert og þar hefur hæstv. ríkisstjórn gert ágæta hluti og hyggst halda því áfram. Ég styð þær aðgerðir hennar.

Þá langar mig til að spyrja hæstv. utanrrh. í tilefni af því sem hann segir hér um deilurnar við Spánverja, þ.e. eftir að hann ræðir um að sjóðurinn sem samið var um í EES-samningnum sé á lokahnykk, þar sem hann segir síðan, með leyfi forseta: „*Slíkir sjóðir eiga ekki að vera eilífir.*" En síðan segir hæstv. utanrrh. orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég tel ekkert því til fyrirstöðu að við athugum hvort við getum eflt samstarf við þau ríki sem hér um ræðir, Spán, Portúgal, Grikkland og Írland, telji þessi ríki að þau beri skarðan hlut frá borði í viðskiptum við okkur."

Ég spyr hæstv. utanrrh. hvernig beri að skilja þessi orð. Er þetta tilboð um að Íslendingar séu reiðubúnir til að leysa deiluna við Spánverja og verja einhverju fjármagni umfram það sem við höfum þegar gert til stuðnings við þau ríki sem þar eru talin upp, hvort sem það verður gert með sama hætti og gert hefur verið sl. fimm ár eða ekki? Ef ég man rétt þá hafa Íslendingar greitt um 100 millj. kr. til þessa sjóðs á ári á undanförnum árum. Ég hefði áhuga á því að vita hvort hæstv. utanrrh. sé með þessu að senda frá sér skilaboð um að Ísland sé tilbúið til að halda slíkum greiðslum áfram í einhverju formi, til sátta í þeirri deilu sem upp er risin.

Herra forseti. Hið allra merkilegasta við þessa ræðu er kannski það sem ekki er sagt í henni. Ekkert er látið uppi um framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar, hvernig hún hyggist bregðast við þeirri þróun sem á sér stað í Evrópu. Nú vitum við að hæstv. ríkisstjórn hefur einsett sér að aðild að Evrópusambandinu sé ekki á dagskrá. Í tímaritinu Atlantica, af öllum tímaritum, gaf forsrh. þá yfirlýsingu að hann sæi ekki til þess við ystu sjónarrönd að Íslendingar óskuðu eftir aðild að Evrópusambandinu. Hann sá það ekki einu sinni við ystu sjónarrönd. Ysta sjónarrönd hlýtur að ná til lengri tíma en eins kjörtímabils. Yfirlýsing þessi kom í blaði sem engir sjá nema farþegar Flugleiða en mér þykir miklum tíðindum sæta þegar hæstv. forsrh. gefur slíkar yfirlýsingar.

Í ræðu utanrrh. er að sjálfsögðu ekkert rætt um þessi mál því að kjörtímabilinu er að verða lokið og samkomulagið ekki um annað en að málin yrðu ekki tekin á dagskrá á þessu kjörtímabili. Mér finnst ástæða til að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sé sammála þessari framtíðarsýn, að aðild Íslendinga að Evrópusambandinu sé ekki einu sinni sjáanleg út yfir ystu sjónarrönd. Ég hefði að sjálfsögðu kosið, þó svo að Evrópusambandsmálin væru ekki sett á dagskrá yfirstandandi kjörtímabils, að hæstv. ríkisstjórn hefði þá lokið sinni heimavinnu, þ.e. hún hefði lagt vinnu í að grandskoða kost og löst við aðild að Evrópusambandinu og upplýsti þjóðina um það. Á því máli eins og öllum eru auðvitað bæði kostir og gallar. Þegar að því kæmi að umræðan hæfist aftur og málið kæmist á dagskrá þá væri þjóðin betur búin undir að taka þátt í þeirri umræðu og mynda sér skoðun en hún er í dag. Ég efast um og fullyrði raunar að í engu öðru Evrópuríki á sér stað svo lítil umræða af hálfu opinberra aðila um þróunina í Evrópu eins og hér á Íslandi. Það er varla minnst orði á t.d. þróunina í gjaldmiðilsmálinu, hvaða áhrif það getur haft á íslenskt atvinnulíf, sérstaklega á útflutningsiðnað og raunar allt viðskiptalíf á Íslandi, þegar evran verður tekin upp. Stöðugt fleiri ríki eru líkleg til þess að gerast aðilar að því myntsamstarfi. Ekki er reynt að spá um áhrif þess að t.d. eitt af EFTA-ríkjunum, Sviss, telur sig með gilda aðildarumsókn hjá Evrópusambandinu og þar láta sumir hverjir í ljós þá skoðun að það verði orðið aðili að Evrópusambandinu eftir hugsanlega tvö til fjögur ár. Hvaða áhrif hefði það á EFTA-samstarfið, á stöðu Íslands eða á EES-samninginn? Um það er ekkert rætt.

Ég vil aðeins láta koma fram, herra forseti, að ég geri mér grein fyrir því að íslenska þjóðin tók þá afstöðu í síðustu kosningum að styðja ekki eina stjórnmálaflokkinn sem beitti sér fyrir því að Ísland sendi aðildarumsókn og hæfi samningaviðræður við Evrópusambandið. Við alþýðuflokksmenn sem börðumst fyrir því fengum ekki stuðning við það. Þar við situr að sjálfsögðu og enginn deilir við þann dómara sem kjósendur eru. Engu að síður fullyrði ég og á von á því að það komi fram að sú ákvörðun okkar að senda ekki aðildarumsókn inn með öðrum EFTA-þjóðum eða í síðasta lagi áður en ríkjaráðstefnunni lauk, eftir að Norðmenn voru búnir að fella drög að þeim samningi, hún mun kosta okkur það að þegar við fyrr eða síðar gerumst aðilar að þessu samstarfi, verði okkur þar boðin verri kjör en við hefðum fengið á sínum tíma. Ég held að samningsstaða okkar fari versnandi eftir því sem fleiri ríki gerast aðilar að þessu samstarfi, ekki síst þegar menn líta til þess ríkjahóps sem þar er verið að ræða um.

Ég held að tíminn muni leiða í ljós að við Íslendingar munum ekki eiga margra kosta völ eftir 15–20 ár, jafnvel fyrr. Við munum þá eiga fárra annarra kosta völ en að tryggja hagsmuni okkar gagnvart Evrópusambandinu á annan hátt en okkur dugar í dag, hugsanlega með beinni aðild. Ég óttast að samningsstaða okkar fari ekki batnandi á þessu tímabili og að Íslendingar muni verða fyrir þeirri erfiðu reynslu að þurfa að gera sér ljóst að hikið, ákvörðunin um að óska ekki eftir samningaviðræðum á hentugum tíma, hafi kostað landið áhrif innan þessa samstarfs sem það ella hefði getað fengið. Þetta er mín skoðun þó ég geri mér að sjálfsögðu ljóst hver hinn pólitíski veruleiki í landinu er, hver niðurstaða hins almenna kjósanda var og að málið er ekki á dagskrá.

Að lokum vil ég aðeins minnast á öryggismálin. Í skýrslu hæstv. utanrrh. til Alþingis er sagt að til standi endurskoðun á öryggisstefnu NATO sem eigi að leysa af hólmi þá endurskoðuðu stefnu sem samþykkt var árið 1991. Það er rætt um að þeirri endurskoðun verði lokið að ég held fyrir aprílmánuð á árinu 1999. Í tengslum við þetta sagði utanrrh. að það stæði yfir eða til stæði að endurskoða öryggisstefnu Íslands. Nú

vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann muni ekki gefa öðrum en fulltrúum núverandi stjórnarflokka kost á að koma að þeirri endurskoðun. Í nokkuð langan tíma hefur verið þokkaleg sátt um öryggisstefnuna, virðulegi forseti, og því eðlilegt að við endurskoðun slíkar stefnumótunar gefist þingflokkunum kostur á að taka þátt í henni.

[15:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þá eru ekki neinar líkur á því, a.m.k. sem stendur, að Evrópusambandið nái samkomulagi um framboð til öryggisráðsins. Það hefur ekki gert það fram að þessu. Þar hafa ríkin boðið sig fram hvert á móti öðru. Evrópusambandið hefur heldur ekki getað komið sér saman um breytingar á öryggisráðinu, þ.e. stækkun þess. Norðurlöndin hafa hins vegar haft mjög gott samstarf um þessi mál og ætla sér að hafa þetta samstarf áfram, bæði að því er varðar stækkun öryggisráðsins þar sem þau hafa verið með ákveðnar tillögur og að því er varðar framboð til þess. Hvað gerist í lengri framtíð er ekki gott að segja og ég get ekkert fullyrt um.

Að því er varðar orðalag í ræðu minni sem lýtur að skertum hlut nokkurra þjóða, þ.e. Írlands, Spánar, Portúgals og Grikklands, þá á ég hreinlega við það að við erum tilbúnir til viðræðna um þessar þjóðir um þá spurningu hvort þeir hafi borið skertan hlut í viðskiptum við okkur. Ég tel að svo sé alls ekki. Ég tel að þeir búi við meiri fríverslun með sínar vörur inn á okkar markað en við með vörur okkar inn á þeirra markað því að við búum ekki algjörlega við fríverslun með fisk. Það eru þessar viðræður sem við erum fyrir okkar leyti tilbúnir að fara í og viljum gjarnan eiga við þessar þjóðir. Ég tel að í þessu sambandi búi Íslendingar við nokkra sérstöðu að því leyti að við höfum ekki algjöra fríverslun með fiskafurðir okkar. Við höfum ekki algjöra fríverslun við Evrópusambandið með mikilvægustu útflutningsafurð okkar. Þess vegna tel ég að við höfum þarna meiri sérstöðu en ýmsar aðrar þjóðir.

[15:36]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin, en bendi aðeins á að reynslan hefur sýnt að þegar skarast hafa annars vegar norrænir hagsmunir þjóða utan ESB og hins vegar hagsmunir ESB-ríkja þá hafa Norðurlandaþjóðirnar innan ESB ávallt staðið með Evrópusambandinu.

Í öðru lagi ítreka ég spurningu mína til hæstv. utanrrh.: Ber ekki að skilja orð hans í ræðunni sem svo að hann sé að opna á þann möguleika að Ísland haldi áfram með einum eða öðrum hætti að greiða einhverja fjármuni til stuðnings hinum fátækari ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins? Við vitum um hvað deilan snýst. Við vitum hverjar kröfur Spánverja hafa verið. Ber ekki að skilja þessi orð ráðherra svo að hann sé að opna á þá möguleika að hugsanlega geti einhverjar greiðslur farið fram af Íslands hálfu til þessara verkefna þó svo að sjóður sá sem sérstaklega var stofnaður með EES-samningnum verði lagður niður?

[15:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með þeim orðum mínum ekki að opna fyrir það að sá sjóður verði endurvakinn. Ég er einfaldlega að opna fyrir það sem ég tel skyldu mína, þ.e. að ræða við fulltrúa þessara þjóða um þau mál því við komumst ekki hjá því. Hér er um alvarlega deilu að ræða. Það er mikilvægt fyrir samstarf okkar við þessar þjóðir og það er alveg gagnkvæmt af þeirra hálfu, að við ræðum þau deilumál og förum yfir þau og fyrir það er ég að opna með þeim orðum og við höfum reyndar gert það áður. Við erum tilbúnir til viðræðna og óskum jafnframt eftir því að ræða við þessar þjóðir um þau mál.

[15:38]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra getur ekki komið upp aftur í andsvari en e.t.v. á hann eftir að segja nokkur lokaorð við umræðuna. Því ætla ég að biðja hann um að huga að þeirri spurningu minni eða beiðni að fulltrúar flokka þingsins fái að koma með einum eða öðrum hætti að þeirri endurskoðun á öryggisstefnu Íslands sem hæstv. ráðherra skýrði okkur frá að til stæði.

[15:39]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði það að sérstöku umræðuefni að forsrh. og formaður Sjálfstfl. sæi ekki við ystu sjónarrönd inngöngu í ESB. Því er nauðsynlegt að spyrja hv. þm., sem stendur nú í að undirbúa samfylkingu og raunar samruna Alþb., Alþfl. og Kvennalistans, hver sé ysta sjónarrönd samfylkingarinnar í þessum málum?

Það hefur komið fram í þessari umræðu að ysta sjónarrönd samfylkingarinnar í þessum málum er fyrst og fremst næsta kjörtímabil. Hver er yfirlýsingin í þeim málum? Í stefnuyfirlýsingu samfylkingarinnar stendur, með leyfi forseta:

„Þó er ekki áformað að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu á kjörtímabilinu."

Þarna er sem sagt ysti sjóndeildarhringur samfylkingarinnar í þessum málum.

Þess ber þó að geta að í varnarmálunum tókst Alþb. að búa til einhverja draumsýn, sem var sú að staðið yrði utan við Atlantshafsbandalagið í varnarmálum. Því spyr ég: Tókst þá Alþfl. ekki einu sinni að koma inn í þetta plagg þeirri draumsýn sinni að í fyllingu tímans yrði gengið í ESB?

Ef það reynist rétt hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að við fáum verri kjör með því að bíða með að ganga í ESB, hvers vegna í ósköpunum sættir hann sig þá við að ekki einu sinni þessu framtíðarmarkmiði væri haldið til haga í stefnuyfirlýsingu samfylkingarinnar?

[15:41]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði réttilega að málefnasamningur A-flokkanna og Kvennalistans er samstarfssamningur til fjögurra ára. Í honum er þess vegna fjallað um þau verkefni sem á að vinna á fjórum árum. En fjögur ár eru nú skemmra viðfang hjá okkur en ysta sjónarrönd hjá hæstv. forsrh.

Þau verkefni sem við ætlum hins vegar að vinna að á þessum fjórum árum eru að taka Evrópusambandsmálin og Evrópusamvinnuna á dagskrá, öfugt við það sem gert hefur verið í núverandi ríkisstjórn. Við ætlum að nota tækifærið, eins og fram kemur, að vinna það verk sem hæstv. ríkisstjórn átti að vinna en vann ekki sem var að lýsa fyrir þjóðinni kostum og löstum samkomulagsins eða þeirrar samvinnu og nýta m.a. til þess reynslu fjöldasamtaka og íslenskrar verkalýðshreyfingar. Ég minni á, virðulegi forseti, að stutt er síðan Iðja gaf út sérstakt rit til félagsmanna sinna til að upplýsa þá um þau fjölmörgu réttindi launafólks sem þetta samstarf hefði þegar fært þeim. Og það segir líka, ef ég man rétt, í þessum texta að ekki sé gert ráð fyrir, þrátt fyrir að málið verði tekið á dagskrá, þrátt fyrir að þjóðin verði upplýst, þrátt

fyrir að sú heimavinna verði unnin sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur ekki unnið og hefur svikist um að vinna, þá segir líka þessum texta, ef ég man rétt, að ekki sé gert ráð fyrir að sækja um aðild miðað við óbreyttar aðstæður. Aðstæður gætu auðvitað breyst. En þá er það sérstök, sérstæð og sjálfstæð ákvörðun sem aðildarflokkar samfylkingarinnar yrðu að styðja, þ.e. ef sú ákvörðun yrði tekin að senda inn aðildarumsókn.

En hv. þm. sem er í flokki sem ekki einu sinni sér málið við ystu sjónarönd ætti nú ekki að hafa miklar áhyggjur af þessu.

[15:43]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að endurtaka spurningu mína. Það er ljóst af þessu málefnaplaggi að þar er verið að fjalla um næstu fjögur ár. Engu að síður hefur Alþb. tekist að koma því þar inn að framtíðarmarkmiðið sé að standa utan Atlantshafsbandalagsins. En í Evrópumálunum hefur Alþfl. ekki einu sinni tekist að halda til haga þessu framtíðarsjónarmiði sínu. Og þó honum hafi ekki tekist þetta þá er að hann að gagnrýna hæstv. utanrrh. fyrir að átta sig ekki á því að það séu langtímahagsmunir að ganga í ESB.

[15:44]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur ekki í málefnaskrá samfylkingarinnar að framtíðarmarkmiðið sé að standa utan Atlantshafsbandalagsins. Það eru hrein ósannindi. (Gripið fram í.) Það stendur ekki í þessu samkomulagi.

Hins vegar segi ég og ítreka það ... (Gripið fram í.) að með því samkomulagi sem náðst hefur, samstarfssamningi til næstu fjögurra ára innan samfylkingarinnar náði Alþfl. meiri árangri í þeirri baráttu sinni að vilja upplýsa almenning á Íslandi og gefa fólkinu í landinu kost á að geta tekið ákvarðanir í málum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Við náðum meiri árangri í samningum okkar um málefnaskrá samfylkingarinnar en við náðum í viðræðum okkar við hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og flokk hans.

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það leyndi sér ekki í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar áðan sami söknuðurinn eftir því að ríkisstjórnin skuli ekki vera að bollaleggja aðild að Evrópusambandinu og kom fram fyrr í umræðunni í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Í raun er niðurstaðan af þessari umræðu alveg skýr. Talsmenn Alþfl. í umræðunni, fleiri en einn, eru aðildarmegin við ríkisstjórnina og stefnu hennar, jafnvel Framsfl. sem hefur þó gerst mjög Evrópusinnaður á síðustu missirum undir forustu hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar. Sú þróun innan þess flokks hefur auðvitað ekki leynt sér. Alþfl. er aðildarmegin við ríkisstjórnarflokkana og stefnu ríkisstjórnarinnar. Ég ætla í sjálfu sér ekki að blanda mér í þrætur framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, að hluta til sögulegs eðlis, um það hvort Alþfl. sé að bila í stuðningi við NATO og herinn. Það er á mannamáli það sem hér er verið að ræða. Talsmenn Framsfl. og Sjálfstfl. gera hér hrið að Alþfl. og saka hann um að vera að bila í stuðningnum við NATO og herinn. Kratar sverja hins vegar ákaft af sér og tíunda m.a. ágæti sitt og framlag til þessarar stefnu á umliðnum árum svo ég segi nú ekki öldum.

Ég held hins vegar að talsmaður Sjálfstfl., hv. þm. Tómas Ingi Olrich, og einnig hæstv. utanrrh. fái ekki botn í málin með því að sarga bara á Alþfl. Það sem skiptir máli hér er: Túlka allir talsmenn sem að samstarfinu standa þetta orðalag eins? Ekki bara hvernig Alþfl. túlkar það. Það er auðvitað athyglisvert að þeir þingmenn annarra flokka sem að samstarfinu ætla að standa, sem hér eru til staðar, hafa látið Alþfl. einum eftir að útskýra þessi orð. Ber að skilja það svo að þeir séu sammála túlkun Alþfl. á innihaldi þessara orða?

[15:47]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og kemur væntanlega engum á óvart að við alþýðuflokksmenn stöndum Evrópumegin við ríkisstjórnina. Alþfl. er eini stjórnmálaflokkurinn í landinu sem hefur gert það að stefnu sinni, ekki að vera í Evrópusambandinu heldur að láta á það reyna með aðildarumsókn og viðræðum við Evrópusambandið hvort við getum komist að samkomulagi sem geri okkur auðveldara að vera innan Evrópusambandsins en að standa utan þess. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. og kemur engum á óvart.

Varðandi varnarmálin og samfylkinguna þá er það einfaldlega að segja að þeir flokkar sem að henni standa eru að gera samstarfssamning sín á milli til fjögurra ára. Þar gera menn samkomulag um hvernig staðið skuli að málinu. Menn eru ekki að yfirgefa flokksstefnu sína. Alþb. er ekki að ganga inn í flokksstefnu Alþfl. Alþfl. er ekki að ganga inn í flokksstefnu Alþb. Við erum að gera með okkur samkomulag, mætast á miðri leið til fjögurra ára ef svo má segja, nákvæmlega með sama hætti, herra forseti, og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gekk til samkomulags við sjálfstæðismanninn Gunnar Thoroddsen til myndunar ríkisstjórnar til fjögurra ára þar sem þetta mál var ekkert stórmál. Munurinn á því sem við gerum og því sem Steingrímur gerði á sínum tíma er hins vegar sá að við ætlum að ganga frá samstarfssamningi okkar til fjögurra ára fyrir fram svo kjósendur viti um hvað við höfum náð samkomulagi áður en þeir ganga að kjörborðinu. En hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gekk frá samkomulagi sínu, m.a. um varnarmálin við Gunnar Thoroddsen sjálfstæðismann, eftir kosningar.

[15:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé mjög gott að hlutirnir liggi skýrt fyrir eins og endurspeglaðist í svari formanns Alþfl. áðan. Það er akkúrat það sem verið er að lýsa eftir hér við umræðuna, að það sé bara alveg skýrt hver sé stefna hvers og eins. Við skiljum það alveg að með orðalaginu í samfylkingarplagginu er verið að gera tilraun til að brúa djúpstæðan ágreining í málum. Það liggur fyrir og það hefði verið mikið vænlegra til árangurs að hafa það sem útgangsforsendu í málinu en vera ekki að vandræðast með það eins og mér finnst gert í tilraunum til að lesa í þetta út og suður.

Ég var reyndar ekki beinn þátttakandi í stjórnarsáttmálagerð við ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens. Ég var raunar leigjandi í kjallaranum hjá honum á þeim árum en telst tæplega bera ábyrgð á stjórnarsamstarfinu fyrir það. Ég studdi hins vegar þátttöku í þeirri ríkisstjórn í flokki mínum á þeim tíma. Það er grundvallarmunur á því, hv. þm., hvort málamiðlanir eru gerðar eftir kosningar og ráðast af styrkleikahlutföllum sem flokkarnir fengu í þeim kosningum, sem að sjálfsögðu hefur áhrif á það hvar málamiðlunin liggur í málefnalegu tilliti, eða hvort samið er um þetta allt saman

fyrir fram í fámennum hópi og kjósendurnir hafa ekki tækifæri til að láta álit sitt í ljós með því að styrkja eina stefnu en síður aðra. Það er þessi grundvallareðlismunur sem menn þurfa að skilja í lýðræðislegum stjórnmálum.

[15:51]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er að sjálfsögðu mjög sáttur við að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skuli hrósa mér fyrir að tala skýrt, enda reyndi ég að gera það. Ég tel meira lýðræði fólgið í að menn geri samkomulag um samstarf til fjögurra ára fyrir kosningar þannig að kjósendur geti dæmt um innihald þess samnings áður en þeir ganga til atkvæða fremur en að ganga fyrst til kjósandans og biðja hann um stuðning við einhverja ákveðna, tiltekna stefnuskrá og fara svo eftir kosningar, án atbeina kjósenda, og semja um að varpa fyrir róða stórum atriðum sem menn hafa flutt fyrir kjósendurna sem stefnu sína. Það er miklu heiðarlegra og lýðræðislegra að ganga fyrir kjósendur með samkomulagsniðurstöðu og segja „þetta er það sem við ætlum að gera ef við fáum tilstyrk ykkar" og láta kjósendur dæma fremur en að ganga fyrir kjósendur með stefnu sem menn eru síðan reiðubúnir til að breyta að kosningum loknum.

[15:53]

Útbýting þingskjals:

Styrkveitingar til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar, 94. mál, svar iðnrh., þskj. 186.

[15:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu eða nota rétt minn af ósanngirni en ég fæ varla orða bundist vegna síðustu orða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Þó að það sé kannski á jaðri þess að vera hrein umræða um utanríkismál þá held ég, m.a. vegna þeirra orðaskipta sem hér hafa farið fram og margir hafa tekið þátt í, að æskilegt sé að hlutirnir liggi skýrt fyrir og tilefni sé til að fara aðeins betur yfir þetta. Er það betra fyrir lýðræðið að málamiðlanir milli flokka með ólíkar stefnur séu gerðar fyrir kosningar þannig að sá samningur liggi fyrir og kosið um hann, eins og hv. þm. reyndi að færa rök fyrir, eða er betra að kjósendur eigi val um tiltölulega skýra kosti sem fái mælingu í kosningunni og að svo séu gerðar málamiðlanir? Ég tel að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi sannað hið síðara mjög vel fyrr í máli sínu í þessar umræðu.

Hv. þm. viðurkenndi að tilraun Alþfl. til þess að koma nýju stefnumáli fram í íslenskum stjórnmálum, aðild að Evrópusambandinu, var hafnað af kjósendum. Var það þá ekki í þágu lýðræðisins að kjósendur á Íslandi gátu með litlum stuðningi við Alþfl. látið skýrt í ljósi þann vilja að þeir vildu ekki leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu? Ef Alþfl. hefði fyrir kosningarnar 1995 verið búinn að drekkja því stefnumáli sínu í óljósum málamiðlunum við aðra þá hefðu kjósendur ekki getað látið álit sitt í ljós. En þeir gátu það vegna þess að Alþfl. hafði kjark til þess árið 1995 að bjóða fram stefnu sína og reyndar tóku þeir því nokkurn veginn eins og menn að sú stefna fékk ekki mikinn stuðning.

Um þetta snýst lýðræðið, herra forseti, að þeir kostir í grundvallarstefnumálum sem í boði eru liggi skýrt fyrir og að menn geti valið þá, kosið þá eða hafnað þeim, en ekki að þetta sé flatt út í óljósar málamiðlanir. Ég held að æfingar talsmanna Alþfl. til þess að færa rök fyrir orðalagi samfylkingarinnar um grundvallaráherslur í utanríkismálum í þessari umræðu segi allt sem segja þarf um það. Það er ekki í þágu málefna stjórnmála eða skýrra kosta í lýðræðislegu tilliti að fletja það út í óljósu orðalagi. Það er misskilningur á grundvallarforsendum lýðræðis og fjölræðis að það sé framþróun í þessu tilliti. Það er allt annar hlutur þegar menn gera með sér stjórnarsáttmála eða samstarfssamninga í fjölflokka ríkisstjórnum að afloknum kosningum. Allir vita að þeir samningar ráðast mjög af styrkleikahlutföllum flokkanna og útkomu þeirra í viðkomandi kosningum, t.d. það hver leiðir slíkt samstarf, hver fær fleiri eða færri ráðherra o.s.frv. En ef menn ganga frá þessu öllu saman fyrir fram fyrir kosningar í bakherbergjum hvernig málefnum er pakkað inn, hverjir séu í hvaða sætum á grundvelli kvóta frá því fyrir fjórum árum síðan o.s.frv. þá eru menn ekki að þjóna lýðræðinu. Það er mikill misskilningur að mínu mati.

[15:57]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla bara að segja að við höfum annað við tíma okkar að gera í stjórnarandstöðunni en að deila hver á annan. Ég held að okkur væri affarasælla að snúa okkur að því verkefni sem við þurfum að vinna, þ.e. að afla okkur fylgis sem nægir til þess að fella þessa ríkisstjórn. Meira hef ég ekki að segja.

[15:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að bregðast við ummælum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar hér áðan. En ef hann er að biðjast vægðar þá skal ég verða við því.

[15:57]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki að biðjast vægðar. Ég var bara að segja að sú ákvörðun hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og félaga hans að segja skilið við sinn gamla flokk vegna ákvörðunar sem tekin var á landsfundi með yfir 70% atkvæða, er út af fyrir sig þeirra. En ég ætla ekki að fara að deila við hv. þm. um rökin þar að baki.

[15:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu sem hefur verið mjög gagnleg að mínu mati. Ég tek undir með hv. þingmönnum um að ekki hafi verið mikill tími til að sinna þessum stóra málaflokki en ég tel að umræðan sýni að utanríkismál skipta okkur vaxandi máli og að við þurfum að taka tíma í að ræða þessi mál á Alþingi og skiptast á skoðunum um það hvernig best verður haldið á málefnum Íslands á alþjóðavettvangi. Við verðum að sjálfsögðu aldrei alveg sammála en það er það mikil samstaða um megináherslur í utanríkismálum að það er mjög mikilvægt að staðfesta þessa samstöðu, ekki aðeins fyrir stjórnmálaflokkana heldur jafnframt út á við. Þannig geta þeir sem við eigum samskipti við vitað að við séum sammála um meginlínur í utanríkismálum og hægt sé að treysta Íslendingum í samskiptum á vettvangi þessara mála. Ég tel að þessi umræða hafi í öllum meginatriðum staðfest það.

Ég vil þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni sérstaklega fyrir viðurkenningarorð hans í garð starfsmanna utanríkisþjónustunnar og ég þakka reyndar þann skilning sem utanríkisþjónustan hefur á hv. Alþingi. Það hefur ekki alltaf verið til vinsælda fallið fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma að óska eftir auknum framlögum til utanríkismála. En ég tel að sá skilningur sé fyrir hendi og að við verðum, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að sinna þeim málaflokki í vaxandi mæli og það mun þýða aukin útgjöld til hans. Alþjóðlegt samstarf

er að aukast mjög mikið og verkefnin hellast yfir okkur. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar vinna hörðum höndum að því að reyna að sinna þessum málum eftir bestu getu. En það verður að viðurkennast að mjög mikið álag er á utanríkisþjónustunni og engin leið fyrir þá sem þar starfa að sinna öllu því sem kemur upp á borðið.

Hér hefur nokkuð verið kvartað yfir því að ekki sé rætt um mál sem skipta miklu eins og hugsanlega aðild að Evrópusambandinu. Það liggur alveg ljóst fyrir að núverandi ríkisstjórn hafði aðild að Evrópusambandinu ekki á dagskrá í málefnasamningi sínum. Hins vegar stendur í málefnasamningnum að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að treysta samskiptin við Evrópusambandið og fylgjast mjög vel með hvað þar er að gerast. Þetta hefur verið gert. Með hvaða hætti höfum við reynt að styrkja þau samskipti? Við höfum t.d. gert það með því að reyna að auka pólitíska samstarfið. Við höfum gert það með því að taka vaxandi þátt í ýmsu nefndastarfi á vegum Evrópusambandsins eftir því sem við höfum getað. Við höfum gert það með því að auka samstarfið við hinar Norðurlandaþjóðirnar. Við höfum gert það með samningnum um Schengen og síðan undirbúningi að samningaviðræðum um þau mál.

Ég geri mér hins vegar alveg grein fyrir því að sú mynd er að taka stöðugum breytingum og staða Íslands í því samhengi er að breytast og á eftir að breytast. Það getur skipt miklu máli hvað samstarfsþjóðir okkar í EFTA koma til með að gera. Munu t.d. Svisslendingar sækja um aðild eða gera alvöru úr þeirri aðildarumsókn? Ég geri mér líka grein fyrir því að í Noregi kemur umræðan um aðild upp á borðið á næstunni. Ég veit ekki nákvæmlega hvenær, en það mun verða. Auðvitað þarf Ísland að meta stöðu sína í öllu þessu ferli og stækkun Evrópusambandsins.

Ég ætla ekki að gera það að frekara umtalsefni hér en ég tel að nauðsynlegt sé fyrir alla stjórnmálaflokka að fara vel yfir þessi mál og gera sér grein fyrir hvernig við komum til með að vinna að þeim á næsta kjörtímabili, hverjir svo sem fara með stjórn landsins á því kjörtímabili sem í hönd fer. Ég mun að sjálfsögðu ræða þau mál í mínum flokki og ræða þau á flokksþinginu sem verður hjá okkur eftir rúmar tvær vikur. Ég mun leitast við að ræða það opið og af fullri hreinskilni. Ég tel að við þurfum að horfa þarna til allra átta. Hins vegar eru mikil vandkvæði á því fyrir Íslendinga að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Það vitum við. Við vitum hver fiskveiðistefna sambandsins er og við vitum að ekki stendur til að breyta henni. Það er ekkert einfalt að komast fram hjá því. Það er því engin bein braut þarna fram undan. Hún er vandsöm og við þurfum að horfa þar til allra átta.

Að því er varðar Vestur-Evrópusambandið og sameiginlegt varnarsamstarf fyrir Evrópusambandið sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði að umtalsefni, þá fylgjumst við mjög vel með því sem þar er að gerast. Það sem stendur upp úr í því sambandi er Amsterdam-sáttmálinn. Deildar meiningar voru innan Evrópusambandsins um hvaða breytingar ætti að gera á varnarsamstarfinu en niðurstaða náðist og unnið hefur verið á þeim grundvelli. Ýmsar hugleiðingar eru uppi um breytingar en þær hugleiðingar hafa í sjálfu sér ekki náð lengra. Það liggur alveg ljóst fyrir að það samstarf getur ekki komist lengra nema í samstarfi við Atlantshafsbandalagið. Þar munum við Íslendingar hafa okkar að segja, Norðmenn jafnframt og Tyrkir enn fremur. Tyrkir hafa að undanförnu verið með tillögur um endurmat á því samstarfi og viljað gera sig meira gildandi í því. Það er vissulega rétt að uppi hafa verið ýmsar hugmyndir um breyttar áherslur í Bretlandi en þær hafa ekki orðið að veruleika og við sjáum mjög vel að Evrópulöndin eiga erfitt með að koma sér saman í þessum málaflokki. Ef við tökum Bosníu og núna Kosovo þá hafa Evrópusambandslöndin ekki ráðið við að komast þar að sameiginlegri niðurstöðu. Það var ekki hægt án þátttöku Kanada og Bandaríkjanna. Það hefur því hvað eftir annað sannast að samstarfið yfir hafið skiptir grundvallarmáli og Íslendingar jafnt sem Bretar, Danir og flestar aðrar þjóðir vilja alls ekki fórna því. Ég á því ekki von á að þarna verði mikil breyting án þess að það verði niðurstaða sem fengist þá í góðri samvinnu við Bandaríkin.

Hæstv. forseti. Ég er hér að mestu leyti til að svara spurningum sem til mín hefur verið beint, sumir viðkomandi þingmenn eru reyndar ekki hér, en ég ætla samt að reyna að svara þeim. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði mig um endurmat á öryggisstefnu og spurði hvort fulltrúar stjórnarandstöðunnar kæmu ekki að því máli. Ég svara því játandi að fulltrúar stjórnarandstöðunnar munu að sjálfsögðu koma að því máli á einn eða annan veg. Það eru kosningar fram undan og ég tel ekki ástæðu til þess samráðs nema þá í einhverjum tiltölulega litlum mæli fyrr en að loknum kosningum. Það verður þá verkefni nýrrar ríkisstjórnar að spila úr því en okkur ber skylda til að bera slík mál undir utanríkismálanefnd og hafa samráð og samstarf við nefndina um öll mikilvæg utanríkismál og það á að sjálfsögðu við í þessu máli. Hvort mönnum þyki ástæða til að setja upp sérstaka nefnd í þessu sambandi skal ósagt látið en ég er tilbúinn til að ræða það við aðra flokka hvort ekki sé ráðlegt að fara í málið með þeim hætti.

Af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er hér og gagnrýndi þau tök sem ég hafði í máli mínu um samblandið milli umhverfismála og nýtingarmála, þá sagði ég í andsvari að ég vildi ekki að ég væri skilinn þannig að ég sé alfarið andvígur því að umhverfismálum og nýtingarmálum sé blandað saman, langt í frá. Ég er hins vegar andvígur því að þessi mál séu rekin þannig að ekkert annað sé til en friðun. Við þekkjum þetta í hvalamálinu. Ég veit að hv. þm. er mér sammála í því og ég bið hann um að skilja mál mitt með þeim hætti. Ég er að vara við því að umhverfisverndarsamtök nái þarna yfirhöndinni og ráðist að öllu sem heitir nýting. Við þekkjum þessar hættur. Þetta hefur gerst í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Þetta hefur því miður gerst í ýmsu öðru samhengi. Þessi tilhneiging á sér stað enn þann dag í dag hvort sem okkur líkar betur eða verr. Við Íslendingar höfum ekki fram að þessu litið á nýtingu sjávarfangs fyrst og fremst sem umhverfismál. Við höfum litið á það sem sjávarútvegsmál, það heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið en ekki undir umhverfisráðuneytið. Við höfum nýtt fiskstofna okkar almennt séð skynsamlega og ávallt er verið að reyna að bæta þar úr. Það á að vera það fordæmi sem við eigum að geta sýnt gagnvart öðrum þjóðum. Það er okkar besta vopn gegn þeirri tilhneigingu margra að friða ýmsa fiskstofna og banna veiðar úr þeim. Síðast var fulltrúi íslenskra stjórnvalda, fulltrúi sjútvrn., að berjast fyrir því á vettvangi FAO og koma því á framfæri að þorskstofnar í Norður-Atlantshafi væru ekki allir ofveiddir eins og þar var haldið fram. Við þurfum að berjast fyrir rétti okkar og sjónarmiðum í öllum þessum stofnunum og það er alltaf verið að sækja á okkur í þeim efnum. Það er þetta sem býr að baki og ég bendi hv. þm. á að lesa nýútkomna bók sem heitir Hafið — okkar framtíð, sem

er margt gott um að segja. Það er margt gott og rétt sem þar kemur fram. Hins vegar gætir þeirrar tilhneigingar að alhæfa og því haldið fram að þetta sé allt í voða og að beita þurfi verndunaraðgerðum mjög harkalega. Eitt af því sem þar er lagt til, sem ég veit að hv. þm. líkar nú ekki sérstaklega vel, er að verðleggja alla þessa nýtingu og láta alla sem hana stunda borga fyrir hana. Ég veit að ég og hv. þm. erum þó a.m.k. sammála um að menn vilja margir hverjir fara offari í þeim efnum. Ef á að borga fyrir nýtingu auðlindarinnar þannig að enginn hafi efni á að nýta hana og friða hana með þeim hætti þá yrði a.m.k. lítið úr þjóðarbúskap okkar Íslendinga.

Herra forseti. Ég held að hér hafi ekki neitt sérstakt komið fram sem ég hef ekki haft tækifæri til að svara. Ég vil aðeins segja um varnarsamninginn að lokum að ég bið hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson um að skilja á milli varnarsamningsins og þeirrar bókunar sem við höfum undirritað. Varnarsamningurinn er ótímabundinn. Það er mikilvægt að það sé ljóst og því sé haldið mjög á lofti í öllum umræðum. Varnarsamningnum er ekki hægt að breyta nema báðir aðilar komi sér saman um það. Hér er því um mjög óvenjulegan alþjóðasamning að ræða sem er okkur mikils virði en bókunin er allt annars eðlis. Þar er verið að útfæra þann sameiginlega skilning sem menn hafa á varnarsamningnum og þann viðbúnað sem þarf til að uppfylla hann, en varnarsamningurinn stendur sem slíkur. Hann er algjörlega ótímabundinn og óvenjuleg smíð sem sýnir framsýni þeirra manna sem að honum stóðu hvort sem þeir voru í Alþfl., Framsfl. eða Sjálfstfl. og mikilvægt er að við stöndum vörð um þá framsýni. Ég vænti þess að með sama hætti og hv. þm. er stoltur af fortíð Alþfl. verði hægt að segja að þeir sem standa í hans sporum eftir 20 ár verði jafnstoltir af fortíð hans. Ég held að það sé ekki að ástæðulausu að ýmsir hafi nokkrar áhyggjur af því að menn geti ekki verið jafnstoltir miðað við þann málflutning sem hér hefur verið hafður uppi, en vonandi er það ekki rétt hjá mér. Ég óska hv. þm. alls góðs í því ætlunarverki hans að standa vörð um þá mikilvægu hagsmuni Íslands og vona að honum takist að telja félögum sínum betur trú um það en mér hefur fundist hann getað gert fram að þessu.

[16:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður nú væntanlega háð viðhorfum manna hér eftir sem hingað til hvort menn verða jafnstoltir af framtíð Alþfl. eins og menn eru af fortíð hans. Líklega verður sú hin sama framtíð ein fær um að leiða það í ljós.

Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans orð um samspil sjávarútvegsmála og umhverfis. Þau skýrðu málið fyrir mér og ég tek það svo og veit reyndar að það er ekki djúpstæður ágreiningur á ferðinni þar á milli mín og hæstv. utanrrh. Eftir stendur að ég stend að hluta til við gagnrýni á orðalag í ákveðnu samhengi í ræðu hæstv. ráðherra. Ég tel það ekki alveg skynsamlega framsetningu sem þar er að gefa til kynna að okkur þyki sú almenna þróun ekki hagstæð að umhverfismál og sjávarútvegsmál fléttist meira saman. Ég held að það sé gott og muni í framtíðinni skila sér einmitt fyrir þær nýtingarþjóðir sem standa með ábyrgum hætti að málum. Það er verkefnið sem við stöndum frammi fyrir.

Ég er sammála hæstv. utanrrh. Ég er nýtingarsinni en ekki friðunarsinni. En ég er um leið umhverfisverndarsinni og lít á það sem ógæfu og slys hvernig umhverfisverndarsamtökum, sem eru að uppistöðu til velviljuð, hefur lent saman við þjóðir eins og t.d. Grænlendinga sem nýta náttúruna í fullkomnu jafnvægi og hafa jafnvel gert um árþúsundaskeið. Það er sorgleg ógæfa. Reyndar skulum við líka láta menn njóta þess að t.d. Greenpeace hefur beðist afsökunar á framkomu sinni við Grænlendinga og þeim mistökum sem þeir þó nú viðurkenna að þeir gerðu á sínum tíma með árásunum á Grænlendinga og selveiðar þeirra.

Ég held að það væri mjög mikið framfaraspor ef við næðum því að leiða þessa aðila af villu síns vegar, þar sem þeir fara villir vegar, þ.e. í svona blindri friðunarárráttu gagnvart nýtingu sem á fullan rétt á sér og er sjálfbær. Það hlýtur að vera verkefnið að eyða þeim misskilningi. Við erum alveg tilbúnir til að eiga þessa aðila sem samherja þegar þeir eru að berjast gegn mengun hafsins og ég sé meira að segja að hæstv. ráðherra vitnar í skýrslur frá sumum þessara samtaka þegar það hentar og þau eru að hæla okkar fiskveiðistjórn.

[16:17]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er aðeins í orðum mínum að endurspegla þær áhyggjur sem ég hef af þessu máli af þeirri reynslu sem ég hef upplifað á alþjóðavettvangi undanfarin ár. Ég er líka að endurspegla þær áhyggjur sem starfsmenn okkar, hjá Sameinuðu þjóðunum, hjá FAO í Washington og víðar hafa af þessum málum, og þær umræður sem hafa verið í Evrópuráðinu og víðar. Það er ekkert annað sem mér gengur til í þessari ræðu.

Við höfum reynt að hafa samstarf við umhverfisverndarsamtök eins og World Wildlife Fund. Ég er hér með bréf frá þeim dagsett 30. okt. þar sem þeir segjast vera mjög hrifnir af því hvernig við höfum komist hjá því að niðurgreiða okkar sjávarútveg og hvernig við höfum bætt okkar fiskveiðistjórn umfram önnur lönd.

Hins vegar höfum við verið að kvarta yfir auglýsingum þeirra þar sem þeir alhæfa um alla stofna í heiminum, eins og t.d. auglýsingu þar sem þeir telja rækjuna vera í mikilli hættu. Þar er náttúrlega óbeint verið að beina því til fólks að hætta að kaupa rækju og hætta að kaupa þennan fisk. Það er þetta sem við erum mjög óánægðir með og jafnvel þó að viðkomandi stofnanir biðji okkur afsökunar og útskýri málið þá koma þessar auglýsingar aftur og aftur. Það er vegna þess að þessi umhverfisverndarsamtök lúta ekki öll neinni algildri stjórn, þ.e. þetta eru ýmsar deildir úti um allan heim, og af því sem ein deild er að gera er önnur deild kannski ekki mjög hrifin. Og samtök eins og Greenpeace eru náttúrlega ekkert lýðræðislega upp byggð eins og allir vita.

Þrátt fyrir það hafa þessi samtök mikil áhrif, ekki neita ég því. Þau hafa t.d. haft mikil áhrif á skrif skýrslunnar um höfin og framtíð okkar. Þar hafa þeirra menn verið innan dyra við að skrifa texta.

[16:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú bara að verða smáspölur í mark og þá erum við hæstv. utanrrh. orðnir sammála. Ég hef að sjálfsögðu líka áhyggjur af ýmsu í þessari þróun og þessum samskiptum. Ég taldi auðvitað, eins og ég held allir, auglýsingu sem var m.a. fjármögnuð af World Wildlife Fund um síðasta fiskinn — eða var það síðasti fiskimaðurinn — algjört hneyksli. Það var með ólíkindum að sjá þessu dembt yfir heimsbyggðina á helstu sjónvarpsrásum aftur og aftur, þar sem villimaður steypti sér yfir síðasta fiskinn í heiminum og svo áttu menn að draga þær ályktanir af þessu að þetta væru allt saman tómir villimenn og rányrkja o.s.frv.

Önnur samtök hafa sannanlega lent í klónum á öfgamönnum og enn önnur verið handbendi eða fjáröflunarmaskínur fyrir hópa eða einstaklinga sem hafa aðallega gert út á þetta í eiginhagsmunaskyni að því er manni virðist. Þarna er því um mjög breitt svið að ræða. En til eru líka mjög mörg velviljuð umhverfisverndarsamtök, t.d. á Norðurlöndunum, sem eru að reyna að hafa jafnvægi í sínum málflutningi og sýna því skilning að menn stunda nýtingu lífrænna auðlinda. Og það væru mikil mistök ef við brenndum af okkur stuðning slíkra aðila sem við eigum í öllum aðalatriðum að geta átt sem bandamenn og líka í þeirri viðleitni að leiða önnur samtök, sem fara villir vegar, á rétta braut. Það hlýtur að vera markmiðið að reyna að sameina þessa krafta í þágu sjálfbærrar nýtingar auðlindanna og skynsamlegrar verndar náttúruauðlinda. Það mun reynast okkur Íslendingum afar mikilvægt af augljósum ástæðum að hafa sem allra öflugasta og flesta liðsmenn í þeirri baráttu, gegn mengun hafsins, gegn mengun lofthjúpsins og fyrir sjálfbærri nýtingu í jafnvægi á öllum auðlindum.

Verkefnið er vissulega vandasamt og flókið en það sem ég legg aðaláherslu á er að menn lendi ekki í því að verða svona fóbískir eða um of neikvæðir vegna þeirrar slæmu reynslu sem að hluta til hefur fengist af þessum samskiptum. Það er ekkert annað að gera en að reyna að taka á því með víðsýni og halda áfram að vinna skynsamlegum málstað fylgi í þessum efnum

[16:21]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umræðum fyrr í dag spurði ég hæstv. utanrrh. um þær viðræður sem nú eru senn að hefjast um umfang og eðli starfsemi bandaríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, viðræður sem eru undanfari þess að menn endurmeti, ég vil segja, hinn nýja varnarsamning, þ.e. hinn svonefnda viðaukasamning sem núverandi hæstv. utanrrh. hefur gert og forveri hans einnig, 1994 fyrst og nú aftur 1996, og verður væntanlega endurnýjaður í einhverju formi árið 2001.

Hann svaraði því hér nokkru en ég vil spyrja nánar um þau efni og spyrja um stefnu ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar þegar af stað er farið í þær viðræður. Hæstv. ráðherra lét þess getið að varnarsamningurinn frá 1951 stæðist tímans tönn. Ég vil engu að síður vekja á því athygli að í þessum bókunum, bæði 1994 og 1996, er þess getið í 1. gr. að Ísland og Bandaríkin staðfesti skuldbindingar sínar samkvæmt þeim tvíhliða varnarsamningi sem gerður var árið 1951. Með öðrum orðum, menn hafa séð ástæðu til þess að árétta þann skilning sem þá var gerður. Þess vegna kalla ég þetta hinn nýja varnarsamning, enda skiptir það meginmáli hvernig hann er útfærður og það er verið að gera hér.

Sérstaklega vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því, því að það er ákveðið lykilatriði í þessu sambandi um umfang starfseminnar og þau störf sem þarna falla til, þ.e. 800 störf sem Íslendingar hafa með höndum hjá varnarliðinu beint og önnur 800 hjá verktökum, hvort hann hafi núna við upphaf viðræðna fengið einhverja tilfinningu fyrir því hver stefna Bandaríkjastjórnar væri. Og ég vil spyrja hver stefna íslenskra stjórnvalda sé í þessum efnum.

Orrustusveitirnar sem eru beintengdar björgunarþyrlunum og björgunarsveitinni eru þar auðvitað lykilatriði. Sér hann fyrir sér einhverjar breytingar þar á eða hvaða mynd getur hann dregið upp fyrir hv. þingmenn í þessum efnum?

[16:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt að það standi í upphafi bókunarinnar að við staðfestum þann vilja sem er í varnarsamningnum þá dregur það í engu úr gildi hans. Hér er ekki um neinn nýjan varnarsamning að ræða. Þetta er bókun. Það heitir ekki einu sinni samningur. Það heitir ekki „agreement". Það heitir „agreed minute". Þetta er því mikilvægur skilningur milli þjóðanna en þetta er ekki neinn nýr varnarsamningur.

Að því er viðræður varðar þá erum við sammála um það, við og Bandaríkjamenn, að þessar viðræður fari fram tímanlega. Þær eru ekki hafnar. Við höfum sagt að við þurfum að endurmeta varnarþörf Íslands og þann viðbúnað sem hér þarf að vera og það er fyrst eftir slíkan vandaðan undirbúning að við teljum okkur tilbúna til þeirra viðræðna. Það verður a.m.k. ekki fyrr en einhvern tíma síðla á næsta ári og hugsanlega á árinu 2000.

Við höfum hins vegar sagt að við viljum halda þeim varnarmætti sem hér er í öllum aðalatriðum. Við teljum flugsveitina nauðsynlega, að það sé nauðsynlegt að hún sé hér vegna öryggis Íslands, sem þýðir þá líka að hér verði björgunarsveit, þyrlur og björgunarflugvél. Það er því engin breyting af okkar hálfu í sambandi við það. Og við höfum ekki orðið varir við neina breytingu af hálfu bandarískra stjórnvalda. Það fréttist oft eins og gengur og gerist að þeir séu til innan Bandaríkjahers sem telji nauðsynlegt að gera þarna breytingar á. En það er skilningur sem ekki hefur komið fram af hálfu talsmanna utanríkisráðuneytisins í Washington.

[16:26]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekkert að orðlengja það hvaða nafn er best að gefa þessum bókunum. En það gefur auga leið að þær skipta eins og sakir standa mestu máli um það hvers kyns starfsemi fer fram þarna og í hversu miklum mæli hún er þótt að varnarsamningurinn frá 1951 sé auðvitað ákveðið grundvallarplagg í þessu sambandi. Hann segir ekki til um umfang starfseminnar þannig að hér er um að ræða lykilatriðið í því samhengi sem við ræðum.

Ég vil rifja upp í þessu sambandi að það var ekkert mikill aðdragandi að fyrirætlun bandarískra yfirvalda á árinu 1994 þegar um það bárust fréttir með tiltölulega skömmum fyrirvara að bandarísk yfirvöld hygðust draga mjög úr starfsemi suður á velli. Viðunandi lausn náðist í þeim efnum eftir viðræður aðila og það var vegna þess tilefnis sem ég leitaði eftir því hjá hæstv. utanrrh. hvort eitthvað svipað væri í farvatninu eftir því sem hann vissi best. En hann segir það ekki vera.

Hæstv. ráðherra segir að þessar viðræður séu ekki farnar í gang því að nú séu menn að vinna sína heimavinnu og endurmeta varnarþörfina, væntanlega á okkar forsendum. Ég vil því spyrja: Hvaða aðilar eru það sem þessa vinnu inna af hendi? Ég teldi eðlilegt að a.m.k. væri hinu háa Alþingi gert kleift að fylgjast með þeirri grundvallarvinnu. Jafnframt væri eðlilegra að hið háa Alþingi kæmi einhvern veginn að þeirri vinnu í gegnum utanríkismál eða aðra „instansa", því að hér er um grundvallaratriði að ræða.

Margs er að gæta í þessu sambandi og ég hef sagt það áður við þessa umræðu og raunar oft og einatt í mínu kjördæmi að bandaríska varnarliðið og umsvif þess hafa haft mikil áhrif á efnahagslíf hér á landi, atvinnulíf hér á landi, einkum og sér í lagi í Reykjaneskjördæmi. Það er því ekki ráð nema í tíma sé

tekið og að menn átti sig á því hvað geti legið í framtíðinni á allra næstu árum.

[16:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel afar mikilvægt að það sé alveg réttur skilningur á varnarsamningnum. Eins og ég sagði áðan þá er hann ótímabundinn. Hins vegar getur hvor ríkisstjórnin sem er farið þess á leit við ráð Atlantshafsbandalagsins að það meti hvort þörf sé fyrir aðstöðu á Íslandi til sameiginlegra varna bandalagsins. Verði ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna ekki sáttar við tillögur Atlantshafsráðsins innan sex mánaða frá því að málaleitunin er borin fram getur hvor ríkisstjórnin sem er sagt samningnum upp og skal hann þá falla úr gildi tólf mánuðum síðar.

Það er náttúrlega alveg ljóst að ef á að koma til þessa þá þarf mikið að hafa gengið á áður. Íslensku ríkisstjórninni og bandarísku ríkisstjórninni ber skylda til að koma sér saman um mat á þessum aðstæðum og það höfum við getað gert. Og það er engin ástæða til þess að ætla annað en að svo geti orðið árið 2001.

Þetta tókst eftir nokkurn tíma 1996, áður hafði það aðeins verið til tveggja ára. Við töldum mikilvægt að skapa þarna meiri vissu og þess vegna var samningurinn til fimm ára og var fallist á það. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að þetta geti endurtekið sig.

Mér finnst að við þurfum að ræða hvernig Alþingi kemur að þessu máli á næsta kjörtímabili. Fyrir mitt leyti er ég mjög opinn fyrir því og tel eðlilegt að Alþingi komi að því og viti af því. Hins vegar vil ég líka benda á að það er afar mikilvægt að fullur trúnaður ríki um þessi mál. Það var mjög óheppilegt í aðdragandanum 1994 að það voru stórar fyrirsagnir í fjölmiðlum. Morgunblaðið birti forsíðufrétt um að þarna væru að gerast tíðindi sem ekki var. Það spillti mjög fyrir samningaviðræðunum. Það átti sér hins vegar ekki stað í samningaviðræðunum sem lauk 1996.

Umræður utan dagskrár.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins.

[16:32]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil strax í upphafi þegar þessi vandaða skýrsla Ríkisendurskoðunar er tekin til umræðu, skýrsla sem er nálægt eitt hundrað síðum, nefna það sérstaklega að það er að verða frekar regla en undantekning þegar Ríkisendurskoðun tekur starfsemi eða ákvarðanir ráðuneyta eða einstakra stofnana til skoðunar að þá bregðast þau við líkt og Ríkisendurskoðun sé að gera að þeim einhvers konar aðför.

Nefna má dæmi um þetta frá í fyrra þegar dómsmrn. og fjmrn. brugðust ókvæða við þegar Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir vegna framferðis þeirra í málum sem tengdust ÞÞÞ.

Hið sama gerist nú þegar Ríkisendurskoðun skilar mjög vandaðri skýrslu sem stofnunin hefur verið u.þ.b. eitt og hálft ár að vinna og landbrn. hefur haft mýmörg tækifæri til að gera athugasemdir við. Í sérstakri greinargerð, sem ráðuneytið hefur sent frá sér, segir m.a. með leyfi forseta:

„... ýmislegt í skýrslunni kalli á að leiðréttingar og athugasemdir séu gerðar, enda er framsetning margra atriða og fullyrðingar í skýslunni misvísandi og jafnvel rangar."

Virðulegi forseti. Vegna fullyrðinga af þessum toga, sem finna má í greinargerð landbrn., tek ég fram að Ríkisendurskoðun vann að þessari skýrslu í eitt og hálft ár. Á þeim tíma hafði ráðuneytið mjög mörg tækifæri til að koma að þeim athugasemdum sem það vildi gera við skýrslu Ríkisendurskoðunar, svo ekki sé talað um að „leiðrétta það sem rangt er", eins og segir í greinargerð hæstv. landbrh.

Þá vil ég taka sérstaklega fram að í formála að skýrslu Ríkisendurskoðunar er tekið fram að drög að skýrslunni hafi verið send ráðuneytinu til yfirlestrar og umsagnar 14. júlí 1998 þar sem ráðuneytinu var gefinn fjögurra vikna frestur til þess að tjá sig um efni skýrslunnar. Þá hef ég enn fremur fengið staðfest að Ríkisendurskoðun bauð ráðuneytinu að gera enn frekari athugasemdir við skýrsluna þegar lokadrög hennar lágu fyrir. Hún hefur ekkert breyst frá því að þau lokadrög lágu fyrir. Þær athugasemdir sem nú koma, eftir að skýrslan er komin fram, verður nánast að dæma dauðar og ómerkar sökum þess að ég efast um að Ríkisendurskoðun hafi nokkurn tíma tekið upp jafnmikið af athugasemdum ráðuneytisins. Mér finnst því mjög ómaklega að Ríkisendurskoðun vegið þegar þessar athugasemdir eru settar fram.

Virðulegi forseti. Hvert er þá efni skýrslu Ríkisendurskoðunar? Hvað var stofnunin að skoða? Skýrsla Ríkisendurskoðunar fjallar um afgreiðslu ráðuneytisins á 109 málum á árabilinu 1993 til og með ársins 1997. Málin lúta að þeim jörðum sem jarðadeild hefur haft milligöngu um að selja á þessu árabili en það eru u.þ.b. 55 mál. Í öðru lagi fjallar skýrslan um jarðir sem jarðadeild hefur haft milligöngu um að kaupa á þessu árabili sem eru samtals ellefu mál. Í þriðja lagi fjallar skýrslan um ábúendaskipti á jörðum og leigu á þeim sem eru samtals 43 mál á þessu tímabili, þ.e. 109 mál. Skýrslan fjallar ekki um annað. Hún fjallar um vinnubrögð ráðuneytisins í umfjöllun þess og ákvarðanatöku og afgreiðslu í þessum 109 málum.

Í þessari skýrslu ber Ríkisendurskoðun saman vinnubrögð ráðuneytisins við þær reglur sem gilda um stjórnsýsluna í landinu. Annað er ekki gert í þessari skýrslu. Kannski er ástæðan fyrir því að Ríkisendurskoðun tekur fyrir árabilið 1991–1997 fyrst og fremst sú að á þeim tíma eru í gildi í landinu stjórnsýslulög sem ráðuneytinu er ætlað að fara eftir. Það er kannski lán ráðuneytisins að ekki er farið mikið aftar í tímann. Á þeim tíma eru til skýrar réttarheimildir um það hvernig ráðuneytinu og stjórnsýslunni í heild er ætlað að starfa. Það eru þessar réttarheimildir, hin settu lög, sem eru borin saman við vinnubrögð ráðuneytisins við afgreiðslu á þessum málum.

Virðulegi forseti. Niðurstaðan af eins og hálfs árs vinnu Ríkisendurskoðunar er sú að starfsemi jarðadeildar ráðuneytisins fái í litlu sem engu staðist þær reglur sem um þessa starfsemi gilda. Það er svo einföld niðurstaða. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að jarðadeild landbrn. höndlar með mikil verðmæti. Ekki er fráleitt að áætla, virðulegi forseti, að þau verðmæti sem þessi jarðadeild höndlar með séu á bilinu 4–8 milljarðar þó að bókfært verðmæti sé reyndar mun minna. Það er því ekki um það að ræða að hér sé um einhverja litla undirdeild í ráðuneyti að ræða heldur er um að ræða deild sem fer með gríðarleg verðmæti í eigu ríkisins.

Virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Tíminn er fljótur að líða í þessu, en hér er alveg sama hvar borið er niður, hvort það er skjalaskráning eða skjalavarsla, vinnubrögð við ábúendaskipti eða jarðakaup, hvort um er að ræða auglýsingar, hvort um er að ræða málshraðareglu, hvort um er að ræða

jafnræðisreglu og hvar er borið niður, alls staðar er sama niðurstaðan, virðulegi forseti, deildin virðist hvergi nokkurs staðar hafa farið að þeim reglum sem henni hafa verið settar.

Ég hlýt að enda þessa ræðu, virðulegi forseti, á að hvetja til þess að hæstv. ráðherra sjái sóma sinn í því að gera gangskör að því að ráðuneytið verði skoðað í heild sinni. Þegar skoðun á einni deild leiðir til þessarar niðurstöðu, virðulegi forseti, vænti ég þess að ráðherra hafi frumkvæði að því að skoða ráðuneyti sitt eins og það kemur fyrir núna.

[16:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á lokaorðum hv. málshefjanda og segja við hann að ég er tilbúinn til þess og mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að farið verði í gagngera athugun á þeim athugasemdum sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar hvað varðar vinnubrögð jarðadeildar ráðuneytisins. Við munum skoða hvernig við bregðumst við því sem hér eru gerðar athugasemdir við. Starfsemi jarðadeilarinnar er nokkuð sérstök. Starfsemi hennar er allt öðruvísi en almenn starfsemi stjórnsýslu og þess vegna tel ég ekki ástæðu til þess að ætla að almennt starf ráðuneytisins sé ekki með þeim hætti sem stjórnsýslan í landinu gerir ráð fyrir og leyfi mér að fullyrða svo.

Ég vil hins vegar segja það út af því sem fram kemur í máli hv. málshefjanda að hann beindi ekki til mín formlega beinum spurningum varðandi þá skýrslu sem er til umræðu. Það gefur mér því tækifæri til þess að taka hana til almennrar umræðu eins og þessi umræða gefur tilefni til og þá líka að ræða aðeins um þau viðbrögð ráðuneytisins að gera nokkrar athugasemdir við skýrsluna og reyna að koma því á framfæri, bæði við þingheim og við almenning í landinu með fréttatilkynningu sem fór frá ráðuneytinu til fjölmiðla vegna þess að okkur finnst að það sé ekki tekið þannig á þessum erfiðu og mikilvægu málum sem jarðadeildin fjallar um að það hafi komist nægjanlega vel til skila. Þar á ég kannski ekki endilega við umfjöllun Ríkisendurskoðunar heldur einnig fréttir og umfjöllun fjölmiðla sem eðli málsins samkvæmt er auðvitað þannig að sagt er frá athugasemdum og því sem miður fer en hugsanlega ekki gerð sama grein fyrir útskýringum og viðhorfum eða viðbrögðum ráðuneytisins við því.

Með því er ég ekki að gera neitt lítið úr því að Ríkisendurskoðun hefur unnið verk sitt samviskusamlega, eins og henni ber að gera, og hefur hér farið mjög ítarlega yfir deildina. Hún kemur fram með margar athugasemdir sem ráðuneytinu og stjórnendum þar ber að taka tillit til og það verður gert. Þegar hefur verið brugðist við sumu af því og annað er í athugun og úrvinnslu.

En það sem okkur finnst í landbrn., og þeim sem hafa starfað við jarðadeildina á undanförnum árum, ekki koma nægilega fram er við hvaða aðstæður er að búa. Hér er ekki verið að fjalla um eignir eins og þegar verið er að selja bíl eða hús. Hér er ekki verið að fjalla um hlutina eins og að markaðslögmálið eitt og sér skipti máli. Hér er verið að fjalla um það og það er í raun hlutverk deildarinnar og ætlast til þess að ráðuneytið sjái til þess að tryggð sé búseta á jörðum, það sé atvinnustarfsemi til sveita, það sé staðið eðlilega að ættliðaskiptum og fjölmargt sem má auðvitað miklu frekar tengja það að hér sé verið að fást við ýmiss konar félagsleg málefni en bara kaup og sölu eigna þó að það sé út af fyrir sig mikilvægt mál sem þarf að fara vel með og ráðuneytinu ber að gera, og eins og málshefjandi benti á, er um mikil verðmæti að ræða sem þarf að höndla rétt um.

Mikið álag hefur verið á deildinni á þessum árum sem eru tekin til skoðunar. Okkur finnst full ástæða til þess að benda á það og láta það koma fram. Rerkstrarafkoma bænda hefur á þessu árabili versnað gríðarlega og það hafa verið miklir erfiðleikar. Því hafa umsóknirnar verið fjölmargar, fleiri en áður, og aukið álagið. Umsóknirnar og óskirnar hafa fyrst og fremst verið um það að taka á málum sem hafa ekki gengið upp á hinum frjálsa markaði. Það er kannski vandamálið sem við búum við, og meira en það að við búum við, okkur ber lögum samkvæmt að taka tillit til þess. Það segir beinlínis svo í lögum um Jarðasjóð og jarðeignir ríkisins, sem ráðuneytið og jarðadeildin fer með, að honum sé heimilt að kaupa jarðir bænda sem seljast ekki eðlilega á frjálsum markaði, þ.e. eftir að bóndinn hefur leitað eftir því að geta komið jörð sinni á markað, en hún ekki selst, þá leitar hann til Jarðasjóðs um það að Jarðasjóður kaupi af honum jörðina vegna þess að hann er hugsanlega að missa hana, vegna greiðsluerfiðleika, vegna þess að gjaldþrot blasir við. Þá sjá auðvitað allir að þessi viðskipti eiga sér ekki bara stað á markaðsgrundvelli, það er fleira sem verður að taka tillit til. Síðan á sami bóndi lögvarða kröfu á því að sjóðurinn veiti honum ábúð á jörðinni áfram. Hér er bara dæmi um það sem lögin kveða á um og krefjast í þessu efni.

Hæstv. forseti. Tíminn er hlaupinn frá mér. En eins og hv. málshefjandi nefndi eru hér fjölmörg önnur atriði. Það er t.d. um málshraðareglu sem er reyndar skýrt frá hér í greinargerð ráðuneytisins að getur tekið ótrúlega langan tíma frá því að erindi berst um jörð. Það þarf að auglýsa jörðina, það þarf að leita samþykkta tiltekinna stjórnvalda, sem eru jarðanefnd og hreppsnefnd, það tekur langan tíma. Það þarf að fara fram úttekt og mat á jörðinni, hugsanlega yfirmat á jörðinni, og þá er fyrst hægt að hefja samningaviðræður. Allir sjá að þetta gerist ekki á mjög skömmum tíma.

Ættliðaskiptin eru svo sérmál sem ég reyni kannski aðeins að koma aftur að í seinni ræðu minni.

[16:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. málshefjanda að ég held að við eigum ekki að venja okkur á það, hvorki við þingmenn né ráðuneyti, að taka skýrslum Ríkisendurskoðunar þannig að í þeim felist einhver árás eða mér liggur við að segja illvilji gagnvart viðkomandi aðila. Að mínu mati er þessi skýrsla, þó að hún geri fjölmargar athugasemdir, ekki neinn sérstakur áfellisdómur yfir jarðadeild landbrn. Hins vegar koma fram mjög margar ábendingar um mjög margt sem betur mætti fara t.d. hvað varðar málsmeðferð og vinnubrögð og yfir það er farið mjög ítarlega í skýrslunni.

Þær athugasemdir eru að hluta almenns eðlis og eiga við mjög víða í stjórnsýslunni. Ég hygg að fleiri mundu fá þau einkunnarorð að þar sé úr hófi fram mikill dráttur á afgreiðslu mála, seinagangur og annað þar fram eftir götunum. Margt þarna er gamalkunnugt. Annað er sértækara og lýtur að þeirri sérstöku umsýslu sem þarna er á ferðinni, þ.e. varðar eignir ríkisins og ráðstöfun þeirra.

Ég held, miðað við kynni mín af þessum málum, að einn aðalvandinn hér sé að um er að ræða undirmannaða eða yfirlestaða starfsemi og hefur lengi verið. Ég er þeirrar skoðunar að menn hafi aldrei horfst í augu við það frá því að Landnám ríkisins var lagt niður á sínum tíma að þessi gífurlega umsýsla, um 800 jarða eða hvað það nú var, og

öll sú forvöltun gerist náttúrlega ekki af sjálfu sér með einu og hálfu stöðugildi. Það er bara út í hött, enda var Landnám ríkisins heil stofnun með mörgum starfsmönnum. Ég veit ekki til þess að það orð af hafi farið af þeim að þeir hafi legið í leti. Ætli þeir hafi ekki verið fjórir eða fimm? Síðan var Landnámið lagt niður, auðvitað í hagræðingarskyni, og verkefnið flutt inn í ráðuneyti. Að mínu mati var mjög umdeilanleg ráðstöfun að færa umsýslu af þessu tagi inn í ráðuneyti í staðinn fyrir að hafa einhverja sjálfstæða stofnun eða eitthvað þvílíkt, samanber umhvrn. þar sem Náttúruvernd ríkisins hefur umsjón með þjóðgörðum. Þarna var í raun og veru engum starfsmönnum bætt við. Hvað gat gerst annað en að þarna hlæðust málin upp og gífurlegur dráttur yrði á afgreiðslu mála o.s.fv.? Ég held að hér sé í raun og veru á ferðinni að nokkru leyti sjálfskaparvíti sem margir beri ábyrgð á, einnig Alþingi og fjárveitingavaldið sem ekki hafa lagt þessari starfsemi til þann mannafla og fjármuni sem nauðsynlegir eru til að annast þessa umsýslu þannig að hún verði góð og greið, að afgreiðsla mála gangi hratt fyrir sig o.s.frv.

Til viðbótar má nefna, sem kom að hluta fram í svari hæstv. ráðherra og er alveg hárrétt, að löggjöfin sem jarðadeildinni er ætlað að vinna eftir er orðin mjög forneskjuleg. Bæði jarðalögin og ábúðarlögin og fleira sem hér kemur til þarfnast sárlega endurskoðunar. Það auðveldar ekki jarðadeildinni og þessum aðilum starfið að búa við löggjöf sem að hluta er í raun ekki lengur í takt við tímann og aðstæðurnar í umhverfinu. Þar má benda á reglur um að reyna að halda jörðum í byggð sem engar forsendur eru fyrir o.s.frv.

Hér er því margt sem þarf að skoða. Að sjálfsögðu þarf að taka á þeim þáttum sem þarna eru ekki í nógu góðu lagi, en það er mjög margt fleira sem skoða þarf í þessu samhengi.

[16:48]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ríkisendurskoðun gerði athugasemdir við skjalavörslu og skjalaskráningu jarðadeildar landbrn. vegna jarðakaupa og að ekkert heildareftirlit væri með jarðakaupum. Landbrn. hefur svarað þessari gagnrýni með því að skýrsla Ríkisendurskoðunar hafi verið gerð meðan verið var að taka í notkun nýtt skráningakerfi í jarðadeild. Mér finnst sjálfsagt að taka tillit til þessara skýringa frá ráðuneytinu svo langt sem þær ná.

Aðfinnslum Ríkisendurskoðunar sem varða ábúendaskipti er að hluta svarað af hálfu ráðuneytisins með sömu tilvísun til kerfisbreytingar. Einhver fleiri vandamál virðast þó hafa hrjáð starfsemi deildarinnar. Af 23 jörðum sem hefði átt að auglýsa lausar til ábúðar árin 1996 og 1997 voru aðeins 11 auglýstar. Þar að auki telur Ríkisendurskoðun að umsækjendur um jarðir hafi fengið ófullnægjandi upplýsingar og afgreiðsla á umsóknum þeirra verið eftir dúk og disk. Enn fremur telur Ríkisendurskoðun að upplýsinga- og gagnaöflun jarðadeildar um áhvílandi veðskuldir og aðrar kvaðir á mannvirkjum sem keyptar voru við ábúendaskipti hafi ekki verið fullnægjandi. Það er vissulega grafalvarlegt mál sem getur haft slæmar afleiðingar fyrir þá sem málið varðar.

Verklagsreglum um hvernig staðið skuli að jarðasölu virðist einnig vera mjög ábótavant. Jarðir eru ekki auglýstar eins og skylt er að gera samkvæmt jafnræðisreglu. Einnig er staða áhvílandi skulda og tilgreining þeirra í kaupsamningum og afsölum ófullnægjandi og afgreiðslutími óhæfilega langur.

Herra forseti. Hér vinnst ekki tími til að telja upp fleiri af aðfinnslum Ríkisendurskoðunar við starfsemi þessarar stofnunar. Við hverjum þeim sem les þessa skýrslu blasir að innan þessarar deildar er brýn þörf á að taka til hendinni.

[16:50]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni fyrir að vekja máls á því sem hér er til umræðu. Skýrsla Ríkisendurskoðunar er að sönnu áfellisdómur á þessa deild í landbrn. Vissulega er hún enginn endanlegur stóridómur. Ríkisendurskoðun er ekki dómstóll en þær athugasemdir sem rökstuddar eru í skýrslu stofnunarinnar gera það að verkum að ekki er unnt annað en að fjalla um þær og reyna að komast að niðurstöðu.

Þegar vélað er um upphæðir á borð við 1,8 milljarða kr., sem er bókfært verð þeirra 549 jarða sem hér um ræðir, þarf að standa kórrétt að verki, hvað þá þegar menn geta skotið á hugsanlegt markaðsvirði jarðanna og fengið út tölur á bilinu 4–5 milljarða kr. Ég held að hver maður sjái að það er ekki gert í jarðadeild landbrn. Það stendur upp úr. Í því sambandi breytir engu, virðulegi forseti, hvort hér er um að ræða umsýslu sem lýtur að félagslegum þáttum, búsetu eða atvinnustarfsemi á þessum jörðum, þ.e. að tryggja byggð í landinu, eða hvort einber markaðssjónarmið ráða ríkjum. Sömu grundvallarsjónarmið eiga auðvitað að ráða ríkjum, að pappírar séu sýnilegir og stjórnsýsla sé öll til fyrirmyndar. Ég tel það ekki skýringar hjá hæstv. ráðherra, eins og hann vildi gefa hér til kynna fyrr, að þessi deild í ráðuneytinu lyti allt öðrum lögmálum þar sem hér væri um félagslega aðstoð að ræða. Það er bara ekki þannig.

Hæstv. ráðherra gaf til kynna að ráðuneytið væri þegar farið að kanna hvernig hægt væri að mæta ýmsum ábendingum. Að lyktum vil ég því spyrja hæstv. ráðherra.: Hvað er það nákvæmlega sem ráðuneytið er að gera og hvað sér ráðherra mikilvægast í því að breyta og betrumbæta vegna þessarar skýrslu?

[16:53]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ríkið er stærsti landeigandi á Íslandi. Hér er um að ræða verðmætar eignir í eign almennings. Þær eru ekki í eign landbrn., ekki í eign landbrh. sem embættismanns heldur í eigu þjóðarinnar. Landbrn. er hins vegar falið að forvalta þessar sameiginlegu eignir. Það er auðvitað alvarlegt þegar upp kemur að eignaumsýslan er eins og skýrsla Ríkisendurskoðunar gefur lýsingar á. Það er mjög eðlilegt að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson taki það upp á Alþingi eins og hann hefur gert. Það er eini vettvangurinn fyrir Alþingi til þess að taka upp svona mál.

Það hefur oft verið rætt á Alþingi en aldrei orðið úr því að setja upp sérstaka nefnd til þess að taka athugasemdir Ríkisendurskoðunar fyrir, fara í gegnum þær og fylgja þeim eftir. Þrátt fyrir mikla umræðu um það hefur aldrei orðið af því. Þess vegna er Alþingi vanbúið til þess að taka við upplýsingum eins og þeim sem Ríkisendurskoðun kemur fram með. Þó vinnur stofnunin á vegum Alþingis, í umboði Alþingis og á ábyrgð Alþingis. Það gefur mönnum líka færi á að snúa út úr eins og hæstv. landbrn. hefur að nokkru leyti gert í svörum sínum, brugðist við með yfirlæti og sagt að

ekki væri endilega nauðsynlegt fyrir hið háa ráðuneyti að taka mikið mark á svona skýrslum.

Ég hvet til þess, virðulegi forseti, að forsetar Alþingis muni, algjörlega óháð öðrum hugsanlegum breytingum á þingskapalögum, beita sér fyrir þeirri breytingu að gera Alþingi fært að taka við upplýsingum eins og þeim sem eru í skýrslu Ríkisendurskoðunar og fylgja þeim eftir. Það er ekki nóg að hæstv. ráðherra lýsi yfir vilja sínum til breytinga. Ég dreg hann ekki í efa. En Ríkisendurskoðun sem starfar á vegum Alþingis gefur Alþingi þessar upplýsingar og Alþingi verður sjálft að sinna skyldum sínum við þessa stofnun með því að fylgja eftir upplýsingum sem Ríkisendurskoðun veitir Alþingi og sjá til að framkvæmdarvaldið hagi störfum sínum þannig að a.m.k. hvað þetta varðar brjóti það ekki lög um stjórnsýslu og eðlilega stjórnunarhætti sem þessi stofnun hefur sett.

[16:55]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að blanda mér í þetta mál sem gamall landseti ríkisins og með allverulega reynslu af stjórnsýslu ríkisins á þessum jörðum. Landseti ríkisins, segi ég, það er nú kannski ekki alveg rétt. Ég var öllu heldur landseti guðs, ég sat á kirkjujörð þar sem kirkjan hafði á sínum tíma verið helguð Maríu mey og Pétri postula. Því má frekar líta svo á að ég hafi gengið á guðs vegum í afnotum mínum af jörðinni en það breytir því ekki að staðgengill guðs á jörðu var landbrh. á hverjum tíma.

Eins og fram kom áðan er ljóst að ríkið er stærsti jarðeigandi á Íslandi. Mér vitanlega hefur það aldrei tekið þetta hlutverk sitt mjög alvarlega. Ég varð ekki fyrir neinum verulegum skakkaföllum í viðskiptum mínum við landeiganda en vil þó taka fram að þegar faðir minn hóf búskap á Selárdal og hafði gengið frá málum og óskað eftir að fá afsal þá minnist ég þess að honum var sent afsal fyrir jörðinni Selárdal í Súgandafirði, sem bendir til þess að annaðhvort hafi menn verið hraðvirkir og hroðvirkir í ráðuneytinu eða þá að þeir áttuðu sig ekki á því hvaða jarðir þeir voru að leigja hverju sinni.

Vel má vera að þessi jarðadeild hafi verið undirmönnuð eins og fram hefur komið. Ég hygg að á löngum köflum hafi eignaumsýsla ríkisins að verulegu leyti verið unnin í hjáverkum af starfsmönnum ráðuneytisins og lítillar kunnáttu gætt um meðferð þeirra skjala og pappíra sem nauðsynlegir eru í fasteignaviðskiptum af þessu tagi.

Ég vil benda á að jarðeignir ríkisins eru af tvennum toga, kirkjujarðir og jarðir sem komist hafa í eigu ríkisins með öðrum hætti. Það hefði verið ástæða til og kannski hefur það verið gert, ég spyr þá ráðherra hvort það hafi verið gert. Kirkjumrh. gerði upp við íslenska þjóðkirkju með því að taka á sig ákveðnar fjárhagslegar skuldbindingar. Hurfu þá ekki um leið allar kirkjujarðir í eigu ríkisins? Eru þær komnar úr ráðsmennsku landbrh. og komnar í eign landbrn.?

[16:59]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sérstaklega að ráðherra skuli taka undir þær hugmyndir að nauðsyn sé á því að skoða ráðuneytið í kjölfar þeirrar úttektar sem fram hefur farið á jarðadeildinni og fram fari einhvers konar allsherjarúttekt á landbrn. Ég fagna því sérstaklega í þessari umræðu.

Á hinn bóginn vil ég mótmæla því að starfsemi tiltekinnar deildar í tilteknu ráðuneyti, eins og fram kom hjá hæstv. landbrn., lúti ekki stjórnsýslulögum eða þeim lögum sem um hana kunna að gilda sökum þess að hún sé einhvers konar félagsmálaaðstoð. Er það þá einhver prívat ákvörðun hæstv. landbrh., að fella tiltekna deild undan lögum í þessu landi eða hvað? Virðulegi forseti. Við skulum ekki bera svona röksemdir á borð á hinu háa Alþingi.

Í öðru lagi vil ég líka nefna, virðulegi forseti, varðandi þá umræðu að gríðarlegt álag sé á þessari deild, að þegar skýrslan er skoðuð kemur fram að milli fimm og sex ár geta liðið frá því að mál berst ráðuneytinu þar til því er lokið. Hér er á ferðinni afgreiðsla á 109 málum á fimm árum. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ef þetta er gríðarlegt álag þá á það líklega við um flestallar ríkisstofnanir í landinu að bæta þurfi við fólki.

Skýrsla sú sem hér er til skoðunar fjallar aðeins um þessi mál. Hún fjallar um 109 mál á þessum tíma, hvorki meira né minna. Það er farið mjög vandlega yfir afgreiðslu þessara mála og niðurstaðan er sú að nánast allar þær reglur sem hægt er að brjóta eru brotnar. Ég skil hæstv. landbrh. vel að hann skuli á hinu háa Alþingi lýsa því yfir að lögin eigi bara ekki við um þessa deild. Það gildi bara einhverjar allt aðrar reglur.

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra beindi ég engri sérstakri spurningu til hans heldur mæltist til þess að fá einhverjar skýringar á því að í heilu ráðuneyti viðgangist starfsemi af þeim toga sem lýst er í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég ætla að beina því til hæstv. ráðherra hvort hann hafi eða hvers vegna hann hafi ekki á þeim þremur árum sem hann hefur ríkt þarna látið fara fram skoðun á þessu fyrr. Þetta kemur ekki upp fyrr en Ríkisendurskoðun tekur þessa deild til sérstakrar skoðunar. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðherra að þetta skuli líðast í hans ráðuneyti og enn frekar rök fyrir því að ráðuneytið verði tekið til sérstakrar skoðunar. Að minnsta kosti mun ég beita mér fyrir því í þingflokki jafnaðarmanna, ef ráðherra hefur ekki frumkvæði að því sjálfur, að ráðuneytið verði skoðað sérstaklega.

[17:02]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil endurtaka það, hafi það ekki komið skýrt fram í máli mínu í upphafi, að ég lít alls ekki á skýrslu Ríkisendurskoðunar sem einhverja árás. Og ég lít heldur ekki á þær skýringar og athugasemdir sem ráðuneytið hefur sent frá sér sem árás á Ríkisendurskoðun eða skýrslu hennar. Ég ber mikla virðingu fyrir Ríkisendurskoðun og tel að hún eigi að sinna verkefni sínu, m.a. eins og hún gerir í þessari skýrslu, fara yfir stjórnsýsluhætti og gera athugasemdir sem okkur, sem önnumst stjórnsýsluna á þennan hátt sem framkvæmdarvald, ber að taka tillit til.

Um þá upprifjun sem kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um nefnd til að fylgja skýrslum Ríkisendurskoðunar eftir þá hef ég sjálfur líka lagt því lið áður í umræðum á þingi — meðan ég sat í fjárln. fékk nefndin slíkar skýrslur til skoðunar — að einhver vettvangur eða farvegur þyrfti að vera til að fylgja þeim eftir. Ég er út af fyrir sig sammála því.

En ég tek undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni þegar hann segir: Þetta er í raun ekki stóridómur. Þetta eru auðvitað alvarlegar athugasemdir sem við tökum til skoðunar, en þetta er ekki stóridómur í því tilfelli að hvergi er talað um neitt misferli. Það er ekki talað um að fjárhagsleg

málefni hafi misfarist, eins og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir þó sagði að gæti gerst. Hún fullyrti ekki að það væri, að sjálfsögðu ekki, en það gæti gerst af því hér væri umsýsla um mikla fjármuni, miklar eignir og stórar tölur. Þetta er allt saman rétt og okkur ber þess vegna að fara vel með slíka hluti. Og það er líka rétt að auðvitað ber ráðuneytinu og þessari deild að fara að almennum stjórnsýslulögum.

Ég sagði aðeins að verkefni deildarinnar væru svo viðamikil að erfitt væri að fara eftir stjórnsýslulögunum eins og þau eru og okkur hefur ekki tekist það. Málshraðareglan hefur ekki verið virt vegna þess, eins og ég nefndi og dró upp nokkur dæmi um, hve það væri raunverulega margt sem þyrfti að gerast þegar fjallað er um eignabreytingu eða ábúendaskipti á jörð. Það tekur í raun meiri tíma en þessi löggjöf gerir ráð fyrir. Það er eitt af því sem þarf að skoða.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spurði hvað það væri sem verið er að gera. Við höfum nú þegar aukið starfslið í deildinni. Við höfum breytt skjalavörslunni þannig að það er til bóta. Við höfum nú þegar hafið endurskoðun laganna, og það var reyndar gert áður en skýrslan kom út, en sú vinna fór í gang fyrr á þessu ári. Eitt af því sem þarf að gera í viðbót er að skoða leigugjöld og innheimtu þeirra.

Ég vil þó að lokum segja, hæstv. forseti, því ég sé að tími minn er liðinn, að ekki er mögulegt að fara svo með leigugjöldin að það geti ráðið úrslitum um hvort bændur geti setið ríkisjarðir eða ekki. Eins og afkoma þeirra er í dag mun ég ekki beita mér fyrir stórfelldum breytingum á því en það þarf að sjálfsögðu að fara yfir þau ákvæði sem þar er að finna, yfir einstakar jarðir, yfir einstaka jarðarskika, sem eru í sumum tilfellum lágt leigðir, kannski sumarbústaðalóðir, og það er mál sem þarf að endurskoða.

Umræður utan dagskrár.

Flutningur starfa fyrir Íbúðalánasjóð til Sauðárkróks.

[17:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef neyðst til að kveðja mér hljóðs vegna vinnubragða hæstv. félmrh. hvað varðar flutning á verkefnum sem áður voru unnin af veðdeild Landsbanka Íslands út á land. Það eru einkum samskipti hæstv. félmrh. eða öllu heldur samskiptaleysi hæstv. félmrh. við bæjaryfirvöld, verkalýðsfélög og fleiri aðila á Húsavík sem ég tel vera ámælisverð í þessu sambandi.

Ég vil fyrst taka fram að ég fagna þeirri ákvörðun að flytja þessa starfsemi út á land. Ég óska Sauðkrækingum eða Skagfirðingum til hamingju og þeir eru að sjálfsögðu vel að því komnir að fá viðbótarstörf og umsvif í sitt hérað eða bæjarfélag. Mér þykir það þar af leiðandi mjög dapurlegt að þurfa engu að síður að taka upp þetta mál vegna vinnubragða hæstv. félmrh. í þessu sambandi. Ég vona að menn skilji það og virði að í mínum huga vakir ekki að fara að etja hér saman stöðum og slíkt ber að forðast. En eftir sem áður, þó að niðurstaða málsins sé jákvæð í þeim skilningi að þarna flytjist störf út á land eða byggist upp starfsemi, þá verða vinnubrögðin að vera í lagi. Og þau eru það ekki, a.m.k. ekki hvað varðar þessa hlið málsins, þ.e. samskipti hæstv. ráðherra við Húsvíkinga.

Strax snemmsumars komu fréttir í fjölmiðlum af því að sú hugmynd væri farin á flot á Húsavík að reyna að fá þangað starfsemi á vegum hins nýja Íbúðalánasjóðs eða sjóðinn allan. Það var rætt í bæjarstjórn Húsavíkur fljótlega eftir sveitarstjórnarskipti á Húsavík hvort þetta gæti ekki verið hugmynd sem athugunarverð væri. Með haustinu fóru menn að gera alvöru úr að leita eftir því við stjórnvöld að þetta mætti ganga eftir. Strax 10. september skrifaði Verslunarmannafélag Húsavíkur félmrh. bréf þar sem vitnað var í lögin um húsnæðislánasjóðinn og þeirri hugmynd varpað fram hvort ekki mætti skoða að hann yrði staðsettur á Húsavík. Formaður Verslunarmannafélagsins bréfið endaði þannig:

„Undirritaður væntir þess að heyra frá þér um framgang hugmyndarinnar. Ágúst Óskarsson, formaður." Þetta er dagsett 10. sept. 1998 á Húsavík.

15. september samþykkir bæjarstjórn Húsavíkur á fundi sínum eftirfarandi tillögu: „Bæjarstjórn Húsavíkur beinir þeim tilmælum til félagsmálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að aðsetur Íbúðalánasjóðs verði staðsett á landsbyggðinni. Er bæjarstjórn reiðubúin til samstarfs við ráðherra vegna nauðsynlegs undirbúnings þess að sjóðurinn hafi aðsetur á Húsavík."

Þetta bréf er sent daginn eftir, 16. september, og endar þannig: „Um leið og bókun þessari er komið á framfæri óskar undirritaður eftir viðbrögðum við henni og viðræðum um framgang málsins." Þetta er undirritað af bæjarstjóra Húsavíkur 16. september og sent ráðuneytinu.

Skömmu síðar, eða í lok septembermánaðar, ályktar Verkalýðsfélag Húsavíkur á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs einnig um að Íbúðalánasjóður verði staðsettur á Húsavík og óskar eftir viðræðum við ráðuneytið um framgang þess máls.

En því er síðan skemmst til að svara, herra forseti, að engu þessara erinda hefur félmrn. svarað, engin viðbrögð hafa þessir aðilar fengið frá hinu háa ráðuneyti, hvorki munnleg né skrifleg.

Enn fremur ber að geta þess að fyrir nokkru síðan beindi hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir fyrirspurn til félmrh. um þetta mál og hæstv. ráðherra svaraði en sá á því öll tormerki að Íbúðalánasjóðurinn gæti flust út á land eða frá Reykjavík, þar sem hann hefði lofað starfsfólkinu sem þar ynni að það skyldi halda sínum störfum hér. En hæstv. ráðherra gat þá í engu, minntist ekki einu orði á að eitthvað annað kynni að vera í bígerð, þ.e. að einhver hluti starfseminnar eða tengd starfsemi kynni að flytjast út á land. Það verður auðvitað að fá það á hreint hvar málin voru stödd þegar hæstv. ráðherra svaraði fyrirspurn hv. þm. fyrir nokkru síðan. Vissi hæstv. ráðherra þá alls ekki neitt um að til greina kæmi að ein eða nein starfsemi þessu tengd flyttist út á land? Eða leyndi hæstv. ráðherra Alþingi upplýsingum um hvar málið var þá á vegi statt? Sé um eitthvað slíkt að ræða væri náttúrlega mjög ámælisverður og alvarlegur hlutur þar á ferðum. Og það verkar torkennilegt að hæstv. ráðherra hafi ekki haft minnstu hugmynd um hvað þarna var í bígerð.

Að lokum, herra forseti, verð ég að geta þess að ráðherra hefur í öllu falli augljóslega brugðist skyldum sínum samkvæmt stjórnsýslulögum, skv. 7. gr. stjórnsýslulaga, um að svara erindum og að beina erindum í rétta átt ef þau eiga annars staðar heima í stjórnsýslunni en hjá ráðherra sjálfum. Þær skyldur, þ.e. leiðbeiningarskyldan er ótvíræð samkvæmt stjórnsýslulögum og ég fæ ekki annað séð en að ráðherra hafi brotið þær skyldur, fyrir utan þann dónaskap að svara ekki bréfum, sem eru mannasiðir eins og allir vita.

[17:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér finnst þetta dálítið undarleg málsupptekt. Hér er stjórnmálaforingi, sem ætlar að fara að verða landsfaðir, að hefja máls og hugsar sér að afla sér fylgis í dreifbýlinu.

En nóg um það. Ríkisendurskoðun gerði vandaða stjórnsýsluúttekt á Húsnæðisstofnun og benti á fjölmörg atriði sem betur mættu fara, m.a. það að hún taldi að viðskiptin við veðdeildina væru óhagkvæm og dýr. Í kjölfar þess var samningi Húsnæðisstofnunar við veðdeildina sagt upp og það eru 18 mánuðir síðan.

Það er rétt sem fram kom að mér fóru að berast bréf frá Húsavík. Eins og hv. þm. vitnaði til og las hér orðrétt upp úr bréfinu, þá bað bæjarstjórnin á Húsavík um að Íbúðalánasjóður yrði fluttur til Húsavíkur, ekki bara einhver hluti hans. Þetta bréf var bókað í ráðuneytinu 22. sept. 1998.

Í fyrirspurnatíma á Alþingi fljótlega eftir að þing kom saman beindi hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir til mín sömu spurningu og spurði hvað ég hefði gert í þessu máli. Ég svaraði því neitandi að ég gæti staðið að flutningi Íbúðalánasjóðs til Húsavíkur með vísan til þess fyrirheits sem starfsmenn Húsnæðisstofnunar hefðu fengið. En síðan bætti ég við, og les nú orðrétt upp úr ræðu minni, með leyfi forseta:

„Hitt er svo annað mál að samningi Húsnæðisstofnunar við veðdeild Landsbankans hefur verið sagt upp og verkefni sem veðdeildin hefur sinnt fyrir Húsnæðisstofnun, svo og ýmis önnur verkefni sem Íbúðalánasjóður þarf að láta vinna, gætu farið ágætlega á landsbyggðinni. Það er alveg hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að nútímatækni, símalínan og sú samskiptavæðing sem gengið hefur yfir í þjóðfélaginu, gerir það mögulegt að vinna hluti á landsbyggðinni eða fjarri Reykjavík sem ekki var kannski eins gráupplagt áður. Ég ætla bara að vona að stjórn Íbúðalánasjóðs leiti eftir því að láta vinna verkefni úti á landsbyggðinni sem hægt er að koma þar fyrir."

Að þessum orðum sögðum reiknaði ég með því að fylgst hefði verið með því á Húsavík hvert svar mitt hefði verið við fsp. hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Og það er alveg rétt og ég skal taka það á mig að dregist hefur að svara formlega bréfi bæjarstjórnar á Húsavík, en ég hef nú reyndar komið því í verk núna.

En það komu engin viðbrögð frá Húsavík. Ég bauð upp á að það yrði kannað hvort ekki væri hægt að flytja eitthvað af verkefnum veðdeildarinnar út á land. Hins vegar komu viðbrögð frá Sauðárkróki. Þeir tóku við sér, gáfu sig fram og bentu á að þetta væri hægt að gera á Sauðárkróki með vísan til aðstæðna þar.

Leitað var eftir samningum við veðdeild Landsbankans um breytingu á þessum samningi en því var neitað. Veðdeildin bauð óbreyttan samning til eins árs. Það var kannað hjá öðrum lánastofnunum hvort hægt væri að ná hagkvæmari samningum. Það var athugað hvort Íbúðalánasjóður gæti tekið að sér öll verkefni veðdeildarinnar en það kom í ljós að Íbúðalánasjóði var neitað um tengingu eða þjónustu frá Reiknistofu bankanna, sem er alveg nauðsynleg fyrir Íbúðalánasjóð, vegna hagræðis viðskiptamanna. Íbúðalánasjóður stóð þá frammi fyrir því að verða að leysa málið öðruvísi.

Þeir gátu tengst Reiknistofu bankanna í gegnum Búnaðarbankaútibúið á Sauðárkróki og að ráði varð að setja upp undirdeild innheimtusviðs Íbúðalánasjóðs á Sauðárkróki. Við njótum þar þjónustu hugbúnaðarfyrirtækis sem heitir Element. Það er verið að reyna samninga við bankana um að flytja afgreiðslu húsbréfanna, greiðslumatið og veðmatið, til lánastofnana. Það er fullt samkomulag um ferlið og hvernig skuli staðið að málinu. Það er einungis enn þá ágreiningur um gjald fyrir þjónustuna. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Gangi ekki saman þá er hægt að leysa þessi verkefni hjá Íbúðalánasjóði.

Samkvæmt þeim skipulagsbreytingum sem verið er að vinna að þá mun það spara 20–25 millj. árlega að vinna þennan hluta verkefna veðdeildarinnar á Sauðárkróki. (Forseti hringir.) Það verður sem sagt 20–25 millj. kr. ódýrara fyrir neytendur árlega að flytja þessa starfsemi til Sauðárkróks.

[17:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda að ræða hér vinnubrögð hæstv. ráðherra við flutning á verkefnum veðdeildar í kjördæmi ráðherrans, sem vissulega ber með sér að hér er á ferðinni pólitískur hráskinnaleikur og af málinu öllu er pólitískur óþefur. Ég get nefnt dæmi þar um, herra forseti.

Ég spyr: Er það tilviljun að varamaður í bankaráði Búnaðarbankans, banka sem fær verkefnið, er í undirbúningsstjórn sem gerir tillögu um hvert verkefnið fer? Eru þetta ekki hagsmunaárekstrar, herra forseti? Ég beini líka athyglinni að því að aðstoðarmaður ráðherra, sem orðaður er við framboð í Norðurl. v., er í undirbúningsstjórninni sem ákveður eða gerir þessa tillögu. Það væri auðvitað hægt að nefna fleiri atriði.

Það á vissulega rétt á sér að flytja störf út á land, en vinnubrögð ráðherrans, einkum gagnvart starfsfólki veðdeildar Landsbankans er fyrir neðan allar hellur og ráðherranum til skammar. Málið snýst ekki bara um það hvort flytja eigi þessi verkefni á Sauðárkrók eða Húsavík eða eitthvað annað út á land, það snýst líka um það að verið er að leggja niður 25 störf í Reykjavík þar sem atvinnuleysið hefur verið hvað mest, 25 manns eru hér að missa vinnuna. Og þessum 25 einstaklingum sem eru að missa vinnuna er boðið upp á það, og það er óskammfeilni og niðurlægjandi fyrir þetta fólk og lítilsvirðing, að þurfa að frétta af því í útvarpinu og fjölmiðlum að það sé búið að missa vinnuna.

Málið á sér fleiri hliðar en ræddar eru hér í dag. Það er nauðsynlegt að fram fari ítarlegri umræða en hér gefst kostur á um þessi fáheyrðu og siðlausu vinnubrögð gagnvart starfsfólki veðdeildar. Fullyrðing ráðherrans um sparnað af þessari skipan mála stenst ekki og sýnist mér að verið sé að auka kostnað íbúðarkaupenda, með öðrum orðum að velta kostnaði ríkisins yfir á fólkið með auknum þjónustugjöldum. Mér sýnist að það geti orðið niðurstaðan í þessu máli.

Þennan meinta sparnað sem ráðherra talar um þarf að ræða. Ég hef óskað eftir því við hæstv. forseta og tel að fullt tilefni sé til þess að hér fari fram önnur utandagskrárumræða um þetta mál þar sem tekið verði á vinnubrögðum hæstv. ráðherra gagnvart starfsfólki veðdeildar. Það er full ástæða til að ræða það, herra forseti, og líka að fara nánar ofan í saumana á því sem ráðherra kallar sparnað, sem ég held að sé bara tekinn upp úr hatti vegna þess að það er verið að velta þessu yfir á fólkið.

[17:20]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að taka þetta mál til umræðu. Þegar samþykkt voru á Alþingi í vor, illu heilli, ný húsnæðislög þar sem kveðið

var á um að leggja Húsnæðisstofnun ríkisins niður og reisa á rústunum Íbúðalánasjóð fór fram mikil umræða um framtíð starfsfólks. Og það var tekist á um það hér í þingsal hvort festa ætti í lög að starfsfólki Húsnæðisstofnunar yrðu tryggð störf í Íbúðalánasjóði.

Hæstv. félmrh. kvað ekki vera þörf á þessu, hins vegar yrði kappkostað að sjá til þess að allir fengju störf í hinni nýju stofnun. Ég efast ekki um að reynt sé að gera það. En gagnvart þessum starfsmönnum, starfsmönnum Landsbankans, þá blikka menn varla auga á meðan þeir grípa til ráðstafana sem svipta 25 einstaklinga atvinnu sinni. Að vísu segir að reynt verði að finna þessum einstaklingum vinnu, en engar tryggingar eru fyrir því.

Ég kem upp, hæstv. forseti, til að mótmæla þessum vinnubrögðum og hvetja til þess að ákvörðunin verði endurskoðuð og ekki endanlega frá henni gengið fyrr en öllum þessum einstaklingum hefur verið tryggð atvinna.

Ég er ekki andvígur því að flytja starfsemi af þessu tagi út á landsbyggðina. Ég er ekki andvígur því. En ég er andvígur þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð. Og ég er andvígur því að draga fólk í dilka eins og ríkisstjórnin gerir, ekki aðeins í þessu máli heldur í öllum kerfisbreytingum sem hún ræðst í.

Hér í salnum stendur ágætur ráðherra, hæstv. umhv.- og landbrh. (Forseti hringir.) Hann verður yfirmaður í nýjum Íbúðalánasjóði. Það er tekið tillit til hans aðstæðna. Það er spurt hvenær honum henti að taka við nýju starfi jafnvel þótt að það stríði gegn hagsmunum viðkomandi stofnunar. (Gripið fram í.) En gagnvart þessum óbreyttu ... (**Gripið fram í:** Hann vildi nú hafa þetta öðruvísi.) Hann vildi hafa það öðruvísi sjálfur og menn hafa þetta náttúrlega í flimtingum, vegna þess að það er hægt að grínast með það þegar 25 manns eru að missa atvinnu sína.

Ég hvet hæstv. félmrh. til þess að endurskoða þessa ákvörðun þar til öllum þeim sem hér eru að missa atvinnu vegna ákvörðunar hæstv. félmrh. er tryggð vinna til frambúðar.

[17:24]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Þetta er dálítið merkileg umræða utan dagskrár. Nefnd, starfsnefnd, undirbjó hið nýja kerfi og ég þykist vita að vinnubrögðin hafi verið afar eðlileg og eins og vænta mátti. Þeir stóðu sig vel á Króknum að fá þetta verkefni og eru fullfærir um að sinna því. Þar bætast við átta til tíu störf en ekki 25 þó að talað sé um að 25 fari héðan.

Það er merkilegt með hv. þm. Stór-Reykjavíkursvæðisins að það kemur heldur betur við kaunin á þeim þegar störf fara héðan, þegar eitthvað leggst niður hér. Kannski geta þeir sett sig í spor okkar landsbyggðarþingmanna þegar við heyrum úr okkar kjördæmum oft og einatt að verið sé að flytja störf í burtu. Ekki tóku margir þingmenn af þessu landsvæði hér þátt í umræðum um brottflutning nokkurra starfa frá Siglufirði, sem eru við loftskeytastöð þar. Mönnum þótti ekki ástæða til að hugsa um það. Verði það að veruleika sem boðað er að loftskeytastöðinn á Siglufirði verði lögð niður, þá tapast þaðan fimm störf og það jafngildir því að 350 störf fari héðan. Ég hugsa að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mundi þá berja fastar í ræðupúltið en hún gerði áðan.

[17:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Hæstv. ráðherra vitnaði í stjórnsýsluendurskoðun sem gerð var á Húsnæðisstofnun en lét þess ekki getið að í þeirri sömu stjórnsýsluendurskoðun eru færð sterk rök fyrir því að bjóða eigi út þá þjónustu sem veðdeildin hefur annast. Og ef hæstv. ráðherra tekur mark á þessari stjórnsýsluúttekt og notar hana máli sínu til stuðnings, af hverju gildir það þá ekki um alla þætti hennar? Það var ekki gert hér.

Ef hæstv. ráðherra er að vísa, eins og síðasti ræðumaður líka gerði, í þá nefnd sem sett var á laggirnar til að undirbúa þetta mál þá er skylda stjórnvalds til að vísa erindi rétta boðleið alveg ótvírætt ef það á ekki heima í ráðuneytinu. Í 7. gr. stjórnsýslulaga segir, með leyfi forseta:

„Berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið ...“

Telji hæstv. ráðherra að málið hafi ekki verið í hans höndum þó að það sé auðvitað áfram á hans ábyrgð þá er engin afsökun að segja að erindið hafi ekki verið sent nefndinni sem Húsvíkingum þurfti ekkert endilega að vera kunnugt um að væri til. Ráðherra fékk erindið og hann átti því að framsenda það og honum bar skyldan til að greiða úr því sem til hans barst.

Varðandi það að menn á Húsavík hafi verið að tala um allan sjóðinn þá leiðir það auðvitað af sjálfu að það er útúrsnúningur að segja að af því að aðeins sé í raun um að ræða hluta starfseminnar þá sé þeirra erindi ógilt. Þeir eru að óska eftir viðræðum um málið og auðvitað, ef þær viðræður hefðu leitt í ljós að aðeins væri praktískt að flytja hluta af starfseminni, þá hefðu menn að sjálfsögðu tekið því. Það er því argasti útúrsnúningur að reyna að sleppa svona frá málinu. Auk þess sem hæstv. ráðherra ætti að kannast við gamla, latneska hugtakið pars pro toto. Auðvitað mundu menn þiggja hlutann þó að þeir fengju ekki heildina.

Það að lesa upp svar sitt til hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur og segja að af því að þar hafi verið gefið í skyn að til greina kæmi að flytja einhvern hluta starfseminnar þá sé ráðherra þar með laus allra mála og laus undan því að virða erindi Húsvíkinga viðlits, er náttúrlega léleg afsökun líka. Og ráðherra svaraði því í engu hvers vegna ráðherrann upplýsti ekki um það nákvæmlega hvar málið stóð í þessari umræðu. Er hæstv. ráðherra að reyna að segja að sú hugsun að flytja þetta til Sauðárkróks hafi hvergi kviknað fyrr en eftir umræðurnar hér á dögunum? Og er það þá sannleikurinn allur? Það (Forseti hringir.) er eins gott að það liggi þá fyrir.

Frammistaða hæstv. ráðherra hér er ámælisverð, herra forseti. Það er skortur á góðra manna samskiptaháttum að svara ekki bréfum og virða erindi ekki viðlits. Hæstv. ráðherra hlýtur að skilja að Húsvíkingar sem áttu frumkvæði í þessu máli og töldu sig þar hvorki vera að troða illsakir við einn eða neinn né níða skóinn af neinum öðrum, eru sárir yfir því að svona er komið fram við þá.

[17:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta var gamalkunnur söngur hjá hv. 13. þm. Reykjavíkur. Hún telur vinnubrögð gagnvart starfsfólki veðdeildarinnar ámælisverð. Það á ekki að ámæla mér fyrir þau. Ef þau eru ámælisverð að einhverju leyti þá er að ámæla Landsbankanum, því að þetta eru ekki starfsmenn Húsnæðisstofnunar. Þetta eru starfsmenn Landsbanka Íslands. Veðdeild Landsbanka Íslands var verktaki hjá Húsnæðis-

stofnun og starfsmennirnir voru Landsbankans og heyrðu Landsbankanum til. Það er ekki mitt að kynna starfsfólki Landsbankans breytingar. (**JóhS:** Hefur ráðherrann engar skyldur við þetta fólk? Hefur ráðherrann engar skyldur?) Húsnæðisstofnun hefur ekki skyldur við þetta fólk. Íbúðalánasjóður hefur það ekki heldur. (**JóhS:** En viðskrh.?) Það er við hann að tala um það.

Starfsmennirnir vissu fyrir 18 mánuðum að búið væri að segja upp þessum samningi. Þeir vissu það fyrir 18 mánuðum. Forráðamenn Landsbankans töluðu þá um að unnt væri að finna fólkinu annan stað. Ég er viss um að þeir eru allir af vilja gerðir til að finna þeim önnur störf innan bankans.

Erindi Húsvíkinganna hefur náttúrlega verið svarað. Húsvíkingunum hlaut að vera ljóst hvað ég sagði við hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, ef þeir hafa haft nokkurn einasta áhuga á málinu eða nokkur alvara verið í þeirra málflutningi. Til mín bárust engin erindi um að flytja eitt eða neitt til Sauðárkróks fyrr en eftir umræður okkar hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Ég veit ekki hvað menn hugsa á Sauðárkróki, hvenær hugmyndin kviknaði hjá þeim en þeir létu mig ekki vita af henni fyrr en eftir að þessi ræða var flutt.

[17:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér fannst koma fram í máli hæstv. ráðherra að honum finnst honum ekkert koma við hvað verði um fólkið hjá veðdeildinni. Málið er þannig vaxið, ef ég skil málið rétt, að forsvarsmenn Landsbankans vissu ekki að viðræðunum hefði verið slitið og búið væri að semja við Sauðárkrók um þetta mál. Hvernig áttu þeir þá að geta tilkynnt starfsfólkinu um að þeir mundu ekki ná samningi varðandi áframhaldandi starfsemi veðdeildarinnar?

Vissulega ber ráðherrann ábyrgð á því að starfsfólkið hefur þurft að hlusta á það í fréttum að það væri búið að missa vinnuna. Ég ítreka ósk mína um að hér fari fram utandagskrárumræða við fyrsta tækifæri, þar sem bæði viðskrh., ráðherra bankamála, og ráðherra og atvinnumála hér í landinu verði viðstaddir. Þörf er á ítarlegri umræðu um það hvernig ráðherra getur leyft sér, af mikilli óskammfeilni, að fara með starfsfólk sem um áratuga skeið hefur unnið hjá veðdeildinni. Þetta eru manneskjur sem eiga rétt á því að eðlilega verði að þessum málum staðið.

Ég vil ítreka, herra forseti, að þó ráðherrann sé að tala um sparnað í þessu efni þá fullyrði ég að þó ríkið kunni að spara á þessu er kostnaði í formi aukinna þjónsutugjalda velt yfir á skuldara íbúðalána. Enn eru ekki öll kurl komin til grafar í þessu máli. Málið hlýtur að verða tekið upp aftur á hv. Alþingi og eftir því hefur verið leitað.

[17:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Undirbúningsnefnd Íbúðalánasjóðs átti þráfaldlega fundi með fyrirsvarsmönnum Landsbankans og leitaði eftir breytingu á samningnum. Þeim var neitað um breytingu á samningnum, þeim var boðinn óbreyttur samningur. (**JóhS:** Var fullreynt?) Það var fullreynt, já. (**JóhS:** Fullyrðir ráðherrann það?) Ég fullyrði það. Fyrir síðustu mánaðamót var þessum viðræðum endanlega lokið og forráðamenn Landsbankans sögðu fólkinu formlega upp. Mér kemur það mjög á óvart ef einhverjir hafa frétt það í fjölmiðlum að þeim væri sagt upp. Þeir óskuðu eftir að endanlegt svar kæmi frá undirbúningsnefndinni fyrir mánaðamót svo þeir gætu sagt fólkinu upp formlega. Þeir fengu svarið og það var þeirra að ganga siðsamlega frá uppsögnunum.

[17:34]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Mig langar rétt að benda á það í leiðinni að það þarf engar áhyggjur að hafa af störfum hér á Reykjavíkursvæðinu, þar sem kappnóg vinnuframboð er. Út koma heilu blöðin af Morgunblaðinu þar sem auglýst er eftir fólki í vinnu, skrifstofustörf og hvað eina, bankastörf. Til hvers að hafa áhyggjur af atvinnumálum á þessu svæði? Það eru allt önnur svæði á landinu sem hafa liðið fyrir skort á atvinnu.

Því skulum við fagna því að hægt sé að deila svona fyrirtækjum eða stofnunum út um landið eins og nú er verið að gera.

Um fundarstjórn.

Mælendaskrá í utandagskrárumræðu.

[17:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst það verði að gilda jafnræði milli málshefjanda og þess sem fyrir svörum er. Ef ráðherrann fær að taka þrisvar til máls og bregðast við og svara þá finnst mér ósanngjarnt annað en að hið sama gildi um málshefjanda. Ef á annað borð er horfið frá þeirri skipan að leyfa ekki umræður eftir að málshefjandi og ráðherra hafa tekið til máls seinna skiptið, þá tel ég ekki annað ganga en að gætt sé jafnræðis milli þeirra.

Það eru atriði í máli hæstv. ráðherra sem komu hér fram í síðustu ræðu hans sem ég hefði gjarnan viljað svara og hefði ekki átt minni rétt til en aðrir.

Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, 1. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 217.

[17:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera. Frv. er nú flutt í annað sinn á þessu kjörtímabili en það hlaut vandlega meðferð á síðasta þingi.

Í upphafi tel ég rétt að gera nokkra grein fyrir þeirri stefnu sem eftirlitsmál og reglusetningarvald opinberra aðila hefur tekið á undanförnum árum. Í flestum iðnvæddum ríkjum heims hefur hið opinbera teygt sig lengra inn í atvinnulíf og raunar líf borgaranna undanfarna áratugi en áður hefur þekkst. Starfrækt er opinbert eftirlit með sífellt fleiri þáttum og reglusetning opinberra aðila felst í æ nákvæmari fyrirmælum.

Óþarft er að finna þessari þróun allt til foráttu. Að mörgu leyti er hún eðlileg og oft jákvæð. Með betri þekkingu og opnara samfélagi, upplýsingasamfélagi, hefur vitund fólks vaknað um ýmis þjóðþrifamál, svo sem umhverfisvernd, neytendamál og vinnuöryggi. Við stjórnmálamenn viljum láta gott af okkur leiða í þessum málaflokkum sem öðrum. Því bregðum við oft á það ráð að setja eftirlitsreglur til að ná fram markmiðum sem okkur þykja göfug og í þágu almannaheilla.

Oft leiðum við hins vegar hjá okkur aðra hlið slíkra mála. Hún er sú að nákvæmar og smásmugulegar reglugerðir og opinbert eftirlit geta haft óhagræði og ófrelsi í för með sér.

Almenningur og fyrirtæki hafa þá minna svigrúm til að skipa málum eftir eigin höfði. Reglusetningunum fylgir um leið óhófleg sóun, margvíslegur kostnaður og hægari framþróun. Samskipti atvinnulífsins við opinberar eftirlitsstofnanir geta verið langvinn og kallað á dýra sérfræðiráðgjöf. Eins geta eftirlitsgjöld verið í litlu samræmi við eðlilegan kostnað við eftirlitið og kæruleiðir eru oft óljósar. Eftir því sem kvöðum hins opinbera fjölgar eru meiri líkur á að einstök reglusetning, sem ein og sér er kannski skynsamleg, sé skaðleg í samspili við aðra þætti regluverksins.

Þar að auki er réttarstaða manna víða óljós. Til eru dæmi um það hérlendis að ekki sé hægt að uppfylla eina reglugerð án þess að brjóta aðra. Víst er að virðing manna fyrir lögum og reglum eykst ekki við slík tilvik. Þá er hvimleið sú árátta að gefa fyrirmæli um sjálfsagða hluti. Í nýlegri reglugerð var þannig tekið fram að niðurfall í gólfi skuli að jafnaði vera þar sem gólfið er lægst.

Ekki hefur farið fram formleg greining á þeim kostnaði sem eftirlitskröfur hins opinbera valda hérlendis. Ljóst er þó að þessi óbeina skattheimta getur numið ótrúlega háum upphæðum. Í Bandaríkjunum er t.d. talið að kostnaður almennings og fyrirtækja vegna regluverksins vestra jafngildi frá fjórðungi til helmings af útgjöldum fjárlaga ríkisins. Öruggt má telja að við Íslendingar erum ekki eins langt komnir á braut reglustýringar en þessi kostnaður skiptir miklu hérlendis engu að síður. Með EES-samningnum, sem í heild sinni var hagstæður samningur, höfum við þurft að taka upp fjölda opinberra fyrirmæla sem okkur þóttu áður ónauðsynleg.

Reyndar virðist sem við höfum ekki alltaf athugað að þeim skuldbindingum sem við höfum undirgengist er oft hægt að fullnægja á annan hátt en þann að taka hrátt upp eftirlitsreglur Evrópusambandsins. Leiða má að því getum að við höfum lögleitt fleiri reglusetningar en skuldbindingar okkar vegna samningsins kröfðust. Í öðrum efnum höfum við reynst kaþólskari en páfinn. Þá er ljóst að stofnun eins og Eftirlitsstofnun ESA telur sér ekki skylt að gæta jafnræðis gagnvart Evrópusambandinu í störfum sínum.

Með öðrum orðum er greinilegt að bæði vegna EES-samningsins og almennrar þróunar hins opinbera hérlendis þarf að endurhugsa eftirlitskvaðir og regluverk hins opinbera með það fyrir augum að halda í lágmarki óhagræði almennings og fyrirtækja. Í því sambandi þarf að viðhafa þá meginreglu að hafna takmörkunum á athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist. Efnahagsleg afkastageta þjóðarinnar er að miklu leyti ákvörðuð af því svigrúmi sem hið opinbera veitir. Reglurnar eiga að vera til fyrir fólkið í landinu en ekki það fyrir regluverkið.

Herra forseti. Stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki er ekki ítarleg en hún er skýr. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er að finna stefnumál sem tengjast opinberri eftirlitsstarfsemi og reglusetningu. Þar segir meðal annars: „Dregið verði úr skrifræði í samskiptum borgaranna við stjórnvöld og óþarfa laga- og reglugerðarákvæði verða afnumin.“ Enn fremur segir: „Tryggt verður að eftirlitsaðilar íþyngi fyrirtækjum ekki um of með starfsemi sinni.“

Því frv. sem hér er mælt fyrir er ætlað að vinna að þessum markmiðum. Það er hins vegar ekki eingöngu ríkisvaldið eða núverandi ríkisstjórn sem er áfram um slíkar umbætur. Frumvarp þetta var fyrst unnið í tíð síðustu ríkisstjórnar. Í maí í fyrra skuldbundu ríki OECD sig til að vinna að umbótum í reglustýringu í löndum sínum og okkur Íslendingum er bæði ljúft og skylt að verða við því. Að auki hefur fjöldi aðila í þjóðfélaginu, sér í lagi úr atvinnulífinu, hvatt til þess að komið verði böndum á opinberar eftirlitskvaðir.

Frumvarpið kveður á um að ný íþyngjandi reglusetning skuli ekki samþykkt nema áður hafi farið fram greining sem gefi til kynna að kostnaður samfélagsins af breytingunni sé lægri ábatanum. Þá skulu eftirlitsreglur hafa takmarkaðan gildistíma svo sérstaklega þurfi að endurnýja þær. Hver reglusetning skal taka mið af þeim sem hún hefur áhrif á en ekki aðeins þeim sem setja hana og stýra henni.

Forsrn. skal hafa umsjón með framkvæmd laganna og forsrh. skipa nefnd sér til fulltingis við það verk. Hefðbundnar kæruleiðir vegna eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera munu þó ekki breytast við upptöku laganna né mun umsjón með rekstri opinberra eftirlitsstofnana færast til forsrn. Á vettvangi nefndar forsrh. verður hins vegar hægt að leggja grunn að stöðugum umbótum í setningu og framkvæmd eftirlitsreglna á vegum hins opinbera. Þegar þekkjast sjálfstæðar skoðunarstofur á ýmsum sviðum og ber að nýta kosti samkeppni milli faggildra aðila þar sem þess er kostur. Þar sem slíkri ráðstöfun verður komið við má gera ráð fyrir að ýmsar skoðunarstofur muni veita víðfeðmari eftirlitsþjónustu en hinar opinberu eftirlitsstofnanir geta. Fyrirtæki þurfa þó ekki að vænta heimsókna jafnmargra eftirlitsaðila og nú og kostnaður vegna samskipta við þessa aðila fer lækkandi.

Það er vandasamt að geta sér til um hverju umbætur af þessu tagi muni skila. Í þeim löndum sem búa við umfangsmikið regluverk gerir OECD ráð fyrir að verg landsframleiðsla aukist um 3–6% þegar umbótum í reglusetningu og reglustýringu hefur verið hrint í framkvæmd af metnaði. Hér á landi er ekki hægt að vænta jafnmikils vaxtar í kjölfar umbóta af þessu tagi þar sem reglubyrði fyrirtækja og almennings hér er talin talsvert minni en víða annars staðar. Hins vegar er ljóst að þróunin hér er hin sama og erlendis og því nauðsynlegt að takmarka vald opinberra aðila til óheftrar reglustýringar. Eins er bráðabirgðaákvæði í frv. sem kveður á um að endurskoða skuli núgildandi reglur á næstu þremur árum. Með þessum hætti má grisja reglugerðaskóginn í hinu íslenska hagkerfi og gæta þess að vaxtarbroddar nái upp úr því illgresi sem ofvaxið eftirlitsbákn getur orðið.

Herra forseti. Það er von mín að frv. þetta verði til þess að íslenska lagaumhverfið verði frekar en nú er byggt á einföldum og almennum grundvallarreglum. Nútímasamfélag er vissulega flókið og tekur örum breytingum. Ekki er endilega þar með sagt að lög og reglur þurfi að elta allar breytingar jafnharðan. Sé löggjöfin í upphafi byggð á skýrum gildum dregur úr slíkri þörf. Hið opinbera á ekki að flækja líf þegnanna meira en nauðsynlegt er. Eins og áður segir er hið opinbera til fyrir fólkið en ekki öfugt.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn.

[17:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. til laga um eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera í þessari umræðu en mun gera það við síðari umræðu. Frv. hefur áður komið fram á Alþingi og hefur að því er best verður séð tekið nokkrum breytingum til batnaðar frá því að það kom fyrst fram. En þó vil ég fara örfáum orðum um þá hugmyndafræði sem frv. er reist á og ég hef ýmsar athugasemdir við.

Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. er gengið út frá því að draga úr reglugerðaillgresinu, eins og hann komst að orði, hafa skýrar reglur og kostnað í lágmarki. Ég er að sjálfsögðu á þeirri skoðun að eðlilegt sé að hafa reglurnar skýrar og halda kostnaði eins litlum og gerlegt er, en þó lít ég svo á að það sé og eigi að vera á verkefnasviði opinberra aðila, sveitarfélaga og ríkis, að hafa eftirlit með höndum. Við höfum farið út á þá braut á síðari árum að draga úr slíku eftirliti. Frægar að endemum eru breytingarnar sem gerðar voru á Rafmagnseftirlitinu, sem var einkavætt og hefur verið gert í áföngum á síðustu árum. Þar er hugsunin sú að settar séu almennar skýrar reglur, verktökum gerð grein fyrir samkvæmt hvaða stöðlum þeir eigi að vinna og síðan séu refsiákvæði eða refsingar öllu heldur yfirvofandi ef þeir fullnægi ekki settum skilyrðum.

Þetta hljómar allt ágætlega eða getur gert það í eyrum margra veit ég, en niðurstaðan er síðan allt önnur. Úrtaksskoðanir á vegum Rafmagnseftirlitsins hafa valdið því að rafmagnseftirliti hefur stórhrakað í landinu þannig að margir hafa þungar áhyggjur af því hvert stefnir í þeim efnum og telja að heppilegra hefði verið að halda sig við það eftirlitsform sem áður var við lýði þar sem hver einasta veita — en það er hugtak sem notað er um íbúðir eða atvinnuhúsnæði — er skoðuð eins og áður var. Menn hafa áhyggjur af því t.d. í sveitum landsins að þar sé rafmagnseftirliti mjög ábótavant.

En andinn í frv. er sá andi sem einkenndi einkavæðingarbreytingarnar hjá Rafmagnseftirlitinu, að draga úr eftirliti á vegum opinberra aðila og keyra kostnaðinn niður. Ég tel þvert á móti að til að tryggja kröftugt og vel rekið þjóðfélag eigi að styrkja þetta eftirlit, styrkja eftirlit á vegum opinberra aðila. Ég tel að í stað þess að stíga þau skref sem gert er ráð fyrir með frv. eða þessum lagabreytingum hefði og ætti að ganga í gagnstæða átt. Vinnueftirlitið ber t.d. að styrkja, rafmagnseftirlit hefði átt að styrkja og þannig mætti áfram nefna önnur dæmi sem nauðsynlegt er að stíga í gagnstæða átt við það sem hér er lagt til.

Eins og ég sagði í upphafi sýnist mér við fyrstu sýn að einhverjar breytingar hafi verið gerðar á frv. frá því það kom fyrst fram og að þær séu til bóta. En ég tel mjög mikilvægt að þingið taki frv. til rækilegrar skoðunar og þar mun ég ekki láta mitt eftir liggja.

[17:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir þó að hann hafi vissulega haft stóra og mikla fyrirvara þar á, eins og svo sem vitað var. Afstaða hans var þekkt frá árinu áður.

Það er rétt hjá hv. þm. að málið hefur tekið nokkrum breytingum í framhaldi af meðförum þingsins. Menn hafa lagað sig nokkuð að athugasemdum sem þar voru gerðar. En meginhugsunin er ekki sú með frv. að reglugerðar- og eftirlitsvald ríkisins sé óþarft með öllu, fjarri því. Eins og menn kannski vita er ég fulltrúi flokks sem vill takmarka ríkisafskipti og ríkisstarfsemi. Ég er jafnframt fulltrúi þeirra sjónarmiða að þar sem ríkissamskipti, ríkiseftirlit og slík starfsemi á við, þar skuli hún vera öflug. En hins vegar eigi maður að takmarka hana við það sem nauðsynlegt er.

Það hefur gerst og það þekkir maður sjálfur og hefur því miður tekið þátt í því, bæði sem sveitarstjórnarmaður og síðan þingmaður og ráðherra, að setja reglur um starfsemi mannlífsins sem einstaklingarnir sjálfir eru miklu færari að fara með. Það er ákveðin tilhneiging til þess að skipa öllu niður í regluverk og þar með taka frumkvæðið og ábyrgðina af fólki. En á hinn bóginn eru til fjölmargir þættir í tilveru okkar sem mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að við tökum sameiginlega á okkur ábyrgð fyrir hönd fjöldans. Ég er því viss um að þó að okkur greini á um efni eins og þessi — og okkur mun örugglega greina á um þau áfram því að til þess erum við í stjórnmálum að láta okkar meginsjónarmið koma fram — þá getum við kannski fundið einhverja málamiðlun sem menn geta fallist á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:52]

Útbýting þingskjala:

Breyting ríkisfyrirtækja í hlutafélög, 215. mál, fsp. GÁS, þskj. 238.

Kjör ellilífeyrisþega, 216. mál, fsp. ÞHS, þskj. 239.

Ný störf á vinnumarkaði, 214. mál, fsp. GÁS, þskj. 237.

Skortur á starfsfólki í heilbrigðiskerfi, 217. mál, fsp. ÞHS, þskj. 240.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 205. mál. — Þskj. 223.

[17:52]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, ásamt síðari breytingum sem flutt er á þskj. 223 og er 205. mál þingsins.

Frv. þetta er unnið í umhvrn. í náinni samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands. Frv. sama efnis var lagt fram á Alþingi á 122. löggjafarþingi sl. vor til kynningar en ekki náðist að mæla fyrir því á því þingi. Frv. það sem hér er lagt fram er í megindráttum samhljóða því frv. sem lagt var fram á liðnu þingi en þær breytingar sem orðið hafa á frv. frá þeim tíma lúta að því að leggja niður stjórn stofnunarinnar sbr 2. gr. frv. og skilgreiningu á því hver séu aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar sbr. 3. gr. frv.

Megintilgangur með framlagningu frv. þessa er að gera breytingar á stjórn Náttúrufræðistofnunar þannig að stofnunin verði gerð sjálfstæðari en nú er og að ábyrgð forstjóra stofnunarinnar verði aukin. Þessar breytingar eru í samræmi við breytta stefnu í rekstrarmálum ríkisstofnana og um aukna ábyrgð forstjóra á innri málum stofnana ríkisins sem mótaðar eru í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Gerðar hafa verið breytingar á stjórnarfyrirkomulagi nokkurra stofnana sem heyra undir umhvrn. í samræmi við ofangreint. Sem dæmi má nefna að með lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, kom forstjóri í stað stjórnar sem var yfir Hollustuvernd ríkisins samkvæmt eldri lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988.

Ég mun nú gera grein fyrir efnisatriðum frv. Þar er fyrst að nefna að lagt er til að stjórn Náttúrufræðistofnunar verði lögð niður og að forstjóri stofnunarinnar komi í hennar stað og beri þær skyldur sem stjórnin hefur haft. Stjórn Náttúrufræðistofnunar hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar samkvæmt gildandi lögum. Hún hefur m.a. það hlutverk að fjalla um starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og fara yfir fjárhagsáætlanir setra og fylgjast með fjárhag þeirra og

ráðstöfun fjár. Hér er því lagt til að forstjóri stofnunarinnar beri alla ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Jafnframt er lagt til að gerðar verði kröfur til menntunar og starfsreynslu forstjóra stofnunarinnar en hann skal samkvæmt frv. þessu hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Engar kröfur eru gerðar til menntunar eða þekkingar forstjóra í gildandi lögum, sem hlýtur að teljast óeðlilegt þegar í hlut á stofnun sem byggir starfsemi sína á sérþekkingu á sviði náttúrufræði og um er að ræða fræðistofnun.

Einnig er lögð til sú breyting að forstjóri stofnunarinnar skipi forstöðumenn setra í stað ráðherra, eins og nú er. Þar sem forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands er eini embættismaður stofnunarinnar í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er hér lagt til, í samræmi við þau lög, að hann verði einn skipaður af ráðherra til fimm ára eins og samkvæmt gildandi lögum, en aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu ráðnir af forstjóra. Þessir formenn setra eru tveir. Setrin eru í Reykjavík og á Akureyri.

Lögð er til breyting á 4. gr. gildandi laga varðandi aðalverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands þannig að mælt sé fyrir um það í lögum að stofnunin skuli hafa það hlutverk að skrá berg- og jarðgrunna landsins með kerfisbundnum hætti og vinna að flokkun námasvæða eftir efni, magni, aðgengi, gæðum og verndargildi og skapa þannig grunn fyrir áætlun til langs tíma um nýtingu og verndun jarðefna á einstökum landsvæðum.

Sú breyting sem hér er gerð tillaga um er í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, sem staðfest var af ríkisstjórninni í febrúar 1997.

Að lokum er lögð til breyting á 15. gr. gildandi laga þannig að örverur, sem uppruna sinn eiga á jarðhitasvæðum, og erfðaefni þeirra megi ekki flytja úr landi nema með leyfi Náttúrufræðistofnunar Íslands og með þeim skilyrðum sem stofnunin setur hverju sinni.

Í samningnum um líffræðilega fjölbreytni, sem Ísland fullgilti 4. nóvember 1994 og tók gildi 11. desember sama ár er viðurkennt að þau verðmæti sem finna má í lífríki einstakra landa tilheyri upprunalandinu og að utanaðkomandi *sé óheimilt að hagnýta sér slík verðmæti án samþykkis* og eftirlits viðkomandi lands. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er verið að tryggja markmið samningsins að þessu leyti.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir þær breytingar sem koma fram í frv. og ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um þessi efni, enda mun hv. umhvn. taka málið til ítarlegrar umfjöllunar. Eins og komið hefur fram var frv. sama efnis lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi sem ekki gafst tími til að mæla fyrir þá. Ég legg því áherslu á að frv. nái fram að ganga fyrir áramót, ef nokkur kostur er, enda nauðsynlegt að gera þær breytingar sem frv. mælir fyrir um hið fyrsta. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[17:57]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er eitt af nokkuð mörgum andlýðræðislegum forstjórafrumvörpum þessarar ríkisstjórnar sem byggir í ofanálag á menntahroka. Hér er svo lítið fari fyrir — þetta rúmast allt á fjórum síðum — gert ráð fyrir því að henda stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir borð og leggja hana af. Menn hæla sér af því að þetta sé í anda þess sem framkvæmt hafi verið gagnvart öðrum stofnunum því hér segir í grg. með 2. gr., með leyfi forseta:

„Sem dæmi um þessa breyttu stefnu má nefna að með lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, kom forstjóri í stað stjórnar sem var yfir Hollustuvernd ríkisins.“

Ég minnist þess sl. vor að við afgreiddum hér á færibandi hvert frv. á fætur öðru þar sem ráðstöfun af þessu tagi var gerð. *Stjórnir stofnana voru settar af og forstjóraveldið aukið.* Mér finnst þetta vera mjög slæm og alvarleg þróun sem hér á sér stað og mér finnst þetta vera andlýðræðislegt.

Annað sem ég vildi gera athugasemd við eru þessi dæmalausu ákvæði um háskólamenntun. Öllu öðru fólki en því sem hefur háskólamenntun er úthýst. Ekkert er kveðið á um það hvers konar háskólamenntun er um að ræða. Maður sem er vel að sér í dönsku eða hefur próf upp á vasann í dönsku eða grísku eða stærðfræði *getur sótt um starf yfirmanns* Náttúrufræðistofnunar Íslands en þeim sem hefur ekki slíkan stimpil upp á vasann er úthýst.

Nú segir reyndar einnig í greininni að viðkomandi skuli hafa þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Þakka skuli að hann hafi þekkingu á verksviði stofnunarinnar, sem er meira en sagt er í lögum um ýmsar aðrar stofnanir. En mér finnst algerlega óaðgengilegt að samþykkja lagasmíð af þessu tagi þar sem óskilgreind *háskólamenntun* er aðgangsmiði að stofnunum ríkisins en öllu fólki er úthýst sem hefur ekki slíkan stimpil upp á vasann þó það kunni að búa yfir sambærilegri þekkingu sem aflað er á annan hátt gegnum reynslu eða með einhverjum öðrum hætti. Mér finnst þetta vera algerlega óaðgengilegt.

Ég er líka mjög gagnrýninn á þá stefnu sem verið er að festa í sessi með þessu frv. og öðrum sem ég hef nefnt að draga úr lýðræðislegri stjórnun stofnana en festa forstjóraveldið í sessi.

[18:01]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að mér dugi andsvar til þess að láta í ljósi viðhorf mín til ummæla hv. þm. Þakka honum út af fyrir sig fyrir að koma í umræðurnar og taka þátt í þeim og veita málinu athygli.

Ég tel ekki að frv. geti kallast andlýðræðislegt, spurning um menntahroka. Gerð er krafa um háskólamenntun en eins og ég gat um í framsöguræðu minni er þetta fræðistofnun á sviði náttúrufræða þar sem mikilvægt er að forsvarsmenn hafi góða þekkingu á þeim málum og því sviði sem verið er að fjalla um. En almennt er ég hins vegar sammála hv. þm. um viðhorf hans til þess að gera afdráttarlausa kröfu til þess að háskólamenntun sé einhver aðgangsmiði að stjórnunarstörfum. Ég er sammála því sem kom fram í máli hv. þm. en taldi að vegna eðlis þessarar stofnunar væri réttlætanlegt eða rétt að setja það hér inn, og lít svo á að í setningunni, sem er kannski ekki nógu nákvæm, felist það sem hv. þm. vitnaði til og ég leyfi mér að gera, með leyfi forseta:

„Forstjóri skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar.“ Úr því má lesa að það skuli vera háskólamenntun á verksviði stofnunarinnar en ekki kannski bara danska, heldur miklu fremur náttúrufræði eða annað sem tengist Náttúrufræðistofnuninni sem slíkri og verkefnum hennar þó danska eða önnur háskólamenntun sé auðvitað líka mikilvæg og góðra gjalda verð sem slík.

Um sumt erum við því sammála í þessu og athugasemdum hv. þm., en ég gef þessa skýringu á afstöðu minni til þess máls.

Varðandi stjórnir undirstrika ég og ítreka aftur að verið er að fara að þeim anda sem er í lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Auðvitað geta menn haft skiptar skoðanir um hvort þar var rétt að málum staðið. En hér er fyrst og fremst verið að færa mál til samræmis og þyrfti að taka þau öll fyrir, þ.e. samræmda heildarstefnu um það hvort stjórnir skuli vera í opinberum stofnunum eða ekki. Því miður liggur það ekki fyrir.

[18:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi finnst mér ánægjulegt og gott að heyra viðhorf hæstv. ráðherra til þess sem ég hef kallað menntahroka og misskildar kröfur sem menn eru að setja fram til ráðningar í forstjórastörf í opinberum stofnunum. En staðreyndin er sú að þetta er ekki einskorðað við þessa tilteknu stofnun heldur á þetta almennt við um stofnanir ríkisins, að þar hefur þetta lagaákvæði verið sett inn og án nokkurra skilgreininga eða takmarkana. Ég hef áður gagnrýnt þetta og lýst yfir andstöðu við það.

Það er rétt að það er í anda laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sem voru samþykkt á sínum tíma, að auka forstjóraræðið, forstjóraveldið, og draga úr lýðræðislegri stjórnun. Hins vegar er ekkert í þessum lögum, að því ég man best eftir, sem bannar að í stofnunum séu stjórnir og að þessar stofnanir lúti lýðræðislegu valdi slíkra stjórna. Það er því ekki af neinni lagalegri nauðsyn sem stjórnir stofnana á borð við þessa, Náttúrufræðistofnun ríkisins, eru settar af. Því vil ég mótmæla.

[18:05]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé rétt hjá hv. þm. að það er ekkert í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða starfsmannalögunum, eins og við köllum þau stundum, sem kveður á um það hvort stjórnir skuli vera eða ekki. Það er í raun slæmt að ekki skuli vera eitthvert samræmi í því. Svo er ekki. Það er mjög mismunandi hvort opinberar stofnanir eru með stjórn. Jafnvel er til nýleg löggjöf þar sem settar hafa verið stjórnir, sem voru ekki áður, og í sumum tilvikum er enn verið að tala um hvort ekki sé eðlilegt að setja stjórnir yfir einstakar opinberar stofnanir. Það getur auðvitað líka farið eftir eðli stofnananna hvort það skuli vera eða ekki.

Hvað varðar þá stjórn sem nú er yfir Náttúrufræðistofnun Íslands þá tel ég að það sé mjög óeðlilegt form því að það er svo að það er áskilið í lögunum að starfsmenn stofnunarinnar skuli sitja í stjórninni sem eru að sjálfsögðu þar með og eðli málsins samkvæmt undirmenn forstjórans. Það finnst mér ekki eðlilegt form á stjórn og því var a.m.k. ákveðið að gera breytingu á stjórnarforminu. Að því athuguðu taldi ég rétt að stíga skrefið til fulls og gera það í samræmi við önnur mál sem ég hef m.a. beitt mér fyrir, samanber það sem vitnað var til um lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem heitir nú hollustuhættir og mengunarvarnir. Þar var stjórn lögð niður og ég taldi að það væri líka eðlilegt að gera það þá til samræmis af því ég taldi nauðsynlegt að gera á annað borð breytingar á stjórninni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–2. og 5.–6. mál.

Fundi slitið kl. 18:08.

---

22. FUNDUR

miðvikudaginn 11. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, stjfrv., 199. mál, þskj. 217. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Náttúrufræðistofnun Íslands, stjfrv., 205. mál, þskj. 223. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Bann við kynferðislegri áreitni, frv., 24. mál, þskj. 24. — 1. umr.
4. Húsnæðissparnaðarreikningar, frv., 61. mál, þskj. 61. — 1. umr.
5. Siglingalög, frv., 80. mál, þskj. 80. — 1. umr.
6. Vinnuumhverfi sjómanna, þáltill., 81. mál, þskj. 81. — Fyrri umr.
7. Vinnumarkaðsaðgerðir, frv., 85. mál, þskj. 85. — 1. umr.
8. Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, þáltill., 86. mál, þskj. 86. — Fyrri umr.
9. Átak til að draga úr reykingum kvenna, þáltill., 95. mál, þskj. 95. — Fyrri umr.
10. Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, þáltill., 98. mál, þskj. 98. — Fyrri umr.
11. Jafnræði kynja við fjárveitingar til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfs, þáltill., 193. mál, þskj. 209. — Fyrri umr.
12. Stofnun þjóðbúningaráðs, þáltill., 203. mál, þskj. 221. — Fyrri umr.
13. Þriggja fasa rafmagn, þáltill., 204. mál, þskj. 222. — Fyrri umr.
14. Smásala á tóbaki, þáltill., 206. mál, þskj. 224. — Fyrri umr.
15. Tóbaksverð og vísitala, þáltill., 207. mál, þskj. 225. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,

Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá borgarstjórn Reykjavíkur.
Erindi frá bæjarstjórn Hornafjarðar.

[13:31]

Útbýting þingskjala:
Aðgerðir gegn peningaþvætti, 226. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 253.
Aðskilnaður rannsóknastofnana, hagsmunasamtaka og ríkisvalds, 218. mál, þáltill. ÓHann o.fl., þskj. 241.
Embættiskostnaður sóknarpresta, 232. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 259.
Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, 229. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 256.
Framkvæmd fjármagnstekjuskatts, 36. mál, svar fjmrh., þskj. 236.
Framlög til Æskulýðssambands Íslands, 133. mál, svar menntmrh., þskj. 245.
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 223. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 250.
Orkusjóður, 225. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 252.
Staðfest samvist, 212. mál, frv. ÓÖH o.fl., þskj. 234.
Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, 230. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 257.
Stuðningur við konur í Bosníu, 213. mál, þáltill. KÁ og DH, þskj. 235.
Tekjuskattur og eignarskattur, 219. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 244.
Tryggingagjald, 228. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 255.
Vegabréf, 231. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 258.
Verðbréfasjóðir, 224. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 251.

Athugasemdir um störf þingsins.

Breyting á stjórnsýslu lögreglustjóraembættisins.

[13:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í fyrirspurnatíma í síðustu viku spurði ég hæstv. forsrh. hvort hann eða ríkisstjórnin hygðist taka fram fyrir hendur á hæstv. dómsmrh. ef fram færi sem horfði að framkvæmdar yrðu umfangsmiklar skipulagsbreytingar í stjórnsýslu lögreglunnar í trássi við lög.

Í svari hæstv. forsrh. kom tvennt fram. Í fyrsta lagi að þessar skipulagsbreytingar í stjórnsýslu lögreglunnar hefðu ekki verið ræddar í ríkisstjórn. Og í öðru lagi að ef skipurit og lög stönguðust á giltu lögin.

Ég hef sýnt fram á að þær skipulagsbreytingar sem VSÓ-verkfræðistofan hefur lagt til varðandi stjórnsýslu lögreglunnar stangast á við lög, 6. gr. lögreglulaga. Nú hefur komið á daginn að verið er að framkvæma skipulagsbreytingar í samræmi við ráðleggingar VSÓ-verkfræðistofunnar.

Ég vil vekja athygli Alþingis á þessum vinnubrögðum og leyfi mér hér með að fara fram á að í næstu viku fari fram umræður í þinginu vegna þessara vafasömu vinnubragða. Ég beini því til hæstv. forseta að athygli ríkisstjórnarinnar og forsrh. verði vakin á þessu máli.

[13:35]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti hefur heyrt tilmæli hv. þm. og mun gera ráðstafanir í þá átt sem hann biður um. Þess skal getið að nefndir ráðherrar, hæstv. dómsmrh. og hæstv. forsrh., eru erlendis í dag.

Bann við kynferðislegri áreitni, 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 24. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 24.

[13:36]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um bann við kynferðislegri áreitni þriðja þingið í röð. Um er að ræða breytingu á tveimur lagabálkum, þ.e. breytingu á jafnréttislögum og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Áður en ég kem að þingskjalinu sjálfu langar mig, herra forseti, að vekja athygli á því hve andrúmsloftið og viðhorfin til kynferðislegrar áreitni hafa breyst gífurlega mikið frá því ég fjallaði um kynferðislega áreitni í sölum Alþingis utan dagskrár árið 1995, um það leyti sem svokallað biskupsmál var í algleymingi. Þá heyrðust þær raddir að óviðeigandi væri að fjalla um kynferðislega áreitni úr stól Alþingis.

Síðan hefur mikið gerst á þessu sviði þó að Alþingi hafi ekki enn séð ástæðu til að samþykkja breytt lög eða tillögur um aðgerðir á þessu sviði. Fljótlega eftir utandagskrárumræðuna sem ég nefndi áðan lagði ég fram till. til þál. um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni. Sú tillaga var ekki samþykkt en hefur verið töluvert rædd í þjóðfélaginu og notuð til leiðbeininga fyrir þær stofnanir sem eru af alvöru að taka á þessum málum. Full þörf er á að endurflytja þá tillögu jafnvel þótt það frv. sem nú er til umræðu verði samþykkt því stofnanir skortir hvatningu til fræðslu og til að koma sér upp skýrum farvegi fyrir mál af þessu tagi. Þó má benda á að í nýútkominni bók um kynferðislega áreitni á vinnustöðum sem kom út í þessari viku á vegum skrifstofu jafnréttismála og Vinnueftirlits ríkisins er að finna mjög góðar leiðbeiningar bæði fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga til að taka á áreitni á vinnustöðum og mun ég koma nánar að því síðar í máli mínu.

Þau fyrirtæki og stofnanir sem þegar hafa tekið af festu á þessum málum eru t.d. Íslandsbanki, þjóðkirkjan og biskupsstofa en þau hafa nú skipað bæði jafnréttisnefnd og sérstaka áætlun sem snertir kynferðislega áreitni og er það vel og til eftirbreytni. Þá má nefna samtök verslunarinnar og Verslunarmannafélag Reykjavíkur sem hafa fjallað um þessi mál sérstaklega í starfshópi og gefið út veggspjald og bækling þar sem gerð er grein fyrir hvernig kynferðisleg áreitni birtist, hvaða afleiðingar hún kann að hafa og mögulegar ráðstafanir innan fyrirtækja. Þessi bæklingur er mjög aðgengilegur og mjög til fyrirmyndar að hann skuli hafa verið gerður. Sérstaklega er líka áhugavert að samtök verslunarinnar taki sig saman því þetta er oft mjög erfitt mál á litlum vinnustöðum þar sem kannski er aðeins einn eða tveir starfsmenn auk atvinnurekenda ef um það er að ræða. Ég tel að þetta átak þeirra

hjá samtökum verslunarinnar sýni vel hve verkalýðsfélögin gegna miklu hlutverki og trúnaðarmenn á vinnustöðum ættu að vera alveg lykilaðilar á þessu sviði.

Háskóli Ísland hefur þurft að glíma við vandamál af þessum toga eins og flestir háskólar í heiminum. Hann hefur núna skipað fastanefnd um jafnréttismál sem m.a. vinnur að því að kvartanir um kynferðislega áreitni fái skýra og viðunandi málsmeðferð innan skólans. Mér finnst þó að nokkuð vanti á innan háskólans að málin séu komin í jafnskýran farveg og t.d. hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og vonast ég til að sjá bækling eða annað af þeim toga þar.

Ég sé fyrir mér að allir skólar, ekki bara Háskóli Íslands, þyrftu í raun að gera hið sama og aðrir vinnustaðir og því væri mjög eðlilegt að kennarasamtökin brygðust við eins og önnur verkalýðsfélög. Kynferðisleg áreitni getur átt sér stað á milli nema og kennara víðar en í háskólum. Og fjölmargar erlendar rannsóknir eru til um slík vandamál á milli kennara eins og milli starfsmanna í öðrum fyrirtækjum og stofnunum yfirleitt.

Fljótlega eftir að þessi þáltill. var lögð fram lagði ég fram fyrstu útgáfuna af því frv. sem nú er til umræðu, þ.e. á þinginu 1995–1996. Það frv. var síðan lagt aftur fram á síðasta þingi eftir ítarlega umsögn fjölmargra stofnana og nefnda í þjóðfélaginu sem almennt voru mjög fylgjandi því að samþykkja þetta frv. um bann við kynferðislegri áreitni. Sama vil ég segja um fjölmarga einstaklinga sem hafa haft samband við mig út af þessum málum og það er alveg ljóst að það sem við heyrum er bara toppurinn á ísjakanum.

Þrátt fyrir þessar góðu undirtektir flestra stofnana úti í bæ hefur stjórnarmeirihlutinn á Alþingi ekki verið því sammála að samþykkja frv. Því hefur málið setið fast í nefnd og þinginu hefur ekki gefist tækifæri til að greiða atkvæði um málið, enda alls ekki sama hvort mál af þessu tagi kemur frá stjórn eða stjórnarandstöðu. Örlög stjórnarandstöðumála eru oftast þau að deyja í nefndum þó að þau geti haft veruleg áhrif á umræðuna í þjóðfélaginu. Ég vil ekki vera óréttlát gagnvart stjórnvöldum heldur líta nánar á þeirra aðgerðir. Í því sambandi vil ég nefna einkum þrennt sem tengist afstöðu þeirra til kynferðislegrar áreitni.

Í fyrsta lagi segir í framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna frá árinu 1993 að gera eigi könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og á grundvelli hennar ætti síðan að sporna við ástandinu ef ástæða þætti til. Sú könnun var gerð árið 1996 og niðurstöður hennar birtust nýlega eins og áður sagði og er það vel. Ég kem nánar að því á eftir.

Í öðru lagi segir í núgildandi framkvæmdaáætlun um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna frá 1998–2001 í lið 3.15:

„Félagsmálaráðuneytið mun beita sér fyrir því að unnin verði áætlun eða lagt verði fram frumvarp til laga sem hafi það að markmiði að útrýma kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og í skólum."

Í þriðja lagi að þótt þetta frv. mitt hafi ekki hlotið framgang á Alþingi sl. tvö ár, né heldur tillagan um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum, sá hæstv. ráðherra jafnréttismála, Páll Pétursson, ástæðu til að koma með yfirlýsingu um það í fyrri viku að til standi að setja inn ákvæði um bann við kynferðislegri áreitni í þau jafnréttislög sem eru nú í smíðum, þ.e. stjórnvöld hafa loks viðurkennt að slík lögfesting sé æskileg og í takt við löggjöf nágrannalandanna. Ætlunin er að koma með stjórnarfrv. um málið einhvern tímann á þessu þingi. Fróðlegt verður að sjá hvort þetta frv. kemur fram og hlýtur afgreiðslu á þessu kjörtímabili, ef ekki þá hafa stjórnvöld þann kost að afgreiða það frv. sem er til umræðu og hefur verið síðustu þrjú ár.

Í fjórða lagi varðandi aðkomu íslenskra stjórnvalda tek ég fram að skrifstofa jafnréttismála hefur unnið markvisst og vel að þessum málum, bæði með útgáfu sérstaks bæklings um kynferðislega áreitni, með þátttöku í áðurnefndri könnun og útgáfu á henni. Þá má benda á að í ágætum bæklingi skrifstofu jafnréttismála um jafnréttisáætlanir, sem er nýlega kominn út, er á bls. 14 fjallað skilmerkilega um kynferðislega áreitni á vinnustað.

Herra forseti. Hér er að mínu mati enn eitt dæmið um áhrif stjórnarandstöðu og kannski ekki síst um áhrif okkar kvennalistakvenna á jafnréttismálaumræðuna. Við komum fyrstar með frv. eða hugmyndir sem ná ekki fram að ganga en smám saman hafa þessi mál áhrif á umræðuna af því þau eru oft í takt við það sem er að gerast í þjóðfélaginu og í nágrannalöndunum og smátt og smátt taka stjórnvöld þessi mál upp á sína arma og gera þau að sínum. Er það vel ef þau komast einhvern tímann í gegn. Vissulega þurfa mál af þessu tagi ákveðinn gerjunartíma og líklega er þjóðfélagið almennt mun tilbúnara nú en fyrir þremur árum að taka af festu á þessum málum sem vefjast þó enn fyrir fólki. Mér virðist ekki síst hafa orðið mikil breyting á afstöðu fréttamanna sem voru fullir efasemda um málið í upphafi en það er eins og þeir skilji mun betur nú um hvað málið snýst og séu tilbúnir að ræða það málefnalega en ekki með skætingi.

Herra forseti. Ég ætla þá að snúa mér að þingskjalinu. Það er þskj. 24, 24. mál, frv. til laga um bann við kynferðislegri áreitni. Flm. auk mín eru Sigríður Jóhannesdóttir, Hjálmar Árnason, Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Össur Skarphéðinsson.

Frv. er stutt. Það er eingöngu þrjár efnisgreinar auk gildistökugreinar og ég ætla því að lesa þær en 1. gr. er um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og þar segir:

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein sem orðist svo: „Kynferðisleg áreitni á vinnustað og í skóla er bönnuð. Atvinnurekendur og yfirmenn skulu gera sérstakar ráðstafanir til að sporna við því að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar í trúnaðarsambandi verði fyrir kynferðislegri áreitni eða annarri ósæmilegri framkomu á vinnustað eða í skólum."

Síðan kemur skilgreining á kynferðislegri áreitni og hún er inni í frumvarpsgreininni og það er mjög mikilvægt:

„Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu, hvort sem hún er líkamleg, orðbundin eða myndræn, og sem haldið er áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt."

Í athugasemdum með þessari grein segir m.a. að þarna sé „lagt til að inn í jafnréttislögin komi skýrt bann við kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og í skólum og að atvinnurekendur og yfirmenn skuli gera sérstakar ráðstafanir til að sporna við því að starfsfólk, nemar eða skjólstæðingar í trúnaðarsambandi verði fyrir kynferðislegri áreitni og annarri ósæmilegri framkomu á vinnustað eða í skólum. Gert er ráð fyrir að vitneskja atvinnurekenda sé forsenda bótaskyldu hans [og með því er ég að vísa í hún kemur skýrt fram í jafnréttislögunum], þ.e. starfsmaður, nemi eða skjólstæðingur þarf að láta atvinnurekanda, yfirmann skóla eða

stofnunar vita að hann verði fyrir kynferðislegri áreitni til að viðkomandi fái tækifæri til að beita öllum nauðsynlegum ráðstöfunum til að stöðva athæfið. Einungis ef hann gerir það ekki verði atvinnurekandi eða yfirmaður bótaskyldur þó að athafnir gerandans séu ætíð refsiverðar." — Þess vegna er mjög mikilvægt að atvinnurekendur bregðist skjótt við ef lagaákvæði af þessu tagi er samþykkt. Þeir verða í raun og veru að koma upp ákveðnum farvegi innan fyrirtækja sinna.

„Hins vegar er hér verið að lögfesta skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Skilgreiningin er byggð á þeim megineinkennum kynferðislegrar áreitni sem reynsla og rannsóknir sýna að skipta meginmáli, þ.e. að um óvelkomna hegðun er að ræða að mati viðkomandi einstaklings, og að hegðunin er endurtekin þrátt fyrir það að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Stuðst er m.a. við skilgreiningar og leiðbeiningarreglur Evrópusambandsins um kynferðislega áreitni. Eitt tilvik getur þó talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt og því þykir rétt að bæta því við skilgreininguna." — Þetta er í samræmi við reglur Evrópusambandsins og fleiri.

„Með orðalaginu „annarri ósæmilegri framkomu" er m.a. átt við einelti í víðari merkingu en einnig má benda á ákvæði 209. gr. almennra hegningarlaga um brot gegn blygðunarsemi." Þetta var um 1. gr. frv.

Í 2. gr. er líka lögð til breyting á jafnréttislögunum og þar segir:

Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

„Atvinnurekendum, yfirmönnum, samstarfsmönnum og kennurum er óheimilt að láta kvartanir starfsfólks eða nema um kynferðislega áreitni eða kynjamismunun bitna á starfi þeirra eða námi, starfsöryggi, starfskjörum eða mati á árangri í starfi eða námi." Þessi grein er efnislega svipuð 22. gr. sænsku jafnréttislaganna og skýrir sig að mestu leyti sjálf.

3. gr. frv. er um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum frá 1980 og lagt er til að hún hljóði svo:

„C-liður 65. gr. laganna orðast svo: stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna. Ákvæði þetta á m.a. við bann við kynferðislegri áreitni og annarri ósæmilegri framkomu sem beinist að kynferði einstaklinga."

Hér er lagt til að breyting verði gerð á c-lið 65. gr. þessara laga. Þetta ákvæði á sér samsvörun í norsku vinnuverndarlöggjöfinni en þar segir að starfsmenn skuli ekki verða fyrir kynferðislegri áreitni eða annarri ósæmilegri hegðun. Í greinargerð með norska frumvarpinu er vísað í það megineinkenni kynferðislegrar áreitni að það sé óvelkomin hegðun að mati þess sem fyrir henni verður. Þetta kemur líka fram í skilgreiningu Evrópusambandsins, þ.e. sá sem verður fyrir áreitinu verður sjálfur að meta hvað er áreitni og hvað ekki. Það sem einn þolir, t.d. eitthvert káf eða klámplaköt á veggjum á vinnustöðum, þolir ekki annar og það er því hvers og eins að segja: Þetta finnst mér niðurlægjandi, þetta finnst mér óþægilegt. Ég óska eftir að þetta verði tekið niður. Allir eru sammála því að þessar skilgreiningar verði að byggjast á mati hvers og eins. Enda er ekkert saknæmt ef fólk segir bara: Heyrðu, viltu gjöra svo vel að hætta að snerta mig eða viltu gjöra svo vel að taka þetta niður. Það er ekki fyrr en það er orðið endurtekið atferli að þarna fer að eiga sér stað einelti eða kynferðisleg áreitni.

Í 4. gr. segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það er lagt til að frv. verði þegar að lögum því um mjög brýnt mál er að ræða sem hefur væntanlega fyrirbyggjandi áhrif fyrir ýmsa aðila úti í atvinnulífinu, m.a. vegna þess að löggjöfin mun hvetja til þess að atvinnurekendur og stofnanir úti í þjóðfélaginu taki markvisst á þessum málum.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að tipla á meginatriðum úr grg. með frv. áður en ég kem síðan að niðurstöðum úr íslensku könnuninni sem eru mjög athyglisverðar en þessi könnun var einmitt birt í vikunni. Eins og segir í greinargerðinni, þar er minnt á að þetta frv. er lagt fram þriðja árið í röð og umsagnir hafa borist frá mjög mörgum aðilum og ég vil telja upp: Jafnréttisráð, Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, Alþýðusamband Íslands, jafnréttisráðgjafann í Reykjavík, jafnréttisfulltrúa Akureyrar, biskup Íslands, Vinnueftirlit ríkisins, Kvennaathvarfið, Kvenfélagasamband Íslands, Læknafélag Íslands, Stígamót, Kvennaráðgjöfina, félagsmálaráðuneytið, dóms- og kirkjumálaráðuneytið og laganefnd Lögmannafélags Íslands. Ef frá er talinn síðastnefndi aðilinn telja allir sem umsagnir sendu að löggjöf af þessu tagi sé þörf og langflestir mæla með að frv. verði lögfest óbreytt. Efnislegar athugasemdir komu einnig fram og tekið hefur verið mið af þeim þegar ástæða þykir til. Kynferðisleg áreitni hefur mikið verið til umfjöllunar, bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum, og ég ætla nú ekki að minnast á Bandaríkin í þessu sambandi. Ein ástæðan fyrir því að fólk er opnara fyrir umræðu um þessi mál núna en oft áður er örugglega það stórmál sem átt hefur sér stað hjá Clinton Bandaríkjaforseta. Ég vil af því tilefni vekja athygli á því að það sem gerðist væntanlega milli hans og Monicu Lewinsky var ekki kynferðisleg áreitni, og hvers vegna ekki? Jú, vegna þess að þarna var um að ræða aðila sem virtust báðir sáttir við það sem gerðist. Þá er ekki um kynferðislega áreitni að ræða. Hins vegar hafði Paula nokkur Jones sakað forseta Bandaríkjanna um kynferðislega áreitni og mér vitanlega er það mál ekki endanlega útkljáð fyrir dómstólum. En það er mjög mikilvægt að gera greinarmun á því að það er ekki áreitni ef báðir aðilar vilja. (**Gripið fram í:** Það liggur í hlutarins eðli.) Já, er það ekki? Gott.

Flest aðildarríki Evrópusambandsins hafa gripið til ráðstafana á þessu sviði, svo sem lagasetninga, fræðsluherferða eða leiðbeinandi reglna fyrir vinnustaði og menntastofnanir. Í Belgíu, Hollandi og Frakklandi hafa verið sett sérstök lög um kynferðislega áreitni og slík löggjöf er nú í undirbúningi í Austurríki og Hollandi. Í Svíþjóð og nokkrum öðrum Evrópuríkjum eru ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislögum og/eða í lögum um vinnuvernd, eins og t.d. í Noregi. Innan Evrópusambandsins er nú unnið að sérstakri tilskipun um kynferðislega áreitni sem væntanlega mun einnig taka til Evrópska efnahagssvæðisins. Það er því vissulega tímabært að við tökum með festu á þessum málum hér.

Ég er á því að ekki sé nauðsynlegt, a.m.k. ekki að svo stöddu, að við setjum sérstaka löggjöf um kynferðislega áreitni heldur sé eðlilegt að þetta fari inn í jafnréttislögin og vinnuverndarlöggjöfina eins og hér er lagt til. Í Svíþjóð og Noregi hefur það verið gert og haft það í för með sér að stofnanir hafa komið sér upp markvissum farvegi til að taka á þessum málum, hvort sem um er að ræða fyrirtæki, verkalýðsfélög, háskóla eða aðrar menntastofnanir.

Kynferðisleg áreitni var gerð refsiverð með lögum nr. 40/1992, um breyting á almennum hegningarlögum. Ákvæði þar að lútandi er að finna í 198. gr., 200. gr., 201. gr. og 202. gr. hegningarlaganna.

Ekki er að finna í lögum nr. 40/1992 skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Í grg. með frv. til laga um breyting á

almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, frá 1992 er hins vegar að finna skilgreiningu sem að mati okkar flutningsmanna þessa frumvarps er ekki nægjanlega skýr miðað við reynslu og rannsóknir á þessu fyrirbæri. Skilgreiningin í þeirri grg. er eftirfarandi:

„Um er að ræða háttsemi sem ekki telst slík misnotkun á líkama að hún komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt. Átt er við ýmiss konar káf, þukl og annars konar líkamlega snertingu og ljósmyndun af kynferðislegum toga." Þá segir í greinargerðinni að rétt þyki að veita slíkri háttsemi meiri athygli en áður og taka harðara á brotum. Ekki er gerð tillaga um að breyta fyrrnefndum ákvæðum almennra hegningarlaga þar sem rétt þykir að fá meiri reynslu af hvernig þau nýtast. Hér er lagt til að skilgreining á kynferðislegri áreitni verði lögbundin og að sú skilgreining, ef lögfest verður, verði lögð til grundvallar skýringu og túlkun þessara ákvæða almennra hegningarlaga til viðbótar við þá skilgreiningu sem er í greinargerðinni með lögum nr. 40/1992. Frá árinu 1992 hefur lítið reynt á fyrrnefnd ákvæði almennra hegningarlaga. Nýlega hafa þó fallið tveir dómar um kynferðislega áreitni. Athyglisvert er að í báðum dómunum er um karlmenn að ræða, þ.e. karlmenn að áreita karlmenn. Það er athyglisvert vegna þess að allar tiltækar kannanir benda til að konur verði mun oftar fyrir kynferðislegri áreitni en karlar. Hins vegar er greinilega erfiðara að sjá hvar mörkin liggja og konur virðast frekar veigra sér við að kæra þetta en karlar.

Það er eindregin skoðun flutningsmanna að mikilvægt sé að lögfesta skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Í skilgreiningunni sem sett er fram í 1. gr. frumvarpsins er áhersla lögð á það megineinkenni kynferðislegrar áreitni að hegðunin er óvelkomin. Það er því mat einstaklingsins sem ræður því hvaða hegðun er viðurkennd og hvaða hegðun er óvelkomin. Kynferðisleg hegðun verður áreitni ef henni er haldið áfram þrátt fyrir að það hafi verið gefið skýrt í skyn að hún sé óvelkomin. Þó getur eitt tilvik talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt. Hér er m.a. stuðst við eftirfarandi skilgreiningu og útlistun Evrópusambandsins á kynferðislegri áreitni í starfsreglum frá 1992 (Code of practice: On measures to combat sexual harassment). Ítarleg grein er gerð fyrir þeim í grg. með frv. og ætla ég ekki að lesa það hér.

Ef við víkjum að rannsóknum þá hafa rannsóknir í háskólum á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum bent til að 10–20% kvenna verði fyrir kynferðislegri árreitni í skólum en allt upp í 40% þegar um æðri námsgráður er að ræða. Meðal karla eru tölurnar töluvert lægri. Samkvæmt könnun jafnréttisnefndar Helsinkiháskóla árið 1995 töldu 10,8% starfsfólks og 5,5% stúdenta sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég mun ljúka máli mínu í annarri ræðu minni um málið.

[14:06]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Ekki eru aðrir á mælendaskrá og hv. 18. þm. tekur þá aftur til máls.

[14:07]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Það er eins gott að fara hér að þingsköpum og gera ræðuhlé til að allt sé nú eftir því sem vera ber. Við 1. umr. um mál er flutningsmanni heimilt að flytja fyrst ræðu í 30 mínútur og síðan í 15 mínútur. Ég hyggst nýta mér þann rétt nú þar sem um mjög mikilvægt mál er að ræða og mér er mikið niðri fyrir.

Ef við snúum okkur, herra forseti, nánar að rannsóknunum þá var ég að ræða um ástandið í háskólum erlendis þegar ég lauk fyrri ræðu minni. Ég var að segja frá því að samkvæmt könnun jafnréttisnefndar Helsinkiháskóla árið 1995 töldu 10,8% starfsfólks og 5,5% stúdenta sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Af þeim voru 78% starfsfólksins og 70% stúdentanna konur.

Bandarískar rannsóknir á vinnustöðum benda almennt til að um 40% kvenna og um 15% karla verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustöðum en evrópsku tölurnar eru almennt töluvert lægri eða 10–20% meðal kvenna. Skýringarnar á þessum mun eru að hluta til menningarlegar, en einnig getur verið um mismunandi skilgreiningar að ræða.

Ég ætla þá, herra forseti, að koma stuttlega að niðurstöðum íslensku könnunarinnar sem birt var í þessari viku. Niðurstöður hennar sýna alveg ótvírætt að þetta fyrirbæri er vel þekkt hér á landi sem annars staðar og ekki er ástæða til að ætla að önnur lögmál gildi um fyrirbærið hér á landi en annars staðar. Könnunin var send út til 970 einstaklinga hjá nokkrum verkalýðsfélögum en aðeins 313 svöruðu, eða 32%. Þetta svarhlutfall er ekki óeðlilegt miðað við viðkvæmni málsins en það gerir mjög erfitt að alhæfa nokkuð um tíðnina í því úrtaki sem um ræðir.

36% þeirra sem svöruðu hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni, en það eru eingöngu 11,7% af heildarúrtakinu. Líklega er tíðnin, hin raunverulega tíðni einhvers staðar þarna á milli. Að öðru leyti segir þessi könnun heilmikið um eðli og afleiðingar kynferðislegrar áreitni á vinnustöðum. Og vil ég nú drepa á helstu niðurstöðum.

Um fjórðungur svarenda segist þekkja a.m.k. eina konu sem hafi verið áreitt kynferðislega á vinnustað, enginn segist þekkja karlmann sem hafi verið áreittur kynferðislega. Rúmur helmingur þolenda kynferðislegrar áreitni hefur orðið fyrir óvelkomnum snertingum, þ.e. um arma, axlir eða mitti, tæplega helmingur hafði orðið fyrir óvelkominni kynferðislegri snertingu í vinnunni, svo sem káfi, strokum eða klípum. Heldur færri höfðu orðið fyrir óvelkominni kynferðislegri athygli svo sem augngotum, glápi og bendingum í vinnunni eða fyrir óvelkomnum kynferðislegum athugasemdum við útlit, líkama, klæðaburð eða einkalíf. Tæplega helmingur þolenda segist hafa orðið fyrir óvelkomnum bröndurum eða klámi á vinnustað og alls fjórðungur þolenda hafði orðið fyrir óvelkomnum tillögum eða kröfum um kynferðislegt samneyti.

Þolendur eru fremur í yngri aldurshópum, bæði hvað varðar lífaldur og starfsaldur. Flestir þeir sem verða fyrir áreitni bregðast við með reiði, undrun, viðbjóði og vonbrigðum. Fæstir leita sér aðstoðar en þeir sem gera það leita sér yfirleitt aðstoðar á sjálfum vinnustaðnum, hjá yfirmanni eða samstarfsfélögum. Gerendur eru almennt karlmenn, eldri en þolandinn, oftast samstarfsmaður eða yfirmaður. Áreitnin átti sér oftast stað á sjálfum vinnustaðnum. Ekki er hægt að greina að kynferðislega áreitnin væri algengari á ákveðnum tegundum vinnustaða, þó má sjá að kynferðislegir brandarar og klámvísur eru algengari á vinnustöðum þar sem kynferðisleg áreitni átti sér stað.

Þolendur kynferðislegrar áreitni eru almennt neikvæðari gagnvart klámi en aðrir, en stór hluti þeirra telur daður vera jákvætt. Og ég vil undirstrika að þetta er töluverður munur, samanber það sem ég sagði áðan um Clinton Bandaríkja-

forseta. Þetta bendir til þess, sem sýnt hefur verið fram á í öðrum könnunum, að fólk gerir stóran greinarmun á áreitni og daðri. Daður er samspil tveggja einstaklinga á jafnréttisgrundvelli en kynferðisleg áreitni er öðrum aðilanum á móti skapi.

Herra forseti. Lokaorðin í grg. með þessu frv. eru eftirfarandi:

„Umræðan í þjóðfélaginu bendir ótvírætt til að töluvert vanti á að fólk skilji að kynferðisleg áreitni er einelti og mannréttindabrot sem ekki á að líða, hver sem í hlut á. Flest nágrannalanda okkar hafa brugðist markvisst við og hér er lagt til að svo verði gert."

Mér finnst, herra forseti, að þessi skilningur fari vaxandi og fyrir fyrirtæki vil ég að lokum benda á ágæta tillögu að stefnu og aðgerðaáætlun gegn kynferðislegri áreitni sem fram kemur í áðurnefndu riti um kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Þar er m.a. byggt á BS-prófsritgerð frá Samvinnuskólanum að Bifröst eftir Áslaugu B. Guðmundsdóttur. Ég tel mikilvægt að benda á slíka aðgerðaáætlun vegna þess að ef þetta frv. eða annað svipað verður lögfest verða fyrirtæki og stofnanir að koma sér upp farvegi til að taka á málunum. Reynslan sýnir að örfáir kæra þessi mál til dómstóla og því er mikilvægast að hægt sé að taka á þeim strax og þau koma upp innan viðkomandi stofnana.

Ég efast um að ég hafi nægan tíma til að lesa upp alla tillöguna um stefnu fyrirtækis gegn kynferðislegri áreitni, en vil þó gera tilraun til þess. Það er í fyrsta lagi yfirlýsing. Helstu atriði sem þurfa að koma fram eru að atvinnurekandi lýsir því yfir að allir starfsmenn eigi rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að kynferðisleg áreitni verði ekki liðin og undir þessum lið verði stefna fyrirtækisins kynnt og helstu markmið hennar.

Í öðru lagi komi fram skýrar skilgreiningar.

Í þriðja lagi er talað um boðleiðir, að það komi skýrt fram hvaða leiðir þolendum kynferðislegrar áreitni eru færar og það er gert ljóst að þeir geti farið þá leið sem þeir telja henta sér best. Þá séu starfsmenn hvattir til þess að nýta sér þessar leiðir til fyrirspurnar, ráðgjafar eða fræðslu. Ítrekað er að fyllsta trúnaðar verði gætt.

Í fjórða lagi er talað um trúnað. Það þarf að undirstrika greinilega að fyllsta trúnaðar sé gætt til að vernda hagsmuni allra. Það þarf m.a. að taka fram að hans verði gætt varðandi öll gögn sem tengjast málinu.

Í fimmta lagi eru skyldur fyrirtækisins og alls starfsfólks þess. Það þarf að koma skýrt fram að atvinnurekandinn eða fyrirtækið rannsaki öll mál og styðji þá starfsmenn sem telja sig beitta kynferðislegri áreitni. Að sama skapi þarf að koma skýrt fram að það er skylda starfsfólks að taka þátt í að skapa umhverfi sem er laust við kynferðislega áreitni.

Í sjötta lagi. Viðbrögð. Það þarf að greina frá því hvernig verður staðið að rannsókn málsatvika eftir að kvörtun hefur verið lögð fram, munnleg eða skrifleg. Í flestum gögnum sem ég hef kynnt mér er lögð áhersla á skriflega kvörtun.

Í sjöunda lagi. Falskar ásakanir. Það þarf að koma fram hvernig tekið verður á öllum fölskum ásökunum.

Í áttunda lagi segir: Tölvupóstur og fax. Reynslan hefur sýnt að töluverð kynferðisleg áreitni á sér stað í gegnum þessa tvo miðla. Því getur verið nauðsynlegt að setja reglur sem gera slíkt erfiðara. Þær reglur þurfa að koma fram í stefnu sem þessari.

Herra forseti. Að lokum vil ég vekja athygli á ágætum ráðum sem koma einnig fram í áðurnefndri bók til einstaklinga sem verða fyrir kynferðislegri áreitni. Þetta er á bls. 88 í nefndri bók. Í fyrsta lagi: „Ef þú verður fyrir kynferðislegri áreitni, hættu að leyna áreitninni fyrir samstarfsfólki. Ekki kenna sjálfri þér um. Lýstu nákvæmlega því sem gerist hverju sinni. Haltu dagbók. Fylgstu með hvort það verða einhverjar breytingar á verkefnum þínum. Kannaðu hvort einhver vinnufélaga þinna hefur orðið fyrir slíkri áreitni. Ræddu við hann um málið. Fáðu stuðning vinnufélaga. Eru þeir tilbúnir til að vitna í málinu? Haltu því fram að áreitnin sé vandamál er varðar alla á vinnustaðnum. Ræddu af hreinskilni við trúnaðarmann. Ræddu af hreinskilni við starfsmannastjóra. Reyndu ekki að standa ein í stríði við samstarfsmenn eða yfirmenn þína."

Við þetta má bæta að það þarf auðvitað að fara eftir áætlun viðkomandi stofnunar og það þarf að kalla eftir því að slík áætlun verði til.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við mest af því sem ég ætlaði að segja og er það mjög mikið ánægjuefni að þessi könnun er komin út og vissulega vonast ég til þess að á þessum málum verði tekið af festu, bæði innan Alþingis og úti í þjóðfélaginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:19]

Útbýting þingskjals:

Landhelgisgæsla Íslands, 233. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 262.

Húsnæðissparnaðarreikningar, 1. umr.

Frv. TIO og JónK, 61. mál (heildarlög). — Þskj. 61.

[14:19]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um húsnæðissparnaðarreikninga. Þetta frv. hefur verið flutt á nokkrum undanfarandi þingum og er nú flutt óbreytt frá því sem það var á síðasta þingi en á því þingi höfðu þá verið gerðar nokkrar breytingar.

Árið 1985 var komið á húsnæðissparnaðarreikningum eins og þeir voru þá kallaðir í lögum, í bönkum og sparisjóðum, og sköpuðu þessir reikningar rétt til sérstaks skattafsláttar. Þetta reikningsform var byggt á samningsbundnum innlánum sem voru tengd rétti til húsnæðislána og áttu að fjármagna kaup á íbúðarhúsnæði. Árið 1992 var ákveðið að skattafsláttur þessara laga yrði skertur í áföngum og árið 1997 var hann afnuminn.

Ekki verður séð að þær breytingar hafi orðið hér á landi sem leiði til þess að rétt sé að leggja af þetta sparnaðarform. Fremur hefur þróunin verið sú að ástæða er til þess að ýta undir sparnað í þjóðfélaginu og er það ekki síst með tilliti til þess að kaupmáttur hefur aukist hratt á Íslandi og raunar hraðar en í nágrannasamfélögunum. Ýmsir aðilar hafa lýst áhyggjum af vaxandi hættu á verðbólgu, telja jafnvel að nokkur merki séu um að hér sé dulin verðbólga. Við því má sporna með auknum sparnaði.

Þegar við lítum á íslenska húsnæðiskerfið er ljóst að það skiptir sköpum fyrir möguleika fólks á að eignast eigið húsnæði hve mikinn hlut kaupanna er hægt að fjármagna með eigin fé. Talið er að á almennum markaði verði húskaupendur að eiga um það bil 15% af kaupverði íbúðarinnar skuldlaust

við fyrstu kaup. Þetta er þó nokkuð hærri krafa en almennt gerist annars staðar. Segja má að erlendis dugi að eiga um 10% kaupverðs og taka eitt lán fyrir 90% og er þá miðað við óverðtryggt fasteignaveðlán sem minnkar hratt vegna endurgreiðslna og vegna verðbólgu. Hér á Íslandi standa fólki aðeins til boða lán fyrir 70% íbúðaverðs og þar er um að ræða verðtryggð jafngreiðslulán sem greiðast mjög hægt upp. Það er algengt, eins og ég sagði áður, að hér sé eigið fé við fyrstu kaup um 15% en það sem á vantar er þá fjármagnað með skammtímalánum og má segja að þetta einkenni íslenska húsnæðislánakerfið og húsnæðismarkaðinn.

Í greinargerð með frv. er farið yfir nokkur dæmi sem eiga að varpa ljósi á það hve mikil áhrif eiginfjárstaða getur haft á stöðu húsnæðiskaupendanna. Þar er m.a. farið yfir það hversu aukning eigin fjár getur haft mikil áhrif greiðslubyrði skammtímalána og kemur þar í ljós að ef skuldlaus eignin er um 10% af kaupverði nálgast greiðslubyrðin af skammtímalánunum að vera 50%. Ef skuldlausa eignin hækkar upp í 25% af kaupverðinu er greiðslubyrði af skammtímaláninu komin niður fyrir 20%. Af þessu er augljóst að greiðslubyrði skammtímalána ræður mjög miklu um kaupgetu fólks og á það kannski ekki síst við um unga fólkið.

Annað dæmi er tekið um það hversu há mánaðarlaun fjölskylda þarf að hafa til að geta keypt þriggja herbergja íbúð. Í ljós kemur að ef eiginfjárstaðan nemur 10% af kaupverði þarf eigandinn að fá í laun um 285 þús. kr. á mánuði en ef eiginfjárstaðan nægir fyrir 20% af kaupverðinu nægja fjölskyldunni 218 þús. kr. til þess að kaupa sér þriggja herbergja íbúð. Þannig er hægt að fara yfir nokkur dæmi sem koma fram í greinargerðinni sem lýsa því hversu eiginfjárstaðan hefur afgerandi áhrif á kaupgetu fólks.

Einnig má nefna annað atriði sem snertir húsnæðiskerfið á Íslandi en það er að þegar fólk sem er með tekjur á bilinu 175–300 þús. kr. á mánuði en hefur mikla rýmisþörf, þarf stórt húsnæði, þá er það svo að í kerfi okkar er því gert mjög erfitt fyrir að kaupa nægilega stórt húsnæði í húsbréfakerfinu. Það verður því oft að kaupa í raun of litlar íbúðir og afleiðingin er mikil eftirspurn eftir smáum íbúðum en að sama skapi offramboð á stórum íbúðum, burt séð frá því hver hin raunverulega húsnæðisþörf er. Af þessum sökum hefur ekki verið innbyrðis samræmi í húsnæðisverði. Stórar eignir eru af þessum sökum ódýrar af því að fáir eru til að kaupa þær af kerfisástæðum í raun en litlar eignir dýrar af sömu ástæðu því margir eru um hituna. Ég hygg að samningsbundinn húsnæðissparnaður mundi hafa áhrif á þessa samsetningu markaðarins. Það er því hægt að fullyrða að með markvissum samningsbundnum sparnaði sé hægt að draga úr ýmsum neikvæðum áhrifum sem húsnæðiskerfið hér landi hefur skapað.

Eitt af því sem verður að teljast til nýjunga í frv. er að það heimilar að húsnæðissparnaðarreikningar verði nýttir til að fjármagna viðhald íbúðarhúsnæðis en það var ekki í lögunum frá 1985. Ástæðan fyrir því að rétt þykir að opna á þessar heimildir í þessu frv. er að á Íslandi hefur geysimikil áhersla verið lögð á nýbyggingar á undanförnum áratugum. Það er að sjálfsögðu tengt því hve húsakostur var lélegur og Íslendingar langt á eftir nágrannaþjóðum sínum í húsbyggingum. En nú er svo komið að á tiltölulega skömmum tíma hefur verið geysimikið byggt á Íslandi og það kallar á að við breytum svolítið um áherslur í húsnæðismálum okkar. Núna er nauðsynlegt að mæta húsnæðisþörfinni með viðhaldi og endurnýjun á eldra húsnæði, ekki síður en með nýbyggingum. Því er full ástæða til að leita leiða til þess að ýta undir viðhald íbúðarhúsa, bæði með skattalegum ívilnunum og samningsbundnum sparnaði.

Rétt er að geta þess að þjóðarauður okkar Íslendinga er að mestu leyti bundinn í húsnæði og meðalaldur íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á Íslandi er um 25 ár og þetta húsnæði er að mestu leyti byggt á eftirstríðsárunum. Viðhaldsþörf fasteigna þjóðarinnar hefur farið hraðvaxandi og ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir því að mikil holskefla komi yfir þjóðina á næstu árum þar sem aðeins litlum hluta af þessu húsnæði hefur verið haldið við eins og skyldi. Það á bæði við um opinbera aðila sem og einkaaðila. Sjálfsagt tengist þetta að einhverju leyti þeirri oftrú sem hér var lengi á steinsteypu en komið hefur í ljós að hún er ekki alveg eins viðhaldsfrítt efni og menn höfðu bundið vonir við.

Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands hefur komið fram að margt bendir til þess að um helmingur húseigenda vanmeti viðhaldsþörf fasteigna sinna. Því má segja sem svo að það blasi við að við þurfum að taka mun fastar á viðhaldsverkefnum á Íslandi og okkur er nokkur hætta búin af því að hafa ekki eytt meiri fjármunum til viðhalds húsnæðis.

Annar þáttur þessa máls tengist skattsvikum. Samkvæmt skýrslu fjmrn. um umfang skattsvika frá september 1993 kemur fram að áætluð nótulaus viðskipti séu langmest í byggingariðnaði. Heildarumfang skattsvika er áætlað um 6% af vergri þjóðarframleiðslu eða sem nemur 6,5 milljörðum kr. Hlutfall af nótulausum viðskiptum byggingariðnaðarins er reiknað sem 16% af rekstrartekjum. Um 21% aðila í byggingariðnaði sögðust samkvæmt þessari skýrslu taka á móti óframtöldum tekjum og um 16% einstaklingar sögðust hafa greitt fyrir slík viðskipti. Ætla má að megnið af þessum nótulausu viðskiptum byggingariðnaðarins eigi sér uppruna einmitt á viðhaldssviði greinarinnar, hjá einstaklingum og húsfélögum en síður hjá fyrirtækjum og stofnunum, vegna nýframkvæmda.

Mikilvægt er að grípa til aðgerða sem hvetja húseigendur til að eiga aðeins lögleg viðskipti. Með því að hvetja húseigendur til sparnaðar og með skattafslætti má hugsanlega ná þessu markmiði. Ef þetta frv. verður að lögum yrði ávinningurinn m.a. fólginn í því að með úttektarheimildinni yrði hvatt til þess að viðhaldsverkefnum væri skilað með fullgildum reikningum. Tekjur ríkissjóðs mundu aukast vegna minnkandi svartrar starfsemi og úttektarheimildin samkvæmt frv. mundi þá hvetja húseigendur til að auka viðhald húsnæðis og yrði þannig atvinnuskapandi aðgerð sem í sjálfu sér er jákvætt. Að lokum er eitt meginmarkmið frv. að varðveita betur þjóðarauð landsmanna sem er bundinn í fasteignum.

Ég vil einnig geta þess að þær litlu breytingar sem gerðar voru á frv. á síðasta ári vörðuðu einkum og sér í lagi 2. gr. og þó sérstaklega 3. gr. Í 2. gr. var raunar fellt brott ákvæði um að breyta upphæðum skv. byggingarvísitölu, en það er samkvæmt almennri stefnu stjórnvalda um að fella vísitöluviðmiðanir út úr lagatextum. Þá er einnig opnað á að húsnæðissparnaðarreikningar verði stofnaðir bæði við innlánsstofnanir og verðbréfafyrirtæki en þetta svið þjónustunnar hefur breikkað talsvert á síðustu árum. Ég vil geta þess sérstaklega að sú nefnd sem fær frv. til meðferðar þyrfti að skoða sérstaklega orðalag 4. gr. því hugsanlega þyrfti að breyta orðalagi þar með þetta atriði í huga.

Helstu efnislegar nýjungar frv. eru fólgnar í 3. gr. þar sem opnað er á að tekið sé út af þessum reikningum til

viðhalds og endurbóta. Á sl. ári voru einnig sett inn í 3. mgr. ákvæði sem lúta að því hvernig fara skuli með ef reikningseigandi ráðstafar innstæðu til annarra nota en til öflunar íbúðarhúsnæðis, en einmitt þeir sem um málið hafa fjallað töldu þetta vera helsta akkillesarhælinn í þessu máli, þ.e. að litið yrði á þetta sem venjulega sparnaðarreikninga en ekki sem húsnæðissparnaðarreikninga.

Ég held ekki þurfi að gera grein fyrir fleiru í frv. að svo komnu máli. Ég veit að búið var að vinna mikið í málinu í efh.- og viðskn. og hafði það verið fullunnið í nefndinni. Efnislega hefur málið ekkert breyst frá síðasta ári þannig að ég tel ástæðulaust að vísa því til umsagnar. Ég vil því gera mér vonir um að hægt verði að taka málið til afgreiðslu og legg hér með til að eftir 1. umr. verði því vísað til hv. efh.- og viðskn.

[14:33]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það frv. sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich flytur er að mínu áliti mikið ágætismál. Hér er hvatt til aukins sparnaðar í þjóðfélaginu og er ekki vanþörf á. Stór hluti landsmanna leggur ekkert upp úr sparnaði og full ástæða er til að reyna að breyta þeim hugsunarhætti. Þetta frv. er að mínum dómi raunhæf tilraun í þá átt. Einmitt núna í góðærinu ætti að vera auðveldara að fá fólk til að leggja eitthvað til hliðar. Kaupmáttur hefur vaxið meira upp á síðkastið en áður hefur þekkst. En á sama tíma hefur eyðsla aukist mjög, með tilheyrandi viðskiptahalla. Það er auðveldara að fá lán en nokkru sinni fyrr. Nú geta menn keypt nánast hvað sem er án þess að eiga fyrir því. Skuldir heimilanna aukast og margir sjá aldrei til sólar í sínum fjármálum. Mér finnst sjálfsagt að nota skattkerfið til að hvetja landsmenn til sparnaðar. Það var reyndar gert á árunum 1985–1996 þegar í gildi voru lög um húsnæðissparnaðarreikninga sem sköpuðu svipaðan rétt til skattafsláttar og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég held það hafi verið mistök að afnema þetta sparnaðarform í árslok 1996, ekki síst þegar haldið er áfram að veita skattafslátt með vaxtabótum. Í raun virkar þetta þannig að fólki er ívilnað í sköttum fyrir skuldasöfnun en ekki fyrir sparnað.

Húsnæðissparnaðarreikningar hafa ekki bara þann kost að hvetja til sparnaðar. Þeir leiða líka til þess að fólk er betur í stakk búið til húsnæðiskaupa í fyllingu tímans. Það er auðvitað rétt sem fram kemur í geinargerð með frv. að það skiptir sköpum um möguleika ungs fólks, og fólks almennt á að eignast eigið húsnæði hversu mikinn hluta kaupanna er hægt að fjármagna með eigin fé eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich gerði góða grein fyrir.

En sé það svo, eins og fram kemur í grg., að algengt sé að eigið fé við fyrstu íbúðakaup sé 15% og að önnur 15% verði að fjármagna með skammtímalánum, en 70% með húsbréfalánum, verður dæmið mjög erfitt hjá almennum launamanni. Að ekki sé minnst á ef eigið fé er aðeins 10% eins og mörg dæmi eru um en þá eru 20% kaupverðsins fjármögnuð með skammtímalánum og greiðslubyrði þeirra svipuð og af húsbréfalánunum. Afleiðingin er svo botnlausir erfiðleikar sem margir komast aldrei út úr. Flestum er kunnugt um fjölda slíkra dæma, því miður. Ég er sannfærður um að húsnæðissparnaðarreikningar eins og þetta frv. gerir ráð fyrir mundu gjörbreyta þessu ástandi.

Hér er einnig lagt til að þennan sparnað megi nota til endurbóta eða viðhalds á eigin íbúðarhúsnæði ef kostnaður fer umfram 5% af fasteignamati. Þetta ákvæði var ekki í þeim lögum sem giltu til ársloka 1996 en er að mínum dómi til bóta. Full ástæða er til að hvetja menn til endurbóta og viðhalds á eldra húsnæði og alls ekki ástæða til að gera upp á milli þess og nýbygginga.

Ég er sammála hv. þm. Tómasi Inga Olrich um að ástæða sé til að ætla að þetta geti dregið úr nótulausum viðskiptum sem eru talin veruleg í þessari grein. Þessi svörtu viðskipti leiða auðvitað til þess að ríkissjóður verður af miklum tekjum eins og glöggt kemur fram í grg. með frv. Þessi viðskipti eru talin hafa aukist verulega eftir að hætt var að heimila skattaívilnanir út á viðhald húsa, en verði frv. að lögum eru líkur á að þeirri óheillaþróun verði snúið við.

Ég hef örlitlar efasemdir um eitt lítið atriði í þessu frv. en það er í 3. gr. þar sem segir að þeir sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar geti fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum, en ekki 10 árum eins og aðrir reikningseigendur. Mér finnst þurfa að skoða hvort ekki sé ástæða til að hafa þennan tíma styttri fyrir öryrkja. Hagir manna geta breyst það mikið við örorku að þeir geta þurft að nota inneignir sínar fyrr en þeir höfðu gert ráð fyrir meðan heilsa og starfsþrek var óskert. Þetta vildi ég gjarnan að yrði skoðað í meðförum þeirrar nefndar sem kemur til með að fjalla um málið.

Ég vil ítreka stuðning minn við þetta frv. og vona að það verði að lögum sem fyrst.

[14:39]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð þeirra hv. þingmanna sem hér hafa talað, hv. frsm. Tómasar Inga Olrichs og hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, um ágæti þessa frv.

Hins vegar verð ég að viðurkenna, þegar talað er um ákvæði þess hvernig skuli fara með svo að viðkomandi aðili öðlist skattafslátt vegna húsnæðissparnaðarreiknings, að ég á svo sem von á að það muni vefjast fyrir mönnum hvernig skuli fara með hin ársfjórðungslegu innlegg á þessa reikninga.

Það er oft svo að ungt fólk fylgist ekki mjög grannt með lögum og reglum um hvernig skuli bera sig að til að njóta þess sparnaðareiknings sem um er getið í frv. Það veit að slíkur reikningur er til en fer ekki alltaf að kafa djúpt ofan í leikreglurnar, þ.e. hvernig eigi að bera sig að.

Í 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Á hverju heilu tekjuári skal lágmarksfjárhæð vera 48.000 kr. en hámarksfjárhæð 480.000 kr. Sparifé leggist inn á reikninginn eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi almanaksársins og nemi á ársfjórðungi eigi lægri fjárhæð en 12.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 120.000 kr.

Samið skal fyrir fram til a.m.k. eins árs í senn um jöfn mánaðarleg eða ársfjórðungsleg innlegg en umsaminni fjárhæð má breyta árlega miðað við upphaf almanaksárs innan þeirra marka er getur í 2. mgr. Þó er heimilt að semja fyrir fram um lækkun á umsömdum sparnaði miðað við ársfjórðunga."

Málið er gott. Það vefst ekkert fyrir mér. Hins vegar óttast ég að þetta atriði kunni að valda misskilningi og leiða kannski til þess að sú ágæta ætlan sem lagt er upp með í þessu lagafrv. missi að einhverju leyti marks. Ég þekki dæmi þó nokkurra ungra hjóna sem við sambúð áttu bæði inni á sparnaðarreikningi sem hér var fyrir og nefndur var í máli Guðjóns Guðmundssonar og þau þakka þessum sparnaðarreikningi að hafa eignast þak yfir höfuðið og geta staðið á eigin fótum varðandi eignaraðildina að íbúðinni og þeim afborgunum sem þau hafa tekist á hendur vegna íbúðarkaupanna. Dæmin

eru þekkt um ágæti þessara sparnaðarreikninga. En það sem ég vildi hins vegar undirstrika er að málið verði ekki gert svo flókið að færri komist að en vilja inn á þennan reikning.

Herra forseti. Í 3. gr. er kveðið á um það sem síðasti ræðumaður kom inn á, að þeir sem orðnir eru 67 ára eða eru 75% öryrkjar geti þó fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum og að framlengja megi binditíma umfram tíu ár um eitt ár í senn, þó mest um fimm ár. Það sem vefst fyrir mér er hvort hér sé á ferðinni það sem aldraðir hafa oft verið að tala um, þ.e. að fá að leggja fjármagn inn á reikning til efri áranna og fá af þeirri upphæð hæfilegan skattafslátt. Ég skil þetta svo að þetta sé ekki bundið við að aldraðir eða öryrkjar þurfi að kaupa sér húsnæði þannig að þarna er kominn vísir að því sem bæði Félag eldri borgara í Reykjavík og Landssamband aldraðra hafa verið að tala um. Og er það vel.

Í 5. gr. segir, með leyfi forseta:

„Dragist innborgun umsamins innleggs eða hluta þess fram yfir lok ársfjórðungs er það skyldi lagt inn samkvæmt samningi við banka eða sparisjóð skv. 2. gr. skapar sá hluti innleggs, sem dregst fram yfir lok ársfjórðungs, ekki rétt til skattafsláttar."

Þetta tengist þeim efa mínum sem ég lýsti áðan um réttmæti þessara skýru ákvæða um að hægt sé að njóta húsnæðissparnaðar og skattafsláttar, einfaldlega vegna þess að ég held að hér sé verið að flækja málin miklu meira en efni standa til og ástæður eru. Ef einkum og sér í lagi er litið til skattkerfisins eins og það er uppbyggt þá held ég að þetta kalli fram meiri vanda en það leysir. Ég teldi eðlilegt að ákvæðin um innlögn í banka eða sparisjóð yrðu heldur frjálsari, enda þótt þá skattafslátturinn nýtist.

Með þessu er ég ekki á nokkurn hátt að draga úr þessu frv. Ég styð það heils hugar. En ég tel þó rétt að við reyndum að gera það þannig úr garði að það valdi ekki neinum misskilningi vegna þess, eins og við þekkjum, að ungt fólk setur sig ekki svo mjög inn í lagabókstafinn. Það veit af þessum reikningum eftir að frv. verður væntanlega samþykkt á hinu háa Alþingi en yrði síðan e.t.v. vísað frá vegna einhverra formgalla sem þetta unga fólk hefur ekki áttað sig á og það kynni að draga þann dilk á eftir sér að áhugi þess fyrir málinu yrði hreinlega lítill sem enginn.

[14:45]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa yfir stuðningi við frv. sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich og Jón Kristjánsson flytja og tek undir þau sjónarmið sem komið hafa fram umræðunni.

Eins og fram hefur komi er það ugglaust eitt mikilvægasta verkefni þjóðarinnar að efla sparnað, ekki síst í svokölluðu góðæri þegar kaupmáttur eykst allverulega. Ég tel að það sé eitt brýnasta og jafnvel albrýnasta mál í efnahagslífi okkar. Óhætt er að segja að við Íslendingar séum skuldaglöð þjóð eins og fram hefur komið í umræðunum. Segja má að lagaumhverfi og reglugerðar- og viðskiptaumhverfi allt hvetji þjóðina mjög til skuldsetningar. Henni er í rauninni umbunað fyrir skuldsetningu eins og m.a. hefur komið fram í flestum úttektum á stöðu heimilanna.

Ég er sammála því að það hafi verið mistök að fella sparnaðarákvæði úr gildi árið 1996. Um leið ítreka ég mikilvægi þess að breyta lagaumhverfi okkar þannig að það hvetji almenning til að efla sparnað í stað þess að steypa sér í skuldir. Hlutverk löggjafarsamkomunnar er að búa þegnum landsins ákveðið umhverfi og í því umhverfi þarf án nokkurs vafa að vera hvatning til sparnaðar. Svo er ekki sem stendur en í frv. er einmitt tekið á þeim þætti og hvatt til sparnaðar. Þess vegna tel ég það gleðiefni og styð það heils hugar.

Það er ekki nokkur vafi, eins og fram kemur í frv., að það er mikil kjarabót fyrir fólk sem lagt getur fyrir í húsnæðissparnaðarreikning og er bent á að þar geti verið um allt að þreföldun kaupmáttar að ræða ef vel er að staðið. Nú er ljóst að eitt mikilvægasta viðfangsefni allra fjölskyldna er að ráða yfir þaki yfir höfuðið. Það er sú leið sem flestar fjölskyldur fara, þ.e. að koma sér í eigið húsnæði og þess vegna hlýtur það að vera eitt mesta kjaramál fyrir íslenskar fjölskyldur að komast yfir slíkt húsnæði með auðveldum hætti og auka kaupmátt sinn allt að þrefalt með þessum sparnaðarhugmyndum. Því má segja að frv. sé ekki aleinasta þjóðhagslega hagkvæmt með því að ýta undir sparnað almennt í þjóðfélaginu og styrkja þar með stoðir efnahagslífsins heldur ekki síður fyrir almenning í landinu með því að geta aukið kaupmátt sinn svo um munar.

Ég tek jafnframt undir hugmyndir í frv. um að láta þetta ekki aðeins gilda um kaup á húsnæði heldur ekki síður um viðhald á húsnæði. Eins og fram hefur komið í ræðum manna og í greinargerð með frv. hefur tilhneigingin verið sú að leggja áherslu á að byggja nýtt en minni áhersla á að endurnýja og taka í notkun eldra húsnæði fyrir fjölskyldur sem þar gætu flutt inn. Ég tel þess vegna ekki síður mikilvægt að opna fyrir þann þátt og sinna hinni mikilvægu viðhaldsþörf á húsnæði, ekki bara í eigu einstaklinga og fyrirtækja heldur ekki síður í eigu hins opinbera. Til lengri tíma litið hlýtur það ávallt að teljast sparnaður að geta haldið húsnæði vel við í stað þess að þurfa að ráðast á hús þegar þau eru komin nánast í niðurníðslu.

Það þarf ekki að bæta mörgum orðum við það ákvæði frv. sem felur í sér aðhald gagnvart skattsvikum eins og lýst var af hv. frummælanda, Tómasi Inga Olrich. Það ákvæði eitt ætti í raun að réttlæta frv. en grunur leikur á að skattsvik í þessum geira séu gífurlega mikil.

En ég hefði viljað beina til hv. frummælanda nokkru sem óbeint tengist þessu frv. Nú er það svo að séreignarstefna er mjög ráðandi hjá okkur Íslendingum. Á bak við það er ákveðið gildismat sem ég hef í sjálfu sér engar athugasemdir við. Hins vegar er það svo að ýmsir kjósa að vera á leigumarkaði og leggja tekjur sínar fyrir með öðrum hætti, fjárfesta ekki í eigin húsnæði en vilja ávaxta sitt pund með öðrum hætti. Þá kviknar auðvitað sú spurning hvort þeir sem ekki vilja endilega leggja fyrir í sérstökum húsnæðissparnaðarreikningum af því að þeir kjósa að hafa annan hátt á, þ.e. ekki að eignast sitt eigið húsnæði, þurfi ekki að eiga kost á annarri leið. Sér hv. frummælandi leið fyrir þá aðila út frá, við getum sagt jafnræðisreglu? Hér má segja að skorti hið sama og víða er í Evrópu þar sem m.a. tryggingafyrirtæki og slíkir öflugir aðilar standa fyrir leiguhúsnæði þar sem fólk getur leigt húsnæði og í öryggi en síðan einbeitt sér að því að láta peninga sína eða tekjur vinna fyrir sig með öðrum hætti. Á bak við þetta er ákveðið gildismat og væri gaman að heyra viðbrögð hv. frummælanda við þessu sjónarmiði. Þó það snerti ekki beinlínis þetta frv. þá tengist þetta atriði því óbeint.

Ég ítreka stuðning minn og vonast til þess að þetta frv. fái farsæla afgreiðslu á hv. Alþingi.

[14:52]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hér til að taka undir það sem lagt er til í frv. Lögum um félagslegt húsnæði hefur verið breytt og það mun skapa ýmis vandkvæði á vinnumarkaði, þ.e. gagnvart þeim hópi sem hefur átt þar aðgengi. Þeim hópi er nú frekar beint inn í húsbréfakerfið og annað þó það fólk eigi mjög erfitt með þessa lágmarksútborgun þannig að með því að geta safnað þessu held ég að ný leið skapist fyrir það fólk sem lenda mun í vanda vegna breytinga á félagslega húsnæðiskerfinu.

Ljóst er að sparnaður í samfélaginu er allt of lítill og frá því að þessi lög voru afnumin hafa engar nýjar leiðir verið farnar. Þar á undan var skylduspamaður felldur út en hann var oft sú leið sem ungt fólk átti til að hefja búskap með einhverri útborgun. Ég þekki mýmörg dæmi þess að sú leið og húsnæðissparnaðarreikningarnir hafi verið höfuðstóllinn sem gerði það að verkum að fólk gat keypt sér íbúð. Ég held að þetta sé mjög gott mál og hvet til að þetta verði samþykkt. Ég held einnig að viðhald húsnæðis sé hið besta mál.

Mér finnst hugsanlegt að endurskoða regluna um 67 ára aldurinn miðað við að nú eru sveigjanleg starfslok töluvert í umræðunni út frá breytingu á reglugerð um lífeyrissjóði. Þar væri mögulegt að ganga fremur út frá 65 ára aldri en þessir reikningar, sem á sínum tíma voru kallaðir húsnæðissparnaðarreikningar, nýttust einnig sem lífeyrissparnaður hjá fólki. Það gat komið sem innlegg þegar fólk hætti störfum og ég held að það sé einmitt mjög góð leið til að auðvelda fólki að flýta starfslokum sínum.

[14:54]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni um þetta mál fyrir góðar undirtektir og gagnlegar ábendingar. Ég ætla í örstuttu máli að fara yfir nokkrar þessara ábendinga.

Hv. þm. Guðjón Guðmundsson gerði 3. gr. að umtalsefni og sérstaklega það ákvæði að þeir sem orðnir eru 65 ára eða eru 75% öryrkjar geti fengið fé sitt til frjálsrar ráðstöfunar að fimm árum liðnum. Hann velti því fyrir sér hvort ekki væri rétt að hafa þessi ákvæði enn rýmri, ekki síst gagnvart öryrkjunum. Þetta finnst mér gagnleg ábending og sjálfsagt að taka til rækilegrar skoðunar í hv. efh.- og viðskn. Ákvæðin sem þarna eru eru óbreytt frá lögunum 1985 en vel getur verið að full ástæða sé til þess að skoða þau með það fyrir augum að auðvelda t.d. þeim sem verða öryrkjar að nýta þann sparnað sinn til að koma til móts við þær sérstöku aðstæður sem oft geta snögglega skapast. Mér finnst koma sterklega til greina að skoða þetta mál.

Varðandi hugleiðingar hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar um frekar flókið kerfi í ákvæðum 2. gr., um hámarksupphæðir, lágmarksupphæðir og ársfjórðungsgreiðslur, þá kann að vera að þetta líti út fyrir að vera flókið á pappírnum en í raun og veru er þarna verið að búa til ákveðinn sveigjanleika sem nauðsynlegt er að hafa. Jafnvel utan þess ramma sem þarna er settur er hægt að semja um lækkun á framlögum ef sérstakar aðstæður koma upp. Þess ber hins vegar að geta að sjálf grundvallarhugmyndin á bak við þessa reikninga er að búa til samningsbundinn sparnað. Það að sparnaðurinn er samningsbundinn og tekur lengri tíma er hin raunverulega sparnaðaraðgerð og hvetur eigendur húsnæðissparnaðarreikninganna til þess að skipuleggja fjármál sín fram í tímann og taka tillit til þess hver sparnaðargeta þeirra er þegar þeir semja áætlanir sínar til ársins.

Engu að síður eru í 3. mgr. 2. gr. heimildir til þess að bregðast við aðstæðum. Ef tekjur minnka skyndilega, þá er hægt að breyta þessum samningum með tilliti til aðstæðna.

Að vísu alveg hárrétt hjá hv. þm. að stundum virka svona reglur flóknar og svolítið fráhrindandi en yfirleitt hafa innlánastofnanir veitt mjög góða ráðgjöf í sambandi við þetta. Það hefur ekki komið fram, a.m.k. ekki í þeim viðtölum sem ég hef átt við innlánastofnanir út af þessu máli, að þetta hafi verið hindrun í málinu.

Sú gagnrýni sem einna helst kom fram á húsnæðissparnaðarreikningana eins og þeir voru samkvæmt eldri lögum var fyrst og fremst sú að talið var að þeir hefðu verið misnotaðir ef svo má segja sem almennir sparnaðarreikningar en til þess voru þeir ekki ætlaðir. Sumir álíta reyndar að ekki eigi að nota hugtakið misnotkun um slíkt, það sé almennt gott að spara en þá ber að geta þess að í markmiðssetningu laganna var það áskilið að þetta sparnaðarform væri tekið upp til húsnæðiskaupa. Því ber að gera þær breytingar á þessum lögum sem lúta að því að menn noti reikningana fyrst og fremst til húsnæðiskaupa eða til viðhaldsverkefna eins og hér er tekið fram. Það er einmitt í þeim tilgangi sem 3. mgr. 3. gr. hefur verið sett inn. Hún gerir ráð fyrir því að ef menn nýta ekki reikningana eins og til er ætlast þá glati þeir skattafslættinum. Það á hins vegar ekki við um þá sem sérstaklega eru tilgreindir í 3. gr., þ.e. þá sem eru orðnir 67 ára eða eru 75% öryrkjar. Þeir fá féð til frjálsrar ráðstöfunar eins og sjálfsagt er.

Þetta eru helstu athugasemdirnar sem hér hafa komið fram. Ég vil taka það fram að þegar þessir reikningar voru í gildi fóru þeir hægt af stað, eftir því sem mér er tjáð, en undir lok gildistíma þeirra var þetta orðið vinsælt sparnaðarform. Vera kann að það að þessir reikningar voru notaðir sem almennt sparnaðarform hafi haft á þá einhver áhrif. Ég held hins vegar að ef gerð væri sérstök tilraun til að markaðssetja þessa reikninga og tilgang þeirra, þá ekki síst gagnvart ungu fólki, þá mundi það verða til þess að þeir yrðu nýttir eins og til er ætlast. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er hárrétt sem komi hefur fram að þetta getur haft mjög mikil áhrif á sparnaðinn.

Ef til vill er helsta brotalöm á húsnæðiskerfi okkar sú að skattaívilnanirnar sem nú eru til í landinu og mikið notaðar eru eyðsluhvetjandi ívilnanir. Vaxtabæturnar eru eyðsluhvetjandi því að þær taka ekki tillit til þess hversu háir vextirnir eru, þær eru hlutlausar gagnvart vaxtastiginu. Þetta hefur m.a. orðið til þess að nú er komið mikið framboð á fé til húsnæðiskaupa. Að sjálfsögðu eru vextirnir hærri en mönnum er boðið upp á í húsnæðiskerfinu en vextirnir skipta ekki öllu máli fyrir kaupandann vegna þess að ívilnanirnar eru þannig að þær hvetja hann beinlínis til eyðslu.

Sá sem ber kostnaðinn af eyðslunni er hins vegar ríkið af því að það veitir ívilnanirnar í gegnum vaxtabætur. Af þeim sökum er eiginlega nauðsynlegt að reyna að skapa meira jafnvægi þarna með því að búa til sérstakar ívilnanir fyrir þá sem spara. Það er ekki síst nauðsynlegt fyrir Íslendinga sem þjóð að ýta undir ráðdeildarhugsun. Eftir að samdráttur hófst hér upp úr 1988 og ýmiss konar erfiðleikar dundu yfir fundu menn mjög til þess að þjóðin hafði ekki verið alin upp á undanförnum áratugum við ráðdeild og sparnað. Þeir erfiðleikar sem þjóðin gekk í gegnum leiddu til þess að menn öguðu sig talsvert í fjármálum miðað við það sem áður var,

og það jafnvægi sem hefur skapast í efnahagsmálum og lítil verðbólga hefur einnig ýtt undir að ráðdeild og skipulagning í fjármálum hefur frekar styrkst hér á landi.

Engu að síður er ástandið þannig að við erum ekki sterkir á svellinu í sparnaðinum borið saman við aðrar þjóðir. Þegar kaupmátturinn hefur aukist hefur sá veikleiki okkar aftur komið í ljós, að eyðslan hefur farið á mikla ferð. Þótt viðskiptahalli þjóðarinnar sé að mestu leyti rakinn til mikillar fjárfestingar, sem er til allrar hamingju aftur komin í gang — var nánast engin um tíma — þá er ekki hægt að neita því að hluti af þessum viðskiptahalla á rætur að rekja til eyðslu og til þess að það hefur sýnt sig að við höfum ekki náð að skapa langvarandi ráðdeildarsparsemi þó að okkur hafi tekist að búa til tiltölulega mikið jafnvægisástand í efnahagsmálum þjóðarinnar og var kominn tími til þess.

Ég vil að lokum þakka fyrir þessar ágætu umræður og gagnlegu ábendingar sem fram hafa komið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingalög, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 80. mál (sjópróf). — Þskj. 80.

[15:04]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

Forsaga þess að þetta frv. er flutt er sú að fyrir tæpum tveimur árum skipaði samgrh. nefnd alþingismanna til að fara yfir og fjalla um öryggismál sjómanna, einkum með það í huga að draga úr þeirri miklu slysatíðni sem er meðal þessarar starfsstéttar. Margt bar á góma í þeirri ágætu nefnd og því nefndarstarfi. Eitt af því var m.a. það sem hér er verið að fjalla um, þ.e. breyting á siglingalögum, en nefndarmönnum þótti ekki eðlilegt að taka það mál inn í þær tillögur sem voru lagðar til samgrh., heldur að flytja þetta tiltekna mál sem frv. til laga á hinu háa Alþingi.

Í nefndina voru skipaðir auk mín hv. þingmenn Gísi S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson og Stefán Guðmundsson.

Við leggjum til að við 1. gr. verði eftirfarandi breytingar gerðar á 220. gr. siglingalaga:

a. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef erlent skip skv. 2. og 3. mgr. er rekið eða gert út af íslenskum aðila eða er í ferð á hans vegum er honum heimilt að krefjast þess að sjópróf séu haldin vegna atvika sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., með sömu skilyrðum og þar greinir. Ef áhöfn eða hluti áhafnar er jafnframt í íslensku stéttarfélagi er viðkomandi stéttarfélagi heimilt að krefjast þess að sjópróf verði haldin vegna sömu atvika.

b. Í stað orðanna „2. og 3. mgr." í 4. mgr. kemur: 2., 3. og 4. mgr.

Í grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Síðari ár hefur mjög færst í vöxt að íslenskar skipaútgerðir noti í rekstri sínum skip sem skráð eru annars staðar en á Íslandi en manni þau eigi að síður með íslenskri áhöfn, alfarið eða að hluta til. Íslensk löggjöf hefur ekki náð að fylgja þessari þróun að öllu leyti og er í sumum tilfellum nauðsynlegt að laga löggjöfina að þessum veruleika. Má í því sambandi meðal annars benda á breytingu sem gerð var á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, á haustþingi 1997 um að slysatryggja íslenska sjómenn sem starfa um borð í erlendum skipum sem gerð eru út af íslenskum aðilum."

Nokkur deila kom upp varðandi þetta mál, að íslenskir sjómenn á þessum tilteknu skipum nutu ekki tryggingar Tryggingastofnunar ríkisins.

„Samkvæmt siglingalögum er einungis Siglingastofnun Íslands og rannsóknarnefnd sjóslysa heimilt að krefjast sjóprófs þegar um er að ræða erlend skip og skiptir þá engu þótt skipin séu rekin eða gerð út af íslenskum aðilum og mönnuð með íslenskri áhöfn. Upp hafa komið tilvik þar sem slíkt hefur verið til baga og má í því sambandi nefna alvarlegt vinnuslys um borð í kaupskipi sem var í leigu hjá íslenskri útgerð en sigldi undir erlendum fána. Í því tilfelli var útgerðaraðilanum mjög umhugað um að haldin yrðu sjópróf til þess að fullnægjandi sönnun fengist um aðdraganda slyssins. Atvik voru þau að gámagripla slóst í íslenskan sjómann, sem var fulltrúi útgerðarinnar um borð í skipinu, þegar verið var að losa skipið í höfninni í Argentia á Nýfundnalandi, með þeim afleiðingum að hann hlaut beinbrot á hægri lærlegg og missti þrjá fingur hægri handar, auk annarra meiðsla. Íslenska útgerðin, leigutaki skipsins, óskaði eftir því að sjópróf yrðu haldin vegna þessa slyss en Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði því með þeim rökum að útgerðarmanni skips væri ekki heimilt að óska sjóprófs þegar um væri að ræða erlend skip.

Mikilvægt er að tryggja bæði stéttarfélögum íslenskra sjómanna og útgerðaraðila skipsins rétt til þess að krefjast sjóprófs í slíkum tilfellum. Er slíkt til að auka réttaröryggi viðkomandi sjómanna og útgerðar þannig að tryggð verði fullnægjandi sönnun á tildrögum slysa og þannig megi með fyrirbyggjandi aðgerðum koma í veg fyrir frekari slys í framtíðinni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að útgerðaraðilum verði tryggður réttur til að krefjast sjóprófa vegna atvika sem verða um borð í skipum sem þeir hafa í sínum rekstri að uppfylltum skilyrðum 2. og 3. mgr. 220. gr. laganna. Auk þessa er íslenskum stéttarfélögum tryggður sami réttur, þó að því tilskildu að um sé að ræða skip sem rekin eru eða gerð út af íslenskum útgerðaraðilum.

Tekið skal fram að ákvæði frumvarpsins ber að túlka með þeim fyrirvara sem greinir í 1. gr. siglingalaga um að virða beri reglu þjóðaréttarins við slík sjópróf og við mat á því hvort þau verði haldin.

Útgerðaraðili í frumvarpinu tekur hvort tveggja til útgerðaraðila kaupskipa og fiskiskipa, hvort sem félög eða einstaklingar standa að slíkum rekstri."

Herra forseti. Ég legg til að eftir þessa umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hæstv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:10]

Útbýting þingskjala:

Áhrif af afnámi línutvöföldunar, 159. mál, svar sjútvrh., þskj. 242.

Fjarnám, 221. mál, fsp. ÍGP, þskj. 248.

Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 107. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 261.

Sektaraðgerðir við vegaeftirlit, 220. mál, fsp. GE, þskj. 247.

Smábátaútgerð, 166. mál, svar sjútvrh., þskj. 243.

Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 108. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 260.

Vinnuumhverfi sjómanna, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 81. mál. — Þskj. 81.

[15:11]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég flyt till. til þál. um vinnuumhverfi sjómanna og er það sprottið af sömu ástæðum og ég gat um áðan. Meðflutningsmenn að þáltill. eru hv. þingmenn Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson og Stefán Guðmundsson.

Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að því að vinnuumhverfi sjómanna sé bætt. Meðal annars þarf að huga að mengunarvörnum um borð í skipum, eftirliti með meðferð matvæla og meðferð hættulegra efna, auk þess sem gefa þarf gaum að vinnuvernd um borð í fiskiskipum og kaupskipum á þann hátt að um vinnuumhverfi sjómanna gildi vinnu-, hollustu- og mengunarvarnareglur sambærilegar við þær sem gilda hjá öðrum starfsstéttum."

Í grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Að undanförnu hefur mikið verið rætt um mengun hafsins og útblástur skipa, en lítið hefur verið fjallað um mengun um borð í skipum. Á Íslandi eru ekki í gildi lög sem taka á mengun í skipum."

Þó ber þess að geta að í lok síðasta þings var samþykkt lagabreyting frá umhvrh. þess efnis að öll skip sem sigla undir íslenskum fána skuli falla undir lög Vinnueftirlits ríkisins. Þess vegna er von á úrbótum í því sambandi. Í þessum lögum er það merka nýmæli að lög um hollustuhætti taki til farkosta sem ferðast undir íslenskum fána.

„Skýringar með ákvæðinu eru að vísu rýrar, en af því má draga þá ályktun að eftirlit Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits muni í framtíðinni ná til allra skipa sem sigla undir íslenskum fána. Í kjölfar samþykktar nýrra laga um hollustuhætti verði þannig sama eftirlit með hollustuháttum á vinnustöðum í landi og í skipum. Mikilvægt er að fylgja þessari lagabreytingu eftir og huga sérstaklega að vinnuumhverfi sjómanna."

Mig langar aðeins, virðulegi forseti, að vitna til nokkurra atriða sem varða þetta mál af þeim ástæðum að þessum málum hefur ekki verið mikill gaumur gefinn. Í ágætri grein sem Guðbjartur Einarsson vélfræðingur skrifaði í Morgunblaðið kemur eftirfarandi fram:

„Kastljósi umhverfissinna og mengunarsérfræðinga hefur á síðasta áratug verið beint að skipaflota heimsins. Ótal skýrslur hafa verið samdar og ráðstefnur haldnar um mengun frá skipum. Spjótin hafa beinst að ytri mengun, aðallega þó útblæstri (afgasi) og áhrifum þess á ósonlagið vegna gastegunda.

Á meðan augu manna hafa beinst að ytri mengun frá skipum, hefur minna borið á umfjöllun um innri mengun. Sérfræðingar um innri mengun í skipum hafa þó ekki setið aðgerðalausir. Margar rannsóknir sem sýna fram á slæmt heilsufar sjómanna hafa verið gerðar. Full þörf er að taka þær alvarlega. Svo virðist sem goðsögnin um hinn hrausta og heilbrigða sjómann lifi vel á meðal þeirra sem setja reglur um mengunarvarnir. Að minsta kosti mætti ætla það þegar litið er til þess að til eru mengunarvarnareglugerðir fyrir allar starfsstéttir í landinu nema sjómenn, en alls starfa um sex þúsund manns á fiski- og fraktskipum okkar Íslendinga."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Það kom skýrt fram í málflutningi Kristins Ingólfssonar, tæknifræðings hjá Siglingastofnun ríkisins, á ráðstefnu Vélstjórafélags Íslands í jan. sl. [þ.e. 1997], um umhverfismál vélstjóra, að stofnunin hefur takmarkaðar eða engar reglur varðandi vinnu og umhverfisvernd að styðjast við varðandi sjómenn og því erfitt að láta að sér kveða á þeim vettvangi. Samkvæmt þessu mætti ætla að engin innri mengun væri um borð í íslenskum skipum, en svo er ekki. Málið er mun alvarlegra en menn gera sér almennt grein fyrir.

Tveir meginþættir. Deila má innri mengun skipa í tvo meginþætti:

1. Mengun í vélarrúmi: olía, olíugufur, snefilefni, afgas.

2. Loftmengun, vistarverur, vélarrúm: frá útblæstri véla (afgas)."

Þá má líka geta þess að sjómenn eru að fást við alls kyns efni sem þeir nota og eru starfi þeirra tengd og eru þau mörg mjög viðsjárverð.

„Á ráðstefnu, sem haldin var í Færeyjum árið 1995, um umhverfismál sjómanna þar sem saman voru komnir mengunarsérfræðingar frá öllum Norðurlöndunum og víðar, vakti umræða um slæmt heilsufar vélstjóra mikla athygli. Kom þar fram að þeir sem vinna í vélarrúmum skipa eru í sérstökum áhættuhópi hvað varðar krabbamein og öndunarfærasjúkdóma. Hjá þeim er 2–3 sinnum meiri tíðni krabbameins en hjá öðrum. Þegar skoðað er vinnuumhverfi vélstjóra þarf ekki að koma á óvart að rannsóknir sýni fram á að þar sé víða pottur brotinn. Þeir þurfa að umgangast ýmsar olíur, sterk hreinsiefni, olíueim og sót allt upp í 300 daga á ári.

Með þetta starfsumhverfi í huga koma rannsóknir dr. Vilhjálms Rafnssonar læknis ekki á óvart. Dr. Vilhjálmur tók ásamt öðrum sérfræðingum þátt í viðamiklum rannsóknum á dánarmeinum og nýgengi krabbameina hjá vélstjórum á árunum 1936–1982. Skýrslan var birt 1984 og sýnir að starfsumhverfi vélstjóra hefur af einhverjum óskiljanlegum ástæðum ekki notið verndar löggjafans.

Það er alvarlegt mál fyrir yfirvöld og kann síðar koma þeim í vanda að þau kunna að hafa haft vitneskju um að eitthvað óeðlilegt væri hér á ferð án þess að aðhafast nokkuð.

Í fyrstu mætti ætla að loft sem dælt er inn í vistarverur skipverja, væri hreina og tæra sjávarloftið sem er laust við alla mengun. Við athugun og vegna kvartana marga, bæði vélstjóra og annarra skipverja yfir slæmu lofti í vistarverum skipverja, kom eftirfarandi í ljós: Á stórum hluta íslenska flotans er inntak á fersku lofti fyrir vistarverur og vélarrúm staðsett á eða við skorsteinshúsið eða í námunda við útblástur. Kröftugir loftblásarar taka ekki aðeins ferska loftið, heldur taka við ákveðnar aðstæður, einnig með sér hluta af útblæstri vélanna. Öllum má vera það ljóst að það að fá inn í vistarverur, vélarrúm, og vinnuumhverfi útblástur (afgas) frá vélunum, með öllum þeim hættulegu gastegundum sem þar er að finna, er mjög skaðlegt heilsunni. Á einstaka skipum er það svo alvarlegt að skipverjar vakna með sót undir nefi og sót og olía sest á innþiljur, matvæli og fiskafurðir. Það er óhætt að fullyrða að þetta vandamál nái yfir 90% af flotanum.

Innri mengun í skipum þarf að taka föstum tökum. Það er hagur útgerðarinnar, sjómannsins og ekki síst heilbrigðiskerfisins sem að lokum greiðir reikninginn með skattpen-

ingum fólksins ef þessi mál eru í ólestri. Um vinnuumhverfi sjómannsins eiga að gilda sambærilegar vinnu-, hollustu- og mengunarreglur sem eru hjá öðrum þegnum þessa lands."

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vinnumarkaðsaðgerðir, 1. umr.

Frv. KÁ og ÖJ, 85. mál (kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir). — Þskj. 85.

[15:20]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Þetta frv. er nú flutt öðru sinni örlítið breytt. Það fór til hv. félmn. í fyrra og var sent til umsagnar en frv. kom það seint fram að nefndin náði ekki að taka það til afgreiðslu. Skemmst er frá því að segja að þær umsagnir sem bárust voru mjög jákvæðar. Því vona ég að þar sem frv. kemur þetta snemma fram og fer til nefndar nái það að fá þar góða afgreiðslu.

Frv. gengur út á það, hæstv. forseti, að við tiltölulega nýstofnaða Vinnumálastofnun, sem er til húsa í Hafnarhúsinu á hæðinni fyrir neðan félmrn., verði sett á laggir sérstök deild sem annist kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir.

Í 2. gr. frv. er skilgreint hvaða verkefni deildin skuli annast. Þau eru m.a. að fylgjast með þróun launa og annarra þátta er hafa áhrif á launakjör, jafnt á almennum vinnumarkaði sem hjá hinu opinbera.

Að safna upplýsingum um þær breytingar er verða á vinnumarkaði, svo sem um fækkun eða fjölgun starfa, atvinnuleysi, nýsköpun í atvinnulífi og þörf vinnumarkaðarins fyrir vinnuafl, faglært sem ófaglært.

Að kanna orsakir þeirra breytinga er verða á vinnumarkaði og benda á líklega þróun hans.

Að gefa út skýrslur um þróun launamála, ástand á vinnumarkaði og þær breytingar sem á honum verða. Tekið er sérstaklega fram allar tölulegar upplýsingar skulu vera kyn- og aldursgreindar.

Þá er þessari deild falið að fylgjast með þróun erlendis í vinnumarkaðsmálum og miðla upplýsingum um hana.

Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um þörf vinnumarkaðarins fyrir starfsmenntun, endurmenntun og símenntun.

Og loks að efla rannsóknir á stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Eins og heyra má á þessu, hæstv. forseti, eru verkefni þessarar fyrirhuguðu deildar nokkuð víðfeðm en það er skoðun flutningsmanna að við Íslendingar þurfum að taka okkur verulega á hvað varðar rannsóknir á vinnumarkaði. Við stöndum frammi fyrir því að það eru að eiga sér stað og hafa átt sér stað miklar breytingar á íslenskum vinnumarkaði. Í rótgrónum starfsgreinum er störfum að fækka og má þar nefna landbúnað, fiskveiðar og fiskvinnslu, meðan störfum fjölgar í ýmsum þjónustugreinum, svo sem á sviði ferðaþjónustu, hátækni og upplýsingaiðnaðar.

Á meðan störfum fjölgar í sumum þjónustugreinum hefur þeim fækkað í öðrum þar sem tæknin er að leysa mannshöndina af hólmi. Þar má kannski nefna sérstaklega bankaog tryggingakerfið þar sem tölvutæknin er að koma sífellt meira inn í störfin og spara mikið vinnuafl. Miklar breytingar eru að verða á vinnumarkaðnum sem er nauðsynlegt að fylgjast með, nauðsynlegt að hafa nákvæmar upplýsingar um og nauðsynlegt að geta spáð um nánustu framtíð til þess að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins geti áttað sig á því til hvaða aðgerða þurfi að grípa ef einhverra aðgerða er þörf.

Þá er annað sem hefur einkennt íslenskan vinnumarkað það sem af er þessum áratug en það er atvinnuleysi. Á þessum áratug hefur atvinnuleysi verið meira en þekkst hefur síðan á kreppuárunum og þó að verulega hafi dregið úr því á allra síðustu árum sem betur fer er samt töluverður hópur fólks atvinnulaus, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Mjög brýnt er að fylgst sé mjög náið með atvinnuleysinu og þróun þess, greint sé hverjar orsakir eru og stöðugt sé í gangi aðgerðir og kannanir á því hvað hægt sé að gera til þess að halda atvinnuleysinu sem allra mest niðri.

Hæstv. forseti. Þá er mjög nauðsynlegt að til staðar sé góður samanburður á þróun kjara, bæði hvað varðar opinberan vinnumarkað og hinn almenna vinnumarkað og ekki síst að fylgjast með launaþróun milli kynjanna. Rannsóknir á þessu sviði hvað varðar kjör og kjaraþróun hafa verið afskaplega takmarkaðar. Starfandi er kjararannsóknarnefnd sem var sett á laggir á sínum tíma á grundvelli samninga milli aðila vinnumarkaðarins en kjararannsóknarnefnd hefur fyrst og fremst fylgst með mjög ákveðnum hópum á almennum vinnumarkaði, þ.e. verkafólki, verslunarmönnum og iðnaðarmönnum eða þeim sem vinna við verslun, iðnað og verkamanna- og verkakvennastörf.

Lögum samkvæmt er starfandi nefnd sem á að fylgjast með kjörum opinberra starfsmanna en sannleikurinn er sá að upplýsingar berast tiltölulega sjaldan um þróun m.a. launakjara opinberra starfsmanna, þ.e. að okkur sé gert auðvelt að hafa yfirsýn yfir launakjörin og m.a. nú eru launakjör opinberra starfsmanna að ganga í gegnum miklar breytingar og við sem erum að fást við frv. til fjárlaga fyrir næsta ár höfum orðið vör við að mikið er að gerast hjá opinberum stofnunum hvað varðar launakjör. Þar hefur átt sér stað mikil uppstokkun. Samkvæmt tillögunni er þessari deild innan Vinnumálastofnunar falið að hafa yfirsýn yfir alla launaþróun í landinu.

Eins og ég nefndi hefur kjararannsóknarnefnd og nefnd ríkisins fylgst að einhverju leyti með þessum málum en þó mjög takmarkað. Hagstofan heldur saman ákveðnum gögnum um vinnumarkaðinn og Þjóðhagsstofnun gerir kannanir öðru hverju um þörf á vinnuafli en hér er um það að ræða að þessu verði öllu safnað undir einn hatt og jafnframt að vinnumarkaðsrannsóknir verði þar með stórefldar. Ég held að þetta sé ekki síst mikilvægt með tilliti til þess að horft sé til framtíðar, að menn reyni að átta sig á því hvaða störf munu skapast á næstu árum og áratugum og til þess að tengja það þörfinni fyrir menntun og endurmenntun og símenntun starfsfólks því það er almennt orðið viðurkennt að fólk menntar sig ekki einu sinni fyrir lífið heldur kalla þær miklu breytingar sem við erum að ganga í gegnum á að fólk sé stöðugt að mennta sig og jafnvel mennti sig til nýrra starfa. Yfir þetta þurfum við að geta séð allt saman, áttað okkur á breytingum og áttað okkur á nauðsynlegum aðgerðum.

Það er óþarfi, hæstv. forseti, að greina þetta nánar öðru sinni. Þetta er viðamikil tillaga. Hún fékk góð viðbrögð hjá Vinnumálastofnun. Þar er mikill vilji til þess að efla þann þátt

sem snýr að rannsóknum á vinnumarkaðnum. Reyndar kom það fram í heimsókn félmn. Alþingis til Vinnumálastofnunar í október að rannsóknir á íslenskum vinnumarkaði eru nánast engar. Að mínum dómi er því um brýnt mál að ræða, mál sem snertir nánast alla landsmenn og getur orðið til þess að bæta mjög skipulag vinnumarkaðar okkar, hjálpa ungu fólki til þess að átta sig betur á náms- og starfsmöguleikum og fyrir skólakerfið til að skipuleggja nám og endurmenntun hvar sem hún fer fram.

Að lokinni umræðunni, hæstv. forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn.

[15:31]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Margt í þessu frv. er mjög gagnlegt og þarft. Þær upplýsingar sem hægt er að fá, t.d. úr gögnum um atvinnuleysi og annað, eru það takmarkaðar að ekki er hægt að grípa til aðgerða. Það er ekki hægt að finna réttu lausnirnar þegar á þarf að halda. Við höfum gengið í gegnum þetta núna, gert rannsókn fyrir Verslunarmannafélagið, fyrir starfsmannafélagið Sókn og fleiri félög og þá eru grunnupplýsingar nánast engar. Ef þær eru unnar þá eru þær unnar á vegum þessara aðila. Ítarlegar upplýsingar um þennan málaflokk — þeir eru náttúrlega fleiri sem þarna voru ræddir — þurfa að liggja fyrir þegar grípa þarf til ákveðinna aðgerða og snöggra.

Það gengur ekki að stimpla alla atvinnulausa einum stimpli heldur þarf að fá vandann greindan. Í hverju liggur vandinn? Er hann vegna aldurs, vegna örorku eða vegna barna? Í hverju er vandinn fólginn? Er hann vegna þess að viðkomandi féll út af vinnumarkaði og á erfitt með að byrja aftur? Engar slíkar rannsóknir eru til. Ég nefni þetta sem sérstakt dæmi.

Varðandi rannsóknir á stöðu kvenna á vinnumarkaði er mjög brýnt að þær verði efldar. Hvað kjarasviðið og samanburð á launum varðar tek ég eindregið undir það sem þar kemur fram. Ég þakka fyrir frv. og styð framgang málsins.

[15:32]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir hennar. Þar talaði kona sem hefur mikla reynslu af vinnumarkaðsmálum. Hún hefur staðið í samningum um kaup og kjör um árabil og þekkir þau vandamál sem lúta að atvinnuleysi og stöðu kvenna á vinnumarkaðnum.

Ég vona að m.a. verkalýðshreyfingin taki vel undir þessa tillögu eins og hún reyndar gerði í þeim umsögnum sem bárust. Við þurfum að leggjast á eitt við að koma þessu máli áfram. Eins og hv. þm. sagði er þetta brýnt mál. Það er mjög brýnt að við öflum betri upplýsinga um allt það sem lýtur að vinnumarkaðnum, ekki bara kaupi og kjörum heldur og ýmsum breytingum sem þar eiga sér stað og ekki síst hvað framtíðin kallar á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 86. mál. — Þskj. 86.

[15:34]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ál. um eflingu sparnaðar og aukna hlutdeild almennings í atvinnurekstri. Þetta er í þriðja sinn sem þessi tillaga er lögð hér fram. Á síðasta þingi hlaut hún ekki afgreiðslu. Henni var vísað til hv. efh.- og viðskn. Kallað var eftir umsögnum en nefndin afgreiddi málið hins vegar ekki. Þess vegna er hún flutt að nýju. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagasetningu er hafi það að markmiði að efla sparnað í þjóðfélaginu, auðvelda almenningi að eignast hlut í atvinnurekstri og tryggja þannig dreifða eignaraðild í atvinnulífinu. Í því skyni verði starfsfólki fyrirtækja sem skráð eru á hlutabréfamarkaði eða hafa verið einkavædd boðið að stofna sérstaka sparnaðarreikninga með hæstu ávöxtun, sem bundnir verði til þriggja til sjö ára, hjá viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Reikningarnir verði á nafni starfsmanna og verði föst fjárhæð af launum þeirra lögð inn á þá. Að loknum umsömdum binditíma eigi starfsmaðurinn rétt á að nýta sér það fé sem safnast hefur til þess að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu sem hann vinnur hjá á því gengi sem var á hlutabréfum þess þegar sparnaðartímabilið hófst. Kjósi hann hins vegar að verja fénu til annarra nota verði honum það frjálst."

Flutningsmenn ásamt þeim sem hér stendur eru hv. þm. Tómas Ingi Olrich, Pétur H. Blöndal og Einar Oddur Kristjánsson.

Með tillögu þessari er ætlunin að reyna að vekja athygli á afar athyglisverðu formi sem hvetur til sparnaðar og tryggir aukna hlutdeild almennings í atvinnulífinu. Skiptir þetta einhverju máli? Já, að sjálfsögðu. Fyrir því eru auðvitað margvísleg rök. Þetta getur leitt til aukins sparnaðar en um þessar mundir eru allir sammála því að mikil þörf sé á að auka sparnað í þjóðfélaginu og gefa fólki kost á að leggja til hliðar fjármuni sem það ella mundi verja til annarra hluta. Í annan stað þarf íslenskt atvinnulíf á því að halda að styrkja innviði sína og í þriðja lagi er hægt að benda á að leið sem þessi er aðferð sem í senn dreifir eignum og veitir fólki aukna hlutdeild ef vel gengur í atvinnurekstrinum sjálfum.

Þátttaka almennings í atvinnulífinu hefur breyst mjög hratt á undanförnum árum. Það verður stöðugt algengara að fólk kaupi hlutabréf, eignist hlutdeild í fyrirtækjum og verji til þess hluta af því fjármagni sem það hefur til ráðstöfunar. Þetta hefur m.a. gerst, eins og við þekkjum hér á landi, í tengslum við einkavæðingu fyrirtækja. Hið sama hefur átt sér stað í Bretlandi, en þaðan er þessi hugmynd fengin, með mjög góðum árangri. Við einkavæðingu tiltekinna fyrirtækja var brugðið á það ráð að búa til sparnaðarform fyrir starfsfólk fyrirtækjanna sem gerði því kleift að eignast hlutdeild í fyrirtækinu sem það vann hjá. Meðal fyrirtækja sem beittu þessari aðferð var British Airports Authorities sem er fyrirtæki sem á marga flugvelli, þar á meðal þann fræga flugvöll Heathrow-flugvöll. Þessi aðferð hafði í för með sér að u.þ.b. 93–98% starfsmanna þessa stóra fyrirtækis kusu að verja fjármunum sínum til að eignast hlutabréf með þessum hætti. Skýringin er auðvitað mjög augljós. Í sjálfu sér er ákaflega lítil áhætta því samfara fyrir fólk að leggja fé til hliðar og verja því að því búnu eftir ákveðinn tíma til kaupa á hluta-

fénu, sé það á annað borð skynsamlegur fjárfestingarkostur. Ef vel hefur gengið í atvinnurekstrinum og hann sýnt góða ávöxtun getur hagnaðarvonin fyrir almenning verið veruleg. Það hefur líka komið á daginn og er reynsla t.d. í því fyrirtæki sem ég nefndi hér áðan, að það eru ekki síst þeir sem hafa lakari kjör, lægri launin sem kosið hafa að beita einmitt þessari aðferð.

Ég nefndi áðan að þetta gæti verið hluti af því að styrkja atvinnulífið í sjálfu sér, í því að efla og bæta efnahag atvinnulífsins og fyrir því eru margvísleg rök. Við þekkjum það að atvinnulíf hér á landi er í alþjóðlegum samanburði frekar skuldsett. Þetta á t.d. við um höfuðatvinnugrein okkar, sjávarútveginn, en þetta á einnig við miklu víðar. En þetta er líka svar við öðru. Með þessum hætti erum við að reyna að dreifa eigninni, að auka eignadreifinguna í þjóðfélaginu.

Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að fyrirtæki eru að stækka. Í sjávarútvegi eru fyrirtæki af öllu tagi að sameinast milli landshluta. Þetta er líka að gerast í bönkum, í fjármálastarfsemi og víðar og víðar. Þetta er svar við aukinni alþjóðlegri samkeppni og kröfunni um að draga úr tilkostnaði og bæta þannig lífskjörin í landinu. Þetta hefur hins vegar líka í för með sér að eignasamþjöppunin verður meiri. Þess vegna hafa menn velt því fyrir sér hvernig hægt sé að auka valddreifinguna í þjóðfélaginu þar sem þróunin er í átt til stærri fyrirtækja. Menn hafa í því sambandi bent á aðferð af þessu tagi, aukna þátttöku almennings.

Í mjög athyglisverðri úttekt sem sir James Meade, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, gerði fyrir ekki löngu síðan velti hann því einmitt fyrir sér hvernig menn gætu aukið eignadreifinguna í nútímaþjóðfélagi. Með hefðbundnum aðferðum hefur þetta verið gert þannig að reynt hefur verið að auka eignadreifinguna um leið og tekjudreifinguna með hefðbundnum kjarasamningum og auðvitað er hægt að ná þar ákveðnum árangri. Við þekkjum þetta en vitum að þessi leið er takmörkunum háð. Reynslan segir okkur að menn komist aldrei nema að ákveðnu marki í þessum efnum. Viðmiðanirnar eru alltaf þær að menn bera sig saman við eitthvað sem þeir telja vera viðmiðunarstétt sína. Þess vegna er reynslan oft sú að jafnvel þótt menn taki ákvörðun um að reyna að lyfta lægstu laununum þá koma einhverjir aðrir á eftir og segja: Úr því þessi stétt fékk hærra vil ég fá enn þá hærra. Þannig komumst við aldrei nema að ákveðnum endamörkum til að dreifa eignum og tekjum með hinni hefðbundnu leið.

Nákvæmlega sama hefur auðvitað komið á daginn varðandi velferðarríkið og þær aðferðir sem við höfum reynt að beita með því að dreifa eignum og tekjum í gegnum skatta, í gegnum tryggingakerfið o.s.frv. Þar rekum við okkur fljótlega upp í þetta þak sem er tekjutengingin og þetta höfum við séð okkur í margvíslegum myndum. Tekjutengingin er liður í að reyna að dreifa tekjum en veldur því að lokum að við sjáum oft mjög afkáraleg dæmi. Aldraðir hafa t.d. bent á slík dæmi í sambandi við réttindabaráttu sína.

Niðurstaða þessa ágæta nóbelsverðlaunahafa í þessum efnum er því að skynsamlegast kunni að vera að auka hlutdeild almennings í atvinnulífinu, gera fólki auðveldara að eignast hlut í fyrirtækjunum og dreifa þannig eignunum. Þetta er ekki einfalt mál eins og margir vita. Þess vegna hafa menn reynt að finna leiðir sem gera það að verkum að fólki sé auðveldara en ella að eignast hlut í fyrirtækjum og hafa af því hag þegar vel gengur í atvinnulífinu og færa góðærið til fólksins með arðgreiðslum og eignarhlut.

Við vitum að hér á landi hefur sparnaður lengst af verið allt of lítill. Í fylgiskjölum með þáltill. eru upplýsingar, sem unnar hafa verið af hagfræðideild Seðlabanka Íslands sérstaklega vegna þessarar tillögu. Þar er borinn saman þjóðhagslegur sparnaður á árunum 1990 til 1996 í einstökum ríkjum og í ljós kemur að hlutfall sparnaðar á Íslandi af landsframleiðslu er með því lægsta. Við erum svipuð og Bandaríkin og Nýja-Sjáland en langt fyrir neðan ríki eins og Þýskaland, Austurríki, Noreg, Sviss eða Japan. Í því efnahagsumhverfi sem við búum við í dag eru allir sammála um að þetta sé eitt af því sem við þurfum að bæta úr. Ein aðferðin, eitt sparnaðarformið getur auðvitað verið það sem hér er lagt til.

Nú segja kannski einhverjir: Er þetta ekki fyrst og fremst leið til að gera þá ríku ríkari og auðvelda því fólki sem hefur mikið milli handanna að eignast hlutafé? Þetta er ekki þannig. Það hefur auðvitað orðið grundvallarbreyting í þeim efnum. Stöðugt fleiri einstaklingar fara af mörgum ástæðum þá leið að reyna að eignast hlutafé, m.a. vegna ágóðavonar, vegna þess að fólk er að búa sér til skattaívilnun og fleira í þeim dúr.

Eftir árið 1990 hefur orðið veruleg breyting og veruleg aukning á kaupum almennings á hlutabréfum. Á árinu 1990 keyptu um 16 þús. manns hlutabréf til þess bókstaflega að nýta sér skattalegt hagræði og það hafði þá þrefaldast frá árinu á undan. Síðan var þetta næstu ár á eftir, fram til ársins 1994, svona á bilinu rúmlega 10–12 þús. manns, fór upp í 16 þús. manns aftur árið 1995, 29.500 árið 1996 og 18.200 árið 1997. Þetta er býsna stór hópur ef við höfum það í huga að talið er að um 150 þúsund manns í landinu séu framtalsskyldir. Af þeim greiðir um það bil $^1/_3$ tekjuskatt þegar búið er að draga frá frádráttarliði eins og vaxtabætur, barnabætur o.s.frv. Miðað við þær upplýsingar sem hérna er stuðst við lætur nærri að um það bil 60% af þeim sem greiddu tekjuskatt á árinu 1996 hafi keypt hlutabréf í skráðum félögum og í fyrra var samsvarandi tala um 36%. Það er því augljóst að almenningur er farinn að taka þátt í því að auka sparnað sinn og reyna að bæta hag sinn með því að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum.

Sú leið sem hér er verið að leggja til er einmitt til þess fallin að gera fólki þetta enn þá auðveldara. Kosturinn við þessa leið umfram hefðbundnar skattaívilnunarleiðir er auðvitað sá að hér er ekki gert ráð fyrir því að ríkið þurfi að láta neitt af sinni hálfu í formi skattaívilnana. Þvert á móti er hér fyrst og fremst verið að gera fólki kleift með tiltekinni lagasetningu sem væntanlega þyrfti að útfæra, að eignast hlut í fyrirtækjum án þess að ríkið legði fram skattaívilnanir á móti. Það er eingöngu verið að leggja til hugmynd þar sem fólk hefði möguleika á því að leggja til hliðar fjármuni í hlutfalli við greiðslumöguleika sína sem eru ávaxtaðir með hæstu hugsanlegum vöxtum í tiltekinn tíma. Síðan hefur fólk það val að loknu þessu sparnaðartímabili annaðhvort að nýta þessa fjármuni að eigin vild eða kaupa hlutabréf í tilteknu fyrirtæki sem það vinnur hjá á því gengi sem á bréfunum var þegar sparnaðartímabilið hófst. Áhættan er því fyrst og fremst annarra en þeirra sem eru að leggja peningana til hliðar og möguleikarnir á því að fá góða ávöxtun, ef vel gengur, eru þarna vissulega til staðar og síðan möguleikarnir á því að fá aukna hlutdeild í eignamyndun og aukna hlutdeild í ágóða- og arðgreiðslum ef vel tekst til. Þetta hefur stundum verið kallað eins konar alþýðukapítalismi og ég held að það sé ekki lakara orð en hvað annað til þess að lýsa leiðum eins og þessum sem menn hafa verið að fara í vaxandi mæli í

nágrannalöndum okkar til þess að styrkja stöðu almennings og til þess að dreifa eigninni, má segja, sem annars er að færast á færri hendur, í það form að fyrirtækin eru að stækka af ástæðum sem ég held að séu á margan hátt óhjákvæmilegar. Að vísu er það svo að hægt er að benda á það með réttu að um leið og fyrirtækin stækka eru líka að verða til *lítil fyrirtæki. Það er af hinu góða og mikilvægt að þannig sé* búið um hnútana að fólk geti tekið þátt í atvinnulífinu. Og auðvitað getur þetta verið upphafið að því að auðvelda fólki slíka vinnu.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að það sé mikilvægt fyrir okkur við þessar aðstæður að reyna að velta upp öllum hugsanlegum leiðum sem geta aukið sparnað í þjóðfélaginu og stuðlað að aukinni eigna- og tekjudreifingu vegna þessara aðstæðna sem ég hef verið að rekja. Við þurfum að vera tilbúin til að hugsa dálítið óhefðbundið í þessum efnum og horfa á leiðir af þessu taginu til að bæta hag almennings.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til síðari umræðu og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Átak til að draga úr reykingum kvenna, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 95. mál. — Þskj. 95.

[15:49]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sérstakt átak til að draga úr reykingum kvenna. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Kristín Halldórsdóttir.

Þessi tillaga var lögð fram á Alþingi sl. vetur, en varð þá eigi útrædd og er lögð fram að nýju vegna mikilvægis málsins.

Tillagan gengur út á það að fela heilbrigðisráðherra að efna til sérstaks átaks til að draga úr reykingum kvenna. Verði sjónum einkum beint að stúlkum og ungum konum þannig að takast megi að koma í veg fyrir að stúlkur hefji reykingar og þær sem byrjaðar eru hætti.

Á undanförnum árum hefur margsinnis komið fram að *íslenskar konur eru meðal mestu reykingakvenna í Evrópu.* Aðeins danskar konur reykja meira en þær íslensku samkvæmt mínum upplýsingum, en þessar tölur geta auðvitað breyst frá ári til árs. En svo mikið er víst að það er staðreynd að íslenskar konur eiga heimsmet hvað varðar lungnakrabbamein og dauða af völdum lungnakrabbameins sem fyrst og fremst er rakið til reykinga. Þetta eru hrikalegar staðreyndir, hæstv. forseti.

Á undanförnum árum hefur dregið verulega úr reykingum karla. Það hefur líka dregið úr reykingum kvenna en ekki nærri því eins mikið og karlanna. Það vekur spurningar um það hvort konur eigi erfiðara með að hætta að reykja. Bent hefur verið á ýmislegt sem því tengist. Bara sú staðreynd að líkamar kvenna eru minni en líkamar karla á meðan þær reykja sama magn og karlarnir gerir það að verkum að konur verða *kannski enn þá háðari nikótíni* en karlar.

Bandarískar rannsóknir hafa leitt í ljós, sem ekki er mikið hampað, að nikótín er miklu sterkara eitur en menn hafa viljað viðurkenna. Eins og kemur fram í greinargerðinni heyrði ég bandarískan lækni segja að samanburðarrannsóknir sýndu að rottur gera engan greinarmun á nikótíni og heróíni, engan. Þær verða jafnháðar báðum þessum eiturefnum. Það er alkunna að heróín er stranglega bannað og harðar refsingar liggja við því að neyta þess en tóbak er selt ómælt. (**Gripið fram í:** Af ríkinu.) Já, af ríkinu eins og hv. þm. bendir á. *Margt þarf því að athuga í þessum efnum, en þarna á* auðvitað hefðin og sagan hlut að máli.

Á liðnum vetri gekkst heilbrrn. fyrir ráðstefnu um heilsu kvenna sem var fjölsótt og kom þar margt merkilegt fram. M.a. voru fluttir fyrirlestrar um reykingar kvenna. Þar kom fram að stúlkur hefja reykingar sífellt yngri. Samanburðarrannsókn leiddi í ljós að um 1960 hófu konur reykingar yfirleitt eftir tvítugt en núna byrja þær 14–15 ára gamlar sem þýðir að sá tími ævinnar sem konur reykja hefur lengst mikið og þar af leiðandi er líkaminn í miklu fleiri ár að glíma við nikótínið og afleiðingar þess og þar af leiðandi er mun meiri hætta á sjúkdómum.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að tengja má neyslu á tóbaki eða nikótíni við marga sjúkdóma. Sýnt hefur verið fram á tengsl þess við marga sjúkdóma, ekki aðeins lungnakrabbameinið sem ég gat um í upphafi heldur einnig aðrar tegundir krabbameins auk þess sem það tengist beinþynningu, hjarta- og æðasjúkdómum og fleiri sjúkdómum. Það er því algerlega ljóst að þessi mikla eiturnotkun og misnotkun á tóbaki — okkur vantar gott orð yfir þetta á íslensku. Á norðurlandamálum er talað um „misbrug". Þetta er misnotkun á eiturefni. Það er alveg ljóst að misnotkun á þessu eiturefni kostar samfélagið gríðarlegar upphæðir og einstaklingana miklar hörmungar. Því miður fjölgar þeim stöðugt sem verða veikir vegna langvarandi tóbaksneyslu og kemur það auðvitað til að nú eru þeir hópar kvenna sem hafa reykt frá unga aldri að *ná eða að komast yfir miðjan aldur og jafnvel á elliár.* Eins og margir vita tíðkaðist það yfir höfuð ekki í upphafi aldarinnar að konur notuðu tóbak. Þetta er auðvitað einn ósiðurinn sem konur hafa tekið upp eftir körlum, því miður.

Við þessu þarf eitthvað að gera, hæstv. forseti, og hér er verið að leggja til að heilbrrn. beiti sér sérstaklega og beini sjónum fyrst og fremst að ungum stúlkum sem eru einn af markhópum tóbaksframleiðenda. Tóbaksframleiðendur hafa beint sjónum mjög að ungu fólki, þar á meðal konum, og þess er getið í greinargerðinni að á síðasta ári urðum við mikið vör við að tóbaksframleiðendur auglýstu vindla og sýndu myndir þar sem konur voru að reykja vindla og það virtist vera sérlega töff, ef ég ég má nota það orð, hæstv. forseti, eða eitthvað hetjulegt við það að sýna konur að reykja vindla. En reykingar kvenna á vindlum hafa verið mjög óalgengar nema *í Danmörku af einhverjum ástæðum sem ég þekki ekki, en* þar hefur verið býsna algengt að konur hafi reykt vindla.

Tóbaksframleiðendur beina sjónum sínum að konum og sérstaklega ungum stúlkum til þess að fá þær til að byrja. Þetta er spurningin um að heilbrigðisyfirvöld beiti sér í þá veru að vinna gegn reykingum kvenna vegna þeirra alvarlegu afleiðinga sem þær hafa fyrir heilsufar þeirra.

Auðvitað má hvorki gleyma karlmönnum né drengjum. En eins og ég nefndi í upphafi þá hefur dregið mun meira úr reykingum karla en kvenna þannig að hér er greinilega málefni sem þarf að taka á. Við þekkjum öll hversu alvarlegt heilsufarslegt vandamál reykingar eru og það að þær verða sífellt stærra viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar. Nýlega var bent á að á næstu árum munu tugir þúsunda Íslendinga deyja af völdum tóbaksreykinga þannig að hér er um mjög

alvarlegt mál að ræða, hæstv. forseti. Það þarf að beita miklu meiri áróðri og aðgerðum til þess að reyna að draga úr reykingum því að áróðurinn á móti er mjög mikill.

Að lokinni þessari umræðu, legg ég til, að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. heilbr.- og trn.

[15:58]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka flutningsmönnum fyrir að flytja svo mikilvæga tillögu. Þó að við beitum okkur í forvörnum af ýmsu tagi, tóbaksvörnum sem og forvörnum í sterkari efnum, þá er kvenfólk og einkum ungar konur sá markhópur tóbaksframleiðenda sem við þurfum að beina sjónum okkar sérstaklega að því að þær hafa verið markhópur tóbaksframleiðenda um langan tíma.

Með ítarlegum rannsóknum og stöðugum könnunum á væntingum, ímynd og lífsstíl ungra stúlkna og kvenna hafa tóbaksframleiðendur ætíð forskot í markaðssetningu tóbaks. Forvarnastarf væri markvissara ef þær upplýsingar sem tóbaksiðnaðurinn býr yfir væri þeim aðilum sem vinna að tóbaksvörnum aðgengilegar, en það er langt frá því að svo sé því að tóbaksiðnaðurinn heldur þessum dýrmætu upplýsingum hjá sér, enda hafa þeir fjármagn til að gera svo viðamiklar rannsóknir og markaðssetja samkvæmt þeim.

Með rannsóknum sínum var þeim t.d. löngu ljós skaðsemi reykinga áður en fyrstu skýrslur lækna komu fram um samband reykinga og lungnakrabbameins. Tóbaksframleiðendur hafa þar til fyrir fáum árum neitað þessari staðreynd.

Sama á við um markaðssetningu tóbaks eða sígarettna fyrir ungar stúlkur. Tóbaksiðnaðurinn markaðssetur ekki sínar vörur fyrir börn og unglinga. Þeir auglýsa eingöngu til að fá fullorðið fólk til að skipta um sígarettutegund eða vörutegund. Þetta eru þeirra orð.

Við vitum betur, því að konur, börn, unglingar og íbúar þróunarlandanna eru markhópar tóbaksiðnaðarins í dag. Þeim hefur orðið mjög vel ágengt með alla þessa markhópa. Sorglegasta er að fylgjast með auknum reykingum ungra stúlkna og það er staðreynd að þrjár af hverjum fjórum ungum stúlkum sem byrja að reykja munu reykja á fullorðinsaldri. Tvær af þessum fjórum munu deyja af reykingatengdum sjúkdómum og ein af þessum fjórum mun látast af reykingatengdum sjúkdómi langt um aldur fram. Þetta eru staðreyndir.

Sú kvenímynd sem hefur verið í tísku, þ.e. mjög grannur kvenlíkami, er mörgum stúlkum svo eftirsóknarverður að þær sem byrja að reykja, þora ekki að hætta af ótta við að fitna. Margar þeirra fá aðra sjúkdóma tengda átröskun, eingöngu vegna þessarar fölsku kvenímyndar.

Því ber að þakka að fram komi till. til þál. um að gera sérstakt átak til að draga úr reykingum kvenna. Þetta er alþjóðlegt vandamál. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin er þess meðvitandi eins og fleiri hvað þetta er alvarlegt mál og helgar baráttu næsta árs baráttu gegn reykingum kvenna. Við eigum að taka málið alvarlega og gera allt sem í okkar valdi stendur til að snúa þróuninni við og vonandi getum við veitt öðrum fordæmi sem hægt verður að taka upp hjá öðrum þjóðum.

Þegar við settum tóbaksvarnalögin 1984 og samþykktum þau voru þau lög mjög framsækin og voru öðrum þjóðum veganesti. Við gáfum öðrum Norðurlandaþjóðunum von um að hægt væri að ná lengra en þau höfðu þá náð. Enn höfum við svolítið forskot þó það hafi því miður minnkað. Við, í okkar litla landi, viljum geta haft þá yfirsýn og verið þess megnug að gera það sem a.m.k. lagalegi þátturinn á að geta haldið utan um. Ég þakka fyrir.

[16:03]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari till. til þál. um sérstakt átak til að draga úr reykingum kvenna. Veruleg aukning hefur orðið, sérstaklega hjá ungum konum, og prósentumismunurinn milli karla og kvenna hefur verið að aukast á undanförnum árum.

Ég tel furðulegt að ungt fólk sjái ekki hvað ímynd þess skaðast með notkun tóbaks. Þetta er síðan mjög dýrt fyrir samfélagið. Á ráðstefnu sem landlæknir hélt fyrir nokkru kom fram að yfir 300 manns deyja á ári af völdum tóbaks. Þá eru óbeinar reykingar sem skaða alla hina ekki neitt smámál.

Tóbaksframleiðendur kaupa sig inn í kvikmyndir og það ekki fyrir neina smápeninga. Það var upplýst á ráðstefnu á Írlandi fyrir nokkrum árum að mjög háar fjárfúlgur lægju bæði í auglýsingum og kvikmyndum sem þeir borguðu sérstaklega fyrir. Í stórmynd sem var sýnd hér fyrir nokkrum árum reykti aðeins einn maður. Síðar kom í ljós að það atriði hafði verið keypt inn í myndina.

Svona nokkuð eru dulin skilaboð til unga fólksins um að halda áfram meðan aðrir reyna að berjast á móti. Þetta veit ungt fólk ekki og gerir sér ekki grein fyrir þessum áhrifum.

En það eru fleiri en ungt fólk í þessum málaflokki. Mjög margar fullorðnar konur og karlar vilja hætta að reykja og eru að berjast við það. En öll þau hjálpartæki sem við getum fengið til að hjálpa okkur við að hætta að reykja eru ansi dýr. Ég hef oft velt fyrir mér hvort það þyrfti ekki að niðurgreiða þau að einhverju leyti. Ég hef séð fjöldann allan af eldra fólki dragnast með súrefniskúta vegna þess að það hefur e.t.v. reykt í 30 ár eða lengur. Síðan missir fólk af sínum efri árum og nýtur ekki barnabarna sinna eða lífeyrissjóðs síns fyrir það að hafa eytt einmitt heilsufarsárum sínum í þetta.

Fyrir nokkrum árum vildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin stefna að reyklausri Evrópu árið 2000. Væntanlega er of stutt til ársins 2000 en það hefði verið göfugt markmið að fylgja því eftir. Kannski hefðum við Íslendingar átt að taka það upp og fara í alvöruherferð fyrir þessu máli vegna þess að þetta er mjög mikið heilbrigðismál í miklu víðari skilningi. Ekki bara fyrir konur, heldur fyrir allt samfélagið. Oftast eru það foreldrarnir sem borga brúsann þegar börnin eru farin að reykja. Þetta er mikið mál, stórt mál. Ég fagna tillögunni.

[16:06]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég fagna þessari tillögu um sérstakt átak til að draga úr reykingum kvenna. Það er afskaplega ömurlegt að horfa til þess að á þessu sviði, í reykingum, hafa konur náð jafnrétti á við karla.

Ungt fólk sem reykir er líka auðveldari bráð þegar því eru boðin fíkniefni. Ef þau byrja að reykja eru þau veikari fyrir. Það er dapurlegt að fylgjast með unglingum híma reykjandi undir húsveggjum í frímínútum. Það verður að vera stöðugur áróður gegn reykingum. Ímynd kvenna í tískuheiminum hefur verið núna í mörg undanfarin ár þetta heróín-útlit, þar sem allir eru þvengmjóir. Hverjir eru það sem skapa þessa tísku? Það eru karlar. Það eru ekki konur sem skapa þessa tísku. Ímyndin er sú: Reyktu og vertu grönn. Þannig áttu að vera.

Fyrir nokkuð mörgum árum var mikil herferð gegn reykingum sem gafst mjög vel. Þar voru ungar stúlkur með áróður

gegn reykingum. Við verðum að halda stöðugt áfram en það verður alltaf að koma eitthvað nýtt í auglýsingaherferðum gegn reykingum. Við verðum að snúa þessari þróun við. Ég hvet til þess að veitt verði aukið fjármagn til þessara mála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, fyrri umr.

Þáltill. KÁ, 98. mál. — Þskj. 98.

[16:08]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna. Eins og tillagan sem var til umræðu á undan var þessi tillaga einnig lögð fram á síðasta þingi en varð þá eigi útrædd.

Þessi tillaga hefur vakið nokkra athygli vegna þess að mörgum finnst sérkennilegt að það þurfi að grípa til einhverra sérstakra aðgerða til að draga úr þunglyndi kvenna. En það er nú svo, hæstv. forseti, að fólk gerir sér oft ekki grein fyrir því að bæði hvað varðar sjúkdóma og ýmiss konar aðstöðu og hegðun er munur á körlum og konum. Eins og kemur fram í grg. þá kom fram á ráðstefnu heilbrrn. um heilsu kvenna, sem ég vitnaði áðan til, að u.þ.b. helmingi fleiri konur verða veikar eða fá þunglyndiseinkenni einhvern tíma á ævi sinni, helmingi fleiri konur en karlar.

Þetta eru í rauninni hrikalegar tölur, það eru um 20% kvenna sem finna einhvern tíma á ævinni fyrir þunglyndi á móti eru u.þ.b. 10% karla. Þunglyndi er afar alvarlegur sjúkdómur og veldur fólki miklum hörmungum. Því miður getur þunglyndi leitt til sjálfsvíga og langvarandi veikinda. Því er afar brýnt að reyna að átta sig á orsökum sjúkdómsins og ekki síst því hvað hægt er að gera til þess að koma í veg fyrir þunglyndi. Þunglyndi er að því er talið er oft tengt félagslegum aðstæðum og ýmsu því sem fólk verður fyrir í lífinu eins og við ábyggilega þekkjum.

Á ráðstefnu heilbrrn. varpaði Halldóra Ólafsdóttir geðlæknir fram þeirri hugmynd hvort ekki væri ástæða til þess að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða, til þess að efna til einhvers konar kynningarherferðar hvað varðar þunglyndi rétt eins og hefur verið gert hvað varðar hjarta- og æðasjúkdóma með mjög góðum árangri. Málið snýst um það að kynna fyrir fólki einkennin, kynna fyrir fólki hvað getur leitt til þunglyndis þannig að fólk átti sig á einkennunum og leiti sér þá hjálpar í tíma eða þá að t.d. ættingjar átti sig á því hvað þarna er á ferð.

Þunglyndi er afar erfiður og alvarlegur sjúkdónur eins og ég nefndi hér áðan og ekki þarf annað en að skoða tölur Hagstofunnar yfir öryrkja og ástæður þess, ástæður örorku til að sjá það að sjúkdómar eins og þunglyndi leiða marga og sérstaklega konur til hreinnar örorku. Fólk verður óvinnuhæft.

Hér er því um mjög brýnt heilsufarslegt mál að ræða. Með þessari tillögu er ég að vekja athygli á þessu máli og jafnframt að fá þingheim til þess að ganga í það verk að samþykkja tillögu um það að heilbrrh. setji á fót nefnd sem kanni hvort og hvernig hægt sé að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða á þessu sviði sem beinist sérstaklega að konum og að tillögu nefndarinnar verði síðan fylgt eftir með sérstöku átaki heilbrigðisyfirvalda.

Að lokinni umræðunni, hæstv. forseti, legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og hv. heilbr.- og trn.

[16:12]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þessa þáltill. Mjög stór hópur kvenna býr við afar erfiðar aðstæður, bæði fjárhagslega og félagslega. Þær eru oft einstæðar og með mikla vinnuskyldu og þurfa þar af leiðandi að sinna bæði vinnunni sinni, félagsmálunum, börnum sínum og öllu sem að þeim snýr. Þær bera ábyrgðina einar. Þegar svona sjúkdómur kveður dyra koma oft upp þær aðstæður að þær eiga ekki í nein hús að venda.

Eftir veikindarétt á vinnumarkaði tekur við tímabil á sjúkradagpeningum frá Tryggingastofnun og síðan eftir einhvern tíma hugsanlega örorkubætur. Eins og hv. þm. kom inn á er fólk komið í ákveðinn vítahring sem erfitt er að komast út úr. Eins og komið hefur fram er líka tabú að ræða um þunglyndi, og það er tabú yfirleitt að ræða um geðsjúkdóma, en ég held ef umræður yrðu um þunglyndi væru fyrirbyggjandi aðgerðir mögulegar. Ég hvet eindregið til að tillagan fái jákvæða meðhöndlun.

[16:14]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka flutning þessarar tillögu. Hún er þörf og eins og síðasti ræðumaður nefndi þá eru sum mál í felum. Við höfum rætt um kynferðislega áreitni í dag. Það er búið að ræða um kynferðislega misnotkun barna. Í dag er viðurkennt að þessi mál eru til. Eins er með þunglyndi kvenna. Konur eiga það frekar á hættu en karlar að fá þunglyndiseinkenni.

Einkennin eru mismunandi og við verðum að ræða þau og láta þau koma upp á yfirborðið þannig að við þekkjum þau því það er mjög erfitt fyrir marga að átta sig á einkennunum. Ég tel því að mjög heppilegt væri að gera sérstaka kynningarbæklinga eða kynningarátak sem höfðar til kvenna. Það er búið að gefa út mjög góða bæklinga, að ég tel, um þunglyndi og þeir liggja frammi á heilsugæslustöðvum. Þeir eru aðgengilegir, skýrir og góðir en sá bæklingur sem fjallar um þunglyndi er almenns eðlis og ég gæti trúað því að konur taki þann bækling ekkert sérstaklega til sín. Fæðingarþunglyndi þekkja konur einar, en jafnvel við þær aðstæður þar sem maður teldi að það að ganga í gegnum fæðingarþunglyndi væri eitthvað sem konur áttuðu sig á, þá gera þær það ekki allar. Við sjáum því að það þarf fekari kynningu og opna umræðu og því tek ég undir tillöguna og tel mjög æskilegt að opin umræða verði og að sérstaklega verði höfðað til kvenna með útgáfu á fræðsluefni.

[16:17]

Bryndís Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir með flm. þessarar tillögu um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna. Ég held að það sé mjög þarft mál og brýnt að ræða og að það sé uppi á yfirborðinu. Þetta tengist að hluta til fyrri tillögu hv. þm. um reykingar. Það er stöðug krafa um fullkomið útlit hjá unglingsstúlkum og þær eru ekki gamlar þegar þær fara að velta því fyrir sér hvort þær falli inn í ákveðna ímynd. Ég hef í starfi mínu talsvert orðið vör við þunglyndiseinkenni hjá stelpum allt niður í 14, 15 ára. Það þarf því að ræða þessi mál af fordómaleysi og kynning þarf að vera aðgengileg þannig að konur geri sér grein fyrir því í tíma hvað er á

seyði. Eins og kom fram hjá ræðumanni áðan eru konur oft undir miklu álagi og það eru samverkandi þættir sem valda því að þær finna kannski frekar fyrir þunglyndi en karlar. Engu að síður er þetta mjög þörf umræða fyrir bæði kynin, en sérstaklega held ég að nauðsynlegt sé að taka á því að gera átak í fyrirbyggjandi aðgerðum gagnvart þunglyndi kvenna.

[16:18]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka undirtektir við þessa tillögu. Það er auðvitað athyglisvert að við sitjum hér sex konur í þingsalnum og ræðum þessar tillögur og eru karlkyns þingmenn fjarri góðu gamni. Þótt hér sé ekki um nein skemmtimál að ræða hefðu þeir nú haft gott af að fylgjast með þessari umræðu og vonandi sitja einhverjir við sjónvarpstækin sín og fylgjast með.

Það er athyglisvert að varðandi báðar þessar tillögur hafa hv. þm. komið inn á atriði sem ég nefni reyndar ekki í greinargerðum mínum, sem er kvenímyndin og það mikla álag sem margar og sjálfsagt flestar ungar stúlkur, allt niður í smábörn, verða fyrir vegna þess að þeim finnst þær ekki passa inn í ákveðna ímynd. Það leiðir hugann í rauninni að öðru máli og annarri tillögu um það hvernig hægt er að vinna að því að hjálpa bæði drengjum en þó einkum stúlkum til að sætta sig við sig sjálf og líkama sinn, útlit sitt og andlegt atgervi. Það er víða unnið að slíkum málum og mikil umræða úti í heimi á meðal kvenna einmitt um þennan þátt. Ég held að þetta skipti töluvert miklu máli og geti einmitt leitt til þunglyndis og líka til þess að byrja að reykja. Þetta hangir allt saman og er auðvitað bara hluti af þeirri stöðu sem konum er búin í samfélaginu. En ég þakka fyrir undirtektirnar og vona að þessar tillögur nái fram að ganga og ef þær ná ekki svo langt, þá verði þær a.m.k. til að vekja athygli á þessum málum. En auðvitað væri brýnt að við konur beittum okkur meira og betur í umræðu um allt þetta, reykingar, heilsu kvenna almennt, þunglyndi og kvenímyndina og hvernig þetta tengist allt saman.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jafnræði kynja við fjárveitingar til æskulýðs-tómstunda-, og íþróttastarfs, fyrri umr.

Þáltill. BG og GGuðbj, 193. mál. — Þskj. 209.

[16:21]

Flm. (Bryndís Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ţál. á þskj. 209 er varðar reglur um jafnræði milli kynja við fjárveitingar til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfs. Tillagan sem er flutt af mér og Guðnýju Guðbjörnsdóttur er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að setja reglur er kveði á um að við veitingu fjármuna opinberra aðila til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfs skuli gætt jafnræðis milli kynja.“

Ég vona að fáir efist um gildi heilbrigðrar tómstundaiðju fyrir þroska ungmenna. Innlendar og erlendar rannsóknir hafa staðfest jákvæð áhrif íþróttaiðkunar og æskulýðsstarfs á andlegan, líkamlegan og félagslegan þroska einstaklingsins. Sjálfsmyndin eflist, félagsþroskinn eykst, auk þess sem heilbrigð íþrótta- og tómstundaiðkun reynist hafa ótvírætt forvarnagildi. Talið er að ungmenni sem stunda íþróttir og eru þátttakendur í vel skipulögðu tómstundastarfi leiðist síður út í vímuefnaneyslu. Jafnframt þykir víst að þau ungmenni sem hafa ákveðin og skýr markmið að keppa að finni fremur tilgang og kjölfestu í lífinu. Þeim líður betur, gengur gjarnan betur í námi, þau hafa oft meiri sjálfsvirðingu og sjálfsaga og bera virðingu fyrir viðurkenndum samfélagsgildum. Menn getur greint á um áherslur og hvernig staðið er að framkvæmd mála. Eitt af því sem gagnrýnt hefur verið og valdið hefur ágreiningi er ráðstöfun fjármuna úr opinberum sjóðum. Telja margir að þar sé ekki gætt jafnræðis milli kynja og réttur kvenna sé þar fyrir borð borinn.

Margt bendir til verulegrar mismununar milli kynja í tómstunda- og íþróttastarfsemi hér á landi og þarf ekki annað en að líta til umfjöllunar fjölmiðla í þeim efnum. Sú skýring er oftast nefnd að karlar séu virkari en konur og áhugi almennings sé meiri á íþróttum karla en kvenna. Slík skýring tekur engan veginn til róta vandans sem margir telja að mótist af gamalgrónum viðhorfum. Þau viðhorf koma síðan fram í mun minni hvatningu og stuðningi við kvenkyns iðkendur íþrótta. Hlutur kvenna í umfjöllun fjölmiðla er rýr og alls ekki í samræmi við þátttöku kvenna almennt. Fjölmiðlar eru sterkur áhrifavaldur hvað varðar fyrirmyndir og það að viðhalda gömlum viðhorfum. Lítil umfjöllun fjölmiðla getur því leitt til þess að stelpur vanti fyrirmyndir, og umfjöllun þeirra skiptir því verulegu máli.

Áhugi og viðhorf almennings til þátttöku í íþrótta- og tómstundastarfi getur og haft áhrif á löngun ungmenna til þátttöku. Konur eru í minni hluta í stjórnum æskulýðs- og íþróttafélaga en það hefur sýnt sig að þar sem konur eru í forustu hefur stuðningur við stelpur verið meiri. Hér er sannarlega þörf á skilningi á aðstæðum og vilja til breytinga. Skýrt dæmi um aðstöðumun kynja er sú staðreynd úr hópíþróttum að oft er minna kostað til þjálfara í kvennaflokkum. Stelpurnar fá gjarnan reynslulitla og lítt menntaða þjálfara sem væntanlega krefjast minni launa. Einnig eru nýleg dæmi um að stúlknaflokkum hafi verið ætlað að keppa á malarvöllum á knattspyrnumótum þegar sjálfsagt þykir að strákarnir njóti bestu aðstæðna og keppi á grasvöllum.

Varðandi kostnað og þátttöku í mótum er það þekkt staðreynd að stelpunum sé ætlað að fjármagna þátttöku með söfnunum og sölumennsku hvers konar á sama tíma og strákarnir eru styrktir úr sjóðum félaganna. Nýjasta dæmið er af skákstelpunum sem máttu fara á mót, ef þær bara söfnuðu sjálfar fyrir kostnaðinum. Í raun má segja að stelpur innan íþróttahreyfingarinnar hafi verið fjárhagslega sveltar og þess eru dæmi að foreldrar hafa séð sig knúna til að stofna styrktarklúbba sem hafa það að markmiði að styrkja þær með mánaðarlegum greiðslum.

Konur á Alþingi hafa margsinnis sýnt vilja sinn til að stuðla að breytingum í þessum efnum. Á undanförnum árum hafa þingkonur ítrekað vakið máls á að tryggja beri að íþróttaiðkun kvenna sitji við sama borð og íþróttaiðkun karla, en treglega hefur gengið að þoka málum í átt til jafnréttis. Þingsályktunartillögur hafa verið fluttar og samþykktar og fyrirspurnum svarað. Á 115. löggjafarþingi var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um eflingu íþróttaiðkunar kvenna sem flutt var af Kristínu Einarsdóttur ásamt öllum konum sem þá áttu sæti á þingi. Lítið fór fyrir markvissum aðgerðum í kjölfar þeirrar samþykktar. Á 120. löggjafarþingi var flutt af Bryndísi Hlöðversdóttur og fimm þingkonum allra flokka þingsályktunartillaga um stefnumótun í íþróttum

stúlkna og kvenna. Í kjölfar samþykktar þeirrar tillögu var sett á laggirnar nefnd sem skilaði álitsgerð með mörgum góðum tillögum, sem vissulega eru vænlegar til að rétta hlut kvenna á þessu sviði. Þar er m.a. að finna tillögur sem lúta að skiptingu opinberra fjármuna, ákvæði um jafnréttisnefnd, um auknar rannsóknir á íþróttum kvenna, styrktarsjóð ætlaðan konum, átak í fjölmiðlum og menntun tengdri íþróttum, þ.e. að þjálfarar allra flokka skuli hafa viðeigandi menntun. Ein helsta tillaga þessarar nefndar var í þremur liðum og er svohljóðandi:

„Allur stuðningur, fjármagn og aðstaða, sem ríki og sveitarfélög veita til íþrótta, skiptist hlutfallslega jafnt á milli karla og kvenna.

Þeir sem fá slíkan stuðning, fjármagn og aðstöðu sýni fram á að skiptingin sé sem jöfnust.

Eftirlit verði með skiptingu fjármagnsins, t.d. mætti festa ákvæði þess efnis í íþróttalögum eða í lögum ÍSÍ."

Því miður náði efni þessarar tillögu ekki inn í endurskoðun íþróttalaga á síðasta þingi. Talsverðum fjárhæðum er varið af hálfu ríkis og sveitarfélaga til íþrótta- og æskulýðsmála og til þessa án nokkurra skilyrða um hvernig því fé skuli ráðstafað. Félagasamtök hafa því getað útdeilt þeim fjármunum sem þau fá til umráða að vild og án þess að gera grein fyrir skiptingu þeirra.

Á síðasta þingi lagði Kristín Halldórsdóttir fram fyrirspurn um fjárframlög til íþróttastarfsemi. Meðal þess sem leitað var svara við var hvort sett hafi verið skilyrði af hálfu ríkisins um jafnræði milli kynja við nýtingu fjárframlaga. Í svari menntmrh. kom fram að á fjárlögum hafi ekki verið sundurgreind framlög til karla annars vegar og til kvenna hins vegar og segir það sína sögu.

Þrátt fyrir gagnrýni um misskiptingu og skarðan hlut kvenna, síendurtekin tilmæli þingkvenna í þá veru að ekki sé hallað á konur og reynt sé að sjá til þess að íþróttaiðkun kvenna sé ekki sett skör lægra hafa stjórnvöld hvorki séð ástæðu til að setja skilyrði um það hvernig opinberum fjárframlögum skuli varið, né talið sig þurfa að gera grein fyrir þessari misskiptingu.

Víða erlendis hefur verið unnið markvisst að breyttri stefnu með auknum stuðningi við konur í íþróttum. Það hefur tvímælalaust skilað miklum árangri. Markvisst hefur verið reynt að efla þátttöku kvenna í íþróttum, auka fjölda þeirra innan forustu hreyfinga, búa konum betri aðstöðu til iðkunar og ákvarðanatöku hvers konar. Dæmi um árangur slíkra aðgera er átak Norðmanna í kvennaíþróttum á árunum 1984 til 1986 er þeir vörðu jafnmiklum fjármunum til uppbyggingar landsliða karla og kvenna í handknattleik. Það skilaði sér síðan í stórbættum árangri kvennalandsliðsins í alþjóðlegum stórmótum næstu ár á eftir.

Á liðnu sumri urðu töluverðar umræður um aðstöðumun kynja til þátttöku í knattspyrnu og öðrum íþróttagreinum. Landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu tjáði sig skýrt og greinilega um þessi mál í fjölmiðlum og lagði áherslu á að minni fjármunum væri varið til íþrótta kvenna en karla. Til þess mætti meðal annars rekja minni þátttöku kvenna í íþróttum og lakari árangur. Nú nýlega varð uppi fótur og fit þegar það fréttist að Skáksamband Íslands hefði ákveðið að greiða fyrir þátttöku drengja í skákmóti erlendis en ekki fyrir þátttöku stúlkna í sama móti. Sú umræða leiðir hugann að því hvort ekki sé nauðsynlegt að setja í lög eða reglur ákvæði þess efnis að fjárframlögum opinberra aðila til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttamála skuli skipt þannig að fyllsta jafnræðis sé gætt milli kynja.

Með tilliti til umræðunnar í samfélaginu mætti ætla að fyrir hendi væri skilningur og vilji til jafnræðis en staðreyndir tala sínu máli. Konur í íþróttum eiga á brattann að sækja í flestu tilliti. Þeirra ástundun nýtur ekki sömu virðingar og strákanna. Fjölmiðlar sýna afrekum þeirra lítinn áhuga, jafnvel þótt þau séu meiri og eftirtektarverðari. Þeim gengur erfiðlega að fá styrktaraðila á meðan karlarnir njóta stuðnings fjársterkra aðila. Þær njóta engan veginn sambærilegs skilnings, stuðnings eða hvatningar.

Kynbundið misrétti á hvergi rétt á sér og stríðir gegn tilgangi og markmiðum jafnréttislaga. Það er því vilji okkar kvennalistakvenna að settar verði skýrar og ákveðnar reglur með fortakslausum skilyrðum um skiptingu opinberra fjárframlaga til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfs. Því er þessi tillaga flutt.

Herra forseti. Ég legg til að máli þessu verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[16:31]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir efni þessarar tillögu. Eins og fram kom í máli 1. flm. hafa tillögur um íþróttir kvenna ítrekað verið samþykktar en því miður virðist lítt miða í málunum. Að vísu var gerð könnun í framhaldi af síðustu tillögu sem var samþykkt um þetta efni, það var tillaga sem Bryndís Hlöðversdóttir og fleiri fluttu. Lagðar hafa verið fram tillögur til að auka íþróttaiðkun stúlkna og til þess að auðvelda þeim að stunda íþróttir en maður sér litlar efndir.

Hv. þm. nefndi nýlegt dæmi um skákina. Það var mjög sláandi og var reyndar ánægjulegt að sjá hvernig fólk brást við. Þetta vakti mikla reiði, enda þvílíkt dæmi um mismunun að langt er síðan annað eins hefur sést hér á landi. Þegar íþróttafélögin standa frammi fyrir því að velja, þá er eins og strákarnir hafi alltaf forgang.

Ég held að athyglisvert væri að skoða íþróttastarf hér á landi miðað við önnur lönd. Mér er sagt að stúlkur hætti hér fyrr í íþróttum en annars staðar, sérstaklega á Norðurlöndunum. Það kann að tengjast því að m.a. Danir og Norðmenn hafa gripið til sérstakra aðgerða til að auka íþróttaþátttöku stúlkna. Þeir lögðu verulega fjármuni í að efla handboltann. Það tók þó nokkur ár en Danir hafa verið með eitt besta handboltalið kvenna í heimi og stúlkurnar sem þar leika í landsliðinu eru miklar fyrirmyndir. Ég fletti oft dönskum blöðum og hef oft séð viðtöl við þær. Það er mjög brýnt að gripið sé til aðgerða og að reynt sé að ýta undir þátttöku stúlkna í íþróttum.

Í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór áðan spyr ég: Hvaða þátt á kvenímyndin í því að þátttaka stúlkna er svona lítil? Þá rifjast upp fyrir mér að í Bandaríkjunum eru mjög strangar reglur um fjárveitingar til íþrótta, bæði í háskólum og hjá hinu opinbera. Menn eru strax settir á svartan lista ef þeir ekki fylgja þessum reglum. Í Bandaríkjunum hefur verið gert verulegt átak til að auka íþróttaþátttöku kvenna og þar hefur verið lögð mikil áhersla á íþróttir sem þátt í að efla sjálfsímyndina, efla trú kvenna á sig sjálfar og til að efla félags- og keppnisanda og frumkvæði. Íþróttaiðkun og ekki síst að taka þátt í hópíþróttum ýtir mjög undir þessa þætti, eflir sjálfstraust kvenna. Það er ljóst að íþróttir geta haft mjög mikið að segja.

Mér er sagt að bæði sé mjög takmarkaður skilningur á þessum málum hjá íþróttaforustunni eins og dæmin sanna

en jafnframt takmarkað framboð á íþróttum fyrir stúlkur. Einn faðir sem ég þekki á börn sem eru hvort á sínu árinu. Hann býr á Seltjarnarnesi og hefur bent á það hve aðstaða dótturinnar sé miklu miklu verri en sonarins. Það er ekki einu sinni boðið upp á fótbolta fyrir stelpur. Það eina sem boðið er upp á fyrir stelpurnar eru fimleikar. Þannig var það a.m.k. þegar hann sagði mér frá þessu en síðan eru liðin um tvö ár og vonandi hefur þetta eitthvað batnað. Framboðið skiptir máli líka.

Hér er þó ekki aðeins vikið að íþróttastarfi þó sjónir okkar beinist kannski að því. Það er eitthvað sem við heyrum um og sjáum á hverjum einasta degi og sláandi hversu sjaldan stúlkur og konur eru þar í fréttum. Þetta er nánast algjör karlaheimur. Hér er líka vikið að æskulýðs- og tómstundamálum og væri fróðlegt að skoða hvað gert er á þeim vettvangi. Upp á hvað er boðið? Nú verð ég að viðurkenna vanþekkingu mína á þessum sviðum en það væri fróðlegt að skoða nánar að hverju æskulýðsstarfsemi og tómstundastarfsemi í landinu beinist. Út á hvað gengur starfið, um hvað snýst það og hvað er boðið upp á þar?

Hæstv. forseti. Ég tek undir efni þessarar tillögu. Ég tel mjög brýnt að við höldum þessu máli vakandi og krefjum hæstv. menntmrh. svara varðandi það að fylgja eftir tillögum nefndarinnar um íþróttaiðkun stúlkna og kvenna. Ég tel nauðsynlegt að við tökum okkur hreinlega saman um að halda þessu vakandi. Það verður kannski fyrst og fremst með umræðunni sem við getum knúið fram breytingar en mér finnst alveg sjálfsagt að hið opinbera setji reglur eins og hér er verið að tala um þannig að opinberir aðilar eða þeir sem fá opinberar styrkveitingar komist ekki upp með að haga málum eins og þeir gera, þegar megnið af peningunum rennur til karlaíþrótta en stúlkurnar þurfa sjálfar að berjast fyrir því að afla fjár til þess að geta stundað íþróttir.

[16:39]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hafa þó nokkur bréf frá stúlknahópum og aðstandendum þeirra borist til Jafnréttisráðs. Ráðið hefur ítrekað gert athugasemdir við félög þessara stúlkna vegna álíka mála og hér er um að ræða. Þar hefur oft skort á að fjárframlögum væri skipt jafnt á milli kynja. Íþróttaþátttaka stúlkna leiðir til betri heilsu auk þess sem þær t.d. reykja síður og neyta síður áfengis, þær nota tímann í þetta og þetta er þeirra áhugamál. Íþróttaiðkun stuðlar að aukinni vellíðan ungs fólks og skapar betri sjálfsímynd. Það skiptir miklu máli að stúlkurnar séu jafn vel settar og piltarnir.

Reyndar hefur konum fjölgað talsvert í íþróttum eftir herferðina með Völu Flosadóttur á síðasta ári. Það er gott og hefur haft verulega áhrif á þátttöku. Það hefur hins vegar ekki haft áhrif á fjármálahliðina.

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur hefur unnið eftir jafnréttisáætlun, það kom fram þegar Reykjavíkurborg fékk viðurkenningu Jafnréttisráðs nýverið.

Ég tek undir það að lítil umfjöllun er um íþróttir kvenna í fréttum útvarps og sjónvarps og kvennaíþróttir sjást sjaldan í fréttatímum sjónvarps nema þá einna helst seint á kvöldin eða á óheppilegum tíma. Við þetta má bæta að íþróttir karla eru líka mun meiri söluvara en íþróttir kvenna þannig að ég tek eindregið undir þessa þáltill.

[16:41]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um reglur um jafnræði milli kynja við fjárveitingar til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfs. Ég styð þetta mál að sjálfsögðu, enda annar flutningsmanna. Ég vil þakka hv. 1. flm., Bryndísi Guðmundsdóttur, fyrir að flytja þetta mál.

Um þetta efni má hafa langt mál. Mál þessu tengd hafa lengi verið til umræðu á undanförnum þingum, þ.e. um stöðu kvenna í íþróttahreyfingunni.

Það er einkum tvennt sem ég vil bæta við þessa umræðu núna. Á síðasta ári voru til umræðu ný íþróttalög. Þá lagði ég til að það tryggt yrði með lögum að meira jafnræði væri í fjárveitingum til kynja, bæði í tengslum við fjárveitingar menntmrn. og á vegum frjálsra félagasamtaka. Því miður hlaut sú brtt. ekki framgang og fyrir bragðið sitjum við áfram uppi með tilvik eins og það sem kallar tillöguna fram nú, þ.e. umrædda ákvörðun Skáksambandsins sem í upphafi ætlaði að senda eingöngu drengi á ákveðið mót en ekki stúlkur.

Varðandi það mál sem ég hef kynnt mér nokkuð vel, þá er athyglisvert að skoða að í stjórn bæði Taflfélags Reykjavíkur og Skáksambands Íslands eru eingöngu karlmenn. Vissulega ber einnig að viðurkenna að mun færri stúlkur en drengir eru virkar í taflmennsku og þar af leiðandi er málið kannski ekki eins slæmt og það lítur út fyrir í fyrstu. Þó er óásættanlegt að samþykkt sé að styrkja drengi en samþykkt að stúlkur fari ef þær geti safnað fé fyrir því. Þetta er því miður ekki einsdæmi. Margar mæðurnar sem eiga stúlkur, hvort sem þær eru í handbolta eða öðrum íþróttum, kannast við að dætur þeirra þurfi að standa í söfnunum í meiri mæli en drengir í sambærilegum aldursflokkum. Mér sýnist því full ástæða til að halda þessu máli vakandi þrátt fyrir þær góðu skýrslur sem á undanförnum árum hafa verið unnar um stúlkur í íþróttum og áætlanir um að gera átak í þessum málum. Það þarf að eiga sér stað ákveðin hugarfarsbreyting, bæði í íþróttafélögunum sjálfum, í stjórnum þeirra og meðal foreldra. Ég vona svo sannarlega að þetta atvik með skákstúlkurnar verði til þess að hvetja íslenskar stúlkur til þess að taka meiri þátt í skákiðkun sem og í öðrum íþróttum. Það er ljóst að þetta eru hollar íþróttir og tómstundir sem efla stúlkur jafnt sem drengi sem einstaklinga og ber að ýta undir þær fremur en að tómstundir þeirra fari í óuppbyggilega þætti.

Ég vil því aftur taka heils hugar undir þessa till. og vona að hún nái fram að ganga.

[16:45]

Flm. (Bryndís Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið undir tillöguna og vonast til þess að hún fái jákvæða meðferð í menntmn. Orð eru til alls fyrst en þau duga ekki ein og sér og samþykktar tillögur eru af hinu góða en það þarf fleira að koma til. Eins og ég gat um þarf að verða ákveðin viðhorfsbreyting og mismunun á ekki að líðast. Kynin eiga rétt á sömu aðstöðu og jafnræði í skiptingu þeirra fjármuna sem eru til ráðstöfunar. Og í ljósi þess hversu treglega hefur gengið að þoka málum til betri vegar og tryggja stelpum og kvenkynsþátttakendum í íþróttum og tómstundastarfi rétt þeirra tel ég brýnt að setja skýra og ákveðnar reglur um úthlutun opinberra fjárframlaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:47]

Útbýting þingskjals:

Greiðendur fjármagnstekjuskatts, 222. mál, fsp. JóhS, þskj. 249.

Stofnun þjóðbúningaráðs, fyrri umr.

Þáltill. DH og StB, 203. mál. — Þskj. 221.

[16:47]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stofnun þjóðbúningaráðs. Tillöguna legg ég fram ásamt Sturlu Böðvarssyni á þskj. 221 og er þetta 203. mál þingsins. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að koma á fót þjóðbúningaráði til að varðveita þekkingu á íslenskum búningum og gerð íslenskra búninga. Ráðinu verði falið að koma á fót leiðbeiningaþjónustu.

Samstarfsnefnd um íslenska þjóðbúninga hefur starfað um árabil að varðveislu og miðlun upplýsinga um íslenska þjóðbúninga. Hún hefur verið skipuð fulltrúum frá Kvenfélagasambandi Íslands, Þjóðdansafélagi Reykjavíkur, Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, Þjóðminjasafni Íslands og Árbæjarsafni. Nauðsynlegt er að efla störf nefndarinnar og festa hana í sessi og koma á leiðbeiningaþjónustu þar sem almenningur, opinberir aðilar og félagasamtök geta fengið upplýsingar um hvaðeina sem varðar íslenska búninga. Kvenfélagasamband Íslands hefur samþykkt að hýsa ráðgjafa. Verkefni þjóðbúningaráðs skal vera:

að varðveita þekkingu á íslenskum búningum og gerð íslenskra búninga,

að koma upp og halda skrá yfir íslenska búninga í söfnum innan lands og utan,

að safna sýnishornum af búningasniðum og halda til haga eldri sniðum,

að safna sýnishornum af efnum, garni og leggingum,

að halda til haga eldri sýnishornum af efnum, garni og leggingum,

að skrá heimildir um íslenska búninga,

að safna skyggnum, ljósmyndum o.fl.,

að koma skrám og sýnishornum í vörslu Þjóðminjasafns Íslands.

Ráðinu verði einnig falið að koma upp leiðbeiningaþjónustu um íslenska búninga sem veitir upplýsingar um heimildir um íslenska búninga, búningagerð, efni og búningasnið, þá aðila sem sérhæfa sig í saumaskap á íslenska búningnum, svo og upplýsingar um hvar nálgast má efni og snið sem hæfa í íslenska búninga."

Þjóðbúningurinn er hluti af menningu hverrar þjóðar og vinnubrögð sem notuð voru við gerð þeirra dýrmætur menningararfur. Halldóra Bjarnadóttir, skólastjóri á Blönduósi, sú mikla sómakona sagði eitt sinn: „Ef ég hefði hér alræðisvald skyldi ég lögbjóða að allar konur klæddust þjóðbúningi."

Hin síðari ár hefur áhugi kvenna og karla farið vaxandi á að koma sér upp þjóðbúningi. Þjóðbúningur kvenna nú á dögum er einkum með fernu móti, upphlutur, peysuföt, skautbúningur og kyrtill. Hinir þrír fyrsttöldu eiga sér rætur að meira eða minna leyti í búningum íslenskra kvenna allt aftur til 16. aldar. Öðru máli gegnir um kyrtilinn, honum fylgir að vísu sami höfuðbúnaður og skautbúningnum en að öðru leyti er hann frá 1870 og tilraun til að endurskapa fornbúning sem hæfa mætti konum á seinni hluta 19. aldar.

Á seinni hluta 18. aldar tóku konur upp peysuföt og peysubúning, þær klæddust peysu hversdags í stað treyju og báru húfu sem hversdags höfuðfat í stað falds. Talið er að konur hafi lagað húfuna eftir prjónahúfum karla og þannig mun vera um peysuna að hún var tekin upp eftir karlmönnum. Húfu- eða peysubúningur var fyrst tekinn upp sem daglegur klæðnaður af Valgerði Jónsdóttur, biskupsfrú í Skálholti, um 1790. En á fyrri hluta 19. aldar urðu peysuföt algengur hversdags- og sparibúningur kvenna um allt land og á seinni hluta 19. aldar tóku peysufötin nokkrum breytingum.

Ekki er til þess vitað með vissu að upphlutur hafi verið notaður á Íslandi sem sérstök flík, þ.e. sem ermalaus bolur eða kot, fyrr en á fyrri hluta 18. aldar. Þó mun hann hafa orðið tískufat erlendis um eða upp úr aldamótum 1600 og heimildir benda til þess að íslenskar konur hafi verið farnar að taka hann upp hér á landi um miðja 17. öld. Þessar heimildir, sem ég get hér um eru frá Elsu E. Guðjónsson.

Jónas Hallgrímsson vakti eiginlega fyrstur upp umræðuna um þjóðbúninginn í Fjölni á sínum tíma. Upphaf skautbúningsins sem er mesti viðhafnarbúningur íslenskra kvenna má rekja til ársins 1857 þegar út kom löng og gagnrýnin ritgerð um íslenska kvenbúninga eftir Sigurð Guðmundsson málara. Setti hann þar fram tillögur um breytingar á eldri hátíðabúningi kvenna, faldbúningnum, eins og hann var venjulega nefndur, og féllu þessar breytingartillögur í góðan jarðveg. Sigurður lét ekki þar við sitja. Hann sagði til um hvernig búningurinn ætti að vera í öllum smáatriðum. Fyrsti skautbúningurinn var tekinn í notkun í Reykjavík 1859 og hefur haldist óbreyttur síðan.

Það er nauðsynlegt að koma upp leiðbeiningaþjónustu um íslenska búninga. Það skiptir miklu máli að rétt sé að hlutunum staðið og fólk fái sem bestar upplýsingar um hvernig búningurinn á að vera og hvernig á að klæðast honum.

Þjóðbúningur karla er ekki gamall, aðeins nokkurra ára og ég tel að þar hafi tekist afar vel hvað varðar hönnun og útlit.

Á vegum forsrh. er starfandi nefnd um íslenskt handverk og það væri tilvalið verkefni fyrir þá nefnd að gera átak í þessum efnum, að hvetja konur og karla til að koma sér upp þjóðbúningum fyrir árið 2000.

Að lokum, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til síðari umræðu og hv. menntmn.

[16:53]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Nú líkar mér lífið þegar við fáum svona góða sögulega yfirferð eins og var að heyra í ræðu hv. þm. Ég vil taka undir þessa tillögu en ég vil jafnframt fagna því að tillaga Halldóru Bjarnadóttur náði ekki fram að ganga á sínum tíma, því að það er nú staðreynd að þótt íslenski þjóðbúningurinn eða hinir ýmsu búningar séu fallegir eru þeir ekki beinlínis þægilegir dags daglega.

Gerð íslenska þjóðbúningsins á sér skýringar. Þegar klæðnaður kvenna, sérstaklega bændakvenna víða í Evrópu á 18. og 19. öld er skoðaður er mikill skyldleiki þar á milli. Konur gengu í þykkum, síðum pilsum m.a. til að halda á sér hita. Þau voru óskaplega þung og óþægileg. Ýmiss konar peysur eða blússur fylgdu og mismunandi hvernig skrautið var eftir því hvaða land við skoðum.

Það er ekki síst íslenska kvensilfrið sem er afar merkilegt og fallegt og hefur sín sérstöku íslensku mynstur. Ég tek svo

sannarlega undir það að mikil þörf er á að varðveita þekkingu um þetta allt saman, ekki síst til að auðvelda notkun búningsins og til að koma í veg fyrir að verið sé að blanda hreinlega saman óskyldum hlutum ef þetta á að vera hinn íslenski búningur. En auðvitað er ekki hægt að koma í veg fyrir að einhver þróun verði eða einhverjar breytingar.

Ég tók eftir því að hv. þm. nefndi skráningu á búningum. Það væri fróðlegt að vita hvort eitthvað hefur verið kannað hvað til er af íslenskum búningum eða íslensku kvensilfri t.d. í Kanada, meðal afkomenda landnema í Kanada. Við skulum ekki gleyma því að við erum í rauninni oft að tala um mikil listaverk. Margir þessir búningar, ekki síst þeir sem voru skrautsaumaðir — nú veit ég ekki hvort ég er að nota rétta orðið því þetta hefur allt sitt heiti, en ég er að tala um þá búninga sem eru með þessar breiðu skreytingar að neðan, blómaskreytingar, margar alveg geysilega fallegar. Ég held að þær hafi tíðkast mikið á 18. öldinni og eitthvað fram á þá 19. Það var auðvitað mikil list að útbúa slík mynstur og sauma þau. Enda hefur þurft að halda námskeið á undanförnum áratugum til að viðhalda þeirri þekkingu sem konur unnu meira og minna upp úr sér fyrr á öldum. Þetta eru mikil listaverk og mikill skaði ef slíkir búningar eru til erlendis og liggja þar kannski í kistum og glatast því enginn veit hvað þetta er.

Ég held ég geti fullyrt það að í mjög mörgum fjölskyldum hér á landi, og vitna ég þá bara til þeirra sem ég þekki, er a.m.k. til kvensilfur. Það er víða til eitthvað af kvensilfri. Ég get nefnt sem dæmi að móðir mín geymir upphlut ömmu minnar og hennar silfur. Ég hygg að þetta sé víða til. Ég veit reyndar ekki hvort sá búningur er nokkuð merkilegur, ég held að hann hafi bara verið mjög dæmigerður íslenskur kvenbúningur. Það er því mikið til. En mynstrið á silfrinu getur verið mismunandi eftir því hvaða silfursmiður átti í hlut og þetta er allt saman partur af menningarsögunni.

Fyrir nokkrum árum skrifaði ég grein í Nýja sögu um húsfreyjuna á Bessastöðum, Ingibjörgu, móður Gríms Thomsens. Greinin var myndskreytt með myndum af íslenskum konum, m.a. á íslenskum búningi, t.d. fræg mynd af fjallkonunni sem oft hefur verið notuð og fleiri myndir. Ég sá reyndar ekki sjálf um myndatextann en þeir sem sömdu textann kunnu ekki skil á hinum íslensku búningum og fóru þar með vitleysu. Og þá hrökk Elsa Guðjónsson við reyndi að koma á framfæri leiðréttingum.

Ég held því að ég geti fullyrt að þekking fólks á þessum mismunandi búningum sé býsna takmörkuð. Ég á nú oft erfitt með að muna hvað eru peysuföt og hvað er upphlutur þó ég þekki nú kyrtil og skautbúning.

Ég vil bara ítreka það, hæstv. forseti, að ég tek undir þessa tillögu. Ég held að þetta sé hið besta mál. Spurningin er kannski hvar á að finna þjóðbúningaráði stað og undir hvað það á að heyra. Ætti það að vera hluti t.d. af starfsemi Þjóðminjasafnsins eða einhvers konar sjálfstæð starfsemi. Ég held að slíkt ráð ætti t.d. að hafa samvinnu við kvenfélögin í landinu og Heimilisiðnaðarfélagið og aðra þá sem vinna að því að viðhalda íslenska kvenbúningnum. En ég held að það væri ekki vitlaust að reyna svolítið að átta sig á hvar þetta á heima. Á ráðið að vera algjörlega sjálfstætt eða væri betra að tengja það t.d. Þjóðminjasafninu?

[17:00]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fram komna þáltill. um stofnun þjóðbúningaráðs en tek undir orð síðasta ræðumanns um staðsetningu þessa ráðs, þ.e. undir hvað það á að heyra og hvernig það á að tengjast Þjóðminjasafninu. Ég er að koma að þessu máli núna en ég sé þetta einhvern veginn fyrir mér í tengslum við Þjóðminjasafnið, þ.e. hluta af þessari starfsemi.

Sérstaklega er ég ánægð með að sjá tillögu um að koma upp leiðbeiningaþjónustu um gerð íslenska búningsins. Það er nokkuð sem okkur vantar og ég tala nú ekki um þar sem styttist í aldamótin. Þó að marga greini á um það hvenær aldamótin séu þá er það stórviðburður þegar árið 2000 rennur upp og ég þykist vita að margar konur hafi áhuga á því að koma sér upp búningi fyrir þessi tímamót.

Það er ýmsum vandkvæðum bundið að koma sér upp réttum búningi. Hvar fæst t.d. efni, hvernig má það vera, hvernig á að sauma þetta. Hvar finnast saumakonur eða klæðskerar? Hvert á maður að snúa sér? Verður þetta að vera ull? Má nota gerviefni? Hvernig á þetta að vera? Þessir praktísku hlutir vefjast fyrir mörgum og konum fallast hendur að ráðast í að koma sér upp búningi. Þó ekki væri nema að koma leiðbeiningaþjónustu á, þá mundi hún auðvelda mörgum að leggja í að koma sér upp búningi. Ég vona að þessari þáltill. verði vel tekið og að þjóðbúningaráði verði fundinn staður einhvers staðar þar sem þessi starfsemi megi nýtast sem best og að komið verði á leiðbeiningaþjónustu.

[17:02]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem þessi tillaga fær á Alþingi. Í mínum huga er það aukaatriði hvar þetta ráð verður vistað. Aðalatriðið er að því verði komið á. Eins og ég minntist á hefur verið starfandi samstarfsnefnd um íslenska þjóðbúninginn. Ég legg til að sú nefnd verði þetta ráð sem verði skipað af ráðherra og að það verði í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands því að þar verður að geyma öll gögn. Það verður að varðveita þau þar.

Margir eiga þjóðbúninginn en nota hann aldrei. Hann er geymdur í kistum og kössum og ég held að það sé tilvalið verkefni fyrir þá sem vita af búningi í sinni vörslu eða fjölskyldunnar að taka hann upp og leita sér leiðbeininga um hvernig með hann eigi að fara. Konur hér áður fyrr voru bæði lágvaxnari og miklu grennri en konur eru yfirleitt nú. Ef maður horfir á búninga á söfnum þá eru þeir af konum sem hafa verið eins og tíu ára gömul börn í dag því að auðvitað hefur þjóðin breyst og fólk er hávaxnara en áður.

Það er ekki heldur sama hvernig með búninginn er farið. Við höfum horft upp á það að íslenskur þjóðbúningur er beinlínis afskræmdur og við megum ekki láta það líðast að þannig sé farið með hann. Þetta er menningararfur og við verðum að fara vel með hann.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Smásala á tóbaki, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 206. mál. — Þskj. 224.

[17:05]

Flm. (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Ég flyt till. til þál. um að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu. Þetta er 206. mál þingsins og er á þskj. 224. Flutningsmenn auk mín eru Steingrímur J. Sigfússon, Kristín Ástgeirsdóttir og Lilja Rafney Magnúsdóttir. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar sem gera smásölu á tóbaki háða leyfisveitingu."

Í greinargerð með tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Margar kannanir sýna að reykingar eru að aukast hjá börnum og unglingum. Reykingar hafa einnig færst neðar í aldurshópana, sérstaklega hjá ungum stúlkum.

Samkvæmt könnunum á reykingavenjum ungs fólks undir 16 ára aldri má áætla að íslenskir grunnskólanemendur hafi varið tæpum 100 millj. kr. í tóbak árið 1997. Þar er um ólöglega sölu að ræða, því að bannað er að selja fólki undir 18 ára aldri tóbak. Þar af eyddu 8. bekkingar (13 ára) rúmlega 11 millj. kr. í sígarettur. Því yngri sem unglingar byrja að reykja, þeim mun háðari verða þeir tóbakinu og líklegri til að reykja sem fullorðnir. Því yngri sem einstaklingurinn er við upphaf reykinga þeim mun líklegra er að hann hljóti af alvarlegan heilsufarslegan skaða. Kannanir sýna að reykingar eru yfirleitt upphafið að neyslu á sterkari fíkniefnum. Því er nánast ógjörningur að taka á vímuefnavandanum nema draga jafnframt úr tóbaksneyslu barna og unglinga.

Það er alfarið undir smásöluhafa tóbaks komið hvort hann hefur skilning á og fer eftir ákvæði 8. gr. tóbaksvarnalaga um bann á sölu og afhendingu tóbaks til yngri en 18 ára.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, eiga að hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að ákvæði II. kafla laganna um sölu og auglýsingar séu virt. Þrátt fyrir að sala á tóbaki til unglinga undir 18 ára aldri hafi verið kærð hefur aldrei komið til að beitt hafi verið viðurlögum eða refsiákvæðum laganna. Sérstakt leyfi til sölu á tóbaki mundi gera allt eftirlit með framkvæmd laganna einfaldara og markvissara. Til þess þarf skýra heimild í lögum."

Það eru ekki nema tvö ár síðan breytingar voru gerðar á lögum um tóbaksvarnir frá 1984. Þær breytingar voru allar til bóta og má sérstaklega nefna hér hækkun aldurs þeirra sem heimilt er að selja tóbak, þ.e. úr 16 ára í 18 ára aldur. Þingmenn höfðu fullan skilning á mikilvægi þess að draga úr aðgengi barna og unglinga á tóbaksvörum og þetta er einn af mörgum hornsteinum forvarna í tóbaks- og fíkniefnaneyslu.

Ég ætla að rifja upp þær greinar í tóbaksvarnalögunum sem fjalla um sölu á tóbaki, eftirlit, viðurlög og refsiákvæði. Í II. kafla er fjallað um sölu og auglýsingar, í 6. gr. er fjallað um merkingar, í 7. gr. um auglýsingar og í 8. gr. um að tóbak megi hvorki selja né afhenda einstaklingi yngri en 18 ára. Í IV. kafla er fjallað um eftirlit og viðurlög. 17. gr. er um heilbrigðisnefndir og eftirlit, 19. gr. er um viðurlögin og 21. gr. um meðferð mála. Ég ætla að lesa, með leyfi forseta, hluta úr IV. kafla, þ.e. 17. gr. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.

Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 50/1981 [nú 81/1988]."

19. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sá sem brýtur gegn ákvæðum 6. og 7. gr. skal sæta sektum en fangelsi allt að 2 árum séu sektir miklar eða brot ítrekað.

Brot gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. varða sektum. Fella má refsingu niður ef málsbætur eru miklar.

Brot gegn ákvæðum 2.–6. mgr. 8. gr. varða sektum.

Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940."

21. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála."

Af hverju er ég að rifja þessa hluta laganna upp? Jú, það er öllum ljóst að þessi lög eru brotin af smásöluhöfum, heilbrigðisnefndum og löggæslunni því eins og fram kom í greinargerðinni hefur aldrei komið til þess að beitt hafi verið viðurlögum eða refsiákvæði laganna.

En það er rétt að taka það skýrt fram að fjölmargir smásöluhafar virða lögin og ganga í raun mun lengra í tóbaksvörnum en lögin segja til um, t.d. með því að hafa tóbakið á lítið áberandi stöðum, fela það fyrir sjónum viðskiptamanna eða hafa hætt sölu svo heilsuspillandi efnis. Aðrir gæta þess að hafa fullorðna við afgreiðslu þar sem tóbak er til sölu.

Einn af mörgum veikum hlekkjum núverandi sölukerfis er að víða eru það unglingar sem afgreiða tóbakið og þeim er það flestum mjög erfitt að neita jafnöldrum sínum eða eldri unglingum um sölu á sígarettum.

Annar veikur hlekkur er eftirlitsskylda heilbrigðisnefndanna. Þær eru flestar ofhlaðnar verkefnum og heilbrigðisfulltrúarnir hafa ekki haft möguleika á að sinna þessu eftirliti sem skyldi.

Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, er hlutverk Hollustuverndar ríkisins að hafa eftirlit með matvælum og eiturefnum og hættulegum efnum þeim tengdum.

Hvorki er hægt að flokka tóbak sem matvæli né nauðsynjavöru en væntanlega mundi tóbak flokkast undir neysluvöru. Hollustuvernd er hvergi með beinum hætti falið að hafa eftirlit með innflutningi á neysluvörum sem hvorki teljast til matvæla né nauðsynjavara. Því er skiljanlegt í ljósi þessa og fjölda nýrra verkefna sem stöðugt bætast á verkefnalista heilbrigðisnefnda að eftirlit með útsölustöðum tóbaks sé ekki forgangsverkefni hjá heilbrigðisfulltrúunum, sérstaklega þegar heilbrigðisfulltrúarnir geta lítið annað en áminnt smásöluhafana og veitt þeim aðhald. Þeir geta ekki stöðvað sölu þeirra sem brjóta ákvæði tóbaksvarnalaganna um sölu og auglýsingar á tóbaki.

En hvers vegna er ekki dæmt og beitt viðurlögum eða refsiákvæðum í þeim málum sem kærð hafa verið? Ég veit engin svör við því en dreg þá ályktun að þetta þyki ekki alvarlegt brot þar sem aðeins hafi verið um sölu á tóbaki að ræða.

Undanfarna daga hefur verið töluverð umræða um fíkniefnaneyslu ungs fólks og úrræði í þeirra málum. Á Alþingi var utandagskrárumræða um málið og eins hefur Fræðslumiðstöð í vímuvörnum haldið ráðstefnu um forvarnir. Öllum ber saman um að besta leiðin til að stemma stigu við neyslu ólöglegra fíkniefna sé að draga úr neyslu hinna löglegu. Umræðan er nauðsynleg. Hún vekur þá grunlausu og hvetur til athafna. En orð duga skammt. Við skulum beita þeim aðferðum sem við vitum að marka mælanleg spor í öllu forvarnastarfi.

En hvers vegna er tóbakið flokkað með matvælum en ekki eiturefnum og/eða fíkniefnum eins og rétt væri samkvæmt

innihaldi og skaðsemi efnanna sem sterkust koma fram við sígarettureykingar? Tóbaksvarnanefnd óskaði eftir því við lyfjanefnd ríkisins að hún gerði athuganir á því hvort tóbakssala ætti að falla undir lyfjanefnd ríkisins. Lyfjanefnd telur svo ekki vera og færði fyrir því rök en, með leyfi forseta, vil ég fá að lesa upp smákafla úr greinargerðinni:

„Hins vegar er tóbak eiturefni samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni. En eiturefni eru samkvæmt þeim lögum öll þau efni er innihalda vissar gerðir eiturefna, sem síðan eru talin upp í sérstökum eiturefnalista sem fylgir lögunum. Í þeim lista er fjöldi efna sem eru í tóbaki og tóbaksreyk, samanber nikótín, nikkel, nítrósamín, besantrasen og bensópyren. Og við þetta má bæta arseniki og blásýru."

Í 19. gr. sömu laga er fjallað sérstaklega um krabbameinsvaldandi eiturefni og þar kemur fram að það má setja reglur til að koma í veg fyrir mengum af þeirra völdun.

Við höfum farið eftir fyrirkomulagi sem á rætur að rekja til bandarískra tóbaksræktenda frá þeim tíma sem litið var á tóbaksplöntuna sem hverja aðra landbúnaðarafurð. Tóbaksiðnaðurinn hefur allar götur síðan barist gegn öllum breytingum á þessu sviði því rétt flokkun á tóbaki þýðir samdrátt í sölu, jafnvel svo umtalsverða að veldi tóbaksrisanna verði ógnað.

Það hriktir í lagalegri stöðu tóbaksiðnaðarins í Bandaríkjunum og hjá Evrópusambandinu. En áhrif tóbaksframleiðenda eru mikil og þeir hafa sterk ítök til að hafa áhrif á lagabreytingar sem ógna hagsmunum þeirra því að það eru hagsmunir þeirra en ekki mannkynsins sem ráða ferðinni.

Við eigum að fara þær leiðir í forvörnum sem við teljum að skili sem bestum árangri til að ná fram þeim markmiðum sem við höfum sett okkur til að bæta heilsu og velferð þjóðarinnar. Leyfi til sölu tóbaks í smásölu er ein þessara leiða. Við þurfum að sníða lög okkar að EES-samningnum og við skulum láta á það reyna hvort þessi leið sé ekki fær.

Ég legg til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og til hv. heilbr.- og trn.

[17:18]

Útbýting þingskjals:

Breyttar reglur um örorkumat, 90. mál, svar heilbrrh., þskj. 246.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tóbaksverð og vísitala, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 207. mál. — Þskj. 225.

[17:18]

Flm. (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég flyt till. til þál. um tóbaksverð og vísitölu. Ég hef áður flutt þessa tillögu og hún var síðast flutt á 121. löggjafarþingi árið 1996. Þingsályktunartillagan er á þskj. 225, 207. mál. Meðflutningsmenn eru Sigríður Jóhannesdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Þingályktunartillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga sem miði að því að slitin verði tengsl tóbaksverðs og vísitölu sem notuð er um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Stefnt skal að því að leggja slíkt frumvarp fram hið allra fyrsta og verði gildistaka miðuð við 1. janúar 1999."

Og grg. er svohljóðandi, en hún er endurflutt nær óbreytt frá 1996:

„Í lok síðasta þings voru samþykktar allveigamiklar breytingar á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, ekki síst í því skyni að hamla gegn tóbaksneyslu barna og unglinga. Breytingar þessar voru vissulega til bóta og eru líklegar til nokkurs árangurs. Þar er þó ekki gripið til þess úrræðis sem telja má hvað áhrifaríkast til þess að minnka tóbaksneyslu ungmenna, þ.e. raunhækkunar á tóbaksverði.

Almennt er viðurkennt — og styðst við fjölda athugana — að sterk tengsl séu milli tóbaksverðs og tóbaksneyslu. Sé tóbaksverð hækkað er reglan sú að það leiðir til minni tóbaksneyslu. Svonefnd verðteygni, þ.e. þau áhrif sem ætla má að hækkun umfram almennar verðbreytingar hafi á neyslu, virðist hvað tóbak snertir vera á bilinu -0,3 til -0,6, en það merkir að hækki tóbaksverð um 10% verður neyslan frá 3% og allt að 6% minni en ella hefði orðið.

Ítarleg bresk rannsókn sýndi að tóbaksverð hafði áhrif á tóbaksneyslu í öllum tekjuhópum þjóðfélagsins en hlutfallslega því meiri sem tekjurnar voru lægri. Einnig hefur verið sýnt fram á að eftirspurn eftir tóbaki er í öllum aldursflokkum háð tóbaksverði. Mest eru áhrifin á tóbakskaup unglinga og ungs fólks, svo sem fram hefur komið í rannsóknum í Bandaríkjunum og Kanada. Athyglisvert er að verðið hefur ekki síður áhrif á það hve margir reykja en hitt hve mikið er reykt.

Ljóst er því að veruleg hækkun tóbaksverðs umfram almennar verðhækkanir getur verið áhrifamikið tæki til að draga úr tóbaksneyslu almennt og ekki síst til að koma í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja.

Á þessu er byggt í íslenskri heilbrigðisáætlun frá 1991 þar sem mælt er með slíkum hækkunum tóbaks og áfengis í því skyni að draga úr neyslunni. Þar sem heildarneysla minnkar hlutfallslega minna en verð hækkar mundi verðhækkun auk þess ekki leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð heldur tekjuaukningar.

Í nefndaráliti heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis um frumvarp til áðurnefndra breytinga á lögum um tóbaksvarnir segir að rætt hafi verið um það í nefndinni „hvort æskilegt væri að hækka verð á tóbaki í forvarnaskyni" en það sé „tæknilega erfitt vegna tengsla tóbaks við vísitölu neysluverðs" og sé engin tillaga flutt af nefndinni um það.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að rjúfa slík tengsl með því að jafnhliða útreikningi hefðbundinnar vísitölu neysluverðs verði reiknuð sérstök vísitala án tóbaks til að nota við ákvarðanir um lánskjör. Þess má geta að þrjú Evrópulönd, Belgía, Frakkland og Lúxemborg, hafa þegar farið þessa leið, í samræmi við tilmæli frá Evrópusambandinu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Getið skal að lokum könnunar sem Hagvangur gerði fyrir tóbaksvarnanefnd árið 1991. Meiri hluti þeirra sem afstöðu tóku lýsti sig fylgjandi því að tóbaksverð hefði ekki áhrif á framfærsluvísitölu. Jafnvel í hópi þeirra sem reyktu var meiri hlutinn þessu fylgjandi."

Þjóðhagsstofnun hefur síðan, að beiðni tóbaksvarnanefndar, gert lauslega athugun á áhrifum verðhækkunar á tóbaki og tóbaksneyslu á tekjur ríkissjóðs og kemst mjög að sömu niðurstöðu. Ég vil fá að lesa hluta af greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Tóbaksneysla vegur um 1,5% í verðvísitölu neysluvöru, þ.e. 10% verðhækkun tóbaks mundi leiða til u.þ.b. 0,15% hækkunar hennar."

Og síðan:

„Tekjur ríkissjóðs af sölu tóbaks voru um 2,1 milljarður kr. á árinu 1996 og eru áætlaðar um 2,25 milljarðar 1997. Heildarvelta í tóbakssölu nam um 4,8 milljörðum árið 1996, svo hluti ríkisins er um 43% af sölunni. Á fyrsta ári verðhækkunar um 10% mundu því tekjurnar aukast um tæpar 120 millj. kr. á verðlagi og grunni ársins 1996, miðað við að neysla dragist að magni til saman um 4,1%. Langtímatekjuáhrif yrðu mun minni eða rétt um 100 millj. kr. en eins og nefnt var að ofan er erfitt að meta þau, og eins er líklegt að þau verði engin eða jafnvel neikvæð." — Hér er vísað til fyrri kafla greinarinnar. — „Það ber að sjálfsögðu að hafa það í huga að einnig koma til jákvæð langtímaáhrif á gjaldalið vegna minni heilbrigðisútgjalda, meiri starfsorku einstaklinganna o.s.frv. og skal í því sambandi bent á skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá árinu 1990, Þjóðfélagslegur kostnaður vegna reykinga árið 1990, um þetta efni."

Um þetta mál og hvernig eigi að fara með það eru trúlega ekki allir þingmenn sammála. Það hefði þá náðst einhugur um málið þegar þetta var rætt í heilbr.- og trn. þegar lögin voru endurskoðuð fyrir tveimur árum. En þó eru menn sammála um það, og um það held ég að ríki næstum því einhugur, að þessi vitneskja um hækkun á tóbaksverði hafi veruleg áhrif á neyslu, og menn vilji hækka verð á tóbaki en ekki að hækkunin fari inn í lánskjaravísitöluna. Því þarf að leita leiða til að koma hækkuninni á svo um hana náist sátt. Þó talaði hv. formaður heilbrn., Össur Skarphéðinsson, fyrir því í umræðunni að hann mundi mæla með því að sú leið sem ég er að tala fyrir yrði farin. Ég vona að þessi tillaga verði skoðuð af mikilli alvöru og að þessi leið verði hluti af þeirri miklu varnarbaráttu sem ég tel að við séum í varðandi sterku fíkniefnin sem hafa náð hér fótfestu á markaðnum. Þetta sé ein leiðin af mörgum og því þurfa þingmenn að geta komið sér saman um það hvaða leiðir eigi að fara svo hægt sé að hækka verulega verð á tóbaki.

Ég legg til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og bæði til heilbr.- og trn. og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 2. og 13. mál.

Fundi slitið kl. 17:28.

---

23. FUNDUR

fimmtudaginn 12. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, stjfrv., 199. mál, þskj. 217. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Náttúrufræðistofnun Íslands, stjfrv., 205. mál, þskj. 223. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Bann við kynferðislegri áreitni, frv., 24. mál, þskj. 24. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Húsnæðissparnaðarreikningar, frv., 61. mál, þskj. 61. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Siglingalög, frv., 80. mál, þskj. 80. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Vinnuumhverfi sjómanna, þáltill., 81. mál, þskj. 81. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Vinnumarkaðsaðgerðir, frv., 85. mál, þskj. 85. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, þáltill., 86. mál, þskj. 86. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Átak til að draga úr reykingum kvenna, þáltill., 95. mál, þskj. 95. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, þáltill., 98. mál, þskj. 98. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Jafnræði kynja við fjárveitingar til æskulýðstómstunda- og íþróttastarfs, þáltill., 193. mál, þskj. 209. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Stofnun þjóðbúningaráðs, þáltill., 203. mál, þskj. 221. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Smásala á tóbaki, þáltill., 206. mál, þskj. 224. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Tóbaksverð og vísitala, þáltill., 207. mál, þskj. 225. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 110. mál, þskj. 110, nál. 226. — 2. umr.
16. Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, stjfrv., 107. mál, þskj. 107, nál. 261. — 2. umr.
17. Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, stjfrv., 108. mál, þskj. 108, nál. 260. — 2. umr.
18. Þriggja fasa rafmagn, þáltill., 204. mál, þskj. 222. — Fyrri umr.
19. Hvalveiðar, þáltill., 92. mál, þskj. 92. — Fyrri umr.
20. Úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.
21. Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, þáltill., 100. mál, þskj. 100. — Fyrri umr.
22. Þingfararkaup, frv., 104. mál, þskj. 104. — 1. umr.
23. Tollalög, frv., 143. mál, þskj. 143. — 1. umr.
24. Rannsóknir á laxi í sjó, þáltill., 177. mál, þskj. 187. — Fyrri umr.
25. Stjórnarskipunarlög, frv., 174. mál, þskj. 179. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,

Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 110. mál (verðjöfnunargjald af kindakjöti o.fl.). — Þskj. 110, nál. 226.

[10:32]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá landbn. um frv. til laga um breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verðmiðlunargjald sem lagt er á kindakjöt verði lækkað. Þá er lagt til að verðskerðingargjöld sem lögð eru á kindakjöt og tekin hafa verið af verði til bænda og af sláturleyfishöfum verði afnumin. Loks er lagt til að verðskerðingargjald af nautgripakjöti í UN og K gæðaflokkum verði lækkað, sem og gjald sem lagt er á hvern sláturgrip í sömu flokkum frá 1. september til 31. desember ár hvert.

Verðskerðingargjald er ætlað til markaðsaðgerða og til að leiðrétta birgðastöðu kjöts, en verðmiðlunargjald á kindakjöt er hins vegar m.a. ætlað til verðmiðlunar á milli afurðastöðva. Eru umræddar breytingar lagðar til að beiðni Bændasamtaka Íslands, Landssamtaka sauðfjárbænda og Landssambands kúabænda og með hliðsjón af núverandi birgðastöðu kinda- og nautgripakjöts.

Nefndin telur að hér sé um eðlilegar breytingar að ræða og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Árni M. Mathiesen, Sigríður Jóhannesdóttir, Hjálmar Jónsson og Jörundur Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta skrifa Guðni Ágústsson, Egill Jónsson, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Stefánsson og Guðjón Guðmundsson.

Meira hef ég ekki um þetta mál að segja, hæstv. forseti. Þetta eru heldur góðar fréttir.

(**Forseti** (ÓE)**:** Og stutt og góð ræða.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 2. umr.

Stjfrv., 107. mál. — Þskj. 107, nál. 261.

[10:35]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. til laga um heimild til hækkunar á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Nefndin tók þetta mál fyrir, sendi það ekki út til umsagnar en fékk á sinn fund Ólaf Ísleifsson hjá Seðlabanka Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að heimiluð verði hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 85,3 millj. sérstakra dráttarréttinda í 117,7 millj. Hækkunin hefur ekki áhrif á hag ríkissjóðs og með því að taka þátt í hækkuninni viðheldur Ísland atkvæðavægi sínu í stjórn sjóðsins. Hækkunin var samþykkt af sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 30. janúar 1998.

Efh.- og viðskn. mælir með samþykkt þessa frv. óbreytts.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 2. umr.

Stjfrv., 108. mál (úthlutun sérstakra dráttarréttinda). — Þskj. 108, nál. 260.

[10:36]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Efh.- og viðskn. fjallaði um þetta mál samhliða því sem ég hef nýlokið að mæla fyrir. Nefndin fékk á sinn fund Ólaf Ísleifsson frá Seðlabanka Íslands en sendi málið ekki út til umsagnar.

Stofnskrárbreyting sú er hér um ræðir var samþykkt af yfirstjórn sjóðsins á ársfundi Alþjóðagaldeyrissjóðsins í Hong Kong í september 1997 og efh.- og viðskn. telur sjálfsagt að samþykkja frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þriggja fasa rafmagn, fyrri umr.

Þáltill. DH o.fl., 204. mál. — Þskj. 222.

[10:38]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um þriggja fasa rafmagn á þskj. 222. Þessa tillögu flyt ég ásamt hv. þm. Hjálmari Jónssyni og Ísólfi Gylfa Pálmasyni. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á því hve mikið vanti á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu. Nefndinni verði falið að meta þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og jafnframt að leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því.“

Í greinargerð segir: „Á undanförnum árum hefur búsetuþróun á Íslandi leitt til umtalsverðrar fólksfækkunar á sumum landsvæðum. Áframhaldandi fólksfækkun á landsbyggðinni er þjóðhagslega óhagkvæm og nauðsynlegt er að stjórnvöld grípi til aðgerða til þess að sporna við henni.

Um 13% þjóðarinnar búa í sveitarfélögum sem sýna hættumerki í búsetuþróun. Þar eru ráðandi atvinnuvegir annaðhvort landbúnaður eða fiskveiðar og fiskvinnsla.

Búum með framleiðslurétt hefur fækkað en jafnframt hafa þau stækkað. Sífellt eru gerðar meiri kröfur um hagræðingu og arðsemi. Raforkukostnaður í landbúnaði hækkar með öflugri vélum og aukinni tækni. Með þriggja fasa rafmagni mun raforkukostnaður minnka og um leið skapast betri skilyrði fyrir þá sem stunda landbúnað og iðnað.“

Eins og staðan er í dag stendur skortur á rafmagni uppbyggingu víða á landinu fyrir þrifum. Margir telja eins fasa rafmagn ekki vera rafmagn. Mikill munur er á þriggja fasa

rafmagni og einfasa. Þriggja fasa rafmagn býður upp á mun meiri möguleika þar sem það er öflugra og hægt er að láta mótora snúast í báðar áttir. Það fer minna fyrir þiggja fasa mótorum og þeir eru mun ódýrari.

Þurfi bóndi að endurnýja mjólkurtank þá er allt að 140 þús. kr. verðmunur milli einfasa rafmagns og þriggja fasa rafmagns. Mörg framleiðslutæki bæði fyrir landbúnað og smærri iðnað eru eingöngu framleidd með þriggja fasa rafmagn í huga. Í landbúnaði eru þetta súgþurrkunarblásarar, lokunarbúnaður í heyturna, talíur o.fl. Vöntun á þriggja fasa rafmagni til sveita stendur í vegi fyrir því að hægt sé að stofna fyrirtæki í smærri iðnaði þar sem ekki er hægt að fá tæki fyrir einn fasa eða þá einfasa tækin eru mun dýrari og um leið ekki samkeppnishæf. Þetta geta verið rennibekkir, fræsarar, rafsuðuvélar og ýmis járnsmíðaverkfæri, færibönd og allt það sem nota þarf mótora við. Einnig á þetta við í listiðnaðinum þar sem notaðir eru rennibekkir og leirbrennsluofnar.

Það er viðurkennd staðreynd að atvinnulíf er einhæft á landsbyggðinni. Þar þyrfti markvisst að auka fjölbreytni og nýsköpun í atvinnulífinu. Í grein eftir Stefán Ólafsson sem birtist nýverið segir, með leyfi forseta:

„Á 7. áratugnum tapaði landsbyggðin frá 200–780 íbúum á ári en á 8. áratugnum snerist þróunin við. Þá fluttu fleiri frá höfuðborgarsvæðinu út á land, einkum á milli 1975 og 1980 en árið 1973 voru búferlaflutningar í jöfnuði. Frá árinu 1981 hafa hins vegar orðið mikil umskipti til hins verra fyrir landsbyggðina, enda hefur hún tapað frá tæplega 600 til tæplega 1.800 íbúum á ári."

En hverjir flytja á brott? Það er hrygningarstofninn, það er unga fólkið milli tvítugs og þrítugs og raunar flest rétt yfir tvítugt. Nærri lætur að fimmta hver kona á aldrinum 20–24 ára flytji lögheimili sitt milli sveitarfélaga innan lands á ári hverju. Flutningurinn er minni hjá körlum í flestum aldursflokkum en fylgir um það bil sömu aldursdreifingu. Þetta er mjög alvarleg þróun sem sporna verður við.

Í skoðanakönnun kemur þó fram að afstaða fólks til búsetu á landsbyggðinni er á margan hátt jákvæð og mun fleiri vilja flytja út á land en það an til höfuðborgarsvæðisins. En hvað er þá í veginum? Almenn þjónusta er víðast í mjög góðu horfi á landsbyggðinni og í byggðaáætlun forsrh. er það eitt af markmiðunum að íbúum á landsbyggðinni fjölgi um 10% til ársins 2010. Til þess að það geti orðið þarf að koma til aukin fjölbreytni í atvinnulífi. Bættar samgöngur eru lykilatriði fyrir þá sem þurfa að sækja vinnu og skóla langt frá heimilum sínum. Það þarf að gera stórátak í varanlegri vegagerð.

Að flytja börn í skóla um langan veg á ónýtum malarvegum jaðrar við að vera barnaverndarmál. Það þarf að lækka húshitunarkostnað. Það er eitt af því sem fólk setur fyrir sig varðandi búsetu úti á landi hve húshitun, sérstaklega rafhitun, er stór liður í útgjöldum heimilanna. Í rannsókn Stefáns Ólafssonar í byggðaþróunarmálum fyrir Byggðastofnun kemur fram að húshitunarkostnaðurinn er beint kjaraatriði fyrir almenning en íbúar þeirra svæða sem ekki njóta jarðhitaveitna greiða allt að tvöfaldan húshitunarkostnað á við það sem tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Þetta á líka við sum hitaveitusvæðin. Meðalhúshitunarkostnaður á köldum svæðum er nú nærri heilum mánaðarlaunum verkamanns á einu ári.

Annað mesta umkvörtunarefni er verðlag og verslunaraðstæður sem tengjast auðvitað aðgengi að verslunarþjónustunni sem erfitt er að veita svo fullnægjandi teljist nema í stærri þéttbýliskjörnum. Þeim kjarabótum sem almenningur hefur fengið með lægra vöruverði og til eru komnar vegna samkeppninnar er ekki til að dreifa í strjálbýlinu. Þar getur verslunin ekki keppt við stóru aðilana en aftur á móti er ætlast til sömu þjónustu og fjölbreytni í vöruvali.

Það er viðurkennd staðreynd að þáttur menntunar og menningar er mikill. Þar sem menntastofnanir hafa verið efldar og þá sérstaklega á framhalds- og háskólastigi hefur það um leið eflt þær byggðir sem þess hafa notið, bæði hvað varðar mannafla og fé. Fjárveitingar til menningarmála á landsbyggðinni hafa verið auknar nú síðustu ár og gildi menningar er alþekkt.

Að mörgu þarf að huga þegar fjallað er um byggðamál en mest er um vert að um það sé fjallað af þekkingu og sanngirni. Við búum hér ein þjóð í einu landi.

Herra forseti. Að lokum legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og til hv. iðnn.

[10:46]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þá þáltill. sem hér hefur verið lögð fram. Ég tel afar mikilvægt að snúa sér af alvöru að því stóra verkefni sem er svo brýnt fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni, þ.e. að þrífösunin gangi fram. Hér er því hreyft afar stóru máli og enginn vafi að þessi staða nú háir því mjög að menn geti snúið sér af alvöru að öðrum verkefnum og gerir það að verkum að margir einstaklingar sem þegar hafa snúið sér að orkufrekum búskap, hvort sem það er í iðnaði eða ferðaþjónustu, gjalda fyrir það að þrífösunin hefur ekki átt sér stað.

Ég ætla að nefna dæmi sem rak á fjörur mínar í gærkvöldi og segir í skýru máli þá stöðu sem menn standa frammi fyrir. Athafnasöm hjón hafa breytt búrekstri sínum í stórvirka ferðamannaþjónustu og taka þar á móti þúsundum gesta. Þau standa nú í því að stækka þann rekstur sinn. Þau þurfa m.a. að kaupa stórtækar vélar, sjálfsagt í eldhús o.s.frv. en þau hafa eins fasa rafmagn. Þeim var sagt að þetta rafmagn mundi duga þeim en nú þegar þau ætla að fara að ljúka verkefni sínu í þessari uppbyggingu kemur í ljós að spennirinn er of lítill og heimtaugin of grönn. Það er því ekki bara þetta eins fasa rafmagn sem þau standa frammi fyrir því að til að geta komið fyrirtæki sínu í gang verða þau að ráðast í að leggja 300 þúsund kr. í nýja heimtaug og nýjan spenni á bænum auk þess að breyta þeim tækjum sem þau kaupa í eins fasa rafmagnstæki, sem vart eru framleidd lengur í veröldinni, og það kostar 100 þúsund. Á þennan atvinnurekstur eru þegar komin 400 þúsund kr. til viðbótar, sem aðrir í nokkurra kílómetra fjarlægð þurfa ekki að ráðast í.

Þetta skekkir samkeppnisstöðuna en segir allt um það hversu brýnt er að mótuð verði stefna þar sem þriggja fasa rafmagn verði leitt út í dreifbýlið, þangað sem þörf er á því og menn eru að byggja upp nýjan atvinnuveg. Ég held að Sunnlendingar séu á eftir í þessum efnum, sem er auðvitað sorglegt. Það þarf að leiða þetta heim í miðkjarna í hverri sveit. Og eins og kom fram hjá 1. þm. Suðurl. Drífu Hjartardóttur háir þetta mönnum verulega og eykur kostnað í heðbundnum búskap. Hér er því um afskaplega brýnt mál að ræða.

Ég nefndi þessar kostnaðartölur, hæstv. forseti, af því að þær rak á fjörur mínar í gærkvöldi og segja svo skýrt við hvað fólk sem er að reyna að treysta byggðina og byggja upp nýjan atvinnurekstur hefur að glíma. Þetta þurfa menn

að taka inn í nýjar áætlanir um byggðaþróun, sem kemur sjálfsagt til umræðu undir þáltill. um byggðamál sem rædd verður í næstu viku.

Ég hef um langa hríð verið áhugamaður um þetta mál í þinginu og samkvæmt þeim upplýsingum sem hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, hefur gefið mér er unnið að þessum málum. Iðnrn. er að vinna að átaki í þrífösun sveitanna og Rafmagnsveitur ríkisins vinna að áætlun til langs tíma og munu gera á næstunni samstarfssamning við iðn.- og viðskrn. og fjmrn. um slíkan samning og í framhaldi af því geta unnið markvisst að þrífösun á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins.

72% spennistöðva á svæði Rafmagnsveitnanna eru einfasa. Þriðjungur af dreifikerfum eru þriggja fasa eða um 2.300 km af 6.800 km í dreifbýlinu. Líðlega fjórðungur, 27%, af notendum til sveita hafa aðgang að þriggja fasa rafmagni. Það eru ekki nema 27%. En aðeins rúmlega helmingur þeirra, 15,7%, hefur notfært sér það og fengið þriggja fasa rafmagn til sín á svæði Rafmagnsveitna ríkisins. Á undanförnum fimm árum hafa verið veittar um 790 millj. kr. til styrkingar og endurnýjunar á rafdreifikerfum til sveita.

Ef þrífasa á þá 4.500 km af dreifikerfunum hjá Rafmagnsveitunum, sem eru einfasa, og setja upp þriggja fasa dreifistöðvar hjá öllum notendum sem ekki hafa þriggja fasa rafmagn í dag er um verulega fjármuni að ræða. Rafmagnsveiturnar hafa metið lauslega hvað slíkt kostar og niðurstaðan yfir 8 milljarðar kr. Það er því um afskaplega stórt verkefni að ræða. En mikilvægt er að Rafmagnsveiturnar og þessi tvö ráðuneyti sem ég nefndi vinni að langtímasamningi og þessu verði, eins og í vegagerð, raðað upp hvernig þetta verður unnið á næstu árum til að menn viti hvar þeir standa.

Ég vil að lokum taka undir með hv. flm. að þetta snýr auðvitað að byggðamálum og stöðu landsbyggðarinnar þannig að hér er flutt mikilvægt mál sem þolir enga bið og ég vona að mikið muni gerast í þrífösun sveitanna á næstu árum.

[10:54]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þessa þáltill. og þakka fyrir að hún hafi komið fram. Við sem búum úti á landi þekkjum þann mismun sem er á ýmsum sviðum hvað varðar kostnað í þjónustu, svo sem rafmagnskostnað, kostnað við að kynda húsin okkar og halda þeim heitum. Og þetta er einn hluti af mörgum til að styrkja byggð og jafna aðstöðu fólks á milli landshluta. Því þakka ég fyrir að þessi þáltill. skuli hafa komið fram og vona að hún verði samþykkt og unnið verði að því að gera langtímaáætlun um að koma á þriggja fasa rafmagni um allt land og þar með að styrkja byggð þar sem hún er í dag. Undirstaða þess að skapa nýja framleiðslu og fjölbreytni í atvinnulífinu er að hafa þriggja fasa rafmagn. Húshitunarkostnaðurinn er víða mikill og þar sem hann er hvað mestur hefur hann haft áhrif á búsetu. Og við getum talað um flótta af landsbyggðinni, ekki síst vegna þessa. Það þarf að vinna að því átaki að koma á þriggja fasa rafmagni. Það hefur komið fram hversu óhemju dýrt það er. Þetta er langtímaverkefni en við þurfum að sjá þessu langtímaverkefni komið á því að það varðar stöðu landsbyggðarinnar. Það er eitt af mörgu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hvalveiðar, fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 92. mál. — Þskj. 92.

[10:57]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um hvalveiðar. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Einar K. Guðfinnsson, Stefán Guðmundsson, Siv Friðleifsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni M. Mathiesen, Ólafur Örn Haraldsson, Árni Johnsen, Magnús Stefánsson og Pétur H. Blöndal.

Tillagan, sem er á þskj. 92, er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hvalveiðar skuli leyfðar frá og með árinu 1999 á þeim tegundum og innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Sjávarútvegsráðherra er falin framkvæmd veiðistjórnar á grundvelli gildandi laga."

Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi og rædd að kvöldi síðasta vetrardags. Tillögunni var síðan vísað til sjútvn. sem afgreiddi hana ekki frá sér fyrir þinglok og er hún því endurflutt.

Það er réttur og skylda fullvalda þjóðar að nýta auðlindina á ábyrgan hátt og í anda þeirrar stefnu um sjálfbæra nýtingu sem Íslendingar hafa gerst talsmenn fyrir. Af því leiðir að rétturinn til að nýta hvalastofna sem þola veiði er ótvíræður og sjálfsagður. Íhlutunarsemi erlendra ríkja og samtaka sem miðar að því að koma í veg fyrir að sá réttur sé nýttur er því afskipti af innanríkismálum og gengur um leið gegn þeirri stefnu um auðlindanýtingu sem stjórnvöld hafa talað fyrir innan lands og á erlendum vettvangi.

Trúlega hafa bandarísk stjórnvöld gengið lengst í þessari íhlutunarsemi og beinlínis haft í hótunum við þær þjóðir sem hyggja á hvalveiðar og virt að vettugi ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar sem þeir hafa undirgengist. Á þessu ofríki Bandaríkjamanna kann að verða breyting á næstunni, ef marka má viðtal Morgunblaðsins í síðasta mánuði við William Nitze, sem er æðsti embættismaður Bandaríkjanna á sviði alþjóðlegra umhverfismála, en hann segir þar að Íslendingar og Bandaríkjamenn hafi lengi verið ósammála um hvalveiðar. Hann bendir hins vegar á að Bandaríkjamenn eigi nú undir högg að sækja innan Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO) vegna lagasetningar sem heimilar einhliða viðskiptaþvinganir gagnvart ríkjum sem stunda veiðar á sjávarspendýrum. Síðan segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Við þurfum að öllum líkindum að skipta úr einhliða aðgerðum í marghliða aðgerðir; með öðrum orðum að leita samstarfs við önnur ríki. Ég tel að þetta muni leiða til þess að við munum frekar leita að málamiðlunarlausnum, sem önnur ríki geta sætt sig við."

Þessi viðhorfsbreyting Bandaríkjamanna skiptir miklu máli því ég tel engan vafa á því að óbilgjörn afstaða þessa stórveldis, m.a. með hótunum um viðskiptaþvinganir, hefur átt stærstan þátt í því að hvalveiðar eru ekki stundaðar í ríkari mæli en gert er.

Ég verð alltaf jafnundrandi á andstöðu Bandaríkjamanna við hvalveiðar í ljósi þess að sjálfir drepa þeir sjávarspendýr í stórum stíl, að maður minnist nú ekki á að Bandaríkjastjórn virðist jafnan reiðubúin til loftárása með tilheyrandi mannfalli vítt og breitt um heiminn ef því er að skipta, samanber fréttir útvarps í morgun, en setur svo upp heilagsandasvip ef

á að skjóta nokkra hvali norður í höfum. Þetta er náttúrlega yfirgengilegur tvískinnungur.

Ég tel að ótti manna við viðskiptaþvinganir sé ástæðulaus. Það hefur verið ein helsta röksemd þeirra sem tala gegn hvalveiðum að það muni bitna á útflutningi okkar og ferðaþjónustu ef við hefjum veiðar á ný. Þessu sama var Norðmönnum hótað þegar þeir hófu sínar veiðar á ný og því spáð að þetta mundi bitna mjög á þeim. Andstæðingar hvalveiða hófu mikla áróðursherferð gegn Norðmönnum og skoruðu á almenning víða um heim að kaupa ekki norskar vörur. Það var því fróðlegt að fá þær upplýsingar sem fram komu hjá fulltrúa norska útflutningsráðsins sem hér var á ferð í fyrra en hann sagði að síðan þeir hófu veiðarnar hafi útflutningur aukist, ferðaþjónusta eflst og aðsókn í hvalaskoðunarferðir vaxið. Þetta kom reyndar fram strax á fyrsta ári hvalveiða Norðmanna, en í blaðinu Evrópufréttir sem kom út árið 1994 var forsíðufrétt undir fyrirsögninni „Aðgerðir gegn norskum hvalveiðum árangurslausar". Þar sagði m.a., með leyfi forseta:

„Norskir útflytjendur telja sig í engu hafa skaðast vegna áróðurs og aðgerða til að koma í veg fyrir að fólk kaupi norskar vörur, m.a. í Bandaríkjunum, innan Evrópusambandsins og í Ástralíu. Aðgerðirnar sem einkum voru á vegum samtaka grænfriðunga beindust annars vegar að norskum útflutningi og hins vegar að ferðalögum til Noregs. Að sögn norskra embættismanna var árið 1993 besta ár norsks útflutnings til þessa og 8% aukning varð á ferðamannastraumnum til Noregs frá árinu á undan."

Mér finnst ástæða til að leggja áherslu á þessa reynslu Norðmanna því að við munum trúlega standa frammi fyrir sömu hótunum og Norðmenn þegar við hefjum hvalveiðar að nýju.

Andstaða stjórnvalda í Bandaríkjunum og víðar við hvalveiðar er undanlátssemi við áralanga áróðursherferð ýmissa öfgasamtaka sem kenna sig við umhverfisvernd. Sum þessara samtaka sem hafa halað inn stórfé á áróðri sínum gegn hvalveiðum hafa nú tekið upp baráttu gegn fiskveiðum. Taki fiskveiðiþjóðir ekki höndum saman gegn þessum áróðurssérfræðingum getum við næst horft fram á stórkostlega takmörkun á fiskveiðum okkar og það fyrr en margan grunar. Þess vegna verðum við að taka slaginn við þessi öfl.

Hæstv. forsrh. kom inn á þessi mál í ræðu sinni á þingi Norðurlandaráðs sl. mánudag þegar hann flutti stefnuræðu norrænu forsætisráðherranna en þar benti hann á að vestnorræna svæðið væri órjúfanlegur hluti Norðurlanda en hefði einnig nokkra sérstöðu. Afkoma íbúanna byggðist á náttúrunni, á auðlindum hafsins, á landgæðum og sjálfbær nýting þeirra væri lykilatriði. Sú nýting væri einnig nátengd menningu og hegðun vestnorrænu þjóðanna. Orðrétt sagði hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Stundum vill skorta á skilning umheimsins á þessum tengslum og réttinum til að nýta auðlindirnar, þar með talin sjávarspendýr. Framkoma ýmissa alþjóðlegra umhverfisverndarsamtaka er til vitnis um þetta."

Eftir ræðuna sagði hæstv. forsrh. í blaðaviðtali að í þessum málum ættu þjóðirnar í baráttu við óæskileg öfl. Áhyggjuefni væri að öfl andsnúin hvaleiðum væru nú að færa sig upp á skaftið í átt að fiskveiðum. Málflutningur þeirra væri að allar fiskveiðiþjóðir færu illa með fiskstofnana. Þetta væri hættuleg stefna sem þyrfti að vinna gegn.

Það er ástæða til að fagna því að hæstv. forsrh. skuli tala svo afgerandi um þetta mál á vettvangi Norðurlandaráðs og ástæða til að fylgja því eftir í öðrum alþjóðastofnunum, svo og við þær ríkisstjórnir sem verst hafa látið gegn nýtingu sjávarspendýra á undanförnum árum.

Í blaðinu Fiskifréttum sem kom út í síðustu viku er grein með yfirskriftinni „Áframhaldandi hvalveiðibann gæti kostað okkur milljarða króna vegna samdráttar í þorskafla". Þar er vitnað í niðurstöður Gísla Víkingssonar, hvalasérfræðings á Hafrannsóknastofnun. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ef hvalveiðar verða ekki leyfðar að nýju á næstu árum og hvölum verður leyft að fjölga sér óhindrað á hafsvæðinu við Ísland gæti farið svo að innan fárra ára þyrfti að draga úr þorskveiðum um 10–20% miðað við það sem ella hefði orðið. Þetta jafngildir 30–60 þús. tonnum á ári miðað við 300 þús. tonna ársafla eða sem svarar 4–7 milljörðum íslenskra króna í útflutningsverðmæti."

Gísli tekur fram að niðurstöðurnar séu háðar óvissu sem m.a. byggist á stærð hvalastofnanna, en hann gerir ráð fyrir að stærð hvalastofnanna um þessar mundir sé 70% af hámarksstærð. Verði hvölunum leyft að fjölga sér áfram er áætlað að áhrifanna á fiskveiðar fari að gæta strax eftir nokkur ár og fari vaxandi. Hrefnan er sú hvalategund sem étur langmestan fisk á Íslandsmiðum eða eina milljón tonna á ári samkvæmt niðurstöðum Hafrannsóknastofnunar. Þar kemur fram að í hrefnumögum hafa fundist m.a. loðna, síli og þorskur, svo og kvarnir og aðrar leifar af ýmsum þorskfiskum. Að áliti Gísla gæti þorskur verið allt að 6% af fæðu hrefnunnar en hann minnir á að aðeins hafi fengist sýni úr 60 hrefnumögum og því brýnt að auka þessar rannsóknir. En það er óhægt um vik meðan ekki má veiða þessar skepnur. Þá telur hann að áhrif vaxandi hvalastofna gætu verið umtalsverð á loðnu.

Þá kemur það fram að Hafrannsóknastofnunin áætlar að fæðunám hvala á Íslandsmiðum sé 6,2 millj. tonna á ári, þar af rúmlega 2 millj. tonna af fiski. Munar þar langmestu um hrefnuna sem talin er éta um 1 millj. 55 þús. tonn, en leiftur, marsvín, háhyrningur, höfrungur og hnúfubakur milli 100 og 200 þús. tonn hver tegund og aðrar hvalategundir minna. Þó erfitt sé að meta þetta magn nákvæmlega sýna þessar tölur nokkurn veginn hve gríðarlegt magn hvalirnir éta af fiski og sé það rétt metið að hvalastofnarnir geti stækkað um 43% á næstu árum sést auðvitað glöggt hversu nauðsynlegt er að hefja hvalveiðar á ný og stemma stigu við óheftri fjölgun þessara skepna.

Hafrannsóknastofnunin metur árlega stofnstærð og veiðiþol helstu hvalastofna. Í ritinu Nytjastofnar sjávar 1998–1999 fjallar stofnunin um hrefnu-, langreyðar- og sandreyðarstofninn. Þar kemur fram að undanfarin ár hefur stofnunin lagt til að aflamark fyrir hrefnu verði 200 dýr á ári, en í ljósi úttektar vísindanefndar NAMMCO leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamarkið verði aukið í 250 hrefnur á ári. Þá kemur einnig fram varðandi langreyðina að stofnunin telur að langreyðarstofninn á þessu svæði þoli umtalsverðar veiðar eða a.m.k. 100–200 hvali á ári og að nýjar talningarniðurstöður staðfesti þetta. En þar sem engin fastmótuð aflaregla gildir fyrir langreyðarveiðina við Ísland þá leggur Hafrannsóknastofnunin til í varúðarskyni að ekki verði veiddar fleiri en 100 langreyðar á ári.

Í þessari skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að yfir 80 þúsund hvalir hafi verið í hafinu kringum Ísland fyrir þremur árum. Það er talið að þeir fjölgi sér um 5–10% á ári, misjafnt eftir tegundum, og trúlega eru þeir því orðnir yfir 100 þúsund núna, enda segja sjómenn að hvalamergðin á fiskimiðunum hafi aldrei verið eins óskapleg og að undan-

förnu. Ég spjallaði nýlega við þaulreyndan togaraskipstjóra á Snæfellsnesi sem var að koma að landi úr veiðiferð og hann sagði mér að þegar hann lagði af stað af miðunum út af Vesturlandi hefði hann talið 24 stróka frá stórhvelum í námunda við skipið. Hann sagðist hafa talað við skipstjóra á öðrum togara sem var 4–5 sjómílum grynnra á slóðinni og sá hafi haft sömu sögu að segja. Þessi ágæti skipstjóri sagði við mig að það yrði að hefja hvalveiðar að nýju og það strax. „Við erum í beinni samkeppni við þessar skepnur sem éta sjálfsagt meira af fiski en við veiðum", sagði þessi reyndi aflamaður og var mikið niðri fyrir.

Herra forseti. Þjóðin vill að hvalveiðar verði hafnar að nýju. Um það vitna ítrekaðar skoðanakannanir ár eftir ár sem hafa sýnt a.m.k. 80% fylgi þjóðarinnar við það að þessar veiðar hefjist að nýju. Nýjasta könnunin sem Gallup gerði núna í október sýndi að stuðningur þjóðarinnar við hvalveiðar hefur aldrei verið meiri en um þessar mundir, en 88% þeirra sem tóku afstöðu vildu hefja veiðarnar á ný.

Þá er ástæða til að minna enn á ítrekaðar áskoranir fjölda félaga og hagsmunasamtaka um allt land þar sem hvatt er til hvalveiða. Fylgiskjal með þessari tillögu er auglýsing sem birst hefur í Morgunblaðinu þar sem skorað er á Alþingi að sjá til þess að hvalveiðar við Ísland verði heimilaðar strax. Þeir sem standa að þessari áskorun eru öll 11 útvegsmannafélög landsins, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Dagsbrún og fjöldi annarra verkalýðsfélaga og sjómannafélaga, Bændasamtök Íslands, Iðnnemasamband Íslands og mörg sveitarfélög. Þá hafa Landssamband smábátaeigenda, Landssamband ísl. útvegsmanna og fleiri samtök ályktað í þessa veru. Einnig má minna á allar þær mörgu jákvæðu umsagnir sem bárust til sjútvn. Alþingis í vor þegar þessi tillaga var send út til umsagnar. Það er ekki tími til að vitna í þær hér, tíma mínum er að verða lokið, en flestar eru þær mjög jákvæðar og afgerandi.

Alþingi getur ekki látið eins og því komi þetta ekkert við. Alþingi verður að taka afstöðu til þessa máls. Fyrsta skrefið til að hvalveiðar hefjist á ný er að Alþingi samþykki að leyfa veiðarnar og þess vegna er þessi tillaga lögð fram.

Ég legg til að tillögunni verði að lokinni fyrri umr. vísað til hv. sjútvn.

[11:11]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka staðfestu þeirra sem hafa flutt þessa þáltill. ár eftir ár og ég vil lýsa yfir ánægju með að hafa fengið tækifæri til þess að vera meðflm. og lýsa því yfir að ég hef hvað eftir annað komið í ræðustól á þingi og rætt þessi mál og sýnt fram á að ég er fylgismaður tillögunnar.

Ár eftir ár hefur verið borin upp tillaga á Alþingi Íslendinga um að hefja skuli hvalveiðar sem er nokkuð merkilegt mál. Ár eftir ár hefur verið gerð könnun meðal þjóðarinnar um viðhorf til hvalveiða. Ár eftir ár hefur komið í ljós að mikill meirihlutastuðningur er við það að hvalveiðar skuli hafnar, bæði á Alþingi Íslendinga og meðal annarra þegna Íslands, líklega um og yfir 80% stuðningur meðal þjóðarinnar. Hvað stendur í veginum fyrir því að hrinda málinu í framkvæmd? Eru það tillögur Hafró? Er það vegna þess að tillögur Hafró séu gegn hvalveiðum? Nei. Hafró hefur lagt til veiðar á 100 langreyðum, reyndar eru engar sérstakar tillögur um sandreyðar en örugglega væri óhætt að taka 500–800 dýr af þeirri tegund og þar að auki 250–300 hrefnur á hverju ári.

Hvar er málið fast? Hvernig stendur á því að ár eftir ár skuli vera flutt tillaga um að hefja hvalveiðar og ekkert gerist? Herra forseti. Það er varla hægt að ræða þetta mál án þess að hæstv. sjútvrh. sé viðstaddur eða hæstv. forsrh. Ég er ekki að krefjast þess að þeir komi í salinn en það er nauðsynlegt að ríkisstjórn Íslands gefi yfirlýsingu um þetta mál, það er alveg bráðnauðsynlegt. Ég tel ekki að hún hafi verið gefin ótvírætt.

Hvalveiðar voru mjög mikilvæg atvinnugrein sem stóð á eigin fótum, þær voru mjög mikilvægur þáttur í atvinnulífi landsins. Af veiðunum urðu mjög miklar útflutningstekjur og í dag væri sennilega um að ræða 3 til 3,5 milljarða ef við litum til baka og framreiknuðum þær tekjur sem af þessum veiðum voru. Um 250–280 manns störfuðu við þessar veiðar á sínum tíma. Ég tel að þetta sé allt of stór þáttur í atvinnulífi til þess að menn líti fram hjá honum eins og í rauninni hefur verið gert.

Ég tel að við höfum orðið fyrir alvarlegum skaða af því að leggja af hvalveiðar og er því hvatamaður að því að þær verði hafnar að nýju og tel að það muni ekki valda okkur tjóni á erlendum mörkuðum frekar en þeim hvalveiðiþjóðum sem stunda hvalveiðar, eins og Norðmönnum og Færeyingum. Ef maður skoðar þessi mál eins og þau eru sett fram í þessari ágætu þáltill. og í samhengi þá blasir það við að öll rök hníga að því að hefja hvalveiðar innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til.

Herra forseti. Ég held að Íslendingar verði og eigi að nota eigin auðlindir. Íslendingar eiga að umgangast auðlindir á sjálfbæran hátt. Íslendingar eru í fremstu röð þjóða sem framleiða matvæli. Á grundvelli þekkingar eigum við að hefja hvalveiðar strax á næsta ári og við eigum að byrja á hrefnuveiðum.

[11:16]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm., 1. flm. þessarar tillögu, Guðjóni Guðmundssyni, fyrir einarðan dugnað hans og þrautseigju við að koma þessu máli í höfn, og ég tek undir allt það sem hann hefur sagt og jafnframt sá ræðumaður sem talaði hér á undan mér.

Herra forseti. Hver er raunveruleg ástæða þess að hvalveiðar eru bannaðar á Íslandi? Það er firring nútímamannsins. Sunnudagslambalærið, hryggurinn, verður til í Hagkaup. Kjúklingurinn verður til í Bónus. Það er reginmunur á kjúklingi, litlum, sætum, gulum kjúklingi og síðan beinfrosnum kjúklingi í kæliboxinu í Hagkaup, svo maður tali nú ekki um kjúklingalærið sem við kaupum á skyndibitastaðnum. Það er eitthvað allt annað. Menn eru fyrir löngu hættir að gera sér grein fyrir því að þarna er beint samhengi á milli, litli, sæti kjúklingurinn breytist í steikt kjúklingalæri á skyndibitastaðnum. Hann — steikta kjúklingalærið á skyndibitastaðnum — var einu sinni lítill, sætur kjúklingur.

Þetta er firringin sem við búum við. Þetta er firringin. Þegar menn tala t.d. um að hvalir séu veiddir á ósæmandi hátt þá ættu þeir sömu aðilar að líta inn í kjúklingasláturhús þar sem greyin, litlu, sætu kjúklingarnir, eru deyfðir með rafmagni, hengdir upp á löppunum og hausinn sagaður af þeim með vélsög. Þetta er raunveruleikinn.

Við höfum boðið gesti hingað til okkar, fyrrverandi kvikmyndastjörnu, sem er Keikó. Það er manngerður hvalur. Hann er gæludýr. Það er enn ein firringin. Það er búið að

gefa þessari skepnu, sem er líklega með grimmustu og hættulegustu villidýrum sem til eru, einhverja mannlega eiginleika eins og ást og umhyggju. Hann er kominn heim til mömmu, segja menn. Hann er kominn heim til mömmu og hann er kominn með mannlega eiginleika. Hann er greindur og gáfaður, hann er góður og elskulegur. Ég ætla að vona að hann breytist ekki við þessa nýju vist í köldum, íslenskum sjó eins og menn hafa verið að tala um. Að skapgerðarbreyting hafi orðið á þessum gesti okkar undanfarið. Ég ætla að vona að hann breytist ekki í þetta villidýr sem hann raunverulega er og verði gæslumönnum sínum hættulegur.

Raunveruleikinn í heiminum er allt annar. Raunveruleikinn er sá að helmingur mannkyns lifir á undir 2 dollurum á dag. Það eru 140 kr. sem helmingurinn af mannkyninu verður að komast af með. Og fjórðungur mannkyns, þ.e. helmingurinn af þessum helmingi, verður að komast af með minna en 1 dollara á dag. Þetta er raunveruleikinn. Og það er ekki neinn brandari þegar einhver sagði að breyta mætti Keikó í 60 þúsund kjötbollur og sjá fátækum börnum og sveltandi börnum víða um heim fyrir næringu. Fleiri þúsund *börnum í einn eða tvo mánuði. Mjög mikilvæg næring fyrir* þau. Hér erum við því komin út í einhverja firringu sem er orðin mjög hættuleg. Teiknimyndir og annað ýta undir þá firringu að dýr hafi mannlega eiginleika.

Herra forseti. Ég tek undir kröfur manna um verndun dýra sem eru í útrýmingarhættu, ég tek undir þær. Ég vil ekki sjá dýrategundum fækka. En það á ekki við um hvali. Vísindamenn, og ég trúi þeim, segja okkur að það megi veiða hvali, þeir séu ekki í útrýmingarhættu. Og það er líka nóg að horfa á hvalavöður sem í síauknum mæli ganga á land víða um heim. Svo er reynt að bjarga þeim, skepnunum er ýtt út aftur en af eðlishvöt synda þær strax upp í næstu vík. Það er eitthvað í gangi í náttúrunni sem segir manni að of mikið sé af hvölum.

Svo eru aðrir þættir. Menn hafa bent á að ferðaþjónustan muni skaðast af veiðunum, sérstaklega hvað varðar ferðamenn sem koma til landsins til að skoða lifandi hvali. En ég vil bara benda mönnum á að þegar hvalstöðin var í gangi var það eitt aðalmál ferðamanna að fá að sjá dauðan hval og fá að sjá hann skorinn. Það var alltaf stoppað í hvalstöðinni, alltaf, á leiðinni norður með ferðamenn þar sem ferðamennirnir skoðuðu dauðan hval. Og ég er alveg sannfærður um að mjög margir ferðamenn hefðu áhuga á því að skoða bæði lifandi og dauða hvali. Þetta gæti því orðið búbót í ferðaþjónustu og mundi kannski bæta það að ferðamenn komi til landsins, a.m.k. einhverjir ferðamenn.

Herra forseti. Það sem við glímum við er í fyrsta lagi ákveðin firring nútímamannsins og líka það að einhverjir hagsmunaaðilar, mjög stór samtök, hafa tekið sér vald sem þau ekki höfðu. Þau taka sér það vald að skipa mönnum fyrir: Ekki veiða hvali, þeir eru litlar, sætar dúllur og næsta sem þau gera er að banna okkur að veiða þorsk. Það gæti vel orðið.

Ég vil benda á að það getur verið mjög hættulegt að gefa mönnum þetta vald, þ.e. að gefa eftir. Það getur verið mjög hættulegt að gefa mönnum sem lifa í einhverri firringu og lifa á henni og jafnvel meðvitað — þeir vita alveg að þetta er firring en þeir lifa á henni — að gefa þeim þetta vald sem er sjálftekið, og gefa eftir. Það getur verið mjög hættulegt. Við þurfum að standa við það og segja þessu fólki að við Íslendingar höfum lifað við þetta haf í þúsund ár. Við höfum veitt hér þorsk og fisk í þúsund ár. Við höfum lifað á þessum veiðum og við verðum að lifa á þeim og það er sá raunveruleiki sem við búum við. Við verðum að benda þessu fólki á að það sjálft er raunveruleikafirrt. Og við skulum bara benda því á kjúklinginn sem einu sinni var fallegur, gulur en er nú orðinn að kjúklingalæri á skyndibitastað.

[11:23]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þetta er mjög stórt mál sem við erum að ræða hér og ég er reyndar einn af flutningsmönnunum. En ég vil taka undir hvert einasta orð sem fram kom í ræðu 1. flm., hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, sem hefur eins og hér hefur komið fram verið mjög ötull í þessu máli og haldið því vakandi um árabil.

Það er alveg ljóst að hverri þjóð er mjög mikilvægt að nýta auðlindir sínar á sjálfbæran hátt. Við nýtum okkar sjávarfang, sem er aðallega fiskur, og það er undirstaða afkomu okkar að nýta fiskinn og þá aðallega þorskinn. Þetta teljum við vera svo sjálfsagt að ekki þarf að útskýra það neitt frekar. Það er bara eðlilegt að nýta á sjálfbæran hátt fiskstofna okkar. Þess vegna er það jafnsjálfsagt að nýta hvalinn. Það er enginn sérstakur munur á hval og þorski, það er enginn grundvallarmunur. Þetta eru auðlindir, náttúruauðlindir, og enginn munur á þessu tvennu. Að sjálfsögðu eigum við að nýta hvalinn á sjálfbæran hátt. Það er okkar sjálfsagði réttur.

Það eru einnig rök með því að veiða hval að ef hann er ekki veiddur og fær að vaxa óhindrað, þá þýðir það samkvæmt rannsóknum vísindamanna að um 10% af þorskstofninum fer í að næra hvalinn. Og það er spurning hvort við höfum efni á því. Og er það eðlilegt? Mér finnst það ekki. Mér finnst ekki eðlilegt að leyfa hvalastofninum einum að vaxa óhindrað meðan við nýtum aðrar tegundir á sjálfbæran hátt og sérstaklega ekki þegar við erum „í samkeppni við hvalinn um þorskinn og um fiskstofnana".

Á sínum tíma sögðum við okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og stofnuðum ásamt Noregi, Færeyjum og Grænlendingum NAMMCO, sem er skammstöfun fyrir Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið. Af hverju gerðum við það? Norðmenn sögðu sig ekki úr Alþjóðahvalveiðiráðinu en við gerðum það vegna þess að við töldum á þeim tíma að það væri betri leið til að geta hafið hvalveiðar að nýju. Reyndar var mjög mikið tekist á um þetta mál á sínum tíma í þinginu og munaði mjög litlu í atkvæðagreiðslu hvernig niðurstaðan yrði, en meiri hlutinn réð og þetta varð niðurstaðan.

Hvað hefur gerst síðan? Það má eiginlega segja að nánast ekki neitt hafi gerst. Við höfum ekki hafið hvalveiðar þó að við færum út í allt þetta ferli til þess að geta veitt hval. Þetta gekk því ekki eftir. Hér hefur ekki verið veiddur hvalur í tíu ár á næsta ári. Við getum haldið upp á tíu ára afmæli hvalaleysis hjá okkur, við höfum ekki veitt hval í tíu ár.

Það er eitt sem hefur komið fram núna hið allra síðasta sem mér finnst aðeins breyta þessu máli og það tengist NAMMCO. Á aðalfundi NAMMCO í byrjun september sl. kom fram mat vísindanefndar samtakanna að veiði á 292 hrefnum hefði ekki skaðleg áhrif á stofninn. Stjórnunarnefnd NAMMCO staðfesti síðan á þessum fundi þetta stofnmat vísindanefndarinnar, þ.e. að veiðar á tæplega þrjú hundruð dýrum væru sjálfbærar veiðar. Þetta var endanleg umfjöllun í NAMMCO sem þýðir að ekki er meiri vísindalegan rökstuðning að fá, þetta er niðurstaðan. Þannig að núna hefur NAMMCO, sem við stofnuðum ásamt fleirum á sínum tíma til þess að hefja hvalveiðar, komið því mjög skilmerkilega á

framfæri að hægt sé að hefja hér sjálfbærar veiðar með því að taka um þrjú hundruð dýr úr stofninum.

Núna spyr maður: Hvað þarf meira til þess að hefja hvalveiðar? Að mínu mati þarf ekkert meira. Nú er spurningin einungis pólitísk. (**PHB:** Það þarf hugrekki.) Það þarf pólitískt hugrekki, það er hárrétt. Að mínu mati er tækifærið núna. Það nýjasta sem hefur gerst er að NAMMCO hefur gefið grænt ljós, stofnunin sem við stöðum að ásamt fleirum til þess að hefja hvalveiðar. Eftir hverju erum við að bíða núna? Engu væntanlega.

En menn hafa vissar áhyggjur af því hvað viðskiptalönd okkar muni taka til bragðs ef við hefjum hvalveiðar, að þau gætu farið í einhvers konar viðskiptaþvinganir og annað slíkt. Ég hef ekki trú á því, ég held að það muni ekki neitt sérstakt gerast þó að við hefjum hér hvalveiðar. Þetta eru hótanir og þær vofa yfir okkur, en Norðmönnum var líka hótað á sínum tíma og þær hótanir gengu ekkert eftir. Það hefur ekki orðið nein breyting á útflutningi þeirra, hann hefur aukist ef eitthvað er. Og þeir hafa heldur ekki tapað neinu í hvalaskoðun. Menn hafa sýnt fram á að það séu ekki tengsl þar á milli, þ.e. það er hægt að veiða hval og vera með hvalaskoðun samtímis.

Sumir segja að ekki sé tímabært að hefja hvalveiðar af því að ekki sé hægt að selja hvalinn. En ég spyr: Er það svo? Samkvæmt mínum upplýsingum hefur ekki reynt á þetta til fullnustu, hvort hægt sé að selja afurðina. Og ég spyr líka: Þó að það væri ekki hægt, eigum við samt ekki að hefja hvalveiðar? Er ekki rétt að grisja þennan stofn? Á hann að fá að vaxa óheftur og taka 10% úr þorskstofninum? Ég velti því fyrir mér, er það rétt?

Mér finnst það líka vera rök í málinu að ef við hefjum ekki hvalveiðar, hvað verði næst? Ég tel að þá verði þroskurinn næstur. Það verður næsta markmið ýmissa umhverfissamtaka að einbeita sér að fiskveiðum. Ég tel því að ef við stoppum ekki við hvalveiðarnar og reynum að hefja þær aftur þá muni menn bara halda áfram og beita sér næst gagnvart fiskveiðum. Ég vil benda á að í Bandaríkjunum eru talsvert háværar raddir núna um það að afnema eigi ákvörðunarrétt strandríkja á nýtingu fiskstofna og það eigi að stofna einhvers konar alþjóðlegt fiskveiðiráð sem eigi að úthluta veiðiheimildum. Ef þetta yrði niðurstaðan yrði það auðvitað mjög alvarlegt fyrir Íslendinga sem er sú þjóð sem mest byggir á fiskveiðum.

Mig langar líka að draga inn í þessa umræðu að Norðmenn eins og t.d. Steinar Andersen sem er fræðimaður við stofnun Fridtjof Nansens í Noregi hefur sett fram mjög sérstaka skoðun á að okkur skorti pólitískan kjark og ég held að hægt sé að taka undir það að vissu leyti. En núna held ég að komið sé að því að við tökum skrefið.

Það nýjasta sem hefur gerst í þessu máli, virðulegi forseti, vegna þess að tími minn er búinn, er að Davíð Oddsson hefur komið því mjög skilmerkilega á framfæri á þingi Norðurlandaráðs að skort hafi á skilning umheimsins í tengslum við réttindi á því að nýta auðlindir, þar með talin sjávarspendýr og hann nefndi framkomu ýmissa umhverfissamtaka til vitnis um þetta. Að mínu mati er hæstv. forsrh., Davíð Oddsson að, gefa pólitísk skilaboð, að hefja áróður um að byrja hvalveiðar.

[11:31]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er enn á ný til umræðu tillaga um að Íslendingar hefji hvalveiðar. Ég vil eins og fleiri þakka hv. 1. flm. fyrir baráttu hans í málinu og að sjálfsögðu öðrum sem hafa tekið þátt í henni.

Þrátt fyrir miklar umræður um þetta mál þing eftir þing hefur allt of lítið gerst í málinu. Það liggur fyrir að yfirgnæfandi rök eru fyrir því að við hefjum hvalveiðar. Rökin hafa komið fram hjá þeim sem tekið hafa þátt í þessari umræðu. Það liggur fyrir að mikill meiri hluti þjóðarinnar er fylgjandi því að hvalveiðar verði hafnar á ný. Mér finnst því allt of lítið hafa gerst í málinu á undanförnum árum á hinum pólitíska vettvangi. Það eru jafnframt vísindalegar forsendur fyrir því að hefja hvalveiðar.

Hér hefur verið farið yfir það hvernig hvalastofnar hafa vaxið og dæmi verið nefnd og ég persónulega þekki ýmis dæmi í því sambandi. Það sem mér finnst kannski stóra málið í þessu er hin hatramma samkeppni sem er komin upp milli hvalastofnanna og okkar um nýtingu fiskstofna í hafinu. Það hafa verið lögð fram rök fyrir því að hvalastofnarnir eru farnir að taka til sín mjög mikið af fiskstofnunum. Meðan við erum að beita fiskveiðistjórnun til að nýta fiskstofnana sjálfbært þá getum við ekki horft upp á þetta án þess að grípa inn í atburðarásina.

Komið hefur fram að aðrar hvalveiðiþjóðir hafa þegar hafið hvalveiðar eða ætla að hefja þær. Norðmenn hafa gert þetta, Japanar eru farnir af stað og nýjustu fréttir þaðan eru þær að þeir hafi nýlega smíðað nýtt hvalveiðiskip, stórt skip, og sent suður í Kyrrahaf til hvalveiða. Bandaríkjamenn, sem hafa sýnt ótrúlegan tvískinnung í þessum málum í gegnum tíðina, eru sjálfir á kafi í að veiða hval en beita sér af hörku gegn öðrum þjóðum í því sambandi.

Hér á landi hafa viðskiptaleg sjónarmið helst ráðið afstöðu margra gegn hvalveiðum. Menn eru hræddir við að hvalveiðar bitni á okkur viðskiptalega. Út af fyrir sig er hægt að skilja þau sjónarmið en á hinn bóginn höfum við lítið gert, lítið beitt áróðri til að vinna málið okkur í hag á viðskiptasviðinu. Ég tel því að við höfum fallið á prófinu að vissu marki að því leyti.

Hvað viðskiptalegu hliðarnar á þessu máli varðar þá hefur hv. 1. flm. farið yfir það að Norðmennirnir hafa ekki lent í viðskiptalegum vandræðum út af hvalveiðum og ég tel að við þurfum ekki að óttast það heldur. Af því að ég hef nefnt það hér að við höfum lítið gert, þá verð ég að leyfa mér að gagnrýna hæstv. ríkisstjórn, kannski fyrst og fremst hæstv. sjútvrh., fyrir aðgerðaleysið. Fyrir tveimur eða þremur árum var hér skipuð nefnd til að fara yfir þessi hvalveiðimál. Mér virðist ekkert hafa gerst í þessu. Við erum allt of mikið að hjakka í sama farinu ár eftir ár, við ræðum þessi mál, tökum afstöðu til og frá án þess að nokkrar aðgerðir fylgi.

Við vitum öll að öfgasamtök á náttúruverndarsviðinu hafa haldið okkur í heljargreipum í þessu máli í mörg ár. Við verðum einfaldlega að brjótast út úr þessu með ákvörðun um að hefja hvalveiðar. Í mínum huga er engin spurning um það. Við vitum að öfgasamtök eru farin að beita sér gegn nýtingu fiskstofna hafsins og vitum af umræðunni um að beita aðgerðum gegn fiskveiðiþjóðum við nýtingu einstakra fiskstofna. Þetta er þróun sem við getum ekki horft upp á. Þjóðin lifir á fiskveiðum og við verðum einfaldlega að beita þarna einhverjum ráðum til að snúa þessari þróun við.

Það hefur komið fram varðandi hvalveiðimálin að sumir óttast að sú ferðaþjónusta sem byggst hefur upp víða á landinu í kringum hvalaskoðunarferðir muni bíða tjón af hvalveiðum. Ég held að þetta sé ekki rétt. Ég held að það geti vel farið saman og ýmsir aðilar í ferðaþjónustu telja

þetta vel geta farið saman. Ég vona að Keikó blessaður í Eyjum muni ekki valda okkur vandræðum í þessu máli. Ég verð þó að segja að ég óttast örlítið að svo geti farið vegna almenningsálits erlendis.

Varðandi ferðaþjónustuna held ég að þegar við hefjum hvalveiðar, þá eigi hvalveiðimenn að skoða möguleikann á að bjóða ferðamönnum upp á hvalveiðiferðir. Ég er viss um að fjöldi erlendra ferðamanna væri spenntur fyrir því að fá að fljóta með í hvalveiðiferðir og fylgjast með því þegar hvalir eru veiddir. Þar gæti verið innlegg í uppbyggingu ferðaþjónustu á Íslandi.

Mér fannst athyglisvert það sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi varðandi firringu nútímamannsins. Ég held að það sé hárrétt. Það er aumkunarvert að horfa upp á fólk fjalla um hvali eins og mannlegar verur með mannlega eiginleika. Það er náttúrlega með ólíkindum að stór hluti þjóða erlendis fjallar um þessar skepnur á þannig. Ég held að það sé alveg hárrétt hjá hv. þm. að þar sé um algera firringu nútímamannsins að ræða.

Herra forseti. Ég vil eins og fleiri hvetja til aðgerða í hvalveiðimálum og hér verði tekin ákvörðun um að hvalveiðar hefjist á ný á næsta ári. Allar vísindalegar forsendur eru fyrir hendi og við eigum að sjálfsögðu að nýta hvalastofnana sjálfbært eins og aðra fiskstofna í hafinu. Ég tel að ýmislegt á alþjóðavettvangi sé að breytast okkur í hag í þessu máli. Umfram allt er það þó skoðun mín að við verðum að sýna pólitískt hugrekki og taka ákvörðun um að hefja hvalveiðar við Ísland strax á næsta ári.

[11:39]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Nú þegar við ræðum þetta mál sem oft hefur komið á dagskrá þingsins er rétt að átta sig á um hvað þessi umræða snýst í raun og veru, hverjar þær grundvallarspurningar eru sem við erum að reyna að svara hér. Um hvað snýst hvalaumræðan í rauninni?

Að mínu mati um snýst umræðan um tvær meginspurningar. Annars vegar um rétt og skyldu fullvalda þjóðar til þess að nýta auðlindir sínar og hins vegar um það hvort við höfum rétt á því, sem hluti af samfélagi þjóðanna, að vinna í anda þeirrar stefnumótunar sem ríkt hefur á alþjóðlegum vettvangi á umhverfissviðinu á undanförnum árum, þ.e. að tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Flóknara er þetta mál ekki. Annars vegar snýr þetta að fullveldishugtakinu og hins vegar er þetta spurning sem við hljótum að svara okkur sjálfum og öðrum um það hvernig við stöndum að nýtingu náttúruauðlinda.

Við skulum ekki gleyma því að við háðum landhelgisstríð fyrir rétti okkar til þess sem sjálfstæð fullvalda þjóð að nýta sjávarauðlindir okkar. Um þetta snerust landhelgisátökin alla tíð frá því að við urðum fullvalda ríki. Þau sjónarmið sem við knúðum þannig fram og eru auðvitað greypt í alþjóðahafréttarsáttmálann voru síðan áréttuð í sumar af Kofi Annan framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í samtölum hans við hæstv. utanrrh. Með öðrum orðum er það óskoraður réttur okkar sem fullvalda og sjálfstæðrar þjóðar að nýta auðlindir okkar hvort sem það eru hvalir eða eitthvað annað ef við gerum það af ábyrgð.

Við Íslendingar höldum mjög einart fram þeirri stefnu okkar að nýta auðlindir okkar á ábyrgan hátt á grundvelli þess sjónarmiðs um sjálfbæra nýtingu auðlindanna sem við höfum haldið fram hvarvetna og alþjóðasamfélagið hefur í raun samþykkt í orði kveðnu. Að skila afkomendum okkar auðlindunum í ekki lakari ástandi en þær eru í í dag og ekki í lakari ástandi en svo að hægt sé að umgangast þær án þess að ganga á þær eru grundvallarsjónarmið sem við höfum viljað hafa í heiðri og nýta hvalastofnana í þessum dúr.

Í raun snýst málið um hluti sem okkur finnast sjálfgefnir, rétt hinnar fullvalda þjóðar og réttinn til að nýta náttúruauðlindir af skynsamlegu viti. Þess vegna er mjög einkennilegt þegar reynt er að halda því á lofti að þeir sem nýta vilja auðlindir með sjálfbærum hætti séu á einhvern hátt í andstöðu við náttúruverndarsjónarmið. Þessu er einmitt alveg öfugt farið. Áður fyrr óðu uppi menn sem héldu því á lofti að náttúruvernd væri að snerta ekki á náttúrunni, koma hvergi nálægt henni og vera ekki þátttakandi í lífríkinu ef þannig mætti að orði komast. Þeir vildu hverfa aftur til forneskjunnar. Þetta er löngu afgreitt mál. Það tala nánast engir þannig í alvöru lengur.

Í dag er grundvallaratriði í náttúruverndarstefnu heimsins að nýta auðlindirnar á skynsamlegan og ábyrgan hátt. Þess vegna höldum við fram rétti okkar til að hefja hvalveiðar og hér innan lands eru menn fyrir löngu hættir að tala um að þetta sé spurning um hvort gengið verði á hvalastofnana ef hvalveiðar hefjist. Auðvitað er öllum ljóst og margsannað af okkar eigin vísindamönnum, staðfest af vísindanefnd NAMMCO og kom glögglega fram á síðasta fundi NAMMCO að öll rök mæla með því að við hefjum þessar veiðar. Efnahagsleg rök mæla með því að við hefjum þessar veiðar vegna þess að ella er ljóst að aðrir nytjastofnar verða verr á sig komnir.

Því er haldið fram að það þýði ekkert að hefja hvalveiðar vegna þess að við getum ekki selt vöruna. Þetta er mjög sérkennilegt sjónarmið. Það hlýtur að vera á ábyrgð þeirra sem veiða og vinna hvalafurðirnar að selja þær. Það er ekki á ábyrgð ríkisstjórnar eða hins opinbera. Engum hefur dottið í hug að fara fram á slíka ábyrgð. Þeir sem vilja hefja hvalveiðar og stunda þær sem hverja aðra atvinnugrein fara ekki fram á ábyrgð ríkisins. Því hefur verið haldið fram að hægt væri að beita okkur alls konar efnahagsþvingunum og hægt væri að koma því þannig fyrir að einstök ríki mundu neita að flytja inn hvalaafurðir. Þetta er líka rangt.

Fyrir ekki löngu kom upp mjög athyglisvert mál í Bandaríkjunum þar sem Bandaríkin hafa beitt efnahagsþvingunum og innflutningsbanni á rækjuafurðum sem veiddar hafa verið af tilteknum þjóðum vegna þess að grunur leikur á að þessar rækjuveiðar grandi líka sjávarskjaldbökum sem munu vera í útrýmingarhættu. Útrýmingarhættan er að sjálfsögðu ekki til staðar varðandi hvalveiðarnar. WTO, Alþjóðaviðskiptastofnunin, komst hins vegar að þeirri niðurstöðu, og frá því var greint í hinu virta blaði Financial Times, sem ég er hér með undir höndum, að þetta stæðist ekki. Bandaríkin gætu ekki beitt innflutningsbanni á rækjuafurðir þessara þjóða þrátt fyrir að grunur léki á að meðafli í rækjunni væru einhverjar tegundir sem væru ekki þóknanlegar bandarískum yfirvöldum.

Við sjáum því af þessu að jafnvel þó að sú ólíklega staða kæmi upp gagnvart ríkjum eins og Bandaríkjunum, sem kysu e.t.v. að fara þær einkennilegu leiðir að ráðast á gamalgróið vinaríki sitt eins og Ísland með einhverjum ofbeldisaðgerðum, kæmust þau ríki að öllum líkindum ekkert upp með það.

Síðan hafa menn verið að segja að við getum ekki hafið hvalveiðar þar sem það mundi granda hjá okkur alls konar öðrum atvinnugreinum. Við getum bara vísað til norsku

reynslunnar, sem hefur margoft verið gert í þessari umræðu, sem sýnir fram á að þetta er allt saman vitleysa. Norski viðskiptaháskólinn í Bergen sýndi fram á það að útflutningurinn í Noregi hafði bara gott af hvalveiðunum. Hafði bara gott af þeim. Jafnframt kom fram í þekktu norsku viðskiptatímariti, Dagens Næringsliv, að aukningin í hvalaskoðunum hefur aldrei verið önnur eins í Noregi eins og eftir að hvalveiðarnar hófust, 50% aukning í hvalaskoðunum á þessu ári. Síðan til viðbótar er náttúrlega rétt að árétta það sem hér hefur verið bent á að vinnsla á hvalaafurðum var í sjálfu sér mikið túristaaðdráttarafl á þeim tíma sem þetta fór fram. Ég ætla að bæta því við, virðulegi forseti, rétt í lokin að þegar þær umræður hófust á sl. vori að hvalveiðar mundu væntanlega hefjast tóku íslenskar ferðaskrifstofur strax við sér, höfðu samband við hugsanlega hvalveiðimenn og hvalaverkendur og óskuðu eftir því að fá að koma með ferðamenn sína og sýna þeim þetta athyglisverða mál sem víðast annars staðar væri ekki hægt að fá að kynnast.

[11:48]

Ólafur Hannibalsson:

Herra forseti. Enn einu sinni er tekin fyrir tillaga á hv. Alþingi um að leyfa nú þegar hvalveiðar. Af einhverjum ástæðum hefur tillaga svipaðs efnis eða sama verið flutt undanfarin ár án þess að hún hafi verið afgreidd frá þessari virðulegu stofnun.

Ég vil taka fram í upphafi að ég tek í einu og öllu undir öll þau rök aðalflm. og þeirra sem hafa talað á undan mér um að það er engin líffræðileg ástæða til þess að hefja ekki hvalveiðar á ný. Einu ástæðurnar sem geta verið fyrir því eru annars eðlis, að öðru leyti tek ég undir röksemdir allra þeirra sem hafa talað á undan mér, hv. þingmanna Guðjóns Guðmundssonar, Péturs Blöndals, Sivjar Friðleifsdóttur, Gísla S. Einarssonar, Magnúsar Stefánssonar og Einars Kristins Guðfinnssonar.

Þessi rök eru öllum kunn og ég held að við þurfum ekki einu sinni að eyða miklu púðri á það. En ég held að það hafi verið í hittiðfyrra sem ég sat alþjóðlega ráðstefnu um hvalveiðar, sem haldin var hér á landi að tilhlutan Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands, og þar heyrði ég í fyrsta sinn þau rök sem kunna að vera á móti hvalveiðum. Eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom inn á áðan eru þau rök eingöngu viðskiptalegs eðlis. Þó að ég ætli ekki að gerast talsmaður þeirra sjónarmiða sem þar komu fram í þessum efnum tel ég rétt að þingheimur viti a.m.k. af þeim rökum.

Þá er þar fyrst til að nefna að til er alþjóðleg stofnun sem heitir CITES og er alþjóðaráð um viðskipti með afurðir af dýrum í útrýmingarhættu. CITES tekur upp athugasemdalaust og rannsóknalaust skrár frá öðrum alþjóðastofnunum eins og Alþjóðahvalveiðiráðinu og setur á sinn lista og bannar síðan öll viðskipti með þessar afurðir. Það var kannað fyrir nokkrum árum og kom fram hér að það væri ekkert í lögum í Japan sem kæmi í veg fyrir það að þeir keyptu hvalafurðir okkar. Bæði Japan og Noregur eru í CITES. Við vorum það ekki til skamms tíma. Ég held að við höfum í fyrsta skipti sent fulltrúa sem áheyrnarfulltrúa á ráðstefnuna í Zimbabwe í fyrra eða hittiðfyrra. Þeir hafa ákveðið að hlíta þeim ákvæðum sem CITES setur með þeim afleiðingum t.d. að Norðmenn hafa ákveðið að éta sína hvali. Spik og rengi hefur safnast upp hjá þeim þannig að þeir eiga þar fimm hundruð tonn. Óskir hafa komið frá Íslandi um að kaupa þetta spik og rengi en Norðmenn selja okkur það ekki vegna þess að þeir vilja ekki fara í deilur við alþjóðasamfélagið um þessar afurðir.

Þegar við vorum upp á okkar besta þá veiddum við um 150 hrefnur, ef ég man rétt, og hrefnuveiðimenn hafa sagt mér að neyslan innan lands hafi verið um 50 dýr. Spurningin er: Viljum við hefja hvalveiðar upp á þessi býti, á þeim forsendum sem réttilega komu hér fram, að það er kannski ástæða til þess að hefja grisjun á hvalastofnunum? En hvaða einkafyrirtæki vill taka það að sér ef það getur ekki selt afurðirnar? Telja má líklegt að við getum torgað 50 hrefnum og mér finnst alveg sjálfsagt að við hefjum veiðar fyrir innanlandsneyslu svipað og Norðmenn gera. Það er eiginlega lágmark sem við gætum byrjað með að meina okkur ekki um þá hluti. En þó verðum við að taka tillit til þess sem mig minnir að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hafi orðað fyrir nokkrum árum eitthvað á þá leið að við verðum að vera okkur meðvitandi um það hverju verði við viljum kaupa okkur réttinn til þess að hafa hvalkjöt í sunnudagsmatinn.

Auðvitað höfum við rétt fullvalda þjóðar til þess að nýta lögsögu okkar. Það er viðurkennt af alþjóðasamfélaginu að sú sjálfbæra nýting er í samræmi við allar venjur og alþjóðareglur. En það er okkur ekki nóg, við neytum sjálf ekki hvalkjöts í verulegum mæli og við yrðum því að selja það og við þurfum að geta komið afurðunum frá okkur. Þetta eru einu rökin sem til eru gegn því að við hefjum hvalveiðar og mér finnst rétt að þau komi fram hér. Mér hefði fundist rétt að sjútvrh. og ráðherrar í ríkisstjórn gerðu okkur grein fyrir því hvort það er þetta sem heldur aftur af okkur í þessu máli eða hvort það er eitthvað annað.

Þó vil ég nefna í lokin að samanburður við Norðmenn í sambandi við kvóta um að alþjóðaumhverfisverndarsinnar muni ekki geta staðið fyrir viðskiptaþvingunum á Ísland, það er ekki alveg sambærilegt. Ísland er eyja úti í Atlantshafi þar sem tiltölulega fáar aðgönguleiðir eru fyrir allar okkar vörur að og frá landinu. Það er tiltölulega einfalt mál að hefja slíkar fjöldaaðgerðir ef alþjóðleg umhverfisverndarsamtök kjósa. Ég hef heyrt frá þeim herbúðum að þeir telji Ísland alveg ídealt land fyrir umhverfisverndarsinna að reyna að brjóta á bak aftur ef til þess kæmi að við hæfum hvalveiðar á ný.

Eins og ég sagði hafa Norðmenn kosið að éta sinn hval eða þann hluta af honum sem þeir geta nýtt. Spiki og rengi hafa þeir safnað upp þannig að þar munu vera 500–1.000 tonn í geymslum. Þeir hafa t.d. neitað okkur um að kaupa þetta. Þannig hafa þeir ekki gefið alþjóðasamfélaginu tilefni til mótmælaaðgerða gegn þeim. Þeir fara með löndum í þessu máli eins og öðrum þó þeir bryni okkur fyrir skort á hugrekki og öðrum göfugum dyggðum sem okkur skorti í þessu efni.

Ég verð líka að taka það fram að NAMMCO hefur valdið vonbrigðum. (Forseti hringir.) Það hefur ekki reynst sá vettvangur sem gat fleytt okkur til niðurstöðu í því að hefja hvalveiðar og ég tel fulla ástæðu til þess að við skoðum þessi viðskiptalegu rök — eða a.m.k. að þau komi fram í málinu áður en við ákveðum að hefja hvalveiðar. (Forseti hringir.) Við verðum að gera það í fullri vitund þess hverju við gætum verið að fórna með því.

[11:57]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér hafa óvenjumargir hv. þingmenn tekið til máls og þeir eru allir eindregnir stuðningsmenn þessarar tillögu. Ég sakna þeirra hv. þm. sem eru andvígir hvalveiðum. Við höfum þó heyrt rök þeirra og ég ætla að reyna að telja upp nokkur en nokkur þeirra hafa verið talin upp hérna.

Það er ótti við viðskiptabann. Það er ótti við að tapa á ferðamennsku. Það er ótti við ofbeldi eins og síðasti hv. ræðumaður Ólafur Hannibalsson benti á. Þetta er sem sagt ótti. Það sem okkur skortir er hugrekki til að mæta þessum ótta og segja að hann sé ástæðulaus. Ég tel nefnilega að þessi ótti sé að miklu leyti ástæðulaus.

Þessi umræða úti um víðan heim byggir ekki á skynsemi. Hún byggir á áróðri. Þess vegna, herra forseti, legg ég til að við gerum eftirfarandi til þess að mæta áróðursstríðinu: Við skulum stórauka þróunarhjálp sem er skammarlega vesældarleg. Stóraukum þróunarhjálp. Við skulum veiða hval á sjálfbæran hátt. Við skulum sjóða hann í dósir og gefum svo dósirnar sveltandi börnum sem nóg er til af, því miður, um allan heim. Látum svo Keikó-vini stöðva hjálp til sveltandi fólks með vísun til einhverrar firringar.

[11:58]

Ólafur Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er eins og margt annað sem kemur frá hv. þm. Pétri Blöndal, stórmerk tillaga og frumleg. Ég vildi bara spyrja hann, vegna þess að hann er sá okkar þingmanna sem er talinn hafa hvað mest viðskiptavit: Á þetta að gerast á vegum ríkisins eða verða einkaaðilar til þess að hefja hvalveiðarnar, sjóða hvalinn niður í dósir og gefa þær?

[11:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu eru það einkaaðilar sem stæðu í þessu. En ég tel að ríkið þyrfti að styrkja þetta og það yrði þáttur í því að stórauka þróunarhjálp Íslendinga sem hefur verið, eins og ég gat um, skammarlega lítil. Þetta leysir líka vandamálið við að koma hvalafurðum í lóg, sem menn hafa nefnt, það að Íslendingar borða ekki nægilega mikið af hval til að við getum veitt hval. Þannig getum við veitt hval eins og okkur lystir og eins og talið er að stofnarnir þoli á sjálfbæran hátt. Við gerum heilmikið gagn úti um allan heim þar sem kemur upp alls konar neyð, hungursneyð af alls konar ástæðum, vegna fellibylja og slíks, og við getum haft þessar hvalveiðar, a.m.k. fyrsta kastið, til þess að bæta úr þeirri neyð.

[12:00]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er ekki vonum seinna að sú tillaga sem hér er til umfjöllunar kemur á dagskrá. Tillaga sama efnis var flutt á síðasta þingi og segja má að allt frá árinu 1994 hafi verið málflutningur á Alþingi í þá veru að hefja bæri hvalveiðar að nýju. Formerkin hafa að vísu verið misjöfn. Árið 1994 þegar ríkisstjórnin stóð að flutningi tillögu var kannski meginefni hennar það að kanna þyrfti ákveðna hluti og síðan skilaði nefnd af sér. Fyrir tveimur árum var síðan aftur skipuð nefnd til að kanna býsna sambærilega hluti. Hún skilaði af sér, en það verður að segjast eins og er, herra forseti, að ríkisstjórnin hefur harla lítið aðhafst hvað sem líður málflutningi á Alþingi eða niðurstöðum nefnda.

Mig minnir að það hafi verið 14. október sem ég var með fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. og spurði hvort hann hygðist leggja það til á grundvelli niðurstaðna vísindanefndar og stjórnunarnefndar NAMMCO að hrefnuveiðar yrðu hafnar á Íslandi þegar á næsta ári. Mér fannst ástæða til að spyrja ráðherrann hvort sú væri fyrirætlan hans vegna þess að komið höfðu tíðindi frá NAMMCO, eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gat um í ræðu sinni, tíðindi í þá veru að stjórnunarnefnd NAMMCO hafði staðfest þá niðurstöðu vísindanefndarinnar að veiðar á 292 hrefnum teldust sjálfbærar veiðar. En það verður að segjast eins og er, herra forseti, að svör hæstv. sjútvrh. ollu vonbrigðum vegna þess að hann sagðist ekki hafa í hyggju að flytja þáltill. um að leyfa veiðar á hrefnu eða hvölum í atvinnuskyni og minnti á að til athugunar væri af hálfu ráðuneytisins og á vegum ríkisstjórnarinnar að svara jákvætt ósk Hafrannsóknastofnunar um að hefja rannsóknir, um að hefja rannsóknir, herra forseti, á efnahagslegum áhrifum þess að veiða ekki og nýta ekki hvalastofna og þá einkum hrefnu. Þetta voru svör hæstv. sjútvrh. fyrir einum fjórum vikum. Það kom jafnframt fram í máli hæstv. sjútvrh. að það væri það sama og að loka augum fyrir staðreyndum ef menn gerðu sér ekki grein fyrir því að erfitt væri að vinna þessu máli framgang á erlendum vettvangi. Það kom sem sagt í ljós að mínu mati í svari hæstv. ráðherra hver hin raunverulega ástæða er fyrir því að ríkisstjórnin hefur ekkert aðhafst í málinu. Hún er sú að mönnum finnst erfitt að vinna málinu fylgi á erlendum vettvangi og menn vilja kaupa sér frekari tíma með því að láta rannsaka enn frekar.

Það er mjög slæmt, herra forseti, þegar umræða af þessu tagi sem varðar mál sem þjóðin lætur sig skipta jafnmiklu, og þingheimur einnig, fer fram að sjútvrh. fjarstöddum og sömuleiðis forsrh. Það er slæmt vegna þess að í þeirri skýrslu sem starfshópur um hvalveiðar sá er starfaði síðast skilaði af sér eru ákveðnar tillögur og þessi umræða væri kjörinn vettvangur til að ræða um þær niðurstöður sem sú nefnd komst að, þ.e. hvaða tillögur hún lagði fram og hvernig síðan hefur verið unnið í þeim tillögum. Þar var t.d. tillaga um að náið samráð og samstarf yrði haft við öll ríki sem hlynnt eru hvalveiðum og að teknar yrðu upp viðræður við stjórnvöld ríkja sem lagst hafa gegn hvalveiðum til þess að kynna málstaðinn og leita samkomulags við þau um framkvæmd þeirrar stefnu að hefja á ný hvalveiðar í atvinnuskyni. Það væri fróðlegt að vita hvort þetta hafi verið gert.

Jafnframt var ein tillaga þessa hóps að samráð yrði haft við helstu útflytjendur og aðra sem mikilla viðskiptahagsmuna eiga að gæta. Ég veit ekki hvort það samstarf hefur farið fram.

Önnur tillaga hópsins var að utanrrn. yrði falið að efla samráð ráðuneyta og stofnana um þátttöku í alþjóðasamstarfi sem tengst getur hvalveiðum og að kannað yrði hvort æskilegt væri að Ísland gerðist aðili að fleiri alþjóðasamningum á þessu sviði. Þessu gæti hæstv. utanrrh. svarað ef hann væri í salnum í dag. En eins og ég sagði, herra forseti, er það miður að enginn þeirra ráðamanna sem hafa málið eða ættu að hafa það á sínu borði skuli vera viðstaddir þessa umræðu til að gefa upplýsingar um það hvort og þá hvað er verið að gera í framhaldi af starfi þessa hóps.

Það kom einnig fram, herra forseti að starfshópurinn taldi rétt að kanna hvaða möguleika endurnýjuð aðild Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu kynni að bjóða upp á. Ég flutti tillögu um það fyrir rúmu ári líklega að Ísland gerðist aftur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu og ég hyggst endurflytja þá tillögu, herra forseti, vegna þess að ég tel að það sé nauðsynlegt að við ræðum markvisst hér í þinginu þá möguleika sem kynnu að gefast með endurnýjaðri aðild, reyndar þá með fyrirvara um hvalveiðibannið sem okkur láðist því miður að vera á móti á sínum tíma árið 1983.

Ég heyrði það á hv. þm. Pétri Blöndal áðan að þó að hann sé heitur hvalveiðisinni og vilji gjarnan taka undir þá tillögu sem hér liggur fyrir þá er hann jafnframt meðvitaður,

eins og við væntanlega öll, um að við erum ekki ein í heiminum og við þurfum auðvitað að vita af nágrönnum okkar og viðskiptamönnum og ég óttast að sú tillaga hans um að stórauka þróunarhjálp með því að senda þróunarríkjunum niðursoðinn hval muni ekki mælast vel fyrir. Það marka ég m.a. af því að nýlega las ég í bresku blaði að Japanar væru farnir að gefa hvalkjöt við skólamáltíðir og ég get alveg sagt ykkur að það var enginn viðurkenningartónn í þessari grein yfir þessu framtaki Japana. Það var svo langt því frá. Það var augljóst að blaðamaðurinn sem þessa grein skrifaði var yfir sig hneykslaður á því að skólabörnum skyldi vera færður slíkur málsverður sem hvalur er. Þetta þykir okkur kannski merkilegt sem höfðum, eins og ég, hval gjarnan í sunnudagssteik, en svona er þetta og það er til þessara viðhorfa sem við þurfum líka að taka tillit þegar við ætlum að vera svo góð að senda öðrum niðursoðinn hval í dósum. Það er sem sé ekki víst að alþjóðasamfélagið samþykki það sem góðgerð af neinu tagi.

[12:08]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og hefur auðvitað leitt það í ljós sem engum þurfti að koma á óvart að mjög víðtækur stuðningur er við þetta mál í sölum Alþingis. Hér hefur enginn mótmælt hugmyndinni um að hefja hvalveiðar, þvert á móti hafa allir sýnt fram á að sú krafa er réttmæt að þessar veiðar hefjist. Það er líka hárrétt ábending sem hv. þm. Pétur Blöndal kom með hér áðan að raddir andstöðunnar virðast vera að þagna á Alþingi. Það kom fyrir hér áður og fyrr að einn og einn þingmaður mótmælti þessu, en nú er staðan sú þau efnislegu rök sem menn töldu sig hafa fyrir því að hefja ekki hvalveiðar eru ekki fyrir hendi. Það var verið að burðast við það fyrir nokkrum árum að reyna að sýna fram á að ekki væri óhætt að hefja hvalveiðar. Ég tek eftir því að jafnvel einörðustu andstæðingar hvalveiða sem eru stundum að láta í sér heyra í blöðunum láta sig ekki dreyma um að skrifa á þennan hátt. Nú reyna menn að finna sér alls konar annað skjól eins og að þetta sé ekki óhætt vegna þess að við mundum granda túrismanum okkar og við mundum stuða vini okkar í vestrinu eða við mundum ekki geta flutt út afurðirnar o.s.frv. Allt þetta eru hins vegar rök af allt öðrum toga spunnin. Þess vegna held ég að við séum að koma að ákveðnum tímamótum í þessari umræðu, tímamótum sem krefjast þess að við förum að taka efnislega afstöðu til málsins.

Ríkisstjórnin gæti tekið ákvörðun um að hér hæfust hvalveiðar strax á morgun. Það krefst þess ekkert í sjálfu sér að Alþingi taki þessa afstöðu annað en það að það var Alþingi á sínum tíma sem illu heilli ákvað að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðráðsins. Við höfðum alla möguleika þá til að vera í sömu sporum og Norðmenn eru núna. En því miður, þrátt fyrir að ríkisstjórnin hefði ákveðið á þeim tíma að mótmæla hvalveiðibanninu, tók Alþingi fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni og knúði í gegn þessa aumingjalegu afstöðu okkar að mótmæla ekki hvalveiðibanninu sem hefur auðvitað tafið okkur býsna mikið í málinu. Nú eru hins vegar þær aðstæður uppi að okkur er ekkert að vanbúnaði í sjálfu sér að hefja veiðarnar. Engin stjórnskipunarleg rök eða nein rök sem lúta að samskiptum okkar við alþjóðasamfélagið gera það að verkum að við þurfum að bíða átekta. Þvert á móti er hægt að sýna fram á að Alþjóðahvalveiðiráðið sjálft sé að brjóta sinn eigin stofnskrársamning með því að stjórna ekki hvalveiðum á grundvelli vísindalegrar þekkingar sem er ein höfuðskylda ráðsins. Þess vegna eigum við ekkert erindi þangað inn og þess vegna liggur fyrir að ekki er hægt að vísa til þess að við séum ekki að hlíta ályktunum Alþjóðahvalveiðiráðsins og það er vegna þess að Alþjóðahvalveiðiráðið sjálft, eins og margoft hefur verið bent á, er að brjóta sinn eigin stofnskrársáttmála og það var meginástæða þess að við á sínum tíma kusum að yfirgefa Alþjóðahvalveiðiráðið.

Ástæðan fyrir því að ég kaus að koma upp aftur var ekki sú að ég vildi vera að fara neitt nánar ofan í þessi efnislegu rök. Mér finnst að þau hafi langflest komið ágætlega fram. Það sem ég vildi hins vegar aðallega draga fram er hin pólitíska staða málsins og hvernig málið stendur núna í þinginu. Stundum hefur verið reynt að ljúga því að tillögur af þessu taginu hafi komið fram mjög seint og þess vegna hafi Alþingi ekki haft möguleika á að afgreiða þetta mál. Það er ekki þannig. Alþingi hefur margoft haft möguleika á að ljúka þessu þegar þessi mál hafa verið lögð fram. Ég held að þetta sé í annað skipti sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson er 1. flm. að slíku máli, í fyrsta skipti með Matthíasi Bjarnasyni og síðan í fyrra með okkur nokkrum öðrum þingmönnum. Einnig hafa komið fram einhverjar aðrar tillögur sem ekki hafa náð fram að ganga. Málið er hins vegar komið miklu lengra núna en nokkru sinni fyrr. Það var lagt fram um miðjan vetur í fyrra. Þá tókst ekki að ljúka málinu. Hins vegar var mælt fyrir því. Það hlaut efnislega meðhöndlun við 1.umr. líkt og þetta mál er að fá núna. Það hlaut afar góðar viðtökur þingmanna. Því var vísað til sjútvn. Alþingis. Sjútvn. Alþingis hafði ekki tök á að ræða það sjálf efnislega en málið var hins vegar sent út til umsagnar ýmissa aðila. Nú þarf ekki að gera slíkt aftur. Fyrir liggur að engar forsendur hafa breyst frá því í vor. Sjútvn. Alþingis er núna með öll gögn sem hún þarf til að taka efnislega afstöðu til málsins. Við þekkjum öll rökin með og á móti hvalveiðum. Tillagan liggur þinglega fullbúin eftir þessa umræðu hjá sjútvn. Fram undan hefur nefndin sérlega gott tóm til að fara ofan í þessi mál, kalla eftir álitamálum eins og þeim sem hv. þm. Ólafur Hannibalsson vakti athygli á áðan og þeir aðilar sem skila málinu frá sér inn í Alþingi þurfa auðvitað líka að ræða. Ég tel mikilvægt að það sé gert með þeim hætti sem hv. þm. kallaði eftir og að því búnu er ekkert að vanbúnaði fyrir hv. sjútvn. Alþingis að ljúka þessu máli.

Ég ætla ekkert að fullyrða það hér og nú hvort sjútvn. Alþingis komist að einhverri annarri niðurstöðu en við tillögumenn þegar hún fer að skoða þessi mál. Það kæmi mér hins vegar afar mikið á óvart ef svo væri því ég þekki það vel til innan nefndarinnar að þar sitja menn sem hafa haft mjög ákveðnar skoðanir í þessum efnum og byggt þær örugglega á þekkingu og rökum. En staðan er sú að Alþingi getur í raun og veru ekki með neinum frambærilegum hætti komið sér undan því að afgreiða málið og gildir það jafnt um þá alþingismenn sem sitja í ríkisstjórn og okkur hina. Staðan er ekki flóknari en svo. Hin efnislega umræða málsins er núna einfaldlega komin miklu lengra en áður.

Í fyrra var hægt að þvæla málið þannig fyrir okkur, að vísu með mjög vandræðalegum rökum, að það fékk ekki efnislega afgreiðslu í þinginu. Í dag er það í raun og veru ekki hægt nema að menn beiti ofbeldi og ég á eftir að sjá það að menn ætli sér að fara í slíkar aðgerðir, að koma í veg fyrir að eftir 15 ára hvalveiðibann sé Alþingi Íslendinga neitað um að taka afstöðu til máls sem vitað er að nánast allir þingmenn hafa mjög stríðar og ákveðnar meiningar um og komið hefur fram í umræðum að langflestir þeirra vilja

að veiðarnar hefjist. Og mál sem hér um bil allir Íslendingar, fjórir af hverjum fimm, vilja að sé afgreitt á þann veg sem tillagan kveður á um. Það eru aðeins leiðarahöfundar dagblaðanna, þessara þriggja dagblaða, Dags, Morgunblaðsins og DV sem eru í hópi hins örlitla minni hluta og mjög einkennilegt að hugsa til þess að leiðarahöfundar blaðanna skuli vera svona sérkennileg „representasjón" af þjóðinni, að þessir þrír herramenn sem stjórna þar leiðarapennunum skuli vera á móti ásamt einhverjum örfáum öðrum einstaklingum íslensku þjóðarinnar, $^1/_5$ af íslensku þjóðinni eða þar um bil, og vilji fara öðruvísi í að nýta auðlindir okkar en hér er kveðið á um.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, fyrst og fremst leggja áherslu á og vekja athygli á því að staða málsins er allt öðruvísi núna og miklu hagfelldari fyrir okkur en hún hefur verið nokkru sinni fyrr. Í ljósi þess að málinu verði vísað til hv. sjútvn. og fram undan er nefndavika þar sem gott tóm gefst til að fara ofan í þessi mál, þá á ég ákaflega erfitt með að sjá hvernig í dauðanum menn ætla sér að skauta fram hjá því að taka afstöðu til málsins á Alþingi á haust- eða vormánuðum.

[12:17]

Lilja Rafney Magnúsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þessa till. til þál. og ánægju með hve flutningsmenn hennar og hv. þm. Guðjón Guðmundsson hafa verið ötulir í baráttu sinni að halda þessu máli á lofti. Eins og kom fram í máli hv. þm. Einars Guðfinnssonar hafa hvalveiðar ekki verið leyfðar í 15 ár og það er með ólíkindum hve þessu máli hefur verið þvælt lengi fram og til baka og hve hræðsla stjórnvalda hefur verið við það að vinna málinu fylgi á erlendum vettvangi.

Ég spyr: Hvað verður næst á friðunarlista ýmissa samtaka? Verður það þorskurinn og aðrar þær auðlindir sem við Íslendingar lifum á? Þetta mál snýst fyrst og fremst um fullvalda þjóð og rétt hennar til að nýta eigin auðlindir skynsamlega. Það er líka með ólíkindum hver firring margra er í svona málum, hve firringin er mikil meðal nútímamannsins, að menn hafa meiri áhyggjur af einhverjum hval en örbirgð og styrjöldum úti um heim. Það mæla öll rök í raun og veru með því að við hefjum hvalveiðar að nýju eins og komið hefur fram í máli hv. þm. Þetta snýst um rétt og skyldu fullvalda þjóðar að nýta lögsögu sína. Náttúruverndarsjónarmið og sjálfbær nýting auðlinda hafsins geta vel farið saman og efnahagsleg rök mæla með því að nýting hvalastofnanna svo sem annarra stofna sé eðlileg svo ekki sé um ofnýtingu að ræða því hvalastofninn er á góðri leið með að setja þorskstofninn í hættu.

Eins og fram kom áðan ber atvinnugreinin sjálf ábyrgð á sölu afurða sinna og viðskiptalegir hagsmunir eru sagðir vera í húfi. En verður ekki að fara að láta reyna á hvort það sé í raun og veru hræðsluáróður eða hvort við getum staðið uppi sem fullvalda þjóð og selt afurðir okkar með eðlilegu móti?

[12:20]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þær ágætu undirtektir við þessa tillögu og ræður sem hér hafa verið fluttar. Þær undirtektir segja mér að hjarta Alþingis slær í takt við þjóðarsálina í þessu máli. Það eru 80–90% landsmanna sem ítrekað sýna það í skoðanakönnunum að þeir vilji hvalveiðar og mér sýnist á þeim umræðum sem hér hafa farið fram að svo sé einnig á Alþingi. Það er vissulega ánægjulegt.

Það hefur aðeins verið nefnt að það sé slæmt að hæstv. sjútvrh. sé ekki við þessar umræður og það er út af fyrir sig rétt. En þannig er að hann er erlendis og hæstv. forseti þingsins bar það undir mig í fyrradag hvort ég vildi taka málið á dagskrá áður en hann kæmi heim. Mér þótti rétt að gera það vegna þess að nefndavika hefst í Alþingi eftir rúma viku og ég vil að málið sé þá komið í nefnd. Málið lenti í því á síðasta þingi að bíða mjög lengi eftir að komast í umræðu og kom síðan allt of seint til nefndar þannig að mér fannst betra að fá málið til nefndarinnar núna fyrir nefndavikuna þannig að hægt sé að taka það til umfjöllunar og afgreiðslu þótt auðvitað hefði verið betra að ráðherra hefði verið viðstaddur.

Það hefur líka verið nefnt að tillögur hafi komið fram ár eftir ár um hvalveiðar. Það er reyndar ekki alls kostar rétt. Það hafa ekki komið fram beinar tillögur. Málið hefur verið rætt á hverju einasta þingi ýmist í formi utandagskrárumræðna eða fyrirspurna en ég held að ég fari rétt með að beinar tillögur hafi ekki komið síðan 1992 og 1993 að ég flutti slíka tillögu ásamt Matthíasi Bjarnasyni og svo aftur á síðasta þingi og þá tillögu sem núna er til umræðu.

Hv. þm. Gísli Einarsson nefndi það að ríkisstjórnin þyrfti að gefa yfirlýsingu. Ég tel að sú ræða sem hæstv. forsrh. flutti á þingi Norðurlandaráðs á mánudaginn og ég gat um í ræðu minni áðan og fleiri hafa nefnt sé mjög mikilvægt innlegg í þetta mál og þegar hæstv. forsrh. talar á þann veg, þá sé hann að flytja boð frá ríkisstjórninni.

Hv. þm. Gísli Einarsson nefndi einnig að hér gæti verið um mikið atvinnuspursmál að ræða og vissulega væri það svo ef tækist að endurvekja hvalveiðar og hvalvinnslu í því formi sem áður var. Þetta er auðvitað gríðarlega mikið atvinnuspursmál og var mjög mikilvægur þáttur í atvinnulífi landsins. Það urðu einnig miklar útflutningstekjur af veiðunum og þetta var mjög mikilvæg atvinnugrein fyrir einstök héruð svo sem Hvalfjarðarströndina, Barðaströndina, Norðurlandið og víðar. Áður en hvalveiðibannið tók gildi árið 1986 unnu um 250 manns við hvalveiðar og vinnslu á sumrin. Þetta var talið jafngilda 100 ársverkum. Það voru einnig níu bátar sem stunduðu hrefnuveiðar á þessum árum og þetta skapaði heilmikla vinnu fyrir þá sem unnu við alls konar þjónustu í kringum þetta.

Ég er sammála því sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði að firring nútímamannsins er vissulega íhugunarefni. Það er auðvitað íhugunarefni þegar fólk í stórum stíl lætur sig hafa það að ættleiða hvali eða lætur sig hafa það að skólabörn gefi sparifé sitt til að flytja gamlan háhyrning milli heimshorna. Það er full ástæða fyrir okkur að hafa áhyggjur af þessu og að íbúar stórþjóðanna virðast vera sambandslausir við náttúruna og trúa því eins og hv. þm. nefndi að kjötið verði til í kjörbúðunum. Og hann nefndi Keikó. Ég verð að segja að ég hef varla þrek til að tala um allt ruglið í kringum það mál. Ég hef sagt það áður að þetta er eitthvert mesta dellumál sem rekið hefur á fjörur okkar lengi og ég held að ég endurtaki það hér.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi að ekki væri rétt að leyfa hvalastofnunum að vaxa óhindrað meðan aðrir nytjastofnar sjávar séu nýttir og það er auðvitað alveg hárrétt. Við erum að reyna að nýta aðra nytjastofna sjávar á skynsamlegan hátt og stjórna þeim veiðum en það er alveg úr takt við þá nýtingarstefnu að síðan geti þessi stóru sjávarspendýr fjölgað sér óhindrað. Það skapar auðvitað mikið ójafnvægi í lífríkinu og leiðir til þess, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni og

komið hefur fram hjá Gísla Víkingssyni, hvalasérfræðingi hjá Hafró, að þetta mun verða til þess að við verðum að skera niður veiðar á helstu nytjastofnum okkar.

Hv. þm. Magnús Stefánsson nefndi það að ríkisstjórnin hefði ekkert gert og vissulega hefði hún kannski mátt gera meira. En ég held samt að að undanförnu hafi menn bæði á vegum sjútvrn. og utanrrn. verið að kynna fyrir helstu viðskiptaþjóðum okkar hvernig þessi mál horfa við okkur og hvað við ætlum okkur. En ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að menn hafi mátt fara hraðar á þeim bæ.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson nefndi sölu hvalafurða. Það gerði hv. þm. Ólafur Hannibalsson einnig og nefndi stöðuna varðandi CITES og innflutning á rengi frá Noregi. Ég held að það mál hafi ekki strandað á þeirri ágætu stofnun heldur sé það ákveðið kjarkleysi hjá Norðmönnum sem oft eru nú að saka okkur um kjarkleysi í þessu máli. Ég veit ekki betur en það mál sé á leið fyrir dómstóla í Noregi og talið að sá sem mun sækja það mál muni vinna það auðveldlega. En ég held að það snúi ekki að okkur að láta væntanlega sölu á hvalafurðum ráða ferðinni í þessu máli. Ég held í fyrsta lagi að það reyni ekkert á söluna meðan veiðarnar eru bannaðar. Það reynir ekkert á hana fyrr en búið er að leyfa veiðarnar. Það sem snýr að Alþingi er að leyfa veiðarnar. Síðan er það þeirra sem ætla að stunda þær að selja afurðirnar og ef þeir ekki getað selt þá veiða þeir sjálfsagt ekki mikið. Þeir telja sig reyndar ekki vera í nokkrum vafa um að geta selt þessar afurðir. Ég er ekki í neinni stöðu til að rengja þær fullyrðingar. Á þetta reynir ekki fyrr en Alþingi hefur tekið þá afstöðu að leyfa megi veiðarnar og ég minni á að þessi tillaga gengur ekki út á að hefja hvalveiðar. Hún gengur út að leyfa hvalveiðar. Það er það eina sem snýr að okkur á Alþingi.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagðist hafa orðið fyrir vonbrigðum með svör hæstv. sjútvrh. og mér fannst hún tala þannig að þar með væri settur ákveðinn punktur aftan við þetta mál. Ég er alveg sammála hv. þm. að ég hefði viljað að hæstv. sjútvrh. svaraði öðruvísi. En ég held að það sé ekki endilega neinn endapunktur þó einhver ráðherra hafi þessa skoðun. Það er auðvitað Alþingis að taka afstöðu til málsins. Það hefur komið fram, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson gat réttilega um í seinni ræðu sinni, að það er yfirburðastuðningur við þetta mál á Alþingi og Alþingi á auðvitað ekki að hopa fyrir því þótt einhver tiltekinn ráðherra sé annarrar skoðunar. Hann er væntanlega í miklum minnihlutahópi. Þess vegna er ég sammála því sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði að við eigum að sýna kjark í þessu máli, ljúka því og samþykkja þessa tillögu.

Ég er einnig sammála því sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði að ekki þyrfi að senda þetta mál aftur til umsagnar. Sjútvn. sendi málið mjög víða til umsagnar í vor og fékk margar ágætar umsagnir sem flestar voru mjög ákveðar og það er engin ástæða til að endurtaka þann leik eftir örfáa mánuði. Væntanlega fá menn sömu svörin frá sömu aðilum.

Hv. þm. Lilja Rafney Magnúsdóttir spurði: Hvað næst? Verða það fiskveiðarnar ef við hopum alltaf í hvalveiðimálinu? Það er einmitt það sem ég tel að komi næst, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, og sú barátta er raunar þegar hafin. Ef við flettum víðlesnum bandarískum blöðum og tímaritum sjáum við heilsíðu auglýsingar, jafnvel heilar opnur með miklum áróðri þar sem menn leggjast gegn fiskveiðum. Það er auðvitað það sem kemur næst og ég held að full ástæða sé til að taka þetta alvarlega vegna þess að þessi herferð minnir óneitanlega á þau vinnubrögð sem voru viðhöfð í aðdraganda hvalveiðibannsins og leiddu til þess. Ef menn ætla endalaust að hopa þá verða fiskveiðarnar næst fyrir barðinu á þessu öfgaliði.

Það hefur stundum verið nefnt, þó að það hafi kannski ekki verið nefnt við umræðuna nú, að þetta geti truflað hvalaskoðunarstarfsemina. Einstöku forsvarmenn hvalaskoðunarfyrirtækja hafa talað gegn því að við hefjum hvalveiðar að nýju og telja að það muni bitna á starfsemi sinni. Ég tel að þessi starfsemi sé öll hin ágætasta, skapi nokkur störf og sé ágæt afþreying fyrir ferðamenn. Hins vegar er það alls ekki reynsla Norðmanna, eins og ég nefndi áðan, að veiðarnar bitni á hvalaskoðun. Síðasta sumar fóru 20 þúsund ferðamenn í hvalaskoðunarferðir frá Noregi á móti 15 þúsund í fyrra. Á sama tíma voru Norðmenn að auka hvalveiðar sínar verulega því að þeir veiddu 642 hrefnur í sumar en 503 í fyrra.

Stærsta hvalaskoðunarfyrirtæki Noregs er í Andenes og árið 1991, áður en Norðmenn hófu hvalveiðar að nýju, fóru hálft fimmta þúsund ferðamanna í hvalaskoðun á vegum þessa fyrirtækis. Árið 1997 voru þeir komnir í 11 þúsund og síðasta sumar voru þeir orðnir 15 þúsund. Sú stefna Norðmanna og nýta og njóta reynist því vel. Noregur er eina landið í heiminum þar sem samtímis eru stundaðar á sömu svæðum hvalveiðar og hvalaskoðun.

Við eigum að nýta þessa auðlind okkar, hvalina í hafinu, á þrjá vegu. Fyrst og fremst með því að veiða hval og vinna afurðirnar. Í öðru lagi með hvalaskoðunarferðum og í þriðja lagi með því að sýna ferðamönnum hvalvinnslu. Eins og hv. þm. Pétur Blöndal nefndi réttilega áðan komu þúsundir ferðamanna á hverju einasta sumri í hvalstöðina í Hvalfirði á meðan hún var starfrækt, bæði til að sjá þessar risaskepnur dregnar á land og eins til að fylgjast með hvalvinnslunni. Þetta voru með vinsælustu ferðum sem hótel og ferðaskrifstofur í Reykjavík buðu upp á, gjarnan dagsferðir þar sem farið var um sveitir Borgarfjarðar í leiðinni, komið við í Reykholti, Borgarnesi, Akranesi og víðar.

Minnst hefur verið á afstöðu erlendra ríkja til hvalveiða og hótanir þeirra í garð þjóða sem hyggjast hefja þessar veiðar. Í því samhengi er ástæða til að minna á samþykktir ýmissa alþjóðastofnana sem þessi ríki eru aðilar að. Þar má minna á viðauka við sáttmála Alþjóðahvalveiðiráðsins þar sem segir, með leyfi forseta, að hvalveiðar í atvinnuskyni skuli leyfðar á hvalastofnum sem eru í jafnvægi og skuli stundaðar í samræmi við tillögu vísindanefndarinnar.

Einnig mætti minna á hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, samþykkt Ríó-ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun og samþykkt 44. þings Evrópuráðsins. Það verður að gera þá kröfu að þær þjóðir sem standa að þessum alþjóðastofnunum standi við samþykktir sem þær hafa gert á þessum vettvangi en vinni ekki gegn þeim, eins og reyndin hefur því miður orðið hjá nokkrum þeirra. Þar má auðvitað nefna þjóðir eins og Bandaríkin, Bretland og Þýskaland. Stjórnvöld í þessum ríkjum hafa lagst mjög gegn hvalveiðum og Bandaríkjamenn gengið hvað lengst, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni. Þeir hafa haft uppi hótanir og afskiptasemi sem er þeim ekki sæmandi.

Ágætt dæmi um afskiptasemi Bandaríkjamanna er að þegar kaupmaður nokkur hér í Reykjavík ætlaði að flytja inn rengi frá Noregi í fyrra þá fékk hann upphringingu frá bandaríska sendiráðinu. Hann var tekinn í yfirheyrslu um hvað vekti fyrir honum og hvað hann ætlaði sér. Hann

var spurður í þaula. Hvað kom bandaríska sendiráðinu eða Bandaríkjamönnum þetta yfirleitt við? Þetta er óþolandi afskiptasemi af okkar innanríkismálum. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni má vænta breytinga á afstöðu Bandaríkjamanna þar sem alþjóðastofnanir líða þeim ekki lengur þessa framkomu.

Hv. sjútvn. fékk þessa tillögu til umfjöllunar síðasta vor og sendi hana til umsagnar fjölmargra aðila. Hún fékk mörg svör sem flest voru mjög jákvæð. Aðeins þrjú svör voru ekki jákvæð, frá Ferðamálaráði, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa og Hvalamiðstöðinni á Húsavík. Mér finnst andstaða þessara aðila nokkuð undarleg í ljósi þess að þegar úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu var undirbúin þá skoðaði nefnd, sem um það mál fjallaði, mjög ítarlega hugsanleg áhrif á útflutningsgreinar og m.a. ferðaþjónustu. Í skýrslu þeirrar nefndar kom fram að fulltrúi Ferðamálaráðs hefði tjáð nefndinni að umtal í kjölfar úrsagnar úr þessu ráði gæti jafnvel eflt ferðaþjónustuna hérlendis og fjölgun ferðamanna hingað til lands á undanförnum árum benti til að umræða fyrri ára um hvalveiðimál hefði ekki skaðað Ísland sem ferðamannaland.

Allar aðrar umsagnir voru mjög jákvæðar. Ég hef ekki tíma til að geta um þær nú því að tími minn er á þrotum. Í umræðunum í dag hefur verið sýnt fram á að öll rök hnígi að því að hefja hvalveiðar innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til og reyndar sé hreint ábyrgðarleysi að gera það ekki.

Nú verður Alþingi að taka af skarið. Alþingi hefur ekki tekið afstöðu til hvalveiða í tæp 16 ár eða síðan það var samþykkt með eins atkvæðis mun, illu heilli, í febrúar 1983 að mótmæla ekki banni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Alþingi getur ekki lengur verið stikkfrí í þessu máli. Alþingi verður að taka afstöðu og Alþingi hefði sóma af því að samþykkja þessa tillögu og leyfa hvalveiðar næsta sumar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans, fyrri umr.

Þáltill. JóhS og ÁRJ, 8. mál. — Þskj. 8.

[12:36]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þál. um úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans sem ég flyt ásamt hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að láta fara fram úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans á árunum 1993–97 að báðum meðtöldum. Skal hún framkvæmd af hlutlausum fagaðilum eins og endurskoðunarskrifstofum, innlendum eða erlendum. Úttektin skal sérstaklega beinast að því að finna og skýra ástæður þessara útlánatapa. Jafnframt skal kannað hvort um óeðlilega fyrirgreiðslu eða hagsmunaárekstra hafi verið að ræða við veitingu þessara lána eða ófullnægjandi tryggingar.

Niðurstaða úttektarinnar skal lögð fyrir Alþingi á haustþingi 1999.“

Tilefni þess, herra forseti, að tillaga þessi er flutt er einkum sú að á 121. löggjafarþingi lagði viðskiptaráðherra fyrir Alþingi svar við fyrirspurn minni um útlánatöp hjá Landsbanka og Búnaðarbanka á árunum 1993–97. Fram kom að útlánatöpin hefðu numið tæpum 14 milljörðum kr. Útlánatöpin voru aðallega hjá lögaðilum. Hjá þeim voru afskrifaðir rúmir 12 milljarðar kr. en hjá einstaklingum um 1,5 milljarðar kr.

Hér er, herra forseti, vissulega um gífurlega háar fjárhæðir að ræða, eða um 14 milljarðar kr. sem með einum eða öðrum hætti koma niður á skattgreiðendum og þeim sem þjónustunnar njóta. Ég tel að skattgreiðendur eigi rétt á frekari skýringum en fram hafa komið á ástæðum þessara útlánatapa.

Það sem einnig vakti athygli mína er að þetta var spurning um útlánatöp árið 1993–1997 en á 120. löggjafarþingi hafði hv. þm. Magnús Stefánsson spurt viðskrh. um útlánatöp ríkisbankanna og opinberra sjóða. Þá kom í ljós að á þeim árum, 1990–1995 þegar við máttum þola mun erfiðara árferði í atvinnulífinu en á árunum sem fyrirspurn mín beindist að, þ.e. 1993–97, virtust útlánatöp bankanna hafa verið miklu minni.

Ég vil t.d. nefna að á árunum 1990 voru endanleg útlánatöp hjá báðum bönkunum samkvæmt svari sem hv. þm. Magnús Stefánsson fékk 228 millj. kr., árið 1991 1.271 millj. kr. og árið 1992 1.597 millj. kr. Þegar við skoðum árin eftir það, þ.e. 1993–1997, eru útlánatöpin öll þessi ár einhvers staðar á bilinu 2,2–3,1 milljarður kr. Það er upp undir helmingi meira en á árunum þar á undan. Maður hefði ætlað, herra forseti, að árin á undan hefðu verið viðskipta- og atvinnulífinu miklu þyngri í skauti, að viðskiptaaðilar og fyrirtæki hefðu átt erfiðara með að greiða skuldir og fremur lent í útlánatöpum þá en þegar við vorum komin áleiðis inn í uppsveifluna sem við búum við í dag.

Ég vil einnig benda á að í svari viðskrh. kom fram að í Landsbankanum áttu einungis tíu aðilar á árunum 1993 og 1994 um helming af útlánatöpunum, eða 1.065 millj. kr. Það eru tíu aðilar, herra forseti, sem eiga í þessum útlánatöpum árið 1993 og 1.233 millj. kr. árið 1994. Þarna eiga örfáir aðilar í útlánatöpum sem nema á annan milljarð kr., herra forseti.

Ég tók líka eftir því í svari hæstv. ráðherra að í allmörgum tilvikum voru lánveitingarnar án nokkurra trygginga. Til dæmis voru hjá Landsbankanum 16 lán á þessu tímabili, þ.e. árunum 1993–1997, án nokkurra trygginga. Ég spyr mig: Hver er skýringin á því að það er verið að lána, kannski háar fjárhæðir, án nokkurra trygginga?

Hjá Búnaðarbankanum var þetta þó skaplegra, herra forseti, vegna þess að þar var aðeins um að ræða eina lánveitingu sem var án tryggingar á árinu 1993 en 16 hjá Landsbankanum.

Í fyrirspurn minni bað ég um sundurliðun útlánatapa hjá hverjum þessara tíu einstaklinga sem mest var afskrifað hjá, auk sundurliðunar á ábyrgðum á bak við hverja lánveitingu til þessara aðila. Því var hafnað. Eftir að ég fékk þetta svar leitaði ég ítrekað til hæstv. viðskrh. eftir því að fá nánari skýringar á þessum útlánatöpum, í hvaða atvinnugreinum þetta væri o.s.frv. Í bréfaskiptum milli mín og hæstv. ráðherra um þetta mál, eftir að svarið kom í þingið, bar hæstv. ráðherra fyrir sig bankaleynd og bréfaskriftir milli hæstv. ráðherra og viðskiptabankanna vegna ítrekunar á fyrirspurn minni. Hæstv. ráðherra bar sem sagt fyrir sig bankaleynd sem ég, herra forseti, verð auðvitað að virða og ætla ekkert að rengja það að ráðherrann hafi getað skotið sér á bak við lögin um bankaleynd og gæti því ekki veitt þinginu og mér sem þingmanni ítarlegri upplýsingar.

Hefði ég fengið svar við þeim spurningum sem ráðherrann treysti sér ekki til að veita mér þá hefði það hugsanlega svarað nánar því sem ég leita eftir með þessari þáltill. Þá hefði hugsanlega verið óþarfi að láta fara hér fram athugun á ástæðum útlánatapanna af hlutlausum fagaðilum. Ég rengi ekki að hæstv. viðskrh. hafi verið í fullum rétti til að neita mér um þessa upplýsingar með stoð í bankalögunum og ákvæðunum um bankaleynd þó að ég telji út af fyrir sig, og það sé kannski sérmál, að skoða þurfi hve oft ráðherrar geti — og ég er ekkert að tala endilega um viðskrh. — skotið sér á bak við hlutafélagalögin, bankaleynd o.s.frv. þegar svara á ýmsum fyrirspurnum sem þingmönnum liggur á hjarta og vilja fá svör við. Ég er að ræða hér, herra forseti, um túlkunina, hvernig þetta er túlkað, bankalögin, þetta ákvæði um bankaleynd og kannski þurfi að vera miklu skýrar í lögum undir hvaða kringumstæðum ráðherrar megi skjóta sér á bak við þessa bankaleynd.

Ég vil vitna til þess, herra forseti, að þegar ég fékk svarið við fyrirspurn minni var haft eftir viðskrh. í Degi laugardaginn 9. maí 1998 að 14 milljarða útlánatöp væru eðlileg. Mig rak auðvitað í rogastans, að hæstv. viðskrh. skyldi hafa þá skoðun að 14 milljarða útlánatöp væru eðlileg. Við erum að tala um, herra forseti, fjárhæð sem nemur sennilega nettótekjuskatti einstaklinga til ríkisins á einu ári. Ráðherrann segir bara að þessi 14 milljarða útlánatöp séu eðlileg. Ráðherrann ber fyrir sig ákveðin rök þegar hann heldur þessu fram og ég vil nefna þau. Hann segir í þessu viðtali, með leyfi forseta:

„Það er þumalputtaregla hjá bönkum um allan heim að taka þá áhættu að tapa 1% af útlánum. Ég hef að vísu ekki nákvæma tölu en 14 milljarðar eru ekki mikið yfir 1% af útlánum bankanna þessi fimm umræddu ár.“

Ég fór auðvitað yfir þessar fullyrðingar hæstv. ráðherra og skoðaði hvað væri rétt í þessu. Og hvað kemur þá í ljós? Í öllum tilvikum varðandi Landsbankann, þegar borin eru saman útlán til viðskiptavina og síðan útlánatöpin, þá eru útlánatöpin ekki innan við 1% af útlánum, þau eru í öllum tilvikum yfir 2% og alveg upp í 2,5%. Og ef það er einhver þumalputtaregla, sem ég hef ekki haft neinar aðstæður til að kanna, almennt í bankaviðskiptum hér og erlendis að eðlilegt sé að tapa 1%, þá ber því sem ráðherrann nefndi, þ.e. að hann teldi að þetta væri innan við 1%, ekki saman við það sem ég er með hér vegna þess að á árinu 1995 voru útlánatöp Landsbankans 2,5%, 1996 2,3% og 1997 2,26%. Þetta er skárra hjá Búnaðarbankanum. Þar eru útlánatöpin 1,68% af heildarútlánunum. 1996 eru þau 0,83% og er það eina tilvikið sem það er innan við 1% af útlánunum, þ.e. á árinu 1996 hjá Búnaðarbankanum. Síðan er það rúmlega 1% á árinu 1997 hjá Búnaðarbankanum.

Ég vil líka gjarnan bera þetta saman við það sem fram kom í svari hæstv. viðskrh. á sínum tíma við fyrirspurn hv. þm. Magnúsar Stefánssonar vegna þess að hv. þm. spurði líka um ýmsa sjóði. Mér var auðvitað starsýnt á þetta mikla útlánatap sem þá kom fram, 1990–1994, og að útlánatöp hjá sjóðum fólksins, Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna, eru 65 millj. kr. meðan útlánatöpin, eins og fram kom í þessu svari við fyrirspurn hv. þm., hjá fjármálastofnunum og viðskiptabönkum atvinnulífsins voru 22 milljarðar, en 65 millj. í heild á þessu tímabili hjá sjóðum fólksins. Samt velta þessir sjóðir fólksins, Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna, á þessu tímabili, 1990–1994, 400 milljörðum kr., herra forseti. Útlánatöpin voru 65 millj. Bankarnir velta um 80–90 milljörðum á ári. Samt eru útlánatöpin hjá þeim á ári í kringum 2 milljarðar. Menn hafa talið ástæðu til að loka þessum sjóðum, Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna, af því að það er svo mikið tap á þeim, útlánatöp o.fl. Ef þessi rök ættu að standast værum við löngu búin að loka bönkunum, Búnaðarbankanum og Landsbankanum, þ.e. ef þau rök ættu að gilda líka um bankana sem virðast hafa gilt hjá hæstv. félmrh. varðandi Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Það bera þessar tölur augljóslega með sér. Og menn skyldu læra eitthvað af því þegar verið er að tala um það að einstaklingarnir standi ekki í skilum. Þrátt fyrir að margir hafi litlar tekjur þá kappkosta einstaklingar að standa í skilum, leggja sig fram um að standa í skilum og hafa gert það varðandi þessa íbúðalánasjóði. Þó að menn í þessum þingsölum séu oft að ósekju að bera það fyrir sig að svo mikil vanskil og útlánatöp séu hjá þessum sjóðum fólksins að það verði bara að gjörbreyta um stefnu í húsnæðismálum þá eru það ekki rök. Ég held að það sé alveg full ástæða til þess að láta þetta koma fram, herra forseti, í þessari umræðu þegar við erum að ræða útlánatöp hjá bönkunum.

Ég sé að tími minn er að verða búinn, herra forseti. Það má vel vera, og ég skal láta það koma fram, að í mörgum tilvikum sé eðlileg skýring á þessum útlánatöpum. Landsbankinn einkum hefur verið stoð fyrir sjávarútveginn og sjávarútvegurinn hefur vissulega átt sín erfiðu tímabil á þessum árum og verið í öldudal og þurft á aðstoð frá bankakerfinu að halda. Engu að síður erum við að tala um mikla peninga, herra forseti, 14 milljarða, og því miður bendir margt í því sem ég hef undir höndum til þess að óvarlega hafi verið farið í útlánum og ábyrgðir hafi ekki verið nægilega tryggar. Mér finnst að fólkið sem á að standa undir þessum útlánatöpum með sköttum sínum og þjónustugjöldum eigi eðlilega kröfu á því að fá skýringar á þessu.

Nú vil ég taka fram að ég er á engan hátt að beina spjótum mínum að hæstv. viðskrh. með þessari tillögu, alls ekki. Ég er einungis að biðja um aðstoð hæstv. ráðherra til þess að óvilhallir aðilar fari ofan í þetta og gefi okkur skýringar á þessu. Það eru fyrst og fremst bankaráðin og bankastjórnir sem bera ábyrgð á útlánastefnunni og móta almennar reglur þar um. En mér finnst að yfirmaður bankamála, hæstv. viðskrh. og bankamálaráðherra, hafi ákveðnar skyldur við þingið þegar þingið leitar eftir því að fá frekari skýringar á þessu. Þingmenn geta ekki fengið þær í gegnum eðlilegar fyrirspurnir. Er þá ekki eðlileg næsta leið, herra forseti, að óska vinsamlega eftir því við hæstv. viðskrh. að hann í samvinnu við þingið beiti sér fyrir því að þessi úttekt fari fram. Menn geta spurt af hverju. Ég tel að þessi úttekt gæti varpað ljósi á þau miklu útlánatöp sem bankarnir hafa orðið fyrir á þessum árum. Ég tek fram að á því gæti verið sumpart eðlileg skýring en tel að slík úttekt geti gefið gleggri mynd af því sem betur mætti fara við endurskipulagningu bankakerfisins þannig að af þessu væri tvíþættur ávinningur.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra er viðstaddur þessa umræðu og hefur að ég best veit beðið um orðið og vænti þess, herra forseti, að ég fái vinsamlegar undirtektir hjá hæstv. ráðherra við þessari þáltill. sem ég mæli fyrir. Að lokum legg ég til að þáltill. verði vísað til efh.- og viðskn., herra forseti.

[12:52]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flytji till. til þál. sem þessa. En auðvitað verða menn í fyrsta lagi að spyrja hver tilgangurinn sé með flutningnum. Hann gæti verið þríþættur: Í fyrsta lagi sá að koma í veg fyrir áframhaldandi töp í þessum fyrirtækjum. Í öðru lagi gæti hann verið sá að hv. þm. sé að reyna að slá sér pólitíska keilu með málinu með því að taka enn einu sinni upp umræðu um útlánatöp og svo í þriðja lagi sá að fram fari rannsókn, og að á grundvelli rannsóknarinnar geti síðan farið fram refsing. Allt getur þetta verið nauðsynlegt að gerist en ég vil aðeins í því samhengi horfa til þess hvað við höfum verið að gera í þessum hlutum á undanförnum árum.

Í fyrsta lagi skal ég fullyrða að það mun draga úr útlánatöpum bankanna frá því sem verið hefur. Við höfum einmitt gert margt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að þessi útlánatöp geti haldið áfram. En það var hins vegar hárrétt, án þess að hv. þm. segði það nákvæmlega berum orðum, að meginástæðan fyrir miklum útlánatöpum er sú að atvinnulífið hér á árunum 1989–1995 bjó við mjög erfiðar aðstæður og erfiðar efnahagslegar forsendur voru í landinu þannig að fyrirtækin töpuðu miklum fjármunum og gátu ekki staðið við skuldbindingar sínar. Þess vegna voru þessi töp umfram 1% eins og ég fer betur í á eftir.

Það sem gert hefur verið er að formi ríkisviðskiptabankanna hefur verð breytt yfir í hlutafélög. Breytt hefur verið um starfsreglur innan bankanna og ekki síst í kjölfar páskahretsins í bankamálum í fyrra hefur starfsreglum í öllu eftirliti verið breytt. Ábyrgð stjórnenda í rekstri þessara banka hefur verið aukin með skýrum samningum sem ekki voru áður til milli bankastjóranna annars vegar og svo bankaráðsins hins vegar um hver séu réttindi þeirra og skyldur.

Í fjórða lagi eru komnir nýir stjórnendur að þessum bönkum sem viðhafa önnur vinnubrögð en menn hafa haft fram undir þetta. Þetta kemur auðvitað ekki í veg fyrir að peningar geti tapast, en þetta kemur örugglega í veg fyrir að útlánatöpin verði eins mikil og þau hafa verið að undanförnu.

Ég efast hins vegar um að þessi tillaga þjóni nokkrum tilgangi, síður en svo, en óttast að hún geti jafnvel haft skaðleg áhrif á starfsemi þessara fyrirtækja sem nú er búið að breyta eins rækilega og raun ber vitni. Það eru ótvíræð merki þess að þjóðin hefur aftur orðið trú á Landsbankanum. Það kom fram í því að 12.200 einstaklingar skráðu sig fyrir hlutabréfum í bankanum. Þeir hefðu ekki gert það ef þeir hefðu haldið að bankinn væri að tapa stórkostlega. Þeir gerðu það vegna þess að þeir höfðu trú á þeim rekstri sem þar er í gangi.

Sama má, held ég, halda fram um Búnaðarbankann og mun kom í ljós þegar hlutafjáraukningin í Búnaðarbankanum fer fram. Því spyr ég: Ef þjóðin hefur trú á þessum fyrirtækjum og þeim sem þar stjórna, er það þá til einhvers að vera að velta upp hlutum eins og þessum, velta upp fortíðinni og spyrja sig þeirra spurninga af hverju gerðist þetta allt saman, ef við höfum skýringuna líka? Og skýringin byggist að stórum hluta til á erfiðu ástandi í atvinnulífinu.

Hverjir bera þessa ábyrgð? Er það ríkisstjórnin? Jú, ríkisstjórnin ber einhverja ábyrgð vegna þess að það er ríkisstjórnarinnar að skapa þau skilyrði í atvinnulífinu að atvinnulífið geti blómstrað. Að því leyti til ber hún ábyrgð. Hún ber hins vegar ekki beina pólitíska ábyrgð. Ber Alþingi ábyrgð? Að einhverju leyti vegna þess að á þessum tíma sem þarna er aðallega talað um eru bankaráðin kosin af Alþingi og bankaráðin bera þarna ábyrgð. En ég tók eftir því að hv. þm. vill bara tala um árin 1993–1997 og ber því við núna að hv. þm. Magnús Stefánsson hafi bara spurt um árin þar á undan. Það er hins vegar ekki svo því að hann spurði um árið 1994 líka.

Ég held að það sé mjög mikilvægt í þessu sambandi að rifja upp að árin 1991–1994 er tapið a.m.k. mest. Nú er ég ekki með endanleg útlánatöp. Þau komu jú fram í svarinu. En ég er með skýrslu bankaeftirlits Seðlabankans um það hvað lagt var í afskriftarsjóði á þessum tíma til þess að verjast yfirvofandi töpum. Það er eðlilegt. Síðan getur verið að ákveðinn hluti þeirra tapa innheimtist og sé jafnvel enn að innheimtast þó menn hafi lagt það til hliðar á sínum tíma af því að fyrirtækin hafa aftur komist á fæturna og einstaklingar líka.

1991–1994 eru 9,3 milljarðar kr. lagðir í afskriftarsjóð, 1 milljarður 1991, 4 milljarðar 1992, 2 milljarðar 1993 og 2 milljarðar 1994 í Landsbankanum. (**JóhS:** Hvað 1991?) 1991 1 milljarður kr. Síðan á árunum 1995–1997 eru þetta 3,5 milljarðar fyrir Landsbankann eða með öðrum orðum, og við færum þetta upp á ríkisstjórnir af því að við segjum að ríkisstjórnin beri ábyrgð á ástandinu í atvinnulífinu, þá var þetta á þeim tíma sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var í ríkisstjórn ... (**JóhS:** Sem viðskrh.?) Ekki sem viðskrh. að ég hygg. En hv. þm. hafði víða áhrif í ríkisstjórninni með þeirri framgöngu sem hv. þm. hafði tamið sér sem ráðherra í ríkisstjórn á þeim tíma og hafði þess vegna líka áhrif á marga aðra ráðherra. Ég hefði betur viljað að hv. þm. hefði beitt sér jafnvel gagnvart atvinnulífinu og baráttunni fyrir því á þessum tíma í ríkisstjórn eins og hún beitti sér fyrir mörgum öðrum málum sem ekki voru öll skynsamleg.

Staðreyndin er þess vegna sú að árin 1991–1994 voru lagðir í afskriftarsjóði í Búnaðarbanka og Landsbanka 12 milljarðar kr., en í tíð þessarar ríkisstjórnar sem af er þessu kjörtímabili hafa verið lagðir 4,8 milljarðar. Hvað þýðir að leggja í afskriftarsjóð? Endurskoðendur fyrirtækjanna eru þá að meta hvað muni hugsanlega tapast. (**JóhS:** Vill ráðherrann ekki fara yfir endanleg útlánatöp?) Endanleg útlánatöp er ég ekki nákvæmlega með (**JóhS:** Nei.) vegna þess, hv. þm., að enn er ekki hægt að segja til um hver endanleg útlánatöp verða, heldur hafa menn notað varúðarregluna í því að leggja til hliðar. Ég vildi gjarnan, og ég veit að hv. þm. vonar það líka, að mikið af þessu muni innheimtast til að styrkja bankakerfið. Það er aðalatriðið.

En af því að hv. þm. — og nú er tíminn orðinn naumur — taldi óeðlilegt að þetta væri svona í bönkunum og mætti ekki vera meira en 1% og vitnaði í viðtal við mig í Degi ekki alls fyrir löngu og bar síðan saman húsbyggingarsjóðina, Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins, þá er það samanburður sem náttúrlega ekki er hægt að leyfa sér að hafa hér í frammi einfaldlega vegna þess að öll útlán byggingarsjóðanna, bæði Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, eru tryggð með 1. veðrétti í þeim eignum sem um er að ræða. En þarna er ekki um neinar tryggingar að ræða nema á síðari veðréttum eða hugsanlega persónulegar tryggingar. (Forseti hringir.) En hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem ráðherra félagsmála og berandi ábyrgð á Byggingarsjóði verkamanna tapar 6 milljörðum kr. af eigin fé þess sjóðs frá árinu 1986 til ársins 1995. Í þeirri skýrslu sem hér er um byggingarsjóðinn

er eigið fé byggingarsjóðsins 9 milljarðar kr. í upphafi árs 1986 en komið niður í rétt tæpa 3 milljarða kr. 1995. Fyrir utan það að ætla að reyna að bera þetta saman þá verður hv. þm. líka að halda því til haga hvað tapaðist í hennar tíð sem hæstv. félmrh. á þessum tíma í Byggingarsjóði verkamanna samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar. (Forseti hringir.) Þingið hefur lagt í vana sinn að trúa öllu því sem Ríkisendurskoðun kemur með, það geri ég og ég veit að hv. þm. vill gera líka.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:01]

Tollalög, 1. umr.

Frv. GÁ o.fl., 143. mál (aðaltollhafnir). — Þskj. 143. [15:07]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Flm. auk mín að þessu þingmáli eru Egill Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Jón Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Árni Johnsen, Arnbjörg Sveinsdóttir og Lúðvík Bergvinsson.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Við 1. mgr. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 40/1989, bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

16. Höfn í Hornafirði.

17. Þorlákshöfn."

Og 2. gr. er svohljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Þetta mál hefur áður verið flutt á Alþingi en ekki náð fram að ganga.

Í greinargerð með frv. segir:

„Undanfarin ár hafa farið fram umræður í sveitarstjórn Ölfushrepps og bæjarstjórn Hafnar í Hornafirði um möguleika þessara byggðarlaga á að þar verði viðurkenndar aðaltollhafnir.

Þrátt fyrir viðræður og bréfaskriftir forsvarsmanna þessara byggðarlaga hafa yfirvöld ekki enn séð sér fært að verða við óskum heimamanna þar að lútandi. Á Suðurlandi er einn staður sem nýtur réttinda aðaltollhafnar, þ.e. Vestmannaeyjar.

Þorlákshöfn er eina fiski- og flutningahöfn hins mikla Suðurlandsundirlendis og Sunnlendingar standa einhuga um höfnina og krefjast þess að hún njóti allra réttinda.

Undanfarin ár hefur mikilvægi Þorlákshafnar aukist sem almennrar vöruhafnar. Vikurflutningar eru miklir og stöðugir frá höfninni auk þess sem aðrir flutningar aukast stöðugt, svo sem á stykkjavöru, korni og áburði.

Nú eru að hefjast fastar siglingar milli Þorlákshafnar, Noregs og Portúgals. Í tengslum við þessa flutninga verður reist frysti- og kæligeymsla auk aðstöðu fyrir tollvörugeymslu. Af þessu má ljóst vera að óhjákvæmilegt er að gera Þorlákshöfn að aðaltollhöfn þar sem nútímaflutningar krefjast skjótrar og liprar afgreiðslu.

Íbúar Ölfushrepps stefna að því að auka mikilvægi Þorlákshafnar sem inn- og útflutningshafnar og telja þetta mál eina af forsendum fyrir því að það takist.

Embætti tollvarðar á Selfossi var stofnað í júní 1994. Tollafgreiðslur eru á þriðja þúsund á ári auk þess að sinnt er tollafgreiðslu skipa í Þorlákshöfn.

Fyrir nokkrum árum tók til starfa tollhöfn á Selfossi sem veitir mikilvæga þjónustu í höfuðstað Suðurlands, Selfossi. Hér er ekki verið að leggja til að raska þeirri stöðu, enda snýr málið eingöngu að réttarstöðu Þorlákshafnar, að því að bæta þjónustuna þar og því að hún hafi sama rétt og svo margar hafnir aðrar í landinu."

Ég vil taka það fram að í mörgum öðrum kjördæmum hafa upp í fjórar og fimm hafnir fengið aðaltollhafnarréttindi og því er þetta mjög brýnt mál fyrir þá sem vilja flytja inn á Þorlákshöfn. Ég er sannfærður um að þegar menn horfa til framtíðar og á þær miklu breytingar sem eru að verða í flutningum þá á Þorlákshöfn mikla möguleika á að keppa, ég vil segja við Reykjavík um innflutning. Það sparar langa siglingaleið o.s.frv. þannig að þessi staða og þetta réttindaleysi þessarar sunnlensku hafnar gerir að verkum að hún hefur ekki náð þeim árangri enn þá sem menn sjá fyrir sér. Það er því von mín að þetta frv. nái fram á þessu þingi. Svo snýr þetta þingmál einnig að Höfn í Hornafirði og þar segjum við í grg.:

„Á Austurlandi er syðsta aðaltollhöfnin Eskifjörður og því óravegur og löng sjóleið í þá næstu sem er Vestmannaeyjar.

Fyrir ört vaxandi byggðarlag eins og Höfn í Hornafirði hlýtur það að vera mikið hagsmunamál að öðlast réttindi aðaltollhafnar, enda hafa bæjaryfirvöld fyrir nokkru óskað eftir athugun og breytingum í þá átt. Sem kunnugt er hefur íbúafjöldi Hafnar í Hornafirði meira en tvöfaldast síðustu tvo áratugi og umsvif atvinnufyrirtækja eflst að sama skapi.

Í umdæmi sýslumannsins á Höfn hefur tollafgreiðslum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Þar er enginn starfandi tollvörður. Tollafgreiðsla fer því fram meðfram öðrum störfum á skrifstofu sýslumanns eins og á Selfossi. Þegar skip og bátar koma erlendis frá sinnir lögregla á Höfn tollun. Um báðar þessar hafnir, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn, gilda þær reglur að óska verður heimildar tollgæslustjóra í Reykjavík um tollun skipa inn í landið og úr því.

Þrátt fyrir lipurð embættismanna tollþjónustunnar sem hlut eiga að máli er þetta kerfi þungt í vöfum og tafsamt og vinnubrögðin varla nútímaleg. Af framanrituðu er ljóst að tímabært er að gerðar verði breytingar til batnaðar án frekari tafa með því að Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði verði gerðar að aðaltollhöfnum. Með því móti einu mundu þessi byggðarlög og nágrenni þeirra öðlast sama rétt og möguleika á tollmeðferð skipa og á innflutningi og útflutningi, enda mun slíkt leiða til einföldunar, aukinnar hagkvæmni, sparnaðar og betra eftirlits í viðkomandi umdæmum."

Svo mörg voru þau orð í greinargerðinni. Með frv. fylgja síðan bréf og fylgiskjöl sem skráð hafa verið og vil ég þá ekki hafa fleiri orð um frv. en legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 100. mál. — Þskj. 100.

[15:15]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Egill Jónsson, Svanfríður Jónasdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristín Halldórsdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Sigríður Jóhannesdóttir. Það eru því þingmenn úr öllum flokkum, sem sæti eiga á þingi, sem standa að tillögunni. Ég hlýt nú í þriðja skipti sem tillagan er flutt að óska eftir því við hæstv. forseta að hann sjái svo til, þar sem þáltill. hefur fengið mjög jákvæða umfjöllun, jákvæðar móttökur hvar sem er þar sem leitað hefur verið eftir umsögn, að hv. landbn. ljúki umfjöllun um málið. Það þarf reyndar að fjalla örlítið um tillöguna í sjútvn. En málið er orðið mjög aðkallandi því að hagsmunaaðilar og alþjóðlegt umhverfi kalla eftir að farið verði í þessa vinnu, þ.e. að öll íslensk matvæli verði vottuð, hvort sem þau koma frá landi eða sjó.

Herra forseti. Undanfarin ár hefur verið vaxandi umræða um gæðavottun íslenskra matvæla. Vottun snýst fyrst og fremst um að framleiðslan sé umhverfisvæn, hvað varðar veiðar og vinnslu sjávarafurða, og hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða, ræktun og úrvinnslu.

Einn þeirra aðila sem staðið hefur að víðtækri kynningu varðandi þessi mál er átaksverkefnið Áform, sem unnið hefur að markaðssetningu og stefnumótun í lífrænni og vistvænni ræktun íslenskra matvæla og annarra náttúruafurða. Þess vegna er svohljóðandi þáltill. flutt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að stefna beri að því að öll hefðbundin matvælaframleiðsla skuli vottuð á forsendum sjálfbærrar þróunar fyrir árið 2001. Á framangreindum forsendum skal stefnt að því að 20% landbúnaðarframleiðslunnar verði vottuð lífræn.

Þá skal unnið að því ötullega að koma á vottunarkerfi sjávarafurða sem byggist á stjórnunarkerfi og vinnslu sjávarafurða þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi.“

Hvað skyldi vera í vændum í þessum málum? Hvað ætli það sé sem er að koma yfir íslenska þjóð? Staðan í þessum málum er þannig að æ fleiri gera sér grein fyrir því hvert stefnir. Verslunarkeðjur og erlendir viðskiptaaðilar eru að undirbúa markmið um að kaupa ekki inn eða selja vörur sem eru ekki lífrænt eða vistvænt vottaðar eða vottaðar sem matvörur sem verða til á sjálfbæran hátt.

Það gildir einu hvort um er að ræða matvæli úr sjávarfangi eða af landi. Það er komið þannig að neytendur gera æ meiri kröfur um gæði á mörkuðum, sem Íslendingar geta átt viðskipti við vegna verðlags, og þeir eru reiðubúnir að greiða verulega hærra verð fyrir upprunavottaðar afurðir.

Veltum því fyrir okkur, herra forseti, hvað er að gerast, af hverju málið er orðið svo aðkallandi. Í vor var haldin ráðstefna í Bandaríkjunum um nýtingu sjávarauðlinda, stjórnun fiskveiða og vistkerfa hafsins. Niðurstaða þeirrar ráðstefnu var eftirfarandi:

„Vistkerfi hafsins eru í háskalegra ástandi en vísindamenn hafa talið hingað til og er jafnvel enn meira áhyggjuefni en spilling andrúmsloftsins af völdum gróðurhúsaáhrifa.“

Þessi orð eru með tilvitnun í ræðu aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, Strobe Talbotts. Við Íslendingar verðum að taka eftir þegar svona orð eru látin falla.

Meginstefna Sameinuðu þjóðanna var mótuð í hafréttarsáttmálanum 1982–94 og áttu þá strandríkin að bera hvert fyrir sig ábyrgð á eigin efnahagslögsögu. Þessi stefna hefur því miður ekki skilað árangri. Þessi vandi er alþjóðlegur og verður að sjálfsögðu að leysast á þeim vettvangi með samningum og dreifingu valds og eftirliti svæðisbundinna stjórna.

Þetta þýðir að Bandaríkin vilja beinlínis koma á fót stofnun eða stofnunum sem hafi á grundvelli alþjóðasamninga heimild til vottunar fiskafurða á markaðnum, t.d. um ástand stofnsins og hversu vistvæn veiðarfæri eru notuð. Slík vottorð munu ráða verði á mörkuðum og þar með afkomu fyrirtækja og fiskveiðiþjóða. Það er sem sagt verið að boða stefnu sem varðar lífshagsmuni Íslendinga og annarra sem eru í sömu stöðu og eru eins stórkostlega háð afrakstursgetu veiðistofna í hafinu.

Herra forseti. Íslendingar verða að bregðast við. Þess vegna viðhafði ég þau orð sem ég hóf mitt mál á, að ég hvet hv. landbn. til þess að afgreiða það mál sem er í þriðja skipti flutt á þingi og búið að fá allan tímann jákvæða umfjöllun en hefur ekki verið lokið því miður, líklega vegna anna í hv. landbn. Það er svo sannarlega komin þörf fyrir að þetta mál verði afgreitt.

Við Íslendingar verðum að bregðast við, og við eigum að hefjast þegar handa um að votta framleiðslu okkar úr hafi og landi á okkar forsendum. Við höfum alla burði til að votta eigin framleiðslu á forsendum okkar og með því að fá viðurkenningu, eins og þegar er að koma, um að við séum í fararbroddi þeirra ríkja sem byggja auðlindanýtingu á grundvelli sjálfbærrar þróunar og ábyrgrar fiskveiðistjórnunar. Við eigum að vera í forustu, við höfum alla burði til þess. Því verða þeir sem vald hafa á þessum málum að bregðast skjótt við, annars vitum við ekki hvaða valdi við getum þurft að lúta eins og ég minntist á.

Nágrannalönd okkar hafa flest sett sér markmið hvað varðar framleiðslu lífrænna landbúnaðarafurða. Þau búa þó við þann ókost á mörgum svæðum að jörð er mengaðri af völdum áburðarnotkunar en þekkist hér á landi. Íslendingar geta lært margt af nágrannaþjóðunum í þessu efni en möguleikar okkar eru ekki síðri, sérstaklega vegna legu landsins. Hins vegar getur Ísland verið forustuland hvað varðar vottun sjávarafurða og við þurfum ekki að gera annað en að byggja á því stjórnkerfi sem er nú unnið eftir í landinu og er meðal þeirra fremstu í heiminum.

Þó ég segi þessi orð þá er það ekki þannig að ég gagnrýni ekki það stjórnkerfi sem við búum við. Hitt er annað mál að það stjórnkerfi hefur lagast á ýmsan hátt og þá á ég við brottkast á fiski. Hver ætli hafi getað ímyndað sér að verð á fiski, sem var sópað í sjóinn í stórum stíl fyrir þremur árum, fiski eins og skráplúru, að er komið upp í 70 kr. hvert kíló? Togarar sem hafa verið að hirða þennan afla núna hafa fengið á ársgrundvelli sem nemur heilu fullfermi af þorski í verðmætum í stað þess sem var hent í sjóinn áður. Það hefur því ýmislegt jákvætt gerst. Það er vegna þess að sjómenn hafa sjálfir tekið forustuna.

Að mínu mati getum við ekki beðið eftir því að aðrar þjóðir setji okkur leikreglur um hvernig skuli fara með sjávarafurðir heldur eigum við að setja upp vottunarkerfi á þeim grunni sem við höfum byggt upp í landinu. Það má ljóst

vera, eins og ég hef áður komið að, að neytendur munu gera kröfur og æ meiri kröfur um vitneskju um uppruna þeirra matvæla sem þeir kaupa. Alveg sama hvort við erum að tala um fisk eða það sem verður til á landi.

Nú eiga sér stað miklar breytingar á aðferðum við framleiðslu matvæla. Það er vegna þessara krafna neytenda til umhverfisþátta og siðferðisþátta í umgengni við dýr svo og um aukin gæði framleiðslunnar og hollustu fæðunnar. Það er mjög mikilvægt að koma á jafnvægi milli náttúruverndarsjónarmiða, gæða með tilliti til heilsufars og góðrar meðferðar á skepnum og þjóðhagslegra sjónarmiða sem lúta að arðbærum rekstri atvinnugreinanna.

Herra forseti. Að öðru leyti vitna ég sérstaklega til þessarar tillögu til þál. á þskj. 100, 100. mál, þar sem farið er yfir grunnþættina, hvað er lífrænn landbúnaður, og rökin fyrir stuðningi við lífrænan landbúnað. Þar er farið yfir markaðsbreytingar og þróun, kostnað við umbreytingar og síðan er hluti úr skýrslu frá Evrópu þar sem menn hafa sett sér markmið og hvernig þeir ætla að vinna að þessum málum.

Ég held, herra forseti, að ástæðulaust sé að fjalla meira um málið að þessu sinni. Það hefur verið gert rækilega hér, eins og ég sagði áður, á tveimur þingum og öll gögn liggja fyrir. Það liggja fyrir allar staðreyndir um málið, hvernig þarf að vinna það. Því hvet ég eindregið til að það verði klárað.

Að svo mæltu vonast ég til að þessu máli verði vísað til umfjöllunar hv. landbn. og e.t.v. sjútvn., og að hv. landbn. ljúki sem fyrst afgreiðslu málsins vegna þess að það ríkir um það sátt. Grundvöllurinn að þeirri kröfu minni að þetta mál verði klárað er vegna þeirrar tilvitnunar sem ég bar upp og vitnaði til aðstoðarutanrrh. Bandaríkjanna, Strobe Talbott, þar sem verið er að leggja línurnar um að það eigi að segja strandríkjunum fyrir verkum um hvernig þau eigum að standa að veiðum.

Ég tel að það þurfi að afgreiða þessa tillögu, herra forseti, fyrir áramót. Ég segi til vara: Helst sem fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS og ÁRJ, 8. mál. — Þskj. 8.

[15:28]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Þegar umræðu um þetta mál var frestað um eittleytið hafði hæstv. viðskrh. nýlega lokið ræðu sinni. Ég verð að segja að mér fannst ræða hæstv. viðskrh. nokkuð sérkennileg og satt að segja, herra forseti, ekki vera við hæfi hæstv. viðskrh. að bjóða þinginu upp á þennan málflutning sem mér fannst vera bæði ómerkilegur og barnalegur.

Hæstv. ráðherra byrjaði mál sitt á því að reyna að draga sjálfur ályktanir af því af hverju þetta þingmál væri flutt. Hver voru rök hans? Ályktanir hans voru þrjár. Í fyrsta lagi væri tilgangurinn með þessu að koma í veg fyrir áframhaldandi tap. Í öðru lagi, sagði hæstv. ráðherra, væri tilgangur minn hugsanlega að reyna að slá pólitískar keilur, eins og hæstv. ráðherra orðaði það. Í þriðja lagi nefndi ráðherrann að slík úttekt gæti hugsanlega kallað á rannsókn, og á grundvelli hennar refsingu.

Það hafði vissulega ekki hvarflað að mér. Ef það er mat ráðherrans að útlátatöpin séu með þeim hætti að þarna sé um refsivert athæfi að ræða finnst mér enn frekar ástæða til þess að knýja á um slíka úttekt.

En ráðherrann nefndi ekki fjórða atriðið sem er mjög mikilvægt í mínum huga og er það að fá fram þá úttekt sem beðið er um af þinginu er einmitt vegna eftirlitshlutverks þingsins. Þingið er að sinna eftirlitshlutverki sínu með því að biðja um skýringar og ástæður fyrir 14 milljarða kr. útlánatapi, herra forseti, sem er sama og allur nettótekjuskattur einstaklinga á einu ári. Þetta er bara partur af því verkefni sem við hv. þm. höfum. Fyrir utan það sem ég nefndi, herra forseti, að almenningur, fólkið í landinu, skattgreiðendur sem borga fyrir þessi útlánatöp sem sum hver voru ekki einu sinni með ábyrgð eiga auðvitað rétt á því að fá skýringu á svona miklum útlánatöpum vegna þess að þegar upp er staðið er það fólkið í landinu sem greiðir þetta í formi þjónustugjalda eða skatta.

Ég nefndi ómerkilegan og barnalegan málflutning hæstv. ráðherra. Til hvers var ég að vitna þar, herra forseti? Ég var að vitna til þess að ráðherrann sagði að ég hefði bara talað um útlánatöpin eftir að ég hætti sem ráðherra, að vísu sem félmrh. því aldrei var ég viðskrh., og ég hefði bara talað um útlánatöpin 1994–1998. Þetta er rangt, herra forseti. Ef hæstv. ráðherra hefur hlustað á mál mitt, þá fór ég mjög ítarlega yfir t.d. svar sem hv. þm. Magnús Stefánsson fékk sem sýndi útlánatöp á árinu 1990–1994 þegar sú sem hér stendur var félmrh. Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst það alltaf mjög sérkennilegur málflutningur þegar menn verða rökþrota, þegar ég er með gagnrýni á einstaka ráðherra eða einstaka málaflokka, að þá er alltaf vitnað til ráðherratíðar minnar jafnvel þó það sé mál sem hefur ekki heyrt undir mig sem ráðherra og sagt: Ja, hv. þm. gerði ekkert í málinu þegar hún var ráðherra. Þetta er auðvitað ómerkilegur málflutningur. Hæstv. ráðherra veit að hver ríkisstjórn er fjölskipað stjórnvald og það er hver ráðherra sem ber ábyrgð á sínum málaflokki og hæstv. ráðherra veit líka að það er aldrei vel liðið þegar einstakir ráðherrar í ríkisstjórn eru að gera athugasemdir eða tillögur við aðgerðir eða aðgerðaleysi annarra ráðherra þannig að ég fór vissulega inn á þetta 1990–1994.

En mér fannst ráðherrann hætta sér ansi langt, herra forseti, þegar hann fór að tala um og bera þessi útlánatöp sem enda á skattgreiðendum saman við það að eigið fé Byggingarsjóðs verkamanna hafi rýrnað um 7 milljarða í tíð þeirrar sem hér stendur sem félmrh. Bæði er þessi málflutningur rangur og fyrir utan það er samanburðurinn villandi og ekkert hægt að líkja því saman þegar saman dregst eigið fé eða þegar um er að ræða útlánatöp. Í fyrsta lagi varðandi Byggingarsjóð verkamanna, þá veit ráðherrann að hér er um niðurgreitt fjármagn að ræða. Vextir voru lágir þannig að fjármagnið var niðurgreitt og rýrnun á eigin fé er ekki sama og útlánatöp. Það var auðvitað fyrir fram vitað að ef ekki væri nægjanlegt ríkisframlag þá yrði gengið á eigið fé sjóðsins. En með hvaða hætti var það gert? Ráðherrann nefndi 7 milljarða. Það er rangt. Eigið fé rýrnaði úr 8 milljörðum niður í 3,5 milljarða. Það eru ekki nema 4–4,5 milljarðar þannig að þarna skakkar um 3 milljarða.

Ef við lítum á eigið fé í krónutölu þá eykst það frá árinu 1987 fram til ársins 1994 þegar sú sem hér stendur hætti sem ráðherra. Það jókst í krónutölu. Rýrnunin á eigin fé er fyrst og fremst til komin vegna þess að árið 1987 var eigið fé 60% af útlánum sem voru miklu minni heldur en útlánin eins og

þau jukust í ráðherratíð þeirrar sem hér stendur. Rýrnunin felst fyrst og fremst í því að eigið fé sem hlutfall af útlánum, sem voru miklu meiri á þeim tíma, hafði minnkað fyrir utan það að í því sem ráðherrann las upp hafði hann ekki fyrir því að nefna það sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem ráðherrann vitnaði til, en þar stendur:

„Á undanförnum árum hefur eigið fé sjóðsins haldist nokkuð stöðugt að raungildi."

Síðan segir að í fjárlagafrv. hafi komið fram framlög sem áttu að tryggja eigið fé sjóðsins og ýmsar aðgerðir sem gripið var til og síðan er ályktunin dregin: „Ofangreindar aðgerðir hafa líklega haft nokkur áhrif á hvað eiginfjárstaða sjóðsins hélst nokkurn veginn í horfinu fram til ársins 1994."

Og af því að við erum á árinu 1998 þá er athyglisvert að í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar sem ég bað Ríkisendurskoðun um út af villandi svörum hæstv. félmrh. á sínum tíma, þá fer Ríkisendurskoðun inn í hver sé eiginfjárstaða Byggingarsjóðs verkamanna nú. Og þar segir, með leyfi forseta:

„Að óbreyttu mun þessi staða" — og þá er verið að geta um hvað ríkisframlögin hafa minnkað í tíð framsóknarráðherranna — „leiða til þess að eigið fé sjóðsins þrýtur þegar til lengri tíma er litið."

Hvorki meira né minna. Og af því að ráðherrann hætti sér út í það að fara að tala um og bera saman Byggingarsjóð verkamanna og bankana þá ætla ég að vitna til talna frá Ríkisendurskoðun þegar sú sem hér stendur tók við félmrn. á sínum tíma og var að gera tilraun til að losa þjóðina út úr biðraðakerfinu, 86-kerfinu, af því að það stefndi í gjaldþrot. Hver var þá dómur Ríkisendurskoðunar? Ég ætla að leyfa mér að lesa hann fyrst ráðherrann er að opna þessa umræðu, herra forseti. Þar er sagt um báða sjóðina, þegar sú sem hér stendur tekur við: „Hætti sjóðirnir strax útlánastarfsemi sinni jafnframt því sem framlög ríkissjóðs féllu niður þyrfti í árslok árið 2028 að leggja sjóðnum til um 62 milljarða kr." Síðan segir: „Haldi sjóðirnir áfram starfsemi sinni að óbreyttu frá því sem nú er til ársloka árið 2028 jafnframt því sem framlög A-hluta ríkissjóðs haldist óbreytt frá því sem þau eru í ár og þörf sjóðanna fyrir lánsfé verður það sama allan tímann, mun þá vanta um 400 milljarða kr. til þess að geta gert að fullu upp við lánardrottna sína í árslok 2028."

Síðan er talað um að forsendurnar í 86-kerfinu hafi brugðist og er dregin ályktun af niðurstöðu varðandi eigið fé og þar segir, með leyfi forseta, og við skulum bara halda því til haga í þessari umræðu fyrst hæstv. ráðherra hætti sér út í að bera saman tiltölulega litla rýrnun á eigin fé Byggingarsjóðs verkamanna sem á sér sína skýringu sem ég hef farið inn á, þá segir Ríkisendurskoðun, með leyfi forseta:

„Þá sýna útreikningar að eigið fé gangi til þurrðar 1996." — Þetta var Byggingarsjóður ríkisins út af 86-kerfinu. — „Eftir það hlaðast upp skuldir vegna aukinnar lántöku til að standa undir útlánum að viðbættum vaxtamun og rekstrarkostnaði þar sem ekki er neitt eigið fé til staðar til að ganga í. Eigið fé í árslok 2028 verður neikvætt um 641 milljarð kr."

Berum það saman við málflutning ráðherrans áðan fyrst honum fannst það passa að bera þetta á borð eins og hann gerði. Og svo segir í lokin: „Til að mæta árlegum rekstrarhalla þyrftu framlög ríkissjóðs að vera að meðaltali rétt rúmir 7 milljarðar kr. á ári." Hér er verið að lýsa kerfinu sem hv. framsóknarmenn vildu viðhalda. Mér fannst nauðsynlegt að draga þetta fram, herra forseti.

Hér er dómurinn varðandi Byggingarsjóð ríkisins á árinu 1995 þegar sú sem hér stendur hætti sem ráðherra, en þá segir: „Að mati Ríkisendurskoðunar bendir fátt til annars en að eigið fé Byggingarsjóðs ríkisins muni varðveitast á næstu árum og staða sjóðsins halda traust." Þetta er eftir upptöku húsbréfakerfisins og berum það saman við það sem ég sagði áðan um 640 milljarða kr. halla á nokkrum árum ef 86-kerfið hefði haldist. Þetta fannst mér nauðsynlegt að draga hér fram, herra forseti, þó að ég verði að viðurkenna að við séum komin nokkuð út fyrir þann málflutning sem þessi tillaga ætti að gefa tilefni til, en ráðherrann hagaði orðum sínum þannig að nauðsynlegt var að draga þetta fram.

Ráðherrann reyndi ekkert að eyða þeim tíma sem hann hafði áðan í að útskýra það sem hann sagði við þjóðina. Hann sagði að 14 milljarða útlántöp væru eðlileg og fullyrti að það væri þumalputtaregla hjá bönkum um allan heim að taka þá áhættu að tapa 1% af útlánum. En þetta var ekki 1% af útlánum. Það sem ég sýndi fram á í málflutningi mínum t.d. varðandi Landsbanka Íslands var að á árunum 1995, 1996 og 1997 eru útlánatöpin 2,2–2,5% af heildarútlánum. Ekki 1% eins og ráðherrann sagði að væri eðlilegt. Fyrst þetta eru 2–2,5% miklu meira en sú þumalputtaregla sem ráðherrann nefndi, þá spyr ég ráðherrann: Er þá ekki ærin ástæða til að láta fara fram þá úttekt sem hér er óskað eftir?

Ég vil líka taka fram út af orðum ráðherrans að ég veittist ekki að hæstv. ráðherra. Ég sagði ekki við hæstv. ráðherra að hann bæri ábyrgð á þessum útlánatöpum eins og hann sagði að ég bæri ábyrgð á því að eigið fé Byggingarsjóðs verkamanna hefði rýrnað. Ég sagði að þeir sem héldu um útlánastefnuna, sem væri bankastjórn og bankaráðið, bæru auðvitað ábyrgðina. Og það er náttúrlega með sama hætti og húsnæðismálastjórn sem bar ábyrgð á útlánunum þar.

Ég vil líka halda því til haga af því að ráðherrann fullyrti með tilvísun í hvað lagt hefði verið í afskriftarsjóð, að útlánatöp hefðu verið miklu meiri á árunum 1990–1994 og sagði að 12 milljarðar hefðu verið lagðir í afskriftarsjóð á þeim tíma en á árunum 1995–1997 minnir mig að ráðherrann hafi nefnt 3 milljarða. Það er ekki hvað er lagt í afskriftarsjóð sem skiptir máli, heldur endanleg útlánatöp sem lenda á skattgreiðendum. Ég var með tölur máli mínu til stuðnings í því efni að útlánatöp á árunum 1990–1994 eru 228 millj. 1990, 1.271 millj. 1991 og 1.597 millj. 1992 á meðan á árunum 1993–1997 eru þau 2,2–3,1 milljarður og það þó í betra árferði fyrir atvinnulífið en var á þeim tíma sem ég nefndi varðandi árin 1990–1994.

Ráðherrann nefndi, og þá var hann að rökstyðja að óþarfi væri að fara í þessa úttekt á útlánatöpum og margt hefði gerst síðan. Það hefði orðið formbreyting á bönkunum. Rétt er það. Starfsreglur hefðu breyst, nýir stjórnendur komið til og þjóðin hefði orðið trú á fyrirtækjum. Það má vera að allt þetta sé satt og rétt að þetta séu betri stjórnendur og komnar séu starfsreglur. Formbreytingin er staðreynd. Engu að síður liggur fyrir og er óumbreytanlegt að það voru útlánatöp upp á 14 milljarða. Og hvað eigum við að gera? Við getum aldrei fengið þetta til baka. En við eigum að læra af reynslunni hvað fór úrskeiðis. Vissulega er skýringin sem ég nefndi og hæstv. ráðherra gerði einnig að atvinnulífið stóð tæpt þá, einkum í sjávarútvegi. En það réttlætti það ekki að stjórnendur bankanna kæmu sér hjá því að taka tryggingar fyrir útlánum eins og ég sýndi fram á í þó nokkuð mörgum tilvikum sem birtist í svari ráðherrans áðan. Þannig að allt það sem ég hef sagt og allt sem ráðherrann sagði í ræðu sinni gerir það enn þá

nauðsynlegra en það var áður en ég lagði fram þessa tillögu að slík úttekt fari fram og ég vona að hæstv. ráðherra sjái að sér og styðji þingið í að fá slíka úttekt.

[15:44]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór yfir nokkrar af þeim spurningum sem ég velti upp um hver væri tilgangurinn með tillöguflutningnum. Í þeim spurningum fólust engar fullyrðingar af minni hálfu. Fyrst og fremst voru það spurningar. Ég velti því fyrir mér af hverju hv. þm. væri að leggja fram tillögu sem þessa. Ein af þeim spurningum sem ég velti upp var einmitt hvort tilgangurinn væri sá að fara út í rannsóknir til að hv. þm. næði fram einhverjum refsingum. Allur málflutningur hv. þm. í þessum bankamálum yfirleitt hefur byggst á því að það væri refsigleðin sem væri yfirvofandi og væri það sem koma skyldi.

Ég hef ekkert á móti því að þessi tillaga fari til skoðunar í nefnd og það verði metið þar hvort rétt sé að ráðast í slíkar rannsóknir eins og þarna er gert ráð fyrir. Það sem ég var hins vegar að benda á og segja er að það er gjörbreytt landslag frá því sem var á sínum tíma þegar bankarnir voru reknir í öðru formi en þeir eru reknir í dag, þegar aðrir stjórnendur voru og nýjasta útboð í Landsbanka og núna í Fjárfestingarbankanum muni staðfesta það að þjóðin hefur trú á þessum stofnunum. Slíkur málflutningur er því ekki til að styrkja þær stoðir sem þurfa að vera undir þessum fyrirtækjum í eigu þjóðarinnar til að þjóðin fái sem mesta fjármuni fyrir sínar eignir. Hv. þm. er að mínu viti að skaða slíka hluti með málflutningi sem þessum til þess að halda vakandi einhverri óvissu í kringum þessi fyrirtæki og það er tilgangur tillögunnar. Og að saka mig síðan um að ég hafi farið að velta upp samanburði á því hver væri mismunur á milli þeirra sjóða sem hv. þm. nefndi eins og Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins og bankanna. Það var hv. þm. sjálf sem við fyrri umræðu um þetta mál fór að bera saman og ég kom þá og sagði: Það er óréttmætt að bera slíka hluti saman, annars vegar útlánatöp bankanna og hins vegar útlánatöp sjóðanna einfaldlega vegna þess að bæði Byggingarsjóður verkamanna og Byggingarsjóður ríkisins hafa fyrsta veðrétt í öllum þeim eignum sem þeir taka og lána út á á sama tíma og bankarnir eru að taka út á eignir og sjálfskuldarábyrgðir og taka þar af leiðandi miklu meiri áhættu.

Það var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sjálf sem við framsögu sína um þetta mál úr þessum ræðustól vakti sérstaka athygli á því hvernig þessu væri háttað og ég sagði að það væri ómerkilegur málflutningur að bera slíka hluti saman. Það var það sem ég var að leiðrétta. Ég ætla þess vegna að halda því enn til streitu og vitna í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1996 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Alvarleg staða blasir á hinn bóginn við Byggingarsjóði verkamanna, en útreikningar benda til þess að sjóðinn vanti um 4–5 milljarða kr. til að standa undir skuldbindingum ... Útreikningar benda jafnframt til þess að eigið fé sjóðsins verði upp urið skömmu eftir næstu aldamót miðað við að útlán sjóðsins yrði hætt."

Það var þessi mynd sem ég var að benda á frá 1986 þegar eigið fé Byggingarsjóðs verkamanna voru 9 milljarðar kr. Þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem gumar af því húsnæðiskerfi sem hún hafi byggt upp, fór frá var eigið fé sjóðsins komið niður í kringum 3 milljarða kr. Á þessum tíma hefur sjóðurinn með öðrum orðum tapað 6 milljörðum kr. af eigin fé. Eigið fé er ekkert annað en annaðhvort sá hagnaður sem verður til eða ávöxtun af því fé sem í sjóðnum er. Það sem gerðist og hefur gerst á þessum tíma er að gengið var á eigið fé sjóðsins með sífelldum töpum. Þess vegna varð að breyta þessu fyrirkomulagi og það var hlutverk núverandi félmrh. að breyta um stefnu í húsnæðismálum enda staðfest í skýrslu Ríkisendurskoðunar að héldu menn áfram á sömu braut, þá gæti sjóðurinn ekki staðið undir sínum skuldbindingum. Það var þetta sem ég var að benda á áðan.

Ég ætla þá aftur að koma að því — sem ég heyri á hv. þm. að enginn ágreiningur er um milli okkar — hver sé ástæðan fyrir því að dregið hefur núna úr útlánatöpunum. Það er betra ástand í atvinnulífinu (**JóhS:** Það hefur ekki breyst.) og betra ástand heimilanna. Kaupmáttur heimilanna hefur verið að stóraukast. Þegar hv. þm. segir að það hafi ekki breyst þá vitna ég aftur í skýrslu Ríkisendurskoðunar en oft og tíðum er — og það veit hv. þm. — beint samband á milli þess annars vegar sem lagt er í afskriftarsjóðina og hins vegar sem endanlegar afskriftir verða þó að ekki sé hægt að koma því nákvæmlega heim og saman miðað við hvert ár og bera saman.

Árið 1991 er lagt 1,22% í afskriftarsjóð Landsbankans. Árið 1992 4,67%, 1993 2,26%, 2,3% 1994. Hvað gerist 1995? Fer niður í 1,45% og lækkar enn 1996 niður í 1,3% og lækkar enn 1997 niður í 1,02%. Sama hreyfing er nákvæmlega í Búnaðarbankanum nema það að Búnaðarbankinn er kominn niður í afskriftarsjóð 0,84% 1997. Sama er að gerast í Íslandsbanka og sama er að gerast í sparisjóðunum. Með öðrum orðum, meginhluti tapsins sem verður er á árunum frá 1990 til ársins 1995 vegna þess að þá var atvinnulífið á heljarþröm og kaupmáttur launa í landinu hafði hríðfallið um 20%. Fólkið og fyrirtækin gátu ekki staðið undir skuldbindingum sínum. Þetta er sá tími sem hv. þm., fyrrv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir, er að guma af. Það er ekki hægt að guma af þessum tíma.

Breytingin sem núna hefur orðið er sú að kaupmáttur heimilanna mun vaxa frá 1995 til ársins 2000 um sennilega 23–25%. Flest fyrirtæki í landinu á þessum tíma munu verða rekin með bullandi hagnaði og það þýðir að þessir aðilar eiga auðveldara með að standa undir skuldbindingum sínum á þessum tíma en áður var. Þetta er meginástæðan fyrir því að núna hefur dregið úr afskriftaframlögum í afskriftarsjóði bankanna og þar af leiðandi hefur tap viðkomandi banka líka snarminnkað sem betur fer. Ég vonast til þess að við séum bæði sammála um að þetta þýði að við séum á réttri leið í þessum efnum. Ég held að þessar tölur tali alveg sínu máli um stöðuna í atvinnulífinu, hjá heimilunum og í töpum bankanna sem allt hangir nákvæmlega saman. Svo geta menn haldið áfram þessum leik og þeim tortryggnislegu ummælum sem hv. þm. er sífellt með um bankakerfið. Það er sjálfsagt að halda þeim leik áfram fyrir þá sem vilja reyna að verðfella þær eignir sem þjóðin á og er núna að reyna að koma í verð til þess að draga úr skuldum sínum og lækka vaxtakostnaðinn. Það er megintilgangurinn með því að selja þessar eignir að ná fram lækkandi skuldum ríkisins, lægri vaxtakostnaði í heild sinni en til þess að við getum það þurfum við að fá sem mest fyrir þessi fyrirtæki og það gera menn ekki með tortryggilegri umræðu eins og hér er í gangi um starfsemi þessara fyrirtækja.

[15:52]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg útilokað að rökræða við hæstv. ráðherra. Það er einhver meinloka í málflutningi hans vegna þess að hann endurtekur bara ruglið sem var í fyrri ræðu hans. Af því að ég er búin með tíma minn og hef bara örstutt andsvar, þá vil ég svara honum þegar hann leyfir sér að segja að málflutningur minn þegar ég er að biðja um að skýringar komi fram fyrir þjóðina á 14 milljarða útlánatapi sem skattgreiðendur þurfa að greiða, þá heldur ráðherrann og leyfir sér að halda því fram, herra forseti, að þetta byggist allt á refsigleði af minni hálfu, refsigleði. Þetta er auðvitað rangt. Ráðherrann reynir líka í málflutningi sínum að koma sér hjá að svara kjarna málsins, því sem hann hélt fram þ.e. að allt í lagi væri með 14 milljarða útlánatöp og sagði að þetta væri um 1% af heildarútlánum. Ég hef sýnt fram á að þetta séu 2–2,5% og ráðherrann hefur ekki notað þær mínútur sem hann hefur haft til að hrekja þann málflutning heldur verið með tölur um húsnæðiskerfi sem standast ekki og ég hrakti í málflutningi mínum og þarf ekki að endurtaka hér.

Ráðherrann heldur því sí og æ fram að útlánatöpin hafi verið meiri á árunum 1990–1994 heldur en eftir þann tíma. Það er eðlilegra að miða við endanleg útlánatöp. Það er eðlilegra, herra forseti, og því er það sem ég nota þann samanburð.

Ég verð að spyrja og það skal verða mín lokaspurning: Telur hæstv. ráðherra það eðlilegt eins og hér er sagt að útlánatöpin hafi verið það sem samsvarar tekjuskatti einstaklinga á einu ári eða 14 milljarðar? Ætlar ráðherrann enn að halda sig við það að þetta sé ekki nema 1% af heildarútlánum bankanna? Finnst ráðherranum í lagi að hér sé um að ræða 2,5% útlánatöp á margra ára tímabili? Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari því.

[15:54]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hver einasta króna sem tapast í útlánum er auðvitað of mikið tap. Ég tek alveg undir það með hv. þm. En ég býst fastlega við að útilokað sé að rökstyðja það að bankastofnanir sem eiga að taka áhættu í útlánum sínum geti ekki orðið fyrir skakkaföllum og tapað fjármunum. 14 milljarðar kr. eru allt of miklir fjármunir sem hafa tapast og ef hv. þm. les það viðtal sem var við mig í Degi þennan tilvitnaða dag, þá gengur það út á það að ég tel 14 milljarða kr. of mikið og 2,2% eða 2,3% af heildarútlánum sem tapast er allt of mikið. En það er einmitt það sem gerðist á árunum frá 1992 til ársins 1994. Þegar við horfum upp á þessi útlánatöp núna og það sem menn eru að taka til hliðar í sjóðina sem eru í kringum 1% í Landsbankanum, 1,01% í Íslandsbanka, 0,84% í Búnaðarbankanum og 0,53% í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, þá eru menn á réttri leið því það er verið að draga úr útlánatöpunum. Það er verið að minnka áhættuna sem sjóðirnir og bankarnir taka í útlánum núna og það er aðalatriðið.

Þumalputtareglan er sú að menn geti tapað í kringum 1% af því sem þeir lána. Það er of mikið en reynslan annars staðar frá segir okkur að áhættan sem menn taka í útlánum geti verið upp á 1% í tapi. Það er of mikið en það er það sem menn verða að búa við vegna þeirrar áhættu sem fjármálastofnanirnar taka.

[15:56]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra er að færast heldur nær kjarna málsins. Hann segir þvert á það sem hann sagði fyrr á þessu ári, þá fannst honum 14 milljarða útlánatöp eðlileg. Nú viðurkennir hann að þetta sé nokkuð mikið. Það skilar okkur svolitlu, kannski nokkuð áleiðis og hlýtur það að geta leitt til þess að hæstv. ráðherra telji rétt og eðlilegt að þessi úttekt fari fram vegna þess að ráðherrann sagði að 1% af útlánum væri áhætta sem væri ekki óeðlilegt að taka en ég hef sýnt fram á að þetta er miklu meira, þetta er 2–2,5%.

Þegar við vorum að bera saman byggingarsjóðina áðan, þá gerði ég það af því tilefni að um þá var spurt af hv. þm. Magnúsi Stefánssyni og kom þá fram hvað útlánatöpin voru lítil hjá Byggingarsjóði verkamanna. Þegar talað er um vanskil þar þá er það auðvitað brotabrot af því sem er í bankakerfinu. Þetta allt leiðir til þess, herra forseti, að ég tel að fara eigi fram umræða um það í nefndinni að reynt verði að ná samstöðu meðal stjórnar og stjórnarandstöðu um að þessi úttekt fari fram. Ég tel að hún sé nauðsynleg. Ekkert af því sem hefur kom fram í málflutningi hæstv. ráðherra segir að slík úttekt sé óþörf. Við eigum að læra af því sem hefur gerst á þessu tímabili, sem er auðvitað kjarni þessa máls. En að halda því fram að verið sé að flytja þessa tillögu út af einhverri refsigleði eða með einhverjum skringilegum forordum, eins og ráðherrann nefndi og að ég væri að reyna að slá pólitískar keilur eru auðvitað orð sem eru út í hött og hæstv. ráðherra ekki sæmandi.

[15:58]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi sagt það við 2. umr. málsins að ég hef ekkert á móti því að málið verði tekið og skoðað í hv. efh.- og viðskn., ég tel það vera eðlilegt. (**JóhS:** Þó ekki væri.) Hins vegar ítreka ég það sem ég sagði áðan að ég er ekki viss um að það hafi þann tilgang sem hv. þm. ætlast til að málið hafi einfaldlega vegna þess að öllu þessu umhverfi hefur verið breytt. Formi ríkisviðskiptabankanna hefur verið breytt yfir í hlutafélög. Ábyrgð stjórnenda, ábyrgð bankaráðanna á bönkunum hefur verið aukin. Útlánaeftirlit viðkomandi fyrirtækja hefur verið styrkt. Innra eftirlit þessara fyrirtækja hefur verið styrkt. (**JóhS:** Það breytir ekki fortíðinni ...) Það er alveg hárrétt, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, það breytir ekki fortíðinni. En ef menn ætla alltaf að lifa í fortíðinni og geta aldrei horft fram á veg þá komast menn ekkert áfram og fortíðin hefur svo lítið með þetta að gera þegar öllu er búið að breyta sem ég er hér að lýsa. Fyrir utan það að við ætlum um áramótin að setja á stofn nýtt eftirlit með fjármálastofnunum, öflugra og sterkara en nokkru sinni fyrr, sameinað bankaeftirlit og tryggingaeftirlit sem á m.a. að hafa þann tilgang að auka enn eftirlitið með þessum stofnunum þannig að tryggt sé að minni fjármunir tapist en hafa verið að tapast á undanförnum árum. Og ekki síður það að treysta og styrkja stöðu þeirra sem eiga fjármuni inni í þessum fjármálafyrirtækjum þannig að það sé engin hætta á því að illa fari í rekstri þeirra og þeir einstaklingar sem eiga þar stórkostlega peninga inni tapi ekki þeim peningum.

Ef menn vilja hins vegar bara grafa í fortíðinni og geta aldrei litið fram á veg, þá verða menn bara því miður að fá að vera þar en það mun engu skila til betri bankastarfsemi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:01]

Útbýting þingskjala:

Beingreiðslur til bænda, 236. mál, fsp. EKG, þskj. 267.

Móttökuskilyrði ríkisútvarps og ríkissjónvarps, 238. mál, fsp. MS, þskj. 269.

Rekstrartap fyrirtækja, 235. mál, fsp. JóhS, þskj. 266.

Samkeppnisrekstur Landssímans, 239. mál, fsp. LB, þskj. 270.

Sjómannaafsláttur, 237. mál, fsp. PHB, þskj. 268.

Úttekt á embætti lögreglustjórans í Reykjavík, 234. mál, fsp. ÖJ, þskj. 265.

Viðskiptahættir Landssímans, 240. mál, fsp. LB, þskj. 271.

Þingfararkaup, 1. umr.

Frv. PHB og ÁRÁ, 104. mál (laun, endurgreiðsla kostnaðar o.fl.). — Þskj. 104.

[16:02]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og lögum nr. 46/1965, um eftirlaun alþingismanna. Flutningsmaður auk mín er hv. þm. Árni R. Árnason.

Herra forseti. Það er ákveðinn vandi á höndum við ákvörðun launa þingmanna. Við búum við þrískiptingu valdsins og þess vegna er erfitt að láta annaðhvort framkvæmdarvaldið eða dómsvaldið ákvarða laun þingmanna sem og öfugt.

Kjaradómur, þ.e. angi af dómsvaldinu, hefur ákvarðað laun þingmanna og það hefur ekki gefist vel vegna þrýstings annars staðar frá, m.a. frá framkvæmdarvaldinu. Sú lausn sem hér er stungið upp á er að fráfarandi þing ákveði tímanlega fyrir næsta þing laun þeirra þingmanna sem þá verða kjörnir. Þetta helgast af því að þingmannsstarfið er í eðli sínu skammtímastarf, menn eru jú kosnir til fjögurra ára, og þeir þingmenn sem nú sitja á Alþingi eiga ekki tryggt sæti á næsta þingi. Þetta gæti verið lausn til framtíðar, að Alþingi ákvæði þetta tímanlega.

Nú er því miður svo komið, herra forseti, að tiltölulega stutt er í kosningar. Á nokkrum stöðum á landinu er þegar búið að stilla upp eða verið að stilla upp listum. Prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjanesi hefur t.d. þegar verið lokað þannig að fólk getur ekki boðið sig fram þar úr þessu. Það að Alþingi ákveði laun næsta þings á þá ekki við um það kjördæmi. Hins vegar eru stór kjördæmi eftir, ég nefni Reykjavík og fleiri kjördæmi.

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að fullur trúnaður ríki milli kjósenda og fulltrúa þeirra þannig að menn hafi ekki á tilfinningunni að þingmenn hafi önnur laun en þeir raunverulega hafa og ljóst sé hvaða laun þingmenn hafa, hvaða kostnað þeir fái greiddan og hvernig.

Laun alþingismanna hafa mikið verið til umræðu. Fáar launagreiðslur eru eins mikið í sviðsljósinu og hefur m.a. verið haldinn fjölmennur útifundur gagngert til að hafa áhrif á laun alþingismanna. Hið merkilega var að þeir sem þar gagnrýndu há laun alþingismanna eru margir hverjir með miklu hærri laun. Enn fremur hafa margir þær ranghugmyndir að alþingismenn fái alls kyns aukagreiðslur fyrir setu í nefndum þingsins og störf fyrir það erlendis. Reyndar fá varaforsetar Alþingis og formenn þingnefnda 15% álag á þingfararkaupið en að öðru leyti er ekki greitt fyrir nefndastörf þingsins eða störf erlendis sérstaklega.

Almenningur og lífeyrisþegar tóku á sig mikla kjaraskerðingu þegar syrti í álinn upp úr 1990. Þá var reynt að miða kjör lífeyrisþega við verðlag og þurfti að skerða þau aftur og aftur. Nú hafa laun hækkað umtalsvert og langt umfram hækkun launa í nágrannalöndum okkar. Við erum því aftur farin að nálgast þau laun sem greidd eru í nágrannalöndum okkar og er það vel. Sú hækkun þingfararkaups sem hér er lögð til hefur ekkert með þessa þróun að gera. Hún er að mínu mati algjörlega sjálfstæð. Spyrja má hvort þjóðin hafi efni á að greiða hásetum á þessari skútu svo illa að hún verði ekki toppmönnuð. Ég mun koma að því á eftir.

Áður fyrr komust þingmenn oft í hagkvæma aðstöðu, þá voru neikvæðir vextir og þar áður var skömmtun í gangi sem menn gátu notað sér í alls konar skyni. Þetta voru hlunnindi sem fylgdu þingmannsstarfinu. Svo voru stjórnarsetur úti um allt, þar sem menn komust í bankaráð og víðar og gátu drýgt laun sín allverulega og jafnvel tvöfaldað með bankaráðssetum í vissum bönkum.

Þetta er liðin tíð sem betur fer. Þetta á ekki að vera svona. Menn eiga ekki að hafa hlunnindi af óverðtryggðum lánum umfram aðra eða að fá sæti í alls konar stjórnum út og suður. Að mínu mati eiga laun þingmanna að vera alveg kristaltær. Enginn vafi má leika á því hvaða laun þingmenn hafa.

Þegar fólk sem starfar t.d. við stjórnun í atvinnulífinu eða hjá hinu opinbera er spurt hvort það vilji gefa kost á sér til starfa á Alþingi fást oft þau svör að það hafi ekki efni á því að fara á þing, það lækki svo mikið í launum. Svo getur fallið til mikill kostnaður við prófkjör. Við sjáum það sem er að gerast á Reykjanesi. Ég efast um að frambjóðendur þar sleppi við minna en 2 millj. í kostnað. Þeir lenda í þeim vanda að ef þeir ætla að fá styrki til að standa undir framboðinu þá verða þeir einhverjum háðir. Ef þeir fá ekki styrki til að borga þetta þá eru þeir jafnvel launalausir í eitt eða tvö ár á þingi. Hver hefur efni á því? Kannski að það sé aðeins á færi eignamanna að fara á þing. Er það virkilega vilji manna að eignamenn, þeir sem eru öðrum háðir eða þeir sem hafa fyrirvinnu sem séð getur fyrir þeim, verði þingmenn?

Svo gerist það þegar þingmenn hætta á þingi sem er ósköp eðlilegur hlutur og ætti kannski að gerast oftar, að menn komast í vandræði með að fá vinnu. Það eru ekki mörg fyrirtæki sem eru áfjáð í að hafa fyrrverandi þingmenn að störfum hjá sér, tengda ákveðnum flokkum. Þingmenn eiga í erfiðleikum með að fá vinnu að lokinni þingsetu frekar en hitt.

Það getur verið mjög skaðlegt fyrir þjóðina ef þessi hópur fólks, þeir sem standa framarlega í atvinnulífi og stjórnsýslu, gefur ekki kost á sér til setu á Alþingi, sérstaklega með hliðsjón af því hvað öll löggjöf er orðin flókin. Þetta fólk hefur oft á tíðum mesta þekkingu, reynslu og hæfileika til að takast á við það flókna verkefni sem löggjöfin er í dag. Það er t.d. verulega flókið að átta sig á almannatryggingalögjöfinni og ég efast um að nokkur þingmaður þekki hana í hörgul. Hvernig eiga menn að taka á vandamálum öryrkja, fatlaðra og ellilífeyrisþega, þegar menn skilja ekki dæmið til hlítar? Ég tel mjög brýnt að við fáum hérna inn virkilega hæfileikaríkasta fólkið sem þjóðin hefur.

Komið hefur fram að forsrh. landsins, sem jafnframt er alþingismaður, er með allt að helmingi lægri tekjur en margir

forstjórar ríkisfyrirtækja og æðstu embættismenn og margir undirmanna hans í ráðuneytinu hafa hærri laun en hann. Menn hafa jafnvel í flimtingum að bílstjórinn hans gæti verið með hærri laun en hann vegna mikillar yfirvinnu. Þó vinnur hann ekki nema þegar forsrh. vinnur. Hinn vinnur oftar og lengur en bílstjórinn. Slík staða er illskiljanleg.

Mér finnst að forsrh. landsins eigi að vera með hærri laun en velflestir hér á landi og sambærileg laun við forstjóra stærstu fyrirtækja landsins. Hann er jú ábyrgur fyrir þjóðarskútunni.

Herra forseti. Þingfararkaupið er núna um 220 þús. kr. á mánuði. Ekki er greiddur þrettándi mánuðurinn. Hækkunin verður því 70% fyrir þá alþingismenn sem ekki sinna öðrum störfum jafnframt þingmennsku. Hækkunin verður minni hjá þeim þingmönnum sem ekki hafa haft þann kostnað sem fastar kostnaðargreiðslur, 25 þús. kr. bifreiðastyrkur og 40 þús. kr. föst kostnaðargreiðsla, eiga að dekka. Reyndar hafa ekki allir alþingismenn tekið við föstu 40 þús. kr. kostnaðargreiðslunni.

Þetta er sú hækkun sem um er að ræða. Hún virðist vera nokkuð mikil, 70% og alveg niður í 30% eða jafnvel neðar eftir því hver staða þingmanna er. Ég held að menn geti þó ekki borið þetta saman. Við erum að ákvarða laun fyrir næsta þing, og það verður ekki endilega sama fólkið.

Nokkuð er um fastar greiðslur til að mæta kostnaði. Það er eflaust mjög misjafnt eftir því hvernig alþingismenn kjósa að starfa hvernig þessar greiðslur koma út fyrir einstaka þingmenn. Sumir funda oft á tíðum með kjósendum o.s.frv. og af því er umtalsverður kostnaður. Landsbyggðarþingmenn þurfa að keyra mjög víða til að hitta kjósendur sína. En svo eru þingmenn líka að heimsækja fyrirtæki sér að kostnaðarlausu og spjalla við starfsmenn þeirra fyrirtækja. Þeir búa kannski á höfuðborgarsvæðinu og kosta því litlu til aksturs. Þannig er þetta mjög mismunandi.

Þegar við hv. þingmenn förum til útlanda fáum við 80% af dagpeningum og auk þess hótel greidd. Ég hef margoft gagnrýnt þetta og tel þær greiðslur allt of háar. Menn fá bara allt of mikla peninga þegar þeir fara til útlanda. Ég hef alltaf átt í erfiðleikum með að bóka þessar greiðslur í heimilisbókhaldinu því ekki er þetta kostnaður. Mér er lífsins ómögulegt að borða fyrir þessa peninga eða eyða þeim í leigubíla þegar ég fer til útlanda. (**Gripið fram í:** Þú ert meinlætamaður.) Þó er ég ekki meinlætamaður. Ég get ekki bókað þá sem kostnað. Nú, ekki eiga þetta að vera laun þannig að ég lendi í ákveðnum siðferðilegum vanda. Ég hef reyndar leyst hann.

Nú, svo eru greidd afnot af heimilissíma og dagblöðum og svo er okkur séð fyrir heimilistölvu auk tölvu hér á svæðinu.

Í frv. er gert ráð fyrir því að hverfa frá þessum föstu greiðslum sem eru óháðar kostnaði og taka upp greiðslur fyrir kostnað og gert er ráð fyrir því að sá kostnaður verði hreinlega gefinn upp, hann má hreinlega birta á internetinu mín vegna svo að kjósendur geti farið í gegnum það hver kostnaður þingmannsins þeirra sé. Hann verður svo að eiga það við sína kjósendur hvort þeim finnst það sanngjarnt eða ekki. Ég geri ráð fyrir því að kjósendur úti á landi taki því fagnandi ef þingmaður þeirra ákveður að hafa búsetu þeirra á meðal og þótt það leiði til kostnaðar við tvöfalt heimilishald sem að hann að sjálfsögðu fær greiddan og er færður inn á internetið. Ef þingmenn ákveða að halda fundi með sínum kjósendum með tilheyrandi kostnaði, aksturskostnaði, kostnaði við leigu á sal, kaffi og meðlæti þá mun hann þurfa að verja það fyrir sínum kjósendum og ef þeim finnst það sanngjarnt þá er þetta allt í lagi. Allt verður uppi á borðinu.

Í frv. er því gert ráð fyrir töluvert mikilli breytingu í þá veru að þingfararkaupið, laun þingmanna og allur kostnaður sem greiddur er, verði fært upp á yfirborðið þannig að hver og einn geti fylgst með því. Hins vegar er gert ráð fyrir því að laun þingmanna hækki allverulega til þess sem ég gat um áðan, að hvetja fólk til að bjóða sig fram til þings sem telur sig ekki hafa efni á því í dag.

Þeim sem finnst þessi hækkun vera mikil og þeir sem enn telja þingfararkaupið hátt eftir að búið væri að samþykkja það, eru bara boðnir fagnandi í hóp frambjóðenda til þings. Ég segi bara við þá: Þið skulið ganga í einhvern ágætan flokk sem stendur ykkur nærri, berjast þar til áhrifa og bjóða ykkur fram. Þá er virkilega kominn hvati fyrir ykkur til að láta að ykkur kveða. Og ég geri ráð fyrir því að þegar kjósendur hafa meira og ríkara mannval þá verði væntanlega betur mannað á þingi þó að ég sé ekki að segja þar með að hér sé illa mannað.

Herra forseti. Ég ætla rétt aðeins að fara í gegnum nokkrar greinar. Í 1. gr. er gert ráð fyrir því að taka út ákveðin forréttindi sem opinberir starfsmenn hafa umfram fólk á almennum vinnumarkaði, þ.e. að þeir halda starfi sínu í fimm ár, bjóði þeir sig fram til þings. Þetta gengur engan veginn. Það brýtur jafnræðisregluna að vegna þess að einhver borgari er opinber starfsmaður þá eigi hann að halda starfi sínu en allir aðrir sem bjóða sig fram halda ekki starfinu. Þetta gengur ekki. Hér er lagt til að þetta verði fellt niður. Þetta er reyndar í samræmi við tillögu sem liggur fyrir Alþingi frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, sem hann hefur þegar mælt fyrir á þskj. 43.

Í stað þessara forréttinda opinberra starfsmanna og vegna þess sem ég gat um áðan er lagt til í 5. gr. að biðlaun þingmanna verði lengd og bætt, þ.e. raunveruleg biðlaun þeirra sem ekki fá vinnu. Þeir sem fá vinnu fá að sjálfsögðu ekki biðlaun nema launin í nýju vinnunni séu lægri, þá fá þeir mismuninn greiddan.

Í 2.–4. gr. er kveðið á um endurgreiðslu kostnaðar og að endurgreiðslurnar skuli vera í samræmi við sannanlegan kostnað. Ég tel mjög eðlilegt að þegar þessi breyting hefur átt sér stað, þ.e. eftir að horfið hefur verið frá föstum greiðslum, þá verði þessi kostnaður birtur á internetinu, mín vegna, þar sem yfirleitt allt er birt, ræður þingmanna og fleira.

Gert er ráð fyrir því að þau laun sem þingmenn hafa annars staðar skerði þingfararkaupið um helming þannig að ef þingmenn starfa annars staðar eins og oft og tíðum er eðlilegt og margir kjósendur telja æskilegt, þ.e. að þingmenn séu í tengslum við atvinnulífið, þá skerðast laun þingmanna um 50% vegna þeirra tekna sem menn hafa annars staðar. Þó verði þingfararkaupið aldrei lægra en helmingur af því sem hér er gert ráð fyrir, 375 þús. Þannig er tekið á því þegar menn eru í vinnu annars staðar sem óhjákvæmilega hlýtur annaðhvort að koma niður á vinnu þeirra á þingi eða í raun vera sama starfið, þ.e. að þeir séu að sinna sömu hagsmunum. Þá er í báðum tilfellum óeðlilegt að menn njóti tvöfaldra launa og gert er ráð fyrir að þingfararkaup verði skert, eins og ég gat um áðan, um helming af því sem menn hafa fyrir þessi störf.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir því að felld verði brott sérstök heimild til að greiðsla þingfararkostnaðar sé framtalsskyld en ekki skattskyld. Það er talið eðlilegt að þingmenn falli undir skattalög eins og aðrir borgarar. Þetta er reyndar regla

sem gildir annars staðar, í fyrirtækjum t.d., ef menn bera kostnað þá geta þeir í sumum tilfellum dregið hann frá og mér finnst mjög eðlilegt að þessi regla sé bara felld niður hérna og almenn regla skattalaga gildi um þingmenn eins og aðra borgara.

Í 8. gr. er gert ráð fyrir því að breyta grundvelli lífeyrisgreiðslna án þess þó að farið sé nánar út í það að breyta lífeyrisgreiðslunum verulega. Það væri þó virkilega ástæða til, herra forseti, að taka á lífeyrisréttindum þingmanna. Gert er ráð fyrir því að þessi hækkun á grunnlaunum eða þingfararkaupi valdi ekki samsvarandi hækkun á lífeyrisgreiðslum þingmanna heldur að lífeyrisgreiðslurnar standi nánast í stað og þar af leiðandi verði rétturinn miklu minni hlutfallslega miðað við hækkað þingfararkaup eins og hér er lagt til. Það getur vel verið að eftir þessa breytingu verði réttindin minna en 10% virði af hækkuðu kaupi og þá er náttúrlega sjálfsagt mál og mjög eðlilegt að þingmenn hætti í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í sérdeild þar, og geti valið sér lífeyrissjóð af eigin vali eins og kjósendur þeirra, bara almenna lífeyrissjóði með 10% iðgjaldi og venjuleg lífeyrisréttindi. Ég hef alltaf talið mjög óeðlilegt að þingmenn séu með sérstök lífeyrisréttindi sem eru önnur og betri en kjósenda þeirra.

Herra forseti. Þessari breytingu er ætlað að taka gildi eftir næstu kosningar og enn er ekki búið að loka fyrir þátttöku í öllum prófkjörum eins og ég gat um áðan eða stilla upp listum. Því fólki sem finnst þetta há og eftirsóknarverð laun er því í lófa lagið að sækjast eftir kjöri til Alþingis og ber að fagna því ef mikið og aukið mannval býður sig fram þjóðinni til heilla. Þeir alþingismenn sem styðja þetta frv. eru ekki að skara eld að sinni köku heldur safna glóðum elds að höfði sér því að samkeppnin um þingsætin mun væntanlega stóraukast og það verður ekki eins auðvelt að komast á þing.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[16:25]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór ekki á þing til þess að verða ríkur. Ég hef hingað til talið að þetta væru spurningar um hugsjónir og það að vilja koma fram málum, hafa til þess þokkalegar aðstæður og kjör. Þegar hv. þm. segir hins vegar að samkeppnin um þingsætin muni aukast verulega ef launin hækki þá sýnist mér fara lítið fyrir því að menn hafi hugsjónir. Við þurfum að halda því betur á lofti og vita það betur frá degi til dags að við erum hér vegna hugsjóna og þess sem við viljum sjá komast í framkvæmd af framfaramálum á öllum sviðum þjóðlífsins. Það er aðalmálið.

Mig langar hins vegar til þess að spyrja hv. þm. að því hvernig hann hafi leyst þennan siðferðislega vanda í heimilisbókhaldinu sínu. Hann nefndi áðan að hann hefði fundið lausn á þessu, þetta væru ekki launagreiðslur, þetta væri ekki kostnaður, þetta væri einhvers konar afgangur. Hvernig hefur hann leyst þennan siðferðislega vanda heimilisbókhaldsins? (**Gripið fram í:** Er Pétur að ganga til skrifta hjá prestinum?)

[16:25]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega fara menn ekki á þing til að verða ríkir og ég get ekki ímyndað mér að nokkur fari á þing til að verða ríkur út af 375 þús. kr. á mánuði. Til þess gefast önnur tækifæri og betri annars staðar, t.d. á skuttogara á sjó.

Menn þurfa vissulega að hafa hugsjónir. Það er alveg hárrétt. Ég er alveg sammála hv. þm. En ef fólk hefur hreinlega ekki efni á því að fara á þing, hæfileikafólk sem er kannski með fjölskyldu og með töluvert hærri laun, þá er illa komið, sérstaklega þegar maður tekur kostnað af prófkjöri með í dæmið. Ég get ekki séð hvernig menn geta farið á þing með hugsjónir og svona kostnað við prófkjör án þess að vera einhverjum háðir sem eyðileggur hugsjónirnar þá væntanlega.

Varðandi það hvernig ég fer að þessu siðferðilega. Ég ætla ekkert að vera að upplýsa það endilega en ég hef reyndar sett peninga til hjálparstofnunar sem þessu nemur til þess að létta á þessum siðferðilega vanda mínum af því að þetta eru hvorki laun né kostnaður.

[16:26]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessar upplýsingar. Það munaði engu að hann slyppi við að skrifta opinberlega um það hvernig hann verði þessu fé. Ég fagna því að hann skuli hafa þennan háttinn á. Þetta gera ýmsir vissulega. Ég hef svo sem engu frekar við þetta að bæta en ég ítreka þetta með hugsjónirnar og ég held nú satt að segja að það sé hægt að starfa á þingi á þeim launum sem við höfum í dag. Ýmis kostnaður sem ekki er dagpeningar er hins vegar vanmetinn. Ég hef fundið það iðulega.

Ég vil svo benda hv. þm. á það líka að enginn segir að hann þurfi að eyða milljónum í prófkjör.

[16:27]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal sýnir í þessu máli eins og oft áður að hann er kjarkmaður mikill því hér hreyfir hann mjög viðkvæmu pólitísku máli sem er þeim mun viðkvæmara sem nær dregur kosningum, og sýnir e.t.v. þátttaka í umræðunni og fámenni í þingsalnum að þetta er pólitískt viðkvæmt mál og hefur löngum verið.

Ég ætla ekki að fjalla efnislega um einstakar greinar frv. en tek undir þau sjónarmið sem hv. þm. Pétur Blöndal kynnti áðan um mikilvægi þess að sem flestir úr öllum stéttum þjóðfélagsins eigi þess kost að gefa kost á sér til að starfa á Alþingi þannig að það verði ekki forréttindi eignafólks eða hinna efnameiri. Það er í rauninni grundvallaratriði fyrir lýðræðið. Ef málum er svo komið, eins og þingmaðurinn að sumu leyti vildi halda fram, að fólk veigri sér við, m.a. af efnalegum ástæðum, að gefa kost á sér til starfa hér, þá má segja að það sé tilræði við lýðræðið, ógnun við störf lýðræðisins.

Hins vegar hreyfði hv. þm. mjög mikilvægu máli, þ.e. kostnaði vegna prófkjörs. Ekki fer fram hjá neinum að um þessar mundir stendur yfir prófkjör, m.a. á Reykjanesi og hv. þm. nefndi að ætla mætti að hver og einn þátttakandi þar verði sem næmi 1–2 millj. kr. til þess. Ég er ekki frá því að sá kostnaður hljóti að vera mun hærri. Þetta er prófkjör sem virðist ætla að standa í um það bil tvo mánuði og heildarkostnaðurinn virðist ætla að hlaupa vel á annan tug millj. kr. ef ekki verða enn hærri. Hér hafa verið færð rök fyrir því að laun þingmanns standi varla undir slíkum kostnaði eða slíkum útgjöldum og þá kvikna auðvitað þær spurningar hvaðan féð komi og hver sé staða verðandi þingmanns sem í prófkjörsbaráttu neyðist til þess að leita á náðir fyrirtækja og einstaklinga um fjárhagslegan styrk til að standa undir prófkjörsbaráttu. Hver er staða frambjóðanda, ef hann nær

kjöri, þegar hann er kominn inn á þing og þarf að véla um mál sem snerta meintan styrktaraðila hans?

Segja má að þetta sé í rauninni ákveðin ógnun við lýðræðið. En ég spyr hv. þm. hvort hann sjái fyrir sér einhverja leið til að taka á slíkum vanda. Er hægt eða æskilegt að setja reglur við slíku? Ég tel að prófkjörsformið sé komið á villigötur. Það er farið að snúast of mikið um fjölmiðlamennsku, of mikið um peninga og er þar af leiðandi að mörgu leyti ógnun við lýðræðið. Hefur þingmaðurinn skoðun á þessu? Það væri gaman að heyra hana.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla um launakjör þingmanna. Það er erfitt að finna lausn á því og spurning er hvort þingmenn séu yfir höfuð færir um að fjalla um það, of málinu tengdir. Þingmönnum er það augljóslega feimnismál að ræða þetta opinberlega eins og ég gat um áðan. Þó vil ég leyfa mér að varpa fram í lokin og fá álit hv. þm. á ágætri hugmynd sem var skotið að mér, þ.e. að þingmenn beittu sér fyrir því að þeir færu á dagsbrúnartaxta.

Nú eru dagsbrúnarmenn síður en svo vel settir af sínum launum. Þau eru skammarlega lág, undir það get ég tekið. En með dagsbrúnartaxta fylgir auðvitað að honum skal framfylgt í hvívetna og hef ég grun um að laun þingmanna mundu þá a.m.k. tvöfaldast frá því sem nú er með tvöfaldri dagvinnu eða næturvinnutaxta eftir langa næturfundi, síðan hefjast þingstörf að morgni og útköll eru um helgar til að sinna ýmsum skyldum þingmanna. Ég veit ekki hvort undir það mundi falla ýmiss konar óþægindaálag og fleira í þeim dúr. Þessi hugmynd finnst mér í sjálfu sér ekkert vitlausari en hver önnur.

Ég ætla að öðru leyti ekkert að tjá mig um efnið. Það var fyrst og fremst þessi prófkjörsþáttur sem hv. þm. hreyfði við og ég hefði viljað heyra álit hans á honum.

[16:32]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason beindi til mín nokkrum spurningum varðandi prófkjör. Ég tel að prófkjör eigi mikinn rétt á sér. Það er nauðsynlegt að fá fram vilja kjósenda um uppröðun á lista flokkanna. Hins vegar hafa komið í ljós miklir vankantar í sambandi við prófkjörin. Einn aðalvankanturinn er þessi mikla auglýsingaherferð í kringum prófkjörin. Það liggur við að hægt sé að kaupa sér sæti á listum. Ef einhver kæmi til landsins, vildi eyða í það 20 millj. og byrjaði tveimur árum fyrir kosningar að vinna kerfisbundið að því að koma sér á þing, þá væri það mögulegt þótt frambjóðandinn hefði ekki þá mannkosti sem til er ætlast. Hann gæti því keypt sér atkvæði og það er mikill ókostur við prófkjörin.

Það sem hægt væri að gera er að takmarka kostnaðinn við prófkjörin og gera þann kostnað opinberan. Þetta gæti hver flokkur ákveðið fyrir sig. En á þessu er sá annmarki að kostnaðurinn er oft og tíðum falinn. Oft og tíðum getur frambjóðandinn ekki gert að því þótt eitthvert fyrirtæki úti í bæ tæki upp á því að auglýsa hann. Hann gæti reyndar bannað það en fyrirtækið sagt að honum komi það bara ekkert við og haldið áfram að auglýsa manninn.

Það eru ákveðin vandkvæði á að setja efri mörk á kostnaðinn. Ég held samt sem áður að menn ættu að taka það ráð og mér þætti ekkert óeðlilegt að menn settu efri mörk upp á 500 þús. kr. í heildarkostnað við prófkjörin og þá yrði þetta á miklu lægri nótum heldur en er í dag. Þetta gæti verið ein lausn.

Varðandi Dagsbrúnartaxtann er ég hræddur um að það verði heldur leiðigjarnt að telja mínúturnar sem þingmenn eru á fundum o.s.frv.

[16:34]

Lilja Rafney Magnúsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get að mörgu leyti tekið undir með hv. þm. Pétri Blöndal um að þingfararkaup alþingismanna eigi að vera gott. Ég tel að miðað við þá ábyrgð sem fylgir þingmannsstarfinu eigi að launa það vel. Ég mundi telja það hluta þess að auka sjálfstæði þeirra þingmanna sem kosnir eru til Alþingis að vera fjárhagslega sjálfstæðir og geta starfað eftir hugsjónum sínum og samvisku.

Það hefur alltaf farið fyrir brjóstið á mér að þingmenn geti verið í mörgum störfum samtímis og þegið laun víða á meðan. Mér finnst eðlilegt að tekið sé á þeim þætti, eins og komið er inn á í frv. til laga um breytingu á þingfararkaupi, að þingmenn geti ekki nema upp að ákveðnu marki þegið fullt þingfararkaup og kaup annars staðar í þjóðfélaginu. Það hlýtur að vera takmörkum háð hvað menn komast yfir að sinna mikilli vinnuskyldu. Ég held að í ljósi þess eigi að greiða þingmönnum gott kaup svo að þeir geti sinnt því starfi með fullum þunga. Ég tel að það sé meira en fullt starf að sinna vel því sem starfinu fylgir.

Hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á að lagaumhverfið og sú stjórnsýsla sem við búum við í dag séu orðin mjög flókin og ég tek undir það. Mér fannst á máli hans að að þeim málum ættu einungis að koma fólk sem væri mjög inni í öllum lagamálum og lögfræðiflækjum sem fylgja því að fara í gegnum ýmsa lagabálka. Ég tel hins vegar að nauðsynlegt sé að á þingi sé þverskurður þjóðarinnar og þeir sem veljist þar til starfa nýti sér þá sérfræðiþjónustu sem þar er boðið upp á og vinni úr henni sem best þeir geta en nýti sér einnig þann bakgrunn og þekkingu sem þeir hafa úr fyrra umhverfi sínu og þeir komi sem víðast að úr þjóðfélaginu svo að þetta spili sem best saman og sem flest sjónarmið fái notið sín á Alþingi. Mörgum þykir einmitt vanta að sem flest sjónarmið komist inn á þing og fjallað sé um mál af sanngirni og réttsýni. Ég tel að það styrki lýðræðið og geri þingmenn sjálfstæða og óháða utanaðkomandi þrýstingi að hafa gott þingfararkaup.

Ég vil lýsa áhyggjum mínum af þróun prófkjörsmála eins og aðrir þingmenn. Ég tel að þau mál, eins og þau hafa þróast undanfarnar vikur, séu að fara út í algert öefni. Upphæðirnar þarna á bak við eru svo háar að það nær ekki nokkurri átt. Það þarf einhvern veginn að grípa þarna inn í, hvort sem það verða flokkarnir sjálfir eða aðrir sem móta þar reglur svo þetta fari ekki úr böndum eða að Alþingi fjalli um hvernig standa skuli að prófkjörum. Ég vil ekki sjá að á Alþingi sé hægt að segja að viðkomandi hv. þm. sé kostaður af einhverju fyrirtæki. Þess verður kannski ekki langt að bíða ef þessi þróun heldur áfram með þeim miklu fjármunum sem í spilinu eru. Menn berjast um að koma sér á framfæri með öllum tiltækum ráðum í fjölmiðlum landsins í dag. Það eru auðvitað ekki allir samkeppnisfærir í þeim mikla slag og geta aldrei orðið. Ég held að við viljum sjá alþingismenn sem hafa hugsjónir og telja sig hafa eitthvað til málanna að leggja en ekki aðeins að þeir hafi greiðan aðgang að fjármagni til að koma sér inn á hv. Alþingi. Ég tel þetta sé mjög hættuleg þróun og skoða þurfi þau mál í fullri alvöru.

Ég get tekið undir það að þó að kaup sé mjög misjafnt í landinu og verkafólk í landinu sé á allt of lágum launum,

þá tel ég eðlilegt að þeir sem gegna jafnábyrgðarmiklum störfum og þingmenn hafi góð laun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–14. og 24.–25. mál.

Fundi slitið kl. 16:41.

24. FUNDUR

mánudaginn 16. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, stjfrv., 199. mál, þskj. 217. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Náttúrufræðistofnun Íslands, stjfrv., 205. mál, þskj. 223. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Bann við kynferðislegri áreitni, frv., 24. mál, þskj. 24. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Húsnæðissparnaðarreikningar, frv., 61. mál, þskj. 61. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Siglingalög, frv., 80. mál, þskj. 80. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vinnuumhverfi sjómanna, þáltill., 81. mál, þskj. 81. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Vinnumarkaðsaðgerðir, frv., 85. mál, þskj. 85. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, þáltill., 86. mál, þskj. 86. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Átak til að draga úr reykingum kvenna, þáltill., 95. mál, þskj. 95. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, þáltill., 98. mál, þskj. 98. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Jafnræði kynja við fjárveitingar til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfs, þáltill., 193. mál, þskj. 209. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Stofnun þjóðbúningaráðs, þáltill., 203. mál, þskj. 221. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Smásala á tóbaki, þáltill., 206. mál, þskj. 224. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Tóbaksverð og vísitala, þáltill., 207. mál, þskj. 225. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 110. mál, þskj. 110, nál. 226. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
17. Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, stjfrv., 107. mál, þskj. 107, nál. 261. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
18. Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, stjfrv., 108. mál, þskj. 108, nál. 260. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
19. Þriggja fasa rafmagn, þáltill., 204. mál, þskj. 222. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
20. Hvalveiðar, þáltill., 92. mál, þskj. 92. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
21. Úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
22. Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, þáltill., 100. mál, þskj. 100. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
23. Þingfararkaup, frv., 104. mál, þskj. 104. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
24. Tollalög, frv., 143. mál, þskj. 143. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
25. Skaðabótalög, stjfrv., 183. mál, þskj. 199. — 1. umr.
26. Vegabréf, stjfrv., 231. mál, þskj. 258. — 1. umr.
27. Embættiskostnaður sóknarpresta, stjfrv., 232. mál, þskj. 259. — 1. umr.
28. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 233. mál, þskj. 262. — 1. umr.
29. Hjúskaparlög, frv., 180. mál, þskj. 196. — 1. umr.
30. Staðfest samvist, frv., 212. mál, þskj. 234. — 1. umr.
31. Orkusjóður, stjfrv., 225. mál, þskj. 252. — 1. umr.
32. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, stjfrv., 229. mál, þskj. 256. — 1. umr.
33. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 223. mál, þskj. 250. — 1. umr.
34. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 224. mál, þskj. 251. — 1. umr.
35. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 226. mál, þskj. 253. — 1. umr.
36. Gjaldþrotaskipti, frv., 96. mál, þskj. 96. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Kræklingarækt, 241. mál, þáltill. ÓHann og GuðjG, þskj. 272.

Rekstrarkostnaður Pósts og síma, 144. mál, svar samgrh., þskj. 264.

Samskipti á neytendavörumarkaði, 243. mál, fsp. TIO, þskj. 275.

Upplýsingar úr sjúkraskrám, 244. mál, fsp. TIO, þskj. 276.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Efnahagsráðstafanir í kjölfar haustskýrslu Seðlabankans.

[15:05]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. forsrh., sem er yfirmaður efnahagsmála ríkisstjórnarinnar, hvort og til hvaða efnahagsráðstafana ríkisstjórn hans hyggist grípa til í tilefni af haustskýrslu Seðlabankans. Skýrslan var birt í síðustu viku og þar koma fram fjölmörg varnaðarorð sem brýnt er að bregðast við.

Í fyrsta lagi telur bankinn að mikill og vaxandi viðskiptahalli sé alvarlegasti veikleiki í þjóðarbúinu. Hann stefnir í 40 milljarða og er þetta mesti halli í 15 ár.

Í öðru lagi er bent á að hagvöxtur er keyrður áfram af einkaneyslu og skuldir heimilanna hafa hækkað um 43 milljarða á þessu ári.

Í þriðja lagi er ónógur sparnaður og verður hann við sögulegt lágmark á þessu og næsta ári.

Í fjórða lagi er mikill vöxtur útlána bankakerfisins sérstakt áhyggjuefni Seðlabankans vegna hættu á verðbólgu og aukins viðskiptahalla.

Í fimmta lagi er hækkandi raungengi farið að þrengja að ýmsum atvinnuvegum.

Það er því ljóst, herra forseti, að staðan er hættulegri en áður var talið. Ég benti á sömu atriði og Seðlabankinn gerir nú í umræðu um fjárlagafrv. Ytri aðstæður eins og hátt verð á sjávarvörum erlendis og lágt heimsmarkaðsverð á olíu hafa stuðlað að hinni kröftugu uppsveiflu en þar geta hlutir fljótt breyst. Seðlabankinn segir því að dragi ekki úr viðskiptahallanum á næstunni geti það grafið undan fastgengisstefnunni og langtímastöðugleika. Ef til vill ætlar stjórnin að láta kyrrt liggja fram yfir kosningar. Það væri hins vegar að mínu mati óábyrgt og verðbólgueldurinn sem kraumar í hagkerfinu getur hvenær sem er orðið að báli ef haldið er áfram með lausatök á efnahagsstjórninni við þessar aðstæður. Í nágrannalöndunum hefðu viðvaranir seðlabanka kallað á viðbrögð og aðgerðir og því er spurning mín til hæstv. forsrh.: Hyggst ríkisstjórn hans grípa til sérstakra ráðstafana í efnahagsmálum í kjölfar varnaðarorða Seðlabanka Íslands í haustskýrslu hans?

[15:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel ekki að haustskýrsla Seðlabankans sem slík kalli á sérstakar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins. Ég tel augljóst að sú efnahagsstefna sem ríkisstjórnin hefur fylgt og lýsir sér m.a. í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar og í aðgerðum til að hvetja til aukins sparnaðar í landinu sé mjög til þess fallin að halda í horfi og tryggja áframhaldandi efnahagsstöðugleika í landinu. Við vissum að viðskiptahallinn á þessu ári yrði mikill. Við vissum líka að að verulegum hluta er hann byggður á miklum fjárfestingum sem eiga sér stað í landinu, fjárfestingum sem síðar munu skila sér í auknum tekjum. Við vitum að vísu líka að hluti hans er byggður á verulega mikilli neyslu sem kemur í kjölfar þess að þjóðin hefur búið við kyrrstöðu og þegar vænkast hagur í efnahagsmálum er ekkert óeðlilegt þó að slíkur kippur eigi sér stað. Við vitum líka að allir helstu sérfræðingar spá því að úr þessum viðskiptahalla muni draga.

Eitt er ég þó sannfærður um að sá hv. þm. sem kom hér upp áðan hefur hvergi komið nálægt því að semja frægan málefnasamning vinstri flokkanna vegna þess að allt sem þar var gert gekk í þveröfuga átt við það sem ég er að lýsa núna og stefndi að algerri sprengingu eins og menn vita í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég býst því við að hv. þm. hafi liðið illa meðan einhverjir settust niður og settu saman slíkan samsetning eins og þar var kynntur.

[15:09]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég verð að lýsa yfir sérstökum vonbrigðum með svör hæstv. forsrh. Það fór að vísu eins og ég hélt að forsrh. mundi láta sér þessi varnaðarorð í léttu rúmi liggja og halda sig við efnahagsstefnuna sem kynnt var í haust. Það er einmitt það sem ég er að reyna að draga fram. Seðlabankinn kemst að svipaðri niðurstöðu og ég og aðrir hafa gert, að hér eru mjög alvarleg hættumerki í efnahagsstjórninni í samfélaginu og taka þarf á þeim. Það er alvarlegt þegar viðskiptahalli er mestur í 15 ára sögu og mjög alvarlegt þegar sparnaður er í sögulegu lágmarki.

Hæstv. forsrh. ypptir öxlum og vill ekkert gera. Það lýsir efnahagsstefnu hans að láta reka á reiðanum eins og hann gerir vegna þess að ytri aðstæður hafa markað þessa uppsveiflu og það kemur einnig fram í skýrslu Seðlabankans. Það er ekki hægt, herra forseti, að mínu mati að tala jafnábyrgðarlaust um efnahagsmál og hæstv. forsrh. gerir. Þetta mundi ekki þekkjast í nágrannalöndunum að farið yrði með opinberar aðvaranir á þennan hátt. Ég get fullvissað hæstv. forsrh. um það að í málefnaskrá samfylkingarinnar stendur að ríkissjóður skuli rekinn hallalaus og stefnt skuli að stöðugleika í hagkerfinu.

[15:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef ekki séð þennan nýja en sá gamli er nú alþekktur og menn vita hvernig ... (**ÁE:** Hvenær sagði ég það?) Sá gamli er alþekktur og menn vita hvernig hann stóð. Hann varð þó ekki nema tveggja mánaða gamall og einhverjir hafa komið að því að semja hann. En meginatriðin hjá Seðlabankanum og Þjóðhagsstofnun lúta að því að varlega sé farið í ríkisfjármálum og það er það sem verið er að gera. Ég á því von á að sjá stjórnarandstöðuna flytja tillögur um mikinn sparnað og niðurskurð í heilbrigðis- og félagslegri þjónustu og húsnæðisþjónustu til að fylgja eftir umvöndunarorðum hv. þm. Ég mun fylgjast spenntur með þeim tilþrifum öllum.

Framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll.

[15:11]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. samgrh. vegna Reykjavíkurflugvallar.

Eins og kunnugt er fara yfir 400 þúsund farþegar um Reykjavíkurflugvöll á hverju ári og vegna hagstæðra flugfargjalda að undanförnu hefur farþegum heldur fjölgað. Aðbúnaður farþega er hins vegar heldur bágborinn en það sem er alvarlegast í þessu máli snýr að öryggismálum Reykjavíkurflugvallar. Í mörg ár hefur legið ljóst fyrir alvarlegt ástand flugbrauta. Flugbrautarljós eru frá seinni heimsstyrjöldinni og í miklum vatnsveðrum er völlurinn varasamur bæði við flugtak og lendingu. Það hefur verið ætlan ríkisstjórnar og samgrh. að taka á þessu máli. Hvað líður þeirri ætlan? Hvenær verður hafist handa við uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar?

[15:12]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því hvernig hægt væri að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll. Það mál er í lokavinnslu hjá Flugmálastjórn og ég geri mér vonir um að tillögur flugmálastjóra geti legið fyrir annaðhvort í þessari viku eða hinni næstu.

[15:13]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka þetta stutta svar. Ég vona að jafnstutt sé í framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll og svar samgrh. var. Ég skil það svo að það liggi nokkuð ljóst fyrir með fjármögnun, hvernig verði farið með þau mál.

Ég lít þá líka svo á að snemma á næsta ári verði hafist handa við Reykjavíkurflugvöll. Ég vona að skilningur minn sé réttur. Ef svo er ekki vænti ég þess að hæstv. samgrh. leiðrétti mig.

[15:14]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það liggur ekki fyrir hvenær hafist verður handa um verkið. Enn er undirbúningi þess ekki lokið. Það þarf að ganga frá skipulagi og útboðum og þar fram eftir

götunum en eins og ég sagði munu tillögur flugmálastjóra liggja fyrir í þessari viku eða hinni næstu.

Sjávarútvegsnám.

[15:14]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í Útveginum, fréttabréfi LÍÚ, frá því í október er viðtal við hæstv. forsrh. þar sem hann víkur m.a. að menntunarmálum sjávarútvegsins. Þar segir hann hugmyndir um frekari uppbyggingu á þessu sviði á Akureyri koma vel til greina, hrósar árangri Háskólans á Akureyri og Verkmenntaskólans fyrir árangur í kennslu á sviði sjávarútvegsins og tengir þann árangur, sem orðið hefur af náminu fyrir norðan, beint við byggðamálin, enda gengi það að beina allri þessari starfsemi hingað suður þvert á allar þær hugmyndir sem menn hafa haft um byggðamálin almennt. Hann telur að Akureyri hljóti að eiga mikla möguleika núna varðandi frekari kennslu í sjávarútvegsfræðum þegar verið er að endurmeta þetta nám í framhaldi af breyttum lögum um framhaldsskóla.

En hver eru viðhorf hæstv. menntmrh.? Er hann sammála hæstv. forsrh. um eflingu sjávarútvegsnámsins við Verkmenntaskólann á Akureyri? Væri ákvörðun um að áfram yrði boðið upp á skipstjórnarnám á Norðurlandi ekki liður í slíkri eflingu? Þetta eru spurningar mínar því að það hefur legið í loftinu að allt fagnám á skipstjórnarsviði yrði flutt til Reykjavíkur þegar menn verða aftur teknir inn í slíkt nám. Allt óöryggi í þessum efnum grefur undan. Það væri því farsælt fyrir uppbyggingu sjávarútvegsnámsins úti á landi og í leiðinni góð byggðastefna ef ráðherrann treysti sér til að lýsa því yfir að hann hygðist beina skipstjórnarnáminu áfram í þá skóla þar sem það hefur verið og verið með jafnmiklum ágætum og hæstv. forsrh. greinir frá í áðurnefndu viðtali.

[15:16]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi sjávarútvegsnámið og sérstaklega skipstjórnarnámið er verið að hefja framkvæmd á nýjum sjávarútvegsbrautum. En því miður verður að segja þá sögu eins og er að ekki voru eins margir innritaðir á þær brautir í haust og við væntum og innritunin var mest í Reykjavík. Það fer að sjálfsögðu eftir áhuga nemendanna hvernig unnt er að skipuleggja námið. En ég hef einnig orðið var við að Landssamband ísl. útvegsmanna og útvegsmenn hafa ályktað um menntamál greinar sinnar. Þessi samtök hafa lýst því yfir að þau vilja mjög auka afskipti sín af rekstri skóla á þessu sviði. Ég vænti þess að þau muni einnig kynna mér hugmyndir sínar.

Góð sátt var um inntak sjávarútvegsbrautarinnar og þær leiðir sem farnar voru til þess að kynna hana í sjö framhaldsskólum á landinu. Ég hef alls ekki útilokað að frekara nám og fagnám fari fram á fleiri stöðum en í Reykjavík. Það liggur alveg ljóst fyrir af minni hálfu að það á að skoða í hverju tilviki fyrir sig. Eins og hv. fyrirspyrjandi veit er nú um þrjá skóla núna að ræða, það er í Vestmannaeyjum, í Reykjavík og á Dalvík. Þessi mál þarf auðvitað að skoða í ljósi þeirrar þróunar sem verður og það á ekki að útiloka neinn skóla í þessu tilliti.

Ef það er svo að útvegsmenn vilja koma frekar að skólarekstrinum erum við líka reiðubúnir til að ræða um það mál við þá og alla sem starfa í þessum greinum en það var góð sátt um sjávarútvegsbrautina og það var góð sátt um að tilboð um inngöngu á hana yrði í sjö skólum. En eins og hv. fyrirspyrjandi veit og hefur spurt mig um skriflega var innritunin mjög misjöfn eftir skólum.

[15:18]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég lét þess getið að allt óöryggi grefur undan og þess vegna væri æskilegt að fram færi stefnumótun af hálfu menntmrn. hvað þetta varðar en ekki væri beðið eftir því hvort útvegsmenn vilja hugsanlega taka forustu í þessum málum.

Ég er reyndar sammála hæstv. menntmrh. um að það væri mjög gott ef þeir létu meira í sér heyra og væru með ákveðnar hugmyndir en það kemur ekki í staðinn fyrir þá stefnumótun sem menn vilja sjá og þá ákvarðanatöku sem getur, ef hæstv. menntmrh. vill, breytt áherslum þannig að menn sækist frekar eftir því námi sem boðið er upp á ef þeir vita að þeir geta lokið því í þeim skóla sem þeir hefja það. Það er alveg ljóst ef menn eru ekki vissir um að geta lokið náminu þar sem þeir hefja það þá sækja þeir síður um það. Það held ég, herra forseti, að hafi orðið örlög sjávarútvegsbrautanna nýju víða. Menn vissu því miður að það lá ekki fyrir að þeir gætu lokið náminu í viðkomandi skóla og drógu þess vegna við sig að sækja um.

[15:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Sjávarútvegsbrautirnar eru nú skipulagðar sem tveggja ára nám og síðan bætist þriðja og fjórða árið við. Verið er að vinna að námskrám um þriðja og fjórða árið eins og ég tel víst að hv. fyrirspyrjandi þekki. Þegar þær tillögur liggja fyrir eru menn betur í stakk búnir til að taka ákvarðanir um það hvernig staðið verði að náminu.

Einnig er stefnt að því að búa þannig um hnútana að þetta nám verði engin blindgata heldur geti menn haldið áfram að því loknu upp á háskólastig ef þeir svo kjósa. Það er því verið að gjörbreyta þessu námi og síðan er sérstakt ákvörðunaratriði hvar námið á að vera. Það fer að sjálfsögðu eftir nemendafjöldanum og ef nemendur eru svo fáir að ekki er möguleiki að halda skólann annars staðar en á einum stað á landinu þá verða menn að horfa á það. Hvort það verður í Reykjavík eða annars staðar er svo sjálfstætt ákvörðunarmál.

Staða íslenskrar tungu í fjölmiðlum.

[15:21]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Nemendur í hagnýtri fjölmiðlun við Háskóla Íslands gerðu fyrir skömmu könnun á málfari í nokkrum útvarpsstöðvum. Þeir hafa kynnt fyrstu niðurstöðurnar úr þessari könnun. Þær sýndu að tími talaðs máls var stuttur og að íslenskukunnátta eða málfar sumra flytjenda var langt frá því að vera til fyrirmyndar þann tíma sem hlustað var.

Fjölmiðlarnir, sérstaklega útvarp og sjónvarp, hafa hvað sterkust áhrif á þróun íslenskrar tungu. Því er mikilvægt að þeir sem koma þar fram, og þá sérstaklega starfsmenn fjölmiðlanna, séu meðvitaðir um stöðu sína gagnvart íslenskri málþróun og að áhrifin séu mest á málfar ungs fólks, bæði hvað varðar að festa í sessi hreinar málvillur, framburð eða erlendar slettur og slanguryrði.

Á degi íslenskrar tungu er því við hæfi að spyrja hæstv. menntmrh.:

Hyggst menntmrh. beita sér fyrir átaki til að bæta stöðu íslenskrar tungu í fjölmiðlum?

[15:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessa fsp. Ég var á málræktarþingi sl. laugardag og hlýddi á kynningu á þessari könnun og niðurstöðum hennar. Að vísu var tekið fram af kynnendum að það væru miklir fyrirvarar um að þessi könnun gæfi rétta mynd af því sem er í fjölmiðlunum, miðað við hvernig að könnuninni var staðið. En þau dæmi sem voru tekin sýndu að vissulega er þörf á því að gera átak til þess að bæta meðferð íslenskrar tungu í talmiðlum, eins og menn vilja gjarnan kalla ljósvakamiðlana og kom fram á þessu málræktarþingi að eðlilegt væri að tala um talmiðla þegar menn fjalla um hljóðvarp og sjónvarp.

Til hvaða úrræða er best að grípa til gagnráðstafana og tryggja að menn vandi málfar sitt í þessum miðlum er ekki auðvelt að sjá í fljótu bragði. En ég er viss um að í þeim miðlum þar sem metnaður er til þess að starfsmennirnir vandi íslenska tungu er hægt að gera verulegt átak með því að hrinda slíkum vilja fram í skipulagðri starfsmannastefnu.

Einnig kom fram á málræktarþinginu að mikill munur er eftir því hvort um er að ræða viðmælendur í þáttum eða stjórnendur þátta og það er vafalaust mjög erfitt að setja reglur um viðmælendur í þáttum, að þeir gangist undir íslenskupróf eða sýni hæfni sína í íslensku áður en þeir fara í þessa talmiðla. En það þarf að gera lágmarkskröfu til starfsmanna á þessum miðlum að þeir kunni íslensku og fari með íslensku og noti íslensku í störfum sínum með þeim hætti að öllum sé skiljanlegt því að það kom einnig fram að margt af því sem talað væri í sumum þessara miðla væri þess eðlis að mjög erfitt væri að skilja hvað fólk væri að fara þegar það segði þar hluti sem ættu að vera til kynningar á einhverju efni.

[15:24]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Í svörum hans kemur fram að hann hefur fylgst með þessu máli og gerir sér grein fyrir því að hér þarf úrbóta við. Ég vænti þess að það verði þá skoðað eða lagst yfir það hvernig megi fara í eitthvert átak. Það mætti t.d. hvetja fyrirtæki til að setja sér þau markmið að gerðar séu kröfur um að viðkomandi hafi vald á íslenskri tungu og hafi jafnvel einhver ákveðin próf. Rétt eins og fyrirtæki setja sér jafnréttismarkmið ætti að vera hægt að setja þessi markmið.

Það er líka hægt að standa fyrir reglulegri úttekt svipaðri þeirri sem nemendur í hagnýtri fjölmiðlun gerðu svo hægt sé að fylgjast með stöðu ljósvakamiðlanna og grípa inn í ef málfar fer úr öllum böndum. Það er alveg rétt, það er ekki alltaf hægt að skilja það sem starfsmennirnir eru að koma frá sér. Það er óskýrt og erfitt fyrir fullorðið fólk að greina hvað sagt er.

En ekki má heldur gleyma því að áhrif enskrar tungu eru mikil og hennar gætir mest hjá unglingum og ungu fólki sem hlustar hvað mest á hinar svokölluðu síbyljustöðvar, enska söngtexta og netið.

[15:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Sjálfsagt er að kanna þetta og vafalaust geta nemendur í hagnýtri fjölmiðlun lagt sitt af mörkum til þess að fylgja rannsókn sinni eftir. Útvarpsréttarnefnd, sem stóð að málræktarþinginu með Íslenskri málnefnd á laugardaginn, mun vafalaust taka þennan þátt til skoðunar þegar hún metur störf sín þegar fram líða stundir. Ég á von á því að menn muni einnig ræða þetta á hinu háa Alþingi þegar frv. til nýrra útvarpslaga kemur til umræðu og menn skoða þau ákvæði sem þar er að finna um eflingu íslenskrar tungu í öllum útvarpsstöðvum. Sjálfur starfaði ég á fjölmiðli þar sem menn gátu ekki fengið vinnu nema ganga undir próf í íslensku og höfðu einnig sýnt vissa grunnþekkingu á íslensku samfélagi. Ég veit að hjá sumum útvarpsstöðvum gilda þær reglur að menn eru ráðnir eftir að hafa gengist undir slík próf.

En það er mikilvægt að við höldum vöku okkar í þessu efni og sérstaklega vil ég vekja athygli á því nú á degi íslenskrar tungu að í öllum grunnskólum landsins er nú lögð meiri áhersla en áður á upplestur og hið talaða mál og einmitt í dag mun hefjast ný lestrarkeppni í öllum grunnskólum landsins sem hvetur til þess að menn vandi sig í hinu talaða máli.

Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, frh. 1. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Náttúrufræðistofnun Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 205. mál. — Þskj. 223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Bann við kynferðislegri áreitni, frh. 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 24. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frh. 1. umr.

Frv. TIO og JónK, 61. mál (heildarlög). — Þskj. 61.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Siglingalög, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 80. mál (sjópróf). — Þskj. 80.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vinnuumhverfi sjómanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 81. mál. — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vinnumarkaðsaðgerðir, frh. 1. umr.

Frv. KÁ og ÖJ, 85. mál (kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir). — Þskj. 85.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 86. mál. — Þskj. 86.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Átak til að draga úr reykingum kvenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 95. mál. — Þskj. 95.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ, 98. mál. — Þskj. 98.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Jafnræði kynja við fjárveitingar til æskulýðs-, tómstunda- og íþróttastarfs, frh. fyrri umr.

Þáltill. BG og GGuðbj, 193. mál. — Þskj. 209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Stofnun þjóðbúningaráðs, frh. fyrri umr.

Þáltill. DH og StB, 203. mál. — Þskj. 221.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Smásala á tóbaki, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 206. mál. — Þskj. 224.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Tóbaksverð og vísitala, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 207. mál. — Þskj. 225.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 110. mál (verðjöfnunargjald af kindakjöti o.fl.). — Þskj. 110, nál. 226.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 107. mál. — Þskj. 107, nál. 261.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 108. mál (úthlutun sérstakra dráttarréttinda). — Þskj. 108, nál. 260.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Þriggja fasa rafmagn, frh. fyrri umr.

Þáltill. DH o.fl., 204. mál. — Þskj. 222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Hvalveiðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 92. mál. — Þskj. 92.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Úttekt á útlánatöpum Landsbankans og Búnaðarbankans, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS og ÁRJ, 8. mál. — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 100. mál. — Þskj. 100.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Þingfararkaup, frh. 1. umr.

Frv. PHB og ÁRÁ, 104. mál (laun, endurgreiðsla kostnaðar o.fl.). — Þskj. 104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Frv. GÁ o.fl., 143. mál (aðaltollhafnir). — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skaðabótalög, 1. umr.

Stjfrv., 183. mál. — Þskj. 199.

[15:46]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á skaðabótalögum. Frv. þetta felur í sér allnokkrar breytingar á lögunum en endurskoðun þeirra á sér nokkurn aðdraganda eins og kunnugt er.

Skaðabótalögin eru frá árinu 1993 og var markmiðið með þeirri lagasetningu að endurbæta reglur um ákvörðun bóta fyrir tjón á mönnum, þar á meðal tjón vegna missis framfæranda. Einnig miðuðu lögin að því að færa reglur um tengsl skaðabótaréttar og annarra bótaúrræða til nútímahorfs. Þá gerðu lögin dómstólum kleift að taka eðlilegt tillit til hagsmuna þeirra sem valda tjóni eða bera skaðabótaábyrgð af öðrum ástæðum.

Í tilefni gagnrýni á reiknireglur skaðabótalaganna skipaði ég nefnd í febrúarmánuði 1994 til að taka saman rökstutt álit á því hvort margföldunarstuðull í 1. mgr. 6. gr. laganna leiddi til þess að fullar bætur fengjust ekki fyrir fjárhagslegt tjón vegna varanlegrar örorku. Í nefndinni áttu sæti Gestur Jónsson hrl., Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari, og Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari. Meiri

hluti nefndarinnar lagði til að margfeldisstuðull þessi yrði hækkaður úr 7,5 í 10. Einnig lagði meiri hluti nefndarinnar til að lágmark miskastigs í 2. mgr. 8. gr. yrði hækkað úr 10% í 15% svo þeir sem hefðu engar eða takmarkaðar vinnutekjur ættu frekari rétt á bótum. Þessar tillögur leiddu ekki til breytinga á skaðabótalögunum á sínum tíma.

Í tilefni af dómi Hæstaréttar 30. mars 1995 fól allshn. Alþingis Gesti Jónssyni og Gunnlaugi Claessen að taka á ný upp athugunina frá árinu 1994 með það að markmiði að kanna margfeldisstuðul 1. mgr. 6. gr. laganna í ljósi dóms Hæstaréttar og yfirfara önnur ákvæði laganna. Með álitsgerð Gests og Gunnlaugs frá 10. nóvember 1995 fylgdi frv. til laga um breytingar á skaðabótalögunum. Frv. varð ekki að lögum en með lögum nr. 42/1996 var stuðullinn í 1. mgr. 6. gr. laganna hækkaður í 10, auk þess sem gerðar voru breytingar á 8. gr. laganna. Þá var bætt við lögin ákvæði til bráðabirgða. Með því var dómsmrh. falið að skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga auk þess sem lagt var fyrir ráðherra að skila Alþingi frv. til breytinga á lögum eigi síðar en í október 1997. Í samræmi við þetta var skipuð nefnd til að endurskoða lögin. Í henni áttu sæti hæstaréttarlögmennirnir Gestur Jónsson og Sigrún Guðmundsdóttir og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, en hann var formaður nefndarinnar.

Með lögum nr. 149/1997 var frestur til að leggja frv. fram á Alþingi framlengdur til októbermánaðar á þessu ári. Tilefnið var að nefndin sem vann að endurskoðun laganna taldi skorta fullnægjandi upplýsingar um tjónakostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna eftir gildistöku skaðabótalaga, en þær upplýsingar eru forsenda þess að unnt sé að meta áhrif tillagna nefndarinnar á iðgjöld bifreiðatrygginga. Nefndin skilaði dómsmrn. tillögum sínum 16. september sl. Komst hún ekki að einróma niðurstöðu og er frv. það sem hér liggur fyrir reist á áliti meiri hluta nefndarinnar en að því standa Gestur Jónsson og Guðmundur Jónsson. Sigrún Guðmundsdóttir skilaði séráliti og er það birt sem fskj. með frv.

Í áliti meiri hluta nefndarinnar kemur fram að ekki hafi tekist að afla viðhlítandi upplýsinga frá tryggingafélögum til að mat verði lagt á iðgjaldaþörf bifreiðatrygginga. Þetta tel ég hins vegar ekki skipta höfuðmáli um framvindu frv. enda verða skaðabótalög að tryggja að tjónþoli fái fullar bætur án tillits til þeirra áhrifa sem það kann að hafa á tryggingaiðgjöld.

Eins og ég hef rakið er frv. reist á tillögum meiri hluta nefndar sérfræðinga sem hafði með höndum lögskipaða endurskoðun skaðabótalaganna. Í nefndinni fór fram mikið og vandað starf og eru tillögur nefndarinnar ítarlegar og vel rökstuddar. Það er mikilvægt í ljósi þess að hér er á ferðinni þýðingarmikið mál sem bæði er flókið og viðkvæmt. Almennt má segja að frv. feli í sér þá breytingu á skaðabótalögum að við útreikning bóta er frekari áhersla lögð á einstaklingsbundna þætti í stað þess að staðla bætur.

Nú mun ég í einstökum atriðum gera grein fyrir helstu tillögunum í frv. Lagt er til að horfið verði frá þeirri tilhögun skaðabótalaganna að hafa einn og sama margfeldisstuðulinn sem háður er breytingum til lækkunar frá 26 ára aldri tjónþola. Þess í stað er lagður til samfelldur margfeldisstuðull fyrir alla mannsævina sem lækkar með hækkandi aldri. Þetta miðar að því að bætur fyrir fjárhagslegt tjón verði sanngjarnari án þess að fórnað sé þeirri einföldun bótaákvarðana sem fólst í setningu skaðabótalaga. Í athugasemdum við 5. gr. frv. eru ræddar ítarlega þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar við útreikning margföldunarstuðulsins og leyfi ég mér að vísa til þeirra.

Í frv. er gert ráð fyrir að miðað verði við fjárhagslegt örorkumat fyrir alla tjónþola en ekki einvörðungu þá sem nýta vinnugetu sína til að afla tekna. Þannig verður horfið frá því fyrirkomulagi að greiða bætur sem leiddar eru af mati á læknisfræðilegri örorku til þeirra sem hafa litlar eða engar tekjur, eins og almennt á við um börn, námsmenn og þá sem eru heimavinnandi. Skipting tjónþola í tvær fylkingar þar sem mismunandi aðferðum er beitt við útreikning bóta getur valdið misræmi og afmörkunarvanda. Óeðlilegt er að vinnutekjur sem maður hefur aflað sér geti valdið því að bætur lækki miðað við að þessara tekna hefði ekki verið aflað. Til að ráða bót á þessu og samræma aðferðir við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku er lagt til að lögfest verði 1,2 millj. kr. lágmarksviðmiðun árslauna og að sú fjárhæð hækki miðað við grunnvísitölu skaðabótalaga.

Með frv. er lagt til breyta reglum um frádrátt frá skaðabótum vegna greiðslu frá þriðja manni, svo sem almannatryggingum eða lífeyrissjóði. Í gildandi lögum tekur margfeldisstuðull laganna mið af því að tjónþoli haldi óskertum bótum þrátt fyrir greiðslur af þessu tagi. Sá margfeldisstuðull sem lagður er til með þessu frv. er hins vegar annars eðlis og miðast við að tekjutap vegna varanlegrar örorku verði að fullu bætt. Því er lagt til að félagslegar greiðslur til tjónþola verði dregnar frá bótum. Þetta tekur til bóta úr almannatryggingum og þess hluta örorkulífeyrisins sem svarar til iðgjaldagreiðslu vinnuveitanda, að teknu tilliti til greiðslu skatta af lífeyri.

Af ákvæðum frv. leiðir að bótaréttur vegna varanlegrar örorku til þeirra sem eru 70 ára og eldri verður rýmkaður. Þannig er lagt til að margföldunarstuðull og lágmarkslaun sem lögð eru til grundvallar við útreikning bóta gildi til 75 ára aldurs. Þá er lagt til að ákvæði um að miskabætur greiðist ekki ef miskastig nær ekki 5% verði fellt niður. Þetta ákvæði hefur verið gagnrýnt með þeim rökum að lágmarkið leiði til þess að raunverulegur, varanlegur miski fáist ekki bættur, eða að minni miski en 5% sé metinn of hátt svo bætur falli ekki niður með öllu.

Loks er með frv. lagt til að verulegar breytingar verði gerðar á gildandi reglum um örorkunefnd sem starfar samkvæmt lögunum. Ákvæði frv. miða að því að létta stigvaxandi álagi af nefndinni sem leitt hefur til óviðunandi tafa á afgreiðslu mála. Til að ná þessu markmiði er lagt til að horfið verði frá því að mestu að láta nefndina meta örorku og miskastig á fyrsta stigi. Þess í stað er gert ráð fyrir að málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegs álits um örorku- og miskastig og þá læknisfræðilegu þætti sem meta þarf. Þau álit geti síðan hvor málsaðila borið undir örorkunefnd sem verður þá málsaðili á síðara stigi. Má gera ráð fyrir að til nefndarinnar verði skotið þeim málum sem á einhvern hátt eru sérstök eða fordæmisskapandi.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá allshn.

[15:55]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er fram komið. Eftir því hefur lengi verið beðið og menn vita að það hefur tekið mjög langan tíma að undirbúa heildarendurskoðun á skaðabótalögunum eða allt frá árinu 1993. Hér er vissulega

flókið og vandasamt mál á ferðinni, hér er kannski um flóknasta svið lögfræðinnar að ræða, skaðabótaréttinn, og málið því ekki einfalt.

Auðvitað er grundvallaratriði eins og hæstv. ráðherra kom inn á, og það tek ég svo sannarlega undir, að tjónþolar fái sanngjarnar og eðlilegar bætur. Kannski voru á sínum tíma skiptar skoðanir um hvort svo væri. Deildar meiningar voru t.d. um ákvörðun lágmarkslauna til viðmiðunar við bótaútreikning og um afmörkun bótaréttar við aldur fyrir varanlega örorku. Eins var álitamál hvort sú viðmiðun sem notuð var um framtíðartekjur og útreikning bóta þar að lútandi viðhéldi launamisrétti kynjanna. Jafnframt töldu menn athugunarefni hvort tillögurnar mundu leiða til ofbóta í ákveðnum tilvikum. Auk þessa voru skiptar skoðanir um við hvaða ávöxtun ætti að miða glataðar framtíðartekjur við líkamstjón. Síðast en ekki síst var deilt um áhrif aukins bótaréttar á iðgjöld tryggingganna.

Ég held að þetta séu höfuðatriðin sem allshn. fjallaði um á sínum tíma. Af þessu er ljóst að málið var ekki einfalt viðfangs og allshn. þurfti því að viðhafa nokkuð óvanaleg vinnubrögð við meðferð þessa frv. þegar það kom fram á sínum tíma. Ein meginbreytingin sem gerð var 1996 fól í sér að margföldunarstuðullinn var hækkaður og lágmark miskastigs var lækkað úr 15 í 10% sem vissulega voru breytingar til bóta.

Mér hefur ekki, herra forseti, unnist tími til að fara yfir þær breytingar sem frv. þetta felur í sér frá því við fjölluðum síðast um þetta mál eða hvernig tekið hefur verið á þeim ágreiningsatriðum sem uppi voru á sínum tíma. Ég vil því í megindráttum geyma mér að láta uppi skoðanir mínar á því þar til síðar. Ég á sæti í allshn. sem fær málið til umfjöllunar og m.a. er ljóst að mjög vel þarf að kynna sér álit nefndarinnar sem greinilega var ekki einróma í sinni afstöðu. Einn af þremur nefndarmönnum skilaði séráliti sem hæstv. ráðherra fór nú ekki yfir. Ég hef ekki haft tíma til að kynna mér það til hlítar en við snögga yfirferð á málinu virðist mér dregið úr bótarétti, a.m.k. í ákveðnum tilvikum frá því sem var í fyrra frv. Með því er ég ekki að segja að það geti ekki átt rétt á sér en auðvitað þarf að skoða það vandlega í allshn., t.d. eitt atriðið sem komið var inn á, hvort hér væri um ofbætur að ræða í ákveðnum tilvikum.

Það er vissulega rétt að meginatriðið er að tjónþolar fái sanngjarnar og eðlilegar bætur en áður en Alþingi afgreiðir málið verður að skoða vandlega hvaða áhrif megi ætla að aukinn bótaréttur hafi á iðgjaldagreiðslur. Mér fannst, herra forseti, hæstv. dómsmrh. skauta nokkuð léttilega yfir það og ekki hafa tiltakanlega miklar áhyggjur af áhrifum ákvæðanna, sem vissulega eru réttarbætur, á iðgjaldagreiðslurnar. Það var einmitt eitt þeirra atriða sem við fórum mjög ítarlega yfir í nefndinni og hefur valdið miklum deilum milli tryggingafélaganna og Vátryggingaeftirlitsins og m.a. orsakað þann mikla drátt sem orðið hefur á framlagningu þessa frv. Því hafði ég nú ætlað að hæstv. dómsmrh. mundi gera þessu betur skil í framsögu. Ef það er rétt eins og fram hefur komið, t.d. í meðförum nefndarinnar, og það var þá auðvitað miðað við bótaréttinn eins og hann var þá í frv., að þetta orsakaði um 30–50% hækkun á iðgjöldum tryggingganna þá erum við að tala um veruleg útgjöld fyrir heimilin. Ég hefði haldið, herra forseti, að það væri varla forsvaranlegt fyrir þingið að afgreiða málið án þess að þingið hefði a.m.k. einhverjar hugmyndir um áhrif þessa á iðgjaldagreiðslurnar

Ég vil t.d. rifja upp að 1996, þegar frv. um þetta efni var lagt fyrir Alþingi, treysti allshn. sér ekki til að afgreiða málið þar sem ýmsar forsendur lágu ekki fyrir til að taka afstöðu til þess, eins og hvaða áhrif breyttur bótaréttur hefði á iðgjöld tryggingafélaganna. Upplýsingar sem fram komu í nefndinni voru vægast sagt mjög misvísandi, annars vegar frá tryggingafélögunum og hins vegar frá Vátryggingaeftirlitinu um áhrif á tjónakostnað bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna, og töldu t.d. tryggingafélögin að þær breytingar sem þá lágu fyrir mundu leiða til 50% hækkunar á iðgjöldum. Aftur á móti hélt Vátryggingaeftirlitið því fram að ekki væri þörf á neinni verulegri hækkun á iðgjöldum. Menn sjá því á þessu hvað menn greindi mikið á um iðgjöldin.

Mikið var fjallað um bótasjóðina, svo ég rifji það upp, þ.e. bótastjóði tryggingafélaganna, en á þeim tíma var áætlað að um 11 milljarðar væru í bótasjóðunum. Tryggingafélögin héldu því fram að þeir 11 milljarðar sem voru í sjóðunum væru eingöngu skuldbindingar vegna tjóna sem ekki væri búið að ganga frá en Vátryggingaeftirlitið hélt því aftur á móti fram að a.m.k. 3–4 milljarðar væru í þessum bótasjóðum sem hægt væri að nýta til að mæta kostnaði sem hlytist af tillögum sem lágu fyrir um breytingu á skaðabótalögum. Menn deildu því ekki einungis um áhrifin, hvort þau yrðu nokkur, veruleg, lítil eða mjög mikil á iðgjöldin heldur hvort einhver verulegur afgangur væri í bótasjóðum tryggingafélaganna til þess að standa undir þessum breytingum og aukna rétti. Ég hef ekki lesið frv. ítarlega og vel má vera að eitthvað sé um þetta að finna í greinargerðinni. Ég veit ekki til þess að við séum nokkru nær núna tveimur árum seinna en við vorum í allshn. á sínum tíma þegar við fjölluðum mikið um þetta mál og áttum marga og ítarlega fundi með fulltrúum tryggingafélaganna og Vátryggingaeftirlitsins. Og það er mjög miður ef svo væri.

Mér finnst að hæstv. dómsmrh. hefði átt að eyða nokkrum orðum í þetta sem er kannski ein meginástæða þess að málið hefur tafist allan þennan tíma. Þetta sýnir ljóslega hve vandi allshn. var mikill á sínum tíma og hve nauðsynlegt var að greiða úr þessu máli og fá réttar forsendur til að hægt væri að leiða málið farsællega til lykta á Alþingi.

Þessi ágreiningur varð til þess að allshn. lagði til að skipuð yrði nefnd til að skoða tiltekin atriði sem ágreiningur var um. Þetta er vissulega ekki eini ágreiningurinn eða eina deiluefnið og fór ég yfir það í upphafi máls míns. Nefndin átti að ljúka störfum 1997, en þá átti málið að koma aftur til þingsins. Nefndinni sem ráðherra skipaði tókst ekki að ljúka málinu vegna tregðu tryggingafélaganna til að veita henni nauðsynlegar upplýsingar sem hún gæti byggt niðurstöðu sína á, m.a. um það hvort nauðsynlegt væri að hækka iðgjöldin hjá tryggingafélögunum vegna breyttra bótagreiðslna.

Hæstv. dómsmrh. lagði því fyrir Alþingi frv. þess efnis að nefndin fengi enn ársfrest til þess að ljúka málinu. Við meðferð þess frv. í allshn. lýsti endurskoðunarnefndin því yfir að fengi hún þær upplýsingar frá nefndinni sem hún var að kalla eftir frá tryggingafélögunum til þess að geta haft einhverjar forsendur til að meta iðgjöldin, gæti hún á stuttum tíma lokið sínu verki. En málin fóru á þann veg að bæði hæstv. dómsmrh. og hæstv. viðskrh. þurftu að blanda sér í málið til þess að fá Vátryggingaeftirlitið og tryggingafélögin til að veita umbeðnar upplýsingar. En allt virðist hafa komið fyrir ekki, ef marka má það sem fram kemur í grg. með þessu frv.

Ég sagði á sínum tíma þegar við ræddum þetta á síðasta þingi, að niðurstaðan sem fékkst í því máli, jafnvel eftir að

hæstv. dómsmrh. og hæstv. viðskrh. blönduðu sér í málið, að ég teldi málið enn mjög óljóst og misvísandi og alls óvíst hvort tryggt væri að endurskoðunarnefndin fengi umbeðnar upplýsingar til að geta lagt mat á iðgjaldaþátt þessara breytinga. Einmitt þess vegna, og ég held að það sé ástæða til þess að rifja það upp, lagði ég til í allshn. og við umræðu um þetta mál að vegna tregðu tryggingafélaganna til að veita upplýsingar, tregðu Vátryggingaeftirlitsins til samvinnu um málið og til að afla þeirra upplýsinga sem endurskoðunarnefndin taldi nauðsynlegar, að réttast væri að kallaður yrði til óháður aðili, t.d. tryggingasérfræðingur, til þess að fara ofan í málin og að hann fengi tilskilin umboð og leyfi til að kafa ofan í málið til að endurskoðunarnefndin gæti lokið sinni vinnu og fengið þær upplýsingar sem hún þyrfti til þess.

Nú er komið í ljós, herra forseti, að þær viðvaranir sem ég setti fram í því efni og ótti minn um að nefndin mundi ekki fá þessar upplýsingar virðist hafa verið á rökum reistur og vil ég vísa í bls. 21 í frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Að mati frumvarpshöfunda hefur ekki tekist að fá fram svör við þeim spurningum sem nefndin leitaði svara við, að þær upplýsingar sem að framan eru raktar nægi ekki til þess að álykta um iðgjaldaþörf bifreiðatrygginganna eftir setningu skaðabótalaganna. Niðurstaðan er því að ekki sé unnt að veita svar við því erindi allsherjarnefndar Alþingis."

Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. dómsmrh. eða ríkisstjórnin í heild sem stendur að þessu frv. telji ásættanlegt að Alþingi afgreiði málið, sem örugglega er til bóta og beðið hefur verið eftir eins og ég sagði, án þess að vita hvort það leiði til kannski 30–50% hækkunar á iðgjöldum bifreiðatrygginga vegna þess að það er verulega þungur baggi fyrir ýmis heimili. Ég skal aftur undirstrika, og vona að menn misskilji það ekki, að ég tel bótaréttinn, alveg eins og hæstv. dómsmrh., vera aðalatriðið í þessu máli. En hitt skiptir auðvitað miklu máli líka.

Ég verð því að lýsa, herra forseti, miklum vonbrigðum mínum með að við séum samkvæmt þessu litlu nær um áhrif breytingar á skaðabótalögunum á iðgjaldagreiðslur og vil lýsa raunverulega furðu minni á að ekki sé hægt að ná þessu fram. En það virðist vera, a.m.k. í mínum huga og mér fannst líka í hugum nefndarmanna í allshn., að tiltölulega auðvelt ætti að vera að afla þeirra upplýsinga sem nefndarmenn báðu um. Maður veltir því fyrir sér af hverju tryggingafélögin eru svona treg til þess að veita þessar upplýsingar. Hvað býr að baki því að tryggingafélögin eru svona treg til þess?

Það sem um var beðið var að yfirfara rúmlega 900 slysamál sem urðu á árinu 1993 og Samband ísl. tryggingafélaga byggði mat sitt á um rúmlega 30% hækkun á iðgjöldum vegna breytinga á skaðabótalögunum, en niðurstaða í langflestum þessara liðlega 900 mála liggur nú fyrir samkvæmt því sem hér kemur fram. Af hverju er það svona mikið verk að fara yfir þessi 900 mál aftur þegar þau liggja nú fyrir? Af hverju má ekki fara ofan í þau? Það vekur ákveðna tortryggni, herra forseti.

Það skulu vera mín lokaorð að mér finnst það varla boðlegt eftir alla þessa töf á málinu að ekki liggi fyrir upplýsingar um þessi áhrif á iðgjaldagreiðslurnar sem ég hef hér gert að umtalsefni og að Alþingi skuli eftir þennan tíma vera litlu nær um þörfina. Ég spyr um þetta, herra forseti, af því mér finnst þetta mikilvægur þáttur. Allshn. fer yfirleitt vel yfir þau mál sem hún fær til meðferðar og vinnur sína vinnu samviskusamlega og því veit ég af vinnu minni í allshn. á undanförnum árum og við umfjöllun um þetta mál að allir nefndarmenn voru sammála — ég gat ekki heyrt annað en að stjórnarliðar í nefndinni væru líka sammála um það — um að þessi hlið á málinu, þó hún væri vissulega ekki aðalatriðið, skipti máli og væri nauðsynleg til þess að hv. allshn. gæti glöggvað sig á málinu. Þess vegna lagði allshn. til á sínum tíma þá málsmeðferð sem viðhöfð hefur verið í þessu efni allt frá 1996.

Ég vil í lokin, herra forseti, spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann telji forsvaranlegt að afgreiða málið frá Alþingi án þess að áhrifin á iðgjaldagreiðslur liggi fyrir. Og ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann muni leggja nefndinni það lið sem þarf til þess að afla þessara upplýsinga þannig að nefndin geti lagt mat á málið í heild sinni út frá eðlilegum forsendum, t.d. ef nefndin telur nauðsynlegt að fá óháðan aðila eins og tryggingasérfræðing til að fara ofan í málið meðan það er til meðferðar í allshn. Hvaða leið telur hæstv. ráðherra að sé fær til þess að allshn. geti metið áhrifin af þessum breytingum um hækkun á iðgjöldum af ökutækjatrygginga sem á sínum tíma voru metin 30–50% eftir því hvaða forsendur voru notaðar, sem vel má vera að hækki verulega eða lækki, væntanlega lækki, miðað við þær nýju breytingar sem hér eru lagðar til?

Herra forseti. Þetta er vel meint af minni hálfu. Ég er einungis að kalla eftir tilstyrk hæstv. dómsmrh. til þess að hv. allshn. þingsins geti lokið vinnu við málið á eðlilegan og sómasamlegan hátt. Ég vil leggja mitt af mörkum til þess að þetta mál geti náð fram að ganga sem fyrst og orðið að lögum fyrir jól, eins og ég veit að hæstv. dómsmrh. stefnir að, en til þess tel ég að við þurfum alla aðstoð sem við getum fengið frá hæstv. dómsmrh.

[16:11]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem svar við þeirri fyrirspurn sem hv. þm. bar fram þá get ég sagt að ráðuneytið mun fyrir sitt leyti reyna að greiða fyrir því að allar þær upplýsingar sem kostur er að afla verði lagðar fyrir nefndina. Að vísu heyra tryggingafélögin og málefni þeirra ekki undir ráðuneytið en það breytir ekki hinu að ráðuneytið mun kappkosta að greiða fyrir því að nefndin fái þær upplýsingar sem hún telur þörf á að hafa við hendina þegar ákvarðanir verða teknar. Það breytir ekki hinu að hér er um alveg tvö aðskilin mál að ræða, annars vegar skaðabótaréttinn sjálfan og hins vegar hvort breytingar á honum leiða til breytinga á iðgjöldum tryggingafélaga. Sú meginbreyting varð með setningu skaðabótalaganna að verið var að færa í settar réttarreglur ákvæði um það hvernig fara ætti með bótaréttinn og um leið var reynt að koma á einfaldari framkvæmd til þess að koma til móts við sjónarmið bótaþeganna. En það er, bæði fyrir og eftir setningu skaðabótalaganna meginsjónarmiðið, sem ég held að allir hljóti að vera sammála um, að það á undir öllum kringumstæðum að bæta tjónþola það tjón sem hann hefur orðið fyrir, hvorki meira né minna. Og einhver aðstaða tryggingafélaga getur aldrei breytt því meginmarkmiði. Menn hljóta að sníða ákvæði skaðabótaréttarins eftir þessu eina markmiði og þar getur ekkert annað haft áhrif.

Hér var um flókið verk að ræða af því að um leið og verið var að lögfesta reglurnar var verið að einfalda þær, en hér er um tvo óskylda hluti að ræða. Ég skil hins vegar mætavel að menn vilji gjarnan hafa upplýsingar um áhrif á bótahliðina eða á iðgjaldahliðina eða þann þátt sem snýr að tryggingafélögunum. En það er allt annar handleggur og sú

aðstaða getur aldrei haft áhrif á niðurstöðu settra reglna um bótaréttinn.

[16:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur hæstv. dómsmrh. greinir ekkert á um tilgang þess að breyta skaðabótalögunum og tryggja betur skaðabótaréttinn. Ég held að það hljóti að vera alveg skýrt. Ég tel, eftir því sem hæstv. dómsmrh. segir, að hann hafi skilning á því að nefndin þurfi á þessum upplýsingum að halda til þess að geta metið heildarmyndina. Hæstv. dómsmrh. segir að hann muni leggja nefndinni það lið sem hann getur til þess að hún geti aflað sér þeirra upplýsinga.

Ég er satt að segja, herra forseti, ekkert sérstaklega bjartsýn vegna þess að við meðferð málsins á síðasta þingi — til þess að knýja Vátryggingaeftirlitið til þess að veita umbeðnar upplýsingar og það er furðulegt að Vátryggingaeftirlitið skuli ekki aðstoða stjórnvöld betur en raun ber vitni í þessu máli — þá eru kallaðir fram bæði hæstv. dómsmrh. og hæstv. viðskrh. En það virðist ekki hafa dugað nú þegar við fjöllum um málið í annað sinn. Þess vegna spurði ég, herra forseti, hæstv. dómsmrh. áðan þeirrar spurningar hvort hann telji það þá ekki rétt fyrst málin standa þannig að nefndin geti fengið sér til halds og trausts — og það á vegum ráðuneytisins af því að það er raunverulega ríkisstjórnin sem leggur málið fram sem ætti að skila þessum upplýsingum til þingsins — óháðan aðila, tryggingasérfræðing, til þess að ná fram þeim upplýsingum sem Vátryggingaeftirlitið virðist heykjast á. Ég tel að hæstv. dómsmrh. ætti að veita okkur þann atbeina að sjá til þess að óháður aðili, tryggingasérfræðingur, fari eðlilega ofan í málið. Það var raunverulega spurning mín. En ég tel að það sé borin von miðað við að tveir ráðherrar gengu í málið á síðasta þingi til þess að fá tryggingaeftirlitið og tryggingafélögin til að veita þessar upplýsingar, þá gekk það ekki betur en þetta. Bein spurning mín laut að því hvort hæstv. ráðherra væri tilbúinn til að aðstoða nefndina og að óháður sérfræðingur kæmi til liðs við okkur í þessu máli.

[16:16]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi spurningu um það hvort nefndin geti kallað til sín óháðan sérfræðing geri ég fyrir mitt leyti engar athugasemdir við það. Það er í ákvörðunarvaldi nefndarinnar.

[16:17]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég upplifi síðustu orð hæstv. ráðherra sem útúrsnúning við mál mitt vegna þess að hæstv. dómsmrh. veit nákvæmlega hvað ég er að meina með þessu. Það kom skýrt fram á síðasta þingi. Ég taldi það hafa komið skýrt fram í ræðu minni áðan og líka í andsvari. Það sem ég er að tala um var að ráðuneytið mundi sjá til þess að óháður aðili, tryggingasérfræðingur, færi ofan í þetta mál og legði mat á það sem upp á vantar og endurskoðunarnefndin kallaði eftir til þess að geta metið áhrifin af hækkun á iðgjöldum eða hvort hennar sé þörf með þessari breytingu.

Mér finnst það satt að segja, herra forseti, vera skylda framkvæmdarvaldsins að koma með málið hingað til þingsins fullbúið til þess að við getum fjallað um það og þessi hlið er vissulega mikilvæg þó hún sé ekki aðalatriðið í þessu. Þess vegna finnst mér óþarfi, herra forseti, að hæstv. ráðherra skuli nota orð sín í þessum ræðustól þess að snúa út úr málflutningi mínum af því að hæstv. ráðherra vissi nákvæmlega hvað ég var að meina. Ég óska eftir því og veit að það verður þá til þess að greiða fyrir málinu í allshn. sem ég er boðin og búin til að gera. Ég bið hæstv. ráðherra að snúa ekki út úr máli mínu en svara því bara beint hér og nú hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að slíkur tryggingasérfræðingur fengist til að fara ofan í málið með endurskoðunarnefndinni þannig að allshn. fengi þessar upplýsingar. Það er alveg ljóst að það mun greiða mjög fyrir málinu. Annars mun þetta bara lenda í karpi og þófi í nefndinni áfram á næstu fundum. Ég er alveg sannfærð um það. Þetta er fyrst og fremst sett fram af minni hálfu til þess að greiða fyrir störfum nefndarinnar.

[16:19]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við fjöllum um, eins og hefur reyndar komið fram, ákaflega flókið mál. Við erum að fjalla um bætur fyrir tjón sem menn verða fyrir. Þeim bótum má skipta í tvennt. Það eru annars vegar miskabætur sem maðurinn fær vegna alls konar röskunar á högum sínum, einnig sársauka og annað slíkt sem menn verða fyrir þegar þeir verða fyrir tjóni.

Hins vegar eru það bætur fyrir tekjutjón, þ.e. bætur fyrir þær tekjur sem falla niður vegna þess slyss eða tjóns sem maður varð fyrir. Þessu tvennu vil ég halda algerlega aðgreindu.

Herra forseti. Í svari sem ég fékk frá hæstv. forsrh. á 121. löggjafarþingi, 581. mál á þskj. 1340, kemur eftirfrandi fram:

Ég spurði um hvað maður sem er með 80 þús. kr. á mánuði fengi í bætur frá, í fyrsta lagi almannatryggingum, í öðru lagi lífeyrissjóði sínum og svo í þriðja lagi samkvæmt skaðabótalögum ef hann yrði 100% öryrki vegna slyss.

Hann fær 43.858 kr. frá SAL-sjóði í lífeyri, þ.e. rétt rúmlega helming af þeim tekjum sem hann hafði. Síðan fær hann frá Tryggingastofnun ríkisins í örorkulífeyri að teknu tilliti til lífeyrisins frá lífeyrissjóðnum 37.730. Samtals fær þessi maður sem var með 80 þús. kr. á mánuði í laun frá þessum tveimur aðilum 81.588 kr. Hann fær meiri lífeyri vegna þessa tekjutjóns en hann hafði í tekjur, hann er oftryggður. Ef sami maður hefur lent í slysi sem fellur undir ákvæði skaðabótalaganna fær hann 13,9 millj. kr. til viðbótar því að hafa hagnast á slysinu. Ef þeim bótum er dreift á starfsævina kemur það út sem 61.896 kr. á mánuði eða 75–80% þeim tekjum sem hann hafði. Samtals fær þessi maður 143.485 kr. á mánuði en hann hafði 80 þús. kr. áður. Við erum að tala um gífurlega oftryggingu þegar um er að ræða slys sem fellur undir skaðabótalögin. Þetta er samkvæmt svari forsrh. sem birtist á þskj. 1340.

Herra forseti. Menn eru alltaf að velja milli þess að hafa kerfi einföld eða flókin. Einfaldleikinn þýðir að ekki er tekið tillit til persónulegra aðstæðna nema að litlu leyti og á móti kemur að réttlætið í einhverjum skilningi missir marks. Flækingin, þ.e. að taka tillit til fleiri og fleiri þátta, gerir það að verkum að til fellur kostnaður. Það er miklu dýrara að reka mál sem tekur mjög mikið tillit til persónulegra aðstæðna. Það þarf tryggingafræðing, það þarf lögfræðing og allt kostar þetta mikið og það er spurning hvort það borgar sig. En síðan er það spurningin hvort það sem við töpum með því að hafa einfaldleikann of mikinn sé of mikið. Hér þarf að finna einhvers konar meðalhóf. Það sem mér sýnist að ráði ríkjum þegar menn sömdu núgildandi skaðabótalög er það að menn hafi hreinlega gleymt lífeyrissjóðunum og

almannatryggingum sem eru þó ekkert sérstaklega fyrirferðarlitlir aðilar, hvorki í fjárlögum né á fjármagnsmarkaði né í bótarétti og metið tjón mannsins eingöngu út frá slysinu en ekki tekið tillit til þess að slysið er bætt af þessum tveimur aðilum, meira að segja ofbætt í því tilviki sem ég nefndi. Svo eru að sjálfsögðu til dæmi um fólk sem er með hærri tekjur þar sem tjónið er ekki bætt 100% heldur kannski bara 70–80% og jafnvel neðar fyrir mjög háar tekjur.

Nú kann einhver að spyrja, herra forseti, hvort þetta sé ekki allt í lagi, að maðurinn fái þarna 145 þús. kr. á mánuði út starfsævina þar sem hann hafði 80 þús. kr. áður. Þetta sé bara ágætt fyrir þennan einstakling og hið besta mál. Því er til að svara að allt er þetta greitt einhvern veginn af einhverjum og það er greitt af almennum tryggingum í gegnum skattkerfið, af lífeyrissjóðnum gegnum iðgjöldin og af tryggingafélögunum gegnum iðgjöld þeirra sem eiga að taka mið af áhættunni, þ.e. tjóninu ef þokkaleg samkeppni ríkir á þeim markaði sem er nú verið að stefna að. Það þýðir að oftryggingin sem er allt of mikil er greidd af bíleigendum, skattgreiðendum og iðgjaldsgreiðendum í lífeyrissjóði. Það er grundvallaratriði í allri tryggingastarfsemi að menn hagnist ekki á tjóninu. Menn eiga ekki að hagnast á tjóni og það á að bæta þannig að menn séu jafnsettir eftir sem áður en ekki að þeir hagnist og helst ekki að þeir tapi heldur.

Nú er það svo að ýmis kostnaður er fólginn í því að sækja vinnu. Það eru t.d. ferðir á vinnustað. Það er fatnaður og annað slíkt sem menn þurfa að kaupa sér. Það er eitt og annað sem veldur kostnaði og svo auk þess menn sem eru heima, þeir geta hugsanlega stundum unnið eitthvað heima við en eins og ég gat um áðan getur verið heilmikill kostnaður fólginn í því að vera öryrki. Menn hafa kostnað af því. En þetta er ákaflega einstaklingsbundið og mismunandi.

Ég tel mjög brýnt, herra forseti, að menn taki tillit til allra þátta bóta. T.d. vil ég nefna vaxtabætur, húsaleigubætur og barnabætur sem eru háðar tekjum en þegar tekjurnar koma fram sem eingreiðsla samkvæmt skaðabótalögunum teljast þær væntanlega ekki sem tekjur það sem eftir er starfsævinnar þannig að þessi maður getur notið vaxtabóta, húsaleigubóta og barnabóta í auknum mæli miðað við þær tekjur sem skaðabótalögin og eingreiðslan gefa tilefni til að meta, þ.e. 143 þús. kr. Hann getur verið miklu betur settur eftir slys en fyrir að teknu tilliti til þessara atriða líka.

Herra forseti. Í frv. er gert ráð fyrir því og rökstutt þannig að 60% af bótum úr lífeyrissjóði skuli koma til frádráttar og síðan tveir þriðju af því að teknu tilliti til skattskyldu, þ.e. 40% af bótum frá lífeyrissjóði. Þetta er rökstutt þannig að atvinnurekendur greiði 6% iðgjald í lífeyrissjóð á móti 4% launþegans. Ég hef margoft bent á að ekki skiptir máli hver borgar þetta iðgjald í lífeyrissjóðinn. Það mætti hækka laun allra Íslendinga sem nemur 6% iðgjaldi atvinnurekandans og láta launþegann greiða allt iðgjaldið í lífeyrissjóðinn og allir aðilar eins settir, það breytti nákvæmlega engu. Ég skil því ekki almennilega þessa röksemdafærslu. Hugsunin er sú að allt sem er félagslega bætt eigi að koma til frádráttar en það sem ekki er félagslega bætt eigi að koma þeim til góða sem verða fyrir tjóni. Hugsunin er sú að maður sem tryggir sig prívat og persónulega eigi ekki að fá minni bætur fyrir bragðið og ég er sammála því. En menn sem tryggja sig samkvæmt lagaskyldu þar sem löggjafinn er að setja skyldu á fólk til að greiða í lífeyrissjóði til þess einmitt að létta byrðinni af ríkinu vegna þess áfalls sem menn verða fyrir vegna örorku og ef menn deyja of snemma eða þá ef menn verða mjög gamlir. Það er sett lagaskylda til þess að létta byrðinni af ríkinu. Slík lagaskylda hlýtur að koma að fullu til frádráttar í svona dæmi, þ.e. að í stað þess að taka 60% af lífeyri eða leggja til grundvallar 60% af lífeyri frá lífeyrissjóðum, eigi að taka allan lífeyri af lífeyrissjóði til frádráttar. Það á hreinlega að draga það frá tekjum mannsins áður en dæmið verður gert upp. Þá kemur í ljós hvert raunverulegt tjón mannsins er og þá er hægt að beita reglum frv. eða laganna á þennan einstakling.

Herra forseti. Þetta frv. er eins og hefur komið fram ákaflega flókið og ég skora á hv. allshn. sem fær það til umfjöllunar að skoða allt bótakerfið í heild sinni og taka sérstaklega tillit til þess að lífeyrir frá lífeyrissjóðum er lögbundinn. Þetta er aðildarskylda samkvæmt lögum og þarna getur ekki verið um frjálst val einstaklings að ræða hvort hann greiðir í lífeyrissjóð eða ekki og þess vegna er eðlilegt að sá lífeyrir sem hann fær þannig lögbundið komi að fullu til frádráttar samkvæmt þessum lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegabréf, 1. umr.

Stjfrv., 231. mál. — Þskj. 258.

[16:31]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þetta frv. felur í sér heildarendurskoðun gildandi laga um vegabréf en þau eru frá árinu 1953. Þessi endurskoðun laganna er liður í endurskipulagningu á öllu því sem lýtur að prentun og útgáfu vegabréfa. Á alþjóðavettvangi hefur verið leitað leiða til að tryggja öryggi vegabréfa en fölsun þeirra hefur verið langvarandi og sífellt vaxandi vandi. Með nýrri tækni sem felst í útgáfu vélrænt lesanlegra vegabréfa hefur tekist að auka verulega áreiðanleika þessara skilríkja. Vegabréf af þessu tagi eru nú gefin út hjá nágrannalöndum okkar og um nokkra hríð hefur verið fyrirhugað að hefja útgáfu slíkra vegabréfa hér á landi. Í dómsmrn. hefur verið unnið að undirbúningi málsins í samráði við utanrrn. og Ríkiskaup.

Með frv. er lögð til sú breyting að útgáfa vegabréfa verði í höndum ríkislögreglustjóra í stað þess að lögreglustjóri í hverju umdæmi landsins gefi út vegabréf. Til hagræðingar er hins vegar gert ráð fyrir að unnt verði að sækja um vegabréf hjá öllum lögreglustjórum og þeir sendi síðan umsóknir til ríkislögreglustjóra sem gefur út bréfin. Ástæða þess að lagt er til að útgáfa vegabréfa verði færð til ríkislögreglustjóra er að tæknibúnaður til útgáfu vélrænt lesanlegra vegabréfa er mjög dýr og af þeim sökum verður slíkum búnaði ekki komið fyrir hjá hverjum lögreglustjóra fyrir sig. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri komi upp neyðarþjónustu þannig að þessi breyting leiði ekki til vandræða fyrir ferðamenn sem skyndilega þurfa á vegabréfi að halda.

Þá er í frv. mælt fyrir um að öðrum stjórnvöldum megi fela útgáfu bráðabirgðavegabréfs og gætu slík stjórnvöld verið bæði lögreglustjórar og sendimenn Íslands erlendis.

Skv. 6. gr. frv. verður vegabréf aðeins gefið út handa einum einstaklingi þannig að felld verður niður heimild til að skrá barn í vegabréf náins aðstandanda. Í þessu felst að gefa verður út sjálfstætt vegabréf til barns án tillits til aldurs þess. Þetta er í samræmi við alþjóðleg viðhorf og stuðlar að

því að fyrirbyggja að börn verði numin á brott eða fari úr landi ásamt því foreldri sem ekki hefur forsjá barns en hefur nafn þess skráð í vegabréf sitt.

Í 4. gr. er fjallað nánar um útgáfu vegabréfa til barna undir 18 ára aldri og tekið fram að við útgáfu vegabréfs til barns skuli liggja fyrir samþykki þess eða þeirra sem fara með forsjá. Þó er gert ráð fyrir að víkja megi frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.

Þá er mælt fyrir um heimild um að afturkalla vegabréf í 7. gr. en slíka heimild er ekki að finna í gildandi lögum. Í þessu ákvæði er leitast við að skilgreina nákvæmlega hvenær heimild til afturköllunar vegabréfs er fyrir hendi.

Loks er í 8. gr. lagt til að ríkislögreglustjóri haldi skrá um öll útgefin vegabréf og þar verði einnig skráð glötuð vegabréf. Þetta felur í sér að komið verður á fót tölvufærðri skrá á landsvísu í stað þess að lögreglustjórar í hverju umdæmi haldi skrá um útgefin vegabréf. Miðlæg skrá af þessu tagi mun auðvelda alla öflun upplýsinga sem er mikilvægt með hliðsjón af samstarfi við alþjóðlegar stofnanir og önnur ríki.

Herra forseti. Ég hef þá í aðalatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

[16:34]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þetta er eitt af þeim málum sem mér sýnist við fljótlegan yfirlestur að sé til bóta. Hér er lagt til að ganga þannig frá gerð vegabréfa að þau verði öruggari og minni hætta verði á að þau verði fölsuð. Í almennum athugasemdum við lagafrv. er jafnframt vakin athygli á því að hægt sé að auka öryggið með því að taka upp þessa vélrænu skráningu, þetta muni síðan stuðla að hraðari afgreiðslu farþega í vegabréfaskoðun o.s.frv. Almennt séð finnst manni þetta því allt stefna í rétta átt og auki öryggi varðandi þessa þætti.

Að vísu vakna spurningar hjá okkur sem höfum efasemdir um Schengen-samkomulagið sem felur í sér afnám vegabréfaeftirlits. Maður veltir fyrir sér hversu brýnt þetta sé í ljósi þess að Schengen stefnir að því að menn geti ferðast innan Schengen-svæðisins án þess að hafa vegabréf. En látum það liggja milli hluta. Það er ekki aðalástæða þess að ég kveð mér hér hljóðs um þetta mál, heldur hitt að mér finnst þurfa að vekja athygli á fylgifiskum þessa frv.

Frv. mun hafa það í för með sér að vegabréf verða aðeins gefin út á einum stað á Íslandi, þ.e. hjá ríkislögreglustjóra. Sýslumannsembættin, lögreglustjóraembættið í Reykjavík og sýslumannsembættin úti á landi, munu ekki lengur hafa heimild til að gefa út vegabréf. Þetta ásamt ákaflega mörgu öðru verður til þess að draga úr þjónustu við borgarana úti á landi. Það að sækja um vegabréf er að vísu ekki daglegur gjörningur hjá fólki og sem betur fer er það ákaflega sjaldgæft að menn þurfi að sækja um vegabréf. Engu að síður er þetta einn af þeim litlu þáttum sem alltaf hefur gert það eftirsóknarvert að búa úti á landi, þ.e. að geta átt þægileg og persónuleg samskipti við opinberar stofnanir. Með þessu frv. er einn þessara þátta að hverfa. Til lengri tíma litið veikir þetta fremur sýslumannsembættin. Þeim verkefnum sem sýslumannsembættunum hefur verið falið fram undir þetta mun fækka en hins vegar fjölga hjá ríkislögreglustjóra sem við vitum öll að er staðsettur á Reykjavíkursvæðinu.

Ég ætla ekki að andmæla frv. almennt á þessum forsendum. Mér virðast mjög gild rök fyrir því að breyta vegabréfaútgáfu eins og hér er lagt til. Margvísleg rök eru tíunduð í athugasemdunum eins og ég nefndi og það kom fram í máli hæstv. dómsmrh. Ég geri engan ágreining um það. Ég velti hins vegar fyrir mér er hvort ekki væri unnt að ætla ríkislögreglustjóra að sjá svo um að hluti af þessari starfsemi fari ekki endilega fram hjá embætti ríkislögreglustjórans í Kópavogi?

Í fyrsta lagi er ljóst að þessi tilhögun krefst einhvers konar framleiðsludeildar. Einhver mun þurfa að nýta hina nýju tækni sem innleiða á á grundvelli lagasetningarinnar, líta til með tækjum og annast framleiðslu vegabréfanna. Þarna verður væntanlega starfrækt einhvers konar prentsmiðja eða útgáfustarfsemi. Ég vil því spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann sjái nokkuð því til fyrirstöðu á grundvelli þessara laga að frá því verði gengið að þessi framleiðslustarfsemi fari ekki endilega fram á höfuðborgarsvæðinu, heldur t.d. hjá einhverju af sýslumannsembættunum úti á landi. Þar er víða ágæt starfsaðstaða fyrir hendi og þar væri hægt að nýta fjárfestingu og mannafla miklu betur með auknum verkefnum.

Af hreinni tilviljun detta mér t.d. í hug tvö sýslumannsembætti sem hentuðu býsna vel, þ.e. Hólmavík og Patreksfjörður þar sem daglegar samgöngur eru við höfuðborgarsvæðið þar sem mannfjöldinn býr og auðvelt er að tryggja að framleiðsla á vegabréfum berist til Reykjavíkur eða hvert á land annað sem menn kysu að fá vegabréfin sín afhent.

Ég held nauðsynlegt sé að fitja upp á þessum hugmyndum þrátt fyrir að hæstv. ráðherrar hafi annan ásetning. Það hefur alltaf verið þannig að starfsemin hefur tilhneigingu til að togast í eina átt. Þetta mál er auðvitað ákaflega smátt í sniðum. Það mun ekki valda byggðaröskun. Fólk mun ekki taka ákvörðun um að flytja af Vestfjörðum, Norðurlandi, Suðurlandi eða öðrum stöðum vegna þess að þar sé ekki lengur hægt að fá útgefið vegabréf. En eitt með öðru er þetta liður í að breyta því þjónustumunstri sem til staðar hefur verið. Ég tel því mjög mikilvægt að við skoðum þessa þætti í því ljósi.

Hér á að taka ákvörðun um að tiltekinni atvinnustarfsemi sem falist hefur í gerð vegabréfa á sýslumannskontórunum, stimplun þeirra og útgáfu, ljúki hér með og verði komið fyrir hjá ríkislögreglustjóra. Því vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki eðlilegt í ljósi þess að nútímafjarskipti, nútímasamgöngur og nútímapóstþjónusta bjóða upp á þá möguleika, að sérhæfð framleiðslustarfsemi af þessu tagi verði vistuð annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vek athygli á því að í þessu plaggi er vikið að því, t.d. í athugasemdum við 2. gr., og gert ráð fyrir að um sé að ræða rafrænt samskiptaform milli ríkislögreglustjóra og annarra sem um þetta mál þurfa að véla. Það er því gert ráð fyrir að nýta alla nútímasamskiptatækni, fjarskiptatækni, til að vinna þessi störf og það er vissulega vel. Okkur er það öllum ljóst að einmitt þessi tækni gerir það að verkum að möguleikarnir til að staðsetja atvinnustarfsemi víðar um landið en áður eru margfalt meiri. Mér finnst að hér sé um að ræða spennandi valkost sem skoða mætti sérstaklega til að færa störf út á land, til að tryggja og nýta betur fjárfestingu og mannafla á landsbyggðinni og senda þau skilaboð út á land að hið opinbera vilji láta atvinnustarfsemi fara fram víðar en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem því verður við komið.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins vekja máls á þessu í tengslum við málið sem hér er til umræðu. Ég ítreka að hér er ekki um að ræða stórt mál, það veldur ekki straumhvörfum í þjónustustigi á landsbyggðinni en mér finnst eðlilegt að menn haldi vöku sinni varðandi þetta í umræðunni. Ég tel

að fjalla þurfi um þessa hlið ekki síður en aðrar þegar þetta mál verður kemur til hv. allshn. A.m.k. vil ég gjarnan að þau skilaboð komist í gegnum þessa umræðu til allshn. Alþingis að þessi þáttur verði alveg sérstaklega skoðaður.

Ég hef að vísu þá reynslu, að sé ekki gengið frá málum fullkomlega strax við lagasetningu, endi þjónustustarfsemi af þessu taginu yfirleitt alltaf á einum og sama stað, helst sem mest í nágrenni við póstnúmer 101 í Reykjavík. Mér finnst að hv. allshn. þurfi sérstaklega að fara ofan í málið og kynna sér gaumgæfilega. Örugglega koma þær viðbárur einhvers staðar frá að þetta sé allt ómögulegt vegna þess að fjöldinn búi hér. Þá minni ég á að í frv. er gert ráð fyrir því að nýta nútímafjarskiptatækni og ég vek athygli á þeim algeru umbreytingum og umskiptum sem hafa orðið t.d. í póstsamgöngum í landinu. Sú breyting auðveldar mönnum að fá afgreidd vegabréf, þ.e. því má koma þannig fyrir að póstur berist á einum degi milli fjarlægustu landshluta. Ég vek athygli á því að almenna reglan er sú að menn þurfa að bíða nokkuð eftir vegabréfaútgáfu, nokkra daga ef ég man rétt, þannig að staðsetning tæknibúnaðarins og framleiðsludeildarinnar mundi væntanlega ekki hafa mikla röskun í för með sér fyrir þá sem sæktu um ný vegabréf. Fyrst og fremst væri framleiðslan á einum stað og vegabréfin yrðu síðan send til viðtakanda. Ég hygg að auðvelt væri að tryggja ekki lakari þjónustu með slíkri starfsemi á landsbyggðinni en með því að staðsetja hana á höfuðborgarsvæðinu.

[16:44]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna ræðu hv. 1. þm. Vestf. vil ég segja, sem reyndar kom fram í máli hans, að gert er ráð fyrir því að menn geti sótt um vegabréf hjá næsta sýslumanni. Að þessu leyti er ekki verið að raska á neinn hátt þeirri þjónustu sem menn hafa í dag þó að sjálf útgáfa vegabréfanna verði færð til ríkislögreglustjóra.

Varðandi hugmynd hv. þm. að staðsetja hugsanlega þann hluta af starfsemi ríkislögreglustjóraembættisins annars staðar en í Kópavogi þá finnst mér mjög eðlilegt, eins og hv. þm. lagði til, að hv. allshn. skoði þá hugmynd og fari yfir hana. Ég tel að að gefnu þessu tilefni sé bæði rétt og eðlilegt að svo verði gert og það verði þá einfaldlega metið.

[16:46]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hæstv. dómsmrh. vakti athygli á að gert er ráð fyrir því að menn geti sótt um vegabréf hjá sýslumannsembættum eftir sem áður. Afgreiðslan fer síðan fram hjá ríkislögreglustjóra eftir reglum sem nánar er kveðið á um í frv.

Ég vil hins vegar sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að menn skoði það í hv. allshn. hvort möguleiki sé á því að staðsetja framleiðslu á vegabréfum annars staðar en hjá ríkislögreglustjóra í Kópavogi. Ég held að hér hafi verið sýnt fram á að auðvelt er að koma þessu við. Þetta er ekki, eins og ég sagði áðan, eitt af stóru málum þingsins, þetta er ekki eitt af átakamálunum og mun ekki skipta sköpum í stjórnmálaumræðunni. En þetta er eitt af þeim litlu málum sem getur skipt dálitlu og getur haft pínulitla þýðingu og gæti orðið til þess að efla tiltekin sýslumannsembætti sem til að mynda tækju þetta að sér og þá atvinnustarfsemi sem er til staðar á litlum stöðum og sem munar satt að segja mjög mikið um. Eitt og eitt slíkt sérhæft starf getur styrkt verulega atvinnustarfsemi á viðkomandi stöðum þar sem um fá slík störf er að ræða. Ég fagna því mjög yfirlýsingu hæstv. ráðherra og vænti þess að hv. allshn. Alþingis taki vel í þessa hugmynd.

[16:47]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér hafa menn skipst á skoðunum um ný vegabréf. Allt er þetta nokkuð gott. En annað mál er það sem snýr að fólki sem þarf að endurnýja vegabréfin sín. Nú er þess sérstaklega getið að ekki megi setja nöfn barna inn í þau vegabréf sem foreldrar bera með sér. Af því leiðir að gefa verður út fleiri vegabréf þannig að dýrara verður fyrir fjölskyldur að fá vegabréfin. Aukin heldur eru menn að tala um að rétt væri að framleiða þau í dreifbýlinu sem þýðir aukinn kostnað vegna sendinga á vegabréfum til framleiðsluaðila.

Ég skil hv. þm. Einar K. Guðfinnsson mjög vel að vilja efla atvinnu í hinni dreifðu byggð en ég get hins vegar ekki tekið undir það í þessu tilfelli. Það hlýtur að hafa aukinn kostnað í för með sér ef framleiðsla vegabréfa verður gerð einhvers staðar úti á landi þar sem mikill sendingarkostnaður hlýtur að koma til ofan á þann kostnað eins og ég gat um áðan sem verður hjá hverri fjölskyldu þegar hver og einn einstaklingur þarf að hafa sitt vegabréf. Það er því talsvert til margra átta að líta þegar frágangur laga um vegabréf verður allur.

[16:49]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að menn ættu aðeins að reyna að átta sig á hagstærðunum í þessu máli. Hvað ætli það mundi kosta að setja eitt lítið umslag utan um vegabréf og hvað ætli sendingarkostnaðurinn yrði mikill? Ef ég man rétt kostar frímerki utan á umslag 35 kr. Ég á ekki von á því að það mundi kollvarpa fjárhag heimilanna í landinu. Mér finnst því afar ólíklegt að það eitt og sér mundi tefja fyrir eða gæti verið almenn viðbára ef menn eru að velta því fyrir sér að koma þessari litlu framleiðslustarfsemi fyrir úti á landi. Fyrir utan það að ég geri ráð fyrir að fólk úti á landi fari einhvern tíma til útlanda og þurfi því að fá vegabréf og þyrfti þess vegna að borga þennan gríðarlega kostnað, 35 kr. fyrir að fá þetta í pósti. Ég held að þetta sé ekki viðbára sem menn geti komið með. Það geta verið einhver önnur rök og þá skulum við bara ræða þau. En ég held að öll rök önnur mæli með því að slík framleiðslustarfsemi geti farið fram hvar sem er á landinu í ljósi nútímapóstsamgangna sem hafa verið að breytast mjög mikið á undanförnum árum og tryggja það að til og frá flestum stöðum berst póstur nú daglega og tekur um það bil sólarhring að berast á milli fjarlægustu landshluta.

[16:50]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem þingmaðurinn kom inn á er auðvitað rétt. Þetta eru ekki stór peningaútlát. En það getur kannski eitt og annað fylgt þessu, t.d. tafir vegna veðurs og annað sem gæti torveldað slíkar boðleiðir.

Ég er hins vegar ekki að horfa á þetta, en eins og ég gat um áðan safnast þetta þegar saman kemur ef menn ætla að fara þær leiðir að framleiða öll vegabréf Reykvíkinga t.d. á Patreksfirði.

Í annan stað vildi ég einnig geta þess að tækninni fleygir það ört fram að ekki líður á löngu þar til fleiri vélar verða komnar út í hinar dreifðu byggðir þar sem menn geta þá bara gengið inn til sýslumanns eða lögreglustjóra viðkomandi staðar og sótt vegabréf án þess að leita þurfi hingað suður

eða Reykvíkingar þurfi að leita til Patreksfjarðar.

[16:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst ekki hægt að láta hv. 1. þm. Vestf. einan um að halda uppi þeirri málsvörn sem hann gerir fyrir að hægt væri að dreifa atvinnustarfsemi um landið og einnig þeirri sem er á vegum hins opinbera. Ég hafði ekki skoðað þetta frv. mjög vandlega fyrr en í dag undir umræðunni og mér datt fyrst í hug þegar ég sá frv. til laga um vegabréf þau vandræði sem hafa verið á undanförnum missirum við að fá yfir höfuð vegabréf. Mér skilst að að einhverju leyti hafi það stafað af því að skortur hafi verið á eyðublöðum eða formum undir þau fyrirbæri og á sjálfsagt að bæta úr því í leiðinni.

Varðandi rafræn eða rafrænt lesanleg vegabréf þá er það lengi búið að vera á dagskrá. Það kann vel að vera að af tæknilegum ástæðum í þessu tilviki sé heppilegt og hagstætt að færa þessa útgáfu sem slíka, hina fýsísku útgáfu saman á einn stað. Ég ætla ekki að andmæla því. Ég þekki ekki nógu vel til málsins til að fullyrða neitt um það.

En hitt vil ég segja að það var þarft hjá hv. 1. þm. Vestf. að vekja máls á þessu því það er akkúrat þetta sem er að gerast á svo fjölmörgum sviðum, hægt og hljótt og enginn tekur eftir því. Fyrir dyrum stendur umræða hér á morgun um byggðamál og mér segir svo hugur að í ræðustólinn muni geysast hver skörungurinn á fætur öðrum, ekki síst úr stjórnarliðinu, og tala fjálglega um hin göfugu og háleitu markmið ríkisstjórnarinnar hvað varðar byggð í landinu og ekki vantar skýrslurnar og markmiðin. En hvað er að gerast á þessu ári? Það stefnir í að um þrjú þúsund manns flytji af landsbyggðinni til Reykjavíkur og það er m.a. vegna þess að á fjölmörgum sviðum sambærilegum við þetta eru að gerast smávægilegar breytingar þar sem straumurinn er yfirleitt allur í eina átt. Það er orðin sjálfvirk vanahugsun að þegar verið er að breyta einhverju fyrirkomulagi, stokka eitthvað upp, þá sé best að sameina allt í Reykjavík sem áður var kannski boðið upp á vítt og breitt um landið.

Ég ætla að nefna annað lítið dæmi sem er mjög hliðstætt þessu. Í fyrra kom frv. til efh.- og viðskn. um breytingar í skattamálum þar sem átti að fela ríkisskattstjóra einum alla álagningu vörugjalda, færa þá starfsemi af skattstjóraumdæmunum úti um landið alla til Reykjavíkur. Það var sömuleiðis ekkert stórmál. Það var samt talsvert meira í ársverkum eða umsvifum en þetta vegabréfamál en það var algerlega hliðstætt að þessu leyti út frá þeirri sjálfvirku vanahugsun að einfaldast væri að safna þessu öllu saman í Reykjavík og helst hjá einhverjum ríkisskattstjóra, ríkistollstjóra, ríkislögreglustjóra eða ríkisvegabréfastjóra eða hvað það nú heitir og þá er þetta gert si svona. Ef menn spyrna aldrei við fótum sígur þetta hægt og hægt í þessa átt. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að menn horfi með gagnrýnum augum á möguleikana sem eru fólgnir m.a. í tækninni til að snúa slíkum straumum við.

Af hverju er aldrei leitað eftir því eða það sett í forgang að skoða fyrst hvort starfsemin geti verið unnin úti á landi? Reynist það ekki hægt af tæknilegum ástæðum eða einhverjum öðrum hindrunum, þá sætta menn sig við það og að enn aukist á samþjöppun þjónustunnar, starfanna og umsvifanna sem eru á höfuðborgarsvæðinu.

Menn hafa rætt mikið um möguleikana sem fólgnir væru í nýrri tækni, í fjarvinnslu og öðru slíku. En ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það vera allt saman meira og minna innihaldslaust kjaftæði þangað til eitthvað gerist. Af hverju auglýsa t.d. ekki ráðuneytin störf og segja: Vakin er athygli á að möguleikar kunna að vera á því að sinna þessum störfum úti á landi með fjarvinnslu. Af hverju er það aldrei gert? Er enginn með hugsun í þessum efnum? Þarf alltaf að vera með algerlega sjálfvirkar formúlur af því tagi að allar breytingar séu í þessa átt?

Það sem ég óttast líka t.d. hvað varðar þjónustu sýslumannsembættanna sem eru þrátt fyrir allt eða hafa verið mikilvæg embætti, að ef verkefnin eru reytt af þeim eitt af öðru þannig að umsvifin minnka, fólk á sjaldnar og sjaldnar erindi til embættanna, þá fjarar auðvitað undan þeim og þau verða lögð niður, það endar þannig. Og þá skerðist sú þjónusta sem þau hafa hingað til boðið upp á. Ef þetta gerist meira og minna á öllum sviðum hinnar opinberu stjórnsýslu og þjónustu af þessu tagi, þá vitum við auðvitað hvað það hefur í för með sér.

Ég fagna því að hv. 1. þm. Vestf. tók þetta upp alveg sérstaklega sem prinsippmál þó ekki sé það mjög stórt í sniðum. Ég fagna líka þeim orðum sem hæstv. dómsmrh. hafði um að það væri sjálfsagt að beina því til allshn. að skoða möguleikana á að þetta starf færi fram annars staðar. Ég gef satt best að segja ekkert fyrir það sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að flutningserfiðleikar yrðu á þessari vöru á milli landshluta. Ég held að besta fyrirkomulagið væri að mínu mati það að embættin sjálf sæju um að miðla þessu á milli sín þannig að fólk gæti gengið að vegabréfinu eftir að það hefði verið gefið út innan skamms tíma á þeim stað sem það lagði inn umsókn hjá sýslumannsembætti í heimabyggð sinni. Útgáfuaðilinn sæi þá einfaldlega um að pakka sendingunum og koma þeim áleiðis og ekki nokkur ástæða til að óttast að sendingarkostnaðurinn yrði umtalsverður, ekki heldur á pökkum sem bærust daglega með vegabréfum til Reykjavíkur sem dreifðust þar eða yrðu lögð fram til að sækja þau á útgáfustöðvum, nema menn veldu þann kost ef það reynist ábyggilegt og traust að hægt væri að senda vegabréfin beinlínis heim til fólks sem væri líka mögulegt. En sennilega mundi það verða að gerast með ábyrgðarpósti og er það kannski litlu minni fyrirhöfn og jafnvel meiri kostnaður heldur en ef fólk gæti eftir t.d. 2–3 daga eða þess vegna enn styttri tíma ef hægt væri gengið að vegabréfinu vísu á sama stað og það lagði inn umsóknina.

Ég held að það væri besti kosturinn og þá gæti slík starfsemi prýðilega farið fram á Ísafirði, Akureyri eða Patreksfirði, sem hér var nefndur, og væri sá staður auðvitað vel að því kominn.

[16:58]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hjá síðasta ræðumanni kom fram að hann gæfi ekki mikið fyrir það sem ég hefði sagt og það er kannski allt í lagi. (**SJS:** Málið snýst um kostnað.) Já, málið snýst um örlítinn kostnað. Síðan getur hann þess að hægt sé að senda vegabréfið heim til hvers og eins sem sækir um vegabréf.

Hæstv. dómsmrh. kom einmitt inn á það að meginmálið sem snertir þessa breytingu á lögum um vegabréf er að verið er að setja upp sérstaka vinnslu til að komast hjá því að vegabréf verði fölsuð. Ég er ansi hræddur um að einhverjir vankantar yrðu á því máli ef senda ætti fólki vegabréfin heim í pósti. Hvar á þá hin eiginlega undirritun að fara fram á vegabréfunum? Ég hélt að það gerðist alltaf við móttöku. Það eru því ýmsir vankantar á þessu þó að menn geri lítið

úr því að hér er um aukinn kostnað fyrir fjölskylduna að ræða. Það er sú staðreynd sem blasir við og sá kostnaður mun aukast ef menn ætla að senda vegabréf í pósti. En meginmálið er að þetta er til þess að koma í veg fyrir að hægt sé að falsa vegabréf. Það hefur of mikið verið gert af því og ég sé ekki annað en verið sé að kalla á þá hættu ef sú meðferð verður tekin upp á vegabréfunum og þau jafnvel send heim til viðkomandi aðila án þess að hin eiginlega undirritun um þá staðfestingu að handhafi vegabréfsins sé sá sem hann segist vera hafi farið fram. Það eru því margar hliðar á þessu máli. En ég ætla að biðja menn orða lengst að taka ekki orð mín þannig að ég sé á móti hinni dreifðu byggð. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að reyna að efla störf þar. En það verður auðvitað að gerast á þann hátt að ekki sé verið að efna til frekari kostnaðar ef hægt er að komast hjá því.

[17:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lagði hv. þm. engin slík orð í munn að hann væri á móti hinum dreifðum byggðum. Þegar ég sagðist ekki gera mikið með málflutninghans þá vísaði ég beint til þess sem sneri að þessu með kostnaðinn af því ég tel að það sé auðleysanlegt mál og ekki það stórt í sniðum að ástæða sé í sjálfu sér að hafa af því áhyggjur. Mér fyndist eðlilegast að embættin sæju um þann kostnað og ekkert að því þó að það væri ekkert sérstaklega reiknað heldur væri það bara hluti af þeirri þjónustu sem þarna er innt af hendi. Auðvitað er eðlilegt að leita hagkvæmra leiða til þess að gera þetta og ég er viss um að þær er hægt að finna jafnt þó að þetta sé gert úti á landi.

Ég var alls ekki að leggja til, og lýsti einmitt efasemdum um að menn mundu treysta sér til, að senda bréfin heim til fólks. Það mundi væntanlega aldrei gerast nema þá í gegnum ábyrgðarpóst eða með öðrum slíkum hætti og þá er eftir vandamálið með undirritunina. Ég held að heppilegasta fyrirkomulagið sé að útgáfuaðilinn eða embætti sýslumannanna og lögreglustjórans sendi þetta sín í milli og síðan geti fólk gengið að því á þeim stað þar sem það lagði inn umsókn sína um vegabréf og þá undirritað í leiðinni ef einhver slík undirritun fer fram á þessum vegabréfum, sem ég veit reyndar ekkert um, þessari nýju útgáfu eða nýju tegund af vegabréfum. Ég held að það sé einfaldasta fyrirkomulagið og það sem verður væntanlega ofan á. Ég bið því hv. þm. að misskilja ekki orð mín þó að ég nefndi þetta. Ég lýsti einmitt í leiðinni efasemdum um að það væri praktískt fyrirkomulag þannig að þessar spaklegu orðræður flokksbræðra áðan um frímerki og hvað kosti undir bréf eru sennilega bara fræðilegar en ekki praktískar því ég býst ekki við því að vegabréf verði send í stykkjatali í bréfum heldur verði þau einhvers konar pakkasendingar og síðan til afhendingar hjá embættunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Embættiskostnaður sóknarpresta, 1. umr.

Stjfrv., 232. mál. — Þskj. 259.

[17:03]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra. Með frv. er lögð til sú breyting á lögunum að þjónandi prestar og prófastar fái greiddan rekstrarkostnað embætta sinna frá biskupsstofu samkvæmt reglum sem kirkjuþing setur.

Með hliðsjón af auknu sjálfstæði kirkjunnar í kjölfar gildistöku laga um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar frá árinu 1997 var ákveðið að gerður yrði samningur við embætti biskups Íslands um yfirtöku á rekstrarkostnaði vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnaði biskupsstofu, framlagi til Kristnisjóðs og sérframlögum til þjóðkirkjunnar.

Samningur þessi var undirritaður 4. september sl. af biskupi Íslands, dóms- og kirkjumrh. og fjmrh. og tekur samningurinn gildi 1. janúar nk. Í samningnum sem birtur er sem fskj. með frv. er gert ráð fyrir því að þær breytingar verði gerðar á lögum um embættiskostnað sóknarpresta sem lagðar eru til með frv. þessu. Í frv. er lagt til að lögin taki gildi um leið og samningurinn.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir efnisákvæði frv. og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landhelgisgæsla Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 233. mál. — Þskj. 262.

[17:04]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands.

Með frv. er lagt til að í lögunum verði mælt fyrir um samningsgerð við smíði varðskipa og viðhald þeirra. Þykir nauðsynlegt að reglur þar að lútandi verði lögfestar áður en hafin verður fyrirhuguð smíði á nýju varðskipi.

Samkvæmt lögum um Landhelgisgæsluna er eitt helsta hlutverk hennar að hafa með höndum almenna löggæslu á hafinu umhverfis landið, jafnt innan sem utan landhelgi. Einnig ber Gæslunni að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem sjófarendum og almenningi getur stafað hætta af. Þá ber Landhelgisgæslunni að aðstoða við framkvæmd almannavarna eftir því sem ákveðið verður hverju sinni. Með hliðsjón af eðli þessara verkefna Landhelgisgæslunnar er nauðsynlegt vegna öryggishagsmuna að fullur trúnaður ríki um gerð og eiginleika varðskipa. Því þykir ekki fært að viðhafa útboð á alþjóðlegum markaði við smíði varðskipa og er lagt til að heimilt verði að leita tilboða frjálst hjá einum eða fleiri verktökum eða seljendum tækjabúnaðar í varðskip. Með þessu móti verður frekar búið svo um hnútana að öryggishagsmunir verði að fullu tryggðir.

Á grundvelli sömu sjónarmiða og hér hafa verið rakin getur verið ástæða til að víkja frá almennum reglum um útboð varðandi viðhald varðskipa. Þetta getur þó ekki átt við í öllum tilvikum og verður að meta hverja framkvæmd fyrir sig í þessu tilliti. Með hliðsjón af þessu er lagt til að sama regla gildi um viðhaldsverkefni þegar sérstakir öryggishagsmunir krefjast. Ef ekki er um slíka hagsmuni að ræða ber hins vegar að fara með viðhaldsverkefni eftir almennum reglum.

Við samningu frv. hefur verið litið til skuldbindinga okkar um opinber innkaup samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þær skuldbindingar hindra ekki aðildarríki

samningsins til að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að girða fyrir uppljóstrun upplýsinga andstætt mikilvægum öryggishagsmunum viðkomandi ríkis. Frv. er reist á þessum sjónarmiðum og hefur því verið gætt þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjúskaparlög, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 180. mál. — Þskj. 196.

[17:07]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 196 hef ég lagt fram frv. til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993. Auk mín eru flutningsmenn hv. þingmenn Sigríður Anna Þórðardóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Í 1. gr. þessa frv. segir, með leyfi forseta:

„Við 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa á meðan hjónaband stóð, skulu þó ekki falla utan skipta."

Efni þessa frv. hefur verið til umfjöllunar nokkuð mörg þing og er það að gefnu tilefni vegna hjúskaparlaga, eins og ég gat um áðan. Í greinargerðinni segir m.a., með leyfi forseta:

„Ný hjúskaparlög tóku gildi 1. júlí 1993 og er því lagt til að mælt verði fyrir um þetta atriði þar. Samkvæmt hjúskaparlögum er eign hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars, sbr. 54. gr., og er þar m.a. átt við persónuleg réttindi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við þær sérreglur sem um þau réttindi gilda, sbr. 57. gr. laganna. Um fjárskipti þessara réttinda eru ákvæði í 102. gr. en þar eru taldar upp þær hjúskapareignir sem geta fallið utan skipta að kröfu maka. Í frumvarpi þessu er lagt til að ellilífeyrisréttindi verði ekki talin þar með, þau séu hjúskapareign sem geti ekki fallið utan skipta.

Eins og nú háttar til eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa á almennum vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér, með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi, að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Eins og fram hefur komið er frumvarp um þetta efni ekki lagt fram í fyrsta sinn nú. Oft hafa umræður og umsagnir um málið þó snúist meira um aðra þætti, eins og fjölmargar aðrar greiðslur frá lífeyrissjóðum, en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem kannski vonlegt er. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem nú tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd fyrir, svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir fjölmargra lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frumvarpi þessu að rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. Með frumvarpinu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðað við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis milli lífeyrissjóða í dag.

Á 122. löggjafarþingi voru afgreidd lög frá Alþingi um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Þar er nokkuð komið til móts við efni tillögu þessarar með ákvæði í 14. gr. Í lögunum kemur fram að sjóðfélagi getur á grundvelli samkomulags við maka sinn tekið ákvörðun um, í fyrsta lagi, að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Í öðru lagi að í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka. Í þriðja lagi að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Nær slíkt samkomulag eftir því sem við á til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og felur í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

Flutningsmenn frumvarpsins telja að með þessum nýmælum í lögum nr. 129/1997 sé stigið skref í rétta átt, en vilja ganga lengra og því er það lagt fram að nýju."

Flutningsmenn hafa fengið fjölmargar áskoranir kvenfélaga og kvenfélagasambanda í landinu þar sem þeir eru hvattir til að vinna þessu máli framgang. Ég vona, herra forseti, að svo megi verða nú í líklega tólfta skipti sem frv. er lagt fyrir hið háa Alþingi.

Ég legg að lokum til að að lokinni umræðu verði þessu máli vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:17]

Staðfest samvist, 1. umr.

Frv. ÓÖH o.fl., 212. mál. — Þskj. 234.

[17:22]

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Frumvarpið sem ég mæli hér fyrir hefur tvisvar áður verið flutt, bæði á 121. og 122. löggjafarþingi. Það fjallar um að það ákvæði ættleiðingarlaga um að veita megi öðru hjóna með samþykki hins leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn gildi um einstaklinga í staðfestri samvist.

Í 2. gr. segir síðan:

„Önnur ákvæði ættleiðingarlaga um hjón en getur í 2. mgr. 5. gr. og ákvæði laga um tæknifrjóvgun gilda ekki um staðfesta samvist."

Frv. er flutt af hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, Einari K. Guðfinnssyni, Össuri Skarphéðinssyni, Guðnýju Guðbjörnsdóttur og þeim sem hér stendur. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkusjóður, 1. umr.

Stjfrv., 225. mál. — Þskj. 252.

[17:24]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 252 sem er 225. mál þingsins, um Orkusjóð. Í því er lagt til að sett verði sérlög um Orkusjóð og um leið að X. kafli orkulaga sem fjallar um sjóðinn verði felldur úr gildi. Frv. byggir að mestu á ákvæðum núgildandi orkulaga en hefur að geyma nokkur nýmæli. Helstu nýmæli eru þessi:

Í fyrsta lagi er lagt til að Orkusjóður fjármagni yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir þessari breytingu á hlutverki Orkusjóðs og lagt til að 50 millj. kr. verði varið til rannsóknanna á árinu 1999.

Í öðru lagi er lagt til að Alþingi kjósi þrjá stjórnarmenn í orkuráð með hlutfallskosningu eftir hverjar alþingiskosningar, en ráðherrar skipi tvo.

Í þriðja lagi er lagt til að orkumálastjóri veiti orkuráði ráðgjöf eftir því sem um er beðið. Skv. X. kafla orkulaga er orkumálastjóri framkvæmdastjóri Orkusjóðs en þar sem Orkustofnun kemur til með að sækja fjármuni til sjóðsins verður orkumálastjóri vanhæfur til að gegna stöðu framkvæmdastjóra hans.

Í fjórða lagi er lagt til að ef ráðist er í orkuframkvæmdir sem undirbúnar hafa verið með sérstökum rannsóknum og áætlanagerð sem kostaðar hafa verið með fé ríkisins, þar með töldu fé Orkusjóðs, skuli framkvæmdaaðilinn endurgreiða Orkusjóði þann kostnað við veitingu virkjana eða nýtingarleyfa. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslu verði að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út. Lagt er til að fé vegna slíkra endurgreiðslna skuli varið skv. 1. tölulið 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þannig er lagður grunnur að fjármögnun framtíðarrannsókna á orkulindum landsins. Í orkulögum segir, með leyfi forseta:

„Ef ráðist er í framkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerðum á vegum Orkustofnunar, skal þessi rannsóknar- og undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast Orkusjóði. Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en fimm árum eftir að hafist er handa um hagnýtingu framkvæmdanna."

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. Alþingis.

[17:26]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þótt frv. þetta láti ekki mikið yfir sér þá hreyfir það mjög mikilvægu máli, stefnumótunarmáli varðandi orkurannsóknir og fjármögnun þeirra á Íslandi. Þau mál hafa ekki verið í nægilega skipulögðum farvegi hér á landi. Einstök orkufyrirtæki hafa ákveðið rannsóknir og farið með þær hvert eftir sínu höfði. Hér er gert ráð fyrir einum samfelldum farvegi fyrir þessi mál eins og frv. lítur út. Þó er auðvitað alveg ljóst að þær 50 millj. kr. sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. næsta árs munu hvergi nærri hrökkva til að fjármagna yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins, eins og það er orðað.

Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh. að því hvernig hann sér sambúð þessara nýju laga um Orkusjóð, ef þetta frv. verður samþykkt, við rannsóknarstarfsemi fyrirtækja og þá sérstaklega rannsóknir Landsvirkjunar. Ég tel í sjálfu sér skynsamlegt að fella orkurannsóknir og undirbúning á orkuframkvæmdum í eina heild og til hliðar við orkuvinnslufyrirtækin eins og Landsvirkjun. Ég held að það sé að mörgu leyti vafasamt að fyrirtæki eins og Landsvirkjun þurfi að standa að jafnstórum hluta í rannsóknum og það hefur gert. Í framtíðinni er við því að búast að eignarhaldi á því fyrirtæki verði breytt á einhvern hátt, hvort sem sveitarfélögin og þar með borgin fara þaðan út eða hvernig svo sem það verður. Þess vegna er skynsamlegt að einhver ein stofnun og þá hugsanlega Orkusjóður hafi með þessar rannsóknir að gera. Ég vil því biðja hæstv. iðnrh. að fara aðeins nánar yfir það áður en málið fer til nefndar.

Í annan stað vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvaða rök eru fyrir því að gera þá tillögu sem gert er ráð fyrir í annarri meginbreytingatillögu þessa frv., að ráðherra skipi tvo ráðsmenn eins og það heitir, en Alþingi kjósi þrjá ráðsmenn hlutfallskosningu eftir hverjar alþingiskosningar. Núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur beitt sér mjög fyrir því að ríkisstjórnin og ráðherrar, þ.e. framkvæmdarvaldshafi hverju sinni fari með ákvörðunarvald um hverjir skipi fulltrúa í ráð, nefndir og stjórnir fyrir hönd ríkisins eða af hálfu þjóðarinnar ef svo má að orði kveða í stað þess að Alþingi kjósi þessa aðila. Fræg-ustu dæmin um það eru auðvitað bankaráð Búnaðarbankans og Landsbankans. Ég hef tekið eftir því að menn úr öllum flokkum hafa tekið undir þessi sjónarmið ráðherrans. Ég hef ekki endilega tekið undir þau þar sem ég tel það vel koma til greina að við þessar stofnanir séu pólitískar stjórnir.

Í rauninni kann ég ekki að meta það að menn geri jafnlítið úr hinu pólitíska stjórnvaldi sem er í þessari stofnun og menn gera stundum í umræðum um þessi mál og líta þannig á að ráðherrann sem er þó líka pólitískur sé allt í einu orðinn ópólitískur um leið og hann gengur inn í húsið fyrir ofan Arnarhvol eða hvar hann er til húsa að öðru leyti.

Hér er hins vegar blandað saman þessum tveimur aðferðum. Annars vegar er gert ráð fyrir því að Alþingi kjósi þrjá menn hlutfallskosningu eftir hverjar alþingiskosningar og hins vegar skipi ráðherra tvo ráðsmenn. Hér er verið að fara einhverja leið sem ég átta mig ekki alveg á hvaða rök eru fyrir. Ég hefði alveg getað hugsað mér að Alþingi kysi alla þessa menn en ég átta mig ekki alveg á því hvernig á því

stendur að gerð er tillaga um það af ríkisstjórninni að báðar aðferðirnar séu notaðar í þessu tilviki.

Mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra svaraði spurningum mínum um leið og ég tek fram að þar sem ég starfa með hv. iðnn. mun ég eiga þess kost að fylgja málinu eftir á vettvangi hennar.

[17:31]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir góðar undirtektir við þetta mál. Eins og kom fram lætur málið ekki mikið yfir sér en hér er stórmál á ferðinni eins og hv. þm. benti á vegna þess að hér er verið að fara inn á alveg nýjar brautir. Þetta frv. er flutt sem sérlög um Orkusjóð en Orkusjóður hefur fram undir þetta verið X. kafli af orkulögum. Með breytingum að undanförnu og með stærri breytingum sem eru væntanlegar í framtíðinni, mun í sjálfu sér ekki standa eftir neitt sem heitir orkulög. Þess vegna reikna ég með því á fyrstu dögum þings eftir jólaleyfi að geta lagt fram nýtt frv. um raforkulög sem gerir ráð fyrir gerbreyttri skipan á þessum málum. Þegar þau hafa tekið gildi, sem ég geri ekki ráð fyrir að verði á þessu þingi vegna þess að ég tel að þingið þurfi mun lengri tíma til að fjalla um það og undirbúa, þá stendur raunverulega ekkert af þessum gömlu orkulögum eftir.

Mjög margir hafa rætt um að það væri annaðhvort kominn tími til þess að slá Orkusjóð sem slíkan af og breyta eða hætta því hlutverki sem hann hefur haft, sem hefur verið fyrst og fremst að veita styrki, veita lán til rannsókna og borana eftir heitu vatni og hefur haft nokkuð mikilvægu hlutverki að gegna í því, en að koma því fyrir með öðrum hætti en nákvæmlega í Orkusjóði. Með þessari breytingu er hins vegar það skref stigið að Orkusjóði verður fært algerlega nýtt hlutverk, þ.e. að vera að nokkru leyti jöfnunarsjóður í því að geta haldið stöðugu fjármagni til rannsókna hverju sinni. Þetta er hugsað eins og ég lýsti í framsöguræðu minni þannig þegar viðkomandi fyrirtæki hafa fengið afhent rannsóknar- eða virkjanaleyfi endurgreiði þau þann kostnað sem ríkið hefur lagt í við slíkar rannsóknir. Þeir fjármunir renni beint inn í Orkusjóð og síðan verði tiltekin upphæð notuð á ári hverju í yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins. 50 millj. kr. eru áætlaðar á árinu 1999 samkvæmt fjárlagafrv. í sjóðinn. Hins vegar er gert ráð fyrir því að 50 millj. kr. muni renna til sjóðsins árlega á næstu fimm árum og það byggist á því, og kannski gerði ég ekki alveg nógu glögga grein fyrir því í framsöguræðu minni, að nú er Landsvirkjun að endurgreiða þann kostnað sem ríkið og Orkustofnun hafa lagt í varðandi Fljótsdalsvirkjun sem er reiknað með að sé upp á í kringum 350 millj. kr., 50 millj. kr. hafa nú þegar verið greiddar eða verða greiddar í desember beint í ríkissjóð, 50 millj. kr. á næsta ári í Orkusjóð og síðan verða greiddar árlega næstu fimm árin 50 millj. kr. sem eru í samþykktum skuldabréfum sem Landsvirkjun hefur gefið út. Síðan ef fleiri virkjanaleyfi verða gefin út þar sem slíkur kostnaður liggur að baki þá er hugsunin sú að allar þessar endurgreiðslur renni inn í sjóðinn og fyrir þá fjármuni sem koma inn í hann geti Orkustofnun *síðan staðið að þessum grundvallarrannsóknum.*

Þarna tel ég verið sé að stíga mjög mikilvægt skref og algert nýmæli vegna þess að sú breyting sem þarna verður á er sú að nú mun það ekki ráðast af því hversu marga fiska við drögum úr sjó eða hvert verðið á fiskafurðum okkar verður á erlendum mörkuðum eða með öðrum orðum hvert ástand þjóðarbúsins er hverju sinni hversu mikla peninga við höfum til rannsókna í framtíðinni, heldur verði menn með fasta upphæð á ári til slíkra rannsókna. Það er samkvæmt þeirri áætlun sem Orkustofnun hefur lagt fyrir okkur að við gerum ráð fyrir því að geta verið með mjög góða stabba af vel rannsökuðum virkjunarkostum á næstu árum með þessum fjármunum sem þarna er gert ráð fyrir.

Eins og um var talað áður en sú kyrrstaða sem rofin var með orkufrekum iðnaði í tíð þessarar ríkisstjórnar, töldu menn eftir að Blönduvirkjun var vígð að það væri síðasta stórvirkjun vatnsafls sem vígð yrði á þessari öld og þannig væru menn búnir að rannsaka ástand orkulindanna langt fram á fyrsta áratug næstu aldar. En svo er ekki og menn hafa gengið núna mjög á þann stabba af virkjunarkostum sem Orkustofnun var búin að rannsaka þannig að full ástæða er til að fara út í mikið átak í þeim efnum sem áætlað er með þessum fjármunum fyrir utan það að menn þurfa líka að taka til endurskoðunar ýmsa þá virkjunarkosti sem menn hafa verið með áform uppi um að ráðast í, ekki til þess að slá þá af eins margir tala um og henda frá sér af því að það hentar á hverjum tíma að tala um slíka hluti heldur kannski *fyrst og fremst að breyta röðinni og leita leiða hvort ekki sé* hægt að fara aðrar leiðir en nákvæmlega þær sem menn hafa valið í dag, þ.e. fara alltaf þá ódýrstu og hagkvæmustu en menn geta kannski fundið aðrar leiðir í þessum efnum sem eru ekki eins ódýrar, ekki eins hagkvæmar en mismunurinn á hagkvæmustu leið og þeirri leið sem valin yrði er þá það gjald sem menn hafa verið að greiða fyrir í umhverfisverndinni og sjálfsagt er að gera. Þannig vonast ég til að ég hafi svarað þessu atriði sem snýr að frv. eins skilmerkilega og ég get við þessa umræðu.

Þá kem ég að annarri spurningu hv. þm. þar sem hann biður um rökin fyrir því að nú skuli tveir fulltrúar vera valdir af iðnrh. og þrír fulltrúar kjörnir af Alþingi. Í dag er það þannig að orkuráð er að öllu leyti kosið hlutfallskosningu á Alþingi. Eins og kom fram hjá hv. þm. er með þessari breytingu gert ráð fyrir því að tveir fulltrúar séu valdir af iðnrh. í stjórn sjóðsins.

Hugsunin sem liggur þarna að baki er þessi: Sú framtíð sem ég sé að blasir við, hvort sem það verður í tíð þessarar ríkisstjórnar eða næstu ríkisstjórnar, er að þá munum við gera grundvallarbreytingar á orkulögum. Bæði erum við sjálfviljugir að breyta slíku fyrir utan það að tilskipun Evrópusambandsins um breytt fyrirkomulag um veitingu virkjanaleyfa mun leiða það af sér að við þurfum að breyta því fyrirkomulagi sem við erum með í dag. Alþingi mun í minna mæli fjalla um einstök virkjanaleyfi í framtíðinni að mínu viti og þær kröfur munu m.a. birtast í tilskipun Evrópusambandsins en það er hins vegar því mikilvægara að Alþingi fjalli enn frekar um nákvæmar áætlanir sem eru uppi um orkunýtingu og þess vegna tel ég að þetta sé samstarfsverkefni Alþingis og framkvæmdarvaldsins sem mun í auknum mæli fara að veita leyfin án beinnar íhlutunar Alþingis en Alþingi leggja hins vegar hinar stóru línur um það hvað skuli virkjað og hvernig það skuli gert. Af því að það er hlutverk Orkusjóðs samkvæmt því sem hérna er sett fram *að vera með þessar yfirlitsrannsóknir á orkuauðlindunum og* hvernig þær skulu nýttar tel ég að það eigi að vera samstarfsverkefni framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins að gera þetta með þessum hætti.

Það breytir ekkert þeirri afstöðu minni sem hefur komið skýrt fram í þeim frumvörpum sem ég hef áður lagt fram á Alþingi um að framkvæmdarvaldið skuli velja einstaka

stjórnarmenn til setu í stjórnum hlutafélaga og þar fram eftir götunum. Hins vegar er ekki verið að breyta þessum sjóði í hlutafélag — og býst ég þá við að hv. þm. rifji það upp — það var heldur ekki verið að breyta Landsvirkjun í hlutafélag á sínum tíma þegar sú breyting var gerð, hvernig var valið til þeirrar stjórnar en þá var eins og kom skýrt fram í því frv. verið að reyna að færa, þrátt fyrir að við værum ekki að breyta fyrirtækinu í hlutafélag, rekstur fyrirtækisins og móta hann þannig að hann líktist enn meira hlutafélagaforminu en verið hefur og ég býst við að það verði innan kannski ekki mjög margra ára sem menn hafa tekið þá ákvörðun að breyta Landsvirkjun yfir í hlutafélag.

Ég vonast til að ég hafi svarað hv. þm. eins skilmerkilega og ég get við þessa 1. umr. Eins og kom fram hjá hv. þm. mun hann hafa veruleg áhrif á það hvernig framgangur málsins verður gegnum þingið með setu sinni í hv. iðnn.

[17:40]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Í fyrsta lagi varðandi stjórnarmálið erum við ekki sammála og breytum því örugglega ekki með löngum umræðum hér.

Í öðru lagi varðandi fjármunina held ég að ágætt væri að fá þessar hugmyndir sem hv. ráðherra rakti um fjárflæðið á næstu árum og ég sé ekki í frv. sjálfu þannig að það væri fínt að geta skoðað það í nefndinni.

Í þriðja lagi ætlaði ég að segja að ég tek undir það með hæstv. ráðherra að hér er um stórt mál að ræða sem skiptir mjög miklu máli og er faglega mjög skynsamlegt. Ég tel hins vegar að jafnframt ákvörðun um mál af þessu tagi ættu menn auðvitað að velta því fyrir sér að taka ákvörðun um að umhverfisrannsóknunum í tengslum við orkurannsóknirnir verði mjög örugglega fyrir komið.

Í fljótu bragði gætu menn velt því fyrir sér hvort í 2. gr. frv. og þar með laganna, ef þetta verður samþykkt, ætti að vera einhvers staðar einhver skírskotun til umhverfisins en kannski á það ekki að vera vegna þess að þetta eru eingöngu orkumál. Út af fyrir sig kann ég því vel að hlutirnir séu aðskildir. En ég segi bara um leið og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin að ég tel auðvitað koma til greina að jafnhliða ákvörðun um fjármögnun orkurannsókna til framtíðarinnar væri komið upp með svipuðum hætti eða til hliðar við það kerfi þar sem umhverfisrannsóknirnar væru skýrt fjármagnaðar og gætu þannig haft í fullu tré við orkurannsóknirnar sem stýrast mjög oft af miklu þyngri hagsmunum augnabliksins en umhverfisrannsóknirnar gera.

[17:42]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt hjá hv. þm. að það hefur margoft komið fram í umræðu á hv. Alþingi að við erum ekki sammála um það hvernig þessum stjórnarsetum skuli fyrir komið en ætli við getum ekki sagt að þetta sé sæmileg samkomulagsatriði milli okkar þar sem annars vegar framkvæmdarvaldið og hins vegar löggjafarvaldið skipar í stjórnina.

Sjálfsagt mál er að fulltrúar ráðuneytisins, sem ég býst við að verði kallaðir á fund hv. iðnn. um þetta mál, geri nákvæmlega grein fyrir því hvernig þessari fjármögnun verði hugsanlega fyrir komið í framtíðinni. Ég segi ekki hugsanlega vegna þess að ég tel það vera samkomulag milli fjmrh., mín og þess sem greiðir sem kannski kemur ekki við, í þessu tilfelli Landsvirkjunar, þeir hafa gefið út skuldabréf nú þegar fyrir þeirri upphæð sem við töldum að þeir skulduðu fyrirtækinu, hins vegar með fyrirvara um að ef virkjanaleyfi á Fljótsdalsvirkjun yrði tekið af þeim þá sé það auðvitað ríkisins að endurgreiða það.

Varðandi það að greiða fyrir, og ég skil hvað hv. þm. er að fara, er ég hins vegar ekki þeirrar skoðunar að það eigi akkúrat að vera inni í þessu frv. varðandi greiðslu fyrir umhverfisrannsóknum sem slíkar. Sú skylda hvílir núna á fyrirtækjunum samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum að þau eiga að kosta þessar rannsóknir við undirbúning skýrslu og fram eftir götunum. Komi menn hins vegar til með að breyta því fyrirkomulagi, þ.e. að framkvæmdaaðilinn sé látinn gera slíka skýrslu þurfa menn náttúrlega að hugsa líka nákvæmlega fyrir því hvernig ætla menn að standa undir þessum kostnaði. Hins vegar mun verða í frv. um raforkulög sem síðar verður lagt fram kveðið skýrt á um það hvernig að slíkum rannsóknum skuli staðið þannig að ég tel að það muni ganga til móts við þær óskir sem hv. þm. er með en ég held að við eigum ekki að rugla þessu tvennu saman.

[17:44]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég tek til máls undir þessum lið vegna orða hæstv. iðnrh. um að hann teldi rétt með orkurannsóknum og nýrri fjármögnun þeirra að bæta við þann stabba sem hefði verið kannaður á undanförnum árum í mögulegum orkuframkvæmdum framtíðarinnar og eins það að breyta því sem gert hefur verið eða endurskoða það hugsanlega en slá ekki af hugmyndir eins og sumir vildu, eins og hæstv. ráðherra orðaði það. Ég velti því reyndar fyrir mér hvað hæstv. ráðherra á við með því en mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra í framhaldi af þessum orðum hvað hann meini með því þegar hann segir að það eigi að endurskoða sumt, ég geri ráð fyrir að hann meini sumt af því sem gagnrýnt hefur verið eins og t.d. Fljótsdalsvirkjun, virkjanir sem gera ráð fyrir því að draga úr rennsli Dettifoss, virkjanir sem gera ráð fyrir því að Þjórsárver fari undir vatn.

Fljótsdalsvirkjun mun leiða til þess eins og hæstv. ráðherra veit að Eyjabakkar fara allir undir vatn. Er hann í raun að segja að verið sé að kanna nýjar leiðir í sambandi við Fljótsdalsvirkjun til að hægt sé að virkja hana án þess að Eyjabakkarnir verði skertir eða er hann að segja að taka eigi sumt af Eyjabökkunum undir vatn en annað ekki? Ég held að nauðsynlegt sé fyrir hv. ráðherra að útskýra þetta aðeins betur fyrst hann hafði sérstaklega orð á þessu.

Þetta brennur á þjóðinni og ég hef orðið var við að almenningur í landinu hefur áhyggjur af því hvernig virkjanir hafa þanist út og menn ekki gætt að sér þegar um náttúruperlur landsins er að ræða og almenningur er kannski orðinn meðvitaðri um þetta sérstaka náttúruundur okkar landsmanna en nokkru sinni fyrr. Þess vegna er þetta í hugum okkar miklu mikilvægara en áður var.

Mig langar einnig, herra forseti, að spyrja hæstv. ráðherra hvaða stefnu hann hafi í rannsóknum á háhitasvæðum landsins. Þau eru fjölmörg og geta skilað okkur verulegri orku til að bæta hugsanlega það sem við þurfum að draga úr virkjun fallvatna vegna umhverfissjónarmiða. Það eru mörg háhitasvæði ónýtt sem við þekkjum, t.d. á suðvesturhorninu, Tröllladyngjusvæðið. Við erum með óvirkjað á Nesjavöllum og í Bjarnarflagi og miklu víðar á landinu er vitað um svæði sem geta gefið mjög mikla orku og komið í veg fyrir þau landspjöll sem fyrirhuguð eru með þeim virkjunum sem eru í þeim stabba sem hæstv. ráðherra minntist á áðan.

Ég geri fastlega ráð fyrir, herra forseti, að hæstv. ráðherra hafi fullan hug á að mæta þeim auknu kröfum landsmanna til umhverfisverndar þegar virkjanir eru annars vegar. Ég held að enginn vilji fara af stað með einhverja allsherjarhræðsluherferð eða gera allt tortryggilegt sem Landsvirkjun er að gera. Það er ekki meining mín með þessum orðum, heldur er það einlægur ásetningur minn og annarra að reyna að gæta fyllsta jafnvægis og vernda og passa upp á að ekki sé gengið ógætilega um þær perlur á hálendinu. Allir hugsandi menn gera sér grein fyrir því að ekki verður aftur heimt það landsvæði sem fer undir vatn vegna virkjana.

[17:50]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því hv. þm. spurði hvað ég ætti við þegar ég sagði „sumir" þá þarf nú ekki að leita langt. Ég býst við að hv. þm. hafi orðið var við að uppi hafa verið mjög háværar kröfur að undanförnu um að hætta algerlega nýtingu íslenskra náttúruauðlinda á forsendu algerrar friðunar. Það eru t.d. fulltrúar hinna ýmsu félagasamtaka og þær raddir hafa líka heyrst á Alþingi án þess að ég þurfi að skýra neitt frekar hvað ég á við í þeim efnum.

Það er hins vegar alveg hárrétt hjá hv. þm. að ég tel að þeir fjármunir sem þarna munu koma inn í Orkusjóð geti nýst til að endurskoða nokkur af þeim áformum sem við höfum verið með í nýtingu orkuauðlindanna. Þá á ég við að við höfum eins og ég sagði áðan valið oft og tíðum ódýrustu og hagkvæmustu leiðina til að fá orkuna sem ódýrasta. Þá höfum við kannski í þeim áformum ekki alltaf gætt nákvæmlega að því hvort sú leið sem valin var væri sú besta fyrir náttúruna og umhverfið. Ég tel rétt að endurskoða áform í þessum efnum, hvort við getum fundið aðrar leiðir og ef þær eru dýrari og óhagkvæmari verður það að vera það gjald sem menn greiða til verndar náttúrunni.

Ég hef lagt á það höfuðáherslu og er, eins og fram hefur komið opinberlega, að setja af stað vinnu ráðuneytis míns, umhverfisyfirvalda, þeirra aðila allra sem hagsmuna hafa að gæta í því að menn fari nú og reyni að ná sátt milli mannsins, náttúrunnar og nýtingarinnar í þessum efnum. Það starf mun fara fram og þar vil ég ekki byrja á að gefa mér að rétt væri að slá af einstök virkjanaáform í þeim efnum, en margt af því sem hv. þm. Kristján Pálsson nefndi er alls ekki á dagskrá í þessari umræðu.

[17:52]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra tala afskaplega loðið um þessi mál. Hann talar um að endurskoða hlutina eða ná sátt. Ég get út af fyrir sig samþykkt að ná eigi sáttum og tek ekki undir þau sjónarmið að ekki megi nýta náttúruna til virkjana að neinu leyti. En það eru ákveðin mál á dagskrá þessa stundina sem fólkið í landinu hefur áhyggjur af og það er Fljótsdalsvirkjun sem mun leiða til þess að Eyjabakkar verða settir undir vatn og eyðir þá þeirri náttúruperlu sem allir eru sammála um í dag að sé það viðkvæmt og erfitt mál að ekki geti gengið öllu lengur að menn haldi áfram hugmyndum um Fljótsdalsvirkjun öðruvísi en að gjörbreyta þeim áformum að Eyjabakkar verði settir undir vatn. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh. við þetta tækifæri hvort hann hafi áform um að breyta Fljótsdalsvirkjun þannig að Eyjabakkarnir verði ekki settir undir vatn. Spurningin er afskaplega skýr og afmörkuð: Hefur hæstv. iðnrh. tekið afstöðu til Fljótsdalsvirkjunar og hefur hann tekið afstöðu til Eyjabakka sjálfra þannig að þeir verði verndaðir og passað verði upp á við þau virkjunaráform sem þarna eru að þeir verði alls ekki skemmdir með virkjunum?

[17:54]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að margir hafa áhyggjur af því hvað geti gerst í náttúru hálendisins miðað við öll þau áform sem uppi hafa verið um nýtingu orkuauðlindanna. Það sem ég hef einfaldlega verið að segja er að ég tel rétt að menn taki og endurmeti margt af því sem þar hefur verið uppi.

Nú veit ég að hv. þm. veit að Alþingi veitti Landsvirkjun heimild til að nýta Jökulsá í Fljótsdal og þar af leiðandi heimild um leið til að safna vatni í kringum Eyjabakkana. Það er því ekki iðnrh. sem getur tekið slíkar ákvarðanir. Þetta hefur margoft komið fram við umræðu þessa máls, hvað eftir annað það sem af er vetrinum. Ef það er ætlun manna að taka leyfið af Landsvirkjun, þá er það Alþingi eitt sem getur gert það. Ég hef hins vegar sagt að ég mun ekki beita mér fyrir slíku sem iðnrh. Það er vegna þess að fyrirtækinu hafa verið afhent ákveðin réttindi. Fyrirtækið hefur verið hvatt til að fara í fjárfestingar á þessu svæði, hvatt til þess af fyrrv. iðnrh., hvatt til þess af Alþingi, því veittar allar heimildir til að standa við slíka hluti og fyrirtækið hefur lagt í milljarða króna fjárfestingu á svæðinu Ég tel því að ekki sé hægt að haga sér þannig af hálfu stjórnvalda að menn geti ekki treyst því sem Alþingi ákveður hverju sinni. Fyrir utan það að á sínum tíma var búið að skapa sátt milli þeirra sjónarmiða sem þá voru uppi, m.a. umhverfissjónarmiða, í því að Eyjabakkarnir og Norðlingaaldan eða Þjórsárverin fylgdust þarna að og af þeirri ástæðu hafa menn talað um að þar væri orðin sátt. Nú eru önnur sjónarmið uppi sem ég tel rétt að skoða.

[17:56]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. iðnrh. að Alþingi veitti leyfi til Fljótsdalsvirkjunar á sínum tíma. Það veit hæstv. ráðherra einnig að á þeim tíma sem liðinn er síðan þetta leyfi var gefið hafa forsendur breyst. Við getum sagt að hugmyndir þjóðarinnar um hálendið hafi breyst. Umhverfissjónarmið eru orðin miklu sterkari þáttur í umræðunni en áður var þegar fólk, þjóðin, hugsaði fyrst og fremst um að virkja fallvötn til að auka raforkuframleiðslu svo hægt væri að koma upp meiri stóriðju til að skapa hér atvinnu. Það er út af fyrir sig skiljanlegt sjónarmið. En í dag eru menn ekki tilbúnir að ég held, herra forseti, til að fórna þeim náttúruperlum sem uppgötvaðar hafa verið fyrir almenning á síðustu árum. Þess vegna er það miklu frekar spurning um hvernig eigi að koma í veg fyrir Fljótsdalsvirkjun en hvort hún verði að veruleika. Þess vegna get ég ekki tekið undir þau orð ráðherra að það sé að haga sér illa að bera á borð hér að Fljótsdalsvirkjun verði frestað eða Eyjabakkarnir verði í öllu falli verndaðir ef fara á út í slíka virkjun. Ég kalla það miklu frekar að haga sér illa ef menn ætla sér ekki að gera neitt í málinu. Ef það er einlægur ásetningur hæstv. ráðherra að koma þessum áformum fram hljóta einhverjir aðrir þingmenn að þurfa að koma fram með tillögur sem geta leiðrétt það sem áður hafði verið gert að mínu viti ranglega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, 1. umr.

Stjfrv., 229. mál. — Þskj. 256.

[17:59]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Frv. er á þskj. 256 og er 229. mál þingsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Alþingi heimili iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra, sem saman fara með eignarhlut ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., að selja allt hlutafé ríkissjóðs í bankanum. Samkvæmt núgildandi 6. gr. laga nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., er heimilt að selja allt að 49% hlutafjár ríkissjóðs í bankanum.

Hinn 28. ágúst sl. samþykkti ríkisstjórn Íslands stefnumótun um sölu hlutafjár í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Stefnumótunin byggist á tillögum ráðherranefndar um einkavæðingu sem í eru forsætisráðherra, utanríkisráðherra, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra. Stefnumótunin um sölu á hlutafé í Fjárfestingarbankanum byggir á eftirfarandi meginatriðum:

Hafin verði sala hlutafjár ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. á þessu ári.

Lagt verði til við Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi að heimiluð verði sala á öllu hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbankanum.

Hluti af fyrsta áfanga fyrrgreindrar sölu verði nýttur til að bjóða starfsmönnum Fjárfestingarbankans og þeim starfsmönnum hinna gömlu fjárfestingarlánasjóða sem tóku starfi í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, eða höfnuðu starfi, áskrift að hlutabréfum að tiltekinni upphæð á kjörum sem jafna megi til þeirra kjara sem bjóðast starfsmönnum Landsbanka og Búnaðarbanka.

Hlutabréf bankans verði skráð á Verðbréfaþingi Íslands á grundvelli fyrrgreindrar sölu í því skyni að markaðurinn myndi verð á honum.

Við sölu Fjárfestingarbankans verði stuðlað að sjálfstæði hans sem samkeppnisaðila á íslenskum samkeppnismarkaði.

Það var jafnframt mat ríkisstjórnarinnar að mikilvægt væri að hraða sölu hlutafjár í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og að stefna beri að því að selja allt hlutafé ríkissjóðs í bankanum á fyrri hluta ársins 1999 ef aðstæður leyfa. Ástæðan er einkum sú að engin rök hníga lengur til þess að ríkið sé stór eigandi hlutafjár í bankanum. Það er sameiginleg afstaða stjórnvalda og stjórnenda bankans að staða bankans á samkeppnismarkaði verði betur tryggð með því að ríkið selji allan hlut sinn og að engin ástæða sé til lengri aðlögunartíma. Þá er sala hlutafjár í bankanum liður í aðgerðum til að sporna við þenslu, auk þess sem ríkissjóður fær góðar tekjur af sölunni.

Nú þegar hefur stefnu ríkisstjórnarinnar verið framfylgt að nokkru. Þannig lauk á fimmtudaginn stærstu einkavæðingu sem fram hefur farið á Íslandi, sölu ríkissjóðs á 49% hlut í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þá höfðu 10.734 skráð sig fyrir hlut í bankanum og óskuðu þeir samtals eftir kaupum á 13,5 milljörðum kr. að nafnvirði á genginu 1,4 eða 18,9 milljörðum kr. á söluverði. Ríkissjóður bauð til sölu 4 milljarða 665 millj. kr. að söluverði og er umframeftirspurn því um 14,2 milljarðar kr. Þar sem um umframáskrift er að ræða skerðist hámarksnafnverð sem hverjum áskrifanda er heimilt að kaupa fyrir. Skerðingin er ekki hlutfallsleg. Þannig verður hámarkshlutur 360 þús. að nafnvirði eða 504 þús. kr. að söluverði. Lægri hlutir skerðast ekki.

Gert er ráð fyrir að sala hlutafjár fari fram í tveimur áföngum. Dreifðri sölu til almennings á föstu gengi og tilboðssölu ef allir hlutirnir seldust ekki í almennu sölunni. Allur hlutinn hefur nú selst og kemur því ekki til tilboðssölu. Þessi niðurstaða sýnir mikinn áhuga almennings á fjárfestingu í hlutabréfum og endurspeglar þá þörf sem hefur verið fyrir aukna fjölbreytni öflugra hlutafélaga á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Auk þess má nefna að tæplega 3.000 áskrifendur sættu ekki skerðingu í sölunni, þ.e. skrifuðu sig fyrir lægri fjárhæð en 360 þús. kr. að nafnverði. Þetta sýnir að áhugi almennings á sölunni var mikill. Þá er einnig athyglisvert að hafa í huga að þeir sem skráðu sig fyrir hámarksáskrift fengu aðeins um 12% af því sem þeir báðu um. Þessi sala kemur í kjölfar sölu á hlutafé í Landsbanka Íslands hf. þar sem liðlega 12.200 aðilar skráðu sig fyrir hlutabréfum. Bankinn varð með því næstfjölmennasta hlutafélag landsins á eftir Eimskipafélagi Íslands og verður skráður á Verðbréfaþingi Íslands.

Einnig hefur verið heimiluð hækkun hlutafjár í Búnaðarbanka Íslands hf. um allt að 600 millj. kr.

Óhætt er að segja að stefnumótun ríkisstjórnarinnar hafi hlotið góðar viðtökur ef marka má hinn gífurlega áhuga almennings. Þetta hefur gerst þrátt fyrir hrakspár fjölmargra þingmanna sem töluðu úr þessum ræðustóli þegar ég mælti fyrir frv. um stofnun bankans fyrir rétt rúmu einu og hálfu ári og sumir þeirra eru enn í salnum í dag.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að sölu hlutafjár í Fjárfestingarbankanum í síðari áfanga, þ.e. hvernig heimildir Alþingis til frekari sölu samkvæmt þessu frv. verða nýttar. Munu stjórnvöld draga lærdóm af nýafstaðinni sölu við þá stefnumótun. Þá er vilji ríkisstjórnarinnar að selja allan hlut ríkisins fyrir mitt næsta ár ef aðstæður leyfa.

Jafnframt hefur því verið lýst yfir að við þá sölu verði áfram stefnt að dreifðri eignaraðild og sjálfstæði Fjárfestingarbankans sem samkeppnisaðila á íslenskum samkeppnismarkaði. Í því efni er miðað við að hlutdeild hvers aðila í frumsölu verði ekki hærri en sem nemur 5–10% hlutafjár í bankanum. Jafnframt verði hugað að skráningu félagsins á hlutabréfamarkaði erlendis til viðbótar við skráningu á Verðbréfaþingi Íslands. Nánari útfærsla sölunnar mun eins og áður sagði ráðast af þeim lærdómi sem menn draga af nýafstaðinni sölu og mati á aðstæðum á sölutímabilinu.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni óska ég þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. og það verði afgreitt á þessu þingi.

[18:05]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það vakti athygli mína þegar ég hlustaði á ræðu hæstv. viðskrh. þegar hann mælti fyrir breytingu á lögum um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins að hann sá ekki ástæðu til þess að nefna þá frétt sem var í Ríkisútvarpinu um helgina þar sem fram kom að á því hefði borið við sölu hlutabréfa í Fjárfestingarbankanum að verðbréfafyrirtæki hafi notað, að mínu mati óprúttnar og siðlausar aðferðir til að komast yfir hlutabréf í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Í þeirri frétt sem fram kom í Ríkisútvarpinu í gær kom fram, með leyfi forseta:

Búast má við því að hluthöfum fækki verulega í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins þegar viðskipti með hlutbréf í 4,7

milljarða króna útboði bankans verða endanlega gerð upp. Ljóst er að fjölmargar peningastofnanir, tryggingafélög og aðrir stórir fjárfestar standa á bak við kaup einstaklinga á hlutabréfum í bankanum.

Eins og greint var frá í útvarpsfréttum í gær var talsvert um það að fólk skráði sig fyrir hámarkshlut í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins þó raunverulega í nafni annarra. Fréttastofan þekkir til að mynda nokkur dæmi þess að verðbréfamiðlarar hafi samið við fólk um að það skráði sig fyrir hámarkshlut á sölugenginu 1,4. Verðbréfafyrirtækið hét því hins vegar á móti að kaupa hlutinn á hærra gengi. Þannig væri það útlátalaust af hálfu einstaklingsins að skrá sig fyrir hlut í Fjárfestingarbankanum og það eina sem hann þyrfti að gera væri að taka við peningum fyrir viðvikið.

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst þetta mjög sérkennilegir viðskiptahættir ef þetta getur gerst á markaðnum við sölu á hlutabréfum í Fjárfestingarbankanum og þá væntanlega líka í Landsbankanum. Ég hafði ekki heyrt um að þetta hefði gerst þar en það gæti a.m.k. komið til álita hvort svo hafi ekki verið.

Ég vil líka nefna í þessu sambandi að mér hefur borist í hendur bréf sem starfsfólk í verðbréfafyrirtæki fékk greinilega frá yfirmönnum sínum. Ég mun á þessari stundu ekki nafngreina fyrirtækið, en tel ástæðu til að lesa bréfið. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi er starfsmönnum algerlega óheimilt að ræða við nokkurn aðila:"

Síðan kemur nafnið á verðbréfafyrirtækinu og sagt að það sé að safna kennitölum til að gera tilboð í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

„Starfsmönnum er heimilt að koma með kennitölur sínar og fjölskyldu sinnar og aðila sem þeir treysta. T.d. er í góðu lagi þótt starfsmaður komi með 10 kennitölur. Við munum greiða fimm punkta fyrir hverja kennitölu. Vænt verðmæti hverrar kennitölu er á bilinu 50–100 þús. kr."

Síðan stendur: „Við munum skrá hverja kennitölu fyrir kaupum að upphæð 1–2 millj kr. að nafnvirði. Við greiðum ekki starfsfólki fyrir að koma með kennitölurnar heldur kennitölunum sjálfum."

Síðan segir í lokin, með leyfi forseta:

„Ágæta starfsfólk. Ég þarf vonandi ekki að ítreka við ykkur mikilvægi þess að trúnaður vegna þessa máls verði haldinn. Ef þetta fréttist á markaðnum og til samkeppnisaðila okkar er málið dautt."

Mér finnst þetta mjög sérkennilegt bréf sem mér barst í hendur og allsérstæðir viðskiptahættir sem þarna eiga sér stað. Ég hafði hreinlega ekki gert mér grein fyrir að starfsfólk í verðbréfafyrirtækjum gæti safnað saman kennitölum hjá fjölskyldum sínum, vinum og vandamönnum og verðbréfafyrirtækið sæi síðan um að kaupa hlutinn fyrir viðkomandi og tryggði þeim fimm punkta hækkun á gengi hlutabréfanna þannig að hver sem lánaði kennitölu sína fengi í hendur nokkra tugi þúsunda. Maður veltir því fyrir sér hvort kolkrabbinn sé kominn af stað bakdyramegin til þess að eignast Fjárfestingarbankann.

Ég vil því spyrja hæstv. viðskrh.: Hver er skoðun hans á þessari aðferð við kaup á hlutabréfum í Fjárfestingarbankanum sem stuðlar vissulega að samþjöppun hlutabréfanna á færri hendur og er greinilega til þess gert að opna möguleika á kaupum fjársterkra aðila að fleiri hlutabréfum en leyfilegt hámark er. Menn eru að tala um að það eigi að vera hámarksdreifing á þessum hlutabréfum. En sú leið sem hér er farin — maður veit auðvitað með eftirmarkaðinn að hann getur breytt þessu. En þarna á þessu stigi máls eru það verðbréfafyrirtæki sem beita sér fyrir því að starfsmenn verðbréfafyrirtækjanna geta boðið vinum og kunningjum ákveðinn ágóða án þess að leggja fram nokkra peninga með því að lána kennitölu sína.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ástæðu til að láta bankaeftirlitið kanna þetta mál sérstaklega og hvort hann telji rétt að bregðast við og grípa til aðgerða sem komi í veg fyrir svona óeðlilega viðskiptahætti. Hér á að fara að selja 51% í viðbót af hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbankanum. Hæstv. ráðherra er að biðja Alþingi um heimild til þess. Telur ráðherrann, áður en það útboð fer af stað, að grípa eigi til einhverra aðgerða, eða er það kannski ekki hægt, til þess að koma í veg fyrir að fjársterkir aðilar og kolkrabbinn geti með þessari leið safnað að sér hlutabréfum langt umfram það hámark sem leyft er í útboðunum?

Ég vil í þriðja lagi spyrja hæstv. ráðherra að því hvort draga megi þá ályktun af þeirri miklu eftirspurn sem er á bréfunum og þeirri sem ég kalla óprúttnu leið sem sterkir fjárfestar nota til að fjárfesta í þessum bréfum að gengi þeirra í útboðunum sé of lágt. Má draga þá ályktun, herra forseti, og ég spyr hæstv. ráðherra að því, af þessari miklu eftirspurn sem er eftir bréfunum að gengi þeirra í útboðunum sé of lágt — það er greinilega mikil eftirspurn eftir þeim — og að ríkissjóður hefði getað fengið hærra verð fyrir hlutabréfin en raun ber vitni, að ríkissjóður hefði getað fengið meiri verðmæti út úr þessum banka?

Ég tel, herra forseti, að full ástæða sé til þess, úr því að þetta hefur komið fram í fjölmiðlum, að ráðherrann svari því úr ræðustól á þinginu hvert álit hans er á þessum viðskiptaháttum sem ég tel með öllu óverjandi og óviðunandi, ef fjársterkir aðilar komast svona bakdyramegin til að koma í veg fyrir eins dreifða eignaraðild og kostur er og á þennan hátt.

[18:13]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast við þá frétt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er að vitna til og hef spurst fyrir um þetta mál hjá þeim sem ég tel að best til þekki, eins og hjá Fjárfestingarbankanum. Sjálfsagt hafa einhver brögð verið að þessu. Ég ætla hins vegar ekki að kveða upp neina dóma á þessari stundu um það í hversu miklum mæli þetta hefur verið gert. Ég tel að þetta sé ekki rétti tíminn til þess vegna þess að nú mun það auðvitað koma í ljós á næstu dögum hvort þarna hefur verið um það að ræða að menn hafi verið í kennitölusöfnun í þeim tilgangi að komast yfir stærri hlut í Fjárfestingarbankanum en menn annars gætu. Ef um það er að ræða gengur þetta þvert á það sem var tilætlaður tilgangur ríkisstjórnarinnar með þessari einkavæðingu, þ.e. að ná fram mjög dreifðri eignaraðild á bankanum.

Nú var þarna um mun hærri upphæðir að ræða í Fjárfestingarbankanum en menn gerðu ráð fyrir í útboðunum í Landsbanka og Búnaðarbanka. Ástæðan var sú að vegna viðskiptatengsla bæði Landsbanka og Búnaðarbanka töldu menn að viðskiptamennirnir hefðu meiri áhuga fyrir kaupum þar en í Fjárfestingarbankanum, þ.e. að almenningur yrði ekki eins áfjáður í að kaupa Fjárfestingarbankann og hina bankana. Það kom hins vegar í ljós að ekki er síðri áhugi fyrir Fjárfestingarbankanum en hinum. Tilgangurinn okkar var sá að ná fram mjög dreifðri eignaraðild.

Komi hins vegar í ljós að þarna hafi verið um stórfellda kennitölusöfnun að ræða, eins og haldið er fram, — ég tek

skýrt fram að ég ætla ekki að leggja mat á það nú — þá finnst mér þar vera um alvarlega hluti að ræða og kalli á það að við þurfum að hugsa þetta fyrirkomulag dálítið upp á nýtt, þ.e. ef menn ætla að nýta sér svona tækifæri til þess að eignast stóra hluti í bankanum, vegna þess að þá erum við að horfa líka á aðra hluti í verðmætunum í fyrirtækinu. Ekki er nokkur einasti vafi á því að ef við mundum bjóða Fjárfestingarbankann út í einu lagi eða í tveimur, þremur pörtum þá fengjum við hærra verð fyrir hann í útboði en 1,4. Það er alveg klárt. En verðmætamatið á bankanum er 1,4 núna. Af hverju væri það hærra ef við byðum hann út í þessum pörtum? Vegna þess að þá væru menn líka að kaupa völdin og áhrifin sem því mundu fylgja. Tilgangurinn með þessari einkavæðingu var ekki sá heldur að ná fram dreifðri eignaraðild.

[18:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin. Ég heyri það að hann hefur áhyggjur af þeim viðskiptaháttum sem ég lýsti sem eru mjög óeðlilegir. Ráðherrann orðaði það svo að komi ljós að um sé að ræða stórfellda kennitölusöfnun þá sé það mjög alvarlegt.

En hvernig hefur ráðherrann hugsað sér að bregðast við þessu? Hvernig ætlar hann að komast að raun um hvort um stórfellda kennitölusöfnun hafi verið að ræða og til hvaða aðgerða hyggst hann þá grípa? Mér finnst þetta ekki nægjanleg svör þó að vissulega séu það svör að ákveðnu marki að ráðherrann hefur áhyggjur af þessu, það er þó byrjunin. En eins og ráðherrann nefndi er þetta þvert á tilætlaðan tilgang með því að selja hlutafé ríkissjóðs í bankanum og því spyr ég ráðherrann: Mun hann láta bankaeftirlitið fara í málið til þess að kanna það hvort um stórfellda kennitölusöfnun hafi verið að ræða eða ekki? Til hvaða aðgerða hyggst ráðherrann þá grípa og hvað er það raunverulega sem hann metur stórfellt?

Öll svona söfnun finnst mér óeðlileg og ég tel að það verði að tryggja það — ég tala ekki um þegar á að fara að selja hér 51% eða allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbankanum — að þetta geti ekki átt sér stað og að brugðist verði við því.

Herra forseti. Mér fannst svör ráðherra heldur óljós að því er þetta varðar og spyr hann hvort hann muni t.d. bregðast þannig við að bankaeftirlitið fari ofan í þetta mál og kanni það sérstaklega.

[18:18]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég ekki rétt á þessari stundu að tala um til hvaða aðgerða eigi að grípa á meðan við erum bara með meinta hluti í höndunum en ekki skjalfestar staðreyndir. Við verðum líka að hafa í huga að verðbréfamiðlarar, bæði Landsbanki og Búnaðarbanki og hugsanlega fleiri aðilar, hafa kannski ekki endilega þurft að vera í kennitölusöfnun. Þeir hafa einfaldlega getað verið að þjóna viðskiptamönnum sínum vegna þess að viðskiptamenn þessara fyrirtækja hafa kannski óskað eftir því að þessi fyrirtæki keyptu fyrir þá inn í sitt safn sem er kannski í vörslu viðkomandi fyrirtækis. Viðkomandi fyrirtæki hafa líka hugsanlega getað verið að kaupa inn í sjóðasafn sitt í viðkomandi fyrirtækjum sem eru síðan fjárfestingarkostir fyrir þá sem þar vilja koma inn. Þess vegna megum við ekki á þessari stundu halda því fram að þarna hafi verið um þessa hluti að ræða. Ég tek skýrt fram að ef svo er og það kemur í ljós að menn hafi verið að leika þennan leik (**JóhS:** Hvernig ætlar ráðherrann að staðreyna það?), þá finnst mér að við þurfum að hugsa þetta mál algjörlega upp á nýtt. Ekki er hægt að staðreyna það fyrr en við sjáum hvort þessir hlutir fara að safnast saman á næstunni til tiltekinna aðila og það sjá menn auðvitað á hlutafélagaskrám þessara fyrirtækja þegar þar að kemur.

En við megum ekki nálgast málið hér og nú með því að gefa okkur þetta sem staðreynd. Það kemur kannski í ljós að þetta sé staðreynd en það er ekki hægt að gefa sér það. Þess vegna er ég ekki tilbúinn til þess að lýsa því yfir að ég ætli að fara að beita einhverjum viðurlögum sem ég býst við að sé kannski ekki hægt og ég átta mig ekki nákvæmlega á því á þessari stundu hvort yfirleitt sé hægt að koma í veg fyrir slíka hluti.

En tilgangurinn með einkavæðingunni var ekki þessi. Ef þetta er staðreynd þurfum við að hugsa það upp á nýtt hvernig við stöndum að þessu.

[18:20]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðustu svör ráðherrans skýra þetta ekki miklu betur fyrir mér en ráðherrann segir, ef ég skil hann rétt, að það verði skoða það á næstunni hvort hlutabréfin hafi safnast umfram hámarkið til tiltekinna aðila og það verði að skoða það í hlutafélagaskrá. Miðað við orð ráðherrans, og ég dró þá ályktun af orðum hans að hann hefði ákveðnar áhyggjur af þessu, verð ég að treysta því að hann muni fylgjast með þessari þróun og gefa þá þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, efh.- og viðskn., álit og skoðun ráðuneytisins og ráðherra á því til hvers þetta hefur leitt og hverju má búast við í framtíðinni. Ég vænti þess að ráðherrann skoði það þá sérstaklega hvort til séu leiðir eða aðferðir til þess að koma í veg fyrir það í framtíðinni að svona nokkuð geti gerst því að þetta eru algjörlega óeðlilegir viðskiptahættir í mínum huga.

[18:22]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er mjög einfalt. 1. gr. frv. er einungis einn málsliður:

„Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Og 2. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Nú er það svo að oft er gott að löggjöf sé skýr og ljóst að hverju menn stefna. En þetta mál er ekki svona einfalt. Þessi banki, sem var á sínum tíma settur á laggirnar með samruna Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, vakti pólitískar deilur í þingsölum eins og menn muna. Við stjórnarandstæðingar töldum margir hverjir að hér væri verið að fara inn á rangar brautir. Það hefði verið nær að taka þessa sjóði og styrkja með þeim ríkisviðskiptabankakerfið sem þurfti mjög á því að halda í stað þess að stofna sérstakan banka.

Það er mat mitt að reynslan hafi staðfest að þær röksemdir sem við höfðum á sínum tíma hafi verið réttar og það má einmitt benda á að ýmsir tala um það sem aðalhagræðinguna í íslensku bankakerfi einmitt að kaupa þennan tiltekna banka og fella hann svo inn í aðra banka sem hér eru á markaðnum. Uppleggið var rangt en hins vegar var tekist á um það pólitískt og ríkisstjórnin knúði fram vilja sinn sem var meirihlutavilji Alþingis og það er ekkert við því að segja. Við í stjórnarandstöðunni verðum að horfast í augu við það að ekki sé hlustað á allt sem við leggjum til. Hins vegar fjallar þetta frumvarp, og við skulum reyna að ræða það efnislega,

um að selja í reynd 51% í bankanum vegna þess að það var áður heimild fyrir að selja 49%. Það ferli hefur verið í gangi undanfarið. Hins vegar er engin útfærsla í frv. um hvernig eigi að standa að sölunni og það er mjög ámælisvert vegna þess að við sölu á 49%, eins og við höfum séð, hafa komið upp miklir vankantar sem segja okkur að þegar við gengum frá lögunum á hinu háa Alþingi, hafi ekki verið tryggilega gengið frá því að þeirri stefnu að tryggja dreifða eignaraðild, sem menn voru nokkuð sammála um. Úr því að það átti að selja hluta í bankanum á annað borð, er mikilvægt að fylgt sé eftir nægjanlega skýrt í frv. þegar bankinn var stofnsettur.

Nú keyrir hins vegar um þverbak vegna þess að í því frv. sem hér er til umræðu eru enn þá færri ákvæði og minni útfærsla á sölunni. Vakin hefur verið á því athygli hér, og hefur reyndar verið gert í fjölmiðlum líka, að menn hafa farið fram hjá þeirri leið að hafa hámark á kaupum. Nú ganga kaupum og sölum réttindi manna til að gera tilboð í bankann. Þetta hefði vitaskuld mátt koma í veg fyrir með því að setja í lögin um Fjárfestingarbankann þröng skilyrði um hámarkseignaraðild. Með þessu frumvarpi þarf að breyta því þannig að ekki einungis verði sett á nákvæm útfærsla um hvernig staðið verði að sölunni, það verður beinlínis að gera það. Þetta frumvarp er algjörlega ófullnægjandi eins og það er lagt fram. Það þarf að útfæra hvernig salan á hlutabréfunum fer fram, það er ekki nóg að gera það eins og segir í frv.

„Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig staðið verði að sölu hlutafjár í bankanum í síðari áfanga, þ.e. hvernig heimildir Alþingis til frekari sölu samkvæmt þessu frumvarpi verði nýttar."

Það er algjörlega óviðunandi, herra forseti, að mínu mati að svo sé frá málum gengið. Það er hægt að útfæra feril sem tryggir dreifða eignaraðild og tryggja að í eftirsölu safnist ekki hlutabréfin á of fáar hendur og það er vandalítið að útfæra slíkt í lagatexta. Ég er hins vegar ekkert viss um að ríkisstjórnin kjósi að gera það en það á eftir að koma í ljós.

Hins vegar er augljóst að uppleggið við söluna á 49%, eins og fréttir eru að berast af, er ekki í samræmi við lögin eins og gengið var frá þeim. Það er ekki í samræmi við lögin og greinargerðina með frv. um Fjárfestingarbankann, eins og það var afgreitt á sínum tíma, því að menn ræddu þá mjög ákveðið um dreifða eignaraðild.

Ef það er rétt, sem fréttir eru hér til um, að fólk hafi verið fengið til skrifa sig fyrir hlutum, til að færa það svo aftur yfir til banka eða fjárfestingarfyrirtækja eða hverra sem er, til að komast fram hjá hámarkskaupréttinum, sem var að mig minnir 3 millj. að nafnvirði, ef það er tilfellið, þá er augljóst að hér er verið að fara á svig við lögin, e.t.v. ekki lögin sjálf vegna þess að þau hafa kannski ekki verið nógu vel útbúin hvað þennan þátt varðar, það verður að skoða, en það er alveg ljóst að farið er á svig við það upplegg sem efh.- og viðskn. lagði fram þegar hún gekk frá málinu á sínum tíma til 2. umr. Ég hygg að það megi líka segja að hér sé gengið á skjön við ætlun ríkisstjórnarinnar, eins og hún birtist í ummælum hæstv. viðskrh. á sínum tíma. Þetta þarf að skoða betur.

Herra forseti. Ég mun á næsta fundi efh.- og viðskn. í vikunni óska eftir að þetta mál verði tekið þar sérstaklega til umræðu og nefndin skoði og afli sér nánari upplýsinga um framkvæmd þessarar sölu á 49%. Það er við hæfi að nefndin kynni sér þetta mál og sjái hvort hér séu misfellur á framkvæmd eins og nefndin gekk frá frv. á sínum tíma. Ég ætla í sjálfu sér ekkert að fullyrða um það á þessi stigi en það er augljóst að ekki er hægt að láta þetta mál einfaldlega falla niður því að ef þetta leiðir síðan til meiri samþjöppunar á eignaraðild á bankanum en menn ætluðu í upphafi þá er það vitaskuld grafalvarlegt mál. Hvort efh.- og viðskn. verður samstiga í þessari skoðun eða ekki, á það á eftir að reyna. Þetta mál hefur ekki verið rætt enn þá í nefndinni, en ég tel a.m.k. rétt að í fyrstu umferð sé málið skoðað þar með þessum hætti.

Jafnframt tel ég, herra forseti, að þetta frv., sem vafalítið verður vísað að umræðu lokinni til efh.- og viðskn. að tillögu hæstv. viðskrh., verði að leggja aðeins til hliðar á meðan menn fá skýr svör um framkvæmdina á sölunni á 49% og leggjast yfir það með hvaða hætti salan verður útfærð. Við munum hinn pólitíska ágreining um þetta mál og vitaskuld gætum við í stjórnarandstöðunni sagt: Allt þetta mál er klúður og á ábyrgð stjórnarinnar. Og það er þannig. Við í stjórnarandstöðunni höfum vanið okkur við að reyna að taka efnislega afstöðu til málanna hverju sinni og staðreyndin er að bankinn var stofnaður þótt við hefðum ekki viljað það. En það er sömuleiðis staðreynd, sem við ráðum að vísu heldur ekki við sjálf, að allt uppleggið sem miðaði að því að tryggja hagsmunasamtökum sem réðu mestu í fyrri sjóðum — við sjáum að þau tök eru öll til staðar í hinum nýja banka.

Í greinargerð með frv. er eiginlega að nokkru leyti rakin sorgarsaga hæstv. viðskrh. í bankamálum sumarsins þegar hann ætlaði að ganga til sölu á Landsbanka Íslands en var gerður afturreka með það í ríkisstjórninni. Það væri í sjálfu sér hægt að hafa langt mál um það en ég sé enga sérstaka ástæðu til þess nema að draga fram að hæstv. viðskrh. hafa verið mjög mislagðar hendur í bankamálum frá því að hann tók við embætti. Hann hefur ekki náð hugmyndum sínum fram, oft hafa þær verið illa útfærðar og stundum hefur skort pólitískan styrk fyrir því sem hann hefur lagt áherslu á. Það er hins vegar vandamál ríkisstjórnarinnar en ekki stjórnarandstöðunnar.

Hins vegar verður að hafa í huga að mikið fé, opinbert fé, er bundið í þessum banka. Þessi banki er almenningseign. Það er líka staðreynd að vextir eru hér hærri en í nágrannalöndunum og að við erum með óhagkvæmt bankakerfi og hærri þjónustugjöld en í nágrannalöndunum. Hluti er vegna fámennis, hluti er einfaldlega vegna skipulags okkar í bankamálum. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að aukin samkeppni á þeim markaði væri mjög brýn og þá sérstaklega með því að fá inn erlenda banka, bæði starfandi eða sem hluthafa, sem ekki hefur reyndar orðið enn í okkar fjármálaumhverfi. En það má benda á að það eru margar ástæður til að hafa áhyggjur af einmitt skipulagi í bankakerfinu. Mig langar, herra forseti, að vitna aðeins í haustskýrslu Seðlabankans sem fjallaði m.a. um bankakerfið og var með varnaðarorð gagnvart efnahagsstefnunni sem var gerð að umtalsefni hér fyrr í dag.

Í skýrslunni segir að mikill vöxtur útlána bankakerfisins sé sérstakt áhyggjuefni Seðlabankans vegna hættu á verðbólgu og auknum viðskiptahalla. Það segir einnig í þessari skýrslu að Seðlabankinn telji að lánastofnanir kunni að leiðast út í áhættusamari lánveitingar sem skila ekki ætlaðri ávöxtun þegar aftur sverfir að. Þetta eru mjög þung orð, herra forseti, sem Seðlabankinn lætur falla um íslenska bankakerfið. Ég dreg þetta sérstaklega fram vegna þess að ég vildi gjarnan fá álit hæstv. viðskrh. á þessum ummælum og hvort hann hyggist beita sér á einhvern hátt fyrir því að þessir hlutir nái

ekki fram að ganga eins og Seðlabankinn er búinn að lýsa áhyggjum sínum yfir.

Ekki er hægt, herra forseti, að ganga frá þessu frv. eins og hæstv. viðskrh. raunverulega fór fram á, að þetta yrði lögfest fljótlega, ég held hann hafi talað um fyrir áramót. Hann veit vitaskuld að það er ekki hægt. Ég veit að vísu ekki hvort hann er sammála því. Ég held hann ætti að hugleiða það mjög vandlega hvort þetta frv. verði ekki að taka verulegum breytingum í meðförum þingsins. Það er ekki hægt að afgreiða frv. með þessum hætti, að láta selja 51% af ríkiseign algjörlega án útfærslu þegar fyrir liggur að fyrri framkvæmd á sölu 49% hefur misfarist. Það verður að skoða það betur og finna á því bót. Það verður þá að ganga frá löggjöfinni um sölu á þessum 51%, því það má færa rök fyrir því að úr því að bankinn er til, þá sé alveg hægt að hugsa sér að ríkisvaldið dragi sig út úr eignaraðild á þessum banka. Það verður þá að gerast, herra forseti, á markvissan og skipulagðan hátt og má ekki gerast þannig að við séum að styrkja fákeppnisvaldið enn frekar, helmingaskiptavaldið sem þessi ríkisstjórn styðst svo við því þá er verr af stað farið en heima setið.

[18:35]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var gaman að þessari ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar því það er eins og hann hafi unnið hér stórkostlega pólitíska sigra þegar hann var að berjast gegn því að Fjárfestingarbanki atvinnulífsins yrði til og allur málflutningur hans í þessari umræðu snýr á haus við það sem hv. þm. hélt fram við afgreiðslu málsins á sínum tíma. Væri nú ekki rétt fyrir hv. þm. að reyna aðeins að rifja upp öll stóru orðin sem hann viðhafði við umræðuna um málið? Hér væri á ferðinni skipting, helmingaskipti milli Sjálfstfl. og Framsfl. Hér væri verið að finna stóla fyrir afdankaða pólitíkusa sem þyrfti að koma út úr Stjórnarráðinu og út af Alþingi. Hér væri um einkavinaveðingu að ræða og ég veit ekki hvað og hvað. Ekkert af þeim stóryrðum sem hv. þm. var með og gekk manna harðast fram í hefur gengið eftir. Ekki nokkur skapaður hlutur. Allt sem hv. þm. hélt hér fram við þá umræðu var meira og minna tilbúningur og því miður verð ég að segja, með leyfi forseta, tómt rugl. Það hefur komið í ljós ... (Gripið fram í.) Alls ekki, hv. þm. Þessi formbreyting var nákvæmlega í takt við það sem ég lagði til. Og þegar hv. þm. segir að þetta hafi allt saman mistekist, eins og hann orðaði það, og að þessi sala hafi misfarist, þá er það allt saman tómur misskilningur og hv. þm. veit einfaldlega ekki um hvað hann er að tala.

Það sem hefur hins vegar gerst er það að með tilkomu Fjárfestingarbankans hefur samkeppnin á íslenska bankamarkaðnum aukist stórkostlega. Gott dæmi um það er einmitt það sem ég ætla að nefna hér. Vaxtamunur af heildareignum í Búnaðarbankanum var árið 1997 4,42%. Er eftir sex fyrstu mánuði þessa árs 3,98%. Hvað hefur gerst? Hann hefur lækkað um hálft prósentustig vegna vaxandi samkeppni á þessum markaði sem líka hefur leitt til þess að bankarnir báðir, bæði Búnaðarbanki og Landsbanki hafa þurft að taka sér tak en eru að skila sinni bestu afkomu eftir að þeim var breytt í hlutafélög. Þetta er árangurinn af aðgerðum ríkisstjórnarinnar á fjármálamarkaðnum á undangengnum þremur árum. Þegar hv. þm. heldur einhverju öðru fram þá annaðhvort veit hann ekki — og það kann vel að vera að svo sé einfaldlega þegar maður hlustar á málflutning hans, að hann þekki bara ekki íslenskan fjármagnsmarkað, hann viti bara ekkert hvað er að gerast á íslenskum fjármagnsmarkaði. Því trúi ég nú varla, en málflutningurinn er nákvæmlega þannig. Það er eins og hv. þm. hafi bara alls ekki fylgst með hvað hefur verið að gerast á íslenskum fjármagnsmarkaði á undanförnum mánuðum og árum.

[18:38]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var skrýtin ræða. (**Gripið fram í:** Skrýtinn ráðherra.) Það veit ég ekki. Það verða aðrir að dæma um. Hæstv. ráðherra er ekki á mína ábyrgð. En ég get fullvissað hæstv. ráðherra um að ég kann ágætlega skil á íslenskum fjármagnsmarkaði. Ég rakti ekki mjög mikið í máli mínu röksemdir fyrir því að ekki ætti að stofna Fjárfestingarbankann vegna þess að við erum ekki að ræða það mál núna. Við erum að ræða sölu á 51%. Öll þau orð sem ég lét falla um hvað þetta væri röng stefna hafa komið fram að vera rétt. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra þarf á því að halda að ég endurtaki þau sérstaklega. Ég get alveg farið í það en þá vil ég gera það í réttri umgjörð í umræðunni, ekki þegar við erum að ræða sölu á þessu 51%. Það vita allir sem vilja vita um flokkspólitísk tök manna sem tengjast þessum bönkum hvort sem það er Fjárfestingarbankinn eða Nýsköpunarsjóðurinn. Það þarf ekki að hafa um það mörg orð. Salan á 49% hefur misfarist. Það er alveg augljóst að fyrir liggur grunur um að verið sé að fara fram hjá lögum. Ég orðaði þetta mjög kurteislega og varfærnislega áðan. Þá kemur hæstv. ráðherra hér með skæting og talar út og suður um málið þegar ég er með málefnalega gagnrýni á hluti og fullyrði einmitt ekki, vegna þess að ég tek mál sem gerast á fjármálamarkaðnum mjög alvarlega, þvert ofan í það sem hæstv. ráðherra heldur fram eins og hann talar. Hann talar af fullkomnu ábyrgðarleysi. Það hefur margt gerst á íslenskum fjármagnsmarkaði undanfarin ár. Stærstu breytingarnar voru við lögfestingu EES-samningsins og það var ekki fyrir forgöngu hæstv. viðskrh. að það mál náði fram að ganga.

Meginmálið er, herra forseti, að þetta frv. er ónýtt. Reynslan hefur sýnt að fyrri löggjöf um söluna á 49% var illa útfærð. Þá getum við ekki verið að ræða þetta mál raunverulega á hinu háa Alþingi. Best væri að hæstv. ráðherra drægi frv. til baka og við mundum einhenda okkur í að reyna að vinda ofan af hinu fyrra máli.

[18:41]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki dregur hv. þm. úr stóryrðunum. Fréttir eru uppi um það að menn hafi verið að kaupa sér áhrif í gegnum kennitölur. Það er engin staðfesting. En hér gengur hv. þm. Ágúst Einarsson fram og fullyrðir að svo sé. (**Gripið fram í:** Hann sagði grunur.) Sagði grunur, en sagði um leið, og fyrir því verður hv. þm. að finna stað orðum sínum, að lög hafi verið brotin. Menn hafi farið fram hjá lögum í þessum efnum. Hv. þm. verður að benda á hvaða lög voru brotin og standa fyrir slíkum fullyrðingum sem hann heldur hér fram. Hvaða lög voru brotin við sölu á hlutabréfum ríkisins í Fjárfestingarbankanum? Hv. þm. verður bara að koma hér í þennan ræðustól og vitna í þau lög sem þarna hafa verið brotin. Þingmenn geta ekki leyft sér svona málflutning og haldið slíku fram án þess að vita nokkurn skapaðan hlut um hvað þeir eru að tala. Hitt er aftur á móti alvarlegt ef menn hafa farið þá leið að safna kennitölum í þeim tilgangi að reyna að kaupa sig til áhrifa en við skulum ekki dæma um það hér og nú. Það mun verða hægt síðar og hv. þm.

getur ekki leyft sér málflutning eins og hann var með við umræðuna.

[18:43]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir hæstv. viðskrh. vera kominn utan vegar. Það liggur fyrir að þegar lögin um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins voru afgreidd hér á hinu háa Alþingi var það mjög veigamikið atriði að þegar væri farið að selja 49% yrði dreifð eignaraðild tryggð. Ég lýsti þessu áðan mjög skilmerkilega. Það var vilji ráðherra og vilji efh.- og viðskn. sem gekk frá þessu máli, meiri hluta nefndarinnar. Við erum að ræða þá staðreynd núna að svo virðist sem farið hafi verið á svig við þetta í lögunum um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Ég tilkynnti áðan að ég mundi taka málið upp í efh.- og viðskn. á fimmtudaginn kemur og skoða það betur því okkur ber skylda til að sjá til þess hvort hér hafi eitthvað brugðist við lagasetninguna. Það er þess vegna, herra forseti, sem þetta frv. um sölu á 51% er algjörlega út í hött nema að fyrst verði búið að svara spurningunum um framkvæmdir á sölunni á 49%. Það sýnir okkur líka að endursemja þarf allt þetta frv. og útfæra mjög nákvæmlega hvernig staðið verði að sölunni því það hefur sýnt sig að ekki er hægt að ganga frá löggjöfinni eins og þetta frv. liggur fyrir. Það hef ég sagt og flutt fyrir því röksemdir en hæstv. viðskrh. einhverra hluta vegna leiðist út í ómálefnalega umræðu. Svo virðist sem hann hafi slæma samvisku í stjórnun sinni á bankamálum. Það getur vel verið. Ég hef ekki fundið að hagsmunir almennings í landinu hvað viðvíkur bankamálum hafi verið vel tryggðir í höndum hæstv. viðskrh. Hægt væri að færa margar sögur og dæmi um það og nefna til bæði Landsbanka og Búnaðarbanka, hvort sem eru háeff-væðing, söluvæðing eða bankastjórar eða annað slíkt. Þetta er allt hægt að rekja hér, afrekaskrá í gæsalöppum hæstv. viðskrh. En hann verður a.m.k. að reyna að þola það hér að taka þátt í málefnalegri umræðu þó að hann kikni undan henni.

[18:46]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gefur fullt tilefni að rifja upp hina makalausu magalendingu hans í bankamálunum fyrr í sumar. Hæstv. ráðherra segir að það sé vegna Fjárfestingarbankans, vegna hinnar auknu samkeppni sem sá banki hafi leitt inn í fjármálalíf landsmanna, að vaxtamunur í öðrum bönkum, þar á meðal Búnaðarbankanum, hafi lækkað verulega. Hver voru rök hæstv. ráðherra fyrir að selja útlendum auðjöfrum, Wallenberg-ættinni eða Skandinaviska Enskilda Banken, ráðandi hlut í Landsbankanum? Rökin voru eins og hann sagði í sumar að þetta ætti að auka samkeppnina.

Nú segir hæstv. ráðherra að það þurfi ekki neina útlenda banka, þetta hafi í raun verið vitleysa hjá honum með Wallenbergana vegna þess að Fjárfestingarbankinn hafi verið nægileg samkeppni til þess að minnka þennan vaxtamun. Ég held, herra forseti, að ef maður fer yfir sviðið og skoðar afkomu bankanna þá blasi tvennt við. Í fyrsta lagi má sjá að vaxandi góðæri í þjóðfélaginu hefur að sjálfsögðu komið fram í betri afkomu bankanna og þeim hefur tekist að minnka vaxtamun sinn. Jafnframt vita allir að íslensku bankarnir hafa staðið í umtalsverðum hagræðingaraðgerðum á síðustu árum sem að sjálfsögðu koma fram í minnkandi vaxtamun.

Hæstv. ráðherra ætti að nota seinni ræðu sína til að útskýra hina makalausu ferð sína varðandi bankamálin hér fyrr á þessu ári. Hæstv. ráðherra og flokksbróðir hans, hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, formaður Framsfl., beittu sér fyrir því á bak við Alþingi og aðra í ríkisstjórninni að hafnar voru viðræður við erlendan banka sem átti að leiða til þess að — ja, Framsfl. ætlaði að selja Wallenberg-ættinni í Svíþjóð ráðandi hlut í Landsbankanum. Maður veltir fyrir sér hvers vegna það var, herra forseti. Var það vegna þess að Wallenbergarnir ættu að læsa klónum um leifarnar á SÍS-veldinu sem enn er uppistaðan í Framsfl.? Átti þannig að ná aftur framsóknarlegu tangarhaldi á fjármálalífi Íslendinga? Átti að endurvekja SÍS-drauginn með hjálp sænsks súrefnis? Auðvitað var það málið.

Herra forseti. Hver urðu afdrif hæstv. iðn.- og viðskrh. í þessu máli? Hæstv. forsrh. hann gekk fram fyrir skjöldu og kippti honum niður úr fluginu. Hann dró nú ekki mikinn arnsúg þegar hann brotlenti. Hæstv. forsrh. sagði einfaldlega og sló á fingur hæstv. iðnrh.: „Svona gera menn ekki." Það er auðvitað rétt, herra forseti, svona gera menn ekki. Þarna stefndi hæstv. ráðherra ranga leið eins og allir vissu. Hún var í blóra við það sem hann er að tala um núna og hefur reyndar talað fyrir eftir að hann vitkaðist, þ.e. dreifðri eignaraðild.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að afskaplega vel hafi tekist til með sölu á Landsbanka Íslands. Ég tel að þar hafi verið gefið ákveðið fordæmi um það hvernig fara eigi að því að selja íslensku bankana. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að selja þá þannig að landsmönnum verði boðnir smáir hlutir og þannig reynt að treysta dreifða eignaraðild. Ég tel að það hafi verið lofsvert hjá íslensku bönkunum og sparisjóðunum að örva menn til slíkra hlutabréfakaupa með því að veita þeim hagstæð lán. Ég er þeirrar skoðunar.

Ég tel að fara hefði átt sömu leið varðandi Fjárfestingarbankann. Það hefði til að mynda ekki átt við söluna á 49% sem núna er nýlega afstaðin að hafa hlutina svona stóra. Hvers vegna? Ég geri mér grein fyrir því að það eru stórir aðilar sem eru að keppa um völdin í þessum bönkum. Ég, herra forseti, tel það ekkert óeðlilegt. Það skapast að sjálfsögðu eftirmarkaður með þessi bréf. Það hefði átt að örva almenning frekar með því að hafa hámarksupphæðina lægri. Ég held að niðurstaðan sýni að það hefði eigi að síður tekist að selja þá.

Ég held að hæstv. ráðherra geti ekki, með því að skoða hverjir eru eigendur þessara hluta núna, komist að því hvort brögð hafi verið í tafli þegar menn keyptu bankann. Það er eðlilegt að menn notfæri sér það að þessi bréf séu eftirsóknarverð. Það er ekkert óeðlilegt við að menn kaupi bréf og selji aftur. Það er ekkert óeðlilegt við það.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að gera eigi allt sem hægt er til að tryggja dreifða eignaraðild. Til þess eru ýmsar leiðir færar. Þær eru ekki allar jafngóðar. Á til að mynda að fara þá leið sem hæstv. forsrh. hefur ítrekað nefnt, m.a. í stóru viðtali um bankamálin þegar hann kippti hæstv. viðskrh. niður af fluginu hér fyrr í sumar? Þar talaði hann um að mögulegt væri að lögbinda eignaraðild. Ef við færum þá leið, herra forseti, þá væri að öllum líkindum hægt að koma í veg fyrir að einstakir aðilar söfnuðu stórum hlut, m.a. með því að safna kennitölum eða með því að kaupa stóran hlut á eftirmarkaði. Það mundi aftur á móti girða fyrir möguleika smærri eigenda til að hagnast sem mest á þessum bréfum. Þess vegna tel ég að það sé ekki rétt leið, þó rétt sé að taka hana inn í umræðuna. Ég er þeirrar skoðunar að verulegrar íhugunar þyrfti við áður en menn kæmust að þeirri niðurstöðu. (Gripið fram í.) Ég tel, herra forseti, að það mundi ryra möguleika þeirra sem fjárfesta í smáum hlut

í bankanum. Ég tel að þeir eigi að hafa fullt svigrúm til þess að selja sinn hlut og hagnast á því.

Hæstv. ráðherra spyr hvort við séum í sama flokki, ég og hv. þm. Ágúst Einarsson. Við erum í sama flokki, herra forseti, og erum meira að segja að flestu leyti sömu skoðun á þessu máli.

Hæstv. ráðherra talar um nauðsyn þess að stefna að því að tryggja hvað dreifðasta eignaraðild. Þá spyr ég, herra forseti: Hvernig stendur á því að í grg. með þessu frv. er talað um að miða eigi við að hlutdeild hvers aðila í frumsölu verði ekki stærri en 5–10% hlutafjár? Ég velti því fyrir mér, af hverju farið er af stað með svona stóra hluti? Hvers vegna förum við ekki sömu leið og gafst farsællega við sölu Landsbankann? Sú aðferð tryggði gríðarlega eftirspurn eftir bréfunum sem nú er verið að selja í Fjárfestingarbankanum.

Ef hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að æskilegt sé, eins og hann hefur reyndar áður tjáð bæði í ræðu og riti, að ná upp því sem hann kallar burðarása- eða kjölfestufjárfesta, er þá ekki alveg ljóst miðað við staðreyndirnar sem við höfum frammi fyrir okkur, að niðurstaðan yrði á þann veg? Eru ekki hér á Íslandi a.m.k. tveir voldugir aðilar í fjármálalífinu sem vilja ná ítökum í þessum banka, sparisjóðirnir og Búnaðarbankinn? Er þá nokkuð óeðlilegt þó að þeir glími við að verða sér úti um þá hluti sem þeir vilja og eiga að hafa fullt frelsi til þess að fá, með því að kaupa hluti af smáum fjárfestum?

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Ef hann er þeirrar skoðunar að æskilegt sé að hafa dreifða eignaraðild, af hverju leggur hann þá í þessa sjóferð með það að marki að hlutdeild hvers og eins kunni að vera 5–10%? Af því að ég hef fyrr í þessari ræðu vakið athygli á því að hinn raunverulegi bankamálaráðherra heitir ekki Finnur Ingólfsson heldur Davíð Oddsson hæstv. forsrh., þá hefur hann aðra skoðun á þessu. Hann hefur látið uppi að selja eigi bankana án þess að nokkur fari yfir 3%, reyndar hefur verið talað um 1–3%.

Ég er sömu skoðunar og hv. þm. Ágúst Einarsson um að ranglega hafi verið af stað farið með þetta mál. Ég tel að þessi banki hafi aldrei haft neinu sérstöku hlutverki að gegna. Hvað er það sem hina bankana hefur skort en þessi banki hefur upp á að bjóða? Ég vísa þá a.m.k. í ummæli forvígismanna bæði Búnaðarbankans, Íslandsbanka og sparisjóðanna, sem allir hafa sagt að þessi banki sinni ekki neinu sem þeir geti ekki sinnt jafn vel. Ef við erum að tala um hagræðingu á íslenskum bankamarkaði og ef við erum að tala um að fækka ríkisbönkunum þá er það auðvitað óskiljanlegt hjá hæstv. iðn.- og viðskrh. að rembast eins og rjúpan við staurinn að ná því fram að þessi banki yrði settur saman.

Hverjar urðu þá sárabæturnar þegar honum var kippt niður úr flugferðinni miklu til Svíþjóðar? Þær voru að hæstv. ráðherra hann náði því fram að Fjárfestingarbankinn ætti áfram að vera sjálfstæð eining. Í þessari grg. og reyndar fyrri textum sem komið hafa frá ríkisstjórninni um þetta mál, virðist allt miða að því að koma í veg fyrir að innlendir aðilar kynnu að kaupa þennan banka og renna honum saman við aðra banka. Það kann vel að vera að á bak við þessa hugsun hjá hæstv. ráðherra liggi hringekja góðra raka, ég þekki það ekki. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að markaðurinn eigi að fá að ráða þessu. Ef Búnaðarbankinn eða sparisjóðirnir vilja kaupa sér ráðandi hlutdeild í Fjárfestingarbankanum þá eiga þeir að geta tekist á á við það verkefni á frjálsum markaði. Ef það þýðir að smáir hluthafar sem festa fé sitt í smá hlut geti hagnast, þá eiga þeir að fá að hagnast.

Ein leiðin, herra forseti, til að koma eign landsmanna í þessum bönkum til þeirra sjálfra felst í að fara sömu leið og gekk svo farsællega með Landsbankann. Ef hæstv. ráðherra, sem ég veit að er ákafur lesandi ritstjórnargreina sem ég skrifaði reglulega í dagblað sem ég er nú hættur að ritstýra, hefði lesið þær rækilega hefði hann komist að því að ég tók heils hugar undir þá aðferð sem hæstv. ráðherra slampaðist á þar. Ég segi slampaðist, herra forseti, vegna þess að hæstv. ráðherra kemst oft að réttum niðurstöðum en stundum í krafti rangra forsenda. En það er nú leyfilegt samkvæmt klassískri rökfræði.

Mig langar hins vegar, herra forseti, að velta einu upp. Ef hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að nú þegar sé það mikil samkeppni í íslensku bankalífi að vaxtamunur fari hraðminnkandi, sem er hið besta mál, hvers vegna telur hann þá nauðsynlegt að fá erlenda kjölfestufjárfesta í þennan banka? Ég tek það fram, herra forseti, að ég hef ekkert á móti því að erlendir bankar hasli sér völl á Íslandi. Fyrir tilstilli flokksins sem ég tilheyri, Alþýðuflokksins, var lögum breytt svo á síðasta kjörtímabili að erlendum bönkum leyfist það. Þeir hafa fullt leyfi til þess að koma hingað og reisa hér útibú. Þegar má segja að íslenska bankakerfið sé í harðri samkeppni við erlenda banka vegna þess að fyrirtækin fara hvert á land sem er í heiminum til að finna hagstæð lán. Sparisjóður Bolungarvíkur fjármagnar smábátakaup Bolvíkinga með því að taka ódýr japönsk lán. Fyrirtækin fara til Japans eða Ameríku, hvert sem þau fýsir, þangað sem markaðurinn býður bestu lánin. Bankakerfið er orðið að litlu þorpi.

Hæstv. ráðherra talar um dreifða eignaraðild. Eigi að síður, eins og ég hef rakið, talar hann um nauðsyn þess að hlutdeild hvers aðila í frumsölunni verði ekki stærri en 5–10%. Hvað má lesa úr því? Mér virðist hann segja, herra forseti, að þegar ráðist verði í að hrinda í framkvæmd þeim lögum sem kunna að verða til á grundvelli þessa frv. þá verði hinum svokölluðu kjölfestufjárfestum, sem hæstv. ráðherra er svo annt um, gert kleift að kaupa 5–10%. Ég er á móti því, herra forseti. Ég tel að hafa eigi hlutina miklu smærri og leyfa eigi mönnum að kaupa smáa hluti og þess vegna hagnast á þeim á eftirmarkaði. Ég sé bara ekkert athugavert við það.

En ég kem hér aðallega, herra forseti, til þess að inna ráðherra eftir því hvers vegna hann vilji, eins og kemur fram á bls. 4 í grg., endilega selja hluti í þessum banka erlendis. Ég hef áður lýst því að ég er ekki á móti erlendum bönkum en hvað felst í þessu? Ég spyr að gefnu tilefni, herra forseti. Í plaggi frá viðskrn. fyrr í sumar var talað um að fá ætti kjölfestufjárfesta í Fjárfestingarbankann en þeir ættu að vera erlendir. Ég spyr hæstv. ráðherra: Munu einungis erlendir fjárfestar, erlendir bankar eða erlendir sjóðir eiga kost á að bjóða í þennan banka og væntanlega hasla sér völl með 5–10% hlut eða munu íslenskir bankar, íslenskar fjármálastofnanir, standa erlendu bönkunum jafnfætis?

Þegar ég segi að ég spyrji að gefnu tilefni þá er það út af eftirfarandi: Ef svar hæstv. ráðherra er já, þá hefur hann breytt um stefnu frá því í sumar. Ég tel ekkert að því. Það sem ég las út úr þeim textum sem þá komu frá hæstv. ráðherra, eftir ríkisstjórnarfund og var dreift á blaðamannafundi, var að hann útilokaði íslenskar bankastofnanir frá því að njóta jafnræðis gagnvart erlendum bankastofnunum. Stefnan útilokaði þær frá því að taka að sér hlutverk kjölfestufjárfesta.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hefur hann breytt um stefnu? Er skilningur minn á þessu rangur þegar ég þykist

lesa úr þessu að erlendir fjárfestar muni fá tækifæri til þess að bjóða í tiltekna hluti af stærðargráðu sem innlendir fjárfestar, innlendir bankar, munu ekki fá?

Í öðru lagi: Ef hæstv. ráðherra er enn sömu skoðunar og hann var í fyrri ræðu sinni, að það væri æskilegt að stefna að dreifðri eignaraðild, af hverju erum við þá að fara þá leið að selja 5–10%? Af hverju förum við ekki þá leið sem við höfum þegar farið, að selja 500 þús. kr. hlut eða 1 milljón kr. hlut og leyfa sem sagt manninum á götunni, leyfa íslenskum almenningi, sem greinilega virðist vera þyrstur í hlutabréf og virðist eiga sparifé sem hann vill festa í þessu — og það væri gott fyrir þann ríkissjóð sem hæstv. ráðherra starfar við að gera sem bestan — að festa fé sitt í þessu á þennan hátt?

Ég er alveg klár á því, herra forseti, að það mundi leiða til þess að sennilega yrðu átök um hluti þessara smáu fjárfesta. En ég tel að það sé af hinu góða. Það mun örva hlutabréfamarkaðinn. Það mun leiða til þess að margir sem fjárfesta munu hagnast á því. Ég tel það bara hið besta mál. Ég tel að það yrði vítamínssprauta fyrir markaðinn.

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þessum örfáu spurningum mínum sem ég hef beint til hans hér um mál sem mér finnst varða kjarnann í þeirri aðferð sem menn ætla að beita við söluna, en segi þó að ég er að öðru leyti efnislega samþykkur því markmið sem kemur fram í 1. gr. þessara laga. Ég er þeirrar skoðunar að þessi banki eigi ekki að vera í eigu ríkisins og ég er nú reyndar þeirrar skoðunar að hann hafi ekki mikið hlutverk, en ég geri mér grein fyrir því að hæstv. ráðherra er annarrar skoðunar.

[19:02]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem kom mér á óvart við þessa ræðu var hversu efnislega vel hún var sett fram og skynsamlega mælt. Það var allt annað að hlusta á fyrrverandi ritstjóra, sem hefur reyndar hrökklast úr því starfi nú, ekki til þess að gera mér lífið leitt síður en svo, vegna þess að þar talaði maður, sem ég hélt reyndar áður að hefði lítið vit á bankamálum og margt af því sem hv. þm. kom hér fram með var mjög skynsamlegt.

Þegar ég hlustaði á það hv. þm. varð ég enn meira hissa á því af hverju Alþfl. stillir sínum mönnum upp á þennan hátt í nefndir þingsins, þ.e. að þingflokkurinn skuli ekki setja þá menn í nefndir þingsins, t.d. í efh.- og viðskn., sem hafa vit á þeim hlutum sem þeir fjalla um. Það er önnur saga og ég ætla ekki sérstaklega að ráðskast með hvernig Alþfl. stillir upp í nefndir.

Svarið við þessum spurningum er að ef hv. þm. les frv. þá kemst hann að því þar er að talað um að skrá Fjárfestingarbankann í erlendri verðbréfamiðstöð. Og ég veit að hv. þm. veit það að þá geta bæði erlendir og innlendir aðilar verslað þar. Með þessu er einfaldlega verið að dýpka möguleikana á því að fá fjárfesta að bankanum.

Ég sagði áðan að þessir hlutir, þrjár millj. kr., voru stórir hlutir. Af hverju völdum við þá leið? Einfaldlega vegna þess að við héldum í upphafi að áhuginn væri ekki eins mikill fyrir Fjárfestingarbankanum og Landsbankanum og Búnaðarbankanum af því hann er ekki með þennan stóra viðskiptamannahóp að baki sér. Nú kemur það hins vegar í ljós að 10.700 manns sýna þessum banka athygli. Og svo kemur hv. þm. Ágúst Einarsson og segir að það sé bara enginn áhugi og þetta séu bara einhverjir sárafáir og litlir kallar sem eru að kaupa og nota sér kennitölurnar. Hann er með alls konar fullyrðingar út í loftið um það sem hann hefur ekkert vit á.

Hinn stóri kostur við ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar áðan var að hann var ekki með fullyrðingar um hluti sem alls ekki standast heldur fór hann efnislega yfir þá hluti sem að mörgu leyti falla mjög vel að mínum skoðunum.

En svarið er klárt. Þessi leið var valin vegna þess að við töldum að ekki væri eins mikill áhugi fyrir Fjárfestingarbankanum og viðskiptabönkunum.

[19:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst tvennt mikilvægt hafa komið fram í svari hæstv. ráðherra. Hann segir að ástæðan fyrir því að þessir hlutir voru svo stórir sem raun ber vitni hafi stafað af því að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin hafi talið að nægilegur áhugi væri ekki fyrir hendi.

Ég er sammála honum í því. Ég hefði fyrir fram líka verið sömu skoðunar. Það kom mér á óvart hversu mikill áhugi var á þessu. Raunar tek ég það fram að ef ég væri sá pælari í þessum hlutum sem hæstv. ráðherra er svo vinsamlegur að telja mig vera — en ég er ekki — þá hefði ég að öllum líkindum komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri arðvænlegt. Hvers vegna? Ég vísa t.d. í það rit sem er höfuðrit í viðskiptaheiminum á Íslandi, Viðskiptablaðið. Þar kom fram að þetta væri mjög arðvænleg fjárfesting. Og þeir sem velta slíku fyrir sér taka væntanlega mið af því. Ég las það t.d. og sannfærðist um að þetta væri rétt staðhæfing hjá Viðskiptablaðinu.

Herra forseti. Nú blasir það við að hæstv. ráðherra stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að sóknin í bankana er mikil, það er mikil eftirspurn. Getur hann þá ekki fallist á að í meðferð þingsins verði a.m.k. opnuð heimild fyrir ríkisstjórnina að selja þetta þannig að það verði smáir hlutir? Ég tala hérna, herra forseti, fyrir hönd hinna smáu fjárfestu sem sjá í þessu ákveðna hagnaðarvon. Mér finnst að menn eigi að fá að græða á verslun með þennan banka. Hvers vegna? Vegna þess að þetta er ríkisbanki. Þetta er eign fólksins og allir hafa jafna möguleika til að taka þátt í þessu, sér í lagi ef hæstv. ráðherra mundi beita sér fyrir svipuðu fyrirkomulagi og gert var með Landsbankann þar sem mönnum var gert auðvelt að kaupa þetta.

Í annan stað. Ef hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að það muni auka samkeppnina að skrá bankann á verðbréfaþingum erlendis vegna þess að þá kæmu erlendir fjárfestar væntanlega til keppninnar, þá felur það í sér að hann er að segja að innlendir muni hafa jafna möguleika og erlendir. Nú hef ég ekkert á móti því að útlendingar komi í þetta. En ég spyr hæstv. ráðherra: Þarf nokkuð að skrá bankann erlendis? Nægir ekki að skrá hann hér, eins og hann er þegar skráður? Geta ekki erlendir fjárfestar allt eins komið hingað og keppt við aðra hér? Hvaða hagur er að því fyrir ríkissjóð eða bankann að hann verði skráður erlendis? Mögulega kann það að liggja í því að við fáum hærra verð. En er eitthvað sem bendir til þess?

[19:07]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég held það sé rétt í ljósi reynslunnar af þessu útboði að menn staldri aðeins við og taki stöðuna aftur. Hvaða leið er skynsamlegust sem næsti áfangi?

Ég vil ekkert útiloka að það sé skynsamlegt að halda áfram með þessa dreifðu sölu. Ég vil alls ekki útiloka það.

Þá er spurningin: Hversu stórir eiga hlutirnir að vera? Og kannski í ljósi þess, eins og hv. þm. var að benda hér á, hversu áhuginn er mikill þá eigum við að skoða það nákvæmlega út frá því.

Það er hins vegar ekki svo að allir standi jafnt að vígi við að kaupa þessa hluti. Ef ég hef skilið hv. þm. rétt, að það þyrfti að koma þessu í eigu þjóðarinnar, þá er það svo að menn hafa mismunandi fjárráð — og ég býst við að jafnaðarmennirnir hafi fullan skilning á því — til þess að kaupa slíka hluti. Þess vegna hef ég velt því fyrir mér, ekki bara gagnvart Fjárfestingarbankanum og kannski ekki gagnvart honum, heldur gagnvart Búnaðarbanka og Landsbanka, hvort það væri skynsamlegt að bjóða viðskiptamönnum þessara banka kaup á eignarhlutum ríkisins í Búnaðarbanka og Landsbanka á tiltölulega mjög hagstæðum kjörum, á gengi sem væri eitthvað fyrir neðan markaðsgengið, en jafnframt þá um leið að binda það að þeir þyrftu að eiga þessi fyrirtæki kannski í þrjú ár þannig að við verðum þá raunverulega með eigendur hlutabréfa sem ætla sér að eiga fyrirtækin en kaupa ekki bara vegna stundarhagnaðar, því það er mikilvægt fyrir þessi fyrirtæki líka að hafa góða eigendur að baki sem sýna því áhuga hvernig þau eru rekin.

Þetta vil ég skoða. Ég vil skoða þetta út frá hagsmunum viðskiptamannanna vegna þess að það eru viðskiptamennirnir m.a. sem hafa lagt grunninn að góðu gengi þessara fyrirtækja að undanförnu, þ.e. hver staða þeirra er, kannski umfram allt.

[19:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta ekki vera óskynsamleg aðferð sem hæstv. ráðherra reifar hér, þ.e. að binda kaup við eignaraðild í tiltekinn tíma. Mér t.d. hugnast hún talsvert betur en sú að setja í lög að eignaraðild megi ekki vera umfram einhverja tiltekna stærðargráðu. (**Gripið fram í:** Ekki hægt.) Hæstv. forsrh. er þeirrar skoðunar að það sé hægt og hann hefur vísað til erlendra fordæma.

Ég hins vegar lít á þetta svona: Þessi banki, Fjárfestingarbankinn, er eign íslensku þjóðarinnar. Það á að selja hann og þær tekjur sem við fáum af sölunni eiga að koma íslensku þjóðinni til góða. Þær geta gert það með tvennum hætti. Annars vegar með því að renna í ríkissjóð og notast til hluta sem horfa til heilla fyrir þjóðina. Hins vegar er líka hægt að selja hann, eins og bankarnir hafa verið seldir að undanförnu, með verðlagningu sem örvar menn til að kaupa og sem gerir það að verkum að mjög margir, á annan tug þúsunda, taka þátt í kaupunum og vegna þess að ákveðnar aðstæður skapast síðan á eftirmarkaði, selja það til stærri eigenda og hagnast á því. Sá hagnaður er líka með vissum hætti flutningur á fjármagni úr þessari eign ríkisins til þeirra.

Það sem skiptir máli þar, herra forseti, er að allir eiga kost á því að bjóða í ákveðinn hlut. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að menn hafa auðvitað misjöfn fjárráð. En eins og bankarnir stóðu að sölu Landsbankans þá má eiginlega heita að möguleikinn til þess að festa kaup og hagnast á því hafi verið án tillits til fjárráða manna. Mér finnst það gott. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það eigi að bjóða smáa hluti, það eigi að auðvelda mönnum að kaupa þá og það eigi sem sagt að leyfa þeim að hagnast á eftirmarkaði.

Ég held að þegar hæstv. ríkisstjórn fer að selja önnur fyrirtæki, og þar hefur t.d. Landssíminn verið ræddur, að þá sé þetta aðferðin til þess að gera það. Mér er alveg ljóst, herra forseti, að við fáum ekki ráðið við markaðinn sem tekur við af frumsölunni og að þá kunna stórir aðilar að vilja seilast til valda. Það kemur ekkert í veg fyrir að þeir geti það. En þeir verða þá að gera það þannig að þeir bjóði nægilega vel í og á móti öðrum samkeppnisfyrirtækjum til þess að fá þessa smáu hluti, til þess að verða stórir, og þá hagnast litli maðurinn sem tekur þátt í þessum kaupum. Og þá er loksins komin í framkvæmd draumsýn eins manns sem löngum var á meðal okkar, Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem var nákvæmlega þessi.

[19:12]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég ætla fyrst og fremst að þakka þátttöku í þessari umræðu en hefði nýtt þetta tækifæri ef hv. þm. Ágúst Einarsson hefði verið í salnum til þess að svara nokkru af því sem hann sagði og var að mínu viti alveg rakalaus málflutningur. Reyndar stóð ekki steinn yfir steini í öllu því sem hann sagði í sinni ræðu.

En það voru líka nokkur atriði í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem ég ætla að gera að umtalsefni. Ég sagði áðan að hún hefði efnislega verið góð. En auðvitað voru nokkrar rangfærslur í því sem ég las náttúrlega oft í sumar í leiðurum DV. Það er eðlilegt að hv. þm. komi hér núna og rifji upp sína leiðara frá því í sumar.

Þegar ég las það ágæta blað undir ritstjórn hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þá áttaði ég mig betur á því hvað DV í raun og veru þýðir. Það stendur fyrir „daglegar villur" því að undir ritstjórn hv. þm. voru í blaðinu eiginlega daglega villur. (**ÖS:** Það hafa bara verið prófarkavillur.) Nei, efnislegar villur. Það er alltaf hægt að fyrirgefa prófarkavillurnar en þegar efnislegu villurnar eru jafnmargar og raun ber vitni að þá — ég ætla reyndar ekki að fara að leiðrétta það núna, það er engin ástæða til þess.

Hv. þm. gerði mikið úr því, og ég er honum sammála, að mikilvægt er að fá inn í íslenska bankakerfið erlenda þekkingu, erlenda reynslu á mjög mörgum sviðum. En hv. þm. hefur alveg skakka sýn á þetta SE-bankamál. Auðvitað veit hv. þm. miklu betur hvernig það mál allt saman var til komið en er að reyna útúrsnúninga í þeim efnum. Það var kannski ekki eftir mjög miklu að sækjast varðandi SE-bankann, en það er eftir talsvert miklu að sækjast í því að fá inn í landið erlenda reynslu og þekkingu á fjármagnsmarkaðinn.

Af hverju segi ég það? Jú, vegna þess, ef við tökum Svíþjóð sem dæmi, að vaxtamunur í Svíþjóð er innan við 2% af heildareignum. Á Íslandi er hann rétt innan 4%. Rekstrarkostnaður banka í Svíþjóð er 50% af rekstrartekjum þeirra. Á Íslandi er hann 70%. Og til þess að ná árangri í því að lækka vextina, sem er okkar meginmarkmið, þá hljótum við að þurfa að draga úr þessum kostnaði og lækka vaxtamuninn. Þar af leiðandi er mjög mikilvægt að fá inn erlenda þekkingu til okkar.

Það hefur aldrei staðið til að afhenda útlendingum meirihlutaeign í íslenskum bankastofnunum. (Gripið fram í.) Það stóð heldur aldrei til að afhenda þeim ráðandi hlut í þessum fyrirtækjum vegna þess að menn voru á algeru forstigi viðræðna við þennan aðila um hugsanleg kaup hans á einhverjum hlut í Landsbankanum.

Ætli það séu ekki í kringum 10 þúsund manns sem eiga hlut í Landsbankanum í dag eða aðrir aðilar en ríkið eiga 15% hlut í Landsbankanum og vonandi munu aðrir aðilar en ríkið eiga 15% hlut í Búnaðarbankanum fyrir lok þessa árs. Enginn getur bannað þessum 15% hluthöfum að selja sinn hlut, t.d. til útlanda. Þess vegna er þetta þröng umræða

þegar menn tala um erlenda eignaraðild á íslenskum bönkum einfaldlega vegna þess að hún kemur fyrr eða síðar. Ríkið ræður því ekki neitt. Við erum að vinna á mjög litlum og þröngum markaði og í raun og veru er öll Evrópa í þeim efnum orðin sem heimamarkaður og það verðum við varir við núna dag frá degi þegar erlendir bankar eru að taka upp stóra lánasamninga við sveitarfélög og stórfyrirtæki í beinni samkeppni við íslenskar lánastofnanir. Þess vegna eigum við að hafa áhrif á þessa atburðarás með því að reyna að stýra henni en láta þetta ekki gerast allt saman fyrir eintómar tilviljanir.

[19:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég óska hæstv. ráðherra til hamingju með að honum tókst bærilega að halda sig við málefnið.

Herra forseti. Ég hef komið inn í þessa umræðu til þess að eiga málefnalegan orðastað við hæstv. ráðherra. Ég er ekki í einhverjum pólitískum burtreiðum um þessa banka. Ég er að mörgu leyti ósammála ýmsu sem hæstv. ráðherra hefur gert í bankamálunum en sumu er ég sammála. Ég er t.d. þeirrar skoðunar, eins og hefur margsinnis komið fram í þeim ritstjórnargreinum sem hæstv. ráðherra hefur vísað til og hefði betur lesið örlítið oftar og dýpra, að sú aðferð sem menn duttu niður á við söluna á bréfum í Landsbankanum sé afskaplega farsæl. Ég hef sagt það áður og segi enn að þeir eiga að nota það sem fordæmi þegar þeir eru að selja eigur ríkisins sem þeir telja að ekki sé rétt að ríkið starfræki lengur.

Ég hefði þess vegna verið þeirrar skoðunar að sömu aðferð hefði átt að beita við Fjárfestingarbankann en ég tek gild þau rök sem hæstv. ráðherra beitir þegar hann segir: „Ríkisstjórninni var ekki ljóst fyrir fram hversu mikil eftirspurn yrði eftir hlutum í Fjárfestingarbankanum.“ Ég sjálfur eins og ég greindi ærlega frá var þeirrar skoðunar í upphafi þegar það útboð fór fram að að öllum líkindum yrði þátttakan miklu minni en raunin varð. Hins vegar er mikilvægt í þessari umræðu að hæstv. ráðherra hefur sagt að nú blasi við ákveðið landslag, nú sé komin ákveðin reynsla á þá sölu sem fór fram á hlutum úr Fjárfestingarbankanum og þá sé rétt að meta málið upp á nýtt. Það finnst mér náttúrlega dálítið mikilvæg yfirlýsing hjá hæstv. ráðherra vegna þess að hún felur í sér að hann er ekki geirnegldur á þá aðferð að selja til að mynda 5–10% úr því 51% sem eftir er. Það mundi náttúrlega þýða að eigendurnir yrðu 5–10. Ég er þeirrar skoðunar að honum beri eiginlega mórölsk skylda, í ljósi þeirrar miklu eftirspurnar sem varð hjá íslenskum almenningi eftir bréfum frá Fjárfestingarbankanum, að svara með því að bjóða aftur litla hluti.

Ég er að vísu engin sérstök vitsmunabrekka á sviði bankamála en ég sé fyrir mér að ef hæstv. ráðherra tækist ekki að koma öllum hlutum út með þeim hætti, þá gæti hann farið svipaða leið og menn eru að mér sýnist að fara með sölu Búnaðarbankans, þ.e. að þeir hlutir sem seljist ekki með þeim hætti til einstaklinga, fari yfir í sérstakan útboðsflokk sem verði þá boðinn stærri fjárfestum til sölu. En mér finnst að hann skuldi íslenskum almenningi möguleikann á því að kaupa sér litla hluti og hagnast á þeim og ég geri alls engar athugasemdir við að menn geri það. Hæstv. ráðherra á auðvitað að gera sér grein fyrir því að markaðurinn fer alltaf eins langt og honum leyfist innan lagarammans og hvað sem gerst hefur núna í þessu útboði með Fjárfestingarbankann, sem menn eru ekki allir sammála um, ég þekki það ekki til hlítar en ég ímynda mér að þar hafi það eitt gerst að menn hafi farið eins langt og lagaramminn leyfir og menn hafi ekki brotið lög. Það er munur á því að gera eitthvað sem er siðlaust og það sem er löglaust og ég dreg í efa að þarna hafi eitthvað löglaust átt sér stað.

Eitt að lokum, herra forseti. Hæstv. ráðherra bar á móti því að ætlunin hefði verið að selja ráðandi hlut til SE-bankans í Svíþjóð. Ég verð nú að hressa upp á veikburða minni hæstv. ráðherra sem er alls ekki tekinn að reskjast og hefur ekki sýnt það áður að honum sé farið að förlast minni en ég veit ekki betur en að í Morgunblaðinu hafi hæstv. utanrrh. talað um að selja ráðandi hlut og hvað er, herra forseti, ráðandi hlutur þegar Wallenbergarnir eiga í hlut?

Þeir eru þekktir fyrir það að þeir stýra og hafa ofurtök á fjölda fyrirtækja. Með hverju? Með því að eiga 15–19% hlut vegna þess að eignaraðildin er svo dreifð. Ef sú leið hefði verið farin að selja þeim t.d. 15–20% hlut og setja síðan allan Landsbankann á markað með mjög smáum hlut er líklegt að þeir hefðu náð ráðandi tökum og það er auðvitað það sem var lagt upp með af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég ætla ekki að deila við hæstv. ráðherra um það en það varð ekki för til fjár. Því var bjargað af hæstv. forsrh. sem hafði vit fyrir hæstv. ráðherrum Framsfl. En ég ítreka, herra forseti, að núna er ákveðin reynsla komin á sölur hluta á þessum bönkum og mér finnst mikilvægt að hæstv. ráðherra hefur sagt það hérna skýrt og skorinort að hann sé ekki fastur í einhverju tilteknu atriði, einhverri tiltekinni leið. Hann vill meta reynsluna og haga sér í framhaldi af því og ég tek það svo, herra forseti, að það þýði að það sem kemur fram í greinargerðinni sé honum ekki endilega fast í hendi. Það verði ekki nauðsynlega farin sú leið að selja einungis 5–10% hluti heldur freisti menn þess fyrst að leita miklu dreifðari eignaraðildar og það finnst mér alltént gott.

[19:22]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur skýrt fram í útboðslýsingunni á 49% hlut í Fjárfestingarbankanum að í ljósi reynslunnar af sölunni á þessum 49% verði síðan metið hvernig menn standi að næsta áfanga sem er 51% sem verður leitað eftir heimild frá Alþingi til að selja. Við þetta verður staðið.

Auðvitað er alltaf spurning hvaða markmið menn setja sér í þessari sölu. Ég hef sett það sem markmið númer eitt að gera sem mest verðmæti úr þessum eignum þjóðarinnar. Þjóðin getur notið þessara eigna með mismunandi hætti. Annars vegar með því að fá sem mesta fjármuni inn í ríkissjóð og hins vegar, eins og hv. þm. var að lýsa áðan, að geta keypt í þessu og haft ábata af því að selja á hærra verði þannig að um þessar tvær leiðir er að ræða. Þetta er hugsanlega líka hægt að samræma. Með því að selja kannski stóran hlut í dreifðri sölu en líka með því að láta þá sem ætla sér þegar fram líða stundir að reyna að ná tökum á bankanum með ráðandi hlut þurfa að kaupa einhvern hluta á mjög háu verði. Það er hægt að fara margar leiðir í þessu.

Svo er aftur önnur saga, hvað er ráðandi hlutur? Ráðandi hlutur getur verið 5%, hann getur verið lægri ef dreifingin er svakalega mikil. Það er eins og í Íslandsbanka, það er enginn hluthafi stærri þar en með 8% en þar eru ákveðnir hluthafar sem hafa samstarf um það hvernig bankanum er stýrt. Það er sýnilegt.

Hins vegar eigum við ekki að gefa okkur það fyrir fram að menn ætli sér að reyna að ná ráðandi hlut í bankanum. Ég vil ekki horfa á það þrátt fyrir þann orðróm sem hér

er á kreiki um söfnun á kennitölum sem er ekkert hægt að fullyrða um. Við skulum sjá hvað út úr því kemur og meta síðan framhaldið um aðferðina.

[19:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af því síðasta sem hæstv. ráðherra sagði vil ég einfaldlega að það komi fram að skoðun mín er sú að það geri ekkert til þó að þarna séu einhverjir aðilar að reyna að *ná ráðandi hlut*. Mér er alveg sama og ég tel að það sé jafnvel betra að annaðhvort sparisjóðirnir eða Búnaðarbankinn nái ráðandi hlut í Fjárfestingarbankanum. Hvers vegna? Ég er þeirrar skoðunar að það mundi auka hagræði í íslensku bankalífi og það mundi þegar til lengdar lætur verða til þess að minnka vaxtamun í landinu ef þessi banki mundi renna saman við annan hvorn þessara tveggja banka. Hvers vegna? Vegna þess að innan beggja þessara stofnana er að finna deildir sem falla mjög vel saman að hlutverki Fjárfestingarbankans. Það er skoðun mín.

Hæstv. ráðherra gat þess að það væru ýmsar leiðir og menn væru kannski að selja banka með mismunandi markmið í huga og jafnvel væru fleiri en eitt markmið uppi á teningnum þegar menn ráðast í svona. Það er ekkert óeðlilegt við það. Ég ímynda mér að tvennt vegist á í huga hæstv. ráðherra. Annars vegar að ná sem mestu fjármagni fyrir bankann inn í ríkissjóð og hins vegar að tryggja sem dreifðasta eignaraðild. Hæstv. ráðherra hefur tekið þann kost að reyna, hann segir það a.m.k., að freista sem dreifðastrar eignaraðildar og þá gerir hann það á kostnað þeirra tekna sem hann aflar með sölunni. Hvers vegna? Ef hæstv. ráðherra hefði viljað fá hámarksupphæð fyrir bankann hefði hann selt hann í einu lagi. Ég hygg að hæstv. ráðherra hefði getað fengið kannski 60–80% hærra verð ef hann hefði selt meiri hluta í bankanum í einu til einhvers eins aðila ve... þess að menn eru einfaldlega reiðubúnir til þess að greiða það umframverð til þess að ná þeim völdum og áhrifum sem því fylgja. Þess vegna, herra forseti, er líklegt að margir smáir fjárfestar geti hagnast nákvæmlega á þessari keppni, t.d. milli þeirra tveggja stofnana sem ég hef nefnt því að það væri í beggja þágu að ná sterkum hlut í bankanum og þess vegna er það í þágu hinna smáu fjárfesta, þeir fá meira fyrir sinn hlut.

Ég fagna því að lokum, herra forseti, að hæstv. ráðherra hefur sagt það að hann muni nú staldra við og meta reynsluna upp á nýtt í ljósi þess hvernig tókst til með þessa sölu núna. Ég treysti því að það leiði til þess að hann fari þá leið að selja sem flesta og smæsta hluti. Það er í þágu þeirra sem standa undir ungum hlutabréfamarkaði og við þurfum að efla hann.

[19:27]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við erum sammála um að það skipti kannski ekki höfuðmáli hverjir munu eignast, þ.e. það muni gerast í framtíðinni að einhverjar fjármálastofnanir munu eignast ráðandi hlut í bankanum. Hann gæti jafnt eftir sem áður verið sjálfstæður en menn gætu nýtt sér hagræðið af samstarfinu.

Þá getur maður líka spurt af hverju við stigum ekki það skref að selja bankann í einu lagi til hæstbjóðanda og afla þannig verulegra tekna. Ég tek undir það, ég ætla ekki að nefna neinar prósentur í þeim efnum, en við hefðum getað fengið mun hærra verð fyrir bankann ef það hefði verið bein samkeppni um að ná honum yfir og ná völdum og áhrifum um leið, þá hefðum við fengið meiri peninga inn í ríkissjóð, nýtt þá fjármuni til góðra verka eins og þessi ríkisstjórn hefur verið að gera á sviði menntamála, félagsmála, heilbrigðismála og fram eftir götunum. Þetta hefði verið ein leið.

Hin leiðin sem menn velja kannski að einhverju leyti núna er að bjóða út á tilteknu fyrir fram ákveðnu gengi miðað við mat á bankanum, sem er milliverð sem menn fóru miðað við áætlað mat, síðan verður keppni hjá þeim sem á markaðnum eru um það á hvaða verði þeir gætu hugsanlega keypt bankann. Hverjir græða á því? Þeir sem keyptu bréfin upphaflega og að því leyti til er þessi niðurstaða, og það er sú leið sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson vill fara, en hún er ekki í anda jafnaðarmanna vegna þess að það eru þá þeir sem eiga peningana sem eignuðust bréfin í fyrstu umferð og munu græða á þeim. Þessar tvær leiðir sem þarna eru farnar eru jafngildar. Þær skila því sama þegar upp er staðið, hugsanlega til fólksins sem á, en í seinni leiðinni sem hv. þm. vill fara njóta þeir frekar sem fjármunina eiga.

[19:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra misskilur örlítið stefnu jafnaðarmanna. Hún felst í því að menn njóti jafnræðis og ef menn fara þá leið að selja sem flesta og smæsta hluti á hinn stóri fjöldi meiri möguleika á að eignast hlut í bankanum. Með öðrum orðum eiga menn að hafa jafnræði til þess að fjárfesta.

Ég er í þessari umræðu talsmaður hinna smáu fjárfesta. Ég nefndi í einni af fyrri ræðum mínum að það hefði einmitt verið til fyrirmyndar hjá Landsbankanum og reyndar öðrum bankastofnunum þegar hlutir voru boðnir út í honum að þeir tóku sig til og buðu hagstæð lán. Það gerir það að verkum að enn stærri hópur á möguleika á að taka þátt í þessu og hagnast. Ég er hins vegar alveg sammála hæstv. ráðherra að því leyti til að það þýðir ekki að allir geti tekið þátt í þessu. Þar kemur hann auðvitað að þeim stóra galla á heiminum almennt að því miður náum við aldrei að jafna aðstöðumun fyllilega. En með þessu mundum við fara eins nálægt því og kostur væri.

Herra forseti. Það hefur a.m.k. komið fram að hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að æskilegt sé að reyna að stefna að sem dreifðastri eignaraðild og þá vænti ég þess að þegar hann tekur sig til og menn fara að bjóða út Fjárfestingarbankann, þau 51% sem á að gera samkvæmt því frv. sem við erum að ræða hérna, þá munu menn hverfa frá þeirri stefnu sem er í greinargerðinni og selja sem flesta og smæsta hluti. Ef það kemur á daginn að ekki er hægt að selja öll bréfin í bankanum, er hægt að setja þau í útboðsflokk sem stærri fjárfestar munu síðan kaupa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 33.–36. mál.

Fundi slitið kl. 19:32.

25. FUNDUR

þriðjudaginn 17. nóv.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Skaðabótalög, stjfrv., 183. mál, þskj. 199. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vegabréf, stjfrv., 231. mál, þskj. 258. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Embættiskostnaður sóknarpresta, stjfrv., 232. mál, þskj. 259. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 233. mál, þskj. 262. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Hjúskaparlög, frv., 180. mál, þskj. 196. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Staðfest samvist, frv., 212. mál, þskj. 234. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Orkusjóður, stjfrv., 225. mál, þskj. 252. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, stjfrv., 229. mál, þskj. 256. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, stjfrv., 107. mál, þskj. 107. — 3. umr.
10. Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, stjfrv., 108. mál, þskj. 108. — 3. umr.
11. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 110. mál, þskj. 110. — 3. umr.
12. Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1997 — Ein umr.
13. Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, stjtill., 230. mál, þskj. 257. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

[13:03]

Útbýting þingskjala:

Laun forseta Íslands, 246. mál, frv. ÓHann og PHB, þskj. 278.

Samkomulag þjóðkirkju og kirkjumálaráðherra, 250. mál, fsp. ÓHann, þskj. 283.

Starfssamningar lækna við Íslenska erfðagreiningu, 249. mál, fsp. ÓHann, þskj. 282.

Stefnumótun í heilbrigðismálum, 251. mál, fsp. ÓHann, þskj. 284.

Stjórn fiskveiða, 248. mál, frv. EKG og GuðjG, þskj. 280.

Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, 242. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 273.

Umræður utan dagskrár.

Breytingar á skipulagi lögreglustjóraembættisins í Reykjavík.

[13:05]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég hef óskað eftir umræðu utan dagskrár til að ræða málefni embættis lögreglustjórans í Reykjavík. Ég hef áður vakið máls á þessu á Alþingi og það í byrjun þessa mánaðar en að undanförnu hefur framvindan orðið með þeim hætti að ég sé ástæðu til að taka málið upp nú utan dagskrár.

Efnisatriðin eru í stuttu máli þessi: Á skipulagi lögreglunnar í landinu voru gerðar miklar breytingar með lögreglulögum árið 1996 og komu þessar breytingar til framkvæmda á miðju ári 1997. Í tengslum við þetta og vegna annarra mála sem upp hafa komið hefur þessi hluti stjórnsýslunnar verið undir smásjá. Hæstv. dómsmrh. skýrði frá því í byrjun febrúar að Ríkisendurskoðun hefði að hans undirlagi verið falið að gera stjórnsýsluúttekt á lögreglustjóraembættinu í Reykjavík og þetta þóttu almennt ágæt vinnubrögð, enda heyrir Ríkisendurskoðun beint undir Alþingi og eðlilegt að þeirri stofnun sé falið verkefni af þessu tagi.

Nú hefur hins vegar komið í ljós að á sama tíma og unnið hefur verið að þessari úttekt á vegum Ríkisendurskoðunar er verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar, VSÓ sem svo er nefnd, að vinna að annarri úttekt. Sú úttekt virðist mér hafa verið unnin með handarbakinu því önnur eins handarbaksvinnubrögð hef ég sjaldan séð. En þá fyrst tekur út yfir allan þjófabálk þegar í ljós kemur að dómsmrn. hefur falið yfirmönnum lögreglunnar að framfylgja tillögum VSÓ þó þær séu mjög umdeildar, vanhugsaðar og síðast en ekki síst stangist á við landslög.

Á vegum dómsmrn. hefur verið skipuð nefnd sem samanstendur af ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum í Reykjavík, varalögreglustjóra og fulltrúa dómsmrn. til að framfylgja tillögum og hugmundum VSÓ, ekki til að gaumgæfa þær og skoða, ekki til að hafa til hliðsjónar og samanburðar við niðurstöðu Ríkisendurskoðunar, en sú stofnun sendi frá sér áfangaskýrslu 8. október sl., heldur til að framfylgja niðurstöðum VSÓ, enda var strax hafist handa með miklum gassagangi og fundahöldum kvölds og morgna og um miðjan dag til þess að keyra málin í gegn að því er virðist til að koma í veg fyrir umræður.

Þetta eru þungar ásakanir. Það eru þung orð að halda því fram að dómsmrh. landsins hafi falið æðstu mönnum lögreglunnar að fremja lögbrot en nú bið ég hv. alþm. og aðra sem til heyra að hlusta vel. Í 6. gr. lögreglulaga segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess.“

En hvað er það sem VSÓ leggur til? VSÓ leggur til að lögreglustjórinn verði sviptur mannaforráðum sem honum þó eru ákvörðuð í tilvitnaðri lagagrein og eru tillögur VSÓ settar fram með eftirfarandi hætti. Í skýrslu VSÓ segir um stjórnskipulega stöðu lögreglustjóra:

„Yfirmaður: ríkislögreglustjóri. Staðgengill: varalögreglustjóri. Undirmenn: varalögreglustjóri og ritarar á skrifstofu lögreglustjóra.“

Lögreglustjóri er sem sagt titlaður yfirmaður ritara á skrifstofu sinni en það er þó einn hængur á því varalögreglustjóra

er falin dagleg umsjón með skrifstofu lögreglustjóra. Með öðrum orðum, þótt lögreglustjóri sé yfirmaður ritaranna, þá á varalögreglustjóri að hafa umsjón og eftirlit með þeim.

En hverjir heyra undir verkstjórn varalögreglustjóra? Það eru, og ég vitna í skýrsluna, með leyfi forseta: „Undirmenn, yfirlögregluþjónn, saksóknari og framkvæmdarstjóri sem og allir undirmenn þeirra, yfirmaður skýrsluskrárdeildar, starfsmannastjóri, lögfræðingur og ritarar á skrifstofu lögreglustjóra."

Lögreglustjóri á samkvæmt verklýsingunni að vera fulltrúi embættisins út á við en varalögreglustjórinn á hins vegar að hafa yfirumsjón með almannatengslum embættisins og svo vitnað sé orðrétt til skýrslunnar, með leyfi forseta, þá semur hann „reglur varðandi samskipti við fjölmiðla og sér til þess að þeim sé framfylgt."

Skilur fyrr en skellur í tönnum. Lögreglustjórinn má koma fram út á við en samkvæmt reglum sem varalögreglustjóri setur.

Ég hef grennslast fyrir um þetta mál en innan lögreglunnar eru menn varfærnir. Þó er ljóst að mikil óánægja er með framvindu mála, enda hafa samtök lögreglumanna ekki legið á skoðunum sínum. Jónas Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, hefur gagnrýnt þessi vinnubrögð harðlega og í viðtali við DV ekki alls fyrir löngu segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Lögreglan í landinu gekk í gegnum eina mestu skipulagsbreytingu sem um getur fyrir ári þegar embætti ríkislögreglustjóra var stofnað. Í framhaldi af því átti sér stað mikil endurskipulagning lögreglunnar í Reykjavík. Á sama tíma gekk embættið í gegnum miklar hremmingar vegna skipbrots sem skapaðist af umræðum um starfsemi fíkniefnadeildarinnar. Þetta kallaði líka á mikla endurskipulagningu um bætta meðferð fíkniefna og vörslu á skýrslum. Hluti þess var að gera boðleiðir skýrari og yfirmenn hefðu góða yfirsýn með sínum sviðum. Þetta er búið að framkvæma en með þeim breytingum sem nú er rætt um með mikilli fækkun í yfirstjórninni óttumst við að of mikið álag færist á einstaka menn og allt færist í fyrra horf aftur, ef ekki verra." (Forseti hringir.)

Með leyfi hæstv. forseta, þá er ég að ljúka máli mínu. Í ljósi þess að fjölmargar staðhæfingar og reyndar flestar aðfinnslur sem fram koma í skýrslu VSÓ eru rangar hljóta menn að velta fyrir sér hvort skýrslan sé samin með fyrir fram gefnar niðurstöður í huga. Þessi vinnubrögð eru á ábyrgð hæstv. dómsmrh. En er allt sem hér hefur verið rakið með vitund hans og hvað hyggst hann gera í þessu alvarlega máli?

[13:11]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. málshefjandi er kunnur að því að hafa hér uppi málefnalegar umræður. Þess vegna kemur það nokkuð á óvart þegar hann að þessu sinni kveður upp býsna mikla dóma um lögbrot dómsmrh. án þess að hafa kynnt sér málin nægjanlega glögglega að því er virðist eða þá með því að snúa út úr gögnum sem verið er að vinna eftir.

Kjarni þessa máls er sá eins og hv. þm. benti á að gerðar voru umfangsmiklar breytingar á lögreglunni í landinu og stór verkefni færð til lögreglunnar í Reykjavík, þar á meðal rannsókn mála og það lá í sjálfu sér alltaf ljóst fyrir að eftir því sem reynslan kæmi fram gæti það kallað á endurskoðun á innra skipulagi í lögreglustjórninni í Reykjavík.

Það gerðist síðan eftir utandagskrárumræður á hinu háa Alþingi í ferúarmánuði sl. að lögreglustjórinn í Reykjavík óskaði eftir sérstakri stjórnsýsluúttekt og bað dómsmrn. um að gangast fyrir henni. Það var gert á tvennan hátt. Annars vegar var Ríkisendurskoðun beðin um að vinna ákveðin verk í því efni og hins vegar var óháð ráðgjafarfyrirtæki sem hefur mikla reynslu á þessu sviði fengið til að gera tillögur sem eru alkunn og vönduð vinnubrögð.

Í sjálfu sér var verið að takast á við þau atriði sem fram höfðu komið í umræðum á Alþingi. Verið var að takast á við viðfangsefni sem lúta að markvissri fjármálastjórn þessa stóra embættis sem fer með mikla fjármuni og mikilvægt að tryggja að öll ákvarðanataka sé eftir skipulegum leiðum í þeim efnum.

Það má segja að það hafi komið fram í skýrslu VSÓ eftir ítarlega úttekt sem fyrst og fremst byggist á viðræðum við þá sem starfa innan embættisins að helstu veikleikar þess séu að mikill fjöldi starfsheita séu án ábyrgðar eða lítillar ábyrgðar og millistjórnendur séu óvirkir, boðleiðir óskýrar, æðstu embættismenn eyddu miklum tíma í að fjalla um smæstu málefni, verkaskipting ákærenda og lögfræðinga við rannsóknir mála væri óljós, staða og hlutverk varalögreglustjóra væri óljós og þörf væri á lögfræðilegum stuðningi við löggæslusvið auk fleiri atriða.

Tillögur VSÓ miða að úrbótum á þessum sviðum, að koma upp markvissu skipulagi þar sem ábyrgð er dreift, færa ábyrgð og auka verksvið millistjórnenda, færa þeim meiri verkefni og meiri ábyrgð og gera stjórnskipulagið allt markvissara, og koma í veg fyrir að misskilningur komi upp eins og oft vill verða ef skipulag er ekki skýrt. Það á eins við um þessa stofnun eins og flestar aðrar að með ákveðnu millibili er nauðsynlegt að fara í gegnum starfsskipulag og stjórnunaraðferðir.

Þessar tillögur voru lagðar fram í síðasta mánuði og sérstökum starfshópi var falið að vinna að framgangi þeirra því mér sýndist að í meginatriðum mættu þær þeim óskum sem ráðuneytið hefur viljað ná fram og þeim óskum sem lögreglustjórinn óskaði eftir þegar hann fór fram á að slík stjórnsýsluúttekt yrði gerð.

Gert er ráð fyrir því að nýtt skipurit geti tekið gildi um áramót og verði staðfest um miðjan desember. Enn hefur engin lokaákvörðun verið tekin vegna þess að þetta er enn í vinnuferli. Ég geri ráð fyrir að í þessu vinnuferli eigi eftir að koma upp ýmis atriði sem síðan verði skoðuð og reynt að taka afstöðu til. Auðvitað hlýtur umfjöllun um mál af þessu tagi að skýra og koma fram með ný atriði sem ég vona að geti stuðlað að því að gera þetta skipulag betra og heilsteyptara.

Því fer víðs fjarri, herra forseti, að hér hafi nokkuð verið gert sem víki gegn lögum. Hér er verið að byggja upp heilsteypt kerfi í fullri sátt við yfirstjórn lögreglunnar og ég er sannfærður um að það muni leiða til markvissari og betri stjórnunar þegar búið er að fara yfir þær athugasemdir og taka endanlegar ákvarðanir.

[13:17]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Mikið gjörningaveður hefur dunið yfir störf lögreglustjórans í Reykjavík, persónu hans, embætti hans og embættisfærslur. Vissulega er ýmislegt sem betur mætti fara en aðferðirnar við að rýra mannorð lögreglustjórans eru með ólíkindum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík fór í hálfs árs veikindaleyfi og kom á ný til starfa í gær þar sem fjölmargir starfsfélagar

hans tóku hlýlega á móti honum. En hvað gerðist á meðan lögreglustjórinn var í leyfi? Þá fór allt í einu að streyma fjármagn til embættisins. Gert er ráð fyrir 115,5 millj. á fjáraukalögum 1998 og 80,5 millj. kr. aukningu á fjárlögum ársins 1999.

Fjármagn er afl þess sem gera þarf. Skyndilega varð löggæslan sýnileg, hinum almenna borgara bárust upplýsingar um starf lögreglunnar og peningar voru til að efla löggæslu. Allt er þetta til góðs.

Hvað gerðist hins vegar skömmu áður en lögreglustjórinn í Reykjavík kom til starfa? Þá kynnti hæstv. dómsmrh. nýtt skipurit um lögreglustjóraembættið í Reykjavík þar sem lögreglustjórinn er rúinn völdum. Skipuritið er vægast sagt á gráu svæði samkvæmt lögunum og um það eru fjölmörg dæmi. Virkni milli varalögreglustjóra og lögreglustjóra hefur víxlast og ekkert samráð er haft við lögreglustjórann sjálfan.

Ég spurði aðstoðarmann hæstv. dómsmrh., sem er í raun arkitekt þessara breytinga í umboði dómsmrh., hvort haft hefði verið samband við Landssamband lögreglumanna. Hann svaraði stutt og laggott: Þeim kemur þetta ekki við. — Það er ekki von á góðu.

[13:19]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða snýst fyrst og fremst um þá stöðu sem umrætt skipurit setur lögreglustjórann í Reykjavík í. Það er kjarni málsins. Það hefur verið forvitnilegt, virðulegi forseti, að fylgjast með flóttatilraunum hæstv. dómsmrh. frá því að bera nokkra ábyrgð á þeirri staðreynd að starfsemi lögregluembættisins í Reykjavík hefur verið í miklum ólestri frá því hann tók við starfi dómsmrh. þar til á þessu ári. Það hefur ekki síður verið sérkennilegt að fylgjast með því hvernig hann hefur markvisst reynt að gera lögreglustjórann í Reykjavík einan ábyrgan fyrir óreiðunni.

Þær hugmyndir sem nú hafa verið kynntar samrýmast vart lögum að mínu viti, hvað þá heilbrigðri skynsemi. Ég held að mönnum sé gróflega misboðið enda er skipuritið sett fram til höfuðs yfirmanni stærsta lögregluembættisins í landinu. Honum er ætlað að hafa þá eiginleika að vera víðsýnn án þess að embættinu sé á nokkurn hátt ætlað að nýta sér þá víðsýni hans. Þetta er vitaskuld fyrir neðan allar hellur.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég segja að þarna eru settar fram grátbroslegar hugmyndir sem aðeins geta átt sér stoð í því að hæstv. dómsmrh. hafi pantað þær. Það er alveg klárt. Ekkert fyrirtæki sem vill láta taka sig alvarlega setur fram hugmyndir af þessum toga nema þær séu pantaðar.

Ég vil einnig segja það, virðulegi forseti, að úr því að hæstv. dómsmrh. treysti sér ekki til þess að segja lögreglustjóranum í Reykjavík upp störfum í fyrra í kjölfar þeirrar umræðu sem fram fór um embættið, þá finnst mér lítilmannlegt að útiloka hann frá daglegri stjórn á embættinu með einhvers konar skipuriti.

Það liggur fyrir, virðulegi forseti, að hæstv. dómsmrh. gaf út veikindavottorð fyrir lögreglustjórann í Reykjavík sem gilti í sex mánuði. Ég stóð í þeirri trú að útgáfa slíkra vottorða heyrði fremur undir heilbrrn. Þessi sex mánaða tími er liðinn og því tel ég, virðulegi forseti, að hæstv. dómsmrh. eigi að láta af þessum skæruhernaði gagnvart undirmanni sínum og reyna þess í stað að hefja við hann samstarf. Ég tel að það þjóni hagsmunum lögreglunnar betur. Hæstv. dómsmrh. yrði maður að meiri að taka upp samstarf við lögreglustjórann.

[13:21]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er ógeðfellt að fylgjast með því úr fjarlægð hvernig reynt er að grafa undan lögreglustjóranum í Reykjavík. Nú hefur það verið upplýst hér af hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, einum af liði stjórnarinnar, að það er gert innan úr dómsmrn. Það er líka ógeðfellt að heyra stjórnarliða upplýsa að aðstoðarmaður hæstv. dómsmrh. segi blákalt við lögreglusambandið: Ykkur kemur málið ekkert við.

Hér finnst mér, herra forseti, aðalatriði málsins liggja í einu: Lög skulu gilda. Hæstv. forsrh. gaf hæstv. dómsmrh. skýr skilaboð um það þegar þessi umræða kom hér upp fyrir skömmu að lögin tækju að sjálfsögðu fram fyrir reglur og einhvers konar stjórnskipun sem hæstv. dómsmrh. fær utan úr bæ um það hvernig eigi að byggja upp lögregluembættið.

Í 6. gr. lögreglulaga, segir með leyfi forseta: „Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi."

Hér er verið að fara á svig við lögin. Það blasir við. Reynt er að beita þessu skipuriti sem kemur utan úr bæ til þess að setja lögreglustjórann á hliðarspor. Lögin eru ekkert grín, þau eru alvörumál og menn verða að taka landslög alvarlega. Ef það orkar tvímælis að lög séu til að fylgja þeim eftir þá er komin upp mjög alvarleg staða. Við höfum heilt ráðuneyti innan stjórnkerfisins til þess að sjá til þess að lögunum sé framfylgt.

Þess vegna er undarlegt að verða vitni að því að þetta ráðuneyti fari sjálft á svig við lögin. Ég spyr, herra forseti: Hvers konar fordæmi er hæstv. dómsmrh. að gefa þegnum þessa lands? Hvers konar fordæmi er hann að veita lögreglumönnum þessa lands? Og ég spyr, herra forseti: Ætlar ekki hæstv. dómsmrh., í ljósi þeirra staðreynda sem nú liggja fyrir, að láta af ofsóknum sínum á hendur lögreglustjóranum og framfylgja lögunum, sjá til þess að hann verði yfirmaður lögregluliðsins í sínu umdæmi?

[13:24]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er með ólíkindum hversu óhönduglega hæstv. dómsmrh. hefur tekist til við að endurskipuleggja stjórnskipulag lögreglunnar í Reykjavík. Líklega blandast engum hugur um hversu mikil þörf var á slíkri endurskipulagningu, það sanna dæmin, en niðurstaðan er ótrúlegt klúður.

Svo hörð orð hafa verið höfð um hið nýja skipulag af hálfu lögreglumanna sem eiga að vinna eftir því að vart er hægt annað en velta því fyrir sér hvort ekki hefði verið betur heima setið en af stað farið. Lögreglustjóri er orðinn nokkurs konar stjórnarformaður, að því er best verður séð, og hefur verið gerður valdalaus. Varalögreglustjóra eru færð hin eiginlegu völd, allt eftir tillögum ráðgjafarfyrirtækisins VSÓ, á meðan ítarlegum tillögum Ríkisendurskoðunar var hafnað.

Ráðgjafarfyrirtækið, sem upphaflega var fengið til að skoða innheimtumál embættisins, var von bráðar farið að skoða stjórnskipulagið líka, þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hefði haft það verkefni með höndum. Tillögur Ríkisendurskoðunar voru allt annars eðlis en tillögur VSÓ. Hæstv. dómsmrh. hefur alls ekki skýrt nógu vel af hverju þær voru óbrúklegar.

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvers vegna var þeim tillögum ýtt til hliðar? Við því hefur ekki komið sannfærandi svar.

Þá er það fullkomlega óásættanlegt hvernig staðið var að málinu gagnvart starfsmönnum embættisins, sem voru ekki hafðir í samráði um skipan mála. Þeir hafa haldið því fram að með því skipulagi sem nú á að vinna eftir sé verið að brjóta lögregluna niður í stað þess að byggja hana upp. Þeir telja skýrsluna jafnvel byggða á röngum forsendum, sem verður að teljast háalvarlegt mál ef rétt er. Auk þess er ekki deilt um þá staðreynd að tillögurnar brjóta í bága við landslög.

Herra forseti. Það gengur ekki að fara í málið í blóra við lög, í ósátt við lögreglumenn og í andstöðu við samtök þeirra. Hæstv. dómsmrh. stuðlar ekki að uppbyggingu lögreglunnar í Reykjavík með þeim tillögum sem nú liggja fyrir. Þær eru til þess að auka enn á vandræðin innan þessa mikilvæga embættis og eru þau næg samt.

[13:26]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu mjög alvarlegt mál. Það er alvarlegt vegna þess að segja má að öryggi borgaranna sé stofnað í hættu, það er í uppnámi. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér hvert gildi lögreglunnar er á sama tíma og fíkniefnaglæpamenn vaða hér uppi og afbrot fara vaxandi. Hlutverk lögreglunnar er að tryggja öryggi borgaranna í því umhverfi. Til þess þarf að styrkja lögregluliðið með öllum tiltækum ráðum.

Til þess að lögreglan nái árangri í vandamiklu starfi sínu þarf að ríkja samhljómur í röðum hennar. Nú má segja að sá samhljómur hafi verið rofinn. Hann hefur verið rofinn með skipuriti sem kynnt hefur verið án þess að yfirstjórn lögreglunnar hafi verið höfð með í ráðum eða hinn almenni lögreglumaður. Það leiðir augljóslega til tortryggni og veikir þar af leiðandi lögregluna sem eina heild.

Að undanförnu hefur sú stefna verið ríkjandi að auka sjálfstæði einstakra stofnana ríkisins í anda svonefndrar gæðastjórnunar. Það er ekki í þeim anda að skipurit komi aðsent utan frá, án nokkurs samráðs við þá sem þar starfa. Ég tek undir þá fyrirspurn og óska eftir því að hæstv. dómsmrh. svari: Hvers vegna var úttekt Ríkisendurskoðunar hafnað? Ég vil hvetja hæstv. dómsmrh. til að endurskoða þá ákvörðun sem virðist liggja fyrir. Öryggi borgaranna er í húfi.

[13:28]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Í starfi lögreglunnar skiptir mestu að boðleiðir séu skýrar innan hennar, starfsskyldur og verkaskipting yfirmanna séu ljósar og fastmótaðar reglur séu um starfsumhverfi lögreglumanna. Það er þeim afar mikilvægt í vandasömu og erfiðu starfi sínu. Skipulag svo mikillar stofnunar sem lögreglunnar í Reykjavík er þarf að tryggja góðan starfsanda og skilvirkni. Þetta fer yfirleitt saman.

Skýrslur liggja fyrir um skipulag lögreglunnar í Reykjavík en vinnan, eftir að þær eru komnar fram, er ekki til þess fallin að auka traust eða skapa gott og öruggt starfsumhverfi í lögreglunni. Vinnubrögðin hingað til hafa verið sérstæð, málið hefur verið rekið áfram í veikindafríi lögreglustjórans og skipurit sem skýrsla VSÓ gerir ráð fyrir um verkaskiptingu hans og varalögreglustjóra er undarleg lesning. Ég vil þó láta í ljós að margt gott er að finna í skýrslunni og ekki ástæða til að hrópa hana niður í heild.

Gert er ráð fyrir að varalögreglustjóri hafi yfirumsjón með öllum deildum og stjórni öllum daglegum rekstri en lögreglustjóri sjái um stefnumörkun til lengri tíma. Lögreglustjóri er fulltrúi embættisins út á við en varalögreglustjóri hefur yfirumsjón með almannatengslum embættisins. Varalögreglustjóri hefur yfirumsjón með skrifstofu lögreglustjóra. Lögreglustjóri er staðgengill varalögreglustjóra. Lögreglustjóri markar stefnu fyrir embættið með framkvæmdastjórn og ríkislögreglustjóra en varalögreglustjóri hefur umsjón með gerð starfslýsinga fyrir framkvæmdastjórnina. Saksóknari lögreglunnar er undirmaður varalögreglustjóra.

Ég treysti hæstv. dómsmrh. til þess að vinda ofan af þessu máli og taka það upp í samráði við lögreglustjórann í Reykjavík sem var að koma til starfa og lögreglumenn í landinu.

Það hefur verið þrætumál í þessari umræðu hvort þessi gjörningur væri löglegur. Ég ætla ekki að kveða upp dóma um það en það verður skilyrðislaust að kveða upp úr um þetta atriði og skera úr því því að það er algerlega óviðunandi að hafa slíka þrætu uppi.

[13:30]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. staðhæfði að þær breytingar sem nú væri verið að framkvæma hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík væru í fullri sátt við lögreglustjóra og yfirstjórn lögreglunnar. Þetta er rangt.

Í öðru lagi vísar hæstv. dómsmrh. til vandaðra vinnubragða VSÓ, verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar. Skýrslan er ekki vönduð. Ég hvet menn til þess að kynna sér efni hennar til að ganga úr skugga um það. Vandinn er sá að í þessari skýrslu eru settar fram ýmsar staðhæfingar sem eru ekki á rökum reistar, sem eru rangar, og hæstv. dómsmrh. vísaði í máli sínu til nokkurra þessara staðhæfinga. Ég fullyrði að af 10–12 staðhæfingum sem fram komu í skýrslunni um það sem aflaga fer hjá lögreglunni í Reykjavík séu allflestar, 10–11, rangar. Eina staðhæfingu veit ég um að er rétt og hún er sú að skilgreining á stöðu varalögreglustjóra hafi verið óljós. Annað er hreinlega rangt.

Það alvarlega í þessu máli er að niðurstöður skýrslu VSÓ, verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar, voru kynntar 30. október en það var farið að framkvæma þær 2. nóvember. Málið er enn alvarlegra vegna þess að tillögur VSÓ stangast á við landslög. Þær gátu og geta orðið vinnugagn í besta lagi, en þær geta aldrei orðið að framkvæmdaáætlun.

Lögreglustjórinn stýrir sínu liði samkvæmt 6. gr. lögreglulaga, annað er rugl. Alvarlegar upplýsingar komu fram í máli hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar þar sem hann vísar í ummæli (Forseti hringir.) aðstoðarmanns dómsmrh. um að Landssambandi lögreglumanna komi þessi mál ekki við. Hér er aðstoðarmaður hæstv. dómsmrh. að taka sér vald yfir lögreglunni, vald sem honum ekki ber. Menn eru hér komnir í vafasaman lögregluleik og ég spyr hvort ekki sé eðlilegt að stórir strákar í lögguleik hverfi úr starfi ábyrgra manna.

[13:33]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er tvennt sem menn þurfa að hafa í huga. Í fyrsta lagi hefur enginn hv. þingmanna fært ein einustu rök fyrir því að verið sé að gera þær breytingar á skipulagi lögreglunnar í Reykjavík sem brjóti í bága við lög, enda gengur það að sjálfsögðu aldrei upp. Allt skipulag verður að vera í samræmi við lög og verður auðvitað aldrei á annan veg. Engin rök hafa verð færð fyrir því að verið sé að gera annað.

Í öðru lagi (**ÖJ:** Lögin eru sjálf ...) (Forseti hringir.) liggur það í augum uppi lögum samkvæmt og í samræmi við þetta

skipulag að lögreglustjórinn í Reykjavík er æðsti yfirmaður lögreglunnar í Reykjavík, ber þar fulla ábyrgð sem slíkur og ekki hefur minnsta tilraun verið gerð til þess að draga úr því valdi og þeirri ábyrgð. Fyrir því eru engin rök, enda gátu menn hvergi lesið neinn texta í því sem hér liggur fyrir í þá veru. Hins vegar er verið að dreifa ákvarðanatöku í daglegri stjórn í þessari stóru stofnun eins og öllum öðrum stofnunum þar sem þarf að koma við markvissri stjórn. Þar þarf að dreifa daglegri ákvarðanatöku og ætti ekki að vera nýtt fyrir hv. þingmönnum. Það hafa engar hugmyndir verið pantaðar úr ráðuneytinu í þessari vinnu. Það eru fullyrðingar sem eru algerlega sagðar út í loftið og án nokkurs rökstuðnings.

Þær tillögur sem hér liggja fyrir frá VSÓ eru í meginatriðum samhljóða þeim tillögum sem komu frá Ríkisendurskoðun, en þær eru fyllri (**ÖJ:** Þetta er rangt.) og það var nauðsynlegt að vinna þær frekar. En í meginatriðum eru þær samhljóða. (**ÖJ:** Ósatt.) Það er líka mikilvægt að það liggi alveg ljóst fyrir og ætti ekki að þurfa að segja mönnum sem segjast hafa lesið þessi gögn, að ég hygg að í fá skipti þar sem þannig hefur verið unnið hafi jafnmikill tími verið gefinn til þess að kynna tillögurnar, kalla eftir athugasemdum og til að meta þær því að það stendur ekki til að taka lokaákvarðanir (Forseti hringir.) fyrr en um miðjan næsta mánuð. (**ÖJ:** Það er byrjað að framkvæma.) Það eru hátt í tveir mánuðir gefnir til þess að kalla eftir athugasemdum (Forseti hringir.) þannig að allar röksemdir um hið gagnstæða eru rangar. (**ÖJ:** Það er byrjað að framkvæma þetta.)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gefa ræðumönnum hljóð og næði til þess að tala.)

Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 3. umr.

Stjfrv., 107. mál. — Þskj. 107.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, 3. umr.

Stjfrv., 108. mál (úthlutun sérstakra dráttarréttinda). — Þskj. 108.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 110. mál (verðjöfnunargjald af kindakjöti o.fl.). — Þskj. 110.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skaðabótalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 183. mál. — Þskj. 199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vegabréf, frh. 1. umr.

Stjfrv., 231. mál. — Þskj. 258.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Embættiskostnaður sóknarpresta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 232. mál. — Þskj. 259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Landhelgisgæsla Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 233. mál. — Þskj. 262.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Hjúskaparlög, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 180. mál. — Þskj. 196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Staðfest samvist, frh. 1. umr.

Frv. ÓÖH o.fl., 212. mál. — Þskj. 234.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Orkusjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 225. mál. — Þskj. 252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 229. mál. — Þskj. 256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 107. mál. — Þskj. 107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.
18 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, EOK, FI, GHH, GMS, HÁs, HBl, IP, JóhS, KÁ, LMR, MF, SF, StG, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 289).

Viðauki við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 108. mál (úthlutun sérstakra dráttarréttinda). — Þskj. 108.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.
18 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, EOK, FI, GHH, GMS, HÁs, HBl, IP, JóhS, KÁ, LMR, MF, SF, StG, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 290).

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 110. mál (verðjöfnunargjald af kindakjöti o.fl.). — Þskj. 110.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.
18 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, EOK, FI, FrS, GHH, GMS, HÁs, HBl, IP, JóhS, KÁ, LMR, MF, SF, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 291).

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1997, ein umr.

og

Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, fyrri umr.

Stjtill., 230. mál. — Þskj. 257.

[13:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mun annars vegar gera grein fyrir starfsemi Byggðastofnunar árið 1997 en ársskýrslu Byggðastofnunar hefur verið dreift til þingmanna og samkvæmt lögum skal forsrh. árlega gefa Alþingi skýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Hins vegar mæli ég fyrir till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001. Samkvæmt lögum um Byggðastofnun, nr. 64/1985, með síðari breytingum, gerir Byggðastofnun tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn og leggur forsrh. hana fram á Alþingi. Ég mun því, herra forseti, hefja mál mitt með því að greina frá skýrslu Byggðastofnunar.

Gott efnahagsástand endurspeglast í afkomu Byggðastofnunar árið 1997, annað árið í röð. Hagnaður stofnunarinnar nam 167 millj. kr. Að teknu tilliti til óreglulegra liða er hagnaður ársins 54 millj. kr. Hreinar vaxtatekjur námu 226 millj. kr. Framlag ríkisins á fjárlögum nam samtals 223 millj. kr. Þar af voru 19 millj. kr. vegna stuðnings við atvinnuuppbyggingu samkvæmt ákvörðunum búvörusamnings. Rekstrarkostnaður nam 137 millj. kr. Veittir styrkir námu 142 millj. kr. en 160 millj. kr. árið áður. Gott efnahagsástand og stöðugleiki í efnahagslífi leiddi til þess að hægt var að nota á annað hundrað millj. kr. sem settar höfðu verið á afskriftareikning til að mæta áætluðum útlánatöpum vegna nýrra lánveitinga. Afskriftaframlag ársins var því einungis 5 millj. en nam um 170 millj. árið áður.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings Byggðastofnunar nam í árslok 1997 tæpum 7,2 milljörðum kr. Eigið fé stofnunarinnar nam þar af um 1,2 milljörðum kr. Skuldir voru því samtals tæpir 6 milljarðar kr.

Byggðastofnun er ætlað að viðhalda raungildi eigin fjár síns. Það markmið gekk eftir á árinu.

Breytingar á starfsskipulagi og starfsháttum Byggðastofnunar voru undirbúnar á árinu. Stjórn stofnunarinnar ákvað að flytja þróunarsvið Byggðastofnunar til Sauðárkróks. Fyrr á þessu ári tók stjórnin svo ákvörðun um að leggja niður skrifstofur sínar á Egilsstöðum og Ísafirði en nota það fé sem við það sparast til að auka enn starfsemi á ábyrgð heimaaðila í þessum landshlutum. Þessu hefur nú verið hrint í framkvæmd.

Þá var ákveðið að skilja sem mest á milli lánastarfsemi Byggðastofnunar og annarrar starfsemi, svo sem úttekta og atvinnuþróunarstarfs. Breytingar á skipulagi og starfsháttum Byggðastofnunar voru nánar útfærðar og staðfestar með nýrri reglugerð um Byggðastofnun sl. vor.

Lánastarfsemi Byggðastofnunar hefur löngum verið ágreiningsefni. Af því tilefni hefur verið sett ákvæði í reglugerð um Byggðastofnun sem mótar ásættanlega umgjörð um lánastarfsemi. Hún þarf bæði að lúta aðhaldi og að gera mögulegt að taka þá áhættu sem fylgir nýjungum og veðsetningarhæfni eigna á landsbyggðinni. Þá er í nýju reglugerðinni kveðið á um undirbúning mála til ákvörðunar stjórnar. Tekin eru af öll tvímæli um að stofnuninni beri að auglýsa eftir umsóknum um styrki og sett ákvæði um afgreiðslu umsókna og um eftirgjöf skulda. Einnig eru ítarleg ákvæði um þátttöku stofnunarinnar í atvinnuþróunarfélögum og stuðning við atvinnuráðgjafa í hverju kjördæmi.

Byggðastofnun skal framvegis ekki vera beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Byggðastofnun er þó heimilt að taka þátt í félögum með fjárframlagi ef um er að ræða eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélög. Það skilyrði er þó sett að eignarhluti Byggðastofnunar í slíkum félögum megi ekki vera meira en 40%. Hlutur fagfjárfesta, fyrirtækja í einkaeigu og einstaklinga skal vera a.m.k. 20%. Stofnuninni er þó heimilt áfram að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutafé.

Með þessari nýju skipan mála er stofnunin betur í stakk búin til að sinna sínu mikilvæga hlutverki sem er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu. Ég tel fulla ástæðu til að þakka stjórn Byggðastofnunar, forstjóra og starfsmönnum störfin á liðnu ári. Sérstaklega þakka ég formanni og varaformanni farsæl og framsýn störf þeirra og ánægjulegt samstarf.

Herra forseti. Ég leyfi mér þá næst að víkja að till. til þál. um stefnu í byggðamálum. Í 8. gr. laga um Byggðastofnun kemur fram að stofnunin skuli gera tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn og að ráðherra skuli leggja tillöguna fyrir Alþingi til afgreiðslu. Tillagan kemur fram í þskj. 257 sem dreift hefur verið til þingmanna. Í fylgiskjölum tillögunnar eru ýmsar skýrslur og álitsgerðir sem fjalla um byggðaþróun í landinu. Í 10. gr. reglugerðar um stofnunina frá 8. maí 1998 segir að forsrh. skuli kynna Byggðastofnun stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og skýrgreina á hvaða atriði lögð skuli áhersla við gerð áætlunarinnar þegar vinna að undirbúningi hennar hefst. Í samræmi við þetta ritaði ég Byggðastofnun bréf 19. ágúst 1997. Meðal þess sem þar kemur fram er eftirfarandi:

„Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. apríl 1995 segir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að samheldni megi ríkja með þjóðinni og milli dreifbýlis og þéttbýlis. Að því vill ríkisstjórnin stuðla með almennri stefnu sinni í efnahags- og atvinnumálum, með því að grundvöllur atvinnustarfsemi í landinu sé traustur og ógni ekki búsetuöryggi á landsbyggðinni. Ríkisstjórnin telur að framhald eigi að vera á þeirri viðleitni sem uppi hefur verið og miðar að því að auka fjölbreytni atvinnulífs og atvinnutækifæra á landsbyggðinni. Segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að Byggðastofnun í samvinnu m.a. við atvinnuráðgjafa eigi að stuðla að sókn og uppbyggingu atvinnulífsins um land allt.

Ríkisstjórnin vill efla byggð í landinu með traustum og góðum samgöngum þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar nýtist með hagkvæmum hætti. Jafnframt vill ríkisstjórnin tryggja góða opinbera þjónustu um allt land sem sé landsmönnum öllum aðgengileg. Er lögð áhersla á að opinber þjónusta sé byggð upp þar sem hagkvæmt er að veita hana og þar sem flestir geta fært sér hana í nyt. Með staðsetningu opinberrar þjónustu ber að stuðla að eflingu vaxtarsvæða á landsbyggðinni þar sem bestar forsendur eru til að koma til móts við kröfur um fjölbreytta þjónustu og fjölbreytt framboð atvinnutækifæra. Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga, sem ríkisstjórnir áfram vinna að, miða að sama marki."

Í bréfi mínu til Byggðastofnunar kom fram að ríkisstjórnin legði áherslu á að í stefnumótandi áætlun í byggðamálum yrði fjallað um eftirtalin atriði:

1. Hvernig Byggðastofnun hyggst halda áfram stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni og sett fram skýr markmið í því sambandi.

2. Gerð verði tillaga um hvernig ríkisvaldið geti stuðlað að eflingu vaxtarsvæða á landsbyggðinni og hvaða markmið séu raunhæf og æskileg í því sambandi.

3. *Hvernig stofnunin hyggst halda áfram að vinna að* gerð svæðisbundinna byggðaáætlana. Er lögð á það áhersla að þau svæði sem um er fjallað hverju sinni nái ákveðinni lágmarksstærð og miðist við svæði sem mynda eða geta myndað samfelld atvinnu- og þjónustusvæði. Er jafnframt rétt að vilji sveitarstjórna til samstarfs þeirra í milli ráði um afmörkun þessara svæða.

4. Með hvaða hætti Byggðastofnun geti haft milligöngu um að veita sveitarstjórnum upplýsingar um áform ríkisvaldsins varðandi uppbyggingu og skipulagningu opinberrar þjónustu í einstökum málaflokkum er nýtist þeim við þeirra eigin áætlanagerð.

5. Framhald á verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga og helstu möguleikar og markmið í því sambandi.

6. Hvaða ráðstafanir ríkisvaldið geti gert til að bregðast við búsetuvanda á svokölluðum jaðarsvæðum.

7. Byggðastuðningur stjórnvalda, hvort þar sé aukinnar samræmingar þörf og hvernig best sé að nýta það fé sem varið er til að styðja búsetu og atvinnulíf á landsbyggðinni.

Búsetuþróun í landinu er áhyggjuefni. Byggð úti á landi verður víða fyrir ágjöf þegar sífellt fleiri flytja af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Á síðustu tíu árum hefur íbúum landsins fjölgað um 10%. Íbúum höfuðborgarsvæðisins hefur hins vegar fjölgað um 19%. Á þessu tímabili er mismunur aðfluttra og brottfluttra af landsbyggðinni samtals rúmlega 12 þúsund. Á sama tíma hefur íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölgað um rúmlega 26 þúsund manns og því

stafar nær helmingur vaxtarins af beinum aðflutningi innan lands. Tíðni brottflutnings af landsbyggðinni hefur aukist en hlutfallslega jafnmargir flytja frá höfuðborgarsvæðinu út á land og áður var sé miðað við mannfjölda.

Þessi þróun heldur áfram ef skoðaðar eru tölur þessa árs. Á fyrstu níu mánuðum ársins hafa rúmlega 1.400 fleiri flutt til höfuðborgarsvæðisins en út á landsbyggðina. Samkvæmt rannsóknum eru þau atriði sem fyrst og fremst ráða vali landsbyggðarfólks á búsetustað áhugi á nútímalegum lífsháttum, t.d. fjölbreyttum atvinnutækifærum, ríkulegum aðgangi að verslun og þjónustu, fjölbreyttara menningarlífi og afþreyingu, góðum húsnæðisaðstæðum og samgöngum.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld hafi skýra stefnu að því er varðar þróun byggðar í landinu. Almenn stefna ríkisstjórnarinnar er skýr og miðar að því að styrkja byggð þar sem þess er kostur. Þessa stefnu þarf að útfæra frekar og er stefna í byggðamálum til þess.

Sú till. til þál. sem lögð er fram byggir að uppistöðu til á tillögu stjórnar Byggðastofnunar. Þær aðgerðir sem lagðar eru til skiptast í fjóra flokka. Í fyrsta lagi eru aðgerðir sem snúa að nýsköpun í atvinnulífinu. Í öðru lagi eru aðgerðir á sviði menntunar, þekkingar og menningar. Í þriðja lagi jöfnun búsetuskilyrða og í fjórða lagi atriði er snúa að bættri umgengni okkar við landið. Mun ég hér á eftir fjalla stuttlega um hvert þessara atriða.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að unnið verði markvisst að því að auka fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. Á undanförnum árum hefur orðið mikil efling á atvinnuþróunarstarfsemi á ábyrgð aðila í héraði. Byggðastofnun hefur stutt það með stórauknu fjármagni að undanförnu. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að efla starfsemina, m.a. með því að leita eftir samstarfi við háskóla og rannsóknarstofnanir.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að lánastarfsemi Byggðastofnunar verði rekin á arðsemisgrundvelli. Þá er lagt til að reikningslegur aðskilnaður verði á milli lánastarfsemi Byggðastofnunar og annarrar starfsemi á vegum hennar. Þetta er í anda þeirrar stefnu að gera ljós skil á milli þess sem nýtur stuðnings ríkisvaldsins og annarrar starfsemi.

Skortur á áhættufjármagni hefur verið talinn standa nauðsynlegri fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni fyrir þrifum. Í því skyni m.a. er hluta af fjármagni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins varið til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni. Aðilar í héraði hafa einnig hug á að geta tekið þátt í félögum sem hafa aukna fjölbreytni í atvinnu að markmiði.

Í þáltill. er gert ráð fyrir því að þátttaka Byggðastofnunar í eignarhaldsfélögum sé fjármögnuð með sérstökum fjárveitingum af fjárlögum sem geti numið allt að 300 millj. kr. á ári.

Góðar samgöngur eru mikilvægar fyrir þróun byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Víða er nauðsynlegt að stunda atvinnu um lengri veg en áður. Þess vegna er í tillögunni lagt til að gripið verði til aðgerða til að auðvelda fólki í strjálbýli atvinnusókn og minnka kostnað henni samfara.

Mikil umræða hefur farið fram á undanförnum missirum um hlut ríkisvaldsins í byggðaþróuninni með eigin atvinnustarfsemi. Í þessari tillögu er lögð áhersla á að opinberum störfum fjölgi ekki minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Leitast verði við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins og er reynt að skilgreina eftir föngum verkefni á vegum einstakra ráðuneyta sem unnt væri að vinna að og sinna á landsbyggðinni. Tillagan gerir ráð fyrir að einstökum ráðuneytum verði gert að leggja fram tillögur um það hver þessi verkefni geti verið.

Ríkisstjórnin hefur lagt á það áherslu að í viðræðum við erlenda fjárfesta sé kannað hvort mögulegt sé að stóriðjukostum sé fundinn staður utan höfuðborgarsvæðisins. Í sumum tilvikum hníga hagkvæmnisrök að slíkri staðsetningu. Í tillögunni er þessi áhersla ítrekuð.

Annar þáttur tillögunnar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árið 1998–2001 fjallar um mennta- og menningarmál. Á undanförnum árum hefur mönnum orðið æ ljósara hið mikla gildi mennta- og menningarmála við mótun heilbrigðra samfélaga sem hafa möguleika til þróunar og vaxtar. Annars vegar er um að ræða aðgerðir sem stuðla að því að efla menntastofnanir á landsbyggðinni. Þar fer Háskólinn á Akureyri fremstur í flokki án þess að gert sé lítið úr mikilvægi annarra menntastofnana bæði á háskóla- og framhaldsskólastigi. Hins vegar eru gerðar tillögur sem hafa að markmiði að jafna kostnað og aðstöðu fyrir íbúa á landsbyggðinni að því er varðar aðgang að menntun. Þar er um að ræða bætt skilyrði fyrir fólk til að sækja nám utan heimabyggðar og að þeir möguleikar sem fjarkennsla býður upp á verði nýttir. Á undanförnum missirum hefur orðið veruleg aukning á framboði til náms í fjarkennslu, bæði á vegum Háskóla Íslands og menntastofnana á landsbyggðinni.

Í þriðja þætti tillögunnar er fjallað um jöfnun lífskjara og bætta samkeppnisstöðu landsbyggðarinnar. Gerð er tillaga um að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis annars vegar með auknum greiðslum til jöfnunar, en hins vegar með því að styrkja aukna nýtingu jarðvarma til húshitunar. Nú þegar hefur verið hrundið af stað sameiginlegu átaki iðnrn., Byggðastofnunar og Orkusjóðs til að efla leit að jarðhita til húshitunar. Svo sem áður er komið fram leggur ríkisstjórnin mikla áherslu á þátt samgöngubóta í því að bæta stöðu landsbyggðarinnar og bæta þar lífskjör. Lögð verði áhersla á framkvæmdir í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi. Víða hafa sveitarfélög orðið að taka yfir félagslegt íbúðarhúsnæði í samræmi við reglur þar um. Þetta vandamál er mest þar sem íbúum hefur fækkað mest. Nú um áramótin taka gildi ný lög um Íbúðalánasjóð. Í þeim lögum eru ákvæði um með hvaða hætti hægt verður að bregðast við þessum vanda.

Í tillögunni er ályktuð sú stefna ríkisstjórnarinnar að flytja beri verkefni frá ríki til sveitarfélaga án þess að gerðar séu beinar tillögur um hvernig það skuli gert. Stefnt skuli að því að hlutur sveitarfélaga verði eigi minni en ríkisins í opinberum rekstri. Í dag er ríkið með um það bil tvöföld umsvif á við sveitarfélögin séu almannatryggingar ekki taldar með. Hlutur sveitarfélaganna af opinberri starfsemi hefur vaxið á undanförnum árum. Sú efling sveitarfélaganna sem orðið hefur á undanförnum árum með sameiningu þeirra í stærri og öflugri einingar er að skapa mun betri forsendur fyrir því að hlutur sveitarfélaganna aukist enn.

Í fjórða hluta tillögunnar er fjallað um bætta umgengni við landið. Gerð er tillaga um að gera átak til að stöðva hraðfara landeyðingu þar sem náttúruöfl hindra ekki framkvæmdir. Lagt er til að sveitarfélög verði aðstoðuð við gerð framkvæmdaáætlunar í umhverfismálum og gert verði átak til umhverfisbóta. Þá er lagt til að kanna hver yrðu langtímaáhrif á stofnvegum á miðhálendinu.

Herra forseti. Tillögu þeirri sem ég hef hér mælt fyrir er ætlað að taka á þeirri byggðaröskun sem nú á sér stað. Þess verður þó að gæta að of miklar væntingar verði ekki

gerðar til þessarar þáltill. einnar og sér. Verði tillagan samþykkt og ef vel tekst til um þær fjölþættu ráðstafanir sem hún felur í sér fæst vissulega ágæt viðspyrna landsbyggðinni í hag. Kjarni þessarar tillögu felst enda ekki í að málefni byggðanna færist á eina hönd í Reykjavík heldur er fyrst og fremst byggt á frumkvæði aðila í héraði og stutt við bakið á heimamönnum í uppbyggilegri viðleitni sinni. Öllum má hins vegar vera ljóst að búsetuþróun mun ekki snúast við í einu vetfangi með samþykkt Alþingis á tillögu sem þessari. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa byggðaþáttinn einnig í huga við mótun efnahags- og þjóðfélagsmála. Þótt umræða um almenna hagræna þætti í íslensku samfélagi virðist ekki endilega hafa bein tengsl við búsetuþróun hlýtur þingheimur að fallast á að stöðugur og sterkur efnahagsgrundvöllur í landinu er lykilatriði í að ekki halli enn meira undan fæti víða á landsbyggðinni. Niðursveifla í atvinnulífi mundi augljóslega koma harðast niður á veikustu byggðarlögunum. Allar hugmyndir um að veikja Ísland efnahagslega ber að skoða í því ljósi.

Hagsmunir landsbyggðarinnar í efnahagsumræðunni verða enn skýrari þegar ýmis dægurmál eru skoðuð. Til að mynda er augljóst að ofurskattur á aðalatvinnugrein hinna dreifðu byggða, sjávarútveginn, mundi valda hruni á byggð víða um land og almennt veikja landsbyggðina enn frekar en nú er. Sem betur fer virðast fylgismenn slíkra hugmynda hafa snarlækkað þær upphæðir sem þeir segjast vilja innheimta svo tölurnar núna eru aðeins lítið brot af því sem áður hefur heyrst en hugmyndirnar eru því miður þekktar.

Þá má heldur ekki láta tímabundnar öfgar gegn vatnsaflsvirkjunum og umhverfisvænni stóriðju á Íslandi valda landsbyggðinni varanlegum skaða. Öfgar í nýtingu eru vissulega slæmar, öfgar í verndun eru litlu betri. Þegar vissir landshlutar vilja styrkja efnahagslega stöðu sína með uppbyggingu iðnaðar verður að hlusta á þær raddir. Um leið þarf að gæta vel að umgengni við landið. Það hafa Íslendingar yfirleitt borið gæfu til að gera í gegnum áratugina. Við höfum að auki lagt af margvíslega mengandi starfsemi á undanförnum áratugum. Þess vegna getum við ekki gengist undir alþjóðleg viðmið í umhverfismálum ef þau eiga ekki við um aðstæður á Íslandi og eru bersýnilega óásættanleg fyrir okkur. Í loftslagsmálum gengi það til að mynda þvert á markmið Kyotosamkomulagsins ef Íslendingar væru þar með að óbreyttu. Ástæðan er sú að ýmis stóriðja sem ella yrði staðsett hér á landi mundi með aðild Íslands að núverandi samkomulagi færast til landa sem nota margfalt meira mengandi orku en við. Að auki er samkomulagið og þær tímasetningar sem það byggir á sérstaklega ósanngjarnt gagnvart okkur Íslendingum. Kyoto-samningurinn eins og hann lítur út núna er ekki síst ósanngjarn íbúum landsbyggðarinnar sem eru að styrkja byggðarlög sín.

Eins má benda á að tilhneiging til útþenslu hins opinbera hefur haft slæm áhrif á landsbyggðina. Störf hjá ríkinu eru til að mynda langflest staðsett á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Svo sem fyrr var getið verður stefnt að því að staðsetja nýja starfsemi ríkisins úti á landi eftir því sem framast er unnt. Er hægt að nefna allmörg dæmi um viðleitni af því tagi á yfirstandandi kjörtímabili, en jafnframt því miður dæmi um að þeir stjórnmálamenn sem þar hafa fremst farið hafi hlotið pólitíska skráveifu fyrir vikið. Áfram verða verkefnin einnig færð frá ríki til sveitarfélaga. Samt sem áður er ljóst að ör fjölgun opinberra starfa þýðir fyrst og fremst fjölgun starfa á höfuðborgarsvæðinu. Sú staðreynd hefur verið greinilega dregin fram nýlega á talnalegum grundvelli.

Af framansögðu má vera ljóst að við alþingismenn megum ekki aðeins huga að málum landsbyggðarinnar á þeim tyllidögum þegar búsetumál eru rædd sérstaklega. Ef raunverulegur vilji er fyrir því að styrkja dreifðar byggðir og ekki síst byggðakjarna víða um land verður að sýna þann vilja í verki. Ég tel að fyrirliggjandi tillaga, sem stjórn Byggðastofnunar á mestan heiður af, sé gott og glöggt dæmi um slíkan vilja.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að þáltill. þessari verði vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

[14:06]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Umræður um byggðamál bæði á Alþingi og í þjóðfélaginu hafa að sönnu verið miklar en því miður oftar neikvæðar en jákvæðar. Menn hafa gagnrýnt þar óstjórn og óráðsíu og talað mikið um gjafafé. Ég tel að sú neikvæða umræða sem hefur farið fram sé í hæsta máta ómakleg því staðreyndin er einfaldlega sú að þótt ekki hafi allt gengið eftir í þeirri byggðastefnu sem menn hafa verið að reyna að móta á undanförnum árum og áratugum hefur þar margt verið gott gert. Vissulega er það rétt að byggðastefnan eins og hún hefur verið framkvæmd hefur ekki nægt til þess að stöðva fólksflótta af landsbyggðinni til Reykjavíkur og búa þau skilyrði úti á landi að fólk vilji fremur búa þar en á suðvesturhorninu, en hinu gleyma menn oft í þeirri umræðu: Hvernig halda menn að ástandið hefði verið úti á landsbyggðinni ef ekkert hefði verið aðhafst? Ég er ansi hræddur um að þá hefði fólksflóttinn og erfiðleikarnir verið miklu meiri þannig að ég vísa því algerlega á bug að byggðastefnan, eins og hún hefur verið framkvæmd undanfarin ár, hafi engu áorkað þó svo að ég sé sammála því áliti mjög margra að þar hefði ýmislegt betur getað farið. Ég tel að tillaga sú til þingsályktunar sem hér er lögð fram sé tilraun til þess að leita að slíkum leiðum, byggja á þeirri reynslu sem fengist hefur. Taka það jákvæða út úr þeirri byggðarstefnu sem fylgt hefur verið en reyna að marka um leið nýja stefnu og nýjar lausnir með nýjum hugmyndum.

Ég átti þess kost árið 1983 að starfa á vegum Byggðastofnunar og athuga þar sérstaklega lánveitingar Byggðastofnunar, einkum til sjávarútvegs, og hvort hægt væri að sjá einhverja fylgni á milli lánveitinga Byggðastofnunar til sjávarútvegs og atvinnutekna og atvinnumöguleika á þeim stöðum þar sem lánveitingarnar fóru fram eða til þeirra staða sem fengu lán á vegum Byggðastofnunar.

Ég skal fúslega viðurkenna að niðurstaðan kom mér á óvart því að hún var ekki í samræmi við það sem hefur þráfaldlega verið haldið fram í þessari umræðu. Það kom í ljós þegar niðurstöðurnar lágu fyrir af þeirri tölfræðilegu úttekt sem ég var fenginn til að vinna á vegum Byggðastofnunar á þessum tíma, að marktæk fylgni var á milli þeirrar fyrirgreiðslu sem Byggðastofnun hafði veitt í sjávarútvegi, bæði útgerð og fiskvinnslu annars vegar og hins vegar fjölgunar atvinnutækifæra og atvinnutekna í viðkomandi greinum þannig að allar fullyrðingar um að Byggðastofnun hefði þar farið rangan veg í sambandi við aðstoð sína við íslenskan sjávarútveg reyndust á sandi byggðar. Niðurstaðan var þveröfug og ég viðurkenni það og tek fram enn og aftur að það kom mér á óvart og sjálfsagt mörgum öðrum.

Mér er enn í minni umræða sem fór fram um byggðamál fyrir u.þ.b. 15 árum á hinu háa Alþingi. Þá tók Benedikt

Gröndal, þáverandi formaður Alþfl., svo til máls að þjóð sem byggði ekki land sitt gæti ekki haldið á því forræði mjög lengi. Það væri forsenda fyrir því að þjóð héldi forræði á því landi sem hún teldi sig eiga að hún byggði það sjálf og nytjaði það sjálf. Það þýðir ekki að öll þau byggðarlög og allir þeir bæir sem einhvern tímann hafa verið í byggð skuli skilyrðislaust vera í byggð áfram heldur hitt að það er skylda þjóðar sem vill halda forræði á landi sínu að byggja landið þar sem byggð er lífvænleg. Gerist það ekki getur slík þjóð ekki til lengdar haldið fram kröfunni um að búa frjáls og sjálfstæð í landi sínu með fullu forræði yfir landinu öllu. Einmitt vegna þeirrar röksemdar, sem Benedikt Gröndal færði fyrstur fram svo ég hafi heyrt, er umræða um byggðamál ekki umræða landsbyggðarfólks eins heldur umræða sem varðar alla landsmenn því það er skylda okkar sem þjóðar sem búum í stóru landi að byggja það land allt, hafa forræði á því landi, ekki að byggja þar sem óbyggilegt er, ekki að byggja landið þar sem er ekki lífvænlegt til búsetu heldur þvert á móti að byggja þau héruð á Íslandi þar sem hægt er að lifa með afkomu eins og annars staðar gengur og gerist á landinu og með auðugu menningarlífi eins og er annars staðar hægt að hafa. Þess vegna á byggðaumræðan ekki bara að vera einskorðuð við þingmenn og íbúa landsbyggðarinnar. Þetta er mál sem varðar þjóðina alla, ekkert síður íbúa þéttbýlisins á suðvesturhorninu en dreifbýlisins því að það er skylda okkar sem þjóðar ef við ætlum að halda forræði á því landi sem við byggjum að við byggjum það *sjálf og nýtum það sjálf.*

Vissulega vekur það mann til umhugsunar nú, 15 árum eftir að þessi ummæli voru viðhöfð að víða úti í byggðum landsins þar sem búseta er lífvænleg er byggðinni í dag að verulegu leyti haldið uppi af aðfluttu, erlendu vinnuafli sem þar stundar störf án þess að taka að öðru leyti þátt í því mannlífi sem þar fer fram. Það má því segja að nú þegar sé þjóðin farin að láta undan síga hvað það varðar að hafa sjálf forræði á byggð sinni, að byggja sjálf land sitt. Hér talar maður sem er þingmaður kjördæmis þar sem nú standa undir atvinnulífinu mörg hundruð manns af erlendu bergi brotin á sama tíma og atvinnuleysi, ekki síst hér á suðvesturhorninu mælist allverulegt.

Fyrir örfáum árum flutti ég á Alþingi ásamt fleiri hv. þm. tillögu um að á vegum forsrn. yrði lagt út í könnun á því hjá fólki sem flutt hefði burtu af landsbyggðinni og fólki sem hefði flutt frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar, hverjar væru ástæður þess brottflutnings vegna þess að það má segja að fyrir þann tíma höfum við Íslendingar hegðað okkur þannig að skjóta fyrst og spyrja svo. Með öðrum orðum að taka fyrst ákvarðanir um hvað bæri að gera til þess að rétta við byggðina í hinum veiku landshlutum fremur en að leita fyrst að skýringunum á brottflutningnum og síðan að leiðum til að bæta þar úr. Um svipað leyti og tillagan var til meðferðar á hinu háa Alþingi tók stjórn Byggðastofnunar ákvörðun um það að láta hefja slíka könnun. Það er vissulega umhugsunarvert, eftir alla þá umræðu um ára og áratuga skeið sem hafði verið um byggðaþróun í landinu, að þá fyrst skuli menn, stjórnvöld og Alþingi, fara að leita að skýringunum á byggðaröskuninni en að finna þær skýringar er auðvitað forsenda fyrir því að menn geti tekið réttar ákvarðanir um hvernig bregðast eigi við. Nú liggur niðurstaða þessarar athugunar fyrir og myndar að hluta til þær tillögur sem eru í þessari till. til þál. sem hæstv. forsrh. mælti fyrir. En það er mjög eftirtektarvert og umhugsunarvert að það vantar ýmislegt í þær tillögur í till. til þál. um stefnu í byggðamálum sem aðalhöfundur könnunarinnar um orsakir búferlaflutninga mælti helst með að gripið yrði til.

Út af fyrir sig er alveg rétt að það kann að hafa komið einhverjum á óvart, herra forseti, að það voru ýmis önnur atriði en þau sem beint vörðuðu atvinnumál sem orsökuðu búferlaflutningana. Þar á meðal atriði er tengjast menntun og menningu, félagslegum aðstæðum og sálrænni afstöðu. En það kom fram í könnuninni, sem gerð var á vegum háskólans og að tilhlutan stjórnar Byggðastofnunar og Stefán Ólafsson prófessor stóð að, að þessar skýringar væru ekki einhlítar. Þarna væri líka um atvinnumálin að ræða og ekki síst áhrifa stjórnkerfisins sem við höfum búið við um fiskveiðar.

Það er nefnilega ekkert tilviljun hvernig þorp urðu til á Íslandi. Flestöll þorp á Íslandi urðu til og byggðust upp í kringum sjávarútveginn vegna þess að af ýmsum ástæðum var betra að gera út frá þessum stöðum en öðrum. Hins vegar segir prófessor Stefán Ólafsson í grein í Morgunblaðinu orðrétt, með leyfi forseta:

„Rannsóknir mínar benda ákveðið til þess að búseta sé að öðru jöfnu viðkvæmust í sjávarútvegsbyggðunum, einkum í minni þorpum og kaupstöðum á landsbyggðinni. Markaðsvæðing sjávarútvegsins með myndun einkaeignarréttar á veiðiheimildum og frjálsu framsali þeirra á markaði hefur breytt grundvelli búsetu í mörgum sjávarbyggðum eftir 1990, einkum hvað snertir hag fiskvinnslufólks. Þar sem stærri hluti íbúanna starfar við sjávarútveg hefur íbúaþróunin verið neikvæðari og brottflutningur meiri. Þannig er hlutfall íbúa sem starfa við sjávarútveg hæst á Vestfjörðum og þar hefur íbúatapið verið hlutfallslega mest en næsthæst er hlutfall sjávarútvegsstarfa á Austfjörðum og þaðan hafa næstflestir íbúar tapast.

Þróunin í sjávarútvegsbyggðunum virðist því skýrast stóran hluta af breyttum aðstæðum í búsetuþróun landsbyggðarinnar. Það er vaxandi óöryggi um framtíðarstörf í fiskvinnslu og smábátaútgerð vegna hættu á sölu veiðiheimilda úr byggðarlaginu. Flutningur fiskvinnslu út á sjó og minnkandi tekjuöflunarmöguleikar."

Með öðrum orðum má rekja byggðaflóttann úr tveimur helstu landsbyggðarkjördæmunum til þeirrar stefnu sem rekin hefur verið í stjórnkerfi fiskveiða og til þeirrar ákvörðunar þeirra sem fengið hafa afnotaréttinn af þessari auðlind fyrir ekki neitt, að selja veiðiheimildir sínar öðrum, án tillits til þess að sú ákvörðun getur þýtt það að allar eignir íbúa í sjávarþorpum verði á sömu nóttu verðlausar. Fólkið missir ekki aðeins atvinnutækifærin heldur verða eignirnar verðlausar.

Um þetta er ekkert rætt í þeirri till. til þál. sem hér er rædd.

Þá kemur líka fram í tillögum Stefáns Ólafssonar prófessors um til hvaða aðgerða eigi að grípa. Hann segir, með leyfi forseta:

„Eigendur kvótans hafa við núverandi skipan fengið vænlega útgönguleið úr greininni með því að selja frá sér kvótann, en með því er lífsbjörgin hins vegar seld frá landvinnslufólkinu, þ.e. fiskvinnslufólkinu og öðrum íbúum minni sjávarbyggða. Það fólk á um fátt annað að velja en að flytja brott þegar svo er komið."

Vegna þeirra umræðna sem urðu áðan og orða hæstv. forsrh. er það mjög merkilegt að ein af þeim tillögum sem þessi prófessor, sem þekkir væntanlega manna best til ástæðna búferlaflutninga af landsbyggðinni, ein af þeim tillögum sem hann gerir er einmitt að leggja á veiðileyfagjald. Til þess að

rétta við hag landsbyggðarinnar — ekki til þess að rústa hag landsbyggðarinnar, eins og hæstv. forsrh. sagði, heldur til þess að rétta hann við.

Þessi ágæti prófessor leggur til í grein í Morgunblaðinu sem birtist þann 12. nóv. sl. að í fyrsta lagi yrði skattafsláttur færður til og fenginn fiskvinnslufólki. Í öðru lagi að taka upp sérstakan jaðarbyggðaskattafslátt sem hann kallar innan sviga „landnemaafslátt" sem næði til íbúa þeirra svæða sem búa sannarlega við lakari kjör en aðrir landshlutar. Þannig yrði jöfnun lífskjara milli landshluta markvissari. Síðan segir prófessorinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þessa mætti hugsa sér að fjármagna jaðarbyggðastuðning að einhverju leyti með veiðileyfagjaldi, sem myndi í leiðinni geta aftrað því að ofsagróði myndist í garði útgerðarmanna og braskara fyrir tilstilli kvótakerfisins."

Sá maður sem gleggst þekkir til og kemur með skýrastar tillögur leggur þetta til. En fátt af tillögum Stefáns Ólafssonar, sem hér hafa verið raktar og raktar eru í grein hans, „Hvað er hægt að gera?", í Morgunblaðinu 12. nóv., fátt eitt af því er að finna í tillögu hæstv. forsrh. Það er því umhugsunarvert og eftirtektarvert fyrir þann ágæta ráðherra, að það skuli vera ein af helstu tillögum Stefáns Ólafssonar prófessors um málefni landsbyggðarinnar að taka upp skattafslátt og jaðarafslátt á sköttum og fjármagna þær með veiðileyfagjaldi til að koma í veg fyrir ofsagróða þeirra manna sem eru að selja frumburðarréttinn frá fiskvinnsluþorpunum hringinn í kringum landið.

[14:22]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að þakka hv. síðasta ræðumanni málefnalega umræðu. Hins vegar vil ég leyfa mér að gera athugasemdir við það sem hann sagði að ekki hefði verið fylgt sérstaklega tillögum Stefáns Ólafssonar prófessors um framgangsmáta að þessari tillögugerð. Reyndin er nú sú, eins og ég mun víkja að síðar, að það var sérstaklega gert og rannsóknir hans leggja grundvöll að þessari tillögu sem hér hefur verið fram sett.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að blaðagreinar hans, sem hv. ræðumaður kýs að túlka sem slíkar, og eru reyndar afar mikilvægt innlegg í umræðuna og ánægjulegt að menn hafi kynnt sér fyrir þessa umræðu, þær ganga lengra og eru meira í blaðastíl en kom fram í skýrslu hans, bæði þeirri sem fylgir hér sem fylgiskjal og líka þeirri sem birtist í bókarformi. Hér er því alls ekki hægt að setja samasemmerki á milli. Og þar fyrir utan vil ég líka vekja athygli á því að hv. ræðumaður fer fullfrjálslega með þá túlkun sem er í texta Stefáns Ólafssonar í áðurnefndri grein í Morgunblaðinu.

[14:24]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vakti aðeins athygli á því að sá maður, sem stóð fyrir könnun þeirri sem þáltill. hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar um byggðamálin byggist á og þekkir manna gerst til vandamála landsbyggðarinnar, ritaði grein í Morgunblaðið 12. nóv. með tillögum sínum um hvað bæri að gera. Þar hafði hann allt aðra skoðun á málum en kom fram hjá hæstv. forsrh., t.d. hvað varðar veiðileyfagjald.

Ég túlkaði, virðulegi forseti, ekki orð Stefáns Ólafssonar prófessors frjálslega. Ég las orðrétt upp tilvitnanir úr grein hans. Það er ekki að túlka orð frjálslega heldur að túlka þau nákvæmlega.

[14:25]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Það er einkum fernt sem ég hyggst leggja áherslu á í ræðu minni um byggðamál.

Í fyrsta lagi er það sú staðreynd að vandinn í byggðamálum er óvíða meiri en einmitt á Íslandi en aðgerðir eru þó óvíða smávaxnari en einmitt hér á landi. Í öðru lagi hefur ástandið mjög farið versnandi í þessum efnum á seinustu árum, í þriðja lagi er ýmislegt jákvætt í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir um stefnumótandi áætlun í byggðamálum. En í fjórða lagi er margt sem vantar og er ekki nefnt í þessari tillögu sem hlýtur að koma til álita í sambandi við stefnumótun í byggðamálum.

Þegar ég kom fyrst á þing fyrir 35 árum voru Íslendingar 180 þús. talsins. Þá stóð svo á að það lét mjög nærri að helmingur landsmanna byggi á höfuðborgarsvæðinu, 90 þúsund manns, en hinn helmingurinn á landsbyggðinni, önnur 90 þúsund. Núna 35 árum síðar eru hlutföllin þau að á landsbyggðinni búa um 100 þús. manns, hefur aðeins fjölgað um 10 þús. en á höfuðborgarsvæðinu búa 180 þús., þar hefur íbúafjöldinn tvöfaldast. Þetta kemur glöggt fram á mynd í þeirri tillögu sem er til umræðu á bls. 220. Ég held að þessi staðreynd sýni nokkuð í hnotskurn hvernig þróunin hefur verið á liðnum árum.

Gífurlegir tilflutningar fólks hafa átt sér stað á þessum tíma, þriðjungi aldar. En staðreyndin er sú að þrátt fyrir þetta — þrátt fyrir það að byggðaröskun sé einna mest á Íslandi meðal norrænna þjóða, eins og segir líka hér í tillögunni á bls. 18, með leyfi forseta, að þá, eins og segir þar einnig:

„... verja Íslendingar minnstu fé til byggðaþróunar eins og sést á töflu 1.2. Þess má einnig geta að framlag Íslendinga er að mestu lánsfé, en styrkir annars staðar á Norðurlöndum. Auk þess hafa Danir, Finnar og Svíar aðgang að margvíslegum byggðasjóðum Evrópusambandsins."

Þetta segir í grg. tillögunnar og er afskaplega þýðingarmikill kjarni þessa máls.

Vandinn er óvíða meiri, sagði ég, og því til staðfestingar má benda á töflu á bls. 18 í tillögunni þar sem gerð er grein fyrir því að höfuðborgarsvæðið á Íslandi er verulega miklu stærra hlutfallslega hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Hér er höfuðborgarsvæðið um 60% íbúafjöldans en í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi tæp 18% og í Danmörku 26%. En eins og hér hefur komið fram er hvergi minna fé varið til byggðamála. Á bls. 11 í grg. tillögunnar er reyndar á það bent að ráðstöfunarfé Byggðastofnunar umfram fasta liði sé í besta falli 35 millj. kr. eða eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Sé litið til þeirra markmiða tillögunnar að fólksstraumurinn af landsbyggðinni skuli nú stöðvaður með því að treysta atvinnulífið með aukinni fjölbreytni og nýsköpun vega þær 35 millj. kr. sem segja má að nú séu tiltækar til þeirra verkefna harla lítið." — Þetta er auðvitað kjarni málsins.

Ástandið hefur farið mjög versnandi á liðnum árum, sérstaklega á seinustu árum. Ástandið hefur hins vegar verið misjafnt og þróunin hefur gengið í rykkjum og á það má benda að þegar önnur stefna var uppi höfð og þegar öðruvísi var tekið á málum á áratugnum milli 1970 og 1980, þá var þessi þróun ekki nándar nærri eins hröð og hún hefur verið núna á seinustu árum, og lá við að tækist að spyrna svo fast á móti á þeim árum, milli 1970 og 1980, að tiltölulega lítil breyting til hins verra yrði á þeim tíma.

Skýringin á því hvernig farið hefur á liðnum árum er auðsæ. Það hafa verið miklar stórframkvæmdir á suðvesturhorninu, eins og allir þekkja, bæði við stóriðjuframkvæmdir, Hvalfjarðargöng og ýmislegt fleira. Þegar síðan atvinnuleysi verður á fyrri hluta áratugarins þá er eðlilegt að ákveðin skriða fari af stað og það er það sem hefur gerst. Þetta var allt fyrirsjáanlegt og ítrekaðar viðvaranir voru hafðar uppi, m.a. um stórauknar vegaframkvæmdir á landsbyggðinni, en því miður var þeim viðvörunum ekki sinnt og því hefur farið sem farið hefur að þessi straumur, þessi skriða, hefur farið af stað og hraði skriðunnar hefur aukist með ári hverju.

Ég sagði áðan að ýmislegt jákvætt væri í tillögunni sem hér liggur fyrir um stefnumótandi áætlun. Ég nefni þar sérstaklega ákvæðin um eignarhaldsfélög til að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækja. Ég nefni nokkur skynsamleg orð um almenningssamgöngur sem því miður hafa verið að drabbast niður á liðnum árum víða um land af ástæðum sem hér er ekki tími til að rekja. Ég nefni þau áform að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins og að ný stóriðjuverkefni verði utan athafnasvæða höfuðborgarinnar. Ég er sérstaklega ánægður með það að sú stefna verði upp tekin að menntun á háskólastigi verði sett niður sem víðast í tengslum við rekstur framhaldsskóla. Auk þess er það lofsvert ef gert verður átak til að samræma verð á orku til húshitunar við meðaldýrar hitaveitur.

En ég legg á það áherslu að það er líka mjög margt sem vantar í þessa tillögu. Ég nefni alveg sérstaklega að það vantar hér einhverjar raunhæfar aðgerðir til atvinnusköpunar með hagstæðri fyrirgreiðslu, með hagstæðum lánum og fjárfestingarstyrkjum. Slík úrræði eru sígild í öllum löndum og voru reynd með mjög góðum árangri á Íslandi á sínum tíma. Þetta eru þau úrræði sem Evrópusambandið beitir af miklum krafti í öllum sínum ríkjum. Þetta er gert á vegum ríkisstjórna allra nálægra landa. En hér er þetta beinlínis bannorð, og það kemur alveg skýrt fram í 2. lið tillögunnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Lánastarfsemi Byggðastofnunar verði rekin á arðsemisgrundvelli."

Þetta orðalag verður ekki skilið á annan hátt en þann að það er óheimilt að beita þeim aðferðum að bjóða hagstæð lán ellegar að veita fjárfestingarstyrki. Meðan slík stefna er uppi höfð að Byggðastofnun skuli eingöngu rekin á arðsemisgrundvelli eins og það er kallað, þá verður slíkum úrræðum ekki beitt, enda er ekkert á þau minnst í tillögunni.

Ég ítreka það sem ég hef sagt að slík úrræði hafa gefist mjög vel á Íslandi og gerðu það á sínum tíma. Fram undir 1985 voru lán Byggðasjóðs hagstæðari en lán annarra fjárfestingarsjóða og fram á þennan áratug var Byggðasjóður nokkurs konar áhættulánasjóður sem tók við fyrir aftan við iðnaðarsjóðanna. Þetta gerði mönnum kleift að byggja upp fyrirtæki úti á landi sem annars hefðu ekki risið. En þetta er horfið, þetta er úr sögunni og það er slæmt. Ég tel það alranga stefnu og auðvitað í algerri mótsögn við það sem er verið að gera í öllum nálægum löndum og alveg sérstaklega innan Evrópusambandsins, að ætla sér að reka byggðastefnu án þess að leggja í það verulegt fjármagn og án þess að beita þeim sígildu aðferðum sem alls staðar er beitt til þess að örva fjárfestingu úti um landsbyggðina. Ég held að þessi ranga stefna hér á landi sé aðalástæðan fyrir því hve aðgerðir í byggðamálum hafa skilað litlum árangri á liðnum árum.

Í öðru lagi vil ég nefna hvað varðar það sem vantar í tillöguna, að raforkuverð til ljósa og heimilisnotkunar ætti að jafna. Núna eru taxtarnir hjá Rarik 20% hærri en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, þ.e. 19,6%, svo maður sé nú nákvæmur. Þetta er sá viðbótarreikningur sem íbúar landsbyggðarinnar verða að greiða og mun nema um 140 millj. kr. í reikningshaldi Rariks og síðan til viðbótar einhverri töluvert lægri upphæð í reikningum Orkubús Vestfjarða.

En hvers vegna er raforkuverðið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur lægra en t.d. hjá Rafmagnsveitum ríkisins? Jú, skýringin er sú að Rafmagnsveitur ríkisins eru látnar bera kostnað af viðhaldi og afskriftum af dreifikerfi í sveitum landsins og þessi kostnaður nemur um 200 millj. kr. á ári. Ég spyr hv. alþingismenn: Er einhver sanngirni í því að íbúi á Blönduósi, íbúi á Stokkseyri eða íbúi á Reyðarfirði, sé látinn greiða afskriftir og viðhald á rafvæðingu, við skulum segja, t.d. innst í dölum Skagafjarðar en að íbúar í Reykjavík sleppi algjörlega við þann kostnað? Hvaða samhengi er þar á milli að íbúar þéttbýlisstaðanna víðs vegar um land skuli vera látnir greiða þennan reikning en síðan sé stór hluti þjóðarinnar algjörlega látinn sleppa við það?

Auðvitað á að greiða þennan kostnað af sameiginlegu fé og þannig væri hægt að jafna raforkuverð hér á landi. Það yrði auðvitað enn auðveldara ef jafnframt væri tryggt að Landsvirkjun byði raforku í heildsölu til dreifiveitna á sama verði um land allt. Svo er ekki, svo er því miður ekki. Svo ég nefni sem dæmi þá þarf Rafveitan á Sauðárkróki að borga hærra verð fyrir raforku frá Landsvirkjun en t.d. Rafmagnsveitur ríkisins vegna þess að hún þarf að borga flutning á orkunni frá Varmahlíð til Sauðárkróks. Oft er þetta hins vegar miklu lengri leið og þar af leiðandi dýrara og kemur niður á raforkuverðinu.

Loks vil ég sérstaklega nefna jöfnun vöruverðs. Ég tel óhjákvæmilegt að menn ráðist að þeim vanda sem auðvitað á stóran þátt í þeim vanda sem landsbyggðin stendur frammi fyrir, en það er sú staðreynd að vöruverð er víða miklu hærra úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Það liggja fyrir tölur frá Samkeppnisstofnun um þennan mun. Þetta var seinast reiknað út í marsmánuði 1996 og byggðist á könnun í 22 stórum matvöruverslunum víða um land. Þar kemur ljóslega fram að t.d. vöruverð á Egilsstöðum er 11% hærra en meðalmatvöruverð í landinu. Vöruverð á Ísafirði er tæplega 14% hærra en meðalverð matvöru í landinu. Munurinn er sem sagt verulegur milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.

Það er niðurstaða Samkeppnisstofnunar að ákveðin tengsl hvað varðar verðlagið séu milli verðlagsins annars vegar og fjarlægðar verslunar frá höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Vandinn er því auðvitað sá hvernig hægt væri að koma til móts við landsbyggðina hvað þetta varðar og ég held að það yrði helst gert í sambandi við flutningskostnaðinn. Flutningskostnaðurinn gerir vörurnar mjög dýrar og flutningurinn er skattlagður mjög verulega af ríkinu, m.a. nýlega með stórhækkuðum þungaskatti, mjög verulega hækkuðum þungaskatti. En það er líka greiddur virðisaukaskattur af flutningum og þetta er þáttur sem er óhjákvæmilegt að skoða ef reyna á að að koma til móts við landsbyggðina hvað varðar jöfnun á lífskjörum.

[14:41]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ástand í þróun byggðar í landinu hefur mönnum verið kunnugt um alllangt skeið. Mikið hefur verið rætt um þessi mál og skýringa hefur verið leitað á því hvað veldur. Ég er þeirrar skoðunar að allt of margir þeirra sem málið varðar, bæði í stjórnsýslunni og á Alþingi, hafi í reynd

skellt skollaeyrum við umræðunni. Mér hefur fundist sumir á tíðum vilja afgreiða umræðuna um byggðamál sem hálfgert nöldur í þeim sem í raun og sanni hafa skynjað eðli málsins og hafa raunverulegar áhyggjur af byggðaþróuninni. Þetta er ekki algilt, ég tek það fram, en mér hefur fundist þetta á tíðum vera með þessum hætti.

Um langt skeið hefur verið til skrifuð byggðastefna á einu eða öðru formi. Þannig hefur því verið lýst á pappír hvernig byggð skuli vera í landinu og hvernig skuli stuðla að því. En það er hins vegar ekki nóg að teikna upp módelið. Það skiptir höfuðmáli að vinna eftir því í framkvæmd. Þar hefur nokkuð skort á að mínum dómi í gegnum tíðina.

En nú er það svo að þróun búsetu og byggðar í landi eins og Íslandi hlýtur að byggjast á hinum ýmsu forsendum og aðstæðum sem uppi eru hverju sinni. Að ýmsu leyti er um sjálfkrafa þróun að ræða sem erfitt er að hafa áhrif á. Fólk hefur ýmsar persónulegar ástæður til þess að flytjast milli staða. Þróun atvinnulífs skiptir verulega miklu máli. Hún ræðst oftar en ekki af landfræðilegum og samfélagslegum aðstæðum hverju sinni. Síðan vegur þungt í þessu efni, í þessu samhengi, hvernig stjórnvöld og löggjafarvaldið kemur að málum. Það er ljóst að stjórnvöld geta haft mikið um það að segja hvernig byggðaþróun er í landinu. Dæmi um slíkt má sjá í öðrum löndum þar sem stjórnvöld hafa beitt aðgerðum til þess að viðhalda byggð á ákveðnum landsvæðum.

Lagasetning á Alþingi ræður miklu um það hvernig þessi mál þróast. Ákvæði einstakra laga geta þannig ráðið því hvernig þjónusta, búsetuskilyrði og annað er málið varðar verði á landsbyggðinni, allt eftir því hvar um er að ræða. Ég tel að lögfesting margra laga á Alþingi hafi á síðustu árum beinlínis ýtt undir þá byggðaþróun sem verið hefur, þótt ég haldi því ekki fram að lagasetning hafi átt sér stað markvisst í þeim tilgangi, heldur hafi lagasetning haft þessi áhrif án þess að þeir sem hafi samið viðkomandi lagafrv. eða unnið að lagasetningunni hafi gert sér nægilega skýra grein fyrir því hverjar afleiðingar hennar mundu verða þegar litið er til byggðamálanna.

Í ljósi þessa mun ég á næstu dögum leggja fram þingsályktunartillögu sem kveður á um það að með stjórnarfrumvörpum sem lögð eru fram á Alþingi skuli fylgja mat á því hvaða áhrif lögfesting viðkomandi frumvarpa kunni að hafa á byggð og búsetu í landinu. Ekki síst í ljósi þeirrar búsetuþróunar sem við okkur blasir hlýtur að vera nauðsynlegt og mikilvægt fyrir alla aðila máls að gera sér einhverja grein fyrir því hvaða áhrif lagasetning og aðrar stjórnvaldsaðgerðir kunni að hafa á byggðaþróun í landinu.

Í þessu sambandi má nefna að langmest af stjórnsýslunni og framkvæmdarvaldinu er staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Langflestir sem starfa við þetta eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og hafa lítil sem engin tengsl við landsbyggðina. Þess frekar hlýtur að vera nauðsynlegt að Alþingi beiti sér fyrir því að þeir sem að þessum málum koma geri sér sem best grein fyrir þeim afleiðingum sem kunna að verða af störfum þeirra.

Herra forseti. Hér er rætt um skýrslu Byggðastofnunar og þar kemur ýmislegt fram sem hún hefur unnið að á síðasta ári. Starfsemi Byggðastofnunar er eins og fyrr margvísleg og spannar yfir mörg svið. En það er nú svo með Byggðastofnun eins og aðrar stofnanir og önnur mannanna verk að ýmislegt er gagnrýnt þar eins og gengur. En Byggðastofnun hefur beitt sér fyrir mörgum góðum hlutum og þar hafa menn leitað margra nýrra leiða á síðustu árum. Þar vil einkum nefna tvennt:

Í fyrsta lagi eflingu atvinnuþróunarstarfs úti um landið þar sem Byggðastofnun hefur leitað samstarfs við heimamenn á viðkomandi svæðum, sem skiptir auðvitað höfuðmáli ef menn ætla að ná árangri í atvinnuþróunarstarfi úti um landsbyggðina, og í því sambandi hefur Byggðastofnun beitt sér fyrir uppbyggingu tölvusamskipta milli landshluta sem ég tel að geti leitt til ákveðinnar byltingar í atvinnuþróunarstarfi.

Í öðru lagi má nefna þær rannsóknir á búsetuþróun í landinu sem Byggðastofnun beitti sér fyrir á síðasta ári. Ég tel að þar sé um að ræða mjög gott mál sem er nánast einsdæmi hér á landi og mjög mikilvægt innlegg í þá umræðu og þær aðgerðir sem þurfa að eiga sér stað varðandi byggðamálin.

Í hinum umfangsmiklu rannsóknum sem unnar hafa verið að frumkvæði Byggðastofnunar að undanförnu koma margar athyglisverðar upplýsingar fram um þróun byggðar og búsetu í landinu á liðnum árum og ég vil, herra forseti, nota þetta tækifæri og þakka Byggðastofnun fyrir þetta frumkvæði því ég tel þessar rannsóknir einstakar hér á landi. Það er í raun óþarfi að fjölyrða um það sem fram hefur komið í þessum efnum því margt af því hefur þegar komið fram bæði í umræðunni í dag og eins áður, en niðurstaðan er sú sem ekki kemur á óvart að það eiga sér stað og hafa átt sér stað þjóðflutningar — ég vil nefna þetta þjóðflutninga — sem eiga sér vart sína líka í okkar heimshluta. Ástæðurnar eru að sjálfsögðu margvíslegar eins og fram kemur í skýrslu Byggðastofnunar en það eru hins vegar áleitnar spurningar og hugsanir sem koma upp í hugann þegar fjallað er um þessi mál, t.d. þær hvort ráðandi öfl í þjóðfélaginu hafa í reynd viljað að þróunin eigi sér stað á þennan hátt, þ.e. að þar eigi að gilda ákveðin markaðslögmál án þess að til komi sérstakar ráðstafanir stjórnvalda til að bregðast við.

Ég tel að við séum nú nálægt þeim tímamótum sem ráða því hvort við getum brugðist við og haft einhver áhrif á þessa þróun eða ekki. Tími róttækra og aukinna stjórnvaldsaðgerða verður að renna upp hið fyrsta. Það er mín skoðun. Ég er einnig þeirrar skoðunar að við gerð fjárlaga næsta árs verði að gera ráð fyrir auknum framlögum til aðgerða til að draga verulega úr misvægi búsetuskilyrða í landinu og að þær aðgerðir verði að koma til strax í upphafi næsta árs. Sem dæmi má nefna jöfnun húshitunarkostnaðar sem greinilega skiptir verulega miklu máli varðandi búsetu í landinu og einnig jöfnun raforkuverðs. Í því sambandi vil ég nefna að á vegum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á sér stað uppbygging á raforkuverum og í framleiðslu raforku sem ég tel að við getum borið ákveðinn ótta í brjósti til því það getur alveg eins farið svo að það muni enn frekar auka þann mun sem er í raforkuverði á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar.

Annað vil ég nefna í þessu sambandi. Það varðar námskostnað framhaldsskólanema. Ég tel að þar verði verulega að auka við í fjárlagafrv. fyrir næsta ár því það er staðreynd að sá mikli kostnaður sem fjölskyldur þurfa að bera vegna náms barna við framhaldsskóla fjarri heimili skiptir verulega miklu máli fyrir búsetu fólks úti um landið. Í þessu sambandi má einnig nefna að koma þarf til átak í að efla fjarkennslu og fjarnám á landsbyggðinni. Það gildir jafnt um háskólanám sem framhaldsskólanám. Víða um landið er að myndast starfsemi í tengslum við þetta, t.d. í sambandi við símenntun. Það hefur átt sér stað uppbygging í þeim efnum á Austur-

landi og Suðurnesjum og nú eru Vestlendingar búnir að taka saman höndum um að byggja upp öflugra símenntunarstarf.

Það mætti auðvitað nefna fleiri atriði í þessu sambandi en þau koma flest fram í skýrslu Byggðastofnunar þannig að ég ætla ekki að eyða miklum tíma í það hér og nú. En síðan þurfa að koma fram rökstuddar og markvissar aðgerðaáætlanir til lengri tíma. Að vísu er kveðið á um það í tillögum hæstv. forsrh. þannig að ég ætla ekki að fjölyrða um það.

Sú tillaga sem hæstv. forsrh. mælti fyrir um stefnu í byggðamálum er á margan hátt mjög góð tillaga og tekur m.a. mið af þeim rannsóknum og tillögum sem koma fyrst og fremst fram frá Byggðastofnun. Án þess að ég ætli að fjalla um hana í smáatriðum vil ég einungis segja að þessi tillaga er mjög góð stefnumörkun og ég vænti þess að unnið verði eftir henni á næstu árum. Það er ekki nóg að koma fram með skrifaða stefnu í byggðamálum. Það eru aðgerðirnar og framkvæmdin sem skiptir máli og því vænti ég þess að sú tillaga sem hér liggur fyrir verði afgreidd sem allra fyrst sem ályktun Alþingis. Hins vegar er ljóst að stjórnvaldsaðgerðir einar og sér duga ekki til. Það hefur margoft komið fram í umræðunni um byggðamál. Þar skipta heimamenn á hverju svæði miklu máli, hvernig þeir beita sér í þessum efnum. Í því sambandi má nefna og hefur einnig margoft komið fram í umræðunni að það er mikilvægt að efla sveitarstjórnarstigið og stækka þær heildir sem sveitarfélögin eru víða úti um landið. Það sem sveitarstjórnarmenn t.d. geta beitt sér fyrir er að bæta ímynd heimabyggðanna og koma því á framfæri til þjóðarinnar hversu gott er að búa víða úti um landið. Þar er nefnilega virkilega gott að vera víðast hvar og búsetuskilyrði þrátt fyrir allt eru í góðu lagi.

Herra forseti. Ég ætla að fara að stytta mál mitt. Ég er þess fullviss að niðurstöður þeirra rannsókna á þróun á byggð í landinu sem Byggðastofnun hafði frumkvæði að hafi kallað fram samstöðu á Alþingi um að við svo búið geti ekki staðið og að nú séu þær aðstæður uppi að ná má samstöðu um að þeim aðgerðum t.d. sem koma fram í þáltill. hæstv. forsrh. verði hrint í framkvæmd. Alþingi og stjórnvöld verða að beita þeim ráðum sem mögulegt er að beita til að bregðast við þeim aðstæðum sem uppi eru í byggðamálum áður en það verður um seinan.

[14:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hæstv. forsrh. fyrr í umræðunni grundvallaðist á mjög vandaðri úttekt sem gerð hefur verið á orsökum byggðaröskunar í landinu og mér finnst að draga mætti saman kjarnann í ræðu hæstv. forsrh. með því að segja að aðdráttarafl höfuðborgarsvæðisins felist í tveimur orðum: Fjölbreyttari lífsgæði. Það kom fram að það sem einkum virtist draga fólk hingað væri t.d. margbreytilegri menningarneysla.

(**Forseti** (ÓE): Er þetta andsvar við ræðu hv. þm. eða forsrh.?)

Ég er að koma að því. — Mér fannst að í ræðu hæstv. forsrh. gætti þess einkum að það væri margbreytilegri menningarneysla, það væru meiri möguleikar á viðskiptum og þjónustu hér og ýmislegt annað sem því tengdist. En hv. síðasti ræðumaður, Magnús Stefánsson, ef ég má koma að honum, óskaði eftir því að þegar á næsta ári mundi í fjárlögum sjá þess stað að gripið væri til annarra aðgerða, þ.e. hv. þm. vildi að farið yrði í að auka námsstyrki, lækka rafmagnskostnað og húshitunarkostnað. Ég dreg ekki í efa að þetta eru aðgerðir sem eru íhugunar virði en með tilliti til kjarnans í ræðu hæstv. forsrh. og hvernig hann greindi vandann telur þá hv. þm. að þær sértæku aðgerðir sem hann var að reifa áðan dugi til að stemma stigu við fólksflóttanum?

[14:54]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt fyrst að hv. þm. væri að rugla okkur saman, mér og hæstv. forsrh. en komst nú að því að svo var ekki. Það sem ég nefndi í ræðu minni er auðvitað hluti af þeim lífsgæðum sem fólk býr við. Ég tók einnig fram, held ég, að þær aðgerðir sem ég nefndi dygðu hvergi nærri til einar og sér. Það er hárrétt sem hv. þm. vitnaði til og hæstv. forsrh. nefndi í ræðu sinni að það eru hin fjölbreyttu lífsgæði á höfuðborgarsvæðinu sem skipta þarna máli. Það hefur komið fram að fólk sækir í þetta. Það liggur fyrir. En þau atriði sem ég nefndi eru líka hluti af lífsgæðunum og búsetuskilyrðunum úti um landið. Ég nefndi nokkur dæmi um mál sem ég tel að hægt sé að taka upp í fjárlagafrv., bæta þar heldur við útgjöld ríkissjóðs að vísu, hrinda þeim í framkvæmd strax á næsta ári því komið hefur fram í þeim rannsóknum sem við vitnum til að þessi atriði skipta verulega máli í búsetuskilyrðum fólks úti á landsbyggðinni.

[14:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki á móti því að menn auki ríkisútgjöld til að stemma stigu við þessari byggðaröskun en mér er til efs að þær sértæku aðgerðir sem hv. þm. nefndi áðan dugi eitthvað til þess. Ég er nefnilega sammála þeirri greiningu, sem kemur fram í undirstöðu þeirrar þáltill. sem hér er rædd, að ástæðan fyrir því að fólk sækir svona fast til höfuðborgarsvæðisins er að það á kost á miklu fjölbreyttara mannlífi. Ég held að það sé grunnrótin og það er þess vegna sem ég hygg að mönnum hafi reynst svona erfitt að stemma stigu við þessum flótta. (**EgJ**: Það er margt fleira.) Það kann að vera að það sé margt fleira en ég held að þetta sé aðalorsökin. Og jafnvel þótt menn gripu til þess að lækka húshitunarkostnað, eða rafmagnskostnað, sem ég leggst alls ekki gegn, eða að auka námsstyrki, þá held ég að það mundi ekki draga úr þessum flótta. Ég veit að ýmsir aðrir eiga eftir að taka þátt í þessari umræðu en á einum stað á landsbyggðinni hefur mönnum m.a.s. tekist að skapa vísi að þessu fjölbreytta mannlífi sem menn eru að sækja í, þ.e. á Akureyri. En hefur það nægt? Það hefur ekki einu sinni nægt því ég held að Akureyringum fækki líka og þó er þar búið að setja upp eins konar vísi að fjölbreyttu samfélagi þar sem menn eiga kost á mjög merkilegri menningarneyslu. Þar er háskóli, þar eru hvers kyns smáfyrirtæki sem sinna hátækni þar í grennd. Þetta hefur dregið úr fækkuninni, en hefur ekki náð að stöðva hana algjörlega.

[14:56]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara endurtaka að það eru auðvitað, svo ég vitni enn einu sinni til rannsókna Byggðastofnunar, fjölmörg atriði sem skipta máli þegar við erum að tala um búsetuþróun í landinu. Ég endurtek það líka að þau atriði sem ég nefndi í ræðu minni eru dæmi um það sem stjórnvöld geta gert sem lið í því að beita sér gegn þessari þróun, en ég hef aldrei haldið því fram og mun ekki halda því fram að þær dugi einar og sér. Það er nú bara svo einfalt.

Hv. þm. nefndi Akureyri og það sem þar hefur gerst og nefndi að þar hafi dregið úr fólksfækkuninni. Er það þá ekki

dæmi um að mönnum hafi þó eitthvað orðið ágengt, ef það dró þó úr fólksfækkuninni? Það hlýtur að vera fyrsta skrefið og sýnir að þar hafi menn hugsanlega náð einhverjum árangri í aðgerðum — en þær duga ekki til, því miður. (**Gripið fram í:** Ekki sértækum.) Ekki sértækum. En þetta er svo fjölþætt mál og ég veit það kemur fram í ræðum hv. þm. sem hér eiga eftir að tala. En ég vil enda á að segja að ég nefndi nokkur atriði sem ég tel að skipti máli þó svo að þau dugi ekki ein og sér til að stöðva þessa þróun. Það er af og frá þannig að ég vona að það sé ljóst í huga hv. þm.

[14:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst gott að við ræðum þessi byggðamál og þó fyrr hefði verið og oftar. En ég verð að segja að mér hefur fundist nokkuð skorta á að menn ræddu hér hreinskilnislega um þær svakalegu staðreyndir sem blasa við okkur í þessum efnum. Menn tala út frá hlutunum eins og þeir séu í nokkuð stöðugu ástandi og við séum að ræða um þróun sem hafi verið af sömu stærðargráðu og jöfn yfir langan tíma, en svo er ekki. Við erum að sjá framan í eina verstu byggðaröskun sem um getur. Það er holskefla að skella á í þessum efnum núna og versnar ár frá ári. Ég held það sé óhjákvæmilegt, herra forseti, að byrja þetta á örlítilli upprifjun talna. Fyrir liggja tölur um búferlaflutninga innan lands eftir sveitarfélögum fyrstu átta mánuði ársins og sú tala er sú ljótasta sem við höfum séð eins langt aftur og skýrslur ná sem ég hef undir höndum. Af a.m.k. sl. 25 eða 30 árum er þetta ljótasta árið sem án nokkurs vafa er í vændum í þessum efnum. Hvorki árin í kringum 1970 né 1998 munu verða jafnljót þegar upp verður gert ef svo heldur fram sem horfir.

Inn á höfuðborgarsvæðið hafa þegar á fyrstu átta mánuðum ársins flutt yfir 1.500 manns. Það eru aðfluttir inn á þetta svæði umfram brottflutta. Og önnur landsvæði nánast með tölu, þar með talin m.a.s. Suðurnes og Norðurland eystra og Eyjafjarðarsvæðið, hafa öll tapað fólki í stórum stíl. Kaupstaður eins og Vestmannaeyjar hefur tapað yfir 100 manns á þessum fyrstu átta mánuðum ársins.

Nýju sveitarfélögin í Skagafirði, á miðsvæðum Austfjarða og annars staðar þar sem menn bundu vonir við að nást mundi að reisa einhverja rönd við ástandinu með því að sameinast og menn yrðu kjarkmeiri í baráttunni á þeim forsendum, tapa fólki í stórum stíl. Nýtt sveitarfélag í Skagafirði tapar á annað hundrað manns. Hið sama á við um nýja stóra sveitarfélagið á Austfjörðum, það tapar 70 manns og Akureyri tæplega 100.

Ef litið er til nokkurra síðustu ára, nærtækt er að skoða þau sjö ár til og með árinu í ár sem núv. hæstv. forsrh. ber pólitíska ábyrgð á, þá er það sömuleiðis ljótasta þróun sem við höfum nokkurn tíma séð, herra forseti. Hér er byggðajöfnuðurinn í ársskýrslu Byggðastofnunar til umræðu. Ef við tökum árið 1991 út fyrir sviga, ár stjórnarskiptanna, og byrjum á árinu 1992 þá var brottflutningurinn af landsbyggðinni 500 manns á því ári, 750 árið 1993, rúmlega 1.000 manns 1994, 1.500 manns 1995, 1.750 manns 1996, 1.800 manns 1997 og stefnir í líklega 2.200 manns á þessu ári. Hvert er þetta að leiða okkur? Allir sjá, ef vöxturinn verður áfram með sama hætti, hvar það endar.

Ég held að um þetta þurfi að ræða, herra forseti, í því samhengi að ný holskefla byggðaröskunar er skollin á á Íslandi og stefnir í að verða sú langalvarlegasta. Fólkinu hefur fækkað á landsbyggðinni og flutningar af þessari stærðargráðu eru meiri og meiri blóðtaka með hverju árinu sem líður. Ekki þarf að fara í grafgötur með að byggðarlög sem þegar eru orðin hálftóm munar meira um hvern mann sem í burtu flyst.

Mér finnst, herra forseti, að þetta ætti ekki að koma mönnum á óvart. Flestar pólitískar ákvarðanir og stjórnvaldsákvarðanir sl. fimm til sjö ár hafa undirbyggt þróunina hvað sem menn segja í skýrslum og á fundum í stjórn Byggðastofnunar. Það að skera niður þjónustuna úti á landi, þjarma að heilbrigðiskerfinu, skólunum o.s.frv. hefur áhrif á þessa þróun. Það að raða niður stórfyrirtækjum á suðvesturhorni landsins og skapa þar mikla þenslu, launaskrið og yfirborganir með pólitískum ákvörðunum, ýtir undir þessa öfugþróun. Það er leitun að nokkurri marktækri viðleitni til að gera eitthvað annað. Að vísu er ýmislegt á kortunum og í skýrslunum og margt á plönum framsóknarmanna, a.m.k. þegar þeir eru að funda á Austfjörðum, en í reyndinni hefur nánast ekkert gerst sem spornað gæti við þróuninni.

Meira að segja flaggskip þeirrar viðleitni að snúa vörn í sókn á landsbyggðinni, stofnanir eins og Háskólinn á Akureyri og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, hökta áfram með rekstur sinn og uppbyggingaráform. Það er ekki einu sinni hægt að koma á samningum þrátt fyrir tilboð Akureyrarbæjar um að byggja rannsóknarhús fyrir háskólann. Það tekur mörg ár að möndla með það í menntmrn. Síðan semja menn fínar skýrslur og setja sér falleg markmið í tillögum. Það er meira að segja svo göfugt að hér er sagt að á árunum 1998–2001 verði það sérstakt markmið að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt skal að því að fólksfjölgun verði þar ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010. 10% fólksfjölgun á landsbyggðinni til ársins 2010. Ég verð að segja, herra forseti, þó að það sé kannski leiðinleg samlíking: Mér finnst þetta álíka barnalegt og átak um að gera Ísland án fíkniefna á árinu 2000. Mér finnst þetta álíka mikið út í loftið og álíka langt frá því sem talist getur raunsætt og nokkrar minnstu líkur séu á að geti orðið, því miður. Ég spyr um innstæðurnar.

Hvaða aðgerða á að grípa til svo sú þróun geti orðið sem þarna er teiknað til? Er það svo að önnur stjórnvöld í landinu taki mark á þessum plönum? Vita menn út frá hvaða forsendum um fólksflutninga til höfuðborgarsvæðisins aðalskipulag Reykjavíkur er gert, aðalskipulag Kópavogs aðalskipulag Garðabæjar o.s.frv.? Það byggir á áframhaldandi aðflutningum á svæðið svo nemur 1.500–2.000 manns á ári næstu 20 árin eða hvað það nú er sem rammaskipulag kaupstaðanna tekur til. Eðlilega. Skipuleggjendur og fagmenn á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu horfa á þróunina og spyrja: Eru nokkrar líkur á því að þetta haldi ekki áfram? Svarið er nei. Ekkert bendir til þess að þetta haldi ekki áfram næstu 20 árin, út gildistíma aðalskipulagsins á höfuðborgarsvæðinu. Forsvarsmenn sveitarfélaga taka það mikið mark á þessum markmiðum stjórnvalda í byggðamálum.

Tími orða í þessum efnum er orðinn nógu langur. Nú eru síðustu forvöð að gera marktækar tilraunir til að snúa þessu við. Annars verður Ísland ekki komið í jafnvægi hvað byggðaþróun snertir árið 2010. Það verður í grófum drættum orðið borgríki árið 2010, í gamla rómverska stílnum, og verður hægt að reisa múra utan um mannskapinn. Hann verður allur kominn hingað. Þetta blasir við hverjum manni og þýðir ekkert að ræða þetta hér og humma eins og eitthvað annað hafi gerst.

Þegar svo komið er að Akureyri, þar sem helst hafa þó verið gerðar marktækar tilraunir eins og að styrkja æðri

menntun og annað því um líkt, heldur samt ekki í á móti straumnum, þá þarf ekki fleiri vitnanna við.

Hvað þarf að gera, herra forseti? Við höfum í öllum aðalatriðum grunninn sem þarf til þess að byggja á. Ég tel t.d. að skýrsla Stefáns Ólafssonar og þeir lærdómar sem af henni megi draga, að mínu mati fyrsta marktæka tilraunin til þess að greina orsakir þessa vanda á faglegum forsendum, sé okkur alveg nægjanleg leiðbeining fyrir aðgerðirnar. Við þurfum ekki meiri tíma og við þurfum ekki fleiri skýrslur. Það sem þarf er aðgerðir. Hverjar eiga þær að vera? Menn eiga að ráðast á alla þætti þessara mála samtímis. Við vitum að atvinnan ein dugir ekki. Það þarf að taka á umhverfinu og þá ekki síst hinu félagslega. Það þarf að breyta andrúmsloftinu og verður að tryggja þennan jöfnuð og það jafnvægi sem er forsenda þess að fólk geti af frjálsum og fúsum vilja valið sér búsetu þar sem það vill en sé ekki þvingað á ákveðinn stað.

Menn hafa ekki frjálst val um það hvar þeir setja sig niður til búsetu á Íslandi í dag. Í mínum huga leikur enginn vafi á því að almennt mundi ungt menntafólk sem á rætur á landsbyggðinni vilja setjast þar að ef það teldi sig geta réttlætt þá ákvörðun fyrir sjálfum sér og fjölskyldu sinni, varðandi laun og aðstæður, öryggi og fleira. Mismunandi laun, mismunandi framfærslukostnaður, mismunandi vöruverð, aðgengi að þjónustu, öryggi í heilbrigðismálum ræður þarna miklu ásamt öðru. Síðast en ekki síst snúast byggðamál og byggðaþróun um andrúmsloft. Sálrænt ástand í samfélaginu hefur mjög mikið að segja í þessum efnum og því verður ekki snúið nema með svo miklu og trúverðugu átaki í þessum efnum að fólk öðlist trúna á framtíð landsbyggðarinnar. Sú trú er brostin og þá er allt annað meira og minna tilgangslaust. Ef trúin á að framtíð sé í byggðarlögunum er ekki til staðar, þá setja menn sig ekki þar niður nema sem tímabundna gesti. Þá kaupa menn ekki hús þar, hvað þá byggja þau. Þetta vitum við og þarf ekki að ræða frekar.

Að mörgu leyti, herra forseti, höfum við þrátt fyrir þessa ískyggilegu röskun sem er að gera Ísland að einstöku landi í allri Evrópu, dregið úr þeim aðgerðum sem fyrr stuðluðu að því að jafna þennan mun. Margvíslegar jöfnunaraðgerðir stjórnvalda sem voru við lýði á áratugunum eftir stríð hafa verið lagðar niður eða skertar og var þó byggðaröskunin ekki nærri eins mikil þá og hún er nú. Þá voru staðaruppbætur héraðslækna og dýralækna, þá voru sérstök dreifbýlislán, þá var sú kvöð innbyggð í starfsskyldur lækna að þeir skyldu þjóna héruðum ákveðinn tíma. Þá var munur á vöruverði minni og almenningssamgöngur og samgöngur út á land styrktar, t.d. í formi stuðnings við Ríkisskip. Þetta er allt horfið og farið. Svo eru menn gapandi hissa á því að illa gangi að manna opinbera þjónustu í afskekktustu byggðum landsins. Okkur hefur að mörgu leyti farið aftur í þessu. Við höfum dregið úr þeim aðgerðum sem annars staðar og hér á landi var gripið til áður til að mæta þessum vanda.

Herra forseti, ég segi fyrir mitt leyti og spái því að ég sé ekki einn um það að taka ekki nokkurt minnsta mark á fallegum viljayfirlýsingum í þessum efnum fyrr en fyrir liggja konkret ákvarðanir um að gera eitthvað. Ég vil sjá það í fjárlögunum, vegalögunum, læknalögunum eða hvar annars staðar sem þær eiga að birtast. Það er ekkert mark takandi á blaðrinu í þessum skýrslum. Það sýnir okkur reynslan frá undanförnum árum. Þær gætu eins rykfallið ofan í skúffum frá byrjun.

Ég tel að ef afgreidd yrði veruleg hækkun á dreifbýlisstyrknum í fjárlögum þá væri það marktækt. Ég tel í öðru lagi að ef menn gera þær breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt að ónýttur persónufrádráttur unglinga á aldrinum 16–18 ára í byggðarlögum þar sem menn þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð verði yfirfæranlegur til foreldra þá sé það stuðningur við þann aukakostnað sem fólk hefur af þeim sökum. Ef ríkið greiðir kostnað við heimavistir að fullu á nýjan leik þá er það marktæk stefnubreyting. Eitt afrekið var fyrir tveimur árum síðan að hætta því og færa skellinn yfir á sveitarfélögin sem þurfa að reka heimavistarskóla. Ef ríkið tekur t.d. inn á fjárlög heimild til þess að greiða sérstaklega kostnað við félagsþjónustu og kennslu í fámennustu skólum og fámennustu sveitarfélögum þá er það marktækt. Það er eitt af því sem á að gera. Það á að styrkja fámennari sveitarfélögin sérstaklega til þess að veita óumflýjanlega þjónustu á sviði félagsmála og annars. Ef við tökum ákvörðun um að setja 1 milljarð í vegaframkvæmdir í viðbót sem verði beint sérstaklega að afskekktustu byggðarlögunum og landshlutunum, þá er það umtalsvert og marktækt. Ef teknar verða upp myndarlegar staðaruppbætur til héraðslækna í einmenningslæknishéruðum þá er það marktækt. Ef teknar verða upp staðaruppbætur til dýralækna og dýralæknahéruðin mönnuð á nýjan leik þá væri það marktækt. Ef við fellum niður gjöld af innanlandsflugi þá er það marktækt. Ef við tökum upp styrki til almenningssamgangna þá er það líka marktækt. Ef við tökum upp stuðning við verslun til að lækka vöruverð í strjálbýlinu þá er það marktækt og það er auðvelt að gera t.d. í gegnum endurgreiðslu eða lægra þrep í virðisaukaskatti í skilgreindum byggðarlögum. Ef við tökum upp aukið sjálfstæði sveitarfélaganna til tekjuöflunar og tekjuráðstöfunar þá er það marktækt. Fleira af þessu tagi gæti ég talið upp, herra forseti, sem dæmi um það sem hægt er að gera og skiptir máli í þessu sambandi. Þetta mundi koma nákvæmlega inn á það sem fjallað er um í skýrslu Stefáns Ólafssonar. Slíkar aðgerðir mundu jafna undirliggjandi aðstöðumun á grundvelli greiningar á ástæðum þess að fólk treystir sér ekki til að búa í afskekktari byggðum. Það er á þessum nótum, herra forseti, sem ég vil sjá þessa umræðu þróast, að menn ræði um hlutina eins og þeir eru, um það hvað sé hægt að gera og svari því hreinskilnislega hvort þeir séu tilbúnir til að gera það. Fátt annað skiptir máli.

[15:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gat þess í ræðu sinni að eftir seinni heimsstyrjöldina hefðu ríkisstjórnir farið inn á þá braut að afnema alls konar stuðningsaðgerðir við landsbyggðina. Hann sagði í framhaldi: Menn þurfa þess vegna ekki að ganga gruflandi að því hvers vegna fólkið hefur flutt af landsbyggðinni.

Þegar maður skoðar þessa þáltill. og greinargerð með henni, nánar tiltekið töflu á bls. 220, þá kemur í ljós að í nánast 50 ár eftir að stríðinu lauk heldur fólki áfram að fjölga á landsbyggðinni. Það er svo merkileg tilviljun að fólkinu tekur ekki að fækka fyrr en hv. þm. sest í ríkisstjórn en það er nú önnur saga. Ég vildi einungis benda á þetta, herra forseti, að afnám þessara stuðningsaðgerða við landsbyggðina virðist ekki hafa haft þau áhrif sem hv. þm. gat hér um.

Í annan stað, herra forseti, var þetta góð ræða. Hún var vel flutt, áheyrileg og skemmtilegt að hlusta á hana. Efnislegt inntak hennar var þetta: Það þarf að breyta andrúmsloftinu. Hvernig ætlar hv. þm. að breyta andrúmsloftinu? Hann var

ekki með eina einustu tillögu um hvernig breyta ætti andrúmsloftinu. Það er ekki svo auðvelt að skipta um það. Hann drap að vísu á nokkra hluti sem hann sagði að væru marktækir ef hann sæi þeirra stað í fjárlagafrv. á næstu árum eða við fjárlagaafgreiðsluna. En hvernig ætlar hann að fara að því að breyta andrúmsloftinu? Ef hv. þm. tekur þessa skýrslu eins og mér þótti hann gera og fleygir henni út í buskann með þeim orðum að breyta þurfi andrúmsloftinu, þá verður hann að koma með tillögur og segja hvernig eigi að gera það.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að skýrsla sú sem hér liggur fyrir sé eitthvert merkilegasta plagg sem fram hefur komið um þessa hluti. Nú veit ég að vísu að hv. þm. talaði vel um þetta en eigi að síður fannst mér vanta í annars skelegga ræðu hans hugmyndir um að gera það sem hann telur þarfast, að breyta andrúmsloftinu. Hvernig ætlar hann að gera það?

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. hljóti að hafa verið að lesa um ísbirni á meðan ég var að flytja ræðu mína því að hann tók meira og minna skakkt eftir öllu. Þegar ég var að tala um árin eftir stríðið þá var ég einmitt að nefna það að frá og með t.d. þeim tíma og alveg fram undir 1980 voru miklu meiri jöfnunaraðgerðir í gangi, einmitt á þeim tíma sem hv. þm. nefndi að byggðaþróunin hefði verið í sæmilegu jafnvægi. Þá voru þessar staðaruppbætur og þá var meira gert t.d. til þess að tryggja mönnun héraða en nú er. Við höfum dregið úr þessu á margan hátt á síðustu árum. Og það var sérstaklega höggvið í þennan knérunn á síðasta kjörtímabili. Þá voru margvíslegar ráðstafanir gerðar m.a. í gegnum niðurskurðinn í fjárlögunum, þegar verið var að þrengja að opinberu þjónustunni, og alveg sérstaklega úti um landið. Til dæmis þegar hæstv. menntmrh. réðst á fámennustu framhaldsskólana, þegar ríkisstjórnin ákvað að hætta að greiða kostnað við heimavistir að fullu o.s.frv. Ég var að vísa til þess sem hefur gerst einmitt á tímanum frá um 1980 og til dags dató, en þá hefur þessi þróun einmitt farið svona eins og hv. þm. ætti að vita ef hann hefði lesið þau gögn sem hér eru til umræðu og unnið heimavinnuna sína en ekki verið að lesa um ísbirni. Hér er t.d. þessi tala sem sýnir að byggðaröskunin er því miður ekki bara frá þeim tíma þegar ræðumaður fór í ríkisstjórn, ef það væri nú svo gott.

Hvernig á að breyta andrúmsloftinu? Það sagði ég líka: Með því að ráðast á þennan vanda á öllum vígstöðvum en ekki bara láta sér detta í hug að leysa þetta með einni brellu, eins og menn hafa oft gert þegar þeir hafa keypt sér frið með því að setja smáaura eitt árið í rafmagnsniðurgreiðslur eða smáaura í námsstyrki hitt árið og búið. Þar með voru þeir komnir með syndaaflausn, friðþægingu og svo héldu menn áfram að stinga hausnum í sandinn.

Það þarf að taka á þessu á öllum vígstöðvum. Og ef þetta er gert svo myndarlega og með það trúverðugum hætti að fólk telji það sönnun þess að það sé orðin pólitísk samstaða um það í landinu að snúa þessu við, þá kemur þessi tiltrú. Einstakir atburðir geta verið mikilvægir. Ég held t.d. að jarðgöng á Vestfjörðum hafi verið stór aðgerð til þess að fá Vestfirðinga til að trúa því að þeir væru ekki einir og það ætti að reyna að styðja þá í baráttunni fyrir því að halda Vestfjörðum í byggð.

Það þarf að taka á þessu á öllum vígstöðvum sem var nákvæmlega það sem ég lagði til og taldi upp 14 liði í þeim efnum.

[15:18]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera þessa umræðu að umræðu um dýrafræði eins og hv. þm. virðist hafa mestan áhuga á. Ég er einungis þeirrar skoðunar að allar þær aðgerðir sem hv. þm. nefndi heyri sögunni til. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að verja fjármagni fyrst og fremst í aðgerðir eins og þessa. Ég held að ef menn taka ákvörðun um það að verja fjármagni til þess að stemma stigu við þessum fólksflótta þá eigi menn að reyna að fara aðrar leiðir. Í staðinn fyrir það t.d. að eyða miklu fjármagni í þessa hluti sem hv. þm. taldi vera marktæka þá eiga menn miklu frekar að fara þá leið að velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að nota fjármagnið til þess að aðstoða menn við að hrinda í framkvæmd góðum hugmyndum á sviði einhverra sólrisugreina, t.d. hátækniiðnaðar, vegna þess að ég held að framtíðin muni leiða í ljós að það verði miklu farsælla og auðveldara að stofna til slíkra atvinnutækifæra á landsbyggðinni heldur en héfðbundinna fyrirtækja. Ég held að það sem e.t.v. vanti inn í þetta sé svolitil sýn inn í framtíðina, þ.e. hvernig við getum nýtt okkur nýja tækni til þess að reisa skorður við þessari búseturöskun.

Ég tel að það sé alveg út í hött að koma hingað eins og hv. þm. og telja upp öll þessi sömu ráð sem við höfum verið að beita áratugum saman og sem hv. þm. getur lesið í þessari skýrslu að hafa ekki skipt máli. Ég tel að sú hugsun sem birtist í greinargerð með tillögunni a.m.k. vísi í rétta átt. En ég tel að málflutningur hv. þm. vísi aftur til fortíðar og að þau ráð sem hv. þm. er að leggja hér fram séu afskaplega lítils virði. Þau hafa a.m.k. minna vægi en sá vottur af nýrri hugsun sem kemur fram í þessari tillögu.

[15:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að tala fyrir því að moka út peningum á einhvern gamaldags hátt í eitthvert sukk og svínarí, eins og mér finnst hv. þm. vera að gera mér upp skoðanir um. Ég er ekki bara að tala um fjárútlát í þessu sambandi. Ég er að tala um kerfisbreytingar og ég er að tala um nýja hugsun í þessum efnum jafnframt og er alveg jafnlæs á skýrslur og hv. þm. En ég er líka að tala um það að taka á þeim ójöfnuði og því óréttlæti sem menn búa við í þessum efnum. Mér heyrist hv. þm. einmitt ætla að nota gömlu aðferðina og dæma það algjörlega frá að taka á t.d. mismunandi vöruverði, t.d. því að fólk sé án læknisþjónustu og annarra slíkra hluta í mörgum byggðarlögum landsins.

Er hv. þm. á móti því að taka upp staðaruppbætur til héraðslækna þannig að læknishéruðin yrðu mönnuð? Það kostar peninga. En er það gamaldags hugsun að menn skuli eiga rétt á því að komast til læknis? Er það gamaldags hugsun? (**Gripið fram í:** Og niðurgreiða vöruverð.) Já, niðurgreiða vöruverð. Við skulum taka vöruverðið á landsbyggðinni. Hvernig verkar virðisaukaskatturinn? Hefur hv. þm. kynnt sér það? Hann er 24,5% ofan á vöruverðið norður á Bakkafirði, ofan á flutningskostnaðinn, ofan á allan viðbótarkostnaðinn sem þessir neytendur bera. Hann ætti að vera 22% ef þessir aðilar ættu að vera jafnsettir gagnvart skatti því þeir eru að borga hærri virðisaukaskatt en ekki lægri. Það er ekki verið að biðja um ölmusur. Það er ekki verið að biðja um það. Það er verið að biðja um að menn séu jafnsettir. Það eru menn ekki. Menn borga miklu meira fyrir að koma

börnunum sínum í skóla. Menn borga hærra vöruverð, þar með talið hærri virðisaukaskatt. Það er um þetta sem ég er að ræða, ekki einhverja sporslur eða styrki frá vel settum mönnum eins og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Hann má hafa sitt í friði og búa vel að því í Vesturbænum. En það er ekki sanngjarnt að það fólk sem byggir afskekktustu svæðin skuli jafnframt borga hæstu skattana, hæsta raforkuverðið, þurfa að kosta mestu til að mennta börnin sín, oftast í burtu frá sér, því miður o.s.frv. Það er ekki réttlátt fyrirkomulag. Þessu vil ég breyta og ég er orðinn leiður á því að menn skuli láta sér nægja að tala um það.

[15:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn hafa vísað til áranna 1970–80 sem fyrirmyndar um byggðamál og stöðu byggða og byggðaþjónustu og byggðastyrkja og þess háttar. Menn hafa jafnframt vísað til sjónarmiða Stefáns Ólafssonar. Það er fróðlegt að heyra hvað Stefán segir, með leyfi forseta:

„Á mynd 1 sést vel hve sérstakur áttundi áratugurinn var í búsetuþróuninni. Má þakka það miklu átaki í uppbyggingu sjávarútvegs, samgöngumannvirkja og opinberrar þjónustu á landsbyggðinni. Svo atkvæðamiklar og kostnaðarsamar voru framkvæmdirnar á landsbyggðinni á þessum árum og sumar þeirra svo óarðbærar að byggðastefna stjórnvalda féll í mikla ónáð sem varað hefur allt fram á þetta ár."

Í huga almennings í landinu hafa menn verið að súpa seyðið af þessari stefnu allt fram á þetta ár. Ég hygg að það hafi einmitt gerst núna að menn horfa miklu vinsamlegar til þeirrar vinnu og þeirra tillagna sem stjórn Byggðastofnunar hefur sett fram vegna þess að í tillögunum felst trú á landsbyggðina. Í þeim felast ekki tilburðir í þá átt að reyna að halda einhverju kerfi, þjónustu eða mannlífi uppi með gamaldags styrkjakerfi, með stoðum sem fúna og feysknar verða, heldur hafa menn trú á því að möguleikarnir á landsbyggðinni séu ærnir og það eigi að hjálpa mönnum til að nýta slíka möguleika. Það finnst mér vera góði andinn í þessari tillögu Byggðastofnunar og þess vegna er ég sannfærður um að þessi tillögugerð, ef við fylgjum henni sæmilega eftir, mun ekki kalla á andúð eða ósætti neins staðar, hvorki í þéttbýli né dreifbýli, gagnvart tillögunni.

[15:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri líka gaman að velta því fyrir sér hvar landsbyggðin væri í dag ef ekki hefði verið áttundi áratugurinn. Hafa menn t.d. kíkt á aldurssamsetningu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni, einbýlishúsa? Vita menn hvenær var byggt á landsbyggðinni, hringinn í kringum landið við sjávarsíðuna? Menn búa núna í húsunum sem voru byggð á áttunda áratugnum. Ef hann hefði ekki komið til sögunnar þá held ég að ástandið væri ekki glæsilegt.

Það er að sönnu rétt að gerð voru mistök og það var ekki allt saman skynsamlegt sem þarna var gert eða allt góð ráðstöfun fjármuna. Mér sýnist nú það ekki heldur vera hér eða annars staðar á byggðu bóli. Ætli það sé ekki offjárfesting víðar en í skólum á landsbyggðinni, þó að vissulega megi benda á t.d. að menn vanmátu eða ofmátu fólksfjölgun og byggðu of stóra skóla og sitja núna uppi með þá illa nýtta. En sambærileg skipulagsleg mistök þekkjum við úti um allan heim á byggðu bóli, bæði í strjálbýli og þéttbýli.

Það er líka rétt að byggðastefnan fékk á sig mikið óorð, að hluta til með réttu vegna þess að mönnum voru mislagðar hendur í þeim efnum. En ég held líka að hún hafi á köflum verið skipulega rægð af mönnum sem gerðu út á það að velta sér upp úr því og fengu mikið út úr því að hamast á því þó að þarna væru gerð mistök í bland við margt annað sem var mjög vel gert. Ætli það sé nú ekki reyndin að þjóðin hefur æ síðan notið góðs af því sem gerðist á áttunda áratugnum í meiri hagsæld, þ.e. útfærslu landhelginnar, uppbyggingu sjávarútvegsins, bættu samgöngukerfi og öðru.

Ég er sammála því að í þessari skýrslu eru að mörgu leyti góð markmið. Ég er líka sammála því að ef þeim verður fylgt eftir með aðgerðum þá mun það hjálpa til við að skapa trú á framtíðina á landsbyggðinni. Það sem ég var fyrst og fremst að lýsa eftir við hæstv. forsrh., herra forseti, voru efndirnar, aðgerðirnar sem þurfa að koma í kjölfarið. Menn verða svo leiðir á þessum fallegu skýrslum og göfugu markmiðum, ef síðan gerist ekki neitt.

[15:26]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði í ræðu minni fyrr má auðvitað nefna margvísleg dæmi um viðleitni í þá átt að styrkja byggð úti um landið. Sumt hefur ekki endilega fengið mikinn hljómgrunn í þinginu eða meðal almennings. Og jafnframt þar sem ríkisvaldið hefur komið því við hefur það reynt að gæta sín á því að hafa byggðasjónarmið í öndvegi. Ég tek dæmi af því sem hv. þm. nefndi og snýr að heilsugæslu og heilsugæsluþjónustu. Þegar ríkisvaldið, fjmrn. og heibrrh., höfðu atbeina að kjarasamningum við heilsugæslulækna þá var það ríkt og ofarlega í þeirra huga að stuðla að því að launabreytingarnar mundu leysast þannig að heilsugæslulæknar á landsbyggðinni færu best út úr því. Ég sá nýverið í yfirlýsingu landlæknis, ég hygg fyrir þremur vikum, að hann lýsti því yfir að nú væru mál svo komin að staða heilsugæslulækna á landsbyggðinni hefði batnað svo mjög vegna þessa nýja átaks í kjaramálum að laun þeirra væru orðin svipuð og menn væru að bjóða í olíuríkinu Noregi. Hann ætlaði einmitt að fara að vekja athygli, ég hygg, einna 90 íslenskra lækna sem þar starfa á þessari breyttu stöðu heilsugæslulækna úti um land. Þarna voru menn sem sagt að leita leiða í þessu sambandi og fjmrn. og heilbrrn. sérstaklega beittu sér fyrir því að í þessa átt yrði farið.

[15:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að talsverðar kjarabætur urðu í þessum samningum. Ég hefði að vísu kosið að sjá þær festar við staðina sem uppbætur eða bundnar við þá. Ég held að það hefði verið vænlegri leið heldur en að setja þetta inn í launasamningana eða taxtana sjálfa, m.a. vegna þess að að sjálfsögðu komu síðan aðrir og vildu fá það sama. Svo minni ég á að þegar farið er út í samanburð á launum manna þá mega menn ekki gleyma því að staða þessa fólks er sú að það er á vakt 24 tíma á sólarhring, oft vikum saman. (Gripið fram í.) Hvað er eini svæfingarlæknirinn á Austurlandi lengi á vakt mánuðum saman, einn í landsfjórðungnum sem getur aðstoðað við svæfingar þegar bráðar aðgerðir ber að o.s.frv.? Allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, allan mánuðinn, allt árið, nema ef tekst að fá manneskju í afleysingar á sumrin. Þannig er það. Og svo eru menn hissa á því að þetta fólk hafi einhver laun.

Herra forseti. Ég held að það skipti miklu máli að umræður um þessi mál gangi ekki fram hjá þeirri augljósu staðreynd að þrátt fyrir allt hefur fólkið á landsbyggðinni trú á landsbyggðinni fyrst og fremst. Annars væri það ekki þar. Ef fólkið í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu eða við

stjórnmálamennirnir hér hefðum meiri trú á landsbyggðinni þá værum við þar en ekki hér. Og við skulum endilega ræða þetta undir þeim formerkjum. Spurningin snýst um það hvað hægt sé að gera til þess að hjálpa því fólki á þeim forsendum sem það vill til að heyja þessa baráttu, og jafna þessa aðstöðu þannig að menn geti yfir höfuð réttlætt það að þrauka þarna áfram, svo ég tali nú ekki um að taka ákvarðanir um að binda þar fjárfestingar lífs síns, eins og í íbúðarhúsnæði og öðru slíku. Ég held, herra forseti, að því miður dugi kurteisislegt hjal og jákvæðar yfirlýsingar í skýrslum ósköp skammt ef menn sjá ekki beinharðar aðgerðir og það strax. Við þolum ekki mörg ár í viðbót af því tagi sem nú stefnir í, mesta byggðaröskunarár sögunnar, og það hlýtur að hrikta eitthvað í á einstöku bæjum á þessum kosningavetri ef menn ætla að láta það bara líða fram hjá sér án þess a.m.k. að sýna einhverja viðleitni, herra forseti.

[15:30]

Útbýting þingskjals:

Ofbeldisatriði í sjónvarpi, 245. mál, þáltill. ÓHann, þskj. 277.

[15:30]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um mjög merkilegt og mikilvægt mál að ræða og ekki síst merkilegar upplýsingar sem greinargerð með tillögunni hefur að geyma, upplýsingar sem ég hef reyndar ekki enn kynnt mér út í hörgul en nóg til þess að þær eru augljóslega afar gagnlegar til að gera sér grein fyrir ástandinu og hvernig helst er ráð að bregðast við því. Þar er á ýmsan hátt farið inn á nýjar brautir. Þar á ég sérstaklega við umfjöllun um menningarmál af ýmsu tagi sem er til marks um það að menn eru loks farnir að gera sér alvarlega grein fyrir því hversu fjölþættur þessi vandi er því hann snýst auðvitað ekki aðeins um atvinnumál og samgöngur heldur eru það ekki síst félagslegar aðstæður sem ráða, hvort sem um brýnustu þjónustu er að ræða í heilsugæslu og menntun eða öðru þess háttar. Það skiptir gríðarlegu máli hvaða kostir eru í boði á menningarsviðinu í hinum víðasta skilningi þess orðs. Sá þáttur er afar mikilvægur og líklega æ mikilvægari í þessu samhengi vegna þess að mannskepnan vill nú einu sinni hafa að ýmsum kostum að ganga og þess vegna er öll fjölbreytni í afþreyingu og menningu mjög mikilvæg í þessu tilliti.

Ég minnist þess þegar ég sat í svonefndri byggðanefnd þingflokkanna sem sett var á laggirnar fyrir rúmum áratug, ég man nú ekki nákvæmlega árið, í tengslum við breytingar á kosningalögunum sem þá voru gerðar, nefnd sem starfaði lengi og sat marga fundi og skilaði skýrslum með tillögum, að þá var nú ekki ríkur skilningur á þessu atriði. Það var naumast að það kæmi til álita. Þá voru menn ákaflega uppteknir af atvinnumálum og samgöngumálum sem meginorsökum þess að fólk hneigðist til búsetu í þéttbýli frekar en í dreifbýli og þá allra helst til búsetu á suðvesturhorni landsins og eyddu litlum tíma í umfjöllun um aðra þætti. Mér fannst reyndar athyglisvert í upphafi þess starfs að kynnast öllu því sem hafði verið unnið áður um nákvæmlega sömu mál því þær eru orðnar margar nefndirnar, fyrir utan sjálfa Byggðastofnun, sem fengist hafa við byggðamál og margar skýrslurnar sem litið hafa dagsins ljós og sumar kannski lítið meira en það áður en þær hafa horfið undir rykið í hillum ráðuneyta og stjórnmálamanna. Meginþunginn í þeim öllum hefur snúist um atvinnumál og auðvitað skipta þau mjög miklu máli og þá fyrst og fremst að um eitthvað sé að velja.

Einhæfni atvinnulífsins víða um land er þröskuldur í vegi byggðaþróunar og raunar enn meiri nú en áður vegna breyttra aðstæðna í fjölskyldum landsmanna. Ég hef áður minnt á það og vil gera það enn einu sinni að sá tími er auðvitað liðinn að búseta geti farið eftir atvinnu heimilisföður eins og áður var. Konur eru virkir þátttakendur í atvinnulífinu, þær mennta sig ekki síður en karlar og bæði þær sjálfar og þjóðfélagið í heild eiga rétt til þess að sú menntun nýtist og auðvitað eiga menn að vita þetta og viðurkenna að þetta þarf að taka með í reikninginn við mótun byggðastefnu. En það er ekki gert í neinum mæli eða af neinni alvöru og ég sé ekki að það sé gert í þessari tillögu sem hér er til umræðu.

Menn hafa á undanförnum árum hrokkið við öðru hverju og sett einhverja fjármuni í eitthvað lítið og sætt sem kennt er við kvenfólk. Það hefur afskaplega lítið að segja þótt konur hafi að vísu einstaka hæfileika til að nýta slík tækifæri til hins ýtrasta en þetta er bara atriði sem þarf að hafa fyllilega inni í heildarmyndinni og leitast þarf við að efla og styrkja atvinnu sem tekur mið af þörfum og aðstæðum beggja kynja. Þetta reyndi ég að segja félögum mínum í byggðanefndinni góðu um árið en þeir hlustuðu lítið. Reyndar verð ég að segja að kannski er meginvandi byggðavandans sá hve umræðan vill oft verða neikvæð og nöldurskennd og á kannski þátt í því að skapa það andrúmsloft sem hv. síðasti ræðumaður talaði um. Mér finnst ég oft skynja skyldleikann við kvennabaráttuna þar sem vandinn er líka margþættur og margt sem lagfæra þarf og því vill umræðan þar oft verða ærið staglkennd, nöldursleg og neikvæð. Það er vissulega ekki gott og leiðir til þess að konur eru gjarnan álitnar síóánægðar, leiðar og sífrandi þegar staðreyndin er auðvitað sú að þær eru fyrst og fremst glaðar í sinni og stoltar af því að vera konur þó þær þurfi að minna á það sem betur má fara. Og þannig er það líka með fólkið á landsbyggðinni. Það er stolt af sinni byggð og uppruna sínum en það gerir sínar kröfur og þar er náttúrlega af ýmsu að taka.

Í þessu þingmáli segir að við stöndum nokkuð að baki nágrannaþjóðum okkar í þeim efnum að sporna við öfugþróun í byggðamálum og helsta niðurstaða tillögunnar er að verja fé til að snúa þar við blaði þótt það sé nokkuð óljóst nema kannski að því er varðar þátttöku í eignarhaldsfélagi á landsbyggðinni sem er svona eina talan í rauninni sem er sett fram sem eitthvað haldfast. Það er auðvitað rétt að gera þarf ýmsa hluti. Það þarf að verja fé til margra þátta. Hins vegar er ekki að sjá í því frv. til fjárlaga sem við erum að fást við þessa dagana að gert sé ráð fyrir slíku þannig að það hlýtur að þurfa að gerbylta því frv. Það er alveg óhugsandi annað ef menn ætla og meina eitthvað með þessari tillögu.

Margt hefur verið gert á undanförnum árum og áratugum. Lagðir hafa verið vegir og brýr byggðar og mér finnst gjörbylting hafa orðið í samgöngumálum þó alltaf megi gera betur. Það hafa verið byggðar hafnir og skólar efldir, framhaldsskólum hefur fjölgað og heilsugæslan hefur verið byggð upp þó að þar sé vissulega marghátttaður vandi eins og í sambandi við að fá lækna og annað starfsfólk til að sinna heilsugæslu. Það hefur orðið gjörbylting í fjarskiptum og samskiptum öllum. Miklu fé hefur verið varið til atvinnumála, e.t.v. ekki nógu markvisst og þarf ekki annað en minna á uppbyggingu sem átti að bjarga ýmsu í fiskeldi og loðdýrarækt og fleiru slíku og ýmislegu í tengslum við sjávarútveginn. Það sem helst hefur dugað er sú uppbygging sem orðið hefur í ferðaþjónustunni. Hún hefur örugglega skilað mestu. Samt er ástandið eins og það er. Fólkinu fækkar

sífellt í öllum kjördæmum nema þremur en þrátt fyrir það er ætlunin að halda áfram aðgerðum á mjög svipuðum brautum og áður. Satt að segja er fátt nýtt á ferðinni í þessari tillögu en þar með er ég auðvitað ekki að segja að ég sé andvíg ýmsu af því sem þar kemur fram. Ég vil samt taka það fram að byggðastefna má ekki snúast í andhverfu sína þannig að fólki sé í rauninni refsað fyrir að vilja búa í þéttbýlinu á suðvesturhorni landsins. Það hefur að mínu mati verið mjög rík tilhneiging til þess að líta með meiri velvilja til þarfa þeirra sem búa utan þessa svæðis og þá vitna ég til reynslu minnar af störfum í fjárln. Mér finnst þetta koma fram í ýmsum efnum. Skýrasta dæmið núna eru málefni fatlaðra sem er að mörgu leyti vel fyrir komið í öllum kjördæmum landsins, nema R-kjördæmunum tveimur eins og mætti orða það. Þar er ástandið beinlínis óþolandi og aldeilis órafjarri því sem stjórnvöldum ber að leggja fram og sinna af lögboðnum verkefnum sínum. Og þannig hefur verið í fleiri þáttum t.d. í uppbyggingu heilsugæslu sem á suðvesturhorninu hefur verið langt á eftir því sem hefur gerst utan þessara svæða og er ekki enn fyllilega búið að byggja upp þannig að til sóma sé. Sama ástand var í skólamálunum þegar grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaganna. Þá skorti fyrst og fremst húsnæði hér á þessum svæðum.

Vissulega er rétt að reyna að sporna við íbúaþróuninni og reyna að gera fólki kleift að búa utan þéttbýlisins á suðvesturhorninu, ef það vill það, en það er rangt að refsa því fyrir að vilja búa í þéttbýlinu suðvestanlands. Það er réttur hvers manns að velja sér búsetu sjálfur og það er réttur hvers manns að fá þá þjónustu sem lögboðin er.

En það er ýmislegt í þessari tillögu sem er að mínu mati alveg rétt þótt fyrst og fremst sé verið að tala um meira af því sem gert hefur verið. Þar er fyrst til að taka nýsköpun í atvinnulífinu og þar eru fyrst nefndar til sögunnar þróunarstofur, að þær verði efldar. Ég er ákaflega sammála því. Ég tel að þær hafi komið að miklu gagni og hafi verið af hinu góða að efna til þeirra verkefna sem Byggðastofnun hefur stutt og unnið mjög myndarlega. Ég held að það sé skynsamlegt og vænlegt sem hér kemur fram að leitað verði samstarfs við háskóla og rannsóknarstofnanir til að tryggja sem bestan framgang slíkra verkefna.

Í 2. tölul. í kaflanum um Nýsköpun í atvinnulífinu er lögð áhersla á að „lánastarfsemi Byggðastofnunar verði rekin á arðsemisgrundvelli". Ég hef nú talið að sú þróun væri á góðum vegi en þetta er athyglisverður punktur. Þessi starfsemi hefur verið að færast í þá átt, enda ekki af hinu góða að hafa ekki arðsemissjónarmiðin að markmiði því það veldur því að alltaf þarf þá stöðugt að moka fé í eitthvað sem ekki er arðbært og kemur engum þar af leiðandi að gagni.

Í 3. tölul. er talað um eignarhaldsfélögin, að tryggt verði eigið fé í nýsköpunarverkefnum með því að koma á fót eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni og stefnt að því að til þeirra verkefna verði sérstaklega varið allt að 300 millj. kr. á fjárlögum hvers árs á áætlunartímabilinu. Þessar 300 millj. kr. vantar í fjárlagafrv. og koma þá væntanlega þar inn ef þetta verður afgreitt fyrir afgreiðslu fjárlaga næsta árs. En þetta er eina talan sem ég fann hér að væri beinlínis tekin fram. Þó er hér mjög margt sem mun kosta mikið fé og það má kannski segja t.d. um næsta punkt. Þar er talað um að styðja sérstaklega aðgerðir á afmörkuðum svæðum þar sem veruleg röskun verður á atvinnuháttum og búsetu. Það er ekkert fast í hendi um hvað þarna á að gera og hugsanlega er þarna um að ræða eitthvað í sambandi við ferðaþjónustu. Ég held að það sé að mörgu leyti vænlegt vegna þess að ferðaþjónusta og uppbygging hennar hefur beinlínis skipt sköpum fyrir ýmsa í dreifbýlinu þar sem hún hefur orðið til þess að styðja mjög við hefðbundna búskaparhætti. Þeir hafa þá frekar getað sinnt jafnvel þess konar búskap áfram ef þeir hafa þá ekki alveg lagt hann niður.

Síðan er talað mikið um öruggar samgöngur og fleira slíkt. Og talað er um að örva fjárfestingar í samgöngum, menntun, byggingum og fjarskiptum en ekkert nánar um hvernig það eigi að gera. Það er einnig athyglisverður punktur að stuðlað verði að bættum og öruggari almenningssamgöngum. Þannig mætti auðvitað lengi telja. Ég sakna þess svolítið að fá ekki eitthvað nánara og fastara í hendi um hvernig eigi að gera þetta, hvað þurfi að gera til að örva fjárfestingar eða stuðla að bættum og öruggum almenningssamgöngum.

Herra forseti. Ég fagna því að þessi tillaga er komin fram og ýmsu því sem kemur þar fram og ekki síst þeim ágætu upplýsingum sem koma fram í greinargerð með henni.

[15:46]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og þó að mikið lifi eftir af henni þá hlýt ég að vekja athygli á því að í þessari umræðu er nokkuð annar hljómur en verið hefur að undanförnu þegar skýrsla Byggðastofnunar hefur verið rædd á Alþingi. Það tel ég mjög af hinu góða og hlýt að vekja sérstaka athygli á því.

Hæstv. forsrh. gerði grein fyrir ársskýrslu Byggðastofnunar eins og hún liggur fyrir. Á hana hefur ekki mikið verið minnst enda eru af henni góðar fréttir. Rekstur stofnunarinnar árið 1997 gekk vel. Auk þess hafa verið gerðar grundvallarskipulagsbreytingar á henni sem eðli málsins samkvæmt koma fyrst og fremst fram í formálanum. Þær verða þá væntanlega betur skýrðar í næstu ársskýrslu. Þar hafa verið teknar afar mikilvægar ákvarðanir. Þessar ákvarðanir byggjast einkum á því að þróunarverkefni og leiðbeiningar sem stofnunin hefur haft með höndum eru færð heim í hérað, færð til fólksins sem þar vinnur og starfar.

Stundum hefur verið talað um fjáraustur í sambandi við Byggðastofnun. Því væri kannski vert að nefna örfáar tölur í þeim efnum til að skýra hvernig því fjármagni sem Byggðastofnun hefur yfir að ráða er skipt eða mun skipt t.d. á næsta ári.

Í fjárlagafrv. hefur Byggðastofnun 202 millj. til ráðstöfunar. Þökk sé fyrir það. Af þeim 202 millj. má ætla að helmingur fari til starfsemi atvinnuþróunarfélaga um allt land eða 100 millj. kr. Gert ráð fyrir því að einn fjórði af þessu fjármagni fari til starfsemi þróunarsviðs Byggðastofnunar norður á Sauðárkróki sem þar tók til starfa 1. júlí sl. og hefur verið starfrækt af miklum myndarskap síðan. Þá er eftir einn fjórði fjárveitinganna. Þegar búið er að taka það sem tilheyrir forustuhlutverki stofnunarinnar þá eru eftir atvikum 30–40 millj. kr. eftir til þróunarverkefna. Þó að það sé út af fyrir sig ekki ýkjamikið fé þá hef ég séð þess mörg dæmi að það kemur að góðum notum. Það er mjög auðvelt að sýna fram á að svo sé.

Þannig hefur þessu fjármagni verið deilt og að stórum hluta verið fært til ráðstöfunar hjá þeim þróunarstofum sem vinna á grundvelli laga um Byggðastofnun. Ég er sannfærður um að af þessu verður mikill árangur.

Mér þykir einnig vert að minna á, út frá því sem komið hefur fram í þessari umræðu þegar menn eru að tala um

margar skýrslur, að þetta er önnur þáltill. sem lögð er fram á grundvelli lagabreytinganna frá 1991. Að sjálfsögðu var sú tillaga barn síns tíma og menn höfðu betra ráðrúm til að setja þessi mál í réttan farveg núna eins og raunar kemur fram.

Ég vil líka benda á, vegna þess að hér er talað um að ógreinilega sé talað á ýmsum sviðum, að nánari útlistun á tillögu forsrh. um stefnu í byggðamálum er að finna í þeim greinargerðum sem fylgja með þessu þingskjali. Þær eru 15 og þar af eru sjö unnar af Háskólanum á Akueyri sem fór yfir margvísleg gögn sem fyrir hann voru lögð til þess að samræma þær skoðanir sem fyrir lágu. Margt af því sem menn eru að kvarta um í sambandi við útlistun á þessum tillöguflutningi er að finna í þessum afar nákvæmu fylgiskjölum sem fylgja með tillögunni. Í þessum fylgiskjölum eru meira að segja ýmsar tillögur sem ekki eru í þáltill. sjálfri. Hér er því um að ræða gríðarlega mikinn efnivið til skýringa á þáltill. sjálfri.

Að sjálfsögu er vert að geta þess alveg sérstaklega hvernig þessi tillaga er fram komin og hvernig niðurstöður hennar eru fengnar. Reyndar hefur verið minnst á að hlutur Stefáns Ólafssonar prófessors er afar mikilvægur í þeim efnum. Segja má að rannsóknir hans hafi lagt grunninn að þessari tillögugerð. Ég tel greinargerð þá sem grundvölluð er á rannsóknum ofan úr Háskóla Íslands býsna trúverðuga og síðan eru rökstuddar m.a. þær tillögur sem hér liggja fyrir frá Háskólanum á Akureyri auk hugmynda frá fleiri góðum mönnum sem lagt hafa hönd á plóg. Af því að menn hafa túlkað — ég vona að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hlýði á mál mitt — sérstaklega grundvöllinn að þessum tillögum, þá vildi ég aðeins biðja menn að líta á það sem stendur á bls. 31. Þar er að finna hinn raunverulega grundvöll tillögugerðarinnar. Þar kemur fram að þeir sem kvarta mest yfir búsetunni á Íslandi og hyggjast hverfa þaðan á næstu árum taka þá ákvörðun af eftirtöldum ástæðum:

44%, eða nær helmingur, taka þessa ákvörðun vegna atvinnuaðstæðna. 30% taka þessa ákvörðun vegna menntunaraðstæðna og 12% vegna almennra lífsgæða. Þarna er að finna ástæðurnar fyrir brottflutningnum af landsbyggðinni. Þarna er að finna ástæðurnar fyrir því að texti þessarar tillögu er eins og raun ber vitni. Fletti menn aðeins til baka gefur að líta töflu sem tilgreinir 24 þætti hinna almennu lífsgæða. Ég verð að segja að ég var hissa á mörgu af því sem kom fram í rannsóknum Stefáns Ólafssonar en þarna var ég þó mest hissa. Í ljós kemur að þessir þættir sem ráða um það bil einum fimmta af tilefnum brottflutnings af landsbyggðinni ráðast að langstærstum hluta af fjórum liðum, þ.e. 78% af húshitunarkostnaði, 69% af verðlagi og verslunaraðstæðum, 58% af lagningu og viðhaldi vega og síðan 52% af tekjuöflunarmöguleikum. Þetta kom mér nokkuð á óvart og sérstaklega það sem var miklu óvænna í þessum efnum að varðandi þjónustu á landsbyggðinni voru kvörtunartilefnin öll í neðstu sætunum. Kvörtunartilefni um þjónustu röðuðu sér í næstu sætin af þessum 24, enda kemur fram í riti Stefáns Ólafssonar að fólk á landsbyggðinni sé ánægðara með þjónustu en hér í Reykjavík. Það kjördæmi sem býr við mesta óánægju með opinbera þjónustu er Reykjavíkurborg. Það er sannarlega ekki af hinu góða að telja fólki úti á landi trú um að það búi við verri kost í þessum efnum en fólkið í þéttbýlinu í Reykjavík.

Auðvitað er grundvallaratriði við þessa tillögugerð að taka alveg sérstaklega á þeim málum sem fólkið kvartar yfir. Þessi tillaga gerir það í einu og öllu. Ef menn fara yfir tillöguna þá sjá menn að fyrsta áhersluatriðið er nýsköpun í atvinnulífinu. Annað atriðið er menntun, þekking og menning. Þriðja atriðið er jöfnun lífskjara og bætt samkeppnisstaða. Fjórða atriðið er bætt umgengni við landið og meira að segja með áherslu á að þar eigi nú að forgangsraða og græða sérstaklega mein þar sem hraðfara gróðureyðing á sér stað. Ég tel þessa áherslu afar mikilvæga.

Hv. ræðumenn hafa minnst á nokkur atriði sem mér finnast athyglisverð. Hv. þm. Magnús Stefánsson boðaði hér tillöguflutning áðan og kannski mætti ég vera meðflm. Mig langar hins vegar að benda á — og það styrkir þetta allt saman — að á sl. ári var gerð úttekt á skiptingu ríkisútgjalda, á því hvert peningastreymið lægi í landinu. Þetta er auðvitað fyrsta skrefið í þá átt að segja fyrir um hver stefnan sé við fjárlagagerð hverju sinni. Innan fárra daga kemur eitt ár til viðbótar, árið 1997. Þá verður kominn fjögurra ára samanburður og þannig verður hægt að halda áfram og þá er kominn grundvöllur fyrir Byggðastofnun að segja til um hvert stefni með fjárlagagerðinni.

Hjá hv. ræðumanni kom fram afar þörf ábending. Grundvallaratriðið í þessu máli, sem hann lagði áherslu á, er að við séum ekki með tvískinnung á þessum vettvangi og fylgjumst með því sem við erum að gera almennt séð.

Tími minn er að verða búinn, herra forseti. Ég ætla aðeins að minnast á eitt atriði. Það er um þær ábendingar sem fram hafa komið um takmarkaðar fjárveitingar í þessum efnum. Ég vil benda á að til þess t.d. að ná jöfnunarmarkmiði í húshitunarmálum sem hér er lagt til þarf um hálfan milljarð kr. til viðbótar, einnig til viðbótar við við það sem fram kemur í áherslum um eignarhaldsfélögin.

Tími minn er liðinn en ég þakka fyrir þessa umræðu og það sem eftir lifir af henni.

[16:02]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Undanfarna þriðjudaga hef ég setið í félmn. Alþingis þar sem við við höfum farið yfir ýmsa þætti sem lúta að fjárlagagerð fyrir næsta ár. Á okkar fund hafa komið fulltrúar frá svæðisráði um málefni fatlaðra, bæði á Reykjanesi og í Reykjavík og greint okkur frá því að í þeirra umdæmi vanti verulegt fjármagn til þess að hægt sé að byggja upp fullnægjandi þjónustu fyrir fatlaða. Á þessum fundum hef ég innt fulltrúa þessara samtaka eftir því hvort þeir sjái þess merki að hluti af vanda fatlaðra á þeirra svæði megi rekja til hinnar alvarlegu búsetuþróunar sem við höfum horft upp á á síðustu árum. Niðurstaða þeirra er tvímælalaust sú að ein ástæðan fyrir vandanum sé einmitt búseturöskun undanfarandi ára. Þannig sjáum við í raun og veru hinn þjóðfélagslega herkostnað sem við stöndum nú frammi fyrir vegna búseturöskunarinnar á mörgum undanförnum árum. Þetta sýnir okkur ásamt öðru mikilvægi þess að Alþingi Íslendinga marki ákveðna stefnu í byggðamálum og snúi við hinni alvarlegu búsetuþróun. Þetta atriði áréttar það sjónarmið margra okkar að það sé ekki einkamál þeirra sem á landsbyggðinni búa hvernig búsetuþróunin verður, heldur sé það ekki síður spurning um hvernig við ætlum að efla lífskjarasóknina í landinu, að ein leið til þess sé að treysta forsendur byggðastefnunnar í landinu.

Það er sérkennilegt til þess að hugsa þegar maður veltir fyrir sér hversu lítið við höfum vitað um ástæður búseturöskunar fram á þennan dag. Auðvitað höfum við hvert með sínum hætti reynt að komast að einhverri niðurstöðu um þetta og mörg okkar farið kannski býsna nærri. Ýmislegt af

þessu eru auðvitað sjálfgefnir hlutir og augljósir en engu að síður hefur ekki verið um heildstæða rannsókn á ástæðum búferlaflutninga að ræða að neinu marki á undanförnum mörgum áratugum. Það er undarlegt í ljósi þess að líklega erum við hér að fjalla um eitt alvarlegasta þjóðfélagsvandamál sem við er að glíma á Íslandi nútímans. Það eru óskaplegar fréttir þegar við blasir að nettófólksstreymið af landsbyggðinni geti numið kannsi 2–3 þúsund manns á þessu ári. Þetta eru auðvitað óskapleg tíðindi sem við stöndum frammi fyrir. Þau valda miklum erfiðleikum úti á landsbyggðinni og eru líka farin að koma hart niður á byggðarlögunum við Faxaflóa sem þurft hafa að taka á móti þessari fólksfjölgun.

Í hverju er vandi okkar falinn? Hvað er það sem við erum að fást við? Hver er ástæða búseturöskunarinnar? Í fyrsta lagi er rétt að nefna að þetta mál er nú orðið mun flóknara en fyrir nokkrum árum. Við gátum með tiltölulega einföldum aðgerðum snúið þessu við, uppbygging og þróttur í höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar á landsbyggðinni, landbúnaði og sjávarútvegi, nægði á sínum tíma til þess að snúa þessu fólksstreymi við. Nú liggur fyrir að það reynist ekki nóg. Forsenda þess að við getum ráðist að þessum vanda er auðvitað að höfuðatvinnugreinar okkar á landsbyggðinni séu öflugar en það nægir ekki.

Þeir sem hyggja nú á búferlaflutninga nefna þó sérstaklega atvinnumálin, bæði tekjumöguleika, skort á fjölbreytni atvinnulífsins og fleira af því taginu. Í öðru lagi eru nefnd menntamál. Ég hygg að það hafi komið ýmsum á óvart hversu hátt á skalanum það atriði var þegar fólk var innt eftir ástæðum þess að það hygði á búferlaflutninga. Þegar betur er að gáð þá er auðvitað augljóst að menntun er eitt af því sem nútímaþjóðfélag krefst og þess vegna er mjög eðlilegt að fólk horfi mjög til menntunarmöguleika barna sinna og endurmenntunarmöguleika sjálfs sín þegar það kýs sér búsetu.

Vissulega er hart til þess að vita að fólk sem þarf að senda börnin sín til framhaldsnáms þurfi í mörgum tilvikum að kosta til þess 400–500 þús. kr. á ári. Þegar svo er komið er ljóst mál að það þarf óskaplega sterk bönd til að binda fólk við átthagana svo það kjósi ekki að hverfa burtu, flytja á eftir börnum sínum og skapa sér nýja búsetu í öðru umhverfi. 400 þús. kr. kostnaður fyrir barn er auðvitað mjög erfiður fyrir allan venjulegar fjölskyldur og menn þurfa að geta vegið það upp með miklum tekjum ef það á að verða til þess að fólk kjósi ekki að yfirgefa heimahaga sína.

Síðan eru taldar til almennar lífsnauðsynjar. Bak við þær eru hlutir eins og m.a. húshitun svo ég taki dæmi sem greinilegt er og við vitum að vegur mjög þungt í útgjaldaþáttum heimilanna víða um landið.

Byggðastofnun hefur að undanförnu brugðist við með viðeigandi hætti. Ákvörðun hefur verið tekin um að efla sérstaklega starfsemina á landsbyggðinni, efla atvinnuþróunarstarfið á forsendum heimamanna þannig að heimamenn sjálfir geti lagt á ráðin um hvernig bregðast eigi við með sem mestum árangri. Þetta er eðlileg valddreifingarstefna og jafnframt eðlilegt að atvinnumál vegi svo þungt. Forsenda þess að við getum snúið þessari byggðaþróun við er auka megi fjölbreytni atvinnulífsins og styrkja stoðir þeirrar atvinnu sem fyrir er í landinu.

Þegar menn velta fyrir sér hvað liggi á bak við þessa þáttill. þá eru áherslurnar í byggðaáætluninni í samræmi við stefnumótun og grundvallarvinnu stjórnar Byggðastofnunar í aðdraganda þessarar tillögu.

Í þessari umræðu hafa menn velt fyrir sér markmiðunum sem koma fram í 1. mgr. tillögunnar sem eru þau að stefnt skuli að því að fólksfjölgun á landsbyggðinni verði ekki undir landsmeðaltali, þ.e. 10% til ársins 2010. Ég hefði einhvern veginn búist við því að gagnrýnin á þetta markmið væri fyrst og fremst sú að sagt yrði að um væri ræða frekar lágreist markmið. Með þessari tillögu erum við að segja að við ætlum okkur ekki meira en að stöðva fólksfækkunina og halda í við þróunina í landinu í heild. Kannski hefði einhver getað gagnrýnt okkur og sagt: Þetta er ekki mjög björgulegt, þetta er ekki mjög háreist, og það er út af fyrir sig rétt. Við erum hins vegar að reyna að setja okkur raunhæf markmið. Það er bjargföst trú okkar í stjórn Byggðastofnunar eftir að hafa farið yfir þessi mál að hægt sé að tryggja þetta ef okkur takist að fá þessa tillögu samþykkta og henni verði síðan fylgt eftir með raunhæfum aðgerðum í samræmi við þá stefnumótun sem hérna kemur fram. Forsenda þess að við náum þessu markmiði um fólksfjölgunina er að við náum að vinna í anda þessarar stefnumótunar og leggja fram þau úrræði sem þarf svo hægt sé að hrinda þessum markmiðum í framkvæmd.

Eitt það alvarlegasta sem við stöndum frammi fyrir í þessu sambandi er auðvitað staða sjávarútvegsbyggðanna. Sú staðreynd sem fram kemur í rannsókn Stefáns Ólafssonar og Háskólinn á Akureyri hefur enn fremur sýnt fram á, að fimmti hver starfsmaður í fiskvinnslu á landsbyggðinni hyggi á búferlaflutninga á næstu tveimur árum, er mjög alvarleg. Það er auðvelt að framreikna þetta. Samkvæmt þessu verða á næstu 10 árum alger skipti á fólki í fiskvinnslu á landsbyggðinni. Þetta er mjög alvarlegt og þetta er auðvitað kjarni málsins. Þetta er vandinn sem við stöndum frammi fyrir núna.

Á árunum upp úr 1970, frá 1972 og fram undir 1980 togaði sjávarútvegurinn til sín fólk. Fólk flutti út á land til þess að vinna í sjávarútvegi. Þegar sjávarútvegurinn hættir síðan að toga til sín fólk, þá blasir við önnur mynd vegna þess að annað hefur ekki komið í staðinn. Okkur hefur ekki tekist að búa til þær aðstæður á landsbyggðinni að nokkuð annað hafi komið í staðinn fyrir það sem sjávarútvegurinn var byggðaþróuninni á 8. áratugnum. Almennt talað er það veikari staða fiskvinnslunnar í landinu sem valdið hefur þessum breytingum. Það eru ekki bara þjóðlífsbreytingarnar. Við skulum viðurkenna að þjóðlífsbreytingarnar hafa haft sitthvað í för með sér. Almennari menntun en áður hefur verið og fleira í þeim dúr hefur auðvitað gert það að verkum að krafa fólksins er aukin fjölbreytni í atvinnustarfsemi. Fiskvinnslan hefur ekki lengur sama aðdráttarafl og hún hafði fyrir örfáum árum og fyrir því eru ýmsar ástæður.

Á undanförnum árum hafa orðið afurðaverðshækkanirnar sem því miður hafa ekki orðið eftir hjá fiskvinnslunni og því ekki komið fram í batnandi kjörum fiskverkunarfólks í samræmi við það. Afurðaverðshækkanirnar hafa sífellt streymt út í hráefnisverðið, skilað sér til útgerðarinnar og í batnandi kjörum sjómanna. Þess vegna eru styrkleikahlutföllin í sjávarútvegi með allt öðrum hætti nú en áður.

Stefán Ólafsson prófessor, sem hér hefur margoft verið gerður að umtalsefni, víkur að þessu í athyglisverðri grein fimmtudaginn 12. nóvember þegar hann segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Eigendur kvótans hafa við núverandi skipan fengið vænlega útgönguleið úr greininni með því að selja frá sér kvótann, en með því er lífsbjörgin hins vegar seld frá landvinnslufólkinu, þ.e. fiskvinnslufólkinu og öðrum íbúum minni sjáv-

arbyggðanna. Það fólk á um fátt annað að velja en flytja brott þegar svo er komið og jafnvel skilja eftir afrakstur ævistarfsins í verðlausu húsnæði, ef fólkið þarf þá ekki að taka með sér skuldir af því að auki. Íbúar sjávarbyggðanna skynja þegar þetta aukna óöryggi um lífsbjörg í framtíðinni og eru farnir að bregðast við því með brottflutningi, eins og sýnt var fram á í síðustu grein minni."

Slík er alvaran í málinu. Ég vil því segja, virðulegi forseti, að ég tel að veikleikinn í tillögu okkar sé að skrifa þurfi textann skýrari hvað þessa þætti málsins varðar sérstaklega. Í tillögunni er almennt fjallað um að sköpuð verði skilyrði til að styðja aðgerðir á afmörkuðum svæðum þar sem veruleg röskun verður á atvinnuháttum og búsetu. Sérstaklega er hugað að aðgerðum í byggðum þar sem atvinnulíf er fábreytt og útgerð á í vök að verjast.

Hér eru ýmsir þættir sem við þurfum að mínu mati að hyggja betur að. Ég skal nefna tvö eða þrjú atriði. Í fyrsta lagi tel ég að eðlilegt væri í þessu sambandi að við þróuðum betur og gerðum víðtækara það kerfi þorskaflahámarks við fiskveiðistjórn sem innleitt var fyrir örfáum árum. Þetta kerfi hefur virkað mjög vel. Það hefur styrkt mjög sjávarútvegsbyggðirnar sem eru næst fiskimiðunum, t.d. á Vestfjörðunum. Þetta hefur skapað nýja viðspyrnu fyrir þær byggðir sem hafa staðið frammi fyrir því að kvótinn hefur farið í burtu. Þess vegna tel ég að skynsamlegt væri að við skoðuðum það betur að þróa þetta þorskaflahámark í áttina að því að fjölga í og stækka þann flota sem fengi að njóta þessa kerfis.

Í öðru lagi teldi ég skynsamlegt að upp væri tekin ívilnun í kvóta hjá þeim sem landa til vinnslu innan lands. Þetta yrði til þess að jafna samkeppnisstöðu landvinnslunnar gagnvart sjófrystingunni sem er mjög ójöfn um þessar mundir. Það er óhjákvæmilegt að við verðum að reyna að styrkja þessar sjávarútvegsbyggðir þar sem menn standa stöðugt frammi fyrir þessu óöryggi eins og dæmin sanna hvert á fætur öðru. Við verðum að reyna að finna leiðir til að búa til varnarlínu fyrir þessar byggðir þegar þannig stendur á. Þetta er eitt af þeim málum sem ég held að væri eðlilegt að menn ræddu, kannski í tengslum við þessa þingsályktun, kannski í tengslum við sjávarútvegsmálin almennt, og er óhjákvæmilegur þáttur í því að snúa við þeirri óheillaþróun sem hefur verið í byggðunum í landinu.

[16:17]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson mælir með því sem jákvæðu atriði til byggðaþróunar að stækka og auka það þorskaflahámarkskerfi sem komst hér á fyrir líklega tveimur árum síðan, af því að það megi verða byggðunum helst til varnar. Það væri fróðlegt að heyra frá hv. þm. hvaða byggðum þetta kerfi hefur orðið til varnar. Telur hann að þetta sé það kerfi sem sé heppilegast fyrir litlu bátastaðina á Norðausturlandi t.d. þar sem fyrir liggur að bátarnir hafa farið vestur, einmitt vegna þessa kerfis? Er ekki e.t.v. of mikil einföldun hér á ferðinni og fyrst og fremst verið að mæla með kerfi sem hentar Vestfjörðum?

[16:18]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fjarri er það mér að segja að þetta kerfi hafi bjargað einhverju. Þetta kerfi hefur hins vegar skapað viðspyrnu. Það er augljóst að þetta kerfi hefur fært þeim sjávarútvegsbyggðum sem búa næst þorskmiðunum, eins og t.d. á Vestfjörðum, nýja viðspyrnu. Þetta kerfi er að því leyti nokkuð sérstakt að það er eins konar blanda sem felur í sér sóknartengdan hvata, gefur vissa möguleika þeim byggðum sem næstar eru fiskimiðunum. Sá vandi sem m.a. við hefur verið að glíma í núverandi fiskveiðikvótakerfi er að þær byggðir sem þannig er háttað til um að hafa ekki fengið að njóta staðarkosta sinna. Byggðir eins og til að mynda Vestfirðir sem hafa oft staðið frammi fyrir því að vegna ákvarðana sem íbúarnir hafa ekkert haft með að gera hafa menn allt í einu staðið uppi án þess að hafa heimildir til þess að sækja sjóinn og reyna að bjarga sér með þeim ráðum sem hafa dugað þessu fólki í gegnum aldirnar. Kerfið sem hér er um að ræða hefur hins vegar á vissan hátt skapað nýja viðspyrnu og skilað heilmiklu lífi í ýmis pláss. Hugmynd mín hefur gengið út á það að ákvörðun yrði tekin um það að smám saman yrði fleiri bátum heimilað að vinna eftir þessu kerfi sem hefur skilað þessum bátaflota í heild ágætri afkomu almennt talað. Það er augljóst að það hefur ekki hentað öllum byggðum jafn vel enda mun aldrei neitt fiskveiðistjórnarkerfi gera það. En þetta kerfi hefur hins vegar markast af því að það hefur búið til ákveðna möguleika fyrir þær byggðir sem liggja næst fengsælum fiskimiðum.

[16:21]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikið rétt að þetta kerfi hefur skapað viðspyrnu fyrir þá staði sem næst liggja þorskmiðum. Það getur vel verið að það sé út af fyrir sig stefna að haga fiskveiðistjórnarkerfinu þannig að menn geti notið nálægðar við þorskmiðin. En það hefur ekki verið þannig. Það hefur ekki verið sú stefna sem hér hefur verið rekin heldur hafa menn litið til þess að landið gæti allt verið í byggð, m.a. út frá því að hægt væri að sækja sjóinn alls staðar frá, að til þess væru forsendur. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að það líf sem hefur verið að koma inn í ýmis pláss, eins og hv. þm. lýsti áðan, hefur verið á kostnað lífs í öðrum plássum vegna þess að þeir bátar sem hafa bæst við í löndun og útgerð frá þessum stöðum eru gjarnan bátar sem eru með lögheimili, ef það má orða það þannig, annars staðar á landinu, en þar sem kerfið býður upp á sókn hafa þeir kosið að gera út frá Vestfjörðum. Auðvitað gerist það þá á kostnað þess lífs sem ella væri í þeirra heimastöðum.

[16:22]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóst að þegar kvóti er fluttur frá einu byggðarlagi til annars þá hefur það ekki bara áhrif til aukningar í því byggðarlagi sem nýtur kvótans heldur hefur það skerðingaráhrif í því byggðarlagi sem missir kvótann. Þegar Guðbjörgin fór frá Ísafirði til Akureyrar hafði það auðvitað þau áhrif að tekjumöguleikar Ísafjarðar minnkuðu en tekjumöguleikarnir í Eyjafirði jukust.

Það sem skilur á milli þorskaflahámarksins og kvótakerfisins, aflamarkskerfisins, er það að þorskaflahámarkið felur þó í sér einhverja möguleika fyrir þau byggðarlög sem næst búa fiskimiðunum. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar að það eigi að vera eitt af markmiðum hvers fiskveiðistjórnarkerfis að þeir sem nær miðunum búa njóti þeirrar nálægðar í einhverjum mæli, að menn fái að njóta staðarkosta sinna. Öðruvísi mun okkar þjóðfélag ekki þróast í átt til aukinnar hagkvæmni. Þannig mun þetta gerast í landbúnaði. Þetta gerist í iðnaði. Þetta gerist í þjónustu og þetta gerist í sjávarútvegi. Að sjálfsögðu mun umhverfið hafa einhver áhrif á þetta. Hvaða möguleika eiga staðir eins og Vestfirðir ef þeir

fá ekki einu sinni að njóta nálægðarinnar við fiskimiðin? Út á það gengur öll þessi umræða, þ.e. einmitt að gefa þessum stöðum úti um landið möguleika til að njóta sinna eigin staðarkosta. Þess vegna finnst mér eðlilegt að við skoðum það alveg sérstaklega að fiskveiðistjórnarkerfi, þorskaflahámarkskerfi sem hefur verið að skila prýðilegum árangri fyrir vissan hluta fiskveiðiflotans, verði þróað áfram til að skapa nýtt svigrúm fyrir ýmsa minni báta sem hafa orðið illa úti í kvótakerfinu og gefa þeim möguleika á að vinna sig áfram, líkt og minni bátana, því þeir þurfa líka á slíku lífsrými að halda.

[16:24]

Útbýting þingskjala:

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 252. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 285.

Stjórnarskipunarlög, 254. mál, frv. DO o.fl., þskj. 288.

Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, 253. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 286.

[16:25]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að blanda mér aðeins í þessa umræðu um till. til þál. um stefnu í byggðamálum og ætla að víkja að þremur atriðum. Í fyrsta lagi að tillögunni sjálfri. Í öðru lagi ætla ég að tala dálítið almennt um hlutskipti þéttbýlisins í þessu dæmi, þ.e. Reykjavíkur og nágrennis. Og í þriðja lagi ætla ég að nefna nokkrar hugmyndir um aðgerðir í byggðamálum sem að sumu leyti hafa verið nefndar hér áður en að sumu leyti ekki.

Ástæðan þess að ég tek þátt í þessari umræðu er ekki síst sú að Alþb. hafði forustu um að flutt var tillaga í svokallaðri kjördæmanefnd um að reynt yrði að taka sérstaklega á vandamálum dreifbýlisins í tengslum við breytingar á kjördæmaskipaninni. Fallist var á þá tillögu með þeim hætti að skipuð var sérstök nefnd í þeim efnum og hún er undir forustu hv. síðasta ræðumanns, Einars Kristins Guðfinnssonar. Þar er gert ráð fyrir að menn gangi eins rösklega til verks og mögulegt er þannig að menn verði ekki að leggja hér inn óljós loforð í safn framtíðarinnar heldur verði um að ræða skýra hluti. Þannig verði tekið dálítið öðruvísi á málum í þetta skipti en gert var t.d. 1983 þegar kjördæmabreytingin þá átti sér stað. Þá voru gefin býsna eindregin fyrirheit um aðgerðir í byggðamálum en því miður stóðu menn ekki við þau.

Um tillöguna sjálfa ætla ég að segja að í fyrsta lagi hefur hún þann galla að þetta er tillaga til þingsályktunar. Þetta er ekki lagafrv. Þetta eru ekki peningar í hendi og því er í rauninni óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsrh. og þá sem með þetta mál fara og óska eftir að nefndin fjalli um það sérstaklega: Hvað af því sem hér er skrifað niður er í hendi? Verður strax í fjárlögum 1999, þó að tillagan hafi jafnvel ekki verið afgreidd, gert ráð fyrir fjármunum, t.d. upp á 300 millj. kr. til þess að tryggja nauðsynlegt eigið fé í nýsköpunarverkefnum og í því skyni verði komið á fót eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni með aðild Byggðastofnunar? Verða þessir fjármunir tryggðir? Verður það gert sem hér er skrifað niður um eflingu þróunarstofanna? Verður hér farið í samstarf við framtakssjóð Nýsköpunarsjóðs, svo dæmi sé nefnt? Verður með öðrum orðum gengið í þau verkefni sem hér eru skrifuð niður? Ég ætlast til þess að það verði gert. Af hverju? Vegna þess að þeir sem flytja tillöguna ráða Alþingi. Þeir ráða meiri hlutanum. Þeir eru með löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið og fjárveitingavaldið í sínum höndum og þeir þurfa ekki að bíða eftir neinu í þeim efnum vegna þess að þingsályktun er jú ekki bindandi heldur almenn stefnuyfirlýsing eins og menn þekkja hér frá undanförnum árum og áratugum. Því vil ég segja: Ég tel að tillagan sé gölluð að því leyti að hún er þáltill. en ekki frv. Ég hefði viljað sjá frv. til laga um þessa hluti þar sem það er bundið niður lið fyrir lið sem hér á að gera. Ég tel að hún sé líka gölluð að því leyti, herra forseti, að ég hefði viljað sjá greinargerðina þannig uppsetta að menn hefðu fjallað um hvern einstakan efnispunkt nákvæmlega, öll þessi 21 atriði sem hér eru nefnd, hvert einasta atriði, og skilgreina þau nákvæmlega, hvenær eigi að gera þetta og hvernig, og hvernig eigi að útvega fjármuni í það.

Um leið og ég segi þetta þakka ég fyrir þau gögn sem fylgja tillögunni. Þau eru mjög mikilvæg. Og hver er kosturinn við tillöguna? Hann er m.a. sá að aðdragandinn að tillöguflutningnum eru rannsóknir, eru athuganir, er yfirferð þannig að maður hefur það a.m.k. á tilfinningunni að menn viti nokkurn veginn um hvað þeir eru að tala sem er vissulega kostur þegar um svona mál er að ræða.

Síðan ætla ég aðeins að víkja að nokkrum almennum atriðum og velta fyrir mér þremur þáttum. Í fyrsta lagi: Er það ekki umhugsunarvert að aldrei hefur verið fjallað um það hér í þessari stofnun sérstaklega eða gerð tilraun til þess að ákveða það í þessari stofnun, ekki einu sinni með þingsályktun, hverjar eigi að vera skyldur höfuðborgar, réttindi höfuðborgar og skyldur hennar gagnvart umhverfi sínu og þjóðinni allri. Ég hef í mörg ár velt því fyrir mér að leggja fram till. til þál. um að þetta verkefni verði unnið. Ég tel að eitt það mikilvægasta í stjórnmálum á Íslandi sé sæmileg sátt um höfuðborgina og stöðu hennar. Ég tel reyndar að á undanförnum árum hafi menn unnið skipulega að því að skapa betri sátt um borgina sem slíka, sem höfuðborg, heldur en var hér mjög lengi. Átökin andspænis þessu svæði hér, höfuðborgarsvæðinu, hafa verið andspænis svæðinu öllu en ekki höfuðborginni einni, eins og það var mjög lengi. Ég held að við þurfum að velta þessu fyrir okkur, og það nefni ég í fyrsta lagi varðandi almenna stöðu og þéttbýlið: Eigum við ekki að velta því fyrir okkur að skilgreina sérstaklega hlutverk höfuðborgarinnar, skyldur hennar og réttindi líka gagnvart umhverfinu? Ég vísa til þess að í öðrum löndum hefur þetta verið gert. Í öðrum löndum hefur það verið gert að menn hafa skilgreint hlutverk og stöðu höfuðborgar. Það held ég að sé mjög mikilvægt og það á að skilgreina þetta að mínu mati þannig að um það geti orðið sátt.

Í öðru lagi varðandi þéttbýlið ætla ég að segja að auðvitað á að reikna út hvað það kostar fyrir þjóðfélagið að þúsundir og aftur þúsundir manna flytja hingað til þéttbýlisins, til höfuðborgarsvæðisins, og yfirgefa fullbúin mannvirki í skólum, í heilsugæslustöðvum, í vegum, í bændabýlum, í fyrirtækjum o.s.frv. úti á landi. Og um leið þarf að eiga sér stað uppbygging á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við slíka flutninga. En svo ótrúlegt sem það nú er þá hefur aldrei verið reiknað út hvað þetta í raun kostar í uppbyggingu hér á þessu svæði.

Þeir menn sem ég hef talað við, m.a. hjá Þjóðhagsstofnun og Byggðastofnun, fullyrða að alls ekki sé víst að beinn hagur sé að því fyrir viðkomandi sveitarfélög, t.d. Kópavog, að byggjast jafnhratt upp og Kópavogur hefur gert. Það sé engan veginn víst að öruggur hagur sé að því. En svo merkilegt sem það er þá hefur þetta aldrei nokkurn tíma verið reiknað út. Það held ég að sé verkefni sem við eigum líka að velta fyrir okkur hér jafnframt þessari tillögu, hvort við felum

ekki einhverjum, Þjóðhagsstofnun eða Byggðastofnun, að láta reikna það út hver þessi kostnaður er. Því að veruleikinn er sá, hvað sem öðru líður, að það er kostnaðurinn við þessa hluti eins og aðra sem menn horfa býsna mikið á.

Nú vill svo til að nýlega hefur verið tekin um það ákvörðun í borgarstjórn Reykjavíkur að reikna sérstaklega út kostnað við uppbyggingu í einu tilteknu nýju hverfi hér í borginni. Það er satt að segja mjög myndarleg ákvörðun og skynsamleg vegna þess að við þurfum að vita hvernig þessir hlutir eru. Samþykktin sem var gerð í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir nokkru hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Borgarráð Reykjavíkur samþykkir að fela borgarhagfræðingi og fjárreiðustjóra að fá utanaðkomandi aðila til að taka út kostnað Reykjavíkurborgar af uppbyggingu í Grafarvogi og tekjum borgarsjóðs og fyrirtækja borgarinnar af borgarhlutanum. Miðað verði við að nálgast sem best raunkostnað við uppbygginguna og áhrif hennar á stöðu borgarsjóðs á hverjum tíma."

Hér er í raun bara verið að fjalla um kostnað borgarinnar. En af þessu er síðan og til viðbótar þjóðfélagslegur kostnaður vegna þess að fjármunir sem hafa verið lagðir í mannvirki, m.a. félagslegrar þjónustu í dreifbýlinu, eru núna ónotaðir sem ella væru nýttir. Þetta held ég að eigi að rannsaka og reikna út mjög nákvæmlega.

Fyrir nokkrum dögum fullyrti forsrh. í ræðu á Alþingi að kostnaðurinn við hvern íbúa sem settist að í þéttbýlinu og kæmi utan að, væri 3–5 millj. kr. á mann í stofnkostnaði, eingöngu í stofnkostnaði, gjaldfærðum eigna- og stofnkostnaði. Ekki í rekstrarkostnaði, bara í stofnkostnaði. Ég fór og kannaði þessa tölu aðeins betur hjá Þjóðhagsstofnun áðan og þeir sem þar urðu fyrir svörum sögðu: Þessi tala er nokkuð nákvæm, nokkuð undirbyggð, en hún er hins vegar ekki 100%, þetta er ágiskun. En hún er ekki fjarri lagi.

Ef þessi tala er rétt þá er kostnaðurinn við að flytja hingað segjum þúsund manns 3–5 milljarðar kr. Menn eru oft að býsnast yfir því að þeir fjármunir sem fara til aðgerða og til byggðajöfnunar séu miklir og þeir eru stundum einhverjir, þeir eru nú sjaldan mjög miklir. En þeir eru litlir í samanburði við þennan kostnað, sem verið er að bæta við þann kostnað sem menn hvort eð er hafa hér í þéttbýlinu. Þess vegna tel ég að nauðsynlegt sé að nefna þetta hér, herra forseti, af því að menn hafa iðulega talað um þetta eins og það væri sjálfgefið mál að þéttbýlið hagnaðist gífurlega á þessum breytingum. Það kann út af fyrir sig að vera að í mjög þröngu sjónarhorni séð geti það legið þannig, en þegar menn skoða þjóðfélagslega kostnaðinn og þá fjárfestingu sem menn skilja eftir, þá er ég sannfærður um að fyrir þjóðarheildina er tap af þessum gríðarlegu fólksflutningum sem eiga sér stað. Það er beint tap í beinum fjármunum, herra forseti.

Þetta voru þessi almennu atriði. Ég ætla síðan að bæta því við að ef menn ætla að taka á þessum málum þá þarf að breyta stjórnkerfinu. Þá þarf að koma upp burðugum stjórnsýslueiningum, það þarf að halda þannig á málum að menn hafi meira vald, bæði til að leggja á skatta og til að eyða fjármunum úti um landið.

Ég ætla að lokum, herra forseti, að nefna ellefu atriði sem ég tel að væri hægt að grípa til í því skyni að draga úr þeim ógnvænlega byggðaflótta sem nú er um að ræða. Mörg þeirra hafa þegar verið nefnd hér áður, eins og ég sagði, t.d. af hv. þm. Ragnari Arnalds, en ég ætla að fara yfir nokkur atriði sem eru að nokkru leyti endurtekning.

Í fyrsta lagi nefni ég húshitunarkostnaðinn. Þar er um að ræða langalvarlegasta málið samkvæmt skýrslu Stefáns Ólafssonar. Og ef menn ætluðu að ná því viðmiði sem stendur í tillögunni, þá væri um að ræða kostnað upp á 300–400 millj. kr. sýnist mér.

Í öðru lagi er spurning um jöfnun raforkuverðs. Ég tel að ef menn ætluðu sér að ná einhverjum árangri í jöfnun raforkuverðs þyrfti ekki að vera um gríðarlega háar tölur að ræða.

Í þriðja lagi nefni ég menntamálin og þá sérstaklega framhaldsskólakostnaðinn. Hann er gífurlega alvarlegt vandamál og stórfelld ástæða fyrir því að fólk flýr utan af landi og í þéttbýlið. Og af því að ég er að tala um skóla ætla líka að leyfa mér að nefna grunnskólaaksturinn. Það er ægilegur hlutur sem fólk býr við í dreifbýli sums staðar að þurfa að aka með lítil börn kannski klukkutíma á dag til þess að sækja skóla.

Í fjórða lagi í sambandi við menntamálin ætla ég að nefna fjarnámið, þar sem hægt er að gera mjög góða hluti og menn eru víða að gera mjög góða hluti.

Ég ætla í fimmta lagi að nefna heilbrigðiskostnaðinn, ferðakostnaðinn til að leita sérfræðinga og læknisaðstoðar.

Ég ætla í sjötta lagi að nefna það sem ég tel hægt að gera, þ.e. að gera sveitarfélögin enn þá öflugri. Ég tel að menn eigi að velta því fyrir sér að sveitarfélögin fái skattlagningarheimildir. Þau hafa þær ekki í dag. Það verða allar skattlagningarheimildir að fara í gegnum Alþingi. Spurningin er hvort menn vilja breyta stjórnarskránni í vetur, um leið og við breytum henni af öðrum ástæðum, í því skyni að sveitarfélögin hafi rýmri tekjuöflunarheimildir en þau hafa núna.

Í sjöunda lagi held ég að skoða eigi í þessu sambandi skattamál almennt, hvort beita eigi skattaráðstöfunum eins og gert er í Norður-Noregi, í sambandi við byggðamál.

Í áttunda lagi ætla ég að minna á vöruverðið, sérstaklega fraktir og virðisaukaskattinn.

Í níunda lagi nefni ég samgöngurnar. Það kemur greinilega fram í skýrslu Stefáns Ólafssonar að þar er um að ræða mjög mikilvæg atriði og þau eru margþætt. Það er ekki bara það að leggja vegi heldur líka að halda við vegum, að ryðja vegi og halda þeim opnum á vetrum. Í sambandi við samgöngurnar koma einnig við sögu flugsamgöngur.

Í tíunda lagi ætla ég að nefna símkerfið og möguleika dreifbýlisins á að nota sér t.d. alls konar fjarvinnslu á tölvur, sem er afar lítil og þröng eins og er, bæði dýr og tekur langan tíma. Það verður auðvitað að fara í viðræður við Landssímann um að byggja upp þetta símkerfi þannig að þessi fjölvirka ISDN-þjónusta verði líka úti á landi en verði ekki bara forréttindi okkar sem búum hér í þéttbýlinu.

Í ellefta lagi ætla ég að nefna það sem ég hef stundum velt fyrir mér og það er að annaðhvort verði við forsrn. komið upp sérstakri skrifstofu eða við Byggðastofnun, sem meti byggðaáhrif allra mála sem hér fara í gegn, allra þingmála sem hér fara í gegn. Það held ég að gæti verið góð hugmynd alveg á sama hátt og það á að meta fjárhagsleg áhrif allra frumvarpa sem hér fara í gegn af fjárlagaskrifstofu fjmrn. Ég tel að meta ætti byggðaáhrif allra mála sem hér fara í gegn, þannig að menn sjái það svart á hvítu hvað þeir eru að gera, herra forseti.

[16:41]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það hefur verið farið yfir það í umræðunni af þeim sem talað hafa á undan mér að vandinn, landsbyggðarvandinn sé mikill og raunar hafi hann aldrei lýst sér eins alvarlega og á yfirstandandi ári. Um þetta þarf ekki að deila. Þó að þetta vandamál, byggðaþróunin, hafi lengi verið stórt og þungvægt í íslenskri stjórnmálaumræðu þá er margt sem bendir til þess að vandinn sé að aukast. Og þá er rétt að við skoðum það með hvaða hætti aðstæður eru sérstakar nú til að takast á við þennan vanda því að við höfum ekki mikið upp úr því að velta okkur upp úr fortíðarvandanum. Mestu skiptir að átta sig á því hvaða stöðu við höfum til að takast á við þennan vanda nú.

Þegar við lítum til þeirrar till. til þál. sem nú er til umræðu er ljóst að hér er á ferðinni mjög athyglisverð bók, því um er að ræða þykka skýrslu, þykka bók sem ásamt öðrum fylgigögnum leggur til grundvallar þær upplýsingar sem við þurfum að hafa til að glíma við þennan vanda. Í þessum skjölum er tekist á af mikilli þekkingu við eitt flóknasta mál sem stjórnmálamenn og fræðimenn á Íslandi hafa fengist við. Eins og ég sagði höfum við glímt áður við þennan vanda en við höfum á undanförnum árum verið að glíma við byggðavandann ásamt ýmsum öðrum vandamálum sem hafa jafnframt verið vandamál hinna dreifðu byggða og þau vandamál hafa yfirskyggt byggðavandann.

Tökum sem dæmi að á tímum óðaverðbólgu á Íslandi gafst í raun og veru aldrei tóm til að takast af alvöru á við byggðavandann. Í kreppunni sem skall yfir þjóðina árið 1988 vorum við nokkur ár að ná vopnum okkar og réðumst síðan gegn þessari kreppu og höfum nú komist klárlega upp úr þeim erfiðleikum. En við vorum ekki í góðri stöðu í miðri kreppunni til að takast sérstaklega á við byggðavandann, enda var kreppan vandi landsbyggðarinnar á sama hátt og óðaverðbólgan var líka vandi landsbyggðarinnar þannig að við töldum okkur vera að leysa vanda landsbyggðarinnar með því að ráðast gegn þessum kreppueinkennum og með því að vinna á óðaverðbólgunni.

Tökum einnig erfiðleikana í sjávarútvegi þegar afli fór minnkandi og við sigldum inn í mikið erfiðleikatímabil. Við tókum á þeim erfiðleika þannig að nú þegar upp er staðið þá stendur sjávarútvegur okkar, sem skiptir mjög miklu máli fyrir landsbyggðina, sterkari en áður en kreppan hófst. Þessi vandamál hafa í stórum dráttum verið leyst farsællega. Við höfum kveðið niður verðbólguna, atvinnuástandið fer batnandi, efnahagsmálin eru styrk og við stöndum með ítarlegar upplýsingar í höndum um eðli byggðavandans. Það er rétt að það komi fram að aldrei fyrr hefur verið lögð eins mikil ástundun í það að komast fyrir um eðli vandans eins og nú hefur verið gert. Við höfum glímt við þennan vanda áratugum saman en aldrei höfum við safnað eins ítarlegum upplýsingum um eðli þess vandamáls sem við erum að glíma við og nú. Og það skiptir að sjálfsögðu sköpum að gera sér vel grein fyrir eðli vandans áður en gripið er til úrræða.

Það er því á traustum grunni sem við nú byggjum þessa umræðu og mótum hugmyndir um það hvernig tekist verði á við þetta mikla vandamál. Vandinn er stór. Byggðaþróunin er orðin vítahringur, er orðinn eins og risavaxið bjarg sem veltur niður hlíð og eykur sér sífellt þunga á leiðinni. Ísland er í dag og hefur verið í nokkurn tíma mjög sérstakt á evrópskan mælikvarða því hvergi annars staðar er svo hátt hlutfall íbúa landsins búandi í höfuðborginni eða í þeim bæjum sem mynda eina byggðaheild með Reykjavík. Það er einnig rétt að benda á það að hvergi í nágrannalöndum hefur hlutfallslega jafnlitlu fé verið varið til byggðamála og hér á landi.

Það fer því ekki á milli mála að þróun byggðar á Íslandi er núna tvímælalaust stærsta viðfangsefni stjórnmálanna. Fyrstu áratugir 21. aldarinnar munu ráða úrslitum um það hvernig þjóðfélag Íslands framtíðarinnar verður. Ef okkur tekst vel til verður framhald á sögu þjóðarinnar. Ef ekki, verða kaflaskil í sögu þjóðarinnar. Þá hefst ný saga, saga nýs þjóðfélags. Það verður eflaust merkileg saga en hún verður öðruvísi. Hún verður annars eðlis.

Saga þjóðarinnar er saga landsins alls og menning Íslendinga er menning landsins alls. Tunga þjóðarinnar er ekki samsafn af málýskum heldur tunga landsins alls. Og sérkenni íslenskrar sögu, menningar og tungu eru þau að þjóðin, þótt fámenn hafi alla tíð verið, hefur haft landið allt undir, ferðast, flust og blandast milli landshluta. Þannig hefur þjóðin lifað og þróast með landinu, byggt það og nýtt.

Baráttan gegn byggðaröskuninni hefur komist á nýtt stig — raunar stenst ekkert byggðarlag nú sogkraftinn að sunnan, öll standa byggðarlög landsbyggðarinnar veik fyrir, þótt atvinnulíf á landsbyggðinni hafi sjaldan verið sterkara. Og það er þetta tvennt sem markar hinar sérstöku aðstæður í dag. Ef þessi barátta við þróun byggðarinnar í landinu tapast þá munum við minnka sem þjóð. Menning okkar verður fátæklegri, tengslin við söguna daprast og sambandið við landið rýrnar. Með fullri virðingu fyrir átthagafélögum þá munu þau ekki koma í stað byggðar í landinu.

Staða okkar til að takast á við þennan vanda er hins vegar sterkari nú en hún hefur áður verið og byggist það ekki síst á því hversu vel hefur verið staðið að því að skilgreina vandann í þeim plöggum sem fylgja með þessari till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001.

Nokkur atriði sem mér finnst að skipti miklu máli vil ég nefna sérstaklega. Í þessari till. til þál. er lögð mikil áhersla á það sem ég vildi kalla — þó orðið sé nú ekki beinlínis nefnt í þessum gögnum — sveigjanleika í atvinnulífi, menntun og menningarlífi. Það er þessi sveigjanleiki sem er orðin undirstaða allra framfara í nútímasamfélögum, þ.e. að geta brugðist hratt við. Atvinnulíf á alþjóðlegan mælikvarða hreyfist svo hratt, þróast svo hratt, að mannaflinn þarf að búa yfir miklum sveigjanleika. Og ef landsbyggðin getur ekki boðið fólki upp á að þjálfa og þróa þennan sveigjanleika til að geta brugðist alltaf við breyttum aðstæðum þá munum við verða eftir og tapa þessari orrustu.

Í þessu plaggi er einmitt lögð grundvallaráhersla á að byggja upp þennan sveigjanleika. Þar er talað um að gera það með menntun. Þar er talað um að gera það með því að nýta bestu tækni, fjarskipti og upplýsingatækni, og vinna þannig bug á fjarlægðunum sem eru að sjálfsögðu ein af helstu hindrunum landsbyggðarinnar. Háskólastarfsemin mun í þessu tilfelli skipta sköpum og það er afar mikilvægt að farið verði eftir þeim hugmyndum sem hér koma fram um uppbyggingu háskólastarfs og rannsókna.

Svo ég nefni aðeins einn þátt í atvinnulífi þjóðarinnar þar sem hvort tveggja þarf að byggja upp nánast frá grunni þá nefni ég ferðaþjónustuna. Þar skortir mikið bæði á menntun sem boðið er upp á en ekki síður á rannsóknir á helstu þáttum sem ráða því hvort arðsemi er í þessari grein eða ekki. Við erum komin mjög langt í rannsóknarstarfsemi á sviði ýmissa annarra atvinnuvega sem þó vega minna í efnahag

þjóðarinnar en ferðaþjónustan gerir og hér er á ferðinni eitt af þeim miklu viðfangsefnum sem við þurfum að glíma við í anda byggðastefnu.

Einnig er athyglisverð sú áhersla sem hefur verið lögð hér á þróunarstofur og þá breytingu sem hefur verið gerð á þeim málum innan Byggðastofnunar. Það fer ekki milli mála að sú þróun öll hefur verið mjög jákvæð og við hana má binda miklar vonir.

Það er sérstök ástæða til þess að líta til þess hvernig hægt verði að gera Háskólanum á Akureyri kleift að verða virkur þátttakandi í því sem háskólastarfseminni er ætlað í þessari þáltill. Sú stofnun hefur eflst mikið en ég legg áherslu á að hún þarf á miklum stuðningi að halda. Hún þarf á miklum stuðningi að halda frá stjórnvöldum. Hún hefur notið mikils skilnings og henni hefur verið fólgið mikið hlutverk af hálfu Byggðastofnunar í þessu máli sem hér er til umræðu, og það er mjög brýnt að stofnunin fái viðamiklu hlutverki að gegna á sviði menntamála í þróun byggðamála í framtíðinni.

Annað vil ég nefna sérstaklega sem er mér mjög mikið ánægjuefni í þáltill. Það er að finna á bls. 3 í aðgerðaráætlun þáltill. þar sem sagt er að menningararfur verði varðveittur innan héraðs eftir því sem tök eru á og verði sýnilegur innlendum og erlendum ferðamönnum. Eins og ég gat um áðan þá er saga Íslands saga landsins alls og menningarverðmæti er ekki síður að finna úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Þau eru jafnvel í vissum tilfellum enn frekar úti á landi heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Sjálfur hef ég gert þetta að málflutningi mínum á Alþingi að menningarverðmæti verði varðveitt innan héraðs, og nefni þar sérstaklega tillögu um kirkjumunasafn á Hólum, sem var samþykkt á Alþingi fyrir nokkrum árum. Það er dæmigert fyrir það hvernig við gætum notað sögu staðanna og þau verðmæti sem þar eru til þess að byggja upp söfn sem tengjast sögu landsins og þá á þann hátt að þeir munir sem við eigum og tengjast þessum sögustöðum verði þar varðveittir.

Ég nefni að eitt af þessum menningarverðmætum sem við eigum á Íslandi eru leifarnar af miðaldaþorpinu að Gásum í Eyjafirði. Það er mjög freistandi viðfangsefni að skoða möguleikana á því að setja á stofn miðaldasafn við Eyjafjörð sem tengdist verslunarsögu og siglingum. Í raun og veru væri hægt að ausa af þeim brunnum þekkingar sem fólgnir eru í gömlu lagatextunum okkar sem fjalla um viðskipti og verslun og koma upp safni sem yrði fyrst og fremst upplýsingasafn og tengdist viðskiptum og siglingum. Nútímatækni gerir mögulegt að búa til slíkar stofnanir sem eru bæði fróðlegar og aðgengilegar fyrir allan almenning og fyrir útlendinga, og þetta getum við gert í anda þeirrar stefnu sem mörkuð er í þessari þáltill.

Tími minn er á þrotum. Ég vil endurtaka það að ég tel að þó margt bendi til þess að byggðaþróunin sé komin á mjög hættulegt stig einmitt á þessu ári þá höfum við aldrei fyrr haft eins mikið í höndum til þess að glíma við þennan vanda og nú. Við höfum fundið lausn á mörgum vandamálum sem við höfum verið að glíma við á undanförnum árum, eins og verðbólguvandanum, og styrkt okkar hagkerfi þannig að við erum betur í stakk búin til þess að takast á við þennan vanda nú heldur en oft áður. (**Gripið fram í:** Treystum Alþýðuflokknum til þess.)

[16:56]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það ríkir góðæri í landinu um þessar mundir og því er spáð að svo verði næstu árin. Flest gengur okkur í haginn, stöðugleiki í efnahagsmálum hefur gjörbreytt rekstrarumhverfi atvinnulífsins og atvinnuleysi er í lágmarki. Kaupmáttur hefur aukist meira en áður hefur þekkst. Tekjuskattur einstaklinga hefur verið lækkaður og það mikið að þegar síðasti áfangi þeirrar lækkunar kemur til framkvæmda um næstu áramót verður hann orðinn lægri en þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp árið 1988.

Markvissar aðgerðir tveggja síðustu ríkisstjórna hafa leitt til gjörbreyttrar stöðu ríkisfjármála og nú er ríkissjóður farinn að greiða niður erlend lán sín í stað þess að auka þau sífellt, eins og áður tíðkaðist. Það er því ekki ofsagt að flest gangi okkur í haginn um þessar mundir. En á því er þó ein alvarleg undantekning og það er íbúaþróunin á landsbyggðinni og þeir miklu búferlaflutningar af landsbyggð til höfuðborgarsvæðis sem átt hafa sér stað allt frá árinu 1980 og ekkert lát virðist á.

Á þessu 18 ára tímabili hafa brottfluttir umfram aðflutta af landsbyggðinni verið frá 500 og upp í 1.800 manns á ári. Það hlýtur að verða eitt af höfuðviðfangsefnum stjórnvalda að stöðva þessa þróun. Sú þáltill. sem hæstv. forsrh. mælti hér fyrir er vissulega mjög gott skref í þá átt. Það er mín skoðun að ef vel tekst til með að fylgja eftir helstu markmiðum þessarar tillögu þá muni það hafa mjög mikil áhrif og hér sé á ferðinni raunhæfasta tilraun sem komið hefur fram á Alþingi í háa herrans tíð til að snúa við þróuninni.

Stjórn Byggðastofnunar hefur undanfarin tvö til þrjú ár staðið fyrir mjög ítarlegum úttektum á orsökum búferlaflutninga af landsbyggðinni og hvað mætti til varnar verða. Auk starfsmanna og stjórnar Byggðastofnunar hafa komið að þessu verki ýmsir aðilar utan Byggðastofnunar. Má þar nefna Stefán Ólafsson prófessor, Harald L. Haraldsson hagfræðing og Háskólann á Akureyri. Ég tel að þessir aðilar hafi unnið mjög gott starf en skýrslur þeirra eru fylgiskjöl með þessari þáltill.

Þessi undirbúningsvinna Byggðastofnunar er grundvöllurinn að þeirri þáltill. sem hér er til umræðu og meginmarkmið þeirra tillagna sem hér eru settar fram er að skapa á landsbyggðinni umhverfi sem fólk getur sætt sig við og snýst m.a. um fjölbreytt atvinnutækifæri, skilyrði til menntunar, skaplegan húsnæðiskostnað, samgöngumál o.fl. Það kemur einmitt fram í könnun Stefáns Ólafssonar um orsakir búferlaflutninga að á þeim stöðum á landinu þar sem fólk er bærilega ánægt með þessa þætti, þar fækkar fólki ekki. Þetta á við um staði eins og Sauðárkrók og Akranes, Akureyri, Selfoss/Hveragerðissvæðið og Höfn í Hornafirði. Þar sem fólk er hins vegar óánægt með þessa þætti fækkar fólki jafnvel þó að mikill uppgangur sé í atvinnulífinu á viðkomandi stað og yfirfljótandi atvinna.

Stjórn Byggðastofnunar hefur heimsótt flest byggðarlög landsins á undanförnum árum og orðið mjög vör við þetta og má segja að maður sé alltaf jafnhissa þegar maður kemur á staði þar sem manni finnst vera mikill uppgangur og allt í blóma en fréttir að samt sé fólki að fækka.

Þarna hefur orðið mikil breyting frá því sem var á árum áður þegar menn lögðu mest upp úr mikilli vinnu. Nú vilja menn fjölbreytni í atvinnulífið, störf við hæfi maka o.s.frv. Stjórn Byggðastofnunar brást við þessu með því að stórauka atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni, atvinnuþróunarstarf sem er alfarið á forræði heimamanna í hverju kjördæmi. Gerðir hafa verið samningar um atvinnuráðgjöf í öllum kjördæmum þar sem Byggðastofnun leggur til um það bil 9 millj. kr. á ári á móti framlagi heimamanna. Ég hef mikla trú á að

þetta muni skila árangri og leiða til aukinnar fjölbreytni og fjölgunar starfa úti á landi. Reynsla Sunnlendinga staðfestir þessa trú mína en í bréfi sem forstöðumaður Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands sendi stjórn Byggðastofnunar í janúar á þessu ári segir svo, með leyfi forseta:

„Á vormánuðum 1996 var undirritaður nýr samningur við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf. Samningurinn var sá fyrsti í röð atvinnuþróunarsamninga sem stofnunin hefur gert á undanförnum missirum. Með samningnum var lögð áhersla á að svæðisbundin atvinnuþróun gerðist með virkari þátttöku heimamanna en verið hafði áður. Samningurinn skuldbindur Byggðastofnun til að auka árlegt rekstrarframlag til sjóðsins um liðlega 6 millj. kr., úr tæplega 3 millj. kr. í tæplega 9 millj. kr. og gerir sjóðnum á þann hátt kleift að stórefla alla ráðgjöf. Samningurinn er forsenda þess að sjóðurinn hefur getað haldið úti öflugu ráðgjafarstarfi með þremur ráðgjöfum en fyrir gildistöku hans miðaðist öll starfsemi sjóðsins við einn ráðgjafa.

Frá undirritun samningsins við Byggðastofnun hefur sjóðurinn beint eða óbeint staðið að stofnun liðlega 30 nýrra fyrirtækja auk þess að sjá um fjölda annarra verkefna sem styrkt hafa fjárhagsstöðu sunnlenskra fyrirtækja.

Með starfsemi sjóðsins á þessu tímabili hafa skapast á annað hundrað ný störf á Suðurlandi og fjárfesting á svæðinu vegna þessara fyrirtækja er talin vera liðlega 600 millj. kr. *Þennan árangur má að verulegu leyti þakka því nána* samstarfi sem náðst hefur við Byggðastofnun í kjölfar samningsins þar sem þátttaka þessara stofnana í ýmsum málum hér á Suðurlandi er samræmd."

Þessi lýsing Óla Rúnars Ástvaldssonar á árangri Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands fyrstu 20 mánuðina eftir að starfsemin var stóraukin með samningi við Byggðastofnun segir okkur að þetta er rétt aðferð. Það er rétt aðferð að færa forræðið alfarið í hendur heimamanna og efla þessa starfsemi úti í kjördæmunum.

Nú hefur sams konar starfsemi verið hrint af stað í öðrum landshlutum og á vafalaust eftir að skila landsbyggðinni fjölmörgum nýjum störfum og meiri fjölbreytni í atvinnulífinu en verið hefur sem er nauðsynlegt því að í skýrslu Háskólans á Akureyri var því spáð að á næstu fimm árum muni störfum í fiskvinnslu fækka um 30% og í landbúnaði um 5–10%.

Í þessari þáltill. er lagt til að komið verði á fót eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni með aðild Byggðastofnunar og til þess skuli varið allt að 300 millj. kr. á fjárlögum hvers árs næstu fjögur árin á móti framlögum heimamanna. Ég er ekki í vafa um að þessi starfsemi á eftir að skila miklum árangri ef vel tekst til.

Aðstaða fólks til menntunar er eitt af stóru málunum á landsbyggðinni eins og margir hafa komið inn á við þessa umræðu í dag. Stór hluti fólks í dreifbýlinu býr við það að þurfa þegar grunnskóla lýkur að senda börn sín til framhaldsnáms með ærnum tilkostnaði. Margir nefna þar töluna 400–500 þús. kr. á ári fyrir hvert barn sem er auðvitað gríðarlegur skattur á þá foreldra sem við það þurfa að búa. Þetta leiðir oft til þess að fólk tekur sig upp og flytur með fjölskyldu sína þangað sem framhaldsskólar eru starfræktir.

Nú sýnist það réttlætismál að allir landsmenn hafi svipaða möguleika til menntunar og í þessari tillögu er kveðið á um að bætt verði skilyrði þess fólks sem sækja verður nám utan heimabyggðar sinnar. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þarna takist vel til og þessu ákvæði verði fylgt eftir og einnig því sem segir hér um að menntun á landsbyggðinni verði stórefld, sérstaklega hvað varðar verklegar greinar tengdar atvinnulífinu og tölvunám og ekki síst að möguleikar fjarkennslu verði að fullu nýttir. Það hefur sýnt sig glöggt með tilkomu Háskólans á Akureyri hve öflug menntun á landsbyggðinni skiptir miklu máli frá byggðasjónarmiði en 67% útskrifaðra nemenda frá þeim ágæta skóla eru búsettir á Norðurlandi. Enginn vafi er á því að efling slíkra skólastofnana er ein skilvirkasta aðferðin sem stjórnvöld geta gripið til gegn fólksstreymi af landsbyggðinni.

Lækkun húshitunarkostnaðar er eitt af stóru hagsmunamálum landsbyggðarinnar. Í þessari tillögu er sett fram það markmið að verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs og þetta skiptir gríðarlega miklu máli. Í dag búa margir landsbyggðarmenn við það að þurfa að eyða allt að einum mánaðarlaunum meira á ári í ljós og hita en þeir sem búa á ódýrustu svæðunum. Flestir kaupa þessa hitaorku af fyrirtækjum í eigu ríkisins og það er því á forræði stjórnvalda að þetta markmið nái fram að ganga á næstu þremur árum.

Um þessar mundir er í gangi mjög gott verkefni á vegum iðnrn., Orkusjóðs og Byggðastofnunar þar sem verið er að kanna til hlítar hvort jarðhita er að finna á þeim svæðum þar sem ekki eru hitaveitur í dag en 15% landsmanna hafa ekki aðgang að hitaveitu. Væntanlega leiðir þetta átak til margra *nýrra hitaveitna og þá skiptir mjög miklu máli að lagt er til* í þessari tillögu að heimilt verði að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu rafhitunar í fimm ár til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla þannig að aukinni notkun jarðvarma til húshitunar. Þetta getur auðvitað skipt sköpum fyrir þau byggðarlög sem hyggja á hitaveituframkvæmdir.

Það sýnist einnig réttlætismál að verð á raforku sé jafnað yfir landið eins og gert var með símagjöldin á síðasta ári. Verð á raforku er mjög misjafnt sem kemur ekki síst niður á þeim sem standa í atvinnurekstri á þeim stöðum úti á landi þar sem verðið er hæst.

Þau atriði sem ég hef nefnt kosta ríkissjóð talsvert fé en ég tel að nú sé lag í góðærinu.

Eitt af því sem skiptir miklu máli varðandi búsetu í landinu er að yfirgnæfandi starfsemi hins opinbera er í Reykjavík og flest ný störf lenda þar. Í töflu sem fylgir skýrslu Háskólans á Akureyri kemur fram að í Reykjavík eru 106 opinber störf á hverja 1.000 íbúa en í landsbyggðarkjördæmunum eru þau 43–55 eða ríflega helmingi færri. Nú hefur það verið markmið allra stjórnmálaflokka og flestra ríkisstjórna síðustu áratugi að færa opinbera starfsemi út á land og á allra síðustu árum hefur þetta verið reynt en mætt gífurlegri mótspyrnu jafnt starfsmanna, stéttarfélaga og fjölmiðla. Í þessari tillögu er lögð áhersla á að opinberum störfum fjölgi ekki minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og að því markmiði verði m.a. náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Ég held að mjög mikilvægt sé að þessu verði fylgt fast eftir og hvert ráðuneyti leggi fram tillögur þar að lútandi og trúlega er þetta auðveldari leið en flutningur þeirra stofnana sem fyrir eru en það verður þá líka að fylgja þessu ákvæði vel eftir.

Herra forseti. Ég hef drepið á nokkur þeirra mála sem eiga stærstan þátt í þeim fólksflutningum sem verið hafa af landsbyggðinni um langt árabil samkvæmt þeim ítarlegu rannsóknum sem gerðar hafa verið á vegum Byggðastofnunar og ég hef getið um. Tími minn leyfir ekki að ræða

um fleiri atriði, t.d. samgöngumál, verðlag, læknisþjónustu, afþreyingu og fleira sem skiptir miklu máli. Ég tel að þáltill. sem hæstv. forsrh. mælir hér fyrir feli í sér ný og markviss vinnubrögð í byggðamálum og ég er ekki í vafa um það að ef þessi tillaga verður samþykkt á Alþingi og þeim aðgerðum sem þar eru lagðar til verður fylgt fast eftir muni þær aðgerðir hafa mikil og góð áhrif á landsbyggðina.

Ég tek undir það sem hæstv. forsrh. sagði við utandagskrárumræður um byggðamál nýlega að byggðamál eru ekkert afmarkað verkefni. Það tengist nánast öllu því sem við erum að fást við frá degi til dags í þinginu þó að það hafi ekki endilega þá forskrift að heita byggðamál og þetta verða hv. þm. að hafa í huga við umfjöllun og afgreiðslu mála á Alþingi.

Herra forseti. Ég vil að lokum segja að ég tel að hlutverk Byggðastofnunar sé afar mikilvægt. Stofnunin hefur verið að styrkja sig mjög á undanförnum árum með markvissum vinnubrögðum eins og glöggt kemur fram í greinargerð með þessari þáltill. og sú háværa og oft og tíðum ósanngjarna gagnrýni sem beindist að Byggðastofnun fyrir nokkrum árum hefur að mestu hljóðnað og ég tel að flestir landsmenn, ekkert síður höfuðborgarbúar en aðrir, séu sammála því að það verður að leita allra leiða og allra ráða til að stöðva þá þróun sem verið hefur í íbúaþróun á landsbyggðinni sl. 18 ár og þjóðarsátt um það mikilvæga verkefni er fagnaðarefni.

[17:11]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og margoft hefur komið fram í umræðunni er sú till. sem hér liggur fyrir til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 byggð á rannsókn Stefáns Ólafssonar prófessors sem gerð var á vegum Byggðastofnunar. Út úr þeirri rannsókn komu vissulega mjög merkilegar niðurstöður og vöktu mikla athygli. Ýmislegt sem þar kom í ljós hafði fólk að vísu grunað en það hafði ekki verið staðfest svo áþreifanlega eins og gert var með þeirri rannsókn.

Sú þáltill. sem hér liggur fyrir vísar að flestu leyti í rétta átt og ég styð nánast allt sem þar kemur fram heils hugar eins og sjálfsagt flestir gera en ég verð þó að segja að ég hefði gjarnan viljað að þetta hefði komið fram í ákveðnara formi, eins og hér hefur verið nefnt áður í dag að það hefði verið lagt fram frv. um þessi mál. Svo læðist að manni svolítill óhugur að þetta er tillaga sem tekur fyrir stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 en nú sitjum við sveitt í fjárln. við að fara yfir tillögur til fjárlaga fyrir árið 1999 og þess sér ekki stað enn að þessi hugsun hafi náð verulegri fótfestu í huga þeirra sem stóðu að smíði þess frv. Vonandi verða gerðar á því betrumbætur og þessi tillaga fari hratt í gegnum þingið og það verði svo bætt í á réttum stöðum þannig að það megi framkvæma eitthvað gott í þessum málum sem vissulega er þröf á.

Það kom fram áðan og kom m.a. í ljós í sambandi við gerð þessarar skýrslu sem vissulega var gerð á dramatískum tímum, það sem hefur verið kallað mestu þjóðflutningar á Vesturlöndum á þessari öld, þjóðflutningarnar á Íslandi frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, sem er alvarlegur hlutur og okkur þjóðfélagslega mjög dýr. Það er alveg ömurlegt að ferðast um landið og horfa á t.d. skóla sem maður barðist fyrir að væru byggðir fyrir fáum árum vegna þess að þá var vissulega mikil þörf fyrir þá en nú standa þeir hálftómir. Hins vegar er allt á fullu suður í Kópavogi og meira að segja mestu verktakar í heimi hafa ekki við að byggja þjónustumiðstöðvar fyrir allt það fólk sem þangað er að flytja utan af landsbyggðinni. Auðvitað kostar það þjóðfélagið gríðarlega peninga að þurfa að skilja þessi mannvirki alls staðar úti um land eftir meira og minna ónotuð.

Þó ég hafi auðvitað mikinn áhuga á mörgum málaflokkum sem hér eru þá ætla ég einkum að gera að umtalsefni uppbyggingu menntamála. Eins og fram kemur í greinargerð hefur uppbygging menntamála afgerandi þýðingu fyrir þróun byggðar í landinu. Í rannsókn Stefáns Ólafssonar prófessors kemur fram að 30% af þeim sem hugðu á flutninga frá landsbyggðinni fluttu af menntunartengdum ástæðum. Þetta finnst mér mikið umhugsunarefni. Þróun menntunar er forsenda fyrir fjölbreyttara atvinnulífi, sem er aftur forsenda þess að fólk vilji búa á landsbyggðinni. Þetta kemur einnig fram í skýrslu prófessorsins og er auðvitað mikið rétt.

Mig langar að rifja upp nokkrar endurminningar frá síðasta ári þegar ég fór á vegum Alþfl., Alþb. og Kvennalista á nokkra fundi úti á landsbyggðinni sem voru haldnir undir yfirskriftinni Konur hlusta. Ég sótti fund sem var haldinn á Eskifirði og fund sem var haldinn á Ísafirði. Þetta er með því skemmtilegasta sem ég hef gert í pólitík og kannski var það vegna þess að þarna vorum við pólitíkusarnir ekki að tala, heldur vorum við komnir til að hlusta. Á þessa fundi komu ekki bara skoðanasystkini okkar heldur komu konur úr öllum flokkum. En þær áttu það sameiginlegt að í þeim brann mikill hugsjónaeldur að snúa þeirri þróun við sem var að verða í þeirra heimabyggðum. Og þær voru uppfullar af hugmyndum.

Það sem þeim lá þyngst á hjarta var fiskveiðistjórn, en lítið er gert úr þeim málum í þessari till. til þál. og mætti nú kannski koma betur inn á þau. Þær töldu að óréttlæti í fiskveiðistjórn ætti stóran þátt í hvernig komið er víða um landsbyggðina og nefndu okkur mörg dæmi þess að í byggðarlögum á þessum svæðum, Vestfjörðum og Austfjörðum, hafa útgerðarmennirnir á ýmsum stöðum siglt burt með kvótann og skilið verkafólkið og sjómennina eftir þar sem þeir eru nánast í átthagafjötrum, bundnir af fasteignum, en lífsbjörgin farin burt.

Víða hefur þetta vissulega bjargast fyrir horn. Ég nefni til sögunnar Þingeyri. Það horfði mjög illa á Þingeyri, en svo var byrjað að verka þar Rússafisk og þá breyttist staðan í bili, en kvótinn er farinn. Því verður ekki breytt, a.m.k. ekki við núverandi ástand.

Þessar konur töldu að atvinnutækifæri fyrir konur vantaði önnur en í fiskvinnslu. Þær töluðu um að iðulega væri búið að ráða menntað fólk á svæðið, t.d. verkfræðinga eða lækna, en svo hætti viðkomandi við að koma vegna þess að makinn fengi ekki vinnu við hæfi og nefndu mörg dæmi til sögunnar. Þetta væri mjög algengt. Þær töluðu líka um að atvinnutækifærum úti um land væri virkilega að fækka vegna fjarvinnslu. Nú mundi maður halda að það væri einmitt tækifæri til að koma atvinnutækifærum út á land, en þær nefndu nokkur dæmi til sögunnar t.d. að bankastofnanir væru farnar að fjarvinna ýmis verk frá Reykjavík og við það hefðu sérstaklega konur sem unnu í bönkum úti á landsbyggðinni misst atvinnu. Ég held að með góðri samvinnu stjórnvalda og þeirra stórfyrirtækja, sem þarna eiga í hlut og eru sum a.m.k. að stórum hluta í eigu ríkisins, ætti að vera hægt að snúa þeirri þróun við og fjarvinna þá hlutina utan af landi fyrir Reykjavíkursvæðið, þar sem eru þó fjölbreyttari atvinnutækifæri fyrir hendi.

Þær nefndu líka til sögunnar samgöngumál. Það hefur verið minnst á það í umræðunni í dag að nauðsynlegt væri að lán væru veitt til arðbærra framkvæmda, eins og það var orðað. Mér detta þá í hug göngin fyrir vestan. Ég hugsa að í beinhörðum peningum verði þau nú seint talin til arðbærra framkvæmda, en ef við tökum lífsgæði þess fólks sem vinnur og starfar og lifir þarna á þessum fjörðum þá er framkvæmdin svo sannarlega arðbær og skiptir sköpum fyrir það hvort þetta samfélag, þetta svæði getur þrifist í framtíðinni. Að því leyti mundi ég segja að þau jarðgöng hafi verið mjög arðbær. Ég vil gjarnan koma því að hérna, af því ég var nú líka á fundi á Austfjörðum eins og ég minntist á áðan, að þar er náttúrlega mjög áríðandi að gera jarðgöng, svo svæðið geti þrifist, svo fólk þurfi ekki að leggja sig í lífshættu að vetrarlagi þegar það þarf að fara þarna milli staða. Fjarlægðirnar eru svo sem ekki miklar en vegirnir eru þannig lagaðir að fólk sem fer þarna um t.d. í hálku að vetrarlagi, ég tala nú ekki um þegar skriðurnar láta sem verst, er í stöðugri lífshættu.

Það er eitt sem mig langar að minnast á sem ekki kemur fram í skýrslunni en þessar konur lögðu mikla áherslu á. Og það er að fólkið á þessum stöðum sendi frá sér jákvæðari skilaboð. Kannski er búið að kvarta of mikið. Kannski er búið að bera of oft saman vöruverðið í Bónus og á Ísafirði eða húshitunarkostnaðinn á landsbyggðinni og í Reykjavík. Kannski hefur umræðan verið of mikið á neikvæðu nótunum. Það er nefnilega tvímælalaust margt jákvætt við að búa úti á landi.

Mér dettur í hug að fyrir örfáum kvöldum síðan var ég að horfa á sjónvarpið, á þátt í fréttaauka úr Grímsey þar sem verið var að sýna frá hátíð sem eyjarskeggjar halda árlega til minningar um Fiske. Þar voru allir íbúar á svæðinu, smáir og stórir, saman komnir. Þeir sungu saman og hlýddu á tónlist. Ég veit að svona upplifun er ekki oft á boðstólum hér á suðvesturhorninu þar sem allir sem búa á viðkomandi stað eiga sitt pláss í tilverunni og þurfa virkilega að leggja sitt af mörkum ef eitthvað á að gera.

Ég minnist þess að síðasta sumar fór ég á Súgfirðingahátíð. Hún var haldin á Suðureyri við Súgandafjörð þar sem 250 íbúar eru. Einn daginn átti að grilla á eyrinni norðan við fjörðinn, Norðureyri. Þangað er ekki fært nema á bátum. Þangað þurfti að ferja 500 manns, svo margir voru komnir til að taka þátt í gleðinni. Og hún stóð daglangt og þar var sungið og spilað á sítar og mandólín tvö, eins og stendur í kvæðinu. Þar var mikil gleði og afskaplega gott mannlíf. Ég hef ekki á þessum þéttbýlissvæðum hér upplifað skemmtilegri og menningarlegri útiskemmtun. Þetta eru líka lífsgæði. Og líka það þegar fullorðni maðurinn, kannski kominn á níræðisaldur, getur róið út á horninu sínu og sótt björg í bú fyrir sig og börnin sín og fjölskyldur þeirra eru líka lífsgæði sem gefa honum sinn stað í tilverunni.

En nú er tími minn búinn og ég komst því miður aldrei að málinu sem ég ætlaði að gera að aðalatriði í málflutningi mínum í dag, svo upptekin varð ég af málum sem mér þótti líka þurfa að kalla til sögunnar.

[17:26]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefði verið full ástæða til að fjalla um ársskýrslu Byggðastofnunar, sem er líka hér á dagskrá, og sérstaklega þær miklu skipulags- og áherslubreytingar sem orðið hafa á þessu ári í starfsemi þeirrar stofnunar. Þær eru tvímælalaust til mikilla bóta í breyttu umhverfi atvinnulífs á landsbyggðinni. En sökum tímaskorts mun ég fjalla frekar um þáltill. um stefnu í byggðamálum 1998–2001, því að í henni eru sóknarfærin til framtíðar.

Hæstv. forseti. Tillaga sú sem ég nefndi og liggur fyrir hér til umræðu er að mínu mati tímamótatillaga varðandi byggðamál. Hér liggja að baki vandaðar rannsóknir ýmissa vísinda- og rannsóknarstofnana auk fræðimanna sjálfstætt starfandi, sem hafa lagt þessu máli lið. Þetta eru vinnubrögð sem við hljótum að fagna sérstaklega og hljótum að gera okkur vonir um að þegar svo vel er vandað til undirbúnings hljóti þær tillögur, sem hér eru lagðar til, að bera árangur ef eftir þeim verður farið. Ég hlýt líka að leggja áherslu á nauðsyn þess að allar þessar tillögur komi til framkvæmda þar sem vandinn er fjölþættur og ekkert eitt atriði dugar til að árangur náist.

Meginatriði tillögunnar snúa að fjórum þáttum. Í fyrsta lagi snúa þau að nýsköpun í atvinnulífinu, í öðru lagi að menntun, þekkingu og menningu, í þriðja lagi að jöfnun lífskjara og þá nefni ég sérstaklega jöfnun húshitunarkostnaðar, og í fjórða lagi að bættri umgengni við landið þar sem tekið verður á ýmiss konar umhverfisþáttum.

Samkvæmt þeim rannsóknum sem liggja að baki tillögunni er það ekki skortur á atvinnu sem hrekur fólk á milli staða. Staðreyndin er sú að víðast úti um land er næg atvinna, e.t.v. ekki nægilega stöðug en í flestum tilfellum næg, enda er víða skortur á vinnuafli þar sem fólksfækkun er vandamál. Vandamálið er að einhæfni atvinnulífsins plagar fólk. Því er það mikil nauðsyn að auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Við þeirri nauðsyn er brugðist í tillögunni með ýmsu móti.

Mest áhersla er lögð á þróunarstörf. Það er dagljóst að ekki eru til patentlausnir til að auka fjölbreytni í atvinnulífi. Þróunarstarf er nauðsynlegt til að eitthvað gerist í þeim efnum. Með almennum aðgerðum og stuðningi við nýsköpun og þróunarstarf er hægt að láta hjólin fara að snúast. Það er hins vegar ljóst að öll hreyfing í þeim efnum verður að koma frá einstaklingum og samtökum þeirra, sérstaklega heima fyrir í héraði. Frumkvæðið verður sem sagt að koma frá aðilum í héraði. Það er hins vegar stjórnvalda að hafa verkfærin til staðar sem menn þurfa til að prófa hugmyndir sínar á og stíga fyrstu skrefin.

Þau verkfæri sem stjórnvöld gera ráð fyrir í þessari þáltill. eru að þær þróunarstofur sem settar hafa verið á stofn í samvinnu við atvinnuþróunarfélögin verði efldar. Þar fer þróunarstarfið fram. Í öðru lagi að byggður verði upp traustur og sjálfstæður byggðasjóður sem hafi það að markmiði að efla nýsköpun og auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækja á landsbyggðinni. Í þriðja lagi að komið verði á fót eignarhaldsfélögum til þess að tryggja nægilegt eigið fé til nýsköpunarverkefna. Auk þess er gert ráð fyrir ýmsum hliðarráðstöfunum svo sem að styðja sérstaklega aðgerðir á afmörkuðum svæðum sem eiga í vök að verjast, að örva fjárfestingar í samgöngum, menntun, byggingum og fjarskiptum og að sköpuð verði störf við fjarvinnslu. Einnig að auðvelduð verði atvinnusókn úr strjálbýli og kostnaður samfara því lækkaður auk þess sem stuðlað verði að bættum almenningssamgöngum.

Áhersla er einnig lögð á að opinberum störfum fjölgi á landsbyggðinni með því að ný starfsemi á vegum hins opinbera verði staðsett úti um land. Hvert ráðuneyti fyrir sig á að leggja fram tillögur um þau verkefni sem ráðuneytin, opinber fyrirtæki og opinberar stofnanir geta látið sinna úti á landi, og þá verði sérstaklega hugað að möguleikum upplýsingartækninnar til að auðvelda slíkan verkefnatilflutning.

Ný stóriðjuverkefni verða staðsett sem víðast á landinu og þá sérstaklega hugað að orkuþörf þeirra og miðað við að þau verði sem næst meginorkuöflunarsvæði hvers um sig.

Ég hef farið nokkrum orðum um atvinnulífið og lausnir þær sem nefndar eru í þáltill. til þess að bæta úr og auka fjölbreytni atvinnulífsins. Ég tel ekki síður mikilvægan, sérstaklega til framtíðar, þann kafla sem fjallar um menntun, þekkingu og menningu. Í fyrsta lagi er lögð mikil áhersla á að efla menntun á landsbyggðinni. Í því sambandi er rætt um verklegt nám, tölvunám og námsráðgjöf. Skilyrði til að stunda nám utan heimabyggðar verði bætt með jöfnun námskostnaðar og einnig að möguleikar fjarkennslu verði fullnýttir. Áhersla er einnig lögð á endur- og símenntun og að allir eigi þess kost að afla sér nýrrar þekkingar í samræmi við breytingar í atvinnulífinu.

Rétt er að nefna í þessu samhengi að sem betur fer er mikil vakning í fjarkennslumálum og t.d. hefur fræðslunet Austurlands verið stofnað til þess m.a. að sinna þessum þörfum og byggja brú á milli skólastiga. Í tillögunni er einnig gert ráð fyrir að í boði verði nám á háskólastigi á Austurlandi og Vestfjörðum. Þetta er nú þegar komið til framkvæmda að miklu leyti eða alla vega nokkru leyti því að byggðabrú Byggðastofnunar hefur gert það kleift að Háskólinn á Akureyri býður nú bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum með fjarfundabúnaði upp á nám á háskólastigi.

Þetta er stórkostlegt framfaraspor í byggðamálum því auðvitað er það svo að fólk hefur tilhneigingu til að skapa sér sín tækifæri í lífinu þar sem það hefur komið sér fyrir á námsárum sínum. Það er mjög eðlilegt og er stór þáttur í því að fólk kemur ekki til sinnar heimabyggðar að loknu námi. Fjarkennsla verður því lykilorð í bættri menntun landsbyggðarinnar, einnig á grunnskólastigi.

Á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga var settur á fót starfshópur í haust með þátttöku fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Kennarasambandinu og Byggðastofnun undir faglegri leiðsögn Háskólans á Akureyri til þess að gera tilraun vestur í Strandasýslu um hvort unnt væri að koma við fjarkennslu á milli skóla á grunnskólastigi. Hugmyndin byggist á því að við viðvarandi kennaraskort, mjög litla og dreifða skóla, geti verið ákaflega erfitt að halda uppi sambærilegri kennslu og við stærri skóla á þéttbýlissvæðum. Tilraunin á að ganga út á að kanna hvort unnt sé að koma til móts við þessar aðstæður og bæta kennslu eða kannski að gera hana ögn fjölbreyttari með þessum hætti frá því sem hún nú er.

Grunnskólinn á Hólmavík var valinn sem móðurskóli en lítill skóli með sjö nemendum í Broddaneshreppi var þar á móti. Broddanesskóla sækja börn úr Kollafirði og Bitrufirði og þaðan eru um 32 km til Hólmavíkur, en leiðin til Hólmavíkur er mjög vetrarþung. Ætlunin er að kenna með fjarfundatækni og tölvutækni. Búnaður hefur verið valinn og nú er beðið eftir svörum frá Landssímanum hvort hann treysti sér til samstarfs við verkefnið með því að leigja búnaðinn til einhverra ára og svo einnig að bæta símalínur á milli þessara staða svo unnt sé að nota þennan búnað. En það er auðvitað mjög miklvægt byggðamál að menn klári það að ljúka við það grunnkerfi sem fylgir því að símalínurnar séu í lagi og Landssíminn verður auðvitað að standa sína plikt í því.

Unnið er að því að fjármagna þessa tilraun og takist hún þá mun hún leysa hluta þess vanda sem kennaraskorturinn er og þess er vænst að hún geti leyst það mikið að auðveldara verði að sinna því sem á vantar og að heildaraðstæður nemenda batni mikið frá því sem nú er. Tilraunin mun nýtast við aðstæður víðar, t.d. ef kennara vantar í einstaka grein í byggðarlagi þá er hægt að leita hvert sem er annað á landinu eftir fjarkennslu í þeirri grein og þá er að sjálfsögðu leitað þangað þar sem kennsla í þeirri grein er til fyrirmyndar. Þetta linar þrautir landsbyggðarinnar gagnvart kennaraskorti.

Tækninni fleygir fram og það er ekki vafi á að innan örfárra ára verður þetta orðið sjálfsagt meðfram hefðbundinni kennslu. Allt um það þá fæst dýrmæt reynsla og ný þekking með slíkri tilraun sem nýtist örugglega í þágu menntunar á landsbyggðinni.

Það eru sem sagt sóknarfæri í menntunarmálum á landsbyggðinni á nær öllum skólastigum, þ.e. grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með því hve menntastofnanir hafa vaknað til mikils metnaðar við að þjóna þeim sem ekki geta einhverra hluta vegna sótt sér menntun og nám með hefðbundnum hætti. Þetta á nú við nánast allar menntastofnanir í landinu sem sjá þarna mikil sóknarfæri á óplægðum akri landsbyggðarinnar og þetta vil ég segja að sé hið mikla sóknarfæri landsbyggðarinnar, ekki síður en hinna ágætu menntastofnana.

Aðra merkilega nýbreytni í þessari tillögu vildi ég nefna en það er sú áhersla sem lögð er á menningarmál. Samkvæmt rannsókn Stefáns Ólafssonar kvartar fólk yfir fábreytni menningarlífs á landsbyggðinni og það sama kemur fram í álitsgerð Háskólans á Akureyri. Í tillögunni er lagt til að auknu fé verði varið til hvers konar menningarstarfsemi og að menningararfur verði varðveittur innan héraðs þannig að hann verði sýnilegur innlendum og erlendum ferðamönnum og er þar með þáttur í atvinnumálakafla tillögunnar.

Einnig vil ég nefna það sem kemur fram í texta tillögunnar, að sérstakt átak verði gert til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni. Þar er víða mikil þörf á átaki og nauðsynlegt að nefna það í þessu samhengi.

Háskólinn á Akureyri nefnir í sínum tillögum til úrbóta að komið verði á fót menningarmiðstöðvum á Austurlandi og Vestfjörðum til margvíslegrar menningarstarfsemi á svæðunum. Þeir nefna einnig í sínum tillögum að söfn gegni mikilvægu hlutverki í starfsemi menningarmiðstöðva. Þeir telja til líka leiklistarstarfsemi og M-hátíðir. Og einnig finnst mér sá þáttur mikilvægur sem þeir tína til, að efla skuli Menningarsjóð félagsheimila og auðvelda styrkumsóknir úr honum. Ég þekki mörg dæmi um að sá ágæti sjóður hefur ýtt mjög undir menningarstarfsemi sem hefur verið til mikilla bóta fyrir menningarstarf á landsbyggðinni.

Hæstv. forseti. Þróun byggðar á Íslandi er eitt okkar mesta samfélagsvandamál um þessar mundir. Það er von mín að tillaga sú sem hér er til umræðu fái fljóta og góða afgreiðslu á Alþingi. Það er ljóst að til ákveðinna verkefna þarf að veita fé af fjárlögum. Það verður verkefni okkar fjárlaganefndarmanna að leggja fram tillögur í því efni fyrir lok fjárlagaafgreiðslunnar nú í desember. Ég á von á því að fjárln. taki á því efni af myndarskap. Ég hef trú á þessari tillögu. Hún er sett fram með þeim markmiðum að fjölga fólki á landsbyggðinni um a.m.k. 10%. Hér eru tillögur til að ná þeim markmiðum og ég hef trú á þessum tillögum.

[17:42]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Við erum lítil þjóð sem býr í fallegu landi og við syngjum á góðum stundum: „Ég vil elska mitt land“.

Í mörgu fleiru kemur það fram og við viljum láta það koma fram að okkur þykir vænt um landið okkar og að við viljum fara vel með það.

Umhverfismál eru líka orðinn heitur málaflokkur. Okkur þykir mikilvægt að þjóðin búi í sátt við landið, meira að segja að sem flestir hafi yfirráð og umsjón með hálendinu og varðveislu þess, en sá vilji hefur kristallast í hálendisumræðunni, í virkjunarhugmyndum, áformum um breytingar á ásýnd hins ósnortna víðernis á hálendi Íslands.

Í góðæri höfum við efni á því að huga betur að gæðum lífsins, betur en oft annars, en megum þó ekki gleyma því sem Halldór Laxness segir einhvers staðar: „Miskunnsemin er það fyrsta sem deyr í hörðu ári."

Við viljum vernda margt. Í gær var dagur íslenskrar tungu. Við verndum minjar frá liðnum tíma. Fólki er bannað að rífa gömul hús, kirkjur. Við leggjum fjármuni í að rannsökuð sé saga, fornminjar og þjóðhættir. Á þessum tímum verndunarsjónarmiða þurfum við að huga að ýmsu því fleiru sem er að breytast mikið á þessum síðustu missirum, og hvort við séum e.t.v. að glata verðmætum sem ekki eða erfitt verður að bæta síðar, ef þau tapast á annað borð.

Hvað skal vernda ef ekki það að búseta sé hvarvetna í landinu? Skiptir það þjóðina ekki máli að föst búseta skuli vera í Borgarfirði, en ekki aðeins sumarbústaðir þéttbýlisbúa? Er það ekki mikils virði að Skagafjörður sé byggður, ljósum prýddur í skammdeginu og söngur og norðurljós séu í loftinu? Þar sem Hólmurinn er eitt mesta samfellda frjólendi þessa lands, sem Jónasi Hallgrímssyni þótti helst koma til greina um samanburð þegar hann lýsti því í gamanbréfi hve kóngurinn á Frakklandi ætti falleg tún. Og Mývatnssveitin með fjallahringinn víða og fagra og það fólk í sveitinni sem síst allra Íslendinga þjáist af vanmetakennd, Dalirnir, Öræfasveitin, Héraðið, bæirnir og þorpin hvarvetna um landið. Öll þessi fjölbreytni, öll þessi fegurð lands og byggðar. (**Gripið fram í:** Og hvað nú?) Hvert hérað landsins er sérstakt og „hver einn bær á sína sögu," eins og hv. þm. veit, „sigurljóð og raunabögu". Þetta orti séra Matthías, sé hv. þingmanni ekki um það kunnugt.

Íslendingar vilja byggja allt landið og landsbyggðarmenn vilja flestir búa þar sem þeir eru. Hins vegar er þeim gert erfitt fyrir í því efni á margan hátt vegna þess að jafnræði og jafnrétti ríkir ekki og hallast verulega á. En hvernig tryggjum við að lifað líf í landinu haldist við? Straumurinn af landsbyggðinni er orðinn svo ör að ef lítið gerist innan skamms verður straumurinn ekki stöðvaður. Sem sagt, það þarf að gerast mikið til þess að stöðva strauminn sem verður æ hraðari hingað til suðvesturhornsins. Gerist það ekki blasa við rúin héruð með fáum og fátæklegum byggingum sem uppi standa og þá verður ekkert sem heldur í, eins og annað skáld og söngvari kvað. Það er fátt ömurlegra þegar ekið er um landið en það að sjá rústir, hálfhrunda sveitabæi, hálfyfirgefin þorp, rústir sem vitna helst um hnignun, eyðingu og úrkynjun. Það væri mikil og hörmuleg hnignun þjóðmenningar og fjölbreytni lífsins í landinu ef svo mundi fara.

En hvað verður gert og hvað er hægt að gera til að sporna gegn örum búsetubreytingum? Hvað getur hið opinbera gert til að sporna gegn því að allir Íslendingar búi innan fárra áratuga á sama svæðinu, á suðvesturhorninu? Enda þótt við viljum vernda land og landsbyggð og vitum gildi þess að Ísland sé allt byggt, þá er okkur nútímamönnum einnig afar ljóst verðgildi hluta. Landsbyggðarfólk veit afar vel að það er dýrara að búa úti á landi og það er ýmis kostnaður sem þar við bætist sem ekki lendir á þeim sem í þéttbýli búa.

Námskostnaður unga fólksins, fjölskyldnanna er mun meiri. Ungt fólk sem fer í framhaldsskóla þarf að leggja hundruð þúsunda fram til viðbótar við það sem þeir þurfa að gera sem geta sótt framhaldsskóla á heimastað sínum. Því miður finnast dæmi þess að fólk hefur hætt í námi í framhaldsskóla nú síðustu missirin vegna þess að það hefur ekki haft efni á að mennta sig. Það sá fram á að það gæti ekki kostað sig og aðstandendurnir, fjölskyldan, hefði ekki möguleika á nægum stuðningi. Slík dæmi eru auðvitað þyngri en tárum tæki en því miður veit ég dæmi þess að fólk hætti í námi vegna féleysis og við sem tölum jafnrétti til náms munum líka vilja láta þetta sjást í fjárlagafrv. sem verða lög eftir um það bil mánuð eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns.

Húshitunarkostnaðurinn í sveitum landsins og sums staðar í þéttbýli á landsbyggðinni, aðstöðumunurinn eftir því hvar er búið og við sjáum þungaskattinn sem er hreinn landsbyggðarskattur, kostnaður sem leggst einfaldlega ofan á vöruverðið og gerir vörurnar 10–15% dýrari vegna flutningskostnaðar úti á landi.

Það er sagt svo mikið réttlætismál, herra forseti, að jafna atkvæðavægið en það er smámál miðað við þá mismunun sem á sér stað milli landshluta, milli þess hvar fólk býr á landinu. Ef fólk sæti við sama borð og ef tryggt væri að fólki væri ekki mismunað eftir búsetu, þá mundi heldur enginn kvarta undan því að atkvæðavægið yrði einfaldlega jafnað til fulls, einn maður eitt atkvæði hvar sem hann býr á landinu ef annað væri tryggt um leið. Þingmenn landsbyggðarinnar hafa oft og einatt talað fyrir daufum eyrum um nauðsyn þess að jafna lífskjör í landinu. Vil ég þó ekki segja að byggðastefnan hafi hingað til mistekist, svo slæmt er það ekki. En nú ættu þingmenn landsbyggðar ekki að tala um þetta einir. Þetta er mál allrar þjóðarinnar. Engum kaupstað eða þéttbýli er það til góðs að þangað flytjist of margt fólk á stuttum tíma.

Í haust var hv. fjárln. að ferðast um nágrannabæi Reykjavíkur og varð þar vör afar erfiða stöðu vegna ofþenslu á mörgum sviðum. Ráðamenn þessara bæja tjáðu okkur að þeir ættu í erfiðleikum með að ráða við að láta þjónustuna fylgja aðflutningi fólks. Þessir erfiðleikar vaxa til muna á næstu árum. Biðraðir myndast eftir leikskólaplássum, þjónustu heilsugæslu og hvers konar þjónustu samfélagsins. Sú byggðaþróun að yfirgefa fjárfestingar og þjónustu á landsbyggðinni en byggja upp nýja bæi og íbúðahverfi hér syðra er í raun og veru engum til góðs að svo hratt fari. Lauslega hefur þetta verið reiknað út og mælt í kostnaði og birt af hæstv. forsrh. að það séu 3–5 millj. beint í stofnkostnaði sem hver einstakur kostar sem tekur ákvörðun um að flytja af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Þá er ekki metið inn í að fjárfestingar á landsbyggðinni eru sumar hverjar yfirgefnar og verðlitlar eða verðlausar fyrir vikið. Því er alveg eðlilegt að leggja fram verulega fjármuni til að hægja á fólksstraumnum hingað suður. Það réttlætist af þessum tölum.

Í títtnefndum greinum Stefáns Ólafssonar prófefssors í dag er fjallað um þær vönduðu kannanir sem hann hefur gert fyrir tilstuðlan stjórnar Byggðastofnunar og vil ég þakka hv. þm. Agli Jónssyni alveg sérstaklega fyrir hans hlut í því máli og stjórn stofnunarinnar en Stefán segir og ég vitna í grein hans, með leyfi forseta. Hann segir:

„Hnignun landsbyggðar á síðustu árum er úr takti við búsetuóskir landsmanna“ og þessi setning er afar mikilvæg.

Herra forseti. Í ræðu hæstv. forsrh. kom fram hverjar áherslur þyrftu að vera til að byggðastefnan skilaði árangri. Sumar tillögurnar eru hugsaðar til langs tíma. Þær munu því ekki skila árangri í fljótu bragði. Jöfnunaraðgerðir eru líka til sem eru skjótvirkari og skila sér strax og vissulega er sumt í tillögunum þannig að það skilar sér strax. Ýmissa aðgerða þarf vissulega að sjá stað í fjárlögum strax á næsta ári.

Það er sjálfsagt, eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerði hér, að spyrja hæstv. ríkisstjórn hvað hún vildi gera í þessum vandamálum, þessum stóru vandamálum um búsetu á Íslandi og mismunun. Hæstv. forsrh. hefur lagt fram vandaða tillögu um stefnumótun í byggðamálum og hana styð ég eins og hún kemur fyrir og þó að vafalaust taki hún einhverjum breytingum hjá okkur í hv. allshn. Ríkisstjórnin hefur einnig lagt fram frv. til fjárlaga og Alþingi hefur það til meðferðar um þessar mundir.

Það er Alþingi sem samþykkir lög á Íslandi. Það getur verið eina úrræði Alþingis til að jafna aðstöðuna að það sé í gegnum skattkerfið, hafa eins og Stefán Ólafsson nefndir sérstakan jaðarbyggðaafslátt frá opinberum sköttum, mismuna eftir búsetu til þess að jöfnuður náist. Það er t.d. gert með sjómannafslættinum og mætti hugsa sér einhvers konar útvíkkun á honum. En ég legg það til að hv. þingheimur sameinist í því að jafna aðstöðumun fólks hvar sem það býr á landinu og geri það áður en gengið verður til ákvarðana um að jafna atkvæðisréttinn. Hér er vissulega ólíku saman að jafna en hvort tveggja þarf samt að gerast með þjóðarsátt um leiðirnar. Annars verður landsbyggðin að rústum víðast hvar og við missum úr íslenskri byggð fagrar sveitir og héruð, missum hluta menningar okkar, missum verðmæti sem yrðu aldrei bætt.

Herra forseti. Undanfarið hafa verið að birtast myndir í fjölmiðlum sem hugsaðar eru til þess að rétta hlut kvenna í stjórnmálum, aðstaða karla og kvenna sé ójöfn og aðgangur þeirra að möguleikum og tækifærum í þjóðfélaginu. Sumir hafa viljað lyfta hlut kvenna og þannig eru myndir af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni með brjóstahaldara á lofti til þess að lyfta hlut kvenna og jafna aðstöðu fólks. Og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hefur farið inn á karlaklósettið og gert sig líklega til að pissa í skálina í því skyni að jafna með þeirri aðgerð aðstöðu karla og kvenna í þjóðfélaginu. Aukafjárveiting var lögð fram í þessu skyni að koma þessum auglýsingum á framfæri. Mér skilst að það séu 5 millj. kr.

Nú lýsi ég, herra forseti, eftir hugmyndum um það hvernig við getum náð eyrum og augum nógu margra til þess að það þyki sjálfsagt mál að breyta og uppræta þann mun og mismunun sem er milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins. Hvað þarf til að koma til þess að við áttum okkur á því öll að á þessu þarf að taka ákveðnar en hingað til hefur verið gert.

[17:56]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlýtt með athygli á ræðu hv. þm. Hjálmars Jónssonar þar sem hann fer yfir stöðu landsbyggðarinnar og mér heyrist að þar sé fátt nýtilegt utan fagurt landslag. Ég hef oft sagt að það er tiltölulega auðvelt að tala fólk burt af landsbyggðinni og það hafa stjórnmálamenn iðkað nú nokkuð lengi. Til þess að rétta aðeins af, ef það má orða það þannig, þá ræðu hv. þm. sem hér var flutt áðan og fjallaði aðallega um það hvað er neikvætt við það að búa úti á landi, þá vil ég spyrja hann: Getur hann ekki komið hér upp og sagt okkur frá því hvað það er gott að búa úti á landi, sagt okkur frá því af hverju við viljum búa þar og hvaða kosti það hefur fram yfir höfuðborgarsvæðið? Ég held að það væri mjög gagnlegt inn í þessa umræðu að það kæmi frá hv. þm.

[17:57]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get svarað því einfaldlega með því að mér finnst miklu betra að búa úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu þó að vinnustaðurinn sé hér. Ég vísaði til þess í ræðu minni og vil nú vísa þessu frá að ég hafi talað um að það væri vont að búa úti á landi. Það er öðru nær Það er miklu betra að búa þar heldur t.d. hér.

Það er ekki rétt sem fram hefur komið stundum í dag að menningarlíf sé minna á landsbyggðinni. Það er að mínum dómi meira. Það er almennari þátttaka í því en hér og það er í vissum skilningi menningarlega og félagslega meira þéttbýli á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Fólk veit betur hvert af öðru og líður oft og tíðum betur.

Það kemur líka fram í skoðanakönnun Stefáns Ólafssonar og Félagsvísindastofnunar að fleiri vilja búa úti á landi af þeim sem vilja á annað borð flytja sig, þ.e. það vilja fleiri úr Reykjavík og nágrenni flytja út á land en vilja flytja af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Ástæðan fyrir því að samt sem áður er straumurinn hingað er fyrst og fremst sú að aðstæðurnar bjóða ekki upp á sömu kjör á landsbyggðinni. Þess vegna verðum við að jafna þennan hlut. Við verðum að auka hlut landsbyggðarinnar, jafna þann aðstöðumun sem er fyrir hendi og ég endaði ræðu mína á að segja að við þyrftum að taka betur á í málefnum landsbyggðar en hingað til hefði verið gert og spara ekki til þess.

[17:59]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum áreiðanlega öll sammála um það að við þurfum að taka tillit til þess í allri löggjöf að fólk býr um allt land og á að njóta sambærilegra tækifæra hvar sem það býr. Hins vegar held ég að vandi landsbyggðarinnar felist að stórum hluta til í ímynd sem er því miður ekki nógu góð m.a. vegna þess hvernig talað hefur verið.

Ég hef stundum spurt menn af hverju þeir haldi að Coca Cola auglýsi ekki skemmdar tennur þegar fyrirtækið er að reyna að koma sinni vöru á framfæri. Nú er það vitað og við vitum að kók veldur skemmdum tanna. En hvað gera þeir þegar þeir auglýsa vöru sína? Þeir sýna okkur ávallt heilbrigt og fallegt fólk sem er að gera eitthvað skemmtilegt. Ég óttast, herra forseti, að við stjórnmálamenn og forsvarsmenn landsbyggðarinnar hafi allt of oft fallið í þá gryfju að tína einungis fram það sem þarf að bæta en gleyma að segja frá því hversu marga kosti það hefur að búa úti á landi. Með því að gera það markvisst held ég að við gætum rétt ímyndina af og þá er ég líka viss um að fleiri fengju þá tiltrú á möguleikum landsbyggðarinnar sem við þurfum svo sárlega á að halda.

[18:00]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alger misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi nú eða áður tekið þátt í einhverju væli út af því að vont sé að búa úti á landi. Það er öðru nær. Í ræðu minni áðan fór ég yfir það að við þyrftum að gæta þess að blómlegar sveitir og héruð hefðu lífsmöguleika áfram. Það er engin trygging fyrir því.

En fyrst og fremst er það þetta: Við eigum gott land, og þannig hóf ég mína ræðu. Við eigum gott mannlíf vítt og breitt um landið. Við viljum efla þess hag og við viljum að áfram verði gott og fagurt mannlíf um landið. Ég hef svo sem ekki meiru við það að bæta en ég undrast stórlega að hv. þm. skuli koma hér upp og vera með þennan vælutón út af minni ræðu.

[18:01]

Útbýting þingskjals:

Uppbyggður vegur yfir Kjöl, 255. mál, þáltill. GÁ og HjálmJ, þskj. 292.

[18:01]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Í stuttri ræðu mun ég ekki koma miklu að. Þess vegna mun ég einskorða ræðu mína við tvo, þrjá þætti sem ég vil koma á framfæri.

Ég vil byrja á því að segja, hæstv. forseti, að sú tillaga sem hér er lögð fram til þingsályktunar og hæstv. forsrh. flytur og er tillaga ríkisstjórnarinnar, vel unnin af Byggðastofnun, er kannski eitt merkilegasta plagg sem lagt hefur verið fram um langa hríð í byggðamálum, ekki aðeins fyrir þær upplýsingar sem í þessari þáltill. eru heldur ekki síður fyrir margar þær ágætu tillögur sem ég vona að verði að veruleika. Ég bind því vonir við að nú á elleftu stundu séu menn loksins að átta sig á að það verður að grípa til skjótra aðgerða.

Ég held að þegar maður skoðar þessa tillögu og þær upplýsingar sem hér eru þá segi það manni margt um það sem við er að glíma. Það sem kannski er merkilegast í þeim upplýsingum, að mér finnst, er í fyrsta lagi að löngun til flutnings á annað svæði, getum við sagt, er ekki bara ríkjandi á landsbyggðinni heldur kemur í ljós þegar þessi þáltill. er skoðuð að 13% höfuðborgarbúa kjósa að búa á fámennara svæði og 11% í Reykjaneskjördæmi einnig. Kannski er það svo að 25% fólks á þessu svæði eða fjórði hver maður getur hugsað sér búsetu á öðrum stað.

Þetta segir manni þá sögu að það er hægt og mikilvægt að jafna aðstöðumuninn á milli svæðanna og líklegt, af því að við þurfum á því að halda landsins gæða vegna, að fá fleira fólk út á land en þar er nú. Þarna er möguleiki. Ég vil því byrja á að vekja athygli á þessum staðreyndum, að það eru kannski milli 20 og 30 þúsund manns á þessu svæði hér sem eru tilbúin til flutnings ef þannig hagaði.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að pólitík á í meginatriðum að snúast í kringum hamingju mannsins og snýst auðvitað í megintariðum í kringum það. Stjórnmálamenn um allan heim hafa áhuga á því að þjóð sín sé hamingjusöm. Þetta er því mikilvægt verkefni sem íslenskir stjórnmálamenn glíma við, að bregðast við ástandi sem ekki getur gengið lengur þegar á þriðja þúsund manns flytja núna á þessu ári yfir á þetta svæði. Og flutningar síðustu ára segja manni að eitthvað stórkostlegt er að sem þarf að taka á. Landsbyggðin minnir sums staðar á flóttamannabúðir hvað þetta varðar og eins og hér hefur komið fram í ræðum manna er þjóðfélagslegur kostnaður á hvern einstakling sem flytur 3–5 millj. kr. þannig að þetta verður þjóðfélaginu afar dýrt þegar til framtíðar er horft. Það eru líkur á því ef við snúum ekki þessari þróun við að við náum ekki að nýta landsins gæði og þannig stöndum við fátækari eftir. Hér er því um mikinn peningalegan sparnað að ræða um leið og það snýst um hitt að skapa hamingju í þessu landi.

Ég vil að vísu taka undir það með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að umræðan á hverjum stað getur ráðið miklu. Ég hef orðið þess var að þau byggðarlög sem hafa farið í ákveðna gæðastjórnun og reynt að markaðssetja sig með þeim hætti að halda því góða fram, hafa verið að ná árangri því að sannleikurinn er sá, ef við skoðum dæmin og hina sífelldu útreikninga, að ekki er allt ódýrast henni í Reykjavík. Það er líka dýrt að búa hér á þessu svæði. Þetta allt saman skiptir því mjög miklu máli í því að markaðssetja sína byggð.

Ég hef líka fundið að í sumum byggðarlögum þar sem menn hafa markaðssett og gróðursett ákveðna óánægju, eilífan samanburð við önnur svæði og það að þeir hafi það verra, þá kemur þreyta í byggðina og þá leggst því miður fljótlega yfir hana skuggi og óhamingja þannig að þetta skiptir gríðarlega miklu máli. Eigi að síður er ég á þeirri skoðun að það sé brýnt fyrir íslenska stjórnmálamenn að fylgja þessari till. til þál. eftir af miklum þrótti því að eins og ég sagði í upphafi míns máls þá erum við staddir á elleftu stundu í þessum efnum.

Ég sagðist ekki koma miklu efni að í minni stuttu ræðu. Ég ætla að minna á tillögu sem ég hreyfði ásamt hv. þm. Hjálmari Árnasyni í vor um byggðamál þar sem við ræddum stöðu landsbyggðarinnar í Morgunblaðinu 11. júní og fórum yfir verðmætin sem mundu glatast ef þróunin héldi áfram, þar sem við fórum yfir það mikilvæga að skapa ákveðin vaxtarsvæði í landinu sem munu styrkja baklandið í kringum sig, eins og þessi tillaga auðvitað leggur til. Það skiptir miklu máli að búa til „mini-höfuðborgir" þar sem fólk á kost nánast á öllu því sem það sækist eftir í dag. Ég nefni Selfosssvæðið, Egilsstaði, Akureyrarsvæðið, Sauðárkrók, Ísafjörð, Akranes og Borgarnes sem dæmi, og auðvitað Reykjanesbæ sem væntanlega verður í mínu kjördæmi síðar. (**Gripið fram í:** Það má nefna miklu fleiri.) Auðvitað má nefna fleiri. En það að leggja þungann á að búa til þessar „mini-höfuðborgir" með öllum sínum tækifærum mun hafa áhrif á minni staðina þar í kring og allt það bakland sem þar er.

Við ræddum um það að tími sértækra aðgerða væri liðinn. Síðan fórum við að ræða um skattalækkun, í þessari grein, og minntum á að flestar þær þjóðir sem hafa glímt við mikinn vanda í byggðamálum, jafnvel milljónaþjóðir, hafa gripið til skattalækkunar bæði á fólk og fyrirtæki til þess að stöðva flótta og skapa nýja stöðu. Ég vil minna á verk hæstv. ríkisstjórnar í þeim efnum. Nú er hún með áform um það t.d. að tvöfalda fisksölu eða afurðir sjávarútvegs frá Íslandi. Hvernig fer hún að því? Með því að búa hér til markað þar sem tollar og skattar eru lægri og draga hingað viðskipti. Því settum við fram þessa hugmynd. Nú er það svo að sá maður sem best hefur fjallað um og unnið að þessari tillögu með Byggðastofnun, Stefán Ólafsson prófessor, hefur gert kannanirnar og ekki síst spyr hann sjálfur í Morgunblaðinu hinn 12. nóvember: Hvað er hægt að gera? Hann fjallar um þessar tillögur sem við lögðum til á síðasta vori og segir, með leyfi forseta:

„Í framkominni þingsályktun forsætisráðherra um nýja byggðastefnu eru ágætlega rakin áhersluatriði sem tengjast markmiðum um aukna nýsköpun í atvinnulífinu og aukinn þekkingarbúskap á landsbyggðinni. Þær áherslur eru afar mikilvægar. Aðgerðirnar sem nærtækastar eru á þeim sviðum eru hins vegar ekki líklegar til að skila nægum árangri í bráð, en þær treysta grundvöll búsetunnar til lengri tíma.

Til að bregðast kröftuglega við því ástandi sem nú ríkir á landsbyggðinni þurfa stjórnvöld að grípa til beinnar lífskjarajöfnunar milli landshluta strax" — segir í þessari ágætu grein, hæstv. forsrh. — „Ríkið styrkir nú fólk sem kaupir

hlutabréf með skattafslætti. Ríkið styður barnafjölskyldur með greiðslu barnabóta. Ríkið styður fólk sem fjárfestir í íbúðarhúsnæði með skattafslætti. Nú eru uppi hugmyndir um að ríkið styðji sérstaklega fólk sem kaupir hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum. Ríkið beitir margvíslegum aðgerðum í gegnum skatta- og velferðarkerfi til að ná fram þjóðfélagslegum markmiðum. Hvers vegna skyldi ríkið ekki styðja við búsetu á jaðarsvæðum, til dæmis með skattafslætti vegna hærri framfærslukostnaðar á slíkum svæðum, eða vegna sérstakra þjóðfélagslegra vandamála þar? Eða einfaldlega vegna þess að það er efnahagslega skynsamlegt?"

Þessu hreyfir prófessorinn í grein sinni og kemur þar að þeim kjarna sem við höfum hreyft og ég er þeirrar skoðunar að það þurfi sérstaklega að fara yfir þennan þátt málsins.

Það hefur oft verið viðhorf íslenskra stjórnmálamanna að fólk eigi að borga skatta samkvæmt þeirri þjónustu sem það nýtur. Það er enginn vafi í mínum huga að íslensk þjóð hefur með sköttum sínum byggt upp það mikla velferðar- og þjónustukerfi sem er á höfuðborgarsvæðinu. Að því þjónustukerfi eiga ekki allir jafngreiðan aðgang. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það eigi að horfa vel til þess sem prófessorinn Stefán Ólafsson skrifar í Morgunblaðinu. Er það réttlætanlegt þess vegna — ég vil segja til að stöðva fólksflóttann og til að jafna hamingjuna í landinu, ef það má orða það svo — að grípa til einhverra slíkra aðgerða? Síðan segir hann í grein sinni, með leyfi forseta:

„Tökum til dæmis sjómannaafsláttinn. Hann nemur nálægt einum og hálfum milljarði króna. Það er engin knýjandi þörf á skattafslætti fyrir hálaunafólk í sjómannastétt, frekar en fyrir sterkefnaða hlutabréfakaupendur á höfuðborgarsvæðinu. Ef skattafslátturinn væri tekinn af sjómönnum og færður fiskvinnslufólki myndi nást í einni svipan umtalsverð styrking búsetunnar í sjávarbyggðunum. Flestir sjómenn myndu tapa litlum hluta heildarkjara sinna, en hagur fiskvinnslufólks myndi batna um nálægt 20.000 krónur á mánuði."

Þessu hreyfir prófessorinn þannig að í rauninni setur hann fram skýrari kosti til umræðu í þessari grein en flestir þeir stjórnmálamenn hafa gert sem hafa rætt þetta mál í dag. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar, og munum við hv. þm. Hjálmar Árnason kannski flytja um það þingmál, að þetta verði skoðað enn frekar.

Það sagði einhver í umræðunni í dag að mikilvægt væri að breyta andrúmsloftinu í þessum málum. Hvað skyldi frekar breyta andrúmslofti hjá þjóð sem flúði Noreg vegna skatta ef það færi svo að menn hefðu lægri skatta á Ströndum vestur, norður á Langanesi eða á hinum ýmsu stöðum landsbyggðarinnar? Yrðu ekki kennararnir ánægðari og hamingjusamari þar, prestarnir sem allir leita hingað o.s.frv.? Og væri það ekki ásættanlegt, ekki síst vegna þess að þetta fólk verður að leggja mikið á sig til að njóta þeirrar þjónustu sem það hefur með sköttum sínum byggt upp og aðrir hafa greiðan aðgang að.

Ég vil að lokum segja, hæstv. forseti, að ekkert er brýnna nú en að stórhuga verk fylgi þeirri tillögu sem hér hefur verið lögð fram. Því miður er, eins og ég gat um í ræðu minni, landsbyggðin víða eins og flóttamannabúðir af því að fólkið leitar suður. En ég trúi því að ef við náum saman um þessa till. til þál. og því fylgi fjármagn og aðgerðir, þá munum við á næstu missirum geta snúið þróuninni við eins og gert var á 8. áratugnum.

[18:17]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við höfum til umræðu þingskjal langt í blaðsíðum talið og skal það ekki lastað. Þar er að finna upplýsingar og tillögur sem margt jákvætt má segja um og ánægjulegt að það skuli vera hér til umræðu og aðalefni á þessum degi.

Allmargar tillögur, virðulegur forseti, sem snerta byggðamál og byggðastefnu í landinu hafa verið fluttar á undanförnum áratug svo ekki sé litið lengra til baka. Því miður hefur margt af þeim tillöguflutningi farið fyrir lítið jafnvel þótt samþykkt væri samhljóða á Alþingi Íslendinga. Aðrar tillögur hafa ekki hlotið náð í meðförum þingsins, þar á meðal sumt af því sem ég hef lagt til mála. Úr safni mínu hef ég tillögu sem ég stóð að ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni á árunum 1986 og 1987, um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga. Það var 39. mál á 109. löggjafarþingi.

Margt af þeim áherslum sem koma fram í þeirri tillögu, virðulegi forseti, má lesa enn og aftur í tillögu sem ríkisstjórnin flytur 1998 og hefur ekki enn náð fram að ganga. Fróðlegt væri að fara í slíkan samanburð en ég vil ekki nota tíma minn í þann upplestur.

Sama má segja um tillögu sem afgreidd var á Alþingi, um stefnumótandi byggðaáætlun, í rauninni það plagg sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefði átt að hafa sem meginleiðarljós í sínum aðgerðum, þál. sem samþykkt var á Alþingi 6. maí 1994. Ég man ekki betur en ég hafi goldið þeirri tillögu atkvæði mitt með fyrirvara um einhver atriði þó að tillagan væri frá ríkisstjórninni eftir nokkrar breytingar á í meðförum þingsins. Þegar litið er yfir þál. Alþingis frá því fyrir fjórum árum kemur í ljós að á tiltölulega fáu af því sem þar er ályktað um hefur verið tekið nógu mynduglega. Ég skal undanskilja einn þátt þess máls sem reynt hefur verið að þoka fram en það varðar atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni. Byggðastofnun hefur komið að því á þessu tímabili og margt jákvætt hefur verið unnið í þeim efnum. Það er líka það helsta varðandi framkvæmd á þessari ályktun frá 1994. Á annað skortir stórlega.

Hér er komin tillaga þar sem okkur er ætlað að nýta á nýjan leik ályktanir sem samþykktar hafa verið á Alþingi á liðnum árum. Þetta veldur því að trú manns á tillögugerð og samþykktir af þessum toga hefur í raun litla þýðingu þegar ekki er betur fylgt á eftir af framkvæmdarvaldinu en raun ber vitni í framkvæmd á ályktunum Alþingis á liðnum árum. Þar við bætist að sú ríkisstjórn sem ber þetta mál fram á aðeins skamman tíma til starfsloka á þessu kjörtímabili, hvað sem verður að næstu kosningum loknum. Þetta er sannarlega áhyggjuefni og ansi hætt við því að fyrir mörgum af þeim huggunarorðum og áformum sem hér eru dregin fram sé ekki mikil innstæða, enda verði ekki mikill kostur fyrir núv. ríkisstjórn að láta reyna á efndirnar.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt, að við hljótum að spyrja um vilja ríkisstjórnarinnar og meta vilja hennar út frá þeim aðgerðum og aðgerðaleysi sem hún hefur staðið fyrir á liðnum árum. Þá þurfum við einnig að líta til þess skamma tíma sem lifir af kjörtímabilinu og hvernig þar verður tekið á málum, m.a. í sambandi við afgreiðslu á fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Athygli hefur verið vakin á því að ekki fari mjög mikið fyrir jákvæðum aðgerðum í byggðamálum í því frv. Þó ég vilji ekki lasta það í einstökum atriðum þá tel ég það ekki bera mikinn vott um það að hugur

fylgi máli hjá núverandi ríkisstjórn varðandi þær áherslur sem hér eru upp dregnar.

Þegar farið er yfir texta þeirrar tillögu sem við ræðum nú, sem er á þremur blaðsíðum, þá blasir við að þar er vikið að þáttum sem nýlega hafa verið gerðar samþykktir um til langs tíma hér á Alþingi að frumkvæði ríkisstjórnarinnar. Ég tek sem dæmi samgöngumálin. Hér er vikið að samgöngum, vegagerð í landinu, fjárfestingu í samgöngum auk almenningssamgangna. Við afgreiddum á síðasta þingi stefnumarkandi ályktanir í samgöngumálum, í vegamálum til fjögurra ára og til 12 ára. Þó gert sé ráð fyrir auknum fjárveitingum á næsta kjörtímabili til vegamála og það sé út af fyrir sig gott þá er ekki hægt að gera ráð fyrir að mikil breyting verði á því nema þá grundvallarbreyting verði á stefnu stjórnarinnar að því er þetta varðar vegna þess að núverandi hæstv. ríkisstjórn átti kost á að leggja áherslur sínar í þær áætlanir sem þingið hafði til umfjöllunar að þessu leyti á síðasta þingi. Þetta á við um marga aðra þætti.

Mismunun í húshitunarkostnaði, sem er eitt af hinum augljósu atriðum sem leiðrétta ber varðandi þau svæði sem hallast standa í þeim efnum, hefur blasað við allan starfstíma ríkisstjórnarinnar og miklu lengur. Hvar er viljinn? Það er spurt um viljann. Sá vilji mun ráða í sambandi við afgreiðslu núverandi fjárlaga og ákvarðanir ríkisstjórnar meðan hún hefur ráðrúm til að standa við orð sín. Spurt verður um vilja núverandi stjórnvalda í þessum efnum þegar leggja á mat á þær tillögur sem hér eru fram bornar.

Það væri ástæða til, virðulegur forseti, að ræða um mörg einstök atriði þeirra hugmynda sem hér eru settar fram í þáltill. Hins vegar er tímans vegna ekki hægt að fara ofan í þá þætti í þessari umræðu nema taka þá til máls aftur sem vel kemur til greina. Ég hef merkt við mörg atriði sem freistandi væri að spyrja nánar út í.

Ég ætla að víkja að einu, virðulegur forseti, svo það verði ekki út undan, sem fram kom í máli hæstv. forsrh. og varðar einn þátt í þessari tillögugerð sem er 7. töluliður. Ég vitna til þess, með leyfi forseta. Þar stendur:

„Nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar og þannig stuðlað að varanlegri fólksfjölgun og fjölbreyttara framboði atvinnutækifæra þar. Lögð verði áhersla á að staðsetja ný stóriðjuverkefni sem víðast á landinu og þeim valinn staður með tilliti til orkuþarfa þannig að bæði sé um að ræða orkufreka stóriðju í nálægð við meginorkuöflunarsvæði hennar og önnur iðjuver sem ekki eru eins orkufrek utan þeirra svæða. Umhverfissjónarmiða verði gætt í hvívetna."

Þetta er 7. liðurinn í tillögunni sem samtals er 21 liður.

Ef menn líta á það sem skynsamlegt verkefni að byggja upp stóriðju í landinu, orkufrekan iðnað, þá er eðlilegt að líta til verka núverandi ríkisstjórnar í þessum efnum. Hver hafa verk núverandi ríkisstjórnar verið að þessu leyti? Það hefur verið byggð upp stóriðja en hún hefur eingöngu verið hér á höfuðborgarsvæðinu eða í næsta nágrenni þess. Það er vilji núverandi ríkisstjórnar í þessum efnum. Ég er hins vegar ekki mikill áhugamaður um frekari uppbyggingu hefðbundinnar stóriðju eins og ríkisstjórnin stefnir að, þ.e. að verja miklum hluta af orkunni úr orkulindum landsmanna í málmbræðslu.

Ég tel fulla ástæða til þess við þessa umræðu að gagnrýna hæstv. ríkisstjórn fyrir framgöngu hennar í þeim efnum. Auðvitað ber að gagnrýna það sem gert var á höfuðborgarsvæðinu að þessu leyti. Þá hefði betur verið litið til þeirrar stefnu sem hér er dregin fram og kannað hvort koma mætti þeirri stóriðju sem þar hefur risið fyrir þar sem byggðaáhrifin væru önnur en orðið hafa. Nú á að bæta við og heilum landshlutum er lofað stóriðjufyrirtækjum, meiri en sést hafa á Íslandi áður. Ekki er nóg með að vikið sé að því heldur á þetta að gerast sem víðast á landinu.

Hvar er orkustefna ríkisstjórnarinnar, virðulegur forseti? Hve mikinn hluta af orkuforða landsmanna ætlar ríkisstjórnin að binda í stóriðju, í málmbræðslum? Hæstv. forsrh. vék í máli sínu að loftslagssamningnum og bókuninni frá Kyoto með sérkennilegum hætti. Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, vegna þess að það mál er mér nokkuð ofarlega í huga, að vitna til örstutts þáttar úr máli hæstv. forsrh. að þessu leyti. Ég hef útskrift úr ræðunni og les það með þeim fyrirvara sem ber:

„Þá má heldur ekki láta tímabundnar öfgar gegn vatnsaflsvirkjunum og umhverfisvænni stóriðju á Íslandi valda landsbyggðinni varanlegum skaða. Öfgar í nýtingu eru vissulega slæmar, öfgar í verndun eru litlu betri."

Síðan segir, og ég vitna áfram beint í ræðuna:

„Þegar vissir landshlutar vilja styrkja efnahagslega stöðu sína með uppbyggingu iðnaðar verður að hlusta á þær raddir. Um leið þarf að gæta vel að umgengni við landið. Það hafa Íslendingar yfirleitt borið gæfu til að gera í gegnum áratugina. Við höfum að auki lagt af margvíslega mengandi starfsemi á undanförnum áratugum. Þess vegna getum við ekki gengist undir alþjóðleg viðmið í umhverfismálum ef þau eiga ekki við um aðstæður á Íslandi og eru bersýnilega óásættanleg fyrir okkur. Í loftslagsmálum gengi það til að mynda þvert á markmið Kyoto-samkomulagsins ef Íslendingar væru þar með að óbreyttu. Ástæðan er sú að ýmis stóriðja sem ella yrði staðsett hér á landi mundi með aðild Íslands að núverandi samkomulagi færast til landa sem nota margfalt meira mengandi orku en við. Að auki er samkomulagið og þær tímasetningar sem það byggir á sérstaklega ósanngjarnt gagnvart okkur Íslendingum. Kyoto-samningurinn eins og hann lítur út núna er ekki síst ósanngjarn íbúum landsbyggðarinnar sem eru að styrkja byggðarlög sín."

Virðulegur forseti. Það er mjög sérstakt að hæstv. forsrh. skuli verja hluta af ræðu sinni um byggðamál á Íslandi til að ræða um þetta samkomulag í þeim dúr sem hér er gert. Það er ekki aðeins að verið sé að tala um sérstöðu Íslands, hina miklu sérstöðu Íslands sem ríkisstjórnin hefur tekið trú á og reynt að þrýsta fram á alþjóðavettvangi að fá viðurkennda, heldur eru einstakir landshlutar á Íslandi sem eiga að hafa á móti því að Íslendingar gerist þátttakendur í því alþjóðaátaki að vinna gegn loftslagsbreytingum. Mér finnst þessi þáttur þannig að ekki sé annað hægt en gagnrýna hann, þegar þetta er borið fram af forustu ríkisstjórnarinnar inn í þessa umræðu. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. forsrh.: Er það eindregin skoðun ríkisstjórnar Íslands að Íslendingar eigi ekki að verða aðilar að Kyoto-bókuninni nema ríkisstjórnin hafi áður fengið samþykkta þá sérstöðu sem hún hefur flutt tillögu um, að losun frá stóriðjufyrirtækjum á Íslandi verði ekki hluti af bókhaldinu sem Ísland varðar í þessu samhengi?

Mér finnst nauðsynlegt að fá skýr svör um þetta mál í tilefni af ræðu hæstv. forsrh. hér við umræðuna.

[18:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins fyrst vegna tillögunnar og þess að skammt sé eftir af núverandi kjörtímabili, þá vil ég vekja athygli á því að hér er um að ræða ályktun Alþingis sem næsta ríkisstjórn yrði náttúrlega bundin af hver sem hún

yrði með sama hætti og núverandi ríkisstjórn. Málið er í því farinu.

Varðandi fjárlagafrv. vil ég segja að það hefur áður verið sagt að vegna þessarar tillögu og líkinda á því að hún verði samþykkt þarf að huga að breytingum á fjárlagafrv. eins og það liggur núna fyrir. Það er hárrétt hjá hv. þm. að ekki er tekið tillit til þessarar tillögu þar og þarf því að gera breytingar þar á.

Varðandi hið þriðja sem nefnt var, stóriðju á suðvesturhorninu, þá vek ég athygli á því að í tveimur tilvikum af þremur er um að ræða stækkun á verksmiðjum sem fyrir voru, annars vegar í Straumsvík og hins vegar á Grundartanga, þar sem um sérstaka hagkvæmni var að ræða og hefði ella ekki komið til og ekki um það að ræða að sú stækkun ætti sér stað annars staðar. Aðeins í einu tilviki var um nýja starfsemi að ræða sem þó naut góðs af þeim aðstæðum sem þarna höfðu verið skapaðar vegna annarra slíkra verksmiðja.

Varðandi síðasttalda atriðið sem hv. þm. nefndi, þá hygg ég að sú afstaða sem þar er lýst eigi ekki að koma honum neitt á óvart. Hún hefur komið fram áður af hálfu ríkisstjórnarinnar. Við teljum út af fyrir sig ekki neina nauðsyn á að ákveða það nú hvort þessi samningur verði undirritaður eða ekki. Það er ekkert sem knýr á um það fyrir 15. mars nk. Það er heldur ekkert sem í raun knýr okkur til þess að undirrita þennan samning ef hann gengur gegn hagsmunum Íslands. Við í þessu landi erum fyrst og fremst kjörin til að gæta hagsmuna Íslands og það gerum við.

[18:34]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá hæstv. forsrh. að verið er að stækka stóriðjuver í nágrenni höfuðborgarinnar og ekki aðeins að stækka heldur að veita siðferðilegar skuldbindingar, eins og ég held að hæstv. iðnrh. hafi orðað það, fyrir frekari stækkun bæði álversins í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og verja til þess miklu magni af orku. Það liggur fyrir auk nýrrar álbræðslu í Hvalfirði. Þetta eru verk núv. ríkisstjórnar.

En ríkisstjórnin er að veifa í tillögugerð sinni til byggðamála hugmyndum um að byggja upp málmbræðslu, koma fótum undir málmbræðslur og verja og ráðstafa áframhaldandi til þess miklu af þeirri orku sem Íslendingar eiga aflögu því að ekkert minna er þar undir í raun. Ég tel að það sé alveg furðulegt hversu blindandi ríkisstjórnin gengur fram í þessum efnum fyrir utan það að í byggðasamhengi er það mjög óskynsamlegt að vera að magna upp hugmyndir um stórfyrirtæki sem engin trygging er fyrir að verði reist, hvað þá að það eigi að gerast í hverjum landshluta, jafnvel víðar. Einu sinni var talað um 20 álbræðslur. Mér sýnist að þær hugmyndir séu að ganga aftur sem einu sinni var hent á lofti.

Í sambandi við Kyoto-bókunina eru svör hæstv. ráðherra þau ef ég les rétt í svörin að ekki sé mikill hugur hjá hæstv. ríkisstjórn að undirrita þessa bókun og gerast þátttakandi í því alþjóðaátaki sem þar er um að ræða innan hins almenna frests, fram að miðjum mars, og hver veit hversu lengi á að standa þar utan við en það væri vissulega fróðlegt að það yrði alveg skýrt af hálfu ríkisstjórnarinnar hvaða forsendur þarf að uppfylla til þess að þetta verði. Þetta mál er hins vegar það stórt, virðulegur forseti, að það verður ekki rætt til neinnar hlítar við þessar aðstæður.

[18:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. eru ljósar þær hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur sett fram varðandi markmið sín um losun sem tengist niðurstöðu fundarins í Kyoto og Buenos Aires. Menn vitnuðu til þess að Bandaríkjastjórn hafi ákveðið og þegar undirritað, að vísu með miklum fyrirvörum, samkomulagið eða protokollinn sem fyrir liggur.

Bandaríkjastjórn er í töluvert annarri aðstöðu en við. Bandaríkjastjórn gerir mikla fyrirvara. Það er vitað að þessi sáttmáli á ekki stuðning í Bandaríkjaþingi. Bandaríkjastjórn getur ekki eins og við mundum geta gert og væntanlega eiga að gera ef við mundum undirrita slíkt plagg með þingmeirihluta okkar knýja fram samþykkt slíks máls í þinginu. Þegar þetta mál var undirritað lýstu þingleiðtogar því þegar yfir í Bandaríkjunum að málið kæmi dautt til þingsins, eins og það var orðað þar vestra. Það mál er því í töluvert öðrum búningi gagnvart okkur en gagnvart Bandaríkjunum.

Menn segja og kannski gera lítið úr því að við þykjumst hafa einhverja sérstöðu en menn búa sér alltaf til sérstöðuna. Evrópusambandið hefur búið sér til sérstöðuna. Evrópusambandið er því fylgjandi að miðað sé við árið 1999. Evrópusambandið miðar við það að á Evrópu verði litið sem eitt land. Menn sjá að það eru að koma inn úr Vestur-Evrópu, Austur-Þýskalandi, Póllandi og fleiri austrænum ríkjum verksmiðjur sem verður lokað hvað sem líður öllu samkomulagi í Kyoto eða Buenos Aires. Með þessari reglu miðað við 1999 mun Evrópa sem eitt land fá mikinn kvóta til að losa um á nýjan leik fyrir starfsemi sína vegna þessara úreltu mannvirkja. Við getum nefnt dæmi um flugið. Þar er Evrópa talin eitt land varðandi mengunina, en mörg lönd þegar um flug er að ræða þannig að millilandaflug verði í Evrópu en ekki innanlandsflug. Þeir verða því ekki taldir með. Þannig laga menn þetta í hendi sér. Við sjáum þetta. Við höfum hagsmuni að verja fyrir Ísland og við verjum þá eins og okkur ber að gera.

[18:39]

Útbýting þingskjala:

Fráveitumál sveitarfélaga, 258. mál, fsp. RA, þskj. 296.

Niðurfelling virðisaukaskatts af innlendri handverksframleiðslu, 256. mál, fsp. SJS, þskj. 294.

Reglur um endurgreiðslu á ferðakostnaði sjúklinga, 257. mál, fsp. SJS, þskj. 295.

Rekstrarkostnaður Rafmagnsveitna ríkisins, 38. mál, svar iðnrh., þskj. 281.

Talsmaður í barnaverndarmálum, 127. mál, svar félmrh., þskj. 274.

Uppbyggingin á Eiríksstöðum í Haukadal, 259. mál, fsp. SvG, þskj. 297.

[18:40]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Sú umræða sem farið hefur fram í dag hefur verið afar athyglisverð. Menn hafa farið um víðan völl, rætt um atvinnumál, félagsmál, menningarmál, menntamál og allt það sem snert getur mannlega líðan og aðstæður, enda er það eðlilegt vegna þess að byggðamál er ekkert einstakt mál heldur öll þau mál sem snerta aðstæður og afkomu manna.

Hvað er þá byggðastefna? Byggðastefna er fyrst og fremst, herra forseti, vilji til að hafa leikreglur þannig að fólk og fyrirtæki hafi sambærileg tækifæri um allt land. Byggðastefna er þannig kannski frekar aðferð en tiltekin

mál. Aðferð sem snýst um það að leitast við að koma á jafnrétti þar sem mönnum finnst um ójafnræði vera að ræða. Til þessa þarf því að taka tillit í allri löggjöf, herra forseti, vegna þess að byggðastefna er ekki sunnudagsmál, ekki eitthvað sem við afgreiðum í tiltekinni tillögu sem hér liggur nú fyrir heldur reynir á vilja manna til þessa jafnréttis við alla löggjöf hvort sem hún snýst um menningarmál, um menntamál, um atvinnumál eða hvað eina sem varðar hagsmuni manna.

Ég geri þess vegna ekki athugasemdir við það þó að í þessari tillögu séu atriði sem við höfum séð í lagafrv. sem hér hafa komið fram. Þvert á móti lít ég svo á að sú tillaga sem hér liggur fyrir gæti orðið okkur mikilvægt gagn til viðspyrnu þegar verið er að setja lög á hv. Alþingi, viðspyrnu vegna þess að ég hlýt að álykta sem svo að það verði vilji hæstv. ríkisstjórnar að þær áherslur sem hér koma fram og verða væntanlega samþykktar verði samþættar annarri þeirri löggjöf sem héðan verður afgreidd, enda segir í einni af þeim greinum sem upp eru taldar þegar verið er að lýsa helstu aðgerðum sem gripið verður til að Byggðastofnun eigi að meta reglulega áhrif lagasetningar, fjárlagagerðar og einstakra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróun í landinu. Þetta álít ég mjög mikilvægt, herra forseti, sérstaklega vegna þess að ég hef orðið fyrir því, og það á væntanlega við um fleiri, að þegar ég hef óskað eftir að tekið væri tillit til landsbyggðarinnar við tiltekna lagasetningu, þá hefur mér verið bent á að fyrir þinginu liggi tillaga um stefnu í byggðamálum. Þetta er, herra forseti, það sem ég hef nefnt sunnudagsstefnu. Ég viðurkenni einfaldlega ekki að byggðastefna eða byggðamál séu eitthvað sem við lokum inni í ákveðinni tillögu heldur er þetta aðferð. Ég sé þá tillögu sem hér liggur fyrir sem viðspyrnu fyrir okkur sem viljum hafa viðspyrnu þegar hér er almennt verið að fjalla um löggjöf, löggjöf sem á að snúa réttlátt að öllum þegnum landsins.

Menn velta því stundum fyrir sér hvert sé mikilvægi þess að halda landinu öllu í byggð. Um það hefur reyndar verið deilt en mér finnst það mjög jákvætt að á síðustu missirum hafa menn gert sér æ betur grein fyrir fjárhagslegu mikilvægi þess að halda landinu í byggð.

Það kom fram í utandagskrárumræðu sem efnt var til fyrr í haust og hefur sömuleiðis verið rakið í umræðunni í dag hvað það kostar samfélagið að þurfa að endurfjárfesta í grunngerð fyrst á einum stað og síðan á öðrum vegna sömu einstaklinga. Ég er handviss um það, herra forseti, að sú staðreynd að þetta er mikill kostnaður mun opna augu einhverra sem hingað til hafa ekki áttað sig á mikilvægi þess að við gætum frekara jafnréttis þegar við erum að fjalla um löggjöf og búa til leikreglur.

Ég er líka alveg sannfærð um að við munum smám saman gera okkur betur grein fyrir mikilvægi þess að viðhalda ákveðnum menningarlegum fjölbreytileika. Það er nefnilega þannig að lífið er mismunandi eftir því hvar menn búa á landinu. Bæði er margs konar menningararfur sem er mismunandi eftir svæðum og menn hafa viðhaldið heima í héraði og svo skapast að sjálfsögðu annars konar menning í þéttbýli og borg en skapast á fámennari stöðum eða í sveitum.

Ég er alveg handviss um það af því að menn tala um ferðaþjónustu sem mikilvægan þátt í atvinnuuppbyggingu framtíðarinnar að ef við ætlumst til að Ísland sé land sem ferðamenn hafa áhuga á að heimsækja, þá þurfum við að viðhalda þessari menningarlegu fjölbreytni. Allra síst held ég að við getum boðið ferðamönnum upp á að koma til Íslands til að sjá eftirlíkingu af því sem þeir hafa heima hjá sér. Nei, það er alveg ljóst, herra forseti, að ferðamenn sem koma til Íslands vilja sjá eitthvað öðruvísi. Þeir vilja skynja þá menningu sem hefur getið af sér það samfélag sem við búum við og þeim er fengur í því að fá að kynnast því hversu fjölbreytileg sú menning er eftir því hvar þeir eru staddir í landinu.

Menn hafa borið nokkuð saman þá fólksflutninga sem við búum við og þá sem eru annars staðar á Norðurlöndum. Sumir hverjir hafa ímyndað sér að hér væri um sambærilega fólksflutninga að ræða en svo er ekki eins og fram hefur komið. Það er því miður svo að okkur hefur tekist það óhönduglega að aðstæðum okkar má helst líkja við það sem er að gerast í ýmsum þróunarríkjum. Það eru mun minni fólksflutningar annars staðar á Norðurlöndunum frá því sem kannski má kalla jaðarsvæði eða norðursvæði til þeirra svæða sem eru nær höfuðborgunum.

Menn benda á að þarna ráði einhverju það fjármagn sem sett hefur verið til byggðamála, að menn hafi verið reiðubúnari til þess annars staðar á Norðurlöndunum að setja peninga í tilteknar aðgerðir en ég er líka alveg viss um það, herra forseti, að stjórnsýslan hefur heilmikið með þetta að gera. Á síðasta þingi samþykktum við ný sveitarstjórnarlög þar sem við viðhéldum því að sveitarfélög þyrftu einungis að telja 50 einstaklinga og við drógum úr vægi héraðsnefnda. Ég gerði þetta að umfjöllunarefni þá vegna þess að ég fæ ekki séð, herra forseti, hvernig við eigum með góðu móti að flytja verkefni til landsbyggðarinnar, ef við búum ekki til þær aðstæður stjórnsýslulega að unnt sé að taka við þeim. En í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir er einmitt lögð áhersla á mikilvægi þess og sú áhersla er ekki of mikil að mínu mati vegna þess að það kemur fram í þeim fylgigögnum sem eru með tillögunni að reiknað er með því að hinum heðbundnu störfum í landbúnaði og sjávarútvegi muni fækka mjög svo skiptir þúsundum á næstu árum og það er þeim mun mikilvægara að við sköpum þær aðstæður að störf, t.d. opinber störf og fjölbreyttari atvinnutækifæri geti orðið til víðar en á suðvesturhorninu og á allra stærstu stöðum úti á landi.

Menntun skiptir miklu máli, menning og almenn lífsgæði auk fjölbreyttra atvinnutækifæra, segir fólkið sem spurt er af hverju það vill flytja burt af landsbyggðinni. Þessi atriði lúta meira og minna, herra forseti, að frumkvæði hins opinbera og þess vegna skiptir verulegu máli að sú tillaga sem við erum að ræða í dag er fram komin, komin til umræðu það snemma á þessu þingi að það má ætla að hún verði afgreidd. Ef ég hef lesið þessa umræðu rétt, þá mundi ég halda að hún gæti orðið afgreidd fyrr en seinna af því að mér heyrist að það sé nokkuð ríkur samhugur meðal þingheims að ekki sé eftir miklu að bíða. Menn vilja gjarnan fá það tæki sem þessi tillaga getur verið til viðspyrnu en ég vil samt taka undir með þeim sem hafa haft af því nokkrar áhyggjur að menn væru að friðþægja með pappír en ekkert yrði af aðgerðum.

Herra forseti. Ég var að ræða um sveitarfélögin og hversu nauðsynlegt það er að þau séu stærri og öflugri og geti tekið við verkefnum því að það er ekki nóg að tala um verkefnin ef ekki er stjórnsýslustig til að taka við þeim eða nægilega öflug sveitarfélög. Menn hljóta að hafa áhyggjur þegar þeir líta til þeirrar áætlunar sem við eigum að vera að starfa eftir núna en það var einmitt samþykkt þál. um stefnumótandi byggðaáætlun sem átti að gilda frá árinu 1994–1997, hún var samþykkt vorið 1994. Þar segir orðrétt:

„Stefna skal að valddreifingu með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Forsenda fyrir því er sameining eða

samningsbundið samstarf sveitarfélaga. Aðgerðir í þessu skyni verði meðal annars eftirfarandi:

1. Tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga verði lagðar fyrir Alþingi sem fyrst.

2. Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt."

Herra forseti. Þetta var árið 1994 og við værum öðruvísi og betur stödd ef við hefðum framfylgt þessum tillögum en þetta væru ekki einungis orð á blaði. Því vil ég leyfa mér að setja fram þá von að þær tillögur sem hér liggja fyrir og við getum væntanlega samþykkt á þessu þingi, að örlög þeirra verði önnur en taka einungis það magn af pappír sem þær gera að þær muni verða það vopn og sú viðspyrna sem við þurfum til þess að hér verði jafnrétti í landinu þar sem okkur þykir á hallað.

Herra forseti. Við veltum því stundum fyrir okkur af hverju sé kvartað. Af hverju er alltaf verið að tala um það sem miður hefur farið þegar málefni landsbyggðarinnar ber á góma? Ég veit að það er skoðun ýmissa sveitarstjórnarmanna og þeirra sem bera hag landsbyggðarinnar fyrir brjósti að það þurfi að hafa býsna hátt um þá erfiðleika sem þar eru til þess að ná eyrum valdhafanna hér syðra. En því miður hefur þessi aðferð þau hliðaráhrif, þann galla, að menn draga við sig að fjalla um hvað er jákvætt við það að búa úti á landi og ímynd landsbyggðarinnar er orðin þannig, a.m.k. í hugum margra ungmenna að það er talað um það sem þar gerist sem eitthvað svona „úti á landi" dæmi. Það er að gerast núna, herra forseti, að okkar virtustu rithöfundar, þeir sem skrifa fyrir börn og unglinga, skrifa orðið bækur sem eru í þá veru að börn eða ungmenni fara ekki lengur út á land til þess að kynnast því lífi sem lifað er þar, heldur fara þeir út fyrir höfuðborgarsvæðið til að takast á við óblíða náttúru og þannig hefur landsbyggðin í rauninni orðið sömu ímynd og miðhálendið hafði, þ.e. menn takast á við náttúruvættir og erfiðleika og koma síðan sterkari aftur til byggða.

Það er ekkert óeðlilegt þó að ungmenni sem aldrei hafa fengið aðstöðu til þess að starfa úti á landi eða vera þar þó þau hugsi svona þegar við horfum svo á þá umfjöllun sem t.d. fjölmiðlar eru með um landsbyggðina þar sem ekkert þykir frétt nema eldgos, jarðskjálftar eða ef einhverjar hamfarir eiga sér stað í atvinnulífinu.

Ég held hins vegar að það sé mjög mikilvægt að við höldum því til haga hvað er jákvætt við að búa úti á landi, að það kom líka fram í þeim könnunum sem gerðar voru að fólkið sem býr úti á landi er ánægt með opinberu þjónustuna, það er ánægt með skólana, heilsugæsluna, leikskólana, að nálægðin við náttúruna gefur alveg sérstök tækifæri og möguleika og að þátttaka í menningarmálum ýmiss konar er með allt öðrum hætti og frjóari. Þessu þurfum við að halda til haga, herra forseti, og ekki seinna en nú.

[18:56]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sannast hið margkveðna að vissulega er hægt að tala fólk burt af landsbyggðinni ef við gætum okkar ekki og höfum ekki bjartsýni í farteskinu. Þess vegna fannst mér að niðurlag ræðu hv. þm. hefði mátt vera inntakið í allri ræðunni en ekki aðeins þetta síðasta að við yrðum að gæta að því sem jákvætt er og horfa til uppbyggingar en ekki til þess sem miður fer um landið. Síst á að hafa ástæðu til þess að koma hingað upp og kvarta yfir því að sveitarstjórnarmenn telji ástæðu til að kvarta. Þá er dálítið langt gengið.

[18:57]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. Hjálmar Jónsson skuli taka undir við málflutning minn um það hversu mikilvægt það er að við sem til þess höfum nokkra aðstöðu bætum og skerpum hina jákvæðu ímynd landsbyggðarinnar. Því miður er sá tími sem hverjum ræðumanni er ætlaður í umræðunni ákaflega stuttur. Það er fjöldinn allur af málum sem ég hefði viljað koma að en þegar ég sá að tími minn var nánast þrotinn, herra forseti, ákvað ég að reyna að koma því að sem mér finnst persónulega jákvætt við að búa úti á landi og sem ég veit að þeim vinum mínum sem þar búa finnst líka. Þá vil ég gjarnan nefna það enn til að ég líki því ekki saman, herra forseti, hversu mikil forréttindi það eru að fá að ala börn upp úti á landi miðað við það sem ég þarf að horfa upp á hér á þessu svæði, þar sem vegalengdir og öll aðstaða er svo margfalt erfiðari. Ég þurfti sem ung móðir að búa hér um tíma með barn mitt og taldi að hag okkar væri margfalt betur borgið úti á landi og það reyndist rétt.

Það er nefnilega rétt sem fólkið segir í þessum könnunum að opinbera þjónustan úti á landi, skólarnir, leikskólarnir, heilsugæslan, þetta er allt með miklum ágætum. Auðvitað eru undantekningar eins og menn hafa talað um í dag en almennt talað er fólk ánægt með þessa þjónustu og við eigum að halda því á lofti vegna þess að það skiptir verulegu máli að þarna hafi verið gerðir góðir hlutir sem fólk er sátt við.

[18:59]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því sérstaklega að hv. þm. hafi tekið jákvæðu línuna upp á arma sína og það er einmitt það sem við viljum gera bæði. Ég minnist þess að 1962 var ég á Akureyri á mikilli hátíðarstund á afmæli Akureyrarbæjar. Þar hélt Davíð Stefánsson skáld hátíðarræðu og þó ég hafi þá verið ungur drengur man ég enn þá hluta af þeirri ræðu. Hann talaði um byggðavandann, hann talaði um að það væri slæmt hversu fólk flytti saman á fáa staði á landinu, yfirgæfi sveitir og þorp en sagði svo að sá tími gæti komið aftur í Evrópu og Íslandi að sjálfsögðu þar með að fólk hefði áhuga fyrir því að flytja úr þéttbýlinu, úr miklu þéttbýli í minna þéttbýli eða í dreifbýli til þess að njóta lífsgæðanna sem þar væri að finna. Svo hélt hann uppbyggilega ræðu um það hversu dýrmætt það væri að vera í tengslum við náttúruna, sjá fegurð hennar og reyna að láta mannlífið taka gervi þess eins og Einar Benediktsson hefði sjálfsagt sagt og sagði í kvæði að svipmót fólksins færi líka eftir landslagi, náttúrufari og fegurð landsins ef það tæki þá eftir.

Ég þakka fyrir ræðu hv. þm. og vona að hún komi aftur uppi og flytji enn þá fleiri jákvæða punkta því að þá er tilgangi mínum náð með því að fara í andsvar við hana.

[19:00]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf gaman að skynja hve mikil áhrif maður getur haft á geðbrigði og málflutning manna. Eitt af því sem ég talaði um sem jákvætt en jafnframt vanmetið er nálægðin við náttúruna og þeir möguleikar sem gefast til útivistar af ýmsu tagi ef menn búa úti á landi. Þeir möguleikar eru aðrir en hér gefast og ég er handviss, herra

forseti, um að þetta eru gæði sem menn eiga eftir að meta meira á næstu árum en hingað til.

Ég þykist reyndar sjá merki þessa nú þegar. Ég held við sjáum merkin m.a. í því að eyðibýli víða um land eru gerð upp. Menn vilja eiga athvarf úti á landi, komist í snertingu við náttúruna og eiga aðgang að náttúru Íslands á annan hátt en þeir hafa hér í Reykjavík. Hér þarf að hafa nokkuð fyrir því að komast í fjarlægð frá ys og þys borgarinnar.

Ég er handviss um að þessi gæði verða í meiri metum á næstunni en þá þurfum við sem getum haft áhrif á þessa umræðu að muna að fleira skiptir máli þegar fjallað er um byggðamál en formsatriði, það sem skipulega má ganga í. Ímyndin skiptir e.t.v. mestu máli þegar upp er staðið og sú tiltrú sem menn hafa á staðinn sinn, tiltrúin gagnvart því að eiga heima á ákveðnum stað vegna þess að það sem þar gerist sé þess virði að taka þátt í því.

[19:03]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að taka fram að afstaða mín til stórfellds flutnings til Reykjavíkur er mjög neikvæð. Ég vil ekki sjá þessa flutninga, ég vil sjá jafnvægi í byggð landsins. Ég held að Reykvíkingar vilji almennt ekki sjá byggð úti á landi hverfa. Það kostar auk þess mjög mikið þjóðhagslega að byggja tvöfalt fyrir þá sem flytja til höfuðborgarsvæðisins og það er kostnaður sem þjóðfélagið verður að bera, eins og hér hefur margoft komið fram.

Nú hefur þetta ástand varað mjög lengi og við höfum reynt að beita gegn því ýmsum meðulum. Spurning er hvort við beitum réttu meðulunum til að lækna sjúklinginn. Er sjúkdómsgreiningin rétt?

Herra forseti. Mig langar til að tala dálítið um sjálfsvirðingu fólks og frumkvæði þess. Ef ég starfa við eitthvað þá þarf ég að hafa þá tilfinningu að starf mitt skili einhverju til þjóðarbúsins, að ég sé að gera gagn. Það er mjög mikilvægt. Hafi ég það á tilfinningunni að ég geri ekki gagn þá verð ég leiður, svartsýnn og bölsýnn.

Við skulum hugsa okkur óðalsbónda við síðustu aldamót. Við skulum hugsa okkur hann með beingreiðsluávísun í höndunum. Ávísun frá ríkinu upp á 120 þús. kr. á mánuði. Hugsum okkur að þessi ágæti óðalsbóndi, stoltur eins og hann var, hefði eftir að hafa skoðað reikninga sína komist að raun um að búið framleiddi minna en ekki neitt, þ.e. að ávísunin væri hærri en tekjur hans, framleiðsla búsins væri minni en ekki neitt. Tekjur búsins eru minni en beingreiðsluávísunin sem hann fékk.

Hvernig telja hv. þm. að þessum óðalsbónda hefði orðið við? Ég held að þetta sé kjarni þess við erum að tala um. Styrkjakerfið hefur komið því inn hjá fólki að það sé að framleiða minna en ekki neitt og stundi ekki heilbrigða atvinnustarfsemi.

Nú í haust heimsótti hv. efh.- og viðskn. Siglufjörð. Þar fórum við á Síldarminjasafnið og mér varð starsýnt á þau tákn sem þar gaf að líta. Tákn um bjartsýni, framtak, stórhug og frumkvæði þess fólks sem bjó á Siglufirði hér fyrr á öldinni, 1920–1930. Mér var tjáð að vegurinn um Siglufjarðarskarð hefði verið lagður af einkaaðilum. Það var ekki horft til ríkisins, til vegáætlunar eða sveitarfélagsins. Nei, fyrirtækin í bænum sendu starfsmennina upp í Skarð til að bera grjót í handbörum þegar landlega var og ekkert að gera á plönunum. Þetta var stórhugur, þetta var frumkvæði og þarna höfðu menn trú á sjálfum sér. Mér skilst að menn hafi líka lagt rafmagn á eigin spýtur.

Herra forseti. Vandi sveitanna og þéttbýlisins er mismunandi. Staða búgreina er mismunandi. Sauðfjárræktin stendur mjög illa og mjólkurbúskapurinn stendur ekki alveg eins illa, en illa samt. Svína- og kjúklingarækt stendur að ég held nokkuð betur og það er svo merkilegt að þessar atvinnugreinar standa í öfugu hlutfalli við styrkina sem þær fá. Þéttbýlisstaðir úti á landi standa mjög mismunandi líka. Sjávarútvegspláss standa mörg hver ágætlega, sérstaklega á Austfjörðum. Á Íslandi eru hins vegar landbúnaðarpláss sem standa mjög illa eins og landbúnaðurinn.

Ég held að landsbyggðin sé sjúk eftir hálfrar aldar forsjá ríkis og bændaforustu. Eftir miðstýringu fjármagns, þ.e. bankakerfisins í Reykjavík, miðstýringu sjávarútvegs, þar sem öllu er stýrt með lögum frá Alþingi og miðstýringu orkubúskapar þar sem allt er virkjað frá einu fyrirtæki, sem merkilegt nokk er staðsett í Reykjavík. Landsbyggðin er sjúk vegna barlóms og kveins eins og hér hefur komið fram.

Herra forseti. Við sjáum fram á gífurlega flutninga fólks. Það nægir að horfa á mynd á bls. 220 í páltill. Það er skelfileg mynd. Ef maður reiknar hana nokkur ár fram í tímann þá horfir við landauðn, landauðn úti á landi. Það má ekki gerast. Það þarf nefnilega ákveðinn lágmarksfjölda í hverri sveit. Ef of fáir búa í sveitinni þá flytja þeir burt vegna þess að þeir eru fáir og það er hættuleg staða.

Hvers vegna flytur fólk af landsbyggðinni? Þetta er að sjálfsögðu ákveðin alþjóðleg þróun. Þetta er ákveðin þróun, þetta er tíska. Þetta er sókn fólks í að njóta margháttaðra gæða, njóta fjölbreyttari menningarneyslu eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi fyrr í dag. Fólk vill flytja í fjölbreytt menningarsamfélag og forðast einhæft atvinnulíf og auk þessa bætast við mörg önnur atriði. Ef annað hjóna býr úti á landi þá þarf makinn líka að finna vinnu við sitt hæfi þar. Oft á tíðum leyfir einhæft atvinnulíf það ekki. Börnin þurfa að stunda skóla, eins og hér hefur margoft verið nefnt, sem er bæði dýrt og klýfur fjölskylduna. Það er því mjög margt sem ýtir á að menn flytji á mölina.

En ég held að hér sé einnig um sjálfsvirðingu þegnanna að ræða, eins og ég gat um í upphafi. Fulltrúar þessa fólks tala endalaust um vandræði og barlómurinn hefur hljómað í áratugi. Þetta dregur kjark úr fólki, jafnvel þó að allt gangi vel.

Auk þessa hefur verið farið út í kolvitlausar framkvæmdir. Ég geri ráð fyrir að þegar íbúi í einhverju sveitarfélagi horfir upp á að í sveitarfélaginu hans sé verið að fara út í framkvæmd sem engan veginn gengur skynsamlega upp, þá skammist hann sín fyrir það. Hann þarf að hlusta á háðsglósur vina og vandamanna sem búa annars staðar um þessa fáránlegu framkvæmd. Þetta er mjög slæmt fyrir sjálfsvirðingu hans.

Ég nefni það að Landsvirkjun er að sjálfsögðu staðsett í Reykjavík, miðstýringarárättan er alveg endalaus. Hugsum okkur, hv. þm., ef við hefðum Kröflu hf. eða Búrfell hf. eða Nesjavelli hf., ekki í eigu Reykjavíkur. Hugsum okkur það.

Við getum litið á ríkisbankakerfið. Ef maður í Vestmannaeyjum leggur inn þúsundkall í Landsbankann, þá fer sá þúsundkall til Reykjavíkur til vinnslu, kostar þar 5–6% í mannafla og vinnslu og svo getur vinurinn í Vestmannaeyjum auðfúslega fengið hann að láni, þ.e. það sem eftir er af honum. Allt veldur þetta þenslu í Reykjavík.

Það er vöxtur hins opinbera og miðstýringarárättan sem veldur þessu. Stærstu lífeyrissjóðir landsins eru í Reykja-

vík jafnvel þó þeir séu með félagsmenn um allt land. Ég nefni Lífeyrissjóð verslunarmanna, ASÍ og Vinnuveitendasambandið, þetta er allt til húsa í Reykjavík og hefur mikið batterí þó að þeir fjalli um kaup og kjör fólks um allt land. Það er þessi miðstýringarárátta sem ég held að sé að fara með landsbyggðina.

Bættar samgöngur hafa einnig skaðað landsbyggðina. Það er svo merkilegt að markaðssvæði Kringlunnar, markaðssvæði verslunar í Reykjavík stórjókst þegar samgöngur bötnuðu. Nú fara menn frá Höfn í Hornafirði og allt norður frá Dalvík til Reykjavíkur til innkaupa. Þetta hefur líka mjög mikil áhrif á stöðu verslunar í dreifbýlinu og úti á landi. Hvalfjarðargöngin bæta enn um en góðar samgöngur geta líka haft góð áhrif, eins og ég kem að hér á eftir.

Síðast en ekki síst hefur staða landbúnaðar og það óskaplega styrkjakerfi sem þar hefur verið byggt upp skaðað landsbyggðina mjög mikið.

Herra forseti. Sú tillaga sem við höfum hér fyrir okkur er mjög góð og á bak við hana liggur mikil vinna úr góðum gögnum. Markmiðin eru göfug. En mér finnast úrræðin ansi lúin. Þetta er sama gamla tuggan: Miðstýring, miðstýring, miðstýring. (**Gripið fram í:** Hvernig getur tillagan þá verið góð?) Allt sem fylgir henni er gott og gögnin sem liggja fyrir eru mjög góð, þ.e. bókin sem slík er góð. (**Gripið fram í:** Hvað er ekki miðstýrt? Pappírinn?)

Gert er ráð fyrir því í 1. liðnum að opinberir starfsmenn eigi að stunda nýsköpun og auka fjölbreytni. Í vinnu frá 9 til 5. Ég hef enga trú á slíku. Það getur verið að aðrir hafi trú á því. (**Gripið fram í:** Segir þetta í tillögunni?) Það stendur í tillögunni að unnið skuli markvisst að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni. Þróunarstofur verði efldar og þannig treystur grundvöllur til nýsköpunar og aukinnar fjölbreytni. — Á þróunarstofunum starfa væntanlega opinberir starfsmenn.

Gert er ráð fyrir að lánastarfsemi verði rekin á arðsemisgrundvelli. Það er algjörlega óþarfi og nóg til af peningum. Ef hún á að fara í samkeppni við allar hinar lánastofnanirnar þá er þetta algjör óþarfi. Þannig að mikið af þessum tillögum eru gamlar lummur. Reyndar er eitt og annað sem ég gæti fallist á, t.d. 6. liðurinn, að lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni. — Þetta hef ég margoft bent á. En sumt eru nú hreinlega sovéturræði, eins og 12. liðurinn, lækkun kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis o.s.frv.

Herra forseti. Hvað er til ráða? Hvernig getur þróunin orðið? Ég tel að sú breyting sem gerð var á gjaldskrá Landssímans sé ein almesta og mikilvægasta breytingin fyrir landsbyggðina og sú netvæðing sem menn hafa stundað, þetta skiptir verulegu máli. Ég tel að fjarnám muni breyta verulega miklu og jafnvel ef við legðum mikla áherslu á fjarnám, almenna áherslu á gerð námsefnis í fjarnámi, þá muni það gagnast landsbyggðinni langmest, þ.e. ef við gerum það almennt, bjóðum það út t.d. Slíkt efni mætti vinna úti á landi eins og annars staðar. Það mundi gagnast foreldrum með börn úti á landi þar sem börnin geta stundað bæði framhaldsnám og háskólanám í fjarnámi, bara heima hjá sér eða í næsta barnaskóla. Fjarnámið getur verið geysilega öflugt tæki fyrir landsbyggðina. (**JónK:** Það er í tillögunni.) Það er reyndar í tillögunni, já. Hún er ekki alvond.

Svo er það fjarvinnsla. Ég hef bent t.d. á að með þessari nýju tækni getur fólk úti á landi stundað símavörslu fyrir Flugleiðir eða fyrir ferðaskrifstofur. Það má veita þá þjónustu norður á Siglufirði þess vegna. Akitektar og verkfræðingar geta búið á einhverjum fallegum sveitabæ úti á landi og unnið fyrir aðila í Reykjavík og jafnvel í New York eða Los Angeles.

Það verður spennandi að sjá hvað gerist með einkavæðingu bankanna, hvort þessi miðstýringarárátta klofni ekki upp þegar þeir þurfa að fara að huga að því að veita almennilega þjónustu og hvort þá verði ekki stofnaðir bankar úti á landi. Það hefur reyndar verið gert. Þar eru sparisjóðir, en þeir eru frekar litlir.

Ég tel að menn ættu að taka upp hugmyndir Stefáns Ólafssonar, sem hér hefur verið margnefndur, á síðu 21 þar sem hann ræðir um byggðastefnu í anda markaðshyggju í stað byggðastefnu í anda ríkisforsjár. Við höfum hingað til haft byggðastefnu í anda ríkisforsjár og það hefur gefist eins og við sjáum, með stórfelldum fólksflutningum. Nú held ég að við ættum að prófa byggðastefnu í anda markaðshyggju. Minnka ríkisvaldið og þar með miðstýringuna, leggja niður Byggðastofnun, sérstaklega lánveitingaþáttinn og styrkveitingaþáttinn. Kannski mætti ráðgjafarþátturinn standa. Svo *mætti skoða þjónustulund opinberra aðila.*

Herra forseti. Ég held að það sé mjög brýnt að fá einstaklinga úti á landi til að sýna frumkvæði, láta þá líta upp úr betliskálinni og trúa á mátt sinn og megin. Horfa ekki bara til ríkis og sveitarfélaga um úrræði og möguleika. Ráða sjálfir fram úr vanda sínum, stofna fyrirtæki og nýta kosti heimabyggðar sinnar. Og minnka ríkisforsjána.

[19:18]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. ekki vera sanngjarn í garð þessara tillagna að öllu leyti. Þriðja tillagan sem lögð er fram er um það að láta 300 milljónir í áhættusjóði til þess að örva nýsköpun. Ég vil minna hann á að hann stóð með mér og öðrum í efh.- og viðskn. þegar við lögðum fram tillögur um að leggja þúsund milljónir í nýsköpunarverkefni, sérstaklega úti á landi, sérstaklega í hátækni. Þessir peningar eru nú að verða til við sölu á Fjárfestingarbankanum.

Ég er alveg sannfærður um að þetta er mjög áhrifarík aðferð til þess að efla atvinnulíf úti á landi. Ég er líka sannfærður um að það skiptir ekki meginmáli hver eigi áhættufé. Við höfum dæmi um það, t.d. frá Kanada eða Bandaríkjunum, að opinbert áhættufé er notað markvisst til þess að efla byggðir. Ef við förum rétt að þessu og notum þær aðferðir sem notaðar eru í þessum markaðslöndum, þá nota þeir sem eru í áhættudreifingu eða eru að meta fyrirtækin t.d. áhættusjóði sem hengja sig við þau, hvort sem það er 10%, 15% eða 20% og fara eftir þeim lögmálum að þeir taka áhættuna eða hirða arðinn ef hann verður. Ef við gerum þetta svona, eins og þetta er markvisst unnið í Bandaríkjunum og Kanada, þá er þetta hið besta mál, langbestu tillögur sem fram hafa komið um árabil.

[19:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess að þessar tillögur væru ekki alvondar þó að margt í þeim væru gamlar lummur og gömul úrræði. Þetta er ein af tillögunum sem ég gæti fallist á að væri góð, sérstaklega ef vel tekst til um framkvæmdina. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að þátttaka Byggðastofnunar geti mest numið 40% af hlutafé. Ég mundi vilja lækka það niður í 20%, miðað við það sem menn hafa reynt erlendis. En ég hef engu að síður alltaf efasemdir um það að opinbert fé geti komið skynsamlega á þennan hátt inn í áhættumyndun.

En ef menn gæta sín og vanda sig við framkvæmdina á þessu atriði þá er ég ekki alveg viss um að þetta sé slæmt. Sérstaklega ef menn nýta sér þekkingu og reynslu annarra sem stunda nýsköpun.

[19:21]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Reynslan frá Bandaríkjunum er einmitt að svona aðferðir duga mjög vel, þær koma sér mjög vel. Þetta er mjög markviss vinna. Þess vegna er mjög gott að við skulum taka upp þessa nýskipan.

[19:22]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals að hann taldi þeim hugmyndum allt til foráttu sem fram koma í byggðaáætluninni og eru um það að bæta stöðuna hvað varðar orkuverð í landinu. Orkunotkun fer vaxandi á öllum sviðum og það fer ekkert á milli mála að orkuverð í landinu — það þekkja allir — er mjög mismunandi og það skiptir mjög miklu máli. Í þeirri viðamiklu og ágætu rannsókn sem tillagan byggist á er vakin athygli á því að hátt orkuverð sé ein aðalástæða fólksflutnings.

Þess vegna kom mér verulega á óvart hvernig hv. þm. rak hornin í þetta. En um leið hallaði hann sér auðvitað að því sem hann best þekkir, þ.e. tölvuvinnslu og það er kannski út af fyrir sig ekki óeðlilegt. Ég held að ekki verði mjög mikil framþróun í atvinnulífinu úti á landi ef ekki tekst að draga úr hinu háa orkuverði, eins og það er nú, hvort heldur það er raforkuverð eða verð á heitu vatni. Þess vegna vildi ég spyrja hv. þm. hvaða leiðir hann sjái aðrar til þess að koma til móts við þessa ákveðnu athugasemd sem kom fram í þessari margrómuðu rannsókn sem fram fór áður en byggðaáætlunin var sett saman.

[19:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að allir greiði rétt verð fyrir þær vörur sem þeir neyta og þann kostnað sem fylgir. Annað skekkir hagkerfið. Ef menn eru hvattir til þess að nota raforku á Vestfjörðum með niðurgreiðslum þannig að þeir noti meiri raforku en þeir ella mundu gera, einangri hús sín verr en þeir ella mundu gera og leiti kannski ekki að heitu vatni í jörðu sem þeir ella mundu gera ... (**EOK:** Við megum ekki virkja. Ríkiseinokun.) Já, það er kannski rétt hjá hv. þm. að e.t.v. er það einmitt einn angi af miðstýringunni að Vestfirðingar skuli vera svona háðir dýru rafmagni af miðhálendi Íslands. Það undirstrikar það sem ég gat um.

Ég held að þegar farið er að niðurgreiða hluti, sérstaklega í miklum mæli, þá skekki það neysluna, það skekki kostnaðinn. Ég væri næstum hlynntari því að menn fengju eingreiðslu fyrir húshitunarkostnaði og réðu svo sjálfir hvernig þeir eyddu peningunum, hvort þeir eyddu þeim til þess að kaupa dýrt rafmagn eða til þess að einangra betur eða til þess að leita að jarðvarma.

[19:25]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það virðist allt benda til þess að hv. þm. hafi ekki lesið þessa tillögu nægjanlega vel vegna þess að það sem hann sagði er akkúrat það sem gert er ráð fyrir að gera á grundvelli þeirra tillagna sem hér er verið að ræða, þ.e. að leggja áherslu á að nýta orkulindir sem eru hagkvæmar og koma orkufyrirtækjum á fæturna þannig að þau verði sjálfbær, þau standi undir sínum rekstri án þess að fá nokkra styrki. Það er grundvöllurinn að þessari tillögugerð hvað varðar orkumálin.

[19:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég skil hv. þm. rétt þá skilur á milli okkar spurningin um hvernig gert verði. Hvort það verði gert af hendi ríkisins ofan frá, miðstýrt og skipulagt með ríkisforsjá, með sovétisma, eða hvort það verði gert með frumkvæði einstaklinga sem reyna þá að bjarga sér og reyna að velja sínar vörur ódýrt.

Ég tel að einstaklingur geti alltaf gert hlutina betur en ríkið. Ef menn fá ekki svona niðurgreiðslur og fá ekki rafmagnið á svona lágu verði þá mundu þeir örugglega krefjast þess að fá að virkja rétt við túnfótinn og gera kröfur til ríkisins um að fá að virkja þar, sem væri mikið ódýrara eins og kom fram einmitt í frammíkalli rétt áðan.

En á meðan þessu er öllu stýrt ofan frá og einhverjir menn við skrifborðin í Reykjavík ákveða hvernig skuli fara, hvernig skuli virkjað, hvernig skuli niðurgreitt og hvar skuli leita að heitu vatni, þá gerist náttúrlega ákaflega lítið. Ég hef því miður, herra forseti, ekki trú á slíkum vinnubrögðum.

[19:27]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef alltaf dálítið gaman af því að hlýða á hv. þm. Pétur Blöndal vegna þess að það blása yfirleitt nýir vindar í umræðum þegar hv. þm. talar. Og þó að skýringar hans á hlutunum eigi kannski til að vera dálítið einfaldar og hann einfaldi tilveruna dálítið þá kann ég vel við að heyra þá rödd í þinginu.

Ég verð að viðurkenna það líka, virðulegi forseti, að ég náði ekki alveg öllu sem fram kom í ræðu hv. þm. og m.a. því að hann var, að mér skildist, að tala um að samgöngur gætu leitt til ills þannig að menn mundu fara að versla í Kringlunni í stað þess að versla í sínum heimabæ, ef ég hann skildi hann rétt. Hann ætlaði reyndar síðar í sinni ræðu að fjalla um samgöngur sem gætu orðið til góðs, en sennilega datt eitthvað út úr þeirri ræðu.

Virðulegi forseti. Það sem mér þótti áhugaverðast í þessari ræðu var hugmynd hans um það sem hann kallaði Krafla hf., Nesjavellir hf. o.s.frv. Þess vegna langaði mig að beina þeirri spurningu til hv. þm. hvort hann væri að tala um að hann vildi einkavæða orkuframleiðslu í landinu með öllum tiltækum ráðum. Ég get tekið undir það með hv. þm. að ég er ekki í nokkrum vafa um að það gæti orðið til þess að lækka orkuverð í landinu. Ef við mundum einkavæða og opna meira á það að menn gætu framleitt hér rafmagn þá mundi það leiða til þess að orkuverð í landinu mundi lækka sem kæmi landsbyggðinni til góða. En mig langaði að heyra í hv. þm. meira um þessa hugmynd því mér finnst hún áhugaverð.

[19:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fimmtán mínútur er ákaflega stuttur tími til ræðuhalda og ég komst því miður ekki til þess að ræða um það hvernig samgöngurnar nýtast landsbyggðinni til góðs. En það leiðir af eðli máls að ef fólk ætlar að flytja frá Reykjavík út á land þá skiptir máli hversu auðvelt er að komast í fjölbreytni menningarlífsins í Reykjavík, t.d. með því að skreppa í bíó, skreppa í leikhús o.s.frv. Og þegar það verður létt að fara nokkur hundruð kílómetra á einni helgi

þá auðveldar það fólki kannski að flytja út á land og njóta þeirra kosta sem þar bjóðast, því þeir eru ansi margir.

Varðandi samkeppni í orkugeiranum hef ég ekkert legið á þeirri skoðun minni að ég tel að það sé mjög brýnt að koma þeirri samkeppni á. Ég hef bent á að orkugeirinn á meiri eignir en öll útgerð í landinu eða af svipaðri stærðargráðu. Þessu er öllu miðstýrt ofan frá, aðallega frá einni stórri stofnun í Reykjavík og allt undir opinberu eftirliti og í sterkri opinberri hendi og meira að segja stjórnin var lengi vel tilnefnd af Alþingi.

En nú er þetta að breytast og við ræddum í vor um þáltill. frá hæstv. iðnrh. um samkeppni í orkugeiranum og mér skilst að menn ætli að fara að vinna í þá átt að koma á samkeppni. Ég get alveg séð fyrir mér Sultartanga hf., Kröflu hf. o.s.frv., sem verði í samkeppni hvert við annað, sem leiðir að sjálfsögðu til lækkaðs orkuverðs. Það er að minnsta kosti mín trú.

[19:31]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur talað fjálglega um að þetta sé einhvers konar sovét-byggðatillaga og hún eigi miklu meiri skírskotun til miðstýringar en nokkru sinni einkavæðingar, sem hv. þm. er nú fylgjandi eins og hefur komið fram í mörgum ræðum hans. Þess vegna vil ég beina þeirri einföldu spurningu til hv. þm.: Styður hann tillögu forsrh. um byggðaáætlun?

[19:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar þessi tillaga var rædd í þingflokknum hafði ég þegar fyrirvara um hana og ég er ekki búinn að gera upp hug minn. Ég tel að þessi tillaga sé á margan hátt til bóta frá núverandi kerfi, hún sé til bóta þótt hún sé ekki góð. Oft getur maður stutt hluti sem eru til bóta, jafnvel þó maður sé alls ekki sáttur við þá og mundi sjálfur vilja ganga miklu lengra en hér er gert ráð fyrir.

Önnur leið er sú að koma með breytingartillögur við tillöguna og það má vel vera að ég hyggi að slíku en ég þarf sem sagt að skoða það þegar kemur að síðari umr.

[19:32]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Í dag hafa margir talað, mismunandi hástemmdir og mismunandi háfleygir. Vegna ræðu sem var haldin um stóriðju og mengun vil ég segja það að ég er stoltur af því að hafa staðið að því að byggð var stóriðja á Grundartanga. Ég er stoltur af því að hafa staðið að því að það á að stækka járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og ég hefði ekki viljað sjá atvinnusvæðið í kringum Akranes og á sunnanverðu Vesturlandi ef ekki hefði orðið um þá stóriðju að ræða sem þar var byggð upp. Það varð til þess að mörg járniðnaðarfyrirtæki, tréiðnaðarfyrirtæki og byggingarfyrirtæki, sem voru bókstaflega á hnjánum, hafa risið upp. Þetta vil ég segja vegna þeirrar umræðu sem hefur farið fram um stóriðju í dag. Þá geta menn merkt af því hver skoðun mín er á stóriðjumálum.

Sumir hafa byrjað ræðu sína með góðæristali. Ég ætla ekki að neita góðæri. En af þeirri ástæðu verð ég að svara því að góðæri er ekki hjá öllum þegnum Íslands. A.m.k. sitja þeir eftir, herra forseti, sem eru með lífeyri almannatrygginga, þar laumaði góðærið sér hjá dyrum, fram hjá dyrum aldraðra, fatlaðra og öryrkja. Ég er með dæmi af því sem sýnir að það eru 28 vísitölustig á milli lífeyris og lágmarkslauna. Þetta er staðfest með heimild frá Tryggingastofnun ríkisins, kjararannsóknarnefnd og Hagstofu Íslands. Þess vegna segi ég að góðærið hefur laumað sér fram hjá ákveðnum dyrum. Ég ætla ekki að fara í umræðu um þau mál meira en það var bara vegna þess að nokkrir hófu ræður sínar á þessum setningum.

Aðeins nokkur orð um það sem liðið er. Ég tel að reynt hafi verið að hamla á ýmsan hátt gegn þeirri þróun sem við hefur blasað, það er brottflutningur úr dreifbýli til þéttbýlis, og aðallega til Reykjaness og Reykjavíkur. Okkur hefur ekki orðið vel ágengt. Það virðist ekki hafa vantað viljann þó að ekki hafi nægjanlega vel til tekist.

Hverjar skyldu vera orsakirnar? Herra forseti. Ég leyfi mér að vitna til þessarar skýrslu, tillögu til þál. og því sem þar fylgir á bls. 9 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Óskir fólks um aðgang að nútímalegum lífsháttum er einn mikilvægasti drifkraftur þéttbýlismyndunar og búferlaflutninga. Beint og sterkt samband er milli ánægju íbúa einstakra landshluta með búsetuskilyrði og fólksfjöldaþróunar. Þar sem meiri ánægja er með almenn búsetuskilyrði þar stendur búsetan fastari fótum og færri flytja brott. Fólk tekur ákvarðanir um búferlaflutninga með því að meta kosti og galla búsetuskilyrðanna í heild. Misjafnt er milli landshluta hvaða þættir vega þyngst, en atvinnumál (fjölbreytni atvinnufyrirtækja), menntun og almenn lífsgæði eru þeir þættir sem flestir tilgreina sem mikilvæga í sambandi við búferlaflutningana."

En efst á blaði í þessum málum er húshitunarkostnaður. Ég tel að það væri rétt fyrir hv. þm. Pétur H. Blöndal að kynna sér betur einstök atriði þessarar þáltill. þar sem farið er yfir ýmsar staðreyndir eins og þá sem ég var að geta um núna.

Aðeins örfá orð um ársskýrslu Byggðastofnunar. Ég get ekki látið það vera að nefna það að ég tel að, eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Starf Byggðastofnunar stendur á tímamótum. Efling atvinnuþróunarstarfs á landsbyggðinni og flutningur þróunarsviðs stofnunarinnar til Sauðárkróks hefur orsakað ýmsar breytingar."

Undir þetta tek ég heils hugar. Byggðastofnun hefur á ýmsan hátt verið í því hlutverki að stjórna aðgerðum. Þó er merkilegt að á undanförnum árum hefur verulegt fjármagn af því sem stofnunin hefur haft til ráðstöfunar beinlínis lent á Reykjavíkursvæðinu. En sú stjórn sem nú situr hefur gripið til nýjunga og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka framtakssemi stjórnarinnar undir forustu Egils Jónssonar sérstaklega fyrir það átak varðandi atvinnuráðgjöf í landshlutunum, fyrir flutning þróunarsviðs Byggðastofnunar till Sauðárkróks og ýmsar aðgerðir sem Byggðastofnun hefur stutt varðandi tillögur um aðgerðir í ýmsum byggðum sem aðstoðaðar hafa verið nú þegar.

Herra forseti. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í skýrslu um Dalabyggð, unna af Nýsi hf. og til bréfs sveitarstjóra þar að lútandi:

„Eins og kunnugt er hefur þróun byggðar og búsetu verið mikið áhyggjuefni á undanförnum árum, einkum í jaðarbyggðum eins og Dalabyggð. Hreppsnefnd Dalabyggðar hefur látið framkvæma úttekt á stöðu byggðarlagsins og gert tillögur um úrbætur sem taka mið af því að nálgast málið frá breyttum áherslum í byggðamálum. Hugmyndir þessar eru m.a. byggðar á kenningum úr rannsóknum prófessors Stefáns Ólafssonar og till. til þál. um byggðamál.

Úttekt þessi er unnin af Haraldi Líndal Haraldssyni hagfræðingi og hreppsnefnd Dalabyggðar hefur samþykkt að fara þess á leit við stjórnvöld, þingmenn og aðra er málið varðar, að styðja og vinna að framgangi þessara tillagna eftir því sem við á."

Þessi orð segja meira en margt annað um viðhorf sveitarstjórnarmanna til þeirrar þáltill. sem við erum nú með í umfjöllun. En lokaorð skýrslunnar eru kannski talandi dæmi um hvernig ástandið er víða í jaðarbyggðum. Með leyfi forseta vil ég vitna í þau lokaorð:

„Með hliðsjón af íbúaþróun undangenginna ára í Dalabyggð og kenningum Stefáns Ólafssonar prófessors, á ekki að koma á óvart hvernig þróunin hefur verið í Dalabyggð. Einnig má ljóst vera að verði ekkert aðhafst í málefnum byggðarlagsins mun íbúum þess halda áfram að fækka.

Nánast allir þeir þættir sem íbúar á jaðarsvæðum eru óánægðir með eru með hraklegum hætti í Dalabyggð. Húshitunarkostnaður, sem er beint kjaraatriði, er nokkru hærri en meðalkostnaður hjá dýrum hitaveitum. Verðlag og verslunaraðstæður eru þannig að íbúar sveitarfélagsins sækja verslun til Borgarness og/eða Reykjavíkur. Sveitarfélagið tengist ekki þjóðvegi 1 með bundnu slitlagi. Einungis 20% af vegum í strjálbýlinu eru með bundnu slitlagi og einungis 8% með tvíbreiðum vegi. Meðallaun eru um 30% undir landsmeðaltali og atvinnutækifæri einhæf."

Þess vegna taka þeir aðilar sem hlut eiga að máli undir þá þáltill. sem er til umræðu.

Herra forseti. Það er ljóst að ekki er nóg að gera skýrslur á skýrslur ofan. Það liggja fyrir staðreyndir, það liggja fyrir tillögur, reyndar örlítið breytilegar eftir því á hvaða tíma þær eru unnar. Í mínum hillum á skrifstofu minni eru fjölmargar skýrslur um Vesturland, einstaka staði á Vesturlandi frá stjórnartíma allra stjórnarflokka eða stjórnmálaflokka á Íslandi og a.m.k. hafa allir átt aðild að tillögunum.

Þörf er á aðgerðum. Aðgerðir kosta peninga. Það kostar peninga að jafna búsetuskilyrði. Því fagna ég þeim 300 millj. sem er verið að leggja til að komi til byggðamála og verði deilt til nýsköpunar. Það mun hafa áhrif. Það kostar peninga að skapa skilyrði svo unnt sé að búa á landsbyggðinni. Það kostar peninga að jafna hitakostnað, jafna vöruverð, jafna möguleika til skólagöngu, aðgengi að læknisþjónustu og að samgöngum. Það er lágmark að beita fjármunum, sem verða til í byggðunum, í þessu skyni. Þá á ég við á landsbyggðinni, úti í landsbyggðarhlutunum.

Ég er ekki aðeins að ræða um þéttbýli í landshlutunum heldur og einnig um sveitirnar sem standa hvað höllustum fæti. Ég má til með að nefna þær tillögur sem lagðar voru fram fyrir skömmu í skýrslu sem nefnist Úttekt á lífskjörum bænda í hefðbundnum landbúnaði 1989–1996. Í þeirri skýrslu er farið yfir staðreyndir varðandi landbúnaðinn, lagðar fram tillögur um félagslegan stuðning. Ég get leyft mér að taka undir ýmislegt af því sem þar er lagt til en þó eru þar tillögur sem ég tel að verði að strika yfir og þær lúta að eftirfarandi:

Í tillögunni er lagt til keyptur verði búrétturinn af þeim sem hafa allt 120 ærgilda mark. Lagt til frjálst framsal og ég ætla ekkert að leggjast gegn því en ég vil taka það fram að allir þeir sem búa með litlu búin, frá 60 og upp í 120 ærgildi, eru þeir sem geta sérstaklega lagt til í það sem vantar í íslenskri sauðfjárrækt. Það er einmitt lífrænt eða vistvænt ræktað kjöt. Það er eina landbúnaðarafurðin sem vantar alvarlega á markað. Hægt var að útvega 10 tonn eða u.þ.b. 10% af því sem beðið var um í haust, 10 tonn af 100 tonnum sem beðið var um til Bretlands í haust.

Þess vegna er rangt ef menn fara að þessum tillögum. En ég vona að þessi skýrsla sé lögð fram sem umræðugrundvöllur en ekki til þess að það séu tillögur sem á að fara eindregið eftir. Ég vona að menn beri gæfu til þess að vinna á annan máta.

Herra forseti. Ég bind vonir við að þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 nái fram að ganga sem fyrst.

Þingflokkur jafnaðarmanna óskaði sérstaklega eftir að þessi tillaga kæmi til umræðu á síðasta þingi, þegar hún var lögð fram, en þá voru ríkisstjórnarflokkarnir ekki tilbúnir að hefjast handa. Og ég segi að í rauninni ætti þessi áætlun að gilda fyrir árin 1999–2002. En menn verða að una þeirri staðreynd að ekki var hægt að hefja umræðu um þessa tillögu strax í vor.

Framkvæmd stjórnkerfis fiskveiða á því miður drjúgan þátt í þeirri þróun sem verið hefur, að sífellt fækkar Íslendingum sem vinna við fisk. Sífellt eru meiri fiskflutningar frá þeim stöðum þar sem afla er landað í stað þess að vinna fiskinn sem næst veiðistað eða löndunarhöfn, sem hlýtur að vera hagkvæmast. Ég sé ekkert í tillögum um byggðamálin sem gæti snúið þessari þróun við, sem hófst með þeim darraðardansi sem framkvæmd fiskveiðistjórnarinnar er. Fækkun í landvinnslu og hráefni flutt um landið þvert og endilangt frá þorpum og smábæjum til öflugri byggðarlaga, ekki síst á suðvesturhornið. Flutningur fiskvinnslu frá landi á haf út, skipuleg fækkun smábáta og landróðrarbáta. Þessi atriði eru svartur blettur að mínu mati á byggðastefnu okkar.

Ég, sem hér stend, viðurkenni þörf fyrir allar tegundir í veiðiflota Íslendinga. En menn geta ekki leyft sér að láta braskmöguleika sem felast í veiðistjórnarkerfinu þróast eins og verið hefur með skelfilegum horfum fyrir ýmsar sjávarbyggðir sem byggja afkomu sína á afla smábáta stóran hluta ársins. Ég vona, herra forseti, að þessi tillaga, sem mér finnst að öðru leyti góð, fái hraða afgreiðslu hv. Alþingis. Grundvallaratriðið er að gera sérstakt átak í samgöngumálum og koma byggðunum í gott vegasamband.

[19:47]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu mikið og stórt mál þó að það sé í rauninni afstætt. Svo afstætt að einn ágætur hv. þm. fræddi mig á því að í tveimur útvarpsstöðvum síðdegis í dag, milli klukkan fimm og sex, hefði verið greint frá því hvað væri helst til umræðu og helstu mál þingsins. Og í báðum stöðvunum var greint frá því að það væru málefni lögreglustjórans í Reykjavík, en ekki var minnst á byggðamál. Að vísu fékk það mál mikla umræðu og er mikið mál í sjálfu sér en er auðvitað hjóm eitt miðað við það stóra mál sem hér hefur verið til umræðu megnið af deginum og fram eftir kvöldi, sem má vissulega kalla mesta hagsmunamál þjóðarinnar, þ.e. byggðastefna og aðgerðir í þeim efnum.

Eins og hér hefur komið ítrekað fram hafa fólksflutningar til þéttbýlis, einkum til höfuðborgarsvæðis, líklega aldrei verið meiri en síðustu ár, og eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. hafa um 1.400 manns flust til höfuðborgarsvæðisins utan af landi það sem af er þessu ári. Það jafngildir nokkurn veginn því að árlega verði til á höfuðborgarsvæðinu kauptún sem samsvara Egilsstaðakaupstað, fólk sem flytur utan af landi og hingað.

Svipuð umræða hefur farið fram víða erlendis. Á síðustu rúmum þremur árum hefur slík umræða farið a.m.k. tvisvar fram á Evrópuráðsþinginu og menn þar hafa vissulega haft miklar áhyggjur af því hversu stórt hlutfall einstakra þjóða býr orðið í nágrenni höfuðborga. En það er athyglisvert að á þingi Evrópuráðsins telja menn vera nánast hættuástand þegar þetta hlutfall, þ.e. hlutfall þjóðar á höfuðborgarsvæði er á bilinu 25–35%. Á þingi Evrópuráðsins telja fulltrúar einstakra aðildarríkja að þá sé vá fyrir dyrum.

Á Íslandi erum við hins vegar að tala um að það hlutfall sé að nálgast 60%. Og þá er eðlilegt að við spyrjum hvort það hlutfall sé orðið það hátt að við séum í rauninni komin yfir öll eðlileg mörk og það verði aldrei aftur snúið. Það er ástæða til að velta málinu fyrir sér með það í huga en þó kannski fyrst og fremst hvort vilji sé til að snúa þessari þróun við.

Ítrekað hefur komið fram í ágætum ræðum manna og málefnalegum í dag hverjar ástæðurnar eru og hafa þar einkum verið nefndir fimm þættir. Ég tel ástæðu til í þessu samhengi að þakka stjórn Byggðastofnunar fyrir það frumkvæði með einni ítarlegustu úttekt sem gerð hefur verið á þessum málum um margra ára bil og tel mikilvægan grunn til málefnalegrar umræðu á þessu mikilvæga sviði.

En hér hafa menn nefnt m.a. atvinnumálin og viljað blanda inn í þau núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, sem vitaskuld er einföldun, þó það ugglaust eigi sinn þátt í því. En meginþættirnir hvað atvinnuþáttinn snertir er að sjálfsögðu sú hagræðing sem átt hefur sér stað með þjóðhagslega hagsmuni í huga, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði. En þá um leið er rétt að minna á að í stað þeirra starfa sem þar hafa losnað, m.a. vegna hagræðingar og aukinnar tæknivæðingar, hefur tiltölulega fátt komið í staðinn, fábreytileikinn í atvinnulífinu er þar stór vandi.

Í annan stað vil ég mjög taka undir þau sjónarmið sem bæði koma fram í áðurnefndri skýrslu og eins í ræðum manna, þ.e. nútímalegir lífnaðarhættir, þar sem fólk lítur ekki eingöngu á vinnuna sem dyggð og æðsta markmið með lífinu heldur kýs fólk í dag að lifa innihaldsríkara lífi en að sækja einungis vinnu sína og fólk vill lifa innihaldsríku lífi hvað varðar menntun og félagslega þætti ýmiss konar. Það er svipað og í atvinnulífinu, fábreytileikinn í minnstu byggðunum er afskaplega mikill og á sinn þátt í að ýta undir hina öru byggðaþróun.

Í þriðja lagi vil ég einnig taka undir menntunarþáttinn. Ég held að ekki fari á milli mála að sú öfluga uppbygging framhaldsskóla, einkum fjölbrautaskóla, sem átti sér stað víða um land á síðustu u.þ.b. 20 árum var mikið gæfuspor fyrir þjóðina og hafa þeir skólar orðið ákveðin kjölfesta í þeim byggðarlögum sem þeir eru staðsettir.

En betur má ef duga skal. Einn vandinn sem snertir þessa skóla og tengist fábreytileika í atvinnulífi er sá að þegar stöðugt vaxandi hlutfall nemenda sækir í framhaldsskóla, 80–90%, og sækir sér sérhæfða menntun þar, þá er atvinnulífið oft á tíðum ekki tilbúið að taka við þessari sérhæfðu menntun vegna einhæfni.

Í fjórða lagi hefur opinber þjónusta einnig verið nefnd, sem öll að megninu til er á höfuðborgarsvæðinu og er merkilegt þegar á að snúa henni við hversu margir rísa upp til varnar flutningi. Nægir þar að minna á flutning Landmælinga til Akraness sem olli miklu fjaðrafoki.

Í fimmta lagi vildi ég nefna það sem kalla má kjaralega þætti, sem auðvitað skipta verulega miklu máli. Hér hefur verið minnst á að markaðurinn er vitaskuld stærstur þar sem flest fólkið býr, hér á höfuðborgarsvæðinu, sem m.a. býður verslunareigendum möguleika á því í harðri samkeppni að lækka vöruverð, sem hefur svo leitt til þess að vöruverð á landsbyggðinni er hærra. Ítrekað hefur komið fram að húshitunarkostnaður er hærri á landsbyggðinni, það má nefna að ferðakostnaður almennt, hvort heldur er vegna ferðalaga til útlanda, ferðalaga innan lands, m.a. vegna aðgengis að ýmiss konar þjónustu í menningu, félagslífi, jafnvel í skóla, er mun hærri fyrir fólk sem býr á svokölluðum jaðarsvæðum. En þá er líka rétt að hafa í huga að þessir einstaklingar borga sama skatthlutfall og þeir sem hafa betra aðgengi og í rauninni ódýrara aðgengi að þeim þáttum sem ég taldi upp.

Þá er spurningin um viðbrögð og hvernig hægt er að bregðast við. Hér hafa margar hugmyndir verið nefndar og er tekið mjög undir þær hugmyndir sem koma fram í þáltill. Það hefur sýnt sig að sérhæfðar aðgerðir fram að þessu hafa lítt dugað, þó að fullyrða megi að ástandið væri í raun enn svartara hefði ekki verið gripið til þeirra aðgerða sem stundaðar hafa verið á síðustu árum. En grundvallarspurningin hlýtur samt ávallt að vera sú: Viljum við halda landi okkar í byggð? Það er auðvitað grundvallarspurningin og hér hefur komið fram í máli allra hv. þingmanna jákvætt svar við þeirri spurningu, einfaldlega vegna þess að þjóðhagslegir hagsmunir kalla á að landinu sé haldið í skynsamlegri byggð. Við þurfum að nýta auðlindir okkar sem dreifðar eru um landið og það kallar á byggð.

Með því að svara þessari spurningu játandi hlýtur rökrétt framhald að vera: Hvar viljum við halda landi í byggð? Að undanförnu hefur verið meira minnst á svonefnda byggðakjarna. Í því felst auðvitað að við teljum okkur ekki hafa ráð á að hafa landið alls staðar í byggð með þeim kröfum sem nútíminn almennt gerir um lífsgæði og félagslega þætti, menningu o.s.frv. En með hugtakinu byggðakjarni er átt við, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson kallaði það, einhvers konar „mini-höfuðborgir“ en með ákveðnu upprekstrarlandi sem tengist þá samgöngum og öðru því um líku.

En ég tel að e.t.v. sé meginatriðið varðandi byggðastefnu að hafa kjarkinn til að taka þá pólitísku ákvörðun hvar byggðakjarnar í landinu skuli vera og síðan verja þá með kjafti og klóm. Sú ákvörðun hefur ekki verið tekin og er það miður, en ég ítreka að ég tel að það sé ein meginforsenda fyrir því að hefja endurbyggingu landsbyggðarinnar eða snúa þessari þróun við.

Með því að taka slíka ákvörðun um byggðakjarna á afmörkuðum svæðum með tilteknu upprekstrarlandi þá þurfa menn jafnframt að vera tilbúnir að taka afleiðingum þess, ef svo má segja, og taka ákvörðun um að leggja niður byggðir. Og væri full ástæða til að skoða hvað það kostar þjóðfélagið að leggja niður byggðir sem kunna að lenda utan svonefndra byggðakjarna og eðlilegs upprekstrarlands.

Við skulum hafa í huga að margt fólk situr bundið eignum sínum og brauðstriti án þess að geta selt en vill hreyfa sig, telur sig vera komið það langt frá aðgengi að lágmarksþjónustu, og hugsanlega þarf að hjálpa slíku fólki. Það kunna að vera byggðarlög, mjög fámenn, sem ástæða væri til með þjóðhagslega hagsmuni í huga, hagsmuni þessara einstaklinga í huga, að leggja þau hreinlega niður og væri því ástæða til að skoða hvað kostar að leggja niður byggðir.

Hvað varðar þá þætti sem ég nefndi um ástæðurnar fyrir þeirri byggðaþróun sem hefur átt sér stað, er eðlilegt að menn svari hvernig megi ráðast á þá þætti. Ég hef tekið undir flest

það sem kemur fram í þáltill. um atvinnusviðið og tek verulega undir sjónarmið um gildi þess að leggja áhættufé til að efla nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni, til að fá þar ný fyrirtæki og ný svið. Og þá er vert að hafa í huga að fyrirtæki verða ekki byggð upp nema í kringum ákveðnar auðlindir. Auðlindir landbúnaðar og sjávarútvegs eru fullnýttar og þess vegna eru þau ýtrustu sjónarmið varðandi orkunýtingu um að beisla helst ekki þá orku sem við eigum í iðrum jarðar einfaldlega byggðafjandsamleg sjónarmið. Vegna þess að auðlindir okkar eru takmarkaðar, orkan er vissulega auðlind en hún verður ekki auðlind fyrr en við tökum að nýta hana.

Oft er vitnað til ferðaþjónustu og þeirra möguleika sem þar eru, og vissulega er það ánægjulegt að ferðaþjónustan skuli aukast um allt að 10% á ári og hefur gert og mun gera. En ferðaþjónustan ein og sér nægir ekki til þess að rétta af hlut einstakra landsfjórðunga og má minna á að ris hennar er ekki nema u.þ.b. fjóra mánuði á ári hverju.

Hér hefur tölvuvæðing verið nefnd, flutningur opinberra stofnana o.s.frv. og tek ég undir þau sjónarmið.

Varðandi menningarþáttinn, sem er afskaplega ríkur meðal fólks í dag til allrar hamingju, þá tek ég mjög undir það sjónarmið að Byggðastofnun veiti beinlínis styrki til frjálsra leikhópa. Við höfum sjónvarp og nýtum Þjóðleikhús og frjálsa leikhópa til að efla menningu og innihaldsríkt líf á þeim stöðum sem um ræðir. Málið snýst ekki eingöngu um atvinnu heldur einnig um menningu.

Hvað menntun snertir er ljóst að það er dýrara fyrir fólk á jaðarsvæðum að senda börn sín í langskólanám en fólk sem hefur beinan aðgang að æðra skólastigi. Þess vegna hef ég í undirbúningi frv. sem felur í sér að nemendur sem sækja æðra nám af slíkum svæðum hafi lægra endurgreiðsluhlutfall af námslánum. Það er einfaldlega rökstutt með því að þeir hafa um lengri veg að fara og þurfi meiru til að kosta. Svipuð aðferð hefur verið farin í Noregi með góðum árangri og tel ég hana vel koma til greina, m.a. með hagsmuni fámennra staða í huga. Þar gengur oft illa að ráða fólk til þess að sinna grundvallarþjónustu, svo sem í menntun og heilsugæslu, að háskólamenntað fólk sem sest að á slíkum stöðum fái jafnvel felldar niður námsskuldir þau ár sem það dvelur á þessum stöðum. Þetta hefur verið reynt í Noregi með mjög góðum árangri.

Að lokum vil ég svo taka undir það sem hv. þm. Guðni Ágústsson nefndi. Við höfum í hyggju að leggja fram frv. sem felur í sér lækkun skatta fyrir fólk og fyrirtæki á svonefndum jaðarstöðum. Við teljum það réttlætismál með sömu rökum og áður hafa verið nefnd. Fólk sem býr á þeim stöðum borgar sama skatthlutfall og einstaklingar sem hafa ódýrari aðgang að allri þjónustu. Skattkerfið er til þess að efla jöfnuð í landinu og þess vegna er rökrétt að kanna möguleika á að bjóða fólki á þessum stöðum lægri skattprósentu, sem og fyrirtækjum og láta þannig markaðinn sjálfan leita útrásar frá höfuðborgarsvæðinu.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum. Ég ítreka gildi þess að þáltill. þessi fari í gegn. Ég ítreka jafnframt að við þurfum að hafa kjark til þess að festa ákveðna byggðakjarna og verja þá með kjafti og klóm þó það kunni að kosta okkur að leggja niður ákveðnar byggðir.

[20:03]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu annars vegar ársskýrsla Byggðastofnunar fyrir árið 1997 og hins vegar till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001. Bæði skjölin eru hin merkustu og vil ég hafa nokkur orð um bæði tillöguna og skýrsluna.

Ársskýrsla Byggðastofnunar sýnir mjög mikla breytingu á starfi stofnunarinnar og er óhætt að segja að grundvallarmunur hafi orðið á afstöðu stjórnenda þessarar stofnunar til verkefnisins, sem er að stuðla að æskilegri byggðaþróun fyrir landið allt. Þarna er um erfitt og viðamikið verkefni að ræða og verður að líta yfir meira en eitt ár til þess að meta árangurinn. Það fer hins vegar ekki á milli mála að stjórn Byggðastofnunar hefur markað mjög merkar breytingar sem ég tel að muni, þegar fram líða stundir, hafa veruleg áhrif á þróunina.

Fyrst og fremst tel ég mikilvægt að draga fram atvinnuþróunarstarfið í landshlutunum sem Byggðastofnun hefur lagt mikla áherslu á og skapað alveg nýtt umhverfi á þeim vettvangi. Sú stefnumótun sem felst í að færa verkefni Byggðastofnunar út fyrir höfuðborarsvæðið, sú ákvörðun að færa þróunarsvið stofnunarinnar til Sauðárkróks mun skipta miklu máli og ekki síður sú ákvörðun stjórnarinnar sem er kynnt hér í skýrslunni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Byggðastofnunar samþykkir að verða við óskum Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Austurlands um að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélag Austurlands yfirtaki starfsemi Byggðastofnunar á Egilsstöðum og Ísafirði. Enn fremur að þróunarsvið Byggðastofnunar yfirtaki starfsemi Byggðastofnunar á Sauðárkróki. Þessi skipan mála komi til framkvæmda eigi síðar en 1. júní nk. Forstjóra ásamt formanni og varaformanni er falið að annast samninga um málið."

Ég vil vekja sérstaka athygli á þessari samþykkt stjórnar Byggðastofnunar. Hún sýnir að ríkur vilji er til að breyta um takt í rekstri og starfsemi stofnunarinnar. Ég tel að með því að færa starfsemi Byggðastofnunar út til landshlutanna og með því að atvinnuþróunarfélögin yfirtaki þessi verkefni muni verða hægara um vik að takast á við margvísleg viðfangsefni. Fleiri orð mun ég ekki hafa um ársskýrsluna en vil endurtaka að hún sýnir að vel sé að málum staðið.

Herra forseti. Ég hef áður sagt að þáltill. um stefnu í byggðamálum sem hér er til umræðu marki tímamót að vissu leyti. Tillagan er mjög vel undirbúin eins og rækilega hefur komið fram og það er mjög athyglisvert og út af fyrir sig stórpólitísk tíðindi að engin gagnrýni hefur komið fram á tillöguna af hálfu stjórnarandstöðunnar. Segja má að um tillöguna ríki allt að því sátt. Hér hafa komið athugasemdir um stefnuna á undanförnum árum og vandamálin sem við okkur blasa í byggðamálum en tillagan virðist falla í mjög góðan jarðveg hér á Alþingi.

Þegar litið er yfir viðfangsefnið blasir við annars vegar verulegur vandi í byggðamálum, sem óþarft er að bæta við orðum um eftir umræðuna í dag, en hins vegar blasir við að efnahagur okkar er að komast úr þeim öldudal sem við höfum barist í á síðustu árum. Það skapar okkur möguleika til þess að standa fyrir miklum og öflugum aðgerðum og auðveldar okkur að snúa vörn í sókn. Við verðum að gæta þess að ræða ekki eingöngu um vandamálin. Þetta eru allt þjóðfélagsleg viðfangsefni sem við tökumst á við með tillögu þessari en aðalatriðið er að í dag treystum við okkur í stórhuga aðgerðir til þess að hamla gegn þessari óæskilegu byggðaþróun. Það er allt gert á grundvelli þess árangurs í efnahagsmálum sem við höfum náð. Þetta vil ég sérstaklega undirstrika.

Tillagan gerir ráð fyrir að tekið verði á fjölmörgum þáttum. Um er að ræða aðgerðir á sviði nýsköpunar í atvinnulíf-

inu, á sviði menntunar, þekkingaröflunar og menningar, til jöfnunar lífskjara og aðgerðir til bættrar umgengni í landinu sem vissulega þarf að leggja ríka áherslu á.

Ég vil, herra forseti, fara nokkrum orðum um einstaka þætti, meginverkefnin í þeirri aðgerðaáætlun, má segja, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Nýsköpun í atvinnulífinu er ekki einföld. Við þekkjum það. Íslendingar hafa vissulega haft ríkan vilja til að byggja upp atvinnulífið, reyna að efla það með öllum tiltækum ráðum og byggja á nýtingu auðlinda okkar til lands og sjávar. Það hefur staðið verulega á því að koma á nýsköpun í atvinnulífinu. Engu að síður hefur það breyst mjög mikið og hratt hin síðari ár, fyrst og fremst vegna þess að við höfum getað skapað atvinnulífinu betri skilyrði.

Eitt af því sem nefnt er í tillögunni og ég tel að skipti mjög miklu máli er að efla hinar svokölluðu þróunarstofur í landsfjórðungunum og efla atvinnuþróunarfélögin. Ég held að mikilvægt sé, til þess að draga vel menntað og áhugasamt og duglegt fólk út á land, að efla fyrirtæki eins og þróunarstofur þar sem reynt er að nýta tækni og vel menntað fólk til átaks og uppbyggingar í atvinnulífinu og einnig til að standa við bakið á þjónustufyrirtækjum og opinberum stofnunum. Með því að leiða saman þessa krafta og með því að gera það á þeim forsendum sem tillagan gerir ráð fyrir þá tel ég að þarna séu möguleikar.

Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun standi við bakið á eignarhaldsfélögunum með fjárframlögum eins og hér hefur komið fram, og noti að 300 milljónum til þeirra aðgerða. Ég tel að þar sé gengið inn á braut sem er fullkomlega heilbrigð á grundvelli þeirra hugsjóna sem flokkur minn byggir á, að efla framtak einstaklingsins og reyna að skapa markaðsaðstæður í kringum atvinnustarfsemina. Þess vegna held ég að uppbygging og styrking eignarhaldsfélaganna, sem síðan eru þátttakendur í atvinnulífinu, skipti miklu máli.

Ég held að þörf sé á að undirstrika rækilega það sem kemur fram í þessari tillögu sem er þó ekkert auðvelt mál, að fjölga opinberum störfum úti í landshlutunum. Hins vegar þarf stöðugt að vera á verði þannig að hvert einasta ráðuneyti, hver einasta stofnun, hafi mjög ríkt í huga að reyna slíkt þar sem hægt er. T.d. er ætlunin að koma betra lagi á innheimtu sektargreiðslna og þvílíkra hluta. Það mun skapa nokkur störf, aðallega við tölvuvinnslu, innheimtu og útsendingu á rukkunum. Þetta er hægt að gera hvar sem er á landinu. Með því að nýta svona möguleika þá safnast þegar saman kemur.

Einnig vil ég nefna varðandi nýsköpun og eflingu atvinnulífsins að það þarf með skipulegum hætti að vinna að staðarvalsrannsóknum þannig að í landshlutunum og á svæðunum sé ljóst hvaða möguleikar eru til staðar til að nýta möguleika, auðlindir og vinnuafl.

Menntun, þekking og menningarstarfsemi er auðvitað ánægjulegur þáttur í þessari tillögu. Sérstaklega vil ég nefna menninguna. Uppbygging ferðaþjónustunnar er að mínu mati að verulegu leyti byggð á því að við getum teflt fram íslenskri menningu og byggt upp sögustaði sem aðdráttarafli fyrir ferðaþjónustuna. Þetta þarf auðvitað að gera með mjög skipulegum hætti og þetta hefur verið gert mjög myndarlega. Þá vil ég nefna staði eins og Hóla í Hjaltadal, Reykholt og fleiri staði mætti nefna. Þarna hefur farið fram uppbygging og rannsókn á fornleifum. Sögustaðir þessir eru mikilvægur þáttur í menningu okkar og við eigum að gera allt sem hægt er til að standa við bakið á þeim sem á þessum stöðum búa og vilja og hafa sýnt að þeir séu færir um að byggja upp ferðaþjónustu með áherslu á íslenska menningu.

Ég má til með að nefna einnig að endurbygging gamalla húsa er nefnd hér og það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi að það væri hluti af byggðaþróunaráætlun að leggja áherslu á endurbyggingu gamalla húsa og stuðla að fornleifarannsóknum. En þetta eru mikilvægir þættir sem við megum ekki vanmeta og þess vegna fagna ég því að það skuli vera hér inni í þessum tillögum.

Jöfnun lífskjara er mikilvægt og sífellt viðfangsefni. Þar er af mörgu að taka en ég vil nefna aðeins eitt sem er mjög rætt og ekki einfalt mál að leysa, en það er orkuverðið, jöfnun orkuverðs. Í tillögunni er lýst ákveðnum aðferðum við að reyna að styrkja stöðu orkufyrirtækjanna úti um hinar dreifðu byggðir þar sem orkuverðið er hátt. En sem betur fer, og það þarf að undirstrika, eru margar hitaveitur t.d. og það eru til rafveitur sem standa sig vel og hafa lágt orkuverð, ekkert síður en á höfuðborgarsvæðinu þannig að það er ekkert einhlítt í þessu. Þess vegna held ég að enn ríkari ástæða sé þá til þess að við stöndum að því, eins og var gert með símkostnaðinn, að fundnar verði leiðir til þess því sem næst sama orkuverð sé í landinu, sérstaklega raforkuverð, og að reynt verði að skjóta þeim stoðum undir hitaveiturnar að þær geti selt orkuna við lágu verði. Þetta skiptir miklu máli og það kemur fram í þessari rannsókn sem tillagan byggir á og hefur verið rómuð hér mjög, að orkuverðið er einn af allra mikilvægustu áhrifavöldum þess að byggðaþróunin hefur verið eins og hún er.

Virðulegi forseti. Ég verð að fara að stytta mál mitt. Það hefði mátt segja margt fleira um þessa tillögu en ég vil bara undirstrika að hún skiptir okkur miklu máli, ekki bara úti á landi, ekki aðeins hina svokölluðu landsbyggð, heldur skiptir það höfuðborgarsvæðið miklu máli að vel takist til. Í dag koma fram þær upplýsingar í fjölmiðlum um að 60% af atvinnuleysi í landinu sem mælist — sem er mjög lágt reyndar sem betur fer — er á höfuðborgarsvæðinu. Við sem höfum hlustað á óskir sveitarstjórnarmanna á höfuðborgarsvæðinu þekkjum það að þeir hafa miklar áhyggjur af þróun þjónustu á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að hinn mikli massi af fólki sem hefur færst hingað á höfuðborgarsvæðið þarf þjónustu og sveitarfélögin hafa ekki verið og eru ekki fær um að taka við þessu eins og þarf. Þess vegna er enn ríkari ástæða til að landsmenn allir sameinist á grundvelli þessarar tillögu, ekki bara landsbyggðarbúarnir heldur einnig höfuðborgarbúarnir, um að taka á. Hún er raunhæf og við höfum efnahagslegar forsendur til þess að vinna að henni.

[20:19]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Nú hefur lengi dags verið rætt um þessa till. til þál. um stefnu í byggðamálum næstu fjögur árin og er það að vonum, svo mjög sem þetta mál er í deiglunni í þjóðfélaginu um þessar mundir. Það hefur ekki farið mjög mikið fyrir því á undanförnum árum en greinilegt er að pólitísk umræða er í æ ríkari mæli að snúast í þá átt að þessi málefni verða meira í brennidepli eftir því sem tímar líða og mér sýnist að svo geti farið að þetta verði eitt af stærri málunum í næstu kosningabaráttu og gæti minnt að mörgu leyti á kosningabaráttuna 1987, fyrir nærri tólf árum, en þá voru byggðamál mjög í umræðunni eins og þeir muna sem voru viðriðnir stjórnmál á þeim tíma.

Því miður varð kannski ekki mikill árangur af umræðunni

þá til lengri tíma litið en segja má að það skilaði sér kannski í aðgerðum á næstu árum á eftir sem að mörgu leyti voru erfið ár fyrir atvinnurekstur á landsbyggðinni, aðgerðum sem þurfti að grípa til sem voru a.m.k. að sumu leyti óvinsælar, kannski að sumu leyti ónauðsynlegar eða óskynsamlegar. Ég held engu að síður að þær hafi í meginatriðum verið nauðsynlegar miðað við hvernig staðan var á þeim tíma og hvernig mál hefðu orðið ef ekki hefði verið brugðist við eins og gert var. Ég vona að umræðan núna lendi ekki í svipuðum sporum og gerðist fyrir rúmum áratug og fjari út án mikilla áhrifa til lengri tíma litið og vænti þess að menn hafi þá reynslu, einkum í ljósi byggðaþróunarinnar á þeim áratug sem liðinn er, að það er ekki hægt að slá slöku við í þessum efnum. Það kemur einfaldlega fram í breytingum og íbúaþróun innan lands sem kemur illa við alla, bæði byggðarlögin á landsbyggðinni og líka byggðarlögin á höfuðborgarsvæðinu og fólkið sem býr á þessum stöðum.

Mig langar að rifja það aðeins hér upp að erlendis hefur nokkuð mikið verið fjallað um þessi mál og stjórnvöld hafa rekið, einkum í Evrópu, byggðastefnu sem segja má að hafi verið myndarleg að mörgu leyti. Það er einn af hornsteinum í stefnu Evrópusambandsins að líta til þess að nota ríkisvaldið sem tæki til þess að stemma stigu við þróun af þessu tagi og í ríkjum eins og Bretlandi er mikið rætt um þessi mál þessi árin. Þar má nefna stefnu ríkisstjórnarinnar sem komst til valda í fyrra um valddreifingu í Bretlandi með stofnun þings í Skotlandi og ráðgefandi þings í Wales og beinum kosningum til þeirra þinga. Það er byggt á þeirri hugsun að færa þurfi vald, ábyrgð og verkefni frá miðstjórnarvaldi og til þeirra sem vandinn brennur á og fela þeim að leysa hann eða glíma við hann. Menn færa þau rök fyrir því að þeir séu best til þess fallnir sem vandinn brennur á að vinna sig út úr honum.

Í vor átti ég þess kost að fara til Skotlands og kynna mér hvernig staðið hefur verið að byggðamálum þar, Skotlandsmálaráðuneytið. Það var býsna fróðleg ferð, svo ekki sé nú dýpra í árinni tekið, sérstaklega þegar horft er til þess hvernig umræðan hér innan lands hefur verið um orðið „byggðastefna". Fyrir allnokkru endurskoðuðu Bretar sína byggðastefnu, það var eftir að Margrét Thatcher var komin til valda, og ákváðu að byggja hana á því að byggja upp meiri svæðisstjórnun en verið hafði, þ.e. minni miðstýringu og færa viðfangsefnin í hendur þeirra sem búa á þeim stöðum sem áttu undir högg að sækja. Í öðru lagi ákváðu þeir að setja allmikið fjármagn í þetta verkefni, í þriðja lagi að beina því fyrst og fremst að því að byggja upp atvinnufyrirtæki eða styrkja þau til sinnar starfsemi og þá einkum minni fyrirtæki og í fjórða lagi að byggja upp ráðgjafarþjónustu.

Þessi stefnumörkun hefur skilað verulega góðum árangri í Skotlandi sem er tiltölulega strjálbýlt land á evrópska vísu og bjó við tiltölulega óhagstæða þróun á áratugunum þar á undan. Þeim hefur tekist í raun að stöðva þá þróun sem var í gangi og snúa henni við þannig að farið er að fjölga á sumum stöðum á því svæði sem þeir skilgreina undir sína byggðastofnun, þ.e. Hálöndin og eyjarnar fyrir utan Skotland. Og ef litið er á svæðið í heild þá hefur það sótt á á undanförnum árum í stað þess að láta undan síga, eins og áður var.

Byggðastofnun þeirra sem þeir endurskipulögðu þegar þeir endurskipulögðu sína stefnu fær allmikið fé. Hún fékk á síðasta starfsári, 1997–1998, tæpa 9 milljarða ísl. króna til umráða. Þetta er allmikið fé þegar til þess er horft að starfssvæði byggðastofnunarinnar nær yfir svæði þar sem 370 þúsund íbúar búa. Við getum borið þetta saman við Byggðastofnun á Íslandi sem nær yfir starfssvæði þar sem um 100 þúsund manns búa. Hún fær um 200 millj. kr. á fjárlögum ár hvert. Það eru 200 millj. kr. annars vegar borið saman við 9 milljarða kr. hinsvegar, en íbúafjöldinn er þá um 100 þúsund í öðru tilvikinu og 370 þúsund í hinu. Þó að tekið sé tillit til þess er fjárhæðin sem veitt er til verkefnanna miklu hærri í Skotlandi en gerist hér á landi.

Auðvitað er forsendan fyrir því að ná árangri sú að hafa peninga og vilji menn virkilega ná árangri í þessum efnum þá verða þeir að leggja fram allnokkuð fé í því skyni og þá ekki bara til þess að nota peningana til þess að fjármagna aðgerðir sem eiga að styrkja viðkomandi svæði, andspænis því að á hinum svæðunum sem eru ekki talin falla undir Byggðastofnun þurfi ekki að gera neitt. Staðreyndin er nefnilega sú að við erum alltaf að taka ákvarðanir á Alþingi og annars staðar sem styrkja ákveðin svæði á landinu og þá fyrst og fremst höfuðborgarsvæðið. Við getum kallað það með fullum rétti byggðaaðgerðir. Þetta eru oft aðgerðir sem hafa mikil fjárútlát í för með sér. Og aðgerðir eins og þær sem Bretar hafa gripið til eru í raun gagnverkandi aðgerðir til þess að reyna að hamla á móti áhrifum hinna ákvarðananna um uppbyggingu og fjárfestingu á vaxtarsvæðunum.

Þeir höfðu sem sé á síðasta starfsári sínu um 9 milljarða kr. til ráðstöfunar og um 60% af því rann til atvinnuþróunarverkefna og rann svo á endanum inn til fyrirtækja til að styrkja þau til að koma á fót nýjum störfum eða starfsemi sem skapaði ný störf. Þannig að þeir beina fjármagninu að mestu leyti inn í atvinnulífið.

Það er líka mjög athyglisvert að þeir láta ekki þessa byggðastofnun sína starfa miðstýrt á sínu svæði heldur skipta þeir starfssvæðinu upp í tíu atvinnuþróunarfélög og síðan eru það stjórnir yfir hverju atvinnuþróunarfélagi sem taka ákvarðanir um ráðstöfun síns hluta af þessu fé.

Ég vil nefna sem dæmi eitt atvinnuþróunarfélag sem nær yfir eyjarnar vestur undan Skotlandi, þær sem kallaðar eru Suðureyjar. Þar búa um 30 þúsund manns. Það er svipaður fjöldi og býr í því kjördæmi sem lagt er til að stofna úr Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Þetta 30 þúsund manna svæði fékk í sinn hlut um 580 millj. kr. af þessum 9 milljörðum kr. Auk þess fengu þeir um 120 millj. kr. frá Evrópusambandinu sem mótframlag í hluta þeirra verkefna sem þeir höfðu stofnað til með 580 millj. Þetta atvinnuþróunarfélag á Suðureyjum hafði því um 700 millj. kr. úr að spila á síðasta starfsári, 1997–1998, til að byggja upp atvinnu á sínu svæði.

Berum þetta nú saman við hið nýja kjördæmi, Vesturland, Vestfirði og Norðurland vestra þar sem svipaður fjöldi býr og á Suðureyjum við Skotland og spyrjum okkur bara: Teljum við að við næðum árangri í byggðaþróun ef við hefðum 700 millj. kr. til umráða á þessu svæði á ári hverju til að byggja upp atvinnufyrirtæki, skapa fjölbreytt störf o.s.frv.? Ég er alveg viss um að hver einasti maður mundi svara því játandi, að menn tryðu því að við mundum ná miklum árangri og snúa búsetuþróuninni við ef við gerðum þetta eins og Bretar gera.

En hvað skyldu Íslendingar verja miklum fjármunum til þessa svæðis? Það er aðeins hluti af 200 millj. Við setjum 200 millj. á landið allt fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Við getum reiknað hlut Vesturlands, Vestfjarða og Norðurland vestra af þeim 200 millj. kr. sem ríkið veitir til Byggðastofnunar ár hvert, þ.e. miðað við íbúafjölda. Sá hlutur yrði um

þriðjungurinn af þeim 200 millj., kannski um 60 millj. Í stað þess að setja 700 millj., eins og Bretar gera, þá eru kannski um 60 millj. kr. hér á landi. Þá er ekki að furða, þegar menn skoða þessar tölur, að árangurinn sé misjafn, góður þar sem menn gera þetta af alvöru en slakur þar sem menn hafa ekki gert þetta af sæmilegum krafti.

Ég vek athygli á þessu af því að mér finnst mjög athyglisvert hvernig Bretar hafa unnið þetta. Þeir hafa stjórn í þessum atvinnuþróunarfélögum sem forvalta þetta mikla fé — ólaunaða og skipa hana að mestu leyti mönnum úr atvinnulífinu. Það eru einungis tveir af tíu manna stjórn sem koma frá sveitarstjórnunum en átta af tíu koma úr atvinnulífinu. Ég held við eigum að læra af því sem aðrir hafa gert með góðum árangri í þessum efnum. Það má segja um þá þáltill. sem hér liggur fyrir og það sem ákveðið hefur verið í stjórn Byggðastofnunar á síðustu tveimur, þremur árum, að við höfum verið að fikra okkur í þessa áttina. Ég tel það alveg tvímælalaust að stjórn Byggðastofnunar hafi verið á réttu spori á undanförnum árum. En ég vil segja jafnframt að ég tel að krafturinn í þessum verkum sé allt of lítill. Hann er allt of lítill fyrst og fremst vegna þess að menn setja ekki það fjármagn í hlutina sem þarf til þess að geta náð almennilegum árangri.

Þetta vildi ég taka fram, herra forseti, en sé að ég hef ekki ræðutíma til annars en koma inn á þetta eina atriði. Það er miklu fleira sem ég hefði gjarnan vilja ræða almennt um byggðamálin, en ég vil aðeins nefna eitt og það eru leikreglurnar sem við setjum okkur með lögum á Alþingi. Þær eru að mínu viti í allt of ríkum mæli sniðnar að þörfum þeirra sem eru margir og standa betur að vígi en eru hins vegar andstæðar þeim sem eru fámennir og standa höllum fæti. Það má nefna ýmis atriði því til stuðnings. Nærtækast er að nefna annars vegar fiskimiðin, sem eru auðlind þeirra sem búa á landsbyggðinni og forsenda þess að fólk býr þar, og hins vegar þær auðlindir sem menn hafa á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. heita vatnið. Auðlindin á landsbyggðinni er skilgreind sem þjóðareign sem öllum stendur til boða að nýta en heita vatnið er skilgreint sem séreign þeirra sem hér búa og þar er auðvitað tvennu ólíku saman að jafna.

[20:35]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa þáltill. og sérstaklega vil ég færa stjórn Byggðastofnunar þakkir og formanni stofnunarinnar, Agli Jónssyni, sem hefur nú um þriggja ára skeið gegnt þar formennsku og tekist á hendur þá forustu sem var mjög nauðsynleg, fyrir að breyta þessari stofnun umtalsvert. Ég efast ekkert um að hún hafi á sínum tíma verið stofnuð með mjög góð sjónarmið og góð markmið í huga en ég tel það alveg víst að stofnunin þurfti á mjög miklum breytingum að halda. Það er alveg ljóst að þær aðferðir sem hún notaði, hafi þær dugað í upphafi, voru hættar að duga. Ég held að einmitt þessi nýja stefnumörkun Byggðastofnunar, að færa sig út á landið, færa og byggja upp atvinnuþróunarfélögin úti á landi marki tímamót sem við eigum að taka mark á. Það er mjög nauðsynlegt að standa að byggðamálunum þannig að árangur náist.

Við sjáum núna að þrátt fyrir góða viðleitni og mikinn vilja að ég ætla sums staðar, þá hefur þetta ekki tekist. Fólksflóttinn til Reykjavíkur er nú sem aldrei fyrr. Ég óttast að ef ekki tekst að breyta þessu núna mjög fljótlega, þá gæti svo farið að steininn taki úr og eftir það verði ekki við neitt ráðið. Það liggur fyrir og er á vitund allra að slíkir þjóðflutningar gætu orðið þjóðfélaginu um megn. Það kostar óhemju fé þegar svo stór hluti þjóðarinnar er á faraldsfæti eins og hefur verið á Íslandi að undanförnu, hvað þá ef aukning yrði á. Ég ætla að marka megi af umræðunni í dag að flestum sé að verða ljóst að það er efnahagslegt markmið í sjálfu sér. Við spörum stórkostlegt fé ef við getum komið á jafnvægi í byggðinni. Það er síst af öllu þéttbýliskjörnunum, Reykjavík og nágrannasveitarfélögunum, til þægðar að slík þróun haldi áfram. Það getur fært þau bókstaflega í kaf, bæði í félagslegri þjónustu og allri annarri þjónustu. Ég vil því marka það af þessari umræðu að mönnum sé að verða það æ ljósara að það eru sameiginlegir hagsmunir allrar þjóðarinnar að við stöðvum þessa þróun.

Ég held líka, herra forseti, að það sé kannski upphafið að því að við getum náð árangri þegar menn fara að gera sér sameiginlega grein fyrir því að allir eiga hagsmuna að gæta. Það sé þess virði að berjast fyrir þeim. Að þeir peningar sem fara í að stöðva þessa þróun og snúa henni við séu ekki glataðir peningar heldur geti þeir sannarlega nýst þjóðfélaginu áfram, þeir geti einmitt verið sparnaður, því það mundi koma í veg fyrir hinn óheyrilega kostnað ef þúsundir og tugþúsundir Íslendinga mundu flæmast af landsbyggðinni og setjast að hér á þéttbýlasta svæðinu. Ég ber þá von í brjósti að það sé að myndast um þetta samstaða á Alþingi, samstaða í öllum flokkum og ég held að sú samstaða geti verið sá klettur sem við stöndum á. En án þeirrar samstöðu er ég hræddur um að við getum haldið áfram í sama farinu. Við höfum oft talað um byggðamálin en því miður held ég að það hafi skort mjög á að menn gerðu sér grein fyrir hversu brýnt það væri að hrinda þeim í framkvæmd. Ég held líka að hluti af því hversu illa hefur tiltekist sé kannski ekki viljaleysi dags daglega heldur að miklu leyti líka hefðir og löggróinn vani að mönnum hættir við að líta þannig á að það sé sjálfsagður hlutur að byggja upp alla stjórnsýslu í Reykjavík og geri það bara svona án umhugsunar.

Ég minnist þess að fyrir ekki mjög mörgum árum síðan stóð til að stofna nýtt fyrirtæki sem hét Fiskistofa. Einhverjum datt í hug að það væri í lagi að sú stofnun gæti verið hvar sem væri á landinu, m.a. kom tillaga um Eyjafjörð. Nei. Menn sögðu þá: Það er meiningin að þetta verði það lítið fyrirtæki að það tekur því ekki að stofna það í Eyjafirðinum. Svo vita menn hvernig það hefur gengið fyrir sig. Þetta er eitt af dæmunum. Ég veit að þau eru fjöldamörg og þetta er að gerast kannski daglega eða á hverjum einasta vetri að við erum að gera það að hefð og löggrónum vana að efla alltaf og byggja ofan á þá stjórnsýslu sem hefur verið aðalsegullinn á fólkið hingað gegnum þessa öld, og aðalorsökin fyrir þessari miklu röskun.

Ég þakka fyrir þessa þáltill. sem ég held að sé til verulegra og mjög mikilla bóta og geti, ef hugur fylgir máli, orðið til þess að marka hér tímamót. Ég vil sérstaklega nefna að í tillögunum er farið út á nýjar brautir á hvern veg menn koma áhættufé í atvinnurekstur.

Það er nú þannig að aðrar þjóðir stunda mjög byggðastefnu. Aðrir þjóðir gera sér grein fyrir því að ákaflega mikilvægt er að byggja löndin. Bandaríkin og Kanada stunda mikla byggðastefnu, mjög mikla og gera það kerfisbundið, taka heilu sýslurnar fyrir til nokkurra ára eftir því sem menn telja þörf á til að byggja þau upp. Yfirleitt nota þeir alltaf áhættufé og það skiptir ekki máli hver á áhættufé ef farið er að réttum leikreglum og lögmál markaðarins látin ráða. Yfirleitt gengur það þannig fram að menn fara eftir öðrum

fjárfestum, hengja sig við þá sem eru að taka áhættuna og láta þá aðila um féð, um umsýslu þess, hafa hagnað af því ef vel gengur en taka svo tapinu ef illa fer. Þannig tryggja þeir að féð sé í höndum þeirra sem hafa hagsmuna að gæta í að taka áhættuna, gera allt sitt besta til að ná arði af atvinnurekstrinum. Við eigum að fara þessa leið, enda sýna sporin það, árangur manna sýnir það mjög víða að menn hafa getað náð árangri í byggðamálum.

Síðasti hv. þm. talaði um árangur Englendinga. Það er alveg rétt að Englendingar hafa náð mjög miklum árangri í byggðamálum. Ég minnist þess t.d. að þegar Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna var að byggja upp sína miklu starfsemi í Grimsby var sú góða kona Margrét Thatcher forsætisráðherra í Englandi. Þá fékk Sölumiðstöðin verulegan byggingarstyrk til að byggja upp þá verksmiðju vegna þess að þá var Humberside-svæðið talið mjög veikt svæði og þá voru veittir styrkir til uppbyggingar þar. Það skipti engu máli hvort það voru útlendingar, í þessu tilfelli voru það Íslendingar, styrkir voru veittir til uppbyggingarinnar. Humberside er ekki lengur vandræðasvæðið. Það eru önnur svæði sem þeir einbeita sér að. Um þetta höfum við alls staðar dæmi, bæði í Ameríku, í Evrópu, ég tala nú ekki um á Norðurlöndunum. Menn hafa náð árangri. Við ættum að vita það og trúa því að við getum náð árangri líka.

Herra forseti. Mér hefur þótt þessi umræða mjög góð þó að mér hafi stundum fundist það vanta í hana að við erum að byggja landið vegna þess að við höfum hag af því. Við erum ekki bara að gera það af því að Ísland er svo fallegt eða okkur þyki svo vænt um það. Við erum fyrst og fremst að byggja landið af því að við vitum að við höfum hag af að byggja það og þess vegna verðum við að hafa það að leiðarljósi við hvert einasta fótmál að landsbyggðin verður að fá að njóta sinna landgæða. Ef við höfum það ekki sem leiðarljós, þá er ég hræddur um að við náum ekki mjög langt.

Við getum séð þetta mjög víða í því sem við erum að gera. Við höfum verið að fjalla á undanförnum vikum um vandamál landbúnaðarins, t.d. sauðfjárræktina. Ég er t.d. sannfærður um að við verðum að ná árangri í sauðfjárrækt ef við ætlum að halda henni áfram og það er sjálfsagt að styrkja sauðfjárræktina en við munum gefast upp á því fyrir rest ef við náum ekki árangri. Ég er sannfærður um að við verðum að breyta núverandi reglum. Við verðum að gera samninga til mjög langs tíma og gera kvótana framseljanlega til að tryggja það að sauðfjárræktin lendi þar sem gerhyglin er til staðar hjá bændunum, þar sem besti bústofninn er og þar sem grasið er, annars náum við ekki árangri. Svona getum við talið áfram.

Ég get t.d. rætt um sjávarútveginn. Ég er persónulega sannfærður um að fátt hafi valdið meiru um hina vondu þróun í byggðamálum á Íslandi en einmitt sú stjórn fiskveiða sem við höfum, því miður, vegna þess að með því kerfi, þó ýmislegt sé kannski gott í því, var það tekið af byggðunum að þær fengju að njóta sinna sjávargæða í nálægð við miðin.

Hins vegar er kannski ýmislegt gott við kerfið og það sem hélt því gangandi og hélt því opnu og var framsalsleyfið, hið frjálsa framsal kvótans. Svo gerist það, herra forseti, í vetur að allt í einu er dembt fram frv. sem eyðileggur framsalið meira og minna, eyðileggur að þeir sem gátu helst bjargað sér í að fiska gætu gert það á hagkvæmastan hátt og ódýrast. Það var eyðilagt með einum lögum og menn vildu ekki þýðast neinar viðvaranir í því. Þar á ég við lögin um Kvótaþing. Ég skal ábyrgjast að bara með þeim einu lögum vorum við að valda landsbyggðinni óhemjulegu óhagræði, alveg óskaplegum vandræðum. Nauðsynlegt er að átta sig á því við hverja lagasetningu hvað við erum að gera og sérhver maður verður að vera vakinn yfir því hvað hann er að gera í þessum byggðamálum ef við ætlum að ná árangri.

Ég get tekið annað dæmi úr sjávarútvegi. Það hefur legið fyrir um margra ára skeið að við vitum það, eða ég tel mig vita það, herra forseti, að verulegur aðstöðumunur, samkeppnismunur, er milli vinnslunnar úti á sjó og fiskvinnslunnar í landi. Hvað eftir annað hefur því verið lofað að reyna að taka á þessum málum eða fara í það en það er einhvern veginn þannig að sjútvrn. fæst ekki til að hreyfa sig í málinu.

Það er allt gott að segja um nýjar atvinnugreinar sem við byggjum upp á landi og það er lífsnauðsynlegt en við skulum minnast þess að sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn eru þó sá grunnur sem við byggjum á. Ef við skekkjum samkeppnisaðstöðu þessarar grundvallaratvinnugreinar er hætt við því að annað fari úrskeiðis. Þorpin kringum landið byggðust upp á sjávarútveginum og við erum að gera rangt gagnvart heildarökonómíunni ef við skekkjum rekstrargrundvöllinn. Þá erum við að færa peningana á einhverja vitlausa staði, við erum að valda efnahagslífinu miklu tjóni. Brýnt er að menn séu með það í huga hverja stund þegar við erum að setja þessi lög, hvað við meinum með því, og ef við ætlum að byggja upp landið eins og mér heyrist í dag að flestir geri sér grein fyrir þá verða menn að hafa í huga að við megum ekki gera neinar kórvillur í lagasetningunni frá degi til dags. Við verðum að vinna að þessu á öllum vígstöðvum.

Ég held að það sé rétt, sem kom fram í dag, að gagnvart byggðamálunum getum við þess vegna verið að nálgast ögurstundina. Þess vegna trúi ég því að það sé fullkomlega ástæða til þess að hrinda þessari þáltill. nú þegar í framkvæmd og gera kannski margt fleira því að þess þarf. Við þurfum að berjast á öllum vígstöðvum, við þurfum að taka verulega fast á til þess að svo megi verða.

Ég ítreka þakkir mínar til stjórnar Byggðastofnunar. Ég er viss um að það var grundvallaratriði til þess að hefja nýja sókn í þessum málaflokki, í þessum lífsviðhorfum eða byggðaviðhorfum Íslendinga, að greina þennan vanda. Ég held að það hafi verið gert þarna ákaflega vel og ákaflega samviskusamlega. Við höfum land til að standa á, nú höfum við ákveðna hluti, nú vitum við nákvæmlega niðurskrifað hvar skórinn kreppir þannig að nú á það ekki að vera neinum afsökun að við séum út og suður í því sem við erum að gera. Við höfum verið að vinna að því á undanförnum árum að leysa íslenskt efnahagslíf úr læðingi. Ég er viss um að með því að halda þeirri stjórnarstefnu áfram sem við höfum fylgt getum við unnið mjög margt sem kemur landsbyggðinni til góða. Ég tala ekki um ef við höfum manndóm í okkur til þess að afnema mónópólið sem er t.d. á orkumálunum og gera það frjálst þá væri það stórt skref, svo ég nefni eitthvert dæmi.

Við eigum líka möguleika á því með því að selja ríkisfyrirtækin að gera enn þá meira stórátak í samgöngumálum, fjárfestingar sem munu skila þjóðfélaginu gríðarlegum arði. Það er ekki verið að sóa peningum, það mundi skila þjóðfélaginu gríðarlegum arði á komandi árum. Halda áfram því starfi að byggja upp atvinnulífið og gera Ísland að ríku þjóðfélagi, kannski því ríkasta sem er í heiminum. Ég er sannfærður um að það er hægt og það er hægt með því að nýta landgæðin í heild og það eigum við að gera, herra forseti.

[20:50]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Nú er komið að lokum þessa málflutnings sem hefur verið mjög málefnalegur og farið vítt yfir sviðið sem von er þegar um svo viðamikið og mikilvægt mál er að ræða.

Mér finnst sú tillaga sem fram er borin mjög góð að mörgu leyti og tekið er á flestum þeim þáttum sem skipta máli þegar byggðamál eru rædd. Segja má að með breyttum vinnubrögðum Byggðastofnunar á undanförnum árum, og sérstaklega á þessu kjörtímabili, hafi áherslurnar sem birtast í þessu frv. verið að kristallast, m.a. áherslur á það hvernig eigi að úthluta fjármunum til landsbyggðarinnar, eins og fram kemur í 3. tölulið, með því að styrkja eignarhaldsfélög, sem stofnuð hafa verið hjá landshlutunum og á mörgum stöðum þar sem það hefur verið gert, styrkt verulega eignarhaldsfélögin og byggðina og eflt þá byggðastarfsemi sem þar hefur verið mótuð.

Segja má að á Suðurnesjum hafi verið ákveðin forusta í því efni. Með markaðs- og atvinnumálaskrifstofunni sem þar hefur verið reist hafa einnig ýmsar nýjungar og atvinnuráðgjöf átt sér stað sem er eftirtektarverð.

Ég held einnig, herra forseti, að skv. 4. tölulið sé tæpt á ýmsu sem getur skipt máli varðandi útgerðarform landsbyggðarinnar en ég held að það megi með ýmsum rökum grípa til aðgerða í útgerðarháttum á landsbyggðinni sem eru óvenjulegar og þar á ég fyrst og fremst við að beita þá þeim möguleika sem kemur fram í 4. tölulið þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Sérstaklega verði hugað að aðgerðum í byggðum þar sem atvinnulíf er fábreytt og útgerð á í vök að verjast."

Ég held að þetta ákvæði eigi að geta orðið jafnvel til þess að menn breyti lögum um stjórn fiskveiða á þann hátt að byggðir sem eiga í vök að verjast, sem eru í þessa orðs merkingu líklega allar byggðir utan höfuðborgarsvæðisins, megi stunda ákveðna útgerð frjálst, og þá meina ég krókaútgerð eða útgerð krókabáta með færum þannig að takmörkun veiðanna sé önnur en á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef sjálfur talið það eðlilegt að veita krókabátum það frjálsræði að þeir megi sækja sjóinn þegar gefur. Þá er ég að tala um báta undir sex tonnum og ég er að tala um báta sem eru með færi en ekki með línu eða net.

Krókabátar hafa á undanförnum árum í rauninni haldið uppi atvinnunni í minnstu byggðunum og jafnvel einnig stærri byggðunum í mjög ríkum mæli og komið í staðinn fyrir það mikla magn afla sem hefur farið út á sjó til vinnslu í frystitogurum. Þannig hefur haldist uppi atvinna sem hefði annars ekki verið og um leið hafa ungir menn náð að koma undir sig fótunum í útgerð og náð að efla sig sem hefði ekki annars verið mögulegt eins og útgerðarformið hefur þróast í dag. Ég held því að ef þessari tillögu yrði beitt af alefli þá væri hægt að ná tökum á þessu sérstaka máli.

Í 7. tölulið er talað aðeins um stóriðju eða stóriðjuverkefni sem eru mjög ofarlega í huga landsbyggðarmanna og í mínum huga er óþarflega mikið gert úr því að stóriðja komi til með að breyta miklu á landsbyggðinni. Ég er ekki að segja að það geti ekki breytt verulegu en ég held að menn geri of mikið úr því. Áfallið þegar stóriðjuáformin rætast ekki verða of þung fyrir landsbyggðina og menn verða fyrir vonbrigðum, horfa upp á það að þeim sé hafnað í einhverri merkingu sem ég held að sé slæmt. Ég held að nauðsynlegt sé að horfa á það bara kalt og frá rökfræðilegum sjónarmiðum að rekstur stóriðju úti á landi í miklu fámenni er afskaplega hæpinn og það er það sem hefur komið í veg fyrir að útlendingar hafi byggt eða tekið áhættu af því að setja mikla fjármuni í stóriðju á landi að þeir sjá ekki fyrir sér að sá rekstur geti blómstrað eins og í fjölmenni. En slík starfsemi þarf mikið fjölmenni og þarf mikla þjónustu. Ég er því dálítið hræddur um það að menn horfi of mikið til þessa valkosts og ættu jafnvel að breyta þeirri hugmyndafræði verulega.

Ég held að í 8. tölulið komi fram mjög góð hugmynd, þ.e. að skapa störf í hátæknigreinum án tillits til búsetu. Eitt af því sem ég tel að geti styrkt stöðu okkar í atvinnuuppbyggingunni úti á landi eru svokölluð frísvæði, sem hafa verið liður í byggðastefnu margra ríkja í Evrópu, m.a. Íra sem hafa sett frísvæði á viðkvæmum svæðum eins og Shannon og náð að byggja upp alveg ótrúlega fjölþætta atvinnustarfsemi sem hefur leitt af sér aðra starfsemi, eins og menntastofnanir sem hafa í raun náð að verða framúrstefnustofnanir á heimsvísu. Ég held að við höfum ekki veitt þeim möguleika nógu mikla athygli, sem er stofnun frísvæða, og heldur ekki þeim möguleika sem fylgir frísvæðum. Við höfum fengið sértaka viðurkenningu frá Evrópusambandinu um að hér mætti vera sérstakt frísvæði utan höfuðborgarsvæðisins, sem hefði möguleika til sértækra aðgerða sem mundu ekki ganga á skjön við hugmyndir Evrópusambandsins um styrki til sérstakra svæða sem væru þá ekki samkvæmt reglum. Ég held því að menn ættu samkvæmt þeim hugmyndum sem hafa náð að blómstra innan frísvæðamöguleikans að huga betur að þeim möguleika en gert hefur verið.

Ég vil svo segja eitt varðandi 11. liðinn sem mér finnst líka hafa verið vel orðaður en ég held að þar mætti bæta við ýmsu sem varðar sendingar fjölmiðla og Pósts og síma eða Landssímans og annarra fyrirtækja um land allt. Ekkert fer meira í taugarnar á landbyggðarfólki en sambandsleysi, þ.e. sambandsleysi GSM og síma yfirleitt, fjarskiptatækja, sambandsleysi sjónvarps, að ná ekki Stöð 2, ná ekki útvarpssendingum almennilega. Allt slíkt hefur farið afskaplega í taugarnar á fólki og ég held að menn verði að halda vel utan um slík atriði svo að fólki úti á landi finnist að hugsað sé um það af opinberum aðilum að þessu leyti.

Eitt held ég að mundi skila okkur verulegum árangri í byggðamálum. Það er breytt kjördæmaskipan sem verið hefur til umræðu á undanförnum mánuðum og kemur væntanlega inn í þingið mjög fljótlega. Þær hugmyndir lúta að því að þéttbýliskjarnar verði í hverju kjördæmi og ég álít að það muni styrkja landsbyggðina verulega.

Við sjáum fyrir okkur að þeir byggðakjarnar verði reyndar á jöðrum margra þessara svæða. Reykjanesbær verður t.d. stærsta byggðarlagið í suðurkjördæmi. Akureyri verður nokkurn veginn í jaðri norðausturkjördæmisins og Akranes í jaðri vesturkjördæmisins. Eigi að síður ber að líta svo á að þessi stóru byggðarlög geti orðið þau akkeri sem þróað geti starfsemi sem nýtist öllu kjördæminu.

Ég tel að í kringum nýja kjördæmaskipan eigum við að reyna að stofna fyrirtæki og stofnanir sem nýtist viðkomandi kjördæmum en geti um leið nýtt sér þann stöðugleika sem höfuðborgarsvæðið getur veitt þessum miðkjörnum, þ.e. stærri byggðakjörnum innan hvers kjördæmis. Mér finnst afar mikilvægt að íbúar kjördæmanna hafi á tilfinningunni að þau eigi svona nokkurs konar kjarna, höfuðborgarsvæði, sem þjónustan leiti til.

Herra forseti. Liður 20, um langtímaviðhorf og stofnvegi á miðhálendinu, finnst mér athyglisverð og góð hugmynd.

Mér finnst eðlilegt að marka hugmyndir um stofnvegi um hálendið og marka stefnu í hvernig virkja eigi ferðamennskuna og það aðdráttarafl sem náttúruperlur hálendisins hafa á ferðamenn. Ég held að við eigum að snúa okkur meira að því verkefni en gert hefur verið fram að þessu. Það gæti hugsanlega komið í veg fyrir mörg áform sem í dag eru uppi um annars konar starfsemi sem betur þyrfti að íhuga með framtíðina í huga.

Herra forseti. Það verður aldrei hægt að veita alla þá þjónustu sem menn vilja í hinum fámennari byggðum. Þá þjónustu verður aldrei hægt að veita nema á einum stað á landinu, á höfuðborgarsvæðinu, einfaldlega vegna þess að landið er fámennt og stórt. Ég held samt að við eigum að taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram um að tala eigi jákvætt um landsbyggðina. Við ættum að leggja meiri áherslu á það í þessari áætlun og auglýsa og byggja upp jákvæða umfjöllun um landsbyggðina og búsetu úti á landi. Opinberir aðilar ættu jafnvel að fjármagna auglýsingaherferð fyrir landsbyggðina í heild sinni, um búsetu þar, búsetuskilyrði, möguleika og þá dýrð og dásemd sem landsbyggðarmenn vilja meina að fylgi sínu byggðarlagi. Ég hef sjálfur sem landsbyggðarmaður alltaf álitið það gæfu mína að hafa verið alinn upp úti á landi. Þar með er ég ekki að gera lítið úr því að vera alinn upp í Reykjavík en þetta getur svo sem átt vel saman. Ég er sömu skoðunar og flestir aðrir, þ.e. að allt landið ætti að vera í byggð. Því getum við fylgt eftir með ýmsu móti. Menn eru að reyna það með þessari ályktun og með því að styrkja hana enn frekar ættum við að geta náð enn meiri árangri og þá er tilgangnum náð. Ef það næst með samstilltu átaki hér í þinginu þá eigum við ekki að þurfa að kvíða því að landið verði á rönd byggðalega séð.

[21:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða við lok þessarar umræðu að færa hv. þingmönnum þakkir fyrir málefnalega og góða þátttöku í meðferð málsins. Það gefur okkur vonir um að þessi ályktun, þá hún hefur verið samþykkt, fái góðan stuðning og framgang á næstu árum, þ.e. gildistíma ályktunarinnar. Ég hygg að þeir sem hér hafa talað hafi flestir verið sammála um að þó ályktunin sé góð og því væri verr af stað farið en heima setið ef menn fylgdu þessum orðum ekki eftir með athöfn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:06.

---

26. FUNDUR

miðvikudaginn 18. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Hreinsun jarðvegs á Nickel-svæðinu, fsp. SJóh, 138. mál, þskj. 138.

Til menntamálaráðherra:

2. Útsendingarstyrkur ljósvakamiðla á Suðurnesjum, fsp. ÁE, 34. mál, þskj. 34.

3. Lánasjóður íslenskra námsmanna, fsp. JóhS, 192. mál, þskj. 208.

4. Fjarnám, fsp. ÍGP, 221. mál, þskj. 248.

5. Móttökuskilyrði ríkisútvarps og ríkissjónvarps, fsp. MS, 238. mál, þskj. 269.

Til dómsmálaráðherra:

6. Lausaganga búfjár, fsp. HjÁ, 158. mál, þskj. 158.

Til sjávarútvegsráðherra:

7. Áhrif hvalveiðibanns, fsp. EKG, 50. mál, þskj. 50.

8. Aðgerðir vegna tekjumissis grásleppusjómanna, fsp. GE, 168. mál, þskj. 170.

Til félagsmálaráðherra:

9. Nýtt greiðslumat, fsp. JóhS, 188. mál, þskj. 204.

Til fjármálaráðherra:

10. Greiðslur til starfsmanna í B-hluta stofnunum ríkisins, fsp. JóhS, 190. mál, þskj. 206.

Til heilbrigðisráðherra:

11. Kjör ellilífeyrisþega, fsp. ÞHS, 216. mál, þskj. 239.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurnum og undirbúningur svara.

[13:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þess að mig er farið að lengja eftir svörum við þremur fyrirspurnum sem ég lagði fram til hæstv. iðn.- og viðskrh. í upphafi þings í haust. Nú er það svo að hæstv. ráðherra er með fjarvist og ég hafði tilkynnt honum að ég mundi koma með þessa athugasemd um störf þingsins í upphafi, ætlaði að gera það í gær en þá tókst ekki að ná tali af honum þar sem hann var upptekinn, en fyrirspurnir þær sem ég er að kalla eftir svörum við eru á þskj. 69, 70 og 71 og eru um sérstaka samninga sem gerðir voru við bankastjóra ríkisbankanna áður en samið var við þá sérstaklega sem bankastjóra hlutafélagabankanna. Þetta voru starfslokasamningar.

Fyrir hálfum mánuði átti ég orðastað við forseta vegna þessara fyrirspurna þar sem höfðu verið bréfaskriftir milli forseta og hæstv. ráðherra og ég óskaði eftir að fá þau bréfaskipti til mín en hef ekki fengið svör við því heldur.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki dugi einn og hálfur mánuður til að afla upplýsinga um þessa sérstöku starfslokasamninga fyrir bankastjóra ríkisbankanna. Fyrir hálfum mánuði upplýsti ríkisendurskoðandi, sem var þá með svörin til yfirlestrar, mig um það að hann væri með svörin og mundi senda þau þann dag til hæstv. ráðherra. Síðan er liðinn hálfur mánuður og ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort þarna er eitthvað sem ekki þolir dagsins ljós eða hvernig stendur á því að ekki berast svör við þessum fyrirspurnum. Ég hef skilning á því að ekki koma svör við fyrirspurnunum um gesti í Lundúnaíbúð Búnaðarbankans því að ég veit að þar var skráning öll í skötulíki og gestabókin finnst ekki og skiljanlegt að ráðherra geti ekki svarað því rétt í þinginu hverjir hafi gist í þeirri íbúð. En samningar við bankastjórana, sérstakir samningar sem voru gerðir ættu að liggja fyrir og þess vegna, herra forseti, kalla ég eftir því hvenær er von á þessum svörum, hvort forseta er kunnugt um það og einnig hvort ég muni fá svör við bréfi mínu til forseta um að fá

upplýst um bréfaskipti milli forseta og hæstv. ráðherra.

[13:33]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill upplýsa vegna fyrirspurnar hv. þm. að það lá fyrir í upphafi fundar að hæstv. viðskrh. yrði ekki hér í dag og hann er með fjarvistarleyfi. En hvað varðar svör við þeim fyrirspurnum, sem hv. þm. var að rukka um, þá hefur forseti aflað sér upplýsinga um að von er á þeim í þingið öðru hvoru megin við helgina.

Hvað hitt atriðið varðar, þau bréf sem hv. þm. ræðir um og hefur ritað forseta, er það mál sem er í höndum forseta þingsins, Ólafs G. Einarssonar.

[13:34]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í tilefni þessara orðræðna vakti sérstaka athygli mína í gær þegar dreift var svari við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um rekstrarkostnað Rafmagnsveitna ríkisins að hæstv. iðnrh. og viðskrh. lét þess getið í upphafi og inngangi svara sinna að Ríkisendurskoðun hefði yfirfarið og staðfest fjárhagsuppýsingar sem fram koma í svarinu. Það liggur í loftinu og hefur það verið upplýst af hálfu hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur að sami háttur hafi verið hafður á þegar kemur að vinnu við svör hv. þm. um starfssamninga við bankastjóra Landsbankans og Búnaðarbankans og það hafi m.a. orsakað að þessi svör eru ekki komin fram.

Ég vil halda því mjög ákveðið til haga að það eru hæstv. ráðherrar hverju sinni sem bera auðvitað fulla og óskoraða ábyrgð á þeim svörum sem þeir kom fram með og það er ekki boðlegt gagnvart hinu háa Alþingi að hæstv. ráðherrar geti annars vegar borið fyrir sig ríkisendurskoðanda, þegar þeir afsaka tafir á svörum og hins vegar að þeir ætli að skjóta sér undir pilsfald hans þegar um hugsanlega gagnrýni á svörum þeirra er að ræða. Þetta er fullkomlega á skjön við þá stjórnskipan sem hér er í gangi. Ríkisendurskoðandi heyrir beint undir Alþingi en ekki hæstv. ríkisstjórn, ekki framkvæmdarvaldið, og það skýtur mjög skökku við að blanda þessum starfsmanni Alþingis inn í svör framkvæmdarvaldsins með þessum hætti. Við hljótum að taka þetta mál mjög alvarlega, virðulegi forseti, þetta eru vinnubrögð sem ganga ekki, hreint út sagt.

[13:37]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrir svör af forsetastóli en verð því miður að lýsa yfir vonbrigðum með að geta ekki fengið nánari svör um hvenær von sé á svörum við fyrirspurnum um þessa sérstöku samninga við bankastjórana. Það er talað um öðru hvoru megin við helgina. Ég minni á að rúmur einn og hálfur mánuður er frá því að spurt var. Menn hafa 10 daga til að svara. Engir þingfundir verða í næstu viku og það er því áríðandi að fá að vita það hvort svörin berast fyrir helgi og ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort þarna er eitthvað á ferðinni sem ekki þolir dagsins ljós. Er eitthvað sem ekki þolir að koma fram fyrir kosningu varaformanns Framsfl. á þinginu á laugardaginn? Á að bíða með þessi svör fram yfir helgi vegna þess?

Mér finnst þetta mjög sérkennilegt og ég minni á að hálfur mánuður er síðan ríkisendurskoðandi, sem var fenginn til að lesa þessi svör yfir, sendi svörin til hæstv. ráðherra og það er sérkennilegt að hann skuli liggja á þessum svörum enn í hálfan mánuð frá því að ríkisendurskoðandi fékk þau til yfirlestrar. Hvað dvelur orminn langa í þessum efnum? Ég furða mig á því, herra forseti, og ég óska eftir því við hæstv. forseta að hann sjái til þess að þessi svör berist fyrir helgina til þess að ljóst sé að ekkert sé í þessum svörum sem ekki þolir dagsins ljós, sem ekki megi koma fram fyrir fundinn á laugardaginn.

Varðandi bréfaskriftirnar óska ég aftur eftir því að fá svör við því bréfi sem ég sendi forseta fyrir rúmri viku.

[13:39]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Eins og forseti hefur sagt er það bréf í höndum forseta þingsins, Ólafs G. Einarssonar, og sá forseti sem hér stendur ræður engu um það. Hann mun ræða það í forsn. hvernig með slík bréf er farið.

Hvað hitt atriðið varðar getur forseti tekið undir að það er auðvitað mikilvægt að hæstv. ráðherrar svari innan tilskilins tíma en þetta eru þær upplýsingar sem forseti hefur aflað sér: öðru hvoru megin við helgina. Það hlýtur að vera stuttur tími.

[13:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þegar hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir spurðist fyrir um bréfaskipti sem höfðu orðið milli ríkisendurskoðanda og forsn. þingsins var því svarað af hálfu forseta að það mál yrði kannað og kveðinn yrði upp úrskurður um það hvort hv. þm. fengi þessi bréf í hendur. Ef ég man rétt var þá á forsetastóli hv. þm. Ragnar Arnalds sem eins og núverandi forseti er ekki aðalforseti, en mér finnst að það sé ekki hægt að varaforsetar hver fram af öðrum vísi þessu máli þannig frá sér og ég velti því fyrir mér hvort eitthvað sé að boðskiptaleiðum millum forseta.

Í annan stað, herra forseti, finnst mér það með öllu óásættanlegt að hér er það upplýst að ríkisendurskoðandi, sem farið hefur yfir þessi svör, hafi sent svörin til hæstv. viðskrh. fyrir hálfum mánuði. Auðvitað hljóta menn að velta því fyrir sér hvað það sé sem veldur því að hæstv. ráðherra sendir þessi svör ekki inn í þingið eins og honum ber skylda til.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir spyr: Getur verið að í þessu sé eitthvað sem sé ekki heppilegt fyrir ráðherrann? Óneitanlega, herra forseti, læðist sá grunur að manni að hæstv. viðskrh. vilji ekki að þessi svör komi inn í þingið, komi fyrir sjónir fjölmiðla áður en hann gengur til flokksþings Framsfl. þar sem hann er að berjast fyrir varaformennsku. Það er skylda þingsins að sjá til þess að ef þessi svör eru fyrir hendi séu þau lögð inn í þingið.

[13:41]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill vara hv. þm. við að vera með getgátur um mál sem kemur innan skamms inn í þingið.

[13:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þetta er umræða sem er mjög lík því sem jafnaðarmenn standa oft fyrir í þinginu en ég bendi hv. þingmönnum á það af því að þeir eru með dylgjur að það er að sjálfsögðu bankaráð viðskiptabankanna sem gerir samninga við bankastjóra. Það er ekki viðskrh. Hins vegar er eðlilegt að það taki einhvern tíma fyrir ráðherra að svara fyrirspurnum. Ég veit engar skýringar á þessari töf, en það er líka eðlilegt að menn vilji hafa þau svör vönduð.

Hér var rætt um að Ríkisendurskoðun ætti ekki að koma að málinu. Ég bendi hv. þm. á að Ríkisendurskoðun er ábyrg jafnframt fyrir endurskoðun þessara fyrirtækja og eðlilegt er

að ráðherrar leiti til endurskoðanda viðkomandi fyrirtækja, hvort sem það er Ríkisendurskoðun eða einhverjir sjálfstæðir endurskoðendur, til þess að yfirfara svörin til þess að þau geti verið sem réttust og vönduðust.

Ég harma að hv. þingmenn jafnaðarmannaflokksins, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Össur Skarphéðinsson, skuli ávallt vera með umræður á þessu plani í þinginu. Það er kannski ekki von að almenningur hafi mikið álit á störfum þingmanna því að þessir hv. þm. eru ávallt með skilaboð um það til þjóðarinnar að hér á þingi sitji óvandaðir menn.

[13:42]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að gera alvarlegar athugasemdir við túlkun hæstv. utanrrh. á aðkomu Ríkisendurskoðunar í þessum efnum. Ef það er gegnumgangandi túlkun hæstv. ríkisstjórnar að hér sé farið rétt að málum eru hlutirnir á mjög alvarlegu stigi.

Ég vek á því athygli að á þeim tíma sem hér er um spurt hafði hæstv. viðskrh. sjálfur sérlegan ráðherraskipaðan endurskoðanda og eðli máls samkvæmt ætti hann þá að sækja gögn sín til hans og aukin heldur þess bankaráðs sem þá sat og raunar situr mestan part enn þá. Hann hefur því öll tök á því að nálgast þessar upplýsingar með viðunandi og fullnægjandi hætti hafi hann vilja til þess án þess að atbeina Ríkisendurskoðunar þurfi við.

Ég vil bara varpa því upp, virðulegi forseti, hver staða þingsins er. Við skulum segja að hér komi þessi svör. Hv. fyrirspyrjandi og þingflokkur hans vilja kannski hugsanlega fá á því nánari útlistun og óska eftir því að Ríkisendurskoðun geri á því sérstaka könnun. Þessi sami ríkisendurskoðandi hefur þá þegar staðið að gerð svaranna. Hver er staða hins háa Alþingis með þeim hætti? Ég legg áherslu á að Ríkisendurskoðun er óháð stjórnvald, fullkomlega óháð. Ríkisendurskoðandi heyrir undir Alþingi en hefur sitt óháða og sjálfstæða ákvörðunarvald þannig að við skulum hafa þessa verkaskiptingu alveg skýra. Því árétta ég það, virðulegi forseti, að þá hlýtur stjórn þingsins og þingmenn allir hljóta auðvitað að gaumgæfa mjög alvarlega og ræða í botn hvernig við ætlum að standa að málum svo með viti sé.

[13:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég skil vel að formanni Framsfl., utanrrh., falli það ekki að sitja hér og hlusta á gagnrýni á hvernig staðið hefur verið að málum af hálfu eins ráðherra hans gagnvart einni lítilli fyrirspurn. Ég er hins vegar afar ósátt við viðbrögð hans þegar hann kemur hér í ræðustól Alþingis og gefur það til kynna að jafnaðarmenn standi fyrir einhverjum sérstökum „neikvæðum" umræðum um vinnubrögð ráðherra eða annarra í þessum ræðustól.

Jafnaðarmenn eru sterkur þingflokkur. Þeir eru stærstir stjórnarandstöðuflokkanna. Þeir hafa hlutverki að gegna í aðhaldi á ríkisstjórn og þeir axla vissulega þá ábyrgð á sama hátt og Framsfl. gerði á síðasta kjörtímabili og lét þá oft í sér heyra um það sem honum fannst miður fara.

Hér hefur komið fram að það hefur dregist í einn og hálfan mánuð að svara fyrirspurn um mál sem liggur skýrt fyrir hjá viðskiptabönkunum og ætti þess vegna að taka eina viku að svara. Það er verið að kvarta undan því með réttu.

Það hafa líka komið fram athugasemdir um bréfaskipti sem hafa átt sér stað milli ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar um þetta svar og það var rætt í síðustu viku. Það eru fullréttmætar athugasemdir sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur komið fram með að það eigi að skoða það hvort Ríkisendurskoðun eigi að vera að skipta sér fyrir fram af svörum framkvæmdarvaldsins.

Herra forseti. Ég tel mjög eðlilegt að forsn. taki það fyrir hver eigi að vera þáttur ríkisendurskoðanda í máli sem þessu og okkur getur greint á um stöðu ráðherra eða möguleika til svara. Það er fullkomlega eðlilegt að gagnrýna það að þetta svar skuli hafa tekið einn og hálfan mánuð og ómaklegt að koma með athugasemdir á jafnaðarmenn með þeim hætti sem hér var gert.

[13:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er ágætt hjá hæstv. utanrrh. og formanni Framsfl. að koma hingað og ætla að kenna þingmönnum mannasiði, kenna þeim hvernig þeir eiga að haga sér í þinginu. Það er prýðilegt að fá lexíu frá honum í þeim efnum. En er hæstv. utanrrh. ekki að tefla á röngu skákborði? Ætti hann ekki frekar að beina umvöndunum sínum til eins af þeim mönnum sem hann hefur undir sínu skjóli, þ.e. hæstv. viðskrh.?

Hverjar eru staðreyndir málsins? Þær eru þessar: Ráðherrum ber skylda til að svara innan tiltekins tímafrests. Fyrirspurnin sem við erum hér að ræða kom fram fyrir einum og hálfum mánuði. Tilskilinn tímafrestur er löngu liðinn. Svarið hefur ekki borist. Hæstv. utanrrh. ætti því frekar að kenna hæstv. viðskrh. hvernig hann á að haga sér í þinginu til þess að fullur sómi sé að.

Það liggur fyrir að svarið sem hæstv. viðskrh. hefur þegar undirbúið og fengið frá viðskiptabönkunum barst fyrir lifandis löngu til hans. Það svar sendi hæstv. ráðherra til Ríkisendurskoðunar sem sendi það til hans fyrir tíu dögum síðan. Hæstv. ráðherra hefur haft full tök á að leggja það svar fyrir þingheim. Það hefur hann ekki gert. Um hvað fjallar þessi spurning? Um starfslok bankastjóranna, starfslokakjör bankastjóranna þegar bankarnir voru gerðir að hlutafélögum. Kynni það að vera að hæstv. ráðherra þætti óþægilegt að fá þær upplýsingar fram á vettvang fjölmiðla rétt áður en hann fer í varaformannskjör í Framsfl. þegar við blasir að allir aðrir starfsmenn bankanna fengu að sjálfsögðu engin svona kjör?

Herra forseti. Ég sætti mig ekki við að málið sé afgreitt með þessum hætti. Hæstv. forseti hefur upplýst að gögnin sem hæstv. ráðherra þarf til að leggja fyrir þingið séu í höndum hans og ég krefst þess að hæstv. forseti gangi eftir því að ráðherrann sinni lögboðinni skyldu og afhendi þinginu þessi svör.

[13:49]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill vegna þessara orða segja að hann hefur þegar, hvað eftir annað, upplýst úr forsetastól að von er á þessum svörum fyrir eða eftir helgi.

[13:49]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það sem hér um ræðir er beiðni hv. þingmanna um svör. Með henni hlýtur að vera ætlunin að fá efnislega rétt svör. Hæstv. forseti hefur hér ítrekað upplýst að þau svör muni koma innan skamms. Vitanlega má gagnrýna tímasetninguna en það hlýtur að teljast eðlilegt að bíða eftir því að þessi efnislega réttu svör komi hingað. Það hlýtur að vera efnislega rétt að taka málið upp á þeim tímapunkti þegar hæstv. ráðherra er viðstaddur. Það var upplýst

í upphafi þingfundar að hann hefði fjarvistarleyfi í dag og það eru óvönduð vinnubrögð að leggjast í dylgjur, að gefa sér ýmislegt um efni svars sem ókomið er, leggja út af því og það hafa hv. þingmenn jafnaðarmanna gert hver á fætur öðrum. Það er e.t.v. engin tilviljun að þeir skuli ítrekað nefna væntanlegar kosningar á flokksþingi framsóknarmanna nú um helgina. Það er engin tilviljun býst ég við. Þeir eru með þessu á sinn hátt að reyna að hafa áhrif á þær kosningar. Það eru óvönduð vinnubrögð og ekki heiðarleg vinnubrögð.

Hreinsun jarðvegs á Nickel-svæðinu.

Fsp. SJóh, 138. mál. — Þskj. 138.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Á bæjarmörkunum gömlu milli Keflavíkur og Njarðvíkur upp með flugvallarvegi er afgirt svæði sem hefur verið yfirráðasvæði hersins í áratugi og kallað hefur verið í daglegu tali á Suðurnesjum Nickel-svæðið. Herinn var þarna á árum áður með starfsemi af ýmsum toga, m.a. voru þarna birgðatankar fyrir olíu. Síðan bærinn stækkaði og að ég tala nú ekki um síðan Reykjanesbær varð til, hefur bæjarstjórnin haft augastað á þessu svæði sem gengur inn í miðja byggðina, einkum þar sem herinn er ekki lengur með starfsemi á svæðinu svo neinu nemur og olíutankar sem þar eru eru ekki lengur notaðir eftir að olíustöðin í Helguvík kom til sögunnar. En bærinn hefur ekki viljað taka við landinu nema þar væri fyrst kannað hvaða eiturefni væru þar í jörðu. Þar hræða sporin. Árið 1989 lét herinn sjálfur kanna útbreiðslu hinna stórhættulega þrávirku leysiefna PCE og TCE á nærliggjandi svæði og kom þá í ljós að þau efni fundust þar í grunnvatni í miklum mæli sums staðar, m.a. í nánd við þáverandi vatnsból hersins sem þá var umsvifalaust lokað þótt ekki væri mikið gert til að kynna niðurstöður rannsóknarinnar að öðru leyti hvorki þá né síðar.

Það segja eldri menn sem unnu á Keflavíkurflugvelli á fyrstu áratugum hersetunnar að mörg fleiri efni en þau þrávirku leysiefni sem hér hafa verið nefnd til sögunnar geymi jörðin á þessum slóðum. Menn grófu þar ýmiss konar leysiefni, slökkviefni, rafgeymaleifar, spennuolíu sem stundum innihélt PCB, málmhúðunarleifar og ýmislegt annað miður geðslegt. Auk þess er á allra vitorði að einmitt á Nickel-svæðinu fór niður í jörðina í tilteknu slysi umtalsvert magn af olíu sem er þó kannski ekki það hættulegasta sem um getur verið að ræða.

Í stuttu máli sagt hefur herinn hingað til neitað að leggja fram fjármuni til að rannsaka jarðveginn á Nickel-svæðinu áður en þeir skiluðu svæðinu af sér, en nú hefur utanrrn. lagt til að Íslendingar borgi slíka rannsókn. Því hef ég lagt fram eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. utanrrh.:

„Hver er ástæða þess að utanríkisráðuneytið hefur nú ákveðið að Íslendingar leggi fram fjármuni til hreinsunar jarðvegs á svokölluðu Nickel-svæði?

Hvað veldur því að úrelt mannvirki á svæðinu, sem í tengslum við afhendingu lóranstöðvarinnar á Gufuskálum var samið um að Íslendingar sæju um að rífa, standa enn óhögguð?

Ef mengun reynist á svæðinu í þeim mæli sem margt bendir til mun þá herinn greiða kostnaðinn við hreinsun svæðisins?“

[13:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Neðan þjóðbrautar að flugstöð Leifs Eiríkssonar við Reykjanesbæ er að finna svonefnt neðra Nickel-svæði sem geymir gamla eldsneytistanka varnarliðsins. Svæðið er ekki lengur í notkun og fyrir liggur áhugi á að formleg skil þessa svæðis til íslenskra stjórnvalda fari fram. Reykjanesbær hefur ítrekað lýst áhuga á að fá svæðið til notkunar og sýnt mikinn vilja til að koma málinu í réttan farveg. Ástæða þess að mál þetta hefur ekki náð fram að ganga er ágreiningur um mengunarrannsóknir.

Forsagan er sú að 1992 gerði bandaríska fyrirtækið Baker Environmental Institute rannsókn á þessu svæði og þar kom fram að aðeins væri um takmarkaða olíumengun að ræða samkvæmt þeirra áliti. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur þessa rannsókn ekki tæmandi og hefur gert kröfu um frekari rannsóknir. Varnarmálaskrifstofa utanrrn. hefur ítrekað farið þess á leit við bandarísk stjórnvöld að þau framkvæmi viðbótarrannsóknir. Þessari málaleitan hefur afdráttarlaust verið hafnað því bandarísk varnarmálayfirvöld telja sig ekki hafa lagalega heimild til að veita frekara fé til rannsókna þar sem fyrrnefnd rannsókn fullnægi þeirra lagaákvæðum. Brýnt var að leysa þetta mál og í það minnsta ganga úr skugga um hvort þarna er um meiri mengun að ræða en fram kemur í rannsókn Baker Environmental Institute og fullnægja þannig þeim vanköntum sem heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur vera á þeirri rannsókn.

Viðurkennt bandarískt fyrirtæki á sviði mengunarrannsókna, DeLisle Associates Limited hefur nú rannsakað svæðið og kannað hvort þar er um aðra mengun að ræða en olíumengun. Rannsóknin fór fram í samvinnu við heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar í byrjun október var ekki samþykkt að utanrrn. leggi fram fjármuni til hreinsunar jarðvegs á Nickel-svæðinu heldur var einungis ákveðið að kosta umrædda vettvangsrannsókn. Ástæðan var einfaldlega sú að málið var komið í hnút sem varð að leysa. Eins og áður segir er svæðið ekki lengur í notkun varnarliðsins og Reykjanesbær hefur sýnt mikinn áhuga á svæðinu enda liggur það vel að núverandi byggð og allir sem þarna hafa farið fram hjá sjá hvaða lýti það er fyrir þetta umhverfi. Gert er ráð fyrir því að kostnaðurinn við rannsóknina komi til baka til ríkisins í formi leigu eða verðs þegar svæðið kemur til afhendingar.

Svar við annarri spurningu: Umsýslustofnun varnarmála, Sala varnarliðseigna, gerði 1. nóvember 1996 samning við verktakafyrirtæki á Suðurnesjum um niðurrif yfirborðsmannvirkja á neðra Nickel-svæðinu. Þessu verki átti að ljúka í september sl. Þetta verk hefur ekki gengið sem skyldi af hálfu verktakans auk þess sem upp hafa risið álitamál vegna hreinsana á þeim hluta mannvirkjanna sem eru neðan jarðar. Tekin hefur verið sú afstaða að bíða niðurstöðu yfirstandandi rannsóknar og hefja þá hreinsunarátak.

Hvað varðar þriðju spurninguna þá er í fyrstu rétt að undirstrika að þótt vettvangsrannsókn sé nú lokið þá liggja niðurstöður þeirra enn ekki fyrir og því er ekkert hægt að segja til um hvort og þá í hvað miklum mæli svæðið er mengað. Ég tel rétt að spara allar fullyrðingar um það þar til niðurstöður rannsóknanna eru kunnar. Auðsætt er að ef alvarleg mengun finnst á svæðinu þá verður það að sjálfsögðu tekið upp við varnarliðið og ég vona að þessi afskipti utanrrn.

og ríkisstjórnarinnar geti orðið til þess að finna farsæla lausn á þessu máli.

[13:59]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að hreyfa þessu máli hér. Það er rétt sem komið hefur fram að þarna er um að ræða land sem hefur lengi verið reynt að fá undir byggingarland af hálfu Njarðvíkurbæjar fyrst og síðan Reykjanesbæjar. Ég veit að það mál er á góðri hreyfingu þessa stundina og ég held að það megi þakka sérstökum aðgerðum hæstv. utanrrh. að málið er núna komið á það stig að við getum hugsanlega séð að rannsóknin á jarðveginum þarna liggi fyrir um áramótin og í framhaldi af því sjáist hve mikið af jarðvegi þarf að fjarlægja ef eitthvað þarf að fjarlægja á annað borð. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að þetta er mál sem þarf að hreyfa og fylgja vel eftir því það er beðið eftir að þarna verði byggingarhæft landsvæði.

[14:00]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Svæðið sem hér um ræðir, Nickel-svæðið, skiptir Reykjanesbæ í tvennt, kemur eins og tunga um miðbik bæjarfélagsins og hindrar þéttingu byggðar. Svæðið er enn fremur ekki í notkun lengur af hálfu varnarliðsins. Málið hefur, eins og fram kom í svari hæstv. utanrrh., verið í hnút og ég vil fagna því frumkvæði sem hæstv. utanrrh. hefur sýnt í því. Það er mjög mikilvægt, til þess að geta þétt byggð í Reykjanesbæ, að taka þetta mál föstum tökum. Svæðið er ekki lengur notað af varnarliðinu og ég tel afskaplega mikilvægt að þetta skuli hafa verið gert í fullu samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Mikilvægt er að taka þetta mál föstum tökum. Bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ hafa þegar skipulagt svæðið með það í huga að koma þar á samfelldri byggð.

Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa málinu.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Ég fagna því að þessi rannsókn skuli gerð þó endirinn yrði sá að gera þyrfti þessa rannsókn á kostnað íslenska ríkisins. Það er vitanlega mjög ankannalegt. Auðvitað á herinn að gera þarna fullnægjandi rannsókn áður en þeir skila af sér því svæði sem þeir hafa haft að láni þegar þeir þurfa ekki lengur á því að halda.

Ég vil hins vegar harma og afsaka það að úr fyrirspurninni féll spurning um til hvaða eiturefna rannsóknin næði. Eins og ég taldi upp í fyrri ræðu minni er talið að fjölbreytilegan flokk eiturefna megi finna þarna í jörðu víðs vegar. Það hefur að vísu verið gerð rannsókn á sumum þeirra og reynst vera mikið af þeim eins og í rannsókn hersins frá 1989 sem ég vitnaði í áðan. Hins vegar hefur PCB-mengun lítið verið rannsökuð á þessu svæði og er þó vitað af því þarna í jörðu.

Mér hefur blöskrað hversu bráðir þeir eru, félagar mínir í Reykjanesbæ, að fá að skipuleggja byggingar á þessu landi áður en rannsókn er lokið. Ég hef heyrt að verið sé að skipuleggja þetta svæði og í því skipulagi sé leikskóli, fjölnota íþróttahús og fleira gott. Ég mundi gjarnan vilja að lokið yrði við rannsóknina og þá hreinsun sem þarf að fara fram á svæðinu áður en farið væri að skipuleggja mikið. Ég minni á íbúðarblokkir við Gónhól í Njarðvík sem reistar voru á svæði þar sem mjög vafasamar niðurstöður höfðu komið út úr eiturefnarannsóknum nokkru áður.

[14:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Sú rannsókn sem nú fer fram tekur til þess hvort um aðra mengun en olíumengun er að ræða. Ég get ekki tilgreint nákvæmlega hvaða efni þar er um að ræða en fyrst og fremst er verið að kanna hvort einhver önnur mengun hafi átt sér stað. Um það hefur ágreiningurinn staðið. Ég vænti þess að sannleikurinn komi í ljós í þessari rannsókn. Við skulum vona og biðja að ekki sé um aðra mengun að ræða. Að sjálfsögðu get ég ekki fullyrt neitt um það.

Það má í sjálfu sér lengi deila um hver skuli kosta slíka rannsókn. Utanrrn. var á þeirri skoðun að varnarliðið ætti að gera það. Hins vegar er hér ekki um mjög háar fjárhæðir að ræða, kostnaðaráætlunin er 4–5 millj. kr. Ég taldi ekki verjandi lengur að láta stranda á því í sambandi við þetta mál. Ýmislegt annað skiptir máli í samskiptum varnarliðsins við íslenska ríkið og sveitarfélögin á Suðurnesjum og ég taldi ekki heppilegt að halda lengur uppi ágreiningi um þetta mál og betra að klippa á þann hnút sem þarna var vissulega kominn.

Útsendingarstyrkur ljósvakamiðla á Suðurnesjum.

Fsp. ÁE, 34. mál. — Þskj. 34.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Á þskj. 34 hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurn í fjórum liðum til hæstv. menntmrh. um lélegan útsendingarstyrk ljósvakamiðla á Suðurnesjum. Mikil óánægja hefur verið með útsendingar ljósvakamiðla á Suðurnesjum. Þess má geta að aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum ályktaði 11.–12. sept. sl. um þetta mál. Þar var lýst yfir undrun á seinagangi við að koma gæðum útsendinga í lag.

Þetta mál hefur verið með miklum eindæmum, þetta er ófremdarástand og mjög slæmt víða á Suðurnesjum, sérstaklega í Vogum og Grindavík. Víða í Reykjanesbæ eru dauðir blettir í útsendingu og Suðurnesjamenn þekkja að oft „snjóar" á sjónvarpsskjám. Það heyrist illa í útvarpi. Þetta á hins vegar bæði við Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp og einnig við útsendingar Íslenska útvarpsfélagsins, þ.e. Bylgjunnar og Stöðvar 2.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa tekið frumkvæðið í þessum efnum og átt viðræður við þessa aðila en það hefur ekki borið neinn árangur þrátt fyrir yfirlýsingar í aðra átt.

Þarna búa vitaskuld mjög margir, 15 þúsund manns, og fyrirspurn mín til hæstv. ráðherra er svohljóðandi:

„1. Hverjar eru ástæður þess að útsendingarstyrkur Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, er mjög lélegur víða á Suðurnesjum?

2. Hvers vegna hefur ekki verið gripið til aðgerða til að bæta úr þessu?

3. Finnst ráðherra eðlilegt að íbúar Suðurnesja greiði fullt afnotagjald fyrir þjónustu sem er í reynd ekki innt af hendi á fullnægjandi hátt?

4. Er ráðherra reiðubúinn að stuðla að samvinnu Ríkisútvarpsins og Íslenska útvarpsfélagsins til að ráða bót á þessu vandamáli?"

Ég vil geta þess að um leið og ég lagði fyrirspurnina fram til hæstv. menntmrh. þá ritaði ég Íslenska útvarpsfélaginu bréf og bar fram sambærilegar spurningar til þeirra. Ég hef fengið bréflegt svar frá þeim þar sem þeir lýsa því sem þeir hafa gert til úrbóta í þessum málum. Þeir geta þess t.d. að vandkvæðin við að dreifa örbylgjumerkjum hafi verið erfið vegna endurkasts frá sjó. Þeir segja svo ég vitni orðrétt í bréf þeirra, með leyfi forseta:

„Ef allt gengur samkvæmt áætlun ætti að vera komin varanleg lausn fyrir örbylgjusendingar til íbúa Reykjanesbæjar og Voga fyrir næstkomandi mánaðamót."

Þannig er ljóst að verið er að vinna að þessum málum. Ég vænti þess að í svörum hæstv. ráðherra komi fram að hið sama megi segja um RÚV, en ljóst er að ekki verður lengur búið við þetta ástand.

[14:09]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Áður en ég vík að einstökum spurningum vil ég fyrst fara almennt orðum um þetta mál. Ákvarðanir um framkvæmdir, endurnýjun og viðhald í dreifikerfi Ríkisútvarpsins hafa dregist á þessu ári vegna samningaviðræðna við Landssíma Íslands um rekstur dreifikerfis Ríkisútvarpsins. Þessum viðræðum er nú að ljúka og ljóst er að sú meginbreyting verður að verulegur hluti stofndreifingar verður héðan í frá um ljósleiðara Landssímans. Þessi breyting eykur öryggi og gæði í stofndreifingu Ríkisútvarpsins og þýðir að móttökuskilyrði munu þegar batna víða.

Í framhaldi af þessari breytingu er gert ráð fyrir stóraukinni fjárfestingu í sendum og endurvörpum Ríkisútvarpsins víða um land sem mun enn bæta móttökuskilyrðin. 55 millj. kr. eru áætlaðar til þessa verkefnis á næsta ári. Alls er áætlað að verja 175 millj. kr. á næstu fimm árum til endurnýjunar á sendum og endurvarpskerfi í dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Um 80% þeirrar fjárhæðar mun varið til senda og endurvarpa í dreifbýli.

Varðandi stöðuna á Suðurnesjum þá skil ég vel að menn sætti sig illa við að ná ekki með tækjum sínum þeim myndum og því hljóði sem þeir kjósa. Í svari Ríkisútvarpsins við fyrirspurn minni í tilefni af fyrirspurn hv. þm. kemur fram að um sé að ræða tæknileg úrlausnarefni sem lúti að dreifingarmynstri á milli sjónvarpsins, Stöðvar 2 og Sýnar að því er sjónvarpssendingar varðar. Geisli sjónvarpsins á Reykjanes hefur almennt verið um 10 desibilum veikari en geisli Stöðvar 2 frá upphafi en þó eru mælingar taldar sýna að viðmiðunarmörkin séu viðunandi þegar litið er á þetta með mælitækjum. Vafalaust getur það þó bitnað mismunandi á einstökum notendum ef geislinn er ekki sterkari en hér var lýst.

Hvað varðar sendingar á FM-bylgjum Ríkisútvarpsins, hljóðvarpsins, þurfa menn að sjálfsögðu að huga að því ef göt eru í þeim sendingum. Mælingar eru stundaðar til þess að bregðast við ef sérstök vandamál koma upp. Ríkisútvarpið lét framkvæma skoðanakönnun í mars sl. til að kanna viðhorf fólks á Suðurnesjum til móttökuskilyrða og fá önnur viðmið en beinar mælingar.

Við 1.801 útsendingarseðli barst aðeins 51 svar. Þátttakan var því 2,8% og hefur lítill áhugi á þátttöku í þessari könnun orðið Ríkisútvarpinu nokkurt umhugsunarefni. Menn velta því fyrir sér þar hvernig túlka eigi hana, hvort fólk sætti sig almennt við skilyrðin og hafi því ekki kosið að svara. Af þeim fáu svörum sem bárust töldu 60% viðtakenda útsendingargæði sjónvarpsins viðunandi hjá sér en 40% óviðunandi.

Þeir sem töldu útsendingargæði sjónvarpsins hjá sér óviðunandi voru spurðir hvort þeir væru tilbúnir að greiða 5–10 þúsund kr. fyrir nýtt loftnet, ef viðunandi gæði fengjust þannig. Ef þess þyrfti með yrði sérstakur endurvarpssendir settur upp í Reykjanesbæ. Af þeim sem svöruðu eru 44% tilbúnin að kosta þessu til, en 56% ekki. Þetta eru m.a. þær aðgerðir sem Ríkisútvarpið hefur hugað að í þessu tilviki, að setja upp sérstakan endurvarpssendi í Reykjanesbæ. Ef móttakendur eru ekki tilbúnir að fjárfesta í nýjum loftnetum til að nýta sér þessa þjónustu þá er spurning hvort í þá framkvæmd skuli ráðist.

Varðandi þriðju spurninguna er ég þeirrar skoðunar að menn eigi að sjálfsögðu ekki að greiða fyrir aðra þjónustu en þeir fá. Þetta mál er hins vegar þannig að oft á tíðum er ákaflega erfitt að sannreyna það í einstökum tilvikum. Við megum ekki gleyma því að þegar um sjónvarps- og útvarpssendingar er að ræða þá þarf ekki aðeins sendandinn að hafa tækjabúnað sinn í lagi, heldur einnig móttakandinn. Þarna er um þannig viðskipti að ræða að menn þurfa einnig að hafa góð móttökutæki til þess að geta notið þessarar tækni sem skyldi. En þetta er úrlausnarefni fyrir Ríkisútvarpið í einstökum tilvikum og þá verða menn líka að sannreyna það sem haldið er fram.

Varðandi fjórðu spurninguna er ég reiðubúinn til að stuðla að því að þessar stöðvar vinni saman að því að bæta þjónustu sína.

[14:14]

Kristján Pálsson:

Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu vandamáli á Suðurnesjum. Ég vil á þeim stutta tíma sem ég hef hér lýsa yfir undrun minni á því að Ríkisútvarpið skuli ætla að innheimta sérstakt gjald til þess að eðlilegur styrkur sé á útsendingum á Suðurnesjum. (**Menntmrh.:** Það er bara spurningin um loftnet.) Mér finnst dálítið merkilegt ef Suðurnesjamenn eiga að þurfa að kaupa sér dýrari loftnet en notendur á höfuðborgarsvæðinu til að ná sambærilegum sendingum, en allir borgum við nefgjald til að fá yfirleitt þessa þjónustu inn á heimilin og óháð því hvar við erum staddir. Ég vona að það sé ekki meiningin að menn þurfi að greiða sérstakt gjald til að þeir nái almennilegum sendingum.

Ég er einn af þeim sem búa á Suðurnesjum og veit að útsendingarstyrkurinn er mjög misjafn. Hann er sérstaklega slæmur hjá Bylgjunni, a.m.k. þar sem ég bý, en þetta er mjög mismunandi eftir því hvar maður býr á Suðurnesjum, hvernig þessi styrkur kemur fram til notenda.

[14:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu máli. Þetta er vandamál á fleiri stöðum en á Suðurnesjum. Við þetta vandamál er að stríða t.d. á Suðurlandi. Ég ek mjög gjarnan á milli Hvolsvallar og Reykjavíkur og ætli ég þurfi ekki að skipta um rás á að giska þrisvar sinnum til að halda Ríkisútvarpinu inni hvort sem það er á Rás 1 eða Rás 2. Hins vegar þegar ég hlusta á einkaútvarpsstöð eins og Útvarp Suðurland þarf ég aldrei að skipta um stöð. Geisli þeirra er svona mun sterkari.

Sömu sögu er að segja um Íslenska útvarpsfélagið, að mun betri skilyrði eru fyrir það. Það er auðvitað til vansa fyrir Ríkisútvarpið að vera ekki með betri útsendingarskilyrði á landinu öllu þar sem við borgum afnotagjald af þessum ágæta fjölmiðli okkar.

[14:17]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og hæstv. menntmrh. fyrir svörin, og verð að segja að þau eru stórum jákvæðari en svör sem ég fékk við sams konar spurningum sem ég lagði fram í fyrra. Ríkisútvarpið virðist því eitthvað hafa tekið við sér.

Það er rétt sem hér kom fram að ákveðnir blettir í Reykjanesbæ virðast vera dauðir þegar um er að ræða útsendingar, sérstaklega ríkissjónvarpsins. Fólk hefur keypt sér magnara, það hefur keypt sér sérstök loftnet en ekkert hefur dugað. Að vísu var ég ekki ein af þeim sem var spurð þegar þessi könnun var gerð, sem hæstv. ráðherra vitnaði hér til, en ég verð að segja að ég skil vel að standa skuli í fólki ef það á að fara að leggja til sérstaklega, einu sinni enn, nýtt loftnet til að geta séð ríkissjónvarpið sem það borgar mánaðarlega af sömu upphæð og aðrir landsmenn.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og öðrum þingmönnum fyrir undirtektir við þær spurningar sem hér hafa verið bornar fram.

Ég er ekki alls kostar ánægður með svörin frá hæstv. ráðherra. Það þarf ekki að vitna í skoðanakönnun þar sem ekkert svarhlutfall var, en ég get fullyrt og Suðurnesjamenn vita það að mjög mikil óánægja er með þessa stöðu mála, sérstaklega á tilteknum stöðum eins og ég rakti áðan.

Það er mjög brýnt að lagfæra þetta. Ég gat um að átt hefðu sér stað viðræður milli forsvarsmanna sveitarfélaga á Suðurnesjum og Ríkisútvarpsins um úrbætur sem var lofað. Þær hafa látið á sér standa en ég kýs hins vegar að skilja orð menntmrh. þannig, sérstaklega svarið við síðustu spurningunni þar sem hann lýsti sig reiðubúinn að stuðla að samstarfi Íslenska útvarpsfélagsins og RÚV, að gengið yrði í að leysa þessi vandamál. Ég las áðan upp úr bréfi frá Íslenska útvarpsfélaginu sem er að vinna að þessum málum, í kjölfar m.a. þessarar fyrirspurnar, og ég treysti því að brugðist verði hratt og örugglega við í þessu efni. Suðurnesjabúar eiga vitaskuld rétt á að fá algerlega sambærilega þjónustu og aðrir landsmenn. Við vitum hins vegar að þetta er vandamál mjög víða á landinu og það þarf að ráða bót á því, ekki einungis á Suðurnesjum heldur einnig annars staðar og ég vil skilja orð menntmrh. þannig að hann muni af alefli beita sér í þeim efnum.

[14:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þeim orðum sem hér féllu geta þess að í þessari könnun var verið að spyrja um hvort fólk væri reiðubúið til þess, ef svo bæri undir, að kaupa nýtt loftnet og þá yrði hægt að taka á þessu máli með öðrum hætti. Það kom fram í þeirri könnun að meiri hlutinn var ekki tilbúinn til þess, fyrir utan það hve fáir tóku þátt í könnuninni eða svöruðu, enda er hún ómarktæk eins og fram hefur komið. En þetta sýnir bara að leitað hefur verið margra leiða til að reyna að bæta úr þessu. Þetta er tæknilegt úrlausnarefni fyrst og fremst og þá hljóta menn að velta fyrir sér öllum þeim tæknilegu úrræðum sem fyrir hendi eru og m.a. því hvort setja beri upp sérstaka endurvarpsstöð í Reykjanesbæ sjálfum en þá verða menn að nota sérstakar sjónvarpsgreiður til þess að ná í þá stöð. Þetta er meðal þeirra þátta sem Ríkisútvarpið hefur kannað.

Að sjálfsögðu hlýtur það að vera markmið Ríkisútvarpsins að sjá til þess að sem flestir geti notið sæmilega þeirrar þjónustu sem það veitir. Og staðreyndin er að hér á landi ná 99,9% þjóðarinnar í sjónvarpið og er það með mestu dreifingu sem er að finna í nokkru landi.

Varðandi það sem hv. fyrirspyrjandi vék sérstaklega að, þ.e. samvinnu við Íslenska útvarpsfélagið hf., þá er það svo að Ríkisútvarpið og Íslenska útvarpsfélagið hf. hafa nú þegar samvinnu víða um land um samnýtingu á aðstöðu. Og það verður að telja eðlilegt og æskilegt að geti bæði félagið og stofnunin leyst úr þessum vanda á Suðurnesjum með frekari samvinnu, þá ber að sjálfsögðu að stuðla að því.

Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Fsp. JóhS, 192. mál. — Þskj. 208.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna eru ákvæði um fjárhæð og úthlutun námslána. Lögin framselja stjórn LÍN vald til að ákveða fjárhæð námslána og úthlutunarreglur, þar með taldar reglur um hvað telja skuli til tekna við útreikning námslána en tekjur eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins koma til frádráttar við útreikning á námsláni. Samkvæmt úthlutunarreglunum skulu tekjur eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins því koma til frádráttar. Þetta ákvæði er nánar útfært og þar kveður á um það að tekjuskattsstofn námsmanna og maka teljist tekjur til frádráttar. Af því leiðir að allar skattskyldar tekjur samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, koma til frádráttar námsláni, þar með taldar húsaleigubætur. Þá hefur stjórn sjóðsins ákveðið frítekjumark, um 180 þús. kr. en 50% allra tekna umfram þá fjárhæð skerða námslánin. Húsaleigubætur eru skattskyldar tekjur. Bæturnar koma því til frádráttar útreikningi námslána sem nemur 50% líkt og gildir um hverjar aðrar tekjur. Vaxtabætur aftur á móti teljast ekki til tekna og koma því ekki til frádráttar.

Með öðrum orðum má því segja að tekjulægstu námsmennirnir á leigumarkaðnum búi við það að húsaleigubætur sem þeir fá séu skattlagðar meðan námsmenn sem betur eru staðir og eiga sitt eigið húsnæði fá vaxtabætur sem eru skattfrjálsar, auk þess sem við útreikning námslána er litið á húsaleigubætur sem tekjur sem skerða lánin.

Ég hef hér útreikning sem er raunverulegt dæmi hjá námsmanni. Hann borgar í húsaleigu tæpar 30 þús. kr. og er með í húsaleigubætur tæpar 13 þús. kr. og ef þessi námsmaður vinnur sér inn 185 þús. yfir árið er skerðing á heildarláni yfir skólaárið vegna húsaleigubóta rúmar 76 þús. kr. Þetta er nærri því eins mánaðar námslán hjá námsmanni.

Ég hef því leyft mér, herra forseti, af því að hæstv. ráðherra hefur til þess vald, að spyrja hvort hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir því að húsaleigubætur námsmanna verði teknar út úr tekjustofni til skerðingar á útreikningi námslána þannig að jafnræði ríki milli námsmanna sem búa í eigin húsnæði og þeirra sem eru á leigumarkaðnum.

[14:25]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Vorið 1994 samþykkti stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna einróma að einfalda úthlutunarreglur sjóðsins varðandi tillit til tekna námsmanna við ákvörðun námslána og hafa reglurnar hvað þetta varðar verið óbreyttar síðan.

Þessi einföldun fól í sér að telja skyldi til tekna við útreikning námslána allar tekjur sem mynda skattstofn og aðrar ekki.

Meginbreytingin frá þeim reglum sem áður giltu fólst í því að húsaleigubætur eða húsaleigustyrkir frá hinu opinbera skyldu teljast til tekna eins og önnur félagsleg aðstoð, svo sem atvinnuleysisbætur. Á móti kom að barnabætur og barnabótaauki taldist ekki lengur til tekna við útreikning námslána. Fyrir utan það að einfalda regluverkið og gera það aðgengilegra fyrir námsmenn var samþykkt stjórnarinnar frá árinu 1994 ótvírætt til hagsbóta fyrir námsmenn með börn á framfæri sínu.

Könnun á vegum sjóðsins sl. vor sýndi að húsnæðiskostnaður námsmanna er mjög breytilegur, ekki síst þeirra sem búa í leiguhúsnæði. Svo dæmi sé tekið reyndist meðalleiga barnlausra námsmanna vera 22.600 kr. á mánuði samkvæmt úrtaki sjóðsins. Hæsta leigan á mánuði var á hinn bóginn 45 þús. kr. og sú lægsta 2.500 kr.

Í ljósi breytilegs húsnæðiskostnaðar var þeirri hugmynd hreyft í stjórn lánasjóðsins að veita viðbótarlán til þeirra námsmanna sem sýna fram á mikinn húsnæðiskostnað. Ekki náðist að útfæra þessa hugmynd fyrir endurskoðun úthlutunarreglnanna sl. vor en hún kemur væntanlega aftur til athugunar við næstu endurskoðun reglnanna.

Í ljósi þess að margt mælir með því að lánasjóðurinn skilgreini tekjur með sama hætti og skattyfirvöld er svar mitt við fyrirspurn hv. þm. neitandi. Ég tel á hinn bóginn eðlilegt að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna kanni til hlítar þá hugmynd að veita viðbótarlán vegna mikils húsnæðiskostnaðar. Einnig tel ég eðlilegt að við næstu endurskoðun á reglunum um Lánasjóð ísl. námsmanna verði frítekjumarkið skoðað.

[14:28]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda sérstaklega fyrir að hafa lagt fram þessa fyrirspurn en ég tel að málið sé mjög knýjandi. Ég tel að námslán í dag séu óeðlilega lág miðað við viðurkenndan framfærslukostnað. Ég held að mjög mikið óréttlæti sé í því fólgið að núna þegar vaxtabætur eru skattfrjálsar hjá þeim sem eru að borga af lánum af eigin íbúð þá skuli húsaleigubætur vera skattskyldar og þess vegna dregnar frá við úthlutun námslána. Þetta kemur harðast niður á barnafólki sem þarf að leigja sér íbúð og mér finnst það sjálfsögð og eðlileg krafa að húsaleigubætur verði teknar út við úthlutun námslána.

[14:29]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Námslánum er ætlað að nægja til greiðslu húsnæðiskostnaðar og annarrar framfærslu námsmannsins. Auk þess er lánað 45% til viðbótar ef námsmaðurinn hefur börn á framfæri.

Það sem hefur breyst á síðustu árum er að komnar eru húsaleigubætur, 7.500 kr. á mann og síðan eru 4.500 kr. til viðbótar fyrir hvert barn. Þetta er nýtt. Auk þess eru vaxtabætur, sem eru kannski frekar sjaldgæfar þar sem námsmenn kaupa yfirleitt ekki íbúðir. Síðan er skattkerfið með bætur til þeirra sem hafa lág laun, sem námsmenn hafa yfirleitt, og meðlög hafa verið hækkuð verulega. Þetta leiðir til þess að einstæð móðir með tvö börn er með 170 þús. kr. til ráðstöfunar á mánuði allt árið um kring og hefur ekki efni á að gerast þingmaður af því að hún mundi lækka í ráðstöfunartekjum. Ég held að mjög brýnt sé að endurskoða reglur um námslán og taka tillit til allra bóta alls staðar frá úr öllum kerfum.

[14:30]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég hygg að námsmenn, sem eru komnir með heimili og búnir að stofna fjölskyldu, þurfi ekki minni ráðstöfunartekjur en þingmenn. Ég held að erfitt sé að bera þetta tvennt saman í einhverjum neikvæðum tilgangi. Þess vegna fagna ég þeirri yfirlýsingu hæstv. menntmrh. að í vor verði frítekjumark námslána til endurskoðunar. Ég veit að einmitt sá þáttur hefur verið hvað erfiðastur fyrir námsmenn að geta þénað nægilega mikið til að standa straum af rekstri heimilis þar sem eru börn og venjulegur rekstur sem allir aðrir landsmenn þurfa að viðhafa í eðlilegu lífi.

Ég held að það sem kom fram hjá hæstv. menntmrh. leysi í raun þau mál sem námsmenn hafa mestar áhyggjur af ef frítekjumarkið verður hækkað um þær upphæðir sem máli skipta.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hélt satt að segja að það væri mjög einfalt svar við þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. menntmrh., að svarið væri já við því að ríkja ætti jafnræði varðandi vaxtabætur og húsaleigubætur við útreikning námslána. Ég verð að segja að mér finnst það mjög sérstakt að alþingismenn skuli hafa afsalað sér því valdi til stjórnar sjóðsins að ákveða hvort húsaleigubætur séu inni eða úti að því er varðar útreikning á námslánum sem hefur verið ákveðið 1994 að húsaleigubætur mundu þá skerða námslánin.

Út af fyrir sig má segja að það sem fram kom hjá ráðherranum hæstv. sé jákvætt. Það sem fram kom hjá ráðherranum er raunverulega viðurkenning á því að óréttlæti sé í því fólgið að námslán geti skerst um 70–80 þús. kr. vegna húsaleigubóta meðan vaxtabætur skerða ekki námslánin. Hæstv. ráðherra nefndi að það yrði skoðað að veita viðbótarlán vegna mikils húsnæðiskostnaðar. Ráðherrann á þá væntanlega líka við þá sem eru í eigin húsnæði. Ég vil fá það nánar skýrt frá ráðherranum hvort hann er bara að tala um þá sem eru í leiguhúsnæði eða líka þá sem eru í eigin húsnæði.

Ég vil fagna því einnig að frítekjumarkið verði skoðað þannig að það verði þá rýmra. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra því að hann nefndi að þetta yrði gert við næstu endurskoðun: Af hverju að bíða eftir því? Er ráðherrann ekki sjálfur tilbúinn til þess að beita sér fyrir því og beina þeim tilmælum til sjóðsins að þessar reglur verði endurskoðaðar án tafar?

[14:33]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég er ekki reiðubúinn til þess að beita mér fyrir því að þessar reglur verði endurskoðaðar án tafar. Búið er að leggja fram fjárlagafrv. með ákveðnum hætti og tillögum frá menntmrn. og lánasjóðnum sem byggjast á þeim forsendum sem liggja að baki úthlutunarreglunum. Það verður að taka þetta upp í ljósi þess hvernig menn vinna að fjárlagagerð á næsta ári og hvaða ramma menn setja sér þar. Hins vegar tel ég að markmiðið eigi að vera að hækka frítekjumarkið og einnig að svara þeirri spurningu sem hv. þm. var með með þeim hætti að veita viðbótarlán vegna mikils húsnæðiskostnaðar.

Eins og ég nefndi áðan er þetta mjög mismunandi. Í svari mínu kom fram að hæsta leigan var 45 þúsund kr. á mánuði og lægsta leigan 2.500 kr. Þarna verða menn að finna

meðalhófsreglu sem er mótuð af sanngirni. Töluverð vinna var lögð í þetta núna í vor en samkomulag náðist ekki um að fylgja því fram. Nú er þeirri vinnu haldið áfram og ég á von á því að næsta vor verði tekið á þessu máli þegar úthlutunarreglur eru endurskoðaðar.

[14:35]

Útbýting þingskjala:

Arðsemismat, 247. mál, þáltill. ÓHann, þskj. 279.

Rekstrarkostnaður Vegagerðarinnar, 63. mál, svar samgrh., þskj. 263.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, 260. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 298.

Fjarnám.

Fsp. ÍGP, 221. mál. — Þskj. 248.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. menntmrh. Fjarnám með tölvutækni er nýr lykill að möguleikum fólks til símenntunar. Ljóst er að í nútímasamfélagi verða þegnarnir aldrei fullnuma. T.d. er talað um það að 80–90% af nútímalæknisfræði hafi þróast á síðustu 10–15 árum. Fjarnám gerir fólki kleift að stunda nám í heimabyggð og er því mikilvægur þáttur í að efla búsetu á landsbyggðinni og eykur þannig möguleika og tækifæri fólks til símenntunar.

Í haust upplifði ég það að taka þátt í kennslustund í Menntaskólanum á Ísafirði þar sem kennsla fór fram í hjúkrunarfræði í beinni útsendingu frá Háskólanum á Akureyri. Fjarnám er því í raun háskóli í heimabyggð og opnar nýja og spennandi möguleika fyrir fólk á öllum aldri.

Hins vegar kemur þó fjarnám aldrei í staðinn fyrir hinn staðbundna skóla heldur er í raun og veru hrein viðbót. Þess vegna spyr ég hæstv. menntmrh.:

„1. Hvaða skólar á framhalds- og háskólastigi bjóða fjarnám?

2. Hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem hyggjast stunda fjarnám á Íslandi?

3. Hvaða námsstigi er hægt að ljúka með fjarnámi á Íslandi og hvaða prófgráður veitir það?

4. Hverjir sækjast helst eftir fjarnámi og hvernig er skipting nemenda eftir aldri, kyni og búsetu?“

[14:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta er mjög viðmikil fyrirspurn og ég efast um að ég komist yfir að svara henni til fulls á þeim skamma tíma sem ég hef til ráðstöfunar. Það er ljóst að það hefur orðið bylting í fjarnámskennslu hér á landi og við erum rétt að hefja það ferli og mikið á eftir að gerast núna á þessum vetri og næstu mánuðum.

Í fyrsta lagi er spurt: Hvaða skólar á framhalds- og háskólastigi bjóða fjarnám? Á framhaldsskólastigi býður Verkmenntaskólinn á Akureyri fjarnám. Skólinn hefur rekið fjarkennslu samfellt frá vorönn 1994. Á vorönn 1998 voru 84 áfangar í boði. Á haustönn 1998 býður einnig Fjölbrautaskólinn við Ármúla þrjá áfanga á sviði heilbrigðisfræða og sér Verkmenntaskólinn á Akureyri um umsýslu námsins. Menntmrn. samdi við Verkmenntaskólann á Akureyri á sínum tíma um að hann yrði tilraunaskóli á þessu sviði og þeir samningar renna út núna um áramótin.

Á háskólastigi býður Kennaraháskóli Íslands fjarnám fyrir verðandi leikskólakennara og grunnskólakennara. Háskóli Íslands býður á haustönn 1998 upp á fjarnám í einu námskeiði á vegum jarð- og landafræðiskorar. Háskólinn á Akureyri býður á þessu hausti upp á fjarnám í einstökum námskeiðum í hjúkrunarfræði og rekstrarfræði. Þá hóf Viðskiptaháskólinn í Reykjavík í haust tilraunakennslu með einn hóp í tölvunámi og skólarnir eiga samstarf við fræðslunet Austurlands. Samvinnuháskólinn á Bifröst og Bændaskólinn á Hvanneyri eru að undirbúa fjarkennslu sem hefst núna um áramótin eða jafnvel næstu mánaðamót.

Í öðru lagi er spurt hvaða kröfur séu gerðar til þeirra sem hyggjast stunda fjarnám á Íslandi. Gerðar eru sömu kröfur um undirbúningsnám og til þeirra sem annars hyggja á nám í viðkomandi skóla. Að auki er þess krafist að viðkomandi hafi aðgang að nettengdri tölvu.

Í þriðja lagi er spurt hvaða námsstigi sé hægt að ljúka með fjarnámi á Íslandi og hvaða prófgráður það veiti. Eins og stendur er hægt að ljúka almennu bóknámi á framhaldsskólastigi með stúdentsprófi og B.Ed.-námi frá leikskólaskor og grunnskólaskor Kennaraháskóla Íslands.

Í fjórða lagi er spurt: Hverjir sækjast helst eftir fjarnámi og hvernig er skipting nemenda eftir aldri, kyni og búsetu? Sitthvað ræður því að nemendur velja fjarnám. Í könnun Verkmenntaskólans á Akureyri á haustönn 1997 og vorönn 1998 kemur fram að 16% völdu fjarnámið á haustönn 1997 vegna búsetu en 47% á vorönn 1998. Á haustönn 1997 nefndu 21% vinnu en á vorönn 17%. Um fjórðungur tilgreinir á báðum önnum að fjarnám hafi orðið fyrir valinu vegna þess að viðkomandi þurfi að ráða tíma sínum. Svo eru alltaf einhverjir sem velja fjarnám vegna þess að þeim finnst það skemmtilegur kostur. Sennilega eru svipaðar ástæður hjá nemendum í fjarnámi annarra skóla.

Á vorönn 1998 voru flestir nemendur í fjarnámi Verkmenntaskólans á Akureyri á aldrinum 20–40 ára. Konur voru 66% þátttakenda á vorönn 1998, en 53% á vorönn 1997. Karlar voru hins vegar 34% vorið 1998, en 47% 1997.

Nemendur Verkmenntaskólans á Akureyri búa mjög víða. Á vorönn 1998 voru alls 82 prófstaðir, 56 innan lands og 26 erlendis. Á vorönn 1997 voru prófstaðir 51, 41 innan lands og 10 erlendis. Á haustönn 1997 voru prófstaðir alls 54, 45 innan lands og 9 erlendis. Á vorönn 1998 voru nemendur austast í Taílandi, vestast í Kaliforníu í Bandaríkjunum og syðst í Namibíu. Á þessu sést að búseta nemenda er talsvert dreifð.

Í fjarnámi í leikskólaskor Kennaraháskóla Íslands, sem hófst vorið 1998, er meðalaldur nemenda 29 ár. Alls voru teknir inn 24 nemendur, 23 konur og 1 karl, og koma þeir úr öllum landshlutum en tæpur helmingur kemur af Reykjavíkursvæðinu.

Í fjarnámi í grunnskólaskor Kennaraháskóla Íslands eru alls 123 nemendur, 108 konur og 15 karlar. Meðalaldurinn er 34 ár. Nemendur koma af öllum landsvæðum en flestir búa á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Suðurlandi. Erlendis búa 6 nemendur.

Í námskeiði Háskóla Íslands í inngangi að ferðamálafræði eru um 25 nemendur á Ísafirði, Neskaupstað, Egilsstöðum, Hornafirði og Reykjanesi. Að auki tekur álíka stór hópur þátt í námskeiðinu í Reykjavík.

Í fjarnámi Háskólans á Akureyri í hjúkrunarfræði eru 9 konur frá Ísafirði og nágrenni. Þær eru á aldrinum 22 til 34

ára. Þá eru 17 nemendur í fjarnámi í rekstrarfræði, sex á Austurlandi, fimm konur og einn karl, og ellefu á Akureyri, sex konur og fimm karlar. Þessir nemendur eru á aldrinum 27–43 ára.

Í tilraunahópi Viðskiptaháskólans í Reykjavík byrjuðu 17 nemendur, fjórar konur og þrettán karlmenn. Um helmingur nemenda er milli fertugs og fimmtugs og flestir búa á Austurlandi enda er verkefnið unnið í samstarfi við fræðslunet Austurlands. Brottfall í náminu er svipað því sem gerist í staðbundnu námi.

[14:43]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Greinilegt er að mikið er um að vera í þessum málum hér á landi. Og það er ljóst að tilkoma fjarnáms og fjarkennslu og símenntunar og hvað þetta heitir allt saman opnar mörgum mikla möguleika á að auka við sitt nám.

Ég vek athygli á því að á morgun verður merkur viðburður á Samvinnuháskólanum á Bifröst þar sem skólinn mun opna kynningu á fjarnámi sem Samvinnuháskólinn mun bjóða upp á og hefst eftir áramót. Það mun opna mörgum möguleika til viðbótarnáms, sem hafa stundað nám við skólann bæði hér á landi og erlendis.

En ég vil, hæstv. forseti, þakka bæði hv. þm., Ísólfi Gylfa Pálmasyni, og hæstv. ráðherra. Ég tel að þetta sé mál sem við eigum að veita mikla athygli í framtíðinni og leggja okkur fram um að byggja sem best upp þannig að flestir geti notið.

[14:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda og ráðherra fyrir svörin. Það er rétt sem fram kom hjá ráðherra að bylting hefur orðið í fjarkennslumálum að undanförnu. Ég vil í þessu samhengi nefna hlut fræðslunets Austurlands en tilgangur þess er m.a. að hlutast til um að boðið verði upp á háskólanám á Austurlandi með m.a. fjarfundabúnaði, og í öðru lagi að efla símenntun og fullorðinsfræðslu á Austurlandi.

Fræðslunetið er tengiliður á milli háskólastofnana, fyrirtækja og einstaklinga á Austurlandi. Það er einnig tengiliður á milli Austfirðinga og annarra menntastofnana sem hafa upp á styttra eða lengra nám að bjóða. Fræðslunetið kynnir, skipuleggur og miðlar námi til íbúa Austurlands. Ég tel mjög mikilvægt að sá kynningarþáttur sé til staðar til þess að fólk átti sig á þeim miklu möguleikum sem fjarkennslan hefur upp á að bjóða.

[14:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir að hreyfa þessu máli og fyrir góð svör.

Fjarnám er ákaflega mikilvægt og kann að koma í veg fyrir eina ástæðu flutnings fólks af landsbyggðinni. Nú þurfa menn ekki lengur að senda börn sín til náms í Reykjavík. Fjarnámið og netið mun breyta öllu námi og líka skólunum og skipulagi skóla. Það mun jafnvel breyta kröfum til skólabygginga. Sérstaklega held ég að leggja þurfi áherslu á að hanna námsgögn sem henta netinu. Ég skora á hæstv. menntmrh. að gera sérstakt átak í skipulagi fjarnáms og alveg sérstaklega til að gera átak í að útvega nýtt námsefni.

[14:46]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og hæstv. menntmrh. fyrir mjög skýr og greinargóð svör. Hér er spurt um mjög mikilvægan þátt menntastefnunnar sem er smátt og smátt að styrkjast. Því miður vantar mikið á að fullnægjandi aðstaða sé komin til fjarnáms hér á landi.

Eins og fram kom hjá hæstv. menntmrh. er eingöngu hægt að ljúka námi úr Verkmenntaskólanum á Akureyri og frá kennarabraut Háskólans á Akureyri gegnum fjarnám. Víðast hvar er eingöngu um einstök námskeið að ræða og er það mjög miður. Margir byrja og telja að þarna sé eitthvað fyrir sig en það er ekki á nógu mörgum sviðum.

Eins og fram kom í svari hæstv. ráðherra eru konur meiri hluti þeirra sem stunda þetta nám. Það er mjög skiljanlegt vegna þess að oft búa konur á landsbyggðinni við atvinnuleysi og eru búsettar þar vegna atvinnu eiginmannsins. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra, ef hann hefur tök á að svara, hvort til standi í fyrirsjáanlegri framtíð að koma á fjarnámi á fleiri sviðum þannig að hægt sé að ljúka því að fullu.

[14:48]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að fagna uppbyggingunni sem átt hefur sér stað í fjarnámi hér á landi á allra síðustu árum. Það er ekki síst fyrir áhuga og frumkvæði hæstv. menntmrh. að þetta hefur gerst. Ég vil líka vekja athygli á því að Byggðastofnun, undir forustu hv. þm. Egils Jónssonar, beitti sér fyrir því að setja upp svokallaða byggðabrú og sem sköpuðu möguleika til fjarnáms í landshlutum sem ekki höfðu verið áður. Þetta er ómetanlegt fyrir hinar dreifðu byggðir, hefur t.d. þegar skilað sér áþreifanlega á Ísafirði þannig að til eftirbreytni er.

Nú finnst mér komið að því að skoða hvernig hægt sé að beita þessari tækni til að efla grunnskólanámið, einkanlega úti í hinum dreifðu byggðum. Það er ánægjulegt til þess að vita að Samband sveitarfélaga hefur óskað eftir samstarfi við menntmrn. og Byggðastofnun við tilraunaverkefni sem fram fer í tengslum við skólana í Strandasýslu. Ef það tekst sem skyldi mun það efalaust þýða mikla byltingu í grunnskólahaldi víða um landið.

[14:49]

Hjálmar Árnason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir fyrirspurn og greinargóð svör. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa verið nefnd. Ég tek og undir orð hv. þm. Péturs Blöndals um mikilvægi þess að endurskoða kennslugögn með hliðsjón af þessari nýju tækni. En ég vildi einnig hvetja hæstv. ráðherra til að taka frumkvæði í tvennu öðru. Annars vegar í að skipuleggja skólastarf og hefja undirbúning á því í samstarfi við þá aðila sem starfa í skólum. Skipulag skólahalds tekur að mörgu leyti mið af kennsluháttum sem grundvallast á öðru en þessari tækni. Þar er að verða breyting og hún mun verða enn meiri og ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

Hins vegar hefur einn þáttur í þessu valdið nokkrum vandræðum og er enn eitt dæmið um það hvernig tæknin siglir í sjálfu sér fram úr nútímanum og það eru kjarasamningar. Þetta er öðruvísi kennsla en hin hefðbundna. Kjarasamningar hafa ekki tekið mið af henni og það hefur staðið þróun þessa

mikilvæga máls nokkuð fyrir þrifum. Æskilegt væri að taka á því.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir skýr og greinargóð svör. Fyrirspurnin er að vísu yfirgripsmikil, ég hygg að hann hafi ekki getað svarað fyrirspurninni til hlítar á þeim tíma sem er varið til slíkra spurninga. Þó kemur í ljós hve miklir möguleikar eru að verða í fjarnámi á Íslandi og er mjög ánægjulegt til þess að vita hve framþróunin hefur verið mikil hér á landi. Hún er í raun byltingarkennd og fólk hefur ótrúlega möguleika á símenntun vítt og breitt um heiminn eins og kom fram í svari hæstv. ráðherra.

Ég gleðst líka yfir því hve þingmenn sýna þessu máli mikinn áhuga. Það er eðlilegt þar sem þetta tengist öllum landshlutum á Íslandi og ég hygg að í nánast öllum landshlutum séu menn í það minnsta farnir að huga að fjarnámi. Það er auðvitað gott.

Ég minni á það sem ég sagði í upphafi máls míns að fjarnám kemur auðvitað ekki í stað hinna hefðbundnu skóla. Það tekur líka sinn tíma, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason sagði, að læra á þessa nýju tækni. Það tekur nemendur sinn tíma. Ég veit dæmi þess að þessari tækni hafi verið beitt án þess að hún skilaði þeim árangri sem vænst var, m.a. vegna þess að eftir á að þróa þessa tækni þannig að nemendur læri að nýta sér hana.

Að lokum þetta. Við getum glaðst yfir því að þróunin er í hárrétta átt á Íslandi og það er gaman til þess að vita að einmitt á morgun verður opnuð ein slík stöð við Samvinnuháskólann að Bifröst þar sem menn geta lokið háskólanámi, þ.e. bætt við sig háskólanámi í fjarnámi.

[14:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að huga þarf að námsefni fyrir þessa nýju aðferð við kennslu. Nú þegar nýjar námskrár koma út fyrir grunnskólann og framhaldsskólann verður gert átak í að framleiða meira af kennsluhugbúnaði sem duga til fjarkennslu og nýtingar á upplýsingatækninni við alla kennslu.

Varðandi kjaramálin er það einnig rétt að sérstakir kjarasamningar um þetta mál hafa ekki tekist varðandi framhaldsskólakennara. Eitt af því sem tilraunin í Verkmenntaskólanum á Akureyri miðar að er að fá úr því skorið hvernig þessu starfi er háttað hjá kennurum. Því miður verður að segja að þar hefur borið nokkuð á milli og ég er ekki að fullu sáttur við þróun þess máls, sérstaklega nú síðsumars. En það er unnið að því að finna þar lausn og mikið ríður á að þetta verði gert í góðri sátt við starfsmenn skólanna. Að sjálfsögðu er fjarnám þannig úr garði gert að í sjálfu sér væri hægt að búa til námsefni hvar sem er. Það þarf hvorki að vera bundið við Verkmenntaskólann á Akureyri né aðrar skólastofnanir. Aðalatriðið er að fá hæft fólk til þess að búa til námsefnið, bjóða það og síðan að próf séu tekin undir því eftirliti sem menn kjósa.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði um byggðabrúna og framtak Byggðastofnunar til að auðvelda þetta. Það hefur verið ómetanlegt og fróðlegt að sjá hve fljótt skólarnir hafa gripið við sér þegar þessi nýja tækni kom til sögunnar. Við sátum nokkrir saman á fundi sem ég held að hafi farið fram á sjö stöðum á landinu samtímis þegar við opnuðum fræðslunet Austurlands. Núna á að sigla með þetta inn í grunnskólann. Menntmrn. hefur veitt Sambandi ísl. sveitarfélaga styrk til að hefja tilraunastarf með fjarnám á grunnskólastigi. Að því verður sérstaklega hugað, fyrst í skólum í Strandasýslu.

Móttökuskilyrði ríkisútvarps og ríkissjónvarps.

Fsp. MS, 238. mál. — Þskj. 269.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ríkisútvarpið er gjarnan nefnt útvarp allra landsmanna og hið sama gildir um ríkissjónvarpið, enda greiða landsmenn fast afnotagjald til Ríkisútvarpsins fyrir þjónustu þess.

Nú hafa ekki allir landsmenn aðstöðu til að njóta útsendinga Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins vegna þess að móttökuskilyrði fyrir útsendingarnar eru ófullnægjandi á ýmsum svæðum landsins. Á Vesturlandi hefur ítrekað verið kvartað undan því að á ákveðnum svæðum í kjördæminu náist sjónvarpsútsendingar illa og á tíðum alls ekki. Einnig hefur verið kvartað undan slæmum móttökuskilyrðum útvarpssendinga Ríkisútvarpsins. Þessar kvartanir hafa komið frá íbúum kjördæmisins og jafnframt hafa komið fram ályktanir um þetta efni frá sveitarstjórnum og samtökum þeirra í kjördæminu.

Það er ljóst að það að njóta þjónustu fjölmiðla er hluti af lífsgæðum nútímans og má einnig flokka það undir búsetuskilyrði. Í umræðum um byggðaþróun í landinu skiptir þetta verulegu máli. Krafa landsbyggðarfólks er að hafa sömu tækifæri til þess að njóta þjónustu Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins og íbúar í þéttbýlinu.

Þetta mál hefur ítrekað verið rætt á Alþingi og gjarnan verið lagt upp í formi fyrirspurna sem kallað hafa á miklar umræður um málið. Þar sem kvartanir berast enn vegna þessa ber ég upp eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. menntmrh. og koma þær fram á þskj. 269.

1. Hvað hefur Ríkisútvarpið gert á síðustu árum til þess að bæta móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps á Vesturlandi?

2. Hefur Ríkisútvarpið áform um aðgerðir til að bæta móttökuskilyrðin á Vesturlandi þannig að allir Vestlendingar geti notið þjónustu Ríkisútvarpsins á fullnægjandi hátt?

3. Finnst ráðherra eðlilegt að þeir íbúar Vesturlands sem ekki geta notið þjónustu Ríkisútvarpsins á fullnægjandi hátt vegna lélegra móttökuskilyrða greiði fullt afnotagjald til Ríkisútvarpsins?

[14:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þessari fyrirspurn er svarað að fengnum upplýsingum frá Ríkisútvarpinu. Ég ætla að endurtaka það sem ég sagði áður um dreifikerfismál Ríkisútvarpsins almennt, að ákvarðanir um framkvæmd, endurnýjun og viðhaldi í dreifikerfinu hafa dregist á þessu ári vegna samningaviðræðna við Landssíma Íslands um rekstur dreifikerfis Ríkisútvarpsins. Þessum viðræðum er nú að ljúka og ljóst að sú meginbreyting verður að verulegur hluti stofndreifingar verður héðan í frá um ljósleiðara Landssímans. Þessi breyting eykur öryggi og gæði í stofndreifingu Ríkisútvarpsins og þýðir að móttökuskilyrði munu þegar batna víða.

Í framhaldi af þessari breytingu er gert ráð fyrir stóraukinni fjárfestingu í sendum og endurvörpum Ríkisútvarpsins víða um land sem enn mun bæta móttökuskilyrðin. 55 millj. kr. eru áætlaðar til þessa verkefnis á næsta ári. Alls er áætlað

að verja 175 millj. kr. á næstu fimm árum til endurnýjunar senda og endurvarpa í dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Um 80% þeirrar fjárhæðar eru vegna senda og endurvarpa í dreifbýli.

Minna má á að á síðustu missirum hefur Ríkisútvarpið beint kröftum sínum að uppbyggingu langbylgjustöðva á Gufuskálum og Eiðum. Stöðin á Gufuskálum var formlega opnuð fyrir rúmu ári. Nú standa yfir lokaprófanir á stöðinni á Eiðum og vonast er til að hún verði formlega tekin í notkun fyrir árslok.

Síðan er spurt: „Hvað hefur Ríkisútvarpið gert á síðustu árum til þess að bæta móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps á Vesturlandi?"

Eins og áður sagði var öflug langbylgjustöð opnuð á Gufuskálum fyrir rúmu ári og gefur hún samfellda móttöku útvarpsins um allt vestanvert landið og víðar. Loftnetum FM-senda við Ólafsvík og Þjóðólfsholt hefur verið breytt yfir í hringpólaða útsendingu sem gefur bætta viðtöku í bifreiðum. Fyrir um tveimur árum var settur upp nýr sjónvarpsendurvarpi við Hellissand.

Þá er spurt: „Hefur Ríkisútvarpið áform um aðgerðir til að bæta móttökuskilyrðin á Vesturlandi þannig að allir Vestlendingar geti notið þjónustu Ríkisútvarpsins á fullnægjandi hátt?"

Svarið er: Ríkisútvarpið hefur áætlað kostnað við kosti til úrbóta á móttökuskilyrðum fyrir sjónvarp og útvarp um norðanvert Snæfellsnes sem nemur um 30 millj. kr. Ríkisútvarpið lítur á þessar úrbætur sem forgangsverkefni.

Þá er spurt: „Finnst ráðherra eðlilegt að þeir íbúar Vesturlands sem ekki geta notið þjónustu Ríkisútvarpsins á fullnægjandi hátt vegna lélegra móttökuskilyrða greiði fullt afnotagjald til Ríkisútvarpsins?"

Í þessu efni er svar mitt hið sama og áður. Ég tel að að sjálfsögðu eigi menn að borga fyrir þá þjónustu sem þeir fá og að í þessu tilviki sé oft erfitt að sannreyna hvar vandinn liggur. Miðað við meginstefnuna ættu menn ekki að borga fyrir aðra þjónustu en þeir fá. Ríkisútvarpið hefur framfylgt stefnu í þessu efni sem hlýtur að heyra undir það að í hverju einstöku tilviki þarf að taka tillit til aðstæðna og meta hvað veldur vandræðunum.

[15:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni í þessu máli og þakka honum fyrir að hreyfa því hér.

Það vill svo til að ég dvel nokkuð mikið í frístundum á einu þessara svæða sem er sérstaklega til nefnt, það er efst í Kolbeinsstaðahreppi í Hnappadalnum og mér finnst hreint með ólíkindum að núna rétt fyrir lok 20. aldarinnar skuli vera svæði til á landinu þar sem íbúar búa við mjög slæleg skilyrði hvað útvarp varðar en þurfa samt að greiða fullt afnotagjald. Ég vek athygli á því í leiðinni að það er ekki bara nóg með það að þetta einstaklega fallega og gjöfula svæði sem Hnappadalurinn er búi við afleitt útvarpssamband heldur er símasamband á svæðinu algerlega óviðunandi líka. Ég vil því taka undir með hv. þm. þeirra Vestlendinga, Magnúsi Stefánssyni og hvetja til að úr þessu verði bætt hið allra fyrsta.

[15:02]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni og þakka hv. þm. Magnúsi Stefánssyni fyrir að hreyfa þessu máli. Margoft hefur verið kvartað á undanförnum árum beint til Ríkisútvarpsins. Þetta mál hefur einnig verið rætt á Alþingi hvað eftir annað og enn þá er það svo að í Kolbeinsstaðahreppnum er mjög slæmt samband bæði með síma og útvarp. Á Bröttubrekku dettur út útvarp og símí á þeirri leið yfir á Heydal og það er margsannað að margir svokallaðir svartir blettir eru enn þá á Vesturlandi þrátt fyrir að ástandið hafi batnað eftir að settur var magnari á Gufuskálum eða endurvarp á Gufuskálum en ég tek undir að ástæða er til þess að skoða þetta mál miklu betur og setja í þetta fjármagn. Það hefur alltaf verið kvartað undan því að það væri svo vont að ná í rafmagn. Við eigum núna möguleika að setja jafnvel upp vindmyllur til að framleiða rafmagn á þeim stöðum þar sem þyrfti að koma fyrir endurvarpa.

[15:03]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Á síðasta ári lét Byggðastofnun gera mjög ítarlega könnun á viðhorfi landsbyggðarfólks til búsetuskilyrða. Þar kom fram að víða um land er nokkur óánægja með afþreyingarmöguleika fólks. Auðvitað er eðlilegt að á hinum fámennari stöðum sé afþreying fábrotnari en á höfuðborgarsvæðinu þar sem fólksfjöldinn er. Þess vegna skiptir gríðarlegu máli fyrir landsbyggðina að búa við góð skilyrði hvað varðar móttöku útvarps og sjónvarp en á því er mikill misbrestur og það er með ólíkindum í lok 20. aldar að koma á t.d. stað eins og Borgarnes sem er tæplega 2 þús. manna bær, nokkra tugi kílómetra frá Reykjavík, þar sem víða í bænum er ekki hægt að hlusta skammlaust á Ríkisútvarpið og sama gildir um sveitirnar þar fyrir vestan. Ríkisútvarpið hefur trassað það allt of lengi og ekki haft sem forgangsverkefni að bæta úr þessu en ég vil fagna því sem fram kom í svari hæstv. menntmrh. og sýnist að nú horfi mál til betri vegar. Ég treysti hæstv. ráðherra sem er vaskur maður til að fylgja þessu máli vel eftir. Mér finnst ástæða í leiðinni til að þakka hæstv. ráðherra fyrir framgöngu hans varðandi bætta útsendingu útvarps til fiskimiðanna fyrir Vesturlandi með nýjum langbylgjusendi frá Gufuskálum sem sjómenn eru afskaplega ánægðir með.

[15:04]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að þakka fyrirspyrjanda fyrir þetta og ég tek eindregið undir. Ég hef mikla reynslu af Húsafellssvæðinu í Borgarfirði. Þar eru 120 til 140 orlofshús í eigu ýmissa stéttarfélaga og þar eru fleiri þúsund manns á hverju sumri. Í útvarpi heyrist ekki nema í einstöku svæðum og þá með braki og brestum. Sjónvarp er með sömu annmörkum en þessum úrbótum hefur verið lofað margsinnis og lítils háttar verið litið á þetta en ástandið er óviðunandi þrátt fyrir fjölda athugasemda sem sendar hafa verið til viðkomandi yfirvalda.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir góð svör og einnig þakka ég hv. þm. fyrir umræðuna.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að samningaviðræður eru uppi við Landssímann um dreifingu á útvarpsefni og sjónvarpsefni. Ljósleiðarinn sem slíkur er mjög góður og vel til þess fallinn að dreifa slíku efni en það er hins vegar ekki nóg því dreifðari svæði eru ekki í sambandi við ljósleiðara og því þarf að ráða bót á málum þeirra með endurvörpum og slíku.

Ég vil fagna upplýsingum menntmrh. um áform um uppbyggingu senda og endurvarpa sem komu fram í svari hans.

Einnig kom fram hjá hæstv. ráðherra að það er forgangsverkefni hjá Ríkisútvarpinu að byggja upp endurvarpskerfi á norðanverðu Snæfellsnesi og kostnaðaráætlun um það er upp á um 30 millj. Auðvitað ber að fagna því en hins vegar bendi ég á það eins og reyndar hefur komið fram í máli einstakra hv. þm. að afar slæmar aðstæður eru í dreifbýlli svæðum í kjördæminu og hér hafa verið nefnd einstök svæði, Hnappadalurinn, Húsafellssvæðið, jafnvel Borgarnes. Ég vil einnig bæta við Dalasýslunni. Þar hafa einnig komið fram ítrekaðar kvartanir um þetta. Hins vegar er ljóst að málin þokast áfram þótt kannski fari of hægt. En ég trúi því og veit reyndar að hæstv. menntmrh. mun beita sér af fullu afli til að tryggja öllum landsmönnum sömu aðstæður til að njóta útsendinga Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins þannig að það standi undir því sem vera ber, að það sé allra landsmanna.

[15:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka umræðurnar og ítreka það sem ég hef áður sagt að að sjálfsögðu ber Ríkisútvarpinu að hafa það sem markmið að þjóna öllum landsmönnum eins að þessu leyti eins og öðrum. Ég er þeirrar skoðunar að umræður eins og þessar séu gagnlegar til áminningar um það hvar helst þurfi að taka til hendi en ég held líka að þær séu tímanna tákn af því að skoðun mín er sú að þessi tækni eigi eftir að taka svo örum framförum á næstu missirum og árum að við munum standa frammi fyrir allt öðrum kröfum í þessu efni en við gerum núna, bæði að því er símaþjónustu varðar og einnig að því er varðar hljóðvarps- og sjónvarpssendingar. Núna er að koma til sögunnar símkerfi sem er þannig að fyrst leitar síminn að stöðvum á jörðu niðri og síðan fer hann upp í gervitungl og menn geta verið með sama númerið hvar sem er í heiminum og alltaf náð sambandi. Ég er sannfærður um, hvað sem líður ljósleiðurum og kapalkerfum, að þeir tímar séu að koma að gervihnettir verði notaðir í ríkari mæli til að miðla upplýsingum og sinna fjarskiptum og allur almenningur muni geta nýtt sér það í ríkari mæli en áður. Við erum einnig með áform uppi um að koma á laggirnar stafrænum sendingum þar sem tíðnisviðið er notað með allt öðrum hætti. Að öllu þessu þarf að huga, jafnt að koma þessu til allra landsmanna og einnig að nýta sér þá tækni sem fellur best að þessum kröfum hverju sinni. Kröfurnar eru þær að menn hafi 100% þjónustu hvarvetna þar sem þeir eru staddir á landinu og við getum ekki fullnægt þeim kröfum nema með nýjum dreifikerfum og þar eru hnattrænu kerfin og sjónvarpskerfin líklega best fallin til að svara þessum kröfum.

Lausaganga búfjár.

Fsp. HjÁ, 158. mál. — Þskj. 158.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Nú er háannaferðatímanum þetta ár lokið og er ánægjulegt til þess að vita hversu mikil aukning hefur verið í þeirri mikilvægu grein og er spáð áframhaldandi aukningu og er virkilega ástæða til að gleðjast yfir því að bjart er yfir í ferðaþjónustunni. Þó má segja að einn skuggi hvíli þar á, nefnilega mjög tíð slys á þjóðvegum landsins, slys í umferðinni sem má beinlínis rekja til lausagöngu búfjár á þjóðvegum. Þetta hefur illu heilli kostað mörg mannslíf fyrir utan eignatjón og örkuml og það er auðvitað mjög alvarlegt mál og alvarlegur skuggi á okkar ágætu ferðaþjónustu. Það sem meira er að drjúgur hluti af fórnarlömbum þessara slysa virðist vera erlendir ferðamenn og má ugglaust þar kenna um reynsluleysi þeirra en hingað sækja þeir í frjálsræðið á Íslandi, má segja bæði fyrir dýr og menn.

Ég var reyndar í nokkrum vandræðum með það hvort ég ætti að beina fyrirspurn til hæstv. samgrh. eða dómsmrh. en komst nú að þeirri niðurstöðu að hér væri fyrst og fremst um öryggismál að ræða og vildi því beina fyrirspurninni til hæstv. dómsmrh. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er ekkert einfalt mál og engin einföld svör til við þessu en ég leyfi mér eigi að síður að beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.:

Hyggst dómsmálaráðherra grípa til einhverra aðgerða í kjölfar alvarlegra slysa á þjóðvegum landsins sem rekja má til lausagöngu búfjár?

[15:11]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda heyra þessi mál undir fleiri en eitt ráðuneyti. Samkvæmt vegalögum er hlutverk vegagerðar að annast girðingar samkvæmt reglum sem lög mæla fyrir um. Í annan stað heyrir búfjárhald undir landbrn. og rétt er að geta þess í tilefni af þessari fyrirspurn að landbrh. ákvað á liðnu sumri, eða í júlímánuði sl., að gefnu tilefni að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um leiðir til að halda búfé frá helstu þjóðvegum landsins og fara yfir fyrri tillögur sem lagðar voru fram á árinu 1989 um það efni. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef mun mjög stutt í að tillögur frá þessari nefnd liggi fyrir.

Þá er þess að geta að Umferðarráð hefur með höndum fræðslu og viðvaranir um þessi efni. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá framkvæmdastjóra Umferðarráðs hefur ráðið í útvarpsþáttum beint athygli sérstaklega að þessari hættu og þar að auki hefur mikil áhersla verið lögð á að koma skilaboðum um þær hættur sem stafa af búfé á vegum til erlendra ferðamanna sem aka hér á landi og þar er um að ræða myndbönd og bæklinga með umferðarmerkjum á ensku þar sem sérstök áhersla er lögð á að nefna þær hættur sem steðja helst að erlendum ökumönnum. Ég hygg að bæði hin almenna áhersla Umferðarráðs í þeim tilgangi að vekja athygli erlendra ferðamanna á þessum hættum og sú nefndarskipun sem landbrh. beitti sér fyrir sýni að reynt hefur verið að bregðast við þessum vanda sem ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að ástæða er til að gera.

[15:14]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu máli. Hér er um mjög stórt mál að ræða sem hefur margoft verið rætt vegna slysa og vandamála sem skapast af lausagöngu búfjár. Mjög mikilvægt er að ráða bót á þessum málum og fyrirbyggja slysahættu eins og frekast er kostur. Ég tel að náttúrlega sé um að ræða samstarfsverkefni nokkurra aðila eins og hæstv. ráðherra nefndi, t.d. dómsmrn., samgrn. og landbrn., að ógleymdum Bændasamtökunum því að hér þarf auðvitað að taka á á breiðum vettvangi. Hæstv. ráðherra nefndi girðingar með þjóðvegum og það er rétt að Vegagerðin hefur það hlutverk með hendi en hins vegar hefur mér skilist að það hafi verið nokkuð óljóst hver skuli halda við þessum girðingum þannig að þær haldi frá því búfé sem þær eiga að halda frá þjóðvegunum.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og það er sannarlega ástæða til. En ég leyfi mér að nota tækifærið og minna á að málið hefur verið hér á dagskrá Alþingis í formi frv. sem ég hef flutt og endurflutt og beinist sérstaklega að þeim hluta þessa vandamáls sem er lausaganga stórgripa. Ég hef þetta frv. nú til endurskoðunar og hef sent það fulltrúum allra þingflokka og bind vonir við að það nái fram á næstu dögum, og lít á það sem hluta af því vandamáli sem við erum að ræða um. Ég vænti þess að það fái góðar undirtektir og vonandi afgreiðslu því að ég held að það sé ekki vansalaust fyrir Alþingi að hafa ekki tekið á þessu máli, a.m.k. þeim hluta þess sem langalvarlegastur er og veldur alvarlegustu slysunum og það eru óumdeilanlega árekstrar umferðar og stórgripa.

Vandamálið sem snýr að sauðfjárræktinni er nokkuð annars eðlis og stærra í sniðum að taka á því, en lausaganga stórgripa er tímaskekkja og er löngu tímabært að taka á henni.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þeim þingmönnum sem lögðu orð í belg, og ekki síst sérstökum áhuga hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar með gagnmerku frv. sem hann boðar. Ég er þó ekki alveg sammála að hættan sé eingöngu vegna stórgripa því að dæmin sýna að mjög mannskæð slys hafa orðið sem beinlínis má rekja til lausagöngu sauðfjár.

Það er ljóst að ferðamannastraumur hingað til lands mun aukast, 10% á ári er spáð, og það er vissulega fagnaðarefni, en þá um leið að óbreyttu mun þessi slysahætta aukast enn frekar. Mannslíf er dýrt og þess vegna er mjög mikilvægt að gera hvaðeina sem hægt er til að koma í veg fyrir eyðingu þess.

Eins og fram kom í svari hæstv. ráðherra má vænta mikils af nefnd þeirri sem hæstv. umhvrh. hefur skipað, en ég tek mjög undir með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að þetta er enn eitt dæmið um samstarfsverkefni margra ráðuneyta en hættan er sú að lítið gerist þegar aðeins eitt ráðuneyti kemur að svo viðamiklu máli.

En við þurfum að gera allt hvað hægt er til þess að auka öryggið. Mér kemur til hugar, án þess að ég hafi nokkra lausn á þessu, að skylda bílaleigur og flugstöðvar að láta erlenda ferðamenn fá sérstaka bæklinga til að vara þá við þeirri hættu sem fylgir því að ferðast á Íslandi, en þeir eru jú komnir hingað til að njóta frjálsræðis sem allt kvikt nánast nýtur hér á Íslandi, en því eru margir erlendir ferðamenn óvanir. En ég þakka hæstv. ráðherra svörin.

[15:18]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt að minna á að Umferðarráð stendur fyrir því að afhenda erlendum ferðamönnum bæklinga þar sem varað er við þessari hættu. En vegna þess sem komið hefur fram um nauðsyn á samvinnu milli ráðuneyta er rétt að taka fram að nefnd sú sem landbrh. skipaði er skipuð fulltrúum frá landbrn., bændasamtökunum, Félagi ísl. bifreiðaeigenda, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Vegagerðinni.

Áhrif hvalveiðibanns.

Fsp. EKG, 50. mál. — Þskj. 50.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er öllum ljóst að samspilið í lífríki hafsins er afar flókið. Við höfum kynnst því á undanförnum mörgum árum að reynst hefur býsna örðugt að átta sig á stærð einstakra nytjastofna þó að vel sé reynt að vanda til vísindalegra rannsókna. Eitt er þó a.m.k. ljóst, að samspilið á milli einstakra nytjastofna er fyrir hendi með ýmsum hætti þó. Það er til að mynda ljóst að ef við nýtum ekki einhverja tiltekna nytjastofna þá hefur það ekki einasta áhrif á vöxt og viðgang þess stofns heldur líka á vöxt og viðgang annarra stofna.

Þess vegna m.a. var það ákveðið að Hafrannsóknastofnun á sínum tíma fór út í svokallaðar fjölstofnarannsóknir til þess að gera sér grein fyrir því betur en áður hvaða áhrif þetta flókna samspil í lífríki hafsins hefði á vöxt og viðgang einstakra nytjastofna.

Hér á landi hefur ríkt hvalveiðibann allt frá árinu 1984. Í 15 ár höfum við Íslendingar kosið að nytja ekki sjávarspendýrin í kringum landið. Það sér það auðvitað hvert mannsbarn að líffræðileg áhrif þess að nýta ekki svo stórvirka nytjastofna eins og hvalirnir eru hlýtur að hafa heilmikil áhrif á lífríkið í hafinu. Fæðuöflun hvalanna er þekkt, menn vita hvert hvalirnir leita eftir fæði, og þess vegna hafa vísindamenn verið að reyna að velta því fyrir sér hvaða áhrif það hefur á stöðu einstakra nytjastofna við landið að friða hvali.

Það má kannski segja, þótt undarlegt sé, að koma hins fræga hvals Keikós hafi varpað nýju ljósi á þetta hjá almenningi. Þegar fólk gerir sér grein fyrir hvað þessi einstaka skepna étur þá held ég að það dyljist engum að áhrifin af því að veiða ekki hval á sama tíma og við nýtum aðrar tegundir hlýtur að hafa gríðarleg áhrif á þetta samspil í lífríki hafsins. Þess vegna hef ég leyft mér á þskj. 50 að spyrja hæstv. sjútvrh. um áhrifin af hvalveiðibanninu og spurningarnar eru þessar:

Í fyrsta lagi. Hver verða áhrif þess á einstaka nytjastofna við Íslandsstrendur að viðhalda banni við hvalveiðum?

Í öðru lagi. Hver gætu orðið efnahagsleg áhrif áframhaldandi hvalveiðibanns?

[15:22]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er um margt erfitt að koma með óyggjandi svör við þeim spurningum sem hér eru lagðar fram. En að sjálfsögðu eru þær mjög áhugaverðar og mikilvægt að leita svara við þeim. Það voru stundaðar hvalveiðar hér á árunum 1980–1985 og þá störfuðu að meðaltali um 100 manns við veiðar og vinnslu þessara afurða og útflutningsverðmætið var á bilinu 1,3–2 milljarðar kr. Ef menn gefa sér þá forsendu að hvalveiðar yrðu reknar hér af svipuðum krafti og á þessum árum mætti reikna með að útflutningsverðmæti hvalafurða gæti verið a.m.k. um 1,5 milljarðar kr. að því tilskildu auðvitað að fyrir hendi væru markaðir fyrir þær afurðir.

Hitt er þó miklu vandasamara að segja til um hvaða áhrif það getur haft á aðra fiskstofna að hvalveiðar eru ekki stundaðar. Það hefur verið sett fram af hálfu vísindamanna að líklegt sé að hvalir hér við land éti um 6 milljónir tonna af sjávarfangi á ári, þar af sé sennilega þriðjungurinn fiskur, þar á meðal nytjafiskar eins og þorskur og loðna.

Síðan hafa verið settar fram tilgátur um að það geti leitt til minni þorskveiði sem nemur um 20% eða að langtímaafrakstur af þorskveiðum geti minnkað um allt að 20% frá því sem ella yrði ef hvalveiðar væru ekki stundaðar. En á það verður að leggja áherslu að þetta eru vísbendingar, tilgátur sem ekki hafa verið færðar vísindalegar sönnur á og þess vegna afskaplega vandmeðfarið að leggja tölulegt mat á þessar niðurstöður, en þær sýna mikilvægi þess að Hafrannsóknastofnun geti haldið áfram fjölstofnarannsóknum sínum þannig að við fáum haldgóða vitneskju um þessi áhrif. En ég hygg að óhætt sé að segja að flest bendir til þess að áhrifin séu veruleg og að öllum líkindum yrði ávinningur af því að hefja hvalveiðar að nýju fyrst og fremst í því fólginn að auka veiðar úr öðrum nytjastofnum.

[15:26]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að spyrja um þetta mál. Hann hefur verið óþreytandi að koma með ábendingar um að nauðsynlegt sé að hefja hvalveiðar. Það hefur komið fram að við getum búist við minnkandi veiði um allt að 30–50 þúsund tonn af þorski ef svo fer sem menn hafa bent hér á. Því hefur líka verið slegið fram að líklega geti verið um allt að 3 milljarða kr. virði að ræða af hvalafurðum, verulega hærri tala en hæstv. sjútvrh. nefndi, ef það væri framreiknað frá því þegar hvalveiðar voru og hétu.

Ég tel ástæðu til að drífa í að taka ákvörðun um að hefja hvalveiðar. Það á að leyfa veiðar á hrefnu til að byrja með og þó svo að veltan komist ekki svo hátt sem nefnd var áðan í tölum, þá er ástæða til að byrja þó að um minni upphæð yrði að ræða.

[15:27]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Guðfinnssyni fyrir að hreyfa þessu máli. Það komu fram athyglisverðar upplýsingar hjá hæstv. sjútvrh. um það magn af sjávarfangi sem talið er að hvalir éti á miðunum. Ég held að það sé alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að ávinningurinn er kannski fyrst og fremst og aðallega í því að við getum aukið veiðar okkar, og það er ekkert smámál. Þjóðin lifir á veiðum og nýtingu fiskstofnanna. Við erum komin í bullandi samkeppni við hvalastofnana um nýtingu á þessum fiskstofnum og ég tel að það sé ekki eftir neinu að bíða að taka ákvörðun um að hefja hvalveiðar sem allra fyrst. Og ég vil hvetja hæstv. sjútvrh. til dáða í þeim efnum og að beita sér fyrir því að við tökum ákvörðun um að hefja hvalveiðar og nýta okkar sjálfsagða rétt til að nýta sjávarfang og spendýrin við landið.

Ég tek undir það með hv. þm. Gísla Einarssyni við eigum að hefja hrefnuveiðar sem allra, allra fyrst.

[15:28]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Í lok síðasta mánaðar hélt félagsskapurinn Sjávarnytjar ráðstefnu um hvalveiðar og stöðu hvalveiðimálanna. Hjá Gísla Víkingssyni, sem er helsti hvalasérfræðingur Hafrannsóknastofnunarinnar, komu fram svipaðar upplýsingar og hæstv. ráðherra gaf hér áðan, þ.e. að hvalirnir í hafinu við Ísland ætu svona rúmlega 2 milljónir tonna af fiski á ári, þar af hrefnan um helminginn. Það kom líka fram hjá honum að eftir örfá ár gætum við staðið frammi fyrir því, ef við ekki stemmum stigu við ótakmarkaðri fjölgun hvalanna, að þurfa að skera niður þorskveiðar okkar um 10–20%, 30–60 þúsund tonn á ári að útflutningsverðmæti upp á 4–7 milljarða kr. Þarna er náttúrlega mjög stórt mál á ferðinni og við getum ekki látið eins og ekkert sé.

Ég hitti nýlega togaraskipstjóra á Snæfellsnesi, sem var að koma úr veiðiferð út af Vesturlandi, og hann sagði mér frá því að þegar hann lagði af stað í land taldi hann 24 stróka frá stórhvelum út um brúargluggann. Og skipstjóri á öðrum togara sem var aðeins grynnra á slóðinni hafði sömu sögu að segja. Nótaveiðimenn kvarta undan því að það sé ekki friður fyrir þessum skepnum á loðnumiðunum. Við verðum að bregðast við og láta nú slag standa og hefja hvalveiðar á ný.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þessar upplýsingar sem eru mjög mikilsverðar í þá umræðu sem fer fram um nýtingu á lífríkinu. Menn hafa verið að reyna að gera lítið úr efnhagslegu mikilvægi þess að hefja hvalveiðar. Menn hafa verið að reyna að draga í efa að það borgaði sig nokkuð að hefja hvalveiðar. Hvað leiða upplýsingar hæstv. sjútvrh. í ljós?

Í fyrsta lagi að ef vel tekst til um hvalveiðarnar gætu veiðarnar sjálfar skapað um einn og hálfan milljarð í útflutningstekjur og sjálfsagt er þetta varlega áætlað. En þetta er ekki aðalatriðið eins og hæstv. ráðherra benti á. Aðalatriðið er auðvitað það hver áhrifin eru af hvalveiðibanni á stöðu annarra nytjastofna. Í máli hæstv. ráðherra kom fram að áframhaldandi hvalveiðibann gæti haft þau áhrif til lengri tíma litið að langtímaafrakstur þorskstofnsins gæti minnkað um allt að 20%. Algeng veiði á þorski á undanförnum árum hefur legið á bilinu 300 til 350 þús. tonn, varlega áætlað, 20% af því þýða 60–70 þús. tonn á ári.

Ég aflaði mér þeirra upplýsinga hjá Þjóðhagsstofnun í morgun hver áhrifin yrðu á útflutningstekjur okkar Íslendinga ef þorskveiði yrði aukin um 10 þús. tonn. Miðað við fiskverð á árinu 1997 var um að ræða áhrif upp á um 1,2 milljarða króna. Þetta þýðir að hvalveiðibannið getur verið að valda okkur tjóni upp á kannski 7,5–10 milljarða króna á ári fyrir utan það útflutningsverðmæti sem hvalveiðin sjálf mundi skapa okkur. Það sem liggur því fyrir er að það hefur mjög alvarleg áhrif á lífskjör okkar, það er okkur efnahagslega dýrkeypt að hefja ekki hvalveiðar. Það er auðvitað ljóst að við svo búið má ekki standa lengur. Við getum ekki vegna okkar sjálfra og vegna lífskjaranna sem við erum að reyna að bæta í þjóðfélaginu, leyft okkur að hefja ekki hvalveiðar.

Aðgerðir vegna tekjumissis grásleppusjómanna.

Fsp. GE, 168. mál. — Þskj. 170.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. Á lokadögum þingsins í vor spurði ég hæstv. sjútvrh. eftir aðgerðum vegna fyrirsjáanlegs tekjutaps hrognkelsaveiðimanna. Hæstv. sjútvrh. svaraði því til að það væri rétt hjá fyrirspyrjanda að það virtist vera fyrirsjáanleg veruleg verðlækkun á afurðum og það gæti komið af þeim sökum til tekjutaps.

Nú er það ljóst að tekjur þeirra sem stunduðu þessar veiðar árið 1998 eru 30% eða minna af því sem þær voru að

meðaltali undanfarin þrjú ár. Ég spyr: Ætlar ríkisstjórnin að grípa til aðgerða vegna tekjutaps þeirra sem byggja afkomu sína á þessum veiðum að verulegu leyti? Sumir telja að þegar vel veiðist af grásleppu sé um gullmokstur að ræða. Menn gleyma því að þeir sem þessar veiðar stunda nota nokkra mánuði á hverju ári til veiðarfæragerðar og undirbúnings, allt að því jafnlangan tíma og veiðitíminn stendur. Ég minni á að þegar loðnan brást var loðnuflotanum úthlutaður þorskkvóti sem átti að bæta stöðu þeirra. Með þennan kvóta hefur verið verslað. Þeir sem hafa stundað grásleppuveiðar yrðu himinlifandi ef þeim væru heimilaðar veiðar á þorski til að mæta tekjutapi þótt heimildir væru óframseljanlegar og aðeins veittar til móts við sannanlegt tap og miðist við eitt ár. Um var að ræða á síðustu vertíð bæði verðfall og verulegan aflabrest. Ef ekki er að gert tel ég vera um mismunun að ræða gagnvart sjómönnum sem stunda hrognkelsaveiðar miðað við aðra. Því hef ég sett fram þessa fyrirspurn:

„Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa vegna gríðarlegs tekjumissis grásleppusjómanna, í ljósi þess að tekjur þeirra drógust saman um 70% á vertíðinni 1998 frá því sem var á árunum 1995–97?“

[15:35]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt að oft eru verulegar sveiflur í grásleppuveiðiskap, bæði hvað varðar magn og verð. Veiðin hefur verið um 10 þús. tunnur að meðaltali síðustu tíu árin. Aflinn hefur þó farið tvisvar á þessu tímabili í 13.500 tunnur, m.a. vertíðina 1997. Síðasta vertíð var hins vegar afar slök og var aflinn einungis 6.500 tunnur en árið 1990 varð aflinn svipaður. Auk þess sem aflinn dróst verulega saman lækkaði verð á hverja tunnu úr 65 þús. krónum árið 1997 í 41 þús. kr. Heildarverðmæti grásleppuaflans varð u.þ.b. 265 millj. eða tæpur þriðjungur af verðmæti vertíðarinnar 1997. Verðfallið má rekja til mikillar veiði í heiminum árið 1997 en þá veiddust tæplega 50 þús. tunnur. Talið er að hæfilegt magn sé um 33 þús. tunnur á ári og ef litið er til þess að í ár veiddust alls um 17 þús. tunnur virðist meðalveiðin árið 1997 og 1998 vera nálægt settu viðmiðunarmarki. Því olli það nokkrum vonbrigðum að verðið skyldi lækka eins mikið og raun varð á.

Um 525 bátar hafa haft grásleppuleyfi og þar af hafa 40 bátar einvörðungu grásleppuleyfi. Aðrir bátar voru með önnur leyfi einnig. Botnfiskafli þessara báta varð um 21 þús. lestir sem gæti verið um 1,5 milljarðar kr. í aflaverðmæti. Samdráttur í aflaverðmæti vegna slakrar grásleppuvertíðar, sem nemur um 640 millj. milli ára, þýðir því að heildarverðmæti þessara báta er gróflega reiknað u.þ.b. 25% minna en ef grásleppuvertíðin hefði verið eðlileg. Þessum samdrætti er eðlilega misskipt og t.d. eðlilegt að álykta að hann komi verst niður á þeim sem hafa eingöngu leyfi til grásleppuveiða. Þótt engu sé hægt að slá föstu um það hve mikinn hluta tekna sinna grásleppukarlar hafa af þessum veiðum verður að telja líklegt að þeir sem eingöngu hafa leyfi til grásleppuveiða hafi tekjur af öðrum toga en grásleppuveiðum. Jafnframt er líklegt að aðstaðan sé mjög mismunandi á milli þeirra innbyrðis. En það er ljóst að sveiflur af þessu tagi geta átt sér stað og því miður hafa menn horft framan í verulega niðursveiflu bæði að því er varðar veiði og aflabrögð en ekki hafa verið á prjónunum neinar sérstakar ráðstafanir til að draga úr þessum sveiflum. Þetta er þáttur í starfsumhverfi sjávarútvegsins að sveiflur verða frá einu ári til annars sem útvegurinn verður að mestu leyti að standa undir og geta tekist á við en ýmislegt bendir þó til þess með hliðsjón af því hvað veiðin hefur færst niður að markaðsverð eigi að geta náð jafnvægi aftur á nýjan leik.

[15:38]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin þótt ég sé ekki ánægður með þau, a.m.k. hvað varðar það hvernig á að reyna að bæta þessu fólki þann tekjumissi sem það hefur orðið fyrir.

Ég vil benda á að um 1.200–1.500 manns hafa haft tekjur af þessum veiðum. Um er að ræða aukastarf fjölmargra bænda sem eiga ekki völ á neinum öðrum tekjuauka. Ég tel að ástæða sé til að skoða sérstaklega þau mál. Það er kannski dæmi um það hvað fólk hefur lítið velt þessu fyrir sér hve fáir þingmenn taka þátt í umræðunni en ástandið hjá þeim sem stundað hafa hrognkelsaveiðar er mjög slæmt og ég tala ekki um þá bændur sem hafa haft af þessu tekjur. Ég tel að það verði að koma einhvern veginn til móts við þennan hóp og þykir mjög miður að hæstv. sjútvrh. skuli ekki hafa velt fyrir sér t.d. þeim möguleika sem ég nefndi í minni ræðu að veitt væri heimild til veiða á þorski til móts við sannanlegt tap og aðeins væri leyft að veiða heimildir þannig að þær væru óframseljanlegar og aðeins miðað við eitt ár í senn.

Nýtt greiðslumat.

Fsp. JóhS, 188. mál. — Þskj. 204.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í áfangaskýrslu samráðsnefndar um greiðsluvanda heimilanna frá 1995 er hvatt til þess að félmrh. hafi forgöngu um að gerður verði neyslustaðall fyrir íslensk heimili. Í skýrslu starfshóps um nýtt greiðslumat frá febrúar á þessu ári er ein af tillögum starfshópsins að unnið verði að gerð neysluviðmiðunar um framfærslukostnað heimilanna. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur einnig í vinnu sinni stuðst við ákveðna neysluviðmiðun sem tekur til lágmarksframfærslu en þar er ekki tekið tillit til annarra þátta svo sem viðhalds húsnæðis, menntunar, tómstunda eða húsbúnaðarkaupa. Tvennt vekur þar athygli.

Í fyrsta lagi að um 100 þús. kr. munur er á neysluviðmiðun Ráðgjafarstofu og neyslukönnunar Hagstofu, bæði hjá barnlausum hjónum og hjónum með tvö börn. Þar kemur fram t.d. að að því er varðar barnlaus hjón munar um 100 þús. eða 96 þús. og 102 þús. ef um börn er að ræða. En þar segir til skýringar að um sé að ræða framfærslukostnað heimila í greiðsluerfiðleikum og það sé skýringin og hins vegar hjá Hagstofunni, meðaltalsframfærslukostnað heimila í landinu óháð tekjum, eignum og skuldum.

Í annan stað vekur athygli að í skýrslunni er borin saman þessi lágmarksviðmiðun og 18% greiðslumat í húsbréfakerfinu og viðmiðun við 28% af bruttólaunum í afborgun lána í félagslega kerfinu. Þá kemur í ljós ef við skoðum húsbréfakerfið að það vantar allt upp í 20 þús. kr., 6–20 þús. kr. í tekjur, til þess að hjón geti staðist greiðslumat miðað við 18% af bruttótekjum ef tekjur eru undir 170 þús. kr. Sama kemur fram varðandi félagslega kerfið, þar er miðað við 28% af bruttólaunum í afborgun lána, að þar vantar upp á hjá bæði einstaklingum og hjónum sem eru með nettótekjur

á bilinu 72 til 132 þús., frá 16 og upp í 43 þús. í tekjur, til að standa undir slíku greiðslumati. Þetta gæti bent til þess að þrengja þurfi greiðslumatið frá því sem nú er og þar sem í fréttum hefur komið fram að nýtt greiðslumat sé tilbúið fyrir lánveitingar fyrir nýja Íbúðalánasjóðinn þá spyr ég hæstv. ráðherra:

„1. Hefur verið unnið að gerð „neysluviðmiðunar“ um framfærslukostnað heimilanna sem verði grundvöllur í húsnæðiskerfinu fyrir greiðslumat og fjárhagsráðgjöf fyrir heimilin eins og starfshópur um nýtt greiðslumat lagði til í febrúar sl. og hefur þar verið tekið mið af neysluviðmiðun Ráðgjafarstofu heimilanna?

2. Ef ekki verður stuðst við neysluviðmiðun, hvaða forsendur og mat verður lagt til grundvallar við að meta greiðslugetu íbúðakaupenda hjá nýja Íbúðalánasjóðnum?“

[15:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Samningur við lánastofnanir, þ.e. Samband banka og sparisjóða um framkvæmd greiðslumats liggur fyrir og hann verður undirritaður alveg á næstu dögum. Í þessum samningi felst m.a. að Íbúðalánasjóður leggi til forrit um neysluviðmiðun byggt á reynslutölum frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna auk reksturs bíls sem er ekki inni í tölum Ráðgjafarstofunnar. Inn í forritið koma þá tekjur og eignir og skuldir og framfærsluviðmiðun. Það sem eftir er þegar framfærslufé og kostnaður við skuldir hefur verið dreginn frá heildartekjum og þar með töldum væntanlegum vaxtabótum, barnabótum, barnabótaauka og hvers lags tekjum öðrum má afgangurinn ganga til húsnæðiskostnaðar.

Við gerum ráð fyrir því að fyrst um sinn verði hámarkslánin óbreytt og tekju- og eignaviðmið í félagslega kerfinu sömuleiðis, þ.e. 1.540 þús. kr. árstekjur á einstakling, 1.950 þús. kr. hjá hjónum og 257 þús. kr. fyrir hvert barn. Gert er ráð fyrir því að mögulegt sé að hnika frá þessu forriti ef um þunga fjölskyldubyrði er að ræða. En nú verður greiðslumat tvíþætt, þ.e. annars vegar að reikna út greiðslugetu lántakenda miðað við þennan lágmarksframfærslukostnað og hins vegar ráðgjöf frá lánastofnuninni um ákvörðun lántakanda. Sú ráðgjöf er mikilvæg að mínu mati og lýtur að því að lántakanda sé ljóst að hann þarf að taka tillit til ýmissa útgjaldaliða sem fylgja kaupum á íbúð eða rekstri hennar og jafnframt að hann verði að gera ráð fyrir ýmsum öðrum útgjöldum og að með lántökunni sé hann að binda sig og fjölskyldu sína í greiðslum til margra ára. Jafnframt verður náttúrlega að gera lántakanda ljóst að hann ber persónulega ábyrgð á endurgreiðslu lána auk verðtryggingar.

Það er verið að vinna að þessu. Forritið er ekki frágengið og það er verið að prófa að keyra það út á umsóknum sem liggja fyrir og hafa verið afgreiddar. Það er sem sagt ekki búið að klára það. Þessi vinna við útkeyrsluna er svona hálfnuð og endanleg niðurstaða verður metin þegar við sjáum hvernig það kemur út.

Ég held að það sé mikil framför að taka þessa neysluviðmiðun upp því að af brýnustu nauðþurftum þá þarf fjölskyldan fyrst að hafa eitthvað til að borða. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda að neysluviðmiðun Ráðgjafarstofunnar er mjög þröng. Hún er reyndar byggð á rauntölum því að það eru ekki nein skot út í loftið hjá Ráðgjafarstofu heldur hefur fólk getað komist af með þessa neyslu. Það eru rauntölur og fólk hefur lifað á þessu kannski ekki í mjög langan tíma en um einhverra ára skeið. Þetta er unnið upp úr búreikningum viðkomandi fólks sem er vel að merkja í fjárþröng og er að reyna að vinna sig út úr skuldabasli. Þá er þetta hægt. En þetta er sannarlega ekki neitt meðaltal af eyðslu landsmanna. Það er rétt að hafa það í huga. Ég held að það sé réttari aðferð að fyrst þarf fólkið að fá að borða, síðan er hægt að fara að hugsa til þess hvað hægt er að veita sér af öðrum lystisemdum eins og húsnæði og/eða meiri eyðslu.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Þá hefur það verið staðfest í þessum ræðustól að greiðslumatið verður byggt á ákveðinni neysluviðmiðun og ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt þá er byggt á viðmiðun frá Ráðgjafarstofu. Ég fór yfir þá viðmiðun sem Ráðgjafarstofan hefur notað þar sem sýnt er fram á að það vantar töluverðar fjárhæðir í tekjum hjá þeim sem eru í félagslega kerfinu til þess að standa undir 28% af brúttólaunum í félagslega kerfinu og þeirri framfærslu sem hér er sett fram hjá Ráðgjafarstofu. Mér sýnist að ef þetta er rétt og miða eigi við þessa neysluviðmiðun sé verið að þrengja verulega matið í félagslega kerfinu. Ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef það er ekki rétt. Og það þýðir að raunverulega er verið að lækka enn frekar þessa viðmiðun sem er núna sú að lántaki geti nýtt 28% af brúttólaunum til afborgunar lána. Ég geri mér út af fyrir sig ekki grein fyrir hvað það þarf að vera mikið en hitt er alveg ljóst að ef verið er að þrengja matið í félagslega kerfinu að því er varðar Íbúðalánasjóðinn þá geta miklu færri haft aðgang að honum heldur en fengu fyrirgreiðslu í félagslega kerfinu sem hefur verið lagt af.

Ég spyr ráðherrann um þetta. Er þessi ótti minn ástæðulaus? Mér sýnist að ef þessi viðmiðun verði tekin upp þá muni þeim fækka mjög sem geta nýtt sér þjónustu Íbúðalánasjóðs og þá verði enn meiri þörf fyrir leiguíbúðir á leigumarkaðnum eins og við fórum ítarlega í gegnum á síðasta þingi.

[15:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er ekki hugmyndin að þrengja matið, stugga frá eða loka kerfinu fyrir mönnum. Menn eru, eins og ég sagði áðan, að prófa sig áfram með því að reikna út umsóknir samkvæmt báðum kerfum og reyna að finna þar einhvern skynsamlegan ballans. Ég vænti þess að það takist. Ég endurtek það sem ég sagði að ég held að þetta sé skynsamlegri uppbygging, þ.e. eins og hér hefur verið lagt til, að taka upp neysluviðmiðun eða taka hana inn í greiðslumatið. Ég held að það sé framfaraspor.

Hitt er svo annað mál og ég vil leggja áherslu á það að persónuleg ráðgjöf lánastofnunar hlýtur að verða mjög mikilvæg í þessu sambandi og það sé mjög mikilvægt að fólk sé ekki að flana eða sé spanað út í fjárfestingar sem það fyrirsjáanlega getur ekki staðið undir og því sé líka gert ljóst að það getur þurft að leggja hart að sér til þess að komast yfir viðkomandi eign.

Greiðslur til starfsmanna í B-hluta stofnunum ríkisins.

Fsp. JóhS, 190. mál. — Þskj. 206.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í upplýsingum sem undirrituð fékk í sumar frá fjmrn. kemur fram að greiðslur til ríkisstarfsmanna hjá B-hluta stofnunum vegna aksturs, þóknana og nefndastarfa ganga að stærstum hluta til karla. Á vegum B-hluta stofnana ríkisins eru milli 20 og 30 stofnanir, fyrirtæki og sjóðir. Má þar nefna Póst og síma, Rafmagnsveitur ríkisins, Ríkisútvarpið, Áfengis- og tóbaksverslunina, tollstöðvarhúsið og fleiri.

Í þessum upplýsingum sem ég fékk kemur fram að greiðslur vegna fastra nefndarlauna og þóknana námu árið 1996 rúmum 30 millj. kr. 139 karlar og 34 konur fengu þessar greiðslur. Af þessum greiðslum fengu karlar um 25 millj. kr. en konur rúmlega 5 millj. Með öðrum orðum greiðslurnar runnu að 83% hluta til karla en 17% hluta til kvenna. 829 starfsmenn fengu greiðslu vegna aksturs, þ.e. bílastyrkir og lokaðir aksturssamningar, þar af 555 karlar og 274 konur. Samtals námu þessar greiðslur tæpum 80 millj. kr. Karlar fengu tæplega 71 millj. af greiðslunum en konur rúmlega 9 millj. Ef einungis er litið til bílastyrkja en ekki lokaðra aksturssamninga vekur sérstaka athygli að af um 74 millj. kr. greiðslum fengu 487 karlar tæplega 66 millj. en 265 konur rúmlega 8 millj. kr. Meðalbifreiðastyrkur til karla var því rúmlega 135 þús. kr. á árinu 1996 meðan meðalgreiðslur til kvenna voru rúmlega 30 þús. kr.

Ég hygg að svona upplýsingar kalli á skýringu. Ég sé ekki fyrir mér að á þessu geti verið neinar eðlilegar skýringar sem maður sér í fljótu bragði. Þess vegna taldi ég fulla ástæðu til þess að spyrja hæstv. ráðherra um þann mismun sem þarna kemur fram og hvort að við séum þarna að sjá birtingarform af því launamisrétti sem viðgengst milli karla og kvenna sem ekki síst birtist í ýmsum hlunnindagreiðslum. Þetta vekur upp spurningu t.d. um það hvort hér sé á ferðinni brot á jafnréttislögum. Því hef ég leyft mér að leggja þessa fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

Hver er skýring þess að yfir 80% þóknana og greiðslna fyrir nefndarstörf til starfsmanna í B-hluta stofnunum ríkisins komu í hlut karla, en innan við 20% í hlut kvenna, á árunum 1995 og 1996?

Hver er skýring þess að 89% akstursgreiðslna í sömu stofnunum, m.a. vegna lokaðra aksturssamninga, komu í hlut karla en 11% í hlut kvenna á árunum 1995 og 1996?

Telur ráðherra framangreind greiðsluhlutföll eðlileg og mun hann beita sér fyrir að jöfnuður verði í þessum greiðslum milli kynja?

[15:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Áður en einstökum liðum í þessari fyrirspurn er svarað er rétt að benda á að í B-hluta stofnunum ríkisins á þessum tíma unnu rúmlega 6.600 einstaklingar. Af þeim fjölda fengu 97, 70 karlar og 27 konur, greidda fasta þóknun fyrir nefndarstörf og 22, 14 karlar og 8 konur, fengu greidda þóknun fyrir tilfallandi nefndarstörf, en í einhverjum tilfellum eru það sömu aðilar og fengu greidda fasta þóknun.

Þessar greiðslur sem hér er verið að spyrja um, námu 0,4% af heildargreiðslum stofnananna. Á þessum tíma voru 113 manns með lokaðan aksturssamning, 105 karlar og 8 konur, en 798 manns, 511 karlar og 287 konur, með opinn aksturssamning. Greiðslur fyrir þetta voru 1,3% af heildargreiðslum stofnananna þannig að hér er verið að tala um sáralítið brot af því sem starfsmannahald þessara stofnana kostar.

Ef ég kem síðan að spurningunum þá er líklegasta skýringin á þessum hlutföllum sú að það eru einkum forstöðumenn, stjórnendur og sérfræðingar sem kallaðir eru til þátttöku í hinum ýmsu nefndum og á þeim stofnunum sem hér er um að ræða, Pósti og síma, Rarik, Ríkisútvarpinu o.s.frv., svo að dæmi séu nefnd, voru það fyrst og fremst karlar sem sinntu slíkum yfirmannsstörfum, þ.e. forstöðumanns-, stjórnenda- eða sérfræðingsstörfum.

Að því er varðar aðra spurninguna þá gilda eflaust sömu röksemdir og nefndar eru í 1. lið að því er varðar fastar akstursgreiðslur með þeirri skýringu þó að fyrir nokkrum árum sagði bíla- og vélanefnd upp öllum aksturssamningum og við endurnýjun þeirra var haft að leiðarljósi að forstöðumenn og stjórnendur skyldu hafa fastan aksturssamning en ekki opinn. Forsendan fyrir því var sú að ekki væri eðlilegt að þeir legðu sjálfir mat á akstursþörf sína í þágu starfsins.

Hvað varðar aðrar akstursgreiðslur þá má leiða líkur að því að konur á þessum stofnunum hafi frekar sinnt störfum sem unnin voru inni á föstum vinnustað en störf karlanna hafi oftar krafist þess að þeir nýttu eigin bíl til að komast á milli vinnustaða. Má gera sér í hugarlund að þar geti verið um að ræða viðgerðarmenn, línumenn og aðra þess háttar starfskrafta sem allir vita að eru enn sem komið er oftar karlkyns en kvenkyns. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að það er mun hagkvæmara fyrir ríkið að leigja afnot eigin bíls starfsmanns heldur en að kaupa undir hann leigubíl, bílaleigubíl eða eftir atvikum að stofnunin keypti bíl eins og sums staðar hefur verið gert.

Ég hef þá svarað 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar, herra forseti. Að því er varðar 3. liðinn þar sem spurt er um það hvort mér finnist þessi skipting eða framangreind hlutföll eðlileg, þá verð ég að segja að þeirri spurningu er ekki hægt að svara. Skýringarnar eru komnar fram að svo miklu leyti sem hægt er að skýra þennan mun. Auðvitað geri ég ráð fyrir því að allir vildu sjá meiri jöfnuð kynjanna í hinum ýmsu störfum í þjóðfélaginu og þar af leiðandi í þeim nefndum sem hér er um að ræða og í þeim störfum þar sem um er að ræða aksturssamninga. Að öðru leyti er ekki hægt að fella dóma um það hvort hér sé um að ræða eðlileg hlutföll eða ekki. Þessi hlutföll eiga sér þær skýringar sem ég hef rakið. Ég geri ráð fyrir því að þessi hlutföll séu ekki óumbreytanleg og þau muni raskast og ég vænti þess að eftir því sem konum fjölgar, til að mynda í stjórnunar-, sérfræðinga- og öðrum ábyrgðarstörfum, þá muni þau breytast. Við sjáum þess þegar merki í ríkiskerfinu að hlutföll kvenna og karla sem stjórnenda hafa verið að breytast á undanförnum árum.

[16:00]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Við rannsókn á launajafnrétti fyrir u.þ.b. tveim árum í opinbera kerfinu og víðar kom í ljós að stærsti launamunurinn liggur í óunninni yfirvinnu auk ýmiss konar fríðinda, m.a. akstursgreiðslna og fleiri þátta. Slík fríðindi eða óbeinar launagreiðslur ná ekki nema til lítils hluta starfsmanna, aðallega til þeirra sem geta með einhverjum hætti hagrætt sér sjálfir. Ræstingakonan er ekki með bílastyrk né óunna yfirvinnu, hvað þá eldhússtarfsmaðurinn sem eldar

mat fyrir þá sem geta skammtað sér launaaukann. Þetta er kallað neðanjarðarlaunakerfi.

Er þetta leiðin til að útrýma launamisrétti kynjanna? Þarf ekki að vinna að breytingum á þessu?

[16:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að taka þetta mál upp. Þær tölur sem hún hefur vakið athygli á eru ekki síst athyglisverðar í ljósi þess að hæstv. ríkisstjórn hefur sett fram háleit markmið í jafnréttismálum og m.a. var gefið út rit um þau mál af hálfu fjmrn. Þar eru stofnanir á vegum ríkisins m.a. hvattar til að stuðla að jöfnum rétti kvenna og karla til launa.

Hæstv. fjmrh. vill meira jafnrétti. Það er gott. En ég vil nota tækifærið og minna hann á að það er hann sem hefur valdið til að breyta þessu. Hæstv. fjmrh. telur eðlilegar skýringar vera á þessu, m.a. þær að forstöðumenn stofnana, sem oftast eru karlar, séu helst fengnir til að gegna störfum sem hafa í för með sér aukatekjur. Ég tel þessa skýringu vera nokkuð líklega til að skýra hluta þessa misréttis en þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Er ekki kominn tími til að fara að ráða líka konur í störf forstöðumanna stofnana og í æðstu stöður hjá stofnunum á vegum ríkisins og í ráðuneytunum eða er það eitthvert lögmál að í þeim stöðum séu fyrst og fremst karlar?

[16:02]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér fannst hæstv. fjmrh. skauta nokkuð létt yfir skýringar á þeim mun sem hér hefur verið lagður fram.

Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þm. Þórunni Sveinbjörnsdóttur áðan að það misrétti sem er í launum kynjanna felst oft í hlunnindagreiðslum. Ég bið hæstv. ráðherra að skoða hvort hann telji það ekki kalla á skýringar þegar við erum að tala um t.d. þann fjölda sem fékk greiddan bílastyrk og lokaða aksturssamninga, og hæstv. ráðherra bendir á að helst séu það karlmenn sem þurfi e.t.v. á bílum að halda starfa sinna vegna. Það var eiginlega eina skýringin sem hann reiddi fram. En þegar við skoðum það að af 829 starfsmönnum sem fengu akstursgreiðslur voru 555 karlar og 274 konur, sem sagt helmingi færri konur. En greiðslurnar voru 80 millj. og karlarnir taka til sín 71 millj. af þessum greiðslum. Þeir eru helmingi fleiri og taka til sín 71 millj. en konurnar bara 9 millj. og þær eru helmingi færri. Ég segi: Kallar þetta ekki á einhverja skýringu?

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við sjáum svona tölur. Við höfum séð það þegar svipaðar kannanir hafa farið fram hjá ríkisvaldinu að það er geigvænlegur munur og ekki óalgengt að sjá að svona greiðslur og hlunnindi renna að 90% til karla og 10% til kvenna.

Ég vil minna á í þessu sambandi að í tilefni af svari sem ég fékk frá hæstv. viðskrh. er verið að kanna hjá kærunefnd jafnréttismála í Jafnréttisráði hvort um misrétti sé að ræða að því er varðar bílastyrki í bönkunum til karla og kvenna vegna þess að tölur þar gáfu tilefni til þess. Það veldur mér vonbrigðum, og það skulu vera mín lokaorð, að ráðherrann telji engar óeðlilegar skýringar á þessu og telur ekki ástæðu til að fara frekar ofan í þetta mál þrátt fyrir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram.

[16:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil benda á það sem ég nefndi áðan að hér er um að ræða agnarlítinn hluta af öllum greiðslum til starfsmanna þessara stofnana. 0,4% heildargreiðslna fyrir nefndalaun, 1,3% vegna akstursgreiðslna. Ég geri mér grein fyrir að þetta skiptir samt máli en menn verða að vara sig á að gera ekki úlfalda úr mýflugu.

Ég held að það sé skynsamlegt að reyna að grafast fyrir um það hver þróunin hefur verið síðan 1995 og 1996, sem þessar tölur eiga við. Ég er alveg sannfærður um að við erum sammála að reyna að efla og auka hlut kvenna í þessum störfum sem um er að ræða. En það er eigi að síður staðreynd að hjá starfsmönnum þessara B-hluta stofnana, t.d. hjá Pósti og síma og Rarik, sem hafa bíla til afnota er mikið um viðgerðarmenn, línumenn og aðra slíka þjónustuaðila sem þurfa að fara mikið út um hvippinn og hvappinn til að sinna viðgerðum og þess háttar. Og það er þannig hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að fleiri karlar en konur sinna því enn þann dag í dag. Gott og vel, við skulum reyna að breyta því. Ég held að það sé verðugt markmið. En á þessar tölur í sjálfu sér er ekki ástæða til að vera uppi með miklar árásir heldur er ástæða til að grafast fyrir um orsakirnar og reyna að breyta þeim. Ég held að það sé aðalatriðið í þessu.

Kjör ellilífeyrisþega.

Fsp. ÞHS, 216. mál. — Þskj. 239.

[16:07]

Fyrirspyrjandi (Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. vegna ellilífeyrisþega og réttinda þeirra. Fyrri fyrirspurnin er um hvort heilbrrh. hyggist beita sér fyrir því að launatekjur maka skerði ekki tryggingabætur hins aðilans. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er rætt um að minnka tekjutryggingar. Mun þetta ná til ellilífeyrisþega? Ráðherra hefur lýst því yfir hér að slíkt sé í undirbúningi vegna örorkulífeyrisþega og þá hlýtur hið sama að gilda um ellilífeyrisþega.

Má nefna dæmi um hjón á ólíkum aldri þar sem annar aðilinn er úti á vinnumarkaðnum en hinn hefur látið af störfum. Í fyrsta lagi fær viðkomandi lægri ellilífeyri vegna hjúskaparstöðu og í öðru lagi fengi hann ekki tekjutryggingu ef laun maka eru yfir ákveðnum mörkum. Viðkomandi er fullkomlega háður maka sínum um framfærslu og þekki ég þess dæmi sem hafa leitt til mikilla erfiðleika í hjónabandi.

Þá má nefna að frítekjumark almannatrygginga hækkaði einungis um 4% milli ára en meðaltekjur í þjóðfélaginu hækkuðu mun meira. Hafi heildartekjur maka ellilífeyrisþega hækkað í góðærinu getur það þýtt lægri greiðslur til lífeyrisþegans. Með þessu er kerfið að draga mjög úr hugsanlegum áhrifum góðærisins hjá lífeyrisþegum með því að láta þá niðurgreiða það sjálfa.

Frelsi er orð sem mjög er haft í frammi en þá eiga menn oft við viðskipti. Það er mikilvægt að við leggjum meiri áherslu á að veita fólki frelsi frá fátæktinni.

Seinni fyrirspurnin varðar sjálfstæðan rétt einstaklings til ellilífeyrisgreiðslna. Ellilífeyrir einstaklings er 15.123 kr. en ef fólk er í hjúskap þá lækkar lífeyririnn í 13.611 kr. Þessu til viðbótar hafa hjónin ekki rétt til heimilisuppbótar

né sérstakrar heimilisuppbótar. Þannig geta tekjur hjóna verið undir viðmiðunarframfærslumörkum félagsmálastofnunar eða 41.435 kr. Viðmiðun félagsmálastofnunar er 96.473 kr. Fólki er sem sagt vísað á félagsmálastofnun með þessum hætti en stolt eldri kynslóðarinnar er mikið og það segir í flestum tilvikum: Við hljótum að skrimta.

Er þinginu ljós þessi staða ellilífeyrisþega, að þó nokkur hópur fólks er undir fátæktarmörkum? Ef eldri hjón með þessar tekjur eru á leigumarkaði, er staða þeirra langt, langt undir velferðarmörkum. Ég spyr: Hvað hyggst ráðherra gera?

[16:10]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir spyr tveggja spurninga um kjör ellilífeyrisþega. Fyrri spurning þingmannsins er hvort ráðherra hyggist gera sömu breytingu á tekjutengingu maka ellilífeyrisþega og fyrirhugað er varðandi maka öryrkja.

Eins og fram kom á hv. Alþingi fyrir tveimur vikum mun ég kynna í haust fyrsta skrefið til að koma til móts við það misrétti að tekjur maka geti skert bætur öryrkja. Þetta er það verkefni sem ég og ríkisstjórnin erum að vinna að. Okkar vinna hefur fyrst og fremst beinst að öryrkjum. Þar er brýnast að lagfæra hag þeirra. Hafa verður hugfast að áhrif tengingar tekna maka og bætur lífeyrisþega eru ekki að öllu leyti hin sömu hjá öryrkjum og ellilífeyrisþegum. Þegar um er að ræða hjón þar sem annar aðilinn, oftast konan, hefur lítinn eða engan rétt til bóta úr lífeyrissjóði þá kemur það henni til góða að tekjur séu metnar sameiginlega. Í þeim tilvikum er hagstæðara fyrir hjónin að skoða heildartekjur þeirra áður en bætur eru greiddar út. Þetta á við um verulega stóran hóp eða einhverjar þúsundir manna. Því er ekki sjálfgefið að hagsmunir ellilífeyrisþega og öryrkja fari alltaf saman.

Síðari spurning hv. þm. er hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að ellilífeyrir frá Tryggingastofnun verði sá sami hjá hjónum og hjá einstaklingum.

Ellilífeyrir hvors hjóna er nú 90% af ellilífeyri einstaklings en tekjutrygging er hin sama. Allt frá upphafi alþýðutrygginga á Íslandi árið 1935 hefur hjónalífeyrir verið lægri en lífeyrir tveggja einstaklinga. Frá upphafi hefur verið byggt á því að taka skuli tillit til tekna og annarra aðstæðna lífeyrisþega, þar á meðal tekna maka. Þetta byggist að sjálfsögðu á þeirri staðreynd að einstaklingur þarf einn að standa straum af ýmsum kostnaði sem leggst sameiginlega á hjón og því hefur verið talið eðlilegt að einstaklingur þurfi hærri fjárhæð sér til framfærslu en annað hjóna. Þetta hefur ekkert breyst sl. 60 ár.

Árið 1999 verður helgað málefnum aldraðra. Undirbúningur og skipulag ársins er vel á veg kominn með góðri samvinnu við samtök aldraðra, lífeyrissjóði og áhugasamtök. Í tilefni af ári aldraðra verða fjölmörg verkefni í gangi sem munu bæta hag og stöðu aldraðra í samfélagi til framtíðar. Þar höfum við forgangsraðað og það verkefni sem er efst á mínum verkefnalista í dag er að fjölga hjúkrunarrýmum.

Í fjárlagafrv., sem nú er til meðferðar í þinginu, er gert ráð fyrir að framlög vegna reksturs hjúkrunarrýma aukist um 320 millj. kr. á næsta ári. Þá eru 20 millj. kr. ætlaðar til að auka heimahjúkrun. Því til viðbótar verður 240 millj. kr. varið úr Framkvæmdasjóði aldraðra til framkvæmda á næsta ári. Brýnni þörf aldraðra fyrir vistun á hjúkrunarheimili verður því í fyrsta sinni uppfyllt á næsta ári.

Virðulegi forseti. Því til viðbótar eru mörg áhugaverð verkefni í undirbúningi í tilefni af ári aldraðra. Það er mjög mikilvægt að vel takist til um þau og góð samstaða náist um þau mikilvægu verkefni sem ýtt verður úr vör á ári aldraðra árið 1999.

[16:14]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjörnsdóttur fyrir að hreyfa þessu máli og vekja athygli á því hróplega óréttlæti sem ellilífeyrisþegar búa við í þessum efnum ekki síður en öryrkjar. Það er ekki nóg með að grunnlífeyrir sé skammarlega lágur eða rúmar 15 þús. kr. fyrir einstakling og 13.600 kr. hjá hjónum heldur er öldruðum vegna jaðarskattsáhrifa gert að búa undir fátæktarmörkum hvað sem tautar og raular og í þokkabót er fjárhagslegu sjálfstæði hjóna ógnað með tengingu við tekjur maka. Það eru engin rök að mínu viti í málinu að svona hafi kerfið verið hannað fyrir 60 árum. Það er algerlega óeðlileg viðmiðun að mínu mati.

Það er smánarblettur á samfélagi okkar að þessum hópi, öldruðum og öryrkjum, sé gert að lifa á tekjum sem eru langt undir fátæktarmörkum sem félagsmálastofnun miðar við eins og hv. framsögumaður benti á áðan. Þá hefur ekki heldur verið tekið á jaðarskattsmálum aldraðra eins og ríkisstjórnin lofaði þó hátíðlega í upphafi kjörtímbilsins. Ríkisstjórnin hefur hreinlega gefist upp á því verkefni einhverra hluta vegna.

[16:15]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Minni hluti fjárln. hefur sérstaklega beint fyrirspurnum til ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., hvort ætlunin sé að hækka fjárlög vegna staðreynda sem dregnar hafa verið fram um stöðu öryrkja, fatlaðra og aldraðra. Það liggja fyrir staðreyndir. Þær eru að hlutfall bóta til þessara hópa er 10% lægra en til þeirra sem hafa meðallaun. Það er 28 stiga munur á lágmarkslaunum og launavísitölu lífeyris almannatrygginga á árunum 1995–1998.

Ætlar hæstv. heilbrrh. að beita sér fyrir þeim aðgerðum að það verði beðið um hækkun á fjárlögum vegna þessara hópa? Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að greiðslur verði afturvirkar? Eina sanngirnin, að teknu tilliti til þessara staðreynda sem dregnar hafa verið fram, er að greiðslur verði afturvirkar.

[16:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá mér og áreiðanlega ekki mörgum hv. þm. að kjör ellilífeyrisþega og öryrkja margra hverra eru undir fátæktarmörkum og þar eru margir ellilífeyrisþegar alls ekki undantekning. Ef það á að fara þá leið sem hæstv. ráðherra nefndi í svari sínu, að ekki eigi að afnema tekjutengingu maka varðandi ellilífeyrisþega, þá er það brot á stjórnsýslulögum að mínu mati og mörgum alþjóðasamningum og það verður ekki liðið.

Ég ætla að minna á það einnig að öryrkjar verða aldraðir, þeir verða ellilífeyrisþegar. Á þá skerðingin að fara að gilda um leið og þeir verða 67 ára? Hvað á þetta eiginlega að þýða?

Ég minni á að í nál. þegar fyrstu almannatryggingalögin voru samþykkt kom fram að lífeyristryggingarnar eigi að vera persónutryggingar, þær eigi að vera sjálfsagður réttur óháður öðrum einstaklingum. Þessi vilji löggjafans kom mjög skýrt fram í nál. Ég minni á að hið sama gildir um

aðrar tryggingar. Ég bendi á atvinnuleysistryggingarnar sem eru persónutryggingar og menn halda fullum (Forseti hringir.) persónutryggingum þó svo þeir séu í hjónabandi þegar þær tryggingar eru annars vegar. Það er ekki boðlegt, herra forseti, að láta þetta viðgangast öllu lengur í lok 20. aldar.

[16:18]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að hún segði nei, að hún ætlaði ekki að gera sömu breytingu á tekjutengingu maka ellilífeyrisþega og fyrirhuguð er varðandi maka öryrkja. Ég verð að segja, herra forseti, að þetta eru kaldar kveðjur til aldraðra í aðdraganda árs aldraðra. Ég held að ég hefði sleppt því sem hæstv. ráðherra að draga inn ár aldraðra sérstaklega eftir að hafa sent öldruðum slíka kveðju sem ráðherrann gerði. Ég skora á ráðherrann að endurskoða afstöðu sína vegna þess að ef það felst misrétti í því varðandi örorkubæturnar að miða við tekjur maka þá er svo auðvitað líka gagnvart öldruðum. Það er ekki hægt að ganga þannig til verks þegar verið er að leiðrétta þetta að leiðrétta bara hjá öðrum hópnum, eða öryrkjum, en ekki hjá öldruðum. Ég skora því á hæstv. ráðherra að endurskoða þessa afstöðu sína og ég er sannfærð um að Samtök aldraðra og aldraðir munu rísa upp og mótmæla því sem hér hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra.

[16:20]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli og taka undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um það að ráðherrann segði nei við fyrri spurningunni — ég gat heldur ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi — og byggði þessa neitun á því að ekki væri hægt að bera saman tekjur ellilífeyrisþega og öryrkja.

Það er vissulega rétt að þetta er ekki að öllu leyti sambærilegt en við hins vegar vitum að það er veruleg fátækt meðal mjög margra aldraðra og ekki er langt síðan aldraðir stóðu úti á Austurvelli og mótmæltu kjörum sínum og gerðu ekki bara þá kröfu að hjúkrunarrýmum yrði fjölgað heldur lögðu þeir fram ýmis önnur réttlætismál þegar þeir settu fram sínar kröfur.

Ég vil beina því til hæstv. ráðherra að hún endurskoði þessa afstöðu sína fyrir afgreiðslu fjárlaga og hefji ár aldraðra — sem reyndar er ekki bara næsta ár, það hófst eins og hér kom fram áðan 1. október — með því að heita því að aldraðir fái þessa leiðréttingu eins og öryrkjar.

[16:21]

Fyrirspyrjandi (Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim sem til máls hafa tekið. Við komum inn á það að þeir sem fá þessar lægstu greiðslur eru þeir sem hafa verið öryrkjar og eru orðnir ellilífeyrisþegar í dag þannig að þeirra staða er mjög veik þegar kemur að breytingum og þeir verða ellilífeyrisþegar. Eiga þeir þá að lækka? Ef öryrkinn fær þá úrlausn sem hæstv. ráðherra nefndi, hvað gerist þá þegar þeir verða 67 ára og ellilífeyrisþegar?

Miklar breytingar eru nú í samfélaginu á viðhorfum til þess hvort litið sé á hjón sem einstaklinga. Við hugsum allt öðruvísi en við gerðum fyrir tugum ára.

Það eru mörg dæmi þess að það eru ekki bara konur sem hafa verið tekjulágar í samfélaginu. Ég þekki þó nokkuð mörg dæmi þar sem karlar í eldri kantinum, kannski átta til tíu árum eldri en eiginkonan, eru ölmusumenn að biðja um vasapeninga á sínu heimili þannig að það er ekki kynbundið. Þeir geta verið með langan starfsferil. Þeir byrjuðu jafnvel að vinna fyrir daga lífeyrissjóðakerfisins eða unnu þannig vinnu að ekki var greitt af launum þeirra í lífeyrissjóði. Þeir líða mikið fyrir þessa stöðu og oft hefur þetta leitt til hjónaskilnaðar og þessi aðferð leiðir til hjónaskilnaða. Það munar það miklu á þessum upphæðum. Þetta leiðir til allt að 20 þús. kr. mismunar. Og hvernig viljið þið sjá ellilífeyrisþega leita til félagsmálastofnunar? Ég get ekki séð það fyrir mér.

[16:23]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Við erum með tekjutengingu á svo mörgum sviðum í þjóðfélaginu og ég veit að hv. þingmenn eru sammála mér um að það verður ekki þurrkað út með einu pennastriki. Ég fór yfir það áðan í hvaða forgangi við hefðum verkefni og hvar brýnast væri að leysa vandamálin. Ég heyrði það ekki hér að menn mótmæltu því sem ég sagði áðan, að brýnt væri að leysa ýmis verkefni sem er verið að leysa og við höfum lengi beðið eftir að verði leyst. Við gerum ekki alla hluti í einu skrefi. Ég tel að umræðan hér hafi verið prýðileg og málinu fremur til framdráttar en hitt. En ég endurtek að þetta er ekki að öllu leyti sambærilegt hvað varðar ellilífeyrisþega og öryrkja. Ég fór í gegnum það áðan og hv. fyrirspyrjandi kom einmitt inn á það að í gildandi kerfi er það svo að ellilífeyrisþegar njóta þeirra skattfríðinda sem í gangi eru. Ef við ætlum að breyta því kerfi þá erum við líka að taka af þúsundum ellilífeyrisþega þannig að mörgu er að gæta þegar þessi mál eru til umræðu.

Fundi slitið kl. 16:25.

---

27. FUNDUR

fimmtudaginn 19. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, stjtill., 230. mál, þskj. 257. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Stjórnarskipunarlög, frv., 254. mál, þskj. 288. — 1. umr.

3. Miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu, stjfrv., 184. mál, þskj. 200. — 1. umr.

4. Lögheimili, stjfrv., 185. mál, þskj. 201. — 1. umr.

5. Tilkynningar aðsetursskipta, stjfrv., 186. mál, þskj. 202. — 1. umr.

6. Tryggingagjald, stjfrv., 228. mál, þskj. 255. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 262. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 300.

Mótun opinberrar fjölskyldustefnu, 126. mál, svar félmrh., þskj. 287.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið verður til dagskrár þessa fundar fer fram utandagskrárumræða um framkvæmd fjármagnstekjuskatts. Málshefjandi er Jóhanna Sigurðardóttir og fjmrh. verður til andsvara. Það er hálftíma umræða.

Forseti vill geta þess varðandi fundahaldið í dag að kl. 13.30, að loknu hádegishléi, verður settur nýr fundur og þá haldið áfram með dagskrármál þessa fundar en auk þess verður rannsókn kjörbréfs á dagskrá, kosning sérnefndar, kosning í bankaráð Seðlabanka Íslands og atkvæðagreiðslur.

Umræður utan dagskrár.

Framkvæmd fjármagnstekjuskatts.

[10:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þegar fjármagnstekjuskattur var lögleiddur hélt stjórnarandstaðan því fram að útfærsla stjórnarflokkanna á skattinum yrði til þess að hygla sérstaklega stórum fjármagnseigendum, að opna fyrir lögleg en siðlaus undanskot á launatekjum frá skatti, að afleiðing þess að skattleggja arð á söluhagnað með öðrum hætti en launatekjum mundi leiða til verulegs tekjutaps fyrir ríkissjóð og að fjármagnstekjuskattur yrði fyrst og fremst skattur á lítinn sparnað almennings. Allt þetta hefur gengið eftir en stjórnarflokkarnir höfnuðu tillögum stjórnarandstöðunnar um ákveðið frítekjumark í fjármagnstekjuskatti til að hlífa litlum almennum sparnaði og að arður og söluhagnaður yrði skattlagður eins og launtekjur.

Í svari fjmrh. við fyrirspurn minni um framkvæmd fjármagnstekjuskatts má sjá að staða stóreignafólks og hinna raunverulegu fjármagnseigenda batnaði með upptöku fjármagnstekjuskattsins. Skattlagning arðs, söluhagnaðar og leigutekna á framtölum ársins í ár með 40% skatthlutfalli hefði gefið ríki og sveitarfélögum tæplega 1.100 millj. kr. meira í tekjur en raunin varð á með 10% skatti eins og ríkisstjórnin valdi. Þetta er skattur sem er fyrst og fremst greiddur af stóreigna- og hátekjufólki og afleiðing þeirrar ákvörðunar að leggja skatt á arð með öðrum hætti en á launatekjur.

Aftur á móti eru nýjar tekjur sem myndast vegna fjármagnstekjuskatts frá því sem áður var aðallega vextir af bankainnstæðum eða um 400 millj. kr. sem ellilífeyrisþegar, unglingar og almennt launafólk með lítinn sparnað greiðir. Skattalegt hagræði af því að breyta rekstrarformi sjálfstæðra atvinnurekenda yfir í einkahlutafélög er líka staðfest á skattframtölum því að sjálfstæðum atvinnurekendum fækkar um 700–800 bara milli áranna 1997 og 1998 en frá 1996 hefur fjöldi einkahlutafélaga aukist um 2.600.

Hæstv. fjmrh. hefur byggt andmæli sín við málflutningi mínum á lagabreytingu sem er ekki enn komin til framkvæmda og breytir engu um þær niðurstöður sem ég setti fram um áhrif af fjármagnstekjuskatti á fyrsta árinu sem hann er lagður á. Þrátt fyrir lagabreytinguna mun líka verða áfram í kerfinu skattalegt hagræði sem mismunar launþegum og eigendum fyrirtækja í fjármagnstekjuskatti. Staðreyndirnar eru þessar:

Með frádráttarbærni arðs frá skattskyldum hagnaði var við álagningu skatta á þessu ári hægt að eyða hagnaði að tilteknu marki og taka verulegan hluta launa út í arði með 10% skatti í stað 40% sem launafólk greiðir og fá líka þannig bótagreiðslur frá ríkinu eins og barnabætur og óskertar vaxtabætur. Þessu líta málsvarar fjármagnseigenda alveg fram hjá.

Með lagabreytingu sem var samþykkt í vor og kemur til framkvæmda við álagningu skatta á næsta ári vegna tekna þessa árs á enn að lækka tekjuskatta fyrirtækja úr 33% í 30. Á móti er frádráttarbærni útborgaðs arðs frá hagnaði felld niður. Það dregur eitthvað úr hagkvæmni þess að taka út arð í stað launa en borgar sig samt. Í því sambandi vil ég leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. ráðherra:

Hver er skoðun ráðherra á því að þó að hagnaður af því að taka út atvinnutekjur sem arð minnki á þessu ári vegna lagabreytinga frá í vor, þá sé áfram enn verulegt skattalegt hagræði að því að söluhagnaður og arður sé skattlagður miklu lægra en launatekjur og með breyttu rekstrarformi hægt að sleppa við hátekjuskatt og tryggingagjald?

Telur hæstv. fjmrh. rétt í ljósi þeirra upplýsinga sem nú hafa komið fram að endurskoða framkvæmd fjármagnstekjuskatts? Ef svo er, hvað þarf endurskoðunar við að mati hæstv. ráðherra?

Telur hæstv. ráðherra ekkert athugavert við að fjármagnseigendur hafi getað tekið verulegan hluta launa sinna út í arði og greitt þannig 10% skatt af tekjum sínum meðan launamaðurinn greiðir um 40% skatt?

Hvert er álit hæstv. ráðherra á því að þeir sem möguleika hafa haft á því að taka verulegan hluta launa sinna út í arði og á móti skammta sér lágar launatekjur skuli með því móti geta fengið bótagreiðslur úr ríkissjóði?

Mun hæstv. ráðherra grípa til aðgerða til þess að bæta framtalsskil í vaxtatekjum og hverja telur ráðherrann vera skýringu á því að framtalsskil á vöxtum af bankainnstæðum batna verulega meðan framtalsskil á vöxtum af verðbréfum minnkar mikið milli ára?

Og loks: Telur hæstv. ráðherra rétt að skattyfirvöld hafi aðgang að upplýsingum frá fjármálastofnunum um bankainnstæður og verðbréfaeign eins og skattyfirvöld hafa farið fram á til að geta staðreynt upplýsingar um skattlagningu vaxta?

[10:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er með ólíkindum það moldviðri sem hv. þm. hefur þyrlað upp að undanförnu í tengslum við álagningu fjármagnstekjuskatts. Staðreynd málsins er sú að skattur af fjármagnstekjum vegna þeirra breytinga sem hafa verið samþykktar og komu til framkvæmda á þessu ári hækkar um rúmlega 800 millj. kr. milli áranna 1996 og 1997 með þessum breyttu skattlagningarreglum. Sú hækkun er tvíþætt: Annars vegar er hækkun vegna breytinga á reglunum sjálfum og hins vegar vegna hækkunar á skattstofnunum sem má einnig rekja að hluta til til breytinga á reglunum, þ.e.

breyting sem hefur orðið vegna þess að fólk hefur hagað sér öðruvísi á grundvelli hinna nýju reglna.

Það sem skiptir máli í þessu sambandi að því er varðar arð og skatta á launatekjur er auðvitað samspil og sameiginleg skattlagning félags og eiganda þess en því er jafnan sleppt í þessu máli. Það skiptir máli hvernig hlutafélagið greiðir skatt af hagnaði sínum áður en kemur til útborgunar á arði. Hér er því náttúrlega um að ræða vísvitandi rangfærslur og blekkingar í þeim tilgangi að gera þetta mál allt saman tortryggilegt.

Þingmaðurinn hefur lagt fram ýmsar spurningar sem ég ætla að reyna að svara eftir bestu getu en þó er rétt að geta þess fyrst að því hagræði sem kann að hafa verið fyrir hendi að því er varðar mismun á skattlagningu á arði og launum hefur verið breytt og það var gert á sl. vori þó að þess sjái ekki stað í álagningu á þessu ári. Það hefur því þegar verið komið til móts við hluta af þeim sjónarmiðum sem þingmaðurinn er að kvarta undan.

Er rétt að endurskoða framkvæmd fjármagnstekjuskattsins á grundvelli þessara upplýsinga? Ég sé ekki að svo sé. Fjármagnstekjuskatturinn er hins vegar einn af þeim sköttum í skattkerfinu sem þarf alltaf að vera til athugunar. Hann er *nýr, það er ekki komin mikil reynsla af honum. Við þurfum* að meta hana þegar meiri reynsla er fengin. En það er þó eitt atriði sem hefur verið ákveðið að breyta nú þegar. Það er spurningin um skattfrelsismörk gagnvart fjármagnstekjuskatti og frv. *kemur væntanlega á borð þingmanna í dag* með breytingu í því efni sem samræmir skattfrelsismörk í þessu efni gagnvart launatekjum.

Ekki er heldur hægt að fullyrða það — það eru rangar forsendur — að svokallaðir fjármagnseigendur geti tekið verulegan hluta launa sinna út í arði og greitt einungis 10% skatt af því. Hvaða fjármagnseigendur eru það? Það eru þeir aðilar sem hafa verið að stofna fyrirtæki á grundvelli löggjafar, sem Alþfl. hafði frumkvæði að, um að gera auðveldara að stofna einkafyrirtæki. Eru menn á móti því? Hafa menn sem hafa verið að flytja hér slík mál verið á móti því? Allir hafa verið sammála um að reyna að greiða fyrir einstaklingsrekstri og hinum smærri atvinnurekendum með því að gefa þeim kost á að breyta sínu formi í slík einkahlutafélög og það hefur gengið ágætlega. Það fylgir því að vísu einhver kostnaður og umstang en menn verða síðan að ákveða sjálfir í rekstri sínum hvernig þeir hafa skipulag sitt að þessu leyti til. Það er búið að bregðast við þessari glufu sem var í kerfinu sem þingmaðurinn klifar hér á.

Hvort það eigi að taka arðgreiðslur með í reikninginn að því er varðar bótagreiðslur úr ríkissjóði. Það er sérstök spurning sem verður að koma til mats hverju sinni. Á að taka allar fjármagnstekjur með í þann reikning? Það var ákveðið í nefndinni sem undirbjó þetta mál á sínum tíma og í sátu fulltrúar allra flokka að leggja það ekki til og reyndar er stefnan sú hjá flestum hygg ég að draga úr þessum tekjutengingum varðandi bótagreiðslur. Ég held að það hafi verið svona frekar gagnrýnt að tekjutengingar væru komnar út í öfgar þannig að hér stefnir þá í öfuga átt ef þetta er stefna þingmannsins. En ég fellst á að þetta er hlutur sem er rétt að ræða.

Hvað með framtalsskil á vaxtatekjum? Spurt var um það. Hverjar eru skýringarnar á því að þær eru mismunandi að því er varðar bankainnstæður og verðbréf? Það er einfalt mál. Það liggur fyrir að bankar og fjármálastofnanir skila skattyfirvöldum núna nákvæmum upplýsingum um þann skatt sem afdreginn er og þar með fær framteljandinn slíkar upplýsingar í hendur og hefur þar af leiðandi góð gögn til þess að telja þetta fram sem var ekki áður enda var engin sérstök hvatning til þess þegar þetta var bæði eignarskattsfrjálst og fjármagnstekjuskattsfrjálst þannig að það er skýringin.

Að því er varðar verðbréfin geta verið ótal skýringar á því. Það geta verið þær skýringar að ríkisverðbréf koma ekki til innlausnar nema á tilteknu ári. Það getur verið mismunandi innlausnartímabil á uppsöfnuðum bréfum o.s.frv. þannig að þetta er ekki vandamál.

Eiga skattyfirvöld að hafa aðgang að upplýsingum frá fjármálastofnunum um bankainnstæður og þess háttar? Það eru ekki vandamál í þessu efni vegna þess að skattyfirvöldin fá allar þessar upplýsingar og geta staðreynt þær ef í gangi er sérstök rannsókn á tilteknum aðilum. Ég tel hins vegar ekki að sérstök ástæða sé til þess að aflétta þeirri bankaleynd sem hér hefur viðgengist í landinu nema þá með því að fyrir fram sé gefið samþykki viðkomandi skattgreiðanda. Þá finnst mér það koma til greina.

[10:44]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Það var einkum þrennt sem við stjórnarandstæðingar gagnrýndum þegar fjármagnstekjuskattur var tekinn upp: Í fyrsta lagi að ekki skyldi ákveðið sérstakt frítekjumark þannig að skatturinn væri ekki lagður á lágar fjármagnstekjur og ekki slegið á sparnaðarviðleitni þegar um *lágar upphæðir væri að ræða. Skatturinn leggst jafnt á lágar* tekjur sem háar tekjur og það teljum við óskynsamlegt.

Í öðru lagi gagnrýndum við að skattprósentan var ákveðin aðeins 10% þó að launatekjur séu skattlagðar 40%. Auðvitað á að skattleggja fjármagnstekjur nákvæmlega eins og aðrar tekjur í þjóðfélaginu hvort sem um er að ræða að þeirra sé aflað með launavinnu eða vegna arðs af fjármagni.

Í þriðja lagi gagnrýndum við að skatturinn skyldi lækkaður á öðrum arðgreiðslum. Skattprósentan á arðgreiðslum, t.d. af hlutahréfum, var liðlega 40%, en hefur verið lækkuð með fjármagnstekjuskattinum niður í 10% og það er auðvitað afar ranglátt.

Ég held að kjarni málsins sé sá að Ísland er mikil skattaparadís fyrir fjármagnseigendur. Hér eru miklu lægri fjármagnstekjuskattar en í flestum nálægum löndum og gæti verið hollt að horfa á hvernig þetta er t.d. í ríkjum Evrópusambandsins. Ég held að það þurfi að endurskoða eins og margt annað í okkar skattkerfi. Það þarf að endurskoða skattlagningu aldraðra og það þarf að endurskoða skattlagningu á félög. Skattlagning á félög er lægri en skattlagning á fyrirtæki sem rekin eru í eigin nafni einstaklinga og þar er ósamræmi sem verður að leiðrétta.

[10:46]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur verið að sprengja hér miklar blöðrur út af þessu fjármagnstekjuskattsmáli. Það er athyglisvert að í kjölfar breytinga sem gerðar voru hækka tekjur ríkissjóðs vegna skattlagningar á arði um 40%. Skatttekjur af söluhagnaði hækka um 80%. Með þessum breytingum hefur því orðið töluverð tekjuaukning hjá ríkissjóði. Það skyldi nú enginn líta á þetta sem gífurlegt vandamál, en hins vegar virðist vera eins og hv. þm. skilji kannski ekki alveg einföldustu atriði í sambandi við þetta mál. Það sem kemur inn í kassann fer að sjálfsögðu eftir þeirri skattprósentu sem lögð er á vegna þess að skattstofninn sjálfur breytist. Sem dæmi um þetta getum við tekið að hér

í bænum eru ákveðnar verslanir sem hagnast mikið á því að selja matvöru ódýrt, tökum t.d. Bónus sem leggur mikið upp úr því að vera með billegri vöru en Hagkaup eða Nýkaup. Við getum rétt ímyndað okkur hve mikil velta yrði í Bónus ef þeir færu að selja allt í einu á sama verði og Hagkaup eða Nýkaup. Veltan mundi að sjálfsögðu detta dálítið niður og hagnaðurinn af viðskiptunum mundi sömuleiðis minnka.

Það er nefnilega þannig að ef hlutur er verðlagður of hátt þá minnkar salan og ef hann er verðlagður lágt þá eykst salan. Hagnaðurinn getur því orðið meiri með lægra verði. Þetta eru ákveðin undirstöðuatriði sem ég tel að hv. þm. ætti að fá smákennslustund í hjá flokksbræðrum sínum sem sumir hverjir kunna þessi fræði afar vel.

[10:49]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þegar lögin um fjármagnstekjuskatt voru sett var það gert þannig að sparifé sem áður hafði verið óskattlagt var skattlagt um 10%. Það var sagt að þetta mundi hafa í för með sér að skil á vaxtatekjum í framtölum mundu batna. Svarið leiðir í ljós að svo er ekki.

Í öðru lagi var ákveðið að hafa ekkert frítekjumark í vaxtaskatti þannig að litlir sparifjáreigendur, börn og gamalmenni, þyrftu að borga fullan vaxtaskatt af smávægilegum vaxtatekjum. Á sama tíma var skattur á söluhagnað hlutabréfa, arðgreiðslur og leigutekjur lækkaður úr 40% í 10%. Við stjórnarandstæðingar fullyrtum að með þessu væri verið að leggja byrðar á sparifjáreigendur með lítinn sparnað en létta byrðum af hátekjufólki. Niðurstaðan í svari hæstv. fjmrh. hefur staðfest að þetta er rétt. Þannig er framkvæmd fjármagnstekjuskattsins í reynd.

Virðulegi forseti. Það hefur líka komið í ljós að mjög mikið misrétti er uppi í skattlagningu fyrirtækja. Sé um að ræða sölu á hefðbundnu fyrirtæki, t.d. í iðnaði eða þjónustu, og sé hagnaður af þeirri sölu þá er áður búið að borga 33% tekjuskatt af hagnaðinum sem varð til þess að auka eiginfjármyndun í fyrirtækinu og síðan 10% af söluhagnaðinum. Þannig að af heildarhagnaðinum er verið að borga um 40% í skatt. Ef um sjávarútvegsfyrirtæki er að ræða sem hefur fengið ókeypis aflaheimildir, þá hefur aldrei verið borgaður skattur af þeim. Hins vegar fær viðkomandi eigandi sölutekjur þegar hann selur hlutabréf sín, þar sem metið er inn í verðmæti aflaheimildanna. Af verðmæti aflaheimilda sem þannig eru seldar er aðeins borgaður 10% skattur.

Þarna er um mjög alvarlegt misrétti að ræða og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort ekki eigi að lagfæra þetta misrétti eða hvort hlutafjáreigendur í sjávarútvegsfyrirtækjum eigi að njóta áfram skatthlunninda af þessu tagi.

[10:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. málshefjandi hélt blaðamannafund þar sem hún fullyrti um fjögur atriði sem giltu um framkvæmd fjármagnstekjuskatts. Öll þessi atriði nema eitt hafa verið hrakin þannig að þetta hefur byggst á miklum misskilningi hjá hv. þm. og vanþekkingu á eðli atvinnulífsins.

Í fyrsta lagi hefur það verið hrakið að hægt sé að breyta hagnaði fyrirtækja og launum yfir í arð. Það hefur verið hrakið af endurskoðendum. Í öðru lagi hefur ekki orðið óeðlileg fjölgun á fyrirtækjum. Það hefur verið ósköp eðlileg fjölgun á fyrirtækjum og ég vona að hv. þm. sé mér sammála um það að við gleðjumst yfir því að stofnuð hafa verið mörg ný fyrirtæki í atvinnulífinu og er það dæmi um gróskuna þar.

Síðan var eitt atriði sem var rétt hjá hv. þm., það var það að hugsanlegt væri að skattleggja lífeyri með fjármagnstekjuskatti, þ.e. $^2/_3$ hluta lífeyris. Reyndar kæmi þetta bankastjórum mest til góða sem eru kannski með 360 þúsund kr. í lífeyri. Þá yrðu 240 þús. kr. af þeim 360 þús. kr. skattlagðar með 10% í staðinn fyrir 39%, sem þýddi það að bankastjórarnir mundu þá greiða sem lífeyrisþegar 70 þús. kr. minna á mánuði. En ég veit ekki hvort hv. þm. er hrifin af því.

Ég er vinur velferðarkerfisins og mér finnst það gleðilegt að tekjur ríkissjóðs, t.d. af söluhagnaði, skuli tvöfaldast við þessa breytingu, tekjur ríkisins tvöfaldast þrátt fyrir það að skattprósentan sé lækkuð. Og það er mjög gleðilegt vegna þess að ég vil velferðarkerfinu vel.

[10:53]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. alþm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hreyfa þessu máli. Af viðbrögðum stjórnarliða og hæstv. ráðherra er algerlega ljóst að þeim líður illa undir þessari umræðu. Það gefur auga leið að skattkerfið okkar er ekki eingöngu tæki til að afla fjár heldur líka leið til þess að jafna kjörin í samfélaginu.

Við skulum rifja það upp í þessu samhengi að þegar tekin var ákvörðun um það árið 1996 að leggja skatta á vaxtatekjur sem þá höfðu verið skattlausar til margra áratuga, eftir langan aðdraganda og langan meðgöngutíma stóð Sjálfstfl. þvert gegn því lengi vel. Það var ekki fyrr en hann kom því í gegn í núverandi ríkisstjórn að kaupa þann vaxtaskatt með því að lækka skatt á arð og söluhagnað og fleiri þætti sem hér hafa verið raktir að málið fékkst í gegn.

Kjarni þessa máls er einfaldlega sá, og það er það sem skýtur skökku við, að lagður er 10% skattur á tilteknar tekjur tiltekinna hópa. Það er lagður 40% skattur á aðrar tekjur, almennar launatekjur. Í því liggur þetta óréttlæti sem hér er verið að fjalla um fyrst og síðast.

Hér kemur fulltrúi og sérfræðingur Sjálfstfl. í efnahagsmálum, Vilhjálmur Egilsson, og talar um að það komi hér augljóslega fram að með því að lækka skattprósentu niður í 10% þá aukist velta í samfélaginu. Ég spyr á sama hátt: Er þess að vænta að tillögur komi frá sjálfstæðismönnum um að lækka skatta á almennar launatekjur úr 40% í t.d. 20% og auka þannig veltu í samfélaginu og neyslu og tekjur ríkissjóðs í gegnum óbeina skatta? Má vænta þess að þessi sjónarmið gangi aftur þegar um launatekjur almenns launafólks er að ræða?

Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort sérfræðingar Sjálfstfl. hér í þinginu séu að lýsa viðhorfum hans í þessum efnum.

[10:56]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér hefur nokkuð borið á góma í umræðunni þau lög sem sett voru fyrr á þessu kjörtímabili um fjármagnstekjuskatt. Af því tilefni þykir mér rétt að rifja upp að með þeim lögum var gerð breyting í veigamiklum atriðum í þá átt sem Alþýðusamband Íslands hefur um árabil gert kröfur um og náði samkomulagi um við Vinnuveitendasambandið og fulltrúa ríkisstjórnarinnar, og það samkomulag var grundvöllur að lagasetningunni á Alþingi.

Ég minni á að í þeirri lagasetningu var því óréttlæti breytt að þeir sem væru nógu efnaðir til að eiga hlutabréf og fá arð af þeim hlutabréfum fengu þann arð algerlega skattfrjálsan upp að vissu marki. Það var sérstakur persónuafsláttur

af arðgreiðslum af hlutabréfum. Það var afnumið. Það var jöfnunaraðgerð.

Í öðru lagi var afnuminn sérstakur persónuafsláttur vegna kaupa á hlutabréfum sem var fram til þessa á þann veg að menn gátu keypt á ári hverju hlutabréf að vissu marki og fengið það dregið frá skatti. Þetta var líka jöfnunaraðgerð.

Í þriðja lagi var það afnumið sem var nú mesta óréttlætið, að allar tekjur manna af fjármagni voru skattfrjálsar. Þær voru skattfrjálsar. Mennirnir sem áttu milljónirnar og milljarðana í peningaeignum sem gáfu af sér tekjur fengu þær eignir skattfrjálsar. Það var afnumið.

Ég vil því biðja menn um að hafa það í huga að ýmislegt var ranglátt áður en gildandi lög voru sett og ýmislegt af því ranglæti var lagfært. Ýmsir í þáverandi stjórnarandstöðu stóðu að því að setja þessi lög. Ég minni á að það voru þingmenn bæði úr Alþb. og Kvennalista sem stóðu með Alþýðusambandi Íslands í því að koma þessum lögum á.

[10:58]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það þarf að hafa í huga að þegar lögin um fjármagnstekjuskatt voru afgreidd var verið að koma með sérskattlagningu á fjármagnstekjur, þær eru ekki skattlagðar með almennum hætti í skattkerfinu. Þetta er alvarlegasta gagnrýnin á þetta kerfi. Við í stjórnarandstöðunni lögðum fram allt annað upplegg við skattlagningu á fjármagnstekjur sem miðaði að samræmdri skattlagningu í samfélaginu.

Ríkisstjórnin fór ekki þá leið. Við bentum á fjölmarga galla við þetta. En það sem mig langar til að lesa er umsögn ríkisskattstjóra um frv. ríkisstjórnarinnar á sínum tíma. Þetta er frá skattrannsóknarstjóra, ekki frá okkur og þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Verulegir hagsmunir munu verða af því að stofna einkahlutafélög og fá greiðslur frá þeim í formi arðs. Þá er frádráttarmöguleiki félagsins á arðgreiðslunni umtalsverður hvati til formbreytingar á atvinnurekstri."

Síðar í umsögn skattrannsóknarstjóra segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Augljós er þá sú hætta að óeðlilega stór hluti greiðslna verði færður sem arður sem ella væri meðhöndlaður sem laun."

Bent var af hálfu skattyfirvalda á öll þessi atriði sem nú eru að koma fram hér í umræðunni og í kjölfar fyrirspurnar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Við bentum á þetta allt saman þegar frv. var samþykkt. Reynslan hefur staðfest það. Varnaðarorð skattayfirvalda um þessa aðferð ríkisstjórnarinnar hafa öll komið fram og voru sögð á sínum tíma.

Hér var verið að mismuna þegnum í þjóðfélaginu, hygla fyrst og fremst stórum hlutfjáreigendum. Út á það gekk sú stefna sem ríkisstjórnin lagði upp með og lögfest var og um það var hinn pólitíski ágreiningur í þingsölum á sínum tíma. Við skulum ekki gleyma aðalatriðum málsins í þessu sambandi. Það var verið að ívilna mönnum með útfærslu ríkisstjórnarinnar, sérstökum vildarvinum stjórnarinnar með sérstakri útfærslu á skattalögum. Það er meginefni þessa máls.

[11:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Við kvennalistakonur áttum aðild að þeirri nefnd sem kom sér saman um þá útfærslu á fjármagnstekjuskatti sem nú er í gildi. Fulltrúi okkar í nefndinni, Kristín Einarsdóttir, var sammála því að mjög mikilvægt væri að koma fjármagnstekjuskatti á og að sú útfærsla sem á endanum varð ofan á hafi verið aðgengileg í útfærslu.

En fulltrúi okkar stóð einnig að bókun ásamt fleiri fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna um að þetta væri málamiðlun sem væri ásættanleg í bili en reynslan yrði að sýna hvort hún væri ásættanleg til lengri tíma, og vissulega væri hægt að finna réttlátari leið við að setja þennan skatt á.

Það að setja 10% vaxtaskatt á alla sparifjáreigendur, einnig gamla fólkið og þá sem eiga mjög lítið í sinni sparisjóðsbók, var okkur mjög erfitt. En það þótti auðvelt í framkvæmd, en hins vegar var hitt öllu erfiðara að lækka skatt á arðgreiðslum úr 40% í 10%.

Afleiðingin hefur að sjálfsögðu orðið sú að fólk hagar sér eftir þessum skatti, eins og búast mátti við. Mér finnst það svar sem nú liggur fyrir ekki alveg nægilega skýrt til þess að fullyrða nákvæmlega hvort afleiðingin var önnur en búast mátti við. Það er hins vegar alveg ljóst að fjármagnstekjuskatturinn er óvenjulega lágur hér á landi miðað við OECD-löndin en þar er skatturinn yfirleitt 13–30%.

Ég fagna því að það skref var stigið að koma á fjármagnstekjuskatti og tel að nú hljóti það að vera hlutverk stjórnmálaflokkanna að ákveða hvort þessi útfærsla verður varanleg eða ekki. Alla vega má það ekki verða forsenda niðurstöðunnar að Vinnuveitendasambandið ráði úrslitum um að fá afslátt á arðgreiðslum til að koma skatti á almennar vaxtagreiðslur.

[11:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ræða hæstv. fjmrh. áðan var mestmegnis útúrsnúningur og ráðherrann vill greinilega ekki viðurkenna staðreyndir. Ráðherrann leyfir sér að segja að ég hafi verið með rangar fullyrðingar þegar ég sagði að fjármagnseigendur hafi getað tekið verulegan hluta launa sinna út í arði og greitt þannig 10% skatt af tekjum sínum. Þetta var staðreynd á fyrsta ári fjármagnstekjuskattsins. Þetta er viðurkennt af skrifstofustjóra tekju- og lagaskrifstofu fjmrn., sem segir að þetta sé afleiðing þeirrar ákvörðunar að skattleggja arð með öðrum hætti en launatekjur.

Síðan segir hæstv. ráðherra að búið sé að bregðast við þessu. Ekki nema að hluta til, hæstv. ráðherra. Allar þær upplýsingar sem ég nefndi um 1.100 millj. standa vegna þess að skattlagning á fjármagnstekjur var með þeim hætti að hægt var að nota frádráttarbæran arð frá skattskyldum tekjum, það var hægt að nota hann. Þess vegna er þetta 1.100 millj. kr. tekjutap og það stendur. Það er ekki búið að bregðast við þessu að fullu.

Það er líka viðurkennt af skrifstofustjóra tekju- og lagaskrifstofu fjmrn., sem segir að eftir standi hins vegar að menn spöruðu sér tryggingagjald, þrátt fyrir þessa breytingu, og þá gætu menn einnig sloppið við að greiða hátekjuskatt og sama gilti um áhrif á bótaþætti eins og barnabætur og vaxtabætur. En ráðherrann telur enga ástæðu til að bregðast við með einum eða neinum hætti þrátt fyrir þær upplýsingar sem þarna koma fram. Allir útreikningar sem ég hef undir höndum og hef látið gera, sem eru sjö dæmi, bæði um áhrifin fyrir breytinguna, eftir breytinguna og eftir breytinguna núna í vor sýna að hagstæðara er að stofna einkahlutafélög en að vera með sjálfstæðan rekstur og munar þar allt að 54% sem skattgreiðslur eru lægri með því móti.

Ráðherrann hæstv. telur að engin ástæða sé til að bregðast við því sem fram kemur að framtalsskil hafi ekki batnað.

Og það sem verra er, hæstv. ráðherra telur enga ástæðu til að auðvelda skattyfirvöldum að fara fram á upplýsingar frá fjármálastofnunum og bönkum um fjármagnstekjuskatt — þrátt fyrir að skattyfirvöld séu að biðja um þetta.

Þetta sýnir og staðfestir að það er enn í forgangi hjá þessari ríkisstjórn og hæstv. ráðherra að bæta sérstaklega hag fjármagnseigenda.

[11:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þessi ræða dæmir sig nú sjálf. Það er upplýst að aðalatriðið í þessu máli er samanlögð skattálagning hjá einkahlutafélagi og eigandanum. Þessu sleppir þingmaðurinn. Þetta skipti líka máli fyrir breytinguna sem var gerð í vor vegna þess að hlutafélög þurftu að skila hagnaði áður en þau gátu borgað út arð. Og svo fór það eftir því hvernig stóð á samspili arðs og hagnaðar hvort um var að ræða einfalda skattlagningu, enga skattlagningu eða jafnvel tvöfalda, eins og tíðkaðist í gamla kerfinu sem við breyttum í vor.

Svo kemur hv. þm. með þær fullyrðingar að það hafi orðið verulegt tekjutap. Með sama hætti má segja að ríkið tapi stórfelldum fjármunum vegna þess að tekjuskatturinn er ekki 50% á almenning í stað þess að vera 39%. (**JóhS:** Hvers lags rugl er þetta eiginlega?) Þannig eru nú fullyrðingarnar hjá hv. þm.

Það er ekki hægt að tala um að skattkerfið eins og það var eða skattprósentan eins og hún var hefði skilað svo og svo miklu á skattstofninn eins og hann er núna. Er þetta ekki einfalt mál? Það liggur alveg fyrir að söluhagnaður t.d. hefur margfaldast vegna þess að fólk er farið að selja, sem það ekki gerði áður. Vegna hvers? Vegna þess að skattkerfinu var breytt.

Sama er að segja um ýmsa aðra þætti og heildarniðurstaðan í þessu er vitanlega sú að ríkið fær í fjármagnstekjuskatt umtalsvert meira fjármagn, meiri peninga en það fékk í gamla kerfinu. Vegna þess að við erum leggja á breyttan skattstofn, hærri skattstofn og við fáum út úr þessu 800 millj. kr. umfram það sem hefði ella verið á árinu 1997 miðað við árið 1996. Þetta er aðalatriðið og ef maður tekur síðan framtaldar fjármagnstekjur á árinu 1996 og notar gamla kerfið og nýja kerfið á þann skattstofn þá sjáum við að þetta nýja kerfi hefði á þann stofn skilað okkur umtalsvert meiru en gamla kerfið gerði. Hér ber því allt að sama brunni. Það er verið að þyrla upp moldviðri af engu tilefni. Ég ráðlegg hv. þm. að kynna sér ummæli formanns Félags löggiltra endurskoðenda um þetta mál sl. laugardag.

En hitt er svo annað mál að auðvitað þurfum við að hafa vakandi auga með ágöllum á þessu kerfi, eins og í öðrum þáttum skattkerfisins. Og það er sjálfsagt mál að yfirfara öll slík atriði og kanna hvað má betur fara. En menn verða að fara rétt með grundvallaratriði í málinu. Það er auðvitað lágmarkskrafa. (**JóhS:** Það á ráðherrann að gera sjálfur.)

[11:09]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en snúið mér til hæstv. forseta til að benda á að ég lagði hér ákveðna fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh. um hvort hann mundi grípa til úrræða til að aflétta þeirri skattalegu mismunun sem á sér stað um sölu hlutabréfa í fyrirtækjum eftir því hvort um er að ræða almenn fyrirtæki á öllum öðrum sviðum en í sjávarútvegi, eða fyrirtæki í sjávarútvegi þar sem hagnaðurinn skapast að verulegu leyti af gjafakvóta. Hyggst ráðherra gera eitthvað til að breyta þessu misrétti og jafna þá mismunun sem þarna er um að ræða?

(**Forseti** (RA): Forseti var nú ekki var við að þessi athugasemd snerist um fundarstjórn forseta.)

[11:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætlaði að segja það sama og hæstv. forseti. Þessi athugasemd var ekki um fundarstjórn forseta. Ég mun ekkert svara henni hér en ég mun ræða þessa fyrirspurn við betra tækifæri vegna þess að menn eiga ekki að misnota þá möguleika sem eru fyrir hendi að ræða fundarstjórn forseta til að bera fram efnislegar spurningar. Ég tek ekki þátt í því. Ég tók þátt í að semja þingsköpin sem um þetta fjalla. En þetta gengur ekki. Ég skal svara spurningunni við eðlilegt tækifæri og fyrsta tækifæri. (**ÖS:** Hvers vegna svaraði ráðherrann ekki spurningunni áðan?) Það var vegna þess að ekki var tími til þess, eins og þingmaðurinn hefur kannski tekið eftir. Það var barið í bjölluna.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. DO o.fl., 254. mál. — Þskj. 288.

[11:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, sem flutt er af forustumönnum allra stjórnmálaflokka er fulltrúa eiga á hinu háa Alþingi.

Frumvarp þetta er byggt á tillögum nefndar er ég skipaði haustið 1997 samkvæmt tilnefningum allra þingflokka er þá voru á Alþingi og að undangengnu samráði við formenn þeirra til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Í nefndinni áttu sæti alþingismennirnir Friðrik Sophusson, sem jafnframt var formaður, Geir H. Haarde, Valgerður Sverrisdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Svavar Gestsson og Guðný Guðbjörnsdóttir.

Nefndin skilaði mér skýrslu sinni í upphafi októbermánaðar og hefur hún þegar verið lögð fyrir Alþingi sem þskj. 141, 141. mál. Að beiðni minni starfaði nefndin áfram og fylgdist með umræðum um skýrsluna og ábendingum sem fram komu um tillögur hennar, bæði í þingflokkunum og á almennum kynningarfundum um málið.

Í lok októbermánaðar barst mér erindi nefndarinnar þar sem bent var á að bregðast mætti við gagnrýni á aðaltillögur nefndarinnar með tilteknum breytingum, án þess að hallað yrði á markmið hennar að öðru leyti. Er erindi þetta birt í grg. með frv. þessu á bls. 3 og 4. Á grundvelli þessa erindis og skýrslu nefndarinnar að öðru leyti höfum við forustumenn stjórnmálaflokkanna fjallað um málið og ákveðið að standa sameiginlega að flutningi þessa frv. og þeim breytingum á kjördæmaskipaninni sem þar eru lagðar til, ásamt öðrum þeim breytingum á tilhögun þingkosninga er af henni leiðir og vikið er að í III. kafla grg. með frv., en þeim er nánar lýst í skýrslu nefndarinnar. Fulltrúa þingflokks óháðra var einnig kynnt málið áður en frv. þetta var samið en sá þingflokkur átti ekki, svo sem eðlilegt er, sæti í nefnd þeirri er stóð að þeim tillögum er frv. þetta byggist á.

Herra forseti. Segja má að undirrót þeirra breytinga sem frv. þetta leggur grunninn að sé að rekja til þess að í þjóðfélaginu ríkir ekki lengur sú sátt sem vera þarf um kosningakerfið

til að við það megi una vegna þeirrar búsetuþróunar sem verið hefur undanfarin ár. Ég hygg að óhætt sé að segja og óhætt að fullyrða að öll stjórnmálasamtök hafi, með mismunandi orðalagi þó, látið í ljós þá skoðun sína og stefnu að jafna verði vægi atkvæða milli landshluta. Að því miða þessar tillögur og leiða óhjákvæmilega til þess að þingsæti færast frá landsbyggðinni til þéttbýlisins á suðvesturhorni landsins.

Skiptar skoðanir eru hins vegar um það hversu mikið eða lítið misvægi atkvæða megi vera, ef sú stærð er á annað borð til. Og engin ein regla í þeim efnum hefur eindreginn stuðning. Rökin fyrir mismunandi vægi atkvæða geta verið stærð og umfang eða víðfeðmi kjördæmis og fjarlægð frá höfuðborginni. Á þau sjónarmið er fallist að hluta með því að tillögur þessar gera ekki ráð fyrir að ná fullum jöfnuði og reyndar minni jöfnuði en tíðkast mun annars staðar á Norðurlöndum.

Þegar slíkar breytingar eru í deiglunni er eðlilegt að umræða skapist um byggðamál og byggðastefnu í víðara samhengi. Til að fjalla um þá hlið málsins hef ég nú nýverið skipað sérstaka nefnd, auk þess sem Alþingi hefur nú til meðferðar tillögu til þál. um stefnu í byggðamálum, er hefur að markmiði að efla byggð í landinu.

Aðrir ókostir við núverandi kerfi hafa einkum verið taldir þeir að því sé ætlað að þjóna tveimur ósamrýmanlegum markmiðum, annars vegar að atkvæði vegi misþungt eftir kjördæmum og hins vegar að þingmannatala hvers flokks endurspegli fylgi hans á landsvísu. Sú aðferð sem viðhöfð hefur verið til að þjóna báðum þessum markmiðum hefur því óhjákvæmilega verið flókin og gert kjósendum og jafnvel frambjóðendum sjálfum erfitt fyrir að átta sig á hvernig kerfið virkar. Um aðra annmarka núverandi kerfis vísa ég að öðru leyti til skýrslu nefndarinnar sem útbýtt hefur verið.

Hin þjóðfélagslega nauðsyn breytinga á kosningakerfinu hlýtur að stjórna forsendum þeirrar endurskoðunar er tillögur þessar byggjast á. Þannig miða þessar breytingar fyrst og fremst að því að draga úr misvægi atkvæða milli kjördæma. Nefndin sem undirbjó málið setti sér það mark að hlutfall kjósenda að baki hverju þingsæti þar sem munurinn er mestur milli kjördæma yrði sem næst 1:1,5 til 1:1,8. Ég hygg að tillagan sem við forustumenn flokkanna höfum sameinast um að beita okkur fyrir sigli bil beggja um þetta. Samkvæmt henni verður, miðað við núverandi aðstæður, mesta misvægið milli kjördæma 1:1,7. Auk þess er byggt yfir tillögurnar ákveðið kerfi er kemur í veg fyrir að mesta misvægið milli kjördæma fari yfir 1:2.

Í öðru lagi þarf að gera kosningakerfið einfaldara og auðskiljanlegra, enda er fátt fremur til þess fallið að draga máttinn úr frjálsum kosningum og kosningaþátttöku almennings en flókið og illskiljanlegt kosningakerfi. Þá er kerfið sjálft farið að vega að þessum hornsteini lýðræðisins.

Í þriðja lagi setti nefndin sér það markmið að þingsætafjöldi í hverju kjördæmi yrði sem jafnastur.

Í fjórða lagi var stefnt að því að áfram yrði jöfnuður á milli stjórmálasamtaka á landsvísu þannig að fjöldi þingsæta hvers flokks verði í sem fyllstu samræmi við fylgi atkvæða.

Í fimmta lagi var gengið út frá því að fjöldi þingsæta yrði hinn sami og verið hefur.

Á þessum forsendum var fjöldi hugmynda um breytt kosningafyrirkomulag og skipan kjördæma kannaður eins og nánar er gerð grein fyrir í skýrslu nefndarinnar. Að þeim athuguðum var niðurstaða hennar sú að viðfangsefnið yrði helst nálgast úr tveimur áttum. Annaðhvort varð að búa við óbreytta skipan kjördæma eða færa mörk þeirra til. Til að draga úr misvægi atkvæða hefði samkvæmt fyrrnefndu leiðinni þurft að færa fleiri þingsæti til þéttbýliskjördæma frá dreifbýliskjördæmum. Ég vek athygli á þeirri staðreynd. Um það hafa verið mjög skiptar skoðanir og enda þótt sú leið falli betur að sjónarmiðum margra innan stærri stjórnmálaflokkanna hefur andstaða við hana verið meiri innan minni flokka. Auk þess fellur hún síður að því markmiði að kjördæmin hafi svipaðan földa þingsæta.

Þar sem ég hef alla tíð lagt á það ríka áherslu að ná fram heildarsamkomulagi um málið hlaut lausn þess að vera fólgin í að breyta mörkum kjördæmanna frá því sem nú er. Sú lausn byggist jafnframt á þeim forsendum sem málamiðlun varð um í nefndinni, að kjördæmin hafi svipaðan fjölda þingsæta og úthlutun þeirra fari fram á grundvelli svonefndrar dómsreglu.

Eins og fram kemur í skýrslu nefndarinnar var fjöldi leiða kannaður í þessu skyni. Eftir ítarlega athugun gerði nefndin það að aðaltillögu sinni að landinu yrði skipt í sex kjördæmi, þ.e. þrjú kjördæmi á landsbyggðinni og þrjú á höfuðborgarsvæðinu með áþekkum fjölda þingsæta í hverju þeirra. Í tillögu nefndarinnar var þannig lagt upp með að Vesturland, Vestfirðir og Húnavatnssýslur mynduðu svonefnd Norðvesturkjördæmi; að Skagafjarðarsýsla, Siglufjörður, Norðurland eystra og Múlasýslur mynduðu svonefnt Norðausturkjördæmi; að Austur-Skaftafellssýsla, Suðurland og Suðurnes mynduðu svonefnd Suðurkjördæmi; að Reykjanes án Suðurnesja myndaði svonefnt Suðvesturkjördæmi og að Reykjavík yrði skipt í vestur- og austurkjördæmi.

Þessi tillaga nefndarinnar var m.a. gagnrýnd fyrir að ganga þvert á mörk núverandi kjördæma á fjórum stöðum, þ.e. í Reykjavíkurkjördæmi, Reykjaneskjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra og Austurlandskjördæmi. Við þeirri gagnrýni hefur nú verið brugðist með því að tillögur þær sem hér liggja fyrir gera ráð fyrir að Skagafjarðarsýsla fylgi Norðvesturkjördæmi og Austur-Skaftafellssýsla Norðausturkjördæmi. Með því verða mörk núverandi kjördæma aðeins rofin á tveimur stöðum, í Reykjavík og á Reykjanesi, ef frá er talið að Siglufjörður fylgi Norðausturkjördæmi en því hefur bæjarstjórn Siglufjarðar reyndar fagnað í sérstakri ályktun um málið og eindregið lýst yfir þeim vilja sínum að tilheyra því kjördæmi að frágengnum öðrum kostum.

Til gamans má geta þess að tillögur um breytta kjördæmaskipan sem hér liggja fyrir hinu háa Alþingi í lok aldarinnar eru ekki ósvipaðar þeim er fyrsti ráðherrann, Hannes Hafstein, lagði fram á öldinni öndverðri, fyrst árið 1905 og aftur árið 1907 er hann beitti sér fyrir að hlutfallskosningar yrðu teknar upp í stað einmennings- og tvímenningskjördæma en hafði þá ekki erindi sem erfiði. Þá voru kjördæmi stór, landsmenn bjuggu allir í hinum stóru kjördæmum, vegir voru fáir, brýr nánast engar og allt erfitt yfirferðar. Margt hefur breyst síðan þá.

Breytingar á kjördæmaskipun og tölu þingsæta í kjördæmum gera jafnframt kröfu til að ýmsir aðrir þættir kosningakerfisins verði endurskoðaðir. Í skýrslu nefndarinnar er gerð grein fyrir athugun nefndarinnar á ýmsum tengdum atriðum og tillögur gerðar um breytingar og umbætur á sumum þeirra. Ég hygg að þetta sé í fyrsta skipti í langan tíma að jafnheildstætt er tekið á því vandasama og viðkvæma verki sem undirbúningur breytinga á kosningakerfi er. Nefndin sem þetta verk hefur unnið á sérstakt lof skilið fyrir að nálgast viðfangsefni sitt á þann hátt.

Í þeim tillögum sem við flutningsmenn höfum sameinast um að beita okkur fyrir er gengið út frá að útreikningar á úrslitum kosninga og úthlutun þingsæta, bæði kjördæmissæta og jöfnunarsæta, byggist á svonefndri d'Hondt-reglu. Það er sú regla sem lengst hefð er fyrir hér á landi og er nú notuð við úthlutun jöfnunarsæta á landsvísu, enda verða kjördæmissæti 8 til 10 í hverju kjördæmi. Þá er lagt til að jöfnunarsæti verði samtals 9 og liggja útreikningar því til grundvallar að sú tala nægi til að tryggja sæmilega vel jöfnuð milli flokka á landsvísu þegar landinu er skipt í sex kjördæmi.

Jafnframt er lagt til að jöfnunarsætin verði bundin kjördæmum þannig að tiltekinn heildarfjöldi þingmanna komi í hlut hvers kjördæmis, einkum til að tryggja að misvægið verði ekki of mikið í kerfinu. Þá er lagt til að jöfnunarsætum verði úthlutað til þeirra frambjóðenda hvers flokks sem hafa hæst hlutfall atkvæða í sínu kjördæmi. Með því næst talsverð einföldun á því kerfi sem jöfnunarsætum er úthlutað eftir samkvæmt núgildandi lögum.

Einn megingallinn á kosningakerfisbreytingum undanfarinna áratuga hefur verið sá að stöðugt hafa safnast upp tilefni til nýrra breytinga. Í þessum tillögum er leitast við að leysa þennan gamalkunna vanda með því að haga ákvæðum stjórnarskrár um kjördæmin og þingsætatölu þannig að bregðast megi við breyttri íbúadreifingu í landinu á tvo vegu. Annars vegar með breytingu á mörkum kjördæma með almennum lögum en ekki breytingu á stjórnarskrá ef víðtæk samstaða er um það, þ.e. tveir þriðju hlutar atkvæða. Hins vegar með því að breyta þingsætatölu í kjördæmum ef mismunur á kjósendafjölda að baki hverju þingsæti er orðinn meiri en 1:2. Jafnframt er gert ráð fyrir að landskjörstjórn verði heimilt að breyta mörkum milli Reykjavíkurkjördæmanna eftir búsetuþróun í höfuðborginni innan ákveðinna marka.

Enn fremur er lagt til að möguleikar kjósenda til að sýna afstöðu sína til einstakra frambjóðenda í hverju kjördæmi verði auknir, þ.e. með því að breyta röð þeirra eða strika þá út. Í því skyni er lagt til að tekin verði upp tiltekin regla sem gilti fram að breytingu á kosningalögum 1959 og raunar nokkuð breytt fram til 1987. Um nánari skýringu á virkni hennar vísast til greinargerðar með frv. og skýrslu nefndarinnar.

Lagt er til að núgildandi regla um að framboð þurfi að hafa náð þingsæti í kjördæmi til að það fái jöfnunarsæti verði afnumin en þess í stað tekin upp krafa um ákveðið lágmarksfylgi framboðs á landsvísu til að fá úthlutað slíku sæti. Með þessu móti þykir betur skilið á milli úthlutunar kjördæmissæta og jöfnunarsæta og er markið sett á 5% atkvæða á landinu öllu.

Herra forseti. Ég hef kosið að gera nokkuð ítarlega grein fyrir því hvernig staðið hefur verið að undirbúningi og markmiðum þess starfs sem unnið hefur verið við endurskoðun á kjördæmaskipan landsins og tilhögun kosninga til hins háa Alþingis. Auk þess hef ég samhengisins vegna farið yfir alla meginþætti þeirra breytinga sem lagt er til að gerðar verði. Frv. það sem hér er mælt fyrir leggur þó aðeins grunninn að hinu nýja kerfi og miðar að því að skapa stjórnskipuleg skilyrði fyrir þeim breytingum sem síðan þarf að gera á lögum um þingkosningar.

Mér hefur verið bent á að fyrirmæli stjórnarskrár um kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag hafi í upphafi verið almenns eðlis eða allt fram á 4. áratuginn að ákvæði hennar um þessi atriði urðu mun ítarlegri. Síðan sá háttur komst á hefur þurft að breyta stjórnarskránni í hvert sinn sem tilefni hefur orðið til að breyta kosningareglum að einhverju marki með þeim afleiðingum að engin önnur ákvæði hennar hafa jafnoft tekið breytingum og þau sem nú er að finna í 31. gr.

Eins og fram hefur komið miða tillögur að hinu nýja kosningakerfi að því að gera það í senn sveigjanlegra en nú er kostur á og að vonum varanlegra en verið hefur. Í því skyni er í frv. lagt til að í stað rækilegra ákvæða um kjördæmamörk og úthlutun þingsæta hafi stjórnarskráin að geyma heldur færri og að sama skapi almennari ákvæði um megindrætti í kjördæmaskipun landsins og tilhögun kosninga til Alþingis. Almenna löggjafanum verður síðan látin eftir útfærsla þeirra í lögum, stundum með tilstyrk aukins meiri hluta. Þannig er í frv. gert ráð fyrir að heildarfjöldi þingsæta verði stjórnarskrárbundinn, svo og lengd kjörtíma, fjöldi kjördæma og enn fremur tilhögun kosninga í megindráttum, þ.e. að þær skuli vera leynilegar og hlutbundnar.

Í frv. felast hins vegar þau nýmæli að lagt er í vald löggjafans að ákveða fjölda þingsæta í hverju kjödæmi, þó þannig að minnst fimm kjördæmissæti séu í hverju þeirra. Sömuleiðis verði sett í lög nánari fyrirmæli um kjördæmaskipan og fyrirkomulag kosninga, þar á meðal verði kjördæmamörk utan Reykjavíkur og nágrennis og reglur um úthlutun þingsæta lögbundnar.

Með þessu móti er hægt að breyta vissum atriðum er lúta að kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi án þess að til þurfi að koma stjórnarskrárbreyting. Þó er áskilið að breytingar á lögmæltum kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta sem fyrir er mælt um í lögum verði aðeins gerðar með $^2/_3$ hluta atkvæða á Alþingi.

Jafnframt er í frv. að finna tvö önnur nýmæli.

Annars vegar er horfið frá þeirri reglu núgildandi kosningalaga sem ekki eru bein fyrirmæli um í stjórnarskrá að þau stjórnmálasamtök ein komi til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem fengið hafa kjördæmasæti. Í staðinn er lagt til að í stjórnarskrá verði tekin sú regla að þau samtök ein sem hlotið hafa meira en 5% atkvæða á landsvísu geti fengið úthlutað jöfnunarsæti jafnvel þó þau hafi ekki fengið þingsæti í kjördæmi.

Hins vegar er, eins og áður hefur komið fram, svo fyrir mælt að fari misvægi á milli atkvæða kjósenda að baki hverju þingsæti í einstökum kjördæmum fram úr 1:2 að loknum alþingiskosningum skuli landskjörstjórn flytja þingsæti á milli kjördæma þar sem munurinn er mestur til að draga úr misvæginu.

Vegna þess að fimm ár kunna að líða þar til fyrst reynir á þetta ákvæði er í bráðabirgðaákvæði lagt til að þetta geti gerst í fyrsta sinn um áramótin 2000/2001. Síðan reynir á þetta ákvæði á minnst fjögurra ára fresti. Um nánari skýringar á einstökum atriðum verður að vísa til athugasemda við einstakar greinar frv.

Í fylgiskjali með frv. eru birt drög að þeim breytingum á lögum um kosningar til Alþingis sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Samkomulag okkar flutningsmanna gerir ráð fyrir að við beitum okkur fyrir þeim breytingum, njótum við til þess fylgis.

Herra forseti. Frv. þetta og aðrar breytingar sem það gerir ráð fyrir byggjast á umfangsmiklu starfi sem unnið hefur verið af fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi. Áfangar í því starfi hafa verið kynntir á ýmsum stigum í öllum þingflokkum og á almennum kynningarfundum víða um land. Mér er ljóst að í ýmsum atriðum byggist það á málamiðlunum milli ólíkra sjónarmiða úr ýmsum áttum, ef

til vill ekki síst stjórnmálaflokkanna sjálfra en þó ekki svo að þau markmið sem lagt var upp með og ég hef gert grein fyrir í máli mínu nái ekki fram að ganga. Í því ljósi vænti ég þess að breið samstaða geti tekist um framgang þessa máls hér á hinu háa Alþingi og samþykkt þess megi verða landi og lýð til heilla.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og sérstakrar nefndar er kjósa ber samkvæmt 42. gr. laga um þingsköp Alþingis.

[11:29]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Allar þær breytingar sem í gegnum árin hafa verið gerðar á kjördæmaskipun og kosningalögum hafa miðast við að reyna að sætta tvö ósættanleg sjónarmið, þ.e. annars vegar að tryggja jafnvægi milli flokka án þess hins vegar að tryggja jafnvægi atkvæða. Þessi tvö sjónarmið eru nánast ósættanleg. Framan af var niðurstaðan sú að misvægi atkvæða kæmi í veg fyrir að takast mætti að tryggja jafnrétti milli flokka. Á þeim áratugum var núverandi flokkakerfi að myndast og þingið var, samkvæmt þeim reglum sem þá var starfað eftir, þannig skipað að þingmenn t.d. Framsfl. voru miklu fleiri en heildaratkvæðatala og fylgi flokksins á landsvísu gaf tilefni til. Fylgi vinstri flokkanna og hlutur þeirra á Alþingi var jafnframt miklu minni en heildarfylgi þeirra gaf tilefni til.

Á þessu óréttláta kerfi myndaðist núverandi flokkaskipan. Ef annað kerfi hefði verið í gangi á fyrstu áratugum þessarar aldar þá er það skoðun mín að flokkakerfi okkar á Íslandi væri miklu líkara því sem það er í nágrannalöndunum.

Þær breytingar sem hafa síðan verið gerðar hafa fyrst og fremst tekið mið af því að reyna að stuðla að jafnvægi á milli flokka, þ.e. að þeir flokkar sem bjóða fram í kosningum fái þingsæti í samræmi við heildarfylgi sitt um landið. Það kerfi sem við höfum búið við undanfarin 30 ár hefur tryggt þetta nokkuð vel. En það hefur hins vegar verið þannig að misvægi atkvæða hefur verið mjög mikið. Þess vegna hafa lausnirnar þar sem menn reyna að sætta þessi tvö andstæðu sjónarmið verið mjög flóknar. Núverandi kerfi, eins og það er, er í fyrsta lagi mjög flókið, það tryggir vel jafnvægi á milli flokka en það byggist á mjög miklu misvægi atkvæða og er þess vegna mjög flókið í framkvæmd.

Ég minni á að áður en síðustu breytingar voru gerðar voru þessar flóknu reglur á þá lund að kosningaúrslit gátu orðið með þeim hætti að það var talið stjarnfræðilega nær ómögulegt að sú niðurstaða yrði sem varð. Þingmenn muna vel eftir því kerfi, sem byggðist á því að það átti að nota eitt þingsæti, svokallaðan flakkara, til þess að jafna vægi á milli flokka en niðurstaðan varð sú að fámennasta kjördæmið fékk þennan flakkara og mætti með sex þingmenn til Alþingis sem varð til þess að misvægi atkvæða varð mjög mikið.

Nú er verið að reyna að leiðrétta þetta eftir þeim leiðum sem fram koma í því frumvarpi sem flutt er af oddvitum stjórnmálaflokkanna á Alþingi. Vissulega er sú leið sem hér er valin alls ekki gallalaus og öllum er það ljóst. Í fyrsta lagi getur svo farið að algjört jafnvægi milli flokka, sem verið hefur nokkuð gott á Alþingi að undanförnu náist ekki. Þetta kerfi getur því skapað ójafnvægi annars vegar á milli fylgis flokks á landsvísu og hins vegar á fjölda þingmanna hans þó að það þurfi ekki endilega að vera mikið og alls ekkert líkt því sem var áður og fyrr meir.

Í öðru lagi er náttúrlega galli á þessu kerfi hve kjördæmin eru misstór. Við erum með þrjú stór landsbyggðakjördæmi og síðan Reykjavík sem skiptist upp í tvennt. Í þriðja lagi er það líka galli á þessu kerfi að gert skuli vera ráð fyrir því að í landfræðilega minnsta kjördæminu, þ.e. Reykjavík, geti landskjörstjórn breytt mörkum milli Reykjavíkur austur og Reykjavíkur vestur eftir búsetuþróun á höfuðborgarsvæðinu þannig að íbúar sem liggja þarna á jaðrinum milli austur- og vesturkjördæmanna gætu orðið fyrir því að vera úrskurðaðir í Reykjavík austur um einar kosningar og Reykjavík vestur um þær næstu. Þingmaður sem kjörinn væri á þing fyrir Reykjavík austur gæti þurft að standa frammi fyrir því í næstu kosningum að vegna búsetu sinnar væri hann kominn í Reykjavík vestur. Fer þá að verða nokkuð flókið mál, bæði um uppbyggingu stjórnmálaflokka og um slíkar niðurstöður. Frumvarpið er að sjálfsögðu ekki gallalaust, það nær ekki alfarið þeim markmiðum sem menn hafa reynt að stefna að. Það tryggir ekki að fullu leyti jafnvægi milli flokka og það leiðréttir ekki að fullu leyti misvægi atkvæða.

Allt frá upphafi hefur verið stefna Alþfl., og hún mjög skýr, að við leggjum til að sú eina lausn verði notuð sem tryggir hvort tveggja, bæði jafnvægi flokka, eðlilega tölu þingmanna flokks á Alþingi miðað við fylgi á landsvísu, og hins vegar fullt jafnvægi atkvæða. Það er aðeins ein leið sem tryggir það og það er að gera landið allt að einu kjördæmi. Það hefur verið stefna Alþfl. um áratugi og er enn. Hér er hins vegar að sjálfsögðu um málamiðlun að ræða eins og hefur margsinnis komið fram, niðurstöðu sem er að mínu áliti vel viðunandi og við stöndum að og erum reiðubúin til þess að styðja, vissulega með fyrirvörum um breytingar sem kunna að vera gerðar. Enda þótt við jafnaðarmenn séum reiðubúnir að styðja í meginatriðum það frv. sem hér er til umfjöllunar höfum við að sjálfsögðu fyrirvara á um ýmsar breytingar sem kunna að vera gerðar í meðförum Alþingis.

Auðvitað erum við, sem flytjum þetta frumvarp, ekki nákvæmlega sammála um það hverjar eru ástæðurnar fyrir því að við stöndum saman að flutningnum. Í því sambandi vil ég taka fram að ég lít svo á að það frumvarp sem flutt er og sú kjördæmaskipun sem hér er upp tekin sé stórt skref í áttina til þess að gera allt landið að einu kjördæmi. Sú ímynd sem kjördæmi hafa haft á undanförnum árum, þ.e. landsvæði sem þingmenn þekkja sig tiltölulega vel á, þekkja vel til og hafa möguleika á því að ferðast um, kynna sér aðstæður á hverjum stað, sú kjördæmisímynd hverfur með þessum stóru landsbyggðarkjördæmum. Það er ekkert verk fyrir einn alþingismnna t.d. að kynna sér mannlíf, atvinnulíf, félagslíf á öllu svæðinu frá Reykjanestá að Höfn í Hornafirði, menn sjá það að sjálfsögðu í hendi sér, þó svo að viðkomandi þingmaður fái einhverja aðstoð við það. Ég tel því að það sé mjög stutt skref frá þeirri stóru breytingu sem hér er verið að gera og yfir í það að gera allt landið að einu kjördæmi. M.a. þess vegna stend ég að því frv. sem hér er lagt fram.

Auðvitað eru margar aðrar breytingar sem við jafnaðarmenn teljum eðlilegt að hefðu verið gerðar samfara þessum. Við höfum t.d. ávallt verið fylgjandi því að taka upp kosningakerfi þar sem meiri möguleikar eru gefnir á persónukjöri en hér á sér stað. Segja má að prófkjörin komi að verulegu leyti hjá okkur Íslendingum í stað persónukjörsins sem menn þekkja t.d. úr kosningafyrirkomulaginu í Þýskalandi. Mér segir svo hugur um að þegar stóru landsbyggðarkjördæmin eru komin eigi frambjóðendur fárra annarra kosta völ til þess að kynna sig í þeim stóru kjördæmum en að leggja út í mjög umfangsmikla og dýra prófkjörsbaráttu sem geti kostað umtalsvert fé. Ég held að það mundi þjóna miklu betur tilgangi

að sameina alvörukosningabaráttu, þ.e. framboðin sjálf og prófkjörin, þannig að fólki gæfist kostur á því þegar það kýs framboðslista í kjördæmunum að velja ekki bara um lista heldur að velja líka um frambjóðendur á listum. Skoðun mín er sú að það sé skynsamlegt að gefa kjósendum kost á því að velja frambjóðendur af fleiri en einum lista, þ.e. að kjósandi geti valið sér þá þingmenn sem hann vill án tillits til þess hvort þeir séu allir á sama framboðslistanum. Ég tel að það kerfi sé miklu betra en þau ákvæði sem finnast hér í þessu frv. og gera ráð fyrir því að hægt sé að hafa aukin áhrif á val frambjóðenda á einum framboðslista með útstrikunum.

Útstrikun er neikvæð athöfn. Það að strika út frambjóðanda er neikvæð athöfn. Það er hins vegar jákvæð athöfn ef kjósandinn fær að velja — ekki samkvæmt uppstillingu viðkomandi stjórnmálaflokks, ekki með því að strika þar einhver nöfn út, heldur með því að velja þá einstaklinga sem í framboði eru. Það er jákvæð athöfn en ekki neikvæð athöfn eins og felst í því að strika einhver tiltekin nöfn út til þess að lyfta einhverjum öðrum hærra en framboðslistinn gerir ráð fyrir.

En eins og ég segi er hér um að ræða samkomulagsmál sem hefur verið unnið og unnið mjög vel af þeirri nefnd sem hæstv. forsrh. skipaði. Þarna er um að ræða lausn sem þarf að ná fram á þessu þingi með fyrirvörum um þær breytingar sem kunna að veða gerðar. Við jafnaðarmenn munum standa að því að málið geti fengið afgreiðslu með þeim hætti. Ég tel rétt, eins og gert hefur verið, að stjórnmálaflokkarnir á Alþingi standi saman um flutning málsins og geri það þannig að þingmáli þar sem deilur standa ekki milli stjórnar og stjórnarandstöðu heldur er reynt að afgreiða í sátt og samlyndi á hinu háa Alþingi.

Auðvitað geri ég mér ljóst að einhverjir alþingismenn munu leggjast gegn því frv. sem hér er um að ræða og ekkert við því að segja, það er réttur þeirra ef þeir hafa skoðanir sem ganga þvert gegn þessu. En við alþingismenn höfum ákveðnar skyldur við þingið og þjóðina. Skyldur okkar felast í því að reyna að ná saman um svona stórt mál til lausnar, reyna að ná ásættanlegri niðurstöðu þó að ekki séu kannski allir fyllilega ánægðir með hana. Einfaldara væri fyrir stjórnarandstöðuna að segja við ríkisstjórnina: Ber þú sjálf fjanda þinn — og taka með hefðbundnum stjórnarandstöðuvinnubrögðum á málinu. Sú hefur ekki orðið niðurstaða okkar sem erum í forustu stjórnmálaflokkanna á Alþingis, sem eiga hér þingflokka, heldur þvert á móti að taka þátt í að axla þá ábyrgð að reyna að fá þá niðurstöðu sem samkomulag getur tekist um og gengur lengra í jafnréttisátt en sú lausn sem við höfum búið við til þessa.

[11:44]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur Alþfl. verið þeirrar skoðunar að landið eigi að vera eitt kjördæmi með þeim rökum að annað sé ólýðræðislegt því það skapi misvægi á milli atkvæða. Það er út af fyrir sig sjónarmið sem þar er sett fram. En í ljósi þess hversu afdráttarlausa skoðun Alþfl. hefur haft á þessu máli, og vísa ég þar m.a. til ummæla fyrrv. formanns Alþfl. um að það væri mannréttindabrot að það væri eitthvert misvægi atkvæða, vil ég gjarnan inna hann eftir afstöðu Alþfl. í þessum efnum.

1. Hefur hann, með því að formaður flokksins fellst á að flytja þetta frv., fallið frá þeirri skoðun sinni að það eigi að vera jafnt vægi um land allt?

2. Hefur hann þá fallið frá þeirri skoðun fyrrv. formanns Alþfl. að það sé mannréttindabrot að það sé um að ræða eitthvert misvægi?

3. Felst í þessu samkomulagi að Alþfl. muni þá standa við það kerfi sem upp verður tekið í náinni framtíð eða mun hann halda áfram að vinna að hinni gömlu stefnu sinni og þannig í raun ekki standa að hinu nýja samkomulagi nema rétt þá daga sem menn eru að setja það?

[11:45]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég tók fram var það stefna þeirra vinstri flokka sem voru til á fyrstu áratugum þessarar aldar að landið yrði allt eitt kjördæmi. Það var ekki bara stefna Alþfl. Það var líka stefna Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins sem ég veit að hv. þm. kannast við. Alþfl. hefur aldrei breytt þessari afstöðu sinni. Það hefur verið og er stefna Alþfl. að gera allt landið að einu kjördæmi.

Við höfum hins vegar fallist á málamiðlanir til þess að auka jafnrétti milli kjósenda og tryggja jafnræði milli flokka á undanförnum áratugum þó svo að við fengjum ekki þessari skoðun okkar framgengt á Alþingi. Það er nákvæmlega sama núna. Við stöndum að skynsamlegustu málamiðlum sem náðist. Við höfum ekki horfið frá stefnu okkar og munum ekki gera það. Ég lýsti því í ræðu minni áðan að ég teldi að það stóra skref sem verið er að stíga núna sé stórt skref í áttina til þess að gera landið allt að einu kjördæmi. Ég held að það verði stutt í það að slík breyting fylgi í kjölfar þessarar.

[11:47]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fullmikil bjartsýni hjá hv. þm. að mér sé mikið kunnugt um samþykktir Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins. Hann var starfandi löngu fyrir mína tíð og mér er ókunnugt um margt af því sem þar var samþykkt.

Ég þakka hv. formanni Alþfl. fyrir svörin. Það er alveg ljóst hvernig hann stendur að þessu samkomulagi. Alþfl. ætlar að halda áfram að vinna að stefnu sinni eftir að þetta er orðið að lögum og komið í framkvæmd og fer því í framhaldinu að vinna gegn þessu samkomulagi vegna þess að það gengur of skammt til móts við sjónarmið Alþfl. Það er því alveg ljóst að þrátt fyrir að menn lögfesti það samkomulag sem hér er lagt til verður ekkert samkomulag eða sátt um framkvæmd mála þaðan í frá. Það liggur fyrir að formaður Alþfl. hefur lýst yfir að Alþfl. mun halda áfram að vinna eftir sinni stefnu og hefjast þegar í stað handa við það að grafa undan því nýja samkomulagi sem hér er verið að leggja fyrir.

[11:48]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil þetta ekki. Þetta mundi tákna það, ef hv. þm. fylgdi sannfæringu sinni, að öll pólitísk starfsemi á landinu hefði lagst niður fyrir 20 árum vegna þess að allir flokkar hafa staðið að einhvers konar samkomulagi þar sem þeir fá ekki kröfum sínum fullnægt. Ber að skilja orð hans eins og hann segir þau að þar með ættu stjórnmálaflokkar að hafa látið af starfi sínu og lagt niður hin sérstöku stefnumál sín?

Ég veit ekki betur en að hv. þm. sem spurði mig áðan hafi átt fulltrúa í þeirri nefnd sem gerði þetta samkomulag og samkomulaginu var lokið af hálfu þess fulltrúa þingflokks Alþb. áður en hv. þm. sagði sig úr lögum við sinn gamla

flokk. Ég lít því svo á að hv. þm. Svavar Gestsson sem vann í nefnd forsrh. að þessari lausn hafi unnið þar í umboði hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar eins og annarra þingmanna Alþb.

[11:49]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem mig langaði að gera að umtalsefni í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar var það sem hann sagði, að sú breyting sem nú væri verið að gera væri stórt skref í þá átt að gera landið að einu kjördæmi. Þar er ég algerlega ósammála hv. þm. því að ég sé fyrir mér að þessi breyting sé einmitt vörn gegn því að landið verði eitt kjördæmi. Ég sé það fyrir mér að þessi breyting sem við gerum vonandi á stjórnarskránni og lögunum í vetur muni vara í einhverja áratugi.

Það var annað sem hv. þm. sagði og lét að því liggja að með þessu frv. næðist ekki jafnræði á milli flokka. Það er ekki rétt. Það er flokkajafnvægi í frv. Það er ekki horfið frá því sem tekin var ákvörðun um fyrir allmörgum árum. En það er hins vegar svo eins og hv. þm. veit áreiðanlega að í öllum löndum er ekki fullt flokkajafnræði. Ísland sker sig nokkuð úr hvað það varðar að hafa tekið ákvörðun um að hafa það þannig en samstaða var um það í nefndinni að viðhalda því fyrirkomulagi.

[11:51]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert nýtt að menn hafi ólíkar skoðanir á framtíðinni. Ef menn hefðu sömu skoðanir á framtíðinni mundu a.m.k. mörg deilumál á Alþingi leysast. Það er einfaldlega mín skoðun að þegar menn eru komnir með svona stór kjördæmi eins og lagt er til þá sé ekki lengur það inntak í heitinu kjördæmi sem menn þekkja í dag. Það þarf ekkert að skýra fyrir hv. þm. hvers vegna það er þegar þessi stóru kjördæmi koma fram. Ég held að þetta muni mjög fljótlega breyta afstöðu fólks til hugtaksins kjördæmi í þá veru að mjög stutt skref sé frá þessari breytingu og yfir í að gera landið allt að einu kjördæmi. Það er mín trú að það skref verði stigið fljótlega. En ég skil hv. þm. mjög vel þó að hann sé ekki þeirrar skoðunar. Þetta er mín skoðun og ég hef fullan rétt á að láta hana koma fram.

Um hitt atriðið segir svo í greinargerð með frv., með leyfi forseta:

„Talnalegar athuganir, sem nefndin lét gera, sýna að 9 til 10 jöfnunarsæti nægja til að tryggja sæmilega vel jöfnuð milli flokka."

Það eru líkur á því að það geti gerst að jöfnuður milli flokka náist ekki jafngóður í þessu kerfi eins og hann er nú og það er gefið í skyn í greinargerðinni að svo geti farið. Á þetta leyfi ég mér að benda.

[11:53]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski rétt hjá hv. þm. að fullt jafnvægi er ekki á milli flokka nema kosið sé af einum lista. En með þessu frv. er gengið eins langt og mögulegt er miðað við það fyrirkomulag sem við ætlum að leggja til að verði hér samþykkt og það tel ég vera aðalatriði málsins.

Mér finnst það dálítið athyglisvert með hv. þm., sem er einn af flutningsmönnum málsins, að hann skuli nú þegar vera kominn í vörn gagnvart þessu máli. Ég hélt að hann styddi það fullkomlega og varð þess vegna fyrir ákveðnum vonbrigðum með hans málflutning.

[11:54]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði áðan að menn hafi reynt að nálgast óleysanlegt vandamál, þ.e. að reyna að finna kerfi sem tryggir jöfnuð milli flokka en varðveitir mismunun atkvæða. Þráfaldlega hefur verið reynt að leysa þetta vandamál. Það er illleysanlegt.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það kerfi sem nú er tekið upp með 9–10 jöfnunarsætum tryggir sæmilega vel jöfnuð, en í kerfinu sem við erum að sleppa höndum af núna var jöfnuðurinn tryggður fullkomlega. Hins vegar var kerfið mjög flókið og úthlutun jöfnunarsæta mjög flókin og það er þessi flækja sem þetta samkomulag leysir.

Í öðru lagi að sé ég kominn í vörn fyrir þetta frv., það er langt frá því. Þetta er málamiðlun eins og ég sagði áðan sem ég stend að sem flutningsmaður en auðvitað leyfi ég mér að benda á ýmis atriði í þessu frv. þar sem málamiðlunin er á kostnað þeirra sjónarmiða sem minn flokkur hefur haft og ég hef fullan rétt á því. Hafi einhver, virðulegi forseti, farið í vörn fyrir sínum eigin tillögum þá var það formaður þingflokks Framsfl. eftir að tillögur nefndarinnar sem hún sat í voru lagðar fram því að eftir það var hún nærri því daglega á flótta, m.a. fyrir gagnrýni hennar eigin flokksmanna á hennar eigin tillögur.

[11:56]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel það vera nokkurn atburð að hér skuli vera komið fram frv. um breytingu á stjórnarskránni og breytingar á kosningalögum og núverandi kjördæmaskipan. Ég vil lýsa mikilli ánægju með það að þetta mál skuli vera komið inn í þingið og að um það skuli hafa náðst samstaða í þeirri nefnd sem hæstv. forsrh. skipaði og vann tillögurnar sem hér eru til umræðu. En ég get tekið undir það með hæstv. forsrh. að málið er vandasamt og það er viðkvæmt. Hins vegar er núverandi kerfi mjög gallað og stærstu gallarnir á því eru hvað það er flókið og illskiljanlegt en einnig hitt að ekki er samstaða um það í þjóðfélaginu að misvægi skuli vera svo mikið sem raun ber vitni eftir því hvort fólk býr á Reykjavíkursvæðinu eða á landsbyggðinni.

Það var nokkuð langur aðdragandi að því að málið kom fram. Á síðasta kjörtímabili starfaði einnig nefnd á vegum hæstv. forsrh. að málinu. Hún hafði ekki mikinn tíma til þess að ljúka tillögugerð en kom þó fram með tillögu um að svokallaður flakkari skyldi færður af landsbyggðinni til suðvesturhornsins. Sú breyting náði fram að ganga á því kjörtímabili. En sú nefnd sem skilar nú tillögum skilar mjög metnaðarfullum tillögum, vil ég halda fram, og hún byggir náttúrlega vinnu sína ekki síst á samþykktum stjórnmálaflokkanna um þetta málefni.

Minn flokkur, Framsfl., samþykkti á flokksþingi að gengið skyldi til samstarfs við aðra stjórnmálaflokka um að ná fram breytingum á kosningafyrirkomulaginu og að þar skyldi haft sem aðalatriði og haft að leiðarljósi að jafna vægi atkvæða og auka persónukjör, auk þess að gera kerfið skiljanlegra almenningi og einfaldara.

Sú spurning kom fljótt upp í huga okkar sem störfuðum í þessari nefnd hvað ætti að jafna vægið mikið. Ef það hefði verið jafnað að fullu hefðu þingmenn orðið einungis tveir í ákveðnum kjördæmum á landsbyggðinni en 26 í Reykjavík miðað við núverandi kjördæmaskipan. Um þetta var ekki samstaða og reyndar ekki mikið rætt, heldur var það álit

okkar að mætast ætti nokkuð á miðri leið þannig að misvægi yrði ekki meira en 1:1,80.

Ýmsir möguleikar voru náttúrlega fyrir hendi til þess að ná fram jafnara vægi á milli kjördæma og milli íbúa á Íslandi. Einn möguleikinn er sá að gera landið að einu kjördæmi. Einn er sá að fara í einmenningskjördæmi sem hér eru þekkt frá fyrri tíð. Einn möguleikinn er að hafa kjördæmakjörna þingmenn ásamt landslista og sú hugmynd var að sjálfsögðu skoðuð. Einn möguleikinn er að halda núverandi kjördæmafyrirkomulagi en breyta þingmannafjöldanum eftir því sem ástæða er til miðað við það markmið sem við settum okkur um vægi atkvæða. Síðan er það einnig möguleiki að okkar mati, sá fimmti, að stækka kjördæmin og sú varð niðurstaða nefndarinnar, ekki síst vegna þess að að okkar mati náðum við ekki þessum markmiðum okkar miðað við núverandi kjördæmaskipan þar sem við settum okkur einnig það markmið að kjördæmakjörnir þingmenn í hverju kjördæmi mættu ekki vera færri en fimm til sex. Þannig er þetta nú komið til að kjördæmin eru stækkuð jafnmikið og raun ber vitni í tillögunum. Þetta er vissulega mjög róttæk breyting og eðlilegt að hún fái gagnrýni og renni ekkert í gegn í fyrstu umferð.

Sú breyting sem gerð var árið 1959 var miðuð við aðstæður sem þá voru í landinu, bæði hvað varðar samgöngur og fleira. Þess vegna er enginn tilbúinn að fullyrða í dag að það fyrirkomulag sem tekið var upp árið 1959 sé það eina rétta hvað varðar t.d. mörk kjördæma. Það má nefna að þá var hringvegurinn ekki kominn, Austur-Skaftafellssýsla var ekki í vegasambandi við Vestur-Skaftafellssýslu o.s.frv. Mér finnst að svolítið hafi borið á því að menn hafi verið of bundnir við núverandi kjördæmaskipan þegar málið er tekið fyrir nú og kjördæmaskipan breytt.

Samstaða var um að viðhalda flokkajafnræði. Og þó svo að í þessum tillögum sé ekki hægt að fullyrða að það náist 100%, þá er aðalatriðið að það er nokkurn veginn tryggt. En það er í sjálfu sér ekki sjálfsagt mál að svo sé, því að margar þjóðir hafa ekki þetta flokkajafnræði og má nefna t.d. Noreg í því sambandi.

Ég vil halda því fram að kjördæmamörk séu ekki eins mikilvæg og margir vilja vera láta. Auðvitað fer fram mikið samstarf á milli kjördæma og yfir kjördæmamörk. Mér finnst að fólki hætti til að líta á kjördæmamörk sem allt of stóran þátt í þessu máli. Við verðum að horfa á þetta út frá samgöngum eins og þær eru nú en ekki eins og þær voru árið 1959. Engu að síður varð það nú svo að sú tillaga sem nefndin setti fram sem megintillögu endurspeglast ekki í þeim tillögum sem hæstv. forsrh. leggur nú fram. Þá kem ég að því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði um áðan, að ég hefði verið á daglegum flótta, eins og hann orðaði það, frá þeim tillögum sem nefndin gerði. Það var nú aldeilis ekki þannig.

Hins vegar gerði ég mér fljótt grein fyrir því að til þess að ná pólitískri samstöðu um þetta mál, sem ég tel mjög mikilvægt, þá mundi sú tillaga sem nefndin gerði að sinni megintillögu og byggðist á því að tvö landsbyggðarkjördæmi væru klofin, bæði Norðurland vestra og Austurland, ekki ná fram að ganga. Við slíkar aðstæður skoðar maður þá auðvitað hvað það er sem náðst getur samstaða um og þess vegna er þessi tillaga komin fram frá hæstv. forsrh.

Auðvitað hætta menn ekki að vera Austfirðingar eða Vestfirðingar, þó svo að búið sé að breyta kjördæmaskipaninni. Ég er enn þeirrar skoðunar að Austur-Skaftafellssýsla hefði átt meira erindi með Suðurlandi en Norðausturkjördæminu, en það verður nú að hafa sinn gang.

Getur það ekki haft einhverja kosti að hafa kjördæmin stærri en þau eru í dag? Skyldi það bara hafa galla? Mín skoðun er sú að stærri þingmannahópar í viðkomandi kjördæmi og jafnframt stærri þingmannahópar fyrir hvern flokk, eins og kæmi til með að verða a.m.k. hvað varðar minn flokk, Framsfl., sem er sterkur flokkur á landsbyggðinni, hafi mikla kosti. Þá geti viðkomandi þingmannahópur unnið sem hópur að þeim málefnum sem eru mikilvægust fyrir viðkomandi kjördæmi og einnig sé ég fyrir mér að þingmenn muni skipta sér eitthvað niður á svæði, þannig að það verði ekki eins erfitt yfirferðar og ekki eins erfitt að koma til móts við þarfir kjósenda og byggðarlaga, og margir vilja vera láta.

Ég sé það líka fyrir mér sem kost að mér finnst miklu líklegra að fleiri konur komi til starfa á Alþingi miðað við það fyrirkomulag sem hér er lagt til að verði. Það mun enginn flokkur voga sér — ég tek sem dæmi minn flokk sem á möguleika á fjórum þingmönnum — að bjóða fram lista í í þessum kjördæmum með fjórum körlum efst, það tel ég nánast útilokað. Að þessu leyti til tel ég það jákvætt að stækka kjördæmin.

Síðan er reiknað með því að þingmenn fái ákveðna aðstoð í kjördæmunum sem er réttlætismál og hefði átt að vera komið til fyrir löngu, því það er ekki sambærilegt að gegna starfi t.d. í Reykjavík miðað við að vera þingmaður í stóru landsbyggðarkjördæmi. Þetta segi ég með fullri virðingu fyrir störfum þingmanna Reykjavíkur og Reykjaness jafnvel, en þetta held ég að allir sjái fyrir sér að er staðreynd. Þess vegna finnst mér það mikið atriði og mikið réttlætismál að þingmenn fái aðstoð til að sinna sínum störfum í kjördæmum, eins og gert er ráð fyrir.

Gallarnir eru þeir, sem eru augljósir að flestra mati, að sambandið milli kjósenda og þingmanna muni ekki verða eins náið og það er í dag. Ég nefndi það áðan að að mínu mati gætu þingmenn skipt sér niður á svæði og þar af leiðandi þurfi þessi breyting ekki að vera eins mikil og hún lítur út fyrir í fyrstu. Mín skoðun er því sú að þetta þurfi ekki að breytast, en þar geta aðrir haft aðra skoðun.

Í sambandi við flokksstarf almennt þá geri ég mér grein fyrir því að það er erfiðara í stórum kjördæmum en minni. Það verður auðvitað að koma í ljós hvernig takast mun til, en það lít ég á sem galla. En ég tel þó að mikill munur sé á því að vera með kjördæmafyrirkomulag, þó svo að það geri flokksstarfið erfitt, heldur en ef landið yrði gert að einu kjördæmi. Það tel ég að yrði algjörlega til að tröllríða því flokksstarfi sem þó er við lýði, a.m.k. hjá stærri stjórnmálaflokkunum. Þarna finnst mér við fara ákveðna millileið, sem auðvitað verður að koma í ljós hvernig tekst til um, en er þó viðunandi.

Það þýðir ekkert að fara í launkofa með það að þessar tillögur ganga út á að fjölga þingmönnum á suðvesturhorninu en fækka þeim á landsbyggðinni. Út á það gengur málið og það þýðir ekkert að bera neinn kinnroða yfir því. Við jöfnum ekki vægi atkvæða á annan hátt en með þessu móti. (**Gripið fram í:** Það má fjölga þingmönnum.) Það er kallað hér utan úr sal að fjölga megi þingmönnum og það er náttúrlega alveg hárrétt. Þessi tala, 63 þingmenn, er ekki heilög tala. Og það er alveg hægt að hugsa sér að það yrði gert, en hins vegar var það ekki mikið rætt í nefndinni og ekki heldur hitt, sem er nú stefna held ég ákveðins stjórnmálaflokks, Sjálfstfl., að

fækka þingmönnum. Við ræddum það heldur ekki mikið. (**Gripið fram í:** Við getum fækkað þingmönnum hans.)

Þær hliðarráðstafanir sem talað er um í tillögu nefndarinnar og þar sem því er beint til hæstv. forsrh. að skipuð verði önnur nefnd sem hafi það verkefni að móta tillögur um aðgerðir til að bregðast við íbúaþróuninni og fólksflutningunum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins eru að mínu mati góðar tillögur og hæstv. forsrh. hefur þegar skipað þessa nefnd. Nú er ég ekki þeirrar skoðunar að þessar tillögur veiki landsbyggðina. Ég held hins vegar að full ástæða sé til þess, í tengslum við þessa aðgerð, að jafna aðstöðu fólks eftir því hvar það býr á landinu. Að því leyti til er ég stuðningsmaður þess að gripið verði til aðgerða í tengslum við þessa breytingu.

Persónukjör var nokkuð rætt í nefndinni og það er eitt af því sem er í sjálfu sér dálítill ágreiningur um á milli flokka og milli einstaklinga, hversu langt eigi að ganga í þeim efnum. Og það kerfi sem við höfum í dag, að yfir 50% þurfi til að breyta lista eða strika út einstakling af lista til þess að það hafi áhrif, þýðir að þær útstrikanir eru ekki til neins. Þær hafa ekki áhrif, a.m.k. ekki til breytinga á listum. Reyndar geta þær haft ákveðin áhrif, það er hægt að senda ákveðin skilaboð með slíkum útstrikunum til frambjóðenda. Margar þjóðir ganga mjög langt í persónukjöri og má nefna Finnland í því sambandi þar sem kjósandinn þarf ekki annað að gera á kjördag en að skrifa eina tölu á listann, sem er þá númer á einhverjum frambjóðanda á einhverjum lista. Og þannig fær frambjóðandinn atkvæði og einnig flokkurinn sem hann býður sig fram fyrir. Ég held að við Íslendingar mundum nú ekki treysta okkur til að ganga svona langt, en auðvitað má velta því fyrir sér hvort þarna hefði átt að stíga stærra skref.

Ég er ánægð með þann þröskuld sem settur er í frv. og er 5% við úthlutun á jöfnunarsætum. Ég held að það hafi verið rétt. Og eins það að tekið skyldi upp d'Hondt-kerfi við útreikning á þingmönnum, útreikning á hverjir fá sæti sem þingmenn.

Hæstv. forseti. Ég sé að tíma mínum er senn lokið en ég vil að síðustu segja að mér finnst sú tillaga sem hér er lögð fram vera mjög heilleg og góð. Það er rétt að hún er ákveðin málamiðlun en þó þannig málamiðlun að allir geta sæmilega við unað. Kjördæmamörkin munu eflaust verða áfram eitthvað í umræðunni. En eins og komið hefur fram, þá er það svo að verði þessi breyting samþykkt þarf ekki stjórnarskrárbreytingu til að breyta kjördæmamörkum. Ég held að það sé mjög af hinu góða því auðvitað geta aðstæður breyst. Þó svo að ákveðin byggðarlög og ákveðnar sýslur séu ekki tilbúnar til þess núna að kljúfa kjördæmi sitt eða skipta því upp, þá getur vel verið að innan fárra ára átti menn sig á því að rétt væri að hafa þetta öðruvísi og þá þarf það ekki að vera flókið mál fyrir okkur á hv. Alþingi að breyta kjördæmamörkum.

Ég býst við að ekki sé hægt að halda því fram að eitthvað eitt sé rétt í þessum efnum, en hins vegar, eins og ég hef látið koma fram áður, er ég mjög sátt við þessa tillögu eins og hún birtist og vonast til að málið verði samþykkt á þessu þingi.

[12:14]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil byrja ræðu mína á því að geta þess að ég átti sæti í nefndinni sem undirbjó þetta frumvarp og skilaði því til forsrh. Ég vil nota tækifærið til að þakka meðnefndarmönnum mínum og sérstaklega formanni nefndarinnar fyrir gott samstarf í nefndinni og þakka sömuleiðis starfsmönnum nefndarinnar fyrir mikilvæga og góða aðstoð.

Það er alveg augljóst mál að ekki hefur verið sátt um það kerfi sem við höfum kosið eftir núna að undanförnu af ýmsum ástæðum. Uppi voru mjög sterkar kröfur um það í þjóðfélaginu að breyta kerfinu. Þær kröfur voru ekki síst hér í þéttbýlinu en þær voru kannski að sumu leyti í landinu öllu vegna ýmissa ágalla sem menn töldu vera á kerfinu. Ástæðan fyrir breytingunni og frumvarpinu eins og það liggur fyrir er með öðrum orðum sú að það þurfti að leita að nýrri sátt um málið á Alþingi og með þjóðinni. Ég held það sé ekki hægt að neita því að það er reynt í þessu frv. eins og það liggur fyrir að taka tillit til allra sjónarmiða af sanngirni. En auðvitað er ljóst að við jafnmikilvægt mál og þetta er það þannig að ýmsir vildu sjá hlutina öðruvísi en þeir nákvæmlega liggja fyrir. Ég held þó að hér sé um að ræða góða málamiðlun sem ég a.m.k. get með góðri samvisku mælt með að verði samþykkt.

Tvær aðalástæður voru fyrir því að menn voru óánægðir með núverandi kerfi. Fyrri ástæðan er sú að menn töldu kerfið ekki réttlátt af því misvægi atkvæða væri of mikið. Önnur ástæðan fyrir óánægjunni var sú að menn töldu kerfið flókið. Ég verð að segja fyrir mig að ég tel að hvorugt þessara sjónarmiða hafi í raun og veru verið mjög alvarlegt og í hvorugu tilvikinu hafi verið sérstök ástæða til þess að hlaupa til og breyta kosningalögunum. Ég taldi kerfið t.d. ekkert allt of flókið. Ég taldi að vel væri hægt að búa við það þess vegna.

Þegar núverandi hæstv. ríkisstjórn var mynduð var hins vegar í stjórnarsáttmálanum ákveðið um það að stjórnarflokkarnir ætluðu að beita sér fyrir breytingum á kosningalögunum. Það fannst mér mjög alvarlegt merki og ég beitti mér fyrir því ásamt fleirum að fulltrúar flokkanna ræddu samtali snemma á þessu kjörtímabili um það hvað stjórnarflokkarnir ætluðust fyrir í þessu efni. Niðurstaðan varð sú að stjórnarflokkarnir féllust á að þetta væri ekki stjórnarflokkamál heldur allra flokka mál sem hér ættu fulltrúa og það er mjög mikilvægt atriði. Ég tel að það sé ekki aðeins mikilvægt til þess að tryggja málinu almennan stuðning hér heldur tel ég að það sé líka mikilvægt vegna þess að ef stjórnarflokkarnir hefðu farið sína leið í þessu efni hefði verið ástæða til að óttast að þeir mundu fara þá leið að hafa óbreytta kjördæmaskipan en fækka þingmönnum í hverju kjördæmi úti á landi og fjölga þeim hér í þéttbýlinu. Það hefði þýtt að önnur sjónarmið en þau sem hafa eins og 20–25% fylgi hefðu átt í vök að verjast í öllum minni kjördæmunum. Af þeim ástæðum taldi ég að tillögur stjórnarflokkanna í þessu efni væru hættulegar og að hættulegt væri að láta þær einar ráða. Þess vegna var það niðurstaða Alþb. á þessu kjörtímabili að leggja á það áherslu að ná aðild að málinu til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Hver voru sjónarmið Alþb. í þessu máli og hver eru sjónarmið Alþb. í þessu máli við breytingar á þessu kerfi?

Þau eru þessi: Í fyrsta lagi að það yrði að tryggja jöfnun milli flokka þannig að flokkarnir og sjónarmið þeirra fengju skilyrðislaust úthlutað þingsætum í samræmi við sitt fylgi. Samkvæmt þeim útreikningum sem nú liggja fyrir á kosningunum síðustu virðist það vera svo að það næst jöfnuður milli flokka í þessu kerfi, enda nái flokkarnir annaðhvort kjördæmakjörnum manni eða 5% fylgi yfir landið. Ég tel þess vegna að því er þetta varðar að unnist hafi mjög mikilvægur varnarsigur ef svo má að orði komast í þessu frv.

með því að ná þessu samkomulagi í stað þess að þurfa að horfast í augu við það að stjórnarflokkarnir einir hefðu breytt kerfinu í samræmi við hugmyndir sem þeir hafa sumir verið með um að fækka þingmönnum í litlu kjördæmunum úti á landi og þar með að útiloka minni flokka frá öllum minnstu kjördæmunum.

Annað aðaláhersluatriði Alþb. var persónuval, að leggja aukna áherslu á persónuval. Skemmst er frá því að segja að um það náðist ekki samkomulag í nefndinni en það náðist samkomulag um að breyta útstrikunarreglunum og áhrifum þeirra verulega. Það er gert með því að lagt er til að tekið verði upp svipað fyrirkomulag og gilti til 1959, þ.e. svokölluð „Borda-regla". Hún gengur út á það að í þessari tillögu okkar er miðað við aðal- og varamenn sem kosnir eru af hverjum lista. Setjum sem svo að flokkur fái 4 þús. atkvæði og tvo menn kjörna. Þá er unnið með töluna fjóra, þ.e. tveir aðalmenn og tveir varamenn. Fyrsti maður á listanum fær 4 þús. atkvæði á óbreyttum lista. Annar maður fær skv. þessari reglu 3 þús. atkvæði. Þriðji maður fær 2 þús. atkvæði og fjórði maður þúsund atkvæði. Segjum að fyrsti maður sé strikaður út á 800 seðlum en aðrir væru með óbreytta stöðu. Annar maður hefði þá færst upp á 800 seðlum á móti þessum útstrikunum á fyrsta manni. Með þessu móti hefði fyrsti maður tapað 1. sætinu en annar maður unnið það. Þetta þýðir að það nægir að breyta 20% seðla til að breyta röð manna á atkvæðaseðli, en nú þarf 50%. Annars vegar er hér því um að ræða gríðarlega mikla breytingu í þá átt að kjósendur geta haft miklu meiri áhrif en þeir nú geta haft með breytingum á seðlum.

Í þriðja lagi var lögð á það áhersla af okkar hálfu að reynt yrði að ná samstöðu um einfaldari úthlutunarreglur og það liggur fyrir. Niðurstaðan varð svo sú sem hér liggur fyrir og ég ætla fyrst að segja að ég tel að þessi niðurstaða sé slík að það sé við hana búandi um langan tíma. Ég tel ekki að þessi niðurstaða sé þannig að einn eða neinn þurfi að leggjast í víking á móti þessari niðurstöðu strax eftir að hún hefði verið samþykkt, fyrst og fremst vegna þess að í stjórnarskrártillögunni sjálfri er gert ráð fyrir því að festa og viðurkenna misvægi. Misvægið yrði viðurkennt í stjórnarskránni eins og hér er gerð tillaga um og þar er miðað við hlutfallið 1:2. Og það er gríðarlega mikilvægt að menn reyni, eins og hæstv. forsrh. benti á í framsöguræðu sinni, að gera málið þannig úr garði að það verði eins varanlegt og frekast er kostur þó að við gerum okkur að sjálfsögðu ekki þær hugmyndir, hvorki í undirbúningsnefndinni né geri ég ráð fyrir flutningsmenn málsins að hér sé um að ræða hinn endanlega, eilífa sannleik eða neitt því um líkt. En það er alveg ljóst að þetta kerfi eins og það lítur út hér á að geta verið varanlegra og um það meiri sátt á næstu árum en var og er um það kerfi sem við erum enn þá með. Niðurstaðan verður svo sú að gerð er tillaga um það í þessu frv. að kjördæmin verði sex talsins og þingmannafjöldinn verði sá sami eða mjög svipaður í öllum kjördæmunum. Það er mjög mikilvægt atriði. Það gjörbreytir stöðu kjördæmahópanna á þinginu. Þeir verða allir svipað stórir og þingmenn t.d. Reykjavíkur, fyrir hvorn hlutann sem er, munu líta á sig sem þingmenn sinna kjördæma í miklu ríkari mæli en við höfum gert í núverandi kerfi, vegna þess sérstaklega að þessir þingmenn Reykjavíkurkjördæmanna tveggja munu eiga auðveldara með að ná sambandi við sína kjósendur en unnt er í núverandi kerfi.

Við úr Reykjavík sem vorum í undirbúningsnefndinni sem hefur nú lagt niður störf hittum nokkra borgarfulltrúa í Reykjavík fyrir tveimur dögum þar sem þessi mál voru ágætlega útskýrð og mér fannst að ríkur skilningur væri á þeirri viðleitni sem fram kemur í frv. að því er varðar skiptingu Reykjavíkur. Ég geri ekkert með það þó að mörk þurfi kannski að færast aðeins til milli kosninga eins og hér var verið að tala um. Þau yrðu ekki færð á milli húsa eins og hér var verið að gefa í skyn. Það er ekkert þannig, heldur er í meginatriðum miðað við að kjördæmin, Reykjavíkurkjördæmin, yrðu álíka stór að fjölda. Ekki nákvæmlega jafnstór, ekki upp á millimetra, það er ekki hægt. Ég heyri líka að menn eru aðeins að tala um að kjördæmin í Reykjavík yrðu ólík. Í vesturkjördæminu yrðu aðrir hagsmunir en í austurkjördæminu og ég segi bara að það gerir ekkert til. Það er bara þannig, líka í landinu og eðlilegt að menn búi þannig í þessu kjördæmi eins og í öðrum. Ég held að þetta mundi styrkja þennan hóp Reykjavíkurþingmanna andspænis öðrum hópum án þess að það þurfi að þýða neitt annað en það að þeir tækju eðlilegri þátt hér í þingstörfunum sem kjördæmisþingmenn en við höfum getað gert til þessa þótt við hefðum viljað það.

Rökin með breytingunni eru sem sagt í fyrsta lagi þau að hér er um að ræða jafnari og líkari einingar á Alþingi. Það er mjög mikilvægt atriði.

Í öðru lagi eru rökin þau að með því að hafa þingmannahópana svipað eða jafnstóra í kjördæmunum þá næst betur jöfnuður milli flokka og þá þarf færri uppbótarsæti. Það skiptir máli vegna þess að því fleiri sem uppbótarsætin eru, því flóknara er kerfið. Þess vegna er það mjög mikilvægt atriði sem ég vil vekja athygli þingheims á að í tillögunni er gert ráð fyrir að fækka uppbótarmönnum frá því sem nú er. Nú eru þeir fjórtán en yrðu samkvæmt þessari tillögu mun færri.

Í þriðja lagi er það mikilvægt fyrir lýðræðið í landinu að mínu mati að með þessum tillögum, ef þær verða samþykktar, þurfa flokkar svipað hátt hlutfall alls staðar á landinu til að ná þingmanni. Það skiptir mjög miklu máli. Við sjáum það t.d. á þróun Alþfl. og Kvennalistans líka á undanförnum árum að flokkarnir hafa verið að mjög miklu leyti bundnir við þéttbýlið. Það er vegna þess að þar hefur verið auðveldara og sérstaklega í Reykjavík að ná kjörnum þingmönnum. Það hefur auðvitað haft áhrif á eðli þessara flokka og ég tel að því er varðar minn flokk, Alþbl., að það hafi verið til bóta að okkur hefur yfirleitt auðnast að vera með svipaðan styrk í landinu öllu. Það skapar meira jafnvægi í stefnumótun og vinnubrögðum af hálfu flokks og ég tel að ýtt sé undir það með því að vera með þessi kjördæmi svona.

En á tillögunni eru að sjálfsögðu gallar og gallarnir eru aðallega tveir að mínu mati. Í fyrsta lagi sá galli að í tillögunum er gert ráð fyrir mjög mikilli stækkun kjördæma. Það er óumdeilanlegt að erfitt verður að komast yfir vestur- og norðvesturkjördæmið svo ég nefni dæmi og það verður erfitt að komast yfir austur- og norðausturkjördæmið. Til þess að takast á við það gerði undirbúningsnefndin sérstakar tillögur um að farið yrði í það að undirbúa sérstakar aðgerðir í byggðamálum, jafnréttismálum byggðanna sem snerta vegakerfi landsins, fjarskiptamál, húshitunarkostnað á köldum svæðum, námskostnað vegna framhaldsnáms o.s.frv. Þetta er tillaga sem við alþýðubandalagsmenn lögðum fram og leggjum mjög mikla áherslu á og sérstök nefnd er starfandi sem skipuð var af forsrh. og hún á að gera tillögur núna í næsta mánuði á grundvelli þessara sjónarmiða sem

getið er um í skýrslu nefndarinnar og fram komu einnig í framsöguræðu hæstv. forsrh. fyrr í dag.

Í annan stað er komið til móts við þessi sjónarmið með því ákvæði sem fram kemur um hliðarráðstafanir í skýrslu nefndarinnar, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Verði tillögur nefndarinnar að lögum er ljóst að aðstaða þingmanna til að sinna kjósendum í hinum landfræðilega stærri kjördæmum verður önnur en áður. Með hliðsjón af því hvetur nefndin til að aðstoð við þingmenn úr þessum kjördæmum verði aukin, t.d. þannig að þingmenn fái styrk til að njóta liðsinnis starfsmanns eða til annars konar aðstoðar."

Þetta er gríðarlega mikilvægt atriði og ég held meira að segja, herra forseti, að til greina komi að þetta atriði verði sett í framkvæmd strax eftir næstu kosningar þótt hin nýja skipan taki þá ekki gildi, fyrst og fremst vegna þess að þá fara menn bæði meðvitað og ómeðvitað að undirbúa hina nýju skipan og munu þurfa aðstoð við það, sérstaklega í dreifbýlinu eins og þar er málum háttað.

Ég vil hins vegar segja það að ég tel að ef rétt er á þessum málum haldið, bæði að því er varðar kjördæmabreytingarnar sjálfar og að því er varðar ráðstafanir í byggða- og félagsmálum og starfsaðstöðu þingmanna eigi þessar tillögur að geta orðið til sóknar fyrir landsbyggðina þegar allt kemur til alls. Þess vegna eigi ekki að vera þörf á að óttast að verið sé að veikja stöðu hennar frá því sem nú er. Ég vil a.m.k. sjá að staða landsbyggðarinnar veikist ekki frá því sem nú er þrátt fyrir þann tilflutning þingmanna sem gert er ráð fyrir í þessum tillögum.

Herra forseti. Því miður er aðeins 20 mínútna ræðutími þannig að í sjálfu sér er erfitt að koma því á framfæri sem maður vildi en ég vil þó drepa á nokkur atriði í viðbót á þeim þremur mínútum sem ég á eftir.

Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því að breytt er um reiknireglur og það er tekin upp d'Hondt-regla. Það er hægt að taka upp d'Hondt-reglu af því að þingmönnum er fjölgað svo mikið í hverju kjördæmi. Það er mjög mikilvægt einföldunaratriði.

Í öðru lagi bendi ég á að jöfnunarkerfið er miklu einfaldara vegna þess að gert er ráð fyrir því að jöfnunarþingmönnunum verði úthlutað á prósentu en ekki eins og nú er gert eftir allflóknu kerfi að ekki sé meira sagt.

Í þriðja lagi ætla ég að benda á að með þessum breytingum gerum við ráð fyrir því að móðurskipsreglan við úthlutun uppbótarsæta falli út og ekki þurfi lengur kjörinn mann í einhverju kjördæmi til að fá uppbótarmann heldur sé nóg að flokkur hafi tiltekið hlutfall, 5%, yfir landið ef hann ætlar að fá uppbótarmann þannig að aðgangurinn að uppbótarsæti er ekki lengur bundinn við kjörinn mann í einu kjördæmi eins og þetta er núna. Þetta þýðir það að hinn náttúrulegi þröskuldur til að fá kjörinn þingmann hækkar í Reykjavík, og hver er hann? Í Reykjavík og öllum öðrum kjördæmum landsins verður hann með þessum tillögum 7,7%. Það er hinn náttúrulegi reiknaði þröskuldur. Hann getur auðvitað orðið lægri eftir því hve margir bjóða sig fram eins og gengur en hann á ekki að vera hærri þannig að það er þröskuldurinn sem við er miðað. Ef við værum hins vegar með jafnmarga þingmenn og við erum með núna væri þröskuldurinn allmiklu lægri þannig að það er greinilegt að það er verið að gera erfiðara fyrir minni flokka eða minnstu flokka að ná inn þingmanni í þéttbýlinu en það hefur verið en mörkin liggja við 7,7% í Reykjavík.

Ég ætla í fjórða lagi að vekja athygli á því að í skýrslu nefndarinnar er bent á nýja leið við talningu atkvæða. Ekki er gert ráð fyrir því að telja endilega úr öllu kjördæminu hverju sinni heldur að talið yrði í hólfum þannig að það sæist t.d. hvert fylgi flokkanna er, segjum í Ísafjarðarsýslum og Ísafirði, svo ég nefni dæmi. Það þarf því ekki eftir þessum tillögum að steypa saman öllum atkvæðum, réttum seðlum úr hverju kjördæmi, bæði væri það viðamikið en eins mundi með þessu móti sjást styrkur og veikleiki flokka á hverju talningarsvæði fyrir sig. Þetta er að mínu mati mjög mikilvægt atriði, lýðræðislegt atriði, og stuðlar að því að gera kerfið gagnsærra.

Ég hef hér, herra forseti, tæpt á aðalatriðum málsins og vil að lokum endurtaka það sem ég sagði í upphafi. Ég tel að hér sé gætt eins mikillar sanngirni og kostur er þó mér sé ljóst að það reynir á málið í ýmsum tilvikum. Ég vil líka segja að hér er tillaga um lausn á þessu kjördæmamáli sem ætti að geta náðst um varanlegri sátt en verið hefur um núverandi kjördæmi og að því leytinu til styð ég af heilum hug þá tillögu leiðtoga stjórnmálaflokkanna sem er til umræðu.

[12:34]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hv. þingkona Guðný Guðbjörnsdóttir sat fyrir hönd Kvennalistans í nefnd þeirri sem undirbjó þær breytingar sem boðaðar eru í þessu frv. og mun væntanlega á eftir fjalla nánar um sitthvað sem lýtur að þeim störfum. Sem þingflokksformaður er ég hins vegar einn af flytjendum frv. og er ágætlega sátt við það enda hef ég fylgst náið með undirbúningnum og tel að hér hafi náðst sú niðurstaða sem er eðlilegust og réttust miðað við allar forsendur og þau markmið sem nefndin setti sér og tíunduð eru í upphafi greinargerðar.

Auðvitað er deginum ljósara að þetta frv. er málamiðlun sem náðist fram eftir mikla vinnu fulltrúa allra stjórnmálaafla sem eiga nú fulltrúa á Alþingi. Um þessa leið og raunar allar leiðir eru skiptar skoðanir innan flestra þingflokka má ég segja og efalaust má með sanni segja að enginn sjái hér óskaleið sína. Allmargir þingmenn hefðu viljað sjá landið allt gert að einu kjördæmi með hnífjöfnu atkvæðavægi þar sem á hinn bóginn allmargir telja einmenningskjördæmi besta kostinn. Oft hafa síðan verið á lofti hugmyndir um sambland af þessu tvennu eins og dæmi eru um í öðrum löndum og svo eru náttúrlega þeir sem sætta sig prýðilega við stöðuna eins og hún er nú og vilja helst engu breyta. Í ljósi alls þessa er í rauninni stórmerkilegt og nánast afrek að nefndin skyldi ná sátt og niðurstöðu um þá leið sem hér liggur nú á borðinu og má formaður nefndarinnar, hv. þm. Friðrik Sophusson, vel una við þann svanasöng sinn á Alþingi Íslendinga.

Auðvitað eru bæði kostir og gallar við þá leið sem frv. boðar. Kostirnir eru þeir helstir að sjálfsögðu að verulega er dregið úr því misvægi atkvæða sem nú ríkir og svo hitt að nær algert jafnvægi verður milli þingmannahópa kjördæmanna sem ég tel ótvíræðan kost. Að vísu blasir við að sú jöfnun atkvæðavægis sem þetta frv. boðar er líkleg til að raskast fyrr en síðar og jafnvel mjög fljótlega, hvað sem öllum byggðaaðgerðum líður. En eins og fram kemur í töflu í greinargerðinni verða flest atkvæði að baki hverjum þingmanni í svonefndu Suðvesturkjördæmi og einmitt á því svæði er fyrirsjáanleg mesta fólksfjölgunin á næstu árum. Fyrst ég er farin að minnast á það svæði verð ég að viður-

kenna að ég horfi á eftir Suðurnesjum yfir til Suðurlandsins með miklum trega og eftirsjá.

Það hefur einmitt verið mjög skemmtilegt og ögrandi að starfa í kjördæmi mínu, Reykjaneskjördæmi, sem samanstendur í rauninni af þremur allólíkum heimum, þ.e. sveitunum í norðvesturhluta kjördæmisins sem bera þó þess merki að vera í nágrenni höfuðborgarinnar og þéttbýlisins í kring, annar heimur er svo þéttbýlið í kringum höfuðborgina og svo eru það Suðurnesin, þar sem hvert þessara svæða markast af sinni sérstöðu í atvinnumálum og reyndar í öllu öðru tilliti. Ég sé verulega eftir Suðurnesjunum og tel kjördæmið fátækara og einhæfara eftir en áður. En það breytir því ekki að ég tel þetta óhjákvæmilegt og vona svo sannarlega að þessi breyting komi Suðurnesjamönnum til góða og verði t.d. til þess að ýta myndarlega á eftir því verkefni eða að ráðist verði í það verkefni sem við höfum a.m.k. sum okkar átt að óskaverkefni. Þar á ég við uppbyggingu Suðurstrandarvegar milli Þorlákshafnar og Grindavíkur en slík framkvæmd yrði bylting í samgöngum á þessu svæði og reyndar öllum samskiptum og kæmi t.d. bæði sjávarútvegi og ferðaþjónustu að miklu gagni. En nóg um það. Það er eins og ég sagði víst óhjákvæmilegt að skipta Reykjaneskjördæmi á þennan hátt til þess að ná þeim markmiðum sem sett voru.

Sama má segja um Reykjavík. Skipting Reykjavíkur í tvö kjördæmi er nokkuð sem margir eiga erfitt með að kyngja en þjónar einmitt sama tilgangi, að ná fram jöfnuði milli þingmannahópa kjördæmanna. Verður allspennandi að fylgjast með því hvernig menn leysa þann vanda sem upp kemur við þessa skiptingu, hvort hún mun hafa í för með sér mikla flutninga núv. hv. þm. Reykjavíkur sem af einhverjum ástæðum eiga sér flestir heimili vestan Elliðaár. Ég dreg ekki í efa að þessi skipting Reykjavíkur í tvö kjördæmi muni hafa í för með sér talsverða erfiðleika í öllu stjórnmálastarfi en býður líka upp á ný vinnubrögð sem kunna að reynast ágætlega þegar fram í sækir og ætla ég ekki að spá neinu vondu í því efni. Tíminn einn sker úr um það.

Ég býst þó við að landsbyggðarþingmönnum þyki sá vandi harla smár sem þingmenn þéttbýlisins á suðvesturhorninu sjá fram á miðað við þann vanda sem við þeim blasir þegar kjördæmi þeirra, þ.e. landsbyggðarþingmannanna, margfaldast að stærð og yfirferð og hefur að sjálfsögðu í sér fólgnar ýmsar afdrifaríkar breytingar gæti ég ímyndað mér, t.d. þar sem landfræðileg staða ákveðinna þéttbýliskjarna flyst til og það mun vafalaust hafa einhverjar þær afleiðingar sem við getum ekki alveg gert okkur grein fyrir nú á þessari stundu. Við getum t.d. nefnt að Akureyri sem hefur verið að byggjast upp og er orðinn einn aðalþéttbýliskjarninn utan Reykjavíkur verður allt í einu orðin eins konar jaðarbyggð í mjög stóru kjördæmi og verður athyglisvert að sjá hvort það muni hafa einhverjar afleiðingar fyrir það kjördæmi enda sá nefndin sem vann málið að við þessum breyttu aðstæðum yrði að bregðast á einhvern hátt, m.a. með aukinni aðstoð við þingmenn landsbyggðarkjördæmanna og er þegar farið að vinna að því máli. Ég hef ríkan skilning á þeim vanda sem þarna blasir við en bind vonir við störf og niðurstöður þeirrar nefndar sem skipuð var til að vinna að úrlausnum en fulltrúi Kvennalistans í þeirri nefnd er fyrrv. þingkona Kvennalistans, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Herra forseti. Út af fyrir sig væri ástæða til að ræða ýmis atriði sem eru að vísu viðfangsefni annars frv. sem leiðir af þessu og kemur til umfjöllunar síðar, og reyndar ekki fyrr en á næsta kjörtímabili en er fjallað um í skýrslunni og að nokkru í greinargerð svo og eru drög að því frv. birt hér með þessu frv. Þar er t.d. um að ræða persónukjör sem ég hefði kosið að sjá taka meiri breytingum en í boði virðast og er hlynnt því að auka eins og unnt er möguleika kjósenda til að hafa áhrif á endanlega röð fulltrúa sinna sem þeir vilja styðja til löggjafarstarfa. Loks væri ástæða til að fara orðum um það hvernig þessar breytingar snerta hagsmuni kvenna en um þessi atriði kannski ekki síst veit ég að fulltrúi Kvennalistans í nefndinni, hv. þingkona Guðný Guðbjörnsdóttir, mun fjalla í ræðu á eftir og ætla ég því ekki að eyða tíma í það. Ég vil aðeins segja að ég tel að konur verði a.m.k. ekki verr settar en áður en tíminn einn sker úr um það hvort nýjar aðstæður verða þeim eitthvað hliðhollari.

Reyndar vil ég nefna enn eitt atriði þessa frv. sem er málamiðlun, sannarlega málamiðlun ólíkra sjónarmiða, en það er sá þröskuldur sem fram kemur í 4. mgr. 1. gr. að þau stjórnmálasamtök komi ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst 5% af gildum atkvæðum á landinu öllu. Ég tel þann þröskuld of háan og vinna gegn lýðræðislegum niðurstöðum kosninga en mér er kunnugt um að hugmyndir nefndarmanna um prósentutölu í þessu efni voru á bilinu frá 2–6% og hér er því mæst nokkurn veginn á miðri leið svo sem í ýmsum öðrum atriðum.

Aðalatriði þessa máls er að það frv. sem er nú til 1. umr. byggist á sátt og málamiðlun fulltrúa allra stjórnmálaflokka eða stjórnmálaafla sem eiga nú sæti á Alþingi. Það misvægi sem við búum nú við hefur reynt verulega á þolinmæði og réttlætiskennd fjölmargra kjósenda og stjórnmálamanna og mál til komið að taka á því. Þetta frv. er niðurstaða sem er í góðu samræmi við þau markmið sem nefndin setti sér og ég tel mikilvægt að þau nái fram að ganga.

[12:49]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Frv. þetta felur í sér gerbreytingu á tæplega 40 ára kjördæmaskipan á Íslandi. Kjördæmin sem við búum við í dag hafa verið óbreytt frá árinu 1959. Frv. byggir á tillögum svokallaðrar kjördæmanefndar sem skipuð var í september 1997 með fulltrúum allra þingflokka. Nefndin skilaði af sér ítarlegri skýrslu og tillögum í síðasta mánuði. Mér finnst niðurstaðan sem þessi nefnd komst að vera slæm, sérstaklega hvað varðar stærð fyrirhugaðra kjördæma.

Ég er þeirrar skoðunar að kjördæmin sem hér er lagt til að koma á séu allt of stór. Ég tel það of stór kjördæmi ef skipta á landsbyggðinni í þrjú kjördæmi og það muni koma niður á henni. Ég held að í fyrsta lagi muni þetta lenda mjög illa á ýmsu því sem starfrækt er á kjördæmavísu, þ.e. samstarfi sveitarfélaganna í einstökum kjördæmum. Það er mjög víðfeðmt og gott í mörgum kjördæmum. Í hverju kjördæmi er samstarf milli sveitarfélaga, í atvinnuþróunarstarfi, um skólamál, samstarf um málefni fatlaðra, um sorpmál o.fl. Ég óttast að þetta verði mun erfiðara og þyngra í vöfum þegar kjördæmin verða orðin jafnflennistór og hér er lagt til.

Ég tel og að þetta muni bitna mjög á sambandi þingmanna við kjördæmi sín. Ég tel mjög nauðsynlegt fyrir þingmenn á landsbyggðinni að vera í góðu sambandi við kjördæmi sitt, þekkja hjartsláttinn í kjördæminu ef svo má að orði komast. Þeir þurfa að þekkja til sveitarfélaga, sveitarstjórnarmanna, þekkja atvinnulífið, vita stöðu fyrirtækja og vera kunnugt um hag fólksins í kjördæminu. Þetta held ég að verði miklu erfiðara eftir þá breytingu sem hér er lögð til. Ég held að þingmenn á landsbyggðinni sinni þessu almennt nokkuð vel. Þeir ferðast mikið um kjördæmi sín og reyna að fylgjast með

hvernig vindar blása þar. Þetta verður miklu erfiðara eftir þessa breytingu en áður. Af mínu kjördæmi, Vesturlandi, tek ég sem dæmi að þar eru sjö þéttbýlisstaðir og margar og víðfeðmar sveitir. Við þingmenn Vesturlands reynum að koma á þessa staði sem oftast og fylgjast með því sem þar er að gerast. Þegar þessi breyting á kjördæmunum hefur tekið gildi verða þéttbýlisstaðir í því kjördæmi sem tekur við 24. Þar verða að auki gríðarlega stórar og miklar sveitir. Vegalengdir í þessu kjördæmi verða miklar og ég held að það verði nánast ómögulegt fyrir þingmenn þess að viðhalda sambandi því sem ég nefndi áðan að væri nauðsynlegt, eftir þessa breytingu.

Kjördæmanefndin hefur af snilld sinni komist að þeirri niðurstöðu að þetta megi leysa með því að láta þingmenn hafa aðstoðarmenn í staðinn. Í skýrslu kjördæmanefndar segir, með leyfi forseta:

„Verði tillögur nefndarinnar að lögum er ljóst að aðstaða þingmanna til að sinna kjósendum í hinum landfræðilega stærri kjördæmum verður önnur en áður. Með hliðsjón af því hvetur nefndin til að aðstoð við þingmenn úr þessum kjördæmum verði aukin, t.d. þannig að þingmenn fái styrk til að njóta liðsinnis starfsmanns eða til annars konar aðstoðar."

Nú er þetta að vísu ekki nákvæmlega útfært en ég skil þetta þannig að hver landsbyggðarþingmaður eigi að fá aðstoðarmann. Sé það meiningin þá sýnist mér að það muni verða kostnaður fyrir ríkið upp á a.m.k. 100 millj. kr. á ári. Ég hélt raunar að ríkissjóður þyrfti á öðru að halda. Sumir segja að þetta sjónarmið mitt varðandi samband við kjördæmin sé gamaldags og þingmenn eigi að sinna löggjafarstörfum og ekki vera að því sem sumir kalla kjördæmapot. Ég held því fram að slíkt samband við kjördæmin sé mjög stór þáttur af starfi þingmannsins, þ.e. aðstoð við lífið og tilveruna þar. Ég held að aðstoðarmenn komi ekki í staðinn fyrir þetta samband þingmanna við kjördæmi sín.

Ég er á því að þessi mikla stækkun kjördæmanna sé alveg afleit og finnst höfðatala þingmanna í hverju kjördæmi minna mál. Þess vegna hef ég oft rætt það við nefndarmenn í kjördæmanefndinni og veit að fleiri hafa gert það einnig að halda kjördæmunum óbreyttum en fækka frekar um einn þingmann í hverju landsbyggðarkjördæmi. Það mundi leiða nokkurn veginn til sömu niðurstöðu.

Ef við lítum á stöðuna hvað varðar Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra, Norðurlandskjördæmi eystra og Austurlandskjördæmi mundu þau fá 21 þingmann samkvæmt því. Í frv. er gert ráð fyrir að kjördæmi sem koma í staðinn, þ.e. Norðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi fái 20 þingmenn. Mismunurinn er einn þingmaður. Ætlum við að mæta því með 20 aðstoðarmönnum? Ég bara spyr.

Ég hef orðið var við mikla andstöðu við þessar hugmyndir á landsbyggðinni, a.m.k. í mínu kjördæmi. Ég hef verið talsvert á ferðinni þar að undanförnu og vart hitt nokkurn þann sem líst vel á þetta. Kannski byggist það eitthvað á svartsýni en þó held ég að menn séu þar mjög raunsæir. Við höfum heyrt ályktanir víða að að undanförnu þar sem landsbyggðarmenn ályktа gegn þessu og líst illa á þessar breytingar. Hér er ályktun frá héraðsnefnd Snæfellinga frá aðalfundi þeirra um síðustu helgi þar sem segir, með leyfi forseta:

„Aðalfundur héraðsnefndar Snæfellinga mótmælir fram komnum tillögum að breyttri kjördæmaskipun sem settar hafa verið fram af nefnd um endurskoðun kjördæmaskipunar og tilhögun kosninga til Alþingis. Aðalfundurinn telur að landsbyggðarkjördæmin verði of stórar einingar landfræðilega.

Aðalfundur héraðsnefndar Snæfellinga telur að mannréttindi felist í fleiri þáttum en jöfnun atkvæðisréttar. Aðalfundurinn lýsir undrun á þeirri einhæfu áherslu sem nú er lögð á jöfnun atkvæðisréttar og telur að ekki megi líta fram hjá öðrum aðstöðumun sem landsmenn búa við.

Aðalfundur telur að tillögur um jöfnun atkvæðisréttar og breytingu á kjördæmaskipun verði að skoða í ljósi annarra ráðstafana til að styðja og styrkja búsetu á landsbyggðinni. Aðalfundurinn skorar því á stjórnvöld að jafna aðra þætti samhliða jöfnun atkvæðisréttar, svo sem aðgengi til náms, kostnað við framhaldsskóla- og háskólanám, samgöngur, húshitunarkostnað, aðgengi að opinberri og almennri þjónustu, flutningskostnað o.fl. Aðalfundur héraðsnefndar Snæfellinga telur jöfnun á aðstöðumun landsmanna í þessum efnum skilyrði fyrir jöfnun atkvæðisréttar."

Höfundar kjördæmatillögunnar segja gjarnan að menn eigi ekki að setja samasemmerki á milli atkvæðisréttar og búsetuskilyrða. Út af fyrir sig má segja það en fólkið í þessum dreifðu byggðum lítur svo á, eins og kemur fram í þessari ályktun og fleirum sem borist hafa undanfarið, að réttindi landsmanna snúist ekki bara um kosningarrétt. Á þessum fundi héraðsnefndar Snæfellinga kom fram að fólk í hinum dreifðu byggðum á Snæfellsnesi býr margt við það t.d. að þurfa að senda börn sín til framhaldsnáms 16 ára gömul með ærnum tilkostnaði sem þéttbýlisbúar þurfa ekki. Það býr við gríðarlega háan húshitunarkostnað, einhvern þann hæsta á landinu, þó keypt sé af fyrirtækjum í eigu ríkisins, Rafmagnsveitu ríkisins, með tilstilli Landsvirkjunar.

Það býr við mjög háan flutningskostnað sem leiðir til þess að verðlag þar er hærra en á höfuðborgarsvæðinu og dýrara að flytja afurðir frá svæðinu en víða annars staðar. Það byggist m.a. á þungaskatti ríkisins sem að stórum hluta er landsbyggðarskattur. Það er því ekki óeðlilegt að menn setji fram þessi rök þó að auðvitað megi segja sem svo, eins og formaður kjördæmanefndir segir gjarnan, að menn eigi ekki að setja samasemmerki milli atkvæðisréttar og búsetuskilyrða.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að mæta þessum sjónarmiðum eða eins og segir í skýrslunni:

„... samhliða þeim breytingum, sem verða á skipan kjördæma og úthlutun þingsæta, verði rætt um ýmis önnur atriði sem varða hagsmuni þeirra kjördæma og landshluta þar sem þingsætum fækkar.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á skipun kjördæma og úthlutun þingsæta, gefa tilefni til að fjallað verði um hvort ástæða sé að grípa til aðgerða til að styðja og styrkja búsetu á landsbyggðinni. Í því efni má nefna samgöngu- og vegamál, til að mynda örari endurbætur á vegtengingum einstakra byggða við aðalvegakerfi landsins, fjarskiptamál, húshitunarkostnað á hinum svonefndu köldu svæðum, námskostnað vegna framhaldsnáms o.fl."

Nú hefur hæstv. forsrh. skipað nefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka til að gera tillögur í þessa veru og út af fyrir sig er það ágætismál. Að vísu er þarna verið að taka á sömu þáttunum og komu fram í þáltill. forsrh. um stefnu í byggðamálum næstu fjögur árin, sem var rædd mjög ítarlega hér á Alþingi í fyrradag, en ég legg áherslu á að niðurstöðum þessarar nefndar, sem ég er ekki í nokkrum vafa um að mun komast að skynsamlegum niðurstöðum og vinna markvisst

því í henni eru ágætir fulltrúar, verði fylgt eftir og það verði gert eitthvað með þær.

Það er auðvitað ýmislegt ágætt í þessum tillögum líka, t.d. líst mér vel á þær breytingar sem meiningin er að gera varðandi val frambjóðenda á kjördegi, útstrikanir og fleira, en auðvitað gæti þetta allt saman gerst þótt kjördæmaskipunin væri óbreytt. En svona heilt á litið líst mér illa á þessar tillögur, sérstaklega hvað varðar hina miklu stækkun kjördæmanna. Mér finnst niðurstaða kjördæmanefndar bera þess glöggt vitni að fimm af sex nefndarmönnum eru þingmenn höfuðborgarsvæðisins með fullri virðingu fyrir þeim ágætu þingmönnum, sem ég ber mikla virðingu fyrir. En svona eftir á að hyggja finnst mér að eðlilegra hefði verið að í kjördæmanefndinni væri meira jafnvægi milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis.

Herra forseti. Ég óttast það mjög að þessi kjördæmabreyting muni veikja landsbyggðina. Vonandi verður það ekki svo því landsbyggðin þarf á allt öðru að halda.

[13:03]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú aldeilis ræða hjá hv. þm. og margt um hana að segja. Ég er að mörgu leyti sammála því sem þar kom fram. Eitt vil ég þó spyrja hv. þm. um sem laut að því sem hann sagði um útstrikanir, þ.e. fyrirætlanir um breytingar á því kerfi, sem mér heyrist hann taka heldur undir. Ég á bágt með að trúa því að menn geti tekið undir fyrirkomulag eins og þarna er lagt til, sem hefur það í för með sér að færri kjósendur ráði meira en fleiri kjósendur, sérstaklega í ljósi þess að allt þetta tilstand er nú vegna þess að menn telja að fleiri kjósendur ráði of litlu. Þá er lagt til í þessum útstrikunartillögum að fáir kjósendur geti haft miklu meira að segja en margir kjósendur með útstrikunum, þannig að frambjóðandi sem fær kannski 800 atkvæði í 1. sæti fái það ekki vegna þess að 200 kjósendur vilja ekki hafa hann í 1. sæti. Mér finnst það mjög einkennilegt ef 200 kjósendur eiga að ráða miklu meira en 800 kjósendur, eins og er að finna í þeim tillögum sem þarna eru lagðar til.

[13:04]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að mér líst nokkuð vel á þessar tillögur og er þeirrar skoðunar að það kerfi sem við búum við í dag varðandi útstrikanir sé einskis virði, kjósandinn getur engu breytt. Það þarf svo gríðarlega miklar útstrikanir til að þær breyti einhverju. Þetta er í raun og veru óvirkt eins og það er í dag og þess vegna líst mér nokkuð vel á að gera eins og þarna er lagt til.

[13:05]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kerfið eins og það er í dag byggir á því að sú niðurstaða verði sem fleiri kjósendur vilja. Flokkarnir raða upp listunum og kjósendur geta gert á þeim breytingar, annaðhvort breytt númerum eða strikað frambjóðanda alveg út. Það hlýtur að vera eðlilegt að þeir sem vilja gera breytingar séu fleiri en hinir sem ekki vilja gera breytingar. Þannig er það í dag, að til þess að gera breytingu þurfa þeir kjósendur að vera fleiri sem vilja það en hinir sem vilja óbreytt. Ég get ekki fallist á að það sé óeðlilegt kerfi.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 3.–6. mál.

Fundi slitið kl. 13:07.

---

28. FUNDUR

fimmtudaginn 19. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.
3. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fjögurra ára, frá 1. nóv. 1998 til 31. október 2002, að viðhafðri hlutbundinni kosningu, skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.
4. Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, stjtill., 230. mál, þskj. 257. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 254. mál, þskj. 288. — Frh. 1. umr.
6. Miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu, stjfrv., 184. mál, þskj. 200. — 1. umr.
7. Lögheimili, stjfrv., 185. mál, þskj. 201. — 1. umr.
8. Tilkynningar aðsetursskipta, stjfrv., 186. mál, þskj. 202. — 1. umr.
9. Tryggingagjald, stjfrv., 228. mál, þskj. 255. — 1. umr.

Rannsókn kjörbréfs.

[13:32]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 2. varaþm. Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Kristín Jóh. Björnsdóttir sjúkraliði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm. flokksins í Vestfjarðakjördæmi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmanns."

Undir þetta ritar Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf:

„Undirritaður, Ægir E. Hafberg, Setbergi 10, Þorlákshöfn, 1. varaþm. fyrir Alþýðuflokk – Jafnaðarmannaflokk Íslands í Vestfjarðakjördæmi á yfirstandandi kjörtímabili, vill hér með koma eftirfarandi á framfæri:

Frá síðustu alþingiskosningum, þegar ég var kosinn varaþingmaður, hafa orðið þær breytingar á starfshögum mínum að mér er ókleift að mæta til Alþingis sem varamaður Sighvats Björgvinssonar alþingismanns. Frá minni hálfu verður þessi háttur á hafður út yfirstandandi kjörtímabil nema annað verði tilkynnt sérstaklega.

Þorlákshöfn, 17. nóvember.

Með vinsemd og virðingu, Ægir Hafberg."

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Kristínu Jóh. Björnsdóttur sem er 2. varamaður á lista Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund áður en þingfundur hófst til þess að fjalla um kjörbréfið.

[13:34]

Frsm. kjörbréfanefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf 2. varaþm. Alþfl. í Vestf., Kristínar Jóh. Björnsdóttur, sem landskjörstjórn gaf út í dag en 1. varaþm. flokksins í kjördæminu, Ægir E. Hafberg, getur ekki tekið sæti að þessu sinni á Alþingi. Nefndin hefur kynnt sér kjörbréfið, ekki fundið neitt athugavert og leggur til að það verði samþykkt.

[13:35]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Tillaga kjörbréfanefndar um kjörbréf Kristínar Jóh. Björnsdóttur skoðast samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum. Kristín Jóh. Björnsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengkaparheit að stjórnarskránni.

Kristín Jóh. Björnsdóttir, 4. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:35]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Kristín Jóh. Björnsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.

[13:37]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Samkvæmt 42. gr. þingskapa skal kjósa sérnefnd til að fjalla um frumvörp til stjórnarskipunarlaga. Þegar liggja tvö frv. til stjórnarskipunarlaga fyrir og hefur verið vísað til 2. umr. Við ræðum nú þriðja frv. til stjórnarskipunarlaga sem væntanlega verður vísað til 2. umr. síðar í dag. Því liggur fyrir að kjósa sérnefnd og forseta hefur borist tillaga frá formönnum þingflokka um að sérnefndin verði skipuð 11 þingmönnum. Það skoðast samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Forseta hefur borist einn listi. Þar sem ekki eru fleiri tilnefndir en kjósa skal lýsi ég eftirtalda þingmenn réttkjörna í sérnefnd um stjórnarskrármál:

Friðrik Sophusson,
Guðmundur Árni Stefánsson,
Valgerður Sverrisdóttir,
Sigríður A. Þórðardóttir,
Svavar Gestsson,
Sturla Böðvarsson,
Jón Kristjánsson,
Steingrímur J. Sigfússon,
Árni Johnsen,
Hjálmar Árnason,
Guðný Guðbjörnsdóttir.

Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, frh. fyrri umr.

Stjtill., 230. mál. — Þskj. 257.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. DO o.fl., 254. mál. — Þskj. 288.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við ræðum hér stórt mál þar sem er frv. til stjórnarskipunarlaga, breytingar á þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem lúta að kosningum til Alþingis. Málið á sér nokkurn aðdraganda eins og kunnugt er. Um það er getið í stjórnarsáttmála og þau áform að gera nokkra breytingu á kjördæmaskipan og vægi atkvæða hafa verið til umræðu um alllangt árabil. Engu síður, herra forseti, sakna ég í tengslum við þetta mál margháttaðrar undirbúningsvinnu. Reyndar sakna ég einnig hæstv. forsrh. sem er 1. flm. málsins og ætlar sér væntanlega að vera viðstaddur umræðuna þannig að ég bendi virðulegum forseta góðfúslega á að e.t.v. þurfi að gera forsrh. grein fyrir því að umræðan er hafin á nýjan leik.

Ég tel að þó að nefnd skipuð fulltrúum þingflokka, sem starfað hefur um hríð að þessu máli að vísu aðallega á síðari hluta kjörtímabilsins undir forustu hv. þm. og fyrrv. hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar, hafi út af fyrir sig unnið heilmikið starf — ég dreg það ekki í efa — þá vanti margt til að hægt sé að taka þær miklu ákvarðanir sem hér er lagt til að taka. Mér finnst vanta miklu meiri úttekt á ýmsum þáttum í uppbyggingu stjórnsýslunnar í landinu, á spurningunni um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Mér finnst vanta meiri kortlagningu á stöðu okkar í byggðaþróun og samhengi þeirra þátta í stjórnsýslunni við valdakerfið í landinu. Mér finnst vanta miklu meiri umræðu um þetta úti í samfélaginu.

Ég leyfi mér að fullyrða að tiltölulega lítil umræða hafi komist af stað um þetta stóra mál hjá almenningi í landinu, jafnvel meðal sveitarstjórnarmanna og forsvarsmanna félagasamtaka og atvinnulífs sem ættu þó að vera fullgildir þátttakendur í þeim umræðum. Þetta mál varðar alla landsmenn og grundvallar leikreglur í samfélagi okkar og samskiptareglur, m.a. stjórnsýslustiganna. Með vissum hætti á að setja þær reglur hér.

Ég hefði talið æskilegt að þetta starf hefði farið miklu fyrr af stað, því hefði verið hrint úr vör strax í byrjun kjörtímabils og tíminn notaður til að undirbyggja þá ákvarðanatöku miklu betur með úttektum og kortlagningu á því sem þyrfti að liggja til grundvallar, með kynningu á málinu og umræðum úti í þjóðfélaginu.

Ég vil segja, herra forseti, að þó að ég skilji út af fyrir sig þær forsendur sem hv. nefnd gaf sér í þessu máli hvað varðar t.d. vægi atkvæða og hvað varðar áþekka eða nánast sömu stærð allra kjördæma, þá held ég að menn hafi þarna farið of langt. Ég tel að nefndin hafi króað sig af í forsendum sem bjóði í raun ekki upp á ásættanlega niðurstöðu. Til dæmis sú fyrir fram gefna forsenda að þingmannafjöldinn þurfi að vera

nánast sá sami í öllum kjördæmum landsins skorðar þetta mál þannig af að út úr því geta ekki komið annað en landfræðilega mjög óskynsamlegar einingar. Það er þannig vegna íbúadreifingarinnar í landinu. Ég skil út af fyrir sig löngun manna til þess að þetta verði jafnstór kjördæmi í skilningnum jafnmargir þingmenn, en þarna rekast einfaldlega á markmið og menn verða að velja og hafna. Hér hefur verið valið að láta þau markmið eða þá hagsmuni víkja sem lúta að því að einingarnar séu landfræðilega, félagslega og stjórnsýslulega skynsamlega dregnar. Það er hin reikningslega niðurstaða sem ræður ferðinni. Það eru tölurnar á blaðinu sem eru látnar passa. Tíu til ellefu þingmenn í öllum kjördæmum í staðinn fyrir — tíu til tólf er það víst í staðinn fyrir tíu til ellefu eða hvað það nú er — í staðinn fyrir að þarna væri eitthvað meira svigrúm. Við getum sagt að þeir mættu vera átta til tólf sem byði upp á miklu meiri möguleika á að draga landfræðilega, félagslega og stjórnsýslulega mörkin öðruvísi og fá út skynsamlegri einingar.

Ég hlýt því, herra forseti, að láta strax koma hér fram af minni hálfu fulla fyrirvara og miklar efasemdir um þessar grundvallarforsendur sem þarna var gengið út frá. Ég tel þær of þröngar og útkoman í samræmi við það gat ekki orðið önnur, en að mörgu leyti mjög óheppileg, hvað varðar þessa afmörkun kjördæmanna.

Ég vil sérstaklega nefna þrennt í þessu sambandi. Í fyrsta lagi spurninguna um skiptingu Reykjavíkur. Skipting Reykjavíkur í tvö kjördæmi, skipting eins sveitarfélags í tvö kjördæmi, er afleiðing af þessum gefnu forsendum. Ég ætla út af fyrir sig ekki að fjölyrða um það mál en verð að segja alveg eins og er að mér finnst það nokkuð sérkennileg niðurstaða og spurning hvaða tilgangi það þjóni að skipta sveitarfélaginu Reykjavík upp í tvö 11 manna kjördæmi í staðinn fyrir að horfast í augu við þá augljósu staðreynd að Reykjavík fengi 22 þingmenn út úr hinu nýja fyrirkomulagi. Ég sé ekki muninn á því fyrir mitt leyti að Reykjavík bara væri með sína 22 þingmenn í einu kjördæmi eða þessum, mér liggur við að kalla skrípaleik, að búa til einhverja ímyndaða línu einhvers staðar uppi í hverfum og á grundvelli hennar sé þessu skipt upp í tvö kjördæmi og í framhaldinu þurfi væntanlega að fara í gang forfæringar á mönnum og búferlaflutningar miklir á væntanlegum kandídötum á næsta kjörtímabili til að passa nú inn í munstrið þegar kemur að kosningum. Það verður fróðlegt að sjá t.d. hverjir af þingmönnum Sjálfstfl. úr vesturbænum rjúka til og kaupa hús í Grafarvogi til að setja sig í stellingar til að vera réttum megin línunnar þegar kemur að kosningum árið 2003.

Í öðru lagi, herra forseti, nefni ég landfræðilega stærð ákveðinna kjördæma. Það sem út úr þessum þröngu forsendum nefndarinnar kemur er auðvitað landfræðileg stærð vissra kjördæma sem er alveg ískyggileg.

Í þriðja lagi, herra forseti, nefni ég og það er náskylt þessu, óheppilega dregin mörk landfræðilega. Ég vil t.d. staldra þar aðeins við norðausturkjördæmið sem á að verða til samkvæmt þessu frá Siglufirði og austur að og til og með Austur-Skaftafellssýslu, þ.e. kjördæmismörkin liggja um Tröllaskaga annars vegar og Skeiðarársand hins vegar. Þetta þýðir í fyrsta lagi að langleiðina helmingurinn af landinu landfræðilega er eitt kjördæmi og það er handleggur um vetur í vondri færð að keyra frá Siglufirði, ég tala ekki um ef fara þarf um Skagafjörð og Öxnadalsheiði, eins og leið liggur norður um og austur um og til Hornafjarðar.

Þetta þýðir einnig, herra forseti, að þetta kjördæmi er þannig sett að langstærsti staðurinn og mesta þéttbýlið er í jaðri kjördæmisins. Það er Akureyri og Eyjafjörður, með sjálfsagt um helminginn eða rúmlega helminginn af íbúum þessa kjördæmis. Næsta þétting byggðar eða kjarni, ef svo má að orði komast og þó til muna minni, er miðsvæðið á Austurlandi og þriðji kjarninn er Austur-Skaftafellssýsla. Þetta er ekki mjög landfræðilega eða félagsfræðilega skynsamleg eining. Þetta þýðir, herra forseti, að væntanleg höfuðborg hins nýja kjördæmis er Möðrudalur á Fjöllum. Það er að vísu fornfrægt höfðingjasetur og má vel við því mín vegna að endurreisast sem enn þá merkari staður en hann þó er, er þar þó vel búið, en það hlýtur að vekja ýmsar spurningar að miðjan í þessu nýja kjördæmi þar sem manni væri tamt að vilja sjá sem sjálfkjörna miðju, stjórnsýslumiðstöð og þéttustu byggð er Möðrudalur á Fjöllum og það er 200 kílómetra eyða í þessu kjördæmi frá byggð í Mývatnssveit og austur á Jökuldal. Það er miðjan í kjördæminu, nema farin sé ströndin en þar er þá um hinar löngu vegalengdir og strjálu byggð á norðausturhorni landsins að ræða, sem er því miður enn þá girt sundur af þröskuldum, samgöngulegum þröskuldum og munar þar mestu um Hellisheiði og Smjörvatnsheiði eða samgönguhindranir í austurátt frá Vopnafirði.

Herra forseti. Þetta er að mínu mati ákaflega mikill galli á þessari tillögu. Ég held einnig að frá byggðapólitísku sjónarmiði séð sé illa spilað úr kortunum. Sá staður á landsbyggðinni sem ber höfuð og herðar yfir aðra hvað varðar möguleikana til að eflast sem mótvægi við borgríkið við Faxaflóann er Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið en þetta svæði nýtur ekki kosta sinna liggjandi í útjaðri kjördæmis og stjórnsýslueiningar. Það mundi Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið gera mun betur sem eðlileg, landfræðileg, félagsleg og stjórnsýsluleg miðja í stóru kjördæmi til beggja handa. Með öðrum orðum, frá byggðapólitísku sjónarmiði séð er að mínu mati margfalt betra að Norðurland væri kjördæmi með Akureyri sem sjálfkjörinn miðpunkt, en ekki þessi útgáfa sem við fáum hér. Menn mega ekki gleyma sér svo í útreikningunum, gerast slíkir bókhaldarar eða stærðfræðingar að þeir láti tölurnar einar ráða niðurstöðunni en horfi fram hjá hinum landfræðilegu, efnislegu, félagslegu aðstæðum — en það er verið að gera hér. Ég fullyrði það. Tökum sem dæmi stöðu Akureyrar sem háskólaborgar, sem miðstöðvar fyrir æðri menntun og heilsugæslu um norðan- og austanvert landið, sem upptökusvæði fyrir nemendur og fyrir þá sem sinna annarri þjónustu á þessu svæði, þá er þetta ekki góð niðurstaða. Andstaðan við að kljúfa upp núverandi kjördæmi sem hafa staðið í tæp 40 ár færir okkur þrátt fyrir allt heim sanninn um það að þau hafa fest sig í sessi sem einingar, sem samstarfseiningar sveitarstjórna og sem samstarfseiningar og einingar á marga fleiri vegu. Það mun einnig gerast með ný kjördæmamörk jafnvel þótt þau verði öðruvísi og þess vegna óskynsamlega dregin. Það leiðir af sjálfu og þá eru menn ekki að komast að skynsamlegri niðurstöðu, menn eru ekki að gera það. Það er augljóst mál í mínum huga.

Ég tek einnig fram í þessu sambandi, herra forseti, að nátengd þessu eru auðvitað tengsl þessara breytinga við jafnvægi í byggð landsins og þá umræðu er óhjákvæmilegt að skoða í því samhengi. Áður en ég kem að því ætla ég að nefna líka starfsaðstæður þingmanna sem ættu þá að starfa í hinum nýju kjördæmum. Það er að vísu vel að í álitinu er fjallað um að eitthvað þurfi að gera í þeim efnum og nefndir möguleikarnir á því að styðja þingmenn til að hafa skrifstofur eða starfsaðstöðu í kjördæmunum, þ.e. þingmenn

landsbyggðarkjördæmanna. Þar þurfa þá að koma til efndir en ekki bara orð.

Ég vil gagnrýna sérstaklega, herra forseti, þá niðurstöðu nefndarinnar að leggja til í frv. að þröskuldur fyrir úthlutun jöfnunarsæta eða þröskuldur til að fá menn kjörna í þeim skilningi, skuli vera fimm af hundraði atkvæða. Þetta er of hátt. Þetta er ólýðræðislegt, og ekki til þess fallið að efla frjálsa skoðanamyndun og leyfa sjónarmiðum minnihlutahópa í þjóðfélaginu að eiga þess kost að koma röddum sínum að á Alþingi. Þessi þröskuldur er lagður til hærri en víðast hvar annars staðar í nágrannalöndunum sem ég þekki þar sem algengast er að hann sé 2–4% og jafnvel lægri en 2% í vissum tilvikum. Hér verður að hafa í huga að þingsætin eru fá, Alþingi Íslendinga er lítil stofnun og þar af leiðandi er að mínu mati ekki skynsamlegt að fara með þennan þröskuld of hátt. Ég er heldur ekki að mæla með því að hann verði óskynsamlega lágur en hann á að mínu mati ekki að vera miklu hærri en sem nemur atkvæðamagninu sem þarf til að fá einn kjörinn þingmann þannig að mönnum sé ekki ýtt út af þeim ástæðum. Hann er nokkru hærri, samanber 5% en 63 þingsæti. Ég er ósáttur við þennan mun. Efnislega hefði strax verið rökréttara að hafa hann 4%, þá liggur hann nær því sem nemur fylginu á bak við hvert þingsæti á 63 manna þjóðþingi. Ég áskil mér allan rétt einnig, herra forseti, til að leggja til breytingar á þessu atriði.

Ég harma það einnig, herra forseti, að í tengslum við þessar breytingar skuli ekki hafa verið unnið meira að því að koma á virkara persónukjöri á Alþingi. Ég tel að langheppilegasta og lýðræðislegasta fyrirkomulagið í þessum efnum séu óraðaðir listar þar sem kjósendur merkja við listann og raða jafnframt mönnum á listanum í sæti ef þeir svo kjósa. Lágmark er að þeir eigi þess kost á jafnræðisgrundvelli að númera á listanum upp á nýtt og gefa mönnum með pósitívum hætti þannig persónulegan stuðning. Það er mun gallaðri aðferð að nota útstrikunaraðferð sem er neikvæð nálgun. Í staðinn fyrir að lýsa trausti á einstaklingana með sérstökum og pósitívum hætti hætti er í rauninni verið að lýsa vantrausti á þá. Ég hefði viljað sjá að við settum reglur af því tagi að persónuleg atkvæði á óröðuðum listum umfram tiltekin mörk þýddu að menn gætu færst upp um sæti. Þannig er það víða í nágrannalöndunum. Til að mynda í Svíþjóð þarf ekki nema 8% persónulegra atkvæða til að þau geti farið að hafa áhrif á sæti ef útkoman raðast þannig.

Hér er verið að jafna, herra forseti, það sem kallað er vægi atkvæða og ég gagnrýni ekki að menn skuli vilja taka skref í þeim efnum. Á því verður að sjálfsögðu að vera eitthvert hóf, en ég segi á móti: Menn verða að skilja þá hugsun þeirra íbúa landsvæðanna sem fjærst liggja stjórnsýslumiðstöðinni hér að á móti sé gerð krafan um að jafna þá annað. Á móti sé gerð krafan um að jafna þá aðra hluti og menn benda á þann mikla aðstöðumun sem í því er fólginn að búa undir handarjaðri stjórnsýslumiðstöðvarinnar og hafa beinan og milliliðalausan aðgang, ekki bara að henni heldur allri hinni samfélagslegu þjónustu sem rekin er hér, tilheyrir höfuðborginni og nálægum svæðum og þeir landsmenn sem hér búa hafa auðvitað allt annan og betri aðgang að. Hvar eru þá efndirnar? Hvar eru þá tillögurnar um úrbætur að þessu leyti á móti því að hið svokallaða vægi atkvæði sé jafnað og er það þó umdeilanlegt hugtak í sjálfu sér, samanber það að hér ríkir fullur jöfnuður milli flokka og þegar upp er staðið hafa kjósendur einstakra sjónarmiða í stjórnmálum landsins fengið nákvæmlega þann þingmannafjölda sem atkvæðin benda til eða vísa á. Spurningin er eingöngu um landfræðilega dreifingu þeirra fulltrúa. Það kalla menn misvægi atkvæða og hafa eytt mikilli orku í að fordæma en ættu stundum að gæta sín því fulltrúalýðræði er einu sinni fulltrúalýðræði og Ísland sem smáþjóð ætti að minnast þess að við gerum ekki sömu kröfur þegar komið er út í hinn stóra heim, að okkar 275 þús. atkvæði í samfélagi þjóðanna virki hlutfallslega á við t.d. Kínverja. Og yrði þá trúlega lítið um áhrifin.

Herra forseti. Ég lýsi sem sagt eftir því að einhverjar raunhæfar aðgerðir líti dagsins ljós og komi til framkvæmda í tengslum við þetta mál. Hvað varðar það að efla þá sjálfsstjórn sveitarfélaganna og þeirra svæða sem þarna er verið að búa til, hvernig sem þau nú verða, t.d. það að bæta samgöngur í hinu stóra norðausturkjördæmi því fyrir utan eyðuna upp á 200 kílómetra á norðausturhálendinu sem á að verða þungamiðjan í nýja kjördæminu, eru samgöngurnar um miðbik þessa kjördæmis eins og raun ber vitni. Þar eru lengstu malarvegir landsins. Þar er tengibrúin milli þéttbýlissvæðanna í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu við Austurlandið eða norðaustursvæðið, þar eru lengstu malarvegir landsins. Hvar eru þá aðgerðir t.d. í því að bæta samgöngur og annað því um líkt?

Ég áskil mér því, herra forseti, allan rétt til þess að geyma endanlega afstöðu mína til þessa máls, sem ég hef þegar lýst efnislegum fyrirvörum við, þangað til að niðurstöður liggja fyrir í því sem á að gera samtímis afgreiðslu málsins hvað varðar grundvallarleiðréttingar á aðstöðumuninum sem landsmenn búa við. Ég vil sjá efndir hvað varðar átak í samgöngumálum, ég vil sjá efndir hvað varðar jöfnun á aðstöðu til náms, húshitunarkostnaðar, skóla- og heilsugæslumála og annarra slíkra þátta sem brenna þarna á.

Að mínu mati er algjörlega óásættanlegt og ekki hægt að bjóða kjósendum upp á það, sem þarna eiga að sjá á eftir fulltrúum sem þeir hafa haft á löggjafarsamkomunni í stórum stíl, fyrr en eitthvað liggur fyrir í þessum efnum. Sú nefnd sem er nú að störfum hlýtur auðvitað að þurfa að hraða verkum sínum, leggja fyrir beinar tillögur og láta á það reyna í formi afgreiðslu þeirra hvaða hugur fylgir máli.

Að lokum, herra forseti, vil ég lýsa þeirri skoðun minni að verði þetta nýja fyrirkomulag eða eitthvað í þessum dúr samþykkt, sem ég vona að vísu að umtalsverðar breytingar fáist á, þá tel ég að eftir sem áður eigi ekki að kjósa samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi fyrr en að fjórum árum liðnum. Vegna hvers ekki? Vegna þess að þá hafa menn þessi fjögur ár til að láta þá hluti gerast og rætast sem mundu fylgja þessu í formi breytinga, stjórnkerfisbreytinga og jöfnunaraðgerða í byggðamálum.

[14:02]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er rætt er vissulega eitt af stóru málunum vegna þess að þetta varðar grundvallarþætti stjórnskipunar okkar. Þetta er frv. til stjórnarskipunarlaga og er auðvitað mál sem þarf mjög mikillar íhygli við. Þetta mál á sér nokkuð langan aðdraganda og hefur verið talsvert mikið í umræðunni, þó að ég telji sjálfur að sú umræða hafi verið út frá afar þröngum sjónarhóli og það sé kannski galli við málið að menn hafa verið í aðdraganda þess dálítið mikið upptekni af einum þætti þess að búa til kjördæmaskipan og kosningalög.

Ég held að því miður hafi niðurstaðan verið sú að hér sé ekki stefnt til réttrar áttar, bæði hvað varðar misvægi atkvæða og eins hitt, sem er reyndar niðurstaðan eða hin

rökrétta niðurstaða af því sem nefndin komst að niðurstöðu um sjálf sem er þessi mikla stækkun kjördæmanna.

Ég ætla aðeins að víkja að því sem ég tel vera grundvallaratriði í umræðunni og það er spurningin um vægi atkvæða. Það er ekkert sjálfgefið að kosningakerfi eigi að tryggja jafnt vægi atkvæða. Ef við skoðum þetta úti í hinum stóra heimi þá er það þannig að kosningakerfin eru mjög mismunandi. Við höfum einmenningskjördæmi og við höfum hlutfallskosningar og við höfum ýmislegt þar á milli. Það er ljóst að mismunandi kosningakerfi af þessu taginu leiða til mismunandi niðurstöðu. Menn geta auðvitað ekkert gefið sér það sem einhverja gefna, fasta stærð að meginmarkmiðið og eina markmiðið og höfuðmarkmiðið eigi að vera kannski það tryggja sem jafnast vægi atkvæða. Það eru ýmsir aðrir hlutir sem hljóta líka að koma til álita.

Ég vil líka minna á það, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, að auðvitað hefur verið stigið stórt skref í þessum efnum með því að búið er að tryggja fullt jafnræði milli stjórnmálaflokkanna. Þetta var það viðfangsefni sem menn voru að glíma við fyrr á öldinni og nú er búið að leysa það mál með því fyrirkomulagi sem við þekkjum í dag. Með öðrum orðum er ótalmargt sem menn þurfa að velta fyrir sér þegar verið er að setja niður texta að nýjum kosningalögum og nýrri stjórnskipun og það eru nokkur slík álitaefni sem mig langar að velta upp í umræðunni.

Í Bretlandi eru menn líka að velta fyrir sér hlutum af þessu taginu. Þar hefur ríkt fyrirkomulag einmenningskjördæma og núna er að störfum nefnd undir forustu lávarðsins Jenkins, fyrrverandi ráðherra Verkamannaflokksins og þingmanns frjálslyndra, sem hefur verið að skoða þessi mál og hefur nýlokið störfum. Ég hef undir höndum skýrslu frá þessari nefnd sem ég hef að vísu ekki lesið til hlítar en hef aðeins gluggað í. Það er afar fróðlegt að sjá hvernig sú nefnd nálgast þetta viðfangsefni sitt, hvernig hún skilgreinir hvaða álitamál séu uppi þegar menn eru að fjalla um kosningalagafyrirkomulag.

Í fyrsta lagi er spurt: Hvernig endurspeglar kosningakerfið vilja kjósenda? Við getum sagt að þetta sé kannski það sem hefur verið efst á baugi í umræðunni hér á landi um kosningafyrirkomulag og stjórnskipun. Því er í öðru lagi velt fyrir sér, sem hefur verið grundvallarþáttur í breskri stjórnskipan, að menn hafi þar kosningalagafyrirkomulag sem leiði fyrst og fremst til stöðugrar ríkisstjórnar og auðveldi ríkisstjórnarmyndun. Í þriðja lagi velti þessi nefnd fyrir sér spurningunni um aukið persónuval, sem nefndin gerði einnig undir forustu hv. þm. Friðriks Sophussonar. Í fjórða lagi velti þessi nefnd líka fyrir sér spurningunni: Hvernig er hægt að tryggja sem best tengsl þingmanna og kjördæmanna og þess fólks sem þar býr?

Hvað þýðir þetta? Þetta er auðvitað markmið eða viðfangsefni sem er ekkert endilega samrýmanlegt. Það að reyna að leggja áherslu á að kosningakerfið tryggi sem jafnast vægi atkvæði og kosningakerfi þar sem höfuðmarkmiðið er að tryggja meirihlutamyndun ríkisstjórnar eru ekkert endilega samrýmanleg markmið. Menn komust að þeirri niðurstöðu í Bretlandi fyrr á öldinni að besta leiðin til þess að tryggja stöðugleika í ríkisstjórnarmyndun og auðvelda ríkisstjórnarmyndun væri að hafa einmenningskjördæmi sem hefðu í för með sér að ríkisstjórn á hverjum tíma styddi við kláran þingmeirihluta flokks síns þrátt fyrir að viðkomandi ríkisstjórn hefði ekki endilega — og alls ekki og nánast aldrei — meiri hluta atkvæða á bak við sig. Við sáum að í Bretlandi leiddi það m.a. til þess að þriðja aflið í breskum stjórnmálum, sem jók fylgi sitt nokkuð í kosningunum 1983, fékk þar um fjórðung atkvæða, fékk einungis 3% þingsæta. Ég held að engum hafi dottið í hug á þeim tíma að ríkisstjórn þeirra ára hafi ekki verið lýðræðislega kjörin. Hún var vitaskuld lýðræðislega kjörin en hún hafði ekki meiri hluta atkvæða á bak við sig. Misvægi atkvæða birtist mönnum með þeim hætti sem ég hef verið að rekja.

Það er nefnilega þannig að þjóðfélag okkar er ansi flókið og margslungið fyrirbrigði. Við höfum kosið að draga kjördæmamörkin á grundvelli búsetu og byggða, ekki á grundvelli tiltekinna hópa, starfsstétta, kynjanna eða eitthvað þess háttar. Um þetta er enginn ágreiningur okkar í milli, þetta er viðurkennt og hefur alltaf verið og þannig er þetta víðast hvar og alls staðar þar sem ég þekki til a.m.k.

Þá þarf auðvitað að gæta þess þegar við tökum þessa ákvörðun að raddir fólksins í dreifbýlinu, þeirra sem búa þar sem fámennið er meira, fái líka að endurómast í sölum Alþingis. Það fái líka sinn sess í þeirri þjóðfélagsumræðu, grundvallarþjóðfélagsumræðu sem fer fram á þjóðþinginu. Það er þetta sem gerir það að verkum að það er eðlilegt að tiltekið misvægi atkvæða ríki á Alþingi. Síðan getum við deilt um það hvert þetta misvægi eigi að vera. Niðurstaða nefndarinnar var sú að það mætti vera 1,8 og allt að 2. Endurskoðað álit nefndarinnar var það að eðlilegt væri að fara með þetta misvægi heldur neðar, niður í 1,7:1. En auðvitað er þetta engin hárfín lína, auðvitað er þetta ekkert vísindalega dregin réttlætislína. Við getum vel hugsað okkur að þetta misvægi væri eitthvað örlítið meira og þá væri niðurstaðan allt önnur, möguleikarnir til þess að búa til kosningalagakerfi allt aðrir.

Um leið og ákvörðunin var tekin um að ganga þetta langt í þá átt að minnka misvægi atkvæða gat að mínu mati niðurstaðan aldrei orðið önnur en sú að kjördæmin stækkuðu. Ég er alveg sammála til að mynda hv. þm. Friðriki Sophussyni, formanni kosningalaganefnarinnar, um að auðvitað væri ekki viðunandi niðurstaða að vera með tveggja eða þriggja manna kjördæmi á móti þessum risakjördæmum sem yrðu þá til staðar á höfuðborgarsvæðinu. Ég er alveg sammála því.

Þess vegna held ég að heila meinið í þessu sé það hversu langt menn gengu í áttina að því að minnka þetta misvægi atkvæða. Ég hef verið að reyna að færa nokkur rök fyrir því að það sé ekkert óeðlilegt, allra síst með skírskotun til þess sem tíðkast víða í kringum okkur, að það sé tiltekið misvægi atkvæða. Ég sé ekki grundvallarmun á því að lína sé dregin um töluna 2,5 eða 1,7. Ég held einfaldlega að um það hefði ríkt meiri sátt í þjóðfélagi okkar, það hefði haft yfir sér meira sáttayfirbragð, að við hefðum komist að þeirri niðurstöðu að slíðra sverðin, við sem höfum haft andstæð sjónarmið í þessum efnum, á punktinum 2,5 fremur en að ganga þetta langt.

Menn skulu átta sig á öðru. Það horfir mjög þunglega í íbúaþróuninni víða á landsbyggðinni. Við vitum að framreikningar og spár eru afar hættuleg fyrirbrigði vegna þess að ekki þarf annað en að forsendur breytist eitthvað og þar með breytast forsendur spánna eða framreikninganna. En á grundvelli þeirrar skelfilegu, dapurlegu íbúaþróunar sem hefur verið á síðustu árum var gerður framreikningur — ekki spá — framreikningur. Hann bendir til að ef kosið verður eftir þessum nýju lögum, á grundvelli þessa frumvarps á árinu 2003, gerist það strax við kosningarnar þar á eftir árið 2007 að í Vesturkjördæminu, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, sem hafa vel að merkja núna samanlagt 15

þingmenn, fækki þingmanni strax um einn. Tillagan gerir ráð fyrir því að þessi þrjú kjördæmi hafi tíu þingmenn, níu kjördæmakjörna, einn jöfnunarmann, fækkun um $^1/_3$, þriðjungsfækkun. Árið 2007, ef kosið verður í fyrsta skipti eftir þessu 2003, fer þingmannatalan niður í níu, væntanlega átta kjördæmakjörna, einn jöfnunarmann. Árið 2011, samkvæmt sömu framreikningum fækkar þingmönnum um einn, og þá er staðan orðin sú að þessi kjördæmi, sem hafa núna 15 þingmenn verða komin með 8.

Þetta finnst mér stefna mjög til rangrar áttar. (**Gripið fram í:** Það verða að vera góðir þingmenn.) Og þá reynir á að þetta séu góðir þingmenn, rétt er það.

Ég spyr líka: Hefði ekki verið hægt a.m.k. að sýna þann vott af einhverri sanngirni í þá áttina — í stað þess að hafa þennan einstefnuloka eins og ég kalla það, að þingmönnum fækki stöðugt — að ef sú gleðilega þróun yrði, sem ég held að allir þingmenn voni, að íbúaþróunin breyttist og íbúum á vestursvæðinu fjölgaði aftur og vægið færi aftur upp fyrir 1:2, að sá mekanismi væri innbyggður í þetta kerfi að þingmönnum fjölgaði þar aftur þannig að þessi svæði eygðu þá einhverja von? Ég hef ekki skilið þetta frv. þannig að opnað sé fyrir þennan möguleika, en það væri þá a.m.k. — við skulum segja svona vinsamleg vísbending frá löggjafanum til þess fólks sem þarna býr, að það gæti rétt sinn pólitíska hlut ef íbúafjöldinn ykist nú að nýju því að ég held að það sé mjög mikilvægt að við áttum okkur aðeins á því hvað er í raun og veru að gerast. Við erum að draga úr misvægi atkvæða, rétt er það. Ég er tilbúinn til að ganga að einhverju leyti í þá áttina, en hér er allt of langt gengið.

Eins og staðan er virðist mér aðgerðin byggjast fyrst og fremst á því að þingmönnum þessa svæðis, vestursvæðisins, fækki. Fari úr 15 í 10, þ.e. að þingmönnum fækki um fimm. Ef við tökum síðan stóra Austurkjördæmið sem nær frá Öræfum að Siglufirði, verða þingmenn þar einum færri en í dag, samanlagt í Norðurlandskjördæmi eystra og Austurlandi. Ég vil því höfða til sanngirni þingmanna og segja: Menn verða að horfa dálítið á þetta svæði, vesturhluta landsins, sem verið hefur veikt hvað íbúafjölda áhrærir.

Virðulegi forseti. Ætlun mín var ekki að flytja hér langt mál um þetta mikla viðfangsefni. Ég hef haft tækifæri til þess að ræða um það á ýmsum öðrum vettvangi, m.a. í þingflokki mínum. Ég tel að þetta mál snúist ekki um landafræði. Þetta snýst ekki um það hvort lína sé dregin við þennan fjörð eða þennan fjallgarðinn. Þetta snýst frekar um að tryggja ákveðinn hlut þess strjálasta dreifbýlis sem átt hefur í nokkrum vanda. Menn segja sem svo: Ja, þessi mikli þingmannafjöldi hefur nú ekki dugað mikið. Rétt er það. En hvað eru menn þá að segja? Eru menn þá að segja að þingmennirnir hafi ekki verið nægilega duglegir eða eru menn að segja að eftir því sem hin pólitíska rödd strjálbýlisins verði veikari, þeim mun betri verði hagurinn þar? Ég held að menn eigi nú tæplega við það.

Virðulegi forseti. Þetta mál er afar vandasamt. Þetta mál er líka mjög margslungið. Þetta mál er þess eðlis að það hefur á sér margar hliðar. Það er að fleiru að hyggja en spurningunni um misvægi atkvæða. Ég held því að málið verðskuldi mikla íhygli og menn þurfi að skoða ýmsa þætti og gera sér grein fyrir því að þær grundvallarspurningar sem við spyrjum okkur sjálf þegar við ræðum um kjördæmaskipan eru þess eðlis að þær geta í sjálfu sér verið mótsagnakenndar innbyrðis. Svörin eru á þann veg að þau leiða alltaf til þess, vilji menn tryggja eitt markmið með kosningalögunum, að menn gangi yfir einhver önnur. Vilji menn tryggja klárlega meirihlutaríkisstjórnir eins og menn hafa verið að gera með einmenningskjördæmum er ekki víst að með því geti menn líka tryggt tiltekið vægi atkvæða. Þetta held ég að sé mikilvægt að menn hafi í huga og geri sér grein fyrir að þetta mál er afar flókið og margslungið í meðförum.

[14:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einari Kr. Guðfinnssyni varð tíðrætt um fyrirsjáanlega fækkun þingmanna vegna fækkunar íbúa í strjálbýliskjördæmunum.

Ég tel að við hv. þm. megum ekki og eigum ekki að reikna með því að fólki haldi áfram að fækka úti á landi. Við eigum að gera ráð fyrir því að okkur takist að snúa þessari þróun við þannig að fólkið geti búið þar sem það vill. Það hefur sýnt sig að hlutfallslega fleiri Reykvíkingar vilja búa úti á landi en það að fólk úti á landi vilji búa í Reykjavík. Það er greinilegt að landsmenn vilja snúa þessari þróun við, það er og vilji velflestra ef ekki allra þingmanna sem hér hafa talað um byggðamál. Ég held við megum ekki gera ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram.

[14:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson flutti langt mál og snjallt sem m.a. laut að breskri kjördæmaskipan. Hv. þm. gat þess að þar hefðu menn þróað tiltekið kerfi sem m.a. hefði verið hannað með það fyrir augum að auðvelda stjórnarmyndanir. Mér fannst vanta punktinn í þessa röksemdafærslu hjá hv. þm. Telur hann e.t.v. að sú tillaga sem nú liggur fyrir muni torvelda myndun meirihlutastjórna?

Í annan stað, herra forseti, er ég þeirrar skoðunar að atkvæðaréttur sé mannréttindi. Ég tel það vera brot á grundvallarmannréttindum þegar atkvæðavægi er misjafnt, t.d. eftir búsetu. Ég tel það óhæft að bera fyrir sig byggðaþróun til stuðnings því að brjóta þessi mannréttindi. Hv. þm. talaði hins vegar þannig að ljóst er að hann er þeirrar skoðunar að það sé í lagi. Mig langar því að inna hv. þm. eftir rökum hans fyrir þeirri skoðun, að það sé í lagi að búseta ráði atkvæðavægi manna. Mér finnst þetta grundvallarspurning í þessari umræðu og sér í lagi í þeim málflutningi sem hv. þm. hafði uppi.

[14:20]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. spurði mig tveggja spurninga. Annars vegar hvort ég teldi þessar tillögur mundu í sjálfu sér torvelda ríkisstjórnarmyndun. Ég held að það muni ekki gerast umfram það sem kosningakerfið í dag býður upp á. Hins vegar var ég að reyna að leggja áherslu á að höfuðástæðan fyrir einmenningskjördæmum hefur ævinlega verið sú að menn hafa talið að það mundi leiða til þess að við hefðum sífellt meirihlutaræði. Það yki líkurnar á því að hin pólitíska niðurstaða kosninganna yrði sú að við fengjum klára og skýra valkosti. Við hefðum annars vegar ríkisstjórn sem styddist við meiri hluta þingmanna, ekki á grundvelli einhverrar málamiðlunar við aðra stjórnmálaflokka heldur vegna þess að þessi tiltekni stjórnmálaflokkur hefði fengið meiri hluta þingmanna.

Þegar við höfum hlutfallskosningu eins og núna leiðir það að sjálfsögðu til fleiri stjórnmálaflokka. Því fylgja hins vegar ýmsir kostir en hins vegar hefur það ótvírætt í för með sér að stjórnmálaflokkarnir þurfa að leita hver til annars nema svo ólíklega vildi til — það er ekki mjög ólíklegt reyndar

á grundvelli nýjustu skoðanakannana — ef svo óvanalega vildi til að einn stjórnmálaflokkur fengi meiri hluta atkvæða. Þetta, virðulegi forseti, átti ég við þegar ég var að tala um þessi mál.

Ég er ósammála hv. þm. um að núverandi kosningafyrirkomulag hér á landi sé brot á mannréttindum. Ég held að menn eigi að fara mjög varlega í að nota mannréttindahugtakið svona. Ég flutti einmitt nokkur rök fyrir því að ýmislegt mælti með mismunandi vægi atkvæða, m.a. gæti það tryggt ákveðna fjölbreytni í þeim röddum sem heyrast þurfa á Alþingi. Ég vildi t.d. í þessu sambandi benda hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni á að lesa afar athyglisverða ritgerð eftir Atla Harðarson heimspeking sem birtist fyrir tveimur eða þremur árum í tímaritinu Skírni þar sem um þessi mál var fjallað af miklu viti.

[14:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stundum örlar á því hjá hv. þm. Sjálfstfl. að þeir vildu gjarnan sjá einmenningskjördæmi. Einmenningskjördæmi hafa marga kosti. Ég minnist þess að hv. fyrrverandi þm., Pálmi Jónsson, flutti hér einu sinni eitursnjalla ræðu um einmenningskjördæmi, sem næstum því dugði til að sannfæra gagnrýnendur þess fyrirkomulags, t.d. mig, um ágæti þess. Ef menn eru hins vegar með einmenningskjördæmi þá leiðir það til nákvæmlega þeirrar stöðu sem við sáum í Bretlandi 1983, þegar hv. þm. var þar við nám, að nýr flokkur þess manns sem hv. þm. nefndi hér til sögu, Jenkins lávarður, fékk liðlega 24% atkvæða en sárafáa þingmenn. Það fyrirkomulag leiðir auðvitað til gríðarlegs óréttlætis.

Varðandi viðhorf mitt til mannréttinda og atkvæða er er ég þeirrar skoðunar að þetta sé hluti af grundvallarmannréttindum. Þess vegna tel ég þetta nauðsynlegt skref í þá átt að jafna atkvæðavægi algerlega. Ég geri mér grein fyrir að hv. þm. er mér algerlega ósammála. Ég náði ekki alveg þeim rökum sem hv. þm. færði fyrir þeirri skoðun. Það er ekki nóg að koma hingað og segja, ja með því að láta fámennari kjördæmi fá sterkara atkvæðavægi þá aukum við fjölbreytni hér. Ég held að það séu alls ekki nægilega sterk rök til að geta fylgt þessu viðhorfi eftir.

Mér finnst að þegar hv. þm. kemur og eyðir stórum hluta af sinni ræðu til að halda fram þeirri skoðun að það sé í lagi að búseta ráði atkvæðavægi þá verði hann að færa sterkari rök fyrir þeirri skoðun sinni. Ég er algerlega ósammála því sem stundum heyrist — ég er ekki að segja að hv. þm. sé þeirrar skoðunar en hann kann að vera það — að sökum þess að landsbyggðin eigi erfitt uppdráttar eigi að bæta henni það upp með því að láta hana fá fleiri þingmenn. Ég held það væri miklu viturlegra, ef við horfum út frá þeim sjónarhóli, að gera landið að einu kjördæmi. Það mundi vera gott fyrir hinar dreifðu byggðir. Að lokum, herra forseti, er eitt sem vantaði í hina ágætu ræðu hv. þm. og það er þetta: Fylgir hv. þm. þessu frv. eða ekki?

[14:25]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hafði á orði að hann væri ekki sammála því sem ég hafði sagt hér áðan. Hv. þm. hafði líka á orði að hann hefði ekki látið sannfærast af orðum mínum. Það hefur nú eiginlega alltaf verið gallinn. Hv. þm. hefur svo sjaldan látið sannfærast af orðum mínum. Þess vegna er hann í þeirri stöðu sem hann er í í dag. Nú hef ég verið að reyna í þessari ræðu hið sama og ég hef reynt á þeim sjö árum sem ég hef setið með hv. þm. á Alþingi, að reyna að færa mál mitt fram með þeim hætti að ég gæti átt von á að hv. þm. fylkti sér í lið með mér. Að vísu vorum við samferða í ríkisstjórnarmynstri á síðasta kjörtímabili. Það gekk afar vel en þeirri samfylgd lauk eins og við vitum fyrir þremur árum og síðan höfum við tekist á hér með rökum.

Út af fyrir sig er það rétt hjá hv. þm. að ýmislegt mælir með því að taka upp kerfi einmenningsfyrirkomulagsins. Það er hins vegar ýmislegt annað sem mælir gegn þessu. Í Þýskalandi var niðurstaðan t.d. sú að taka upp einhvers konar blöndu af þessu kerfi. Annars vegar hafa menn einmenningskjördæmi og hins vegar það sem menn kjósa af landslista eftir því sem ég hef skilið. Þetta mun hafa verið gert sem hluti af sáttargjörð milli ólíkra sjónarmiða og stórveldanna. Kannski var það einmitt þarna sem menn hittu naglann á höfuðið. Eins og ég hef sagt er ekki til neitt einhlítt svar í þessum efnum. Þess vegna var það auðvitað snjöll niðurstaða að gera þetta með því að sameina aðferðirnar og það hefur gefist vel.

Hv. þm. spyr mig að því hvort ég styðji frv. Í þessari mynd get ég ekki stutt frv. Ég hef miklar efasemdir um frv. Ég hef hins vegar kosið að taka til máls strax við 1. umr. um frv. til að reyna að hafa áhrif á það sem síðar gerist í nefndinni. Ég hef reynt að flytja fyrir því frambærileg efnisleg rök. Ég vona að tillit verði tekið til þeirra ábendinga minna í nefndinni.

[14:27]

Útbýting þingskjala:

Efnahagsleg völd kvenna og karla, 264. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 302.

Flugsamgöngur á Vestfjörðum, 265. mál, fsp. SighB, þskj. 303.

Framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynja, 263. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 301.

[14:28]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Þær tillögur sem hér liggja fyrir um breytingar á kjördæmaskipun landsins eru í tveimur frv. Annars vegar er um að ræða frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér er til umræðu og til afgreiðslu á þessu þingi. Hins vegar liggur fyrir frv. um kosningalög sem bersýnilega verður ekki til umræðu og afgreiðslu á þessu þingi, heldur mun bíða næsta þings.

Stjórnarskrárfrumvarpið segir í raun ákaflega fátt um fyrirkomulag mála. Það segir í raun það eitt að kjördæmin skuli vera sex, að mörk þeirra skuli ákveðin í lögum og að í hverju kjördæmi skuli vera minnst fimm kjördæmissæti sem úthluta skuli á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Öðrum þingsætum, þ.e. 33 þingsætum, sé þá úthlutað til jöfnunar milli stjórnmálasamtaka í kjördæmum. Flokkur þurfi minnst 5% fylgi til að ná mönnum inn á þing og landskjörstjórn skuli breyta þingsætafjölda í kjördæmum ef kjósendur á kjörskrá, að baki hverju þingsæti, verði helmingi færri í einu kjördæmi en öðru. Loks er sagt að breytingar á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta skuli háð samþykki Alþingis með tveimur þriðju hlutum atkvæða.

Þetta er það sem verið er að fjalla um nú en bersýnilega verður sjálft kosningalagafrv. sem fjallar um mörk kjördæmanna, stærð þeirra, ekki til afgreiðslu nú heldur á næsta þingi eftir að stjórnarskrárbreytingin hefur verið samþykkt, ef hún verður samþykkt.

Ég vil segja það skýrt og skorinort að ég tel málatilbúnað þann er hér liggur fyrir mjög vanhugsaðan. Ég get ekki stutt

þessi frumvörp eins og þau liggja fyrir. Ég tel fjölmarga valkosti koma til greina í sambandi við kjördæmaskipun. Menn hafa talað um einmenningskjördæmi annars vegar og svo hugmyndina um að landið verði gert að einu kjördæmi. Þetta eru pólarnir hvor á sínum vængnum. Ég tel báðar þær tillögur stórgallaðar. Einmenningskjördæmi munu leiða til þess möguleika að einn flokkur fái meiri hluta með aðeins 35–40% fylgi eins og reynslan sýnir í löndum þar sem einmenningskjördæmi tíðkast. Þá getur það gerst að flokkur sem er langt frá því að hafa meiri hluta meðal kjósenda fái meiri hluta þingmanna.

Hinn möguleikinn, að landið sé eitt kjördæmi, er aftur á móti líka mjög gallaður. Hann leiðir til mikils flokksræðis. Yfirstjórnir flokkanna munu hafa úrslitaáhrif á röðun á lista. Það verður því fyrst og fremst þekkt fólk úr fjölmiðlum sem mun eiga þess kost að komast framarlega á lista. Lítt þekkt fólk mun ekki hafa minnstu möguleika til þess að komast í framboð.

Í dag kemst lítt þekkt fólk á þing ef það hefur hæfileika til og tiltrú fólksins úti í kjördæmunum. Það þarf fyrst og fremst að vera þekkt meðal flokksmanna sinna í viðkomandi kjördæmi en þarf ekki að vera þekkt á landsmælikvarða. Ef landið væri allt eitt kjördæmi þá hefði enginn möguleika til að komast inn á þing nema hann væri þekktur í fjölmiðlum og nyti velvildar flokksforustunnar.

Ég tel að tengsl þingmanna við landsbyggðina yrðu afar yfirborðsleg og slitrótt ef landið yrði allt eitt kjördæmi. Ég hallast því að því að réttast sé að í landinu séu nokkur kjördæmi, sjö til níu talsins og alls ekki of stór. Ég tel að kjördæmi sem nær um allt landsvæðið frá Hvalfjarðarbotni um Borgarfjörð, Snæfellsnes, Breiðafjörð, alla Vestfirði og Norðurland austur í Fljót, sé alger óskapnaður sem ekki muni leiða til neinna heilla. Sama gildir um þá skipan að gera allt landsvæðið frá Siglufirði austur um land og um Austfirði til Hafnar í Hornafirði að einu kjördæmi. Það yrði líka óskapnaður sem verður mjög erfiður viðfangs fyrir þá sem því eiga að sinna.

Ég tel flestar aðrar tillögur sem nefndar eru í tillögum kjördæmanefndarinnar, eins og þær voru kynntar á Alþingi fyrir nokkrum vikum, séu hyggilegri en sú sem orðið hefur fyrir valinu og kynnt í greinargerð þessa stjórnarskrárfrv. Við á Norðurl. v. erum flest sammála um að ef ætlunin er að steypa saman fleiri en einu kjördæmi þá hefði verið æskilegra að Norðurl. v. og Norðurl. e. væru saman í kjördæmi. Þau tvö kjördæmi hefðu myndað landfræðilega og félagslega heild. Kjördæmi sem er í laginu eins og nú er verið að tala um, að það nái frá Hvalfjarðarbotni vestur um land og norður í Fljót myndar að sjálfsögðu hvorki félagslega né landfræðilega heild og er mun lakari kostur en ef Norðurland allt hefði myndað eitt kjördæmi. Mér er líka kunnugt um að óánægjan með þetta mál er langsamlega mest á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurl. v. Sá maður er vandfundinn á þessu svæði sem ekki er mjög óánægður með þá skipan sem hér er verið að gera tillögu um.

Ég tek hins vegar eftir því að endanlegt samkomulag um það hvernig þessi kjördæmi verði í laginu virðist ekki liggja fyrir samkvæmt kosningalagafrv. sem ekki verður afgreitt nú heldur á næsta þingi. Greinilegt er að hendur flokkanna eru óbundnar með tilliti til þess að hvaða skipan mála menn munu velja. Ég hef spurst fyrir um hvort menn líti svo á að um þetta hafi orðið endanlegt bindandi samkomulag. Mér skilst að svo sé ekki og ég fagna því. Ég tel að sú niðurstaða sem kynnt er hér í nefndarálitinu sé bráðabirgðaniðurstaða sem orðið hafi til í skrifborðsvinnu þar sem reiknivélina hafi verið notuð án þess að taka tillit til raunverulegra aðstæðna í landinu, án þess að taka nokkurt tillit til þess að skapa þyrfti landfræðilegar og félagslegar einingar sem gætu dugað sem eðlileg kjördæmi. Ég vona sannarlega að mál þetta verði tekið til endurskoðunar á síðara stigi, kjördæmin verði fleiri og kjördæmamörkin önnur en gert er ráð fyrir í greinargerð með frv.

Það er mikið talað um að óhjákvæmilegt hafi verið að leiðrétta vægi atkvæða eins og það er kallað. Menn segja gjarnan: Vestfirðingurinn hefur þrefaldan atkvæðisrétt á við þá sem búa í Reykjavík eða á Reykjanesi. Það er ekki alveg rétt eins og það er gjarnan túlkað. Það er nefnilega til tvenns konar vægi. Við gætum kallað annað flokkavægi og hitt landshlutavægi.

Við skulum hugsa okkur að stjórn og stjórnarandstaða takist á og komi nokkurn veginn alveg jafnt út úr kosningunum, það skakki ekki nema einu atkvæði hvor fái þingmeirihluta á Alþingi. Er það þá svo að Vestfirðingurinn hafi þrefaldan atkvæðisrétt á við Reykvíkinginn þegar þau átök eiga sér stað í kosningum? Að sjálfsögðu ekki. Þegar kosningaúrslit eru fengin er miðað við að flokkar hafi nokkurn veginn sama vægi á bak við hvern þingmann og þá skiptir ekki máli hvort atkvæðið kemur frá Vestfjörðum, Reykjavík eða Reykjanesi. Þetta eina atkvæði sem kannski ræður úrslitum vegur nákvæmlega jafnþungt hvort sem það kemur utan af landi eða úr hvaða kjördæmi það kemur. Öll atkvæðin vega jafnþungt þegar spurt er um styrk flokkanna á þinginu og um hvers konar ríkisstjórn skuli mynduð. Þetta kalla ég flokkavægi og þetta er að sjálfsögðu mergur málsins, þ.e. að atkvæðin vigta nákvæmlega öll jafnþungt þegar spurningin er um hvaða flokkar ná hér kosningu og hvers konar ríkisstjórn skuli mynduð.

Aftur á móti lýsir misvægið sér fyrst og fremst í því að frambjóðendur í kjördæmum úti á landi hafa heldur meiri möguleika til að komast að en frambjóðendur í sömu flokkum á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu. Það gætum við kallað landshlutavægi. Hlutfallslega eru fleiri þingmenn kosnir úr hinum fámennari kjördæmum en úr kjördæmunum á þéttbýlissvæðinu. Landsbyggðin fær þannig aukið vægi gagnvart þéttbýlissvæðunum með vali þeirra þingmanna sem kjörnir eru á vegum flokkanna. En flokkarnir standa jafnt að vígi og atkvæðin gilda jafnt þegar spurt er hversu marga þingmenn hver flokkur fær, hvaða flokkar geti myndað stjórn og hverjir ekki. Þetta verða menn að skilja. Þarna er verið að tala um tvo ólíka hluti og því ekki rétt að segja að Vestfirðingurinn hafi þrefaldan atkvæðisrétt á við Reykvíkinginn.

Ég tel að í þessu samhengi hljóti menn að taka kannski visst tillit til þess hvar á landinu Alþingi er staðsett, hvar á landinu ríkisstjórnin situr og hvar á landinu ráðuneytin eru. Ég tel að það að meiri hluti þingmanna hefur búsetu á höfuðborgarsvæðinu meiri hluta ársins hljóti að skipta nokkru máli. Menn verða að gera sér grein fyrir því að það að þingheimur er í höfuðborginni, ráðuneytin eru hér og ráðherrarnir sitja hér allan ársins hring, skiptir máli þegar litið er á uppbyggingu kjördæma og hversu marga þingmenn þau þurfi að hafa.

Ég get fullyrt það fyrir hönd Skagfirðinga að ef þeir ættu um það að velja að Alþingi sæti í Skagafirði, ríkisstjórnin sæti í Skagafirði og ráðuneytin væru staðsett í Skagafirði, þá mundu þeir láta eftir þingmenn sína, þeir mundu ekki þurfa

á neinum þingmanni að halda og sennilega ekki Norðurl. v. Ég er viss um að Norðurl. v. mundi bara skipta á þeim grundvelli. Þá mundi þingheimur þekkja vandamálin í kjördæminu fullkomlega og að þörfin á sérstökum þingmönnum úr því kjördæmi væri miklu miklu minni en ella væri. Ég er ekki að segja að það eigi að svipta Reykvíkinga þingmönnum sínum. Ég er ekki að segja að það eigi að svipta Reyknesinga þingmönnum sínum. En hins vegar hlýtur að vera tekið tillit til þessarar staðreyndar. Þetta er gert víða. Ég bendi á það t.d. að höfuðborg Bandaríkjanna, Washington, hefur ekki þingmenn í fulltrúadeild bandarísku þingsins. Þar er þetta sjónarmið haft í huga. Þannig hefur þetta alltaf verið.

Menn hljóta líka að taka tillit til þess, þegar verið er að tala um að jafna vægi atkvæða, að mikið vantar á að menn njóti sömu réttinda í öllum kjördæmum. Það stendur einfaldlega þannig af sér, eins og kom mjög glöggt fram í byggðaumræðunni fyrir fáeinum dögum síðan, að raforkuverð á landsbyggðinni er miklu hærra en á höfuðborgarsvæðinu. Hitakostnaður er auðvitað langtum hærri mjög víða. Skólakostnaður er miklu meiri en hér á þessu svæði, matvælaverð langtum hærra, samgöngur miklu lakari. Ef fylgja á þeirri stefnu sem sumir hv. ræðumenn hafa talað um í þessum þingsal, að atkvæðavægi eigi að vera óháð aðstöðu manna, þá ætti auðvitað að byrja á því að jafna þennan mun endanlega sem auðvitað verður mjög erfitt en ætti að vera forgangsmál áður en í þetta yrði ráðist.

Þegar menn tala, eins og t.d. hv. 9. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, rétt áðan, um að það sé mannréttindabrot ef hið svokallaða landshlutavægi atkvæða sé ekki nákvæmlega rétt, er hann þá að halda því fram að Bandaríkjamenn hafi framið svona ofboðslegt mannréttindabrot allan þann tíma sem Bandaríkin hafa staðið? Er hann að segja það að þetta mannréttindabrot sé eitthvert algengasta brot sem framið er í nálægum löndum? Víða er talið óhjákvæmilegt að mjög dreifbýl svæði fái hlutfallslega meira vægi en höfuðborgarsvæðin. Annars yrði að fjölga þingmönnum svo mikið ef hafa ætti einhverja þingmenn til að sinna þessum svæðum sérstaklega. Menn vilja ekki fara út á þá braut að fjölga þingmönnum og því verður hið svokallaða misvægi til.

Eins og ljóst má vera og það verða mín lokaorð hér, þá er ég ekki sáttur við þau frv. sem hér liggja fyrir. Ég ítreka að leitun er að þeim manni á Vesturlandi, Vestfjörðum og sérstaklega á Norðurlandi vestra sem sættir sig við þau frv. sem hér hafa verið lögð fram. Ég hvet eindregið til þess að málið í heild verði tekið til endurskoðunar.

[14:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mannréttindi og hugtök sem þeim tengjast eru í örri þróun. Eitt af því sem menn eru að ræða er einmitt atkvæðavægi í tengslum við mannréttindi. Það hefur komið fram hér og reyndar áður að ég er þeirrar skoðunar að þetta sé hluti af grundvallarmannréttindum. Ég tel að brotin séu á mér mannréttindi vegna þess að ég hef ekki sama atkvæðaþunga og hv. þm. Hvers vegna? Vegna þess að ég bý í öðru kjördæmi. Ég tel sem sagt að búseta nægi ekki til þess að mönnum sé mismunað með þessu móti hvað varðar atkvæðaþyngd.

Hv. þm. Ragnar Arnalds er bersýnilega þeirrar skoðunar að það sé í lagi að hafa svona kerfi til að hjálpa dreifbýlissvæðum. Nú er ég ekki á móti því að þeim sé hjálpað á einhvern hátt eins og kom fram í umræðu um byggðamál í gær eða fyrradag. Ég tel hins vegar að þetta sé röng aðferð og ég spyr hv. þm.: Hefur hún gagnast þessum kjördæmum á einhvern hátt? Hefur það gagnast þessum dreifðu byggðum? Veruleikinn segir okkur annað. Veruleikinn segir okkur að fólksflóttinn til höfuðborgarinnar hefur aldrei verið meiri. Hv. þm. verður þess vegna að færa einhver rök fyrir því að þetta sé eðlilegt.

Ég get í sjálfu sér ekki lagst gegn því að hv. þm. eins og aðrir séu andstæðrar skoðunar við mig í þessum efnum en ég tel mig hins vegar hafa fullan rétt til að biðja menn um að færa skýr rök fyrir því. Það er ekki nógu skýrt, a.m.k. ekki fyrir það heilabú sem hérna býr uppi, fyrir mig þegar menn segja einfaldlega: Það er bara í lagi, af því bara, að dreifbýlli kjördæmi hafi fleiri þingmenn. Það dugar mér ekki. Ef menn vilja hjálpa þeim kjördæmum, sem er sjálfsagt, þá er rétt að gera það á annan hátt.

En á hinn bóginn eins og ég sagði, herra forseti, þá sýnir reynslan ekki að þetta atkvæðavægi hafi beinlínis hjálpað þeim.

[14:50]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það væri svo að t.d. Framsfl. hefði meiri rétt en aðrir flokkar vegna þess að það væri minna vægi atkvæða á bak við hvern þingmann þeirra eins og var hér áður fyrr, ef sem sagt flokkarnir stæðu misjafnlega að vígi hvað þetta varðar, þá væri um mannréttindabrot að ræða að minni hyggju.

Eins og ég rakti hérna áðan meðan hv. þm. var utan dyra þá er enginn munur á rétti manna hvort sem þeir búa á Vestfjörðum, Reykjavík eða Reykjanesi eða Norðurl. vestra til að hafa áhrif á það hvaða flokkar fá menn á þing og hvaða stjórnir eru myndaðar. Hvað það varðar hefur hver maður eitt atkvæði. Ég hef eitt atkvæði og hv. þm. hefur eitt atkvæði. Það er enginn munur á því eftir búsetu þannig að við stöndum allir jafnt að vígi hvað það varðar og það skiptir mestu máli.

Munurinn kemur aftur á móti eingöngu fram innan flokkanna því að núverandi skipan leggur áherslu á að það séu hlutfallslega fleiri landsbyggðarmenn miðað við mannfjölda en þéttbýlismenn sem eru valdir og það er önnur hlið á málinu sem mér finnst að menn verði að sætta sig við vegna hinna sérstöku aðstæðna.

[14:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru út af fyrir sig góð rök og raunar sterkustu rökin sem hafa verið færð fyrir þessu. Það er alveg rétt og skiptir miklu máli að atkvæðavægi milli flokkanna er jafnt. Það skiptir miklu máli en það skiptir ekki öllu máli. Eftir sem áður er það staðreynd að búseta breytir atkvæðavægi manna. Ef menn ætla að sætta sig við það þá verða þeir að geta fært rök fyrir því af hverju þetta er réttlætanlegt og það sem hv. þm. hefur raunverulega sagt því til stuðnings er að hinar dreifðu byggðir eiga þar undir högg að sækja og að við þurfum að rétta hlut þeirra með einhverjum hætti. Eitt af því er að láta kjósendur í þeim kjördæmum hafa meira atkvæðavægi. Þetta er efnislega það sem hv. þm. er að segja að ég hygg.

Ég er þessu algerlega ósammála. Ég lít svo á að atkvæðisrétturinn tilheyri grundvallarmannréttindum og það er ekki hægt að semja um þau. Það er ekki hægt að finna einhverjar flóknar reglur til að segja: Þessi maður á að hafa meiri mannréttindi en hinn af því að hann býr á öðrum stað.

Ef það væri rétt sem hv. þm. er að segja, hvernig bregst hann þá við núverandi stöðu á landsbyggðinni? Fólki fækkar mest á Vestfjörðum. Er hann þá þeirrar skoðunar að fjölga eigi þingmönnum fyrir Vestfjarðakjördæmi? Það er hin rökrétta niðurstaða í máli hv. þm.

[14:53]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi það í fyrra andsvari sínu að þrátt fyrir að landsbyggðarkjördæmi hefðu marga þingmenn hefði það ekki gagnast þeim og að fólksflóttinn væri gífurlega mikill og spyr nú hvort fjölga eigi þingmönnum. Auðvitað er ekki verið að ræða það hvort fjölga eigi þingmönnum t.d. á Vestfjörðum. En samkvæmt frv. sem kynnt er í greinargerð með stjórnarskrárfrv. eiga að verða tíu þingmenn í þremur kjördæmum sem nú hafa 15 þingmenn. (**ÖS:** Jafnvel í átta.) Já, gæti jafnvel farið niður í átta. Við stöndum því frammi fyrir því að eftir að þetta væri komið til framkvæmda gæti farið svo að enginn þingmaður hefði sérstök tengsl við Vestfirði eftir að þessi breyting hefði gengið í gegn. Það er hreint ekkert ólíklegt að svo geti farið að eitthvert eitt af þessum þremur fyrri kjördæmum yrði algerlega þingmannslaust eftir að þessi breyting hefði gengið í gegn og það held ég að yrði ekki þeim svæðum mjög til framdráttar. Það held ég að allir muni skilja. Þetta er því ákveðin varnarbarátta sem hér fer fram að menn vilja ekki að svona nokkuð geti gerst. Menn vilja reyna að haga því þannig að allir landshlutar eigi örugglega þingmenn á Alþingi.

[14:56]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum mjög mikilvægt mál sem er frv. til stjórnarskipunarlaga sem hæstv. forsrh. mælti fyrir í morgun og margir hafa tjáð sig um síðan. Jafnframt liggur hér fyrir skýrsla um endurskoðun á kjördæmaskipun og tilhögun kosninga til Alþingis með sjónarmiðum sem snerta þetta mál náið þó ekki sé hugmynd að lögleiða ný kosningalög fyrr en á næsta þingi.

Ég tel að eins og málið liggur fyrir séu á því afar miklir meinbugir. Ég tel að það markmið eða sú uppsetning sem umrædd nefnd sem vann þetta mál í hendur hæstv. forsrh. á sínum tíma og skipuð var af forsrn. hafi langt frá því hitt naglann á höfuðið þegar hún lagði grunninn að starfi sínu. Það er auðvitað upphafið sem ræður mestu um niðurstöðu og ég hlýt að lýsa yfir miklum vonbrigðum með það hvernig þar hefur tekist til.

Ég hef ekki verið andsnúinn því að kosningalög og stjórnarskipunarlög væru endurskoðuð, hvorki fyrr né síðar. Það er sjálfsagt að fara yfir þau efni öðru hverju á Alþingi, enda hafa verið gerðar breytingar nokkrum sinnum á þessum málum á liðnum áratugum. Þó að grunnurinn að núverandi kjördæmaskipan sé frá árinu 1959 hafa verið gerðar breytingar síðan m.a. til að koma til móts við sjónarmið sem uppi hafa verið í samfélaginu og varða aðallega búsetuþróunina, að færa til þingsæti milli kjördæma vegna breytinga á fjölda íbúa.

Ég tel að sá mismunur sem þar er uppi á fjölda atkvæða á bak við þingmann í kjördæmum, og mikið er rætt um, sé vissulega álitamál en þó ekkert grundvallarmál, enda er heldur holt undir þeim málflutningi að tala um mannréttindabrot í þeim efnum eins og hér hefur verið gert í umræðunni, m.a. af hv. 9. þm. Reykv.

Mannréttindabrot eða mannréttindi eru almennt rædd út frá því að eitt gangi nokkurn veginn yfir alla og ekki verður náð neinu endanlegu réttlæti með því þó að vægi á bak við þingmenn eftir kjördæmum verði fært í hlutfallið 1:2 sem hámark, eins og má segja að sé aðalviðmiðunin í þessu máli, kannski eitthvað lægra sem stefnt er að, því að það er mismunun eftir sem áður. Það er dregið úr henni að þessu leyti en það er ekki komið í neina jafnstöðu. Þess vegna finnst mér afar hæpið að ræða málið á þeim grunni að hér sé verið að leiðrétta eitthvað sem er í grundvallaratriðum óþolandi.

Ég viðurkenni hins vegar að þetta er álitaefni og ekkert er óeðlilegt þó að gagnrýni komi á það fyrirkomulag, sérstaklega þegar í gangi er sú þróun í búsetu í landinu sem við þekkjum og teljum neikvæða þar sem fólk hefur streymt af landsbyggð til höfuðborgarsvæðis eins og við orðum það almennt. Það sem er í samræmi við meginþætti í núverandi kosningalögum og hefur verið það undanfarna áratugi í aðalatriðum en kannski færst til betri vegar fyrir 15 árum með þeim breytingum sem þá voru gerðar, þ.e. að þingstyrkur þingflokka á Alþingi eða stjórnmálaflokka sé nokkurn veginn jafn og samsvari kjörfylgi þeirra. Það er mjög mikilvægt atriði. Því hefur verið fullnægt nokkurn veginn á undanförnum árum og að því er stefnt að varðveita það og halda því í þeim breytingum eða þeim tillögum sem liggja fyrir og það er vissulega vel.

Það var rakið skýrt í máli hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Ragnars Arnalds, að það er þetta atriði sem skiptir sköpum þegar t.d. reynir á styrkleikahlutföll flokka á Alþingi, hvort flokkarnir endurspegla kjörfylgið og styrk sinn í landinu og skiptir auðvitað máli þegar kemur t.d. til myndunar ríkisstjórna og það er þýðingarmikið. Ég tel hins vegar að sá þáttur sem nefndin lagði sem grunn í tillögum sínum sé á misskilningi byggður, sé á röngu mati byggður, og það er það sjónarmið að við endurskoðun á kjördæmaskipan í landinu beri að stefna að því að mynda kjördæmi með nokkurn veginn svipaðri tölu íbúa, með nokkurn veginn svipuðum fjölda þingmanna og gert er ráð fyrir, 8–11 í kjördæmi, óháð landfræðilegri stærð kjördæmanna. Það er í mínum huga meginveikleikinn í þessum tillögum. Því fylgir ansi margt sem ég hlýt að gagnrýna og hefur verið gagnrýnt af ýmsum þingmönnum áður í umræðunni.

Virðulegur forseti. Að mínu mati er ekkert vit í því að setja upp einingar og búa til kjördæmi án þess að litið sé á landafræðina. Að skipta Reykjavíkurborg í tvennt með algerum gervimörkum er afar óskynsamlegt. Úti á landi er stefnt því að búa til stór kjördæmi eins og Norðausturkjördæmið sem á að spanna svæðið frá Siglufirði suður á Skeiðarársand og tekur landfræðilega séð nærri því yfir helming landsins eftir sjónmáli tekið, það gæti verið eitthvað nálægt 45%, ég hef ekki reiknað þetta út, í ferkílómetrum talið. Þetta er hið mesta óráð.

Nefndin sem vann þessar tillögur varð til með tilnefningu þingflokka en þingflokkarnir hafa ekki lagt blessun sína yfir þær tillögur. Ekki hefur reynt á það með uppgjöri innan þeirra að því er tekið er sérstaklega fram í þessum þingmálum sem við ræðum hér heldur hafa málin vissulega verið rædd innan þingflokka og þannig átti sá sem hér talar á sínum tíma aðild að þingflokki Alþb. þar sem þessi mál voru a.m.k. tvívegis á dagskrá og rædd og þá gagnrýndi ég þessar hugmyndir harðlega.

Auðvitað tókst illa til að því leyti varðandi tilnefningu í þessa nefnd að í hana skyldu flestir valdir af höfuðborgarsvæði, líklega með einni undantekningu þar sem er um að ræða hv. 3. þm. Norðurl. e. Nú er ég ekki að segja að góðar tillögur geti ekki komið af höfuðborgarsvæðinu einnig

í þessum málum og ég er ekki að vantreysta neinum einstökum nefndarmanni að þessu leyti. En æskilegt hefði verið með tilliti til reynslu og viðhorfa að samsetning nefndarinnar hefði verið öðruvísi og þá efast ég um að þetta hefði orðið sá grunnur sem nefndin gekk út frá.

Það var hins vegar svo að einnig sá fulltrúi sem kom af landsbyggðinni og átti sæti í nefndinni, fulltrúi þingflokks Framsfl., skrifaði þar upp á tillögur sem voru síst betri en þær sem eru nú lagðar fram því að svolitlar breytingar voru gerðar á þessu máli á lokastigi í sambandi við mörk þessara stóru kjördæma. Því má segja að þar hafi komið fram að menn hafi ekki náð að fóta sig í þessum efnum jafnvel þó að búsettir væru utan höfuðborgarsvæðisins.

Hvað er það, virðulegur forseti, sem mælir gegn því að búa til þessar landfræðilega stóru heildir? Að mínu mati er það sú staðreynd að það er gersamlega vonlaust verkefni fyrir þingmann að halda því sambandi við kjósendur í þessum kjördæmum sem er æskilegt í hugum fólks úti um allt land svo ekki sé fastar að orði kveðið þegar þingmenn eiga í hlut, bæði að þingmenn eiga þess kost að fylgjast með þróun mála í öllum byggðarlögum á viðkomandi svæði og helst að eiga sem mest persónuleg samskipti við kjósendur eða a.m.k. að kjósendur eigi þess kost að hitta þá að máli, ekki aðeins einu sinni heldur oftar á ári hverju. Þetta hefur verið það verkefni sem ég þekki til sem þingmaður fyrir eitt af stærstu og að mörgu leyti erfiðustu landsbyggðarkjördæmunum þar sem er Austurl. og ég tel mig tala þar af nokkurri reynslu þegar ég fullyrði að með því að bæta Norðurl. e. við þetta kjördæmi er í rauninni verið að gefa þingmönnum fjarvistarsönnun frá því að rækta það hlutverk sem þeir hafa gegnt vegna þess að það verður ekki rækt af neinni skynsemi af hverjum þingmanni.

Hér var sagt í umræðu af hv. 3. þm. Norðurl. e. að þetta væri að sumu leyti auðveldara fyrir þingmenn til starfa. Það mynduðust hópar þingmanna, menn gætu skipt með sér verkum, einn væri þá fulltrúi einhvers hluta kjördæmis og annar ræktaði annan hluta. Auðvitað má hugsa sér eitthvað í þessa veru en ég held að það sé ekki farsælt að búa til módel, búa til kjördæmi sem kalli á slíkt sem nauðsyn til þess að þingmenn geti haldið sambandi við umbjóðendur sína og þetta byggir þá auðvitað á því að það séu margir þingmenn frá sama flokki sem kjörnir séu á viðkomandi svæði en það er auðvitað undir hælinn lagt hvernig þar hagar til. Ég tel því að grunnurinn sé í rauninni rangt lagður og þetta sé með öllu óaðgengilegt.

Ég er alveg sannfærður um það, virðulegur forseti, að þær tillögur sem hér er verið að bera fram eiga afskaplega lítinn hljómgrunn úti á landsbyggðinni, eiga afar takmarkaðan hljómgrunn og munu hljóta mikinn andbyr, hafa þegar gert það, þær tillögur sem voru ræddar á dögunum, og ég held að sú breyting sem gerð var á þeim að því er varðaði kjördæmamörk líklega í tveimur tilvikum, breyti engu í grundvallaratriðum varðandi sjónarmið fólks utan höfuðborgarsvæðisins hvað þetta snertir og að þessar tillögur eigi eftir að hljóta mikinn andbyr utan höfuðborgarsvæðisins a.m.k. og jafnvel innan þess líka.

Hvað er það þá, virðulegur forseti, sem ég hefði viljað sjá í staðinn fyrir þessar tillögur að því er snertir kjördæmaskipan? Þá er því til að svara að ég tel að það sé engin þörf á því að vera að búa til hliðstæðar einingar eða jafnstórar einingar hvað íbúafjölda snertir og þingmannafjölda eins og hér er að stefnt. Ég tel að það hefði vel mátt ná landi í þessu efni út frá skynsamlegum viðmiðunum varðandi landafræði og stærð kjördæma með því að haga þessu til með öðrum hætti. Svo tekin séu dæmi finnst mér að vissulega hefði komið til álita að Norðurlandið allt hefði verið innan eins kjördæmis af ýmsum ástæðum. Það er einn af þessum landsfjórðungum af fornu tali. Það er með öflugasta byggðasvæðið nálægt miðju sem nú er sett á endimörk kjördæmis samkvæmt þeim tillögum sem hér er um að ræða. Ég á að sjálfsögðu við Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið og ég hefði samt talið að þetta hefði komið til greina og það hefði auðvitað þýtt fjölgun á þingmönnum á þessum svæði, a.m.k. miðað við önnur kjördæmi sem minni væru.

Að því er snertir Austfirðingafjórðung svo ég noti nú fjórðungatalið aftur, hefði ég skilyrðislaust viljað halda Austurlandi sem einu kjördæmi áfram, fækka þar þingmönnum, jafnvel fækka þingmönnum frá núverandi horfi þó að það sé sárt. Ég hefði jafnframt talið koma vel til álita að stækka það kjördæmi í vesturátt ef gott samkomulag hefði mátt takast um það, þ.e. að við Austurlandskjördæmi bættist Vestur-Skaftafellssýsla sem svo var kölluð og er kölluð enn raunar þótt sýslur séu fallnar fyrir borð sem stjórnsýslueiningar í landinu, ef ekki öll Vestur-Skaftafellssýsla þá Skaftárhreppur, vegna þess að það er ekki mikil viðbót að því er snertir byggðarlög við Austurlandskjördæmi og það hefði bætt þarna nokkuð við íbúafjöldann þó ekki sé um fjölmennar sveitir að ræða og tryggt samstarf milli byggðarlaga sem eru að þróa með sér samstarf þar sem eru byggðarlögin í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslu. Með þessari viðbót hefði mátt halda þarna fleiri þingmönnum en yrði í núverandi Austurlandskjördæmi einu.

Ég skal ekki út af fyrir sig tjá mig mikið um Vestfirðingafjórðung, Vesturland og Vestfirði sem kjördæmi. Það er ljóst að þar er alveg með svipuðum hætti allt of langt gengið hvað snertir landfræðilega stærð en að sumu leyti þó viðráðanlegra en Norðausturkjördæmið sem verið er að efna í þannig að það er ekki jafnfjarstæðukennd tillaga að því er mér virðist. Ég tek það þó fram að ég hef ekki lagt á það neitt endanlegt mat. En þegar þarna bætist við samkvæmt tillögunni sú hugmynd sem uppi er, að bæta við Norðurl. v., er náttúrlega alveg ljóst að menn eru komnir allt of langt en Vesturland og Vestfjarðakjördæmi sameinað er eitthvað sem hefði komið til álita jafnhliða því að Norðurlandið hugsanlega væri sem ein heild.

Síðan varðandi hugmyndina um að kljúfa höfuðborgina í tvennt, þá finnst mér hún síst skárri en hugmyndin um þessi stóru landfræðilegu kjördæmi. Mér finnst það alveg dæmalaus uppfinningasemi og hefði þó átt að vera nóg af fólki sem sat í nefndinni til þess að meta það mál af einhverju raunsæi. Hvaða vit er í því að ætla að fara að skipta höfuðstaðnum upp í tvö kjördæmi með gervimörkum til þess bara að búa til tvö hólf til að láta þetta módel nefndarinnar, sem lagt var upp með í byrjun, fá einhvern betri svip? Ég tel að það sé fráleit tillaga sem þarna er uppi og síst til bóta fyrir höfuðborgina, sem er alls góðs makleg í þessum efnum, og rökin fyrir henni séu nánast engin, það sé ekki nokkur leið að finna frambærileg rök fyrir þessari tillögu. Ég hef ekki heyrt þau. Ég heyrði að vísu ágætan fyrrverandi félaga minn, hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, verja tillöguna með rökum eða málflutningi sem mér fannst ekki vega þungt í þessum efnum, að þingmenn Reykjavíkur gætu tekið meiri þátt í málum í kjördæminu með því að skipta henni upp í tvö hólf. Þurfa þingmenn á þessu svæði ekki að setja sig inn í stöðu

mála varðandi svæðið í heild? Hvað eru menn í rauninni að tala um? Ég á von á því að þegar Reykvíkingar fara að skoða þessi mál þá verði a.m.k. ekki klappað fyrir þessu alls staðar.

Virðulegur forseti. Ég tel að hvað snertir meginmál varðandi kjördæmaskipunina sé þessi tillaga ekki frambærileg og ég er henni andvígur og það þarf mikið að breytast í þessu máli ef ég ætti að styðja það.

Ég hef sagt það í sambandi við þetta mál að ég hefði talið eins og löngum áður að það sem menn hefðu átt að gera í þessum efnum er að búa til millistig í stjórnsýslunni, festa það í sessi, t.d. á grundvelli fjórðunga sem samstarfsvettvang og ef það hefði tekist hefði ég frekar valið að landið allt yrði eitt kjördæmi en sú tilaga sem hér er fram borin.

[15:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur legið fyrir frá því þetta starf hófst að ekki yrði auðvelt að finna lausn sem allir yrðu sáttir við þannig að menn hafa reynt að finna lausn sem þeir gætu verið sæmilega sáttir við.

Ég held að óhætt sé að fullyrða að það liggur ekki í loftinu önnur lausn sem meiri sátt gæti náðst um en sú tillaga hér er til umræðu, með öllum þeim annmörkum sem hún kann þó að hafa. Þó hægt sé að nefna önnur dæmi eins og menn hafa nefnt um að skera þingmenn neðan af núverandi dreifbýliskjördæmi og færa á þéttbýlissvæðið, þá eru aðrir sem hafa þá skoðun að sú lausn sé ekki farsæl, og þá geng ég út frá því að nánast allir þingmenn, eins og sá sem áðan talaði, sé í meginatriðum fylgjandi því að stíga ákveðin skref í átt til jöfnunar atkvæðisrétti.

Menn tala stundum um að atkvæðisrétturinn eigi að vega á móti öðrum þáttum eins og fjarlægð frá höfuðborg og þess háttar. Það á við um tiltekinn þátt starfseminnar hér sem snýr að til að mynda fjárúthlutun. Aðrir þættir eins og almenn löggjöf, skaðabótalöggjöf, refsilöggjöf og fleira í þeim dúr á ekkert skylt við fermetrastærð lands.

Varðandi skiptinguna í höfuðborginni get ég tekið undir það að maður sér annmarka í þeim efnum. Í tillögunni er sett lágmark gagnvart smæstu flokkum. Á landsvísu er það gert með 5% lágmarkinu gagnvart jöfnunarsætum og síðan er það gert með því að gæta þess að kjördæmin verði ekki með afar marga þingmenn eins og gerast mundi á höfuðborgarsvæðinu eftir þessa tilfærslu. Þá væri verið að rýmka fyrir smæstu flokkum hvað kjördæmakjör snertir og þetta er hluti af skýringunni.

[15:19]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er erfitt um vik ef menn binda sig í þessu módeli sem nefndin gerði og hæstv. forsrh. hefur skrifað upp á með framlagningu þessa frv. sem 1. þm. Reykv. eins og hann var kynntur til málsins í morgun. Ég er að gagnrýna það. Ég hef eins og margir aðrir lýst mig reiðubúinn til að skoða tilfærslu eða breytingu á þingmannafjölda milli svæða á landinu vegna búsetuflutninga. Það er ekkert prinsippmál í mínum huga þó ég telji ekki að jafnmikið hafi borið á þeirri gagnrýnisbylgju gegn núverandi stöðu sem af er látið. Ég hef hins vegar ekkert á móti því að gerðar séu leiðréttingar. Ég hef jafnvel tekið fram að að gefnum forsendum geti ég hugsað mér að skoða landið allt sem eitt kjördæmi, hefðu menn viljað taka undir millistig í stjórnsýslunni.

Menn eiga að horfa á landið eins og það liggur, taka tillit til landfræðilegra staðreynda og ekki reyna að búa til risakjördæmi sem vonlaust er fyrir þingmenn að þjóna. Ég vil kaupa það því verði að hafa misjafnan fjölda þingmanna í kjördæmunum á landsbyggðinni, t.d. á Norðurlandi og Austurlandi. Auðvitað er þar mjög mikil mismunun á fjölda þingmanna, en ég mundi kaupa það því verði til þess að hafa þetta starfhæfar einingar.

Ég kom því ekki að í máli mínu, virðulegur forseti, en hæstv. forsrh. gefur tilefni til þess. Ég vil ekki blanda saman byggðamálum og jöfnuði í aðstöðu manna við þessi mál. Ég vil skoða þau aðgreind, enda finnst mér afar óheppilegt að rugla þar saman reytum. Við erum með byggðaaðgerðir á sama tíma. Svo eru jafnframt enn einar aðgerðir sem eiga að kaupa frið fyrir þær tillögur í kjördæmamálinu sem um er að ræða. Þetta er ekki heppilegt. Menn eiga ekki að rugla þessu saman. Ég hefði viljað sjá þetta unnið á annan hátt þó ég mundi vilja koma til móts við þau meginsjónarmið sem valda því að við erum að ræða þetta mál.

[15:21]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna frv. því sem hér er til umræðu um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og miðar að breyttri kjördæmaskipan.

Sú sem hér stendur sat í nefndinni sem undirbjó frv. og tilheyrandi breytingar á kosningalögum. Ég stend heils hugar að áliti nefndarinnar og þeirri stefnu sem þar birtist og því frv. sem hér er til umræðu.

Vissulega er þessi niðurstaða málamiðlun. Öllum í nefndinni var ljóst að svona breytingar næðust ekki fram nema um þær ríkti sem breiðust samstaða. Fljótlega náðist sátt um meginmarkmið nefndarinnar, einfaldleika, jöfnuð á milli stjórnmálaflokka, óbreyttan fjölda þingmanna og síðast en ekki síst að draga úr misvægi atkvæða. Af markmiðum þeim sem nefndin setti sér er mér það langmikilvægast að draga úr misvægi atkvæða. Um þetta meginmarkmið voru allir nefndarmenn sammála þó í upphafi væri ekki ljóst hve langt ætti ganga. Núverandi misvægi er mest 1:3,55, þ.e. á milli Reykjaness og Vestfjarða en einnig er mikið misvægi milli kjördæma eins og t.d. Vestfjarða og Norðurl. e. Þar er það 1:2,5. Núverandi misvægi er ljóður á kosningakerfi okkar sem að mínu mati brýtur í bága við jafnræðisreglu og jaðrar við mannréttindabrot.

Í starfi nefndarinnar var miðað við að misvægið yrði 1,5–1,8. Um það viðmið náðist málamiðlun en við kvennalistakonur hefðum gjarnan viljað stíga stærra skref.

Þá ber að fagna þeirri sjálfkrafa leiðréttingu samkvæmt frv. sem verður á þingmannafjölda kjördæma ef misvægið fer yfir 1:2. Þetta ákvæði mun koma inn í 31. gr. stjórnarskrárinnar og þarf því ekki lagabreytingu til ef byggðaröskun fer yfir ofannefnd mörk. Á mannamáli þýðir þetta að ef kjósendur að baki hverju þingsæti verða helmingi færri í einu kjördæmi en öðru, þá flyst þingsæti yfir í fjölmennara kjördæmið.

Ef atkvæðisréttur hefði verið jafnaður miðað við núverandi kjördæmaskipan hefðu landsbyggðarkjördæmin haft mjög fáa þingmenn eins og rætt hefur verið í dag og þingmönnum Reykjavíkur og Reykjaness hefði fjölgað mjög mikið. Þannig hefðu misstórir þingmannahópar orðið raunin. Farið var yfir allar mögulegar lausnir allt frá einmenningskjördæmum yfir í að gera landið að einu kjördæmi. Það sem flestir gátu sætt sig við er það sem hér er lagt til, að lögfesta sex kjördæmi sem öll hafi svipaðan þingmannafjölda, þ.e. 10 eða 11.

Í fyrirhuguðum breytingum á lögum um kosningar til Alþingis sem fylgja með í starfi nefndarinnar — þau lög verða ekki borin upp fyrr en á næsta kjörtímabili vegna þess að það þarf að samþykkja stjórnarskrárbreytinguna tvisvar en ekki lögin — er gert ráð fyrir þremur landsbyggðarkjördæmum og þremur þéttbýliskjördæmum og að þingmannafjöldinn sé svipaður.

Einn kostanna við að stækka kjördæmin er að stór kjördæmi eru talin æskilegri en lítil til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Ég vil gera það, herra forseti, að sérstöku umræðuefni þar sem ég sat fyrir hönd Kvennalistans í þessari nefnd. Það markmið var einnig ofarlega á baugi hjá nefndinni sem heild. Kjördæmanefndin hafði það markmið í huga við vinnu sína. Því markmiði er fylgt eftir í XI. kafla skýrslu nefndarinnar um hlut kvenna og fylgiskjali 7, áliti á vegum Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, sem unnið var að beiðni nefndarinnar, um jafnan rétt karla og kvenna til að kjósa og vera kjörin til þjóðþinga og héraðsstjórna.

Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna stuttlega í XI. kafla skýrslunnar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að þær breytingar á kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi, sem stefnt er að, torveldi ekki þá þróun í átt til aukinnar stjórnmálaþátttöku kvenna sem orðið hefur á undanförnum árum og áratugum, heldur þvert á móti stuðli frekar að því að konur taki sæti á Alþingi.

Fyrsta konan tók sæti á Alþingi 1922, nokkrum árum eftir að konur fengu kosningarrétt og kjörgengi. Lengst af áttu fáar konu sæti á þingi, stundum engin, stundum ein til þrjár. Árið 1983 jókst hlutur kvenna talsvert [þ.e. við það að Kvennalistinn varð til] og nú er svo komið að tæp 30% þingmanna eru konur (nákvæmlega 28,6%; 18 konur).

Annars staðar á Norðurlöndum er hlutfall kvenna meðal þingmanna nokkru hærra, hæst í Svíþjóð eftir nýafstaðnar kosningar þar, 42,7%. Er það hæsta hlutfall í þjóðþingum heims, en næst koma Danmörk með 37,4%, Noregur 36,4%, Holland 36% og Finnland 33,5%. Að meðaltali mun þetta hlutfall vera 12,6% á þjóðþingum heimsins.

Í ályktun Alþingis frá því vorið 1998, um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, segir að fara eigi fram sérstök úttekt á áhrifum mismunandi kosningakerfa á möguleika kvenna og karla til að hljóta kosningu til Alþingis og sveitarstjórna.

Í vor samþykkti Alþingi enn fremur þingsályktunartillögu „um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum". Samkvæmt henni er ríkisstjórninni falið að skipa nefnd sem starfi í a.m.k. fimm ár og standi hún fyrir ýmsum verkefnum sem stuðli að aukinni stjórnmálaþátttöku kvenna."

Í framhaldi af þessum markmiðum ræddi nefndin við ýmsa fræðimenn og kynnti sér m.a. skýrslu Evrópuþingsins frá 1997, um áhrif kosningakerfa á stjórnmálaþátttöku kvenna. Niðurstaða nefndarinnar er sú að það sem skiptir mestu máli í kosningaskipulagi fyrir framgang kvenna í stjórnmálum er hlutfallskosning eins og hér tíðkast og stór kjördæmi.

Hér á landi var hlutfall kvenna eftir síðustu kosningar því hærra í einstökum kjördæmum sem kjördæmið hefur fleiri þingmenn. Í minnstu kjördæmunum tveimur náði engin kona kjöri í síðustu kosningum. Það ætti því að hafa jákvæð áhrif á möguleika kvenna að stækka landsbyggðarkjördæmin eins og til stendur að gera, en á móti kemur að stærstu kjördæmunum, Reykjavík og Reykjanesi, er skipt upp. Það er því niðurstaða nefndarinnar að sú tillaga sem hér liggur fyrir skapi ekki síðri skilyrði fyrir stjórnmálaþátttöku kvenna en nú eru. Ég held að ljóst sé hún mun ekki endilega gera skilyrðin betri en það er spurning hvort þetta vegur upp hvort á móti öðru, stækkun landsbyggðarkjördæmanna og minnkun hinna.

Í áliti Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, samanber fylgiskjal 7 í skýrslu nefndarinnar, er bent á fleiri leiðir til að jafna hlut kynjanna, svo sem að lögbinda kvótafyrirkomulag sem tryggir konum ákveðinn sætafjölda á þingi eða skylda stjórnmálaflokka til að tryggja jafnrétti kynjanna á framboðslistum. Lagaboð af þessu tagi hafa ekki reynst vel og eru nú aðeins í gildi í einu Evrópusambandsríki, Belgíu. Á Norðurlöndum hefur sú leið ekki verið farin heldur hafa stjórnmálaflokkarnir, t.d. í Noregi gert óformlegt samkomulag um að tryggja konum jafnan sess og körlum á framboðslistum sínum. Í Svíþjóð nota fimm stjórnmálaflokkar þá reglu að raða kynjunum á víxl á framboðslista sína en í Svíþjóð er hlutfall kvenna meðal þingmanna hæst.

Ég er því fullkomlega sammála meiri hluta nefndarinnar að leggja ekki til lögbundna kynjakvóta á framboðslistum stjórnmálaflokkanna. Nefndin telur æskilegra að þessi þróun eigi sér stað án lagaboða og þar skipti mestu að raunverulegur pólitískur vilji sé til staðar í stjórnmálaflokkunum og hjá kjósendum ef um prófkjör er að ræða. Það er því mikilvægt að fylgjast vel með þróun þessara mála í náinni framtíð og vonandi leiðir sú kjördæmabreyting sem stefnt er að til vaxandi hlutar kvenna í stjórnmálum og vonandi kemur almenningur þar að, bæði í prófkjörum og í starfi í almennum stjórnmálaflokkum.

Herra forseti. Mér hefur fundist það umhugsunarvert meðan á vinnunni í nefndinni stóð hvort eðlilegt væri að þingmenn vinni upp tillögur að breyttri kjördæmaskipan. Hugmyndir um stjórnlagaþing hafa öðru hvoru komið til umræðu og ég tel það fyllilega koma til greina að huga í framtíðinni að mismunandi aðferðum til að koma á breytingum af þessu tagi. Er eðlilegt að mótmæli einstakra þingmanna komi í veg fyrir að lýðræðislegar breytingar eigi sér stað á kjördæmaskipaninni? Mér finnst það ekki en er jafnframt sannfærð um að breyting sem gerð er svona, í sæmilegri sátt við alla pólitíska flokka, sé eina færa leiðin ef samþykkja á málið á Alþingi.

Í umræddri breytingu á stjórnarskránni er ekki kveðið á um kjördæmamörkin að öðru leyti en því að segja að mörkin verði ákveðin með lögum, þ.e. kosningalög sem ekki eru til afgreiðslu nú en verða á næsta kjörtímabili. Þó kemur fram að heimilt sé að fela landskjörstjórn að ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og nágrenni. Í því sambandi vil ég geta þess að þetta orðalag getur opnað á það að Reykjavík geti t.d. stækkað til austurs eða vesturs inn í suðvesturkjördæmið og ég tel þetta því eðlilegan sveigjanleika.

Þó að hér sé ekki verið að samþykkja kjördæmamörkin eða það að skipta Reykjavík upp í tvö kjördæmi, þ.e. í þessu stjórnarskipunarlagafrv., þá vil ég vekja athygli á þeirri ábendingu sem fram hefur komið að hugsanlega væri æskilegra að skipta Reykjavík upp í norður-suður Reykjavík en ekki vestur-austur, þar sem Reykjavík mun að öllum líkindum aðeins stækka í austur. Það mundi hafa þá afleiðingu að kjördæmamörkin væru sífellt að færast til um miðhlutasvæðið á milli austurs og vesturs. Þessi ábending kom fram á fundi borgarfulltrúa í Reykjavík með nefndarmönnum og ég tel þetta fyllilega verðuga ábendingu fyrir frekari vinnslu málsins. En varðandi það að skipta Reykjavík upp í tvennt þá

vil ég ítreka að meginrökin eru þau að þingmannahóparnir allir verði álíka stórir. Ég held að fyrir Reykvíkinga sé ekkert verra að hafa tvo hópa sem jafnvel geta farið í samkeppni hver við annan um að þjóna borgarbúum jafnt sem landinu í heild. Ég sé því í sjálfu sér ekkert athugavert við þá skiptingu annað en það að ég held að þetta verið hugsanlega erfiðara og muni ekki verða til þess að gera hlut kvenna meiri.

Herra forseti. Í einu dagblaðanna í dag er m.a. það til umfjöllunar að ef þetta nýja fyrirkomulag sem hér er til umræðu hefði verið í gildi í síðustu kosningum hefði Kvennalistinn að öllum líkindum ekki fengið þingmann kjörinn þar sem hann fékk 4,9% atkvæða en ekki 5%. Ég ætla að nefna þetta dæmi þó að mjög lítið hafi verið rætt um einstaka flokka í þessari nefnd, enda flokkakerfið kannski í örri breytingu eins og er, og ég held að það hafi verið mjög farsælt að nefndinni tókst að vinna þessi mál án þess að skoða einstaka flokka mjög mikið. Það er rétt eftir haft eða rétt túlkað í þessari blaðagrein að erfiðara verður fyrir litla flokka að koma kjördæmakjörnum mönnum að, eins og fram hefur komið í umræðunni í dag. Ég held að mörkin núna séu um 7,7% en Kvennalistinn fékk 4,9% í síðustu kosningum. Núna þarf kjördæmakjörinn mann til þess að fá uppbótarmann. Á móti kemur sú breyting sem hér er lögð til að ekki er skilyrði fyrir því að fá uppbótarmann að hafa kjördæmakjörinn mann þannig að núna er þröskuldurinn 5%, þ.e. ef Kvennalistinn hefði í síðustu kosningum fengið 5% en ekki 4,9%, þá hefði hann fengið þrjá þingmenn eins og hann fékk þá. En þessi þröskuldur, sem miðað er við til þess að stjórnmálaafl fái uppbótarþingmann, er málamiðlun sem náðist í nefndinni en það bil sem þar var rætt var alveg frá 2% og upp í 6%. Sjálf tel ég að þessi þröskuldur sem samþykkt var að hafa sé í hærra lagi enda er þröskuldurinn mun lægri á Norðurlöndum, t.d. 2% í Danmörku og 4% í Svíþjóð. En 5% var málamiðlun sem ég sætti mig við eins og aðrir nefndarmenn.

Þá vil ég nefna, herra forseti, að einföldun á kerfinu t.d. varðandi úthlutun á uppbótarþingsætum og að nota eingöngu d'Hondt-regluna sem er fyrirhugað í kosningalagabreytingunum mun í raun hygla stærri flokkum á kostnað hinna minni þannig að hugsanlega næst ekki fyllilegur jöfnuður á milli flokka. Þetta hefur verið rætt í nefndinni en niðurstaðan var að fara þessa leið, enda urðu flestir að gefa eitthvað eftir af sjónarmiðum sínum til að ná niðurstöðu.

Að lokum vil ég fagna þeim hliðarráðstöfunum sem fyrirhugaðar eru, sérstaklega þeim er varða vegagerð í stærri kjördæmunum og aðstoð við þingmenn þeirra. Ég tel að sérstaklega þurfi að huga að tengslum Suðurnesja við Suðurland og Siglufjörð við Norðurl. e. í þessu sambandi.

Að lokum vil ég, herra forseti, aðeins geta þess — ég er rétt að ljúka máli mínu — að ég tel að í þessari nefnd (Forseti hringir.) hafi náðst góð sátt og þar hafi formaður nefndarinnar, hv. þm. Friðrik Sophusson, átt stóran hlut að máli en ég vil nota tækifærið í lokin og þakka nefndarmönnum mjög gott samstarf.

[15:42]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég mun ekki hafa langt mál um það merkilega frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér er til umræðu, fyrst og síðast vegna þess að ég sat í þeirri nefnd sem hv. þingmönnum hefur orðið tíðrædd um og lagði drög að því frv. sem við erum að ræða í dag. Ég hef með öðrum orðum átt þess kost að koma sjónarmiðum mínum að beint og óbeint í því nefndarstarfi og einnig í því kynningarstarfi sem í kjölfarið fór eftir að nefndin skilaði af sér skýrslu sinni og mun ég í því ljósi stikla á stóru. Ég vil þó láta þess getið að ástæða er til að lýsa sérstakri ánægju með þann góða anda sem var að finna í þessari nefnd allra stjórnmálaflokka sem hér eiga sæti á Alþingi, en fljótlega var ljóst í því nefndarstarfi að almennur og víðtækur vilji var til þess að reyna að ná landi en að nefndarstarfið færi ekki í þann forna farveg sem menn þekkja allt of vel, að tíminn hlypi á braut og menn skiluðu litlum eða engum tillögum. Það hefur því miður verið niðurstaðan og örlög margra þeirra nefnda sem í þetta verk hafa farið á umliðnum áratugum. Margar þeirra hafa starfað árum saman og haft nægan tíma en ekkert mjakast. Ég hygg að nefndir af þeim toga hafi verið í gangi meira og minna síðustu tæpu þrjá áratugi. Ég vil nota tækifærið og þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir ánægjulegt samstarf í þessum efnum.

Í þessu ljósi vil ég halda því fram, virðulegi forseti, að ákveðin pólitísk tímamót séu á ferðinni með þessari tillögu því ef fram fer sem horfir, að meginþorri þingmanna muni gangast inn á þessa niðurstöðu, þó þeir kunni ekki allir að vera jafnánægðir með alla þætti tillögunnar, þá eru það vissulega stór tímamót í íslenskum stjórnmálum.

Sagan kennir okkur að umræður um kjördæmamál eru kannski þær heitfengnustu alla í íslenskum stjórnmálum og nægir að rifja upp stóru kjördæmabreytinguna 1959 í því sambandi. Ef okkur tekst að leiða þetta mál til lykta nú á þessu vetrarþingi í tiltölulega breiðri og góðri sátt þá held ég að ekki sé ofsagt að um tímamót í íslenskum stjórnmálum sé að ræða og undanskil ég þá ekki efni þessarar tillögu því hún er um margt mjög róttæk og talsverð breyting frá því kerfi sem við höfum búið við nú um langt árabil. Að sönnu er hún ekki jafnróttæk og breytingin var árið 1959 þegar menn í raun gjörbreyttu fyrirkomulagi mála. Engu að síður eru þær breytingar sem hér eru gerðar tillögur um það stórar í sniðum að full sæmd er að því að nota orðin róttækar tillögur í þeim efnum og því frekar er ástæða til að fagna því í þessari annars íhaldssömu stofnun, Alþingi, að um þetta geti náðst jafngóð og víðtæk samstaða og allt virðist benda til.

Ég hygg að ástæðan fyrir því að nefndin, formenn stjórnmálaflokkanna og síðan meginþorri þingflokka á hinu háa Alþingi hafi náð allgóðri sátt um þessa leið hafi verið fyrst og síðast sú að langflestir þingmenn átta sig á því og skynja að við gamla kerfið verður ekki búið mikið lengur. Það kraumar undir niðri og um það er ekki sátt. Ég ætla mér ekki í því samhengi að leggjast í djúpar umræður um það hvort kjördæmamál hverju sinni séu mannréttindamál og skipan þeirra mála, eða hvort þar sé um að ræða hagræn atriði varðandi byggð í landinu. Ég ætla mér ekki að taka á því deilumáli. Um það hafa menn karpað og með gildum rökum báðir aðilar nú áratugum saman. Mitt mat er að sú umræða, jafnmikilvæg og eðlileg og hún er, hafi í raun stundum stöðvað það að menn kæmust áfram með það að lagfæra sannarlega verstu agnúana á núverandi kerfi. Hér eru menn því með öðrum orðum ekki að taka afstöðu til þess grundvallaratriðis. Menn geta haft sín sjónarmið uppi um það áfram. Hér eru menn hins vegar að taka risaskref í þá veru að draga mjög verulega úr misvægi atkvæða sem hefur verið þyrnir í augum, ég vil segja, langflestra kjósenda um langt árabil. Svo mikið er misvægið að menn hafa ekki komist hjá því að reka augun í þær stórkostlegu misfellur sem það hefur skapað. Enn fremur hafa menn áttað sig á því að núverandi kosningakerfi með öllum þeim kostum og göllum sem það innifelur er flókið

og illskiljanlegt, ég vil segja, þingmönnum mörgum hverjum og kannski flestum, og þjóðinni að langstærstum hluta. Menn hafa hent að því gaman að þeir væru kannski tveir eða þrír hérlendis sem gætu með fullri sæmd talið sig geta hent reiður á útreikningum og öllum þeim krúsindúllum sem núverandi kerfi býður upp á. Sumir hafa haldið því fram að það sé plús við það kerfi því það skapi óvæntar uppákomur á kosninganótt. En þótt eitthvað kunni að draga úr skemmtanagildinu fyrir sjónvarpsáhorfendur með þessari breytingu sem hér er gerð þá hygg ég að að sama skapi nái réttlætið og sú eðlilega umgjörð sem hér er búin fram skynsamlegri og eðlilegri niðurstöðum miðað við það lýðræðisumhverfi sem við höfum búið okkur og viljum starfa í.

Það kerfi sem hér er lagt upp með tekur mið af nokkrum meginþáttum. Einn veigamesti þátturinn er í mínum huga sá að þingmannahópar þessara sex kjördæma verða jafnstórir, jafnfjölmennir og jafnsterkir eftir þessa kerfisbreytingu og fyrir hana. Við sjáum í töflu sem tekin var saman hvernig landið gæti litið út til að mynda ef menn jöfnuðu misvægi atkvæða að fullu í núverandi kosningakerfi. Það þýddi það einfaldlega að kjördæmi á borð við Vestfirði eða Austfirði væru kjördæmi tveggja til þriggja þingmanna á sama tíma og hin stóra Reykjavík væri kjördæmi með 25 þingmenn. Hvers konar mynd væri á þessu þingi? Hún væri engin. Mín trú er sú að þegar fram líða stundir muni menn átta sig á því að þessir jafnstóru og sterku þingmannahópar sem hér koma til þings að afloknum öðrum kosningum hér í frá muni með tíð og tíma styrkja landsbyggðina og efla að ráðum og dáð. Ég er sannfærður um það.

Menn hafa auðvitað velt upp ýmsum öðrum valkostum til að draga úr þessu misvægi og sagt sem svo: Hví ekki að fara þá einföldu leið að fjölga þingmönnum í R-kjördæmunum svokölluðu, taka einn úr hverju landsbyggðarkjördæmi og færa á suðvesturhornið og halda jöfnunarkerfinu tiltölulega óbreyttu? Niðurstaðan yrði einfaldlega sú að við byggjum til, miðað við núverandi flokkakerfi, annars vegar dreifbýlisflokka og hins vegar þéttbýlisflokka, að við byggjum til dreifbýlisþingmenn og hins vegar þéttbýlisþingmenn. Og það sem meira væri og sem er að mínu mati einn stærsti galli núverandi kerfis, að kjósendur víða úti um land, við skulum segja í hinum smærri kjördæmum á Vestfjörðum eða Austfjörðum, kjósendur flokka sem ekki næðu kjördæmakosningu væru í raun að kjósa uppbótarmenn sama flokks í henni Reykjavík eða á Reykjanesi. Kjósendur á Egilsstöðum eða Neskaupsstað væru í raun og sanni — við skulum segja flokks sem þar næði ekki kjördæmakjöri en ætti skammt í það — væru að kjósa frambjóðanda í þriðja sæti sama flokks á Reykjanesi. Var það nokkurn tímann hugsunin? Var sá maður einhvern tímann í framboði austur á landi? Nei, auðvitað ekki. Þessi galli er tekinn af. Nú eru þessi stóru kjördæmi sjálfum sér nóg og þau atkvæði sem falla til þar falla á þá flokka sem þar eru. Og þeir þingmenn koma þaðan. Þetta er mjög mikilvægt atriði, virðulegi forseti.

Ég vil nefna eitt til sögunnar sem mér finnst menn fara dálítið léttilega yfir í þessari umræðu og finnst mér raunar að um sé að ræða hugtakabrengl. Ég held samt að flestir séu sammála um þetta atriði. Menn hafa talað um að jafnræði milli flokka sé tryggt, að tryggt sé að flokkarnir fái það sem þeim ber og sumir hafa talað um það í almennum greinum um þessi mál að í þessari tillögu, hinni gömlu, séu flokkarnir ætíð að gæta að sjálfum sér. En hér er auðvitað allt annað á ferðinni. Hér er það á ferðinni að kjósendur fái þá þingmenn frá þeim flokkum sem þeir eru að kjósa. Það er því um mikilvægt réttlætismál að ræða fyrir þá kjósendur sem nýta sinn lýðræðislega rétt að atkvæði þeirra greidd A-lista fari á A-lista og nýtist A-lista og að A-listi fái atkvæðið fullt og óskorað en nýtist ekki að hálfu eða hluta til B-lista. Hér er því auðvitað líka tekið risaskref í þá átt að halda því áfram að réttur kjósenda sé fullkomlega tryggður.

Virðulegi forseti. Ég leyni því ekkert og gekk til þessa leiks í þessari nefnd fyrir rétt rúmu ári þegar hún hóf störf, að ég fór með mínar ýtrustu hugmyndir í þessa veru og þær eru öllum ljósar. Ég hef verið þeirrar skoðunar að landið ætti að vera eitt kjördæmi og hef talið að með því móti mætti slá margar flugur í einu höggi, jafna misvægið að fullu og tryggja það að þingmenn þjóðarinnar væru þingmenn þjóðarinnar allrar. Það mundi þýða að við uppstillingu flokkanna mundi verða gætt góðrar breiddar hvað varðar aðkomu þingmanna og frambjóðenda frá dreifðari byggðum, aðkomu kvenna, aðkomu ungs fólks og þannig fengist kannski breiðari og fjölbreyttari flóra þingmanna en við eigum að venjast. Gallinn er sá sem á hefur verið bent að með því móti er vald flokkanna e.t.v. gert of mikið.

Menn hafa bent á það sem við þekkjum raunar úr Reykjavík þar sem stærsti flokkurinn, Sjálfstfl., er með átta eða níu þingmenn að ekki er nokkur möguleiki fyrir kjósendur að breyta einu eða neinu þar. Flokkurinn hefur tekið sína ákvörðun og þeir koma hér í hóp og setjast inn á Alþingi miðað við þann þingstyrk sem sá flokkur hefur haft í gegnum tíðina. En við höfum á móti sagt að þessu mætti mæta með því að stórauka valfrelsi kjósenda innan kjörklefans, færa prófkjörin svokölluðu sem svo hafa verið nefnd, inn í kjörklefann sjálfan. Ég fann hins vegar fljótlega fyrir því að innan nefndarinnar mundi ekki nást samhljómur um þetta og fremur vildi ég taka næstbesta kostinn en alls engan.

Ég hef sagt það oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og vil árétta það hér, virðulegi forseti, að versta niðurstaðan í þeim tilraunum sem gerðar hafa verið í þeim tilgangi að betrumbæta og lagfæra kjördæmaskipun í landinu hefur verið sú að gera ekki neitt, að gera nákvæmlega ekki neitt. En nú horfir til þess sem betur fer að menn ætli ekki að lenda í þeim fúla pytti á nýjan leik að gera ekki neitt, að láta danka og halda hinni eilífu umræðu áfram. Hér eru risaskref tekin að mínu áliti. Auðvitað er margt óljóst með það hvernig þessi mál munu þróast í framtíðinni, hvort nákvæmlega þetta fyrirkomulag muni festa sig í sessi um aldur og ævi eða hvort út frá þessu fyrirkomulagi muni þróast annað og betra kerfi, lítils háttar eða stærri lagfæringar á því í sátt og samlyndi milli þings og þjóðar. Um það get ég ekkert fullyrt þótt menn hafi reynt að tryggja það í þessum tillögum að þingið þurfi ekki vegna einfaldra leiðréttinga, t.d. vegna búsetuþróunar, vegna þess að misvægi aukist á nýjan leik, að koma að því máli með jafnþunglamalegum hætti og óhjákvæmilegt er þegar gerðar eru breytingar á kjördæmaskipan og kosningalögum. Það er með öðrum orðum ákveðið innbyggt stýrikerfi í þessum tillögum sem gerir það að verkum að hægt er að ímynda sér að þetta kerfi lifi lengur en eitt eða tvö kjörtímabil. En framtíðin mun skera úr um það. Hinu verður ekki breytt, virðulegi forseti, að hér hafa stjórnmálaflokkarnir, að minni hyggju, hafið sig upp yfir dægurþras, hafið sig upp yfir þrönga flokkshagsmuni en látið hin stærri og víðfeðmari sjónarmið ráða för og áttað sig á kalli tímans, áttað sig á kalli þjóðarinnar um löngu tímabærar breytingar í þessa veru. Ég fagna heils hugar, virðulegi forseti.

[15:58]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. ræðumaður orðaði það svo að hér hefðu flokkarnir hafið sig upp yfir dægursjónarmið og fundið lausn sem ég skynja að hv. þm. er bara mjög ánægður með. Mér finnst satt að segja hafa farið afskaplega lítið fyrir eða verið fljótlegt að reka Alþfl. til baka með það sem hann hefur verið að reyna að boða sem æskilega lausn í þessum efnum, þ.e. að landið allt verði eitt kjördæmi. Það tók ekki langan tíma að reka Alþfl. til baka með það eða fulltrúa þingflokks jafnaðarmanna. Og svo er allt í einu orðin kjörin lausn í staðinn að búa til þann óskapnað sem liggur fyrir í þessari tillögu, risakjördæmi sem vonlaust er fyrir þingmenn að gegna vegna landfræðilegrar stærðar og aðstæðna og því er haldið fram að þar séu líkur á að hver flokkur fái akkúrat þá frambjóðendur sem hann vill. Ætli það sé trygging fyrir því að alþýðuflokksmenn á Höfn í Hornafirði, ef einhverjir finnast, fengju sinn óskaframbjóðanda kjörinn sem kannski kæmi frá Eyjafjarðarsvæðinu? Ætli þekkingin á mönnum sé nú mikil þarna á milli.

Menn eru hér að búa til félagslegt módel sem gengur ekki upp og Alþfl. ætlar að bera fulla ábyrgð á því eða þingflokkur jafnaðarmanna og bræðingurinn sem er í uppsiglingu. Mér finnst þetta svo ömurleg magalending sem hefur orðið hjá fulltrúum Alþfl. og Alþb. í þessum efnum að hægt er að hafa um það stór orð. Síðan á að kóróna þetta með því að skipta höfuðborginni í tvennt. Rökin fyrir þessum málflutningi sem hér er hafður uppi og nú af talsmanni þingflokks jafnaðarmanna eru svo vesöl að mér finnst að þau dæmi sig í rauninni best sjálf.

[16:00]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. talar algjörlega í kross. Hann talar fyrst um það að Alþfl. hafi látið reka sig á gat strax í upphafi nefndarvinnunnar með landið sem eitt kjördæmi og látið reka sig til þess að setja á stofn stór og víðfeðm kjördæmi. Fer það ekki saman, virðulegi forseti, að landið sé eitt kjördæmi annars vegar og að kjördæmum fækki og þau stækki hins vegar? Fer þetta ekki í sömu átt? Ég hefði einhvern veginn haldið það, virðulegi forseti, að þetta gengi í svipaða átt.

Ég hef auðvitað ekkert leynt því, virðulegi forseti, að ég er kannski ánægðari en margur annar með þróun einmitt í þessa veru því að ég tel mikilvægt að þingmenn og kjósendur venjist stórum kjördæmum. Ég hef gjarnan sagt það sem svo, ég hef auðvitað skilning á því — við vorum nú saman, ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, í framboði forðum daga í kjördæmi hans, Austurlandi sem ef ég man rétt var samkvæmt vegakerfi 700 km enda á milli, (**Gripið fram í:** Nær 800.) nær 800, og ég er núna þingmaður kjördæmis sem er eitthvað innan við 100 km — ég held þó og trúi því að hv. þm. með sína 7.000 kjósendur þar á kjörskrá hafi kannski meiri tækifæri en ég að ná beinu sambandi við kjósendur sína og við þau atvinnufyrirtæki sem í fjórðungnum eru en ég við mína 65.000 kjósendur og þann aragrúa atvinnufyrirtækja sem þar eru. Menn geta skoðað þetta frá ýmsum hliðum.

En meginatriðið er það, virðulegi forseti, sem ég vona að hv. þm. skilji þegar hann hugsar um það, að þessi aðalhugmynd Alþfl., sem er auðvitað í fullu gildi, fer mjög vel saman, og ég hef litið svo á að við séum að taka veigamikið skref í þá átt einmitt að einhvern tíma í framtíðinni, ég þori ekki að segja hvenær, renni þessi draumur upp og verði að veruleika.

[16:02]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem ég hefði talið að nefndin og formaður hennar, sem er nú kominn í þingsal, hv. þm. Friðrik Sophusson, hefðu átt að taka til bragðs í þessum efnum, var að festa í sessi millistig í stjórnsýslu landsins, byggt á hæfilega stórum landfræðilegum einingum, og ef það hefði náðst fram hefði ég verið tilbúinn til þess að ganga til móts við sjónarmið jafnaðarmanna, þingflokks jafnaðarmanna eða Alþfl. um það að menn kysu eitt og óskipt Alþingi Íslendinga. Ef það væri tryggt að það yrðu til millieiningar í landinu sem fengju ákveðna sjálfsstjórn og fengju verkefni frá ríkinu. Það er lausn sem hefði jafnframt orðið til að treysta stöðuna í byggðamálum í landinu vegna þess að hún hefði verið grunnur til þess að færa verkefni frá ríkisvaldinu, frá stofnunum og ráðuneytum í Reykjavík út í eðlilegar einingar úti um landið. Talað er um að gera það í núverandi byggðatillögu en það vantar grunninn til þess að taka við þessum einingum.

Það er náttúrlega eins langt frá veruleikanum og nokkuð getur verið þegar hv. þm. talar um að með þessari fáránlegu útfærslu nefndarinnar með þessum risakjördæmum sé verið að stíga skref í áttina að gera landið að einu kjördæmi. Menn geta náttúrlega leitast við að hugga sjálfa sig með ýmsum hætti og það er greinilega verið að gera það hér.

Hins vegar, virðulegur forseti, er mér mjög ljúft að minnast sameiginlegra ferða með hv. þm. um Austurlandskjördæmi, líklega í kosningunum 1983, þá var ég búinn að vera þar á velli nokkrum sinnum og það var mjög ánægjulegt að ferðast með hv. þm. og leiða hann til betri vegar í sambandi við landafræðina í því kjördæmi. Ég hugsa að þetta geti endurtekið sig í þessum risakjördæmum, að frambjóðendur frá Höfn í Hornafirði geti orðið svolítið áttavilltir þegar kemur vestur í Eyjafjörð, að átta sig á því hvar þeir eru staddir, svipað og hv. þm. þegar hann var í framboði á Austurlandi.

[16:05]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti, örstutt. Ég held að það segi alla sögu hér, virðulegi forseti, að ég er ákaflega glaður með þetta frv. og ég held að það hafi ekki leynt sér í framsöguræðu minni og ég leiddi að því nokkur rök. Ég þarf því ekki að hugga mig við eitt eða neitt. Það er augljóst mál hvor okkar er glaðari, ég eða hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, því að hann hefur auðvitað allt á hornum sér í þessu máli eins og raunar í mörgum öðrum.

Hér er alvörumál á ferðinni og meginatriðið er það, virðulegi forseti, að ég er sannfærður um að að örfáum árum liðnum verði slík verkaskipting komin á milli þingmanna innan flokka að þessi stærð kjördæma valdi ekki nokkrum erfiðleikum. Þar eiga nákvæmlega sömu lögmál við og ég gat um áðan varðandi landið eitt kjördæmi. Auðvitað munu flokkarnir sjá til þess og gæta að því að representasjón verði nokkuð dreifð og góð um landið, representasjón af konum og körlum, fólki að vestan, austan, norðan og af suðvesturhorninu. (**HG:** Hvað ætlar bræðingurinn að fá marga í Norðausturkjördæminu?) Samfylkingin, ef hv. þm. á við hana, ætlar að fá nokkra þingmenn þar, hann getur verið algjörlega viss um það. Þá erum við ekki að tala í einum eða tveimur, heldur þremur eða fjórum, hafi hann af því veru-

legar áhyggjur. En, maður, líttu þér nær, segi ég nú við hv. þm., þegar talið berst að þessum atriðum. En það er algjört aukaatriði máls og við spyrjum auðvitað að leikslokum um það. Hér er gott mál á ferð, við skulum hafa það hugfast.

[16:07]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Það er allsérstakt að koma í ræðustól til að ræða þetta mikla mál eftir að hafa hlustað á orðaskak þeirra félaga í sambræðingnum sem svo hefur verið nefndur. Mér virðist nú á því tali sem fór áðan fram milli þeirra hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og Guðmundar Árna Stefánssonar að í þeirra huga snúist þetta mál býsna mikið um það hvort menn komist að sem þingmenn á eftir eða ekki. En það er í mínum huga aukaatriði málsins.

Ég tel, herra forseti, að til umræðu sé margslungið mál og ég vil geta þess strax í upphafi áður en lengra er haldið, að ég styð meginmarkmið frv., þó svo að forsendur mínar fyrir þeim stuðningi séu e.t.v. byggðar á öðrum atriðum en sumra annarra þingmanna sem styðja þó þetta frv. Ég ætla í máli mínu hér á eftir að fara yfir þau atriði sem ég legg til grundvallar því mati mínu að rétt sé að styðja málið og gera það vonandi í stuttu máli.

Ég vil þó segja í upphafi að ég gef ekkert fyrir þann rökstuðning sem hér hefur verið nokkuð rætt um í dag að það þurfi að jafna atkvæðisrétt á milli íbúanna eftir því hvar þeir búa. Ég hef verið kjósandi í Reykjavík býsna lengi og ég get sagt fyrir sjálfan mig að aldrei hefur það angrað mig að atkvæðavægi mitt væri eitthvað annað en þeirra sem greiða atkvæði hvort sem það er á Austurlandi eða Vestfjörðum eða annars staðar á landsbyggðinni. Ég verð að segja alveg eins og er að ég þekki fáa íbúa í þessum þéttbýliskjördæmum sem þetta angrar eða þetta liggur á sálarlífi þeirra. Það er helst að það séu þingmenn af þessu svæði sem eru að hugsa um að auka atkvæðavægið á svæðinu þannig að þeir geti betur tryggt það að þeir komist að sjálfir. Ég held að kannski sé það undirrótin að þessu tali öllu um jöfnun atkvæðisréttar.

Ef menn vilja hins vegar reyna að ná þessu með jöfnun atkvæðisréttar þá væri miklu betra í mínum huga að við gæfum mönnum bara frjálst val um hvar þeir kjósi. Menn gætu t.d. þremur, fjórum mánuðum fyrir kosningar skráð sig í því kjördæmi þar sem þeir helst vildu kjósa þar sem mönnum litist best á þau þingmannsefni sem í boði væru. Þá værum við komnir í alvörujöfnun þar sem samkeppnin réði og það eru býsna margir í þessum sal sem skreyta sig á tyllidögum með samkeppninni en þegar kemur að málum eins og þessu eru menn ekki tilbúnir að taka þátt í samkeppninni sjálfir, að taka þátt í samkeppni milli kjördæma.

Ég tel rétt að minna á það að kerfið, sem við erum með núna og er verið að tala um að leggja af, býður þó upp á jöfnun milli stjórnmálaflokka sem mér finnst mikið atriði í málinu öllu, núna er full jöfnun á milli þeirra sjónarmiða sem flokkarnir standa fyrir. Það er líka rétt að minna á varðandi jöfnun atkvæðisréttar að í Evrópusambandinu, sem margir sem sitja venjulega í þessum sal eru býsna hrifnir af, er ekki mikil jöfnun í atkvæðisrétti þegar Lúxemburg, Frakkland og Þýskaland eru allt ríki sem hafa þar sama vægi, og mér þætti fróðlegt að vita hvort margir þar á bæ fá ekki sofið sakir áhyggna af skorti á jöfnun atkvæðisréttar.

Það sem mestu máli skiptir í mínum huga varðandi stækkun kjördæmanna, ef af samþykkt þessa frv. verður, er það sem leiðir af því að stækka kjördæmin. Neikvæði hluturinn við stækkun kjördæmanna er sá að hætta er á því að persónuleg tengsl á milli þingmanns og kjósenda minnki, verði jafnvel eins og ég ímynda mér að sé hér á þéttbýlissvæðunum þar sem persónulegt samband þingmanns og kjósenda er nánast ekki neitt en mikil hætta er á því að svo verði þegar kjördæmin eru orðin mjög stór.

Sú spurning kemur upp í hugann hve stórt má kjördæmi vera svo að þingmenn komist yfir það að viðhalda því persónulega sambandi sem ég tel vera eitt aðalsmerki landsbyggðakjördæmanna. En það ber líka að hafa í huga að möguleikar þingmanna úr fámennum kjördæmum til að hafa áhrif í dag fara mjög minnkandi. E.t.v. má ekki segja það upphátt en ég tel að það sé staðreynd að þingmenn úr fámennari kjördæmunum hafi í dag mun minni möguleika til þess að hafa áhrif á landstjórnina en þingmenn sem koma úr þéttbýlissvæðum þar sem mikill kjósendafjöldi er á bak við. Ég tel hættu á því ef þetta heldur svona áfram að þá séu líkur á því að rödd dreifbýlisins hafi æ minni áhrif í þingsölum Alþingis.

Í mínum huga er veigamesta réttlætingin fyrir samþykkt þessa frv. sú að stækka áhrifasvæði landsbyggðarþingmanna og koma þannig aftur á auknum slagkrafti þeirra þingmanna sem tala fyrir munn þeirra sem búa á landsbyggðinni. Sem þingmaður Vestfjarða tel ég mjög jákvætt að áhrifasvæðið stækkar, séð frá sjónarhóli þingmanns Vestfjarða stækkar áhrifasvæði okkar bæði til suðurs og austurs. Ég tel að það sé líka mjög af hinu góða að fjölga þingmönnum sem þurfa að taka tillit til þeirra hagsmuna sem íbúar Vestfjarða hafa og eru að sumu leyti aðrir en hagsmunir þeirra sem búa í þéttbýlinu.

Ég tel einnig mjög af hinu góða að þingmannahópar verði af svipaðri stærð. Eins og þetta er núna, þar sem mjög stórir þingmannahópar eru úr Reykjavík og Reykjanesi en fámennir af Austurlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Vesturlandi, er þetta mjög óæskilegt. Við vitum að það er hægt á Alþingi að halda þannig á málum að etja þingmannahópum einstakra kjördæma saman þannig að landsbyggðarþingmenn nái ekki vopnum sínum og þess vegna tel ég að það væri betra að þingmannahóparnir verði af svipaðri stærð.

Mér er alveg ljóst að ekki munu allir þingmenn lifa af þá breytingu sem hér er boðuð. Einkahagsmunir og músarholusjónarmið mega hins vegar ekki verða ráðandi þegar menn taka afstöðu til þessa máls. Það hvort menn sjái líkur á að þeir nái, eins og ég kalla það, að lifa af þær kosningar sem fram fara eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt tvisvar á Alþingi má ekki ráða afstöðu manna, eins og ég því miður óttast að sé í sumum tilvikum. Framþróun verður auðvitað að vera í kjördæmamálum eins og annars staðar í þjóðfélaginu, og það er staðreynd að allar heildir eru að stækka og síst vanþörf á þegar við búum í þjóðfélagi sem er jafnlítið og það íslenska.

Mér er hins vegar vel ljóst að ótti er víða úti í hinum dreifðu byggðum við þá breytingu sem hér er boðuð. Ástæðan er vafalítið sú að fjölmargir þingmenn, bæði nú en einkum þó fyrr á árum, hafa alið á því að þeir eigi að vera með puttana í öllum málum í kjördæminu, nauðsynlegt sé að þeir skipti sér af atvinnulífi í kjördæminu og fleiri málum. Í mínum huga eru þingmenn fyrst og fremst kosnir í kjördæmunum í þeim tilgangi að bera inn á löggjafarsamkunduna þau mismunandi sjónarmið til mála sem búseta óneitanlega hefur á afstöðu manna til þess hvernig þeir sjá þau mál sem

eru til umfjöllunar á Alþingi. Þessu þurfa þeir sem á landsbyggðinni búa að gera sér grein fyrir. Það er fyrst og fremst hlutverk þingmanna að vera löggjafarsamkunda en ekki að skipta sér af atvinnulífinu í þeim mæli sem sumir hafa gert á undanförnum árum og ég tel ekki vera af hinu góða.

Við verðum jafnframt því sem við samþykkjum þetta frv., sem ég reikna með að gerist, að ná saman um að standa vörð um jafnræði milli landshluta en á það skortir mikið að svo sé í dag. Hér hefur verið rætt um að ekki megi blanda saman byggðamálum og samþykkt þessa frv. Í mínum huga er í rauninni engin önnur réttlæting fyrir því að fara í þessa breytingu en sú að menn séu þar með að stækka heildir til að auka það sem ég kalla slagkraft landsbyggðarinnar, gera landsbyggðarkjördæmin stærri og sterkari til að koma sínum *sjónarmiðum fram hér á hinu háa Alþingi.*

Þá tel ég að við séum komin að kjarna málsins sem er að með jöfnun á fjölda þingmanna í kjördæmunum stóraukast möguleikarnir til að tryggja aukinn jöfnuð á aðstöðu fólks til að njóta opinberrar þjónustu. Eins og þetta er í dag er býsna mikill munur á aðstöðu íbúa landsbyggðarinnar t.d. til samgangna eða til að hafa samband við opinberar stofnanir, njóta þeirrar þjónustu sem þar er boðin, og svo þeirra íbúa sem búa í þéttbýlinu. Hér hefur verið boðað að samhliða þessu frv. verði gert átak í byggðamálum og það er ein af forsendum þess að ég hef ákveðið að styðja þetta mál að það átak nái jafnframt fram að ganga.

Varðandi einstaka þætti frv. langar mig að nefna nokkur atriði. Ég tel að tilkoma þriggja landsbyggðarkjördæma sem öll hafa sterkan snertiflöt við þéttbýli muni draga úr þeirri vaxandi togstreitu sem mér finnst vera að myndast milli þéttbýlis og dreifbýlis. Við vitum að tvö þessara landsbyggðarkjördæma liggja að þéttbýlissvæðinu á suðvesturhorni landsins og eitt þeirra hefur þéttbýlissvæðið í kringum Eyjafjörð inni í kjördæminu og ég held að þetta muni verða til þess að minnka þá togstreitu sem mér finnst núna vera að aukast milli þessara svæða.

Ég er hins vegar á móti því ákvæði í 2. gr. að unnt sé að færa þingsæti milli kjördæma og mun ekki að óbreyttu greiða því ákvæði atkvæði mitt. Mér finnst að menn séu núna að ná ákveðinni sátt um þetta mál, þ.e. breytta kjördæmaskipan, og ef sú sátt á að halda þarf það kerfi sem við byrjum með að gilda í allnokkurn tíma. Mér finnst ekkert fráleitt að að gefa sér það, ef menn ætla að breyta kjördæmaskipaninni, að það gildi í a.m.k. 20 ár. Ég óttast mjög að ef byrjað er að hræra í þessu eftir tvö eða þrjú ár sé sú sátt sem hugsanlega er að nást núna í þessu máli farin fyrir lítið.

Hvað Norðvesturkjördæmið varðar, þ.e. Vesturland, Vestfirði og Norðurland vestra þá er ljóst að það kjördæmi stendur hvað veikast hvað íbúaþróun varðar, og því hefði ég talið eðlilegt og mig langar að beina því sérstaklega til forsrh. að það verði skoðað að gera þá breytingu að Mosfellsbær og Kjósarhreppur verði færðir yfir í Norðvesturkjördæmið, verði teknir úr Suðvesturkjördæminu. Í frv. kemur fram að kjósendafjöldi í Suðvesturkjördæminu er rúmlega 40 þús. manns á móti 21.500 í Norðvesturkjördæminu. Ég held það væri mjög til að styrkja Norðvesturkjördæmið ef Mosfellsbær og Kjósarhreppur færðust þar yfir og snertiflötur Norðvesturkjördæmisins lægi beint upp að Reykjavík með þeim hætti.

Ég er einnig mjög hugsi yfir því af hverju Seltjarnarneskaupstaður er hafður í Suðvesturkjördæminu þegar beint virðist liggja við að hafa þennan svefnbæ Reykjavíkur í Reykjavíkurkjördæmi vestur. Mig langar einnig að spyrja um afstöðu forsrh. til þessa máls, af hverju Seltjarnarneskaupstaður er ekki hafður í Reykjavíkurkjördæmi vestur. Aðrar eins breytingar eru menn nú að gera eins og þessar og mér finnst mjög óeðlilegt að vera með þessa eyju þarna, þetta nes sem er eins og eyja vestan við Reykjavíkurkjördæmið.

Mér finnst það gott ákvæði að lágmarksfylgi þurfi á landsvísu til að fá úthlutað jöfnunarsæti. Ég tel hins vegar að það sé spurning um hvort ekki eigi að útvíkka þetta þannig að settur sé upp þröskuldur í kjördæmunum einnig, þannig að komið sé í veg fyrir það sem ég vil kalla sprengiframboð sem oftast eiga rætur sínar að rekja til persónulegrar óánægju og vonbrigða einstakra manna frekar en að um sé að ræða eitthvað sem eigi skylt við lýðræði eða lýðræðisþróun. Ég hefði *því stutt það að settur væri upp þröskuldur í kjördæmunum* þannig að ákveðið lágmarksfylgi þyrfti í hverju kjördæmi til að koma manni að. Þeir sem hér hafa starfað gera sér flestir grein fyrir því að einn maður sem kosinn er í einhverju kjördæmi kemur engu fram, hann hefur engin áhrif á Alþingi. Þetta er starf sem gerist í hópvinnu. Það er því í rauninni sóun á þeim takmarkaða fjölda, þessum 63 þingsætum, að vera að bjóða upp á að einstök sprengiframboð geti komið inn mönnum af því að ekki sé þröskuldur í kjördæmunum.

Að lokum langar mig að víkja að stjórnmálalífi og starfi stjórnmálaflokka í stækkuðum kjördæmum ef af samþykkt þessa frv. verður. Ég held að mikil breyting og mikil uppstokkun muni eiga sér stað í hinu pólitíska starfi í kjördæmunum. Það liggur alveg ljóst fyrir að þeir flokkar, sem hafa starfað flestir hverjir í áratugi, hafa byggt upp sitt skipulag miðað við þau kjördæmi eins og þau eru núna og reyndar frá þeirri kjördæmaskipan sem gilti fyrir það kerfi sem við nú búum við. Ég óttast að þegar við förum að breyta þessari kjördæmaskipan geti komist það mikið rót á að starf grasrótarinnar í stjórnmálahreyfingunni, sem ég tel vera grundvöll fyrir því að lýðræði fái staðist, verði jafnvel í hættu. Við megum ekki undir nokkrum kringumstæðum taka þá áhættu að stækkun kjördæmanna, sem ég styð eins og ég hef áður sagt, leiði til þess að starf grasrótarinnar í stjórnmálastarfinu minnki. Þess vegna finnst mér það mjög góð hugmynd og reyndar nauðsynleg að ríkisvaldið aðstoði þingmenn við að halda uppi flokksstarfi í kjördæmunum. Í mínum huga skipta nokkrir tugir milljóna í kostnað ekki nokkru máli í þessu sambandi þegar við erum að tala um sjálfa stoðina undir stjórnmálastarfi og lýðræðinu í landinu. Ég styð það eindregið að jafnhliða því að menn vonandi samþykkja þetta frv. verði gert átak í að hjálpa þingmönnum og flokkunum að byggja upp starf sitt í þessum þremur landsbyggðarkjördæmum. Ég held það sé minna vandamál hér á þéttbýlissvæðinu, í Reykjavíkurkjördæmunum og Suðvesturkjördæminu. Þar eru sjálf flokksapparötin og þar eru höfuðstöðvar flokkanna. Það er því minna vandamál.

Herra forseti. Ég ítreka stuðning minn við frv. og vona að það nái fram að ganga í góðri sátt sem flestra. Ég minni á að ég styð ekki það ákvæði 2. gr. sem gerir kleift að taka upp þessa núverandi skipan á þingmannafjölda ef breyting verður á íbúafjöldanum því ég tel, eins og ég sagði áðan, að sátt þurfi að ríkja um þetta mál og sú sátt verður ekki ef byrjað verður að rótast með þær forsendur sem menn leggja til grundvallar í dag innan tiltölulega fárra ára.

Herra forseti. Ég vona að sem flestir, sem hér taka til máls, lýsi yfir stuðningi við málið þannig að fyrir slit þings í vor liggi fyrir að þetta sé sú leið sem við ætlum að fara.

Ég hefði síðan talið rétt að menn samþykktu þetta sem fyrst eftir að nýtt þing kemur saman þannig að menn fari fljótlega að starfa á grundvelli nýrrar kjördæmaskipanar því mér er það alveg ljóst að um leið og búið er að samþykkja þetta frv. í fyrsta skipti á Alþingi, þá fara þingmenn í reynd að horfa til hinnar nýju skipanar og þeir fara að starfa í hinum nýju, stóru kjördæmum og því sé rétt að hafa þá skipan bara klára strax og samþykkja frv. að nýju innan nokkurra mánaða frá því alþingiskosningar fara fram í vor.

[16:27]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frv. að þessu sinni en það er nauðsynlegt að alþingismenn allir eða sem flestir geri grein fyrir afstöðu sinni á þessu stigi málsins. Fram hefur komið að mjög mikil vinna hefur verið lögð í þetta mál og reynt að finna málamiðlun sem meiri hluti Alþingis getur sætt sig við. Ég geri mér fyllilega grein fyrir þessu og þótt ég telji frv. engan veginn alvont hef ég efasemdir um að það eigi eftir að verða að veruleika. Það er ekki nóg með að það þing sem nú situr þurfi að samþykkja þessar lagabreytingar, heldur þarf málið að koma aftur fyrir Alþingi á næsta þingi þar sem um er að ræða breytingu á stjórnarskrá landsins. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að þegar allt kemur til alls séum við með tímaskekkju í höndunum. Sjálfur hef ég verið hlynntur því að hafa í landinu mörg kjördæmi og ekki hefur svokallað misvægi atkvæða raskað minni hugarró fremur en það hafi valdið mér hugarangri að Íslendingar hafa haft sama vægi og fjölmennari þjóðir, jafnvel milljónaþjóðir í erlendu samstarfi. Mér finnst röksemdir þeirra alþingismanna vega þungt sem benda á annars konar misvægi sem fólk, er býr fjarri höfuðstaðnum og stjórnsetrinu sem þar er, þarf að búa við.

Hins vegar er því ekki að leyna að í landinu er mikill þrýstingur á að jafna kosningarréttinn þannig að þingmenn hafi svipaðan fjölda atkvæða á bak við sig og ég er kominn á þá skoðun að það sé rétt að íhuga að stíga þá skrefið til fulls og gera landið að einu kjördæmi. En forsenda þess að slíkt yrði gert er að mínum dómi sú að gerðar yrðu róttækar breytingar aðrar í stjórnskipan og stjórnsýslu sem færðu fjárveitingar og ákvarðanatöku alla nær þeim sem búa á landsbyggðinni. Þetta er samtengt og óaðskiljanlegt að mínum dómi.

Ástæðan fyrir því að ég hef komist að þessari niðurstöðu er sú að það er mjög líklegt að farið verði út á þá braut að stækka kjördæmi og þá tapast ávinningurinn sem smá kjördæmi færa okkur, nefnilega sá að tiltekinn hópur alþingismanna hafi tök á að sinna vissum svæðum landsins, Vestfjörðum, Austurlandi, Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra o.s.frv. Sá ávinningur sem við höfum af hinu smáa kjördæmi tapast. En annað er að gerast samhliða þessari þróun og það er sú staðreynd að á undanförnum árum hefur verið að færast í vöxt að þingmenn Reykjavíkur líti á sig sem þingmenn og fulltrúa Reykjavíkur. Þetta var ekki í eins ríkum mæli fyrr á tíð. Þingmenn Reykjavíkur litu held ég allflestir á sig sem þingmenn þjóðarinnar allrar.

Mér finnst þetta ekki vera góð þróun. Mér finnst ákveðin rök fyrir því að þeir hlutar landsins sem eru sannarlega afskiptir hvað varðar tengslin við stjórnsýsluna hafi aukið vægi og meira vægi en þéttbýlissvæðin. En ef þessari röksemd er svipt brott þá finnst mér að það þurfi að íhuga málin í alveg nýju ljósi. Og það er af þessum sökum sem ég hef komist að þeirri niðurstöðu að við eigum að skoða málin alveg upp á nýtt og mun róttækar en hér er gert.

Tvö efnisatriði vil ég nefna og vekja máls á. Eitt lýtur að Reykjavíkurkjördæmi. Mér finnst algerlega óásættanlegt að skipta Reykjavík upp í tvö kjördæmi. Ég tók eftir því að ég er engan veginn einn á báti með þessa skoðun. Þótt ekki kæmi fram afdráttarlaus afstaða hjá hæstv. forsrh. þá skildi ég það á hans máli að það bæri að íhuga rækilega röksemdirnar eða rökleysuna, svo ég noti mín eigin orð, sem hér kann að búa að baki, og ég vona að það verði gert þegar málin verða skoðuð til hlítar.

Ég vil vekja athygli á öðru. Mönnum verður tíðrætt hér um jöfnun atkvæðisréttar, um að jafna atkvæðisréttinn, um að hvert og eitt atkvæði vegi jafnþungt. En á sama tíma og menn segja þetta ætla þeir að taka tæplega 10 þúsund atkvæði, 10 þúsund kjósendur og gera þá algerlega áhrifalausa vegna þess að menn eru að setja skorður upp á 5%. Flokkar þar fyrir neðan, jafnvel þótt þeir komi rétt upp undir 5% markið, eiga engin áhrif að hafa, ekki að fá nokkurn mann kjörinn. Þar eru 10 þúsund kjósendur settir algerlega til hliðar og þeim ýtt út á kaldan klaka. Sömu menn og segja þetta tala um að jafna atkvæðisrétt. Hvers konar rökleysa er þetta?

Ég vil því beina því til þeirrar hv. nefndar sem kemur til með að skoða þessi mál að íhuga þetta tvennt sérstaklega. Skipting Reykjavíkur byggir ekki á neinum rökum. Þetta er eitt stjórnsýslusvæði, ef menn vilja horfa til þess, og engin rök eru fyrir því að skipta borginni upp í tvær einingar. Og einnig vil ég vekja athygli á því að þröskuldur upp á 5% sviptir í reynd 10 þúsund manns í landinu möguleika á að hafa áhrif inn á Alþingi.

[16:36]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það hjá hv. þm. að rétt er að vekja athygli á því að ekki ganga allar tillögur flutningsmanna í þá átt sem markmiðið er sagt vera og vafalaust er í fullri einlægni. Tillagan um að taka upp nýja hindrun fyrir því að fá þingmann kjörinn, sem er 5% lágmarksfylgi yfir landið allt, er auðvitað tillaga um að auka misvægi milli þeirra sem kjósa framboð sem fá fylgi minna en 5% og þeirra sem kjósa framboð sem fá fylgi upp á meira en 5%. Þarna er því gengið til öfugrar áttar miðað við markmið frv.

Það kemur líka fram í fylgiskjali með frv. að gert er ráð fyrir annarri breytingu sem líka gengur í öfuga átt, þ.e. að veita þeim kjósendum sem breyta framboðslistum meira atkvæðavægi en þeim kjósendum sem ekki breyta listunum. Það er gert til þess að auðveldara sé að breyta listum. Setjum sem svo að listi fá 1.000 atkvæði. 200 þeirra kjósa að strika út efsta mann listans. Það þýðir að efsti maður listans fær 800 atkvæði en annar maður listans fær 200 atkvæði í fyrsta sæti, eða fjórum sinnum minna. Engu að síður er niðurstaðan samkvæmt tillögu þeirra sem leggja þetta mál fram að þessir 200 hafi meira atkvæðavægi en hinir 800. Með öðrum orðum að atkvæðavægi þeirra sé a.m.k. fjórum sinnum meira en hinna sem kjósa listann óbreyttan.

[16:38]

Útbýting þingskjala:

Fjarnám og fjarkennsla, 268. mál, fsp. MS, þskj. 306.

Lausafjárkaup, 227. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 254.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum og stóriðju, 267. mál, fsp. HjÁ, þskj. 305.

Vegtenging frá Stafnesi til Hafna, Ósabotnavegur, 269. mál, fsp. HjÁ, þskj. 307.

[16:38]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar, frv. til stjórnarskipunarlaga, veldur mér vissulega töluverðum áhyggjum. Niðurstaða sú sem birtist í þessu lagafrv. ber með sér að þar er um að ræða mikla málamiðlun, málamiðlun allra stjórnmálaflokkanna í landinu. Einhverjum gæti vissulega dottið í hug að slík málamiðlun kynni vart góðri lukku að stýra eða að út úr henni kæmi niðurstaða sem mikil ánægja ríkti um. En hvað um það. Hér liggur fyrir frv. sem formenn allra stjórnmálaflokkanna flytja og þess vegna er mikilvægt að fjalla vandlega um frv. svo að hér geti farið fram rækileg umræða.

Það vekur athygli mína að einungis þrír af flutningsmönnum þessa frv. til stjórnarskipunarlaga hafa tjáð sig í umræðunni og sakna ég þess satt að segja að hafa ekki fengið tækifæri til þess að heyra afstöðu allra flutningsmanna frv. áður en ég tók til máls. Það eru stórpólitísk tíðindi þegar formenn allra stjórnmálaflokka flytja frv. saman og það hefði verið ástæða til þess að reikna með því að þeir skýrðu afstöðu sína rækilega strax við upphaf þessarar umræðu.

Formaður Alþfl. talaði í umræðunni og sú ræða vakti nokkra athygli mína og reyndar annarra einnig, eins og kom fram í andsvörum við ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, þegar hann lét þess getið að þrátt fyrir þessa niðurstöðu þá legði hann áherslu á það að stefna að niðurstöðu sem fæli í sér að landið yrði gert allt að einu kjördæmi. Og hv. 9. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson sem átti sæti í nefndinni sem vann að þessu, hefur gefið þær yfirlýsingar að þetta væri einungis skref, fyrsti áfangi á þeirri leið að gera landið allt að einu kjördæmi. Það er því á margt að líta þegar *hugleitt er hvernig við eigum að taka á þessu* frv. og hver hugur fylgir máli hjá þeim sem flytja það.

Þær breytingar sem hér eru ræddar eru byggðar á tillögum nefndar sem hefur unnið mjög merkilegt starf að mínu viti og það hefur verið talað mjög mikið og rækilega um það að þessi nefnd hafi unnið vel, að góður andi hafi ríkt innan nefndarinnar, eins og hér hefur komið fram í umræðum, og að þetta sé merkileg sameiginleg, samhljóða niðurstaða. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki mjög hrifinn af þeim lýsingum. Ég hefði talið það miklu affarasælla fyrir niðurstöðu málsins að innan nefndarinnar færu fram umræður, að tekist væri á um sjónarmið en niðurstöðu náð þannig að við gætum sagt með sanni að ekki hefði aðeins ein rödd heyrst í þeim sölum þar sem fundað var og niðurstaða fengin. Mig grunar og mér finnst það mál sem hér er til umræðu bera það allt of mikið með sér að of lík sjónarmið hafi komið fram hjá nefndarmönnum sem unnu að þessu máli. (**Gripið fram í:** Það var valið í nefndina.)

Megindrifkraftur þeirra breytinga sem boðaðar eru í frv. er annars vegar krafan — og ég undirstrika það — héðan af höfuðborgarsvæðinu um fjölgun þingmanna á þessu svæði til þess að vinna að hagsmunamálum höfuðborgarsvæðisins. Þetta er annar megindrifkrafturinn sem stendur að baki þessum breytingum. Hinn drifkrafturinn er svo krafan, eins og ég nefndi áðan, um að landið verði allt eitt kjördæmi.

Ef við lítum nú aðeins á þessi grundvallaratriði, þessi meginsjónarmið sem liggja að baki breytingunum sem nefndin lagði til og formenn stjórnmálaflokkanna hafa lagt upp með sem grunn sinnar tillögu, þá verð ég að segja alveg eins og er að ég held að landið sem heild þurfi á ýmsu öðru fremur að halda en því að fjölga þeirri sveit sem vinnur að því daglega að hlúa að hagsmunum höfuðborgarsvæðisins.

Og hvað varðar það að gera landið allt að einu kjördæmi þá tel ég að það væri afskaplega óskynsamleg niðurstaða vegna þess að sú hætta felst í því fyrirkomulagi að miðstýring yrði mikil hvað varðaði framboð á vegum flokkanna, að mikil miðstýringarárátta yrði þar að baki annars vegar, og svo hins vegar það að litlar líkur væru á því að þeir þingmenn sem þannig yrðu *valdir teldu sig* þurfa *miklum skyldum* að gegna langt frá þinghúsinu. Þetta hafa aðrir þingmenn rætt hér þannig að ég ætla ekki að eyða meiri tíma í það.

Aðrar forsendur fyrir breytingunum en þessir tveir meginkraftar sem ég tel að hafi legið að baki og koma fram í áliti nefndarinnar eru að mínu mati fjarri því að vera mikils háttar eins og það atriði að það beri að einfalda kerfið eða að nauðsynlegt sé að fjöldi þingsæta í kjördæmum verði sem jafnastur, enda liggur það fyrir að í 1. gr. frv., og mun ég koma betur að því á eftir, er strax gengið gegn þessu sjónarmiði, þ.e. að stefna skuli að sem jöfnustum fjölda þingmanna í kjördæmum. Í 1. gr. frv. um stjórnarskipunarlögin segir að þingmenn skuli vera 63 en fimm kjördæmakjörnir í hverju kjördæmi og sú hætta er fyrir hendi að innan tíðar verði einungis fimm þingmenn í fámennustu kjördæmunum. Hvað verða þá margir í öðrum og hversu mikill ójöfnuður verður þá á milli fjölda þingmanna í kjördæmum?

Breytingar á kjördæmaskipuninni eru auðvitað nátengdar því viðfangsefni að skipa málum stjórnsýslunnar þannig að hún gagnist landsmönnum sem best og að skipulagið sé þannig úr garði gert að þingmenn geti unnið að hagsmunamálum kjördæmanna. Í þessu samhengi verða menn að muna að þrátt fyrir aðskilnað löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins er með kosningum til Alþingis verið að kjósa framkvæmdarvaldið óbeint, það vald sem situr í höfuðborginni og eðlilega deilir og drottnar í skjóli þingsins. Aðgangurinn að framkvæmdarvaldinu er því mikilvægur hluti þess þegar rætt er um starf þingmanna og fjölda þeirra í einstökum kjördæmum.

Í nágrannalöndum okkar, svo sem í Noregi, er það viðurkennt að sami fjöldi þingmanna geti ekki verið í öllum kjördæmum þrátt fyrir mismunandi fjölda íbúa. Í áliti nefndarinnar vantar að mínu mati allan rökstuðning fyrir því að ekki skuli gengið til enda í svokallaðri jöfnun atkvæðisréttar. Ég tel að þar sem íbúar höfuðborgarsvæðisins eigi rétt á að heyra rækilegan rökstuðning fyrir því að það skuli vera munur þá þurfi íbúar landsbyggðarinnar einnig að heyra þann rökstuðning.

Að mínu mati er allra mikilvægast þegar verið er að skipuleggja það kerfi sem notað er til að velja þingmenn og skipuleggja kjördæmin að sjá til þess að fjöldi þingmannanna endurspegli fylgi flokkanna. Þetta er að mínu mati algert grundvallaratriði, þ.e. að fylgi flokkanna og þau sjónarmið sem þeir standa fyrir endurspeglist rétt í þinginu.

Þegar við reynum að gera okkur grein fyrir því hvað réttlæti þá skipan að hafa mismunandi marga þingmenn í kjördæmum og þar af leiðandi nokkurt misvægi er í mínum huga aðalatriði að menn átti sig á því hvert verkefni þingmanna sé. Ef við stillum málinu þannig upp að við séum að ráða menn til starfa — það má líkja því við það að ráða áhafnir á skip — þá hljótum við að hafa fjöldann í samræmi við þau verkefni sem við teljum að þurfi að vinna. Það eru mismunandi verkefni sem þarf að vinna í kjördæmunum. Það eru annars konar viðfangsefni og tímafrekari verkefni

sem þarf að vinna í kjördæmum sem eru mjög landstór og hafa margar samfélagseiningar, margar byggðir sem þarf að vinna fyrir en í þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu. Þetta tel ég að sé meginrökstuðningurinn og meginástæðan fyrir því að okkur finnst eðlilegt að mismunur sé þarna á milli og að það komi fram í mismunandi atkvæðavægi. Ég lít svo á að við getum ekki ýtt þessu til hliðar vegna þess að þetta er aðalatriði málsins, þ.e. hvert er viðfangsefnið sem þingmönnum er ætlað.

Ég hef leyft mér að gagnrýna þessar tillögur nokkuð og það frv. sem hér hefur komið fram frá formönnum stjórnmálaflokkanna. Auðvitað þarf að ná pólitískri lendingu í þessum málum eins og öllum öðrum, en ég tel að í meðförum þingsins þurfi að líta á alveg sérstaka þætti í frv. Í 1. gr. frv. til stjórnarskipunarlaga segir í 3. mgr., með leyfi forseta:

„Í hverju kjördæmi skulu vera minnst fimm kjördæmissæti sem úthluta skal á grundvelli kosningaúrslita í kjördæminu. Fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi skal að öðru leyti ákveðinn í lögum, sbr. þó 5. mgr.“

Það sem hér er verið að segja er að sú breyting er lögð til á stjórnarskránni að fastsetja skuli þennan lágmarksfjölda, fimm þingmenn í hverju kjördæmi, en síðan megi breyta og bæta við, fjölga og fækka niður að þessum mörkum með löggjöf, með kosningalögum, þannig að við getum átt það á hættu að innan tíðar og fyrirvaralítið verði gengið til þess verks að jafna algerlega út hið svokallaða atkvæðavægi enda segir í athugasemdum við einstakar greinar frv. um 1. gr., með leyfi forseta:

„Í 5. mgr. er komið að því nýmæli sem ætlað er að koma í veg fyrir að misvægi atkvæða fari fram úr 1:2 ...“

Út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga. Ég tel eðlilegt að hafa þarna viss mörk, en síðan segir, með leyfi forseta:

„Þar er lagt til að tekin verði upp sú regla að landskjörstjórn skuli breyta fjölda þingsæta í kjördæmum ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, verða eftir alþingiskosningar orðnir helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi. Jafnframt er heimilað að útfæra þessa reglu nánar í lögum og er tillaga um það gerð í 4. gr. fylgiskjals I. Tekið skal fram að hér er einungis gerð tillaga um hámark atkvæðamisvægis á milli einstakra kjördæma. Þar með er ekkert því til fyrirstöðu að dregið verði enn frekar úr atkvæðamisvæginu í kosningalögum, innan þeirra marka sem 2. og 3. mgr. þessarar greinar setja.“

Ég tel að hér sé verið að leggja til mjög mikið grundvallaratriði, þ.e. að hægt verður með lögum, sem þarf reyndar að afgreiða hér með $^2/_3$ hluta atkvæða, að jafna algerlega út, niður að þeim mörkum að fimm þingmenn verði í hverju kjördæmi. Ég er ekki að segja að það standi til eins og nú háttar í þinginu sem betur fer. En með því að gera þessa breytingu á stjórnarskránni er verið að gera það auðveldara að ná því markmiði sem við heyrum m.a. frá fulltrúum Alþfl. í umræðunni að stefnt er að, þ.e. að jafna eigi algerlega þennan svokallaða mun á atkvæðavæginu. Og það þýðir á mannamáli að verið er að fækka þingmönnum, t.d. í því Norðvesturkjördæmi sem gerð er tillaga um að tíu þingmenn verði í, úr tíu niður í sjö í einu vetfangi og ef íbúaþróun verður mjög óhagstæð sjáum við hvað getur gerst. Það er verið að ryðja burtu öllum þeim þröskuldum sem þarna eru til staðar og eru til staðar núna.

Þetta vildi ég, herra forseti, gera að sérstöku umræðuefni og vekja athygli á þessu vegna þess að ég tel að þegar við breytum stjórnarskránni þá sé það mjög alvarleg aðgerð og ef sú hætta vofir yfir að sú breyting skapi losaralegri framkvæmd á kjördæmamálum og kosningalögum þá hef ég verulega miklar áhyggjur.

Ég vænti þess, herra forseti, að frv. fái rækilega skoðun í þeirri sérnefnd sem hefur verið skipuð og vænti þess að þar megi ná einhverri niðurstöðu sem menn geta sæst betur á en það frv. sem hér er til umfjöllunar.

[16:57]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kýs að ræða það frv. sem hér liggur fyrir út frá því sjónarmiði hvort landsbyggðin beri skarðan hlut frá borði ef það verður samþykkt. Inntakið í tillögum þeirrar nefndar sem undirbjó frv. var að jafna atkvæðisrétt landsmanna. Mesta misvægi, eins og hefur komið fram, er 1:3,55 en tillagan gerir ráð fyrir að misvægið verði 1:1,5–1,8. Þetta hefur okkur verið tjáð að hafi verið pólitísk ákvörðun sem nefndin fékk í veganesti í sínum störfum. Mér er ekki kunnugt um hvar þessi ákvörðun hefur verið tekin en hins vegar hefur ekki verið deilt um þetta markmið og nokkuð breið þverpólitísk samstaða virðist um að jafna atkvæðavægið. Hvað okkur framsóknarmenn snertir þá erum við með samþykkt flokksþings að baki okkur sem segir að endurskoða skuli kosningalöggjöfina með það fyrir augum að hún verði einfaldari og vægi atkvæða skuli jafnað.

Tilgangur með starfi nefndarinnar var því að fækka kjörnum þingmönnum af landsbyggðinni og flytja þá til þéttbýlisins. Það eru afleiðingar af þessari jöfnun. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að með því að fækka kjörnum fulltrúum ákveðinna svæða á landsbyggðinni og fjölga þeim á höfuðborgarsvæðinu og nágrenninu þá minnka bein áhrif landsbyggðarinnar sem hún hefur haft í gegnum þessa fulltrúa. Hitt er endalaust álitamál hvers virði þessi tengsl hafa verið og áhrif kjörinna þingmanna landsbyggðarinnar hafa áreiðanlega verið misjöfn. Ég er þó þeirrar skoðunar að þau hafi verið veruleg og þau hafa ekki síst verið í því fólgin að halda málefnum hinna ýmsu byggðarlaga, fjölmennra og fámennra, í umræðunni og þrýsta á um afgreiðslu þeirra. Allir þekkja ádeilur á þingmenn landsbyggðarinnar fyrir þetta og oft hafa þeir verið uppnefndir kjördæmapotarar fyrir þessa iðju sína.

Hins vegar sjást mörg merki þess að eðli þingmannsstarfsins í Reykjavík svo ekki sé talað um á Reykjanesi, sé að breytast. Þess sjást fleiri merki en áður að Reykjavíkurþingmennirnir láti dæmigerð kjördæmamál til sín taka svo sem samgöngumál að hafnamálum undanskildum. Þarna á ég t.d. við fjárframlög til vegamála, uppbyggingu umferðaræða í borginni og uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar. Ljóst er að á þessu svæði hafa kröfurnar á seinni árum vaxið um að ríkisvaldið standi sig í sameiginlegum verkefnum ríkis og sveitarfélaga. Ég held að þessi tilhneiging muni aukast með tillögu nefndarinnar, ef það gengur eftir að Reykjavík verði skipt í tvö kjördæmi og Reykjanesi verði einnig skipt upp. Kjördæmavitundin mun aukast með fækkun í stóru kjördæmunum um leið og landsbyggðarkjördæmin verða stækkuð og persónuleg samskipti og aðstaða þingmanna þar til að heimsækja öll byggðarlög, stór og smá, verður verri.

Ég hygg að vitund Reykjavíkurþingmannanna um baklandið muni verða meiri og málefni sem liggja nærri fólkinu verði ofar á baugi, rétt eins og úti á landsbyggðinni. Út

frá þessari forsendu hygg ég að landsbyggðin muni bera skarðan hlut frá borði verði þessar tillögur samþykktar og ekkert annað að gert. Áhrif þéttbýlisins munu aukast um leið og þau minnka í dreifbýlinu og hin stóru samliggjandi kjördæmi hér á litlu svæði, með sameiginlega hagsmuni á ótal mörgum sviðum, hafa meiri hluta á Alþingi. Landsbyggðin hafði reyndar meiri hluta áður og ég er ekki svo hræddur um að þessum meiri hluta verði beitt, það er ekki ástæða efasemda minna. Ég minnist þess ekki að landsbyggðarþingmenn hafi staðið saman gegn höfuðborgarsvæðinu. Skipting í stjórn og stjórnarandstöðu og skipting þingmanna í flokka er hér höfuðástæðan en einnig eru hagsmunir landsbyggðarkjördæmanna ólíkir á ýmsum sviðum. Styrkur landsbyggðarinnar hefur fyrst og fremst legið í auðveldum og beinum persónulegum tengslum við þingmenn ef kjósendur þar hafa viljað hafa það svo. Það liggur í augum uppi að með færri þingmönnum minnka þessi tengsl. Ég er því þeirrar skoðunar að ef þetta frv. verður samþykkt og engar aðrar aðgerðir — handfastar aðgerðir — fylgi, muni þar halla á landsbyggðina.

Hvað er til ráða til að mæta þessu? Samþykkt hefur verið að leggja þetta frv. fram á Alþingi. Um það er nokkuð breið samstaða. Ég er í hópi þeirra sem samþykkt hafa að leggja frv. fram til vinnslu hér á Alþingi af ástæðum sem ég kem að örlítið síðar.

Rætt hefur verið um hliðarráðstafanir til styrktar landsbyggðinni og nefnd verið skipuð til að ræða þessar ráðstafanir. Nefndin hefur haldið fundi, tvo eða þrjá eftir því sem ég veit best. Ég vil leggja mikla áherslu á starf nefndarinnar og ekki vil ég síður leggja áherslu á að farið verði eftir tillögum hennar. Það er ekkert nýtt að hér séu skipaðar nefndir til að fjalla um vandamál landsbyggðarinnar. Um það hafa verið uppi fögur fyrirheit sem hafa verið rædd og lagðar fram þáltill. með þessum fögru fyrirheitum. Nú í vikunni voru maraþonumræður um eina slíka tillögu. Ég vona að með starfi þessarar nefndar verði þau þáttaskil að aldrei þessu vant verði farið eftir tillögum nefndarinnar og þær framkvæmdar. Ég vil trúa því og hef verið bjartsýnn á að það verði gert.

Hér hafa margir nefnt húshitunarkostnað, námskostnað, jöfnun aðstöðu milli borgar og landsbyggðar og ég tek undir hvert orð í því sambandi. Ég er ekkert svo bjartsýnn á að það dugi til að snúa þróuninni við. Ég tel að færa þurfi eitthvað af raunverulegum völdum í stjórnkerfinu út á landsbyggðina. Höfuðborgarsvæðið hér er hlutfallslega stærra en í nokkru nágrannalandi okkar. Menn eiga ekki við sömu vandamál að stríða um vægi atkvæða í nágrannalöndunum vegna þess að byggðin er miklu dreifðari og meira jafnræði með kjördæmunum. Höfuðborgarsvæðið er svona stórt vegna þess að ákvarðanir voru teknar um að hér sæti ríkisstjórn, framkvæmdarvald, Alþingi og hér yrðu miðstöðvar opinberrar stjórnsýslu. Hér er miðstöð viðskipta í landinu og í svona litlu landi gerir þetta það að verkum að borgin vex og nágrannabyggðir af miklum krafti.

Ég hef fyrir aðalstarf hér á Alþingi og hef haft nú um nokkurra ára skeið að fara yfir frv. til fjárlaga Það fer ekki hjá því að sjái á því frv. hve opinbera kerfið vex hér hröðum skrefum og ýmsar stofnanir vaxa hér mjög hratt. Síðast í morgun rakst ég á, þegar við fórum yfir málefni samgrn., eina ágæta og þarfa stofnun sem heitir Póst- og fjarskiptastofnun undir samgrn. Ég hafði ekki áttað mig á því að þessi stofnun slagar upp í ráðuneytið að stærð og svo er um margar stofnanir. Það er því enginn smáræðis kraftur og fjölbreytni í atvinnulífi sem fylgir þessum stofnunum.

Ég er í þeirra hópi sem vilja auka hlut landsbyggðarinnar í opinberri þjónustu. Hins vegar er ég í þeirra hópi sem vilja gera það í sæmilegri sátt. Ég vil a.m.k. að aukningin í þjónustu ríkisins úti á landsbyggðinni verði í sæmilegri sátt við þetta svæði hér. Við erum ein þjóð í einu landi og ég vil halda mér í það sem lengst. Ég tel að jafnhliða þeim aðgerðum sem hér eru á döfinni þurfi að flytja aukin verkefni til stjórnsýslunnar á landsbyggðinni. Ég tel að sú þróun hafi orðið að hún geti tekið við henni.

Fyrsta tillaga nefndarinnar sem undirbjó frv. var að jafna kjördæmin að mannfjölda, búa til þrjú stór landsbyggðarkjördæmi og skipta Norðurlandi vestra, Austurlandskjördæmi, Reykjavík og Reykjanesi upp. Þetta vakti mjög hörð viðbrögð á landsbyggðinni, t.d. á Norðurlandi vestra og Austurlandi vegna þess að sveitarfélögin hafa byggt upp stjórnsýslu og samstarf á sveitarstjórnarstiginu á mjög mörgum sviðum sem mörg eru miðuð við kjördæmi. Nú hefur verið horfið frá þessu að hluta með Norðurland vestra og Austurland. Ég tel að það sé til bóta enda var það forsenda þess að ég samþykkti að leggja þetta frv. fram til vinnslu á Alþingi. Ég á sæti í sérnefnd þeirri sem fjalla mun um frv. og hef því tækifæri til að koma sjónarmiðum mínum að í því starfi. Ég tel að mjög þurfi að vanda yfirferðina og reyna enn að gera sér grein fyrir afleiðingum ýmissa ákvæða þess. Ég ætla þó ekki að orðlengja það núna við 1. umr. málsins.

Í lok máls míns vil ég víkja að því tali sem verið hefur um atkvæðavægið og þeim staðhæfingum sem hér hafa heyrst í þessari umræðu, að ójafnt vægi atkvæða sé mannréttindabrot. Ég neita því ekki að þessi umræða fer svolítið í taugarnar á mér og meira en lítið. Mér finnst að þarna sé mannréttindahugtakið þynnt út.

Mannréttindi eru grundvallarréttindi, rétturinn til lífs, réttur til að vera ekki pyndaður eða niðurlægður. Það á nota mannréttindahugtakið á þessu afmarkaða sviði en hætta á að það þynnist mjög út ef farið er að nota það yfir mikilvæg, borgaraleg og lýðræðisleg réttindi eins og kosningarétturinn er vissulega. Ég hef ekki heyrt menn halda því fram að það sé mannréttindabrot að hafa öldungadeild í Bandaríkjunum, þar eiga fylki Bandaríkjanna sína fulltrúa, jafnmarga fulltrúa hvert fylki. Það er gert til að tryggja áhrif ákveðinna svæða. Enginn hefur talað um mannréttindabrot í því sambandi. (**KHG:** Kannski sendiherrann mundi gera það.) Ýmsir hafa lagt orð í belg í þessu sambandi, það er rétt hjá hv. 5. þm. Vestf. Ég vil einnig minna á að við höfum notið þess á mörgum sviðum í alþjóðasamskiptum að hafa margfalt atkvæðavægi miðað við fólksfjölda, svo margfalt að allar slíkar tölur hér innan lands blikna á móti því. Ég held við höfum margfalt atkvæðavægi í Norðurlandaráði svo dæmi sé tekið miðað við fólksfjölda og hjá Sameinuðu þjóðunum. Engum dettur í hug að tala um mannréttindabrot í því sambandi. Ég vildi koma þessu að við umræðuna og vænti þess að varlegar verði talað í þessum efnum. Það er nú satt að segja hálfleiðinlegt að hlusta á slíkar staðhæfingar um þetta efni.

Ég hef tækifæri til að fjalla um þetta mál í þeirri sérnefnd sem fjallar um frv. Það eru auðvitað mörg ákvæði þess sem þarf að skoða betur, eins og t.d. það hvort á að hafa innbyggð ákvæði í frv. sem gera beinlínis ráð fyrir því að enn fækki á landsbyggðinni og að jafna þurfi innan skamms tíma á ný. Og fleiri atriði þurfa skoðunar við í þessu sambandi. En ég mun skoða það mál með opnum huga. Ég reikna með að

þetta frv. verði samþykkt í einhverri mynd en tel að það verði að gerast eftir vandlega skoðun. Ég tel að bærileg samstaða sé um að taka þetta skref í jöfnun atkvæða en það er alls ekki sama hvaða hliðarráðastafanir verða gerðar í því sambandi eða hvernig gengið er frá frv. að öðru leyti.

[17:16]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég tel að þetta mál sé eitt mikilvægasta mál Alþingis. Atkvæðisrétturinn er grundvallarréttindi borgaranna enda stjórnarskráratriði. Til þess að verðfella ekki mannréttindahugtakið vil ég ekki taka mér í munn að atkvæðisréttur sé mannréttindi en hann er mjög nærri því. Tek ég þar undir með hv. þm. Jóni Kristjánssyni sem gat um það áðan að það væri útþynning á mannréttindahugtakinu að taka inn í það sífellt fleiri og fleiri réttindi.

Herra forseti. Þróun atkvæðisréttar hefur verið með þeim hætti að einu sinni hafði kóngurinn eða keisarinn einn atkvæðisrétt. Þótti honum það gott en öðrum ekki. Síðan fékk aðallinn, sem naut ýmissa forréttinda, kosningarrétt en aðrir ekki. Svo fengu eignamenn kosningarrétt, yfirleitt karlmenn. Síðan fengu allir karlmenn atkvæðisrétt. Að lokum fengu konur atkvæðisrétt líka. Þetta er þróunin í stuttu máli.

Herra forseti. Ég tel að hvorki kyn, efnahagur né búseta eigi að hafa áhrif á atkvæðisrétt fólks. Hver fullveðja einstaklingur á að hafa eitt atkvæði og um það eigi menn ekki að þurfa að ræða.

Herra forseti. Þeirri spurningu hefur verið varpað upp hvort hv. alþingismenn geti fjallað um þetta mál sem slíkt þar sem það varðar þá svo mikið sjálfa persónulega. Eru þeir óháðir til að fjalla um mál eins og atkvæðisrétt sem skiptir þá öllu máli sjálfa? Þetta er spurning sem ég vil varpa upp. Hvort ekki hefði verið nær að kjósa stjórnarskrárnefnd eða kjördæmisnefnd til að fjalla um þetta mál og taka um það afstöðu sem þjóðin gæti svo greitt atkvæði um. Ég er ansi hræddur um að það kæmi og hefði komið önnur niðurstaða út úr slíkri vinnu en við sjáum hér fyrir okkur. Það er nefnilega þannig að margir hv. þm. sjá fyrir sér að þeir detti út við þessar breytingar en aðrir styrkjast og þurfa síðar að óttast um sín þingsæti. Þetta hefur óneitanlega mikil áhrif á hvern og einn hv. þm. Hugmynd eins og fækkun þingmanna er ekki til umræðu, vegna þess að það varðar þingmenn sjálfa. Sem betur fer hafa menn ekki getað fjölgað þingmönnum þar sem þingsalurinn leyfir það bara praktískt séð ekki.

Herra forseti. Fyrirliggjandi frv. felur í sér ýmsa tæknilega kosti. Það er í fyrsta lagi 5% mörkin, sem eru mjög skýr og koma í stað óljósra marka sem helgast af því að áður þurfti listi að fá kosinn mann í einhverju kjördæmi til að koma manni yfirleitt að. Þessi 5% mörk eru mjög víða í gildi og eru til þess að koma í veg fyrir stjórnleysi, þ.e. að of margir ósamstæðir flokkar komi manni að en geti erfiðlega unnið saman. Svo má ákveða fjölda þingmanna og stærð kjördæma að einhverju leyti með $^2/_3$ atkvæðavægi frá Alþingi og gera það með lögum, þannig að ekki þarf lengur eins þunga aðgerð og að breyta stjórnarskránni. Og ég tek undir þá breytingu sem gerð er með útstrikanir, að gera kjósendum auðveldara að hafa áhrif á lista. Það hefur verið gagnrýnt mjög mikið, að í rauninni hafi það engin áhrif þó að mjög stór hluti kjósenda striki út af lista. Ég held því að þetta sé til bóta og kemur kannski að einhverju leyti í stað prófkjöra sem menn hafa stundað. Það er að koma í ljós núna á síðustu mánuðum að þau geta haft í för með sér ákveðna mjög alvarlega galla. En þrátt fyrir það tel ég að prófkjör séu góð.

Í frv. liggur líka fyrir tvíklofning Reykjavíkur. Það er náttúrlega ný staða sem við þingmenn Reykjavíkur og kjósendur í Reykjavík þurfum að horfast í augu við. En ég vil benda á að við höfum haft furðuleg kjördæmi áður, eins og Mosfellsbæ, sem var í sama kjördæmi og Kópavogur og lá þó kjördæmi þar á milli. Við höfum haft Seltjarnarnes sem er eiginlega úthverfi Reykjavíkur, og Kópavog sem liggur hér alveg að Reykjavík, þannig að kjósendur eru svo sem ýmsu vanir og ég held að þetta verði þeim ekki til mikilla vandkvæða. En markmiðið á bak við þetta er að þessi sex kjördæmi verði öll mjög svipuð að stærð til að minnka aðra ókosti sem eru fólgnir í því ef kjördæmi eru mjög misstór.

Herra forseti. Um þetta frv. hefur verið mikill ágreiningur. Sumir telja að nota eigi atkvæðavægi til að bæta fólki upp önnur kjör, eins og að búa langt frá stjórnsýslunni, að hafa færri atvinnutækifæri, að hafa ekki eins fjölbreytt menningarlíf o.s.frv. Ég tel að sú umræða sé á villigötum. Það hefur verið mikill ágreiningur um þetta, kannski líka vegna þess að sumir þingmenn óttast að þeir nái ekki kjöri með þessum nýju reglum. Ég tel samt sem áður að sú breyting að minnka atkvæðamisvægið sé minna misrétti þannig að þessi breyting er góð sem slík. Hún bætir stöðuna sem hefur verið mjög slæm þó að ég sé ekki alsáttur við hana vegna þess að hún lagar ekki alveg atkvæðamisvægið.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka hv. þm. Friðriki Sophussyni fyrir afburða gott starf. Ég held að hann hafi unnið starf í kyrrþey sem kannski fæstir viti af hversu gott er. Ég vil þakka allri nefndinni fyrir að hafa tekist á við þennan ágreining sem hlýtur að hafa verið mjög mikill. Ég held að mjög fáir séu alveg sáttir við þá niðurstöðu sem hér er fengin. En hins vegar held ég að þetta sé ákveðin málamiðlun sem flestir geti sætt sig við og ég get sætt mig við. Ég tel að þetta frv. sé til bóta þó það gangi ekki eins langt eins og ég vildi í því að jafna atkvæðisréttinn og því styð ég þetta frv.

[17:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu mál sem vafalaust mun hæst bera í þingstörfum í vetur, þ.e. mjög róttækar breytingar á ákvæðum stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipan og þingmannafjölda í einstöku kjördæmi, auk þess sem ráðgert er að fylgja því líka eftir með verulegum breytingum á lögum sem fjalla um kosningar.

Það er rétt að fara yfir helstu atriði frv. við 1. umr. þess. Ég vil fyrst vekja athygli á því að þessi breyting verður ekki borin undir kjósendur. Það er fyrsta atriðið sem rétt er að hafa í huga þegar menn meta þetta mál, að flutningsmenn þess, þeir sem að því standa, vilja ekki bera þetta mál beint undir kjósendur, svo mikið réttlætismál sem það þykir vera. Þvert á móti er málið lagt fram á Alþingi og verður ekki sjálfstætt mál gagnvart kjósendum.

Í alþingiskosningunum verður tekist á um ýmis mál, ekki bara breytingar á þessum lögum heldur öðrum pólitískum viðfangsefnum, þannig að þetta mál sem hér er til umræðu verður ekki á kjörseðlinum í næstu alþingiskosningum þegar kjósendur verða spurðir um hvað þeir vilja í þessum efnum. Þeim mun því ekki gefast kostur á að svara því með skýrum hætti hver afstaða þeirra er til þessara breytinga. Og þeir verða ekkert spurðir sérstaklega að því. Það er rétt að hafa

í huga, herra forseti, að þessi breyting sem meint er að gera verður ekki borin undir vilja kjósenda.

Það verður heldur ekki möguleiki á því fyrir kjósendur að sýna afstöðu sína óbeint með því að velja þá stjórnmálaflokka sem styðja þeirra sjónarmið og hafna hinum, vegna þess að forustumenn allra stjórnmálaflokkanna sem sæti eiga á Alþingi hafa sameinast um að flytja málið. Það er því einfaldlega ekki hægt að finna stjórnmálaflokk sem nær máli, a.m.k. miðað við síðustu kosningar, sem ekki á beina aðild að þessu máli í gegnum forustumann sinn. Þannig hefur forustumönnum stjórnmálaflokkanna tekist að leggja málið fyrir og tryggja því málmeðferð sem kemst fram hjá kjósendum. Það er rétt að undirstrika þennan þátt málsins, að kjósendur verða ekki spurðir um hvernig þeir vilji hafa þessa hluti, og þeir hafa ekki verið spurðir um það heldur eru það forustumenn flokkanna sem hafa komið sér saman um það.

Annað er rétt að undirstrika, að breytingin sem hér er lögð til er ekki sérstakt samkomulag til að eyða ósamkomulagi um þessa skipan mála og tryggja að friður ríki um þau í náinni framtíð. Það er víðs fjarri. Það er þegar upplýst í *upphafi umræðunnar af formanni Alþfl. að hann lítur ekki* á þessa tillögu sem niðurstöðu sem eigi að styðja í náinni framtíð heldur áfanga á leið sem verður haldið áfram að vinna að strax og þessi nýja skipan hefur tekið gildi, ef hún nær fram að ganga. Með öðrum orðum, einn stjórnmálaflokkurinn ætlar ekki að standa að því að um þessa skipan mála ríki samkomulag. Þannig að við erum ekki að fara frá ósamkomulagi til samkomulags heldur er verið að fara frá ósamkomulagi til ósamkomulags. (**Forsrh.:** Það er nú fullmikið sagt.) Það er ekki fullmikið sagt, herra forseti, því að formaður Alþfl. hlýtur að teljast nokkuð veigamikill aðili að þessu máli, og yfirlýsingar hans liggja hér fyrir.

Í öðru lagi kemur það fram í þingmálinu sjálfu að það byggist á því að sú skipan mála sem lögð er til standi ekki nema skamma hríð. Byggt er inn í frv. ákvæði þannig að hægt sé að breyta verulega skipan mála frá því sem þarna er lagt til, kjördæmaskipan og þingmannatölu. Það er augljóst í huga þeirra sem flytja málið að þessi skipan mála með sex kjördæmi, þar sem þrjú þeirra hafi 10 þingmenn og þrjú þeirra 11 þingmenn, á ekki að standa nema örskamma stund. Þeim er það svo ljóst að þeir setja ákvæði til bráðabirgða til að tryggja að Norðvesturkjördæmið standi örugglega ekki með þá þingmannatölu sem lagt er til í næstu alþingiskosningum eftir þarnæstu kosningar. Ákvæði til bráðabirgða er einungis sett til þess að tryggja að í næstu kosningunum á eftir þeim sem verða í vor verði ekki örugglega 10 menn í Norðvesturkjördæminu heldur níu. Því að ef þetta ákvæði til bráðabirgða væri ekki sett yrðu 10 þingmenn í Norðvesturkjördæminu í fyrstu kosningunum samkvæmt nýju skipaninni. En með ákvæði til bráðabirgða verða þeir líklega orðnir níu. Þeir sem flytja málið gera ráð því fyrir því að það breytist strax.

Síðan er innbyggt í 1. gr. frv. ákvæði sem hefur í för með sér að það er hægt að fækka þingmönnum niður í fimm í einstökum kjördæmum. Tekið er fram í greinargerð að ekki eigi að skilja ákvæði 1. gr. þannig að það eigi bara að gera breytingar ef atkvæðamisvægi fer yfir 1:2, heldur segir í greinargerð á bls. 10, með leyfi forseta:

„Tekið skal fram að hér er einungis gerð tillaga um hámark atkvæðamisvægis á milli einstakra kjördæma. Þar með er ekkert því til fyrirstöðu að dregið verði enn frekar úr atkvæðamisvæginu í kosningalögum, innan þeirra marka sem 2. og 3. mgr. þessarar greinar setja."

Með öðrum orðum er upplýst að samkomulagið felur ekki í sér að það eigi að vera 10 þingmenn að jafnaði í landsbyggðarkjördæmunum heldur er sagt skýrt frá því að menn geti ákveðið að jafna atkvæðamisvægi enn frekar en gert er ráð fyrir og þurfi þar af leiðandi ekki neinar sérstakar stjórnarskrárbreytingar til þess að gera það eftir að þetta frv. hefur náð fram að ganga. Þar með er það einfaldlega bara lagabreyting sem þarf til.

Þessi niðurstaða um atkvæðamisvægi upp á 1:1,8 er bara *bráðabirgðaniðurstaða. Hvenær sem er geta menn ákveðið að* hafa þetta lægra hlutfall og geta hrint því í framkvæmd með einföldum lagabreytingum hér að ná því fram. (**Gripið fram í:** Það þarf $^2/_3$.) Það getur þurft $^2/_3$ atkvæða hér á Alþingi, það er rétt, til þess að fækka þingmönnum í kjördæmi. En ég kalla það einfaldar lagabreytingar af því ég á við að þarf ekki að gera breytingar á stjórnarskránni.

En það er rétt að menn hafi þetta í huga vegna þess að það mætti ætla þegar menn horfa á tillöguna um hvaða kjördæmi verða til og hversu margir þingmenn í hverju þeirra, að þetta væri samkomulag sem flokkarnir hefðu komist að niðurstöðu um og ætti að standa í einhverri náinni framtíð, 10 ár, 20 ár eða svo. Staðreyndin er nefnilega sú að það er ekki. Þetta er einungis það sem á að vera þar til búið er að afgreiða málið. Hvað svo vitum við ekki. Við vitum bara að menn áskilja sér rétt að breyta þessu strax að loknum næstu kosningum, breyta markmiðunum um atkvæðamisvægi og jafnvel áskilja sér rétt til að standa ekki að þessari niðurstöðu og halda áfram að vinna á þann veg að grafa undan henni. Við erum því ekki að vinna frið um skipan mála með þessu samkomulagi. Það finnst mér grundvallaratriði að menn geri sér ljóst þegar verið er að gera samkomulag um mál sem deilt hefur verið um í þjóðfélaginu að það sé samkomulag sem þeir sem að því standa ætli sér að virða og hafa í heiðri um eitthvert árabil en það er því miður ekki svo.

Þessi breyting hefur hins vegar í för með sér að þingmenn fámennu landsbyggðarkjördæmanna hafa enga stöðu á Alþingi til þess að hafa áhrif sem neinu nemur á breytingar eftir að þessi hefur náð fram að ganga. Það er einfaldlega þannig. Það er verið að afvopna dreifbýlisþingmennina með þessu frv.

Ég vil svo líka benda á að skipan kjördæmanna er ekki öll mjög skynsamleg. Ég bendi á Reykjaneskjördæmi sem á að skipta upp í tvennt, annar hluti þess á að renna undir Suðurkjördæmi og hinn hlutinn á að mynda svonefnt Suðvesturkjördæmi. Í ljósi þess að í tillögum nefndarinnar sem undirbjó þessar tillögur er grundvallaratriði að kjördæmi sé landfræðileg heild að þá vekur undrun hvernig Suðvesturkjördæmið er saman sett. Það er saman sett úr fjórum landfræðilega aðskildum svæðum.

Það er í fyrsta lagi Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur og Kópavogur, sem eru eitt svæði. Annað svæðið er Seltjarnarneskaupstaður, þriðja svæðið er Mosfellsbær og fjórða svæðið er Kjósarhreppur. Ef menn á annað borð eru að hugsa um að draga upp nýjar línur á höfuðborgarsvæðinu og endurskipuleggja það í kjördæmi og leggja það til grundvallar að kjördæmið sé landfræðilega samanhangandi eins og gert er að öðru leyti verða menn auðvitað að taka þessa tillögu upp. Ég hefði talið eðlilegast að líta þá á höfuðborgarsvæðið sem eina heild og skipta því upp í þrjú kjördæmi sem væru samfelld hvert um sig. En ég hygg að það hafi

ráðið afstöðu nefndarinnar að hún hefur talið að það mætti of mikilli andspyrnu þeirra sem búa á þessu svæði. Kannski er það rétt. En þá má rifja það upp, sem hefur komið fram í umræðunni, að tillögur nefndarinnar hvað varðar landsbyggðarkjördæmin mæta mikilli andspyrnu og er lítið með það gert engu að síður.

Áhrifin af þessari tillögu sem hefur það markmið að jafna atkvæðavægi, jafna styrk á milli kjördæma, sem eru út af fyrir sig ágæt markmið, eru þau í fyrsta lagi að það mistekst að jafna styrk á milli kjördæma af því það mun ganga strax í sundur og er gert ráð fyrir því í þingmálinu þannig að misvægið eykst fljótlega milli þeirra, þingmönnum fækkar í einu kjördæminu og fjölgar í öðru. Á einhverju árabili fer þetta að líkjast því sem við þekkjum í dag að það getur verið kominn tvöfaldur fjöldi þingmanna í einu kjördæmi miðað við það fámennasta. Þá hefur mistekist að ná því markmiði að hafa svipaðan fjölda þingmanna í hverju kjördæmi sem ég tel hins vegar vera ágætismarkmið.

Þessi skipan mála með svona stórum kjördæmum og fáum hefur í för með sér að auka vald flokksforustu. Hún eykur vald flokksforustu, sérstaklega á Alþingi. Af því hér eru inni formaður og varaformaður Sjálfstfl. þá skulum við líta á hvernig þetta lítur út gagnvart Sjálfstfl. Tökum kjördæmin þrjú sem eiga að mynda Norðvesturkjördæmi, Vestfirði, Vesturland og Norðurland vestra. Í þessum kjördæmum hverju um sig er oddviti sjálfstæðismanna, þrír menn sem allir verða að teljast nokkuð áhrifamiklir þingmenn inni í þingflokki Sjálfstfl. og styðjast við sterka sveit í kjördæmi sínu og sækja styrk sinn þangað. Ég hygg að þegar þessir þrír þingmenn leggja saman þá hafi þeir töluverð áhrif í þingflokki Sjálfstfl.

Eftir að þessi breyting nær fram að ganga verða þetta ekki þrír þingmenn Sjálfstfl., sem eru oddvitar hver í sínu kjördæmi, heldur bara einn. Hinir tveir eru orðnir þingmenn númer 9 og 10 fyrir Sjálfstfl. í Reykjavík og styrkja stöðu oddvita flokksins í Reykjavík. Breytingin hefur því styrkt stöðu oddvita flokksins í Reykjavík en veikt stöðu flokksins á landsbyggðinni. (**Forsrh.:** Það verða tveir oddvitar í Reykjavík.) Það gætu meira að segja orðið tveir oddvitar í Reykjavík og þá hefur hún enn frekar styrkst. (**Félmrh.:** Það er nú of seint í rassinn gripið fyrir Friðrik.) Það er því ljóst að staða flokksforustunnar styrkist en staða þingmanna sem styðjast við styrk úti í kjördæmum hlýtur að veikjast.

Hér á dögunum var prófkjör hjá Sjálfstfl. í Reykjanesi og við sáum líka út úr því prófkjöri ákveðna breytingu sem mun að sjálfsögðu verða, að mínu mati, í þessum stóru kjördæmum. Hverjir komast áfram í pólitíkinni í þessum stóru kjördæmum? Það verða þeir frambjóðendur sem búa á stóru stöðunum í kjördæmunum. Hvaða frambjóðendur náðu góðum árangri í prófkjöri Sjálfstfl. í Reykjanesi? Það voru frambjóðendur úr Kópavogi og Hafnarfirði. Frambjóðendur á Suðurnesjum náðu ekki þeim árangri sem þeir höfðu ætlað sér og vonast eftir. Ég hygg að svona verði það líka í þessum stóru kjördæmum.

Við skulum skoða Norðausturkjördæmi. Þar hefur Eyjafjörðurinn yfirburðastöðu gagnvart Austfjörðunum og í prófkjöri þá munu þeir frambjóðendur sem ekki eiga drjúgan stuðning í Eyjafirði ekki geta búist við góðum úrslitum í því. Það má segja að Austurland verði hálfgerð annexía fyrir Eyjafjörðinn í þessum skilningi. Það verður því ekki lengur þannig að t.d. framsóknarmenn á Austurlandi, sem eru mjög sterkir í því kjördæmi, ráði því hvaða menn komi í framboð fyrir það landsvæði. Það verða framsóknarmenn í Eyjafirði sem munu fyrst og fremst ráða því. Þetta mun þýða að þingmannasveitin í framtíðinni mun breytast þannig að menn koma bara úr stærstu stöðunum. Þeir sem búa á minni stöðunum munu ekki eiga nokkurn möguleika.

Ég vil svo, herra forseti, segja það að lokum af því að mikil áhersla hefur verið lögð á það að ekki mætti fjölga þingmönnum af einhverjum ástæðum, kannski af því að það sé of mikill kostnaður eða menn vilji það ekki. (**Gripið fram í:** Eða plássleysi.) Eða plássleysi. Það má nú byggja nýtt hús, það hefur ekki vafist fyrir mönnum. En í þessu frv. er ekki að sjá að kostnaðurinn sé neitt atriði sem haldi vöku fyrir mönnum. Lagt er til að menn geti ráðið sér aðstoðarmenn. Það var nefnt fyrr í umræðunni að það kerfi gæti kostað um 100 milljónir á ári. Það er svipað og 25 þingmenn kosta þannig að í raun er verið að fjölga um 25 menn en ekki með atkvæðisrétti. Er þá ekki betra til að hafa meira jafnvægi í hlutunum þannig að fleiri geti átt fulltrúa að fjölga þá lítils háttar þingsætum en að standa í þessu bitlingakerfi, herra forseti?

[17:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst nú satt best að segja dálítið undarlegt af landsbyggðarþingmanni að finna að því að verið sé að auka aðstoð við þingmenn úti á landi. Þingmenn hafa fengið á undanförnum 20 árum, frá því að ég var þingfréttaritari hér uppi, gríðarlega aukna aðstoð. Ekki einn mann, ekki tíu menn heldur tugi manna, kannski 60–70 manns sem aðstoða þingmenn hér — með einum eða öðrum hætti eins og sagt er — sem ekki var áður. Og þeir eru allir staðsettir í Reykjavík.

Síðan kemur þessi ágæti landsbyggðarþingmaður, sem ég ber virðingu fyrir, og finnur að því að eitthvað af slíkri aukinni aðstoð, sem er auðvitað að aukast eins og við höfum séð, verði staðsett fyrir þingmenn úti á landi. Ég sem þingmaður Reykvíkinga sé ekki ofsjónum yfir því. Mér finnst það gott, mér finnst það bara mjög gott að það geti gerst á þann hátt.

Hv. þm. nefndi líka að ef gólfið, sem sett er, færi að mæla — ég held það fari niður fyrir fimm þingmenn í kjördæmi — menn eru farnir að taka það gólf, þetta lágmark sem sett er, sem neikvæðan þátt, sem er auðvitað fráleitt, og að þetta kerfi hafi þá mistekist. Ef við förum niður í þetta gólf, ef við lendum þar, þá hefur nú margt annað mistekist hjá okkur. Þá hefur byggðapólitíkin algjörlega mistekist og þá er landið þegar búið að sporðreisast gríðarlega. Og það vil ég segja við hv. þm. að ef við hefðum ekki gert neinar breytingar á kjördæmaskipaninni, en þróunin væri sú að þetta fimm þingmanna lágmark væri farið að mæla, hvernig haldið þið að andrúmsloftið hjá þjóðinni út af kjördæmaskipaninni væri þá orðið?

Síðan segir þingmaðurinn að fyrstu þingmönnum í kjördæmi muni fækka og þess vegna muni vald flokksforustunnar aukast. Í Bretlandi hefur Blair 400 þingmenn sem eru þingmenn sinna kjördæma. Ég hef ekki séð það þvælast fyrir valdi flokksforustunnar þar eða formannsins. Menn geta ekki dregið ályktun af þessu tagi. Ólafur Thors, formaður þess flokks sem hv. þm. talaði um hér áðan, var þingmaður úr Gullbringusýslu, ekki úr Reykjavík. Ekki sá ég að það drægi neitt úr áhrifamætti formanns þess flokks nema síður væri. Menn geta ekki dregið ályktanir af þessu tagi, og alls ekki það að með því að hafa skipan mála þannig að $^2/_3$ þingmanna geti gert ákveðnar breytingar þá sé líklegt að

þéttbýlisþingmenn fari að trampa á dreifbýlisþingmönnum. Sá andi er sem betur fer ekki í þinginu og má aldrei verða.

[17:48]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Grundvallaratriðið er það að hér liggur fyrir frv. sem hefur einn tilgang, þann að fjölga þingmönnum á höfuðborgarsvæðinu og fækka þeim á landsbyggðinni. Það er bara aðalatriði málsins. Og til að friða menn á landsbyggðinni af því að verið er að fækka þingmönnum er þeim boðinn aðstoðarmaður. Þannig að þegar Framsfl. í Norðausturkjördæminu er hættur að hafa einhvern Austfirðing í þingsæti þá geti Eyfirðingarnir sem því ráða ákveðið að ráða sér skrifstofumann á Egilsstöðum til að vera aðstoðarmaður þingmanns. Það er þá betra að hafa kerfið þannig að Austfirðingar geti sjálfir kosið sér þingmann, þingmann sem þeir vilja fá, án þess að þurfa að spyrja Eyfirðingana að því hvað þeir vilja.

Í frv. segir í raun hvað varðar Vesturland, Vestfirði og Norðurland vestra að þetta svæði sem í dag hefur 15 þingmenn hefur enga tryggingu fyrir því að hafa meira en fimm samkvæmt þessari nýju skipan mála. Það á að fækka þeim strax um fimm, fljótlega um einn í viðbót og síðan á einhverju árabili gæti þeim fækkað um aðra fjóra. Þetta er það sem menn eru að gera. Hverjir eru bættari með þessu? Hvaða vandamál höfum við leyst með þessu?

Hæstv. forsrh. nefndi hér byggðamálin sem eðlilegt er, svo mjög sem þau hafa verið í umræðunni, og ég spyr ráðherra: Hvað hefur lagast í byggðamálunum við þetta? Hvernig er landsbyggðin betur stödd eftir þá breytingu en fyrir?

[17:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég náði ekki að svara áðan öðru atriði sem hv. þm. nefndi varðandi það að þéttbýlisstaðirnir mundu ráða öllu um hverjir væru í framboði. Er þetta nú örugglega rétt? Heldur hv. þm. t.d. að eftir sameiningu Norðausturkjördæmis yrði Halldóri Ásgrímssyni nokkur skotaskuld úr því að verða efsti þingmaðurinn í kjördæminu þó að Eyfirðingarnir væru þar? Það er farið eftir mönnum en ekki þéttbýli.

Ég tek dæmi af mínum flokki á Suðurlandi. Ingólfur Jónsson var þar löngum í forustu. Hann kom frá Hellu, tiltölulega litlu byggðarlagi, ekki Selfossi, ekki Vestmannaeyjum. Það er því ekki hægt að fullyrða neitt með þessu móti. Þetta fer eftir mönnunum. Auðvitað getur stundum, eins og gerðist í prófkjöri nú í Reykjaneskjördæmi, komið upp einhver slík byggðakeppni, rétt bara eins og í fótboltanum. En til lengri tíma horft munu mennirnir sem í framboði eru ráða þar mestu. Ekki hvaðan þeir koma.

[17:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú ekki viss um að hæstv. forsrh. sé sannfærður um að þegar hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, verður hættur á þingi að manni frá Höfn í Hornafirði gangi vel í prófkjöri í hinu nýja, stóra kjördæmi. Ég er ekki viss um að hæstv. forsrh. sé sannfærður um að slíkur maður ætti mikla möguleika.

Ég vil líka spyrja um það sem fram kom hjá hæstv. ráðherra með ráðherraskipanina, hvernig sú skipan er í dag hjá Sjálfstfl. Hvernig er hún í dag hjá flokki sem á fimm ráðherra? Hver er fyrsti ráðherra flokksins? Það er 1. þm. flokksins í Reykjavíkurkjördæmi. (**Forsrh.**: Það er formaður flokksins.) Hver er annar ráðherra flokksins? Það var 2. þm. flokksins í Reykjavíkurkjördæmi. (Gripið fram í.) Og hver var þriðji ráðherra flokksins? Það var 3. þm. flokksins í Reykjavíkurkjördæmi. Og svo hætti varaformaður flokksins að vera ráðherra og hver kom þá í staðinn? Það var 4. þm. flokksins í Reykjavíkurkjördæmi. Hvað með hið stóra Reykjaneskjördæmi, sem slagar nú nokkuð upp í Reykjavíkurkjördæmi? Hvað á Sjálfstfl. marga ráðherra í því kjördæmi, herra forseti?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:53]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, 279. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 319.

Fjarvinnslustörf á landsbyggðinni, 270. mál, þáltill. TIO o.fl., þskj. 308.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, 261. mál, frv. BH o.fl., þskj. 299.

Tekjuskattur og eignarskattur, 278. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 318.

Miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu, 1. umr.

Stjfrv., 184. mál. — Þskj. 200.

[17:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 200 liggur fyrir frv. til laga um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn í fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fumvarp þetta er lagt fram með vísan til tilskipunar Evrópusambandsins nr. 94/45/EB frá 22. september 1994, um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á bandalagsvísu um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn. Tilskipun þessi var samþykkt með stoð í 2. mgr. 2. gr. samnings um félagsmálastefnu aðildarríkja Evrópusambandsins sem undirritaður var í Maastricht í Hollandi 7. febrúar 1992. Í tilskipuninni er kveðið á um að aðildarríki Evrópusambandsins skuli samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli eigi síðar en 22. september 1996. Þar sem Bretland var ekki aðili að samningi um félagsmálastefnu Evrópusambandsins hafði samþykkt tilskipunarinnar ekki gildi þar í landi. Samkvæmt þessari nýju tilskipun eru aðildarríki Evrópusambandsins skuldbundin til að taka ákvæði hennar upp í landsrétt í síðasta lagi 15. desember 1999.

Samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa er markmið þess að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum sem hafa a.m.k. 1.000 starfsmenn í sinni þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu og þar af a.m.k. 150 starfsmenn í tveimur fyrirtækjum í a.m.k. tveimur EES-ríkum. Starfsmönnum fyrirtækja sem falla undir þessi stærðarmörk er þannig gefinn kostur á að hafa aðgang að sömu upplýsingum og að eiga jafna möguleika og starfsbræður þeirra innan fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins í öðrum ríkjum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við aðalstjórn fyrirtækisins. Samkvæmt efni frumvarpsins takmarkast þó réttur starfsmanna við upplýsingar sem varða

fyrirtækið eða fyrirtækjahópinn sem heild á Evrópska efnahagssvæðinu nema aðilar komi sér saman um annað.

Hvað Íslendinga varðar þá kemur þetta nú ekki mjög við okkur, og þó. Gerður hefur verið samningur, með vísan til þessarar tilskipunar, hjá Alusuisse Lonza, sem er með heimilisfesti í Hollandi, við starfsmenn Íslenska álfélagsins og önnur fyrirtæki er tilheyra fyrirtækinu, 18. september 1996.

Og síðan var í júní 1997 undirritaður samningur milli breska fyrirtækisins Glaxo Wellcome Research and Development Limited og starfsmanna þess um stofnun samstarfsráðs. Starfsmönnum Glaxo Wellcome ehf. var boðin þátttaka og var einn starfsmaður þess valinn fulltrúi í samstarfsráðið.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málið sent hv. félmn. til þóknanlegrar afgreiðslu.

[17:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Einhver misskilningur varð hjá mér um það að ég taldi að fundi lyki þegar stjórnarskipunarlögin væru búin. Ég hefði nú kosið að vera komin hér í húsið fyrr og geta tekið þátt í að ræða þetta frv. og það sem því er skylt dýpra en ég mun gera. Mér finnst gott að sjá að verið er að koma með frv. sem tryggir bæði miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn í fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Auðvitað verðum við að taka þessar tilskipanir og tryggja þeim sess í íslenskri löggjöf eins og öðrum réttindamálum sem komið hafa hingað inn í gegnum EES-samninginn. En hins vegar þegar grg. er skoðuð þá segir þar, með leyfi forseta:

„Samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa er markmið þess að bæta rétt starfsmanna til upplýsinga og samráðs í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum sem hafa a.m.k. 1.000 starfsmenn í sinni þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu og þar af a.m.k. 150 starfsmenn í tveimur fyrirtækjum í a.m.k. tveimur EES-ríkjum. Starfsmönnum fyrirtækja sem falla undir þessi stærðarmörk er þannig gefinn kostur á að hafa aðgang að sömu upplýsingum og að eiga jafna möguleika og starfsbræður þeirra innan fyrirtækisins eða fyrirtækjahópsins í öðrum ríkjum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við aðalstjórn fyrirtækisins. Samkvæmt efni frumvarpsins takmarkast þó réttur starfsmanna við upplýsingar sem varða fyrirtækið eða fyrirtækjahópinn sem heild á Evrópska efnahagssvæðinu nema aðilar komi sér saman um annað."

Það er auðvitað mjög fróðlegt að skoða það við hverja þetta frv. á erindi og stærðarmörkin sem taka vissulega mið af stórfyrirtækjum í nágrannalöndum okkar. Þá er fyrsta spurning mín sú til ráðherrans af því að þarna er talað um 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu og a.m.k. 150 starfsmenn í a.m.k. tveimur EES-ríkjum: Er einhver stafsmannahópur sem þetta frv. mundi eiga erindi við í dag? Ég bið um upplýsingar um það hvaða fyrirtæki mundu falla undir þessa skilgreiningu.

Því til viðbótar mundi ég gjarnan vilja heyra hjá ráðherranum hvort hann er eitthvað að láta skoða rétt starfsmanna í fyrirtækjum þó að þau séu minni en þetta til þess að koma sjónarmiðum á framfæri við aðalstjórnir og þá hvernig væri sterkast að vera með aðild, að starfsmenn ættu yfirleitt aðild að stjórnum fyrirtækja. Því mætti auðvitað ná í einhvers konar samningum eða þá hins vegar að slíkt væri tryggt í samningum. Hefur ráðherra skoðað þau mál, þetta sem fellur undir atvinnulýðræðið og að starfsmenn eigi fulltrúa í stjórnum fyrirtækja af þeirri stærð sem er algeng hjá okkur? Þetta er kannski einn lýðræðislegasti þáttur vinnumarkaðsmála og mjög mikilvægt hvernig á þeim málum er tekið og skortir á rétt starfsmanna í öllum tilfellum til þess hér.

Hvað varðar það að við erum að setja lög til að tryggja réttindi sem koma í gegnum tilskipanir EES vil ég líka vekja athygli á riti sem Iðja, félag verksmiðjufólks, tók saman fyrir stuttu og afhenti m.a. okkur þingmönnum þar sem vakin var athygli á réttindum sem starfsfólk fær almennt með tilkomu EES-samningsins. Það var mjög athyglisvert að sjá í hve ríkum mæli það hefur gerst að mikilvæg réttindi, sem hafði ekki áður tekist að ná fram með löggjöf eða að fá í gegnum samninga á vinnumarkaði, hafa verið að koma starfsmönnum til góða í gegnum þennan samning og sumar tilskipanir sem hann hefur fært okkur.

Við höfum stundum rætt hvernig við gætum verið með öflugri upplýsingagjöf inn í þingið, um það hvað er í pípunum í gegnum þennan samning, hvernig við getum tryggt að þingmenn fylgist með því hvaða löggjöf er á leiðinni varðandi t.d. réttindi starfsfólks og hvort ein nefnd í þinginu ætti e.t.v. að hafa það verkefni að fara í gegnum þau réttindamál og reyndar í gegnum EES-samninginn og þau mál sem verið er að vinna að og þær tilskipanir sem eru í farvatninu. Það er alveg ljóst að það er mjög oft sem við höfum ekki hugmynd um hvað er á döfinni í þessum efnum og í raun og veru var mjög fróðlegt fyrir okkur að sjá það í samantekt Iðju hvaða réttindamál hafa komið starfsfólki til góða í gegnum þennan samning. Við vorum um svipað leyti að halda sérstakan fund í félmn. til að fara yfir og reyna að átta okkur á tilskipunum sem væru í farvatninu og að fara yfir hvaða réttindamál hafa komið inn í lög hjá okkur eða væru á leiðinni að koma inn í lög. Það var athyglivert hversu miklu ljósi þetta rit Iðju varpaði á verkefni sem við vorum að skoða og reyndar með ráðuneytinu. Það hefur verið mér umhugsunarefni að við þyrftum að gera betur í þessum efnum vegna þess að það er mjög mikilvægt að við alþingismenn vitum hvað er á döfinni í þessum efnum og getum kannski haft eitthvað um það að segja eða fylgjast með verkefnum ráðuneytisins í réttindamálum.

Með tilliti til þess til hvaða hópa nákvæmlega þetta frv. nær sé ég ekki ástæðu til að fara djúpt í einstakar greinar þess, ég fæ tækifæri til þess þar sem ég á sæti í félmn. En ég hef mikinn áhuga á því að heyra hvað ráðherrann segir um aðild starfsfólks að stjórnum fyrirtækjanna og hvernig það hefur verið skoðað, og hvort önnur réttindamál af einhverju tagi eru á döfinni í ráðuneytinu eða hvort ráðherrann er með einhverja vinnu í gangi í ráðuneytinu sem varðar aukinn rétt starfsfólks. Það væri mjög áhugavert að nota þetta tækifæri til að fá að heyra um það.

[18:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og ég sagði í framsögu minni eru tvö fyrirtæki með starfsemi á Íslandi sem hafa þegar gert þennan samning. Ég hygg að þau séu ekki mörg sem hefðu möguleika á að gera svona samning en mér dettur í hug að Íslensk erfðagreining gæti væntanlega áður en langt um líður, ef það væri ekki nú þegar hægt, uppfyllt þau skilyrði sem til þess þarf. Mér er ekki kunnugt um hvað þetta lyfjafyrirtæki úti í heimi sem það er í samstarfi við hefur marga starfsmenn en Íslensk erfðagreining hefur líklega ef nú ekki þegar 150 starfsmenn, þá uppfylla þeir væntanlega lágmarkið áður en langt um líður. Ef hitt fyrirtækið hefði 1.000 að þá eru skilyrði til þess arna.

Ég skal ekki spá hver framvindan verður en það eru verulegar líkur á því að 150 manna útibú rísi frá erlendum fyrirtækjum hér á landi eða fyrirtæki í tengslum við erlend fyrirtæki þannig að eðlilegt er að hafa þennan farveg opinn.

Hvað varðar minni fyrirtæki erum við einungis að uppfylla þá lagaskyldu í þessu frv. sem lögð er á þessi stóru fyrirtæki. Ég hef ekki látið skoða það eða ekki haft frumkvæði um að skoða það að færa það út til minni fyrirtækja. Á hinn bóginn erum við að sjálfsögðu að fylgjast með þeim vinnuréttartilskipunum sem gerðar eru hjá Evrópusambandinu og hjá ILO og það er vinna í gangi með það í ráðuneytinu.

[18:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg sérstaklega fram að ég er mjög ánægð með það að ráðherrann ber þetta frv. fram og tel mjög mikilvægt að reglur um þessi réttindi séu skýrar og að það standi ekki á okkur að uppfylla lagaákvæði um rétt fólks sem ræður sig í framtíðinni hjá stórum fyrirtækjasamsteypum. Ég get ímyndað mér að þetta sé rétt hjá ráðherranum að Íslensk erfðagreining falli hugsanlega undir þetta og fleiri fyrirtæki sem eiga e.t.v. eftir að fóta sig á íslenskum markaði. Ég er því alveg sannfærð um að það er góður kostur að hafa sett þessi lög. Þó það væri ekki nema eitt fyrirtæki sem félli undir þessa löggjöf væri samt full ástæða til þess að löggjöfin væri til staðar vegna þess að það er um mjög marga starfsmenn að ræða og ekki síst í stórum fyrirtækjum er mjög mikilvægt að tryggja aðild starfsmanna að ákvörðunum og vera með virkt atvinnulýðræði.

Ég var að vona að ráðherrann hefði sett einhverja nefnd í gang til að skoða hvernig hægt væri að koma á virku atvinnulýðræði og að opna leið fyrir aðild starfsmanna að stjórnun fyrirtækja, ekki síst ákvörðunum. Það held ég að sé góður kostur. Ég heyri að ekkert slíkt er í gangi en minni á að jafnaðarmenn hafa flutt slíka tillögu og sett fram sem stefnu að auka atvinnulýðræði og reyna að finna leiðir til að tryggja aðild starfsmanna að stjórnun fyrirtækja en finnst það sem ég hef séð af þessu frv. góðs viti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögheimili, 1. umr.

Stjfrv., 185. mál. — Þskj. 201.

[18:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á síðasta þingi ákvað Alþingi að hækka sjálfræðisaldur úr 16 í 18 ár. Þetta frv. ásamt með öðru sem hér er einnig á dagskrá er bein afleiðing af þeirri hækkun sjálfræðisaldursins. Lögheimilislögum þarf að breyta þar sem eðlilegt er að í þeim sé byggt á inntaki forsjár eins og hún er skilgreind í barnalögum. Samkvæmt lögheimilislögum á barn 15 ára og yngra að jafnaði sama lögheimili og foreldrar þess, búi það hjá þeim. Búi barnið hjá öðrum verður það ekki skráð með fasta búsetu þar nema með samþykki foreldra eða samkvæmt lögmæltri skipan. Með nýjum lögræðislögum hækkaði forsjáraldur barnalaga í 18 ár. Ef lögheimilislögunum væri ekki breytt vegna þessa yrði það í fyrsta sinn sem ósamræmi væri þarna á milli.

Til þess að halda þessu samræmi er þetta frv. lagt fram og ég legg til að að lokinni umræðunni verði það sent til athugunar í hv. félmn.

[18:12]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég var ekki mjög hrifin þegar ráðherrann kom síðast með frv. þar sem verið var að gera breytingar vegna hækkunar á lögræðisaldri. Það var vegna þess að þar var breyting á lögunum um vernd barna og ungmenna og ég taldi mikilvægt að það frv. væri að koma í víðtækari búningi með þeim breytingum sem hefur verið beðið eftir í þeim málaflokki. Þess vegna vil ég sérstaklega nota tækifærið núna þegar ráðherrann er að gera breytingar á lögum þar sem ekki er þörf á öðru eftir því sem ég best veit hvað varðar umönnun barna og ungmenna en að hækka þessi aldursmörk, til að lýsa yfir ánægju minni með það og tel að það hafi verið Alþingi til mikils sóma að gera þær breytingar sem gerðar voru á lögræðisaldrinum og tel að þar hafi Alþingi sameinast um góða lagasetningu. Ég hvet til þess að eins fljótt og unnt er verði gerðar þær breytingar sem þarf að gera á öllum lögum til þess að þau taki til þessa aldurshóps svo mikilvæg sem þau eru.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynningar aðsetursskipta, 1. umr.

Stjfrv., 186. mál. — Þskj. 202.

[18:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 202 er lítið frv. um breytingar á lögum um tilkynningar aðsetursskipta. Það er um þetta mál að segja, eins og síðasta dagskrármál, að það er afleiðing af breytingu á lögunum um lögheimili. Efni þess er að í stað orðanna „16 ára" í 1. og 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: 18 ára. Þ.e. þetta er fylgifrv. með breytingu á lögunum um lögheimili og leiðir af sjálfu að það þarf að tilkynna aðsetursskipti og þar fylgir barnið foreldrinu.

Ég legg til að þetta frv. verði sent hv. félmn. til athugunar að lokinni umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:15]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðaumferð og losun gróðurhúsalofts á Reykjanesbraut, 273. mál, fsp. HG, þskj. 311.

Fjölbreyttara nám á Vestfjörðum, 276. mál, fsp. KJB, þskj. 314.

Jöfnun á aðstöðu til náms, 275. mál, fsp. KJB, þskj. 313.

Launakjör opinberra starfsmanna erlendis, 272. mál, fsp. PHB, þskj. 310.

Réttur íbúa landsbyggðar til læknisþjónustu, 277. mál, fsp. KJB, þskj. 315.

Verkefni VSO-verkfræðistofu, 274. mál, fsp. ÖJ, þskj. 312.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 228. mál. — Þskj. 255.

[18:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tryggingagjald svo og á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Meginmarkmið frv. er að stuðla að auknum sparnaði. Staða efnahagsmála um þessar mundir veitir svigrúm og er jafnframt tilefni til að efla þjóðhagslegan sparnað samtímis því sem nýr lagarammi um lífeyrissparnað veitir hvatningu til að búa enn frekar í haginn fyrir framtíðina.

Með breytingum á tryggingagjaldi er ætlunin að örva áhuga og þátttöku almennings í lífeyrissparnaði. Ef vel tekst til gæti aukinn lífeyrissparnaður einnig eflt þjóðhagslegan sparnað og þannig dregið úr hættu á ofþenslu í íslensku efnahagslífi og eyðslu um efni fram. Frumvarpinu er einnig ætlað að styrkja réttarstöðu launamanna gagnvart vinnuveitendum hvað varðar frádrátt viðbótariðgjalds af launum og ráðstöfun þess til viðurkennds vörsluaðila. Jafnframt er lagt til að ekki aðeins lífeyrissjóðir heldur allir vörsluaðilar lífeyrissparnaðar geri skattyfirvöldum grein fyrir mótteknu iðgjaldi, ekki síst til að tryggja að iðgjaldið komi til frádráttar skattskyldum tekjum á því ári sem það er innt af hendi.

Samhliða framangreindum breytingum á tryggingagjaldinu er horfið frá þeim breytingum, sem voru kynntar í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár, þ.e. að lækka atvinnutryggingagjaldið úr 1,15% í 1%. Þrátt fyrir minni fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna minnkandi atvinnuleysis er nú lagt til að atvinnutryggingagjaldið verði óbreytt og 0,15% af gjaldstofni fari til aukningar á innstæðufé sjóðsins. Þess má geta að þetta er í samræmi við tillögur sem komið hafa frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Miðað við forsendur fjárlaga bætir þetta afkomu Atvinnuleysistryggingasjóðs um 450 millj. kr. á næsta ári, sem er sambærileg fjárhæð og áætluð skattalækkun samkvæmt þessu frumvarpi sem ég mæli hér fyrir. Samanlagt hafa breytingarnar því ekki áhrif á heildarafkomu ríkissjóðs.

Eins og áður segir er tilgangur frv. m.a. og ekki síst að auka þjóðhagslegan sparnað. Á næstu árum er áætlað að fjárfesting hér á landi verði hlutfallslega svipuð og gengur og gerist hjá þeim þjóðum sem við berum okkur helst saman við, eða um 20% af landsframleiðslu. Til að koma í veg fyrir erlenda skuldasöfnun þarf þjóðhagslegur sparnaður því að nema svipaðri fjárhæð, en samkvæmt fyrirliggjandi spám er gert ráð fyrir að áfram verði umtalsverður halli á viðskiptajöfnuði eða sem nemur um 2,5% að jafnaði á næstu árum. Í þessu felst að þjóðhagslegur sparnaður mun aukast lítillega, eða úr 16% í 17% af landsframleiðslu, en mun eftir sem áður ekki duga til að fjármagna alla fjárfestinguna í landinu. Það blasir því við sem eftirsóknarvert markmið að auka þjóðhagslegan sparnað um sem nemur 2–3% af landsframleiðslu, eða um 12–18 milljarða kr. á ári.

Þær raddir hafa heyrst að stjórnvöld verði að grípa til aðgerða, svo sem að hækka skatta og auka skyldusparnað almennings til að ná þessu markmiði. Óhætt er að fullyrða að fleiri hallast þó að þeirri skoðun að aukinn þjóðhagslegur sparnaður sé langtímamarkmið sem stjórnvöld eigi að vinna að með ráðdeild og aðhaldi í opinberum rekstri og almennum aðgerðum sem efla hinn frjálsa sparnað í landinu.

Í nýútkominni skýrslu nefndar sem ég skipaði sl. sumar um leiðir til að efla þjóðhagslegan sparnað er að finna fróðlega samantekt um lífeyrissparnað á Íslandi. Þar má m.a. finna ítarlegan rökstuðning fyrir auknum lífeyrissparnaði til að menn eigi almennt rétt á lífeyri sem sé í æskilegu hlutfalli við þau laun sem þeir hafa haft yfir starfsævina. Í desember 1997 náðist það langþráða markmið að setja heildstæð lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Náðist um það allgóð sátt bæði innan þings og utan eins og kunnugt er. Lögin skylda alla launamenn og þá sem stunda sjálfstæða starfsemi að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára aldri til 70 ára aldurs. Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda má ekki vera lægra en 10% af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu.

Lögin skilgreina lágmarkslífeyrisréttindi, en þau eru eðli máls samkvæmt lægri en þau réttindi sem flestir telja æskileg eða eftirsóknarverð. Þannig bendir t.d. margt til þess að ellilífeyrisréttindi sem samsvari 70–80% af lokalaunum séu æskilegt markmið, en það eru umtalsvert meiri réttindi en þau sem núgildandi lög skilgreina sem lágmark. Það er því eftirsóknarvert að iðgjöld til lífeyrissparnaðar séu mun hærri en þau 10% lágmarksiðgjöld sem lögin kveða á um, eða jafnvel á bilinu 15–20% af launum.

Miðað við lífeyriskerfið eins og það er byggt upp nú og aldurssamsetningu þjóðarinnar er langlíklegast að landsmenn verði fjarri markmiðinu um 70–80% tekjur af lokalaunum í fyrirsjáanlegri framtíð nema þeir auki lífeyrissparnað sinn umtalsvert frá því sem nú er. Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þáttur í því að nálgast ofangreint markmið.

Með breytingum sem gerðar voru á síðasta haustþingi á lögum um tekjuskatt og eignarskatt voru heimildir einstaklinga til skattfrádráttar vegna lífeyrisiðgjalda rýmkaðar. Launamönnum og þeim sem vinna við sjálfstæða starfsemi verður frá og með 1. janúar 1999 heimilt að lækka skattskyldar tekjur sínar um allt að 2% verji þeir fjárhæðinni til lífeyrissparnaðar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þannig verður einstaklingum heimilað að draga frá tekjum, til viðbótar við núgildandi 4% allt að 2% af iðgjaldsstofni til aukins lífeyrissparnaðar. Viðbótarfrádrátturinn er skilyrtur með þeim hætti að iðgjaldinu sé varið til aukningar lífeyrisréttinda og iðgjöldin séu greidd reglulega til viðurkenndra aðila sem auk lífeyrissjóða geta verið líftryggingafélög, bankar, sparisjóðir og verðbréfafyrirtæki.

Með því frv. sem hér er mælt fyrir er lagt til að launagreiðendur og sjálfstæðir atvinnurekendur geti haldið eftir allt að 0,2% af gjaldstofni almenna tryggingagjaldsins, hvort sem er í almennum gjaldflokki eða sérstökum gjaldflokki, og greitt þann hluta þess í stað sem mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar. Mótframlagið er til þess fallið að auka áhuga og fjárhagslegan ávinning einstaklinga af sparnaðinum. Mótframlagið er þá hugsað sem $^1/_{10}$ fjárhæðarinnar sem launamaður leggur sjálfur til hliðar í lífeyrissparnað. Þetta ætti að tryggja víðtæka þátttöku í lífeyrissparnaðnum og þykir eðlilegt að draga það frá tryggingagjaldinu þar sem sparnaðurinn mun ótvírætt létta á almannatryggingakerfinu í framtíðinni.

Ef launamaður hefur gert samning um viðbótarlífeyrissparnað og óskar eftir því við launagreiðanda að hann leggi til mótframlag sem nemur allt að 0,2% af gjaldstofni al-

menna tryggingagjaldsins er launagreiðanda skylt að verða við þeirri beiðni. Samkvæmt lífeyrissjóðslögunum er launagreiðanda skylt að innheimta og standa skil á iðgjaldi til viðbótartryggingarverndar til þess aðila sem starfsmaður hans tilgreinir.

Með breytingum þeim sem lagðar eru til í frumvarpinu gæti árlegur lífeyrissparnaður aukist um 5 milljarða króna. Allt að 0,2% frádráttur frá almenna tryggingagjaldinu miðast við þá forsendu að 75% heildarinnar nýti sér réttinn til fulls, en það samsvarar 450 milljónum króna árlega. Miðað við þá forsendu og 2% viðbótarlífeyrissparnað samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga mætti ná, eins og áður sagði, um 5 milljarða króna viðbótarlífeyrissparnaði árlega. Og það er fjárhæð sem munar um.

Mikilvægt er að almenningur fái upplýsingar um þýðingu aukins sparnaðar og þá kosti sem í boði eru varðandi aukinn sparnað. Aukin samkeppni á fjármálamarkaði um sparnað almennings, ekki síst um lífeyrissparnað landsmanna, er án efa besta leiðin til að koma þessum upplýsingum á framfæri. Með því að ýta undir frjálsan sparnað fremur en að þvinga fram sparnað í formi skattahækkana eða með auknum skyldusparnaði er samkeppni um sparifé almennings jafnframt aukin. Fyrst og fremst þannig fæst nauðsynlegt mótvægi við stöðuga hvatningu til aukinnar neyslu og skuldsetningar.

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðulaust að fjalla frekar um þetta mál á þessu stigi en vænti þess að það fái efnislega umfjöllun í hv. efh.- og viðskn. þingsins og geri tillögu um að málinu verði vísað þangað og til 2. umr.

[18:23]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ráðherrann svo að með frv. ætli hann að auka lífeyrissparnað og að heimilt verði að halda eftir ákveðnu hlutfalli af iðgjaldsstofni til að greiða mótframlag á móti lífeyrisiðgjaldi, $^{1}/_{10}$ af því sem starfsmaðurinn mundi greiða. Það sem ég átta mig ekki á er hvernig samhengið er við greiðsluna í tryggingasjóð, og ef ég tók rétt eftir, að ráðherrann hafi nefnt þar 450 milljónir. Mundi ráðherra vilja útskýra það örlítið nánar?

[18:24]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Þannig er, herra forseti, að tryggingagjaldið skiptist í tvo hluta. Rennur hluti þess í Atvinnuleysistryggingasjóð en hitt er svokallað almennt gjald. Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir því að hlutur Atvinnuleysistryggingasjóðs mundi lækka um sem nemur 0,15% af þessu gjaldi, eða af stofninum réttara sagt, vegna þess að atvinnuleysi hefur minnkað og minni fjárþörf er í sjóðnum. Á móti var ætlunin að leggja á 0,2% gjald í því skyni sem fjallað er um í þessu frv.

Það sem nú hefur gerst er að fallið hefur verið frá því að lækka stofninn að því er varðar Atvinnuleysistryggingasjóð, halda honum sem sagt, þannig að þær 450 milljónir sem þar er um að tefla renni áfram í Atvinnuleysistryggingajóð sem, eins og kunnugt er, er hluti af A-hluta ríkissjóðs. Og þannig tengist hann þessu máli. En að öðru leyti er hér eingöngu um það að ræða að ef menn kjósa að hagnýta sér þann 2% viðbótarsparnað sem menn eiga þegar rétt á samkvæmt lögum þá komi til viðbótar því 0,2% sem verði tekin af því gjaldi sem atvinnurekandinn mundi ella greiða í ríkissjóð. Og miðað við að það sé 0,2% og 75% þátttaka þá stemmir það á móti 0,15% framlaginu sem rennur í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þannig að upphæðin verður sú sama, 450 inn, 450 út. Og þess vegna stendur ríkissjóður á sléttu í þessu máli.

Aðalatriðið í þessu er að þarna er verið að búa til nýja hvatningu fyrir menn til að hagnýta sér viðbótarlífeyrissparnaðinn og þá möguleika sem í honum felast til þess að leggja til hliðar til efri áranna, en jafnframt til þess að stuðla að frekari þjóðhagslegum sparnaði í þjóðfélaginu og draga úr þenslunni sem margir tala nú um hér í landi.

[18:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gat þess að eðlilegur lífeyrir væri 70–80% af meðallaunum. Ég er á þeirri skoðun að þetta sé allt of hátt. Það er nefnilega þannig að hinn vinnandi maður sér bæði um kynslóðina fyrir aftan sig og fyrir framan sig. Hann sér bæði um uppeldi barna og um að borga í lífeyrissjóð fyrir gamla fólkið, og þess vegna hlýtur hann að þurfa miklu hærri tekjur en sem þessu nemur, hærra heldur en ellilífeyrisþeginn. Það er almennt talið í almannatryggingakerfum og í tryggingafræði að eðlilegt mark sé 50–60%.

Herra forseti. Ég hlýt einnig að mótmæla því eða lýsa efasemdum um það að ríkisvaldið sé að stýra hegðun einstaklinga eins og hér er gert ráð fyrir, þ.e. að rífa fyrst af fólkinu skattana, rífa hluta teknanna af því, og svo ef það að hegðar sér á vissan hátt þá fær það endurgreitt. Ef það sparar í lífeyrissjóð þá fær það endurgreitt, ef það á börn þá fær það barnalífeyri, ef það skuldar nægilega mikið þá fær það vaxtabætur o.s.frv. Ég vil ekki að ríkið skipti sér af hegðun einstaklinga með þessum hætti þannig að ég hef ákveðnar efasemdir um svona aðferð.

Þetta frv. flækir öll mál sérstaklega mikið. Þetta er óskaplega flókið, gerir flókið kerfi enn þá flóknara og ég geri ekki ráð fyrir því að nokkur skilji það nema þeir sem hafa dýra endurskoðendur og geta notað kerfið eins og alltaf hefur verið.

Ég vil einnig boða breytingar á frv. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Ég vil að sjóðfélagarnir eigi lífeyrissjóðina og mun flytja brtt. um það. Og ég vil einnig að sjóðfélagar kjósi stjórnir lífeyrissjóðanna sinna.

[18:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef enga trú á því að hægt sé að gera skattafrv. eða neitt sem tengist lífeyrissjóðsmálum svo flókið að hv. þm. Pétur Blöndal skilji það ekki.

[18:28]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hv. forseti. Þar sem ég hef starfað mjög mörg ár að lífeyrisjóðsmálum þá vil ég fagna þessu máli. Ég tel það alls ekki of flókið fyrir okkur til að framkvæma það enda er sá lífeyrissjóður sem hv. þm. Pétur Blöndal starfaði við búinn að stofna þessa séreignardeild. Hún er tilbúin. Þannig að ekkert er að vanbúnaði. Og aðrir lífeyrissjóðir eru að fara að gera þetta. Ég tel að aukinn sparnaður skipti verulega miklu máli og eigi eftir að skipta enn meira máli í framtíðinni þannig að þetta er hið þarfasta mál enda viðauki við þau lög sem fóru í gegnum Alþingi um lífeyrissparnað á síðasta þingi. Ég tek eindregið undir málið.

[18:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ein lítil spurning: Telur hv. þm. að sjóðfélagarnir eigi lífeyrissjóðina? Ef ekki, hver þá?

[18:30]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er lítið mál að svara þessu. Að sjálfsögðu erum við eingöngu vörslumenn fjármuna fólksins sem greiðir í sjóðina.

[18:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að halda langa tölu hér. Ég segi eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjörnsdóttir, flokkssystir mín, að mér finnst þetta hið ágætasta frv. Með þessu frv. er reynt að efla sparnað í þjóðfélaginu og draga úr þenslunni og hæstv. fjmrh. telur að þetta geti aukið sparnað um 5 milljarða.

Þetta frv. sprettur af vinnu nefndar sem hann setti á laggirnar og átti að leggja fram ýmsar hugmyndir sem áttu að miða að því að draga úr þenslunni. Þessi nefnd varpaði fram ýmsum hugmyndum. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki eigi að gera neitt varðandi aðrar hugmyndir sem fram komu hjá þessari nefnd. Sér í lagi minnist ég þess að þar var m.a. reifaður sá möguleiki að koma upp húsnæðissparnaðarreikningum. Nú hafa tveir eða þrír þingmenn Sjálfstfl. lagt fram frv. um slíkt. Það hefur ekki hlotið náð, að ég hygg, enn fyrir augum þingsins og þá sérstaklega vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki talið það æskilegt. Á sínum tíma voru þessir sparnaðarreikningar talsvert mikilvægir. Þeir voru lagðir af í tíð fyrri ríkisstjórnar, m.a. vegna þess að menn töldu þá misnotaða, aðallega af sjálfstæðum atvinnurekendum.

Hvernig var sú misnotkun, herra forseti? Menn töldu að verið væri að búa til lífeyrissjóði fyrir þessa aðila. En það er nákvæmlega það sama og gera á með þessu frv., að draga peninga úr umferð með því að auka lífeyrissparnað. Húsnæðissparnðarreikningarnir eða hin meinta misnotkun þeirra var nákvæmlega hin sama.

Ég held, herra forseti, að æskilegt væri að leyfa þessa reikninga aftur. Það væri hægt að binda þá einhvers konar skilyrðum sem drægju þá mögulega úr því sem þáv. fjmrh. sem situr nú hérna í salnum, glaðbeittur á svipinn, kallaði misnotkun.

Mig langar líka að varpa þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort hann telji ekki koma til greina að hvetja fólk til þess að koma upp sérstökum námssjóðum fyrir börn sín með einhvers konar skattaívilnunum. Erlendis tíðkast að foreldrar spari árum saman til þess að tryggja velferð barna sinna þegar þau fara á háskólastig. Ég held að það sé einn af þeim valkostum sem fólk ætti að hafa. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hann telji ekki koma til greina að reyna að draga úr þenslunni í þjóðfélaginu með því að gefa fólki kost á þessum sparnaðarleiðum.

Ég er alveg sammála því að markmiðið með umræddu frv. er gott. Ég held að þetta sé æskileg leið en fólk á að geta valið. Ég hef nefnt hérna tvær aðrar leiðir sem hníga að nákvæmlega sama markmiði og því sem hæstv. fjmrh. vill ná fram með sínu frv. Hví í ósköpunum er hann ekki til í að hrinda einhverju slíku úr vör líka? Sér í lagi spyr ég eftir hugmynd sem ég held að hafi komið fram í hans eigin nefnd, þ.e. um húsnæðissparnaðinn.

[18:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir síðasta ræðumanns og fleiri sem hér hafa talað um þetta mál. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, spurði hér um starf nefndarinnar sem lagði að grunn að þessu frv. hér og aðrar hugmyndir í nefndarstarfinu.

Önnur hugmynd sem þar kom fram og er nú ekki ný og ekki sérstaklega frumleg kemur fram í frv. sem útbýtt hefur verið hér í dag, um breytingar á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, og gengur út á að framlengja hlutabréfaafsláttinn í því formi og fari sem hann var í á síðasta ári.

Aðrar hugmyndir sem fram komu í nefndarstarfinu, sem þingmaðurinn gat um, eru til skoðunar, þar með talin hugmyndin um húsnæðissparnað. Allar aðrar hugmyndir en þessar tvær, hlutabréfin og þetta frv. sem hér er, taka lengri tíma og þurfa meiri undirbúning. Það var hægt að taka þessi tvö mál strax og setja inn í þingið í formi frumvarpa.

Að því er varðar einstaka þætti eins og námsmannasparnað og þess háttar er auðvitað vert að líta á slíkt. Hins vegar er reynslan annars staðar þegar um er að ræða sérstaka reikninga til ákveðinna markmiða eða skilgreindra þarfa, gjarnan sú að sá sparnaður fer úr einu formi yfir í annað. Fólk tekur þá peninga út úr banka og setur inn á slíka reikninga eða leysir út hlutabréf sín og setur á slíka reikninga o.s.frv.

Í frv. sem hér er mælt fyrir í dag er hins vegar talað um lífeyrissparnað sem hjá flestu fólki mun vera lagður til hliðar þangað til fólk verður sextugt, inn á sérgreinda lífeyrisreikninga í nafni viðkomandi manns. Sú upphæð mundi að sjálfsögðu erfast þegar fólk fellur frá, en er hugsuð sem viðbót við hinn almenna lífeyrissparnað til notkunar á efri árum. Þar er um að ræða raunverulegan viðbótarsparnað til langs tíma.

[18:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra getur þess að hér hafi verið dreift frv. þar sem afsláttur vegna hlutabréfakaupa er framlengdur. En ég gæti þá spurt í framhaldi af því: Hvers vegna er hann ekki aukinn aftur? Ég held að það sé mjög hagkvæm leið til þess að draga úr þenslunni sem er í þjóðfélaginu í dag, sér í lagi miðað við þau miklu einkavæðingaráform sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin hyggjast nú ráðast í.

Varðandi þá kosti sem ég nefndi sagði hæstv. ráðherra að oft á tíðum væru menn þá að flytja fjármagn úr einni sparnaðarleið yfir í aðra. Það er mergur málsins, herra forseti. Ég tel að fólkið eigi að fá að velja um það.

Ísland er líklega eina landið sem ég þekki til hér á vesturhveli þar sem engar aðferðir eru til af hálfu hins opinbera til að örva menn til að spara fyrir hag barna sinna ef menn horfa til framtíðar. Það sem meira er, bankakerfið hefur ekki neinar slíkar leiðir. Ef maður gengur inn í íslenska bankastofnun og segir: Ég ætla að spara peninga og leggja til hliðar með það í huga að barnið mitt njóti þess í framtíðinni, þá kemur maður að tómum kofa. Það eru engar slíkar leiðir til.

Ég tel, miðað við það efnahagsumhverfi sem við búum í núna og miðað við nauðsynina á því að draga úr þenslunni, að æskilegt væri að veita fólki þennan möguleika. Ég er ekki viss um að það mundi leiða til þess að menn flyttu sparnað sinn úr einhverju öðru yfir í það. Ég held að þetta gæti orðið aukasparnaður.

Ég er að velta fyrir mér valkostunum, herra forseti. Hæstv. ráðherra tilheyrir þeim stjórnmálaflokki sem vill leyfa mönnum að velja og mér finnst að menn eigi að fá að velja þarna á milli. Ég fagna því hins vegar að hæstv. ráðherra segir að húsnæðissparnaðarreikningarnir séu til umfjöllunar. Ég spyr hann þá á móti: Kemur ekki til greina, eins og hefur nú verið velt upp í leiðurum tveggja mikilvægra dagblaða á þessu

hausti, að setja upp sérstaka námsmannareikninga sem fela það í sér að foreldrar leggja til hliðar með hag og menntun barna sinna fyrir augum?

[18:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig nú hafa svarað síðari spurningunni hér áðan. Þetta er vissulega eitt af því sem er til athugunar. Út af fyrstu spurningu hv. þm. vil ég geta þess að í frv. um tekjuskatt og eignarskatt, sem ég gat um áðan og tekur á sparnaði vegna hlutabréfakaupa, er markið hækkað á nýjan leik, úr 40% upp í 60% af ákveðinni upphæð eins og það var á síðasta ári.

Menn mega ekki gleyma því að það er hægt að spara fyrir námskostnaði, húsnæðiskaupum eða hverju sem er án þess að leggja peninginn inn á sérgreinda reikninga í því nafni. Má ég benda fólki á að besta leiðin, sennilega bestu húsnæðissparnaðarreikningarnir og námskostnaðarreikningarnir sem völ hefur verið á hér á Íslandi árum saman heita spariskírteini ríkissjóðs. Þar hafa menn fullkomið val um í hvað þeir eyða þeim peningum þegar þar að kemur. Á þeim bréfum hefur verið ágætisávöxtun, meira að segja svo mikil að fyrrv. fjmrh. sá ástæðu til þess að innleysa fyrir fram hluta af þeim bréfum vegna þess að það var svo fín ávöxtun á þeim. Það er því ýmislegt sem hægt er að gera ef menn vilja spara. Það er ekki vandamálið. En vandamálið með að búa til sérgreindar leiðir er að þar er í fyrsta lagi ekki um að ræða nýjan sparnað, ekkert endilega. Í öðru lagi geta menn lent í erfiðleikum ef menn þurfa að nota peningana, séu þeir bundnir í ákveðið markmið, við að leysa þá út. Það getur líka verið gott, hv. þm., að eiga kost á almennum, ótilgreindum sparnaðarleiðum. „Skil jú?“

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. DO o.fl., 254. mál. — Þskj. 288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 184. mál. — Þskj. 200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Lögheimili, frh. 1. umr.

Stjfrv., 185. mál. — Þskj. 201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Tilkynningar aðsetursskipta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 186. mál. — Þskj. 202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Tryggingagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 228. mál. — Þskj. 255.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 18:44.

29. FUNDUR

mánudaginn 30. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

2. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fjögurra ára, frá 1. nóv. 1998 til 31. október 2002, að viðhafðri hlutbundinni kosningu, skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 278. mál, þskj. 318. — 1. umr.

4. Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 279. mál, þskj. 319. — 1. umr.

5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 219. mál, þskj. 244. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Össur Skarphéðinsson, 9. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Félagi leiðsögumanna.
Erindi frá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi.
Erindi frá Kristni Jónassyni.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Austurl., Jónas Hallgrímsson framkvæmdarstjóri á Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.“

Undir bréfið ritar formaður þingflokks Framsóknarflokksins, Valgerður Sverrisdóttir.

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 114. mál, nál. allshn., þskj. 320; brtt. allshn., þskj. 321.

Almenn hegningarlög, 115. mál, nál. allshn., þskj. 322.

Breyting á grunnskólalögum, 271. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 309.

Bætt réttarstaða barna, 266. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 304.

Framfærslukostnaður og lögheimilisflutningar íslenskra námsmanna, 286. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 334.

Hafnaáætlun 1999–2002, 291. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 343.

Leigubifreiðar, 281. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 329.

Mannanöfn og hjúskaparlög, 134. mál, nál. allshn., þskj. 324.

Norræni fjárfestingarbankinn, 285. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 333.

Rannsóknir sjóslysa, 283. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 331.

Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, 116. mál, nál. allshn., þskj. 323.

Rekstrarkostnaður Flugmálastjórnar, 145. mál, svar samgrh., þskj. 293.

Siglingalög, 284. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 332.

Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, 282. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 330.

SR-mjöl, 191. mál, svar fjmrh., þskj. 316.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla heilbrigðis- og tryggingaganefndar á málum um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

[15:05]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til að vekja athygli Alþingis á því að í lok síðustu viku var frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði afgreitt úr þingnefnd og er fyrirhugað að það komi fljótlega til umræðu og afgreiðslu í þinginu. Um leið og mælt var fyrir gagnagrunnsfrv. var talað fyrir þáltill. um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði sem þingflokkur óháðra flutti. Þessari þáltill. var einnig vísað til heilbrn. þingsins. Nú kemur á daginn að meiri hluti heilbrn. fellir það í atkvæðagreiðslu að afgreiða þessi þingmál samtímis og frv. frá jafnaðarmönnum sama efnis og gefa þannig Alþingi kost á því að taka afstöðu til þeirra allra. Frv. ríkisstjórnarinnar á að ræða og greiða atkvæði um á næstu dögum. Hin málin á að frysta í nefnd þannig að þau komi ekki til frekari afgreiðslu í þinginu. Þetta er ámælisvert og þetta eru ólýðræðisleg vinnubrögð. Því verra er málið að gegn frv. ríkisstjórnarinnar er mikil og vaxandi andstaða í vísindasamfélaginu og á meðal samtaka sjúklinga þó kappsamlega sé reynt að slá ryki í augun á fólki með fullyrðingum um að sátt sé að skapast í málinu. Þetta er rangt, þetta eru ósannindi. Það er vaxandi andstaða gegn því að erlendir áhættufjárfestar fái sérleyfi fyrir heilbrigðisupplýsingum íslensku þjóðarinnar til að versla með við tryggingga- og lyfjafyrirtæki.

Hins vegar kemur í ljós að mikill stuðningur er við hugmyndir um dreifða gagnagrunna sem lúti umsjá vísindasiðanefnda.

Hæstv. forseti. Það er brotalöm í starfsháttum þingsins ef meiri hlutinn getur á þennan hátt kæft mál og komist hjá því að þingið taki lýðræðislega afstöðu til þeirra. Ég mælist til þess við forseta þingsins að gagnagrunnsfrv. verði ekki rætt í þinginu fyrr en þáltill. um dreifða gagnagrunna og frv. jafnaðarmanna hefur fengist afgreitt frá heilbrn.

[15:07]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir þá gagnrýni sem fram hefur komið hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Þessi vinnubrögð eru auðvitað fjarri öllu lagi. Það er ekki einasta að meiri hluti heilbrn. hafi gengið gegn tillögum í þá veru að afgreiða annars vegar frv. jafnaðarmanna og hins vegar þáltill. þingmanna óháðra út úr nefndinni heldur felldi meiri hluti nefndarinnar líka að fjalla um frv. og þáltill. jafnhliða frv. meiri hlutans, þ.e. hæstv. ráðherra.

Þetta eru náttúrlega algerlega fráleit vinnubrögð, virðulegi forseti. Það kom mjög skýrt og greinilega fram við 1. umr. þessara mála allra að tilgangur flutningsmanna frv. og þáltill. var einmitt sá að fleiri valkostir væru uppi við vinnslu og meðferð málsins í nefndinni og því er það með fádæmum að meiri hluti nefndarinnar skuli ekki hafa þorað að fara í efnislega umræðu um þessa valkosti í málinu, vakosti sem hægt og bítandi hafa unnið mjög á í hinni almennu þjóðfélagsumræðu í þjóðfélaginu öllu.

Þetta vekur undrun, virðulegi forseti. Ég tek undir þær áskoranir hv. þm. Ögmundar Jónassonar á hendur forseta að hann beiti afli sínu til þess að koma skilaboðum til heilbrn. um að hún taki málið upp nú þegar og afgreiði þáltill. og frv. frá sér inn í þingið á nýjan leik.

[15:09]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill vegna þessarar umræðu vekja athygli á því að bæði formaður heilbrn. og varaformaður eru fjarri. Hæstv. heilbrrh. er ekki enn komin hingað. (Gripið fram í.) Forseti hefur heyrt hvað hv. þingmenn eru að segja. Það mál sem nú hefur verið afgreitt frá heilbrn. er búið að vera þar til umfjöllunar um langa hríð, frá því síðasta vetur. Málið kom aftur til nefndar í haust og hefur þar mikil vinna verið lögð í það. Henni lauk á föstudaginn var með afgreiðslu þess frá nefndinni en því miður hefur henni ekki unnist tími til að fara yfir önnur mál, má segja, á þessu haustþingi.

[15:10]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta er afskaplega stórt mál. Gagnagrunnsfrv. er umdeilt mál bæði á Alþingi og úti í þjóðfélaginu. Þess vegna er þýðingarmikið að skoða allar hliðar þess og hvernig unnt sé að skipa málum. Og þess vegna hafa þingmenn flutt tillögur og frumvörp um valkosti við þetta mál. Það er óþolandi að það skuli gerast enn einu sinni að þingmannafrumvörp eru sett til hliðar og engin afstaða liggur fyrir hjá nefndinni, í þessu tilfelli heilbr.- og trn., um þau þingmannafrumvörp sem eru valkostir í stöðunni.

Forseti bendir á að formaður og varaformaður heilbr.- og trn. eru erlendis. Það þýðir ekkert að draga formann eða varaformann inn í þessa umræðu vegna þess að svo vill til að formaðurinn er frá stjórnarandstöðunni og hefur gert sitt til þess að ná þessari vinnu í gang. Formaðurinn hefur leitt afskaplega faglega vinnu í heilbr.- og trn. en hann hefur ekki bolmagn til þess að ná fram afgreiðslu á þingmannafrumvörpum þegar meiri hluti heilbr.- og trn. leggst gegn því. Það er staðan á Alþingi. Ef meiri hluti heilbr.- og trn. leggst gegn afgreiðslu máls úr nefnd þá kemur það ekki út úr nefnd. Ef stjórnarmeirihlutinn á Alþingi leggst gegn afgreiðslu máls þá nær það ekki fram. Það er staðreyndin.

Herra forseti. Það er glapræði af stjórnarmeirihlutanum að ætla að freista þess að afgreiða gagnagrunnsfrv. í miklu ósætti bæði við fagstéttir og þjóðina. Það verður að nást sátt um þetta mál ef lög sem hér verða sett eiga að geta náð markmiði sínu.

[15:13]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Það er svo í lýðræðinu að nefndir eru skipaðar meiri hluta og minni hluta. Meiri hlutinn er með sex menn í þessari nefnd og minni hlutinn á þar þrjá. Þetta er niðurstaða nefndarinnar og fátt meira um það að segja. Þetta þekkja reyndir þingmenn og vita að svona er nú lýðræðið einu sinni.

[15:13]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Gagnagrunnsfrv. hefur fengið mjög vandaða meðferð í heilbr.- og trn. undir forustu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og það á auðvitað ekki að koma neinum á óvart að stjórnarmeirihlutinn áformi að klára þetta mál fyrir jól. Það hefur alltaf legið fyrir. Það er vert að minnast þess að umfjöllun um þetta mál tók langan tíma í vor.

Það hefur verið fullyrt hér að það væri brotalöm í starfsháttum þingsins að hv. heilbr.- og trn. velji að vinna málið á þennan hátt, þ.e. að taka ekki til meðferðar önnur þingmál sem fjalla að vissu leyti um skylt málefni. En það eru bara allt önnur þingmál. Það hafa verið kölluð ólýðræðisleg vinnubrögð. Ég vil mótmæla því. Það eru fullkomlega lýðræðisleg vinnubrögð eins og hefur verið staðið að málum í heilbr.- og trn. Það er ekkert óeðlilegt við það að því sé hafnað að fjalla um mál frá stjórnarandstöðu meðan verið er að klára þetta stóra mál sem allir vita að við ætlum okkur að klára fyrir áramót því að ef við hefðum farið að taka hin málin samhliða fyrir þá er alveg ljóst að sú vinna hefði dregist langt fram eftir vetri. Ég ítreka að hér er um fullkomlega lýðræðisleg vinnubrögð að ræða og ekkert annað.

[15:15]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka að það er brotalöm í starfsháttum Alþingis Íslendinga að fótumtroða lýðræðið. Það er alvarleg brotalöm í starfsháttum þingsins. Hæstv. forseti benti á eða staðhæfði að ekki hefði unnist tími til að afgreiða málið í hv. heilbrn. Þetta er rangt, hæstv. forseti. Það var tekin um það yfirveguð afstaða af hálfu meiri hluta heilbrn. að fella það í atkvæðagreiðslu að fjalla um þessi mál samtímis þótt þau séu öll greinar af sama meiði. Hér er um að ræða sama málið og það er eðlilegt að fjallað sé um þau í senn þannig að Alþingi gefist kostur á að taka afstöðu til þeirra í senn.

Hér er um að ræða eitt stærsta mál sem komið hefur fyrir Alþingi Íslendinga á síðari tímum. Það er verið að fela heilbrigðisupplýsingar um íslensku þjóðina í hendur á bandarískum áhættufjárfestum til að versla með þessar upplýsingar við erlenda lyfjarisa og erlend tryggingafyrirtæki. Um þetta fjallar þetta mál.

Og hv. þm. leyfir sér að koma hér fram og segja: „Við ætluðum að afgreiða þetta fyrir jól." Þetta eru sömu staðhæfingar og við heyrðum í vor. Þá átti líka að afgreiða málið. En er það ekki ætlan Alþingis Íslendinga að afgreiða lög sem Alþingi Íslendinga getur verið sátt við? Er það ekki markmiðið? Og að þau byggi á lýðræðislegum vilja og helst sátt við þjóðina? Með þessu frv. er verið að efna til ófriðar og ósættis í íslensku samfélagi og svo sannarlega við íslenska vísindasamfélagið og í andstöðu við yfirlýstan vilja samtaka sjúklinga.

[15:17]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill vekja athygli á því að auðvitað eru það stór orð að halda því fram, eins og hv. þm. orðaði það, að það sé brotalöm í störfum þingsins, að fótumtroða lýðræðið. Ég vil segja sem þingmaður og forseti á þessari stundu að ég vona að það sé ekki svo. Mál fara til nefndar. Þau eru tekin þar til umfjöllunar. Meiri hlutinn afgreiðir þau út, ef svo skiptir, og svo koma þau aftur til 2. og 3. umr. Þetta er það lýðræði sem við búum við.

[15:18]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er nákvæmlega þetta sem hæstv. forseti nefndi rétt áðan sem umræðan snýst um. Það er hinn lýðræðislegi réttur að mál fari til nefndar og komi hingað aftur til 2. umr. og síðan hinnar 3. Og það er nákvæmlega yfir því sem verið er að kvarta hér, þ.e. að tvö mikilvæg mál fást ekki hingað til 2. umr. og síðan hinnar 3. vegna þess að hinn meinti lýðræðislegi meiri hluti hefur lagst gegn því. Það er nákvæmlega sama hversu oft hv. formaður þingflokks sjálfstæðismanna tönnlast á því að hér sé um eðlilegan, lýðræðislegan rétt að ræða. Hér er farið aftan að hlutunum.

Ég vakti athygli á því áðan að svo mikill var óttinn við þetta mál, kannski óttinn við það að missa hjörðina út og suður, að ná ekki að halda henni saman, að nefndin felldi það að fjalla um hin tvö málin, frv. og þáltill., samhliða frv. ráðherrans.

Ég vek á því athygli, virðulegi forseti, og rifja það upp að þessi þrjú mál komu á dagskrá á sama deginum og að frv. ríkisstjórnarinnar var gjörbreytt frá síðasta vori og umræðan frá þeim tíma hafði lítið gildi fyrir hið nýja frv. hæstv. heilbrrh. þannig að málin komu jafnný, ef menn vilja orða það svo, til þingsins í síðasta mánuði. Það voru því öll efni til þess, virðulegi forseti, og nægur tími, virðulegi forseti — og sá tími er enn þá nægur — til að klára það verk sem nefndinni var falið af hinu háa Alþingi þegar Alþingi samþykkti að vísa þessum þremur málum til umfjöllunar í heilbrn.

Ég spyr: Ætlar meiri hluti heilbrn. að hafa samþykkt Alþingis að engu þegar samþykkt var að fela nefndinni að fara yfir þessi mál? Ég bið um svör við þessu, virðulegi forseti. Um þetta snýst málið, nákvæmlega eins og virðulegi forseti sagði réttilega áðan.

[15:20]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Það þekkja allir reyndir þingmenn að mál fara til nefndar og það hefur ekki verið siður Alþingis Íslendinga að afgreiða þau öll út. Stór hluti mála, bæði frá ríkisstjórn og hv. alþingismönnum kemur aldrei til 2. eða 3. umr. Þetta er verklag sem hér hefur viðgengist mjög lengi. Það er umhugsunarvert á margan hátt hvort þetta eigi að vera þannig eða hvort formlega eigi að afgreiða öll mál. Það er sjálfsagður hlutur að taka það upp í forsn. og ræða hvernig það á að vera í framtíðinni.

Hitt vil ég svo segja að ég trúi því að heilbrn., sem á eftir að starfa allt þetta þing, hlýtur nú, þegar hún hefur afgreitt þetta mál, að snúa sér að mörgum öðrum málum sem eru til umfjöllunar í nefndinni.

[15:21]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst málflutningur hv. þingmanna sem hér hafa talað hæst dæma sig sjálfur. Og ég verð að segja af því tilefni að það er alveg ljóst að enginn reiðir annað fram úr sínum sjóði en það sem hann á.

Varðandi það að því hafi verið hafnað að taka þessi mál til meðferðar í hv. heilbr.- og trn. þá er það rétt að því var hafnað að gera það samhliða stjórnarfrv. Það er alveg ljóst að málin liggja í heilbr.- og trn. og verða þar til meðferðar. Það er því alls ekki hægt að saka meiri hluta nefndarinnar um ólýðræðisleg vinnubrögð. Það er undarleg túlkun, svo ekki sé meira sagt.

Um fundarstjórn.

Þingmannamál um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði.

[15:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en bætt eilitlu við í kjölfar orða hæstv. forseta áðan í þá veruna að reyndir þingmenn ættu að þekkja það og venjast því að mál færu til nefndar og kæmu ekki þaðan aftur. Með öðrum orðum að hv. þingmenn eiga hér að ganga að því sem vísu að mál stjórnarandstöðu fari inn í nefnd og komi ekki þaðan aftur, en ef um er að ræða stjfrv. þá eigi hv. reyndir þingmenn að venjast því að þau komi þaðan hratt aftur. Þetta er ekki viska sem ég get undirgengist, það er nú bara þannig. Þess vegna vil ég láta það koma skýrt fram að ef hv. heilbrn. afgreiðir ekki það mál sem ég er 1. flm. að fyrir afgreiðslu frv. heilbrrh. (**Gripið fram í:** Er þetta lýðræði?) þá mun ég gaumgæfa allar þær leiðir sem ég á þingsköpum samkvæmt. (**Gripið fram í:** Eru þetta ...?) Hótanir? Ég er að lýsa yfir leiðum mínum til þess að koma viðhorfum mínum hér á framfæri, sem var tilgangur málsins. Ég á ýmsa kosti í því. *Ég get til að mynda gert brtt. við hverja einustu grein frv.* því að frv. mitt var einmitt byggt upp með svipuðum hætti til þess að auðveldara yrði en ella að fara yfir það samhliða frv. hæstv. heilbrrh. En það var ekki pólitískur vilji til þess.

Ég ætla ekki að leggja það í vana minn, virðulegi forseti, að líta þannig á að það sé sjálfsagður og eðlilegur hlutur og fylgi hér reynslunni að mál stjórnarandstöðu fái að daga uppi í nefndinni en mál stjórnarinnar komi þaðan jafnharðan út. Það ætla ég ekki að leggja í vana minn og fæ væntanlega aldrei þá reynslu hér af þingstörfum að það verði sjálfsagður hlutur.

[15:24]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill taka fram vegna þessara orða að það voru ekki hans orð áðan að það ætti að vera siður gagnvart stjórnarandstöðu að mál hennar lægju fyrnd. Forseti sagði einungis þetta: Það er þingvenja sem menn þekkja að mál fara til nefndar. Mörg mál, bæði stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar, koma ekki til baka og þeim hefur ekki verið lokið á viðkomandi þingi. En forseti sagðist líka trúa því hér áðan að það yrði vinna heilbrn. að fara ofan í mörg þau mál sem liggja fyrir nefndinni núna á næstu vikum. Forseti sættir sig því illa við útúrsnúning gagnvart þeim orðum sem hann viðhafði áðan.

[15:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að það komi fram í þessum orðaskiptum hvað felst í þeirri yfirlýsingu hv. formanns þingflokks sjálfstæðismanna, Sigríðar Önnu Þórðardóttur, að málin sem hér er verið að gera að ...

(**Forseti** (GÁ): Hv. þm. ræðir fundarstjórn forseta.)

Ég tel nauðsynlegt, hæstv. forseti, að eftirfarandi upplýsingar komi fram og beini því til hæstv. forseta að hann leyfi mér að gera það.

Hv. þm. sagði að í heilbrn. yrði áfram tóm til að fjalla um annars vegar frv. jafnaðarmanna og hins vegar þáltill. frá þingflokki óháðra um dreifða gagnagrunna. Það er hægt að fjalla um þetta eftir að frv. ríkisstjórnarinnar hefur verið afgreitt á þinginu. Hvers konar rugl er þetta, með leyfi forseta?

Hér er verið að tala um frv. ríkisstjórnarinnar sem kveður á um miðlægan gagnagrunn sem á að veita sérleyfishafa einkarétt yfir. Hins vegar er um að ræða valkosti við þetta, valkost sem þingflokkur jafnaðarmanna eða þingmenn jafnaðarmanna hafa sett fram um annars konar útfærslu á miðlægum gagnagrunni og hins vegar tillögu sem fram kemur frá þingflokki óháðra um dreifða gagnagrunna. Ég hef bent á það, hæstv. forseti, að sú tillaga nýtur víðtæks stuðnings í vísindasamfélaginu. Og ég er að vekja athygli á því að meiri hluti Alþingis ætlar að reyna að koma í veg fyrir það að Alþingi fái að taka afstöðu til þessara valkosta allra.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Desemberuppbót ellilífeyrisþega.

[15:27]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh. Fyrirspurn mín lýtur að desemberuppbót launþega og ellilífeyrisþega. Ég spyr:

Hver er skoðun hæstv. forsrh. á því að skattlögð sé upp í topp desemberuppbót elli- og örorkulífeyrisþega sem hæst geta fengið 14 þús. kr. í desemberuppbót meðan launþegar fá í eingreiðslu nú í desember 26 þús. kr., sem er sama fjárhæð hjá öllum óháð tekjum ef um er að ræða sama vinnutíma á árinu?

Elli- og örorkulífeyrisþegar sem fá hæstu desemberuppbót fá aðeins tæpar 14.300 kr. Þeir sem hafa enga heimilisuppbót, sem er mjög stór hópur, fá eingöngu rúmar 8.300 kr. í desemberuppbót sem síðan skerðist með skertri tekjutryggingu. Af hverri krónu af þessari litlu desemberuppbót lífeyrisþega eru síðan tekin 39% í skatt þannig að í skatt eru teknar aftur um 3.300 kr. af um 8.300.

Telur hæstv. forsrh. ekki ástæðu til að gera hér breytingu á þannig að í fyrsta lagi fái ellilífeyrisþegar ekki lægri desemberuppbót en gerist á vinnumarkaðnum? Og í öðru lagi hvort ekki sé full ástæða, ekki síst nú í góðærinu, að skoða það að fella niður skattlagningu af þessari litlu desemberuppbót lífeyrisþega?

[15:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er sjálfsagt og eðlilegt að menn skoði skattamál öll í víðtæku samhengi um þessar mundir og reyni að fara sér hægt og varlega í skattheimtunni allri. Það hefur ríkisstjórnin verið að leitast við að gera með því að lækka skatta samfellt, lækka skattprósentuna. Því miður lendum við nú í því eins og nýkunnar fréttir eru um að aðilar, til að mynda höfuðborgin sjálf, ræðst á fólk með því að taka þá skattalækkun burtu — og þarna hlæja nú sumir. Þeir hlæja að því sumir hér í salnum. Ég hef gaman af því — (Gripið fram í.) taka þá skattalækkun burtu sem launþegahreyfingin treysti á. Það væri gaman ef vélinni væri nú beint að þeim sem fara að hlæja að því þegar skattalækkun launþeganna er tekin burtu aftur. Það væri rétt að nafngreina þá sem hlæja mest að því þegar skattalækkun launþeganna er tekin burtu.

Auðvitað er það sjálfsagt og eðlilegt að menn hugi að skattalækkunum. Það stendur til núna um áramótin að skattafsláttur inn hækki eins og gert var ráð fyrir samkvæmt samningum og það er sjálfsagt að við það allt saman sé staðið. Að öðru leyti er ekki fært í óundirbúnum fyrirspurnum að fara inn á einstaka þætti skattamála.

[15:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér fannst hæstv. forsrh. kasta steinum úr glerhúsi í þessari fyrirspurn þegar hann talar um útsvarshækkun í Reykjavík og sér ekki ástæðu til að lýsa því yfir úr ræðustól að gengið verði í það verk að hætta að skattleggja litla desemberuppbót sem lífeyrisþegar fá sem svo hart hefur verið ráðist á af hálfu ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu. Það eru einungis um 8–14 þús. sem lífeyrisþegar fá meðan aðilar á vinnumarkaðnum fá 26 þús. kr. Bilið hefur breikkað milli þeirra sem fá lágmarkslaun og lífeyri í tíð þessarar ríkisstjórnar þannig að mér finnst að hæstv. forsrh. ætti að sjá sóma sinn í því að lýsa því yfir.

Skýringin á því að Reykjavíkurborg hefur þurft að hækka útsvar sitt er m.a. sá skuldahali sem sjálfstæðismenn skildu eftir sig og líklega má rekja 15 milljarða af 20 milljarða skuld Reykjavíkurborgar til ýmissa álagninga sem ríkið hefur beitt sér fyrir allt frá 1990, m.a. skerðingu á tekjum sveitarfélaga vegna útfærslu ríkisstjórnarinnar á fjármagnsskatti svo dæmi sé tekið.

[15:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér finnst afar athyglisvert að hv. þm. skyldi koma hér upp og verja sérstaklega þessa skattahækkun í Reykjavík. Það var afar sérstakt að hv. þm. skyldi verja að komið sé aftan að launþegum eins og þarna er gert. Það sýnir bara að þingmanninum er ekki alveg sjálfrátt. Það skiptir máli hverjir ganga á svig við hagsmuni launþeganna, ekki að það skuli vera gert heldur hverjir gera það.

[15:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur haft um 100 milljörðum meira úr að spila á þessu kjörtímabili en síðasta ríkisstjórn. Samt hefur ríkisstjórnin ráðist aftur og aftur að kjörum elli- og örorkulífeyrisþega. Hve mikið af þeim 100 milljörðum, sem ríkisstjórnin hefur haft til ráðstöfunar umfram síðustu ríkisstjórn, hefur runnið til elli- og örorkulífeyrisþega?

Við erum hér á tímum góðæris. Er til of mikis mælst að um það sé spurt og hæstv. ráðherra svari því án útúrsnúninga hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að hækka desemberuppbót elli- og örorkulífeyrisþega og að það lítilræði sem lífeyrisþegar fá verði ekki skattlagt? Auðvitað er til skýring á þessu varðandi útsvarshækkunina og hefði ég viljað hafa tíma til þess að fara yfir það. Þegar hæstv. forsrh. og flokkur hans fóru með völdin í borginni áttu þeir ekki síst þátt í mikilli skuldasöfnun og ýmsum álögum sem ríkið

hefur staðið að, t.d. þegar þeir fluttu húsaleigubætur yfir til Reykjavíkurborgar — sem ríkið sá ástæðu til þess að láta miklu minni peninga til en þörf var á. Félagsleg aðstoð er miklu meiri í Reykjavík en víða annars staðar. (Forseti hringir.) Ég gæti nefnt dæmi en hef því miður ekki tíma til þess. Það skulu verða lokaorð mín að hæstv. forsrh. þorir ekki að svara fyrirspurn minni heldur er með tóma útúrsnúninga hér í ræðustól.

[15:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Skyldi það vera svo að með tveggja daga fyrirvara á sérstökum aukafundi í borgarstjórninni skuli þurfa að bregðast við einhverju sem gerðist hjá Reykjavíkurborg fyrir fimm, sex árum? Skyldi það vera svo? (**JóhS:** Hver var tilgangurinn?) Auðvitað er það ekki svo. En það var nauðsynlegt að koma þessu máli ... (Gripið fram í.) Ég hef þegar svarað því. — (Gripið fram í.) Nei, þú vilt ekki heyra um það, hv. þm. Hvernig stendur á því að —

(**Forseti** (GÁ)**:** Hljóð í sal.)

Hvernig stendur á því að ... (Gripið fram í.) Hef ég orðið, hv. þm., eða ekki? (**JóhS:** Svaraðu því sem ég spurði um.) Bara þannig, ef ég svara eftir pöntun þinni, hv. þm. En þannig eru þingsköpin ekki. Þú skammtar mér það ekki. En það er augljóst að það sem gerist með tveggja daga fyrirvara á óreglulegum fundi borgarstjórnar er ekki í neinum tengslum við það sem gerðist fyrir fimm árum í borgarstjórn. Það veit hv. þm. og á ekki að reyna að bregða slíku fyrir sig.

Fjármögnun heilbrigðisþjónustu.

[15:35]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ætla að spyrja um skattlagningarstefnu ríkisstjórnarinnar. Ég leyfi mér að gera það þrátt fyrir umvandanir hæstv. forsrh. áðan um svip á þingmönnum úti í sal. Ég veit ekki til þess að hann ráði yfir því hvernig menn eru á svipinn í þessu húsi.

Ég ætla samt sem áður að leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. sem gengur út á það að hann boðaði á ráðstefnu fyrir nokkrum dögum að það ætti að fara að leggja skatta á sjúklinga í stórauknum mæli. Samkvæmt frétt Stöðvar 2 sagði hæstv. fjmrh.:

„Hjá því verður ekki komist að treysta í meira mæli á beina fjármögnun frá neytendum heilbrigðisþjónustunnar og einungis að hluta á fjármögnun í formi skattheimtu."

Hann ætlast til þess að sjúklingar verði látnir borga fyrir heilbrigðisþjónustuna í stórauknum mæli. Sjúklingarnir eru skattstofninn sem íhaldið hefur fundið og er athyglisvert að hugsa um í framhaldi af orðaskiptum hæstv. forsrh. við þingmann áðan.

Í öðru lagi segir í fréttinni:

„Þá talaði Geir um að einkafjármögnun ætti að skoða í auknum mæli."

Í þriðja lagi sagði hann:

„Og greiðslur til sjúkrastofnana eiga að byggjast á afköstum í auknum mæli."

Það á með öðrum orðum að taka upp uppmælingu á heilbrigðisstofnunum til þess að tryggja þeim fjármuni til rekstrar.

Í fjórða lagi sagði hæstv. fjmrh.: „Þá er áhugavert að færa starfsemi sem er í samkeppni við einkarekstur frá sjúkrahúsum í sérstök fyrirtæki sem yrðu rekin á sömu forsendum og einkafyrirtæki."

Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar? Ég trúi því ekki að þeir framsóknarmenn skrifi upp á stefnu af þessu tagi vegna þess að verið er að boða óvenjuómengaða hægri stefnu og það er sjaldgæft að vatnaskilin á milli hægri og vinstri sjáist eins glöggt í íslenskum stjórnmálum og sáust í viðtalinu við hæstv. fjmrh. og fréttinni af ummælum hæstv. fjmrh. Því spyr ég hann: Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar? Hvernig ætlar hann að knýja hana fram og er samstaða um hana með hinum stjórnarflokknum?

[15:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég flutti ræðu á aðalfundi hjá hjúkrunarforstjórum í síðustu viku þar sem ummæli þau sem hér er vitnað til voru látin falla. Þar var fjallað um ýmsa möguleika í sambandi við framtíðarfjármögnun í heilbrigðisþjónustunni. Mér kemur ekki á óvart að hv. þm. hristi hausinn og leggist gegn alls kyns nýjum hugmyndum sem koma fram á slíkum fundi um þann vanda sem við er að fást í heilbrigðisþjónustunni en þar er fyrst og fremst um að ræða fjármögnunarvanda. Fyrir mitt leyti tel ég sjálfsagt að menn eins og ég og hann borgum eilítið meira fyrir heilbrigðisþjónustuna. Ég tel ekki að við séum neinir sérstakir sjúklingar eða séum ekki færir um að greiða pínulítið meira fyrir þá þjónustu sem um er að ræða.

Það er líka sjálfsagt mál að kanna kosti einkafjármögnunar sem við höfum sparað okkur stórfé á í sambandi við Iðnskólann í Hafnarfirði, hvort það fyrirbæri gæti skilað okkur einhverjum ávinningi í heilbrigðisþjónustunni eins og í skólakerfinu. Menn verða að vera opnir fyrir slíkum möguleikum og ekki má líta þannig á að það þurfi alltaf að vera sami aðilinn sem veitir þjónustuna og sá sem borgar fyrir hana. Að stærstum hluta til mun ríkið eftir sem áður borga fyrir þá þjónustu þó að einkafyrirtæki eða aðilar sem samið er við veiti hana. Það gerum við auðvitað, þekkjum það með prívatpraxís á læknastofum o.s.frv.

Aðalatriði málsins er það, og út á það gekk ræða mín á fundinum, að það verður að brjótast út úr fjármögnunarvandanum í heilbrigðisþjónustunni. Einn möguleiki er sá að tengja saman fasta grunnfjármögnun á spítölum og síðan með einhverjum hætti greiðslur fyrir þau verk sem þar eru unnin. Það má kalla það afkastatengingu en kjarni málsins er þó sá og það erum við væntanlega öll sammála um og það tók ég sérstaklega fram í minni ræðu að allir Íslendingar vilja tryggja landsmönnum öllum góða og örugga heilbrigðisþjónustu þegar fólk þarf á því að halda enda er það ein af grunnforsendunum fyrir velferðarkerfinu. Menn mega ekki vera svo þröngsýnir að þeir geti ekki einu sinni rætt nýja möguleika á þessu sviði.

[15:39]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Svo þröngsýnir mega menn ekki vera og ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að setja þessa hægri stefnu Sjálfstfl. fram jafnómengaða og hann gerði. Hann á vissulega þakkir skildar fyrir það.

Veruleikinn snýst um það hvort menn vilja fjármagna samfélagsþjónustuna með því að leggja skatta á þá sem mikið hafa eins og mig og hann eða hvort menn ætla að leggja skatta á þá sem síst skyldi, þ.e. sjúklingana sem neyðast til þess að leita þjónustunnar. Hér er komið að grundvallaratriðum í pólitík og hæstv. ráðherra svaraði ekki þeirri spurningu

minni hér áðan sem var aðalatriðið: Er þetta stefna ríkisstjórnarinnar og hvernig mun hún birtast á næstu dögum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar?

[15:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það liggur auðvitað í augum uppi að ríkisstjórnin hefur ekki tekið upp neina nýja stefnu í þessum málum þó ég hafi leyft mér á málþingi að reifa nokkra möguleika sem ég sé fyrir mér í þessum efnum. Ég tel það skyldu mína í núverandi hlutverki mínu að reifa þá fjármögnunarkosti sem fyrir hendi eru á þessum sviðum og öðrum til þess að reyna að mæta þeim vanda sem þarna er við að fást og allir þekkja.

En það er líka hægt að hugsa með sér eins og hv. þm. gerði. Ég og hann erum ekki of góðir til að borga hærri skatta. Það má vel vera að við mundum ráða við það. En við erum heldur ekki of góðir til að borga örlítið meira beint fyrir þá þjónustu sem við fáum þegar við þurfum t.d. að leita til læknis. Við erum engir sérstakir sjúklingar við það eitt að þurfa á því að halda. Kjarni málsins er sá að gera þetta kerfi þannig úr garði að þeir sem eru raunverulegir sjúklingar, þeir sem þurfa á þessari þjónustu að halda, fái hana ókeypis og þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að kerfið sé að sligast vegna þess að það hefur ekki tekist að fjármagna hana með þeim hætti sem nauðsynlegt er. Þetta er kjarni málsins. Við sem vinnum t.d. þau störf sem við gerum ættum að hafa fullkomlega efni á því að leggja okkar af mörkum í þessum efnum og greiða örlítið meira.

[15:41]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Skattastefna vinstri manna hefur alltaf verið sú að það eigi að leggja á skatta eftir efnum og ástæðum. Þeim mun meira sem menn hafa í tekjur, þeim mun meira sem menn hafa umleikis, þeim mun meira geta menn borgað í félagslega þjónustu. Hæstv. ráðherra er að boða stefnu sem er í grundvallaratriðum allt önnur og ég þakka honum sérstaklega fyrir að láta það koma fram að hann telur að þetta sé ekki stefna ríkisstjórnarinnar. Hann lýsir því hér yfir að þetta séu persónulegar hugleiðingar hans og það er mikilvægt að það liggi fyrir að hann vísar ábyrgðinni frá ríkisstjórninni og yfir á sjálfan sig. Vegna þess að hér er um að ræða svo stór tíðindi að ef ríkisstjórnin hefði staðið á bak við þessa stefnu hefði auðvitað verið nauðsynlegt að ræða hana miklu ítarlegar en kostur er í þessari umræðu. En ég boða framhald þessarar umræðu af minni hálfu við 2. umr. fjárlaga í næstu viku.

Yfirlýsingar forsætisráðherra um útsvarsmál í Reykjavík.

[15:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í DV í dag segir af því að hæstv. forsrh. sé reiður vegna þess að ákveðnar tillögur í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar séu óskammfeilnar, eins og hann orðar það. Raunar endurtók reiði hans sig í þessum sama ræðustól fyrir örfáum mínútum. Auðvitað er um ákaflega sérkennileg afskipti hæstv. forsrh. af borgarmálefnum að ræða eins og þau birtast hinu háa Alþingi og í hinni almennu þjóðmálaumræðu.

Í því ljósi vil ég spyrja hæstv. félmrh., sem hefur auðvitað málefni sveitarstjórna á sinni könnu, hvort honum finnist viðeigandi að hæstv. forsrh. fari fram með þessum hætti þegar um er að ræða tillögur lýðræðislega kjörins meiri hluta borgarinnar. Hvort honum finnist það eiga við að hæstv. forsrh. fari inn á málefnasvið hans á þennan hátt. Og í þriðja lagi, hvort hæstv. félmrh. og ráðherra sveitarstjórnarmála sé efnislega sammála þeirri einkunnagjöf sem hæstv. forsrh. hefur látið frá sér fara nú í dag og í fjölmiðlum í morgun. Er hann dús við hæstv. forsrh. í þessum efnum?

[15:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur tjáð sig mjög skýrt um hugmyndir meiri hlutans í Reykjavík um hækkun útsvars og að sjálfsögðu hefur hæstv. forsrh. málfrelsi og ég geri ekki athugasemdir við það þó að hann hafi skoðun á þessu atriði. Hins vegar fellur sú skoðun ekki saman við mína að öllu leyti því að á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í síðustu viku ræddum við m.a. bága skuldastöðu sveitarfélaganna í landinu. Sveitarfélögin í landinu safna skuldum ár eftir ár og bæta stöðugt á eins og hv. 9. þm. Reykn. þekkir manna best.

Ef hallinn á sveitarfélögunum er settur í eina púllíu verður hann í ár að mati Þjóðhagsstofnunar yfir 2 milljarðar, voru 3 milljarðar í fyrra, voru 450 millj. á árinu 1996 og yfir 6 milljarðar á árinu 1995. Það sjá náttúrlega allir að svona getur ekki gengið og við hæstv. fjmrh. vöruðum alvarlega við þessari skuldasöfnun. Ég lét þess getið í ræðu minni að ég teldi eðlilegt að sveitarfélög sem hefðu borð fyrir báru í útsvarshækkunum fullnýttu útsvarið. Nú er það ekki tilfellið í Reykjavík að hugmyndir séu uppi um það að fullnýta útsvarið, 12,04%. Þeir eru með 11,99% eða eitthvað svoleiðis ef ég hef tekið rétt eftir. En ég tel ekkert óeðlilegt við það þó að útsvar sé hið sama í Reykjavík og í Kópavogi, a.m.k. sér landsbyggðarfólk ekki háskann af því að flytja í Kópavog fremur en til Reykjavíkur þó útsvarið hafi þar verið aðeins hærra.

[15:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra sveitarstjórnamála svörin. Ég skildi hann á þann veg að hann og hæstv. fjmrh. væru sammála um nauðsyn þess að sveitarfélög reyndu að stemma stigu við þeirri skuldasöfnun sem átt hefur sér stað hjá tilteknum sveitarfélögum og stöðva hallarekstur þeirra. En hæstv. forsrh. virtist ekki vera inni í málum. Ég skildi hann þannig. Hann hafði ekki hlustað á þessar gagnmerku ræður eða þær tölur sem var að finna á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga fyrir helgina. Var það rétt skilið að hæstv. forsrh. væri kannski ekki nægjanlega vel inni í málum sveitarfélaga til að geta gefið einkunnagjöf á þann veg sem hann hefur gert hér í dag og í fjölmiðlum í morgun? Ber einnig að skilja það svo að hæstv. fjmrh. viti betur en flokksbróðir hans, hæstv. forsrh.?

[15:48]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning og útúrsnúninga tíundaði ég hvað ég sagði í ræðu minni á fjármálaráðstefnunni. Ég tók það líka fram að hæstv. fjmrh. hefði varað stranglega við þeirri skuldasöfnun sem er hjá sveitarfélögunum, viðvarandi skuldasöfnun, og hann reifaði hugmyndir um samstarf ríkisvalds og sveitarfélaganna um samráð um fjármálastjórn í landinu. Ég tel að hæstv. forsrh. sé ágætlega inni í sveitarstjórnarmálum og ég dreg ekki í efa að hann fylgist með fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Hitt er svo annað mál að ýmsar leiðir eru til að laga skuldastöðuna. Það er t.d. hægt að draga úr þjónustu. Það gæti vel verið

að hæstv. forsrh. hallist fremur að þeirri leið. Ég held að sveitarfélögin í landinu, og það er alvörumálið, verði að gá að sér að eyða ekki um efni fram.

[15:49]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þegar talað er um samráð á milli ríkisstjórnarinnar og sveitarstjórnanna í landinu, var þá átt við samráð af því tagi sem birtist þingheimi í dag þegar hæstv. forsrh. orðaði það þannig að borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík væri að ráðast á fólkið? Er það slíkt samráð sem hæstv. ráðherra sveitarstjórnarmála sér fyrir sér? Eða hæstv. fjmrh.? Það væri fróðlegt að fá svör við því. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin. Ég heyri það á öllu að hann hefur yfirsýn yfir málið. Það er kannski of langt um liðið síðan hæstv. forsrh. hafði málefni sveitarfélaga á sinni könnu hjá Reykjavíkurborg og ég ætla ekki að biðja hæstv. félmrh. að dæma um það hvort erfiðleikar hvað varðar skuldastöðu borgarinnar séu frá hans dögum eða íhaldsins í borginni, en það væri svo sem út af fyrir sig ber ofan á rjómann ef hann færi kannski nokkrum orðum um það líka.

[15:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að rekja það hvernig skuldir Reykjavíkurborgar sérstaklega eru til komnar. Það er nú sjálfsagt lengri saga en gefst tækifæri til að svara hér í óundirbúnum fyrirspurnum.

Í gildi er samstarfssáttmáli milli ríkis og sveitarfélaga. Þessi samstarfssáttmáli fjallar m.a. um samráð um fjárhagsmálefni. Það vill nú svo til að þessi samstarfssáttmáli rennur út um næstu áramót, og ég hef hugsað mér á ríkisstjórnarfundi á morgun að gera tillögu um að samstarfssáttmálinn verði endurnýjaður.

Afkoma sveitarfélaga.

[15:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef áhuga á að leggja fyrir hæstv. fjmrh. spurningar mjög hliðstæðs eðlis og þær sem bornar voru upp við hæstv. félmrh. áðan. Hæstv. fjmrh. er nýkominn af fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og þar lýsti hann, og reyndar hæstv. félmrh. einnig, yfir miklum áhyggjum sínum út af fjárhagsafkomu sveitarfélaganna, enda liggja fyrir upplýsingar um umtalsverðan hallarekstur sveitarfélaganna á undanförnum árum og yfirstandandi ári. Hæstv. fjmrh. ræddi þar einnig um nauðsyn þess að koma á samráði ríkisins og sveitarfélaganna í þessum efnum, þ.e. á fjármálasviðinu. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. í hverju hann hugsi sér að þetta samráð sé fólgið. Er þar verið að bjóða upp á eða lýsa eftir samráði t.d. um beitingu tekjustofna? Er hæstv. fjmrh. þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að ríki og sveitarfélög samstilli málin hvað varðar beitingu tekjustofna?

Eins og ljóst er hafa sveitarfélögin tekið við mörgum útgjaldafrekum verkefnum og þau fara nú með um 25% af opinberri þjónustu eða opinberum umsvifum í landinu. Kostir sem sveitarfélögin eiga eru því ekki margir og gamalkunnugir frá glímum t.d. við afgreiðslu fjárlaga. Er hæstv. fjmrh. þeirrar skoðunar að sveitarfélögin eigi að skila einhverju af þessum verkefnum til baka? Er hæstv. fjmrh. þeirrar skoðunar að þau eigi að skera niður þjónustuna eða telur hæstv. fjmrh. að þau eigi að auka tekjurnar? Það er í grófum dráttum þetta sem í boði er. Ég held, herra forseti, ekki síst með hliðsjón af þeim orðaskiptum sem þegar hafa orðið á þessum fundi, að ástæða sé til að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir hugmyndum sínum eins og þær snúa að sveitarfélögunum og afkomu þeirra.

[15:53]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mér er ljúft að útskýra hugmyndir mínar um þetta efni. Það hafa fleiri en hv. þm. tekið eftir, eins og hæstv. félmrh. vitnaði til, að ég bauð til sérstaks samstarfs um efnahagsmál einmitt vegna þess að sveitarfélögin í landinu sem ein stærð eru orðin mikið númer í þeim efnum því að þau ráðstafa nú u.þ.b. 25% af öllum opinberum útgjöldum. En kjarni málsins í þeirri tillögu sem ég flutti er sá að ríki og sveitarfélög leggi ekki stein í götu hvers annars. Að þau séu ekki að þvælast fyrir markmiðum hvers annars og að þau reyni að samræma sína stefnu, þannig að það sem einn aðilinn gerir gangi ekki þvert á það sem annar aðili er að gera.

En því miður hefur það gerst nú um helgina að í Reykjavík er boðuð ráðstöfun sem gengur þvert á þau markmið sem ríkisvaldið, reyndar í tengslum við aðila vinnumarkaðarins, hefur beitt sér fyrir að því er varðar skattalækkanir. Það eru atriði eins og þetta sem hugmynd mín gekk út á að koma í veg fyrir, að einn stór aðili á sveitarstjórnarsviðinu tilkynni um skattahækkanir á þennan hátt þegar ríkisvaldið hefur einmitt gengið fram fyrir skjöldu til að lækka skattana. Ég var að tala um það samráð að menn bregði ekki fæti hver fyrir annars áform í málum sem þessum.

Mér sýnist nú eftir þennan atburð, þótt hann virki eins og löðrungur beint á þessa tillögu sem ég var að flytja fyrir helgina, að hann sýni líka í hnotskurn nauðsyn þess að sveitarfélögin og ríkið tali saman um þessa hluti og reyni að samræma sig að því er varðar bæði tekjustofna, eins og hv. þm. spurði um, og aðra þætti sem hafa áhrif á efnahagsmálin og afkomu almennings í landinu. Menn verða stundum að hugsa pínulítið stærra en bara ofan í eigin aski og horfa upp fyrir asklokið sitt þegar kemur að því að taka mikilvægar ákvarðanir sem snerta efnahagsmálin í landinu.

[15:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gengur beint í gildruna verð ég að segja. Það er auðvitað alveg yfirgengileg hræsni, alveg yfirgengilegur tvískinnungur að ekki bara einn heldur tveir ráðherrar í einni ríkisstjórn skuli á ráðstefnu sveitarfélaganna um tekjur vara þau sérstaklega við hallarekstri og lýsa þungum áhyggjum af hallarekstri sveitarfélaganna. Og svo kemur hæstv. forsrh. þvert á þessar áhyggjur og ræðst á sveitarfélag sem ætlar að fara að auka nýtingu tekjustofna sinna en þó innan marka, ekki einu sinni fullnýta þær tekjur. Hæstv. fjmrh. verður þá að svara því hvað sveitarfélög sem eru í vanda og eru rekin með halla eiga að gera, ef þau mega ekki afla sér tekna. Er þá hæstv. fjmrh. að segja: Samráðið sem ég var að bjóða upp á felst í ráðgjöf um að skera niður? Eða hvað? Eða er ríkið tilbúið að taka við verkefnum til baka, ef t.d. grunnskólinn er að reynast sveitarfélögunum þyngri baggi en útreikningar bentu til? Svona framganga getur ekki gengið. Ríkisstjórn getur ekki hegðað sér með þessum hætti og það á sömu sólarhringunum. Annars vegar skammað sveitarfélögin fyrir hallarekstur og hins vegar ráðast á þau fyrir að ætla að afla sér tekna til að standa straum af útgjöldunum.

[15:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hv. þm. kýs að ræða ekki kjarnann í þeirri tillögu sem hann var að spyrja um og ég lagði fram á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna fyrir helgina, um þetta samráð. Um að menn horfist í augu við þá staðreynd að sveitarfélögin eru ekki nein hornkerling eða peð þegar kemur að því að ræða efnahagsmál í landinu og að komin er upp full nauðsyn á því að menn samræmi sig milli ríkis og sveitarfélaga um þessar heildarstærðir í þjóðfélaginu og í þjóðarbúskapnum. Það er það sem ég var að tala um en auðvitað virkar sú ákvörðun sem nú er yfirvofandi í borgarstjórn Reykjavíkur seinna á þessum sólarhring þvert á það sem ég er að tala um. Hún gengur þvert á þá kenningu sem ég lagði fram á þessum fundi um að ríki og sveitarfélög ættu að samræma afstöðu sína og gæta þess að leggja ekki stein í götu hvers annars eða þvælast fyrir þeim markmiðum sem menn eru að setja sér í efnahagsmálum.

[15:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er auðvitað augljóst mál að hæstv. fjmrh. vill ekki fara nánar út í þessa sálma, þ.e. svara spurningunni: Samráð um hvað? Upp á hvaða samráð var verið að bjóða? Í beinu framhaldi af því að hæstv. ráðherra og hæstv. félmrh. lýstu sérstökum áhyggjum — af hverju? Af hallarekstri sveitarfélaganna. Einhver hefði látið sér detta í hug að þar með væru skilaboðin: Við verðum að ná betri tökum á þeim rekstri, sveitarfélögin verða að komast út úr þeim hallarekstri — og það eru bara tilteknar aðferðir til í því sambandi, það er vitað. En um hvað á þá samráðið að vera? Um hvað á samráðið að vera, hæstv. fjmrh., ef það er svona? Er þá bara einn kostur eftir? Að ríkið geti blómstrað með sinn efnahag og sveitarfélögin skeri síðan niður? Það er það sem hæstv. fjmrh. er í raun og veru að segja, að samráðið eigi að felast í því að sveitarfélögin eigi að skera niður þjónustu sína í samræmi við efnahagsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Það er enginn annar botn í málflutningi hæstv. fjmrh. hér en sá fyrir utan svo aftur hitt, sem er auðvitað augljóst, að um er að ræða pólitíska hræsni. Þetta er ekkert annað en pólitísk hræsni hjá íhaldinu sem er að reyna að ná sér niðri á meiri hlutanum í Reykjavík.

[15:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Samráðið á að snúast um það, hv. þm., að menn komi sér saman um meginmarkmiðin í efnahagsstefnunni þannig að menn séu ekki, eins og ég er margbúinn að segja hér, að þvælast fyrir markmiðum hvers annars. Ríkið mun lækka skatta til ríkisins, samkvæmt lögum sem þegar hafa verið samþykkt, um 1% um næstu áramót. Skatthlutfallið fer þá úr 39,04, minnir mig, niður í 38,04%, eitthvað þar um bil. En það sem gerist núna vegna þessarar skattahækkunar hjá Reykjavíkurborg er að þetta nær ekki fram að ganga og prósentuálagningin verður hærri sem nemur þessum hækkuðu álögum hjá Reykjavíkurborg.

Nú vill að vísu svo til að hluti af því mun ekki koma til framkvæmda fyrr en eftir á, í ágústmánuði, vegna þess að tekið er visst meðaltal af útsvarsprósentu sveitarfélaganna sem fer inn í staðgreiðsluhlutfallið þannig að borginni mun takast að fela þetta að hluta til þangað til kemur að skuladögunum í ágúst. Eigi að síður mun ekki takast, miðað við þessi áform, að lækka skattprósentuna niður í 38% eins og til hefur staðið vegna þessara áforma Reykjavíkurborgar. Það kalla ég að ganga gegn þeim markmiðum sem sett hafa verið og sem maður hélt að góð samstaða væri um í þjóðfélaginu, milli ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins.

Staðfesting samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

[16:01]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. um ástæður þess að svo fáar af samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa verið staðfestar hér á landi. Í síðustu viku var vakin athygli á því að Íslendingar hafa aðeins fullgilt tvær af þeim 26 samþykktum sem hafa verið gerðar innan Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1980. Við erum fullgildir aðilar að ILO. Við tökum þar virkan þátt í starfi en við höfum hins vegar ekki einu sinni fjallað um 16 af þessum samþykktum á réttum vettvangi.

Önnur Norðurlönd hafa fullgilt frá 6–16 þessara samþykkta og þótt svo að margar samþykktanna eigi ekki beinlínis við hér á landi er ljóst að hér er um að ræða algerlega óviðunandi niðurstöðu í okkar vinnubrögðum. Ég spyr hæstv. félmrh. hvernig standi á þessu sleifarlagi og hvort hann hyggist bæta úr þessu.

Hér hefur sú venja skapast að vinnuveitendur leggi blessun sína yfir samþykktirnar en það er ekki gert ráð fyrir því í hinu alþjóðlega skipulagi. Samþykktirnar hafa heldur ekki verið lagðar fyrir Alþingi og það er, herra forseti, skammarlegt og snýr að þinginu. Brýnt er að bæta úr þeim göllum.

Það að fullgilda samþykktir er í mörgum tilvikum stuðningsyfirlýsing við bág kjör og laka stöðu víðs vegar í heiminum. Þetta er ekkert einkamál okkar og hæstv. ráðherra. Ef við tökum þátt í alþjóðlegu samstarfi þá eigum við að gera það af reisn og fara að þeim leikreglum sem þar gilda.

[16:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr um ástæður þess hve fáar ILO-samþykktir hafa verið fullgiltar á Íslandi. Nú er það ekki mitt að svara nema fyrir það kjörtímabil sem ég hef verið ráðherra, sem er að verða eitt kjörtímabil. Fyrir mína tíð hafa tvær samþykktir verið fullgiltar og fyrir þinglok í vor vænti ég þess að tvær til viðbótar verði samþykktar, þ.e. samþykkt 138 sem fjallar um barnavinnu. Undirbúningi undir þá fullgildingu lauk í fyrravetur með lagabreytingu sem fram fór á Alþingi og er ekkert að vanbúnaði að fullgilda samþykkt 138. Ég hef líka marglýst því yfir í þessum ræðustól að ég vilji að samþykkt nr. 156 verði fullgilt áður en þessu kjörtímabili lýkur.

Ég hef hins vegar farið fram á það við aðila vinnumarkaðarins að þeir reyndu að koma sér saman um þau atriði sem eru í ágreiningi. Og það er eitt atriði í ágreiningi í samþykkt 156 sem verður þá að leysast með ákvörðun Alþingis.

Ég tel að það séu mjög farsæl vinnubrögð að láta aðila vinnumarkaðarins ræða sín í milli og til er samráðsnefnd frá aðilum vinnumarkaðarins og félmrn. þar sem fjallað er ítarlega um þessar samþykktir. Sumar samþykktir ILO eiga ekki við hér og í allnokkrum tilfellum eru íslensk lög betri en þær samþykktir sem ILO hefur gert, þ.e. réttarstaða er betri hér en ILO-samþykktirnar krefjast.

[16:05]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég verð að lýsa yfir furðu minni yfir ummælum hæstv. ráðherra. Að hann skuli ekki nota tilefnið þegar upplýst er um hve bága sögu og slæma við höfum í þessum málum þó svo hann beri einungis lítinn hluta af ábyrgðinni, og gefa þá yfirlýsingu hér úr ræðustól að í framtíðinni skuli unnið öðruvísi.

ILO hefur gert 180 samþykktir. Á Norðurlöndunum hafa 66–100 verið staðfestar. Hjá okkur er þær 18. Það er greinilegt, herra forseti, að hér þarf að breyta vinnubrögðum og það er ekki hægt að láta Vinnuveitendasambandið hafa neitunarvald í samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það eru óeðlileg vinnubrögð. Það er augljóst, herra forseti, vegna svara hæstv. ráðherra sem ætlar einungis að staðfesta tvær samþykktir og ekki að boða stefnubreytingu hvað varðar vinnubrögðin við ILO, að það þarf að taka þetta mál upp á öðrum vettvangi.

[16:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér þykir þessi saga ekkert bág. Ef við værum hvergi verr staddir en hvað varðar þessar ILO-samþykktir þá held ég að við gætum sofið sæmilega rólega.

VSÍ hefur ekkert neitunarvald um það hvaða samþykktir eru fullgiltar hér, bara að það sé skýrt, og ASÍ hefur heldur ekkert sjálfdæmi um það hvaða samþykktir eru fullgiltar hér. En ég hef farið fram á það að þessir tveir aðilar, ásamt félmrn., ræði ítarlega og í þaula þessar samþykktir og undirbúi með okkur í félmrn. þær nauðsynlegu lagabreytingar sem af fullgildingu kunna að hljótast. Það er verið að vinna í þessu einmitt þessa dagana og vegna samþykktar 156 höfum við beðið ASÍ annars vegar og VSÍ hins vegar að koma með hugmyndir að texta sem þeir telja sig geta lifað við. Og þetta tel ég vera nokkuð farsæl vinnubrögð.

[16:08]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að hæstv. félmrh. er ekki utanrrh. íslenska lýðveldisins. Ef hann telur það vera í farsælum farvegi að standa ekki við alþjóðlegar skuldbindingar þá er hann að mínu mati á villigötum. Það er alveg ljóst að þegar ILO gerir sínar samþykktir þá er gert ráð fyrir því að þær fari í ákveðinn farveg í þjóðlöndunum. Það hefur alls staðar gerst í nágrannalöndunum. Hér hefur ríkisstjórnin kosið að leita allsherjarsamráðs — og það kalla ég neitunarvald VSÍ, eða ef menn vilja, neitunarvald ASÍ í þeim efnum — en láta ekki samþykktirnar koma til eðlilegrar þinglegrar afgreiðslu á Alþingi.

Þetta er ámælisvert, herra forseti, og það tekur varla nokkru tali að ræða málin á þeim grundvelli að segja að þetta sé í nokkuð góðu lagi. Það er miklu betra, herra forseti, að við hættum þátttöku í Alþjóðavinnumálastofnuninni ef við ætlum ekki að gera neitt með samþykktir hennar.

[16:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er enginn að hugsa sér það að gera ekki neitt með samþykktir ILO og vafalaust verða fleiri samþykktir fullgiltar á næsta kjörtímabili, eða ég tel það víst.

Samþykktir ILO eru í eðli sínu tvenns konar. Sumar eru flokkaðar þannig að þær eru kallaðar grundvallarsamþykktir. Þær eru um meginlínurnar og meginmálin. Síðan eru aðrar sem eru léttvægari. Og eins og hér hefur komið fram koma margar þeirra okkur Íslendingum ekkert við þannig að ekki er hægt að setja þetta undir einn hatt.

[16:10]

Útbýting þingskjala:

Leiklistarlög, 146. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 327; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 328.

Nám í arkitektúr og skipulagsfræði, 290. mál, fsp. SF, þskj. 341.

Samkeppnishindranir, 189. mál, svar viðskrh., þskj. 317.

Takmarkanir á notkun nagladekkja, 288. mál, fsp. HjÁ, þskj. 339.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fjögurra ára, frá 1. nóv. 1998 til 31. október 2002, að viðhafðri hlutbundinni kosningu, skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

Tveir listar bárust sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ólafur G. Einarsson alþingismaður (A),
Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri (B),
Davíð Aðalsteinsson bóndi (A),
Ingunn Sveinsdóttir viðskiptafræðingur (A),
Ragnar Arnalds alþingismaður (B).

Varamenn:
Erna Bryndís Halldórsdóttir, lögg. endurskoðandi (A),
Margrét Heinreksdóttir lögfræðingur (B),
Finnur Þór Birgisson lögfræðingur (A),
Leó Löve lögfræðingur (A),
Kristín Sigurðardóttir viðskiptafræðingur (B).

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 278. mál. — Þskj. 318.

[16:20]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 72/1981, með síðari breytingum.

Í frv. er tekið á nokkrum þáttum sem varða einkum skattlagningu fyrirtækja en snerta þó einstaklinga í nokkrum tilvikum. Helstu atriði frv. eru afnám skattlagningar á jöfnunarhlutabréfum. Lagt er til að öll útgáfa jöfnunarhlutabréfa verði skattfrjáls ef úthlutunin hefur ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareigenda eða hluthafa. Annað atriðið er um samsköttun móður- og dótturfélaga sem hér hefur ítrekað verið til umræðu á umliðnum árum. Þriðja atriðið er samræming á skattlagningarreglum vegna ávöxtunar á langtímasparnaðarformi.

Hér er og gert ráð fyrir að heimild ráðherra til að undanþiggja vinninga í tilteknum happdrættum skattlagningu verði lögfest. Þá er gert ráð fyrir að farið verði með úthlutun á

hlutabréfum við slit félaga eins og arðgreiðslur en ekki sem söluhagnað.

Lagt er til að lögfesta að reglur um frádrátt frá tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri verði framlengdar um þrjú ár eða til ársins 2002. Jafnframt er gert ráð fyrir að reglurnar verði einfaldaðar og gerðar markvissari. Í síðasta lagi vildi ég geta þess að hér er lagt til, eins og áður hefur verið boðað og ýmsir þingmenn nefnt í máli sínu, að persónuafsláttur með tilliti til fjármagnstekjuskatts verði jafn og í tekjuskattinum. Þetta eru meginefnisatriði frv., herra forseti, en í því eru einnig nokkur önnur smærri atriði.

Kannski má segja að stærstu atriðin sem hér er um að tefla að því er varðar skattlagningu á lögaðila séu reglurnar sem snerta skattlagningu jöfnunarhlutabréfa og hin nýju ákvæði sem heimila samsköttun móður- og dótturfélaga innan ákveðinna marka.

Skattlagning jöfnunarhlutabréfa á sér nokkra sögu sem rakin er í greinargerð með frv. Nú er hins vegar talið tímabært að afnema með öllu skattlagningu á jöfnunarhlutabréf með tilliti til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á skattkerfinu og hlutafélagalögum að öðru leyti.

Að því er varðar samsköttun móður- og dótturfélaga er lagt til að slík samsköttun verði heimiluð að uppfylltum vissum skilyrðum. Markmiðið er að gera móður- og dótturfélögum kleift að vera ein skattaleg eining þannig að heildartekjuskattur allra félaganna verði ekki hærri en hann hefði orðið ef öll starfsemi félaganna hefði verið rekin í einu félagi. Þannig mun við samsköttun unnt að nýta hagnað á rekstrarárinu hjá einu félaganna til að jafna tap hjá öðru innan samsteypunnar á sama rekstrarári. Þær reglur sem lagðar eru til grundvallar eru að mestu leyti sniðnar eftir dönskum reglum um þetta efni. Lagt er til að móðurfélagið verði að eiga a.m.k. 90% af dótturfélaginu til þess að geta hagnýtt sér þessar reglur.

Að því er varðar önnur atriði sem ég hef nefnt vildi ég láta þess getið að lagt er til að kveðið verði á um það í lögum hvenær vinningar í happdrættum eru undanþegnir skattskyldu, þ.e. þegar allur ágóði af happdrættinu rennur til menningarmála eða kirkjulegrar starfsemi. Til þessa hefur fjmrh. haft heimildir til þess að ákveða þessa hluti en hér er lagt til að það verði afdráttarlaust lögfest í samræmi við þær venjur og reglur sem hér hafa skapast á undanförnum árum um lögfestingu allra slíkra heimilda og nýleg ákvæði í stjórnarskrá.

Varðandi breytingar sem snerta frádrátt manna frá tekjum vegna fjárfestingar í hlutabréfum þá var á árinu 1996, eins og margir minnast, ákveðið að fella niður í áföngum sérstakan afslátt frá skattskyldum tekjum vegna hlutabréfakaupa einstaklinga. Með óbreyttum reglum mundi frádrátturinn heyra sögunni til eftir árið 2000. Hlutabréfaafslátturinn var frá upphafi hugsaður sem tímabundin ívilnun til að efla íslenska hlutabréfamarkaðinn og áhuga almennings á hlutabréfaeign. Talið er að sem tímabundin aðgerð geti hlutabréfaafsláttur orðið til að efla tengsl almennings og atvinnulífs og stuðlað að auknum sparnaði. Því er lagt til að afslátturinn verði framlengdur til ársins 2002.

Helstu breytingar sem gerðar eru frá núgildandi reglum eru að samkvæmt þessu frv. þarf eignarhald keyptra hlutabréfa að vara í fimm ár í stað þriggja. Jafnframt er heimilt að draga frá 60% af verðmæti keyptra hlutabréfa í stað 40% eins og núgildandi lög gera ráð fyrir á þessu ári. Fallið er frá því að lækka frádráttinn í áföngum eins og ákveðið var með lögum nr. 137/1996. Meginástæðan fyrir því er sú að í tillögum sparnaðarnefndar á vegum fjmrh. var þetta ein af megintillögunum. Eins og kunnugt er hefur þetta verkað býsna vel gagnvart almenningi og atvinnulífi og því talið eðlilegt að gefa fólki kost á þessum möguleika áfram meðan verið er að hvetja til aukins þjóðhagslegs sparnaðar. Ástæðan fyrir því að lagt er til að eignarhaldstíminn verði lengdur er sú að rétt þykir að hvetja menn til að eiga þennan sparnað til lengri tíma en áður þó jafnframt sé gert ráð fyrir að menn geti selt bréf sín ef þeir kaupa önnur jafnverðmæt í staðinn, þ.e. að hlutabréfin þurfi ekki að vera hin sömu ef heildarverðmæti þeirra er hið sama.

Lögð er til breyting sem snertir skattlagningu við slit félaga og lækkun hlutafjár. Gert er ráð fyrir að færa það ákvæði í sama horf og fyrir gildistöku laga um fjármagnstekjuskatt, þ.e. að líta á útborgun sem arðgreiðslu en ekki söluhagnað. Þó er gert ráð fyrir sömu skattlagningarreglum og gilda um söluhagnað. Breytingin hefur því ekki áhrif á skattskyldu innlendra aðila en leiðir til þess að erlendur aðili yrði við félagsslit og lækkun hlutafjár, skattskyldur hér á landi á sama hátt og hann hefði orðið vegna arðgreiðslu.

Tillagan um að breyta skattfrelsismörkum fjármagnstekjuskatts byggir á að meðferð ónýtts persónuafsláttar er breytt að því er snertir ráðstöfun hans til greiðslu fjármagnstekjuskatts. Það hefur þau áhrif að skattleysismörk verða hin sömu hvort sem um er að ræða fjármagnstekjur eða aðrar tekjur.

Lagt er til að bráðabirgðaákvæði sem sett voru með lögunum um fjármagnstekjuskatt verði færð inn í lögin svo þau ákvæði verði varanleg og finni eðlilegan samastað í lögunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta mál, herra forseti. Hér er að hluta til um að ræða tæknilegar breytingar og ekki efnismiklar. Þó eru hér nokkrar veigamiklar breytingar sem ég hef rakið. Þær hljóta allar að teljast til umbóta á skattkerfinu, hljóta annaðhvort að auka það svigrúm sem eðlilegt er talið að lögaðilar hafi til að skipa rekstri sínum nútímalega eða koma í veg fyrir að skattalögin þvælist fyrir mönnum. Þannig hlýtur skattkerfið í heild sinni frekar að vera samkeppnisfært við það skattumhverfi sem tíðkast í nálægum löndum. Ég nefni þetta sérstaklega með tilliti til þeirra breytinga sem hér er lagt til að lögfest verði, þ.e. skattlagningu á móður- og dótturfélög en það á reyndar við um fleiri þætti í þessu máli.

Annað mikilvægt atriði er að sjálfsögðu hlutabréfaákvæðið um frádrátt manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri sem vonandi mun skila miklu að því er varðar aukinn sparnað. Síðan er það hreint sanngirnismál að skattleysismörk séu söm hvort sem um er að ræða fjármagnstekjuskatt eða almennan tekjuskatt.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:30]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef kosið að koma og veita andsvar við ræðu hæstv. fjmrh. Frv. sjálft er gamall kunningi að verulegu leyti, það hefur verið fjallað um það áður í efh.- og viðskn. Margt af þessu er til samræmingar við önnur lög og annað er til bóta, en ekki eru stór efni í þessu frv. En það sem ég vildi sérstaklega spyrja um eru áhrif á tekjur ríkissjóðs. Í fylgiskjali með frv. kemur fram að það snýr að breytingum á tekjuhlið og hefur ekki áhrif á gjaldahliðina. Þannig fylgir

ekki kostnaðarmat á þessu en ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. um áhrif þess á tekjuhliðina. Munu tekjur ríkissjóðs hækka við þessa lagasetningu eða munu þær lækka? Í frv. er verið að færa ákvæði um skattlagningu jöfnunarhlutabréfa að því sem hefur verið reyndar með öðrum hætti í lögum. Eins er með samsköttun félaga eins og hæstv. ráðherra nefndi. Hér er verið að færa löggjöfina að dönskum lögum. Með önnur atriði eins og happdrættisvinningana er fest í lög venja hér á landi. Hlutabréfaafsláttur er framlengdur. Það er kannski það ákveðna pólitíska stefnumál sem hefur verið rætt um. Menn hafa verið sammála um að láta þau ákvæði standa núna um þessi áramót til að reyna að örva sparnað, en það má færa rök fyrir því að þessi afsláttur hafi nú þegar gert það gagn sem hann getur en ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við það. En spurning mín til hæstv. ráðherra er um áhrifin á tekjuhliðina.

[16:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum ekki séð ástæðu til að gera ráð fyrir miklum breytingum á tekjuhlið í þessu máli. Það er erfitt að segja fyrir um það á hvern veg þessar breytingar verða. Það er alveg hugsanlegt að hlutabréfaafsláttur í rýmkuðu formi eins og hér er gert ráð fyrir kosti ríkissjóð einhverja peninga, en það má líka gera ráð fyrir að til að mynda breytingin á skattfrelsismörkum fjármagnstekjuskatts skili tekjum í ríkissjóð. Niðurstaða okkar í þessu efni er sú að gera eiginlega ekki ráð fyrir neinum breytingum. En við munum að sjálfsögðu meta það betur þegar sýnt verður hver afdrif þessa frv. verða. Ég á reyndar ekki von á öðru en að það verði samþykkt fyrir áramót og þá mundi það koma inn í tekjumat okkar fyrir 3. umr. fjárlaga. Að öðru leyti þakka ég þingmanninum fyrir undirtektir við málið.

[16:33]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir. Hann segist ekki gera ráð fyrir breytingum á tekjum, hvorki til hækkunar né lækkunar, en útilokar það þó ekki. Ég geri fastlega ráð fyrir að hv. efh.- og viðskn. muni fara vel yfir þessi mál eins og hún gerir að öllu jöfnu varðandi skattamál og skoða þá sérstaklega í samvinnu við fjármálaráðuneytismenn hin fjármálalegu áhrif þessarar lagasetningar. Ég er að mörgu leyti sammála hæstv. ráðherra um að ekki sé tilefni til að ætla að miklar breytingar verði. Það er sjálfsagt að skoða það, því að breytingarnar eru þó nokkrar, en í nefndinni yrði þá farið betur yfir þann lið málsins.

[16:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg ekki í efa og reyndar vænti þess að hv. efh.- og viðskn. muni fara vel yfir þennan þátt því auðvitað skiptir hann heilmiklu máli. En ég vildi gjarnan bæta við það sem ég sagði áðan um þessi áhrif, að til að mynda þegar um er að ræða samsköttun móður- og dótturfélaga þá er ekki víst þó að menn geti hagnýtt sér þessa möguleika að þar verði neitt raunverulegt tekjutap því menn hafa þá áður hagað sinni skipan öðruvísi. Þá hafa menn af skattalegum ástæðum neyðst til að reka starfsemi í einu félagi sem þeir af öðrum ástæðum vildu frekar reka í tvennu lagi eða þrennu lagi. Núna munu menn geta rekið sem samsteypu í mismunandi félögum það sem þeir vilja gera með þeim hætti en notið ávinnings af því skattalega séð að um sé að ræða sömu áhrif og ef þetta væri í einu félagi. Þannig munu menn kannski ekkert endilega njóta sérstaks skattalegs ávinnings af þessu vegna þessa, þar sem þeir hafa skipað sínum málum öðruvísi í dag, en njóti þá annars ávinnings af því að hafa félögin sín í því formi sem þeir telja sjálfir henta best án tillits til skattalaganna.

[16:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta frv. telst kannski ekki til stórtíðinda í tekjuskattslöggjöfinni eða í skattamálum almennt. Þó eru hér nokkur atriði sem út af fyrir sig er ástæða til að staldra aðeins við og vert er að nefna. Ég vil þar í fyrsta lagi nefna framlengingu á skattfrádrætti vegna hlutafjárkaupa sem ætlunin var að hyrfi út í áföngum á nokkurra ára tímabili og yrði, ef ég man rétt, að fullu horfinn um aldamótin eða á aldamótaárinu. Nú er lögð til, að vísu tímabundin, framlenging á tilteknum frádrætti, þ.e. til ársins 2002 ef ég man rétt, í stað þess að þetta yrði að fullu horfið á öðru ári héðan í frá. Þetta er sjálfsagt hugsað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar sem einhver viðleitni í sambandi við að auka sparnað eða viðhalda sparnaði og ég ætla ekki að mæla gegn því að einhver viðleitni af þessu tagi sé höfð uppi, þó að auðvitað sé ljóst að hlutafjárkaup eru bara eitt form af því tagi sem tekur fé úr umferð og ekki endilega við allra hæfi að leggja fyrir með þeim hætti og taka áhættu sem því er samfara o.s.frv. Ég tel þó skynsamlegt að ef slík hvatning er fyrir hendi á annað borð sé það gert að áskilnaði að menn eigi bréfin í alllangan tíma. Hér er einmitt lagt til að þetta verði bundið við að menn eigi bréfin í fimm ár ella falli skattfrádrátturinn niður. Gagnvart kennitölusöfnunum og öðrum slíkum hlutum sem maður sér í gangi þessa dagana sýnist mér skynsamlegt að ef um skattalegt hagræði er að ræða til að hvetja til þátttöku almennings í þessum efnum, þá sé það skilyrt með þessu móti og kæmi reyndar vel til álita að mínu mati að sambærilegum takmörkunum yrði beitt í víðara samhengi, t.d. þegar um er að ræða forkaupsrétt og menn eru bersýnilega að nýta sér hagstæð kjör, jafnvel niðursett verð á hlutafé í opinberum fyrirtækjum, þá sé það gert með einhverjum kvöðum af því tagi að það sé ekki helber sýndarmennska að almenningi eða starfsmönnum sé gefinn kostur á slíkum kjörum. Hversu mikil áhrif þetta hefur í ljósi þess að hér eru ekki háar upphæðir á ferð, skal ég ósagt látið um, en í öllu falli er ástæða til að ætla að neikvæðu áhrifin af því að þessir frádrættir féllu niður komi þá síður fram.

Í öðru lagi er hér á ferðinni breyting sem ég átta mig ekki í fljótu bragði á hvort skiptir miklu máli, þ.e. þau ákvæði sem varða samsköttun móður- og dótturfélaga. Það er fyrst og fremst eitt atriði í því sambandi sem ég vil nefna og spyrja um, eða sem ég tel að þurfi a.m.k. að skoða því ég veit svo sem ekki hvort ég hef beina spurningu í því sambandi, en það er ósköp einfaldlega þetta: Er rækilega frá því gengið að með þessum ákvæðum sé ekki verið að opna fyrir neinar smugur sem nýtist fyrirtækjum, gróðafyrirtækjum, til að ná sér í uppsafnað tap annarra aðila sem ella væru lokaðar? Ég tel að reglur um það hafi að mörgu leyti verið til skammar hér, þ.e. hversu lengi mönnum leiðst að kaupa sér töp úr óskyldum eða lítt skyldum rekstri og enn er það svo því miður að gróðafyrirtæki eru að gera upp með hundruð millj. kr. hagnað ár eftir ár án þess að borga nokkurn skapaðan hlut í sameiginlegan rekstur samfélagsins af því þau búa enn að gömlum uppsöfnuðum töpum eða reglum sem voru á sinni tíð svo rúmar að menn gátu nánast gert hvað sem er. Iðnfyrirtæki gátu keypt gjaldþrota útgáfustarfsemi af stjórnmálaflokkum o.s.frv. Ég átta mig ekki í fljótu bragði á því, en

kannski eru reglurnar um skilgreiningu á dótturfyrirtækjum í þessu sambandi algjörlega heldar hvað það varðar að gróðafyrirtæki geti ekki náð sér í töp í gegnum það að samskatta eitthvað sem þau skilgreina sem dótturfyrirtæki. Fyrir mitt leyti a.m.k. vil ég að rækilega sé frá því gengið að hér sé ekki enn verið að opna smugur sem þefvísir menn komi til með að þefa uppi og halda áfram að sleppa við að greiða eðlilega skatta af hagnaði sínum til samfélagsins. Ég minni í því sambandi á það örlæti sem ríkti hér fyrir einu eða tveimur árum síðan þegar menn framlengdu heimildir til frádráttar á ævagömlum töpum frá því á síðasta áratug og þess sér nú stað m.a. í því að fyrirtæki eru að nota sér töp sem ella hefðu verið felld niður, felld á tíma, og losna við að borga skatta. Það á m.a. við um nokkur af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins. Um þetta, herra forseti, spyr ég eða lýsi eftir að verði rækilega skoðað.

Síðan er hér eitt atriði enn sem kannski er smátt í sniðum. Ef ég hef skilið hæstv. ráðherra og frv. rétt er nánast ekki um neina efnisbreytingu að ræða, þ.e. um reglur um útgáfu jöfnunarhlutabréfa, að skattaleg ákvæði um það atriði verði einfaldlega felld niður og útgáfa jöfnunarhlutabréfa verði alltaf skattfrjáls. Þetta tengist líka því sem gert var í fyrra, þ.e. að breyta skattalegri meðferð arðs á þann hátt sem ég tel að hafi verið mistök. Ég tel að í því hafi verið fólgin afturför að leyfa ekki frekar frádrátt vegna útgreiðslna arðs úr fyrirtækjum en heimila í staðinn að samsteypurnar megi færa arðinn til innan sinna vébanda án þess að bera af því nokkurn tekjuskatt. Ég er alveg sannfærður um að þetta var misráðið. Þetta kemur niður á litlu fyrirtækjunum og einyrkjum í atvinnurekstri eða þar sem hluthafar eru fáir en hagnast stóru samsteypunum. Ef menn eru að breyta þessum ákvæðum á annað borð, og það er kannski út frá þeirri hugsun að ekki sé lengur um neinn frádráttarstofn að ræða þar sem er nafnverð hlutabréfa, þá skipti ekki máli lengur í skattalegu tilliti að halda utan um heimildir til útgáfu jöfnunarhlutabréfa. En mér fyndist að þarna ætti að skoða grundvallarregluna sjálfa og ég er ekki tilbúinn að skrifa upp á það að þessi breyting hafi verið til bóta eða til framfara.

Síðan er það spurningin um sjálfa skattlagninguna þegar kemur að fjármagnstekjuskattinum sem óhjákvæmilega vaknar upp og þessa óveru sem við lýði er sem á að heita fjármagnstekjuskattur í landinu. Það er aðeins komið inn á það hér, eða það ákvæði sem varðar reglur um vaxtareikninga af bundnum reikningum tengist t.d. þessu, að með því að reikningarnir séu bundnir í þrjú ár eða lengur koma vaxtatekjur af þeim ekki til skattlagningar fyrr en í lok tímans og það kann vel að vera eðlileg regla. En mergurinn málsins er sá að fjármagnstekjuskatturinn er hreinasta hörmung, er óvera og ætti auðvitað að endurskoðast með það að markmiði að um raunskattlagningu á eiginlegum fjármagnstekjum væri að ræða og eðlilega skattlagningu eins og þegar aðrar tekjur eru skattlagðar. Að ógleymdri svo stóru jólagjöfinni sem stórhlutafjáreigendur fengu þegar skattur af söluhagnaði hlutafjár var færður niður í 10% sem var auðvitað stærsta gjöfin sem hér hefur verið gefin í háa herrans tíð og verður þeim mun stærri sem sterkríkir hlutafjáreigendur verða fleiri í landinu.

Þessa sér m.a. stað í því að nú heyrir til undantekninga að arður sé tekinn út úr fyrirtækjum öðruvísi en að þau séu fyrst sameinuð öðrum og menn taki eignirnar út í formi hlutafjár sem síðan er selt og skattlagningin þar með komin niður í 10%. Þetta eru auðvitað stóru málin, herra forseti, sem tengjast öll því að ef farið er yfir það hvað fyrirtækin eða atvinnulífið annars vegar og launamenn hins vegar hafa verið að skila til samneyslunnar á undanförnum árum kemur sú alvarlega staðreynd í ljós að vöxtur tekna hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga er nær allur til kominn vegna skattlagningar á einstaklinga. Í góðærinu sjálfu, innan gæsalappa, eru fyrirtækin, gróðafyrirtækin í landinu nánast ekki að skila neinum viðbótartekjuauka í ríkissjóð. Það er t.d. mikið umhugsunarefni hvað tekjuskattur lögaðila hefur hækkað lítið milli ára, borið saman við það hversu geysilegur tekjuauki hefur orðið annars vegar af veltusköttunum, sem kemur ríkissjóði að mestu leyti til góða. Þeir á þeim bæ mættu hafa í huga þegar þeir eru að skamma sveitarfélögin að auðvitað kemur það fyrirkomulag betur út fyrir ríkissjóð en sveitarfélögin. Þó að sveitarfélögin séu með hlutdeild af útsvari eða tekjuskattsstofninum og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga njóti einnig góðs af aukinni veltu er það samt þannig að hjá ríkinu mælist þetta á öllum vígstöðvum og ekki síst í vörugjöldunum og auknum innflutningi. Að mínu mati þyrfti að endurskoða þessi skattalegu samskipti ofan í kjölinn.

Reyndar má koma fram að við höfum beðið fjmrn. í efh.- og viðskn. um úttekt á þessum tekjusamskiptum ríkis og sveitarfélaga eins og þau hafa þróast núna síðustu missirin, einnig með tilliti til verkefnatilfærslunnar yfir á sveitarfélögin. En ég tel, herra forseti, stórkostlegt alvörumál hve litlu fyrirtækin og gróðafyrirtækin eru að skila í miðju góðærinu. Þar koma til ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu á undanförnum árum og flestar ef ekki allar hafa hlíft fyrirtækjunum á sama tíma og skattbyrðin hefur þyngst á hinum almenna launamanni eða þyngdist gífurlega á ákveðnu árabili á hinum almenna launamanni.

Herra forseti. Mér er ljóst að þetta voru að hluta til almennar hugleiðingar um skattamál en ekki bara þröngt talað út frá efni þessa frv. en það er ekki verra tækifæri eða tilefni en hvað annað þegar við ræðum þetta frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem er aðalfrv. ríkisstjórnarinnar á því sviði nú á þessu haustmissiri.

[16:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að gera miklar athugasemdir við síðustu ræðu. Ég vil bara nefna eitt atriði af þeim sem hv. þm. nefndi, ekki vegna þess að ég sé sammála öllu hinu, heldur vegna þess að þar er um að ræða atriði sem ég vil taka undir. Það varðar samsköttunina og hugsanlega hagnýtingu á gömlu tapi og þess háttar. Ég deili áhyggjum þingmannsins af því atriði.

Hins vegar tel ég séð fyrir því í þessu frv. að þeir möguleikar sem eru hugsaðir til hagsbóta fyrir fyrirtækin í landinu verði ekki misnotaðir. Hugmyndin með þessu er sú að skattalögin komi ekki í veg fyrir að menn geti rekið starfsemi sína í mörgum félögum ef þeir telja það henta sér af öðrum ástæðum. Við vitum um ýmis dæmi um þess háttar í þjóðfélaginu og þess vegna er þetta lagt til og þetta tíðkast í mörgum löndum eins og kunnugt er.

Sú hætta kynni að vera fyrir hendi að menn væru að reyna að komast yfir félög vegna þess að þar lægi gamalt tap o.s.frv. en reynt er að sjá við því í frv. eins og útskýrt er á bls. 8 og 9. Það er t.d. lagt til að samsköttun verði ekki heimiluð að nýju eftir að búið er að slíta henni einu sinni og að menn verði að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að geta hagnýtt sér þá möguleika sem hér felast og allt er þetta nánar útskýrt í

greinargerðinni á þessari síðu. Hins vegar tel ég fullkomlega réttmætt af hálfu þingmannsins að vekja athygli á þessu og ágætt að nota tækifærið og benda mönnum á að fyrir þessu hefur verið hugsað og það er mikilvægt að framkvæmdin í því efni takist vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, 1. umr.

Stjfrv., 279. mál. — Þskj. 319.

[16:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er fluttur bandormur svokallaður sem lýtur í fyrsta lagi að vörugjaldi, í öðru lagi lögunum um fjáröflun til vegagerðar og í þriðja lagi bifreiðagjaldi. Hérna er um að ræða helstu gjöld sem lögð eru á bifreiðar og ökutæki í landinu.

I. kafli málsins lýtur að bifreiðagjaldinu, II. kaflinn lýtur að lögunum um fjáröflun til vegagerðar, þ.e. þungskattinum, en III. kaflinn og sá síðasti varðar vörugjöld af ökutækjum og breytingu á lögunum um það efni.

Ég skal rekja þetta mál, virðulegi forseti, en reyna þó að stikla á stóru og fara fljótt yfir sögu. I. kafli málsins, sem er reyndar aðeins ein grein, gerir ráð fyrir því að breyta þeim ákvæðum sem sett voru í þinginu í vor um bifreiðagjaldið. Þá var afnumið sérstakt þak sem verið hafði á þessu gjaldi. Það hafði þær afleiðingar að ýmis ökutæki, sem eru þung en kannski er ekki mikið ekið, t.d. kranar og ýmis önnur slík vinnutæki og vinnuvélar, fengu á sig mjög miklar hækkanir á þessu gjaldi vegna þess að það miðast við þyngd bifreiðarinnar, þyngd tækisins.

Nú höfum við farið ofan í þetta mál að nýju í sumar og leggjum til að sett verði nýtt þak sem miðist við 36.200 kr. á hverju gjaldtímabili og skalanum í þessari álagningu að öðru leyti hnikað lítillega til þannig að ekki verði umtalsvert tekjutap af þessu, miðað við það mikla fjármagn sem þarna er innheimt. Segja má að tekjutapið af þessu sé óverulegt eða jafnvel innan skekkjumarka.

Ég hygg að flestir sem komu að þessu máli í vor, þar á meðal nefndarmenn í efh.- og viðskn., hafi gert sér grein fyrir því að sú ákvörðun sem þá var tekin um þetta efni kynni að þurfa að koma til endurskoðunar. Það leyndi sér ekki á síðasta sumri að upp kom mikil gremja og óánægja hjá þeim sem urðu helst fyrir barðinu á þessum breytingum. Nú er lagt til að lágmarksgjald verði hækkað upp að næsta heila þúsundi, það þýðir innan við 1% hækkun. Lægra gjaldið, sem var 5,86 kr. á kíló hækkar í 6 kr. eða um 2,39%, en hærra gjaldið lækkar úr 9,66 kr. í 8,10 kr. eða um 16,15%. Áfram er gert ráð fyrir því að greiddar verði 2.000 kr. fyrir hvert byrjað tonn bifreiðar umfram 3 tonn. Það er sem sagt lagt til að sett verði þarna nýtt hámark, 36.200 kr.

Þeir sem komu að þessu máli á síðasta þingi þekkja hvað er á ferðinni og tel ég ekki ástæðu til þess að hafa um þetta efni fleiri orð.

Að því er varðar II. kafla frv. eru þar lagðar til nokkrar breytingar á lögunum um fjáröflun til vegagerðar, sem eru frá 1987, með síðari breytingum. Meginbreytingin í þessu er sú að gert er ráð fyrir því að þungaskatturinn hækki í samræmi við það sem Alþingi hefur þegar ákveðið að því er varðar vegáætlun. Í vegáætlun sem samþykkt var á síðasta vori var gert ráð fyrir því að þungaskattur hækkaði um 3,5% á miðju ári og sömuleiðis bensíngjald og að þungaskatturinn hækkaði síðan að nýju um 2% 1. júlí 1999. Þetta eru forsendurnar í vegáætluninni.

Eins og kunnugt er þá er gert ráð fyrir því í fjárlögum að vegáætlun fái fulla fjármögnun að þessu sinni, engin skerðing verði á framlögum til hennar. Það er reyndar nokkurt nýmæli.

Hins vegar urðu þau mistök við afgreiðslu þessa máls í vor að það láðist að lögbinda hækkunina frá 1. júlí sl. Þar af leiðandi varð ekkert af henni. En það er lagt til núna að hún komi þess í stað til framkvæmda um áramót og að sú hækkun á miðju næsta ári, sem var gert ráð fyrir í vegáætlun, komi sömuleiðis til framkvæmda og verði bundin í þessum lögum. Ríkissjóður varð sem sagt af hækkuninni og segja má að allir sem eiga hlut að máli hafi þar með fengið sex mánaða afslátt á þessari hækkun. Hins vegar skilaði skatturinn sér það vel að það kom má segja ekki að sök því að unnt var að standa við allar forsendur að því er varðar vegagerð á þessu ári þrátt fyrir þetta tekjutap.

Hins vegar hækkaði bensíngjaldið í júnímánuði með þeim hætti sem forsendur vegáætlunar gerðu ráð fyrir.

Jafnframt er lögð til breyting er lýtur að þungaskatti á erlendum skráðum ökutækjum. Breytingin er sú að þessi þungaskattur verði lækkaður til samræmis við þungaskatt af innlendum skráðum ökutækjum ásamt því að ákvæðinu verði breytt til að jafna frekar samkeppnisstöðu innlendra og erlendra aðila sem nýta sér þungaskattsskyld ökutæki í rekstri hér á landi.

Þá er lagt til, og það er mikilvægt, að lágmarkstími sem gefi rétt til lækkunar eða endurálagningar á föstu gjaldi þungaskatts verði styttur úr 30 dögum í 15 daga. Þetta er mikilvæg breyting fyrir alla sem hér eiga hlut að máli. Til þessa hefur þurft að leggja bílum og afskrá í a.m.k. mánuð til þess að menn fengju einhvern afslátt af þungaskattinum. Nú leggjum við til að það verði lágmarkstími 15 dagar og menn fái síðan eftir það afslátt sem verður hlutfallslegur miðað við þann dagafjölda sem um er að ræða að því er varðar afskráningu bílanna. Jafnframt er gert ráð fyrir því að sama regla gildi að því er varðar bifreiðagjöldin. Það hefur verið fundið að því lengi að mönnum væri gert erfitt fyrir með að þurfa að borga þessi gjöld jafnvel þó að ökutækin væru ekki í notkun, bæði bifreiðagjald og þungaskatt, og er hér komið til móts við þessa gagnrýni. Mönnum er gert auðveldara fyrir að afskrá bifreiðar tímabundið gegn því að njóta afsláttar af þessum gjöldum.

Á móti hefur verið sagt að það væri svo miklum erfiðleikum bundið að afskrá bíla, að það væri svo flókið mál og þyrfti kannski að fara um langan veg til þess að koma því í verk vegna þess hvernig skráningarstofum væri háttað og hvar embætti væru sem gætu tekið við slíkum tilkynningum. Þá vildi ég gjarnan segja frá því í því sambandi að nú er í burðarliðnum sérstakur samningur milli Skráningarstofunnar og Íslandspósts um að Íslandspóstur taki að sér að veita móttöku nauðsynlegum tilkynningum og jafnvel númerum ef menn vilja afskrá bíla sína. Póstþjónustan nær auðvitað um allt land og það er hvergi mjög langt á næsta pósthús þannig að þessi aukna þjónusta mundi væntanlega koma til móts við þá gagnrýni sem ég nefndi að því er varðar erfiðleika við að afskrá bíla tímabundið. Þarna er einfaldlega um það

að ræða að gera samning milli tveggja opinberra fyrirtækja, Íslandspósts og Skráningarstofunnar, með það fyrir augum að koma þessu í nútímalegra horf en verið hefur þannig að menn geti hagnýtt sér þá möguleika sem felast í afskráningu þessara tækja sem hefur það aftur í för með sér að menn fá afslátt af þeim gjöldum sem um er að ræða.

Þetta er hagsmunamál víða á landsbyggðinni t.d. í sveitum þar sem menn nota viss tæki eingöngu á sumrin. Þetta er hagsmunamál víða í flutningum þar sem menn hafa tæki tímabundið í rekstri, ekki upp á hvern einasta dag ársins. Okkur hefur fundist það vera sanngirnismál að veita afslátt gegn því að menn afskrái tæki sín með þessum hætti.

Að öðru leyti eru ekki gerðar breytingar á þungaskattinum frá því sem ákveðið var á síðasta vori. Frá fjmrn. er væntanleg sérstök skýrsla um það mál eins og gert var ráð fyrir þegar þungaskattsbreytingarnar voru ákveðnar.

Eins og menn muna kannski var talið nauðsynlegt að breyta þungaskattskerfinu í nokkrum grundvallaratriðum á síðasta vori. Þær breytingar voru unnar í efh.- og viðskn. í kjölfar þess að Samkeppnisstofnun gaf út það álit að sá afsláttur sem veittur var í gamla kerfinu fengi ekki staðist eðlilegar samkeppnisreglur. Talið var að með þeim afsláttarreglum sem í gildi voru og gögnuðust fyrst og fremst þeim sem keyrðu mjög mikið, væri brotinn réttur samkeppnislaganna á þeim sem keyrðu minna. Til þess að mæta þessu voru sett inn ný ákvæði, fast 100 þús. kr. gjald fyrir öll ökutæki sem eru 14 tonn eða þyngri en á móti var kílómetragjaldið lækkað mjög verulega. Þetta þekkja þeir þingmenn sem að málinu komu á síðasta vori.

Ýmsar athugasemdir hafa komið við framkvæmdina á þeim tíma sem síðan er liðinn. Í skýrslu fjmrn. um þetta mál munu ýmsar upplýsingar koma fram sem að þessu lúta. Það hefur verið reiknað út hvaða áhrif þetta hefur á flutningskostnað og væntanleg áhrif á vöruverð, t.d. úti á landi og margt fleira hefur verið tínt til og dregið saman í skýrslu sem væntanleg er von bráðar. Reyndar er 1. desember á morgun. Þessi skýrsla átti að koma fram þá. Það mun eflaust dragast í örfáa daga fram yfir þann tíma en ég hygg að hún hafi að geyma ýmsar upplýsingar sem skipta máli í sambandi við þetta.

Við höfum ekki gert ráð fyrir því að breyta þessu kerfi í grundvallaratriðum í þessu frv. og kaflinn um þungaskattinn lýtur fyrst og fremst að þeim hækkunum sem nauðsynlegar eru vegna vegáætlunar og rýmkuðum reglum um tímabundna afskráningu ökutækja auk þess sem hann lýtur að erlendum ökutækjum.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um II. kafla frv. en í III. kaflanum er vikið að lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Þar er lögð til breyting á vörugjöldum af leigubifreiðum. Aðdragandi þess er að í þeim breytingum sem gerðar voru á þinginu í vor var ákveðið að koma til móts við þá sem reka hópferðabíla með því að lækka vörugjaldið á þeim. Það var talin rýmkun til að mæta hækkuninni í þungaskattinum og hækkuðu bifreiðagjaldi. Menn geta hins vegar ekki hagnýtt sér þessa vörugjaldslækkun nema þeir séu að endurnýja tæki sín þannig að áhrifin af henni munu koma fram smám saman. Væntanlega verður sú breyting til þess að greiða fyrir því að þeir sem reka hópferðabíla geti auðveldar endurnýjað tæki sín. Það er auðvitað mjög til góðs vegna þess að allir vita að umræddur bílafloti er orðinn býsna gamall og lítið um að menn kaupi nýja vagna til hópferðaflutnings frá útlöndum. Þróunin hefur gjarnan verið sú að menn hafa frekar flutt inn notaða hópferðabíla og sú þróun er ekki endilega mjög jákvæð, hvorki fyrir ferðamennskuna í landinu né það öryggi í samgöngumálum sem við viljum búa við á þessu sviði. Það var því skynsamlegt að lækka gjöldin á þessum tækjum ofan í 10%. Breytingin frá í vor þýddi lækkun gjalda á þessum tækjum úr 30% vörugjaldi í 10%.

Nú er lagt til að sambærileg breyting verði að því er varðar leigubílana. Það var að vísu ákveðin smálækkun í vor, úr 30% í 25% en nú er lagt til að gengið verði lengra og tekið mið af því 10% gjaldi sem lögfest var á hópferðabílana. Þetta er m.a. vegna þess að þessi tæki eru skilgreind þannig að hópferðabílar eru taldir vera vagnar sem taka a.m.k. tíu farþega en leigubílar eru hins vegar þar fyrir neðan, allt að níu farþegar með ökumanni. Vitað er að þarna er um vissa samkeppni að ræða á köflum og óeðlilegt annað en að þar séu sambærileg gjöld. Það var hægt að nefna dæmi um, og er hægt í dag á grundvelli gildandi reglna, að það geti borgað sig að kaupa frekar stærri bíltegund, t.d. 10 manna sem er í eðli sínu dýrari, en minni bíl sömu tegundar vegna þess að gjaldaálagningin er þannig að stærri bíllinn verður ódýrari þó hann sé dýrari í innflutningi. Þetta er náttúrlega ekkert vit og þessu verður að breyta og hafa þarna eðlilegt samræmi á milli svo menn fjárfesti í þessum tækjum á grundvelli annarra forsendna en þeirra með hvaða hætti ríkið ákveður að leggja á vörugjald.

Breytingin fyrir leigubílana er að gengið er út frá þeirri reglu að vörugjald á hópferðabíla sé 10%. Síðan höfum við gengið út frá þeirri viðmiðun að 80% af notkun leigubíls sé vegna atvinnustarfseminnar en 20% vegna einkanota eigandans eða bílstjórans. Ef það er gert og sú ákvörðun síðan heimfærð upp á þá gjaldflokka sem almennt tíðkast fyrir bíla og miðast við sprengirými aflvélar, þá koma út þessu þrenns konar gjöld: Í fyrsta flokki 14% vörugjald, í öðrum flokki 16% og í þriðja flokknum, þar sem sprengirýmið er mest, 21% vörugjald. Þetta held ég að sé alveg rökrétt skipting ef menn á annað borð ganga út frá því að heppilegt sé að miða vörugjöld á bíla við sprengirými aflvélar. Annað álitamál sem menn verða þá að taka á við annað tækifæri er hvort það eigi að gera og þá hvernig en það er eðlilegt að leigubílarnir flokkist eins og almennir einkabílar að því er þetta varðar. Af þessum sökum er lagt til að gera gjaldbreytingar þær sem hér um ræðir.

Það er þá ekki ástæða til þess að hafa fleiri orð um þennan kafla. Ég hygg að þeir sem fylgst hafa með þessum málaflokki kannist við það sem hér er á ferðinni. Lækkun á vörugjöldum úr 25% eins og þau eru núna, voru 30% í vor, og niður í 14, 16 og 21% ætti að verða til þess að öllu óbreyttu að hagkvæmara og auðveldara verði fyrir menn í þessum atvinnurekstri að endurnýja tæki sín. Um hópferðabílana gildir hið sama. Það er auðvitað til hagsbóta fyrir þá sem nota slíka þjónustu að tækin séu nýrri og betri. Það er líka meira öryggi í því fólgið og er heppilegra með tilliti t.d. til ferðaþjónustu en jafnframt gefur það væntanlega mönnum í þessari atvinnugrein betra rekstraröryggi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Hér er um að ræða, herra forseti, nokkuð flókin mál og snúin á köflum, sérstaklega hvað þungaskattinn varðar og fjáröflun til vegagerðar. Þar er um að ræða býsna mikla flækju eins og þingmenn í hv. efh.- og viðskn. fengu að kynnast í vor. Ég vænti þess að framsaga mín hafi verið nægilega skýr til að gera grein fyrir því máli sem hér er verið að tala um þannig

að þingmenn geti áttað sig á því um hvað þetta frv. snýst. Skýrslan um þungaskattinn kemur svo væntanlega næstu daga en að öðru leyti leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[17:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur reyndar þegar svarað því að hluta í ræðu sinni sem ég ætlaði að spyrja um. Það varðar þá stöðu sem upp kom í kjölfar breytinga á þungaskattsinnheimtu síðasta vor. Ég held reyndar að flestir séu sammála um það að sú niðurstaða sem þar varð, þegar ákveðið var að hverfa frá því að taka skattinn í gegnum olíu og gera breytingar á þungaskattsinnheimtukerfinu og gjaldskrá í þungaskatti, hafi ekki orðið nógu góð. Breytingarnar voru að nokkru gerðar vegna athugasemda Samkeppnisstofnunar en mönnum yfirsást æðimargt bæði vegna tímaskorts og vegna þess að málin eru nokkuð flókin svo að ekki sé meira sagt, eins hæstv. ráðherra margnefndi hér. Þetta kom ákaflega mismunandi út fyrir ákveðna hópa.

Annars vegar eru þeir sem keyra mjög lítið og hreyfa tæki sín sjaldan, þeir fá í gegnum fastagjaldið óheyrilega hækkun. Þeir njóta ekki lækkunar á hinni almennu gjaldskrá í sama mæli og þeir sem keyra meira. Þeir sem aka hins vegar á allra lengstu leiðunum, aka hundruð þúsunda kílómetra á ári og fengu áður langmest út úr afsláttarkerfinu sem við lýði var, verða einnig fyrir gífurlegri hækkun vegna þess að á þeim leiðum er gjarnan um notkun aftanívagna að ræða og útkoman mörg hundruð þúsund króna hækkun fyrir þá sem aka á lengstu leiðunum. Það rúllar auðvitað beint út í vöruverðið og er niðurstaða sem ég held að engan veginn sé hægt að búa við.

Hér er um hækkaðan flutningskostnað að ræða og hærra vöruverð í afskekktustu byggðarlögum landsins þar sem það er hæst fyrir. Þess vegna verður að takast að finna þarna aðrar útfærslur. Ég vona svo að í beinu framhaldi af því að hæstv. ráðherra fái í hendur skýrslu um þetta mál, sem átti reyndar að liggja fyrir á morgun þó það verði einhverjum dögum seinna, komi frv. til lagfæringa á þessu máli. Ég vil láta það í ljós að mér finnst ekki koma til greina að lögfesta flatar hækkanir á þungaskattinum eins og hann leggur sig fyrr en botn er kominn í þetta mál, þ.e. útfærslu á þessum atriðum. Einhverja lagfæringu verður að finna á málefnum þeirra sem urðu fyrir hvað mestri íþyngingu með breytingunum síðasta vor.

[17:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega er þetta allt saman heilmikið álitamál. Ég held að stærsta vandamálið sem upp kom í kjölfar breytinganna í vor hafi verið varðandi bifreiðagjaldið. Það fór í hreint óefni með gríðarlegum hækkunum á tækjum sem bókstaflega aldrei eru hreyfð nema milli vinnustaða þar sem þau geta staðið vikum og mánuðum saman meðan verið er að nota þau.

Þetta byggðist allt á því að hætt var við að taka upp olíugjald. Það þýðir ekki að fárast yfir því núna. Nú er bara að vinna úr því sem fyrir hendi er. Ég hef ekki útilokað að skynsamlegt kunni að vera að gera breytingar á þungaskattskerfinu frá því sem ákveðið var í vor og hér er lagt til. Það er ekki lagt til að hverfa frá þeirri skipan sem gerð var í vor í grundvallaratriðum, m.a. vegna þess að skýrslan er ekki komin fram. Ég útiloka því ekki breytingar ef menn finna hyggilega leið í því efni og ég skil mætavel áhyggjur hv. þm. af flutningum á lengstu leiðum. Allir þeir sem þar eiga hlut að máli hafa komið á minn fund. Við höfum rætt um þetta opinskátt og að gagni.

Hins vegar má ekki gera of mikið úr þessu. Sárafá tæki aka meira en 100 þúsund kílómetra á ári. Við höfum allar þær upplýsingar. Þau eru mjög fá og reyndar örfá ef nokkur sem keyra fleiri hundruð þúsund kílómetra. Það má ekki gera of mikið úr þessu máli. Það munu koma fram útreikningar á því hvaða áhrif þetta hefur á rekstrarkostnað fyrirtækja og hvaða áhrifa megi vænta í vöruverði vegna þessara breytinga. Vandinn er sá að afsláttarkerfið var ekki talið standast og ef menn t.d. vilja setja fast þak á greiðslurnar eins og ein tillaga liggur fyrir um, þá eru menn komnir í 100% afslátt. Það gengur hins vegar ekki samkvæmt tilmælum Samkeppnisstofnunar.

[17:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég viðurkenni alveg að afsláttarfyrirkomulagið eða öllu heldur sú framsetning sem var á afslættinum í gömlu þungaskattsinnheimtulögunum var óheppileg. Ég held að varla hafi verið við öðru að búast en Samkeppnisstofnun ræki hornin í það. Hins vegar finnst mér að menn megi heldur ekki verða of hræddir við að útfæra gjaldskrá sem hafi tiltekin markmið um dreifingu af þessu tagi og ég vek t.d. athygli á því að hér eru sett þök í innheimtu sem er mjög sambærilegs eðlis og t.d. um vörugjöld af bifreiðum þannig að ekki virðist vera alveg alltaf sama um hvað er að ræða. Það er sagt hér að þó skuli það aldrei vera lægra en 3.000 kr. og aldrei hærra en hvað það nú var, 36 þús. eða eitthvað því um líkt. Það úir og grúir af því í reglum um gjaldtöku af þessu tagi að sett eru þök og það er ekki talið ólöglegt. Ég nefni bara sem dæmi rúmmetragjald á skip í greiðslum til Þróunarsjóðs. Þar er sett þak til þess að stærstu skipin borgi ekki óendanlega mikið í gegnum rúmmetratölu heldur er visst á rúmmetra upp í viss stærðarmörk en svo er þak þar fyrir ofan.

Í raun og veru er spurningin um að finna einhverja sambærilega útfærslu sem hlífir lengstu akstursleiðunum við því að taka á sig óheyrilega skattheimtu. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það er ekki mjög algengt. Mikill minni hluti þessara tækja er nýttur þannig en í vissum tilvikum þegar verið er að reyna að nýta til fullnustu dýra fjárfestingu í langferðabifreiðum og tengivögnum með því t.d. að keyra kannski á vöktum með mannskap allan sólarhringinn, 2–3 ferðir í viku á Norðausturlandi eða vestur á firði og til höfuðborgarinnar, verður útkoman mikill akstur og alveg gífurlegur skattur miðað við að engir afslættir eða engin stiglækkandi gjaldskrá sé við lýði. Það er einhver útfærsla af því tagi sem menn verða að reyna að finna og það þýðir ekki að segja mér að það sé ekki lengur hægt að beita einhverjum stigum af þessu tagi. Ég veit ekki hvar menn væru þá staddir ef Samkeppnisstofnun kæmist upp með að dæma allt slíkt ólöglegt, þá verður væntanlega frekar skiptur tekjuskattur ólöglegur o.s.frv.

[17:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að við hv. þm. skiljum þetta mál til hlítar, báðir tveir. Þarna er um að ræða ákveðið vandamál sem lýtur að hinum fjarlægustu svæðum frá Reykjavík. Eins og ég sagði áðan er ég tilbúinn til þess að leggja mig fram um að finna leiðir til þess að koma til móts við þessi

sjónarmið ef í ljós kemur að þarna sé um að ræða óheyrilega kostnaðaraukningu og nýjan vanda sem hafi verið búinn til í vor í tengslum við breytingarnar þá.

En bifreiðagjaldið er auðvitað annars eðlis en þungaskatturinn. Það miðast við þyngd á ökutæki og hefur ekki miðast neitt við notkun þess, gjald sem á rætur að rekja til stjórnarmyndunar á árinu 1987 ef ég man rétt en þungaskatturinn er hins vegar hluti af fjáröflun til vegagerðar eins og lögin um hann heita. Þau heita lög um fjáröflun til vegagerðar. Hann er nátengdur bensíngjaldinu sem menn greiða í bensínverði og miðast við það að menn borgi eftir því hvað þeir nota vegina mikið, þ.e. hvað þeir keyra marga kílómetra á hverju gjaldtímabili. Þess vegna er þetta í eðli sínu öðruvísi en þegar um er að ræða bifreiðagjaldið og náttúrlega er það sjónarmið ríkjandi í þessu að þeir sem nota vegina mest eigi að greiða mest til þeirra.

Þetta er það sjónarmið sem fyrrv. samgrh., síðasti ræðumaður, þekkir náttúrlega mjög vel og óþarft að hafa fleiri orð um það. En ég held ég að aðalatriðið sé að komast að einhverri skynsamlegri niðurstöðu í þessu og málið fer þá núna til nefndarinnar. Hún mun fá öll gögn sem við höfum í fórum okkar til þess að fara yfir þetta og ég vænti þess að eiga gott samstarf við nefndarmenn, bæði stjórn og stjórnarandstöðu um að koma málinu í viðhlítandi form fyrir jólin því að það er nauðsynlegt að gera það og ganga frá því áður en þingið fer í jólafrí.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 219. mál. — Þskj. 244.

[17:20]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur.

Efni þessa frv. er að það er lagt til að einstæðum foreldrum sem hafa á framfæri sínu barn á aldrinum 16–19 ára sé heimilt að nýta 80% óráðstafaðs persónuafsláttar barnsins. Í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði sem heimila hjónum eða sambýlisfólki að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti þess sem hefur lægri tekjur en engar slíkar heimildir eru fyrir hendi um nýtingu óráðstafaðs persónuafsláttar barna. Verður að telja að í því felist mikið óréttlæti þegar í hlut eiga einstæðir foreldrar.

Við þekkjum að þjóðfélagsaðstæður eru um margt breyttar sem felst m.a. í auknum menntunarkröfum og það leiðir til þess að börn dveljast lengur í foreldrahúsum en áður og þurfa lengur á framfærslu foreldra sinna að halda. Þegar ég athugaði þetta síðast sem var fyrir tveimur árum þegar þetta frv. var þá flutt þá kom í ljós að 80–90% ungmenna á aldrinum 16–18 ára eru í foreldrahúsum.

Framfærslukostnaður vegna barna er mjög mikill en Félag einstæðra foreldra gerði fyrir nokkrum árum könnun á framfærslukostnaði barna 16 ára og eldri og þá kom í ljós að framfærslukostnaður barna á aldrinum 13–15 ára var áætlaður um 500 þús. kr. árlega. Þó að einstæðir foreldrar búi við mismunandi aðstæður og kjör eins og aðrir þjóðfélagshópar hygg ég að það sé ekkert ofsagt að stærstur hluti einstæðra foreldra tilheyrir hópi láglaunafólks og þurfi að framfleyta sér á lágmarkslaunum á meðan t.d. hjá hjónum og sambýlisfólki er yfirleitt um að ræða framfærslutekjur beggja til heimilisins.

Það hefur líka verið skoðað af Félagi einstæðra foreldra að meðlagsgreiðslur duga fyrir fjórðungi þess sem það kostar að framfæra yngstu börnin og um $^1/_8$ af framfærslu elstu barnanna.

Ég átti þess kost, herra forseti, að sitja ráðstefnu Félags einstæðra foreldra núna á liðinni helgi og þar kom mjög margt í ljós sem skýrði hve bág staða einstæðra foreldra er og barna þeirra og tel ég ástæðu til þess í umræðu um þetta frv. að fara nokkuð yfir það. Á ráðstefnunni kom í ljós að fjárhagslegt umhverfi einstæðra foreldra er mjög erfitt, vinnutíminn mjög langur, aðbúnaður barna þeirra oft miklu erfiðari en hjá öðrum þar sem tveir sjá um framfærsluna og einstæðir foreldrar geta ekki veitt börnum sínum það sem er oft hægt á öðrum heimilum þegar fleiri sjá um framfærsluna. Má þar nefna ýmsar tómstundir, íþróttaiðkanir sem kosta peninga o.s.frv.

Það var líka athyglisvert að hlusta á það í sjónvarpi í gær, herra forseti, sem þar kom fram hjá aðstoðarlandlækni að marktækur munur er á heilsu íslenskra barna eftir stétt foreldra og hið sama á við annars staðar á Norðurlöndum. Því lægri sem stétt foreldra er, því verra er heilsufar barna þeirra, kom fram í sjónvarpinu í gær. Ég held að það sé því mjög mikilvægt að við lítum á heildstæðan hátt á kjör og aðbúnað einstæðra foreldra. Það frv. sem ég mæli fyrir, herra forseti, er liður í því að gæta jafnræðis milli þeirra þjóðfélagshópa sem eru einstæðir foreldrar og milli hjóna og sambúðarfólks sem hafa þess kost að millifæra persónuafslátt sem einstæðir foreldrar hafa ekki en ég held að það sé alveg ljóst, herra forseti, að verði fallist á þá leið sem ég mæli fyrir mun það bæta verulega stöðu einstæðra foreldra.

Einstæðir foreldrar eru á landinu í dag um 8.665. Þar af eru konur 8.092 með 11.779 börn og karlar 573 með 700 börn eða samtals eru á framfæri einstæðra foreldra um 12.500 börn. Þegar við lítum á stöðu einstæðra foreldra og förum t.d. í eigna- og skuldastöðu þeirra og skoðaðar eru skattskýrslur einstæðra foreldra þeirra eins og þær koma fram á þessu ári vegna tekna síðasta árs, þá eru þar 7.856 einstæðir foreldrar sem töldu fram til skatts og þar kom fram að neikvæður eignarskattsstofn eða skuldir einstæðra foreldra umfram eignir eru gífurlegar og það eru 4.200 af þessum 7.856 sem eru með skuldir umfram eignir eða 53,5% einstæðra foreldra sem telja fram til skatts. Meðalskuldir þeirra eru um 3,2 millj., þ.e. allra einstæðra foreldra og meðalskuldir þeirra einstæðu foreldra sem telja fram húsnæðisskuldir eru um 4,5 millj. kr. Þegar litið er á húsnæðisaðstöðu er náttúrlega ljóst að húsnæðiskostnaður vegur mjög þungt í framfærslu einstæðra foreldra. Einungis um 53% af einstæðum foreldrum eiga eigið húsnæði meðan tölur hjá landsmönnum öllum eru þær að um 85% eiga eigin íbúð eða fasteign. Þetta segir okkur að nærri því helmingur einstæðra foreldra er ofurseldur leigumarkaðnum sem við þekkjum hvernig er þessa dagana og ég held að það sé alveg ljóst og varla um það deilt að það er miklu meiri eftirspurn eftir leiguhúsnæði núna en nokkurn tíma framboð sem hefur haft þau áhrif að hækka húsaleigu á almennum markaði.

Mér finnst líka athyglisvert að meðalatvinnutekjur ein-

stæðra foreldra eru ekki nema þriðjungur af atvinnutekjum hjóna. Í fyrra voru meðalatvinnutekjur einstæðra foreldra 93.600 kr. en hjóna um 281 þús. kr. þannig að einstæðir foreldrar hafa sér til framfærslu og barna sinna, sem eru oft ekki færri í umsjá þeirra en hjá hjónum, um þriðjung af tekjum hjóna. Að vísu er það svo að ég er að tala um atvinnutekjur en ekki ráðstöfunartekjur þannig að myndin breytist vissulega þegar litið er til ýmissa bótagreiðslna svo það sé nefnt en við erum að tala um tekjur á vinnumarkaði.

Mér finnst líka athyglisvert, herra forseti, að góðærið virðist hafa farið fram hjá einstæðum foreldrum vegna þess að þegar litið er til hækkunar á atvinnutekjum á milli áranna 1996 og 1997 hefur hækkun á atvinnutekjum einstæðra foreldra verið 5,66% en hjá hjónum 7,05% þannig að hækkun milli ára 1996–1997 hefur skilað sér í miklu minna mæli til einstæðra foreldra.

Ég er líka með frekari tölur, herra forseti, sem staðfesta það að góðærið virðist hafa farið fram hjá einstæðum foreldrum. Mér finnst reyndar að sú mynd sem var dregin þarna upp á ráðstefnu Félags einstæðra foreldra kalli á miklu meiri umfjöllun í þinginu en hægt er að hafa hér við framsögu um þetta frv., en það kemur í ljós þegar skoðuð er fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg til einstæðra foreldra, að á árinu 1996 voru í heildina 3.677 sem fengu fjárhagsaðstoð og af þeim hópi voru einstæðir foreldrar 23% eða nálægt fjórðungur, 854 einstæðir foreldrar. Árin 1997 og 1998 stækkar hópur einstæðra foreldra sem þarf að leita sér fjárhagsaðstoðar þar sem tekjur duga ekki fyrir framfærslu og hópurinn stækkar úr 23% á árinu 1996 í 28,5% á árinu 1997. Enn stækkar þessi hópur það sem af er árinu 1998, þ.e. fram til 1. október á þessu ári, og er hópur einstæðra foreldra kominn upp í 30%. Á sama tíma á þessum árum, 1996 og fram í október 1998, fækkar í hópi annarra eins og t.d. hjá hjónum, bæði barnlausum hjónum og hjónum með börn. Árið 1996 voru tæplega 6% hjón sem þurftu að leita sér fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg en sá hópur er kominn niður í 4,7% 1998. Sama gildir um barnlaus hjón. Sá hópur telur um 5,5% af heildinni sem er 3.500–3.600, en í þeim hópi fækkar úr 5,5% niður í 4,2%.

Sama gildir um einhleypa karla og einhleypar konur sem eru stærsti hópur þeirra sem leitar sér fjárhagsaðstoðar. Einhleypir karlar voru 43% þeirra sem leituðu fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg en í þeim hópi fækkar um 1%. Sama gildir um einhleypar konur, í þeim hópi fækkar úr 21,7% í 19,4% milli áranna 1996 og 1997. Eini hópurinn sem fjölgar í sem þarf að leita sér fjárhagsaðstoðar er hópur einstæðra foreldra. Ef við skoðum t.d. árið 1998, þá eru þetta um 800 foreldrar og þessir einstæðu foreldrar voru með allt upp í sex börn á framfæri sínu.

Ég held að ljóst sé, herra forseti, af þeim tölum sem ég hef sýnt fram á að því er varðar fjárhagsaðstoðina og eigna- og skuldastöðu þessa hóps, og að því er varðar tekjur samanborið við hjón og hækkanir milli ára, að einhverra hluta vegna erum við að ræða um hóp einstæðra foreldra sem hefur orðið út undan í þessu góðæri sem menn eru að tala um. Þetta er hópur sem virðist ekki hafa fengið mikið af þeim 100 milljarða tekjuauka sem ríkisstjórnin hefur haft á þessu kjörtímabili umfram það sem síðasta ríkisstjórn hafði. Og þó að hjá þeirri ríkisstjórn væri minna úr að spila þurftu færri einstæðir foreldrar að leita sér fjárhagsaðstoðar þá. Ég held því að nauðsynlegt sé, og ég er reyndar með það í undirbúningi, að leggja fram skýrslubeiðni til ríkisstjórnarinnar, forsrh. eða félmrh., um að gerð verði heildstæð úttekt á kjörum einstæðra foreldra þar sem allt verði tekið með í myndina.

Það er auðvitað hægt að taka fleiri dæmi, t.d. varðandi húsnæðismálin og biðlistana. Við þekkjum það, eins og ég nefndi í máli mínu áðan að liðlega helmingur einstæðra foreldra á sitt eigið húsnæði eða yfir 4.000 einstæðir foreldrar eru á leigumarkaðnum, og að þessir einstaklingar hafa auðvitað notið mjög góðs af því félagslega kerfi sem nú hefur verið lagt niður. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef t.d. frá Reykjavíkurborg eru einstaklingar og fjölskyldur á biðlista eftir leiguíbúðum um 700 og það er álitið að um 100 manns skipti um leiguíbúðir á vegum Reykjavíkurborgar á hverju ári. Ef leiguíbúðir bætast ekki við þýðir það að sjö ár tekur að leysa þennan vanda og útrýma þessum biðlistum, þ.e. ef ekki bætast við fleiri leiguíbúðir. Mér finnst þessi ríkisstjórn ekki sýna umtalsverðan lit í því, ekki síst þegar við tökum tillit til mikilla tekna hjá ríkisstjórninni og því góðæri sem hún er að státa sig af. Við erum að tala um 120 leiguíbúðir sem á að leggja fé til á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. en einungis í Reykjavík eru 700 manns sem bíða, þar af um 470 manns sem eru í mjög brýnni þörf.

Það sem er mjög athyglisvert af þeim upplýsingum sem ég hef, herra forseti, er að það er álitið að um 210 manns bætist í þennan hóp vegna áhrifa af nýja íbúðalánakerfinu, þ.e. að nýi Íbúðalánasjóðurinn og niðurlagning á félagslega kerfinu lengi þann hóp sem bíður eftir leiguíbúðum, að hann stækki um 210. Við erum sjálfsagt ekkert fjarri þeirri tölu sem við í stjórnarandstöðunni nefndum sl. vor þegar við fjölluðum ítarlega um niðurlagningu á félagslega kerfinu. Framkvæmdastjóri Félagsbústaða í Reykjavík segir að það sé húsnæðisneyð í borginni. Þar er hann sérstaklega að vitna til láglaunahópanna og leiguíbúða. Þeir sem hafa helst fengið félagslegar íbúðir — við skulum aðeins fara yfir það — eru ekki síst einstæðir foreldrar en þeir voru um 42% af þeim hópi sem naut góðs af félagslega íbúðakerfinu. Þetta fólk er meira og minna komið í biðröðina eftir leiguhúsnæði.

Þetta er auðvitað nauðsynlegt, herra forseti, að draga fram þegar verið er að sýna fram á leið eins og gert er með þessu frv. til að bæta stöðu, kjör og aðbúnað einstæðra foreldra.

Ég vil þá víkja að frv., herra forseti, og áhrifum þess vegna þess að þetta kostar allt peninga. Ég fagna því mjög að hæstv. fjmrh. er viðstaddur umræðuna og vonandi tekur hann þátt í henni vegna þess að ég held að það væri mjög gott að fá fram núna við 1. umr. málsins skoðanir hæstv. ráðherra á þeirri leið sem hér er nefnd til að bæta stöðu þessa hóps. Í frv. kemur fram að þegar álagningargögn fyrir árið 1996 voru skoðuð vegna tekna á árinu 1995 var ónýttur skattafsláttur þeirra sem fæddir voru á árunum 1976–1979 að báðum árum meðtöldum um 2,3 milljarðar kr. og fjöldi þeirra sem nýttu ekki persónuafsláttinn, þ.e. þeirra sem voru í þessum aldurshópi, voru tæplega 14 þúsund. Ef reynt er að nálgast það hvað þetta mundi kosta ríkissjóð ef farið væri út í þessa breytingu þá hef ég nálgast það á þann veg að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég nú hef erum við að tala um að ónýttur persónuafsláttur sé um 2,5 milljarðar kr. og fjöldi þeirra sem eru á þessu aldursbili sé 16.700. Þeir sem eru 16 og 17 ára á vegum einstæðra foreldra eru um 2.433. Ef við tökum fjóra árganga og gefum okkur að það sé tiltölulega jafnt í hverjum árgangi sem gæti auðvitað skeikað einhverju fram og til baka, þá erum við að ræða um 5.000 börn af þessum 16.700 sem eru með ónýttan persónuafslátt

upp á 2,5 milljarða. Nú yrði það sjálfsagt að einhverju leyti tekjutap sveitarfélaganna ef farið væri út í þetta ásamt ríkinu. Mér telst svo til að miðað við þennan barnafjölda gætum við verið að tala um kostnað upp á 800–900 millj. og töluverður hluti af því væri sveitarfélaganna. Mér finnst ekki ósennilegt að við séum að tala um tekjutap ríkissjóðs vegna þessa upp á 500 millj. kr.

Ég held, herra forseti, að það væri alveg hægt að stíga þetta skref sem hér er lagt til í áföngum. Hér er að vísu lagt til að 80% séu millifæranleg en ég get vel hugsað mér þá leið, ef um það mætti nást samkomulag, að þetta yrði stigið í tveim skrefum. Fyrst væru það 40% sem væru millifæranleg og í síðari áfanganum 80%.

Nú veit ég það, herra forseti, að 500 millj. eru ekki teknar af himnum ofan og vissulega þarf þarna að benda á fjármagn.

Ég hef rætt nokkuð um fjármagnstekjuskatt, herra forseti. Ég tel mig hafa sýnt fram á að með annarri útfærslu á fjármagnstekjuskattinum væri hægt að hafa miklu meiri tekjur í ríkissjóð en skilaði sér vegna fjármagnstekna á sl. ári og tekna þessa árs. Ég þori að fullyrða að við séum ekki að tala um lægri upphæð en hér er verið að nefna, 500 millj., og finnst mér líklegt að hún sé nær einum milljarði sem hægt væri að fá inn í ríkissjóð með annarri útfærslu á fjármagnstekjuskattinum svo að ég nefni eina leið til að fjármagna það frv. sem við erum að tala um. Við erum annars vegar að tala um að hægt sé að hafa meiri tekjur af þeim sem eru raunverulegir stóreignamenn, þeim sem eru fjársterkir aðilar og hafa fjármagnið í þjóðfélaginu þar sem væri hægt að ná peningum af þeim og flytja yfir í þennan hóp sem sannarlega er verst staddur í þjóðfélaginu eða með verst stöddu hópunum, þ.e. einstæðir foreldrar. Ef við höfum þarna 500 millj. til skipta, þá er auðvitað ekki spurning í mínum huga og okkar jafnaðarmanna að færa á þessa peninga yfir til einstæðra foreldra frá fjármagnseigendum.

Ég held, herra forseti, að öll sanngirni mæli með því að þetta mál sé skoðað af fullri alvöru á hv. Alþingi og í þeirri nefnd sem fær málið til umsagnar, sem væntanlega verður efh.- og viðskn., og að einstæðum foreldrum verði heimilt að nýta ónýttan persónuafslátt barna með sama hætti og nú er mögulegt milli hjóna og sambýlisfólks sem ekki síst mundi leiða til lækkunar á skattbyrði einstæðra foreldra.

Herra forseti. Ég hef fært fram rök mín fyrir flutningi þessa frv. sem ég tel að séu í alla staði réttmæt. Við búum við góðæri eins og þessi ríkisstjórn bendir iðulega á. Því hefur verið misskipt. Ég held að það fari ekki á milli mála og með tilliti til þess sem ég hef sagt um þennan hóp og sýnt fram á með tölum og rökum að góðæri hefur ekki skilað sér til einstæðra foreldra, þá held ég að við hljótum öll að geta verið sammála um að kominn er tími til að horfa til þessa hóps og rétta hlut hans og fyrir því hef ég mælt með því frv. sem ég hef talað fyrir nú við 1. umr. málsins.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í því þskj. sem fylgir þessu máli, frv. til laga um breytingu á tekjuskattslögum, eru margar gagnlegar upplýsingar um stöðu og hagi einstæðra foreldra. Ég tel að hér hafi margt forvitnilegt verið dregið saman í grg. með þessu máli, athyglisverðar staðreyndir ýmsar sem þó hafa að sjálfsögðu legið fyrir.

En hugmyndin sem frv. snýst um er reyndar ekki ný. Ég minnist þess að María Ingvadóttir, sem þá var varaþingmaður fyrir Sjálfstfl., lagði hér fram þingmál fyrir nokkrum árum um þetta efni, að foreldrar eða foreldri gæti hagnýtt ónýttan persónuafslátt unglinga. Þetta er sem sagt ekki ný hugmynd en henni hefur ekki verið hrint í framkvæmd vegna þess að hún er dýr og það er margt sem kemur til greina ef menn hafa einhverja peninga umleikis og geta kostað til í sambandi við skattkerfið. Nýlega var sú leið farin að lækka skatta. Tekin var ákvörðun um að verja heilmiklum fjármunum í að lækka hinn almenna tekjuskatt og á það að koma til framkvæmda um áramótin þótt að vísu sé nú annar aðili hér í nágrenninu að spilla fyrir því að hluta til.

Það liggja líka ýmsar aðrar hugmyndir fyrir um útgjöld á þessu sviði eins og að hækka 80% mörkin upp í 100%, hækka skattfrelsismörkin almennt eða lækka skatthlutfallið enn frekar. Það væri margt hægt að gera ef fjármagnið væri fyrir hendi. Ég tel að þetta sé mjög dýr tillaga. Ég held að hún kosti meira en hv. þm. gaf í skyn þótt það liggi nú ekki svo ljóst fyrir kannski. Ég tel þess vegna ekki að hún sé raunhæf, svo ég tali hreint út um það. Ef okkur tekst að skjóta styrkari stoðum undir efnahags- og atvinnulífið hér og búa þannig um hnútana að ríkissjóður verði aflögufær á næstu árum verður eitt og annað hægt að gera í skattamálum. Þá er þetta ein af þeim hugmyndum sem liggja fyrir þegar þar að kemur.

[17:47]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svör hæstv. ráðherra valda mér vonbrigðum. Hæstv. ráðherra segir hér í ræðustól að þessi tillaga sé ekki raunhæf og að margt annað sé hægt að gera við peningana ef þeir væru á annað borð til staðar. Ég held að í þessu máli eins og svo mörgum öðrum sé þetta fyrst og fremst spurning um forgang. Það er bara einu sinni svo, hvernig sem við lítum á sviðið á þessu kjörtímabili, að fjársterkir aðilar og þeir sem eiga peningana hafa verið í forgangi hjá ríkisstjórninni en ekki láglaunafólk, öryrkjar, aldraðir og einstæðir foreldrar.

Ég benti á það, herra forseti, að þessi ríkisstjórn hefur haft 100 milljörðum meira úr að spila en síðasta ríkisstjórn. Ég er að tala um að það liggur fyrir í tölum sem ég upplýsi hér að góðærið hefur algerlega farið fram hjá þessum hópi, einstæðum foreldrum, eins og það hefur líka gert gagnvart öryrkjum sem hafa séð ástæðu til að standa hér fyrir utan á Austurvelli til að vekja athygli á bágum kjörum sínum. Mér finnst þetta því ekki vera spurning um peninga heldur hvernig við skiptum þeim peningum sem við höfum yfir að ráða. Þetta er spurning um forgang, hverjir eigi að hafa forgang. Ég verð að segja það, herra forseti, að um það er ekki spurning í mínum huga að þetta er einn af þeim láglaunahópum sem eiga að hafa forgang. Aðbúnaður barna einstæðra foreldra er oft og tíðum mjög slæmur og þessir foreldrar geta ekki veitt sínum börnum ýmislegt sem aðrir geta. Við upplifðum það í síðustu viku að ríkisstjórnin var að gefa fjármagnseigendum Fjárfestingarbankann og náttúrlega hefur komið fram að hann er miklu meira virði en sett var á hann. Þar er um að ræða tugi milljóna króna. Ég hef ekki heyrt hæstv. fjmrh. andmæla því þótt fjármagnseigendur hafi verið að græða hér á tá og fingri á eignum ríkissjóðs sem hægt var að selja á hærra verði, m.a. til að eiga upp í það að einstæðir foreldrar gætu nýtt ónýttan persónuafslátt barna sinna. Mér finnst þetta því vera spurning um forgang. Svör

ráðherra valda mér miklum vonbrigðum og munu ugglaust valda miklum vonbrigðum í hópi einstæðra foreldra. Það er ég alveg viss um.

[17:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eflaust veldur þetta þingmanninum vonbrigðum en ég tel enga ástæðu til annars en segja hreint út það sem ég tel. Ég tel ekki að þessi tillaga sé raunhæf eins og sakir standa. En ég sagði líka að hún kemur til skoðunar ásamt öðrum hugmyndum ef svigrúm skapast á næstu árum.

Ástæða er til að gera athugasemdir við eitt og annað í máli þingmannsins. Veit hún nákvæmlega hverjir keyptu Fjárfestingarbankann? Getur ekki vel verið að einhverjir einstæðir foreldrar eða tekjulágt fólk hafi gert það, námsmenn og aðrir? Mér býður í grun að ef þetta yrði kannað til hlítar þá hafi margur getað séð sér leik á borði sem á annað borð vill taka þátt í að fjárfesta á þennan hátt. (Gripið fram í.) Hins vegar að því er varðar þessa 100 milljarða sem þingmaðurinn hefur verið að tala um, bæði núna og fyrr í dag, þá kannast ég ekki við að ríkisstjórnin hafi haft einhverja 100 milljarða til að deila út til ákveðinna þjóðfélagshópa. Þetta bara gerist ekki þannig. Það er ekki þannig að menn geti bara staðið í biðröð og fengið skerf af einhverjum 100 milljörðum. Ég þekki það ekki. Og ég er alveg viss um að það var heldur ekki þannig í tíð síðustu ríkisstjórnar að menn úthlutuðu með þeim hætti.

Það var talað um forgangsröð. Vissulega eru ýmsir hópar í þjóðfélaginu ekki of sælir af sínu hlutskipti. Ég efast ekki um að víða er þröngt í búi hjá einstæðum foreldrum. Það er líka víða þröngt í búi hjá öryrkjum og eldri borgurum. Það þarf að taka tillit til alls þessa. Ég tel að ef hv. þm. yrði beðinn um að segja hvort hún vildi frekar gera eitthvað fyrir öryrkja eða aldraða eða þennan hóp, þá kynni hún að lenda í vandræðum ef hún hefði ákveðna upphæð til ráðstöfunar.

Ég tel að þessi tillaga sé skoðunar virði eins og fjöldamargar aðrar tillögur sem lúta að breytingum á skattkerfinu. Ég tel hins vegar hvorki að hún sé raunhæf við þær aðstæður sem nú eru uppi né að hægt sé að fjármagna hana. Ég andmæli reyndar því sem þingmaðurinn sagði um fjármagnstekjuskatt. Ég skal ekki endurtaka það sem ég hef áður sagt um það efni. Þar fer hún vill vegar.

Málið er sem sagt svona: Ég tel að ekki sé grundvöllur fyrir því að gera ráð fyrir því að svona tillaga geti náð fram að ganga á næstunni en það má skoða það í framhaldinu þegar ljóst er hvort hér verður áfram fylgt ábyrgri efnahagsstefnu sem skapar svigrúm í ríkisfjármálum,eða ekki. Ef hugmyndir þingmannsins og hennar samherja um ríkisfjármál ná hér fram að ganga á næstu árum er hvorki líklegt að hægt verði að fjármagna þetta né aðrar umbætur í skattamálum.

[17:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þegar búið er að ræða stóru málin sem fjmrh. flutti í dag, m.a. um það hvernig skattameðferð skuli vera af vöxtum, verðbótum og ávöxtunarsparnaði og hvenær eða hvort jöfnunarhlutabréf teljast til arðs, þá kemur lítið mál á dagskrá, eins og oftast aftarlega á dagskránni og fáir eru viðstaddir. Ég verð þó að taka fram að mér líkar það að fjmrh. skuli sjá sér fært að vera viðstaddur umræðuna þrátt fyrir það reyndar að hann sparki svolítið frá sér í umræðunni. Það kemur mér á óvart. Það er athyglisvert að hlusta á viðbrögð fjmrh., að upplýsingarnar í ræðu framsögumanns séu athyglisverðar og áhugavert væri að skoða þær ef peningar væru til. Við þrjú sem reynumst vera að taka þátt í þessari umræðu hér í lok dagskrár vitum að til eru peningar fyrir því sem ríkisstjórn telur mikilvægt. Við vitum að skattalögum er breytt og að hagrætt er eftir því hver eru forgangsmál viðkomandi ríkisstjórnar. Við höfum rætt hér um skattalagabreytingar. Framsögumaðurinn Jóhanna Sigurðardóttir nefndi fjármagnstekjuskattinn. Okkur greindi á um það hvernig honum var breytt. Okkur greindi á um það að lækka skatt af arði úr yfir 40% og niður í 10%. Okkur greindi á um það og það hefur gífurleg áhrif á það fjármagn sem ríkisstjórn á hverjum tíma hefur til umráða. Það að létta sköttum af arði tekur til upphæða upp á nokkur hundruð milljónir og við vitum þetta. Við þurfum ekkert að rífast um það. Við vitum að þannig er það.

Mér finnst líka frekar slæmt að fjmrh. sem ég met mikils skuli falla í sömu gryfju og forsrh. og fara að atyrða Reykjavíkurborg vegna breytinga á útsvarsprósentu. Mér finnst að sú umræða eigi í raun ekki heima hér. Sú umræða hefði getað átt heima undir skattafrumvörpunum sem fjmrh. var með fyrr í dag og ég sá eiginlega ekki ástæðu til þess þá að fara upp og gera athugasemdir við málflutning hans.

Það hefur komið í ljós, herra forseti, að í skýrslu sveitarfélaganna sem lögð var fram á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga hafa verið færð fyrir því gild rök að á stjórnartíma ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hafa miklir tilflutningar verið á fjármagni, eða réttara sagt þá hafa tekjur sveitarfélaganna verið skertar um sem nemur nærri því 15 milljörðum króna á þessu tímabili. Hvernig og hvers vegna? Jú, vegna einhliða ákvarðana ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, ríkisstjórnar sem ég og framsögumaður áttum hlut að þótt við reyndar ættum aldrei nokkurn tíma á þessum fjórum árum fjármálaráðherrann í ríkisstjórn og greindi eflaust á um ýmis útfærsluatriði gagnvart sveitarfélögunum. En ég ætla ekki að ræða það. Það er ljóst að sveitarfélögin hafa orðið af umtalsverðum tekjum á sama tíma og við höfum flutt til þeirra verkefni, ætlað þeim mjög mikilvæg verkefni á sviði velferðarmála, án þess að hafa fært þeim tekjur. Við höfum skert tekjur þeirra. Þetta eru staðreyndir.

Reykjavíkurborg er núna að hækka útsvarið hjá sér upp í það sem Kópavogur hefur haft á öllum stjórnartíma Sjálfstfl. — Sjálfstfl. sem komst til valda fyrir átta árum út á það að tala um skuldasöfnun þáverandi meiri hluta sem er bara brot og kræsiber í — ég ætla ekki að ljúka þeirri setningu — miðað við þá skuldasöfnun sem Sjálfstfl. í því ágæta sveitarfélagi hefur safnað á liðnum átta árum við framkvæmdir.

Þetta er nú það sem mér finnst um viðbrögð fjmrh. og ég er hissa. Hvað erum við að tala um? Við erum að tala um kjör og við erum að tala um rétt. Við erum að tala um kjör og réttindi þess þjóðfélagshóps sem býr við skertust kjör í okkar samfélagi. Auðvitað finnast einstæðir foreldrar, með miklar tekjur. Auðvitað finnast þeir. Auðvitað getur fundist t.d. einstæður fjármálastjóri, eðlilega. En langstærsti hópur einstæðra foreldra býr við bág kjör. Það er svo einfalt.

Jóhanna Sigurðardóttir, frsm. þessa máls, nefndi að fram hefði komið í skýrslu landlæknis að marktækur munur er á heilsu barna eftir því hverjar tekjur foreldranna væru. Þetta er athyglisvert og þetta er mjög alvarlegt. Þetta er áhyggjuefni og við ættum öll, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, að kalla eftir því að fá frekari úttekt á þessu máli vegna þess að það er til skammar hversu fjölskyldustefnan sem við höfum verið að reyna að framkvæma á liðnum árum

er veik og í raun og veru hvað þeir hlutir eru margir sem ættu að kalla á athygli okkar en gera það ekki.

Það er líka umhugsunarefni hvaða upplýsingar komu í ljós í haust þegar okkur var birt skýrsla um fátækt. Sú skýrsla leiddi í ljós að 7,8% bjuggu við fátækt árið 1907 og okkur finnst það ekkert skrýtið vegna þess að við þekkjum þjóðfélagsgerð þess tíma. En þegar okkur er sagt að 7,3% séu fátæk í Reykjavík í dag, í lok aldarinnar í þessu velferðarþjóðfélagi, þá hrökkvum við í kút, sérstaklega vegna þess að skýrslan sem ég vísa til sýnir úttekt á fátækt frá fleiri en einum sjónarhóli. Ekki þetta afstæða hlutfall þar sem tekjur eru miðaðar við meðaltekjur og fátækt reiknuð út frá því. Nei, heldur líka út frá kvarða sem miðaður er við útreikninga félagsmálastofnana, miðaður við hlutfall þeirra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð um margra ára skeið og á ólíkum skeiðum á þessari öld. Þetta er alvarlegt og við ættum að hrökkva í kút.

Ef við skoðum eignir og skuldir — það er talað um að skuldir heimilanna hafi aukist svo og svo mikið á ákveðnu árabili og þær aukast stöðugt — þá sjáum við að hjón sem eru með engan eða neikvæðan eignarskattsstofn eru 10 þúsund, 10 þúsund af 55 þúsund hjónum. Um 18% skulda meira en þeir eiga. Þegar við svo skoðum einstæða foreldra þá kunna að finnast efnaðir einstæðir foreldrar innan þess hóps, eins og fjmrh. sagði. En þegar við skoðum einstæða foreldra í slíkri skýrslu þá kemur í ljós að fjöldi þeirra sem eru með núll eða neikvæðan eignarskattsstofn er 4.201 af 7.856. Þessar tölur eru svo ólíkar hjá hjónunum og hjá einstæðu foreldrunum að þær segja eiginlega allt sem þarf. Þetta reynast líka vera nærri 54% af heildinni. Þetta eru rosalegar tölur, herra forseti. Þetta eru rosalegar tölur og þær segja okkur að miklir gallar eru á velferðarkerfi okkar og við vitum að mjög erfitt er fyrir marga að ná endum saman. Það er erfitt fyrir marga foreldra að ná endum saman og vinnudagur foreldra ungra barna er gífurlega langur. Það hefur komið fram í skýrslum og við vitum það. Samt er það þannig með fjölskyldur að ef einn vinnur fyrir fjölskyldunni þá getur hann notað skattkort og persónuafslátt maka síns. Og þegar um þannig heimilishald er að ræða þá er alveg ljóst að makinn er heima og sér um umönnunina, um börnin og heimilið. Það þýðir að langur vinnudagur annars foreldrisins getur verið erfiður. En gagnvart börnunum er annað foreldranna heima og sér um umönnun, uppeldi, veganestið og allt það sem þarf að vera í lagi til þess að ungviðið vaxi upp, til þess að æskan fái rétt skilaboð í uppvextinum og börnin geti orðið öflugir og sterkir einstaklingar þegar þau vaxa úr grasi.

Þegar einn framfærandi er og erfitt er að ná saman endum í útgjöldum heimilisins þá er þessi eini framfærandi fyrirvinnan og öll umönnun verður að eiga sér stað að vinnudegi loknum. Þess vegna skiptir svo miklu máli, herra forseti, að fá að nýta óráðstafaðan persónuafslátt þegar um það er að ræða að unglingar á heimilinu eiga skattkort og ónýttan persónuafslátt.

Það eru fleiri þættir sem ættu að vera í lagi hjá okkur en eru ekki í lagi, ekki af því að mörg okkar hafi ekki viljað það og jafnvel setið á pólitískum valdastóli til þess að reyna að ná því fram heldur hefur ekki náðst samstaða um það. Eitt af því eru húsaleigubæturnar. Í skýrslu sem var lögð fram 1995 kom fram að 1.400 einstæðir foreldrar hefðu fengið húsaleigubætur. Af þeim eru 97% konur og aðeins 3% karlar. Einstaklingar eru stærsti hópurinn sem fær húsaleigubætur og næststærsti hópurinn eru einstæðir foreldrar.

Ef maður skoðar hvað það skiptir miklu máli að fá húsaleigubætur þá eru þær um 10.295 kr. af meðalleigunni sem 1995, nota bene, var liðlega 34 þús. kr., en þá hefur verið reiknaður skattur af húsaleigubótunum. En það er ekki reiknaður skattur af vaxtabótum. Félagsmálastofnanir, félagsráðgjafar og aðrir eru alltaf að koma því á framfæri að misræmi sé í því að húsaleigubætur eru skattlagðar en vaxtabætur ekki. Í skýrslunni sem var lögð fram 1995 kom fram að þetta væri brot á jafnræðis- og grundvallarrétti skattalaga. Það er þetta sem öllum finnst vera ósanngjarnt vegna þess að húsaleigubætur bætast við tekjuskattsstofninn eins og fjárhagsaðstoðin, á meðan vaxtabæturnar skerða hvorki barnabætur né námslán af því þær leggjast ekki við stofninn.

Húsaleigubætur skerða barnabætur og húsaleigubætur skerða námslán. Og það eru þessir hlutir, herra forseti, sem samanlagt gera það að verkum að hópur sem þarf á mikilli samfélagshjálp að halda fær hana ekki. Við erum tilbúin að greiða 4 milljarða í vaxtabætur. Húsaleigubæturnar eru eitthvað um 400 millj. Þær mundu hækka, eins og hér hefur komið fram, ef þær væru ekki skattlagðar. En þetta er ekki há upphæð. Þetta er um tíundi hluti af því sem við erum tilbúin að greiða í vaxtabætur.

En við erum ekki að ræða húsaleigubætur hér. Við erum að ræða það að fá að nýta persónuafslátt barna þegar einstæðir foreldrar eiga í hlut. Hvers vegna er ég þá að tala um húsaleigubætur? Jú, vegna þess að svo margir hlutir snúa að kjörum einstæðra foreldra og skerða kjör þeirra á meðan við ættum að vera að lagfæra þau.

Herra forseti. Í fyrravetur var nokkrum lögum breytt til að reyna að lagfæra það sem hefði verið hægt að taka á með lögum um greiðsluaðlögun. Ein lagabreytingin var sú að heimila Innheimtustofnun sveitarfélaga að fella niður meðlagsskuldir að hluta eða öllu leyti við tilteknar aðstæður. Ég bar fram fyrirspurn í lok vetrar um það hversu margir hefðu nýtt sér þessa heimild. Þá kom í ljós að 560 einstaklingar leituðu eftir því að fá meðlagsskuldir niðurfelldar og 355 fengu umsókn sína samþykkta. 355 fengu samþykkta beiðni um að fella niður meðlagsskuldir. Og þegar greint er frá ástæðu samþykktar þá er í langflestum tilfellum um að ræða lágar tekjur. Því getum við hugsað sem svo: Afskaplega er það réttlátt að sá sem skuldar meðlag vegna þess að hann á að inna af hendi ákveðinn þátt uppeldismála barna sinna, fái felldar niður meðlagsskuldir sökum lágra tekna, skertrar starfsorku, barnamergðar eða mikillar greiðslubyrði. En þá spyr ég: Hvað með þann sem er með barnið á framfæri? Hvað með þann sem kaupir eða leigir íbúð og sér um framfærslu barnsins ef hann nær ekki endum saman, þ.e. sá sem skuldar allt að 54% meira en hann á? Hvað getum við gert til að rétta hlut hans? Mér sýnist að það sé alveg sama hvaða tillögur við komum með til úrbóta, þeim er alltaf hafnað.

Það er þetta, herra forseti, sem er alvarlegt og umhugsunarefni. Ákveðinn hópur þarf á samfélagsaðgerðum að halda og þegar að því kemur að skoða það þá er svarið þetta: „Það væri ýmislegt hægt að gera ef til væru peningar."

[18:09]

Útbýting þingskjala:

Áhrif lögfestingar stjórnarfrumvarpa á byggðaþróun, 292. mál, þáltill. MS o.fl., þskj. 346.

Íbúð Búnaðarbankans í Lundúnum, 69. mál, svar viðskrh., þskj. 335.

Könnun á læsi fullorðinna, 280. mál, þáltill. JóhS og ÞHS, þskj. 326.

Lausaganga búfjár, 287. mál, fsp. RG, þskj. 338.

Opnunartími Þjóðarbókhlöðu, 289. mál, fsp. ÖJ, þskj. 340.

Samningar við bankastjóra Búnaðarbanka Íslands, 70. mál, svar viðskrh., þskj. 336.

Samningar við bankastjóra Landsbanka Íslands, 71. mál, svar viðskrh., þskj. 337.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:12.

---

30. FUNDUR

miðvikudaginn 2. des.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Uppbyggingin á Eiríksstöðum í Haukadal, fsp. SvG, 259. mál, þskj. 297.

Til dómsmálaráðherra:

2. Útköll björgunarþyrlna Landhelgisgæslunnar, fsp. GHall, 103. mál, þskj. 103.

3. Áfengisauglýsingar, fsp. KÁ, 119. mál, þskj. 119.

Til umhverfisráðherra:

4. Fráveitumál sveitarfélaga, fsp. RA, 258. mál, þskj. 296.

Til samgönguráðherra:

5. Lögskráning sjómanna, fsp. LRM, 209. mál, þskj. 230.

6. Samgöngur á Vestfjörðum, fsp. LRM, 210. mál, þskj. 231.

7. Verðmunur á leigulínum um ljósleiðara, fsp. JónK, 202. mál, þskj. 220.

Til heilbrigðisráðherra:

8. Dvalarrými fyrir aldraða, fsp. SvG, 139. mál, þskj. 139.

9. Ferðakostnaður aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda, fsp. MF, 175. mál, þskj. 180.

10. Reglur um endurgreiðslu á ferðakostnaði sjúklinga, fsp. SJS, 257. mál, þskj. 295.

11. Réttur íbúa landsbyggðar til læknisþjónustu, fsp. KJB, 277. mál, þskj. 315.

Til iðnaðarráðherra:

12. Lækkun álverðs og orkuverðs, fsp. SvG, 117. mál, þskj. 117.

13. Áætlanir í raforkumálum, fsp. MF, 200. mál, þskj. 218.

Til félagsmálaráðherra:

14. Kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum, fsp. ÁRJ, 187. mál, þskj. 203.

15. Framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynja, fsp. GGuðbj, 263. mál, þskj. 301.

16. Efnahagsleg völd kvenna og karla, fsp. GGuðbj, 264. mál, þskj. 302.

Til fjármálaráðherra:

17. Niðurfelling virðisaukaskatts af innlendri handverksframleiðslu, fsp. SJS, 256. mál, þskj. 294.

[13:01]

Útbýting þingskjala:

Beingreiðslur til bænda, 236. mál, svar landbrh., þskj. 325.

Byggingarframkvæmdir á vegum ríkisins, 294. mál, fsp. GE, þskj. 351.

Leiklistarlög, 146. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 347; brtt. minni hluta menntmn., þskj. 348.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999, 296. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 353.

Samningur um Norræna fjárfestingarbankann, 297. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 354.

Störf í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 157. mál, svar utanrrh., þskj. 344.

Vöxtur fiskstofna, 208. mál, svar utanrrh., þskj. 345.

Þjónusta Neyðarlínunnar hf., 295. mál, fsp. LB, þskj. 352.

Tilkynning um dagskrá.

[13:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið verður til dagskrár fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Umræðan er um málefni Stofnfisks og hæstv. landbrh. verður til andsvara.

Að öðru leyti vill forseti minna á varðandi fundahaldið í dag að að loknum fyrirspurnafundinum verður settur annar fundur þar sem fram fara atkvæðagreiðslur um nokkur mál.

Þá hefst utandagskrárumræðan sem fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Stofnfisks.

[13:03]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi verður að geta þess að tilefni þeirrar umræðu sem hér fer fram er framganga hæstv. landbrh. nú á haustdögum við að auka hlutafé í Stofnfiski hf. og hvernig hann hefur hingað til staðið að einkavæðingu þess fyrirtækis. Það hefur verið með hreinum ólíkindum, virðulegi forseti, hversu illa mér hefur gengið að afla upplýsinga og fá gögn fyrir þessa umræðu. Það er sama hvar hefur verið borið niður, hvort heldur munnlega eða skriflega, alls staðar hef ég rekist á veggi. Ráðherra og Ríkisendurskoðun hafa engar upplýsingar viljað veita um málið.

Eins og alkunna er er Alþingi ætlað m.a. að hafa eftirlit með því að ráðherrar fari að lögum. Það er því mjög alvarlegur hlutur þegar svo er komið fyrir Alþingi að eiga það undir geðþóttaákvörðun einstakra ráðherra hvort það fái sinnt þessu stjórnarskrárbundna hlutverki sínu. Það þarf ekki annað en benda á nýlegar upplýsingar sem fram hafa komið um sölu SR-mjöls auk samninga sem gerðir hafa verið um eftirlaunaréttindi til að sýna fram á nauðsyn þess að þetta eftirlit Alþingis sé virkt.

Stofnfiskur hf. er mjög sérstakt fyrirtæki í laxeldi. Fyrirtækið er nokkurs konar erfðabanki íslensks laxeldis sem hefur haft það hlutverk að stunda kynbætur fyrir laxeldi. Það má því fullyrða að þetta ríkisfyrirtæki og starfsemi þess sé

lykillinn að því að íslenskt fiskeldi verði samkeppnisfært við fiskeldi annars staðar í heiminum í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Af þeim gögnum sem ég hef þó náð að afla mér virðist mér sem einkavæðing Stofnfisks hf. hafi átt að fara fram í kyrrþey sl. sumar en illu heilli fyrir aðstandendur félagsins og aðra velunnara tók Ríkisendurskoðun upp á því að eigin frumkvæði að krefjast þess að fram færi fjárhagslegt uppgjör á því áður en til fyrirhugaðrar hlutafjáraukningar kæmi og sölu hlutafjár í samræmi við lög og reglur um einkavæðingu. Samkvæmt heimildum mínum kemur fram í úttekt Ríkisendurskoðunar í fyrsta lagi að við samanburð á útflutningsskýrslum og tekjufærslu í bókhaldi Stofnfisks hf. hafi tekjur fyrirtækisins verið vantaldar um a.m.k. 14 millj. kr. í ársreikningi fyrir árið 1997. Aðallega var þar um að ræða sölu afurða til Chile í desembermánuði. Þetta er talsverð fjárhæð, virðulegi forseti, í ljósi þess að heildarvelta fyrirtækisins á árinu 1997 var rétt rúmlega 90 millj.

Í öðru lagi segja heimildir mínar að fram komi í sömu úttekt að eignir sem félagið keypti á árinu 1997 hafi ekki verið eignfærðar sem skyldi og efnahagsreikningur fyrirtækisins því nokkuð veikari en efni stóðu til.

Í þriðja lagi hafi ekki verið samræmi í áætlanagerð fyrirtækisins fyrir árið 1998 sem gerði það að verkum að erfitt var fyrir lesendur að gera sér grein fyrir niðurstöðutölum. Niðurstaða mín er sú að svo virðist sem ársreikningur Stofnfisks hf. fyrir árið 1997 hafi verið rangur og ekki gefið rétta mynd af stöðu fyrirtækisins. Hugsanlega hafi við gerð hans verið brotið gegn ákvæðum almennra hegningar- og bókhaldslaga. Um það verður þó ekki fullyrt hér. Þessi atriði gátu auðveldlega leitt til þess að fyrirtækið yrði selt á undirverði sem kaupendur hefðu væntanlega notið og þá væntanlega á kostnað ríkissjóðs. Það hefði því að mínu viti verið eðlilegra þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar lá fyrir að hæstv. landbrh. og/eða jafnvel Ríkisendurskoðun hefði á þeim tímapunkti vísað málinu til frekari meðferðar hjá skattrannsóknarstjóra í stað þess að halda einkavæðingu þess áfram.

Þá herma heimildir mínar að minnisblað sem deildarstjóri lögfræðideildar og skrifstofustjóri ráðuneytisins unnu fyrir ráðherra, dags. 30. ágúst 1998, geymi einmitt tilmæli til ráðherra um að láta rannsaka þetta mál frekar því hugsanlegt sé að landslög hafi verið brotin. Þrátt fyrir varnarorð Ríkisendurskoðunar, starfsmanna ráðuneytisins auk skýrslu sérfræðinga virðist vera sem landbrh. sendi framkvæmdanefnd einkavæðingar málið í september þar sem þess er óskað að hún haldi áfram vinnu við að einkavæða fyrirtækið.

Virðulegi forseti. Það er að mínu mati nauðsynlegt í þessari umræðu að hæstv. landbrh. geri þingheimi miklum mun betri grein fyrir aðgerðum sínum í þessu máli og geri jafnframt þau gögn opinber sem ég hef í ræðu minni vitnað til og sýnt fram á hvað sé raunverulega rétt í þessum efnum. Það er algerlega fráleitt að þessum upplýsingum sé haldið frá Alþingi.

Þá tel ég nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari því hér og nú í þessari umræðu hvort rétt sé að hann hafi verið varaður við því af starfsmönnum ráðuneytisins að halda áfram með þetta mál í einkavæðingarformi á minnisblaði, sem ég vitnaði til áðan og er dagsett 30. ágúst 1998. Það er mjög alvarlegur hlutur, virðulegi forseti, ef hæstv. landbrh. hefur látið slík varnaðarorð sem vind um eyru þjóta þegar deildarstjóri lögfræðideildar í hans eigin ráðuneyti geldur jafnmikinn varhug og mér er tjáð að hann hafi gert við því að málið haldi áfram í þessum farvegi.

Virðulegi forseti. Það er auk þess algerlega óásættanlegt að fyrir Alþingi skuli nú liggja beiðni í fjárlögum frá ríkisstjórninni um að veita henni heimild til sölu á þessu fyrirtæki fyrir árið 1999 ef Alþingi á ekki jafnframt að geta fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að liggi fyrir áður en Alþingi tekur afstöðu til málsins. Virðulegi forseti. Önnur niðurstaða er gersamlega ótæk fyrir Alþingi og virðingu þess.

[13:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig ágætt að fá tækifæri til þess í hv. Alþingi að gera nokkra grein fyrir málsmeðferð varðandi einkavæðingu eða sölu á fyrirtækinu Stofnfiskur hf. sem hefur verið mikið til umræðu að undanförnu, m.a. í fjölmiðlum, og svara því aðeins sem fram kemur í máli hv. málshefjanda að framganga ráðherra í þessu einkavæðingarmáli sé með endemum og upplýsingaaðgengi sé tregt eða jafnvel bannað og alþingismenn fái ekki aðgang að þeim upplýsingum sem þeim ber.

Fyrst er rétt að rifja upp að í umræðunni um Stofnfisk og samning þann sem það fyrirtæki hefur gert formlega við landbrn. gætir nokkurs misskilnings þegar talað er um styrk sem þetta fyrirtæki fái á árabili sem samið er um upp á tugi og hundruð millj. Hins vegar er rétt að ríkið greiðir nú Stofnfiski endurgjald fyrir þjónustu samkvæmt samningi sem gerður hefur verið þar um. Fyrirtækið var stofnað árið 1991, nánar tiltekið 8. mars, og er í langstærstum hluta í eigu ríkisins eða 93–94%. Megintilgangur með stofnun félagsins var að hefja kynbætur á vatna- og sjávardýrum og var á þeim tíma gerður um það samningur, þá strax 1991, milli félagsins og landbrn. til fimm ára. Og til að tryggja mætti framhald þessa kynbótaverkefnis var gerður nýr samningur eða endurnýjaður 6. maí 1996 og síðan viðauki við hann síðar það ár sem hefur svo aftur verið endurskoðaður eins og ég kem aðeins nánar að hér á eftir.

Sú staðreynd að Stofnfiskur hafði breikkað starfsgrundvöll sinn og hætt verkefni, sem gefið hafði meginhluta teknanna, gaf tilefni til þess að breyta þurfti fyrirkomulagi laxakynbótaverkefnisins. Það var tekið mið af því í þeim framlögum til verkefnisins sem eru samkvæmt samningnum. Þau voru reyndar skorin niður, lækkuð um 20% frá því sem hafði verið í upphafi. Á samningstímanum lækkar síðan greiðslan fyrir þetta verkefni um 2% á ári út samningstímann. Það er m.a. gert vegna þess að við teljum að fyrirtækið hafi með sinni útvíkkuðu starfsemi betri rekstrarmöguleika og geti veitt þessa þjónustu fyrir minni fjármuni og það tryggi bæði betri rekstrargrundvöll fyrirtækisins svo og að það veiti einnig þá þjónustu sem það veitir ríkinu með þessum samningi fyrir lægra verð og styrki rekstur félagsins í heild. Þar af leiðandi var það niðurstaða ráðuneytisins að hefja þetta einkavæðingarferli með eðlilegum hætti og einkavæðingarnefnd skrifað erindi um það og hún beðin um að annast verkefnið. Til að rekja aðeins söguna um hvernig staðið hefur verið að málinu — það hafa verið töluverð bréfaskipti hér á milli, m.a. vegna skýrslu frá Ríkisendurskoðun sem hv. málshefjandi vitnar til — þá var það 14. júlí sem ráðuneytinu barst aftur bréf frá einkavæðingarnefnd með fyrstu tillögunum um framkvæmd hlutafjáraukningarinnar og sölu á félaginu. Við hinkruðum með ákvörðun í því efni vegna þess að ráðuneytið vissi af því að Ríkisendurskoðun var að

athuga málin og sú skýrsla eða úttekt sem Ríkisendurskoðun gerði var send ráðuneytinu og dags. 14. ágúst. Við sendum síðan þá skýrslu til stjórnar Stofnfisks þar sem hún er beðin að gera athugasemdir eða svara þeim athugasemdum sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar og það bréf barst ráðuneytinu og var sent til Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun svaraði því bréfi 14. september þar sem stofnunin gerir ekki frekari athugasemdir en ítrekar að hún telji að endurmeta þurfi félagið áður en til sölu eða hlutafjáraukningar komi og það framsendi ég síðan til einkavæðingarnefndar 24. september eða tíu dögum síðar með þessari athugasemd Ríkisendurskoðunar.

Svo ég fari hratt yfir sögu skrifaði einkavæðingarnefnd ráðuneytinu bréf 5. nóvember með tillögu að fyrirkomulagi að hlutafjáraukningu og sölu á félaginu og var í því bréfi lagt til að 6.–9. gr. kynbótasamningsins verði endurskoðaðar með tilliti til framkominnar gagnrýni. Það er síðan gert og undirrituð breyting á samningnum 17. nóvember þar sem bæði landbrn., fjmrn. og Stofnfiskur gerðu breytingar á samningnum þar sem gert er ráð fyrir strangari ákvæðum um varðveislu erfðaefnisins en hafði verið í hinum fyrri samningi þannig að ég tel að því hafi verið fullnægt.

Hinn 6. nóvember skrifar ráðuneytið Ríkisendurskoðun bréf aftur vegna erindis frá einkavæðingarnefnd um söluferlið þar sem við biðjum um að tekin séu af öll tvímæli um að Ríkisendurskoðun hafi ekki frekari athugasemdir við reikningsskil Stofnfisks að gera og það svar berst ráðuneytinu 16. nóvember í erindi og bréfi frá Ríkisendurskoðun, og ég held að rétt sé að lesa upp eina málsgrein úr því svari vegna þess að gerðar eru athugasemdir um hvað hafi staðið í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þar segir, með leyfi forseta, í svari Ríkisendurskoðunar frá 16. nóvember:

„Til svars erindinu skal tekið fram að stofnunin telur að hún hafi fengið ásættanlegar upplýsingar og skýringar á reikningsskilum Stofnfisks hf. þann 30. júní 1998. Að mati Ríkisendurskoðunar gefa reikningsskilin glögga mynd af efnahag Stofnfisks og vísast að öðru leyti til áritunar löggilts endurskoðanda félagsins en hann starfar í umboði Ríkisendurskoðunar."

Það er afdráttarlaust og tvímælalaust tekið fram af hálfu Ríkisendurskoðunar að hún hafi engar athugasemdir fram að færa.

Varðandi aðgengi að upplýsingum um málið þá verður það að koma fram að samkvæmt upplýsingalögunum er í raun ekki gerður munur á alþingismönnum og almenningi hvað upplýsingalögin varðar. Þegar um er að ræða efnisatriði sem talin eru viðskiptalegs eðlis og gætu skaðað hagsmuni félags, þá hefur ráðuneytið ekki talið rétt að afhenda viðkomandi gögn. Og beiðni Lúðvíks varðandi gögnin, sem búið var að neita öðrum sem hafði beðið um skýrslu (Forseti hringir.) Ríkisendurskoðunar, var neitað samkvæmt upplýsingalögunum. Sú synjun ráðuneytisins var staðfest af úrskurðarnefnd um upplýsingamál þar sem segir, með leyfi forseta: „Staðfest er sú ákvörðun landbrn. að synja viðkomandi aðila um aðgang að skýrslu Ríkisendurskoðunar um Stofnfisk og önnur gögn er hana varða." Ég tel því að hér hafi fyrst og fremst verið um það að ræða að fara samkvæmt (Forseti hringir.) upplýsingalögunum og má vitna eða leita til skýrslu sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi um aðgengi almennings og hv. alþingismanna að gögnum um upplýsingar um hlutafélög sem varða hagsmuni eða viðskiptaleg málefni fyrirtækja. Ég tel því að hér hafi verið staðið rétt og eðlilega að málinu en er tilbúinn, hæstv. forseti, af því að tíminn er liðinn, að bæta kannski aðeins við síðar.

(**Forseti** (ÓE): Forseti minnir á ákvæði þingskapa um ávarp úr ræðustól.)

[13:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er grafalvarlegt mál á ferðinni. Satt að segja er með ólíkindum að hæstv. ráðherra skuli bjóða upp á annan eins málflutning og hann gerði áðan. Að hann skuli rekja með dagsetningum og í upptalningu ákveðin bréfaskipti, skýrslur og minnisblöð og ljúka síðan máli sínu með því að vitna orðrétt í lokaskýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem hæstv. ráðherra virðist samkvæmt þeirra orða hljóðan vera hvítþveginn af öllum sökum.

Ég geri kröfu um það hér og nú að þeir pappírar sem snerta þetta mál verði afhentir í dag. Það er krafa mín í þessu sambandi. Mér dugir ekki að hæstv. ráðherra velji einstakar setningar úr þeim gögnum og pappírum sem fyrir liggja. Ég sætti mig ekki við það og ég trúi því ekki að hv. þm. sætti sig við að þeir séu afgreiddir þannig að þeim komi ekki við hvernig mál ganga í fyrirtæki sem þjóðin á, fyrirtæki sem hæstv. ráðherra ætlar að biðja hv. þm. um heimild til að selja á næstu dögum eða vikum. Er það svo að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn ætli að halda sig við þá tillögu sem er að finna í fjárlögum um að hv. þm. rétti upp hönd og veiti heimild til að selja þetta fyrirtæki án þess að fá að vita nokkurn skapaðan hlut um hvað þar er á seyði? Er það þannig sem hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn vill ganga um dyr í þessari virðulegu stofnun? Ég segi nei og ég árétta að ég óska eftir þessum upplýsingum, þessum pappírum, öllum sem einum. Ég hef trú á því og vona að hæstv. forseti veiti mér aðstoð við að sækja þennan eðlilega og sjálfsagða rétt minn. Flóknara er málið ekki.

[13:18]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hvað er á seyði í íslensku þjóðfélagi? Framkvæmdarvaldið, ríkisstjórnin, raðar gæðingum í hvert embættið á fætur öðru, rakar að flokksgæðingunum hverri sporslunni á fætur annarri í ýmsum myndum. Fyrirspurnum þingmanna til framkvæmdarvaldsins er ýmist hálfsvarað, illa svarað eða ósvarað.

Ég krefst þess að þingið meti hvort svör sem berast til þingsins frá framkvæmdarvaldinu séu í samræmi við fyrirspurnir. Vísvitandi eru aldraðir og fatlaðir sviptir því sem þeim ber til framfærslu sem nemur hundruðum milljóna. Ég tala ekki um ef miðað er við lægstu laun, þá vantar 1.842 millj. á árunum 1995–1998.

Hvers vegna er beiðnum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar ekki svarað?

Ætlar hæstv. landbrh. að láta fara fram rannsókn á því hvort um hafi verið að ræða skattalagabrot og misferli eins og ráða má af frétt DV frá 22. október sl. varðandi þetta mál?

Á að selja fyrirtækið með óbreyttri stjórn, þ.e. Stofnfisk hf., eða á að víkja stjórninni frá og selja síðan?

Telur hæstv. landbrh. að einkavæðingarnefnd geti afgreitt málið eins og það er nú í ljósi umræðunnar?

Hver er fjárhagslegur ávinningur ríkisins af sölunni?

[13:20]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Síðast talaði þingmaður úr hv. fjárln. og mér sýnist einboðið að hún hljóti að taka þetta mál fyrir í einstökum atriðum af því að málið liggur á borði hennar.

Í öðru lagi vil ég segja varðandi þennan úrskurð úrskurðarnefndar um upplýsingamál, þar sem neitað er um aðgang að skýrslu Ríkisendurskoðunar, að ég tel að úrskurðurinn standist ekki vegna þess að um er að ræða Ríkisendurskoðun, sem er stofnun Alþingis, og ekki er hægt að neita þingmönnum um aðgang að slíkum gögnum, það er útilokað.

Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni um að forsetinn kanni málið mjög rækilega og grípi til þeirra aðgerða sem hann hefur í þessum efnum sem eru þær að útvega þingmönnum skjölin. Það er síðan mál sem þarf kannski að fara yfir í þessu tilviki af samkeppnisástæðum eða öðrum hversu mikið þingmennirnir láta frá sér af þessum upplýsingum. Það er svo allt annar hlutur. En það er algerlega óþolandi að þessi úrskurðarnefnd um upplýsingamál neiti alþingismanni um þessa skýrslu frá stofnun sem heyrir undir Alþingi. Það er ekki hægt. Herra forseti, það má ekki líða það. Það er vont fyrir þingið. Ef nokkur leið er að tryggja að þingið fái aðgang að málinu með góðu þá verður að gera það.

[13:22]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Nýlega kom fram í fyrirspurnatíma á Alþingi að landbrn. hefði gert samning við Stofnfisk um að kaupa laxahrogn af því fyrirtæki fyrir 250 millj. kr. á næstu átta árum og að þessi samningur muni fylgja fyrirtækinu þegar það verður selt. Ég tel að það verði að huga að því við fyrirhugaða sölu á Stofnfiski hvernig þetta mál horfir við öðrum fiskeldisfyrirtækjum á Íslandi og hvað er fram undan þegar átta ára samningnum lýkur og Stofnfiskur er ekki lengur skuldbundinn til viðskipta við innlendu fyrirtækin. Stofnfiskur sér um að kynbæta hrogn fyrir fiskeldið á Íslandi og fyrirtækið var raunar stofnað til þess auk þess sem fiskeldisdeild Veiðimálastofnunar var lögð niður og flutt inn í Stofnfisk.

Með samningnum hefur ríkið lagt mjög mikið fé til fyrirtækisins sem verður að nýtast til hagsbóta fyrir allt fiskeldi á Íslandi. Ég spyr því hæstv. landbrh. hvort tryggt verði við væntanlega sölu fyrirtækisins að það lendi ekki í höndum erlendra samkeppnisaðila með þeim afleiðingum að það geti ráðið yfir erfðaefninu. Þetta þarf allt að skoða í samhengi og það er mjög mikilvægt að þetta fyrirtæki sem landbrn. hefur gert svo vel við vinni í góðu samstarfi við önnur fiskeldisfyrirtæki, ekki síst ef það kemur til útflutnings á laxaseiðum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. landbrh. hvort hugað hafi verið að því að gera ráðstafanir til að tryggja að önnur fiskeldisfyrirtæki geti keypt sig inn í Stofnfisk á viðunandi verði.

Nú hefur komið fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að honum hefur verið neitað um upplýsingar um þetta mál og ég tel það óásættanlegt fyrir Alþingi. Það er óásættanlegt að ekki skuli fást fram allar staðreyndir málsins. Ég tel ekki eðlilegt að selja fyrirtækið meðan svo er. Alþingismenn hljóta að fá að skoða öll gögn varðandi þetta mál áður en til sölu kemur. Það er eðlilegt að spurt sé: Af hverju þessa leynd? Er eitthvað í málinu sem þolir ekki dagsins ljós? Ég er ekki að gera því skóna að svo sé en ég hvet hæstv. landbrh. til að aflétta allri leynd af málinu og reka það fyrir opnum tjöldum eins og gert hefur verið varðandi einkavæðingu annarra ríkisfyrirtækja. Það er öllum fyrir bestu.

[13:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þessi umræða er afar alvarleg fyrir Alþingi. Þingmenn eiga þess greinilega ekki lengur kost að sinna eftirlitshlutverki sínu og þetta er síendurtekið efni. Þingmenn fá ekki svör sem beðið er um, svör eru óskýr eða jafnvel röng.

Nú á að selja fyrirtæki sem liggur undir gagnrýni og þá er aðgangur að upplýsingum heftur. Ráðherrann sem er kominn til að svara þingmanninum og þingmaðurinn eru ekki að tala sama tungumálið. Ráðherrann virðist koma með tilbúið svar varðandi Stofnfisk. Hann svarar ekki spurningum þingmannsins. Hann svarar því t.d. ekki hvort embættismenn hafi varað hann við með minnisblaði eins og þingmaðurinn spurði um. Við sitjum hér og hlustum á umræðuna og hún er bara sitt úr hvorri áttinni.

Herra forseti. Farið er að bera á hroka sumra ráðherra í garð Alþingis. Þeir svara fyrirspurnum seint, með eftirgangsmunum af hálfu þingmanna og jafnvel að undangengnum bréfaskiptum við Ríkisendurskoðun — stofnunina okkar. Staða Ríkisendurskoðunar annars vegar gagnvart Alþingi og hins vegar gagnvart framkvæmdarvaldinu er bara alls ekki skýr lengur í hugum þingmanna. Þingmönnum kemur greinilega ekki við hvaða gögn fara á milli Ríkisendurskoðunar og ráðherranna. Hér kemur greinilega fram að þingmaður sem biður um upplýsingar fær þær ekki.

Ég spyr, herra forseti: Er verið að þróa Alþingi í þá átt að það sé að verða afgreiðslustofnun fyrir ríkjandi meiri hluta á hverjum tíma? Er það það sem er að gerast með þessa mikilvirku stofnun í þjóðfélagi okkar? Þingmenn eiga kost á svörum eins og almenningur. Ekkert annað. Ég spyr, virðulegi forseti: Hvað á að gera í þessu?

Ég tek undir kröfuna um að pappírarnir eiga bara að koma á borð þingmanna núna. Ég lít svo á að það sé að verða búið að við komum hér og spyrjum og spyrjum, fáum engin svör eða að okkur sé bara blakað út í loftið. Nú eiga svörin bara að koma, herra forseti.

[13:26]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði eftir því hvort innt hefði verið svara um þetta mál í fjárln. Það var gert. Það var beðið um að svara greinilega með gögnum hvers vegna ætlunin væri að selja, hver staða málsins væri og hvenær ætlunin væri að þetta færi fram. Spurt var um fjárhagslegan ávinning. Það eina sem kom sem svar frá ráðuneytinu voru drög að samningi um Stofnfisk. Punktur og basta.

Þetta er gersamlega ólíðandi og af því að það var gefið tilefni til að svara þessu, þá geri ég það hér með.

[13:27]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í inngangsræðu minni fyrir umræðunni áðan lagði ég ríka áherslu á að hæstv. landbrh. upplýsti hvort starfsmenn ráðuneytisins hefðu varað hann við að halda áfram þessum einkavæðingarmálum vegna þess að ársreikningurinn fyrir árið 1997 væri hugsanlega ranglega færður og bæri ekki rétt um það hvernig staða fyrirtækisins væri. Í rauninni var þetta kjarni málsins, hvorki meira né minna. Þess í stað kemur hann með undirbúið svar að heiman, fjallar

á engan hátt um það sem máli skiptir, ekki á nokkurn hátt, og leyfir sér síðan, virðulegi forseti, að lesa í þessari umræðu upp úr völdum gögnum sem alþingismanni hafði verið synjað um að fá.

Virðulegi forseti. Þess utan er best að upplýsa hæstv. ráðherra um að það sem hann las upp fjallaði um fjárhagsstöðu fyrirtækisins 30. júní 1998 en ekki 31. desember eins og ársreikningurinn gerir grein fyrir. Það er það sem kom fram í máli mínu, að ársreikningurinn fyrir árið 1997 sem er lokað þá sé rangur. Ég spurði að því hvort starfsmenn landbrn. hefðu varað hæstv. ráðherra við því að halda þessu áfram vegna þess að reikningurinn væri hugsanlega brot á landslögum. Engin svör, heldur vitnað til einhverra gagna sem hæstv. ráðherra kaus að velja úr en veitir Alþingi engar frekari skýringar á þessu máli.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að það er eitthvað mikið undir niðri í þessu máli sem ekki má koma upp á yfirborðið. Ég lýsi því yfir hér, virðulegi forseti, að þingflokkur jafnaðarmanna mun einfaldlega biðja um það að Ríkisendurskoðun taki þetta fyrirtæki Stofnfisk í gegn, geri á því ærlega úttekt og skili slíkri skýrslu inn til þingsins. Áður en það liggur fyrir, virðulegi forseti, kemur ekki til álita að mínu viti að Alþingi samþykki að heimila að þetta fyrirtæki verði einkavætt í skjóli myrkurs að hætti hæstv. landbrh. svo sem virðist vera meginregla í flestum þeim málum þar sem hann tekur sér fyrir hendur.

[13:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að ég vil síst af öllu sýna Alþingi hroka og ég vona að þann tíma sem ég á eftir að vinna hér með öðrum hv. þingmönnum verði það ekki hlutskipti mitt. Ég vil ekki vinna þannig. Og ég biðst afsökunar á því hafi ég notað hér óvirðulegt ávarp áðan um hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hafi mér orðið það á biðst ég afsökunar á því, það var heldur ekki vilji minn eða meining.

Það hefur engu verið haldið leyndu í þessu máli öðru en skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í sumar vegna þess að um hana hafði verið beðið af aðilum utan þings og niðurstaða ráðuneytisins var sú að afhenda hana ekki viðkomandi aðilum vegna þess að í henni væru málefni viðskiptalegs eðlis sem ekki ættu erindi þaðan út. Sú synjun ráðuneytisins var staðfest af úrskurðarnefnd um upplýsingamál, eins og ég hef upplýst. Það gengur jafnt yfir alla sem hafa beðið um þessar upplýsingar, þ.e. þessa einu skýrslu. Þar sitja alþingismenn því við sama borð hvort sem þeim líkar það betur eða verr, og þess vegna var beiðni hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um þau gögn synjað.

Auðvitað eru ýmis önnur bréfaskipti og gögn í þessu máli, ég tala nú ekki um sjálfan samninginn og tillögur einkavæðingarnefndarinnar um hvernig standa eigi að hlutafjáraukningunni og söluferlinu, allt saman opið og aðgengilegt hverjum sem er og hv. fyrirspyrjanda en aðeins ekki þessi eina skýrsla.

Ég vil líka upplýsa að við höfum reyndar boðið upp á það — sem er auðvitað aðgangur þingsins að upplýsingum sem eru trúnaðarupplýsingar — að landbrh. eða viðkomandi ráðherra og kannski Ríkisendurskoðun líka geti gefið viðkomandi nefnd, t.d. landbn. þingsins í þessu tilviki, munnlega greinargerð í trúnaði um málefnin, þ.e. þær upplýsingar sem ekki eru taldar eiga að vera hjá almenningi eða samkeppnisaðilum. Og vissulega getur hæstv. Alþingi sjálfsagt skipað rannsóknarnefnd í málið ef það telur það svo stórt eða mikilvægt.

Ég tel að rétt og eðlilega hafi verið staðið að þessu einkavæðingarmáli. Vissulega hafa komið fram athugasemdir innan ráðuneytisins, eins og hv. þm. var að spyrja um. (**LB:** En minnisblaðið?) Minnisblað frá embættismönnum sem hafa beint því til mín að skoða málið betur. Það hef ég gert. Ég hef sent það endurtekið til Ríkisendurskoðunar, fengið svar frá Ríkisendurskoðun sem ég leyfði mér að lesa upp áðan. Ég tel að eðlilegt hafi verið að vitna til þess til að fá botn í viðhorf Ríkisendurskoðunar til málsins. En auðvitað óska ég eftir því að málið fái sem efnislegasta og besta málsmeðferð og reyndar er það svo að í fjárlögum ársins í ár er heimild til sölunnar.

Um fundarstjórn.

Svör ráðherra í utandagskrárumræðu.

[13:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla frekar um ræðu hæstv. ráðherra, það er ekki tilefni til þess, enda er þetta undir öðrum lið. En ég vil beina því til hæstv. forseta hvort honum þyki það eðlilegt eftir að þingmanni þeim sem hér stendur hafi verið neitað um upplýsingar, að hæstv. ráðherra komi síðan hér til þings og lesi upp það sem honum sýnist úr upplýsingum sem hann neitaði að afhenda og ráða því þannig alfarið sjálfur hvað fram kemur.

Er það eðlilegt að hafna beiðni þingmannsins? (**Landbrh.:** Það er ekki rétt að ...) Er það eðlilegt, virðulegur forseti, að hafna beiðni ... (Gripið fram í.) Vissulega. Hæstv. forseti átti að gera athugasemd hér áðan. Er það eðlilegt, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra neiti þingmönnum um aðgang en komi síðan og lesi upp úr gögnum það sem hann vill? Virðulegi forseti. Er ekki full ástæða til að gera athugasemd við þetta? Ég beini þessari fyrirspurn til forseta.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti leggur ekki mat á það og tekur ekki þátt í umræðum úr forsetastóli. Hins vegar vill forseti geta þess að þegar hefur borist bréf til forsn. frá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni varðandi þetta mál og því bréfi verður að sjálfsögðu svarað. Þessari umræðu er lokið.

Útköll björgunarþyrlna Landhelgisgæslunnar.

Fsp. GHall, 103. mál. — Þskj. 103.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 103 hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um útköll björgunarþyrlna Landhelgisgæslunnar. Tilefni þessarar fyrirspurnar er að árin 1996 og 1997 kostaði rekstur flugflota Landhelgisgæslunnar tæpar 300 milljónir og segir mér svo hugur um að ekki muni hann verða lægri fyrir árið 1998. Að gefnu tilefni vegna mikillar umræðu í þjóðfélaginu þegar þyrlan TF Líf var keypt, þá var einatt sagt í umræðunni að verið væri að kaupa þyrlu fyrir sjómenn. Vegna þessa aðdraganda sem ég hef hér komið inn á hef ég lagt fram svohljóðandi spurningar fyrir hæstv. dómsmrh.:

Hversu oft hafa þyrlur Landhelgisgæslunnar verið kallaðar út í sjúkra- eða björgunarflug frá ársbyrjun 1996:

a. til sæfarenda,

b. til fólks á landi?

[13:36]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. TF Sif fór í sjúkraflug á árinu 1996 34 sinnum vegna fólks á landi og tvisvar sinnum vegna sæfarenda. Árið 1997 32 sinnum vegna fólks á landi og tvisvar vegna sæfarenda, 1998 19 sinnum vegna fólks á landi og fjórum sinnum vegna sæfarenda. Samtals fór hún á þessum árum 85 sinnum vegna fólks á landi og átta sinnum vegna sæfarenda.

TF Líf fór árið 1996 19 sinnum vegna fólks á landi og 6 sinnum vegna sæfarenda, 1997 28 sinnum vegna fólks á landi og tíu sinnum vegna sæfarenda, 1998 11 sinnum vegna fólks á landi og 11 sinnum vegna sæfarenda. Á þessum þremur árum var samtals farið 58 sinnum vegna fólks á landi og 27 sinnum vegna sæfarenda.

Samtals hafa TF Sif og TF Líf farið á þessum árum í 178 sjúkraflug, 143 á landi og 35 á sjó.

Vegna björgunarflugs fór TF Sif árið 1996 fjórum sinnum vegna fólks á landi og þrisvar vegna sæfarenda, 1997 sjö sinnum vegna fólks á landi og fjórum sinnum vegna sæfarenda, 1998 þrisvar sinnum vegna fólks á landi og þrisvar sinnum vegna sæfarenda. Samtals 14 sinnum vegna fólks á landi og tíu sinnum vegna sæfarenda.

TF Líf fór árið 1996 í björgunarflug einu sinni vegna fólks á landi og sjö sinnum vegna sæfarenda, 1997 þrisvar sinnum vegna fólks á landi og níu sinnum vegna sæfarenda, og 1998 sjö sinnum vegna fólks á landi og fimm sinnum vegna sæfarenda. Samtals fór TF Líf á þessum árum 11 sinnum í björgunarflug vegna fólks á landi og 21 sinni vegna sæfarenda. Samtals eru þetta 56 björgunarflug, 25 vegna fólks á landi og 31 vegna sæfarenda.

Á framangreindu tímabili í heild fóru þyrlur Landhelgisgæslunnar þannig í 234 sjúkra- og björgunarflug, þar af 66 til sjófarenda og 168 til fólks á landi, og í þessum ferðum var flogið í 498 klst. og farnar 45.300 sjómílur.

[13:39]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka dómsmrh. fyrir þessi svör. Það vekur hins vegar upp þá spurningu þegar litið er yfir þetta ferli hversu oft þyrlurnar fara vegna aðstoðar og björgunar fólks á landi. Við vitum að oftar en ekki er verið að fara björgunarflug á landi vegna ferðamanna uppi á fjöllum og oft erlendra ferðamanna. Hefur hæstv. dómsmrh. svör við því hvernig greiðslur koma til Landhelgisgæslunnar vegna þessara verkefna? Greiða tryggingafélög Landhelgisgæslunni kostnað útkalla vegna ferðamanna? Greiða tryggingafélög útgerða Landhelgisgæslunni vegna útkalla þegar slys á Íslendingum verða um borð í skipum á hafi úti eða þegar flogið er til móts við erlend skip til að bjarga erlendum sjómönnum eða aðstoða þá? Mér finnst þetta vera orðið nokkuð umhugsunarefni þegar litið er til þess sem dómsmrh. greindi hér frá, þ.e. mikillar slysatíðni sem virðist vera í landi.

Mér finnst full ástæða til þess spyrja ef hæstv. ráðherra ætti til svör við þessu.

[13:41]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Almennt er ekki um það að ræða að sértekjur komi vegna björgunar- eða sjúkraflugs. Ég þori ekki að fullyrða um það hvort tryggingafélög hafi í einhverjum tilvikum kostað flug af þessu tagi, ég hef ekki upplýsingar undir höndum um það. En það er að sjálfsögðu eðlilegt að óska eftir slíkum upplýsingum og koma þeim á framfæri ef það er talið nauðsynlegt.

[13:42]

Útbýting þingskjala:

Handverk og hönnun, ráðgjafarþjónusta, 293. mál, fsp. ArnbS, þskj. 350.

Virðisaukaskattur, 49. mál, svar fjmrh., þskj. 349.

Áfengisauglýsingar.

Fsp. KÁ, 119. mál. — Þskj. 119.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Í október sl. féll dómur í undirrétti þar sem Ölgerð Egils Skallagrímssonar var sýknuð af ákæru vegna áfengisauglýsinga. Dómurinn byggðist m.a. á því að vafi sé á að auglýsingabann standist stjórnarskrána. Verði þessi dómur staðfestur af Hæstarétti, en þangað hefur honum verið áfrýjað eftir því sem ég best veit, þá hefur það veruleg áhrif á heilbrigðisstefnu íslenskra stjórnvalda og vekur upp stórar spurningar um það hvernig hægt verði að vinna að áfengisvörnum hér á landi.

Þessi dómur vakti töluverða athygli og frá því hann birtist hefur verið mikið um auglýsingar, einkum á bjór, bæði í blöðum og á sjónvarpsstöðvunum. Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.:

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við nýlegum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli ákæruvaldsins gegn Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni vegna áfengisauglýsinga fyrirtækisins?

[13:44]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Að svo stöddu kemur ekki til sérstakra viðbragða af hálfu ráðuneytisins vegna þessa dóms. Honum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Þess er hins vegar ekki að vænta að niðurstaða í Hæstarétti liggi fyrir fyrr en á næsta ári, vonandi á fyrri hluta næsta árs. En þar sem dómnum hefur verið áfrýjað þá halda gildandi lagareglur gildi sínu og yfirvöld munu fylgjast með framkvæmd þessara mála. Þess er ekki að vænta að gefnar verði út nýjar ákærur fyrr en niðurstaða liggur fyrir í Hæstarétti. Það fer svo eftir niðurstöðu Hæstaréttar hvert framhaldið verður.

Verði héraðsdómurinn staðfestur er ljóst að þær lagareglur sem um þetta gilda standast ekki lengur. Verði niðurstöðunni snúið við gætu þeir sem hugsanlega reyna að brjóta lögin á þessum tíma átt ákæru yfir höfði sér. Að af hálfu yfirvalda verður því fylgst með framgangi þessara mála. Þeir sem brjóta lögin á þessum tíma gætu átt ákæru yfir höfði sér ef Hæstiréttur snýr dómnum við. En áður en niðurstaða Hæstaréttar liggur fyrir er ekki endanlega hægt að segja til um réttarstöðuna í þessu efni.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni vekur dómurinn upp margar spurningar um það hvernig hægt verði að standa að áfengisvörnum ef dómurinn verður staðfestur. Það vekur líka upp spurningar um það hvað sé að gerast á þessum

vettvangi úti í Evrópu og í öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Ég hef lesið að ef eitthvað er þá er til umræðu í Evrópu að banna áfengis- og tóbaksauglýsingar líkt og hér hefur verið. Þá vaknar spurningin: Verði það gert í Evrópu, hljótum við þá ekki að fylgja því fordæmi? Ef um er að ræða brot á tjáningarfrelsi samkvæmt stjórnarskrá þá erum við auðvitað í afar erfiðum málum hvað varðar varnir gegn m.a. áfengisdrykkju. En eðlilega hljótum við að bíða þess að Hæstiréttur felli sinn dóm og bregðast síðan við í ljósi hans.

[13:47]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í fsp. hv. þm. var leitað eftir svörum við því hver væru viðbrögð vegna héraðsdómsins. Hans vegna er ekki tilefni til sérstakra viðbragða annarra en þeirra sem ég hef hér lýst. Síðan verða menn að meta málið þegar hæstaréttarniðurstaðan liggur fyrir. Fari svo að Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms eru þessi lög og lagaákvæði fallin úr gildi og ekki önnur ráð uppi, ef menn vilja takmarka eða banna alfarið áfengisauglýsingar, en að kveða skýrt á um það í stjórnarskrá. Ég minni á það álit flestra stjórnlagafræðinga að þróunin í þessum efnum í Evrópu og víðar hafi verið í þá veru að menn hafi viðurkennt að takmarkanir sem lúta að hreinum heilsuvörnum ættu rétt á sér og gætu staðist almenn mannréttindaákvæði um tjáningarfrelsi. Við höfum sett slík ákvæði í okkar stjórnarskrá þar sem heimilt er að setja lög sem geta takmarkað tjáningarfrelsið sé það til að verja heilsu manna. Mitt mat hefur verið að það ákvæði stjórnarskrárinnar heimilaði þá löggjöf sem við höfum sett. Héraðsdómur komst að annarri niðurstöðu og hér verður því að bíða úrslita í Hæstarétti.

Fráveitumál sveitarfélaga.

Fsp. RA, 258. mál. — Þskj. 296.

[13:49]

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Í marsmánuði 1995 tóku gildi lög um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Samkvæmt þeim geta sveitarfélög fengið styrki úr ríkissjóði á tímabilinu frá 1995–2005 vegna framkvæmda við fráveitur, rotþrær, hreinsi- og dælustöðvar og útrásir. Þessi fjárhagslegi stuðningur ríkisins getur numið allt að 200 millj. kr. á ári eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Hann er þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 20% af staðfestum heildarraunkostnaði, eins og segir í 4. gr. laganna.

Skemmst er frá því að segja að sveitarfélög víða um land hafa látið fagmenn vinna fyrir sig skýrslur um nauðsynlegar aðgerðir í fráveitumálum til að fullnægja kröfum laga og reglugerða um meðhöndlun og hreinsun skolps og reynast þær framkvæmdir vera gríðarlega kostnaðarsamar. Samanlagður kostnaður sveitarfélaga í landinu mun nema milljörðum kr. Sem dæmi má nefna að Siglufjarðarkaupstaður mun þurfa að kosta til upphæð á bilinu 140–180 millj.

Ég hef talið óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. umhvrh. nánar út í þennan kostnað, fá hann sundurgreindan eftir sveitarfélögum þannig að við getum áttað okkur á stærð þessa vanda. Flest bendir til þess að sveitarfélögunum sé ógerlegt að leggja í kostnað af þessari stærðargráðu án frekari stuðnings en gert er ráð fyrir að þau fái í gildandi lögum.

Eins og ég nefndi áðan þarf Siglufjarðarkaupstaður einn að standa í framkvæmdum sem eru nokkuð á annað hundrað millj. Styrkurinn sem hann fær frá ríkinu er aðeins 30 millj. kr. þannig að menn sjá auðvitað að lítil sveitarfélög ráða ekki við þennan kostnað óstudd. Auk þess kemur inn í myndina að ríkissjóður mun hafa tekjur af virðisaukaskatti af framkvæmdunum, kannski jafngildi styrksins. Af þessum sökum hef ég lagt fram fyrirspurnir um þetta mál í fimm liðum á þskj. 296.

[13:52]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Þar sem hér er um nokkuð ítarlegt svar að ræða og töluverðan talnaupplestur þá spara ég mér að lesa upp fyrirspurnirna.

Svo ég svari 1. lið þá var við setningu laganna sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til gert ráð fyrir að heildarkostnaður við fráveituframkvæmdir gæti numið 15–20 milljörðum kr. Þar af voru styrkhæfar framkvæmdir taldar alls um 10 milljarðar kr. Áætlað var að kostnaður einstakra sveitarfélaga vegna úrbóta á fráveitumálunum gæti numið 30–90 þús. kr. á íbúa.

Frekari sundurgreining á kostnaði sveitarfélaga liggur ekki fyrir öðruvísi en fram kemur í styrkumsóknum og heildaráætlunum einstakra sveitarfélaga sem sótt hafa um styrk vegna framkvæmdanna og sent ráðuneytinu. Þar kemur m.a. fram að hvað Reykjavík varðar er gert ráð fyrir 4 milljörðum kr., Akureyri 900 millj., Hafnarfjörður 350, Garðabær 250, Kópavogur 200, Borgarbyggð 150, Bessastaðahreppur 130 og Sandgerði 110. Sveitarfélög þessi eru öll með kostnaðaráætlun yfir 100 millj. og allt upp í 4 milljarða.

Blönduós, Eskifjörður og Rangárvallahreppur gera ráð fyrir 90 millj. kr., Seltjarnarnes 70 millj., Hólmavík 60, Hvolhreppur 50 og Neskaupstaður 30.

Ljóst er að hér er um miklar fjárhæðir að tefla, að vísu misháar en fyrir hin minni sveitarfélög geta þetta verið háar upphæðir. Auk þess hafa um 20 dreifbýlissveitarfélög og minni þéttbýliskjarnar fengið styrki vegna fráveituframkvæmda.

Þá er að svara 2. lið fyrirspurnarinnar. Markmiðið með setningu laga nr. 53/95, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, var að hvetja félögin til að ljúka brýnum úrbótum í fráveitumálum á næstu tíu árum. Miðað var við að stuðningur ríkisins næmi svipaðri upphæð og tekin væri í formi virðisaukaskatts. Miðað er við að styrkhæfar framkvæmdir á tímabilinu nemi um 10 milljörðum kr. Þá er stuðningurinn um 2 milljarðar og, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, gert ráð fyrir því að heildargreiðslur ríkissjóðs nemi þó ekki hærri upphæð en 200 millj. kr. á ári í þessi tíu ár.

Þá er spurt hvernig sveitarfélögunum gangi að standa straum af þessu. Sveitarfélög hafa heimild til innheimtu sérstaks holræsagjalds sem nemur 0,15% af fasteignamati allra fasteigna. Gjald þetta má hækka eða lækka tímabundið um 50% án sérstakrar heimildar. Sé gjaldtakan eðlileg verður ekki betur séð en að sveitarfélögin geti staðið straum af kostnaði vegna úrbóta í fráveitumálum sé litið yfir lengri tímabil. Þannig nemur holræsagjald í Reykjavík um 610 millj. kr. og á Akureyri um 100 millj. kr. á þessu ári. Sveitarfélög með hlutfallslega háan kostnað vegna fráveitumála

munu líklega þurfa lengri tíma en tíu ár til að ljúka þessum úrbótum.

Í 4. lið er spurt um tekjur ríkissjóðs. Miðað við að kostnaður sveitarfélaganna við fráveituframkvæmdir á tímabilinu 1995–2005 verði 15–20 milljarðar eins og gert var ráð fyrir í upphafi — það er þó ekki komið fram enn þá að nokkru marki en tímabilinu er heldur ekki líkt því lokið — má gera ráð fyrir að virðisaukaskattstekjur ríkisins vegna fráveituframkvæmdanna geti numið 3–4 milljörðum kr. Aðrar tekjur ríkisins vegna fráveituframkvæmda eru t.d. þungaskattur, aðflutningsgjöld, árlegir skattar af vinnuvélum og skattar starfsmanna sem vinna við framkvæmdirnar. Ekki er fráleitt að ætla að hlutfall launa geti verið um 25% af þessum 15–20 milljörðum, eða 4–5 milljarðar kr. og umræddar skatttekjur ríkissjóðs um 1 milljarður kr. á ofangreindu tíu ára tímabili.

5. liður fyrirspurnarinnar fjallar um hvort eðlilegt sé að endurskoða lögin með tilliti til þessa kostnaðar og lengja hugsanlega framkvæmdatímann. Því er til að svara að fráveituframkvæmdir sveitarfélaganna hafa á undanförnum árum ekki verið meiri en raun ber vitni. Styrkgreiðslur ríkisins til sveitarfélaga hafa því verið verulega lægri en heimilt er að hámarki samkvæmt lögunum. Þær skiptast þannig að árið 1996 námu styrkgreiðslurnar 73 millj. kr., 1997 námu styrkgreiðslurnar 76 millj. kr. og í ár er áætlað að styrkgreiðslurnar nemi 165 millj. kr.

Ljóst er að stór sveitarfélög eins og Reykjavík, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður munu ljúka úrbótum í fráveitumálum á allra næstu árum. Önnur sveitarfélög eru misjafnlega vel á vegi stödd. Sum eru að vinna að framkvæmdum. Önnur eru skemmra á veg komin. Enn önnur hafa ekki hafið undirbúning og vita þar af leiðandi ekki hver kostnaður vegna úrbótanna verður í heildina.

Tímabundin styrkveiting ríkissjóðs vegna framkvæmda sveitarfélaganna í fráveitumálum var hugsuð sem hvatning til sveitarfélaganna til að flýta framkvæmdum og því er ekki talið tilefni til að draga úr þeirri hvatningu með því að leggja til að umræddur framkvæmdatími verði lengdur.

[13:58]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa hér ákaflega brýnu máli og hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Ég held að þetta sé eitt þeirra mála sem fylgjast verður afar vel með á næstunni. Það er ljóst að hér er um að ræða gríðarlega stóran útgjaldaþátt í rekstri og stofnframkvæmdum ýmissa sveitarfélaga. Í máli hæstv. ráðherra kom t.d. fram að kostnaðurinn hjá Hólmavík, þessu litla sveitarfélagi Hólmavík, er áætlaður um 60 millj. kr. Hér er um að ræða gífurlega háa tölu fyrir ekki stærra sveitarfélag.

Ég tel eðlilegt að menn reyni að átta sig á því hvernig skynsamlegast væri að hafa þann styrk sem sveitarfélögin fá nú til að standa undir þessum kostnaði og létta byrðar þeirra sveitarfélaga sem í mestum erfiðleikum eiga við að koma fráveitumálunum í lag. Við vitum að þetta er mjög mikilvægt viðfangsefni. Umhverfismálin eru að verða sífellt meira knýjandi í rekstri sveitarfélaga eins og öðrum rekstri. Því verður mjög horft til þess hvernig sveitarfélögin standa að því að vinna að úrbótum á fráveitumálum sínum og ljóst að sumum þeirra getur þetta orðið hreinlega fjárhagslega ofviða.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör og ágætt yfirlit yfir þann vanda sem við er að etja á þessu sviði. Hann staðfesti það sem ég hafði ýjað að í upphafi fyrirspurnar minnar, að hér væri um að ræða kostnað upp á marga milljarða kr. Hann sagði að styrkhæfar framkvæmdir væru um 10 milljarðar kr. og áætlaður styrkur mundi því verða í kringum 2 milljarða.

Ráðherra benti hins vegar á það að sveitarfélögunum væri heimilt að leggja á sérstakt holræsagjald en dró í efa að ástæða væri til þess að lengja aðlögunartímann og benti á að sveitarfélögin hefðu ekki nýtt sér nema að hluta til þessar 200 millj. sem áttu að vera til ráðstöfunar á hverju ári, sum árin aðeins 76 millj.

Ég held að þetta sýni að sveitarfélögin ráða illa við þetta verkefni. Ég held að einmitt sú staðreynd að þau hafa ekki nýtt þessa upphæð sýni það að verkefnið er miklu stærra en svo að hægt sé að ætlast til þess að þau glími við það með ekki hærri styrkjum en þau fá. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að lögin verði endurskoðuð, að styrkupphæðirnar og framlag ríkisins verði hærra í prósentum talið og þau fái lengri aðlögunartíma en þau hafa nú. Ég heyrði það að við hæstv. ráðherra vorum ekki algerlega sammála um þetta atriði en ég held að ef menn skoða heildarumfang þessa máls og átta sig á vanda einstakra sveitarfélaga þá hljóti þeir að geta verið sammála mér um þessa niðurstöðu.

[14:02]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er aðeins út af því sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að við værum kannski ekki alveg sammála um það hvort bæri að endurskoða lögin. Ég vil fyrst og fremst undirstrika það að lögin eiga að vera hvatning til sveitarfélaganna til að ráðast í þetta verkefni eins skjótt og mögulegt er. Hins vegar er líka ljóst af svari mínu áðan að sveitarfélögin hafa ekki verið í stakk búin til þess, ég hygg kannski fyrst og fremst fyrir það að undirbúningur hefur ekki verið það vel á veg kominn að menn hafi getað farið í þessi verkefni með fullum þunga eða þeim hraða sem kannski var gert ráð fyrir í upphafi þegar þessar 200 millj. voru afmarkaðar. Nú þykir sýnt að umsóknir um styrkgreiðslur muni fyllilega nema þeirri upphæð á næsta ári þannig að nú virðist verkefnið vera komið á fullan hraða.

Það er rétt, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda og hv. þm. Einari Guðfinnssyni, að þetta er mikill kostnaður fyrir sum sveitarfélög og þau eru mjög misjafnlega sett hvað þetta varðar, ég þori ekki að segja nánast óviðráðanlegur, en gríðarlega hátt hlutfall miðað við tekjur sveitarfélaganna víða. Þess vegna er sjálfsagt að skoða það hvernig málinu vindur fram á framkvæmdatímanum, meðan þetta 10 ára tímabil er að líða.

Niðurstaða mín var fyrst og fremst sú að rétt væri og nauðsynlegt að halda áfram þeim hvata sem felst í lögunum að reynt verði að hraða framkvæmdum og að stuðningurinn sé á þann hátt tímabundinn sem raun ber vitni. Þegar fram líður hins vegar og menn sjá hvað framkvæmdunum miðar, hve fljótt sveitarfélögin hafa tekið við sér og hvernig þessar 200 millj. á ári hafa nýst, þá kann að verða tilefni til að skoða málið nánar.

Lögskráning sjómanna.

Fsp. LRM, 209. mál. — Þskj. 230.

[14:04]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í síðasta mánuði sat á þingi í fjarveru minni Lilja Rafney Magnúsdóttir. Hún bar fram tvær fyrirspurnir til hæstv. samgrh., þ.e. lagði þær fram en vannst ekki tími til að mæla fyrir þeim þannig að ég geri það í hennar stað.

Fyrri fyrirspurnin fjallar um lögskráningu sjómanna á bátum undir 12 brúttórúmlestum. Um lögskráningu sjómanna gilda lög nr. 43/1987. Samkvæmt þeim er skylt að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskum skipum sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri. Jafnframt er ljóst að ekki er skylda til að lögskrá sjómenn á báta undir 12 brúttórúmlestum.

32. þing Alþýðusambands Vestfjarða, sem haldið var í nóvembermánuði 1998, ályktaði um þetta mál.

Í fyrsta lagi hafa sjómenn á bátum undir 12 brúttórúmlestum enga samningsbundna líf- og slysatryggingu af þessum sökum.

Í öðru lagi njóta þeir ekki sömu réttinda og þeir sjómenn sem skylt er að lögskrá.

Í þriðja lagi bendir þing Alþýðusambands Vestfjarða á að það er undir útgerð komið hvort gerður er ráðningarsamningur og hvort viðkomandi sjómaður sé tryggður eða ekki.

Fyrirspurnirnar sem fram eru bornar eru í fjórum tölusettum liðum og hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Hver er afstaða ráðherra til þess að sjómenn á bátum undir 12 brúttórúmlestum verði lögskráðir og þar með slysa- og líftryggðir?

2. Telur ráðherra aðrar leiðir en lögskráningu mögulegar til að tryggja öllum sjómönnum sambærilega réttarstöðu og tryggingar?

3. Hefur ráðuneytið upplýsingar um fjölda starfandi sjómanna sem ekki eru lögskráðir?

4. Njóta sjómenn á smábátum undir 12 brúttórúmlestum, sem ekki eru lögskráðir og kjarasamningar ná ekki til, réttinda samkvæmt sjómannalögum?“

[14:07]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, er skylt að lögskrá alla skipverja sem ráðnir eru til starfa á íslenskipum skipum sem eru 12 rúmlestir brúttó eða stærri. Við lögskráningu er miðað við að fyrir liggi yfirlýsing frá viðkomandi tryggingarfélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og á skráningarstjóri að ganga úr skugga um að þær séu í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga.

Lög um lögskráningu sjómanna kveða á um að ef útgerðarmaður vanrækir að hafa líf- og slysatryggingu í gildi þá sé hann ábyrgur fyrir viðkomandi bótagreiðslum. Reynist útgerðarmaður ekki fær um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslu þeirra.

Samkvæmt ákvæðum siglingalaga ber útgerðarmaður ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjónar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vítavert gáleysi sem leiddi til slyssins eða tjónsins.

Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla samkvæmt ákvæðum laganna eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar eru allir launþegar sem starfa á íslenskum skipum slysatryggðir samkvæmt ákvæðum laganna sem og útgerðarmenn sem sjálfir eru skipverjar. Bætur slysatrygginga eftir almannatryggingalögum eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur eftir því sem lögin kveða nánar á um.

Þá er rétt í þessu sambandi að vekja athygli á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, en samkvæmt þeim er öllum launamönnum og þeim sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði.

Eins og hér hefur komið fram eru útgerðarmenn á bátum 12 brúttórúmlestir og minni slysatryggðir samkvæmt almannatryggingalögum. Engin lagaskylda hvílir á þeim að líf- og slysatryggja sig frekar. Samkvæmt upplýsingum frá Landssabandi smábátaeigenda hefur sambandið rekið mjög mikinn áróður fyrir því að félagsmenn kaupi sérstaka líf- og slysatryggingu m.a. með greinum í fréttabréfi og kynningum hvers konar og er talið að mikill meiri hluti útgerðarmanna hafi keypt líf- og slysatryggingu til hagsbóta fyrir sjálfa sig verði þeir fyrir slysum við störf í sínu skipi.

Ég tel mjög brýnt að málefni smábátasjómanna séu skoðuð að þessu leyti, einkum þeirra útgerðarmanna sem jafnframt starfa á bát. Í því efni kemur að sjálfsögðu til skoðunar hvort rétt sé að breyta ákvæðum laga um lögskráningu skipa á þann veg að skylt sé að lögskrá á öll skip sem notuð eru í atvinnuskyni óháð stærð þeirra og gera kröfu um að fyrir liggi yfirlýsing frá tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja.

Þegar spurt er hvort ráðherra telji aðrar leiðir en lögskráningu mögulega til að tryggja öllum sjómönnum sambærilega réttarstöðu og tryggingar er á það að líta að eftirlitsskyldu ríkisins verður ekki við komið nema með lögskráningu. Það er skylda að lögskrá alla báta 12 brúttórúmlestir og stærri. Með hliðsjón af framansögðu tel ég óhjákvæmilegt að vinna að því að lögskráð verði á öll fiskiskip og verður á næstu dögum skipuð nefnd með fulltrúa frá Landssambandi smábátaeigenda til að vinna að þessu máli og vil ég vona að frv. þar að lútandi verði lagt fyrir Alþingi síðar í vetur.

Spurt er: Hefur ráðuneytið upplýsingar um fjölda starfandi sjómanna sem ekki eru lögskráðir? Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um fjölda starfandi sjómanna sem ekki eru lögskráðir. Nokkur dæmi eru fyrir því að lögskráð hafi verið á skip sem ekki er skylt að lögskrá á.

Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun Íslands eru alls um 1.600 bátar á skipaskrá undir 12 brúttórúmlestum sem notaðir eru í atvinnuskyni. Samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi smábátaeigenda eru félagsmenn um 1.700 en miðað er við að þeir geti verið félagsmenn sem eiga báta 12 brúttórúmlestir og minni.

Á árinu 1997 lönduðu afla 1.185 bátar 10 brúttórúmlestir og minni og áætla má að 60 bátar 10–12 brúttórúmlestir hafi landað afla og því samtals 1.245 bátar á árinu 1997 sem voru ekki lögskráningarskyldir samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna. Af ofangreindum upplýsingum má

áætla að á þeim 1.245 bátum sem lönduðu afla á árinu 1997 hafi verið um 1.100 útgerðarmenn þar sem tekið er tillit til báta sem leigðir eru og þar sem ráðnir eru verktakar til reksturs bátanna og 800 menn sem störfuðu sem launþegar um borð.

Spurt er: Njóta sjómenn á smábátum undir 12 brúttórúmlestum, sem ekki eru lögskráðir og kjarasamningar ná ekki til, réttinda samkvæmt sjómannalögum? Samkvæmt 1. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, gilda þau um alla sjómenn á íslenskum skipum. Hins vegar njóta útgerðarmenn sem jafnframt eru skipverjar ekki réttinda samkvæmt sjómannalögum.

[14:12]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir greinargóð svör og fagna yfirlýsingu hans um skipun nefndar á næstu dögum til þess að endurskoða þetta ákvæði í umræddum lögum. Ég hvet ráðherrann til þess að hraða þeirri endurskoðun þannig að nást megi það markmið sem hann gat um að frv. yrði lagt fram síðar í vetur.

Samgöngur á Vestfjörðum.

Fsp. LRM, 210. mál. — Þskj. 231.

[14:13]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Á þskj. 231 hefur verið borin fram fyrirspurn til samgrh. um samgöngur á Vestfjörðum. Fyrirspurnin er í tveimur liðum, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Verða jarðgöng undir Hrafnseyrarheiði til tengingar norður- og suðurhluta Vestfjarða í endurskoðaðri vegáætlun?

2. Hvaða úrræði sér ráðherra til að bæta samgöngur í heild á Vestfjörðum?"

Ég vil bæta því við, herra forseti, málinu til frekari skýringar að samgöngum er þannig háttað á Vestfjörðum að þeir eru eitt af fáum svæðum landsins sem eru algerlega aðskilin stóran hluta ársins vegna fjallvega sem ekki eru færir yfir vetrarmánuðina. Nokkuð hefur áunnist á undanförnum árum og áratug og má þar helst nefna jarðgöng undir Breiðadals- og Botnsheiðar sem opnuðu norðanverða Vestfirði sem eina samgöngulega heild og hefur mikið munað um þá framkvæmd. Vestfirðinga þyrstir mjög í að knýja á um framhald á þessari braut og er mikill áhugi þar fyrir því að haldið verði áfram suður á bóginn og hugað að því að tengja saman norður- og suðurhluta Vestfjarða.

Ljóst er að til þess að svo megi verða þarf að grafa jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og beinist áhugi manna að því á þessu stigi málsins að rannsóknir verði gerðar á hugsanlegu jargangastæði og tekin ákvörðun um hvar það megi best verða og síðan að því loknu farið að huga að því að koma framkvæmdinni inn á vegáætlun.

[14:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt er: Verða jarðgöng undir Hrafnseyrarheiði til tengingar norður- og suðurhluta Vestfjarða í endurskoðaðri vegáætlun?

Í greinargerð með tillögu að langtímaáætlun um vegagerð sem lögð var fram á Alþingi á síðasta vetri segir svo um jarðgöng, með leyfi forseta:

„Í þessari áætlun er ekki fjallað um framkvæmdir við jarðgöng. Ef til slíkra framkvæmda kemur á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að það verði samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnvalda þar sem einnig verði tekin afstaða til fjármögnunar."

Áætlunin nær yfir tímabilið frá 1999–2010 og var hún afgreidd á Alþingi sl. vor. Í henni er veitt nokkuð fé til jarðgangnarannsókna.

Á undanförnum árum hafa verið fluttar nokkrar till. til þál. um stefnumótun og áætlunargerð um heilsárstengingu milli norður- og vestursvæðanna á Vestfjörðum. Í framhaldi af því var á síðasta vetri gerð lausleg rannsóknaráætlun um frumrannsóknir sem dugði þó til að meta mögulegar lausnir og gera tillögur um stefnumótun varðandi samgöngur milli svæðanna. Í sumar var efnt til loftmyndatöku af svæðinu milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar en það er fyrsta skref í rannsóknaráætluninni. Heildarkostnaður við rannsóknirnar var metinn á 15 millj. kr. og munu þær standa í nokkur ár. Hefur verið litið svo á að nægur tími væri til stefnu fyrir þessar rannsóknir, samanber svar við spurningu 2 um stefnumörkun í vegamálum á Vestfjörðum.

Þar er spurt: Hvaða úrræði sér ráðherra til að bæta samgöngur í heild á Vestfjörðum?

Í áðurnefndri langtímaáætlun er miðað við að lokið verði við þá stofnvegi sem tengja norðursvæðið við hringveginn, þ.e. veg um Ísafjarðardjúp, Steingrímsfjarðarheiði og svo annaðhvort veg suður Strandir eða yfir Tröllatunguheiði. Þá er einnig gert ráð fyrir að ljúka þeim stofnvegum sem tengja suðursvæðið við hringveginn, þ.e. Barðastrandarvegi og Vestfjarðavegi frá Flókalundi og austur um Barðastrandarsýslur. Þessi forgangsröðun verkefna er í samræmi við þá stefnu sem mótuð var á 8. áratugnum og hefur verið höfð að leiðarljósi síðan. Sú stefna fólst í því að leggja mesta áherslu á tengingu innan svæðanna fyrst. Síðan bæri að tengja svæðin við hringveginn, en tenging milli svæðanna komi síðast.

Ég vil, herra forseti, í framhaldi af þessu rifja það upp að með þeirri vegáætlun sem samþykkt var á síðasta þingi var í fyrsta skipti mörkuð sú stefna að setja tímamörk um það hvenær komið yrði bundnu slitlagi frá hringveginum á alla þéttbýlisstaði þar sem væru 200 íbúar eða fleiri. Með þessu eru auðvitað mörkuð þáttaskil í samgöngumálum, með því að hægt er að setja sér slíkt takmark, og þetta var raunar líka í fyrsta skipti sem langtímaáætlun í vegagerð var samþykkt á Alþingi. Öllum þingheimi var ljóst að þessum markmiðum væri ekki hægt að ná ef menn settu sér það einnig fyrir að reyna að tengja öll svæði innbyrðis, ég tala nú ekki um með jarðgöngum. Þetta var fyrsta skrefið og ég hygg að flestir þingmenn séu sammála um að það hafi verið mjög mikilsvert.

Það liggur síðan fyrir að reyna að gera sér grein fyrir því hver næstu skref verða og hlýtur það að koma til álita, auðvitað innan langtímaáætlunar, þegar vegáætlun verður endurskoðuð að ári og síðan þegar kemur til endurskoðunar á langtímaáætlun, hvaða verkefni og hvaða ný markmið menn vilja þá setja sér. Loks hlýtur það að koma til ákvörðunar þess þings sem kjörið verður á vori komanda hvort menn treysti sér til þess að ráðast í jarðgöng. Þá vil ég minna á að ýmsir hv. þm. hafa flutt þáltill. eða varpað fram fyrirspurnum um þau efni, raunar víðar en milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, á Austurlandi og fyrir vestan. Að mörgu er því að hyggja og óhjákvæmilegt fyrir næsta þing að marka sér stefnu í þeim efnum.

[14:20]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að fagna þeirri umræðu sem hér fer fram um vegamál og samgöngumál á Vestfjörðum. Þetta er mjög þýðingarmikið mál og það kom á daginn í umræðu fyrir vestan að vaxandi áhugi er á því að efla þessi tengsl milli suður- og norðurhluta Vestfjarða og fyrir því eru margvísleg rök. Samskipti atvinnulífsins eru mikil á þessum svæðum og stjórnsýslan er að langmestu leyti staðsett á Ísafirði þannig að það er mjög eðlilegt að þessi krafa sé uppi af hálfu íbúa Vestfjarða.

Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er ekki gert ráð fyrir því í gildandi langtímaáætlun að ráðist verði í jarðgöng. Ef til þess kemur þá þarf um það sérstaka sjálfstæða ákvörðun og sérstaka viðbótarfjármögnun. Það er öllum ljóst og ég vil í því sambandi sérstaklega vekja athygli á því að gert er ráð fyrir því í þessari langtímaáætlun að unnið verði að rannsóknum á jarðgangakostum á þremur stöðum á landinu, þar á meðal á því að gera jarðgöng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Það er mjög þýðingarmikið sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að búið er að setja upp rannsóknaráætlun í þessum efnum og byrjað á því að skoða þessa kosti því að það er mjög mikilvægt þegar að því kemur, sem verður vonandi innan skamms að við tökum pólitíska ákvörðun um frekari jarðgangagerð í landi, að allar upplýsingar liggi þá fyrir um möguleikana sem þar eru til staðar.

[14:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Ég vil segja að ég er almennt sammála því að jarðgangaframkvæmdir séu settar í sérstakan framkvæmdaflokk. Það fé sem ákveðið hefur verið að verja til samgöngubóta eða vegaframkvæmda á næstu tólf árum er ekki það mikið að ef af því yrði tekið til þess að standa undir jarðagangaframkvæmdum sem þarf að ráðast í á nokkrum stöðum á landinu, þá mundi það bitna mjög harkalega á vegaframkvæmdum. Ég er ekki stuðningsmaður þess að ganga á þann lið.

Ég tek því undir það að litið verði á jarðgöng sem sjálfstæðan málaflokk í þessu efni og unnið að því að ná pólitískri samstöðu um að afla fjár til þessa verkefnis.

Það er ýmislegt hægt að gera á þeim tíma sem mun líða þar til málið kemst í höfn því ég trúi því að það muni verða að lokum. Ég vil þó segja að pólitíska ákvörðun um að ráðast í jarðgöng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verður að taka á næsta kjörtímabili, sér í lagi ef það mun verða sem að er stefnt og kjördæmaskipaninni breytt, þá er það að mínu mati algjörlega óhjákvæmilegt að pólitísk ákvörðun liggi fyrir áður en sú breyting nær fram að ganga.

Það er nokkuð hægt að gera til þess að bæta vegasamgöngur á milli norðan- og sunnanverðra Vestfjarða. Það er hægt að auka snjómokstur og það er hægt að styrkja og taka upp samgöngur á milli þessara svæða með flugi og með siglingum. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til að skoða þá möguleika. Ég veit að nokkuð hefur verið gert í því að auka snjómokstur og lengja þannig opnunartímann. Ég hvet til þess að þetta verði frekar athugað en nú er.

[14:24]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil aðeins segja að ég skil vel að knúið skuli vera á um að reyna að finna leiðir til að tengja betur suðurfirðina og Ísafjörð en ég hygg samt sem áður að það hafi verið rétt áhersla sem lögð var með langtímaáætlun að reyna að bæta úr frumþörfunum fyrst. Síðan kemur að því að menn verða að gera sér grein fyrir því á hverjum tíma hvaða ráð þeir hafi á að leggja meira fjármagn fram og þá að gera sér grein fyrir því í hvaða forgangsröð verkefni skuli fara. Ég geri ráð fyrir að til þess kunni að koma að nokkur ágreiningur geti orðið milli kjördæma um slíkt.

Verðmunur á leigulínum um ljósleiðara.

Fsp. JónK, 202. mál. — Þskj. 220.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Á þskj. 220 hef ég beint fyrirspurn til samgrh. um verðmun á leigulínum um ljósleiðara. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eru aðgerðir á döfinni til þess að jafna verðmun á milli landshluta á leigulínum Landssíma Íslands hf. um ljósleiðara?"

Fyrirspurnin er til komin vegna þess að bylting í upplýsingatækni er eitt af því sem ætti að styrkja stöðu landsbyggðarinnar í samkeppni við þéttbýlli svæði landsins. Breytingarnar upphefja vegalengdir og hraðfara þróun er í þessum málum hérlendis. Vitna má til breytinga sem varða fjarkennslu sem dæmi um þetta en þróunin á þeim vettvangi er mjög hröð. Þar við má bæta að fyrirtæki í upplýsingatækni eru nú að hasla sér völl á landsbyggðinni og eðlis starfseminnar vegna ættu þau að eiga bjarta framtíð og mynda öflugan þátt í atvinnulífinu og skapa störf sem sárlega er þörf fyrir, sérhæfð störf. Hins vegar hefur gjaldskrá fyrir leigulínur Landssímans fyrir myndflutning verið þessum fyrirtækjum þung í skauti og skerðir samkeppnishæfni þeirra. Þessi gjaldskrá er reiknuð samkvæmt kílómetragjaldi.

Fyrirspurnin er til komin vegna þess að á síðasta þingi flutti ég álíka fyrirspurn og þá svaraði hæstv. samgrh. því að þessi mál væru í endurskoðun og sagði á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ég vil bæta því við að öll þessi mál eru vitaskuld í endurskoðun og athugun með hliðsjón af því að allt landið er orðið eitt gjaldsvæði, sem vekur auðvitað ýmsar spurningar, og skýrist eftir að framkvæmdin er hafin."

Ég vil því beina þessari fyrirspurn, sem ég hef þegar farið yfir, til hæstv. samgrh.

[14:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hér er um flókið mál að ræða sem tekur á tæknilegum atriðum og ógerningur er að svara ítarlega á svo skömmum tíma sem mér er hér ætlaður. Eigi að síður vil ég gera tilraun til þess.

Verðlagning á leigulínum hefur verið til umræðu vegna samkeppnisstöðu internetsfyrirtækja á landsbyggðinni. Rétt er að fram komi að þeir sem vilja tengjast internetinu eiga fleiri kosti en leigulínu.

Internetsþjónusta Landssímans er tvíþætt. Annars vegar er svonefnd gáttarþjónusta, internetsgátt símans, sem felst í því að síminn leigir fyrirtækjum aðgang að internetslínu sinni til Bandaríkjanna. Eitt annað fyrirtæki veitir sams konar þjónustu hér á landi, Intís. Hins vegar er almenn internetsþjónusta, síminn-internet, sem er aðallega veitt til heimila og smærri fyrirtækja. Rúmlega tíu önnur fyrirtæki veita þjónustu af þessu tagi.

Internetsgátt símans er staðsett í símstöðinni Múla og geta viðskiptavinir sem hyggjast veita almenna internetsþjónustu tengst henni með tvennum hætti, með leigulínu og með háhraðaneti. Helstur munur þessara tveggja tenginga felst í talsvert hærri kostnaði við leigulínur. Viðskiptavinur sem fær leigulínu til tölvusamskipta hefur alla flutningsgetu línunnar til ráðstöfunar, þ.e. ákveðinn hluti fjarskiptakerfisins er frátekinn fyrir þennan eina viðskiptavin og þessa einu tengingu.

Leigulínur eru í flestum tilfellum aðeins nýttar að hluta til. Viðskiptavinur greiðir hins vegar fyrir línuna án tillits til hver nýtingin er. Dæmi um þetta er tveggja megabita tenging milli Reykjavíkur og Akureyrar. Ef meðalnýting línunnar er 10% liggja 90% flutningsgetunnar ónotuð. Enginn annar getur heldur notað þessi 90%. Þetta er helsti ókostur leigulína til tölvusamskipta, þ.e. of mikill búnaður í fjarskiptakerfinu er bundinn miðað við nýtingu og kemur það óhjákvæmilega fram í verði.

Hinn kosturinn er háhraðanet en það er kerfi sem er sérstaklega hannað til tölvusamskipta og samnýtir leigulínur í þeim tilgangi. Í flestum tilfellum hentar háhraðanetið jafn vel til tölvusamskipta og um leigulínu væri að ræða. Háhraðanetið byggir á tveimur þáttum, tengistöðvum — hnútum í símstöðvum víða um land — og leigulínum sem tengja hnútana saman. Háhraðanetið er sjálfstæð rekstrareining innan Landssímans og tekur á leigu línur af grunnneti fyrirtækisins. Stærsti kostnaðarliður í rekstri þess eru leigulínur og ræður því að miklu leyti hver gjaldskrá þess er. Í háhraðanetinu er t.d. tveggja megabita leigulína milli Reykjavíkur og hnúts á Akureyri. Allir notendur netsins og þó sérstaklega fyrirtæki á Akureyri samnýta þessa línu. Það er þessi samnýting sem endurspeglast í gjaldskrá háhraðanetsins sem er mun lægri en gjaldskrá leigulína.

Viðskiptavinir símans geta tengst internetsgáttinni með leigulínum eða um háhraðanetið. Kostnaðarliðir þessara tenginga er eftirfarandi:

Leigulínur, þ.e. notendalína, yfirleitt 2 til 3 km, langlína, internetsgátt.

Háhraðanet, þ.e. notendalína, langlína getur komið til viðbótar, háhraðanet og internetsgátt.

Kostnaðarmunur þessara tveggja aðferða liggur fyrst og fremst í langlínu eða háhraðaneti og á sérstaklega við um tengingar úti á landi. Tengingar við internetsgátt Intís eru með sama hætti. Fljótlega eftir að síminn hóf rekstur gáttar sinnar tók Intís þá stefnu að taka ekki við viðskiptavinum með tengingu um háhraðanetið. Í upphafi voru forsvarsmenn Intís hins vegar ánægðir með það framtak sem síminn sýndi með uppbyggingu netsins. Landsíminn telur tengingu um háhraðanetið ekki síði að gæðum en tengingu með leigulínu.

Landssíminn gerir ráð fyrir að taka í notkun á fyrri hluta næsta árs svokallað APM-net sem hefur margfalda afkastagetu á við núverandi kerfi. Gera má ráð fyrir að stór hluti alls gagnaflutnings, þar á meðal internetsumferð, fari um APM-netið. Gert er ráð fyrir að gjaldtaka fyrir afnot af APM-netinu verði ekki fjarlægðarháð fremur en gjaldtaka fyrir háhraðanetið.

Þó nokkur fyrirtæki bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi veita eins þjónustu og Landssíminn veitir með síminn-internet. Fyrir þessa þjónustu er notaður sérstakur innhringibúnaður. Búnaður þessi hefur tvær tengingar við símkerfið og internetsgáttina. Aðgangur að þjónustunni fer þannig fram að heimilistölvan tengist ofangreindum búnaði með tengingu um símkerfið og er í engu frábrugðið venjulegu símtali nema að símtalið er tölvutal. Eftir að tengingin er komin á geta internetssamskipti átt sér stað um það samband sem búnaðurinn hefur við internetsgáttina. Internetsþjónusta annarra fyrirtækja er byggð upp á sama hátt, þ.e. rekstur innhringibúnaðar og tenging, annaðhvort við internetsgátt símans í Múlastöð eða internetsgátt Intís í Tæknigarði. Þar sem landið er eitt gjaldsvæði breytir engu fyrir einstaka notendur hvar á landinu þessi fyrirtæki eru með tilliti til símtenginga en ýmsir valkostir eru fyrir hendi vegna tenginga við internetsgáttir eins og skýrt var að framan.

Ég hef beðið um að tekin séu dæmi um hvað það muni kosta að reka fyrirtæki t.d. á Höfn í Hornafirði og í Breiðholtshverfi í Reykjavík. Þá kemur í ljós að ef tengt er með leigulínu nemur kostnaður samtals á mánuði ef miðað er við 256 kílóbit 484.867 kr., en ef háhraðanet er notað 183.127 kr. Í Breiðholtshverfi í Reykjavík er sambærilegur kostnaður með leigulínu 186.517, með notendalínu sem er 5 km, en ef notendalínan er 2 km og notað er háhraðanet 183.127 kr. Kostnaður er sá hinn sami hvar sem slíkt fyrirtæki er rekið á landinu, eins og ég skil það, ef háhraðnetið er notað.

[14:33]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft einhverju mesta hagsmunamáli landsbyggðarinnar og réttlætisins. Íslenska þjóðin á ljósleiðarann og það hlýtur að vera skýlaus krafa landsbyggðarinnar að hún hafi sama aðgang og fyrir sama verð að þessum ljósleiðara. Það er óásættanlegt að tala um byggðastefnu þegar það kostar þjónustufyrirtæki sem er staðsett úti á landsbyggðinni 700–800 þús. kr. meira að kaupa þjónustu af þessu fyrirtæki en ef það væri staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna þarf ekki að ræða málið lengi og ítarlega. Ef það er skoðun ríkisstjórnarinnar, sem ég ætla að sé, að hér beri að halda uppi byggðastefnu er engin leið jafnörugg til árangurs og að jafna aðganginn að ljósleiðaranum, að allir hafi sama aðgang. Það mun þýða að menn munu fremur staðsetja fyrirtæki sín úti á landsbyggðinni í framtíðinni.

[14:35]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Auðvitað fagna ég því að þessi fyrirspurn skuli vera komin fram, hún er gott innlegg í það að rifja upp þetta mál. Ég vil hins vegar benda skýrt á að í þeirri till. til þál. um byggðamál sem fyrir liggur er kveðið á um að fullur jöfnuður skuli ríkja í þessum efnum þannig að um leið og við höfum afgreitt þá tillögu með þeim texta sem fyrir liggur kemur jöfnuður á alla þessa þjónustu.

[14:36]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér er hafin og þakka það frumkvæði sem hv. fyrirspyrjandi hefur sýnt með þessu og svör hæstv. ráðherra. Aðalatriði málsins er auðvitað það að hinn breytilegi kostnaður við að reka ljósleiðarakerfið er ekki kílómetratengdur, hann er ekki fjarlægðaháður, eins og hæstv. ráðherra komst áðan að orði. Það er aðalatriði málsins. Þetta kom mjög skýrlega fram þegar sú ákvörðun var tekin á Alþingi með breytingu á fjarskiptalögum að jafna símakostnaðinn. Sú ákvörðun ein og sér hafði mikið að segja fyrir hinar dreifðu byggðir. Til að mynda leiddi það í ljós að almennur símakostnaður á Vestfjörðum lækkaði við þessa aðgerð um 11% sem er gríðarlega mikið.

Menn voru eiginlega að spara sér símareikning einn mánuð á ári við þessa ákvörðun eina og sér. Við sjáum af þessu að þetta skiptir mjög miklu máli enda gengur þetta sem rauður þráður í gegnum alla byggðaáætlunina sem hæstv. forsrh. hefur þegar mælt fyrir og þess vegna skiptir mjög miklu máli að okkur takist að stíga frekari skref í átt að því að jafna fjarskiptakostnaðinn sem er auðvitað mjög þýðingarmikið sem innlegg inn í byggðaumræðuna og mjög þýðingarmikið eins og hefur verið bent á svo hægt sé að staðsetja margs konar atvinnustarfsemi og fyrirtæki úti á landi sem eru nú í Reykjavík.

[14:37]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er vissulega hreyft brýnu máli og hv. þm. Jón Kristjánsson á heiður skilið fyrir að halda því vakandi hér á Alþingi. Það kom fram í máli hv. þm. að um þetta sé fjallað í tillögu til byggðaáætlunar og var helst að skilja að ef sú tillaga yrði samþykkt gerðust hlutirnir nánast af sjálfu sér. Bingó! Jöfnuður kominn á. Þetta er ekki svo einfalt, herra forseti, eins og við vitum og þess vegna er mjög brýnt að þeirri spurningu sem hér er varpað fram sé svarað, þ.e. hvort aðgerðir séu á döfinni til að jafna verðmun milli landshluta. Þær aðgerðir þarf að fara í, ekki síst ef tillaga til byggðaáætlunar á að hafa þau áhrif sem menn binda vonir við. Mér fannst, herra forseti, ráðherra fyrst og fremst gera okkur grein fyrir möguleikum tækninnar og verðmismun eftir því hvaða tækni menn teldu sig þurfa eða vildu nota en það kæmi ekki nógu skýrlega fram hvort aðgerðir væru yfir höfuð í gangi til að jafna þann mun sem menn hafa bent réttilega á að er svo brýnt að verði jafnaður.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Hann svaraði því til hvaða tæknilegir möguleikar væru á því að jafna þennan kostnað. Mér finnst mergurinn málsins að möguleikar tækninnar, sem ég hef hvorki tíma né þekkingu til að fara út í á þessum vettvangi, verði notaðir til að jafna kostnaðinn, en hér er um að ræða myndflutning. Þegar er búið að jafna símakostnað og annan kostnað, en hér er um að ræða hina nýju möguleika á myndflutningi. Sem dæmi má t.d. nefna fréttasendingar utan af landsbyggðinni og möguleika landsbyggðarinnar til að gera sig gildandi á ýmsum sviðum þar sem þessi nýja tækni er notuð. Ég fagna því auðvitað og vissi að byggðaáætlunin, sem er til umræðu og í nefnd núna á Alþingi, geri ráð fyrir þessu og það er viljayfirlýsing þingsins þá að þetta verði gert. Mér finnst það undirstrika vilja þingsins í þessum efnum og allt ber að sama brunni að þessu verður að hrinda í framkvæmd og nota til þess þá tæknilegu möguleika sem til eru en eins og kom fram í svari hæstv. samgrh. eru þeir vissulega fyrir hendi.

[14:41]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ekki er um það að ræða að ljósleiðari Landssímans sé óþrjótandi auðlind sem hægt er að ganga í eins og manni sýnist. Það er nú ekki svo og auðvitað verður að vera verð fyrir notkunina og ákveðnar skorður eru settar við því. Það sem er aðalatriðið er að fyrirtæki í upplýsingaiðnaði sem sett eru upp á landsbyggðinni eins og internetsfyrirtæki geta verið rekin á sambærilegu verði og í Reykjavík og það er ekki dýrara. Eina leiðin til að ganga úr skugga um það er að viðkomandi fyrirtæki biðji um tilboð, annars vegar frá Intís og hins vegar frá Landssímanum til að ganga úr skugga um hvort verð sé ekki hið sama. Ég vil jafnframt endurtaka það sem ég sagði áðan að á fyrri hluta næsta árs verður svokallað APM-net tekið í notkun sem hefur þá miklu kosti, eins og ég skil það, að viðkomandi notandi getur tryggt sér það rými sem hann óskar eftir í háhraðanetinu — ég er nú ekki nógu góður í þessum tækniorðum — eða á ljósleiðaranum þannig að engin hætta á að verða á því að það skerðist. Eins og nú standa sakir er umferðin um ljósleiðarann, um háhraðanetið þannig að gengið er út frá því að kannski í 1% tilvika kunni að verða einhver töf á afgreiðslu. Þó er reynt að passa upp á það, t.d. milli Reykjavíkur og Akureyrar, að til slíks geti alls ekki komið þannig að tæknimenn segja mér að enginn munur sé á gæðum háhraðanetsins og leigulínunnar þegar við erum að tala um internetsþjónustu og verðið er fullkomlega sambærilegt ef háhraðanetið er notað. En hitt, að vera stöðugt að tönnlast á því að landsbyggðin sitji við verra borð að þessu leyti, hefur valdið því að menn hafa verið hikandi við að setja slík fyrirtæki upp úti á landi og hef ég mjög nýlegt dæmi um það að villandi upplýsingum var haldið fram þannig að ég óskaði eftir því við viðkomandi aðila að þeir leituðu tilboða hjá internetsfyrirtækjum til þess að ganga úr skugga um hvað sé til boða.

Lækkun álverðs og orkuverðs.

Fsp. SvG, 117. mál. — Þskj. 117.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það þarf ekki að segja frá því hér að verð á orku í stóriðjusamningum er venjulega tengt við verð á þeim afurðum sem verið er að framleiða. Þannig hefur það verið hér á landi og þannig er það líka í flestöllum samningum um orkuverð til stóriðju. Þetta veldur því að gífurleg sveifla er á verði á orku og núna að undanförnu hefur verð á áli lækkað mjög verulega. Verð á áli komst upp í um 1.900 til 2.000 dollara tonnið um tíma en núna í sumar fór verð á áli, einu sinni sá ég var, niður fyrir 1.300 dollara tonnið. Ég held reyndar að það hafi staðið skamma hríð en þetta sýnir hvað sveiflan er gífurleg og þetta hefur áhrif á tekjur Landsvirkjunar. Eftir því sem álverðið er lægra, eftir því eru tekjur Landsvirkjunar lægri og þar með eru möguleikar Landsvirkjunar bæði til þess að leggja línur og lækka verð minni en ella væri. Af þessum ástæðum, herra forseti, hef ég flutt eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. iðnrh.:

1. Hvert er verðið á hverju tonni af áli á síðasta fjórðungi þessa árs? Hvað hefur verðið lækkað mikið miðað við afkomuáætlanir Landsvirkjunar í upphafi ársins 1998?

2. Hver eru áhrifin af lækkun álverðs á orkuverð sem stóriðjufyrirtækin greiða til Landsvirkjunar,

a. alls,

b. á hverja kílóvattstund að meðaltali á þriggja mánaða tímabili?

3. Hver yrði tekjulækkunin af sölu Landsvirkjunar á raforku til stóriðju á næsta ári ef verðið héldist það sama út allt árið 1999 í samanburði við þær tekjur sem Landsvirkjun hafði af sölu á orku til stóriðju á árinu 1997? Það ár var í raun og veru metár.

4. Telur ráðherra tilefni til að endurskoða verðlagsviðmiðanir stóriðjufyrirtækja?

5. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða fyrri áætlanir um lækkun raforkuverðs til almennings?

Eins og kunnugt er hafa gengið yfir allmiklar breytingar á þessu sviði á undanförnum missirum. Meðal annars hafa þær birst í því að álverið í Straumsvík hefur verið stækkað. Það hefur birst í að tekin hefur verið ákvörðun um stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og það hefur birst í að byggt hefur verið tiltölulega lítið álver í Hvalfirði sem heitir Norðurál. Þessi fyrirtæki búa núna öll við talsverðan vanda vegna óvissu, bæði í hráefnisverði og í orkuverði í heiminum og þetta blandast allt saman inn í hugmyndir stórra erlendra fyrirtækja um að koma upp stóriðju á Íslandi. Ég held að það verði að viðurkenna og horfast í augu við eins og er, að líkurnar á því að stór erlend iðnfyrirtæki verði byggð upp hér á landi á næstunni hafa minnkað mjög verulega á undanförnum missirum án þess að útilokað sé að til slíks þurfi að koma.

Af þessum ástæðum, herra forseti, hef ég borið fram þá fyrirspurn til hæstv. iðnrh. sem ég greindi frá áðan.

[14:47]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 117 beinir hv. þm. Svavar Gestsson til mín eftirfarandi fyrirspurn um lækkun álverðs og lækkun orkuverðs.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: Hvert er verðið á hverju tonni af áli á síðasta fjórðungi þessa árs? Hvað hefur verðið lækkað mikið miðað við afkomuáætlanir Landsvirkjunar í upphafi ársins 1998?

Álverð á þriðja ársfjórðungi ársins 1998 var 1.344 dollarar á tonnið og er þá miðað við þriggja mánaða LME-verð. Verð á fjórða ársfjórðungi liggur ekki fyrir en gera má ráð fyrir að verðið verði mjög svipað og á þriðja ársfjórðungi eða um 1.350 dollarar á tonn. Á þessum forsendum verði meðalverð ársins 1998 1.374 dollarar á tonnið.

Í áætlunum Landsvirkjunar var miðað við að LME-álverðið verði 1.500 dollarar á tonn á árinu 1998 að meðaltali.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Hver eru áhrifin af lækkun álverðs á orkuverð sem stóriðjufyrirtækin greiða til Landsvirkjunar,

a. alls,

b. á hverja kílóvattstund að meðaltali á þriggja mánaða tímabili?

Með leyfi forseta og vonandi með leyfi hv. þm. líka langar mig til af því að þetta er viðamikil fyrirspurn að fá að svara annarri og þriðju spurningu saman. Í þriðju spurningu spyr hv. þm.: Hver yrði tekjulækkunin af sölu Landsvirkjunar á raforku til stóriðju á næsta ári ef verðið héldist það sama út allt árið 1999 í samanburði við þær tekjur sem Landsvirkjun hafði af sölu á orku til stóriðju á árinu 1997?

Miðað við álverð eins og það var á árinu 1997 eða 1.619 dollarar á tonnið og álverð um 1.350 dollarar á tonnið verður munurinn á tekjum á árinu 1999 í Bandaríkjadollurum 6,6 millj. eða íslenskum krónum 450 millj. kr. Þannig reiknað nemur lækkun á rafmagnsverði á kílóvattstund vegna rafmagnssölu til álvera að meðaltali um 1,9 millum á hverja kílóvattstund.

Í fjórða lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra tilefni til að endurskoða verðlagsviðmiðanir stóriðjufyrirtækja?

Ekki er grundvöllur fyrir endurskoðun á verðlagsviðmiðunum stóriðjufyrirtækja vegna gildandi rafmagnssamninga sem allir eru tiltölulega nýgerðir og gilda í 20 ár frá undirritun. Ákvæðum sem þessum verður vart breytt nema til komi ófyrirsjáanlegar og langvarandi breytingar á verði öðrum hvorum samningsaðilanum til verulegs tjóns umfram það sem við má búast vegna eðlilegra sveiflna í efnahags- og viðskiptamálum heimsins. Hins vegar hefur Landsvirkjun að undanförnu unnið að undirbúningi samninga við fjármálastofnanir sem hefðu það í för með sér að minnka áhættu fyrirtækisins vegna sveiflna í álverði og eru það samningar sem eru vel þekktir, að menn geta keypt sér tryggingu fyrir miklum breytingum á því. Það vekur svo aftur á móti upp spurningar um hvort svo stór hluti af raforkusölu eins fyrirtækis, eins og Landsvirkjunar í þessu dæmi, eigi að vera bundinn við álverð að svo stórum hluta sem raun ber vitni. En eftir því sem betri tækifæri gefast til þess að tryggja sig fyrir slíkum sveiflum er öryggið meira.

Í fimmta lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða fyrri áætlanir um lækkun raforkuverðs til almennings?

Samkvæmt ákvörðun eigenda Landsvirkjunar var haustið 1996 gert ráð fyrir að heildsöluverð fyrirtækisins til almenningsveitna yrði óbreytt að raungildi til ársins 2000 og síðan lækkaði það um 2–3% árlega á árunum 2001–2010 eða um 20–30% að raunvirði á þessu tíu ára tímabili. Afkoma áranna 1996 og 1997 varð verulega hagstæðari en áætlað var. Horfur fyrir árin 1998 og 1999 eru aftur á móti nokkuð lakari. Samkvæmt upphaflegri áætlun eigendanna var gert ráð fyrir að hagnaður yrði að meðaltali 400 millj. kr. á ári þessi ár. Raunveruleg niðurstaða ef tekið er tillit til mun lakari afkomu áranna 1998 og 1999 gæti orðið um 1.100 millj. kr. Það gefur því ekki tilefni til að endurskoða fyrri áætlanir um raunlækkun raforkuverðs nema ef vera kynni í þeim tilgangi að flýta lækkunarferlinu sem fyrirhugað var á sínum tíma.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Það sem skiptir mestu máli í bili er náttúrlega síðasta svarið þar sem hann lýsir því yfir að hann telji enga ástæðu til að hægja á því lækkunarferli sem var ákveðið af eignaraðilum árið 1996. Þvert á móti segir hann fullum fetum að það geti jafnvel komið til greina að flýta þessu lækkunarferli þrátt fyrir þau áföll sem Landsvirkjun er greinilega að verða fyrir á árunum 1998 og 1999.

Það sem er hins vegar athyglisvert í svarinu að öðru leyti er það að fyrirtækið er að verða fyrir gríðarlegu höggi núna miðað við fyrri áætlanir sínar. Afkoma Landsvirkjunar versnar bersýnilega um 450 millj. kr. á næsta ári frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Það er gríðarlega mikil breyting. Kannski sést breytingin enn þá betur í því að talið er að þessi lækkun eða skerðing á afkomu fyrirtækisins og lækkun á álverði hafi það í för með sér að greiðslur stóriðjufyrirtækjanna til Landsvirkjunar lækki að meðaltali um nærri 2 mill á kílóvattstundina. Það er langt yfir 10% af því orkuverði sem þessi fyrirtæki eru að borga. Hvað það er nákvæmlega mikið skal ég ekki segja á þessu stigi málsins en það er langt yfir það.

Þetta sýnir auðvitað að óhjákvæmilegt er að ef nýir stóriðjusamningar verða gerðir þá verður að tryggja að teknar verði inn aðrar viðmiðanir. Það er útilokað fyrir þjóðarbúið, jafnlítið þjóðarbú og okkar, að miða allar orkuverðsformúlur við verð á áli eins og við gerum. Jafnvel þó út í það yrði farið að byggja nýtt álver t.d. á Austurlandi eða hvar sem væri, þá væri rangt að miða verðið þar á orkunni við verð

á áli. Þjóðarbúið þolir ekki meiri skakkaföll af því tagi sem þessi tíðindi segja okkur í raun og veru, sem hæstv. ráðherra var að upplýsa okkur um, að við erum komin hættulega langt í þessum efnum. Ég vil hins vegar taka undir það með hæstv. ráðherra að mjög mikilvægt er að Landsvirkjun kaupi sér þessa tryggingarsamninga, þessa verðbreytingatryggingarsamninga og auðvitað hefði fyrirtækið átt að vera búið að því fyrir löngu.

[14:54]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Eins og kom fram í svari mínu áðan var gert ráð fyrir því að á árunum 1996–1999 yrði hagnaður Landsvirkjunar í kringum 400 millj. kr. að meðaltali á þeim árum. Hagnaður áranna 1996 og 1997 er langt umfram þetta sem betur fer. En þegar tekið er tillit til þeirra skakkafalla sem fyrirtækið verður fyrir núna, bæði vegna minni raforkusölu og lækkunar álverðs, er engu að síður gert ráð fyrir að hagnaður fyrirtækisins á þessu tímabili verði 1.100 millj. kr. að meðaltali í staðinn fyrir 400 millj. kr. Árin 1996–1997 hafa því skilað hagnaði umfram þær áætlanir sem menn voru með á sínum tíma.

Eins og menn muna frá nokkuð snarpri umræðu á sínum tíma var samkomulag um að vera með óbreytt raunverð raforku frá 1996 til ársins 2000. Hvað eiga menn hins vegar við með óbreyttu raunverði? Jú, að það héldi í við verðlagshækkanir í landinu. Hvernig á að mæla þær? Það voru engin ákvæði í þeim samningi um hvaða vísitölu skyldi nota, hvort skyldi nota byggingarvísitölu eða neysluverðsvísitölu.

Frá 2001–2010 var gert ráð fyrir að um 2–3% lækkun yrði að ræða eins og hér hefur komið fram. Ef við horfum til næstu áramóta, því venjan hefur verið sú að hækka verðið á raforkunni um áramót, og hækkað yrði samkvæmt byggingarvísitölu, sem ég vil taka skýrt fram að hefur ekki verið gert á undanförnum árum, menn hafa ekki alltaf farið nákvæmlega eftir henni, þá ætti að hækka taxtana um 2,5% um næstu áramót. Stjórn Landsvirkjunar hefur enga ákvörðun tekið um slíka hækkun þannig að allar líkur eru á því að raforkuverðið verði ekki hækkað um næstu áramót a.m.k. Ef menn nota hins vegar neysluverðsvísitöluna er gert ráð fyrir að hækkunin verði 0,6%. Vísitalan skiptir því þarna verulega miklu máli. Ef menn nota neysluverðsvísitöluviðmiðunina, sem er miklu eðlilegra að nota en byggingarvísitöluna vegna þess að hún mælir miklu frekar útgjöld heimilanna en byggingarvísitalan nokkru sinni, þá fyndist mér í raun og veru ekki taka því fyrir fyrirtækið að hækka taxtana um áramót, enda er það orðið fullseint úr því sem komið er vegna þess að dreififyrirtækin þyrftu í sjálfu sér að vera búin að fá vísbendingar um það miklu fyrr ef til hækkunar kæmi.

Áætlanir í raforkumálum.

Fsp. MF, 200. mál. — Þskj. 218.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Að undanförnu hefur orðið töluvert mikil umræða um þá fólksfækkun sem hefur átt sér stað á ýmsum landsvæðum og þá sérstaklega í dreifbýlinu og talið er að um 13% þjóðarinnar búi í sveitarfélögum þar sem sjá megi hættumerki hvað varðar þróun í búsetu. Þessu hefur að hluta til verið svarað með aukinni kröfu um stefnu stjórnvalda í byggðamálum og nýsköpun í atvinnulífi í dreifbýlinu.

Í nýlokinni kjördæmaviku þar sem þingmenn ferðuðust um kjördæmin og ræddu við sveitarstjórnarmenn og þá sem hafa staðið fyrir nýsköpun í atvinnulífi kom það ítrekað fram t.d. á Suðurlandi og fleiri landsvæðum að grunnforsendan fyrir nýsköpun í atvinnulífi, sérstaklega í dreifbýlinu og þar sem bændur sem hafa búið við mjög mikinn samdrátt í sinni atvinnugrein og hafa leitast við að koma með einhverja nýsköpun inn í atvinnulífið, að grunnforsendurnar vanti fyrir því að hægt sé að byggja upp öflugt atvinnulíf á landsbyggðinni. Það vantar þriggja fasa rafmagn. Rafmagnið tekur ekki við því aukna álagi sem nýsköpun í atvinnulífi fylgir. Rafmagnið þolir heldur ekki álagið sem fylgir þeirri kröfu sem gerð er um hagræðingu og nýsköpun innan landbúnaðarins. Þar eru menn að tækjavæða og þurfa að leggja í verulegan kostnað vegna þess að þriggja fasa rafmagn vantar í sveitum landsins.

Við heyrðum hér áðan rætt m.a. um ekki nógu góða þjónustu símkerfisins og ljósleiðara. Helstu athugasemdir sem gerðar hafa verið eru þó varðandi þrífösunina á rafmagni. Einu sinni var í gangi stefna og samningur við Orkusjóð, stefna sem nú þegar er búið að framkvæma, þar sem Orkusjóður lagði ákveðna fjárhæð ár hvert í endurnýjun á raflögnum þannig að um þriggja fasa rafmagn yrði að ræða. Nú hefur mér skilist að um sé að ræða nýjar greiðslur í Orkusjóð sem ekki var áður gert ráð fyrir, upp á fjórða hundrað millj. kr. sem Landsvirkjun er að greiða í Orkusjóð samkvæmt upplýsingum sem komu fram fyrir stuttu. Skuldabréf þar sem um er að ræða greiðslur fyrir verk sem unnin voru fyrir þó nokkrum árum. Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hvort þessir peningar eigi að renna í þau verkefni sem áður voru hjá Orkusjóði, t.d. endurnýjun rafmagns.

Á þskj. 218 ber ég fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

„Hvaða svæði landsins eru enn án þriggja fasa rafmagns? Hver er staðan hjá Rafmagnsveitum ríkisins í hverju umdæmi fyrir sig?

Hve miklu fé hefur verið veitt til þessa verkefnis síðustu fimm ár og hve stórum áfanga hafa þær fjárveitingar skilað, sundurliðað eftir árum?

Hver er áætluð heildarfjárþörf til þess að ljúka verkefninu?

Hefur iðnaðarráðuneytið mótað stefnu í þessum málum og sett ákveðin tímamörk? Ef svo er, hver er stefnan og hvenær er áætlað að verkinu ljúki? Hverjar eru áætlaðar árlegar fjárveitingar til þess?“

[15:00]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 218 spyr hv. þm. Margrét Frímannsdóttir um áætlanir í raforkumálum. Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: „Hvaða svæði landsins eru enn án þriggja fasa rafmagns? Hver er staðan hjá Rafmagnsveitum ríkisins í hverju umdæmi fyrir sig?“

Í sveitum landsins er meiri hluti íbúa eingöngu með aðgang að einfasa rafmagni. Það er ekki bundið við ákveðin svæði eða landshluta heldur er kerfið þannig uppbyggt að út frá aðveitustöðvum liggja þriggja fasa meginlínur og strengir um þéttbýlustu svæðin. Þeir sem búa í námunda við slíkar þriggja fasa dreifilínur hafa margir hverjir fengið þriggja fasa rafmagn.

Til að meta aðgengi notenda Rafmagnsveitna ríkisins eftir landshlutum er best að líta á fjölda þriggja fasa spennistöðva. Hlutfall þriggja fasa spennistöðva í einstökum umdæmum Rafmagnsveitna ríkisins eru sem hér segir:

Í Kjós 5,6%, á Vesturlandi 12,8%, á Norðurlandi vestra 11,3%, á Norðurlandi eystra 25,6%, á Austurlandi 7,4% og Suðurlandi 18,2%. Að meðaltali eru 15,2% spennistöðva í sveitum þriggja fasa og í þriggja fasa línu. 11,7% spennistöðva eru einfasa en staðsettar í þriggja fasa línum þannig að aðeins þarf að skipta um spennistöð óski notendur eftir þriggja fasa rafmagni. Hins vegar eru 3.280 spennistöðvar, eða 72,6% einfasa í einfasa línum.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hve miklu fé hefur verið veitt til þessa verkefnis á síðustu fimm árum og hve stórum áfanga hafa þær fjárveitingar skilað, sundurliðað eftir árum."

Á undanförnum fimm árum hefur á vegum Rafmagnsveitna ríkisins verið varið um 790 millj. kr. til styrkingar og endurnýjunar á rafdreifikerfinu til sveita. Auk þess hafa notendur lagt fram 65 millj. kr. í heimtaugagjöld. Á árinu 1995 gerðu ríki og Rafmagnsveitur ríkisins samning með sér sem tók m.a. til styrkingar og endurnýjunar á dreifikerfi í sveitum. Í ár verður 123 millj. kr. varið til þessa verkefnis en í frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 er talan 150 millj. Framlagið fer því hækkandi. Ekki hafa fyrr verið settir jafnmiklir fjármunir á svo skömmum tíma til styrkingar og endurnýjunar á dreifikerfi í sveitum.

Stærstum hluta þessa fjármagns hefur verið varið til lagninga á 11 og 19 kw. jarðstrengjum, alls um 350 km. Þessir strengir eru nær eingöngu þriggja fasa og auka möguleika á þriggja fasa rafmagni þar sem þeir eru lagðir. Hafa ber í huga að við val á verkefnum til strenglagna er í fyrsta lagi horft til þess að raforkukerfið hafi næga flutningsgetu. Í öðru lagi er horft til þess hvar bilanir verða helst vegna ísingar, veðuráraunar og hrörnunar. Í þriðja lagi er leitast við að auka þrífösun þar sem álag er mest. Með því fjármagni sem verið hefur til ráðstöfunar hefur orðið að leggja megináherslu á tvo fyrri liðina.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Hver er áætluð heildarfjárþörf til þess að ljúka verkefninu?"

Ef þrífasa á þá 4.500 km af dreifikerfinu hjá Rafmagnsveitum ríkisins sem eru einfasa þarf að setja upp 3.810 þriggja fasa dreifistöðvar hjá þeim notendum sem ekki hafa möguleika á þriggja fasa rafmagni í dag. Þar er um verulega fjármuni að ræða. Samkvæmt upplýsingum Rafmagnsveitna ríkisins er kostnaður vegna þessa verkefnis lauslega metinn á um 8,6 milljarða kr. Hann skiptist þannig að 6,7 milljarðar eru vegna lína og 1,9 milljarðar vegna spennistöðva.

Í fjórða lagi spyr hv. þm.: „Hefur iðnaðarráðuneytið mótað stefnu í þessum málum og sett ákveðin tímamörk? Ef svo er, hver er stefnan og hvenær er áætlað að verkinu ljúki? Hverjar eru áætlaðar árlegar fjárveitingar til þess?"

Þann 1. nóvember 1990 sendi orkuráð frá sér ályktun um styrkingu rafdreifikerfisins á Íslandi. Gerði hún ráð fyrir að á árunum 1991–1997 yrði lokið við það sem eftir er af styrkingu rafdreifikerfa í sveitum landsins svo þau gætu borið það álag sem á þeim yrði á næstu árum. Með þeim hætti yrði unnt að veita raforkunotendum í strjálbýli eins góða þjónustu og nú er veitt í þéttbýli eftir því sem yfirleitt er mögulegt vegna kostnaðar.

Í ályktun ráðsins kemur fram að heildarkostnaður við styrkingu rafdreifikerfisins í sveitum næmi rúmum milljarði kr. Í forsendum þeirrar ályktunar er gert ráð fyrir að ekki skuli þrífasa línur nema þar sem það er nauðsynlegt af öðrum ástæðum en þeirri einni að útvega þriggja fasa rafmagn. Þannig skuli beita þrífösun til að auka flutningsgetu og jafna álag á fasa. Þannig skuli koma upp þrífasa línum til að viðhalda hringtengingarmöguleikum þar sem álagsþéttleiki er það mikill að heildarkostnaður notenda og rafveitu verði lægri með þriggja fasa kerfi. Skal þó miða við þrífösun á aðallínum enda þótt þess gerist ekki þörf vegna spennu. Þrífösun á álmum og aðallínum með litlu álagi fellur hins vegar utan áætlunarinnar. Þriggja fasa rafmagn er yfirleitt ekki lagt í íbúðir í þéttbýli. Þá er yfirleitt ekki þörf á því í sveitum. Þess er ekki þörf vegna rafhitunar og almennra búnota því að unnt er að fá tæki og búnað sem notað getur einfasa rafmagn.

Nú er að hefjast endurskoðun á rekstrarsamningi Rafmagnsveitna ríkisins, iðnrn. og fjmrn. og við þá endurskoðun gefst tækifæri á að leggja línurnar í rekstri og fjárfestingu fyrirtækisins fyrir næstu ár.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Það sem upp úr stendur er að samtímis því að hæstv. ríkisstjórn er að hvetja til nýsköpunar í atvinnulífi í dreifbýlinu og í farvatninu eru tillögur um enn frekari samdrátt í landbúnaði, þá erum við með á bilinu 4.500–5.000 km langar línur sem eftir á að endurnýja þar sem um einfösun er að ræða en ekki þrífösun. Um 123 millj. kr. eiga að fara í þetta verkefni í ár og 150 á næsta ári. Það segir okkur að hægt yrði að leggja eða endurnýja um 300 km. Ef við héldum sama framkvæmdahraða og verið hefur þá mun taka næstu 40–50 ár að leysa verkefnið. Þessi samningur sem gerður hefur verið er aðeins um að hluti af þeim arðgreiðslum sem Rarik er gert að greiða í ríkissjóð á að renna í þetta verkefni, það er ekki öll arðgreiðslan. Meðan þannig er haldið á málum stöndum við ósköp einfaldlega frammi fyrir því að verði ekki farið í sérstakt átak á þessu sviði, þá verðum við næstu 40 árin að koma þessum grunnþætti fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni í lag. Meðan við getum ekki boðið þeim sem vilja taka þátt í nýsköpun í atvinnulífi, t.d. ferðaþjónustu í dreifbýlinu, þriggja fasa rafmagn eru það nánast orðin tóm að tala um fjarvinnslu, hagræðingu, ný atvinnutækifæri úti á landi o.s.frv. Ég held að við hljótum að leggja sérstaka áherslu á að frá þessum málum verði gengið ef ríkisstjórnin ætlar að breyta rekstrarfyrirkomulagi orkufyrirtækjanna í landinu. Það verður að liggja fyrir áætlun í þessum efnum áður.

[15:08]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Varðandi Framleiðni- og orkusjóð er það rétt sem hv. þm. sagði, að áætlaðir eru viðbótarfjármunir 50 millj. kr. á næsta ári og síðan 50 millj. kr. á ári næstu fimm árin. Þeir fjármunir eru tryggðir m.a. með því að Landsvirkjun greiðir fyrir þann kostnað sem ríkið hefur orðið fyrir vegna Fljótsdalsvirkjunar á næstu fimm árum með endurgreiðslu í Orkusjóð. Þeir fjármunir eru hins vegar ekki ætlaðir til að standa undir kostnaði við þetta. Þar eru aðrir fjármunir til ráðstöfunar. Þeir fjármunir eru ætlaðir til að viðhalda stöðugleika og árlegu framlagi til rannsókna á virkjunarkostum víða um land. Hugsunin sem þar liggur að baki er örlítið öðruvísi.

Til arðgreiðslna frá Rafmagnsveitum ríkisins hefur enn ekki komið í ríkissjóð. Þeir fjármunir hafa fyrst og fremst

verið notaðir til nýsköpunar í atvinnulífinu og til að fjármagna lagningu nýrra strengja til að styrkja m.a. þrífösunina í landinu. Það sem eftir stendur, eða eins og hv. þm. orðaði það í upphafi seinni ræðu sinnar, það sem upp úr stendur er: Á sama tíma og ríkisstjórnin hvetur til nýsköpunar í atvinnulífinu er hún jafnframt að framkvæma verkefni sem aldrei hefur verið meira lagt í en í tíð þessarar ríkisstjórnar, þ.e. að greiða fyrir þeim möguleikum að menn geti haft aðgang að tryggu og nægu rafmagni til nýsköpunar í atvinnulífinu, m.a. með strenglagningunni og þrífösuninni.

Kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum.

Fsp. ÁRJ, 187. mál. — Þskj. 203.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félmrh. um niðurstöðu nefndar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum. Þetta er í annað sinn sem ég ber fram þessa fyrirspurn. Hún var lögð fram á þinginu í vor en þá gafst ráðherra ekki tóm til að svara henni.

Í október 1996 skipaði hæstv. ráðherra þriggja manna nefnd til að taka saman upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum. Nefndin var síðan endurskipuð í mars 1997. Sú nefnd skilaði skýrslu í október 1997, fyrir rúmu ári síðan, en ekkert hefur heyrst af því hvað fólst í skýrslunni né af tillögum nefndarinnar.

Eins og menn þekkja hafa þessi mál verið í verulegum ólestri. Tiltölulega nýlega hófst umræða um kynferðislegt ofbeldi gagnvart þessum hópi sem á reyndar undir högg að sækja í samfélaginu. Kynferðisleg misnotkun á þroskaheftum viðgengst því miður víða og samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni einnig á ákveðnum stöðum, svo sem skemmtistöðum. Það er mjög mikilvægt að brugðist verði við og okkur ber að gera það. Brýnt er að heyra hverjar niðurstöður umræddrar nefndar voru. Rúmt ár er liðið síðan hún skilaði af sér án þess að nokkuð hafi heyrst af vinnu hennar. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

„Hverjar voru helstu niðurstöður nefndar sem skipuð var í október 1996 og tók saman upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart þroskaheftum? Hyggst ráðherra gera niðurstöður hennar opinberar og ef svo er, hvenær? Kalla niðurstöður nefndarinnar á aðgerðir af hálfu yfirvalda?"

Þar sem nokkuð langt er síðan þessi fyrirspurn kom fram, þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra í viðbót: Hafa yfirvöld gripið til aðgerða nú þegar í kjölfar vinnu þessarar nefndar?

[15:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Spurt er um helstu niðurstöður nefndar sem hér var til umræðu. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr samantekt starfshópsins, með leyfi forseta:

„Hérlendis er lítið vitað um tíðni kynferðislegs ofbeldis gegn þroskaheftum. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á því sviði. Almennt er talið að lögregluskýrslur segi ekki alla söguna um umfang þessara brota þar sem fjölmargar rannsóknir benda til þess að aðeins lítill hluti kynferðisbrota sé kærður til lögreglu. Að auki skráir lögregla ekki með skipulegum hætti andlegan þroska brotaþola sem þangað leita með kærur.

Ítarlegustu upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi gegn þroskaheftum er sennilega að finna hjá neyðarmóttöku Sjúkrahúss Reykjavíkur. 300 einstaklingar hafa leitað til neyðarmóttökunnar á þeim fjórum árum sem hún hefur verið starfrækt og þar af voru 16 þroskaheftir. Þá hefur komið fram í viðtölum við sérfræðinga sem starfað hafa með þroskaheftum og fulltrúa hagsmunasamtaka þroskahefta að algengara sé en marga gruni að þroskaheftir verði fyrir kynferðislegu ofbeldi. Til að draga úr tíðni kynferðislegs ofbeldis gegn þroskaheftum þarf að framkvæma markvissar forvarnaaðgerðir. Forvarnir ættu að beinast gegn þremur hópum, þ.e. þroskaheftum sjálfum, fjölskyldum þroskaheftra og starfsmönnum sem vinna með fólki með fötlun."

Önnur spurningin lýtur að því hvort ég hafi hugsað mér að gera niðurstöður skýrslunnar opinberar. Við höfum ekki sent fjölmiðlum þessa skýrslu. Við í ráðuneytinu teljum að hér þurfi að fara með mikilli gát þar sem um er að ræða viðkvæm mál sem hætta er á að verði mistúlkuð og leiði til alhæfinga sem virkað geti niðurlægjandi fyrir þennan hóp. Jafnframt þarf að gæta þess að ekki sé hægt að rekja upplýsingar. Það er auðvelt að setja upplýsingarnar þannig fram að virkað geti niðurlægjandi fyrir þroskahefta.

Skýrslan er að sjálfsögðu opinbert plagg í skilningi upplýsingalaga. Við höfum látið hana úr ráðuneytinu til fagfólks og þeirra sem hafa óskað. Allmargir hafa hana í höndum. Við höfum ekki tekið ákvarðanir um dreifingu á skýrslunni en hún er til í ráðuneytinu og verður afhent þar ef menn óska.

Spurt var hvort niðurstöður nefndarinnar kölluðu á aðgerðir af hálfu yfirvalda. Það gera þær sannarlega. Nefndin setti fram tillögur til úrbóta í sex liðum:

Í fyrsta lagi að þroskaheftum verði boðin fræðsla um kynferði sitt og kynhlutverk.

Í öðru lagi að ungu þroskaheftu fólki verði boðin fræðsla um kynlíf og barneignir.

Í þriðja lagi að aukin verði fræðsla fyrir foreldra og aðstandendur um kynlíf þroskaheftra.

Í fjórða lagi að starfsfólk og aðrir þeir sem veita þroskaheftum þjónustu búi yfir þekkingu og færni til að bregðast við kynferðislegu ofbeldi gegn þroskaheftum.

Það sem við höfum gert í þessu máli er að ég hef haft samband við Þroskahjálp. Þroskahjálp hefur látið vinna efni sem ég held að sé það besta fáanlega í þessu efni. Í undirbúningi er að gera samning við Þroskahjálp um að annast dreifingu og útgáfu þessa fræðsluefnis. Að sjálfsögðu erum við tilbúnir að leggja peninga í það verkefni.

Fimmta tillagan er að framkvæmd verði heildstæð rannsókn á kynferðislegu ofbeldi gegn þroskaheftum á Íslandi. Sú rannsókn hefur ekki verið sett í gang.

Sjötta tillagan er að þroskaheftir þolendur kynferðisbrota eigi lögvarinn rétt á aðstoð löglærðs talsmanns.

Í dómsmrn. er í undirbúningi frv. um réttindagæslu og það mundi væntanlega gagnast þroskaheftum ekki síður en öðrum. Ég hygg að það frv. komi til afgreiðslu á Alþingi innan örfárra vikna og ég vænti þess að þar verði tekið á þeim þætti.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við þessari fyrirspurn. Ég fagna því að tekið skuli á þessum málum. Það er gott að heyra að Þroskahjálp ætli að taka að sér kynfræðslu fyrir þroskahefta. Ég tel að það þurfi einnig að fara í fleira en að dreifa efni, það þurfi að koma á

námskeiðum fyrir bæði aðstandendur og þroskahefta sjálfa, varðandi kynfræðsluna og kynlíf þeirra. Ég hefði viljað heyra að farin væru af stað námskeið fyrir starfsfólk á stofnunum fyrir þroskahefta um þessi mál.

Það er mjög mikilvægt að það verði gerð könnun eða rannsókn, eins og hópurinn leggur til, á kynferðislegu ofbeldi gagnvart þessum hópi. Það þarf að kanna ástandið í þessum málum. Ég óttast að það sé mun alvarlegra en marga grunar. Við þurfum því að gera rannsókn eins og þessi starfshópur leggur til og ég vonast til að ráðherra beiti sér fyrir því að sú vinna fari í gang.

Mér fannst alvarlegt að heyra að af 300 manns sem komu á neyðarmóttökuna væru 16 þroskaheftir. Við vitum auðvitað, eins og fram hefur komið, að þeir sem lenda í þessu fara ekki allir á neyðarmóttökuna, síst þeir sem eru í þessum hópi. Ég virði líka þá niðurstöðu að fara ekki með þessa skýrslu í fjölmiðla. Auðvitað eru þetta mjög viðkvæm mál en eins og fram kom hjá ráðherra er þetta opinbert plagg og menn geta skoðað það. Nefndin á þakkir skildar fyrir þessa vinnu.

Hvað varðar réttargæsluna þá á maður eftir að sjá frv. sem kemur í þingið um þau mál. Ég þakka fyrir það sem gert hefur verið en kalla eftir því að gerð verði rannsókn, haldin námskeið fyrir starfsfólk og kynfræðslu fyrir þroskahefta komið á sem fyrst.

[15:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Samstarfið við Þroskahjálp er ekki fullmótað. Við eigum eftir að gera samning þar um. Ég bíð einmitt þessa dagana eftir samningsdrögum frá Þroskahjálp um þetta efni. Þar er vel hægt að hugsa sér að hafa ákvæði um þau atriði sem hv. fyrirspyrjandi lagði áherslu á.

Hvað rannsóknina varðar gefur auga leið að hún muni kosta eitthvað. Hún kostar bæði vinnu og tíma. Ég held að við getum á grundvelli þessarar skýrslu gefið okkur það að um alvarlegt ástand sé að ræða, þ.e. ástand sem við verðum að bregðast við. Ég vil fremur leggja áherslu á að reyna að hrinda í framkvæmd fyrirbyggjandi aðgerðum þannig að ekki verði skaði í framtíðinni fremur en að safna tölfræðilegum upplýsingum, þó þær geti verið fróðlegar. Ég tel að skýrslan gefi okkur tilefni til þess að draga þá ályktun að úrbóta sé þörf og á þeim grundvelli vil ég bregðast við.

Framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynja.

Fsp. GGuðbj, 263. mál. — Þskj. 301.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem Alþingi samþykkti á síðasta þingi er í kafla II sérstaklega fjallað um verkefni ríkisstjórnarinnar sem ekki varðaði sérstök ráðuneyti. Þar er fjallað sérstaklega um mikilvægi þess að jafnréttismál séu samþætt allri opinberri stefnumörkun og ákvarðanatöku. Í því samhengi eru fjögur verkefni sérstaklega tilgreind.

Í ljósi þess að fyrri framkvæmdaáætlanir hafa yfirleitt ekki komist í framkvæmd nema að hluta þætti mér fróðlegt að heyra hvort þau mikilvægu verkefni sem hér um ræðir séu komin á framkvæmdastig og hvort nægilegir fjármunir séu ætlaðir til þeirra í ljósi þess að samkvæmt fjárlagafrv. virðist ætlunin ekki að verja of miklu fjármagni til jafnréttismála. Samkvæmt mati Fjárlagaskrifstofunnar, þegar framkvæmdaáætlunin var samþykkt, var gert ráð fyrir að öll framkvæmdaáætlunin kostaði 7–10 millj., þ.e. frá og með árinu 1998–2001. Af þessu tilefni hef ég lagt fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. félmrh. á þskj. 301:

„1. Er hafin framkvæmd á eftirfarandi verkefnum ríkisstjórnarinnar, sbr. II. kafla framkvæmdaáætlunar til fjögurra ára til að ná fram jafnrétti kynjanna:

a. að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum verði upplýsingar greindar eftir kyni,

b. að kannað verði hvort opinber stefnumörkun taki mið af jafnrétti kynjanna,

c. að stuðlað verði sérstaklega að jafnrétti hjá ríkisstofnunum?

2. Ef svo er, hvað hefur þegar verið gert? Ef svo er ekki, hvenær mun framkvæmdin hefjast? Hve mikið fé er ætlað í hvert verkefni á næsta ári?“

[15:25]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna er metnaðarfull og í takt við þann vilja ríkisstjórnarinnar að taka myndarlega á í jafnréttismálum. Stýrihópur sem fylgja mun eftir verkefnum í framkvæmdaáætluninni hefur verið skipaður og formaður hans er Sigríður Lillý Baldursdóttir skrifstofustjóri í félmrn. Með henni í stýrihópnum eru Arnbjörg Sveinsdóttir alþm. og Magnús Stefánsson alþm.

Verkefninu sem um er spurt, þ.e. að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum verði upplýsingar greindar eftir kyni, er lýst svo í framkvæmdaáætluninni:

„Ráðuneytum og ríkisstofnunum verður sent umburðarbréf þar sem kynnt verður sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að í öllum tölfræðilegum samantektum og skýrslum verði upplýsingar greindar eftir kyni. Hagstofa Íslands mun vinna með stofnunum ríkisins að framkvæmd þessa verkefnis. Skrifstofa jafnréttismála mun kanna framgang þess þegar liðin eru tvö ár frá gildistöku áætlunarinnar.“

Í frv. til nýrra jafnréttislaga sem unnið er að og ég vona að verði lagt fyrir Alþingi alveg á næstu dögum er tekið sérstaklega á söfnun upplýsinga, úrvinnslu og birtingu hvað varðar aðgreiningu eftir kyni. Söfnun og meðferð upplýsinga um stöðu kynjanna í samfélaginu er hornsteinn markviss jafnréttisstarfs. Þegar frv. verður að lögum hefur því verið skapaður traustari grunnur fyrir frekara starfi að verkefninu. Mér þykir rétt að bíða afgreiðslu þess áður en farið verður í þær aðgerðir sem fjallað er um í umræddu verkefni sem er alveg á næsta leiti.

Spurt var um könnun á því hvort opinber stefnumörkun taki mið af jafnrétti kynjanna. Verkefninu er þannig lýst í framkvæmdaáætluninni:

„Ríkisstjórnin mun skipa nefnd sem verður falið að kanna hvort og með hvaða hætti opinber stefnumótun taki mið af jafnrétti kynjanna. Nefndin mun í upphafi verks leggja fyrir ríkisstjórn starfsramma og gera þar tillögur að þeim málaflokkum sem sérstaklega verða skoðaðir.“

Ég hef beðið stýrihópinn að móta tillögur um hvernig staðið verði að því að höndla þetta verkefni. Ég vænti þess að nefndin sem fær þetta skilgreinda verkefni geti tekið til starfa innan tíðar.

Þriðja spurningin var um hvort stuðlað verði sérstaklega að jafnrétti hjá ríkisstofnunum. Verkefnið heitir í framkvæmdaáætluninni Jafnrétti hjá ríkisstofnunum og er lýst sem hér segir:

„Í árangursstjórnunarsamningum milli ráðuneyta og stofnana verði sérstaklega vikið að 6. gr. laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna sem m.a. tekur til jafnréttismála. Þá verði í erindisbréfum forstöðumanna stofnana sérstaklega minnt á að stuðlað skuli að jafnrétti kynjanna í starfsemi stofnunarinnar."

Ráðuneytin vinna nú að árangursstjórnunarsamningum við undirstofnanir sínar og ráðgert er að þeirri vinnu verði lokið fyrir áramót. Stýrihópur vegna framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum mun senda öllum ráðuneytum bréf þar sem sérstaklega verður minnt á þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar um ákvæði í árangursstjórnunarsamningum og í erindisbréfum til forstöðumanna.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin sem valda mér þó verulegum vonbrigðum. Það kostar ekki mikið að koma í framkvæmd þessum verkefnum. Samt sem áður hefur það ekki verið gert. Umburðarbréf hefur ekki verið sent til ráðuneyta og ríkisstofnana vegna verkefnis I þó ekki geti það kostað mjög mikið. Þar er vísað í væntanlegt frv. til þess að fá lagastoð fyrir málinu. Í gildi eru jafnréttislög og framkvæmdaáætlun sem Alþingi hefur samþykkt, samt er vísað í einhver væntanleg jafnréttislög til þess að geta framkvæmt liðinn.

Varðandi lið 2 er það sama upp á teningnum. Í þessum lið framkvæmdaáætlunarinnar er talað um að nefnd þá, er skipa á til að kanna hvort opinber stefnumörkun taki mið af jafnrétti kynjanna, eigi að skipa eigi síðar en 1. maí 1998. Nú á að biðja stýrihópinn um ráð um hvernig eigi að standa að þeirri nefndarskipan. Ég get ekki verið ánægð með þessi svör, hæstv. forseti.

Í þriðja lagi, varðandi jafnrétti hjá ríkisstofnunum, væri fróðlegt að vita hversu margir forstöðumenn hafa fengið tilmæli þess efnis að þeim beri að virða jafnrétti innan stofnana sinna eins og skýrt er tekið fram í þessum lið, en enn er vísað í stýrihópinn.

Herra forseti. Ég tel að hér sé um mjög mikilvæg verkefni að ræða og var ánægð að sjá þau inni í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar. En það þarf að fylgja þeim eftir. Það er ekki nóg að hafa fögur orð á blaði. Ég tel mér skylt að veita ríkisstjórninni aðhald í þeim efnum og geri það með þessum fyrirspurnum. Ég vona svo sannarlega að framkvæmdin verði betri í framtíðinni en nú þegar. Það hefði ekki þurft að kosta mikið fé að hefja þessi verkefni eins og ráð er fyrir gert í tillögunum.

[15:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir það hjá hv. fyrirspyrjanda að æskilegra hefði verið að vinna hraðar. Í ráðuneytinu er hins vegar mikið vinnuálag og mörgu að sinna. Þetta verkefni má þó að sjálfsögðu ekki sitja á hakanum. Stefnan er ítarlegar mörkuð í lögunum en í framkvæmdaáætluninni þannig að það er meiri styrkur og þungi af því að fá það lögfest en sett fram með ályktun.

Varðandi skipun nefndarinnar sem skipa átti fyrir 1. maí í vor og ekki hefur verið skipuð enn er því til að svara að í fyrsta lagi var framkvæmdaáætlunin ekki afgreidd fyrir 1. maí. Sú dagsetning var því orðin úrelt þegar Alþingi ályktaði um málið. Þetta mun þó gert á næstunni.

Nú vita forstöðumenn ríkisstofnana að þeir eiga að virða jafnrétti og ef þeir gera það ekki eru þeir að brjóta lög. Hins vegar er það kannski ómaksins vert, og það verður gert, að skrifa til þeirra og minna þá á þessa skyldu. Ég vona nú reyndar að þeir muni allir eftir henni.

Efnahagsleg völd kvenna og karla.

Fsp. GGuðbj, 264. mál. — Þskj. 302.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára er í kafla II fjallað um verkefni ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála, verkefni sem ekki fjalla undir einstök ráðuneyti heldur ríkisstjórnina í heild. Þar er í 4. lið talað um að skipa skuli nefnd sem leggja muni fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku samfélagi. Því ber sannarlega að fagna að ríkisstjórnin hafi metnað til þess að setja inn í framkvæmdaáætlun ákvæði af þessu tagi.

Í Noregi hefur slík greining átt sér stað. Nú er önnur nefndin af því tagi að hefja störf og mikið rætt um að þar verði hugað betur að því en fyrr að greina frá sjónarmiði kynjanna nákvæmlega. Áður var þetta almenn valdagreiningarnefnd. Þess má geta að nýlega var fjallað um málið í fréttabréfi frá Rannsóknarstofu í kvennafræðum frá Óslóarháskóla og mikill spenningur er fyrir starfi nefndarinnar.

Í Svíþjóð hefur þegar verið gerð úttekt á skiptingu efnahagslegra valda og efnahagslegra verðmæta á milli kvenna og karla. Rannsóknin þar var gífurlega umfangsmikil og stóð yfir í fjögur ár. Að henni komu tugir vísindamanna úr ólíkum fögum og árangurinn er 13 skýrslur og lokaniðurstöður birtust nýlega í skýrslu SOU 1998 nr. 8 undir yfirskriftinni „Þinn er mátturinn — Mýtan um hið rökræna. Atvinnulíf og jafnréttið í Svíþjóð."

Af þessu tilefni hef ég borið fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. félmrh.:

„Hefur ríkisstjórnin skipað nefnd sem geri tillögu að „rannsóknaverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla og hvar þau liggja í íslensku þjóðfélagi" í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára til að ná fram jafnrétti kynjanna (sbr. II. kafla)? Sé svo, hvernig er hún skipuð? Ef svarið er nei, hvenær verður það gert? Hver er tilgangur fyrirhugaðs verkefnis? Verður tekið mið af sambærilegum rannsóknum á Norðurlöndum? Hve miklu fjármagni verður varið til verkefnisins á næsta ári?"

[15:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Vegna fyrri spurningarinnar vil ég segja þetta: Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna tekur til fjögurra ára. Svo að meta mætti kostnaðaráhrif áætlunarinnar var verkefnunum ákveðinn tími á þessu tímabili. Eins og fram kemur í kostnaðarmati með þáltill. var ráðgert að fara í umrætt verkefni á síðari hluta tímabilsins, þ.e. á síðari tveimur árum þess. Því hefur enn ekki verið skipuð nefnd til að vinna þetta verkefni.

Í kostnaðarumsögn fjmrn. sem fylgdi tillögunni er gert ráð fyrir að nefndin verði þriggja manna og kostnaður vegna starfs hennar verði hálf til 1 millj. kr. Það gefur auga leið að fyrir þá peninga er ekki hægt að vinna 13 skýrslur en minna má nú gagn gera.

Síðan er spurt hver tilgangur fyrirhugaðs verkefnis sé og hvort tekið verði mið af sambærilegum rannsóknum á Norðurlöndum. Tilgangur verkefnisins, eins og kemur fram í athugasemdum með þáltill., er að stuðla að því að rannsakað verði hvar og hvernig efnahagslegir valdaþræðir liggi í samfélaginu. Oft hefur verið haft á orði að ríkjandi staða karla, þegar efnahagsleg völd eru annars vegar, komi í veg fyrir að konur geti notið frelsis og jafnréttis. Raunar hefur því einnig verið haldið á lofti að félagsleg völd kvenna inni á heimilunum geri körlum stundum erfitt fyrir í einkalífi þeirra, valdsvæði kynjanna séu með nokkrum hætti aðgreind sem er náttúrlega ekki gott. Það getur haft slæmar afleiðingar fyrir líf beggja kynja og jafnréttið í samfélaginu. Enn liggja ekki fyrir nægilegar rannsóknir á því hvernig hin efnahagslegu völd liggja og verkefnið lýtur að því að skipa nefnd sem leggi fyrir ríkisstjórn tillögu að rannsóknarverkefni í þessa veru.

Ég tel einboðið að nefndin styðjist m.a. við það sem gert hefur verið á hinum Norðurlöndunum. Mér finnst það sjálfsagt. Að mörgu leyti búum við við svipaðar aðstæður og önnur Norðurlönd. Við erum skyld þeim í menningu og hugsunarhætti. Ég tel alveg sjálfsagt að reyna að nýta það starf sem unnið hefur verið þar. Það getur líka stytt okkur leiðina.

[15:40]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Margar af þessum rannsóknum hafa einmitt leitt í ljós að t.d. eignir og annað eru yfirleitt skrifaðar á karlinn. Sé heildareign skoðuð á heimsvísu hefur komið fram að innan við 10% eigna eru skrifaðar á konur. Þetta mál er því mjög brýnt, ekki eingöngu sem rannsóknarverkefni heldur líka sem upplýsingaverkefni. Konum er oft og tíðum ekki ljós réttarstaða sín, t.d. áhrif þess að skrá húseignir og aðra hluti á bæði hjónanna. Upplýsingarnar eru ekki nægar og þyrfti að efla verulega framtak á þeim vettvangi. Ég tek því undir að þetta verði kannað og bætt jafnvel við slíkum upplýsingaverkefnum.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin og láta í ljós vonbrigði með að ætlunin sé að fresta þessu til síðara tímabils áætlunarinnar. Ég tel að hér sé um mjög mikilvægt málefni að ræða þar sem margt virðist benda til að um leið og konur komast að völdunum, þá fara þau þaðan, hvort heldur um er að ræða sveitarstjórnir, Alþingi eða laun. Um leið og konur komast í meiri hluta í viðkomandi starfsstéttum þá lækka launin. Þess vegna er mjög mikilvægt að svona nefnd sé vandlega skipuð og að henni komi færustu kvenna- og kynjafræðingar eins og gerst hefur á Norðurlöndunum. Ég held að óhætt sé að segja að niðurstöðurnar í Svíþjóð hafi komið mjög á óvart. Skemmst er frá því að segja að þar hafa komið fram ómetanlegar upplýsingar sem hafa stórlega breytt hugmyndum um jafnréttislandið Svíþjóð. Mýtur um jafnrétti innan fjölskyldna, á vinnumarkaði, í sænsku menntakerfi, í efnahagsmálum, velferðarkerfinu og í stjórnmálum hafa reynst blekking. Það er í stuttu máli niðurstaða þessara skýrslna. Ný þekking um misrétti á milli kynjanna hefur þegar skilað sér inn í stjórnmál og stjórnkerfi í Svíþjóð. Því miður er ekki nóg, hæstv. félmrh., að hafa falleg orð á pappír. Það þarf pólitískan vilja og fjármagn. Það þarf að vinna þetta faglega þannig að við getum nýtt til hins ýtrasta þá þekkingu sem fyrir liggur á Norðurlöndum. Ég vona svo sannarlega að reyndin verði sú og skora á ríkisstjórnina að flýta verkefninu og veita til þess nægjanlegt fjármagn.

[15:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það hefur alltaf legið fyrir að ekki yrði farið í þetta verkefni strax. Það var tilgreint í þingskjölum á sínum tíma og tímasett á síðari tveimur árum áætlunarinnar. Ég vænti þess hins vegar að farið verði í verkefnið á tilsettum tíma. Ég get tekið undir með hv. fyrirspyrjanda að þarna er um mikilvægan fróðleik að ræða sem sjálfsagt er að reyna að vanda vinnubrögðin við að afla.

Varðandi það sem hv. 15. þm. Reykv. sagði þá get ég tekið undir það. Þetta er t.d. mjög sláandi í landbúnaði. Búin eru oftast á kennitölu bóndans og það eru hlutir sem við þurfum að laga. Vera kann að ekki hafi verið vakin næg athygli á því að þetta sé í ólagi hjá okkur. Vera kann að konur hafi ekki borið sig eftir þessu, þ.e. að nöfn þeirra og kennitölur kæmu fram með eðlilegum hætti. En þetta er atriði sem þarf að bæta úr, eitt af mörgum.

Niðurfelling virðisaukaskatts af innlendri handverksframleiðslu.

Fsp. SJS, 256. mál. — Þskj. 294.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Umræður um skattlagningu á menningarstarfsemi og þá ekki síst óbeina skatta á menningu, listaverk, listiðnað og fleira því um líkt eru vel þekktar. Listamenn og margir fleiri eru þeirrar skoðunar að til að hlúa að þessari starfsemi þá eigi að hlífa henni við skattlagningu eins og nokkur kostur er og helst a.m.k. undanskilja hana með öllu óbeinum sköttum eða veltusköttum, þ.e. virðisaukaskatti eins og hann heitir um þessar mundir á Íslandi.

Því miður hafa þessi sjónarmið ekki náð fram að ganga nema að litlu leyti. Þekktar eru umræður um bókaskatt og virðisaukaskatt á bókaútgáfu. Þó eru menningarstarfsemi og listaverk undanþegin þessum sköttum að hluta á grundvelli sérstakra undanþægra ákvæða í lögum. Þannig er til að mynda um listaverk og aðgöngueyri að tilteknum listviðburðum o.s.frv.

Áhugafólk um að efla hér handverkslist, handverksiðnað og handverksframleiðslu hefur barist fyrir því um árabil að þess konar framleiðsla, til að mynda ýmsir minni gripir, minjagripir og munir, verði einnig undanþegin virðisaukaskatti. Það er ekki síst liður í því að efla atvinnustarfsemi í strjálum byggðum og meðal kvenna t.d. í sveitum sem menn hafa borið þetta mál fyrir brjósti. Mikið af þessari framleiðslu, þ.e. hinum innlenda hluta hennar sem lengi hefur verið allt of lítill, er unninn af handverkshópum, hópum kvenna sem hafa tekið sig saman um slíka framleiðslu. Stærsti markaðurinn er meðal erlendra ferðamanna á sumrin.

Svo bagalega vill til að gagnvart þessari skattalegu meðferð eru konur í sveitum eða hvar sem er í raun og veru,

þ.e. framleiðendur yfirleitt, misjafnlega settir í skattalegu tilliti eftir því hvort viðkomandi aðilar hafa með höndum aðra virðisaukaskattsskylda starfsemi eða ekki. Ef ekki er um virðisaukaskattsskylda starfsemi að ræða gilda vissar undanþágur upp að ákveðnu þaki í heildarverðmæti framleiðslunnar. Hins vegar er öll framleiðsla skattlögð að fullu ef viðkomandi er svo „óheppinn" að vera þannig settur í skattalegu tilliti að stunda aðra virðisaukaskattsskylda starfsemi, t.d. reka búskap.

Þetta misræmi og svo auðvitað það að mér finnst að almennt eigi að styðja við bakið á þessari starfsemi með því að undanþiggja hana virðisaukaskatti hefur leitt til þess, herra forseti, að ég hef leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hefur komið til skoðunar að fella niður virðisaukaskatt af framleiðslu handverksfólks, svo sem minjagripum og munum, sem ber slíkan skatt nú?

2. Hvaða aðgerðir aðrar telur ráðuneytið mögulegar til að gera alla sem framleiða slíkar vörur jafnsetta við skattlagningu óháð því hvort þeir stunda aðra virðisaukaskattsskylda starfsemi?

[15:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég svaraði fyrirspurn á síðasta vori um þetta efni eða náskylt efni og leyfi mér að vísa til þess sem þar kemur fram. Í aðalatriðum er svarið það að auðvitað hefur það komið til skoðunar og verið rætt í tengslum við virðisaukaskattskerfið að gera þar ákveðnar breytingar á. En niðurstaðan er ævinlega sú að ekki sé rétt að gera það, hvorki að því er varðar þessa starfsemi, innlenda handverksframleiðslu, eða aðra þætti sem menn iðulega bera fyrir brjósti.

Staðreyndin er sú að það getur verið álitamál fyrir framleiðandann hvort það er betra fyrir hann að vera innan eða utan kerfisins. Menn hafa vissar undanþágur ef menn eru með litla veltu í þessu eins og hv. fyrirspyrjandi gat um. Það mun vera um 220 þúsund um þessar mundir. Þeir sem eru inni í kerfinu, t.d. í sambandi við búrekstur, fá ákveðinn frádrátt á innskatti eins og kunnugt er. Á móti kemur að skattur er lagður á þeirra verðlagningu. Svo má ekki gleyma því að ef þessar vörur eru seldar í gegnum verslanir til erlendra aðila eða úr landi þá er hægt að fá þennan útskatt sem leggst ofan á vöruverðið dreginn frá þannig að það á ekki að skemma fyrir samkeppnisstöðunni.

Hins vegar er sá möguleiki líka fyrir hendi að ef litlir aðilar vilja komast inn í virðisaukaskattskerfið, sem eru þar fyrir utan og fá ekki innskatt sinn frádreginn, þá er það heimilt ef þeir reka atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni og þá þurfa þeir ekki að gera upp skattinn nema einu sinni á ári. Þarna eru því ákveðnir möguleikar fyrir hendi fyrir þá sem vilja geta hagnýtt sér innskattsmöguleikana í þessu kerfi.

Auðvitað er æskilegt að í atvinnustarfsemi af þessum toga, sem er ekki kannski ýkja umfangsmikil eða flókin, séu reglur einfaldar og auðvelt fyrir fólk að standa skil á opinberum gjöldum og ég hygg að reynt hafi verið að koma til móts við þessa aðila í því sambandi.

Til hvaða annarra aðgerða væri mögulegt að grípa til þess að gera alla sem framleiða slíkar vörur jafnsetta? Það er náskylt því sem ég hef verið að segja. Menn geta reynt að koma sér inn í kerfið ef þeir telja sér það hagfelldara til þess að geta notið innskatts. En ekki er við því að búast að það geti gengið upp að allir þessir aðilar geti fengið útskattinn niðurfelldan og það er ekki heldur í samræmi við markmið virðisaukaskattskerfisins um að hafa sem mest samræmi á framleiðsluvörum óháð því hvar og hvernig vörur eru búnar til.

Þetta er það sem um málið er að segja. Það er ekki sjálfgefið að það sé til hagsbóta fyrir þessa aðila að vera fyrir utan kerfið og bera sinn eigin innskatt, en svo kann að vera í einhverjum tilfellum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti, en vísa til þess sem ég svaraði á Alþingi í maímánuði sl. um þetta efni.

[15:52]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Mér var ljóst að þetta mál hefur áður verið á dagskrá en ástæða þess að ég kaus að leggja þessa fyrirspurn aftur fyrir var sú að mér er kunnugt um að eftir þessu hefur verið leitað sérstaklega og það hefur verið til umræðu og skoðunar meðal handverkshópa sem m.a. hafa snúið sér til þingmanna sinna kjördæma og leitað úrlausna í þessum efnum.

Auðvitað er hægt að líta á þetta frá ýmsum hliðum eins og hæstv. ráðherra gerði í svörum sínum og ljóst er að það þarf ekki endilega að vera einhliða neikvætt fyrir aðila að borga þennan skatt, í einhverjum mæli kemur þá frádráttur á móti og öfugt fyrir þá sem ekki eru með uppgjör, þeir geta þá ekki nýtt sér frádrátt. Engu að síður er það mat þess fólks sem í þessari framleiðslu stendur að núverandi ástand sé óheppilegt og það virki letjandi.

Eitt af því sem kemur upp er að þessir ólíkt settu aðilar gagnvart skattinum starfa gjarnan hlið við hlið og selja sína vöru á sömu mörkuðum, á einum sameiginlegum vettvangi. Einnig eru menn kannski misjafnlega — ég veit ekki hvort við megum orða það svo — misjafnlega vel að sér eða misjafnlega útfarnir í því að nýta sér þá frádráttarmöguleika og komast að einhverju leyti undan skattinum hvað það snertir.

Mér er ekki ljóst í hve miklum mæli endurgreiðsla á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna tekur til innkaupa á þess konar varningi. Ég efast satt best að segja um að það sé í miklum mæli þegar komið er niður í mjög lágar upphæðir sem keyptar eru á mörkuðum hér og þar um landið eða jafnvel af framleiðendum beint. Þó þekki ég það ekki nákvæmlega.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að láta ekki staðar numið hér. Ég er sannfærður um að þörf er á því að fara betur yfir skattalega meðferð þessara mála og þeirra gráu svæða sem þarna eru á ferðinni. Það er ekki í öllum tilvikum mikill munur á því sem flokkað er sem listaverk og er þar af leiðandi undanþegið skattinum í dag, og ýmiss konar vandaðri framleiðslu á gráa svæðinu þar nálægt þegar um handverk, handverksiðnað og annað því um líkt er að ræða. Helst af öllu hefði ég viljað sjá að hæstv. fjmrh. bryti í blað hvað varðar menningarlega viðleitni í fjmrn. og tæki þar upp jákvæðari stefnu gagnvart því að styðja við menningarstarfsemi í landinu og iðnað af þessu tagi með því að beita skattkerfinu pósitíft í þeim efnum.

[15:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tek undir það sem ræðumaður sagði um nauðsyn þess að þetta kerfi sé einfalt og ekki þannig úr garði gert að það geri fólki verulega erfitt fyrir sem vill standa í skilum með sín gjöld, að það þvælist ekki fyrir fólki að því leyti til. Það er alveg hárrétt að við eigum ekki að búa það

þannig úr garði að fólk fælist það að ganga rétt frá sínum uppgjörum.

Ég vildi gjarnan bæta því við sem ég sagði áðan, og kem að því leyti til móts við sjónarmið fyrirspyrjanda, að það er ætlun mín að setja á laggirnar á næstunni sérstaka nefnd til að yfirfara allt virðisaukaskattskerfið, þar með talinn eftirlitsþáttinn, þar með talda skattskylduna og þar með talda fjölda annarra þátta sem menn hafa verið að ræða að undanförnu og sem bent hefur verið á að gæti verið þörf á að endurbæta. Þetta skattkerfi hefur nú þjónað okkur í u.þ.b. átta ár. Það er flókið og þar er margt álitaefnið. Ég hef hugsað mér að farið verði í þessa athugun, og hún verði nokkuð umfangsmikil, af færustu sérfræðingum og þá verður þetta eitt af því sem kemur til skoðunar, bæði varðandi sjálfa gripina og svo hins vegar ýmislegt sem lýtur að framkvæmdinni og þeim mörkum sem um er að ræða að því er varðar lágmarksveltu og margt fleira sem full þörf er að líta á. Ekki bara vegna þessara aðila og þeirrar ágætu starfsemi sem þetta fólk stundar heldur líka vegna fjölmargra annarra atriða sem upp hafa komið á undanförnum átta árum.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 8.–11. mál.

Fundi slitið kl. 15:57.

31. FUNDUR

miðvikudaginn 2. des.,
að loknum 30. fundi.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 278. mál, þskj. 318. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 279. mál, þskj. 319. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 219. mál, þskj. 244. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Össur Skarphéðinsson, 9. þm. Reykv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 278. mál. — Þskj. 318.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 279. mál. — Þskj. 319.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 219. mál. — Þskj. 244.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:03.

32. FUNDUR

fimmtudaginn 3. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tilkynningarskylda íslenskra skipa, stjfrv., 260. mál, þskj. 298. — 1. umr.

2. Leigubifreiðar, stjfrv., 281. mál, þskj. 329. — 1. umr.

3. Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, stjfrv., 282. mál, þskj. 330. — 1. umr.

4. Rannsóknir sjóslysa, stjfrv., 283. mál, þskj. 331. — 1. umr.

5. Siglingalög, stjfrv., 284. mál, þskj. 332. — 1. umr.

6. Hafnaáætlun 1999–2002, stjtill., 291. mál, þskj. 343. — Fyrri umr.

7. Leiklistarlög, stjfrv., 146. mál, þskj. 146, nál. 327 og 347, brtt. 328 og 348. — 2. umr.

8. Almenn hegningarlög, stjfrv., 114. mál, þskj. 114, nál. 320, brtt. 321. — 2. umr.

9. Almenn hegningarlög, stjfrv., 115. mál, þskj. 115, nál. 322. — 2. umr.

10. Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 116. mál, þskj. 116, nál. 323. — 2. umr.

11. Mannanöfn og hjúskaparlög, stjfrv., 134. mál, þskj. 134, nál. 324. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason menntmrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Össur Skarphéðinsson, 9. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá umhverfisnefnd Félags íslenskra náttúrufræðinga.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Ragnar Arnalds):
Forseti vill láta þess getið að í dag fer fram umræða utan dagskrár um kerfisbreytingu í húsnæðismálum og ástandið á leigumarkaði. Málshefjandi verður Ögmundur Jónasson en hæstv. félmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund. Gert er ráð fyrir því að umræðan fari fram kl. 15.30 síðdegis.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 298.

[10:32]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):
Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að breytt verði ákvæðum laga um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, en tilgangur þess er að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum vegna sjálfvirks tilkynningarkerfis skipa sem áformað er að taka í notkun 1. febrúar 1999. Aðdragandi þess að koma á sjálfvirku tilkynningarkerfi fyrir íslensk skip á sér langa sögu, en handvirk tilkynningarskylda íslenskra skipa hefur verið við lýði í rúm tuttugu ár. Samkvæmt gildandi lögum skulu öll skip önnur en varðskip tilkynna brottför úr höfn, komu í höfn og staðsetningu a.m.k. einu sinni á sólarhring en Slysavarnafélag Íslands hefur farið með yfirstjórn tilkynningarskyldunnar og eftirlitsmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

Frá árinu 1983 hefur Alþingi nánast árlega veitt fé til undirbúnings við sjálfvirkt tilkynningarkerfi. Málið hefur verið til umfjöllunar í samgrn. samfellt um nokkurt skeið og gerðar úttektir og skýrslur um fyrirkomulag á framkvæmd verkefnisins. Unnið hefur verið að málinu í samvinnu við marga aðila, m.a. hagsmunaaðila, Háskóla Íslands, Póst- og símamálastofnun og Slysavarnafélag Íslands.

Hinn 14. maí 1994 gerði samgrn. samkomulag við Póst- og símamálastofnun og Slysavarnafélag Íslands um að vinna að uppsetningu sjálfvirks tilkynningarkerfis fyrir íslensk skip. Sömu aðilum og séð höfðu um handvirka tilkynningarkerfið í tæp tuttugu ár var falið að sjálfvirknivæða það. Slysavarnafélaginu var falið að annast rekstur tilkynningarskyldunnar og reka eftirlitsmiðstöð sem tekur á móti sjálfvirkum tilkynningum en Póst- og símamálastofnun var falið að byggja upp og reka fjarskiptakerfi í landi.

Í október 1997 fól samgrh. Póst- og fjarskiptastofnun að annast framkvæmd á sjálfvirku tilkynningarkerfi og semja við Póst og síma hf., nú Landssíma Íslands hf., um uppbyggingu fjarskiptahluta þess.

Þann 5. mars 1998 var undirritaður samningur milli Póst- og fjarskiptastofnunar og Landssímans sem kveður á um að Landssíminn setji upp og starfræki móttöku og dreifileiðir fyrir sjálfvirkt tilkynningarkerfi á landi. Sama dag var gert samkomulag um framkvæmd sjálfvirka tilkynningarskyldu milli samgrh., Landssímans, Landssambands smábátaeigenda, Landssambands ísl. útvegsmanna, Póst- og fjarskiptastofnunar og Slysavarnafélags Íslands. Samkomulag þetta er birt sem fylgiskjal með frv.

Í reglugerð um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa, nr. 295/1994, er miðað við að öll skip séu búin tækjum til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu frá og með 1. febrúar 1999. Um framkvæmd og útfærslu sjálfvirks tilkynningarkerfis vísa ég til greinargerðar með frv.

Ég vil að lokum lýsa þeirri von minni að þetta frv. nái fram að ganga á Alþingi þar sem hér er um að ræða mikið öryggismál fyrir áhafnir á íslenskum fiskiskipum. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um efni frv. en legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[10:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:
Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað fá svör við því hjá hæstv. ráðherra hvað lögsetning þessa frv. hefur í för með sér fyrir strandstöðvar, hvort strandstöðvum muni fækka ef frv. verður að lögum og einnig þá hversu mikið, ef strandstöðvum fækkar á annað borð. Getur hæstv. ráðherra kannski farið aðeins ítarlegar í það mál?

[10:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:
Herra forseti. Þetta mál á sér langan aðdraganda og það var raunar Alþingi sem tók þetta mál upp fyrst í fjárln. með því að leggja til að verulegu fé yrði varið ár eftir ár til þess að þróa sjálfvirkt tilkynningarkerfi fyrir íslensk fiskiskip. Auðvitað var hugmyndin á bak við þetta á Alþingi á þeim tíma alveg óháð því hvernig tækninni fleygði fram í fjarskiptum almennt.

Eins og ítarlega hefur verið rætt á Alþingi og hv. þingmanni er kunnugt hefur störfum í strandstöðvum fækkað og strandstöðvum fækkað vegna nýrrar tækni. Eins og nú standa sakir eru þær á þrem stöðum, þ.e. Vestmannaeyjum, Reykjavík og Siglufirði, og eins og ég hygg að áður hafi komið fram er til athugunar hvort hægt verði að byggja upp aðra starfsemi á Siglufirði í staðinn fyrir strandstöðina þar eða hvernig við skuli brugðist. Verulegur halli hefur verið á þeim rekstri og hv. þm. er raunar líka kunnugt að ný tækni í fjarskiptum hefur mjög breytt starfsemi símans frá því að hún hófst á sínum tíma hér á landi.

[10:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:
Herra forseti. Það er óþarfi hjá hæstv. ráðherra að taka það illa upp þó ég spyrji um þetta. Ég fagna því auðvitað að tækninni fleygi fram og að hægt er að beita henni einmitt í

öryggisskyni varðandi tilkynningarskylduna. Ég þakka ráðherra fyrir svörin en gagnrýni það að ekki skyldi koma fram í máli ráðherrans hvaða aðrar breytingar þetta hefði í för með sér því að ég tel að það þyrfti að koma fram um leið og mælt er fyrir málinu að þetta hefur þær afleiðingar að strandstöðvum fækkar. Það er kannski aðeins eðli tækninnar, en það þarf að koma fram í þessari umræðu.

Reyndar fagna ég því að þetta mál skuli hafa komist svo langt því maður tekur eftir því, og það kom reyndar fram í máli hæstv. ráðherra, að Alþingi hefur verið að veita fé til þessa verks frá 1983 og því er vissulega tímabært að þessi lagabreyting verði gerð.

Ég meinti ekkert illt með því þó að ég spyrði ráðherrann út í það hversu mikið starfsemi strandstöðvanna mundi breytast við þessa lagasetningu.

[10:40]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan. Ég held að það sé algjörlega út í hött að bera þetta saman. Hvatirnar á bak við sjálfvirku tilkynningarskylduna og tilkynningarskyldukerfið eru að Slysavarnafélag Íslands og sjómenn á smábátum voru að byggja upp þetta kerfi til þess að auka öryggi sjófarenda og það er kjarni málsins. (Gripið fram í.) Ég hygg að við hljótum að umgangast þetta frv. út frá þeim forsendum og efni frv. og ég vil minna á það sem ég sagði áður að frumkvæðið í þessu máli lá hjá Alþingi á sínum tíma. Ég hygg þess vegna að hægt sé að segja að það skipti í sjálfu sér ekki máli hvort sjálfvirka tilkynningarkerfið í þessu formi komi til eða farið sé um gervihnetti, að það muni ekki ráða neinum úrslitum um það hversu margir vinni á strandstöðvum. Ég held að það megi ekki rugla saman öryggismálum sjómanna og því, það held ég ekki. Þetta mál er allt annars eðlis.

[10:42]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég fagna því að frv. skuli vera lagt fram sem kveður á um að sjálfvirk tilkynningarskylda skuli vera í öllum skipum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er öryggismál eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra og mun auka öryggi sæfarenda og auðvelda eftirlit með því hvar skip eru stödd og finna væntanlega skip ef slíks gerist þörf. Þannig eykst öryggi allra og áhyggjur aðstandenda sjómanna ættu að verða minni en fram að þessu.

Einn þáttur hlýtur að koma fram í þessari umræðu þó svo að menn fagni þessu frv. og hann er sá að áfram verður að sinna öryggisþáttum í landi sem snúa að handvirku eftirliti, þ.e. neyðarköllum og öryggisþjónustu. Sá þáttur verður alltaf að vera hjá loftskeytastöðinni hvar svo sem útstöðvar hennar eru staðsettar. Eins og komið hefur lítillega fram í þessari umræðu þá hefur strandstöðvum fækkað um tvær og það hefur komið fram að yfirmenn Landssímans gera ráð fyrir því jafnvel að strandstöðvarnar verði lagðar af að meira og minna leyti. Það er út af fyrir sig ekki nógu gott að slíkar yfirlýsingar hafi komið fram, enda getur sjálfvirk tilkynningarskylda aldrei komið í staðinn fyrir öryggisvaktina.

Þetta er spurning um kunnugleika á staðháttum. Strandstöðvarnar hafa sinnt því hlutverki að aðstoða við björgun skipa og þegar leitarsvæði eða þjónustusvæði strandstöðvanna eru orðin svona stór þá nýtist ekki lengur sú sérþekking sem áður var til staðar þegar styttra var á milli strandstöðvanna en nú.

Það sem einnig hefur gerst núna með strandstöðvarnar er að vaktmönnum hefur fækkað verulega og mun færri eru á vöktum en var. Það er að meginhluta til gert, eftir því sem mér er sagt, vegna þess að eftirlitið verður auðveldara með sjálfvirkri tilkynningarskyldu.

Ég vil einungis með þessari ræðu minni vara við því að gengið sé of skart í að fækka stöðvunum og að fækka starfsmönnum þeirra strandstöðva sem eftir eru því að þær koma til með að gæta öryggis sæfarenda áfram þrátt fyrir það að sjálfvirkur búnaður sé kominn um borð í öll skip þannig að hægt verði að fylgjast með þeim.

Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að í samgn. þar sem ég á sæti verði þessi mál tekin til sérstakrar skoðunar og í beinu samhengi. Ég hef rætt þetta við hæstv. samgrh. og hann tekur að sjálfsögðu vel í alla umfjöllun sem kemur sér vel og er mikilvæg fyrir íslenska sæfarendur.

[10:46]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kemur í fskj. III með þessu frv. er gert ráð fyrir því að handvirka tilkynningarskyldan verði rekin í allt að þrjú ár samhliða sjálfvirku tilkynningarskyldunni. Það hygg ég að svari í rauninni því sem hv. þm. var að tala um.

[10:46]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að ákvæði um að handvirkt eftirlit verði í þrjú ár samhliða sjálfvirkri tilkynningarskyldu en ég vil alls ekki meina að það geti leyst strandstöðvarnar af hólmi. Ég sé alls ekki neitt samhengi þar á milli. Eins og ég sagði áðan get ég ekki séð að sjálfvirk tilkynningarskylda geti nokkurn tíma komið í staðinn fyrir þá handvirku eða sólarhringseftirlit þegar neyðarástand skapast, skip eru í neyð, kalla þarf eftir aðstoð, leiðbeina við björgun og aðstoða sjófarendur og björgunarsveitir samhliða. Það er útilokað að sjálfvirkt senditæki geti komið í staðinn fyrir þessa handvirku stýringu. **(Gripið fram í:** Ekki algjörlega.) Það er alveg útilokað að það geti komið algjörlega í staðinn fyrir þetta. Ég held, eins og ég sagði áðan, að það hljóti að vera nauðsynlegt að ræða þetta samhliða í nefndinni. En auðvitað er þetta til bóta. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra. Þessi sjálfvirki tilkynningarsendibúnaður sem er um borð í skipunum er mjög til bóta. Ég ætla alls ekkert að gera lítið úr því. Ég vil bara vara við því aftur að ef menn ímynda sér að hægt sé að leggja niður strandstöðvar og eftirlit sem þeim fylgir þá held ég að það gangi ekki upp.

[10:48]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst næsta furðulegt að gefa í skyn að þær hvatir sem liggi á bak við það að koma upp sjálfvirkri tilkynningarskyldu sé að draga úr öryggi sjómanna. Það er þvert á móti með þessu verið að reyna að grípa til ráðstafana til þess að auka öryggi sjómanna, einkum þeirra sem eru á litlum bátum.

[10:49]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki almennilega hvort það geti verið að ég tali ekki nógu skýrt eða hvort það sé meiningin að ekki megi ræða þetta mál málefnalega. Ég hef ekki sagt að neinar annarlegar hvatir liggi að baki frv. Ég skil ekki hvers lags útúrsnúningur þetta er og, við getum sagt, önugheit út í það að menn ræði frv. sem ég sagði í ræðu minni að væri til þess fallið að auka öryggi sjómanna, ekki til að draga úr

því. Mér finnst því alveg út í bláinn að gera tortryggilegt það sem komið hefur fram hér.

Ég er einungis að vara við því að strandstöðvar geta horfið og störf þar verði ekki við lýði eftir þessi þrjú ár. Ég held þvert á móti að það verði að reka áfram strandstöðvar með einhverju sniði þannig að öryggi sjófarenda minnki ekki. Ef þessi sjálfvirki búnaður á að koma í staðinn fyrir handvirkan búnað eins og hann er í dag, og það getur nefnilega gerst, þá er ég ekkert viss um að við séum að ganga í þá átt að auka öryggi sjómanna.

[10:50]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil nálgast þetta mál frá öðru sjónarhorni en hér hefur verið gert undanfarnar mínútur. Ég fagna frv. mjög. Fyrir um tveimur árum síðan skipaði hæstv. samgrh. nefnd alþingismanna til þess að fara yfir ákvæði laga og reglugerða um björgunarmál eða málefni sem snúa að öryggi sjómanna.

Í þeirri umræðu kom það oft fram og þess sáust glögg merki í skýrslu sjóslysanefndar hve alvarlegt ástand er oft á miðunum hvað áhrærir þann öryggisþátt sem sjómenn sjálfir eiga að gæta hvað best, þ.e. hversu lítið er hlustað á neyðarbylgjur og hve illa er að þeim málum staðið á sumum skipum að jafnvel klukkustundum saman er ekki hlustað á alþjóðaneyðarbylgjuna eða þær neyðarbylgjur sem almennt eru viðurkenndar hjá sjómönnum. Þess vegna fagna ég þessu frv. og tel að hér sé stigið stórt og mikið skref í öryggismálum sjómanna.

Hvað áhrærir hins vegar strandstöðvarnar þá er það tímanna tákn, því tækninni fleygir svo fram, að ekki eru mörg ár síðan skip stödd í Ísafjarðardjúpi náðu ekki sambandi við Ísafjarðarradíó. Með tilkomu gervihnatta og auknu sambandi um þá er umhverfið orðið allt annað hvað varðar fjarskipti milli skipa og lands. Sú tækni er öll í hraðri framþróun og þetta er hluti af því máli.

Ég endurtek að í vinnu þessarar öryggisnefndarinnar sem hæstv. ráðherra skipaði fimm alþingismenn í, kom mjög oft til umræðu það ástand sem ríkir á miðunum þegar jafnvel sjómenn láta veðurfregnir fara fram hjá sér. Það er með ólíkindum hve hægt er að afla mikilla upplýsinga í gegnum þetta upplýsingakerfi, þetta sjálfvirka tilkynningarkerfi. Þar er veðurspá, farsími, tölvupóstur o.s.frv. Hér er því stigið stórt og mikið spor í framfaraátt og ber vissulega að fagna því.

Þegar þetta mál er hins vegar skoðað má segja að ekki sé mjög kostnaðarsamt fyrir útgerðir að standa að rekstri þessa öryggiskerfis. Það kemur fram að hver útgerð á að borga um 5 þúsund kr. á ári fyrir þetta kerfi. Í athugasemdum með frv. segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt samkomulaginu var Slysavarnafélaginu falið að annast áfram rekstur tilkynningarskyldunnar og byggja upp og reka eftirlitsstöð sem gæti tekið á móti sjálfvirkum tilkynningum auk handvirkra tilkynninga eins og áður. Póst- og símamálastofnun var aftur á móti falið að byggja upp og reka fjarskiptakerfi í landi. Með samkomulaginu var sömu aðilum og séð höfðu um og rekið tilkynningarkerfi íslenskra skipa í tæp tuttugu ár falið að sjálfvirknivæða það."

Hins vegar á að koma upp, eða eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Í samningnum er kveðið á um að Landssími Íslands hf. taki að sér að setja upp og starfrækja móttöku- og dreifileiðir fyrir sjálfvirkt tilkynningarkerfi á landi að undanskildri eftirlitsmiðstöð sem Slysavarnafélag Íslands muni fjármagna og reka. Í þessu felst uppbygging og rekstur á fjarskiptastjóra, átta landstöðvum, 25 endurvarpsstöðvum og boðleiðum þar á milli auk boðleiða til stjórnstöðvar Slysavarnafélagsins."

Hér er ekkert smámál á ferðinni og ég tel að með þessu sé nokkuð vel girt fyrir að boðleiðir muni ekki virka þannig að þetta kerfi á vissulega að þjóna vel þeim öryggisþætti sem í mörg ár hefur verið talað um. Og ég held að það sé gæfuspor okkar Íslendinga að vera einna fremstir í flokki í þessu máli. Íslendingar stigu frumspor varðandi öryggisþátt sjómanna með tilkynningarskyldukerfinu sem vakti athygli víða um heim og hefur margfalt sannað sig.

Jafnframt þessu er talað um að handvirkt tilkynningarskyldukerfi verði rekið í allt að þrjú ár samhliða sjálfvirka kerfinu.

En mig langaði til að spyrja ráðherra um eitt. Hér er rakinn kostnaður ríkisins vegna þessara sjálfvirku tilkynningarkerfa og einnig hve hlutdeild ríkisins mun lækka á næstu árum, og er það vel. Hins vegar er talað um að veita styrk að upphæð 40 þúsund kr. úr ríkissjóði til skipa sem þurfa að kaupa búnað vegna VHF-fjarskipta og vegna sjálfvirka tilkynningarkerfisins. Mig langaði til að spyrja hæstv. ráðherra hver væri áætlaður kostnaður ríkisins við að koma þessum búnaði um borð í skipin og hvað mætti ætla að hvert tæki kostaði í skip, hvort mismunandi verð sé á þessum tækjum eftir stærð skipa eða hvort kostnaðurinn sé nánast hinn sami fyrir 5 tonna bát og 300 tonna togara?

[10:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð af minni hálfu. Mér finnst við hæfi að kvitta fyrir það þegar sú sögulega stund er upp runnin þrátt fyrir allt að loksins er tilkoma alsjálfvirkrar tilkynningarskyldu fyrir skip við Íslandsstrendur að verða að veruleika.

Þetta mál á sér mjög langa sögu og langan aðdraganda og það hefur verið draumur þeirra sem fjallað hafa um öryggismál sjómanna, og þá auðvitað ekki síst sjómanna sjálfra, að þetta fyrirkomulag kæmist á. Það er enginn minnsti vafi á því að handvirka tilkynningarskyldan hefur leikið stórt hlutverk í öryggismálum á sjó hér við landið þann tíma sem hún hefur verið við lýði. Það eru orðnir tveir áratugir eða rúmlega það. En nánast frá upphafi og frá því að menn fóru að eygja það sem tæknilega viðráðanlegan möguleika að gera mætti framkvæmd tilkynningarskyldunnar sjálfvirka þannig að girt væri fyrir mannleg mistök eða vanrækslu á þann hátt, hefur menn dreymt þá drauma.

Auðvitað mætti margt segja um þennan langa aðdraganda og ýmislegt sem gert hefur verið á þessum tíma, t.d. alla þá ráðstöfun fjármuna í hönnun og tilraunastarfsemi sem tæknin hefur síðan nánast jafnharðan gert úrelta. Það vill svo til að saman við þetta tímabil handvirku tilkynningarskyldunnar og þróunar sjálfvirks búnaðar hefur fallið eitt mesta framfaraskeið í tölvubúnaði og fjarskiptum sem mannkynið þekkir og það hefur valdið nánast ævintýralegum straumhvörfum, breytingum hvað varðar alla möguleika á þessu sviði. Þar af leiðandi hafa ýmsar eldri hugmyndir orðið úreltar nánast jafnharðan eftir því sem ný tækni hefur komið til sögunnar.

Hins vegar er ekkert annað að gera en að horfast í augu við það af raunsæi og vera ekkert að velta vöngum yfir því þó að eftir á að hyggja og í ljósi breyttrar tækni hefðu menn getað sparað sér bæði tíma og fjármuni. Það er auðvelt að vera vitur eftir á í þessum efnum.

Þetta minnir mig stundum á algerlega óskylt mál, herra forseti, þegar reyna átti að hanna bókhaldsforrit fyrir íslenska bændur. Í árdaga tölvualdar var ekkert smámál að útbúa slíkt og gerð hugbúnaðar og forritunar var þá á þeim vegi stödd að menn reiknuðu með því að byggja þyrfti slíkt kerfi upp frá grunni og frumhanna það. Í það voru lagðir peningar, tími og orka en auðvitað fleygði tækni og þróun fram á þessu sviði og að því kom að auðvelt var að kaupa forrit og búnað fyrir smáupphæðir sem tóku langt fram þeim sem menn höfðu með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn reynt að hanna fáeinum árum áður. Að mörgu leyti má segja hið sama um þær ævintýralegu breytingar sem orðið hafa á öllu umhverfi þessa máls í tækni og möguleikum.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að þó að sjálfvirk tilkynning komi til sögunnar verður að sjálfsögðu áfram þörf fyrir hefðbundin fjarskipti við fiskiskip. Tilkynningarskyldan ein og sér er aðeins einn þáttur af mörgum sem til sögunnar koma þegar öryggismál skipa eru rædd. Þó að vitneskja berist um að eitthvað hafi farið úrskeiðis þá hverfur ekki þörfin fyrir fjarskipti og annan viðbúnað sem tengist slysum og björgunaraðgerðum. Í því sambandi tel ég skynsamlegt að reka handvirka kerfið áfram til hliðar við hið sjálfvirka, eins og hér er reyndar lagt til, í allt að þrjú ár.

Eitt atriði, herra forseti, vekur nokkra undrun mína. Það er það ákvæði samningsins að öll skip skuli greiða jafnt gjald fyrir þessa þjónustu, þ.e. 5 þús. kr. á ári. Ég hefði talið sanngjarnt að í þessu tilviki eins og mjög mörgum öðrum hefði gjaldskráin verið eitthvað mismunandi og tekið mið af stærð skipa og veltunni í rekstri þeirra. Það er nokkuð mikill munur á 5 þús. kr. í samhengi við aflaverðmæti og veltu í útgerð minnstu smábáta við landið móti rekstri stærstu verksmiðjuskipanna. Hafi ég ráðið rétt í þetta, það kemur bæði fyrir í greinargerð með frv. og fylgiskjali III, sem er samkomulagið frá 5. mars 1998, er fastbundið að árgjaldið til Slysavarnafélagsins verði 5 þús. kr. á öll skip. Sjálfsagt er þetta samningur sem ekki er ætlast til að hróflað verði við hér á þingi en ég vil láta þá skoðun mína í ljós að þetta sé ekki sanngjörn nálgun. Ég hefði ekki talið neitt að því að í gjaldskráin hefði tekið mið af stærð skipa og útgerð skipa með milljónatugi, hundruð milljóna eða jafnvel milljarða í veltu legðu meira af mörkum, greiddu 50–100 þús. kr. gjald.

Það er í tísku, herra forseti, að spyrja um meðferð upplýsinga nú á tölvuöld. Þó að það sé kannski ekki alveg sambærilegt við umræður um persónuvernd þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra að því sem ég reyndar veit að hefur verið gert en vildi kannski að fá aðeins fyllri upplýsingar um það: Hvernig á að gæta að þeim upplýsingum sem þarna verður safnað sjálfvirkt svo tryggt sé að þar verði um lokaða upplýsingasöfnun að ræða og engin hætta á að hún komist í annarra hendur en við á og verði ekki misnotuð? Það er eðlilegt að spurningar vakni hjá þeim sem þarna á að vakta — þarna er í raun um sjálfvirka vöktun að ræða, sjálfvirka söfnun á upplýsingum inn í einn miðlægan banka — um hvort búið verði svo tryggilega um hnútana að þessar upplýsingar verði eingöngu nýttar í öryggistilgangi og verði aldrei, hvorki fyrr né síðar, nýttar í öðrum tilgangi.

Um þetta gætu vaknað ýmsar spurningar og vissulega gæti útkeyrsla á þessari sjálfvirku söfnun verið fróðleg í ýmsu tilliti t.d. varðandi dreifingu flotans og dreifingu sóknar, umferð um landhelgina eða guð má vita hvað. Hins vegar er ljóst að þar með yrði um mjög viðkvæmar upplýsingar að ræða. Ýmsir hefðu sáralítinn áhuga á að þær væru á ferðinni svo ekki sé talað um ef slíkar upplýsingar væru „persónugreinanlegar", þ.e. að með þessu væri hægt að fylgjast með för eða rekja feril einstakra nafngreindra aðila.

Persónulega hef ég ekki miklar áhyggjur af þessu. Ég veit vel að hér býr ekki nokkuð annað í huga þeirra sem að þessu koma en að auka öryggið. Ég er að sjálfsögðu sammála því, styð það og fagna því að sjálfvirk tilkynningarskylda verði að veruleika. Mér finnst hins vegar ekki eiga að vera neitt feimnismál að ræða þetta. Ég tel að það sé af hinu góða að menn séu frá byrjun fullvissaðir um að fyrir þessum hlutum sé tryggilega séð.

[11:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka frekar til máls en því miður get ég ekki orða bundist. Ég mun fá tækifæri til að koma að þessari umræðu í nefndinni þegar málið kemur til hv. samgn. Ég vil ítreka að sú þekking á staðháttum sem til staðar er á strandstöðvunum er mikilvæg og má ekki vanmeta það. Ég undrast að hæstv. ráðherra skuli vera svo viðskotaillur þegar hér koma málefnalegar ábendingar í umræðunni eins og í morgun. Ég held að ég verði bara að gera ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi farið öfugu megin fram úr í morgun. Alla vega virkaði það eins og hann væri á einhverjum öðrum fundi en við hin sem reyndum að koma með málefnalegar ábendingar. Ég vona þó að það lagist þegar líður á daginn.

[11:07]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mig langaði vegna þeirra orðaskipta sem hér hafa átt sér stað að reifa þetta mál aðeins betur. Eins og ég hef ítrekað sagt við þessa umræðu lít ég svo á að sjálfvirk tilkynningarskylda sé mjög til bóta. Ég vil ítreka það hér í fjórða sinn. Hún getur aukið öryggi skipa verulega þegar litið er á þessa þætti saman, þ.e. handvirkt eftirlit og sjálfvirka tilkynningarskyldu í gegnum sérstakt tæki sem á að vera um borð í hverju skipi. Auðvitað verður líka að fylgjast vel með því að slíkt tæki sé um borð í hverju skipi og sé í lagi. Menn mega ekki varpa frá sér þeirri ábyrgð að halda uppi sama öryggi og fram að þessu.

Ég held að fram að þessu hafi yfirleitt eða í yfir 90% tilvika verið farið vel með tilkynningarskyldu skipa og sjómenn almennt verið mjög meðvitaðir um að nauðsynleg hafi verið, þeirra vegna og annarra, að tilkynna skipin bæði út og inn. Auðvitað hafa komið upp ýmis tilvik í sambandi við kvótafyrirkomulag eða stjórn fiskveiða og slíkt sem orðið hefur til þess að menn hafa sleppt því að tilkynna sig, þ.e. af öðrum ástæðum en öryggisástæðum.

Ef við lítum á strandstöðvarnar sjálfar, það hefur mælst illa fyrir að ræða það hér þó nauðsynlegt sé, þá hafa þær dregið verulega úr þjónustu sinni þó hið sjálfvirka tilkynningarkerfi sé ekki komið í gagnið. Eins og fram hefur komið í umræðu á þinginu áður er búið að loka tveimur stöðvum. Í þeim stöðvum sem enn eru starfræktar hefur starfsmönnum fækkað og eru í dag 13 starfsmenn í stöðvunum öllum en voru 20 áður.

Samt hefur ekkert breyst í starfi og eðli þjónustu þessara strandstöðva frá því sem áður var. Mótteknum skilaboðum hefur ekki fækkað og umsvif stöðvanna hafa ekki minnkað þannig að í raun hefði ekkert átt að leiða til þess að þessum stöðvum eða starfsmönnum þeirra fækkaði. Þess vegna veltir maður því fyrir sér hver ástæðan sé og hvort einhver ástæða sé til að loka þessum stöðvum alfarið eftir þrjú ár.

Mig langaði að spyrja hæstv. samgrh. að því hvort meiningin með þessu ákvæði væri að handvirkt kerfi verði rekið samhliða í þrjú ár og eftir þau þrjú ár verði reynslan af því skoðuð eða verður þar með settur punktur og og stöðvunum lokað.

Í dag er það þannig í strandstöðvunum sem sinna þessum skyldum, að taka á móti tilkynningum og þjóna skipum, að hver starfsmaður er með 69 viðtæki til að annast á nóttunni. Ef við lítum hins vegar á flug eru 4–6 viðtæki á hvern starfsmann þannig að álagið á starfsmenn strandstöðva eða loftskeytastöðvarinnar í dag er gríðarlega mikið og mun meira en á þá sem sinna flugi. Maður veltir því fyrir sér hvort einhver ástæða sé fyrir þessum mun. Það má eflaust kanna það frekar í nefndinni en ég tel ríka ástæðu til að fylgjast vel með því að öll skip hafi þessi viðtæki og senditæki um borð *þannig að sjálfvirka tilkynningarskyldan komist í gagnið* sem allra fyrst.

Það mun kosta um 150–200 þús. kr. að kaupa tæki um borð í hvert einasta skip. Viðkomandi smábátaútgerðarmenn þurfa að leggja út verulega upphæð til að komast í þetta samband. Á þessum þremur árum er væntanlega gert ráð fyrir því að skip kaupi sér viðtækin fyrir þennan pening en þetta er dýrt. Það er ekki hægt að neita því að þetta er dýrt og það mun geta dregið eitthvað úr því að menn kaupi sér slík tæki en því þarf að sjálfsögðu að fylgja eftir.

Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta, herra forseti en vil að endingu vonast til að við náum að skoða málið sérlega vel í nefndinni og að málið, sem ég veit að búið er að vera lengi í vinnslu og er mikið áhugamál okkar allra sem höfum áhuga á því að auka öryggi sjómanna, verði til að þetta öryggi aukist enn og allir verði sáttir við frv. það sem endanlega verður samþykkt á þinginu í vetur.

[11:14]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér þótti mjög athyglisvert að heyra áðan hv. þm. Kristján Pálsson segja að Landssíminn byggi ekki nógu vel að loftskeytastöðinni í Gufunesi og öðrum strandstöðvum. Ræðu hans var ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að kæruleysi ríkti hjá þeim sem þar réðu húsum gagnvart öryggi sjófarenda. Nú finnst mér alveg sjálfsagt að ganga úr skugga um hvort svo er og býð honum með mér upp í loftskeytastöðina í Gufunesi svo við getum talað við þá starfsmenn sem þar eru. Við getum talað við þá sem bera ábyrgð á þessum rekstri og fengið úr því skorið hvort ástæða sé til að vekja á því athygli í þingsölum að þar sé eitthvert kæruleysi á ferðinni og þannig staðið að málum að öryggi sjófarenda sé hætta búin. Ég hygg að varla hafi verið hægt að skilja orð hv. þm. með öðrum hætti. Mér finnst satt að segja undarlegt að frv. sem hér liggur fyrir skuli vekja upp hugrenningar um að með einhvern veginn sé dregið úr öryggi þeirra sem eru á fiskiskipum umhverfis landið.

Smávegis misskilnings hefur gætt hjá hv. þingmönnum varðandi stærð þeirra fiskiskipa sem lögin fjalla um. Eins og segir í fskj. og í samningnum sem þar er birtur er verið að tala um skip sem eru minni en 24 metrar og gert ráð fyrir því að stærri skip tilkynni sig á 12 stunda fresti ef ég man rétt, ég er ekki með frv. hjá mér í ræðustól af vangá. Það er því ekki um það að ræða að öll skip, stór og smá, eigi að greiða 5 þús. kr. vegna sjálfvirku tilkynningarskyldunnar, heldur er einungis verið að tala um minnstu skipin. Þessi misskilningur er eðlilegur og kannski ekki nógu skýrt tekið fram í grg. með frv.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að gert sé ráð fyrir því að tækin í bátana kosti 150–200 þús. kr. Síðast þegar ég vissi var miðað við að kostnaður búnaðar mundi vera um 120 þús. kr. á skip og má vera að sú tala sé lægri núna, ég hef ekki nýjustu tölur um það en við því er að búast að þær tölur fari lækkandi eins og önnur tæki og annar búnaður á fjarskiptasviði og gert er ráð fyrir því að styrkja báta til kaupa á þessum tækjum. Nú er gert ráð fyrir að um 1.500 bátar muni nýta sér þessi tæki og í greiðslumati með frv. kemur fram að á næsta ári er gert ráð fyrir að 17 millj. kr. renni til þess að styðja þá útgerðarmenn sem vildu festa kaup á slíkum tækjum. Ég man ekki betur en gert sé ráð fyrir því að styrkur til sjómanna eða útgerðarmanna verði um 40 þús. kr. á bát og þá geta viðkomandi útgerðarmenn ráðið því hvar þeir kaupa tækin þannig að ekki er um styrk til neins framleiðanda að ræða í þeim efnum.

Mér þótti það athyglisvert sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vakti máls á áðan hvernig farið skuli með þær upplýsingar sem koma í gegnum sjálfvirku tilkynningarskylduna. Í lögum um tilkynningarskylduna, eins og þau liggja nú fyrir, eru engin ákvæði um hvernig fara skuli með upplýsingar og mér finnst nauðsynlegt að það mál verði athugað sérstaklega. Það hefur verið rætt um að til greina komi að þetta kerfi verði jafnvel notað við stjórn fiskveiða. Um það hefur engu verið slegið föstu, síður en svo. Mér finnst það koma sterklega til greina eins og hv. þm. sagði að þessar upplýsingar megi ekki afhenda þriðja aðila. Þetta mál hefur verið rætt milli samgrn., sjómanna og Slysavarnafélagsins. Niðurstaðan varð sú að setja ekki ákvæði um þessi efni inn í frv. en mér finnst ekki nema eðlilegt að Alþingi taki það sérstaklega fyrir og vil styðja að því eins og samgrn. getur að flýta athugun á því máli. Ég tel því að þessi athugasemd hv. þm. hafi átt fullan rétt á sér og sé mjög athyglisverð og nauðsynlegt að taka afstöðu til hennar.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að mér þykir það leiðinlegt ef hv. 18. þm. Reykv. er stúrin yfir því að ég sé viðskotaillur á þessum fallega degi. Ég er auðvitað svolítið stúrinn yfir því ef þingmenn halda að með þessum frumvarpsflutningi sé með einhverjum hætti verið að draga úr því að sjómönnum á miðunum sé veitt nauðsynleg þjónusta. Enginn hefur talað um það svo ég viti í tengslum við þetta mál að í því samhengi sé ástæða til að draga úr nauðsynlegri þjónustu á strandstöðvum, enginn maður og engum manni dottið í hug fyrr en nú inni í þessum sal. Ég skil satt að segja ekki hvernig á því megi standa. Þess vegna get ég boðið hv. 18. þm. Reykv. að slást í för með mér og hv. þm. Kristjáni Pálssyni þegar við förum upp í loftskeytastöðina svo að þessir tveir þingmenn geti að eigin raun kynnst því hvernig þessi starfsemi er, talað við þá menn sem þar eru á vakt og fengið þannig persónulegar upplýsingar um það hvernig að þeim er búið. Mér finnst raunar líka sjálfsagt að bjóða þessum tveimur hv. þm. í Slysavarnafélagið. Ég skal greiða fyrir því að þeir geti hitt framkvæmdastjóra eða forseta Slysavarnafélagsins líka til þess að fara yfir það mál með þeim aðilum hvort með sjálfvirku tilkynningarskyldunni eða vegna hennar sé hætta á því að dregið verði að öðru leyti úr þjónustu við sjófarendur með þeim hætti að jafnframt sé dregið úr öryggi. Mér finnst nauðsynlegt að fara rækilega ofan í það mál því að ég hef aldrei áður heyrt þetta mál tekið upp á þeim grundvelli að með því sé ætlunin að draga úr þjónustu við sjófarendur. Ég endurtek það. Þessi umræða og þessar vangaveltur eru alveg nýjar fyrir mér.

[11:23]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég byrja á að þakka hæstv. samgrh. fyrir boðið að skoða Landssímann og loftskeytastöðina ásamt Slysavarnafélaginu. Mér finnst vel til fundið að við förum og heimsækjum þessar merku stofnanir og ræðum þar við starfsfólkið og ég efast ekki um að öll samgn. hefði gott af því að kynna sér það þó að svo margir hafi eflaust komið þarna inn og kynnst þeim ágætu mönnum sem þarna starfa.

Ég hef ekki sagt það úr þessum ræðustóli að kæruleysi væri ríkjandi hjá Landssímanum varðandi öryggismál sjómanna. Ég hef aldrei haft þau orð en ég hef aftur á móti sagt að með því að draga of mikið úr þjónustunni gæti skapast ástand sem drægi úr öryggi. Auðvitað er þetta allt saman matsatriði. Öryggisþátturinn er náttúrlega það sem við ræðum um hér. Í frv. er talað um að í þrjú ár verði handvirkur búnaður rekinn samhliða þessari reynslu með sjálfvirka búnaðinn, en eftir það má skilja sem svo að enginn handvirkur búnaður verði eða hann verði öðruvísi. Það er því ekkert óeðlilegt að þessi mál séu öll rædd samhliða. Ég mun gera það að sjálfsögðu þegar það kemur til nefndarinnar frekar.

Ég fagna því að sjálfsögðu að kostnaðurinn sé 120 þús. en ekki 150–200 en það á eftir að koma í ljós. Mér hefur verið sagt að þetta muni kosta þessa peninga. Styrkveitingarnar gætu hugsanlega breyst eitthvað í takt við það ef búnaðurinn reynist dýrari en menn gerðu almennt ráð fyrir í upphafi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti. Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. samgrh. fyrir að koma með þetta ágæta mál hingað inn og fyrir þá kynningarferð sem hann skipuleggur fyrir okkur upp í Landssíma.

[11:25]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst óþarfi að gera því skóna að handvirk tilkynningarskylda verði ekki rekin lengur en þrjú ár ef Slysavarnafélagið telur þörf á að það verði gert. Slysavarnafélagið hefur lagt verulega fjármuni fram til að tryggja öryggi sjófarenda og verið óþreytandi í sambandi við fyrirbyggjandi aðgerðir og þar fram eftir götunum og ég hygg að það sé alveg ástæðulaus ótti hjá hv. þm. að Slysavarnafélagið muni ekki halda þessari starfsemi áfram eftir þrjú ár ef þá kemur í ljós að það er nauðsynlegt. Ég hygg að þessi ótti sé með öllu ástæðulaus.

[11:26]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er á valdi Slysavarnafélags Íslands að ákveða hvort þetta verður áfram eða ekki, þá eru það út af fyrir sig svör. En ég hygg að ekki sé verra að samgn. þingsins og Alþingi sjálft hafi einhverja skoðun á því hvernig framhaldið yrði og það verði skoðað í samstarfi við Slysavarnafélag Íslands. Ég ber mikið traust til Slysavarnafélagsins í þessum málum og hef enga ástæðu til að ætla annað en þeir vilji sjómönnum og öryggismálum þeirra allt hið besta enda hafa þeir sýnt það í gegnum störf sín og eru að sjálfsögðu stofnuð til þess að auka öryggi sjómanna.

Að öðru leyti held ég að ekki sé ástæða til að teygja þetta meira, herra forseti. Þetta hefur verið ágæt umræða og nauðsynlegt að þau atriði sem hér var tæpt á heyrðust í salnum áður en málið færi til frekari skoðunar.

[11:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enginn er að gefa í skyn að þetta mál dragi úr öryggi sjómanna eða þjónustu við þá. Það hefur enginn gert það í þessari umræðu, þetta er alger misskilningur hjá hæstv. ráðherra þannig að hann ætti að geta tekið gleði sína á ný og látið af því að vera stúrinn því að þetta er alger misskilningur.

Hv. 18. þm. Reykv. sem hér stendur og ég efast ekki um að hæstv. ráðherra man hvað heitir, þakkar gott boð, bæði til Slysavarnafélagsins og í loftskeytastöðina. En það má kannski geta þess að hv. samgn. er búin að fara í heimsókn á báða staðina á þessu kjörtímabili. En ég efast ekki um að það muni verða lærdómsríkt fyrir okkur að koma þangað aftur. Það var mjög merkilegt að sjá hve starfsemi Slysavarnafélagsins er orðin öflug og tækjabúnaður sem þar er kominn í gagnið. En svo sannarlega þigg ég boð að fara þangað með hv. þm. Kristjáni Pálssyni og hæstv. ráðherra. En að nokkur maður hafi gefið í skyn að með þessu máli væri verið að draga úr öryggi eða þjónustu við sjómenn er bara eins og hver önnur firra.

[11:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö atriði, annars vegar þetta með fimmþúsundkallinn. Ég verð að segja að sé það svo að eingöngu hluti skipa sem eru í tilkynningarskyldukerfinu eigi að greiða hann, þá er framsetning mála afar sérkennileg því að það verður hvorki ráðið af hvorki lestri grg. frv. né þaðan af síður af samningi á bls. 9, fskj. III, að svo sé því þar segir beinlínis í 6. tölul.: Árgjald verður 5.000 kr. fyrir öll skip. Samningurinn tekur til allra skipa, bæði þeirra sem eru stærri en 24 metrar og þeirra sem eru minni. Að vísu er ljóst að tilkynningarskyldu þeirra er mismunandi háttað. hætti. Stóru skipin tilkynna sig á hálfs sólarhrings fresti um gervihnött en hin með öðrum hætti eða að hluta til en það er ómögulegt að fá annað út úr þessu en að um eigi að vera að ræða fast árgjald upp á 5.000 kr. til Slysavarnafélagsins fyrir öll skip plús það að hver þátttakandi greiðir fjarskiptakostnað sinn. Þannig las ég þetta og ef það er missilningur er eitthvað annað á ferðinni sem er alveg gersamlega útilokað að fá út úr lestri málsins eins og það er lagt fyrir. En þetta er auðvitað ekki stórmál.

Hitt er miklu stærra mál og það kom fram í svari hæstv. ráðherra og ég þakka að það var hreinskilnislega viðurkennt að um þetta mál, sem er auðvitað stórmál, liggja ekki fyrir skýrar reglur eða niðurstöður hvernig farið verði með þær upplýsingar sem þarna verður safnað í einn miðlægan banka, um ferðir, feril skulum við segja allra íslenskra fiskiskipa um landhelgina. Það er augljóst mál að þarna geta legið upplýsingar sem margir hefðu áhuga og augastað á. Ég vil fyrir mitt leyti segja um leið og ég fagna því að þetta mál verði skoðað af hv. nefnd og jafnvel settar um það reglur verður að vera algerlega öruggt að meðferð þessara upplýsinga verði svo vönduð og traust að engin tortryggni skapist um þær. Þá er verr af stað farið en heima setið og ég vara við því að menn velti t.d. upp hugmyndum um að þessum upplýsingum verði blandað saman við fiskveiðistjórnun. Ég held að það muni skapa tortryggni og best er að girða algerlega fyrir slíkt alveg frá byrjun og engin önnur nýting þessara upplýsinga verði leyfð nema sú sem allir aðilar málsins eru sammála um og geti ekki skapað nokkra minnstu tortryggni því að ekki má veikja þetta kerfi með neinum slíkum misráðnum ákvörðunum.

[11:32]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt hefur Slysavarnafélagið farið svo með þær upplýsingar sem það hefur haft að ekki hefur vakið neina tortryggni hjá sjómönnum. Má vera að af þeim sökum hafi ekki verið tekin samtímis afstaða til þess álitamáls sem hér kom upp. Ég vil aðeins rifja upp að í lögum tilkynningarskyldu íslenskra skipa segir:

„Öll íslensk skip, sem búin eru talstöð, önnur en varðskip, skulu tilkynna:

a. brottför skipsins úr höfn;

b. staðsetningu skipsins a.m.k. einu sinni á sólarhring, fiskiskip samkvæmt ákvörðun eftirlitsmiðstöðvar og farþegaskip eftir aðstæðum;

c. komu skipsins í höfn."

Þetta ber að gera nú. Hér er gert ráð fyrir að tíðni verði miklu meiri, og eins og ég hygg að hv. þm. sé kunnugt um er gert ráð fyrir í sjálfvirku tilkynningarskyldunni að tilkynningar berist á 15 mínútna fresti og getur verið miklu oftar ef þannig viðrar eða ef ástæða er til.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Mér finnst alveg sjálfsagt að þetta mál sé athugað til þrautar og mín skoðun er hin sama og hv. þm. að best fari á því að þær upplýsingar sem liggja hjá Slysavarnafélaginu og varða öryggi sjófarenda berist ekki annað.

[11:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka þessi svör og ég fagna því að um þetta mál er ekki ástæða til að ætla að neinar deilur verði og menn eru sammála um hvað hlýtur að hafa algjöran forgang og ráða í raun og veru. Það er að tryggja óvefengjanlega meðferð þessara upplýsinga, geymslu, varðveislu þeirra og/eða förgun, sem kannski er í raun það sem málið snýst um, þ.e. að þessum upplýsingum verði bara eytt jafnóðum og þær hafa misst gildi sitt.

En það sem menn verða að hafa hér í huga er að nú verður um rafræna skráningu upplýsinganna að ræða. Og þá erum við komin inn í allt annan heim, við erum komin inn í þann heim að út af fyrir sig væru geymslumöguleikarnir ótakmarkaðir og upplýsingar gætu legið fyrir á einum diski um feril allra íslenskra skipa innan landhelginnar árum saman ef því væri að skipta, geri ég ráð fyrir. Þá er náttúrlega líka orðin spurning hvort aðilar eins og tölvunefnd og aðrir slíkir komi ekki við sögu og þessi upplýsingameðferð verði að uppfylla ekki bara slík ákvæði heldur og önnur sem við kynnum að vilja setja í þessu tilviki og væru jafnvel strangari, ákvæði eins og þau að upplýsingum væri eytt með kerfisbundnum hætti eða þeim fargað um leið og það hefði ekki lengur gildi út frá öryggissjónarmiðum að geyma þær.

Mönnum gengur oft illa að átta sig á þessari nýju öld þar sem hægt er að geyma mér liggur við að segja, með þínu leyfi, herra forseti, allan fjandann alveg endalaust. Það kemur í ljós t.d. að hægt er að geyma á smákubbum eða diskum upplýsingar um hvar öll heimsbyggðin hefur hringt í sína GSM-síma og hvar hún hefur verið, og eru það nú upplýsingar sem ýmsum kynni að þykja óheppilegt að verið væri að þvælast með út um dal og hól, svo sem eins og í hvern menn hafi verið að hringja og hvar og hvenær úr gemsum sínum (**Gripið fram í:** Og hvar staddir.) og hvar staddir. Og er það þó smámál borið saman við hitt, sem hér er undir, að við stöndum þannig að málum að það verði til farsældar.

[11:36]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þetta er athyglisverður flötur sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon veltir upp varðandi upplýsingaskyldu og hvernig skuli með hana farið. Ég tel að rétt sé málsins vegna að það liggi alveg ljóst fyrir hvernig farið verður með upplýsingar tengdar sjálfvirkri tilkynningarskyldu. Ég tek líka undir það sem bæði hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra og hv. þm. um nauðsyn þess að tryggt verði hvernig farið verður með upplýsingar málsins vegna, vegna þessa mikla og merkilega máls sem lýtur að sjálfvirkri tilkynningarskyldu. Ég tel að það sé af hinu góða að þetta mál skuli hafa komið hér upp á borðið þannig að sjómenn megi vita með vissu hvernig farið verður með, og síðast en ekki síst til að málið fái góðan framgang.

Hitt er svo annað mál þegar fram líða stundir ef sjómenn og þeir aðilar sem með þessi mál fara á seinni stigum verða sammála um að þetta verði kannski nýtt til annarra þátta en eingöngu öryggishlutverksins. Það er bara seinni tíma mál ef svo ber undir.

En ég tek undir það að mjög nauðsynlegt er að upplýsingaskyldan sé með ákveðnum hætti þannig að ekki leiki nokkur vafi á hvernig farið verður með upplýsingar.

[11:38]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 301. mál, frv. ÞHS og ÁRJ, þskj. 361.

Fækkun umferðarslysa á árinu 1997, 310. mál, fsp. BH, þskj. 370.

Sektaraðgerðir við vegaeftirlit, 220. mál, svar dómsmrh., þskj. 342.

Sjómannaafsláttur, 237. mál, svar fjmrh., þskj. 371.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 303. mál, frv. GE, þskj. 363.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigubifreiðar, 1. umr.

Stjfrv., 281. mál. — Þskj. 329.

[11:39]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með frv. þessu er lögð til breyting á skilgreiningu núgildandi laga á óflekkuðu mannorði í lögunum um leigubifreiðar.

Eins og þingheimi er kunnugt var samþykkt breyting á þessum lögum á liðnu þingi. Var þar m.a. vikið að skilgreiningu á þessu hugtaki en að mati samgrn. er nauðsyn að gera þar betur eða breyta þeirri skilgreiningu.

Fyrir þessu þingi liggur einnig frv. um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum þar sem er að finna sambærilega skilgreiningu og hér er lögð til. Að mati ráðuneytisins er eðlilegt að sömu kröfur séu gerðar til allra atvinnubifreiðastjóra hvað þetta varðar.

Hér er því skilgreint hvaða háttsemi sé þess eðlis að menn hafi fyrirgert rétti sínum til að fá útgefið atvinnuleyfi á leigubifreið. Samkvæmt frv. mega menn ekki hafa verið dæmdir til refsivistar né framið alvarleg eða ítrekuð brot á reglum um starfsskilyrði greinarinnar.

Í undantekningartilvikum geta stjórnvöld metið hvort umsækjandi fær útgefið leyfi þótt hann hafi brotið af sér. Jafnframt er gert ráð fyrir því að ef menn, ungir að aldri, hafi framið afbrot sé eitthvert svigrúm til að bregðast við því.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

[11:40]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hæstv. ráðherra taki það ekki illa upp þó að ég spyrji hér einnar spurningar sem ég hefði gjarnan viljað fá svar við áður en þetta mál fer til nefndarinnar.

Hvernig er það með þessa grein, mun maður sem orðið hefur gjaldþrota og sækir um leyfi til leigubílaaksturs eða atvinnuleyfi á leigubifreið fá leyfið? Ég hef fengið nokkur dæmi inn á mitt borð um að menn sem hafa lent í gjaldþroti fái ekki leyfi til leigubílaaksturs, eins og lögin eru í dag. Ég hefði því gjarnan viljað að það kæmi fram í umræðunni hjá hæstv. ráðherra hvort þetta orðalag á greininni breyti einhverju þar um. Eða mun þetta tilvik sem nefnt er í athugasemdum við lagagreinina, þar sem talað er um að í undantekningartilvikum geti stjórnvöld metið hvort umsækjandi fái útgefið leyfi þótt hann hafi brotið af sér, hvort undir það falli að gjaldaþrotamenn geti fengið undanþágu og fengið atvinnuleyfi. Það er mikilvægt að mínu mati að það komi fram við 1. umr. þessa máls.

[11:42]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hefur ekki áhrif á það. Á hinn bóginn getur maður á ný orðið fjár síns ráðandi þótt hann verði gjaldþrota með því að það verði upphafið annaðhvort með því að hann geti greitt skuldir sínar eða að lánardrottnar falli frá kröfu sinni ef nægilegur tími er liðinn. Ég man nú satt að segja ekki alveg hvernig sú málsmeðferð er, en ég hygg að þegar frá líður eigi að vera auðvelt fyrir mann sem orðið hefur gjaldþrota að vera á ný sjálfs sín ráðandi.

[11:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði viljað sjá og heyra það hér að hægt væri að veita undantekningar. Ég veit um nokkur tilvik þar sem leigubílstjórar eru öryrkjar og eru að reyna að vinna. Þetta er kannski eina vinnan sem þeir geta unnið en hafa lent í þeim hremmingum kannski vegna sjúkdómsferils eða af öðrum ástæðum að verða gjaldþrota og ekki getað komist yfir það þá er þeim nánast gert það ókleift ef þeir eru bara á lífeyrisgreiðslunum sem eru mjög lágar eins og menn þekkja. Og ef þeir vilja reyna að auka tekjur sínar, t.d. með leigubifreiðaakstri, þá eru þeir algjörlega upp á aðra komnir, þeir þurfa að fá leyfi hjá öðrum, keyra fyrir aðra, og það getur verið erfiðleikum háð. Ég veit að þetta ákvæði hefur valdið öryrkjum töluverðum erfiðleikum og ég hefði viljað sjá hér að það væri möguleiki á undantekningum vegna þeirra tilvika að lífeyrisþegar eru að reyna að vinna sig út úr fjárhagsörðugleikum og hafa eiginlega ekki tök á því að vinna aðra vinnu en leigubílaakstur.

[11:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það fari ekki saman að standa fyrir sjálfstæðum rekstri, atvinnurekstri, bera ábyrgð á honum, taka á sig skuldbindingar sem slíku fylgir og vera gjaldþrota. Á hinn bóginn hygg ég að oft sé hægt að leita samninga við kröfuhafa um að þeir með yfirlýsingum sínum dragi kröfur sínar til baka og þá er gjaldþrotið sjálfkrafa afturkallað. Ég hygg að það sé sú leið sem viðkomandi verður að fara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, 1. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 330.

[11:45]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þessu frv. er ætlað að leysa af hólmi lög um skipulag á fólksflutningum með landferðabifreiðum, nr. 53/1987, með síðari breytingum, en þau eru mun eldri en ártalið segir til um.

Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi þessarar greinar. Hópferðaakstur hefur aukist gríðarlega á Íslandi og aðild landsins að Evrópska efnahagssvæðinu hefur kallað á töluverðar breytingar á lögum og reglum er gilda um atvinnubifreiðar og akstur þeirra. Enda þótt þegar hafi verið brugðist við þessu að hluta hafa þó enn orðið breytingar innan regluverks Evrópusambandsins sem kalla á endurskoðun þessara laga. Af því tilefni er nauðsynlegt að taka á öðrum þáttum en mál þetta varðar og var því ákveðið að endurskoða lögin í heild. Með samningu frv. var haft náið samráð við þá aðila sem mestra hagsmuna hafa að gæta.

Meginbreytingin snýr að útgáfu hópferðaleyfa. Hér er lagt til að Vegagerðin taki að sér útgáfu þeirra auk eftirlits með einstökum þáttum. Með þessari breytingu er málskot aðila sem mál kann að varða til samgrn. sem æðra stjórnvalds tryggt. Með þessu skapast mun skilvirkari og öruggari stjórnsýslumeðferð en áður. Jafnframt er gert ráð fyrir því að skipulagsnefnd fólksflutninga verði lögð niður.

Þá eru lagðar til töluverðar breytingar á útgáfu leyfa auk þess sem skilyrði til að stunda fólksflutninga á landi eru hert nokkuð. Í stað þess að umsækjandi sýni fram á að hann hafi óflekkað mannorð skal hann uppfylla ákveðin skilyrði sem eru tilgreind nánar í frv. Er það í samræmi við hugtakanotkun Evrópusambandsins um góðan orðstír en ekki þótti heppilegt að setja það hugtak í frv. þar sem það er ekki þekkt í íslenskri löggjöf. Þá er einnig gerð krafa um að umsækjendur fari á námskeið áður en þeir fá úthlutað og er þá á hendi Vegagerðarinnar að sjá til þess að slík námskeið verði haldin. Einnig er gerð krafa um fullnægjandi fjárhagsstöðu og skal það skilyrði útfært nánar í reglugerð.

Þessi ákvæði um skilyrði leyfis eru að miklum hluta komin til vegna reglna Evrópusambandsins um aðgang að starfsgrein farmflytjenda og farþegaflytjenda á landi og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og öðrum vitnisburði um formlega menntun í innanlands- og millilandaflutningum. Í viðauka með reglugerðinni er einnig tíundað námsefni á því námskeiði sem umsækjendum um leyfi samkvæmt þessu frumvarpi er gert að taka.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

[11:49]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. til laga um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum sem hér er mælt fyrir er

samið að því er fram kemur í athugasemdum í samgrn. í samráði við Félag hópferðaleyfishafa og Félag sérleyfishafa. Hæstv. ráðherra mælti fyrir frv., ekki í löngu máli heyrðist mér, en telur væntanlega að þetta mál sé einfalt í sniðum og þarfnist ekki mikilla útlistana til viðbótar við það sem fram kemur í greinargerð eða athugasemdum með frv. Ég held að fyllilega sé þörf á því að endurskoða löggjöf og fyrirkomulag á þessu sviði, ég get tekið undir það, en mér sýnist að ýmis ákvæði í þessu frv. þyrftu að fá góða skoðun í hv. samgn. Ég vil leyfa mér að nefna örfá atriði til athugunar varðandi málið.

Mér finnst ekki koma nógu skýrt fram þar sem vikið er að í greinargerð með málinu hverjar séu í raun reglur Evrópusambandsins sem rammi af málið. Ég hefði talið nauðsynlegt vegna þessa máls að hæstv. samgrh. miðlaði til þingnefndar skýrum upplýsingum um það hvaða forskrift það er í raun-inni sem EES-samningurinn leggur í sambandi við málið. Vikið er að því í athugasemdum með frv. að slíkar reglur séu til staðar og það er mér kunnugt. Tekið er tillit til þeirra í sambandi við lagabreytingar og mér finnst að það skorti á að gerð sé skýr grein fyrir því hverjar takmarkanirnar eru sem Evrópurétturinn setur í málinu. Hvað er það sem snertir þetta frv. sérstaklega sem verið er að breyta vegna þess að slík forskrift liggi fyrir. Það er mjög óljóst og verður ekki lesið út úr þessum athugasemdum, ekki a.m.k. í fljótu bragði. Ég skal viðurkenna, virðulegur forseti, að ég tók mér ekki tíma fyrr en í morgun til þess aðeins að renna yfir málið og athugasemdirnar. Ég hef því ekki aflað mér neinna frekari upplýsinga en lesa má út úr frv. sjálfu og athugasemdum við það.

Mér sýnist að ein meginbreytingin út frá stjórnsýslu frá því sem verið hefur sé sú að verið sé að greina skýrar á milli leyfa og leyfisveitinga og að leggja leyfisveitingar í hendur Vegagerð ríkisins, leyfisveitingar fyrir fólksflutninga með hópferðabifreiðum til þess að opna síðan fyrir kærumöguleika til æðra stjórnvalds, sem sagt ráðuneytisins. Sjálfsagt er ekki galið að reyna að greina þarna á milli. Það er ekki heppilegt að úthlutun sé á æðsta stjórnstigi og kæruleiðir í rauninni. Trúlegast er Vegagerðin ekki óeðlilegur aðili til þess að fjalla um slíkt. Það er auðvitað verkefni fyrir góðan starfsmann eftir atvikum að hafa reiður á þessum málum og fjalla um það. Hvort hann situr í ráðuneyti eða í stofnun á vegum ráðuneytisins er ekki stórmál út af fyrir sig en getur verið skynsamlegt út frá málsmeðferð og stjórnsýslu.

Sitthvað vekur athygli í framsetningu á þessu frv. eins og að í orðskýringum er talin þörf á því að skilgreina hvað eru óreglubundnir flutningar, þegar búið er að draga fram skýringar á leyfisþáttunum og þá er tekið fram í orðskýringum að óreglubundnir flutningar eru aðrir flutningar en reglubundnir. Mér finnst þetta kannski dálítið smásmugulegt en það kann að vera að rök séu fyrir því að setja í lagatexta. Það má finna fleira í ætt við þetta í frv., t.d. í 6. gr., svo að dæmi sé tekið. „Ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu." Ég skil þetta svo, hæstv. ráðherra, að ég þurfi ekki að sækja um sérstakt leyfi fyrir einkabifreið til þess að flytja sjálfan mig eða nákomna í einkabifreið án gjaldtöku en tekið er skýrt fram að ekkert leyfi þurfi til flutnings í eigin þágu.

Þetta minnir á þekkt svar sem við sem stöldruðum við í Menntaskólanum á Akureyri könnumst við um ágætan lærimeistara sem eitt sinn var nemandi og kom upp í bandorminum í náttúrufræði. (**Gripið fram í:** Einum bandormi.) Í bandorminum, já, bandorminum í náttúrufræði og hafði ekki mikið fram að færa í munnlegu prófi því að þarna voru stunduð góðu heilli munnleg próf í þessari merku stofnun, MA. En lét þess getið um leið og hann vék úr stólnum og það mun hafa verið það fyrsta og eina sem nemandinn sagði: „Það sakar ekki að geta þess að kvikindið andar með húðinni." Auðvitað bjargaði það honum. Þetta kom mér í hug í tengslum við þessa ágætu texta. Það sakar ekki að geta þess að ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu.

Af þessum toga er í athugasemdum er fjallað um leyfi með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Þá eru skilyrði þess að fá leyfi til að stunda fólksflutninga á landi hert nokkuð. Í stað þess að umsækjandi sýni fram á að hann hafi óflekkað mannorð skal hann uppfylla ákveðin skilyrði sem nánar eru tilgreind í frumvarpinu. Er það í samræmi við hugtakanotkun Evrópusambandsins um góðan orðstír (good reputation) en ekki þótti heppilegt að setja þetta hugtak í frumvarpið þar sem það er ekki þekkt í íslenskri löggjöf. Hér er um mun strangari skilyrði að ræða en um getur í skilgreiningu á óflekkuðu mannorði og á það mun betur við það starfssvið sem fjallað er um hér."

Ég náði ekki alveg samhengingu á milli þessara málsgreina en hitt að ekki sé talið rétt að setja hugtakið „góður orðstír" í íslenska löggjöf í frv. vegna þess að það sé ekki í lögum þó að það samræmist e.t.v., nú skal ég ekki skera úr. Það er kannski til sérstök skilgreining um það hvað er good reputation og mér skilst það raunar, en ég hefði ekki verið svona spar á að nota orðin „góður orðstír" nema þau stangist þá ljóslega á við hugtakaskilgreiningu Evrópusambandsins á good reputation en ég þarf ekki að hafa upp fyrir hæstv. forseta eða þingheimi stöðu hugtaksins orðstír í íslensku máli. Á það sínar rætur nánast aftur í forneskju og er hverju mannsbarni þekkt.

En aftur til frv. sjálfs. Í sérleyfum er greint á milli þriggja þátta. Í fyrsta lagi er raunar sérstök lagagrein, 3. gr., um útgáfu leyfa sem er almennt um að leyfi Vegagerðarinnar þarf til að stunda fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum. Leyfið skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt. Síðan er sérstakur kafli um sérleyfi, fyrst almenn skilgreining og síðan um einkaleyfi, sérstaka reglubundna flutninga, aðra reglubundna flutninga þannig að þetta er margþrepa. Varðandi útgáfu sérleyfa skal leita umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Heimilt er að setja nánari skilyrði o.s.frv.

Ég staldraði aðeins við Samband ísl. sveitarfélaga sem er hið merkasta félag. Er ekki ástæða til að líta sér ögn nær hugsanlega í sambandi við sérleyfi, t.d. á fleiri sveitarfélög eða þau sem eru í viðkomandi landshluta ef um staðbundið leyfi eða hugsanlega sérleyfisleið er að ræða? Nú rakst ég ekki á það í textanum að nein skilgreining væri í rauninni á sérleyfisleiðum en ég skil það svo að hugsunin sé að veita sérleyfi á tilteknum leiðum. Mér sýndist þetta fyrst og fremst koma fram í sambandi við einkaleyfi sem svo er kallað og það er annar þáttur málsins. Þó stendur í 4. gr., með leyfi forseta:

„Þeir sérleyfishafar, sem hafa haft sérleyfi áður, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum ef þeir aðilar sækja um þau og fá meðmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga."

Þetta er heldur óljóst orðalag, finnst mér. Það þyrfti að athuga það. Spurningin er hvort ekki er átt við þá aðila sem hafa haft sérleyfi áður á viðkomandi leið, og þá er væntanlega verið að hugsa um þá leið sem viðkomandi hafði sérleyfi á

áður. Þetta er lítið atriði en ég hnaut um það við yfirlestur. Svo lýkur 4. gr. með þessu orðalagi, með leyfi forseta:

„Í sérleyfisakstri er sérleyfishafa heimilt að nota bifreiðar sem rúma 3–8 farþega.“

Þá vaknar spurning: Er þá ekki heimilt að nota bifreiðar sem flytja fleiri eða færri en 3–8? Mér finnst að það megi ályktа af þessum orðum að þetta sé svigrúmið. „Í sérleyfisakstri er sérleyfishafa heimilt að nota bifreiðar sem rúma 3–8 farþega.“ Ég sé ekki að það séu tilgreind fyrr í greininni nein stærðarmörk. Er það meiningin að þetta sérleyfi gildi um akstur bifreiða sem rúma 3–8 farþega? Þetta er auðvitað einnig framsetningaratriði en ef þetta væri efnislega skilningurinn þá er málið náttúrlega nokkuð stórt, þ.e. ef á að takmarka það við þetta. En ég geri auðvitað ekki ráð fyrir að það sé hugmyndin.

Síðan kemur þetta einkaleyfi sem svo er kallað. Það er leyfi sveitarfélaga til að fá sérleyfi og stunda akstur á sínum vegum, standa fyrir slíkum rekstri. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nú ákveður sveitarstjórn að taka í sínar hendur rekstur reglubundinna flutninga innan síns lögsagnarumdæmis þar sem áður hefur verið sérleyfi og er þá skylt að veita sveitarstjórn einkaleyfi þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi sveitarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi ...“

Þetta gildir um leyfisveitingu til sveitarfélaga innan sinna marka. Ef ég les rétt í textann þá geta sveitarstjórnir ýtt út, ef þeim svo býður við að horfa, sérleyfishafa sem hefur stundað slíkan akstur. Það þurfa bara að líða sex mánuðir og þá verður viðkomandi að pakka saman. Þannig skil ég þennan texta.

„Vegagerðinni [er] heimilt að binda leyfið því skilyrði að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn til að kaupa þær fasteignir og bifreiðar sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar á verði sem samkomulag næst um ...“

Allt finnst mér þetta dálítið sérstakt, að það sé verið að veita sveitarfélögum heimild á svo ákvarðandi hátt. Þetta kann að varða almenningssamgöngur, en ég skil ekki málið þannig að þetta séu í rauninni almenningssamgöngur. Eru það Strætisvagnar Reykjavíkur sem hér er verið að tala um eða hvað? Ég sé ekki að tekið sé á því. En það mætti halda að þetta ætti kannski við um það. Spyr sá sem ekki veit. Svo segir í lok þessarar einkaleyfisgreinar, með leyfi forseta:

„Öðrum en einkaleyfishafanum er óheimilt nema með samþykki hans að flytja um einkaleyfissvæðið aðra farþega en þá sem teknir eru upp utan þess og þá sem teknir eru upp innan svæðisins til flutnings út fyrir það.“

Þetta er, virðulegi forseti, texti í lagi eins og maður segir og ég leyfi mér að endurtaka hann því hugsunin kann að hafa farið fram hjá mönnun, með leyfi forseta:

„Öðrum en einkaleyfishafanum er óheimilt nema með samþykki hans að flytja um einkaleyfissvæðið aðra farþega en þá sem teknir eru upp utan þess og þá sem teknir eru upp innan svæðisins til flutnings út fyrir það.“

Ég held að þetta hljóti að vera skothelt. Svo er hér um sérstaka reglubundna flutninga á ákveðnum hópi farþega o.s.frv. En varðandi einkaleyfisákvæði og sveitarfélögin þá vaknar sú spurning í mínum huga hvort það sé einboðið út frá hinum heilögu samkeppnisreglum að þetta gangi upp. Ég veit það ekki, e.t.v. á grundvelli svona lagasetningar, en það er spurning.

Í III. kafla eru ýmis ágæt ákvæði eins og um óreglubundna flutninga og um akstur sérútbúinna bifreiða. Það er auðvitað full þörf á því að fylgjast með því og gera kröfur til þess. Það koma í rauninni mörg atriði upp í hugann sem ekki snerta beinlínis þessa löggjöf hér eða þetta frv. sem varða flutning á fólki til fjalla og m.a. um jökla landsins. Það er eitt af þeim atriðum sem ég hafði raunar haft í hyggju að vekja máls á í þinginu og leyfi mér að nefna það hér að ég held að mikil þörf sé á því að fara yfir þau efni í ljósi fenginnar reynslu, þ.e. út frá öryggissjónarmiðum.

Virðulegur forseti. Tími minn er á þrotum. Margt fleira hefði verið ástæða til að nefna í þessu merka máli þar sem opnað er fyrir reglugerðarsetningu hæstv. ráðherra og gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 1999 svo að menn mega hafa hraðann á við að vinna í þessu máli.

En að lokum allra síðast, virðulegur forseti, efst á bls. 6. í athugasemdum er vikið að setningu á reglugerð, ákveðnum atriðum sem innleidd voru í íslenska löggjöf með reglugerð og ég vildi biðja hæstv. samgrh. að bregðast alveg sérstaklega við því hvort hæstv. ráðherra hafi sett íslensk lög með reglugerð.

[12:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér þótti vænt um að hv. þm. skyldi rifja upp gamla gamansögu af Brynleifi Tobíassyni og séra Jóni Péturssyni prepon sem síðar var á Kálfafellsstað. Ég hygg að ég hafi misheyrt það að hv. þm. hafi talið að þessi orðaskipti hafi átt sér stað fyrir norðan. Auðvitað voru þeir í Lærða skólanum hér fyrir sunnan, þeir heiðursmenn, þegar þeir voru að lesa undir náttúrufræðiprófið og má kannski líka ímynda sér að Brynleifur Tobíasson hafi haft á ýmsu meiri áhuga en bandorminum. Á hinn bóginn var séra Jón Pétursson þeim gáfum gæddur að hann mundi það sem hann las — eða hvort það var faðir hans, Pétur Jónsson. Ég þarf nú að rifja upp hvenær þessir karlar voru fæddir til þess að ég þori að fullyrða um það hvor feðga var að lesa með Brynleifi Tobíassyni. En báðir voru þeir prestar á Kálfafellsstað þannig að það breytir engu um það atriði svo við getum sagt að það hafi verið síðar prestur á Kálfafellsstað og Brynleifur Tobíasson sem áttu þessi orðaskipti, sem er kannski kjarni málsins.

Mér þótti margt áhugavert sem hv. þm. kom fram með hér og gott er að fá svo ítarlegar ræður um svo mikið efni og ég skal þegar í stað heita hv. þm. því að gera ráðstafanir til þess að samgn. geti fengið sem gleggstar upplýsingar um hvaða reglur Evrópusambandsins eða á hinu Evrópska efnahagssvæði aframmi þetta mál. Það sem auðvitað rekur á eftir er að nauðsynlegt er fyrir þá sem hafa slíkan rekstur með höndum hér á landi að þeir hafi fullan rétt til þess að aka um nálæg lönd, að ekki sé dregið í efa að þeir fullnægi öllum þeim skilyrðum sem þar eru sett. Að því lýtur auðvitað þessi flókna aðferð sem höfð er um skilyrði leyfis.

Nú er það svo um góðan orðstír að það er auðvitað í hugum okkar Íslendinga mjög tært orðasamband og okkur þykir vænt um að hugsa okkur það að einhver sem manni er nákominn hafi góðan orðstír. Hugsanlega má vera að rétt sé að setja það í lög. En við athugun málsins þótti það ekki. Hvort vera megi að það sé vegna þess að lögfræðingum sé ekki treystandi og kannski ekki dómurum til að skilja almennilega hvað í því hugtaki felst skal ég ekki segja en vel má taka það til athugunar í nefndinni hvort rétt sé að breyta því orðalagi. Aðalatriðið er að þeir sem sækjast eftir

hópferðaleyfi, eigi það tryggt að fá rétta málsmeðferð sinna mála og að fljótfærni í lagasetningu standi ekki rétti þeirra fyrir þrifum.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ástæða er til að fara mjög ítarlega í ýmsar athugasemdir hv. þm. eins og t.d. þá hvort rétt sé að hafa í 2. gr. um orðskýringar: „Óreglubundnir flutningar eru aðrir flutningar en reglubundnir.“ Í 1. gr. núgildandi laga stendur: „Með óreglubundnum fólksflutningum er átt við aðra fólksflutninga en reglubundna.“ Má nú kannski vera að rétt sé hjá hv. þm. að það orðalag sé nákvæmara og beini ég því til hv. nefndar að hún taki það til athugunar.

Mér finnst líka athugandi hvort það sem hv. þm. sagði um það að í sérleyfisakstri sé sérleyfishöfum heimilt að nota bifreiðar sem rúma 3–8 farþega. Mín vegna mætti standa 1–8 farþega vegna þess að í 1. gr. þessa frv. segir um gildissvið, með leyfi forseta:

„Lög þessi gilda um fólksflutninga á landi gegn gjaldi með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri.“

Þetta er hin almenna regla en á hinn bóginn gilda lög um leigubifreiðar um þá bíla sem minni eru og það er samhengið á milli þessara tveggja lagabálka sem veldur þessum ákvæðum.

Það er auðvitað álitamál hverjir eigi að koma að því hvernig standa skuli að veitingu sérleyfa. Ég hygg að það sé alveg skýrt sem hér stendur:

„Þeir sérleyfishafar, sem hafa haft sérleyfi áður, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum.“

Auðvitað má segja eins og hv. þm. vill: Þeir sérleyfishafar, sem hafa haft sérleyfi áður á viðkomandi leið, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leið — ef þeir aðilar sækja um kannski viðkomandi leið í þriðja skiptið. Það fer eftir smekk hversu langur lagabálkurinn á að vera hversu oft sömu orðin eru endurtekin.

Þegar hv. þm. dregur í efa að nóg sé að fá meðmæli Sambands ísl. sveitarfélaga í sambandi við úthlutun sérleyfa hlýt ég að minna á að sérleyfi ná oft til fleiri sveitarfélaga en eins og einnig að maður skyldi ætla að Sambandi ísl. sveitarfélaga sé treystandi til að fjalla um mál af þessu tagi. Loks vil ég gera ráð fyrir því að sveitarfélögum sé almennt kunnugt um það ef sérleyfi falli úr gildi og geti þess vegna ótilkvödd komið fram sínum athugasemdum. Ég ber því ekki þann ugg í brjósti að skýrari ákvæði þurfi að þessu leyti.

Um 5. gr. er það að segja að hún er nokkuð samsvarandi 8. gr. í núverandi lögum. Sex mánaða fresturinn er t.d. í núgildandi lögum þannig að hann er ekki nýr. En á hinn bóginn hlýtur sveitarfélagið að hafa þörf fyrir einhver úrræði til þess að grípa inn í ef illa er staðið að nauðsynlegum reglubundnum fólksflutningum innan sveitarfélagsins. Hér er það úrræði fundið að gefa sveitarfélögunum kost á að þau taki sjálf ábyrgðina í sínar hendur af ríkinu og sú hugsun á bak við að sveitarfélaginu eigi að vera kunnugra um það en ríkisvaldinu hvernig rétt sé að standa að reglubundnum fólksflutningum á svæðinu. Ég hygg að það sé t.d. miklu eðlilegra að Reykvíkingar sjái sjálfir um rekstur strætisvagna hér. Akureyringar hafa nýtekið ákvörðun um að halda uppi reglubundnum fólksflutningum, svo maður noti rétt orðalag, og láta almenningsvagna ganga um helgar. Ég hygg að ekki sé nema gott um það að segja og hygg að við eigum ekki að breyta til og taka það vald af sveitarfélögunum að þau geti hlutast til um það hvernig að þessum málum skuli staðið, enda hefur engin beiðni komið frá þeim um að hafa aðra skipan á, a.m.k. ekki svo mér sé kunnugt.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Það er rétt hjá hv. þm. að auðvitað eru ýmis atriði í þessu frv. sem orka tvímælis. Ég veit að samgn. sem er skipuð mjög góðum og duglegum þingmönnum mun taka málið til vandlegrar íhugunar og meðferðar og vænti þess að hægt verði að afgreiða frv. á þessu þingi.

[12:20]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér kom uppbót á framsöguræðu hæstv. ráðherra og er það þakkarvert. Einnig þakka ég honum fyrir ítarefni um sagnfræðilega þætti sem komu fram í máli mínu og hæstv. ráðherra bætti um betur. Ég heyrði líka á hæstv. ráðherra að hann teldi að þetta mál væri ekki svo gullslegið að ekki mætti gera betur. Það er aðalatriðið og hugsunin með ábendingum mínum var að koma því á framfæri við hv. nefnd að litið verði á vissa þætti málsins sem ég hef m.a. vakið athygli á og sjálfsagt eru þeir fleiri.

Ég vil segja um 5. gr. að þegar hún er lesin án skýringa, án þess að maður viti hvort aðallega sé verið að fjalla um almenningssamgöngur, það orð kemur hvergi fram í þessari grein, eða hvort um er að ræða að úthluta einkaleyfi á akstri t.d. innan míns heimasveitarfélags á leiðinni frá Neskaupstað til Reyðarfjarðar sem samkvæmt þessari grein væri fyllilega kleift ef opið væri að ryðja út aðila sem hefði þar sérleyfi á þeirri leið og sveitarfélagið tæki það í sínar hendur innan sveitarfélagsins. Hér er ekki verið að tala um almenningssamgöngur eingöngu. Það er ekki verið að tala um að sveitarstjórnin úthluti einhverjum þriðja aðila heldur að sveitarstjórnin taki reksturinn í sínar hendur. Það er innihald þessarar greinar. Sveitarfélögum er heimilt að taka að sér reglubundna fólksflutninga, þ.e. sérleyfi, innan síns lögsagnarumdæmis. Þetta er ekki um það að sveitarfélögin komi í stað ríkisins, ekki eins og þetta er orðað hér, og sveitarstjórn fari að úthluta einhverjum öðrum en sjálfri sér. Þetta er um sveitarfélagsrekstur á samgöngum með sérleyfi, með einkaleyfi, eins og textinn er eða þannig les ég í þetta.

„Nú ákveður sveitarstjórn að taka í sínar hendur rekstur reglubundinna flutninga innan síns lögsagnarumdæmis ...“

Ég bið um útlistanir ef þetta er ekki hugsunin.

Síðan spyr ég um það sem er efst á bls. 6 þar sem segir, virðulegur forseti, — og kannski rétt að tengja það aðeins við það sem segir neðst á bls. 5. Það er í sambandi við leyfi til að stunda fólksflutninga á landi og herðingu á þeim. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þá er einnig gerð krafa um að umsækjendur fari á námskeið áður en þeir fái leyfi úthlutað og er það á hendi Vegagerðarinnar að sjá um að slík námskeið verði haldin.“ — Þeir eru því farnir að taka að sér slíka fræðslu. — „Einnig er kveðið á um fullnægjandi fjárhagsstöðu en nánar skal kveðið á um hana í reglugerð.“ — Síðan segir, og ég bið hæstv. ráðherra að leggja við hlustir því ég er að beina hnitmiðaðri fsp. til hans: — „Þessi ákvæði um skilyrði leyfis eru að miklum hluta komin til vegna reglna Evrópusambandsins, einkum reglugerðar 96/26/EB sem innleidd var í íslenska löggjöf með reglugerð nr. 462/1998, um aðgang að starfsgrein farmflytjenda og farþegaflytjenda á landi og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum og öðrum vitnisburði um formlega menntun í innanlands- og millilandaflutningum. Í viðauka með reglugerðinni er einnig

tíundað námsefni á því námskeiði sem umsækjendum um leyfi samkvæmt þessu frumvarpi er gert að taka."

Mín spurning er sú: Var tiltekið ákvæði lögtekið með reglugerð, eins og hér segir? Mér skilst að það sé áhugamál hæstv. ríkisstjórnar að gæta þess að Evrópurétturinn vaði ekki óhindrað fram með reglugerðarsetningu einstakra ráðuneyta og mér kemur á óvart ef hæstv. samgrh. stendur fyrir slíkum — virðulegur forseti, mér datt í hug að segja subbuskap. Ég ætla ekki að nota það beint í þessu samhengi en mér væri það næst skapi. Það gengur auðvitað ekki að við séum að láta löggjafarvaldið úr höndum okkar í þessari stofnun jafnvel þó að sumum kunni að finnast um tiltölulega léttvæg efnisatriði að ræða. Það er matsatriði en leikreglurnar verða að vera skýrar. Kannski á hæstv. ráðherra skýringar á þessu.

Í sambandi við það síðan almennt, því sumt af því sem ég var að vekja athygli á var um orðalag og framsetningu, er það engin réttlæting þegar verið er að setja fram nýjan frumvarpstexta á Alþingi að eitthvað hafi staðið í gildandi lögum. Það eitt út af fyrir sig er ekki réttlæting á því. Við tölum stundum um lagabætur. Var ekki maður uppi eitt sinn sem hét Magnús lagabætir? Þeir hafa vissulega margir verið sem hafa verið að bæta lög og við erum að reyna það á Alþingi en þá eigum við ekki að taka upp slæmar forskriftir úr eldri löggjöf jafnvel þótt gildandi sé.

[12:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Um strætisvagna eða reglubundna fólksflutninga innan sveitarfélaga er það að segja að mér sýnist í fljótu bragði sem greinarnar séu efnislega mjög samhljóða í frv. og í gildandi lögum. Samkvæmt gildandi lögum hefur verið talið heimilt að sveitarfélög bjóði út rekstur almenningsvagna. Ég man ekki betur en það hafi verið gert á Ísafirði eftir að Ísafjörður stækkaði og náði til Þingeyrar. Ég man ekki betur en það er hægt að athuga í samgn. Mér finnst alveg sjálfgert vegna ummæla hv. þm. að farið sé yfir textann til að ganga úr skugga um að framkvæmdin geti orðið með þeim hætti sem löggjafinn ætlast til og vill.

Um það sem hv. þm. spurði, innleiðingu á reglugerð nr. 96/26 í íslenska löggjöf, þá var það talið af samgrn. að stoð væri í íslenskum lögum til að setja þá reglugerð og af þeim sökum var ekki leitað sérstakrar heimildar Alþingis en eins og ég sagði áðan munu þessar reglugerðir lagðar fyrir samgn. Nefndin getur því gengið úr skugga um það hvort hún sé sama sinnis um það og samgrn.

[12:28]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir vænt um að hæstv. ráðherra er sama sinnis og ég að líta þurfi á framsetningu í 5. gr. um einkaleyfi því að ljóst er að þessi ákvæði rúma það ekki að sveitarfélag bjóði út eftir að sveitarfélag annist eða gerist rekstraraðili og fái leyfið. Sveitarfélög eru farin að spanna nokkuð vítt eftir stækkun þannig að það getur verið um að ræða alveg hliðstæðar leiðir og verið er að úthluta öðrum leyfum á. Menn skulu því gæta sín að þessu leyti þegar lögin eru sett.

Varðandi síðasta atriðið er hæstv. ráðherra heldur betur kominn inn á grátt svæði. Skýringin er sú á þessari framsetningu, sem er í grg. og er kannski ekki það sem við eigum að ganga út frá en ég hef ekki þessa reglugerð fyrir framan mig, að ljóst er að samkvæmt þessari framsetningu hæstv. ráðherra, því að frv. er hans, voru ákvæði og reglur Evrópusambandsins innleiddar í íslenska löggjöf með reglugerð númer þetta. Slík málsmeðferð gengur bara ekki upp, hæstv. forseti, ekkert frekar þó að viðkomandi þingnefnd hafi verið sýndur textinn. Þannig afgreiðum við ekki lög. Það eru engin fyrirmæli um það eða skýrar reglur að þingnefndir fái að sjá reglugerðir. Það hefur oft verið rætt á Alþingi og í þingnefndum hvort ekki væri skynsamlegt að þingnefndir fái að sjá drög sem meginreglu, a.m.k. í þýðingarmiklum málum en ekkert slíkt er bókað í þingsköpum eða í reglum sem við vinnum eftir. Þetta vildi ég taka fram.

[12:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert við því að segja þótt hv. þm. vilji skilgreina orðið „löggjöf" þröngt en við vitum báðir að hér er um að ræða það mat samgrn., og þar með mitt mat, að ekki hafi þurft lagaheimild til að staðfesta reglugerðina þannig að hún verði hluti af þeim réttarreglum sem gilda hér á landi. Það er kjarni málsins.

[12:31]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er náttúrlega um miklu stærra mál að ræða en svo að við hæstv. ráðherra útkljáum það í orðaskiptum okkar á milli. Ég undirstrika það sjónarmið að það gengur ekki að innleiða í íslenska löggjöf reglur Evrópusambandsins nema fyrir þeim sé skýr lagastoð. Ég held að þau aðvörunarorð sem fram hafi komið, að mér skilst, ég hef ekki lesið nefndarálitið en ég held að það sé að finna í nefndaráliti. Í öllu falli kom skýr framsetning af hálfu forsrn. um að menn þyrftu að vanda sig að þessu leyti og menn væru komnir út á hálan ís í sambandi við innleiðslu á réttarreglum Evrópusambandsins vegna krafna EES-samningsins. Á því er áreiðanlega full nauðsyn og þetta gaf mér tilefni til að minna á það vegna þess sem liggur fyrir í athugasemdum.

[12:33]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek af allan vafa um að ég er fullkomlega sammála hv. þm. um að við verðum að hafa allan varann á í þessum efnum. Kjarni málsins er ekki sá hvernig við skiljum nákvæmlega orðalagið sem hér er heldur hvort sú reglugerð sem um ræðir hafi verið sett samkvæmt íslenskum réttarreglum. Það er auðvitað kjarni málsins en ekki hitt hvort ógætilega sé komist að orði í þessari greinargerð. Af þeim sökum mun ég láta kynna reglugerðina fyrir samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir sjóslysa, 1. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 331.

og

Siglingalög, 1. umr.

Stjfrv., 284. mál. — Þskj. 332.

[12:35]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Segja má að mikil vinna liggi að baki samningu þess frv. sem hér liggur fyrir og, eins og segir í

athugasemdum við lagafrv., „má rekja til þess að árið 1963 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að fela ríkisstjórninni að láta fara fram opinbera rannsókn á orsökum hinna fjölmörgu skipstapa sem orðið höfðu næstu tvö til þrjú árin á undan. Samkvæmt tillögunni átti að leggja fram tillögur að nýjum reglum um sjóhæfni íslenskra fiskiskipa, um breytingar á eldri skipum, staðsetningu veiðarfæra og hjálpartækja og búnað skips í sambandi við þau og annað það, er aukið getur öryggi sjófarenda frá því sem nú er."

Til þess að gera langa sögu stutta var unnið rækilega að undirbúningi löggjafar um þessi efni. Núgildandi lög eru nr. 34/1985, sbr. lög nr. 21/1986. Borið hefur á því í sambandi við framkvæmd þeirra laga að nokkurrar tortryggni hafi gætt vegna þess að rannsóknarnefnd sjóslysa hefur smátt og smátt þróast upp í að verða hluti af dómskerfinu eða hinu opinbera rannsóknarkerfi. Sjóslys hafa hingað til verið rannsökuð af lögreglu og fyrir dómi í sjóprófum. Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur haft heimild til að mæta við lögregluyfirheyrslur og í sjóprófum og spyrja spurninga. Þetta hefur óhjákvæmilega leitt til þess að menn hafa farið að líta á rannsóknarnefnd sjóslysa sem aukalögreglu og hafa sjóslysarannsóknir að þessu leytinu goldið fyrir það. Rétt er að undirstrika að þetta er ekki aðeins vandamál hér á landi heldur hefur það einnig komið upp í öðrum löndum.

Hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni hefur undanfarin ár verið unnið að því að setja alþjóðlegar reglur um rannsóknir sjóslysa og var samþykkt ályktun um þær á 20. fundi nefndarinnar í nóvember í fyrra. Kjarninn í þeim tillögum er að rannsóknir sjóslysa verði aðskildar frá öðrum rannsóknum og að því leyti gerðar hliðstæðar rannsóknum flugslysa. Er hér lagt til að tillögur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar verði alfarið lagðar til grundvallar um rannsóknir sjóslysa hér á landi. Meginbreytingin verður sú að sjóslysarannsóknir verða algerlega sjálfstæðar og að því leyti gerðar hliðstæðar rannsóknum flugslysa.

Mjög brýnt er að sem bestur lagarammi verði myndaður um rannsóknir sjóslysa hér á landi. Er það ekki síst nauðsynlegt til að tryggja annars vegar réttaröryggi þeirra sem rannsókn beinist að og hins vegar, og ekki síður, til að markmiðum rannsóknar verði náð sem eru einungis að auka öryggi og fækka sjóslysum. Í frv. er höfð hliðsjón af lögum um flugslysanefnd en þau lög hafa reynst vel.

Lögin ná til allra slysa og tjóna, stórra og smárra, er verða í sambandi við rekstur skips og varða öryggi skips, áhafnar og annarra manna, þar með talið þegar liggur við slysi. Í 1. gr. er tekið fram að lögin taki einnig til alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Enn fremur taka lögin til rannsókna á kafunarslysum sbr. 7. gr. laga um köfun, nr. 31 2. apríl 1996.

Lögsaga nefndarinnar er nánar skýrð í 4. gr. Hún tekur til allra íslenskra skipa, svo og allra erlendra skipa í siglingum að og frá landinu þegar slys varðar íslenska hagsmuni. Heimilt er rannsóknarnefndinni að rannsaka önnur slys eða atvik sem verða á erlendum skipum er koma til landsins eða í íslenska efnahagslögsögu ef nefndin telur ástæðu til þess eða þess er óskað af fánaríki. Nefndin skal m.a. rannsaka sjóslys þar sem skráð skip eiga hlut að máli og sem verða á íslensku yfirráðasvæði. Sjóslys þar sem skip skráð á Íslandi á hlut að máli, hvar sem það er statt í heiminum. Sjóslys og önnur atvik til sjós og á vötnum sem verða á óskráðum skipum, þar með talið skipum undir 6 metrum að lengd. Nefndin skal annast skráningu slysa og atvika sem verða um borð í íslenskum skipum af hvaða stærð sem er, svo og skráningu slysa og atvika sem verða á erlendum skipum sem nefndin tekur til skoðunar.

Í 5. gr. er tekið fram að nefndin starfi sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, lögregluyfirvöldum og dómstólum. Í þeirri grein er þó heimild til samgrh. til að fela nefndinni að rannsaka slys ef ríkar ástæður eru til og almannahagsmunir krefjast. Í 6. gr. eru ákvæði um skyldu skipstjóra til að annast skráningu og tilkynningu allra slysa á mönnum eftir nánari reglum sem samgrn. setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Því miður verður að segja að mikill misbrestur hefur verið á því að þessari tilkynningarskyldu hafi verið nægjanlega vel sinnt undanfarin ár en fullnægjandi tilkynningar um slys eru forsenda þess að hægt sé að rannsaka þau að gagni. Það er til lítils að rannsaka aðdraganda slysa mörgum mánuðum eftir að þau verða.

Í 17. gr. frv. er lagt til að vanræksla á tilkynningu geti varðað sektum.

Í 7.–11. gr. eru ákvæði um skyldu manna til að aðstoða nefndina við rannsókn, hvernig fara eigi með slysavettvang og um rétt nefndarinnar til að krefjast gagna frá útgerðum og öðrum aðilum og taka skýrslur af mönnum.

Í 12. gr. er eitt þýðingarmesta ákvæðið en þar segir að skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum. Er sérstaklega tekið fram að ekki skuli afhenda gögn er geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að eftir sem áður geta sjóslys orðið tilefni opinberrar rannsóknar en það verður utan verksviðs rannsóknarnefndar sjóslysa.

Í 14. gr. eru ákvæði um að nefndin eigi að gera skýrslu um sjóslys svo fljótt sem verða má. Í greininni er einnig gert ráð fyrir að nefndin geri tillögur til Siglingastofnunar um úrbætur í öryggismálum til sjós eftir því sem tilefni gefst til. Ber Siglingastofnun að taka afstöðu til tillagnanna. Þá eru í þessari grein ákvæði um að árlega skuli gefin út heildarskýrsla um störf nefndarinnar.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að skýrsla ársins 1995 mun koma út í þessum mánuði. Gert er ráð fyrir að skýrslan fyrir árið 1996 komi út í febrúar eða mars og fyrir árið 1997 næsta vor og árið 1998 síðar á árinu. Ástæðan fyrir því að ekki var hægt að koma skýrslunni fyrir árið 1995 fyrr út var að sá sem hafði séð um útgáfuna veiktist og var ekki vitað hvernig yrði um framhald á útgáfustarfsemi hans. Þegar ljóst varð að ekki yrði þar framhald á var útgáfan boðin út sl. vor.

Jafnframt þessu frv. er mælt fyrir frv. um breytingar á siglingalögum, þ.e. ákvæði 220. gr. um sjópróf. Um það er þetta að segja: Með breytingum þeim á rannsóknum sjóslysa sem lagðar eru til í frv. um þær kemur fram að ekki er lagt til að leggja sjópróf af enda geta þau verið nauðsynleg vegna annarra ástæðna en sjóslysarannsókna sem fara eiga fram sjálfstætt. Af þessum sökum þarf að gera nokkrar breytingar á kaflanum um sjópróf í siglingalögum. Hafa ákvæðin um sjópróf þess vegna verið endurskoðuð með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á réttarfari landsins. Meginbreytingin er þó sú að ekki verður lengur skylda að halda sjópróf. Þar sem sjóslysarannsóknir fjalla einungis um öryggi sjófarenda er eftir það hlutverk sjóprófa að leiða í ljós refsi- eða skaðabótaábyrgð. Sjópróf eru í eðli sínu hliðstæð þinghöldum sem haldin eru skv. 77. gr. einkamálalaga og má færa ákveðin rök fyrir því að þau ákvæði ein séu nægjanlegar heimildir til að taka sjóferðaskýrslu fyrir dómi.

Ríkissaksóknari og hagmunaaðilar telja hins vegar nauðsynlegt með hliðsjón af sérstöðu siglinga og útgerðar að hægt sé að halda sjópróf eins og verið hefur þótt þau verði ekki skylda. Í frv. er lagt til að sjópróf verði ekki skylda en hins vegar geti þeir sem tilgreindir eru í 2. gr. frv. óskað eftir sjóprófum. Gera má ráð fyrir að sjóprófum fækki heldur enda eru flest tilvikin rannsökuð af öðrum aðilum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Enginn vafi er á því að hér er hreyft mjög merkilegu og viðkvæmu máli sem nauðsynlegt er fyrir okkur að skipa eins vel og kostur er vegna þess sem í húfi er. Sjóslys eru allt of tíð hér á landi og hin nýja löggjöf varðandi rannsóknir sjóslysa ásamt ýmsum öðrum ráðstöfunum sem gerðar hafa verið beinist að því að komast að raun um orsakir slysa og reyna að koma í veg fyrir sjóslys í framtíðinni.

Tilgangurinn með lagasetningunni er jafnframt að eyða þeirri tortryggni sem verið hefur innan sjómannastéttarinnar í garð sjóprófa eins og þau hafa verið rekin sem hefur bitnað á starfsemi rannsóknarnefndar sjóslysa. Ég vil því vænta þess að með hinni nýju skipan muni sem fyrst, vonandi strax, eyðast sú tortryggni sem uppi er þannig að gott samstarf megi takast með sjómönnum, útgerðarmönnum og rannsóknarnefnd sjóslysa eins og tekist hefur hjá rannsóknarnefnd flugslysa en lögin eru sambærileg eins og hér hefur komið fram.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

[12:46]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég fagna þessum tveimur frumvörpum og tek heils hugar undir með hæstv. ráðherra um nauðsyn breytinga á þeim. Ég vildi þá fyrst víkja nokkrum orðum að frv. til laga um rannsóknir sjóslysa.

Hæstv. ráðherra kom réttilega inn á að nauðsynlegt væri að vinna að fækkun slysa meðal sjómanna því að þau væru allt of kostnaðarsöm og mörg. Ég gat þess fyrr í morgun að hæstv. ráðherra hefði skipað fimm þingmenn í sérstaka nefnd til að gera tillögur um frekari forvarnaaðgerðir vegna hárrar slysatíðni sjómanna. Þar kom m.a. fram að slys á sjómönnum á síðustu tíu árum, frá 1986–1996, eru tæp sex þúsund.

Í þessari skýrslu, eftir að Tryggingastofnun ríkisins var innt eftir fjölda einstaklinga sem metnir hefðu verið með 10–49% örorku á árunum 1984–1996, kom fram að á 13 ára tímabili hefðu 1.075 launþegar í landi verið metnir til örorku, að meðaltali um 83 á ári. Á þessu tiltekna tímabili voru 402 sjómenn metnir til örorku, þ.e. 30 sjómenn á ári að meðaltali. Útgjöld slysatrygginga Tryggingastofnunar ríkisins námu á árinu 1996 rúmlega 463 millj. kr. og þar af voru rúmlega 184 millj. kr. vegna sjómanna, þ.e. 39% heildarútgjalda. Þær upplýsingar eru mjög alvarlegar þegar litið er til þess að sjómenn eru innan við 5% þeirra sem starfa á íslenskum vinnumarkaði.

Herra forseti. Í frv. til laga um rannsóknir sjóslysa segir m.a. í 2. gr. að sjóslys merki hvern þann atburð sem leiði til skaða á mönnum og tjóns á skipi og verðmætum í sambandi við rekstur skips.

Í 4. gr. segir að lögsaga rannsóknarnefndar sjóslysa taki til allra íslenskra skipa, svo og allra erlendra skipa í siglingum að og frá landinu þegar slys varðar íslenska hagsmuni.

Hæstv. ráðherra kom áðan inn á það alþjóðasamstarf sem við búum við varðandi Alþjóðavinnumálastofnunina. Í samþykktum þar segir m.a. að ekkert megi spilla rétti nokkurs ríkis til að framkvæma sjálfstæða rannsókn samkvæmt eigin landslögum á sjóslysi sem orðið hefur innan lögsögu þess. Hér er valdsvið sjóslysanefndar því verulega útvíkkað og full ástæða til og nauðsynlegt með tilliti til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Það hefur borið á því á umliðnum árum að upplýsingar um slys á sjómönnum hafi ekki verið skráð þannig að byggja megi á þeim rökstuðning fyrir því að eitthvert eitt tiltekið starf um borð í skipi sé öðru hættulegra. Því er nauðsynlegt ákvæði í 6. gr. um að skipstjóra eða þeim er kemur í hans stað sé skylt að annast skráningu og tilkynningu allra slysa á mönnum sem verða á skipi eftir nánari reglum er samgönguráðuneytið setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins.

Ég vitnaði til Tryggingastofnunar ríkisins áðan. Í upplýsingum sem þaðan koma eru skráningar mjög takmarkaðar og ganga eingöngu út á að réttlæta greiðslur til útgerðarmanna eða sjómanna, ekki er skráð hvar slysið varð, hvernig, við hvaða aðstæður o.s.frv.

7. gr. er athyglisverð, herra forseti. Ég er ánægður með framsetningu þeirra mála. Ég gat áðan um nefnd sem benti í gögnum sínum á atriði sem virtist einn af helstu slysavöldum meðal sjómanna um borð í skipum. Slys á sjómönnum verða einmitt þegar verið er að hífa eða slaka út veiðarfærum, þau verða við blakkir, tromlur og hvers konar annan búnað sem notaður er til hífinga. Í 7. gr. segir, með leyfi forseta:

„Hafi sjóslys orðið, sbr. 6 gr., má ekki breyta vettvangi fyrr en skoðun þar til bærra aðila hefur farið fram, þar með talið að taka til geymslu alla hluti sem hreyfðir verða og tengjast slysinu. Verði sjóslys á hafi úti, þar sem eigi verður komist hjá því að breyta vettvangi áður en formleg rannsókn fer fram, er skipstjóra og öðrum skipstjórnarmönnum skylt að gera ítarlega skýrslu um vettvang, tildrög slyss og hverjir voru á vettvangi við störf eða annað. Skipstjórnarmönnum er skylt að taka til varðveislu hvers konar hluti sem bila, svo sem blakkir, lása, víra, keðjur, tóg, veiðarfærahluta og annað sem tengist slysinu. Verði slysið rakið til annars búnaðar, svo sem vél-, raf-, gufu-, hand- eða vökvaknúinna tækja, skal sá búnaður ekki notaður fyrr en rannsókn hefur farið fram á honum. Í þeim tilvikum þegar viðgerð á tæki úti á sjó er óumflýjanleg er skipstjóra og yfirvélstjóra skylt að sjá um að ítarleg skýrsla sé gerð um bilunina og viðgerðina og að allir hlutir, sem taka þarf út og setja nýja í staðinn fyrir, séu varðveittir. Slíkar skýrslur, svo og allir hlutir sem skylt er að taka til varðveislu um borð í skipi í sambandi við slys, skulu afhentir nefndinni [þ.e. sjóslysanefnd] við komu til hafnar."

Í þessu frv. kemur líka fram athyglisvert atriði sem ekki hefur verið áður í lögum og það er í 10. gr.:

„Rannsóknarnefnd sjóslysa ákveður hvenær skip má láta út höfn eða halda áfram för sinni eða hlutar þess sem rannsóknin beinist að eru látnir af hendi.

Nefndin getur haldið skipi eða hverjum hluta þess sem er svo lengi sem hún telur þörf vegna rannsóknarinnar."

Þetta er mikilvægt atriði. Því miður hefur það gerst hér á umliðnum árum að þegar skip hefur komið í höfn með slasaða sjómenn hefur þeim verið komið fyrir á sjúkrahúsi og skipið síðan haldið til veiða á ný án þess að rannsókn hafi farið fram. Rannsóknin fer kannski fram mörgum dögum seinna og kannski aldrei.

Við gerðum tillögu um það, þessi margumrædda nefnd, að nauðsynlegt væri að leggja þá skyldu á skipstjórnarmenn

að skrá öll slys um borð og þau atvik þegar liggur við slysi og senda þær upplýsingar til útgerðar og rannsóknarnefndar sjóslysa. Þar ættu m.a. að vera upplýsingar um vinnutíma þess slasaða. Verði alvarlegt slys um borð í skipi skuli rannsóknarnefnd sjóslysa heimilt að stöðva skipið meðan rannsókn slyssins fer fram. Útgerð beri ábyrgð á að fulltrúar hennar sjái um að verði slys um borð séu strax gerðar viðhlítandi ráðstafanir til að fara yfir öryggismál um borð ásamt allri áhöfninni og koma í veg fyrir að það endurtaki sig.

Virðulegi forseti. Það er nefndarmönnum mikið ánægjuefni að sjá hve vel hæstv. samgrh. og starfsfólk samgrn. hefur brugðist við þeim tillögum sem þingmannanefndin skilaði frá sér. Störf hæstv. samgrh. og starfsfólks samgrn. bera þess glögg merki að þau geri sér fulla grein fyrir alvarleika málsins og það er virðingarvert. Við ræddum um að starfsemi rannsóknarnefndar sjóslysa yrði verulega breytt og um hana sett sambærileg lög og um rannsóknarnefnd flugslysa. Megináhersla í starfi nefndarinnar verði lögð á að upplýsa orsök slysa og vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum. Kunnáttumönnum verði skipað í nefndina án þátttöku hagsmunaaðila og starfsmönnum fjölgað. Skýrsla rannsóknarnefndar sjóslysa komi út á t.d. sex mánaða fresti en jafnframt verði lokaniðurstöður um sjóslys gefnar út jafnóðum og þær liggja fyrir svo að nýta megi þær til forvarnastarfa.

Þegar litið er til, eins og hæstv. samgrh. kom hér inn á, kostnaðar af slysum, þá segir í lok grg., með leyfi forseta:

„Að lokum skal tekið fram að með frumvarpinu er leitast við að velja þá leið sem hefur minnstan kostnað í för með sér án þess þó að rannsóknarhagsmunir og réttaröryggi skerðist."

Og í umsögn um frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. segir:

„Talið er að árlegur rekstrarkostnaður muni nema um 21,5 millj. kr. en það er 4,6 millj. kr. hækkun frá fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999."

Nefndarmenn fengu upplýsingar víða að. Til fróðleiks vildi ég nefna eitt bréfanna sem vakti athygli nefndarmanna. Það var frá dr. Brynjólfi Mogensen sem er dósent í slysalækningum, forstöðulæknir slysa- og bráðasviðs. Hann segir, með leyfi forseta, í bréfi til nefndarinnar:

„Sjómennskan er hættulegasta starfið á Íslandi í dag. Dánartíðni er mun hærri en meðal þeirra sem starfa í landi. Slysatíðni er há og má gera ráð fyrir því að einn af hverjum tíu sjómönnum slasist á hverju ári. Þrátt fyrir þessar staðreyndir eru upplýsingar um orsök sjóslysa af fremur skornum skammti. Þetta er þeim mun merkilegra þegar slysakostnaður sjómanna er vart undir 280–300 milljónum á hverju ári. Líkast til er kostnaður vegna sjúkdóma enn þá hærri."

Herra forseti. Hér er vissulega alvarlegt mál á ferðinni og mikilsvert að vel til takist með fækkun slysa meðal sjómanna. Sá kostnaður sem áætlaður er til þessara rannsókna er ekki mikill miðað við þann sparnað sem af gæti hlotist ef vel til tekst með þá ætlan samgrh. að gera breytingar á rannsóknum sjóslysa.

Ég fagna því líka að hér skuli vera lagt fram frv. til laga um breytingar á siglingalögum varðandi sjópróf. Vissulega er full ástæða til að á þeim þætti rannsókna á slysum sjómanna og þeim atburðum sem verða á sjó sé tekið með þessum hætti, þ.e. rannsóknir sjóslysa séu í samræmi við það sem gerist varðandi flugslys. Annars vegar sé leitað orsaka og unnið að leiðum til að fyrirbyggja slys og hins vegar séu svo sjóprófin haldin líkt og hér er gert ráð fyrir. Þar er verið að leita að sök en þetta yrði glögglega aðskilið, eins og kom fram hjá hæstv. samgrh. Það var eitt af þeim atriðum sem við í nefndinni töldum löngu tímabært, að gjörbreyta formi sjóprófa þar sem m.a. verði gerð sú breyting á að fimm kunnáttumenn skipi sérstakan sjódóm er rannsaki og kalli til viðkomandi aðila ef um alvarleg sjóslys er að ræða. Þá gildir einu hvort um heimahöfn viðkomandi aðila er að ræða en nokkuð bar á því að þegar sjópróf voru haldin í höfnum úti á landi að þeir aðilar sem sátu þá sem meðdómarar tengdust með einum eða öðrum hætti þeim aðilum sem áttu hlut að máli. Hér er því gengið í átt til þess að koma þessum málum til betri vegar.

Ég hef áður þakkað hæstv. ráðherra og starfsmönnum samgrn. og siglingamála fyrir þetta framtak. Það er af hinu góða og í samræmi við alvarleika þess hversu mikill kostnaður er fylgjandi hárri slysatíðni sjómanna. Þetta segir allt um það hversu nauðsynlegt er að málið fái farsælan og skjótan framgang hér á Alþingi. Ég vona að það starf hæstv. samgn. verði til heilla og hagsbóta sjómönnum sem lengi hafa þurft að búa við alvarlegt ástand.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:01]

Hafnaáætlun 1999–2002, fyrri umr.

Stjtill., 291. mál. — Þskj. 343.

[13:30]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Vorið 1997 var þál. um hafnaáætlun samþykkt í fyrsta skipti. Það var fyrir árið 1997 til ársins 2000 og eins og hv. þingmönnum er kunnugt ber að endurskoða hana á tveggja ára fresti eins og hér er gert.

Ég vil í upphafi máls míns, herra forseti, víkja aðeins að því að samkvæmt gildandi hafnalögum er gert ráð fyrir því að á næsta ári verði varið 693 millj. kr. til hafnamála og sömuleiðis á árinu 2000. Þessi fjárhæð hækkar samkvæmt þeirri áætlun sem hér liggur fyrir um 100 millj. kr. á næsta ári og um 200 millj. kr. á árinu 2000 og síðan um 50 millj. kr. á árinu 2002. Ef við berum saman þessi tvö tímabil, frá árinu 1997–2000 og frá 1999–2002, kemur í ljós að aukning hafnafjárins er nálægt einum milljarði kr., úr 2.520 millj. kr. í 3.502 millj. kr. Aukning á framlögum til hafnargerðar á þessu tímabili er því tæplega 40%.

Jafnframt er nauðsynlegt að hafa í huga að gert er ráð fyrir því að skuldir verði greiddar niður á áætlunartímabilinu. Allar núverandi skuldir ríkissjóðs við hafnarsjóðina verða greiddar niður en gert er ráð fyrir að ekki náist að greiða hlut ríkissjóðs niður að fullu þar sem framkvæmdir eru mestar. Skuld ríkissjóðs við hafnarsjóði verður um 465 millj. kr. í lok tímabilsins en var hæst rúmar 700 millj. kr. í árslok 1997.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að hér er um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga að tefla. Oft getur svo borið við að óhjákvæmilegt sé að ráðast skyndilega og ófyrirséð í hafnarframkvæmdir, kannski vegna þess að skemmdir hafi orðið á hafnargarði eða sandur borist inn í höfn. Ástæða getur líka verið sú að ný skip hafi komið til sögunnar sem eru djúpristari en þau gömlu eða nýr atvinnurekstur er tekinn upp. Því er nauðsynlegt að nokkurt svigrúm sé haft til að hægt sé að leyfa sveitarfélögunum að

vinna fyrir sig fram og hefur þá sú verklagsregla skapast að sveitarfélögin verði að greiða fjármagnskostnað.

Þau atriði sem einkenna þá áætlun sem hér liggur fyrir eru í fyrsta lagi: Endurnýjun fiskimjölsverksmiðju og skipa sem stunda veiðar á uppsjávarfiski og kröfur um meiri hagkvæmni við löndun afla og lestun afurða kalla á endurnýjun í höfnum. Þetta skýrir mikla þörf fyrir hafnargerð á Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurnesjum.

Í öðru lagi hafa stærri og djúpristari togskip en áður komið til sögunnar og það kallar jafnframt á aukið dýpi, svo sem á Húsavík og í Grindavík. Á Húsavík gerðist það jafnframt að í ljós kom að ekki var hægt að dýpka höfnina nema með sprengingum. Það tífaldar kostnaðinn sem veldur því að það er hagkvæmari lausn og betri að byggja nýja höfn utan við þá höfn sem nú er, með grjótvarnargarði miklum, og má búast við að sú framkvæmd geti hafist á árinu 2001.

Í stærstu verstöð landsins, Vestmannaeyjum, er komið að mikilli endurnýjun stálþilja allt frá Nausthamri og inn í Friðarhöfn. Það verkefni mun standa yfir á næstu árum og næst ekki að ljúka því innan fjögurra ára.

Eitt af einkennum þessarar hafnaáætlunar er að mikil endurnýjunarþörf er víða um landið. Á þessu tímabili eru hæstu fjárveitingar til þessara staða:

Grindavík 494 millj. kr. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt hefur innsiglingin í Grindavík verið mjög háskaleg. Þar hafa orðið hörmuleg slys og af þeim sökum var tekin ákvörðun um það fyrir örfáum árum hvernig farið skyldi í það að laga innsiglinguna. Í þessari hafnaáætlun er gert ráð fyrir því að hægt verði að dýpka innsiglinguna, en síðan í kjölfarið á því er nauðsynlegt að byggja ytri hafnarmannvirki, hafnargarða, til að siglingaleiðin megi teljast örugg. Þetta er mjög fjárfrek framkvæmd en ég hygg að þingmenn séu sammála um að hún sé eigi að síður nauðsynleg vegna þeirra miklu umsvifa sem eru í höfninni.

Næstdýrasta framkvæmdin er í Vestmannaeyjum, 330 millj. kr., Húsavík 304, Hafnasamlag Norðurlands 244 og Hornafjörður 240. Þar háttar svo til að nauðsynlegt er að ráðast í nýja vöruhöfn og er gert ráð fyrir henni hér. Sandgerði 197 millj. og Vopnafjörður 180 millj.

Samkeppni á höfuðborgarsvæðinu hefur leitt til þess að þar er nægjanlegt framboð á hafnarmannvirkjum til að leysa þarfir viðskiptavina hafnanna. Því er ekki gert ráð fyrir framlögum til hafna á þessu svæði. Í hafnalögum er kveðið á um að greiðsluþátttaka ríkisins í einstökum verkefnum sé ákveðin í hafnaáætlun. Jafnframt segir í lögunum að tekið skuli tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðanna. Með vísan til þessa ákvæðis er lagt til að hjá hafnarsjóðum sem höfðu yfir 100 millj. kr. í tekjur lækki greiðsluþátttaka ríkissjóðs um 20 prósentustig frá því sem ella mundi. Þetta á við um Hafnasamlag Norðurlands og Vestmannaeyjahöfn. Lækkunin nær þó eingöngu til nýrra verkefna en framlag til verkefna sem voru á fyrri áætlun helst óbreytt.

Fjárlög áranna 1997 og 1998 fylgdu gildandi hafnaáætlun fullkomlega og festu hana í sessi. Hafnarstjórnir finna að þær geta treyst áætluninni og hefur það valdið ákveðinni hugarfarsbreytingu hjá þeim. Þær sjá að hægt er að gera áætlanir til lengri tíma varðandi skipulagningu verka og fjármögnun þeirra. Sveitarfélögin geta treyst því að ríkisvaldið fjármagni sinn hluta í samræmi við áætlunina.

Við undirbúning og gerð áætlunarinnar var beitt samræmdu mati á þörf fyrir framkvæmdir um allt land. Mikil vinna hefur verið lögð í að safna upplýsingum um umferð, afla og vörumagn í höfnunum og á grundvelli þeirra hefur verið búin til aðferð til að raða framkvæmdaóskum hafnarstjórna í forgangsröð. Niðurstaða þessarar röðunar réð að mestu leyti því hvaða framkvæmdir komust á áætlun. Enn fremur hefur þeirri reglu verið beitt nú við endurskoðun hafnaáætlunar að miða við að verkefni sem voru á eldri áætlun haldi stöðu sinni ef viðkomandi hafnarstjórn óskar þess. Þetta verður til þess að á fyrstu tveim árum áætlunarinnar eru fyrst og fremst verkefni sem eru á gildandi áætlun. Hækkun framlaga til hafnamála verður þó til þess að nokkur ný og umfangsmeiri verkefni koma til framkvæmda á næsta og þar næsta ári eða fyrr en gert hafði verið ráð fyrir. Má þar nefna framkvæmdir á Húsavík, Vopnafirði, Djúpavogi, Hornafirði og í Grindavík.

Herra forseti. Ég hygg að ég geti fullyrt að mjög hafi verið vandað til undirbúnings þessarar þáltill. og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til samgn. og síðari umr.

[13:40]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni veigamikið mál sem er tillaga til þál. um hafnaáætlun næstu fjögur árin. Það er óhjákvæmilegt annað en gagnrýna það strax við fyrri umræðu máls hversu seint fram komin þessi tillaga er. Nú er komið fram í desembermánuð. Það er 3. desember. Fyrirliggjandi eru fjárlög sem taka til hafnarframkvæmda á næsta ári, en samkvæmt laganna hljóðan er þinginu gert að endurskoða hafnaáætlun á tveggja ára fresti og að leggja upp með nýjar og breyttar áherslur strax á næsta ári. Því er ljóst að ef þingið ætlar að koma að því verkefni eins og lög standa til þá þarf að ljúka umfjöllun hafnaáætlunar í þessum mánuði, þegar örfáir starfsdagar eru eftir af þinginu fyrir jólaleyfi þess.

Það eru engin efni til þess að svona er í pottinn búið. Það kemur fram í greinargerð með till. að vinna við þessa endurskoðun hófst í febrúar. Þá voru send erindi til viðkomandi hafnarstjórna og einnig strax að afloknum sveitarstjórnarkosningum í júnímánuði. Það má því ætla að tillagan hafi verið til umfjöllunar í ráðuneytinu frá því um mitt sumar og til dagsins í dag. Það vekur upp þær spurningar hvort einhver vandamál eða áherslubreytingar hafi verið svo veigamiklar í meðförum ráðuneytisins að þær réttlæti alla þessa töf. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað það hafi eiginlega verið sem orsakaði það að þessi hafnaáætlun kom ekki til kasta þingsins strax í upphafi þess, í byrjun október eins og eðlilegt hefði verið. Þessi vinnubrögð gera það að verkum að möguleikar samgn. til að fara rækilega yfir málið, kalla eftir eðlilegum athugasemdum og ábendingum sveitarstjórnanna og hafnarstjórnanna vítt og breitt um landið, verða þrengri en ella. Hér er því um alvarlegt mál að ræða.

Sökum þess að einungis eru gefnar átta mínútur til að ræða þetta viðmikla mál verð ég að stikla á stóru og nefna aðeins örfá atriði til sögunnar. Ég hlýt að gagnrýna það mjög ákveðið og harðlega og mun taka það upp í meðferð málsins í samgn. að þrjár hafnir í næsta nágrenni við Reykjavík eru algerlega skornar út úr þessari áætlun. Þær hafnir eru hreinlega ekki með þegar kemur að úthlutun fjármuna til hafnargerðar. Hér er ég að vísa til Kópavogshafnar, en þar hefur talsvert umsvifamikil uppbygging átt sér stað nú þegar og Kópavogsbær og hafnarstjórn Kópavogs hafa aftur og aftur sótt á gagnvart ríkisvaldinu um að það bæjarfélag fái sína eðlilegu hlutdeild og sinn eðlilega fjárhagsstyrk í samræmi við lög þar að lútandi. Því hefur ævinlega verið

hafnað og það er gagnrýnivert. Sama gildir um Garðabæ, en þar hafa hafnarframkvæmdir verið í gangi á árum áður. Þar vantar hins vegar enn fjármuni til að ljúka þeim framkvæmdum, fara í dýpkanir sem mundu styrkja mjög verulega þá starfsemi sem til staðar er á hafnarsvæðinu og þá einkanlega hjá Norma og lýtur að skipaviðgerðum. Það er fullkomlega gagnrýnivert og engin efnisrök standa til þess að Garðabær skuli skorinn út á þennan hátt.

Kem ég þá að þriðja sveitarfélaginu, Hafnarfirði, sem er auðvitað gamalgróin höfn, með þeim elstu á landinu, þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað. Ég vil vekja athygli á því að í gildandi hafnaáætlun er fjármunum haldið til haga til uppbyggingar á svæði Hafnfirðinga. Hafnfirðingar tóku þá ákvörðun að breyta forgangsröðun og fóru fyrst í annað stórverkefni en það sem gildandi áætlun segir til um og eðlilegt hefði verið að skrifstofa hafnamála og ráðuneytið hefði rætt það við yfirmenn hafnamála í Hafnarfirði hvernig ríkisvaldið kæmi að þeirri uppbyggingu. Ég vek sérstaklega athygli á því, virðulegi forseti, sem ég gerði raunar líka fyrir tveimur árum, að bæði í Garðabæ og Hafnarfirði er verið að ræða um uppbyggingu sem lýtur að skipaviðgerðum. Annars vegar aðstöðu fyrir skipakví og hins vegar dýpkun til að hægt sé að taka upp skip til viðgerðar í Garðabæ. Fyrir örfáum árum beitti hæstv. samgrh. sér sjálfur fyrir því að verulegum fjármunum, tugum ef ekki hundruðum milljóna kr. var varið til sambærilegra verkefna í hans eigin kjördæmi og þá er ég að vísa til Akureyrar. (**Gripið fram í:** Það er ekki satt.) Þetta er dagsatt og þarf ekkert að velkjast í vafa um það. Það veit hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem fylgist vel með á þessum vettvangi og þarf ekki að rifja það upp. Hér gildir bara hið fornkveðna, hvar er jafnræðið þegar að þessu kemur? Hér er því haldið fram, aftur og aftur og enn á ný í máli hæstv. ráðherra að þær hafnir sem ég geri hér að umtalsefni séu sérstakar samkeppnishafnir Reykjavíkur. Það veit hver einasti maður sem fylgist með í þessu sambandi að Reykjavíkurhöfn ber ægishjálm yfir aðrar hafnir og á síðari árum, a.m.k. svo lengi sem ég hef fylgst með, hefur það aldrei verið uppi við af hálfu Reykjavíkurborgar af neinni alvöru skulum við segja, að hún njóti ríkisstyrks. Afkoma hafnarinnar er með þeim hætti, veltan er svo mikil og sérstaða Reykjavíkur sem höfuðborgar og viðskiptamiðstöðvar er þannig að aldrei hefur verið látið á það reyna. Og að halda því fram að þær litlu hafnir sem ég nefni hér til sögunnar og sérstaklega þær tvær fyrrnefndu, Kópavogur og Garðabær, séu í sérstakri samkeppni við þennan risa sem er Reykjavík, er auðvitað fjarri lagi.

Víkur þá sögunni til Hafnarfjarðar. Það má halda því fram með vissum rökum að þar sé einhvers konar samkeppni í gangi þótt hún sé þá náttúrlega með mjög undarlegum formerkjum þegar horft er á stærðarmismun þessara hafna. En má þá ekki á nákvæmlega sama hátt halda því sama fram um stóru hafnirnar úti um land — lítum t.d. til Akureyrahafnar sem hefur skilað mjög góðri afkomu og það er þakkarvert, Vestmannaeyjahöfn skilar einnig mjög góðri afkomu og það er þakkarvert — að þær verði skilgreindar sem samkeppnishafnir hér og þar? Þetta eru bara rök sem gilda ekki. Ég get ekki látið hjá líða að segja, því ég tók eftir að hv. þm. Kristján Pálsson ætlar að blanda sér í þessa umræðu á eftir, og flokksbræður hæstv. ráðherra fóru mikinn ekki fyrir margt löngu í prófkjörsbaráttu þar sem lofað var á báða bóga og alla kanta, endurbótum og betrumbótum í kjördæminu og kannski engin ástæða til annars, að fylgst verður gjörla með því hvort þeir ætla að láta þetta ranglæti ganga yfir þessi sveitarfélög. Það er rétt að nefna það líka að í ítarlegri úttekt sem fram kom í umræðum um byggðamál að Reykjaneskjördæmi hefur verið skilið eftir, hefur hreinlega verið skilið eftir þegar kemur að málum af þessum toga, ekki eingöngu í hafnamálum heldur í fleiri málaflokkum. Við þetta verður ekki unað, virðulegi forseti.

Ég hefði auðvitað þurft að segja langtum mun meira um þetta mál en ég vil halda þessu mjög ákveðið til haga hér, að við það verður ekki unað að hagsmunir Reykjaneskjördæmis, þ.e. nyrðri hluta þess, verði jafnhrikalega fyrir borð bornir og þessi tillaga hæstv. ráðherra, ríkisstjórnarinnar og stjórnarliða allra ber merki um.

[13:49]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hafnamál eru rædd ber Reykjavíkurhöfn oftar en ekki á góma, og þá er sérstakt orðatiltæki notað eins og hv. síðasti þm. kom inn á, að Reykjavíkurhöfn beri einhvern ægishjálm yfir aðrar hafnir og það réttlætti að Reykjavíkurhöfn ætti engan styrk að fá en hins vegar ættu hafnir í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði að fá styrki sem kæmu þeim líklega í einhverja ægisstöðu gagnvart Reykjavík. Menn skulu ekki gleyma því að Reykjavík er einn stærsti útgerðarbær landsins, einn af stærstu útgerðarbæjum landsins, og stór hluti af viðskiptavinum Reykjavíkurhafnar eru fiskiskip eðli málsins samkvæmt. Eins og þróunin hefur verið í gegnum árin og margir þingmenn dreifbýlisins hafa kvarta yfir að hafnir standi ekki undir sér, þá gerir Reykjavíkurhöfn það ekki heldur hvað áhrærir fiskiskipin. Það er alveg sama staða hjá Reykjavíkurhöfn og hjá hinum dreifðu höfnum.

Hitt er svo annað mál sem einatt kemur upp að gera þurfi nánast öllum höfnum til góða án þess að litið sé til hagkvæmni. Skiptir þá ekki máli hvaðan af landsbyggðinni þingmaður kemur, hvort hann kemur úr Reykjaneskjördæmi, að norðan eða úr hvaða kjördæmi sem er. Hæstv. samgrh. hefur boðað þá stefnu, sem er eðlileg og rétt, að horfa til fleiri átta en bara hafnanna sjálfra. Það er eðlilegt að horfa á flugsamgöngurnar, umferðaræðar og hafnir. Þetta þrennt á eðlilega að tengja saman. Hvers konar vitleysa er það yfir höfuð að fara að byggja upp stórhafnir í Garðabæ og Kópavogi? Til hvers? Og hvaðan kemur þetta fé annars staðar en frá skattborgurunum? Og eru menn búnir að gleyma að hér þarf að halda á málum þannig að ekki taki út yfir allan þjófabálk í skynsemi í uppbyggingu hafna? Er ekki rétt að byggja fáar, stórar góðar hafnir og hafa þær svo að sómi sé að?

[13:51]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að elta ólar við orðaræðu hv. 10. þm. Reykv., Guðmundar Hallvarðssonar. Ég hef heyrt hann halda ræðu af þessum toga áður, oft þó betri en þessa. Við þurfum ekkert að fara mjög rækilega yfir það hver sérstaða Reykjavíkur er í okkar samfélagi. Það kom mjög glögglega fram í umræðu um byggðamál nú á dögunum og laut að samgöngumálum, eins og hv. þm. nefndi, flugsamgöngum og umferðarmálum og hér er um að ræða hafnamál. Þar kom líka fram hlutdeild höfuðborgarinnar, eðlileg eða óeðlileg í opinberri stjórnsýslu og þau störf sem falla til handa íbúum borgarinnar í þeim efnum. Reykjavíkurborg hefur einfaldlega sérstöðu sem höfuðborg landsins. Þannig er það og öll tölfræði og allar efnahagslegar niðurstöður sýna

okkur að það hefur ekki verið uppi á borðum að Reykjavíkurborg nyti ríkisstyrks í hafnamálum, ég heyrði ekki hv. þm. halda því fram að hægt væri að setja nein réttlætisrök á borðið um það. Reykjavíkurhöfn er safnhöfn. Hér koma skip í stórum stíl, lesta hér varning sinn sem síðan er dreift með strandferðaskipum hringinn í kringum landið. Hér fer yfirleitt varan í gegn. Við getum auðvitað rætt málið á vettvangi fiskveiða líka, það er sjálfsagt að gera það. En við verðum að horfa á málið í heild sinni. Menn ættu einfaldlega að skoða afkomutölur Reykjavíkurhafnar samanborið við aðrar. Og tala síðan um samkeppni við Kópavog eða Garðabæ. Hvers konar fásinna er þetta? Stór-Hafnarfjarðarsvæðið stendur auðvitað fyrir sínu eins og fyrri daginn. Um það er ekki deilt en ég vek athygli á því að um langt árabil hafa styrkir til Hafnarfjarðarhafnar verið stórlega skertir og fjármunir frá ríkisvaldinu hafa verið skammarlega litlir en því verður fullkomlega neitað að þessar þrjár hafnir verði aflagðar hvað varðar rétt til ríkisstyrks. Það er óréttlæti, það stenst ekki þá jafnræðisreglu sem við byggjum á. Fullkomlega fráleitt og ég trúi því ekki að það ætli að verða sérstök stefna Sjálfstfl. í þessari umræðu að þannig verði gengið um.

[13:54]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að tala á þeim nótum hvar skynsemin eigi að ráða. Ég spyr hv. þm.: Finnst honum eðlilegt að byggð sé upp stórskipahöfn í Kópavogi? Ég skil vel hvað hann á við þegar hann talar um að byggja upp aðstöðu vegna skipasmíða eða skipaviðgerða í Garðabæ. En er eðlilegt að við séum að byggja upp stórskipahöfn í Kópavogi? Það kann vel að vera að það sé eðlilegt Kópavogsbúa vegna, en er það eðlilegt skynseminnar vegna? Og þegar verið er að tala um að Reykjavíkurhöfn sé safnhöfn, þá má kannski spyrja: Væru farmgjöldin öðruvísi ef skipafélögin sjálf fengju ekki að leita hagkvæmni í rekstri? Það eru ekki Reykvíkingar sem hafa beðið útgerðirnar um að gera Reykjavík að safnhöfn. Það er samkeppnin, flutningsmátinn og hagkvæmnin sem hefur ráðið því. Ég hef ekki og er ekki að tala til dreifbýlisins eins og það eigi ekki tilverurétt en þetta hefur þróast þannig eins og fram hefur komið áður hjá hæstv. samgrh. og birst hefur í þeirri stefnu sem ríkt hefur í þessum málum. Og ég veit ekki betur en þingmenn hafi að meginhluta til tekið undir það að búa til einhvers konar hafnasamlög þar sem hagkvæmnin á að blómstra. En þegar verið var að tala um hafnasamlög þá var verið að tala um að styrkja eina höfn annarri frekar en ég sé ekki betur en að í þessari hafnaáætlun hafi verið gerð alveg nákvæmlega sama krafa til fjármuna og áður, þannig að hafnasamlög hafa í engu breytt kröfupólitíkinni gagnvart fjármunum til að byggja upp hafnir. Það er eðlilegt að halda við en að fara í uppbyggingu á öllum höfnum án tillits til breyttra samgangna stenst bara ekki breytta tíma.

[13:56]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur í ljós að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur ekki lesið í gegn þær tillögur sem hér er um að ræða í þessum þremur sveitarfélögum. Það er enginn að leggja til að gerð verði stórskipahöfn í Kópavogi. Það er enginn að leggja það til, skoði hv. þm. tillögurnar sem frá Kópavogi hafa komið. Það er einmitt verið að leggja til að bæta þá aðstöðu sem fyrir er í Garðabæ varðandi skipaviðgerðir. Það er enginn að tala um stórskipahöfn þar. Í Hafnarfirði er verið að leggja í miklar framkvæmdir núna, m.a. vegna þess að þar er flotkví til skipaviðgerða sem þarf að koma í varanlegt skjól. Það er stærsti þáttur þess máls. Það er einfaldlega verið að ræða um það hér og ég veit ekki til að Hafnarfjarðarhöfn sé í stórkostlegri samkeppni við Reykjavíkurhöfn fremur en aðrar hafnir á þeim vettvangi. Það er kannski fremur hægt að líta á að Hafnarfjarðarhöfn væri í samkeppni við Akureyrarhöfn í skipaviðgerðum og þá spyr ég: Hver er þá samkeppnisaðstaða Hafnarfjarðarhafnar í skipaviðgerðum á Akureyri þegar Akureyringar njóta ríkisstyrks en Hafnfirðingar ekki? Það eru þessir þættir sem ég er að undirstrika hér og eru lykilatriði málsins. Hv. þm. má því ekki tala þannig að verið sé að búa til nýjar Reykjavíkurhafnir í þessum þremur sveitarfélögum. Það er auðvitað fjarri öllu lagi. Það gefur auga leið að stóru skipafélögin hafa haslað sér völl í Reykjavík vegna þess að Reykjavíkurhöfn og Reykjavíkurborg hafa haft bolmagn til að bjóða upp á nauðsynlega aðstöðu fyrir þennan umfangsmikla rekstur. Það er auðvitað kjarni málsins og hann hefur náttúrlega þróast eftir því sem tímar hafa liðið fram. Ég er ekkert að kvarta yfir því að Reykjavíkurhöfn, svo lengi sem hægt er að bjóða upp á það, sé sá risi á þessum vettvangi. Þannig er það bara og við skulum horfast í augu við það, en einmitt vegna þess að Reykjavíkurhöfn er það þá gilda dálítið önnur lögmál um hana en aðrar hafnir í landinu. Eins og ég sagði áðan höfum við hv. þm. oft átt orðræður um þetta, ekki síst meðan hann var formaður Hafnasambands sveitarfélaganna og hann horfði kannski öðrum augum á þetta þá, en eftirtektarverðast verður náttúrlega að heyra í næsta hv. ræðumanni, hv. þm. Kristjáni Pálssyni, og athuga hvort hann deilir skoðunum með hv. þm. og hæstv. ráðherra í árásum á þessi þrjú sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi.

[13:59]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með þá hafnaáætlun sem hér er lögð fram og lýsa yfir ánægju minni með það hve miklu er úthlutað til hafna í Reykjanesi. Ég held að við þingmenn Reykn. getum verið ánægðir með það hve miklum árangri hefur verið náð í að bæta stöðu hafnanna á þessu svæði. Það vita allir sem staðið hafa í þeirri baráttu að bæta hafnaraðstöðu sérstaklega á Suðurnesjum, að það hefur ekki gengið sem skyldi fyrr en við sjáum nú loks fyrir endann á því að allar þær mikilvægu hafnir sem þar eru fá úrlausn sinna mála og það veit hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson mætavel, sem búinn er að sitja á þingi í bráðum í sex eða sjö ár. Það er í sjálfu sér alltaf hægt að velta fyrir sér mikilvægi og forgangsröðun hafnarframkvæmda en ég held að ef við lítum á það sérstaklega þá erum við að leysa úr þörfum t.d. Grindavíkurhafnar sem hefur verið, eins og réttilega kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan, hættuleg í orðsins fyllstu merkingu og innsiglingin ekki í raun fær nema í góðum veðrum. Með þessum framkvæmdum er verið að stíga það skref að gera Grindavíkurhöfn að árshöfn ef mætti orða það svo og framkvæmdirnar í samræmi við það.

Það er verið að dýpka innsiglinguna þannig að hægt er að fara þarna inn með stór skip og einnig að byggja upp varnargarða við innsiglinguna fyrir utan núverandi höfn svo innsiglingin verði fær í flestöllum veðrum. Ég veit að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson veit þetta mætavel og er ekki beinlínis að ráðast á þessar framkvæmdir til þess að koma öðrum af stað en ég held að rétt sé að geta sérstaklega um þessa framkvæmd og einnig framkvæmdina í Sandgerði þar sem verið er að laga höfnina þannig að hægt sé að ferðast

um hana með stærri skip. Þar hafa eingöngu verið grafnar rennur til þessa svo stór skip geti komist inn á flóði en ekki á milli hafnargarða. Þetta hefur takmarkað mjög notagildi hafnarinnar en hér eru verulegar framkvæmdir sem munu auka alla möguleika á nýtingu hennar í þá áttina að vera eðlileg. Því fagna ég þessum tveimur framkvæmdum sérstaklega og vona svo sannarlega að þingmenn muni fylkja sér á bak við þær framkvæmdaáætlanir sem hér eru á ferðinni.

Margar merkilegar framkvæmdir hafa verið gerðar við hafnirnar í Hafnasamlagi Suðurnesja og nefni ég þar Helguvíkurhöfn og smábátahöfn en enn er eftir að ljúka framkvæmdum við Njarðvíkurhöfn, þær framkvæmdir hafa beðið árum saman, jafnvel áratugum saman. Í Njarðvíkurhöfn er komin upp góð aðstaða til skipaviðgerða þar sem byggt hefur verið upp eitt stærsta hús sinnar tegundar til að geta hýst skip svo nú er hægt að gera við skip allan ársins hring innan dyra og hefur það bætt alla aðstöðu á svæðinu gríðarlega. Þess vegna er nauðsynlegt að taka til skoðunar og þá í nefndinni hvort ekki sé hægt að bæta aðeins úr varðandi þennan grjótgarð í Njarðvík svo að þetta mikla skýli verði betur brúklegt til þeirra verka sem til var ætlast.

Ég vil taka fram í þessari umræðu að Siglingastofnun og þær stofnanir sem standa að þessari áætlunargerð hafa gert það með miklum sóma og við sjáum vel hvernig framkvæmdir hafa vaxið að skipulagi á undanförnum árum og með líkansstöðunni er hægt að sjá fyrir fram hvernig aðgerðir munu virka. Ég hef séð það í hafnarframkvæmdum hvernig hægt væri að bæta við örlítilli framkvæmd sem hægt var að sjá á líkaninu að mundi virka fyrir lítið fé sem hefði áður fyrr verið tilraun upp á margfaldar upphæðir. Mér hefur sýnst að þessi líkansstöð hafi svo sannarlega sannað gildi sitt og allir þeir peningar sem þangað hafa farið svo sannarlega verið þess virði. Ég held líka að þessi stöð geti verið fyrirmynd fyrir störf á þessum vettvangi um allan heim.

Eins og áætlunin ber með sér og hefur komið fram hjá hv. þm. í umræðunni vantar alltaf meira og meira fjármagn í hafnarframkvæmdir. Ef eitthvað er hefur verið skorið niður það fjármagn sem hafnir hafa fengið og er það slæmt því að hafnir eru að þróast frá ári til árs. Flutningaformið er sífellt að breytast, skip eru að breytast og hafnir er erfitt að skipuleggja mjög langt fram í tímann þó svo menn hafi hug á því. Þess vegna er slæmt hvað við getum seint brugðist við eðlilegum breytingum sem eru þó fyrst og fremst vegna atvinnuhátta, sem sagt aðallega vegna flutningatækni sem er síbreytileg og er fyrst og fremst þróuð með hagkvæmni í huga. Því þurfa hafnirnar að geta brugðist fljótar við en gert hefur verið en vegna fjárskorts hefur það ekki tekist.

Ég hef t.d., herra forseti, séð fyrir mér að setja mætti upp fleiri stórar hafnir en höfnina í Reykjavík sem mundu sinna vörumóttöku. Höfnin í Reykjavík, eins og komið hefur fram, hefur sérstöðu með það að þangað fara nánast allar vörur sem koma til landsins og þeim er dreift þaðan. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að höfnin í Þorlákshöfn gæti tekið að sér þetta hlutverk að einhverju leyti. Hvers vegna ætti Þorlákshafnarhöfn ekki að geta gert það þar sem þangað eru þó mun styttri siglingar en til Reykjavíkur? Eftir að Suðurstrandarvegur kemur og hugsanlega Kjalvegur, sem menn hafa látið sig dreyma um, þá gætu verið greiðar leiðir frá Þorlákshöfn til allra höfuðstaða landsins á mun hagkvæmari hátt en að sigla með skipi fyrir Reykjanesið sem lengir siglingaleiðina um nokkra klukkutíma. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að í framtíðinni muni þessar áherslur á vöruflutninga breytast og mikilvægi Reykjavíkurhafnar ætti ekki að þurfa að vera eins mikið og það er í dag.

Ég hefði svo sannarlega viljað, herra forseti, sjá meiri peninga til Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs. (**GÁS:** Það eru engir.) Það eru peningar til Hafnarfjarðarhafnar, það er ekki rétt hjá hv. þm., en það eru fjármunir sem voru hugsaðir til að framkvæma á þessu ári en ekki gafst tími til þess að ljúka því verkefni eða hafnaryfirvöld sáu ekki ástæðu til að fara út í þá framkvæmd.

Ég mun svo koma frekar inn á þetta í andsvari en læt þessari umfjöllun lokið, herra forseti.

[14:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var öllu hógværari tónninn í hv. þm. Kristjáni Pálssyni í þessari umræðu þegar kom að loforðum í Reykjaneskjördæmi en fyrir örfáum vikum þegar hann þandi sig á síðum dagblaðanna og var í sjónvarpsauglýsingum um allt sem hann ætlaði að gera á þessu kjörtímabili og hinu næsta fyrir kjósendur sína. Það var hógværari tónninn í þessum ræðustóli þegar kom að framkvæmdum.

Þarna mátti ekki skilja hann öðruvísi en svo að hann féllist ekki aðeins að fullu og öllu á það að ekki væru meiri peningar til fyrir sveitarfélög og hafnir í norðanverðu kjördæmi hans heldur bara engir peningar, það var nú bara þannig. Það er bara núll, engar styrkhæfar framkvæmdir á áætlunartímabilinu næstu fjögur árin. Það er bara verið að setja sveitarfélögin og hafnirnar út á guð og gaddinn. Þær geta bara séð um sig sjálfar. Ég vil spyrja hv. þm. lykilspurningar, virðulegi forseti. Er hann samþykkur þessari stefnumörkun? Sagði hann kjósendum þessara sveitarfélaga ósatt fyrir örfáum vikum þegar hann lofaði gulli og grænum skógum? Var það bara rétt á meðan prófkjörið stóð yfir?

Fróðlegt væri að vita það líka frá hv. formanni þingflokks sjálfstæðismanna af því að hún var að ganga í salinn, hvort hún sé líka sammála því að þrjú sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi séu ekki styrkhæf þegar kemur að hafnarframkvæmdum. Er það stefna Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, er það stefna Sjálfstfl. í heild eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni og síðast en ekki síst, hjá hæstv. ráðherra, að við berum þessa tillögu fram að svona skuli þetta vera? Ég árétta það, virðulegi forseti, til að það sé bara rétt og satt því að hv. þm. gerir það stundum þegar hann nefnir til sögunnar framkvæmdir. Framkvæmdir og ákvarðanir vegna Sandgerðishafnar voru teknar á síðasta kjörtímabili. Þá sat hv. þm. ekki á þingi. Þetta er svipað og með ljósastaurana á Reykjanesbrautinni. Það er rétt að hafa það alveg klárt við umræðuna.

Grindavík er einnig framkvæmd sem er í fullum gangi og verður auðvitað lokið við. Þessar tvær framkvæmdir eru fagnaðarefni en þær eru í gangi og þeim ber auðvitað að ljúka eins og öllum góðum verkum.

[14:09]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef minni hv. þm. er eins og mér heyrist það vera að ljósastaurar hafi verið ákveðnir á síðasta kjörtímabili er ekki nema von að hann muni ekki vel hvað hefur gerst á öðrum sviðum. Ég verð bara að segja það að minni hans virðist heldur ekki vera í lagi þegar hann talar um loforðalista sem prófkjörsaðilar í prófkjöri Sjálfstfl. í Reykjanesi hafi gefið í prófkjörinu á síðustu vikum. Ég minnist þess ekki að við höfum gefið einhver loforð um framkvæmdir í einhverjum einstökum höfnum í því prófkjöri. Ég fer fram

á það að hv. þm. dragi það þá fram. Ég kannast ekki við að hafa gefið slík loforð sjálfur.

Ég hef aftur á móti alla tíð haldið því fram og það úr þessum ræðustóli að mér finnist ekki óeðlileg krafa af hálfu Kópavogsbúa að þeir hafi og eigi sína eigin höfn eins og önnur stærri sveitarfélög á landinu hafa. Það má svo aftur deila um hvað hún eigi að vera stór eða hvort þetta ætti að vera þjónustuhöfn fyrir iðnaðarsvæðið á Digranesinu og Kársnesinu eða hvort þetta ætti að vera höfn fyrir vöruflutninga. Í mínum huga hefur þetta verið fyrst og fremst þjónustubryggja sem gæti þjónað iðnaðinum.

Í Garðabæ er fyrst og fremst verið að hugsa um höfn fyrir skipasmíðastöðina sem var og ég veit ekki til að séu miklar kröfur um frekari bætur í Garðabæ. Aftur á móti eru í Hafnarfirði mjög miklar framkvæmdir fram undan og ég hef ekki getað séð annað en þar hafi menn viljað að Hafnarfjörður yrði inni í því efni þannig að Hafnfirðingar fengju einhverja peninga af hafnaáætlun. Ég var einn af þeim sem stóðu fyrir því að Hafnarfjörður var ekki settur á núllið í síðustu hafnaáætlun. Það ætti hv. þm. að vita enda veit ég ekki betur en ég hafi ásamt öðrum þingmönnum úr Reykjanesi komið því til leiðar. Ég held að hann ætti að reyna að rifja það upp.

[14:12]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er náttúrlega ákaflega lítið uppbyggileg umræða. Ég verð að játa það fyrir hæstv. forseta. En mér virðist satt að segja að hv. þm. Kristján Pálsson sé með allt annað skjal í höndunum en aðrir hv. þingmenn. Veruleikinn er bara þessi:

Þrjár hafnir í norðanverðu Reykjaneskjördæmi eru ekki með þegar kemur að nýframkvæmdum. Þær eru ekki taldar styrkhæfar og í máli hæstv. ráðherra kemur fram að þannig verði það um aldur og ævi. Það er bara veruleiki málsins og spurning mín er ákaflega einföld: Styður hv. þm. Kristján Pálsson það? Styðja hv. þingmenn Sjálfstfl. í Reykjanesi þá tillögu? Það er bara já eða nei svar við því. Er það sérstakt keppikefli Sjálfstfl. að þannig skuli það vera? Þessar spurningar eru ákaflega skýrar og einfaldar.

Ég vek líka athygli á því af því að menn voru að tala um loforðalista að það er einkar athyglisvert í þessu samhengi að í prófkjöri Sjálfstfl. fyrir örfáum vikum var hv. þm. Kristján Pálsson settur niður í 5. sæti en í 2. sæti kom oddviti sjálfstæðismanna í Kópavogi og sá hélt því fram í kosningabaráttu sinni að sitjandi þingmenn flokksins hefðu ekki staðið sig í stykkinu. Það skyldi þó aldrei vera að kjósendur hafi verið að kvitta fyrir þá skoðun Gunnars Birgissonar sem skipar nú 2. sætið á lista flokksins og það birtist síðan aftur í hugsanlega einhverjum hefndaraðgerðum. Ég veit það ekki. Manni dettur ýmislegt í hug. En spurningin er bara þessi: Eru þingmenn Sjálfstfl. sammála tillögum hæstv. ráðherra þegar kemur að þessum verkefnum eða verkefnaleysi, núll krónunum sem veittar eru til þessara þriggja hafna? Það er spurningin. Ég bið um einfalt já eða nei svar.

[14:14]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kastar nú tólfunum þegar hv. þm. er að tala um uppbyggilegar umræður og blandar saman prófkjörinu og þeirri hafnaáætlun sem hér er til umræðu. Ég ætla bara að minna hv. þm. á það að ég hafnaði í 5. sæti í prófkjörinu og var í því sæti fyrir. Ég spyr svo að því hvort hann hafni í því sama sæti og hann er í núna eftir næsta prófkjör, það á eftir að koma í ljós. Aftur á móti óska ég honum alls góðs í því.

Ég hef ekki haft í huga neinar hefndaraðgerðir gagnvart Kópavogi, hv. þm., og frábið mér allar slíkar yfirlýsingar af hálfu þingmanna yfirleitt. Ég hef aftur á móti séð fyrir mér að forgangsröðun framkvæmda í Reykjaneskjördæmi sé jafnmikilvæg og annars staðar á landinu og mikilvægustu hafnirnar sem hafa setið eftir eru höfnin í Grindavík og höfnin í Sandgerði. Ég get þá alveg eins spurt hv. þm. að því hvort hann sé á móti því að Grindvíkingar og Sandgerðingar fái þessar hafnarbætur. Er hv. þm. í rauninni að segja að hann vilji ekki að fjármunir renni til þessara hafna heldur renni þessar fjárveitingar til Hafnarfjarðar og Kópavogs? Ég spyr hv. þm. að því, spyr sá sem ekki veit. Mér finnst það koma í rauninni glöggt fram hjá hv. þm. að hann er að mótmæla því að þessar framkvæmdir fái forgang og það er gott að kjósendur á Suðurnesjum heyri þá afstöðu þingmannsins úr þingsölum að þetta eru skilaboð hans.

Kópavogsbúar hafa lengi gert sér grein fyrir því að þeir eru í samkeppni við aðrar hafnir og við Reykjavík um það að fara þar af stað með nýja höfn. Þeir hafa viðurkennt það. En aftur á móti eins og ég sagði áðan styð ég að þarna sé byggður garður til þess að hægt sé að þjónusta skip og nýta þá iðnaðaraðstöðu sem búið er að byggja upp í Kópavogi.

[14:16]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ákaflega er það hvimleitt þegar ágætir vinir mínir og félagar, hv. þingmenn dreifbýlisins, koma upp og hafa orð á því, eins og síðasti ræðumaður hv. þm. Kristján Pálsson, að nauðsynlegt sé að draga úr mikilvægi Reykjavíkurhafnar. Eins og það sé mikilvægt. Má þá segja, ja skítt með alla hafnaáætlun bara ef tekst að draga úr mikilvægi Reykjavíkurhafnar?

Fæstir hafa gert sér grein fyrir því, eins og hv. þm. kom að vísu réttilega inn á hér áðan, að skipum í eigu Íslendinga og í leigu hjá íslenskum skipaútgerðum hefur fækkað. Þau hafa hins vegar stækkað og farmgjöld hafa lækkað. Menn sem eru í innflutningi segja mér að nú séu farmgjöld farin að skipta litlu máli, nánast engu og orðin innan við 1% af heildarkostnaði af vöru sem kemur til landsins.

Hvers vegna skyldi það nú vera? Það er vegna hagkvæmni stærðar skipanna. Þau flytja meira, eru stærri og síðast en ekki síst þá hefur við Reykjavíkurhöfn verið byggð upp afar hagkvæm losunaraðstaða sem fært hefur öllum landsmönnum umtalsvert fjármagn. Vöruverð hefur þá lækkað í samræmi við lækkandi farmgjöld og lækkandi losunarkostnað.

Í guðanna bænum leggið nú af þennan leiða vana ykkar að tala um að nauðsynlegt sé að draga úr mikilvægi Reykjavíkurhafnar. Reykjavíkurhöfn er og mun verða mikilvægasta flutningamiðstöð þessa lands.

[14:18]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Minn ágæti vinur og félagi Guðmundur Hallvarðsson hefur nú heyrt rangt það sem ég sagði áðan. Ég sagði ekki að nauðsynlegt væri að draga úr mikilvægi Reykjavíkurhafnar. Ég sagði að mikilvægi Reykjavíkurhafnar gæti orðið minna ef aðrar hafnir gætu talist miðlægar dreifingarhafnir eins og Reykjavík er í dag. Þá yrðu fleiri slíkar hafnir í landinu, í dag eru það Reykjavík og Akureyri. Ef við getum sagt að einhverjir vöruflutningar séu um

aðrar hafnir þá er það Akureyri. Ég sá fyrir mér að í framtíðinni gæti Þorlákshöfn orðið mikilvæg vöruflutningahöfn vegna staðsetningar sinnar því þá styttist siglingin verulega frá meginlandi Evrópu. Skipin gætu farið til Þorlákshafnar, losað og lestað þar og farið síðan til baka til meginlandsins.

Auðvitað munar um allt þegar siglingar eru tíðar og áætlanir strangar. Þá er mikilvægt að stytta siglingarnar eins og kostur er. Það veit hv. þm. mætavel. Við erum báðir lærðir upp á lengd og breidd og þekkjum vel hve veður geta haft mikil áhrif á áætlanir fraktskipa.

Ég viðurkenni að sjálfsögðu mikilvægi Reykjavíkurhafnar og finnst engin ástæða til að draga úr mikilvægi hennar og möguleikum í framtíðinni. Ég held, þó að ég hafi ekki blandað mér í þá umræðu, að samt sem áður hafi hafnarnefndarmenn í Reykjavík alltaf gert sér grein fyrir því að Reykjavíkurhöfn hafi sérstöðu. Landsbyggðarfólk hefur alla tíð viðurkennt þá sérstöðu hennar að þar fari dreifingin fram. Ástæðan fyrir því að menn hafa ekki gagnrýnt þetta verulega mikið er sú að Reykjavíkurhöfn hefur í staðinn ekki fengið styrki úr ríkissjóði til uppbyggingar hafnarinnar, enda hefur hagnaðurinn af þeirri starfsemi verið gríðarlegur sem betur fer. Reykvíkingar hafa haft efni á því að byggja upp glæsilega höfn sem hefur svo sannarlega staðið undir nafni.

[14:21]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mikilvægi Reykjavíkurhafnar fer ekki á milli mála, það er rétt. Þegar menn eru að tala um að nauðsynlegt sé að byggja upp Þorlákshöfn til þess að gera hana að aðalhöfn landsins, ja, af hverju ekki Dyrhóley? Það hefur oft verið í umræðunni, að byggja upp höfn í Dyrhóley.

Málið er að það hefur verið talið kosta allt of mikið. Það er nákvæmlega sama og með Þorlákshöfn. Ef menn ætla að byggja þá höfn upp og gera að stórskipahöfn þá kostar það peninga. Á meðan verður ekki veitt fjármagn til Grindavíkurhafnar, Kópavogshafnar eða Hafnarfjarðarhafnar, það er alveg ljóst. Menn tala hér út og suður eins og nógir peningar séu til til að byggja upp hafnir á svo mörgum stöðum sem mönnum hentar í það og það skiptið.

Hafa menn gleymt því? Ég hélt að hv. þm. Kristján Pálsson væri alveg meðvitaður um að skipin eru að stækka. Þau þurfa meira rými, betri hafnir og stærri bryggjur. Þá þarf um leið meira uppland og meira hafnarsvæði. Reykjavíkurhöfn hefur mætt þessu og það leitt til þess að vöruverð hefur lækkað. Það skiptir öllu máli. Það skiptir miklu máli að skip fái fljóta, góða og örugga afgreiðslu. Tíðni ferða skiptir máli, stærð skipanna skiptir máli og það vörumagn sem þau geta flutt skiptir máli vegna kostnaðar vörunnar.

Þorlákshöfn þarf talsvert fjármagn til þess að verða að alvöruhöfn en þá verða ekki byggðar aðrar hafnir á meðan.

Þess má og geta að bæði Landhelgisgæslan og Hafrannsóknastofnun hafa haft skip sín hér í Reykjavíkurhöfn án endurgjalds. Menn hafa nú ekki haft orð á því. Hitt er annað mál, eins og ég kom inn á áðan, að Reykjavíkurhöfn hefur haft hag af því að hafa hér kaupskipaflotann að megninu til en fiskiskipaflotinn, það er með hann hér í Reykjavík eins og úti á landi að hafnargjöld og vörugjöld af honum eru ekki í neinu samræmi við þá not sem hann hefur af höfninni og þann kostnað sem því fylgir.

[14:23]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að munnhöggvast við minn ágæta vin, hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, um þessi mál. Ég hef ekki sagt annað en að ég telji að í framtíðinni gæti þetta orðið svona. Ég get alveg séð það fyrir mér.

Í ræðu minni áðan sagði ég einnig að fé væri takmarkað og því þyrfti að forgangsraða, þess vegna væru Grindavík og Sandgerði á undan Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Við teljum mikilvægara að leiðrétta þau mál en að halda áfram uppbyggingu í höfnum þar sem menn hafa meiri fjárráð og geta gert það á eigin spýtur, eins og Reykjavíkurhöfn hefur getað gert fram að þessu.

Af hverju ekki Dyrhóley? Það er náttúrlega út í hött að bera þetta tvennt saman. Við erum aftur á móti alltaf að tala um, þegar verið er að hugleiða breytingar í framtíðinni, hvert mesta magnið fari. Hvar eru dreifingarmiðstöðvarnar og hvert er styst að koma vörum til sem flestra? (**Gripið fram í:** Akkúrat.)

Það sem skiptir máli þarna er að sjálfsögðu aksturinn og siglingin, ef við berum það tvennt saman. Er betra og ódýrara að sigla með þetta fyrir Reykjanes og inn í Faxaflóa en að sigla vörur til Þorlákshafnar og keyra þaðan um Suðurstrandarveg og til Reykjavíkur? Þetta er spurningin. Er þá ódýrara að keyra það yfir Kjalveg í stað þess að flytja vörur norður og upp í Borgarfjörð og norður yfir heiðar? Allt eru þetta fyrst og fremst bollaleggingar í tengslum við hafnaáætlunina og eiga í sjálfu sér ekkert skylt við hana að öðru leyti.

[14:25]

Útbýting þingskjala:

Almannavarnir, 300. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 360.

Tilraunaveiðar á túnfiski, 305. mál, fsp. KPál, þskj. 365.

[14:25]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta hefur verið athyglisverð umræða. Þegar kemur að vegamálunum og hafnamálunum verður landafræðin mjög áberandi í þingsalnum og ekki óeðlilegt. Við skulum gera okkur grein fyrir því að það er ekki óeðlilegt, sérstaklega ekki með tilliti til þess að verið er að skipta fé sem er af skornum skammti. Þá er litið til landsvæða, atvinnuhátta og uppbyggingar og sýnist sitt hverjum.

Það er umhugsunarvert að land sem byggir jafnmikið á sjósókn og okkar land, þar sem er jafnmikið um vöruflutninga og umsvif, er með jafnmikið af smábátum eins og okkar, leggi innan við 800 milljónir til hafna, bæði til nýframkvæmda og til uppgjörs. Það vekur spurningar að liðlega 500 millj. kr. skuli varið til framkvæmda á þessu ári. Ég held að við ættum að staldra við forganginn í fjárlögum okkar og hvernig við förum með alla þá þætti sem máli skipta á sama tíma og talað er um sólskinsfjárlögin og rekstrarafganginn.

Herra forseti. Ég ætla að gefnu tilefni að byrja á að nefna Sandgerði og Grindavík og suðurhafnirnar í Reykjaneskjördæmi og vegna orða Kristjáns Pálssonar. Í Sandgerði og Grindavík hafa skapast sérstakar aðstæður sem ég hygg að allir þingmenn þekki, hvort sem þeir eru frá því landsvæði eða öðru. Þar hefur verið ráðist í stór verkefni sem líkja má við að ráðast í jarðgöng í vegakerfinu sem engum, ekki nokkrum manni hér á Alþingi né annars staðar dytti í hug að unnt væri að fjármagna af vegafé. Það dettur ekki nokkrum manni í hug að fjármagna jarðgöng af vegafé. Það eru sértæk

verkefni sem menn vita að verður að taka fyrir utan hið takmarkaða vegafé.

Það gildir sama með svona stór verkefni eins og í Sandgerði. Það var fyrra stóra verkefnið sem við réðumst í, og svo Grindavík, þetta eru sérstök verkefni og miklar framkvæmdir sem verður að standa að á tiltekinn hátt. Ég ætla að minna á að þó að farið væri í þessi stóru verkefni hvort á eftir öðru á suðursvæðinu þá hvarflaði ekki annað að okkur þingmönnunum en að gera ákveðna tilhliðrun út af Helguvík þegar til kom. Við skulum bara minnast þess að þingmenn jafnaðarmanna stóðu sig í stykkinu þá — við skulum hafa það á hreinu — varðandi þessari hafnir, Sandgerði, Grindavík, Helguvík. Á það skorti ekki.

Herra forseti. Ég vissi það ekki þá og ég hef ekki vitað það fyrr nú þegar það er kannski að verða ljóst að það væri bara eitt svar við því hvort verða eigi við beiðnum um fjárframlög til litlu hafnanna á norðursvæðunum, að það svar væri: „Aldrei, aldrei.“ Það sýnist mér að sé að verða raunveruleikinn miðað við þá umræðu sem hefur farið fram á liðnum árum, miðað við svörin sem maður hefur fengið ef maður hefur verið með fyrirspurnir í þessum málaflokki og miðað við stefnu sjálfstæðismanna. Ég hef að sjálfsögðu lúmskt gaman að því að sveitarstjórnarmennirnir í Sjálfstfl. trúa því að þingmennirnir hafi eitthvað að segja um skiptingu fjármagns til hafnanna. Þeir trúa því. Bæjarstjórnarmeirihlutinn í Kópavogi trúir því að þingmenn hafi einhver áhrif. Við eigum von á því að einn nýr þingmaður komi að vori inn á þing og sá þingmaður trúir því að hann geti bara kippt í liðinn ýmsum stórum málum sem hafa beðið. Hann heldur að hann geti tvöfaldað Reykjanessbrautina og hann ætlar örugglega að kippa í liðinn svona smámálum eins og hafnarmannvirkjum á norðursvæði Reykjanesskjördæmis. Ég held að það væri þarft verk fyrir flokkinn að setjast með sínum mönnum og láta þá vita það að svona gerast ekki kaupin á eyrinni. Þá er a.m.k. ljóst að viðkomandi sleppur við að fara í þá tegund kosningabaráttu fyrir kosningarnar í vor.

Herra forseti. Það kom fram hjá Guðmundi Hallvarðssyni ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Hv. þm.)

... hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að hér ætti ekki að fara að byggja upp stórar hafnir og að nægjanlegt framboð væri á höfuðborgarsvæðinu og ekkert þyrfti að gera meira. Því spyr ég: Á að láta Reykjavík eftir alla uppbyggingu norðurfrá? Á aldrei að skoða hvort ástæða sé til að styðja sérframkvæmdir sem miðast við séraðstæður, bæði í Kópavogi og Garðabæ, svo ég tiltaki tvo staði? Hér hefur komið fram hvað hangir á spýtunni í Garðabæ, það eru skipaviðgerðirnar. Það hentar ekki Garðabæ þótt meira fé sé lagt í uppbyggingu í Reykjavík, ekki varðandi þær framkvæmdir.

Um Kópavog hefur hér farið fram alveg fáránleg umræða, t.d. um hvort Kópavogur ætli að fara að keppa við Reykjavík um stórhafnir. Þetta er fásinna. Ég bara býð þingmanninum að skjótast í Kópavoginn og skoða það sem þar hefur gerst. Þar var lítil smábátabryggja og í mörg ár hefur þar átt sér stað uppbygging enda átti fjöldi smábáta á ákveðnu tímaskeiði mjög erfitt með að fá inni í höfnum nágrannasveitarfélaganna. Allt hefur verið unnið á kostnað sveitarfélagsins sjálfs og aðstaða þarna í smábátahöfninni er til fyrirmyndar. Ekkert hefur komið frá ríkinu nema einu sinni 2 millj. og til að tryggja að þær kæmu örugglega ekki inn á hafnaáætlun voru þær kallaðar lendingarbætur, lendingarbætur í stærsta kaupstað utan Reykjavíkur. Það er ekki verið að tala um neitt sambærilegt við Reykjavík með þessum legukanti sem Kópavogur er að reyna að fá stuðning við. Það verður e.t.v., eins og hér hefur komið fram, þjónustuhöfn og gámahöfn af því að þar er landsvæði sem hentar til þess fyrir utan þjónustuna sem þar yrði.

Ef það er löngu búið að ákveða, herra forseti, að það sem fyrir er skuli þjóna þessum svæðum, að Hafnarfjörður eigi að vera höfnin fyrir norðursvæðið, þá á líka að koma betur til móts við Hafnarfjörð en ekki tala um að eingöngu samkeppnishafnir eigi að fá framlög. Og svo er stórlega mismunað miðað við sambærileg svæði og sambærilegar bæjarstærðir. Ég ætlast til að menn hafi eitthvert samhengi milli þess sem þeir segja heima í héraði og þess sem þeir bera fram í svörum á hv. Alþingi.

[14:34]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í ræðu hv. þm. kom fram að ég hafi sagt að ekki þyrfti að gera meira, bara byggja upp í Reykjavík. Það er rangt. Ég hafði ekki orð á því. Ég var hins vegar að vekja athygli á því að menn hafa farið svolítið út og suður í þessari umræðu. Á sama tíma og þeir kvarta yfir því að ekki sé til nægjanlegt fjármagn til að byggja upp hafnir gera þeir kröfur um að þeim verði fjölgað og þær stækkaðar.

Annað er það að ég talaði ekki um Kópavog sem samkeppnishöfn, ekki gagnvart Reykjavík. Það er alger misskilningur. En eftir einu hjó ég sérstaklega hjá hv. þm. og það er það sama og ég hef lagt hér upp að meginmáli. Reykjavíkurhöfn hefur ekki fengið neinn ríkisstyrk, ekkert ríkisfjárframlag. Því spyr ég: Hvaða ástæðu hafa þingmenn dreifbýlisins til að draga Reykjavíkurhöfn inn í þessa umræðu um þetta litla fjármagn sem verið er að ræða um að sé til skiptanna? Hvað kemur Reykjavíkurhöfn það mál við? En fyrst menn vilja nefna þetta svo mjög og hafa jafnvel orð á því að sjálfsagt sé og eðlilegt að draga úr krafti Reykjavíkurhafnar til þess að byggja m.a. í Kópavogi, byggja upp í Þorlákshöfn til þess að taka á móti stórum skipum, þá hlýt ég auðvitað að koma inn í umræðuna með þessum hætti. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.)

Í annan stað nefndi ég Dyrhólaey og mönnum fannst það alveg fáránlegt. En hún hefur verið í umræðunni um langt árabil. Muni menn kannski ekki svo langt aftur í tímann er rétt að menn athugi það og rifji upp.

En fyrst og fremst þetta: Reykjavíkurhöfn hefur ekki þurft á fjármagni ríkisins að halda. Reykjavíkurhöfn er ekki inni í myndinni en samt telja þingmenn dreifbýlisins ástæðu til að draga hana inn í umræðuna og reyna að stýra orðum sínum þannig að sjálfsagt sé og eðlilegt að draga nánast allan kraft og þrótt úr þeirri höfn til þess að byggja megi upp óhagkvæmar hafnir annars staðar.

[14:36]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég mótmæli þessu harðlega. Alla vega hef ég ekki dregið Reykjavíkurhöfn inn í umræðuna eða talað um að það ætti að draga úr henni kraft. Ég hef hins vegar bent á orð þingmannsins og önnur orð sem ég ætla að fara yfir hér, um að Reykjavík eigi að duga öllu svæðinu. Að sjálfsögðu vitum við að fyrirhugaðar eru framkvæmdir við að flutt verði á nýjan stað í Reykjavík og það væri eðlilegt að þeir sem stýra þessu skoðuðu hvort það væri e.t.v. skynsamlegt að lítil gámahöfn eða þjónustuhöfn fengi stuðning í Kópavogi þrátt fyrir það að byggja eigi upp meira í Reykjavík. Við skulum bara hafa það á hreinu.

Herra forseti. Ég bar fram fyrirspurnir til samgrh. um hafnamál í fyrravetur vegna þess að ég var orðin nokkuð leið á því hversu misvísandi tilvitnanir var verið að gera varðandi hafnir á norðursvæðinu í mínu kjördæmi. Í svari ráðherrans er vísað í 24. gr. hafnalaga um áætlanagerð Siglingastofnunar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild."

Svo segir síðar, með leyfi forseta:

„... var það mat Siglingastofnunar, hafnaráðs og samgönguráðuneytis að nægilegt framboð væri af viðleguköntum á höfuðborgarsvæðinu."

Ég var að vísa til þessa, þ.e. að ef framboðið er nægilegt í Reykjavík, hvort það þýði þá aldrei, aldrei í þessum höfnum sem vilja láta líta örlítið sértækt til sín. Reykjavík fékk stuðning á uppbyggingarskeiði sínu og ég benti á að höfnin í Kópavogi er sennilega 40 ef ekki 50 ára gömul, þ.e. elsti hluti hennar. Hún hefur verið byggð algerlega upp af hálfu sveitarstjórnarinnar og það hefði ekki verið óeðlilegt ef hún hefði fengið einhvern annan stuðning en þessar lendingarbætur sem ég nefndi.

[14:38]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að aldrei, aldrei eigi að gera annað en að byggja upp í Reykjavík og þeir sem stýra málum eigi frekar að leyfa litlar gámahafnir annars staðar. Nú er það svo að ríkið hefur ekkert um Reykjavíkurhöfn að segja sem betur fer vegna þess að Reykjavíkurhöfn stendur á eigin fótum. Ef yfirvöld í Reykjavík og hafnarstjórn Reykjavíkurhafnar sjá ástæðu til þess að byggja og gera betur við sína viðskiptavini þá eiga hvorki samgrh., ráðuneyti né yfirvöld siglingamála og hafnamála að hafa áhrif á það vegna þess að á meðan hæstv. samgrh. er ekki að skipta sér af Reykjavíkurhöfn og leyfir höfninni að blómstra og byggjst upp til að standast kröfur viðskiptavina sinna þá er ekki á meðan verið að taka fjármagn frá öðrum höfnum vegna þeirrar uppbyggingar. Það ber allt að sama brunni hjá hv. þingmönnum sem koma hér og tala um það svona undir rós að eðlilegt sé að draga úr framkvæmdagetu Reykjavíkurhafnar til að byggja upp annars staðar á sama tíma og þeir tala um að meira fjármagn vanti til að gera öðrum höfnum til góða sem hafa einkum og sér í lagi stundað þjónustu við fiskiskipin. Ég fæ ekki samhengi í það hvernig menn geta talað svona tungum tveim, að það vanti fjármagn en það eigi samt sem áður að stoppa þá höfn af sem ekki leitar í kassa ríkisins til að þeir geti farið að byggja annars staðar. Og hvað er þá til skiptanna? (**Gripið fram í:** Það er ekkert verið að stoppa Reykjavík ...)

[14:40]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mætti halda að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson væri í Eyrnabandinu. Ég er aldeilis hissa á málflutningi þingmannsins. Við erum ekkert að tala um Reykjavík. Við erum að tala um Reykjanes og það er þingmaðurinn sem hefur dregið Reykjavík inn í umræðuna. Við erum að benda á annað. Við erum að benda á að þörf er fyrir aðgerðir í öðrum sveitarfélögum við hafnir hafa aldrei fengið nokkurn stuðning eins og sú sem ég var að vísa til, á meðan það gerðist á árum áður að sú höfn sem hann ber fyrir brjósti fékk stuðning og það hefði ég örugglega stutt. Við erum að tala um að það geti verið hagkvæmt að líta á sértækar þarfir á einstökum stöðum þó svo, herra forseti, að verið sé að byggja upp í Reykjavík eins og mat er fyrir. Herra forseti. Ég er að vísa til svars sem ég fékk frá samgrh. þar sem hann talar um framkvæmdir og forgangsröðun ríkisins varðandi fjárframlög til hafna og segir, með leyfi forseta:

„Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild."

Ég hef hér svarað því hvernig við þingmenn Reykjaness höfum staðið saman að mikilvægum framkvæmdum í okkar kjördæmi, í Sandgerði, í Grindavík og í Helguvík. En ég tek undir það með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að það er hastarlegt að hafnir sem ætti að líta til og aðgerðir sem ætti að skoða skuli enga skoðun fá. Og þetta kemur bara Reykjavík ekkert við. Hún má að mínu mati byggja upp eins og henni þykir þurfa í sínu umhverfi. Ég er alveg sannfærð um að það væri þjóðhagslega hagkvæmt ef þessi litli legukantur kæmi í Kópavogi, enda mun hann koma alveg óháð þessu. Við skulum bara muna hverjir fá framlög og hverjir ekki.

[14:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi umræða er komin inn á dálítið sérkennilegt spor, verð ég að segja. Mér finnst það athyglisvert þegar hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson fer að skamma hér af nokkrum krafti þingmenn dreifbýlisins og virðist þá aðallega eiga við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur úr Kópavogi. Ég hafði ekki áttað mig á að svo væri komið að Kópavogur væri orðinn dreifbýli í þessum skilningi.

Ég ætla að öðru leyti, herra forseti, ekki að blanda mér mikið í deilur þingmanna Reyknesinga og Reykvíkinga um þessi mál, hafnarframkvæmdir hér á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu eins og Hafnfirðingar kjósa að kalla það af alkunnri hógværð, hvort sem það eru framkvæmdir þar eða lendingarbætur í Kópavogi eða eitthvað annað. Ég vil bara segja fyrir mitt leyti að ég held það sé búið að koma þessum málum í nokkuð sanngjarnt horf hvað varðar samkeppnisstöðu þessara hafna. Það er ósköp einfaldlega á grundvelli ákvæða í núgildandi hafnalögum að tekið er tillit til tekjumöguleika og afkomu hafnarsjóðanna þegar styrkhæfni einstakra framkvæmda er metin. Þessi mál voru hins vegar ekki í sanngjörnum farvegi fyrir svo sem eins og tíu árum síðan og það vill svo til að ræðumaður þekkir aðeins til þeirrar sögu. Þannig var að Reykjavíkurhöfn var ein hafna án nokkurra ríkisstyrkja en hafnir í nágrannasveitarfélögunum fengu í raun og veru sjálfvirkt 75% eða hvaða kostnaðarhlutfall sem það nú var sem ríkissjóður á þeim tíma endurgreiddi. Það var í kjölfar skoðunar á þessum málum sem innleiddar voru þær reglur að styrkhlutfallið gæti verið mismunandi og lægra en almenna reglan var þegar um var að ræða fjársterkar hafnir eins og t.d. Hafnarfjarðarhöfn, Akureyrarhöfn, Ísafjarðarhöfn eða aðra slíkar, enda var ekki orðið sanngjarnt að þær hefðu fullt styrkhlutfall á móts við litlar tekjulágar hafnir úti um landið, en síðan fékk Reykjavík ekkert. Nú er búið að koma þarna á skipan, formúlum, sem ég held að vegi og meti nokkuð sanngjarnt þessa stöðu eða samkeppnisstöðu hafnanna. Ég er stuðningsmaður fyrirkomulagsins eins og það er og held að menn geti sparað ræður og karp af þessu tagi hér yfir Kópavogslækinn. Mér finnst það ekki mjög frjótt.

Í öðru lagi vil ég, herra forseti, segja að heppilegra er að við ræðum almenna stefnumótun og fjárveitingar í þennan

málaflokk og látum þá annaðhvort samgn., fagnefnd þingsins, og Siglingastofnun eftir að útfæra einstakar framkvæmdir. Ég vil þó nefna, af því að framkvæmdir á suðvesturhorninu eru á dagskrá, að ég fagna því að Grindavíkurhöfn t.d. sé loksins að komast inn á kortið. Þarna er um að ræða gífurlega mikla en um leið mikilvæga framkvæmd, bæði út frá notagildi hafnarinnar en líka frá öryggissjónarmiði þar sem verið hefur einhver varasamasta innsigling í landinu eftir að Sandgerðisinnsigling var tekin í gegn. Nú sér fyrir endann á því að menn kljúfi þann mikla kostnað sem er samfara því að sprengja rennu úr Grindavíkurhöfn og verja hana. Sama má auðvitað segja um Sandgerði. Þar eru enn fram undan mikilvægar framkvæmdir sem varða notagildi hafnarinnar og innra skipulag. Þar er auðvitað gífurleg umferð sem miklu máli skiptir að gangi klakklaust, að bátar hafi þar viðlegu og annað því um líkt.

Ég nefni þá í leiðinni, án þess að ég ætli að falla í þá gryfju að ræða einstakar framkvæmdir, þær gífurlega miklu og dýru framkvæmdir í Norðurl. e. sem skera sig nokkuð úr með dýrar hafnarframkvæmdir og miklar hafnir. Þar er mjög stór floti sem hefur sprengt utan af sér hafnir á mörgum stöðum. Það er alþekkt að t.d. togaraútgerð frá Eyjafjarðarsvæðinu og önnur sjósókn þaðan er svo mikil að um jól og áramót og í brælum er vandræðaástand. Þá eru allar almennilegar viðleguhafnir á Eyjafjarðarsvæðinu fullar af skipum. Þau liggja í bunkum, eins og við mundum segja norðanmenn, hvert utan á öðru. Þess vegna eru framkvæmdirnar hjá hafnasamlagi Eyjafjarðar á Akureyri, á Húsavík, Raufarhöfn og Þórshöfn gífurlega mikilvægar. Hinar hafnirnar hafa aftur sprungið af öðrum orsökum að segja má. Þar hafa umsvif tengd veiðum og vinnslu uppsjávarfiska valdið mikilli umferð stórra skipa sem fara stækkandi með endurnýjun flotans og kalla á dýrar framkvæmdir.

Það sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði um hafnasamlög tek ég ekki undir. Þvert á móti tel ég að hafnasamlögin og samstarf hafna sem þar hefur skapast hafi tvímælalaust skilað árangri. Að þess sjái ekki stað í að farið sé fram á minni fjárveitingar er í raun eðlilegt. Hafnasamlögin voru ekki stofnuð til þess að draga úr framkvæmdum. Þau voru stofnuð, annars vegar til að jafna út tekjumun hafnanna sem varð með breyttri hlutverkaskipan, breyttri verkaskiptingu milli þeirra, og hins vegar til að koma á stjórnunarlegu hagræði. Þörfin fyrir miklar framkvæmdir í þessum höfnum er þó enn til staðar. Sú þörf er hins vegar í skynsamlegra samhengi að mínu mati og gjarnan tengd áætlanagerð sem tekur mið af hlutverki hverrar hafnar fyrir sig og það er til bóta. T.d. er enginn vafi á því að sú togstreita sem ella hefði skapast, við getum tekið dæmið af Ólafsfirði og Dalvík, leysist í gegnum hafnasamlagið og tekjunum er jafnað. Þá skiptir minna máli en áður var hvort flutningaskip koma inn á aðra höfnina og fiskiskip inn á hina o.s.frv. Ekki síst í þessu liggur gildi þess að hafnirnar starfi saman og mæti þannig breyttum hlutverkum sem hafa skapast m.a. af því að vöruflutningarnir eru að þjappast á færri hafnir. Aðrar hafnir verða í staðinn hreinar fiskihafnir með annarri tekjusamsetningu.

Skipin stækka og það þurfa menn að hafa í huga. Menn standa núna frammi fyrir því að margar af gömlu höfnunum eru of litlar og eftir á að hyggja hafa sums staðar verið gerð þau mistök að hafa ytri hafnarmannvirkin of innarlega og því ekki pláss innan gömlu varnarmannvirkjanna, öldubrjótanna eða garðanna, fyrir svona stór skip. Það er ekki hægt að dýpka þær hafnir nægjanlega nema með dýrum sprengingum. Þetta leiðir til þess að á nokkrum stöðum á landinu hafa menn neyðst til þess að ráðast í gerð ytri hafnarmannvirkja sem liggja utar og geta mætt þörfum stærri skipa sem hafa meiri djúpristu. Þetta á t.d. við um Húsavík og jafnvel Hafnarfjörð þar sem stærri skip og flotkvíar og allt það dótarí kemst ekki fyrir í hinni gömlu Hafnarfjarðarhöfn. Þar af leiðandi þarf þar nýja garða, ný ytri mannvirki og á þessu þyrfti að halda víðar á landinu.

Sé litið á samþættingu samgönguþáttanna í þessu efni þá skiptir fyrst og fremst tvennt máli. Það er annars vegar samspil hafnarmannvirkjanna og afnot af höfnum og vegasamgöngur hins vegar. Það hefur alls ekki verið gaumgæft nægilega, fyrst og fremst þar sem vegirnir hafa yfirleitt ekki verið tilbúnir til að taka við hinu nýja hlutverki sem breytt samgöngumynstur á sjó hefur kallað á.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að ef hafnaráætlun þessi gengi eftir og við hana yrði staðið að fullu, þá væri framkvæmdastigið í höfnum landsins á þessu fjögurra ára tímabili þolanlegt. Því miður hefur þessi áætlun sama einkenni og margar slíkar vilja hafa að hún er afturbreið eða eigum við frekar að segja frammjó. Hún er ansi mjó í framendann en breið í afturendann. Fyrir það fyrsta er það aldrei mjög fallegt form, a.m.k. að mati ræðumanns. Í öðru lagi er ótryggara að afturendinn er skrifaður í skýin. Þá verður búið að kjósa, komið nýtt þing og nýjar aðstæður í efnahagsmálum. Við vitum ekki hversu vel þetta mun endast, hvorki ég né virðulegur forseti.

[14:51]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni er hér á ferðinni það viðamikið mál að ekki gefst tóm til að fara yfir alla anga og enda þess á átta mínútum. Ég vil því freista þess að reyna að drepa á nokkur atriði til viðbótar sem athygli vekja og þörf á að ræða.

Hér hefur réttilega verið bent á að samkvæmt orðanna hljóðan hefur verklag við undirbúning þessarar hafnaáætlunar verið eilítið öðruvísi en verið hefur. Fyrst er þar að nefna þá tilraun að raða upp verkefnum í samræmi við einkunnagjöf samkvæmt formúlu þar um. Þessa formúlu er að finna í athugasemdum með þáltill., ef ég man rétt. Við fyrstu sýn virðist hún flókin og vekur jafnvel fleiri spurningar en hún svarar. Þegar maður sér síðan, og ég er með það í höndunum, virðulegi forseti, hvernig það birtist í einkunnagjöfinni, þá vakna enn fleiri spurningar.

Nú dreg ég ekki í efa að starfsmenn Siglingastofnunar hafi unnið af bestu samvisku og yfirsýn en hlýt að gagnrýna að við undirbúning máls skuli samgn., sem setti saman gildandi hafnaáætlun frá 1997–2001 eða til 2000, ekki hafa verið höfð með í ráðum við þá endurskoðun og samsetningu formúlu af þessum toga. Við þekkjum svona formúlur úr vegáætlun og mönnum hefur sýnst sitt hvað um þá formúlu. Hún hefur oft verið rædd á þessum vettvangi. Auðvitað eru svona formúlur aldrei þannig úr garði gerðar að þær svari öllum álitamálum sem upp koma. Því er óhjákvæmilegt annað en samgn. verji nokkrum tíma til þess að fara yfir forsendurnar í formúlunni. Þegar maður les yfir einkunnir fyrir hinar ýmsu framkvæmdir hér og þar um landið, þá veltir maður óneitanlega fyrir sér hvort hafi komið á undan eggið eða hænan, hvort menn hafi fyrst forgangsraðað og síðan búið til formúlu utan um þá forgangsröðun eða unnið þetta algerlega akademískt og lagt línurnar fyrir fram. Nú veit ég ekkert um það og ég vil trúa því að rétt röð hafi verið á því.

Það er stórmál ef menn ætla að festa í sessi og negla niður á þessum vettvangi að forgangsraða verkefnum svona, búa til slíka forskrift. Það verk þarf að vanda mjög rækilega og ná um það allgóðri sátt í þinginu áður það verður fastsett. Ég undirstrika og tel óhjákvæmilegt annað en að nefndin fari yfir það mjög rækilega.

Hér hefur einnig borið á góma þá stefnubreytingu sem finna má í þessari tillögu varðandi hafnasamlögin. Þess er skemmst að minnast að af hálfu hæstv. samgrh. var mikil áhersla lögð á að þessi samlög yrðu að veruleika. Leiða má rök að því að hann hafi í raun veitt premíu til hafnarstjórna sem tóku sig saman, stilltu saman strengi sína og mynduðu hafnasamlög, þau hafi fengið viðbótarfjárframlag eða a.m.k. gæfulegt og vinalegt viðmót af hálfu hæstv. samgrh.

Hins vegar bregður svo við að vegna þess að hafnasamlögin hafa farið saman og velta margra þeirra hrokkið upp fyrir 100 millj. kr. markið, að það sé talin ástæða til skerðingar. Ég sé ekki samhengið þar á milli. Við þekkjum og vitum að veltufjármunir við rekstur hafna segja ekki alla sögu. Framleiðnin og afkoman er veigameiri í þeim efnum auk möguleika hafna og hafnasamlaga til að reka hafnir sínar *af viti og ráðast í nýjar framkvæmdir*. Ég dreg í efa, án þess að ég hafi flett því upp orð fyrir orð, að efni standi til þess í hafnalögum að sú skerðing sé heimil af þeim ástæðum, 20% skerðing vegna þess að hafnirnar heiti ekki lengur hafnir tiltekinna sveitarfélaga heldur hafnasamlög. Í hafnalögum er heimild til að skerða framlög til einstakra hafna ef afkoma þeirra er sérstaklega góð. Ég held hins vegar að ekkert standi í hafnalögum um að skerðing sé heimil vegna þess að veltan sé mikil eða lítil. Þar er auðvitað um tvo aðskilda hluti að ræða.

Burt séð frá því er það hin efnislega stefnumörkun sem hér er umhugsunarefni. Maður veltir því fyrir sér hvort þetta geti haft þau áhrif að hafnir sem hafa e.t.v. að velt því fyrir sér að stofna til hafnasamlaga, geri það ekki þar sem það muni verða ávísun á skert ríkisframlag til nýrra framkvæmda. Þessu þurfum við að velta dálítið fyrir okkur og er umhugsunarefni. Ég vil því árétta að mikil vinna er fyrir höndum í þessu máli. Bara þessi tvö atriði sem ég nefni eru þannig að um varanlega stefnumörkun er að ræða sem menn munu ekki vinda svo léttilega ofan af er næsta hafnaáætlun kemur til endurskoðunar að tveimur árum liðnum. Hér er mörkuð stefna.

Þriðja atriðið, sem ég gerði að umtalsefni og átti orðaskipti við ýmsa þingmenn um, lýtur að þeirri prinsippákvörðun að tilteknar hafnir skuli ekki vera styrkhæfar. Það er stefnumörkunaratriði sem ég hygg að menn þurfi að horfa beint framan í og átta sig á að mjög sennilega mundi sú ákvörðun standa og reynast erfitt að hverfa frá henni í næstu framtíð. Grundvallaratriðin þrjú sem hér eru á ferð eru þess eðlis að við hljótum að gaumgæfa þau mjög alvarlega. Ég hef ákveðnar efasemdir um sum þeirra, meiri um einstök atriði en önnur, en öll þurfa þau yfirlegu.

Að öðru leyti tek ég undir það sem hér hefur verið sagt, að gangi þessi hafnaáætlun eftir í lengd og breidd hvað varðar *heildarumfang fjármuna er það fagnaðarefni*. Guð láti gott á vita ef okkur tekst að standa við þau áform því að oftar en ekki hefur reynslan verið sú að menn hafa kiknað undan loforðunum sem þar er að finna. Ég árétta að áætlunargerð af þessum toga er ónýt og verri en engin ef menn bera ekki gæfu til að standa við fyrirheitin.

[15:00]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem hafnaáætlunin hefur fengið. Það er rétt hjá hv. 9. þm. Reykn. að það hefði verið æskilegra að hægt hefði verið að leggja áætlunina fyrir þegar í upphafi þings. En það er nú svo að langur aðdragandi er að áætlun eins og þessari og kveðið er skýrlega á um það í lögum hvernig með skuli farið og þeim ferli var einfaldlega ekki lokið fyrr en raun ber vitni. Má kannski segja að unnt hefði verið að leggja áætlunina fram viku fyrr ef ekki hefði svo staðið á að ekki voru haldnir þingfundir í síðustu viku en um það er ekki að sakast.

Ég vil í fyrsta lagi víkja að því hvort þessi áætlun sé rassía eins og sagt var, hvort ástæða sé til að ætla að ekki verði við hana staðið eða hvort um raunhæfa áætlun er að ræða. Ég vil í því sambandi benda á að gert er ráð fyrir því að auka verulega fé til hafnamála en jafnframt er uppi áætlun um að lækka nokkuð þær skuldbindingar sem ríkissjóður hefur á hverju ári vegna hafnargerðar. Þegar þetta hvort tveggja er metið samtímis kemur í ljós að með þessari hafnaáætlun er gætt þess nauðsynlega meðalhófs sem gæta þarf til þess að takast á við stærstu verkefnin í hafnamálum og til þess jafnframt að setja ekki markið svo hátt að veruleg freisting verði til þess síðar að draga þar úr. Ég hygg að með nokkru öryggi *megi segja að þessi hafnaáætlun muni standa*. Fyrirvarinn lýtur einungis að því að ég hygg að fremur sé útlit fyrir að betur verði gert við hafnirnar á næstu árum en að dregið verði úr því sem hér stendur. Eins og kom fram í ræðum sumra hv. þm. áðan er það einfaldlega vegna þess að víða eru hafnarframkvæmdir mjög brýnar vegna loðnuflotans, vegna mikilvægis sjósamgangna og vegna þess að víða þrengir að höfnum og vegna þess að öryggismálin eru mjög í deiglunni eins og við sjáum gleggst á þeirri miklu áherslu sem lögð er á að ljúka við Grindavíkurhöfn.

Það var auðvitað rétt sem fram kom hjá hv. 5. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, að á undanförnum árum hefur verið staðið vel við bakið á Grindvíkingum, Sandgerðingum og Keflvíkingum í sambandi við Helguvík. Það er gott að rifja upp annað slagið hverjum það er að þakka. Eins og hún sagði skýrt áðan hafa jafnaðarmenn staðið sig vel á Suðurnesjum. Ekki spyr ég að. Hitt þótti mér kannski undarlegra að jafnaðarmenn skyldu aldrei komast út fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið í raun í þeirri umræðu sem varð um þessa hafnaáætlun. Þó svo þeir reyndu að víkja til fortíðarinnar varðandi þessar hafnir var athyglin öll á höfuðborgarsvæðið. Áhyggjurnar lutu t.d. ekki að því hvort nægilega hratt væri farið og örugglega í Grindavík. Þetta þótti mér mjög athyglisvert, að ég tali ekki um aðra staði á landinu. En þetta skýrist af því að í þessari hafnaáætlun er reynt að taka eins og hægt er tillit til þarfanna eins og þær eru á hverjum stað. Auðvitað er það rétt sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði áðan að mikil vinna er fram undan hjá samgn. og ég leyfði mér að skilja orð hans svo að hann hlakkaði til þeirrar vinnu og mundi leggja sig fram um að reynt yrði að inna hana af hendi sem fyrst enda eru samgöngunefndarmenn kunnugir hafnamálum um land allt og eiga auðvelt með að setja sig inn í aðstæður og þarfir á hverjum stað.

Ég ítreka svo þakkir mínar, herra forseti, til þingmanna sem hafa tekið þátt í umræðunni og vænti þess að samgn. muni geta lokið störfum sem allra allra fyrst.

[15:05]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ástæða til að segja örfá orð í framhaldi af orðum hæstv. ráðherra um framgöngu jafnaðarmanna við að koma af stað Helguvíkurhöfn. Ég tel mér skylt að rifja upp hvernig bygging Helguvíkurhafnar komst af stað. Það var eftir baráttu sveitarstjórnarmanna í Reykjanesbæ eða Keflavík/Njarðvík sem þá var að það tókst með miklu harðfylgi þáv. samgrh. sem var hæstv. núv. samgrh., Halldór Blöndal, að sú höfn komst á hafnaáætlun þó ekki væri búið að gera ráð fyrir því áður. Ég hygg að Suðurnesjamenn hafi alla tíð haft stuðning hæstv. samgrh. Halldórs Blöndals við að sú framkvæmd varð að veruleika. Án tilstillis hans hefði það ekki orðið að okkur mati. Mér finnst full ástæða til að það komi fram og ég komi því í þingtíðindi að hæstv. ráðherra brást alveg sérlega vel við þeim óskum. Sú framkvæmd hefur svo sannarlega borgað sig enda er risin þar ein stærsta og öflugasta loðnuverksmiðja landsins og aðrar framkvæmdir fyrirhugaðar.

Varðandi hafnasamlög var einnig farið út í að stofna hafnasamlag á Suðurnesjum að frumkvæði hæstv. samgrh. og ég hygg að flestallir sem hafa komið nálægt þeirri stofnun af hálfu sveitarstjórnarmanna og hafnarstjórnarmanna á svæðinu séu ánægðir með það hvernig úr hefur ræst og menn horfi björtum augum fram á stækkun þess hafnasamlags þó síðar verði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leiklistarlög, 2. umr.

Stjfrv., 146. mál (heildarlög). — Þskj. 146, nál. 327 og 347, brtt. 328 og 348.

[15:08]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. um frv. til leiklistarlaga frá meiri hluta menntmn.

Með frv. er lagt til að lögum um Þjóðleikhús, nr. 58/1978, með síðari breytingum, og leiklistarlögum, nr. 33/1977, með síðari breytingum, verði steypt saman í ein heildstæð lög um leiklistarmálefni í landinu. Frv. gerir ráð fyrir að ákvæði um Þjóðleikhús verði gerð einfaldari og skýrari og færð til nútímahorfs. Skipan þjóðleikhúsráðs er breytt á þann veg að fulltrúar verða ekki lengur tilnefndir af fjórum stærstu þingflokkunum og Félagi ísl. leikara heldur skipar menntmrh. þrjá án tilnefningar en tvo samkvæmt tilnefningum Félags ísl. leikara og Félags leikstjóra á Íslandi.

Veruleg breyting er gerð á skipan leiklistarráðs í þeim tilgangi að gera ráðið bæði einfaldara og skilvirkara sem ráðgefandi aðila fyrir menntmrh.

Þá gerir frv. ráð fyrir mikilsverðu nýmæli í 16. gr., sem er heimild ríkisins til að gera samninga við sveitarfélög, lögaðila, félög og stofnanir um fjárstuðning við atvinnuleikhús eða svipaða starfsemi. Við þá samningsgerð gæti menntmrn. t.d. leitað til leiklistarráðs sem ráðgefandi aðila.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frv. með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Tillagan gerir ráð fyrir að þjóðleikhússtjóri skuli auk staðgóðrar þekkingar á starfi leikhúsa, eins og hæfisskilyrðin eru orðuð í núgildandi lögum, búa yfir menntun á sviði lista.

Arnbjörg Sveinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita Sigríður Anna Þórðardóttir, Hjálmar Árnason, Tómas Ingi Olrich, Kristín Ástgeirsdóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Árni Johnsen.

[15:10]

Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. minni hluta menntmn. Þann minni hluta skipar auk mín hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir. Svavar Gestsson, sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur nefndarálitinu og þeirri brtt. sem við berum fram.

Það frv. sem nú kemur til 2. umr. og ekki eru lagðar til miklar breytingar á af hálfu meiri hlutans er í öllum efnisatriðum sambærilegt við frv. sem lagt var fram á 122. þingi en var þá ekki afgreitt vegna gagnrýni sem kom fram á ákveðna efnisþætti þess máls. Frv. hefur nú eftir að hafa aftur verið lagt fram í haust verið til meðferðar í menntmn. Nokkrar breytingar urðu á málinu milli þinga og það sem skipti sköpum trúi ég var það að víðtækara samráð var haft um meðferð þess en áður þannig að gagnrýnisatriðum hefur fækkað. Þó standa enn eftir atriði sem minni hluti nefndarinnar telur ýmist ástæðu til að vekja athygli á eða að gagnrýna og flytja brtt. við.

Minni hlutinn telur að ekki hafi verið rökstutt nægjanlega að lög um Þjóðleikhús og leiklistarlög skuli felld saman í ein leiklistarlög.

Minni hlutinn vekur athygli á að: „Það er í mótsögn við þá aðferð sem viðhöfð er við t.d. löggjöf um háskóla þar sem sett eru almenn lög um háskóla og síðan sérlög um hvern skóla eftir því sem við á.“

Sama virðist vera í farvatninu varðandi útvarpslög þar sem til stendur að setja útvarpslög en síðan sjálfstæð lög um Ríkisútvarp en hafa þetta ekki í sama lagabálki.

Niðurstaða þess að hafa einungis ein leiklistarlög virðist því verða sú að Þjóðleikhúsið fái nýjan ramma um starfsemi sína í þrettán greinum en öll önnur leiklistarstarfsemi í landinu verði felld undir sama hatt í þremur greinum, samanber frv. Samkvæmt því verður einungis eitt leikhús í landinu viðurkennt í leiklistarlögum, þ.e. Þjóðleikhúsið. Þetta hafa, herra forseti, ýmsir orðið til þess að benda á og vil ég þar, með leyfi forseta, vitna í það sem Bandalag sjálfstæðra atvinnuleikhúsa hefur sagt um þetta atriði, en í umsögn þeirra segir:

„Í frumvarpinu er öllu sósað saman. Þjóðleikhúsið eitt fær skilgreinda stöðu, en öllu þar utan er hrært saman og sett á sama bás. Vitaskuld er þetta hreinasta óráð. Að spyrða saman ólíkar greinar sviðslista, að blanda áhugamennsku við atvinnumennsku, að stuðningur við leiklistarstarf er háður smekk valdhafa, þetta eru ekki góðar hugmyndir. Það stríðir gegn allri skynsemi að þurrka út alla skilgreinda ábyrgð ríkisins.“ Spurt er í framhaldi af þessu: „Er frumvarp til nýrra leiklistarlaga á einhvern hátt betra fyrir leiklistina í landinu en gildandi lög?“

Herra forseti. Í svipaðan streng tekur leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur, Þórhildur Þorleifsdóttir, þegar hún sendir inn erindi vegna umfjöllunar um frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Í öllum aðalatriðum er þetta frv. reyndar fyrst og fremst frv. til laga um Þjóðleikhús og sést það glöggt á heiti kafla

frv. II. kafli heitir Þjóðleikhús, III. kafli heitir Önnur leiklistarstarfsemi. Það þýðir í raun að leiklistarstofnun eins og Leikfélag Reykjavíkur á sér ekki lengur neina stoð í lögum. Hlýtur það að teljast mjög alvarlegt mál að elsta leiklistarstofnun landsins sem er vagga allra hinna, skuli hvergi nefnd á nafn í lögum um leiklist, hvað þá að henni sé með lögum tryggt líf."

Aðalgagnrýnin á frv. sjálft, herra forseti, hefur hins vegar verið á 6. og 16. gr. þess. Í 6. gr. er fjallað um ráðningu þjóðleikhússtjóra og sú breyting gerð frá gildandi lögum að opnað er á þann möguleika að þjóðleikhússtjóri sitji lengur en tvö ráðningartímabil.

Minni hluti nefndarinnar hefur farið vandlega yfir þau álitaefni sem fram hafa verið sett gagnvart þessari breytingu og skilur mætavel þá gagnrýni sem fram er sett enda var það lengi baráttumál leiklistarfólks að fá þau ákvæði inn í gildandi lög að ráðningartími þjóðleikhússtjóra yrði takmarkaður við tvö tímabil.

Minni hlutinn vill hins vegar líta til þess að bæði umræða og vinnubrögð hafi breyst þannig á undanförnum árum að rétt sé að láta reyna á ákvæði frv. Umræða og og gagnrýni er mun opnari nú en áður og í ljósi þess má ætla að þjóðleikhússtjóra verði ekki sætt frekar en öðrum sem standast ekki væntingar eða kröfur umhverfisins. Minni hlutinn styður hins vegar breytingartillögu nefndarinnar um kröfur um listmenntun þjóðleikhússtjóra, en samkvæmt frv. átti einungis að gera þá kröfu að skipaður yrði maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Breytingartillagan kveður á eins og hér hefur komið fram að hann hafi klárlega listmenntun.

Sú gagnrýni sem sett hefur verið fram á 16. gr. beinist í fyrsta lagi að því að grónar leiklistarstofnanir skuli ekki áfram eiga sinn sess í leiklistarlögum eins og þær eiga samkvæmt gildandi lögum.

Þannig segir í umsögn Leikfélags Reykjavíkur, herra forseti:

„Í því frumvarpi til leiklistarlaga sem hér er óskað umsagnar um er m.a. lagt til að niður falli ákvæði í 2. gr. eldri laga, þar sem fjallað er um að Alþingi veiti árlega fé til stuðnings starfi Leikfélags Reykjavíkur.

Leikfélag Reykjavíkur, stofnað 1897, er ein elsta menningarstofnun landsins. Frá upphafi hefur það með starfsemi sinni leitast við að glæða áhuga landsmanna á leiklist og þeim listgreinum öðrum sem leiksvið eru tengdar. Það hefur kostað kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

Á sinni löngu ævi hefur Leikfélag Reykjavíkur rekið leikhús í Reykjavík, staðið að stofnun Þjóðleikhúss, farið fjölda leikferða um landið, rekið leiklistarskóla, efnt til samkeppna í leikritun og rekið höfundasmiðjur, haldið uppi samstarfi við félög áhugamanna, skotið skjólshúsi yfir „frjálsa leikhópa", bæði fyrr og nú, og nú síðast tekið Íslenska dansflokkinn undir sinn verndarvæng í Borgarleikhúsinu og það er næsta víst að sú glæsilega bygging væri enn fjarlægur draumur ef ekki væri fyrir fórnfúsa baráttu leikfélagsmanna.

Það verður því að teljast með ólíkindum að hér skuli komið fram nýtt frumvarp til leiklistarlaga, án þess að minnst sé þar einu orði á Leikfélag Reykjavíkur. Þetta er meiri breyting en virðist í fljótu bragði — það segir í raun að L.R., sem nefnt hefur verið „vagga íslenskrar leiklistar", á sér ekki lengur neina stoð í lögum."

Í bókun á leikhúsráðsfundi Leikfélags Akureyrar hinn 18. febrúar í ár segir um þetta mál:

„Leikhúsráð harmar þá róttæku breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir á stöðu Leikfélags Akureyrar í leiklistarlögum, þar sem 2. gr. fyrri laga er felld niður og Leikfélags Akureyrar hvergi sérstaklega getið í frumvarpi til nýrra laga." — Þar er haldið áfram, herra forseti: — „Hér er rétt að benda á að á þessu ári verða liðin 25 ár frá stofnun atvinnuleikhúss á Akureyri. Þar er því þegar fengin dýrmæt reynsla um rekstur listastofnunar á atvinnugrundvelli utan höfuðborgarinnar. Það er afar mikilvægt að atvinnumennska í listum á Íslandi verði aldrei einskorðuð við Reykjavíkursvæðið heldur verði hún efld með öllum ráðum á landsbyggðinni."

Íslenski dansflokkurinn segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Íslenski dansflokkurinn heyrir undir lög um Þjóðleikhús, nr. 58/1978, og er reglugerð um Íslenska dansflokkinn, nr. 639/1991, ásamt síðari breytingum, byggð á lögum um Þjóðleikhús. Frá því að Íslenski dansflokkurinn varð sjálfstæð sviðslistastofnun árið 1991 hefur hann starfað samkvæmt ofangreindum reglum og má til sanns vegar færa að lagastoð hefði mátt vera tryggari. Því telur stjórn Íslenska dansflokksins nauðsynlegt að tilvera flokksins verði tryggð með ákvæði eða kafla í nýjum leiklistarlögum."

Leiklistarsamband Íslands segir um þetta sama mál:

„Miklu þykir varða að Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar og Íslenski dansflokkurinn eigi sér stoð í leiklistarlögunum. Æskilegt væri því að semja sérkafla um þessa aðila, en ekki að fella þá almennt undir III. kafla um „aðra leiklistarstarfsemi"."

Hér segir áfram í umsögn Leiklistarsambands Íslands:

„Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar: Samkvæmt frumvarpinu eru þessi rótgróna atvinnuleikhús felld undir kaflann „önnur leiklistarstarfsemi", án þess að vera nefnd sérstaklega. Leiklistarsambandið bendir á að Leikfélag Reykjavíkur hefur alla tíð þjónað öllum landsmönnum sem ein helsta menningarstofnun þjóðarinnar. Leikfélag Akureyrar hefur hins vegar skipað sess sem eina atvinnuleikhús Norðurlands og landsbyggðarinnar. Það er þessum félögum lífsnauðsyn að kveðið sé á um stuðning ríkisins við starfsemi þeirra í leiklistarlögum."

Um Íslenska dansflokkinn segir:

„Íslenski dansflokkurinn hefur um árabil notið framlaga sem ákveðin eru á fjárlögum hverju sinni án þess að eiga sér stoð í lögum. Leiklistarsambandið leggur eindregið til að Íslenski dansflokkurinn fái sérgrein í nýjum leiklistarlögum þar sem kveðið sé á um tilveru hans og rekstur."

Að lokum, herra forseti, vegna þeirrar gagnrýni sem komið hefur fram á það að rótgrónar eða nauðsynlegar menningarstofnanir eigi sér enga stoð í því frv. til nýrra leiklistarlaga sem hér er verið að fjalla um, vil ég vitna í það sem fram kemur um þetta efni í umsögn Bandalags íslenskra listamanna en þar segir:

„Stjórn bandalagsins telur afar mikilvægt að í frumvarpinu sé skýrt tekið fram að þau leikhús, önnur en Þjóðleikhúsið, sem sinnt hafa leiklist á grundvelli sérhæfðrar atvinnumennsku fái fjárstuðning frá ríkinu sem ákveðinn er á fjárlögum hverju sinni. Í þeim tilfellum þar sem ríkið er aðili að samningi við aðra aðila um rekstrarstuðning yrði að sjálfsögðu um sömu upphæðir að ræða í fjárlögum og kveðið er á um í viðkomandi samningi. Þessi leikhús eru: Leikfé-

lag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar, Íslenska óperan og Íslenski dansflokkurinn." Áfram segir hér:

„Leikfélag Reykjavíkur gegnir þeirri mikilvægu stöðu að vera atvinnuleikhús í samkeppni við Þjóðleikhúsið. Áhorfendur að sýningum félagsins koma alls staðar að af landinu og starfshættirnir taka mið af því. Félagið hefur nú starfað í heila öld af miklum listrænum metnaði og yrði það mikið slys ef félagið þyrfti að slá þar af vegna fjárskorts. Það yrði ekki bara skaði fyrir borgarbúa heldur landsmenn alla.

Leikfélag Akureyrar er eina atvinnuleikhúsið utan höfuðborgarsvæðisins og gegnir lykilhlutverki í menningarhlutverki á Norðurlandi. Félagið hefur sýnt ótrúlega útsjónarsemi í rekstri sínum og með miklum metnaði fært hvert stórvirkið af öðru á svið. Það hefur verið félaginu styrkur, bæði gagnvart ríkisvaldinu og viðkomandi sveitarfélögum, að um það er getið í núgildandi leiklistarlögum og breytingar þar á aðeins til þess fallnar að draga mátt úr þeim sem berjast fyrir lífi þessarar mikilvægu starfsemi.

Á síðustu árum hefur Íslenska óperan verið sá eini aðili hér á landi, sem sinnt hefur óperuflutningi með nokkuð reglubundnum hætti. Óperan fær fjárstuðning samkvæmt tímabundnum samningi við ríkið, en meiri óvissa ríkir um starfsemina þegar til lengri tíma er litið. Með staðfestingu á starfi óperunnar í leiklistarlögum yrði hægara um vik að byggja upp til lengri framtíðar.

Íslenski dansflokkurinn er eini atvinnuhópurinn í landinu á sviði listdans. Þótt flokkurinn sé ekki stór hafa sýningar hans vakið mikla athygli, bæði hér heima og erlendis. Með öflugri fjárstuðningi en nú fæst má ætla flokknum mikilvægt hlutverk í evrópskri dansmenningu og skiptir þá miklu að hann hafi fastari grunn til að standa á en nú er.

Í tillögu frumvarpshöfunda (sbr. 14. gr.) er farið mjög almennum orðum um þetta efni og ekki tiltekið hvaða einstakir aðilar eiga í hlut. Gamalgróin atvinnuleikhús eru þannig sett jafnfætis skammlífari leikhúsfyrirbærum og um leið grafið undan atvinnuöryggi þeirra listamanna sem þó eru að reyna að hafa viðurværi sitt af listsköpun sinni. Rekstur þessara húsa hangir á bláþræði og ekki er bætandi við þá óvissu sem ríkir um áframhald starfseminnar. Sérstakt ákvæði um stuðning við þau styrkir vissulega stöðu þeirra gagnvart fjárveitingavaldinu og er um leið virðingarvottur við það mikilsverða starf sem í þeim er unnið."

Herra forseti. Þetta voru sýnishorn af þeirri gagnrýni eða af þeim álitum sem fram hafa komið vegna þeirra áforma að breyta frá gildandi lögum í þá veru sem frv. gerir ráð fyrir, þ.e. þau áform að fella grónar listastofnanir út úr leiklistarlögum og að styrkja ekki frekar þær stoðir en að veikja. Einnig hefur verið gagnrýnt í þessu sambandi að ekki skuli vera gert ráð fyrir faglegu mati þegar gerðir eru samningar við rekstraraðila leiklistarstofnana eða félaga. Við þessari gagnrýni bregst minni hlutinn með brtt. við 16. gr. þar sem ríkisvaldið er skuldbundið gagnvart ákveðnum listastofnunum og kveðið er á um að það faglega mat fari fram þegar menntmrh. gerir samninga við rekstraraðila annarra leiklistarstofnana. Í gildandi leiklistarlögum segir að Alþingi veiti árlega fé til stuðnings tiltekinni leiklistarstarfsemi. Minni hlutinn í menntmn. telur að vilji Alþingis standi enn þá til þess að standa að baki grónum og mikilvægum stofnunum eins og Leikfélagi Akureyrar og Leikfélagi Reykjavíkur sem og Íslenska dansflokknum og Íslensku óperunni og að vilji Alþingis standi einnig til þess að standa að baki Bandalagi íslenskra leikfélaga, sem er hinn stóri bakhjarl alls þess áhugaleikfélagastarfs sem unnið er í landinu en eins og margoft hefur komið fram er þar í rauninni grundvöllur þess gróskumikla leiklistarlífs sem við búum við.

Minni hlutinn er sem sagt á því að sá vilji sem hefur staðið til þess að styrkja þessa starfsemi sé enn til staðar á Alþingi og sá vilji eigi að koma fram í leiklistarlögum en ekki að vera kominn undir geðþótta framkvæmdarvaldsins hverju sinni. Þess vegna, herra forseti, höfum við lagt til brtt. á þskj. 348 sem er svohljóðandi:

„Við 16. gr.

1. Við bætist ný málsgrein er verði 1. mgr., svohljóðandi:

Alþingi veitir árlega fé í fjárlögum til eftirtalinna stofnana: Leikfélags Reykjavíkur, Leikfélags Akureyrar, Bandalags íslenskra leikfélaga, Íslensku óperunnar og Íslenska dansflokksins.

2. 2. mgr., er verði 3. mgr., orðist svo:

Menntamálaráðherra skal gera samninga við aðila skv. 1. mgr. Samningar við aðra aðila skulu gerðir að fengnum tillögum leiklistarráðs."

Með þessari brtt. er ætlunin, herra forseti, að kveða ákveðið á um það að þær leiklistarstofnanir sem þar eru upptaldar njóti fjár af fjárlögum og að um rekstur þeirra skuli gerður samningur. Hins vegar er einnig, eins og ég gat um áðan, brugðist við þeirri gagnrýni að allt skuli vera galopið gagnvart því hvort listrænt mat er lagt á umsóknir um aðra samninga og því leggjum við til að leiklistarráði, sem á að vera til ráðuneytis varðandi úthlutun fjármagns til atvinnuleikhópa, verði einnig fengið það hlutverk eins og hér segir að gera tillögur vegna þeirra samninga sem eru gerðir við aðra aðila.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Kerfisbreyting í húsnæðismálum og ástandið á leigumarkaði.

[15:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú er komið á daginn að varnaðarorð okkar í stjórnarandstöðunni, samtökum launafólks, hagsmunasamtökum leigjenda og þeirra sem hafa sinnt félagslegu húsnæði, um vanhugsaðar breytingar á húsnæðiskerfinu voru á rökum reist. Það er ekki ofsögum sagt að neyðarástand sé að skapast í húsnæðismálum. Í Reykjavík einni eru 271 á biðlista eftir íbúðum hjá Öryrkjabandalaginu, 471 hjá Félagsmálastofnun, hjá húsnæðisnefnd borgarinnar eru áhrif nýju laganna metin á biðröð sem telur 210 einstaklinga og fjölskyldur, 50 eru á biðlista hjá Félagsstofnun stúdenta og 81 hjá leigumiðlunum. Alls eru þetta 1.083 einstaklingar og fjölskyldur. Eitthvað kunna þessar tölur að skarast en að sögn talsmanna Leigjendasamtakanna kemur á móti að fjöldi manns í húsnæðisleit er hvergi á skrá.

Staðreyndin er því sú að í Reykjavík einni eru á annað þúsund einstaklingar og fjölskyldur á biðlistum, þar af 471 fjölskylda í brýnni neyð. Í Kópavogi eru 120 fjölskyldur á biðlistum, á Akureyri eru yfir 100 einstaklingar og fjölskyldur á biðlista og um 70 í Hafnarfirði. Þetta hefur leitt til þess að verð á leiguíbúðum hefur rokið upp úr öllu valdi og eru dæmi þess að sögn talsmanna Leigjendasamtakanna að verið sé að leigja tveggja herbergja íbúðir á 50 þús. kr. á mánuði

en algeng leiga á slíkum íbúðum var til skamms tíma 35–40 þús. Gera menn sér grein fyrir því að hæstu örorkubætur eru um 63 þús. kr. á mánuði? Gera menn sér grein fyrir því hvað muni gerast þegar ný húsnæðislöggjöf tekur gildi um áramótin? Af hennar völdum er fyrirséð að enn frekari sprenging verður á leigumarkaði því samkvæmt nýju húsnæðiskerfi er lokað á félagsleg úrræði í húsnæðismálum. Þannig má nefna að fram að þessu hefur fólk getað fengið sérstakt lán vegna útborgunar á félagslegri íbúð. Þetta er tekið af en þessi ráðstöfun mun þýða að á þriðja hundrað fjölskyldur, sem hefðu getað keypt íbúð verða að leita út á leigumarkaðinn og þeir sem áttu skjól í kaupleigukerfinu verða sviptir því skjóli og þröngvað út á almennan leigumarkað.

Dæmið lítur svona út: Fólk sem áður gat keypt eða nýtt sér félagslegar lausnir er nú sett á guð og gaddinn og þannig er það í alvöru. Í Reykjavík einni er fyrirséð að fjöldi barnafjölskyldna verður á götunni vegna þess að engin úrræði er að hafa og þau bæjarfélög sem hafa haft neyðarathvarf á sínum snærum upplýsa að þar sé nú allt fullt út úr dyrum.

Þetta er náttúrlega grafalvarlegt mál og hneyksli því þetta eru hamfarir af manna völdum. Það fyrsta sem kemur upp í hugann er að skipta þurfi um ríkisstjórn þegar í stað og að tekið verði á þessu máli með neyðaráætlun. Jafnvel það sem ríkisstjórnin lofaði að gera hefur hún ekki framkvæmt. Enn skortir reglugerðir þar sem mælt yrði fyrir um framkvæmd laganna. Þessar reglugerðir eru ekki komnar og það litla sem komið er er í drögum. Húsnæðisnefndir víðs vegar um landið geta engu svarað um kjör, um greiðslumat og annað sem nauðsynlegt er að liggi fyrir. Af þessum sökum herðist enn á hnútnum í kerfinu.

En það alvarlega er að jafnvel þótt reglugerðirnar komi fram og greiðslumatið þá stendur hitt eftir að þúsundum einstaklinga og fjölskyldna sem áður gátu nýtt sér félagsleg úrræði og eignast eða leigt íbúðir á félagslegum kjörum, þ.e. þær höfðu hagstæðari greiðslukjör en gerist á markaði, þessum fjölskyldum, láglaunafólki, öryrkjum, námsmönnum, efnalitlu fólki verður nú vísað út á leigumarkaðinn, markað sem í rauninni er ekki til. Framboð er langt undir eftirspurn og verðlag í engu samræmi við greiðslugetu fólks. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera við þessar aðstæður þar sem á annað þúsund fjölskyldur í landinu eru á biðlistum eftir leiguhúsnæði? Samkvæmt fjárlögum sem nú liggja fyrir Alþingi ætlar ríkisstjórnin að lána til allt að 120 íbúða á næsta ári.

Ég spyr hæstv. félmrh. hvort ríkisstjórninni sé virkilega alvara með þessu og ég vil einnig biðja hann að útskýra fyrir okkur jólagjöfina í ár frá ríkisstjórninni til leigjenda. Húsaleigubætur hafa verið greiddar fyrir fram. Frá 1. janúar verða þær greiddar eftir á. Telur ríkisstjórnin að leigjendur hafi efni á að verða af húsaleigubótum í einn mánuð? Telur ríkisstjórnin að jólahátíðin með öllu því sem henni fylgir í útgjöldum sé rétti tíminn til að skerða kjör leigjenda?

[15:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég fagna því að fá tækifæri til að upplýsa ýmislegt um þessi mál. Í framhaldi af því sem hv. ræðumaður sagði tel ég að það sé ekki komið á daginn að hér sé verið að sigla inn í eitthvert ófremdarástand. Hann nefndi háar tölur en hann bætti því við að þetta væri samkvæmt heimildum frá Leigjendasamtökunum þannig að þetta er kannski ekki eins alvarlegt og hann vildi vera láta.

Húsnæðisnefndir hafa a.m.k. getað svarað til um reglugerðir síðan á laugardaginn var en þá var haldinn ágætur landsfundur húsnæðisnefnda og farið yfir þær reglugerðir sem verið er að setja og var húsnæðisnefndunum kynnt efni þeirra. En fyrst um leiguíbúðirnar.

Rétt er að hafa það í huga að líklega búa um 20% fjölskyldna í leiguhúsnæði, þ.e. í dag eru um 20 þúsund fjölskyldur í leiguhúsnæði. Þessar leiguíbúðir eru í eigu einstaklinga, félaga svo sem Öryrkjabandalags, námsmannasamtaka o.fl. og sveitarfélaganna. Það er mikil ásókn í leiguíbúðir, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg brást við því með því að ákveða að kaupa 100 leiguíbúðir til viðbótar handa Félagsbústöðum eða Félagsbústaðir eiga að kaupa 100 leiguíbúðir til viðbótar. Þeir hafa þegar fengið 33 lánsloforð, þ.e. að breyta lánsloforðum sem þeir höfðu ekki notað í félagslega kerfinu í að kaupa leiguíbúðir. Á fjárlögum í ár eru 120 lánsheimildir eða niðurgreiðsla sem nægir fyrir 120 lánsheimildum og væntanlega fær Reykjavíkurborg eitthvað af því og verður því hægt að verða við óskum Reykjavíkurborgar á þessu ári og væntanlega því næsta.

Á þessu ári voru veittar lánsheimildir vegna 56 leiguíbúða og 21 kaupleiguíbúðar. Samtals verða lán til leiguíbúða í ár 110 samanborið við 79 til leigu- og kaupleiguíbúða á síðasta ári.

Varðandi þörfina fyrir leiguíbúðir er nefnd að störfum undir forustu Inga Vals Jóhannssonar deildarstjóra með aðild verkalýðshreyfingarinnar, BSRB, námsmannasamtaka, sveitarfélaga og fleiri. Hún er að gera úttekt á leigumarkaðnum og gera tillögur um mörkun framtíðarstefnu í útvegun leiguhúsnæðis.

Hvað varðar húsaleigubæturnar var út frá því gengið við setningu laganna að húsaleigubæturnar yrðu greiddar eftir á eftir áramót. Það er alls ekki svo að svipta eigi leigjendur húsaleigubótum í mánuð heldur verða þær eftirágreiddar í staðinn fyrir að hafa verið fyrirframgreiddar. Hvers vegna verða þær eftirágreiddar? Vegna þess að venjan hefur verið sú að leigjendur hafa ekki fengið húsaleigubætur fyrsta mánuðinn eftir að þeir gengu inn í leigu, og það er ólánskerfi. Ef ég mætti, með leyfi forseta, lesa úr skýringum við frv. til laga um húsaleigubætur við 12. gr. þá segir þar:

„Í 3. mgr. er lögð er til sú breyting frá núverandi framkvæmd að bætur verði framvegis greiddar eftir á fyrir þann mánuð sem á undan er genginn. Byggist það á því að reynslan af framkvæmd laganna hefur sýnt að það er bæði óhagræði fyrir umsækjendur og þá sem afgreiða bæturnar að þær skuli vera greiddar fyrir fram í upphafi mánaðar en ekki einn mánuði eftir á, í upphafi næsta mánaðar. Hingað til hafa gildandi lög um húsaleigubætur, sbr. 14. gr., verið túlkuð svo að bæturnar beri að greiða fyrir fram, enda þótt lögin séu ekki skýrt orðuð að þessu leyti. Á almennum leigumarkaði fær fólk oft íbúðir til leigu með skömmum fyrirvara. Leigusamningar eru almennt ekki gerðir með fyrirvara og svo virðist sem aðeins í undantekningartilvikum sé sá sem byrjar að leigja um mánaðamót kominn með samning 15 dögum áður. Af þessu leiðir að umsækjendur missa af bótum fyrsta mánuðinn. Hefur athugun sem gerð var á umsóknum um húsaleigubætur hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar sýnt að 93% umsækjenda fær ekki húsaleigubætur fyrir fyrsta leigumánuðinn vegna fyrirkomulagsins með fyrirframgreiðslu."

Herra forseti. Ég hef ekki lokið við að svara öllu því sem hv. ræðumaður spurði um en ég fæ tækifæri til að bæta

við það áður en þessari umræðu lýkur en þetta er bagalega stuttur tími.

[15:42]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Veruleikinn er sá að ástandið í þessum málum að því er varðar húsnæðismál láglaunafólks hefur aldrei um áratuga skeið verið verra í Reykjavík en það er núna. Það er af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi af þeirri ástæðu að búið er að eyðileggja félagslega húsnæðiskerfið. Það er ónýtt eins og það er. Í öðru lagi er það vegna þess að þenslan í þjóðfélaginu hefur haft það í för með sér að húsaleiga er nú hærri en hún hefur verið um áratuga skeið, þ.e. raunverð á fermetra í Reykjavík og nágrenni. Í þriðja lagi er það vegna þess að Reykjavíkurborg hefur breytt í grundvallaratriðum skipulagi félagslegra húsnæðismála sem hefur í för með sér óvissu og vanda hjá þeim sem búa í félagslegu húsnæði.

Allt þetta er með þeim hætti að ríkisstjórnin hefði auðvitað átt að taka skipulega á þessu máli tafarlaust öðruvísi en með skýrslum, bréfum og nefndarálitum og það er algerlega gagnslaust allt það sem hæstv. félmrh. var að lesa upp áðan vegna þess að það snertir ekki á vandanum eins og hann er og blasir við þúsundum láglaunafjölskyldna í Reykjavík og nágrenni um þessar mundir.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að á Íslandi er að verða til það sem hefur ekki verið til áður, hópar húsnæðisleysingja. Í Bretlandi Margrétar Thatcher voru til fyrir fáeinum árum 250 þúsund fjölskyldur sem voru húsnæðislausar og hímdu í neðanjarðarlestum og víðar á slíkum stöðum. Svipaðir hlutir eru að gerast hér. Það þekki ég vegna þess að hundruð þessara einstaklinga hafa verið að leita beint til mín á undanförnum vikum og mánuðum. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á þessu máli af því að hún tekur hvergi á því. Ég segi þess vegna, herra forseti, það hlýtur að fara svo, eins og við sögðum í umræðunum um félagslega húsnæðiskerfið fyrir skömmu, að uppbygging nýs félagslegs íbúðakerfis hlýtur að verða eitt stærsta kosningamálið á Íslandi árið 1999.

[15:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mikið skelfilega var nú málflutningur hæstv. ráðherra hér áðan slappur. Og það var ekki laust við að mér fyndist ráðherrann skammast sín þegar hann var hér að tala, enda má hann það. Það er neyðarástand hjá fólki, ekki bara í Reykjavík heldur um land allt, vegna skorts á leiguhúsnæði og vegna áhrifa og afleiðinga þeirrar húsnæðisstefnu sem hæstv. ráðherra hefur rekið. Ég verð að segja að ég hef fundið fyrir örvæntingu hjá fólki tugum og hundruðum saman, öryrkjum, einstæðum foreldrum, námsmönnum og láglaunafólki. Og þær tölur sem hv. framsögumaður nefndi áðan eru síst of háar vegna þess að aðeins þeir námsmenn sem bíða eru t.d. 198 og þar af að stærstum hluta námsmenn utan af landi. Áhrifin bara í Reykjavík, sem vitað er um núna, vegna nýrrar löggjafar ráðherrans eru að 210 manns bætast við langa biðlista fólks sem bíður eftir leiguhúsnæði í Reykjavík, þ.e. 700 manns eingöngu hjá Reykjavíkurborg fyrir utan hjá Öryrkjabandalaginu og námsmönnum.

Hvað býður hæstv. ráðherra? Aðeins 120 íbúðir til að leysa vanda 700 manns sem eru hjá Reykjavíkurborg. En það eru 100 sem skipta um leiguíbúðir á ári og það þýðir að við værum sjö ár að leysa vandann bara hjá Reykjavíkurborg ef nýjar íbúðir bætast ekki við. Ráðherrann talar um 120 á næsta ári. Það er sami fjöldi íbúða og var eingöngu veitt til félagasamtaka áður en ráðherrann settist í stól félmrh. Það voru svona um 120–200 íbúðir á ári sem námsmenn, Búseti og öryrkjar fengu fyrir utan sveitarfélögin.

Herra forseti. Við erum að tala um að núna á næsta ári eru niðurgreiddir vextir til leiguíbúða. Við erum að tala um að það séu að lágmarki í landinu öllu 1.200–1.500 manns á biðlista. En verða niðurgreiddir vextir árið þar á eftir? Það veit enginn.

Ég spyr ráðherrann í lokin: Hver eru skilaboð hæstv. ráðherra til fólksins sem nú er á götunni, fólksins sem mun halda jólin í algjöru öryggisleysi varðandi sín húsnæðismál?

Hæstv. ráðherra skuldar fólki það að hann upplýsi hvað hann ætlar að gera til þess að leysa húsnæðisvanda þeirra.

[15:48]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ástæða þess að farið var í breytingar á íbúðalánakerfinu og því kerfi sem við búum við í húsnæðismálum var sú að félagslega kerfið var komið að fótum fram. Einnig var það svo að mikill skortur var og er á leiguhúsnæði eins og hér hefur komið fram. En í nýju lögunum er gert ráð fyrir því að hægt sé að opna fyrir lánveitingar til þeirra sem vilja reka leiguíbúðir og í 33. gr. laganna er veitt heimild fyrir því að Íbúðalánasjóður geti veitt sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum sem hafa það að markmiði að byggja, eiga eða hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis, lán til bygginga og kaupa á leiguhúsnæði.

Það er sem sagt verið að opna fyrir það að hægt sé að reka leiguhúsnæði í meira mæli en verið hefur og að til þess séu veitt lán frá Íbúðalánasjóði. Ef skortur er á leiguhúsnæði núna þá er væntanlega með þessu verið að auka framboð á leiguhúsnæði. Hér hefur verið nefnt að leigan á leigumarkaðnum væri mjög há og það er rétt, en með auknu framboði á leigumarkaðnum lækka væntanlega leigugjöld. Með allri þessari kerfisbreytingu, eins og hún er hugsuð, er því verið að auka framboð á leiguhúsnæði.

[15:50]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Kjarni þessa máls er sá að í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu í nágrannasveitarfélögunum eru langir biðlistar fólks sem bíður eftir því að fá leiguhúsnæði. Á sama tíma áætlar ríkisstjórnin einungis að veita lán til allt að 120 leiguíbúða á næsta ári. Það er nefnd að störfum, samkvæmt lögunum sem eiga að taka gildi um næstu áramót, sem á að skoða þörfina. En þessar tölur, þessir löngu biðlistar, sýna það svart á hvítu hve þörfin er gríðarleg.

Því er meginkjarni þessa máls og sú spurning sem við hljótum að beina til hæstv. félmrh., hvort ekki sé vilji til þess að bregðast við nú og veita meiri peninga til þess að hægt verði að kaupa fleiri leiguíbúðir þegar á næsta ári. Þörfin er svo gríðarleg. Við skulum ekki gleyma því að eitt af markmiðum nýrra laga var að beina fólki út á leigumarkaðinn, að efla leigumarkaðinn. En sá hægagangur sem hér er fram undan dugar auðvitað hvergi nærri.

Þessar staðreyndir sem hér hafa verið raktar um biðlista komu mjög greinilega fram í yfirferð félmn. vegna fjárlaganna. Til okkar komu fulltrúar samtaka sem standa í því daglega að reyna að bjarga sínum félagsmönnum og vil ég þar sérstaklega nefna Félag einstæðra foreldra. Þar er alveg gríðarleg neyð og hópur fólks, sérstaklega kvenna, á ekki í nein hús að venda. Með þeim breytingum sem eiga sér stað og með því að veita ekki meira fjármagn til byggingar eða

kaupa á leiguhúsnæði er því verið að byggja upp stíflu sem veldur fólki ómældum vandræðum.

Því skora ég á hæstv. félmrh. að beita sér fyrir því — 2. umr. um fjárlög er fram undan — að ríkisstjórnin veiti meira fé til kaupa á leiguhúsnæði á næsta ári.

[15:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að vekja máls á því alvarlega ástandi sem nú er í húsnæðismálum. Húsnæðismálin eru í algjöru uppnámi og hafa í Reykjavík aldrei verið verri. Það er allsendis óljóst hvernig greiðslumatinu í húsnæðiskerfinu verður háttað nú þegar tæpur mánuður er til gildistöku nýju laganna. En undir því er komið hversu margir munu fara út á leigumarkaðinn.

Húsnæðisnefnd Reykjavíkur hefur til að mynda ekki tekið við umsóknum frá því 15. júní í sumar þegar gamla kerfinu var lokað. Holskeflan þar verður um áramótin. Nýju húsnæðislögin snúast um dreifbýlið, um að bjarga því út úr vanda þess en ekki um þéttbýlið, hvorki um höfuðborgarsvæðið né þéttbýl svæði eins og t.d. Akureyri.

Í þéttbýlinu er öfugt hlutfall á framboði og eftirspurn miðað við dreifbýlið. Hér er engan veginn hægt að anna eftirspurn. Fólksflóttinn af landsbyggðinni er ekkert að minnka. Fólk sem kemur hingað í þéttbýlið er að kaupa tveggja til þriggja herbergja íbúðir á verði þess einbýlishúss sem það átti úti á landi. Þetta fólk kemur nánast eignalaust hingað á höfuðborgarsvæðið.

Þessi mál verða að fara að skýrast. Það verður að leysa vanda þessa fólks. Það er mjög mikið óþol í þeim stóra hópi fólks sem nú er í húsnæðisvanda.

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að koma æ betur í ljós að sú aðgerð hæstv. félmrh. og ríkisstjórnarinnar að leggja niður félagslega húsnæðiskerfið í landinu var bæði misráðin og einstaklega illa undirbúin, og er þó ekki allt komið fram enn, óttast ég, herra forseti. Það er alveg ljóst í mínum huga að fram undan er að á næstu missirum mun draga verulega úr framboði á nýju, mannsæmandi húsnæði fyrir tekjulágt fólk. Leigumarkaðurinn mun verða uppsprengdur og alveg þvert ofan í það sem hér er haldið fram er ljóst að í það stefnir að það dragi úr framboði á nýju húsnæði af þessum toga og á þeim kjörum sem áður voru til staðar. Þá verður staða hinna tekjulægstu verst og þá kemur að því að ræða stöðu einstæðra mæðra t.d. sem hæstv. félmrh. fullyrti á sl. vori að allt yrði í lagi með og að þær yrðu á grænni grein ef þær ættu hálfa milljón á bók. Og hæstv. félmrh. sem þannig er á vegi staddur gagnvart húsnæðisvanda tekjulágs fólks að hann telur því alla vegi færa bara ef það eigi hálfa milljón undir koddanum, hefur misskilið hlutverk sitt. Hann þarf að fara í endurhæfingu.

Herra forseti. Ég tel að leikinn hafi verið ákaflega ljótur leikur hvað varðar það að slá af félagslega húsnæðiskerfið á Íslandi. Það var rægt skipulega, það var komið á það óorði og undir því yfirskini að það væri að hruni komið vegna vanda tiltekinna sveitarfélaga. Vegna afmarkaðs þáttar í þessu kerfi var það slegið af. En það var horft fram hjá þeirri staðreynd að það hefur leyst farsællega úr húsnæðisvanda þúsunda lágtekjufjölskyldna í landinu sem eiga sér nú hvergi samastað nema á markaðnum. Niðurstaðan verður sú að þeirra örlög verða kjallaraholurnar og heilsuspillandi húsnæði á nýjan leik. Og það er til skammar að í miðju góðærinu skulum við vera að ræða neyðarástand í húsnæðismálum af þeim toga sem hér blasir sannanlega við hvað varðar stöðu þúsunda lágtekjufjölskyldna í landinu.

[15:57]

Kristín Jóh. Björnsdóttir:

Herra forseti. Þetta hefur verið athyglisverð umræða og ég fagna því að hv. þm. Ögmundur Jónasson hóf máls á stöðu félagslega íbúðakerfisins á Alþingi. Félagslega íbúðakerfið er því miður stór baggi á sveitarfélögunum. Ástand íbúða er víða dapurt, bæði vegna upprunalegra byggingargalla og viðhaldsleysis.

Það er mikilvægt fyrir sveitarfélögin að leita allra leiða til að aðstoða láglaunafólk í húsnæðisvanda, en húsnæðismálin eru stór og mikilvægur þáttur á landsbyggðinni. Greiðsluvandi sveitarfélaganna er mikill og sölumöguleikar engir nema söluverð félagslegra íbúða verði lækkað í takt við markaðsverð viðkomandi sveitarfélags. Miklir fjármunir og vinna hafa farið í félagslega íbúðakerfið hjá sveitarfélögunum. Flest þeirra bíða lausna frá ríkinu á þessum stóra vanda sínum. Því fyrr sem lausnin finnst því betra fyrir alla aðila.

Raunhæft niðurfærsluverð félagslegra íbúða er 90% ríkisins og 10% sveitarfélaganna en ekki helmingaskipti eins og tillögur hafa verið um hingað til. Sú skipting leysir engan vanda.

Herra forseti. Ég ítreka mikilvægi þess að finna lausn á félagslega íbúðakerfinu samhliða vanda sveitarfélaganna og vona að það takist sem fyrst.

[15:59]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Staðan í húsnæðismálum þjóðarinnar nú í aðdraganda jóla er afskaplega raunaleg. Það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn, þessi staða er mjög alvarleg. Ég tek undir það sem hér kom fram, að undirbúningur þessara laga hefur allur verið í skötulíki.

Herra forseti. Yfir 200 manns á ári hverju hafa fengið 100% lán í félagslega kerfinu. Þetta fólk á ekki kost á kaupum á almennum markaði og þessi hópur kemur til viðbótar við þann hóp sem hingað til hefur leitað eftir leiguhúsnæði hjá sveitarfélögunum.

Ekki er hægt að réttlæta þessa alvarlegu stöðu með alvarlegum vanda sveitarfélaganna eins og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir gerði áðan. Ég bendi einmitt á orð Kristínar Björnsdóttur alþingismanns sem talar um að taka þurfi á vanda félagslega kerfisins fyrir fólkið um leið og horft er á vanda sveitarfélaganna og það var ekki gert í þessum lögum. Ég ætla að vísa til þess, herra forseti, sem kemur fram í Vinnunni, 8. tbl. 1998. Þar kemur fram hjá fulltrúa húsnæðisnefndar í Kópavogi að það hafa komið fjórar félagslegar íbúðir til endurúthlutunar í allt sumar á meðan 130 manns eru á biðlista eftir húsnæði. Fulltrúinn segir að nefndin geti ekkert aðhafst þar sem þeir sem þegar eru í kerfinu haldi að sér höndum vegna óvissunnar og hún bendir á að sérfræðingar húsnæðisdeildar hafi ákveðið að meta 120 fjölskyldur sem fengu inni í félagslega eignaríbúðakerfinu á síðustu tveimur árum samkvæmt nýju reglunum og niðurstaðan var sú að aðeins 11 fjölskyldur stóðust greiðslumatið. Því hefði orðið að vísa 109 fjölskyldum í leiguhúsnæði. Ég tek undir þá gagnrýni sem fram hefur komið, herra forseti, að það eigi að lána til 120 leiguíbúða fyrir allt landið.

[16:01]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu og umfjöllunar raunverulegt neyðarástand í húsnæðismálum. Hæstv. félmrh. vísar í nefndir, reglugerðir, lög, kerfi. Þetta hjálpar ekki vanda þess fólks sem er nú húsnæðislaust. Þetta hjálpar ekki þeim barnafjölskyldum í Reykjavík sem eru á götunni. Reyndar er það svo að það sem nú er verið að kanna á vegum nefndar hæstv. félmrh. var vitað fyrir. Það var t.d. vitað fyrir samkvæmt ábendingum frá Kópavogi að af þeim 120 fjölskyldur sem fengu inni í félagslegu húsnæðiskerfi þar í bæ á liðnum tveimur árum, hefðu aðeins 10 komist inn í kerfi hæstv. félmrh. Það var vitað fyrir samkvæmt ábendingum frá Akureyri að aðeins um þriðjungur þeirra sem fá inni í félagslegu húsnæðiskerfi á Akureyri eiga kost á að reiða fram 10% sem hæstv. félmrh. gerir að kröfu til að komast inn í nýja húsnæðiskerfið. Þetta var vitað fyrir. Það var líka vitað fyrir hvað var að gerast á húsaleigumarkaði í Reykjavík. Það var vitað fyrir að markaðsvæðing Félagsíbúða hf. mundi éta upp húsaleigubæturnar og gott betur. Allt þetta var vitað fyrir. En nú stöndum við frammi fyrir vandanum. Við stöndum frammi fyrir þúsundum einstaklinga og fjölskyldna sem sjá fram á húsnæðisleysi og nú er hæstv. félmrh. krafinn svara. Hvað ætlar hann að gera gagnvart þessu fólki? Það er tvennt sem þarf að gerast þegar í stað. Það þarf að tryggja á fjárlögum fyrir næsta ár stóraukið fjármagn til húsnæðismála. Þetta þarf að gerast. Síðan þarf að taka hin nýju húsnæðislög til gagngerrar endurskoðunar.

[16:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ekki átti ég nú von á því þegar þessi umræða hófst að hv. þm. Svavar Gestsson færi að ráðast sérstaklega á Reykjavíkurborg. (**Gripið fram í:** Gerði hann það?) Þensla í þjóðfélaginu hefði náttúrlega komið niður á húsaleigumarkaði með einhverjum hætti þótt ekki hefði verið um neina kerfisbreytingu að ræða. Því miður eru miklir þjóðflutningar í þjóðfélaginu og fólk er að yfirgefa húsnæði sitt úti á landi og flytja á þéttbýlið á höfuðborgarsvæðinu, fyrst og fremst til Kópavogs. Langflestir til Kópavogs. Á þessu ári hafa flutt um þúsund manns til Kópavogs meðan líklega eitt eða tvö hundruð flytja til Reykjavíkur og það er undarlegt að biðlistarnir skuli ekki lengjast í Kópavogi. Þeir eru styttri samkvæmt upplýsingum hv. þm. Ögmundar Jónassonar en þeir voru samkvæmt þeim upplýsingum sem húsnæðisnefndin gaf í vor. (**Gripið fram í:** Það er allt í góðu lagi.) Það er ekkert í góðu lagi og það verður að bregðast við þessum vanda. Til þess að geta brugðist við honum þurfum við að fá niðurstöður nefndar Inga Vals og til þess að við vitum hvað við erum að gera. Það þýðir ekki eins og mætti ætla af málflutningi hv. stjórnarandstöðu að hér séu þúsundir manna á götunni, bókstaflega á götunni, byggju í tjöldum í besta falli. Það liggur fyrir að greiðslumatsreglugerð er tilbúin og viðbótarlánareglugerðin er tilbúin og það vita húsnæðisnefndirnar og það verða örugglega allar reglugerðir tilbúnar fyrir áramót nema ein. Ég er sannfærður um að við erum að koma upp miklu betra félagslegu húsnæðislánakerfi, sérstaklega fyrir tekjulægra fólk. Komið verður til móts við sveitarfélög í vanda og þeim verður hjálpað til að losna við íbúðirnar.

Hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, spurði hver væru skilaboðin til fólksins sem biði í örvæntingu núna fyrir jólin. Nú veit ég ekki hvort þetta orðum aukið með örvæntinguna, ef það er örvænting ætti fólk a.m.k. að forðast að hlusta á fjas og úrtölur og heimsendaspár.

Leiklistarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 146. mál (heildarlög). — Þskj. 146, nál. 327 og 347, brtt. 328 og 348.

[16:07]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Þá heldur áfram umræða um leiklistarlög eftir þessa snörpu umræðu um húsnæðismál. Við 2. umr. um frv. til leiklistarlaga vil ég ítreka að málið hlaut mjög vandlega meðferð í menntmn. eftir 1. umr. þar sem ég gagnrýndi m.a. þetta frv. Afstaða mín til þessa máls í heild birtist í nál. minni hluta menntmn. sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hefur þegar gert grein fyrir. Við í minni hluta menntmn. flytjum brtt., þ.e. sú sem hér stendur og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir. Við flytjum brtt. við 16. gr. frv. sem á að tryggja að ríkisvaldið styrki þær leiklistarstofnanir sem hafa til þessa notið lögbundinna fjárframlaga úr ríkissjóði, nefnilega Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar, Bandalag íslenskra leikfélaga, Íslensku óperuna og Íslenska dansflokkinn. Við erum ósammála því að stuðningur við þessar merku menningarstofnanir og félög fari að geðþótta menntmrh. eða framkvæmdarvaldsins hverju sinni.

Við teljum það eitt af grundvallaratriðum menningarstefnu að ákveða með lögum að grundvallarstofnanir á sviði leiklistar njóti opinberra styrkja, hvort sem um er að ræða rótgrónar menningarstofnanir eins og Leikfélag Reykjavíkur, Íslensku óperuna, eða Íslenska dansflokkinn hér á höfuðborgarsvæðinu eða eina atvinnuleikhúsið á landsbyggðinni, Leikfélag Akureyrar, eða þá stórmerkilegt félag eins og Bandalag íslenskra leikfélaga sem hefur haldið uppi leiklistarlífi úti um allt land, alið upp gagnrýna áhorfendur og á örugglega mjög stóran hlut í því að skapa þann mikla leiklistaráhuga sem ríkir meðal þjóðarinnar. Bandalag íslenskra leikfélaga þarf að geta sett upp góðar leiksýningar, með aðstoð fagfólks að hluta til, til að tryggja sem best listræn gæði í sýningum sínum, í starfsemi sinni. Að okkar mati má alls ekki vera undir geðþótta ráðherra komið hvort þessi starfsemi fær opinbert fé og því teljum við að löggjafinn eigi að segja mjög skýrt að þessa starfsemi beri að styrkja.

Í brtt. okkar Svanfríðar Jónasdóttur sem myndum minni hlutann er m.a. lagt til að ríkið styrki áfram Leikfélag Reykjavíkur, Íslensku óperuna og Íslenska dansflokkinn. Samkvæmt núgildandi leiklistarlögum ber ríkinu að styrkja ofannefndar stofnanir en undanfarin ár hafa styrkir ríkisins til Leikfélags Reykjavíkur eingöngu verið formsatriði til að fullnægja lagaskyldu og því í algjöru lágmarki fyrir utan sérstaka 25 millj. kr. fjárveitingu sem tengdist 100 ára afmæli Leikfélags Reykjavíkur árið 1997.

Borgarleikhúsið er metnaðarfull og fjárfrek stofnun sem við í minni hlutanum teljum að ríkinu beri tvímælalaust að styrkja. Þótt hæstv. forsrh. hafi boðað það í ræðu á afmælishátíð Leikfélags Reykjavíkur að vel komi til greina að taka upp þríhliða viðræður milli Borgarleikhússins, ríkisins og borgarinnar um rekstur hússins hefur enn ekkert gerst í þeim efnum. Það frv. sem er nú til umræðu tekur af allar slíkar skyldur þótt ráðherra geti gert slíka samninga ef honum þóknast.

Ég leyfi mér, herra forseti, að færa fram ákveðin rök fyrir því að ríkinu beri að leggja fram fjárframlög til Leikfélags Reykjavíkur og Borgarleikhússins þar sem mér virðist sú skoðun vera að verða ofan á hjá núverandi stjórnvöldum að svo eigi ekki að vera. Þar vil ég nefna í fyrsta lagi að Borgarleikhúsið þjónar áhorfendum sem koma mun víðar að en frá Reykjavík, þeir koma víða að af suðvesturhorninu, samanber vel þekktar leiklistarferðir fólks víða að af landinu. Þar að auki má benda á að Hvalfjarðargöngin opna möguleika fólks til að njóta listar í Reykjavík og þá er ég að tala um fólk frá Vesturlandi.

Í öðru lagi bendi ég á að Íslenski dansflokkurinn hefur núna höfuðstöðvar sínar í Borgarleikhúsinu og það er starfsemi sem ríkinu ber að sjálfsögðu að styrkja og þess vegna tel ég að þetta styrki enn þá rök fyrir því að Leikfélag Reykjavíkur og Borgarleikhússið verði styrkt með opinberu fé.

Í þriðja lagi bendi ég á að borgarleikhús á Norðurlöndunum eru mjög víða kraftmestu leiklistarstofnanir í viðkomandi borgum, t.d. í Helsinki og fleiri höfuðborgum. Þar er það bæði ríki og borg sem yfirleitt standa að slíkri starfsemi.

Undanfarin ár hefur aðsókn verið mikil í Borgarleikhúsið, eða litlu minni en í Þjóðleikhúsinu. Þó er rekstrarfé þess aðeins hluti af rekstrarfé Þjóðleikhússins. Borgin lagði u.þ.b. 140 millj. kr. í rekstur á þessu ári og á núverandi fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 170 millj. fyrir næsta ár. Því munar verulega um þau framlög sem ríkið var með á sinni könnu áður fyrr, sem var í kringum 15–18% af rekstri Borgarleikhússins fram til ársins 1991, en þau hafa sem sagt að mestu fallið niður og þetta kemur niður á allri samkeppnishæfni Borgarleikhússins miðað við Þjóðleikhúsið og önnur leikhús þar sem um mjög umfangsmikinn rekstur er að ræða.

Það sama á að sjálfsögðu við um Íslenska dansflokkinn sem hefur sett upp frábærar sýningar og þjónar að auki mjög mikilvægu listrænu hlutverki fyrir stóran hóp ungs fólks, einkum stúlkna, sem stundar ballettnám frá unga aldri. Ég tel mjög mikilvægt að á Íslandi séu möguleikar fyrir þennan stóra hóp til að nota sitt nám og til þess hreinlega að sjá ástæðu til að leggja á sig svona stíft og agað nám. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að styrkja Íslenska dansflokkinn en því miður eru allar slíkar skyldur lagðar af með núverandi frv.

Herra forseti. Seinni hluti breytingartillögu okkar Svanfríðar Jónasdóttur á að tryggja að samningar þeir sem ráðherra þóknast að gera við aðra leikhópa fái faglega umfjöllun og verði gerðir samkvæmt tillögum leiklistarráðs. Þetta teljum við mjög mikilvægt, ekki síst í ljósi umræðna í hv. menntmn. þar sem skilja mátti að umræða væri ekki nógu fagleg þegar um slíkar úthlutanir væri að ræða.

Að öðru leyti vil ég ítreka og taka undir þau atriði sem koma fram í nál. minni hluta nefndarinnar. Varðandi 6. gr. frv. vil ég benda á að við 1. umr. setti sú sem hér stendur stórt spurningarmerki við það að leyfa ætti að framlengja ráðningu þjóðleikhússtjóra fram yfir tvö tímabil. Íslenskt leiklistarfólk barðist lengi fyrir því að setja hámarksþak á ráðningartíma þjóðleikhússtjóra og víða erlendis tíðkast slíkur hámarksráðningartími. Að vel athuguðu máli, bæði í menntmn. og í viðtölum við mjög marga aðila, tel ég nú að ákvæðið um auglýsingu á fimm ára fresti ætti að duga til þess að tryggja að hæfasta fólkið hafi möguleika á að sækja reglulega um þessa mikilvægu stöðu og að aukin fagleg umræða muni tryggja nægilegt aðhald. Ég hef því ákveðið að styðja 6. gr. frv. og brtt. nefndarinnar um að þjóðleikhússtjóri hafi menntun á sviði lista og staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa.

Herra forseti. Ég tel að þetta frv. hafi batnað töluvert frá því að það var lagt fram á síðasta þingi enda hefur það fengið mjög mikla umræðu í nefndinni og úti í þjóðfélaginu. Nú tel ég að langalvarlegustu annmarkarnir birtist í 16. gr. þess, sem við í minni hlutanum flytjum brtt. við. Það er að mínu mati óviðunandi að lögbundin þátttaka ríkisins í fjármögnun leiklistar í landinu sé takmörkuð við Þjóðleikhúsið og að öðru leyti sé stuðningur ríkisins háður duttlungum menntmrh. hverju sinni. Þessu viljum við hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir breyta, en því miður er ólíklegt að sú tillaga nái fram að ganga.

Herra forseti. Að mínu mati er alveg með ólíkindum hve núverandi hæstv. menntmrh. sækist eftir miklu miðstjórnarvaldi. Mér finnst alveg óviðunandi að Alþingi framselji til framkvæmdarvaldsins vald af því tagi sem hér er til umræðu, vald til að ákveða hvort leiklistin úti um landið allt liggur í dvala eða dafnar. Þetta er einn mikilvægur hornsteinn í menningarstefnu þjóðarinnar sem Alþingi á að móta en ekki framkvæmdarvaldið.

Á undanförnum árum hafa sprottið upp nýir leikhópar og athyglisverð leikhús orðið til, í Reykjavík, í Hafnarfirði og víðar. Þessa starfsemi ber að sjálfsögðu að styrkja þó að vissulega þurfi þar að koma til faglegt og listrænt mat. Ekki er mögulegt, tel ég, að telja alla þessa ágætu aðila upp í lögum, en þær menningarstofnanir sem taldar eru upp í núgildandi leiklistarlögum eru kjölfesta sem ber að styrkja áfram til viðbótar við það efnilega leikhúslíf sem nú er að þróast og þá leikhópa sem enn þá eru að sanna sinn tilverurétt. Þessi mál þurfa að vera í stöðugri þróun, en ég tel algjört grundvallaratriði að Alþingi en ekki ráðherra hverju sinni móti listastefnuna. Það er óviðunandi að ríkið styrki eingöngu Þjóðleikhúsið. Leiklistin verður að fá að dafna úti um allt land.

[16:23]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bregðast við síðustu orðum hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og mótmæla því að með þessari lagasetningu sé eingöngu verið að styrkja Þjóðleikhúsið. Markmið frv. er orðað á þennan veg í 1. gr., með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að efla íslenska leiklist og aðrar sviðslistir og búa þeim hagstæð skilyrði."

Varðandi umfjöllun hennar um að farin verði sú leið sem boðuð er í frv., þ.e. að skilgreina styrkhæfa starfsemi en ekki tiltaka einstaka aðila sem skylt sé að styrkja, þá er ekki með nokkru móti hægt að túlka það svo að draga eigi að úr fjárframlögum til leiklistarstarfsemi. Ég get ekki með nokkru móti komið því heim og saman. Upptalningin í gildandi lögum er hluti af liðnum tíma og ber hans merki. Það að upptalningin er felld niður er fyrst og fremst tæknileg breyting og það er í engu hægt að túlka hana þannig að verið sé að draga úr framlögum til leiklistarstarfsemi. Þvert á móti miðar þessi lagasetning að því að styrkja leiklistarstarfsemi í landinu.

[16:24]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að verið væri að draga úr framlögum enda eru þau ákveðin á fjárlögum hverju sinni.

Ég var að mótmæla því, hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, að verið væri að færa vald frá Alþingi til ráðherra, vald til þess að ákveða hverjir fá framlög ríkisins. Það er gagnrýnisvert. Það er háð duttlungum framkvæmdarvaldsins hverju sinni hverjir fá þessi framlög. Ég vil fá lagastoð, eins og verið hefur hingað til, til þess að ákveðnar mikilvægar menningarstofnanir hljóti framlög. Það er verið að kippa fótunum undan þessum menningarstofnunum með þessu frv. Ég sagði ekki að verið væri að draga úr framlögum.

[16:25]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur orð um þetta mál. Frv. til leiklistarlaga fékk töluvert mikla umfjöllun og mikla umræðu í vor og kom nokkuð breytt aftur til þingsins í haust. Ég tel að þær breytingar séu allar til bóta. Ég tel að frv. sé orðið þannig úr garði gert núna að ég treysti mér til þess að styðja það og skrifa undir með meiri hlutanum.

Það eru einkum tvö atriði sem mest hafa verið rædd í sambandi við þetta frv. Það er annars vegar það sem felst í 6. gr. um þjóðleikhússtjóra og skipan hans og hins vegar það sem kom hér til umræðu rétt áðan, hvort rétt væri að tíunda í lögunum eða í lagagrein einstakar menningarstofnanir. Um þetta vil ég segja eftirfarandi, hæstv. forseti:

Í fyrsta lagi varðandi ráðningu þjóðleikhússtjóra finnst mér þurfa ákaflega sterk rök fyrir því að þjóðleikhússtjóri, einn opinberra embættismanna, sæti þeirri reglu að vera einungis ráðinn til tíu ára. Ég tel að það þurfi ákaflega sterk rök og ef slík rök finnast varðandi hann þá hljóti þau einnig að finnast hvað varðar fjölda annarra embættismanna. Ég held að við gætum t.d. með góðum rökum sagt að það væri gott fyrir fjöldamargar skólastofnanir að þar yrði skipt um skólastjórnendur með reglulegu millibili, og nánast allar menningarstofnanir.

Svo vill til að fyrir líklega tveimur, þremur árum voru sett ný lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og þar var tekin upp sú meginregla að embættismenn eru ráðnir til fimm ára í senn og síðan er heimilt að auglýsa stöðu þeirra ef ástæða er til, en almennt er gert ráð fyrir því að embættismenn séu ráðnir áfram til fimm ára í senn. Ég hef því ekki getað fundið nógu sterk rök sem mæla með því að þjóóðleikhússtjóri, einn íslenskra opinberra embættismanna, þurfi að sæta þessum skilyrðum, hvað sem segja má um þau almennt hvað varðar menningar- og menntastofnanir.

Í öðru lagi varðandi 16. gr. þá finnst mér einfaldlega ekki ganga upp að telja upp í lagagrein einstakar stofnanir vegna þess að hvort sem við horfum nokkur ár aftur í tímann eða fram á veginn þá er það nú svo, kannski sem betur fer, að leikhús koma og fara. Þau breytast. Ég vil benda á að t.d. í Reykjavík er fjöldi atvinnuleikhúsa sem rekin eru af leikurum eða öðrum. Sum þeirra hafa gríðarlega mikla starfsemi, eins og t.d. Loftkastalinn sem er m.a. í samstarfi við Þjóðleikhúsið og í Hafnarfirði er orðið til afar merkilegt atvinnuleikhús. Mér finnst það einfaldlega ekki ganga upp að telja upp einhverja aðila sem eru starfandi núna. Ég get t.d. varpað fram eftirfarandi spurningu: Er Íslenska óperan atvinnuópera eða atvinnuleikhús? Starfsemi Íslensku óperunnar er því miður ansi brokkgeng og staða hennar hefur verið þannig á þessu hausti að hún hefur ekki treyst sér til þess að setja upp óperu. Þar eru ekki fastráðnir söngvarar þannig að við komum að því hvernig og hvað eigi að skilgreina sem atvinnuleikhús.

Í 16. gr. er tíundað að heimilt sé að gera samninga við einstakar stofnanir eða leikhús eða aðra aðila um rekstur. Slíkir samningar eru í gildi, m.a. við Íslensku óperuna og Íslenska dansflokkinn og hugsanlega fleiri aðila sem ég þekki ekki til. Við hljótum því að treysta því að þeir aðilar sem eru með öfluga leiklistarstarfsemi fái að sjálfsögðu stuðning ríkisins og það er okkar á hinu háa Alþingi að fá að standa vörð um þann stuðning.

Síðast en ekki síst, hæstv. forseti, veltur það á fólkinu í landinu, bæði úti á landsbyggðinni sem hefur áratugum saman haldið uppi ótrúlega öflugri leiklistarstarfsemi og því fólki sem sækir leikhús. Það er þessara aðila að standa vörð um gott og öflugt leikhús og stuðningur þess skiptir mestu. Því miður hefur nokkuð dregið úr aðsókn mjög víða úti á landi eins og kom fram nýlega þegar áhugaleikhúsin voru að kynna starfsemi sína. Vissulega tek ég undir að það er skylda ríkisins að styðja leiklistarstarfsemi í landinu en ég held að það skipti ekki meginmáli hvort ein eða fleiri slíkar stofnanir eru taldar upp í lögum á meðan þessi starfsemi er stunduð og er öflug og ber okkur að sjálfsögðu skylda til þess að styðja hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 114. mál (refsiábyrgð lögaðila). — Þskj. 114, nál. 320, brtt. 321.

[16:32]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. allshn. á þskj. 320 og 321 um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, refsiábyrgð lögaðila.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið, fékk gesti á sinn fund og aflaði umsagna um málið.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði almenn ákvæði í almenn hegningarlög um refsiábyrgð lögaðila og er lagt til að inn í hegningarlögin verði tekin ákvæði um skilyrði slíkrar refsiábyrgðar, hverjir geti sætt henni og hvaða viðurlög komi þar til greina. Í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er byggt á persónulegri refsiábyrgð og persónubundnum viðurlögum og gera lögin ekki sérstaklega ráð fyrir að lögð sé refsiábyrgð á lögaðila.

Frv. þessu er ætlað að bæta úr því en rétt er að taka fram að með frumvarpinu er þó ekki lagt til að í hegningarlögunum sé kveðið á um að lögaðilar beri almennt refsiábyrgð til jafns við einstaklinga, og felur það ekki í sér sjálfstæða refsiheimild en setur hins vegar það almenna skilyrði fyrir refsiábyrgð lögaðila að í sérrefsilögum sé að finna heimild til þess að refsa lögaðilum.

Á fundum allshn. var sérstaklega fjallað um ákvæði 1. gr. frv. en í c-lið 1. gr. er að finna þá meginreglu að refsiábyrgð lögaðila sé bundin því að einhver á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman eða ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Jafnframt kemur fram í ákvæðinu að í sérrefsilögum megi kveða á um frávik frá þessu skilyrði. Rétt er að taka fram varðandi þetta ákvæði að það er skilningur allshn. að veigamikil rök þurfi að vera fyrir hendi til þess að víkja frá meginreglu um sök. Þá telur nefndin mjög

nauðsynlegt að rök fyrir því að vikið er frá meginreglunni liggi ljós fyrir við lögfestingu slíkra ákvæða.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram sú ábending að ekki væri samræmi á milli ákvæða laga um refsiábyrgð lögaðila. Í ljósi þessa telur allshn. brýnt að heildstæð endurskoðun fari fram á þeim ákvæðum laga sem leggja refsiábyrgð á lögaðila þannig að samræmi verði milli ákvæðanna. Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt en að gerðar verði minni háttar breytingar á tveimur ákvæðum þess í samræmi við ábendingar sem nefndinni bárust.

Í fyrsta lagi leggur nefndin til þá breytingu á a-lið 1. gr. að fellt verði brott úr greininni ákvæði þess efnis að lögaðila verði gerð svipting starfsréttinda. Í ákvæðinu er fjallað um refsingar og telst svipting starfsréttinda ekki til eiginlegra refsinga. Því þykir nefndinni óeðlilegt að mæla fyrir um slíkt í umræddu ákvæði.

Þá leggur nefndin til tvær breytingar á c-lið 1. gr. Annars vegar er lagt til að orðið „einhver" í 1. málsl. ákvæðisins falli brott. Hins vegar er lagt til að við greinina bætist nýr málsliður þar sem kveðið er á um að lögaðila verði gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hvaða aðili á hans vegum hafi framið refsinæman eða ólögmætan verknað. Er breytingin lögð til þar sem ákvæði frv. þykir ekki kveða nægilega skýrt á um það að ekki sé nauðsynlegt að staðreyna hvaða maður á vegum lögaðilans hafi gerst sekur um verknaðinn heldur sé nægilegt að sýnt hafi verið fram á að refsiverður verknaður hafi verið framinn af einhverjum á hans vegum.

Undir nál. þetta skrifa Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Árni R. Árnason, Kristín Halldórsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Kristján Pálsson og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:36]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdasjóður Íslands, 123. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 376.

Rannsóknir Margrétar Guðnadóttur, 312. mál, fsp. SvG, þskj. 377.

Ráðstöfun fasteigna í eigu Landsbanka og Búnaðarbanka, 308. mál, fsp. JóhS, þskj. 368.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 176. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 374; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 375.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 115. mál (mútur til opinbers starfsmanns). — Þskj. 115, nál. 322.

[16:38]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 322 um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, mútur til opinbers starfsmanns.

Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum og aflaði umsagna um það. Breytingar þær sem lagðar eru til í frv. þessu er nauðsynlegt að gera til að unnt sé að fullnægja skuldbindingum Íslands vegna fullgildingar samnings um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra og opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum. Vegna fullgildingar samningsins er nauðsynlegt að gera breytingar á almennum hegningarlögum og fjallar frv. það sem er til umræðu um það efni, en einnig er nauðsynlegt að með lögum verði lögð ábyrgð á lögaðila vegna mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna og vegna þess er lagt til að sett verði sérstök lög um það efni í frv. sem allshn. hefur einnig fjallað um, 116. mál sem verður til umfjöllunar á eftir.

Í almennum hegningarlögum er ekki að finna almennt refsiákvæði um mútur, en skv. 109. gr. laganna varðar það refsingu að múta opinberum starfsmanni, auk þess sem starfsmaðurinn sjálfur getur sætt refsiábyrgð vegna mútugreiðslu skv. 128. gr. laganna. Til að fullnægja skyldum samkvæmt mútusamningnum verður að kveða sérstaklega á um að mútur til erlendra opinberra starfsmanna varði refsingu. Þar sem samningurinn tekur ekki eingöngu til starfsmanna erlendra ríkja er einnig ástæða til að fram komi ótvírætt í lögum að refsiverndin nái einnig til starfsmanna opinberra alþjóðastofnana. Einnig er talið nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á 109. gr. hegningarlaga þannig að sama verknaðarlýsing eigi við hvort heldur opinberi starfsmaðurinn er innlendur eða erlendur.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Jónsson, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason og Kristín Halldórsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, 2. umr.

Stjfrv., 116. mál. — Þskj. 116, nál. 323.

[16:40]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 323 um frv. til laga um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns. Nefndin hefur fjallað um málið og aflað um það umsagna.

Í frumvarpinu er lagt til að með lögum verði lögð ábyrgð á lögaðila vegna mútugreiðslna til erlendra opinberra starfsmanna og er lögfesting þess nauðsynleg til að unnt sé að fullgilda samning um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum. Fylgir frumvarp þetta frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, 115. máli, sem samhliða hefur verið til umfjöllunar í allsherjarnefnd og var til umfjöllunar hér á undan.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Jónsson, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason og Kristín Halldórsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mannanöfn og hjúskaparlög, 2. umr.

Stjfrv., 134. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 134, nál. 324.

[16:42]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 324 um frv. til laga um breytingu á lögum um mannanöfn og hjúskaparlög. Nefndin hefur fjallað um málið og aflað um það umsagna. Í frv. er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um mannanöfn og á hjúskaparlögum. Er breytingunum ætlað að færa efni þessara laga til samræmis við hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár sem samþykkt voru á 121. löggjafarþingi þegar ný lögræðislög voru samþykkt.

Frv. er í samræmi við tillögur lagaskoðunarnefndar dómsmrh. sem skipuð var vegna hækkunar sjálfræðisaldurs en nefndin skilaði tillögum sínum í nóvember 1997. Allshn. mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Jónsson, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason og Kristín Halldórsdóttir.

[18:31]

Útbýting þingskjala:

Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, 322. mál, stjfrv. (hagstrh.), þskj. 389.

Lífeyrissjóður bænda, 323. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 390.

Lífeyrissjóður sjómanna, 324. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 391.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, 321. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 388.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:44]

[19:01]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1998, 173. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 392; nál. meiri hluta fjárln., þskj. 395; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 396; brtt. minni hluta fjárln., þskj. 397.

Fundi slitið kl. 19:02.

---

33. FUNDUR

föstudaginn 4. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tilkynningarskylda íslenskra skipa, stjfrv., 260. mál, þskj. 298. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Leigubifreiðar, stjfrv., 281. mál, þskj. 329. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, stjfrv., 282. mál, þskj. 330. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Rannsóknir sjóslysa, stjfrv., 283. mál, þskj. 331. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Siglingalög, stjfrv., 284. mál, þskj. 332. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Hafnaáætlun 1999–2002, stjtill., 291. mál, þskj. 343. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Leiklistarlög, stjfrv., 146. mál, þskj. 146, nál. 327 og 347, brtt. 328 og 348. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Almenn hegningarlög, stjfrv., 114. mál, þskj. 114, nál. 320, brtt. 321. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Almenn hegningarlög, stjfrv., 115. mál, þskj. 115, nál. 322. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 116. mál, þskj. 116, nál. 323. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Mannanöfn og hjúskaparlög, stjfrv., 134. mál, þskj. 134, nál. 324. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Fjáraukalög 1998, stjfrv., 173. mál, þskj. 178, nál. 392 og 395, brtt. 396 og 397. — 2. umr.

13. Almannatryggingar, frv., 19. mál, þskj. 19. — Frh. 1. umr.

14. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 176. mál, þskj. 181, nál. 374, brtt. 375. — 2. umr.

15. Framkvæmdasjóður Íslands, stjfrv., 123. mál, þskj. 123, nál. 376. — 2. umr.

16. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999, stjtill., 296. mál, þskj. 353. — Fyrri umr.

17. Samningur um Norræna fjárfestingarbankann, stjtill., 297. mál, þskj. 354. — Fyrri umr.

18. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 285. mál, þskj. 333. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.

[10:35]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar, 315. mál, fsp. BH, þskj. 380.

Iðnfyrirtæki í matvælaframleiðslu, hreinlætisvöru- og plastiðnaði, 320. mál, fsp. ÞHS, þskj. 387.

Kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar, 298. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 358.

Verkefni verkfræðistofa, 319. mál, fsp. GHall, þskj. 386.

Tilkynning um dagskrá.

[10:36]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill tilkynna um fundahald í dag. Utandagskrárumræður, sem beint er til utanrrh., annars vegar hvað varðar undirritun Kyoto-bókunarinnar í ljósi niðurstöðu ráðstefnunnar í Buenos Aires og hins vegar breyttar áherslur í Evrópumálum, munu fara fram. Sú fyrri kl. 13.00 og hin síðari kl. 13.30.

Þá vill forseti einnig tilkynna um utandagskrárumræðu um dóm Hæstaréttar um stjórn fiskveiða. Þeirri umræðu er beint til sjútvrh. og málshefjandi er Rannveig Guðmundsdóttir. Sú umræða mun hefjast kl. 14.00.

Þá er einnig áformað að atkvæðagreiðslur fari fram að aflokinni þeirri utandagskrárumræðu eða upp úr kl. 14.30.

Fjáraukalög 1998, 2. umr.

Stjfrv., 173. mál. — Þskj. 178, nál. 392 og 395, brtt. 396 og 397.

[10:37]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998. Nefndin hefur við vinnu við frv. einbeitt sér að gjaldahlið þess og skilað nál. og brtt. Hún hefur haft frv. til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjmrn. og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Jafnframt leitaði nefndin eftir áliti Ríkisendurskoðunar og fékk skriflegt álit frá Ríkisendurskoðun að venju um frv.

Meiri hluti fjárln. gerir 46 brtt. við frv. sem samtals nema 619,9 millj. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu en ég mun fjalla um helstu brtt. sem eru skýrðar í nál. á þskj. 395.

Ef eitthvert eitt mál gengur eins og rauður þráður í gegnum þessar brtt. þá er það hækkun á launakostnaði vegna þeirra kjarasamninga sem verið hafa í gangi og aðlögunarsamninga. Vissulega eru ekki öll kurl komin til grafar í þeim málum enn þá. Það mál er í vinnslu einnig í tengslum við frv. til fjárlaga og ég vík örlítið að því síðar varðandi fjáraukalögin.

Ef vikið er að skýringum við einstakar brtt. þá er fyrst til að nefna embætti forseta Íslands. Þar er farið fram á 3,5 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta rekstrarhalla frá árinu 1997 sem embættið nær ekki að gera upp á yfirstandandi ári.

Lagt til að framlag til Alþingis hækki um 8,5 millj. til að mæta útgjaldaauka í tengslum við langt þinghald sl. vor og kostnaði við sérstakt átak í fjarvinnslu til að flýta frágangi á ræðum og birtingu þeirra á vefnum. Yfirvinna fyrri hluta árs og ræðuvinnsla var mun meiri en á sama tíma árið áður og prentkostnaður meiri.

Ef ég vík að forsrn. þá er þar undir Ýmsum verkefnum lagt til að framlag til fjárlagaliðarins hækki um 51,5 millj. kr. Farið er fram á að viðfangsefnið Útboðs- og einkavæðingarverkefni hækki um 49,5 millj. kr. Það er vegna kostnaðar við sölu hlutabréfa ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem ekki var gert ráð fyrir í fjárveitingum til útboðs- og einkavæðingarverkefna í fjárlögum 1998. Fyrir gildistöku laga um fjárreiður ríkisins gilti sú regla að kostnaður af hlutabréfasölu var dreginn frá söluandvirði hlutabréfa en eftir gildistöku laganna ber að gjaldfæra kostnaðinn. Nafnvirði hlutabréfa í Fjárfestingarbankanum sem seld voru í haust var 3.332 millj. kr. og nam söluandvirði þeirra 4.665 millj. kr. Gerður var 45 millj. kr. samningur við Fjárfestingarbanka atvinnulífsins um umsjón með sölunni og samdi hann síðan við öll innlend verðbréfafyrirtæki og banka um þátttöku í sölunni. Að auki er 4,5 millj. kr. kostnaður við mat á verðmæti bankans sem endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki annaðist. Samtals er því óskað, eins og áður segir, eftir 49,5 millj. kr. viðbótarfjárheimild. Einnig er lagt er til að viðfangsefni 1.90 Ýmis verkefni hækki um 2 millj. kr.

Farið er fram á aukafjárveitingu til að launa störf nefndar sem fjallar um áhrif breyttrar kjördæmaskipunar á byggða- og félagsmál og í öðru lagi til auðlindanefndar upp á 1 millj. kr. Í frv. til fjáraukalaga er gert ráð fyrir 3 millj. kr. kostnaði við starf auðlindanefndarinnar sem kosin var á Alþingi sl. vor. Þetta fjármagn fer að mestum hluta til kaupa á sérfræðiráðgjöf.

Undir menntmrn. er óskað eftir 25 millj. kr. framlagi til Háskóla Íslands til að bæta brunatjón en fjárhæðin tekur mið af kostnaði við að endurnýja kennslutæki sem eyðilögðust og brunatrygging bætir ekki, en hún bætir tjón á húsnæði og föstum innréttingum. Eins og kunnugt er hefur ríkið þann hátt á að tryggja ekki nema lögbundnar tryggingar en brunatjónum er mætt með framlögum á hverjum tíma.

Raunvísindastofnun óskaði eftir 3,8 millj. kr. framlagi til endurnýjunar á jeppabifreið sem eyðilagðist í óhappi á Vatnajökli fyrr á þessu ári.

Framlag til framhaldsskólanna almennt hækkar um 113,9 millj. kr. Það er 9,5 millj. kr. hækkun vegna kostnaðar af kjarasamningum. Þar er um að ræða kostnað af prófum sem svarar til 2,3% af heildarlaunakostnaði og af deildarstjórn um 1,3% eða samtals 129,5 millj. kr. Í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998 og fjárlaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir 120 millj. kr. til þess að mæta þessum útgjöldum, en eftir stendur 9,5 millj. kr. kostnaður sem ekki hefur verið fjármagnaður. Hins vegar er óskað eftir 104,4 millj. kr. hækkun á framlögum vegna launakostnaðar í framhaldsskólum. Komið hefur í ljós að við skiptingu menntmrn. á fjárveitingum til framhaldsskóla í fjárlögum 1998 var stuðst við forsendur sem leiddu til þess að launakostnaður í skólunum var vanmetinn um 3,5%.

Þjóðminjasafn Íslands. Gert er ráð fyrir að veittar verði 3 millj. kr. til safnsins sem varið verði til verkefna sem útiminjasvið safnsins réðst í fyrr á þessu ári. Annars vegar er um að ræða viðgerð á Silfurgarði í Flatey á Breiðafirði og hins vegar fornleifarannsókn á Eiríksstöðum í Haukadal.

Landsbókasafnið – Háskólabókasafn. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. hækkun á þessum lið til að mæta auknum launakostnaði Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns vegna kjarasamninga.

Lögð er til 3 millj. kr. hækkun á framlagi til Listasafns Íslands vegna rekstrarhalla safnsins 1997 sem stafar af lækkun á sértekjum safnsins.

Sinfóníuhljómsveit Íslands. Óskað er eftir 2,2 millj. kr. hækkun vegna kostnaðar við kjarasamninga sem hljómsveitinni hefur ekki verið bættur og óskað er eftir 2 millj. kr. hækkun á óskiptu framlagi á liðnum Listir, framlög, til menntmrn.

Utanríkisráðuneytið. Lagt er til að framlag til Mannréttindaskrifstofu Íslands verði hækkað um 4 millj. kr. en þar af eru 2 millj. kr. ætlaðar í verkefni til að minnast árs mannréttinda. Mannréttindaskrifstofan fellur undir dómsmálaráðuneytið en nú er lagt til að hluti opinbers framlags til stofnunarinnar verði á fjárlagalið hjá utanríkisráðuneytinu. Lögð er aukin áhersla á mannréttindi og mannréttindastarf og hefur í því skyni verið gerður samstarfssamningur milli Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, en þetta eru tvær stofnanir sem hafa unnið á þessu sviði mannréttindamála.

Landbúnaðarráðuneytið. Lagt er til að Sambandi íslenskra loðdýraræktenda verði veittur 1,5 millj. kr. styrkur til að standa undir hluta af rekstrarkostnaði félagsins árið 1996. Félagið varð af tekjum það ár þar sem búnaðargjald, sem renna átti til búgreinarinnar, hækkaði ekki úr 0,075% í 0,7% eins og áformað var.

Lagt er til að Veiðimálastofnun fái 6 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla, m.a. vegna fiskeldisdeildar, en verkefni hennar hafa verið færð til Stofnfisks hf.

Bændaskólinn á Hólum. Alls er lagt til að framlag til skólans hækki um 9 millj. kr. Lögð er til 2 millj. kr. hækkun á liðnum til að mæta tímabundinni hækkun launagjalda. Í annan stað er lagt til að skólanum verði veitt 7 millj. kr. framlag til verkefnis við kynbætur á bleikju. Heildarkostnaður við rekstur verkefnisins er um 14 millj. kr. á ári. Framleiðnisjóður landbúnaðarins og fleiri hafa styrkt verkefnið á undanförnum árum. Stuðningurinn hefur ekki nægt og er uppsafnaður rekstrarhalli árin 1997 og 1998 um 14 millj. kr.

Lagt er til að Hagþjónusta landbúnaðarins fái 1 millj. kr. vegna áhrifa kjarasamninga og rekstrarkostnaðar.

Héraðsskógar. Gerð er tillaga um að framlag til skógræktarátaks á Fljótsdalshéraði hækki um 3,5 millj. kr. Annars vegar er óskað eftir 2 millj. kr. viðbótarframlagi til að mæta halla sem hefur myndast hjá Héraðsskógum á síðustu árum. Hins vegar er lagt til að veitt verði 1,5 millj. kr. til að gera upp við Héraðsskóga kostnað af umfangsmikilli söfnun á lerkifræi árið 1995.

Gerð er tillaga um 1,5 millj. kr. fjárveitingu til Suðurlandsskóga. Þar hefur fallið til nokkur kostnaður sem rakinn er til annarra þátta en gróðursetningar og munar þar mest um þann kostnað sem varð til við upphaf verkefnisins í fyrra til undirbúnings því.

Bændasamtök Íslands. Lagt er til að Bændasamtök Íslands fái 9,6 millj. kr. aukafjárveitingu vegna hækkunar á lífeyrisskuldbindingum. Einnig er farið fram á 4,6 millj. kr. vegna aukinna greiðslna í lífeyrissjóð af launum starfsmanna héraðsbúnaðarsambanda. Fjárveiting í fjárlögum tekur ekki tillit til nýrra reglna um greiðslur í Lífeyrissjóð starfsmanna sem tóku gildi í ársbyrjun 1998. Farið er fram á sömu hækkun í fjárlögum fyrir árið 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Óskað er eftir að Hæstiréttur fái 5,4 millj. kr. til aukins rekstrarkostnaðar í nýju húsnæði Hæstaréttar. Þar er um að ræða fasteigna- og tryggingagjöld, hita- og rafmagnskostnað og öryggisgæslu.

Óskað er eftir að fjárveiting vegna bóta til brotaþola verði lækkuð um 5 millj. kr. en það er ljóst að nokkur afgangur verður á fjárveitingu þessa árs. Þegar fjárveiting var ákveðin í fjárlögum 1996 var óvíst hver heildarbótafjárhæð á þessu ári yrði.

Ríkislögreglustjóri. Farið er fram á 15 millj. kr. fjárveitingu vegna kostnaðar ríkislögreglustjóraembættisins við innheimtu sekta á landsvísu. Í byrjun ársins var tekið í notkun nýtt samræmt kerfi við innheimtu sekta og fellur allur kostnaður við prentun gíróseðla, útsendingu og ítrekanir á sektarboðum á embættið. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999 er samsvarandi fjárveiting á lið ríkislögreglustjóraembættisins.

Ýmis löggæslukostnaður. Farið er fram á fjárheimild til kaupa á nauðsynlegum tækjakosti til útgáfu á nýjum tölvulesanlegum vegabréfum. Heildarkostnaður nemur um 42 millj. kr. Um er að ræða tölvubúnað, hugbúnað og 100.000 tölvulesanleg vegabréf. En löggjöf um þessa nýjung er í vinnslu hér í Alþingi. Fyrirhugað er að ganga frá kaupsamningi í desember 1998.

Sýslumaðurinn á Akranesi. Óskað er eftir aukafjárveitingu að fjárhæð 12 millj. kr. vegna hallareksturs embættisins síðustu árin. Uppsafnaður halli í lok árs 1997 var 26,1 millj. kr. Á árinu 1998 bætist enn við hallann, einkum vegna áfalla og veikinda sem nokkrir starfsmenn embættisins hafa átt í, og stefnir í að uppsafnaður halli í árslok 1998 verði 35,8 millj. kr. en miðað er við að ráðið verði fram úr honum á nokkrum árum samhliða hagræðingaraðgerðum hjá embættinu.

Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Farið er fram á að fjárveiting til að mæta kostnaði sé hækkuð um 10 millj. kr. með hliðsjón af áætlaðri útkomu þessa árs.

Beðið er um hækkun vegna launakostnaðar Fangelsismálastofnunar ríkisins um 18 millj. kr. vegna kjarasamnings við fangaverði.

Þá er komið að félmrn. Farið er fram á 16 millj. kr. hækkun á fjárheimild Vinnueftirlits ríkisins en það er inneign Vinnueftirlitsins á mörkuðum tekjum af vinnueftirlitsgjaldi.

Þá hafði fjárln. til meðferðar tillögu um að Götusmiðjan – Virkið fengi framlag, en þetta er nýtt meðferðarheimili, og gerir tillögu um að Virkið fái 5 millj. kr. framlag til reksturs meðferðarheimilis fyrir tímabilið frá júní til áramóta 1998. Þar eru veitt sérhæfð meðferðarúrræði fyrir unga fíkla á aldrinum 16–20 ára og er markhópurinn ungmenni sem önnur meðferðarúrræði hafa ekki hentað. Framlagið er miðað við það að gerður verði þjónustusamningur við rekstraraðila meðferðarheimilisins og málefni þess verði síðan til meðferðar við fjárlagagerð fyrir næsta ár.

Málefni fatlaðra. Farið er fram á 54 millj. kr. hækkun til að mæta áhrifum kjarasamninga á stofnunum fyrir fatlaða.

Félagsmál, ýmis starfsemi. Farið er fram á 1,4 millj. kr. hækkun á framlagi til móttöku flóttamanna á Blönduósi.

Undir heilbr.- og trmrn. er óskað eftir 6 millj. kr. aukafjárveitingu til aðalskrifstofu ráðuneytisins, aðallega vegna útgjalda við frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði og frv. til laga um lífsýni, en þessi gjöld verða hærri en ráð var fyrir gert vegna þeirrar umfangsmiklu vinnu við undirbúning þessara mála.

Þá er liðurinn Sjúkrahús, óskipt. Farið er fram á 80 millj. kr. framlag og er það ætlað til að mæta rekstrarvanda á fimm sjúkrastofnunum. Í vinnu faghóps á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra voru óleyst vandamál hjá nokkrum stofnunum og ljóst að þar þyrfti viðbótarfjármuni. Lagt er til að fjárveitingin verði notuð til að gera upp rekstrarhalla vegna sameiningar heilbrigðisstofnana á Austurlandi og renni einnig til heilbrigðisstofnana á Suðurnesjum og á Selfossi. Þá er lagt til að af fjárveitingunni verði greiddur rekstrarhalli hjá St. Fransiskusspítala í Stykkishólmi og Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi. Gert er ráð fyrir að framlögin verði greidd til framangreindra stofnana þegar gerðir hafa verið þjónustusamningar um rekstur þeirra en sú vinna er nú í gangi og er á lokastigi.

Þá er komið að liðnum Sjúkrahús og læknisbústaðir. Þar er lögð til 7,1 millj. kr. hækkun. Framlagið er ætlað til skuldagreiðslu til Hjúkrunarheimilisins Hulduhlíðar og er lokagreiðsla á skuld ríkisins við Eskifjarðarbæ vegna stofnkostnaðar þess, en Eskifjarðarbær stóð á sínum tíma að því verkefni en þessi greiðsla er til sameinaðs sveitarfélags.

Þá er lagt til að Krýsuvíkursamtökunum verði veittar 5 millj. kr. til fjárhagslegrar endurskipulagningar Krýsuvíkurskólans. Unnið hefur verið að þessari endurskipulagningu á síðasta ári og ljóst þykir eftir yfirferð fjárln. að vel sé fyrir því máli séð eftir þessa fjárveitingu og þá geti þessi stofnun starfað með eðlilegum hætti.

Þá er komið að reynslusveitarfélaginu Höfn í Hornafirði. Gert er ráð fyrir 11 millj. kr. fjárveitingu í samræmi við ákvæði í samningi um reynslusveitarfélagið, en fjárveitingin er til að kosta þrjú sjúkrarými í stað hjúkrunarrýma. Farið

hefur verið fram á sömu fjárhæð til hækkunar á framlögum í fjárlögum fyrir árið 1999.

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ. Farið er fram á 9,5 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til að ganga frá uppgjöri í tengslum við sameiningu heilsugæslustöðvar og sjúkraskýlis Þingeyrar við Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar.

Þá er komið að fjmrn. Lagt er til að framlag hækki um 68,7 millj. kr. og þar er breytingin þríþætt. Í fyrsta lagi til að mæta endanlegum dómum í fimm völdum fordæmismálum af 40 sambærilegum varðandi ágreining og rétt fyrrum starfsmanna Lyfjaverslunar ríkisins til biðlauna í tengslum við yfirtöku Lyfjaverslunar Íslands hf. á starfsemi stofnunarinnar 1. júlí 1994. Niðurstaða Hæstaréttar er sú að starfsmennirnir eiga rétt til fullra biðlauna auk dráttarvaxta frá 10. jan. 1997 til greiðsludags. Þess er farið á leit að veitt verði 34,5 millj. kr. framlag til greiðslu biðlauna og dráttarvaxta. Í öðru lagi er farið fram á 25 millj. kr. fjárveitingu til greiðslu bóta vegna mistaka lækna á Ríkisspítölum sem leiddi til 100% örorku. Náðst hefur samkomulag milli ríkislögmanns fyrir hönd ríkissjóðs og lögmanns stefnanda um greiðslu skaðabóta að upphæð 25 millj. kr. Að lokum er gerð 9,5 millj. kr. tillaga um hækkun fjárheimilda vegna lokauppgjörs framkvæmda í kjölfar snjóflóðs í Súðavík.

Viðskrn. óskaði eftir 1 millj. kr. vegna hækkunar þóknunar til samkeppnisráðs.

Þá er komið að umhvrn. Þar er óskað er eftir 9,2 millj. kr. hækkun til embættis veiðistjóra. Skýringar má að rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi vegna ófyrirséðra launaútgjalda. Þá er farið fram á 5 millj. kr. fjárveitingu vegna aukinnar minkaveiði. Um er að ræða endurgreiðslur til sveitarfélaga, en í ár og síðasta ár hefur minkaveiði verið meiri en reiknað var með í fjárlögum. Veiðin stefnir í að verða 6.500 dýr í stað 6.000 samkvæmt áætlun. Í samræmi við 13. gr. laga nr. 64/1994 endurgreiðir ríkissjóður allt að helmingi kostnaðar við veiðarnar eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum. Að lokum er óskað eftir 3 millj. kr. framlagi til reksturs minkahundabús stofnunarinnar. Gert hafði verið ráð fyrir öðru fyrirkomulagi á rekstrinum sem leiddi til sparnaðar. Af því gat ekki orðið en fyrirhugað er að ná fram hagræðingu í rekstri búsins árið 1999.

Farið er fram á 7 millj. kr. aukafjárveitingu vegna átaks Hollustuverndar ríkisins til að ljúka við löggildingu tilskipana ESB um flokkun og merkingar hættulegra efna og efnasambanda.

Það er farið fram á fram á 12,3 millj. kr. fjárveitingu til Landmælinga Íslands til að mæta fyrirsjáanlegri lækkun á sértekjum stofnunarinnar.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Gerð er tillaga um að framlag til stofnunarinnar hækki alls um 3,2 millj. kr. Af því eru 2,2 millj. kr. til setursins í Reykjavík til reksturs á viðbótarhúsnæði. Heimild fékkst fyrir viðbótarhúsnæði vegna aukinnar starfsemi sem m.a. stafar af flutningi gróðurkortagerðar frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins til Náttúrufræðistofnunar og eflingu rannsókna á veiðifuglum. Hins vegar er lagt til að Náttúrufræðistofnun Íslands fái 1 millj. kr. til að mæta auknum leigugjöldum á Akureyrarsetri stofnunarinnar.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem meiri hluti fjárln. leggur til. Þær eru eins og áður segir upp á 619,9 millj. kr. Gert var ráð fyrir því að halli yrði 2.800 millj. kr. samkvæmt því fjáraukalagafrv. sem lagt var fram og bætist þessi upphæð því við þann halla. Áður hefur farið fram umræða sem ég ætla ekki að endurtaka að þessu sinni um ástæðurnar fyrir því að þessi halli er á fjárlögum í ár og munar þar mestu um lífeyrisskuldbindingar sem eru færðar samkvæmt nýjum lögum um fjárreiður ríkisins upp á 9,3 milljarða kr.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri að sinni. Ég þakka meðnefndarmönnum mínum, bæði meiri hluta og minni hluta, fyrir samstarfið að þessu frv. Þetta er nokkuð umfangsmikil vinna þó um fjáraukalagafrv. sé að ræða. Það hefur orðið svo að þetta er nokkuð viðamikil löggjöf, og ekki síst vegna þess að þetta er í fyrsta skipti sem fjáraukalagafrv. er sett upp samkvæmt nýjum fjárreiðulögum og erum við því að móta nýja venju í þessu efni og nýja framkvæmd. Ég endurtek þakkir mínar fyrir samstarfið í nefndinni það sem af er. Vissulega er 3. umr. eftir og við þurfum að skoða nokkur mál milli 2. og 3. umr. og ekki síst eins og ég minntist á áður að þörf er á því að fara enn betur ofan í launakostnað stofnana, ekki síst heilbrigðisstofnana, og er verið að vinna á því sviði enn. Þar munu ekki öll kurl vera komin til grafar. Við teljum því nauðsynlegt að líta enn betur á þau mál milli 2. og 3. umr.

[11:05]

Útbýting þingskjala:

Embættiskostnaður sóknarpresta, 232. mál, nál. allshn., þskj. 381.

Fiskveiðistjórnarkerfi og staða fiskstofna, 314. mál, fsp. EKG, þskj. 379.

Mengunaráhrif af notkun nagladekkja og harðkornadekkja, 325. mál, fsp. GHall, þskj. 393.

Stefnumótun stofnana í eigu ríkisins varðandi vistvæn ökutæki, 299. mál, þáltill. HjÁ og MS, þskj. 359.

Útboð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 313. mál, fsp. EKG, þskj. 378.

[11:06]

Frsm. minni hluta fjárln. (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998. Nál. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Markmiðið um hallalaus fjárlög næst ekki á þessu ári sem margir vilja kenna við góðæri og margt bendir til að hallinn verði jafnvel meiri en við blasir í frumvarpinu. Í því sambandi bendir minni hlutinn á eftirfarandi atriði:

Með tilliti til þróunar síðustu mánaða er líklegt að tekjur af virðisaukaskatti séu ofáætlaðar sem nemur 1,5–2 milljörðum kr.

Launahækkanir milli ára virðast vanmetnar og munu að öllum líkindum verða um 2% umfram það sem gert var ráð fyrir.

Líkur eru einnig á að lífeyrisskuldbindingar verði hærri en reiknað er með í þessu frumvarpi.

Ljóst er að fjárhagsvandi sjúkrahúsanna í Reykjavík er ekki leystur nema að hluta til í frumvarpinu.

Fjárlög ársins 1998 gerðu ráð fyrir tekjuafgangi að fjárhæð 133 millj. kr. Heildartekjur voru áætlaðar 165.810 millj. kr. en gjöld 165.677 millj. kr. Þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og í framkomnum breytingartillögum hafa það í för með sér að í stað tekjuafgangs í fjárlögunum má nú reikna með tekjuhalla í árslok að fjárhæð 3.396 millj. kr. Tekjur aukast um 9.090 millj. kr. en gjöldin aukast um 12.626 millj. kr.

Við afgreiðslu fjárlaga þessa árs komust fulltrúar minni hlutans að þeirri niðurstöðu að tekjur ríkissjóðs væru verulega vanáætlaðar. Minni hlutinn bendir á að efnahagsfor-

sendur fjárlaga 1997 reyndust fjarri lagi. Sama er upp á teningnum nú. Tekjur og útgjöld reynast verulega vanáætluð. Það er áhyggjuefni hversu ónákvæmar spár um helstu þjóðhagsstærðir hafa reynst síðustu ár og er ástæða til þess að athuga sérstaklega hvernig á því stendur og hvað er til úrbóta.

Með tilvísun í nefndarálit minni hluta fjárln. vegna sl. ára allt frá 1995 staðfestist ónákvæmni og ómarkviss vinnubrögð í þessum efnum. Þar kemur í ljós að mjög margar veigamiklar forsendur voru öll árin verulega vanáætlaðar eða ofáætlaðar. Þannig má nefna sem dæmi að einkaneyslan var öll þessi ár miklu meiri en spáð var og gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Árið 1995 var gert ráð fyrir að einkaneysla mundi aukast um 2,5% en reyndin varð 4,2% eða 68% hærri tala. Árið 1996 var gert ráð fyrir við gerð fjárlaga að einkaneyslan mundi aukast um 4,2% en reyndin varð 6,4% eða 52% hærri tala. Árið 1997, eða á síðastliðnu ári, var spáin 3,5% en reyndin varð 5% eða 42% frávik. Árið 1998 var spáð að einkaneyslan mundi aukast um 5% en niðurstaðan er 10% aukning eða 100% meiri en áætlað var.

Minni hlutinn gagnrýndi harðlega ýmsar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis á gjaldahlið fjárlaga 1997, sérstaklega handahófskennd vinnubrögð við fjárveitingar og niðurskurð í heilbrigðismálum. Það var deginum ljósara að afgreiðsla fjárlaga þess árs jók aðeins vandann í heilbrigðiskerfinu og öll varnaðarorð minni hlutans í þeim efnum hafa reynst rétt. Sparnaðarhugmyndir voru fullkomlega óraunhæfar og að mestu óútfærðar eins og niðurstöður þessa frumvarps sýna. Vandanum var aðeins vísað til framtíðar. Með vísun til umsagnar Ríkisendurskoðunar um fjáraukalagafrumvarpsið staðfestist réttmæti gagnrýni minni hluta fjárlaganefndar í þessum efnum. Mestur er vandi stærstu sjúkrahúsanna. Staðreyndir eru þessar: Uppsafnaður fjárhagsvandi í árslok 1997 á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Ríkisspítölum nam 677 millj. kr. hjá báðum sjúkrahúsunum og áætlaður vandi að óbreyttum rekstrarumsvifum nemur 800 millj. kr. Samtals er fjárhagsvandinn því 1.477 millj. kr. Í frumvarpinu er lagt til að bæta sjúkrahúsunum 459 millj. kr. vegna uppsafnaðs halla fyrri ára, en 1.000 millj. kr. fjárhagsvandi er látinn óleystur. Gert er ráð fyrir að sjúkrahúsin geti dregið með sér mánaðarveltu sem nemur samtals um 400 millj. kr., en óraunhæfar hagræðingar- og sparnaðarkröfur ríkisstjórnarinnar hafa leitt til óviðunandi ástands á þessum stofnunum. Starfsfólk býr við sífellda óvissu og aukið vinnuálag sem leiðir til örðugleika í samskiptum stjórnenda og starfsfólks.

Minni hlutinn hefur ýmislegt við frumvarpið að athuga og ekki síst hvernig aukaframlög eru ákveðin. Í flestum tilvikum eru þær ákvarðanir teknar við ríkisstjórnarborðið og ekki beðið eftir samþykki Alþingis án þess að séð verði að það hefði ekki verið gerlegt. Fjárveitingavaldið er hjá Alþingi, en framkvæmdarvaldið hefur heimild til að ráðstafa fé ef sérstaklega stendur á. Ráðherrum ber tvímælalaust að fara sparlega með heimildir til aukafjárveitinga. Reyndin er talsvert önnur eins og margsinnis hefur verið gagnrýnt og um það má nefna mörg dæmi í frumvarpinu.

Minni hlutinn átelur harðlega að ekki skuli vera gerð tilraun til að rétta hlut þeirra sem eingöngu hafa framfærslu af grunnlífeyri með tekjutryggingu vegna elli eða örorku. Samkvæmt útreikningum fagmanna á þróun launa og lífeyris á síðastliðnum fjórum árum vantar 1.842 millj. kr. upp á að greiðslur til þessa fólks jafnist á við lægstu umsamin laun. Á þessu ári skortir 148 millj. kr. til þess að jöfnuði sé náð miðað við meðaltalsvísitölu launa. Því leggur minni hlutinn til að þessum hópum verði bættur tekjumissir sem svarar þeirri upphæð. Einnig leggur minni hlutinn til aukin framlög til Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur til að minnka rekstrarhallann svo að við hann megi una.

Minni hlutinn áskilur sér rétt til að styðja einstakar breytingartillögur meiri hlutans og fylgja öðrum sem fram kunna að koma en situr að öðru leyti hjá við afgreiðslu frumvarpsins."

Undir minnihlutaálitið skrifa Sigríður Jóhannesdóttir, Gísli S. Einarsson, Kristinn H. Gunnarsson og Kristín Halldórsdóttir.

Hæstv. forseti. Í þessu frv. til fjáraukalaga fyrir 1998 sem við ræðum hér eru fjárlög ársins í fyrsta sinn gerð upp á rekstrargrunni og eru því margir óvissuþættir í niðurstöðutölum og því nokkuð á reiki hvað menn telja t.d. að lífeyrisskuldbindingar eigi að reiknast á og er því vandinn einkar stór vegna kerfisbreytinga sem hafa áhrif til hækkunar á lífeyrisskuldbindingum þar sem hluti af yfirvinnu fer nú inn í fastalaun. Þessi framsetningarmáti á fjárlögum var lögleiddur hér á landi fyrir nokkrum árum og fyrstu fjárlögin sem voru sett fram með þessum hætti voru fjárlög fyrir 1998 og af sjálfu leiðir að fjáraukalögin eru í sama stíl.

Ég var ekki komin á þing þegar umræður áttu sér stað um þá breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins sem hér sér stað. Mér skilst að mikill einhugur hafi verið um þessa breytingu en ég verð að segja að mér finnst eðlilegra að sjálf fjárlög ársins væru gerð upp á greiðslugrunni eins og áður tíðkaðist og mun enn vera gert í mörgum nálægum löndum.

Auðvitað er sjálfsagt að leggja fram til hliðar við fjárlagafrv. þær fjárhæðir sem ríkið hefur skuldbundið sig til að reiða fram einhvern tíma í framtíðinni en mér finnst óeðlilegt og ég lýsi því sem minni persónulegu skoðun, þetta er ekki endilega skoðun minni hluta nefndarinnar, að mér finnst óeðlilegt að slíkur slumpareikningur eins og lífeyrissjóðsskuldbindingar sýnast vera í fjárlögum þessa árs ráði niðurstöðutölum á fjárlögum auk þess sem eilítið ruglingslegt er enn sem komið er í fjárlagafrv., en það horfir væntanlega til bóta, hvort framtíðarskuldbindingar eru inni í tölum fjárlagafrv. eða ekki.

Í þessu frv. sem hér um ræðir er tilhögun breytt hvað varðar flutning umframgjalda og ónotaðra fjárheimilda milli ára og er þar stuðst við fyrrnefnd lög um fjárreiður ríkisins. Þetta hefur það líka í för með sér að umframgjöld ársins flytjast milli ára og dragast frá fjárveitingum næsta árs og fer þá að kárna gamanið hjá þeim stofnunum, eins og stóru spítölunum í Reykjavík, sem Ríkisendurskoðun telur að dragi á eftir sér 1 milljarð í halla yfir áramótin og sér hver maður að einhvern botn verður að fá í það vandræðamál.

Svo ég víki að einstökum gjaldaliðum frv. þá vil ég fyrst vekja athygli á lið sem heyrir undir forsrn. og er um 45 millj. kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við sölu hlutabréfa, sem mikið hefur verið gert úr að selst hafi á auga lifandi bragði, og nam söluandvirðið 4 milljörðum 665 millj. kr. Af þessum 49,5 á að borga endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki 4,5 millj. fyrir ráðgjöf í sambandi við söluna og restina eða 45 millj. á að greiða til allra innlendra verðbréfafyrirtækja, hvorki meira né minna sem komu að sölu þessara bréfa. Það er eins gott að þau voru ekki lengur að þessu ef þau hefðu verið á tímakaupi sem sjálfsagt hefur ekki verið í þessu til-

felli. En skyldi ekki hafa verið hægt að selja þessi eftirsóttu hlutabréf á ódýrari hátt fyrir ríkið? Mér er spurn.

Menn virðast hafa vaðið í villu og svima hvað varðar kostnað af kjarasamningum sem gerðir voru við kennara þrátt fyrir að 175 millj. væru í fjáraukalagafrv. sjálfu. Vegna sérkennslu annars vegar og almenns rekstrar hins vegar lagði *ráðuneytið til við meðferð fjárln.* að við væri bætt hvorki meira né minna en 113 millj. kr. vegna vanmetins launakostnaðar í framhaldsskólum. Samt eru ýmsir með efasemdir um að nægilega hafi verið komið til móts við skólana og telja að enn séu ekki öll kurl komin til grafar. Það er auðvitað ekki nógu gott þegar skrifað er undir kjarasamninga að þeir sem eiga að borga brúsann geri sér ekki grein fyrir hvað *þeir muni kosta svona í stórum dráttum og má* e.t.v. bæta vinnubrögð ráðuneyta í þessum efnum. Ekki var þarna um að ræða aðlögunarkjarasamningana en þeir virðast hafa farið eins og minkar í hænsnabú inn í ríkisstofnanirnar og launagreiðslur almennt farið mjög úr skorðum við gerð þeirra og var það e.t.v. aldrei nein góð latína að fela yfirmönnum lítilla ríkisstofnana að semja um laun við sína nánustu samstarfsmenn.

Margar eru þær greinar í þessum fjáraukalögum sem við minnihlutamenn erum stolt og ánægð með að styðja. Þar er af ýmsu að taka, t.d. má þar nefna að samþykkt var að veita 5 millj. kr. til Götusmiðjunnar–Virkisins sem framlag til reksturs frá júní til áramóta með því skilyrði að þjónustusamningur verði gerður við rekstraraðila. Einnig var veitt 5 millj. kr. til að gera upp gamlan rekstrarhalla Krýsuvíkursamtakanna svo að þau nái vopnum sínum en þau voru á sl. ári mjög sliguð af uppsöfnuðum rekstrarvanda og við blasti að loka þyrfti heimilinu ef ekki kæmi til hjálp ríkisins. Svo illa fór ekki og það þökkum við okkur í fjárln. Alþingis að stórum hluta.

Síðast en ekki síst samþykkti nefndin 80 millj. kr. í fjárveitingu til fimm landsbyggðarsjúkrahúsa sem hafa átt við erfiðan hallarekstur að stríða í þeirri von að þetta fjárframlag megi verða til að rýmka fyrir gerð þjónustusamninga. Þetta styður minni hluti nefndarinnar einhuga sem og eins og ég nefndi áður mörg önnur atriði sem hér verða ekki upp talin.

Ég vil að lokum ítreka það sem upp kemur í nál. að varast ber að misnota þann möguleika sem er í kerfinu til aukafjárveitinga. Samkvæmt lögum hafa ráðherrar möguleika til að nýta sér aukafjárveitingar ef sértaklega stendur á en fjárveitingavaldið er og á að vera hjá Alþingi. Mér sýnist að í þessu fjáraukalagafrv. hafi ráðherravaldið á stundum og of oft gengið nokkuð léttum fótum kringum lagaákvæði sem gilda um þessi efni.

[11:22]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til fjáraukalaga og tillögur varðandi það mál. Eins og gefur að skilja er kannski ekki mikill áhugi á þeim málum, ég tala nú ekki um í dag þegar búið er að varpa þeirri sprengju að dómur Hæstaréttar sem felldur var í gær sé einhver afdrifaríkasti dómur í sögu dómkerfis á Íslandi. Því er kannski ekki ástæða til að ætla að fólk hafi hugann við þau mál sem nú eru til umræðu sem skipta þó verulegu máli ekki bara fyrir einstaklinga heldur einnig fyrir margar stofnanir ríkisins og hafa nokkuð afdrifaríkt áhrif á stöðu ríkissjóðs. Það er nefnilega ástæða til að vekja athygli á því og sérstaklega hæstv. fjmrh. að fjárhagsdæmi ríkisins verður ekki gert upp í plús eins og ætlað var. Eins og málin horfa í dag eru allar líkur á að hallinn verði u.þ.b. 3,5 milljarðar kr. á árinu 1998. Það er eitthvað öðruvísi en reiknað var með. Þetta segi ég og byggi á þeim gögnum sem fjárln. hefur undir höndum, m.a. með umsögn Ríkisendurskoðunar þar sem bent er á að líklega geti tekjuhallinn orðið u.þ.b. 2,8 milljarðar. Til viðbótar því hefur meiri hluti fjárln. lagt til 619,9 millj. svo nákvæmlega sé með farið. Ég held að þetta sé mjög alvarlegt.

Ég vil benda á að í gögnum Ríkisendurskoðunar er sýnt fram á að um 1,5–2 milljarða vanti í formi virðisaukaskatts í tekjur ríkisins miðað við áætlun. Þetta er mjög alvarlegt dæmi og ástæða til að hafa nokkur orð um það mál og bera fram spurningar til hæstv. fjmrh. í því sambandi.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í svar á þskj. 349 við *fyrirspurn frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur* til hæstv. fjmrh. um virðisaukaskatt. Ég vil benda á að frá árinu 1990 er alvarleg minnkun hlutfallslega á tekjum af innlendum virðisaukaskatti sem nemur í prósentum talið um 10–11% miðað við árin 1990–1996. Þetta er alvarleg staðreynd sem blasir við. Þetta er stutt með framsetningu Ríkisendurskoðunar á þessu máli og ég spyr: Hvað ætlar hæstv. fjmrh. að gera til *að efla starfsemi við innheimtu virðisaukaskatts? Ráða má af* þeim svörum sem eru á þskj. 349 að um sé að ræða undanskot frá virðisaukaskatti. Ég tel brýna nauðsyn á að grípa inn í það mál og beini þessu sérstaklega til hæstv. fjmrh.

Ég vil einnig benda á heimasíðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þar sem hún bendir á að í maí 1996 hafi skattrannsóknarstjóri fjallað um undanskotshættur í virðisaukaskatti sem hann taldi vera sérstaklega í innskattsvikum, þ.e. ofærslu innskatts og skattrannsóknarstjóri taldi einnig um að algengasta svikaleiðin í virðisaukaskatti væri að tekjur skattskyldra rekstraraðila væru vantaldar og þar með væri ekki staðið skil á innheimtum í virðisaukaskatti. Þetta eru, hæstv. fjmrh., mjög alvarleg dæmi sem verður að skoða því það skiptir máli að innheimta þær tekjur sem ríkinu ber. Það er því ekkert síður áhugi hjá minni hluta fjárln. á því að tekjur innheimtist eins og vera ber en að útgjöld fari þangað sem þörfin er mest.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á tillögu minni hluta fjárln. sem gerð er grein fyrir á þskj. 397 þar sem gerð er tillaga um aukningu fjármuna til Ríkisspítala upp á 300 millj. og til Sjúkrahúss Reykjavíkur upp á 300 millj. og að auki 152 millj. vegna tekjutryggingar ellilífeyrisþega. Það er ástæða til að fjalla um þessi mál vegna þess að eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns þá er u.þ.b. 1 milljarður í halla sem þessum spítölum er ætlað að draga með sér og það hreinlega gengur ekki. Það dæmi getur bara ekki gengið að þessar stofnanir dragi með sér milljarðshalla. Þess vegna gerum við ábyrga tillögu því að við vitum að það kemur að því að gera verður þetta dæmi upp. En um leið og ég segi þetta vil ég virða við hæstv. ríkisstjórn að búið er að vinna gott verk varðandi stöðu sjúkrahúsanna víða á landsbyggðinni. Ég vil láta það koma fram að það ber að virða það sem vel er gert. Slæm dæmi sem lúta að mörgum stofnunum hafa verið strikuð út eða kláruð. Þær stofnanir hafa þurft að draga með sér skuldahala árum saman og ég virði það auðvitað að striki skuli hafa verið slegið yfir það og þau mál kláruð án þess að ég ætli að geta um sérstakar stofnanir í því sambandi.

Ég vek sérstaklega athygli á þessari tillögu um tekjutryggingu ellilífeyrisþega. Af hverju er ég að vekja athygli á því að við gerum aðeins tillögu um 152 milljónir? Það er vegna þess að það er sá munur sem er á þeim fjármunum sem áttu að ganga til þessa málaflokks og þess sem sett

var til málaflokksins samkvæmt nákvæmum útreikningum Ríkisendurskoðunar eins og vitnað hefur verið til, þ.e. að ríkið hefur tekið til sín 152 milljónir af þeim fjármunum sem hefðu annars gengið til fatlaðra, öryrkja og aldraðra. Þetta er alvarlegt mál og þetta miðast aðeins við fjárhagsárið í ár sem er að líða, 1998.

Ég bendi sérstaklega á að ef miðað er við síðustu fjögur árin frá 1995 vantar 1.842 milljónir til þess að þessi hópur fengi sambærilega hækkun og lægstu laun sem eru þó, herra forseti, að mati sérfræðinga ekki nægjanleg til framfæris. Þetta er mjög alvarlegt mál og ég beini þessum athugasemdum til hæstv. fjmrh. ef hann má vera að því að hlusta á þessar athugasemdir sem skipta miklu máli.

Ég vek athygli hæstv. fjmrh. á því, herra forseti, að þeir sem eru verst settir þurfa tafarlausa hjálp. Það eru u.þ.b. 1.400 öryrkjar í landinu sem þurfa tafarlausa hjálp. Öryrkjar á Íslandi eru 8.000 manns og örorka þeirra er á mismunandi stigi. Í þessum hópi er fólk með mismunandi tekjur og þarfir. Hjón sem eru bæði öryrkjar fá 85 þús. kr. til að framfleyta sér, þ.e. þau sem fá ekki úr lífeyrissjóði né hafa aðrar tekjur. Nokkuð margir öryrkjar eru með 15 þús. kr. vegna hlutdeildar makans í tekjuöflun. Ég tel að ástæða sé til þess að taka þennan málaflokk sérstaklega fyrir og ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í þessum málaflokki? Er meiningin að leiðrétta þann mismun sem er miðaður við meðaltalsvísitölu eða er kannski hugmyndin að leiðrétta þann mismun sem vantar upp í lægstu laun, þ.e. þær hækkanir sem hafa verið og ætti að miða við lægstu laun?

Ég bendi sérstaklega á hóp sem í eru u.þ.b. 700 einstaklingar sem hafa 43–65 þús. kr. á mánuði. Þessu fólki, herra forseti, verður að hjálpa strax. Þetta eru öryrkjar sem hafa verið metnir með varanlega 75% örorku, eru eignalausir og eru í leiguhúsnæði. Þeir eru ýmist einhleypir eða í sambúð. Þetta er hópurinn sem hefur lægstar bætur og á engan möguleika á því að auka tekjur sínar. Þessar tekjur eins og ég sagði áðan eru u.þ.b. 43–65 þús. kr. á mánuði og þessu fólki verður að hjálpa og það strax. Ég treysti því að hv. formaður og varaformaður fjárln. og hæstv. fjmrh. taki á þessu máli með minni hlutanum sem hefur lagt fram öll gögn um hvernig málið stendur í fjárln. með nákvæmum útreikningum, skipt á milli áranna 1998 og varðandi fjárlagafrv. 1999 og síðan útreikninginn á árunum frá 1998 aftur á bak til ársins 1995. Þetta eru málin sem skipta miklu.

Vegna þess að hér hefur verið talað fjálglega um góðærið þá hefur góðærið smeygt sér á einhvern hátt fram hjá dyrum þessa hóps sem verst er settur. Af því að við erum að nefna þessi mál tel ég að kjaragrunninn verði að hækka upp í 75–80 þús. kr. Ég hef flutt ár eftir ár frv. til laga um lögbindingu lágmarkslauna. Það tengist nákvæmlega þessu máli. Í því frv. var gert ráð fyrir 85 þús. kr. lögbundnum lágmarkslaunum. Ég vil geta þess, herra forseti, að það mál er vegna samkomulags við hæstv. forsrh. í sérstakri umfjöllun hjá Þjóðhagsstofnun sem hefur þurft tímann frá því í september og fram til þessa tíma til þess að gefa umsögn um þá framsetningu sem er á því máli. Það mál hefur ekki komið fram enn þá á þingi vegna þess að það er í sérstakri umfjöllun.

Einum hópi vil ég ekki gleyma, úr því að ég fæ tækifæri til að ræða um það hér í stólnum, en það eru aldraðir á elliheimilum og á dvalarheimilum, sem ekkert hafa nema dagpeninga sem nema 12.080 kr. á mánuði, 144 þús. kr. á ári. Það er allt sem þetta fólk hefur til ráðstöfunar. Þar vil ég að tekið verði á málunum. Ég beini því til hæstv. fjmrh. að láta skoða hvað sé lágmark sem fólk þarf að hafa til ráðstöfunar sem vasapeninga. Þetta eru kallaðir vasapeningar því að allar tryggingabætur og annað renna til uppihaldsins á þessum dvalarheimilum.

Það er náttúrlega eitt mál enn sem bæta má við að það er auðvitað alveg út úr kortinu, herra forseti, að dæmin skuli gerð þannig upp að börn einstæðra foreldra, vegna ákvæða um tekjutengingar, svipti viðkomandi aðila heimilisuppbót. Ég skal taka eitt glöggt dæmi sem ég er með í kollinum.

Einstæð móðir með 19 ára son, sem hún styður til þess að komast í iðnskóla eða í framhaldsnám, hefur 53.500 kr. á mánuði af því að sonur hennar er skráður inn á heimilið hjá henni. Ef hann væri skráður hjá föður sínum gæti þessi kona fengið um leið tæpar 64 þús. kr. Þetta er náttúrlega eitthvað sem verður að laga og hefði átt að vera búið fyrir löngu. En þetta er bara eitt dæmi sem kemur upp í hugann af þeim sem orðið hafa á vegi mínum á undanförnum dögum og vikum. Þetta verður að laga.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla miklu meira um málið sem við erum að ræða hér, fjáraukalög. En allt sem ég hef nefnt hér tengist fjáraukalögum 1998. Við eigum eftir 3. umr. og það er möguleiki að grípa inn í þessi mál, og ég nefni sérstaklega grunnlífeyri elli- og örorkuþega.

Ég held, herra forseti, að ástæðulaust sé að hamra meira á þeim málum sem ég hef verið að reyna að vekja sérstaklega athygli á, þ.e. skattsvikum eða undanskoti, að líkindum frá virðisaukaskatti, og stöðu sjúkrahúsanna í Reykjavík ásamt og með málefnum þeirra sem lakast eru settir.

En ég vil að lokum þakka meiri hlutanum, hv. formanni og varaformanni fyrir ágætt samstarf ásamt öðrum í meiri hlutanum. Ég virði þá stöðu sem meiri hlutinn er í og þá sérstaklega hv. formaður gagnvart minni og jafnvel meiri hluta því að hann starfar sem umboðsmaður ríkisstjórnar í umfjöllun um fjárlagagerð og fjáraukalagagerð. Það er oft snúin staða en gott samkomulag hefur náðst um ákveðin atriði og ég þarf ekki að ítreka það sem hér hefur verið sagt um afstöðu minni hlutans. Minni hlutinn er samstæður og stendur sameiginlega að sjálfsögðu að minnihlutaálitinu og ég læt þar með lokið mínu máli, herra forseti.

[11:42]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gísli Einarsson ræddi nokkuð um þá möguleika sem hann telur á auknum tekjum. Við erum að fjalla um fjáraukalög fyrir árið 1998 og hv. þm. vísaði til þess sem heimildar að á heimasíðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur væri að finna upplýsingar um skattsvik eða líkur til þeirra þannig að hægt væri að ná inn í ríkissjóð meiri tekjum.

Ég tel að þessi heimasíða sé kannski ekki besta heimildin til þess að byggja tillögur á um aukin útgjöld ríkissjóðs, ég tel það alveg af og frá, en vek hins vegar athygli á því að í nál. hv. minni hluta fjárln. er vakin sérstök athygli á því að líkur séu til þess að virðisaukaskattstekjurnar séu ofáætlaðar. Þarna stangast því hvað á annars horn. Það er spurning um það og um það vildi ég heyra frá hv. þm.: Hvort eigum við að taka mark á nál. minni hluta fjárln. eða auglýsingaherferð sem birtist á heimasíðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur?

[11:43]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einfalt að svara þessu. Þegar fram kemur í áliti minni hlutans að það vantar 1,5–2 milljarða

miðað við áætlun er það vegna þess að ekki hefur verið haldið nægjanlega vel á málunum af hálfu ríkisstjórnar um að ná inn þeim fjármunum sem menn vita að eru í pípunum — og ég vitna til hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem er með á vefpistli sínum upplýsingar um spurningar sínar og svör frá hæstv. fjmrh. varðandi þetta málefni. Fyllsta ástæða er til að ræða þetta mál í tengslum við fjáraukalög vegna þess að ekki hefur verið nægjanlega vel haldið á málum varðandi skil um virðisaukaskatt, það er alveg klárt mál. Þetta hafa ekki bara einstakir þingmenn orðið varir við, ég hygg að allt þjóðfélagið viti að það hefur verið um undanskot að ræða á virðisaukaskatti og það má heita að hverjum einasta manni í íslensku samfélagi bjóðist að skjóta virðisaukaskatti undan frá ríkinu. Þess vegna þarf að grípa á málinu, þess vegna er málið rætt úr þessum stóli, þess vegna er komið inn á málið frá þessum vettvangi, bæði með minnihlutaáliti, sem ég undirrita, og ásamt með tilvitnunum í fyrirspurnir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég tel að þetta séu nægjanleg rök fyrir því að koma að málinu á báða vegu.

[11:45]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum heyrt skýringar hv. þm. Ég vek athygli á því að á undanförnum árum hefur verið hert mjög á öllu eftirliti í skattkerfinu. Einnig hefur komið í ljós að það hefur borið nokkurn árangur þannig að tekjur ríkissjóðs hafa aukist. Ég tel að það sé m.a. vegna þess að við höfum eytt verulegum fjármunum í að styrkja eftirlitið, styrkja skattkerfið hvað varðar innheimtu og allt eftirlit þannig að ég tel að við séum á réttri leið enda þarf að gefa þau skilaboð frá Alþingi að það sé vilji alþingismanna og vilji Alþingis að skattkerfið sé sem best og ekki megi gera ráð fyrir því að menn komist upp með undanskot.

Ég vek aftur athygli á því, sem kemur fram í nál. hjá hv. minni hluta fjárln., að það er mat minni hlutans að ofáætlun sé í virðisaukaskattsálagningu. Auðvitað þarf að skoða það eins og annað. En það er nú ekki sú niðurstaða sem meiri hluti nefndarinnar kemst að að það beri að lækka tekjupartinn hvað varðar virðisaukaskattinn og skera niður útgjöld vegna þess.

Hins vegar hefur viljað brenna við hjá stjórnarandstöðunni að hún hafi viljað gera út á óinnheimtar tekjur og hefur flutt brtt. við fjárlög þar sem gert hefur verið ráð fyrir því að herða innheimtuna og ná inn stórkostlega miklum tekjum. En ég held að það sé aðalatriðið að við gerum okkur grein fyrir hvernig staðan er og styrkjum innheimtukerfi ríkissjóðs þannig að það sé í sem bestu lagi og allar tekjur komi inn. Það er mjög mikilvægt.

[11:47]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Furðulegt að halda því fram að staðan hafi batnað. Virðisaukaskattur var innan lands árið 1990 43,38% en 1996 37,23%. Hvers konar rök eru þetta eiginlega?

Og að halda því fram að það sé minni hlutinn sem sé að koma með þessa spádóma um minnkun á virðisaukaskatti, — minni hlutinn styðst við álit Ríkisendurskoðunar sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ekki eru gerðar athugasemdir við teknahlið frv. að öðru leyti en því að bent er á að tekjur af virðisaukaskatti gætu verið ofáætlaðar um 1,5–2 milljarða kr."

Hvað stendur í áliti minni hlutans? Nákvæmlega sömu orð, nákvæmlega sömu orð og ekkert annað. Ég veit ekki betur en að hingað til hafi menn borið virðingu fyrir því sem Ríkisendurskoðun hefur sett fram um þessi mál. Það er nákvæmlega það sem við erum að fjalla um.

Á þskj. 349, svari hæstv. fjmrh. við fsp. Jóhönnu Sigurðardóttur um virðisaukaskatt, kemur skýrt fram að málin liggja svona. Að tekjur af virðisaukaskatti hafa minnkað um frá árunum 1990–1996 um u.þ.b. 10–11%. Er það eðlilegt? Ég spyr.

[11:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins blanda mér í þessar umræður um virðisaukaskatt. Ræðumaður, hv. þm. Gísli Einarsson, bar fram fsp. til mín út af svari mínu við fsp. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um virðisaukaskattskerfið. Í svarinu kemur fram að nú er ætlunin að gera allsherjarúttekt á virðisaukaskattskerfinu á næstunni með tilliti til fjölda þátta sem þarf að skoða í ljósi þeirrar átta ára reynslu sem fengin er af þessu skattkerfi.

Hins vegar er það einhver furðulegur misskilningur að draga ályktanir af því hvert hlutfall skattsins af innflutningi annars vegar og innlendri sölu hins vegar er. Það fer eftir svo mörgum öðrum þáttum og hefur ekkert nauðsynlega að gera með skattskilin í sjálfu sér. Virðisaukaskattur af innflutningi er innskattur innan lands og dregst frá. Ef innflutningur vex þá eykst innskatturinn og skattskilin af innlendri framleiðslu minnka hlutfallslega. Þetta er nú augljóst og ekki er hægt að draga neinar meiri háttar ályktanir af þessu atriði eins og er reyndar skýrt út í svari mínu við fyrirspurninni.

En það sem þingmaðurinn spurði um var: Hvað stendur til að gera? Það hefur komið fram af minni hálfu í þessu svari að ætlunin er að gera myndarlega úttekt á þessu kerfi. Þetta kerfi hefur mikla kosti, það hefur líka ákveðna galla og alls kyns hugmyndir eru uppi um endurbætur og þess háttar og það er það sem við erum að fara í gegnum.

Að því er varðar áætlun um virðisaukaskatt á þessu ári gerir Ríkisendurskoðun grein fyrir þeirri skoðun sinni að hann sé hugsanlega ofáætlaður í ár. Þeir eru með mat á því, við erum með annað mat í fjmrn., við erum ekki sammála. Við teljum ekki að neinar forsendur séu fyrir því að draga í efa tekjuspá ráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar fyrir þetta ár. Þetta getum við ekki fullyrt um að svo stöddu.

Það vill þannig til að 5. des. er virðisaukaskattsgreiðsludagur og eftir helgina kemur í ljós hvað menn eru að tala hér um.

[11:51]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin eða athugasemdirnar. Það kemur í ljós að við erum ekki nákvæmlega sammála um atriði varðandi virðisaukaskattinn og við skulum ekkert vera að deila um það, það kemur í ljós við niðurstöðureikninga hver hefur rétt fyrir sér.

En ég vildi nota þetta tækifæri til þess að ítreka þær spurningar sem ég lagði fram í ræðu minni um hvort möguleiki væri að fá svar við því hvað eigi að gera og hvort eitthvað eigi að gera varðandi stöðu þeirra sem lakast eru settir. Það eru 1.400 öryrkjar sem þurfa tafarlausa hjálp, og það er kannski rétt að spyrja þá um leið, af því ég man eftir því: Á að greiða desemberuppbót eða einhverja jólapeninga til þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum? Er fyrirhugað að veita þeim einhverja úrlausn?

Ég spyr um það um leið og ég ítreka þær spurningar sem ég setti fram í ræðu minni um leið og ég treysti því að hæstv. fjmrh. geri eitthvað í þessum málum.

[11:52]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar bótaþega á atvinnuleysisbótum gilda þær reglur áfram sem um það hafa gilt. Engin breyting er fyrirhuguð í því efni. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki nægilegur sérfræðingur til þess að átta mig á því um þetta mál hvort þar er einhver sérstök desembergreiðsla, ég þekki það því miður ekki. Hins vegar er ekki um að ræða neinar breytingar á þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur.

Hins vegar að því er varðar bætur almannatrygginga til öryrkja og aldraðra er það umræðuefni sem mönnum verður tíðrætt um í þinginu og þingsölum og það er skiljanlegt og það er mikið talað um það úti í þjóðfélaginu. Þess er ekki að vænta að neitt nýtt komi frá ríkisstjórninni í því efni fyrr en í fyrsta lagi við 3. umr. um fjárlög fyrir næsta ár. En það er verið að skoða þau mál og verið að kanna hvaða svigrúm er fyrir hendi og menn eru að líta á þetta í fyllstu alvöru eins og ég vænti að bæði meiri hluti og minni hluti fjárln. geri þó að ekki sé hugmyndin að ganga út fyrir þá ramma sem nauðsynlegt er að virða eða stofna ríkisfjármálunum í óefni.

[11:54]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið. Það liggur skýrt fyrir að það á að taka á þessum málum og ég ætla ekki að krefja um upphæðir en ég tel að það verði að mæta þessum hópum og þeim skerðingum sem þetta fólk verður fyrir af ýmsum ástæðum vegna laga og reglugerða sem Alþingi hefur staðið að. Við eigum að lagfæra þetta. Ekki meiri hluti, ekki minni hluti, heldur á Alþingi sameiginlega að taka á þessum málum.

Þess vegna hefur minni hluti fjárln. verið að leita eftir svörum úti um allt þjóðfélag um hvernig staðan er. Þess vegna getum við lagt til að með fjáraukalögum verði bættur sá mismunur sem er á meðaltalslaunavísitölu og þeim bótum sem hafa gengið til öryrkja og ellilífeyrisþega.

[11:55]

Útbýting þingskjala:

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 311. mál, frv. BH o.fl., þskj. 372.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 176. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 398; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 399.

[11:56]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Skilyrði í efnahags- og atvinnulífi landsmanna hafa verið óvenjuhagstæð að undanförnu, mikil umsvif og einkaneysla langt umfram það sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Innflutningur varð langtum meiri en áætlað var en í forsendum fjárlaga var reiknað með að almennur innflutningur á vörum ykist um 4,4%. Reyndin verður væntanlega um 26% á þessu ári.

Bifreiðainnflutningur verður a.m.k. tvöfalt meiri en áætlað var og svona mætti áfram telja. Þetta er vitanlega meginástæðan fyrir umtalsverðri aukningu á tekjum ríkissjóðs þótt nú séu hins vegar vísbendingar um að aðeins sé farið að draga úr einkaneyslunni og ekki ólíklegt að virðisaukaskattur muni ekki skila jafnmiklu og gert er ráð fyrir í síðustu áætlunum. Á þetta er bent í áliti minni hluta sem hv. þingmenn Sigríður Jóhannesdóttir og Gísli Einarsson hafa hér rætt og gert grein fyrir.

Staðreyndin er sú að allar forsendur fjárlaga þessa árs hafa reynst ótrúlega fjarri lagi og ekki að undra þótt a.m.k. við sem skipum minni hluta fjárln. séum tortryggin á þær tölur sem við erum almennt að fjalla um við fjárlagagerðina. Þetta er því miður gömul saga og ný og vitanlega er aldrei hægt að spá með fyllsta öryggi, þetta er nú einu sinni spá. En fyrr má nú vera.

Það er auðvitað áhyggjuefni að þrátt fyrir verulega auknar tekjur skuli ekki takast að loka fjárlagadæminu með afgangi eins og stefnt var að við afgreiðslu fjárlaga heldur stefnir nú í hallarekstur upp á 3,4 milljarða þegar tekið er tillit til frv. þessa sem við ræðum og fram kominna brtt., þá fer þetta að verða harla pínlegt fyrir þá stjórnarliða sem tala sífellt hæst um ábyrga fjármálastjórn og nauðsyn hallalausra fjárlaga.

Vitaskuld verður að horfa til þess að við búum nú við breytta uppsetningu fjárlaga þar sem taka þarf með í reikninginn allar skuldbindingar og munar þá að sjálfsögðu mest um lífeyrisskuldbindingarnar. Sé horft fram hjá þeim liti dæmið allt öðruvísi út og við værum með vænan afgang en ekki halla. Það er t.d. mat Ríkisendurskoðunar að við samanburð á hækkun rekstrargjalda milli áranna 1997 og 1998 kom í ljós að tæplega helmingur hækkunarinnar er einmitt vegna breytinga á framsetningu reikningsskila A-hluta ríkissjóðs. Þetta þarf auðvitað að hafa í huga.

Eins og menn hafa verið að viðra hérna eru e.t.v. ekki öll kurl komin til grafar, við eigum eftir að sjá það betur. Nokkuð hefur verið talað um þessar vísbendingar um minni tekjur af virðisaukaskatti en áætlað var en það er ýmislegt sem er e.t.v. vanmetið gjaldamegin og þá bendum við m.a. á í minnihlutaálitinu að launakostnaður sé hugsanlega vanmetinn enn. Samkvæmt áliti Ríkisendurskoðunar gæti munað þar einum milljarði kr. og það er eingöngu miðað út frá þeim tölum og upplýsingum um launaþróun sem eru fyrir hendi. Þarna gæti því staðið talsvert út undan.

Eins og kemur fram nál. minni hlutans þá minnum við enn einu sinni á það að framkvæmdarvaldinu ber að fara varlega og af fyllstu ábyrgð með heimild sína til aukafjárveitinga og í raun á aðeins að beita slíkri heimild í brýnni neyð. Að öðrum kosti á framkvæmdarvaldið að leita samþykkis Alþingis áður en veitt er fé til aukinna verkefna eða viðbóta af einhverju tagi. Á þetta hef ég minnst í hvert einasta sinn sem við ræðum fjáraukalög því að mér finnst þetta skipta mjög miklu máli. En kannski heyra menn ekki þessi varnaðarorð. Ég er hrædd um að margt af því sem finna má í þessu frv. svo og í brtt. meiri hluta fjárln. sé einfaldlega búið og gert og þegar notað þannig að samþykkt Alþingis er bara formsatriði í mörgum tilvikum. Við því er ekkert að segja þegar brýna nauðsyn ber til.

Ýmislegt getur valdið því að ekki er hægt að bíða eftir samþykkt Alþingis. Ég nefni sérstaklega ef um náttúruhamfarir er að ræða eða eitthvað því um líkt þar sem verður að bregðast snarlega við. Mér er það umhugsunarefni hvers vegna ævinlega þarf að bíða eftir sérstöku frumvarpi til fjáraukalaga fram á haust og hvers vegna ýmsar tillögur ríkisstjórnarinnar um fjárframlög til hinna ýmsu verkefna eru einfaldlega ekki teknar oftar til umræðu því að margt af því sem hér er er löngu vitað og ákveðið við borð ríkisstjórninnar kemur síðan ekki til kasta Alþingis fyrr en löngu síðar. En nóg um það.

Ég ætla ekki tína til einstaka liði. Það hafa menn gert hér. Ég get þó ekki látið hjá líða að fara örfáum orðum um eilífðarmálin, þ.e. heilbrigðismálin sem við höfum tekið

marga snerruna um á þessu kjörtímabili og ekki að ósekju. Heilbrigðismálin hafa verið í algjöru uppnámi má segja allt þetta kjörtímabil og reyndar miklu lengra aftur þótt ástandið hafi að mínu mati sjaldan verið jafnslæmt og á síðasta ári þegar nánast hver einasta stofnun á heilbrigðissviðinu var í slíkri kreppu að menn hreinlega sáu ekki til sólar. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar um allt land hafa verið í bullandi hallarekstri og ástandið hefur verið þeim mun verra af þeim sökum að engar lausnir voru í sjónmáli. Það hefur tekið ótrúlegan tíma að komast að einhverri niðurstöðu um þessi mál og verið allt of hart gengið að mínu mati að þeim sem hafa þurft að búa við ónógar fjárveitingar til þessarar bráðnauðsynlegu þjónustu.

Ég tel ótvírætt að stjórnendur og starfsfólk í heilbrigðisþjónustu hafi lagt verulega hart að sér og sýnt mikinn skilning og vilja til þess að hagræðingarkröfur næðu fram að ganga og árangur er að mínu mati ótvíræður. En álagið á stofnanir og starfsfólk hefur verið nánast ómanneskjulegt og ég tel ekki að búið sé að leysa allan vanda í þessu efni.

Sífelldar kröfur um hagræðingu og sparnað hafa tekið verulega á stjórnendur og allt starfsfólk sem er orðið mjög þreytt og vonlaust. Starfsandi og andrúmsloft á stofnunum er orðið að mörgu leyti mjög alvarlegt. Öryggisleysi og óánægja hafa farið illa með þessar mikilvægu þjónustustofnanir og verst er að þetta ástand hefur bitnað á þeim sem síst skyldi, þ.e. þeim sem þurfa og eiga rétt á þjónustu. Það er mál að linni í þessum efnum.

Reyndar hefur ýmislegt gerst á síðustu mánuðum og stjórnvöld hafa nálgast það að taka á þessum vanda. Ótal nefndir og starfshópar hafa verið að störfum og vissulega orðið nokkuð ágengt. Það er þó alls ekki svo að allir uni glaðir við sitt. Það sanna fjárveitingabeiðnir og lýsingar og athugasemdir gesta okkar í fjárln. frá hinum ýmsu stöðum á landinu. Neyðarákall, það var ekki hægt að kalla það neitt annað en neyðaróp sem komu frá flestum stofnunum á síðasta ári. En engu að síður er neyðin er ekki jafnmikil og sár og áður eða þegar við vorum að fást við þetta dæmi þannig að ég held að segja megi að mjög margt hafi gerst í þessu efni og er m.a. tekið á ýmsu í þessu fjárlagafrv.

Þó að vissulega sé tekið á ýmsum vanda og hallarekstri sem var raunar fyrirséð og bent á í umfjöllun og umræðum af hálfu minni hlutans þá stendur enn ýmislegt út af. Ég ætla svo sem ekki að tína upp einstök dæmi nema eitt sem ég vil sérstaklega nefna og það er að í Kópavogi hefur nú verið byggð myndarleg heilsugæslustöð. Það var afskaplega brýn og þörf framkvæmd. Þörfin að koma þar upp myndarlegri heilsugæslustöð var afar brýn og hún þarf að komast sem fyrst í gagnið. Byggingin er sem sagt risin þótt enn hafi ríkissjóður að vísu ekki greitt kostnað sinn að fullu. En við því má búast að úr því verði bætt á næsta ári.

En þessi bráðnauðsynlega þjónusta þarf meira en bygginga. Það þarf meira en hús til þess að reka heilsugæslu. Enn vantar þar allan tækjabúnað og ég legg áherslu á að á því verði tekið hið bráðasta svo að stöðin geti tekið til starfa um áramót eins og til stóð.

Í brtt. meiri hlutans er að þessu sinni enn einu sinni veitt ákveðin heildarupphæð sem verja á til að leysa vanda nokkurra sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Er það vel að þeim sé komið til liðs og við í minni hlutanum styðjum vitanlega að þar verði tekið á málum.

Hins vegar virðist það skoðun ríkisstjórnarinnar og meiri hluta fjárlaganefndar að stóru sjúkrahúsin í Reykjavík séu ekki of góð til þess að sitja uppi með meira en milljarðs króna halla. Það hljótum við að gagnrýna harðlega. Við í minni hlutanum erum ekki þeirrar skoðunar að sjúkrahúsin þurfi að draga slíka upphæð með sér yfir áramótin og við leggjum til að þeim verði bættur þessi halli að hluta. Við leggjum ekki til alla þessa upphæð vegna þess að það er einu sinni viðurkennt að það eigi að vera þolandi að draga svo sem kostnað við mánaðarrekstur á eftir sér. Þess vegna leggjum við til að reynt verði að taka á þessu þannig að þetta verði 300 millj. kr. á hvort hús. Kannski má segja að það hefði mátt reikna þetta út einhvern veginn öðruvísi vegna þess að í rauninni er staða Sjúkrahúss Reykjavíkur enn þá erfiðari en Ríkisspítalanna. Þetta er þyngri halli að bera fyrir Sjúkrahús Reykjavíkur en Ríkisspítalana sem eru stærri stofnun og viðameiri.

Þessar hallatölur sem stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík er gert að búa við eru algjörlega óviðunandi og ósanngjarnar. Búið er að vinna mjög mikið í þessum málum og að mínu mati er kominn fullur rökstuðningur og sannanir fyrir því að það beri að taka myndarlegar á en hér er gert. Stjórnendur og starfsfólk þessara þjónustustofnana hafa lagt á sig mikla vinnu og erfiði til þess að halda uppi þjónustustigi, halda í horfinu, auk þess að vera opin fyrir nýjungum í læknisfræði og annarri þjónustu. Þetta hefur komið illa niður á þreki og vinnu. Starfsfólk hefur verið undir mjög miklu vinnuálagi og ég held að menn verði að horfast í augu við að hér hefur mikið verið lagt af mörkum til þess að bæta rekstur og fara rétt að öllu þannig að það er ósanngjarnt að taka ekki verulega á málum. En um þetta munum við sjálfsagt ræða nánar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Þetta er tillaga okkar að svona verði tekið á málinu núna og ég vona að menn skoði það í fullri alvöru að taka eitthvað betur á.

Eins og ég sagði þá ætla ég ekki að fara nákvæmlega í einstaka liði. Við í minni hlutanum styðjum margar þessar tillögur meiri hlutans. Það verður kannski að segjast að átök um einstaka liði hafa kannski ekki verið jafnhörð og óvægin og oft áður. Kannski eru ástæðurnar þær að þeim meirihlutamönnum er eitthvað lausari ávísanahöndin en oft áður og skiptir þá vitanlega bæði máli að skárra ástand er í efnahagsmálum en oft áður og kannski skiptir einhverju að kosningar eru að vori.

Þó hafa sæmilegar aðstæður í þjóðfélaginu og vilji hv. þingmanna til að gera sem flesta kjósendur sér handgengna og ánægða ekki dugað til þess að taka á vanda þeirra sem hafa eingöngu framfærslu af grunnlífeyri með tekjutryggingu vegna elli eða örorku. Það er í rauninni sorglegt og algjörlega óviðunandi að þjóðfélag eins og við búum í geri ekki betur við þetta fólk en raun ber vitni. Það er sett til hliðar.

Við í minni hlutanum létum fara yfir þróunina í þessum málaflokki og reikna út tölur í því sambandi. Þær tala sínu máli. Þetta fólk hefur setið eftir samanborið við launaþróun síðustu ára og þess vegna leggjum við fram tillögu um aukin framlög til lífeyristrygginga til þess að hægt verði að rétta hlut þessa fólks og við höfum ekki sagt okkar síðasta í þessu máli. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Gísli S. Einarsson, fjallaði um þetta og það er ánægjulegt til þess að vita að menn ætla að reyna að taka hér eitthvað á. Því miður verð ég að segja alveg eins og er að ég er ekkert sérstaklega vongóð um að nægjanlega myndarlega verði staðið að verki til að þetta fólk geti búið við sömu kjör og aðrir í þjóðfélaginu þar sem maður hlýtur að setja einhverjar lágmarkskröfur í því efni og

líta til þess að þessu fólki eru allar bjargir bannaðar með að afla sér nokkurra aukatekna.

Hv. síðasti ræðumaður nefndi dæmi um hvernig farið getur þegar farið er mjög nákvæmlega eftir reglum sem verður auðvitað að setja til að tryggja að aðstoð komi til þeirra sem á henni þurfa að halda. Ég get því ekki stillt mig um að nefna eitt dæmi sem mér er ríkt í huga. Kona hafði samband við mig og var mikið niðri fyrir. Móðir hennar hafði búið ein og fengið heimilistryggingu og tekjutryggingu. Nú var hún orðin ófær um að búa ein og flutti til dóttur sinnar en þá missti hún heimilistrygginguna. Þar með lækkuðu tekjur hennar og þeim fannst þetta báðum að sjálfsögðu afskaplega ósanngjarnt. Þannig eru ýmis dæmi sem við ættum að gefa okkur tíma til að skoða vel og athuga hvort ekki er hægt að bæta úr.

[12:17]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykn. fór nokkrum orðum um stöðu sjúkrahúsanna, stóru ríkisspítalanna. Það er ekki óeðlilegt því þar er auðvitað um mjög umfangsmikinn rekstur að ræða sem fjárln. eyðir verulega miklum tíma í að skoða. Hv. þm. vakti athygli á því að minni hlutinn hefur flutt breytingartillögu sem felur í sér að hækka framlögin á þessu ári til Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Ég vil hins vegar vekja athygli á því vegna ræðu hv. þm. að í fjáraukalagafrv. er gert ráð fyrir því að Ríkisspítalarnir fái 352 millj. til viðbótar við það sem er í fjárlögum í ár og Sjúkrahús Reykjavíkur fái 373 millj. til viðbótar við það sem er í fjárlögum í ár. Þegar fjárln. fór yfir þessa stöðu mála, höfðum við það auðvitað í huga að Ríkisspítalarnir fá í fjárlagafrv. fyrir næsta ár u.þ.b. einn milljarð kr. í hækkun og Sjúkrahús Reykjavíkur hækkar um 630 millj. frá fjárlögum þessa árs til frv. næsta árs. Þegar við bættist að á vegum ráðuneytanna og á vegum þessara sjúkrastofnana hefur verið í gangi mjög umfangsmikil úttekt og vinna faghóps sem hefur það verkefni að leita allra leiða til að endurskipuleggja og samræma rekstur þessara stóru, risavöxnu rekstrareininga okkar á heilbrigðissviðinu töldum við ekki forsvaranlegt að gera breytingar við fjáraukalagafrv. eins og það liggur fyrir og gerir ráð fyrir verulega auknum fjármunum til Ríkisspítalanna á meðan ekki lægi fyrir niðurstaða þar.

[12:19]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. varaformanni fjárln. fyrir að bregðast við ræðu minni og fúslega mundi ég ræða vanda þessara stóru stofnana lengi dags. Það er hárrétt, og ég sá reyndar ekki ástæðu til að nefna það sérstaklega, að vissulega er verið að leggja fram aukið fé til þessara stóru spítala í fjáraukalögum og fjáraukalagafrv. og einnig er áætlað að auka fé til þeirra á fjárlögum næsta árs. Það segir okkur hins vegar hve vandinn hefur verið orðinn gríðarlega mikill og uppsafnaður að samt skuli vanta heilan milljarð upp á að vanda þeirra sé mætt að fullu. Við höfum fullan skilning á því að þetta er stórt dæmi að leysa en það er spurning hve lengi er hægt að bíða eftir nýjum úttektum og athugunum. Það hafa verið að störfum starfshópar og nefndir á nefndir ofan nú til margra ára og ég sagði í máli mínu áðan að ég tel að fram séu komin full rök fyrir því að taka svo á þessum hallarekstri að hann verði hreinlega þurrkaður út. Það er svo spurning hvort menn finna leiðir til að hagræða enn og aftur og enn meira til þess að hægt sé að veita eða verða við þeim kröfum sem eru nú gerðar í heilbrigðisþjónustu og ekki síst til þessara hátæknisjúkrahúsa.

[12:21]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið og viðurkenningu á því sem við er að fást. Ég held að afar mikilvægt sé að halda því áfram til haga að við erum að stórauka fjármuni til sjúkrahúsanna sem hafa vissulega átt við fjárhagsörðugleika að etja, við vitum það mætavel í fjárln., en það var niðurstaða okkar, meiri hluta fjárln., að það væri algert grundvallaratriði að við sæjum betur til enda á þeim skipulagsbreytingum sem unnið hefur verið að áður en við gerðum tillögu um aukna fjármuni á þessu ári, 1998, umfram það sem gerð er tillaga um í fjáraukalagafrv. Síðan er umhugsunarefni þegar við lítum á greinargerð forsvarsmanna Ríkisspítalanna um margvísleg viðfangsefni sem þarf að sinna, langa biðlista og tilefni til útgjalda á heilbrigðissviðinu að við skulum halda áfram að byggja, að við skulum halda áfram að fjölga sjúkrastofnunum sem þurfa fjármuni til byggingarframkvæmda og þurfa fjármuni til rekstrar á sama tíma og talið er að meira fjármagn þurfi inn í heilbrigðiskerfið til að sinna umönnun sjúkra og til að sinna lækningum. Ég held það hefði t.d. verið miklu skynsamlegra að gera sér betur grein fyrir hvort fresta mætti einhverjum framkvæmdum til að geta lagt fjármuni t.d. í tæki, nýjan búnað, ný lækningatæki fremur en steinsteypu.

[12:24]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Allt er þetta satt og rétt sem hér hefur komið fram og ég geri mér alveg grein fyrir að meiri hlutinn er okkur sammála um að hér er stórt dæmi og sjálfsagt hafa allir vilja til að taka á því en vegna þess að hann nefndi þessa spurningu sem menn standa kannski frammi fyrir, hvort rétt sé að auka framkvæmdir í byggingum og slíku eða hvort menn hefðu frekar átt að taka myndarlegar á rekstrinum og bæta tækjakost, hlýt ég líka að bæta því við að mikið skortir á að þær byggingar sem fyrir eru fái nægjanlegt fé til viðhaldsverkefna. Eins og við vitum og var margrætt á síðasta ári er t.d. ástandið á Sjúkrahúsi Reykjavíkur mjög slæmt hvað þetta varðar og þar horfumst við í augu við vanda upp á 1 milljarð kr. ef allt væri tínt til. En aðeins að lokum, þetta eru sjálfsagt ekki síðustu orðin um þessi miklu og stóru vandamál í heilbrigðisþjónustunni og vonandi náum við að leiða þau til sæmilegra lykta.

[12:25]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram um frv. til fjáraukalaga. Það eru örfá atriði sem ég vildi koma inn á í stuttu máli sem hafa verið gegnumgangandi í umræðunni. Rætt hefur verið um tekjurnar og hve mikið væri að marka þær tekjuspár og mismun á spá Ríkisendurskoðunar og fjmrn. um tekjur af virðisaukaskatti. Ég tek undir að það kemur í ljós við næstu virðisaukaskattsskil og verður þá hægt að spá um það með meiri nákvæmni hverjar þær tekjur verða því að nú líður óðum á árið og ekki er nema tæpur mánuður eftir af árinu en varðandi tekjuspána almennt vil ég biðja hv. þm. að ganga hægt um gleðinnar dyr. Þótt hún hafi farið mjög fram úr áætlun við þessi fjáraukalög er ekki von á því að bæði tekjuspáin fyrir næsta ár og eins endanleg niðurstaða á þessu ári gefi mikið fram yfir það sem nú er fyrirsjáanlegt. Aflabrögð hafa verið slök í uppsjávarfiskum, loðnu, síld og rækju, sem hafa staðið undir

miklu af þjóðartekjum okkar. Hins vegar hefur verðlag farið hækkandi og það hefur að hluta til eytt þeim áhrifum en ég vil eindregið hvetja til þess að hv. þm. séu ekki of bjartsýnir um stöðugt auknar tekjur þótt vissulega hafi tekjur á þessu ári farið langt fram úr áætlun og sýnir það að efnahagslífið er í uppsveiflu og það nægir til þess að halli fjáraukalaga er aðeins um 3 milljarðar kr. þótt rúmlega 9 milljarða lífeyrisskuldbinding hafi verið færð inn samkvæmt nýjum lögum. Lífeyrisskuldbindingarnar koma til útgreiðslu í framtíðinni á löngu árabili. Þetta er lífeyrir framtíðarinnar sem er alveg nauðsynlegt að geta lagt til hliðar fyrir og sýna í bókhaldi ríkissjóðs. Við erum þannig að leggja gull í lófa framtíðarinnar. Það sem er aðalatriði varðandi bæði fjáraukalög og fjárlög er að gert er ráð fyrir að nú verði snúið af þeirri braut að safna meiri skuldum ríkissjóðs heldur greiða þær niður og það skiptir mestu máli. Ef ég lýk máli mínu um tekjuspána hef ég yfirleitt viljað fylgja þeirri reglu að úthluta ekki öllum tekjum fyrir fram heldur fara eftir þeirri reglu að hið góða sakar ekki og betra er að fara varlegar í því en gera út á góða tekjuspá en að teygja hana til hins ýtrasta.

Varðandi sjúkrahúsin sem hafa svo verið til umræðu, þann vanda sem þar er, þá tek ég undir að mikil vinna hefur verið innt af hendi í því og við afgreiðslu fjárlaga í fyrra voru settir peningar í að styrkja heilbrrn. til að fara yfir sjúkrahúsamálin. Ég fullyrði að það starf hefur verið til mikilla bóta en ég ætla ekki að endurtaka það sem hv. varaformaður nefndarinnar sagði um afstöðuna til sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þau mál verða vissulega til skoðunar áfram og þeim mikla vanda er auðvitað ekki mætt nema komið verði verulega til móts við hann í þessu fjáraukalagafrv. en vissulega munu þau mál verða til meðferðar hjá nefndinni áfram.

Ég vil að öðru leyti þakka þessa umræðu sem hefur verið málefnaleg að vanda og málið mun væntanlega ganga til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:31]

Umræður utan dagskrár.

Undirritun Kyoto-bókunarinnar í ljósi niðurstöðu ráðstefnunnar í Buenos Aires.

[13:02]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég spyr hæstv. utanrrh. einnar einfaldrar spurningar: Ætlar ríkisstjórnin að undirrita Kyoto-bókunina fyrir 15. mars nk. í ljósi þróunar á alþjóðavettvangi, m.a. á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Buenos Aires?

Nú hafa öll ríki OECD nema við undirritað bókunina, síðast Bandaríkin. Þetta er miklu alvarlegra en fólk hérlendis gerir sér almennt grein fyrir. Samkomulag náðist vegna þess að þetta umhverfisvandamál ógnar öllu lífi á jörðinni. Sum ríki færast í kaf, önnur verða óbyggileg vegna kulda og fæðuöflun mun skerðast. Málið snýst því um framtíð okkar og mannkyns.

Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eru Íslendingum til skammar, herra forseti. Vitaskuld er hér lítið hagkerfi, en meginmálið er þó að losun gróðurhúsalofttegunda á mann er jafnmikil hérlendis og í hinni iðnvæddu Evrópu. Við fengum rúmastar heimildir allra þjóða í Kyoto. Sá ráðherra Clintons sem undirritaði samkomulagið fyrir hans hönd notaði m.a. sömu rök og ég þegar ég talaði fyrir tillögu samfylkingarinnar á hinu háa Alþingi um undirritun. Hann sagði að undirritun þýði að Bandaríkjamenn yrðu áfram við borðið og ræddu þessi mál.

Undirritun Kyoto-bókunarinnar tengist einnig aukinni áherslu á umhverfismál. Skemmst er að minnast hins geysifjölmenna fundar í Háskólabíói þar sem yfir 1.100 manns mættu í baráttu með hálendinu gegn náttúruspjöllum. Almenningur vill vernda náttúruna. Fólk er ekki að segja að hætta eigi að virkja. Það á hins vegar að meta umhverfisþætti. Útivist og þekking á landinu hefur aukist verulega. Ósnortin náttúra er verðmæti í sjálfu sér. Æ fleirum er ljóst að við höfum skyldum að gegna gagnvart komandi kynslóðum. Virðing gagnvart náttúrunni er öflug lífsýn fólks í lok þessarar aldar.

Ríkisstjórnin er á móti lögformlegu umhverfismati á Fljótsdalsvirkjun. Hún er á móti undirritun Kyoto-bókunarinnar. Ríkisstjórnin afhenti örfáum sveitarfélögum yfirráð á miðhálendinu og hún ver gjafakvótakerfið í sjávarútvegi fram í rauðan dauðann. Það er samhengi í þessu, herra forseti. Ríkisstjórnin og flokkar hennar verja sérhagsmuni og taka þá fram yfir almannahagsmuni. Allt þetta snýst um pólitík, líka umhverfismál.

Herra forseti. Það verður kosið um umhverfismál í vor. Ríkisstjórnin hefur reynt sitt ýtrasta til að fá sérákvæði fyrir Ísland sem gerir það að verkum að hún geti haldið áfram öllum virkjunar- og stóriðjuframkvæmdum. Þetta hefur ekki fengið hljómgrunn og nú síðast á ráðstefnu í Buenos Aires var því máli frestað.

Það væri ævarandi skömm, herra forseti, ef Íslendingar einir OECD-ríkja skrifuðu ekki undir og yrðu ekki stofnfélagar að bókuninni en sá frestur rennur út 15. mars nk.

Á ráðstefnunni í Buenos Aires sem var framhald af ráðstefnunni í Kyoto komu þróunarlöndin meira inn í þessa vinnu. Þetta er samfélagslegt verkefni allra þjóða.

Það er mikilvægt að hafa í huga að hlýnun sjávar getur haft alvarlegar afleiðingar hérlendis. Golfstraumurinn getur breyst og hér gæti kólnað verulega. Hér eins og alltaf á að láta náttúruna njóta vafans. Undirritun með fyrirvara um að tillaga Íslands um aukna losun nái fram að ganga er röng stefna. Við höfum í tvígang, í Kyoto og aftur í Buenos Aires, ekki fengið undirtektir við þá tillögu, enda getur hún kallað á fordæmi gagnvart öðrum. Þess vegna, herra forseti, er brýnt að axla ábyrgð undirritunar strax og hefjast handa við mótun hinnar nýju stefnu, stefnu sem felur í sér hvernig við ætlum að uppfylla á skynsamlegan hátt ákvæði bókunarinnar. Það þýðir m.a. endurmat á stóriðjuframkvæmdum sem við eigum hvort sem er að gera út frá verndunarsjónarmiðum á hálendinu. Okkur ber siðferðileg skylda til að stuðla að umhverfisvernd með öðrum þjóðum.

Herra forseti. Ég endurtek spurningu mína til hæstv. utanrrh.: Ætlar ríkisstjórnin að undirrita Kyoto-bókunina fyrir 15. mars á næsta ári?

[13:07]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Vegna spurningar hv. þm. er rétt að taka fram vegna umfjöllunar að undanförnu að rætt hefur verið um hvort Ísland ætli sér að gerast stofnaðili að Kyotobókuninni. Sú umræða er allvillandi að mínu mati. Hið rétta er að stjórnvöld hafa nú til umfjöllunar hugsanlega undirritun bókunarinnar og það eru engin tengsl á milli undirritunar og

stofnaðildar. Það liggur fyrir að bókunin mun ekki öðlast gildi fyrr en eftir nokkur ár og öll ríki sem gerast aðilar að bókuninni fyrir þann tíma teljast stofnaðilar.

Ríki geta gerst aðilar að Kyoto-bókuninni með tvennum hætti. Í fyrsta lagi geta þau ríki sem undirrita bókunina fullgilt hana síðar, eða með svokallaðri „ratification". Í öðru lagi geta þau ríki sem ekki undirrita bókunina gerst aðilar eftir 15. mars nk. með svokallaðri aðild eða „accession". Það er enginn munur á stöðu aðila eftir því hvor leiðin er farin.

Rétt er að taka fram að samkvæmt þjóðarrétti felst almennt engin skuldbinding í undirritun alþjóðasamnings. Undirritun skapar ríkisstjórn enga skyldu til að leggja samninginn fyrir þjóðþing eða þjóðhöfðingja til fullgildingar en þessi áfangi í samningsgerðinni gerir ríkisstjórn kleift að stíga það skref óski hún eftir því.

Eins og kunnugt er og hv. þm. tók fram var með samþykkt Kyoto-bókunarinnar samhliða tekin ákvörðun um að fjórða aðildarríkjaþingið skyldi m.a. taka til skoðunar og eftir atvikum gera ráðstafanir varðandi viðeigandi aðferðir til að taka á stöðu ríkja sem talin eru upp í viðauka B við bókunina þar sem einstök verkefni mundu hafa veruleg hlutfallsleg áhrif á losun á skuldbindingartímabilinu. Ákvörðun þessi, sem er ekki hluti af Kyoto-bókuninni sjálfri, var tekin í ljósi málflutnings íslensku sendinefndarinnar á þinginu í Kyoto um sérstakar aðstæður Íslands. Þetta hefur verið nefnt íslenska ákvæðið, a.m.k. hér á landi.

Þetta mál kom síðan til umfjöllunar á nýafstöðnu aðildarríkjaþingi í Buenos Aires og þar lagði íslenska sendinefndin fram endurbætta tillögu að ákvörðun þingsins í málinu. Bandaríkin, Ástralía og Mónakó lýstu fullum stuðningi við tillöguna. ESB og Kanada studdu hana ekki en lýstu sig reiðubúin til að ræða málið áfram og smáeyjaríkin og ríkin G-77 eða þróunarríkin lýstu yfir skýrri andstöðu við tillöguna.

Niðurstaða þingsins var sú að halda áfram umfjöllun um málið með það fyrir augum að afgreiða það eftir því sem við á á næsta aðildarríkjaþingi að ári. Aðildarríkjum var boðið að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna fyrir 1. mars nk. til undirbúnings umræðu um málið á fundi í Bonn næsta sumar.

Það sem ræður afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar í þessu máli er það að við leggjum áherslu á að Ísland geti gerst aðili að þessari bókun, enda verði tekið tillit til verulegra hlutfallslegra áhrifa einstakra verkefna á heildarlosun á Íslandi og við erum að meta þetta mál í ljósi þess. Hins vegar kemur skýrt fram hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni að hann telur rangt að leggja áherslu á sérstöðu Íslands og leyfir sér m.a. að segja að með því sé ríkisstjórnin að vinna að sérhagsmunum á Íslandi en ekki almannahagsmunum, sem ég kem ekki heim og saman. Hann segir líka að losun hér á landi sé jafnmikil og annars staðar að meðaltali í Evrópuríkjum. Þetta er algerlega rangt. Ég bið hv. þm. að kynna sér þessi mál áður en hann kemur með slíka sleggjudóma. Hv. þm. segir einnig að það sé til skammar að halda á sérstökum hagsmunum Íslands og vinna að því að hægt sé að nýta endurnýjanlega orkugjafa á Íslandi. Ég tel málflutning hans vera fyrst og fremst til skammar.

[13:13]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er mjög gott að þetta mál skuli koma hér til umræðu á þessum tíma þannig að alþingismenn hafi möguleika á að koma skilaboðum og viðhorfum sínum til hæstv. ríkisstjórnar sem er að melta þetta mál að því er hæstv. utanrrh. segir, þ.e. spurninguna um hvort Ísland ætli að undirrita innan tilskilins tíma til að geta gerst stofnaðili að Kyoto-bókuninni. Í sambandi við það er margt að athuga. Ísland stendur eitt OECD-ríkja eftir og hefur ekki undirritað þessa bókun. Bandaríkin bættust í hópinn meðan á ráðstefnunni í Buenos Aires stóð og við erum þannig í mjög sérstöku ljósi að því er þetta varðar.

Það er rétt hjá málshefjanda að Ísland losar gróðurhúsalofttegundir að meðaltali hliðstætt því sem gerist hjá Vestur-Evrópuríkjunum, aðildarríkjum Evrópusambandsins. Hæstv. utanrrh. andmælir því og segir það alrangt. Hann ætti að kynna sér skýrslur umhvrh. sem hefði þurft að vera viðstaddur þessa umræðu. 8,6 tonn á íbúa sem svarar til meðaltalsins innan Evrópusambandsins.

Spurningin um undirritun er afar mikilsverð. Aðili sem ekki undirritar fyrir 15. mars nk. getur aðeins gerst aðili að Kyoto-bókuninni með staðfestingu. Það er ekkert milliskref þar eftir. Þetta upplýsti ráðuneytisstjóri umhvrn. í umhvn. á dögunum og ég skora á hæstv. ríkisstjórn allra hluta vegna að undirrita hið allra fyrsta þessa bókun, gerast þátttakandi í þessu ferli og sjá til þess að Ísland verði samferða öðrum þjóðum í sambandi við loftslagsmálin.

[13:15]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Staða Íslands í þessu máli er satt að segja sneypuleg svo vægt sé til orða tekið. Hér er svo mikið í húfi og vísa ég þar m.a. til orða hv. málshefjanda áðan að sómi hefði verið að því og reyndar í hæsta máta eðlilegt ef Ísland hefði verið í hópi þeirra ríkja sem skrifuðu fyrst undir samkomulagið eða bókunina sem gerð var í Kyoto. Í stað þess hafa ráðamenn komið okkur í þá stöðu að vera eina OECD-ríkið sem hefur ekki skrifað undir og við höfum ekki einu sinni tryggingu fyrir því að skrifað verði undir fyrir 15. mars og þá meina ég án alls fyrirvara. Það væri okkur verulegur álitshnekkir og mundi veikja stöðu okkar í alþjóðlegu samstarfi ef svo færi sem augljóslega er hætta á eftir svör hæstv. ráðherra. Íslenskir ráðamenn hafa að mínu mati haldið illa á þessu máli og gert okkur skömm til með þessu mengunarbetli.

Hagsmunir okkar eru miklir. Þeir liggja ekki í því að fá að menga meira. Það er mikill misskilningur. Ísland er sældarland í mörgu tilliti, efnahagslega, atvinnulega, hvað snertir menntunarstig og fleira auk þess sem við eigum vannýtta ýmsa möguleika sem felast fyrst og fremst í virkjun mannvits og ekki síst í hreinu ómenguðu umhverfi. Ég skora á hæstv. ráðherra að strjúka nú mengunina úr augum sér og sjá framtíðina í ögn heiðskírara ljósi.

[13:17]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þar sem tími leyfir viðbót af minni hálfu inn í umræðuna vil ég víkja ögn að því svokallaða íslenska ákvæði sem ríkisstjórnin hefur fram til þessa gert að skilyrði fyrir því að hún verði samferða öðrum þjóðum í sambandi við loftslagsmálin. Með þessari ósk er ríkisstjórnin að biðja um að losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðjuframkvæmdum á Íslandi verði tekið út úr bókhaldi Íslands. Þarna er mjög sérstök beiðni á ferðinni og þau rök sem hæstv. ríkisstjórn færir fram fyrir þessari ósk sinni og tillögugerð á alþjóðavettvangi eru sannast sagna afar veik.

Samkvæmt loftslagssamningum á næsta ársþing eftir að fjalla um þetta mál, kannski í nóvember á næsta ári. Fyrr

liggur ekkert fyrir um efnislega niðurstöðu í málinu. Hver hún verður vitum við ekki og spurningin er: Ætlar ríkisstjórnin að gera samþykkt þessa ákvæðis að skilyrði fyrir aðild sinni að Kyoto-bókuninni um langa framtíð? Ef þetta verður ekki samþykkt að ári ætlar þá íslenska ríkisstjórnin eða þeir sem halda nú á málum að stuðla að því að Ísland standi utan við?

Ég tel að Ísland eigi að beita sér í sambandi við þróun loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar á grundvelli þeirra ákvæða sem þar eru og sem verið er að útfæra og sem gefa þátttakendum, aðildarríkjunum, ákveðna möguleika til sveigjanleika. Að ætla að fara að taka stóriðjuna út fyrir sviga í þessu máli setur allt þetta mál í uppnám, hér innan lands líka. Halda menn að aðrar atvinnugreinar verði fúsar til þess að fara að skera niður hjá sér í losun gróðurhúsalofttegunda eða almenningur ef stóriðjan fær frítt spil í þessum efnum? Ég fæ ekki séð að auðvelt verði að koma slíku fram.

[13:20]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég spurði mjög einfaldrar spurningar, þ.e. hvort ríkisstjórnin ætli að undirrita Kyoto-bókunina fyrir 15. mars nk.? Ég fékk ekkert svar við þessari spurningu.

Hæstv. ráðherra bar á móti því að losun gróðurhúsalofttegunda á mann væri jafnmikil hérlendis og í hinni iðnvæddu Evrópu, talaði um að ég færi með rangfærslu. Hæstv. ráðherra ætti að lesa skýrslu hæstv. umhvrh. en þar segir m.a.:

„Á hinn bóginn er útstreymið nálægt því hið sama og er að meðaltali í ríkjum Evrópusambandsins."

Þetta er löngu kunn staðreynd í umræðunni um þessi mál. Ég hef ekki reynt hæstv. utanrrh. að því að fara með ranga hluti þannig að hér hefur honum einfaldlega skjöplast í tölum og er svo sem ekkert meira um það að segja en þá eiga menn ekki að kveða svona fast að orði eins og hann gerði fyrst menn eru ekki öruggari á þessari mikilvægu staðreynd.

Vitaskuld vita allir að undirritun þýðir að setja þarf í gang ferli til samþykktar. Málið þarf að koma til Alþingis en hins vegar er vitað að þegar búið er að undirrita er ríkisstjórnin siðferðilega að skuldbinda sig að taka fullan þátt í því sem samþykktin gengur út á og það er þess vegna sem öll OECD-ríkin hafa skrifað undir. Það á eftir að halda margar ráðstefnur um útfærslu á þessari hugmyndafræði og íslenska ríkisstjórnin getur haldið áfram að tala fyrir sínu sérístenska ákvæði á þeim fundum. En hún hefur þá miklu betri stöðu til þess ef hún hefur undirritað bókunina og sett í gang ferli til að staðfesta hana.

Hins vegar er ljóst, herra forseti, að það sem er niðurstaða úr þessari umræðu eru skilaboð ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanrrh. gagnvart umhverfissinnum í landinu. Ekki er í augsýn nein stefnubreyting af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Það á að halda áfram algerlega óbreyttri stefnu. Það á ekki að viðurkenna hina siðferðilegu ábyrgð samfélagsins og taka þátt í því að vinna gegn þessari vá heimsins með öðrum þjóðum.

[13:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að losunin að meðaltali í OECD-ríkjunum sem alltaf er verið að bera saman í þessu sambandi er tæplega 50% meiri en á Íslandi. Það er sú viðmiðun sem ég hef verið að vitna til vegna þess að þegar hv. þm. stendur upp þá er hann fyrst og fremst að miða við OECD-ríkin. Það er sú viðmiðun sem hefur verið lögð til grundvallar.

Mismunurinn á afstöðu stjórnarandstöðunnar, sem kemur fram við þessar umræður, er að hún telur það vera rangt að halda uppi sérstökum málum að því er varðar Ísland. Ríkisstjórnin ætlar sér að halda á málinu eins og hún telur hagstæðast til þess að koma því fram. Nú er fullyrt af hv. þm. að það muni vera hagstæðast fyrir ríkisstjórnina að gera það með því að standa að undirritun bókunarinnar. Það er það mat sem fer núna fram. Hins vegar er mikil gjá á milli hv. þm. og ríkisstjórnarinnar í þeim efnum því að hann er að halda því fram að ekki eigi að leggja áherslu á það að nýta endurnýtanlega orkugjafa á Íslandi, t.d. með virkjunum austan Vatnajökuls og það er að sjálfsögðu alvarlegt mál.

En að vera að koma upp eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og biðja menn að taka mengunina úr augum sér. Er það að hafa mengun í augum sér að vilja nýta endurnýjanlega orkugjafa á Íslandi? Er það ekki ansi mikið sagt, hv. þm.? Eigum við ekki að reyna að halda umræðunni eitthvað á öðrum nótum?

Umræður utan dagskrár.

Breyttar áherslur í Evrópumálum.

[13:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ummæli hæstv. utanrrh. á þingi þeirra framsóknarmanna á dögunum um Evrópumál vöktu allnokkra athygli. Þar sagði hæstv. ráðherra m.a. í ræðu sinni:

„Ég geri mér grein fyrir að innan skamms fara samstarfsaðilar okkar í EFTA að huga meira en verið hefur að aðild að Evrópusambandinu. Svisslendingar ætluðu að leysa sín mál með tvíhliða samningum en það hefur ekki gengið eftir. Líklegt má telja að Norðmenn geri nýja tilraun til aðildar þótt líkur bendi ekki til að það verði á allra næstu árum."

Einnig sagði hæstv. ráðherra að við lægjum undir ámæli fyrir að forðast umræður um Evrópusambandið. Við hverja er átt þarna með orðinu „við" skal ósagt látið og einnig hverjum sneiðin er ætluð.

Í þriðja lagi sagði hæstv. ráðherra aðeins síðar í ræðunni: „Ég tel víst að við hefðum ekki getað náð í aðildarniðurstöðu sem hefði verið ásættanleg fyrir íslenska hagsmuni og samfélag. En ég tel ekki rétt að útiloka það um alla framtíð að aðild geti orðið orðið vænlegur kostur." Enn fremur var sagt: „Við eigum ekki að láta stjórnast af hræðslu og ótta við hið óþekkta." Til hverra þar er verið að vísa er ekki heldur ljóst.

Enn fremur segir: „Stærsta hindrunin gegn því að Ísland geti orðið aðili að Evrópusambandinu er sjávarútvegsstefna þess. Þótt endurskoðun hennar standi nú fyrir dyrum tel ég að Íslendingar verði að standa utan við hana til að tryggja yfirráð mikilvægustu auðlinda sinna. En er sá möguleiki raunhæfur að Íslendingar geti fengið að standa utan sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar ef tengsl okkar við Evrópusambandið breytast?" Og það er nærtækt að ætla eða álykta að með orðinu „tengsl" þarna sé átt við mögulega aðild einnig.

Herra forseti. Hér er það ekki bara einhver Jón Jónsson sem talar og það er ekki bara formaður Framsfl. Það er hæstv. utanrrh. Það er lagt til af okkar hálfu frumkvæði í málinu. Lagðar eru til aðgerðir. Hér er með öðrum orðum ekki um hlutlaus ummæli að ræða í þeim skilningi málsins. Það er utanrrh. sem fer með utanríkismál og er í samskiptum

og jafnvel samningaviðræðum við Evrópusambandið. Það skiptir þess vegna miklu máli að fá það á hreint hvort þessi ummæli vísa til breyttra áherslna af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og vísa til breyttrar framgöngu þessa handhafa utanríkistefnunnar og hagsmunagæslu manns okkar í samskiptum við m.a. Evrópusambandið.

Því er eðlilegt að spurt sé, herra forseti, og þetta sé rætt hér enn fremur vegna þess að um þetta var ekki með þessum hætti sérstaklega fjallað í skýrslu hæstv. ráðherra til Alþingis á dögunum eða ræðum hans þá. Samkvæmt því sem hæstv. forsrh. segir jafnan þegar hann túlkar stefnu ríkisstjórnarinnar í Evrópumálum er aðild að Evrópusambandinu ekki á dagskrá. Nú hefur að vísu komið fram að hæstv. forsrh. prófarkalas og blessaði ræðu hæstv. utanrrh. en engu að síður er ástæða til að spyrja: Er hér verið að boða ekki aðeins breyttar áherslur Framsfl., sem augljóst virðist vera, heldur einnig að nokkru leyti breyttar áherslur eða breytta framkvæmd hæstv. ríkisstjórnar á utanríkisstefnunni? Þ.e. breyttar áherslur eða breytta framkvæmd hæstv. ríkisstjórnar á utanríkisstefnunni hvað varðar samskipti við Evrópusambandið.

Í öðru lagi: Hvernig hyggst hæstv. utanrrh. vinna í framhaldinu að þessum málum og mun þessara hugmynda formanns Framsfl. um mögulega aðild á grundvelli einhvers konar undanþágu sjá stað í samskiptum og samningaviðræðum við Evrópusambandið á komandi missirum eða svo lengi a.m.k. sem hæstv. ráðherra fer þá með utanríkismál?

Í þriðja lagi: Hvað kemur hæstv. utanrrh. til að halda að nokkur minnsti möguleiki sé að við fáum undanþágu frá þessum ákvæðum Rómarsáttmálans í ljósi þess hvernig Norðmönnum gekk í aðildarviðræðum sínum og í ljósi þess sem hæstv. ráðherra sjálfur segir í sinni ræðu? Þegar hann reifar slíkar hugmyndir er svarið jafnan neikvætt.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti, herra forseti, að ég vara við því ef ætlunin er að koma þessu máli á hreyfingu, þ.e. hugsanlegri aðild Íslands, á jafnóraunhæfum forsendum og ég tel hér verið að leggja upp, þeim að við getum fengið einhverja almenna og varanlega undanþágu frá mikilvægum grundvallarreglum Rómarsáttmálans sem engum hefur tekist. Ég vara við því.

Ég ítreka því spurningar mínar og lýsi því jafnframt yfir sem skoðun minni, herra forseti, að þetta mál hljóti að þurfa að koma til rækilegrar umfjöllunar af hálfu Alþingis á þessum vetri.

[13:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að lesa úr ræðum mínum hér á Alþingi en tek fram að ræðan var ekki prófarkalesin af einum né neinum og er algerlega á mína ábyrgð, enda flutt á flokksþingi Framsfl. og ég sé nú ekki alveg hvaða erindi hún á hér inn í sali Alþingis. Í ræðunni fjallaði ég um framtíðina og framtíðarviðfangsefni íslenskra stjórnmála. Ég fæ ekki séð hvernig menn geta gert ráð fyrir að hægt sé að fjalla um framtíðarverkefni íslenskra stjórnmála án þess að minnast á þróunina í Evrópu, stöðu Íslands í því sambandi og það sem er að gerast í kringum okkur. Það má vel vera að hv. þm. geti fjallað um framtíðina án þess að minnast einu orði á þá þróun.

Það liggur alveg ljóst fyrir að menn halda því fram, m.a. í flokki sem fyrrum flokksfélagar hans eru að stofna, að Ísland eigi að sækja um aðild strax vegna þess að það sé aðeins í aðildarviðræðum sem slíkt fáist útkljáð. Þessi umræða er hér nánast upp á hvern dag. Er eitthvað á móti því að við könnum hjá nánustu samstarfsþjóðum okkar hvort líklegt sé að hægt sé að fá þar niðurstöðu sem væri hagstæð Íslandi, Grænlandi og Færeyjum? Við vitum vel að Færeyingar eru í vissum vanda og Grænlendingar eru það líka. Ég fæ ekki séð að nokkur stjórnmálamaður eða stjórnmálaflokkur sé andvígur því að slík könnun fari fram. Ég tók það skýrt fram í ræðu minni að ég væri ekki að leggja til — það las hv. þm. ekki — að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar tel ég mikilvægt að menn fjalli um þessi mál með opnum huga án þess að fella sleggjudóma. Það gæti hjálpað í þeirri umræðu og gert okkur betur kleift að taka afstöðu ef slík könnun færi fram. Nú skal ég ekkert fullyrða um hvort svo verði.

Í þessu felst engin breyting á stefnu ríkisstjórnarinnar. Hún er eins og segir í stjórnarsáttmálanum, sem ég vænti að hv. þm. hafi jafnframt lesið, að treysta samskiptin við Evrópusambandið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, fylgjast náið með þróun mála innan sambandsins á næstu missirum og kynna íslenska hagsmuni fyrir aðildarríkjum þess. Ég tel í sjálfu sér að allt í ræðu minni samrýmist þessari stefnu. Ég hef fylgt því eftir að reyna að kynna sem best íslenska hagsmuni og íslenska afstöðu. Hins vegar er alveg ljóst og ekkert launungarmál að EFTA-ríkin fá ekki þann tíma hjá Evrópusambandsríkjunum sem áður var. Augu þeirra beinast í æ ríkara mæli að stækkuninni til austurs og það gengur oft illa að vekja athygli á mikilvægum hagsmunum EFTA-ríkjanna. Ég hef oft orðið þess áskynja að athyglin beinist í aðrar áttir og það hlýtur að koma inn í mat okkar á framtíðarstöðu Íslands í þessu sambandi. Í þessu samhengi hlýtur einnig að koma inn í mat okkar hvað nánar samstarfsþjóðir í EFTA gera, þ.e. Sviss og Noregur. Allir hljóta að sjá að EFTA yrði ekki svipur hjá sjón ef þessi ríki mundu ákveða að ganga í Evrópusambandið. Ég reyndi að fjalla um stöðuna og þessar staðreyndir og hvernig við ættum hugsanlega að bregðast við því. Ég vænti þess að hv. þm. geti verið því sammála og skilji það.

[13:35]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Í tilefni af ummælum hæstv. utanrrh. um Ísland og Evrópusambandið sem var vitnað til hér áðan er óhjákvæmilegt að minna á að sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins er ekki eina ástæðan fyrir því að aðild Íslands að Evrópusambandinu yrði okkur Íslendingum mjög óhagstæð og getur ekki komið til greina. Með aðild að Evrópusambandinu mundu Íslendingar glata sjálfsákvörðunarrétti sínum á fjöldamörgum sviðum, ekki aðeins á sviði löggjafarvalds og dómsvalds heldur einnig á mörgum sviðum framkvæmdarvalds. Svo dæmi sé nefnt geta aðildarríki Evrópusambandsins ekki gert viðskiptasamninga við ríki utan Evrópusambandsins. Þau verða að fórna þeim viðskiptasamningum sem þau hafa þegar gert. Fyrir land eins og Ísland sem hefur mesta sóknarmöguleika á mörkuðum utan ESB væri slíkt alger frágangssök.

Sumir ímynda sér að aðild að Evrópusambandinu fylgi gull og grænir skógar en þessu er þveröfugt farið. Við yrðum að hækka skatta allverulega vegna skattgreiðslna okkar til sambandsins ef við gerðumst aðilar.

Nei, við verðum að muna eftir því að aðild að Evrópusambandinu er ekki eins og hvert annað milliríkjasamstarf. Evrópusambandið er ekki venjulegur samstarfsvettvangur ríkja, né samband sjálfstæðra ríkja, heldur vísir að nýju stórríki, nýju sambandsríki eins og utanríkisráðherra Þýskalands

vakti reyndar athygli á í ræðu nú fyrir nokkrum dögum. Þetta er margslungið mál og menn mega ekki tala um það eins og það snúist eingöngu um sjávarútvegsmál.

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól til að þakka hæstv. utanrrh. og formanni Framsfl. fyrir heiðarlega framgöngu í þessu máli. Á nýafstöðu þingi Framsfl. — nú hefur hann ítrekað þá afstöðu sína hér — skýrði hann frá breyttri stefnu Framsfl. í Evrópumálum. Nú er aðild að Evrópusambandinu komin á dagskrá hjá Framsfl. og þetta verða kjósendur að vita. Þeir verða að vita þetta vegna þess að um þetta er kosið. Ég þakka því hæstv. formanni Framsfl. og utanrrh. heiðarleikann.

Í stjórnmálum er notað ákveðið merkjamál. Í Evrópuumræðunni eru lykilhugtökin: Opin umræða, könnunarviðræður og að vera á dagskrá. Þetta nota þeir fylgjendur Evrópusambandsins sem vilja ræða þessi mál og sjá til að við sækjum um aðild að bandalaginu. Nú hefur hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. slegist í þennan hóp. Í stjórnmálum eiga menn ekki að leyna skoðunum sínum. Menn eiga ekki að leynast í skúmaskotum eða í skápum. Menn eiga að koma úr skúmaskotunum og fara út úr skápnum. Það hefur hæstv. utanrrh. nú gert fyrir hönd síns flokks, Framsfl., í Evrópumálum og fyrir það ber að þakka.

[13:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Spurningin um aðild að Evrópusambandinu kemur hér á landi öðru hvoru upp á yfirborðið innan stjórnmálaflokka og forustu þeirra. Það gerðist ítrekað af hálfu formanns Framsfl. á nýafstöðu flokksþingi en vissulega hef ég tekið eftir því að svipaðar áherslur hafa komið fram hjá honum áður, að ekki beri að útiloka aðild að Evrópusambandinu. Alþfl. hefur æ ofan í æ ítrekað að hann vildi helst sækja um aðild strax í dag og það er ástæða til að nefna að þann 30. nóvember lýsti formaður Alþfl. því yfir á vettvangi EFTA, EFTA-þingmanna og ráðherra, að leiðin til að losna við hnökrana í samskiptum EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins væri að sækja um aðild. Það hefur nýlega verið ítrekað af hálfu formanns Alþfl.

Menn ættu að taka eftir þessum merkjasendingum, eins og hér var nefnt af síðasta ræðumanni, og hverjir nota nú í vaxandi mæli hvert tækifæri til að koma því á framfæri við þjóðina að vel komi til greina að sækja um aðild ef menn eru ekki þá þegar sannfærðir um það. Formaður Framsfl. og utanrrh. Íslands gerði það hér á dögunum á flokksþingi og dylst auðvitað engum að það er galopinn hugarheimur hvað þetta snertir hjá þeim sem þannig talar. Þeir ætla sér í raun að komast inn. Spurningin er bara hvenær sæta eigi færi.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér kemur mjög á óvart ef hæstv. utanrrh. er undrandi eða ósáttur við að hér sé vitnað í ræðu hans frá flokksþingi framsóknarmanna. Hún er opinbert gagn, hélt ég. Hana má nálgast á netinu og einnig hefur hæstv. ráðherra sjálfur endurbirt þessi ummæli nánast óbreytt í blaðagrein. Formaður Framsfl. og hæstv. utanrrh. hljóta í grófum drættum að vera einn og sami maðurinn. Við getum væntanlega fengið skýra niðurstöðu í því máli. Þar af leiðandi er það eðlilegasti hlutur í heimi að taka þau mál fyrir og ræða hér.

Þetta mál snýst ekki um, herra forseti, hverjir vilji hugsa um framtíðina og hverjir ekki, eða hverjir séu með opinn hug og hverjir lokaðan. Ræðum þetta ekki á þeim forsendum. Það sem mér gengur til með að taka málið upp er að skýra hlutina og fá umræður á Alþingi um alvarleg og mikilvæg mál. Ég ber enga ábyrgð á áhuga Alþfl. á að ganga í Evrópusambandið og aðferðafræðinni sem hæstv. ráðherra vitnaði í, að sumir telji það rétta aðferð að sækja um til að láta á það reyna hvað okkur bjóðist, hef ég hafnað enda stenst hún ekki. Menn sækja ekki um aðild að Evrópusambandinu að gamni sínu, svona til að tékka á því hvað þeim bjóðist rétt eins og þeir séu að gera tilboð í gamla bíldruslu. Þetta er ekki svoleiðis mál.

Ef menn leggja inn umsókn að Evrópusambandinu verður það að gerast í alvöru og þá ætla menn inn í bandalagið, fái þeir það út úr viðræðunum sem þeim býðst og yfirleitt hvort sem er. Það að láta könnun fara fram á „hypothetískum" atriðum eins og þeim hvort við kynnum að fá undanþágu frá ákvæðum Rómarsáttmálans verkar afar fjarstæðukennt á mig.

Varðandi samstöðu við Grænlendinga og Færeyinga skal ég síst draga úr því enda hef ég lengi tekið þátt í vestnorrænu samstarfi. Mér er hins vegar ekki kunnugt um að það samstarf eigi að byggja á vangaveltum um mögulega aðild þeirra að Evrópusambandinu. Mér er ekki kunnugt um annað en að Grænlendingar séu eina þjóðin sem sloppið hefur út úr Evrópusambandinu og hafi lítinn áhuga á að fara þangað inn aftur. Ég veit ekki til að Færeyingar sæki fram til sjálfstæðis, eins og þeir gera um þessar mundir, til þess eins að afsala sér því að stórum hluta í Evrópusambandinu. Ég held menn ættu að fara varlega með að blanda sér í utanríkismál grannþjóða okkar með slíkum vangaveltum.

[13:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég er sammála hv. málshefjanda, Steingrími J. Sigfússyni, um að ekki sé rétt að sækja um aðild að Evrópusambandinu í því skyni að kanna þessa hluti. Ég er einnig sammála honum um að ef við sækjum um aðild að Evrópusambandinu þá hlyti það að vera vegna þess að við ætluðum þangað inn en mundum ekki gera það að gamni okkar. Það hefur á margan hátt reynst Norðmönnum dýrkeypt í samstarfinu við Evrópu að hafa sótt um tvisvar og hafnað því tvisvar. Að mínu mati hefur það einnig skaðað samstarf Evrópusambandsins við EFTA-ríkin án þess að ég geti sérstaklega kennt Norðmönnum þar um. Það liggur alveg fyrir að málsmetandi aðilar og forustumenn í stjórnmálum í Noregi ætluðu með þjóð sína í Evrópusambandið en fólkið hafnaði því.

Ég sé hins vegar ekki af hverju það ætti að vera andstætt hagsmunum Íslands að skoða þessi mál betur með opnum huga í samvinnu við nágranna okkar. Ég hef engan áhuga á því að blanda mér inn í hagsmunamál þeirra. Ég hef rætt þessi mál við þá á persónulegum nótum og leitað svara við því hvernig best verði staðið að málinu í framtíðinni. Annað er ég ekki að gera. Ef menn telja að það rangt, þá það. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það þjóni íslenskum hagsmunum. Ég tel að við sem stjórnmálamenn eigum að ræða þessi mál opnum huga. Ég er þeirrar skoðunar, og sagði það við flokk minn, að við ættum að gera það.

Ég sagði hins vegar ekki að við ættum að ganga í Evrópusambandið og ég mótmæli því að hv. þm., sérstaklega

hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, skuli alltaf lesa orðin öfugt.

[Fundarhlé. — 13:48]

Umræður utan dagskrár.

Dómur Hæstaréttar um stjórn fiskveiða.

[14:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til sjútvrh. en það er mikilvægt að utanrrh. sé viðstaddur. Það veldur mér hins vegar vonbrigðum að forsrh. hefur ekki séð sér fært að vera einnig viðstaddur þegar svo mikilvægt mál er til umræðu.

Dómur Hæstaréttar um úthlutun veiðileyfa er stórtíðindi í íslenskri pólitík. Hér hefur verið í gildi löggjöf, varin af ríkisstjórnarflokkunum, um úthlutun veiðileyfa, aðganginn að mikilvægustu auðlind þjóðarinnar. Hæstiréttur hefur nú úrskurðað að þessi lög brjóti í bága við atvinnufrelsis- og jafnræðisreglu stjórnarskrár lýðveldisins. Þetta er örlagaríkur dómur, herra forseti, sem varðar eitt mikilvægasta mál samtímans.

Hér vakna fjölmargar spurningar. Alþingi verður að bregðast við þessu alvarlega máli. Niðurstaða Hæstaréttar er krafa um að lögunum verði breytt. Ég geri mér grein fyrir því að stutt umræða í dag er aðeins inngangur að meðferð málsins á Alþingi. En það er mikilvægt fyrir Alþingi og þjóðina að vita hvað oddvitar meiri hlutans á Alþingi, hæstv. forsrh. og utanrrh., og sjútvrh., hyggjast fyrir.

Við höfum gagnrýnt þetta kerfi á Alþingi og fólkið í landinu hefur gagnrýnt það óréttlæti sem kerfið hefur haft í för með sér. Fólkinu hefur ofboðið hvernig arðurinn af auðlindinni hefur færst á fárra manna hendur og því kemur engum á óvart að Hæstiréttur skuli fella dóm sinn á grundvelli jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Slík mismunun getur ekki gengið til lengdar í lýðræðisríki.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa varið þessa mismunun. Þeir hafa varið kerfið sem sitt eigið og reynt að gera lítið úr málflutningi þeirra sem haldið hafa uppi merkjum jafnræðis og réttlætis. Hæstiréttur sagði að úthlutun veiðileyfa samræmist ekki jafnréttis- og atvinnufrelsisreglu stjórnarskrárinnar.

Hæstiréttur tók ekki afstöðu til úthlutunar kvótans að þessu sinni. En spurningar vakna um skiptingu kvótans. Líklegt verður að teljast að úthlutun kvótans til fárra, sem byggir á sama grunni og veiðileyfið, brjóti einnig í bága við stjórnarskrána.

Viðbrögð forsrh. við dómnum vekja undrun og vonbrigði. Það virðist ekki vera ætlunin að fara eftir dómi Hæstaréttar heldur skoða hvernig hægt sé að fara fram hjá honun. Hann reynir að gera lítið úr niðurstöðum Hæstaréttar eins og þær hafi ekki almenna skírskotun heldur aðeins gildi gagnvart stefnanda málsins, þ.e. hvort réttmætt hafi verið að synja honum um veiðar í lögsögunni. Forsrh. fjallar ekki um þann þátt dómsins þar sem tekin er afstaða til þeirrar aðferðar sem gilt hefur um úthlutun veiðileyfa til þessa á grundvelli 5. gr. laga um stjórn fiskveiða. En það er einmitt kjarni málsins.

Hæstiréttur segir að úthlutun veiðileyfanna feli í sér svo alvarlega mismunun fyrir þegnana að hún brjóti í bága við stjórnarskrána. Mér finnst alvarlegt að með ummælum sínum rýrir forsrh. þjóðarinnar, oddviti ríkisstjórnarinnar, álit Hæstaréttar og vegur þar með að grundvallarsjónarmiðum stjórnskipunar í landinu. Það er alvarlegt og það vekur ugg að túlkun ráðherranna virðist vera að ekki þurfi að gera breytingar á kerfinu sem hefur verið í þágu fárra útvaldra.

Því beini ég, herra forseti, þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort það sé ætlun ríkisstjórnarinnar að viðhalda stjórnkerfinu með því að sniðganga niðurstöðu Hæstaréttar.

Að lokum, herra forseti. Sjútvn. Alþingis hlýtur að koma saman vegna þessa alvarlega máls.

[14:05]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er um margt vandasamt að bregðast við þeim dómi Hæstaréttar sem kveðinn var upp í gær. Hér er um að tefla mjög mikilvægt mál og alveg ljóst að stjórn fiskveiða lýtur að einhverjum mestu efnahagslegu hagsmunum þjóðarinnar.

Hið pólitíska baksvið hér er að árið 1990 settu þáverandi stjórnarflokkar, Framsfl., Alþfl. og Alþb., þá löggjöf sem nú er í gildi og ég trúi því að enginn af þingmönnum þessara flokka hafi sett þá löggjöf í þeirri trú að þeir væru að brjóta jafnréttisákvæði stjórnarskipunarlaga. Þessi lög hafa síðan verið í framkvæmd undir tveimur ríkisstjórnum, fyrst ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl., sem framkvæmdi og varði þessa löggjöf á þeim tíma, og síðan ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl.

Mikilvægt er að hafa í huga í þessari umræðu að það kemur fram í dómi Hæstaréttar að sá sem höfðaði málið bar ekki brigður á að ráðuneytið hefði farið að lögum þegar það synjaði um leyfi. Um það er ekki ágreiningur að ráðuneytið fór þar að lögum. Um hitt var ágreiningur hvort þau lög sem sett voru 1990 stæðust stjórnarskrána.

Því hefur verið haldið fram í umræðunni að dómur Hæstaréttar í gær kollvarpi fiskveiðistjórnarlöggjöfinni í heild sinni. Á það er að líta í því sambandi að það er alveg augljóst að ef sú væri niðurstaða Hæstaréttar og atvinnuréttindin með einum dómi tekin af öllum sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og þeim annaðhvort úthlutað upp á nýtt eða veiðirétturinn gerður algjörlega frjáls, hefði það gífurlegar efnahagslegar afleiðingar í för með sér, byggðaröskun og félagslegar afleiðingar.

Þá er það spurning: Var Hæstiréttur að komast að þeirri niðurstöðu? Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það efni í dag en ég ætla að benda á að í lögum um dómstóla er kveðið á um að forseti Hæstaréttar geti skipað sjö menn í dóm ef mál er sérlega mikilvægt. Í þessu sambandi vekur athygli að forseti Hæstaréttar hefur ekki talið þetta mál vera sérlega mikilvægt og því var dómurinn aðeins skipaður fimm mönnum. Það bendir að mínu mati til þess að það sé líklegra sem ýmsir hafa haldið fram og þar á meðal einn fremsti fræðimaður þjóðarinnar, Sigurður Líndal, í sjónvarpsviðtali, að hér sé ekki um að ræða dóm sem hefur þær grundvallarbreytingar í för með sér sem augljósar eru ef hér væri verið að kipppa með öllu fótunum undan fiskveiðistjórnarlöggjöfinni því að þá er líklegt að Hæstiréttur hefði metið það sem mikilvægt mál, sérlega mikilvægt mál og skipað sjö menn í dóm.

Það er alveg augljóst ef horft er á dóminn að niðurstaða hans er býsna skýr. 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna telst ekki standast stjórnarskrána. Því er alveg ljóst að hún hefur ekki gildi lengur og þar verður að gera breytingar. Á því leikur enginn vafi.

Hitt er svo annað mál hvort forsendur dómsins gefa tilefni til víðtækari ályktana. Ég er ekki reiðubúinn að draga þær ályktanir hér í dag. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að færustu sérfræðingar í lögum meti það og leggi á ráðin áður

en við hröpum að einhverri niðurstöðu í þeim efnum. Við vitum að sú niðurstaða getur haft mjög miklar efnahagslegar afleiðingar og það væri rangt að óathuguðu máli að senda nokkur skilaboð frá þessari umræðu á Alþingi í þeim efnum. Við vitum hver er klár niðurstaða réttarins. Við þurfum að skoða hvort almennt orðalag í forsendum gefur tilefni til víðtækari ályktana og ég vara við að menn hrapi að ályktunum í þeim efnum án frekari skoðunar.

[14:10]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur svo sem heyrst áður að 5. gr. laga um stjórn fiskveiða stangist á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þessu hafa ýmsir haldið fram en í fyrsta sinn var höfðað mál vegna synjunar á umsókn um veiðiheimildir og það látið ganga í gegnum allt kerfið og nú hefur dómur verið felldur í Hæstarétti.

Og sjá: Úthlutun veiðiheimilda eftir þeim reglum sem hér hafa gilt hefur verið dæmd ólögleg, þ.e. sú grein í lögum um stjórn fiskveiða sem kveður á um að menn þurfi að hafa átt skip á tilteknum tíma og að veiðiheimildirnar séu bundnar við skipið en ekki veiðireynslu eins og stundum hefur verið látið í veðri vaka. Ef það hefði verið raunin þá hefðu sjómennirnir sem stunduðu veiðarnar fyrst og fremst átt að fá úthlutað veiðiheimildum en ekki þeir sem áttu skip á tilteknum tímapunkti.

Mikið ósætti hefur ríkt um þetta fyrirkomulag en stjórnvöld hafa verið tryggir varðhundar þessa kerfis og þess vegna eru það vissulega tímamót þegar Hæstiréttur gefur falleinkunn lögum sem auðsöfnun einstakra svokallaðra sægreifa hefur byggst á. Þetta hlýtur að leiða til þess að úthlutunarreglurnar verði endurskoðaðar.

Þegar ég tók það upp á Alþingi á sl. vori hvort ekki mætti ræða hér hvort skipta mætti viðbótarheimildum með öðrum hætti en hingað til hefur tíðkast svaraði hæstv. sjútvrh. því til að ekki yrði vikið frá lögum um stjórn fiskveiða. Nú hafa þau lög að hluta til verið dæmd dauð og ómerk svo ekki verður lengur undan því vikist að gefa upp á nýtt.

Herra forseti. Þessi dómur er sigur fyrir almenning sem hefur verið hlunnfarinn í núverandi kerfi.

[14:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Afar skammur tími hefur gefist til að skoða þetta mikilsverða mál og sömuleiðis er skammur tími til að ræða það hér. Ég tel mikilvægt að viðbrögð Alþingis séu yfirveguð og vönduð en ekki upphlaupskennd því hér er um lagasetningu að ræða sem sjálft Alþingi ber að sjálfsögðu ábyrgð á.

Ég tel að tvennt sé mikilverðast við þennan dóm. Það fyrra er að dómsorðin og tilvitnanir dómsins styrkja tvímælalaust í sessi sameignarákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Það er enn fjarstæðukenndara nú eftir þessa umfjöllun Hæstaréttar en það var áður að halda því að útgerðarmenn eða handhafar kvótans hafi öðlast nokkurn hefðarrétt eða lögvarin atvinnuréttindi sem Alþingi geti ekki breytt. Þessari niðurstöðu fagna ég. Hún er mikilvæg og hún styrkir stöðu löggjafans hvað það varðar að gera þær breytingar á þessu kerfi sem menn kjósa að vilja gera, þar með talið að slá það af eða gefa upp á nýtt ef það kann að verða niðurstaðan.

Hitt atriðið sem er mikilvægt, en er flóknara og erfiðara að átta sig á, eru þær breytingar sem þessi dómur kann að kalla á hvað varðar sjálfan grundvöll laganna um stjórn fiskveiða, eða a.m.k. 5. grein þeirra. Það er stórt og afdrifaríkt mál hvort Hæstiréttur er í raun og veru að segja að það sé ekki réttlætanlegt að takmarka veiðiréttinn við þau skip með veiðileyfi sem gert er í kerfinu eða hvort Hæstiréttur er að segja að það verði beinlínis að gefa upp á nýtt, að úthlutunin sem slík hafi verið réttlætanleg sem tímabundin og takmörkuð aðgerð en hún sé það ekki til frambúðar. Þá stendur Alþingi og framkvæmdarvaldið frammi fyrir því sameiginlega að leysa það verkefni hvað á að koma í staðinn.

Það er mikið og stórt mál og þess vegna tek ég undir það með hæstv. sjútvrh. að það mikilvægasta nú er að skýra hversu víðtækar ályktanir ber að draga af hinni almennu umfjöllun dómsins.

[14:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. sjútvrh. í þeim efnum að það ber að fara mjög vandlega yfir þennan dóm og ekki rétt að bregðast við honum fyrr en sú athugun hefur farið fram. Það vekur athygli að í þessum dómi er eingöngu fjallað um 5. gr. laganna. Ekki er fjallað um 7. gr. sem er e.t.v. mikilvægasta grein laganna. Hins vegar eru ýmsar forsendur og tilvitnanir með þeim hætti að ætla mætti að verið væri að fjalla um 7. gr. En ég held það megi alveg ljóst vera að ef Hæstiréttur hefði ætlað sér að fjalla um 7. gr. hefðu verið skipaðir sjö menn í dóminn því það er svo stórt mál að það getur ekki hafa verið ætlun Hæstaréttar að fjalla um hana. Því þykir líklegt að túlka beri niðurstöðu þessa dóms fremur þröngt eins og kemur fram í lokaorðum hans því ekki sé verið að taka afstöðu til umsóknar áfrýjanda.

Hins vegar vekur það athygli mína í þessum dómi að þar stendur að stefndi hafi ekki sýnt fram á að aðrar leiðir séu ekki færar til að ná því lögmæta markmiði að vernda fiskstofna við Ísland. Hvað hefur Alþingi verið að gera annað á undanförnum árum og áratugum en að fjalla um það í sambandi við þetta mál hvort aðrar leiðir séu færar? Auðvitað eru skiptar skoðanir um hvaða leiðir séu færastar en þær leiðir sem hafa verið valdar voru valdar á ábyrgð allra stjórnmálaflokka nema Kvennalistans. Þetta hefur verið verkefni Alþingis allan þennan tíma. Hvernig í ósköpunum á Alþingi að geta sannað að engar aðrar leiðir hafi verið færar? Hér hefur löggjafarvaldið verið að sinna skyldum sínum og því kemur mér það mjög á óvart hvernig Hæstiréttur orðar það.

[14:17]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Loksins, loksins fær réttlætið að ráða. Þetta voru fyrstu orðin sem komu upp í hug minn þegar umræddur dómur Hæstaréttar barst mér til eyrna. Það hlaut að koma að því að einhver gæti stöðvað yfirvofandi rán aldarinnar, rán sægreifanna á auðlind þjóðarinnar. Það eykur trú mína á Ísland sem réttarríki að Hæstiréttur hafi kveðið upp þann dóm að fiskveiðistjórnarkerfi sem skerðir atvinnufrelsi og mismunar þegnunum án þess að nauðsyn beri til stríði gegn stjórnarskrá lýðveldisins. Með öðrum orðum stenst það ekki stjórnarskrárákvæði að lögbinda um ókomna tíð að veiðileyfi skuli takmörkuð við skip sem voru við veiðar árið 1988 eins og gert er í 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Þegar 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða var fyrst gerð ótímabundin árið 1990 var ekki búið að lögfesta jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þetta er hugsanlega málsbót fyrir löggjafann. Sambærileg ákvæði er þó einnig að finna í lögunum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands sem samþykkt voru eftir stjórnarskrárbreytinguna eða í desember 1996. 5. og 6. gr.

þeirra laga hljóta að vera í sama uppnámi og 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða eftir umræddan dóm Hæstaréttar.

Herra forseti. Þetta hlýtur að teljast áfellisdómur fyrir löggjafann. Sá þingmaður sem hér stendur hefur sagt á Alþingi að því miður geti minni hlutinn ekki komið í veg fyrir rán aldarinnar á meðan hér er lýðræðislegur meiri hluti sem þjónar hagsmunum útgerða og sægreifa og við því sé því miður ekkert að gera. En nú hefur kraftaverkið gerst. Já, ég segi kraftaverk vegna þess að sjálfstæði dómstólanna hefur oft verið dregið í efa. Þessi dómur er sigur réttlætisins, sigur dómskerfisins og veruleg áminning til löggjafans og þeirra sem telja það sjálfsagt að þingmenn standi í hagsmunagæslu sem stríði gegn grundvallarreglum stjórnarskrárinnar. Vissulega þarf þingið að gaumgæfa þá stöðu sem upp er komin, augljóst er að breyta þarf 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða til að sjútvrn. geti tekið umsókn Valdimars Jóhannessonar til efnislegrar meðferðar. Hafi hann þökk fyrir þrautseigju sína.

[14:19]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Nauðsynlegt er við mat á úrskurði Hæstaréttar að hafa í huga að rétt er að spara ályktanir þar til menn hafa íhugað dóminn og forsendur hans til hlítar. Það sem liggur fyrir óumdeilanlega er að synjun sjútvrn. er felld úr gildi en líka er tekið fram af hálfu Hæstaréttar að ekki er tekin afstaða til þess hvort þeim sem sótti um veiðileyfi og aflamark hafi borið réttur til að fá það. Niðurstaða Hæstaréttar liggur því ekki fyrir um hvort menn eigi rétt til þess. Þá ber líka að hafa í huga að Hæstiréttur tekur fram að rétt sé að takmarka veiðar og hann fellst á líka á að rétt sé að takmarka veiðar við skip, þótt hann útiloki ekki að nauðsynlegt kunni að vera að breyta þeirri forsendu, a.m.k. út frá þeirri viðmiðun sem sett var á sínum tíma. Það er ljóst að beina þarf sjónum að 5. gr. laganna en mér er ekki ljóst hversu víðtækar breytingar þarf að gera á henni til að mæta sjónarmiðum Hæstaréttar. Þær kunna að vera minni háttar en það kann líka að þurfa að gera róttækari breytingar. Augljóslega er Hæstiréttur að senda skilaboð um að ekki sé víst að úthlutunarkerfið standist til framtíðar og á því kunni að þurfa að gera breytingar og það eru vissulega athyglisverð tíðindi og að mörgu leyti jákvæð fyrir íbúa í sjávarbyggðum landsins. En ég vek líka athygli á því, herra forseti, að meðal þeirra leiða sem ræddar hafa verið til að úthluta veiðiheimildum er uppboð veiðiheimilda. Mér sýnist að Hæstiréttur hafi slegið þá leið af.

[14:22]

Lúðvík Bergvinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka frummælanda, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir að hefja þessa umræðu. Það hefur hún gert ítrekað og barist mikilli baráttu gegn þeim vágesti sem verið er að ræða um.

Ég ætla ekki að ásaka einn eða neinn en við höfum ekki verið nógu vakandi. Fíkniefnaneyslan er eitt hið alvarlegasta málefni sem herjar á þjóðir heimsins. Íslendingar hafa ekki sloppið. Við erum með stefnuna fíkniefnalaust Ísland árið 2002. Ef svo á að vera þarf að grípa til meiri og öflugri aðgerða en gert hefur verið.

Það eru fjölmörg dæmi um hve fíkn í alls konar óþverraeiturefni hefur haft alvarlegar afleiðingar. Það er nefnilega enginn óhultur. Þessi vágestur sækir að öllum stéttum, öllum fjölskyldum, háskólafjölskyldum, sjómannafjölskyldum og öllum fjölskyldum landsins meira og minna. Hver er þá staðan? Hún er sú að margra mánaða biðlistar ungs fólks og fullorðinna eru eftir meðferð á sjúkrastofnunum og það undirstrikar þá staðreynd að taka verður í taumana.

Hvað á að gera? Að mínu viti á að stórauka fræðslu, það á að koma á alvörutollgæslu alls staðar á landinu, það á að stórauka fræðslu almennings og lögreglu, það verður að stórauka fjármagn til reksturs meðferðarstöðva. Fjármunir eru auðvitað ekki allt en það er gífurlega stór hluti af þessu vandamáli. Hvað getum við gert? Við getum veitt fjármuni til þessa málaflokks.

Herra forseti. Hv. Alþingi hefur vald til aðgerða. Hv. Alþingi hefur getu til aðgerða. Spurningin er bara þessi: Hefur hv. Alþingi vilja til að leggja til svo harðar aðgerðir að dugi?

[14:24]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Sá dómur Hæstaréttar sem við ræðum í dag fjallar um ágreiningsefni sem hefur lengi verið uppi enda hrópa nú nokkrir að loksins hafi réttlætið náð fram að ganga. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki viss um að svo sé í öllu efni enda segir í niðurstöðum dómsins að hann taki aðeins til mjög afmarkaðs viðfangsefnis sem hafi komið fram í máli stefnanda. Um lögin sem dómurinn snýr að verðum við að viðurkenna að þau eru í eðli sínu efnahagsleg lög, lög um efnahagslegt viðfangsefni. Þau hafa snúist um að ná fram varfærni í nýtingu auðlindar í stað ofveiði og öðrum þræði um að skapa fyrirtækjum í viðkomandi starfsgrein eðlilega starfsmöguleika. Undir liggur það sem við höfum oft kallað fjöregg þjóðarinnar, efnahagslegir möguleikar hennar.

Herra forseti. Það kann að vera að í upphafi þessa viðfangsefnis hafi menn nálgast það á þeim grundvelli að það kynni að vera eða mundi vera tímabundið og má vera að það sé það atriði sem dómurinn leggur áherslu á. Hann segir einmitt að það kunni að hafa verið réttlætanlegt að koma á tímabundinni vernd fiskimiðanna með þeim hætti sem orðið hefur en telur það ekki standast til ómunatíðar. Hins vegar verð ég að viðurkenna, herra forseti, að hættan er sú að ef við förum að oftúlka þennan dóm og þær niðurstöður sem birtast í honum kynnum við að lenda í því óefni að fara að skilja að annars vegar rétt fiskiskipa og útgerðarfyrirtækja til að nytja fiskimið og fiskimiðin sjálf og ætlum þá kannski mönnum að fara á stígvélum til sjávar, eða hvað? Ég velti líka fyrir mér, herra forseti, hvaða afleiðingar og áhrif það kann að hafa á möguleika byggðanna úti um landið sem eru velflestar eingöngu sjávarútvegsbyggðir og íbúar þar hafa nánast að engu öðru að hverfa. Þótt ekki væri nema fyrir þessar tvær ástæður tel ég nauðsynlegt, herra forseti, að við rösum ekki um ráð fram og oftúlkum ekki þennan dóm en gefum okkur tíma til að fara vel ofan í saumana.

[14:26]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Að mínu áliti er kjarninn í niðurstöðu Hæstaréttar mjög ljós. Stjórnkerfi í fiskveiðum sem byggir á veiðireynslu tiltekinna skipa fyrir 15 árum gat staðist sem bráðabirgðaráðstöfun í skamman tíma til að koma í veg fyrir ofveiði en til frambúðar verður stjórnkerfi fiskveiða að byggjast á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og má ekki mismuna mönnum eins og núverandi kerfi gerir. Landsmenn verða að njóta, eins og segir í dómi Hæstaréttar, með leyfi forseta, „sama atvinnuréttar í sjávarútvegi eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru“. Þessi niðurstaða Hæstaréttar er stórtíðindi sem enginn

ætti að reyna að gera lítið úr og markar tímamót í íslenskum sjávarútvegi. Niðurstaðan mun skapa óhjákvæmilega mikla réttaróvissu, óvissu um hvaða lög gilda í landinu, óvissu sem Alþingi verður sem fyrst að eyða. Meðan þessi óvissa varir munu t.d. hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum falla mjög í verði og hafa þegar gert það, bara á þeim morgni sem nú er liðinn. Það mun skapast glundroði í sjávarútvegi sem torveldar mönnum ákvarðanir um fjárfestingar og rekstur. Ég vara við því að menn reyni að leysa þennan vanda með smábreytingum á lögum um fiskveiðistjórn. Þá heldur þessi óvissa áfram og endalaus málaferli af hliðstæðum toga verða í gangi. Stjórnkerfi fiskveiða verður að endurskoða frá grunni og þar dugar ekkert hálfkák. Nýtt kerfi verður að taka mið af því að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign landsmanna eins og Hæstiréttur minnir réttilega á.

[14:28]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég var ein þeirra sem glöddust í gær þegar dómur Hæstaréttar lá fyrir. Ekki bara vegna efnisniðurstöðu málsins, sem er stórmerk út af fyrir sig, heldur líka vegna þess að niðurstaðan staðfestir að við búum í réttarríki og að við höfum sjálfstæða dómstóla. Ég var því einnig í hópi þeirra sem voru beinlínis slegin við að lesa ummæli hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu í morgun þar sem hann reynir bæði að gera lítið úr niðurstöðu dómsins og úr Hæstarétti. Forsrh. hefur farið fyrir flokki þeirra sem hafa slegið skjaldborg um kerfið, um þá sérhagsmuni sem það hefur tryggt og hvergi dregið af sér við að gera kröfur um breytingar á kerfinu tortryggilegar.

Málflutningur okkar sem höfum viljað að stjórn fiskveiða væri í samræmi við sameignarákvæði laganna hefur byggst á réttlætiskröfu og kröfunni um að fólkið í landinu fái allt notið arðsins af auðlindinni, að jafnræði sé virt.

Við erum að tala um sameign íslensku þjóðarinnar og þess vegna hefur verið talað um réttlæti og þess vegna hefur nú verið dæmt á grundvelli jafnræðisreglunnar.

Herra forseti. Alþingi hlýtur nú að setjast yfir löggjöfina með dóm Hæstaréttar að leiðarljósi. Í dómi Hæstaréttar er að þessu sinni aðeins tekin afstaða til synjunar á úthlutun veiðileyfis. Við hljótum hins vegar að líta svo á að í dóminum felist alvarleg ábending til Alþingis, ábending um að fara yfir alla löggjöfina með jafnræði að leiðarljósi, að lögin séu í innbyrðis samræmi, sem á hefur skort, og að lögin séu í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Þessi mál mega ekki vera of lengi í uppnámi. Sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnugrein sem þolir ekki að búa lengi við ótryggt réttarástand. Til þess er of mikið í húfi fyrir þjóðina alla.

[14:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ákvörðun sjútvrn. að hafna beiðni um almennt og sérstakt veiðileyfi var dæmd ógild með dómi Hæstaréttar í gær. Hæstiréttur taldi að forsendur ákvörðunarinnar stæðust ekki en hann tók ekki afstöðu til þess hvort veita hefði átt leyfið. Hæstiréttur sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Er óhjákvæmilegt að líta svo á að þessi tilhögun feli í sér mismunun milli þeirra sem leiða rétt sinn til veiðiheimilda til eignarhalds á skipum á tilteknum tíma og hinna sem hafa ekki átt og eiga þess ekki kost að komast í slíka aðstöðu."

Síðar segir hann: „Stefndi hefur ekki sýnt fram á að aðrar leiðir séu ekki færar til að ná því lögmæta markmiði að vernda fiskstofna við Ísland."

Síðan segir Hæstiréttur: „Þegar allt er virt verður ekki fallist á að til frambúðar sé heimilt að gera þann greinarmun á mönnum sem hér hefur verið lýst. Hið umdeilda ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990 er því að þessu leyti í andstöðu við jafnræðisreglu ..."

Herra forseti. Allt of snemmt er að benda á leiðir til lausnar á þessum vanda. Þó virðist mér augljóst að auðlindagjald sem felst í því að skattleggja handhafa veiðileyfa breytir engu um þá mismunun sem Hæstiréttur bendir á.

Önnur leið væri að skipta aflaheimildum á milli allra íbúa landsins eins og ég lagði til að skoðað yrði á síðasta þingi. Slík almennings- og markaðsvæðing ætti sér stað á 20 árum til að koma í veg fyrir efnahagslega kollsteypu. Verð á árlegum veiðiheimildum mundi rétta stöðu þeirra byggða sem hafa farið illa vegna núverandi kerfis. Legg ég til að þessi hugmynd verði athuguð og hugsanlega kann að finnast þar sú leið sem Hæstiréttur segir að ráðuneytið hafi ekki sýnt fram á að sé fær til að ná því lögmæta markmiði að vernda fiskstofna við Ísland.

[14:33]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hæstiréttur Íslands hefur kveðið upp dóm sem án efa verður að teljast tímamótadómur um það kerfi sem við höfum búið við um úthlutun veiðiheimilda. Hvernig sem á málin er litið hefur þessi æðsti dómstóll okkar Íslendinga sýnt löggjafanum í tvo heimana og stoppað af þá ótrúlegu fásinnu sem hefur viðgengist í þessum efnum.

Það er reyndar hlægilegt að heyra viðbrögð þeirra manna sem hvað harðast hafa barist fyrir núverandi kerfi á úthlutun veiðiheimilda sem reyna hver um annan þveran að geta lítið úr þessum afdráttarlausa dómi Hæstaréttar. En dómurinn er einfaldlega svo skýr að ekki er hægt að mistúlka hann. Hæstiréttur segir, með leyfi forseta:

„Það er heimilt og í samræmi við stjórnarskrá að takmarka fiskveiðar í landhelgi Íslands ef uggvænlegt þykir að fiskstofnar séu í hættu. Hæstiréttur telur ekki efni til þess að hagga því mati löggjafans að slíkar takmarkanir hafi verið nauðsynlegar. Slíkar takmarkanir setja hins vegar skorður við atvinnufrelsi manna og þess vegna er nauðsynlegt að þær samrýmist grundvallarreglum stjórnarskrárinnar."

Hæstiréttur tekur síðan fram að dómstólar eigi að meta það hvort löggjafinn hafi gætt réttra sjónarmiða að þessu leyti. Áréttað er að slíkt mat þurfi að gera í ljósi hinnar almennu stefnumörkunar sem kemur fram í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, þ.e. að fiskstofnarnir séu sameign íslensku þjóðarinnar, auk þess sem skoða þurfi stjórnarskrárákvæði um jafnræði og atvinnufrelsi.

Dómurinn tekur síðan afdráttarlaust af skarið hvað þetta varðar, herra forseti, og segir að sú tilhögun að binda úthlutun veiðiheimilda við skip á þann hátt sem gert hefur verið feli í sér mismunun á milli þeirra sem leiða rétt sinn til skipaeignar á tilteknum tíma og hinna sem ekki hafa átt og eiga þess ekki kost að komast í slíka aðstöðu. Og hún gengur einfaldlega ekki. Hæstiréttur segir að þessi skipan standist ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og atvinnufrelsisákvæði hennar.

Rétt er það sem fram hefur komið að Hæstiréttur hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort ráðuneytinu hafi verið rétt að úthluta þeim einstaklingi sem höfðaði málið veiðileyfi, en svo mikið er ljóst að því var óheimilt að synja honum á þeim

forsendum sem eru grundvöllurinn undir því kerfi sem við búum við í dag og þetta prinsipp er það mikilvægasta í þessu máli, herra forseti, og við því þarf löggjafinn að bregðast nú þegar.

[14:35]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hæstiréttur hefur fellt dóm sem dregur í efa heimild löggjafans til þess að ákveða að einstaklingar geti átt einkarétt á því að sækja fisk úr sjó eða rétt til úthlutunar veiðileyfa til að geta notið aflahlutdeildar. Með þessum dómi vakna margar spurningar, herra forseti, um þær sjálfvirku breytingar sem orðið hafa á réttindum sem fylgja því í dag að fá úthlutað kvóta. Þar má telja leigu og sölu þeirra heimilda, erfðir, afskriftir, færslu á efnahagsreikninga og síðast en ekki síst veðsetningu aflaheimilda með skipi.

Á 121. löggjafarþingi var samþykkt heimild til þess að veðsetja aflahlutdeild fiskiskips með skipi. Þessum löggjörningi mótmælti ég og tel brjóta gegn sameignarákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Ef ekki er heimilt samkvæmt dómi Hæstaréttar að úthluta veiðiheimildum til langs tíma, sem í þessu tilviki eru átta ár, hvernig er þá hægt að veðsetja þessa sömu aflahlutdeild, sameign þjóðarinnar, til 15 eða 30 ára? Úthlutunin á veiðileyfi til skipa byggir á 5. gr. Þessar og margar fleiri spurningar, herra forseti, hljóta að vakna og það verður að reyna að svara þeim á hinu háa Alþingi. Það er mjög brýnt vegna þess að dómurinn setur helsta atvinnuveg þjóðarinnar í uppnám og við því verður að bregðast skjótt og örugglega.

[14:37]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. „Dómur Hæstaréttar ... er hiklaust einhver sá afdrifaríkasti í sögu Hæstaréttar.“ Svo segir í opnugrein Morgunblaðsins í dag. Ég vil segja þetta: Alþingi hefur alltaf getað breytt lögunum en þar hefur ekki verið meirihlutavilji til þess að breyta þeim. Ég hef alla tíð verið í andstöðu við framkvæmd laganna, sérstaklega hvað varðar brottkast og þá mismunun sem felst í framkvæmd laganna. Ég hef sérstaklega gagnrýnt áhrif kerfisins á byggðir landsins sem eiga sitt undir fiskveiðum. Loksins kom að því að Hæstiréttur Íslands varð sammála hæstarétti fólksins. Nær allir landróðrarsjómenn hafa haft sambærilega skoðun og kemur fram í Hæstaréttardómnum.

Dómur Hæstaréttar er áfellisdómur yfir úthlutunarkerfi aflaheimilda. Sífelld höfnun umsókna einstaklinga um aflaheimildir og veiðileyfi af hálfu hæstv. sjútvrh. er ólögleg. Ég leyfi mér að draga ályktanir. Ég tel að höfnun veiðileyfis til sjómanna eftir margra ára starf á sjó sé lögbrot eða ígildi þess. Ég tel að höfnun leyfis til viðbótarafla þannig að sjómenn hafi fulla atvinnu af veiðum sé lögbrot eða ígildi þess. Ég tel að níu daga skömmtun til krókabáta sé lögbrot eða ígildi þess.

Um viðbrögð hæstv. forsrh. segi ég þetta: Hann er enginn yfirhæstiréttur.

[14:39]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hæstiréttur sendir okkur sterk skilaboð með úrskurði sínum og þess vegna ræðum við þetta mál í dag. En Alþingi mun að sjálfsögðu fara ítarlega í málið.

Sjútvrh. svarar á þá lund að dómurinn hafi ekki í för með sér grundvallarbreytingu, hann gildi fyrst og fremst um 5. gr., að ef dómurinn fjallaði um 7. gr. og úthlutun veiðiheimilda þá hlyti sjö manna dómur að hafa verið skipaður. En eftir situr sú spurning hvað dómurinn geti þýtt þar sem úthlutun kvóta í 7. gr. lýtur sömu grundvallaratriðum og veiðileyfið í 5. gr. og úthlutun byggir jafnframt á veiðileyfum.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að 5. gr. stenst ekki stjórnarskrána, jafnréttisákvæði sem lögfest var 1995. Henni verður að breyta. Hvort dómurinn hefur víðtækari afleiðingar verður ekki ljóst fyrr en það mál hefur verið skoðað af sérfræðingum.

Herra forseti. Alþingi á að sjálfsögðu líka að láta sérfræðinga skoða þetta mál. Nú er það komið inn á okkar borð í raun og veru og Alþingi á að láta sína eigin sérfræðinga skoða þessa löggjöf og hafa skoðun á málunum þegar frumvörp framkvæmdarvaldsins koma hingað inn.

Herra forseti. Þetta hefur verið málefnaleg umræða og ég þakka fyrir hana.

[14:40]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hún varpar fyrst og fremst ljósi á það að við stöndum frammi fyrir mjög vandasömu verkefni.

Vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið vil ég taka fram að það er misskilningur að 5. gr. núverandi fiskveiðistjórnarlaga feli í sér þær grundvallarreglur sem fiskveiðistjórnarkerfið byggir á. Þær grundvallarreglur koma fram í 7. gr. en ekki 5. gr. Þess vegna er það misskilningur sem hér hefur komið fram í þeim efnum.

Varðandi ummæli hv. 5. þm. Vesturl. þá held ég að mjög mikilvægt sé fyrir hann og þá sem tala með þeim hætti að gera sér grein fyrir því að ef dómurinn er túlkaður á þann veg sem hann gerir, að kippa grundvellinum með öllu undan fiskveiðistjórnarlöggjöfinni, þá hygg ég að það komi einmitt verst niður á þeim aðilum sem hann bar fyrir brjósti í ræðu sinni vegna þess að þá væri verið að taka veiðiréttinn frá þeim og ákveða að honum skuli úthlutað öðruvísi.

Ég hygg að það sé alveg ljóst að hugmyndir um að skattleggja veiðiheimildirnar svara í engu þeim kröfum sem Hæstiréttur gerir í dómi sínum enda hefur enginn ræðumanna í dag haldið því fram. Álitaefni geta komið upp um það hvort uppboð á veiðiheimildum geti svarað kröfum Hæstaréttar. Þá værum við í þeirri sérkennilegu stöðu að það væri brot á jafnræðisreglu að binda aflaheimildir við skip, en það væri í samræmi við jafnræðisreglu að binda aflaheimildir við peninga og ég hygg að ýmsum þætti það vera mjög sérkennileg niðurstaða.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 298.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Leigubifreiðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 281. mál. — Þskj. 329.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 330.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Rannsóknir sjóslysa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 283. mál. — Þskj. 331.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Siglingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 284. mál. — Þskj. 332.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Hafnaáætlun 1999–2002, frh. fyrri umr.

Stjtill., 291. mál. — Þskj. 343.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Leiklistarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 146. mál (heildarlög). — Þskj. 146, nál. 327 og 347, brtt. 328 og 348.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 328 samþ. með 40 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
7.–15. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 348 felld með 24:17 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KJB, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞHS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjálmJ, JónK, JHall, KÁ, KPál, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
22 þm. (BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GÁS, GMS, HjÁ, IP, ÍGP, LMR, MS, MF, ÓE, PP, SF, SvG, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:49]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í gildandi leiklistarlögum segir að Alþingi veiti árlega fé til stuðnings tiltekinnar leiklistarstarfsemi. Minni hluti menntmn. telur að vilji Alþingis standi enn til þess að styðja við grónar og mikilvægar stofnanir eins og Leikfélag Akureyrar, Leikfélag Reykjavíkur, Bandalag ísl. leikfélaga, Íslenska dansflokkinn og Íslensku óperuna. Minni hlutinn telur að sá vilji eigi að koma fram í leiklistarlögum en ekki að vera kominn undir geðþótta framkvæmdarvaldsins hverju sinni. Þess vegna er þessi brtt. borin fram á þskj. 348. Ég segi já.

16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjálmJ, JónK, JHall, KHG, KÁ, KPál, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KJB, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GÁS, GMS, HjÁ, IP, ÍGP, LMR, MS, MF, ÓE, PP, SF, SvG, VE, ÞHS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

17.–20. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 114. mál (refsiábyrgð lögaðila). — Þskj. 114, nál. 320, brtt. 321.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]
Brtt. 321 samþ. með 40 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 115. mál (mútur til opinbers starfsmanns). — Þskj. 115, nál. 322.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, frh. 2. umr.

Stjfrv., 116. mál. — Þskj. 116, nál. 323.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Mannanöfn og hjúskaparlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 134. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 134, nál. 324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 399. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999, fyrri umr.

Stjtill., 296. mál. — Þskj. 353.

[14:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á eftirtöldum samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999 sem gerðir voru í Reykjavík 7. október 1998:

1. Sameiginlegri bókun milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norður-Atlantshafi á árinu 1999.

2. Bókun milli Færeyja, Íslands, Noregs og Rússneska sambandsríkisins um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999.

3. Samningi milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999.

4. Samkomulagi milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1999.

5. Samkomulagi milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1999.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórn veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur: Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma. Önnur langtímamarkmið koma fram í bókuninni. Samkvæmt lið 6.2. skulu aðilar í viðræðum sínum um skiptingu aflaheimilda á komandi árum taka mið af breytingum sem verða á dreifingu stofnsins. Á grundvelli þessa ákvæðis var komið á fót vinnuhópi vísindamanna til að fylgjast með og meta þróun og dreifingu stofnsins í þessu skyni. Kveðið var á um skiptingu heildarafla samningsaðila fyrir árið 1996. Hins vegar náðist ekki samkomulag við Evrópubandalagið um takmarkanir á veiðum þess á árinu 1996 og ákvarðaði það sér einhliða veiðiheimildir upp á 150 þúsund lestir.

Brýnt var talið að ná samkomulagi allra aðila sem stunda veiðar úr stofninum. Eftir tvær samningalotur tókust í Ósló hinn 14. desember 1996 samningar strandríkjanna fjögurra og Evrópubandalagsins um veiðar á árinu 1997. Samkvæmt samningunum var heildarafli aðilanna á árinu 1997 1.498 þúsund lestir en samkvæmt sérstakri bókun var Rússland skuldbundið til þess að veiða ekki 12 þúsund lestir af þeim kvóta sem í þess hlut kom. Aflinn skiptist þannig að í hlut Íslands og Færeyja komu 315 þúsund lestir en þar af fékk Ísland 233 þúsund lestir. Í hlut Evrópubandalagsins komu 125 þúsund lestir, í hlut Noregs 854 þúsund lestir og í hlut Rússlands 192 þúsund lestir.

Samkomulag náðist milli sömu aðila vegna veiða á árinu 1998 eftir viðræður í Ósló hinn 28. október 1997. Niðurstaða viðræðnanna var í megindráttum sú sama og í samningunum fyrir árið 1997, að því undanskildu að heildaraflamarkið árið 1998 var ákveðið 1.300 þúsund lestir í stað 1.498 þúsund lesta árið 1997. Skipting afla var hlutfallslega sú sama og það ár.

Á fundi sömu aðila í Reykjavík 6. og 7. október 1998 náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á næsta ári. Er það óbreytt frá samkomulaginu fyrir árið í ár. Heildaraflamarkið árið 1999 verður því 1.300 þúsund lestir. Samkvæmt sérstakri bókun er Rússland skuldbundið til þess að veiða ekki 10.400 lestir af þeim kvóta sem í þess hlut kemur. Aflaskiptingin er óbreytt og koma í hlut Íslands og Færeyja 273 þúsund lestir, í hlut Evrópubandalagsins 109 þúsund lestir, í hlut Noregs 741 þúsund lestir og í hlut Rússlands 177 þúsund lestir.

Eins og fyrr er í sameiginlegu bókuninni gert ráð fyrir að aðilar komi sér í sérstökum tvíhliða samningum saman

um frekara fyrirkomulag veiða, meðal annars um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars. Samkvæmt samningi milli Íslands og Færeyja er framangreindum kvóta þeirra áfram skipt þannig að í hlut Íslands koma 202 þúsund lestir en 71 þúsund lestir í hlut Færeyja. Samningurinn kveður á um að skipum hvors aðila verði heimilt að veiða í lögsögu hins með sama hætti og á undanförnum árum.

Enn fremur var gengið frá tvíhliða samningi milli Íslands og Noregs og er hann einnig óbreyttur. Samkvæmt honum fá íslensk skip ótakmarkaðan aðgang að lögsögunni við Jan Mayen og mega veiða 9 þúsund lestir af kvóta Íslands í efnahagslögsögu við meginland Noregs. Norsk skip fá heimild til að veiða allt að 144 þúsund lestir í íslenskri lögsögu á næsta ári. Jafnframt var gerður samningur milli Íslands og Rússlands þar sem rússneskum skipum er áfram veitt heimild til að veiða allt að 5.600 lestir á takmörkuðu svæði í austurhluta efnahagslögsögu Íslands.

Aðilar voru sammála um að halda áfram vinnu að þróun framtíðarnýtingarstefnu til að tryggja skynsamlega nýtingu norsk-íslenska síldarstofnsins. Vinnuhópur aðila vinnur að tillögugerð að höfðu nánu samráði við sérfræðinga Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:06]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 316. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 382.

Fjáröflun til vegagerðar, 317. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 384.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 109. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 402; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 403.

Námskrárgerð, 318. mál, fsp. SvanJ, þskj. 385.

Samningur um Norræna fjárfestingarbankann, fyrri umr.

Stjtill., 297. mál. — Þskj. 354.

[15:07]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann sem gerður var í Ósló 23. október 1998.

Norræni fjárfestingarbankinn var stofnaður árið 1975 sem sameiginleg alþjóðleg fjármálastofnun Norðurlanda til að styrkja norræna samvinnu og efnahag landanna með því að veita lán og ábyrgðir með bankakjörum til að örva fjárfestingar á Norðurlöndum og efla útflutning þeirra. Til grundvallar lá samningur milli Danmerkur, Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfestingarbankans sem gerður var í Kaupmannahöfn 4. desember 1975. Samningurinn öðlaðist gildi 1. júní 1976 og fengu ákvæði hans þá jafnframt lagagildi hér á landi.

Með aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífs á Norðurlöndum og stuðningi eigenda hans hefur starfsemi bankans orðið alþjóðlegri. Lán og ábyrgðir eru nú ekki aðeins veittar til verkefna á Norðurlöndum heldur einnig utan þeirra. Þannig er hlutverk bankans nú að nýta traust lánshæfi á alþjóðamarkaði til að veita lán á almennum bankakjörum til fjárfestingarverkefna einkaaðila og opinberra aðila, bæði í þágu Norðurlanda og þeirra ríkja utan Norðurlanda sem fá lán eða ábyrgðir frá bankanum. Í ljósi aukinnar alþjóðlegrar starfsemi bankans og þeirrar auknu áhættu sem því fylgir hefur verið talið mikilvægt að treysta með formlegum hætti alþjóðlega stöðu hans.

Meginmarkmið samningsins er að skýra og treysta réttarstöðu bankans sem alþjóðlegrar fjármálastofnunar, meðal annars hvað varðar friðhelgi, undanþágu frá tollum og óbeinum sköttum, svo og tiltekin ferðafríðindi. Með þessu móti verður bankanum gert kleift að starfa sem alþjóðleg fjármálastofnun, innan Norðurlanda sem utan, með sömu stöðu og aðrar sambærilegar alþjóðlegar stofnanir sem bankinn starfar með.

Hinn nýi samningur um Norræna fjárfestingarbankann sem mun leysa eldri samninginn af hólmi verður lagður fyrir þjóðþing allra aðila og er stefnt að því að hann öðlist gildi í upphafi ársins 1999. Þegar samningurinn hefur öðlast gildi verða samþykktir bankans endurskoðaðar og lagðar fyrir norrænu ráðherranefndina til samþykktar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 98/1992, um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana, njóta þær og tilgreindir aðilar þeim tengdir þeirrar friðhelgi og þeirra forréttinda hér á landi sem kveðið er á um í alþjóðasamningum sem öðlast hafa stjórnskipulegt gildi að því er Ísland varðar. Í ljósi þessa er ekki þörf á að lögfesta hinn nýja samning eins og gert var með áðurnefndum lögum nr. 26/1976 að því er eldri samninginn varðar. Síðarnefndi samningurinn fellur úr gildi við gildistöku nýja samningsins og þarf þá að fella lög nr. 26/1976 úr gildi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 2. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 181, nál. 374 og 398, brtt. 375 og 399.

[15:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Nefndin hefur fjallað um málið og sent það allvíða til umsagnar eins og rakið er í nál. frá meiri hluta nefndarinnar. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt með brtt. sem er í þremur liðum og ég mun nú gera grein fyrir.

Í 1. lið brtt. er gert ráð fyrir því að stjórn sjóðsins verði skipuð með sama hætti og nú er. Það er breyting frá því sem segir í frv. að því leyti að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins mun tilnefna einn mann en í frv. er gert ráð fyrir því að fjmrh. tilnefni þann mann.

Í öðru lagi er í 1. lið brtt. gert ráð fyrir því að fjmrh. ákveði þóknun stjórnarmanna en hún verði ekki ákveðin af stjórninni sjálfri.

Í 2. lið brtt. er tæknileg breyting sem er til samræmis við núgildandi ákvæði 16. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Þar er um að ræða tæknilega breytingu sem varðar örorkulífeyri.

Í 3. lið brtt. er gert ráð fyrir því að 15. gr. breytist og að þar verði óskað eftir umsögn Fjármálaeftirlits áður en samþykktum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda er breytt.

Að öðru leyti leggur meiri hluti efh.- og viðskn. til að frv. verði samþykkt.

[15:13]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tvær spurningar til framsögumanns meiri hluta, hv. þm. Vilhjálms Egilssonar.

Fyrri spurningin er: Hver telur hann að eigi þá 13 milljarða sem eru bundnir í verðbréfum, fasteignum og öðru slíku hjá söfnunarsjóðnum?

Önnur spurningin er: Hvernig telur hv. þm. að sú skipan stjórnar að ráðherra tilnefni tvo, Landssamband lífeyrissjóða tvo, Samband almennra lífeyrissjóða tvo og BSRB tvo — þetta eru allt aðilar sem ekki eru í tengslum við sjóðfélaga — samræmist því að sjóðfélagarnir ráði einhverju um sín fjármál og það sem skiptir þá mestu máli í ellinni?

[15:14]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Flestir lífeyrissjóðir landsmanna eru skipulagðir nánast sem sjálfseignarstofnanir. Eignarhaldið er fyrst og fremst á réttindum þeim sem eru skilgreind í þeirri tryggingavernd sem sjóðirnir veita og það á við um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda eins og aðra lífeyrissjóði þannig að eignarhaldið snýr fyrst og fremst að réttindunum. Þannig er að lífeyrissjóðirnir eru mjög misjafnlega upp byggðir. Ýmsir lífeyrissjóðir, svokallaðir frjálsir lífeyrissjóðir, eru reknir á vegum einkaaðila. Varðandi þá sjóði mundu menn líta svo á að það væru fyrst og fremst réttindin í sjóðunum sem væru eign sjóðfélaganna en spurningin væri ekki endilega sú hver nákvæmlega eigi það sem í sjóðunum er.

Um skipan stjórnarinnar tel ég að með þeirri skipan sem í frv. er, þá sé henni ágætlega fyrir komið. Það hefur sýnt sig að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda hefur verið þokkalega — ég held að það sé jafnvel of vægt til orða tekið — ég mundi segja að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda hafi verið vel stjórnað á undanförnum árum og það hefur ekkert annað komið fram í þeirri skipan stjórnar sem verið hefur hingað til, en að þeir sem hafa stjórnað sjóðnum hafi leitast við að ná sem bestri ávöxtun á eignum sjóðsins. Ég tel þess vegna að sjóðurinn muni geta staðið mjög myndarlega við þær skuldbindingar sem hann hefur tekið á sig og ef eitthvað er þá muni þær greiðslur sem fólk hefur innt af hendi til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda skila sér mjög vel þegar kemur að töku lífeyris.

[15:18]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda eru launþegar og þeir sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki hafa fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að viðurkenndum lífeyrissjóðum samkvæmt 7. gr. gildandi laga. Annaðhvort er þetta fólk í sjóðnum af því að það átti ekki sjálfsagðan rétt til að greiða í annan lífeyrissjóð eða að það hefur kosið að greiða ekki í annan lífeyrissjóð og vill heldur greiða í Söfnunarsjóðinn. Þetta fólk er ekki í stéttarfélagi því að þá bæri því að greiða í lífeyrissjóði viðkomandi stéttarfélags. Það greiðir heldur ekki í aðra lífeyrissjóði vegna þess starfs sem veitir þeim aðild að þessum sjóði. Oft er um einyrkja að ræða sem greiða allt iðgjaldið sjálfir, bæði 4 og 6 prósentin.

Í kjölfar gildistöku laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða má búast við að sjóðfélögum fjölgi mjög í Söfnunarsjóðnum því að nú er sterkara eftirlit með því að menn greiði iðgjald til lífeyrissjóðs, og þeir sem ekki sinna skyldunni annar staðar eiga að greiða í Söfnunarsjóðinn. Þetta fólk kemur alls staðar frá.

Núverandi ákvæði um skipun stjórnar er ekki í neinum tengslum við núverandi sjóðfélaga né þá sem koma nýir inn eða við þá hagsmuni sem þessir sjóðfélagar hafa af ávöxtun og rekstri sjóðsins. Þetta varpar upp þeirri spurningu hver eigi Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Það er hafið yfir allan vafa, eins og kom fram hjá hv. frsm. nál. meiri hluta efh.- og viðskn., að sjóðfélagar eiga réttindi hjá sjóðnum sem og makar þeirra og börn og einnig makar og börn þeirra sjóðfélaga sem hafa fallið frá. Eingöngu þetta fólk á rétt til greiðslu úr sjóðnum. Samtök sjóðfélaga, verkalýðsfélög, samtök launagreiðenda, atvinnurekendafélög eða launagreiðendurnir sjálfir eiga engan rétt til greiðslna úr sjóðnum sem slíkir. Þeir gætu verið sjóðfélagar og þá eiga þeir rétt til greiðslu úr sjóðnum sem sjóðfélagar en ekki sem launagreiðendur.

Hætti launþegi sem greiðir iðgjald til sjóðsins starfi hjá launagreiðanda rofnar allt samband launagreiðandans við sjóðinn vegna þessa sjóðfélaga. Launagreiðandinn hefur ekkert lengur með sjóðinn að gera. Sjóðfélaginn á áfram geymdan rétt til greiðslu úr sjóðnum ef hann verður öryrki eða gamall, og maki hans og börn eignast rétt til greiðslna úr sjóðnum ef hann fellur frá. Það eru sem sagt eingöngu sjóðfélagar, makar þeirra og börn sem eiga rétt úr Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Til lúkningar skuldbindingum sjóðsins vegna þeirra réttinda sem sjóðfélaginn og nánustu aðstandendur hans eiga í sjóðnum á sjóðurinn miklar eignir í formi peninga, verðbréfa og fasteigna. Þessar eignir standa á móti þeim réttindum sem sjóðurinn hefur lofað framangreindum hópi sjóðfélaga og nánustu aðstandendum þeirra. Réttindi og skuldbindingar eiga að standast á samkvæmt 14. gr. laga um starfsemi lífeyrissjóða. Eignir sjóðsins eiga því að vera jafngildar réttindunum sem sjóðfélagar og nánustu aðstandendur þeirra eiga. Þeir hljóta því að eiga þessar eignir sem standa til tryggingar réttindum þeirra og þar með allan lífeyrissjóðinn, enda er vandséð hver annar eigi þessar eignir. Það kom ekki fram hér áðan hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni hver eigi þessar eignir aðrir en sjóðfélagarnir.

Hrein eign Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda til greiðslu lífeyris nam 13,2 milljörðum kr. í árslok 1997 og um 6 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjald til sjóðsins 1997. Þarna er sem sagt ekki um neinar litlar upphæðir að ræða, 13,2 milljarða kr.

Rétt er að nefna að margt fólk hefur þá lífssýn að eignir séu betur geymdar í höndum einstaklinga en í höndum opinberra aðila eða aðila sem engra persónulegra hagsmuna hafi að gæta af eignunum. Í samræmi við þessa lífssýn er óeðlilegt að þetta mikla fé sé án formlegs eiganda og því er

lagt til að sjóðfélagarnir verði formlega lýstir eigendur þessa fjár.

Herra forseti. Hver á að velja stjórn sjóðsins? Núna skipar fjmrh. sjö manna stjórn sjóðsins þannig: Tvo án tilnefningar, tvo samkvæmt tilnefningu Landssambands lífeyrissjóða, tvo samkvæmt tilnefningu Sambands almennra lífeyrissjóða og einn samkvæmt tilnefningu BSRB. Allir þessir aðilar eru án nokkurra tengsla við sjóðfélaga, eins og áður var rakið. Auk þess er ekki loku fyrir það skotið að þessir aðilar geti lent í beinni samkeppni við Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, sem þeir eiga þó að stýra, t.d. varðandi góð fjárfestingartækifæri. Ég get alveg séð fyrir mér að stjórnandi einhvers lífeyrissjóðs hafi uppgötvað gott tækifæri sem Söfnunarsjóðurinn hyggist líka nýta sér. Og þá lendir hann í hagsmunaárekstri. Hvor aðilinn fær að nýta sér þetta tækifæri til ávöxtunar?

Það gæti líka komið upp góð hugmynd frá framkvæmdastjórn Söfnunarsjóðsins um góð tækifæri, fjárfestingartækifæri, sem mundi svo leka út til samkeppnisaðila í gegnum stjórnaraðild þeirra að sjóðnum.

Þar sem sjóðfélagar eiga sjóðinn, eins og rökstutt var hér að framan og ég gat um áðan, og sjóðfélagar eiga afkomu sína í ellinni og ef þeir yrðu öryrkjar alfarið undir því hvernig til tekst með rekstur sjóðsins og ávöxtun fjármuna hans er mjög brýnt að þeir komi að vali stjórnar sjóðsins.

Herra forseti. Margir hafa þá lífssýn að fullveðja einstaklingar eigi og séu færir um að taka ákvarðanir um helstu mál sem þá varðar. Þær brtt. sem hér eru lagðar til taka mið af þessari trú á einstaklinginn. Vil ég benda hv. frsm. meiri hlutans sérstaklega á þetta, þar sem hann tilheyrir sama flokki og ég, sem leggur áherslu á gildi einstaklingsins og trú á einstaklinginn og að einstaklingurinn eigi að taka ákvarðanir um eigin málefni í eins ríkum mæli og hægt er.

Minni hluti nefndarinnar getur ekki tekið undir það sjónarmið meiri hlutans að skipan stjórnar skuli vera óbreytt frá því sem nú er. Hann telur til bóta að ráðherra ákvarði laun stjórnarinnar en ekki stjórnin sjálf, eins og meiri hlutinn bendir á, ef ekki verður fallist á að sjóðfélagar komi að stjórn og rekstri sjóðsins, þá munum við sem sagt samþykkja þá tillögu, annars er hún óþörf af því að sjóðfélagarnir taka sjálfir ákvarðanir um laun stjórnar, eins og gert er ráð fyrir í brtt. minni hlutans.

Minni hlutinn getur að öðru leyti tekið undir brtt. meiri hlutans sem koma fram í 2. og 3. tölulið í brtt. hans.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norræni fjárfestingarbankinn, 1. umr.

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 333.

[15:26]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og hækka útlánaramma vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda. Frv. þetta er á þskj. 333 sem er 285. mál þingsins.

Ráðherranefnd Norðurlanda, efnahags- og fjármálaráðherrarnir sem fara með málefni Norræna fjárfestingarbankans á norrænum vettvangi, samþykkti á fundi sínum 24. júní sl. tillögu bankastjórnar Norræna fjárfestingarbankans um að hækka hlutaféð úr tæplega 2.809 milljónum ECU í 4.000 milljónir ECU. Jafnframt var samþykkt að heimila bankanum að hækka útlánaramma vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlandanna úr 2.000 milljónum ECU í 3.300 milljónir ECU. Að undanförnu hefur eftirspurn eftir lánum frá bankanum aukist verulega, ekki síst til verkefna í Austur- og Mið-Evrópu, en einnig innan Norðurlandanna. Til þess að geta mætt þessari auknu eftirspurn er nauðsynlegt að treysta eiginfjárstöðu bankans. Jafnframt er talið nauðsynlegt að hækka útlánaramma vegna svonefndra PIL-lána, þ.e. lána til fjárfestingarverkefna utan Norðurlandanna. Hins vegar er ekki talið nauðsynlegt að auka ábyrgðir einstakra Norðurlanda vegna þessarar hækkunar þar eð bankinn mun sjálfur auka framlag sitt til afskriftasjóðs vegna þessara lána. Enda þótt þessi lán hafi farið til norrænna verkefna í ríkjum þar sem lánsáhætta er meiri en gengur og gerist hafa til þessa engin afföll orðið, þótt dregist hafi að inna greiðslur af hendi tímanlega í fáeinum tilvikum.

Herra forseti. Með frv. þessu er verið að leita eftir heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og vitna ég þá til greinargerðar eða umsagnar fjárlagaskrifstofu fjmrn. þar sem fram kemur að á næstu þremur árum þurfi um 8,8 millj. ísl. kr. til að standa undir þessari hlutafjáraukningu, og gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv. ársins 1999 að þessar fjárveitingar séu þar til staðar og á næstu þremur árum þar á eftir.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdasjóður Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 123. mál (afnám laga). — Þskj. 123, nál. 376.

[15:29]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá efh.- og viðskn. gjörvallri um frv. til laga um afnám laga nr. 70/1985, um Framkvæmdasjóð Íslands. Nefndin hefur fjallað um þetta mál en sendi það ekki út til umsagnar vegna þess að um málið er mjög víðtæk samstaða. Reyndar er nokkuð óvenjulegt að samstaða skuli vera um að leggja niður ríkisstofnun í heilu lagi. Þessi stofnun hefur mikla sögu og hefur víða komið við í sögu íslensks atvinnulífs og gert marga þarfa hluti en nú liggur svo mál fyrir að hennar er ekki lengur þörf og frv. flutt um að leggja þá ágætu stofnun niður. Efh.- og viðskn. er því algjörlega sammála og skrifar öll undir nál. þess efnis að þetta frv. skuli afgreitt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 13. mál.

Fundi slitið kl. 15:31.

34. FUNDUR

mánudaginn 7. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1998, stjfrv., 173. mál, þskj. 178, nál. 392 og 395, brtt. 396 og 397. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 176. mál, þskj. 181, nál. 374 og 398, brtt. 375 og 399. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Framkvæmdasjóður Íslands, stjfrv., 123. mál, þskj. 123, nál. 376. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999, stjtill., 296. mál, þskj. 353. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Samningur um Norræna fjárfestingarbankann, stjtill., 297. mál, þskj. 354. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 285. mál, þskj. 333. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, stjfrv., 109. mál, þskj. 109, nál. 402, 406 og 409, brtt. 403, 410 og 417. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

Breyting á skipan þingflokka.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Kristinn H. Gunnarsson hefur gengið í þingflokk framsóknarmanna.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Valgerður Sverrisdóttir,
formaður þingflokks framsóknarmanna."

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Almannavarnir, 328. mál, frv. ÁE, þskj. 405.

Byggingarsamvinnufélög, 332. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 414.

Farþjónusta sérfræðilækna, 201. mál, svar heilbrrh., þskj. 356.

Færsla aflaheimilda, 329. mál, fsp. GuðjG, þskj. 407.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 109. mál, nál. 1. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 406; nál. 2. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 409; brtt. GÁS o.fl., þskj. 410; brtt. 1. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 417.

Húsnæðissamvinnufélög, 333. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 415.

Kortlagning ósnortinna víðerna á Íslandi, 327. mál, þáltill. KH og GGuðbj, þskj. 404.

Málefni fatlaðra, 331. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 413.

Meðferð vinnsla og dreifing sjávarafurða, 334. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 416.

Nefndir og ráð á vegum ríkisins, 131. mál, svar forsrh., þskj. 400.

Ný störf á vinnumarkaði, 214. mál, svar forsrh., þskj. 401.

Starfsmannavandi sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu, 330. mál, fsp. ÞHS, þskj. 408.

Stjórn fiskveiða, 326. mál, frv. KHG, þskj. 394.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[13:37]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Á þskj. 238 lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um kostnaðarbreytingu ríkisfyrirtækja í hlutafélög. Þessari fyrirspurn var dreift í þinginu 5. nóvember eða fyrir rétt rúmum mánuði síðan. Þeir áskildu tíu virku dagar sem hæstv. ráðherrar hafa til að svara slíkum fyrirspurnum eru því fyrir löngu liðnir.

Ég geri þetta sérstaklega að umtalsefni hér vegna þess að fyrirspurn þessi lýtur að málefnum sem eru mjög til umfjöllunar í þjóðfélaginu þessa dagana. Hér á eftir mun hið háa Alþingi taka afstöðu til brtt. meiri hluta fjárln. í fjáraukalögum fyrir árið 1998 þar sem lagt er til að tæpar 50 millj. kr. renni til innlendra verðbréfafyrirtækja og banka sem stóðu að sölu í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Með öðrum orðum, það liggur ljóst fyrir að sala sem fram fór fyrir örfáum vikum er fyrirliggjandi, þ.e. tölur þar að lútandi. En í fyrirspurn minni var óskað eftir sambærilegum tölum fyrir yfirstandandi kjörtímabili og þar á meðal söluþóknun verðbréfafyrirtækja sem annast hafa sölu bréfa í ríkisfyrirtækjum sem ríkisstjórnin hefur einkavætt.

Ég krefst þess að þau svör liggi hér frammi. Þingmenn og þjóðin hafa fylgst með því hvers konar fár og farsi hefur verið í gangi í öllum þessum málum. Ekki einasta hafa þessir sömu bankar, verðbréfafyrirtæki sem hafa fengið fjármuni til að annast þessa sölu verið sjálf að kaupa þessi bréf, verið allt í kringum borðið heldur hefur markmið ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild algerlega misheppnast og augljóst að um undirverð er að ræða þegar sala þessara fyrirtækja er annars vegar. Þess vegna er svo brýnt eins og ég hef áréttað, virðulegi forseti, að þessi svör fáist ekki seinna en núna.

[13:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ef ég hef skilið ræðu hv. þm. rétt, þá var hann að gera athugasemd við það að svar við fyrirspurn sem hann bar fram hefur ekki borist innan settra tímamarka. Það er rétt, það hefur ekki borist og mér þykir leitt að dráttur hefur orðið á því. Þetta svar er hins vegar væntanlegt í þingið í dag eða í síðasta lagi á morgun og þar með vænti ég að málið sé úr sögunni.

Hins vegar færist það mjög í vöxt að hingað berist fyrirspurnir sem mikið verk er að svara, þar sem draga þarf saman upplýsingar frá fleiri en einum stað í hinu opinbera kerfi og því miður getur slíkt verið tímafrekt þó að sjálfsögðu þyki manni leitt ef farið er út yfir tilskilda fresti í því efni.

Að því er varðar síðari hluta ræðu hv. þm. er annar ráðherra til svara í þeim efnum, hæstv. viðskrh. Mér finnst

dálítið furðulegt þegar menn nota þingskapamöguleika sína til að gera fyrirspurnir til ráðherra út af eðlilegum umkvörtunarefnum eins og þeim að frestir eru ekki fyllilega virtir, þá noti þeir það til árása á eitthvert tiltekið málefni sem er uppi þann og þann daginn. Mér finnst vægast sagt undarlega farið með það svigrúm sem þingsköpin veita mönnum til að taka til máls utan dagskrár.

[13:41]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vissi ekki að hæstv. fjmrh. færi með forsetavald í þinginu. Þetta var ákaflega sérkennileg ræða hjá hæstv. ráðherra. Hann er hér með umvandanir fyrir hönd forseta í þessum efnum. Það kom mjög skýrt fram hjá mér vegna hvers ég legði jafnmikla áherslu á að fá þetta svar núna en ekki löngu seinna en það er einmitt vegna þess að þessar klukkustundirnar, þessa dagana, eru í gangi stórútboð af hálfu ríkisstjórnarinnar og einmitt hér eftir örfáar mínútur er hinu háa Alþingi gert að taka afstöðu til mála sem eru beintengd þeirri fyrirspurn sem ég lagði fram fyrir mánuði síðan. Það er auðvitað kjarni málsins og ég frábið mér útúrsnúninga á borð við þá sem voru settir fram af hálfu hæstv. fjmrh. Auðvitað er samviskan slæm í þessu, það gefur auga leið.

Ég vil þó ekki láta hjá líða að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa brugðist vel við. Það er einmitt mjög mikilvægt að þetta svar komi í dag eða á morgun. Ég skildi hæstv. ráðherra þannig að þetta svar kæmi síðar í dag og í seinasta lagi á morgun. Mér er kunnugt um að á morgun verða þessi mál til umræðu, þ.e. kennitölufárið, kostnaður við sölu ríkisfyrirtækja og það undirverð sem í gangi hefur verið mestan part kjörtímabilsins og þess vegna er brýnt að þær upplýsingar liggi fyrir við þá umræðu.

Ég átti orðræður við hæstv. fjmrh. fyrir helgi, svo allrar sanngirni sé gætt, og vakti athygli hans á að ég biði þessa svars. Hann hefur brugðist hratt og vel við því þannig að þar hefur hann staðið sig í stykkinu og ég þakka fyrir það. En ég frábið mér það hins vegar að hæstv. ráðherrar komi hér í ræðustól og ætli að kenna okkur þingmönnum lexíuna. Maður, líttu þér nær.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðbrögð Alþingis við dómi Hæstaréttar um stjórn fiskveiða.

[13:43]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er ekki ofsögum sagt að dómur Hæstaréttar sem féll í síðustu viku varðandi fiskveiðistjórnarmálin séu einhver stærstu tíðindi sem orðið hafa í íslenskum stjórnmálum um langt árabil, jafnvel um áratuga skeið. Ég hygg að þess séu engin dæmi að Hæstiréttur hafi fyrr með jafnafgerandi hætti blandað sér í pólitíska umræðu eins og hann gerir raunverulega með þessum dómi.

Það er einnig mjög athyglisvert, herra forseti, að viðbrögð ráðherranna í því máli hafa verið mjög sérkennileg. Til dæmis hafa þeir ráðist að Hæstarétti og hæstaréttardómurum og jafnvel hótað að breyta stjórnarskránni til þess í raun og veru að koma til móts við þá niðurstöðu sem Hæstiréttur birtir.

Það er augljóst mál, herra forseti, að þetta stóra mál verður ekki leyst með minni háttar breytingum á 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Bersýnilega verður að taka á þessu máli í heild, bæði að því er varðar fiskveiðistjórnina og líka undirstöðuþætti stjórnskipunarinnar að mínu viti. Ég vil, herra forseti, nota þetta tækifæri til að láta það koma fram að ég tel eðlilegt að Alþingi kjósi sérnefnd, sérstaka nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að gera tillögur um hvernig best verður brugðist við þeim dómi sem núna liggur fyrir að því er varðar bæði lög landsins og stjórnarskrá ef menn telja ástæðu til, en eins og kunnugt er er starfandi sérstök stjórnarskrárnefnd sem fjallar um kosningalögin en auðvitað mætti hugsa sér að sérstök nefnd fengi engu að síður þessi mál til meðferðar.

Ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, til að láta þá skoðun mína í ljós að ég tel að Alþingi geti ekki verið þekkt fyrir að gera ekkert í málinu. Ég tel að Alþingi eigi sjálft að hafa frumkvæði að því og ég tel að Alþingi eigi ekki að bíða eftir því að ráðherrunum þóknist að koma hingað með tillögur. Engu að síður tel ég rétt að þeim sé gefinn kostur á að skýra frá því hvaða hugmyndir ríkisstjórnin er með í þessum efnum og vil nota þetta tækifæri til að inna eftir því ef einhverjar upplýsingar er um það að hafa hvort sjútvrh. eða ríkisstjórnin hafa eitthvað á prjónunum sem snertir þetta mál og gæti komið inn næstu daga.

[13:46]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. 8. þm. Reykv. að dómurinn sem hann vitnaði til og kveðinn var upp í Hæstarétti lýtur að mjög mikilsverðum málum. Ef ég tók rétt eftir mat hv. þm. það svo að Hæstiréttur hefði aldrei fyrr blandað sér inn í pólitíska umræðu með jafnafgerandi hætti og í þessum dómi. Ég ætla ekki að fullyrða að þetta sé rétt mat hjá hv. þm. en þó má vel vera að hv. þm. hafi komist réttilega að orði um störf Hæstaréttar.

Ríkisstjórnin hefur fjallað um málið, það er til skoðunar í sjútvrn. Eins og fram kom í utandagskrárumræðu á föstudaginn er málið mikilvægt og þingmenn, hvar í flokki sem þeir eru, tóku mjög undir að vandað yrði til allra viðbragða við þessum dómi. Umfjöllun um þarf að byggjast á ítarlegri skoðun á þeim niðurstöðum sem hér liggja fyrir og ég vænti þess að ríkisstjórnin geti kynnt niðurstöðu af sinni hálfu innan tíðar.

[13:47]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þingflokkur jafnaðarmanna hóf umræðu um þetta mál í utandagskrárumræðu fyrir helgi. Ljóst er að enn er ekki neinna tíðinda að vænta frá hæstv. ríkisstjórn. Þegar maður skoðar ummæli hæstv. ráðherra hefur maður á tilfinningunni að þeir ætli að vinna þetta með því að gera eins litlar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og hægt er.

Það er mjög erfitt að henda reiður á ætlun ríkisstjórnarinnar þegar hæstv. forsrh. eyðir megninu af sínum tíma í að tala niður til Hæstaréttar og hæstv. utanrrh. talar um að til greina komi að breyta stjórnarskránni. Maður hefur satt að segja ekki heyrt aðrar eins yfirlýsingar. Hæstv. sjútvrh. upplýsti í engu um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar.

Ég vil minna á það sem formaður þingflokks jafnaðarmanna óskaði eftir í umræðunni fyrir helgi, þ.e. að sjútvn. yrði tafarlaust kölluð saman til að ræða þessi mál. Ég veit ekki til að það hafi verið gert. Nú hafa þau tíðindi gerst í þinginu að formaður sjútvn. er kominn í herbúðir stjórnarliðanna og það skýrir kannski að nefndin skuli ekki enn hafa verið kölluð saman.

Mér er hins vegar ljóst, herra forseti, að þetta mál er það alvarlegt að taka verður til uppstokkunar úthlutunarreglur á fiskveiðikvóta hér á landi. Það er stórt mál og brýnt að þingið svari hvernig það ætlar að taka á því. Það eru grafalvarleg tíðindi í dómi Hæstaréttar að lög sem Alþingi hafði samþykkt stangist á við stjórnarskrá. Þetta er efni, herra forseti, sem snýr ekki einungis að ríkisstjórninni, þetta snýr að þinginu, stjórn og stjórnarandstöðu.

[13:49]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. sem talaði hér áðan er jafnframt ráðherra dómsmála. Hæstv. forsrh. hefur gert alvarlegar athugasemdir við dómsuppkvaðningu Hæstaréttar. Hann hefur í fyrsta lagi haldið því fram að Hæstiréttur rugli saman hugtökum í dómi sínum. Hann hefur í öðru lagi látið í það skína að ámælisvert sé að úrskurður Hæstaréttar skuli felldur af fimm dómendum en ekki sjö.

Það er ástæða til þess að spyrja yfirmann dómsmála í landinu, hæstv. dómsmrh.: Er hann sammála hæstv. forsrh. hvað þessi atriði varðar? (**Sjútvrh.:** Er þetta umræða um störf þingsins?)

[13:50]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í framhaldi af þessum umræðum vil ég láta það koma fram að við munum beita okkur fyrir því að flutt verði tillaga um kosningu sérnefndar til þess að fjalla um viðbrögð Alþingis við þessum nýjasta dómi Hæstaréttar. Annað er útilokað. Ég tel lítillækkandi fyrir Alþingi að bíða eftir því sem kemur frá hæstv. ríkisstjórn í þessu stóra máli.

Þess vegna boða ég nú, herra forseti, tillögu til þál. um að kosin verði sérnefnd til þess að fjalla um þessi mál. Í þeim efnum dugir ekki að taka eingöngu fyrir þau mál sem eru á málasviði sjútvn. Þetta mál snertir, eins og hæstv. utanrrh. hefur bent á, ýmsa grundvallarþætti þar sem hann hefur reyndar nefnt að skoða þurfi stjórnarskrána í þessu máli, ekkert minna. Því er óhjákvæmilegt að kjósa sérnefnd. Að mínu mati leysir engin fagnefnd í þinginu fram úr þessu máli, þó að sjálfsögðu væri gott að sjútvn. Alþingis tæki málið fyrir.

[13:51]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Vegna ummæla um störf sjútvn. er rétt að taka fram að það verður fundur í sjútvn. í fyrramálið. Ætlunin var að funda á laugardaginn var en varð að afboða vegna óska þingmanna í nefndinni sem töldu sig ekki geta mætt. Það voru þingmenn úr þingflokki jafnaðarmanna.

Ég vil að lokum segja, varðandi ummæli síðasta hv. þm. um sérnefnd, að sjútvn. er fullfær um að fjalla um þau mál er lúta að hennar verksviði.

[13:53]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar hér áðan vil ég að það komi skýrt fram að á föstudaginn var ekki látið á það reyna hvort sjútvn. gæti komið saman vegna þessa máls. Ég veit að það fóru fram samtöl um að menn væru reiðubúnir til að mæta til fundar hvenær sem til hans yrði boðað en á það var ekki látið reyna. Fundurinn verður hins vegar í fyrramálið. Ég verð að segja, herra forseti, að mér þykir merkilegt að hv. formaður nefndarinnar skuli reyna að vísa ábyrgðinni á þessu máli, þ.e. á fundarboðum í nefndinni, frá sér.

Á fundarboðið reyndi aldrei, herra forseti, en ég er handviss um að það hefði staðist sem formaður þingflokks jafnaðarmanna sagði hér á föstudag, ef vilji hefði verið fyrir því að kalla nefndina saman þá hefði fullmönnuð nefnd komið saman þegar á föstudag.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvarp um persónuvernd.

[13:55]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í dag tökum við til umræðu eitt umdeildasta mál þingsins, þ.e. frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Miklar umræður hafa skapast um persónuvernd og ágalla persónuverndar í því frv. Einn af lykilþáttum persónuverndar í því frv. er aukið eftirlit af hálfu tölvunefndar.

Allir vita að aðbúnaður tölvunefndar og staða er mjög óviss. Menn hafa bent á þetta áður í umræðum í þinginu og vísað hefur verið til þess að hér liggi fyrir frv. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þar sem tekið yrði á þessu máli. Þetta kom fram við upphaf þingsins, herra forseti. Þegar þingmenn spurðu hvað því frv. liði við 1. umr. um frv. til laga um miðlægan gagnagrunn sagði hæstv. heilbrrh., þann 15. okt.: Þetta frv. verður samþykkt í ríkisstjórninni næsta föstudag. Það gekk eftir. Frv. var sent til þingflokkanna en hefur enn ekki séð dagsins ljós í sölum þingsins.

Það er afskaplega mikilvægt fyrir okkur sem höfum, a.m.k. varðandi persónuverndarþátt frv., hengt hatt okkar á tölvunefnd að vita stöðu tölvunefndar til að vera fullbúin til umræðunnar og geta tekið afstöðu. Þess vegna spyr ég, herra forseti — ég sé að hæstv. dómsmrh. er hér staddur: Hvenær hyggst ríkisstjórnin leggja þetta mál fram? Er þetta mál stopp innan Sjálfstfl. vegna þess að þar er ágreiningur um stöðu tölvunefndar?

[13:56]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég tel rétt að taka fram vegna orða hv. 9. þm. Reykv. að frv. um persónuvernd sem ríkisstjórnin hefur afgreitt til stjórnarflokkanna svo sem vant er tengist í sjálfu sér ekkert afgreiðslu gagnagrunnsfrv. Það er sjálfstætt mál og alveg óháð því. Þar er lagt fram frv. til laga til að bæði að bæta stöðu þessara mál og fullnægja alþjóðlegum skuldbindingu okkar á þessu sviði. Staða málsins er sú að það hefur ekki verið afgreitt úr báðum stjórnarflokkunum og liggur því ekki fyrir þinginu enn sem komið er.

[13:58]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tek eindregið undir það sjónarmið sem kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv. Auðvitað er brýnt að frv. um persónuvernd og vernd persónuupplýsinga verði ekki aðeins lagt fyrir Alþingi, þar geng ég lengra en hv. þm., heldur verði afgreitt á Alþingi áður en frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði komi til afgreiðslu í þinginu. Dagljóst er að þetta mál, persónuverndin, er eitt af lykilatriðum í sambandi við frv. sem hér á að ræða í dag. Það er ósvinna, virðulegur forseti, að ætla sér að knýja fram afgreiðslu þess máls áður en hitt, sem ætti að vera forsenda fyrir afgreiðslu, er afgreitt hér á Alþingi.

[13:59]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er ekki nóg með að frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði sé eitt umdeildasta frv. sem komið hefur til kasta þingsins nú situr, um er að ræða eitt umdeildasta frv. sem hefur verið tekið til afgreiðslu á Alþingi á síðustu áratugum.

Fyrir fáeinum dögum vakti ég máls á því að nauðsynlegt væri að fjalla jafnframt um þáltill. um dreifða gagnagrunna sem þingmenn óháðra hafa flutt og frv. um gagnagrunn sem nokkrir hv. þm. jafnaðarmanna hafa flutt.

Því var neitað. Það var fellt af meiri hluta ríkisstjórnarinnar í heilbrn. Um þann vilja ríkisstjórnarinnar að reyna að koma í veg fyrir að Alþingi fái að velja um þessa kosti var vitað. En hitt var ekki vitað að hún ætlaði að ganga á bak orða sinna varðandi frv. um persónuvernd. Mér finnst það algerlega óásættanlegt að frv. um miðlægan gagnagrunn verði tekið hér til umfjöllunar í dag án þess að hitt frv. liggi fyrir og ég tek undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að ekki er nóg að frv. verði lagt hér fram, það þarf að fá afgreiðslu á Alþingi áður en gagnagrunnurinn er tekinn til umfjöllunar.

[14:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég skil vel að hæstv. dómsmrh. freisti þess að fela ágreining innan Sjálfstfl. um þetta frv. sem stafar af því að innan þingflokks Sjálfstfl. er ágreiningur um stöðu tölvunefndar, en staða tölvunefndar skiptir öllu máli varðandi persónuvernd eins og hún er sett fram í frv. til laga um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Það skiptir öllu máli. Það var ekki ég sem tók þetta mál inn í umræðuna heldur var það hæstv. heilbrrh. á sínum tíma. Og það er líka rangt hjá hæstv. dómsmrh. að þetta tengist ekki miðlægum gagnagrunni vegna þess að í því plaggi sem hann hefur lagt fram í ríkisstjórn og í því plaggi sem ríkisstjórnin hefur samþykkt er að finna skilgreiningu sem kollvarpar skilgreiningu frv. til laga um miðlægan gagnagrunn á því hvað eru persónugreinanlegar upplýsingar. Þar með fellur ekki bara sá þáttur frv. heldur líka sú aðferð sem þar er notuð til að verja að menn fari ekki þá leið að leita upplýsts samþykkis. Með öðrum orðum, það er nauðsynlegt að við fáum að sjá hér í þingsalnum hvort ríkisstjórnin hefur eina eða tvær skoðanir á þessu mikilvæga máli. Ég tel því að ærlegt væri og heiðarlegt að leggja þetta frv. fyrir og mér finnst að krafa okkar um það sé sanngjörn, sér í lagi ef hæstv. ríkisstjórn ætlar með einhverjum hætti að reyna að draga okkur, sem höfum sýnt þessu máli vild, til samþykktar við málið. Það er ekki verið að hjálpa okkur með því framferði.

[14:02]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst vil ég leiðrétta það sem hv. 9. þm. Reykv. segir af tíðindum um afstöðu manna í þingflokki Sjálfstfl. Hv. þm. situr ekki þá fundi og veit því nákvæmlega ekkert um það hvernig skoðanir manna kunna að skiptast í þeim efnum. En um þetta sérstaka mál get ég fullyrt að þar er enginn sá ágreiningur uppi sem hv. þm. lýsti og orð hans því algerlega marklaus um þetta atriði, og ekki í fyrsta skipti.

Hitt atriðið sem hv. þm. vék að þegar hann nefndi tiltekin efnisatriði í drögum að frv. um vernd persónuupplýsinga, þar sem hann vék að skilgreiningum á persónuvernd. Þetta efnisatriði skiptir að sjálfsögðu engu máli varðandi afgreiðslu gagnagrunnsfrv. vegna þess að þau atriði sem máli skipta þar og lúta að persónuvernd eru um hvort kröfum um persónuvernd er fullnægt. Það liggur fyrir að kröfum þar um er fullnægt og kemur skilgreiningum á hugtökum ekkert við. Hv. þm. hefur því með ræðu sinni útskýrt það sjálfur að engin þörf er á að tengja þessi mál saman miðað við hans eigin málflutning.

Fjáraukalög 1998, frh. 2. umr.

Stjfrv., 173. mál. — Þskj. 178, nál. 392 og 395, brtt. 396 og 397.

[14:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en atkvæðagreiðsla hefst vill forseti tilkynna þetta: Á þskj. 397, í brtt. minni hluta fjárln., er talnavilla. Þar segir að breyting milli frv. og tillögu minni hlutans sé 152 millj. kr. en sú tala á að vera 146 millj. kr. Þetta er hér með leiðrétt, en búið er að prenta skjalið upp og dreifa því.

Í öðru lagi verður atkvæðagreiðslu við fjáraukalagafrv. hagað eins og við afgreiðslu fjárlagafrv. í fyrra, þ.e. fyrst verða greidd atkvæði um sundurliðanir 1 og 2 og síðan um einstakar greinar frv. en þær breytast eftir afgreiðslu á sundurliðunum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]

Sundurliðun 1 (tekjur í A-hluta) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, MF, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, DO, EgJ, GÁ, KÁ, LMR, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:06]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fjárlög þessa árs gerðu ráð fyrir lítils háttar afgangi en nú er ljóst að hallinn verður a.m.k. 3,4 milljarðar kr. Með hliðsjón af þróun síðustu mánaða er líklegt að tekjur af virðisaukaskatti verði umtalsvert minni en áætlað er í þessu frv. eða sem svarar 1,5–2 milljörðum kr. og launahækkanir og lífeyrisskuldbindingar séu vanmetnar um 1 milljarð kr. Þá er ljóst að fjárhagsvandi sjúkrahúsanna í Reykjavík er ekki leystur nema að hluta til í frv. en minni hlutinn leggur reyndar til að þar verði bætt um betur. Með hliðsjón af athugun og viðræðum sem nú eru í gangi hefur minni hlutinn hins vegar ákveðið að draga þessar tillögur sínar til baka til 3. umr.

Herra forseti. Endanleg niðurstaða fjárlaga 1998 gæti orðið halli upp á 6–9 milljarða kr. Meiri hlutinn ber alla ábyrgð á þessu dæmi. Minni hlutinn greiðir ekki atkvæði við sundurliðun 1, né heldur 1., 2., og 3. gr. frv. en styður allflestar brtt. við sundurliðun 2 en situr því næst hjá við afgreiðslu frv. í heild.

[14:07]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hefur gert grein fyrir afstöðu minni hlutans, en eins og fram kemur í

áliti minni hluta liggja fyrir upplýsingar um 3,5 milljarða skekkju í fjárlagadæmi ríkisstjórnarinnar vegna ársins 1998. Ég verð, herra forseti, að gera grein fyrir því að ég tel vera ástæðu og rök til að ætla að halli ársins verði enn meiri eða á bilinu 7–9 milljarðar sem felst í eftirfarandi: Ofáætluðum virðisaukaskatti um 1 milljarð umfram það sem gerð er grein fyrir, vanáætluðum launahækkunum upp á 1–1,5 milljarða og vanáætluðum lífeyrisskuldbindingum upp á 1–2 milljarða. Þ.e. um er að ræða u.þ.b. 4 milljarða til viðbótar þeim upplýsingum sem minni hlutinn hefur nú þegar lagt fram gögn um.

Brtt. 396,1–2 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 396,3.a samþ. með 36:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, MF, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

8 þm. (DO, GÁ, KÁ, PP, RG, SJóh, SAÞ, StG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:10]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er gerð tillaga um að greiða öllum innlendum verðbréfafyrirtækjum og bönkum þóknun fyrir þátttöku þeirra í sölu á Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og raunar sem undirverktökum hjá því fyrirtæki sem var verið að selja, þ.e. Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Með öðrum orðum, honum er falið að selja sjálfan sig og kalla síðan til aðstoðar ýmsa verðbréfasjóði sem opinberlega hafa lýst því yfir og hælt sér af því að hafa verið stórtækir í kaupum á þessum banka og notað til þess ýmsar aðferðir, m.a. söfnun kennitalna. Þetta er auðvitað leikhús fáránleikans og viðskiptasiðferði sem ég tek ekki þátt í og segi því nei við þessari tillögu.

[14:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er eins og venjulega þegar kemur að einkavæðingunni eða einkavinavæðingunni, þá er nóg af peningum. Hér á að spreða út 50 millj. kr., dreifa þeim á banka og verðbréfafyrirtæki til að borga þeim fyrir útboð á hlutabréfum sem þau svo sjálf fljúgast á um að hreppa þegar þau eru komin til sölu og bjóða offjár í kennitölur almennings til að hrammsa þetta síðan til sín. Verður þá skrípaleikurinn ekki fullkomnaður með betri hætti en að borga þeim fyrir að standa í þessum áflogum um bréfin sem sett eru á markað. Ég segi eins og er, herra forseti, að það er örugglega víða meiri þörf fyrir þessar 50 millj. kr. en í þessa hít. Ég greiði því atkvæði gegn þessari tillögu með alveg óvenjulega góðri samvisku.

[14:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er gott að vita þetta síðasta sem hv. ræðumaður sagði. En það er undarleg afstaða að vera á móti því að greiddar skulu þóknanir eða sölulaun eins og í því tilfelli sem hér er um að ræða. Mér finnst það alveg furðuleg afstaða sem hér kemur fram, að fyrirtæki eigi að taka að sér að veita þessa þjónustu án þess að fá eitthvað greitt fyrir hana. En ég vil taka fram, herra forseti, og nauðsynlegt er að fólk átti sig á því að breyting hefur orðið á framsetningu. Áður fyrr var sölukostnaður jafnan dreginn frá heildarandvirði seldra eigna ríkisins og því sást hann ekki. En nú er búið að breyta þessu. Nú er heildarbrúttóandvirðið tekið inn og síðan er gerð grein fyrir sölukostnaðinum með sérstakri færslu. Ég hélt frekar að fólk ætti að fagna því þegar svona hlutir eru gerðir gagnsæir og allir gætu séð hvað hlutirnir kosta í þessu sambandi í stað þess að hafa allt á hornum sér, jafnvel þótt menn hafi bærilega samvisku við það.

Brtt. 396,3.b samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 396,4–33 og sérstök yfirlit I og II samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 397 kölluð aftur.

Brtt. 396,34–46 samþ. með 55 shlj. atkv.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, MF, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EKG, GÁ, KÁ, PP, RG, SJóh, SAÞ, StG) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, MF, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, GÁ, KÁ, PP, RG, SJóh, SAÞ, StG) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, MF, RA, SighB, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, GÁ, KÁ, PP, RG, SJóh, SAÞ, StG) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, MF, RA, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, DO, GÁ, KÁ, PP, RG, SJóh, SAÞ, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 181, nál. 374 og 398, brtt. 375 og 399.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]

Brtt. 399,1 felld með 49:4 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, GMS, LB, PHB.

nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.

1 þm. (GE) greiddi ekki atkv.

9 þm. (DO, GÁ, KÁ, PP, RG, SJóh, SAÞ, StG, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:19]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Margt fólk hefur þá lífssýn að betra sé að einstaklingar fari með eignir en opinberir aðilar eða aðilar sem eiga ekki eignirnar og hafa ekki hagsmuni af eignunum. Í samræmi við þessa lífssýn er hér með lagt til að sjóðfélagar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verði formlega lýstir eigendur hans enda vandséð hverjir aðrir eigi þetta mikla fé.

1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 399,2 felld með 50:4 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, GMS, LB, PHB.

nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, RA, SighB, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

9 þm. (DO, GÁ, KÁ, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:21]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í brtt. meiri hluta hv. efh.- og viðskn. er gert ráð fyrir að aðilar tilnefni stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda sem hafa engin tengsl við félaga sjóðsins. Hér er lagt til að sjóðfélagar Söfnunarsjóðsins kjósi stjórn sjóðsins sjálfir og er það í samræmi við þá lífssýn sem margt fólk hefur að fullveðja einstaklingar eigi og séu færir um að taka ákvarðanir um helstu mál er þá varðar. Þær breytingar sem eru lagðar til taka mið af þessari trú á einstaklinginn.

Brtt. 375,1 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

3 þm. (ÁRJ, GMS, PHB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, GÁ, KÁ, PP, RG, SJóh, SAÞ, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs við 1. umr. málsins og gagnrýndi þá 3. gr. frv. á þeirri forsendu að hún þrengdi aðkomu að stjórn sjóðsins. Það væri mikilvægt að fulltrúar allra þeirra samtaka sem aðild eiga að sjóðnum fái beina eða óbeina aðkomu að sjóðstjórninni.

Sú brtt., sem verið er að greiða atkvæði um, kemur til móts við þessar óskir og er ég samþykkur þessum breytingum sem eru á heildina litið mun lýðræðislegri en þær sem voru upphaflega lagðar til og mun lýðræðislegri en sú lausn að fela aðalfundi allt forræði í hendur. Þess má geta til upplýsingar að á síðasta aðalfundi Söfnunarsjóðsins mættu auk stjórnar aðeins tveir einstaklingar og heitir annar þeirra Pétur Blöndal og er að sjálfsögðu titlaður háttvirtur í þessum sal.

3. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, RA, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GMS, PHB) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GÁS, GÁ, KÁ, LB, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG) fjarstaddir.

4.–11. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 375,2 samþ. með 53 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

13.–14. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 399,3 felld með 50:3 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, GMS, PHB.

nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LMR, MS, MF, ÓE, ÓÖH, RA, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

10 þm. (DO, GÁ, KÁ, LB, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG) fjarstaddir.

Brtt. 375,3 samþ. með 51 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

16. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 399,4 kölluð aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, RA, SighB, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, DO, GÁ, KÁ, MF, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG) fjarstaddir.

Framkvæmdasjóður Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 123. mál (afnám laga). — Þskj. 123, nál. 376.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.
8 þm. (DO, GÁ, KÁ, PP, RG, SJóh, SAÞ, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:29]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég stend að áliti efh.- og viðskn. um að leggja þessa stofnun niður. Það er ekkert sjálfsagðara. Hins vegar átti ég ekki kost á því að fara yfir það við 2. umr. málsins hvaða skuldbindingar það eru sem ríkissjóður er að yfirtaka frá þessari stofnun sem á mjög merkilega sögu sem heitir Framkvæmdasjóður, Framkvæmdabanki, Byggðastofnun og fleira í gegnum tíðina. Þær skuldbindingar sem ríkissjóður er að taka á sig fyrir þessa sjoppu eru aðallega lífeyrisskuldbindingar. Þær eru gríðarlega háar og hv. efh.- og viðskn. fékk upplýsingar um það við meðferð málsins hve miklar þær væru og ég áskil mér rétt til að gera grein fyrir þeim upplýsingum við 3. umr. málsins, herra forseti.

2.–3. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999, frh. fyrri umr.

Stjtill., 296. mál. — Þskj. 353.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um Norræna fjárfestingarbankann, frh. fyrri umr.

Stjtill., 297. mál. — Þskj. 354.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Norræni fjárfestingarbankinn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 333.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 410 og 417. — Afbrigði samþ. með 52 shlj. atkv.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 2. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 109, nál. 402, 406 og 409, brtt. 403, 410 og 417.

[14:34]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta heilbrn. um frv. til laga gagnagrunn á heilbrigðissviði á þskj. 402. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila, um 67 einstaklinga, og umsagnir hafa borist frá afar mörgum einstaklingum, stofnunum og öðrum aðilum eða um 49 talsins.

Þetta mál er í heild sinni afar merkilegt. Aðalatriðin eru þau að við Íslendingar búum yfir vel færðum sjúkraskrám til margra ára. Við eigum góðar ættfræðiskrár og höfum tiltölulega lítið blandast öðrum þjóðum. Við erum nokkuð einsleit þjóð miðað við margar aðrar. Hér eru því aðstæður til vísindarannsókna í læknisfræðilegum tilgangi góðar. Vegna þessara aðstæðna hafa stjórnvöld ákveðið að heimila gerð eins miðlægs gagnagrunns sem nota má til rannsókna til að bæta heilbrigðisþjónustu.

Að mínu mati ber stjórnvöldum skylda til að opna möguleika á uppsetningu og notkun slíks gagnagrunns. Af hverju? Jú, áhættan sem í slíku felst er eiginlega engin. Persónuverndar er tryggilega gætt samkvæmt frv. Söknarfærin eru hins vegar mörg og mikilvæg. Miðlægur gagnagrunnur er nýtt rannsóknartæki til viðbótar þeim dreifðu frumgagnagrunnum sem til eru og við opnum þannig möguleika á nýju rannsóknartæki til framfara fyrir okkur og aðra. Ef við notum ekki þetta tækifæri mundum við trúlega naga okkur í handarbökin. Það tekur langan tíma að setja upp gagnagrunn og hvernig það gengur endanlega vitum við ekki. Það fer eftir þeim aðila sem fær rekstrarleyfið. En það er okkar að gefa þann möguleika sem hér um ræðir.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Það var síðan lagt fram nokkuð breytt nú í haust og hefur heilbrigðis- og tryggingnefnd fjallað ítarlega um málið á fundum sínum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt verði að setja saman og starfrækja miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði með heilsufarsupplýsingum einstaklinga. Gert er ráð fyrir að starfræktur verði einn gagnagrunnur samkvæmt sérstöku rekstrarleyfi sem gefið er út af heilbrigðisráðherra að fenginni umsókn um rekstrarleyfi. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði

er sérstakur gagnagrunnur til viðbótar þeim gagnagrunnum sem fyrir eru í landinu, eins og fram hefur komið, og geymir upplýsingar um einstaka sjúkdóma eða sjúkdómaflokka. Aðgangur vísindamanna að heilsufarsupplýsingum á heilbrigðisstofnunum verður óbreyttur frá því sem verið hefur. Gerð og starfræksla eins miðlægs gagnagrunns með heilsufarsupplýsingum mun því ekki hafa áhrif á möguleika vísindamanna til að hagnýta sér gögn sem skráð eru og kunna að verða skráð í dreifða gagnagrunna heilbrigðisstofnana.

Meiri hlutinn vekur athygli á að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og landlæknir eiga alltaf rétt á upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði án endurgjalds til að nota við gerð heilbrigðisskýrslna, áætlana og annarra verkefna. Jafnframt er gert ráð fyrir að upplýsingarnar verði veittar í því formi sem henti stofnununum og að það sé gert án ástæðulausrar tafar. Jafnframt eiga vísindamenn, sem starfa hjá heilbrigðisstofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sem leggja til upplýsingar í gagnagrunn á heilbrigðissviði, aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum gegn lægri þóknun en venjulegt markaðsverð er á hverjum tíma. Litið er svo á að hluti af endurgjaldi rekstrarleyfishafa til ríkisins fyrir afnot af heilsufarsupplýsingum þjóðarinnar sé að veita heilbrigðisstofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sem leggja til efni aðgang að upplýsingum á hagstæðari kjörum en þeir geta fengið sem ekki hafa lagt til neinar upplýsingar. Rétt er að taka hér fram að vísindamenn utan stofnana, sem leggja til upplýsingar í grunninn, geta í samstarfi við vísindamenn stofnana sem leggja til í grunninn, einnig unnið að rannsóknum í gagnagrunninum með þeim fyrirvörum sem almennt gilda.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir aðgangsnefnd sem á að fjalla um umsóknir vísindamanna um aðgang að gagnagrunninum. Töluverðar umræður spunnust um hvaða upplýsingar vísindamenn verði að leggja fyrir aðgangsnefndina en í 5. mgr. 9. gr. er meðal annars lagt fyrir ráðherra að mæla nánar fyrir um í reglugerð hvaða gögn vísindamenn þurfi að leggja fram. Meiri hlutinn bendir á að gert er ráð fyrir að vísindamenn sem óska eftir upplýsingum úr gagnagrunninum þurfi ekki að leggja meiri upplýsingar fyrir nefndina en nauðsynlegt er til þess að nefndarmenn geti metið hvort viðkomandi rannsókn skerði viðskiptahagsmuni rekstrarleyfishafa.

Fjallað var um kostnað af skráningu upplýsinga í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði og vill meiri hlutinn benda á að skv. 7. tölul. 5. gr. frumvarpsins er rekstrarleyfishafa gert að kosta nauðsynlega úrvinnslu heilbrigðisupplýsinga á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum fyrir flutning í gagnagrunninn. Í þessu felst meðal annars að rekstrarleyfishafi þarf að greiða allan vélbúnað og hugbúnað til að annast samræmda skráningu heilsufarsupplýsinga og allan kostnað við þá vinnu. Gert er ráð fyrir að upplýsingakerfin séu hluti af endurgjaldi fyrir heilsufarsupplýsingarnar og verði eign heilbrigðisstofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns.

Meiri hlutinn vekur athygli á því að hver og einn getur hvenær sem er hafnað því að upplýsingar sem kunna að verða skráðar um hann verði fluttar í gagnagrunninn og á það einnig við um þá sem engin sjúkraskrá er til um. Þetta merkir það að menn þurfa ekki endilega að ákveða nú að þeir vilji loka sínum sjúkraskrám. Þeir geta lokað þeim síðar og þá verður ekkert skráð eftir þá dagsetningu. Heilbrigðisstarfsmenn fá ekki upplýsingar um þá sjúklinga sem hafna þátttöku í gagnagrunninum heldur sér tölvunefnd um flutning upplýsinga í gagnagrunninn og notar dulkóðaða skrá frá landlækni til að eyða upplýsingum um þá sem hafa hafnað flutningi gagna svo þær verði ekki fluttar í gagnagrunninn. Þá getur sjúklingur ákveðið þátttöku í gagnagrunninum þótt heilbrigðisstofnun eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmaður sem varðveitir sjúkraskrá hans semji ekki um flutning upplýsinga í gagnagrunninn. Þannig er alveg skýrt að réttur sjúklings er meiri en læknis hvað varðar þátttöku í grunninum. Gert er ráð fyrir að almennar reglur lögræðislaga gildi um þá sjúklinga sem ekki geta veitt samþykki sitt, t.d. börn og ólögráða menn. Í því sambandi vill meiri hlutinn vekja athygli á ákvæðum barnalaga, nr. 20/1992, en í 5. mgr. 29. gr. laganna er mælt fyrir um að foreldar skuli, eftir því sem gerlegt er, hafa samráð við börn sín áður en persónulegum högum þeirra er ráðið til lykta.

Talsverð gagnrýni hefur komið fram á frv. vegna siðferðilegra sjónarmiða. Bent hefur verið á að óeðlilegt sé að ekki fari fram vísindasiðalegt mat á rannsóknum og fyrirspurnum áður en þær fara til vinnslu í gagnagrunninum. Einnig að þar sem ekki eigi að leita eftir samþykki sérstaklega fyrir fram hjá þeim sem verða með í grunninum sé mjög brýnt að stofna vísindasiðanefnd til að meta fyrirspurnir áður en veittur er aðgangur að gagnagrunninum.

Meiri hlutinn tekur tillit til þessara ábendinga og þessarar gagnrýni og leggur því til að komið verði á fót þverfaglegri siðanefnd sem hafi það hlutverk að meta fyrir fram hvort vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd tiltekinna rannsókna eða vinnslu fyrirspurna. Lögð er áhersla á að mikilvægt er að málsmeðferð verði einföld og skilvirk og gangi greiðlega fyrir sig.

Samkvæmt 13. gr. getur ráðherra afturkallað rekstrarleyfi ef rekstrarleyfishafi eða starfsmenn hans gerast brotlegir við lögin, rekstrarleyfishafi uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fyrir rekstrarleyfi eða verður ófær um að starfrækja gagnagrunninn. Ráðherra gæti til dæmis afturkallað rekstrarleyfi ef rekstrarleyfishafi verður gjaldþrota þar sem hann væri þá ekki lengur fær um að starfrækja gagnagrunninn. Það ætti einnig við ef rekstrarleyfishafi hætti starfrækslu gagnagrunnsins af öðrum ástæðum.

Meiri hlutinn vekur athygli á nýju ákvæði um skaðabætur sem lagt er til að bætt verði inn í frumvarpið. Samkvæmt því skal rekstrarleyfishafi bæta einstaklingi fjárhagstjón ef brotið er gegn ákvæðum um vernd persónuupplýsinga í frumvarpinu eða skilmálum sem tölvunefnd setur rekstrarleyfishafanum nema rekstrarleyfishafi geti sannað að ekki hafi verið um að ræða mistök eða vanrækslu af hans hálfu, starfsmanna hans eða þess sem hann felur vinnslu upplýsinga.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í þingskjali 403. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á skilgreiningu hugtaksins erfðafræðilegar upplýsingar í 7. tölul. 3. gr. þannig að hún sé í samræmi við 1. gr. tilmæla Evrópuráðsins um vernd heilsufarsupplýsinga nr. R(97)5.

2. Þá er lögð til viðbót við 4. gr. þar sem ráðherra er veitt heimild til að semja við rekstrarleyfishafa um frekari greiðslur en mælt er fyrir um í frumvarpinu. Ætlunin með breytingunni er að unnt sé t.d. að semja um hlutdeild ríkisins í ágóða af rekstri gagnagrunnsins þar sem ríkið hefur lagt til frumupplýsingarnar sem gagnagrunnurinn byggist á. Hér er

ekki um skattlagningu að ræða heldur heimild ráðherra til að semja við rekstrarleyfishafann um frekara endurgjald.

Ákvæði sambærilegt við þetta var í grg. en rétt þótti að taka það inn í lögin.

3. Lagt er til að nýjum tölulið verði bætt við 5. gr. Í honum er kveðið á um að rekstrarleyfishafi skuli aðgreina rekstur gagnagrunnsins fjárhagslega frá öðrum rekstri fyrirtækis síns og er breytingin lögð til í samræmi við samkeppnislög.

Rétt er að taka fram varðandi 10. tölul. 5. gr. frv. að rekstrarleyfishafi skal tryggja þegar leyfistíma lýkur að heilbrigðisráðuneytið eða sá sem ráðherra felur starfrækslu gagnagrunnsins fái ótímabundin afnot af öllum hugbúnaði og réttindum sem nauðsynleg eru til viðhalds og starfrækslu gagnagrunnsins.

Eins og fram kemur í grg. er þessu ákvæði er ætlað að tryggja að réttur samkvæmt höfundarréttarlögum og/eða tilskipun Evrópusambandsins nr. 96/9, um lögverndun gagnagrunna, standi ekki í vegi fyrir því að heilbrigðisráðuneytið, eða sá sem ráðherra felur starfrækslu grunnsins, hafi nauðsynlegan afnotarétt af hugbúnaði og samsetningu gagnagrunnsins.

Vegna þessa er rétt að benda á að gangi starfræksla gagnagrunnsins vel og rekstrarleyfishafi uppfyllir skilyrði laga og rekstrarleyfis verður að teljast líklegt að rekstrarleyfi hans verði framlengt að loknum 12 ára leyfistíma. Þá yrði hins vegar ekki um einkarétt að ræða, heldur gæti heilbrrh. veitt fleirum leyfi til að starfrækja slíkan gagnagrunn.

4. Lagðar eru til tvær efnisbreytingar á 7. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að orðalagi 1. mgr. verði breytt á þann veg að í stað þess að rekstrarleyfishafa verði heimilt að fá upplýsingar úr sjúkraskrám verði ákvæðið orðað þannig að heilbrigðisstarfsmönnum verði heimilt að afhenda rekstrarleyfishafa upplýsingar úr sjúkraskrám. Þessi breyting er lögð til til að taka af öll tvímæli um að heilbrigðisstarfsmönnum verði heimilt að afhenda upplýsingarnar. Í öðru lagi er lagt til að orðalagi varðandi dulkóðun verði breytt þannig að skýrt sé að persónuauðkenni skuli dulkóðuð á heilbrigðisstofnun og af tölvunefnd. Heilsufarsupplýsingar skulu hins vegar dulkóðaðar á heilbrigðisstofnun og fluttar í dulkóðuðu formi í gagnagrunninn til að tryggja öryggi þeirra. Þessi breyting er lögð til vegna þess að orðalag frumvarpsins var villandi að þessu leyti og mátti skilja það svo að rekstrarleyfishafi hefði einungis dulkóðaðar heilsufarsupplýsingar í gagnagrunninum. Tekin eru af tvímæli um það að persónuauðkenni sjúklinga eru alltaf dulkóðuð en heilsufarsupplýsingar eru það aðeins meðan á flutningi þeirra stendur.

5. Þá er lagt til að tekið verði fram í 1. mgr. 8. gr. að sjúklingur geti hvenær sem er neitað flutningi upplýsinga í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

6. Með breytingu á 9. gr. leggur meiri hlutinn áherslu á að hluti af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir sérleyfið sé fólginn í því að veita vísindamönnum heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sem leggja til frumgögn í gagnagrunninn aðgang á öðrum kjörum en markaðsverði á hverjum tíma.

7. Lögð er til viðbót við 10. gr. en nauðsynlegt þykir að kveða nánar á um hlutverk tölvunefndar við samtengingu ættfræðiupplýsinga við heilsufarsupplýsingar í gagnagrunninum. Gert er ráð fyrir því að ættfræðiupplýsingar verði í miðlægum gagnagrunni en þær verði geymdar í aðskildu gagnasafni og við samtengingu þeirra við heilsufarsupplýsingar í gagnagrunninum þarf að gæta sérstaks vinnuferlis sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar. Við samtengingu upplýsinga við aðra gagnagrunna fer eftir almennum lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

8. Lagt er til að við 12. gr. bætist ný málsgrein um þverfaglega siðanefnd. Lagt er til að ráðherra verði gert skylt að setja reglugerð um siðanefnd sem hafi það hlutverk að meta rannsóknir sem gerðar eru innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem gerðar eru í gagnagrunninum. Ráðherra kveður nánar á um í reglugerð hvernig nefndin skuli skipuð og um starfshætti hennar að öðru leyti. Þessi nefnd er því ekki héfðbundin innanhússnefnd, skipuð af stjórn viðkomandi starfsleyfishafa, heldur mun ráðherra sérstaklega setja reglugerð um hvernig hún skuli skipuð.

9. Lagt er til að orðalag 14. gr. verði einfaldað án þess að um efnisbreytingu sé að ræða.

10. Lagt er til að felld verði brott vísun 15. gr. til 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um opinbera starfsmenn. Þykir tilvísunin ekki eiga við um rekstrarleyfishafa sem er lögaðili og telst ekki falla undir skilgreiningu á opinberum starfsmanni.

11. Lagt er til að við frumvarpið verði bætt nýju ákvæði, sem verður 17. gr., um skaðabótaskyldu rekstrarleyfishafa gagnvart einstaklingum vegna brota á ákvæðum laganna, reglum settum samkvæmt þeim eða skilyrðum sem tölvunefnd setur rekstrarleyfishafa vegna starfseminnar. Rekstrarleyfishafa er skylt að bæta einstaklingnum fjárhagslegt tjón sem hann hefur orðið fyrir en bætur vegna ófjárhagslegs tjóns koma ekki til álita. Rekstrarleyfishafi ber ábyrgð á grundvelli sakar gagnvart einstaklingnum en ber þó hlutlæga ábyrgð á brotum starfsmanna sinna eða þeim sem hann felur vinnslu upplýsinga. Tekið er fram að rekstrarleyfishafi getur firrt sig ábyrgð ef hann sannar að tjónið verði ekki rakið til sakar hans eða aðila sem hann ber ábyrgð á.

12. Lagt er til að tekið verði fram í 2. mgr. 17. gr., sem verður 18. gr., að ráðherra skuli setja nánari fyrirmæli í reglugerð um aðgangstakmarkanir sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. sem lúta sérstaklega að aukinni persónuvernd.

13. Loks er lagt til að leiðrétt verði tilvísun í ákvæði til bráðabirgða I, en þar er ranglega vísað til 4. mgr. 4. gr. í stað 3. mgr. 4. gr.

Herra forseti. Ég hef farið ítarlega yfir nál. meiri hlutans og meiri hlutinn skrifar undir þetta allur. En rétt er að taka fram að Lára Margrét Ragnarsdóttir skrifar undir með fyrirvara.

[14:52]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Fimm hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvör. Það gengur ekki upp jafnvel þótt ræðutími verði styttur í eina mínútu ef menn nota sér ýtrasta rétt til að tala tvisvar. En ræðutíminn er styttur í eina mínútu og við sjáum hvernig fer.

[14:53]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Almennar reglur sem alls staðar eru viðhafðar þegar um er að ræða rannsóknir sem varða einstaklinga, gera ráð fyrir því að viðkomandi geti hvenær sem er hætt þátttöku í rannsókninni. Í 8. gr. frv. um réttindi sjúklinga er gert ráð fyrir því að sjúklingur geti hætt þátttöku og með brtt. meiri hlutans sem fulltrúar jafnaðarmanna í heilbr.- og trn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir styðja, er gert ráð fyrir að það geti gerst hvenær sem er. En í frv. um gagnagrunn er ekki gert ráð

fyrir að þegar menn hætti þátttöku geti þeir óskað eftir því að við þá breytingu verði allar upplýsingar um þá dregnar út úr grunninum. Þetta er algerlega á skjön, herra forseti, við tveggja ára gömul lög um réttindi sjúklinga. Siðfræðiráð Læknafélags Íslands, Mannvernd og Geðvernd hafa öll óskað eindregið eftir því að þetta verði tryggt og telja öll að núverandi gerð frv. fari í bága við viðteknar reglur. Ég vil spyrja hv. þm., frsm. meiri hlutans: Hvaða rök eru fyrir því að leggjast gegn þessari breytingu?

[14:54]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að taka fram að hér er um ópersónugreinanlegar upplýsingar að ræða og því þyrfti eiginlega ekki að leyfa fólki að hætta þátttöku og sleppa því að vera með, en það er nú samt leyft. Hér er gefinn möguleiki á því að vera ekki með í gagnagrunninum frá upphafi. Viðkomandi getur lokað sínum sjúkraskrám og getur líka ákveðið síðar að hætta þátttöku. En það er rétt sem hér hefur komið fram að ekki er leyft að draga upplýsingar til baka og aðalrökin fyrir því eru þau að ef það væri unnt þá væri gagnagrunnurinn ekki eins gott rannsóknartæki. Þá væri erfiðara að gera samanburðarrannsóknir þar sem samanburðarþýðið mundi breytast. Hugsanlegt er að stórir hópar dyttu út og þar sem þetta eru ópersónugreinanlegar upplýsingar teljum við ekki rétt að skerða gagnagrunninn sem rannsóknartæki með því að leyfa fólki að draga sig út afturvirkt.

[14:56]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru alveg fáheyrðar yfirlýsingar sem hv. varaformaður heilbr.- og trn. gefur hér vegna þessarar spurningu. Sjúklingar eiga ekki að hafa þann rétt að láta eyða upplýsingum um sig í þessum gagnagrunni. Við getum deilt endalaust um persónugreinanleika upplýsinganna. Látum það vera. Það er grundvallarregla að menn geti hætt við og menn geti dregið allar upplýsingar sínar til baka. En rökin fyrir því, herra forseti, af hverju það er ekki leyft, eru þau að nú er gagnagrunnurinn allt í einu ekki orðinn jafngott rannsóknartæki. Hvað þýðir það? Það þýðir, herra forseti, að fjárhagslegum hagsmunum rekstraraðilans er steypt í voða með því að heimila þessi sjálfsögðu réttindi sjúklinga. Ég bið menn að athuga, herra forseti, hvað hæstv. varaformaður heilbr.- og trn. var að segja. Það á að ganga á rétt sjúklinganna. Þetta mál er nú nógu erfitt. Það á ekki einungis að ganga á þann sjálfsagðan rétt sjúklinga að geta hætt í grunninum heldur líka að upplýsingum sé hægt að eyða, sem er grundvallaratriði. En rökin fyrir því að þetta sé ekki hægt eru að fjárhagsstöðu rekstrarleyfishafans er stefnt í hættu. Svona er ekki hægt að gera, herra forseti.

[14:57]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég gat um áðan getur fólk ákveðið að vera ekki með í grunninum. Hér er um ætlað samþykki að ræða þannig að ekki eru sérstök rök fyrir því að telja það eðlileg réttindi að eyða upplýsingum sem komnar eru í grunninn. Upplýsingarnar eru ópersónugreinanlegar og við erum að gefa möguleika á að setja upp miðlægan gagnagrunn sem á að nýta sem rannsóknartæki til að bæta læknisþjónustu m.a. Því er mjög brýnt að þessi gagnagrunnur verði eins góður og kostur er á og þess vegna teljum við óæskilegt að fólk geti þurrkað út sínar upplýsingar afturvirkt. Það getur ákveðið að vera ekki með og það getur ákveðið síðar að vera ekki með. En það er óeðlilegt að þurrka það út sem þegar er farið inn í hann.

[14:58]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ljóst að með þessu frv. og afgreiðslu meiri hluta heilbr.- og trn. er persónuverndin fótum troðin, ekki síður í ljósi þess að hér hafa ekki verið afgreidd boðuð lög um persónuvernd og vernd persónuupplýsinga og ég spyr hv. talsmann meiri hlutans: Styður talsmaðurinn það að þessi háttur sé á hafður, að fyrst sé þetta samþykkt og síðan förum við að fjalla um nýja löggjöf um persónuvernd? Hvað segir hv. þm. um eignarrétt á upplýsingum í ljósi afgreiðslu laga um réttindi sjúklinga? Upplýsingarnar í sjúkraskrám eru eign þeirra sem veita þær en ekki eign heilbrigðisstofnana. Hvað segir hv. talsmaður meiri hlutans um það að veita vísindamönnum heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sérstakan afslátt ef þeir leggja gögn inn í grunninn? Það er auðvitað algerlega siðlaust, virðulegur forseti.

[14:59]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki viss um að ég komist yfir að svara öllu þessu í stuttu andsvari. Um persónuverndina hefur komið mjög skýrt fram í yfirferð heilbrn. að persónuverndin er trygg. Við höfum fengið gögn um það bæði frá Lagastofnun, Skýrsluvélum ríkisins og fleiri aðilum.

Um tölvunefnd og hlutverk hennar vil ég sérstaklega taka fram að frv. sem hv. þm. vitnaði í áðan er ekki beint tengt við þetta frv. sem við fjöllum um hér vegna þess að þar er um tilskipun frá Evrópusambandinu að ræða sem við munum sjálfsagt færa í lög óháð þessu gagnagrunnsfrv. Það er reyndar ekki orðið þingskjal og ekki komið frá þingflokki en tölvunefnd verður að sjálfsögðu í miklu hlutverki eins og fram kemur í frv. þar sem væntanlegur starfsleyfishafi á að greiða fyrir eftirlit tölvunefndar. Að sjálfsögðu verður tölvunefnd mjög öflug til þess að geta sinnt því eftirliti sem kveðið er á um í lögunum.

[15:01]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er greinilegt að það á af hálfu meiri hlutans, ef fylgt er talsmanni hans, að staglast og þrástagast á því að hér sé ekki um persónugreinanlegar upplýsingar að ræða. Það á að vera lykilatriði í vörninni hjá meiri hlutanum sem ætlar að bera þetta fram. Vitnað er í stofnanir, stofnun eins og Lagastofnun Háskólans. Hvaða viska er það sem Lagastofnun Háskólans býr yfir? Ef það væri lagadeildin mundi ég hlusta á það. En að eitthvert álit sem einhver lögfræðingur fær greitt fyrir sé eitthvað marktækt í þessum efnum. Það er alveg ljóst í ljósi þess sem hér kemur fram að engu á að skeyta um persónuverndina varðandi væntanlega nýja löggjöf og rökin sem eru borin fram í því efni að taka afgreiðslu þessa máls fram fyrir væntanlega nýja löggjöf um persónuvernd og verndun persónuupplýsinga undirstrikar það algera virðingarleysi sem meiri hlutinn hefur í sambandi við þetta grundvallaratriði málsins.

[15:02]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil lesa stuttlega upp úr umsögn Lagastofnunar, með leyfi forseta:

„Ef heildarmat á þessum ráðstöfunum öllum" — það eru ákveðnar ráðstafanir sem á að gera til að tryggja persónuvernd — „leiðir til þeirrar niðurstöðu að persónugreining gagnanna teljist ekki með sanngirni raunhæfur möguleiki án verulegrar fyrirhafnar og mannafla, þá eru upplýsingarnar samkvæmt mælikvarða þjóðarréttar ópersónugreinanlegar. Eins og frumvarpið er sett fram og að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem að framan eru rakin um nánari útfærslu verklags- og vinnuferla teljum við þó að þjóðarréttur standi því ekki í vegi að löggjafinn geti metið það svo að upplýsingar í gagnagrunninum teljist ópersónugreinanlegar."

Þetta þýðir að persónuverndin er trygg. Varðandi það sem kom fram í fyrra andsvari hv. ræðumanns um að sjúklingarnir ættu upplýsingarnar í sjúkraskrám, þá er það ekki svo. Við tókum á þessu í heilbrn. þegar við fjölluðum um frv. um réttindi sjúklinga. Sjúklingurinn á ekki sjúkraskrána, læknirinn á ekki sjúkraskrána, heilbrigðisstofnun á ekki sjúkraskrána. Hins vegar er hún í vörslu heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi lækna. Það á enginn beint upplýsingarnar í sjúkraskrá.

[15:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. vegna greinar sem birtist í Morgunblaðinu sl. föstudag eftir Boga Andersen, sem er sérfræðingur í sameindaerfðafræði og lyflæknisfræði við læknadeild Kaliforníuháskóla í San Diego. Yfirskrift greinarinnar er Einkaréttur Íslenskrar erfðagreiningar — óréttur sjúklinga og vísindamanna.

Í greininni kemur fram, með leyfi forseta, og ég vitna í hana:

„Með öðrum orðum þá eru afleiðingar einkaréttar ÍE að sjúklingar eru sviptir ráðstöfunarrétti eigin heilsufarsupplýsinga og hann afhentur læknum og stjórnum heilbrigðisstofnana."

Vitnað er í svar skrifstofustjóra í heilbrrn., Ragnheiðar Haraldsdóttur, þar sem segir að stofnanir muni „gera sérsamning við starfsleyfishafa um aðgang að heilsufarsupplýsingum". Nú spyr ég hv. þm. hvort hún sé á sama máli og komist að sömu niðurstöðu miðað við þetta svar skrifstofustjórans í ráðuneytinu.

[15:05]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ómögulega verið sammála því sem lesið var upp úr viðkomandi blaðagrein, að segja sem svo að sjúklingur sé sviptur ráðstöfunarrétti yfir upplýsingum sínum. Það er aldeilis ekki svo. Sjúklingur getur ákveðið að vera ekki með, hann getur sagt blátt nei, ég vil ekki vera með. En segja síðan að sjúklingur sé sviptur þessum ráðstöfunarrétti og hann sé færður til lækna og stofnana er ekki rétt. Það er einmitt mjög skýrt í nefndaráliti okkar að ef læknir segir nei, eins og margir læknar virðast ætla að gera, því miður, þá getur sjúklingur sagt já og það er sjúklingurinn sem ræður. Ráðstöfunarréttur hans er sterkari en ráðstöfunarréttur læknis og ég vona svo sannarlega að sjúklingar og landsmenn almennt taki þá ákvörðun að vera með í þessum miðlæga gagnagrunni af því að hann felur í sér mjög mikil tækifæri. Menn verða að átta sig á því.

Ég ítreka að réttur sjúklings er sterkari en réttur læknis sem ekki vill vera með.

[15:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi umræðuna í nefndinni þannig að ekki væri verið að skerða réttindi eða ráðstöfunarrétt sjúklings með þessu frv. Ég tel því afar mikilvægt að það komi mjög skýrt fram hjá hv. þm. í þessari umræðu að einkaleyfi rekstrarleyfishafans skerði á engan hátt réttindi sjúklingsins, þ.e. ráðstöfunarrétt sjúklingsins yfir heilsufarsupplýsingum sínum, og það að gerðir séu sérsamningar við rekstrarleyfishafa um aðgang að heilsufarsupplýsingum skerði alls ekki réttindi sjúklingsins. Það verður að koma algerlega skýrt fram í þessari umræðu.

[15:07]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. framsögumann, Siv Friðleifsdóttur, um það sem segir í nál. meiri hlutans á bls. 2.

„Meiri hlutinn vekur athygli á að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og landlæknir eiga alltaf rétt á upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði án endurgjalds til að nota við gerð heilbrigðisskýrslna, áætlana og annarra verkefna."

Það kemur m.a. fram í umræddum drögum að frv. um persónuvernd, og vakin hefur verið athygli á því, að eitt frumhlutverk slíkra reglna um persónuvernd sé að tryggja að ríkisvaldið misnoti ekki aðstöðu sína og aðgang að upplýsingum gagnvart einstaklingum. Ég spyr: Hvað er átt við með „áætlana og annarra verkefna"? Getur verið að unnt sé að nota þetta í tengslum við fjárveitingar til sjúkrahúsanna, hugsanlega í tengslum við hvaða læknismeðferð gefur meiri árangur en einhver önnur? Mér finnst mjög mikilvægt að það komi skýrt fram hér hvaða önnur verkefni verið er að tala um í áliti meiri hlutans.

[15:08]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki horft mjög langt fram í tímann í þessu efni en ljóst er að rætt hefur verið um það að bæði landlæknir og heilbrigðisyfirvöld geti notað upplýsingarnar í gagnagrunninum til að skoða í framtíðinni hvernig heilbrigðisþjónustan verði sem best. Það yrði þá væntanlega gert með ýmiss konar spurningum t.d. um hvað hugsanlega gerðist ef verð hækkaði á ákveðnum lyfjum. Hvað gerist ef þessari meðferð er beitt í sjúkraþjálfun en ekki einhverri lyfjameðferð? Ég skal ekki segja, en það eru ýmsar slíkar spurningar sem heilbrigðisyfirvöld hljóta að vera mjög spennt fyrir að nota gagnagrunninn í. Þetta eru heilmikil fræði og ég treysti mér því miður ekki hér og nú að fara mjög djúpt í alla þá fjölmörgu möguleika sem hljóta að vera uppi á borðinu í þessu sambandi.

[15:09]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt þetta sem er algerlega óskýrt í allri framsögu meiri hlutans varðandi þetta. Hvað er „sem best heilbrigðisþjónusta"? Er það heilbrigðisþjónusta sem er ódýr og sem kemur til móts við eilífar kröfur um stöðugan og aukinn niðurskurð á sviði heilbrigðismála eins og við erum t.d. að sjá núna, að stóru sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu gera kröfu um að ríkisstjórnin sé samkvæm sjálfri sér varðandi það að þar sem sífellt skortir upp á að framlög

dugi til rekstrar, þá liggi einnig fyrir pólítísk ákvörðun um hvaða meðferð eigi að hætta, hvaða starfsemi innan heilbrigðiskerfisins eigi að hætta? Er besta heilbrigðisþjónustan sú sem er ódýrust, sem uppfyllir stöðugar kröfur um meiri og meiri niðurskurð eða er það heilbrigðisþjónusta sem hefur að leiðarljósi mannúðlega meðferð og þar sem tekið er tillit til friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem til hennar leita?

[15:10]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var heldur dökk mynd sem dregin var upp af heilbrigðisþjónustunni og ég tek ekki ekki undir hana. Nýlega hefur komið fram í fréttum að biðlistar eru að styttast og um minni lokanir deilda er að ræða. Við erum að veita afar góða heilbrigðisþjónustu, eina bestu í veröldinni. Og ég held að allir geti verið sammála því að ef menn veikjast vildu þeir helst veikjast á Íslandi.

En varðandi góða heilbrigðisþjónustu þurfum við að sjálfsögðu að leita allra leiða til að hafa faglega, sterka heilbrigðisþjónustu sem kostar þó ekki meira en hún þarf að kosta. Það er alltaf þetta jafnvægi sem menn þurfa að finna. Við gætum auðvitað farið með öll fjárlög ríkisins í heilbrigðisþjónustuna ef við kærðum okkur um, en ég tel að það væri ekkert vit í því. Þess vegna er mjög brýnt að reyna að nota þennan miðlæga gagnagrunn, sem trúlega verður að veruleika, til þess að fá svör við ýmsum spurningum sem heilbrigðisyfirvöld hljóta að vilja leita svara við til að geta stýrt kerfinu sem hagkvæmast þannig að þjónustan verði góð en hún kosti ekki meira en hún þarf. Það er aðalatriðið.

[15:11]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ræða hv. 4. þm. Reykn. hefur ekki skýrt mikið þetta mál. En það er eitt sérstakt atriði sem ég hef mikinn áhuga á að spyrja hv. þm. um og það er spurningin um sérleyfið eða einkarétt.

Nú hafa helstu sérfræðingar þjóðarinnar á þessu sviði komist að þeirri niðurstöðu að sérleyfið eins og það lítur út í dag fari í bága við EES-samninginn, samanber 54. gr. EES-samningsins. Í áliti meiri hlutans kemur ekkert fram þar sem gerð er tilraun til að hafna þessari niðurstöðu. Ég spyr hv. þm. þeirrar einföldu spurningar: Hvað fær meiri hlutann til að halda áfram með málið þrátt fyrir að færustu sérfræðingar okkar á þessu sviði hafi komist að þeirri niðurstöðu að þessi leið sé andstæð samningi Íslands um Evrópska efnahagssvæðið? Þetta er mjög einföld og skýr spurning. Af hverju er þessi leið farin þrátt fyrir niðurstöðu Samkeppnisstofnunar?

[15:12]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil benda á að t.d. Lagastofnun telur að ekkert sé því til fyrirstöðu að veita sérleyfi og við teljum að það verði að veita sérstakt leyfi vegna þess að það kostar alveg gífurlega fjármuni að setja upp þennan miðlæga gagnagrunn. Það er ljóst að heilbrigðisyfirvöld hafa ekki efni á að setja hann upp. Hann gæti kostað upp undir 20 milljarða. Það kostar nokkra milljarða að kaupa tölvurnar á hinum dreifðu stofnunum, einhverja milljarða að kaupa tölvurnar í hinum miðlæga gagnagrunni, en aðalkostnaðurinn felst í að slá inn allar upplýsingarnar, alveg gífurlegur kostnaður. Það er því okkar mat að verði ekki einhves konar vernd á þessum gagnagrunni, einhvers konar sérleyfi, þá er afar ólíklegt og nánast útilokað að hugsa sér að einhver fari í svona fjárfestingu af því að þá geti einhver annar bara komið og gert hið sama og væntanlega færi þá enginn út í slíka fjárfestingu. Þar sem við styðjum þá hugmynd að nýta miðlægan gagnagrunn til heilbrigðisþjónustu þá teljum við að það sé ekki hægt nema veita einhvers konar sérleyfi.

[15:14]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var einmitt komið að kjarna málsins. Nú á að hverfa aftur til þess tíma þegar SÍS og aðrir sem vildu fjárfesta eða kaupa eitthvað fengu einhvers konar reglur frá ríkinu til að vernda þeirra eigin fjárfestingar.

Virðulegi forseti. Þetta eru engin rök. Þetta eru engin rök í málinu. Er þetta kannski ný stefna ríkisstjórnarinnar að heimilt sé að dúkka upp hjá hæstv. forsrh. og óska eftir ríkisvernd gagnvart einhverjum einstökum fjárfestingum? Þetta er algerlega nýtt, virðulegi forseti, og ég verð að segja alveg eins og er að það hefði ekki nokkur maður tekið það í mál ef Norðurál hefði óskað eftir einkarétti á framleiðslu á áli á Íslandi á þeim forsendum að dálítið mikið væri í lagt að ætla að fjárfesta í álveri. Þetta eru alveg fráleit rök, virðulegi forseti, og það er algerlega fráleitt að ríkisvaldið skuli taka upp á því núna í lok þessarar aldar að ríkisvernda fjárfestingar einstakra manna af því að þeir treysti sér ekki í fjárfestinguna að öðrum kosti.

Virðulegi forseti. Ef eitthvað er afturhvarf til fortíðar eða liðins tíma, sem ég hélt að við öll værum sammála um að ætti að vera að baki, þá er það þetta. Þetta er algerlega fráleitt og engin rök í málinu.

[15:15]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er ekki um afturhvarf til fortíðar að ræða, hér er rætt mikið framtíðarmál. Það er mikið framtíðarmál að sjá fyrir sér uppsetningu á miðlægum gagnagrunni við þær sérstöku aðstæður sem við búum á Íslandi með allar ættfræðiupplýsingarnar, með allar sjúkraskrárnar sem er búið að safna í tugi ára, miklu betur en víðast hvar annars staðar, með þessa einsleitu þjóð. Þetta eru kjöraðstæður fyrir uppsetningu á slíkum gagnagrunni.

En mikil áhætta felst í því. Það kostar mikið, þetta er gífurleg áhætta, upp undir 20 milljarðar. Þetta kostar mikla peninga og það er afar ólíklegt og ég trúi því að það sé afar ólíklegt að hægt sé að fá einhvern til að fjárfesta í slíkum grunni nema það sé einhvers konar vernd. Hér er um að ræða sérleyfi til tólf ára þannig að væntanlegum starfsleyfishafa gefst sá tími til þess að ná inn þeim fjármunum sem hann leggur í grunninn á þeim tíma.

[15:16]

Útbýting þingskjals:

Réttarstaða ríkisstarfsmanna, 302. mál, þáltill. ÞHS o.fl., þskj. 362.

[15:16]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef tekið eftir því í þessum umræðum og orðaskiptum að einhvers staðar í kerfinu munu liggja fyrir drög að frv. um persónuvernd og fleira. Það er satt að segja dálítið skrýtið að þessi umræða fari fram eins og gerst hefur í dag og mun fara fram að mér heyrist án þess að hæstv.

dómsmrh. sé viðstaddur. Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta að hann geri ráðstafanir til þess að kanna hvort hæstv. dómsmrh. getur ekki komið í salinn þannig að hann geti tekið þátt í umræðum svo lengi sem þessi frumvarpsdrög ber á góma.

[15:17]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill vegna orða hv. þm. svara því til að hann mun vitaskuld gaumgæfa það hvort hæstv. dómsmrh. hefur tök á því að vera við umræðuna.

[15:17]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir þessa kröfu í ljósi þess að fyrir liggja drög að frumvarpi til laga um persónuvernd, sem í þokkabót virðast stangast algjörlega á við þetta frv. sem við erum að ræða, þannig að það skiptir verulegu máli hver er afstaða dómsmrh. í málinu.

En ég tel einnig æskilegt og reyndar mjög nauðsynlegt í umræðunni að hæstv. forsrh. væri viðstaddur þar sem hann hefur nú ekki spilað svo lítið hlutverk varðandi þetta frv. að því er virðist löngu áður en það kom til umræðu á hinu háa Alþingi. Miðað við mikilvægi málsins og ekki síst vegna þess að það hefur verið lögð á það mikil áhersla að málið sé afgreitt með hraði í andstöðu við mjög marga, bæði innan og utan þings, teldi ég mjög æskilegt að hæstv. forsrh. væri líka viðstaddur umræðuna.

[15:18]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna þessara orða hv. þm. liggur það fyrir að hæstv. forsrh. hefur fjarvistarleyfi. Forseta er kunnugt um að hæstv. dómsmrh. hafa verið borin þessi boð. Hann er hins vegar upptekinn á fundi í andartakinu en forseti væntir þess að hann komi til fundarins þegar hann hefur tök á.

[15:19]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. 8. þm. Reykv. um tengsl frv. um verndun persónuupplýsinga við málið. Þetta var rætt í upphafi fundar og dómsmrh. sagði að málið væri til skoðunar hjá þingflokkum. Hins vegar vildi ég gjarnan að það væri rætt í samhengi við þetta mál vegna ummæla hæstv. heilbrrh. á hinu háa Alþingi fyrr í vor að það frv. væri væntanlegt. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. hvort ekki megi skilja það svo að það frv. verði rætt í þinginu áður en frv. um gagnagrunn verði afgreitt því að það mátti skilja orð hæstv. ráðherra þannig í vor að það væri ætlun ráðherrans og þar með hæstv. ríkisstjórnar sem hefur afgreitt málið frá sér.

Ég held, herra forseti, að það sé mjög mikilvægt að við fáum allar upplýsingar um þetta tengda frv. fram í umræðunni áður en lengra er haldið.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill minna á að þessi umræða fór fram fyrir hálfum öðrum tíma síðan. Hér er ekki verið að ræða fundarstjórn forseta.)

[15:20]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Eðlilegt væri að flestir ráðherrar, ef ekki allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar, væru viðstaddir þessa mikilvægu umræðu, bara almennt séð. Hins vegar er mér mjög til efs að ráðherrarnir botni mikið í þessu máli. Ég varð ekki var við annað hér í haust en að hæstv. heilbrrh. skildi hvorki upp né niður í þessu frv., sem er komið í annað sinn frá ráðuneyti heilbrigðismála. Það varð ekki séð.

Ég sé út af fyrir sig ekki hvað það bætir að hæstv. dómsmrh. komi vegna einhvers frv. sem ekki er komið fram í þinginu. En auðvitað ættu allir ráðherrarnir að vera hér til þess að reyna að læra eitthvað í þessum málum, þó ekki væri nú annað.

Virðulegur forseti. Ég held að málið snúist um það að við erum að ræða löggjöf sem á að bíða, frv. sem á að bíða umræðu, frekari umræðu, þangað til búið er að afgreiða sem lög frá Alþingi væntanlegt boðað frumvarp um persónuvernd og vernd persónuupplýsinga. Það er kjarni málsins.

[15:22]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil ekki taka að öllu leyti undir orð síðasta hv. þm. sem sagði að æskilegt væri að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar kæmu hingað og þeir gætu vafalaust allir lært eitthvað af því. Ég tel t.d. að þetta frv. verði ævinlega ofvaxið skilningi hæstv. samgrh., svo einhver sé nefndur.

En ég kem hingað, herra forseti, til þess að leggja áherslu á það sem kom fram í máli fyrri ræðumanna undir þessum lið. Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. dómsmrh. verði við umræðuna. Af hverju? Vegna þess að í því frumvarpi sem menn hafa verið að reyna að draga með töngum út úr ríkisstjórninni er að finna mikilvæg ákvæði sem liggja ekki skýr fyrir. Annars vegar er um að ræða skilgreiningu á persónulegum upplýsingum sem fer algjörlega í bága við þá skilgreiningu sem er að finna í frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Hins vegar er þar umbúnaður tölvunefndar lagður fyrir. Hann skiptir máli fyrir menn eins og mig sem hafa öðruvísi áhyggjur af persónuvernd en flestir þeir sem hér hafa talað. Ég er þeirrar skoðunar að persónuverndin eins og hún er í frv. í dag sé ásættanleg frá mínum bæjardyrum séð, eins og ég skýri hér á eftir, en það hangir allt á stöðu tölvunefndar. Hæstv. heilbrrh. sagði beinlínis í umræðunni sem fór fram 15. okt. að það frv. væri á leiðinni í gegnum ríkisstjórnina *og mundi koma hingað inn í þingið. Ég held að búið sé að* samþykkja það í þingflokki hæstv. heilbrrh. en það er strand í þingflokki Sjálfstfl.

Er það vegna þess að það er ósætti um hvaða aðbúnað á að veita tölvunefnd? Á henni hangir gríðarlegt mikilvægi í frv. um gagnagrunninn og þess vegna er varla hægt að gera kröfu til þess að menn geti farið í almennilega rökvísa umræðu sem byggir á einhverju öðruvísi en menn hafi það frv. a.m.k. fyrir framan sig og geti séð hver vilji ríkisstjórnarinnar er í þessum efnum, þó ekki sé búið að samþykkja það.

Þess vegna tel ég að ef við fáum ekki þeirri kröfu fullnægt að frv. komi fram sé lágmark að sá sem lagði fram frumvarpið og veit hvað í því stendur og getur svarað fyrir það sé til andsvara út af þessum þætti.

[15:24]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill vegna orða hv. þm. um hæstv. ráðherra fara þess á leit við hv. þingmenn að þeir gæti virðingar gagnvart hæstv. ráðherrum og hv. þingmönnum almennt.

Forseti vill árétta að beiðni þeirri er fram er komin um að hæstv. dómsmrh. verði viðstaddur umræðuna hefur þegar verið komið á framfæri og þess er að vænta að hann komi til umræðunnar fyrr en síðar.

Í öðru lagi vill forseti einnig árétta, þar sem almenn umræða hefur átt sér stað um tiltekið lagafrv., að það frv. liggur

ekki fyrir þinginu. Það er ekki á valdi forseta að framkalla það til umræðunnar. Við erum að ræða dagskrá samkvæmt gagnagrunn á heilbrigðissviði. Það er stjfrv., 109. mál á þskj. 109, og það er það mál sem við ræðum hér. Annað er ekki á valdi forseta.

[15:25]

Sólveig Pétursdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einmitt taka undir orð forseta áðan að þessi umræða hefur þegar farið fram fyrr í dag. En þar sem hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur umræðuna ítreka ég það sem hann hefur látið koma fram áður að það er ekkert ósætti í þingflokki sjálfstæðismanna um þetta frv., þ.e. frv. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ég vil láta það koma skýrt fram og enn fremur líka að ítreka það sem hæstv. dómsmrh. sagði, að ekki eru þannig tengsl á milli þessara mála að þau þurfi endilega að verða samferða í þinginu þótt frv. um persónuvernd hafi borið hér á góma.

Þannig er mál með vexti, og hv. formaður heilbr.- og trn. hefur einmitt bent á það áður í umræðu, að komið hefur fram ákveðið misræmi á milli þessara tveggja umræddu frumvarpa, þ.e. frv. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og frv. um gagnagrunninn, og verið er að vinna að því að skoða þessi mál á vegum ríkisstjórnarinnar.

(**Forseti** (GÁS): Forseti verður að árétta að hér erum við að ræða fundarstjórn forseta en ekki störf þingsins. Sú umræða fór fram einmitt um þetta atriði fyrir hálfum öðrum tíma. Forseti fer þess á leit við hv. þm. að þeir beini þá orðum sínum til forseta og geri athugasemdir við fundarstjórn hans ef þær eru einhverjar.)

Hæstv. forseti. Ég átti ekki frumkvæði að því að þessar umræður færu fram. Ég vildi hins vegar út af þeim spurningum sem hafa komið fram upplýsa að unnið væri að því að þetta frv. kæmi fram í þinginu, bara svo að það sé ljóst.

[15:26]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt sem fram kemur í máli hæstv. forseta að hann getur ekki stýrt eða haft áhrif á vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Hann ræður engu um það þótt ríkisstjórnin ætli að reyna að þröngva í gegnum þingið lagafrv. í trássi við vilja meiri hluta vísindasamfélagsins, í trássi við vilja og óskir samtaka sjúklinga, gegn vilja samtaka á borð við Geðvernd og önnur samtök sjúklinga. Það er alveg rétt, hæstv. forseti ræður litlu um þetta. Hæstv. forseti fær litlu ráðið um það þótt ríkisstjórnin ætli að þröngva í gegn þessu máli, gegn óskum minni hlutans á Alþingi, hæstv. forseti fær litlu ráðið um þetta.

En einu fær hæstv. forseti þó væntanlega ráðið. Það er um vinnubrögð á Alþingi. Þegar ráðherra gefa fyrirheit og loforð úr ræðustól, eins og gert var af hálfu fulltrúa ríkisstjórnarinnar, um að fram komi í Alþingi frv. um persónuvernd, þá er hægt að ætlast til þess af verkstjórnendum þingsins að menn standi við gefin fyrirheit. Það er til skammar, hæstv. forseti, ef það á að láta ríkisstjórnina og ráðherra komast upp með vinnubrögð af þessu tagi.

Þess vegna ætti að ljúka umræðunni núna og taka ekki upp þráðinn fyrr en umrætt frv. hefur verið lagt fram og afgreitt af þinginu.

[15:28]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég tek eindregið undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég vænti þess að hæstv. forseti hafi veitt athygli orðum hv. 5. þm. Reykv., Sólveigar Pétursdóttur, hér áðan þegar þingmaðurinn vék að því að unnið væri að því að samræma ákvæði í frumvarpi sem er í meðferð hjá ríkisstjórninni við það mál sem við erum að ræða hér. Hvers konar endileysa er þetta, virðulegur forseti, í vinnubrögðum í máli sem þessu? Við eigum að taka trúanlegt að tillit verði tekið til, það á að laga væntanlegt frumvarp að löggjöf sem á að byggja á væntanlegri löggjöf um persónuvernd.

Þetta er slík afturfótafæðing, ef það á að nefna það því nafni, sem er hér á ferðinni að leitun er að öðru eins, virðulegur forseti.

Ég tel að hér þurfi að kalla til fólk sem ber virðingu þingsins fyrir brjósti og það er auðvitað forsn. og hæstv. forseti fer þar fremstur í flokki. (**Gripið fram í:** Er ekki forseti í stólnum?) Að sjálfsögðu. Forseti í stólnum? Ekki fæ ég betur séð, virðulegur þingmaður, enda var ég að beina orðum mínum til hæstv. forseta og benda á að einmitt forsn. og forseti þingsins bæru ábyrgð á þessum vinnubrögðum.

Að mínu mati, virðulegur forseti, er ekki hægt að halda þessari umræðu áfram. Það verður að fresta henni þar til við höfum afgreitt boðuð lög um persónuvernd og vernd persónuupplýsinga.

[15:31]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill í þriðja sinn árétta að hér fór fram umræða um störf þingsins kl. hálftvö við upphaf þingfundar, einmitt um það mál sem hér er sérstaklega nefnt til sögu. Þá höfðu hv. þingmenn enn fremur samkvæmt þingsköpum tök á að gera athugasemd við þá dagskrá sem nú er unnið eftir. Það er því ekki í valdi forseta, þingsköpum samkvæmt, að breyta þeirri dagskrá sem hér er unnið eftir. Mun hann því auðvitað halda henni áfram, enda hefur forseti ekki litið þannig á að verið sé að gera athugasemdir við stjórn hans á þessum fundi í samræmi við þá dagskrá sem þegar liggur fyrir. (Gripið fram í.) Það er búið að svara því nú þegar. Þeim boðum hefur verið komið til hans. Það er á valdi forseta og það hefur forseti gert samviskusamlega.

[15:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það hefur allt komið fram hjá forseta sem hér áður hefur verið rætt. Dómsmrh. svaraði því áðan að frv. um persónuvernd hefur farið í gegnum ríkisstjórn og liggur nú hjá þingflokki Sjálfstfl. Við höfum þegar afgreitt það frá þingflokki Framsfl. Það hefur þegar komið fram. Og það hefur líka þegar komið fram í þessari umræðu hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að enginn hefur vit á gagnagrunnsfrv. nema hann, hv. þm. (**HG:** Rétt.)

[15:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér fer fram ákaflega sérkennileg umræða undir liðnum um fundarstjórn. Mér finnst þetta alveg fáránlegt. Það kemur fram hjá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur að ekkert ósætti er um persónuverndarfrv. hjá þingflokki Sjálfstfl. Hvernig stendur á því að málið er ekki komið inn í þingið? Í umræðunni í heilbr.- og trn. var rétt hægt að toga út úr fulltrúum ríkisstjórnarinnar smágrein úr frv. Það var eins og verið væri að biðja um gull. Síðan kemur fram að það sé ekkert ósætti. Auðvitað á málið að koma hérna fram áður en við hefjum umræðu um gagnagrunninn og hvað þá áður en við ljúkum henni.

Ég tek undir þá kröfu sem hefur komið fram í þessari umræðu um að beðið verði með umræðuna a.m.k. þar til málinu verði dreift á þingi þannig að við sjáum hvað felst í því þingmáli sem er víst ekki strandað í þingflokki sjálfstæðismanna. Ef það er ekki unnt þá fer ég fram á að við frestum umræðunni a.m.k. þar til hæstv. dómsmrh. verður kominn í salinn og getur fylgst með.

Ég furða mig á því, herra forseti, að hæstv. forsrh. skuli vera með fjarvistarleyfi þegar þetta helsta þingmál hans er til umræðu. Maður hefði haldið hann vildi vera viðstaddur og leggja orð í belg í þessu mikilvæga máli.

(**Forseti** (GÁS): Hæstv. forsrh. er veikur. Hann hefur veikindaleyfi. Það voru mismæli hæstv. forseta að hann hefði fjarvistarleyfi. Hann hefur veikindaleyfi.)

Þá dreg ég þetta síðasta til baka.

[15:34]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég kom hingað upp í og með til að vekja athygli á því að hér er ekki staddur þingflokkur sjálfstæðismanna. Við erum ekki stödd á þingflokksfundi sjálfstæðismanna. Og það eru engin rök í máli að bjóða Alþingi upp á málflutning af því tagi sem hæstv. heilbrrh. gerði, þ.e. að málinu hefði verið skotið til þingflokks sjálfstæðismanna. Það kemur okkur ekkert við. Við bíðum eftir því að frv. verði lagt fram í þinginu, að Alþingi fjalli um málið og taki afstöðu til þess. Krafan gengur út á þetta.

Ég vildi vekja athygli á því varðandi ummæli hæstv. forseta að þetta mál snýst ekki einvörðungu um formlegheit. Það snýst um vinnubrögð Alþingis og það snýst um siðferði. Ríkisstjórnin lofaði því að það mál sem hér er til umræðu, miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði, yrði ekki tekið til umfjöllunar og afgreiðslu fyrr en frv. um persónuvernd hefði komið fram. Ríkisstjórnin hefur nú gengið á bak orða sinna að þessu leyti. Það er óásættanlegt og um það snýst þessi umræða um fundarstjórn forseta. Við í stjórnarandstöðunni erum að leggja fram kröfu um að þessari umræðu verði frestað og þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en frv. um persónuvernd hefur komið fram, það hlotið umfjöllun á Alþingi og afgreiðslu.

[15:36]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill enn og aftur árétta að hann hefur enga heimild til að fresta þessari umræðu og vill enn og aftur vekja athygli hv. þingmanna á því að við upphaf þessa fundar fór fram réttmæt umræða um störf þingsins, réttmæt eða ranglát eftir því sem mönnum þykir um það, en formlega rétt. Þá, á sama tímapunkti, höfðu hv. þm. þingsköpum samkvæmt möguleika á að gera athugasemdir við dagskrá. Nú er það samkvæmt þingsköpum of seint. Hér vinnum við eftir dagskrá og forseti mun gera það áfram. Forseti hefur enga stöðu til annars en vinna samkvæmt forminu, samkvæmt þingsköpum, og mun vitaskuld gera það.

[15:37]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Þessi umræða er orðin svo ruglingsleg að maður áttar sig varla á því undir hvað hún getur flokkast en ég ætla að reyna að greiða aðeins úr þessari flækju fyrir (**ÖJ:** Þetta er ekkert ruglingslegt.) hæstv. forseta. (**ÖJ:** Mjög skýrt.) Í fyrsta lagi vil ég koma því sérstaklega á framfæri að heilbrn. fékk upplýsingar úr væntanlegu frv. um persónuvernd. Við fengum þær inn í nefndina og skoðuðum þær, ekki mjög náið að vísu, en við skoðuðum þær og það er ekki hægt að kvitta upp á það að það stangist mikið á varðandi það hvað er skilgreint sem persónuupplýsingar. Við fórum ekki nógu djúpt í það til þess. Ég vil líka benda á að í gagnagrunnsfrv. er sérstaklega tekið fram að skilgreining hugtaksins persónuupplýsingar er orðrétt þýðing skilgreiningar persónuupplýsinga í tilskipun Evrópusambandsins sem sífellt er verið að vitna hér í og ekki er komin fram.

[15:38]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Nú verður forseti að gera athugasemdir. Hér er verið að ræða fundarstjórn forseta. Það eru 13 hv. þm. á mælendaskrá. Það er ótakmarkaður ræðutími þannig að möguleikar til efnislegrar umræðu eru nægir. Ég hvet því þá hv. þm. sem vilja raunverulega ræða fundarstjórn forseta til að gera það. (**ÖJ:** Gögnin liggja ekki fyrir. Upplýsingar liggja ekki fyrir.) Óska fleiri hv. þm. eftir því? Svo er ekki. Þessari umræðu um fundarstjórn forseta er lokið.

[15:38]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Í framhaldi af þeim umræðum sem fram fóru rétt áðan vil ég taka fram að það er alveg rétt sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði, að þetta mál var tekið fyrir í heilbr.- og trn. Það gerðist á þann hátt að formaður nefndarinnar var búinn að óska allnokkrum sinnum eftir því að fá frv. um persónuvernd inn til nefndarinnar og það var ekki fyrr en það var tilkynnt að hvorki formaðurinn né minni hlutinn mundi standa að afgreiðslu málsins úr nefndinni að frv. fékkst. Hins vegar var minn skilningur a.m.k. ekki sá að niðurstaða nefndarinnar hefði verið sú að ekkert ósamræmi væri á milli þessara tveggja mála heldur lét ég það skýrt koma fram að mín skoðun væri sú að sú skilgreining á persónulegum upplýsingum sem kemur fram á bls. 45 í því sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir kallaði þá bara vinnuplagg, fellir algerlega stoðirnar undan sams konar skilgreiningu sem er að finna í því frv. sem við erum með hérna. (Gripið fram í.) Þetta er mín skoðun, hv. þm., og í því liggur auðvitað mikilvægi þess að fá þetta frv. hingað inn í þingið. Eins og ég mun reyndar koma á framfæri á eftir þá skiptir þetta talsvert miklu máli, að vísu ekki fyrir þá afstöðu sem ég hef til persónuverndar í þessu frv., en það kollvarpar algerlega bæði þeim rökum sem meiri hlutinn hefur fyrir því að persónuverndar sé nægilega gætt og þar að auki kollvarpar þetta líka rökum hans fyrir því að ekki sé þörf á að krefjast upplýsts samþykkis miðað við þær forsendur sem hafa verið lagðar fram.

Það er dapurlegt, herra forseti, hvernig farið er fyrir þessu máli sem var býsna gott þegar það fór af stað. Ég tel sjálfur að miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði sé tæki sem hefði verið hægt að gera talsvert mikið úr. Ég leit á það með nokkuð mikilli hrifningu þegar það kom fram og taldi að það gæti orðið vísindunum til mikils framdráttar. Þegar málið var sett fram lék um það talsverður ljómi. Menn ræddu um það í sömu andrá og mikilvægar uppgötvanir á sviði erfðalækninga og menn töluðu um að mögulegt yrði að nota þetta tæki til að reyna að ná fram einhvers konar nýjum upplýsingum sem gætu hjálpað mönnum til að ráða bót á mikilvægum sjúkdómum.

Frá því er skemmst að segja, herra forseti, að frá því málið kom fram í vor og fram á þennan dag hefur ekki enn þá tekist að fá eitt einasta dæmi um það hvernig hægt er að

nota þennan gagnagrunn að því marki og það er bagalegt. Þegar ég velti því fyrir mér hvers konar gagn megi hafa af miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði sýnist mér að það sé fyrst og fremst þrenns konar.

Í fyrsta lagi kemur fram í frv. sjálfu að hafa megi gagn af hinum miðlæga grunni til að búa til heilbrigðisskýrslur fyrir heilbrigðisyfirvöld. Í öðru lagi er því haldið fram líka að það ætti að vera hægt að nota gagnagrunninn til þess að finna erfðatengda sjúkdóma. Í þriðja lagi er alveg ljóst að hægt er að fá þarna upplýsingar sem geta gagnast lyfjafyrirtækjum.

Ef við förum yfir þessa þrjá þætti og veltum því upp hvernig horfurnar standa í þessum málum, í fyrsta lagi að því er varðar hina erfðatengdu sjúkdóma, þá er nauðsynlegt að það komi fram, eins og ég mun reifa síðar í mínu máli, að upplýsingar um arfgerð sem byggðar eru á upplýstu samþykki sjúklinga eru ekki hluti af miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði. Það er tekið skýrt fram. Og hvað sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði í sinni ræðu áðan, þá kemur það líka skýrt fram og kom skýrt fram í nefndinni að ættfræðiupplýsingar eru ekki hluti af miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði. Það er tvítekið í greinargerð með frv.

Með öðrum orðum hefur okkur ekki tekist að fá upplýsingar um það hvernig eigi að nota þetta vísindatæki til að fá upplýsingar um erfðatengda sjúkdóma til þess að við getum fetað okkur framar í áttina að því að finna lækningu á slíkum sjúkdómum. Og þegar fulltrúar hins væntanlega rekstrarleyfishafa, sem allir vita að er Íslensk erfðagreining, voru spurðir um þetta á fundi heilbr.- og trn. þá kom slíkt dæmi ekki fram.

Að því er varðar heilbrigðisupplýsingarnar og notkun þeirra til þess að búa til skýrslur fyrir hið opinbera þá liggur í augum uppi að ef þátttaka í hinum miðlæga grunni er góð getur hann orðið mjög öflugt tæki til þess að afla slíkra upplýsinga. Það blasir hins vegar við, herra forseti, að vilji almennings til að taka þátt í grunninum með því að miðla til hans upplýsingum um sjálfan sig hefur hraðminnkað. Umræðan hefur verið slík að síðustu kannanir sem hafa verið gerðar á vilja manna til að taka þátt í honum hafa sýnt að fylgið við það hefur minnkað úr 95% niður í ríflega 60%. Þegar við bætist að einstök sjúklingafélög hafa uppi orð um að þau muni skora á félagsmenn sína að láta ekki upplýsingar um sig í þennan grunn þá blasir við að hann verður í versta falli ærið götóttur og líklegt er að einmitt þeir sem bera einhvers konar kvilla, sem bera alvarleg mein, þ.e. einmitt þeir sem heilbrigðisyfirvöld þurfa að fá upplýsingar um, verði ekki í þessum grunni. Þess vegna kemst ég að þeirri niðurstöðu að það verði heldur hæpið gagn af grunninum. En ég þvertek þó ekki fyrir það, því vel getur verið ef þátttakan verður mjög góð, að þetta kunni að verða býsna góður liðsauki fyrir heilbrigðisyfirvöld. Sú nytsemd á þá eftir að sýna sig. En útlitið er ekki slíkt að hægt sé að spá fyrir um það.

Þriðja gagnið sem ég sé mögulegt að hafa af gagnagrunni eins og þessum er að hann nýtist lyfjafyrirtækjum. Þegar ný lyf eru sett á markað og búið er að prófa þau og þau eru komin á markaðinn tekur við svokölluð IV. stigs tilraun eða IV. stigs könnun, „Phase IV trials" sem fer þannig fram að fyrirtækin kanna hvernig 3.000–4.000 manns, sem taka lyfið eftir að búið er að heimila það á markaðinn, bregðast við, kanna aukaverkanir o.s.frv. Ég ímynda mér, herra forseti, að þegar slík lyfjafyrirtæki eigi kost á því í gegnum þennan grunn að komast að svipuðum rannsóknum sem taka e.t.v. til tuga þúsunda verði af því býsna gott gagn þannig að niðurstaða mín á þessu stigi, eftir að hafa með miklum og einlægum vilja reynt að leggja mig fram um að sjá út annars konar tilgang, er sú að líkast til verður miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði gott, e.t.v. afburða gott, tæki fyrir lyfjafyrirtæki úti í heimi en ég sé ekki annars konar verulegt gagn. Auðvitað má draga fram dæmi sem sýna að það gæti haft mikla nytsemd í för með sér.

Ég ímynda mér t.d. að þegar Thalidomide-slysið kom upp fyrir um það bil þremur áratugum hefði liðið afar skammur tími og mátt koma í veg fyrir miklar hörmungar ef slíkt tæki hefði þá verið fyrir hendi. (**Gripið fram í:** Hvað segir þú?) Thalidomide-lyfið sem leiddi til hvers kyns vanskapnaðar hjá börnum og fóstrum.

Það má líka rifja það upp að ekki eru nema nokkrir dagar eða nokkrar vikur síðan tekið var lyf út af markaði á Íslandi sem hafði verið bannað eftir IV. stigs tilraunir í ESB-löndunum. Ég ímynda mér líka að gagnagrunnur af þessu tagi gæti gagnast býsna vel varðandi atriði eins og þetta. En þetta er auðvitað talsvert annað en lagt var upp með í fyrra. Þetta er allt annað en sú bjarta framtíðarsýn sem menn notuðu til þess að vinna þessum gagnagrunnum brautargengi.

Nú tek ég skýrt fram að ég er þeirrar skoðunar að hinn væntanlegi rekstrarleyfishafi, Íslensk erfðagreining, eigi örugglega eftir að vinna mikla landvinninga einmitt á sviði erfðatengdra sjúkdóma. En þeir verða ekki unnir í krafti þessa grunns nema þá að einhverju litlu leyti. Þeir verða fyrst og fremst unnir í krafti upplýsinga um arfgerð sem menn fá með upplýstu samþykki og því má ekki gleyma að samkvæmt því sem einn af stofnendum fyrirtækisins upplýsti í heilbr.- og trn. og setti fram í skriflegu formi hefur Íslensk erfðagreining í dag heimild 70 þúsund Íslendinga til þess að gera tilteknar arfgerðarprófanir á þeim. Þar af er þegar búið að gera það á 10 þúsund einstaklingum. Það er á grundvelli þessarar vinnu sem má vænta mikilla framfara á sviði erfðalækninga í framtíðinni. En ég næ ekki þessari tengingu við hina björtu framtíðarsýn erfðalækninganna sem átti að vinnast í gegnum hinn miðlæga heilbrigðisgrunn og það má vera vegna þess að eins hefur margsinnis komið fram í þessum sölum að ég er bara þingmaður með slaka meðalgreind. Ég bara næ því ekki, herra forseti.

Auðvitað er dapurlegt hvernig er komið fyrir þessu máli. Við sjáum að það er í uppnámi. Jafnvel þó að þingið mundi samþykkja það í talsvert góðri sátt er ófriður úti í vísindasamfélaginu og þessi ófriður stafar af mörgum þáttum. Hann stafar af því að ekki hefur verið nægur vilji til þess að rétta fram sáttarhönd. Ég tel t.d., það er skoðun mín og aðrir geta verið mér ósammála um það, að ef menn hefðu íhugað að hverfa frá braut einkaréttarins, ef menn hefðu velt því fyrir sér að fara aðrar leiðir en lagt er fram í frv. og tillögum meiri hluta til þess að tryggja aðgengi vísindasamfélagsins að hinum miðlæga gagnagrunni hefði verið hægt að ná býsna góðri sátt um þetta mál en öllum útréttum sáttarhöndum um þetta mál hefur a.m.k. verið hafnað til þessa.

Það liggur fyrir að þetta mál, eins og við hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir rökstyðjum ítarlega í nefndaráliti okkar, þverbrýtur EES-reglur. Einungis ákvæðið í 9. gr. um setu fulltrúa rekstrarleyfishafans í aðgengisnefnd vísindasamfélagsins brýtur þær með þrennum hætti, segir Samkeppnisstofnun. Meira að segja Lagastofnun, sú stofnun sem menn hafa litið á sem haldreipi sitt í vörn fyrir grunninn, þorir ekki að kveða upp úr með að gagnagrunnurinn standist EES-

reglur. Hún segir það ekki ótvírætt heldur segir hún að tekin sé nokkur áhætta með því að samþykkja þetta frv. Það er því hægt að fara fleiri orðum og nefna mörg fleiri dæmi eins og ég geri síðar í ræðu minni um það hvernig þetta frv. fer að öllum líkindum á skjön við EES-reglur og það eitt nægir til þess að ég get ekki samþykkt það. Þess vegna blasir við, herra forseti, að menn eru að véla um tæki sem hefur óvissan tilgang fyrir utan það að menn eru klárir á því að það er með öllum líkindum hægt að selja fyrir mikil verðmæti þjónustu úr gagnagrunninum til lyfjafyrirtækja, en vísindasamfélagið, læknasamfélagið er í uppnámi og frv. og grunnurinn sem kann að spretta upp af því helgast algerlega af því að samstaða náist og bærileg sátt við vísindasamfélagið.

Frv. kveður t.d. algerlega skýrt á um að engar upplýsingar verða færðar í gagnagrunninn nema ljóst sé að viðkomandi heilbrigðisstofnanir leggist ekki gegn því. Að vísu er ekki krafist samþykkis en hafa á samráð við faglega stjórnendur og læknaráð. Halda menn virkilega að sú staða geti komið upp eftir þær miklu umræður og þær hörðu deilur sem hafa risið um þetta mál að ef læknaráðin og ef faglegir stjórnendur mundu rísa öndvert við fyrirskipun pólitískra stjórnenda stórra heilbrigðisstofnana? Að sjálfsögðu ekki. Það mundi leiða til uppreisnar gegn þessum stjórnum, það mundi aldrei ganga. Nú þegar sjáum við að vinnubrögðin sem hafa verið höfð uppi í þessu máli hafa leitt til þess að læknar eru teknir að safna undirskriftum til þess að hefja baráttu gegn því að afhenda upplýsingar. Auðvitað má deila um hvað í því felst en það er alveg ljóst að ef þeir líta svo á að læknalögin meini þeim að gera þetta og ef það er sannfæring þeirra eru þeir komnir í ansi erfitt siðferðilegt stríð.

Ofan á þetta bætist svo að það er auðvitað alveg ljóst að einhverjir aðilar, samkeppnisaðilar, munu njóta réttar síns til þess að leita til ESA, til Eftirlitsstofnunar EES, og fá úr því skorið vegna þess að heimild er til þess, fá úr því skorið áður en tekur að reyna á málið hvort þetta samrýmist lögum og reglum EES. Það tekur e.t.v. tvö til þrjú ár, ég veit það ekki. En það tekur fimm ár að koma gagnagrunninum upp þannig að varningurinn úr honum verði á seljanlegu horfi. Allt bendir því til að sú leið sem meiri hlutinn er að fara með tillögum sínum eins og þær liggja fyrir í brtt. og með frv. sjálfu sé að stefna frv. og málum í þannig ógöngur að það verði aldrei annað en andvana fætt. Það er sú ábyrgð sem hvílir á meiri hluta þingsins. Menn eru í sumum greinum vitandi vits að feta stíg sem þeir vita að leiðir út í keldu.

Ég ætla að taka sérstaklega eitt dæmi um þetta, herra forseti, sem ég á líka eftir að reifa síðar í ræðu minni og það varðar einmitt 9. gr., greinina um aðgengi vísindamanna. Það liggur alveg ljóst fyrir að breytingarnar sem hv. þingmenn meiri hlutans bjóða þar upp á eru efnislega svo litlar að þær geta tæpast breytt þeirri niðurstöðu sem bæði Lagastofnun og Samkeppnisstofnun komast að að sú aðferð sem þar er boðið upp á, segir Lagastofnun að sé ófær og Samkeppnisstofnun finnur að henni meinbugi og segir að með fernum hætti brjóti sú grein í bága við þær reglur sem við erum aðilar að í gegnum skuldbindingar okkar gagnvart EES. Samt skirrist meiri hlutinn ekki við að leggja þetta fram óbreytt. Í nefndaráliti okkar reifum við að vísu tvær aðrar leiðir og ég tel sjálfur afskaplega mikilvægt að tryggja íslenskum vísindamönnum leið inn í miðlægan gagnagrunn og þess vegna höfum við hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir ekki lagt fram þessar tillögur að svo stöddu. Við höfum kynnt þær í nefndaráliti sem búið er að dreifa og ég á eftir að kynna það frekar á eftir vegna þess að við teljum málið það mikilvægt að um þetta ákveðna atriði viljum við freista samkomulags þó að búið sé að hafna samkomulagi um önnur og stærri mál eins og einkaréttinn.

Herra forseti. Miklar umræður hafa skapast um persónuverndina og sú umræða hefur að mínu viti að stórum hluta verið á villigötum, a.m.k. af hálfu þeirra sem hafa haldið utan um málið. Þegar sú harða gagnrýni birtist sem kom fram úr ýmsum áttum í vor um að persónuvernd væri áfátt var frv. breytt að því er virtist með talsvert mikilvægum hætti og settar voru inn reglur um hvers konar dulkóðanir. Gagnrýnisröddunum frá því í sumar og í vor var nánast öllum svarað með því að það merkilega dulkóðunarferli sem sett er upp í frv. dygði til þess að tryggja persónuverndina. Eftir því sem ég hef skoðað þetta mál hef ég sannfærst meira og meira um að allt of mikið vægi er lagt á dulkóðunina og eftir þær breytingar sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir lét vera að geta sem felast í tillögum meiri hlutans þá er í rauninni búið að svipta helmingi þess gildis sem dulkóðunin hafði algerlega í burtu. En það kom ekki eitt einasta orð fram um það hjá hv. þm. hvers vegna það var gert, þ.e. hv. þm. sagði að frv. væri villandi, en hún gat þess hvergi né skýrði hún að sú meginbreyting er nú gerð á frv. að heilsufarsupplýsingar eru ekki lengur geymdar á dulkóðuðu formi í gagnagrunni eins og segir þó á tveimur stöðum í frv. að eigi að vera og kemur fram í greinargerð sem Hákon Guðbjartsson, tölvusnillingur Íslenskrar erfðagreiningar, sendi SKÝRR að yrði líka. Með öðrum orðum er verið að svipta burt a.m.k. einni af mikilvægum stoðum sem skotið var undir frv. á haustdögum og öll umræða gagnrýnendanna hefur m.a. tekið mið af því að þessi mikilvæga stoð væri undir frv. Ég vek til að mynda athygli á frásögn Morgunblaðsins af fundi sem var í Norræna húsinu þar sem Einar Árnason prófessor taldi einmitt að þrátt fyrir þetta væri öryggisins ekki gætt.

Ég held, herra forseti, hins vegar og er þeirrar skoðunar að það sem skiptir meira máli varðandi persónuverndina séu önnur atriði, það séu fýsisk atriði, það séu aðgangshindranir og annað slíkt. Í frv. er að vísu lítið tekið á því en það var rætt talsvert í nefndinni og það eru atriði eins og aðgangshindranir. Það skiptir líka máli að þrátt fyrir það sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði hérna áðan, hefur það verið skilningurinn fram að þessum degi að ættfræðiupplýsingarnar væru ekki hluti af gagnagrunninum og það rek ég aftur í máli mínu.

Það er algerlega skýrt líka að þrátt fyrir misskilninginn sem er í umræðunni, jafnvel í áliti Lagastofnunar, jafnvel frá hörðustu gagnrýnendum og hörðustu stuðningsmönnum, eru upplýsingar um arfgerð sem byggðar eru á upplýstu samþykki ekki partur af þessum miðlæga gagnagruni. Þetta stendur bara skýrt í frv. þó menn hafi ekki skilið það. Þetta tel ég að skipti verulega miklu máli.

Ég tel líka að það öryggiskerfi sem hefur verið lýst í gögnum sem við höfum fengið um þetta skipti verulega miklu máli. En það sem skipti mestu máli fyrir mig er þó tvennt og það er hið mikla eftirlitshlutverk sem tölvunefnd er falið. Ég treysti tölvunefnd og í þessum sölum hefur áður verið hlegið að mér fyrir það. En ég hef litið á þá með virðingu og ég hef talið að þeir hafi verið mjög aðgætnir varðhundar almannaheilla í öllum málum sem horfa til persónuverndar og ég hef tekið eftir því að þeir hafa ekki skirrst við að stíga á þær tær sem hafa stigið út undan faldlöfum Íslenskrar erfðagreiningar hvenær sem þeim hefur boðið svo við að horfa og það er þess vegna, herra forseti, — ég tek eftir

því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vaknar nú af værum blundi og kallar hérna eitthvað. Ég náði því ekki. (**HG:** Voru það klær eða tær?) Ég get ekki sagt um það en örugglega gægðist bæði horn upp fyrir og hali neðan undan.

En þetta skiptir verulega miklu máli vegna þess að allt kerfið, allt persónuverndarferlið í frv. byggir á því að tölvunefnd blessi það, það byggir á því að tölvunefnd taki það út og ekki bara þetta heldur byggir á því að hún hafi eftirlit með rekstri þessa kerfis. Það finnst mér mikilvægt og það er út af því, herra forseti, sem ég hef verið að tuða og rembast eins og öldruð rjúpa við staur í þeirri veiku von um að fá fram frv. um persónuverndina sem hæstv. ráðherra lofaði okkur 15. október til þess m.a. að ég gæti sannfærst um að skoðun mín á persónuverndinni væri byggð á vissu en ekki getgátum. En það eru satt að segja farnar að renna á mig tvær grímur.

Nú hefur hæstv. heilbrrh. upplýst í þessum sölum að búið er að afgreiða þetta frv. frá ríkisstjórninni, frá þingflokki Framsfl. en það er stopp í þingflokki Sjálfstfl. Hvers vegna skyldi það vera? Það hlýtur að vera eitthvað þar sem mönnum líkar ekki við. Getur verið að það sé vegna þess ákvæðis sem þar kemur fram um persónuupplýsingar og fellur ekki að frv. um miðlægan gagnagrunn? Eða kann að vera, herra forseti, að það sé vegna þess að tölvunefnd er skorinn betri og öflugri stakkur en Sjálfstfl. fellst á? Mér finnst að það sé nauðsynlegt að þeir sem fara með forustu Sjálfstfl. í umræðunni skýri hvað dvelur orminn langa.

Ég hef verið einn af þeim mönnum sem hafa verið allir af vilja gerðir til að taka vel á þessum miðlæga gagnagrunni, og ég er m.a.s. sannfærður um að ef ég væri 25 árum yngri hefði ég ábyggilega sótt um vinnu við hann. En manni er ekki gert lífið létt, manni er ekki gert létt að reyna að sannfæra sjálfan sig um það, herra forseti.

En ég er þeirrar skoðunar að það sem skiptir sennilega mestu máli er hlutverk tölvunefndar, og ekki má heldur gleyma því að ákvæði er í frv. sem segir að áður en miðlægur gagnagrunnur tekur til starfa verði óháður úttektaraðili — og það er ekki tekið fram hvort hann er innlendur eða útlendur og hann gæti þess vegna verið margfrægur doktor Ross Anderson — látinn gera úttekt á öryggiskerfinu. Þetta tvennt finnst mér vera það mikilvægasta. Það kann að vera að ég sé svo bernskur þrátt fyrir tiltölulega roskinn aldur en ég trúi því að tölvunefnd dugi í málinu. Efasemdarmennirnir, „Tómasarnir" í þessum sal eiga auðvitað eftir að koma og hía á mig út af því, en þetta er samt sem áður sannfæring mín. Ég gef ekki mikið fyrir dulkóðunina og annað slíkt bix sem heldur ekki neitt, allra síst eftir þá breytingu sem hv. frsm. meiri hlutans lét vera að skýra hér af hverju kom fram og ég ætla að reifa örlítið á eftir.

Annað, herra forseti, sem hefur verið deilt harkalega um er upplýst samþykki. Enn tek ég það fram að ég er sömu skoðunar og meiri hlutinn á því. Ég er þeirrar skoðunar að eins og þetta mál er búið séu engar alþjóðlegar skuldbindingar og ekki heldur siðareglur sem krefjast þess. Ég vek athygli á því að læknaráð Sjúkrahúss Reykjavíkur orðar það svo í umsögn sinni að miðað við eðli gagnagrunnsins væri verjanlegt að krefjast aukinnar hörku við að afla samþykkis þrátt fyrir að um væri að ræða faraldsfræðilegar rannsóknir. En við í heilbr.- og trn., eða ég fyrir hönd þeirrar nefndar, kom á framfæri ákveðnum skriflegum spurningum til vísindasiðanefndar sem vörðuðu upplýst samþykki. Í svari nefndarinnar kemur fram að ótvírætt er að jafnan skal leita upplýsts samþykkis ef um er að ræða íhlutandi aðgerðir eða ef heföbundinni meðferð er breytt í rannsóknarskyni. En þeir segja hins vegar að aðrar reglur geti gilt um faraldsfræðilegar rannsóknir.

Ég vek í því sambandi, herra forseti, athygli á því að í 9. gr. alþjóðlegra siðfræðilegra ráðlegginga um læknisfræðilegar vísindarannsóknir á mönnum undirbúnar af Ráðinu fyrir alþjóðleg samtök um læknavísindi í samvinnu við Heilbrigðisstofnun þjóðanna og birtar 1993, segir eftirfarandi um samþykki byggt á vitneskju í faraldsfræðilegum rannsóknum, — ég les þetta, með leyfi forseta:

„Fyrir margar gerðir faraldsfræðilegra rannsókna er annaðhvort óraunhæft eða óráðlegt að afla samþykkis byggðu á vitneskju hjá hverjum og einum þátttakanda. Í slíkum tilvikum skal siðfræðilega matsnefndin ákvarða hvort það sé siðfræðilega ásættanlegt að hefja rannsókn án þess að aflað sé samþykkis er byggt sé á vitneskju og þá hvort nægjanleg sé áætlun könnuðar um að vernda öryggi og virða einkalíf þátttakenda og halda uppi leynd um gögn málsins."

Í skýringum við nefndina koma fram afar merkilegir hlutir að mér finnst. Þar segir, með leyfi forseta:

„Faraldsfræðilegar kannanir, þar sem nauðsynlegt er að athuga skjöl svo sem sjúkraskrár eða nafnlausar leifar sýna (blóð, þvag, munnvatn eða vefjabita), má gera án samþykkis þeirra einstaklinga sem um ræðir að því tilskildu að réttur þeirra til trúnaðar sé virtur."

Og síðan klykkir sjálf vísindasiðanefndin út með því að segja að siðfræðileg matsnefnd þurfi að ákvarða hvort það sé siðfræðilega ásættanlegt að hefja rannsókn án þess að aflað sé samþykkis er byggt sé á vitneskju.

Eftir að meginbreytingin kom inn í frv., og sú jákvæðasta, þar sem gert er ráð fyrir þverfaglegri siðanefnd, þá tel ég að ljóst sé að þetta skilyrði sé uppfyllt. Og þess vegna er ég þeirrar skoðunar og tel mig hafa rökstutt það hér að í lagi er frá öllum þeim vísindalegu mælikvörðum sem ég tel að séu í heiðri hafðir að gera þessar rannsóknir án upplýsts samþykkis. Fyrir utan það, eins og ég hef áður rakið, að ég held að ekki sé hægt fræðilega að krefjast upplýsts samþykkis, en það er önnur saga. Ég tel sem sagt á grundvelli þeirra álita sem ég hef nú rakið að heimilt sé og menn séu ekki á ganga á skjön við viðteknar reglur þegar þeir fara þá leið að leita ekki upplýsts samþykkis. En röksemdafærsla mín er ekki hin sama í þessu, herra forseti, og meiri hlutans, eða heilbrrn. ef því er að skipta.

Í grg. með 8. gr. frv. segir eftirfarandi:

„Upplýsingar í gagnagrunninum verða því ekki persónuupplýsingar og er því ekki nauðsynlegt að afla upplýsts samþykkis fyrir flutningi þeirra í gagnagrunninn."

Með öðrum orðum er forsenda heilbrrn. fyrir því að ekki þurfi að afla upplýst samþykkis sú að ekki sé um persónugreinanleg gögn að ræða. Ég er þeirrar skoðunar að áður en breytingartillögur meiri hlutans sjái dagsins ljós hafi gögnin í hinum miðlæga gagnagrunni verið a.m.k. fræðilega persónugreinanleg. Ég gleymdi að geta þess í ræðu minni áðan um persónuverndina að ég tel þar að auki að áhættan sem tekin er með því sé ásættanleg, eins og ég get metið hana. Það má um það deila, en ég tel það eigi að síður eftir að hafa skoðað það mál rækilega.

Heilbrrn. segir í grg. sinni að ekki þurfi að afla upplýsts samþykkis vegna þess að ekki sé um persónugreinanleg gögn að ræða. Þau fara ekki með þá röksemdafærslu sem ég hef farið með hérna og beita ekki þeim rökum sem ég hef

tilfært úr fyrrnefndum alþjóðlegum samningi og úr bréfinu frá vísindasiðanefnd.

Ég tel hins vegar, herra forseti, að breytingin sem meiri hlutinn er að gera núna með breytingum sínum á 7. gr. geri það að verkum að gögnin í hinum miðlæga grunni breytast úr því sem vísindamenn geta kallað fræðilega persónugreinanleg yfir í að vera tiltölulega auðveldlega persónugreinanleg. Og nú ætla ég að reyna að færa rök fyrir því af hverju ég er þessarar skoðunar.

Í hinu upphaflega frv. var það algjörlega skýrt að um var að ræða tvenns konar dulkóðunarferli. Í fyrsta lagi voru kennitölur sérhvers einstaklings sem upplýsingar voru fluttar um í miðlægan gagnagrunn þrídulkóðaðar, á heilbrigðisstofnun, hjá tölvunefnd og eftir að komið var í grunninn. Heilbrigðisupplýsingarnar voru dulkóðaðar einu sinni. Og það segir algjörlega skýrt, herra forseti, að geyma á þær dulkóðaðar. Þetta kemur t.d. fram í minnisblaði Stika ehf., sem er birt á bls. 67 í grg., en þar segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að allar heilsufarsupplýsingar séu geymdar dulkóðaðar."

Ef menn ganga að því gruflandi hvert vægi þessara leiðbeininga er sem er að finna í minnisblaði Stika þá vek ég athygli þingheims á bls. 20 þar sem segir í grg., með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að dulkóðun skuli a.m.k. vera jafnörugg og sett er fram í fyrrgreindri tillögu Stika ehf."

Að minnsta kosti jafnörugg. Hvað segir Stiki ehf. síðan um gildi dulkóðunarinnar? Í því minnisblaði kemur fram að ef menn eru að reyna að brjóta dulkóðaðar kennitölur og hafa aðgang að þjóðskrá og geta samkeyrt það með öflugum tölvum jafnoft og fjöldi þjóðarinnar er, þá er hægt að brjóta dulkóðunina. Þessar upplýsingar komu líka fram á fundi nefndarinnar með mönnum sem komu þangað í allt öðrum tilgangi, þ.e. fulltrúum samtaka hugbúnaðariðnaðarins. Og þessar upplýsingar voru staðfestar við mig í samtali við tölvusérfræðing í morgun.

En hvernig var þetta lagt upp upphaflega af hálfu heilbrrn.? Það var lagt upp þannig, eins og má sjá í greinargerð þriggja merkra manna, læknis, stærðfræðings og verkfræðings, að hin tvískipta dulkóðun hefur tvöfalt verndargildi. Ef mönnum tekst að brjóta dulkóðun kennitalnanna, sem kemur fram í þessu minnisblaði að er ekki erfitt ef menn hafa yfir svolitlu afli og getu að ráða, þá verða þeir eftir sem áður að brjóta kóðunina á upplýsingunum sjálfum. Það er auðvitað ekki hægt að gera nema á miklu erfiðari hátt, með því sem menn kalla „brute force", vegna þess að þar er ekki hægt að samkeyra við einhvern grunn eins og þjóðskrána.

Með öðrum orðum þegar búið er að breyta 7. gr. eins og núna er búið að gera þá er búið að svipta burt þessari mikilvægu vernd. Og þó að það hafi ekki komið fram hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og þó að þess sé hvergi getið í nál. meiri hlutans, þá verða persónuupplýsingarnar geymdar í gagnagrunninum á ókóðuðu formi. Með öðrum orðum: Það sem ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson eða einhver tölvusérí háskólanum þurfa að gera er að brjóta kennitölurnar ef þeir komast með einhverjum hætti yfir þetta. Og þá getum við gefið okkur að ef tekst að stela þessu, sem er alltaf mögulegt, þá er nánast víst að kóðinn verði brotinn. Það er þess vegna, herra forseti, sem ég held því fram að með þeirri breytingu sem er gerð á 7. gr. er búið að svipta burt einni meginstoðinni í frv. eins og það liggur fyrir hálfu meiri hlutans og af hálfu ráðuneytisins. Þá er með öðrum orðum ekki lengur hægt að halda því fram að gögnin séu ópersónugreinanleg. Þegar það er fallið þá fellur líka röksemd meiri hlutans og stjórnarinnar fyrir því að ekki þurfi að afla upplýsts samþykkis vegna þess að þeir gáfu sér allt aðrar forsendur en þær sem ég var að rekja hérna áðan. Ég held því þess vegna fram, herra forseti, að með þessum óforsjálu breytingum sem gerðar hafa verið hafi tvær gildustu stoðirnar undir frv. verið felldar í burtu.

Ég ætla ekki að halda því fram, herra forseti, að menn hafi vísvitandi verið að blekkja fólk. En ég vek athygli á því að hæstv. heilbrrh. hefur sagt það aftur og aftur með nokkru stolti, og mátt vera stolt af því, að hún hafi þrátt fyrir allt gert það sem hún hefur getað til að auðvelda mönnum umræðuna. Hún hefur sett frv. á netið og hún hefur — hv. þm. hlær, kannski af því hann kann ekki á netið, ég veit það ekki — en hún hefur eigi að síður reynt að efla umræðuna og hún sendi þó frv. út til fjölmargra aðila áður en það kom til þingsins og breytti því í millitíðinni.

En umræðan um persónuverndina hefur, eins og ég hef verið að sýna fram á, verið á röngum forsendum vegna þess að á síðustu metrunum er mikilvægri stoð kippt í burtu. Það kemur alveg skýrt fram, herra forseti, í plagginu frá Stika ehf. að gert var ráð fyrir því að þegar heilsufarsupplýsingarnar væru komnar inn í gagnagrunninn yrðu þær geymdar dulkóðaðar en beitt yrði einkalykli sem rekstrarleyfishafinn hefur í fórum sínum til að afkóða þær þegar þær eru teknar niður í vinnslulagið, vinnslugrunninn, og þar áttu þær að vera dulkóðaðar. Einhverra hluta vegna virðist sem einhverjum finnist óhagræði að þessu og þá er gripið til þess að breyta þessu. Ég skildi ekki mikilvægi þessarar breytingar þegar hún kom fyrir mín augu. En ég skil hana núna. Ég held að þetta hljóti að gjörbreyta gangi umræðunnar um persónuverndina í þessu frv.

Mig langar, herra forseti, líka að fara nokkrum orðum um ýmis smærri atriði sem nefndin ræddi og ég tel nauðsynlegt að komi fram hvaða afstöðu nefndin og a.m.k. við í minni hlutanum höfðum til þeirra. Rætt var talsvert um meðferð og eðli upplýsinga og hvaða upplýsingar eigi að fara í gagnagrunninn og hverjar ekki og í hvaða tilgangi mætti vinna með þær. Athyglisvert var að það voru fá atriði sem jafnmargir gerðu athugasemdir við. Þar á meðal nefni ég læknaráð Landspítalans og Lagastofnun, tölvunefnd, siðaráð, landlækni, Sjúkrahús Reykjavíkur, meirihlutaálit læknadeildar háskólans, Félag ísl. hjúkrunarfræðinga, Krabbameinsfélag Íslands og marga fleiri. Lagastofnun segir raunar skilmerkilega í áliti sínu að með tilliti til öryggismálanna væri æskilegt að afmarka nánar bæði eðli og umfang upplýsinganna sem fyrirhugað er að færa í gagnagrunninn, til þess að sá sem á að hafa eftirlit með því geti metið hvort öryggisráðstafanirnar séu nægilega tryggar.

Við veltum því talsvert fyrir okkur í nefndinni að breyta þessu einhvern veginn en komumst að þeirri niðurstöðu að það væri giska erfitt að afmarka nákvæmlega hvaða upplýsingar ættu að fara í grunninn og hvaða ekki. Við í minni hlutanum komumst líka að þeirri niðurstöðu að óráðlegt væri að gera það, m.a. af þeirri ástæðu að þegar hinum staðbundnu gagnagrunnum verður komið upp sem eiga að vera fæturnir undir hinum miðlæga gagnagrunni, þá hlýtur það að ráðast nokkuð af þörfum þeirra sem eiga að nota hina staðbundnu grunna, þ.e. vísindamanna, lækna og heilbrigðisstarfsmanna á viðkomandi stofnunum hvaða upplýsingaflokkar verði valdir til þess. Þess vegna leggjum við til að sett verði inn í lögin að sérfræðingar í tilteknum

sjúkdómaflokkum og stofnunum verði hafðir með í ráðum þegar kemur að því að taka ákvörðun um það hvers konar upplýsingum eigi að miðla þarna inn. Ég er viss um að það hefði verið æskilegra ef hægt hefði verið að hnitmiða nákvæmlega hvaða upplýsingar þetta ættu að vera. En það var athyglisvert að af öllum þeim fjölda sem gerði athugasemd við þetta þá kom í rauninni hvergi konkret tillaga fram. Ég viðurkenni að ég gafst upp við það. Ég braut heilann mikið um þetta en ég komst ekki að neinni niðurstöðu sem mér fannst boðleg.

Ég ræddi áðan um aðgengi upplýsinga. Það kom fram í umræðum í nefndinni og var einhugur um það að aðgengishindranir væru nauðsynlegar og það þyrfti að efla vægi þeirra. Ég vænti þess að það mundi e.t.v. koma fram í nefndaráliti meiri hlutans hvers konar aðgangshindranir voru nefndar, en hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi það ekki svo að ég heyrði a.m.k. Ástæðan fyrir því að ég er þeirrar skoðunar að það sé rangt, eins og sumir lögðu til í umsögnum, að setja skýr ákvæði um aðgengishindranir að gagnagrunni byggist á því að tækniþróunin í þessum greinum er það ör að nýjar aðferðir sem tengjast aðgangshindrunum hljóta að koma fram, og fyrr en seinna. Þess vegna var það skilningur minn að það væri samdóma álit allra í nefndinni að sett yrði í vald tölvunefndar að ákveða hvers konar aðgangshindranir yrðu með tíð og tíma settar. Menn vorum hins vegar sammála um þar að hindranir sem ætti að beita á þessu stigi væru atriði eins og t.d. stærð hópa. Menn töluðu um að aldrei yrði leitað eftir upplýsingum um minni hóp en tíu einstaklinga og þetta er reyndar eina atriðið sem er nefnt í greinargerð. Menn ræddu sérstaklega um að banna raðspurningar sem gera það að verkum að hægt er að einangra smærri hóp en jafnvel tíu einstaklinga. Sömuleiðis var talað um að rúnna af ártöl. Menn nefndu þann möguleika að gögn yrðu aðgreind í grunninum og það var sérstaklega lögð áhersla á það, a.m.k. af minni hálfu, að rekjanleiki allra fyrirspurna yrði tryggður.

Ég tel líka rétt að geta þess til að halda öllu til haga að eitt athyglisvert atriði kom til umræðu sem má segja að tengist persónuvernd. Sú ábending kom frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur að nauðsynlegt væri að kveða á um hvernig bæri að fara með fyrirspurnir til miðlægs gagnagrunns sem kynnu að persónugreina einstaka heilbrigðisstarfsmenn. Það sem hér er átt við er sú staðreynd að í krafti grunnsins er t.d. hægt að sjá hvaða læknar ávísa miklu meira af tilteknum lyfjum en aðrir læknar og vafalaust er líka hægt að finna þá lækna þarna sem kynni að vera hættara við mistökum en öðrum.

Ég er ekki þeirrar skoðunar, og það kom engin rödd fram innan heilbr.- og trn. um það, að með einhverjum hætti ætti að draga úr þessum möguleika vegna þess að það er ljóslega í þágu neytenda að upplýsingar af þessu tagi komi fram. Í því felst vernd fyrir sjúklinga. En auðvitað ber að draga það fram að innan landlæknisembættisins eru reglur um það hvernig eigi að taka á málum eins og þessum.

Í mjög mörgum umsögnum kom fram ótti vísindamanna um að samþykkt frv. um miðlægan gagnagrunn mundi skerða möguleika þeirra til sjálfstæðra rannsókna t.d. á grunni frumgagna úr sjúkraskrám og dreifðum gagnagrunnum. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir lýsti hérna, að því er mér fannst, skýrum skilningi meiri hlutans á því sem mér fannst reyndar ganga þvert á þann skilning sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir las upp úr ummælum tiltekins starfsmanns heilbrrn., hér fyrr í dag. Við hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir viljum taka fram okkar skoðanir á þessu vegna þess að við skoðuðum sérstaklega hvaða áhrif samþykkt frv. hefði á svigrúm vísindamanna til að nýta sér slíkar heilsufarsupplýsingar og ég held að innan heilbrn. hafi verið algjör samstaða um eftirfarandi skilning:

Vísindamenn munu hafa óbreyttan aðgang að frumupplýsingum sjúkraskráa. Þeir munu sömuleiðis hafa fullan aðgang að dreifðum gagnagrunnum sem verða til á heilbrigðisstofnunum í krafti laganna svo fremi sem uppfyllt séu gildandi lög um meðferð persónuupplýsinga. Ég held líka að enginn hafi mælt því í gegn að það sé ljóst að rekstrarleyfishafi miðlægs gagnagrunns geti engin áhrif haft á samtengingar eða samkeyrslur upplýsinga úr slíkum grunnum, enda lúti þá meðferð gagna sem er beitt við slíkar rannsóknir þeim sömu lögum sem ég nefndi áðan.

Hv. þm. Ágúst Einarsson varpaði áðan fram spurningu til hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur um einmitt réttinn til þess að setja fram kröfu um að ef einstaklingur ákveður að hætta þátttöku í miðlægum gagnagrunni þá geti hann jafnframt krafist þess að öllum upplýsingum um hann verði eytt. Mér finnst að það þurfi býsna góð rök til þess að verja það að gengið sé með þessum hætti á rétt þess sem ákveður að draga sig út. Ég þekki ekki til rannsókna þar sem þessi réttur er ekki virtur. Ég held að það sé forsenda allra rannsókna sem eintaklingar taka þátt í, hvers eðlis sem þær eru, að þeir hafa rétt til þess að draga sig út úr rannsókninni og hætta þátttöku hvenær sem er. Ef einhver hefur ákveðið að draga sig út úr miðlægum gagnagrunni og vill þar af leiðandi hætta algjörlega þátttöku sinni, þá verður hann að hafa réttinn til þess að hafna því að upplýsingar um hann verði áfram staðsettar í grunninum og þá skiptir mig engu máli hvort þær eru persónugreindar eða ópersónugreindar. Þetta finnst mér vera partur af grundvallarmannréttindum viðkomandi sjúklings. Við getum velt upp því dæmi að starfsemi miðlægs gagnagrunns þróist þannig að með réttu eða röngu telji einhver sjúklingur að þróun grunnsins skaði hagsmuni hans eða þess sjúklingahóps sem hann tilheyrir. Þá er það heimsins eðlilegasti hlutur að viðkomandi sjúklingur vilji draga sig út úr grunninum. Það er hins vegar ekki leyft samkvæmt frv. Við hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir berum fram brtt. við þessu. Það er vert að geta þess að einu upplýsingarnar sem við höfum fengið um af hverju þetta stafar eru þær að þá yrði gagnagrunnurinn svo gloppóttur. Með öðrum orðum, það er algerlega skýrt að sú afstaða byggir því bara á einu. Það er verið að taka viðskiptalega hagsmuni rekstrarleyfishafa hins miðlæga gagnagrunns fram yfir það sem ég lít á sem grundvallarhlut af rétti sjúklings. Það er auðvitað ansi hart þegar málið er komið út á svo hálan ís að menn beinlínis taki afstöðu með þessu vitandi vits um að þeir eru að troða á rétti sjúklingsins til þess að lyft upp rétti þess sem ætlar að græða peninga á upplýsingum um sjúklinginn. Ég held að það sé á skjön við allar þær reglur sem menn hafa um þessi efni.

Ég vil líka geta þess, herra forseti, að verulegar umræður fóru fram um 10. lið 5. gr. frv. en hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Rekstrarleyfishafi skal tryggja að þegar leyfistíma lýkur fái heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, eða sá sem ráðherra felur starfrækslu gagnagrunnsins, ótímabundin afnot af öllum hugbúnaði og réttindum sem nauðsynleg eru til viðhalds og starfrækslu gagnagrunnsins.“

Þetta atriði þýðir samkvæmt útskýringum í greinargerð og frekari útskýringum heilbrrn. að þegar rekstrarleyfi er gefið út þá þarf sá sem fær leyfið að afsala sér fyrir fram

til heilbrrn. öllum réttindum yfir gagnagrunninum sem hann kann að afla sér á sviði höfundarréttar, á sviði samningsréttar og á sviði þess réttar sem honum aflast með tilskipun um lögverndun gagnagrunna. Þetta ákvæði laganna felur það í sér að hann verði að láta þetta allt af hendi þegar einkaréttartímanum sem gert er ráð fyrir í frv. sleppir, án nokkurs endurgjalds. Meira að segja ég sem er á móti einkaréttinum velti því fyrir mér hvort þetta standist, hvort hér sé ekki ranglega að hinum tilvonandi rekstrarleyfishafa vegið. Ég átti því frumkvæði að því að nokkur umræða fór fram um þetta mál í nefndinni.

Það liggur fyrir að fjórir virtir lögfræðingar, þar af tveir prófessorar, allir sérfræðingar á þeim sviðum sem ég rakti áðan, telja að svo fremi sem rekstrarleyfishafinn viti nákvæmlega að hann er að ganga að þessum afarkostum, eins og ég kalla þetta, þá sé þetta heimilt. Þá getur ráðuneytið eftir 12 ár tekið grunninn til baka og gert við hann það sem því lystir. Aldrei kom sú hugmynd upp í nefndinni sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir reifaði hérna áðan að eðlilegt væri þegar 12 ára einkaréttartíma sleppi að sá sem fengi rekstrarleyfið í upphafi mundi halda því áfram. Sú umræða kom ekki einu sinni upp í nefndinni, aldrei. Það er vert að það komi fram hérna vegna þess að það liggur fyrir af hálfu ráðuneytisins hvað gerist eftir 12 ár. Það er svo einfalt mál.

Mig þykir líka nokkru skipta, herra forseti, að drepa á atriði sem kemur ekki beinlínis meginefni þessa frv. við, þ.e. heilsufarsupplýsingum. Athugasemdir komu frá Samtökum iðnaðarins og Samtökum hugbúnaðarframleiðenda. Það kemur fram í hluta greinargerðar að kostnaðarmat sem Stefán Ingólfsson hefur gert upplýsir að allt að tveir milljarðar munu fara í gerð á nýjum hugbúnaði. Nú vitum við að íslensk hugbúnaðargerð er ört vaxandi iðnaður sem náði því að flytja út á síðasta ári fyrir fast að tveimur milljörðum kr. Það kom fram mikill ótti hjá þessum samtökum um að auk einkaréttar á nýtingu heilsufarsupplýsinga þá gerði þetta frv. í raun rekstrarleyfishafanum kleift að ná ofurtökum á hugbúnaðargerð og ná einokun á gerð og þróun slíks búnaðar fyrir heilbrigðiskerfið. Það var alveg ljóst að nefndin hafði fullan skilning á þessum viðhorfum. Hún taldi ekki þörf á því að verða við ábendingum þessara tveggja aðila um að setja sérstakt ákvæði um þetta í frv. en hún var sammála þeim skilningi að það væri ljóst að gerð hugbúnaðar í tengslum við staðbundna gagnagrunna á heilbrigðisstofnunum væri algerlega í höndum hins opinbera en væri ekki að neinu leyti á forræði rekstrarleyfishafa þó hún væri kostuð af honum og þess vegna bæri við kaup á slíkum búnaði að fylgja almennum reglum hins opinbera hvort sem það eru útboð eða þá eftir atvikum samningar við einstök fyrirtæki. Þróun nýrra hugbúnaðarkerfa innan heilbrigðisgeirans þó hún væri kostuð af rekstrarleyfishafanum verður því unnin á frjálsum markaði.

Herra forseti. Ég vil aðeins nefna, áður en ég lýk við þennan hluta yfirferðar minnar um einstök atriði sem nefndin fjallaði sérstaklega um eða var bent sérstaklega á í umsögnum, að í áliti Lagastofnunar segir, að án tillits til þess hvort gagnagrunninn sé útboðsskyldur þá sé eðlilegt að kynna þeim sem gætu verið áhugasamir um gerð miðlægs gagnagrunns áform ríkisstjórnarinnar á því sviði áður en rekstrarleyfishafinn er valinn.

Eftir að hafa vísað í almennar grundvallarreglur í stjórnsýslunni og síðan 65. gr. stjórnarskrárinnar, þá segir orðrétt í áliti Lagastofnunar á bls. 80, með leyfi forseta:

„Þessar reglur leiða til þess, án tillits til skyldu til að bjóða verkið út samkvæmt lögum um opinber innkaup, að eðlilegt verður að telja að þeim sem kynnu að vilja standa að gerð og starfrækslu gagnagrunns af því tagi sem hér um ræðir, verði gefið tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að fram fari val á milli þeirra á grundvelli faglegra og málefnalegra sjónarmiða."

Herra forseti. Þetta eru athyglisverð ummæli í ljósi þess sem hæstv. forsrh. hefur sagt. Hann hefur opinberlega lýst því yfir að hvað sem tautar og raular þá eigi einkaleyfið að fara í hendur tiltekins fyrirtækis. Í ljósi ótvíræðra ummæla Lagastofnunar verður varla komist hjá því að álykta að með yfirlýsingum sínum hafi hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar áformað að fara a.m.k. út fyrir þau mörk sem Lagastofnun telur að 65. gr. stjórnarskrárinnar og almennar grundvallarreglur í stjórnsýslunni heimila. Rétt er að hér komi fram að ég mundi ætla í ljósi þessa viðhorfs Lagastofnunar Háskólans, fari svo að tillögur okkar í minni hlutanum um að fella brott ákvæði um einkarétt nái ekki fram að ganga, að við legðum til sérstakt bráðabirgðaákvæði fyrir 3. umr. um að kynna beri fyrirhugaða gerð gagnagrunnsins svo þeim sem á honum hafa áhuga gefist tóm og kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Það er eitt af því sem Lagastofnun segir í samræmi við almennar grundvallarreglur stjórnsýslunnar og stjórnarskrána líka. Ég held að ekki sé vanþörf á, herra forseti, að geta þessa hér eftir þau ummæli sem sérstaklega hæstv. forsrh. hefur látið eftir sér hafa.

Við hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir styðjum margar af brtt. meiri hlutans. Ég hef lýst andstöðu minni við tilteknar brtt., m.a. eina sem kom fram á næstsíðasta degi vinnunnar. Ég skildi ekki hve mikla grundvallarþýðingu hún hafði fyrr en núna um helgina. Ég hef lýst afstöðu minni til þess og einnig til þeirrar breytingar sem meiri hlutinn vill gera á greininni um aðgengi vísindamanna. Ég hef lýst þeirri skoðun minni, eins og ég fer ítarlega yfir síðar í ræðu minni, að þar er um að ræða tillögur sem ganga ekki upp. Fjórum tillögum viljum við vekja sérstaka athygli á vegna þess að við teljum að þær séu til bóta.

Við 4. gr. er bætt við ákvæði um að ráðherra fái heimild til að semja við rekstrarleyfishafa um sérstakar greiðslur í ríkissjóð, sem ber að líta á sem endurgjald fyrir einkaréttinn til þess að nýta heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám. Með tilliti til þess að í umfjöllun nefndarinnar og við umræður hér hefur komið fram að meiri hlutinn leggst alfarið gegn því að einkarétturinn verði numinn brott úr frv. þá teljum við mikilvægt að ákvæði um gjaldtöku sé í frv. Komi til slíks gjalds er mikilvægt fyrir heilbrigðisstéttirnar sem afla þessara upplýsinga að féð renni til rannsókna, þróunar og eflingar heilbrigðiskerfisins.

Við 5. gr. er jafnframt bætt ákvæði um að rekstur gagnagrunnsins verði fjárhagslega aðskilinn frá öðrum samkeppnisrekstri rekstrarleyfishafa. Sú breyting kann að láta lítið yfir sér en við lítum á þetta sem afar mikilvæga breytingu. Hún er í samræmi við fyrri úrskurði Samkeppnisstofnunar og við teljum hana verulega til bóta.

Við 12. gr. er bætt ákvæði um þverfaglega siðanefnd. Siðanefndin á að meta allar fyrirspurnir og rannsóknir sem gerðar eru í krafti gagnagrunnsins. Þessi þverfaglega siðanefnd er grunnur afstöðu minnar til þess hvaða ferli eigi að sætta sig við varðandi samþykki. Það skiptir máli að einu gildir hvort um er að ræða rannsóknir á vegum rekstrarleyfishafans, fyrirtækis á hans vegum eða annarra óskyldra

fyrirtækja eða vísindamanna. Áður en rannsóknirnar eru unnar eða fyrirspurnum svarað þá verður mat nefndarinnar að hafa leitt í ljós að engir siðferðilegir eða vísindalegir annmarkar mæli gegn viðkomandi rannsókn. Þetta skiptir höfuðmáli fyrir þá sem eiga upplýsingar í grunninum. Í þessu felst mikilvæg trygging fyrir því að rannsóknirnar verði ekki misnotaðar, viljandi eða óviljandi af hálfu þess sem gerir þær, til þess að skaða hópa eða einstaklinga.

Vert er að geta þess, herra forseti, að á heilbrigðisstofnunum eru við lýði svokallaðar innanhússnefndir sem eru, að því er ég best veit, að mestu skipaðar starfsmönnum viðkomandi stofnana og skipaðar af stofnununum að öllu leyti. Þær eru, eins og heitið segir til um, innanhússnefndir. Í nefndinni var rætt hvort fara ætti þessa leið, hvort nægilegt væri að setja upp innanhússnefnd. Nefndin komst sameiginlega að þeirri niðurstöðu að ganga lengra og leggja til þverfaglega siðanefnd sem ráðherra mundi skipa. Það er augljóslega ekki innanhússnefnd. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi bein í fótleggjunum til þess að standa gegn kröfum um að nefnd þessi verði, þegar upp er staðið, skipuð þannig að hægt sé að kalla hana innanhússnefnd. Það ríður auðvitað á miklu að þarna séu fulltrúar utan fyrirtækisins, fulltrúar frá landlækni eða frá Siðfræðistofnun háskólans svo einhverjir þeirra er til greina koma séu nefndir. Í sjálfu sér skiptir mig ekki máli hverjir sitja í þessari nefnd, aðalatriðið er að þetta verði ekki innanhússnefnd. Nefndin á að vera þverfagleg og á að leggja vísindasiðfræðilegt mat á allar rannsóknir sem gerðar eru í krafti grunnsins. Fyrir mér er það lykilatriði í persónuverndinni.

Jafnframt, herra forseti, er lögð fram breyting á 10. gr. varðandi meðferð ættfræðiupplýsinga og hvernig samkeyra megi gagnagrunn á heilbrigðissviði við aðra gagnagrunna. Margir, m.a. landlæknir, Lagastofnun Háskóla Íslands og tölvunefnd, töldu nauðsynlegt að kveða skýrar á um meðferð ættfræðiupplýsinga og hvernig samkeyra ætti þær við gagnagrunninn. Margir umsagnaraðila töldu nauðsynlegt að setja skýr fyrirmæli um hvaða aðrar upplýsingar mætti samkeyra við miðlægan gagnagrunn. Við í minni hlutanum töldum að einhugur ríkti um að breyta frv. þannig að rekstrarleyfishafinn mætti einungis samkeyra ættfræðiupplýsingar við miðlægan gagnagrunn eftir sérstöku vinnuferli sem hlotið hefði samþykki tölvunefndar. Í sömu breytingartillögum felast skýr fyrirmæli um að með allar samkeyrslur við upplýsingar sem ekki koma úr sjúkraskrám, þ.e. upplýsingar eða gagnagrunna óskylda hinum miðlæga gagnagrunni, skuli fara samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Hvað merkja þessar breytingar, herra forseti? Þær merkja tvennt. Heimilt verður að samkeyra ættfræðigrunninn við gagnagrunn á heilbrigðissviði eftir sérstökum reglum sem tölvunefnd hefur lagt blessun sína yfir. Í því sambandi er auðvitað mikilvægt að undirstrika enn og aftur að hlutverk tölvunefndar er víkkað verulega frá þeim lögum sem um hana gilda í dag. Henni er gert að hafa rækilegt eftirlit með öllum vinnslustigum upplýsinga í miðlæga grunninum. Þannig mun tölvunefnd þar að auki hafa eftirlit með því hvernig samtengingu miðlæga grunnsins við ættfræðigrunninn er háttað í hinum daglega rekstri. Samkvæmt þessu er ljóst að engar aðrar samkeyrslur við miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði eru heimilaðar nema þær uppfylli skilyrði gildandi laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Í því felst og að tölvunefnd þarf að samþykkja slíkar samkeyrslur.

Í tengslum við þetta má benda á annað mikilvægt atriði í meðferð ættfræðiupplýsinga. Af máli margra sem komu til fundar við nefndina og af mörgum umsögnum, þar á meðal Lagastofnunar, var augljóst að sá skilningur var útbreiddur að ættfræðiupplýsingar yrðu hluti af miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði. Í dag skýtur þessi skilningur allt í einu upp kolli í nál. meiri hlutans. Ég minnist þess ekki að það hafi verið niðurstaða í heilbr.- og trn. Þetta er breyting sem kemur inn eftir á og ég veit ekki hvaðan hún er ættuð.

Sömuleiðis er nauðsynlegt að geta þess að við ræddum breytingar á 7. gr. Skilningur okkar í minni hlutanum, þegar við stóðum upp frá þeirri vinnu, var að a.m.k. hefði orðið samstaða um að mikilvægt orð, þ.e. „aðrar" upplýsingar, sem inn kom að ósk eins þingmanns meiri hlutans, yrði ekki þar inni. Við lögðum þann skilning í hina endanlegu gerð. Þetta eina orð virðist kannski ekki skipta miklu en það gjörbreytir eðli frumvarpsins. Ef það verður samþykkt þá fellir það fyrri fyrirvara sem finna má bæði í frv. sjálfu og líka ótvírætt í grg., um að engar upplýsingar megi flytja í miðlægan gagnagrunn nema þær komi úr sjúkraskrám. Þetta er ítrekað í grg., getur ekki verið skýrara. Á síðustu stigum vinnunnar kemur meiri hlutinn og gjörbreytir með einu orði eðli gagnagrunnsins. Hvað þýðir „aðrar" upplýsingar? Á þá kannski að fara gegn því sem frv. segir annars staðar, að taka inn upplýsingar um arfgerð sem unnar eru með upplýstu samþykki? Ef um það er að ræða, herra forseti, er best að hafa sem fæst orð um það en þessi vinnubrögð eru vægast sagt ekki til fyrirmyndar. Þetta eina orð skiptir höfuðmáli í þessu sambandi.

Herra forseti. Misskilningurinn sem víða kom fram, m.a. hjá Lagastofnun, þ.e. að ættfræðiupplýsingar væru hluti af miðlægum gagnagrunni, á rót sína að rekja til þess að í tilmælum Evrópuráðsins um vernd heilsufarsupplýsinga gætu fjölskyldugögn, sem á tungu Engilsaxa heita „family data", talist erfðafræðilegar upplýsingar. Erfðafræðilegar upplýsingar, samkvæmt skilgreiningum frv. sem hér liggur fyrir, eru skilgreindar sem heilsufarsupplýsingar. Ég fæ ekki betur séð en að a.m.k. í áliti Lagastofnunar sé álitið að orðin „family data" feli í sér ættfræðiupplýsingar þó að í fyrrnefndum tilmælum Evrópuráðsins bendi ekkert til þess að svo sé.

Ég taldi hins vegar, eins og ég skýrði áðan, að í meðferð okkar í heilbr.- og trn. hefði komið skýrt fram að nefndin liti svo á að ættfræðiupplýsingar væru ekki hluti af miðlægum gagnagrunni. Þess vegna var minni hlutinn sammála meiri hlutanum um að segja fyrir um ákveðið verklag við að samkeyra ættfræðigrunninn við heilbrigðisgrunninn. Þetta var skilningur minn. Ég taldi það sameiginlegan skilning okkar að ættfræðiupplýsingar væru staðsettar í öðrum sérstökum grunni sem, eins og nefndin leggur til, aðeins yrði samkeyrður við gagnagrunn á heilbrigðissviði eftir reglum sem ég hef áður reifað.

Herra forseti. Til þess að staðfesta þennan skilning frekar vil ég upplýsa að í nefndinni kom fram tillaga um að skjóta orðinu „ættfræðiupplýsingar" á bak við hið breytta ákvæði um skilgreiningu á erfðafræðiupplýsingum. Fram kom tillaga um að setja inn orðið „ættfræðiupplýsingar". Nefndin tók það út. Ég tel mig ekki fara með rangt mál þegar ég held því fram að nefndin hafi verið samhljóða um að ættfræðiupplýsingar væru ekki þarna inni. Sá skilningur er hins vegar orðinn allt öðruvísi í nál. sem birtist hér í dag og vekur vægast sagt furðu mína. Af því tilefni, herra forseti, tel ég ljóst í hvað stefnir. Ætli þetta verði eina breytingin sem gerð

verður? Hvað fylgir þá hér á eftir? Hvernig bar að túlka orð hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur um erfðagögnin sem hún talaði m.a. um?

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að fjalla aðeins um meðferð erfðagagna til að taka allan vafa af um það hver sé hinn leyfilegi skilningur samkvæmt allri umræðu og þeim grundvelli sem heilbrrn. og hæstv. heilbrrh. hefur gengið út frá. Kallað hefur verið eftir umræðu um málið, kallað eftir umræðu í vísindasamfélaginu og lagður fram ákveðinn grunnur. Sá grunnur er þetta frv. og upplýsingarnar sem birtast í grg. Ef fara á að breyta því í einhverjum meginatriðum þá hefur meiri hlutinn og stjórnarliðið blekkt vísindasamfélagið. Ég fæ ekki betur séð en menn hafi gert áhlaup til að breyta verulega þeirri meðferð erfðaupplýsinga sem liggur skýr fyrir í frv.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að í áliti Lagastofnunar er ákveðinn misskilningur í gangi og það kann auðvitað að vera að hv. félagar mínir í meiri hlutanum í heilbr.- og trn. hafi smitast af þeim misskilningi. Í áliti Lagastofnunar á bls. 33 eru leiddar líkur að því mögulega sé ástæða til þess að skilgreina nánar hvers konar erfðafræðilegum upplýsingum er heimilt að safna án upplýsts samþykkis og takmarka með einhverjum hætti. Um þetta er einmitt fjallað í 1. mgr. 7. gr. frv. sem er eitt af lykilákvæðum frv. Þar segir:

„Að fengnu samþykki heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna er rekstrarleyfishafa heimilt að fá upplýsingar, sem unnar eru úr sjúkraskrám, til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði."

Hv. þingmenn. Þetta kann í fljótu bragði að virka frekar loðið og það kann vel að vera að í þessu felist — ef hv. þm. Sólveig Pétursdóttir mætti vera að því að leyfa mér að tala hérna en hætta fundum sínum við varaformann heilbr.- og trn. yrði ég glaður. — Herra forseti. Þarna er um lykilatriði að ræða en það er auðvitað eftirtektarvert eins og ég var að reyna að segja hérna áðan að samkvæmt orðanna hljóðan í þessari frumvarpsgrein mætti við fyrstu sýn e.t.v. skilja hana þannig að fleira en einungis upplýsingar í sjúkraskrám mætti flytja í gagnagrunn á heilbrigðissviði eins og meiri hlutinn er að reyna að smygla inn í þetta mál núna á síðustu metrum málsins. Það er alveg ljóst hver er skilningur hæstv. heilbrrh. og heilbrrn. eins og hann liggur fyrir þegar frv. var lagt fram til umræðu vegna þess að athugasemdir greinargerðar við þessa mgr. 7. gr. taka af allan vafa og þar segir, með leyfi forseta, og hlustið nú hv. þm. og varaformaður heilbr.- og trn.:

„Rétt er að taka fram að heimild rekstrarleyfishafa skv. 1. mgr. til flutnings upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði tekur einungis til upplýsinga úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna."

Þetta getur ekki orðið skýrara, herra forseti, og ég varð aldrei var við að neinn ágreiningur yrði um þennan skilning í heilbr.- og trn. þegar hinar erfðafræðilegu upplýsingar voru ræddar. Mikilvægt er að halda því til haga hér og ábending Lagastofnunar byggist þess vegna á misskilningi.

Herra forseti. Þetta þýðir það eitt að t.d. þær erfðafræðilegu upplýsingar sem rekstrarleyfishafinn kann að safna á grundvelli upplýsts samþykkis og hefur nú eins og ég hef þegar sagt aflað samþykkis 70 þúsund Íslendinga, búinn að fá sýni úr 10 þúsund, hann getur ekki flutt upplýsingarnar sem hann vinnur með þannig inn í hinn miðlæga gagnagrunn. Það getur ekkert verið skýrara, herra forseti. Þær verða að fara í annan grunn. Því til staðfestu vil ég vísa í annan stað í greinargerð ráðuneytisins til þess að skýra hver skilningur ráðuneytisins var þegar hann lagði málið til umræðu fyrir þjóðina. Þar segir í álitsgerð sem birt er í greinargerðinni undir heitinu Minnisblað um feril heilsufarsupplýsinga frá heilbrigðisstofnun um miðlægan gagnagrunn, á bls. 68:

„Til að auka öryggi og torvelda samtengingu einstaklingsauðkenndra ónafngreindra gagna verði öðrum gagnasöfnum, t.d. um ættfræði og erfðaupplýsingar, haldið aðskildum frá heilsufarsgagnasafninu."

Þess ber einnig að geta, herra forseti, til að undirstrika vægi þeirra fyrirmæla sem hér liggja fyrir að í greinargerð með frv. er tekið skýrt fram að verndin sem á að felast í öllu systeminu á aldrei að vera minni en sú sem kemur fram í þessu minnisblaði. Þess vegna vil ég árétta að hinn upphaflegi skilningur hæstv. heilbrrh., þegar hún lagði málið til opinnar umræðu til þjóðarinnar um þetta grundvallaratriði, meðferð erfðaupplýsinga, var sá að erfðaupplýsingarnar sem koma annars staðar frá en úr sjúkraskrám verða að vera í aðskildum grunni og þær verða aldrei samkeyrðar við miðlægan gagnagrunn nema með sérstöku leyfi tölvunefndar, þ.e. nema þær uppfylli nákvæmlega þau lög sem gilda og allur vafi er tekinn af um þetta atriði vegna þess að í athugasemdum greinargerðar með 2. mgr. 7. gr. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Um aðgang að öðrum persónuupplýsingum en úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna og samtengingu þeirra við heilbrigðisupplýsingar í gagnagrunninum fer samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga."

Þessi lög, herra forseti, kveða einfaldlega skýrt á um það að upplýsingar á borð við erfðafræðiupplýsingar sem eru fengnar með upplýstu samþykki verða ekki keyrðar saman við hinn miðlæga gagnagrunn nema tölvunefnd leyfi það.

Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Siv Friðleifsdóttir væri að búa sig undir að breyta því og að hún segði í ræðu sinni: „Hvers vegna ekki að setja upp eitthvert sérstakt vinnuráð?" Til hvers? Til þess að láta okkur standa frammi fyrir því að grundvöllur umræðunnar sem meiri hlutinn hefur lagt fram og sem þjóðin öll hefur verið að taka þátt í síðustu missiri var bara plat? Mikilvægum atriðum, tveimur jafnvel þremur er breytt á síðustu metrunum rétt áður en málið er að renna gegnum þingið.

Herra forseti. Svona atriði hefði auðvitað mátt íhuga ef það hefði komið fram á fyrstu stigum málsins og mönnum hefði gefist tóm til að ræða það og kanna kosti og galla. En að leyfa sér þá ósvinnu að ýja að því að svona mikilvægum atriðum í frv. eigi að breyta milli 2. og 3. umr., vegna þess að það var það sem ég las út úr þessum orðum hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, það nær auðvitað ekki nokkurri átt. Ég segi auðvitað fullum fetum að ef það er gert hefur stjórnarliðið verið að blekkja þjóðina, þá hefur stjórnarliðið verið að kalla fram umræðu sem hefur verið háð á röngum forsendum vegna þess að fyrir liggur að þetta eru burðarstoðir í frv. sem hv. þm., sem talaði fyrir munn meiri hlutans, er að gefa til kynna að eigi að breyta. Það er náttúrlega ekki þolandi þegar mál er svona viðkvæmt og svona erfitt, að þá gerist þetta og ég dreg enga dul á það, herra forseti, að afstaða mín gagnvart þessu frv. hefur harðnað að mun út af þessum vinnubrögðum.

Bara til áréttingar því sem ég hef verið að rekja um erfðagögnin og meðferð þeirra þá vil ég líka segja að fyrir utan það hvernig skýrlega er mælt fyrir um það í minnisblaðinu

frá Stika ehf. þá er líka rétt að velta því upp að þessi aðskilnaður erfðagagna, sem er ekki úr sjúkraskrám, er líka í strönguu samræmi við ályktun ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1992 um erfðapróf og erfðaskimun en þar segir í 10. meginreglu að erfðagögn skuli geyma aðskilið frá öðrum persónugögnum. Það segir orðrétt til þess að halda öllu til haga, með leyfi forseta:

„Erfðagögn sem safnað er í heilbrigðisskyni skal eins og öll önnur læknisfræðileg gögn geyma aðskilin frá öðrum persónulegum gögnum."

Hérna er, herra forseti, að mínu viti um lykilatriði að ræða og allar óskir sem kynnu að koma fram um að breyta því eru meginbreytingar á frv. (Gripið fram í.) Til hamingju með þetta fallega hljóð, hv. þm. Það lífgar örlítið og hvetur mig til dáða til þess að berjast gegn ykkur í þessu vonda máli sem þið eruð að breyta hérna þegar enginn átti sér ills von. En ég segi það, herra forseti, þetta eru meginbreytingar og ekki er hægt að fallast á þau vinnubrögð að meiri hlutinn ætli að koma hér þegar umræðan er svo að segja búin í þjóðfélaginu og boða einhverjar meiri háttar breytingar sem varða burðarstoðir í þessu frv.

Herra forseti. Ég og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir leggjum fram nokkrar brtt. á sérstöku þingskjali. Ég ætla í örfáum orðum að reifa þær. Hinar mikilvægustu varða það að þær loðnu heimildir til einkaréttar sem er að finna í gagnagrunninum verði allar felldar brott. Þetta er auðvitað meginatriði og ég lýsi því yfir að ef meiri hlutinn verður reiðubúinn til þess að velta því fyrir sér og breyta aðgengi vísindamanna er ég reiðubúinn að styðja þetta frv. (**SF:** Ha. Viltu segja þetta aftur?) Ég er að segja það að ef meiri hlutinn væri reiðubúinn til þess að samþykkja brtt. okkar sem miða að því að draga út heimildina til einkaréttar og til þess að fallast á tillögur okkar um aðgengi vísindamanna er ég reiðubúinn til þess að styðja þetta frv. Ég hef lýst skoðunum mínum á persónuverndinni. Ég nálgast það mál út frá allt öðrum forsendum en meiri hlutinn og ástæða mín til hins upplýsta samþykkis liggur líka fyrir. Ég tel sem sagt að ef hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vildi beita sínu mikla afli til að fá félaga sína í meiri hlutanum til þess að falla frá einkaréttarákvæðunum sem eru langversti fingurbrjóturinn og vildi fallast á tillögur okkar um hvernig beri að heimila eða tryggja vísindamönnum aðgang að gagnagrunninum er ég reiðubúinn til þess að styðja þetta frv. ef það mætti verða til þess að létta hv. þingkonu lífið.

Þar fyrir utan, herra forseti, leggjum við til léttvæga brtt. en hún skiptir eigi að síður máli vegna þess að hún er í anda þess hvernig löggjafinn hefur tekið á málefnum barna á síðustu árum. Við leggjum til að eftir því sem kostur er, og gerum um það konkreta tillögu, skuli foreldrar hafa börn sín með í ráðum og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri. Það er nefnilega niðurlag 29. gr. sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir las upp úr lögum um réttindi sjúklinga en tapaði þessu niðurlagi sennilega af því að hún hefur ekki séð það. Við höfum jafnframt lagt fram tillögu eins og ég hef áður reifað að ef sjúklingur óskar að hætta þátttöku getur hann krafist eyðingar allra upplýsinga.

Við leggjum jafnframt til að sérstakt ákvæði komi til bráðabirgða þar sem lagt er til að frá gildistöku laganna og þangað til flutningur upplýsinga hefst í gagnagrunn á heilbrigðissviði skuli landlæknir standa fyrir rækilegri upplýsingaherferð til að kynna almenningi rétt hans til þess að synja þátttöku í miðlægum gagnagrunni. Við leggjum jafnframt til að undir liðnum Réttindi sjúklinga komi ný grein og af því að ég hef ekki þessa brtt. við höndina, þá verð ég að rifja það upp eftir slöku minni en í þeirri grein er lagt til að lagt verði bann við að misnota heilsufarsupplýsingar sem eru fluttar í miðlægan gagnagrunn eða unnar í krafti hans eða unnar í krafti rannsókna eða fyrirspurna sem eru gerðar fyrir tilstilli grunnsins og það megi nota þessar upplýsingar til þess að skaða eða mismuna einstaklingum eða hópum, svo sem á vinnumarkaði, tryggingamarkaði eða með öðrum hætti. Ef það er vissa meiri hlutans að það muni ekkert gerast og þessi grunnur sé allt í lagi út frá persónuverndarsjónarmiðunum, sem ég held að sé nokkuð til í, þá getur það varla verið álitamál að hv. þingmenn meiri hlutans hljóta að samþykkja þessa tillögu.

Sömuleiðis tel ég að nauðsynlegt sé, m.a. til þess að eyða ótta eða tortryggni sem óhjákvæmilega hefur orðið til frá því að frv. var svo flaustrslega sett fram á sl. vori, að bæta við frv. og þess vegna leggjum við fram sérstaka tillögu um nýtt bráðabirgðaákvæði sem hljóðar svo:

„Alþingi skal eigi síðar en árið 2000 samþykkja lög um erfðapróf og erfðaskimun þar sem m.a. er bönnuð hvers kyns mismunun í krafti upplýsinga um arfgerð."

Herra forseti. Þetta eru lög sem menn eru í óða önn að setja annars staðar í heiminum og fyrir bandaríska þinginu liggja fyrir um það bil 60 lagafrumvörp sem öll lúta að þessu.

Herra forseti. Ég á þá eftir að reifa tvö atriði enn áður en ég lýk máli mínu. Það er í fyrsta lagi um aðgengi vísindamanna að hinum miðlæga gagnagrunni og það eru einkaréttarákvæðin og hvernig ég tel að þau brjóti gróflega í bága við ýmsar reglur EES. Ákvæðin um aðgengi vísindamanna á kostnaðarverði að hinum miðlæga gagnagrunni hafa verið gagnrýnd úr tveimur áttum. Vísindasamfélagið hefur harðlega gagnrýnt aðgengisákvæðin og Lagastofnun sömuleiðis á þeim grunni að þau brytu gegn samkeppnislögum og reglum EES. Gagnrýnin úr röðum vísindamanna á ákvæði frv. um aðgengi þeirra að gagnagrunninum var einkum tvenns konar eins og ég hef skilið hana. Í fyrsta lagi er gagnrýnt að einungis þeir sem leggja til upplýsingar í grunninn eigi samkvæmt frv. að öðlast rétt til að fá að nota hann til rannsókna og að mati þeirra fulltrúa úr vísindasamfélaginu sem hafa reifað þetta mál opinberlega í umsögnum eða á fundi heilbr.- og trn., brýtur þetta í bága við hinn siðferðilega grunn frjálsra rannsókna og ég og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, sem stendur með mér að þessu minnihlutaáliti, erum sammála þessu. Þar að auki benda vísindamenn á að það eiga ekki allir sem tengjast heilbrigðisgeiranum kost á að leggja upplýsingar inn í grunninn en gætu eigi að síður notað hann til rannsókna í þágu þjóðarinnar og til heilla fyrir hana. Ég nefni t.d. einhverja vísindamenn við Háskóla Íslands og vafalaust víðar.

Vafalaust er það rétt hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að líkast til gætu allir vísindamenn komið sér í samstarf við heilbrigðisstofnanir ef þeir hefðu áhuga á að komast í gagnagrunninn til að nota hann sem tæki. Það er líka gríðarleg andstaða í röðum vísindamanna við setu fulltrúa rekstrarleyfishafans í aðgengisnefndinni. Þar á fulltrúinn að gæta viðskiptahagsmuna þess fyrirtækis sem fer með rekstrarleyfið. Forsenda aðgengisins er enn skilgreind þannig af hálfu hv. þingmanna meiri hlutans að ekki megi heimila vísindamönnum rannsóknir í krafti miðlægs gagnagrunns sem gætu verið í beinni viðskiptalegri samkeppni, og ég hef skilið það svo, vísindalegri samkeppni einnig.

Vísindamenn hafa eðlilega bent á að þetta felur í sér mjög opna og nakta hættu á hugmyndastuldi. Við hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir teljum að ekki sé hægt að búa við slíkt umhverfi. Efnislega hefur Samkeppnisstofnun tekið undir þetta viðhorf eins og ég rek síðar. Við teljum að bæði af siðfræðilegum og samkeppnislegum ástæðum sé ekki hægt að samþykkja frv. með þessu ákvæði. Meiri hlutinn hefur eins og fram kom áðan verið þessu ósammála og hann heldur setu rekstrarleyfishafans í aðgengisnefndinni til streitu í brtt. sínum við frv. Hann hefur út af fyrir sig svarað gagnrýni vísindamanna með því að staðhæfa að léttvæg takmörkun á aðgangi þeirra að miðlægum gagnagrunni geti ekki kallast skerðing á rannsóknarfrelsi vegna þess að þeir höfðu engan aðgang að gagnagrunninum áður.

Af þessu tilefni er rétt að fram komi að þegar hugmyndin um miðlægan gagnagrunn var kynnt þjóðinni og heilbr.- og trn sl. vor var ein af frumforsendum málsins sú að miðlægur gagnagrunnur væri vísindatæki sem bætt gæti aðstöðu allra íslenskra vísindamanna á heilbrigðissviði til rannsókna. Þetta var loforð sem margsinnis var ítrekað af þeim sem tengjast væntanlegum rekstrarleyfishafa. Ég minnist þess að þegar stuðningsmenn frv., sem voru fáir síðasta vor, komu til fundar við heilbr.- og trn. þá sögðu þeir allir sem einn: Forsenda þess að hægt sé að samþykkja þetta mál verður að vera sú að þetta auki rannsóknargetu íslenskra vísindamanna. Þá voru þeir ekki að tala um hina staðbundnu gagnagrunna, sem verða fætur hins miðlæga grunns, heldur um grunninn sjálfan. Lágmarkskrafan er að menn reyni það sem þeir geta til að standa við þessi orð.

Til að halda öllu til haga er rétt að fram komi að ég varð ekki var við annað en að algjör einhugur væri innan heilbr.- og trn. um að haga frv. þannig að aðgangur vísindamanna væri eins tryggur og mikill og væri frekast unnt. Ég vil jafnframt koma því á framfæri að ég varð heldur ekki var við önnur viðhorf hjá fulltrúa hins væntanlega rekstrarleyfishafa þegar hann kom til fundar við nefndina en auðvitað var það alltaf helgað þeirri hugmynd að rekstrarleyfishafi ætti seturétt í aðgangsnefndinni.

Sennilega hefur heilbr.- og trn. ekki fjallað eins mikið um annað mál en þetta. Ég hef sjálfur brotið heilann lon og don, alla daga, í Reykjavík og erlendum stórborgum, til að finna leið til að bjarga þessu. Ég tel að ef þetta frv. verður að lögum verði leita allra leiða til að tryggja aðgang vísindaheimsins að þessu. Eins og hér hefur verið reifað komu miklir annmarkar í ljós á frjálsu aðgengi vísindamanna að grunninum. Ástæðan var eins og minnst var á áðan, að bæði Lagastofnun og Samkeppnisstofnun töldu ákvæði 9. gr. frv., sem fjölluðu um notkun vísindamanna á gagnagrunninum, brjóta svo harkalega gegn EES-reglum að þær lögðu báðar til að ákvæðin féllu brott. Tillögur þeirra og hugmyndir, sem auðvitað voru lagðar fram af brýnni nauðsyn, þýddu að eini möguleiki íslenskra vísindamanna til að fá aðgang að rannsóknum fyrir tilstilli gagnagrunnsins væri að kaupa hann fullu verði. Það mundi auðvitað útiloka íslenska vísindasamfélagið frá því að nota sér til hagsbóta upplýsingar úr þessum gagnagrunni sem þó eru íslenskar að öllu leyti.

Við höfum skoðað ýmsar leiðir til að tryggja aðgang vísindamannanna á kostnaðarverði. Eins og ég sagði fékk ekkert eitt atriði eins mikla umfjöllun. Að lokum skildu leiðir milli meiri hluta og minni hluta. — Ég tel að sá hv. þm. sem nú gengur úr salnum hefði haft gott af því að hlusta á það sem nú kemur til að sýna hvers konar mál það er sem á að pína hann til að fylgja. En fari hann eigi að síður í friði.

Meiri hlutinn leggur til að ákvæði 9. gr. um aðgengi vísindamanna verði efnislega óbreytt en þó komi inn nýtt ákvæði um að aðgangurinn sé hluti af endurgjaldi rekstrarleyfishafans fyrir afnot af heilsufarsupplýsingunum. Af hálfu meiri hlutans eru því hvorki lagðar til breytingar á ákvæðum um setu rekstrarleyfishafans í nefnd þeirri sem fjallar um aðgengi vísindamanna, né heldur um aðgang þeirra sem ekki starfa á þeim heilbrigðisstofnunum sem láta upplýsingar í té. Það kann að vera að ég hafi misskilið tillögur meiri hlutans en þegar ég las þær skildist mér að þær væru svona. Ég gat hins vegar ekki skilið orð hv. þm. Siv Friðleifsdóttur öðruvísi en svo að hún teldi að einnig þeir sem ekki miðla beinlínis upplýsingum eða starfa við að miðla upplýsingum ættu með einhverjum hætti kost á að koma þarna til samstarfs. Um það hef ég ekki séð bein ákvæði í brtt. en mér hefur kannski yfirsést það.

Við í minni hlutanum, a.m.k. sá hluti sem stendur að því áliti sem ég mæli fyrir, getum ekki fallist á þessa afgreiðslu meiri hlutans, m.a. vegna þess að þau tvö atriði sem fela í sér fjórfalt brot á reglum EES eru óbreytt. Til þess að skýra þetta frekar og vegna þess hve grimmúðlega það virðist brjóta í bága við þær alþjóðlegar reglur sem við höfum skuldbundið okkur til að fylgja, þá þykir okkur líklegt að fyrr en seinna verði þessu ákvæði varpað út í hafsauga af alþjóðlegum dómstólum. Til að skýra hið fjórfalda brot, herra forseti, þarf fyrst að lýsa eftirfarandi:

Ekki þurfa að liggja fyrir ótvíræð dæmi um misnotkun einkaréttarhafa á markaðsráðandi aðstöðu til þess að veiting einkaréttar feli í sér brot á EES-reglum. Nánar tiltekið í 1. mgr. 59. gr., sbr. 54. gr. Það nægir að einkarétturinn skapi aðstöðu sem líklegt er að leiði til að einkaréttarhafinn misnoti stöðu sína. Með hliðsjón af þessu komst Samkeppnisstofnun að þeirri niðurstöðu um þessi tvö atriði að í þeim fælist einokun á upplýsingum sem leiddi til þess að mögulegum keppinautum væri haldið frá markaði. Með því væri verið að útvíkka eða efla hina markaðsráðandi stöðu einkaréttarhafans þannig að gengi gegn 54. gr. EES-samningsins. Þeir töldu jafnframt að í þessu fælist samkeppnishamlandi hagsmunaárekstur sem bryti gegn 1. mgr. 59. og 54. gr. samningsins. Þeir töldu jafnframt að þetta ákvæði fæli í sér aðgang að viðskiptaleyndarmálum.

Með setu fulltrúans í aðgangsnefndinni er alveg ljóst að einkaréttarhafinn getur komist að mikilvægum upplýsingum um áform vísindamanna. Í framsögu fyrir nál. meiri hlutans kemur fram að þær upplýsingar sem leggja á fram eigi að vera það takmarkaðar að slíkt sé ekki hægt. Ég held, herra forseti, að sá skilningur hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur kunni að nægja til að fella burt þetta eina atriði af þeim fjórum sem fela í sér brot gegn EES. Ég veit það ekki en a.m.k. þyrfti að útfæra það betur en gert var í ræðu hv. þm.

Sömuleiðis komst stofnunin að því að ákvæðin fælu í sér samkeppnishamlandi mismunun. Hún benti á að fyrst einungis þeir vísindamenn, sem starfa hjá stofnununum sem leggja til upplýsingar í miðlægan gagnagrunn, geti notið upplýsinga úr honum feli það að öllum líkindum í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu í skilningi 54. gr. EES-samningsins. Við teljum því að tillaga meiri hlutans feli án nokkurs vafa í sér margfalt brot á reglum EES eins og bæði Samkeppnisstofnun og Lagastofnun hafa bent á. Við teljum þetta ekki aðeins bera vott um ófagleg vinnubrögð sem óneitanlega séu fallin til að rýra álit og virðingu Alþingis, samþykki það

slík ákvæði með þetta fyrir framan sig, heldur feli það í sér ábyrgðarleysi. Ekki síst af þessum ástæðum leggjumst við alfarið gegn 9. gr. eins og hún lítur út eftir breytingar meiri hlutans. (**Gripið fram í:** Hvaða þið?) Sá sem hér stendur og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir sem stendur einnig að þessu minnihlutaáliti.

Að okkar mati koma tvær leiðir til álita til að tryggja aðgang vísindamanna. Önnur leiðin felst í að mæla svo fyrir í lögum að sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn, starfsmenn heilbrigðisstofnana og vísindamenn í samstarfi við þær skuli hafa aðgang að upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði og beri að líta á það sem hluta af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir afhendingu heilbrigðisupplýsinga. Þá verði jafnframt tekið fram í lögum að um aðgang þessara aðila skuli rekstrarleyfishafi, heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn semja samkvæmt þeim ákvæðum sem er að finna í 1. mgr. 7. gr. frv. Með öðrum orðum yrði stýring aðgangsins hluti af frjálsum samningi. Við teljum að þá fæli þetta ekki í sér það brot gegn EES-rétti sem felst í tillögu meiri hlutans. Við tökum það hins vegar fram í nál. okkar að það er ekki víst að þessi aðferð okkar dugi fullkomlega. Það er álitamál hvort hún gengur nógu langt til að hægt sé að fullyrða að hún feli ekki í sér samkeppnishamlandi mismunun. Við teljum þó að á því séu mun minni líkur en samkvæmt tillögu meiri hlutans. Við kveðum á um að notkun gagnagrunnsins sé ekki aðeins heimil þeim sem starfa við viðkomandi heilbrigðisstofnanir sem miðla upplýsingum í grunninn, heldur líka þeim sem eru í samstarfi við þær. Við leggjum til og bendum á að hægt sé að fella það beinlínis í frv. sjálft.

Eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði má gera ráð fyrir að allir þeir sem vildu gætu notfært sér þessa aðstöðu með samstarfi við viðkomandi heilbrigðisstofnun. Eigi að síður teljum við að ekki sé útilokað að einnig þessi útfærsla brjóti í bága við EES-réttinn. Við erum hins vegar sannfærð um að ef svo er þá sé það að miklu minna leyti og miklu minni hætta á þeirri niðurstöðu en samkvæmt þeirri tillögu sem meiri hlutinn hefur lagt fram.

Hin leiðin sem við hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir teljum líka færa byggist á eftirfarandi: Samkvæmt upplýsingum frá tilvonandi rekstrarleyfishafa, sem allir vita að er Íslensk erfðagreining, er fyrirhugað að selja áskrift að gagnagrunninum. Handhafar áskriftar geta þá, samkvæmt upplýsingum Kára Stefánssonar, gert rannsóknir sínar ótakmarkaðar án frekara gjalds svo fremi sem þær uppfylli skilyrði laganna. Við teljum að í lögum væri hægt að kveða á um að ríkið fengi sem hluta endurgjalds fyrir afnot af heilsufarsupplýsingum Íslendinga, árlega áskrift að miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði þar til einkarétti rekstrarleyfishafans sleppir og starfræksla gagnagrunnsins færist í hendur ríkisins eða þess sem ráðherra kveður til, skv. 10. tölul. 3. gr. Við teljum jafnframt eðlilegt að menntmrh. færi með áskriftina fyrir hönd ríkisins því hann er sá ráðherranna sem fer með málefni vísindanna. Sömuleiðis kæmi til álita að inn í lögin yrðu sett ákvæði um að ráðherra vísindamála yrði skylt að setja sérstakar reglur um hvernig nota megi áskriftina og jafnframt að öllum starfsmönnum ríkisins verði gert mögulegt að stunda rannsóknir í gegnum þessa áskrift, svo fremi að þeir uppfylli þessa reglu menntmrh.

Menntmrh. er eins og ég sagði æðsta stjórnsýslulega vald í heimi vísindanna. Það er ekki óeðlilegt að hann færi með þetta mál. Ég tel þar að auki að mörgu leyti heppilegt að hann hefur ekki tekið þátt í þeim miklu deilum sem orðið hafa milli ríkisstjórnar og vísindasamfélagsins. Þar að auki ber honum skylda til, vegna þess valds sem honum er falið, að gæta hagsmuna vísindamanna. Ég tel þess vegna að hér sé um að ræða leið sem komi sterklega til álita.

Þar sem ég tel að hér sé um svo mikilvægt atriði að ræða höfum við í 1. minni hluta ekki lagt fram sérstaka brtt. að svo stöddu vegna þess að við teljum mikilvægt að ná samstöðu við meiri hlutann um að tryggja betri leið en þá sem nú liggur fyrir af hálfu meiri hlutans. Ef ekki verða neinar undirtektir við það í umræðunni munum við auðvitað leggja fram aðra hvora þessa tillögu fyrir 3. umr. og e.t.v. áður en umræðunni lýkur. En ég segi það að ég tel æskilegt að meiri hlutinn og minni hlutinn reyni að ná samstöðu um að bæta aðgengi vísindamanna.

Herra forseti. Ég ætla að lokum að snúa mér að þeim mótbárum sem við höfum flutt fram gegn einkaréttarákvæðunum sem er að finna í frv. Hægt er að færa fjölmörg rök, vísindaleg og viðskiptaleg, gegn því að einkaréttur verði veittur einu fyrirtæki til þess að fénýta allar heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám landsmanna, sem, nota bene, heilbrrh. hefur skilgreint sem þjóðarauð.

Í nútímavísindum er þróunin hvergi jafnhröð og á sviði erfðagreiningarinnar þar sem ný tækni og miklar fjárfestingar hafa á síðustu árum stuðlað að ótrúlegum framförum. Það er heldur engin grein vísindanna þar sem samspilið milli viðskiptanna er jafnofið vísindalegri framþróun og einmitt innan erfðagreiningarinnar. Þar ríkir gríðarlega hörð samkeppni og hún hefur leitt til undraverðra uppfinninga og nábýli greinarinnar við hinn sterkríka lyfjaiðnað hefur orðið til þess að tekist hefur að hagnýta þessar uppfinningar á örskömmum tíma. Þannig hefur skapast umhverfi þar sem viðskiptin og vísindi erfðafræðinnar eru samofin. Drifkraftur þessarar hröðu þróunar innan þessarar greinar er samkeppnin. Einokunin, sem lagt er til í frv. að eitt fyrirtæki fái, er líkleg til þess að stuðla skamma hríð að jákvæðri þróun í erfðatengdum iðnaði hér á landi. En til lengri tíma tel ég að hún verði fjötur sem leiðir til þess að greinin muni eiga erfitt með að þróast jafnörugglega hér á landi og annars staðar. Í þessu samhengi verður að leggja áherslu á að Ísland er ekki eina landið þar sem öflug fyrirtæki á sviði erfðagreiningar hafa komið fram. Svipuð þróun er alls staðar á Vesturlöndum. Ég veit ekki betur en að slík fyrirtæki séu jafnvel farin að teygja sig til okkar ágætu nágranna í Færeyjum.

Erfðagreining er sólrisuiðnaður í hinum iðnvæddu samfélögum nútímans. Hún einskorðast ekki bara við Ísland þó að séríslenskar aðstæður og öflugt fyrirtæki, Íslensk erfðagreining, sem hefur skapast í krafti séríslenskra aðstæðna og afskaplega öflugs starfsliðs, innlends og erlends, sem hefur gengið til liðs við það, hafi gefið Íslandi tímabundið forskot. En reynslan sýnir að samkeppnin stuðlar jafnan að nýjum og snjallari tæknilegum lausnum en raunin er þegar einum aðila er veitt einokun. Þess vegna tel ég að samkeppni mundi leiða til þess að stuðla að enn vandaðri úrlausn þess flókna viðfangsefnis sem gerð miðlægs gagnagrunns er. Ég tel líka að til lengri tíma mundi hún leiða til enn meiri vísindalegs ávinnings og verðmætasköpunar.

Ég held líka að það orki tvímælis að halda því fram, miðað við reynslu á samkeppnismarkaði, að erfiðara yrði að markaðssetja afurðir gagnagrunnsins ef einkaréttarins nyti ekki við en því er auðvitað haldið fram. Við vitum að af einkarétti leiðir oftlega að menn fara á mis við tækifæri til

viðskipta sem einkaréttarhafi hefur annaðhvort ekki áhuga á að nýta eða sér einfaldlega ekki. Þess vegna held ég að fullyrða megi að það sé þekkt regla úr heimi viðskiptanna að fleiri markaðir vinnast og fleiri viðskiptatækifæri nýtast þegar vara er markaðssett af fleiri fyrirtækjum í beinni eða óbeinni innbyrðis samkeppni og þá með tilheyrandi ávinningi fyrir hagkerfið allt í heild. Þetta eru rökin að baki því að einkaréttur á sviði útflutnings tiltekinna sjávarafurða var afnuminn með augljósum ávinningi bæði fyrir sjávarútveginn og íslensku þjóðina. Ég held þess vegna að því megi halda fram með vísan til reynslu af samkeppnisviðskiptum að fyrir Íslendinga yrði betra að fleiri en eitt fyrirtæki mundu keppa um að markaðssetja þá vöru sem er hægt að vinna úr íslenskum heilsufarsupplýsingum. Ég held að markaðurinn mundi nýtast betur, störfin sem sköpuðust yrðu fleiri og þegar upp er staðið er líklegt að afraksturinn í formi verðmæta sem rynnu inn í íslenskt samfélag yrði meiri. Þess vegna held ég því fram, herra forseti, að með því að veita einkarétt á rekstri miðlægs gagnagrunns sé verið að valda óbeinum skaða með því að útiloka slíka þróun. Eins og ég kem að síðar, herra forseti, hafna ég algjörlega þeim rökum sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir færði áðan sem einu rök sín og meiri hlutans fyrir einkarétti og þau voru eftirfarandi: Það kostar svo mikið að smíða gagnagrunninn og markaðssetningin er svo óviss að það verður að gefa einkarétt. Herra forseti. Ég er ekki einn um að hafna þessum rökum vegna þess að Lagastofnun hafnar þeim alfarið og Samkeppnisstofnun líka. Með öðrum orðum hafna allir þeir sem hafa sérfræðiþekkingu á málinu rökum meiri hlutans.

Herra forseti. Rökin fyrir nauðsyn einkaréttarins hafa í rauninni hvergi verið skilgreind ítarlega. Lagastofnun bendir á að rökin fyrir einkarétti í sjálfu frv. komi ekki skýrt fram. Það er þó augljóst af framsöguræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur áðan, ýmsum greinum sem aðstandendur Íslenskrar erfðagreiningar hafa skrifað, og líka framsöguræðu hæstv. heilbrrh. við 1. umr., að röksemdirnar sem hníga að nauðsyn þess að einkaréttur verði veittur á miðlægum gagnagrunni eru efnislega þessar:

Stofnkostnaðurinn við gerð grunnsins er mjög hár. Hann er líklegur til þess að verða umtalsvert hærri fyrir þann sem fer fyrstur af stað með slíkan grunn. Mikil óvissa ríkir um hagnýtingarmöguleikana. Gagnagrunnur af þessu tagi hefur aldrei verið markaðssettur áður og ef einkaréttur yrði ekki veittur, eins og við heyrðum hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur áðan, gæti það leitt til þess að samkeppnin ylli því að heildarverðmætin sem rynnu inn í landið vegna viðskipta með upplýsingar úr grunninum yrðu minni en ella, gæti það leitt til þess að ekki tækist að markaðssetja afurðirnar.

Engin önnur rök hafa verið sett fram af talsmönnum ríkisstjórnarinnar til stuðnings einkaréttinum. Það er athyglisvert að þessum rökum er hafnað bæði af Samkeppnisstofnun og Lagastofnun. Samkeppnisstofnun segir skýrt að vafasamt sé að rök um mikinn stofnkostnað réttlæti einkarétt. Hún bendir á að slík rök mætti þá nota í mörgum tilvikum til þess að komast hjá eftirliti á grundvelli samkeppnisreglna EES-samningsins. Samkeppnisstofnun bendir á merkilegt dæmi. Hún vísar til eftirfarandi dæmis:

Hvað ef menn sækjast eftir því að byggja álver? Því fylgir gríðarlegur stofnkostnaður og mjög óviss markaðssetning eins og við vitum. Er þá ekki í krafti sömu raka hægt að fara fram á einkarétt? Að sjálfsögðu, segir Samkeppnisstofnun. Þess vegna segir hún: Þessi rök gilda ekki.

Í áliti Lagastofnunar er að finna nákvæmlega sama viðhorf. Hún rekur hvernig einkarétturinn er rökstuddur í frv. og vísar þar m.a. til þess að þar komi fram að það kosti allt að 19,3 milljarða að smíða grunninn og áhættan sé veruleg. Hún hafnar hins vegar þessum rökum alfarið. Lagastofnun segir hreint út að frá sjónarhóli EES-réttarins geti þau tæpast réttlætt einkarétt og síðan segir orðrétt, með leyfi forseta: „Enda eru það þá rök sem eiga alltaf við þegar fjárfesting er mikil, óháð því hvers konar atvinnustarfsemi á í hlut."

Þar með liggur fyrir, herra forseti, að einu rökunum fyrir einkaréttinum sem hafa komið fram af hálfu meiri hlutans í umfjöllun nefndarinnar er hafnað bæði af Lagastofnun Háskólans og Samkeppnisstofnun.

Það er raunar athyglisvert, herra forseti, að Lagastofnun treystir sér ekki einu sinni til þess að fullyrða að einkarétturinn standist EES-reglur. Höfundar álits stofnunarinnar telja upp fjölmörg atriði og þeir segja að með tilliti til þeirra allra sé það skoðun þeirra að einkarétturinn „geti samrýmst þeim". Þeir þora ekki að kveða fastar að orði. Þeir fullyrða hins vegar að með því að samþykkja heimildina til einkaréttarins taki löggjafinn áhættu gagnvart EES-réttinum. Sú afstaða birtist mjög skýrt í eftirfarandi yfirlýsingu undir lok umfjöllunar stofnunarinnar um einkaréttinn þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með því að fela einum aðila einkarétt til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns er því tekin nokkur áhætta."

Það er alveg ljóst að Lagastofnun varar okkur við. Hún segir: Með því að samþykkja einkaréttinn er verið að taka nokkra áhættu. Samkeppnisstofnun gengur miklu lengra. Hún heldur því fram með mjög gildum rökum að þetta brjóti beinlínis í bága að mörgu leyti við EES-samninginn. Helstu niðurstöður Samkeppnisstofnunar um einkaréttarþátt frv. eru þessar, herra forseti:

Stofnunin segir í fyrsta lagi að veiting einkaréttar sé ekki í samræmi við þróunina innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í öðru lagi að veiting einkaréttarins muni skapa markaðsráðandi stöðu á verulegum hluta Evrópska efnahagssvæðisins. Í þriðja lagi að líklegt sé að sú staða verði misnotuð og misnotkunin hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkja sambandsins. Í fjórða lagi telur hún ólíklegt að veiting einkaréttarins falli undir undanþáguheimildir sem er að finna í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Í fimmta lagi lítur Samkeppnisstofnun svo á að veiting einkaréttarins muni fara gegn 1. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Í sjötta lagi er það að auki álit stofnunarinnar að veiting einkaréttarins stríði gegn markmiði samkeppnislaga.

Það liggur alveg ljóst fyrir að Lagastofnun segir að veitingu einkaréttar fylgi nokkur áhætta og Samkeppnisstofnun segir einfaldlega: Þessi hluti frv. brýtur gegn ákvæðum EES-reglna.

Herra forseti. Ég gæti haft um þetta talsvert langt mál til viðbótar. En það er eitt sem mig langar að nefna að lokum. Ég held að ef svo fer að einkaréttarákvæðið verði samþykkt hljóti það vera óhjákvæmilegt að ríkið bjóði út gerð grunnsins. Erfitt er að finna rök sem mæla gegn því vegna þess að til að mynda hefur Ríkiskaup fært fram sterk rök, sem ég ætla ekki að tíunda hér enda búinn að tala nógu lengi, sem benda skýrt í þá veru að það sé nánast ekki hægt að horfa fram hjá því að samkvæmt þeim reglum sem við erum aðilar að á alþjóðlega vísu sé óhjákvæmilegt að láta útboð fara fram. Ég vek máls á þessu, herra forseti, vegna þess að ég tel að það sé viðurhlutamikið, svo ekki sé meira sagt, ef

menn ætla að ráðast í að samþykkja hér frv. og gera það að lögum sem er beinlínis hægt að segja að brjóti í bága við fjölmargar alþjóðlegar skuldbindingar. Ég vek athygli á því að þegar lesnar eru saman þær breytingartillögur sem meiri hlutinn leggur fram og frumvarpið í heild sinni blasir við að þar er verið að gera tillögur sem brjóta ítrekað í bága við EES-réttinn. Það eru þrjár stofnanir sem benda á það: Samkeppnisstofnun, Lagastofnun og Ríkiskaup. Eigum við samt sem áður, herra forseti, að horfa upp á Alþingi Íslendinga vitandi vits samþykkja frv. með einkaréttinum inni sem er alveg ljóst að felur í sér margfalt brot á alþjóðlegum skuldbindingum?

Ég get ekki, herra forseti, tekið þátt í slíkri afgreiðslu. Ég hef um margt samúð með þeirri tilraun sem hér er gerð með hinn miðlæga gagnagrunn en mér þykir hún hafa klúðrast óhönduglega og mér sýnist að útlitið sé ekki bjart fyrir þann ágæta grunn þegar hann verður loksins að veruleika. En ég lýsi því enn og aftur yfir, herra forseti, að ef svo fer að meiri hlutinn er reiðubúinn til þess að falla frá einkaréttinum og ef hann er reiðubúinn til þess að reyna að ná sáttum við okkur um aðgengi vísindamanna að gagnagrunninum þá er ég reiðubúinn til þess að samþykkja frv.

[17:30]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Afstaða formanns heilbr.- og trn. í þessu máli hefur frá því að frv. um þetta kom fyrst fram sl. vor valdið mér miklum vonbrigðum og áhyggjum vegna þess að hv. þm. hefur auðvitað sem formaður nefndarinnar sterka stöðu. Ég hef ekki áttað mig á því af hverju í ósköpunum hv. þm. hefur staðið að þessu máli eins og raun ber vitni, t.d. hvernig á því stendur að málið er að því er virðist afgreitt út úr nefndinni í bærilegum friði. Mér hefur fundist að hv. þm. sveiflist í þessu máli eins og strá í vindi og fóti sig engan veginn.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að spyrja hv. þm. sérstaklega um tvö atriði. Það er í sambandi við persónuverndina sem hv. þm. virðist ekki gera mikið með, þ.e. spurninguna um dulkóðun eða ekki dulkóðun, það séu aðrar aðgangshindranir eins og hv. þm. segir. En hvernig metur hv. formaður heilbr.- og trn., virðulegur forseti, niðurstöðu tölvunefndar í umsögn til heilbr.- og trn. 26. október þar sem nefndin segir eftir að hafa rökstutt mál sitt, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af öllu framanrituðu telur tölvunefnd ekki að fái staðist sú fullyrðing að í grunninum verði ópersónugreinanlegar heilsufarsupplýsingar. Er því lagt til að því orði verði sleppt úr ákvæði 1. gr.“

Þar sem tölvunefnd færir sem sagt rök fyrir sínum viðhorfum.

Síðan vil ég spyrja hv. formann heilbr.- og trn.: Hvernig stendur á því að formaðurinn, virðulegur forseti, beitir sér ekki fyrir því að aflað sé álits færra alþjóðlegra stofnana á þessu sviði eða vísindamanna til þess að draga fram viðhorf úr alþjóðasamfélaginu sem hefur gagnrýnt þetta mál harðlega? Það heldur uppi harðri gagnrýni sem við eigum auðvitað að hlusta á og reyna að meta hvað veldur því að formaður heilbr.- og trn. beitir sér ekki fyrir því, beitir ekki valdi sínu og krafti til þess að fá slíkar álitsgerðir.

[17:33]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér kemur stráið sem hv. þm. talaði um og skelfur nú undan þeim stormi sem geysist frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Hv. þm. spyr mig ýmssa spurninga og gerir mér, eins og jafnan er hans háttur, upp skoðanir ef honum býður svo við að horfa.

Ég held að það sé tiltölulega langt síðan að afstaða mín til þessa máls lá fyrir. Ég greindi algjörlega skýrt frá afstöðu minni til upplýsts samþykkis og ég var á öndverðum meiði við hv. þm. um það. Afstaða mín til persónuverndarinnar hefur legið fyrir nokkuð lengi líka. Það liggur alveg ljóst fyrir að ég hef frá upphafi verið algjörlega andvígur einkaréttinum og sömuleiðis þeim takmörkunum sem gerðar eru á aðgengi vísindamanna. Þessir tveir síðustu þættir eru úrslitaþættir að mínu viti.

Það getur vel verið að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson geti komið hingað og lesið upp úr mörgum álitum sem vísa til þess að persónuvernd sé ekki að öllu leyti fullnægt. Ég leyfi mér að taka svo stórt upp í mig, herra forseti, að segja og ég veit að það hryggir hv. þm., að að ýmsu leyti finnst mér umræðan um persónuverndina hafa verið móðursýkisleg á köflum og ekki að öllu leyti fallast í faðma við rökin sem fyrir hendi voru.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson heyrði mig segja við 1. umr. að ég teldi að gögnin sem er að finna í hinum miðlæga gagnagrunni á heilbrigðissviði væru fræðilega persónugreinanleg. Hann heyrði mig nú við 2. umr. greina frá því að eftir þá breytingu sem meiri hlutinn gerir á málinu á síðustu metrunum þá tel ég að búið sé að svipta burt mikilvægri stoð verndarinnar eins og hún var lögð upp af hálfu meiri hlutans og ég sagði í minni ræðu að ég tel að miklu auðveldara sé að persónugreina þau. En það breytir ekki þeirri skoðun minni, herra forseti, að ég tel aðra þætti miklu öflugri til verndar. Þá er ég að tala um það öryggiseftirlit sem er reist í kringum grunninn, eldtraustan múr eins og menn kalla það, eftirlit tölvunefndar, vísindasiðanefndina og óháðan úttektaraðila. Ég gæti talið upp 13 svona atriði ef hv. þm. vill hlusta á mig þegar ég held seinni ræðu mína á morgun

[17:35]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekki á móti því að menn hafi fasta og ákveðna skoðun á máli. Ég hefði ekkert haft á móti því ef hv. þm. sem hér var að svara hefði tekið afstöðu með þessu frv. og haldið því fram. En það sem mér finnst vera miklu alvarlegra er það hvernig hv. þm. hrærir öllu í graut í sínum málflutningi og röksemdafærslu. Það veldur mér áhyggjum. Þetta er ekki aðeins í gervi þingmanns heldur birtist þetta í gervi ritstjórans á sl. sumri með átakanlegum hætti.

Hv. þm. orðaði það svo í ræðu sinni að hann væri svo bernskur þrátt fyrir roskinn aldur. Ég held að það sé ekki málið, það sé ekki skýring, neitt slíkt. Mér finnst einfaldlega að það skorti á samkvæmni í málflutningi hv. þm. sem ber fram álit 1. meiri hluta ásamt öðrum og það kemur líka fram að botninn er dottinn úr þessu áliti því að hv. þm. ver miklum hluta af sínum tíma til þess að leiða það í ljós að meiri hlutinn sem hann hefur verið að gæla við hefur svikið hann í tryggðum með einhverri breytingu sem ekki kemur neitt fram í álitinu að ég fæ séð.

Síðan víkur hv. þm. sér algerlega undan því að svara spurningu minni um það hvers vegna hv. þm. beitti sér ekki fyrir því að aflað væri álitsgerða alþjóðlegra, virtra stofnana erlendis frá í þessu máli. Til þess var fullt ráðrúm frá sl. vori frá því að þetta frv. kom fram og hugmyndir um það komu fram og beinar tillögur og tilboð inn í nefndina í bréfi til nefndarmanns sem þar var kynnt þann 10. nóvember 1998 frá virtum sagnfræðingi sem hefur fylgst náið með þessu máli. Hann sendi erindi með ákveðnum hugmyndum til nefndarinnar en var ekki einu sinni virtur svara í þeim efnum.

[17:38]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur stundum við að maður nenni ekki að svara þeim hroka sem hv. þm. beitir í samskiptum sínum við aðra þingmenn. Við erum að reyna að eiga hér málefnalegri rökræðu. Í fyrra andsvari sínu kemur hv. þm. og gerir það sem móðir mín kallaði í gamla daga að hreyta skít. Hann kemur síðan aftur og segist ekki hafa skilið það sem ég var að segja hérna áðan. Ég gæti auðvitað sagt að það væri vegna þess að hv. þm. væri grautarhaus eins og hv. þm. var í rauninni að kalla mig áðan en það vill svo til að ég hef greinilega fengið betra uppeldi en hv. þm. og ég kalla ekki kollega mína svona nöfnum.

Ég frábið mér, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, að ef þú vilt eiga viðræðu við mig, reyndu þá að gera það á kurteislegum nótum en ekki koma fram af þessum hroka sem þú ert að beita hér á fólk, alls ekki mig, þakka þér fyrir.

[17:39]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti minnir hv. þingmenn á að (**ÖS:** Minntu þennan á það.) ávarpa ekki aðra hv. þingmenn í 2. persónu heldur beina máli sínu til forseta. Það er meginregla sem ekki ber að víkja frá.

[17:39]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að mér þótti nokkuð vænt um ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, formann heilbr.- og trn. Hann fór ansi ítarlega yfir frv. og komst að þeirri niðurstöðu að það væru tvö atriði sem hugsanlegt væri að breyta til þess að ná meiri pólitískri sátt um þetta mál.

Í fyrsta lagi var það dregið fram að það þyrfti að skoða að draga úr heimild til einkaréttar og í öðru lagi að taka öðruvísi á aðgangsnefnd vísindamanna en meiri hlutinn hefur lagt til.

Ég vil af þessu tilefni spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson sérstaklega hvað felist beinlínis í því að draga úr heimild til einkaréttar, af því að ég held að það atriði sé nokkuð torsótt hvað það varðar að fá meiri hlutann til þess að samþykkja eitthvað slíkt. Hvað felst í því að draga úr heimild til einkaréttar?

Á hinn bóginn held ég að hugsanlega væri hægt að skoða breytingar á aðgengi vísindamanna með því að skoða þær leiðir sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á í sinni framsögu og kannski sérstaklega þá leið að sleppa aðgengisnefndinni en semja við vísindamenn í gegnum einstakar stofnanir.

Mér þykir mjög gott að heyra að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er til í að skoða pólitíska sátt um þetta mál ef þessar tvær breytingar eru sérstaklega útlistaðar og það væri saga til næsta bæjar ef hugsanlegur leiðtogi samfylkingarinnar í Reykjavík væri með meiri hlutanum í þessu máli, ef sættir takast.

[17:41]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skammt stórviðranna á milli. Það er annars vegar napur stormur frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni en ljúfur sunnanblær frá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur.

Það sem ég hef verið að segja er í fyrsta lagi að ef hægt er að finna sátt um leiðina til þess að tryggja vísindamönnum aðgang sem ljóst er að stenst alþjóðlegar reglur, eins og vera kann að önnur þeirra leiða sem við förum geti tryggt, þá skiptir það miklu máli og ef það er hægt að falla frá einkaréttinum þá skiptir það líka verulega miklu máli. Þetta er það sem ég sagði í minni ræðu. Ég tel að ... (Gripið fram í.) Nei, en mig langar líka til að segja það vegna þess sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði áðan — ég kaus að svara honum ekki málefnalega vegna þess að hann talaði ekki málefnalega til mín — að ég get alveg viðurkennt að mig langaði til þess að styðja þetta mál í upphafi og ég leitaði leiða til þess en ég bara gat það ekki. Ég er gamall vísindamaður og ég hef starfað við svona rannsóknir og ég er algjörlega sannfærður um að ef ég væri 25 árum yngri og væri að koma heim frá námi núna, eins og ég gerði þá, þá hefði ég leitað eftir störfum þarna vegna þess að ég var að gera nákvæmlega þessa sömu hluti. Ég tel að þetta geti orðið merkilegt tæki en ég tel að það sé búið að klúðra þessu.

Þetta, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, er í rauninni það sem ég er að segja. Ef meiri hlutinn fellur frá einkaréttinum og ef hann tryggir aðgengi vísindamanna þá get ég stutt þetta mál.

[17:43]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég efast um að hægt verði að fallast á þessi skilyrði, þ.e. bæði aðgangsnefndina burt og líka að falla frá einkarétti. Ég held að það sé algjörlega óásættanlegt að falla frá einkarétti. En ég vil nota tækifærið og koma því á framfæri við hv. formann heilbr.- og trn., Össur Skarphéðinsson, að ég teldi það eðlilegt að við skoðuðum þessi mál sérstaklega á milli 2. og 3. umr. og þá er ég að vísa í aðgengisnefndina.

Ég vil líka koma því á framfæri að mér komu nokkuð á óvart orð hans um dulkóðunina á heilsufarsupplýsingum í gagnagrunninum vegna þess að þegar við tókum þá brtt. inn í heilbr.- og trn. var almenn samstaða um hana. Ekki var um það að ræða að neitt ætti að minnka persónuverndina heldur átti að nota þarna önnur atriði til úrbóta, aðgengishindranir og annað. Í gagnagrunninum átti að setja heilsufarsupplýsingarnar í nokkra litla grunna, mjög mikið eftirlit skyldi vera með hverjum þeirra og tölvunefnd hefði síðan eftirlit með þeim og tryggði að þarna væri persónuvernd tryggð og vernduð. Það kom mér því nokkuð á óvart hvað málin höfðu snúist í huga hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þar sem mér fannst vera mikill einhugur um þetta þegar við tókum það út úr nefndinni á sínum tíma.

[17:44]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir segir um aðskilda grunna sem eru í sama miðlæga gagnagrunninum

þá getur vel verið að það sé hagfelld aðferð og það getur vel verið að hún sé gerleg. En hún er bara ekki í samræmi við anda frv. vegna þess að það er alveg skýrt hvernig þessi grunnur er upp byggður. Það segir alveg skýrt í greinargerð með frv. að í grunninn fari engar upplýsingar aðrar en þær sem koma úr sjúkraskrám og það er grunnurinn. Allt annað tilheyrir bara einhverjum öðrum grunni og hvort sem það getur verið í vörslu eða eigu rekstrarleyfishafa. Það er allt annað mál. En það gilda sérstakar reglur núna um samkeyrslu við ættfræðigrunninn og almennar reglur um samkeyrslu við öll önnur gögn eins og t.d. sakaskrá, fjárhagsupplýsingar og erfðafræðilegar upplýsingar sem ekki koma úr sjúkraskránni. Þannig er það. Tölvunefnd verður að samþykkja þetta.

Ég skil hins vegar málið svo af framsögu hv. þm. að verið væri að vísa til þess að það kynni að eiga að ráðast í verulega miklar breytingar á þessu.

Varðandi dulkóðunina þá viðurkenni ég að ég misskildi málið. Ég skildi ekki fyrr en ég fór að kynna mér þetta betur og hafði lesið greinargerð Hákons Guðbjörnssonar sem hann veitti Skýrr að ætlunin var sú upphaflega að geyma heilbrigðisupplýsingarnar dulkóðaðar og ég átti erfitt með að skilja hvernig væri þá hægt að nota þær. En það kemur fram í þeirri greinargerð að þær eru afkóðaðar þegar þær eru settar niður í sérstakt vinnslulag og nýttar á þeim grundvelli. Og þá gekk dæmið upp fyrir mér.

Þegar ég fór síðan að hugsa hvað felst í þessu og skoða betur minnisblað Stika og hvað í því felst og hvernig dulkóðun er beitt þar, þá rann það upp fyrir mér að hérna er um meginbreytingu að ræða sem gerir það að verkum að það verður tiltölulega auðvelt ef menn komast ólöglega yfir gagnagrunninn að brjóta dulkóðunina á kennitölunum. Svo er mér a.m.k. sagt af mér miklu fróðari mönnum um þessi efni.

[17:47]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Í upphafi aldarinnar sem nú er senn á enda voru auðlindir Íslands lítt þekktar nema kannski hjá fámennum hópi manna sem hafði nýtingu þeirra að áhugamáli, ýmist vegna eigin hagsmuna eða vegna hagsmuna íslensku þjóðarinnar. Alþekktur er áhugi Einars Benediktssonar á virkjun íslensku fallvatnanna og deilurnar um fossamálið á fyrstu áratugum aldarinnar eru mörgum kunnar. Fossanefndin klofnaði í afstöðu sinni um hvort veita skyldi sérleyfi til Fossafélagsins Íslands um virkjun fallvatna og mikill hiti var í allri umræðu um þetta stóra mál.

Árið 1923 voru sett vatnalög og með þeim var m.a. bannað að skilja veiðirétt í vötnum frá jörð. Áður en löggjöfin var sett hafði framsýnn maður búsettur í Reykjavík áttað sig á verðmæti þeirrar auðlindar sem felst í lax- og silungsveiði í ám og vötnum og hugðist komast yfir slík verðmæti. Á einum stað vestur á Snæfellsnesi rennur laxveiðiá mikil og í vötnum á þessu svæði spriklar silungur. Maðurinn úr Reykjavík sem áður er nefndur vildi eignast veiðiréttinn í þessum ám og vötnum og hann áttaði sig á þeim takmörkunum sem komandi löggjöf mundi setja honum við að ná fram vilja sínum. Því valt mikið á fyrir honum að hafa skjót viðbrögð. Hann lagði því leið sína vestur, spjallaði við bændur og gerði þeim tilboð. Bændurnir tóku honum flestir vel og þótti flestum sem hann byði vel. Hann vildi kaupa veiðiréttinn í ánni og vötnunum. Hvað vötnin varðaði gekk tilboðið yfirleitt út á að bændur fengju einhverja peninga fyrir en að auki skyldi þeim heimilt að veiða sjálfir í vötnunum og niðjum þeirra einnig, sér og sínum til neyslu. Bændunum, sem höfðu fram að þessu aðeins nýtt veiðiréttinn fyrir sig og sína, þótti sem kaupin væru þeim hagstæð. Sennilega hafa þeir illa áttað sig á því hvað þessi skrýtni maður úr Reykjavík vildi með veiðiréttinn gera ef þeir mættu eftir sem áður veiða fyrir sig og niðja sína í vötnunum.

Nú á síðustu áratugum þessarar aldar komu eftirmálin hins vegar í ljós. Með málaferlum á málaferli ofan hefur verið reynt að hnekkja þeim óréttlátu samningum sem gerðir voru fyrr á öldinni í skjóli þess að verðmætin sem um var höndlað voru seljendum ekki kunn, en kaupandanum fullkunn. Niðjum bændanna sem gerðu samningana hefur gengið upp og ofan að fá óréttlætinu hnekkt, enda verðmætin öllum kunn í dag og málið afar flókið út frá eignarréttarlegum forsendum. Maðurinn úr Reykjavík auðgaðist hins vegar gífurlega á kaupunum á meðan bændurnir húktu við hungurmörk á bæjunum allt í kringum hina gjöfulu á og silungsveiðivötnin.

Stundum hefur mér komið þessi saga í hug þegar rætt er um greiðsluna sem við Íslendingar ætlum að þiggja fyrir að afhenda heilsufarsupplýsingar forfeðra okkar, okkar sjálfra og niðja okkar til hagnýtingar fyrir tiltekið fyrirtæki. Menn tala mikið um hagnaðarvon, að inn í íslenskt heilbrigðiskerfi streymi peningar, sem reyndar er mikill misskilningur, og jafnframt fáum við nokkur hundruð störf sem við mundum ekki fá ella og ókeypis lyf. Aðgangur íslenskra vísindamanna, annarra en rekstrarleyfishafa, að grunninum á í þokkabót að vera svo til ókeypis. Þegar íslenskir vísindamenn mótmæla því að einkaréttur sé veittur einu fyrirtæki eins og frv. gerir ráð fyrir hafa talsmenn rekstrarleyfishafa og meiri hlutans á Alþingi fljótt rekið fingur á loft og sagt í umvöndunartóni: Já, en kæru vísindamenn. Hafið þið ekki allan þann aðgang að ykkar litlu gagnagrunnum sem þið höfðuð áður? Við viljum aðeins til viðbótar við það sem þið höfðuð, gera vel við ykkur og bjóða ykkur svo til ókeypis aðgang að hinu nýja galdratæki, þ.e. ef rekstrarleyfishafi telur ykkur ekki ógna viðskiptahagsmunum hans. Auk þess fjölgar störfum og lyfin verða ókeypis fyrir Íslendinga. Hvernig getið þið staðið á móti þessu ef þið hafið allt sem þið höfðuð áður hvort eð er?

Þessi rök minna mig á þegar stórlaxinn úr Reykjavík bauð bændunum fyrir vestan peninga, auk þess yrði allt eins og það hafði áður verið. Þeir og niðjar þeirra gætu áfram veitt í vötnunum.

Sem betur fer átta íslensku vísindamennirnir í dag sig á því hvað klukkan slær, en ríkisstjórn Íslands reynir hins vegar að fá þá til að gleypa við hugmyndinni. Rekstrarleyfishafinn væntanlegi hefur jú augljósa hagsmuni af því að frv. náist í gegnum þingið, enda rekur hann fyrirtæki sitt væntanlega vel. Hvað ríkisstjórn Íslands gengur til með þessari hugmynd er mér hins vegar fullkomlega hulið, nema hún hafi látið plata sig með einhverri draumsýn um frægð og frama íslensku þjóðarinnar og trúi því einlæglega að með þessu framtaki séu Íslendingar að fórna sér í þágu þess að allir sjúkdómar sem mannkynið hrjá verði læknaðir og það á næstu áratugum. Því hefur heyrst fleygt í umræðunni og hver veit nema einhver trúi þeirri vitleysu?

Páll Kr. Pálsson verkfræðingur er þaulkunnugur nýsköpunarumhverfi íslenskra atvinnufyrirtækja. Hann skrifar grein í Morgunblaðið nú um helgina. Þar reynir hann að leita skýringa á því hvað ríkisstjórninni gangi til og reyndar gagnrýnir hann harðlega að ríkisstjórnin skuli ætla að innleiða

hugmyndafræði haftanna, þ.e. veitingu einkaréttar í atvinnurekstri, inn í líftæknina, eitt veigamesta þekkingarsvið framtíðarinnar og þannig raska eðlilegri framþróun markaðarins á sviði sem e.t.v. á eftir að skipta verulegu máli í hagkerfi okkar á næstu áratugum.

Páll trúir því að hefting samkeppni með sérleyfi eða einkarétti yrði slæm niðurstaða, bæði fyrir markaðinn og fyrirtækið sjálft. Hann hrekur mjög sannfærandi í grein sinni þau rök að sérleyfi sé nauðsynlegt til að umbuna fyrir frumkvöðulsframtak. Hann bendir á að menn hafi þróað aðrar aðferðir til umbunar fyrir slíkt frumkvöðulsframtak án þess að ríkið þurfi að skerða samkeppni með sérleyfum eða einkarétti. Ég get tekið undir með Páli Kr. Pálssyni með það að samkeppni sé óhemju mikilvægur og nauðsynlegur þáttur til að framþróun vísinda verði sem mest. Veiting einkaréttar eða sérleyfis á borð við það sem gert er ráð fyrir í frv. hlýtur alltaf að fela í sér höft fyrir aðra og til lengri tíma einnig fyrir fyrirtækið sem fær rekstrarleyfið.

Páll bendir einnig á það í grein sinni að a.m.k. sé stórvarasamt, út frá sjónarhóli hluthafa í fyrirtækinu sem ætla sér að ná skráningu á alþjóðlegum mörkuðum, að vera háð lagalegum forsendum varðandi veigamikinn þátt í rekstri sínum, þar sem eins og hann orðar það „... misvitrir stjórnmálamenn geta með breytingum á lögum gripið inn í og haft áhrif á stöðu og möguleika fyrirtækisins." Páll segir síðan, með leyfi forseta:

„Slíkt gæti t.d. gerst ef þróunin yrði sú að eftir nokkur ár kæmi annar aðili sem náð hefði lengra á þessu sviði og óskaði eftir heimild til að byggja upp gagnagrunn hér á landi. Sá aðili væri reiðubúinn að setja fjármagn í uppbyggingu gagnagrunns og ráða fjölda sérfræðinga í vinnu. Íslensk erfðagreining, sem hugsanlega hefði ekki náð eins langt, væri þá jafnvel í þeirri stöðu að geta komið í veg fyrir slíka uppbyggingu. Hins vegar þyrfti Íslensk erfðagreining með því ekki að vera að brjóta skuldbindingar sínar gagnvart einkaréttar- eða sérleyfisveitandanum. Þessi staða gæti hæglega leitt til mjög neikvæðrar þróunar og umræðu sem bitnað gæti á fyrirtækinu með ófyrirséðum afleiðingum."

Síðar segir Páll í þessari grein sinni:

„Aðstandendur Íslenskrar erfðagreiningar virðast sjá í uppbyggingu gagnagrunnsins möguleika til að víkka út starfsemi sína og byggja fleiri undirstöður undir rekstur-inn. Gagnagrunnurinn virðist hins vegar ekki vera forsenda fyrir þeim erfðafræðilegu rannsóknum sem Íslensk erfðagreining stundar, enda starfa þar í dag yfir 200 manns án þess að nokkur gagnagrunnur eða sérleyfi sé til staðar."

Og áfram segir hann:

„Fulltrúar Íslenskrar erfðagreiningar segja að miklir möguleikar felist í að þróa alls kyns líkön til að bæta árangurinn í rekstri heilbrigðiskerfa með uppbyggingu gagnagrunnsins. Það er því ljóst að í því liggja miklir hagsmunir fyrir okkur sem þjóð að gagnagrunnurinn verði búinn til ef þetta er rétt. Spurningin er hins vegar sú hvort stjórnvöld eigi ekki einhverja aðra möguleika til að stuðla að uppbyggingu gagnagrunnsins en að veita fyrirtækinu sérleyfi eða einkarétt."

Hann bendir síðan á ýmsar leiðir sem eru mögulegar í þessum efnum og ég tel að hafi ekki fengið allt of mikla umfjöllun í þessari umræðu frekar en margt annað sem upp á hefur verið stungið.

Skrif Páls Kr. Pálssonar eru athyglisvert innlegg í þessa umræðu en satt best að segja hefur mér blöskrað þau ótrúlegu tök sem ríkisstjórnin virðist hafa á sínu fólki í þessu máli. Raddirnar sem vakið hafa athygli á þessum þætti málsins eru ótrúlega fáar, bæði hér á þingi og úti í samfélaginu, þ.e. að frátöldu svo til öllu vísindasamfélaginu. Hér er ég að tala um fólk í öðrum geirum.

Það er vægast sagt ankannalegt að sjá þingmenn Sjálfstfl. hvern um annan þveran, með örfáum undantekningum, styðja að einu fyrirtæki sé án útboðs veitt sérleyfi á svo viðamiklu máli sem hér um ræðir. Látum Framsfl. nú vera en Sjálfstfl. hefur a.m.k. í orði þóst standa gegn slíkum höftum í atvinnulífinu. Það sannast kannski betur í þessu máli en nokkru öðru, að auðlindamálunum meðtöldum, hversu grunnt er á hina eiginlegu trú sjálfstæðismanna á frjálsa samkeppni. Frjáls samkeppni er hentug þegar hún snýst um að koma verðmætum í hendur ákveðinna aðila en þegar hinir útvöldu eru ekki líklegir til að ná sínu fram með frjálsri samkeppni hentar haftastefna og einokun betur.

Ég er þeirrar skoðunar að á fáum sviðum atvinnulífsins sé hin frjálsa samkeppni nauðsynlegri en einmitt á vísindasviðinu. Það felst í eðli þeirra, vísindanna, að þau þurfa að vera frjáls og óháð ríkisafskiptum og höftum til að geta þróast sem mest og best. Það veit hver maður sem eitthvað veit að einokun hefur þann tilgang að halda einhverjum öðrum niðri. Annars þyrftu menn ekki einokun.

Í nútímalýðræðisþjóðfélagi er grundvallaratriði að skapa heilbrigð samkeppnisskilyrði í atvinnulífinu til að skapa möguleika á afkomu sem staðið geti undir félagslegu velferðarkerfi, öflugu heilbrigðis- og menntakerfi og öryggisneti fyrir þá einstaklinga og hópa sem á aðstoð samfélagsins þurfa að halda. Sú stefna sem ríkisstjórnin hefur rekið, að hluta undir þeim formerkjum að skapa hér velferðarsamfélag að þeirra mati, hefur hins vegar í raun beðið algert skipbrot sem birtist hvergi betur en í þessu frv. Skefjalaus úthlutun verðmæta til fárra á kostnað hinna mörgu, ýmist undir yfirskriftinni einkavæðing eða þá í hinu berskjaldaða formi sem einkarétturinn í þessu frv. er, er algerlega óþolandi og í andstöðu við allt sem kallast getur heilbrigð samkeppni. Það er ekki nóg að færa atvinnurekstur úr höndum ríkisins til einkafyrirtækja ef þau njóta óeðlilegrar samkeppnisstöðu og halda öðrum niðri á meðan. Slíkt hátterni er ekki líðandi og getur ekki reynst farsælt til lengdar.

Reyndar er athyglisvert í tengslum við þessa umræðu hér að heyra þær efasemdaraddir sem nú þegar má greina hjá ríkisstjórninni um framkvæmd hinnar margfrægu einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Ég sá einhvers staðar eða heyrði að hæstv. viðskrh. teldi að hún hefði ekki tryggt þá dreifðu eignaraðild sem stefnt hefði verið að í upphafi og því þyrfti að breyta leikreglunum. Þetta kemur okkur í stjórnarandstöðunni að vísu ekki á óvart, að breyta þurfi leikreglunum fyrir einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar en fróðlegt væri að vita hvort viðskrh. telur gagnagrunnsfrv. tryggja þá dreifðu eignaraðild í líftækniiðnaði og eðlilegu samkeppni sem nauðsynleg er vísindunum til framdráttar. Það væri fróðlegt.

Fá þingmál hafa fengið jafnmikla umfjöllun á síðari árum, bæði innan og utan Alþingis, og frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Eins og þegar hefur verið vakin athygli á af hálfu annarra frsm. hefur heilbr.- og trn. fengið tugi manna á sinn fund í tengslum við málið og á sjötta tug hefur skilað skriflegum umsögnum um það. Eins hefur fjöldi funda hefur verið haldinn um málið víðs vegar í samfélaginu. Reyndar hafa verið stofnuð sérstök samtök, Mannvernd, til verndar

persónuvernd og friðhelgi einkalífs, að því er mér sýnist í beinu framhaldi af þessu máli og til að vekja athygli á þeirri hættu sem felst í frv. þessu.

Frá því að málið var lagt fyrir Alþingi á vordögum hefur farið fram mikil umræða um persónuvernd og leikreglur á vísindasviðinu og er það af hinu góða. Ég tek það fram í áliti mínu að málið hafi tekið miklum breytingum frá upphaflegri gerð, eins og þegar hefur verið bent á hér, og ég reyndar tek svo djúpt í árinni að segja að allar þær brtt. sem fram hafa komið frá meiri hlutanum séu til bóta. En ég er þegar farin að efast um að ég geti staðið við þá fullyrðingu því að í máli frsm. meiri hlutans kemur það t.d. fram sem ég hafði ekki áttað mig á að svo virðist sem gert sé ráð fyrir að ættfræðiupplýsingar séu hluti af þessum umræddu gagnagrunni. Þetta var mjög mikið rætt, eins og hv. formaður heilbr.- og trn. benti á í framsöguræðu sinni. Þetta var mjög mikið rætt á síðustu stigum, ég held bara á síðasta fundi heilbr.- og trn. Ég er t.d. með drög sem við vorum að skoða um breytingar, drög 4, sem eru næstsíðustu drög sem lágu fyrir, og þar segir um þetta, með leyfi forseta, í tengslum við breytingar á 10. gr.:

„Tölvunefnd skal í samráði við rekstrarleyfishafa móta verklag og vinnuferli til að tryggja persónuvernd við samtengingu ættfræðiupplýsinga við upplýsingar í gagnagrunninum."

Samkvæmt þessum texta er alveg skýrt að ættfræðiupplýsingar eru ekki inni í gagnagrunninum. Svo koma drög 5, en ég hafði ekki áttað mig á að einu orði hefði verið skotið þar inn í:

„Rekstrarleyfishafi skal móta verklag og vinnuferli sem uppfylli skilyrði tölvunefndar til að tryggja persónuvernd við samtengingu ættfræðiupplýsinga við aðrar upplýsingar í gagnagrunninum."

Þarna virðist vera gert ráð fyrir því að ættfræðiupplýsingarnar séu inni í gagnagrunninum.

Ég vil spyrja hv. frsm. heilbr.- og trn., sem ég vona að sé einhvers staðar hér að hlusta, því ég tel mjög mikilvægt að fá úr þessu skorið: Eru ættfræðiupplýsingarnar inni í þessum gagnagrunni eða ekki? Ef ekki þá vil ég vita: Hvað þarf rekstrarleyfishafi að gera til þess að geta keyrt þær saman við gagnagrunninn? Hvernig er þessu nákvæmlega háttað? Það er algjörlega óþolandi að þetta mál skuli enn þá vera óljóst nú þegar við erum að taka málið til 2. umr. í þinginu og ég krefst þess að þetta verði útskýrt mjög ítarlega hér á eftir í ræðu frsm. meiri hlutans vegna þess að það er gjörsamlega óþolandi að ræða þetta alltaf undir þessum óljósu formerkjum eins og hefur verið hvað þetta mál varðar og reyndar mörg önnur mál sem tengjast þessu frv.

En þrátt fyrir alla þá umræðu sem átt hefur sér stað og allar þær umsagnir sem hafa borist þá er enn margt óljóst um þetta stóra mál. Stoðir þess eru vægast sagt fúnar og áhættan sem tekin er með samþykkt þess er að mínu mati mun meiri fyrir land og þjóð en ásættanlegt er.

Áður en farið er ofan í efnisatriði málsins finnst mér nauðsynlegt að rekja nokkuð þann sérkennilega aðdraganda sem mál þetta hafði áður en það kom til kasta Alþingis. Hugmyndin sem birtist í frv. fæddist að því er virðist hjá fyrirtækinu Íslenskri erfðagreiningu eða forstjóra þess og hefur legið fyrir frá upphafi að fyrirhugað er að það fyrirtæki fái rekstrarleyfið sem um er rætt í frv. þótt hvergi sé á það minnst í frumvarpstextanum í dag. Í athugasemdum með frv. hefur fyrirtækið þó verið nefnt á einhverju stigi í einhverri útgáfunni sem lá fyrir auk þess sem það dylst engum sem fylgist með umfjöllun um málið þar sem forstjóri fyrirtækisins hefur staðið í fremstu víglínu talsmanna þessa máls.

Þó að það sé kannski fullkomlega eðlilegt og gerist mjög oft að kveikja þingmála sé víðs vegar í samfélaginu, og ekkert nema gott um það að segja, þá skýtur það nokkuð skökku við að sjá þingmáli stýrt svo augljóslega frá ákveðnu atvinnufyrirtæki sem raunin hefur verið með þetta mál. Slík vinnubrögð eru hvorki þingi né þjóð til sóma. Það er líka kannski athyglisvert að það hefur komið í ljós í umræðu um þetta mál að svo virðist sem það séu jafnvel hátt í fjögur ár síðan þessi hugmynd var fyrst viðruð, frá því að umræddur rekstrarleyfishafi virðist vera farinn að viðra þessar hugmyndir við fyrirtæki úti í hinum stóra heimi um að koma til samstarfs við Íslenska erfðagreiningu um einhverja slíka hugmynd sem þarna er verið að ræða um. Það hefur verið fullyrt við mig að til séu gögn sem sýni fram á þetta, bréfaskipti sem hafi átt sér stað þegar árinu 1995. Mér fyndist forvitnilegt að vita á hvaða stigi málsins ríkisstjórnin kemur að þessu máli. Því að við sem erum hér óbreyttir þingmenn fáum þetta mál eins og kunnugt er ekki fyrr en á vordögum inn í þingið og þá voru mjög fáir sem virtust um það vita í íslensku samfélagi og auk þess sem keyra átti það í gegn með miklum hraði. Það væri því fróðlegt að vita á hvaða stigi það er sem ríkisstjórnin eða einstakir aðilar í henni fara að ræða þetta mál við hinn væntanlega rekstrarleyfishafa.

Ég vil, herra forseti, gera athugasemd við það að hv. frsm. meiri hlutans er ekki hér í salnum og óska eftir því að hún sé viðstödd umræðuna vegna þess að ég mun beina til hennar mörgum spurningum og tel mikilvægt að hún hlusti á athugasemdir mínar til að geta svarað þeim.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti gerir ráðstafanir til að kalla á hana.)

Ég vil líka vekja á því athygli strax í upphafi að á vegum dómsmrn. hefur þegar farið fram nokkur vinna að lagafrumvarpi um persónuvernd, eins og þegar hefur komið fram, og liggja fyrir drög að slíku frumvarpi. Þess hefur margoft verið farið á leit við ríkisstjórnina að þessi tvö frv. séu rædd samhliða í þinginu þar sem gagnagrunnsfrumvarpið snertir óneitanlega persónuvernd og snýst um persónuvernd, snýst um það að fara fram hjá reglum, almennum reglum um persónuvernd. Ekki hefur verið fallist á þá kröfu og er það athyglisvert. En það er kannski ekki svo athyglisvert í ljósi þess að ég sé ekki betur, eftir að hafa séð þessi drög sem eru skrifuð af okkar færustu sérfræðingum á sviði persónuverndar, Þorgeiri Örlygssyni, lagaprófessor og formanni tölvunefndar, Sigrúnu Jóhannsdóttur, lögfræðingi í dómsmrn. og framkvæmdastjóra tölvunefndar, og fleirum, en að gagnagrunnsfrumvarpið sé í töluverðri andstöðu við allar þær hugmyndir sem persónuverndarfrumvarpsdrögin gera ráð fyrir, m.a. hvað varðar skilgreiningu á persónugreinanlegum upplýsingum og ýmsum fleiri atriðum sem ég mun kannski koma inn á á eftir.

Þá veltir maður því fyrir sér hvort meiningin sé að breyta þeim drögum, breyta grundvallarlöggjöfinni um persónuvernd í samræmi við það frv. sem hér liggur fyrir, eða hvort það verði nú svo að ef þessi frumvarpsdrög verða tekin til afgreiðslu á vorþinginu eða jafnvel fyrr, þá þurfi að byrja á því að breyta frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði vegna þess að þetta tvennt gengur bara ekkert upp saman. Og það sem meira er, það liggur líka fyrir að Alþingi Íslend-

inga þarf að fullgilda ákveðnar tilskipanir um þetta efni sem tengjast Evrópska efnahagssvæðinu. Þingið þarf að undirbúa slíka löggjöf og auðvitað væri eðlilegt að hún væri hér líka inni á borðum og að þetta væri allt saman rætt í samhengi og þetta væri allt í samræmi, herra forseti, en svo virðist sem það sé það einfaldlega ekki. Ég velti því fyrir mér hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að lenda þessu máli á endanum vegna þess að þau verkefni sem liggja fyrir ganga ekki upp, þau samræmast ekki hvort öðru.

Ég vil líka taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram um að fyrir liggja tvö þingmál sem snerta svipað efni og eru kannski tilraunir til þess að vekja upp umræðu um aðrar aðferðir en nákvæmlega þessa útfærslu á gagnagrunni á heilbrigðissviði. Annars vegar þáltill. um dreifða gagnagrunna og hins vegar frv. til laga um miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga. En þrátt fyrir það að óskað hafi verið eftir því af minni hlutans hálfu að þessi tvö mál væru tekin til umræðu um leið og gagnagrunnsfrumvarpið þá hefur ekki verið fallist á það og vil ég taka undir með þeim sem átelja þessi vinnubrögð. Ég tel reyndar að þessi vinnubrögð sýni að búið hafi verið að ákveða það þegar af hálfu meiri hlutans hvernig ætti að gera þetta og hverjum ætti að veita þetta umrædda rekstrarleyfi. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en svo vegna þess að það hefur beinlínis verið reynt að þegja allar aðrar hugmyndir í hel. Það er náttúrlega algjörlega óásættanlegt þegar um svo stórt mál er að ræða eins og það sem við erum að tala um hér.

Þegar hefur verið vakin athygli á því að hægt er að gera þessa hluti öðruvísi ef menn á annað borð vilja þessa skráningu, sem ég held að sé vissulega framtíðin, að einhver slík skráning verði höfð í frammi, en hugmyndir eins og hafa komið fram og t.d. nágrannar okkar í Finnlandi hafa framkvæmt um dreifða gagnagrunna sem þjóna sama tilgangi, vísindalegum tilgangi, en eru allt öðruvísi útfærðar og ógna ekki persónuverndinni á sama hátt og það mál sem hér um ræðir, þær hugmyndir hefur ekki mátt ræða, jafnvel þó að fram hafi komið hér á Íslandi fyrirtæki sem segist vera tilbúið til þess að framkvæma slíka hugmynd og þurfi ekki neitt einkaleyfi eða neinn einkarétt til þess.

Meðal þeirra aðila sem hafa vakið athygli á þessari hugmynd eru Bernharð Pálsson, Tryggvi Pétursson og fleiri frá Urði, Verðandi og Skuld. Þeir hafa dregið það fram að áhrif veitingar þessa sérleyfis á þróun líftækniiðnaðarins í landinu hljóti alltaf að vera neikvæð. Það fylgi því að erfitt verði að fá fjármagn í önnur fyrirtæki sem starfa á þessu sviði. Þeir hafa bent á að fylgst sé með þessu máli um allan heim, bæði lyfjafyrirtæki og vísindamenn og fleiri horfi á það, af misjöfnum hvötum, hvert fordæmi það verður sem Íslendingar gefa í þessum efnum. Ég óttast það því miður að verði þetta frv. að lögum verði okkar ekki minnst með virðingu fyrir það framtak okkar.

Miðlægur gagnagrunnur með heilsufarsupplýsingum heillar þjóðar, eins og verið er að tala um hér, er án efa mikilvægt tæki til framþróunar á sviði vísinda og rannsókna. Eða hvað?

Nú þegar hefur komið í ljós að 44 heilsugæslulæknar hafa lýst því yfir að þeir muni ekki taka þátt í þessu framtaki. Sérfræðilæknar eru hver á fætur öðrum að komast á þá skoðun, er mér sagt. Mannvernd, félagasamtökin sem voru nefnd hér áðan, hafa bent á mjög mörg atriði sem eru neikvæð í tengslum við þetta frv. og hafa barist ötullega til að vekja athygli á þeirri ógn sem frv. hefur í för með sér við persónuverndina. Ég vil meina að m.a. sú barátta ásamt allri þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um málið hafi gert það að verkum, sem kom í ljós í nýlegri skoðanakönnun, að æ fleiri landsmenn eru á móti þessari hugmynd og munu ekki vilja vera með þegar af þessu verður. Það má því vissulega spyrja þeirrar spurningar hvort þetta mál muni auka hróður íslenskra vísindamanna og verða þeim til framdráttar eða ekki. Ég segi fyrir mitt leyti að ég efast stórlega um það.

En framþróun á sviði vísinda ber vissulega að skoða í því ljósi að það þarf að vera tryggt að ekki sé troðið á mannréttindum einstaklinganna sem taka þátt í rannsóknum og þess vegna þarf að tryggja lágmarkspersónuvernd og friðhelgi einkalífs. Við gætum sagt sem svo að það sé svo mikilvægt að þessi framþróun eigi sér stað að við séum tilbúin að ganga mjög langt til að tryggja hana. Einn þeirra gesta sem komu fyrir heilbr.- og trn., geðlæknir hér í borg, sagði að hann hefði t.d. ekkert á móti því að taka sýni úr heilanum á öllum sjúklingum sem til hans kæmu með geðklofa. Það mundi veita honum nóbelsverðlaun á örfáum árum, ekki skaða sjúklinginn mikið, aðeins einstaka maður gæti fengið blæðingu, það væri sem sagt óveruleg áhætta sem fylgdi þessu. En hugmyndin er ógeðfelld og þess vegna er hún ekki framkvæmd, þótt hún auki verulega líkur á lækningu þessa tiltekna sjúkdóms.

Mér fannst þetta dæmi mjög athyglisvert og það vakti mig til umhugsunar um það hversu langt hægt er að ganga í svona málum. Við megum aldrei gleyma því að einstaklingarnir og þeirra mannhelgi þarf að vera grundvallaratriði þegar við erum að tala um rannsóknir á fólki.

Í umsögn tölvunefndar um frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði er því haldið fram að frv. sé viðamesta málið sem komið hafi til kasta Alþingis síðustu áratugi, það snerti skráningu og meðferð persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs.

Tölvunefnd bendir á að málið snúist um miðlæga skráningu og varðveislu upplýsinga um alla íslensku þjóðina nokkra áratugi aftur í tímann og hagnýtingu þeirra upplýsinga í margvíslegum tilgangi. Í umsögn tölvunefndar er vakin athygli á því að upplýsingarnar sem til stendur að skrá séu viðkvæmari en flest annað sem okkur mennina varðar. Af þeim ástæðum telur hún m.a. nauðsynlegt að tryggja stjórnarskrárvarinn rétt manna til að njóta friðhelgi einkalífsins. Ég vil í þessu samhengi benda á að í margumræddum drögum að frv. til laga um persónuvernd sem hér liggur fyrir eru heilsufarsupplýsingar skilgreindar sem óvenju viðkvæmar persónuupplýsingar sem fara þurfi sérstaklega varfærnislega með.

Tölvunefnd bendir á þá staðreynd að meginmarkmið vestrænnar löggjafar um persónuvernd hafi lengi verið að sporna við því að hægt væri að ná fram heildarmynd af þjóðfélagsþegnunum, eins og þeirri sem frv. mun hafa í för með sér, og það sé gert í löggjöf víða um Vesturlönd með því að banna samtengingu viðkvæmra persónuupplýsinga nema í algerum undantekningartilfellum og að undangengnu umfangsmiklu hagsmunamati.

Ég vil taka undir þessi sjónarmið tölvunefndar og vek athygli á að frv. snýst um að heimila frávik frá almennum reglum sem gilda um meðferð og skráningu persónuupplýsinga og um vísindarannsóknir sem tengjast mönnum. Tölvunefnd sem hefur á að skipa okkar helstu sérfræðingum á þessu sviði telur auk þess að upplýsingar í grunninum verði persónugreinanlegar. Nefndin er ekki sammála því að

upplýsingarnar séu ópersónugreinanlegar sem hlýtur jú að teljast mjög alvarlegt í ljósi þess hlutverks sem tölvunefnd er ætlað við framkvæmd og starfrækslu gagnagrunnsins auk þess að öll lagasmíðin byggist á að í grunninum séu ópersónugreinanlegar upplýsingar.

Persónuverndin er kannski sá þáttur í umræðunni um þetta mál sem hvað mest hefur verið gagnrýndur. Margir hafa sagt hana standa á veikum grunni, ekki síst þar sem öll umgerð frv. miðast við að í grunninum séu ópersónugreinanlegar upplýsingar. Stjórnvöld hafa hafnað því á þeirri forsendu að leita þurfi samþykkis einstaklinga fyrir þátttöku í gagnagrunninum. Á sama hátt var á sömu forsendum ekki gert ráð fyrir því í frv. að vísindasiðanefnd færi yfir umsóknir um aðgang að grunninum, sem reyndar hefur verið gerð tillaga *um nú af hálfu meiri hlutans*.

Frumskilyrðið er að ákvæði um innihald og notkun grunnsins séu skýr áður en reglur um persónuvernd eru ákveðnar. Þess vegna er mjög brýnt að áður en frv. er samþykkt liggi fyrir hvaða upplýsingar eigi að fara í grunninn og tilgreint sé hvers kyns upplýsingar megi ekki fara í hann. Þetta er enn ekki ljóst, herra forseti, og hefur ekki verið unnt, þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir minni hlutans í heilbr.- og trn., að fá uppgefið skýrt og nákvæmlega hjá heilbrrn. hvaða upplýsingar eigi að vera þar inni. Það gerir persónuverndina og alla umræðu um hana flóknari en ella. Þó á að túlka þann vafa sem hugsanlega er einstaklingunum í hag en ekki öfugt eins og ég vil meina að gert hafi verið í þessu frv.

Ég dreg stórlega í efa að í þessum grunni séu eingöngu upplýsingar sem ekki er hægt að persónugreina og tek undir álit fjölmargra aðila um það. Ég tel því nauðsynlegt að farið sé eftir þeim meginreglum sem um meðferð slíkra upplýsinga gilda við rannsóknir á fólki.

Að mínu mati er óásættanlegt að heilsufarsupplýsingar séu fluttar í slíkan grunn án samráðs við þá einstaklinga sem í hlut eiga. Þegar um vísindarannsóknir á fólki er að ræða er hin almenna regla sú að leita samþykkis fólks fyrir þátttöku. Það er ekki gert ráð fyrir slíku samþykki í frv. Því hefur verið hafnað af hálfu meiri hlutans þrátt fyrir að ýmsar hugmyndir hafi verið nefndar í þá veru að framkvæma þetta atriði. Það hefur reyndar verið bent á að örðugt sé að afla upplýsts og óþvingaðs samþykkis í heföbundnum skilningi þess hugtaks þar sem ekki liggi fyrir hvaða upplýsingar eigi að fara í grunninn og ekki sé ljóst hvað gera eigi við upplýsingarnar í framtíðinni. Ég skil þessi rök fullkomlega en bendi eigi að síður á að þótt ekki séu forsendur fyrir því að leita upplýsts samþykkis sé ekki rétt að draga af því þá ályktun að yfir höfuð sé ekki hægt að leita eftir samþykki fyrir þátttöku. Ég vil segja að þvert á móti er mikilvægt að fólk sé upplýst um hvað gert sé í þessu frv. í stað þess að reyna að telja því trú um að þetta sé allt í fínu lagi, þarna séu ekki persónugreinanlegar upplýsingar.

Óskýrleiki frv. með hvað fara eigi í grunninn styður það sjónarmið að nauðsynlegt sé að upplýsa fólk um áhættuna leita eftir samþykki fyrir þátttöku. Ég vil vekja athygli á því að mjög margir umsagnaraðilar frv. töldu nauðsynlegt að leitað yrði samþykkis fyrir þátttöku. Bæði voru það einstaklingar hér heima og stofnanir, auk fjölmargra aðila er starfa á erlendri grundu. Einn slíkra er Bogi Andersen, prófessor við Kaliforníuháskóla. Viðbrögð hans við umsögn 15 prófessora og dósenta við læknadeild Háskóla Íslands um gagnsemi miðlægs gagnagrunns voru að senda heilbr.- og trn. bréf. Um samþykki sjúklings segir hann m.a. í bréfinu og vísar þar til umsagnar 15 dósenta og prófessora við læknadeild Háskóla Íslands, með leyfi forseta:

„Þar segir að færa megi sterk rök fyrir því að ætlað samþykki „sé í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar um þessi efni ...“ Svo er alls ekki. Siðareglur gera ráð fyrir upplýstu samþykki nema í undantekningartilfellum og þá aðeins þegar nánast engin áhætta felst í rannsókninni fyrir sjúklinginn og erfitt er að fá upplýst samþykki. Hvorugt skilyrðið á við um fyrirhugaðan gagnagrunn Íslenskrar erfðagreiningar.

Gagnagrunnur eins og Íslensk erfðagreining ætlar að byggja og reka felur í sér ýmsar áhættur fyrir sjúklinga:

a. Viðkvæmar heilsufarsupplýsingar um einstaklinga geta lekið úr grunninum. Hér ber sérstaklega að benda á að gagnagrunnurinn er ekki „anonymous“ [eða nafnlaus sem er kannski ekki alveg rétt þýðing] því í hann verður stöðugt bætt upplýsingum um einstaklinga og því þarf dulkóðun. Jafnvel ef gagnagrunnurinn yrði gerður „anonymous“ yrðu einstaklingar persónugreinanlegir á tiltölulega auðveldan hátt vegna fámennis Íslendinga. Í honum verða líka erfðaupplýsingar sem í eðli sínu eru alltaf persónugreinanlegar.

b. Stjórnvöld geta notað upplýsingar til að réttlæta ýmsar aðgerðir sem koma sjúklingum mjög illa, eins og t.d. lokun sjúkradeilda.“

Í þessu samhengi vil ég benda á að slíkar athugasemdir hafa komið fram hjá fleiri umsagnaraðilum, m.a. siðaráði landlæknis. Það er ekki endilega alltaf æskilegt fyrir þjóðfélagsþegna að heilbrigðisyfirvöld geti haft ótakmarkaðan aðgang að slíkum upplýsingum. Til eru dæmi þess að ríkisvaldið hafi misnotað slíkar upplýsingar á þann hátt að komið hafi fólki illa. Ég vil vekja athygli á þeim möguleika. Þó ætlunin sé kannski ekki að nota upplýsingarnar þannig þá er sá möguleiki alltaf fyrir hendi og ástæða til að vara við honum. Bogi Andersen segir síðan:

„c. Þeir sem kaupa upplýsingar úr gagnagrunninum geta notað þær til að mismuna öðrum hópum. Þannig hefur Íslensk erfðagreining lagt áherslu á að þeir muni selja aðgang að grunninum til tryggingafyrirtækja og „health maintenance organization“ (HMO). Þessir aðilar geta notað upplýsingarnar á jákvæðan hátt og þeim verður ekki veittur aðgangur að einstaklingsupplýsingum. Tryggingafyrirtæki og HMO-fyrirtæki eru engu að síður líkleg til að nota upplýsingarnar til að mismuna einstaklingum og hópum. Íslendingar eru almennt þeirrar skoðunar að allir eigi rétt á sömu heilbrigðisþjónustu án tillits til fjárráða eða sjúkdómatíðni. Því miður er þessu ekki svo farið í Bandaríkjunum þar sem algengt er að fólki sé mismunað af tryggingafélögum og HMO-fyrirtækjum vegna sjúkdómasögu og ef það er í áhættuhópum. Í nýlegri grein í New York Times var því lýst að nú væru HMO-fyrirtæki, en ekki megalómanískir læknar eða brjálaðir sjúklingar orðnir „bófarnir“ í læknaþáttum sjónvarpsins. Svo alræmd eru þessi fyrirtæki nú að tveir frambjóðendur til fulltrúadeildar Bandaríkjaþings í síðustu kosningum voru taldir hafa náð kosningu að miklu leyti með því að tala gegn slíkum fyrirtækjum. Það þarf því upplýst samþykki frá sérhverjum einstaklingi áður en heilsufarsupplýsingar hans eru notaðar af tryggingafyrirtækjum og HMO-fyrirtækjum.“

Þetta er mat Boga Andersens sem starfar í öðru umhverfi í öðru þjóðríki. Hann varar mjög eindregið við þessu og reyndar hefur hann líka skrifað grein í Morgunblaðinu sem birtist sl. föstudag ef ég man rétt. Hún er mjög athyglisverð þar sem hann varar stórlega við þessari hugmynd.

Siðfræðistofnun hefur fjallað um samþykki sjúklings. Hún segir um þennan þátt:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að upplýsingar um hann séu færðar í grunninn en að sjúklingur geti óskað eftir því að það verði ekki gert. Sterk siðferðileg rök eru hins vegar fyrir því að gera eigi kröfu um að rekstrarleyfishafi afli samþykkis sjúklings áður en upplýsingar um hann eru færðar í grunninn.

Í fyrsta lagi hefur ítrekað verið bent á að þrátt fyrir dulkóðun muni upplýsingarnar í grunninum eðli málsins samkvæmt vera persónugreinanlegar. Það veltur því að stórum hluta á aðgangstakmörkunum að grunninum hversu vel tekst að tryggja persónuleyndina. Í frumvarpinu eða í greinargerð með því kemur ekki fram hvers eðlis aðgangstakmarkanirnar eiga að vera. Hvað sem því líður breyta aðgangstakmarkanir ekki eðli sjálfs gagnagrunnsins. Verulegum erfiðleikum getur auk þess verið háð að hafa eftirlit með að slíkar aðgangstakmarkanir séu virtar og auðvelt kann að reynast síðar að taka ákvarðanir um að þeim skuli breytt eða þær afnumdar.

Vegna þess að hér er um persónugreinanlegar upplýsingar að ræða hefur fólk rétt á að vera spurt hvort það samþykki að upplýsingunum sé ráðstafað í gagnagrunninum. Ekki er nægilegt að ganga út frá að fólk veiti samþykki sitt ef það lætur ekki frá sér heyra. Þar eð upplýsingarnar um gerð hins fyrirhugaða miðlæga gagnagrunns eru að ýmsu leyti af skornum skammti, verður slíkt samþykki ekki „upplýst" í venjulegum skilningi þess orðs. En skortur á upplýsingum um miðlægan gagnagrunn er ekki rök fyrir því að óþarft sé að leita samþykkis einstaklinga áður en upplýsingar um þá eru færðar í hann."

Siðfræðistofnun bendir í áliti sínu einnig á að gagnagrunnur af þessu tagi byggist m.a. á trausti. „Leiki verulegur vafi á því að upplýsingarnar í grunninum séu ópersónugreinanlegar, eins og raunin hefur orðið, þá skaðar það bæði grunninn sjálfan, með því að draga úr vilja fólks til að láta þangað upplýsingar, og heilbrigðiskerfið í heild með því að draga úr trausti fólks til þess. Sé það útbreidd skoðun fólks að ganga eigi út frá að það samþykki eitthvað sem á í raun að fá formlegt samþykki þess fyrir þá hlýtur það óhjákvæmilega að vekja tortryggni. Það er aðeins ein raunhæf leið til að koma í veg fyrir að slík tortryggni vakni um gagnagrunn af því tagi sem hér er til umræðu: Að gera samþykki sjúklinga að skilyrði þess að upplýsingar um þá séu færðar í grunninn."

Mannvernd hefur líka sent heilbr.- og trn. umsögn og bendir á það í sinni umsögn „að í öllu vísindastarfi sem byggist á persónugreinanlegum upplýsingum eins og hér um ræðir, er það grundvallarsjónarmið að leitað sé eftir upplýstu og óþvinguðu samþykki hvers einstaklings fyrir skráningu og nýtingu upplýsinganna. Eingöngu má víkja frá þeirri kröfu á grundvelli afmarkaðra rannsóknaráætlana sem standast siða- og vísindakröfur að mati tölvunefndar og vísindasiðanefndar."

Athygli heilbr.- og trn. hefur einnig verið vakin á því að fjölmargir erlendir aðilar hafa haft miklar áhyggjur af þessu máli, ekki síst í ljósi þess að þarna kunni að vera skapað ákveðið fordæmi sem ekki muni verða mannkyninu til mikils framdráttar þegar fram í sækir. Þetta mál hefur fengið umfjöllun í öllum helstu og virtustu vísindatímaritum heimsins eins og Nature Biotechnology, Nature Genetics og Science. Reyndar hafa verið skrifaðar ritstjórnargreinar um málið í öllum þessum blöðum. (**ÖS:** Líka í DV.) Líka í DV eins og hv. fyrrverandi ritstjóri þess dagblaðs bendir á.

Auk þess hefur verið umfjöllun um þetta í mörgum stórblöðum á heimsvísu og fjölmiðlar aðrir, ljósvakamiðlar, hafa líka tekið þetta til umfjöllunar. Í mjög fáum tilvikum hefur sú umfjöllun verið jákvæð fyrir íslensku þjóðina eða íslensku ríkisstjórnina. Í allflestum tilvikum hefur þvert á móti verið varað mjög við þessari hugmynd. Að auki hafa siðanefndir, norrænar, evrópskar, bandarískar og alþjóðlegar kynnt sér þýðingar á frv. og fjallað um málið. Heilbr.- og trn. hefur m.a. borist afrit af áliti norrænnar lífsiðfræðinefndar sem fjallaði um þetta mál. Einnig hefur verið bent á að siðanefnd HUGO sé að ljúka við siðareglur sem frv. stangist verulega á við. Ég vil í tengslum við þetta vekja athygli á því að ég óskaði eftir því í heilbr.- og trn. að til þess að taka af vafa um þetta atriði þar sem okkur hefur verið bent á í heilbr.- og trn. að hugsanlega kunni hið alþjóðlega vísindasamfélag að hafa í frammi einhverjar aðgerðir í kjölfar þess ef af samþykkt þessa frv. verður, einhvers konar þvingunaraðgerðir til þess að reyna að fá ríkisstjórnina ofan af þessari hugmynd. Slíkar aðgerðir, í hvaða formi sem þær yrðu, mundu koma sér mjög illa fyrir íslenska vísindamenn hvar sem þeir starfa. Þess vegna lagði ég á það áherslu í heilbr.- og trn. og nokkrir nefndarmenn tóku undir það að leitað væri eftir áliti erlendra aðila, hugsanlega vísindasiðanefnda austan hafs og vestan, eða eftir áliti einhverra þeirra fjölmörgu vísindamanna erlendis sem hafa skoðað málið mjög ítarlega. Mjög margir aðilar hafa haft samband við nefndina eða einstaka nefndarmenn og lýst yfir áhyggjum sínum af málinu, að leitað væri eftir umsögnum slíkra aðila í meira mæli og í raun og veru var ekkert fallist á þá kröfu. Meiri hluti heilbr.- og trn. hafnaði henni og taldi að það virtist ekki vera það mikilvægt að ástæða væri til þess að leita eftir slíku áliti.

Ég óttast að við eigum eftir að verða vör við einhvers konar aðgerðir í kjölfarið á þessu sem geri það að verkum, annað tveggja eða hvort tveggja, að hugmyndin, jafnvel þó að frv. fari í gegnum þingið, verði aldrei að veruleika. Og ef hún verður að veruleika, þá verði grunnurinn sem tæki til vísindarannsókna algjörlega ónýtur. Og líka af þeim rökum m.a. sem ég benti á áðan, þá liggur þegar fyrir að mjög margir munu ekki vilja vera með í grunninum. Bæði munu læknar í miklum mæli ekki vilja gera samstarfssamninga við fyrirtækið og einstaklingar munu óska eftir því að upplýsingar um þá séu ekki settar í grunninn.

Ég vil aðeins grípa hér ofan í álit sem norræn lífsiðfræðinefnd gerði um málið, en sú nefnd er á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og er skipuð tveimur fulltrúum frá hverju Norðurlandanna. Eitt af helstu verkefnum nefndarinnar er að ganga úr skugga um, ræða og láta í ljós skoðanir um siðfræðileg álitamál varðandi líffræði og læknisfræði á Norðurlöndunum. Nefndin fjallaði um drög að frumvarpi íslenska heilbrrn. um gagnagrunn á heilbrigðissviði og ég hafna því að ekki sé að marka það álit nefndarinnar, eins og meiri hlutinn hefur brugðist við því, vegna þess að það sé bara um drög sem voru til í sumar, en ég vil segja að álitið standist allt að einu um frv. í þeirri mynd sem það er núna. Í þessu áliti segir m.a., með leyfi forseta:

„Frumvarpsdrögin veita einkalífi og mannhelgi einstaklingsins ófullnægjandi vernd. Fyrir því eru eftirfarandi ástæður: Þar sem gagnagrunnurinn felur í sér upplýsingar um fámenna þjóð er auðvelt að komast að því um hvaða einstakling er að ræða í hvert skipti með því að skoða ættartré og

sérkenni einstaklinga. Frv. kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að afla upplýsinga um ákveðna þjóðfélagshópa án upplýsts samþykkis þeirra. Hér höfum við einkum í huga fólk, sem ekki getur veitt upplýst samþykki sökum aldurs, sjúkdóma eða andlegrar fötlunar og er því í sérstaklega viðkvæmri stöðu og getur átt á hættu á að fá á sig óæskilegan stimpil sé upplýsingum um það ekki haldið fullkomlega leyndum, og að sjálfsögðu einnig þá sem látnir eru. Sú hætta er ávallt fyrir hendi að með nútímatækni verði tiltölulega auðvelt og raunhæft að komast að dulmálslykli hvaða dulkóðunaraðferðar sem er þegar nægilega sterkir viðskiptahagsmunir eru í húfi."

Ég vil skjóta hér inn í þetta álit norrænu lífsiðfræðinefndarinnar að í frumvarpsdrögunum um persónuverndina er m.a. tekið fram í athugasemdum með frv. að það sé eitt sérkenni á allri umræðu um persónuvernd í tengslum við viðkvæmar upplýsingar sem eru skráðar í tölvum að löggjöfin nær ekki að fylgja eftir tækniþróuninni. Tækniþróunin er svo ör að löggjöfin nær ekki að fylgja henni eftir sem er ákveðið vandamál. Hvernig dettur mönnum í hug að þetta haldi, jafnvel þó að dulmálslykillinn frægi sé tryggur í dag, *ef við tökum mið af þeirri framþróun sem hefur orðið á sviði* tölvutækni bara hin síðustu fimm ár, sem er svo hröð að maður hefur ekki undan að endurnýja tölvuna sína ef maður ætlar að fylgjast með henni, hvernig dettur mönnum í hug að halda að þetta haldi eitthvað lengur en kannski í mesta lagi út næsta ár eða þarnæsta ár? Ef ekki verður búið að komast að þessu eftir eitt ár þá verður búið að því eftir fimm ár eða tíu ár og a.m.k. örugglega eftir 20 ár, að mínu mati.

Síðan segir áfram í umsögn norrænu lífsiðfræðinefndarinnar:

„Þar sem um miðlægan gagnagrunn er að ræða verður unnt að komast að öllum upplýsingum er í honum felast í einu, sé viðeigandi hugbúnaður notaður. Þetta þýðir einnig að auðvelt verður að flytja gagnagrunninn ólöglega til annarra landa."

Síðan segir:

„Í frumvarpsdrögunum eru engin ákvæði um undir hvaða skilyrðum leyft verður að afkóða gögnin. Nauðsynlegt er að skilgreina reglur um það hvernig og hvenær sé rétt að afnema dulkóðunina og t.d. nálgast einstakling í því skyni að afla ítarlegri upplýsinga um heilsufar hans/hennar eða til að tilkynna einstaklingi að af rannsóknum á gögnunum megi ráða að ákveðin áhætta sé á því að hann/hún fái sjúkdóm sem unnt er að koma í veg fyrir."

Við þessu hefur reyndar meiri hlutinn brugðist á ákveðinn hátt en ég tel að allt að einu standi álit þessarar norrænu lífsiðfræðinefndar, sem ég hef ekki lesið hér í heild sinni þó ýmislegt fleira bitastætt sé í því, undir sér þrátt fyrir þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv.

Í 8. gr. frv. hefur verið sett ákvæði sem heimilar sjúklingi að óska eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Og eins og fram hefur komið getur slík beiðni varðað allar upplýsingar sem þegar liggja fyrir um hann í sjúkraskrám eða kunna að verða skráðar eða nánar tilteknar upplýsingar. Skylt er að verða við slíkri beiðni og skal landlæknir annast gerð eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggi frammi á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum.

Það má alveg taka undir það að neitunarákvæði 8. gr. hafi verið til bóta frá því sem var í fyrstu gerð frv. en það dugir allt að einu of skammt. Fjölmargir aðilar, m.a. Geðhjálp, hafa bent á að slíkt ákvæði dugi lítt til verndar þeim sem vegna t.d. geðveiki, ellihrumleika eða annarra sjúkdóma geta ekki tekið slíka ákvörðun, eru einfaldlega ekki færir um það.

Ekki hefur verið fallist á þá kröfu minni hlutans í heilbr.- og trn. að fólk sem vill hætta þátttöku í grunninum geti jafnframt fengið eytt þeim upplýsingum sem um það hafa farið í gagnagrunninn, sem þó verði að telja lágmarksréttindi. Þá hefur einnig verið á það bent að á meðan unnt sé að keyra upplýsingar úr grunninum saman við ættfræðiupplýsingar sé lítill vandi að setja þá einstaklinga sem neita að vera með í grunninum inn með því að búa til svokallað genakort, sem grundvallað er á ættingjum þeirra, og þannig er neitunin í raun farin fyrir lítið, það er bara fyllt upp í eyðuna. Þetta er t.d. eitt af því sem kom í ljós í þessari umræðu sem ég hafði ekki gert mér grein fyrir og ég held að mjög fáir Íslendingar geri sér grein fyrir hvað er í raun og veru hægt að gera mikið ef þessar upplýsingar eru allar tengdar saman.

Börn eru einn hópur sem sérstaklega þarf að huga að í þessum efnum og ég tel að það sé á engan hátt nægilega vel tryggt í frv. að þau njóti þeirrar verndar sem æskilegt er. Það hafa þegar verið raktar hér af hálfu frsm. 1. minni hluta hugmyndir til úrbóta hvað persónuvernd barna varðar og brtt. lagðar fram þeim hugmyndum til stuðnings, auk þess sem þar er lagt til að heimilt sé að láta eyða upplýsingum eftir að þær hafa farið inn í grunninn. Ég er sammála þeim brtt. og tel að ef þær verði samþykktar sé ásýndin örlítið betri en hún er í dag hvað þennan þátt málsins varðar.

Í frv. er ekki sérstakt ákvæði um látna menn en eðli málsins samkvæmt geta þeir ekki nýtt sér réttinn til að hafna þátttöku, þennan margumrædda rétt. Fjölmargir umsagnaraðilar hafa bent á nauðsyn þess að réttur látinna til friðhelgi einkalífs sé verndaður á einhvern hátt en ein leið til að gera það er að setja ekki upplýsingar um látna einstaklinga inn í grunninn. Önnur leið gæti verið að leita samþykkis aðstandenda en sú leið er líklega mjög flókin í framkvæmd og einkum ef aðstandendur eru ekki sammála um hvað gera skuli. Mannvernd hefur m.a. bent á nauðsyn þess að hafa sérákvæði um látna einstaklinga og vernd þeirra og lagt til að um þá sé sett sérstök reglugerð því að það er ljóst að viðkvæmar persónuupplýsingar geta áfram verið viðkvæmar eftir andlát viðkomandi og tjónið orðið mjög tilfinnanlegt ef þær leka út. Og enn vil ég vitna í þessi frumvarpsdrög um persónuvernd, og þó að þau séu ekki orðin að þingskjali þá eru þau mjög góð almenn lesning um persónuvernd og hvernig henni er háttað og hvernig henni á að vera háttað. Ég ætla að grípa aðeins niður í kafla í þessum ágætu frumvarpsdrögum um vernd látinna manna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í gildandi lögum er ekki berum orðum tekin afstaða til þess að hve miklu leyti látnir einstaklingar njóta verndar laganna. Má því segja að réttarstaðan hér á landi sé ekki fyllilega ljós að því leyti. Almennt hefur þó verið gengið út frá því í íslenskum rétti að látnir einstaklingar njóti friðhelgi um einkalíf sitt ekki síður en lifandi menn. Hefur tölvunefnd byggt á því í störfum sínum, t.d. að því er varðar aðgang að heilsufarsupplýsingum um látna menn í tengslum við framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði.

Í þessu sambandi verður og að hafa í huga að ný tækni á sviði erfðavísinda gerir það brýnna en ella að tekin sé afstaða til þess í persónuverndarlöggjöf að hve miklu leyti upplýsingar um látna menn falli undir gildissvið laganna því

að upplýsingar um látna menn geta veitt mjög mikilvægar og afdrifaríkar upplýsingar um lifandi menn.

Með framangreind rök í huga er á því byggt í frv. þessu, þótt ekki segi það berum orðum í frumvarpstextanum sjálfum, að skráðar upplýsingar um látna menn falli undir gildissvið laganna, einkum ef þær geta veitt upplýsingar um lifandi menn."

Og í þessu tilviki er ljóst að til þess er leikurinn gerður. Þær munu geta veitt upplýsingar um lifandi menn.

„Á það t.d. við um upplýsingar um arfgenga sjúkdóma. Teljast slíkar upplýsingar þá ótvírætt persónuupplýsingar í skilningi laganna."

Þetta er sá frumvarpstexti sem liggur fyrir í dómsmrn. og liggur fyrir hjá hæstv. ríkisstjórn að samþykkja eða hafna og ég er ekki hissa þó að menn hafi svolítið tafsað á þessu í þingflokki sjálfstæðismanna, eftir að hafa barist fyrir því að frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði væri samþykkt í þeirri mynd sem það er í dag.

Ég vil líka ítreka þá skoðun mína, sem hefur reyndar komið fram áður, að ég tel persónuverndina mun tryggari í dreifðum gagnagrunnum en í einum miðlægum. Ef unnt yrði að persónugera fólk í þessum grunni og upplýsingar um það yrðu notaðar gegn fólki þá væri tjónið ómetanlegt og afsökunarbeiðnir dygðu þá skammt. Það er þetta stóra „ef" sem margir óttast og þeim mun meiri samkeyrsla sem á sér stað þeim mun meiri er áhættan og á þetta hefur einmitt verið bent í áliti tölvunefndar. Það hafa aldrei þótt góðir búskaparhættir að hafa öll eggin í sömu körfunni og þar er kannski komin ástæðan fyrir því að aðrar þjóðir velja þá leið að byggja upp kerfi dreifðra grunna í stað þess að gera einn miðlægan. Mögulegur vísindalegur ávinningur sem kynni hugsanlega að verða meiri af miðlægum grunni en dreifðum er þá látinn víkja — ef hann er til staðar — í nafni tryggari persónuverndar og slíkar varúðarráðstafanir eru fullkomlega skiljanlegar í ljósi þess tjóns sem getur orðið í kjölfar misnotkunar á upplýsingum sem þessum.

Ég vék aðeins að því í upphafi hversu mikilvægt það væri að tryggja frelsi til rannsókna og frjálsa samkeppni á vísindasviðinu. Til þess að framþróun vísindanna geti orðið sem mest er mikilvægt að rannsóknarfrelsið sem slíkt sé virt. En því verður þó auðvitað líka að setja þau takmörk sem reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs krefjast. Á það hefur verið bent af fjölmörgum umsagnaraðilum að rekstrarleyfið sem frv. gerir ráð fyrir geti ógnað verulega nauðsynlegu frelsi til rannsókna. Nokkur atriði hafa verið tínd til þessu máli til stuðnings.

Í fyrsta lagi má þar nefna veitingu sérleyfisins sem slíka, þ.e. einkaréttinn í sjálfu sér. Hann skapi rekstrarleyfishafa óeðlilegt samkeppnisforskot en frjáls samkeppni sé hið eðlilega umhverfi í vísindaheiminum og án hennar geti vísindin ekki þrifist vel. Möguleikar annarra vísindamanna til fjármögnunar starfsemi sinnar verði minni ef á markaðnum er stóri bróðir sem nýtur sérstakrar lagaverndar og velvildar stjórnvalda, auk þess að hafa einn óheftan aðgang að öllum heilsufarsupplýsingum íslensku þjóðarinnar. Aðgengi annarra vísindamanna verði alltaf takmarkað út frá hagsmunum rekstrarleyfishafa og skipan aðgengisnefndarinnar svokölluðu er einmitt eitt dæmi þess, en þar er gert ráð fyrir að einn nefndarmanna sé fulltrúi rekstrarleyfishafa. Þannig er öðrum vísindamönnum gert að leggja viðkvæmar rannsóknir sínar eða hugmyndir á borð samkeppnisaðila, sem hlýtur að teljast óeðlilegt.

Ég tek undir slíkar áhyggjur og bendi á að kerfi dreifðra gagnagrunna er mun vænlegra til að tryggja rannsóknarfrelsið auk þess sem einokun á borð við þá sem lögð er til í frv. á að heyra sögunni til.

Tekið er fram í nál. meiri hlutans að það þurfi að vera tryggt að þegar aðrir vísindamenn leggja fram umsókn til aðgangs að grunninum fyrir nefndina, aðgengisnefndina svokölluðu, sem á að fjalla um slíkar umsóknir, en þar sem fulltrúi rekstrarleyfishafa sitji, þá sé mjög mikilvægt að fólki sé ekki gert að leggja fram meiri upplýsingar um viðkomandi verkefni en nauðsynlegt er. Ég spyr frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. — sem ég óska enn og aftur eftir að sé í salnum og hlýði á mál mitt, herra forseti, við hvað sé átt með þessu. Hefur það eitthvað verið skilgreint hvað eru nauðsynlegar upplýsingar sem þarf að leggja fyrir aðgengisnefndina um þau verkefni sem hún á að ræða um, hvað eru nauðsynlegar upplýsingar? Hefur það eitthvað verið skoðað af hálfu heilbrrn.?

Bent hefur verið á að frv. brýtur í bága við samkeppnisreglur EES og má fullyrða að það sé fyrirséð að framkvæmdin verði kærð hið fyrsta til samkeppnisyfirvalda. Samkeppnisstofnun telur ljóst að almennt séð sé veiting einkaréttar til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði ekki í samræmi við þá þróun sem hefur orðið innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Líka er á það bent í áliti Samkeppnisstofnunar að veiting einkaréttarins muni skapa markaðsráðandi stöðu á verulegum hluta Evrópska efnahagssvæðisins og líklegt sé að sú staða verði misnotuð en sú misnotkun muni hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins. Ég vil líka vekja athygli á því hér að ekki aðeins hunsar ríkisstjórnin ráð og umsagnir okkar færustu manna á sviði persónunefndar, sem tölvunefnd er og þeir sem hafa starfað með tölvunefnd, heldur eru líka hunsuð rök þeirra manna sem hvað best þekkja til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, samkeppnishluta hans.

Samkeppnisstofnun telur sýnt að veiting einkaréttarins brjóti í bága við 1. mgr. 59. gr., samanber 54. gr. EES-samningsins og að ólíklegt sé að hægt sé að heimfæra veitinguna undir veitingu sérleyfisins undir undanþágu 2. mgr. 59. gr. samningsins um undanþágu frá samkeppni. Samkeppnisstofnun bendir á að þar sem þær reglur feli í sér undanþágu frá einhverjum þýðingarmestu ákvæðum EES-samningsins sé ljóst að reglan sætir þröngri skýringu og að ríkar kröfur séu gerðar til þess að skilyrði ákvæðisins séu upfyllt. Þá er vakin athygli á því að fá dæmi eru fyrir því hjá dómstóli EB að fallist hafi verið á undanþágu frá samkeppnisreglu sáttmálans á grundvelli þessa ákvæðis og hefur þróun dómsúrlausna í þokkabót verið á þann veg á undanförnum árum að möguleikar aðildarríkja ESB til að koma við einkarétti hafi verið þrengdar þar sem slíkt verður æ oftar talið brjóta gegn ákvæðum Rómarsáttmálans en áður. Nauðsynlegt er að mati Samkeppnisstofnunar að nálgast álitaefni um undanþágu frá samkeppnisreglum í ljósi þess að þar sem dómstóllinn hefur áður talið að opinber einokunarfyrirtæki og fyrirtæki er njóta einkaréttar væru leyfð nema þau væru sérstaklega bönnuð á tilteknum sviðum hefur dómstóllinn nú tekið þá stefnu að telja slík fyrirtækin bönnuð nema þau beri að leyfa af sérstökum ástæðum. Í raun og veru hefur verið snúið við áherslunum hjá dómstólnum. Að auki telur Samkeppnisstofnun sýnt að veiting einkaréttarins stríði gegn markmiði samkeppnislaga og Lagastofnun Háskóla Íslands

treystir sér ekki til að fullyrða að einkarétturinn standist EES-reglur heldur segja höfundar álitsins einungis að einkarétturinn geti samrýmst þeim þó með því sé tekin nokkur áhætta eins og fram kemur í áliti Lagastofnunar á bls. 28, herra forseti.

Ég er sammála mati Samkeppnisstofnunar og tel vandratað þá leið sem gæti orðið til sátta hvað þennan þátt varðar. Það verður mjög flókið að útfæra ákvæði 9. gr. um aðgang annarra vísindamanna að grunninum en rekstrarleyfishafa en af hálfu ríkisstjórnarinnar eru ódýr eða svo til ókeypis aðgangur íslenskra vísindamanna að grunninum talin vera mikilvæg rök fyrir því að koma honum upp. Hins vegar liggur nokkuð ljóst fyrir í dag að slíkur aðgangur íslenskra vísindamanna telst brot á EES-reglum ef erlendum vísindamönnum er seldur aðgangur að grunninum á fullu verði. Þá mundi mjög líklega vera talið að þarna væri um að ræða brot á samkeppnisreglum EES og talið að um væri að ræða mismunun á grundvelli þjóðernis. Ein af grundvallarstoðum EES-samningsins byggist á því að óheimilt er að mismuna mönnum innan svæðisins á grundvelli þjóðernis.

Mismunun eins og núverandi gerð frv. gerir ráð fyrir á milli íslenskra vísindamanna og annarra stenst því ekki og telst að mati margra sem vel þekkja til þessara reglna ótvírætt brot á ákvæðum EES-samkomulagsins. Þá verður að telja óeðlilegt að fulltrúi rekstrarleyfishafa eigi sæti í aðgengisnefndinni eins og áður hefur verið vikið að.

Ég tek undir þær hugmyndir að breytingu á 9. gr. frv. sem raktar eru í áliti 1. minni hluta og tel mikilvægt að ef af samþykkt frv. verður verði reynt að koma til móts við þá gagnrýni sem fram hefur komið á þessa grein, það tel ég mjög mikilvægt því að að óbreyttu er þetta eins og tímasprengja sem springur fyrr en seinna.

Þá tel ég mjög erfitt að sjá rökin gegn því að útboð sé haft um svo viðamikla framkvæmd sem gerð og starfræksla gagnagrunnsins er og burt séð frá því hvort það sé lagaskylda eða ekki eins og menn greinir á um. Bent hefur verið á það, m.a. af hálfu Ríkiskaupa, að það væri skylda að bjóða þetta út á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég tek í sjálfu sér ekki afstöðu til þess en ég tel burt séð frá því þá sé beinlínis æskilegt að gera það. *Í raun er mjög óeðlilegt að farið sé út í svo* dýra og viðamikla framkvæmd sem frv. gerir ráð fyrir án þess að leitað sé að besta kostinum í stöðunni fyrir land og þjóð, séð bæði út frá vísindalegu sjónarmiði og hagfræðilegu sjónarmiði og án þess að öðrum en einu fyrirtæki sé í raun veittur möguleiki til að vinna þetta verk.

Í raun og veru má taka mjög margt til skoðunar í tengslum við þetta frv. Ég verð að segja það að þeim mun meira sem ég hef lesið mér til í tengslum við málið frá upphafi, þeim mun vissari verð ég í þeirri sök minni að þessi hugmynd gangi hreint og klárt ekki upp. Það er bara svo einfalt mál að hún gengur ekki upp. Jafnvel þó ég mundi vilja sýna jafnmikið hugrekki og kannski bjartsýni og hv. frsm. 1. minni hluta sem talaði á undan mér, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að ef ríkisstjórn mundi falla frá einkaréttinum sem ég tel reyndar algerlega útilokað vegna þess að út á það held ég að þessi hugmynd gangi, en segjum sem svo að ég mundi telja að það væri mögulegt, þá efast ég samt um að þessi hugmynd væri til einhvers nýtanleg. Í því sambandi vil ég ekki síst vísa til þess hvernig staðið hefur verið að málinu í ósætti við allt vísindasamfélagið meira og minna og ég tel hreinlega að þessi hugmynd, hvort sem af samþykkt þessa frv. verður eða ekki, sé dauð í þeirri mynd sem hún átti upprunalega að vera, að það galdatæki sem um var talað í upphafi verði aldrei til. Það á tíminn hins vegar eftir að leiða í ljós ef af samþykkt frv. verður.

Ég vil ítreka í lokin mikilvægi þess fyrir vísindamenn að vera í alþjóðlegu samstarfi á sviði vísinda. Þess vegna tel ég mjög nauðsynlegt að við hlustum á þær viðvaranir sem hafa komið fram frá hinu alþjóðlega vísindasamfélagi um þessi mál. Borist hafa bréf frá prófessorum og frá fólki sem hefur starfað erlendis um að það geti komið til þess að íslenskir vísindamenn verði á einhvern hátt útilokaðir frá slíku samstarfi. Ég held að við eigum að hlusta og eigum að reyna alla vega að komast að raun um það hvort slíkar viðvaranir séu raunhæfar. Við eigum ekki að hunsa þær algerlega eins og ég vil meina að meiri hlutinn hafi gert því að ef af þeim verður eru afleiðingarnar mjög alvarlegar og geta orðið mjög alvarlegar og miklar fyrir íslenska vísindamenn.

Ég vil líka draga það fram að ýmislegt í frv. snertir bara skilgreiningar sem er mjög óljóst og mjög erfitt að átta sig á hvað átt er við og það tengist m.a. þessu sem ég kom inn á áðan varðandi það hvort ættfræðiupplýsingarnar eða ættfræðigrunnurinn ætti að vera þarna inni eða ekki og sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson dró líka fram. Ég vil enn og aftur ítreka að hv. frsm. meiri hlutans gerir algerlega ljóst fyrir okkur hvort þær eigi að vera inni í grunninum eða ekki. Ef þær eiga ekki að vera inni þá á hvern hátt sé hægt að samkeyra þetta vegna þess að þetta er mjög mikilvægt atriði.

Reynir Arngrímsson læknir hefur margoft bent heilbr.- og trn. á það hversu viðtæk skilgreiningin sé á erfðafræðilegum upplýsingum í frv. og hann hefur bent á að það þurfi að liggja mjög ljóst fyrir hvað sé átt við með því hugtaki. Hann hefur t.d. bent á að slíkar upplýsingar eru oft og tíðum afrakstur vísindarannsókna sem má nota t.d. í sakamálum þannig að þetta séu í raun og veru ekki endilega heilsufarsupplýsingar. Ég held að það þurfi að liggja skýrt fyrir hvort við ætlum að setja slíkar upplýsingar í grunninn eða ekki.

Hann hefur bent á það að Íslensk erfðagreining ráðgerir að gera svokölluð genakort með 700 örmerkjum fyrir hvern einstakling og hann bendir á það að við notkun DNA í sakamálarannsóknum nægi að hafa 13 örmerki til að dæma einstakling. Reyndar hefur líka verið bent á það í þessari umræðu allri hversu hæpið getur verið að byggja mikið á upplýsingum sem þessum. Við höfum t.d. dæmi þess að DNA-rannsóknir hafa reynst hæpin sönnunargögn í ákveðnum sakamálum þannig að mjög varhugavert er að gera of miklar væntingar um niðurstöðurnar sem hugsanlega kæmu út úr þessum grunni.

Ég vil líka vekja athygli á áhyggjum Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja sem hafa bent á að það er mjög óljóst hversu langt sérleyfið eigi að ganga hvað varðar hugbúnaðinn og það sé talað um gerð og starfrækslu gagnagrunns. Síðan er bent á að upplýsingarnar skulu unnar þannig að þær uppfylli þarfir viðkomandi stofnunar eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns o.s.frv. og þeir spyrja sem svo: Hversu langt nær þetta? Þetta frv. muni ef að lögum verður hafa það í för með sér að það þurfi að breyta ýmsu í tölvukerfum í kjölfar grunnsins, aðlaga bókhaldskerfi og ýmislegt annað þurfi hugsanlega að gera og þeir spyrja sem svo: Á sérleyfishafi að fá öll smáverkefni sem til falla, alla forritsstubba sem þarf að gera, eins og þeir orðuðu það?

Ég vil, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu, enn vitna í Boga Andersen sérfræðing, í sameindaerfðafræði og lyflæknisfræði við læknadeild Kalíforniuháskóla í San Diego,

og það sem hann skrifar í Morgunblaðið nú nýverið. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Hafa amerískar mýs meiri rétt en Íslendingar?

Áður en undirritaður getur framkvæmt tilraunir á músum þarf hann að leggja fram nákvæma rannsóknaráætlun til samþykkis hjá siðanefnd sem fjallar um dýrarannsóknir innan Kaliforníuháskóla. Þar þarf ég að rökstyðja tilraunina, gera grein fyrir fjölda músa sem nota þarf, réttlæta fjöldann, áætla mögulegan sársauka þeirra og gera grein fyrir hvernig sá sársauki verði minnkaður og almennt tryggja að mannúðlega verði farið með mýsnar. Það er því hrikalegt að hugsa til þess að einkafyrirtæki skuli geta fengið stjórnvöld til að skrifa lög sem leyfa þeim tilraun á allri þjóðinni án þess að leggja fram neina rannsóknaráætlun, hvað þá hlutlægt mat á áhættu og óvissuþáttum. Hvernig geta stjórnvöld ákvarðað það að ekki sé nauðsyn á upplýstu samþykki áður en þau vita hvaða upplýsingar fara í grunninn eða hvernig gagnagrunnurinn verður notaður?

Er til of mikils ætlast að farið sé jafn vel með Íslendinga og ameríska mýs?

Mannkynssagan kennir okkur að stærstu slysin í rannsóknum á fólki hafa einmitt átt sér stað þegar stjórnmálamenn og stjórnvöld hafa hunsað álit faglegra siðanefnda og tekið að sér siðferðilegt mat á rannsóknum, nákvæmlega eins og hefur átt sér stað í þessu máli. Þannig hafa íslenskar siðanefndir bent m.a. á tvo alvarlega galla á frumvarpinu sem eru einkarétturinn annars vegar og vöntun á upplýstu samþykki hins vegar. Ekki hefur verið tekið tillit til þessara álita í nýjustu útgáfu frumvarpsins.

En jafnvel þegar stjórnvöld taka þátt í að reka ósiðlegar rannsóknir þá er vísindasamfélagið ekki alveg ráðalaust í að vernda heiðarleika vísinda og þá sem eru rannsakaðir. Þannig mun það hafa ýmsar afleiðingar verði frumvarpi um gagnagrunn á heilbrigðissviði ekki breytt í samræmi við ráðleggingar siðanefnda. Til dæmis er ætlast til að rekstrarleyfishafi semji við heilbrigðisstofnanir um flutning á heilsufarsupplýsingum í gagnagrunn. Slík rannsóknarsamvinna mun krefjast samþykkis siðanefnda þessara stofnana og það er augljóst að hæfar siðanefndir munu aldrei samþykkja samvinnu byggða á núverandi frumvarpi, m.a. vegna einkaréttarákvæðisins. Síðan má einnig benda á að stofnanir sem veita styrki og vísindarit gera kröfu til þess að rannsóknir á fólki hafi samþykki siðanefnda. Því munu þeir vísindamenn sem eiga í samvinnu við rekstrarleyfishafa útiloka sig frá styrkjum og birtingu á rannsóknarniðurstöðum í vísindaritum.

Við búum í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Ef Alþingi samþykkir lög sem innleiða allt aðrar aðstæður í íslenskar lífvísindarannsóknir en tíðkast annars staðar gæti það haft alvarlegar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar bæði fyrir íslenska sjúklinga og fyrir íslensk lífvísindi. Í stað þess að ýta undir rannsóknir mun einkarétturinn þvert á móti hamla rannsóknum og framförum byggðum á íslensku framlagi."

Vegna þess, herra forseti, sem hér hefur verið rakið tel ég frv. ótækt til afgreiðslu í þeim búningi sem það er í núna og get því ekki stutt samþykkt þess. Ég vil hins vegar taka fram að ég styð fram komnar brtt. 1. minni hluta og þau rök sem færð eru fyrir þeim í áliti hans en áskil mér rétt til að leggja fram eða styðja aðrar brtt. eftir atvikum.

[19:01]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil að það komi fram að ég er mjög sammála fulltrúa 2. minni hluta sem hafði framsögu fyrir máli sínu með vel rökstuddu áliti. En mig langaði til að spyrja hv. þm. um það atriði sem snertir alþjóðavísindasamfélagið og þær sterku raddir erlendis frá sem borist hafa þar sem menn hafa mjög miklar áhyggjur, eins og ræðumaður tók fram, af því sem er að gerast á Íslandi. Reyndar tók hv. þm. það fram að lagt hefði verið til í heilbr.- og trn. að leitað yrði slíks álits, þá langar mig að fræðast um með hvaða rökum meiri hluti nefndarinnar hafi hafnað því að leita álits frá virtum aðilum erlendis. Ég held að það sé mjög þýðingarmikið að það skýrist hvers vegna í ósköpunum þingnefnd vill ekki fá sem gleggstar upplýsingar í máli af þessum toga sem við erum auðvitað ekki skuldbundin á Alþingi til að hlíta eins og segja má um EES-reglur og annað slíkt sem við erum njörvuð í samningsbundið.

Varðandi eignarréttinn á upplýsingum þætti mér einnig vænt um að heyra álit hv. þm. á því sjónarmiði að upplýsingar í heilbrigðisskýrslum séu í raun eign sjúklinga sem upplýsingarnar veita. Ég er ekki að tala um heilbrigðisskýrslurnar sem pappírsgögn heldur upplýsingarnar. Væri ekki nærtækt að ályktа sem svo að ef farið er út í ævintýri sem þetta, raunalegt ævintýri eins og þennan miðlæga gagnagrunn, að rökrænt sé að þeir sem veittu upplýsingar væru um leið eignaraðilar, hluthafar að fyrirtækinu og í raun eignaraðilar þess?

[19:03]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að reyna að rifja það upp þar sem ég hlustaði á hv. þm. spyrja: Hver voru rök meiri hlutans fyrir að hafna því að leitað yrði álits manna erlendis frá sem reyndar biðu í röðum eftir því að fá að gefa álit sitt? Það verður að segjast eins og er að ég hef aldrei upplifað það í neinu þingmáli hversu margir hafa viljað koma sjónarmiðum sínum á framfæri þannig að áhugi manna er mjög mikill og mjög margir búnir að kynna sér málið.

Meginrökin voru þau ef ég man rétt, og nú getur frsm. meiri hlutans leiðrétt það ef hún telur mig ekki fara með rétt mál, að Alþingi Íslendinga væri fullvalda stofnun sem þyrfti ekki að leita álits erlendis frá. Mér þóttu þau rök fráleit þar sem ég var að sjálfsögðu ekki að fara fram á það að leitað yrði eftir einhverjum úrskurði heldur fyrst og fremst mati og hugsanlegu svari við einhverjum ákveðnum spurningum og gæti ekki verið á neinn hátt annað en til góðs að leita slíks álits eða leita svara við einhverjum tilteknum spurningum.

Hvað varðar eignarréttinn á þessum upplýsingum er ég þeirrar skoðunar að ekki sé um að ræða eignarrétt í hefðbundnum skilningi þess orðs heldur sé um að ræða umráð, umráðarétt, því erfitt er að tala um eignarrétt yfir upplýsingum í þessa veru. Hins vegar er í mínum huga alveg klárt — og það er í samræmi við það sem Alþingi hefur tekið ákvörðun um í meðförum frv. til laga um réttindi sjúklinga — að sá umráðaréttur sé hjá einstaklingunum sjálfum sem upplýsingarnar stafa frá. Þess vegna þarf m.a. að leita eftir upplýstu samþykki þeirra fyrir því að þær séu settar eitthvert annað en þangað sem þær urðu til ef svo má orða það. Þess vegna hef ég lagt svo mikla áherslu á upplýst samþykki þó ég vilji ekki nálgast það út frá hugtakinu eign í skilningi stjórnarskrárinnar eða skilningi eignarréttarins heldur á

umráðarétturinn fyrst og fremst á að vera í höndum þeirra einstaklinga sem upplýsingarnar stafa frá.

[19:05]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir upplýsingarnar og tel mikilvægt að þær komi fram. Auðvitað undrar mig þau sjónarmið sem virðast hafa legið að baki höfnun meiri hluta nefndarinnar á þessu. Það er alveg dæmalaust að menn skuli ekki vilja hafa augun opin og reyna að átta sig á eðli máls sem best með því að fá upplýsingar utan lands frá.

Ég kannast við erindi sem bárust nefndarmönnum um það efni, vel útfært sem var auðvitað aðeins hugmynd. Þetta er alveg dæmalaus þröngsýni í svo stóru og alvarlegu máli.

Varðandi hinn þáttinn sem ég vék að finnst mér að ríkur skyldleiki sé á milli þessa máls og varðandi umráðaeða eignarrétt auðlinda. Við höfum lögfest sameign íslensku þjóðarinnar á lífræðilegum auðlindum hafsins. Er ekki eðlilegt að litið sé á þær upplýsingar sem liggja í heilbrigðisskýrslum og eru komnar frá einstaklingum sem sameign, hversu vítt er farið, a.m.k þeirra sem veita upplýsingarnar, og ekki sé hægt að ráðstafa þeim til einkafyrirtækis eins og hér er lagt upp með? Ég fæ ekki komið því heim og saman.

[19:07]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var einmitt að reyna að draga það fram í máli mínu. Ég tel ákveðinn skyldleika á milli þessarar umræðu og umræðunnar um auðlindir þjóðarinnar. Þess vegna dró ég einmitt fram þá umræðu þó það sé ekki fullkomlega sambærilegt. Það má líka halda því fram að ákvæðið um að auðlindirnar séu sameign þjóðarinnar útskýri ekki allt, hvað átt er við með því eins og nýgengnir dómar sýna. Það segir kannski í sjálfu sér ekki allt. En ég er sammála því mati hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að ákveðinn skyldleiki er þarna á milli. Hvort sem við erum að tala um einhvers konar eignarrétt, sameignarrétt eða annað, þá eigi a.m.k. umráðarétturinn í þessu tilviki klárlega að vera hjá einstaklingum, þeim sem upplýsingarnar stafa frá.

[19:08]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Áhyggjur hv. þm. út af þeim athugasemdum sem komu fram frá fulltrúum samtaka iðnaðarins og hugbúnaðarfyrirtækja held ég að séu ástæðulausar. Þegar það var rætt í nefndinni taldi ég að það hefði verið einhuga skilningur nefndarmanna á því að sú hugbúnaðarþróun sem þarf að vinna yrði unnin á forræði hins opinbera, þ.e. það mundi ekki verða til nein „reiknistofa" eins og í bönkunum sem fengi einhvers konar einokunarrétt á því að búa til þessi kerfi. Fyrir vikið held ég að skilningurinn hafi legið í nefndinni með eftirfarandi hætti:

Útboð eða eftir atvikum kaup á slíkum hugbúnaði verður að lúta reglum hins opinbera um opinber innkaup.

Mig langaði jafnframt, herra forseti, að drepa örlítið á áhyggjur hv. þm. á þeim möguleika sem er uppi að búin séu til erfðakort með upplýsingum ættingja. Ég held að fullt tilefni sé fyrir áhyggjum hv. þm. í þessu efni en ég er ekki viss um að þær tengist þessu frv. og er reyndar sannfærður um að þær áhyggjur þurfa ekki að tengjast þessu frv. Ég held að það liggi algjörlega skýrt fyrir að í þennan gagnagrunn á heilbrigðissviði verða einungis færðar upplýsingar sem eru teknar úr sjúkraskrám þannig að merkingar á genum, eins og þær sem hv. þm. rakti áðan og hafði upplýsingar um frá Reyni Arngrímssyni lækni, er hægt að vinna með upplýstu samþykki en þær er ekki hægt að færa í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Það er algerlega ljóst eins og frv. er orðað, eins og skýringar í greinargerð með því eru er orðaðar. Að sama skapi er líka alveg ljóst að upplýsingar sem kynnu að tengjast sakamálum eins og DNA o.s.frv. verða ekki nýttar úr þessum grunni.

Ég legg a.m.k. þann skilning í frv. að þar sem talað er um að meðhöndlun upplýsinga í grunninum, samkeyrsla við annað þurfi að lúta gildandi lögum um persónuupplýsingar, útiloki þetta algjörlega.

[19:11]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast við þessa umræðu úr heilbr.- og trn. og ég er sammála því mati sem þar kom fram. En spurningin er kannski þessi: Er frv. nægilega skýrt að þessu leyti? Þá er ég að tala um það sem snýr að hugbúnaðargerðinni. Liggur þetta algjörlega ljóst fyrir og kristaltært í þeirri frumvarpsgerð og með þeim brtt. sem liggja nú fyrir? Ég kannast við umræðuna úr heilbr.- og trn. en ég benti á það áðan að ég mat það t.d. svo að ættfræðiupplýsingarnar ættu ekki að vera hluti af þessum gagnagrunni. En svo kemur fram í brtt. meiri hlutans að þær séu það eftir því sem ég best skil. Ég verð því að segja eins og er að ég hef ekki alveg náð að fylgja eftir öllum þeim tillögum sem hafa verið í umræðunni og treysti því ekki endanlega að þetta sé svona.

Hvað varðar erfðafræðilegu upplýsingarnar tel ég gott að heyra að það sé mat hv. formanns heilbr.- og trn. að þetta sé tryggt og þær verði ekki þarna inni en það verður líka fróðlegt að heyra hvað frsm. meiri hlutans hefur að segja nákvæmlega um það, hvort möguleiki sé á því. Reynir Arngrímsson, læknir og sérfræðingur í erfðafræði, og reyndar fleiri sem þekkja vel til á þessu sviði — og þarna er einmitt um að ræða mjög þröngt sérsvið sem viðvaningur t.d. á borð við mig á mjög erfitt með að meta og verður að treysta ráðum manna sem þekkja vel til á því sviði — þeir hafa af þessu áhyggjur og ég held að þær áhyggjur séu raunhæfar.

[19:13]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel engar líkur á því að það geti orðið raunin að upplýsingar sem eru unnar þannig úr litningaefni manna verði færðar í þennan grunn. Til þess að svo gerist þurfa þeir að komast inn í sjúkraskrá og ég get ekki séð að það gerist, ég sé ekkert ferli fyrir slíkar upplýsingar. Þær eru þar að auki unnar með upplýstu samþykki. Þær verða settar í sérstakan erfðagrunn sem rekstrarleyfishafinn, Íslensk erfðagreining væntanlega, hefur þegar sett upp og um hann og samkeyrslu hans við gagnagrunn á heilbrigðissviði fer eftir almennum reglum sem liggja fyrir í lögum. Það gildir það sama um þann gagnagrunn og um alla aðra gagnagrunna, óskylda líka eins og þá til að mynda sem tengjast fjárhagslegum högum einstaklinga. Slíkir gagnagrunnar eru til. Er hægt að keyra þá saman við þetta? Ég tel að það yrði aldrei raunin en um það gilda almennar reglur, þ.e. reglurnar um meðferð persónulegra upplýsinga. Ég tel að tölvunefnd muni aldrei heimila slíkt. Hún gæti hins vegar og mundi að öllum líkindum gera það að uppfylltum tilteknum skilyrðum að

heimila samkeyrslu erfðagrunns við miðlægan gagnagrunn. Möguleiki er á því en ekki þá fyrr en búið er að taka á því máli eftir þeim reglum sem er að finna í gildandi lögum.

Í öllu falli, herra forseti, eins og frv. er í dag, hvað sem líður einhverju fimbulfambi meiri hlutans síðustu daga og án þess jafnvel að menn í minni hlutanum hafi fengið að vita af því, þá er það ókleift. Ef meiri hlutinn ætlar að halda því til streitu er auðvitað verið að slíta allan frið í sundur vegna þess að þá þýðir það ekki bara að við í minni hlutanum höfum verið blekkt, heldur hefur þjóðin verið blekkt og það sem mun reynast þessu frv. erfiðast, ef það verður að lögum sem líklegt er, er að vísindasamfélagið hefur verið blekkt vegna þess að þetta er ekki það sem var lagt upp með í þessa sjóferð. Það var boðið upp á umræðu og haslaður allt annar völlur en heimilar þessa túlkun.

[19:15]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna erum við komin að þeim hluta umræðunnar sem er kannski nokkuð flókinn og vefst fyrir mörgum, m.a. fyrir mér. Eftir því sem manni virðist hefur hugmyndin sem slík, um þennan miðlæga gagnagrunn og nýtingu hans, byggst á að keyra saman þrenns konar upplýsingar, þ.e. heilsufarsupplýsingar, erfðafræðilegar upplýsingar og ættfræðiupplýsingar. Einhvers staðar er þá einhverju skrökvað, segi ég, herra forseti.

[19:16]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðakaupastyrkir til fatlaðra, 304. mál, fsp. KPál, þskj. 364.

Kosning nefndar eftir dóm Hæstaréttar, 335. mál, þáltill. SvG o.fl., þskj. 422.

Rannsóknir á rjúpnastofninum á Suðvesturlandi, 307. mál, fsp. KPál, þskj. 367.

Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, 336. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 423.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 19:17.

---

35. FUNDUR

þriðjudaginn 8. des.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, stjfrv., 109. mál, þskj. 109, nál. 402, 406 og 409, brtt. 403, 410 og 417. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[13:01]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 114. mál, þskj. 412.

Búfjárhald, forðagæsla o.fl., 309. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 369.

Greiðsluþátttaka sjúklinga vegna hjálpartækja, 47. mál, svar heilbrrh., þskj. 357.

Leiklistarlög, 146. mál, þskj. 411.

Vegabréf, 231. mál, nál. allshn., þskj. 420; brtt. allshn., þskj. 421.

Umræður utan dagskrár.

Sala hlutabréfa í bönkum.

[13:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Árið 1992 sagði hæstv. viðskrh., þá þingmaður í stjórnarandstöðu, orðrétt:

„Hins vegar hafnar Framsfl. því að brjóta niður margar mikilvægar þjónustustofnanir, svo sem ríkisbankana, ... og brjóta þá þannig niður að molarnir passi í ginið á kolkrabbanum."

Herra forseti. Það er nákvæmlega þetta sem hæstv. viðskrh. er að gera núna, brjóta niður bankakerfið svo það passi í ginið á kolkrabbanum. Dreifð eignaraðild, sem að nafninu til er stefna ríkisstjórnarinnar, er ekkert nema orðin tóm því það er einkavinavæðingin sem þessi ríkisstjórn stendur fyrst og fremst að. Ekkert hefur komið fram um að hæstv. ráðherra ætli að grípa til ráðstafana til að stöðva það að fjársterkir aðilar sölsi undir sig stóran hlut í bankakerfinu og eigi þar ráðandi ítök. Þvert á móti virðist sem á fullri ferð sé hér í þinginu verið að keyra út heimild til ráðherra til að selja allan Fjárfestingarbankann, málið sé komið út úr efh.- og viðskn. án þess að skorður sé settar við eignaraðild þrátt fyrir að t.d. Kaupþing hefur nú eignast 9% af heildarhlutafé og atkvæðisrétt sem nemur 14% af heildaratkvæðamagni í Fjárfestingarbankanum, meðan útboðsskilmálar kváðu á um að enginn einn aðili eignaðist meira en 3% í Fjárfestingarbankanum.

Ég bið hæstv. ráðherra að átta sig á því á hvaða ferð hann er með íslenska bankakerfið. Kolkrabbinn er á góðri leið með að soga það til sín líkt og við höfum séð gerast í olíu-, tryggingafélögunum og í flutningastarfsemi. Þessi þróun stuðlar ekki að samkeppni, ekki að dreifðri eignaraðild. Þvert á móti eru peningaöflin þessa dagana, kolkrabbinn og fjölskyldurnar fjórtán, með ægihraða að soga til sín bankakerfið sem stuðla mun að samþjöppun valds og óeðlilegum hagsmuna- og stjórnartengslum í atvinnulífinu og verður farvegur fyrir einokun, hringamyndun og fákeppni á peningamarkaðnum og í bankakerfinu.

Ég skil vel að fjöldi landsmanna standi nú við dyr bankastofnana og verðbréfafyrirtækja og reiði fram kennitölur sínar og fái í staðinn ágóða inn á bankareikning sinn án áhættu og mikið liggur við hjá verðbréfafyrirtækjunum sem sögð eru ganga meira að segja inn á elliheimili og í skóla til að safna kennitölum.

En hverjir eru það sem raunverulega græða? Það er ekki fólkið í biðröðunum. Það eru verðbréfafyrirtækin, kolkrabbinn og peningaöflin í landinu, en stærstur hluti ágóða hverrar kennitölu í Fjárfestingarbankanum rann til þeirra því að af allt að 160 þús. kr. sem fékkst fyrir hverja kennitölu fóru 140

þús. til peningaaflanna en flestir sem lánuðu kennitölur sínar fengu einungis í sinn hlut 18 þús. kr. af 160 þús. kr. gróða.

Það sama er að gerast í Búnaðarbankanum, en á örfáum klukkutímum í gær hækkaði gengi bréfanna um nálægt 20% og talað er um að þegar upp verði staðið renni aðeins 1–2 þús. kr. til þeirra sem lána kennitölur sínar en margir tugir milljóna miðað við hækkun á markaðsvirði bréfanna til peningaaflanna. Því er ljóst að verið er að selja eigur ríkisins og skattgreiðenda langt undir raunvirði og ég hygg að það sé ekki ofáætlað að miðað við markaðsvirði bréfa í Fjárfestingarbankanum og í Búnaðarbankanum sé reiknaður ávinningur stóreigna- og peningamanna í þjóðfélaginu, þeirra sem raunverulega græða á öllu saman meðan ríkið og skattgreiðendur tapa mörg hundruð millj. kr., sumir segja ekki undir 1–1,5 milljörðum. Má t.d. nefna að miðað við markaðsvirði bréfanna í gær var virði Búnaðarbankans um 10 milljarðar en bankinn var metinn á 8,6 milljarða. Þannig er hæstv. viðskrh. búinn að brjóta niður bankakerfið svo það passi vel í ginið á kolkrabbanum.

Þegar þessi þróun blasti við átti ráðherrann vitanlega að stöðva söluna, t.d. núna í Búnaðarbankanum, meðan Alþingi og ríkisstjórn athuguðu hvernig rétt væri að bregðast við í málinu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Kom aldrei til greina að stöðva söluna í Búnaðarbankanum og er það virkilega svo að ráðherrann ætli að láta það átölulaust að hér í gegnum þingið fari frv. um Fjárfestingarbankann, heimild til sölu á 51% í Fjárfestingarbankanum, án þess að skorður séu settar á eignaraðild? Ég spyr því ráðherrann um álit hans á því að stórir fjárfestar hafa náð til sín hlutafé í FBA sem er langt umfram leyfilegt hámark og hvort slík kennitölusöfnun, leynileg eða auglýst, samrýmist eðlilegum viðskiptaháttum og hvert sé álit bankaeftirlitsins á því. Einnig hvort ætla megi að gengi í bönkunum hafi verið langt undir raunvirði bankanna. Ég spyr líka um það hvernig ráðherrann ætlar að tryggja framgang stefnu ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild, m.a. hvort hann muni beita sér fyrir því að enginn geti eignast meira en 3–5% í bönkunum, hvorki í hlutafé né heildaratkvæðamagni, og ákvæði verði sett um lágmarkseignarhaldstíma á hlutafé?

[13:08]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Áður en ég svara spurningum hv. þm. tel ég rétt að rekja í stuttu máli þau markmið sem ríkisstjórnin lagði til grundvallar við sölu hlutafjár í bönkunum. Meginmark ríkisstjórnarinnar með þeim söluáföngum sem nú er að ljúka er að stuðla að dreifðri eignaraðild í bönkunum. Í umræðum um hlutafjárvæðingu í þinginu virtist stjórnarandstaðan leggja höfuðáherslu á þetta sama markmið.

Með dreifðri eignaraðild vildi ríkisstjórnin einkum ná fram þrennu: Í fyrsta lagi að veita öllum almenningi tækifæri til þess að eignast hlut í bönkunum og gerast þannig þátttakendur í rekstri bankanna. Í öðru lagi að skrá hlutabréf bankanna á Verðbréfaþingi Íslands í því skyni að nýta þann viðskiptalega aga sem Verðbréfaþingið veitir og fá verðmæti bankanna mælt á viðskiptalegum markaði. Í þriðja lagi að koma í veg fyrir að fjársterkar viðskiptablokkir í atvinnulífinu yrðu alls ráðandi í bankakerfinu.

Til viðbótar þessu voru þessir söluáfangar nýttir til að gefa starfsmönnum kost á að vera hluthafar í bönkunum. Markmið þess var að efla tengsl bankanna og starfsmanna þeirra auk þess sem þetta var liður í heildarskipulagi á þeim breytingum sem áttu sér stað um síðustu áramót.

Reynsla af sölu hlutafjár í Landsbanka og Fjárfestingarbanka staðfestir að ríkisstjórnin hefur náð fram markmiðum sínum um dreifða sölu. Enginn vafi er á að það sama verður uppi á teningnum að því er varðar sölu hlutafjár í Búnaðarbanka Íslands hf. Með því á ég við að tugir þúsunda Íslendinga hafa fjárfest og munu fjárfesta í bönkunum til þess að eiga hlutabréf í þeim sem eigendur. Þessi gífurlegi áhugi til þátttöku hefur opnað almenningi leið til þess að hagnast á viðskiptum með hlutabréf og kynnast því hvernig hlutabréfamarkaður virkar og þannig hefur almenningur orðið betur meðvitaður um tengsl atvinnulífs og bættrar velferðar. En jafnframt hefur þessi áhugi opnað samkeppnisaðilum bankanna leið til að eignast stærri hlut en nokkurn grunaði strax í upphafi. Þannig tilkynntu tveir hluthafar á fyrsta skráningardegi Fjárfestingarbankans á Verðbréfaþingi Íslands að þeir ættu 5% og 9% og sá sem átti stærri hlutinn hafði tryggt sér atkvæðisrétt sem nam 14%.

Ég hef áður sagt að kennitölusöfnun sú sem skilar slíkri hlutdeild í eignum og áhrifum í bankanum sé andstæð þeim markmiðum sem ríkisstjórnin setti sér. Þegar reynslan er fengin af þessum útboðum og betur kemur í ljós hvernig eftirmarkaðurinn virkar mun ríkisstjórnin í ljósi þeirrar reynslu taka ákvörðun um hvernig staðið skuli að næstu skrefum við söluna.

Sem svar við spurningu hv. þm. er ég ekki reiðubúinn til þess að fullyrða að þau viðskipti sem fram hafa farið undir þessu nýja samheiti, kennitölusöfnun, samrýmist ekki eðlilegum viðskiptaháttum. Frjáls viðskipti með hlutabréf í bönkunum og jafnvel kauprétt að hlutafé þurfa ekki að vera óeðlileg. Það er hins vegar ekki sama hvernig er staðið að viðskiptunum. Þar geta vaknað ýmsar spurningar, m.a. um skyldur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu gagnvart fjárvörsluþegum sínum.

Mér er kunnugt um að bankaeftirlitið sé nú að kanna hvernig staðið var að þessari kennitölusöfnun í einstökum tilvikum. Niðurstaða bankaeftirlitsins er ekki fengin og ég vil bíða niðurstöðu þess áður en ég fullyrði neitt um þetta.

Eins og fram hefur komið hafa bankarnir í meirihlutaeigu ríkisins tekið þátt í þeim viðskiptum sem hér eru til umfjöllunar. Þegar sala hlutafjár í Fjárfestingarbankanum stóð yfir taldi ég rétt að gefnu tilefni að rita Landsbanka og Búnaðarbanka bréf þar sem ég tjáði þeim að ég teldi óeðlilegt að þeir keyptu stóran hlut í bankanum. Með því átti ég við hlut sem ætlaður væri til þess að ná áhrifum í stjórnun bankans. Vitaskuld var bönkunum engu að síður rétt og skylt að gæta hagsmuna viðskiptamanna sinna og fjárfesta fyrir þá, t.d. í hlutabréfasjóðum sínum. Hafi kaup bankanna miðað að slíku get ég ekki gert athugasemdir við það.

Sem svar við annarri spurningu hv. þm. vil ég segja þetta: Þegar gengi Fjárfestingarbankans og raunar allra bankanna var ákveðið var tekið mið af því sölufyrirkomulagi sem ákveðið var. Verðlagningin var miðuð við að þar yrðu seldir litlir hlutir í dreifðri sölu til almennings. Einkavæðingarnefnd leitaði sér erlendrar sérfræðiráðgjafar til þess að leggja mat á verðmæti í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og niðurstaðan um gengi var innan þess ramma sem sú ráðgjöf gaf til kynna. Ef stjórnvöld hefðu hins vegar ákveðið að selja stærri hluta, 5–15% hlut til hvers aðila, hefði verðmætið orðið annað en í dreifðri sölu.

Reynsla hlutabréfaviðskipta í fjármálastofnunum í Evrópu bendir til að munur á verði í þessum tveimur söluaðferðum geti numið allt að 30–50%. Í þessu tilviki töldu

stjórnvöld að markmiðið um dreifða eignaraðild til almennings væri mikilvægara en markmiðið um hámarksverðmæti. Svar mitt við spurningu hv. þm. er því það að ég tel að verðlagning á bankanum hafi verið rétt miðað við þá söluaðferð sem notuð var. Það er útúrsnúningur hjá hv. þm. að fullyrða að ríkissjóður hafi orðið af tekjum við söluna þegar haft er í huga að stjórnvöld lögðu áherslu á dreifða eignaraðild í bankanum og að almenningur ætti að njóta góðs af hækkandi verði bréfanna á markaði.

Sem svar við þriðju spurningu hv. þm. vil ég benda á að ákvarðanir um sölu hlutafjár í Búnaðarbankanum voru teknar á hluthafafundi 29. september sl. Áskriftin hefst í dag og lýkur á föstudag. Ekkert svigrúm er því til aðgerða til að sporna við kennitölusöfnun í þessari sölu jafnvel þó að menn teldu ástæðu til þess.

Ég vek einnig athygli á því að í þessu útboði eru aðeins hlutabréf að nafnvirði 350 millj. kr. til sölu eða um 10%. Hér er því ekki verið að keppa um stóran hlut í bankanum. Ég vil einnig minna á að það er almenningur, jafnvel svo skiptir tugum þúsunda, sem er að taka meðvitaða ákvörðun um þátttöku í þessum viðskiptum. Það er því áhugi almennings sem ræður för í þessari sölu og er það jákvætt að mínu viti.

Ég vil að síðustu leggja áherslu á að við tökum okkur tíma til að draga ályktanir og það yfirvegaðar ályktanir af þeirri reynslu sem við höfum aflað okkur við sölu hlutafjár í bönkunum en flönum ekki að lítt ígrunduðum ákvörðunum í þeim efnum.

[13:15]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Menn eru einmitt að fara að lítt ígrunduðum ákvörðunum og menn eru að framfylgja hugmyndafræðilegri stefnu. Alveg sama hvernig málin koma út fyrir íslenska þjóð. Það var inntakið í boðskap hæstv. ráðherra.

Á síðasta kjörtímabili gagnrýndi stjórnarandstaðan einkavæðingu ríkisstjórnarinnar mjög ákveðið. Fannst mörgum farið offari í því efni en jafnvel í þeim tilvikum þar sem mönnum þótti að einkavæðing gæti átt rétt á sér í iðnaði og framleiðslu þar sem um samkeppni er að ræða blöskraði þjóðinni einkavinavæðingin og tóku menn SR-mjöl sérstaklega sem dæmi um slíkt.

Nú hefur komið á daginn að þjóðin var hlunnfarin í ríkari mæli í þeirri sölu en flesta grunaði og var það staðfest m.a. í svari sem dreift var á Alþingi fyrir nokkrum dögum við fyrirspurn frá hv. þm. Svavari Gestssyni. Þar kom í ljós að í tengslum við þá sölu var mokað úr ríkissjóði yfir 630 millj. kr. Hins vegar var söluvirðið að núvirði 790 millj. Með öðrum orðum, ríkissjóður, skattborgarinn, var að fá um 150 millj. en núvirði hlutabréfanna í því fyrirtæki er tæpur milljarður, 947 millj. kr.

Nú er þetta, hæstv. forseti, að endurtaka sig nema það er Framsfl. sem stýrir för og það er ömurlegt hlutskipti fyrir framsóknarmenn að láta Sjálfstfl. nota sig til þessara verka. Ég hef ekki trú á því að kjósendum Framsfl. sé skemmt.

Mergurinn málsins er þessi: Verið er að ráðstafa eignum þjóðarinnar langt undir markaðsverði og hér er um að ræða upphæðir sem verið er að hlunnfara þjóðina um sem mundu gagnast öryrkjum mjög vel og leysa ýmis brýnustu vandamál öryrkja sem heyja nú eins og kunnugt er mannréttindabaráttu gegn ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Krafan sem við settum fram hjá þingflokki óháðra í gær er að þessari útsölu verði hætt þegar í stað.

[13:17]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Því hefur verið lýst yfir af ríkisstjórninni að það væri einlægur vilji hennar að ná sem mestri dreifingu að eignaraðild þegar hún væri að selja bankana. Ég vissi ekki betur en það væri sama skoðun sem stjórnarandstaðan hefði. Allir hafa verið sammála um það í þinginu að þannig skyldum við bera okkur að, reyna að hafa sem allra dreifðasta eignaraðild.

Hvað hefur ríkisstjórnin svo verið að gera? Hún hefur verið að gera það, nákvæmlega eins og vilji þingsins var, þ.e. að bjóða þetta út og gefa einstaklingum sem allra flestum kost á að eignast bankana. Þúsundir Íslendinga hafa tekið undir þetta, eru að kaupa hlutabréf. Ég vissi ekki annað en menn hefðu fagnað þessu mjög almennt.

Hins vegar hafa menn bent á að þessi kennitölukaup bankanna, þ.e. búa til eftirmarkaðinn áður, væru hálfkjánaleg. Það kann vel að vera. Eins og hæstv. ráðherra sagði kann vel að vera að það verði að endurskoða þetta eitthvað hvernig við komum þessum hlutabréfum í sem dreifðasta eign. Kannski þarf að endurskoða það.

En ég spyr: Vill hv. fyrirspyrjandi banna eftirmarkað á hlutabréfum? Hvernig ætla menn að banna eftirmarkað á hlutabréfum yfirleitt? Hvernig ætla menn að koma í veg fyrir það að menn kaupi og selji hlutabréf eins og þeir vilja? Við getum skorað á almenning að kaupa hlutabréfin og selja þau ekki. Ég held að það væri ágætt að skora á almenning að gera það, menn kaupi bara sjálfir og eigi bréfin. Það væri mjög gott. Ég held að þá værum við að ná þeim árangri sem við trúðum og treystum að við gætum náð. Það er það einasta sem við getum gert.

Við erum einu sinni á þessu ártali 1998. Við erum einu sinni hluti af Evrópu. Við erum einu sinni hluti af hinum vestræna heimi. Fyrirspyrjandi má því ekki láta sig dreyma um það að aðrir tímar séu væntanlegir.

[13:20]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það hefur vægast sagt horft skringilega við manni að horfa á það kapphlaup sem átt hefur sér stað undanfarna daga í kringum hina svokölluðu kennitölusöfnun í hlutafjárútboði Búnaðarbankans. Svo virðist sem þúsundir Íslendinga hafi framselt kauprétt sinn á hlutabréfum á síðustu dögum og líklegt er að það haldi áfram næstu daga.

Ég get tekið undir það með framsögumanni að þetta geta vart talist eðlilegir viðskiptahættir, herra forseti, og skyldi maður ætla að hæstv. ríkisstjórn hygðist bregðast við þessu á einhvern hátt. En svör hæstv. viðskrh. eru hálfloðin. Hann segir í fjölmiðlum í dag að svo virðist sem markaðurinn hafi komið inn í þetta fyrr en menn ætluðu en hann segir jafnframt að framvirk viðskipti samræmist ekki stefnu ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild. Nú reynir hann aftur á móti í umræðunni að draga úr þessari gagnrýni á eigin stefnu svo afstaða hans er alls kostar óljós.

Staðreyndin er hins vegar sú að viðskrh. hefur viðurkennt að aðferð ríkisstjórnarinnar við sölu á eignum ríkisins hafi beðið skipbrot og skili ekki þeim markmiðum sem að var stefnt. Það er það sem fyrst og fremst er athyglisvert, herra forseti, að viðskrh. hefur kveðið upp áfellisdóm yfir eigin stefnu þótt hann reyni nú að draga úr þeirri gagnrýni sinni í þessari umræðu.

[13:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er nákvæmlega sama hvernig menn velta þessu máli upp. Hér er tragikómiskur farsi á ferðinni. Hæstv. ráðherra kemur fram og segir að þrjú meginmarkmið ríkisstjórnarinnar hafi verið með í för þegar salan á eignarhlutum ríkisins fór fram nú og upp á síðkastið.

Dreifð eignaraðild. Eru menn virkilega að halda því fram að þær tugþúsundir Íslendinga sem fylla út auglýsingu í Morgunblaðinu frá Íslandsbanka vegna tilboða Búnaðarbankans séu að taka þátt í atvinnurekstri, fólk sem hefur ekki fjármuni milli handanna til þess að kaupa sína eigin hluti heldur selur fyrir fram kauprétt sinn? Er það virk þátttaka í atvinnulífi? Menn eru gjörsamlega að snúa veruleikanum á hvolf. Sannleikurinn er auðvitað sá að hin dreifða eignaraðild hefur mistekist og þegar einn söluaðili, Kaupþing, hælist um eftir útboðið á Fjárfestingarbanka atvinnulífsins að hafa náð 14% þess hlutar sem seldur var undir sinn hatt sér náttúrlega hver maður að sú stefna hefur mistekist. Þetta er einmitt að færast á fáar hendur. Það er kjarni málsins.

Einnig hefur hitt meginmarkmiðið, að ná raunvirði fyrir þessar eignir, sömuleiðis mistekist. Það birtist okkur á internetinu og í fréttum fjölmiðla og á heimasíðum verðbréfastofnana. Þegar markaðsverðið er komið langt umfram það gengi sem selja átti á áður en salan hefst. Hvers konar fíflagangur er eiginlega á ferðinni?

Ég árétta spurninguna til hæstv. ráðherra sem hann svaraði ekki: Ætlar hann ekki að setja stopp á 51% söluna á Fjárfestingarbanka atvinnulífsins þar til sýnt verður hvernig menn ætli sér að gera þetta með viti bornum hætti? Sú spurning stendur upp úr. Henni var ekki svarað áðan en við henni verður að fást svar. Þessum farsa verður að linna.

[13:23]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér fer fram undarleg umræða. Kjarni hennar er sá að ríkisstjórn Íslands hefur markað þá stefnu að gefa almenningi þessa lands kost á að eignast hlut í almennum fyrirtækjum ríkisins. Tal nokkurra hv. stjórnarandstæðinga um að þetta hafi mistekist, tal um einkavinavæðingu er algerlega út í hött.

Markmið útboðsins er að tryggja dreifða eignaraðild, dreifa eignaraðildinni í marga staði í stað þess að semja við einn stóran og öflugan aðila. Þetta er dreifð eignaraðild, þetta er að gefa almenningi kost á að eignast hlut í fyrirtækjum. Til viðbótar bætist svo sá kostur sem boðinn er starfsfólki bankans alveg sérstaklega og er fyllilega réttlátur og eðlilegur.

Viðbrögð einstakra samkeppnisaðila eru svo allt annar handleggur. Nú er sú aðferð kunn erlendis að fjármálafyrirtæki bjóða einstaklingum að kaupa hlut þeirra í fyrirtækjum. Við stöndum hins vegar frammi fyrir því að spyrja hvort við viljum hafa afskipti af ráðstöfun einstaklinga á hlut sínum í bankanum. Viljum við setja skorður á ráðstöfunarrétt almennings með hlutbréf sín eða rétt sinn til að geta keypt hlut í ríkisfyrirtækjum?

Nú kann það að vera réttlætanlegt í einhverjum tilvikum til þess að tryggja meginmarkmiðið um dreifða eignaraðild. Í því skyni kann sú leið að vera réttlætanleg sem viðruð hefur verið að binda eignaraðildina til tveggja eða þriggja ára. En málið er auðvitað alls ekki einfalt. Aðalatriðið tel ég vera þau markmið sem ráðherra hefur kynnt, þ.e. að dreifa eignaraðild hlutabréfa bankans til almennings. Spurningin verður svo sú hvort við ætlum að afnema þennan ráðstöfunarrétt almennings eða setja frekari skorður.

[13:25]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. frummælandi talaði mikið um einkavinavæðingu og kolkrabbann að venju. Hann gleymdi smokkfisknum, ég ætla að minna hann á það næst. Þetta eru vissulega skelfilegar skepnur. En það eru þó til stærri skepnur, miklu stærri og það eru lífeyrissjóðirnir. Tveir stærstu hluthafar Íslandsbanka eru lífeyrissjóðir og sá þriðji stærsti er Fiskveiðasjóður sem heitir núna FBA og núna er verið að selja. (**Gripið fram í:** Opinbert.) Allt opinbert. Svo eru sparisjóðirnir að sjálfsögðu mjög fyrirferðarmiklir á þessum markaði.

Lífeyrissjóðirnir ráðstafa 85 milljörðum á ári. Þeir geta keypt bæði kolkrabbann og smokkfiskinn á einu ári, takk.

Herra forseti. Hér er um þroskamerki að ræða, það sem við ræðum um. Loksins hefur almenningur verið upplýstur um kauprétt sinn, að hann sé einhvers virði. Hingað til hafa einungis örfáir spekúlantar í krafti þekkingar og jafnvel tengsla nýtt sér kauprétt sinn, þ.e. eins og hjá FBA. Þar var almenningur ekki virkjaður í þeim mæli eins og gerist núna með Búnaðarbankann og þetta er þroskamerki og mjög gott.

Vilji menn virkilega gera almenning þátttakanda í þessari einkavæðingu — þetta er ráðgjöf til hæstv. ráðherra — þá held ég að ekki sé hægt að gera það öðruvísi en yfir eignarhaldsfélag og það þurfa menn að ræða í alvöru en vissulega er möguleiki á því.

Herra forseti. Það sem við erum að ræða hérna er allt mjög jákvætt og eflir skilning almennings á atvinnulífinu. Einkavæðingin hefur þegar aukið samkeppni og lækkað vaxtamun sparifjáreigendum og lántakendum til heilla.

Enginn hefur minnst á stórtíðindi gærdagsins og það var lækkun langtímavaxta niður í 3,8%, um heila 11 punkta í gær sem langtímavextir lækkuðu. Hv. þm. mættu ræða um áhrif þess á lífeyrissjóðakerfið en við þurfum að fara að skerða lífeyri og hækka iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þegar vextirnir fara undir 3,5%.

[13:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er mjög merkilegt með þetta einkavæðingartrúboð að það er í raun og veru alveg sama hvernig málum er klúðrað. Þó að almenningur horfi upp á fyrirtækin afhent á undirverði, þó að almenningur horfi upp á einkavinavæðingu og þó að menn horfi upp á markmið um dreifða eignaraðild renna út í sandinn, þá virðast ekki læðast neinar minnstu efasemdir að trúboðsmönnum. Ekki er staldrað við, staðan er ekki endurmetin.

Á síðasta kjörtímabili var það Alþfl. sem var í skítverkunum fyrir íhaldið en nú er það Framsókn, gamla Framsókn. Hún er með hugleiðingar um að selja ráðandi hluti í stærsta banka þjóðarinnar til útlanda sisvona. Einhver fær flog um mitt sumar og ákveður þetta. Nú er komið að bönkunum og auðvitað er alveg augljóst mál að það á að hætta við útboð hlutafjár í Búnaðarbankanum. Búnaðarbankann vantar enga peninga, hann er prýðilega staddur. Engin ástæða er til þess að vera að halda þessu til streitu og að sjálfsögðu á að leggja á ís hugmyndir um að selja stærri hluti í Fjárfestingarbankanum og endurmeta stöðuna, m.a. aðferðir. Þó að menn kunni að vera ósammála um markmið sem þeir eiga auðvitað að vera og ræða það hvort ástæða sé til þess yfir höfuð að vera að

einkavæða eða einkavinavæða fjármálastofnanir þjóðarinnar með þessum hætti, ættu menn a.m.k. að geta verið menn til að setjast niður og ræða um framkvæmd, ræða um aðferðir og það er krafa okkar í þingflokki óháðra.

Ég held, herra forseti, að teiknarinn Sigmund hafi hitt naglann á höfuðið í teikningu núna fyrr á árinu þegar hann lét karl og kerlingu vera að ræðast við og karlinn sagði eitthvað eftirfarandi: „Ja, allur fjandinn dettur þeim nú í hug. Nú ætla þeir að fara að láta okkur kaupa okkar eigin banka.“ Það er auðvitað það sem er hér að gerast. Hver á Búnaðarbankann? Er það ekki þjóðin? Er hann ekki í eins dreifðri eignaraðild og hann getur verið með því að öll þjóðin á hann saman? Er þá ástæða til að fara út í skrípaleik af þessu tagi? Auðvitað var aumkunarvert að heyra fyrrum stjórnarandstöðuþingmanninn Finn Ingólfsson, núv. hæstv. viðskrh. Framsfl., koma hér og reyna að svara eins og ég kýs að orða það.

[13:30]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Kennitöluslagurinn hefur verið á allra vörum síðustu daga. Á yfirborðinu er þetta leið fyrir félítinn almenning til að krækja sér í nokkrar aukakrónur en undir niðri á sér stað slagur fjáfesta um hlutabréf í Búnaðarbankanum og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem nú eru seld á undirverði til þeirra sem eiga peninga, þeirra sem hafa markaðsráðandi aðstöðu.

Hér eru í gangi lögmál markaðarins sem að sjálfsögðu eru af hinu góða svo framarlega sem eðlileg samkeppni er tryggð á fjármagnsmarkaði og varðandi eignaraðild á bönkum. Dreifð eignaraðild er eðlilegt markmið sem pólitísk eining virðist ríkja um nema í Sjálfstfl. En spyrja má hvort hægt er að ná því markmiði án lögbundinna hámarksákvæða, samanber t.d. lög um að engin fyrirtæki megi eiga meira en ákveðinn hluta í kvóta eða í kvóta ákveðinna fisktegunda.

Ég styð frjáls viðskipti að öðru leyti með þessi bréf, en auk dreifðrar eignaraðildar hlýtur markmið ríkisstjórnarinnar að vera að sem mest fáist fyrir hlut ríkisins. Mér virðist það ekki vera markmiðið hér. Það á ekki að líðast að einkavinavæðing ríkisstjórnarinnar á eigum ríkisins gerist á þennan hátt. Þörf er á skýrari lögum og það strax. Eftir engu er að bíða. Að öðrum kosti væri rétt að senda þessi hlutabréf í pósti til landsmanna sem gætu ráðið því sjálfir hvort þeir eiga þau eða selja þau í hendur markaðsráðandi aðila. Nú hefur félítið fólk lítið val en tekur þátt í þessu til að græða þúsundkall eða tvo. Hæstv. viðskrh. ræður ekki neitt við neitt og því þarf að aðstoða ríkisstjórn hans með skýrari lögum. En dreifð eignaraðild er raunhæft markmið og samkeppni er auðvitað af hinu góða og á að ráða en ekki fáokun stórfyrirtækja.

[13:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Af málflutningi stjórnarandstæðinga, sérstaklega hv. framsögumanns, mætti halda að hér væri komið upp í þjóðfélaginu eitthvert nýtt stórkostlegt þjóðfélagslegt böl. Og hvaða böl er það? Jú, það er að þúsundir ef ekki tugþúsundir Íslendinga eiga þess nú kost að fjárfesta í Búnaðarbanka Íslands hf. og geta jafnvel hugsanlega grætt eitthvað pínulítið á því, haft eitthvað upp úr því. Þetta er bölið. Ja, þvílíkt, að þurfa að hlusta á slíkan málflutning hér árið 1998.

Þessi málflutningur er til marks um algert skilningsleysi á frjálsum viðskiptum og fyrirlitningu á frjálsum viðskiptum. Það sem mun gerast hér er að einhverjir aðilar geta í mesta lagi eignast örfá prósent í Búnaðarbankanum. Það er verið að selja 10% í þessu hlutafélagi. Og margir keppast um þetta, að ná sér í einhvern hlut. Auðvitað munu þúsundir manna ekki selja eða framselja sinn hlut þannig að það er ekkert um það að tala að einhver einn aðili, einhver einn kolkrabbi, einhver einn Landsbanki eða einhverjir tilbúnir aðilar, hugarfóstur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, komi sér upp einokunarhlut í Búnaðarbankanum. (**SJS:** Hver á Landsbankann?) Þannig er nú þetta.

Þess vegna er þetta allt saman til marks um það að stjórnarandstaðan — þeir sem flissa og hlæja úti í sal — getur bara ekki hugsað sér að koma þessum eignarhlutum ríkisins úr klónum á ríkinu yfir í hendurnar á almenningi. (Gripið fram í.) Það er það sem er að gerast hér. Það mætti kalla þetta vaxtarverki þessa kerfis þegar verið er að brjótast út úr eignarhaldi ríkisins og koma eignarhaldinu yfir í hendur almennings, eins og það á auðvitað að vera og er alls staðar í nálægum löndum. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÓE)**:** Hljóð í salnum.)

Svona tala þeir sem hafa fyrirlitningu á frjálsum viðskiptum.

Ég vil að endingu, herra forseti, mótmæla ummælum hv. þm. Ögmundar Jónassonar hér um söluna á SR-mjöli og þeim útúrsnúningum á því svari sem ég hef gefið um það mál. Ég hef leiðrétt það mál á öðrum vettvangi og það mun verða ítrekað í viðbótarsvari í þinginu. Þessir útúrsnúningar eru engum til framdráttar og engum til gagns í vitlegri umræðu um þessi mál.

[13:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það kemur engum á óvart þó hæstv. fjmrh. standi hér í harðri vörn fyrir kolkrabbann og fjölskyldurnar fjórtán í landinu. En það kemur á óvart sem hæstv. viðskrh. viðurkenndi áðan, að það hefði verið hægt að fá 30% meira fyrir bankana, þetta hefði verið fórnarkostnaðurinn fyrir dreifða eignaraðild.

En hver er þessi dreifða eignaraðild? Við stöndum frammi fyrir því að einn aðili á nú þegar 14% í bankanum þannig að fyrirætlun um dreifða eignaraðild er bara orðin tóm og nákvæmlega ekkert annað. Það vekur furðu, miðað við það sem hér hefur gerst, að ráðherrann skuli ekki beita því valdi sem hann hefur sem eini hluthafinn í Búnaðarbankanum að kalla þegar til hluthafafundar og stöðva þessa vitleysu sem er í gangi.

Það vekur líka furðu að ráðherrann ætlar í ljósi þess sem hér hefur gerst að meta bara reynsluna og sjá hvernig eftirmarkaðurinn virkar. Hvernig virkar hann? Hann virkar auðvitað þannig að fjársterkir aðilar eru, án þess að ráðherrann ætli nokkuð að gera, að sölsa undir sig á undirverði (**Gripið fram í:** Lífeyrissjóðirnir.) eigur ríkisins og skattgreiðenda.

Og hverju svarar ráðherrann því þegar nú er spurt: Ætlar hann ekki að beita sér fyrir því, t.d. varðandi frv. um Fjárfestingarbankann sem komið er úr efh.- og viðskn., að sett verði þak á eignaraðild, 3–5%, ef hann meinar þá yfirleitt eitthvað með því sem hann heldur hér fram, að ríkisstjórnin vilji stuðla að dreifðri eignaraðild?

Staðreyndin sem við stöndum frammi fyrir er að hæstv. viðskrh. hefur orðið ber að því að vera hreinn umskiptingur frá því 1992 þegar hann sagði hér úr þessum ræðustól að Framsfl. vildi koma í veg fyrir það að brjóta niður bankakerfið þannig að molarnir pössuðu í ginið á kolkrabbanum.

Það er nákvæmlega það sem hæstv. ráðherra stendur fyrir núna og ætlar ekkert að gera þó hann sjái fyrir framan nefið á sér að fjársterkir aðilar eru að sölsa undir sig bankann.

Við erum með frv. um Fjárfestingarbankann og það á ekki að fara út úr þessu þingi fyrr en búið er að setja hámark á eignaraðild. Hverju svarar ráðherrann því?

[13:37]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Þegar við sátum í þinginu oft og tíðum næturlangt við að breyta formi ríkisviðskiptabankanna og koma á fót Fjárfestingarbanka atvinnulífsins lagði stjórnarandstaðan höfuðáherslu á að það yrði að vera um dreifða eignaraðild að ræða í þessum fyrirtækjum þannig að það væri alveg ljóst að ekki gæti orðið um einkavinavæðingu að ræða.

Nú, fáum mánuðum seinna, stendur þessi sama stjórnarandstaða í þessum ræðustól og talar um að með dreifðu eignaraðildinni hafi menn náð því fram að fara út í einkavinavæðingu. Sé það svo að með þessu formi sölunnar sé um einkavinavæðingu að ræða, þ.e. að selja þjóðinni, bjóða þjóðinni allri upp á að geta keypt bréf í þessum fjármálafyrirtækjum þjóðarinnar á hagstæðu verði, sem hún getur síðan selt aftur, sé þar um einkavinavæðingu að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar þá er það bara svo að þjóðin er þá einkavinur þessarar ríkisstjórnar, ef stjórnarandstaðan flokkar þetta á þennan hátt.

Aðalatriðið er að þjóðin á að njóta ávinnings af því sem þarna er um að ræða, þessara eigna sinna. Þá er um tvær leiðir að ræða. Annars vegar að fara í dreifða eignasölu eins og ríkisstjórnin ákvað og þá er gengið lægra en ef menn velja þá leið að selja stóra hluti því þá er gengið hærra. En þjóðin nýtur ávinnings í báðum tilfellum. (**SJS:** Í lægra söluverði?) Í fyrri leiðinni, með lægra söluverði, (**SJS:** ... bankann sem hún á.) getur þjóðin sjálf beint selt og haft beinan ávinning af sölunni. (**SJS:** Heimsótti Davíð þig?) Hann rennur þannig til þjóðarinnar. (Gripið fram í.) Með hinni að taka hærri tekjur inn í ríkissjóð og veita þannig fjármunina til samfélagslegra verkefna á sviði heilbrigðismála, menntamála og tryggingamála. (**JóhS:** Ætlar ráðherrann að ...) Um þessar tvær leiðir er að ræða. Fyrri leiðin var valin að þessu sinni, að dreifa þessu á þjóðina, bjóða þjóðinni upp á að kaupa.

Núna gefst almenningi tækifæri til þess fyrir þessi jól að auka ráðstöfunartekjur sínar örlítið með því að verða virkir þátttakendur á hlutabréfamarkaðnum. (Gripið fram í.) Stjórnarandstaðan á Alþingi með þá forustumenn sem hér hafa verið í broddi fylkingar sér ofsjónum yfir því að ríkisstjórnin skuli hafa gefið þjóðinni kost á því að geta aukið ráðstöfunartekjur sínar fyrir þessi jól og aflað sér þannig viðbótartekna og haldið betri jól. (**SJS:** Með því að gefa bankann hennar?)

Um fundarstjórn.

Svör ráðherra í utandagskrárumræðu.

[13:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst alveg ástæða til þess að upplýsa hæstv. forseta um það að í gærkvöldi voru hæstv. ráðherra sendar fjórar fyrirspurnir til þess að hann hefði tíma til að svara þeim í þessari umræðu og hefði ráðrúm til þess. Mikilvægustu spurningunni lætur ráðherrann ósvarað. Ég hélt að þessi utandagskrárumræða væri til þess að ráðherrann svaraði þeim spuningum sem fyrir hann eru lagðar.

Þetta var spurning um það hvort ráðherrann mundi beita sér fyrir því, í tilefni frv. sem liggur fyrir þinginu og kemur fljótlega inn í þingsali, að sett yrði hámarkseignaraðild á hlutabréfin sem nú á að fara að selja í Fjárfestingarbankanum.

Ég vek athygli á því að það þjónar engum tilgangi, herra forseti, og ég man það í framhaldinu næst þegar ég bið um utandagskrárumræðu tengda viðskrh., að senda honum fyrirspurnir fyrir fram. Þessu vildi ég koma á framfæri við hæstv. forseta. (**SJS:** Nóg að senda honum svörin.)

[13:41]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það var virðingarvert að hv. þm. sendi mér þessar spurningar í gærkvöldi þannig að mér gæfist betra ráðrúm til þess að svara. Og það var auðvitað ágætt að fjölmiðlarnir skyldu fá þær hjá hv. þm. um leið því að spurningarnar voru raktar í fjölmiðlum í morgun.

Ég reyndi hins vegar í minni fyrstu ræðu að svara öllum spurningum hv. þm. (**JóhS:** Ekki síðustu.) Síðasta spurningin, hv. þm., hvort ég telji rétt að stoppa söluna á Fjárfestingarbanka atvinnulífisins, er bara ekkert í þessum spurningum hjá hv. þm. (**JóhS:** Setja þak ...) Og ekki heldur neitt um þak á það, því miður, hv. þm.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 109, nál. 402, 406 og 409, brtt. 403, 410 og 417.

[13:42]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mikilvæga málefni, þegar fyrir liggja brtt. og nál., er brýnt að gæta að því hvort svo er búið um hnútana í þessu máli að það þjóni því markmiði að bæta heilbrigðisþjónustu, skapa sérstakar forsendur fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum og smíða kröftugt verkfæri til vísindalegra framfara á sviði læknisvísinda og hjúkrunar. Við þurfum að geta sannfært okkur um að vel takist til því þá aðeins réttlætir ávinningurinn það erfiði og þá áhættu sem því fylgir að koma þessu verki á laggirnar.

Flestu því sem til þess er gert að bæta hag mannsins fylgir ekki einungis fyrirhöfn heldur einnig áhætta og það er hlutverk okkar að meta fyrirhöfnina og áhættuna annars vegar og ávinninginn hins vegar. Við þurfum einnig að meta þann kostnað, beinan og óbeinan, sem við þurfum fyrirsjáanlega að glíma við ef við erum ekki reiðubúin til þess að nýta okkur framfarir og nýjungar með þeirri áhættu sem framförum og nýjungum ávallt fylgir, þ.e. ef við erum ekki reiðubúin til þess að koma á miðlægum gagnagrunni og nýta það tækifæri sem tæknin býður okkur upp á til þess að safna saman upplýsingum um heilsufar í einn miðlægan grunn.

Það er að sjálfsögðu mat þeirra sem gagnagrunninn styðja, meiri hlutans, að þótt frv. ríkisstjórnarinnar fylgi kostnaðarsamt, fyrirhafnarmikið og vandasamt verk við að koma á og reka miðlægan gagnagrunn, og þótt honum fylgi áhætta, sé ávinningurinn slíkur að tvímælalaust beri að ráðast í verkið. Ég vil fara nokkrum almennum orðum um þá kosti sem felast í því að koma upp miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði.

Leitin að erfðavísum sem valda hefðbundnum erfðasjúkdómum er af sérfræðingum talin afar erfið og það jafnvel

þótt sambandið milli stökkbreytinganna og sjúkdómsmyndunar geti talist tiltölulega einfalt samband. Væntanlega er þá um mun erfiðara viðfangsefni að ræða þegar glímt er við flókna erfðasjúkdóma þar sem við sögu koma fleiri en einn erfðavísir. Þar við bætast umhverfisþættir ef svo má nefna, en með orðinu umhverfisþættir er í þessu sambandi átt við aðstæður sem menn búa við, hollustuhætti, læknisfræðileg úrræði sem menn hafa notið og fleiri þætti.

Það er afar flókið og erfitt viðfangsefni að rannsaka á kerfisbundinn hátt samspil milli þessara þriggja þátta, þ.e. erfða, umhverfis í þeirri merkingu sem ég greindi áðan frá og sjúkdóma. Það er seinvirkt að setja fram með hefðbundnum hætti kenningar um samspil af þessu tagi og sjá síðan hvernig kenningarnar falla að veruleikanum. Miðlægur gagnagrunnur býður upp á þá möguleika að spara mikinn tíma og fyrirhöfn með því að leita kerfisbundið með aðstoð kröftugra hugbúnaðarkerfa og fullkominna upplýsingasafna að því samspili erfða og umhverfis sem leiðir til sjúkdóma. Hér er þá um að ræða leið sem takmarkast nánast af umfangi fyrirliggjandi gagna og úrvinnslugetu hugbúnaðarins en ekki af hefðbundnum kenningum eða líkanaferli.

Að mínu mati er um kjarna málsins að ræða því að eftir því sem ég hef fengið upplýst eru flestir algengir sjúkdómar í samfélagi okkar flóknir erfðasjúkdómar. Miðlægur gagnagrunnur gæti gefið Íslendingum tækifæri til að stórauka framlag sitt til þekkingarsköpunar í læknisfræði. Ég vil taka fram að mér finnst mjög athyglisvert og aðdáunarvert að Íslendingar hafa nú þegar gert sig mjög gildandi á sviði læknisfræði á alþjóðlega vísu en er ekki í neinum vafa um að miðlægur gagnagrunnur mundi gefa Íslendingum tækifæri til að stórauka framlag sitt til þekkingarsköpunar á þessu sviði.

Sú nýting gagnagrunnsins sem hér hefur verið reifuð getur lagt grundvöll að fyrirbyggjandi úrræðum. Öllum er ljóst, jafnvel þeim sem enga sérþekkingu hafa á læknavísindum eða erfðafræði, að menn erfa tilhneigingu til sjúkleika eða veikleika fyrir ákveðnum heilsufarsáreitum. Fjölmargir einstaklingar stunda fyrirbyggjandi lífshætti, annaðhvort að læknisráði eða einfaldlega af heilbrigðri skynsemi. Niðurstöður rannsókna þeirra sem ég gat um áðan geta lagt grundvöll að öflugri fyrirbyggjandi læknisfræði, öflugri en áður hafa staðið efni til að byggja upp. Í slíkri fyrirbyggjandi læknisfræði er fólginn stór hluti þeirra tækifæra sem ég tel að við eigum til að auðvelda eða auka gæði heilbrigðisþjónustunnar og koma böndum á illviðráðanlegan kostnaðarauka í heilbrigðiskerfinu. Ef gagnagrunnurinn veitir okkur möguleika til forsagnar um heilbrigðisþjónustu, eins konar líkanasmíði í heilbrigðisþjónustunni, má gera ráð fyrir að þar yrði á ferðinni þekking sem Íslendingar gætu flutt út. Ég hygg að það sé ekki síst með tilliti til þessa möguleika sem blaðamaður The Economist, í síðasta tölublaði þess, hefur í huga þegar hann segir í lok umfjöllunar um gagnagrunnsmálið, í lauslegri þýðingu, að heimurinn muni hugsanlega feta þá braut sem Íslendingar séu að ryðja nú.

Telja má líklegt að gagnagrunnurinn gæfi íslenskum heilbrigðisyfirvöldum möguleika á að sjá nákvæmlega hvað er að gerast í lýðheilsu þjóðarinnar á hverjum tíma, hann gæti fengið afar verðmætar upplýsingar um nýgengi sjúkdóma, svör við meðferð og önnur verðmæt gögn sem tryggja bætta heilbrigðisþjónustu. Ég tel lítinn vafa á því að miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði mundi líka með ýmsum hætti, beinum og óbeinum, leiða til mikils sparnaðar í íslensku heilbrigðiskerfi á sama tíma og hann mundi auka gæði þess. Ég ætla ekki á þessari stundu að fara ítarlega yfir brtt. meiri hlutans, hv. frsm. meiri hlutans hefur gert rækilega grein fyrir honum en ég ætla hins vegar að víkja að nokkrum athugasemdum sem hafa komið fram í umræðunum og sýna fram á annars vegar að nokkur framför hefur orðið í umræðunni um gagnagrunninn en jafnframt að sumir aðilar innan þingsins hafa ekki nýtt sér þær aðstæður sem þessar framfarir í umræðunni hafa veitt.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir vitnaði mjög gjarnan í sérfræðing sem heitir Bogi Andersen en sá ágæti sérfræðingur gerði tilraun til að jafna því sem þessum gagnagrunni er ætlað að gera við tilraunir á músum og spurði hvort Íslendingar nytu minni réttinda en dýr. Miðað við þessa tilvitnun má vissulega efast um að Bogi Andersen viti um hvað málið snýst. Ef hann veit um hvað málið snýst er málflutningur af þessu tagi að sjálfsögðu ekki sæmandi. Alla tíð hefur verið ljóst, a.m.k. frá fyrstu umræðu um þetta mál, að gagnagrunnsfrv. fjallar ekki um tilraunir á fólki, um vísindatilraunir á fólki. Ef þessi sérfræðingur, Bogi Andersen, er að líkja tilraunum á músum við vísindatilraunir á mannfólki þá snertir sú samlíking alls ekki þetta frv. því frv. fjallar alls ekki um vísindarannsóknir á fólki. Það hefur legið alveg ljóst fyrir. Um vísindarannsóknir á fólki gilda ákveðnar reglur samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum og við erum aðilar að þeim reglum og framfylgjum þeim reglum hér. Þær reglur eru í stórum dráttum þær að slíkar rannsóknir á einstaklingum eru háðar upplýstu samþykki.

Það sem um er að ræða í frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði fjallar ekki um vísindarannsóknir á fólki. Það fjallar um nýtingu upplýsinga sem safnað er í öðrum tilgangi en vísindatilgangi. Þetta er öllum ljóst sem hafa komið að þessari umræðu nema e.t.v. þessum ágæta sérfræðingi og þá kannski þeim þingmanni sem notar þessa tilvitnun. Ég hygg þó að honum sé ljóst að verið er að blanda saman óskyldum málum vegna þess að það kom fram við 1. umr. að þegar rætt er um að nota upplýsingar sem safnað er í öðrum tilgangi en vísindatilgangi gilda aðrar reglur og aðrar viðmiðanir. Ég hef sjálfur lagt fram á þinginu fyrirspurn um það hvernig farið sé með endurvinnslu á upplýsingum í heilbrigðiskerfinu og svar við því er væntanlegt nú fljótlega. Það varðar sérstaklega Krabbameinsfélagið. Ég veit hvað kemur út úr þeim athugunum. Það sem kemur út úr þeim athugunum er að upplýsingar úr heilbrigðiskerfinu hafa gengið til Krabbameinsfélagsins og þar hafa þessar upplýsingar verið notaðar í rannsóknir, sem sagt í öðrum tilgangi en þeim var safnað til. Og nýting þessara upplýsinga er ekki gerð á grundvelli upplýsts samþykkis heldur ætlaðs samþykkis og það eru einmitt slíkar viðmiðanir sem gert er ráð fyrir að nota í þessu frv. Sú gagnrýni sem fram kom á frv. við 1. umr. og var réttmæt beindist að því að slík nýting með ætluðu samþykki styddist ekki við störf vísindasiðanefndar. Almennt er notast við einhvers konar vísindasiðfræðilegt mat á nýtingu á þeim upplýsingum sem leyfðar eru og þá er það ýmist að komið er upp vísindasiðanefnd innan fyrirtækis, sem er mjög algengt, það á t.d. við um Krabbameinsfélagið sem hefur innanhússvísindasiðanefnd eða þá að vísindasiðanefndirnar eru með öðrum hætti. Nú vill svo til að tillaga liggur fyrir um það að setja upp vísindasiðanefnd til að taka á þessu vandamáli í sambandi við frv. Sú vísindasiðanefnd er ekki innanhússvísindasiðanefnd heldur er hún ráðherraskipuð. Einmitt það veldur því að sú réttmæta gagnrýni sem fram kom á frv. hefur verið tekin til skoðunar og það hefur verið tekið tillit til

hennar. Einmitt þess vegna er það þeim mun sérkennilegra að þessu skuli enn vera haldið fram, að enn skuli þessu vera haldið við að hér sé verið að brjóta grundvallarregluna um að þarna eigi að nota upplýst samþykki. Það er ekki til að skýra umræðuna, það er ekki til að leiða til meiri skilnings á því vandamáli sem hér er verið að tala um heldur eru slíkar röksemdir þvert á móti til þess ætlaðar að flækja málið og gera það óskýrara.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fjallaði um tengsl frv. við EES-samninginn og samkeppnisreglur EES-samningsins. Ég vil aðeins geta þess fyrst að mér fannst það mjög sérkennilegur samanburður hjá hv. þm. að bera saman gagnagrunn á heilbrigðissviði við framleiðslu á áli og telja sjálfkrafa að samkeppnisreglur ættu við um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði af því þær ættu við um álframleiðslu. Oft hef ég heyrt sérkennilega samlíkingu en sjaldan eins og þessa og ég vil einnig draga í efa að slíkar samlíkingar séu boðlegar. Fyrir það fyrsta eiga samkeppnisreglur Evrópska efnahagssvæðisins, sem eru samkeppnisreglur Evrópusambandsins, eiga fyrst og fremst við um viðskipti. Fjölmargt í mannlegu samfélagi sem er á gráu svæði á annars vegar við um viðskipti en tengist hins vegar öðrum þáttum samfélagsins eins og menningu, heilsugæslu eða öðrum þáttum, telst ekki sjálfkrafa heyra undir samkeppnisreglur Evrópusambandsins. Þá vaknar sú spurning: Er sjálfgefið að það sem hér er verið að fjalla um, og þá er náttúrlega fyrst og fremst verið að tala um aðgengi vísindamanna að þessu og hins vegar um einkaréttinn, falli undir EES-samkeppnisreglurnar? Ég vil nefna í þessu sambandi að á einu sviði sem flokkast jafnan undir menningarsvið, þ.e. útvarpsrekstur, fara fram viðamikil viðskipti, aðallega í formi auglýsinga. Engu að síður hefur það verið talið samræmast ESB-grunninum, þ.e. Rómarsáttmálanum og samkeppnisreglunum, að útvarpsstöðvar í eigu ríkisins innheimti sérstakt gjald, „license fee" eins og það heitir á ensku, en selji jafnframt auglýsingar. Þetta er réttlætt með þeim rökum að þarna sé um að ræða menningarstofnanir sem stundi ekki hreinræktuð viðskipti heldur gegni ákveðnu samfélagslegu hlutverki, menningarlegu hlutverki. Enn sem komið er er það svo að samkeppnisreglurnar eru ekki nýttar á útvarpsreksturinn. Hins vegar er sagt að svo geti farið að seinna meir verði það og um það er ekki hægt að segja. Reglur hins opinbera heilbrigðiskerfis lúta ekki reglum EES. Það liggur alveg ljóst fyrir. Heilbrigðiskerfið fellur ekki undir EES. Þá vaknar sú spurning hvort sú staðreynd að þarna fara fram viðskipti setur atriði þessa frv., sérstaklega einkaréttinn og aðgengi, í uppnám vegna samkeppnisreglnanna. Ég tel mjög ólíklegt að svo sé. Ég tel það ekki útilokað en ég tel mjög ólíklegt að svo sé.

Fyrir það fyrsta er ærið margt ólíkt í framleiðslu á áli og við gerð heilbrigðisgrunns af þessu tagi þó sumir þingmenn átti sig ekki á því. Það þarf að fjalla um mjög viðkvæmar upplýsingar við gerð þessa gagnagrunns og það kemur raunar fram í álitsgerð Lagastofnunar að það mundi setja meðferð slíkra upplýsinga nánast í hættu ef almennar samkeppnisreglur giltu um það hvernig það verður gert. Ég fellst á þessa túlkun og tel útilokað að slíkt yrði fellt undir samkeppnisreglur.

Þá er það einnig að athuga þegar við tölum um aðgengið að það má velta því fyrir sér hvort Samkeppnisstofnun hafi ekki gert 9. gr. frv. sem fjallar um aðgengisnefndina nokkuð hátt undir höfði eða jafnvel gengið svo langt að rangtúlka þá grein eins og raunar hefur hent marga. Sú grein hefur verið rangtúlkuð. Það kann að vera að orðalagið í frv. hafi gefið eitthvert tilefni til þess. Við verðum að hafa í huga að tilgangur aðgengisákvæðisins var eingöngu sá að veita þeim sem leggja upplýsingar af mörkum inn í grunninn rétt til aðgangs að upplýsingum úr grunninum á sérkjörum. Það er því nátengt hinu almenna heilbrigðiskerfi hvernig þetta er hugsað og aðstaða sérleyfishafans innan þessarar aðgengisnefndar er ekki á nokkurn hátt til þess hugsuð að hann geti stundað nokkurs konar njósnastarfsemi að því er varðar þá sem sækja upplýsingar úr grunninum.

Í nál. meiri hluta heilbr.- og trn. er sérstaklega hnykkt á því að alls ekki sé ætlast til þess að umræddir vísindamenn sem sækja upplýsingar í grunninn þurfi að leggja fram rannsóknaráætlanir sínar og tilgátur í smáatriðum. Tilgangur aðgangsnefndarinnar var fyrst og fremst sá að menn kæmust ekki inn um bakdyrnar ókeypis ef þeir ættu ekki aðild að því að veita grunninum upplýsingar.

Ég er þeirrar skoðunar að aðgengisnefndin og ákvæðin um aðgengisnefndina séu skynsamleg. Sú skoðun hefur komið hér fram að æskilegt væri að skoða möguleikana á því að glíma við þetta verkefni í samningum. Ég vil ekki útiloka að það geti verið skynsamleg leið og finnst sjálfsagt að skoða það milli 2. og 3. umr.

Hér kom til umræðu í gær sú skoðun að þeir sem óska eftir því að upplýsingar um þá fari ekki inn í grunninn ættu að geta sett fram óskir um að upplýsingarnar um þá í grunninum yrðu eyðilagðar. Þess var getið að það væru sjálfsögð réttindi sjúklinga að fá að eyðileggja upplýsingar um sig jafnvel þó að það næði eitthvað aftur í tímann. Nú verðum við að hafa það í huga sem ég hef áður getið um að hér er verið að tala um endurnýtingu á upplýsingum, ekki um rannsóknir á fólki og það er verið að tala um að nota upplýsingarnar í vísindaskyni þó að þeirra hafi verið aflað í öðru skyni. Með öðrum orðum erum við komin inn í þann ramma sem gerir það að verkum að styðjast verður við ætlað samþykki. Notkun slíkra upplýsinga verður ekki skilgreind þannig að hægt sé að biðja um upplýst samþykki. Það liggur einnig ljóst fyrir. Við verðum þess vegna að bera þetta saman við það hvernig farið er með upplýsingar þar sem krafist er ætlaðs samþykkis.

Í dag eru upplýsingar endurnýttar ef svo má að orði komast með eins konar ætluðu samþykki og á það t.d. við um Krabbameinsfélagið. Einstaklingar hafa að sjálfsögðu heimild til þess að fara fram á það að upplýsingar um þá séu ekki nýttar í slíkum rannsóknum. Ef þetta frv. verður að lögum er komið fordæmisgildi fyrir því að þessi réttur sé staðfestur í lögum. En það er mjög hæpið að einstaklingar geti farið fram á það að upplýsingar um þá í heilbrigðiskerfinu, upplýsingar um þá t.d. í krabbameinsskrá verði eyðilagðar. Það sem þeir geta farið fram á er að frá þeim degi sem óskin kemur fram verði upplýsingarnar ekki færðar í grunninn á sama hátt og þær yrðu þá heldur ekki færðar í krabbameinsskrá ef ósk kæmi fram um það.

Það er mjög hæpið að halda því fram að einstaklingar geti átt rétt á því að upplýsingar um þá frá fyrri tíð séu eyðilagðar og ekki gott að sjá hvernig upplýsingakerfi heilbrigðiskerfisins gæti staðist með þeim hætti.

Við verðum að hugsa um það líka að tilgangurinn með gagnagrunninum er m.a. sá að stórefla möguleika á faraldsfræðilegum rannsóknum. En það er með öllu ómögulegt að vinna faraldsfræðilegar rannsóknir ef þátttakendur geta dregið til baka upplýsingar um sig eftir að lagt hefur verið af

stað með slíkar faraldsfræðilegar rannsóknir. Þegar lagt er af stað eru oft og tíðum teknar ákvarðanir um frekari rannsóknir á grundvelli bráðabirgðaniðurstaðna. Ef upplýsingarnar eru dregnar til baka er sá möguleiki fyrir hendi að niðurstöðurnar glatist og þar með sé fótunum kippt undan rannsóknunni. Það mundi því vega harkalega að möguleikunum til þess að búa til nýja þekkingu í læknisfræði ef svo yrði búið um hnútana að það yrði réttur manna til að draga upplýsingar um sig út úr faraldsfræðilegum rannsóknum. Ég vil sérstaklega taka það fram að ef menn setja slík lagaákvæði inn í þetta frv. og það verður síðan að lögum, þá sé ég ekki betur en að það hafi fordæmisgildi gagnvart því hvernig upplýsingar almennt með ætluðu samþykki eru nýttar hér á landi. Það mundi þá geta haft afleiðingar t.d. á nýtingu Krabbameinsfélagsins á upplýsingum úr heilbrigðiskerfinu þannig að það er enn hér sem ég vara við því að menn fari fram með miklum ofstopa í þessu máli og gæti sín að skemma ekki það starf sem hefur verið unnið t.d. á vegum Krabbameinsfélagsins við að endurvinna upplýsingar á grundvelli ætlaðs samþykkis.

Benda má á að þeir einir munu hafa um sig upplýsingar í þessum miðlæga gagnagrunni á heilbrigðissviðinu sem hafa notað sér íslenska heilbrigðiskerfið. Læknisfræðin eins og hún er í dag á í raun og veru styrkleika sinn því að þakka að þeir sem á undan okkur gengu sættu sig við það að um þá væri safnað upplýsingum sem voru notaðar til þess að búa til þekkingu. Því má leiða að því rök að ákveðnar skyldur fylgi rétti okkar til að nota heilbrigðisþjónustuna eins og hún er í dag. Ég tel að ein af þessum skyldum okkar sé að leggja af mörkum það sem við getum til þess að þróa áfram læknisfræðina þannig að afkomendur okkar njóti góðs af. Það er mikilvægt að vernda rétt einstaklinganna, en það má heldur ekki láta undir höfuð leggjast að tala um skyldur manna við samfélagið. Ég get því ekki fallist á að þessi krafa sé réttmæt eins og hún var sett fram í umræðum í gær.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék að áliti Lagastofnunar. Sú álitsgerð er unnin af þremur ágætum fræðimönnum við Háskóla Íslands, þeim Davíð Þór Björgvinssyni prófessor, Oddnýju Mjöll Arnardóttur lögfræðingi og Viðari Má Matthíassyni prófessor. Þingmaðurinn gaf í skyn að þarna væru á ferðinni lögfræðingar sem hefðu fengið greitt fyrir álitsgerðina. Í raun og veru er þar með verið að ýja að því, þó að það sé ekki sagt beinum orðum, að niðurstaðan hafi verið keypt og að þessir fræðimenn hefðu komist að annarri niðurstöðu ef annar aðili hefði beðið þá um niðurstöðuna. Þetta er óvenju ósvífinn málflutningur. Þessir þrír fræðimenn mættu reyndar á fund heilbr.- og trn. og skýrðu þar frá vinnuferli sínu. Þeir fengu spurningar frá ákveðnu fyrirtæki og þurftu fyrst að glíma við það hvort spurningarnar væru þess eðlis að um þær mætti fjalla fræðilega, hvort þetta væru gildar spurningar og þeir komust að þeirri niðurstöðu að spurningarnar væru gildar og að hægt væri að fjalla fræðilega um þær, en þeir tóku að sjálfsögðu enga afstöðu til þess hver spurði spurninganna.

Ég held að það þjóni engum tilgangi í þessum sal að reyna að gera lítið úr fræðimönnum sem gera það sem þeir geta til þess að skilja þá spurningu sem fyrir þá er lögð. Þeir eru fræðimenn. Þeir eru mennskir. Þeir geta komist að rangri niðurstöðu að sjálfsögðu. Um það þarf ekki að deila. Þeirra verk, eins og þeirra einstaklinga sem skipa Hæstarétt ef því er að skipta, eru breysk eins og mannanna verk. En það er ástæðulaust að gera því skóna í þessum sal og ekki viðeigandi finnst mér að þessir fræðimenn hefðu skipt um skoðun ef annar aðili hefði lagt fyrir þá spurningarnar. Ég hygg að ef menn hugsa málið þá komist þeir að þeirri niðurstöðu að það álitamál hver lagði fyrir þá spurningarnar hafi enga þýðingu í þessu sambandi.

Það er alveg ljóst af umræðunni um þetta mál í þingsalnum að þeir sem hafa efasemdir um frv. skiptast í tvær fylkingar. Annars vegar eru þeir sem eru í raun og veru á móti málinu og keppast við eftir því sem þeir geta að leggja stein í götu þess. Þessir þingmenn sem eru andsnúnir hugmyndinni um miðlægan gagnagrunn munu ekkert spara til þess að spilla hugmyndinni. (**Gripið fram í:** Þó það nú væri.) Þeir munu reyna að veikja grunninn með öllum tiltækum ráðum og ekki er ólíklegt að ef þeim tekst að veikja grunninn, þá muni þeir nefna það sem rök gegn grunninum að hann sé ekki nógu sterkt verkfæri.

Annar hluti þingmanna virðist hafa áhuga á því að komið verði á fót miðlægum gagnagrunni. Ég tel augljóst af þeirri ræðu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti í gær að hjá honum sé að finna mikinn áhuga á því að koma á miðlægum gagnagrunni og að hann hafi, ásamt þeim sem hafa svipaða afstöðu, í stórum dráttum áhyggjur af tvenns konar álitamálum. Í fyrsta lagi er persónuverndin afar mikilvæg í augum þingmannsins og þeirra sem deila skoðunum með honum og þeir deila áhuga á og umhyggju fyrir persónuvernd viðkvæmra heilsufarsupplýsinga með meiri hlutanum.

Á hinn bóginn virðist svo vera að áhugi þessara þingmanna reki þá til þess að velta því fyrir sér hversu mikilvirkt og máttugt verkfæri gagnagrunnurinn getur orðið í baráttunni fyrir bættu heilbrigði og öflugri heilsugæslu og hvers þurfi að gæta til þess að jafnvægi verði annars vegar í þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja öryggi í meðferð upplýsinganna og hins vegar í nýtingu í gagnagrunnsins. Mér finnst jákvætt viðhorf þessara þingmanna vera mjög mikilsvert og það mikla álitamál sem við stöndum frammi fyrir, jafnt í dag sem og við 1. umr. þó að málið hefði skýrst, sé í raun að reyna að finna eitthvert jafnvægi í þeim ráðstöfunum sem við grípum til. Málið er mjög flókið. Þótt athugun í nefnd milli 1. og 2. umr. hafi skýrt málið verulega bæði í ljósi skriflegra athugasemda og upplýsinga sem komið hafa fram á fundum nefndarinnar þá er ljóst að málið er enn á vinnslustigi.

Ég hef því miður ekki notið þess heiðurs að sitja inni á öllum fundum hæstv. heilbr.- og trn. Ég hef aðeins komið þangað nokkrum sinnum, notið þess heiðurs að starfa með því ágæta fólki sem þar er, og hef því átt óbeinan aðgang að málinu. Mér finnst að starf nefndarinnar hafi verið markvisst og til fyrirmyndar og að málið hafi verulega skýrst á fundum nefndarinnar í ljósi þeirra upplýsinga sem þar hafa verið lagðar fram. Að talsverðu leyti held ég að nefndin sé að vinna brautryðjandastarf. Ég held að við eigum að hafa það í huga að nefndin er að vinna brautryðjandastarf og hún verður að líta svo á sem málið sé á vinnslustigi til síðasta dags.

Við þurfum að gæta að öllum þáttum málsins og leiðrétta frv. milli 2. og 3. umr. ef í ljós kemur að á því leynast einhverjir meinbugir ellegar að breytingar sem gerðar hafa verið á frv. hafi skapað sérstök vandamál. Þetta er afar mikilsvert vegna þess að í umræðunni í gær skynjaði ég að enn er nokkur munur á því hvernig menn skilja þetta frv., og á það kannski einkum og sér í lagi við um það hvers konar upplýsingar fara inn í grunninn.

Talsverð umræða hefur orðið um hvort erfðaupplýsingar verði inni í þessum grunni eða ekki. Sumir hafa fullyrt að það sé ljóst að slíkar upplýsingar fari ekki inn í þennan grunn — (**ÖS:** Nema þær séu úr sjúkraskrám.) nema þær séu úr sjúkraskrám, segir ágætur þingmaður í frammíkalli, Össur Skarphéðinsson hv., og þetta er ákveðinn skilningur sem vert er að hugleiða.

Ég held að í þessu tilviki sé nauðsynlegt að líta á 7. gr. frv. þar sem segir:

„Að fengnu samþykki heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna er rekstrarleyfishafa heimilt að fá upplýsingar sem unnar eru úr sjúkraskrám til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði."

Nú hefur þessu ákvæði verið lítillega breytt. Það breytir þó ekki efnislega því hvaða upplýsingar er þarna verið að tala um heldur hvernig heimildin er orðuð. Spurningin sem vaknar í þessu tilfelli er sú hvort hinn miðlægi gagnagrunnur sé takmarkaður við upplýsingar úr sjúkraskrám eða ekki. Þá förum við í skýringar með 7. gr. þar sem segir:

„Rétt er að taka fram að heimild rekstrarleyfishafa skv. 1. mgr. til flutnings upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði tekur einungis til upplýsinga úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna."

Þessi heimild þýðir í raun og veru að 1. mgr. 7. gr. veitir ekki aðrar heimild en þessa. En er þar með hægt að álykta að gagnagrunnurinn sé einskorðaður við sjúkraskrá? Nei, það er ekki hægt, enda segir mjög skýrt í frv. að svo sé ekki. Ef við förum í 3. gr. frv. þá segir þar í skilgreiningu á gagnagrunni á heilbrigðissviði, hvað er gagnagrunnur á heilbrigðissviði, hvaða grunnur það er sem við erum að búa til. Þar stendur ekki „safn upplýsinga úr sjúkraskrám", það er ekki orðað þannig. Það stendur:

„Safn gagna er hefur að geyma heilsufarsupplýsingar sem skráðar eru á samræmdan kerfisbundinn hátt í einn miðlægan gagnagrunn sem ætlaður er til úrvinnslu og upplýsingamiðlunar."

Með öðrum orðum, sem hefur að geyma heilsufarsupplýsingar. Og hver er skýring skilgreiningarkaflans eða skilgreiningargreinarinnar á því hvað séu heilsufarsupplýsingar? Það kemur fram í 6. tölulið þar sem segir:

„Heilsufarsupplýsingar: Upplýsingar er varða heilsu einstaklinga, þar með taldar erfðafræðilegar upplýsingar."

Hér er ekki verið að tala um sjúkraskrár heldur miklu víðara hugtak. Í 7. gr. kemur fram hvernig heilbrigðisstofnunum er heimilt að veita upplýsingar úr sjúkraskrám inn í gagnagrunninn en hún einskorðar ekki gagnagrunninn við þessar skrár. Þar af leiðandi er skilningur Lagastofnunar á því að inn í þessa skrá muni fara talsvert af erfðafræðilegum upplýsingum hárréttur. Það er hárréttur skilningur en ekki misskilningur, eins og hér kom fram í gær.

Að sjálfsögðu er ljóst að það munu fara og það eiga að geta farið inn í þennan grunn erfðafræðilegar upplýsingar. Það er meira að segja beinlínis tekið fram í frv. Svo er einnig að í fylgiskjölum frv. frá fyrirtækinu Stika efh. er beinlínis talað um að í gagnagrunninum séu erfðafræðilegar upplýsingar. Þar er talað um að það þurfi að torvelda samtengingu upplýsinga um erfðir, ættir og heilsufarsupplýsingar. Það er afar mikilvægt að menn átti sig á því að frv., eins og það er hugsað, er ekki einskorðað við sjúkraskrár, upplýsingar úr sjúkraskrám. Það er afar brýnt að nefndin, sem ég hef ekki haft þann heiður að sitja alltaf í, þó ég hafi haft þá ánægju og þann heiður að sitja stundum á fundum nefndarinnar mér til mikillar gleði og ánægju og upplýsinga, þá er alveg ljóst að þetta verður að skýra.

Það er líka alveg ljóst að þeir þingmenn sem hafa komið fram og sagt að það standi í frv. að engar upplýsingar nema upplýsingar úr sjúkraskrám fari inn í þennan gagnagrunn, hafa oftúlkað textann eða misskilið hann. Að minnsta kosti held ég að það sé afar brýnt að þetta atriði verði tekið til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. og farið verði nákvæmlega yfir það hvernig aðrar upplýsingar en úr sjúkraskrám eigi að finna sér leið inn í þennan grunn. Þegar menn fjalla um það verða menn að gæta þess að tryggja persónuverndina, það er ljóst, það þarf að passa það mjög vel. En menn þurfa einnig að gæta þess, sem er í augum allra þeirra sem vilja koma upp miðlægum gagnagrunni, afar mikilvægt en það er að jafnvægi verði milli þeirra ráðstafana sem gripið er til til þess að verja persónulegar upplýsingar og þeirra ráðstafana sem við gerum til að gera gagnagrunninn sem virkastan. Í augum hinna sem eru á móti miðlægum gagnagrunni er að að sjálfsögðu ekkert af þessu mikilvægt því að þeir eru á móti málinu.

Ég vildi að þetta kæmi fram vegna þess að afar brýnt er að við gerum okkur grein fyrir því við þessa umræðu að gert er ráð fyrir því að þarna fari inn erfðafræðilegar upplýsingar.

Í gær var hér nokkuð rætt um þær erfðafræðilegu upplýsingar sem fyrirtækið Íslensk erfðagreining býr yfir. Ég hygg að komið hafi fram í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, og hafi hann þá vitnað í upplýsingar sem hann hafi eftir Erni Snorrasyni, að fyrirtækið hafi upplýsingar frá 70 þúsund Íslendingum og þar fyrir liggi upplýst samþykki. Ég verð að viðurkenna að ég sperrti eyrun þegar ég heyrði þessa frétt enda var þetta ekki fyllilega í samræmi við þær upplýsingar sem ég hafði áður fengið. Enda væri býsna viðamikið ef fyrir lægju upplýsingar frá 70 þúsund Íslendingum um þátttöku í rannsóknum. Ég hygg að þarna sé ekki rétt með farið. Ég vil ekki gerast einhver upplýsingafulltrúi fyrir Íslenska erfðagreiningu en ég vil hins vegar geta þess að í viðræðum mínum við fyrirtækið bendir allt til þess að upplýsingarnar séu tífaldaðar, að þær séu margfaldaðar með tíu, sem er nokkuð mikil ýking á staðreyndum.

Þó rétt sé að draga saman hlutföllin þannig að þau séu í samræmi við raunveruleikann breytir það ekki því að við þurfum að skoða mjög nákvæmlega hvaða farveg erfðafræðilegar upplýsingar eiga inn í grunninn. Ég held að það sé þannig að það verkfæri sem við búum til með þessum miðlæga gagnagrunni verði sýnu máttugra ef við finnum ásættanlegar leiðir til þess að erfðafræðilegar upplýsingar fari inn í grunninn. Þær geta leitað inn í grunninn í gegnum sjúkraskrárnar en upplýsingar úr sjúkraskrám, erfðafræðilegar upplýsingar úr sjúkraskrám, munu vera mjög takmarkaðar. Engu að síður eru þar upplýsingar um erfðafræðileg efni.

Þetta er eitt af því sem ég held að við þurfum að skoða mjög rækilega. En annað atriði sem ég held að við þurfum líka að skoða og skerpa skilning okkar á snertir þær miklu umræður sem urðu um það hvort upplýsingarnar væru geymdar dulkóðaðar í grunninum eða ekki.

Það er náttúrlega alveg ljóst að ef hægt á að vera að nota grunninn verður líka að vera hægt að afkóða upplýsingarnar, þær eru ekki nothæfar í dulkóðuðu formi. Einmitt í þeim tilgangi hefur sérleyfishafinn lykil að kóðuninni, á upplýsingunum. En upplýsingarnar eru engu að síður notaðar í því formi að þær eru aftengdar persónuupplýsingum sem er grundvallaratriði. Við þurfum að skoða mjög rækilega

hvaða tæknilega merkingu þetta hefur í för með sér, hvort sú hugmynd sem er nú inni í breytingartillögunum um að upplýsingarnar séu ekki geymdar í dulkóðuðu formi í grunninum vega eitthvað að rótum persónuverndarinnar. Ég er reyndar ekki þeirrar skoðunar að á þessu sérstaka atriði séu vatnaskil í þessu máli og ef upplýsingarnar eru ekki geymdar kóðaðar í grunninum þá sé þar með ekki lengur hægt að tala um þær sem ópersónugreinanlegar upplýsingar. Ég heyrði þá skoðun koma fram í gær, ég tek eftir þeirri skoðun og hlusta á hana en ég er ekki þar með sammála henni. En þetta er einnig afar mikilvægt atriði sem er nauðsynlegt að taka rækilega til skoðunar milli 2. og 3. umr.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt meir, ég hef talað í rúma kennslustund. Gárungarnir í þinginu segja að vegna fortíðar minnar í kennarastarfi miði ég ræður mínar við 40–45 mínútur. Það verður svo að vera. Ég verð að sitja undir því.

[14:28]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru svo mörg atriði í ræðu hv. þm. sem ég hefði viljað gera athugasemdir við að ég átta mig á því nú þegar að ég mun aldrei geta tekið þau öll fram í andsvari og verð að bíða með einhver þeirra þangað til í seinni ræðu minni.

Hins vegar get ég ekki annað en vakið athygli á því að nú grípur hv. þm. Tómas Ingi Olrich til þess ráðs að gera þá sem eru á móti málinu persónulega tortryggilega. Hann dregur það fram að þeir muni nota hvaða tækifæri sem þeir geta til þess að veikja grunninn, til að gera hann veikari en ella.

Ég vek athygli á því að þetta er sama aðferð og hefur verið notuð um þá fjölmörgu vísindamenn, sérfræðinga á sviði persónuverndar, heilbrigðisstarfsmenn, lækna og alla hina sem hafa hrópað hátt innan lands og utan og innan þings og utan á móti þessari hugmynd og því hvernig hún er útfærð í þessu frv., nákvæmlega sama aðferðin. Þeir eru ýmist öfundsjúkir vegna framgöngu hins væntanlega rekstrarleyfishafa eða gerðir tortryggilegir af öðrum ástæðum. Það er algjörlega óþolandi að sitja undir þessu, og að þessi umræða skuli vera komin hingað inn í sali Alþingis.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að hefði það verið takmark mitt að veikja þennan grunn hefði ég þagað þunnu hljóði og látið hæstv. ríkisstjórn framkvæma hugmyndina eins og hún kom fram í þeirri mynd sem hún var í í vor. Þá fyrst hefði þetta mál verið skandall fyrir ríkisstjórnina.

[14:30]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Vera kann að ræða mín verki svo að hún geri persónulega tortryggilega einhverja þingmenn sem hér hafa talað en það er þá vegna þess að þeir hafa sjálfir gert sig persónulega tortryggilega, og á það var ég einmitt að varpa ljósi að með því að blanda vísvitandi saman í umræðunni hér, með tilvitnunum í vísindamenn, vísindarannsóknum á mönnum þar sem upplýsts samþykkis er krafist og meðferð upplýsinga sem safnað er, ekki í vísindaskyni, er verið að gera hluti tortryggilega á röngum forsendum löngu eftir að búið er að sýna fram á að þetta á ekki við. Þá er eðlilegt að menn spyrji: Hvers vegna er verið að halda þessu fram í þingræðum löngu eftir að búið er að sýna fram á að þetta er rangt? (Gripið fram í.)

[14:31]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru augljósir útúrsnúningar sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich hefur hér í frammi. Umræðan um upplýst samþykki tengist því ekki síður að um er að ræða persónuupplýsingar í þessum grunni, persónugreinanlegar upplýsingar. Á þeim forsendum hefur m.a. verið vakin athygli á því að fara þurfi fram á upplýst samþykki. Ég vil t.d. nefna tölvunefnd sem á að framkvæma þessa hugmynd fyrir hv. ríkisstjórn, hvernig sem þeir ætla nú að þvinga hana til þess þar sem hún er greinilega á móti því og er ekki á þeirri skoðun að þarna séu ópersónugreinanlegar upplýsingar. Er Þorgeir Örlygsson prófessor, okkar helsti sérfræðingur á sviði persónuverndar, ekki líka eitthvað tortryggilegur úr því hann getur ekki fallist á þessar hugmyndir og kokgleypt þær hugmyndir sem stór hluti, a.m.k. vísindamanna, langstærstur hluti íslenskra vísindamanna og erlendra er á móti? En hann er kannski eitthvað dularfullur líka eins og ég. Það má vel vera.

[14:32]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reikna með því að hv. þm. hafi getað hlýtt á ræðu mína. Ég vitnaði þar sérstaklega í ákveðin ummæli hennar og ákveðna tilvitnun hennar sem hún fór með hér í gær. Sú tilvitnun fjallaði annars vegar um samanburð á vísindarannsóknum á mönnum eða dýrum og hins vegar á því hvernig grunnurinn á að notast. Þetta er ekki sambærilegt og á ekki að vera sambærilegt og er ekki samboðið þingmanninum að nota.

[14:33]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til að leiðrétta hv. þm. vegna þeirra ummæla sem hann lét falla í dag. Í fyrsta lagi átti ég í andsvari við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur í gær og benti á að hin ríkisverndaða fjárfesting sem á að vera í þessum gagnagrunni sé mjög sambærileg við stóra fjárfestingu í áliðnaði. Ég bar þetta saman og nefndi að það væri ný stefna hjá ríkisstjórninni að ríkisvernda fjárfestingu. Hv. þm. hefur stundum talað eins og hann sé einhver fjármagnspostuli. Hann hefur stundum leyft sér að tala um frelsið og bent á að fjárfesting sé áhætta. Vissulega er fjárfesting áhætta. En í þessu tilviki, virðulegi forseti, á að ríkisvernda fjárfestinguna. Það var þetta tvennt sem ég var að bera saman.

Aukinheldur minnti hv. þm. áðan á það líka að maðurinn væri breyskur, jafnvel væru hæstaréttardómarar breyskir sem og sérfræðingar. Ég er ekki frá því að formaður utanrmn. sé það líka, a.m.k. ef marka má niðurstöðu hans í þessu samkeppnismáli. Ég ætla bara að benda á það án þess að lesa það sérstaklega upp að okkar helstu sérfræðingar í samkeppnismálum segja að frv. eins og það lítur út núna fari í bága við EES-samninginn. Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, þrátt fyrir allt mannvit hv. þm. að trúa frekar Samkeppnisstofnun en formanni utanrmn.

[14:34]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hneigist að því að meta það svo að ég hafi til að bera í þessu máli svona álíka mikla meðalgreind og hv. formaður heilbr.- og trn. taldi (**Gripið fram í:** Slaka.) sér til ágætis. Hann sagði meira að segja slaka meðalgreind,

sem mér finnst nú vera óvenjumikið lítillæti af hans hálfu og kannski meira fyrir eyrað en raunveruleikann.

Það sem ég leyfði mér að gera í ræðu minni var að benda á hversu fáránlegt það væri að tala um fjárfestingu í heilbrigðiskerfinu í samanburði við fjárfestingu í álfyrirtæki og það er fáránlegt, hv. þm., því er ekki hægt að neita. Ég held það væri rétt að þingmaðurinn hugleiddi við hvaða aðstæður sérleyfishafinn kemur til með að fjárfesta í því verkefni sem hér er um að ræða.

Ég sé að ljósið er þegar farið að blikka á mig og ég er reiðubúinn til þess í lokaathugasemd minni að koma inn á það hve aðstæður eru ólíkar í sambandi við áliðnaðinn annars vegar og fjárfestingu í miðlægum gagnagrunni hins vegar.

[14:35]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki bætti þetta málstað hv. þm. Ég vil nefna það sérstaklega að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir viðurkenndi í andsvari í gær og sagði sem svo að það að fjárfesta fyrir 20 milljarða væri mikil áhætta og að nauðsynlegt væri að þeir sem það ætluðu að gera fengu einhverja ríkisvernd. En hún var ekki með útúrsnúninga af þeim toga sem hv. formaður utanrmn. viðhefur og leyfir sér meira að segja að bera á torg í þessari umræðu.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur þegar hún segir að hann sé nánast að gera einstaklinga tortryggilega þegar farið er að nefna það í þessari umræðu að dómarar Hæstaréttar séu breyskir, að einhverjir einstakir sérfræðingar séu breyskir. Ég er eiginlega þeirrar skoðunar eftir að hafa hlýtt á hv. þm. í þó nokkra stund að líklega sé hann breyskastur af þeim öllum.

[14:36]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leiða hjá mér þessar upplýsingar eða umræður um breyskleika, aðeins geta þess að við erum víst allir breyskir. Hv. þm. deilir kjörum og örlögum með okkur öllum í því. Ég vil hins vegar taka sérstaklega fram að menn eiga að hugleiða það við hvaða aðstæður verður fjárfest í þessum gagnagrunni, hvort það er sambærilegt við atvinnulíf eins og t.d. áliðnað. Hvernig er ætlast til þess að í þetta verði ráðist? (**LB:** Á að fara að skilgreina ...?) Það þarf fyrst að vinna að undirbúningi málsins, ná samkomulagi um hvaða upplýsingar ganga inn í grunninn. Það þarf að fjármagna stóra pósta í þessu máli, bæði þróunarvinnu, hugbúnaðarvinnu og aðra hluti áður en ljóst er hvort þessi gagnagrunnur skili nokkrum tekjum. Þetta eru óvenjulegar aðstæður og ég býst við að eftir því (Gripið fram í.) sem hv. þm., sem nú kallar fram í og getur ekki látið sér nægja ræðutíma sinn hér, hugleiðir þetta betur þá muni hann komast að þeirri niðurstöðu að samanburður hans er ekki réttmætur.

[14:38]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var fróðlegt að heyra síðustu ræðu sem hv. þm. flutti um málið. Ég sé að mikið verk fyrir höndum því hv. þm. er nú kominn að þeirri niðurstöðu að það þurfi að fara vandlega yfir ýmis atriði málsins frekar, eða eins og hann orðaði það: „Málið er mjög flókið og er enn á vinnslustigi.“ Það er fróðlegt að þetta skuli koma fram við 2. umr. málsins. Hv. þm. vék að því að ég hefði veist að mér skilst ósæmilega að virtum sérfræðingum. Ég tók eftir því þar sem ég hlýddi á mál hv. þm. Þessari staðhæfingu vil ég andmæla harðlega. Það sem fram kom í máli mínu í gær skal ég hafa yfir hér efnislega, að menn mega ekki blanda saman stofnunum Háskóla Íslands, svonefndum stofnunum sem kenndar eru við Háskóla Íslands og Háskóla Íslands og deildum hans. Það er mikil ástæða til þess, virðulegur forseti, að á þessu máli verði tekið (Forseti hringir.) því það ruglar auðvitað almenning í ríminu þegar verið er að kenna álitsgerðir við Háskóla Íslands sem hafði ekkert með þær að gera nema það að mennirnir sem veita svör og taka eftir atvikum greiðslu fyrir eru starfsmenn Háskóla Íslands.

[14:39]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er svo að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur ekki verið að ýja að því að það hafi skipt máli hverjir báðu um þessa álitsgerð og hverjir greiddu fyrir hana — hann nefndi að greitt hefði verið fyrir þessa álitsgerð, þá er sjálfsagt að taka skýringar hans á þessu máli fullgildar og ég vona að það sé þá réttur skilningur að hann hafi ekki verið að gefa í skyn að þessir þrír fræðimenn hefðu svarað málinu öðruvísi ef aðrir aðilar hefðu spurt. Það er mjög mikilvægt að fá þetta staðfest hér.

Að því er hitt atriðið varðar þá er það náttúrlega augljóst og ég hélt að það væri öllum þingmönnum ljóst, að hér eru þrjár umræður um málið og möguleiki á að láta nefndir vinna á milli þeirra umræðna vegna þess að það eru vinnslustig, vegna þess að verið er að vinna að málinu og verið er að gefa nægan tíma og næg tækifæri til að sníða af því þá meinbugi sem á því finnast og það er ekkert óeðlilegt við það, hv. þm.

[14:40]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það skiptir að sjálfsögðu máli hver spyr og hvernig spurt er þegar leitað er álitsgerða. Það ætti hverjum manni að vera ljóst. Álitsgerð svonefndrar Lagastofnunar Háskóla Íslands, og trúlega heitir hún það formlega þótt hún komi háskólanum ekki við sem stofnun, er svör við spurningum frá Íslenskri erfðagreiningu hf. Auðvitað hefur það áhrif á málsmeðferðina hver spyr. Það liggur í augum uppi. Ekki bara í þessu tilviki heldur almennt. Það er verið að svara spurningum á 99 blaðsíðum. Þetta er mikið verk sem þarna liggur fyrir og sjálfsagt að skoða það og meta. En það hefur augljóslega áhrif hvernig málið er lagt fyrir af þeim sem leitar álitsins sem síðar er komið á framfæri við heilbr.- og trn. En það er ánægjuefni að heyra að áhugi er á því hjá nefndum hv. þingmanni að fara djúpt ofan í málið milli umræðna og það vekur vonir um að ekki sé kannski öll nótt úti í þessu máli.

[14:42]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú versnar aftur í málinu vegna þess að nú upplýsist það að ekki skiptir aðeins máli hvernig málið er lagt fyrir heldur hver spyr. Auðvitað skiptir meginmáli hvernig málið er lagt fyrir, þ.e. hvernig spurningarnar eru orðaðar. Ef það skiptir hins vegar máli hver spyr þá er þar með verið að gefa í skyn að það geti haft efnisleg áhrif á svarið hver spyr og því atriði var ég að mótmæla hér. Og ég þykist vita það ... (**HG:** Hefur það ekki áhrif hver ber fram spurningar ...?) Hv. þm., það er ræðutími á eftir sem hann getur nýtt fyrir sjálfan sig í þeim efnum. En ég vil sérstaklega taka fram að fyrir heiðarlegan fræðimann skiptir aldrei máli hver spyr spurningarinnar (**HG:** Og um hvað er spurt.)

heldur skiptir mestu máli um hvað er spurt. (**Gripið fram í:** Og hver borgar.) Í athugasemd þingmannsins kom ekki fram ein einasta athugasemd við það hvernig spurningarnar hefðu verið orðaðar heldur hver hefði spurt þeirra. Það er einmitt þetta atriði sem ég gerði athugasemd við og ég held að hv. þm. eigi að velta því fyrir sér í einrúmi hvort ekki sé nokkuð vafasöm fullyrðing hans hér að velta því upp í sambandi við þessa þrjá fræðimenn hvort það skipti máli hver spyrji spurninganna.

[14:43]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sætti mig fyllilega við greindarstig hv. þm. Tómasar Inga Olrichs en ég geri athugasemdir við heyrn hans. Það er ekki rétt að ég hafi haldið því hér fram eftir Erni Snorrasyni að Íslensk erfðagreining hafi undir höndum erfðaupplýsingar um 70 þús. Íslendinga heldur sagði ég að þeir hefðu leyfi fyrir slíkum rannsóknum með upplýstu samþykki 70 þús. Íslendinga, en þeir hefðu hins vegar þegar í höndum sýni úr 10 þús. Íslendingum.

Herra forseti. Það sem vakti athygli í ræðu hv. þm. er málabúnaður hans varðandi stig frv. Hv. þm. heldur því fram að frv. sé einungis á vinnslustigi og það þurfi að vinna það betur á milli 2. og 3. umr. Hvað er það sem hv. þm. vill gera? Jú, það kom fram í ræðu hans. Hann vill að við förum betur í það hvernig á að meðhöndla erfðaupplýsingar. Það liggur alveg klárlega fyrir samkvæmt frv., eins og hann las sjálfur upp úr greinargerð á bls. 20, að í þennan gagnagrunn á ekkert að fara nema upplýsingar sem eru í sjúkraskrám. Af því leiðir að engar erfðaupplýsingar fara í gagnagrunninn nema þær sem er að finna í sjúkraskrám. En það kemur fram að hv. þm. vill breyta frv. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hóf máls á þessu í gær og það er alveg ljóst að á milli umræðna ætlar meiri hlutinn fyrir þrýsting frá Íslenskri erfðagreiningu að gjörbreyta meginatriðum frv. Það er óheiðarlegt gagnvart þeirri umræðu sem farið hefur fram (Forseti hringir.) í þjóðfélaginu vegna að hún hefur ekki verið á þeim grundvelli.

[14:45]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi svipaða meðalheyrn og hv. þm. Össur Skarphéðinsson (**ÖS:** Slaka.) og ég hefði þá álitið að jafnvel það sem hann sagði, að fyrir lægi upplýst samþykki frá 70 þúsund einstaklingum, kæmi mér á óvart ef það er rétt. Ég er ekki að bera brigður á það en það kæmi mér mjög á óvart ef það er rétt.

Hitt skal ég segja að túlkun hv. þm. á því sem stendur á bls. 20, þ.e. um 7. gr., er rétt, ég dreg það ekki í efa. En að segja að sú túlkun takmarki hvað eigi að fara inn í grunninn, það get ég ekki fallist á og hann verður þá að lesa 3. gr. í skilgreiningunum og komast að þeirri niðurstöðu væntanlega með mér að ætlast er til þess að erfðafræðilegar upplýsingar gangi inn í þennan grunn.

[14:46]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta heitir tátólógía hjá hv. þm. Auðvitað eiga erfðafræðilegar upplýsingar að fara inn í gagnagrunninn en einungis þær sem koma úr sjúkraskrám. Það er skýrt nákvæmlega út í frv. En hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og hv. þm. Tómas Ingi Olrich eru að opna á það að erfðagrunnurinn sem Íslensk erfðagreining hefur líka undir höndum eigi að vera partur af hinum miðlæga gagnagrunni. Það var aldrei nefnt í umfjöllun nefndarinnar, það hefur aldrei verið partur af þeirri víðtæku umræðu sem hefur farið fram í þjóðfélaginu. Með öðrum orðum, Íslensk erfðagreining er að beita nefndarmenn þrýstingi og beita pólitískum ítökum sínum til að gerbreyta frv. Hún hefur þegar náð einum árangri. Hún hefur náð því fram að búið er að fella aðra meginstoð dulkóðunarinnar úr frv. og nú ætlar hún líka að troða erfðagrunninum inn í miðlæga gagnagrunninn. Við sem höfum lagt mikla vinnu í þetta mál höfum aldrei rætt frv. eða gagnagrunninn út frá því. Menn hafa greinilega verið að blekkja bæði nefndina og líka fólkið í landinu þegar þeir hafa verið að hasla umræðunni rangan völl. Og núna á síðustu metrunum á að gerbreyta inntaki frv. og þeim efnivið sem á að vera í gagnagrunninum. Það er óheiðarlegt, herra forseti.

[14:47]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er mikill skylmingamaður og honum færist stundum mikið kapp í kinn. Ég hefði viljað hvetja hann til þess að skoða vel og af mikilli athygli hvað það þýðir ef talað er um að einungis erfðafræðilegar upplýsingar úr sjúkraskrám færu inn í þetta. Þá má einnig geta þess að hér er ekki um að ræða neitt fikt. Það ber að lesa ýmiss konar fylgigögn með þessu. Ég nefni sérstaklega Stika ehf. (Gripið fram í.) og sá ágæti þingmaður sem hér kallar fram í fyrir mér hefur vitnað mjög mikið í Stika til að komast að þeirri niðurstöðu hversu þeir hafi góðan skilning á þessu máli en þeir leggja einmitt þann skilning í þetta að erfðafræðilegar upplýsingar gangi þarna inn.

Það gera einnig sérfræðingar Lagastofnunar. Þeir gera líka ráð fyrir því að inn fari erfðafræðilegar upplýsingar. Það stendur beinlínis í þessum gögnum. Því þarf að skoða milli 2. og 3. umr. hvort sá skilningur, sem hv. þm. hefur fulla heimild til að hafa á því ákvæði 7. gr., þrengi lagarammann með þeim hætti sem hann telur eða hvort hægt sé að leggja annan skilning í þetta. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að hægt sé að leggja miklu víðtækari skilning í þetta og það beri að leggja þann skilning í frv.

[14:49]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér er rætt hið umdeilda frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Umræðan í hv. heilbr.- og trn. hefur verið mjög ítarleg en óhætt er að segja að enn er grundvallarágreiningur um málið, bæði innan og utan Alþingis. Það veldur mér verulegum áhyggjum ef málið fer í gegnum þingið í þeim búningi sem það er nú.

Sem áheyrnarfulltrúi í heilbr.- og trn. hef ég ekki skrifað upp á neitt þeirra þriggja nál. sem liggja fyrir þar sem afstaða mín fellur ekki nákvæmlega að sjónarmiðum þeim sem þar koma fram. En í grundvallaratriðum get ég tekið undir álit 1. minni hluta og margt í áliti 2. minni hluta líka og get því ekki stutt frv. í núverandi mynd. Ég tel einnig að margar brtt. meiri hlutans séu til bóta en þær ganga þó ekki nógu langt í samkomulagsátt að mínu mati.

Meginathugasemdir mínar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi set ég spurningarmerki við réttmæti þess að veita einum aðila sérleyfi á miðlægum gagnagrunni til 12 ára, þ.e. grunnhugmyndinni sjálfri. Vísindalega mætti ná sömu markmiðum með dreifðum gagnagrunnum en fjárhagslega lítur út fyrir að ekki fáist erlendir fjárfestar til að kosta þá hugmynd.

Í öðru lagi. Hugmyndin um sérleyfi á einum miðlægum gagnagrunni mismunar vísindamönnum þannig að óásættanlegt er. Ég stórefast um að þessi mismunun standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, samanber nýfallinn dóm Hæstaréttar um veiðileyfi eða þá bara greinina um atvinnufrelsi. Þessi mismunun gagnvart vísindamönnum mun valda því að a.m.k. þrjár stéttir vísindamanna myndast. Það er sérleyfishafinn sjálfur sem hefur aðgang að öllum upplýsingum, getur gert rannsóknir í hagnaðarskyni og hefur aðgang að dulkóðunum í öðrum gagnagrunni sem hann kann að hafa þannig að hann getur samkeyrt eigin rannsóknir í öðrum grunnum og miðlæga grunninn. Það eru þeir sem láta upplýsingar inn í grunninn og geta þá fengið aðgang að rannsóknum sem skerða þó ekki samkeppnishæfni sérleyfishafans. Síðan eru það þeir sem ekki leggja upplýsingar inn í grunninn eða þá þeir sem eru með arðbærar rannsóknir á prjónunum. Þeir þurfa annaðhvort að lúta því að komast ekki inn í grunninn eða greiða fyrir það fullu verði. Ég legg áherslu á það sem bent hefur verið á, þ.e. þann reginmun á sérleyfishafanum miðað við aðra vísindamenn að hafa aðgang að kóðunum sjálfum og geta tengt þá við eigin rannsóknir, t.d. við ættfræðigrunna eða erfðafræðiupplýsingar. Þetta skapar mjög mikla mismunun þannig að hinir geta ekki staðið jafnfætis.

Þriðja grundvallarathugasemd mín varðar það að boðað frv. ríkisstjórnarinnar um persónuvernd skuli ekki vera afgreitt samhliða þessu frv. eða helst á undan. Reynslan erlendis sýnir, t.d. frá Bandaríkjunum, að ef erfðarannsóknir eru orðnar almennar og hafa þróast frjálslega án slíkrar löggjafar, þá er mjög erfitt að setja slík lög um persónuvernd og þau hafa tilhneigingu til að verða mjög máttlaus þar sem öflugir hagsmunaaðilar koma í veg fyrir setningu slíkrar löggjafar.

Það vekur furðu, herra forseti, að samkvæmt drögum að persónuverndarfrv. ríkisstjórnarinnar er gagnagrunnurinn sem nú er til umræðu með persónugreinanleg gögn. En meginforsendan fyrir því að styðjast við ætlað samþykki í stað upplýsts er að um ópersónugreinanleg gögn sé að ræða. Það og sú staðreynd að tölvunefnd, einn helsti eftirlitsaðili gagnagrunnsins fyrirhugaða, skuli leggjast gegn samþykki frv. auk þeirra alvarlegu athugasemda sem koma fram hjá Samkeppnisstofnun um að frv. stríði gegn EES-samningnum, samanber nál. 1. og 2. minni hluta, sýnir að þetta mál er í uppnámi svo ekki sé meira sagt. Því verður að breyta til að það geti talist ásættanlegt og að um það náist sátt sem er nauðsynleg til að koma ekki heilbrigðiskerfinu í algert uppnám. Því hlýt ég að krefjast þess að frv. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verði rætt og afgreitt á undan eða samhliða þessu máli eins og margir aðrir hafa gert en þeirri beiðni hefur þegar verið hafnað.

Áður en ég kem að einstökum brtt., herra forseti, vil ég taka undir með hv. formanni heilbr.- og trn. frá því í gær um meðferð ættfræðiupplýsinga og samtengingu þeirra við gagnagrunninn. Sú umræða kom einnig upp áðan í andsvörum. Ég sem sat langflesta fundi nefndarinnar vil staðfesta sem áheyrnarfulltrúi hennar að skilningur á því hvernig ætti að haga ættfræðiupplýsingum, þ.e. að hafa upplýsingar í sérgrunni sem þyrftu sérstakt vinnulag eða leyfi tölvunefndar til að tengja við miðlæga gagnagrunninn jafnvel þó um væri að ræða sérleyfishafann sjálfan, sá skilningur er einnig minn skilningur, þ.e. ég skildi málið nákvæmlega eins og hv. formaður heilbr.- og trn. Þetta er hins vegar í andstöðu við það sem sagt er í nál. meiri hlutans á bls. 7, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir því að ættfræðiupplýsingar verði í miðlægum gagnagrunni en þær verði geymdar í aðskildu gagnasafni og við samtengingu þeirra við heilsufarsupplýsingar í gagnagrunninum þarf að gæta sérstaks vinnuferlis sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar.“

Ég tel að þarna sé um annaðhvort vísvitandi blekkingu að ræða miðað við þá umræðu sem átti sér stað í nefndinni, hugsanlegan misskilning eða hugsanlega nýjan pólitískan þrýsting sem var til umræðu áðan um að þrátt fyrir allt eigi að hafa ættfræðiupplýsingar inni í gagnagrunninum sjálfum. Þessi misskilningur eða mismunandi skilningur er mjög bagalegur og ég tel mjög mikilvægt að þetta verði rætt ítarlega á milli 2. og 3. umr. Það er mjög mikið öryggi í því að hafa ættfræðiupplýsingarnar og erfðafræðiupplýsingarnar aðskildar, ekki síst í svo litlu þjóðfélagi og hér er, en ekki síst í ljósi þess að við vitum ekki hvernig þróunin í heilbrigðiskerfinu verður. Hugsanlega á eftir að einkavæða heilbrigðiskerfið. Í frv. er ekki enn þá inni ákvæði um að bannað sé að keyra upplýsingar fyrir tíu einstaklinga eða fleiri, það er ekki bundið. Það er því full ástæða til að læra af reynslu annarra. Þá má alveg búast við því að þessar upplýsingar fari á flakk ef til frekari einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu eða tryggingakerfinu kemur.

Þetta er mjög alvarlegt mál. Stundum er talað um að örfá örmerki þurfi, 13 örmerki held ég, til að greina einstaklinga út frá erfðafræðiupplýsingum, t.d. í dómsmálum. Sagt er að Íslensk erfðagreining ráði yfir gögnum sem innihalda 700 örmerki fyrir hvern einstakling. Það segir sig sjálft að þessi gögn mega ekki vera í miðlægum gagnagrunni. Ég geri ekki athugasemd við að sérleyfishafi stundi þessar rannsóknir ef hann hefur það í aðskildum grunnum og samtenging fer eftir viðkenndu ferli sem tölvunefnd hefur lagt blessun sína yfir. Því er mikilvægt að fara með gát að málum af þessu tagi. Ég tel að þessa umræðu verði að taka upp í heilbr.- og trn. á milli 2. og 3. umr. og ræða mjög vandlega, ekki síst ef það er rétt hjá hv. formanni nefndarinnar að hér sé pólitískum þrýstingi beitt til að breyta frv. frá því sem rætt hefur verið í nefndinni allan tímann.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að ættfræðiupplýsingar eigi ekki að vera í miðlægum gagnagrunnum heldur í sérgrunni og fyllstu öryggisráðstafana verði að gæta ef um samtengingu er að ræða. Ég ítreka að ég skildi málið eins og formaður nefndarinnar en ekki eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans.

Herra forseti. Næst vil ég fjalla um breytingartillögur þær er ég tel að skipti mestu máli um leið og ég bendi á annmarka þeirra. Ég er ánægð með breytingartillögu meiri hlutans við 4. gr., að heimilað verði að frekari greiðslur komi fyrir einkaréttinn. Að mínu mati er það spor í rétta átt að setja heimildarákvæði inn í lagagreinina sjálfa í stað þess að nefna það aðeins í greinargerð. Æskilegra hefði þó verið að þarna kæmi inn skylduákvæði, þ.e. að rekstrarleyfishafi skuli semja við ríkið um arðsemishlutdeild, t.d. á tveggja ára fresti eftir að grunnurinn væri orðinn til og farinn að skila hagnaði. Eftir að hafa ráðfært mig við nokkra lögfræðinga er mat mitt að slíkt yrði vel mögulegt eða þá að ríkið eignaðist hlutabréf í fyrirtækinu á sérleyfistímanum undir markaðsverði. Ég mun kanna hvort hljómgrunnur sé fyrir brtt. á þessari grein á milli 2. og 3. umr.

Í nefndinni var mikið rætt um að nauðsynlegt væri að allar fyrirspurnir um upplýsingar úr grunninum færu fyrir

vísindasiðanefnd. Í upphaflega frv. frá í haust var gert ráð fyrir að vísindasiðanefnd fengi þær til umsagnar eftir á. Nú leggur meiri hlutinn til brtt. við 12. gr. Hún var rædd í nefndinni og mjög mikið rætt um að ekki væri nægilegt að setja á stofn innanhússsiðanefnd til að tryggja meðferð af vísindasiðfræðilegum toga sem samræmdist viðurkenndum reglum vísindasamfélagsins. Orðalag brtt. núna tryggir því miður ekki að um sjálfstæða óháða nefnd verði að ræða, þ.e. valdið til þess að skipa og ráða samsetningu þessarar þverfaglegu siðanefndar er framselt til ráðherra. Þar sem við vitum ekki hverjir koma til með að sitja í nefndinni óskaði minni hlutinn eftir því að frv. færi í lokagerð sinni nú til umsagnar erlendra vísindasiðanefnda en því hafnaði meiri hlutinn.

Aðrar brtt. meiri hlutans eru minni háttar en þó til bóta eins og t.d. að í 8. gr. skuli skýrt tekið fram að fólk geti hvenær sem er dregið sig út eða ákveðið að vera ekki með í grunninum.

Herra forseti. Ég get tekið undir og stutt velflestar brtt. minni hluta heilbr.- og trn. og vona að samstaða náist um aðra hvora leiðina sem 1. minni hluti stingur upp á með aðgengi vísindamanna að grunninum. Auk þess sakna ég þess að ekki skuli gerð sú brtt. að skylda að taka upp ágóðaskiptingu milli ríkisins og rekstrarleyfishafa. Ég sakna þess einnig að ekki skuli skýrt tekið fram í lagatextanum að óheimilt sé að keyra upplýsingar úr grunninum fyrir færri en tíu einstaklinga, það er nú eingöngu í greinargerðinni. Um þetta atriði var sátt í nefndinni og skilningur minn sá sami og fram kom hjá nokkrum ræðumönnum í gær, að talað hefði verið um að þetta færi inn í nál. meiri hlutans. Það er hins vegar ekki gert. Því vil ég spyrja hv. framsögumann meiri hlutans, sem reyndar er ekki stödd í salnum, hvort það hafi ekki einnig verið þeirra skilningur að nefna ætti þetta ákvæði í nál. meiri hlutans. Datt þetta atriði út fyrir misskilning og væri ekki rétt að koma fram með brtt. í þá veru? Ég tel að ekki hafi verið nokkur ágreiningur um það atriði að ekki mætti keyra úr grunninum upplýsingar fyrir færri en tíu einstaklinga.

Herra forseti. Við 1. umr. málsins nefndi ég að mér fyndist álitamál hvort væri geggjaðri hugmynd, að samþykkja frv. og heimila grunninn eða hafna frv. og tilheyrandi möguleikum. Hið sérkennilega við þetta mál er að það er stórbrotið á báða bóga og erfitt að taka afstöðu til þess. Því hef ég komið að með mjög opnum huga og reynt að finna einhverja leið sem gæti sætt sjónarmið. Því miður virðist mér erfitt að sjá þá leið. Möguleikarnir með frv. eins og þeir voru fyrst kynntir eru margir. Talað var um aukna möguleika til þekkingarsköpunar, möguleika til að efla heilbrigðiskerfið og framþróun vísindanna. Ég ræddi um að til mikils væri að vinna ef framþróun erfðavísindanna á Íslandi tryggði að aldrei yrði farið út fyrir það sem talið er siðfræðilega ásættanlegt að mati vísindasiðanefnda. Ég tel að ef þetta frv. yrði til þess þá væri til mikils unnið. Ég taldi hugsanlegan möguleika að með þessu frv. sköpuðust störf fyrir fjölda manns sem mikið hafa lagt í menntun sína og eiga rétt á að fá vel launuð störf. Einnig talaði ég um að mikilvægt væri að þjóðinni tækist að nýta sér þessa auðlind, heilbrigðisupplýsingar landsmanna, sem heilmiklu hefur þegar verið kostað til við að safna og nútímaupplýsingatækni gerir kleift að nýta enn betur, til gagns fyrir heilbrigðiskerfið og vísindin.

Við 1. umr. sagði ég jafnframt að margt þyrfti að breytast í frv. til að hægt væri að ná öllum þessum markmiðum ef það væri þá hægt. Niðurstaðan nú er að þó margt hafi breyst til batnaðar þá hafi það ekki breyst nóg. Ég met það svo að frv. sé í uppnámi vegna þess að það stangast á við EES-samninginn og hugsanlega gildandi vísindasiðareglur um persónuvernd en ekki síður vegna þess að sátt hefur ekki náðst um málið meðal heilbrigðisstarfsmanna, lækna og vísindamanna sem koma til með að gegna lykilhlutverki í því að framkvæma þessa hugmynd. Í því sambandi vil ég nefna mótmæli fjölmargra heilsugæslulækna og annarra lækna sem tilkynnt hafa að þeir ætli ekki að senda gögn í grunninn. Einnig vil ég benda á yfirlýsingar samtakanna Mannverndar sem birtu m.a. mótmæli í blöðunum um síðustu helgi þar sem skírskotað var til friðhelgi einkalífsins. Þarna er um öfluga hópa að ræða sem mjög erfitt er að hunsa í þessu máli. Allir þessir hópar mæla gegn samþykki frv.

Við 1. umr. kvaðst ég mótfallin einkaleyfi sérleyfishafa til 12 ára sem sérleyfishafinn sjálfur telur nauðsynlegt til þess að fjárfestar séu tilbúnir til þess að greiða vel fyrir upplýsingar úr grunninum. Þetta er kjarni vandans. Dreifðir gagnagrunnar væru um margt æskilegri og öruggari en þá kæmu síður til stórir fjárfestar, eins og lyfjafyrirtæki sem greiða aðgangseyri að grunninum með því að fjármagna gerð hans. Sérleyfi á upplýsingum til vísindarannsókna gengur ekki upp. Í því sambandi vil ég nefna rök Mannverndar um óskrifuðu sinfóníuna sem víti til varnaðar. Á að banna öllum öðrum að spila sinfóníur næstu 12 árin jafnvel þó hún sé óskrifuð enn og við vitum ekki hvort hún verði nokkurn tíma skrifuð?

Eins og skýrt kemur fram í nál. 1. minni hluta eru einu rökin með einkarétti sérleyfishafans þau að stofnkostnaður sé mikill og óvissa ríki um hagnýtingarmöguleika þar sem um frumkvöðulsstarf og samkeppni sé að ræða sem ylli því að heildarverðmæti vegna viðskipta með upplýsingar úr grunninum yrðu minni en ella. Þessum rökum er hafnað af Samkeppnisstofnun og Lagastofnun Háskóla Íslands. Bent er á að aðrar atvinnugreinar, t.d. stóriðja, hafi mjög háan stofnkostnað og þar ríki oft óvissa í markaðsmálum. Að mati Lagastofnunar getur þetta hugsanlega samrýmst EES-reglum en það er ekki fullyrt að svo sé. Ég vil ítreka að þó ég beri fullt traust til Lagastofnunar Háskóla Íslands þá var álitið unnið að beiðni Íslenskrar erfðagreiningar.

Samkeppnisstofnun færir hins vegar sterk rök fyrir því að frv. brjóti gegn ákvæðum EES-reglna í sex liðum sem skráðir eru í nál. 1. minni hluta og ég hyggst ekki tímans vegna endurtaka hér. Þá þarf að mínu mati að skoða mjög vel í ljósi nýfallins hæstaréttardóms hvort einkaleyfið stríðir ekki einnig gegn bæði 60. og 75. gr. stjórnarskrárinnar, samanber nýfallinn dóm Hæstaréttar.

Við 1. umr. málsins lagði ég áherslu á að eitt væri að gera frv. þannig að persónuvernd samrýmdist vísindalegum vinnubrögðum og annað að koma í veg fyrir innbrot í gagnagrunninn innan frá, t.d. af þeim sem starfa við gagnagrunninn og eru skúrkar. Til að hefta þetta síðarnefnda væri langbest að setja nýja löggjöf sem bannar misnotkun á heilbrigðisupplýsingum og persónulegum upplýsingum í tölvukerfum. Því miður hefur verið neitað að afgreiða þá löggjöf samhliða þessu frv.

Herra forseti. Ég hef sagt áður og segi aftur: Til að þessi hugmynd verði ekki til að koma heilbrigðiskerfinu í uppnám og til að þessi hugmynd verði ekki andvana fædd vegna þess að læknar og sjúklingar vilji ekki taka þátt verður að nást meiri sátt um frv. Ég vil því taka undir með formanni heilbrn. og benda á ef fallið verður frá einkaleyfinu og opnað skýrar fyrir aðgengi annarra vísindamanna er líklegra að meiri sátt

náist um málið bæði innan og utan Alþingis. Ég tek undir þessi sjónarmið og vona að þetta verði skoðað á milli 2. og 3. umr. þó augljóst sé að þá verði um allt aðra hugmynd að ræða og spurning hvort það verður nægilega ábatasamt til að búa til miðlægan grunna á heilbrigðissviði fyrir einkaaðila eða ríkið. Sjálfri finnst mér líklegra að væntanlegum sérleyfishafa finnist ásættanlegra að stytta sérleyfistímann og þá yrði viðunandi að mínu mati að heimila eingöngu arðgreiðslur en skylda þær ekki en ég tel slíkt ekki ásættanlegt ef leyfið er til tólf ára.

Um þetta frv., herra forseti, má hafa mun fleiri orð. En ég ætla að láta staðar numið mjög fljótlega. Að lokum vil ég þakka fyrir sérlega gott samstarf í heilbr.- og trn. og á það jafnt við nefndarmenn og embættismenn. Ég hef sjaldan unnið að máli í nefnd þar sem jafnmikill einhugur hefur ríkt um að bæta málið með hliðsjón af mjög mörgum og gagnlegum viðtölum og athugasemdum. Leiðir minni og meiri hlutans skildu varðandi nokkur grundvallaratriði en ljóst er þó að þetta mál á sér andstæðinga í flestum flokkum og andstaðan úti í þjóðfélaginu fer vaxandi með vaxandi upplýsingu og fræðslu um málið. Sumt af því er vissulega hræðsluáróður sem ber að sjálfsögðu að varast í svo mikilvægu máli.

Sjálfri finnst mér hugmyndin enn þá spennandi og stórhuga en ég er ekki sannfærð um að þjóðin í búrinu eða þjóðin sem — ef þessi grunnur verður samþykktur — verður í vísindatímaritum lyfjafyrirtækjanna í framtíðinni, fái nægilegt fyrir snúð sinn. Ég er ekki viss um að vísindasamfélagið og heilbrigðiskerfið þoli þá ósátt sem samþykkt frv. í núverandi búningi mundi valda. Ég get því ekki stutt frv. í núverandi mynd, herra forseti, en vona svo sannarlega að sáttaleið finnist á milli 2. og 3. umr. Málið er of mikilvægt til þess að það fari í gegn í þeirri ósátt sem nú ríkir. Þá verður grunnurinn lítils virði og ekki það rannsóknartæki sem jafnvel sérleyfishafinn bindur vonir við. Er þá verr af stað farið en heima setið.

[15:21]

Útbýting þingskjala:

Einangrunar- og gæsluvarðhaldsvistun, 338. mál, fsp. MF, þskj. 429.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, 229. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 427.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 109. mál, rökst. dagskrá HG o.fl., þskj. 433.

Málefni aldraðra, 306. mál, fsp. ÞHS, þskj. 366.

Sjúkraflutningar, 337. mál, fsp. MF, þskj. 428.

Stimpilgjald, 151. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 425; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 426.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 176. mál, þskj. 419.

Tryggingagjald, 228. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 424.

Vaxtabætur af húsnæðisláni, 339. mál, fsp. SvG, þskj. 430.

[15:22]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Mál það sem við ræðum er stórmál í öllu tilliti þess orðs. Það hefur eðli máls samkvæmt áhrif á samfélagsþjónustu og margháttaða uppbyggingu samfélagsins. Því er það morgunljóst af minni hálfu að sú niðurstaða sem hið háa Alþingi mun komast að á næstu dögum, næstu vikum eða næstu mánuðum í þessum efnum mun verða niðurstaða sem íslensk þjóð mun óhjákvæmilega þurfa að búa við um eitthvert árabil.

Hér er verið að reyna að gera úr garði löggjöf sem við væntum og vonum að geti orðið undirstaða aukins heilbrigðis á Íslandi, framfara í vísindasamfélaginu og raunar um margt nýrrar tíðar í þeim málaflokkum sem þetta frv. heyrir til.

Ég tel hins vegar fullkomlega ástæðulaust, virðulegi forseti, að halda langa ræðu út í tómið. Ég vil eiga orðastað við þá sem mæla fyrir þessu máli og geri þá kröfu, áður en ég held lengra, að hæstv. ráðherra hafi hér setu og talsmaður stjórnarliða í heilbrn., því ella hygg ég að ég nái ekki eyrum þeirra. Það er mjög mikilvægt sem ég ætla að segja hér og tel raunar brýnt að koma þessum rökum á framfæri í þau eyru sem máli skipta.

Aldrei þessu vant þá geri ég kröfu til þess að hæstv. ráðherra verði viðstaddur 2. umr. Geri þar með undantekningu á þeirri venju sem ég hef gjarnan viðhaft. Hún er sú að við 2. umr. mála er þingið að fjalla um mál en ekki framkvæmdarvaldið og málið í höndum þingsins en ekki hæstv. ráðherra. Það er hins vegar hverjum manni ljóst og þarf ekkert að fara um það mörgum orðum að þessu máli er meira og minna fjarstýrt utan úr bæ, ofan úr heilbrrn. og frá öðrum aðilum utan stjórnkerfisins sem ég mun fara nánar yfir hér á eftir. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé í húsinu, ég sé aðstoðarmann hans í hliðarsal.

(**Forseti** (ÓE)**:** Ráðherra er í húsinu.)

Virðulegi forseti. Það er ekki af meinbægni sem ég bið hæstv. ráðherra að vera hér, ég held þvert á móti að ráðherrann hafi mikið gagn af því.

(**Forseti** (ÓE)**:** Við gerum ráðstafanir til þess.)

Ég efast um að hann hafi mikla gleði af því en mikið gagn af því að hlusta hér á mál mitt.

Ég sagði að málið væri spennandi og víst er svo og það er mikilvægt. Hér eru möguleikar á ferð sem menn hafa í auknum mæli á síðustu árum verið að átta sig á því að eru nánast ótæmandi.

Málið tók hins vegar óneitanlega dálítið óvænta og nýja stefnu á fyrri hluta þessa árs þegar hæstv. forsrh. — að vísu með mjög óvenjubundnum hætti — gerðist sérstakur verndari tiltekins fyrirtækis á landi og samnings þess við erlenda aðila og lét á þeim tímapunkti í veðri vaka og fullyrti raunar að hann mundi sjá um það með fólki sínu á hinu háa Alþingi að koma í gegn löggjöf sem tryggði hagsmuni þessa fyrirtækis.

Út af fyrir sig þarf þetta ekkert að koma á óvart þegar hæstv. forsrh. er annars vegar. Auðvitað hefur komið á daginn eftir því sem þessu máli hefur undið fram og fleiri hliðar þess komið upp á yfirborðið að þetta mál er ekki eins einfalt og mörg önnur sem forsrh. hefur í krafti valdsins náð að knýja fram á hinu háa Alþingi og notið til þess atbeina stjórnarliða sem hafa nánast sjálfkrafa ýtt á græna takkann í borðum þingmanna og farið að öllu leyti að vilja hans.

Það er auðvitað að endurtaka sig. Í þessu sambandi verða afleiðingarnar kannski öllu alvarlegri og taka yfir lengri tíma. Tilfinning mín er sú að hv. stjórnarliðar margir hverjir séu farnir að átta sig á því að hér hafi verið rangt kveðið og menn séu komnir í fullkomnar ógöngur í þessu máli öllu. Málið sé hins vegar það langt gengið að tæplega verði aftur snúið til þess að gera ekki hæstv. forsrh. og síðan bandamann hans, hæstv. heilbrrh., ómerkinga í málinu. Þess vegna er vaðið áfram, nánast í blindni að mínu áliti, til þess að keyra í gegn vonda hugmynd, ómögulega hugmyndafræði. Því að sannleikurinn er sá, virðulegi forseti, að menn hafa einfaldlega ekki hitt naglann á höfuðið þegar þeir hafa ætlað að stuðla

að og styrkja sjálfsagðar og mjög svo spennandi rannsóknir á vettvangi heilbrigðismála og leysa úr læðingi mörg þau öfl sem við vitum og þekkjum að eru til staðar á þessum vettvangi.

Þeir hafa lent í blindgötu. Í raun er það hugmyndafræðin en ekki eingöngu framkvæmdin sem hefur forklúðrað málinu nema hvort tveggja sé.

Ég hygg að sama gildi um mig og flesta aðra þingmenn og langstærstan hluta þjóðarinnar að allir voru af vilja gerðir til þess að reyna að koma þessum málum áfram — því að treysta, styðja og styrkja rannsóknir og söfnun upplýsinga til þess að bæta úr heilsufari, eða eiga möguleika á því að bæta úr heilsufari Íslendinga og hugsanlega fleiri. En það er með ólíkindum að aðeins á örfáum mánuðum hefur ruðningsleið stjórnarliða, hæstv. forsrh. í upphafi og síðan samherja hans í ríkisstjórninni, hæstv. heilbrrh., náð að snúa þessu máli fullkomlega á hvolf.

Ég sagði: Hugmyndafræðin er röng. Hún er náttúrlega fyrst og síðast röng vegna þess að menn höfðu strax í upphafi dottið niður á að heppilegast væri að færa þessi mál í þann búning að veita sérleyfi, veita einkaleyfi eða hvaða nafni sem menn kunna að nefna það. Ég ætla að fara orðum um það á eftir. Í þessari annars ítarlegu umræðu hefur raunverulega ekkert komist á hreint hvers konar sérleyfi er undirliggjandi, hvers konar einkaleyfi er verið að tala um og í raun og sanni fjallar þetta frv. ekkert um það hver eigi að fá það, þó í almennu tali, í þessari umræðu og í þjóðfélagsumræðu sé auðvitað öllum ljóst hver það er sem það eigi að hreppa. Það er mjög merkilegt í þessu samhengi að sá hagsmunaaðili vomir allt um kring, er hér ofarlega á baugi í umræðunni, sendir frá sér til þingmanna og þjóðarinnar heilu doðrantana. Maður opnar varla svo fyrir fréttatíma að forsvarsmaður þess fyrirtækis standi ekki til svara fyrir þetta frv. eða fyrir þá hugmyndafræði sem að baki liggur og hefur sennilega komist 10 sinnum oftar í fjölmiðla til að svara fyrir þetta frv. en hæstv. ráðherra sjálfur. Er ekki hæstv. ráðherra sammála mér um það að forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, Kári Stefánsson, er sennilega búinn að koma 10 eða 20 sinnum oftar og standa til svara fyrir þá hugmyndafræði sem hér er á ferðinni og fyrir það frv. sem hér er á ferðinni en ráðherrann sjálfur? (**Heilbrrh.:** Skammaðu fjölmiðlana.) Að ég tali nú ekki um talsmann meiri hlutans í þinginu, varaformann heilbr.- og trn., sem hefur verið svona til spari þegar hefur komið að því að standa til svara um þessa hugmyndafræði.

Maður hlýtur auðvitað að spyrja hvað orsaki þetta. Jú, jú við getum skammað fjölmiðla fyrir þetta en einhverra hluta vegna hafa þeir valið að sækja sín svör til manns úti í bæ, til forstjóra fyrirtækis úti í bæ, Íslenskrar erfðagreiningar, sem á út af fyrir sig ekki hlutdeild að þessu frv., hefur ekkert með það að gera og kemur það ekkert við, er honum algerlega óviðkomandi. Af einhverjum ástæðum hafa fjölmiðlar og þjóðin beðið eftir að hann svari fyrir það hvernig þessi hugmyndafræði eigi að ganga upp. Það er býsna merkilegt í þessari umræðu allri og fróðlegt væri að heyra skýringar hæstv. ráðherra á þessu, hvort þarna sé fjölmiðlum um að kenna, að þeir hafi bara verið að tala við rangan mann eða hvort verið geti að þessi maður hafi svörin á reiðum höndum og kunni á það hvernig þessi mál eigi að ganga fram miklu betur en þeir sem sömdu þetta frv. og eru hér að reyna að lappa upp á og laga til. Það er alvörumál.

Auðvitað hefur maður stundum heyrt af því að lagafrv. verði til í ráðuneytum, hjá embættismönnum og þingmenn hafa stundum gagnrýnt það að aðild þingmannra sjálfra, löggjafarsamkundunnar að gerð lagafrv. hefur verið býsna lítil á stundum, og ég tek undir það, og að hér séu á ferðinni embættismannafrv. í allt of ríkum mæli. Það er gagnrýnivert en sú gagnrýni hlýtur þó að verða hjóm eitt þegar menn horfa á þann veruleika sem við okkur blasir og er óneitanlegur að svo virðist sem væntanlegur einkaleyfishafi sé potturinn og pannan í gerð frv., gerð þeirra leikreglna sem hann á síðan væntanlega að leika eftir. Eða hvernig verður það skýrt öðruvísi þegar þessi annars ágæti maður kemur í hvern fréttatímann á fætur öðrum og telur sig þess umkominn að skýra út hvað átt er við með þessari og hinni grein frv., í þeim breytingum sem meiri hluti heilbr.- og trn. er að leggja til, í því sem hæstv. ráðherra sagði í fréttatímanum í fyrradag? Hann er eins og talsmaður ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og vissulega kemur maður til með að hugsa hvort hér sé nú rétt að verki staðið. Þá tala ég burt séð frá efni og innihaldi þessa frv. Hér er fullkomlega óeðlilega að verki verið og þýðir nákvæmlega það eitt að menn fyllast tortryggni.

Ég sagði áðan að þingmenn yfirleitt og þjóðin hafi verið jákvæð fyrir þessu máli en ég er hræddur um að það eigi eftir að breytast og vilji Íslendinga til að láta af hendi upplýsingar, sem hefur verið mjög mikill gegnum tíðina, geti farið minnkandi og skapast geti óeðlileg tortryggni sem menn sjá ekki fyrir hvað getur leitt af sér. Og þá veltir maður nú fyrir sér hvort þetta hafi ekki átt að vera ferðin sem aldrei var farin frekar en sú feigðarför sem mér sýnist þetta ætla að verða.

Hugmyndafræðin er röng og ég rifja það upp, virðulegi forseti, að svo mikið var kappið og svo mikill var yfirgangurinn að aðrar hugmyndir, grunnhugmyndir um aðferðafræði sem m.a. komu í frv. á hinu háa Alþingi nú á haustdögum, raunar sama dag og hæstv. ráðherra lagði sitt frv. fram, þótti ekki tækt til umfjöllunar í heilbrn. Mér er nú satt að segja til efs og var að reyna að rifja það upp með mér eldri mönnum hvort væru mörg fordæmi fyrir því að hliðstæð mál sem fjalla um sama efni og eru raunar að uppbyggingu til mjög svipuð hefðu ekki fengið hliðstæða umfjöllun á sama tímapunkti. Nei, það gerðist ekki því það var einfaldlega fellt. Það var einfaldlega fellt af stjórnarliðinu í heilbrn. þegar sú tillaga var borin upp að fjalla um frv. mitt og tveggja annarra þingmanna jafnaðarmanna um miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og rekstur tímabundinna miðlægra gagnagrunna á heilbrigðissviði. Með öðrum orðum, dreifða gagnagrunna. Ég spyr: Hvaða ótti var þar á ferðinni? Hvað var það sem gerði að verkum að meiri hluti heilbr.- og trn. taldi sig ekki þess umkominn að fara í grunnumræðu, fara í hugmyndafræðilega umræðu um það hvernig meginmarkmiðum frv. væri best náð? Ég hlýt að spyrja um það og beini spurningum mínum þar af leiðandi til hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, varaformanns nefndarinnar, hvað það var sem gerði að verkum að meiri hluti nefndarinnar taldi sig ekki þess umkominn að ræða hliðstætt frv. á sama tíma og margnefnt frv. hæstv. heilbrrh. Ég vakti sérstaka athygli á því hér á haustdögum þegar þessi mál komu til umfjöllunar á sama degi. Ég rifja það einnig upp, virðulegi forseti, að m.a.s. var andstaða við það hjá hæstv. ráðherra og hún hafði sitt í gegn á hinu háa Alþingi. Andstaða var við að ræða frv. mitt um dreifða gagnagrunna á sama degi hér við 1. umr. og frv. hæstv. ráðherra. Við hvað er þessi ótti? Er þessi samanburður svo skelfilegur að menn þora ekki að horfast í augu við hann?

Stjórnarmeirihlutinn kemst auðvitað ekkert upp með

svona bolabrögð og ég nota það orð, virðulegi forseti. Hér er um bolabrögð að ræða gagnvart þingræðinu og því hef ég lagt hér inn í þessa umræðu brtt. sem eru í 12 liðum þar sem ég færi einfaldlega inn greinar míns frv. og félaga minna um dreifða gagnagrunna í breytingartillöguformi í stað frv. hæstv. heilbrrh. og nefndarinnar. Það skal liggja alveg ljóst fyrir, virðulegi forseti, þegar Alþingi tekur grundvallarákvarðanir sínar í þessum efnum að aðrir valkostir hafi verið færir. Að önnur hugmyndafræði hafi verið á ferðinni um dreifða gagnagrunna. Ég mun fara ítarlega í það á eftir. Menn skulu hafa það alveg á hreinu að hið háa Alþingi hafði valkost, annan hugmyndafræðilegan valkost, hafði ekki einungis þá möguleika að lappa upp á og lagfæra það frv. sem hæstv. ráðherra lagði fram á vordögum og er búið að snúa og hvolfa að mörgu leyti og síðan endurnýjaða útgáfu á haustdögum sem hv. heilbrn. er búin að vera að reyna að stoppa í götin á. Þetta er grundvallaratriði, virðulegi forseti, sem nauðsynlegt er að halda mjög til haga.

Ég sagði áðan, virðulegi forseti, að hlutdeild Íslenskrar erfðagreiningar í undanfara og meðferð málsins fyrir hinu háa Alþingi er mér óskiljanleg og ég átta mig ekki alveg á aðkomu þess fyrirtækis að frv. Menn leiðrétta mig þá ef einhvers staðar er að finna í greinum frv. tillögu þess efnis sem sýnir aðkomu Íslenskrar erfðagreiningar að málinu. Eru Kári Stefánsson eða hans menn einhvers staðar nefndir hér til sögunnar sem gerir að verkum að þeir sérstaklega skuli hafa beina aðkomu að málinu? Menn skulu þá sýna mér þá setningu.

En við þingmenn, og ég ekki þar undanskilinn, viljum auðvitað hlusta á athugasemdir og ábendingar þeirra aðila sem málið þekkja. Þær eru af ýmsum toga og stundum eru þessar ábendingar þannig að þeir aðilar sem að málinu koma hafa beinna hagsmuna að gæta. Stundum er um akademískan áhuga að ræða. Það er af ýmsum hvötum sem menn koma að málum sem þessum en það er mjög eftirtektarvert að þeir fjölmörgu aðilar sem hafa skilað inn áliti sínu, oftast umbeðnir, til heilbrn. Alþingis, stundum óumbeðnir hygg ég vera, hafa sett þetta upp á mjög skemmtilegan hátt, virðulegi forseti, ég veit ekki hver hefur gert þetta en þetta glöggvar málið mjög þar sem þessir aðilar eru tugir talsins. Þetta er síðan litað með litum. Þeir sem eru andvígir þessari grundvallarhugmyndafræði eru rauðir en hinir grænir og svona lítur þetta út hafi virðulegur forseti og hæstv. ráðherra ekki séð þessi litabrigði. Það er augljóst mál að græni liturinn er ekki mjög víða hér. Svoleiðis verður það vonandi í kosningunum líka, látum vera með það. Græni liturinn er hins vegar allsráðandi neðst á þessu plaggi því þar stendur að aðilar tengdir Íslenskri erfðagreiningu sendu álit sem greidd eru af Íslenskri erfðagreiningu. Þar eru merkir aðilar sem senda þessa umsögn en þar er hún græn og vekur það sérstaka athygli að þar skiptir um lit þegar aðilar tengdir Íslenskri erfðagreiningu senda sjónarmið sín inn til heilbrn. Alþingis. Ég heyrði það í orðræðum tveggja þingmanna áðan að þeir rökræddu eilítið hvort það skipti máli að umsagnaraðilar fengju greitt fyrir vinnu sína eður ei. Það getur orkað tvímælis að minni hyggju en auðvitað skiptir það nú nokkru hver greiði fyrir. Ég held það gefi augaleið og það skiptir máli í þessu samhengi. Yfirleitt er það nú að frumkvæði þingnefnda að sækjast eftir álitum þótt enginn banni að menn komi hér að fyrra bragði og sendi inn sjónarmið sín, þá kann ég ekki að svara því en kannski geta stjórnarliðar í heilbrn. svarað mér því hvort sérstaklega hafi verið beðið um þessar umsagnir frá Íslenskri erfðagreiningu eða þær umsagnir sem Íslensk erfðagreining hefur sérstaklega kallað eftir og stundum hugsanlega greitt fyrir án þess að ég geti nokkuð fullyrt um það. En það setur málið kannski í annan búning, ég held enginn geti deilt um það og svona lítur þetta út, hv. þm. Þetta er auðvitað athyglivert og ég vil árétta enn og aftur, virðulegi forseti, undir hvaða formerkjum við ræðum þetta mál.

Virðulegi forseti. Í framsögu meiri hluta heilbr.- og trn., sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir flutti og er hún nú hrokkin úr salnum, því nú er mér alger nauðsyn á að hún hlýði á mál mitt því ég ætla að vitna til orða hennar hér. Nú vantar mig eyru hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur.

(**Forseti** (ÓE): Við gerum ráðstafanir.)

Ég ætlaði að vitna til framsögunæðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, þar sem hún segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Að mínu mati ber stjórnvöldum skylda til að opna möguleika á uppsetningu og notkun slíks gagnagrunns. Af hverju? Jú, áhættan sem í slíku felst er eiginlega engin."

„Eiginlega engin." Orðið „eiginlega" fær mig til að staldra eilítið við og ég bið hv. þm. að útskýra hvað átt er við með því. Maður heyrir stundum börn tala um að þau séu eiginlega svona og eiginlega hinsegin. Hvaða tilgangi þjónar þetta „eiginlega" þarna? Er þarna áhætta á ferðinni eða ekki? Ég bið hv. þm. að skýrgreina fyrir hvað þetta „eiginlega engin" þýðir. Ég hef ákveðnar skoðanir á því. Ég tel að áhættan sé mikil, ekki eiginlega mikil, aðeins mikil. Ég ætlaði að biðja hv. þm. að útskýra fyrir mér hvaða tilgangi þetta eiginlega þjónar. Er verið að draga úr því að áhættan sé einhver? Felst í þessu áhætta eða ekki? Við getum ekki látið svona atriði liggja á milli hluta með orðinu „eiginlega". (**SF:** Stjarnfræðilega.) Stjarnfræðilega, segir hv. þm., að orðið eiginlega eigi við að stjarnfræðilegar líkur séu á því. Það er skýringin á þessu „eiginlega", að það séu stjarnfræðilegir möguleikar á því að áhætta felist í þessu frv. Þetta er býsna merkileg yfirlýsing og er best að halda henni til haga þegar við förum í efnisleg atriði þessa máls.

Ekki verður undan því vikist að horfa aðeins á samfélag okkar og stjórnmál í þessu samhengi. Hér er samfélagið allt undirlagt af umræðu um fiskveiðistjórnarkerfi og úrskurð Hæstaréttar í þeim efnum. Þar ræða fræðimenn og þingmenn um áhrifin sem þessi úrskurður Hæstaréttar geti haft á framtíðarskipan þeirra mála. Um það getur enginn fullyrt á þessu stigi málsins. Það eina sem við hljótum öll að vera sammála um er að þau mál séu áminning til okkar hv. þm. að vanda vel til lagasmíða og tryggja a.m.k. að lög stangist ekki á við alþjóðaskuldbindingar, önnur lög eða stjórnarskrána.

Það var athyglisvert að annar oddviti ríkisstjórnarinnar, hæstv. varaforsrh., formaður flokks hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, taldi í fyrstunni koma til álita að breyta stjórnarskránni fyrst Hæstiréttur gerði athugasemdir við lög um fiskveiðistjórn Íslands. Það sýnir kannski fyrst og fremst virðingarleysi þessarar ríkisstjórnar gagnvart lögum í landinu, gagnvart grundvallargildum sem ég hefði haldið að væru í hávegum höfð í okkar lýðræðissamfélagi. Nei, nei, við skulum bara breyta stjórnarskránni fyrst Hæstiréttur er að blanda sér í mál ríkisstjórnarinnar.

Hið sama er uppi í umræðunni nú þegar ríkisstjórnin fer fram eins og fíll í glervöruverslun við að selja eignir þjóðarinnar, hvort sem það er Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, Búnaðarbankinn, Landsbankinn eða hvað eina. Það er í gangi brunaútsala hjá þessari ríkisstjórn. Verðið þetta, verðið hitt — við hlýddum á það með mikilli athygli í dag, virðulegi

forseti, hvernig hv. stjórnarliðar nálgast þau viðfangsefni. Maður spyr sig sig: Er það tilviljun með þessi tvö mál sem ég nefndi hér til sögunnar? Nei, auðvitað ekki.

Hér er þriðja málið á dagskrá og lýtur nákvæmlega sömu lögmálum. Þar er engu eirt. Hausinn er settur undir stjórnarliðið, það bolast áfram og fremstur í fylkingu fer hæstv. forsrh. og stjórnarliðið. Varadekkin skulu öll fylgja eftir hvað sem tautar og raular. Finnst mönnum það spennandi valkostur fyrir hið háa Alþingi eftir úrskurð Hæstaréttar að afgreiða frv. um miðlægan gagnagrunn í jólamánuðinum án þess að svara öllum þeim spurningum sem enn hefur ekki verið svarað og þeim álitamálum sem menn vilja ekki eða geta ekki leyst. Á að gefa út óútfyllta ávísun á að hér logi allt í málaferlum, kærum og uppákomum á nýju ári? Finnst mönnum þetta virkilega spennandi valkostur, virðulegi forseti?

Ég neita að trúa að menn séu fúsir til þess að ganga þannig frá málinu. Ég neita að trúa því og hlýt að ætla að stjórnarliðar vilji vanda sig við þessa lagasmíð. Auðvitað getum við ekki annað en velt vöngum yfir því að hér eigi tilgangurinn að helga meðalið, menn hafi læst sig í yfirlýsingum í veislum uppi í Perlu á fyrri hluta þessa árs og hér skuli engu eirt uns það loforð er efnt með góðu eða illu. Mikil lifandis skelfing, ef það reynist satt vera þá leggst lítið fyrir hv. stjórnarliða að láta draga sig í þessa eyðimerkurgöngu. Það er nöturlegt hlutskipti. Enn og aftur, hvort sem það er tilviljun eða ekki, kemur það í hlut Framsfl. í þessu ríkisstjórnarsamstarfi að draga þann vagn. Hæstv. heilbrrh. er í hlutverki þess sem dregur vagninn og samstarfsaðilar hennar og flokksmenn eru þar til aðstoðar. Það er nöturlegt hlutskipti og ég tel, virðulegi forseti, að þetta sé aðeins reykurinn af réttunum.

Einu skal ég lofa í þessari umræðu. Það skal ekki standa á mér eða félögum mínum að halda þessu virðingarleysi stjórnarliða fyrir lögum og rétti, lýðræði í landinu, hátt á lofti í vetur, á útmánuðum í þeirri kosningabaráttu sem fram undan er. Ég er handviss um að eftir eigi að standa í mörgum stjórnarliðanum þegar hann kemur út á hinn víða völl, úr hinu sumpart verndaða andrúmslofti Alþingis og þarf að svara til saka, svara með rökum spurningum um þau þrjú mál sem ég gerði sérstaklega að umtalsefni, þ.e. kvótamálið, einkavæðingu bankanna og gagnagrunnsfrv. Þessi þrjú mál verða höfuðþemu þeirrar kosningabaráttu sem fram undan er. Ég ætti sem stjórnarandstæðingur að vera eins og púkinn á fjósbitanum og gleðjast yfir því að stjórnarliðar eru á hraðri leið inn í myrkrið, rennandi sér í hyldýpið og ætti auðvitað að gleðjast yfir því. (**EOK:** Samþykktir þú ekki kvótafrv.?)

Af því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur mikinn áhuga á kvótanum eins og ég veit, þá var sá sem hér stendur ekki kominn á þing og hafði ekki tök á því að taka afstöðu til kvótakerfisins. (Gripið fram í.) Ég á heldur ekki hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtæki eða neinum banka svo að það liggi alveg ljóst fyrir. (Gripið fram í.) Ég greiði skatta mína eins og hver annar launamaður. Þetta eru ekki aðalatriði málsins heldur andrúmsloftið sem við ræðum þetta mál í. Ég hélt eitt andartak að stjórnarliðar mundu hugsa sig tvisvar um, mundu segja við sjálfan sig: Við erum í erfiðum málum í þessu stærsta hagsmunamáli þjóðarinnar, kvótamálunum og fiskveiðistjórninni. Það er ekki allt með felldu í þessum einkavæðingaræðibunugangi í bankakerfinu. Eigum við ekki að velta aðeins vöngum yfir gagnagrunnsmálinu, þriðja stóra málinu? Eigum við ekki aðeins að anda með þessu áður en við látum slag standa? Nei, nei, hér á að ana fram og klára málin á myrkustu dögum ársins, fyrir 20. þessa mánaðar. Það færi sennilega vel á því, virðulegi forseti, að hið háa Alþingi kláraði þetta mál á skemmsta degi ársins þar sem myrkrið væri algert.

Virðulegi forseti. Hvað er svona slæmt í þessu máli og gerir það að verkum að inngangsorð mín eru svo alvöruþrungin? Í fyrsta lagi er það að taka eigi grundvallarákvörðun um það strax í upphafi að veita einkaleyfi. Í gær og raunar í dag fór fram gagnmerk umræða um það. Þar voru þátttakendur m.a. í gær hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og í dag hv. þm. Tómas Ingi Olrich. Það var auðvitað einkar fróðlegt að fylgjast með orðaskiptum þessara frjálshyggjumanna ríkisstjórnarflokkanna sem, þegar þeim hentar, snúast algerlega á hvolf í grundvallarafstöðu sinni og verja með feikna krafti að við ákveðnar aðstæður, t.d. í þessu máli, sé sjálfsagt að veita einkaleyfi.

Samkeppnislögmál eiga ekki við í þessu samhengi. Af hverju ekki? Jú, hér er um svo stóra fjárfestingu að ræða. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði að um svo stóra fjárfestingu væri að ræða að ekki væri hægt annað en veita einhverjum einkaleyfi, og þá væntanlega Íslenskri erfðagreiningu. Öll rök hníga að því og mann er farið að gruna að þeir í Íslenskri erfðagreiningu eigi einhverja aðild að þessu, miðað við allan póstinn sem frá þeim kemur. Þá er þessi verndarstefna allt í einu í lagi.

Ég spyr hv. þm. sem hélt magnþrungna ræðu í utandagskrárumræðum um bankamál hvort öðru máli gegni um samkeppni í vísindasamfélaginu, um rannsóknir, um gagnagrunna en um fjármál þjóðarinnar. Er þá allt í lagi með þessa verndarstefnu og einkaleyfi næstu 12–15 árin? Ég er hér að tala um hv. þm. Einar Odd Kristjánsson í þessu sambandi. (**EOK:** Ég er næstur á mælendaskrá.) Það verður mjög fróðlegt að heyra hvort hann sé sérstakur aðdáandi verndarstefnu á þessum vettvangi en ekki á öðrum.

Framsfl. talar út og suður þegar að þessu kemur. Það fer eftir því með hverjum hann starfar í ríkisstjórn. Stundum er hann vinstri flokkur og stundum hægri flokkur. Nú er hann frjálshyggjuflokkur og fær auðvitað bágt fyrir í komandi kosningum. Það getur vel verið að hann breytist eftir þær og verði þá frjáls félagshyggjuflokkur á nýjan leik. Guð láti gott á vita, að hann lagist í þessum efnum en það er ekki á vísan að róa í því frekar en fyrri daginn. Hann er bara svona og við því er ekkert að gera.

En blessaður Sjálfstfl., sem verið hefur manni höfuðverkur í gegnum tíðina og ekki undarlegt, er stundum ekki ólíkur blessuðum framsóknarmönnunum. Það fer eftir því hvernig maður hittir á þá. Stundum er samkeppnin allra meina bót en þegar sérstakir aðilar eiga í hlut og það passar, þá er þessi verndarstefna allt í lagi. Þá ræður pilsfaldakapítalisminn, sem að mínu áliti er versti kapítalismi sem til er því að hann er undir pilsfaldinum, hann er ekki sýnilegur. Nákvæmlega það er að gerast hér. Það eru ekki aðeins fjárhagsleg rök sem ég ræði hér. Þau eru ekki síður siðferðileg því hin siðferðilegu rök eiga enn frekar við í sambandi við aðgengi að þessum upplýsingum.

Gætum að því, af því að þetta hefur allt verið á brauðfótum hjá hv. stjórnarliðum þegar kemur að skilgreiningum, að í málinu er margt nýtt. Hver hafði heyrt þetta hugtak, gagnagrunnur, notað í daglegu tali fyrir einhverjum árum síðan? Virðum mönnum það til vorkunnar að þeir vita ekki nákvæmlega hvað stendur að baki hugtökunum. En eigum við hins vegar ekki að koma á hreint hvað þetta sérleyfi

mundi þýða. Hvað þýðir það? Ég las með mikilli athygli, raunar hef ég séð svipaðar hugleiðingar áður og síðar, grein Boga Andersens í Morgunblaðinu föstudaginn 4. desember. Þar er hann einmitt að hugsa upphátt og spyrja eins og ég: Hvers konar einkaréttur eða sérréttur er þetta? Hann segir réttilega að einkaréttur á gagnagrunna á heilbrigðissviði geti átt við þrjú mismunandi fyrirbæri.

Í fyrsta lagi hefur því verið haldið fram að einkaréttur á gagnagrunni jafngildi einkaleyfi á grundvelli uppfinningar, þ.e. patenti. Er átt við það hér að þetta fyrirtæki sem sífellt er á vörum manna en á enga aðild að málinu hafi fundið upp patent? Þá er því náttúrlega til að svara að það hægt er að fá það einkaleyfi skráð annars staðar en hjá hinu háa Alþingi. Ég veit ekki til þess að hv. alþm. skrifi upp á svona patent og að löggjafann þurfi til þess að negla það niður í viðamikilli löggjöf að maður hafi fundið upp hjólið eða eitthvað ámóta. Nei, ég hygg að það geti tæpast átt við í þessu samhengi. Eða er það svo, virðulegi forseti? Ég vil að hann beini þeirri spurningu til hæstv. ráðherra.

Er hér verið að verðlauna eitthvert fyrirtæki, Íslenska erfðagreiningu og Kára Stefánsson fyrir að hafa fundið upp patent, fyrir að hafa fundið upp hjólið, fyrir að hafa látið sér detta það í hug að safna öllum upplýsingum saman í einn gagnagrunn? Ég spyr: Var honum ekki vísað rétta leið til þess að fá þetta patent sitt skráð? Þarf Alþingi Íslendinga að gefa honum þann gæðastimpil? Ég held hins vegar að hér sé tæpast um það að ræða að menn geti með góðri samvisku og gildum rökum komist að þeirri niðurstöðu að þetta fyrirtæki eða önnur yfirleitt sem ég kann skil á hafi fundið upp miðlægan gagnagrunn. Nei, það getur varla verið.

Tilgreindur Bogi Andersen heldur áfram og veltir fyrir sér hvort hér sé jafnvel verið að fjalla um hugtakið einkarétt í skilningi höfundarréttar, þ.e. í skilningi „copyright". Það er náttúrlega spurning hvort hér séum við að veita „copyright" á gagnagrunni, á þessari hugmynd. Finnst mönnum það mjög líklegt að Alþingi Íslendinga búi til viðamikið frv. til þess að veita einstaklingum eða fyrirtækjum „copyright"? Ég held að það sé varla um það að ræða. Ég held að menn geti með nokkuð klárum og gildum rökum fullyrt að ekki er um það að ræða í þessu frv. að menn ætli að veita Íslenskri erfðagreiningu eða öðrum fyrirtækjum „copyright". Nei.

Þá er kannski þriðja atriðið, þ.e. að í þessu frv. sé byggt undir það að stjórnvöld hyggist veita rekstrarleyfishafa séraðgang, á enskunni „exclusive licensing/rights", til þess að byggja upp gagnagrunn í friði frá öðrum. Kannski erum við að nálgast kjarna málsins. Það væri fróðlegt að fá það kvitt og klárt hvers konar leyfi hið háa Alþingi er að gera kleift að veita. Það er algjörlega óhjákvæmilegt annað en að menn standi fullkomlega klárir á þessu atriði. Það þýðir ekkert að koma hér og ræða óljóst um það að einhverjir aðilar framar öðrum hafi frumkvæðisrétt og að þeim hafi fyrst dottið í hug eða sýnt fram á að þeir gætu betur en aðrir byggt upp gagnagrunn eða gert hitt eða annað. Það dugir ekki. Við erum að tala um lagatexta og menn eiga að hafa lært það frá síðustu viku að hér þurfa hugtök og skilgreiningar að vera algerlega kórréttar. Ég vil því biðja hæstv. ráðherra og ef hún þarf hjálp frá hv. talsmanni meiri hluta nefndarinnar að gera mér það ljóst hvers konar sérleyfi hér er á ferðinni.

Bogi Andersen heldur áfram og veltir því réttilega fyrir sér hvort þetta „exclusive licensing/rights," þessi sérleyfi eða séraðgangur, sé þá ekki svona svipað því og við þekkjum þegar Póstur og sími hafði einn og sér leyfi til þess að dreifa pósti og hefur það raunar sumpart enn þá í stórum stíl eða eitthvað svipað því þegar sérleyfishafar í landflutningum fá einir að keyra með farþega milli tiltekinna staða. Raunar var eitt mál af þeim toga til umræðu um daginn. Er þetta þess konar leyfi sem við erum að ræða um og sem frv. kveður á um? Geta flutningsmenn frv. og þeir sem um það hafa fjallað svarað því algerlega skýrt og klárt?

Ég velti því upp eins og ágætur Bogi Andersen sem er kannski enginn venjulegur Bogi því hann er sérfræðingur í sameindaerfðafræði og lyflæknisfræði við læknadeild Kaliforníuháskóla í San Diego, hvernig það geti farið heim og saman þegar menn hafa þetta séraðgönguleyfi, hafa rétt til þess að keyra einir milli Akureyrar og Reykjavíkur, hvernig menn geti þá lofað því fyrir fram að aðrir geti fengið að keyra þessa rútu líka. Gengur það upp? Á kannski ekkert af þessum þremur atriðum við í þessu samhengi? Erum við að finna hér upp alveg nýtt leyfi, sérstakt leyfi, fyrir Kára Stefánsson og Íslenska erfðagreiningu, eitthvað sem við höfum ekki vitað af fyrr? Við þessu vil ég fá svar því að þetta er grundvallaratriði í málinu. Menn verða að glöggva sig mjög klárlega á þessu því að á þetta mun reyna algjörlega í grænum hvelli.

Það er einkar fróðlegt í þessu samhengi beinlínis að þessi aðili, sem er ekki aðili að málinu samt, er enn þá að senda pappíra og nú síðast, skilst mér, í gær eða fyrradag og þá til háskólasamfélagsins þar sem hann er að skýrgreina það hvað hv. stjórnarliðar eru að segja á Alþingi og gera háskólasamfélaginu betur grein fyrir því hvað hv. þingmenn ríkisstjórnarflokkanna eru að meina. Haldið þið að það sé hugguleget að í miðri umræðu um þetta mál er þetta sérstaka fyrirtæki og forsvarsmenn þess að senda út pappíra hingað og þangað og skýrgreina það hvað hv. þingmenn eru að meina þegar þeir segja þetta eða segja hitt. Það eru dáindis skilaboð sem hið háa Alþingi er að fá á þennan hátt.

Ég ætlaði að skoða eitt eða tvö atriði í þessum pappír sem barst háskólasamfélaginu. Það var einkar athyglivert í þessu samhengi, alveg sérstaklega fróðlegt, að líta á það því að þar er þessi aðili sjálfur að reyna að glöggva háskólasamfélagið og vísindasamfélagið íslenska á því hvers konar aðgengi það hefði að gagnagrunni Íslenskrar erfðagreiningar. Þeir eru sem sagt sjálfir, núna áður en við afgreiðum þetta mál út úr þinginu — við erum í miðri 2. umr. — farnir að útskýra hvað aðgengi annarra að gagnagrunninum þýði. Þessi sending hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Vísindamennirnir munu geta notað gagnagrunninn til hvers kyns rannsókna í samkeppni við sérleyfishafa, í samvinnu við sérleyfishafa eða án tillits til sérleyfishafa svo fremi sem virtur sé einkaréttur sérleyfishafa til að markaðssetja niðurstöður rannsóknanna og afleiddra rannsókna."

Ég les þetta aftur, virðulegi forseti. Þetta er einkar merkileg yfirlýsing hjá hinum væntanlega sérleyfishafa. Hann er þegar farinn að búa til reglurnar fyrir þá sem vilja sækja upplýsingar í sjúkraskrár og hinn samræmda gagnagrunn og hans reglur eru bara svona, með leyfi forseta:

„Vísindamennirnir munu geta notað gagnagrunninn til hvers kyns rannsókna í samkeppni við sérleyfishafa, í samvinnu við sérleyfishafa eða án tillits til sérleyfishafa ..." Þetta hljómar allt alveg ágætlega. En svo kemur rúsínan í pylsuendanum: „... svo fremi sem virtur sé einkaréttur sérleyfishafa til að markaðssetja niðurstöður rannsóknanna og afleiddra rannsókna."

Það er aldeilis hvati til þess fyrir íslenska vísindamenn sem standa utan Íslenskrar erfðagreiningar að ráðast í viða-

miklar, flóknar og erfiðar rannsóknir þegar þeir eiga það alltaf undir sérleyfishafanum að hann hafi síðasta orðið um það hvernig markaðssetningu verði háttað og hvernig markaðssetning afleiddra rannsókna líka verði háttað. Ég spyr beint, virðulegi forseti: Er lýsing þessa fyrirtækis, sem er ekki aðili að þessu frv., rétt? Er Íslensk erfðagreining að lýsa viðhorfum hæstv. ráðherra og stjórnarmeirihlutans í Alþingi þegar hún ræðir um aðgengi vísindaheimsins að þessum gagnagrunni sem enginn veit hver á að reka en væntanlega mun verða í höndum Íslenskrar erfðagreiningar, eða er hér bara um að ræða einhverjar vangaveltur á blaði hjá Kristjáni Erlendssyni. Kristjáni Erlendssyni! Bíðum nú aðeins við. Kristján Erlendsson. Hann var til skamms tíma, ekki satt, skrifstofustjóri í heilbrrn.? Eitthvað kannaðist ég við þetta nafn. En hann sendir bréfið eins og einhver hafði sagt mér. Ég hafði reyndar ekki trúað því að það væri satt. Hann er kominn til Íslenskrar erfðagreiningar og hefur gert það einhvern tíma núna á haustdögum væntanlega. Þetta er prýðilegur maður. Er mikið rennsli þarna á milli, virðulegi forseti, ráðuneytisins og Íslenskrar erfðagreiningar? (**Gripið fram í:** Alveg rosalega.) Hefur ráðuneytið kannski verið að fá eitthvað af fólki frá Íslenskri erfðagreiningu eða fara menn svona í námsleyfi sitt á hvað? Eru svona námskipti eða eitthvert beint samstarf þarna á milli. Þetta er sérstaklega athyglivert. En ég spyr samt hvort þessi lýsing Kristjáns Erlendssonar, fyrrum skrifstofustjóra í heilbrrn. fram til hausts, sé samkvæmt skilningi heilbrrn., þ.e. hæstv. ráðherra?

Af því að ég er með þetta plagg við höndina þá langar mig líka að spyrja um aðra merkilega yfirlýsingu frá þessum ágæta manni, Kristjáni Erlendssyni, sem var starfsmaður heilbrrn. og hefur sennilega verið það í vor þegar allt þetta var að fæðast. Hann er farinn núna. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frumvarpinu er ekkert sem túlka má sem rof á þeim trúnaði. Ef eitthvað er þá mundi gagnagrunnurinn frekar auka á persónuvernd við rannsóknir byggðar á upplýsingum úr sjúkraskrám en nú er eða yrði með kerfi dreifðra gagnagrunna."

Hér er verið að gefa til kynna að Íslensk erfðagreining ætli sér ekki að hafa dreifða gagnagrunna. Ég hef ávallt skilið þetta þannig að þeir fjölmörgu gagnagrunnar sem til staðar eru héldu áfram að vera það og þvert á móti ætlaði einkaréttarleyfishafinn að byggja þá upp, staðla, samræma og halda þeim til haga og sífellt sem ferskustum og bestum. Ég spyr þá: Ber að skilja þetta svo að einkaréttarleyfishafinn væntanlegi ætli sér að láta aðila sem mata miðlæga gagnagrunninn gera það bara þráðbeint, og leggja niður þessa gagnagrunna hér og þar og alls staðar? Það er ekki hægt að skilja það öðruvísi því að hér er gefið til kynna að það sé svo mikil hætta á því, að vísu að mati Íslenskrar erfðagreiningar, að persónuvernd og trúnaður verði rofinn ef dreifðir gagnagrunnar væru líka til staðar ásamt hinum miðlæga. Þetta er náttúrlega einkar athyglivert og varpar nýju ljósi á málið. Ber þá að skilja þetta svo varðandi þá gagnagrunna sem eru fjölmargir til, til að mynda á Ríkisspítölunum, til að mynda á heilsugæslustöðvum og víðar og víðar, að hér eftir eigi læknar á þessum stofnunum sem taka um það ákvörðun að vera hlutaðeigendur í þessum sameiginlega miðlæga gagnagrunni að senda þessar upplýsingar þráðbeint til Kára Stefánssonar og Co. og eigi ekkert að huga að því að halda við þeim grunnum sem til staðar eru? Samkvæmt þessu er það svo hættulegt. Það má ekki láta þessar upplýsingar liggja úti í héraði. Það má ekki láta þessar upplýsingar liggja hjá þeim læknum og heilbrigðisstarfsmönnum sem búa þær til. Nei, þetta á að renna allt inn í hinn miðlæga gagnagrunn.

Skil ég þetta vitlaust? Nei, ég skil þetta alveg rétt af því að þetta stendur hér. Eða er hinn væntanlegi einkaréttarleyfishafi eða sérleyfishafi eða séraðgangsleyfishafi að tala tóma vitleysu? Eða skilur hann frv. öðruvísi en þeir hv. þingmenn sem eru að mæla fyrir því? Ég hef tekið sérstaklega eftir því, og taldi það satt að segja vera grundvallaratriði í þessu öllu saman, að menn ætluðu vitaskuld að halda þrátt fyrir allt til haga hinum dreifðu gagnagrunnum, menn ætluðu ekkert að eyðileggja þá eða leggja niður, heldur ætluðu þeir að láta þá vaxa upp og hafa af þeim hugsanleg not.

En hér kveður við allt annan tón. Hér er fullyrt að það sé allt of varhugavert með tilliti til trúnaðar og persónuverndar. Það hlýtur að þýða að þessi sérleyfishafi ætli sér að fara þess á leit við stjórnvöld þegar þetta frv. verður afgreitt, að þeir virki ekkert lengur eða meira. Þetta er alveg ný sýn á þetta mál og vekur alveg sérstaka athygli.

Nú þekkir hæstv. ráðherra þennan bréfritara betur en ég, Kristján Erlendsson, en það sem ég þekki til hans veit ég vel að þar fer traustur og góður maður sem fer ekki með neitt bull eða neinn þvætting, hann kemur til dyranna eins og hann er klæddur. Ef hann gerir það þá er hann að klæða þetta í allt annan búning en nokkru sinni ráðherra og meiri hluti þingheims, það er bara ekki flóknara.

Það er dálítið merkilegt, virðulegi forseti, í þessu samhengi hvers kyns réttur er á ferðinni — eða óréttur því að það má eiginlega snúa því við — þegar menn ræða um eiginleika þessa einkaréttar eða sérleyfis eða hvað menn nú kalla það, að hann hverfur alltaf þegar einhver tekur á honum. Það var til að mynda mjög athyglivert þegar menn ræddu það eilítið í gær og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir fór að velta því upp í andsvörum við upphaf umræðunnar að Siv Friðleifsdóttir svaraði því einfaldlega þannig til að ekkert væri um einkaréttinn í lögunum sjálfum og að nú væri þessi frumkvæðisréttur og það væri eitthvað sem síðar meir ætti að verða til sem leiddi í ljós hvers kyns réttur væri á ferðinni.

Ráðherrann og raunar held ég að hv. þingmaðurinn — og hann leiðréttir mig þá — hafi líka talað um afnotarétt í þessu sambandi. Það er náttúrlega alveg nýtt í þessu samhengi. Við þekkjum allar þær vangaveltur og öll þau lögfræðilegu álitamál sem uppi hafa verið um þennan afnotarétt þegar hann er ekki nægilega vel skilgreindur, hvorki hvað varðar tíma, umfang né gjaldtöku, það þekkja menn af fiskveiðistjórnarkerfinu. En einkarétturinn og sérleyfið og afnotarétturinn og frumkvæðisrétturinn og hvaða nöfnum sem menn hafa nefnt þetta, allt er þetta á miklu reiki og menn hafa ekki fengið neina fótfestu sem er algjört grundvallaratriði í þessu samhengi.

Af því við erum að tala um réttindi í þessu sambandi, og þá er ég ekki að tala núna um réttindi þessa væntanlega einkaréttarleyfishafa eða sérleyfishafa heldur réttindi sjúklinga, er það býsna frumleg og nýstárleg nálgun og sumpart ný í umræðunni sem kemur hjá þessum ágæta manni Boga Andersen, sem ég hef staldrað hér eilítið við og vitnað í, þegar hann talar um rétt sjúklinganna, sem búa til þessar upplýsingar, til þess að veita þessar upplýsingar fleirum en þessum eina, fleirum en þessum sérleyfishafa. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld hafa engan rétt til að takmarka rétt þeirra sem vilja að heilsufarsupplýsingar þeirra nýtist í öllum rannsókn-

um og gagnagrunnum sem fengið hafa samþykki síðanefnda og geta orðið að gagni."

Þetta er kjarnaatriði. Þetta er auðvitað algjört grundvallaratriði. Það er ekki eingöngu að við séum að ræða hér rétt fólks til þess að hafna því að upplýsingum um það verði skellt inn í gagnagrunn eða gagnagrunna, heldur verðum við einnig að tryggja rétt fólks til þess að þessar upplýsingar nýtist á fleiri stöðum en einum en verði ekki læstar inni hjá sérleyfishafa. Þetta er algjört grundvallaratriði og ég spyr hæstv. ráðherra í þessu sambandi og vænti þess að hann hafi, eins og ég, lesið Morgunblaðsgrein Boga Andersens með mikilli athygli, ég vil spyrja hann sérstaklega um þessa hlið málsins. Hvernig hæstv. ráðherra og hvernig þetta frv. tryggir rétt sjúklinga og almennings til þess að upplýsingar um þá, allra sjúklinga sem það kjósa, geti nýst öllum og í þeim fjölmörgu rannsóknum sem eru á ferðinni hverju sinni. En ekki bara einhverjum tilteknum samkvæmt aðgöngumiðakerfi Íslenskrar erfðagreiningar. Hvernig er þetta tryggt í frv.? Ég fæ það ekki séð.

Ég sagði, virðulegi forseti, að svo virtist sem öllum leiðum væri beitt til þess að koma málinu áfram og í höfn, að sönnu ekki heilu í höfn, og ég nefndi það áðan, virðulegi forseti, að tilgangurinn helgi meðalið. Ég trúði því hins vegar ekki fyrr en ég tek á núna í 2. umr. að menn ætluðu sér að fara með blekkingar og hálfsannleik og hvíta lygi í lagatexta. Þá er ég einfaldlega að vísa til þess sem segir í 1. gr. þessa frv. um ópersónugreinanlegar heilsufarsupplýsingar. Ég sagði við 1. umr. að allir fræðimenn viðurkenndu að ekkert væri til sem héti ópersónugreinanlegar upplýsingar. Það getur vel verið að eitthvað sé til sem heitir eiginlega ópersónugreinanlegar upplýsingar þannig að ég vísi aftur til þessa lykilsorðs hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, að það sé eiginlega ópersónugreinanlegt. Það er kannski nær lagi. (**Gripið fram í:** Stjarnfræðilega.) Stjarnfræðilega ópersónugreinanlegar upplýsingar? Það er þá alveg nýtt í íslenskum lögum að nota það hugtak.

En þetta er hins vegar rangt. Það er grafalvarlegt mál ef við ætlum að láta frá okkur fara lagatexta sem er bókstaflega rangur og ósannur og þýðir það eitt að verið sé að blekkja fólk. Ég þykist þó þekkja hv. þingmenn, marga hverja, í stjórnarliðinu svo vel að þeir muni ekki með eigin vilja vera þátttakendur í slíkum blekkingarleik. Taki menn nú eftir á nýjan leik og við skulum fara í sjálft höfuðbólið, ekki til meiri hluta heilbrn., ekki til hæstvirts ráðherra, heldur enn og aftur í Íslenska erfðagreiningu, því að menn höfðu auðvitað bent á það að þegar búið er að dulkóða í eina átt og aftengja síðan fullkomlega og halda því fram að ekki sé nokkur fræðilegur möguleiki á því nema stjarnfræðilegur „eiginlega" að ná þeim upplýsingum út úr grunninum aftur sem eru einu sinni komnar í hann þá er því svarað einfaldlega af hálfu þeirra sem öllu ráða úr höfuðbólinu sjálfu, hér er spurt og þeir spyrja sjálfa sig og svara:

Hver er siðferðileg krafa rekstrarleyfishafa ef í ljós kemur að ákveðnir hópar eða einstaklingar eru í áhættuhópi varðandi lífshættulega sjúkdóma?

Og svarið við því samkvæmt orðanna hljóðan í frv. er ákaflega skýrt. Það er bara: „Sorrí", við getum ekkert átt við það. Hér er um ópersónugreinanlegar upplýsingar að ræða og við getum ekki rakið okkur til baka til þeirra einstaklinga sem hlut eiga að máli. Er það ekki rétt, virðulegi forseti, og ég beini nú augum mínum sérstaklega að ráðherranum? Er það ekki rétt, er það ekki óframkvæmanlegt með öllu samkvæmt orðanna hljóðan í þessu frv.? (**Gripið fram í:** Það eru aðrar leiðir til.) Menn rekja ekki til baka. Já, það eru aðrar leiðir til. Það er auðvitað kjarni málsins. Það eru þessar aðrar leiðir sem höfuðbólið, þeir sem öllu stjórna, rekja í vangaveltum sínum. Hvað segja þeir, virðulegi forseti, þegar spurt er um þessa siðferðilegu spurningu? Því að auðvitað er það þannig þegar læknar vita, þá verða þeir aðvitað að bregðast við. Það er nú bara þannig. Við gerum auðvitað öll kröfu til þess að þeir reyni að bregðast við og bæta úr sjúkdómum eða koma skilaboðum á framfæri sem gera það að verkum að hægt sé að lækna fólk, sem hugsanlega er með sjúkdóma á frumstigi sem eru læknanlegir.

En hvað segja þeir, virðulegi forseti?

„Hugmyndir Íslenskrar erfðagreiningar miðast við að aldrei verði hægt að fara beint til baka til nafngreindra einstaklinga í gagnagrunninum með afkóðun. Þar af leiðir virkar hann sem safn algjörlega aftengdra gagna. Það má hins vegar auðveldlega finna áhættuhópana í gegnum heilsugæsluna og á þann hátt nýta þekkingu sem verður til í gagnagrunninum til þess að hjálpa einstaklingnum."

— Það má hins vegar auðveldlega finna áhættuhópana í gegnum heilsugæsluna og á þann hátt nýta þekkingu sem verður til í gagnagrunninum til þess að hjálpa einstaklingnum. — Það er aldrei hægt að fara beint til baka, þetta virkar sem safn algjörlega aftengdra gagna en það má hins vegar auðveldlega finna hættuhópana í gegnum heilsugæsluna.

Virðulegi forseti. Ég verð að klóra mér aðeins í höfðinu yfir þessu. Hér er að vísu haldið áfram og rakið dæmi hvernig þetta gerist allt saman. En þá spyr ég enn og aftur: Það getur vel verið að það sé satt og rétt að hægt sé að koma svona upplýsingum til baka eftir einhverjum öðrum leiðum en að frv. gerir ráð fyrir, en þýða þá ópersónutengjanlegar upplýsingar eitthvað allt annað? Þýðir það bara eitthvað allt annað? Er hér verið að blekkja?

Því að ég hef sagt það og sagði það í frv. mínu og félaga minna að ég ætla ekki að blekkja neinn á því. Sjónarmið mín eru svipuð því sem Ernir Snorrason sálfræðingur hefur haldið fram, að til hvers er leikurinn gerður ef ekki er hægt að vinna með nauðsynlegar upplýsingar, sem eru auðvitað sérstakar á Íslandi, og fá einfaldlega eins og venja hefur verið til á síðustu árum og áratugum upplýst samþykki sjúklinga þar um sem hefur yfirleitt verið gefið og veitt af fúsum og frjálsum vilja? Af hverju er þá verið að ljúga, segja ósatt um þetta atriði? Af hverju er verið að segja í lagatexta að um ópersónugreinanlegar upplýsingar sé að ræða þegar þær eru ekki ópersónugreinanlegar? Ég er ekki að tala um stjarnfræði, ég er ekki að tala um eiginlega, ég er bara að tala um það einfaldlega sem stendur hjá þessum aðila sem ætlar að passa upp á þennan grunn. Hann kemst til baka.

Menn komast til baka og þá er það bara ekki rétt sem hér stendur. Ég segi líka, virðulegi forseti, af því að það er mikilvægt að við tölum íslenskt mál sem allir skilja, hér stendur á bls. 88 í þessu frv. eða fskj. með frv., þar sem sérfræðingar ráðuneytisins, Stiki ehf., talar einmitt um þetta atriði, og segir hér í punkti 4:

„Þannig er komið í veg fyrir samtengingu persónugreindra gagna þó svo að samtenging einstaklingsauðkenndra gagna sé möguleg."

Það er sem sé komið í veg fyrir samtengingu persónutengdra gagna en samtenging einstaklingsauðkenndra gagna er möguleg. Ég, virðulegi forseti, segi alveg eins og er að mér finnst skeggið skylt hökunni í þessu sambandi. Það ætti

þá að vera þannig í 1. gr. þessa frv. ef maður fer samkvæmt orðanna hljóðan að þessar ópersónugreinanlegu heilsufarsupplýsingar séu þó einstaklingsauðkennanlegar, til að öllu sé rétt til haga haldið. Þannig er þetta hugsað og það er rétt að segja það þá í lagatexta eins og það er því að ekki viljum við blekkja fólk. Ekki viljum við segja fólki þegar það fer inn í þennan gagnagrunn að það sé ómögulegt, stjarnfræðilega hugsanlegt en eiginlega ómögulegt, að finna nokkurn tímann út úr því hvaða upplýsingar séu fluttar inn í grunninn. Hann sé ópersónugreinanlegur. En svo í næstu setningu segja menn: En hann er einstaklingsauðkennanlegur. (**Gripið fram í:** Það er allt annað.) Já, það er allt annað. En um það spyr ég. Þegar menn segja, eins og ég hef gjarnan sagt og fram kemur í frv. mínu: Ef eitthvað kemur upp á og menn finna eitthvað það sem mikilvægt er að koma til skila jafnharðan til einstaklinga eða hópa er það ekki hægt, því það er búið að skera. En það má auðveldlega finna áhættuhópana í gegnum heilsugæsluna. Þær eru um 50 á landinu öllu og menn rekja sig þar hægt og rólega til baka. Því skulum við bara segja hlutina eins og þeir eru. Það er hægt að koma til baka og koma þessum upplýsingum á framfæri og ég er ósköp sammála því, virðulegi forseti, því ég tel eitt grundvallaratriði í þessu sambandi þannig að þetta geti nú komið að gagni, og það er grundvallaratriði í frv. mínu um dreifða gagnagrunna að hægt sé að koma þessum upplýsingum í réttar hendur kalli neyð á. Það er ósköp eðlilegt þegar um upplýst samþykki er að ræða sem er grundvallaratriði í frv. mínu að þessi ávinningur af þeim upplýsingum og samkeyrslum og rannsóknum og athugunum sem fram fara sé ekki aðeins fyrir einhverjar kennitölur, ruglaðar, dulkóðaðar kennitölur, heldur fyrir lifandi fólk í samtímanum, ekki aðeins í langri framtíð. Hér er því um grundvallaratriði að ræða. En menn verða að vera algjörlega skýrir á því við hvað þeir eiga. Þeir geta ekki sagt eitt og meint annað. Það er þá hreinlega rangt sem menn hafa haldið fram og fólk hefur trúað í stórum stíl. Það er bara þannig. Það verður aldrei hægt að finna þig, Einar Oddur Kristjánsson, það verður aldrei hægt að finna þig, Siv Friðleifsdóttir, hvað þá feður ykkar, börnin ykkar. Þið verðið aldrei keyrð saman, það verður aldrei hægt að finna út úr því hvernig gen ykkar standa í þessu samhengi. En svo bara kemur í ljós að það er vel hægt. Auðvitað eru fjölmargir sem telja ekkert að því að slíkar upplýsingar séu veittar og slíkar upplýsingar séu samkeyrðar. Ætla ég ekki að fara í þá umræðu sem margir aðrir hafa gert svo ágætlega um það hvað eigi að vera í þessum grunni og einmitt með tilliti til erfðavísindanna. Þar er sama óvissan í gangi og í fjölmörgum öðrum atriðum. Því getur enginn svarað á hinu háa Alþingi. Það er með ólíkindum að grundvallaratriði á borð við það sem var áréttað aftur og aftur við 1. umr. málsins, hvað eigi að fara inn í þennan grunn, það er enn þá á reiki. Við verðum sennilega að bíða eftir því að hvítbók komi frá væntanlegum sérleyfishafa, Íslenskri erfðagreiningu, og hann geri okkur grein fyrir því hvernig í pottinn er búið í því sambandi.

Virðulegi forseti. Ég sagði í upphafi að ég og kollegar mínir, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson, vildum gera þingheimi kleift að taka afstöðu til grundvallaratriða, ekki til tæknilegra útfærsluatriða, svo mikilvæg sem þau annars eru. Það er alveg ljóst af þeim fjölmörgu umsögnum og þeirri hávaðasömu og eðlilegu umræðu sem átt hefur sér stað í samfélaginu, og þá sérstaklega í vísindasamfélaginu, háskólasamfélaginu, þeim aðilum sem best þekkja til og hafa þarna áhuga, að stuðningurinn við þá aðferðafræði sem ég legg upp með um dreifða gagnagrunna án einkaréttarins er miklum mun meiri en nokkru sinni sú leið sem ríkisstjórnin er að fara. Engum blöðum er um það að fletta. Það er bara þannig. Það væri fróðlegt, virðulegi forseti ef stjórnarliðar og þeir sem fara fram með þetta mál, hugleiddu það aðeins, bara eitt aukatekið andartak og gæfu sér tóm til þess í miðju hringiðunnar að velta því fyrir sér hvort menn séu ekki komnir frá kjarna málsins og búnir að missa sjónar af meginatriðum þess um að liðka fyrir og aðstoð við það að afla upplýsinga og koma þeim rétta boðleið, og menn séu komnir svo langt inn í þessa blindgötu að þeir telji sig ekki komast til baka. Ég held að það sé vitleysa. Ég held að menn eigi alveg möguleika á að bakka út úr þessu og verða þá menn að meiri.

Það eru nokkur atriði sem vísindasamfélagið og við flutningsmenn breytingartillagna við þetta frv. heilbrrh. leggjum höfuðáherslu á. Það er í fyrsta lagi persónuverndin. Við viljum einfaldlega að heimild sé til að nettengja þessa dreifðu gagnagrunna. Það er tæknilega mjög auðvelt. Það kostar ákveðna peninga. Það er ákveðinn stofnkostnaður. Nákvæmlega sami stofnkostnaður og þarf að ráðast í þegar þessi miðlægi gagnagrunnur er annars vegar. Það þarf að staðla þær upplýsingar sem eru til svo víða. En það gefur augaleið hvar gæðin eru mest. Þau eru auðvitað mest og best á þeim stað sem þau verða til á, í þessum gagnagrunnum hér og þar og alls staðar, hjá þeim hópi lækna sem hann hafa byggt upp heima í héraði. Þar gefst einnig kostur á því — því hér er einnig gert ráð fyrir því að til þess að fá heimild til að fara í þessa miðlægu keyrslu, í þessa nettengingu þurfi að fara þá venjubundnu leið sem menn hafa verið að móta hægt og bítandi í allgóðri sátt í samfélaginu öllu. Fyrir vísindasiðanefnd, fyrir tölvunefnd og fyrir þá bæru aðila sem eru þegar virkir á þessum vettvangi og við viljum halda í heiðri. Fyrir Samkeppnisstofnun ef því er að skipta og alla þá aðila sem þarna eiga hlut að máli. Við viljum halda þessum grundvallaratriðum í heiðri og halda þeim til haga. Þarna er einfaldlega gert ráð fyrir því að hverju sinni fari menn til þessara verka eins og ágætur Bogi Andersen lýsir svo ágætlega í þeirri grein í Morgunblaðinu sem mér hefur orðið tíðrætt um, þegar hann ætlar að fara að gera athuganir með mýs í Bandaríkjunum. Þá fer hann auðvitað til bærra aðila, leggur fram gögn sín og rannsóknarprógramm, fjölda músa, kvalastuðul o.s.frv. Hann þarf að leggja það fram upp á punkt og prik og þannig leggjum við það upp í frv. mínu um dreifða gagnagrunna að þessi grundvallarsjónarmið verði auðvitað í heiðri höfð við þessa afgreiðslu málsins. En í sameiginlega gagnagrunninum, nei, nei, það á bara að dæla þessu inn, rusla þessu inn í þennan upplýsingabanka Íslenskrar erfðagreiningar og svo geta menn séð til þegar búið er að safna þessu öllu saman á einn stað hvað úr þessu verður. Þetta eru vond vinnubrögð, fráleit vinnubrögð og slæm.

Finnst mönnum eitthvað undarlegt þó að vísindasamfélagið rísi upp á afturlappirnar og segi: Nei, andartak, kæru þingmenn. Eigum við ekki aðeins að gaumgæfa það hvaða áhrif þessi einkaréttur og þessi löggjöf hefur á þróun rannsókna og vísinda á Íslandi, og þetta rauða blað ber kannski gleggst vitni um. Finnst mönnum allt í lagi að þeir aðilar sem eiga kannski stærstan hlut að málinu fyrir utan auðvitað þau hundruð þúsunda sjúklinga, segi bara allir nei? Þetta eru hreinar og klárar viðvaranir og þeir segja: Þetta mun hafa mjög alvarlegar og víðtækar afleiðingar fyrir þróun þessara

mála. Finnst meiri hluta þingheims, virðulegi forseti, það allt í lagi? (**SF:** Já.) Og þá gellur í hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. En hvað segir Lagastofnun Háskólans sem er neðst á blaðinu í grænu og gerir athugun sína að beiðni Íslenskrar erfðagreiningar, sem á væntanlega að hafa sérleyfið? Er þetta mjög trúverðugt? Finnst mönnum það mjög líklegt að fólk svona hoppi á þetta? Þetta er svipað því og Framsóknarfélag Seltjarnarnesbæjar þakkaði Siv Friðleifsdóttur sérstaklega baráttu hennar fyrir jafnrétti kynjanna. Auðvitað segði fólk: Jú, Siv hefur staðið sig ágætlega í því, en það kemur frá framsóknarmönnum á Seltjarnarnesi. Nei, þetta er ekki svona.

En ég vil halda áfram, virðulegi forseti, og vekja á því athygli hversu miklu markvissari hugmyndafræðin er að baki því frv. sem við þremenningar höfum farið fram með. Við erum ekki með þennan einkarétt, teljum ekki þörf á því. Við teljum eðlilegt að það verði á forræði opinberra aðila að leggja út í þessa fjárfestingu. Menn hafa sagt: Þetta kostar svo mikla peninga, þetta ræður ríkissjóður aldrei við, blankt heilbrigðiskerfið. Það þarf einhverja ríka menn, helst í útlöndum til að koma með þessa stóru peninga. Menn eru farnir að nefna 20 milljarða kr. og er dálítið mikið hlaup í því, aðrir hafa nefnt 10 milljarða og það fer náttúrlega alveg eftir því hvort menn ætli sér að leggja mikla fjármuni í þennan miðlæga, fastneglda, niðurnjörvaða gagnagrunn ellegar hvort þeir ætla að halda honum dreifðum. En skoðun mín er einfaldlega sú, virðulegi forseti, að um er að ræða fjárfestingu í dreifðum gagnagrunnum þar sem upplýsingar eru staðlaðar og samhæfðar og komið á nettengingu eins og við þekkjum í bankakerfinu. Bankakerfið getur gert þetta. Þar er nógur peningur. Það mun borga sig á örfáum árum.

Virðulegi forseti. Af því það kemur líka fram í frv. okkar félaga en ekki hjá ráðherranum, a.m.k. ekki fram undir það síðasta, að við teljum eðlilegt að þeir sem gera þessa upplýsingasöfnun mögulega njóti líka afrakstursins, þeir fái til baka í beinhörðum peningum, í fjármagni, eitthvað af þeirri fjárfestingu, eitthvað af þessum afnotarétti sem viðkomandi er veittur. Því hér er um auðlind að ræða, ég held við séum öll orðin sammála um það. Og því geri ég ráð fyrir en því gerir auðvitað hæstv. ríkisstjórn ekki ráð fyrir, því gera hæstv. ráðherrar ekki ráð fyrir, jafnvel þó að um einkaleyfi sé að ræða. Nei, þetta kostar svo mikla peninga fyrir þessa stóru fjárfesta að það gengur náttúrlega ekki að hið íslenska samfélag, hið íslenska heilbrigðiskerfi fái þetta í beinhörðum peningum til baka, jafnvel þó að hugsanlegur sé milljarðagróði, tugmilljarðagróði á næstu árum eða áratugum hjá þessum sérleyfishafa. Þetta er auðvitað einkar merkilegt og vekur sérstaka athygli.

Í þessu samhengi vil ég árétta, virðulegi forseti, að í tillögum okkar, sem eru 12 talsins og eru einfaldlega nýtt frv. ef samþykktar verða, vekjum við athygli á því að persónuverndin byggir á upplýstu samþykki og liggur líka í tæknilegri útfærslu málsins því að ég er ekki sammála þeim skoðunum sem Íslensk erfðagreining heldur fram og ég rakti lauslega áðan um að dreifðir gagnagrunnar séu lekari, það sé meiri möguleiki á því að afla upplýsinga úr þeim. Eðli málsins samkvæmt er það erfiðara því að þeir eru á fleiri stöðum. Mönnum finnst það kannski jaðra við vísindaskáldskap, eða stjarnfræði af því hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hefur orðið tíðrætt um það í frammíköllum að hitt og annað sé stjarnfræðilegt, að afrita upplýsingar í stórum, miðlægum gagnagrunni. Menn geta rifist um það út í eitt en bara það að möguleikinn sé til staðar, fræðilega og tæknilega, gerir að verkum að þessi aðferð er ekki bara eiginlega áhættulaus. Hún er bara áhætta.

Orðbragðið og útúrsnúningarnir hjá aðilum sem ekkert varðar beinlínis um málið, gagnvart útlendum sendimönnum sem voru hér á vegum lækna, um að þeir vissu ekkert, kynnu ekkert og gætu ekkert, er með slíkum eindæmum að engu tali tekur. Það þarf ekki útlendinga til að segja okkur þetta. Tölvumenn hér á landi, sérfræðingar á upplýsingasviðinu, vita að þetta er vel framkvæmanlegt. Það kostar tíma og fjármuni að brjótast inn í svona kerfi og er erfiðleikum bundið en fræðilega er það gerlegt. Eðli málsins samkvæmt eru dreifðir gagnagrunnar tryggari. Það er kannski hægt að komast inn í einn grunn eða tvo en þegar þeir eru hundrað eða tvö hundruð, þá vantar náttúrlega tækin og tólin til að samkeyra þessar upplýsingar. Þetta er deginum ljósara og þarf ekki að eyða miklum tíma í þetta, virðulegi forseti.

Menn hafa með réttu talað um áhrif þessa á íslenskt vísindasamfélag. Ég rakti áðan undir hvaða formerkjum sérleyfishafinn ætlaði að hafa það gagnvart vísindaheiminum og háskólasamfélaginu. Jú, hann ætlar að hafa það þannig að allir geti komið og náð í upplýsingar þarna, í samvinnu og samkeppni svo fremi sem sérleyfishafinn hafi markaðsráðandi áhrif á birtingu þeirra upplýsinga.

Margir hafa haldið fram, það er grafalvarlegt og ég spurði hæstv. ráðherra hvort hún hefði engar áhyggjur af því, að íslenskir vísindamenn í fremstu röð — einhver sagði mér að vísindagreinar skiptu orðið hundruðum á ári hjá íslenskum læknum og öðrum vísindamönnum í erlendum bókum, blöðum og tímaritum, þar sem aðgöngumiðinn væri býsna dýru verði keyptur því þar þurfa menn að undirgangast ákveðnar grundvallarsiðferðiskröfur, ákveðnar leikreglur — muni vegna moðsuðunnar hér, hvort sem þeir hafi aðgang og fái að rannsaka hér áfram samkvæmt loðnum loforðum yfirvalda og einkaréttarhafa, ekki fá niðurstöður sínar birtar.

Getur verið að þær leikreglur og þau siðferðislögmál sem í heiðri eru höfð dugi ekki? Það er því ekki aðeins að háskóla- og vísindasamfélagið þurfi að fara í gegnum síuna Íslenska erfðagreiningu, heldur þurfa þau líka að undirgangast alþjóðlega skilmála í þessum geira. Hér er ekkert plat á ferð heldur um stórmál að ræða. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún hafi ekkert velt þessu fyrir sér eða hvort henni sé alveg sama.

Ég rakti það, virðulegi forseti, að frv. sem ég flutti hér í þinginu á haustdögum fór inn til umfjöllunar heilbr.- og trn. og meiri hluti nefndarinnar sveikst um að fjalla um eins og hið háa Alþingi fól henni. Ég ítreka að það var meiri hluti nefndarinnar. Frv. var engu að síður sent ýmsum aðilum og þeir beðnir um að lýsa viðhorfum sínum til þess. Að vísu veit ég að ýmsum þeirra aðila sem þannig komu að málum var jafnframt kunnugt um að á sama tíma og heilbr.- og trn. sendi þetta til umsagnar hefði nefndin ákveðið að fjalla ekki um málið þótt umsagnirnar skiluðu sér. Hins vegar er býsna merkilegt, virðulegi forseti, og rétt að halda því til haga svo það verði ekki undanskilið í þessari umræðu, að margir þeirra sem þó gáfu sér tíma til að fjalla um frv. okkar jafnaðarmanna, lýstu sjónarmiðum sínum. Ég stikla hér á stóru og nefni örfá atriði. Þar er til dæmis umsögn frá stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur þar sem segir orðrétt — ég árétta að það er verið að vísa til frv. okkar jafnaðarmanna — með leyfi forseta:

„Við teljum þessa leið vel færa og að mörgu leyti æskilegri en þá leið sem lögð er til í frv. [ríkisstjórnarinnar.]

Hún krefst að okkar mati talsverðra fjárfestinga við gerð staðbundnu gagnagrunnanna en í slíka fjárfestingu þurfa heilbrigðisstofnanir að fara á næstu árum."

Þetta er úr umsögn nefndar samstarfsráðs sjúkrahúsanna í Reykjavík sem lýsir því yfir að þessi hugmyndafræði sé skynsamlegri.

Geðhjálp, sem hefur að minni hyggju komið myndarlega að þessu máli með alvarlegar athugasemdir sem þörf er á að ræða, segir um þetta frv. okkar jafnaðarmanna að dreifðir gagnagrunnar séu æskilegri en einn miðlægur grunnur vegna aukins öryggis, og nú les ég orðrétt, með leyfi forseta, „sem dreifðir grunnar hafa í för með sér, auk þess sem upplýsingar í þeim eru nákvæmari og áreiðanlegri. Í frv. eru athyglisverðar hugmyndir um samtengingu dreifðra grunna sem er mikilvægt að kanna nánar." Ég les áfram: „Ókostir við frv. eru að þar er gert ráð fyrir einkaleyfi, miðlægum gagnagrunni og ætluðu samþykki þátttakenda. Ekki er gert ráð fyrir leyfi tölvu- og vísindasiðanefndar fyrir hverri rannsóknaráætlun. Því getur Geðhjálp ekki stutt frv. í sinni núverandi mynd." — Nú hef ég lesið alla þessa umsögn frá Geðhjálp. Ég ætla ekki að orðlengja það. Að vísu er þarna ákveðinn misskilningur á ferðinni, en látum vera með það.

Félag íslenskra sjúkraþjálfara segir m.a.: „Stjórn Félags íslenskra sjúkraþjálfara telur að um áhugavert frv. sé að ræða og telur nauðsynlegt að frv. sé skoðað vel í samanburði við frv. heilbrrh. um miðlægan gagnagrunn." Flutningsmönnum var einmitt umhugað um að það yrði gert.

Fleiri aðilar, t.d. siðaráð landlæknis, koma einnig að málinu og segir siðaráðið m.a.: „Sú hugmynd sem hér er kynnt svipar til hugmynda um úrvinnslu heilbrigðisupplýsinga úr dreifðum gagnagrunnum. Siðaráð landlæknis telur að það að geyma heilbrigðisupplýsingar einungis í dreifðum gagnagrunnum en ekki í einum hafi marga kosti. Hér skiptir meginmáli að frá siðferðilegu sjónarmiði bendir margt til þess að geymsla í miðlægum grunni hafi í för með sér meiri siðferðilega áhættu en geymsla upplýsinga í dreifðum gagnagrunnum sem einungis eru samkeyrðir undir ströngu eftirliti."

Stjórn siðfræðiráðs Læknafélags Íslands segir: „Frv. til laga um miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga er í heild sinni mun aðgengilegra frv. en frv. heilbrrh. um sama mál. Stjórn siðfræðiráðs Læknafélags Íslands fagnar því að fram skuli komin tillaga þar sem leitast er við að tryggja betur rétt sjúklinga en gert er í frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði." — Svo mörg voru þau orð.

Ég viðurkenni, virðulegi forseti, að frv. sem ég flutti ásamt tveimur jafnaðarmönnum er ekki gallalaust og ég hafði vonað að við umfjöllun í sérfræðinefnd þingsins, heilbr.- og trn., kæmu fram gagnlegar ábendingar sem leitt gætu til þess að lagfæra mætti einhverja vankanta á því frv. Því miður varð ekki af því. Meiri hluti nefndarinnar brást því lögskipaða hlutverki sínu að fjalla um þetta mál og ég vil vekja á því athygli... (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm.? (Gripið fram í.) Hefur hv. þm. misst eitthvað úr upp á síðkastið? Ég veit ekki betur en að á sínum tíma, fyrir mánuði síðan eða hálfum öðrum, þegar frv. hæstv. heilbrrh. fór til heilbr.- og trn. hafi hið háa Alþingi sent frv. til laga um dreifða gagnagrunna, frv. sem ég ásamt tveimur öðrum jafnaðarmönnum flutti, sömu leið. Fór það alveg fram hjá hv. varaformanni heilbr.- og trn. að þetta mál væri í nefndinni? (**SF:** Nei, ég var að rugla. Það var ekki mælt fyrir þeim sameiginlega.) Var hv. þm. að rugla um það, já? Það kemur út af fyrir sig ekki á óvart. Ég vil minna á að sá sem hér stendur mælti fyrir þessu frv. (**SF:** Sérstaklega.) Hann mælti hér sérstaklega fyrir því. Til að halda öllu hér réttilega til haga, þá gerði ég það á sama tíma og frv. hæstv. heilbrrh. var til umfjöllunar. Hæstv. heilbrrh. beitti neitunarvaldi sem heimilt er í þingsköpum gegn því að fjalla um þessi tvö frv. á sama tíma, óttaðist samanburðinn. Sá sem hér stendur lét hana auðvitað ekki komast upp með það og ræddi þessi mál undir einum hatti. Meginatriðið er að þetta var rætt og málið fór til nefndarinnar en fór ekki í þá vinnslu sem nefndinni bar að inna af hendi eins og þingið hafði kveðið úr með.

Ég rakti það, herra forseti, að þau dæmi sem ég nefndi hér undirstrika að betri leiðir bjóðast, að betri leiðir eru færar. Það er auðvitað slæmt að lokað sé fyrir vit og menn fari hér fram eins og veðhlaupahross, horfi hvorki til hægri né vinstri heldur beint áfram. Það er slæmt að menn vilji ekki hlusta, rökræða og neiti að skilja.

Ég segi það aftur, virðulegi forseti. Auðvitað ætti mér að vera sama, vera eins og púkinn á fjósbitanum og vonast til þess að stjórnarliðar klári þetta mál. Við gætum síðan tekið um þetta pólitíska umræðu, hressilega og góða í aðdraganda kosningabaráttunnar. Það verður auðvitað gert en mér finnst málið það mikilvægt að það sé fyrir neðan virðingu hv. þm. að skilja við það með þessum hætti. Hvað sem öðru líður eru þeir með meiri hluta í þessu þingi. Alþingi sem stofnun afgreiðir þessi mál frá sér, hvort sem það er með meiri hluta eða sameiginlegri afgreiðslu. Það er því um virðingu Alþingis að tefla, ekki aðeins stjórnarmeirihlutans, hvort við ætlum að skila þessu máli frá okkur eins og það er í dag. Það er alvarleiki málsins og grundvallaratriði málsins. Þess vegna er ég að reyna að koma einhverri glóru inn í koll þeirra sem hafa nálgast þetta mál. Þess vegna er ég yfirleitt að eyða tíma í að skiptast á skoðunum við suma hv. þm. um þetta mál.

Virðulegi forseti. Ég gæti auðvitað haft um þetta langt mál. Ég sagði hins vegar áðan og segi aftur: Þetta mál er ekki búið. Það getur vel verið að með sömu bolabrögðum og einkennt hafa allt þetta mál, takist stjórnarliðum að klára 2. umr. í nótt, í næstu viku 3. umr. og gera að lögum frá hinu háa Alþingi fyrir jól. Það skal hins vegar algjörlega ljóst í hugum fólks hvað það þýðir og hvaða skilaboð eru send héðan út í samfélagið, til vísindamanna, lækna, annarra heilbrigðisstarfsmanna sjúklinga. (Gripið fram í.) Það er verið að sá fræjum tortryggni, efasemda og uppnáms. Það getur vel verið að hæstv. heilbrrh. sé hætt að hlusta á heilbrigðisstarfsmenn. Hún er oft í einhverjum erjum við þá um launakjör og annað því um líkt. Það fylgir náttúrlega starfinu, það þekki ég. Ég hafði hins vegar trú á því að hún mundi hlusta þegar þriðjungur heilsugæslulækna segja nánast að þeir telji sig ekki hafa rétt til þess, samkvæmt þeim eiðstaf sem þeir hafi undirgengist, að veita þessum upplýsingum áfram í þessa stóru ámu, þennan miðlæga fasta gagnagrunn.

Hvað ef þessi faraldur breiðist út og læknar í stórum stíl munu segja: „Nei, við getum þetta ekki"? Það er líka enn einn óvissuþátturinn í þessu frv. Því að nú er talað um samráð stjórnarstofnana og viðkomandi lækna. Hvað þýðir það samráð? Þýðir það t.d. að það dugi að stjórnarnefnd Ríkisspítala, svo ég taki nú langstærstu einstöku stofnunina, taki um það prinsippákvörðun að skilgreindar upplýsingar sem stjórn Ríkisspítalanna hefur fyrir framan sig, eigi að senda inn í gagnagrunninn? Hvað ef einstakir læknar, yfirlæknar yfir hinum einstöku deildum segja nei? Ég spyr: Hvað þá? Ætlar hæstv. ráðherra að beita afli eða reyna að beita afli?

Og mun stjórnarnefndin segja: „Þetta kallar á uppsögn. Þetta jafngildir því að þið lútið ekki stjórn“? Hvað mun gerast ef stjórn Ríkisspítalanna segir já en einstakir læknar segja nei? Þetta er grundvallaratriði.

Ég er nokkuð viss um að margir læknar munu frekar láta reka sig en að rjúfa trúnað við sjúklinga. Og ég spyr: Hvað með lækna sem yfir borðið í gegnum árin og áratugina sagt við sjúklinga sína: „Það er algjörlega ljóst að þessar upplýsingar fara aldrei út úr minni skúffu, út úr minni tölvu.“ Á að beita þá kröftum, hótunum eða þvingunum til að þeir láti þessar upplýsingar af hendi? Auðvitað tekst það ekki. Dettur nokkrum manni í hug að þannig ætli menn að fara að og að það skapi sáttina, áhugann og kraftinn sem á að leysa úr læðingi með þessu frv.? Nei, það mun auðvitað skapa spennu, tortryggni, uppákomur og leiðindi. Það er líka borðleggjandi og í farvatninu að allt mun loga í kærum. Menn munu leita úrskurðar Evrópusambandsins því að hér hafa komið upp rökstuddar ábendingar um að hér stangist ýmis ákvæði á við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem EES-sáttmálinn kveður á um. Menn munu líka leita til dómstóla og fara dómstólaleiðirnar. Menn munu hugsanlega leita eftir lögbanni. Er það þetta umhverfi sem hið háa Alþingi og áhugamenn um þetta mál eru sérstaklega spenntir fyrir og leita eftir?

Það hefur ekkert með áræði, kraft eða hugrekki að gera, að láta bara vaða, því að þetta mál er af þeim toga að menn nota ekkert hnefaréttinn. Menn æða ekkert áfram gegn öllu til þess að keyra hér í gegn einhverja hluti, fyrirbrigði og hugmyndir og síðan eftir að málinu er lokið á Alþingi þá fellur ekki allt í ljúfa löð, dettur allt í dúnalogn. Þetta mál er ekki þannig. Það mun vaka áfram og lifa áfram.

Mikil verður ábyrgð þeirra þingmanna sem ætla að stefna þessu góða tækifæri í þá stórhættu sem þeir gera með því að samþykkja þetta frv. Það er grafalvarlegt mál.

Virðulegi forseti. Ég ætla að láta það vera mín lokaorð.

[17:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að gera alvarlegar athugasemdir við ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Hann er hér með aðdróttanir í garð starfsmanna Íslenskrar erfðagreiningar og sérstaklega er hann með aðdróttanir í garð fyrrverandi skrifstofustjóra heilbrrn. Og mér finnst nú varla svaravert það sem hv. þm. leggur hér fram fyrr hann biður afsökunar á þeim ummælum sem hann hafði um Kristján Erlendsson, fyrrv. skrifstofustjóra í heilbrrn.

[17:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvað hefur komið hæstv. ráðherra úr jafnvægi, nema það hafi verið þær efnislegu ábendingar sem ég kom fram með í ítarlegri ræðu minni um að hún sé á rangri leið. Ég ítrekaði það margsinnis að sá einstaklingur sem hér um ræðir væri vænsti maður, hinn prúðasti og góður drengur. Ég vakti einfaldlega athygli á því að hann er að senda út póst og hafa sjónarmið uppi um gagnagrunnsmálið sem varð til í þessu sama ráðuneyti fyrr í vor. Er það rangt að þannig hafi verið í pottinn búið? Eru einhverjar aðdróttanir fólgnar í því að lýsa veruleikanum? Ég spyr, virðulegi forseti, og bið hæstv. ráðherra að svara því. Er það orðið tabú í þingsal þegar menn lýsa veruleikanum þótt hann kunni að vera erfiður og sár einstökum hæstv. ráðherrum?

Það verður þá bara svo að vera. Þeir verða að lifa við þann veruleika sem við blasir eins og við hin. Þannig er það bara í lífinu.

[17:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. er að gera tortryggilega þá 200 einstaklinga sem vinna hjá Íslenskri erfðagreiningu. Það er það sem hv. þm. gerði með ræðu sinni og gerði lítið úr störfum þessara einstaklinga. Mér er alveg sama hvar þessir einstaklingar hafa unnið áður eða koma til með að vinna. Þeir hafa alveg sama rétt til að hafa skoðanir og aðrir Íslendingar. Ég að benda á að hv. þm. var hér með mjög alvarlegar aðdróttanir í garð ákveðins manns sem hann nafngreindi. Og hann getur ekki komist fram hjá því.

Ég skal svara hv. þm. lið fyrir lið í ræðu á eftir. Ég vona að hann verði þá viðstaddur því svo vill til að þegar kom að máli hv. þm. um dreifða gagnagrunna þá sat ég í þingsalnum og hann mælti ekki fyrir sínu máli. Eftir því var tekið og menn geta lesið það í þingtíðindum.

En mér fannst hv. þm. líka alveg gleyma öðru málefni. Það voru hagsmunir heilbrigðisþjónustunnar. Þegar hann ræddi um sérleyfi þá nefndi hann það aldrei að hér væri um mikla hagsmuni fyrir heilbrigðisþjónustuna sjálfa að ræða. Og þetta er hv. þm. sem var heilbrrh. áður. Hefur hann ekki skoðað þá miklu hagsmuni sem heilbrigðisþjónustan sjálf á undir því að ná þessum gagnagrunni fram á hinu háa Alþingi? Hefur hann ekki skoðað það?

[17:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Mér hefur ekki verið það ljóst, virðulegi forseti, að hagsmunir heilbrigðisþjónustunnar stæðu og féllu með því hvort að um sérleyfi væri að ræða ekki. Ég held þvert á móti að hagsmununum sé betur til haga haldið með dreifðum gagnagrunnum og án sérleyfis eins og ég legg til.

Ég neita því og vísa því algjörlega frá að hér séu einhverjar aðdróttanir á ferðinni gagnvart Kristjáni Erlendssyni. Ég sagði það margoft áðan að hann hefur auðvitað fullan rétt til þess að lýsa viðhorfum sínum. Hann er kominn í vinnu annars staðar. Ég vakti einfaldlega athygli á þeim veruleika sem við okkur blasir að hann og raunar margir aðrir eru farnir að tala eins og þeir stýri þessari umræðu á hinu háa Alþingi og hafi sérstakt aðgengi. Ég lýsti því áðan líka, og endurtek það, með fullri virðingu fyrir sjónarmiðum þessa fólks. Það er ekki þetta fólk sem ég er að gagnrýna. Ég er að gagnrýna þá hv. alþingismenn sem láta það viðgangast að fyrirtæki sem hefur áskrift að einhverju sérleyfi og einstaklingar, starfsmenn þessa fyrirtækis, séu að skýrgreina frumvarp og hvernig úr einhverjum álitamálum verði leyst þegar alþingismenn eru í miðju kafi að ræða það. Á þessu vakti ég athygli og einnig hinu sem er bara veruleiki lífsins og ekki mér að kenna. Ég get lítið að því gert, virðulegi forseti, þó að einhverjir einstaklingar hafi verið í vinnu þarna eða hérna. Ég er bara að lýsa því hvernig þetta er. Og mikið skil ég það ósköp vel að hæstv. ráðherra sé trekkt og illa haldin við þessa umræðu. Það mætti mikið vera ef hún væri það ekki.

Ég vil hins vegar rifja það upp á nýjan leik, af því að ég svaraði því áðan, að auðvitað mælti ég fyrir mínu frv. Ég fór bara ekki að leikreglum hæstv. ráðherra í því. Ég gerði það undir umræðunni um hennar frv. til að gera það alveg ljóst hvaða kostir bjóðast í þessu máli, til að gera það

alveg ljóst að betri leiðir bjóðast á hinu háa Alþingi í þessu gagnagrunnsmáli öllu.

[17:10]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta er 2. umr. um þetta flókna og margslungna mál, gagnagrunninn. Ég ræddi það töluvert við 1. umr. og fór í gegnum mjög mörg atriði í þessum gagnagrunni og lýsti skoðunum mínum og efasemdum.

Ég hef, herra forseti, litið á þetta mál frá upphafi þannig að hér sé um að ræða frv. um áhættufyrirtæki, um stórt og mikið áhættufyrirtæki og að frv. sé flutt til þess að búa til starfsumhverfi fyrir þetta fyrirtæki. Þar sem þetta fyrirtæki er svo sérstætt og verkefni þess svo sértæk þá gefur náttúrlega að skilja að slíkt lagafrumvarp kemur við ákaflega marga þætti þjóðlífsins. Það kemur við ákaflega marga þætti, það kemur við lögfræðileg atriði, það kemur mjög við stöðu samkeppnisgreina, það kemur við efnahagsmál og fleira og fleira.

Í mínum huga var hér að vísu á ferðinni stjórnarfrv., en ég leit þannig á, herra forseti, að þetta stjórnarfrv. í sjálfu sér og það starfsumhverfi sem menn vildu búa þessu áhættufyrirtæki ætti lítt eða ekkert skylt við stefnumörkun og stefnumál hæstv. ríkisstjórnar, sem ég hef alla tíð stutt eins einarðlega og mér hefur verið lagið. Og það er fráleitt að gagnrýni mín á frv. þá og nú eigi neitt skylt við það að ég sé eitthvað í stjórnarandstöðu og fráleitt er að það eigi nokkuð skylt við það að ég beri vantraust til hæstv. heilbrrh. Ég fór aðeins efnislega ofan í þetta mál og benti á ýmislegt, margt sem ég trúi ekki að fái staðist, eins og t.d. einkaleyfið sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á áðan og hann spurði mig sérstaklega eftir því hver væri afstaða mín til þess. Það er sjálfsagt að verða við svo persónulegri beiðni. Það liggur alveg fyrir að ég trúi því ekki, miðað við þessi gögn, að einkaleyfi fái staðist. Ég trúi því ekki. Enda er ég viss um að Evrópu-dírektífið um verndun slíks hugbúnaðar og verndun slíkra fyrirtækja mun algjörlega vernda þann einstakling sem gerir starfssamninginn við heilbrrn.

Um þetta eru menn mér ósammála og ekkert er við því að gera. Ég ætla ekki að fara hér í langar tölur um það og endurtaka ræðu mína frá 1. umr. Það er alveg óþarfi og þjónar engum tilgangi. Ég hélt að málið væri ekki bundið við stuðningsmenn og andstæðinga ríkisstjórnarinnar heldur væri hér um mjög flókið og krefjandi mál að ræða og að hver þingmaður yrði að gera það upp við sínar skoðanir og sína samvisku hvern veg þeir greiddu atkvæði. En mál hafa skipast svo í þinginu eins og oft gerist hér, því miður, að ég sé ekki betur en að stjórnarliðar séu búnir að raða sér saman og að stjórnarandstaðan sé búin að raða sér saman og málið sé komið í hið hefðbundna far. Þetta er orðið málefni stjórnarandstöðunnar gegn stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar. Ég harma þetta vegna þess að ég tel þetta alveg óþarft. Ég tel að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar gagnvart málefnum þessa lýðveldis í efnahagsmálum, menntamálum o.s.frv., sé í fullu gildi og að við þingmenn stjórnarflokkanna styðjum ríkisstjórnina af alefli, en afstaðan til einstakra hluta í þessu starfsumhverfi komi því alls ekkert við.

En það er nú svo, herra forseti, að þetta er hið vanabundna hér á þinginu. Metnaður manna rekur þá til þess. Metnaður forustu stjórnarandstöðunnar og metnaður forustu ríkisstjórnarinnar rekur til þess að menn raða upp liðinu og því vill verða svo að umræður fara í þennan farveg. Ég harma það að sjálfsögðu vegna þess að þar með er náttúrlega heilmikið af þeim sjarma farið sem í því er fólginn að taka þátt í rökræðum um svo flókið og margslungið mál.

Ég harma það líka að ekki hafi tekist betri sátt í samfélaginu um þetta mál. Ég held að mjög miklu hefði varðað fyrir framgang þess að sem best sátt væri um það, en það er ekkert við því að gera. Ég tók ekki þátt í þeim samningaumleitunum sem hafa farið fram milli heilbrrn. og hv. heilbrn. við læknaog vísindasamfélag Íslands og ég er kannski ekki í stakk búinn til að dæma neitt þar um. Ég er samt alveg sannfærður um að mun æskilegra hefði verið að við hefðum getað náð meiri sátt vegna þess að sú ósátt sem ríkir á eflaust eftir að skaða heilbrigðismálin og framgang þeirra allra. Eins og allir vita sem hafa hlustað á þessa umræðu og fylgst með því sem hér hefur verið á döfinni undanfarna sex mánuði eða svo og eins og menn hafa farið í gegnum þetta í umræðum, og margir mjög vel, þá eru hér mýmörg álitamál. Ég efast ekkert um hvað verða vill í þessu, herra forseti. Ég sé það alveg í hendi mér hvernig þessum málum er komið. Það er búið að raða upp í fylkingar eins og ég sagði áðan. Þetta mál verður afgreitt svona. Sú umræða sem á sér stað hér í dag og kvöld og kannski í nótt eru eftirhreyturnar af því sem hefur gengið yfir síðustu sex mánuðina og þá er ekkert nema taka því. Það hefur að mínum dómi engan tilgang að fara í gegnum það sem ég hef gagnrýnt í þessu. Staðreyndin er bara sú að ég hef ekki sannfærst um að þetta lagaumhverfi kringum þetta áhættufyrirtæki fái staðist og við því er ekkert að segja. Ég sé hvernig þetta gengur fram.

Ég ætla heldur ekki að eyða tímanum í að spá um það hvað framtíðin ber í skauti sér. Það hefur engan tilgang vegna þess að sagan á bara eftir að sýna okkur það. Það kemur í ljós. Það er miklu betra bara að bíða og sjá hvernig þetta verður. Spádómar sem hafa gengið fram í umræðunni á víxl hafa engan tilgang. Menn hafa sumir verið mjög svartsýnir og aðrir mjög bjartsýnir og við skulum bara bíða og sjá.

Hins vegar er einn þáttur þessa gagnagrunnsmáls sem mér finnst hafa praktískt gildi og ástæða er til að ræða hér og nú þegar ég sé hvað verða vill, þegar ég sé að afgreiða á málið. Það er sá þáttur sem hefur komið fram í máli margra að þessi miðlægi gagnagrunnur eigi eftir að gagnast okkur verulega við að stjórna heilbrigðismálunum í framtíðinni, við að ná tökum á heilbrigðismálunum. Þetta hefur verið margra manna mál og margir verið mjög bjartsýnir um að þetta muni færa okkur hina mestu blessun.

Ég efast stórlega, herra forseti, um það og ætla að vara menn mjög við ef það er viðhorf hv. alþm. að með því að Alþingi samþykki lög um miðlægan gagnagrunn sé búið að útvega einhverjar óskaplega fínar grænjur til að stjórna heilbrigðismálunum þannig að við getum áfram komist undan því, eins og við höfum gert í gegnum tíðina. Vegna þess að ég tel engan vafa leika á því að mikill óvilji hafi verið fyrir því lengst af, ef ekki alltaf, að nýta sér nútímatækni til stjórnunar á heilbrigðismálum. Það á alls ekki við núv. hæstv. heilbrrh. frekar en aðra fyrirrennara hennar. Það á ekkert við þessa ríkisstjórn frekar en ríkisstjórnina sem var þar áður og þar áður á undan. Ég lít svo á að menn hafi haft þá skoðun að betra væri að hafa þetta svona í dálitlu limbói, hafa þetta fram og til baka og takast dálítið á um þetta í staðinn fyrir að fara þá braut sem lengi hefur legið fyrir, að við verðum og komumst ekkert hjá því að spara í heilbrigðismálum.

Útgjöld til íslenskra heilbrigðismála eru veruleg. Ísland er með þeim hærri ef við tökum hlutfallið af vergri lands-

framleiðslu. Við erum með rúm 8%, 8,06% minnir mig. Það er í hærri kantinum. Gagnvart útgjöldum ríkisins er það rúmlega 6,6%, að mig minnir, af vergri landsframleiðslu sem er mjög hátt. Við deilum hæstu sætunum þar með t.d. Noregi sem ég held að sé nokkurn veginn með sömu tölu og við. Öll umræðan um heilbrigðismál sem oft gengur út á það að við séum að spara rosalega mikið og að við veitum litla peninga til heilbrigðismála er því röng. Ég er ekki að segja að heilbrigðismálum á Íslandi sé illa stjórnað en ég fullyrði að hægt sé að gera það betur og það er gríðarleg þörf á að gera það betur. Við höfum allt til þess. Fyrst og fremst, herra forseti, höfum við bestu þjóðskrá í heimi sem menn gleyma stundum. Við höfum mjög góða faraldsfræði, við höfum upplýsingar á tölvutæku formi og ef við vildum fara að stjórna heilbrigðismálunum, þá gætum við það í dag. Það væri hroðalegt ef við færum að ímynda okkur að við ættum að bíða í mörg, mörg ár eftir því að einhver miðlægur gagnagrunnur kæmi. Það er alveg skelfilegt. Við höfum allt til þess að gera þetta nema ég held að okkur vanti pólitískan vilja. Mig grunar það. Ég get ekki fullyrt það en ég finn enga aðra skynsamlega ástæðu fyrir því.

Ég vil meina að við þurfum að stjórna heilbrigðismálunum vegna þess að á komandi árum, bara á næstu missirum og árum er okkur skylt, og við verðum að gera það, að veita verulega meiri fjármuni en við gerum til skóla- og menntamála. Þar erum við eftir á. Og við náum því aldrei að veita þá peninga inn í skóla- og menntamálin öðruvísi en að við getum stjórnað heilbrigðismálunum. Ef menn ætla að stjórna ríkisfjármálunum og gleyma heilbrigðismálunum, þá eru menn ekkert að stjórna. Það er brýnt að menn átti sig á þessu og brýnt að menn séu ekki að ímynda sér að þessi gagnagrunnur komi okkur að nokkru gagni í því sambandi. Þetta held ég að sé það praktískasta sem við þurfum að ímynda okkur að fara í gegnum núna þegar ákveðið er að gera þetta að lögum. Svo verður það bara verkefni sagnfræðinga framtíðarinnar að fara í gegnum hver hafði rétt fyrir sér í þessu og hver rangt.

[17:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er vissulega athyglisvert að heyra málflutning eins og þann sem kom fram í máli hv. 3. þm. Vestf. og hefði maður óskað þess að þeir hv. stjórnarsinnar væru fleiri og yrðu ekki taldir á fingrum annarrar handar eða svo, sem gera sig gildandi í þessu máli og reyna að átta sig á eðli þess eins og ég tel að hv. þm. hafi leitast við að gera allt frá því að það kom hér fram og hann fyrst fór að ræða það. Ég hef veitt því athygli að hv. þm. hefur ekki aðeins talað að mér finnst af þekkingu og innsæi heldur einnig sótt ýmsa upplýsandi fundi um málið sem ég held að fleirum hefði verið hollt að gera vegna þess að þetta mál er víðtækt eins og kom fram hjá hv. þm.

Það eina sem ég hafði við mál hans að athuga er sá uppgjafartónn sem mér fannst gæta í máli hv. þm. sem byggir kannski á innsæi í stjórnarliðið og þar get ég auðvitað ekki verið dómbærri en hv. þm. nema síður væri. Ég vil þó leyfa mér að minna á það sem kom fram í umræðu í dag frá einum talsmanni sama flokks, ég á við hv. þm. Tómas Inga Olrich, sem sagði að það væri margt, ég hef það ekki orðrétt fyrir framan mig, en það væri margt óljóst og óunnið í þessu máli og mátti skilja að mikil efnisleg vinna væri eftir í málinu milli umræðna. Það var nánast boðað af hálfu þessa þingmanns sem hefur sótt fundi heilbr.- og trn. sem áheyrnarfulltrúi og er að mér skilst sérstakur trúnaðarmaður ríkisstjórnarinnar í málinu ef ég hef skilið það rétt. Þetta voru hans orð.

[17:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma það ef einhver uppgjafartónn hefur verið í máli mínu. Hitt er annað mál, herra forseti, að ég veit alveg hvað verða vill. Ég sé alveg í hvaða fylkingar þingið er komið. Ég hafði á sínum tíma vonast til þess að þetta væri ekki málefni stjórnar og stjórnarandstöðu heldur tækju menn persónulega afstöðu til þessa máls eftir sinni sannfæringu, eftir sinni samvisku eins og þeir mætu það hver og einn.

Það hefur ekki farið á þann veg, herra forseti, heldur liggur fyrir að nú eru bara tvær fylkingar og ég reikna með að það sé metnaður ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar sem veldur því að einhver ruglingur hefur orðið.

Ég tók líka fram að alls ekki má líta á afstöðu mína í málinu sem vantraust mitt á hæstv. heilbrrh. eða að ég sé í einhverri stjórnarandstöðu. Það er öðru nær. Ég hef viljað líta á mig sem hinn ágætasta stjórnarmann. Ég hef bara aðra sannfæringu í þessu máli. Ég er sannfærður um að við séum að gera rangt með þessu og þá haga ég mér þannig. Ég var bara að gera grein fyrir því. Hitt er alveg rétt að ég veit hvað verða vill. Ég veit að þetta verður leitt svona til lykta. Það er engin uppgjöf í sjálfu sér. Það er kannski bara raunsæi að horfa fram á það og þýðir ekkert að harma það í sjálfu sér. Menn verða að taka því hvort þeir eru í einhverju sigurliði eða í minni hluta. Ég hef nokkrum sinnum þurft að standa hér einn á móti nokkrum málum sem hafa farið í gegnum þingið. Menn verða bara að taka því. Það er mjög óskemmtilegt en þetta kemur alltaf fyrir og við verðum bara að ganga fram. Alþingi hefur þetta vald, meiri hlutinn ræður og þannig skulu líka málin vera.

[17:28]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að það er fyrst og fremst sagan og reynslan sem sker úr um það hver sé — ég leyfi mér að túlka það svo — í sigurliði í þessu máli. Við ættum ekki að vera að ræða þetta mál út frá þeim forsendum hver ber annan ofurliði. Við ættum að ræða þetta mál í þinginu og alveg sérstaklega við þessa umræðu út frá því hver sé grundvöllurinn, hvað sé líklegt að þetta mál beri í skauti sér fyrir framtíðina, fyrir heilbrigðismálin í landinu, fyrir persónuvernd í landinu. Og þá er ég ekki í neinum vafa um að efasemdir hv. þm. um þetta mál og andstaða við það hittir alveg í lið. Því miður er það svo að ef þetta frv. ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga þótt með breytingum sé, þá er það í rauninni þjóðin sem tapar í þessu máli. Þetta er eitthvert allra stærsta og afdrifaríkasta mál sem hefur borið við á þingi þau ár sem ég hef setið og mér sýnist að menn séu að fara út á alranga braut og í rauninni er ekki ástæða til að ætla að þetta mál gangi fram í reynd eins og ríkisstjórnin ætlar sér. Ef ríkisstjórnin nær markmiðum sínum með að fá samþykkt þetta frv., þá sýnist mér það skelfilegur Pyrrhosarsigur sem þar verði unninn ef svo fer. Ég er svo bjartsýnn að ég hef verið að vænta þess að þær blikur sem hrannast upp í þessu máli ættu eftir að verða til þess að opna augu manna fyrir því að hér þurfi að skoða mál með öðrum hætti og skoða mál betur. Ég hef leyft mér að vera svo bjartsýnn en við spyrjum að leikslokum og þetta

mál er auðvitað ekki búið hvað sem líður atkvæðagreiðslum á Alþingi.

[17:31]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einkum einkaleyfið sem hv. þm. Einar Oddur ræddi um áðan og taldi að einkaleyfið væri ekki lögum samkvæmt. Við getum auðvitað deilt um það en heilbrrn. er sammála Lagastofnun Háskólans um það efni að einkaleyfið sé rétt að veita að uppfylltum vissum skilyrðum og þau skilyrði eru uppfyllt í frv. að okkar mati. En við getum verið sammála um að vera ósammála um þetta atriði.

Varðandi annað sem kom fram í máli hv. þm. þá talaði hann um að þetta yrði nýtt sem stýritæki í heilbrigðisþjónustunni. Það hef ég aldrei sagt. Ég tel fyrst og fremst að um nýja þekkingu sé að ræða, að með gagnagrunninum séum við að fá nýja þekkingu hvað varðar læknavísindi og það skipti meginmáli um gagnagrunninn sem slíkan.

En varðandi önnur atriði sem hv. þm. kom inn á og talaði um að hann teldi að of mikið væri veitt til heilbrigðismála í dag og við þyrftum að minnka það fjármagn og færa yfir til menntamála eftir því sem ég skildi hann og taldi að stjórnunin á heilbrigðismálunum hefði í árarаðir verið slök, þá langar mig að spyrja hv. þm.: Er hann ekki ánægður með heilbrigðisþjónustuna á Íslandi? Telur hann að hún sé betri annars staðar í heiminum? Til hvaða landa lítur hann þegar hann telur að hægt sé að stýra henni betur hér?

[17:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. tók því miður ekki eftir hvað ég sagði. Ég sagði að ég væri ekki að segja að stjórn heilbrigðismálanna væri slæm á Íslandi. Ég tók það sérstaklega fram. En ég fullyrti að hún gæti orðið betri. Það var það sem ég sagði.

Ég veit það af alþjóðlegum skýrslum og vitnisburði eins og Alþjóðabankans og fleiri að ástand heilbrigðismála er mjög gott á Íslandi. Ég benti á að við værum að eyða umtalsverðum peningum í hærri kantinum miðað við aðrar þjóðir en þá ber að minnast þess að aldurssamsetning þjóðarinnar er lág og við verðum að gæta þess að á næstu áratugum mun kostnaðurinn fara vaxandi. Þess vegna er svo mikilvægt að við stjórnum eins vel og kostur er á þeim peningum sem eru að fara í heilbrigðismálin vegna þess að við viljum hafa góða heilbrigðisþjónustu. En það mega líka allir vita það því að það er viðfangsefni allra þjóðþinga Vestur-Evrópu að reyna að hemja þennan kostnað. Menn vita að það er hægt með góðri samvisku að eyða óendanlegum peningum til heilbrigðismála því að næg eru verkefnin. Þetta vita allir. Þess vegna eru menn að reyna að fást við þessa þekkingu. Þess vegna eru menn að reyna að nýta nútímatækni í stjórnun, nákvæmri stjórnun með því að skilgreina kostnað, með því að skilgreina þarfir og með því að greina kostnað. Þetta eru aðferðirnar sem eru notaðar í dag í heiminum og þetta er okkur bráðnauðsynlegt að gera í heilbrigðismálum Íslands eins og í heilbrigðismálum allra annarra Vestur-Evrópuríkja. Þess vegna er það sem ég er að brýna menn á þessu að við megum ekki láta heilbrigðismálin vaxa vegna þess að við höfum svo mikla þörf fyrir peninga ríkissjóðs til annarra verkefna. Ég hef aldrei sagt að þau væru of mikil. Ég benti bara á að þau væru í hærri kantinum.

[17:35]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum nú meira sammála en ósammála þannig að ég þarf ekkert að halda langar ræður og það var gott að ég misskildi hv. þm. Hann kom með það í seinni ræðu sinni að honum þætti ekki of miklu fjármagni varið til heilbrigðismála. Það var akkúrat það sem ég vildi fá út úr ræðu hv. þm. og þar erum við sammála.

Ég er alveg sammála honum í því að við getum alltaf gert góða þjónustu betri og við getum ávallt haft það í endurskoðun að fara enn betur með fjármagn en við gerum og það ber okkur að gera. Þegar upp er staðið erum við því sammála í megindráttum. Ég ætla að endurtaka það sem ég sagði áðan að það er misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að sú sem hér stendur telji að gagnagrunnurinn muni stýra heilbrigðisþjónustunni framvegis. Það er alger misskilningur hjá hv. þm.

[17:36]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lét heldur engin orð um það falla að þessi væntanlegi gagnagrunnur mundi stýra heilbrigðisþjónustuna í framtíðinni. Ég sagði ekki orð í þá veru. Ég sagði að mjög margir stuðningsmenn þessa máls hefðu mjög oft rætt það og farið yfir að það væri einn af kostum þess að gagnagrunnurinn gæti komið okkur til mikillar hjálpar við stjórnun heilbrigðismálanna í framtíðinni. Þetta hafa allir þeir sem hafa talað fyrir málinu tekið fram margsinnis. Ég var bara að benda á að ég efast stórkostlega um að það gæti orðið að neinni hjálp. Ég vil t.d. benda á umsögn landlæknisembættisins sem liggur fyrir hjá heilbrigðisnefnd um þetta mál þar sem þeir deila þessum skoðunum með mér. Þeir gátu ekki séð hvernig í ósköpunum gagnagrunnurinn ætti að vera til hjálpar í stjórnun heilbrigðismálanna. Ég var að vara við þessu því að það er mjög slæmt ef við erum ekki nú þegar reiðubúin að átta okkur á því að það er bráðnauðsynlegt að fara út í að stjórna heilbrigðismálum af meiri festu en við höfum gert og ég kenni engum um það nema Alþingi sjálfu, hinu pólitíska valdi á Íslandi. Við höfum ekki gert okkur nógu rækilega grein fyrir hversu þörfin er mikil á því að stjórna vel og nýta nútímatækni til þess. En við verðum að vera meðvituð um það. Við höfum náð gríðarlegum árangri í efnahagsmálum og til þess að halda þeim mikla árangri áfram verðum við að breyta, við verðum að setja inn mjög mikla viðbótarpeninga í menntamálin og skólana. Það er lykillinn okkar að halda áfram þeirri hagsældarþróun sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir. Það er lykillinn að því. Svarið hvernig við ætlum að gera það er fyrst og fremst fólgið í því að við gerum það með því að eyða ekki peningunum í annað því það eru gríðarlegir fjármunir sem Ísland þarf að setja í skólamálin á næstu árum, gríðarlegir fjármunir, kannski milli 1 og 2% af vergri landsframleiðslu, þetta milli 6, 7, 8 upp í 10–11 milljarða kr. Hér er um gríðarlegt átak að ræða sem við verðum að geta framkvæmt.

[17:39]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1998, 173. mál, þskj. 418.

Útflutningsráð Íslands, 340. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 434.

[17:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta er búin að vera mjög gagnleg umræða, bæði umræðan í dag og í gær og ég get tekið undir orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar þar sem hann sagði í lok málsins áðan að hann óttaðist að gagnagrunnurinn yrði ekki að miklu gagni, a.m.k. ekki meðan hann er í því uppnámi sem hann virðist vera í eftir þessa umræðu. Það er alveg ljóst að þetta mál verður að fara aftur til nefndar eftir 2. umr., það er alveg ljóst eftir þá umræðu sem hefur farið fram og þær upplýsingar sem fram hafa komið.

Það verður eiginlega að segja að þetta mál sé í uppnámi. Eins og kom fram í ítarlegu minnihlutaáliti okkar jafnaðarmanna í heilbr.- og trn., í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, þar sem hann mælti fyrir þessu minnihlutaáliti okkar í gær, höfum við ýmislegt við þetta mál að athuga en við höfum stutt og styðjum margar af þeim brtt. sem koma frá meiri hlutanum. Í því áliti kemur mjög greinilega fram að einkarétturinn eða einkaleyfið virðist ekki geta staðist og gerði hv. þm. vel grein fyrir því í máli sínu í gær og kemur það einnig fram í nál. okkar að einkarétturinn stangast á við EES-samninginn, a.m.k. í fjórum atriðum.

Einnig hefur verið bent á það að einkaleyfið virðist einnig stangast á við stjórnarskrána miðað við dóm Hæstaréttar sem nýfallinn er í kvótamálinu eða vegna laga um stjórn fiskveiða. Benti hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir vel á það í máli sínu að einkaleyfið stangist á við bæði greinina um atvinnufrelsi sem tryggt er í stjórnarskránni og brjóti einnig jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Full ástæða er til þess að þessir þættir verði skoðaðir mjög ítarlega áður en þetta frv. verður að lögum.

Ég verð að segja að ég er búin að sitja yfir umræðunni allan tímann frá því að hún hófst í gær og ég undrast að enginn af fulltrúum í heilbr.- og trn. af stjórnarliðinu skuli vera á mælendaskrá nema hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, sem er með fyrirvara við málið, þ.e. auk hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur sem ber umræðuna nánast uppi af hálfu stjórnarliðsins. (Gripið fram í.) Ég er ekki að gera lítið úr málflutningi þeirra þingmanna annarra sem talað hafa en bara vegna þess hve mikil vinna hefur verið lögð í þetta mál í hv. heilbr.- og trn., en þetta hefur nánast verið eina verkefni nefndarinnar frá því að þing kom saman í haust. Nefndin hafði einnig unnið málið allítarlega í vor þegar átti að keyra það í gegnum nefndina. Eins og menn þekkja hefur málið verið í mikilli vinnslu, bæði hjá nefndinni í vor, hjá ráðuneytinu í sumar og síðan aftur hjá nefndinni núna á fyrri hluta þings. Ég verð að segja að eftir því sem við skoðuðum málið meira komu fleiri álitaefni upp. Oft hefur verið talað um að þingmenn með slaka meðalgreind eigi fullt í fangi með að skilja ýmislegt af þessu. Ég verð að segja að ég veit ekki hvar ég flokkast í þeim efnum en oft átti ég vissulega fullt í fangi með að skilja ýmsa þætti en þó taldi ég að við værum öll með sama skilning á málinu þegar málið var afgreitt úr nefndinni fyrir helgi. Þó hefur komið í ljós núna í umræðunni að svo er ekki. Það sýnir fram á hversu nauðsynlegt er að málið komi til nefndarinnar aftur og verði lagfært þar.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði áðan að menn yrðu að gera sér grein fyrir því að málið yrði afgreitt svona eins og það er núna, en ég ætla að vona að svo verði ekki. Ég tel það skyldu okkar, sem höfum ákveðnar efasemdir um vissa þætti málsins, það er skylda okkar að reyna að koma fram breytingum á þeim efnisþáttum því að auðvitað getum við ekki afgreitt málið svona eins og það er í dag. Það hefur þessi umræða sýnt. Það hefur umræðan í gær og í dag sýnt að það er ekki hægt. Við verðum að fara nánar yfir málið í nefndinni.

Það eru einnig önnur rök sem kalla á það, þ.e. hvernig afstaða til málsins er í samfélaginu, sérstaklega í vísindasamfélaginu. Og að fá á fimmta tug bréfa frá heilsugæslulæknum sem lýsa því yfir að þeir muni ekki setja upplýsingar um sjúklinga inn í gagnagrunninn nema fá skriflega beiðni frá hverjum sjúklingi um að svo verði gert, það vekur ákveðnar áhyggjur um að þessi gagnagrunnur muni ekki virka sem skyldi, muni ekki verða það verkfæri sem þeir sem til hans stofnuðu eða sömdu þetta frv. ætluðust til. Ég fagnaði því mjög þegar málið hafði fengið ítarlega umfjöllun í sumar, og að það skyldi ekki hafa verið keyrt í gegnum þingið í vor og taldi að það væri áfangi á þeirri leið að ná meiri sátt um málið í samfélaginu en svo er því miður ekki. Það er alls ekki sátt um málið eins og það er afgreitt úr nefndinni, því miður.

Þetta er mjög flókið mál, það er alveg rétt sem fram hefur komið í umræðunni. Þetta er mjög flókið mál og ég leyfi mér að efast um að þingmenn almennt, þ.e. þeir þingmenn sem ekki eiga sæti í heilbr.- og trn. og þeir þingmenn sem hafa virkilega kafað ofan í málið, geri sér grein fyrir því hvernig þetta mál er vaxið. Það tók okkur í heilbr.- og trn. langan tíma að setja okkur ofan í hina ýmsu þætti málsins. Þrátt fyrir þá vönduðu umræðu og vinnu sem fór fram í nefndinni þá kemur það í ljós hér að menn skildu ýmis atriði frv. ekki á sama hátt þegar það var afgreitt. Ég vil sem sagt ítreka að frv. má alls ekki fara í gegnum þingið eins og það er, það verður að taka á ýmsum þáttum.

Ég spurði í andsvari við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, varaformann heilbr.- og trn., um eitt atriði sem hefur truflað mig nokkuð og það er um ráðstöfunarrétt sjúklinga á heilsufarsupplýsingum. Á föstudaginn var birtist grein í Morgunblaðinu, sem ég tel að að menn ættu að lesa, eftir Boga Andersen sem er sérfræðingur í sameindaerfðafræði og lyflæknisfræði við læknadeild Kaliforníuháskóla í San Diego, og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson minntist einmitt á. Bogi Andersen telur að einkaréttur Íslenskrar erfðagreiningar eða rekstrarleyfishafans muni skerða rétt sjúklinga. Þar sem ég var í stuttu andsvari í gær við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur þegar hún mælti fyrir nál. meiri hlutans langar mig til að grípa aðeins niður í grein Boga og fá svör frá hv. þm. og afstöðu hennar til þeirra niðurstaðna sem hann kemst að í greininni því ég tel það mjög mikilvægt að það komi fram í umræðunni að við séum ekki að skerða réttindi sjúklinga að aðgangi að heilsufarsupplýsingum sínum með þessu frv. Við megum ekki skerða þann rétt bara vegna þess að við erum að halda utan um einkarétt hjá rekstrarleyfishafanum. Mig langar til, með leyfi forseta, að lesa klausu úr grein Boga föstudaginn 4. desember sl. Hann er að tala um rannsóknir og uppbyggingu gagnagrunna:

„Tökum sem dæmi að alþjóðleg sjúklingasamtök vilji byggja upp gagnagrunna til að stuðla að lausn ákveðins sjúkdóms og ákvarða erfðaþætti sem ráða virkni og fylgikvillum lyfjameðferðar. Til þess að auka líkurnar á að hæfustu vísindamenn á sviðinu ynnu að verkefninu þá myndu þessi samtök stuðla að því að rannsóknarhópar bæði innan akademískra stofnana og líftæknifyrirtækja hefðu frjálsan aðgang að gögnunum. Greinilega væri hér starfsemi sem ógnaði viðskiptahagsmunum rekstrarleyfishafa á miðlægum

gagnagrunni því upplýsingum sem Íslensk erfðagreining gæti annars selt væri dreift ókeypis. En frá sjónarmiði sjúklinga væri gagnagrunnur alþjóðlegu samtakanna mjög hentugur því hann myndi koma upplýsingunum um allan heim til hæfustu vísindamanna á viðkomandi sviði.

Ef viðkomandi sjúkdómur eða sjúkdómaflokkur væri viðfangsefni Íslenskrar erfðagreiningar, þá gætu áætlanir íslenskra stjórnvalda staðið í vegi fyrir rétti íslenskra sjúklinga til að taka þátt í slíkri rannsókn, jafnvel þótt hún væri besti möguleiki sjúklinganna að fá lausn á sjúkdómi sínum. Ástæðan er sú að margir íslenskir læknar hafa gert samning um samvinnu við Íslenska erfðagreiningu og samkvæmt gögnum frá Íslenskri erfðagreiningu (A nonconfidential corporate summary, 07/06/98) samþykkja samstarfslæknarnir með þessum samningum að eiga ekki samvinnu við önnur fyrirtæki um sama sjúklingahópinn. Eins og í öðrum viðskiptasamningum fær samstarfslæknirinn væntanlega borgun fyrir hollustu sína og fyrirtækið kemur í veg fyrir að læknirinn selji sama efnivið til samkeppnisaðila. Slíkur læknir getur því neitað að leggja rannsóknargögn sín um sjúklinginn til fyrirtækis sem er í samkeppni við Íslenska erfðagreiningu um gerð gagnagrunns. Og sjúklingarnir gætu heldur ekki leitað til heilbrigðisstofnana um að fá gögn sín, því eins og útskýrt er í svari Ragnheiðar Haraldsdóttur [skrifstofustjóra í heilbrrn.], þá munu stofnanirnar gera sérsamning við starfsleyfishafa um aðgang að heilsufarsupplýsingum. Með öðrum orðum þá eru afleiðingar einkaréttar Íslenskrar erfðagreiningar að sjúklingar eru sviptir ráðstöfunarrétti eigin heilsufarsupplýsinga og hann afhentur læknum og stjórnum heilbrigðisstofnana."

Þetta er nokkuð sem ekki má gerast með lögum og það verður að koma fram í umræðunum að svo sé ekki, því auðvitað verður þessi umræða notuð sem lögskýringargagn þegar þetta frv. verður að lögum, og það er mjög mikilvægt að þarna sé ekki verið að skerða rétt sjúklinga, þ.e. aðgang þeirra að sínum eigin heilsufarsupplýsingum. Það er mjög mikilvægt. Við hv. þm. Össur Skarphéðinsson höfum gagnrýnt einkaréttinn réttilega og rakti hann það mjög ítarlega í máli sínu í gær. Ég hafði nú ekki hugsað mér að fara að endurtaka allt það sem þar kom fram, en hefði talið ástæðu til að það yrði skilgreint nánar þegar málið kemur til nefndarinnar aftur, sem ég geri ráð fyrir að það geri, hvað felist í þessum sérsamningum við fyrirtækið um aðgang að heilsufarsupplýsingum, að það sé alveg ljóst. Ég held einnig að skýra og skilgreina þurfi nánar einkaréttinn vegna þess að eftir því sem ég skil umræðuna verður ekkert fallið frá þeim rétti þó svo ég telji að búast megi við að hann standist ekki þegar farið verður að kæra þennan einkarétt, sem ég býst fastlega við að verði gert og það hefur reyndar komið fram í umræðunni að muni verða gert.

Það er alveg ljóst að þetta mál er enn mjög vanbúið til að verða að lögum. Eins og kom fram í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrichs sem hélt hér langa tölu um gagnagrunninn og hefur reyndar fylgst aðeins með umræðum í nefndinni þar og tekið þátt í þeim, þá er málið á vinnslustigi til síðasta dags og ég sé það á þessari umræðu að nefndin á mikið verk fyrir höndum því það er greinilega ýmislegt sem á eftir að vinna. Ég tel það líka alvarlegt ef stjórnarliðar ætla að fara að breyta hugmyndinni um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði þannig að gert verði ráð fyrir að erfðafræðiupplýsingarnar fari inn í grunninn án þess að þær komi úr sjúkraskrám eins og sameiginlegur skilningur nefndarinnar var í umfjölluninni um málið í nefndinni. Það var tekið þar til umræðu og það var sameiginlegur skilningur okkar þá að í þennan grunn færu ekki aðrar erfðafræðilegar upplýsingar en þær sem kæmu úr sjúkraskrám. Nú virðist annað upp á teningnum og ég tel að það sé líka mál sem við þurfum að ræða í nefndinni og það þurfi að skýra þetta því ég tel að það þurfi að vera alveg ljóst að erfðafræðiupplýsingarnar verði að vera í öðrum grunni.

Ég tók þátt í umræðunni þegar málið kom fyrst til þingsins í vor og var þá frekar hlynnt málinu. Mér fannst þetta áhugaverð leið til að vinna að framþróun í heilbrigðismálum. En ég hef vissulega áhyggjur af því að í skoðanakönnunum kom fram, í upphafi umræðu um þetta mál, að meiri hluti Íslendinga var tilbúinn til að setja upplýsingar í grunninn en núna hefur komið fram að þeim hefur fækkað allmjög sem eru tilbúnir til að setja upplýsingar sínar í grunninn. En eins og komið hefur fram í umræðunni er það mikilvægt til að grunnurinn nýtist sem skyldi að meiri hluti Íslendinga verði með upplýsingar í grunninum. Annars verði hann mun lélegra tæki.

Mig langar aðeins að nefna nokkur atriði án þess ég ætli að endurtaka það sem kom fram í framsögu hv. formanns heilbr.- og trn., Össurar Skarphéðinssonar, um afstöðu okkar til þessa máls. Þó langar mig að nefna að ég fagnaði því að gerðar voru mikilvægar breytingar á frv. úr nefndinni þó ég telji alls ekki að þar hafi verið nóg að gert. Þar má nefna breytingu á 4. gr. þar sem bætt var inn ákvæði sem heimilar ráðherra að semja við rekstrarleyfishafa um sérstakar greiðslur í ríkissjóð sem endurgjald fyrir nýtingu heilsufarsupplýsinga úr sjúkraskrám. Ég hefði viljað sjá þarna að það væri skylda en ekki heimild að ráðherra skuli semja við rekstrarleyfishafa um sérstakar greiðslur í ríkissjóð. Auðvitað er það svo að þær upplýsingar sem liggja fyrir á heilbrigðisstofnunum eru tilkomnar vegna vinnu íslenskra heilbrigðisstarfsmanna og rekstur þeirra hefur verið kostaður af skattpeningum okkar, almennings, þannig að þarna er ákveðin auðlind sem rekstrarleyfishafinn hefur einn aðgang að að setja í miðlægan grunn og ég tel að hægt sé að líkja þessu við aðrar auðlindir sem við eigum sameiginlega. Þess vegna hefði ég talið eðlilegt að ráðherra væri skylt að semja við rekstrarleyfishafa um greiðslur fyrir aðgang að þessum upplýsingum. Þó tel ég þetta ákveðinn áfanga því að eins og málið var áður en það kom til nefndarinnar var þessa aðeins getið í grg.

Einnig leggur meiri hlutinn fram mikilvæga brtt. við 5. gr. sem eru ákvæði um að rekstur gagnagrunnsins skuli vera fjárhagslega aðskilinn frá öðrum samkeppnisrekstri rekstrarleyfishafa. Þetta er mjög mikilvægt atriði og styðjum við það heils hugar.

Síðast en ekki síst tel ég mikilvægt að sátt varð um að bæta inn í 12. gr. ákvæði um þverfaglega siðanefnd sem ætlað er að meta allar fyrirspurnir og rannsóknir sem gerðar eru í krafti gagnagrunnsins. Þar er átt við allar fyrirspurnir, einnig fyrirspurnir á vegum rekstrarleyfishafans sjálfs. Þarna er því komin mjög mikilvæg breyting inn í frv. Þetta er sem sagt metið af þessari þverfaglegu siðanefnd sem verður auðvitað að vera þverfagleg. Áður en rannsóknir eru unnar eða fyrirspurnum svarað þá verður mat nefndarinnar að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd rannsóknarinnar. Ég verð að segja að þetta er ein allra mikilvægasta breytingin sem gerð hefur verið á

frv. um gagnagrunninn, þó að ég telji að gera þurfi ýmsar aðrar mikilvægar breytingar.

Ágreiningur er um ættfræðiupplýsingarnar. Það kom upp hér í umræðunni og er mál sem þarf leysa í nefndinni, án þess að ég ætli að fara út í mikla umræðu um það. Það þarf að vera algjörlega á hreinu hvort erfða- og ættfræðiupplýsingarnar eigi að fara inn í grunninn og ef svo er þá þarf nefndin að hefja vinnuna algjörlega að nýju. Þá þarf að byrja vinnuna algjörlega frá grunni því að öll umræðan í nefndinni miðaðist við það að þessar upplýsingar færu ekki inn í grunninn. Þá er nú alveg ljóst að þetta mál verður ekki samþykkt fyrir áramót eins og virðist vera ætlun meiri hlutans.

Við jafnaðarmenn í heilbr.- og trn., ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, höfum lagt fram nokkrar brtt. við frv. og ég ætla að gera stuttlega grein fyrir þeim. Við höfum lýst því yfir að við teljum að aðgengi vísindamanna að grunninum sé mikilvægt. Það er líka eitt þeirra atriða sem þarf að fara yfir í nefndinni aftur. Það þarf að skoða aðgengismálin. Einnig þarf að bæta inn í frv. skilgreiningu á þeim upplýsingum sem heimilt er að færa í miðlæga gagnagrunninn og hvaða upplýsingar megi ekki flytja þangað inn. Það er alveg ljóst eftir þessa umræðu að þessi brtt. er mjög nauðsynleg. Það á auðvitað að vera ljóst áður en þetta frv. verður samþykkt og verður að lögum að verður að vera ljóst hvað eigi að fara inn í þennan grunn og hvað á ekki að fara þangað.

Við tökum einnig á réttindum barna í brtt., en í lögum um réttindi sjúklinga er sérstakt ákvæði um að börn skuli vera höfð með í ráðum þegar meðferð þeirra er ákveðin. Í samræmi við það og í samræmi við aukin réttindi barna með barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hefur lagt mikla áherslu á að auka réttindi barna, þá leggjum við til að í 8. gr., þar sem fjallað er um réttindi sjúklings, komi inn ákvæði um að foreldrar skuli eftir því sem kostur er hafa börn sín með í ráðum þegar þau ákveða hvort leyfa skuli flutning heilsufarsupplýsinga um þau í miðlægan gagnagrunn, þ.e. með því að notfæra sér ekki fyrir þeirra hönd synjunarheimild 8. gr., og alltaf ef þau eru 12 ára og eldri. Þessi brtt. er efnislega samhljóða 2. mgr. 26. gr. laga um réttindi sjúklinga.

Í frv. er gert ráð fyrir því að einstaklingur eða sjúklingur geti hætt þátttöku í grunninum hvenær sem er, þ.e. að hann geti hvenær sem er látið stöðva flutning upplýsinga um sig inn í grunninn. Í vísindarannsóknum sem tengjast mönnum er algild regla að einstaklingar sem leggja til upplýsingar við rannsókn geti hætt þátttöku hvenær sem þeir vilja. En við hv. þm. Össur Skarphéðinsson teljum eðlilegt að það gildi einnig um rannsóknir sem gerðar eru í krafti miðlægs gagnagrunns og leggjum því til að í 8. gr. komi skýr heimild til sjúklings um að krefjast þess að öllum upplýsingum um hann sem fluttar hafa verið í miðlægan gagnagrunn verði eytt. Þetta var þó nokkuð rætt í nefndinni. Fyrst var því haldið fram að það yrði ekki mögulegt, að ekki væri mögulegt að eyða upplýsingum sem komnar væru inn í grunninn. Eftir að hafa spurst nokkuð fyrir um þetta og fengið upplýsingar um það frá tölvusérfræðingum kom í ljós að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að eyða upplýsingum. Menn geta fundið einstaklinga í grunninum til að hægt sé að bæta við upplýsingum um hann og því á alveg eins að vera hægt að senda inn skilaboð um að eyða upplýsingum. Það eru bara grundvallarmannréttindi og réttindi sjúklings að geta látið eyða upplýsingum um sig í grunninum.

Rök sem komu fram í máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur þegar hún mælti fyrir meirihlutaálitinu í gær um að það mundi rýra gildi grunnsins og skaða rekstrarleyfishafann, þ.e. að þetta yrði ekki eins verðmætur grunnur, finnst mér ekki vera viðunandi rök. Ég tel að við þingmenn sem fjöllum um þetta mál eigum að gæta réttar sjúklinga fyrst og fremst. Við eigum að gæta réttinda þeirra Íslendinga sem eiga upplýsingar í grunninum, og samkvæmt íslenskum lögum eru það allir Íslendingar því að talað er um að sjúklingar séu þeir sem hafa notið heilbrigðisþjónustu og með þeirri skilgreiningu í lögum um réttindi sjúklinga má segja að allir Íslendingar falli undir hugtakið sjúklingar þó þeir séu við hestaheilsu, sem er náttúrlega dálítið merkileg niðurstaða.

Við höfum einnig lagt til í brtt. okkar að sett verði í frv. ákveðið bráðabirgðaákvæði um að landlækni verði falið að standa fyrir upplýsingaherferð til að kynna almenningi rétt hans til að synja þátttöku í miðlægum gagnagrunni. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt atriði, að fram fari gagnger kynning fyrir almenning um réttindi hans gagnvart gagnagrunninum. Það er alveg ljóst að þó svo að umræða hafi verið mikil um gagnagrunninn og þetta þingmál í fjölmiðlum og meðal almennings þá held ég að fólk geri sér alls ekki grein fyrir því hvers konar tæki þetta er né öllum þeim þáttum sem frv. tekur á. Því er mjög mikilvægt að efnt verði til þessarar kynningar og upplýsingaherferðar og vonast ég annað hvort til að meiri hlutinn fallist á þetta eða að við munum sameiginlega, öll nefndin, flytja brtt. eftir að málið fer til nefndar að lokinni 2. umr.

Margoft hefur komið fram í þessari umræðu hve mikilvægt við teljum að öllum vísindamönnum verði tryggður aðgangur að rannsóknum í gagnagrunninum og í nál. okkar eru reifaðar tvær leiðir til þess að ná því en ekki er tekin afstaða til þeirra. Við höfum ákveðið að leggja ekki fram sérstaka brtt. heldur vonumst við til þess að hægt verði að komast að samkomulagi um málið og leggjum því ekki til hvora leiðina eigi að fara því mjög mikilvægt er að einhver sátt náist um aðgengismálin.

Mikil umræða var um aðgengisnefndina svokölluðu. Stjórnarliðar í nefndinni hafa haldið því ákveði til streitu að rekstrarleyfishafi eigi fulltrúa í aðgengisnefndinni sem við teljum óviðunandi og hefur verið gagnrýnt harðlega af vísindamönnum. Mjög hörð andstaða vísindamanna hefur komið fram við setu fulltrúa rekstrarleyfishafans í nefndinni og mætti náttúrlega hafa langt mál um það. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson rakti það mál mjög ítarlega í langri framsögu sinni fyrir nál. okkar í gær þannig að ég tel ekki ástæðu til að lengja umræðuna með því að endurtaka það allt saman, enda gerði hann því mjög góð skil.

Eins og ég gat um áðan er einnig mjög ítarlega gerð grein fyrir því hvernig við teljum að einkaleyfismálin og aðgengismál vísindamanna brjóta reglur EES. Heilbr.- og trn. hefði e.t.v. átt að kalla eftir áliti um þetta meðan málið var í vinnslu þar, en þar sem því hafði verið synjað algjörlega að fá álit frá útlöndum vegna málsins þá gerði maður ekki ráð fyrir því að meiri hlutinn samþykkti að fá það álit. Ég hefði talið æskilegt að fá álit frá Eftirlitsstofnun EFTA um þessi atriði því það er náttúrlega afleitt ef við samþykkjum frv. til laga sem brýtur í bága við alþjóðasamninga sem við erum aðilar að. Það á auðvitað ekki að eiga sér stað og slík lög standast náttúrlega ekki lengi þegar búið verður að taka á því.

Enn vil ég nefna að einkaleyfið hefur verið gagnrýnt og var gagnrýnt í mörgum umsögnum að ekki væru skýr rök fyrir einkaleyfi í sjálfu frv. Lagastofnun bendir á það

í umsögn sinni eins og komið hefur fram í umræðunni og urðu nokkur orðaskipti um það fyrr í dag, að þá voru þau rök sem nefnd hafa verið um það að stofnkostnaður við gerð gagnagrunnsins sé hár og líklegur til þess að verða umtalsvert hærri fyrir þann sem fer fyrstur af stað með slíkan grunn. Það er auðvitað ljóst að svo hlýtur að vera. Það hefur líka verið nefnt sem efnisleg rök að mikil óvissa ríki um hagnýtingarmöguleika gagnagrunnsins, slíkur grunnur hafi aldrei verið markaðssettur áður og yrði einkaréttur ekki veittur gæti það leitt til samkeppni sem ylli því að heildarverðmæti sem rynnu inn í landið vegna viðskipta með upplýsingar úr grunninum yrðu minni en ella.

Þessum rökum hafna bæði Samkeppnisstofnun og Lagastofnun Háskóla Íslands. En fulltrúar stjórnarliða eða meiri hlutans halda sig enn við þessi rök. Samkeppnisstofnun segir alveg skýrt að vafasamt sé að rök um mikinn stofnkostnað réttlæti einkarétt. Hún bendir á að slík rök mætti nota í mörgum tilvikum til að komast hjá eftirliti á grundvelli samkeppnisreglna EES-samningsins og bendir sérstaklega á stóriðju sem dæmi um fyrirtæki þar sem stofnkostnaður er gríðarlega hár og mikil óvissa ríkir um markaðssetningu.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich gerði lítið úr rökum í þessa veru í máli sínu fyrr í dag og hæddist nánast að þeim sem hefðu haldið þessu fram, að bera saman rekstur gagnagrunns og stóriðju, en ég get ekki séð annað en að þetta séu fyllilega réttmæt rök og réttmæt samlíking sem er í áliti Samkeppnisstofnunar.

Í áliti Lagastofnunar er nákvæmlega sama viðhorf að finna. Hún rekur að einkarétturinn sé í frv. rökstuddur m.a. með tilvísun til þess að hann kosti allt að 19,3 milljörðum kr. og áhætta þess sem ræðst í smíði hans sé því veruleg. Þessum rökum frv. er hins vegar hafnað í áliti Lagastofnunar. Hún segir hreint út að frá sjónarhóli EES-réttar geti það tæpast réttlætt einkarétt enda eru það þá rök sem eiga alltaf við þegar fjárfesting er mikil, óháð því hvers konar atvinnustarfsemi á í hlut.

Það er því ljóst að einu rökin fyrir einkaréttinum sem komið hafa fram af hálfu fulltrúa stjórnarflokkanna í umfjölluninni í heilbr.- og trn. er hafnað bæði af Lagastofnun Háskóla Íslands og Samkeppnisstofnun. Lagastofnun treystir sér ekki einu sinni til að fullyrða að einkarétturinn standist EES-reglur.

Mig langar að nefna eitt atriði í viðbót sem ég teldi ástæðu til að athuga og það er að ég tel að það beri að bjóða út gerð gagnagrunnsins. Við fulltrúar jafnaðarmanna í heilbr.- og trn. teljum það óhjákvæmilegt og kemur það fram í nál. okkar að útboð þurfi að fara fram. Það er rakið mjög ítarlega í nál. okkar hvers vegna það er. Það kom einnig fram hjá fulltrúum Ríkiskaupa, sem komu á fund nefndarinnar, að þeir teldu að útboð ætti að fara fram.

Samkvæmt EES-reglum ber íslenska ríkinu skylda til að bjóða út þjónustu sem þessa, þ.e. gerð miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði, fari verðmæti viðskiptanna yfir 16 milljónir og 300 þúsund. Þá ber einnig skylda til að auglýsa útboðið á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Ég get ekki séð hvað menn óttast við útboð. Ég get ekki ímyndað mér að það verði aðrir en Íslensk erfðagreining sem muni fá þetta. Þeir hafa haft mjög góðan og ríflegan tíma til að undirbúa sig, hafa haft beinan og greiðan aðgang að stjórnvöldum við að útbúa þetta frv. og við alla vinnslu, þannig að ég get ekki séð að, sé það vilji stjórnvalda að Íslensk erfðagreining fái þetta verk, ættu þeir ekki að þurfa að óttast mikið þó að það færi fram útboð.

Ég ætlaði ekki að hafa ræðu mína miklu lengri. Ég vonast til þess að menn geti komið að málinu í nefndinni aftur og þar verði hægt að taka á þessum atriðum sem ekki er sátt um og hafa verið óljós í umræðunni. Einnig teldi ég að málið þyrfti mun lengri vinnslu vegna þess að málið er í uppnámi í samfélaginu. Sömuleiðis hafa komið fram atriði eins og þetta með brot á reglum EES og nýfallinn dómur í kvótamálinu hjá Hæstarétti sem gera það að verkum að það þarf að skoða þessi mál mun betur.

Ég vil í lokin, herra forseti, halda því til haga að ég var með ákveðnar fyrirspurnir um réttindi sjúklinga til heilsufarsupplýsinga sinna, sem ég nefndi vegna skrifa Boga Andersens í föstudagsblaði Morgunblaðsins, sem ég óska eftir að komi skýrt fram í máli meiri hlutans, þannig að alveg sé ljóst að ekki sé á nokkurn hátt verið að skerða réttindi sjúklinga til heilsufarsupplýsinga þeirra með þessu frv.

Ég vil líka ítreka að það þarf að skilgreina einkaréttinn, verði haldið við hann þá þarf að skýra hann nánar, það þarf að koma skilgreining á honum. Það þarf að koma fram hversu víðtækur einkarétturinn er. Ég hefði einnig talið æskilegt að nefndin ræddi nokkuð hvað gæti falist í samningum rekstrarleyfishafa við heilbrigðisstofnanir og hvort hægt væri að þrengja þennan einkarétt eitthvað með því. Það hefði ég talið fulla ástæðu til að nefndin skoðaði og auðvitað ýmis fleiri mál sem hafa komið hér.

Það er reyndar eitt atriði í viðbót sem ég ætla að minnast á sem ég hef verulegar áhyggjur af en það er ástandið í vísindasamfélaginu vegna málsins sem ég óttast að muni gera gagnagrunninn lélegt tæki. Ég vil að lokum taka undir álit stjórnar siðfræðiráðs Læknafélags Íslands sem við fengum sent en er birt hér í nýjasta Læknablaðinu, sem kom út núna í desember. Þeir segja í áliti sínu:

„Augljóst er af þjóðfélagsumræðunni að ótækt er að afgreiða frumvarp sem þetta á nokkrum mánuðum. Til þess eru vafaatriði of mörg. Ekki liggur fyrir hvaða upplýsingar eiga að fara í gagnagrunninn."

Þetta er alveg rétt og skilgreina verður hvaða upplýsingar eiga að fara í þennan grunn og hvaða upplýsingar eiga ekki að fara í þennan grunn. Það er heilmikið verk sem bíður hv. heilbr.- og trn. að lokinni umræðunni, a.m.k. er það mat mitt. Ég efast ekki um að farið verði í þá vinnu af sömu eljusemi og gert var fram að þessari umræðu. Það hefur verið unnið mjög ítarlega við þetta mál, margir kallaðir til, en það er greinilega heilmikil vinna fram undan.

[18:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. um miðlægan gagnagrunn heilsufarsupplýsinga íslensku þjóðarinnar. Í upphafi langar mig til að geta þess að ég sakna þess mjög að hér skuli ekki vera staddar hæstv. heilbrrh. og talsmaður meiri hlutans í heilbr.- og trn. Alþingis, og leyfi ég mér að óska eftir að talsmaður meiri hlutans verði viðstaddur umræðuna en hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir sér í hliðarsal. Ég sé að hv. talsmaður meiri hlutans í heilbr.- og trn. er mætt í salinn.

Eins og ég gat um áðan fjallar frv. um hvort smíða eigi miðlægan gagnagrunn um heilsufarsupplýsingar íslensku þjóðarinnar. Í framhaldinu er í ráði að gera samning við bandaríska stórfyrirtækið deCODE Genetics Incorporated um að fela þessu ameríska fyrirtæki einkarétt til að höndla

með heilsufarsupplýsingar Íslendinga við lyfjafyrirtæki, við tryggingafyrirtæki.

Hér á Alþingi hefur á liðnum árum verið fjallað um mörg umdeild og umdeilanleg lagafrumvörp. Mikið var deilt um lagafrumvarp sem skerti verulega réttindi launafólks. Í vor var fjallað um mjög umdeilda húsnæðislöggjöf mjög alvarlegs eðlis og þannig mætti áfram telja næstum því út í hið óendanlega. Ég hélt sannast sagna að ekki yrði miklu lengra gengið en gert var í vor þegar hér kom til afgreiðslu frv. til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu en samkvæmt því frv., sem síðar var gert að lögum, var eignarhald á auðlindum í jörðu, allt inn í kviku jarðarinnar, að miðju jarðarinnar, afhent til eignar þeim sem á land eða hefur eignarhald á landi. Þetta var mjög alvarleg og ég óttast afdrifarík lagasmíð því gagnstætt því sem gerist með hin frv. sem ég nefndi, er erfitt að koma við leiðréttingum. Að sjálfsögðu verður það gert þegar búið er að skipta um ríkisstjórn en erfitt er að koma við leiðréttingu. Einmitt þetta er vandinn við það frv. sem er til umfjöllunar nú. Það er mjög erfitt að leiðrétta afglöpin sem ég óttast að menn séu að fremja með þessu frv.

Ég ætla, hæstv. forseti, að gera hlé á máli mínu þar til hv. talsmaður meiri hluta hefur lokið símtali í hliðarsal. Við látum það liggja milli hluta þótt menn tali í síma en það truflar mál mitt hér og umræðurnar hér.

(**Forseti** (StB): Forseti vill óska eftir því að hv. þingmenn séu í salnum.)

Það er kannski verið að fá upplýsingar frá — (**SF:** Maðurinn minn vill fá að vita hvað hann á að elda fyrir mig.) „Maðurinn minn vill fá að vita hvað hann átti að elda fyrir mig", segir talsmaður meiri hluta heilbr.- og trn. Sannast sagna er ég nú þeirrar skoðunar að þau mál sem eru til umræðu séu ekki þess eðlis að hægt sé að hafa þau í flimtingum, mér finnst þetta vera miklu alvarlegra mál en svo. Miklu alvarlegra mál en svo þegar á að keyra í gegnum þingið lög sem byggja á því að gerður verði samningur um að afhenda einkaréttinn á heilsufarsupplýsingum Íslendinga ameríska stórfyrirtækinu deCODE Genetics Incorporated. Um það fjallar málið. Þetta er fyrirtæki sem er í eigu bandarískra áhættufjárfesta og tryggingafélaga og nokkrir Íslendingar hafa reyndar komið við sögu í fjárfestingum þar, sumir skelfingu lostnir yfir því sem er að gerast. Höfðu allt aðrar hugmyndir um það í upphafi hvernig ætti að nýta þetta fyrirtæki.

Þetta var fyrsta atriðið sem ég vildi nefna, þ.e. að hér er um að ræða lagasmíð sem skiptir okkur öll mjög miklu máli, íslensku þjóðina, vegna þess að mjög erfitt er að snúa til baka þegar búið er að samþykkja hana. Gert er ráð fyrir því að afhenda fyrirtækinu eða sérleyfishafa, sérleyfishafa á heilsufarsupplýsingum íslensku þjóðarinnar, einkaleyfi á þjóðinni til 12 ára. Reyndar eru áhöld um hvort það er ekki lengri tími. Ég mun koma að því síðar að það má færa rök fyrir því að verið sé að semja um mun lengri tíma, a.m.k. 15 ár. Þegar búið er að afhenda fyrirtækinu einkaleyfi á íslensku þjóðinni er erfitt að snúa til baka.

Ég vil geta þess að ég er ekki andsvígur gagnagrunnum í sjálfu sér, gagnagrunnum um heilsufarsupplýsingar, en ég tel að það þurfi að skoða alla þá kosti sem bjóðast í stöðunni. Og eins og gerð hefur verið grein fyrir í þinginu hefur komið fram annað frv. og þáltill. um þetta sama efni. Nokkrir þingmenn jafnaðarmanna hafa lagt fram frv. um miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og síðan hafa hv. þingmenn Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson og sá sem hér stendur lagt fram þáltill. um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði. Meiri hluti heilbr.- og trn. neitaði að taka frv. og þáltill. til umfjöllunar og afgreiða þau út úr heilbr.- og trn. á sama tíma og frv. ríkisstjórnarinnar. Því var neitað og ég tel það mjög bagalegt því að það hefði að mínum dómi átt að flétta þessa umræðu alla saman um þessi tvö frv. og þáltill. okkar um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd.

Það kemur reyndar fram í umsögnum þeirra sem létu frá sér heyra um þessi tvö frv. og þáltill. að þeir hefðu gjarnan viljað hafa það þannig. Ég ætla aðeins að gera stuttlega grein fyrir helstu atriðum í þáltill. um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að í stað þess að stefna að miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði verði ríkisstjórninni falið að láta fara fram vandaða úttekt á dreifðum gagnagrunnum með það að markmiði að nýta megi þá betur en nú er gert í þágu rannsókna og bættrar heilbrigðisþjónustu að teknu tilliti til réttinda sjúklinga og ákvæða um persónuvernd. Kannað verði jafnframt hvernig tengja megi saman dreifða gagnagrunna til að auðvelda afmarkaðar og vel skilgreindar rannsóknir og hvernig um þurfi að búa til að tryggja persónuvernd. Sé talið nauðsynlegt að breyta lögum á þessu sviði verði gerðar tillögur þar að lútandi.

Við vinnu að úttektinni verði meðal annars gert ráð fyrir:

1. Að ríki, rannsóknastofnanir og félög sem standa fyrir rannsóknum á heilbrigðissviði eigi framvegis sem hingað til aðild að dreifðum gagnagrunnum.

2. Að upplýsingar úr sjúkraskrám séu varðveittar þar sem þær verða til og ekki verði settur upp miðlægur gagnabanki.

3. Að leitað verði upplýsts samþykkis sjúklinga vegna skráningar upplýsinga í dreifða gagnagrunna vegna rannsókna, eftir því sem við á og unnt er, sbr. tilskipun 95/46/EC, og í hvívetna gætt ákvæða um persónuvernd.

4. Að sérstaklega verði athugað um réttarstöðu þeirra sem sviptir hafa verið sjálfræði eða eru vegna veikinda ófærir um að svara til um skráningu, sem og um heimildir til skráningar upplýsinga um þá sem eru látnir.

5. Að tryggður verði réttur ófullveðja barna til að afturkalla er viðkomandi verður fullveðja heimildir sem foreldrar kunna að hafa veitt til skráningar upplýsinga um viðkomandi.

6. Að athugað verði hvernig koma megi í veg fyrir að upplýsingar úr gagnagrunnum séu misnotaðar af hálfu tryggingafélaga og atvinnurekenda.

7. Að ákvæði alþjóðasamninga og samþykkta á þessu sviði, sem Ísland er aðili að, séu virt í hvívetna, sem og mannréttindaákvæði.

8. Að mörkuð verði stefna um hvort, og þá hvernig, veita eigi aðgang að dreifðum og hugsanlega samtengdum gagnagrunnum til rannsókna og annarra vel skilgreindra verkefna og um gjaldtöku í því sambandi.

9. Að kannaðir verði kostir þess að nýta upplýsingar úr dreifðum og hugsanlega samtengdum gagnagrunnum til að auka gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu.

10. Að tekið verði, eftir því sem við á, tillit til stefnumörkunar um söfnun, vörslu og meðferð lífsýna úr mönnum, sem og laga um réttindi sjúklinga.

11. Að komið verði á skipulegri fræðslu til almennings um erfðatækni og eðli og starfrækslu gagnagrunna á heilbrigðissviði, ekki síst um varhugaverða þætti, svo og um skyldur

og trúnað heilbrigðisstarfsstétta gagnvart sjúklingum og um réttindi sjúklinga og persónuvernd.

12. Að tekið verði, eftir því sem við á, mið af „stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins", sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gaf út árið 1997 (rit 1, 1997).

Við úttektina verði haft náið samráð við tölvunefnd og vísindasiðanefnd, sem og þá aðila sem þegar starfrækja gagnagrunna á heilbrigðissviði, þar á meðal erfðafræðinefnd, Krabbameinsfélag Íslands og Hjartavernd. Þá verði og haft samráð við Háskóla Íslands og aðrar rannsóknastofnanir og leitað upplýsinga um fyrirkomulag og þróun hliðstæðra mála í nágrannalöndum austan hafs og vestan.

Skýrsla um úttektina og æskilegar lagabreytingar verði lögð fram á næsta reglulegu Alþingi til kynningar og umræðu."

Hæstv. forseti. Þetta mátti ekki ræða. Þetta mátti ekki ræða á Alþingi á sama tíma og fjallað yrði um frv. ríkisstjórnarinnar um miðlægan gagnagrunn. Það var fellt í atkvæðagreiðslu í heilbr.- og trn. að afgreiða þessa þáltill. út úr nefndinni þannig að hún gæti komið til umræðu á sama tíma og frv. um miðlægan gagnagrunn.

Áður en ég skil við þessa þáltill. ætla ég að vitna lítillega í greinargerð sem fylgir henni. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Með þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér er flutt um úttekt á dreifðum gagnagrunnum á heilbrigðissviði og persónuvernd er gert ráð fyrir að í stað miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði sem tillögur hafa komið fram um verði byggt á dreifðum gagnagrunnum í heilbrigðiskerfinu. Kanna að verði jafnhliða hvort gera eigi ráð fyrir að unnt sé að samhæfa þessa grunna þannig að þeir nýtist til rannsókna og annarra vel skilgreindra verkefna, meðal annars til að auka gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu.

Hvaða leiðir sem valdar verða þarf að tryggja persónuvernd og friðhelgi manna í fullu samræmi við alþjóðasamþykktir og bestu hefðir og siðareglur. Forsendurnar fyrir því að vel takist til á sviði persónuverndar og öryggis sjúklinga og þjóðarinnar í heild er að ekki sé gengið lengra í lagasetningu og heimildum en svo að yfirgnæfandi líkur séu á að unnt verði að hafa í heiðri reglur á sviði persónuverndar og ekki sé tekin óhæfileg áhætta á því sviði. Þótt máli skipti hvaða tæknilegar útfærslur eru valdar í gagnagrunnum, einnig með tilliti til persónuverndar, er það aukaatriði hjá hinu að lagalega sé þannig um hnúta búið að grunnarnir bjóði ekki upp á misbeitingu og „slys"."

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að vitna frekar í þessa greinargerð sem er mjög löng og væri þess vegna hægt að nýta kvöldið til að lesa. En ég ætla ekki að gera það. Hins vegar ætla ég að vitna lítillega í viðbrögð sem borist hafa víðs vegar úr þjóðfélaginu við þessari tillögu. Þetta verður ekki nein tæmandi yfirferð. Ég ætla bara rétt að geta þess sem fram kom hjá einstökum aðilum.

Hér segir t.d. í athugasemdum Siðfræðistofnunar við tillögu til þingsályktunar um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd, með leyfi forseta:

„Úttekt af því tagi sem lögð er til í þessari þingsályktunartillögu er ótvírætt af hinu góða. Í umræðum á undanförnum mánuðum um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði hefur tilfinnanlega skort á að fyrir lægju áreiðanlegar upplýsingar um kosti og galla ólíkra leiða til að nýta heilbrigðisupplýsingar í vísindalegum tilgangi. Því miður virðist slík úttekt ekki hafa verið gerð við undirbúning frumvarps heilbrigðisráðherra um miðlægan gagnagrunn.

Áður en teknar eru stefnumótandi ákvarðanir í þessu efni verður að fara fram mikil og vönduð vinna sem miðar að því að tryggja persónuvernd og réttindi þegnanna, vísindalegan árangur, réttlæti gagnvart þeim sem stunda vísindarannsóknir og hagkvæmni, svo nokkuð sé nefnt. Dreifðir gagnagrunnar hafa ýmsa kosti. Til dæmis byggjast þeir á þeirri meginreglu sem fylgt hefur verið hingað til að upplýsingar úr sjúkraskrám séu varðveittar þar sem þær verða til og að umfang upplýsinga um hvern einstakling sé því takmarkað í hverjum gagnagrunni við tiltekinn (sjálfstætt starfandi) lækni eða sjúkrastofnun. Slíkt fyrirkomulag gerir persónuvernd auðveldari. Á hinn bóginn þarf að kanna hvernig dreifðir gagnagrunnar, sem mögulegt er að tengja saman, geti nýst sem best til vísindarannsókna. Enn fremur þarf meðal annars að útfæra hvernig haga megi samkeyrslu gagnagrunna og hvernig eftirliti skuli háttað."

Undir þetta skrifa Jón Á. Kalmansson og Salvör Nordal.

Siðfræðistofnun tekur undir það með okkur sem stöndum að þessi þáltill., að heppilegt væri að fara þessa leið. Í umsögn Siðaráðs landlæknis segir, með leyfi forseta:

„Siðaráð landlæknis er í megindráttum sammála þeim efnisatriðum sem lögð er áhersla á í tillögunni. Það tekur undir það viðhorf að rétt sé að undirbúa betur þann jarðveg sem lagafrumvarp um gagnagrunn á heilbrigðissviði sprettur úr, einungis með góðri undirbúningsvinnu megi búa slíkt frumvarp vel úr garði.

Í tillögunni er tekin sú afstaða að dreifðir gagnagrunnar sem gefa möguleika á samtengingu séu farsælli lausn á fyrirkomulagi tölvuvæddra heilbrigðisupplýsinga en einn miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði. Margt bendir til að svo sé, bæði frá siðferðilegu og vísindaaðferðafræðilegu sjónarmiði t.d. þar sem gera má ráð fyrir að áreiðanleiki og nákvæmni upplýsinga sé meiri. Við teljum engu að síður nauðsynlegt að fá einnig óháða umfjöllun um kosti og galla miðlægs gagnagrunns. Má sem dæmi nefna að miðlægur grunnur gæti nýst betur ef áætlað er að nota upplýsingarnar í viðskiptalegum tilgangi. Einnig væri gott að fá á því fræðilega úttekt við hvers kyns úrvinnslu og þekkingaröflun mætti áætla að miðlægur grunnur hentaði betur en dreifðir grunnar. Þessar upplýsingar gætu nýst til að taka upplýstari ákvörðun um það hvort kerfið nýttist betur þjóðinni til heilla."

Hér er Siðaráð landlæknis að taka undir með okkur um að heppilegt sé að skoða þessi mál öll miklu betur en gert hefur verið.

Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands segir að rökrétt sé að mæla með samþykkt þáltill. og síðan er vísað í umfjöllun nefndarinnar um miðlægan gagnagrunn. Undir þetta álit skrifa Hrafn Túliníus prófessor, Skúli Guðmundsson skrifstofustjóri, Oddur Benediktsson prófessor og Tómas Helgason prófessor, formaður erfðafræðinefndar.

Síðan er hér umsögn læknaráðs Sjúkrahúss Reykjavíkur, þar sem segir m.a.:

„Læknaráð telur mikilvægt að slík athugun verði gerð sem þingsályktunin gerir ráð fyrir. Læknaráð leggur jafnframt áherslu á að kæmi til samtengingar gagnagrunna vegna einstakra vísindarannsókna yrði hlutverk og mikilvægi tölvunefndar og vísindasiðanefndar skilgreint sérstaklega."

Ef kæmi til „samtengingar gagnagrunna vegna einstakra vísindarannsókna" ég vek athygli á þessu.

Í umsögn Geðhjálpar segir:

„Geðhjálp styður tillöguna eindregið og vonast til að hún fái jákvæða afgreiðslu á þingi. Félagið tekur sérstaklega undir 4. lið þingsályktunartillögunnar: „Að sérstaklega verði athugað um réttarstöðu þeirra sem sviptir hafa verið sjálfræði eða eru vegna veikinda ófærir um að svara til um skráningu, sem og um heimildir til skráningar upplýsinga um þá sem eru látnir.““

Stjórn Félags ísl. sjúkraþjálfara hefur fjallað um till. til þál. um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd, og hér er vitnað í efnisinntak tillögunnar:

„Stjórn FÍSÞ telur að slík úttekt sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir sé mjög gagnleg í allri umfjöllun um frumvörp til laga um gagnagrunna á heilbrigðissviði.“

Hér er tekið undir þetta sjónarmið sem ég nefndi áðan að mikilvægt er að umfjöllun um þessi frumvörp öll eigi sér stað samhliða.

Hvað segir tölvunefnd? Hún vísar í athugasemdir sem hún hefur gert um frv. um miðlægan gagnagrunn. Eins og ég mun koma að síðar í máli mínu hefur tölvunefnd verið mjög andvíg þessum miðlæga gagnagrunni og sett mjög alvarleg spurningarmerki við að hann verði reistur.

Ég ætla ekki að fara yfir allar þær umsagnir sem hafa borist en vek athygli á því að í umsögn umboðsmanns barna er tekið sérstaklega undir 5. lið tillögunnar og ég vitna hér í umsögn umboðsmanns barna:

„Ég vil einungis lýsa yfir stuðningi mínum við það sjónarmið sem fram kemur í 5. lið tillögunnar. Sem umboðsmaður barna tel ég afar mikilvægt að þetta atriði sé haft með í tillögunni. Ég er þeirrar skoðunar að sá varnagli sem þarna er sleginn sé til þess fallinn að vernda hagsmuni barna, en í tilvikum sem þessum eru þau ekki fær um að gera það sjálf vegna æsku sinnar.“

Og 5. liðurinn, sem hér er vísað til, er svohljóðandi:

„Að tryggður verði réttur ófullveðja barna til að afturkalla er viðkomandi verður fullveðja heimildir sem foreldrar kunna að hafa veitt til skráningar upplýsinga um viðkomandi.“

Þetta segir umboðsmaður barna. En í frv. ríkisstjórnarinnar um miðlægan gagnagrunn hafa börn, þegar þau eru komin á fullorðinsaldur, ekki tækifæri til að gera það sem umboðsmaðurinn er að hvetja til. Þau hafa ekki tækifæri samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar til að gera það sem umboðsmaður barna segir af sinni hálfu að sé skilyrði fyrir því að hún samþykki þessar lagabreytingar, þótt hún orði það ekki alveg á þann veg, ekki á annan veg en þann sem ég vitnaði hér í áðan.

Mannvernd, samtök um persónuvernd og rannsóknafrelsi, hefur þetta stutt og laggott:

„Mannvernd, samtök um persónuvernd og rannsóknafrelsi, styðja eindregið tillögu til þingsályktunartillögu um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd.“

Og undir það skrifa Sigmundur Guðbjarnason prófessor, fyrrv. háskólarektor, Pétur Hauksson læknir, formaður Geðhjálpar, Laufey Tryggvadóttir faraldsfræðingur, Anna Atladóttir læknaritari og Friðrik R. Jónsson verkfræðingur.

Síðan eru hér fjölmargar aðrar umsagnir.

„Stjórn Geðverndarfélags Íslands er einhuga í þeirri afstöðu sinni að styðja eindregið þær hugmyndir sem fram koma í þingsályktunartillögunni.“

Stjórn Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands vísar í umsögn sína um frv. ríkisstjórnarinnar:

„Atriðin sem koma fram í nefndri þingsályktunartillögu eru í takt við sjónarmið stjórnar Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands, og lýsir stjórnin yfir fullum stuðningi við framkomna þingsályktunartillögu. Stjórn Siðfræðiráðs Læknaráðs Íslands.“

Ekki er hlustað á það fremur en aðra að sjálfsögðu.

Rannís, Rannsóknarráð Íslands, tekur undir sitthvað í þessu, en er nokkuð blendið í afstöðu sinni en segir þó að: „sú umræða sem fram hefur farið hefur orðið málefnaleg og gagnleg og snýst um spurningar, sem íslenskt samfélag og þá ekki síst vísindasamfélagið hefur ekki áður þurft að takast á við.“

Það er nú leiðinlegt að vera ekki jákvæður gagnvart þeim sem eru að senda umsagnir til Alþingis. En ég leyfi mér hæstv. forseti að efast stórlega um að þessi umræða hafi verið gagnleg. Ég held að umræðan hafi verið stórkostlega skaðleg. Hún hefur verið skaðleg fyrir íslenska þjóð og hún hefur verið skaðleg fyrir vísindasamfélagið og ég held því miður að hún eigi eftir að hafa mjög skaðvænleg áhrif þegar til lengri tíma er litið, mjög skaðleg áhrif. Ég mun rökstyðja það hér í máli mínu.

Það sem ég vildi segja í upphafi var að vekja athygli á því hve mikilvægt mál er hér á ferðinni og afdrifaríkt, og ég vil vekja athygli á því að þeir valkostir sem minni hlutinn og reyndar agnarsmár minni hluti á Alþingi vildi bjóða upp á, valkostur um dreifða gagnagrunna hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir í samfélaginu almennt á meðal samtaka sjúklinga og af hálfu vísindamanna og lækna, ég tala nú ekki um þá sem sýsla einkum með hinar siðfræðilegu hliðar mála. Þeir aðilar hafa allir tekið mjög vel undir hugmyndir okkar sem höfum sett fram þáltill. um dreifða gagnagrunna. En þetta hefur ekki fengist rætt, fæst ekki afgreitt úr heilbrigðisnefnd og bannað er að fjalla um þetta hér í þinginu, og er ég reyndar að gera það í óþökk manna að fara yfir þetta mál, en ég sé ástæðu til þess vegna þess að þetta eru að sjálfsögðu aðrar hliðar á sama málinu.

Ég vil leggja áherslu á að þeir sem eru andvígir þessu frv. eru ekki andvígir rannsóknum, eins og oft er látið í veðri vaka, að menn séu að bregða fæti fyrir rannsóknir. Það er síður en svo. Ég tek undir það sem segir í umsögn frá Lyfjafræðingafélagi Íslands um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Þar er sagt að hann bjóði upp á mikla nýja möguleika fyrir vísindamenn í erfðafræði, faraldsfræði, lyfjafaraldsfræði og fleiri greinum — ég tek nú reyndar ekki undir þetta en undir hitt tek ég sem hér fylgir á eftir:

„Ekki er þó hægt að horfa eingöngu á alla þá möguleika sem opnast. Einnig verður að skoða hugsanlega galla á frumvarpinu, bæði hvort frumvarpið brjóti hugsanlega rétt á þeim, sem ætlunin er að leggi til gögnin í grunninn, íslensku þjóðinni og hvort frumvarpið loki einhverjum möguleikum vísindamanna ef það verður að lögum.“

Hér er sagt á mjög hniðmiðaðan hátt hvaða atriði það eru sem einkum koma til álita.

Hvað er það sem menn staldra aðallega við þegar þeir velta fyrir sér kostum og göllum þessa frv.? Hvað er það sem menn staldra aðallega við? Menn staldra við og spyrja hvaða áhrif þetta muni hafa á rannsóknir. Hvort þetta muni verða til þess að auðvelda rannsóknir eða hvort þetta muni verða til þess að torvelda rannsóknir.

Í öðru lagi velta menn því fyrir sér hvaða áhrif þetta muni hafa á persónuvernd, hvort verið sé að safna saman upplýsingum sem komi einstaklingum í koll og í því samhengi

hefur mikið verið rætt um dulkóðun og leiðir til að koma í veg fyrir að einstaklingar verði persónugreinanlegir, sem kallað er.

Þá velta menn því fyrir sér á hvern hátt gagnagrunnurinn verði notaður í viðskiptatilgangi. Við erum að tala um mjög mikla fjármuni. Menn eru ekki einvörðungu að tala um milljarða, menn eru að tala um tugi milljarða. Það er a.m.k. látið í veðri vaka að svo sé. Ég hef reyndar nokkrar efasemdir um að þær tölur séu réttar og hef því miður efasemdir um að þessir peningar verði framreiddir þegar til kastanna kemur. Ég efast um það. Ég held hins vegar að þegar að söluvörunni kemur muni margt standast en þegar kemur að efndunum þá hef ég persónulega nokkrar efasemdir um þær.

Menn eru sem sagt að tala um tilganginn með grunninum, á hvern hátt hann verði nýttur í viðskiptatilgangi. Eftir einhverju hlýtur að vera að slægjast ef menn eru reiðubúnir að láta milljarða og tugi milljarða af hendi rakna. Eitthvað ætlast menn til að fá í sinn hlut.

Menn velta fyrir sér hvaða áhrif þetta hafi á okkur í vísindasamfélagi þjóðanna. Þar eru miklar deilur um það á meðal vísindamanna, ekki aðeins hér á landi heldur erlendis líka, hvaða áhrif þetta kunni að hafa. Reyndar er ekki alveg rétt hjá mér að orða það þannig vegna þess að á meðal erlendra vísindamanna eru afskaplega litlar deilur um málið. Þar eru skoðanir manna og sjónarmið mjög á einn veg, að hér sé illa af stað farið. Reyndar er það svo að menn líta á þetta frv. eða þessa lagasmíð og þau skref sem Íslendingar eru hugsanlega að stíga sem fordæmisgefandi. Þess vegna skipti þetta máli og geti skipt máli fyrir allt vísindasamfélagið hvernig þessu máli reiðir af.

Ég ætla nú að fjalla lítillega um þessa þætti alla og tengja þá frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Í 1. umr. um málið dró ég upp mynd af þeirri þjóðfélagsþróun sem á sér stað, ekki aðeins hér á landi heldur í flestum grannríkjum okkar. — Ég bið hæstv. forseta afsökunar, ég var að gefa hv. þingmönnum færi á að ljúka samtali sínu hér í hliðarsal. En ég dró upp ákveðna mynd ... (**SF:** Ég er að hlusta á þig.) Ég ætla að segja þingmönnum sem sitja á skrifstofum sínum frá því sem hv. þm. sagði hér, hún er að spyrja um hvenær eigi að borða, hvenær við getum lokið þessu rugli öllu væntanlega. (**Gripið fram í:** Ég?) Nei, hv. þm. Pétur Blöndal situr hér og veit að margir þingmenn sitja á skrifstofum sínum og hlusta á málið.

Mér finnst þetta frv. og það sem hér er verið að framkvæma svo niðurlægjandi fyrir íslenska þjóð og mér finnst það niðurlægjandi fyrir Alþingi hvernig þessi umræða fer fram. Þetta er eitt stærsta mál síðustu áratuga á Íslandi þegar verið er að afhenda bandarísku áhættufjárfestingarfyrirtæki einkarétt á heilsufarsupplýsingum Íslendinga. Verið er að gera samning við lyfjafyrirtæki um hvernig hægt er að nota þessa þjóð sem rottur, eins og tilraunarottur, og mönnum finnst þetta bara eins og hver annar hégómi.

Hér kom hv. þm., fulltrúi meiri hlutans í heilbr.- og trn., í dag og sagði að menn væru ekki að taka nokkra áhættu, hér væri engin áhætta á ferðinni. Og allt vísindasamfélagið er að vara okkur við, ekki bara hér á landi heldur erlendis. Talið er að við séum að brjóta gegn mannréttindasáttmálum og vitnað er í Helsinki-sáttmála og Nürnberg-samþykktir, um aðgerðir þýska ríkisins, nasistanna í Þýskalandi, og hvernig ætti að koma í veg fyrir að heilsufarsupplýsingar yrðu misnotaðar. Það er verið að vara okkur við þessu. Að verið sé að ofurselja okkur erlendum lyfjafyrirtækjum og tryggingafyrirtækjum, og menn taka á þessu eins og hverjum öðrum hégóma. Mér finnst þetta alveg skelfilegur hlutur. Mér finnst þetta skelfilega niðurlægjandi fyrir Alþingi og íslenska þjóð. Þegar hv. þm. segir að þetta feli ekki í sér neinar hættur langar mig til að skýra mitt mál ofurlítið.

Í samfélagi þar sem einstaklingar eiga allir greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu, þar sem samtrygging er við lýði, er ég ekki eins óttasleginn gagnvart þessu og í þjóðfélagi þar sem samábyrgðin hefur verið rofin í ríki eins og í Bandaríkjunum, og eins og er að gerast núna í ríkjunum í kringum okkur og ég hef vitnað til Finnlands, þess sem er að gerast þar. Þar er það að gerast núna að ríkisvaldið og sveitarfélögin eru að hvetja til þess að heilsugæslan eigi sér stað í gegnum vinnustaðina og í gegnum tryggingar sem atvinnufyrirtæki og einstaklingar kaupa. Þeir hafa búið svo um hnútana að fjárfesti fyrirtæki í heilsuvernd starfsmanna og láti fyrirtæki sinna þessari heilsuvernd telst það til framleiðslukostnaðar fyrirtækisins og það fær skattafslátt fyrir vikið og þetta örvar þessa þróun. Þetta er líka fýsilegur kostur fyrir fyrirtæki vegna þess að það er rétt sem sagt er að heilbrigt fólk er ánægðara í vinnu, það vinnur betur, það eru minni fjarvistir, þetta er alveg rétt. En til þess að fá aðhlynningu eða lækningu sinna meina þarf það að fá greiða þjónustu, getur ekki staðið í biðröðum lengi, a.m.k. ekki í vinnutímanum. Þess vegna eru gerðir samningar við heilbrigðisfyrirtæki. Þá hefur það gerst að í biðröðunum á heilsugæslustöðvunum eru þeir sem eru ekki verðmætaskapandi, atvinnulausir, öryrkjar, aldraðir, börn. En hinir, hinn verðmætaskapandi hluti þjóðarinnar, fá fyrirgreiðslu sína í gegnum fyrirtæki sín og fyrirtæki fá skattaívilnanir og eru mjög ánægð.

En fyrirtækið er að taka alvarlega áhættu vegna þess að það hefur tekist á herðar skuldbindingar gagnvart starfsmanninum og starfsmaðurinn er þannig orðinn að peningalegri áhættu fyrir fyrirtækið og það reynir að tryggja sig gegn þessari áhættu. Hvernig gerir það það? Það leitar til tryggingafyrirtækja og þannig gerist það að upplýsingar um einstaklingana og um hópana verður að verðmæti í sjálfu sér, verður að verslunarvöru og skipta máli fyrir atvinnurekandann vegna þess að hann er að ráða til starfa einstaklinga sem geta skapað honum fjárhagslega byrði og fyrir tryggingafyrirtækið sem þarf að hafa vitneskju um áhættuhópa, hvað það kostar að tryggja tiltekna hópa, hvað þeir eru líklegir til að endast lengi o.s.frv.

Þess vegna eru heilsufarsupplýsingar að verða að verslunarvöru. Það er þess vegna sem bandaríska fyrirtækið deCODE Genetics, Inc., sem Íslendingar ætla að fela einkarétt á heilbrigðisupplýsingum Íslendinga, er að bjóða erlendum tryggingafyrirtækjum aðgang að okkur til að kortleggja áhættuhópa. Út á það gengur það. Það er þegar farið að gerast að einstaklingum sem leita til tryggingafyrirtækja hér á landi um líftryggingar er neitað ef þeir eru með áhættu í skrokki sínum, einhver vafasöm gen. Vegna þess að tryggingafyrirtækin baktryggja sig í Bandaríkjunum. Það sagði mér læknir um daginn, sem ætlaði að vera í hóptryggingu lækna, og þeir voru látnir gefa ákveðnar upplýsingar um sjálfa sig. Honum var neitað, hann var tekinn út úr. Honum var neitað vegna þess að það var of mikil áhætta að tryggja hann.

Þess vegna segi ég það að ekki er hægt að jafna samfélagi, sem byggir á samtryggingu þar sem allir þegnarnir geta farið inn á sjúkrahús og eru ekki heldur háðir vinnustaðnum sínum um að kosta heilbrigði sitt, saman við hitt þar sem hver axlar

sínar byrðar og tekur áhættuna sjálfur af sjálfum sér og þarf að tryggja sig á alla lund.

Við stefnum í þessa átt. Á undanförnum árum hefur ítrekað verið reynt að koma inn einstaklingsbundnum tryggingum af þessu tagi. Síðasta ríkisstjórn reyndi það með einstaklingsbundnar tryggingar inni á sjúkrahúsunum. Munið þið eftir því? Þá kom fram frv. um það að ef menn borguðu tiltekna tryggingu mundu þeir fyrir vikið þurfa að greiða minna ef þeir legðust inn á sjúkrahús. Þessu var mótmælt harkalega og horfið var frá þessu. Þetta frv. var lagt fram. Inn í þetta samfélag erum við að fara, að heilsufar einstaklingsins er farið að skipta máli að þessu leyti.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill spyrja hv. þm. um það hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni. Gert hafði verið ráð fyrir því að gera hlé og ef hv. þm. gæti klárað ræðuna á næstu tíu mínútum gerði forseti ráð fyrir því að svo yrði og héldi fundi áfram en að öðrum kosti vildi forseti óska eftir að ræðumaðurinn gerði hlé á ræðu sinni.)

Ég get ekki lofað því að klára ræðu mína á næstu tíu mínútum en ég gæti lofað því að klára hana á næstu þremur tímum.

(**Forseti** (StB)**:** Í ljósi þeirra upplýsinga hyggst forseti óska eftir því að hv. þm. geri hlé á ræðu sinni og frestar fundi til hálfníu.)

Sjálfsagt.

[Fundarhlé. — 19:09]

[20:31]

Útbýting þingskjala:

Breyting ríkisfyrirtækja í hlutafélög, 215. mál, svar fjmrh., þskj. 435.

SR-mjöl, 191. mál, svar fjmrh., þskj. 431.

[20:31]

Ögmundur Jónasson (frh.)**:**

Hæstv. forseti. Í dag er 8. desember. Klukkan er hálfníu og við erum nýbúin að heyra fréttir á ljósvakamiðlum, þar á meðal í Ríkissjónvarpinu. Þar var talsmaður meiri hluta heilbr.- og trn. að lýsa því yfir að af hálfu ríkisstjórnarinnar kæmi til álita að gera breytingar á þessu umdeilda frv., t.d. hvað varðar aðgengi íslenskra vísindamanna að gagnagrunninum. Formaður heilbr.- og trn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sagði að ef gerðar væru ákveðnar tilslakanir af hálfu meiri hlutans gæti vel svo farið að menn næðu saman innan heilbr.- og trn.

Undir þetta get ég ekki tekið. Ástæðan fyrir því að ég nefni þessa dagsetningu, 8. desember, er sú að áformað er að ljúka þingi 19. desember. Við erum að tala um átta, níu daga þinghald og hér er verið að ræða hvort hægt sé að gera breytingar á einhverju umdeildasta lagafrv. sem komið hefur fyrir Alþingi, sem sundrað hefur þjóðinni, hleypt öllu í uppnám innan heilbrigðisgeirans og vísindasamfélagsins, orðið þess valdandi að samtök sjúklinga hafa ályktað gegn þessu frv. og sum mjög harðorð. Menn eru svo að velta því fyrir sér hvort það takist að sauma yfir þennan ágreining á þeim fáu dögum sem eftir lifir þings. Ég held að það takist ekki. Ég get ekki tekið undir það að einhverjar minni háttar tilhliðranir af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessu efni muni skapa frið um þetta umdeilda mál.

Staðreyndin er sú að sjálf grundvallarhugmyndin sem þetta frv. er reist á er óásættanleg og óaðgengileg með öllu. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði í upphafi máls míns en ég vék að því að eðlilegra hefði verið að taka öll þau mál sem snerta þetta umdeilda frv. og þessar lagabreytingar til umfjöllunar á sama tíma. Er ég þar að vísa til frv. sem lagt var fram af hálfu nokkurra þingmanna jafnaðarmanna og þáltill. sem þingflokkur óháðra lagði fram um dreifða gagnagrunna. Ég rifjaði upp að meiri hluti heilbr.- og trn. hefði fellt það í atkvæðagreiðslu að taka þetta frv. og þessa þáltill. til afgreiðslu samhliða hinu umdeilda gagnagrunnsfrv. ríkisstjórnarinnar og gefa Alþingi kost á því að taka afstöðu til þessara ólíku, mismunandi valkosta á sama tíma. Ég fór í gegnum nokkur álit sem heilbr.- og trn. hafa verið send um þáltill. um dreifða gagnagrunna og þar kemur fram að þeir sem best þekkja til þessara mála og voru fengnir til þess að veita umsögn voru okkur sammála um að eðlilegt væri að fjalla um öll þessi mál í einu, en auk þess kom fram að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem tjáðu sig um málið og sendu frá sér rökstuddar greinargerðir voru okkur sammála um að tillagan um dreifða gagnagrunna væri sú langheppilegasta og skynsamlegasta af því sem fram hefði komið. Þess vegna harma ég mjög að meiri hlutinn skuli þrjóskast við og neita okkur um að fá öll þessi mál til umfjöllunar inn í þingið á sama tíma.

Ég velti síðan upp nokkrum álitamálum sem tengjast þessu umdeilda gagnagrunnsfrv. og staldraði við hvaða þættir það væru helst sem menn settu spurningarmerki við og boðaði að ég mundi ræða einstaka þætti í meginmáli mínu. Síðan dró ég upp þá mynd sem blasir við víðast hvar á Vesturlöndum í heilbrigðis- og tryggingakerfunum en það er staðreynd að norrænu og evrópsku samhjálparkerfin eiga mjög í vök að verjast gagnvart einstaklingsbundnum lausnum á heilbrigðissviði í ætt við það sem tíðkast hefur í Bandaríkjunum þar sem hver og einn þarf að axla ábyrgð á sjálfum sér, líka varðandi heilsuverndina. Ég leiddi rök að því að upplýsingar um heilsuvernd, um heilsufar fólks og áhættuþætti í heilsufari væru orðnar verðmæti í sjálfu sér, verðmætar upplýsingar sem gengju kaupum og sölum og ég vísaði síðan til auglýsingabæklinga deCODE Genetics, Inc., bandarískra fyrirtækisins í eigu bandarískra áhættufjárfesta og tryggingafyrirtækja sem íslenska ríkisstjórnin ætlar að fela einkarétt á heilsufarsupplýsingum Íslendinga.

Ég vísaði til þess hvernig þetta fyrirtæki hefur markaðsett sig eins og það er kallað á nútímamáli, hvernig það auglýsir vöru sína erlendis og býður hana til kaups.

Í framhjáhlaupi vil ég geta þess að ég held að ein ástæðan fyrir því að margir Íslendingar hafi verið mjög jákvæðir gagnvart þessari tilraun sé að menn telji að hér sé á ferðinni íslenskt fyrirtæki sem sé að ríða á vaðið, hér séu frumkvöðlar sem séu að gera góða hluti og við megum ekkert gera til að leggja stein í þeirra götu. Það held ég að sé alveg rétt og það er margt sem Íslensk erfðagreining er að gera sem er mjög gott og lofar góðu en málið snýst einfaldlega ekki um eitthvert íslenskt fyrirtæki, lítið eða stórt eftir atvikum, sem er að stíga einhver framfarapsor. Ég held að Íslendingar hefðu tekið mun varfærnislegar á málinu ef þeir hefðu gert sér grein fyrir hvers konar fyrirtæki er hér á ferðinni. Þetta er ameríkst fyrirtæki sem íslenskir eignaraðilar koma að að hluta til en þarna eru á ferðinni ameríkskir áhættufjárfestar og tryggingafyrirtæki og þetta fyrirtæki gæti þess vegna eftir stuttan tíma verið allt komið í eigu annarra aðila en eiga það núna. Þess vegna gætu lyfjafyrirtæki fengið eignarhald á Íslenskri erfðagreiningu eða deCODE Genetics, Inc., sem er þarna móðurfyrirtæki.

Þetta fyrirtæki auglýsir vöru sína, íslensku þjóðina, til kaups gagnvart erlendum tryggingafyrirtækjum og ég skýrði í máli mínu hvers vegna þetta er fýsilegur varningur. Í heimi þar sem atvinnurekandinn er gerður ábyrgur, að einhverju leyti gegnum tryggingar, fyrir starfsmönnum sínum, þarf hann að axla ábyrgð sem getur þess vegna orðið honum of þung og hann grípur til varúðarráðstafana. Hann kaupir tryggingu hjá fyrirtæki til að baktryggja sig og tryggingafyrirtækið reynir fyrir sitt leyti að áætla hvaða tilkostnaður fylgir þessu fyrir það og reynir þess vegna að kortleggja áhættuhópa. Við vitum að í tryggingabransanum þurfa sumir að greiða hærra iðgjald en aðrir og spurningin snýst þá um hversu miklar lífslíkur viðkomandi eru taldir hafa eða hve áhættusömu lífi þeir lifa. Ekki er nóg með að samhjálparkerfin séu að breytast og verða einstaklingsbundnari heldur er ég á þeirri skoðun að afstaða almennings sé að nokkru leyti að breytast hvað þetta snertir og ýti undir þessa þróun. Ég held t.d. að þegar tryggingafyrirtæki vill mismuna einstaklingum, þá fái það ákveðinn hljómgrunn hjá mörgum, almenningi. Það er t.d. algengt að heyra þá sem ekki reykja spyrja hvort þeir eigi að borga sama iðgjald eða axla sömu byrðar og reykingamaðurinn sem er er þjóðfélaginu sannanlega dýrari og tryggingafyrirtækinu meiri áhætta. Allt hnígur þetta í sama farveginn að í stað samhjálpar- og samtryggingarkerfa eru einstaklingsbundin kerfi og einstaklingsbundið bókhald að ryðja sér til rúms. Í slíkum heimi hafa upplýsingar um heilsufar aðra þýðingu og annað gildi en í heimi samtryggingarinnar, það er ekki saman að jafna. Þegar Íslendingar gerast mjög uppteknir að því hvað þetta þýði fyrir þá sjálfa svona prívat og persónulega finnst mér stundum skorta á að menn séu tilbúnir að hugsa aðeins út fyrir sína persónu og sína þröngu hagsmuni og spyrja hvernig þeir eru tilbúnir að láta nota sig í þeim grimma heimi þar sem samhjálpinni hefur verið útrýmt. Það er sem sagt tryggingafyrirtækjunum sem við, íslenska þjóðin, erum boðin til kaups og á hinn bóginn er það svo lyfjafyrirtækjum, reyndar öðrum aðilum líka, heilbrigðisstofnunum sem er boðin þjónusta.

Tvennt vakir fyrir lyfjafyrirtækjunum eftir því sem ég fæ best skilið. Það annars vegar spurning um að finna gen og kortleggja gen, kortleggja meingen, gen sem valda meini eða hafa galla sem þarf að kortleggja og reyna að finna lækningu við. Um þetta er ekkert nema gott að segja og nauðsynlegt að stuðla að slíku að mínum dómi. En ég hef sannfærst um að miðlægur gagnagrunnur af því tagi sem við erum að fjalla um hér er ekki forsenda þess að menn nái árangri á því sviði. Ekki þarf annað en að vísa í ummæli forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar um það efni. Hann hefur margoft lýst því yfir að það sé í rauninni sjálfstætt mál, enda er þegar verið að vinna að ýmsum rannsóknum, margvíslegri genaleit, óháð einkarétti á heilsufarsupplýsingum Íslendinga. Reyndar eru margir þeirrar skoðunar að miðlægur gagnagrunnur geti þegar allt kemur til alls torveldað slíka leit. Það kemur t.d. fram í yfirlýsingu frá Mannvernd, samtökum um persónuvernd og rannsóknarfrelsi. Aðilar að þeim samtökum eru ýmsir sem þekkja mjög vel til rannsókna og hafa skoðað þau mál mjög rækilega. Í yfirlýsingu frá þessum samtökum segir m.a. með leyfi forseta:

„Mannvernd vill benda á að miðlægur gagnagrunnur er ekki nauðsynlegur fyrir meingenaleit. Sú leit að meingenum sem nú fer fram hjá Íslenskri erfðagreiningu, væntanlegum rekstrarleyfishafa gagnagrunnsins, er því ekki háð miðlægum gagnagrunni. Forstjóri fyrirtækisins hefur viðurkennt þetta og bent á að miðlægur gagnagrunnur er ný starfsemi fyrirtækisins. Leitin að meingenum mun því halda áfram án gagnagrunnsins."

Síðan segir enn frekar í yfirlýsingu frá Mannvernd, samtökum um persónuvernd og rannsóknarfrelsi, með leyfi forseta:

„Fram til þessa hafa hundruð meingena verið einangruð af fjölda vísindahópa um víða veröld. Ekkert þessara gena fannst með hjálp miðlægra gagnagrunna enda hefur engin þjóð leyft smíði slíks grunns. Miðlægur gagnagrunnur hefur því aldrei verið forsenda meingenaleitar. Til meingenaleitar þarf vel skilgreint þýði, sjúklingahóp þar sem einkenni sjúkdómsins hafa verið greind og flokkuð eftir ströngustu kröfum og þar sem sjúkdómurinn gengur í ættir. Oftast greina sömu vísindamenn eða læknar sjúkdóminn í öllum einstaklingunum í hópnum til að sem best samræmi fáist í greiningunni. Slíkt gæðaeftirlit er nauðsynlegt til að sjúkdómum með svipuð einkenni verði ekki ruglað saman.

Miðlægur gagnagrunnur mun hins vegar geyma upplýsingar frá mismunandi læknum frá mismunandi tíma og frá mismunandi stöðum. Gæðaeftirlit verður því illmögulegt og sjúkdómsgreiningar rangar eða úreltar. Niðurstöður rannsókna í slíkum grunni verða vitlausar."

Og enn segir, með leyfi forseta:

„Við leit að meingenum er oft nauðsynlegt að fara til baka til sjúklingsins. Sjúkdómsgreiningar breytast, mælingaraðferðir þróast og aðferðum erfðafræðinnar fleygir fram. Við þessar breytingar verður oft að greina sjúkdóminn aftur, mæla með nýju aðferðinni eða taka ný og betri sýni en áður fengust. Þetta verður ekki hægt samkvæmt gagnagrunnsfrumvarpinu sem miðar við að aldrei verði farið til baka til sjúklingsins. Hinn miðlægi gagnagrunnur verður því ekki gott tæki til meingenaleitar.

Mannvernd styður markvissa nýtingu heilsufarsupplýsinga í dreifðum gagnagrunnum eins og ýmsar nágrannaþjóðir hafa gert. Í slíkum gagnagrunnum er öryggi mun meira en í miðlægum og eftirlit tölvunefndar og umsjónarmanna skilvirkara. Leiðréttingog viðhald gagna er auðveldara. Dreifðir grunnar hafa yfirburði við meingenaleit."

Þetta er sem sagt annað verkefnið sem lyfjafyrirtæki sjá fyrir sér, annar þátturinn, annar meginþátturinn sem veldur því að þau sækjast eftir viðskiptum við sérleyfishafa gagnagrunnsins. En þegar allt kemur til alls þá eru sterk rök fyrir því, eins og hér hefur verið bent á í yfirlýsingu frá Mannvernd, að miðlægur grunnur komi til með að torvelda þessar rannsóknir. Hann auðveldi þær ekki. Hann torveldi þær, einfaldlega vegna þess að í miðlægum grunni sem búið er að dulkóða og gera alla leit til baka erfiða þá sé það gert erfiðara heldur en í dreifðum gagnagrunnum þar sem slíkar hömlur eru ekki settar. Auk þess hefur verið bent á það af hálfu vísindamanna að þegar um er að ræða flókið samspil þar sem þörf er á að keyra saman ólíka hópa í rannsóknum á æða- og hjartasjúkdómum og öðru slíku, sé eðlilegt að gera það þá með því að keyra saman dreifða grunna og þessu markmiði megi þá ná undir ströngu eftirliti vísindasiðanefndar.

Með öðrum orðum, það sem margir einblína á að sé hið jákvæða í miðlægum gagnagrunni er þegar allt kemur til alls neikvæður þáttur. Það auðveldar ekki rannsóknir. Það auðveldar ekki meingenaleit heldur torveldar hana. Þetta er ekki til þess fallið að auðvelda rannsóknir og auðvelda vísindamönnum að finna bót á meinum fólks.

Það er hinn þátturinn sem lyfjafyrirtækin sækjast eftir. Annars vegar er það þetta, að finna genin og kortleggja þau og reyna að finna lækningu við göllum eða því sem veldur sjúkdómum. En hitt eru prófanir á lyfjum. Það kemur fram í auglýsingabæklingum deCODE Genetics Incorporated, bandaríska fyrirtækisins sem íslenska ríkisstjórnin ætlar að veita sérleyfi eða einkaleyfi, eða fela íslensku þjóðina í hendur, að það hafi til sölu eða geti boðið fram „an ideal population", kjörþjóð. Hér segir á enskri tungu, með leyfi forseta:

„DeCODE Genetics will be in a position to offer its corporate partners access to the Icelandic population for clinical trials of drug candidates that are based on information obtained through its work on genetics of diseases in Iceland."

Það sem sagt býður íslensku þjóðina til lyfjarannsókna, „clinical trials". Þeir segja að þetta sé mikil kostaþjóð, tala um hana sem kjörþjóð í þessu efni, „an ideal nation".

Maður fer að velta því fyrir sér hvað þetta þýðir í reynd, hvað það þýði í reynd að bjóða íslensku þjóðina til „clinical trials". Maður veltir því fyrir sér. Og það er ekki að undra að fjölmiðlar hafi velt því fyrir sér. Morgunblaðið hefur fjallað ágætlega um þetta mál og hefur leitað til færustu sérfræðinga til að velta vöngum yfir því hvað þetta þýðir. Einn slíkur er Þorkell Jóhannesson, prófessor við Háskóla Íslands.

Föstudaginn 2. okt. sl. birtist grein í Morgunblaðinu eftir Margréti Þorvaldsdóttur sem ber fyrirsögnina Miðlægur gagnagrunnur og fyrirhugaðar lyfjaprófanir á Íslendingum. Í inngangi þessarar greinar segir, með leyfi forseta:

„Umræður, sem farið hafa fram um fyrirhugaðan miðlægan gagnagrunn, kalla fram fleiri spurningar en svör."

Síðan eru settar fram spurningar og leitað eftir svörum í þessari grein. Ég ætla að vitna í þessa grein því að þetta er mjög upplýsandi umfjöllun um þetta stórmál og væri óskandi að allir alþingismenn sem koma til með að greiða atkvæði um þetta frv. læsu þessa grein og læsu þennan bækling þar sem verið er að bjóða kjörþjóðina íslensku til „clinical trials", til lyfjarannsókna. Í upphafi greinarinnar segir, með leyfi forseta:

„Upplýsingar sem fara eiga í þennan gagnagrunn eru viðkvæmar persónuupplýsingar. Því er eðlilegt að fólk hafi skoðun á gagnagrunninum og vilji fá skýringar á ýmsum hliðum hans áður en ákvarðanir verða teknar."

Síðan er vitnað í fyrirlestur í háskólanum í síðustu viku um siðfræði í þróun vísinda og að þar hafi komið fram að í öðrum löndum þar sem mál af þessu tagi hafi borið á góma — engin þjóð hefur gengið eins og langt og við í þessum efnum — hafi umræðan fyrst snúist um siðferðilegar hliðar áður en menn kæmu að því að taka ákvarðanir. Hér hins vegar hafi annar háttur verið hafður á og farið öfugt að. Örlagaríkar ákvarðanir á að taka, segir í þessari grein í Morgunblaðinu, án þess að siðferðilegi þátturinn fái nauðsynlega umræðu. Síðan segir í greininni, og er þá vitnað í þennan kynningarbækling sem kemur frá deCODE Genetics Incorporated, bandaríska fyrirtækinu sem á að fá sérleyfi, einkarétt, á heilsufarsupplýsingum Íslendinga, með leyfi forseta.

„Í kynningarriti deCODE, „A non-confidential corporate summary", sem fyrirtækið hefur sent líklegum erlendum samstarfsaðilum og fjárfestum, kemur fram stefna fyrirtækisins. Þrátt fyrir að fyrirtækið hafi ekki fengið leyfi fyrir gagnagrunninum er verið að markaðssetja hann. Gefin eru freistandi fyrirheit um hvernig erlendir viðskiptaaðilar geti haft sem mestan hag af gagnagrunninum og hvernig hægt sé að nota Íslendinga til rannsókna. Fyrirtækið segist vera stolt yfir að geta sett upp genaprógamm sem sniðið yrði að þörfum viðskipavina m.a. með genagreiningu og klínískum rannsóknum. Byggt sé á erfðamengi heppilegrar þjóðar sem fyrirtækið hafi óheftan aðgang að. Þessi þjóð sé íslenska þjóðin."

Fyrir þá þingmenn sem eru að koma í salinn vil ég upplýsa að ég er að lesa úr grein sem birtist í Morgunblaðinu föstudaginn 2. okt. þar sem menn eru að velta vöngum yfir því hvað átt sé við með því sem segir í auglýsingabæklingi frá deCODE Genetics, bandarísku fyrirtækinu sem menn ætla að fela einkarétt á heilsufarsupplýsingum Íslendinga, þar sem það býður upp á „clinical trials of drug candidates". Það er verið að tala um það hvernig nota megi íslensku þjóðina til lyfjarannsókna.

Og hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Kynningin í þessu riti er mjög niðurlægjandi fyrir Íslendinga, þeir eru markaðssettir sem hjörð tilraunadýra. Fyrirtækið segist geta fyrirhafnarlítið sett upp nýjar tilraunir eða ákveðið að hefja vinnu við nýjan sjúkdóm án þess að hafa áhyggjur af því hvort hægt sé að finna eða tryggja heppilegan sjúklingahóp ... deCODE Genetics verði í þeirri aðstöðu að bjóða samstarfsaðilum aðgang að íslensku þjóðinni fyrir klínískar rannsóknir í lyfjaþróun byggðar á upplýsingum genarannsókna sem gerðar hafa verið á þjóðinni ... þar sem um fjölgenasjúkdóma er að ræða, geti verið sérstaklega mikilvægt að hafa aðgang að þjóð fyrir fyrri stig klínískra rannsókna ... enn fremur er bent á að genagerð þátttakenda í þessum klíníska rannsóknum geri auðveldara að meta viðbrögð við meðferð og umfang aukaverkana!"

Hvað þýðir þetta, spyr nú blaðamaður.

„Hvað er verið að bjóða upp á? Hvað eru klínískar rannsóknir — á fyrri stigum?"

Nú spyr blaðamaður Morgunblaðsins og leitar álits Þorkels Jóhannessonar prófessors.

„Þorkell Jóhannesson, prófessor í lyfjafræði, var beðinn að lýsa klínískum rannsóknum. Hann segir að klínískar rannsóknir skiptist oftast í fjögur stig. Áður en að þeim kemur fara þó fyrst fram rannsóknir á frumum eða líffærum í tilraunaglösum. Þá taka við rannsóknir á tilraunadýrum og skiptast þær í tvennt, skammtíma og langtíma dýratilraunir. Í skammtíma tilraunum er verið að meta verkun, virkni og bráð eiturhrif efnis. Ef efnið er talið hafa líklega virkni eru samtímis settar af stað langtíma dýratilraunir þar sem leitað er að síðkomnum eiturhrifum, áhrif á frjósemi, fósturskemmdir og krabbameinsvaldandi áhrif. Þessar rannsóknir geta staðið yfir í mörg ár og oft allan þann tíma sem fyrstu klínísku rannsóknirnar standa yfir.

Í Bandaríkjunum er það Fæðu- og lyfjaeftirlitið (FDA) sem verður að samþykkja hvort hefja megi klínískar rannsóknir með ný lyf. Í öðrum löndum eru það hliðstæðar stofnanir."

Og síðan heldur hann áfram:

„1. stig klínískra rannsókna fer fram á heilbrigðu fólki (sjálfboðaliðum). Þar er verið að rannsaka öryggi efnisins, virkni þess á líffærakerfi, umbrot og hvörf lyfjanna í líkamanum, þ.e. hvernig þau dreifast um líkamann og skiljast út og milliverkun við önnur lyfjaefni. Þarna er rannsakað hvernig valinn hópur heilbrigðs venjulegs fólks bregst við ákveðnu lyfi, hvort það hefur einhverja virkni eða sýni skaðlega verkun og hvað verður um lyfið í líkamanum.

2. stig. Þá eru valdir sjúklingar með tiltekinn sjúkdóm (sem einnig eru sjálfboðaliðar), þar sem talið er að eitthvert ákveðið lyf geti komið að gagni og þá mjög gjarnan í samanburði við eitthvert annað eldra og vel þekkt lyf. Þar er verið að kanna lækningagildi lyfsins og hvort það sé jafngott eða síðra en eldra lyfið.

Notaðar eru lyfleysur, t.d. mjólkursykur, til þess að útiloka eða draga úr geðþóttaverkunum. Þar er jafnframt um að ræða samanburð á milli skammta og verkunar og lyfjahvörf. Ef lyfið reynist betur en eldra lyfið og ekkert mælir gegn því, tekur við þriðja stig klínískra rannsókna.

3. stig. Fyrir þetta stig er tekinn stór hópur af völdum sjúklingum og er þá verið að meta virkni, notagildi og öryggi lyfja á stórum en vel völdum hópi sjúklinga. Þar koma að ýmsir læknar og eru þessar rannsóknir venjulega gerðar á mörgum sjúkrahúsum samhliða. Þessi þrjú stig klínískra rannsókna geta tekið allt að því 10 ár. Eftir þriðja stigið er metið hvort skrá eigi lyfið til lækninga. Skráningartíminn í Bandaríkjunum er frá fáeinum mánuðum og upp í 2–3 ár. Eftir að lyf hefur fengið samþykki tekur við fjórða stigið.

4. stig. Á fjórða stigi eiga yfirvöld (heilbrigðisyfirvöld) að fylgjast með hjáverkunum og notagildi lyfsins við lækningar. Hvort sem það er notað beint af læknum eða einungis tilteknum sérfræðingum.

Þorkell sagði að þrátt fyrir að lyf hefðu farið í gegnum þrjú stig klínískra rannsókna, kæmi fyrir að lyf væri tekið af markaði eftir nokkurn tíma á fjórða stigi vegna þess að fram kæmu hjáverkanir sem enginn gat séð fyrir, eins og ofnæmi, krabbamein, blóðmergsskemmdir, lifrarskemmdir eða milliverkanir við önnur lyf.

Þorkell var spurður hvort fyrsta stig klínískra rannsókna væri ekki mjög áhættusamt. Heyrst hefur um hjáverkanir og vefjaskemmdir sem afleiðing slíkra rannsókna.

Jú, jú, hann sagði að áhættan á fyrsta stigi væri sérstaklega bundin við tvö líffæri, lifur og nýru. Það væri í þessum líffærum sem lyf umbrotna og skiljast út. Drjúgur hluti lyfja umbrotnar í lifrinni í efni sem geta verið hættuleg, sömuleiðis geta lyfjasameindir eða umbrotsefni skaðað nýrun beint."

Ég ætla að halda áfram að vitna í þessa grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Af öryggisástæðum þarf að fylgjast mjög nákvæmlega með fólki sem tekur þátt í þessum klínísku rannsóknum, mæla þarf magn lyfjanna í blóði og fylgjast með útskilnaði bæði í þvagi og í saur. Þetta væri talsvert viðamikið mál. Þorkell benti á að til þessara rannsókna verði að velja heilbrigt fólk á góðum aldri, 20–50 ára, og oftast af báðum kynjum, enda þótt að í fyrsta stig rannsókna væri alloft hlífst við að nota konur vegna hugsanlegra fósturskemmda.

Hann sagðist ekki kannast við að rannsóknir á fyrri stigum klínískra rannsókna hefðu verið gerðar hér á landi, en hins vegar rannsóknir á þriðja stigi og hafi þær m.a. verið gerðar í sambandi við fitulækkandi lyf og lyf vegna truflana á hjartslætti.

Haldið hefur verið fram að hér á landi séu alls konar lyfjarannsóknir í gangi.

Þorkell sagði að lyf framleidd á Íslandi sem prófuð hefðu verið hér væru sér vitanlega eingöngu notuð svokölluð „Me too preparöt", en það eru lyf sem innihalda virk efni sem áður hafa verið skráð. Stuðst væri við rannsóknir þeirra sem hefðu hannað upprunalegu lyfin og væri verið að kanna aðgengi lyfjanna í líkamanum og hvort það væri sambærilegt við það sem þekkt væri eftir töku frumlyfsins eða ekki.

Þorkell var spurður um álit sitt á þessum fyrirhuguðu rannsóknum. Hann sagði að með rannsóknum á fyrri stigum klínískra rannsókna virtist deCODE vera að fara inn á miklu viðtækara svið en rætt hafi verið um í upphafi í sambandi við margumtalaðan gagnagrunn. Þorkell benti á að á háskólafyrirlestri í síðustu viku" — og þetta er frá 2. október — „hefði fyrirlesarinn gefið íslenskum stjórnvöldum þau ráð að flýta sér hægt í þessu máli og það væru augljóslega orð að sönnu." — Og hér er verið að vísa til fyrirlestra í háskólanum í síðustu viku um siðfræði í þróun vísinda.

„Líklegt má heita," — svo ég vitni aftur í greinina — „að erlend lyfjafyrirtæki muni telja rannsóknatilboð deCODE á Íslendingum, sem heppilegt rannsóknarefni fyrir klínískar rannsóknir, mjög freistandi. Þar sem ekki á að liggja fyrir upplýst samþykki einstaklinga fyrir skrásetningu persónuupplýsinga í miðlæga gagnagrunninn, er ekki ljóst hver yrði staða fólks eða hver muni tryggja öryggi þess fólks sem verður valið í klínískar rannsóknir.

Upplýsingar deCODE um starfsemi gagnagrunnsins hafa verið mjög misvísandi. Fullyrt hefur verið að enginn áhugi sé fyrir einstaklingum, aðeins hópum, en síðan er boðið upp á klínískar rannsóknir sem gera verður á einstaklingum. Sagt hefur verið að enginn áhugi sé á lífsýnum, en síðan er boðið upp á genarannsóknir sem byggjast á lífsýnum.

Gagnagrunnsfrumvarpið hefur greinilega margar hliðar sem þurfa útskýringa við."

Hér vitnaði ég í grein sem birtist 2. október í Morgunblaðinu, sem er byggt á viðtali við Þorkel Jóhannesson, prófessor við Háskóla Íslands. Blaðamaður Morgunblaðsins er að velta því fyrir sér hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér fyrir Íslendinga ef við felum allar upplýsingar um heilsufar Íslendinga í hendur bandarískra fyrirtækinu deCODE Genetics Incorporated eins og til stendur að gera og það fer síðan að versla með okkur og bjóða okkur til kaups á erlendum markaði eins og hér er gert og hefur verið gert. Við höfum verið boðin til kaups bæði tryggingafyrirtækjum og erlendum lyfjafyrirtækjum. Þessi prófessor er að velta því fyrir sér, eða öllu heldur blaðamaður er að velta vöngum yfir því hvaða afleiðingar þetta getur haft.

Nú kann einhver að hrista höfuðið yfir einhverjum þeim þáttum sem þarna er vísað til og segja: Þetta stendur ekki til að gera. En ég spyr: Hver veit það? Hver veit það? Hvaða vitneskju höfum við um það? Engar. Hvaða varnaglar eru settir á viðskipti Íslenskrar erfðagreiningar eða deCODE Genetics Incorporated við sjálft sig? Engar. Það er verið að tala um þverfaglega siðanefnd, innanhússnefnd, sem eigi að hafa eftirlit með þessum þáttum. Við vitum ekkert hvernig hún verður skipuð og við vitum ekkert nánar um hlutverk hennar. Það er því eðlilegt að menn staldri við og meira en staldri við, að menn spyrni við fótum.

Nú er það svo með lyf og framfarir í læknavísindum að þær kalla á það eða byggjast öllu heldur á því að menn feti sig áfram skref fyrir skref. Það felur í sér að við erum stöðugt og vísindamenn eru stöðugt að gera einhvers konar tilraunir, menn eru að fóta sig áfram. Menn eru að skoða aukaverkanir lyfja og hvaða áhrif þau hafi. Allt mannkynið tekur þátt í þessari framþróun, allir þeir sem hafa aðgang að lyfjum og pillum.

En það er sitthvað að taka þátt í framþróun af þessu tagi og hinu að gerast tilraunadýr. Það er grundvallarmunur á þessu. Það er grundvallarmunur á því að vera hluti af þjóð eða mannkyninu öllu sem er að feta sig áfram og hinu að

gerast tilraunadýr, því að það er það sem kjörþjóðin á að gera. Út á það ganga viðskiptin. Þess vegna er búist við öllum þessum milljörðum og tugum milljarða inn í íslenska þjóðarbúið, sem ég reyndar hef miklar efasemdir um að komi nokkurn tíma til okkar. Ég hef miklar efasemdir um það. Ég hef engar efasemdir um að við verðum boðin til kaups og við verðum nýtt eins og hvert annað þriðja heims hráefni, það verður gert, en ég hef miklar efasemdir um að peningarnir skili sér inn í þjóðarbúið.

Og þegar við fáum þessi varnaðarorð frá þeim sem best þekkja til, er þá ekki ástæða til að staldra ögn við? Prófessorinn segir hér að því hafi verið haldið fram að hér á landi séu alls konar lyfjarannsóknir í gangi. Og iðulega úr hópi lækna hefur verið varað við nánum tengslum, viðskiptahagsmunatengslum milli lyfjaframleiðenda og lækna. Það var t.d. gert í mjög góðri ritstjórnargrein í Læknablaðinu í október 1998. Þar eru það læknar sjálfir sem eru að fjalla um þessi efni. Þeir segja í ritstjórnargrein blaðsins, sem Magnús Jóhannsson skrifar, með leyfi forseta:

„Hagsmunir lækna og lyfjafyrirtækja fara ekki alltaf saman og þess vegna eru fjárhagsleg tengsl þessara tveggja aðila viðkvæm og oft umdeilanleg. Lyfjaframleiðendur styrkja á ýmsan hátt rannsóknir, ráðstefnur, útgáfufyrirtæki og menntun lækna en hvort og á hvern hátt slíkt hefur áhrif á skoðanir og hegðun lækna er nánast óþekkt. Allt bendir til að lyfjaframleiðendur *telji sig geta haft áhrif á lyfjaávísanir* lækna með því að styrkja þá á ýmsan hátt. Að styrkir lyfjaframleiðenda geti haft áhrif á rannsóknarniðurstöður eða að minnsta kosti túlkun rannsóknarniðurstaðna er enn viðkvæmara mál. Þeir sem óttast slík áhrif og hafa varað við of miklum fjárhagslegum tengslum lækna og lyfjaframleiðenda hafa hingað til ekki haft mikið í höndunum því að rannsóknir á þessu sviði hafa verið af skornum skammti."

Síðan er greint frá niðurstöðum rannsókna þar sem kemur fram að það eru tengsl þarna á milli. Og hér segir undir lok ritstjórnargreinarinnar, með leyfi forseta:

„Niðurstöður þessarar rannsóknar eru verulegt áhyggjuefni og ættu að vekja lækna og aðra sem stunda læknavísindi til umhugsunar. Ýmislegt er að gerast í þessum málum og sem dæmi má nefna að á sumum alþjóðlegum ráðstefnum verða fyrirlesarar að gera grein fyrir fjárhagslegum tengslum við lyfjaframleiðendur og önnur fyrirtæki og sum tímarit eru að undirbúa eitthvað svipað. Í nokkrum löndum gilda ákveðnar reglur um hvað læknum sé leyfilegt að þiggja af ferðum, gjöfum og veitingum frá lyfjaframleiðendum."

Þetta eru varnaðarorð frá læknastéttinni sjálfri úr Læknablaðinu. Hér er hins vegar verið að leggja það til að íslenska þjóðin, heilsufarsupplýsingar um íslensku þjóðina verði gerðar að söluvöru og seldar til þessara lyfjafyrirtækja til að nota okkur í tilraunaskyni. Og þegar við erum að ræða það hvort um sé að ræða nógu trygga persónuvernd og það skipti einstaklinga hér á landi máli — það gerir það — þá er *hitt miklu umhugsunarverðara* og umhugsunarvert að fyrir þessi erlendu lyfjafyrirtæki skiptir hv. þm. Kristján Pálsson eða Ögmundur Jónasson ekki nokkru einasta máli, þeim er nákvæmlega sama um þá. Þeir vilja sjá okkur sem hluta, sem mengi inni í gagnagrunni, pillubryðjandi mengi inni í gagnagrunni. Það er mokað í okkur pillunum og lyfjunum og hægt er að fylgjast með okkur sem mengi, ekki sem einstaklingum heldur sem mengi, hvernig við bregðumst við. *Og* hægt er að gera á okkur tilraunir.

Prófessorinn sem ég vitnaði í áðan varar okkur við þessu og vekur til umhugsunar um þetta. Vitum við hvort gera eigi nákvæmlega þetta? Nei, við vitum það ekki. Höfum við tryggingu fyrir því að þetta verði ekki gert, að ekki verði ráðist í tilraunir af því tagi sem þarna er verið að vara við? Nei. Við höfum enga tryggingu fyrir því. Þetta eru allt opnir tékkar. Meira að segja er talað um að varnaglarnir gagnvart viðskiptum deCODE Genetics Incorporated, varnaglarnir sem slá eigi gagnvart meðferð fyrirtækisins á heilsufarsupplýsingum íslensku þjóðarinnar, verði innanhússsiðanefnd. Það veit enginn hvernig hún verður skipuð. Þetta er með slíkum ólíkindum að manni verður orða vant.

Viðskiptaaðilarnir sækjast eftir að komast í kjörþjóðina sem annars vegar á að rannsaka til að kortleggja gen. Hér hef ég fært rök fyrir því eða öllu heldur nýtt mér rök annarra fyrir því að miðlægur gagnagrunnur torveldi þetta fremur en hitt. Hann auðveldar ekki slíkar rannsóknir, hann torveldar þær. Ef um er að ræða nauðsyn þess að samkeyra ólíka hópa þá er auðveldlega hægt að gera það með því að samkeyra dreifða gagnagrunna. Annars vegar sækjast lyfjafyrirtækin eftir þessu og hins vegar hinu, að gera okkur að tilraunamúsum, láta okkur borða pillur og lyf án þess að við höfum nokkra tryggingu fyrir því hvernig það verði notað. Við höfum hins vegar vissu fyrir því að reynt er að hafa áhrif á læknastéttina öllum stundum. Fulltrúar hennar hafa sjálfir vakið athygli á því. Menn geta rétt ímyndað sér hvað gerist þegar *við erum komin í búrið og íslensku læknunum verður* boðið á ráðstefnurnar erlendis. Haldið þið að það verði ekki vinsæll hópur sem stjórnar búrinu?

Gera menn sér grein fyrir því að á síðustu stigum í heilbr.- og trn. þá veltu menn því fyrir sér hvort ekki ætti að láta lyfjabúðirnar gefa upplýsingar inn í gagnagrunninn líka. Menn voru að velta því fyrir sér. Hvers vegna? Vegna þess að það var ekki nóg að vita hvort sjúklingurinn fékk ávísaða pilluna og lyfið, heldur þurfti líka að fylgjast með því að hann æti hana, að hún færi örugglega niður um kokið, að þetta væri árreiðanlegt.

Auðvitað er þetta síðan ekki áreiðanlegt og það er annar handleggur. Hið alvarlega við þetta mál er að þetta verður ekki áreiðanlegt. *Menn reyna að torvelda að unnt verði* að fara til baka, leiðrétta mistök, uppfæra hluti, þetta verður allt á skakk og skjön. Þetta verður handarbakavinna. Menn halda að þeir stígi með þessu framfaraspor og tala um frumkvöðla í þessum efnum.

Ef ég léti mér detta í hug að koma með tillögu um hvernig ég gæti aflað eigum við að segja 20 milljarða á næstu tíu árum? Ég skal koma með eina hugmynd um það. Ef ég fæ einkarétt á Geysi og Gullfossi og Dettifossi og fæ að selja aðgang, það fær enginn að koma þar að nema ég. Kannski Íslendingar sem ekki trufla viðskiptahagsmuni mína. Þá yrði eflaust svarað á móti: Heyrðu, þetta er alveg kostuleg hugmynd, þetta er alveg fráleit hugmynd. — Já, en er ég ekki frumkvöðull? Ég lét mér detta þetta í hug.

Þó menn hafi ekki látið sér detta í hug eins ósvífna hugmynd og að fá einkaleyfi á heilsufarsupplýsingum Íslendinga, þá er það kannski vegna þess að siðferði manna hefur ekki boðið upp á að þeir leyfðu sér að hugsa þannig, að leyfa sér að bjóða heilsufarsupplýsingar erlendum tryggingaog lyfjafyrirtækjum til kaups. Hver veit nema þetta fyrirtæki *verði eftir fáeinar vikur eða mánuði komið í vasann á* Hoffmann-La Roche? Við höfum enga tryggingu fyrir öðru, ekki nokkra.

Þetta eru áhyggjur sem vísindamenn og læknar hafa, ekki bara hér á landi heldur víðs vegar um heiminn. Menn líta á þetta sem fordæmisgefandi og hafa miklar áhyggjur af því hversu — ja, hvað eigum við að segja til að gerast kurteis? — illa þroskuð, lítt þroskuð umræðan er hér á landi og hver skaðinn getur orðið af þessu.

Menn hafa velt því fyrir sér hvaða áhrif þetta komi til með að hafa á rannsóknir. Ég verð að segja það að ég átti kost á því að sitja sem áheyrnarfulltrúi í heilbr.- og trn. og heyra ýmsa vísindamenn sem þangað komu færa rök fyrir máli sínu. Mér fannst mjög umhugsunarvert að heyra margt sem þar var sagt. Eitt af því sem þeir lögðu áherslu á var mikilvægi þess að standa vörð um frjálsar vísindarannsóknir. Menn veltu vöngum yfir því hvernig þetta yrði best gert og best tryggt.

Með þessum miðlæga gagnagrunni eru upplýsingar einokaðar. Það er verið að slá eignarhald á upplýsingar og takmarka aðgang að þeim eða selja að þeim aðgang eftir atvikum. Út á það gengur fyrirtækið, út á það eiga peningarnir að rúlla inn.

Vísindin og framfarirnar hafa átt sér stað eftir allt öðrum ferlum. Vísindin og framfarirnar verða til vegna þess að menn fá hugmyndir, gera tilraunir og ná árangri. Aðgangur að upplýsingum, vitneskjunni og þekkingunni hefur alltaf verið frjáls. Þetta hefur auðveldað framfarirnar. Þetta hefur verið aðalsmerki vísindanna, að vinna í þessum anda. Íslenskir vísindamenn hafa farið víða um lönd, Norðurlönd, Bandaríkin, út um allan heim og fengið aðgang að upplýsingum kollega sinna og samstarfsaðila um allan heim.

Nú á að loka á þetta, og segja: Nú skulum við reyna að stuðla að framförum, ekki með því að örva hugmyndasamkeppni heldur með því að einoka upplýsingar og gera þær að verslunarvöru. Út á það gengur þetta mál, að einoka upplýsingar um heilsufar Íslendinga og gera þær upplýsingar að söluvöru. Þetta er svo ótrúlega frumstætt og svo ótrúlega mikil afturför að við hverfum ekki aðeins aftur til fyrri hluta þessarar aldar, við erum komnir á miðbik 18. aldar, fyrir upplýsinguna. Þá náttúrlega brosa hv. þm.

Við erum komin aftur fyrir upplýsinguna í allt annað umhverfi. Vitanlega verður maður þenkjandi og kannski pínulítið dapur yfir skammsýni manna. Mér finnst þetta mikil skammsýni. Mér finnst að við eigum að byggja á að örva fólk til dáða, að ef við viljum samkeppni þá sé það samkeppni um hugmyndir en allir hafi aðgang að þekkingunni, að upplýsingunni.

Vísindamenn og rannsakendur hafa bent á þessi atriði og gerðu það mjög vel. Mér finnst að við eigum að taka þetta til skoðunar og læra af þessari hugsun. Þess vegna segi ég og ítreka að þó að gerðar séu einhverjar minni háttar breytingar á þessu frv., um það hvernig hægt sé að komast á bak við EES-reglurnar, hvernig sé hægt að svindla á EES-reglunum, — sem er slík lágkúra að maður bara fyrirverður sig — orða lögin svo ekki brjóti í bága við EES-markaðssáttmála Evrópusambandsins, þá tilheyrir grunnhugsunin miðöldum.

Menn gagnrýndu Sovétríkin, sem geymdu upplýsingar inni í lokuðum kerfum. Við erum að því núna. Við ætlum að gefa einu amerísku fyrirtæki einkaleyfi á að versla með heilsufarsupplýsingar Íslendinga, ameríska áhættu- og lyfjafjárfestum. Þjóðinni, þar á meðal sjúklingum, hefur verið talin trú að þetta sé til góðs fyrir hana, að gera þá að tilraunamúsum. Fólki hefur verið talin trú um þetta og búið er að telja fólki trú um — sem er náttúrlega ömurlegt — að fólkið, sem annaðhvort er veikt eða á sjúka aðstandendur, sé að stíga stór framfaraskref með þessu. Það er af og frá. Það er verið að torvelda rannsóknir með þessu fyrirkomulagi.

Nú snýst deilan um hvernig íslenskir vísindamenn eigi að hafa aðgang að þessum gagnagrunni. Menn reyna að gera einhverjar smávægilegar breytingar á milli 1. og 2. umr. á aðgenginu. Eftir stendur að menn fá ekki aðgang að þessum upplýsingum nema að greiða fyrir. Íslendingar fá ekki aðgang að þessum upplýsingum ókeypis nema það stríði ekki gegn viðskiptahagsmunum sérleyfishafans. Annars fá þeir ekki aðgang að þessum upplýsingum. Stríði það gegn viðskiptahagsmunum sérleyfishafans fá þeir ekki aðgang að þessum upplýsingum.

Ein af stóru blekkingunum í þessu er að segja: Já, en vísindamennirnir hjá Hjartavernd og Krabbameinsfélaginu hafa enn sína grunna. Þeir hafa sinn gagnabanka og sinn gagnagrunn. Geta þeir ekki bara unnið með hann áfram? En það er mikil blekking. Þetta er spurning um samhengi hlutanna, þ.e. hvern aðgang hefur þú að þeim upplýsingum sem samfélagið býður upp á hverju sinni? Ef upplýsingarnar og samfélagið þróast hratt og þú ert skilinn eftir, með þinn takmarkaða gagnagrunn sem þú hafðir í dag og hafðir í gær, en færð ekki og þér er meinað að fá aðgang að framförunum, að þeim upplýsingum sem vísindasamfélagið getur komist að þá verður til alvarleg mismunun.

Hvernig sem á málið er litið þá er þetta hamlandi. En meginmálið er að íslenska ríkisstjórnin, Alþingi Íslendinga, er að torvelda rannsakendum og vísindamönnum, búa til þröskulda fyrir þá og gera þeim rannsóknir erfiðari en áður.

Það eru náttúrlega margar hliðar á þessu máli, t.d. þær að ef rannsakandi með sinn eigin gagnagrunn sem hefur gert samkomulag við deCODE Genetics Incorporated og er kominn inn í þann grunn, birtir niðurstöður rannsókna sinna þá er hægur vandi handhafa sérleyfisins, sem hefur aðgang að hinum miðlæga grunni, að leita uppi þá sem í hlut eiga. Hann er þá í aðstöðu til að fylgjast með rannsóknum hins fyrrnefnda.

Menn velta fyrir sér persónuvernd og hvort verið sé að safna upplýsingum sem komi einstaklingum í koll. Ég held að í rauninni deili enginn um það lengur að þessar upplýsingar eru persónugreinanlegar. Það er til lykill og með lyklinum er hægt að fara til baka. Um þetta deilir enginn. Aðilar sem hagsmuna eiga að gæta reyna að telja okkur trú um að þetta sé mjög erfitt, og það getur vel verið að það sé það í einhverjum tilvikum, en lykillinn er til og hægt að fara til baka. Þar fyrir utan er náttúrlega hægt að samkeyra aðrar upplýsingar sem gera þeim sem hefur aðgang að miðlægum gagnagrunni auðvelt að rekja sig til baka.

Vandinn í þessu máli tengist spurningunni um upplýst samþykki. Vísindamennirnir sem komu á okkar fund settu dæmið upp með eftirfarandi hætti: Samkvæmt okkar siðareglum þá er það svo að ef við finnum sjúkdóm hjá einstaklingi og fræðilega er unnt að rekja sig til baka þá ber okkur að gera það samkvæmt siðareglum okkar, þeim reglum sem vísindamönnum eru settar. Hins vegar getur vel verið að þeir einstaklingar sem í hlut eiga kæri sig ekkert um slíkt. Þeir kæri sig ekkert um það að vera upplýstir um sjúkdóma sem þeir kunna að bera. Við þessu er aðeins eitt svar. Og hvert er það svar? Upplýst samþykki. Það er eina svarið sem til er við þessari siðferðilegu þraut og leysir hana. Með upplýstu samþykki er þetta vandamál ekki til staðar.

Hins vegar eru þetta ekki praktísk vandamál heldur siðferðilegt og líka lagalegt og skuldbindandi. Í því sambandi hefur verið vísað til alþjóðlegra skuldbindinga frá árinu 1947 sem eiga rætur að rekja til Nürnberg í Þýskalandi. Þar voru skráðar siðareglur sem síðan voru staðfestar í svokallaðri Helsinki-yfirlýsingu alþjóðafélags lækna árið 1964. Þær voru síðan endurskoðaðar í Tókíó í Japan árið 1975, í Feneyjum á Ítalíu 1983 og í Hong Kong 1989. Þær hafa nokkrum sinnum verið endurskoðaðar en kjarninn alltaf sá sami. Hver er þessi kjarni? Kjarninn snýst um upplýst samþykki.

Hér ætla ég að vitna í grein eftir Pétur Hauksson sem ber heitið „Á ekki að leita eftir samþykki ef óvissan er mikil?" þar sem hann fjallar um Helsinki-yfirlýsinguna. Hér segir, með leyfi forseta:

„Í skilyrðum tölvunefndar frá 1994 fyrir skráningu viðkvæmra upplýsinga segir að í flestum tilvikum sé sett það skilyrði að fyrir liggi ótvírætt samþykki allra þátttakenda um þátttöku í rannsókninni. Í leiðbeiningum siðaráðs landlæknis frá 1996 segir að veita þurfi upplýsingar um markmið, aðferðir og áhættu rannsóknar á skýran og greinargóðan hátt þannig að viðkomandi geti gert upp hug sinn, og að niðurstöður rannsókna sem eru ekki framkvæmdar í samræmi við Helsinki-yfirlýsinguna skuli ekki samþykktar til birtingar í vísindatímaritum."

Þetta hefur nú allt verið þverbrotið hér en svolítið umhugsunarefni, og væri gaman ef talsmaður meiri hluta heilbrn. leiddi aðeins hugann að því, að helsta viðfangsefni íslensku ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á Alþingi er að finna leiðir til að komast í kringum viðskiptaskuldbindingar okkar gagnvart EES og hvernig hægt sé að komast á bak við mannréttindayfirlýsingar frá Nürnberg í Þýskalandi 1947. Þar var mönnum ofarlega í huga hvernig heilsufarsupplýsingar og tilraunir með menn voru misnotaðar. Við eða handhafar lýðræðisins á Íslandi, svo maður reyni að finna þeim eitthvert nafn, eru að leita leiða til að komast á bak við þessar mannréttindayfirlýsingar. Ja, það er von að þetta hlægi menn en þetta er blákaldur sannleikurinn og mér finnst hann ekki hlægilegur. Mér finnst þetta í rauninni alveg grátlega ömurlegt.

Með öðrum orðum á að setja hér upp frv. þar sem einstaklingarnir eru persónugreinanlegir þrátt fyrir allt talið um hið gagnstæða. Ég skal játa það að ég er einn þeirra sem talað hef fyrir því að allt væri sem opnast. Forsenda þess að hlutirnir séu opnir eru dreifðir grunnar, traust milli sjúklings og læknis og að alltaf sé byggt á upplýstu samþykki. Það er forsendan. Mér finnst það áhyggjuefni þegar menn tala um að þessi umræða hafi orðið til góðs. Annaðhvort sjá menn ekki hvað er að gerast í kringum þá eða hirða ekki um það. Þessi umræða og þetta lagafrv. hefur orðið til þess að sundra þjóðinni. Gera menn sér grein fyrir því að a.m.k. þriðjungur heilsugæslulækna hefur skrifað undir yfirlýsingu þess efnis að þeir muni ekki taka þátt í þessum rannsóknum, hafa mótmælt þessari gjörð og segjast ekki taka þátt í henni? Vita menn að 108 sérfræðingar hafa undirritað yfirlýsingu sama eðlis?

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að það verði kannað hvort hæstv. heilbrrh. er í húsinu. Ég gæti gert hlé á mínu máli þar til það hefur verið kannað hvort ráðherrann ætlar að láta svo lítið að vera hér viðstaddur. Mér er kunnugt um að ráðherra var við athöfn úti í bæ en bjóst við að verða til hér klukkan kortér fyrir níu. Ég hef áhuga á því að hlustað sé á það sem ég er að segja og helst tekið alvarlega. Ég hef nógan tíma, alveg nógan tíma og mun nýta hann.

(**Forseti** (ÓE)**:** Samkvæmt viðveruskrá er hæstv. ráðherra ekki í húsinu. Forseti mun gera ráðstafanir til að kanna hvort ráðherrann getur ekki komið sem fyrst.)

Hins vegar vil ég taka fram að ef ráðherrann er við skyldustörf, sem ég hef grun um að sé, mun ég að sjálfsögðu virða það en óska eftir því að hv. talsmaður heilbr.- og trn. geri hlé á máli sínu og sýni ræðumanni þá kurteisi að hlýða á orð hans en vera ekki í samræðu við annan þingmann sem einnig á sæti í heilbr.- og trn. um þetta mál. Ég óska eftir því.

Mér finnst til umhugsunar fyrir íslenska þjóð af hve mikilli léttúð það er gert þegar ákvörðun er tekin á síðustu dögum þingsins, í árslok árið 1998, um að fela bandarísku áhættufyrirtæki einkarétt á heilsufarsupplýsingum Íslendinga, fyrirtæki sem auglýsir það um allan heim hvernig hægt sé að gera tilraunir á okkur í lyfjaglasi, hvernig upplýsingar um okkur verði seldar erlendum tryggingafyrirtækjum. Mönnum finnst þetta eins og hver annar hégómi. Mér finnst þetta áhyggjuefni, ekki bara þetta frv. heldur hvernig Alþingi Íslendinga tekur á þessu og hvernig komið er fyrir þjóðinni. (**KPál:** Er ekki lífið ein tilraun?) Er ekki lífið ein tilraun? segir hv. þm. Kristján Pálsson og ætlar væntanlega að greiða því atkvæði að þetta frv. verði samþykkt, eða hvað? Hann gerir kannski grein fyrir því hér á eftir. En ég hef nógan tíma. Ef menn hafa áhuga á að taka á málum á þennan hátt þá skal ég alveg láta það eftir mönnum að ræða þetta í miklum rólegheitum.

Menn velta því fyrir sér hvaða áhrif þetta muni hafa í vísindasamfélagi þjóðanna, á meðal erlendra vísindamanna. Ég ætla ekki að þreyta menn á því en ég er með fjöldann allan af greinum úr erlendum vísindatímaritum og blöðum, Die Zeit, Newsweek, Time, þar sem menn furða sig á þessari frumstæðu þjóð. Mér fannst það athyglisvert þegar fram kom í fréttapistli Ríkisútvarpsins fyrir fáeinum dögum að ýmsir ættflokkar í myrkviðum Afríku sem hefðu orðið fyrir því að lenda í lyfjatilraunum af því tagi sem okkur á að bjóða upp á, hefðu verið svo lánsamir að eiga höfðingja sem væru farnir að hafa áhyggjur af málinu.

Við eigum enga slíka höfðingja. Í þessum sal eru í meiri hluta þingmenn sem ætla að greiða þessu atkvæði. Þeir ætla að gera það og horfa bara á léttúðugt meðan gert er samkomulag við lyfjafyrirtækið Hoffmann-La Roche. Forsætisráðherra þjóðarinnar var stillt upp á milli fulltrúa Hoffmann-La Roche og deCODE Genetics Incorporated frá Delaware sem á að fá sérleyfið. Hvað býður Hoffmann-La Roche okkur upp á? Það býður okkur upp á ókeypis pillur. Íslendingar eiga að fá ókeypis lyf ef vel tekst til. Þetta hefur verið reynt með nokkra fátæka þjóðflokka, frumstæðar þjóðir, t.d. íbúa eyjarinnar Tristan da Cunha. Í Afríku hafa ýmsir þjóðflokkar orðið fyrir þessu en eru farnir að hafa áhyggjur af því hvernig þeir hafa verið misnotaðir.

Mér fannst athyglisvert í því samhengi að vísað er í upplýsingar frá vísindamönnum sem komu til heilbr.- og trn., að heyra þá tala um framþróun í þessum heimi erfðavísindanna. Við hlustuðum t.d. á Guðmund Eggertsson prófessor lýsa þeirri framþróun sem hefði átt sér stað í erfðatækni á síðustu árum. Hann skýrði okkur frá því hve ung vísindagrein þetta væri og hve erfitt væri að átta sig á hvað gerðist á allra næstu árum. Og hann varaði við því að við værum að binda okkur til mjög langs tíma.

En hér er um það rætt að láta sérleyfishafann fá einkarétt

á okkur, fá einkarétt á íslensku þjóðinni til 12 ára. Reyndar eru áhöld um hvort það er ekki miklu lengri tími vegna þess að í alþjóðasamningum sem við komum að er kveðið á um að einkaréttur sé við lýði í 15 ár frá því að smíði hugbúnaðar eða hvað svo sem það er er lokið. Þetta er hlutur sem er líka órannsakaður og ekki séð fyrir endann á.

Við erum að tala þarna um 15 ár. Ég hef stundum verið að rifja upp hvernig heimurinn leit út fyrir 15 árum. Þá var enginn á interneti, þá var enginn talandi í GSM síma. Og ég var að rifja það upp af fyrri starfsvettvangi mínum þegar ég starfaði hjá sjónvarpinu að við fengum ekki myndir þá yfir gervihnött. Ekki einu sinni myndbönd. Við fengum filmupoka senda tvisvar í viku frá útlöndum. Þetta var heimurinn fyrir 15 árum.

Nú ætlar íslenska ríkisstjórnin að skuldbinda sig til að láta af hendi allar heilsufarsupplýsingar um íslensku þjóðina í 15 ár. Nei, þetta er með slíkum ólíkindum að manni verður pínulítið bylt við svo ekki sé fastar að orði kveðið.

En hvernig á að girða fyrir þær hættur sem við stöndum frammi fyrir? Hvernig á að gera það? Hvernig á að girða fyrir hætturnar sem við stöndum frammi fyrir? Jú, það er með tölvunefnd. Tölvunefnd á að koma við sögu, og síðan er vísað í siðanefndir. Reyndar er vísað í innanhússsiðanefnd til að sjá og fylgjast með því sem sérleyfishafinn, deCODE Genetics Incorporated gerir, hvernig það höndlar með upplýsingar um Íslendinga, það er innanhússsiðanefnd. Hver skyldi veita henni formennsku? Kannski hv. þm. Siv Friðleifsdóttir? Er hún ekki úr heilbrigðisstétt?

Við höfum enga tryggingu fyrir því hver á að sitja í henni. Það er ráðherra sem á að skipa í hana. (**SF:** Það er stefnt að því að þetta sé innanhússiðanefnd.) Ég tek þetta sem dæmi um atriði sem er ófrágengið. Þetta á að vera í valdi ráðherra og ríkisstjórnar, sömu ríkisstjórnar og ætlaði að knýja þetta frv. fram sl. vor, það er sama ríkisstjórnin. Það á að láta í hendur hennar óútfylltan tékka af þessu tagi og menn eru með þessar hlægilegu — fyrirgefið að ég segi það — yfirlýsingar um að heimilt sé að semja um meiri greiðslur. Og ráðherra á að setja þessa reglugerðina og hina reglugerðina. Og ráðherra á að skipa þessa siðanefndina og hina siðanefndina. Ætla menn að bjóða Alþingi Íslendinga upp á svona vinnubrögð? Ætla menn virkilega að gera það? Ætla menn að bjóða upp á frv. sem er opið í alla enda, engar tryggingar neins staðar að hafa, en það á að leysa málin með ráðherravaldi, sama valdinu og reyndi að knýja þetta frv. fram sl. vor (**GÁS:** Þetta er hneyksli) í óþökk vísindasamfélagsins og í óþökk samtaka sjúklinga? (Gripið fram í.) Mörgum spurningum er því ósvarað auk þess sem þessi hugmynd er náttúrlega óásættanleg þegar á heildina er litið.

En það sem mér finnst umhugsunarvert og umhugsunarverðast af öllu saman er að ráðherra úr ríkisstjórn og meiri hlutinn á Alþingi treystir á tvo aðila öðrum fremur. Dómgreind tveggja aðila öðrum fremur. Og hverjir eru það? Það er tölvunefnd og siðanefnd. Það eru handhafar siðferðisins og þeir sem búa yfir upplýsingum um tölfræðina, tölvunefndin. Það er treyst á dómgreind þessara aðila. Ágætt. Það er treyst á dómgreind þessara tveggja aðila öðrum aðilum fremur, tölvunefnd og siðanefnd, sem eigi að passa upp á hagsmuni almennings, ekki satt? Það er treyst á þessa tvo aðila.

En nú spyr ég: Hvað segja þessir aðilar um frv.? Við ætlum að treysta á þeirra dómgreind, ekki satt? Eigum við ekki að hlýða þá á þeirra orð? (Gripið fram í.) Eigum við ekki að hlýða á orð þeirra og boðskap? Þessir aðilar segja einum rómi: Burt með þetta frv.

Í frv. segir að þarna séu varnaglarnir slegnir, þetta séu þeir aðilar sem eigi að gæta hagsmuna sjúklinga og almennings, en þessir aðilar segja einum rómi: Burt með frv. í heild sinni.

Mér finnst ekki þurfa frekar vitnanna við. Þeir aðilar sem ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis ætlar að treysta á um framkvæmd laganna vara við frv. í heild sinni og hvetja til þess að það verði tekið út af borðinu. Og ef einhver velkist í vafa um að ég fari með rétt mál þá er mér ljúft að vitna í þessar yfirlýsingar, t.d. frá vísindasiðanefnd, með leyfi forseta:

„Vísindasiðanefnd varar við gerð miðlægs gagnagrunns í því formi sem gert er ráð fyrir í frv. Vísindasiðanefnd telur einkarétt (sérleyfi) til að koma upp og reka gagnagrunn á heilbrigðissviði óviðunandi vegna mögulegrar skerðingar á rannsóknarfrelsi sem í einkaréttinum felst. Vísindasiðanefnd leggur til að fallið verði frá lagasetningu þessa efnis, ekki síst vegna þess að aðrar og áhættuminni leiðir koma til greina."

Og hvað segir erfðafræðinefnd? Erfðafræðinefnd telur að ekki eigi að setja á fót miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði og að ekki megi veita einkaleyfi til notkunar gagna eða gagnagrunns til vísindalegra rannsókna. — Síðan eru tilgreindar hérna ástæður sem ég ætla ekki að lesa upp.

En hvað segir tölvunefnd? Tölvunefnd hefur varað mjög eindregið við þessu. Nefndin hefur bent á, þegar aftur á að leysa málin með endalausum reglugerðum, að hún vilji ekki þetta vald og vill að löggjafinn axli sína ábyrgð og setji reglurnar sem hún á að starfa samkvæmt. Þetta segir tölvunefnd. En þetta ætlar löggjafinn ekki að gera. Hann ætlar ekki að gera þetta.

Finnst mér eðlilegt að settar séu mjög strangar reglur um þessi efni? Já, mér finnst það. En mér finnst að varnaglarnir eigi fyrst og fremst að vera slegnir í forminu sjálfu. Vegna þess að vísindin þurfa að hafa svigrúm til að athafna sig, rekja sig til baka, leiðrétta mistök. Þess vegna þurfum við í forminu að smíða kerfi sem virkar á þennan hátt, upplýst samþykki, dreifðir gagnagrunnar, samkeyrsla undir ströngu eftirliti siðanefndar. Við eigum að hafa eftirlitið í kerfinu sjálfu, í uppbyggingu þess en ekki í niðurnjörvuðum reglum, það er rétt. En við komumst ekki hjá því ef við förum þá leið sem ríkisstjórnin er að hvetja til að við gerum með miðlægum gagnagrunni.

Hverju skyldi ég vera að leita að núna, hæstv. forseti? (**HJ:** Einhverju viti í þessa ræðu.) Einhverju viti í þessa ræðu, segir hv. þm. Hjálmar Jónsson. Hann er búinn að tala í þessu máli og ég hlakka til að heyra hann tala aftur þannig að við getum hlustað á vitlega umfjöllun um þetta efni.

Ég var að leita að yfirlýsingu frá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Þetta er yfirlýsing frá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Við erum að fjalla hérna um lagafrv. sem Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur skrifað greinargerð um upp á tugi síðna. Mannréttindaskrifstofa Íslands fjallar um verk ríkisstjórnarinnar og skrifar um það greinargerð upp á tugi síðna með mjög sterkum og ákveðnum varnaðarorðum.

Eitt helsta haldreipið sem ríkisstjórnin taldi sig hafa í þessu máli var álitsgerð frá Lagastofnun Háskóla Íslands. Síðan kom á daginn að það var keypt. Það var Íslensk erfðagreining sem keypti það álit. Mannréttindaskrifstofa Íslands fjallar eða tekur þetta sérstaklega fyrir í sínu áliti. Hér segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið hefur að vísu verið borið undir Lagastofnun Háskóla Íslands fyrir fram en hún er að sumu leyti farin að gegna hlutverki stjórnlagaráðs sem fjalli um mikilvæg frumvörp þegar þau eru orðin að lögum. Sá hængur var þó á miðað við það sem gerist hjá stjórnlagadómstólum yfirleitt að ekki fór fram neinn gagnstæður málflutningur frammi fyrir álitsgjafanum, þar sem sjónarmið andstæðinga frumvarpsins væru dregin fram, auk þess sem helsti hagsmunaaðilinn í málinu greiddi fyrir álitið. Þetta er einungis sagt til að undirstrika að álit Lagastofnunar HÍ getur í þessu máli ekki haft sama vægi og úrskurður hlutlauss dómstóls en ekki til að vekja tortryggni um lögfræðilegt hald í röksemdafærslu álitsgjafa."

Ég vek máls á þessu til að sýna í hvers konar uppnámi þetta mál er. Allar helstu stofnanir þjóðfélagsins sem sýsla með siðferðileg efni hafa tekið afstöðu í þessu máli.

Af því að hv. þm., séra Hjálmar Jónsson, situr hér og spurði um vit í minni ræðu, er kannski ástæða til að vitna í biskupinn yfir Íslandi. Hann kannski hlustar á hann betur en mig og finnur kannski eitthvert meira vit í hans orðum en mínum. En í grein sem Karl Sigurbjörnsson, biskupinn yfir Íslandi, skrifaði á fullveldisdaginn 1. des. segir, með leyfi forseta:

„Stefnt er að því að setja saman í gagnagrunn meiri upplýsingar um erfðaeiginleika íslensku þjóðarinnar en nokkurn tíma hefur verið safnað um eina þjóð og veita einkaleyfi á notkun þess gagnagrunns. Ljóst er að þær fyrirætlanir vekja ótal spurningar siðfræðilegs eðlis, mikilvægar spurningar um persónuvernd og mannhelgi. Þetta eru án efa einhverjar vandasömustu spurningar sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir.

Margt bendir til að framfarir í læknavísindum hafi valdið hægfara uppblæstri hinnar skilyrðislausu mannhelgi sem sérhvert mannslíf telst eiga að njóta að kristnum skilningi. Framþróunin hafi farið fram úr siðferðinu og okkur sé tamt að trúa því að úr því að eitthvað sé tæknilega mögulegt og hugsanlega hagkvæmt, þá sé það líka rétt. Hvert mun það leiða mannkyn? Ég held að sú framtíðarsýn sé skelfileg.

Hin djarfa, nýja veröld háþróaðrar tækniþekkingar knýr dyra hjá okkur Íslendingum og laðar okkur til samstarfs um verkefni sem gæti haft gífurleg áhrif á vísindi og rannsóknir á sjúkdómum og heitir þjóðarbúinu miklum fjármunum að launum. ... Og hvað má einstaklingurinn andspænis slíkum kostum, andspænis þessu svo yfirmáta flókna fyrirbæri sem um er að ræða?

Ýmis þróunarlönd hafa keppst við að selja lyfjafyrirtækjum einkaleyfi á hagnýtingu erfðaefna plantna. Ýmsir *málsmetandi fræðimenn hafa haldið því fram að þetta muni* hindra framþróun í rannsóknum á sviði fæðuöflunar og koma í veg fyrir nýja græna byltingu sem hungraður heimur þarfnast umfram allt en hin öflugu lyfjafyrirtæki og fjármagnseigendur hafi síður áhuga á af því að ábatavonin sé takmörkuð. ... Setja verður afar ítarleg og ströng skilyrði fyrir rekstri miðlægs gagnagrunns. Þau skilyrði verði umfram allt byggð á traustum siðferðilegum viðmiðunum, þar sem tillit til persónuverndar og mannhelgi ræður úrslitum."

Allir þeir sem um málið fjalla fyrir hönd sjúklinga, fyrir hönd vísindasamfélagsins, siðfræðiráðin sem við sjálf höfum smíðað, mannréttindaskrifstofurnar sem við höfum komið á fót, allir þessir aðilar vara við að ekki sé tryggilega búið um þá hnúta sem hér á að binda. Allir. Ég spyr hvort við ætlum virkilega að hunsa álit allra þeirra aðila eða taka varnaðarorðin alvarlega. Ég hvet mjög eindregið til þess að svo verði gert.

Nú er klukkan orðin tíu og margir eiga eftir að komast að það sem eftir er fundar. Ég er svo stálheppinn að vera að tala í fyrsta sinn þannig að ég get komið aftur í ræðustól síðar í kvöld, í nótt eða á morgun, eða hvenær sem hæstv. forseta þóknast að gefa mér aftur orðið. Ég mun að sjálfsögðu nýta mér það en að sinni hef ég lokið máli mínu.

[22:02]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur í löngu máli um frv. um miðlægan gagnagrunn vitnað í vísindasamfélagið eins og það leggur sig en allir vita að það er klofið í áliti sínu á frv. Það er út af fyrir sig ekkert skrýtið þótt vísindasamfélagið sé ekki sammála um svo stórt mál sem þetta, enda mikil samkeppni innan þess. Mér finnst minna hafa farið fyrir því hjá hv. þm. sem snýr að ungu menntuðu fólki sem sér bjartari framtíð í vel launaðri vinnu sem annars hefði ekki fengist á Íslandi. Það fær vinnu sem það mundi ekki fá nema erlendis ef ekki kæmu til þeir möguleikar sem skapast hafa með Íslenskri erfðagreiningu og þeirri gríðarlegu vítamínsprautu sem komið hefur í íslenskt atvinnulíf og vísindasamfélag á þeim árum sem þetta fyrirtæki hefur starfað.

Ég held að þetta sé eitt það mikilvægasta sem stofnað hefur verið til á landinu um áratuga skeið, þ.e. þetta fyrirtæki, þær hugmyndir og sá kraftur sem þessu fyrirtæki fylgir. Krafturinn er fyrst og fremst til að byggja upp trú ungs fólks á því að hér sé framtíð. Hv. þm. getur þrasað endalaust um siðferðisspurningarnar í þessu dæmi, hvar vísindin eigi að byrja, hvar þau eigi að enda og hvar tilraunirnar eigi að enda. Ég held við megum aldrei gleyma því að hér er líka verið að reyna að skapa samfélag fyrir alla þjóðina, unga sem aldna.

[22:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Persónulega þekki ég ekki mjög mikið til Íslenskrar erfðagreiningar annað en að ég veit að þar starfar fjöldi fólks og er án efa að gera ágæta hluti. Það hefur allt tekist án þess að Íslensk erfðagreining eða móðurfyrirtækið, deCODE Genetics Incorporated, hafi fengið einkarétt á heilsufarsupplýsingum Íslendinga. Samkvæmt yfirlýsingum forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar er ekkert samband þarna á milli. Þetta eru tvö aðskilin mál.

Í annan stað vil ég benda á að ég hef stundum furðað mig á því af hve mikilli vanþekkingu menn hafa talað um rannsóknarvinnu íslenskra vísindamanna á liðnum árum og áratugum. *Í mörgum stofnunum hér starfa tugir og hundruð* einstaklinga, að mjög merkri vísindavinnu og verður svo vonandi áfram. Málið sem við fjöllum um núna er af allt öðrum toga. Það fjallar ekki um það hvort hægt sé að gera genarannsóknir á Íslandi. Það hefur verið gert og verður gert áfram og fjöldi fólks starfar við það. Þetta er allt annað mál.

Hér erum við að fjalla um það hvort veita eigi einu bandarísku fyrirtæki, einkarétt á að versla með heilsufarsupplýsingar Íslendinga. Hitt hefur allt gerst án þess að það komi til sögunnar. Við höfum í höndunum auglýsingabæklinga sem fyrirtækið hefur sent víðs vegar um heim til tryggingafyrirtækja og lyfjafyrirtækja. Við heyrum varnaðarorð vísindamanna um hvernig hægt sé að misnota þjóðir og varnaðarorð útlendinga sem hafa engra persónulegra hagsmuna að gæta, þröngt skoðað. Það er því rangt að gera þau

viðvörunarorð sem við heyrum frá íslenskum vísindamönnum tortryggileg eins og mér fannst hv. þm. gera og vona að hann hafi ekki meint. Þetta eru tvö aðskilin mál og ber að halda aðskildum í umræðunni.

[22:07]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alls ekki að gera lítið úr vísindastörfum íslenskra vísindamanna. Ég held einmitt að góð kynni Íslendinga af vísindastörfum og tilraunum í gegnum áratugina séu ástæða þess hversu óttalausir við erum við nýjungar á þessu sviði. Við þekkjum það að Níels Dungal stundaði miklar rannsóknir hér á árum áður, safnaði hér sýnum sem ekki voru talin mikilsverð í raun, en áhugamál hans var að safna sem mestum upplýsingum um íslenska þjóð. Í dag er þetta safn hans orðið að mikilvægum upplýsingum um heilsufar Íslendinga á síðustu áratugum. Ég held að allt sem gert hefur verið hjá Krabbameinsfélaginu, Blóðbankanum, Hjartavernd og öllum þessum aðilum hafi sýnt hve tilbúin íslenska þjóðin er til þátttöku.

Í raun hefur náðst mikill árangur á þessum vísindastöðvum. Þó er ljóst að við getum gert enn þá betur og ég held að starfsfólk Íslenskrar erfðagreiningar hafi sýnt okkur að hægt sé að gera miklu meira. Það er hægt að nýta sér þær upplýsingar sem til eru í landinu á miklu einfaldari og skilvirkari hátt en annars staðar í heiminum. Að við séum tilraunadýr hljómar eins og skammaryrði úr munni hv. þm. Ég veit ekki betur en sífellt séu reynd lyf, t.d. á sjúklingum sem verið er að reyna að lækna. Stöðugt er reynt að finna ný og betri lyf til að lækna menn með, með öllum mögulegum ráðum. Af hverju er það svona tortryggilegt? Það er enginn neyddur til að taka lyf sem er heilbrigður. Að sjálfsögðu ekki. Sú umræða sem fer fram hér í þinginu, er komin langt fram úr allri eðlilegri gagnrýni, herra forseti.

[22:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að Íslendingar hafa borið virðingu fyrir vísindunum og vísindamönnum sínum. Fyrir íslenskum vísindamönnum hefur verið borin virðing á erlendri grundu. Ég óttast að allt þetta sé að brotna niður. Trúnaðartraustinu milli þjóðarinnar, sérstaklega þeirra sem sjúkir eru, og lækna og vísindamanna er stefnt í voða. Og það sem meira er, trúnaðartrausti íslenskra vísindamanna á erlendri grundu er stefnt í voða.

Mér finnst hv. þm. Kristján Pálsson alls ekki gera sér grein fyrir að á þessum málum er að verða grundvallarmunur sem felst í því að gera þekkinguna, upplýsingarnar um heilsufar, að verslunarvöru. Í því felst ekki stigsmunur heldur eðlismunur. Þegar við förum inn í þann heim þurfum við að skoða allar afleiðingar. Við þurfum að skoða siðfræðilegar hliðar málsins, það sem lýtur að frjálsum rannsóknum og framþróun þekkingarinnar og sambandið milli sjúklinga og samtaka þeirra við vísinda- og læknasamfélagið. Öllu þessu er stefnt í voða og mér finnst sorglegt að Íslendingar sem hafa verið mjög jákvæðir í garð lækna sinna og vísindamanna eru nú margir, ekki allir og kannski minni hluti, fullir efasemda. Þess vegna segi ég að þessi umræða og frv., ég tala nú ekki um ef það verður að lögum, stefni friðnum í voða. Ég veit reyndar að þá er friðurinn úti.

[22:12]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Síðasti hv. ræðumaður, Ögmundur Jónasson, var dapur í bragði og leið illa hér í ræðustólnum. Gjarnan vildi ég geta aukið honum bjartsýni. Ég tel það hins vegar nokkuð erfitt. Ég get hins vegar sagt honum að ég tel alveg útilokað að hann verði í framtíðinni gerður að tilraunamús eins og hann þó hélt. Í máli hv. þm. hefur komið fram að hann trúi ekki ríkisstjórn eða stjórnarflokkum til nokkurra góðra hluta, ekki heldur að í okkur sé nokkur ærleg taug. Þetta er vissulega hans vandamál og hugsun, eftir því sem hér kom fram, og afskaplega döpur framtíðarsýn. Ég vænti þess að við munum halda áfram í pólitík og stjórnmálamenn verða að ganga á undan með trú á framtíðina og trú á að maðurinn kunni fótum sínum forráð.

Hvers vegna viljum við miðlægan gagnagrunn? Í 1. gr. frv. kemur það fram. Tilgangurinn er auka þekkingu, bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu. Í þjóðfélagi okkar teljum við það skyldu okkar að sýna náunganum umhyggju í verki. Slík umhyggja krefst beinna verka, ekki einungis hlýlegra orða. Til þess þarf alltaf nokkurt hugrekki til að skipta sér af, láta sig varða heill og hag annars fólks. Spurningin er auðvitað alltaf hvernig það skuli gert. Hér stöndum við frammi fyrir tvenns konar vanda. Stórum málum sem fela í sér mikla möguleika til framfara fylgir einnig hætta, áhætta. Allt er hægt að misnota og allt getur snúist í höndum okkar. Því er sú freistni mikil að halda bara að sér höndum. Afleiðing þess yrði stöðnun og stöðnun leiðir til afturfarar. Við höldum ekki í horfinu með kyrrstöðu, sama hvert litið er.

En í þessu máli ber vissulega að hlusta á gagnrýni og gagnrýnisraddir. Andstæðingar frv. hafa margt til málanna að leggja og hafa margt til málanna lagt. Rök þeirra eru vissulega sterk þegar þeir benda á gildi persónunnar, friðhelgi einkalífsins og mannréttindi svo nokkuð sé nefnt af stórum þáttum.

Mörgum finnst einmitt að með þessu gagnagrunnsfrv. sé verið að ráðast á manninn þar sem hann sé veikastur fyrir, þ.e. að safna upplýsingum um sjúkdóma einstaklinga. Í annan stað er bent á þær hættur sem veiting einkaleyfis og einokunar gætu haft í för með sér. Það er atriði sem okkur Íslendingum ber vissulega að taka alvarlega í ljósi sögu okkar. Þessi gagnrýni á því rétt á sér og verður að taka tillit til hennar. Vísindamenn hinna ýmsu faggreina hafa sent frá sér greinargerðir. Ég efa ekki að þar liggur mikil vinna að baki. Athugasemdir þeirra ber að virða og það hefur verið gert en hins vegar er það ekki það sama og að hætta við allt saman. Okkur ber að hafa í huga að þetta mál er ekki án hliðstæðu í sögunni.

Þegar tölvutæknin var að ryðja sér til rúms, tölvuöldin að ganga í garð, voru margir á báðum áttum. Tölvan var í augum margra háskagripur, hættulegt tæki sem gæti útrýmt mannlega þættinum í samfélaginu. Sumir töldu að tölvan mundi taka stjórnina af manninum og IBM myndi einfaldlega fara að stjórna í stað mannshugans. Ég minnist viðvarana málsmetandi manna sem í ræðu og riti töldu að mannkynið mundi glata sjálfstæði sínu gagnvart tækninni. Nóg er af dæmum um slíkt í sögu mannsins. Einhvern tímann heyrði ég þá sögu að þegar Edison fann upp ljósaperuna hafi risið upp andstæðingar sem bæði óttuðust þessa nýju tækni og urðu smeykir um afkomu sína. Sumir djarfir landkönnuðir sem hugsuðu stórt og langt voru álitnir vera ekki með öllum mjalla af samtíð sinni. Jafnvel var talið að þeir mundu sigla fram af heiminum ef þeir færu langt í vestur eða austur eða suður og út í hafsauga. En sú lagasetning sem við fjöllum um hér í dag og kvöld og væntanlega á morgun um miðlægan gagnagrunn er aðeins hugsuð til að safna saman þekkingu

sem er þegar til staðar. Hér er um það að ræða að hagnýta þekkinguna sem er fyrir hendi með því að safna henni saman.

Nóg um gagnrýnina. Ég sagði hætturnar tvær. Hin hættan sem við stöndum frammi fyrir er hin blinda bjartsýni. Það er afstaðan, viðhorfið sem sér bara áfangastaðinn en greinir ekki leiðina að áfangastaðnum. Þannig voru margir vissulega mjög bjartsýnir sl. vor eða á úthallandi síðasta vetri þegar byrjað var að skoða tillögur að einum miðlægum gagnagrunni. Margt hefur síðan breyst í frv. sem staðfestir að nauðsynlegt var að fara vel yfir málið og skoða það frá öllum hliðum. Gagnagrunnur er ekki ein patentlausn á vandamálum tengdum heilbrigðis- og sjúkdómasviðum og ég tel að enn þá séum við ekki komin alla leið með þetta mál þannig að við getum sagt að um sé að ræða fullburða lagasetningu.

Herra forseti. Ég hef vissulega eins og margir aðrir og fleiri haft áhyggjur undanfarið af hinni miklu andstöðu sem læknastéttin sýnir þessari lagasetningu. Það er öldungis ljóst að vísindi og rannsóknir blómstra ekki nema þar sem frelsi ríkir og ég vil meina að hér ríki frelsi. Verið er að gera gagnagrunninn samkvæmt frv. eins opinn fyrir íslenska vísindamenn og frekast er kostur án þess að ganga gegn ákvæðum EES-samkomulagsins. Í engu er skert frelsi íslenskra lækna og vísindamanna til rannsókna og iðkunar vísinda. Þvert á móti er verið að auka svigrúmið frá því sem nú er með tilkomu gagnagrunnsins. Vissulega þarf að gæta vel að hinu vísindalega samhengi og taka tillit til þeirra reglna sem gilda í vísindasamfélaginu. Íslensk lög rétt eins og alþjóðalög leyfa hvorki né líða að troðið sé á grundvallarmannréttindum. Sá grundvöllur er öllum gagnagrunnum æðri. Þess vegna verður að tryggja aðgang að grunninum og að lagasetningin sé í samræmi við mannréttindasáttmála, við lýðræði og almenn siðferðissjónarmið.

Í 8. gr. frv. er fjallað um réttindi sjúklinga og mig langar að vitna í þá grein með þeirri breytingu sem gerð er milli umræðna í hv. heilbr.- og trn. en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sjúklingur getur óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Beiðni sjúklings getur varðað allar upplýsingar sem þegar liggja fyrir um hann í sjúkraskrám eða kunna að verða skráðar eða nánar tilteknar upplýsingar. Skylt er að verða við slíkri beiðni. Sjúklingur skal tilkynna landlækni um ósk sína. Landlæknir skal annast gerð eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggi frammi á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Landlæknir skal sjá til þess að dulkóðuð skrá yfir viðkomandi sjúklinga sé ávallt aðgengileg þeim sem annast flutning upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði."

Herra forseti. Mér virðist að varnarlínurnar séu býsna skýrar í þessu efni og að vel sé girt fyrir að misnotkun á persónuupplýsingum geti átt sér stað. Ég tel vafamál að slíkt gæti gerst. Þrjár nefndir eru settar til þess að tryggja rétta og eðlilega notkun, þ.e. tölvunefnd, vísindasiðanefnd og svokölluð aðgangsnefnd. Bregði í einhverju út af í framkvæmd laganna eru þessar þrjár nefndir tiltækar og þeim að sjálfsögðu skylt að bregðast við, hver eftir hlutverki sínu. Ég bendi á að upplýsingar um fjármál landsmanna, allra einstaklinga á Íslandi sem hafa bankaviðskipti eru geymdar í einum miðlægum gagnagrunni í landinu. Það eru ekki dreifðir grunnar heldur einn miðlægur sem er Reiknistofnun bankanna. Þær varúðarráðstafanir sem gilda munu um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði eru margfalt strangari en þær sem gilda nú um miðlægan gagnagrunn á fjármálasviði. Þetta er líka nauðsynlegt að hafa í huga. Þá má heldur ekki gleyma því í varnaðarráðstöfunum, sem gerðar eru í samhengi við þetta frv., að löggjafinn er ekki að afsala sér í neinu löggjafarvaldinu á næstu árum.

Aldrei er hægt að fullyrða að ekki geti komið upp ágallar á þessari lagagerð og framkvæmd hennar en löggjafarvald verður áfram til staðar í landinu og varla eru til þau lög sem ekki hefur þurft að gera breytingar á í tímans rás enda þótt alltaf sé reynt að vanda til vinnunnar. Þannig mun því löggjafarvaldið bregðast við í þessu sem öðru ef út af bregður. Því er ekki að neita að hægt er að misfara með flestar upplýsingar í dag og misnota þekkingu en það má ekki aftra okkur frá því að leita leiða til að hlúa að og hjálpa þeim sem hjálpar eru þurfi og sjaldan er neyðin eins mikil og sú sem sjúkdómar valda fólki og því megum við ekki hnipra okkur saman, titrandi af hlutleysi um það sem fer fram í kringum okkur. Við verðum að hafa hugrekki og kjark til að sinna náunga okkar og annast um velferð hans og þess vegna erum við hér í þessum sporum. En ótti hv. síðasta ræðumanns og vissulega fleiri um það að Íslendingar séu að afsala sér lífsrétti og verði nánast hráefni eins og tilraunadýr er aldeilis furðulegur. Ég leyfi mér að segja að þessi ofurótti er nánast hlægilegur. Það þarf alltaf hugrekki til að koma náunganum til hjálpar. Ef menn eru hins vegar svo hræddir við að leita þekkingar vegna þess að hún gæti hugsanlega orðið til ills, þá útilokum við um leið möguleikann á því að þekkingin geti orðið til góðs. Ég hef þá bjartsýni á manninn og þau tæki sem hann hefur til að ráða málum og kunna fótum sínum forráð að ekki komi til þess að við þurfum að óttast. Markmið þessa lagafrv. er að auka þekkingu, bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu. Það markmið á að nást í einhverju, e.t.v. næst stór áfangi með þessu frv. um gagnagrunn en ekkert er hér endanlegt. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði felur í sér mikla möguleika og um hann verður auðvitað að takast allgóð sátt þótt hitt sannist hér og hafi sannast sem oft sannast að flest orkar tvímælis þá gert er.

Herra forseti. Mér hefur oftlega undanfarið komið á óvart hversu margir læknar segja einfaldlega nei við gagnagrunni. Það megi einfaldlega ekki safna saman upplýsingunum sem eru þó fyrir hendi. Nú í dag fengum við þingmenn áskorun 108 lækna um að samþykkja ekki fyrirliggjandi frv. um miðlægan gagnagrunn. Þessa áskorun sendu tveir ágætir læknar og virtir, Sigurður Björnsson og Tómas Zoëga og senda bréfkorn með en þessi áskorun tekur á þremur þáttum en hún byrjar svo, með leyfi forseta:

Við undirrituð, læknar, skorum á Alþingi að samþykkja ekki fyrirliggjandi frumvarp um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Við teljum að frumvarpið stangist á við siðareglur þar sem gert er ráð fyrir rannsóknum á persónugreinanlegum upplýsingum um einstaklinga án samþykkis þeirra."

Í öðru lagi sé hættulegt, þar sem engin lög séu til í landinu um vernd einstaklinga fyrir misnotkun á erfðafræðilegum upplýsingum.

Í þriðja lagi að gagnagrunnurinn sé skaðlegur vísindunum.

Um þetta vil ég segja í fyrsta lagi, að stangist hinn miðlægi gagnagrunnur á við siðareglur, er það að segja að læknarnir sem undirrita bréfið hafa ekki gert athugasemdir við það að upplýsingar sem þeir skrá séu sendar Krabbameinsfélagi

Íslands án upplýsts samþykkis sjúklinganna sjálfra. Rétt er að taka fram að hér eru persónugreinanlegar upplýsingar, ókóðaðar, ófaldar, þ.e. þær eru ekki faldar. Stangist því gagnagrunnurinn á við siðareglur lækna hefur sá háttur sem þeir sjálfir hafa haft á líka stangast á við siðareglur. Sjálfur lít ég svo á að þetta stangist í rauninni ekki á við siðareglurnar né heldur muni gagnagrunnurinn gera það. Ástæðan er sú að um er að ræða nýtingu á upplýsingum sem safnað hefur verið í öðrum tilgangi en í vísindalegum tilgangi og í þeim tilvikum er heimilt að nýta upplýsingar með ætluðu samþykki sjúklinga að því tilskildu að sérstök vísindanefnd fjalli um málið og tillaga meiri hlutans í hv. heilbr.- og trn. um þetta efni er bæði skýr og ljós.

Í öðru lagi er í þessu bréfi sagt að frumvarpið sé hættulegt þar sem engin lög séu til í landinu um vernd einstaklinga fyrir misnotkun á erfðafræðilegum upplýsingum.

Þá er því til að svara að vísindasiðanefnd, tölvunefnd og aðgangsnefnd eru eða verða til eftirlits, úrskurðar og aðhalds og löggjöf um persónuvernd verður væntanlega einnig samþykkt á þessu þingi. Núverandi lög um persónuvernd og reglur um mannréttindi eru hér landi hin sömu og í öllum hinum vestræna heimi.

Það er líka svo að í öllum vestræna heiminum er uppi umræða um hvernig verjast megi misnotkun á persónulegum upplýsingum. Ég er viss um það að við munum taka þátt í þeirri umræðu á Íslandi og ekki af minni ábyrgð en aðrir.

Í þriðja lagi, segir í bréfi læknanna 108, að fyrirliggjandi frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði sé skaðlegt vísindunum. Þetta finnst mér afar mikið sagt. Gagnagrunnurinn er fyrirhugaður til þess að búa til betri jarðveg fyrir rannsóknir og vísindi, enda segir í bréfinu, áskoruninni, að framfarir í læknisfræði og nauðsyn vísindanna kalli beinlínis á rannsóknir í erfðafræði.

Að þessu sinni vil ég ekki fjalla meira um þetta bréf en ég vil samt sem áður taka það fullkomlega alvarlega og hugleiða hvort hægt sé að koma betur til móts í þessu efni.

Herra forseti. Mig langar til þess í leiðinni að benda á skyldur rekstrarleyfishafans í framtíðinni til að koma mikilvægum upplýsingum til baka, komi í ljós að tiltekinn hópur sé í hættu og þurfi sérstaka læknismeðferð eða meðhöndlun. Rekstrarleyfishafinn er ekki og verður heldur ekki firrtur þeirri ábyrgð að taka frumkvæði í því að hjálpa og liðsinna því að markmiðið er að sjálfsögðu alltaf að bæta heilsu. Undir engum kringumstæðum má gleyma því að maðurinn sjálfur skiptir öllu máli, ekki hinn dulkóðaði einstaklingur. Á bak við númerið og kóðann er lifandi einstaklingur sem á skilið fulla virðingu og það er gert með því að ekki má spyrjast fyrir um minni hóp en tíu manns og þá um mjög afmörkuð svið. Það er tryggt og mun verða tryggt að persónan verður hulin.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að tilfæra hér einnig tvær brtt. hv. meiri hluta heilbr.- og trn., sem komu fram núna milli umræðna en þar segir svo, með leyfi forseta, um tölvunefnd og skilyrði hennar:

„Rekstrarleyfishafi skal móta verklag og vinnuferli sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar til að tryggja persónuvernd við samtengingu ættfræðiupplýsinga við aðrar upplýsingar í gagnagrunninum. Um samtengingu upplýsinga í gagnagrunninum við aðra gagnagrunna fer samkvæmt ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga."

Og hin málsgreinin, sem ég vil vitna í, er viðbót, ný mgr. við 12. gr.:

„Ráðherra skal setja reglugerð um þverfaglega siðanefnd sem meta skal rannsóknir sem gerðar eru innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem berast. Mat nefndarinnar verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd rannsókna eða vinnslu fyrirspurna."

Herra forseti. Fram undan er lokahrinan í þessu máli. Frv. fer aftur til nefndar til frekari skoðunar að lokinni 2. umr. Ég hef gert hér nokkrar athugasemdir, aðrir hv. þm. hafa gert aðrar og sumir enn þá fleiri athugasemdir. Allt þarf þetta að skoðast áður en frv. kemur til lokaafgreiðslu. Ég tek undir þau orð sem fallið hafa í dag að enn þá er eftir nokkur vinna og lagfæringar á frv. áður en það verður fullburða. Því treysti ég hv. heilbr.- og trn. að taka málið aftur í nefndina og freista þess enn að ná um það víðtækari sátt. Vel má hugsa sér að aðgangsnefndin fari út en gengið verði frá beinum samningum við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi lækna en nauðsynlegt er að ljúka þessu máli með lagasetningu en hrökkva ekki frá því eins og hrædd mús, tilraunamús. Það á að vera hægt og það hlýtur að vera hægt.

[22:35]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það verður ekki sagt að menn séu hættir að koma á óvart. Það á við um hv. síðasta ræðumann sem flutti eins konar stólræðu eða ræðu í stólræðustíl, framhald af því viðtali sem ég hlýddi á í gærkvöldi í sjónvarpinu, þar sem inngangurinn var að komið væri með aðra sýn á þetta umdeilda mál en hingað til hefur heyrst, eins og það var kynnt.

Og þessi önnur sýn sem kemur fram í máli hv. þm., henni er kannski best lýst í einu orði, framfarir. Og ég bæti við framfarir án fyrirvara. Maður hefði satt að segja gert ráð fyrir öðru mati frá manni með geistlega menntun, virðulegur forseti, en það kom raunar fram hjá hv. ræðumanni í gær að kirkjan væri ekki einhuga í þessu máli, og það höfum við m.a. heyrt í tilvitnuðum orðum hér fyrir stuttu í umræðunni úr grein eftir herra biskupinn, Karl Sigurbjörnsson.

Fyrir utan þessa ábendingu og athugasemd, virðulegur forseti, vil ég spyrja hv. þm.: Hvað á hv. þm. við þegar hann segir að rannsóknarheimildir eða heimildir fyrir aðgengi íslenskra vísindamanna séu eins og frekast sé kostur án þess að ganga gegn EES-samningi? Ég vildi gjarnan fá nánari útlistun á þessum orðum áður en lengra er haldið.

[22:38]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. Hjörleifur Guttormsson aðallega vera í andsvari við viðtal sem haft var við mig í gærkvöldi í sjónvarpi, og einkum fannst mér hann þó vera með andsvar við það sem ekki voru mín orð í því heldur fréttamanns.

Ég flutti hér enga stólræðu að ég hygg heldur kom með rök og málflutning eins og hver annar þingmaður. Hann spurði hins vegar að því hvað ég ætti við með því að opnað væri eins og frekast væri kostur á aðgengi íslenskra vísindamanna án þess að ganga gegn ákvæðum EES-samskomulags, ef ég man rétt að hann hafi sagt það svo.

Ég hef skilið málið svo að EES-samkomulagið geri ráð fyrir að þá þurfi að opna fyrir alla vísindamenn þannig að við værum búin að missa þennan gagnagrunn úr landi og til annarra þjóða allra jafnt ef opnað væri fullkomlega á þennan grunn.

[22:39]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hafi það verið útlegging hv. þm. þá skil ég betur mál hans áðan, ég hef e.t.v. ekki náð alveg hugsuninni. En það hefur margkomið fram í umræðunni og liggur auðvitað alveg ljóst fyrir að sú mismunun sem gert er ráð fyrir samkvæmt frv. gengur þvert á ákvæði þessa samnings sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar frá 1991 ber ábyrgð á, EES-samningsins.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að lesa tilvitnun úr nefndu viðtali og ekki neinn inngang, þar sem hv. þm. sagði:

„Við höfum hins vegar lesið kristna siðfræði töluvert og út frá henni segi ég það að það er eðlilegt að leita alltaf framfara og ég get ekki séð að þetta samrýmist ekki kristinni trú heldur þvert á móti, við þurfum að hafa ákveðið hugrekki til þess að leita framfara og bæta og auka velferð."

Menn skulu bera þetta saman við tilvitnuð orð úr grein biskupsins yfir Íslandi, herra Karls Sigurbjörnssonar. Þar ber mikið á milli.

Vegna ummæla um undirskriftir og áskoranir 108 lækna þá tel ég það ekki efni til athugasemda. Ég hefði vænst þess að við fengjum jafnvel enn fleiri undirskriftir í sömu veru frá starfandi prestum í landinu.

[22:41]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get nú ekki sagt að mikið beri á milli í málflutningi mínum og herra biskupsins yfir Íslandi. Við höfum báðir hvatt til þess í ræðu og riti að farið yrði varlega í þessu máli og ekki flanað að neinu. Ég hef verið spurður um þetta ítrekað á undanförnum mánuðum hvort gagnagrunnsfrv. samrýmdist kristinni siðfræði og um það get ég tekið langa umræðu við hv. þm. Hjörleif Guttormsson.

Það er þannig hjá okkur í lútersk-evangelískri kirkju, öfugt við það sem er hjá rómversk-kaþólsku kirkjunni, að það er enginn einn sem kveður upp dóma eða úrskurði í siðferðilegum efnum. Hver og einn er ábyrgur fyrir sinni skoðun og stendur eða fellur með henni. Hjá rómversk-kaþólskum talar páfinn ex cathedra, en kristnir menn eru ekki alltaf sammála um mat hans. Það á við um mörg mál og ég hygg að við gætum farið í langt mál um þetta, við hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

En það sem ég vil segja út frá kristinni siðfræði er að með þessum gagnagrunni erum við að taka ígrundaða áhættu rétt eins og miskunnsami Samverjinn gerði þegar hann nam staðar hjá slösuðum manni sem ræningjar höfðu ráðist á og færði hann til byggða, hjúkraði og hjálpaði honum. Við erum að taka áhættu eins og hann gerði. Það er alltaf áhætta í því að hjálpa en það er nákvæmlega það sem ég hygg að við eigum að þora að gera í þessu og taka meðvitaða, ígrundaða áhættu.

[22:43]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sló mig svolítið þegar hv. þm. Hjálmar Jónsson ræddi um samskipti viðkomandi lækna, sem hann nefndi hér, við Krabbameinsfélagið og skráningu upplýsinga til Krabbameinsfélagsins og ég vil því gera hér nokkrar leiðréttingar til að fyrirbyggja misskilning hjá hv. þm. Hjálmari Jónssyni.

Skráning Krabbameinsfélagsins er talin og hefur lengi verið talin hluti af íslenska heilbrigðiskerfinu þannig að um þá skráningu gilda sömu reglur og fyrir önnur heilbrigðisgögn. Í reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði frá 1997 kemur fram að á þremur stóru sjúkrahúsunum á Íslandi eru þverfaglegar siðanefndir innan þeirra, heilsugæslan er með sérstaka fimm manna siðanefnd en Krabbameinsfélag Íslands lýtur vísindasiðanefnd samkvæmt þessari reglugerð, sem er sú nefnd sem á að meta fjölþjóðlegar rannsóknir og aðrar áætlanir um vísindarannsóknir sem ekki falla undir verksvið fyrrgreindra siðanefnda. Beiðni um mat skal fylgja nákvæm rannsóknaráætlun ásamt öðrum gögnum samkvæmt nánari ákvörðun vísindasiðanefndar. Mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar samkvæmt 2. gr. í reglugerð um vísindarannsóknir verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar. Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar eða vísindasiðanefndar. Þetta vil ég taka fram til þess að ekkert fari á milli mála hvernig samstarf annarra þátta heilbrigðiskerfisins er við Krabbameinsfélagið.

[22:45]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þetta andsvar, þó það að vísu skýrði ekkert nýtt fyrir mér en e.t.v. hefur það verið óskýrt í máli mínu.

Ég bendi á og það er gott að það hafi verið upplýst hér frekar að mjög eindregnar og góðar varúðarráðstafanir séu í gildi gagnvart þessari skráningu. Eftir stendur að samt sem áður er þessi skráning persónuskráning. Ég bendi á að þær varúðarráðstafanir sem fyrirhugað er að gera gagnvart gagnagrunnsfrv. á heilbrigðissviði eru sterkari og öruggari en þessar.

[22:46]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Ég vil bara nefna, hæstv. forseti, og ítreka að Krabbameinsfélagið og sú vinna sem þar fer fram er og hefur verið hluti af íslensku heilbrigðiskerfi. Nú erum við að ræða um nýtt fyrirkomulag sem í raun og veru er viðskiptasamband íslenska heilbrigðiskerfisins við það fyrirtæki sem tekur að sér þessar rannsóknir.

[22:47]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta andsvar skýrði sig sjálft.

[22:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Jónsson segist vilja fara varlega í þessu máli. Hann vill ekki fara varlegar en svo að hann er reiðubúinn að ganga gegn Helsinki-sáttmálanum, siðasáttmála læknastéttarinnar og vísindamanna. Hann er tilbúinn að ganga gegn siðfræðiráðum læknastéttanna, vísindasiðanefnd, Mannréttindaskrifstofunni, svo nokkrir séu upp taldir, auk samtaka sjúklinga sem vara mjög eindregið við þessu.

Við þurfum að vera reiðubúin að taka áhættu, segir hv. þm. Hjálmar Jónsson. Eitt er víst. Við erum að slást í för með áhættufjárfestum, eigendum þess fyrirtækis sem fyrirhugað er að fái einkarétt á heilsufarsupplýsingum Íslendinga.

Ég held að nokkuð sé vitað um hvað hendir okkur. Við því erum við sem höfum lagst gegn þessu frv. að vara.

Hv. þm. sagði að ég hefði verið dapur í bragði þegar ég flutti mál mitt áðan. Staðreyndin er sú að mér finnst þetta dapurlegt mál. Það er ekki rétt hjá honum að þetta sé á borð

við hvert annað mál — eða það lá í hans orðum — og svo komi næsta mál. Þetta er miklu stærra mál en svo.

Í þessu andsvari vildi ég spyrja hv. þm. nánar út í það sem hann sagði um ábyrgð rekstrarleyfishafa gagnvart einstaklingnum. Hann sagði að hann væri ekki firrtur ábyrgðinni á því að hjúkra og lækna. Ég man ekki hvernig þetta var orðað en hann sagði rekstrarleyfishafa ekki firrtan ábyrgðinni gagnvart einstaklingnum, að rekja sig til baka til hans.

Mig langar til að fræðast um hvernig hv. þm. Hjálmar Jónsson sér rekstrarleyfishafa axla ábyrgð sína í þessu efni.

[22:49]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn er hv. þm. Ögmundur Jónasson dálítið dapur. En mér fannst gott að hann skyldi koma hér og eiga við mig orðastað.

Ég vitnaði raunar óbeint í álit vísindasiðanefndar sem — ef ég man rétt — talar um að rekstrarleyfishafinn verði ekki firrtur ábyrgðinni. Ég talaði ekki um að hann ætti að rekja sig baka til einstaklingsins, það er væntanlega nokkuð sem hann á ekki að geta. Ef það væri hins vegar tiltekinn hópur sem væri í hættu eða þyrfti sérstaka meðferð eða meðhöndlun læknisfræðilega, þá væri hægt að sjá það og bregðast við.

[22:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sérleyfishafinn hefur enga viðskiptalega, formlega eða samningsbundna ábyrgð í því efni. Hann hefur enga frekari ábyrgð á hendi en samfélagið og heimurinn allur gagnvart sjúku fólki. Staðreyndin er sú að hér er um að ræða viðskiptasamband. Gagnrýnin á þetta frv. hefur einkum beinst að því að hagsmunir viðskiptalífsins séu í fyrirrúmi en sjúklinganna ekki. Út á þetta gengur gagnrýnin.

Í þessu andsvari langar mig jafnframt að vekja athygli á því að þegar hv. þm. Hjálmar Jónsson ber deCODE Genetics Incorporated, bandaríska fyrirtækið sem í ráði er að veita sérleyfi á heilsufarsupplýsingum Íslendinga, saman við Krabbameinsfélagið og önnur félög sem stundað hafa rannsóknir hér á landi, rannsóknanna og vísindanna vegna, þá er það ekki sambærilegt. Í öðru tilvikinu er um að ræða vísinda- og líknarstofnun og hins vegar er um að ræða gróðafyrirtæki sem gengur fyrir lögmálum viðskiptalífsins.

Fyrirtæki í viðskiptalífinu geta að sjálfsögðu gert ýmsa góða hluti. Á þessu er hins vegar grundvallarmunur og þegar við ræðum um að veita einu slíku fyrirtæki tangarhald á heilli þjóð þá er ekki að undra að menn rísi upp og bregði í brún, ekki bara hér á landi heldur um heim allan.

[22:53]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil örlítið betur nú hvers vegna hv. þm. er svona óskaplega dapur og líður svona voðalega illa. Ástæðan er sú að þar sem fjármunir eða peningar koma nærri, þar sem hugsanlega er gróði, sé nauðsynlegt að vera tortrygginn og búast ekki við neinu góðu. Rekstrarleyfishafinn er að sjálfsögðu ábyrgur og á að vera ábyrgur aðili. Markmiðið með lagafrv. þessu er svo ég vitni beint í það, með leyfi forseta:

„Markmið með lögum þessum er að heimila gerð og starfrækslu miðlægs gagnagrunns með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu."

(**ÖJ:** Og auka hamingju þjóðarinnar?) Að sjálfsögðu. Um leið, eftir því sem frekast er kostur.

Að segja að rekstrarleyfishafanum sé hreinlega sama um fólk og deCODE sé ekkert annað en gróðafyrirtæki fjárplógsmanna. Hv. þm. er ekki sæmandi að tala svona.

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hv. 17. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[22:54]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að leggja mér þau orð í munn að ekkert gott vaki fyrir þeim sem hugsanlega fái rekstrarleyfið eða sérleyfi á heilsufarsupplýsingum Íslendinga. Ég hef aldrei sagt þetta og það er mjög ódrengilegt að segja þetta í lokaandsvari, þar sem ég get ekki leiðrétt málið. Ég hef aldrei sagt þetta.

Ég hef sagt að það væri ekki sambærilegt að bera saman vísindastarfsemi sem rekin væri á sama grundvelli og Krabbameinsfélagið, í þágu líknar og vísinda, og hins vegar viðskiptafyrirtækis. Ég tók það síðan fram að að sjálfsögðu hlytist margt gott af því sem gerðist á markaði á þessu sviði sem öðrum. Ég tók það sérstaklega fram.

En ég sagði hins vegar að á þessu væri grundvallarmunur. Allur málflutningur minn hér í kvöld hefur gengið út á að færa á þetta sönnur.

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hv. 2. þm. Norðurl. v. óskar að bera af sér sakir.

[22:55]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég vil nú bera af mér þær sakir að ég hafi misfarið með orð hv. síðasta ræðumanns. Ég hef ekki séð annað eða heyrt í allt kvöld en að hv. þm. hafi tortryggt og gert tortryggilegan gagnagrunninn eða þetta frv. og allur hans málflutningur hafi miðast við það.

Ég vísa því á bug að ég hafi komið ódrengilega fram og málflutningur minn verið slíkur.

[22:56]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Stundum hefur verið sagt að það mál sem við fjöllum um hér sé mikilvægasta mál þessa þings. Einkum þrjú atriði gera það mjög sérstakt. Í fyrsta lagi erum við að fjalla um nýmæli í vísindum og atvinnu. Í öðru lagi fáumst við nú við löggjöf á algjörlega nýjan hátt. Þetta er einstök löggjöf. Við höfum ekki sett sambærileg lög hér á landi og slík lög hafa ekki verið sett annars staðar, að því er ég best veit. Í þriðja lagi er sérstaða þessa máls fólgin í því að það kallar á nýtt pólitískt mat. Við fulltrúar stjórnmálahreyfinga, leggjum pólitískt mat á þau mál sem koma upp, byggt á ákveðinni grunnlífsskoðun. Öll atriði þessa máls bera með sér að það er ekki auðvelt aðkomu, enda mælikvarðarnir að mörgu leyti aðrir en við höfum hingað til fengist við.

Við getum fullyrt að miðlægur gagnagrunnur getur verið mjög mikilvægur til rannsókna og forvarna, getur haft í för með sér bætt lyf, getur leitt til framfara í baráttu gegn sjúkdómum og atvinnusköpunar í hátækniiðnaði. Þetta eru nokkrar af þeim röksemdum fyrir hugmyndunum að baki frv. um miðlægan gagnagrunn.

Álitaefnin í þessu sambandi eru hins vegar fjölmörg og við stjórnmálamenn höfum í reynd þrjá kosti í stöðunni. Við getum sleppt því að setja lög um þetta mál. Það gerðum við með því að frv. annað hvort dagaði uppi hér í þinginu eða

yrði fellt, lög um gagnagrunna yrðu ekki sett heldur yrðu þessi mál óbreytt. Það er fyrsti kosturinn.

Annar kosturinn er að vinna út frá frv., þ.e. út frá hugmyndafræðinni um miðlægan gagnagrunn eins og hér er gert.

Þriðji kosturinn er að setja löggjöf um það sem kallað er „dreifðir gagnagrunnar", þ.e. að útbúa löggjöf, nýja löggjöf líka, um það hvernig eigi að vinna að úrvinnslu og samtengingu dreifðra gagnagrunna. Það er leið sem hefur verið farin á nokkrum stöðum. Hún hefur verið farin til að mynda í Finnlandi og eitt af þeim frv. sem liggur fyrir hinu háa Alþingi gengur einmitt í þessa átt.

Ég er andvígur fyrsta kostinum. Ég held við eigum að setja löggjöf. Við eigum að takast á við þetta verkefni. Þá kemur valið á milli hinna tveggja kostanna því þeir útiloka hvor annan. Eigum við að skoða hvort við eigum að setja löggjöf um dreifða gagnagrunna og úrvinnslu þeirra eða eigum við að sjá hvort við getum búið til ásættanlega löggjöf með miðlægum gagnagrunni? Kostir og gallar fylgja báðum hugmyndunum. Við skulum ekkert fara í launkofa með það. Það eru kostir við miðlægan gagnagrunn. Það eru gallar við miðlægan gagnagrunn. Það eru kostir við að vinna með dreifða gagnagrunna en það eru líka ókostir fólgnir í því.

Ég er þeirrar skoðunar að málið sé svo sérstakt að við þurfum að velta aðeins fyrir okkur hvað slík lagasetning þýðir. Við á hinu háa Alþingi höfum oft tekist á um lög og deilt mjög harkalega. Ég nefni t.d. lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og lög á vinnumarkaði. Við höfum stundum tekist á um lög í kjaradeilum. Þá höfum við alltaf staðið frammi fyrir því að myndast hefur meiri hluti og minni hluti. En við höfum alltaf staðið frammi fyrir þeirri staðreynd að eftir að búið hefur verið að setja lögin þá höfum við stjórnarandstæðingar, ef við höfum verið í minni hluta, sætt okkur við lögin og unnið eftir þeim. Fólkið í landinu gerir hið sama þótt það hafi verið á móti lögunum, jafnvel þó að sett hafi verið lög á kjaradeilur þá hafa menn alltaf fylgt þeim lögum.

Í þessu máli horfir svolítið öðruvísi við vegna þess að löggjöfin er svo sérstök. Ef við setjum lög þá er þetta eiginlega ekki spurning um að þegnarnir hlýði og fari eftir lögunum, heldur erum við í þeirri stöðu að menn hafa val hvort þeir vinna innan þessarar löggjafar eða ekki og þetta gerir málið enn þá erfiðara fyrir okkur sem erum ábyrg fyrir lagasetningu. Við stöndum nefnilega frammi fyrir því að setja hugsanlega lög sem ná ekki tilgangi sínum. Á hinu háa Alþingi ber okkur skylda til þess að líta svo á þegar við afgreiðum lög — ég tala nú ekki um þá sem standa að lagasetningunni með atkvæði sínu, eru í þeim meiri hluta sem stendur að lagasetningunni — að það verði þá unnið eftir þessum lögum. Lög eru ekkert annað en leikreglur í okkar samfélagi. Við höfum hins vegar ekki mjög mikil tök á því gagnvart þessum lögum vegna þess að þau útheimta samstöðu í þjóðfélaginu. Þau útheimta samvinnu mjög margra aðila. Þau útheimta samvinnu fjölmargra í heilbrigðisstétt. En þau útheimta líka stuðning almennings. Þetta er mjög sérstakt við lagasetningu og þetta gerir vanda okkar mikinn þegar við ræðum þessa löggjöf. Þess vegna, herra forseti, verður meginatriðið í mínum málflutningi að ganga út frá því að hver svo sem lögin verða og hvernig svo sem greinarnar hljóða sem við eigum eftir að afgreiða á hinu háa Alþingi, hvenær svo sem það verður, þá verður að ríkja traust um þau. Það verður að ríkja vinnufriður um þá lagasetningu úti í samfélaginu. Það er aðalatriðið. Það er vegna þess að svo mikil sérstaða er fólgin í þessari lagasetningu. Ef ég væri stjórnarliði og talaði fyrir lagasetningu sem t.d. byndi enda á erfiða kjaradeilu þá mundi ég einfaldlega segja að nú bæri brýna nauðsyn til að setja lög og flytja hefðbundna ræðu sem menn hafa oft heyrt á Alþingi. Stjórnarandstæðingar mundu flytja ræður þar á móti en við mundum báðir vita, ég og sá sem talaði á móti mér, að unnið yrði eftir þessari löggjöf. Hún væri þess eðlis. Það á hins vegar ekki við um þetta frv. Ef við náum ekki að lenda þessu máli þannig að traust og vinnufriður ríki um lagasetninguna þá er þessi hugmynd um miðlægan gagnagrunn ónýt.

Við höfum fengið fjölmargar undirskriftir lækna, 150 lækna sem hafa borist inn á borð okkar alþingismanna þar sem þeir leggjast gegn þessari lagasetningu. Það getur vel verið að líka séu til 150 læknar sem mundu hvetja okkur til að setja þessi lög. Það getur vel verið. Ég veit það ekki. Ég sé a.m.k. að við erum nokkuð langt frá því enn þá að ná þessari víðtæku sátt í samfélaginu. Það er ekki markmið í mínum huga, herra forseti, að allir verði sáttir. Ég er ekki að leggja upp með það sem rök í þessu máli að ná sáttum við alla þegna þessa samfélags eða alla andstæðinga þessa máls. Það held ég sé fráleitt. Það er yfirleitt fráleit aðferðafræði að láta þann sem hægast vill fara ráða ferðinni, sérstaklega ef menn brydda upp á einhverju nýju. En í þessu máli verðum við að leita miklu víðtækari sáttar og samstöðu en við verðum öllu jöfnu að gera við lagasetningu.

Hér hefur verið rætt um persónuvernd og hlutverk tölvunefndar í því sambandi og frv. um persónuvernd sem bíður hér afgreiðslu. Ég harma, herra forseti, að það frv. hefur ekki komið fram, þótt ekki væri nema einungis vegna þess að mér skilst að í því sé verið að ræða um starfssvið og stöðu tölvunefndar sem skiptir vitaskuld mjög miklu máli í eftirlitsstarfi gagnvart þessu frv. Án þess að ég ætli að hætta mér mjög mikið út í tölvutæknilega umræðu — ég hef fylgst nokkuð vel með þeim skoðanaskiptum sem hafa verið um þetta mál — virðist mér að persónuupplýsingar séu tölvutæknilega vel tryggðar í þessum gagnagrunni, þó vitaskuld með þeim annmarka að hægt er fræðilega að brjóta dulkóðun eða leyndarkóða ef menn vilja gera svo. Ég held, miðað við þá þekkingu sem við búum yfir í dag á þessu sviði, að ekki sé hægt að gera það betur. Það getur hins vegar vel verið að það sé ekki nóg. Það má vel vera. En ég held eins og uppleggið hefur verið gagnvart þeim þætti málsins að búið sé að gera þær varúðarráðstafanir sem okkur er tæknilega unnt að gera. Við erum búin að setja ýmsar girðingar og eftirlit. Við höfum margs konar hindranir gagnvart misnotkun sem þarf að fara yfir. Við erum með tölvunefnd. Við erum með siðanefnd. Við erum með aðgangsnefnd. Við búum við Samkeppnisstofnun og samkeppnislög. Við erum með almenn lög. Við erum með þetta tölvutækniferli í öllu rannsóknarferlinu.

Samt eru siðferðilegar spurningar aðalmálið hvað þetta varðar. Það er eitt nýmælið sem við erum að fást við eins og ég nefndi. Þetta er einstök löggjöf. Við erum að fjalla um nýmæli í vísindum og við erum að fara inn á svið sem er svo erfitt að ímynda sér hvernig við eigum að taka á. Við getum alveg hugsað tíu ár til baka og um það hvernig við hefðum litið á þá staðreynd að hægt væri að klóna lífverur, eins og gert var fyrir örfáum missirum. Okkur hefði fundist og finnst það kannski enn í dag dálítið óhugguleg tilhugsun. En þetta sýnir hvað þróunin er hröð í þessum efnum og hvað margar spurningar vakna sem tengjast siðferði, trú og svo mörgum

tilfinningum sem bærast í brjósti okkar allra, svo margar spurningar sem við getum ekki fundið nein einhlít svör við. Það mun taka lengri tíma að finna þau en fer í umræðu um þessi mál.

Það var strax gagnrýnt í þessari umræðu að siðferðilegu álitamálunum væri ekki nógu vel borgið. Það er grundvallaratriði í læknisrannsóknum að leggja siðferðilegt mat á rannsóknir og þannig hafa vísindamenn innan heilbrigðisþjónustunnar unnið alla tíð. Það er hluti af þeirra starfsskyldum. Í frv., eins og það birtist, var ekki lagt upp með það að rannsóknir sem tengdust þessum gagnagrunni fengju það stranga siðferðilega mat sem er almenna reglan í vísindarannsóknum af þessu tagi. Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en að með breytingum meiri hluta heilbr.- og trn. sé búið að taka á þessu vandamáli sem var eitt erfiðasta vandamálið. Það er búið að setja þverfaglega siðanefnd hvað varðar rannsóknir. Ég get ekki svarað því hvort með því sé öllum efa eytt úr hjörtum manna í heilbrigðisstétt sem hafa áhyggjur af hinum siðferðilegu álitamálum. Ég hugsa að hjá mörgum nægi þetta til að menn séu þess fullvissir að þarna sé unnið eftir heiðarlegum og réttlátum reglum. Aðrir segja að stífara mat þurfi að koma til. Það má vel vera. Þetta er eins og svo margt í þessu máli að ekki er hægt að alhæfa neitt um það og hver og einn verður raunverulega að gera það upp við sjálfan sig. En þegar þetta frv. kom fyrst fram var ég einn af þeim sem tók undir þessa gagnrýni og sagði: Þetta er það atriði sem við verðum a.m.k. að lagfæra í þessu í frv.

Sömuleiðis er eitt sem tengist áhugamáli mínu á öðru sviði, þ.e. það sem kalla má sameiginlegar auðlindir almennings. Ég tel mjög til bóta í þessu frv. að greiðslur sérleyfishafans til ríkisins sem gert var ráð fyrir í frv., eru endurbættar og það gert betur úr garði með tillögum meiri hluta heilbr.- og trn. Það tel ég vera til bóta. Ég vil taka sérstaklega fram að minni hluti heilbr.- og trn. styður jafnframt þessar brtt. sem ég var að lýsa hér um siðanefnd og greiðslur sérleyfishafa. Auðvitað hefði mátt útfæra það einhvern veginn öðruvísi en þarna er ákveðið grundvallaratriði viðurkennt og ég tel það vera til bóta.

Ég tel mjög brýnt, og ég hef skilið hv. varaformann heilbr.- og trn. þannig, að málið komi aftur til skoðunar í heilbr.- og trn. milli 2. og 3. umr. Vonandi verða þær ábendingar hugleiddar sem við höfum hér fram að færa. Það má einnig vera að stjórnarmeirihlutinn hugsi sér að breyta frv. enn. Ég vona að það verði þá a.m.k. í þá átt að reyna að leita meiri sátta gagnvart málinu. Ég vara mjög við því að menn fari að magna upp meiri deilur með brtt. við frv. því nóg er komið af þeim.

Hins vegar eru ýmis atriði í frv. ekki nægjanlega vel tryggð, til að mynda eins og bent hefur verið á að börn og þeir sem ellihrumir eru eða hafa aðra sjúkdóma hafa ekki nógu góða stöðu við ákvörðun um þátttöku eða ekki þátttöku. Þetta er atriði sem fjölmargir umsagnaraðilar hafa bent á.

Einu grundvallaratriði vil ég einnig breyta í frv. og það er að sjúklingur sem fer út úr grunninum, og hann hefur leyfi til þess samkvæmt frv., hafi þá rétt á að láta eyða þeim gögnum í grunninum sem tilheyra honum. Það er ekki í frv. Ég hef þegar haft tækifæri til að skiptast aðeins á skoðunum við hv. varaformann heilbr.- og trn. úr ræðustóli um þetta. Þetta er í mínum huga grundvallaratriði. Það eru réttindi sjúklinga að taka þátt í gagnagrunninum. Það er frjáls ákvörðun mín hvort ég læt upplýsingar inn í gagnagrunninn eða ekki. Ég get meira að segja látið upplýsingar í gagnagrunninn gegn vilja læknis míns. Þetta er óvanalegt, en þetta er réttur minn. Mér finnst ég eigi að hafa þennan rétt.

Sömuleiðis finnst mér að ég eigi að hafa þann rétt að ef mér líkar ekki eitthvað, viðhorf mín breytast eða eitthvað, vegna sjúkdóms eða hvað sem það væri, þ.e. ef ég væri með sjúkdóm sem gerði það að verkum að ég vildi úr þessum gagnagrunni, þá vil ég líka geta gert það. Ég má það samkvæmt frv. en þá vil ég geta tekið út öll gögn um mig. Þetta eru persónuleg gögn sem ég á en lagði í gagnagrunninn til framfara fyrir vísindin. Ég mundi gera það, leggja þessi gögn til svo þau kæmu að gagni fyrir vísindin ef löggjöfin væri þannig að menn gætu unnið eftir henni í sátt og samlyndi. Þá mundi ég líka vilja taka þau með ef ég breytti um skoðun og vildi fara. Þetta finnst mér vera grundvallaratriði. Hér er lykilhugtakið enn og aftur traustið. Hv. varaformaður heilbr.- og trn. sagði: Þetta er ekki hægt. Rökin voru þau að slíkt mundi rýra rannsóknargildið. Ég svaraði aftur á móti: Þarna er verið að taka tillit til fjárhagslegra hagsmuna rekstrarleyfishafa.

Ef menn treystu gagnagrunninum og teldu hann til framfara til að finna lækningar gegn sjúkdómum og til forvarna og koma að gagni í heilbrigðisþjónustu okkar, þá á ég ekki von á því að ég eða aðrir kjósi að fara út úr honum. Af hverju ætti ég að vilja það? Ég á ekki von á að ég vildi taka gögnin mín í burtu út úr gagnagrunninum ef mér fyndist þarna allt með felldu. Málið byggist á trausti. Ég vil eiga þennan rétt, herra forseti, og þeir sem leggja þetta frv. fram þurfa að öðlast traust okkar sem leggjum inn gögn í þennan gagnagrunn. Þeir eiga að segja: Auðvitað ættir þú að geta farið úr gagnagrunninum með þín gögn ef þú kýst svo. Hins vegar ætlum við að reyna að haga úrvinnslu og starfrækslu þessa gagnagrunns svo að bæði þú og aðrir leggi fúslega til gögn og rannsóknir þar komi að gagni fyrir þig og aðra. Þetta finnst mér ákveðið grundvallaratriði í nálgun að þessari löggjöf.

Mikið verið rætt um sérleyfið eða einkaleyfið. Það er hægt að færa rök fyrir því — ég ætla ekki að fara mjög djúpt inn í þá umræðu því aðrir hafa gert það — að ekki sé nauðsynlegt að hafa sérleyfi. Það er hægt að færa rök fyrir því að það brjóti í bága við lög og sáttmála. Það eru að vísu matsatriði en rökin eru býsna sterk með því að hvað þennan þátt varðar sé ekki skynsamlegt að láta frv. standa eins og það kemur frá meiri hluta nefndarinnar.

Eitt sem er vont við að afgreiða löggjöfina svona, í þetta mikilli ósátt er að fjölmargir aðilar munu stefna rekstrarleyfishafa og stjórnvöldum, fara fyrir héraðsdóm, Hæstarétt og mannréttindadómstóla; fara í málaferli út af þessari nýju löggjöf. Það er ekki gott. Okkur ber skylda til þess á hinu háa Alþingi að ganga þannig frá lögum að ekki sé hætta á lagalegum ágreiningi um það sem við leggjum til. Það er ekki nóg fyrir okkur að segja: Við erum á gráu svæði, látum reyna á samninga og alþjóðalög. Það eru ekki góð vinnubrögð. Þegar við tölum um lög sem mundu snerta einstaklingana svo persónulega sem löggjöfin um gagnagrunn gerir er það sérstaklega slæmt. Mitt mat á einkaleyfinu til 12 ára er að ég hefði helst viljað fara þá leið að kanna hvort ekki væri hægt að fella einkaleyfið út úr myndinni. Það hafa ekki verið undirtektir við það enn þá frá meiri hlutanum á hinu háa Alþingi.

Við verðum að hafa skýrt í huga að frv. er komið til 2. umr., borið fram af meiri hluta efh.- og viðskn. þar sem allir nefndarmenn stjórnarinnar rita undir nál. Einn hv. þm. í

stjórnarmeirihlutanum í heilbr.- og trn. ritar undir með fyrirvara. Það er því ljóst, herra forseti, að frv. eins og það lítur út núna, með brtt. meiri hlutans, nýtur meirihlutastuðnings á hinu háa Alþingi. Við 2. umr. ber okkur skylda til að draga fram þau álitaefni sem fram hafa komið í nefndarstarfinu milli 1. og 2. umr. og benda á aðra þætti sem verða til skoðunar í þessu frv. milli 2. og 3 umr. Málið fer aftur inn í nefndina. Það er ekki algilt með frv. á hinu háa Alþingi að þau fari aftur inn í þingnefnd milli 2. og 3. umr. Það er frekar sjaldgæft en menn hafa komist að samkomulagi um að þetta sé þannig mál að það verði að fara til skoðunar milli 2. og 3. umr. Hvernig það kemur frá nefndinni eftir það er ekki gott að segja. Við skulum a.m.k. reyna að sjá til þess að vinnubrögðin verði þó þannig að hlustað verði á þær ábendingar og tillögur sem hér koma fram, hvort sem þær koma frá stuðningsmönnum, efasemdarmönnum eða andstæðingum þessa frv. Þær koma a.m.k. til skoðunar í þingnefnd aftur. Það eru góð vinnubrögð.

Varðandi sérleyfi í tólf ár hef ég viljað velta upp þeirri hugmynd, hvort það gæti verið leið til sátta milli þess að fella niður sérleyfið eða hafa sérleyfið til tólf ára, að ráðherra verði heimilt að úthluta sérleyfi til sex ára, ekki til tólf heldur sex ára og að ráðherra fái heimild til að framlengja það í allt að þrjú ár í viðbót að fenginni umsögn vísindasamfélagsins. Þetta er hugmynd, herra forseti, sem ég vil varpa fram hér í umræðunni. Hér er reynt að fara þá leið að veita sérleyfið til takmarkaðs tíma en gefa þó rekstrarleyfishafa nægjanlegt svigrúm til að vinna að upplýsingaöflun sem ekki á sér hliðstæðu í heiminum en breyta samt sem áður frv. til að vinna gegn hugsanlegum málaferlum hvað þetta atriði varðar. Það getur vel verið að mönnum lítist ekki á þetta og finnist þetta ekki vera sáttaleið en ég bið menn að hugleiða það. Ég held það væri þó a.m.k. betra að afgreiða málið þannig á hinu háa Alþingi en afgreiða það með tólf ára sérleyfi, því ég bendi á að alltaf er hægt að taka upp þessa löggjöf eins og aðra. Við eigum, af því við erum að setja þessa löggjöf í fyrsta skipti, að hafa fresti í frv. eins stutta og mögulegt er þannig að hægt sé að vinna með þeim en hafa þá eins stutta og hægt er. Þessi löggjöf er þess eðlis.

Eitt atriði sem er mjög mikilvægt í mínum huga er aðgengi vísindamanna. Það kemur líka til af því að ég starfa í þessu umhverfi og þetta er forsenda. Það er forsenda í mínum huga að vísindasamfélagið komist eðlilega að þessu rannsóknartæki og þannig töluðu allir þegar hugmyndin var kynnt í upphafi. Frv. er hins vegar ekki þannig úr garði gert. Það hefur verið ein helsta gagnrýnin á þetta frv. að vísindamenn líta svo á, sérstaklega af því að þarna er einkaleyfi á ferðinni, að þrengdur sé möguleiki fyrir aðra að vinna með þessar upplýsingar og taka þátt í þeirri miklu uppsveiflu sem þessi nýi atvinnuvegur, þessi nýja vísindagrein mun hafa í framtíðinni og það getum við ekki gert. Við megum ekki gera löggjöfina þannig úr garði frá hinu háa Alþingi óðruvísi en tryggja þennan þátt þannig að sátt skapist við vísindamenn og ég er ekki einungis að tala um vísindamenn hér á landi heldur samstarfsmenn víða erlendis. Framtíð okkar er fólgin í því að rannsóknir á öllum sviðum verði auknar og það sé samstarf í alþjóðlegu samfélagi vísindamanna. Við megum aldrei láta þessa löggjöf hindra okkur á þeirri braut vegna þess að þá værum við að rýra lífskjör Íslendinga.

Þarna er hægt að koma með ýmsar hugmyndir og ég hef skilið hv. varaformann heilbr.- og trn. þannig að þetta sé eitt af þeim atriðum sem verði skoðuð milli 2. og 3. umr. Hægt er að hugsa sér þær leiðir sem nefndar eru í nál. 1. minni hluta og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði hér grein fyrir, m.a. þeirri leið að vísindaráðherra eða menntmrh. réði yfir áskrift sem vísindamenn gætu fengið aðkomu að. Ég vil einnig benda á aðgengisnefndina og ég skil satt að segja ekki ef aðgengisnefndin á að vera inni með þessum hætti af hverju ekki voru gerðar breytingar á henni, vegna þess að það var orðið samkomulag. Ég skildi það t.d. á fulltrúa frá væntanlegum rekstrarleyfishafa að menn væru ekki sáttir við orðalagið sem þar var, að einn af þremur fulltrúum væri tilnefndur af rekstrarleyfishafa. Ég man ekki betur en að á ágætum fundi í Háskóla Íslands hafi forsvarsmenn þess fyrirtækis einmitt rætt um að það þyrftu að verða breytingar á skipun í þessa nefnd. Það er ekki gert í brtt. frv. Það er mjög auðvelt að bæta úr þessu þó að rekstrarleyfishafi fái að koma að eins vægu mati og hægt er hvað viðvíkur þessum gagnagrunni í tengslum við viðskiptahagsmuni. Það eru gerðar þar nokkrar breytingar. Þetta er mjög vandmeðfarið. En það er útilokað að láta rekstrarleyfishafann skipa einn af þessum þremur og hafa þess vegna neitunarvald gagnvart þessum þætti. Alveg væri hægt að hugsa sér að háskólaráð Háskóla Íslands og rekstrarleyfishafi tilnefndu sameiginlega einn fulltrúa, það gæti verið hugmynd, því þá yrðu menn að ná samkomulagi um einhvern aðila sem menn báðir hefðu það mikið traust á að mundi vinna eftir þessari lagasetningu þannig að ekki væri um mismunun að ræða. Ég vil ganga út frá því, herra forseti, að mönnum gangi gott eitt til í þeim hugmyndum sem hér eru lagðar fram, þeir vilji vinna að framþróun í vísindum, vilji vinna að framþróun í atvinnuháttum, vilji reka fyrirtæki sem bæði veitir vinnu og skilar hagnaði en menn vilji líka gæta að öllum eðlilegum leikreglum gagnvart öðrum í samfélaginu og ekki hvað síst siðferðilegum álitamálum. Ég lít svo á að öllum sem hafa komið að þessu máli gangi gott eitt til. Ég held að enginn sem hefur rætt nokkuð um þetta mál sé raunverulega með það að einhver ætli sér að misnota eitthvað varðandi þessa lagasetningu. Ég hef ekki nokkra trú á að neinn ætli sér að gera það og mér finnst líka öll umræðan hafa beinst að því að koma eðlilega í veg fyrir slíkt.

Ég nefndi í upphafi að mjög margir í heilbrigðisumhverfinu væru á móti þessu máli og það er það sem veldur mér áhyggjum en það eru einnig mjög margir sem styðja það en það þarf að ná þessari sátt vegna þess að við höfum reynslu af gagnagrunnum hér á landi sem hafa fyrst og fremst byggst á sátt og trausti. Við höfum gagnagrunna, við höfum gagnagrunna Krabbameinsfélagsins, við höfum gagnagrunna Hjartaverndar. Ég man ekki eftir að hafa nokkurn tíma heyrt um einhverja misnotkun í sambandi við þessa gagnagrunna. Eins og hér var upplýst í umræðunni áðan þá er líka farið eftir ákveðnum reglum við úrvinnslu gagna í slíkum grunni.

Ég er einfaldur neytandi heilbrigðisþjónustu hér á landi. Ég hef álit á heilbrigðisstéttinni. Ég hef unnið nokkuð með mönnum úr heilbrigðisgeiranum innan Háskóla Íslands, setið með mönnum úr læknadeild í háskólaráði og ég hef álit á læknum, hjúkrunarfólki og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum hér á landi. Ég held við búum yfir menntaðri heilbrigðisstétt en þekkist víða erlendis.

Ég treysti mönnum og hef enga ástæðu til að ætla annað en að farið verði vel með þær persónulegu upplýsingar sem ég eða aðrir munu leggja í þennan gagnagrunn. En það breytir því ekki að það eru fjölmörg álitamál í tengslum við frv.

Við megum ekki, herra forseti, afgreiða þessa löggjöf þannig að málaferli verði. Að daginn eftir að búið er að samþykkja lögin verði byrjað að stefna mönnum og ágreiningur verði milli starfandi manna í heilbrigðisþjónustu um framhald málsins. Við megum ekki gera það.

Það segir í 18. gr. frv. að endurskoða eigi lögin eftir tíu ár. Þetta er allt of langur tími. Það á að setja endurskoðunarákvæði í frv., sólarlagsákvæði, þ.e. endurskoðunarákvæði, að endurskoða eigi lögin eftir fimm ár. Það er eðlilegt að það verði gert. Þetta er nýmæli. Slík löggjöf hefur aldrei verið sett áður, eins og ég hef verið að reyna að leggja áherslu á.

Ég vil, herra forseti, og það getur vel verið að þarna sé ágreiningurinn milli mín og meiri hluta hér í þingsal, ég vil taka þann tíma sem þarf til að fá traust og meiri frið um þetta mál. Ég legg til, og það samkomulag hefur orðið, að málið fari aftur inn í heilbr.- og trn. og það er ósk mín að það sé með því markmiði að sætta betur samfélagið. Ég veit að hv. heilbr.- og trn. hefur unnið mikið í þessu máli og það er e.t.v. ekki sú vinna sem er á nokkurn hátt gagnrýnisverð heldur miklu frekar að við verðum að ná betri lendingu gagnvart umhverfinu.

Ég legg til, herra forseti, að átta eftirtaldar breytingar á frv. verði skoðaðar:

1. Að aðgengi vísindamanna verði gert betra, t.d. með forræði menntmrh. yfir áskrift að gagnagrunninum.

2. Að takmarka sérleyfið við minna en tólf ár, t.d. í allt að sex ár.

3. Að heimila að þeir sem vilja hætta þátttöku í gagnagrunninum geti látið eyða gögnum sínum.

4. Að tryggja betur stöðu og rétt barna, sjúkra og aldraðra við ákvarðanatöku um þátttöku.

5. Að endurskoða lögin eftir fimm ár en ekki bíða í tíu ár.

6. Að hafa einn sameiginlegan fulltrúa háskólaráðs og rekstrarleyfishafa í aðgengisnefnd en ekki einungis fulltrúa rekstrarleyfishafa.

7. Að tryggja enn betur stöðu og starfsemi tölvunefndar.

8. Að málið verði ekki afgreitt fyrir jól og leitað verði meiri sátta um það í samfélaginu.

Hér er, herra forseti, um að ræða átta tillögur sem eru raunhæfar og hógværar að mínu mati. Ég tel að þær einkennist af sáttarhug. Það er ósk mín og von að hv. heilbr.- og trn. skoði þetta mikilvæga mál, m.a. í ljósi þessara tillagana, milli 2. og 3. umræðu.

[23:35]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Þar sem senn er komið miðnætti þá vildi ég leita upplýsinga hjá hæstv. forseta um hvað sé áformað í sambandi við framhald þessarar umræðu sem hefur staðið hér lengi dags. Ég tel mjög nauðsynlegt að það skýrist fyrir okkur sem erum þátttakendur í umræðunni hvað þar er áformað.

Ég er á mælendaskrá og hef ekki talað áður við þessa umræðu. Mér finnst nú skynsamlegra að taka nýjan dag þó að ég biðjist ekkert undan að tala inn í nóttina út af fyrir sig. En svona almennt séð held ég að við þurfum að sýna þessari umræðu þá virðingu að hún fari fram á eðlilegum starfstíma þingsins.

[23:36]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna þessarar fyrirspurnar hv. þm. þá er því til að svara að sjö hv. þingmenn eru nú á mælendaskrá, þar af eru fimm þeirra sem tala í fyrsta sinni. Ekki liggur fyrir ákvörðun um hvenær fundi verður frestað á þessu kvöldi, en forseti vill þó geta þess að hv. fyrirspyrjandi, hv. 4. þm. Austurlands, getur vænst þess að komast á mælendaskrá nú í kvöld. En ég hygg þó að unnt sé að fullyrða að menn fari ekki djúpt inn í nóttina ef eftir því var spurt.

[23:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Mér finnst umræðan í dag og undanfarnar vikur og mánuði hafa verið einstaklega góð og málefnaleg. Að sjálfsögðu höfum við upplifað ákaflega skörp sjónarmið, sem helgast m.a. af mismunandi heimssýn þeirra sem um ræða. Hins vegar er ekki laust við að margir einblíni á og mikli fyrir sér þá ókosti sem þeir sjá við þennan nýja gagnagrunn og við þessa lagasetningu. Kannski sjá þeir ekki kostina sem eru þó til staðar.

Herra forseti. Það er trú mín að þessi gagnagrunnur sé siðferðilega betri en verri. Hann er vissulega siðferðilega vondur að því leyti að hætta er á misnotkun. Og það er mikill ókostur að safna saman miklum gögnum á einum stað, það er vissulega ókostur og minnir á stóra bróður. En við skulum hafa í huga að versta misnotkun á slíkum grunnum er þegar ríkið sjálft misnotar slíka grunna sem það hefur sjálft. Og vil ég þá minna m.a. á þriðja ríkið. Hér er því ekki til að dreifa.

Grunnurinn er siðferðilega góður að því leyti að hann á að örva læknavísindi. Í mínum huga er hann vel þess virði ef tekst að bjarga einhverjum mannslífum eða bæta, lina þjáningar einhverra sem þjást af gigt eða einhverju slíku og yrðu það mikil gæði við þennan grunn ef eitthvað slíkt tækist og það er markmiðið.

Við Íslendingar gefum blóð, við seljum það ekki. Við erum fúsir til að styðja fólk þegar það lendir í einhverjum hörmungum, kannski óvenju fúsir, og það er mikil viðleitni hjá Íslendingum að láta gott af sér leiða fyrir náungann.

Ég tel að viðbrögð hjá íslenskum almenningi sýni að hann treysti því að þessi grunnur sé „góður". Auk þess mun þessi grunnur, þegar til kemur, örva verulega innlendar rannsóknir á heilbrigðissviðinu og hann er einnig þess vegna „góður".

Spurningin er sú hvort einhvers staðar komi fram í lagatextanum að grunnurinn eigi að vera góður. Það er sagt að leggja eigi siðferðilegt mat á rannsóknir, en hvers lags mat? Ég vil gjarnan að hv. heilbr.- og trn. skoði það hvort setja megi þar inn að siðanefnd skuli leggja mat á hvort rannsóknirnar séu siðferðilega góðar sem fara á út í.

Ég vil leggja áherslu á það sem mikið hefur verið talað um hér, að það verða engar nýjar upplýsingar til. Ef menn ætla að beita jafnmiklu afli og krafti í að ná í upplýsingar um einn ákveðinn mann, eins og sumir hafa verið að benda á að fræðilega sé hægt að gera í þessum ópersónugreinanlega grunni, þá fá þeir upplýsingarnar í dag. Ef einhver mundi vilja setja 10 eða 20 millj. í að fá allar upplýsingar um mig, þá fengi hann þær. Ég efast ekkert um það.

Þessi grunnur gerir því ekkert verra, allar upplýsingarnar eru til. Svo má hins vegar spyrja hvort margar af þeim upplýsingum sem eru geymdar séu nauðsynlegar. Það hefur enginn getað sagt mér af hverju t.d. skrá yfir fóstureyðingar er geymd undir nafni og kennitölu. Það hefur ekki nokkurn skapaðan hlut að segja varðandi heilbrigðisupplýsingar því að það hefur ekkert með heilsufar að gera. En þetta er til í dag. Ég vildi gjarnan að menn skoðuðu það hvort ekki ætti að aftengja þetta og eyða þessu öllu saman eða geyma kannski minni upplýsingar.

Herra forseti. Mikið hefur verið rætt um upplýst samþykki. Að mínu mati þarf upplýst samþykki sjúklings þegar fara á út í rannsóknir sem geta skaðað hann á líkama eða sál eða æru hans. Því er ekki til að dreifa hér. Hér er verið að nota upplýsingar sem þegar er búið að afla. Það verða engar nýjar upplýsingar til, ég vil undirstrika það. Það eina sem gerist er að upplýsingarnar eru skráðar og þeim er skellt saman og geta þá leitt til þess að hægt er að framkvæma rannsóknir sem ella væri ófært.

Mikið hefur líka verið talað um persónuvernd. Ég fullyrði að það verða engar læknisfræðilegar rannsóknir eða sáralitlar læknisfræðilegar rannsóknir reknar án þess að rannsaka einstaka sjúklinga. Ég get bara ekki séð það fyrir mér. Sá sem rannsakar hlýtur alltaf að komast að einhverjum upplýsingum um sjúklinginn, annars gæti hann ekkert rannsakað. Eða einhver hlýtur að komast að einhverjum upplýsingum um persónuna sem er með viðkomandi sjúkdóm.

Hér byggir því mjög mikið á trausti, trausti sjúklingsins, að hans innstu leyndarmálum sé ekki flíkað. Í þessum grunni verður ekkert nýtt til.

Aðalmál þessa nýja grunns og aðalvinnan sem á að framkvæma er skilgreining á því hvað þar þarf að geyma. Það er skilgreining og stöðlun á gögnum, og ég tel að sá kostnaður sé verulega vanmetinn þegar menn eru að reikna út kostnaðinn við gerð þessa grunns. Svo er það hins vegar skráning á gögnum sem gerir gögn sem í dag eru óaðgengileg fyrir vísindamenn aðgengileg fyrir alla vísindamenn. Þetta eru gögn á tölvutæku formi sem verða geymd hjá viðkomandi heilbrigðisstofnunum og falla ekki undir lögin. Þannig að vísindamenn eru miklu betur settir með alla þessa nýskráningu á gögnum.

Þá hefur líka verið bent á að ríkið gæti rekið þennan grunn, það mætti hafa opinberan grunn. En þá vantar eftirlit ríkisins með grunninum. Það er nefnilega þannig að með þessum grunni sem verður í höndum einkaaðila er mjög strangt eftirlit ríkisins, ekki einkaaðilans sjálfs, heldur ríkisins. Ríkið hefur löggjafarvald. Hv. Alþingi er ekkert að afsala sér löggjafarvaldinu. Ef einhver misnotkun kemur í ljós þá er enginn vandi að laga hana með nýrri löggjöf.

Það er síður mögulegt þegar grunnurinn er í hendi ríkisins vegna þess að þá er ríkið að hafa eftirlit með sjálfu sér. Ég tel því að betra sé að einkaaðili reki þennan grunn en opinber aðili. Auk þess hefur sú stefna að auka siðferði fyrirtækja, einkafyrirtækja, verið sívaxandi á síðustu árum og áratugum. Það er mjög vaxandi að fyrirtæki séu farin að setja sér siðferðimarkmið og segja: „Við hjá þessu fyrirtæki erum góð. Við erum sanngjörn. Við erum heiðarleg.“ Eða: „Við erum framsækin og dugleg.“ Fyrirtæki eru farin að setja sér siðareglur í sífauknum mæli.

Herra forseti. Við þetta mál hefur komið fram mikil andstaða lækna og læknastéttarinnar. Hún er mjög hávær og undirskriftasafnanir hafa borist til þingmanna. Ég trúi því að þeir læknar sem standa að þessu séu hræddir við samþykkt þessa frv. og að þeir séu þarna að vinna samkvæmt sinni eigin sannfæringu. Ég ber mikla virðingu fyrir því og mér finnst gott að menn skuli hafa þessa sannfæringu og koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Og það hefur verið hlustað mjög vel á þau rök sem fram hafa verið færð og mörgu hefur verið breytt.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að þriðjungur heimilislækna hefði skrifað undir skjal sem mótmælti þessum grunni. (**ÖJ:** Heilsugæslulækna.) Heilsugæslulækna, já. Það þýðir að tveir þriðju skrifuðu ekki undir (**ÖJ:** Enn þá.) Enn þá. (**ÖJ:** En fer fjölgandi.) Fer fjölgandi, já. (**ÖJ:** Mjög.) Það getur sem sagt verið að helmingur gæti hugsanlega skrifað undir, undir þrýstingi félaga sinna. (**ÖJ:** Bíddu, af hverju? Ætti ekki að bera virðingu fyrir ...) Jú, vissulega. En það er oft þannig að þeir sem eru á móti máli láta í sér heyra að sjálfsögðu. En þeir sem fylgjandi eru málinu telja ekki þörf á að láta í sér heyra. (Gripið fram í.) Það heyrist því oft mest í þeim sem eru á móti. Þetta er alþekkt. (**ÖJ:** Margur heldur mig sig.)

Mér segir svo hugur að þegar þetta hefur verið samþykkt þá muni þessi afstaða breytast. Við höfum upplifað þetta mörgum sinnum áður og það er mitt mat að það sé ekki rétt sem hv. þm. Ágúst Einarsson hélt fram, að Alþingi hafi aldrei áður samþykkt lög sem eru í ágreiningi. Vissulega hafa menn verið með heitingar og annað slíkt úti í þjóðfélaginu þegar á að fara að samþykkja lög, hóta að fara ekki eftir þeim. En síðan þegar lögin eru orðinn raunveruleiki og búið að skera á ágreininginn og leysa úr deilunni þá hafa menn fallist á lögin, enda er það hlutverk Alþingis að setja lög einmitt til þess að leysa úr slíkum ágreiningi.

Ég er dálítið hræddur við það, herra forseti, að þær breytingar sem búið er að ná fram skerði nytsemi gagnagrunnsins, það hefur meira að segja verið bent á það, og hann verði ekki eins nothæfur og hann ella gæti orðið í þágu vísindanna, í þágu heilbrigðis og heilbrigðisrannsókna. Það eru nefnilega til aðrar aðferðir til að gæta að persónuvernd. Þeim er t.d. beitt hjá Skýrsluvélum ríkisins og víðar. Þetta eru aðferðir sem felast í því að haldið er utan um allan aðgang að skránni, hvern einasta aðgang, þ.e. hver biður um, hvaða kennitölu er beðið um og í hvaða tilgangi. Og sá sem er í skránni á að geta fengið upplýsingar um það hverjir hafa spurt um hann, hvenær og í hvaða tilgangi. Þetta væri að mínu mati miklu sterkara eftirlit en það sem hér er lagt til.

Hvað varðar andstöðu lækna þá virðist mér að þó að mikið tillit hafi verið tekið til sjónarmiða þeirra og margt hafi verið lagað og lagfært þá hafi andstaða þeirra lítið sem ekkert breyst. Það virðist vera nokkuð sama hvað gert er, þeir eru á móti málinu þrátt fyrir það.

Herra forseti. Nokkuð hefur verið rætt um dreifða gagnagrunna og hér liggja meira að segja fyrir brtt. í þá veru. Ég tel að dreifðir gagnagrunnar séu miklu hættulegri en einn miðlægur vegna þess að það er hægt að setja miklu sterkari kröfur á miðlægan gagnagrunn, og það verða settar miklu sterkari kröfur, og svo er auðveldara að hafa eftirlit með einum grunni en með 20 grunnum úti um allt land. Það segir mér því enginn að öryggið sé minna í einum miðlægum gagnagrunni en mörgum dreifðum. Hér hefur verið nefnt að það gerði ekkert til þótt menn kæmust inn í einn eða tvo dreifða gagnagrunna. Ég er nú bara engan veginn sammála. Ef einhver kemst að einhverjum upplýsingum um mig í einum af þessum dreifðu gagnagrunnum þá er það nægilega vont fyrir mig og ekkert betra en ef hann kæmist að sömu upplýsingum í hinum miðlæga gagnagrunni. Eftirlitið er því miklu sterkara og betra í miðlægum gagnagrunni en í mörgum dreifðum.

Herra forseti. Ef við Íslendingar hefðum tekið þá stefnu um miðja öldina að hafa einungis eitt sjúkrahús á landinu, eina heilbrigðisstofnun ... (**Gripið fram í:** Það er vit í því.) Sumir segja að það sé vit í því, herra forseti. Þá væri einn miðlægur gagnagrunnur til. Það er bara svo einfalt. Þá værum við með einn miðlægan gagnagrunn. Menn hafa verið að

tala um að sameina sjúkrahús en það hefur enginn sagt í því sambandi að þá sé verið að sameina gagnagrunna og búa til miðlægan gagnagrunn, sem yrði afleiðingin. Og hvað mundi allt hið erlenda vísindasamfélag segja við því ef Íslendingar væru búnir að sameina öll sjúkrahús og alla læknisþjónustu í eitt heljarinnar bákn? (**Gripið fram í:** Þetta er bara ekki raunhæft.) (**Gripið fram í:** Þetta stendur ekki til.) Sumir hafa þessa draumsýn, hv. þm. Þá er þetta orðinn miðlægur gagnagrunnur. Mundu þá erlendir vísindamenn hætta samvinnu við innlenda vísindamenn? Ég tel ekki.

Því er ekki að neita að umræðan undanfarna mánuði hefur örugglega bætt verulega umgengni við þá gagnagrunna sem eru í gangi í dag. Ég er viss um að mörg mappan sem áður var á glámbekk hefur horfið inn í læstan skáp, og að því leyti hefur þessi umræða leitt af sér nokkuð gott. Menn eru orðnir miklu meira vakandi fyrir því hvaða upplýsingar þarf að geyma og hvernig þarf að geyma þær.

Herra forseti. Ég hef áður spurt að því hvort svona gífurlegar kröfur á þennan miðlæga gagnagrunn leiði til þess að við þurfum að setja svipaðar kröfur á aðra gagnagrunna, eins og um krítarkort, bankaviðskipti, Reiknistofu bankanna, Hjartavernd, Krabbameinsfélagið, erfðafræðinefnd og því um líkt. Getur verið að þegar búið er að setja svona miklar kröfur á þennan gagnagrunn að þá þurfi vegna jafnréttissjónarmiða að setja svipaðar kröfur á t.d. greiðslukortagrunna, þar sem upplýsingar um krítarkort eru geymdar. Það mundi gera slíka grunna ónothæfa. Það yrði gjörsamlega ómögulegt að halda utan um krítarviðskipti um allan heim ef það ætti að gera það ópersónugreinanlegt.

Herra forseti. Mikið hefur verið rætt um rannsóknir vísindamanna. Ég hef hreinlega ekki skilið þá umræðu vegna þess að nú á að bæta alla þessa grunna sem eru til í dag. Það á að staðla þá, skrá upplýsingarnar og bæta þá að öllu leyti þannig að vísindamenn sem í dag stunda einhverjar rannsóknir eru í miklu betri aðstöðu eftir að þessi grunnur er kominn í gagnið vegna þess að búið er að staðla og gera tölvutækar allar upplýsingarnar sem liggja hjá hinum einstöku heilbrigðisstofnunum. Ég skil ekki þessa umræðu.

Síðan er gert ráð fyrir því að hér myndist einn miðlægur gagnagrunnur sem er að mínu mati draumur margra vísindamanna og margir þeirra fá aðgang að þeim grunni. Ég get því ekki séð annað en að aðstaða þeirra sem fá aðgang að þeim grunni batni ekki aðeins heldur stórbatni hún.

Talað hefur verið um að menn þurfi að fá leyfi hjá einhverri siðanefnd hjá félaginu. Hvernig er það annars í dag? Ef menn ætla í rannsóknir þá þurfa þeir að fá leyfi hjá vísindasiðanefnd lækna þar sem læknar sitja sem eru að stunda rannsóknir, jafnvel í samkeppni við þann sem er að sækja um leyfið. Hvað gera menn þá? Þá þarf viðkomandi að leggja fyrir kollega sína, sem hann er í samkeppni við, allt sem hann ætlar að gera. Hvað segja menn við þessu? Það eru miklar kröfur sem gerðar eru til þeirra lækna sem eru í vísindasiðanefnd. Þeir mættu eiginlega ekki stunda rannsóknir.

Annað sem er mjög jákvætt fyrir vísindin er að sjálfsvirðing vísindamanna stórbatnar. Núna er loksins komin almennileg aðstaða, hærri laun og ungir menntamenn fá nýja von um vinnu. Sjálfsvirðing vísindamanna stórbatnar og þeir sjá að þeir geta fengið vinnu annars staðar en hjá ríkinu sem hefur borgað þeim allt of lág laun, skammarlega lág laun. Við eigum frábæra vísindamenn sem hafa verið að vinna á svo skammarlega lágum launum að það tekur ekki einu sinni að nefna það. Núna er von til þess að þeir fái hærri laun, a.m.k. þeir sem eru í þessum geira.

Við erum að fá hérna geysimikið fé til rannsókna, sem er áður óþekkt og er á við eitt eða tvö álver. Ég hef nefnt það áður. Þetta eflir vísindin og álit almennings á vísindagreinum. Ég skil því ekki hvernig staða vísindamanna getur versnað, ég bara skil það ekki.

Herra forseti. Sumum finnst ljótt að fénýta rannsóknir. Það er mjög sterkur þráður í gegnum þessa umræðu að vísindamenn eigi ekki að hlýða mammoni, þeir eigi að vinna fátækir og duglegir og fullir af hugsjónum einhvers staðar við lélegar aðstæður. Og strax ef það á að græða á einhverju þá er það ljótt. Þetta er svona ákveðin draumsýn um vísindamanninn. En hvað gerist? Þessar frábæru rannsóknir íslenskra vísindamanna eru notaðar, þær eru birtar og síðan koma einhver lyfjafyrirtæki eða einhver fyrirtæki úti í hinum stóra heimi og græða á þessu milljarða, á þessum sömu rannsóknum sem fátækir, láglaunaðir, íslenskir vísindamenn stunda. Telja menn þetta gott? Ekki ég.

Það kom meira að segja fram í fréttum Stöðvar 2 þann 30. nóvember að bandarískt erfðarannsóknarfyrirtæki notaði rannsóknir Krabbameinsfélagsins á vissum sviðum, á vissum genum. Því var reyndar svarað þannig til að þeir hefðu ekki fengið lífsýnin sjálf. En þeir notuðu rannsóknirnar, svo sem eins og rannsóknir þúsunda annarra vísindamanna. Þarna eru rannsóknir íslenska Krabbameinsfélagsins fénýttar. Og íslenska ríkið, íslenskir vísindamenn og íslenskir skattgreiðendur fá ekkert fyrir það.

Herra forseti. Nokkuð hefur verið rætt um einkaleyfið, hvort nauðsynlegt sé að hafa einkaleyfi. Ég fullyrði að ef ekki verður einkaleyfi þá verður heldur enginn gagnagrunnur. Þá er þetta tómt mengi. Þá erum við ekki að tala um neitt. Það verður áfram sama baslið, veittar hundrað milljónir á fjárlögum til að kaupa tölvu og því um líkt og það gengur ekki neitt og við verðum í nákvæmlega sömu stöðu eftir tólf ár og við erum nú, þ.e. basl og aftur basl hjá íslenskum vísindamönnum, betlandi um styrki hjá Evrópusambandinu og hjá bandarískum einkafyrirtækjum. Þetta verður nákvæmlega sama staðan.

Ef aftur á móti veitt er einkaleyfi þá er fyrst von til að hér komi inn mikið fé sem byggir upp þennan grunn og þegar búið er að byggja upp grunninn þá er hann orðinn verðmætur. Og það er ekki rétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni þegar hann sagði að hann tryði því ekki að peningar komi inn. Ef peningar koma ekki inn þá verður enginn grunnur og þá verða heldur engar rannsóknir í þessum grunni þannig að forsenda þess að hægt sé að nota grunninn er að sjálfsögðu að hann verði til. Og hann verður ekki til nema búið sé að skilgreina hvernig eigi að búa hann til og tölvutaka öll þessi gögn. Og það kostar milljarða. (**ÖJ:** Rangt.) Það er skoðun hv. þm. Ég hef aðra skoðun (**ÖJ:** Misskilningur.) og ég má hafa mína skoðun, takk. (**ÖJ:** Að sjálfsögðu.) Takk.

Herra forseti. Hvað verður eftir tólf ár? Hvað verður eftir tólf ár ef þetta frv. verður samþykkt, sem ég vona að verði? Þá hefur íslenskt vísindasamfélag stóraukið þekkingu sína. Það hefur stóraukið vísindareynslu sína. Það hefur geysimikið af gögnum og það hefur notað þessi gögn á nýjan hátt. Við verðum farin að vinna samkvæmt alþjóðlegum vísindakröfum og við verðum komin með mjög mikið nýtt fé inn í heilbrigðiskerfið því að þetta fé fer að mestu leyti til að skrá gögn hjá heilbrigðiskerfinu. Aðstaða vísindamanna hefur stórbatnað og væntanlega álit þeirra og laun. Virðing

menntamanna og virðing fólks fyrir menntun hefur væntanlega stóraukist. Menn sjá eitthvað annað en að veiða fisk, sjá að hægt er að hafa gott upp úr því að mennta sig, en svo hefur ekki verið hingað til.

Spurningin er sú hvað gerist með grunninn eftir tólf ár. Ég hef bent á að rétt væri að koma inn möguleika á kauprétti, þ.e. að *íslenska ríkið fái rétt á því að kaupa hlutabréf í því* fyrirtæki sem fær einkaleyfið, t.d. 10% eða eitthvað slíkt, og ég vildi gjarnan að hv. heilbr.- og trn. skoði þann möguleika. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir benti líka á þennan möguleika fyrr í umræðunni í dag.

Herra forseti. Ég vil ljúka þessu með því að segja að menn eru alltaf að taka áhættu. Við gætum ekki lifað annars. Við Íslendingar ættum að vita það. Við búum í landi þar sem enginn veit hvernig aflast á morgun, enginn hvort það verði eldgos, við búum hér við jarðskjálfta. Við búum við mikla áhættu og erum vön að taka áhættu. En við þurfum að átta okkur á afleiðingum þess að taka áhættu og við þurfum að átta okkur á því hvað gæti gerst. Við erum búin að því að mínu mati í þessu máli. Við höfum hlustað á rök þeirra sem eru á móti þessu og þeir hafa verið ófáir. Þau rök hafa verið tekin til greina eins og skynsamlegt er. Nú held ég að staðan sé orðin sú að við séum búin að átta okkur á áhættunni og við getum farið að róa til fiskjar. Við erum búin að gá til veðurs og mér sýnist gott veður fram undan og við getum farið að róa til fiskjar.

[00:02]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. ræðumanni fyrir tölu hans. Þetta var mjög merkilegt innlegg í umræðuna sem kom fram og hefur vafalaust opnað augu ýmissa fyrir nýjum flötum í málinu og hvernig á þetta er litið af hálfu þingmanna Sjálfstfl. sumra hverra, þó ég geri ráð fyrir að hv. þm. telji sig tala fyrir sig fyrst og fremst. Ég skildi nú ekki allt í röksemdafærslunni en það er vafalaust takmörkun mín.

Hv. þm. hann nefndi það í upphafi, hann var að leiða líkur að því hvort telja ætti miðlæga gagnagrunninn góðan eða vondan, og eitt af því fyrsta sem hann nefndi sem slæmt við þennan grunn var það að þarna væri safnað miklum upplýsingum á einn stað. En síðar í ræðunni kom hv. þm. að því að þetta væri samt öruggara en dreifðir gagnagrunnar svo miklu næmi. Hér hefur hv. þm. því fundið mikið þjóðráð til þess að auka öryggi í sambandi við meðferð upplýsinga þó að ég sé ekki alveg sammála hv. þm. að þessu leyti, eins og fyrir liggur í þingskjölum.

Annað atriði sem kom fram hjá hv. þm., og ég heyri að er sameign ýmissa í þingflokki Sjálfstfl., og það er að engar nýjar upplýsingar verða til við tilurð þessa gagnagrunns. Ég átta mig ekki á því hvaða máli það skiptir inn í þetta samhengi. Verið er að setja upplýsingarnar í allt annað form og allt annað samhengi þannig að ég átta mig ekki á því hvaða rök eru með miðlægum gagnagrunni og þeirri áhættu sem honum fylgir og þeim möguleikum sem í honum felast og hættum fyrir persónuvernd, m.a. við þá áformuðu samkeyrslu sem þarna er á döfinni.

Annað atriði leyfi ég mér kannski að nefna í næsta innleggi sem varðar eflingu læknavísindanna.

[00:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að ég túlki sjónarmið þingflokks sjálfstæðismanna þá geri ég það ekki. Ég er hér sem sjálfstæður þingmaður og þetta er að sjálfsögðu mín eigin skoðun.

Ég gat þess að það að safna upplýsingum á einn stað væri siðferðilega vont. En ég tel það samt sem áður betra en fara að byggja upp marga dreifða grunna. Ég var að nefna það í því samhengi. En auðvitað er alltaf áhætta að geyma upplýsingar yfirleitt. Það er alltaf áhætta að geyma upplýsingar í þeim mæli sem gert er í dag. Það eru geymdar óskaplega miklar upplýsingar í heilbrigðiskerfinu í dag. Það á bara eftir að skrá þær.

Ég lagði áherslu á að það verða engar nýjar upplýsingar til. Ef einhver hefði virkilega mikinn áhuga á því að misnota þetta kerfi einhvern veginn þá fer hann bara í upplýsingarnar sem eru til og beitir því afli og þeim fjármunum sem til þarf. Það er ekkert annað. Þess vegna segi ég að þessi grunnur er ekkert verri en það óskaplega safn af upplýsingum sem er til í dag því að hægt er að ná þeim hvenær sem er, öllum saman, nema menn taki þá stefnu að eyða þeim. Það skilst mér að menn vilji heldur ekki gera vegna þess að þær gætu nýst læknavísindunum. Vegna þess að þær geta nýst læknavísindunum segja menn að þessar upplýsingar séu „góðar".

[00:06]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fæ ekki alveg skilið að það að upplýsingar liggja í sjúkraskrá, jafnvel þó safnað væri nú með samþykki sjúklinga og undir forræði siðanefnda, sé sambærilegt við samsöfnun upplýsinga í miðlægan gagnagrunn og samkeyrslu við aðra gagnabanka á erfðafræði- og ættfræðisviði. Mér finnst því staðhæfing hv. þm. mjög út í hött, svo ég orði það nú beint.

En ég vildi nefna annað sem ég kom ekki að áðan sem er það sem hv. þm. vék að, blessuninni fyrir læknavísindin sem ætti að fást út úr grunninum, lina þjáningar o.s.frv., lækna gigt, *nefndi þingmaðurinn*. Nú ætla ég ekkert að draga í efa að það megi nota tæki sem þetta til ýmissa þátta til þess að auka þekkingu og ráða við sjúkdóma en það er ekki sannað að menn nái lengra með miðlægum gagnagrunni en með því að beita dreifðum gagnagrunnum og samkeyra það skipulega ef nauðsyn þætti á að leggja saman þekkingu á fleiru en einu. Það liggur ekki fyrir.

Allur áróður sem hefur birst um þetta að undanförnu og er kominn frá væntanlegum rekstrarleyfishafa er mjög fjarstæðukenndur og hefur sýnt sig að vera það. Ég hvet hv. þm. til að lesa eitt af mörgum ágætum dreifibréfum Mannverndar, ég held það sé það síðasta sem barst okkur þar sem farið er yfir þær stórkostlegu niðurstöður varðandi MS-genið sem átti að hafa fundist og legslímuflakk, sem einnig var komin lausn á að því er staðhæft var. Við bíðum bara eftir því þessa dagana að nýjar töfralausnir komi frá væntanlegum rekstrarleyfishafa því að það er alveg augljóst að staðhæfingar af þessum toga eru til komnar til þess að hafa áhrif á afgreiðslu þess máls sem er til umræðu.

[00:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvers lags misnotkun sjáum við fyrir okkur á þeim upplýsingum sem er verið að safna saman? Það er augljóst að hver sem misnotkunin yrði væri um lögbrot að ræða. Það sem ég sæi verst fyrir mér væri að einhver mjög sterkur aðili, ríkið sjálft, færi að misnota upplýsingarnar. Ég

sé eiginlega engan annan sem væri í stöðu til að gera það án þess að hann yrði stöðvaður.

Það væri ríkið sjálft sem mundi misnota þessar upplýsingar og ríkið sjálft getur skráð allar upplýsingar sem eru geymdar í dag. Það tæki ekkert voðalega langan tíma ef ríkið sjálft setti virkilega mikinn kraft í það og hefði áhuga á því að misnota upplýsingarnar. Ég sé því ekki að mikill munur sé á því að geyma allar þessar miklu upplýsingar í dag og eyða þeim ekki, eins og það að skrá þær og setja þær inn í miðlægan gagnagrunn upp á það að um stófellda misnotkun yrði að ræða.

Varðandi það að þessi gagnagrunnur auki ekki þekkingu umfram dreifða gagnagrunna. Ég er alveg sammála því. Þessi gagnagrunnur eykur ekki þekkingu vísindanna umfram það að hafa marga dreifða. En ég tel að það sé miklu erfiðara að hafa eftirlit með mörgum. Ef hv. þm. mundi hlusta á mál mitt, af því hann spurði nú og ég er að svara honum, að þá er miklu erfiðara að hafa eftirlit með mörgum dreifðum gagnagrunnum eins og ég gat um en einum miðlægum. Einn miðlægur er þó a.m.k. á einum stað og það er hægt að setja um hann reglur. En það er miklu erfiðara að halda utan um 20 eða 30 gagnagrunna um allt land.

[00:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst gæta nokkurs misskilnings í málflutningi hv. þm. Péturs Blöndals varðandi skráningu á heilsufarsupplýsingum á Íslandi. Aldarfjórðungur er liðinn frá því farið var að tölvuvæða heilsufarsskráningu á Íslandi og upplýsingar um heilsufar manna eru nú færðar í einsleit tölvukerfi á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum þannig að smám saman eru að verða til dreifðir, samtengjanlegir gagnagrunnar með viðamiklum heilsufarsupplýsingum. Þetta eru dreifðir grunnar en það er verið að staðla kerfin sem slík.

Varðandi spurninguna hvort peningarnir eigi eftir að skila sér til skráningar á kerfunum þá hef ég efasemdir um það. Einfaldlega vegna þess að mestur tilkostnaðurinn verður við að skrá upplýsingar aftur í tímann. En það sem lyfjafyrirtækin eru að sækjast eftir núna og munu láta sér nægja eru þær upplýsingar sem þegar eru komnar inn og koma til með að vera fyrir hendi. Ég hef ákveðnar efasemdir um að þetta muni skila sér þó ég viti það að sjálfsögðu ekki.

Hv. þm. segir að hlustað hafi verið á rök á lækna í þessum málum. Það held ég að sé nú ekki. Þriðja atriðið sem mig langar til að nefna er að hann staðhæfir að engar nýjar upplýsingar verði til í þessum grunni. Það er nú öðru nær. Ekki telja lyfjafyrirtækin það sem ætla að fylgjast með áhrifum lyfjanotkunar á íslensku þjóðina þannig að þetta er rangt.

Varðandi það hvernig erlenda vísindasamfélagið mundi bregðast við því ef hér væri um einn spítala að ræða er afskaplega undarleg uppsetning á málinu. Erlenda vísindasamfélagið er ekki að bregðast við þessu sem slíku, heldur því að gera heilsufarsupplýsingar Íslendinga að söluvöru án upplýsts samþykkis og annarra fyrirvara.

[00:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að það væri misskilningur hjá mér. Ég skildi þetta ekki almennilega. Ég þakka honum fyrir kennslustundina. Hann sagði að síðasta aldarfjórðung hefðu upplýsingarnar verið tölvutækar og væru samtengjanlegar og unnið væri að því að staðla upplýsingar.

Það er einmitt það sem á að gera núna. Það á að fara að vinna að því að staðla upplýsingarnar á rökrænan hátt. Ég tel það meiri vinnu en kom fram í lauslegu kostnaðarmati sem fylgdi frv. Mesti tilkostnaðurinn er að skrá upplýsingar aftur í tímann og það eru einmitt þær upplýsingar sem menn þurfa á að halda. Annars væru menn ekki að setja þessa miklu peninga í þetta. Þeir mundu bara að fá leyfi vísindasiðanefndar til þess að stunda rannsóknir á þeim gögnum sem til eru í dag í þeim samtengjanlegu kerfum sem hv. þm. gat um að væru til. Menn geta því notað núverandi upplýsingar samtengjanlegar í rannsóknum. Það eru eldri upplýsingarnar sem skipta mestu máli.

Frv. hefur tekið verulegum breytingum í meðförum nefndarinnar. Nefndin hefur hlustað á lækna og fallist á mikið af þeirra rökum, sérstaklega varðandi þessa eftirlitsnefnd og margt fleira. Það hefur því verið hlustað á rök lækna og mikið af þeim atriðum sem þeir hafa nefnt hafa verið tekin til greina.

En varðandi nýjar upplýsingar og kenningu hv. þm. um að Íslendingar verði notaðir sem tilraunamýs, þá hlusta ég bara ekki á það. Ég tel að þessi grunnur og lögin eigi að vera góð og það eigi að vera hlutverk þeirrar siðanefndar sem athugi þær rannsóknir sem eigi að gera að gæta þess að rannsóknirnar séu siðferðilega góðar.

[00:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er það sem mig grunaði. Hv. þm. hlustar ekki á rökin. Þetta eru engir hugarórar í mér. Ég var að vitna í sölubækling fyrirtækisins sem hv. þm. ætlar að láta fá einkarétt á heilsufarsupplýsingum Íslendinga og hvað það er að bjóða erlendum lyfjafyrirtækjum og tryggingafyrirtækjum. Ég er að vitna í sölubæklinginn um hvernig hægt sé að nota kjörþjóðina íslensku.

Síðan vildi ég aðeins í andsvari nefna önnur atriði. Það er ekki rétt að hlustað hafi verið á rök lækna. Læknar og þeir sem harðast hafa gengið gegn þessu, siðanefndir lækna og þeir sem sinna siðfræðilegum efnum fyrir hönd stéttarinnar, eru á móti grunnhugsuninni í frv.

Aðeins vildi ég nefna bætta umgengni við sjúkragögn. Hv. þm. nefndi það að málið hefði orðið til þess. Það kann vel að vera. En grundvallarmunurinn á þessu, hv. þm., er að sjúkragögn sem eru á sjúkrastofnunum þurfa að sjálfsögðu að vera aðgengileg þeim sem eru að lækna viðkomandi sjúkling. Það er munur á því að heilbrigðisstarfsmenn hafi aðgang að slíkum gögnum um sína sjúklinga sem verið er að sinna og lækna að sjálfsögðu — til þess eru gögnin sett á blað — og hinu að gera þessar heilsufarsupplýsingar að viðskiptavöru fyrir þriðja aðila. Í þessu liggur munurinn.

Síðan varðandi aðgengiseftirlitið þá talar hv. þm. um það að í siðanefndum séu læknar og kollegar að fjalla um kollega sína. Til þess að fá aðgengi að heilsufarsupplýsingum, gagnagrunninum, situr fulltrúi sérleyfishafans í nefnd sem tekur ákvörðun um aðgengið. Hann gerir það. Og því aðeins má veita íslenskum vísindamönnum aðgengi að grunninum að það stríði ekki gegn viðskiptahagsmunum sérleyfishafans.

Ég mun víkja að málefnum Krabbameinsfélagsins síðar í kvöld eða næst þegar ég kemst í ræðustól, og að þeim ómaklegu árásum sem Krabbameinsfélagið hefur orðið fyrir í fjölmiðlum. Og það væri vert að gera það hér að umtalsefni hvernig reynt er að sverta þá aðila sem hafa haft uppi málefnalega gagnrýni á þetta frv. Maður spyr sig hvað búi þar að baki.

[00:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að ekki hefði verið fallist á grunnhugmynd lækna. Að sjálfsögðu ekki, af því að þeir vildu ekki neinn grunn. Þeir vildu engan miðlægan gagnagrunn, þ.e. þeir læknar sem hæst létu (**ÖJ:** Þeir vildu ekki gera hann að söluvöru.) og sem mest heyrðist í. Sumir læknar vildu ekki gera hann að söluvöru en samt sem áður eru rannsóknir þeirra notaðar erlendis og fénýttar og gerðar að söluvöru þannig að ég sé ekki mun á því. Ég skil ekki þá hugsun að allt sé slæmt sem er söluvara. Er þá slæmt að kaupa lyf sem að baki liggja mjög dýrar og langar rannsóknir, sem hefur verið eytt milljörðum í? Er það slæmt? Það eru fénýttar rannsóknir. Er það slæmt? Ég spyr. Er slæmt að fá lyf við krabbameini og hjartasjúkdómum? Ég sé það ekki. (Gripið fram í.) Læknavísindin eru fyrir löngu orðin söluvara. Þær rannsóknir sem gerðar eru hér á Íslandi og íslenskir læknar stunda eru notaðar erlendis í sölutilgangi. Þeir fá styrki frá fyrirtækjum, þeir fá styrki frá Evrópusambandinu og þeir hafa há laun þannig að þeir eru búnir að gera þetta að söluvöru fyrir löngu síðan. Ég sé ekki mun á því og sé ekki hvað allt er slæmt ef það er gert að söluvöru. Þessi heilagleiki að menn eigi að vera fátækir og lifa við sínar rannsóknir í fátækt. (**ÖJ:** Hvað með einokun?)

Ég er búinn að ræða um nauðsyn þess að hafa sérleyfi í 12 ár og eftir 12 ár verður engin einokun lengur. Ég er búinn að nefna það.

Og það að fulltrúi sérleyfishafans sé þarna inni. Hann er þarna inni til þess að tryggja að þeir læknar sem fá þarna nýjan grunn til að rannsaka séu ekki í samkeppni við hann. Allir aðrir læknar njóta betri grunna heldur en þeir hafa í dag, sem eru stórbættir grunnar hjá einstökum heilbrigðisstarfsmönnum. Ég vil benda hv. þm. á að það er enginn miðlægur gagnagrunnur til í dag og hann verður ekki til ef ekki verður veitt sérleyfi.

[00:20]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég átti orðastað við hæstv. forseta fyrir einum klukkutíma eða svo og spurðist fyrir um áform um fundahald á þessari nóttu. Nú er kominn nýr dagur og ég inni hæstv. forseta eftir því hvort liggi fyrir hvað eigi að halda fundi lengi áfram.

[00:20]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur þau sömu svör við þessari fyrirspurn og hinni sem var lögð fram fyrir innan við klukkutíma síðan að ekki er áformað að fara mjög djúpt inn í nóttina heldur hætta á skikkanlegum tíma.

[00:21]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hversu djúp er nóttin? Það er talað um að fara ekki mjög djúpt inn í nóttina. Hér er búin að standa yfir umræða um þetta mál nær sleitulaust frá því klukkan tvö í dag að undanskildu matarhléi nú í kvöld. Ég spyr hvort ekki sé kominn tími til að ljúka þessari umræðu nú eða gera á henni hlé. Það er ljóst að henni mun ekki ljúka í nótt. Mælendaskrá er löng þannig að ég sé ekki að það þjóni neinum tilgangi að halda umræðunni áfram og vil spyrja hvort hæstv. forseti telji ekki mál að linni.

[00:21]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti áréttar að hann vill enn reyna og telur efni til þess að halda umræðunni áfram enn um sinn. Nú eru sex hv. þm. á mælendaskrá, þar af fjórir þeirra sem eru að tala í fyrsta sinn. Forseti vill hins vegar taka fram að hann áformar ekki að ljúka umræðunni í nótt en vill þó freista þess að stytta aðeins mælendaskrána og vill nefna í þessu sambandi að eins og hv. þingmönnum er kunnugt um fundahald næstu daga er miðað við það að undir helgi verði nefndadagar í þinginu. Forseti hefur hlustað eftir því að samkomulag er um að þetta mál fari til umfjöllunar í nefnd á milli 2. og 3. umr. Forseti telur því einkar brýnt að sú umfjöllun geti átt sér stað á þessum tilgreindu nefndadögum.

Þetta vildi forseti segja til þess að skýra mál nánar þannig að hv. þingmenn hefðu heildarmynd á þeirri stefnumörkun sem forseti hefur uppi í þessum efnum.

[00:23]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hef meðtekið erkibiskups boðskap en vil leggja áherslu á að ekkert samkomulag hefur náðst um tilhögun þessarar umræðu. Það hefur verið nefnt að ríkisstjórnin og hugsanlega stjórn þingsins hafi áhuga á að stefna að því að ljúka þessari umræðu í dag. Um það var ekki gert neitt samkomulag. (**Gripið fram í:** Í gær.) Að ljúka þessari umræðu í gær, já. Það er komið fram á nýjan dag. Mér finnst liggja í augum uppi að þetta mál verði tekið til umfjöllunar í þingnefnd. Það var boðað í fjölmiðlum í kvöld og hefur verið gert í ræðustól að nýjar brtt. af hálfu stjórnarmeirihlutans komi fram og sýnt er að málið þarf að fá umfjöllun að nýju í nefnd þannig að varla þarf samkomulag til þess að svo verði.

Ég held að það sé ekki til að auðvelda samkomulag um umræður í þinginu að keyra þessi mál mjög stíft og grimmt áfram þannig að mér fyndist eðlilegt að þessari umræðu færi senn að ljúka. Ég hef grun um að þeir sem eru næstir á mælendaskrá hafi talsvert til málanna að leggja. Ég hef reyndar vissu fyrir því að svo er þannig að ég hefði talið heppilegast að gera hlé á þingfundi núna. Ég vildi að þetta kæmi fram og svo hitt að ekkert samkomulag hefur verið gert um lyktir þessarar umræðu.

[00:25]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill vegna þessara orða hv. þm. taka það mjög skýrt fram að það eru ekki áform forseta að keyra þetta mál stíft og grimmt fram í nótt, þannig að það liggi alveg ljóst fyrir. Forseti vill þó freista þess að stytta í mælendaskrá og gefa næsta ræðumanni, hv. 4. þm. Austurl., kost á að flytja ræðu sína.

[00:25]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er vissulega þakkarvert út af fyrir sig að komast að til að ræða þetta mál þó ég hefði kosið að það væri á öðrum tíma sólarhrings. En mér er ekkert að vanbúnaði, eins og ég gat um fyrr eða fyrir miðnættið, að taka til máls og nota þann tíma sem menn telja rétt að taka til umræðunnar. Ég tek undir það sem fram kom hjá formanni þingflokks óháðra að skynsamlegt væri að stilla fundarlengd í hóf í þessu máli og sýna málinu þá virðingu að fara ekki óhóflega fram yfir eðlilegan vinnutíma í þinginu.

Við erum að ræða hér að margra mati langstærsta mál sem hefur borið fyrir Alþingi um langan tíma. Auðvitað er mat á því hvað sé stórt mál afstætt, en ég deili þeirri skoðun

að þetta frv. og það sem því tengist og þau mál önnur sem hafa verið flutt af þessu tilefni eða í tengslum við það mynda í heild langstærsta og það má segja alvarlegasta mál sem hefur borið fyrir á Alþingi Íslendinga. Nú þegar við erum stödd í 2. umr. málsins og höfum fyrir okkur nefndarálit frá hv. heilbr.- og trn. þá verður það í rauninni enn ljósar en áður hversu mörgum spurningum er ósvarað í sambandi við þetta mál.

Það sérkennilega við málið eins og það bar að gagnvart Alþingi, líklega 31. mars á þessu ári þegar hæstv. heilbrrh. lagði málið fyrir þingið, það var þá um mánaðamótin, er það hvernig málið var í stakk búið fyrir þingið, hvernig það var fram borið. Ég býst við að hæstv. heilbrrh. skyggnist um í sínu hugskoti í sambandi við það því að það á áreiðanlega eftir að verða ærið rannsóknarefni fyrir seinni tíma hvernig þetta mál er til komið og hvernig það var sett fram gagnvart Alþingi í upphafi. Það eitt út af fyrir sig er mjög sögulegt því að öllu rýrari umbúnaður um stórt mál hefur ekki sést á Alþingi það ég man eftir en hið fátæklega frv. sem hæstv. heilbrrh. lagði fram í þinginu í vor.

Það er rétt að rifja þetta upp m.a. í ljósi þess að þá voru áform ríkisstjórnar, rétt eins og nú, að afgreiða málið á fáeinum vikum sem þá voru til ráðstöfunar. Þegar málið kom fram var gert ráð fyrir að þinghaldi lyki um mánaðamót apríl/maí eða á fyrstu dögum maímánaðar og það var ásetningur ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra á þeim tíma þegar málið kom fram að mánuður nægði til umfjöllunar og afgreiðslu á þessu frv.

Af hverju er ég að rifja þetta upp, virðulegur forseti? Það geri ég vegna þess að á þessu þingi eftir að frv. kom fram með nokkrum breytingum, þó ekki veigamiklum að mínu mati, hefur það komið mjög oft fram í máli þingmanna, af hálfu ríkisstjórnarinnar, af hálfu hæstv. heilbrrh. og fleiri ráðherra og af hálfu talsmanna stjórnarliðsins, að það sé alltaf verið að bæta þetta mál, það sé stöðugt verið að staga flíkina. Þá verður manni hugsað sem svo: Hvað ef svo hefði gengið fram sem ætlað var, að lögfesta rýjuna á síðasta þingi? Þá held ég að staðan hefði verið enn þá alvarlegri en hún er núna því að við erum þó með málið í höndum þingsins og höfum væntanlega enn möguleika á því að skoða það og gaumgæfa áður en lögfest verður.

Það sem hefur komið fram við 2. umr. málsins eru hugmyndir og staðhæfingar af hálfu stjórnarliða um að málið sé langt frá því að vera fullunnið. Ég minni bara á ummæli hv. þm. Tómasar Inga Olrichs, hv. sendimanns ríkisstjórnarinnar í heilbr.- og trn. til þess að vera þar á vakt fyrir hönd síns flokks, fyrir hönd flokks hæstv. forsrh. í nefndinni. Þessi sjónarmið komu fram af hans hálfu og af hálfu talsmanns stjórnarliðsins í nefndinni, varaformanns nefndarinnar hefur það einnig komið fram og ákveðnum beitum hefur beinlínis verið kastað til minni hluta nefndarinnar um að menn séu til viðræðu um breytingar.

Þá spyr maður sig, virðulegur forseti, í því samhengi: Hvernig ætla menn að standa að því að vinna sig inn í mál sem ekki hefur tekist á undanförnum vikum og mánuðum að koma í frambærilegt horf, jafnvel að mati stjórnarliðsins, hvernig ætla menn að standa að því svo vit sé í á þeim fáu dögum sem eftir eru af þinghaldi til jóla með öllum þeim verkum sem liggja fyrir? Ég tók það ekki upp í umræðu um málið við hæstv. forseta því það er kannski ekki sanngjarnt að ganga á þann hæstv. forseta sem nú situr í stóli hver áformin séu í sambandi við þetta, en ég bendi á það af fullri alvöru að ég tel að menn séu mjög óraunsæir ef þeir ætla sér að knýja fram lögfestingu á þessu máli fyrir jólahlé þingsins og að það þjóni engum tilgangi og síst af öllu þjóni það þeim tilgangi að bæta stöðu málsins gagnvart samfélaginu. Að því leyti tek ég undir orð sem hér hafa fallið í umræðunni, m.a. frá hv. 11. þm. Reykn. sem beindi þeim orðum til þingheims að hrapa ekki að afgreiðslu málsins og knýja ekki á um afgreiðslu þess með óhóflegum hraða. Ég deili því þeim sjónarmiðum og ítreka þau hér af minni hálfu.

Margt fleira sérkennilegt snertir málið í heild og málsmeðferðina. Mér verður oft hugsað um það, virðulegur forseti, þegar litast er um hvernig staðan er nú þegar málið er til 2. umr., hvernig afstaða liggur fyrir í nefndarálitum og eins hvernig hún birtist í máli hv. þingmanna og flutningi brtt. Innan stjórnarliðsins virðist ekki gæta mikilla efasemda um málið ef frá eru taldar nokkrar raddir sem heyrst hafa. Þó geri ég ráð fyrir að á bak við kunni að krauma ákveðin óánægja og efasemdir um málið og ég er ekki í neinum vafa um að spurningum í höfði ýmissa stjórnarliða fer fjölgandi eftir því sem málið er frekar rætt og skoðað. Auðvitað fer samfélagsumræðan ekki fram hjá þingheimi sem betur fer, svo sem sjálfsagt er, þannig að hv. þingmenn taka auðvitað eftir því sem er að gerast úti í samfélaginu og því sem sagt er, enda hafa ýmsir verið lofsamlega duglegir við að vekja athygli þingheims á sínum sjónarmiðum. Þetta er staðan varðandi stjórnarliðið.

Ég tek eftir einum tveimur þingmönnum t.d. úr Sjálfstfl. sem hafa opinberlega viðrað ágreining við stefnu frv. Einn nefndarmanna í heilbr.- og trn. undirritar álit meiri hlutans með fyrirvara tók ég eftir, hv. 6. þm. Reykv., Lára Margrét Ragnarsdóttir, og við heyrðum hv. þm. Einar Odd Kristjánsson flytja sitt mál fyrr á síðasta degi á þessum þingfundi og það var alveg ljóst að mikið bar á milli hv. þm. og meiri hlutans. Mikið meira höfum við ekki fengið opinberlega fram að því er varðar stöðu málsins innan Sjálfstfl.

Innan þingflokks Framsfl. eða af hálfu þess þingflokks hafa ekki heyrst, mér vitanlega, opinberlega neinar efasemdaraddir um ágæti þessa stjfrv. Ég veit ekki hvort það endurspeglar raunverulega stöðu málsins. Kannski skýrist það eitthvað við umræðuna en athyglisvert er það, virðulegur forseti. Eru menn þar fyrst og fremst að sýna hæstv. heilbrrh. hollustu og stuðning með þögninni í þeim efnum? Það kann að vera hluti af málinu, en hitt kann einnig að vera að hv. framsóknarþingmenn séu almennt sáttir við þá stefnu sem felst í frv. Ekki get ég skorið neitt úr um það heldur er ég að leiða að þessu líkur.

Ef litið er, virðulegur forseti, til stjórnarandstöðunnar, þá blasir við að mínu mati mjög sérkennileg mynd því að á sama tíma og stjórnarliðið hefur þjappað sér býsna fast að baki ríkisstjórninni í þessu máli, þá eru margar sólir á lofti í röðum stjórnarandstöðunnar. Þó að ég, virðulegur forseti, dragi síst í efa rétt manna til að hafa sínar skoðanir og hafa uppi sín sjónarmið, þá finnst mér ekki beinlínis góðs viti að í svo stóru máli sem þessu skuli þingflokkar í aðalatriðum ekki megna að móta sér stefnu og koma fram með skýr sjónarmið af sinni hálfu til svo geysilega mikilsverðs máls eins og hér er um að ræða.

Ég er svo lánsamur, virðulegur forseti, að vera í þingflokki sem svipað er ástatt um eins og í Framsfl. að því er virðist, þ.e. í þingflokki óháðra. Við erum fjögur sem skipum þann þingflokk. Við höfum lagt á okkur mikla vinnu í sambandi við þetta mál, tekið mikinn tíma í umræður um

það og við erum samstiga í þessu máli. Við stöndum að tveimur þingmálum sem liggja fyrir við þessa umræðu þó að ekki séu þau afgreidd frá þingnefnd. Við höfum flutt þau sameiginlega og ég hef ekki orðið var við annað en eindrægni í okkar hópi. Það sama gildir, virðulegur forseti, raunar um þá stjórnmálahreyfingu sem nú er í mótun og kallast Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Á vettvangi þeirrar hreyfingar hefur mál þetta verið rætt alveg nýverið. Það gerðist á ágætri landsráðstefnu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hélt um síðustu helgi eða sl. föstudag og laugardag og lét í ljós í stjórnmálaályktun, sem þar var afgreidd einróma, álit á þessu máli með svofelldum orðum, virðulegur forseti, með þínu leyfi:

„Landsráðstefnan [þ.e. landsráðstefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs] varar eindregið við setningu laga um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Tryggilega verður að ganga frá persónuvernd og ræða siðferðileg álitaefni áður en afdrifarík skref eru stigin í þessum málum."

Þetta er áherslan sem þarna kemur fram. En vafalaust mun væntanlegur stjórnmálaflokkur taka þessi mál til enn frekari umræðu og hefur þá fengið ákveðið veganesti sem endurspeglast í fyrirliggjandi þingmálum og í nefndri ályktun frá landsráðstefnu. Það verður hins vegar ekki sagt um aðra í stjórnarandstöðunni að þar fari mikið fyrir skýrri stefnumörkun, virðulegur forseti. Mér finnst það mikil ráðgáta hvernig í ósköpunum menn geta í rauninni staðið að málum eins og fyrir liggur í væntanlegri samfylkingu — ég kann ekki að nefna framhaldið því nafnið er ekki komið, ekki endanlegt — þar sem fyrir liggja afar mismunandi skilaboð inn í þetta mál, svo ekki sé meira sagt. Mér sýnist t.d., virðulegur forseti, svo ekki sé gengið fram með ósanngjörnum hætti og ætlast til að samfylkingin hafi skýra stefnu á öllum sviðum og hafi kannski náð að ræða til hlítar um þetta mikilsverða málefni, og ég tek eftir því að þingflokkur jafnaðarmanna virðist standa fyrir a.m.k. þremur sjónarmiðum í þessu máli og hafa þó ekki allir talað. Ég spyr sjálfan mig: Hvað verður uppi þegar búið verður að sameina síðan þingflokk jafnaðarmanna eða Alþfl. og Alþb., þ.e. það sem enn kræli á þeim flokki sem er svona á síðasta snúningi, ef svo má segja? En einnig þar á bæ eru afar skiptar skoðanir að mér sýnist. Það hafa að vísu ekki margir talað. Einn ágætur fulltrúi úr þeim hópi hefur talað og þau sjónarmið sem 2. minni hluti túlkar í þessu máli eru að mínu mati mjög skynsamleg, vel rökstudd og ég deili þeim að miklu leyti þó ég hefði kosið að ganga enn lengra í sambandi við tillöguflutning eins og reyndar hér liggur fyrir. En ekki ber á því að þar sé mikinn stuðning að finna við þetta sjónarmið, a.m.k. ekki héðan úr ræðustólnum frá nefndum þingflokki.

Ég vil ekki fara að ganga á Kvennalistann, virðulegur forseti, í þessum efnum. Ég heyrði sjónarmið annars tveggja þingmanna úr þeim ágæta þingflokki sem lagðist eitthvað nálægt 1. minni hluta, ef ég hef tekið rétt eftir, þó með ákveðinni skírskotun til 2. minni hluta að einhverju leyti. Ég held ég fari rétt með þetta sem svona meginstefnu.

Virðulegur forseti. Það er auðvitað þeirra sem þarna er um að ræða að skýra þessi mál og standa fyrir sínu máli og ekkert er við því að segja fyrst skoðanir eru svona mjög skiptar. En ég get ekki tekið undir það sem hefur einnig komið fram hjá stjórnarliðum að þetta sé mál sem liggi þannig að hver og einn hljóti bara að gera það upp við sína persónu í einrúmi hvaða stefnu hann hafi og þingflokkarnir bregðist að vinna sig til botns í málinu og reyna a.m.k. að koma fram með stefnu. Þetta er mál sem snertir t.d. það sem við höfum oft rætt á Alþingi, hefur mikið verið rætt og ríkisstjórnin hefur haft nefnd sem skilaði skýrslu um svonefnt upplýsingasamfélag. Það má segja að hér sé á ferðinni ákveðinn angi af þeim þætti. Það er auðvitað ekki vansalaust, virðulegur forseti, ef þeir sem bera fram stefnu og væntanlega búa sig í uppgjör í komandi kosningum koma ekki fram með skýr sjónarmið um grundvallarmál eins og það sem hér er á ferðinni. Síðan ber það auðvitað við eins og oft vill verða að þar verða heldur ekki allir samferða þó svo að menn leggi mikið á sig til að vinna í málum og samræma sjónarmið og við því er auðvitað ekkert að segja. Það er hinn góði réttur manna.

Hér talaði einn ágætur fulltrúi frá þingflokki Sjálfstfl. og ef ég man rétt túlkaði hann það svo að hann væri sjálfstæður þingmaður, sem þar talaði, og það sæti ekki á þeim sem hér talar að vilja skerða rétt manna eða hafa neitt á móti því ef sannfæring er fyrir hendi að menn gangi fram með sína skoðun og sjónarmið þó að hitt sé meginreglan að menn reyni að leggja saman. (**Gripið fram í:** Hafa þingmenn ekki sannfæringu?)

Virðulegur forseti. Það er spurt utan úr sal af sjálfstæðum þingmanni hvort þingmenn hafi ekki sannfæringu. Ég geri ráð fyrir því, virðulegur forseti, að hver og einn þingmaður telji sig hafa sannfæringu, það liggur í hlutarins eðli og það er stjórnarskrárvarinn réttur manna að fylgja henni fram á þingi. En hitt er annað mál sem ég tel að skipti mjög miklu, að stjórnmálaflokkar reyni að koma sér saman um stefnu vegna þess að þeir eru mjög mikilvægur þáttur í þingræði okkar og því sem við teljum, með réttu vonandi, vera svona sæmilegt lýðræðisskipulag sem við reynum að standa fyrir á Íslandi. Þar eru stjórnmálaflokkarnir og þar á meðal þingflokkarnir afar mikilvægur grunnur í því gangverki. Það sem mér finnst vera eitt af því sem segja má að sé frekar neikvætt tímanna tákn er einmitt hvað samheldnin hefur kannski minnkað eða öllu heldur viðleitnin til samstillingar hefur minnkað innan stjórnmálaflokkanna. Það á e.t.v. skýringu í því, virðulegur forseti, hvernig áralagið er í sambandi við að tryggja sér þingsæti eða túlka mál. Það er líka hluti af þróun fjölmiðlanna sem á þátt í þessu og er sundurvirkt afl. Það eru sundurvirkir kraftar sem eru þarna á ferðinni og þeir eru ekki af hinu góða að mínu mati. Þeir hjálpa okkur ekki í okkar samfélagsþróun nema síður sé. Þeir veikja lýðræðið.

Virðulegur forseti. Þetta er kannski hliðarmál nú við upphaf máls míns en þó varðar það þessa umræðu mikið því að ég held að nauðsynlegt sé líka fyrir samfélagið að átta sig á að þetta er bæði stórmál og þetta mál er grundvallarmál sem hlýtur að snerta grundvallarstefnu þeirra sem eru að bera fram einhverja þjóðmálastefnu og það gera menn í flokkum á Íslandi. Það er heldur linkulegt þegar menn gefast upp við það, virðulegur forseti, og sjö sólir eru á lofti eða jafnvel fleiri á einstökum bæjum því það ruglar fólk í ríminu, það ruglar almenning í ríminu, menn fara að segja: Hugsar ekki bara hver fyrir sig á Alþingi? Verðum við ekki að gera það líka? Hvaða kraftur næst út úr slíku? Hvaða kraftur næst út úr því fyrir samfélagið?

Virðulegur forseti. Það eru þrjú þingmál sem liggja fyrir á þinginu og sem við ræddum sameiginlega þegar 1. umr. um frv. ríkisstjórnarinnar fór fram. Þá var þingmannamál einnig rætt, sem hafði reyndar lægstu þingmálatöluna, 97. mál þingsins, till. til þál. um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd. Það var frv. ríkisstjórnarinnar og það var frv. frá þremur hv. þm. þingflokks jafnaðarmanna

sem lögðu fram frv. sem liggur einnig fyrir í þessari umræðu hér í formi brtt. sem styðjast fyrst og fremst við þau sjónarmið sem það frv. túlkaði. En þá gerist það sem er ámælisvert að mínu mati, virðulegur forseti, og ég leyfi mér að horfa til varaformanns heilbr.- og trn. í því sambandi, að meiri hlutinn í heilbr.- og trn. hafnar því að taka þessi mál sameiginlega til umræðu í nefndinni, ræða þau og átta sig á hvort ekki væri hægt að leggja saman að einhverju leyti, nota þessi mál í deiglu til að fá eitthvað nýtt út úr því sem gæti þá leitt frekar til samstöðu um málin á Alþingi í sambandi við þetta allt saman. Ég sakna þess mjög og ég harma að ekki skuli hafa verið haldið þannig á málinu. Mér sýnist satt að segja, virðulegur forseti, að ríkisstjórninni hefði ekkert veitt af því að fá einhvern neista frá öðrum inn í þessi mál. Og þó að ég sé ekki að ætlast til þess að niðurstaðan hefði orðið okkur að skapi sem höfum verulega önnur sjónarmið, þá er það aldrei svo að ekki megi eitthvað sækja á aðra bæi í sambandi við slíkt mál, einnig fyrir ríkisstjórn sem telur sig sterka og stöðuga í þinginu, með mikinn styrk í þinginu sem enginn tekur af þeim á þessu kjörtímabili, virðulegur forseti. Þetta er illa til fundið. Hins vegar liggja fyrir umsagnir um þessi mál og formaður þingflokks óháðra, hv. þm. Ögmundur Jónasson, fjallaði um till. til þál. sem við þingmenn þingflokks óháðra stöndum að og höfum flutt hér og vitnaði hann nokkuð til umsagna sem liggja fyrir um þá till. til þál. Það hefur farið svo, virðulegur forseti, ég mun ræða það frekar síðar, að þau sjónarmið sem þar koma fram um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði hafa fengið góðar undirtektir mjög víða hjá þeim sem mest hafa skoðað þessi mál og án þess að ég vilji segja að það sé eitthvert allsherjarsjónarmið, þá hafa margir tekið undir þau sjónarmið og þá stefnu sem þar er sett fram sem er auðvitað allt önnur en endurspeglast í frv. ríkisstjórnarinnar.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að nefna það að við höfum vísað í þessa till. til þál. frá þingflokki óháðra í sambandi við þá tillögu sem dreift var fyrr á þessum fundi, þ.e. í gær, till. til rökstuddrar dagskrár í þessu máli, þ.e. í máli ríkisstjórnarinnar. Ég ætla við upphaf máls að fara yfir þessa dagskrártillögu í einstökum atriðum því að hún er það mál sem fyrst mun ganga til atkvæða þegar umræðunni lýkur og túlkar mjög skýr viðhorf til fyrirliggjandi frv. Til að varðveita samhengi ætla ég að leyfa mér að lesa þessa tillögu. Hún er ekki löng, hún er rétt um síða í þingskjalabroti og flutningsmenn erum við sem skipum þingflokk óháðra, þ.e. hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson, auk þess sem hér talar. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þar sem fyrir liggur þingsályktunartillaga um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd (97. mál á 123. löggjafarþingi) sem gerir ráð fyrir að í stað þess að stefna að miðlægum gagnagrunni verði ríkisstjórninni falið að láta fara fram vandaða úttekt á dreifðum gagnagrunnum til rannsókna og bættrar heilbrigðisþjónustu, og enn fremur:

að upplýsingar í miðlægum gagnagrunni verða í reynd persónugreinanlegar, m.a. að mati tölvunefndar,

að ekki er gert ráð fyrir upplýstu samþykki við söfnun upplýsinga í gagnagrunninn og að ástæðulausu er verið að hrófla við hefðbundnu hlutverki vísindasiðanefnda,

að fjölmennir hópar í samfélaginu hafa ekki aðstæður til eða eru færir um að taka afstöðu til þátttöku í grunninum og réttur barna og látinna yrði fyrir borð borinn,

að Íslendingar erlendis eiga erfitt um vik að taka afstöðu til þátttöku í grunninum,

að menn gætu ekki dregið upplýsingar út úr grunninum sem einu sinni eru komnar þar inn [þetta er sett fram í viðtengingarhætti],

að ekki yrði virtur umráðaréttur sjúklinga yfir eigin upplýsingum í sjúkraskrám,

að með frumvarpinu er gengið gegn stjórnarskrárvörðum ákvæðum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs,

að Alþingi hefur enn ekki fjallað um boðað frumvarp til nýrrar löggjafar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga,

að ekki liggur fyrir hvaða upplýsingar eigi að fara í miðlægan gagnagrunn og hverjar ekki,

að unnt yrði að samkeyra heilsufarsupplýsingar, erfðaupplýsingar og ættfræðiupplýsingar,

að óforsvaranleg áhætta væri tekin með samsöfnun slíkra upplýsinga um íslensku þjóðina í miðlægum gagnagrunni,

að frumvarpið er sniðið að einkarétti eins fyrirtækis til rekstrar og yfirráða yfir grunninum,

að fjárhagslegir þættir málsins eru lítt kannaðir og viðskiptalegar forsendur þess tvísýnar,

að tilurð miðlægs gagnagrunns samkvæmt frumvarpinu stangast á við alþjóðasamþykktir og samninga sem Ísland er aðili að,

að vísindamönnum yrði með ólögmætum hætti mismunað gróflega í aðgengi að grunninum,

að áform um grunninn hafa sett vísindasamfélagið hérlendis og víða erlendis í uppnám,

að því hefur verið hafnað af þingnefnd að fjalla samtímis um önnur fyrirliggjandi þingmál um gagnagrunna (97. og 105. mál),

og því til viðbótar að mörg önnur atriði mæla gegn frumvarpinu og með hliðsjón af breytingartillögum meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar samþykkir Alþingi að vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta er tillaga til rökstuddrar dagskrár og kemur fram sem frávísunartillaga við fyrirliggjandi frv. undir þessu heiti samkvæmt þingsköpum.

Ég geri ráð fyrir að þeir sem hlýða á mál mitt átti sig á því að afar langt er á milli þeirra sjónarmiða sem sett eru fram í þessari dagskrártillögu og þess frv. sem lagt er til að verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Einhver mundi segja að himinn og haf sé á milli. Það er matsatriði hvernig það er orðað en af upptalningunni og efni þáltill. sem vísað er til og sömu flutningsmenn standa að, þá ber afskaplega mikið á milli. Staðan er þannig afar ólík að því er varðar afstöðu okkar sem stöndum að þessari tillögu og 1. minni hluta heilbr.- og trn. sem hefur birst okkur í umræðum á Alþingi, þeir sem að þeim minni hluta standa á þröskuldinum við frv. ríkisstjórnarinnar, þröskuldinum inn í það hús þar sem viðraðar hafa verið hugmyndir, reyndar báðum megin frá, af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar og af hálfu talsmanna 1. minni hluta telja að snertifletir kunni að vera þannig að unnt væri hugsanlega að miðla þar málum á milli. Ég tel, virðulegur forseti, mjög nauðsynlegt að menn átti sig á þessari stöðu.

Auðvitað styrkir það ríkisstjórnina stórlega í þessu máli að 1. minni hluti skipaður tveimur hv. þm. í heilbr.- og trn. túlkar hér mál og viðhorf sín, bæði í nál. en þó einkum í ræðum á Alþingi, það nærri sjónarmiðum ríkisstjórnarinnar að sammæli virðist um það að þessir aðilar beri sig saman milli

umræðna til að láta á það reyna hvort þeir geti sameinast um breytingar á frv.

Nú vil ég engu um það spá, virðulegur forseti, hvernig því muni lykta, því tilhugalífi eða hvað við köllum það, þeim áþreifingum, sumir mundu segja þreifingum í sambandi við það mál. Það mun auðvitað koma í ljós. En þetta segir okkur heilmikið í rauninni og skýrir fyrir þeim sem hér talar a.m.k. ýmislegt varðandi gang mála að því er þetta stóra mál snertir innan þingnefndar alveg sérstaklega, og ekki aðeins á þessu þingi heldur líka í lok síðasta þings.

Annar minni hluti, sem skilar gildu áliti, er hins vegar á allt annarri slóð og ég hef þegar látið það koma fram að ég get tekið undir langflest sem kemur fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur sem stendur að því nál. og munar þar sýnilega ekki mjög mikið á sjónarmiðum þess hv. þm. og þeirra sem bera fram dagskrártillögu, þó að ég viti auðvitað ekki um afstöðu til hennar hjá nefndum hv. þm. né öðrum sem kunna og geta orðið samferða um það mál, en að því skulu engar getur leiddar hér og nú.

Virðulegur forseti. Ég ætla þá að fara frekari orðum um einstaka þætti sem snúa að efnisatriðum sem aðeins er stiklað á í till. til rökstuddrar dagskrár. Ég vil þá fyrst leyfa mér að minna á nokkur atriði sem varða það sem forusta Framsfl. einu sinni kallaði hina leiðina. Það var á meðan Framsfl. var sæmilega opinn í báða enda og túlkaði mál dálítið misjafnt milli ára og kosninga. Einn ágætur formaður sem ég minnist oft með hlýju og leiddi flokkinn á 7. áratugnum hafði þetta sem aðalleiðsögn í kosningunum 1967 sem ýmsir muna eftir sem hér eru, að Framsfl. vísaði á hina leiðina. En nú er öldin önnur, virðulegur forseti, því að nú liggur leið Framsóknarforustunnar fyrst og fremst til einnar áttar þó að ítrekað sé í leiðinni að sá ágæti flokkur haldi sig á miðjunni. Mér kom þetta í hug í sambandi við afstöðu til mála hér.

Till. til þál. um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd gerir, eins og fram hefur komið, ekki ráð fyrir því að því sé slegið föstu að ráðast eigi í uppbyggingu slíkra dreifðra grunna eða með hvaða hætti heldur að ríkisstjórninni verði falið að skoða það mál, möguleika dreifðra gagnagrunna og skila álitsgerð þar að lútandi til þingsins. Ég sannfærist æ meira um það, virðulegur forseti, eftir því sem umræðan heldur fram um þessi mál að þar er leiðin sem við ættum að þræða með varfærni en prófa okkur áfram því það sýnir bæði reynsla annarra þjóða og efnisþættir málsins líka að í slíka tilhögun, uppbyggingu og hugsanlega samtengingu dreifðra gagnagrunna í rannsóknaskyni geti verið margt að sækja til eflingar í senn rannsóknum en einnig eflingar heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Ég mun koma að því síðar hvernig grannþjóðir hafa verið að prófa sig áfram eftir þeirri leið og í þessari tillögu um dreifða gagnagrunna er vitnað til nefndarálits stjórnskipaðrar nefndar í Noregi sem fjallaði um mál á síðasta ári og skilaði áliti sem við töldum gagnlegt að koma á framfæri, ákveðnum kjarna úr því, til þingsins til að leiða fram hvernig á þessu er tekið hjá nágrannaþjóð þar sem menn standa og horfa í útnorður til Íslands í mikilli forundran yfir því sem hér er að gerast eins og gildir almennt um grannþjóðir okkar og reyndar þó víðar væri leitað, sem er einn þáttur þessa máls og vísar til þess sem kemur fram í einni af fyrirsögnum í rökstuðningi tillögunnar um rökstudda dagskrá, en það er uppnámið í vísindasamfélaginu, ekki aðeins á Íslandi heldur líka víða erlendis. En annars staðar á Norðurlöndum, eins og gott dæmi er um í Finnlandi, hafa menn þegar safnað verulegri reynslu að því er varðar dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og ég mun vitna um það eða leiða fram til vitnis, virðulegur forseti, finnskan embættismann, sem rætt var við ekki alls fyrir löngu um þau efni, sem bæði lýsti uppbyggingu Finna á þessu sviði en einnig skoðunum á því sem er til umræðu á Íslandi og menn mættu hlusta á.

Í einstökum liðum þessarar tillögu, en í 12 liðum er vikið að því hvernig rétt væri að standa að úttekt, kemur m.a. þetta fram, með leyfi forseta:

„1. Að ríki, rannsóknastofnanir og félög sem standa fyrir rannsóknum á heilbrigðissviði eigi framvegis sem hingað til aðild að dreifðum gagnagrunnum.

2. Að upplýsingar úr sjúkraskrám séu varðveittar þar sem þær verða til og ekki verði settur upp miðlægur gagnabanki.

3. Að leitað verði upplýsts samþykkis sjúklinga vegna skráningar upplýsinga í dreifða gagnagrunna vegna rannsókna, eftir því sem við á og unnt er, sbr. tilskipun 95/46/EC, og í hvívetna gætt ákvæða um persónuvernd.

4. Að sérstaklega verði athugað um réttarstöðu þeirra sem sviptir hafa verið sjálfræði eða eru vegna veikinda ófærir um að svara til um skráningu, sem og um heimildir til skráningar upplýsinga um þá sem eru látnir.

5. Að tryggður verði réttur ófullveðja barna til að afturkalla er viðkomandi verður fullveðja heimildir sem foreldrar kunna að hafa veitt til skráningar upplýsinga um viðkomandi.

6. Að athugað verði hvernig koma megi í veg fyrir að upplýsingar úr gagnagrunnum séu misnotaðar af hálfu tryggingafélaga og atvinnurekenda.

7. Að ákvæði alþjóðasamninga og samþykkta á þessu sviði, sem Ísland er aðili að, séu virt í hvívetna, sem og mannréttindaákvæði.

8. Að mörkuð verði stefna um hvort, og þá hvernig, veita eigi aðgang að dreifðum og hugsanlega samtengdum gagnagrunnum til rannsókna og annarra vel skilgreindra verkefna og um gjaldtöku í því sambandi.

9. Að kannaðir verði kostir þess að nýta upplýsingar úr dreifðum og hugsanlega samtengdum gagnagrunnum til að auka gæði og öryggi í heilbrigðisþjónustu.

10. Að tekið verði, eftir því sem við á, tillit til stefnumörkunar um söfnun, vörslu og meðferð lífsýna úr mönnum, sem og laga um réttindi sjúklinga.

11. Að komið verði á skipulegri fræðslu til almennings um erfðatækni og eðli og starfrækslu gagnagrunna á heilbrigðissviði, ekki síst um varhugaverða þætti, svo og um skyldur og trúnað heilbrigðisstarfsstétta gagnvart sjúklingum og um réttindi sjúklinga og persónuvernd.

12. Að tekið verði, eftir því sem við á, mið af „stefnumótun í upplýsingamálum innan heilbrigðiskerfisins", sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gaf út árið 1997 (rit 1, 1997)."

Síðan segir:

„Við úttektina verði haft náið samráð við tölvunefnd og vísindasiðanefnd, sem og þá aðila sem þegar starfrækja gagnagrunna á heilbrigðissviði, þar á meðal erfðafræðinefnd, Krabbameinsfélag Íslands og Hjartavernd. Þá verði og haft samráð við Háskóla Íslands og aðrar rannsóknastofnanir og leitað upplýsinga um fyrirkomulag og þróun hliðstæðra mála í nágrannalöndum austan hafs og vestan.

Skýrsla um úttektina og æskilegar lagabreytingar verði lögð fram á næsta reglulegu Alþingi til kynningar og umræðu."

Þetta var tilvitnun, virðulegi forseti, í nefnda till. til þál. og ég taldi rétt að lesa meginefni tillögunnar upp vegna þess að hún er um leið stefnumörkun af hálfu okkar sem berum hana fram og má segja um leið andsvar við því frv. sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir þingið.

Hverjum þykir sinn fugl fagur, segir einhvers staðar og ég skal út af fyrir sig ekki vera með einkunnagjöf sjálfur í sambandi við málið. Ég vil þó benda á að mikið væri þetta mál allt saman og umræðan um það í öðrum farvegi ef menn hefðu valið þann kost að prófa sig áfram eftir því spori sem hér er lagt til. Þá væru áreiðanlega ekki þeir eldar uppi sem krauma víða í samfélaginu og við verðum vör við dag hvern, sem augljóslega stefna í mikla tvísýnu, svo ekki sé sagt hættu, þeim áformum sem ríkisstjórnin ætlar sér að knýja fram og mjög hætt er við að verði til þess að bið verði á því að við náum að koma okkar málum áfram þannig að vel fari á þessu annars mjög svo mikilvæga sviði sem hér um ræðir. Það er kannski það allra versta við stöðu málsins nú um stundir að líkurnar á því að við töpum mjög verulegum tíma í sambandi við þróun og nýtingu á þeim miklu möguleikum sem tæknin út af fyrir sig gefur okkur til að safna og vinna úr upplýsingum að teknu ríkulegu tilliti til persónuverndar, að sú þróun lamist, tefjist og samfélagið allt gjaldi þess. Það er margt sem bendir til þess að þannig geti farið.

Í þáltill. okkar eru málin rökstudd í allítarlegri greinargerð, virðulegur forseti. Þar eru ýmsir leiddir fram til vitnis um málið, bæði um möguleika dreifðra gagnagrunna en ekkert síður um persónuverndina sem er undirstöðuþáttur má segja í þessum tillöguflutningi, að það sé grunnur sem menn gangi út frá sem verður virtur og ekki fram hjá litið. En það er því miður það sem er að gerast í sambandi við tillöguflutning ríkisstjórnarinnar að þannig er farið með þennan gilda þátt að það horfir ekki vel. Það mætti orða það svo að hann væri fótum troðinn. Það er kannski mikið sagt en það er því miður það sem mér sýnist vera að gerast, að horft sé fram hjá undirstöðuþættinum í málinu, þ.e. persónuverndinni. Það birtist okkur hvað skýrast, virðulegur forseti, þegar rætt var um störf þingsins á næstliðnum sólarhring. Ekki í gær heldur í fyrradag var rædd sú staðreynd sem ríkisstjórnin boðar, þ.e. hæstv. dómsmrh. hefur boðað flutning á frv. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem ekki er komið inn í þingsali, sem er einhvers staðar á leiðinni og sem ekki stendur til að liggi fyrir eða sé rætt og um fjallað a.m.k. samhliða þessu máli, svo ekki sé sagt að það verði lögfest svo sem rétt væri að gera áður en mál af þeim toga sem við ræðum hér komi til afgreiðslu. Þetta er ótrúlegt, virðulegur forseti, að menn skuli standa þannig að málum að byrja á öfugum enda.

Því hefur verið haldið fram til varnar þessum ótrúlegu vinnubrögðum að þetta frv. snerti ekki þetta mál, að væntanleg ný löggjöf á sviði persónuverndar og meðferðar persónuupplýsinga snerti ekki það frv. sem við ræðum hér. Þetta er náttúrlega slík fjarstæða að þarf tæpast orðum að eyða að því, en þessu er þó haldið fram úr ræðustól í máli manna og látið fylgja að þetta væntanlega frv. byggi á tilskipun frá Evrópusambandinu. Og þá á að álykta eitthvað sem svo að af þeim sökum snerti málið ekki frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Menn ættu að vera farnir að átta sig á því á hv. Alþingi að við komumst ekki mjög langt í málafylgju í sambandi við fjölmörg atriði sem tengjast Evrópuréttinum sem við höfum tekið inn á okkur á Íslandi með gerð samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. En það vill verða svo að þeir sem fastast knúðu á um lögfestingu á þeim samningi hérlendis virðast vera reiðubúnir að stinga viðkomandi ákvæðum undir stól eða a.m.k. að taka þau ekki með í reikninginn þegar það hentar. Þetta leiðir auðvitað til þess að lagasetning verður mjög óskilvirk hjá okkur og menn eiga eftir að lenda í ýmsum hremmingum.

Ég ætla ekki að fara að snúast til varnar fyrir einstök atriði í Evrópurétti og ber enga ábyrgð á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sem gjörningi á Alþingi. Ég er hins vegar í hópi þeirra sem telja að við komumst ekki fram hjá því á meðan sá samningur er í gildi að vita af honum og eftir atvikum taka tillit til hans eða lýsa okkur frá honum í einstökum atriðum sem ekki hefur verið gert hingað til. Það er möguleiki, virðulegur forseti, eins og sagt mundi vera á strákslegu máli, að gefa frat í ákvæði Evrópuréttarins og láta reyna á öryggisákvæðið sem samningurinn gerir ráð fyrir. En það hefur aldrei verið á það ráð brugðið hér og það er heldur ekki uppi í sambandi við þetta mál.

Af því að ég nefni Evrópuréttinn þá hefur ýmislegt borið við í sambandi við það mál sem er með nokkrum ólíkindum, virðulegur forseti. Hér kom sendiboði ríkisstjórnarinnar í heilbr.- og trn., hv. þm. Tómas Ingi Olrich, áheyrnarfulltrúi í heilbr.- og trn., og lýsti þeirri skoðun sinni, — þetta er raunar um leið hv. formaður utanrmn. þingsins — lýsti skorinort því sjónarmiði í ræðu hér á liðnum degi að heilbrigðissviðið félli ekki undir Evrópuréttinn og af þeim sökum gætu menn gengið fram í þessu máli, m.a. að því er varðar einkarétt og samkeppnissjónarmið, mismunun o.s.frv., eins og Evrópuréttinn varðaði ekki þetta mál, væri ekki til í samhengi við þetta mál, snerti það ekki. Ég veit ekki hvort hæstv. heilbrrh. deilir sömu skoðun og hv. talsmaður ríkisstjórnarinnar og hv. varaformaður heilbr.- og trn. Það hefur ekki komið fram beinlínis en það er auðvitað nauðsynlegt að það komi fram við umræðuna hvort það er sjónarmiðið.

Þá spái ég því, virðulegur forseti, að á það muni reyna áður en langt um líður, ef þetta mál verður lögfest, að eitthvað heyrist handan um hafið frá stofnun sem kallar sig Eftirlitsstofnun EFTA, skammstafað ESA, sem öðru hverju lætur til sín heyra ef vart verður við það að ekki sé fylgt eftir evrópskum siðum hér uppi á skerinu og lætur glytta í það sem einhver sagði víst að væru tærnar, en spurt var hvort ekki væru klærnar, sem sagt að menn sýndu aðeins lit á því að gera Íslendingum viðvart að þeir væru að brjóta codexinn. Þetta er út af fyrir sig stórmerkilegt mál sem ég hef ekki orðið var við að fjölmiðlar tækju eftir eins og vert væri, þ.e. að sjálfur formaður utanrmn. lýsir þeirri skoðun á Alþingi að Evrópurétturinn að því er þetta mál snertir komi bara ekki þessu máli við. Það eru stór tíðindi og ég vænti þess að bæði hæstv. heilbrrh. og hv. talsmaður meiri hluta heilbrn., hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, lýsi skoðunum sínum á þessu sjónarmiði því að þetta er kjarnaatriði varðandi málið og mikið af þeim athugasemdum og ábendingum sem fram hafa komið snerta þetta mál. Ef það er uppi að skýr ágreiningur er á milli stjórnarflokkanna í þessu sambandi, annars vegar hjá flokki forsrh. og hins vegar hjá flokki utanrrh., þá snertir það auðvitað málið og framhaldið.

Ég þóttist minnast þess að Alþingi hefði fengið ýmis mál á heilbrigðissviði til umfjöllunar sem væru upprunnin í tilskipunum frá Brussel á undanförnum mörgum þingum. Ég veit ekki hvort hv. talsmaður meiri hluta heilbr.- og trn. minnist þess hins sama, að það hafi borið við, m.a. varðandi starfsstéttir á heilbrigðissviði svo að dæmi sé tekið. Ég ætla

ekki fara að rekja það efni í einstökum atriðum frekar en minni á að þetta snertir málið verulega.

Í greinargerð okkar með till. til þál. um dreifða gagnagrunna og persónuvernd víkjum við eðlilega að málafylgju ríkisstjórnarinnar og „frumvarpsins". Rakinn er gangur málsins í því efni og þar er fjallað um framhaldið eins og málin stóðu áður en þing kom saman í haust. Frumvarp er sett þarna innan gæsalappa því að þetta var kallað frv. Þó að það lægi ekki fyrir neins staðar í sumar þá var alltaf vitnað til þess sem frv., þ.e. þess vinnuplaggs sem var á netinu frá heilbrrn. og leitað var umsagna ýmissa um. Ég leyfi mér að grípa niður í örstuttan kafla í greinargerð þar að lútandi, með leyfi forseta:

„Um gagnagrunns-„frumvarpið" og hugmyndir ráðuneytisins hefur staðið linnulaus umræða sem ekki sér fyrir endann á, en boðað er að málið verði lagt fyrir Alþingi um miðjan október 1998." — Þetta er sett á blað seint í september sl. — „Allmargar breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu raska ekki megingrundvelli þess og markmiðum. Ólíklegt er því að um það takist sú sátt í þjóðfélaginu sem heilbrigðisráðherra hefur lýst sem forsendu fyrir framgangi málsins. Þar við bætist að ýmis ákvæði frumvarpsins stangast eftir sem áður á við alþjóðasamþykktir sem Ísland hefur heitið að virða og ekki verður auðveldlega bætt úr.

Einstök atriði í útfærslu málsins eru afar óljós og gætu reynst örðug í framkvæmd. Þetta á meðal annars við um aðgengi rekstrarleyfishafa að upplýsingum frá heilbrigðisstofnunum. Rekstrarleyfishafi á samkvæmt ákvæðum í greinargerð með frumvarpsdrögum ráðuneytis að gera „samninga við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um flutning upplýsinga úr sjúkraskrám í gagnagrunn á heilbrigðissviði"."

Síðan er vakin sérstök athygli á eftirfarandi sem er sjónarmið varðandi frv. eins og það var til umræðu á liðnu sumri eða liðnu hausti. Þar segir með skáletri, með leyfi forseta:

„Meginannmarkar frumvarps ríkisstjórnarinnar felast í allsendis ófullnægjandi persónuvernd og áhættu sem fylgir miðlægum gagnagrunni, óljósum og óskilgreindum ákvæðum um hvað í hann verði sett, stærð hans og fyrirhugaðri samkeyrslu við erfða- og ættfræðiupplýsingar, og síðast en ekki síst viðskiptalegum forsendum fyrir uppbyggingu hans og rekstri. Þá verður vísindamönnum mismunað gróflega að því er varðar aðgengi að upplýsingum úr grunninum. Verði frumvarpið að lögum getur verið skammt í að „stóri bróðir" berji að dyrum á mörgum heimilum á Íslandi."

Þetta segir svona sem samþjappað álit eins og málin stóðu skömmu fyrir þingbyrjun. En um persónuverndina sem er mikið fjallað um í þáltill. eru leiddir til vitnis sérstaklega tveir fræðimenn, hvor á sínu sviði, sem höfðu lagt orð í belg um málið. Ég sé ástæðu til þess, virðulegur forseti, að vitna til orða þeirra vegna þess að þau eru í fullu gildi varðandi umræðuna eins og hún stendur nú. Sérstakur kafli í greinargerð ber heitið Persónuverndin — tveir fræðimenn hafa orðið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Um gömul gildi á sviði samskipta lækna og sjúklinga og breytt viðhorf vegna tækniþróunar og markaðsvæðingar hefur mikið verið fjallað síðustu áratugi. Hér verður vitnað til ummæla tveggja manna sem á síðasta ári rituðu um þessi efni á alþýðlegan hátt í Úlfljót, tímarit lögfræðinema (2. tbl. 50. árg. ágúst 1997)."

Fyrstur er leiddur fram — og vænkast nú hagur, virðulegur forseti, því hér er reitt fram kaffi á fundinum. (**Gripið fram í:** Viltu sopa?) Skilur ræðumaður nú ekki hvers vegna forseti er undanskilinn þessum veitingum sem fram eru bornar í þingsal. — En fyrst er leiddur fram Þorgeir Örlygsson, lagaprófessor og formaður tölvunefndar, sem segir þar m.a., með leyfi forseta:

„Mönnum er í ræðu og riti tamt að nefna hugtökin upplýsingaþjóðfélag og þekkingarþjóðfélag. Upplýsingar og þekking eru að verða sífellt fyrirferðarmeiri í samfélaginu. Samfara þessu hafa menn gert sér grein fyrir því, að upplýsingar og þekking geta verið markaðsvara, þar með taldar persónuupplýsingar. Framboð á upplýsingum hefur stórlega aukist í seinni tíð, um leið og tækni til vinnslu og framsetningar þeirra hefur tekið stórstígum framförum. Á sama tíma hafa möguleikar manna til þess að nálgast upplýsingar gerbreyst, og nú er svo komið að það er nánast hægt að nálgast hvað sem er, hvenær sem er og hvaðan sem er á afar hraðvirkan og auðveldan hátt.

Hvaða afleiðingar hefur þetta í för með sér," — og það er Þorgeir Örlygsson sem hefur orðið — „er þá eðlilegt að spurt sé. Þetta hefur að mínu viti fyrst og fremst þær afleiðingar, að þýðing réttarreglna, sem vernda friðhelgi einkalífs, mun fara vaxandi á komandi árum. Alþjóðleg þróun á þessu réttarsviði, sem við Íslendingar erum skuldbundnir til þess að fylgja til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar, hnígur öll í þá átt að auka og styrkja persónuverndina að þessu leyti og þar með takmarka svigrúm til skráningar og annarrar meðferðar persónuupplýsinga. Það er verðugt umhugsunarefni, hvort sú stóraukna áhersla, sem stjórnarskráin leggur nú á rétt manna til þess að njóta friðhelgi um einkalíf sitt, hafi ekki þær afleiðingar í för með sér, að jafnan þegar rekast á annars vegar rétturinn til að njóta friðhelgi um einkalíf sitt og hins vegar tjáningarfrelsið þá beri í vafatilvikum að skýra lagareglurnar þannig, að það séu persónuverndin og friðhelgi einkalífs sem gangi framar tjáningarfrelsinu."

Virðulegur forseti. Ég tel vera ákveðinn kjarna sem hérna er settur fram, afar gild sjónarmið inn í umræðuna, sett fram af Þorgeiri Örlygssyni, og væri betur að hæstv. heilbrrh. hefði gert þessi sjónarmið að sínum áður en farið var að fjölfalda eða ljósrita hugmyndir utan úr bæ í stjfrv. til að efna það sem hér er til umræðu. Það hefði verið mjög til bóta ef það hefði verið gert að leggja við hlustir í sambandi við þessi sjónarmið.

Ég leyfi mér jafnframt að vitna til annars fræðimanns og læknis sem er dr. Haraldur Briem, varaformaður tölvunefndar, og gegndi raunar um skeið landlæknisembættinu í forföllum. Hann segir m.a. í sama hefti Úlfljóts undir millifyrirsögninni „Þróun í meðferð heilsufarsgagna, hnignun einkalífsverndar." Það er orðrétt tilvitnun:

„Búast má við átaki á komandi árum við að upplýsingavæða heilbrigðisþjónustuna og að heilsufarsgögn verði varðveitt í rafrænu formi þannig að pappírsgögn hverfi að miklu leyti. Gera má ráð fyrir því að almenningur geti nálgast upplýsingar um heilsufarsmálefni greiðar en áður hefur þekkst og ýmiss konar tölfræðilegar upplýsingar um heilbrigðisþjónustuna verði aðgengilegri. Rafrænar heilsufarsupplýsingar hafa þann kost að vera aðgengilegar fyrirvaralaust þeim sem stunda sjúkling og fjarlækningar verða mögulegar með auðveldari hætti."

Virðulegur forseti. Mikið væri gaman að geta deilt því samkvæmi sem hér er hafið í þingsal. (**Heilbrrh.:** Við erum að einbeita okkur að ræðu hv. þm.) Ég sé að hæstv. ráðherra hefur fært sig á milli bekkja.

„Á hinn bóginn hefur verið bent á að erfitt geti verið að tryggja persónuvernd í rafrænum heilsufarsupplýsingum“ — það er tilvitnun þar í Woodward B Sounding Board og titill sem fylgir þar innan sviga sem ég sleppi að lesa. „Rafrænni sjúkraskrá sem aðgangur er að á netvæddu upplýsingakerfi hefur verið líkt við að handrit, þ.e. handrituð sjúkraskrá, hafi verið gefið út í stóru upplagi. Rafrænni sjúkraskrá í stöðluðu formi er ætlað að vera nákvæm og rétt en í raun sé erfitt að ná þeim markmiðum. Upplýsingar um sjúkling sem auðvelt er að ná fram með rafrænum hætti geta verið úreltar, rangar eða villandi miðað við aðstæður og þannig grafið undan sjálfstæðu mati læknis á tímabundnu ástandi sjúklings.

Fjöldi þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem heimild hefur til að lesa sjúkraskrár hefur farið vaxandi á undangengnum áratugum. Utanaðkomandi aðilar eins og eftirlitsaðilar, greiðendur fyrir heilbrigðisþjónustu og þeir sem skipuleggja heilbrigðisþjónustu telja sig einnig þurfa aðgang að heilsufarsupplýsingum í vaxandi mæli. Einnig má búast við vaxandi ásókn lyfjaiðnaðarins, rannsóknastofnana, tryggingafélaga og fleiri aðila eftir heilsufarsupplýsingum. Ekki fer milli mála að með vaxandi fjölda þeirra sem aðgang hafa að heilsufarsupplýsingum er grafið undan persónuvernd sjúklinga. Afar brýnt er að gætt sé að persónuvernd í að því er virðist óhjákvæmilegri netvæðingu rafrænna heilsufarsupplýsinga. Sé ekki gætt að persónuverndinni verður fyrr eða síðar alvarlegur trúnaðarbrestur milli sjúklinga og heilbrigðiskerfisins sem gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir það gagn sem hafa má af greiðri upplýsingamiðlun sem nýtast á sjúklingum til hagsbóta.“

Ég tel, virðulegur forseti, að margt af því sem hér er sagt séu sannarlega orð í tíma töluð. Vegna þeirra athugasemda sem komu frá æðsta stjórnvaldi í landinu utan forsetaembættisins, frá hæstv. forsrh., varðandi meðferð á heilbrigðisgögnum og fjölmiðlar hentu á loft og töldu sérstakt nýmæli, tel ég að þau sjónarmið hafi raunar verið fram komin einmitt frá vökumönnum í heilbrigðisþjónustunni sjálfri. Þeir hafa auðvitað gert sér grein fyrir því á liðnum árum og eins og kemur fram hjá dr. Haraldi Briem í tilvitnaðri grein þar sem einmitt er hvatt til þess að láta ekki berast af leið, ekki síst þegar til kemur rafræn skráning á upplýsingum og réttilega er minnt á vaxandi ásókn lyfjaiðnaðarins, rannsóknastofnana, tryggingafélaga og fleiri aðila eftir heilsufarsupplýsingum.

Þetta er skrifað, virðulegur forseti, á árinu 1997 áður en nokkurn bauð í grun að þau firn yrðu á Íslandi að borin yrði fram tillaga af ríkisstjórn um miðlægan gagnagrunn. En það mál virðist reyndar hafa verið komið af stað með vissum hætti allnokkru áður þó ekki væri það komið í hámæli.

Virðulegur forseti. Ég tel að eitt af því sem ekki hefur verið gefinn gaumur að af þeim sem báru fram frv., af hæstv. heilbrrh. og ekki heldur af hv. heilbrn. að litast um svolítið út fyrir landsteinana í sambandi við þessi mál og átta sig á því hvernig þar er haldið á þeim. Í þessari þáltill. er í greinargerð sérstakur kafli, virðulegur forseti, um öra þróun á alþjóðavettvangi og það hefði verið þakkarvert, virðulegur forseti, ef heilbrrn. og hæstv. ráðherra hefðu leitast við að setja sig inn í þau mál áður en farið var að taka við skilaboðum utan úr bæ í sambandi við samsetningu á stjfrv. um þessi mál. Ef það hefði verið gert, er ég ekki viss um að málið lægi fyrir eins og hér er.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að vitna til þess sem segir um þá öru þróun hér þó að ástæða væri til. Ég kem kannski að því síðar ef nauðsyn krefur að leiða það fram. En ég vek jafnframt athygli á greinum sem birst hafa um þessi mál m.a. af lögfræðingum og í því sambandi nefni ég þann fjölmiðil í blaðaheimi sem stendur helst undir nafni í landinu nú um stundir, þ.e. Morgunblaðið, sem hefur reitt fram mjög gildar upplýsingar um þessi mál sem taka langt fram flestu því sem fram hefur komið frá Stjórnarráðinu. Satt að segja er mikið áhyggjuefni hversu fátæklegt virðist um upplýsingar og stöðu mála á nýjum sviðum eins og því sem um er að ræða hjá Stjórnarráðinu og hvernig byrgt virðist vera fyrir glugga á þeim bæjum þegar til kastanna kemur. Það virðist einmitt hafa gerst í þessu máli því að auðvitað getur verið að mönnum yfirsjáist og menn eru kannski ekki alltaf að horfa út í heim, það er skiljanlegt. En þegar farið er að nema land á nýjum sviðum er það hygginna manna háttur í heimi sem er að verða æ alþjóðlegri í þróun og samskiptum að litast um, sjá hvað er að gerast í nágrenninu og jafnvel í fjarlægari löndum í sambandi við einstaka þætti.

En þetta var því miður ekki gert og það sem meira er, virðulegur forseti, því var hafnað. Ég veit það ekki af því að við erum að ræða þetta merka og alvarlega mál hvort það er alveg við hæfi að forráðamenn málsins hafi það helst fyrir stafni að setja málþing í þingsal. Ég spyr mig hvort það er sá háttur.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseta þykir það ekki við hæfi og það er meiri truflun að því þegar fáir eru í salnum. Ég bið um hljóð í salnum.)

Ég kem að því, virðulegur forseti, sem tengist þessu sem ég var að reifa að heilbr.- og trn. hafnaði þeirri málaleitan að því er mér er tjáð og það hefur ekki verið vefengt að leita eftir áliti utan lands frá, frá gildum stofnunum eða einstaklingum sem væru metnir að athuguðu máli, bærir til þess eða æskilegt væri að leita til til þess að fá sjónarmið handan yfir haf varðandi þetta mikilvæga mál. Mér er með öllu óskiljanlegt hvernig á því stendur að forusta ríkisstjórnarinnar í heilbr.- og trn. skuli hafa vísað á bug eðlilegri og ég mundi halda sjálfsagðri ósk um að sá háttur væri á hafður og það ekki síst vegna þess að í sjálfu málinu eins og það kom fram á Alþingi var svo sem ekkert að finna sem upplýsti menn um stöðu mála og þróun á alþjóðavísu í þessum efnum.

Ég held að nauðsynlegt sé, virðulegur forseti, til þess að ég rökstyðji mál mitt að þessu leyti, að ég komi aðeins á framfæri því sem þarna gerðist í nefndinni í nóvembermánuði sl. Nefndinni var kynnt hugmynd sem reidd var fram frá aðila sem hafði samband við einn nefndarmanna með beinni ábendingu um það til nefndarinnar hvernig unnt væri að standa að slíkri ósk og hvert væri hægt að leita. Nú er ég ekki að segja að sá hinn sami hafi endilega hitt naglann á höfuðið eða heilbr.- og trn. hljóti að taka við slíkum hugmyndum og gera þær að sínum án frekari skoðunar, það er ekki mín hugsun. En eftir að hafa farið yfir þá tillögu eða þá hugmynd sem þarna var um að ræða finnst mér að þar hafi verið vel rökstudd sjónarmið og prýðishugmynd sem ég hefði í sporum nefndarmanna verið reiðubúinn að gera að mínum í öllum aðalatriðum til þess að bæta úr þeim skorti á upplýsingum og sjónarmiðum utan að varðandi málið.

Þetta er, virðulegur forseti, eitt það sérkennilegasta í þessu máli að mér finnst að menn skuli byrgja fyrir alla glugga í þessum efnum og vilja sem minnst af alþjóðasamfélaginu vita í sambandi við málið. Það kann ekki góðri lukku að stýra ef þannig er unnið. Látum vera að menn sniðgangi samninga sem Ísland hefur skuldbundið sig að fylgja. Það gerist þá ekki annað en að gerðar verða athugasemdir og

menn þurfa að taka tillit til þeirra eftir atvikum. Hitt er miklu alvarlegra að reyna ekki að átta sig á stöðu málsins miðað við alþjóðlega þróun og sjónarmið. Þá gætu menn áreiðanlega leiðrétt ýmislegt sem á eftir að hitta menn fyrir þegar fram líða stundir ef reynt verður að lögfesta málið. Ég vænti þess að talsmaður meiri hluta heilbr.- og trn. skýri rækilega fyrir okkur í þinginu hvers vegna svona var haldið á máli, hvers vegna ekki var orðið við svo sjálfsagðri beiðni.

Það er svo margt í þessu máli sem sýnir okkur að þörfin á að hafa veður af því sem er að gerast á erlendum vettvangi á þessu sviði er mjög knýjandi. Af þeim sökum hefði verið heillaráð að afla slíkra álitsgerða.

Mörg önnur grundvallaratriði snerta málið sem ekki var reynt að líta til. Ég tel að það hefði átt að nota tímann til þess, alveg sérstaklega vegna þess að það skapaðist ráðrúm við frestun málsins í vor til þess að átta sig á veikleikunum í byggingunni, veikleikanum í stjfrv. sem þá var dregið í land með í bili. Ég hef ekkert legið á þeirri skoðun minni að af hálfu forustu heilbr.- og trn. hafi menn þá vanrækt að leggja niður fyrir sig hvaða svið þyrftu betri skoðunar við og hvernig menn hefðu átt að nýta sumarmánuðina á vegum nefndarinnar til þess að afla álitsgerða og fara yfir með aðstoð Alþingis, Stjórnarráðs og margra fleiri, þau mörgu álitaefni sem hlutu að blasa við mönnum ef þeir hefðu leitt hugann að því.

Það sem gerðist hins vegar var að hæstv. heilbrrh. samdi síðla í apríl, undir lok aprílmánaðar, við forustuna í heilbr.- og trn. um að taka málið aftur til sín og síðan kom nefndin ekki saman fyrr en komið var vel fram í októbermánuð, sá ekki ástæðu til að hittast og sitja þó þingnefndir allt árið og er ætlast til að þær starfi ef nauðsyn krefur og þeim býður svo við að horfa, einnig í þinghléi. En nefndin var ekki kölluð saman, ekki til þess að átta sig á stöðu málsins eftir að því var frestað og hafði þó forustan í nefndinni skuldbundið sig til þess gagnvart hæstv. heilbrrh. að afgreiða málið, jafnvel lögfesta, a.m.k. að afgreiða það frá nefnd ekki síðar en 20. október. Það er öðrum að þakka en þeim sem að þeim gjörningi stóðu af þingsins hálfu að málið er þó enn til umræðu í þinginu og nýlega komið frá nefnd. Þetta kallast auðvitað ekki að vera á vaktinni, virðulegur forseti, í svo stóru og alvarlegu máli.

Eitt af þeim sviðum sem þurftu miklu nánari athugunar við var allt það sem lýtur að persónuvernd, þ.e. réttarþróun á því sviði, alþjóðlegar skuldbindingar og staða persónuverndar í samhengi við frumvarpssmíðina. Þar er sem kunnugt er ein grundvallarbrotalöm í byggingunni hjá hæstv. heilbrrh. Þær upplýsingar sem reynt hefur verið að halda fram að séu ópersónugreinanlegar eru það ekki að mati þeirra sem fyllsta ástæða er til að taka mark á. Í dagskrártillögunni er vísað til álits og umsagnar tölvunefndar þar að lútandi sem er alveg ótvírætt og styður álit margra annarra og þýðir í reynd að botninn er algjörlega dottinn úr frv. því að á þessari staðhæfingu hvíldi byggingin hjá hæstv. heilbrrh. og lagasmíðin þá um leið og væntanleg lög ef fram ganga. Þarna var auðvitað mikil þörf á að menn vönduðu sig og áttuðu sig á stöðu málsins, en það var ekki gert.

Annað stórt atriði sem ekki hefur verið farið yfir eins og þörf væri á og er skilgreiningaratriði, lögfræðilegt atriði, en einnig hagrænt atriði og varðar reyndar miklu fleiri þætti í málinu og það er umráðarétturinn yfir upplýsingunum í sjúkraskránum. Umráðarétturinn, svo ég segi ekki eignarétturinn, sem er eins og frv. er úr garði gert í andstöðu við lögin um réttindi sjúklinga og afgreiðslu Alþingis á þeim lögum eins og þau voru samþykkt fyrir ekki löngu síðan. Það er með ólíkindum, virðulegi forseti, að í svona stóru máli sé hægt að ganga fram hjá grundvallarþáttum af slíku hirðuleysi og gert er af hálfu meiri hlutans sem ber ábyrgð á málafylgjunni.

Nú er ekki um það að sakast að formaður heilbrn., sem var einnig formaður þegar lögin um réttindi sjúklinga voru afgreidd, er einmitt sá aðili sem túlkaði þá löggjöf á undirbúningsstigi, þ.e. frv., í sambandi við skil heilbrn. á frv. þar sem snúið var frá þeirri stefnu sem þáv. heilbrrh., hinn sami og núverandi, lagði til grundvallar. Það var horfið frá þeirri stefnumörkun að umráðarétturinn væri í höndum heilbrigðisstofnana eins og stóð í frv. hæstv. heilbrrh. Það var fellt út úr frv. og skýring af hálfu nefndarinnar var sú að það væru sjúklingarnir sem hefðu réttinn, að rétturinn væri sjúklinganna. En þessu er engu sinnt. Þetta kemur hér fram eins og þingið hafi haldið við stefnuna sem hæstv. ráðherra lagði til í frv. sem var hins vegar dregið til baka. Þetta er lausung, virðulegur forseti, í lagasmíð. Þetta er virðingarleysi gagnvart lögunum. Þetta er með ólíkindum í svo þýðingarmiklu máli eins og hér um ræðir og eitt af því frauði eða sandi sem þetta frv. hæstv. ráðherra er reist á. Það er hætt við að þessi bygging fái ekki staðist lengi þegar undirstöður eru svo ótraustar.

Einn þáttur hefur mikið verið ræddur og er fyrirferðarmikill, m.a. í nál. 1. minni hluta, sem formaður heilbrn. ásamt öðrum hv. þm. stendur að. Þar er mikið fjallað um stöðu einkaleyfis til rekstrarleyfishafa eins og það er orðað í frv. og þá um leið stöðu málsins í tengslum við samkeppnisreglur. Þetta er auðvitað slíkt grundvallaratriði í samhengi við samninga sem við erum bundin af að menn hefðu átt að nota tímann til þess að fóta sig í þeim efnum. Það þarf ekki stjórnarandstæðinga til að leiða það fram, það hefur verið gert af öðrum, að hér er um að ræða þátt máls sem verður áreiðanlega einn af stóru ásteytingarsteinunum varðandi framhald málsins ef lögfest verður svo augljóst sem það er að þar er stefnt þvert gegn samningsskuldbindingum sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á og á auðvitað að hafa augun á þegar verið er að móta stefnu. En hún gengur að þessu leyti blindandi fram.

Virðulegur forseti. Þetta eru ábendingar mínar um nokkra stóra þætti og vinnubrögð hv. þingnefndar. Miklu meira mætti vissulega um það segja. En þetta er þó það augljóst að hér hafa menn brugðist, finnst mér, að því er varðar málafylgju í nefndinni. Það sjónarmið hlýtur að vera uppi í þinginu að þegar stór mál eru uppi, ný mál og málasvið, að þá sé það verkefni fyrir þingið að taka á því. Menn í þessari stofnun eiga ekki að setja traust sitt á Stjórnarráðið í þessum efnum. Menn eiga auðvitað að hafa eðlilegt samstarf við Stjórnarráðið og ég hef engar athugasemdir að gera við það. En hitt er jafnljóst, að þingið verður að afla upplýsinga sjálft, verður að fylgja málum eftir hvað undirbúning snertir á eigin vegum, og hefur verið að búa sig í þann stakk, m.a. með góðum stuðningi forustu þingsins á mörgum liðnum árum, að treysta þannig eða bæta þannig stöðu þingsins og þingnefnda að þeim sem þar starfa er engin vorkunn að leggja nokkuð á sig til þess að draga fram bæði þekkingu og sjónarmið sem varða mikilvæga löggjöf. Það er hins vegar ekki gert í þessu máli og síðan beinlínis hafnað af hálfu meiri hluta í nefndinni að standa þannig að verki. Þetta átti að vera þeim mun sjálfsagðara þar sem auðsætt var strax og frv. kom

fram að þar hafði ekki verið horft til margra átta varðandi undirbúning. Undirbúningurinn hafði verið vanræktur. Það hafði augljóslega verið tekið við forskrift utan úr bæ frá þeim sem reiddi fram eða sýndi sjóðina og sem er hreyfiaflið í þessu máli og þessari málafylgju allri. Það er til vansa fyrir íslenska stjórnkerfið að þannig skuli staðið að málum, virðulegur forseti.

Ég vil taka það fram, af því að ég ætla að víkja aðeins að hreyfiaflinu í þessu máli svolítið frekar, að ég er ekkert að sakast við fólk utan Alþingis, hver sem í hlut á, þó að reynt sé að koma málum fram gagnvart þinginu eða gagnvart Stjórnarráðinu þess vegna. Það er ekkert sem hægt er að kvarta undan. Það er að gerast víða um veröld og Ísland er engin undantekning í þeim efnum. En hitt á að vera jafnsjálfsagt, að í slíkum samskiptum ber löggjafarstofnuninni, löggjafarvaldinu, að vera á varðbergi og það sama hlýtur að vera uppi varðandi hvaða stjórnvald sem er í landinu. Þar sýnist mér allverulega hafa á skort í sambandi við þetta mál. Það var satt að segja, eins og einhver mundi sagt hafa, rétt skelfilegt, virðulegur forseti, að fylgjast með því hvernig þessum samskiptum var háttað milli ríkisstjórnarinnar, bæði æðri og lægri á þeim bæ, og þess fyrirtækis sem stofnað var á síðasta ári — ég held að ég fari rétt með — eða snemma á þessu ári og varð síðan hreyfiaflið að þessari lagabreytingu sem hér um ræðir. Það liggur við eða mér fannst það bera að þannig að maður fyrirvarð sig fyrir að fylgjast með því sem þar var að gerast. Þannig bar málið að. Þannig svipur var á málinu. Og það veldur auðvitað því að þeir sem a.m.k. telja þetta ekki til fyrirmyndar eru tortryggnir. Þeir fyllast tortryggni þegar auðsætt er að tekið er við forskriftinni hrárri og hún berst inn í þingsali í formi stjfrv. eins og þess sem hér um ræðir án þess að fylla út í þær mörgu eyður sem fylgja og auðsæjar ættu að vera.

Það er nokkuð síðan þetta mál hófst. Aðdragandi þess liggur nokkur ár til baka. Ég hef fengið, virðulegi forseti, gögn í hendur sem bera vott um að þegar á árinu 1995 hafi þeir sem eru í forsvari hjá Íslenskri erfðagreiningu verið farnir að leggja á ráðin um að nota þá möguleika sem menn töldu sig sjá á Íslandi í þessum efnum. Það er athyglisvert að skoða hvernig sú hugsun sem þá var uppi hefur gengið eftir í sambandi við þetta mál. Fyrirtæki sem tengst hafa þessari þróun voru komin í ráðslag við þá sem síðar stofnuðu Íslenska erfðagreiningu um að nýta þá möguleika sem menn töldu sig sjá á Íslandi til að koma upp aðstöðu til að þróa rannsóknir og gera sér mat úr rannsóknum eins og við höfum fylgst með eftir að Íslensk erfðagreining var stofnuð. Án þess að ég fari langt út í þá sálma að þessu sinni er ýmislegt í þeim undirbúningi þess eðlis að full ástæða væri til að skoða málið frekar, átta sig á því hvernig það þróaðist á þeim tíma.

Kannski er rétt, virðulegur forseti, að ég leggi máli mínu til stuðnings fram bréf sem ritað er til Kára Stefánssonar 26. maí 1995 frá fyrirtæki sem heitir Sequana og mér barst í hendur afrit af nýlega. Bréfið er á enskri tungu, enda fyrirtækið með aðsetur í Kaliforníu. Það er sent til þessa vísindamanns, þá að starfi í Bandaríkjunum að ég hygg. Hér er vitnað í samtöl í þessu bréfi sem hugsanlega varða upphaf málsins og eru alla vega einn af steinunum í hleðslunni. Bréfritari er President and Chief Executive, forseti og aðalframkvæmdastjóri, og heitir Kevin J. Kinsells. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að lesa upp enska textann og reyna síðan að endursegja hann í örstuttu máli. Þetta verður aðeins stutt tilvitnun:

„As we discussed, Iceland is perhaps the ideal genetic laboratory since there has been virtually no immigration (lots of emigration, of course); it is of manageable size (200.000 + inhabitants), is an island expected to have many founder effects, has high quality national healthcare — from which we can expect excellent disease diagnosis, has formidable genealogies and the population in Caucasian — of most interest to pharmaceutical companies."

Þessi kafli er sprottin af hugmynd úr samtölum eða frá bréfritara, um það vil ég ekki fullyrða. Hér segir eitthvað á þá leið að eins og rætt hafi verið um væri Ísland e.t.v. sérlega heppilegt sem erfðafræðirannsóknarstofa þar sem ekki hafi verið mikið um innflytjendur til landsins en heilmikið um að fólk flytti brott að sjálfsögðu. Landið er af viðráðanlegri stærð, tilnefnd íbúatala 200 þús. plús, og eyland sem gert er ráð fyrir eða vænta má að hafi marga „founder effects". Þetta er hugtak sem ég var ekki viss um, leit í ágæta orðabók áður en ég gekk í stólinn þar sem fyrir kemur: „founder principle, n. landnemaverkun, óvenjuleg einkenni í genatíðni sem koma fram hjá litlum, einangruðum stofnum og er viðhaldið við innrækt." Það er þessi founder effects sem búast má við á Íslandi.

Ísland er einnig talið búa að góðri heilbrigðisþjónustu og þaðan megi vænta ágætra sjúkdómsgreininga, hafa sérstaklega góða ættfræðigrunna og íbúa af hvítum kynstofni eða eitthvað á þá leið, Caucasian, sem er sérstaklega áhugavert fyrir lyfjafræðifyrirtæki.

Þessi stutta tilvitnun segir margt fróðlegt. M.a. kemur fram kostnaðartalan 12 milljónir Bandaríkjadala sem mig minnir að ég hafi séð annars staðar í tengslum við þetta mál sem kostnaðarlið í einhverjum áætlunum. Ég ætla hins vegar ekki að þreyta þingheim, virðulegur forseti, á frekari tilvitnun í þetta gagn sem mér var sent og ég taldi rétt að benda á svo fyrir lægi að hugmyndin að Íslenskri erfðagreiningu á greinilegar rætur a.m.k. þrjú eða þrjú og hálft ár aftur í tímann og jafnvel lengra. Hið fróðlega í sambandi við þetta er hugsunin að baki sem vísar beint í þá þróun sem síðan hefur orðið.

Nú hef ég ekki rakið hvort þetta fyrirtæki er hluti af ættartré Íslenskrar erfðagreiningar í dag, það skiptir heldur ekki öllu máli. Þráðurinn er kominn þarna og hefur verið spunninn áfram.

Virðulegur forseti. Ég sagði að ég hef ekkert við það að athuga að aðilar utan Stjórnarráðs og Alþingis beri sig eftir fyrirgreiðslu, reglusetningu, lagasetningu og öðru gagnvart Alþingi og ríkisstjórn. Það er altíða en hitt skiptir miklu, að þeir sem við slíku taka séu gagnrýnir jafnframt því að vera velviljaðir þegar möguleikarnir eru metnir. Þetta ágæta fyrirtæki sem talsverðar vonir eru bundnar við af ýmsum og hefur þegar verulega þýðingu í starfi að rannsóknum hér í landinu og auðvitað velkomið sem slíkt, hefur gengið fram svo óvanalega ákveðið í málafylgju sem er nokkuð nýtt fyrir samfélag okkar. Kannski hefur þar verið meira kapp en forsjá á stundum þó ég leggi ekki neitt mat á það. Það getur vel verið að það sé árangursríkt að einhverju leyti en mér sýnist þó að þar sé ekki allt sem skyldi. Um þetta gildir að allur sé varinn góður þegar meta skuli möguleikana eins og þeim er haldið fram af hálfu þeirra sem ætla sér meginávinninginn í málinu. Þetta á bæði við hugsanlegan fjárhagslegan ágóða fyrir samskiptaaðila við fyrirtækið en einnig við uppskeruna úr rannsóknunum.

Í umræðunni áður bar við að ég nefndi í andsvari við einn ágætan þingmann að ekki hefði allt gengið eftir sem fram hefði verið borið varðandi árangur á sviði uppgötvana eða nýrra sanninda varðandi sjúkdóma. Við vonum auðvitað að hægt sé að finna lausnir í sambandi við rannsóknir en þar skiptir auðvitað mjög miklu að trúverðuglega sé á haldið og ekki sé um gyllivonir að ræða. Ég ætla ekki að leiða sérstakar getur að þeim efnum en nefni þetta hér sem þátt í málinu sem mikið er til umræðu í samfélaginu og veldur auðvitað tortryggni.

Við skulum líta á það eins og það er. Það er rekinn mjög eindreginn og óvenjuharður lobbíismi, sem kallað er á erlendu máli, þ.e. mjög ákveðin sókn gagnvart íslensku samfélagi að því er snertir þróunarmöguleika þessa fyrirtækis. Þar er auðvitað skylt fyrir þá sem eiga að taka ákvarðanir að reyna að greina þar kjarna frá hismi.

Dæmi um þetta er sú umræða sem fer fram á meðal heilbrigðisstétta og þátttaka fyrirtækisins í þeirri umræðu. Þar hefur margt komið fram eins og menn þekkja. Hluti þess eru nýleg gögn sem tengjast álitsgerðum og undirskriftasöfnun á meðal lækna. Þar hefur fyrirtækið Íslensk erfðagreining brugðist skjótt við, ég skal ekki segja hversu árangursríkt það hefur verið, með bréfi sem sent var til lækna. Það voru viðbrögð við þeim tíðindum að undirskriftasöfnun væri hafin meðal lækna til þess að koma á framfæri sínum sjónarmiðum. Hið dugmikla fyrirtæki og forráðamenn þess brugðust við með því að reyna að telja mönnum hughvarf og sendi háskólasamfélaginu sams konar erindi til þess að leitast við að byrgja brunninn áður en meira gerðist.

Þarna er að mér sýnist um að ræða sýnishorn af þessari málafylgju sem ástæða gæti verið til að fara yfir þó ekkert sé þar með ólíkindum. Þar er verið að róa fyrir hagsmuni fyrirtækisins en ekki að öllu leyti efnislega rétt að farið. Þar kemur margt fram í staðhæfingum sem hægt væri að gera athugasemdir við.

Það er kannski rétt, virðulegi forseti, að ég vitni aðeins í þetta erindi frá Íslenskri erfðagreiningu dagsett 3. desember, — það er nú ekki eldra en svo — til háskólasamfélagsins þar sem segir t.d. um persónuverndina, sem tengist áliti Lagastofnunar sem einnig á eftir að koma við mitt mál síðar, með leyfi forseta:

„Í álitsgerð um málið unninni í október 1998 komst Lagastofnun að þeirri niðurstöðu að heilsufarsupplýsingar unnar í gagnagrunni á þann hátt sem greinir í frv. séu ópersónugreinanlegar. Þar segir:

Við mat á því hvort upplýsingar í fyrirhuguðum miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði teljist samkvæmt frumvarpinu ópersónugreinanlegar verður að taka tillit til allra þeirra ráðstafana í heild sem frumvarpið mælir fyrir um til að tryggja persónuvernd. Er hér um að ræða dulkóðun upplýsinganna, aðgangshindranir, eftirlit opinberra aðila með rekstri gagnagrunnsins, réttinn til að hafna þátttöku í gagnagrunninum, þagnarskyldu þeirra sem koma að gerð og starfrækslu gagnagrunnsins og allar aðrar ráðstafnir sem gripið kann að verða til. Ef heildarmat á þessum ráðstöfunum öllum leiðir til þeirrar niðurstöðu að persónugreining gagnanna teljist ekki með sanngirni raunhæfur möguleiki án verulegrar fyrirhafnar og mannafla þá eru upplýsingarnar samkvæmt mælikvörðum þjóðaréttar ópersónugreinanlegar.

— Hugmyndir um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði í þeirri mynd sem fram kom í frumvarpinu eru án skýrrar hliðstæðu á alþjóðamælikvarða og því ekki á beinum fordæmum eða sértækri fræðilegri umfjöllun að byggja við þetta mat. —

Eins og frumvarpið er nú sett fram og að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem að framan eru rakin um nánari útfærslu verklags og vinnuferla teljum við að þjóðaréttur standi því ekki í vegi að löggjafinn geti metið það svo að upplýsingar í gagnagrunninum teljist ópersónugreinanlegar."

Svo er þetta botnað af hálfu Íslenskrar erfðagreiningar:

„Eins hefur það verið staðfest af Lagastofnun Háskóla Íslands að frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrá íslenska lýðveldisins, lög um réttindi sjúklinga, mannréttindasáttmála Evrópu né aðrar þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands."

Þetta er kaflinn. Segja má að þessi texti frá Lagastofnun sé talsverð latína en hins vegar er kveðið fastar að orði þegar Íslensk erfðagreining bætir við textann. Þetta er aðeins sýnishorn og fleira er hér sagt eins og um álit siðfræðiráðs Læknafélags Íslands. Það er sérstakur kafli um það í bréfinu með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Álit siðfræðiráðs Læknafélags Íslands byggir á lagatúlkun sem gengur þvert gegn lagatúlkun Lagastofnunar Háskóla Íslands, bæði hvað varðar túlkun á stjórnarskrá, á lögum um réttindi sjúklinga og um mannréttindasáttmála Evrópu. Auk þess er þar vitnað í ýmsar alþjóðlegar samþykktir um erfðarannsóknir sem út af fyrir sig er allra góðra gjalda vert en sem eiga þó ekki við þegar um er að ræða gagnagrunn með heilsufarsupplýsingum. Í niðurstöðu siðaráðs eru læknar hvattir til að taka ekki þátt í gerð gagnagrunns. Verður ekki annað séð en niðurstaða siðaráðs byggi á mjög veikum grunni og því ekki marktæk."

Þetta er hluti af boðskapnum og þetta er glóðvolgt eins og sjá má, fárra daga gamalt og um það sem hér segir mætti hafa nokkuð mörg orð. Ég ætla hins vegar að víkja fáeinum orðum að Lagastofnun Háskóla Íslands vegna þess að mjög er byggt á áliti sem hún sendi inn sem svar við fyrirspurnum frá Íslenskri erfðagreiningu og hefur mörgum orðið tíðvitnað í það álit. Ég ætla ekki að fara að lesa upp úr því, virðulegi forseti. Það er 99 blaðsíður, aðeins, en ég ætla aðeins að gera það form að umtalsefni og þá aðferðafræði sem hér er viðhöfð.

Við sem höfum fylgst með málum á Alþingi þekkjum að fyrir nokkrum árum var heldur erfitt að toga mikið upp úr Háskóla Íslands í sambandi við mál sem voru til umræðu í þessari virðulegu stofnun. Það var, man ég eftir og gæti vafalaust fundið það í skjölum nefnda, sem ég veitti forstöðu í þinginu fyrir nokkrum árum, ekki óalgengt að svör kæmu um það að menn hefðu ekki tíma til þess eða ráð á því, fátækir prófessorar, að vera að tíunda eða lesa á milli línanna fyrir Alþingi eða gefa álitsgerðir. Eftir atvikum höfðu þingmenn, sem töldu sig ekkert ofhaldna frekar en prófessorarnir á þessum tíma, kannski vissan skilning á þessum sjónarmiðum að svona væri tekið í beiðnir sem beint var til háskólans. Þetta breyttist á árunum upp úr 1990 því að þá brugðu menn á það ráð, og ég er ekkert að lasta það út af fyrir sig, vestur á Melum, þeir sem tengjast þeirri virðulegu stofnun sem þar hefur meginsetur, að mynda með sér félagsskap sem heita nú stofnanir og eru orðnar regla þar á bæ að hverju sviði tengist, óbeint þó, virðuleg stofnun sem hengir heiti Háskóla Íslands aftan við sig. Þetta er auðvitað prýðisuppfinning og fellur eins og flís við rass inn í þá þróun sem hefur verið í þjóðfélaginu að menn búa til fyrirtæki, ehf. og allt þetta og selja út vinnu sína. Ég geri ráð fyrir því og vænti þess að þetta hafi orðið mönnum til huggunar og tekjubóta og er ekkert við því

að segja. En það sem er óeðlilegt í málinu, virðulegi forseti, og ég hef gagnrýnt úr þessum ræðustól nokkrum sinnum, er að vera að blanda Háskóla Íslands inn í þessi fyrirtæki. Þetta kemur Háskóla Íslands bókstaflega ekki nokkurn skapaðan hlut við þó að viðkomandi starfsmenn eða viðkomandi aðilar sem standa að þessum stofnunum séu starfsmenn Háskóla Íslands. Þarna eru ekki á ferðinni álitsgerðir frá Háskóla Íslands. Þetta hefur ekkert með akademíu að gera sem þarna er á ferðinni. Þetta hefur það eitt með Háskóla Íslands að gera að það eru starfsmenn, eftir atvikum prófessorar, sem standa að álitsgerðum sem þeir bera ábyrgð á í eigin nafni og margyfirlýst af hálfu háskólans og af hálfu þeirra annarra sem eru í sömu stofnunum að þessi álitsgerð sé á fullri ábyrgð þeirra sem undirrita hana og ekkert meir.

Hér er á ferðinni mjög alvarlegt mál að mínu mati, virðulegi forseti, mjög alvarlegt mál fyrir Háskóla Íslands. Að þannig sé staðið að málum að í nafni hans sé verið að gefa álitsgerðir sem koma háskólanum ekki við en þjóðin heldur, og það þarf ekki langt að leita, að hér sé á ferðinni fræðilegar álitsgerðir sem Háskóli Íslands sé tengdur við eða beri ábyrgð á sem slíkur, virðuleg lærdómsstofnun, æðsta lærdómsstofnun þjóðarinnar sem hefur fengið, sem betur fer reyndar, fleiri til að keppa við á háskólasviði. Ég hef þessa dagana og undanfarnar vikur orðið vitni að því að fólk stendur í þeirri trú að þarna sé Háskóli Íslands að veita álitsgerð. Þetta gengur ekki, virðulegur forseti.

Ég reyndi í gær, það var ekki á nýbyrjuðum þessum degi, að ná í rektor Háskóla Íslands til þess að ræða þetta mál frekar vegna þess að ég ætlaði að gera það að umtalsefni en rektor var ekki viðlátinn þannig að ég sótti ekki neinn fróðleik til hans frekar en ég tel mig alveg þekkja hvernig þetta er til komið og ég mun eftir atvikum gera þetta að sérstöku máli vegna þess að ég tel að þetta snerti Háskóla Íslands og samskipti hans við samfélagið mjög verulega. Við þekkjum að úr málafylgju sem tengist þinginu að leitað hefur verið, ekki til stofnana Háskóla Íslands, heldur til deilda Háskóla Íslands eins og lagadeildar Háskóla Íslands. Það er ekki hún sem talar hér. Það er Lagastofnun, það er verktakafyrirtæki sem starfsmenn við háskólann standa að, ef svo má segja. En ef ég man rétt í sambandi við álitaefni sem var til umræðu þegar EES-samningurinn var uppi gerði sá sem hér talar það að tillögu sinni m.a. að leitað yrði til valinkunnra fræðimanna, þar á meðal að lögfræðideild Háskóla Íslands yrði beðin um að tilnefna í hóp til að meta stöðu EES-samningsins gagnvart íslensku stjórnarskránni. Ekki var farið að því ráði. Valdir voru einstaklingar af hálfu hæstv. utanrrh. eða ríkisstjórnarinnar og settir í málið, sem var ekki rétt vinnuaðferð en það ber að mínu mati að halda þessum reitum aðskildum og umfram allt að gera það gagnvart almenningi. Ég ætla ekki þinginu að sjá ekki gengum fingur í sambandi við þetta. Með þessu, og það segi ég vegna þeirra orða sem féllu í gær í umræðu, er ég ekki að kasta neinni rýrð á álitsgerðir sem þessar stofnanir eða einstaklingar sem hjá þeim starfa senda frá sér. Það er bara allt annað mál. Þær geta alveg verið gildar í því samhengi sem þær eru settar fram á ábyrgð þeirra sem setja þær fram en þær eiga ekki að tengjst nafni háskólans sem lærdómsstofnunar og vísindastofnunar. Það er meginatriði sem ég vildi koma á framfæri og það er nátengt því máli sem við ræðum hér vegna þess að sú álitsgerð sem ég ætla ekki að leggja neinn sérstakan dóm á í máli mínu hér og nú, aðeins að segja að auðvitað skiptir máli hvernig mál eru lögð fyrir þegar leitað er álits. Það segir sig sjálft að sá aðili sem leitar álits hefur auðvitað áhrif á umfjöllunarefnið, um hvað er fjallað, hvað er tekið fyrir, og að því leyti er ekki um neina allsherjarúttekt að ræða á máli heldur er fyrst og fremst verið að bregðast við því sem að er spurt. Umrædd álitsgerð, á 99 blaðsíðum, ber þess auðvitað vitni eða ber vott um og er ég þar með ekki að segja að viðkomandi hafi ekki horft til hliðar hugsanlega og líklega varðandi einstök atriði sem rétt hafi verið að tengja við álit málsins.

Hér er einmitt um að ræða dæmi, virðulegur forseti, vinnubrögð sem ekkert er hægt að gagnrýna en á að taka eins og þau eru. Hagsmunaaðili, í þessu tilviki sem er að sækja á varðandi hagsmuni sína, leitar eftir álitsgerðum og hefur frumkvæði að því og fær álitsgerðir, þær liggja hér sem hluti af málinu, en þingið og þingnefndir hafa ekki gert mikið af því, að því er þetta mál varðar, að leita eftir álitum á forsendum sínum og það er það sem ég tel vera mjög alvarlegt í málinu. Það á að draga að þekkingu, vitneskju, sjónarmið sem víðast og Alþingi Íslendinga á að gæta sóma sínum og vinnubrögðum í þeim efnum.

Við erum stödd á miklum orrustuvelli, virðulegur forseti. Mér dettur það í hug vegna þess að ég er með fyrir framan mig ljósrit úr því merka blaði Die Zeit, sem er virt þýsk vikuritt sem viðstaddir hv. þm. þekkja væntanlega. Ég tel það með áhugaverðari tímaritum þýskum og verð mér ööru hvoru úti um það til aflestrar. Ég er með hér fyrir framan mig nokkrar blaðsíður úr Die Zeit frá 26. nóvember 1998. Það er ekki eldra en það, 12–13 daga gamalt. Þar er einmitt að finna grein sem ber fyrirsögnina „Das genetische Schlachtfeld", orrustuvöllur erfðavísindanna eða erfðanna. Þar er að finna myndir sem eru ekki mjög „Caucasian", svo maður sletti því enska hugtaki, og bera ekki vott um að hinn hvíti kynstofn sé þar á ferðinni. Þetta er mjög fróðleg grein á einum þrem, fjórum blaðsíðum, „Das genetische Schlachtfeld", orrustuvöllur, sem við erum stödd á á Íslandi um þessar mundir. Það vill svo til að Ísland kemur þar við sögu en einnig margt annað. Sem dæmi er undirfyrirsögnin, Íslandi er reyndar ekki til haga haldið í undirfyrirsögn þessarar orrustuvallarfyrirsagnar en bara til að miðla aðeins frekar úr þessu stendur hér: „Israel bastelt an einer Biowaffe", Ísrael er að föndra við líffræðilegt vopn, „die nur Araber töten soll," sem aðeins á að bana aröbum. Getur þetta verið, virðulegur forseti? „Israel bastelt an einer Biowaffe, die nur Araber töten soll." Það skyldi nú ekki vera. „Behaupten Geheimdienstler." Þetta fullyrða leyniþjónustumenn. Ósatt? Óhugsandi? Skýrsla „über die ethnische Genforschung", um kynþáttarannóknir á erfðasviði, „die irgendwann beides liefern könnte", sem einhvern tíma gæti gefið hvort tveggja, lækningalyf og sprengjur. Þetta er undirfyrirsögnin og segir svolítið um innihaldið þar sem er að finna fleiri myndir sem eru nokkuð framandi fyrir okkur, þessa hreinræktuðu hér uppi á skerinu. Og það er einmitt það sem er að gerast, það er hluti af þessum orrustuvelli. Það eru hinir nýju landkönnuðir á sviði erfðafræðinnar sem eru að kemba heimsbyggðina í leit að því fágæta, erfðafræðilega fágæta, skrýtnum litlum kynþáttum. Fólki. Til hvers? Til þess að komast yfir hina dýrmætu erfðavísa og dýrmætu gen og helst að fá á þau einkaleyfi, virðulegur forseti.

Það eru ýmis mjög fróðleg dæmi reidd fram í þessari grein og á hún fullt erindi við Alþingi Íslendinga. Þess vegna væri ráð að fá greinina ljósritaða og láta hana liggja hér frammi því að hún er verulega forvitnileg og fræðandi. Tekið er sem dæmi örríkið Tristan da Cunha með 300 íbúa sem hefur fengið óvænta heimsókn þeirra sem eru að leita að hinu

verðmæta á sviði erfðavísa. Það hefur verið komið fram við þá af þessum landkönnuðum, ég mundi segja á annan hátt en af Spánverjum á sínum tíma þegar þeir fundu Ameríku. Ekki hefur verið gengið fram með sama brandi. Því hefur jafnvel verið heitið að þeir hinir sömu geti átt von á að fá ókeypis lyf þegar búið væri að þróa undralyf á grundvelli erfðavísanna sem þessir nýju landkönnuðir hafa heim með sér úr ferðum sínum.

Svo ber við að auk Tristan da Cunha er vikið að því forvitnilega, skrýtna landi Íslandi þar sem segir, með leyfi forseta, örstutt. Væri ekki ráð að láta það koma á þýsku áður en við reynum að þýða, virðulegur forseti, en aðeins með þínu leyfi:

„Inseln sind wunderbare Fundorte für Genforscher. Auf Island angelt der Genforscher Kári Stefánsson nach Auffälligkeiten im Erbgut seiner Landsleute. Die leben seit Hunderten von Jahren zusammen und können ihre Vorfahren häufig bis zu Erik dem Roten zurückverfolgen." Við skulum ekki hafa þetta lengri tilvitnun: Eyjar eru dásamlegir fundarstaðir fyrir erfðakönnuði. Á Íslandi kastar færum sínum erfðafræðingurinn Kári Stefánsson eftir sérkennum í erfðastofni samlanda sinna. Þeir hafa lifað um aldir saman og geta rakið ættir sínar oft og tíðum til Eiríks rauða.

Síðan er þeirri þróun hér lýst og það er út af fyrir sig ekkert nýtt fyrir okkur nema að þar kemur fram svipað og gagnvart Tristan da Cunha að heitið er svona sem endurgjaldi að Ísland geti notið, gott ef ekki ókeypis lyfja sem spretti upp af þessum dásamlega akri erfðavísindanna þegar búið er að vinna úr málum.

Það er líka fróðlegt mat sem kemur fram í greininni, virðulegur forseti, á því hvert hreyfiaflið er í þessari nýju landkönnun sem erfðafræðingar og sendimenn þeirra standa fyrir. Ég leyfi mér stutta tilvitnun, með leyfi forseta:

„Die „Entrepreneure des Erbgutes", (Der Spiegel) allen voran der amerikanische Forscher und Multimillionär Craig Venter, machen keinen Hehl daraus, daß sie vor allem Geld verdienen wollen." Atvinnurekendur erfðafræðinnar, fremstur í flokki rannsóknarmaðurinn og milljónamæringurinn Craig Venter, draga enga dul á að það eru fyrst og fremst peningar sem þeir vilja hafa upp úr krafsinu. „Es gehe ihnen nicht um wissenschaftliche Erkenntnis, verkündet beispielweise die kalifornische Biofirma Incyte Pharmaceuticals, sondern nur darum, „die gesamte wirtschaftlich relevante Information abzufischen"." Þeir séu ekki á eftir vísindalegri þekkingu, segir t.d. líftæknifyrirtækið Incyte Pharmaceuticals í Kaliforníu, heldur aðeins að ná öllum efnahagslegum upplýsingum eða kemba upp allar efnahagslegar viðeigandi upplýsingar. „Das Patentrecht weist dem Unternehmen den Weg. Rund 1.500 Abschnitte menschlicher DNS sind inzwischen weltweit geschützt; im amerikanischen Patentamt warten weitere 350 Anträge, inklusive einer halben Million DNS-Sequenzen auf Zustimmung. Viel Arbeit für Anwälte und Richter." Leyfisveitingar eða einkaleyfi vísar fyrirtækjunum leiðina. Um það bil 1.500 bútar úr mannlegum kjarnsýrum, DNA, hafa í millitíðinni verið vernduð víða um heim; í bandarísku einkaleyfisstofnuninni bíða frekari 350 umsóknir, þar á meðal hálf milljón „DNS-Sequenzen", ég kann tæpast að þýða það, DNA-sýni eftir leyfi eða jáyrði. Mikil vinna fyrir lögfræðinga og dómara.

Þetta er fróðlegt, virðulegi forseti, sem mat á því hvert hreyfiaflið er og ekki síður hverjar aðferðirnar eru. Það er að komast yfir erfðavísa og ná tökum á þeim með einkaleyfum helst. Jafnframt er rakið í þessari grein, sem mætti vera til umhugsunar, að andstaðan gegn þessum fyrirrætlunum fer vaxandi og ekki síst á meðal þeirra sem eru eftirsóttastir, sem verða fyrir mestu ónæði af þessum sökum. Það þurfi ekki að vera einangraðir þjóðahópar heldur sérstakir erfðahópar eins og þekkt er af gyðingaættum eins og Ashkenazy-ættum gyðinga í Norður-Ameríku sem eru orðnar langþreyttar á sókn í erfðaefni þeirra. Hvort það tengist því sem lesa mátti í undirfyrirsögn þessarar greinar um orrustuvöllinn og erfðasviðið, þ.e. þróun „líffræðilegra vopna" sem bíta aðeins á aröbum skal ósagt látið en óneitanlega dettur manni það í hug.

Hér ber einnig við nöfn sem komu við sögu í bréfi sem ég vitnaði til áðan frá árinu 1995 um fyrirtæki sem tóku þátt í umræðum um erfðafyrirtæki á Íslandi. Þetta er því auðvitað heimur út af fyrir sig, heimur sem vafalaust er ekki mikil fyrirhöfn að verða sæmilega læs á og sem mikil þörf er á fyrir Íslendinga í þeim sporum sem við nú stöndum að kynnast og þekkja. Menn standa stundum í þeirri trú að heimurinn sé mjög stór og erfitt sé að átta sig á megindráttum í mynd sem þessari eða á nýju sviði eins og hér um ræðir. Það tel ég ekki vera rétt þó að margir komi þarna við sögu. Hvert svið hefur sinn eigin heim, starfar eftir sínum lögmálum má segja og það er alveg ómaksins vert og fyllilega á færi Íslendinga að kynnast honum.

Sjálfur get ég nefnt það úr eigin reynslu að á þeim árum sem ég þurfti að setja mig inn í orkumál öðru fremur og orkufrekan iðnað, þá reyndist það ekki vera mjög flókið mál að átta sig á megindráttum á því sviði og af því mátti hafa nokkurt gagn að skynja hvað þar var á ferðinni, eftir hvaða lögmálum þar var starfað.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að tengja þessu máli örstutta tilvitnun í grein sem rituð var í maíhefti Læknablaðsins og höfundur hennar er Jón Jóhannes Jónsson. Hann fjallar einmitt um það sem segja má að komi fram á þessum síðum í Die Zeit með sínum orðum. Þetta er ekki löng tilvitnun, aðalfyrirsögnin er Ógæfumál nái frumvarpið fram að ganga en millifyrirsögn er Virðingu þjóðarinnar setur niður. Þar segir, með leyfi forseta:

„Öllum þeim sem fylgjast með alþjóðlegum fréttum í erfðafræði er ljóst að smáþjóðir og staðbundin þjóðarbrot hafa orðið fyrir miklum ágangi öflugra erfðarannsóknafyrirtækja. Undanfarin ár hafa slík fyrirtæki gengið mjög hart fram í að safna upplýsingum og lífsýnum frá þeim og er frægasta dæmið kannski ásækni fyrirtækisins Sequana Therapeutics á smáeyjunni Tristan da Cunha." — Þarna er hún aftur komin.

„Í rannsóknum sínum gæta fyrirtækin oft ekki að virðingu fólksins sem rannsakað er og það fólk getur átt á hættu að vera brennimerkt sem hópur eða einstaklingar, til dæmis vegna erfðagalla sem er algengari hjá því en öðrum. Einnig njóta hóparnir sem eru rannsakaðir oftast ekki fjárhaglegs ágóða sem felst í slíkum rannsóknum. Þessi skefjalausi ágangur erlendra fyrirtækja hefur leitt til þess að margar þjóðir keppast við að setja lög og reglur til að vernda sinn hag. Í okkar heimshluta urðu Finnar, önnur kjörþjóð til erfðarannsókna, harkalega fyrir þessari ásækni. Frægasti mannerfðafræðingur Finna, prófessor Albert de la Chapelle, kallaði þetta fyrirbæri þyrluerfðafræði. Fulltrúar fyrirtækis lenda í þyrlu, taka blóðsýni og upplýsingar og fljúga burt en eftir situr fólkið án þess að skilja hætturnar samfara þátttöku eða verðmæti upplýsinganna sem það gaf frá sér. Ég held eindregið að við ættum að leita álits vina okkar Finna til að skilja betur um

hvað málið snýst áður en við byggjum eitthvað sem gæti verið gagnagrunnsflugstöð fyrir þyrluerfðafræðingana.

Hérlendis birtist þessi ásælni rannsóknarfyrirtækja í erfðaverðmætin í annarri mynd en eðli málsins er í mörgum atriðum hið sama. Einkafyrirtæki ásælist erfðaverðmæti þjóðarinnar án eðlilegs endurgjalds og spurning er um aðgæslu í vernd viðkvæmra upplýsinga.“

Þetta er merkilegt og sýnir eða staðfestir kannski það sem ég var að reyna að segja, að þessi heimur erfðafræðinnar og þeirra fyrirtækja sem þar eru að verki er kannski ekki eins stór og halda mætti, a.m.k. ekki eins flókið að kynnast honum og ætla mætti og hefði ekki þurft mjög langt að leita fyrir hv. þingnefnd til að fá þar upplýsingar sem að haldi gætu komið til að öðlast betri skilning á því sem hér er á ferðinni.

Virðulegur forseti. Nú stendur svo á að vér erum einir tveir í þingsal. Af vettvangi er horfin hæstv. heilbrrh. og um stund hef ég ekki séð talsmann meiri hluta heilbr.- og trn. og sakna ég þeirra beggja. Ég spyr hæstv. forseta hvað sé til ráða.

(**Forseti** (ÓE): Ætli við verðum ekki að doka við. Báðir þingmennirnir eru í húsi, hafa sennilega þurft að bregða sér frá.)

Já. Það getur borið við, virðulegur forseti, þó ekki hvarfli það að þeim sem hér talar.

(**Forseti** (ÓE): Nei, þetta er misjafnt.)

Virðulegur forseti. Það var minnst í tilvitnaðri grein, sem ég hafði yfir kafla úr áðan, á reynslu Finna í sambandi við erfðafræði og ég ætla aðeins að leyfa mér að leiða fram til vitnis finnskan talsmann sem miðlaði okkur nokkurri vitneskju um stöðu mála þarlendis og veitti jafnframt nokkurt álit á því sem er að gerast á Íslandi. Mér verður til eins og stundum áður að grípa niður í þann fjölmiðil úr blaðaheiminum sem helst verður leiddur fram þegar þarf að fjalla um málin, þ.e. Morgunblaðið. Miðvikudaginn 21. október 1998 gaf þar að líta grein undir fyrirsögninni Finnar vilja bæði gæta persónuverndar og styrkja líftækniðnað. Mig langar til, með leyfi forseta, að vitna til hluta af því sem þar kemur fram í beinu samhengi við það sem áður sagði. Þetta er viðtal við Marju Sorsa, skrifstofustjóra í finnska mennta- og rannsóknamálaráðuneytinu, og sá sem setur það saman er Sigrún Davíðsdóttir. Þar segir í upphafi, virðulegur forseti:

„Lög í líkingu við íslenska frumvarpið um gagnagrunna kæmu aldrei til greina í Finnlandi,“ segir Marja Sorsa, „þar sem þau þjóna hagsmunum þess fyrirtækis, sem fær sérleyfið, en ekki þjóðarinnar.“ — Virðulegur forseti. Getur það verið? Hæstv. heilbrrh. hlýðir á mál mitt. — „Finnum er í mun að styrkja líftæknirannsóknir og líftækniiðnað. Í því augnamiði hyggjast þeir búa vel að grunnrannsóknum í erfðafræði, þar sem reynslan sýnir að líftækniiðnaður sprettur af öflugum grunnrannsóknum.

Finnskir vísindamenn eru í hópi þeirra fremstu í heiminum á sviði erfðafræði, meðal annars sökum góðra rannsóknaraðstæðna heima fyrir. Þar sem Finnar eru stöðugt að huga að rannsóknarmálum sínum hafa þeir einnig fylgst með íslensku umræðunni og þá ekki síst Marja Sorsa. Hún er erfðafræðingur og fyrrum prófessor í erfðafræði, svo hún hefur faglega þekkingu til að fylgjast með umræðunni. Nú er hún skrifstofustjóri í finnska mennta- og rannsóknamálaráðuneytinu og fer með vísinda- og rannsóknamál. Hún situr í aðalráðgjafanefnd um siðfræði í vísindum og nýrri tækni á vegum Evrópusambandsins, á sæti í finnsku vísindaakademíunni og situr í Accademia europea, sem er evrópsk vísindaakademía.

„Einnig þar hefur íslenska gagnagrunnsfrumvarpið borið á góma,“ segir hún, „því þetta er ekki aðeins íslenskt mál, heldur vekur athygli í lífvísindahópum um allan heim.““

Síðan er enn frekar vitnað til hennar starfsframa og ég hleyp yfir það að millifyrirsögn þar sem stendur Finnskar aðstæður misskildar í íslensku umræðunni:

„Í umræðum á Íslandi um gagnagrunnsfrumvarpið hefur komið fram að í Finnlandi séu til gagnabankar, sem líkja megi við fyrirhugaðan íslenskan gagnagrunn, en Marja Sorsa þvertekur fyrir að þar séu nokkur líkindi á ferðinni.

„Ég met mjög mikils“ [segir Marja Sorsa] „vísindastörf prófessors Karls Tryggvasonar, hann er frábær vísindamaður, en einhvers staðar hefur komið upp misskilningur í því sem hann hefur sagt um Finnland og finnskar aðstæður. Meginuppistaðan í þeim grunni, sem hann virðist eiga við, eru sjúkrahússkýrslur, sem ná langt aftur, en sem hefur verið safnað í miðlægan gagnagrunn. Upplýsingasöfnunin gengur út frá aðgerðum, ekki sjúklingum, svo það er til dæmis ekki hægt að sjá hvort ákveðinn sjúklingur, ákveðinn einstaklingur, hefur gengist undir fleiri aðgerðir.

Upplýsingum um sama einstaklinginn er ekki safnað saman á einn stað í skránni.“

Og síðar segir m.a. undir millifyrirsögninni Íslenski gagnagrunnurinn á sér enga hliðstæðu.

„Vísindamönnum ber saman um að gagnagrunnur á borð við þann íslenska feli í sér marga möguleika. „Ég sé þessa möguleika,“ segir Marja Sorsa, „en ég álít gagnagrunn af þessu tagi handan þess sem er mögulegt í því umhverfi, sem við búum í. Líkt og rannsóknarhópar um allan heim hafa margir finnskir rannsóknarhópar komið sér upp gagnagrunnum af svipuðu tagi og sá íslenski, en þá með upplýstu samþykki og á miklu smærri mælikvarða, aðeins með nokkur hundruð einstaklingum í. Mér er líka ljóst að lyfjafyrirtæki vinna að því að koma upp svona gagnagrunnum og fræðilega séð er hægt að koma sér hjá lögum og reglum ef vilji er fyrir hendi.““ — Þetta segir Marja og enn er kveðið um þetta síðar:

„Þar sem Finnar búa í raun yfir svipaðri upplýsinganámu og Íslendingar liggur beint við að spyrja hvort ekki gætu komið upp hugmyndir um að búa til gagnagrunn eins og þann íslenska. „Nei, ég fæ ekki séð að svo verði“ segir Marja Sorsa, „því til þess þyrfti siðferðisvitund almennings að breytast mjög. Fólk verður almennt meðvitaðra um rétt sinn og gerir kröfur til að einkalíf og einkaupplýsingar þess séu ósnertanleg. Um leið ganga lög og reglur í þá átt að vernda þetta.“

Sorsa bendir einnig á að með verndun persónuupplýsinga í huga sé upplýsingasöfnun um erfðafræði líka sérlega flókin viðureignar.“

Fleira er hér þess eðlis, virðulegur forseti, að það ætti heima inni í upplýsingabanka Alþingis. Mér finnst þetta vera lýsandi dæmi um upplýsingar frá nágrannalandi sem hefðu átt að fylgja með í frv. hæstv. heilbrrh. og þar sem það gerðist ekki, þá að vera dregnar fram í þeirri þingnefnd sem hefur verið að fjalla um málið. Ég vek athygli varaformanns nefndarinnar á þessum mjög svo alvarlegu ummælum sem hér koma fram, alvarlegu vegna þess að þau eru álit embættismanns en um leið vísindamanns á þessu sviði sem væntanlega veit hvað um er að ræða og þar sem varaformaður hv. heilbr.- og trn., virðulegur forseti, er vel

kunnugur Norðurlöndum og norrænu samstarfi, þá undrar það þann sem hér talar enn frekar að ekki skuli séð til þess að inn í upplýsingasafn Alþingis og sem hluti af upplýsingum af hálfu nefndarinnar komi vitneskja um tilhögun mála í grannlöndum okkar a.m.k.

Það er mikið sagt hér í fáum orðum sem mætti verða mönnum til umhugsunar þegar þessi ágæti finnski fulltrúi er spurður um það hvort ekki gæti komið til greina eða komið upp hugmyndir um að búa til gagnagrunn eins og þann íslenska og viðbrögðin eru þau sem ég vitnaði til: „Nei, ég fæ ekki séð að svo verði því til þess þyrfti siðferðisvitund almennings að breytast mjög.“

Í lokin segir, með leyfi forseta: „Án þess að vilja skipta sér af íslenskum ákvörðunum segir Marja Sorsa að gagnagrunnur hagnýttur af einkafyrirtæki sé ekki einasta leiðin, sem lítil þjóð eigi kost á til að nýta erfðafræðilega sérstöðu sína. „En það tekur tíma að finna réttu leiðina. Einn augljós agnúi á frumvarpinu er að eitt einkafyrirtæki á að fá einokun á viðskiptafræðilegri notkun upplýsinganna. Ég fæ ekki betur séð en það gangi þvert á evrópsk lög um samkeppni. *Sá agnúi gæti einnig hindrað samstarf fyrirtækisins* við rannsóknarhópa. Það er alveg óhætt að flýta sér hægt í þessu sambandi, því íslenskar upplýsingar eru þegar vel nýttar af rannsóknarhópum og verða það vísast í auknum mæli. Líftæknifyrirtæki taka æ meiri þátt í grunnrannsóknum. Sú stefna er einnig ljós í Evrópu og viðurkennd þar, meðal annars í styrkveitingum úr opinberum sjóðum. En opnar rannsóknir þrífast best í opnu rannsóknarumhverfi og að því ætti löggjafinn að stuðla.““

Greinin er á enda. Ég hef kannski vitnað til rösklega fjórðungs af þessu viðtali. Ég tel það eiga heima í þessari umræðu og í framhaldsskoðun málsins hjá hv. þingnefnd sem mér skilst að ætli að taka málið aftur til umfjöllunar.

Morgunblaðið hefur flutt okkur fleiri upplýsingar um stöðu mála í Finnlandi sem ég ætla ekki að taka langan tíma í að rekja frekar en leyfi mér að vitna til viðtals frá 22. október sl. við Timo Hakulinen prófessor við farsóttadeild háskólans í Helsinki. Hann er tölfræðiprófessor og fjallar um reynslu Finna af dreifðum gagnagrunnum og er margan fróðleik í það að sækja. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Við erum með marga gagnagrunna í Finnlandi og þeir eru á vissan hátt aðskildir. Um er að ræða heilbrigðisgögn, ættfræðigögn og fleira en þess er gætt að safna ekki of umfangsmiklum upplýsingum um sjúkling í hvern grunn. Við teljum betra að tengja upplýsingar úr grunnum en að hafa þær allar á einum stað.

Auk þess er auðveldara að fylgjast með notkuninni og ábyrgðin á örygginu er ekki öll hjá einum aðila.“

Sakna ég nú sjálfstæðs þingmanns úr Sjálfstfl. sem hér tók þátt í umræðunni fyrr á þessum fundi og tortryggði dreifða gagnagrunna umfram miðlæga. Ég er þar að tala um hv. þm. Pétur Blöndal.

Ég vil jafnframt biðja hæstv. heilbrrh., þegar hún kemur í ræðustól næst, að segja álit sitt á þeim sjónarmiðum sem hér koma fram. Tekur hæstv. ráðherra ekkert mark á þeirri reynslu sem þarna er verið að miðla? Virðulegur forseti. Sú spurning vaknar hvort verið geti að menn hafi ekki gefið gaum að því sem fyrir liggur í einu Norðurlandanna utan Íslands í þessum efnum. Staða þessara mála er nokkuð misjöfn milli einstakra Norðurlanda og ekki síst þess vegna hefði verið sjálfsagt og fróðlegt að kortleggja, svo ég noti það tískuorð, stöðu mála á öðrum Norðurlöndum utan Íslands.

Sá sem hér talar stóð að tillögu um dreifða gagnagrunna og hafði hugmynd um stöðu mála í Finnlandi en hafði þá ekki fengið þessar upplýsingar í hendur. Tillagan var sett saman áður en upplýsingarnar birtust í Morgunblaðinu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Ekkert er því til fyrirstöðu að fá gögn úr fleiri en einum grunni og tengja þau saman ef umsóknin stenst sett skilyrði. Geti vísindamaðurinn rökstutt að nauðsynlegt sé að tengja gögnin við kennitölur er hægt að leyfa slíkt.

Yfirleitt eru upplýsingar, t.d. í krabbameinsgrunninum, tengdar við kennitölur en sá sem fær að nota upplýsingarnar kemst ekki í beint samband við gagnagrunninn eða grunnana heldur fær hann aðeins þær afmörkuðu upplýsingar sem hann hefur beinlínis beðið um.“

Þetta varðar þá stöðu sem við erum í, að gera ráð fyrir miðlægum gagnagrunni án þess að nokkuð liggi fyrir um hvað í hann skuli fara og hvað ekki. Þetta er, virðulegur forseti, gersamlega óviðunandi staða og svo hryllileg staða að því verður tæpast með orðum lýst. Menn ganga hér blindandi fram á löggjafarsamkomunni og ætla að senda okkur út í þessa ófæru. Í lokin er hér stutt tilvitnun í sömu grein:

„Að sögn Hakulinens er ekki leyfilegt að umsækjandi veiti öðrum aðgang að upplýsingunum en nefndir eru í umsókninni eða selji þær í hagnaðarskyni „og ég hef ekki enn kynnst óheiðarlegum vísindamanni í Finnlandi“ segir hann. Auk þess sé tilgreint í lögum hve mörg ár gögn megi vera í *vörslu umræddds vísindamanns.*

Tryggingafyrirtæki hafi beðið um upplýsingar en verið hafnað og einkafyrirtæki fái ekki einu sinni aðgang þótt sjúklingur hafi veitt samþykki sitt.“

Svo langt er gengið þarlendis ef marka má það sem hér stendur.

Virðulegur forseti. Víða væri hægt að leita fanga í þessu máli og þó ég hafi ekki haft aðstæður til að fara kerfisbundið yfir eða safna hinu mikla safni greina sem borist hefur og fyrir liggur varðandi m.a. þróun á Íslandi og víðar, er í slíkan banka að leita varðandi sjónarmið og upplýsingar að ótækt er með öllu að Alþingi skuli ekki hafa fyrir framan sig það helsta í þeim efnum, m.a. úr virtum vísindaritum. Margt af því sem þar hefur verið sett á blað undanfarna mánuði varðar beinlínis Ísland.

Ég vil leyfa mér að styðja mál mitt, virðulegur forseti, með greinum um þessi efni en agnúinn er auðvitað sá að þetta er á útlensku og auðvitað ekki auðvelt að snara því hér þannig að trúverðugt sé. Því hneigist maður til að vitna til frumtexta. Hér er t.d. grein úr Science frá 23. október 1998 þar sem fjallað er um „Genomics Research and Human Subjects“, erfðarannsóknir og menn í því samhengi. Þar er margt að finna til leiðbeiningar. Ekki er rætt sérstaklega um Ísland heldur er fjallað um þetta almennt, ekki ósvipað því sem áður hefur komið fram en þó í knöppu og skilmerkilegu máli. Ég leyfi mér aðeins að grípa niður í lok þessarar greinar, virðulegur forseti, þar sem segir:

„In sum, the people whose genetic and clinical data will be essential for the next phase of human genomics research need to be treated not merely as „subjects“ but more as (somewhat limited) partners.“ Fólk sem tekur þátt í þessum rannsóknum ætti ekki að meðhöndla sem hluti heldur sem þátttakendur. „Researchers must recognize that these people have interests beyond safety;“ Rannsóknarmenn ættu að horfast í augu við að þetta fólk hafi hagsmuna að gæta umfram öryggi; „ethicists must recognize that, when well

informed, they have the right to participate even in broadly defined research." Siðfræðingar verða einnig að átta sig á þegar þeir eru vel upplýstir að þeir hafa rétt til þess að taka þátt, jafnvel í rannsóknum þar sem aðeins meginatriðin liggja fyrir. „The goal of this approach is not to prevent research but to prevent research subjects from feeling cheated, powerless, misled, or betrayed." Markmiðið er ekki að koma í veg fyrir rannsóknir heldur að koma í veg fyrir að þeir sem verið er að rannsaka, þ.e. rescarch subject, finnist þeir ekki vera ósjálfráða og sviknir.

Og áfram segir: „More attention should be paid to research subjects wishes because it is the right thing to do, but that attention does have a more tangible value for science." Meiri athygli ætti að veita óskum þeirra sem rannsakaðir eru þar sem það er hið rétta og ekki aðeins vegna þess að athyglin hafi áþreifanlegt gildi fyrir vísindin. „In its absence, scientifically and medically valuable research may be stalled by an increase in politics, in litigation, or, most damningly, in mistrust." Sem sagt, ef ekki er tekið tillit til þessa, þá gætu vísindin og þýðingarmiklar læknisfræðilegar rannsóknir strandað á pólitískri íhlutun og tjónið ekki síður verið skortur á trúnaði. „The still-strong effects of the Tuskegee study on African-Americans' views of medical research provide one frightening precedent." Hin sterku áhrif af Tuskegee-rannsókninni á sjónarmiðum Ameríkana af afrískum uppruna til læknisfræðirannsókna eru eitt hræðilegra dæma sem ættu að verða til aðvörunar. „This new research is too promising to risk a similar fate." Þetta nýja rannsóknarsvið lofar of miklu til að hljóta sömu örlög. „A clear, generally accepted, and fair framework for the relationship with research subjects might impose some short-term costs on researchers, but its absence is both dangerous to researchers and unfair to the people who offer themselves as human subjects." Skýr, almennt viðurkenndur og sanngjarn rammi um samspil rannsókna við þá sem í þeim taka þátt gæti þýtt skammtímakostnað fyrir rannsóknarmenn en ef á það skortir er það bæði hættulegt fyrir þá sem rannsaka og ósanngjarnt gagnvart þeim sem býður sjálfan sig fram til rannsókna.

Ég hef reynt að koma upplýsingunum úr þessu riti til skila við ófullkomnar aðstæður, virðulegi forseti. Ég held að fyllsta ástæða sé til að taka tillit til þeirra. Við stöndum í raun í þeim sporum sem hér eru dregin upp og nálgunin í því máli sem hér er til umræðu er slík að fyllsta ástæða er til að gjalda varhug við þeirri vegferð.

Ég hef undir höndum mikið af slíku efni þó ég eins og fram kom hafi ekki lagt mig fram um að halda öllu til haga sem ég hef frétt af nú síðustu mánuði. Sumt af því hefur verið þýtt á íslensku eins og er að finna í grein úr Science sem ég var að vitna til. Það mætti líka benda á nýlegan leiðara í New Scientist sem fjallar sérstaklega um gagnagrunnsmálið en ég ætla, virðulegur forseti, ekki að reyna að koma því til skila við þessar aðstæður þó þörf væri á. Ég vil aðeins hvetja heilbr.- og trn. til, vegna þess að varaformaður nefndarinnar er meðal okkar, að koma þessum upplýsingum, því sem aðgengilegt er og hlýtur að liggja fyrir einhvers staðar í gagnasafni þingsins, til skila. Velkomið er að miðla því sem sá sem hér talar hefur handa á milli. Það gæti orðið mönnum til einhvers stuðnings við að móta stefnu í þessu þýðingarmikla máli.

Ég nefndi, virðulegur forseti, nýlegan leiðarar í New Scientist þar sem sérstaklega væri fjallað um Ísland. Sá leiðari ber fyrirsögnina „Swimming or drowning", að synda eða sökkva. Þar er vikið að Íslandi með mjög sterkum aðvörunarorðum. Þetta er aðeins sýnishorn af því sem skrifað er um stöðu okkar úti í löndum án þess að við hlustum. Við lokum gluggum og skilningarvitum þegar síst skyldi þegar þessi mál eru til umræðu.

Mér er ljóst, virðulegur forseti, að margir þeirra sem komið hafa á framfæri aðvörunarorðum til Alþingis og hafa beint til okkar áskorunum um að rasa ekki um ráð fram í þessu máli, er fólk í fullri snertingu við þessa alþjóðlegu umræðu. Það ætti að vera hvatning til okkar til að taka mark á þeim aðvörunarorðum sem birtast okkur m.a. í löngum listum undirskrifta frá læknum, vísindamönnum og almenningi sem birtust m.a. í Morgunblaðinu 6. desember, það er nú ekki eldra. Þar var áskorun um að heilsufarsrannsóknir fylgdu íslenskum og alþjóðlegum siðareglum. Þar eru leikir og lærðir, langur listi af fólki sem beinir þessari áskorun til okkar. Mér finnst við þurfa að átta okkur á því að þetta eru ekki undirskriftir sem til eru komnar frá fólki sem ekki hafi mótað sér skoðun. Auðvitað kann að vera að menn setji nafn sitt út frá tilfinningu eða án þess að hafa kynnt sér mál rækilega, ég fullyrði það ekki, en á heildina litið tel ég þetta tilkomið vegna þess að viðkomandi þekki til mála og átti sig á því hvað hér um ræðir. Undirritaðir eru að miðla Alþingi sjónarmiðum sínum og okkur ber að staldra við og taka tillit til hinna sterku ábendinga sem þar er að finna.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fjalla meira um þennan þátt málsins þó brýn þörf sé á að undirstrika þetta sérstaklega. Ég ætla hins vegar að snúa að þeim álitsgerðum sem liggja fyrir frá fulltrúum í heilbr.- og trn. sem hafa skilað áliti til þingsins. Fyrir okkur liggja þrjú nál., frá meiri hluta og tveimur minni hlutum. Jafnframt hafa farið fram umræður um þessi nál. sem ástæða er til að staldra við og líta frekar á.

Fyrst er til að taka, virðulegur forseti, nál. meiri hluta heilbr.- og trn. Við erum svo heppin nú í upphafi þessa dags, það reyndar er komið fram yfir óttu, að varaformaður heilbrn. sem hafði framsögu fyrir meiri hluta heilbr.- og trn. er hér meðal okkar. Ég ætla að víkja að nokkrum þáttum sem snerta þá álitsgerð.

Meiri hlutinn hefur sett fram nokkrar brtt. og telur að með því hafi frv. verið lagfært. Að mínu mati skortir verulega á að það skipti máli og sumt kannski ekki til bóta þó að ýmislegt sé til lagfæringar miðað við að lögfesta ætti frv. Ég geng því út frá brtt. þegar ég ræði álit meiri hlutans. Í brtt. við 4. gr. er ný málsgrein sem á að bætast við, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðherra og rekstrarleyfishafa er heimilt að semja um frekari greiðslur í ríkissjóð og skal þeim varið til eflingar heilbrigðisþjónustu, rannsókna og þróunar."

Mikið hefur verið gert úr brtt. sem þarna er á ferðinni. Mér finnst sitthvað hafa verið ofmælt í sambandi við efni hennar. Það sem hér er sett fram skaðar auðvitað ekki en mér sýnist að tryggingin fyrir því að þetta gangi eftir sé ekki traust. Um þetta segir í skýringum:

„Ætlunin með breytingunni er að unnt sé t.d. að semja um hlutdeild ríkisins í ágóða af rekstri gagnagrunnsins þar sem ríkið hefur lagt til frumupplýsingarnar sem gagnagrunnurinn byggist á. Hér er ekki um skattlagningu að ræða heldur heimild ráðherra til að semja við rekstrarleyfishafann um frekara endurgjald."

Hér er um heimild að ræða. Þessu fylgir enginn bókaður samningur enda ekki búið að úthluta formlega rekstrarleyfi

til eins eða neins þó ljóst sé hver hreppa skuli hnossið. Ég sé ekki það hald í þessu ákvæði að mikið sé með það gerandi í þeirri stöðu sem málið er hér þó ekki sé heimildin til skaða. Ég ítreka að ég tel þarna ofmælt í sambandi við þýðingu þessa ákvæðis eins og um það er búið í brtt. og greinargerð með áliti meiri hlutans.

Mikið hefur verið rætt um 7. gr. þar sem um er að ræða brtt. sem ekki lætur mikið yfir sér, a.m.k. fljótt á litið, þar sem brtt. er við d-lið. Reyndar eru þar fjórir liðir, a, b, c og d. Ég geri eingöngu að umtalsefni d-liðinn þar sem segir:

„*d. Orðin „og heilsufarsupplýsinga“ í 6. málsl. 2. mgr.* falli brott.“

Þetta virkar ekki stórt fyrr en málið er skoðað eins og ég leyfði mér að gera, sérstaklega í ljósi viðbragða formanns heilbr.- og trn. sem hafði um þetta efni allstór orð í umræðunni í gær þegar hann mælti fyrir áliti og kom það líka fram í andsvörum. Eftir athugun málsins sýnist mér að hér gæti legið allstór fiskur undir steini. Það er kannski rétt að vitna beint til ummæla formanns nefndarinnar um þetta efni. Ég gríp niður í útskrift úr ræðu formanns heilbr.- og trn. þar sem segir:

„Eftir því sem ég hef skoðað þetta mál hef ég sannfærst meira og meira um“ — hv. þm. Össur Skarphéðinsson mælir svo — „að allt of mikið vægi er lagt á dulkóðunina og eftir þær breytingar sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir lét vera að geta sem felast í tillögum meiri hlutans þá er í rauninni búið að svipta helmingi þess gildis sem dulkóðunin hafði algerlega í burtu og það kom ekki eitt einasta orð fram um það hjá hv. þm. hvers vegna það var gert, þ.e. hv. þm. sagði að frv. væri villandi, en hún gat þess hvergi né skýrði hún að sú meginbreyting er nú gerð á frv. að heilsufarsupplýsingar eru ekki lengur geymdar á dulkóðuðu formi í gagnagrunni eins og segir þó á tveimur stöðum í frv. að eigi að vera og kemur fram í greinargerð sem Hákon Guðbjartsson, tölvusnillingur Íslenskrar erfðagreiningar, sendi SKÝRR að yrði líka. Með öðrum orðum er verið að svipta burt a.m.k. einni af mikilvægum stoðum sem skotið var undir frv. á haustdögum og öll umræða gagnrýnendanna hefur m.a. tekið mið af því að þessi mikilvæga stoð væri undir frv.“

Virðulegur forseti. Hér er sem sagt breyting á ferðinni og það virðist sem nefndin hafi ekki tekið á þessu máli sameinuð heldur hafi þessi breyting verið gerð án þess að formaður heilbr.- og trn. áttaði sig á því hvað væri á ferðinni eða það hefur verið gert eftir að umfjöllun var lokið í nefndinni. Það liggur ekki fyrir með óyggjandi hætti svo ég geti fullyrt um það en hef þó orð framsögumanns meiri hluta nefndarinnar fyrir því að þetta hafi verið gert og hv. þm. talið að sammæli væri um að þessi breyting yrði gerð. Það tel ég mig hafa lesið úr máli hennar, virðulegur forseti.

Ég fór svo að líta á frv. með tilliti til þessa og þá get ég ekki annað en tekið undir með formanni nefndarinnar að mér sýnist að hér sé brugðið á mjög sérkennilegt ráð, svo ekki sé meira sagt, miðað við texta frv., og hef nú ekki farið í að kynna mér framsöguræðu hæstv. ráðherra fyrir því, því að þar kann að felast meira en stendur í frv. en hægt er að bæta úr því við hentugleika. Það er sem sagt 7. gr. frv. sem er þarna undir og þessi breyting er ekki stór í orðum talið, það er síðasta málsgrein, eins og ég kalla það, málsliður er það víst nefnt á þingtækniáli, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Tölvunefnd skal annast frekari dulkóðun persónuauðkenna og heilsufarsupplýsinga með þeim aðferðum sem hún telur tryggja persónuvernd best.“

Hér er verið að taka út orðin „og heilsufarsupplýsinga“, og eftir stendur þá málsgreinin þannig:

„Tölvunefnd skal annast frekari dulkóðun persónuauðkenna með þeim aðferðum sem hún telur tryggja persónuvernd best.“

Hvað stendur í skýringum við greinina? Það er rétt að hyggja að því. Þar hefst skýringin á því sem var allnokkuð til umræðu í þessu samhengi en varðar annan þátt málsins, þ.e. að aðeins megi taka inn í gagnagrunn upplýsingar úr sjúkraskrám. En ég kem að því síðar í máli mínu, virðulegur forseti. *Það sem við erum hér að ræða er lokamálsgrein greinarinnar* þar sem verið er að taka út orðin „og heilsufarsupplýsinga“. Nú skulum við sjá hvað sagt er í skýringum með greininni um þetta atriði. Ég leyfi mér, samhengis vegna, að lesa kannski ögn lengra, lengri kafla en beinlínis varðar þessa málsgrein einangraða. Byrja sem sagt við greinaskil þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þá er sérstaklega tekið fram að starfsmenn viðkomandi stofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna skuli búa upplýsingarnar til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði og er það í samræmi við tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins R(97)5, um vernd heilsufarsupplýsinga. Tekið er fram að starfsmenn heilbrigðisstofnana skuli annast dulkóðun heilsufarsupplýsinga og persónuauðkenna. Dulkóðun persónuauðkenna skal vera dulkóðun í eina átt, þannig að ekki verði unnt að rekja upplýsingarnar til baka til tiltekins einstaklings með greiningarlykli. Með slíkri dulkóðun og frekari öryggisráðstöfunum, svo sem aðgangstakmörkunum, sbr. 2. mgr. 10. gr., á að vera tryggt að starfsmenn rekstrarleyfishafa fái aldrei persónugreinanlegar upplýsingar.“ — Þetta er nú sú latína sem kemur fyrir lítið, virðulegur forseti, samanber umsögn tölvunefndar, en það er innskot mitt. — „Tölvunefnd skal síðan annast frekari dulkóðun persónuauðkenna og heilsufarsupplýsinga með þeim aðferðum sem hún á hverjum tíma telur tryggja persónuvernd best. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fól hugbúnaðarfyrirtækinu Stika ehf. að gera tillögur um dulkóðun (fskj. VI, minnisblað um feril upplýsinga frá heilbrigðisstofnun í miðlægan gagnagrunn, Stiki ehf., 29. september 1998). Gert er ráð fyrir að dulkóðun skuli a.m.k. vera jafnörugg og sett er fram í fyrrgreindri tillögu Stika ehf.

Gert er ráð fyrir að sömu reglur gildi um flutning upplýsinga úr sjúkraskrám látinna.

Um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám fer að öðru leyti samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga, læknalögum, lögum um heilbrigðisþjónustu og lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Reglur um aðgang annarra en rekstrarleyfishafa að upplýsingum úr sjúkraskrám verða því óbreyttar. Upplýsingarnar ættu hins vegar að verða mun aðgengilegri þegar samræmd upplýsingakerfi eru orðin til á heilbrigðisstofnunum, en skv. 7. tölul. 1. mgr. 5. gr. skal m.a. tekið tillit til þarfa vísindamanna við gerð þeirra.“

Þetta eru skýringarnar sem geta tengst þessari breytingu, virðulegur forseti, eins og ég les í málið. Greinilegt er af þessum skýringum að gert er ráð fyrir því að efnislegt og gilt atriði sé á ferðinni. Nú hef ég ekki haft ráðrúm til þess að kanna lögfylgjur þess að þessu er breytt þannig en ljóst er að formaður nefndarinnar les mikið í málið og telur að hér sé verið að kippa verulega grunni undan því sem ætlað er að vera persónuvernd í samhengi frv. og er því um að ræða mál sem óhjákvæmilegt er að verði skoðað, og satt að segja afar sérkennilegt hvernig þetta birtist okkur hér.

Annað sem tengist síðan breytingum og er best að styðja sig áfram við brtt. nefndarinnar, virðulegur forseti. Það eru breytingar við 10. gr. svohljóðandi:

„Á eftir fyrri málslið 2. mgr. komi tveir nýir málsliðir er orðist svo: Rekstrarleyfishafi skal móta verklag og vinnuferli sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar til að tryggja persónuvernd við samtengingu ættfræðiupplýsinga við aðrar upplýsingar í gagnagrunninum. Um samtengingu upplýsinga í gagnagrunninum við aðra gagnagrunna fer samkvæmt ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga."

Hér er, virðulegur forseti, aukið við tveimur nýjum málsliðum og náttúrlega er um mjög skýra efnislega breytingu að ræða. Verið er að lögfesta atriði sem var ekki að mér sýnist kveðið skýrt á um í sjálfu frv. og þar á meðal um samtengingu upplýsinga í gagnagrunninum við aðra gagnagrunna. Í máli formanns heilbr.- og trn. kom skýrt fram að hann teldi að verið væri að svíkjast aftan að sér, ég veit ekki hvort ég á að segja nefndinni, hér væri um að ræða mikla efnislega breytingu þar sem 7. gr., sem fjallaði um hvaðan upplýsingar væru fengnar, gerði ekki ráð fyrir öðrum erfðafræðiupplýsingum inn í miðlægan gagnagrunn en upplýsingum sem fengnar væru úr sjúkraskrám. Um það segir í sjálfu frv., það hef ég kannað, virðulegur forseti, í sjálfu frv. stendur ekki, er ekki útfært að um aðrar upplýsingar varðandi ættfræði og erfðafræði sé að ræða þó að ég hafi haft á tilfinningunni varðandi málið að svo væri, og kann að vera að það komi annars staðar fram.

En best er að láta formann heilbr.- og trn. tala í því máli — ég held að ég hafi það handbært sem um það var fjallað — það kom í öllu falli, virðulegur forseti, mjög skýrt fram að það kom aftan að hv. þm. og ég veit að hv. framsögumaður meiri hlutans kannast við að þarna væri verið að útvíkka lagaheimildir í sambandi við hvað inn í grunninn mætti fara.

Mér hefur láðst að merkja við það úr alllangri ræðu þannig að ég ætla ekki að tefja tímann á því að leita lengi að því en kannski er það hér, virðulegur forseti. Hér segir í andsvörum þar sem framsögumaður 1. minni hluta kemur að máli:

„Herra forseti," — segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson. — „Það sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir segir um aðskilda grunna sem eru í sama miðlæga gagnagrunninum þá getur vel verið að það sé hagfelld aðferð og það getur vel verið að hún sé gerleg. En hún er bara ekki í samræmi við anda frv. vegna þess að það er alveg skýrt hvernig þessi grunnur er upp byggður. Það segir alveg skýrt í greinargerð með frv. að í grunninn fari engar upplýsingar aðrar en þær sem koma úr sjúkraskrám og það er grunnurinn. Allt annað tilheyrir bara einhverjum öðrum grunni og hvort sem það getur verið í vörslu eða eigu rekstrarleyfishafa. Það er allt annað mál. En það gilda sérstakar reglur núna um samkeyrslu við ættfræðigrunninn og almennar reglur um samkeyrslu við öll önnur gögn eins og t.d. sakaskrá, fjárhagsupplýsingar og erfðafræðilegar upplýsingar sem ekki koma úr sjúkraskránni. Þannig bara er það."

Fleira spannst út af þessu máli sem ég ætla ekki að leita uppi í orðræðum milli þessara hv. nefndarmanna. Greinilegt er að þessi breyting á 10. gr. og túlkun sem uppi er höfð af hálfu formannsins snertir málið efnislega og hefur sýrt samkomulagið á milli meiri hluta og 1. minni hluta sem hafa þó verið að gæla við að krækja saman í sambandi við efni frv.

Hér segir síðan, virðulegur forseti, og það er síðasti þátturinn sem ég ætla að koma að í sambandi við brtt. meiri hlutans:

„b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skal setja reglugerð um þverfaglega siðanefnd sem meta skal rannsóknir sem gerðar eru innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem berast. Mat nefndarinnar verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd rannsókna eða vinnslu fyrirspurna."

Um þetta er síðan fjallað nokkuð í skýringum í nál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að við 12. gr. bætist ný málsgrein um þverfaglega siðanefnd. Lagt er til að ráðherra verði gert skylt að setja reglugerð um siðanefnd sem hafi það hlutverk að meta rannsóknir sem gerðar eru innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem gerðar eru í gagnagrunninum. Ráðherra kveður nánar á um í reglugerð hvernig nefndin skuli skipuð og um starfshætti hennar að öðru leyti."

Við þetta vil ég gera nokkrar athugasemdir, virðulegur forseti. Ýmsir hafa talið vinnu nefndarinnar og brtt. það til tekna að þessi tillaga skuli fram komin. Ég man eftir a.m.k. einum ef ekki fleiri ræðumönnum úr stjórnarliði sem tóku sérstaklega undir þetta og raunar fleiri, ef ég man rétt. Ég held að hv. þm. Ágúst Einarsson hafi komið að þessu máli og litist frekar vel á þessa breytingu. En ég get ekki deilt neinum fögnuði með mönnum yfir þessu atriði. Ég tel að það sé með öllu ástæðulaust og ekki vel til fundið að setja heimild og reyndar fyrirmæli af þessum toga inn í frv., í stað þess að byggja á vísindasiðanefnd sem þegar er kveðið á um í lögum. Ég tel að miklu skynsamlegra sé að vísindasiðanefnd hafi umsjón með málum sem varða þennan gagnagrunn eins og önnur mál sem henni er ætlað að fylgjast með og gæta, frekar en að setja upp sérnefnd um þetta verkefni, sem skipuð verði með reglugerð og samkvæmt fyrirmælum ráðherra um skipun og starfshætti. Ekkert liggur fyrir um það hvernig að slíku yrði búið og þar er vald falið í hendur ráðherra sem veitir enga vissu um að um sé að ræða í rauninni óháða umfjöllun. Ég tel miklu skynsamlegra að styrkja vísindasiðanefnd sem starfar á grundvelli laga — reynsla er byrjuð að fást af hennar starfi — í stað þess að setja upp þessa sérstöku nefnd.

Ég tek það fram vissulega að ég hef ekki haft ráðrúm til þess að skoða þetta mál nákvæmlega en mér sýnist, a.m.k. við fljóta skoðun, að þetta sé ekki til bóta þó að fallið hafi orð sem lúta að því að hér sé um einhverja sérstaka styrkingu að ræða á málsmeðferð. Ég fæ ekki séð að svo sé ótvírætt. Það hefði verið hægt að halda sig við vísindasiðanefnd og ætla henni þetta hlutverk því að eftir sem áður er henni auðvitað ætlað verksvið sem skarast á við það sem hér er á ferðinni en skerðir hugsanlega valdsvið og möguleika vísindasiðanefndar og annarra siðanefnda raunar fleiri sem gætu komið að þessu máli og veitt bæði aðhald og fylgst með málum.

Virðulegur forseti: Þetta voru atriði sem snerta þá breytingu og sem ég ætlaði að gera að umtalsefni úr safni brtt. hv. meiri hluta heilbrn. Ég get að vísu ekki alveg á mér setið, virðulegur forseti, um leið og ég leyfi mér að bergja hérna aðeins á vatnssopa, og vek athygli á orðunum „ófjárhagslegt tjón" sem er að finna í nál. meiri hlutans og trúlega fær staðist eða skilst a.m.k. En ég minnist þess ekki að hafa séð lýsingarorðið „ófjárhagslegur" fyrr á prenti þannig að það kemur mér dálítið spánskt fyrir sjónir. Má þó vera að þess finnist dæmi. En þetta varðar bætur, með leyfi forseta:

„Rekstrarleyfishafa er skylt að bæta einstaklingnum fjárhagslegt tjón sem hann hefur orðið fyrir en bætur vegna ófjárhagslegs tjóns koma ekki til álita.“

Virðulegur forseti. Ég ætla að víkja að nál. 1. minni hluta heilbr.- og trn. sem einnig gerir nokkrar brtt. Í álitsgerð 1. minni hluta eru raktar breytingar sem nefndin hefur verið að gera sameiginlega. Þar er m.a. tekið fram að samstaða hafi verið um þessa svonefndu þverfaglegu „siðanefnd sem á að meta allar fyrirspurnir og rannsóknir sem gerðar eru í krafti gagnagrunnsins.“ Þetta er svolítið sérkennilegt orðalag því að talað er um að eitthvað sé „gert í krafti gagnagrunnsins“ og fyrirspurnir voru nefndar úr gagnagrunninum. Þetta er orðið sérstakt persónuígildi samkvæmt þessari orðanna hljóðan.

Í nál. er vikið að heilsufarsupplýsingum, þó án þess að fyrir liggi þessi brtt. Ég ætla að leyfa mér að vitna til þess kafla í nál. sem snertir tengsl ættfræðiupplýsinga og fleira og erfðafræðilegra upplýsinga. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að leggja áherslu á að þetta merkir einnig“ — það er verið að fjalla um hugsanlegar samkeyrslur — „að erfðafræðilegar upplýsingar sem rekstrarleyfishafi vinnur í krafti rannsókna sem gerðar eru með upplýstu samþykki verða heldur ekki samkeyrðar við gagnagrunn á heilbrigðissviði nema uppfyllt séu skilyrði fyrrnefndra laga [þ.e. sennilega persónuverndarlöggjöfin] og heimild tölvunefndar liggi fyrir. Þetta er einnig skýrt tekið fram í 2. mgr. athugasemda um 7. gr. í greinargerð með frumvarpinu en þar segir fortakslaust að ekki sé heimilt að flytja aðrar upplýsingar í gagnagrunninn en þær sem koma úr sjúkraskrám.“ — Hér kemur þetta sjónarmið skýrt fram sem ég var að nefna áðan. — „Jafnframt segir þar að aðrar upplýsingar verði einungis samtengdar heilbrigðisupplýsingum í gagnagrunninum ef uppfyllt eru skilyrði í lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Af þessu leiðir einnig annað mikilvægt atriði sem varðar tengsl ættfræðiupplýsinga og gagnagrunnsins. Augljóst var af máli margra sem komu til fundar við nefndina og mörgum umsögnum, þar á meðal Lagastofnunar, að sá skilningur var útbreiddur að ættfræðiupplýsingar yrðu hluti af miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði. Þessi misskilningur á rót sína að rekja til þess að samkvæmt tilmælum Evrópuráðsins um vernd heilsufarsupplýsinga geta fjölskyldugögn (family data) talist erfðafræðilegar upplýsingar, en samkvæmt frumvarpinu eru þær skilgreindar sem heilsufarsupplýsingar. Sums staðar, m.a. í áliti Lagastofnunar, er álitið að „family data“ feli í sér ættfræðiupplýsingar þó að í fyrrnefndum tilmælum Evrópuráðsins bendi ekkert sérstaklega til að svo sé. Í meðferð heilbrigðis- og trygginganefndar kom hins vegar skýrt fram að nefndin lítur svo á að ættfræðiupplýsingar séu ekki hluti af miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði heldur séu þær staðsettar í sérstökum grunni sem nefndin leggur til, eins og fyrr segir, að verði aðeins samkeyrður við gagnagrunn á heilbrigðissviði eftir reglum sem hafa hlotið viðurkenningu tölvunefndar. Þessum skilningi til staðfestu ber að upplýsa að nefndin var einhuga um að hafna því að orðinu „ættfræðiupplýsingar“ yrði bætt framan við þá skilgreiningu á erfðafræðilegum upplýsingum sem er að finna í sérstakri breytingartillögu meiri hlutans og 1. minni hluti styður. Þetta er nauðsynlegt að taka fram til að skilgreina til hlítar stöðu ættfræðiupplýsinga í frumvarpinu.“

Ég vek sérstaklega athygli á þessu, virðulegur forseti, vegna þess sem áður er fram komið að hér er ekki sammæli heldur virðist sem verulegur ágreiningur sé uppi um heimildir til þess að taka inn í grunninn upplýsingar aðrar en úr sjúkraskrám, einnig ættfræðiupplýsingar. Þessi ágreiningur kom einnig fram í orðaskiptum milli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og Tómasar Inga Olrich sem vék að þessu í sínu máli og taldi að formaður nefndarinnar hefði ekki lög að mæla í sambandi við þetta, að hann túlkaði frv. ekki rétt að þessu leyti.

Ég vil aðeins vitna til þess sem hér kemur fram þar að lútandi, fyrst í ræðu hv. þm. Tómasar Inga Olrichs þar sem segir, með leyfi forseta:

„Það er líka alveg ljóst að þeir þingmenn sem hafa komið fram og sagt að það standi í frv. að engar upplýsingar nema upplýsingar úr sjúkraskrám fari inn í þennan gagnagrunn, hafa oftúlkað textann eða misskilið hann. Að minnsta kosti held ég að það sé afar brýnt að þetta atriði verði tekið til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. og farið verði nákvæmlega yfir það hvernig aðrar upplýsingar en úr sjúkraskrám eigi að finna sér leið inn í þennan grunn. Þegar menn fjalla um það verða menn að gæta þess að tryggja persónuverndina, það er ljóst, það þarf að passa það mjög vel. En menn þurfa einnig að gæta þess, sem er í augum allra þeirra sem vilja koma upp miðlægum gagnagrunni, afar mikilvægt en það er að jafnvægi verði milli þeirra ráðstafana sem gripið er til til þess að verja persónulegar upplýsingar og þeirra ráðstafana sem við gerum til að gera gagnagrunninn sem virkastan.“

Hér endurspeglast þau sjónarmið að jafnvægi þurfi að ríkja og persónuverndin eigi hugsanlega að víkja fyrir öðrum sjónarmiðum, fyrir notagildi grunnsins. Þetta er athyglisverð túlkun.

Síðan fóru orðaskipti fram í andsvörum um þetta efni milli beggja og formaður nefndarinnar sagði m.a., með leyfi forseta:

„Það sem vakti athygli í ræðu hv. þm. er málabúnaður hans varðandi stig frv. Hv. þm. heldur því fram að frv. sé einungis á vinnslustigi“ — það var atriði sem ég vitnaði nú ekki til — „og það þurfi að vinna það betur á milli 2. og 3. umr. Hvað er það sem hv. þm. vill gera? Jú, það kom fram í ræðu hans. Hann vill að við förum betur í það hvernig á að meðhöndla erfðaupplýsingar. Það liggur alveg klárlega fyrir samkvæmt frv., eins og hann las sjálfur upp úr greinargerð á bls. 20, að í þennan gagnagrunn á ekkert að fara nema upplýsingar sem eru í sjúkraskrám. Af því leiðir að engar erfðaupplýsingar fara í gagnagrunninn nema þær sem er að finna í sjúkraskrám. En það kemur fram að hv. þm. vill breyta frv. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hóf máls á þessu í gær og það er alveg ljóst að á milli umræðna ætlar meiri hlutinn fyrir þrýsting frá Íslenskri erfðagreiningu að gjörbreyta meginatriðum frv. og það er óheiðarlegt gagnvart þeirri umræðu sem farið hefur fram í þjóðfélaginu vegna að hún hefur ekki verið á þeim grundvelli.“

Andsvörin halda áfram milli þeirra og ágreiningurinn í þessum andsvörum og formaður nefndarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hnykkir enn frekar á þessum sjónarmiðum sínum og segir í síðara andsvari m.a., með leyfi forseta:

„En hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og hv. þm. Tómas Ingi Olrich eru að opna á það að erfðagrunnurinn sem Íslensk erfðagreining hefur líka undir höndum eigi að vera partur af hinum miðlæga gagnagrunni. Það var aldrei nefnt í umfjöllun nefndarinnar,“ — ég vek athygli á þessum orðum formannsins. — „Það var aldrei nefnt í umfjöllun nefndarinnar, það hefur aldrei verið partur af þeirri víðtæku umræðu sem hefur farið fram í þjóðfélaginu. Með öðrum orðum,

Íslensk erfðagreining er að beita nefndarmenn þrýstingi og beita pólitískum ítökum sínum til að gerbreyta frv. Hún hefur þegar náð einum árangri. Hún hefur náð því fram að búið er að fella aðra meginstoð dulkóðunarinnar úr frv. [þ.e. þetta með heilsufarsupplýsingar] og nú ætlar hún líka að troða erfðagrunninum inn í miðlæga gagnagrunninn. Við sem höfum lagt mikla vinnu í þetta mál höfum aldrei rætt frv. eða gagnagrunninn út frá því. Menn hafa greinilega verið að blekkja bæði nefndina og líka fólkið í landinu þegar þeir hafa verið að hasla umræðunni rangan völl. Og núna á síðustu metrunum á að gerbreyta inntaki frv. og þeim efnivið sem á að vera í gagnagrunninum. Það er óheiðarlegt, herra forseti."

Þetta segir formaður nefndarinnar og enn bregst hv. þm. Tómas Ingi Olrich við með annað sjónarmið og vitnar í Lagastofnun sér til fulltingis og lokaorð hans eru:

„Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að hægt sé að leggja miklu víðtækari skilning í þetta og það beri að leggja þann skilning í þetta."

Það eru lokaorð úr þessari rimmu.

Virðulegur forseti. Ég taldi mér skylt að vekja sérstaka athygli á þessari stöðu málsins. Það er mjög sérkennilegt að það skuli koma svona fram. Nú er ég enginn salómonsdómari í þessu því að ég sat engan fund í þessari hv. þingnefnd, ég hlýddi eingöngu á umræðu hér. Við að heyra þessi orð falla frá formanni nefndarinnar og síðan orð frá sendiboða, sem ég kalla, ríkisstjórnarinnar inni í heilbr.- og trn., hv. þm. Tómas Inga Olrich, fyllist maður nokkurri tortryggni á þá vinnu sem þarna hefur farið fram. Það er mjög langt frá því að vera trúverðugt hvernig þessar túlkanir birtist hér og að það komi fram af hálfu formanns nefndarinnar að ekkert hafi verið fjallað um hugsanlega samkeyrslu sérstakra erfðafræðiupplýsinga eða erfðafræðibanka inn í þennan miðlæga gagnagrunn, slíkt hafi ekki verið rætt í nefndinni.

Það liggur við að ég spyrji: Hvað var nefndin að gera? Hvað var nefndin að gera í störfum sínum ef atriði sem þetta bar ekki við á mörgum fundum með fjölda manns í viðtölum með þetta sem kannski aðalviðfangsefni að átta sig á því hvernig er hugmyndin að þessi gagnagrunnur virki og hvað á að fara inn í hann því ekki veitir frv. mikil svör þar að lútandi. Þetta á áreiðanlega eftir að kalla á umræðu og skýringar og nefndarfundi þar sem kafa þarf ofan í málin og hv. þm. Tómas Ingi Olrich talaði einmitt þannig um frv. eins og skilja mátti af tilvitnun hér áðan, að þar væri margt óunnið og margt þyrfti að gaumgæfa.

Um þennan þátt úr álitsgerð 1. minni hluta, virðulegur forseti, og um aðra þætti nál. mætti út af fyrir sig ýmislegt segja. Þar er um að ræða nokkrar brtt. er varða m.a. skilgreiningar, varða aðstöðu vísindamanna og fleira, og sérstakur kafli er þar að lútandi en það eru ekki sérstakar brtt. Það er tekið fram með svofelldum orðum, með leyfi forseta:

„Fyrsti minni hluti leggur ekki fram að svo stöddu breytingartillögu um að tryggja öllum vísindamönnum aðgang að rannsóknum í gagnagrunninum, en síðar í nefndarálitinu eru tvær leiðir reifaðar."

Síðan er hér að finna, virðulegur forseti, heilan kafla um aðgang vísindamanna og auðvitað má lesa úr því verulegar áhyggjur formanns nefndarinnar, sem er ekki að undra, á þeirri aðstöðu sem vísindamönnum er búin eða ætlað að búa við gagnvart þessum gagnagrunni.

Annars er meginumfjöllunarefni af hálfu 1. minni hluta einkarétturinn sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur gert að einum meginþætti í gagnrýni sinni og í rauninni rétt fram þá gulrót til talsmanns meiri hlutans í nefndinni að yrði fallið frá einkaréttarákvæðinu þá mundi hann skrifa upp á frv. svona í aðalatriðum, kannski eitt atriði til viðbótar sem er eina gulrótin sem hefur komið frá talsmanni meiri hlutans, en það varðar hina svokölluðu aðgengisnefnd sem greinilegt er að hugmyndin er að spila út til huggunar einhverjum milli umræðna. Það má lesa úr málflutningi hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að standi til boða.

En mikið af nál. 1. minni hluta er um samkeppnisstöðuna, er um einkaréttarákvæðið og það sem því fylgir og mismunun gagnvart vísindamönnum að því er varðar aðgengi að upplýsingum úr grunninum. Út af fyrir sig er margt alveg réttmætt sem þar kemur fram í ábendingum frá 1. minni hluta.

Ég ætla, virðulegur forseti, að víkja aðeins að álitsgerð 2. minni hluta, sem ég hef út af fyrir sig ekki miklar athugasemdir við að gera, en sem er mjög gilt álit þar sem tekið er m.a. undir þá tillögu sem sá sem hér stendur er 1. flm. að varðandi dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði, tekið undir þá stefnu. Og tekið undir miklar áhyggjur eða settar fram miklar áhyggjur varðandi stöðu persónuverndar í frv. og vil ég taka undir margt af því sem þar kemur fram. Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að vitna til eins kafla sem varðar persónuverndina í nál. 2. minni hluta, með leyfi forseta:

„Sá þáttur sem hvað mest hefur verið gagnrýndur í umræðunni um þetta mál er persónuverndin. Hún hefur af mörgum verið sögð standa á veikum grunni, ekki síst vegna þess að öll umgjörð frumvarpsins miðast við að í grunninum séu ópersónugreinanlegar upplýsingar. Á þeirri forsendu hefur því verið hafnað af hálfu stjórnvalda að leita þurfi samþykkis einstaklinga fyrir þátttöku í gagnagrunninum og á sama hátt var á þeirri forsendu ekki gert ráð fyrir því í frumvarpinu að vísindasiðanefnd færi yfir rannsóknir þar sem óskað er eftir aðgangi að grunninum. Það er frumskilyrði, áður en reglur um persónuvernd eru ákveðnar, að innihald og notkun grunnsins séu skýr. Þess vegna er brýnt að fyrir liggi áður en frumvarpið er samþykkt hvaða upplýsingar eigi að fara í grunninn og að tilgreint sé hvers kyns upplýsingar megi ekki fara í hann. Ekki hefur enn verið unnt að fá uppgefið á skýran og nákvæman hátt hjá heilbrigðisráðuneytinu hvaða upplýsingar eigi að vera þarna inni og gerir það umræðuna um persónuverndina enn flóknari en ella.

Annar minni hluti dregur stórlega í efa að í grunninum séu eingöngu upplýsingar sem ekki sé hægt að persónugreina og tekur undir álit fjölmargra aðila, m.a. tölvunefndar, um það. 2. minni hluti telur þess vegna óhjákvæmilegt að fara eftir bestu getu eftir þeim meginreglum sem um meðferð persónugreinanlegra upplýsinga gilda þegar rannsóknir eru gerðar á fólki. Það er algerlega óásættanlegt að heilsufarsupplýsingar séu fluttar í slíkan grunn án samráðs við þá einstaklinga sem í hlut eiga. Það er almenn regla þegar um vísindarannsóknir á fólki er að ræða að leitað er samþykkis fólks fyrir þátttöku í slíkum rannsóknum. Ekki er gert ráð fyrir slíku samþykki í frumvarpinu og hefur því verið hafnað af hálfu meiri hlutans, þrátt fyrir að ýmsar hugmyndir hafi verið nefndar í þá veru."

Það er lykilatriði varðandi persónuverndina sem þarna kemur fram og ég vil eindregið taka undir. Á þetta er einnig bent í dagskrártillögu þeirri sem ég stend að ásamt öðrum þingmönnum úr þingflokki óháðra.

Þá segir í nál.:

„Í 8. gr. frumvarpsins hefur verið sett ákvæði sem heimilar sjúklingi að óska eftir að upplýsingar verði ekki fluttar í grunninn og getur slík beiðni varðað allar upplýsingar sem þegar liggja fyrir um hann í sjúkraskrám eða kunna að verða skráðar eða nánar tilteknar upplýsingar. Skylt er að verða við slíkri beiðni og landlæknir skal annast gerð eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggi frammi á heilbrigðisstofnunum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Þótt neitunarákvæði 8. gr. sé til bóta frá því sem var í fyrstu gerð frumvarpsins dugir það of skammt. Bent hefur verið á það, m.a. af Geðhjálp, að slíkt ákvæði dugi lítt til verndar þeim sem vegna geðveiki, ellihrumleika eða annarra sjúkdóma geta ekki tekið slíka ákvörðun. Ekki hefur verið fallist á þá kröfu minni hlutans í heilbrigðis- og tryggingarnefnd að fólk sem vill hætta þátttöku í grunninum geti jafnframt fengið eytt þeim upplýsingum sem um það hafa farið í grunninn, sem þó verða að teljast lágmarksréttindi. Þá hefur einnig verið á það bent að á meðan unnt sé að keyra upplýsingar úr grunninum saman við ættfræðiupplýsingar sé lítill vandi að setja þá einstaklinga sem neita að vera með í grunninn með því að búa til genakort sem grundvölluð eru á ættingjum þeirra og þannig sé neitunin farin fyrir lítið. Þótt margt sé óljóst um möguleikana í þessum efnum er eitt víst að persónuverndina skal tryggja svo vel sem unnt er og ein leið til þess er að leita eftir samþykki fyrir þátttöku."

Þetta segir um þetta mikilsverða atriði sem einnig er að finna í rökstuðningi okkar fyrir dagskrártillögu og frávísun á frv.

Annar minni hluti fjallar í áliti sínu einnig um það stóra gat sem er í þessari gerð að því er varðar stöðu barna, að því er varðar stöðu látinna og mannvernd, persónuvernd, að því er snertir látna einstaklinga, börn og óborna. Í framhaldi af því segir í nál., og ég leyfi mér að vitna til þess:

„Hvað persónuverndina varðar skal það áréttað að hún er að mati 2. minni hluta mun tryggari í dreifðum gagnagrunnum en í einum miðlægum. Ef unnt yrði að persónugera fólk í grunninum og upplýsingar um það yrðu notaðar gegn því væri tjónið ómetanlegt og afsökunarbeiðnir dygðu þá skammt. Það er þetta stóra ef sem margir óttast og þeim mun meiri samkeyrsla sem á sér stað þeim mun meiri er hættan. Aldrei hafa þótt góðir búskaparhættir að hafa öll eggin í sömu körfunni og þar er kannski komin ástæða fyrir því að aðrar þjóðir velja þá leið að byggja upp kerfi dreifðra grunna í stað þess að gera einn miðlægan. Mögulegur vísindalegur ávinningur sem kynni að verða meiri af miðlægum grunni en dreifðum er þá látinn víkja vegna tryggari persónuverndar og slíkar varúðarráðstafanir eru skiljanlegar í ljósi þess tjóns sem getur orðið í kjölfar misnotkunar á upplýsingum sem þessum."

Undir þetta skal tekið enda í fullri samhljóman við tillögur sem undirritaður, sá sem hér talar, hefur borið fram og notar m.a. til rökstuðnings í dagskrártillögu við frávísun á frv.

Annar minni hluti gerir líka ítarlega grein fyrir afstöðunni að því er varðar rannsóknir þar sem ætti að vera frelsi til rannsókna sem skert er samkvæmt frv. og gagnrýnir það harðlega hvernig því er fyrir komið og setur jafnframt fram þá skoðun, m.a. studda af áliti Samkeppnisstofnunar, að þau ákvæði sem lúta að mismunun vísindamanna að því er varðar aðgengi eða upplýsingar úr miðlægum gagnagrunni fái ekki staðist samningsbundnar skuldbindingar Íslendinga, samkvæmt EES-samningnum og e.t.v. fleiri samningum sem við kunnum að vera skuldbundin af.

Ég tel að nál. 2. minni hluta sé vel unnið, vel rökstutt og dragi fram marga af þeim alvarlegu veikleikum sem er að finna í frv. Ég undrast nokkuð að hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir skuli ekki hafa fengið meiri stuðning við þetta álit innan nefndarinnar en raun ber vitni eða frá þeim sem henni standa næst í þinginu í sambandi við afstöðu til málsins. Sú afstaða er í það minnsta óljós. Ef um stuðning er að ræða þá hefur hann ekki komið fram við þetta álit af hálfu annarra þingmanna í þingflokki hennar.

Virðulegur forseti. Ég hef leyft mér að gera nokkur atriði úr nefndarálitum að umtalsefni og bendi á augljósar veilur, það missætti og þær mistúlkanir sem uppi eru og verða að teljast alvarlegar og varða efni frv.

Ég ætla aðeins að víkja að nokkrum atriðum sem snerta önnur atriði í þessu frv., m.a. það sem snýr að siðferðilegum álitaefnum. Þar er um að ræða mörg atriði sem vert væri að gera að umtalsefni. Í þessu máli hefur allt of lítið verið fjallað um þann þátt. Ég tel að siðferðilegu álitaefnin séu eitt af þeim meginefnum sem þurfi að skoða og gera úttekt á í sambandi við erfðafræðilegar rannsóknir, að ekki sé talað um erfðafræðilegar tilraunir, erfðabreytingar og annað af þeim toga.

Svo gott sem það er að við höfum fengið lögfesta vísindasiðanefnd og fengið inn í lög um erfðabreytingar á lífverum sérstaka ráðgjafarnefnd sem á að aðstoða framkvæmdarvaldið, í því tilviki umhvrn., við að meta framkvæmd mála, tel ég að verulega skorti á samhengi og samfellu í málsmeðferð að því er þetta snertir. Ég hef tvívegis gerst flm. að tillögu um að setja á fót sérstakt lífsiðfræðiráð sem fái það hlutverk að reyna að varðveita heildarsýn til þessara mála, að því er varðar erfðafræði og tilraunir og rannsóknir á því sviði. Ég tel afar þýðingarmikið að þar reyni menn að ná sem bestri yfirsýn. Allt sem varðar lífheiminn er skylt, allar þær breytingar, hvort sem um er að ræða menn eða dýr. Plöntur liggja þar aðeins fyrir utan en eru þó af sama meiði. Að mínu mati er því þörf fyrir að sett verði á laggirnar lífsiðfræðiráð, bíóetískt ráð, svo notað sé hugtak sem notað er á Norðurlöndunum yfir slíkar nefndir. Þær eru til nokkuð fjölmennar, t.d. í Noregi, og hafa reynst gagnlegar við málafylgju þar að mér er tjáð. Á þessa tillögu hefur ekki verið fallist enn sem komið er. Hún liggur nú fyrir umhvn. þingsins. En ég leyfi mér að nefna hana hér í samhengi við þetta mál. Samkvæmt tillögunni er henni einnig ætlað að vera samræmingaraðili eða a.m.k að tryggja samtengingu milli þeirra nefnda sem stjórnskipaðar hafa verið svo samfella sé tryggð.

Siðfræðiþátturinn varðar einnig og ekki síst sjálft módelið, sjálfa uppsetninguna á miðlægum gagnagrunni og þá áhættu sem tekin er með slíkri samsöfnun upplýsinga. Að sjálfsögðu er það siðferðilegt álitaefni og þegar þar við bætist mikið magn upplýsinga úr sjúkraskrám og samkeyrsla upplýsinga úr ólíkum áttum, ættfræðiupplýsinga og erfðafræðilegra upplýsinga, í leit að erfðavísum og öðru sem hugmyndin er að þróa á grundvelli þess að einangra þá, þá eru siðferðileg álitaefni við hvert fótmál. Ég legg því mjög ríka áherslu á þennan þátt í sambandi við umræðu um málið. Þó við værum ekki með svo ótrúlegt mál á ferðinni sem miðlægur gagnagrunnur er væri eftir sem áður skylt að standa vörð um þessi efni.

Einnig er rétt að nefna, virðulegur forseti, að sú spurning gerist æ nærgöngulli hvort við séum ekki að nálgast ákveðin landamæri og þörf sé á að staldra við. Öllum þykir okkur að sjálfsögðu vænt um hugmyndina um frelsi vísinda. Við

teljum að það beri að hafa eins rúmt um og kostur er. En einnig á því sviði kunnum við fyrr en varir að standa frammi fyrir vali þar sem við þurfum að spyrja okkur grundvallarspurninga. Það er ekki auðvelt að svara en engu að síður skylt að spyrja. Þó að spurt sé og svör fáist er heldur ekki auðvelt að framkvæma niðurstöður eða fylgja eftir ályktunum sem af kynnu að verða dregnar. Það kallar á góða alþjóðlega samstöðu sem jafnframt þyrfti að virða. Þarna er því langt frá því að um einfalda þætti sé að ræða. Ég vildi hins vegar nefna þetta hér vegna þess að þessi landamæri eru að mínu mati þegar í sjónmáli, þar sem við þurfum að staldra við siðfræðileg álitaefni.

Samtökin Mannvernd hafa komið, virðulegur forseti, mörgum athyglisverðum aðgengilegum gögnum á framfæri við þingið. Þar hefur m.a. verið vikið að siðferðismálum. Ég ætla ekki að vitna mikið til þeirra ágætu upplýsinga sem borist hafa okkur þingmönnum. Ég vil þakka fyrir hið merkilega framtak sem stofnun Mannverndar er og þá starfsemi sem félagið hefur staðið fyrir í upplýsingagjöf til þingsins. Ég tel að það beri að þakka og virða það sem frá þessum samtökum hefur komið. Það á að geta nýst Alþingi við frekari skoðun mála. Á annan tug dreifirita hafa borist þinginu frá Mannvernd og allt er það umhugsunarvert. Varðandi efnistökin eru þar álitaefni. Vera kann að menn séu ekki sammála öllu sem þar kemur fram. Ég tel þó að ég geti a.m.k. tekið undir megnið af því sem þar hefur verið reitt fram. Þar er m.a. fjallað um rannsóknafrelsi en siðferðilegu málin eru einnig tekin fyrir.

Vegna þess að ég var að ræða um siðferðileg álitaefni vildi ég staldra við eitt af dreifiritum Mannverndar um óháða eða innanhússsiðanefnd, sem snertir eina af brtt. sem gerðar hafa verið við frv. samkvæmt tillögu meiri hlutans. Þar segir, með leyfi forseta:

„Rannsóknir á mönnum fást ekki birtar í viðurkenndum vísindaritum nema vísindasiðanefnd hafi fyrir fram gefið samþykki sitt fyrir rannsóknunum. Gagnagrunnsfrumvarpið sniðgengur þessar kröfur um vísindasiðfræðilegt mat. Þess vegna munu niðurstöður rannsókna sem unnar eru í gagnagrunninum ekki fást birtar (nema ef til vill í þriðja flokks tímaritum). Loksins örlar fyrir skilningi á þessu hjá áhangendum gagnagrunnsfrumvarpsins sem hafa lagt fyrir heilbrigðisnefnd Alþingis að sett verði upp innanhúss siðanefnd hjá rekstrarleyfishafa."

„Vísindasiðanefndir verða að vera óháðar", segir í millifyrirsögn.

„Vísindasiðanefndir eiga að vera óháðar þeim sem sækja til þeirra. Þetta kemur fram bæði í reglugerð settri skv. lögum um réttindi sjúklinga (74/1997) og í Evrópusamþykktum, Helsinki-yfirlýsingu Alþjóðafélags lækna, og fleiri alþjóðlegum samþykktum, en íslensku reglurnar og lögin taka mið af þeim. Í 2. tölulið Helsinki-yfirlýsingarinnar er skýrt kveðið á um óháða nefnd. Þar segir: „nefndin skal vera óháð rannsóknaraðilanum og þeim sem kostar rannsóknina." Í Helsinki-yfirlýsingunni segir enn fremur: „Þegar læknir birtir niðurstöður rannsókna sinna er hann skyldur að standa vörð um nákvæmni þeirra. Skýrslur um tilraunir sem ekki eru í samræmi við grunnatriði þessarar yfirlýsingar ætti ekki að samþykkja til birtingar." Vísindarit starfa eftir þessu."

„Innanhússnefnd verður aldrei þoluð af alþjóðasamfélagi", er millifyrirsögn í þessu dreifiriti Mannverndar.

„Samþykkt Evrópuráðsins frá 1997 um verndun mannréttinda og virðingar að því er lýtur að læknis- og líffræðirannsóknum á mönnum byggir m.a. á Helsinki-yfirlýsingunni og siðareglum frá Nurnberg 1947 sem samþykktar voru í kjölfar upplýsinga um „rannsóknir" nasista á mönnum. Innanhúss vísindasiðanefnd verður því aldrei þoluð af alþjóðasamfélagi lækna og vísindamanna. Enginn á að vera dómari í eigin máli."

Og síðast í þessu riti segir, með leyfi forseta:

„Gagnagrunnur er gagnslaus ef niðurstöður fást ekki birtar.

Ef ætlunin er að stunda vísindi sem gjaldgeng eru á alþjóðavettvangi verða menn að lúta alþjóðasamþykktum. Íslendingar geta ekki tekið upp sérreglur um innanhúss vísindasiðanefnd og ætlast til að þeir fái að láta í sér heyra á alþjóðavettvangi. Ef niðurstöður rannsókna fást ekki birtar í viðurkenndum vísindaritum er gagnagrunnurinn einskis virði sem vísindatæki."

Þetta segir og minnir á það sem rætt hefur verið hér áður af mér og fleirum, að rannsóknir eða niðurstöður eru ekki fengnar fyrr en birting liggur fyrir. Ýmsir ættu nú að gefa gaum að því vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið um töfralausnir, virðulegur forseti.

Siðferðilegu álitaefnunum tengist stefna sú sem fram kemur í frv. og hefur verið nefnd hér áður í umræðunni. Ég hef í greinargerð frá Erni Snorrasyni lækni um þá stefnu að Íslendingar fái ókeypis lyf samkvæmt samstarfssamningi Hoffmann-La Roche við deCODE. Yfirlýsing liggur fyrir um að þau lyf sem hugsanlega yrðu þróuð í þessu samstarfi yrðu veitt íslensku þjóðinni ókeypis. Mig minnir að eitthvað svipað hafa verið í boði fyrir íbúa Tristan da Cunha í sambandi við annað fyrirtæki. Það er kannski regla hjá hinum nýju landkönnuðum í erfðafræðinni að bjóða og hampa slíkum gylliboðum, virðulegur forseti. Ég vildi nefna þetta í sambandi við þennan þátt málsins.

Nú sakna ég hv. talsmanns meiri hluta heilbr.- og trn. því ég ætla aðeins að gera að umtalsefni það sem fram kom hjá hv. þm. varðandi geðsjúka og stöðu þeirra. Í framsögu fyrir nál. vék hv. þm. að stöðu geðsjúkra eitthvað á þá leið sem hér segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að almennar reglur lögræðislaga gildi um þá sjúklinga sem ekki geta veitt samþykki sitt, t.d. börn og ólögráða menn."

Ég hef fengið afrit af bréfi frá Pétri Haukssyni sem starfar hjá Geðhjálp varðandi þetta atriði. Hann mun hafa beint því til hv. frsm. og talsmanns meiri hlutans í heilbr.- og trn. og þar vakin er athygli á því að þessi lausn sem hv. þm. víkur þarna að gefur ekki mikið í aðra hönd þegar að er gáð. Ég leyfi mér að vitna í örstuttan kafla úr bréfi Péturs Haukssonar. Þar segir, með leyfi forseta:

„1. Ekki er gert ráð fyrir því í frv. að einstaklingar veiti samþykki sitt því miður, heldur þurfa þeir að eiga frumkvæði að því að hafna þátttöku hafi þeir burði til þess.

2. Í lögræðislögum frá 1997 er ekki fjallað um þátttöku í rannsóknum svo ég viti né um annað sem gæti skýrt hvernig aðstoða megi ólögráða menn eða aðra sem ekki geta gefið samþykki sitt né veitt andmæli um þátttöku í rannsóknum. (Í 58. gr. er fjallað um ákvarðanir um persónulega hagi, en ekki virðist vera átt við gagnagrunna.)

3. Hvað varðar geðsjúka fjalla lögræðislög fyrst og fremst um nauðungarvistanir, nauðungarmeðferð og sjálfræðissviptingar en ekki um aðra sem ekki þurfa á slíku að halda. Þannig fást ekki svör í lögræðislögum við spurningunni hvernig skuli meðhöndla upplýsingar í sjúkraskrám

þeirra sem ekki geta andmælt þátttöku í rannsókn eða gagnagrunni.

4. Þeir sem eru menntaðir í heilbrigðisfræðum eins og þú“ — þessu er beint til talsmanns meiri hlutans — „vita að margs konar sjúkdómar geta valdið því að sjúklingar geta ekki átt frumkvæði að því að hafna þátttöku í rannsókn eða gagnagrunni. Alvarlegur geðsjúkdómur er dæmi um það, einnig Alzheimersjúkdómur, heilabilun af annarri orsök og bráð veikindi sem hafa svo mikil áhrif á líðan að gagnagrunnar eru ekki ofarlega í huga viðkomandi. Ekki er fjallað um þessa sjúklinga í lögræðislögum sem vísað er til. Ég tel rétt þeirra ekki nægilega verndaðan í frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

5. Að lokum vil ég minna á álit tölvunefndar og fleiri um að upplýsingar í gagnagrunni á heilbrigðissviði teljast persónugreinanlegar.“

Hér lýkur tilvitnun í þetta bréf sem mér barst afrit af og varðar eitt af þeim atriðum sem eru í rökstuðningi mínum og fleiri fyrir dagskrártillögu sem liggur fyrir.

Virðulegur forseti. Mikið hefur verið rætt um persónuverndina í samhengi við þetta mál og það af eðlilegum ástæðum. Farið hafa fram athyglisverð skoðanaskipti um þau efni. Ég vil aðeins minna á að málið, svo flókið sem það kann að virðast, er jafnframt afar mikilvægt og þó ekki væri annað sem upp úr þessari umræðu kæmi en að sæmilegt sammæli gæti tekist um þennan þátt málsins þá væri kannski til einhvers unnið.

Það liggur fyrir í sambandi við rannsóknir á upplýsingum sem varða heilbrigðismálefni að til staðar þarf að vera samvinna og sammæli um veitingu upplýsinga af hálfu sjúklinga og einnig um meðferð þeirra sem rannsóknir stunda á því hvernig með skuli fara. Þar þarf að liggja fyrir bæði traust en líka sammæli á því hvernig á málum er haldið. Ég vil vekja athygli á þeirri umræðu sem kemur m.a. fram í greinum og skrifum manna eins og Vilhjálms Árnasonar prófessors sem hefur látið sig þessi mál mikið varða. Hann birti m.a. grein um þetta í Morgunblaðinu 30. október sl. þar sem hann útfærir nánar skoðanir, sumpart rangtúlkanir, á máli sem hann flutti á málþingi sem Háskóli Íslands efndi til um þetta efni og þá í samhengi við upplýst samþykki eða annars konar málsmeðferð að því er snertir miðlæga gagnagrunna.

Pétur Hauksson, sem ég vitnaði til áðan, vék að sama máli í grein í Morgunblaðinu 19. nóvember 1998 og svarar þar eða leggur þar orð í belg í sambandi við þetta sama mál, það má segja að hann sé að bregðast við grein Vilhjálms, og kemur með ný sjónarhorn að nokkru leyti. Ég leyfi mér að vitna aðeins í grein Péturs Haukssonar, í örstuttan kafla, með leyfi forseta. Yfirskriftin er: Nýjar aðferðir þurfa samþykki einstaklingsins.

„Þegar óvissan er svo mikil sem raun ber vitni í gagnagrunnsfrumvarpinu er að mínu mati enn mikilvægara en ella að leita samþykkis hvers einstaklings áður en upplýsingar um heilsufar hans eru skráðar í grunninn. Sérstaklega þegar sýnt hefur verið fram á að það getur haft ýmiss konar áhættu í för með sér fyrir einstaklinginn. Frumvarpið gerir þess í stað ráð fyrir að löggjafinn taki þessa ákvörðun fyrir einstaklinginn, Alþingi gefi sitt upplýsta samþykki með því að afgreiða gagnagrunnsfrumvarpið, þótt samþykki þingmanna verði nákvæmlega jafnóupplýst og samþykki þátttakandans í rannsóknninni.“

Enn fremur segir undir millifyrirsögninni: Siðareglur gilda enn, með leyfi forseta:

„Það er grundvallarsjónarmið í siðfræði vísindarannsókna að ákvörðun um þátttöku hvíli á einstaklingnum og að stjórnvald hafi ekki möguleika á að taka þessa ákvörðun án samráðs við þátttakendur í rannsókn. Þessar siðareglur voru skráðar í Nurnberg 1947, staðfestar í Helsinki-yfirlýsingu Alþjóðafélags lækna 1964 og eru enn í gildi, enda er vitnað í þær í núgildandi leiðbeiningum um vísindarannsóknir.“

Í þessari grein undirstrikar Pétur Hauksson jafnframt nokkru síðar kröfuna til vísindasiðanefndar, með leyfi forseta. Yfirskriftin er: Vísindasiðanefnd þarf að vera óháð.

„Aftur á móti er ég fullkomlega sammála Vilhjálmi og þeim fjölmörgu öðrum sem hafa bent á að samþykki vísindasiðanefndar þurfi fyrir sérhverri vísindarannsókn í gagnagrunninum ef gefið verður upp á bátinn að leita eftir samþykki einstaklinga. Þar er að sjálfsögðu átt við siðanefnd sem er óháð rekstrarleyfishafa, innanhússiðanefnd er gagnslaus og mundi leiða til þess að niðurstöður fengjust ekki birtar í vísindatímaritum. Einnig þarf samþykki tölvunefndar. Alþingi getur ekki skotið sér undan þessari lágmarkskröfu, þá væri Alþingi sjálft að taka að sér hlutverk faglegra siðanefnda og tölvunefndar. Þingmenn ættu heldur að láta nægja að taka upplýsta og málefnalega ákvörðun sem tekur mið af almannaheill og hagsmunum einstaklingsins en ekki hagsmunum einstakra fyrirtækja.“

Ég vek athygli á sjónarmiðum beggja þessara virtu fræðimanna.

Virðulegur forseti. Í þessu samhengi vil ég leyfa mér að vitna til innleggs sem mér barst í gær — það er frá 8. des., nú er kominn 9. des. — frá manni sem hefur fylgst mjög náið með þeirri umræðu sem hér fer fram á Alþingi og er þó fjarri vettvangi. Þar er um að ræða Skúla Sigurðsson fræðimann sem er um þessar mundir í Berlín og sendir mér svofellda orðsendingu þaðan sem snertir þetta efni sem ég er að vitna til. Og vegna þess að mér þykir það athyglisverð lesning þá vil ég leyfa mér að koma henni á framfæri við þingið eða a.m.k. hluta úr henni, með leyfi forseta:

„Það sem ég skrifa hér byggist að hluta á samtölum við Vilhjálm Árnason siðfræðing og Pétur Hauksson. Í skeytislok vísa ég í tvær blaðagreinar eftir þá sem gott er að lesa. Ég skrifaði vísvitandi samþykki og ekki upplýst samþykki. Hugsa ber um samþykki og siðanefndir sem svið sem illgerlegt er að skipta upp í skika. Sé það gert eins og Kári Stefánsson vill er hætt við að mannlegt samfélag byrji að leysast upp í frumeiningar sínar.

Í sviðinu má segja að séu tveir pólar. Í fyrsta lagi óheft vald lækna, þeirra sem rannsaka o.s.frv. og í öðru lagi óheft vald fólks til þess að segja nei. Þetta eru pólar eitt og tvö. Áður en farið er að tala um gagnagrunna, samþykki o.s.frv. er nauðsynlegt að skilja að hér er um valdaspurningu að ræða. Hvorugur póllinn má hverfa því þá er stutt í einhvern hrylling.

Fyrst vík ég að pól tvö. Ég sagði vísvitandi fólk því það er ekki eins og einungis sjúkt eða veikt fólk sé það sem er rannsóknarvirði eða að vernda þurfi heilsu þess. Í þessu sambandi er gott að hugsa um lýðheilsu. Fólk getur verið smitberar án þess að vera veikt, „healthy carriers“, og samt þarf að vera unnt að rannsaka það án þess að spyrja um leyfi, t.d. ef farsótt brýst skyndilega út. Jafnvel þótt fólki leyfðist að vilja valda sér vís- eða óvísvitandi skaða, þá eru skorður settar fyrir því hvaða tjón það má baka öðrum eða sjálfu sér, samanber sjálfsmorð, annaðhvort með valdboði ríkisins eða þá með tryggingavaldi (hætta á skaðabótum).

Það sem ég vildi segja með þessu er að fólk má aldrei hafa óskoraðan rétt til þess að segja: „Ég er stikkfrí, ég er ekki með, ég geri það sem mér sýnist."

Áður en ég vík að hinum pólnum á sviðinu, þ.e. eitt, vil ég vitna stutt í grein John Hodgsons í nóvemberhefti Nature Biotechnology. Þar skrifar hann og er að svara Kára [þ.e. Stefánssyni væntanlega]."

Það er enska sem mætir okkur hér, með leyfi forseta:

„He [Kári] believes that patients do not need to understand the fine detail of every genetics study to which their data or biological samples might contribute." — Hann trúir því að sjúklingar þurfi ekki að skilja hina fínu drætti í sérhverri erfðafræðiathugun, stúdíu, sem upplýsingar eða lífsýni frá þeim eru notuð. — „It is enough that they understand their own desire to contribute to the advancement of science, he argues." — Það er nóg að þeir skilji eigin löngun til þess að leggja eitthvað fram til þróunar eða framfara í vísindum, segir hann. — „„As a patient, my right of self-determination is a fundamental right. [In contrast,] the view of what is informed consent is constantly changing."" — Sem sjúklingur er réttur minn til sjálfsákvörðunar grundvallarréttindi. Í mótsögn er það sjónarmið hvað sé upplýst samþykki stöðugt að breytast.

Þetta er tilvitnun af tiltekinni blaðsíðu úr Nature Biotechnology, síðu 1020–1021 og ég hef reynt með ófullburða hætti að útleggja þetta hér í morgunsárið, virðulegur forseti.

Svo segir í þessari orðsendingu frá Skúla Sigurðssyni:

„Það er rétt hjá Kára að hvað er upplýst samþykki breytist í sífellu en ekki hvað varðar skilninginn á pólum eitt og tvö." — Það eru annars vegar læknar og hins vegar fólk, það er mitt innskot.

„Auk þess verða Kára á reginmistök í málflutningnum því hvað gerist ef sjúklingar nýta sér það sem hann segir „fundamental right", grundvallarréttur, og segja: Ég er ekki með, ég tek ekki þátt í mannlegu samfélagi, mér er skítsama um framfarir? Getur þessi „fundamental right" verið svona sterkur? Það tel ég ekki. Það verða ætíð að vera einhver höft á pól tvö [þ.e. fólkið].

Það sama gildir um pól eitt. Kári nota bene telur að þekkingin sé góð í sjálfu sér og aldrei megi hefta framleiðslu hennar jafnvel þótt þar með sé fólki valdið skaða. Hann mundi eflaust segja: Fólkið styður framleiðslu á þekkingu og það er gott í sjálfu sér. (Svona álíka og the National Rifle Association in U.S.A. segir: People kill people, guns don't kill people.)"

Ég reyni ekki að þýða þetta, virðulegur forseti. Þetta er líka innan sviga hér.

„Það þarf ekki að tína til blóði drifna sögu Þriðja ríkisins til þess að skilja að setja verður skorður fyrir því hvað megi gera þegar læknar og rannsakendur styðjast við pól eitt."

Ég sleppi hér smákafla.

„Það sem skiptir máli er að skilja að pólar eitt og tvö hrærast á sviði í ytra umhverfi sem getur samanstaðið af valdakerfi ríkis, kirkju, siðferðis eða viðskipta. (Það síðasta er lykilatriði þegar kemur að atburðarás á Íslandi á þessu ári.)

Lagafrumvarpið" — og það veit ég að hæstv. ráðherra tekur eftir, þeim dómi sem hér er felldur um lagafrumvarpið — „er tilraun til þess að snúa siðferðiklukkunni á Íslandi aftur um meira en 50 ár. Því segi ég 50 ár, að við Nurnberg-réttarhöldin kom í ljós hvað gerist ef pól tvö er eytt (sjálfsákvörðunarréttur fótum troðinn). Til þess að skilja það sem ég segi hér mætti hugsa um þrískiptingu valds, sem er arfleifð upplýsingarinnar og sem ætti að tryggja, sé vel haldið á málum, að einræði komist ekki á. Læknar í Þýskalandi lutu bæði valdboði nasista og líka eiðs Hippókratesar. Þeir gleymdu því síðarnefnda.

Niðurstaða mín er sú að pólar eitt og tvö megi aldrei birtast í tærri mynd því að þá er stórkostleg hætta á ferðum. Það að í frv. og/eða í umræðunni er ekki skilið að ómögulegt er að brjóta sviðið upp sýnir að heilbr.- og trn. og of margir þingmenn skilja ekki hvað felst í málinu og eigi að koma á innanhússsiðanefnd hjá deCODE er það tilraun til þess að vera með tvöfalt bókhald (sem jafngildir því að setja megi girðingar niður hvar sem er á sviðinu).

Ég hef skrifað þetta án þess að tala um upplýst samþykki. Lýðheilsudæmið að ofan sýnir að stundum verður að notast við „presumed consent". Það má hins vegar ekki vera gert að grundvallarreglu og það að almennri heilbrigðisstjórn er stungið inn í frumvarpið er snilldaraðferð til þess að dreifa athyglinni frá því sem mestu máli skiptir, þ.e. að frumvarpið er tilraun til þess að brjóta upp sviðið og nánast eyða pól tvö. Sem er, svo ég leiti til skýringar fyrr í þessari orðsendingu, óheft vald fólks til þess að segja nei."

Þetta er tilvitnun úr þessari orðsendingu frá því í gær og ég vildi deila henni með mönnum vegna þess að hún varðar beint það sem við erum að ræða hér. Þetta frv., spurninguna um persónuverndina, það jafnvægi sem þarf að vera á milli þeirra póla sem Skúli Sigurðsson gerir hér að umtalsefni til að vel fari, og það jafnvægi sem verið er að raska með mjög óskynsamlegum hætti með þessu frv., svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Það er, virðulegur forseti, mikið sagt í þeim orðum sem ég vitna hér til en þau ættu að vera okkur til umhugsunar. Ég fullyrði að þau er sögð af velvild og af viðleitni til að koma á framfæri við okkur ákveðnum viðvörunum á því sem hér er á ferðinni. Því taldi ég rétt að koma þessum þætti að í máli mínu.

Við hljótum, virðulegur forseti, að spyrja okkur að því, í ljósi þessa máls, inn í hvaða heim erum við að ganga með þessu þingmáli sem við ræðum hér. Ég efast um að þeir sem að formi til leiða þá för, og ég segi að formi til, átti sig nema að mjög takmörkuðu leyti á því sem þar er á ferðinni. Þetta kann að vera mikið sagt en ég er þeirrar skoðunar að menn hafi ekki gaumgæft hvert þetta frv. kann að bera okkur.

Ég hef yfirlit, virðulegur forseti, yfir afstöðu þeirra sem veitt hafa heilbr.- og trn. Alþingis álit, og ég veit það er í höndum annarra þingmanna. Þetta er samandregið yfirlit yfir umsagnir sem nefndinni bárust, einfölduð framsetning á því þar sem tíundaðir eru þeir sem álit gáfu og það síðan flokkað í andvíga, óljósa umsögn og samþykki. Þetta er komið að ég held frá því ágæta félagi Mannvernd, þó ég vilji ekki staðhæfa það hér, ég hef ekki fylgibréfið handa á milli, ég segi það eftir minni en með fyrirvara. Ef menn líta hér á síðuna þá sést að rauði liturinn „andvígir" er hreint yfirgnæfandi. Jákvæðar umsagnir sem styðja stefnu frv. eru sárafáar, helst í sérflokki sem er að finna í þessu yfirliti þar sem teknir eru sérstaklega aðilar tengdir Íslenskri erfðagreiningu og álitin frá þeim fengin sem undantekningarlítið eru meðmæltir frv. En það er lítill hópur sem það á við um.

Algjörlega ríkjandi eru þeir sem eru andvígir, og ég hef kynnt mér hluta af þeim umsögnum, ég hef ekki lesið þær allar, en ég hef handa á milli, virðulegur forseti, hluta af þessum umsögnum sem leggjast gegn frv. Ég veit að hv.

frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. þekkir þetta mál og gæti vafalaust staðfest það sem dregið er upp. Það hefur komið fram að nefndinni bárust eitthvað yfir 50 umsagnir, sumar mjög ítarlegar, vandlega unnar, og þar ber flest að sama brunni í þessum umsögnum.

Samkeppnisstofnun er með langa umsögn, ég hef ekki gert það efni að miklu umtalsefni hér, þ.e. einkaleyfið, sem er auðvitað gildur þáttur í þessu máli sem er gagnrýnivert og er hluti af rökstuðningi í dagskrártillögu okkar.

Ég er með umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, mjög skýra umsögn og rökfasta, þar sem stefnunni í frv. er mótmælt, einkum frá sjónarhóli bandalagsins sem fulltrúa starfsmanna og varðandi læknisfræðileg og heilsufræðileg viðhorf.

Vísindasiðanefnd skilar nefndinni áliti sínu prýðilega unnu og vel rökstuddu og leggst gegn frv., Læknadeild Háskóla Íslands er í þessum hópi, tölvunefnd, sem ég hef áður vitnað til og er með þá lykilniðurstöðu, að upplýsingar í miðlægum gagnagrunni verði persónugreinanlegar. Samkvæmt því áliti er staða frv. ótraust svo ekki sé meira sagt. Siðfræðiráð, stjórn siðfræðiráðs Læknafélags Íslands fjallar um þetta í langri umsögn, erfðafræðinefnd Háskóla Íslands sendir inn gilt álit, vel rökstutt, og Læknafélag Íslands, sem fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum þar sem þetta mál var rætt milli funda og skýr niðurstaða fengin í áliti á frv., Krabbameinsfélagið með skýra umsögn, Hjartavernd með umsögn, Miðstöð í erfðafræði við Háskóla Íslands, umsögn undirrituð af Eiríki Steingrímssyni rannsóknarprófessor, mjög ítarleg og vel unnin umsögn um málið, Blóðbankinn, Mannvernd og svo má lengi telja, virðulegur forseti. Á sjötta tug umsagna sem nefndinni bárust eru yfirgnæfandi andvígar frv.

Þetta ætti að segja okkur það að við erum ekki á réttri leið með þetta mál, þ.e. meiri hlutinn. Við eigum að staldra hér við. Við eigum að geyma þetta mál, taka það til baka svipað og gert var á síðasta vori til frekari ígrundunar og byrja í rauninni upp á nýtt á þessu máli. Fyrsta atriðið sem ætti að taka til, eftir að menn hefðu sett málið í hvíldarstöðu er að svipast um alþjóðlega. Vinna það upp sem vanrækt hefur verið, átta sig á eðli máls, hvert verið er að stefna, svara þeim fjölmörgu álitaefnum sem ég hef gert að umræðuefni í máli mínu, draga það fram og setja það saman til upplýsinga og aflestrar, m.a. fyrir Alþingi Íslendinga. Síðan ættu menn að fikra sig fram til hagnýtra lausna í sambandi við rannsóknir á þessu sviði. Ég hef ákveðin sjónarmið um hvernig ætti að standa að því. Ég tel að sjálfsögðu nauðsynlegt að skoða það mál mun betur því að ég held því ekki fram að ég hafi einhvern allsherjarlykil höndlað eða í höndum varðandi þetta mál, allir þurfa að spyrja spurninga í sambandi við það. Og það er fátt dýrmætara nú um stundir held ég varðandi málið en að spyrja spurninga.

Ég hef, virðulegur forseti, haldið til haga miklu efni sem komið hefur í fjölmiðlum á þessu ári um þetta. Sumt af því lét ég fylgja sem ítarefni með tillögu til þál. um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði, síðan hefur margt bæst við. Ég gæti og teldi út af fyrir sig ástæðu til þess að leiða margt fram af því efni, ég ætla hins vegar ekki tímans vegna og vegna þess hvernig stendur á sólarstöðu um þessar mundir, það er farið að nálgast rismálin á þessum morgni, þess vegna ætla ég ekki að taka mörg dæmi. En ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að grípa aðeins niður í tvær nýlegar greinar. Sú fyrri heitir Gagnagrunnsfrumvarp – verslun eða vísindi? frá 4. nóv., skrifuð af Tómasi Helgasyni. Þar segir örstutt undir millifyrirsögninni Að selja Íslendinga.

„Til marks um hversu mikið er í húfi fyrir hið fjölþjóðlega fyrirtæki, sem ætlar sér einkaréttinn, er að forsvarsmenn þess hafa ekkert til sparað í auglýsingum, kaupum á lögfræðilegum álitsgerðum, ferðalögum og fundahöldum til að kynna frumvarp heilbrigðismálaráðherra um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Hafa þeir hagað sér eins og stjórnmálamenn fyrir kosningar, en kostað miklu meira til heldur en venjulegir stjórnmálamenn á Íslandi geta gert. Sennilega hefur ekki neitt fyrirtæki á Íslandi haft jafnmikilvirka áróðursvél til að vinna að markmiði sínu.

Aðalmarkmið fyrirtækisins er eins og annarra einkahlutafélaga að hámarka hagnað hluthafanna. Það hámark næst með því að fá einkarétt á rekstri miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði og selja upplýsingar um Íslendinga útlendum lyfja- og líftæknifyrirtækum og tryggingafélögum. Þetta má sjá í kynningarbæklingi, þar sem fyrirtækið býður útlendum hluthöfum sínum og væntanlegum viðskiptavinum „einstaka breidd af framleiðslu (offers a unique breadth of products to its corporate partners)".

Þetta læt ég nægja sem tilvitnun í greinina Gagnagrunnsfrumvarp — verslun eða vísindi. En ég ætla að leyfa mér ögn lengri tilvitnun — og ég fer að stytta mál mitt, virðulegur forseti, þó að efnið sé ærið sem ég hefði fram færa til viðbótar — í stutta blaðagrein sem hefur fyrirsögnina Hvar hafnar högni?, og högni er með litlum staf í fyrirsögn en greinilega orðaleikur. Þetta er frá 24. nóvember, höfundur er Alfreð Árnason erfðafræðingur sem alþjóð mun kannast við.

„Högni Óskarsson, geðlæknir og ráðgjafi Íslenskrar erfðagreiningar, ritar grein í Morgunblaðið 14. nóvember sl. undir heitinu: „Gagnagrunnsfrumvarpið stefnir í höfn". Í því sambandi vil ég ræða nokkur atriði sem ég tel óútkljáð og þurfi að leysa, hvort sem menn telja miðlægan gagnagrunn æskilegan eða ekki.

Í millifyrirsögn er því haldið fram að persónuvernd sé tryggð. Þetta er rangt. Það er innbyggt í frumvarpið að menn eru persónugreinanlegir sbr. 3. gr. liði 2, 6 og 7. Í frumvarpinu segir:

„3. gr. Skilgreiningar.

2. Persónuupplýsingar: Allar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Maður telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

6. Heilsufarsupplýsingar: Upplýsingar er varða heilsu einstaklinga, þ.m.t. erfðafræðilegar upplýsingar.

7. Erfðafræðilegar upplýsingar: Hvers kyns upplýsingar sem varða erfanlega eiginleika einstaklings."

Ef upplýsingar samkvæmt lið 6 og 7 fara inn í grunninn er hann persónugreinanlegur samkvæmt lið 2. Því eins og allir vita eru erfðafræðilegar upplýsingar notaðar til að bera kennsl á einstaklinga. Má þar sem dæmi nefna: val á líffæragjöfum, við lausn faðernismála svo og sakamála. Erfðafræðilegar upplýsingar, sem við nefnum oft erfðamörk, er sú kennitala sem við berum frá getnaði til grafar og reyndar handan grafar og dauða, hvað sem líður allri dulkóðun, einfaldri eða margfaldri og í hvaða átt sem hún gengur.

Því verður að álykta að upplýst samþykki þurfi ef erfðafræðilegar upplýsingar eiga að fara í hinn miðlæga gagnagrunn. Ætlað samþykki nægir ekki í þessu tilviki því hér er

um persónugreinanlegar upplýsingar að ræða eins og að ofan getur.

„Aðgengi vísindamanna tryggt" segir í annarri millifyrirsögn í grein Högna Óskarssonar. Ég mundi heldur orða það svo að vísindamönnum væri tryggð mismunun, þeim reyndar settir afarkostir. Þeir sem leggja í grunninn eiga að fá aðgang og Högni gerir því skóna að aðrir sem vinni með hinum fyrrnefndu eigi möguleika á að fá að vera með. Þá er stór hluti vísindamanna enn úti í kuldanum. Um þetta er fjallað í IV. kafla frumvarpsins, 9. gr., en þar segir m.a.: „Ráðherra skal skipa nefnd um aðgang vísindamanna, sem starfa hjá þeim aðilum sem vinna upplýsingar í gagnagrunn á heilbrigðissviði, að upplýsingum úr grunninum. Nefndin skal skipuð þremur mönnum til fjögurra ára í senn. Skal einn tilnefndur af landlækni, og skal hann vera formaður nefndarinnar, einn af læknadeild Háskóla Íslands og einn af rekstrarleyfishafa." Að rekstrarleyfishafi eigi fulltrúa í nefndinni og sá rekstrarleyfishafi stundi um leið rannsóknir á sviði erfðafræði og líftækni fer ekki saman. Þessi aðili sem situr báðum megin við borðið og sér allar umsóknir og getur nýtt sér þær án þess að veita aðgangsleyfið. Þetta tvöfalda siðgæði er algjörlega óásættanlegt. Það er því augljóst að líftækni- eða lyfjafyrirtæki mega ekki reka miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Niðurstaða mín verður því önnur en Högna. Þetta frumvarp nálgast ekki höfn með þau atriði óútkljáð, sem ég hef getið um. Annars er svo margt óskoðað varðandi þessi mál, að það væri glapræði að samþykkja þetta frumvarp án frekari íhugunar. Hafa margir mætir menn bent á að fresta afgreiðslu frumvarpsins, þar á meðal margir erlendir fræðimenn og gildir hér sem fyrr „að glöggt er gests augað".

Ég hélt fyrst í vor að þessi hugmynd um miðlægan grunn gæti gengið, ef vel væri til vandað. Nú hefur mér snúist hugur eftir mikla umhugsun og upplýsingaöflun. Miðað við aðstæður er miðlægur gagnagrunnur fyrir heila þjóð óhæfa. Dreifðir gagnagrunnar undir ströngu eftirliti eru mun betri kostur.

Einkaleyfi á ekki heima hér. Staðan í dag er óviss og margir endar lausir. Ekki er vitað hvað fer í grunninn og hvað út úr honum, né í hvaða tilgangi. Það er því ráðlegt að hafna þátttöku í honum á meðan svo er. Förum okkur hægt, því ekkert liggur á."

Þetta var tilvitnun í grein Alfreðs Árnasonar erfðafræðings og ég valdi hana úr vegna þess að hún dregur í knöppu formi fram mörg þau meginatriði sem einkenna frv. og valda því að óhæfa er eins og greinarhöfundur segir að samþykkja það og ég er sammála greinarhöfundi um þetta efni.

Ég undrast, virðulegi forseti, og hef undrast það frá því að þetta mál bar á góma í aprílbyrjun 1998 hvers vegna hæstv. heilbrrh. — sem ég sé í fjarska í hliðarherbergi — gætir ekki betur að sér en raun ber vitni. Ég ætla hæstv. ráðherra ekkert illt í þessum efnum eða að ráðherrann vilji ekki gera vel en eitthvað er það sem byrgir hæstv. ráðherra sýn.

Ég vil nefna það, virðulegur forseti, að ég held að þá sem hafa áhyggjur af þessu máli sé að finna í öllum stjórnmálaflokkum fyrir utan hina, sem eru auðvitað fleiri, sem standa utan flokka og ég er raunar alveg fullviss um að svo er. Ég er sannfærður um að þá er einnig að finna í flokki hæstv. heilbrrh. og hef raunar orðið áþreifanlega var við það í samtölum mínum við marga um þetta mál, þar á meðal í röðum framsóknarmanna eða manna sem ég þekki sem slíka og manna sem ég met mikils sem eru ekki sáttir við þá stefnu sem hér er verið að knýja fram.

Ég get ekki þagað yfir því að síðdegis í gær átti samtal við mig einn af trúnaðarmönnum í Framsfl. og ræddi þetta mál. Ég sé, virðulegur forseti, ekki ástæðu til að greina þann hinn sama en nefni það hér vegna þess að mér fannst að það væru mikilsverð skilaboð sem þar var verið að flytja. Þungum áhyggjum var lýst yfir þeirri stefnu sem hér er borin fram fram og hryggð yfir því að það skuli gert í nafni Framsfl. af ráðherra í þeim flokki. Sá hinn sami vitnaði til þess að í samþykkt flokksþings Framsfl. hefði verið ályktað um þessi efni og það verði að líta á það sem þar var rætt og samþykkt í sambandi við þetta mál þar sem segir í ályktun um heilbrigðismál, með leyfi forseta, það er flokksþing Framsfl.:

„Að heilbrigðisyfirvöldum beri að nýta þau tækifæri sem felast í miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði. Tryggt verði að allar skuldbindingar þjóðarinnar á sviði mannréttinda, persónuverndar og vísindasiðfræði verði virtar."

Hjá viðmælanda mínum kom fram að sá hinn sami teldi að skilyrðin sem þarna eru nefnd séu mjög langt frá því að teljast uppfyllt í sambandi við þetta mál og ég tek undir það sjónarmið.

Ég vil undir lok máls míns, virðulegur forseti, varpa fram spurningunni hvort við eigum að gera ráð fyrir því að miðlægur gagnagrunnur verði til við þær aðstæður sem nú ríkja. Ég vona vissulega að svo verði ekki og mér finnst að það sé margt sem er að gerast í umræðunni í samfélaginu sem geti styrkt það sjónarmið að menn nái ekki því fram sem ætlað er með frv. hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar. Það er vaxandi skilningur í landinu á því að ástæða sé til að doka við. Það eru ekki bara læknar eða starfsmenn úr röðum heilbrigðisstétta sem hafa áhyggjur af þessu máli. Áhyggjurnar eru mjög víða í samfélaginu og þeim fer fjölgandi sem spyrja spurninga um þessi efni.

Ég tel, virðulegur forseti, að rík nauðsyn sé á því að Alþingi Íslendinga staldri við varðandi þetta mál, að við leitumst við að opna húsið ef svo má segja fyrir þeim straumum og sjónarmiðum sem er að finna utan veggja þessarar stofnunar og við litumst um sem víðast áður en lengra er haldið. Ef við gerum það er ég nokkuð sannfærður um að horfið yrði frá því ráði sem hér er haldið að okkur og ég hef látið það koma fram að þótt ég óttist það vissulega að menn ætli að fara út í ófæruna, lögfesta þetta frv. og segja þar með stríð á hendur þeim fjölmörgu sem telja að málið sé óhæft og treysti sér ekki til að sinna þeim leikreglum sem boðaðar eru. Það er auðvitað alvarlegt mál og alvarlegt ástand sem þá skapast í samfélaginu og enginn getur óskað þess að til slíks ástands komi. En ég hlýt að gera þá kröfu til þeirra sem vald hafa í landinu að þeir gái að sér og reyni að ná áttum, hlusti á viðvörunarraddirnar og meti málið upp á nýtt áður en lengra er haldið. Ég hvet sérstaklega þingnefndina sem hefur málið til skoðunar, væntanlega milli umræðna, til þess að spyrja þessara spurninga, grundvallarspurninga varðandi málið, og það væri hörmuleg kveðja til þjóðarinnar ef stefnt væri að því og það skref stigið að afgreiða þetta mál og lögfesta fyrir jólahlé þingsins. Við skulum a.m.k. nota það ráðrúm sem gefst í jólahléi þingsins til þess að fara betur yfir málið og átta okkur á nýju ári á því hvort ekki er hægt að hverfa að öðru og vænlegra ráði en hér er að stefnt.

Ég þakka þeim, virðulegur forseti, sem hafa setið undir máli mínu og eytt þessum stundum djúpt inn í nóttina eins

og staðgengill forseta orðaði það, að til stæði að halda ekki fundi áfram djúpt inn í nóttina, en mér sýnist að farið sé að styttast í rismál og læt máli mínu lokið.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 05:15.

---

36. FUNDUR

miðvikudaginn 9. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, stjfrv., 109. mál, þskj. 109, nál. 402, 406 og 409, brtt. 410, till. til rökst. dagskrár 433. — Frh. 2. umr.
2. Embættiskostnaður sóknarpresta, stjfrv., 232. mál, þskj. 259, nál. 381. — 2. umr.
3. Tryggingagjald, stjfrv., 228. mál, þskj. 255, nál. 424. — 2. umr.
4. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 151, nál. 425, brtt. 426. — 2. umr.
5. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, stjfrv., 229. mál, þskj. 256, nál. 427. — 2. umr.
6. Vegabréf, stjfrv., 231. mál, þskj. 258, nál. 420, brtt. 421. — 2. umr.
7. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, stjfrv., 321. mál, þskj. 388. — 1. umr.
8. Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, stjfrv., 322. mál, þskj. 389. — 1. umr.
9. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 323. mál, þskj. 390. — 1. umr.
10. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 324. mál, þskj. 391. — 1. umr.
11. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 334. mál, þskj. 416. — 1. umr.
12. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, stjfrv., 336. mál, þskj. 423. — 1. umr.
13. Málefni fatlaðra, stjfrv., 331. mál, þskj. 413. — 1. umr.
14. Byggingarsamvinnufélög, stjfrv., 332. mál, þskj. 414. — 1. umr.
15. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 333. mál, þskj. 415. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Viðskiptahættir Landssímans, 240. mál, svar viðskrh., þskj. 383.

Athugasemdir um störf þingsins.

Formennska í sjávarútvegsnefnd.

[13:32]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að kveðja mér hljóðs um störf þingsins vegna þess að frést hefur að væntanlegt er frv. sem tengist hæstaréttardómi. Ekki er vitað enn þá hvaða vinnslu það fær á hinu háa Alþingi en ég vil benda á að ég hef fyrir hönd þingflokks jafnaðarmanna gert athugasemdir við það að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, núv. formaður sjútvn., starfi sem slíkur án þess að það mál sé rætt milli þingflokksformanna og stjórnar þingsins. Bæði ég og hv. þm. Svavar Gestsson hafa gert þetta að umtalsefni. Hv. þm. var kosinn fyrir tilstuðlan okkar stjórnarandstæðinga til setu í nefndinni. Um það var samkomulag og ég er ekkert að setja út á störf hv. þm. heldur að gera athugasemdir og spyrja forseta hvenær hann hyggist taka þetta mál upp.

Ég bendi á að í utandagskrárumræðu fyrir helgi um margumræddan hæstaréttardóm kom fram ósk frá okkur í þingflokki jafnaðarmanna um að sjútvn. mundi fjalla um þetta mál. Það mál var gert að umtalsefni. Ekki var haldinn fundur í sjútvn. fyrr en núna á þriðjudaginn. Þar var þetta mál ekki tekið fyrir þrátt fyrir ósk nefndarmanna úr þingflokki jafnaðarmanna. Því var borið við að málið hefði ekki verið á dagskrá og ekki var fjallað um það. Þarna beitti formaður sjútvn. því valdi sem hann hefur sem formaður.

Mér finnast þetta, herra forseti, óeðlileg vinnubrögð. Það liggur fyrir að ágreiningur er um þetta efni í þinginu og það þarf að ræða það milli þingflokksformanna. Ég þykist þess fullviss að menn finni lausn á því en meðan málið er á svo viðkvæmu stigi er ekki þolandi að það sé látið óátalið á hinu háa Alþingi. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson situr ekki sem formaður sjútvn. í umboði okkar stjórnarandstæðinga. Margt bendir til þess að viðkvæm mál milli stjórnar og stjórnarandstöðu komi til umræðu í nefndinni og í þinginu á næstu dögum og það er því brýnt að þessi mál séu rædd í samhengi.

[13:34]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst benda á að þegar hlutföll breytast milli stjórnar og stjórnarandstöðu hljóta líka að breytast styrkleikahlutföll í nefndum. Því er eðlilegt ef taka á upp núverandi skipan sem um var samið í upphafi kjörtímabils væri breytingin í þá veru að hlutur stjórnarandstöðu minnki og hlutur stjórnarliðs aukist.

Ég vil segja í öðru lagi vegna þess að það er fulltrúi þingflokks jafnaðarmanna sem tekur málið upp að þingflokki jafnaðarmanna er málið óviðkomandi. Það hefur ekkert breyst gagnvart honum. Þeir samningar sem lúta gagnvart þingflokki jafnaðarmanna standa allir óbreyttir, bæði hvað varðar nefndarsæti og formennsku í nefnd þannig að tilefni af hálfu hv. þm. Ágústs Einarssonar er ekkert annað en pólitískt tilefni vegna þess að hann óttast áhrifin af því að fylgið streymi frá vinstri og inn á miðjuna. Það er það sem hv. þm. er að gera athugasemdir við.

Í þriðja lagi varðandi það að ekki hafi verið tekið fyrir í hv. sjútvn. dómur Hæstaréttar, er um það að segja að það mál sem fyrst var á dagskrá var rætt þann tíma sem nefndin hafði til ráðstöfunar og fundarmenn höfðu mikinn áhuga á því máli og þegar þeirri umræðu lauk var tíminn búinn. Ekki var um það að ræða að *ég beitti einhverju valdi til* að koma í veg fyrir að málið væri tekið upp. Sá tími var bara þrotinn sem var til umráða.

[13:36]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að þegar menn komu til þings í haust var farið nákvæmlega eins að og oft hefur verið gert áður. Gert var samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um hvernig beri að haga í kjöri trúnaðarmanna í þinginu. Það var ekkert farið öðruvísi að því núna en oft áður. Þingflokkur jafnaðarmanna er vitaskuld aðili að því nákvæmlega eins og þingflokkur Alþb. var sem hv. þm. sat í á þeim tíma.

Hv. þm. var kosinn í sjútvn. og stjórnarandstaðan fékk þrjá formenn sem eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og síðan var á fyrra þingi hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon formaður sjútvn. Niðurstaðan í máli stjórnar og stjórnarandstöðu núna í haust var að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson mundi gegna forstöðu í sjútvn. Hann var þá í þingflokki Alþb. Síðan gekk hann úr þingflokki Alþb. Þetta var látið óátalið. Ekki er verið að gagnrýna persónuna Kristin H. Gunnarsson í þinginu af minni hálfu. Ég er að benda á að það þarf að taka þessi mál upp. Það *þarf að ræða þessi mál*. Það er ekki hægt að koma hér eins og hv. þm. og tala um það að menn óttist einhverja sókn frá vinstri yfir á miðjuna. Það er meira hvað þingmaðurinn er orðinn mikill framsóknarmaður á tveimur dögum. Það er þá vandamál hans að glíma við það að komast í forustu á Vestfjörðum, það kemur mér ekki við. (Gripið fram í.) Ég er að tala um vinnubrögð á hinu háa Alþingi. Ég hef farið fram á það við hæstv. forseta að þetta mál verði tekið til umræðu á réttum vettvangi. Hv. formaður þingflokks Alþb. hefur sömuleiðis gert það opinberlega. Ég krefst þess, herra forseti, að þessi mál verði rædd. Ég er ekki að biðja um annað. Varðandi fundinn í sjútvn. hafa félagar mínir sagt að þeir hafi lýst því yfir sem þá voru þar viðstaddir að þeir hefðu nægan tíma þó að komið væri undir lok fundarins til að ræða það mál og vildu gefa sér þann tíma. (Gripið fram í.) Það eru þær upplýsingar sem ég hef varðandi þetta mál og það væri þá sjálfsagt að boða til aukafundar í sjútvn. til að ræða þetta mikilvæga mál. Það er hins vegar einungis hluti af þessu.

[13:38]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Sjálfsagt eru mörg mál sem þarf að taka upp og hægt er að ná samkomulagi um en í fyrsta lagi þarf vilja til þess. Það stendur þannig að á haustin er kjörið í nefndir þingsins og nefndirnar velja sér síðan forustumenn og í huga forseta er það auðvitað fyrst og fremst nefndarinnar að gera út um það.

[13:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég get ekki annað en orðið ósammála þeirri túlkun sem nú gengur fram af forsetastóli. Ekki er hægt að *líta svo á að það sé mál nefndarinnar að kanna hvort vilji* sé til þess að skipta um formann vegna þess að breytingar hafi orðið á hlutföllum stjórnar og stjórnarandstöðu. Þetta er ekki mál sem varðar einungis hv. sjútvn. Þetta eru samningar sem voru gerðir milli stjórnar og stjórnarandstöðu í haust. Þegar það gerist að breytingar verða á afstöðu manna og þeir ganga frá stjórnarandstöðu til stjórnar, og í þessu tilviki vill svo til að þar er um að ræða mann sem hefur verið kjörinn *af hálfu stjórnarandstöðu sem formaður sjútvn., hlýtur* það auðvitað að vera viðfangsefni þeirra sem hafa forustu fyrir stjórnarandstöðunni og stjórnarliðinu að ræða saman um það.

Ég tel sjálfur að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson eigi ekki eftir þessi sinnaskipti að verða formaður sjútvn. Af hverju? Vegna þess að þetta var hluti af samningum við stjórnarandstöðuna, að stjórnarandstaðan ætti að fá þrjá formenn nefnda. Ég geri engar athugasemdir við það að hv. þm. skipti um flokk og fari í Framsfl. Í mínum augum hefur hann verið framsóknarmaður um talsvert langt skeið og til hamingju með þau sinnaskipti. Ég geri heldur engar athugasemdir við þá skoðun hv. þm. að honum muni fylgja miklar sveitir manna yfir í Framsfl. Hann trúir því bersýnilega sjálfur enda hefur honum nánast að hálfu leyti tekist að ryðja valið. Það liggur fyrir að hann er næstum því búinn að ná fyrsta sæti framsóknarmanns á Vestfjörðum. Ég óska honum líka til hamingju með það. En það er þessu máli í sjálfu sér óviðkomandi.

Hér eru menn að tala um sanngirnisvinnubrögð og þetta var samkomulag og þessi afstaða og sinnaskipti þingmannsins eiga ekki að geta breytt þessu samkomulagi vegna þess að það er óbreytt. Stjórnarliðið verður þá að segja samkomulaginu formlega upp og ég tel að í þeim hópi séu menn það sanngjarnir að þeir muni ekki gera það vegna þeirra breytinga sem orðið hafa.

[13:41]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Séu það óskir stjórnarandstöðunnar að þessi mál séu skoðuð hlýtur það að vera fyrsti vettvangurinn að taka málið upp í hópi þingflokksformanna og leita eftir því. Það hlýtur að vera leiðin í þessu máli fremur en að þrátta um það í þingsal.

[13:42]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þau orð sem komu frá hæstv. forseta rétt áðan. Þetta mál snýst ekki um persónuna, hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, heldur um það samkomulag sem gert var milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það að stjórnarandstaðan hefði formennsku í þremur nefndum. Ef það samkomulag er ekki lengur til staðar er rétt að það komi þá fram á fundum með þingflokksformönnum og ég vildi beina því til hæstv. forseta að hann kallaði saman þingflokksformenn til þess að taka málið fyrir. Ef stjórnarliðar hafa tekið þá ákvörðun að ekki sé lengur um þetta samkomulag að ræða þarf það bara að koma formlega fram. Það snýst ekki um þá persónu, hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem hér um ræðir, sem getur vafalaust sinnt þessu hlutverki vel, heldur um það samkomulag sem gert var.

[13:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla svo sem ekkert að blanda mér sérstaklega inn í þessa umræðu um formennsku. Ég held að það sé rétt að það verði tekið upp á þingflokksfundum. En ég vildi bara koma upp og upplýsa um það að við óskuðum eftir því í utandagskrárumræðum á föstudaginn að þetta mál, þ.e. kvótadómurinn, yrði sett á dagskrá í sjútvn. Við ræddum það við núv. formann sjútvn.

Síðan hefur verið haldinn einn fundur og málið var ekki sett á dagskrá. Það er rétt hjá formanni sjútvn. að málið sem var á dagskrá tók allan þann tíma en það breytir ekki hinu að málið hefur aldrei verið sett formlega á dagskrá á fundi sjútvn. Ég held að mikilvægt sé að þetta liggi fyrir í umræðunni.

[13:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Nefndaformennsku til stjórnarandstöðunnar var skipt eftir stjórnarandstöðuflokkum eins og menn vita. Formennsku í sjútvn. hafði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gegnt með mikilli prýði. Þegar hann fór úr Alþb. var sóst eftir því að skipt yrði um formennsku og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tók við. Hann fór síðan úr Alþb. fyrir allnokkru og þá brá svo við að þá var engin krafa gerð um það að hann viki þó að hann væri ekki lengur fulltrúi Alþb. (Gripið fram í.) Ja, þetta var fulltrúi Alþb. sérstaklega. (**Gripið fram í:** Í stjórnarandstöðu.) Bíddu nú við, hv. þm., Steingrímur J. Sigfússon var áfram í stjórnarandstöðu. Það dugði ekki til, hann varð að víkja sem formaður af því að hann var ekki lengur í Alþb. En þegar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór úr Alþb., brá svo við að þá var allt í einu ekki gerð nein krafa til þess að nýr alþýðubandalagsmaður kæmi þar inn.

Það þarf að vera festa í þessum málum. Nú höfum við þegar haft tvo formenn með skömmu millibili á þessum þingtíma og það er algerlega ómögulegt fyrir þingmeirihlutann að fara að taka enn einn nýjan frá Alþb. sem yrði kannski ekki mjög margar vikur í þeim flokki eins og tíðindin hafa gerst þar að undanförnu þannig að slíkt hringl getur bara ekki gengið.

[13:45]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi staðfesta að stjórn hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar á sjútvn. hefur verið með ágætum þann tíma sem hann hefur gegnt því starfi. Svo háttaði til þegar nefndin var kosin í haust að þá var hv. þm. í Alþb. hinu forna og annar hv. þm., Steingrímur J. Sigfússon, sótti um áheyrnaraðild að nefndinni sem hann fékk. Síðan þegar nefndin var að leggja land undir fót og fara vestur á firði kom þar til liðs annar ágætur hv. þm. Alþb., Svavar Gestsson, og í nefndinni voru menn að gæla við að hann mundi líka sækja um áheyrnaraðild þannig að í nefndina væru þá komnir annaðhvort beint eða óbeint þrír hv. þm. þess forna bandalags.

Greinilegt er að það er hættulegt starf að vera formaður í þessari ágætu nefnd því eins og fram kom áðan hafa þeir sem hafa gegnt því starfi á þessu kjörtímabili báðir horfið til annarra flokka úr Alþb. Núna eru í nefndinni af hálfu stjórnarandstöðunnar tveir úr þingflokki jafnaðarmanna og þá vaknar sú spurning: Er meiningin að annarhvor þessara hv. þm. jafnaðarmanna fái formennsku í nefndinni eða á að taka upp kosningu í nefndina þannig að hægt sé að koma í hana einhverjum fulltrúa Alþb. hins forna og er það þá í hátt við það samkomulag sem gert var að tveir hv. þingmenn jafnaðarmanna verði nefndarformenn? Ég mundi líka athuga það frá þeirra sjónarhóli í ljósi sögunnar, þetta gæti verið ákveðið hættuspil. Það er kannski ekki bara sókn frá Alþb. í Framsókn heldur gætu kannski einhverjir úr þessum ágæta þingflokki leitað inn í Sjálfstfl. ef áfram héldi sem horfir.

[13:48]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil bara árétta það vegna þess að það er varaformaður þingflokks jafnaðarmanna sem hefur umræðuna að þingflokkur jafnaðarmanna er ekki aðili að málinu. Hann hefur allt það sem um var samið og engu hefur verið breytt í þeim efnum.

Eina markmið þingflokks jafnaðarmanna með umræðunni hlýtur að vera að koma formanni heilbr.- og trn. frá, hann fái úr röðum sínum formann í sjútvn. og setji af formann heilbr.- og trn. sem er úr þingflokki jafnaðarmanna. Enginn annar sjáanlegur tilgangur er með umræðunni nema henni sé beint pólitískt að mér sem ég skil ósköp vel.

Ég vil svo segja vegna kvartana um að skort hafi á tækifæri á að taka fyrir í sjútvn. dóm Hæstaréttar, þá er hann býsna flókinn sá dómur (**BH:** Nei, hann er það ekki.) og það er ekki svo að menn eigi að flýta sér mjög að fara að lesa og fjalla um hann á fundum, menn hafa gott af því að gefa sér tíma til að skoða það mál. Það gerist ekkert frá föstudegi til þriðjudags, hv. þingmenn, vil ég leyfa mér að segja.

Af því að menn hafa ítrekað úr ræðustóli gert athugasemdir við að ekki var kallaður sérstakur fundur saman í sjútvn. af þessu tilefni vil ég minna á að það var fundur ákveðinn og boðaður í sjútvn. sl. laugardag. Fundarboð hafði verið sent út og fundinn varð að afboða, það varð að aflýsa honum vegna þess að fulltrúar þingflokks jafnaðarmanna í sjútvn. höfðu ákveðið að gera eitthvað annað í tíma sínum en að vera í vinnunni.

[13:50]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki fyrst og síðast að ræða formennsku í sjútvn. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson verður að eiga það við samvisku sína hvort honum finnist eðlilegt að sitja þar og það verður þá að vera ákvörðunarefni ríkisstjórnarinnar líka hvort hún telji ástæðu til þess að rjúfa þann frið sem settur var á með þessu samkomulagi.

Hins vegar vil ég nefna annað atriði til sögunnar og halda því mjög ákveðið til haga og það á ekki við persónuna Kristin H. Gunnarsson. Hann hefur kallað eftir því opinberlega hvort einhver geri við það athugasemdir að hann sitji í nefndum og ráðum innan og utan þings í krafti stjórnarandstöðunnar og þar kem ég að kjarna málsins sem hv. þm. skilur augljóslega ekki.

Ég vil rifja það upp að fyrir hvert haust er kosin listakosning, hlutfallskosning og tveir listar eru í kjöri, A- og B-listi, A-listi stjórnar, B-listi stjórnarandstöðu, þannig að hv. þm. eins og aðrir þingmenn stjórnarandstöðu nýtur þeirra þingmanna sem eru í stjórnarandstöðu og kemur af lista stjórnarandstöðu. Það er grundvallaratriði.

Ég vil í því sambandi nefna að það er alger misskilningur sem hv. þm. hefur haldið fram opinberlega í fjölmiðlum að seta hans í Byggðastofnun sé ákvörðunarefni Alþingis. Það er nákvæmlega sama viðhorf sem er uppi þar. Hann kemur í krafti stjórnarandstöðunnar. Það er bara þannig.

Nákvæmlega sama gildir um setu hans í sérstaklega skipaðri nefnd dómsmrh. þar sem hann situr fyrir hönd Alþb. þannig að allt ber að sama brunni og ég ætla að árétta það og undirstrika að hv. þm., framsóknarmaðurinn Kristinn H. Gunnarsson, er ekki í mínu umboði sem stjórnarandstæðings í þessum nefndum og þessum trúnaðarstörfum. Það er hann ekki. Þá hefur hann fengið því svarað sem hann bað um í fjölmiðlum fyrir helgi eða núna rétt eftir helgina. Það skal

vera algerlega skýrt. Nú er hann kominn hinum megin við girðinguna og þar skal hann vera. Það er mér að meinalausu en í umboði mínu er hann ekki.

Um fundarstjórn.

Formennska stjórnarandstöðu í nefndum.

[13:52]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég tel rétt að vekja athygli hæstv. forseta á því að í umræðunni áðan sem snerti störf forseta, kom fram ákveðinn misskilningur sem brýnt er að leiðrétta gagnvart forseta þannig að menn velkist ekki í neinum vafa um það. Þar á ég við ummæli hæstv. forsrh. um formennsku í sjútvn. Svo það sé algjörlega ljóst þá á Alþb. ekki lengur fulltrúa í sjútvn. og það var hluti af þeim samningum sem voru gerðir milli stjórnar og stjórnarandstöðu í haust hvernig sætum var skipt. Steingrímur J. Sigfússon, sem hafði gegnt þessu embætti, var genginn í annan þingflokk. Þá var þegar annar úr þeim þingflokki formaður, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir. Það gat ekki gengið og var ekki hluti af samkomulagi að það væru tveir þingmenn í þingflokki óháðra formenn í þingnefndum. Þannig lá í málinu að ekki kom til álita varðandi hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að hann yrði formaður í sjútvn. vegna þess að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir — og um það var ekki ágreiningur — yrði áfram formaður í félmn.

Hins vegar kom vitaskuld þriðja formannssæti í hlut Alþb. því að sæti þingflokks jafnaðarmanna var hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Þá fékk hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson þetta formennskusæti. Það er ástæðan og það er það sem við erum að gera hér ágreining um. Ég tók mjög skýrt fram að þetta snýr ekki að persónunni Kristni H. Gunnarssyni. Hann er hluti af samkomulagi stjórnar og stjórnarandstöðu, situr sem formaður nefndarinnar, upprunalega kjörinn sem fulltrúi Alþb. Hann er ekki einu sinni lengur í stjórnarandstöðunni því að við höfum upplifað þetta áður, þegar hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gekk úr þingflokki Kvennalistans og varð óháð sat hún samt áfram sem formaður félmn. Hún var hluti af stjórnarandstöðunni.

Við skulum fara formlega alveg rétt með þessa hluti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur fullan rétt til þess að fara í annan þingflokk en þá verður að taka upp trúnaðarstöður hans þar sem hann situr sem fulltrúi stjórnarandstöðunnar. Það er einfalt mál og það er sanngirnismál. Við höfum farið þess á leit við forseta að þessi mál verði rædd á þingflokksformannafundi. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson getur hvorki í þessu starfi né öðrum talist fulltrúi stjórnarandstöðunnar. Hann getur vitaskuld setið áfram í öllum þessum störfum sem fulltrúi stjórnarliða, ef um það semst. Ekki er tímabært að svara þeirri spurningu. En það þarf að vera alveg ljóst, herra forseti, og þess vegna geri ég þessa athugasemd að hæstv. forseta séu efnisatriði þessa máls alveg ljós.

[13:55]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill taka fram fyrst þessi umræða heldur áfram að í upphafi hennar gat hann þess að farvegurinn væri sá að þetta yrði tekið upp á fundum þingflokksformanna og þá á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Engin önnur leið er í þessu máli. Það þýðir ekkert að þrefa um það í þingsalnum, fyrir utan hitt sem forseti gat um að það eru nefndirnar sem velja sér sjálfar forustumenn.

Um fundarstjórn.

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða.

[13:56]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í hádeginu bárust þær fréttir að hæstv. ríkisstjórn hefði komist að niðurstöðu um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Lögð hefur verið fram þáltill. sem kemur í beinu framhaldi af þeim hæstaréttardómi sem féll um það að hér yrði skipuð sérnefnd þar sem mikill vilji er meðal þingmanna um að ná algerri sátt um málið og þær breytingar sem yrðu gerðar.

Nú heyrist það hins vegar að náðst hafi samstaða innan ríkisstjórnarinnar um að gera ákveðnar breytingar. Ég vildi spyrja hæstv. forseta hvort hann muni beita sér fyrir því að formenn þingflokka verði kallaðir saman til þess að ræða þær tillögur sem þar eru á ferðinni og hvernig þingið eða hæstv. þingforseti hyggst beita sér fyrir því að sátt náist um málið í þá veru sem lagt hefur verið til, þ.e. að skipuð verði sérnefnd og hvort sú tillaga yrði tekin til umræðu áður en framhald málsins eða meðferð þingsins er ákveðin. Sjálfsagt hefði verið hægt að taka tillöguna til umræðu strax og hún barst því margt breytist á stuttum tíma og hv. formaður sjútvn. nefndi áðan að ekkert hefði breyst frá föstudegi til þriðjudags varðandi dóm Hæstaréttar. Það er ekki alveg rétt því að rúmlega 700 manns sóttu um kvóta á þessum tíma. Það er töluverð breyting og töluverð atburðarás á ekki lengri tíma.

[13:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Tillögur ríkisstjórnarinnar verða til meðferðar í þingflokkum í dag. Ríkisstjórnin hefur ekki neinar ráðagerðir aðrar en að þessi tillögugerð gangi til hv. sjútvn.

Um fundarstjórn.

Framhald umræðu um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

[13:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við höfum rætt flókið mál, frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, í einn dag. Það liggur fyrir að framhald umræðunnar verður í dag og e.t.v. ... (**Gripið fram í:** Tvo daga.) tvo daga. Ég er farinn að ruglast í þessu sökum svefnleysis sem hrjáir mig af völdum málsins. En fjöldi þingmanna hefur flutt ræður, málið er flókið og í ljós hefur komið að jafnvel þingmenn í stjórnarliðinu sem hafa kafað ofan í málið hafa misskilið lykilatriði í frv.

Í umræðunni hafa menn varpað fram fjölda spurninga og þess vegna vildi ég, herra forseti, vekja máls á því að það yrði mjög til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins og greiða fyrir umræðunni ef það birti til hjá stjórnarliðinu og menn tækju til við að svara þeim spurningum sem fram hafa komið. Ég varpaði fram nokkrum spurningum til hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, talsmanns meiri hluta heilbr.- og trn. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Ágúst Einarsson og reyndar fleiri gerðu það og ég held að það sé mál til komið að hv. frsm. meiri hlutans komi hingað í þennan stól og greiði

fyrir umræðunni með því að svara þeim spurningum sem til hennar hefur verið varpað.

Ég tek eftir því að þeir sem þegar hafa talað í umræðunni eru byrjaðir að setja sig á mælendaskrá aftur vegna þess að þeir hafa ekki fengið svör við fyrirspurnum sem sumar hafa verið ítrekaðar. Þess vegna, herra forseti, beini ég því til forseta að hlutast til um að talsmenn meiri hlutans í þessu máli svari þeim spurningum sem fram hafa komið til þess að umræðan mætti skemmast og verða greiðari.

[14:00]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður heilbr.- og trn., benti á að þeim spurningum sem varpað hefur verið til framsögumanns meiri hluta heilbr.- og trn. í gagnagrunnsmálinu verði svarað. Ég ásamt fjölmörgum öðrum velti upp mörgum spurningum í umræðunni. Það var mjög greinilegt, sérstaklega eftir að hv. þm. Tómas Ingi Olrich sem verið hefur talsmaður meiri hlutans í þessu máli talaði, að margt var á reiki um mikilvæg mál. Það voru mál eins og t.d. hvort erfðafræðiupplýsingar væru t.d. inni í grunninum. Frá meiri hlutanum hafa komið misvísandi skilaboð hvað þetta varðar. Ég á sjálf eftir að tala í annað sinn og geri ráð fyrir að það verði í dag en ég tel nauðsynlegt að áður en það gerist verði greitt úr fjölda spurninga sem lagðar hafa verið fyrir framsögumann meiri hlutans. Ég geri þá kröfu, herra forseti, að framsögumaður meiri hluta svari þessum spurningum svo a.m.k. verði hægt að greiða fyrir áframhaldandi umræðu um málið. Ég tel það nauðsynlegt.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti hefur ekkert um þetta að segja annað en að hann leggur til að öllum þeim spurningum sem hægt er að svara verði svarað.)

[14:02]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel eðlilegt að athygli hæstv. forseta sé vakin á því að málið blasir öðruvísi við en búast mátti við af nál. Málið virðist vera mjög óljóst milli stjórnarflokkanna, ýmis mjög veigamikil atriði í málinu. Hitt er annað mál og snertir það kannski ekki beint en það eru engar skýrar fylkingar í þessu máli hjá stjórnarandstöðunni. Þar eru ýmis sjónarmið uppi. Auðvitað er aðalatriðið að stjórnarliðið komi nokkurn veginn samræmt og skýrt fram með viðhorf sín í þessu máli. Óskin er því ekki óeðlileg. Hvort það verður til þess að skemma framhald málsins einhvern veginn eða umræða skemmist, ég áttaði mig ekki alveg á samhenginu, skal ósagt látið.

(**ÖS:** Tognar dagur, skemmist nótt).

[14:03]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Vegna þeirra orða sem fram hafa komið frá síðustu ræðumönnum vil ég upplýsa að sjálfsagt er að svara þeim spurningum sem hér hafa fram komið. Ég hef reynt að taka þær skilmerkilega niður og hafði hugsað mér að svara þeim hér síðar í ræðu.

Það kom fram hjá formanni heilbr.- og trn., Össuri Skarphéðinssyni, að hann teldi rétt að taka tvö atriði út úr frv. og þá gæti hann fyrir sitt leyti samþykkt það. Þar átti hv. þm. Össur Skarphéðinsson við einkaréttinn og aðgangsnefndina svokölluðu. Ég opnaði á það í andsvari að taka út aðgangsnefndina og taka málið til frekari vinnslu milli 2. og 3. umr. Það er því rétt sem fram hefur komið að samkomulag sé um að taka málið inn milli 2. og 3. umr. og skoða sérstaklega þetta aðgengismál.

Þetta hefur talsvert verið rætt síðustu daga og við sátum hér til klukkan hálfsex í nótt, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hélt um fimm tíma ræðu og fjölmargar spurningar hafa komið fram. Ég hafði hugsað mér að reyna að svara þeim eftir bestu getu síðar í dag.

[14:05]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er ágætt að hv. framsögumaður meiri hlutans hyggist svara þessum spurningum síðar í umræðunni. Ég vek athygli á því að hv. framsögumaður er ekki kominn á mælendaskrá. Fjöldi annarra er hins vegar kominn á mælendaskrá. Það sem ég sagði áðan, herra forseti, voru í raun tilmæli til hæstv. forseta um að hliðra til fyrir hinum ágæta þingmanni og framsögumanni meiri hlutans svo hún komist á mælendaskrá eigi síðar en nú þegar. Ég held að það mundi greiða fyrir umræðunni ef þingheimi bærust þau svör, sem hv. þm. segir að hún hafi þegar undirbúið við þeim spurningum sem fram hafa komið í umræðunni sem allra fyrst, nú þegar, eftir eina ræðu eða tvær. Ég tel mikilvægt að það gerðist sem fyrst en ekki að svör hv. þm. kæmu fram einhvern tímann í nótt eða næstu nótt. Það mundi einfaldlega þýða það að endurtaka þyrfti alla þessa umræðu aftur.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 109, nál. 402, 406 og 409, brtt. 403, 410 og 417, till. til rökst. dagskrár 433.

[14:06]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði er án hliðstæðu. Málið hefur því hlotið mjög mikla umfjöllun á Alþingi en ekki síður í fjölmiðlum. Enn fremur vekur frv. mikla athygli á erlendum vettvangi.

Umfjöllunin hefur ekki síst verið möguleg fyrir jákvæða tilstuðlan heilbrrn. með því að veita aðgang að gögnum og umsögnum á alnetinu. Fyrir utan einstakt eðli frv. eru enn fremur í því nýyrði sem eru okkur framandi og virðist skilningur á merkingu nýyrða frv. því miður ekki jafnalmennur og æskilegt væri. Ef til vill er þetta ein helsta ástæða þess að svo fáir, aðeins 13% svarenda í nýlegri skoðanakönnun, töldu sig þekkja vel til innihalds frv. Vegna þessa skorts á þekkingu almennings á málinu er ábyrgð löggjafans meiri ef svo má komast að orði.

Málið hefur hlotið ítarlega umfjöllun í heilbr.- og trn. Rétt er að vekja athygli á því hve vel nefndarmenn hafa unnið að því að setja sig inn í málið. Þegar um svo mikla nýjung sem frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði er að ræða, og svo viðkvæmt en jafnframt tæknilegt og flókið mál, má alltaf deila um hvenær umræðu skuli ljúka og endanleg ákvörðun skuli tekin.

Frv. hefur tekið talsverðum breytingum frá því að það var afgreitt til nefndar við 1. umr. eins og fram kemur í nál. og brtt. meiri hluta nefndarinnar. Ég tel þær allar jákvæðar og til framdráttar. Eins og ég sagði í ræðu minni við 1. umr. um frv. taldi ég að ýmsum spurningum væri nauðsynlegt að svara og ákveðnar upplýsingar þyrftu að koma fram við 2. umr. Mjög margt hefur skýrst og verið fært til hins betra en hins vegar eru nokkur atriði sem mér finnst enn ekki skýr

eða tel æskilegt að hefðu fylgt sem brtt. Ég skrifaði því undir meirihlutaálitið með fyrirvara og vil nú fara yfir ástæður þess.

Ég tel orka tvímælis að veita einum aðila sérleyfi til rekstrar miðlægs gagnagrunns með heilbrigðisupplýsingum íslensku þjóðarinnar til svo langs tíma sem gert er ráð fyrir í frv. eða 12 ára. Vísa ég þá til hinnar gríðarlega öru þróunar í erfðavísindum og jafnframt í upplýsingatækni. Sérleyfi til eins aðila í svo langan tíma, sem útilokar aðra frá samkeppni í rannsóknum af þessu tagi, býður upp á hægari framfarir í þessum vísindum hérlendis. Vonandi verður þó staðið þannig að aðhaldi og endurskoðun á eðli og framkvæmd hins miðlæga gagnagrunns að framfarir verði í takti við það sem best gerist hjá öðrum á þessu sviði.

Í þessu sambandi tel ég einnig rétt að nefna að í áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands kemur fram að nokkur áhætta sé tekin gagnvart skuldbindingum okkar í EES við að fela einum aðila einkarétt til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns. Sömuleiðis vil ég leyfa mér að vísa til álits Samkeppnisstofnunar sem segir að veiting einkaréttar til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði gangi gegn markmiði og tilgangi samkeppnislaga. Að mati stofnunarinnar er það ekki í samræmi við þá þróun sem á sér stað innan EES.

Bent hefur verið á að ákvæði 9. gr. um aðgengi að upplýsingum í gagnagrunni á heilbrigðissviði geti hugsanlega stangast á við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Ég vil nefna að þeir vísindamenn sem fá upplýsingar gegn lægra gjaldi eru íslenskir starfsmenn heilbrigðisstofnana. Að því er ég fæ best séð kemur ekki fram að aðrir íslenskir vísindamenn geti fengið aðgang á því gjaldi nema þeir gerist starfsmenn þessara stofnana. Ég hef áhyggjur af því að mismunandi tækifæri til aðgengis vegna mismunandi gjalds fyrir upplýsingar úr gagnagrunni verði ekki talið samræmast ákvæðum EES um sameiginlegan vinnumarkað og gæti komið niður á okkur í framtíðinni. Aftur bendi ég á að Samkeppnisstofnun telur nauðsynlegt að ákvæði þessarar greinar verði tekin til endurskoðunar. Þetta getur þó verið túlkunaratriði og mun síðar koma í ljós hvort athugasemdir verði gerðar við þessa framsetningu.

Heilsufarsupplýsingar í gagnagrunninum verða mjög vel varðar og eru samkvæmt áliti meiri hluta heilbr.- og trn., Íslenskrar erfðagreiningar og Stika ehf. taldar vera ópersónulegar. Ýmsir aðrir aðilar, svo sem tölvunefnd og Jóhann Pétur Malmquist prófessor í tölvunarfræðum, hafa talið upplýsingarnar persónugreinanlegar. Vegna þess að menn greinir á um hvort upplýsingarnar eru persónugreinanlegar eða ópersónugreinanlegar hefði verið æskilegt að slá ýtrasta varnagla og æskja sérstaks upplýsts samþykkis sjúklings við þátttöku í gagnagrunni.

Brtt. sem lögð er til við 12. gr. um þverfaglega siðanefnd skipaða ráðherra er mjög til bóta. Ég vil þó leggja áherslu á að við skipan nefndarinnar mun ráðherra hafa hlutleysi nefndarinnar að leiðarljósi þannig að hagsmunaaðilar verði ekki ríkjandi í ákvarðanatöku.

Til að tryggja réttindi sjúklinga nægilega hefði verið æskilegt að vísindanefnd, samkvæmt sérstökum lögum um réttindi sjúklinga, hefði gegnt því hlutverki sem sérstök vísindasiðanefnd gagnagrunnsins á að gegna.

Við 1. umr. frv. taldi ég nauðsynlegt að vita hvaða upplýsingar mundu fara inn í gagnagrunninn og hverjar ekki. Ýmsar afar viðkvæmar og persónulegar upplýsingar koma fram í sjúkraskýrslum, upplýsingar sem fólk vill ekki að komi fram annars staðar. Við umræður í heilbr.- og trn. var ekki talið rétt að vísa til reglugerðar um sjúkraskrár þar sem aðrar upplýsingar kynnu einnig að vera nauðsynlegar og sumar upplýsingar í sjúkraskrá kynnu jafnvel að vera ónauðsynlegar. Slík skýring getur verið eðlileg.

Vísað er til tölvunefndar til að tryggja öryggi þessara upplýsinga. Þrátt fyrir það tel ég að heppilegra hefði verið að einhvers konar rammi hefði verið um eðli þeirra upplýsinga sem gagnagrunnurinn mætti geyma þannig að almenningur gæti stuðst við lagaheimild ef vafi kæmi upp. Alþingi hlýtur að vera endanlega ábyrgt fyrir slíkum stórákvörðunum svo sem að opna sjúkraskrár í meira mæli en hingað til hefur verið gert. Í þessu samhengi vil ég einnig vísa til álits Lagastofnunar Háskóla Íslands þar sem segir að heppilegt sé að afmarka nánar hugtakið um umfang og eðli þeirra upplýsinga sem fyrirhugað er að flytja í gagnagrunninn.

Þátttaka rekstrarleyfishafa í aðgangsnefnd hefur verið gagnrýnd verulega. Hins vegar er gert ráð fyrir að mjög takmarkaðar upplýsingar um rannsóknarverkefni verði gefnar við umsókn um aðgang og það eigi að tryggja að rekstrarleyfishafi geti ekki nýtt sér hugmyndir sem koma fyrir nefndina. Ég taldi æskilegt að skoða hvort finna mætti aðra leið en þá að rekstrarleyfishafi hefði fulltrúa í nefndinni. Ætlunin mun að fjalla um það milli 2. og 3. umr.

Að lokum vil ég koma á framfæri fyrirvara um að engar sértækar reglur eru um meðferð upplýsinga um látna. Talið er að slíkar reglur geti verið erfiðar og flóknar í framkvæmd þannig að ef sótt yrði um leyfi til aðstandenda kynni slík umsókn að fá mismunandi svör frá þeim. Ég tel rétt að leggja áherslu á að upplýsingar sem fara inn í gagnagrunninn séu ekki einungis upplýsingar um þann sjúkling sem sjúkraskráin tekur til, heldur taka þær frá erfðafræðilegu sjónarmiði einnig til ítarlegra upplýsinga um nánustu ættingja. Því hefði verið æskilegt að skýrar hefði verið tekið á upplýsingum um látna.

Framangreindar athugasemdir mínir kunna að vera margar og sumum kann að finnast þær allítarlegar. Ég vil í því sambandi benda á að í umfjöllun heilbr.- og trn. hefur hverri setningu og hverju orði verið velt upp til þess að sem best mætti takast til um vinnuna. Við erum að vinna frumkvöðlastarf þar sem ekki er unnt að styðjast við löggjöf annars staðar að úr heiminum. Vonandi tekst okkur að ná almennri sátt um afgreiðslu þessa máls. Það er forsenda þess að vel til takist. Ég vil leyfa mér að treysta því að Alþingi og framkvæmdarvaldið muni grípa í taumana og bæta þau lög og reglur sem settar verða við framkvæmd væntanlegra laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði þegar svo á við. Ég hef áður látið í ljós þá von mína og geri það enn, að Íslendingar mættu vera til fyrirmyndar öðrum þjóðum í þróun löggjafar um slíkan gagnagrunn og í þeirri von verð ég áfram.

[14:15]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir þessa prýðilegu ræðu þar sem tekið er undir flest varnaðarorð sem komið hafa fram hjá talsmönnum stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu. Eitt tæknilegt atriði langar mig að gera að umræðuefni.

Hv. þm. ítrekar nauðsyn þess að þær upplýsingar sem eiga að fara í gagnagrunn úr sjúkraskrám verði afmarkaðar

betur. Ég er sammála hv. um að þetta væri æskilegt. Ekkert einstakt atriði var jafnoft drepið á í umsögnum sem nefndinni bárust. Þetta er jafnframt eitt þeirra atriða sem menn lágu talsvert yfir, þar á meðal sá sem hér talar.

Ég velti því fyrir mér ásamt fleirum hvernig hægt væri að afmarka þessar upplýsingar. Þá blasti við sá vandi að undir hinum miðlæga gagnagrunni eiga að vera dreifðir, staðbundnir grunnar frá heilbrigðisstofnunum og á að haga gerð þeirra eftir þörfum viðkomandi heilbrigðisstofnana. Að lokum var það a.m.k. persónuleg skoðun mín að æskilegt væri að breyta lögunum þannig að kveðið yrði á um að ákvörðunin um gerð þessara staðbundnu grunna og hvaða upplýsinga þeir eigi að taka til ætti að vera tekin í samráði við sérfræðinga og forráðamenn þeirra stofnana. Ég er þeirrar skoðunar að erfitt sé að afmarka nákvæmlega með lögunum eðli og umfang upplýsinga sem eiga að fara í grunninn. Ég held að það hljóti að vera mismunandi eftir stofnunum.

Ég vek athygli á því að þrátt fyrir að ekkert atriði hafi fengið jafnmargar athugasemdir í álitsgerðum sem okkur bárust þá er hvergi að finna tæka tillögu um hvernig ætti að gera þetta. Það er sá vandi sem okkur var á höndum. Ég a.m.k. komst skrefi lengra en meiri hlutinn varðandi afmörkun þessa efnis en ég náði því eigi að síður ekki að leggja fram tillögu sem beinlínis afmarkaði umfang þessara upplýsinga. Ég spyr hv. þm.: Telur hún að það sé kleift? Hefur hún hugmynd um hvernig ætti að gera það?

[14:17]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir andsvarið. Ég tel að eitthvað ákveðnara hefði þurft í þessum lögum en að minnast vart á hvaða upplýsingar eigi að fara í gagnagrunninn. Ég tel t.d. að mögulegt hefði verið að afmaka það, ekki endilega eftir stofnunum heldur eftir sérgreinum, vegna þess að sérfræðingar hafa ákveðið verklag og e.t.v. væri hægt að skoða hvernig þeir byggja sjúkraskýrslur sínar.

Við erum hugsanlega að fara að opna sjúkraskýrslur í meira mæli en hingað til í rannsóknarvinnslu og ég hefði talið eðlilegt að við reyndum að gera þetta. Sömuleiðis hefði ég þá gjarnan viljað fá hóp sérfræðinga til þess að vinna að þessu með okkur og þá úr ýmsum sérgreinum.

Hins vegar ætla ég nú að treysta því að þetta verði unnið af framkvæmdarvaldinu eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi. Ég treysti því að það verði þá a.m.k. fyrsta skrefið í þróun þessara laga. Þegar svo ný lög koma til framkvæmda hlýtur að vera ástæða til þess að taka þau til endurskoðunar eftir því sem þörf krefur.

[14:19]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Málið sem við ræðum hér er kannski eitt það merkilegasta sem komið hefur til umræðu í þinginu á þessu kjörtímabili. Það er kannski sökum þess að sú hugmynd sem við ræðum er einstök í veröldinni og við erum frumkvöðlar í lagasetningu á þessu sviði.

Tilurð þessa máls er ekki síður merkileg og má rekja fyrst og fremst til eins manns. Sá kom að máli við gamlan skólabróður sinn og kynnti honum þá hugmynd að heilbrigðiskerfið á Íslandi, fámennið, einsleitt erfðamengi og miklar ættfræðiupplýsingar væru stórmerkileg auðlind sem nýta ætti. Þetta mál verður ekki til í þinginu og verður ekki til hjá framkvæmdarvaldinu. Hugmyndin kviknaði úti í samfélaginu og varð til hjá frumkvöðli sem ég held að við verðum að leyfa að njóta þess. Hugmyndin að nýta þennan þjóðarauð er alveg stórmerkileg. Ég held að jafnvel megi taka undir það að hér sé auðlind sem tiltekinn einstaklingur setti fram hugmynd um hvernig ætti að nýta.

Virðulegi forseti. Eitt er að setja fram hugmynd og annað að láta hana ganga upp í því umhverfi sem við búum við. Það er ekki eitt og hið sama. Ef við byrjum á að skoða þá hugmynd sem felst í að nýta umræddu auðlind þá er nauðsynlegt að framkvæmdin sé í sátt við starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar. Það er alveg klárt. Það mundi aldrei ganga upp, virðulegi forseti, að setja olíuborpall yfir auðlind þar sem olían væri upp urin. Hún mundi ekki skila neinu. Ef hugmyndin á að ganga upp, að nýta upplýsingarnar, er grundvallaratriði að málið náist fram í sátt við heilbrigðisstéttir. Annars verður aldrei úr því að við vinnum úr þessari auðlind sem ég tel að við höfum. Þess vegna held ég að sú leið sem meiri hluti Alþingis ætlar að fara geti aldrei gengið upp. Kannski eru framkvæmdarvaldið og meiri hluti Alþingis að koma í veg fyrir að þessi auðlind verði nýtt. Það er kannski hið alvarlegasta við málið. Ég legg því megináherslu á að ef við ætlum að nýta þessa auðlind, þá verðum við að ná um hana pólitískri sátt og sátt við heilbrigðisstéttirnar í landinu. Annars getur málið aldrei gengið fram.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að fara djúpt í frv. sjálft en leggja þess í stað megináherslu á það í þessu frv. sem gerir það að verkum, fyrir utan það að engin sátt er við heilbrigðisstéttir í málinu eins og fram hefur komið, að 150 læknar ýmist ætla ekki að veita upplýsingar í gagnagrunninn eða eru alfarið á móti því að þessi gagnagrunnur verði til. Skoðun mín, virðulegi forseti, er sú að við eigum ekki að kasta þessari hugmynd frá okkur. Ég hef ásamt tveimur öðrum hv. þm. lagt fram frv. á Alþingi um tímabundna dreifða gagnagrunna. Það fékkst því miður ekki rætt í þessu samhengi.

Það sem ég ætla að leggja megináherslu á, virðulegi forseti, í ræðu minni er að sú hugmynd sem felur í sér miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði verður að virka í lagaumhverfi okkar. Hún verður að virka og samrýmast stjórnarskrá. Hún þarf að geta samrýmst þeim alþjóðaskuldbindingum sem við höfum tekist á hendur. Ef það er ekki, virðulegi forseti, getur þetta heldur ekki gengið. Það eru enn frekar rök fyrir því að nýting gagnagrunnsins þurfi að vera í sátt við heilbrigðisstéttir, fá samrýmst stjórnarskrá og þeim alþjóðaskuldbindingum sem við höfum tekist á hendur.

Ég vil byrja á því, virðulegi forseti, að velta upp þeirri hugmynd og bera saman við nýgenginn kvótadóm sem allflestir þekkja eða hafa a.m.k. heyrt rætt um, að ef hér er á ferðinni auðlind, og ég tel að svo sé og held að við eigum að nálgast þetta sem auðlind, þá hefur Hæstiréttur nýlega sagt að ekki sé heimilt að takmarka aðgang að þessari auðlind. Þess vegna sem við verðum að skoða þennan einkarétt sérstaklega. Við höfum fyrir okkur þennan nýgengna kvótadóm sem teflir fram þeim rökum að auðlindir af þessum toga verði að nýta þannig að allir sem vilja hafi aðgang að nýtingu hennar. Í þessu samhengi verður að líta á atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og með vísan til nýgengins dóms sem ég vitnaði til er ljóst að frelsi til rannsókna og markaðssetningu rannsókna á grundvelli þessara gagna er mjög þröngur stakkur skorinn.

Menn hafa vitnað til 9. gr. í frv. Kannski er ástæðulaust að rekja það sérstaklega en ljóst er að verði frv. að lögum í

þeim búningi sem það er nú, dreg ég mjög í efa að þau lög fengju staðist atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Frelsi til rannsókna og markaðssetningu rannsókna, frelsi til að skapa störf og frelsi til atvinnu er mjög skert í þeim búningi sem frv. er í núna. Við megum ekki láta þessa hugmynd ganga okkur úr greipum vegna þeirrar skammsýni að virða ekki það lagaumhverfi sem lögunum er ætlað að gilda í.

Virðulegi forseti. Í þessu samhengi vil ég vitna til þess að vitaskuld verður þetta frv. einnig að standast jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar. Ég held að ekki sé ástæða til að rekja það sérstaklega en verði frv. að lögum í þeim búningi sem það er í núna er alveg ljóst að litlum hópi er ætlað að fá að nýta þá auðlind sem falist getur í skráðum heilbrigðisupplýsingum og miklum ættfræðiupplýsingum hér í fámenninu. Ég tel að það sé sú auðlind sem í raun og veru er verið að fjalla um.

Virðulegi forseti. Kannski er ástæðan fyrir því að ég treysti mér ekki til þess að styðja þetta frv. sú að það fær ekki staðist í því umhverfi sem við höfum búið okkur, ekki grundvallarreglur lýðræðisins og ekki með tilliti til alþjóðaskuldbindinga okkar. Það er mikill ábyrgðarhluti, virðulegi forseti, þegar helstu sérfræðingar okkar á þessu sviði hafa bent Alþingi á að þetta fái ekki samrýmst grundvallarreglunum. Meiri hlutinn ætlar samt sem áður að keyra frv. í gegn í ósætti við þá sem eiga að vinna að málinu og án efa í ósamræmi við þær reglur sem gilda.

Þegar maður les frv. þá finnur maður því miður sáralítil rök, sárafá rök ef nokkur fyrir þessum einkarétti, fyrir því að veita Íslenskri erfðagreiningu, þó að það komi kannski hvergi fram í frv., einkarétt til rekstrarleyfis á miðlægum gagnagrunni. Það eru sárafá rök og varla nokkur sem hægt er að nefna. Þau rök sem helst hafa komið fram í umræðunni um nauðsyn á þessum einkarétti eru fyrst og fremst frumkvæði þessa fyrirtækis til að þessi hugmynd geti orðið að veruleika. Það má vel skoða það, virðulegi forseti, að menn fái notið þess frumkvæðis sem þeir sýna í svona málum en það má ekki gera það þannig að það gangi gegn mörgum af þeim grundvallarreglum sem við höfum sett í okkar samfélagi. Það getur aldrei gengið, virðulegi forseti.

Önnur rök sem fram hafa komið, m.a. í andsvari sem ég átti við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem hefur verið framsögumaður meiri hlutans í þessu máli, eru að fjárfestingin í gagnagrunninum sé svo sérstaklega dýr. Ég held, virðulegi forseti, að það ætti við á miklu fleiri sviðum en nokkru sinni þessu að hægt sé að færa þau rök fram að einungis sú staðreynd að dýrt sé að koma upp þessum gagnagrunni, sem er í raun og veru einstakur í veröldinni, kalli eftir því að fjárfestingin verði sérstaklega ríkisvernduð á þennan hátt, þ.e. að ríkið veiti einkarétt til nýtingar þessa gagnagrunns. Ég benti á það í andsvari og umræðum fyrr í gær eða fyrradag að allt eins mætti beita þessum sömu rökum á álbræðslur sem eru rándýrar. Það mætti allt eins beita þessum rökum á stór verksmiðjuskip sem eru rándýr. Það felst áhætta í því að vera frumkvöðull. Það felst áhætta í því að fjárfesta. Það er í raun og veru ekki hægt að leggja þessi rök á borðið þó að menn ætli að fjárfesta fyrir mikið, þar sem án efa einhverjar markaðsrannsóknir hafa farið fram og menn eru sannfærðir um að þeir séu að leggja þetta fram vegna þess að miklar líkur eru á því að hægt sé að fá ávöxtun af þessu fé. Það er ekki hægt að bera þau rök fram, virðulegi forseti, að í þessu umhverfi sé fjárfestingin svo dýr að sérstaka ríkisvernd þurfi fyrir hana. Það væri gaman að spyrja okkar sérstaka gúrú í Alþingi, hv. þm. Pétur Blöndal, hver skyldi ávöxtunarkrafan vera af fjárfestingu sem nýtur ríkisverndar. Hún hlýtur að vera nokkuð há.

Virðulegi forseti. Í þriðja lagi hafa þau rök verið færð fyrir þessum einkarétti að markaðssetningin á þeim afurðum sem hugsanlega er hægt að framleiða úr þessum grunni sé óörugg. Í raun og veru held ég, virðulegi forseti, að taki menn ákvörðun um að fjárfesta jafnmikið og felst í því að byggja upp gagnagrunn, þá hljóti menn að hafa kannað þessi rök sérstaklega. Hins vegar rekst hvað á annars horn í þessari röksemdafærslu því að um leið og menn tala um að óöruggt sé að markaðssetja þær afurðir sem hugsanlega megi vinna úr gagnagrunninum þá segja menn einnig að hann sé grundvallartæki til að nota við uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar í framtíðinni þannig að það er í rauninni ekki óöruggara en svo, virðulegi forseti, því að þetta er eitthvað sem menn ætla að treysta á við uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar í framtíðinni.

Ég held, virðulegi forseti, að ef menn ætla að keyra þetta fram eins og birtist í frv. meiri hlutans, þá þurfi að færa fyrir þessu miklu skýrari og betri rök. Það er einu sinni þannig að þjóðin hefur gengist undir skuldbindingar á alþjóðagrundvelli hvað þetta varðar og gengist undir þær reglur sem fram koma í EES-samningnum, en þar er kveðið á um að ef menn ætla að veita einkarétt þá þurfi mjög sterk rök til þess, til þess að veita mönnum sérréttindi. Við höfum gengist undir þennan samning, EES-samninginn, sem hefur það að markmiði að auka samkeppni. Það er bara hans markmið. Meiri hluti Alþingis hefur samþykkt þetta. Þetta eru lög í landinu. Þetta eru alþjóðaskuldbindingar og við verðum vitaskuld að virða þessar skuldbindingar.

Ég vil hæla hv. heilbr.- og trn. Alþingis fyrir það að hún hefur látið vinna mjög merk álit um þetta. Hún hefur fengið til vinnu í einmitt þessu máli okkar fremstu sérfræðinga á þessu sviði. Og hvað segja þeir? Þeir segja einfaldlega, virðulegi forseti, að frv. í þeim búningi sem það er í núna fái ekki staðist þessa samninga, það fái ekki staðist alþjóðaskuldbindingar okkar. Hvað segir meiri hluti Alþingis við því? Mér virðist sem þeir yppi öxlum og segji sem svo: „Það er áhættunnar virði." Það eru einu rökin sem komið hafa fram í þessu máli. Það er áhættunnar virði, þótt okkar fremstu sérfræðingar segi að þetta gangi ekki upp, að láta á það reyna. Í hvers konar umhverfi verður þetta ef menn ætla að keyra jafnstórt mál fram í eins mikilli óvissu og raun ber vitni? Í fyrsta lagi í mikilli ósátt við heilbrigðisstéttir og í öðru lagi í andstöðu við það lagaumhverfi sem gagnagrunninum er ætlað að vinna í.

Það er alveg ljóst að þetta mál verður kært hratt og örugglega fyrir alla þá dómstóla og allar þær eftirlitsstofnanir sem hægt er að kæra það fyrir. Og ég er nokkuð viss um að Íslensk erfðagreining verður ekki einu sinni búin að kaupa allar þær tölvur sem kaupa þarf til að koma á fót þessum staðbundnu gagnagrunnum þegar einhver eftirlitsstofnunin verður búin að dæma þetta dautt og ómerkt. Það hvílir mikil ábyrgð hjá meiri hluta Alþingis ef menn ætla að láta málið ganga fram á þennan hátt þrátt fyrir þá augljósu óvissu sem fram undan er.

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki einsett mér að setja á langa ræðu. En ég held að í þessu samhengi sé nauðsynlegt, þó að nokkrir hafi gert það fyrr, að vekja athygli á því að hér er yfirlit yfir afstöðu álitsgjafa til heilbrn.- og trn. Alþingis og mér sýnist sem svo að aðeins tveir af þeim sem veita

heilbr.- og trn. álit á þessu frv. samþykki allt sem þar kemur fram. Tveir aðilar eru óvissir, annars vegar er það Félag ísl. fótaðgerðafræðinga og hins vegar Hjartavernd sem virðist hafa óljósa afstöðu til málsins. Allir aðrir, allir okkar færustu sérfræðingar á þessu sviði sem heilbr.- og trn. hefur leitað til, hafa á einn eða annan hátt verulegar athugasemdir við frv. Þrátt fyrir það virðast menn ætla að keyra það í gegnum Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um álit Samkeppnisstofnunar sem hér liggur fyrir en það er mjög vandað og vel unnið. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að þegar eftirlitsstofnanir sem við heyrum undir vegna þeirra alþjóðaskuldbindinga sem við höfum gengist undir fara að fjalla um þetta mál, þá muni þær senda það heim til föðurhúsanna hratt og örugglega. Og þá erum við kannski búnir að missa af því tækifæri að nýta þessa auðlind vegna þess að mönnum sést ekki fyrir, kannski í græðgi sinni, að fá einkarétt á sinni eigin fjárfestingu. Kannski eru framkvæmdarvaldið og meiri hluti Alþingis, með því að keyra frv. fram með þessum hætti, að ganga af annars frambærilegri hugmynd dauðri. Það er kannski hið grafalvarlega í þessu máli, virðulegi forseti. Og það hvílir mikil ábyrgð á Alþingi, sem nýverið fékk löðrung frá Hæstarétti fyrir að hafa ekki sett lög sem samrýmast þeirri grundvallarreglu sem við byggjum okkar samfélag á, ef við ætlum að keyra frv. í gegn með þeim rökum að fræðilegur möguleiki sé á því að það fái staðist stjórnarskrá, það geti hugsast að frv. fái staðist EES-samning en það eru engin rök fyrir því og ekki færð ein einustu vitræn rök fyrir því að þetta fái staðist.

Í mínum huga, virðulegi forseti, er það grafalvarlegt mál þegar hugmynd af þessum toga er sett fram, þegar jafnmerkilegt mál kemur fram, að meiri hluti Alþingis ætli að keyra það fram og eyðileggja það á þann hátt sem birtist í þessu frv.

Virðulegi forseti. Hér hafa verið haldnar langar og miklar ræður og menn mun fróðari en ég um þetta mál hafa þar talað og farið yfir ýmislegt. En það hefur líka ýmislegt komið fram í þessari umræðu sem ég held að sé vert að framsögumaður meiri hluta heilbr.- og trn. svari. Ég vil því beina fyrirspurnum mínum til hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur. Í fyrsta lagi: Er ætlunin að gera grundvallarbreytingu á frv. milli 2. og 3. umr.? Og ég spyr að gefnu tilefni: Er ætlunin sú að inn í þennan gagnagrunn fari fleiri upplýsingar en fram koma í frv., og spyr ég þá kannski sérstaklega um upplýsingar úr lyfjabúðum, að gefnu tilefni? Ég held að mjög mikilvægt sé að þessi mál liggi fyrir áður en umræðan heldur áfram.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[14:41]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom fram í upphafi máls hv. þm. sem hér talaði að hér væri um alveg einstakt mál að ræða, að Ísland væri einstakt o.s.frv. Þetta er staðhæfing sem hefur fylgt þessu máli lengst af. Ég held að þetta sé ekki rétt og ég reyndi í umræðu í nótt, sem ekki kannski margir heyrðu, að færa fyrir því rök að þetta er ekki þannig. Við erum aðeins hluti af þróun sem er að ganga yfir heiminn allan, má segja, þar sem viðskiptaaðilar, sumir fjársterkir, ætla sér að komast yfir fé. Það er aðalhreyfiafl málsins. Það eru peningar í þessu. Og þeir aðilar sem þar eru á ferðinni verða ekki taldir á fingrum annarrar handar eða beggja handa. Þeir skipta hundruðum, kannski þúsundum — hærri talan sem ég nefni er líklegri — kannski mörg þúsund, sem eru á ferðinni að kemba heiminn í leit að erfðaupplýsingum. Það sem er að gerast hér er aðeins örlítið brot í því samhengi. Upptök þessa máls? Ég held að ævintýrið um skólabræðurna komi tiltölulega seint inn í þetta mál. En það er alveg ljóst af því sem ég vitnaði til í ræðu minni fyrr í umræðunni að þetta mál er komið á fullan skrið 1995 í bréfaskiptum milli núverandi forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar og fyrirtækisins Sequana, minnir mig að það kallist, kalifornísks erfðafyrirtækis, þar sem þessi mál eru rædd. Ísland þykir alveg sérstaklega girnilegt fyrir lyfjaiðnaðinn vegna hins hvíta kynstofns sem hér er og er lítið blandaður öðrum. Eylönd og fámennir kynþættir eru sérstaklega í skotlínu eða sérstakega eftirsóttir af þessum aðilum vegna þess að þar kann að vera eitthvað sérstakt að finna og menn reyna að komast yfir þetta og eignast réttinn yfir þessu. Þetta er hér á ferðinni og það er hið stóra í þessu máli.

[14:43]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski þannig í þessu máli að ekkert sérstaklega langt er á milli okkar hv. þm. í því. Það sem ég átti við þegar ég talaði um að þetta væri einstætt var kannski það sem hv. þm. kom að í máli sínu í lokin þegar hann sagði að Ísland sé kannski sérstaklega eftirsóknarvert í þessu tilviki. Við það átti ég þegar ég sagði að málið væri einstætt og að þarna væri á ferðinni auðlind sem við ættum hugsanlega að skoða að nota, en ekki með þeirri aðferðafræði sem hér er á ferðinni. Það er kannski þetta sem ég var fyrst og fremst að segja. Það er grafalvarlegt mál að við hugsanlega höfum tækifæri sem við gætum nýtt, en við ætlum að nýta það með þeim hætti sem birtist í frv meiri hlutans. Það er þetta sem ég á við þegar ég segi: Við erum fámenn, við höfum meiri áhuga ættfræði en tíðkast annars staðar, að því er ég best veit, og við erum einsleit þjóð. Mér sýnist þetta vera auðlind og við eigum að ráða því sjálf hvernig við nýtum hana. En við eigum alls ekki að gera það þannig að nýtingin fái ekki einu sinni samræmst grundvallarreglum samfélagsins, þ.e. stjórnarskránni, og ekki einu sinni alþjóðaskuldbindingum sem við höfum gengist undir. Þess vegna, virðulegi forseti, finnst mér þetta grafalvarlegt mál. Í mínum huga er þetta einstakt vegna þess að ég held að þarna sé á ferðinni auðlind. En við erum á miklum villigötum á þeirri leið að reyna að nýta hana.

[14:45]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að ekki sé mjög langt á milli okkar hv. þm. þó að mér finnist kannski helst til langt gengið með því frv. sem hv. þm. hefur lagt fram sem er í rauninni að vissu leyti uppáskrift á þessa leið. Ég er með miklar efasemdir um að það hafi verið skynsamlegt að leggja það mál inn eins og gert var af hv. þm. sem er meðflm.

Ég vil ekki heldur taka að lítt athuguðu máli undir staðhæfinguna um einsleitni Íslendinga. Það má vel vera að hægt sé að halda því fram með réttu, ég fullyrði það ekki. En ég hef lesið greinar eftir menn sem hafa verið að vinna í þessum málum sem draga þessa staðhæfingu verulega í efa m.a. vegna íblöndunar okkar við Kelta á sínum tíma, hinn norræni þáttur og hinn keltneski þáttur en hins vegar er ljóst að ekki hefur verið mikil íblöndun erfðafræðilega frá þeim tíma.

Meginatriðið er að við eigum ekki að láta peningaöfl utan úr heimi sem eru hér á ferðinni stjórna. Þetta er engin rómantík, það eru engar hugsjónir um lækningar sjúkdóma

eða framleiðslu á meðulum eða annað sem er hreyfiaflið í þessu máli. Það eru peningar, það er sókn í gróða og til þess þurfa menn að komast yfir erfðaupplýsingar. Þeir eru að leita að löndum eins og Íslandi í þessu samhengi og fjölmörgum öðrum og takmörkuðum, afmörkuðum kynþáttum til að komast yfir erfðaauðlindir þeirra og skilja þá eftir með skít og skömm eftir allt saman. Það er það sem er á góðri leið með að gerast hér ef þetta mál nær fram að ganga.

Virðulegur forseti. Ég held að þörf væri fyrir menn að fara yfir reynslu nágrannalanda eins og Finna í þessu máli að kynna sér ummæli Marju Sorsa í Morgunblaðinu 21. október sl. Það ættu menn að gera. Þá opnast kannski augu manna fyrir því út á hvaða óheillabraut er verið að fara. En óvissan er mörg sem þessu máli tengist og hér hefur komið fram og þar á meðal varðandi persónuverndina og spurninguna um persónugreinanlegar upplýsingar í samhengi erfðafræðiupplýsinga ef þær verða hluti af þessum grunni.

[14:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Hitt er að ég get tekið undir að vitaskuld er vonin um ávöxtun, vonin um arð að nýta fé sitt, vitaskuld er það hreyfiafl þessara hugmynda. Við skulum ekki vera að velkjast í vafa um það.

Ég get tekið undir að það er engin sérstök rómantík í málinu, það er algerlega fráleitt. Það er fyrst og fremst það að hér er á ferðinni, og ég held að við séum a.m.k. sammála um það, ég og hv. þm., að í vissum skilningi erum við auðlind. Það eru peningamenn sem vilja ávaxta sitt fé í þessari auðlind. Það er kjarni málsins.

Ég segi það hins vegar líka, ég held að við eigum að nýta þessa auðlind, en því miður, virðulegi forseti, verð ég að segja að sú leið sem meiri hluti þingsins vill fara í þessu máli er leið sem ég vil ekki fylgja.

[14:49]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Það stórmál sem hér er til umfjöllunar á sér enga hliðstæðu. Hér er verið að gera íslensku þjóðina að einu rannsóknarverkefni. Hins vegar er ljóst að almenningur í landinu er langt frá því að skilja um hvað málið snýst. Þá er sú mótstaða sem læknar og vísindasamfélagið hafa komið á framfæri og kallar á eftirköst sem eru ófyrirséð.

Fram kom í mörgum umsögnum og viðtölum við umsagnaraðila að þeir telja þennan gagnagrunn mjög varasaman og kom t.d. fram hjá fulltrúa Blóðbankans að þeir óttuðust um þá blóðgjafa sem eru fastakúnnar Blóðbankans ef ekki væri tryggt að réttur þeirra til að vera utan grunnsins væri tryggður. Blóðbankinn má alls ekki við því að fækkun yrði í blóðgjafahópnum. Þar er um mjög viðkvæmt mál að ræða. Starfsemi hans byggir á að almenningur treysti starfsmönnum hans og þeim upplýsingum um þá sem þar liggja sem trúnaðarmál þessara aðila.

Ég vil vekja athygli á að í 8. gr. kemur fram, með leyfi forseta: „Sjúklingur skal tilkynna landlækni um ósk sína." Það segir í umsögn um greinina að samkvæmt 7. gr. séu persónueinkenni dulkóðuð með þeim hætti að ekki sé hægt að rekja upplýsingarnar til baka til tiltekins einstaklings með greiningarlykli. Upplýsingar í gagnagrunni verði því ekki persónuupplýsingar og því ekki nauðsynlegt að afla upplýsts samþykkis fyrir flutningi þeirra í gagnagrunninn.

Nú hefur komið fram að hægt er að brjóta þennan dulkóðunarlykil þannig að þetta er í uppnámi.

Af sömu ástæðum er ekki skylt að gefa sjúklingum kost á að hafna því að upplýsingar um þá færu í grunninn. Þó að persónuvernd sé nú betur tryggð en í fyrra frv. þykir rétt að gefa þeim kost á því. Því er hér gert ráð fyrir að sjúklingur geti á þar til gerðu eyðublaði óskað eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Beiðnin getur varðað allar tilteknar upplýsingar og er skylt að verða við beiðninni og skal hún virt, einnig eftir lát sjúklings.

Mér er alvarlega spurn hvernig eigi að koma þessu við og hvernig fólk sjái að almenningur eigi greiðan aðgang að því að koma mótmælum sínum til landlæknis á framfæri. Ég vil beina því til þeirra sem eru að vinna þetta frv. að það verði þá ákaflega tryggt hvernig þær upplýsingar verði unnar og leiðbeiningar. Ég sé fyrir mér að almenningi sé þessi aðferð óaðgengileg og þurfi að hafa þetta eins einfalt og mögulegt er. Ég á hér við að sjúklingur skuli tilkynna landlækni um ósk sína. Ég segi bara eins og er, hér er verið að flækja alvarlega fyrir fólki um frágang þessa máls.

Sífellt mikilvægari tækni til söfnunar og miðlunar upplýsinga um persónulega hagi fólks kallar á aukna aðgæslu. Ég bendi sérstaklega á að ef misfarið væri með margvíslegar upplýsingar sem fyrir liggja um einstaklinga gæti það haft afdrifarík áhrif á stöðu þeirra og tækifæri á vinnumarkaði, svo og möguleika á tryggingavernd. Erfðafræðilegar upplýsingar og aðrar upplýsingar um ættgenga sjúkdóma geta verið mjög skaðlegar lendi þær í röngum höndum. Því er sérstaklega brýnt að komið verði í veg fyrir slíka misnotkun.

Ég tel að ýmis atriði í frv. verði að skýra betur en nú er gert. Þetta á t.d. við um skilgreiningu hugtaksins heilbrigðisupplýsingar. Sérstaklega þarf að huga að því hvort upplýsingar um lífsstíl, atvinnu og hegðunarmynstur, sem geta haft áhrif á heilsufar, flokkist sem heilbrigðisupplýsingar. Rétt er að benda á að í frv. er ekki vikið að tengslum ættfræðigrunna við sjúkraskrár og sjálfan gagnagrunninn en það hlýtur samt sem áður að vera lykilatriði. Í þessum tengslum er augljóst að gögn geta orðið persónugreinanleg.

Ég tel þörf á að skilgreina mun betur í frv. hvað felst í aðgengi stjórnvalda að upplýsingum úr miðlægum gagnagrunni og hvað stjórnvöld geti gert við slíkar upplýsingar. Þá er rétt að benda á að setja í sjálf lögin ýmis þau skilyrði sem tekin eru fram í greinargerðum og almennri umræðu að eigi að setja í starfsleyfi. Þetta á t.d. við um ákvæði þess efnis að ekki verði hægt að skoða einstaklinga eða mjög litla hópa, að viðskiptavinir leyfishafa fái aldrei aðgang að gögnum grunnsins heldur aðeins afleiddar, unnar upplýsingar sem farið verði eftir af eftirlitsaðilum og haldin verði skrá yfir alla notendur grunnsins svo vitað verði hverjir hafi meðhöndlað gögn. Því er brýnt að í lögum um persónuvernd og í lögum um almenna meðferð heilbrigðisupplýsinga verði tekið sérstaklega á meðferð heilsufarsupplýsinga um starfsfólk fyrirtækja, störf trúnaðarlækna og gagnaöflun aðila á borð við starfsmannastjórnir fyrirtækja og ráðningarþjónustur. Það er m.a. ótækt að fyrirtæki geti fengið viðkvæmar persónuupplýsingar um einstaklinga frá trúnaðarlækni og eru til dæmi um það eða starfsmannastjóra fyrirtækis sem viðkomandi hefur unnið hjá. Þá þarf að tryggja að upplýsingar um einstaklinga verði aldrei að söluvöru.

Virðulegi forseti. Það er alvarlegt mál ef gagnagrunnsfrv.

brýtur í bága við EES-reglur og fleiri lög. Er þá ekki betra að kanna þessi mál betur og gefa því lengri tíma?

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[14:56]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég ætla að reyna að svara ýmsum athugasemdum sem hafa komið fram við vinnslu þessa máls síðustu tvo daga í þinginu. Nokkrir hv. þm. hafa komið inn á það að upplýsingarnar í gagnagrunninum væru persónugreinanlegar en ég held að alls ekki sé hægt að kvitta undir það og mig langar að lesa upp kafla úr áliti Lagastofnunar þar sem þeir fóru nokkuð ítarlega yfir þetta mál, en þar segir, með leyfi forseta:

„Við mat á því hvort upplýsingar í fyrirhuguðum miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði teljist samkvæmt frv. ópersónugreinanlegar verður að taka tillit til allra þeirra ráðstafana í heild sem frv. mælir fyrir um til að tryggja persónuvernd. Er hér um að ræða dulkóðun upplýsinganna, aðgangshindranir, eftirlit opinberra aðila með rekstri gagnagrunnsins, réttinn til að hafna þátttöku í gagnagrunninum, þagnarskyldu þeirra sem koma að gerð og starfrækslu gagnagrunnsins og allar aðrar ráðstafanir sem gripið kann að verða til. Ef heildarmat á þessum ráðstöfunum öllum leiðir til þeirrar niðurstöðu að persónugreining gagnanna teljist ekki með sanngirni raunhæfur möguleiki án verulegrar fyrirhafnar og mannafla, þá eru upplýsingarnar samkvæmt mælikvörðun þjóðaréttar ópersónugreinanlegar. Hugmyndir um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði í þeirri mynd sem fram koma í frv. eru án skýrrar hliðstæðu á alþjóðamælikvarða og því ekki á beinum fordæmum eða sértækri fræðilegri umfjöllun að byggja á við þetta mat. Eins og frv. er sett fram og að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem að framan eru rakin um nánari útfærslu verklags og vinnuferla, teljum við þó að þjóðaréttur standi því ekki í vegi að löggjafinn geti metið það svo að upplýsingar í gagnagrunninum teljist ópersónugreinanlegar.

Þótt ekki yrði fallist á að sú forsenda frv. standist að í gagnagrunninum verði aðeins ópersónugreinanlegar upplýsingar er enn fremur bent á að í grein 12.2 í tilmælum R(97)5 og í tilskipun Evrópusambandsins nr. 95/46/EC er gert ráð fyrir að heimil sé vinnsla með persónugreinanlegar upplýsingar að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Að teknu tilliti til þeirra öryggisráðstafana sem frv. mælir fyrir um er það álit okkar að fyrirhugaður gagnagrunnur og vinnsla upplýsinga í honum geti fallið undir þessar undanþágur."

Þetta þýðir, virðulegur forseti, að Lagastofnun telur, og ég er sammála því, að upplýsingarnar séu ópersónugreinanlegar. Ég tel að persónuverndin sé afar trygg í frv. og sumir sem vel til þekkja líkja þessu nánast við vernd sem viðhefst hjá leyniþjónustum. Ég skal ekki segja hvort það er rétt en hún er a.m.k. afar trygg.

Þegar við tókum málið út úr nefndinni var það sameiginlegur skilningur okkar að eðlilegt væri að það ætti að flytja heilsufarsupplýsingarnar á dulkóðuðu formi en síðan ætti ekki að geyma þær á dulkóðuðu formi inni í gagnagrunninum. Það er hins vegar rétt sem hér er bent á að í umsögn Stika ehf., að mig minnir, kemur fram að það eigi að geyma heilsufarsupplýsingarnar á dulkóðuðu formi en við nánari skoðun er þetta nánast ótækt í vinnslu. Það er eðlilegt að dulkóða einungis persónuauðkennin og þau verða margdulkóðuð og ekki verður hægt að rekja sig til baka þannig að það verður ópersónugreinanlegt að því leyti, en hins vegar yrði afar erfitt að vinna með grunninn ef heilsufarsupplýsingarnar yrðu líka dulkóðaðar. Það er ekki þörf á því að mér skilst vegna þess að það á að geyma heilsufarsupplýsingarnar í nokkrum aðskildum grunnum og það verða svokallaðir starfstjórar yfir hverjum litlum grunni innan heilsufarsgrunnsins þannig að ekki verður hægt að persónugreina fólk upp úr honum þar sem þetta verður í aðskildum gagnasöfnum.

Það hefur verið reynt að útskýra þetta með þeim orðum að ef heilsufarsupplýsingarnar yrðu geymdar á dulkóðuðu formi yrði mjög erfitt að nota þær, þá yrði það nánast eins og ef maður ætlaði að leita að einhverju orði í bók og væri búinn að taka bókina upp á segulband, þá þyrfti að hlusta á allt segulbandið til að finna orðið. Ég veit ekki hvort þetta skýrir málið eitthvað frekar fyrir þingheimi.

Síðan hefur einnig verið spurt nokkuð um það hvað sé miðlægur gagnagrunnur. Það er rétt að skilningur á því hefur verið misjafn en eins og við ákváðum að taka málið út úr nefndinni litum við svo á að ættfræðigrunnurinn væri hluti af miðlægum gagnagrunni en, og ég undirstrika það, í aðskildu gagnasafni. Það er aðalatriðið. Ættfræðigrunnurinn á að vera í aðskildu gagnasafni og rétt er að þetta stangast að nokkru leyti á við upplýsingar í greinargerðinni en ég vil benda á að þetta er í samræmi við upplýsingar sem koma fram í fylgiskjali Stika ehf. þar sem er talað um að í miðlægum gagnagrunni eigi að vera heilsufarsupplýsingar, erfðafræðiupplýsingar og ættfræðiupplýsingar. Aðalatriðið er að þessir þrír grunnar, þ.e. heilsufarsupplýsingarnar úr sjúkraskránum, ættfræðiupplýsingarnar úr ættfræðiskránni sem er búið að vinna upp og allir geta unnið upp og erfðafræðiupplýsingarnar sem eru líka til í ákveðnum grunni, aðalatriðið er að tryggja að þegar þessir grunnar eru samkeyrðir þá sé það gert af ábyrgð. Það er aðalatriðið. (**ÖJ:** Og hvernig verður það tryggt?) Það verður tryggt með því að fela tölvunefnd að taka út sérstakt vinnuferli sem væntanlegur rekstrarleyfishafi setur upp. Það kemur mjög skýrt fram í brtt. meiri hlutans að það verður sérstakt vinnuferli sem rekstrarleyfishafi setur upp og þarf að fá vottun hjá tölvunefnd. Tölvunefnd þarf að samþykkja það vinnuferli þannig að það sé í lagi. Þetta þýðir að ekki þarf að fá leyfi fyrir hverja einustu færslu eða hverja einustu samkeyrslu í þessum gagnagrunnum hjá tölvunefnd. Það þýðir að það er bara vinnuferli sem er samþykkt frá tölvunefnd. Það verður líka óháður aðili sem á að taka út allt sem viðkemur persónuvernd áður en gagnagrunnurinn fær að starfa og síðan hefur tölvunefnd allt eftirlit með rekstri grunnsins þannig að tölvunefnd getur hvenær sem er farið þarna inn og athugað hvort ekki sé allt í lagi þannig að persónuverndin er að mínu mati algerlega trygg.

Eins og staðan er núna höfum við sett fram brtt. um að samkeyrsla ættfræðigrunnsins við heilsufarsupplýsingarnar fari þannig fram. Í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrichs kom m.a. fram að það ætti að skoða hvernig ætti að taka á erfðafræðiupplýsingunum og ég tel að við í nefndinni gætum skoðað hver sé vilji til þess og ég tel að það sé æskilegt hvort ekki eigi að fara eins með erfðafræðilegu upplýsingarnar, þ.e. þær séu í aðskildu gagnasafni en að við beinum því til tölvunefndar að taka út vinnuferlið sem væntanlegur rekstrarleyfishafi mundi setja upp. Þá kæmi þar annað vinnuferli þegar sá gagnagrunnur, erfðafræðiupplýsingarnar, yrði keyrður saman við aðra gagnagrunna sem tölvunefnd mundi samþykkja sérstaklega til að tryggja persónuvernd. Ef tölvunefnd treysti sér ekki í það yrði auðvitað að breyta vinnuferlinu og síðan ætti tölvunefnd alltaf að geta komið inn eins og kemur fram í frv. og verið með eftirlit á þessu.

Það hefur líka verið nokkuð rætt hvort einkarétturinn eða það að gefa út eitt starfsleyfi, hvort það stæðist. Um það eru deildar meiningar og það er rétt að við fengum misvísandi svör inn til nefndarinnar en ég vil sértaklega benda á álit Lagastofnunar varðandi þetta og, með leyfi forseta, langar mig til að lesa aðeins upp úr því áliti varðandi einkaréttinn en þar stendur:

„Það er skoðun okkar [þ.e. Lagastofnunar Háskólans] að einkaréttur til að búa til og starfrækja miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði geti samrýmst reglum þeim sem fram koma í 1. kafla IV. hluta EES-samningsins, sbr. einkum 59. gr. EES. Þessi niðurstaða byggist á heildarmati okkar á aðstæðum öllum, margvíslegum rökum sem byggjast á dómaframkvæmd EB-dómstólsins og viðurkenndum fræðilegum sjónarmiðum og öðrum þeim atriðum sem telja má líklegt að stofnanir EES tækju mið af ef ágreiningur um þetta atriði kæmi til kasta þeirra. Tekið er fram að um sérstakt verkefni sé að ræða sem ekki á sér hliðstæðu í dómaframkvæmd EB-dómstólsins, sem varðar skýringu á 90. gr. Rómarsáttmálans. Sú staðreynd gerir matið erfiðara en ella. Með því að fela einum aðila einkarétt til gerðar og starfrækslu miðlægs gagnagrunns er því tekin nokkur áhætta."

Hér undirstrikar Lagastofnun þá skoðun sína að einkarétturinn geti staðist EES-samninginn en viðurkennir þó að tekin er nokkur áhætta þar sem við erum að fara út í má segja nýtt umhverfi. Ekki hefur verið settur upp gagnagrunnur með sambærilegu sniði og við erum að tala um hér. Ég vil því ítreka það (**LB:** En hitt álitið?) að Lagastofnun telur að þetta sé í lagi. En vegna frammíkalla get ég líka minnt á það að Samkeppnisstofnun er með öðruvísi álit, það er rétt. En Lagastofnun er með þetta álit og ég tel að það sé rétt eða ég hef meiri trú á því.

Þetta eru nú helstu spurningarnar sem hafa komið fram í þessum umræðum. En það eru fjölmargar aðrar sem ég ætla að reyna aðeins að stikla á. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurði um hvort réttur sjúklinga til að gefa upplýsingar um sig skerðist eitthvað við þetta frv. Það er ekki svo að mínu mati. Réttur sjúklings er nokkuð skýr gagnvart þessu frv. Hann má segja nei og getur hafnað því að fara inn í grunninn þó að reyndar á hafi verið bent af nokkrum aðilum að eiginlega þyrfti ekki að gefa leyfi til að segja nei þar sem um ópersónugreinanlegar upplýsingar er að ræða. Það er ekkert sem skyldar menn til þess að heimila þeim sem eiga sjúkraskrár að neita því að vera með en eigi að síður er það samt heimilað. Það er líka heimilað að hætta þátttöku hvenær sem er en það hefur komið fram fyrr að við heimilum ekki að draga út afturvirkt upplýsingarnar en það er ekkert sem bannar sjúklingum að taka þátt í einhvers konar öðrum grunnum. Sjúklingar hafa fullan rétt til þess að fá afrit af sjúkraskrám sínum og þeir geta komið þeim hvert sem þeir vilja og einhverjir sjúklingahópar gætu tekið sig saman eins og hv. þm. minntist á í gærkvöldi, þeir gætu tekið sig saman þess vegna til þess að búa til einhvers konar gagnagrunn um sig.

Það var líka spurt af nokkrum aðilum: Hvað eftir 12 ár? Þá voru þeir að vísa í framsöguræðu mína í fyrradag. Það sem ég sagði þá var að ég teldi að ef allt gengi vel með uppbyggingu þessa gagnagrunns, sem ég vona, þá fyndist mér eðlilegt að starfsleyfishafi fengi framhald á starfsleyfi sínu en ég ítreka að þá yrði ekki um einkarétt að ræða. Þá yrði það bara áframhaldandi leyfi að starfrækja þennan gagnagrunn en hver sem er annar gæti sett upp hliðstæðan gagnagrunn við hliðina á þar sem einkaleyfið fellur úr gildi eftir 12 ár. Ég ætla að vona að þetta hafi aðeins upplýst m.a. hv. þm. Ögmund Jónasson sem spurði sérstaklega út í þetta.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði um aðgangstakmarkanir. Það er rétt sem fram kom í ræðu hv. þm. að rætt var um það í nefndinni að aðgangstakmarkanirnar ættu að vera með þeim hætti að það væri t.d. ekki hægt að spyrja eða fá svör úr gagnagrunninum sem viðkæmu færri en 10 einstaklingum. Það kemur ekki fram í lagatextanum eða brtt. Þar er einungis hnykkt á því að ráðherra eigi að setja reglugerð um aðgangshindranir en það er rétt að það komi fram að ein útgáfa af þessum aðgangstakmörkunum gæti verið sú að ekki megi fá svör úr grunninum sem eru með færri en 10 einstaklinga. Það hefur einnig í þessu sambandi verið rætt um það að banna raðspurningar og annað slíkt til þess að menn geti ekki verið að eltast við einstaklinga til þess að reyna að persónugreina þá.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spurði nokkuð út í áhættuna vegna orða minna í upphafi þessarar yfirferðar um að áhættan væri eiginlega engin. Það er rétt að áhættan er eiginlega engin gagnvart persónuverndinni í þessu frv. Til okkar komu fjölmargir gestir sem sögðu: Jú, áhættan er fræðileg og einn orðaði það svo: Hún er stjarnfræðileg. Persónuverndinni er það vel komið fyrir og það er kvittað upp á það bæði frá Lagastofnun og frá Skýrr að engin áhætta er að vera með í þessum grunni, hverju sem aðrir halda fram þá tel ég að svo sé.

Hv. þm. Ágúst Einarsson ræddi nokkuð um að að hans mati væri réttlætismál að menn ættu að geta tekið sig út úr grunninum afturvirkt. Ég svaraði því í orðaskiptum við hann í andsvörum að vegna þess þá yrði gagnagrunnurinn ekki eins gott rannsóknartæki teldum við að það væri óeðlilegt. Ég vil ítreka að eiginlega þyrfti ekkert frekar að heimila sjúklingum að hætta þátttöku í grunninum eða að neita því að vera með vegna þess að hann er ópersónugreinanlegur. Við teljum samt að æskilegt sé að koma því þannig fyrir.

Síðan kom hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir með fyrirspurn m.a. um hvaða upplýsingar væri nauðsynlegt að leggja fyrir aðgangsnefndina svokölluðu. Reyndar er búið að ræða um að hún verði hugsanlega endurskoðuð milli 2. og 3. umr. vegna þess að eins og frv. lítur út núna situr fulltrúi væntanlegs starfsleyfishafa í þeirri aðgangsnefnd og ætti þess vegna einhvers konar auðvelda leið með að skoða þær rannsóknir sem menn vilja fara með inn í grunninn og gæti hugsanlega misnotað aðstöðu sína þar. Það er ekki þannig vegna þess að það sem á að leggja fyrir aðgangsnefndina eru einungis mjög grófir drættir um hvað á að spyrja, hvaða sjúkdóma á að spyrja út í og við hvaða aðila fyrirspyrjandi er í samstarfi við til þess að ekki væri hægt að misnota þessa aðgangsleið þannig að menn væru að komast fram hjá því að borga fullt verð til að komast inn í grunninn.

Varðandi þessa aðgangsnefnd er kannski ágætt að rifja upp af hverju hún kom inn í upphafi. Gagnagrunnsfrv. var lagt fram í vor og þá var engin aðgangsnefnd þar inni, hún var bara ekki í frv. Þá komu fram nokkuð harðar athugasemdir m.a. frá vísindasamfélaginu um að þarna ætti að koma mjög gott rannsóknartæki og hugsalega yrði dýrt að taka þátt í rannsóknum inn í þennan gagnagrunn og væri slæmt fyrir íslenskt samfélag sem væri að leggja til upplýsingar í grunninn að geta ekki notið sérstakra kjara inn í hann. Þá komu fram hugmyndir um það að reyna að koma málum þannig fyrir að íslenskir vísindamenn gætu fengið þarna góða leið

inn og sú hugmynd kom upp að setja upp aðgangsnefnd sem ætti að heimila íslenskum vísindamönnum aðgengi að gagnagrunninum með ódýrum hætti. Það þótti brjóta í bága við EES-samninginn að tilgreina íslenska vísindamenn sérstaklega vegna þess að þá gætu norskir eða breskir eða aðrir vísindamenn á EES-svæðinu sagt að hér væri um mismunun að ræða. Því var þessu breytt í það að í aðgangsnefndina máttu fara vísindamenn sem störfuðu hjá þeim aðilum sem veittu upplýsingar í grunninn, þ.e. heilbrigðisstofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, og þannig var frv. lagt fram núna í haust.

Við höfum hins vegar fengið nokkuð miklar athugasemdir við þetta eins og kom vel fram í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, formanns heilbr.- og trn. og til að reyna frekar að styrkja þessa aðgangsnefnd, að hún stæðist EES-samninginn kaus meiri hlutinn að renna styrkari stoðum undir það með því að tilgreina sérstaklega að hér ætti að vera um hluta af endurgjaldi að ræða vegna þeirra samninga sem í hönd fara um aðgengi væntanlegs starfsleyfishafa að upplýsingum úr sjúkraskrám hjá stofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum.

Hins vegar hefur 1. minni hluti fært ágæt rök fyrir því að skoða þetta enn frekar milli 2. og 3. umr., taka það til umræðu í nefndinni og freista þess að finna enn betri leið. Í áliti 1. minni hluta eru tilgreindar tvær leiðir. Önnur gengur út á að vísindamálaráðherra hafi áskrift að grunninum og vísindamenn geti farið þá leið í gagnagrunninn. Hin leiðin sem við höfum skoðað aðeins meira er að engin aðgangsnefnd verði í frv., hún yrði tekin út og að samið yrði sérstaklega um aðgengi vísindamanna þegar væntanlegur starfsleyfishafi fer að semja við einstakar stofnanir og sjálfstætt starfandi lækna. Í áliti 1. minni hluta er bent á að þetta sé mun betri leið en það er ekki alveg skothelt að hún standist heldur. Ég teldi æskilegt að við skoðuðum þetta milli 2. og 3. umr. Ég minni á að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður heilbr.- og trn., telur þetta annan af tveimur meginágöllum frv., þ.e. aðgangsnefndina og einkaleyfið. Ef þessi tvö atriði féllu út úr frv. gæti hann fyrir sitt leyti samþykkt það.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem hélt mjög ítarlega ræðu í gær, fór vel yfir þetta mál og hafði greinilega skoðað það náið eins og hans var von og vísa, spurði hvers vegna ekki hefði verið leitað til erlendra vísindastofnana til að fá sérstakar álitsgerðir. Því er til að svara að þessi beiðni kom fram í heilbr.- og trn. en meiri hlutanum þótti ekki rétt að fallast á hana. Frv. hefur tekið miklum breytingum og við teljum okkur bær til að takast á við málið hér í þinginu. Við samþykktum það því ekki. Okkur fannst heldur ekki eðlilegt að leggja frv. fram til vísindastofnana þar sem vitað var að gerðar yrðu breytingar á því.

Ég vil benda á tvær stórar og afar jákvæðar breytingar sem hafa verið gerðar en þeir sem hafa talað gegn frv. hafa þó ekki rætt neitt hér heldur einungis dregið fram gallana. Breytingarnar sem ég tel vera afar góðar og til þess fallnar að skapa sátt um þetta mál, maður var að vonast til þess, eru að sett er inn í frv. heimild til ráðherra að semja við væntanlegan starfsleyfishafa um frekari greiðslur, sá kostur er gefinn og þeir samningar munu væntanlega fara í hönd. Þetta kom fram í grg. með frv. en þótti of veikt að hafa það þar. Okkur hafði verið bent á að erfitt væri að fara í samninga ef ekki væri lagastoð fyrir þeim. Við settum því lagastoð undir þessa heimild. Það sem er kannski ekki síður mikilvæg breyting, sem við gerðum á milli 1. og 2. umr., var að gera ráð fyrir þverfaglegri vísindasiðanefnd. Ráðherra er gert skylt að setja upp þverfaglega vísindasiðanefnd til þess að meta allar rannsóknir áður en þær sækja gögn í grunninn og fyrirspurnir bæði frá starfsleyfishafanum og frá aðilum sem eru fyrir utan hann.

Mikið hefur verið rætt um hvort þetta sé innanhússnefnd eða ekki. Það hefur komið fram hér í máli nokkurra þingmanna. Við skoðuðum það í vinnslu málsins í heilbr.- og trn. að setja inn klásúlu um að þetta skyldi vera innanhússsiðanefnd sem þýðir að stjórn væntanlegs starfsleyfishafa skyldi skipa alla fulltrúana. Við kusum að gera ekki slíka brtt. heldur fela ráðherra að skipa hina þverfaglegu vísindasiðanefnd. Ég tel því að hér sé ekki um að ræða hefðbundna innanhússvísindasiðanefnd eins og er nú þegar á sjúkrahúsunum sem stunda rannsóknir.

Virðulegur forseti. Ég tel að ég hafi farið yfir helstu spurningar. Það má vera að einhverjar hafi dottið á milli í þeim löngu umræðum sem farið hafa fram um þetta mál. Ég vil þó undirstrika sérstaklega að við höfum fengið inn undirskriftir frá læknasamfélaginu þar sem um 108 læknar telja óæskilegt að við samþykkjum frv. Ég hef lesið textann ofan við þessar undirskriftir og get ekki fallist á það sem þar stendur. Þar er m.a. sagt að þetta muni skaða vísindasamfélagið. Ég tel fráleitt að halda því fram. Hér er um að ræða nýtt rannsóknartæki sem við búum ekki yfir í dag. Það mun gefa þeim sem nota það möguleika á að stunda víðtækar rannsóknir til að efla læknisþjónustu og vísindi. Áfram verða til dreifðir gagnagrunnar, hinir sömu og verið hafa til og þeir verða m.a.s. betri. Þetta frv. eflir vísindi en hindrar þau ekki og ég átta mig ekki alveg á því hvernig læknar geta skrifað undir svona texta.

Þetta mál er stórt og mikið og ég viðurkenni að það er nokkuð flókið. Í umræðunum hafa komið fram ýmis sjónarhorn. Ég tel æskilegt að við skoðum þetta milli 2. og 3. umr., við höfum náð samkomulagi um það, sérstaklega með aðgengisnefndina í huga. Ég tel líka æskilegt að skoða hvort við eigum ekki að leggja vinnuferli gagnvart erfðafræðilegum upplýsingum ákveðnar línur þannig að væntanlegur starfsleyfishafi fari ekki daglega til tölvunefndar til að fá heimild til samkeyrslu heldur verði það gert tryggilega, vottað af tölvunefnd og tölvunefnd hafi eftirlit með starfsferlinu þannig að persónuvernd verði gulltryggð en gagnagrunnurinn geti starfað eðlilega.

[15:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sú spurning vaknar hvort meiri hlutinn er að reyna að plata þingið vitandi vits eða sjái ekki í gegnum blekkingarnar sem hann er fóðraður með. Það finnst mér kjarnamál á þessari stundu. Það sem hér er borið fram af talsmanni meiri hlutans er aldeilis með ólíkindum. Ég hef í huga það að meiri hlutinn gerir ráð fyrir því að inn í grunninn fari heilsufarsupplýsingar, erfðafræðiupplýsingar og ættfræðiupplýsingar og þetta verði samkeyrt. Eina öryggið í þessu er síðan tölvunefnd. Það á að taka erfðafræðiupplýsingarnar sér til geymslu, svo á að samkeyra og tölvunefnd síðan að bera alla ábyrgð. Hvernig getur tölvunefnd gert það? Tölvunefnd er engin töfralausn. Þetta gengur ekki upp. Upplýsingarnar verða persónugreinanlegar um leið og farið er að samkeyra erfðafræðiupplýsingar við annað, þá verða þær persónugreinanlegar. Það kemur fram í 3. gr. frv. 7. lið:

„Erfðafræðilegar upplýsingar: Hvers kyns upplýsingar sem varða erfanlega eiginleika einstaklings."

Þetta blasir við hverjum manni en meiri hlutinn skilur það ekki.

[15:25]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þarna greinir okkur hv. þm. Hjörleif Guttormsson á. Ég tel t.d. að þessar upplýsingar séu ópersónugreinanlegar eins og Lagastofnun telur en það telur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ekki. Ég tel að tölvunefnd sé fær og fullbær um að hafa eftirlit með þessum gagnagrunni. Ég vil sérstaklega minna á orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem hann lét falla hér í fyrradag um að hann treysti tölvunefnd. Ég treysti henni líka. Ég treysti henni til að sjá svo um að vinnuferlið sem sett verður upp milli þessara grunna, verði það niðurstaðan að setja upp sérstakt vinnuferli milli þeirra þriggja, standist persónuverndina. Ég tel það tæknilega hægt. Til nefndarinnar höfum við fengið tæknimenn sem telja þetta mögulegt, reyndar með miklum tilkostnaði og miklum æfingum en væntanlegur starfsleyfishafi á að greiða þann kostnað.

[15:26]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Lagastofnun er reidd hér fram sem ábyrgðaraðili, Lagastofnun á að meta hvort upplýsingar séu ópersónugreinanlegar eða ekki. Ja, þvílíkt! Af hverju eru ekki kallaðir til erfðafræðingar? Af hverju er ekki Erfðafræðistofnun kölluð til? Á Lagastofnun að vera haldreipið í því? Að tölvunefnd sé fær um þetta, hverjir efast um það? Hvað segir núverandi tölvunefnd? Upplýsingarnar eru augljóslega persónugreinanlegar eins og haga á þessu ferli. Það þýðir ekki að reyna að plata Alþingi með svo ódýrum og svo ómerkilegum hætti og hér er reynt að gera. Ætla menn virkilega út á þennan ís á þessum forsendum? Það er gersamlega útilokað að tölvunefnd bjargi þar nokkru. Næsta skref er að tölvunefnd verður ýtt til hliðar ef gagnagrunnurinn krefst þess. Það verður niðurstaðan. Hér má ekki sýna frv. um nýja persónuvernd, um persónuverndarreglur, það má ekki sýna það. Það er liður í þessu.

[15:27]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér var talað af mikilli vanvirðingu um Lagastofnun Háskólans. Ég vil ekki taka undir það. Ég treysti þeirri stofnun og vil bæta við, fyrst hv. þm. hefur ekki mikið álit á því að tölvunefnd geti séð um persónuverndina í þessu máli, (**HG:** Hún leysir engan vanda.) að það á jafnframt að vera óháður aðili sem tekur út gagnagrunninn með tilliti til persónuverndar. Óháður aðili. Hann gæti verið innlendur eða erlendur. Það að segja að þetta mál verði tekið úr höndum tölvunefndar og henni ýtt til hliðar. Hvaða þvæla er þetta? Að sjálfsögðu á tölvunefnd samkvæmt lögum að sjá um persónuverndina í þessum gagnagrunni, verði frv. að lögum sem ég tel að verði. Þá á tölvunefnd að taka út vinnuferlið og tryggja persónuverndina, (**HG:** Hún tryggir ekki neitt.) hún á að gera þetta og hafa eftirlit með grunninum í framhaldinu. Hún getur hvenær sem er farið þarna inn og tryggt persónuverndina með eftirliti. (**HG:** Eftirlitið tryggir ekkert. Grunnurinn er ...)

[15:29]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði áðan að nauðsynlegt væri að þessi gagnagrunnur gæti starfað eðlilega. Ég get tekið undir það en verð að spyrja hv. þm. spurningar í þessu samhengi. Nú liggur fyrir að stór hluti heilbrigðisstéttarinnar er andvígur þessu máli. Þær hafa ályktað, skrifað um það o.s.frv. Forsenda þess að gagnagrunnur geti gengið er að hann sé í samstarfi við heilbrigðisstéttir. Það liggur í hlutarins eðli. Í öðru lagi segja allir okkar fremstu sérfræðingar í Evrópurétti að þetta gangi aldrei. Það er fyrir fram séð að það verða kærur hér út og suður og ég spyr einfaldrar spurningar, virðulegi forseti: Er minnsti möguleiki á því að þessi gagnagrunnur geti starfað eðlilega í þessu umhverfi? Er einhver minnsti möguleiki á því?

[15:30]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hér er ýjað að að hluti af læknasamfélaginu er andsnúinn þessu máli. Við höfum fengið undirskriftir 108 lækna. En mig minnir að læknar séu eitthvað um 900 talsins þannig að fjölmargir læknar hafa ekki lýst andstöðu við þetta mál og reyndar hafa fjölmargir læknar lýst sérstökum stuðningi við það líka.

Að sjálfsögðu væri æskilegt að allir væru sammála um þetta framfaramál. Það væri æskilegast. En þetta er farið að minna mig svolítið á EES-samninginn. Þjóðin var nokkuð klofin í því máli en núna þegar það er komið í gegn og við sjáum hvernig það virkar þá heyrir maður ekki margar raddir um að fólk vilji segja upp EES-samningnum. (**ÖJ:** Talar handhafi þjóðarviljans?) Ég vona svo sannarlega að augu þingmanna opnist og líka augu þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem eru andsnúnir þessu máli þannig að við fáum að lokum mjög sterkan gagnagrunn sem verður okkur öllum til heilla.

[15:31]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ágætt að hv. þm. minnti á EES-samninginn í þessu samhengi vegna þess að það er í raun og veru EES-samningurinn sem gerir það að verkum að þetta getur aldrei gengið í því formi sem þetta er núna. Það er grundvallaratriðið í þessu máli. Þetta getur aldrei gengið. Það verða kærur og allt verður upp í loft á næstu mánuðum. Ég á bágt með að sjá að þetta verði nokkru sinni að veruleika. Kjarni þessa máls er kannski sá að sú aðferðafræði sem birtist í frv. mun gera það að verkum að möguleiki okkar á að nýta þessa auðlind mun tefjast um ár eða meira, vegna þess að allt verður upp í loft. Heilbrigðisstéttir verða upp í loft. Það verða kærur út um allt upp í loft þannig að málið mun ekki vinnast áfram. Og kannski munum við missa af miklu tækifæri af því að við erum með þennan algalna einkarétt í þessu máli og við höfum ekki náð sátt við þá aðila sem eiga að vinna með Íslenskri erfðagreiningu — það er alveg eins gott að nefna þá á nafn — í þessu máli.

Það er forsenda þess að þetta geti gengið eftir. Kannski er meiri hluti þingsins núna og framkvæmdarvaldið í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu að koma í veg fyrir að við getum nýtt þessa auðlind sem við augljóslega höfum. Og það er alvarlegi hluti málsins.

[15:32]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mitt álit að þetta gagnagrunnsfrumvarp brjóti ekki EES-samninginn (**LB:** Hvaða rök hefurðu fyrir því?) og þar styðst ég við álit Lagastofnunar Háskólans, eins og fram hefur komið hér áður. (**LB:** Þeir segja að það mikil áhætta ...)

(**Forseti** (ÓE): Ekki grípa fram í.)

Ég tel að það sé alrangt hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að það að tryggja vernd á þessum gagnagrunni útiloki það að við getum notað þessa auðlind. Það er einmitt þetta sem tryggir það að við missum ekki af þessu tækifæri. Það er mín trú að vegna þess hvað það kostar mikið að setja upp þennan gagnagrunn, upp undir 20 milljarða af áhættufé, þá verði að vera einhvers konar vernd. Þetta er tímabundin vernd, tímabundin, henni lýkur. En það verður að vera tímabundin vernd til þess að einhver fáist til að fjárfesta í svona áhættusömu fyrirtæki.

Ég minni á að þetta er mikið tækifæri. Það er rétt hjá hv. þm. Og til þess að tryggja að við getum nýtt það þá þurfum við að veita þessa vernd.

[15:33]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í fyrsta lagi rangt að Lagastofnun segi að þetta frv. samrýmist EES-reglum. Hún segir að það sé mögulegt að það geri það en hún bendir á að því fylgi nokkur áhætta.

Í öðru lagi er minni hlutinn ekki til viðræðu um að brjóta upp frumvarpið á nýjan leik og taka erfðafræðiupplýsingar inn í heilsufarsgrunninn. Ástæðan er sú að það breytir eðli grunnsins og eykur áhættuna mjög mikið. Þannig að það er útilokað að ná nokkru samkomulagi við minni hlutann um það.

Í þriðja lagi skýrði hv. þm. það hér að nauðsynlegt hefði verið að breyta frv. þannig að persónuupplýsingar séu ekki lengur geymdar dulkóðaðar í gagnagrunni af því, eins og hún segir, „að á dulkóðuðu formi yrði mjög erfitt að nota þær í gagnagrunninum". Eigi að síður kemur það fram í frv. að það eigi að geyma þær á dulkóðuðu formi, og ég spyr hv. þm.: Veit hún ekki að það liggja fyrir skjöl sem sýna fram á það að allt fram að þessu hefur Íslensk erfðagreining gert ráð fyrir því að þessar upplýsingar yrðu geymdar dulkóðaðar í grunninum?

[15:35]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég las hér upp sérstaklega kaflann um einkaréttinn í álitsgerð Lagastofnunar og þar kemur fram að þetta geti samrýmst EES-samningnum. Hins vegar er tekin nokkur áhætta. Það er alveg rétt. Það er tekin nokkur áhætta því að þetta hefur aldrei verið sett upp áður.

Hvað það varðar að ekki sé hægt að fallast á að taka inn sérstakt vinnuferli gagnvart erfðafræðilegum upplýsingum þá tel ég að þau rök sem komu fram áðan hafi ekki verið mjög sterk. Ég tel að æskilegt sé að skoða þann möguleika að fela tölvunefnd að skoða sérstakt vinnuferli sem væntanlegur starfsleyfishafi setur upp gagnvart samkeyrslu erfðafræðiupplýsinga við gagnagrunn sinn, þar sem ég tel að það væri eðlilegra heldur en að starfsleyfishafi færi daglega, hugsanlega oft á dag, til að fá leyfi til samkeyrslu. Það væri bara til að æra óstöðugan.

Varðandi dulkóðunina þá er rétt að það kemur fram í umsögn Stika að það eigi að geyma upplýsingarnar á dulkóðuðu formi. Ég hef hins vegar rætt við aðila sem bjuggu til það álit, sem telja að hægt sé að geyma þær ódulkóðaðar. (Forseti hringir.) Og það er ekki rétt að Íslensk erfðagreining hafi gert ráð fyrir því að þær yrðu geymdar dulkóðaðar.

[15:36]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér kemur það fram sem hefur einkennt málflutning stjórnarliða. Þeir hafa ekki lært málið. Þeir hafa ekki lesið heima. Þeir vita ekki hvað þeir eru að tala um.

Ég spurði hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hvort hún hefði gert sér grein fyrir því að allt fram að því að 2. umr. lauk hafi Íslensk erfðagreining gert ráð fyrir því að upplýsingarnar yrðu verndaðar með því að þær yrðu geymdar dulkóðaðar í gagngrunninum. Nú ætla ég, herra forseti, að leyfa mér að benda stallsystur minni úr heilbr.- og trn. á skjal sem er dagsett 26. okt. 1998 eftir Hákon Guðbjartsson, og sem ber yfirskriftina Útfærsla á nafnleyndarkerfi fyrir miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, biðja hana um að fletta upp á bls. 6, sjöunda lína ofan frá, þar kemur þetta skýrt fram.

Herra forseti. Má ég biðja um það að þegar hv. þingmenn stjórnarliðsins eru hér að verja vondan málstað með alla forustu Íslenskrar erfðagreiningar á herðunum, þá kynni þeir sér a.m.k. málið og kynni sér þann vonda málstað sem þeir eru að verja hérna.

[15:37]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef rætt þetta skjal sérstaklega við viðkomandi starfsmann Íslenskrar erfðagreiningar (**ÖS:** Lestu það.) sem hér var vitnað í, Hákon nokkurn, og það kom fram að þarna er átt við að persónuauðkenni séu dulkóðuð en ekki heilsufarsupplýsingar. (**ÖS:** „... afkóðar persónuupplýsingar og gerir þær skiljanlegar ... eru fluttar í vinnslugrunninn.") Persónuauðkennin eiga að vera dulkóðuð en heilsufarsupplýsingarnar ekki. Heilsufarsupplýsingarnar eiga einungis að vera dulkóðaðar á leiðinni inn í grunninn, (**ÖS:** Þetta stendur hérna.) þegar þær eru á leiðinni. Síðan á að afkóða heilsufarsupplýsingarnar þegar þær koma inn í grunninn. En það á ekki að afkóða persónuauðkennin. (**ÖS:** Þetta er bull.) Þetta er rétt.

[15:38]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er rétt skilið hjá mér sem hv. frsm. meiri hlutans sagði áðan að hugmyndin væri nú að hafa bæði ættfræðiupplýsingar og erfðafræðilegar upplýsingar inni í gagnagrunninum en í sérstöku gagnasafni. Það er algjörlega á skjön við það sem hefur verið rætt hingað til inni í nefndinni, þ.e. eingöngu áttu að fara heilbrigðisupplýsingar inn og hitt átti að vera í aðskildum gagnagrunnum, sem samkeyra mátti eingöngu með leyfi tölvunefndar. Ég vil spyrja um rök fyrir þessu því ég tel að þetta breyti öllu málinu í grundvallaratriðum og tek undir með formanni hv. nefndar.

Í öðru lagi vil ég taka undir orð frsm. um aðgengistakmarkanir miðað við tíu. Ég tel að ekki sé nóg að segja að þetta eigi hugsanlega að vera ein viðmiðunin. Það verður að koma inn í lagatextann. Þetta hefur alla tíð verið eitt af

grundvallaratriðunum. Og ég velti því fyrir mér hvort það verði að koma með brtt. til að tryggja að þetta fari inn í aðgengistakmarkanirnar.

Í þriðja leyfi ég mér að spyrja: Það hefur komið hér fram að sérleyfi ... (Forseti hringir.) Ég mun koma að þessari spurningu á eftir.

[15:39]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var að reyna að útskýra þetta áðan í ræðu minni varðandi þessa þrjá grunna sem verða notaðir til vísindarannsókna. Heilsufarsupplýsingarnar verða í einum grunni, ættfræðiupplýsingarnar verða í aðskildu gagnasafni og erfðafræðiupplýsingar verða líka í öðru aðskildu gagnasafni. Við höfum flutt brtt. sem hljóðar upp á það að þegar ættfræðigrunnurinn er samkeyrður við heilsufarsupplýsingarnar þá fari það í sérstakt vinnsluferli sem tölvunefnd þarf að samþykkja til að tryggja persónuvernd. Ég tel eðlilegt að skoða hvort það eigi að fara eins með erfðafræðiupplýsingarnar, þ.e. þegar þær upplýsingar eru samkeyrðar við aðra grunna að þá þurfi tölvunefnd að kvitta fyrir sérstakt starfsferli til þess að væntanlegur starfsleyfishafi þurfi ekki að koma daglega, jafnvel oft á dag, til að fá leyfi hjá tölvunefnd til að samkeyra upplýsingar. Ég held að það sé óeðlilegt að krefjast þess. Ég held að það væri bara þvæla að krefjast þess. (Forseti hringir.)

Varðandi aðgangstakmarkanirnar þá er ég sammála því að æskilegt sé að kveða skýrt á um að það eigi ekki að heimila upplýsingar um færri en tíu aðila.

[15:41]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er dálítið merkilegt ef það eru meginrökin, herra forseti, fyrir þessari eðlisbreytingu á grunninum að hafa ættfræðiupplýsingarnar og erfðafræðiupplýsingarnar með, að það sé vinnusparnaður fyrir tölvunefnd. Ég hafna því alfarið því að þarna er um grundvallareðlismun að ræða.

Þá langar mig að spyrja frsm. hv. heilbr.- og trn., þar sem ljóst er að einkarétturinn, að mínu mati, stangast bæði á við samkeppnisreglur EES-samningsins svo og hugsanlega við stjórnarskrárákvæði, bæði um jafnræði og atvinnufrelsi, hvort til greina komi að falla frá þessum einkarétti eða stytta hann t.d. niður í sex ár.

Í þriðja lagi vil ég spyrja hvort ekki sé mögulegt að segja eitthvað nánar um hvernig ráðherraskipuð þverfagleg vísindasiðanefnd á að vera skipuð, þ.e. með brtt. er engan veginn tryggt með þessu valdaframsali til ráðherra hvort þetta verði bara innanhússnefnd. Það verður að vera tryggt (Forseti hringir.) að þessi nefnd fullnægi þeim vísindasiðfræðilegu lögmálum sem við höfum skuldbundið okkur til að vera aðilar að í alþjóðlegu starfi.

[15:42]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi samkeyrsluna á erfðafræðiupplýsingum við aðra grunna vil ég draga það mjög skýrt fram hér að það yrði vinnusparandi fyrir alla að tölvunefnd samþykkti ferli sem tryggði persónuvernd.

Auðvitað getum við haft þetta eins og við erum með þetta í höndunum í dag, eins og brtt. meiri hlutans eru. En þá þyrfti að mínu mati væntanlegur starfsleyfishafi að fara fyrir tölvunefnd í hvert skipti sem hann vildi samkeyra erfðafræðiupplýsingar, sem trúlega verður afar oft. Og ég sé ekki af hverju við ættum að setja málin í þannig farveg. Það er alveg hægt að hafa það þannig en það er bara óskynsamlegt. Ég hugsa að allir geti lifað við það, en það væri óskynsamlegt. Því held ég að ættum að skoða þetta atriði líka í nefndinni milli 2. og 3. umr.

Hvað það varðar að stytta einkaréttinn þá tel ég að ekki sé hægt að gera það. Það tekur langan tíma að setja grunninn upp, upp undir fimm ár, og tólf ár eru að mínu mati eðlilegur tími.

Hvernig þverfagleg siðanefnd á að líta út þá kemur sérstaklega fram að hún eigi að vera þverfagleg en ég get ekki kveðið neitt upp úr um það hér nákvæmlega hverjir muni sitja í henni.

[15:44]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að hv. frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. hafi leitast við að svara ýmsum þeim spurningum sem hafa komið upp í umræðunni þá varð ýmislegt eftir. Í nál. hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, sem myndar 2. minni hluta heilbr.- og trn., er m.a. lögð áhersla á að ekki liggi fyrir hvaða upplýsingar eiga að fara inn í grunninn. Nú liggur fyrir yfirlýsing frá meiri hlutanum eða vilji til þess að taka málið inn á milli 2. og 3. umr. Mun þetta atriði skýrast eitthvað í þeirri vinnu? Mun það liggja fyrir hvaða upplýsingar eiga að fara inn í grunninn?

Jafnframt hafði hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir bent á að frv. bryti í bága við samkeppnisreglur EES. Hún byggði það á áliti Samkeppnisstofnunar og reyndar að hluta til á áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands, sem treysti sér ekki til að fullyrða að einkarétturinn standist EES-reglurnar, heldur segja höfundar álitsins einungis að einkarétturinn geti samrýmst þeim þó að með því sé tekin nokkur áhætta. Hv. þm. hafði farið fram á að leitað yrði álits erlendra aðila á þessum þætti. Því var hafnað af meiri hlutanum. Verður þetta tekið upp á milli 2. og 3. umr.?

[15:45]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég reyndi að svara því áðan í ræðu minni af hverju því var hafnað að leita til erlendra aðila. Ég tel að það sé ekki rétt að leita til erlendra aðila varðandi þetta mál. Við erum búin að skoða það hér í þinginu alveg ágætlega.

Hins vegar varðandi samkeppnisreglur EES þá er það rétt sem hér kom fram að Lagastofnun telur að þær geti samrýmst þessu lagafrv. en þar sé tekin nokkur áhætta eins og hér hefur margoft komið fram, af því að málið er svo nýtt eða af því að aldrei hefur verið búinn til sambærilegur gagnagrunnur.

Varðandi það hvaða upplýsingar fara inn í grunninn þá er ég búin að fara nokkuð ítarlega yfir það hvernig ég sé það fyrir mér. Hins vegar hafa margir viljað fá skýringar á því hvaða upplýsingar úr sjúkraskrám ættu að fara inn í grunninn. Við höfum ekki tekið á því í nefndinni og kusum að gera það ekki þar sem það á að hafa samráð við sérgreinafélög lækna um það hvaða upplýsingar úr sjálfum sjúkraskránum fara inn og um það eru deildar meiningar. Sumir vilja að mikið fari inn, aðrir vilja að lítið fari inn. En það verður sem sagt ákveðið þegar samningar verða gerðir við stofnanir, hvað nákvæmlega fer inn.

[15:47]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. svaraði því í ræðu sinni að ekki væri ástæða til að senda frv. til erlendra aðila vegna þess að það hefði verið skoðað sérstaklega vel hér í þinginu. Það hlýtur að vera mat hv. þingmanna að töluvert sé eftir í þeim efnum miðað við allar þær athugasemdir sem fram hafa komið. Og það eru gott betur en 108 læknar sem hafa hvatt til þess að samþykkt þessa frv. verði látin bíða. Áður höfðu 44 heimilislæknar sent inn mótmæli sín, sem og fjöldi vísindamanna. Það má vera að einhverjir læknar styðji frv. Þeir hafa a.m.k. ekki lagt mikla áherslu á að senda okkur yfirlýsingar þess efnis. Meiri hlutinn hlýtur að stuðla að því að allar þær brtt. sem kunna að koma fram á frv. á milli 2. og 3. umr. verði sendar út til umsagna og fái eðlilega umfjöllun allra þeirra aðila sem hafa gert athugasemdir við frv. Þetta er eitthvert mikilvægasta mál sem við höfum fengið til umfjöllunar, Alþingi Íslendinga, og það er sorglegt að það skuli ríkja annar eins ágreiningur um það og raun ber vitni, sem sést í fjölmörgum umsögnum sem við höfum fengið. Og ég vil spyrja hv. þm.: Telur hún, eins og fram kemur í nál. hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, að ef þetta frv. verður að lögum þá verði það strax kært til samkeppnisyfirvalda?

[15:48]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki hugmynd um það hvort þetta verði kært strax eftir að frv. verður samþykkt. Ég á ekkert frekar von á því. Hins vegar varðandi það að senda málið út til erlendra stofnana þá vissum við nokkuð fljótt í vinnu nefndarinnar að við mundum gera miklar breytingar á frv. varðandi vísindasiðanefnd. Hún var ekki í frv. þegar við fengum það í vinnslu en við ákváðum sameiginlega að setja inn þessa vísindasiðanefnd og mesti ágreiningurinn við vísindasamfélagið erlendis frá var að þessu leyti. Það var mikill ágreiningur. Kannski er óeðlilegt að segja mesti. Það er kannski erfitt að meta hvað var mest og hvað var minnst. (Gripið fram í.) En það var mikill ágreiningur vegna þess að það vantaði þessa vísindasiðanefnd sem átti að fara yfir fyrirspurnir og rannsóknir fyrir fram.

Varðandi læknasamfélagið hef ég ekki meira um það að segja. Ég sagði áðan að 108 læknar plús nokkrir heimilislæknar (**MF:** 44.) 44 já, hefðu skrifað undir pappír. Reyndar skil ég ekki af hverju þeir gera það, eða ég er ósammála því sem stendur í textanum ofan við þær undirskriftir. En fjölmargir læknar styðja þetta mál og þeir komu m.a. til liðs við okkur í nefndinni til að útskýra það betur fyrir okkur. Ég minni á bréf 15 dósenta og prófessora við Háskóla Íslands, fjölmargra lækna sem voru mjög hlynntir þessu máli.

[15:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í rauninni væri það eina rétta í þessari stöðu að bera fram vantraust á ríkisstjórnina. Það væri í rauninni það eina rétta sem hægt væri að gera í þessari stöðu. Ég leyfi mér að segja að ríkisstjórn Íslands gangi erindis bandarísks stórfyrirtækis hér á Alþingi Íslendinga, gangi erindis fyrirtækisins deCODE Genetics Incorporated og sé í strangri hagsmunagæslu fyrir það fyrirtæki. Við vorum upplýst um það í fréttum útvarpsins í dag af formanni heilbr.- og trn. að Alþingi og alþingismenn og heilbr.- og trn. þingsins séu undir þrýstingi frá þessu fyrirtæki um það lagafrv. sem er hér til umræðu. Ég verð að segja að ég hef af því mjög þungar áhyggjur hvernig ýmsar stofnanir samfélagsins eru orðnar fjárhagslega tengdar þessu máli.

Ég tek eftir því að talsmaður meiri hluta heilbr.- og trn., hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, vísar mjög ákaft til Lagastofnunar Háskóla Íslands. Í því sambandi langar mig til að vitna í greinargerð frá Mannréttindaskrifstofu Íslands um þá stofnun og um afskipti hennar af þessu máli. Í greinargerð Mannréttindaskrifstofu Íslands segir m.a., með leyfi forseta:

„Frumvarpið hefur að vísu verið borið undir Lagastofnun Háskóla Íslands fyrir fram en hún er að sumu leyti farin að gegna hlutverki stjórnlagaráðs sem fjalli um mikilvæg frumvörp þegar þau eru orðin að lögum. Sá hængur var þó á miðað við það sem gerist hjá stjórnlagadómstólum yfirleitt að ekki fór fram neinn gagnstæður málflutningur frammi fyrir álitsgjafanum, þar sem sjónarmið andstæðinga frumvarpsins væru dregin fram, auk þess sem helsti hagsmunaaðilinn í málinu greiddi fyrir álitið. Þetta er einungis sagt til að undirstrika að álit Lagastofnunar HÍ getur í þessu máli ekki haft sama vægi og úrskurður hlutlauss dómstóls en ekki til að vekja tortryggni um lögfræðilegt hald í röksemdafærslu álitsgjafa."

Tilvitnun lýkur í yfirlýsingu Mannréttindaskrifstofu Íslands um afskipti Lagastofnunar Háskólans af þessu máli.

Lagastofnun Háskóla Íslands er eitt helsta haldreipi ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Lagastofnunin reiðir fram álit, kostað af bandaríska fyrirtækinu deCODE Genetics Incorporated, sem Íslendingar ætla að fara að fela einkarétt á heilsufarsupplýsingum þjóðarinnar til að höndla með. Síðan eru að koma fram nýjar upplýsingar, misvísandi og mótsagnakenndar.

Í rauninni veit enginn hvað á að fara inn í þennan heilsufarsgrunn. Það veit það enginn, en það koma misvísandi upplýsingar um það efni. Í umræðunni fram til þessa hefur verið talað um að heilsufarsupplýsingar færu einvörðungu inn í grunninn, og það þröngt skilgreindar. Nú er verið að tala um ættfræðiupplýsingar og erfðaupplýsingar, að allt þetta fari inn í grunninn, vegna þess að menn eru að sjálfsögðu búnir að átta sig á því að grunnurinn kemur ekki að þeim notum fyrir fjárfestana og hugsanlega viðskiptaaðila, lyfjafyrirtæki og tryggingafyrirtæki, nema þessar upplýsingar komi einnig inn. Og nú er að koma í ljós það sem ég hef löngum haldið fram og áður hefur verið hreyft við í umræðu innan heilbr.- og trn. þingsins, að mönnum nægir ekki að fá upplýsingar frá sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, læknum og sérfræðingum. Mönnum nægir það ekki. Menn vilja líka fá upplýsingar frá lyfjaverslunum. Það kom fram í fjölmiðlum að nú sé verið að ræða þetta. Hvers vegna vilja menn fá þetta inn? Jú, vegna þess að það er ekki nóg fyrir lyfjafyrirtækin að fá upplýsingar um hvað var ávísað á sjúklinginn. Það verður líka að fá staðfestingu á því að hann hafi étið pillurnar og drukkið sín lyf, hafi neytt sinna lyfja. Menn eru í alvöru að tala um að setja þetta inn. Síðan kemur talsmaður meiri hlutans í heilbr.- og trn. og ætlar að skýra málið nánar, og menn verða enn þá ruglaðri, og segir að þetta sé eins og að spila löng segulbönd, klukkutímum saman, „ef þingið er nokkru nær með þá skýringu", segir hv. talsmaður meiri hluta heilbr.- og trn. Ég er engu nær. Ég vissi ekkert hvað var verið að tala um. Það botnar enginn upp né niður í þessu. Og það gerir greinilega talsmaður meiri hluta nefndarinnar ekki heldur. „En það skiptir engu máli",

segir talsmaðurinn „vegna þess að við höfum tölvunefnd og við höfum siðfræðinefndirnar allar. Þær eiga að passa upp á þetta." En hvað segja þær? Hvað segir vísindasiðaráð og siðfræðiráð Læknafélagsins? Og hvað segir tölvunefnd? Allar þessar nefndir fordæma frv. og vilja það út af borðinu. Tölvunefnd og fulltrúar tölvunefndar hafa staðhæft það við þingmenn og heilbr.- og trn. að málið gangi ekki upp, að allt tal um dulkóðun sé út í loftið, að engar reglur séu að byggja á. Og nefndin segir að þingið sé að hlaupast undan merkjum, axli ekki sína ábyrgð vegna þess að það sé löggjafans að setja þær reglur sem tölvunefnd eigi að starfa samkvæmt. Svo kemur hv. talsmaður meiri hluta heilbr.- og trn. og segir að þessu verði öllu bjargað með sérstöku vinnuferli sem tölvunefnd leggi blessun sína yfir, að sérleyfishafinn setji fram tillögur eða hugmyndir um vinnuferli sem tölvunefnd leggi síðan blessun sína yfir. Og það er ætlast til að Alþingi Íslendinga samþykki lög með óútfylltum tékka, ósvöruðum spurningum af þessu tagi. Mér finnst þetta eins fráleitt og hugsast getur. Auk þess er því líka ósvarað hvernig skipað verður í siðfræðinefndina, eða hvað það er kallað, vísindasiðanefndina eða siðanefndina, sem á að hafa eftirlit með sérleyfishafanum og hvað hann gerir, og sem á að hafa eftirlit með þessu bandarísku fyrirtæki deCODE Genetics Incorporated sem verið er að semja við, sem gæti þess vegna á morgun verið komið í eigu lyfjafyrirtækisins sem það hefur gert samning við, Hoffmann-La Roche t.d. Við vitum það ekki. Við vitum ekki hvað á að fara inn í grunninn. Við vitum ekki samkvæmt hvaða reglum á að starfa. Nei, tölvunefnd og *vísindasiðanefnd eiga að bjarga því, en enginn veit hvernig* þær eru skipaðar. Tölvunefnd heimtar að fá upplýsingar um þær reglur sem eigi að starfa samkvæmt og Alþingi ætlar að hlaupa frá þessu máli án þess að ganga frá því.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vekur athygli hv. þm. á því að nú er klukkan orðin fjögur og forseti mun senn fresta þessum fundi, enda þingflokksfundir að hefjast og spyr hvort það sé heppilegra á þessu augnabliki eða næstu sekúndum eða hvort komið sé að heppilegum kaflaskiptum í ræðu þingmannsins.)

Ég held að þetta séu ágæt kaflaskipti því ég á langt mál eftir.

[Fundarhlé. — 16:00]

[18:01]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á að ræða um vinnubrögð þingsins í þessu máli. Ég held að nauðsynlegt sé fyrir þingið að vita hvaða áform eru uppi af hálfu stjórnenda þingsins um framhaldið, bæði í kvöld og næstu daga. Í gær var mönnum haldið í óvissu um þinglok og þeir kallaðir í ræðustól upp úr miðnætti og fundað fram í morgunsárið. Ég held að nauðsynlegt sé áður en við höldum áfram með dagskrána núna að fá upplýsingar frá hæstv. forseta þingsins um hvort áform eru uppi um að halda umræðunni áfram langt fram á kvöld eða fram í morgunsárið. Hvaða áform eru uppi varðandi mogundaginn?

Í þessu máli hafa komið fram mjög alvarlegar ásakanir. Ljóst er að meiri hluti heilbr.- og trn. boðar breytingar á frv., sem menn hafa haft til umræðu. Þær upplýsingar sem fram hafa komið eru hins vegar mjög misvísandi. Sumar ganga þvert á það sem áður hefur verið boðað, t.d. um hvað heyri til gagnagrunninum, hvað eigi að vera þar inni. Ég held því að mikilvægt sé, áður en við höldum þessum fundi áfram, að við fáum upplýsingar um hvaða áform eru uppi frá hæstv. forseta eða hafa menn ekki gert það upp við sig? Á að halda áfram umræðu fram á kvöld, fram í morgunsárið? Hvaða áform eru uppi? Ég leyfi mér að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta áður en ég held áfram máli mínu.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur upplýst að áformin eru að ljúka þessu máli. Fimm hv. þingmenn eru á mælendaskrá og því hefur forsn. ákveðið að hér verði kvöldfundur. (**SvG:** Það er rangt, forsn. hefur ekki gert það.) Forseti þingsins átti fund áðan og þar var það ákveðið þannig að ég fer með rétt mál.)

Ég leyfi mér að óska eftir því að hæstv. heilbrrh. verði viðstaddur umræðuna. Ég sé að hér er talsmaður meiri hluta heilbrn. kominn. En, hæstv. forseti, mér finnst þetta ekki ...

(**Forseti** (GÁ): Forseti verður við þeirri ósk.)

(**Gripið fram í:** Hvað með fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni?) Ég leyfi mér að ítreka þá spurningu sem ég setti fram hér áðan til hæstv. forseta um hversu lengi er áformað að halda umræðunni áfram. Hvort það verði fram á kvöld eða fram í morgunssárið. Mér er sagt að þingflokksfundir Framsfl. og Sjálfstfl. standi enn yfir. Ég óska eftir því að fundi verði frestað og tel algjörlega óásættanlegt að þingmönnum sé boðið upp á þetta, að þingmönnum stjórnarandstöðu sé boðið upp á þetta, að hér sé fram haldið fundi á meðan þingflokksfundir Sjálfstfl. og Framsfl. standa yfir.

(**Forseti** (GÁ): Forseti fer fram á það að þessum þingflokksfundum ljúki nú þegar. Það var ákveðið að þeir stæðu frá kl. 16 til kl. 18 og þeim ber að ljúka núna. Forseti mun gera þingflokkunum viðvart um kröfu hv. þm. og væntir þess að *þeim verði lokið innan tveggja, þriggja mínútna.*)

Ég mun halda áfram máli mínu þá fyrst að ég fæ vitneskju um að þingflokksfundum sé lokið. Ég er reiðubúinn að standa í pontunni þangað til en ella mun ég víkja úr pontu þar til hæstv. forseti hefur fengið upplýsingar um þetta efni.

Er hæstv. forseti reiðubúinn að verða við þessum sanngjörnu óskum?

(**Forseti** (GÁ): Forseti væri mjög sáttur með að hv. þm. biði í tvær til þrjár mínútur meðan þingflokksfundunum lýkur.)

Og vonandi sáttur við að ég víki úr pontu meðan á þeirri bið stendur?

(**Forseti** (GÁ): Nei.)

Hér úr þingsal er horft á mig og ég vil upplýsa að Alþingi Íslendinga er að störfum. Að beiðni forseta er ég beðinn um að bíða í ræðustól þar til stjórnarflokkarnir hafa lokið þingflokksfundum. Að sjálfsögðu verður ekki haldið áfram hér umræðu nema fulltrúar ríkisstjórnarinnar séu viðstaddir umræðuna. (Gripið fram í.) (**GÁS:** ... tveggja tíma fresti.) (**LB:** Er þetta yfirlýsing um að umræður í þingsal skipti ekki máli?) (Forseti hringir.) (Gripið fram í.) (**SvG:** Hvar er forsetinn með gullhjartað, hvað varð af honum?) (**Gripið fram í:** Hann er steinrunninn.) (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Svo hlær hann bara.) (Gripið fram í.) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GÁ): Forseti gerir hlé þar til kortér yfir sex.)

[Fundarhlé. — 18:08]

[18:16]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að verða við beiðni minni sem var reyndar sjálfsögð um að fresta fundi þar til þingflokksfundum Framsfl. og Sjálfstfl. lyki þannig að þingmönnum stjórnarmeirihlutans gæfist kostur á að hlusta

á þau rök sem eru færð fram í þessu mikilvæga máli og ég hef saknað þess svolítið við umræðuna hve fáir stjórnarþingmenn hafa sinnt þessu máli þótt það sé engan veginn einhlítt. Ýmsir þeirra hafa gert það. En ég vék að því í ræðu minni áður en fundi var frestað fyrr í dag að þetta mál gerðist sífellt alvarlegra, eftir því sem á liði og jafnframt ruglingslegra og mótsagnakenndara. Núna eru boðaðar breytingar á frv. sem ganga þvert á það sem áður var rætt um, þ.e. hvað á að fara inn í gagnagrunninn. Verði gerð alvara úr því mun það hafa mjög miklar afleiðingar í för með sér og gerbreyta öllum forsendum þeirrar umræðu sem þegar hefur farið fram um málið, gerbreyta forsendum sem umræðan hefur í reynd hvílt á.

Það sem ég vil leggja áherslu á og legg áherslu á og ítreka í þessu máli er að mjög margt um framkvæmdina er harla óljóst. Það á að tryggja hagsmuni almennings, þjóðarinnar og sjúklinga sérstaklega með reglugerðum sem enn á eftir að setja, með siðanefndum sem eiga að vaka yfir hagsmunum almennings, sem enn á eftir að skipa og enn á eftir að segja okkur fyrir um hvernig verði skipaðar og einnig er vísað í þessu sambandi til hlutverks tölvunefndar, mikilvægs hlutverks tölvunefndar. Sagt er að þessir aðilar, vísindasiðanefndir og tölvunefnd, eigi að gegna mjög veigamiklu hlutverki hvað þetta snertir. Það á að treysta á dómgreind þessara aðila. Reyndar hefur tölvunefnd sagt að það skorti mjög á um vinnureglur og að löggjafinn sé að hlaupast undan merkjum, hann axli ekki ábyrgð, hann eigi að setja vinnureglurnar en ekki leggja það á herðar tölvunefndar að setja sjálfri sér starfsreglur. En ef það á að treysta á dómgreind þessara aðila, siðanefnda vísindamanna og tölvunefndar er þá ekki mikilvægt að hlusta á orð þeirra núna? Hvað dómgreind þeirra býður þeim að segja núna? Dómgreind þessara aðila, sem eru slegnir sem varnaglar inn í þetta lagafrv. til að gæta hagsmuna almennings, er á þá leið að við eigum að hafna þessu frv. Þessir aðilar eru að biðja okkur um að vísa þessu frv. frá, að hafna þessu frv. Ríkisstjórnin setur allt sitt traust á tölvunefnd og siðanefndir en þessir aðilar eru að hvetja okkur til að hafna frv. Á ekki að hlusta á þessa aðila núna?

Síðan lýsir hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, talsmaður meiri hluta heilbr.- og trn., því yfir fyrr í dag að það standi alls ekki til að setja tölvunefnd vinnureglur. Til stendur að fá reglur eða tillögur um reglur hvað snertir vinnuferli frá sérleyfishafanum en tölvunefnd leggi síðan blessun sína yfir þetta vinnuferli. Síðan stendur ekki til að tölvunefnd eða þar til kvaddir aðilar rannsaki eða veiti vilyrði, gefi grænt ljós á hverja rannsókn fyrir sig. Það stendur ekki til. Þá á að gera úttekt öðru hverju eins og menn gerðu með rafmagnseftirlitið þegar þeir einkavæddu það. Þá var búið til staðlað vinnuferli og síðan átti eftirlitsaðilinn, endrum og eins að gera úrtakskönnun. Sama hugsunin er þarna á bak við. Í því tilvikinu voru það veiturnar í landinu, í þessu tilviki er það öll þjóðin og hvernig heilsufarsupplýsingar Íslendinga eru notaðar á markaði. Út á það gengur þetta, að selja bandarískra fyrirtækinu deCODE Genetics Incorporated í hendur einkarétt á heilsufarsupplýsingum Íslendinga. Þetta fyrirtæki er núna í eigu bandarískra áhættufjárfesta og tryggingafélaga, á morgun hugsanlega lyfjaframleiðenda, það veit enginn, en afhenda á þeim þetta með óútfylltum tékkum, óútfylltum ávísunum. Enginn veit hvernig tölvunefnd á að starfa. Hún á að fá tillögur frá fyrirtækinu sjálfu og hún á að starfa samkvæmt vinnuferli sem hún er sjálf mjög ósátt við. Hún vill að löggjafinn setji henni reglurnar. Þessar óskir hennar á að virða að vettugi og síðan á að skipa siðanefnd sem á að fylgjast með sérleyfishafanum, hvernig hann verslar með þessar upplýsingar og það veit enginn hvernig sú nefnd er skipuð. Maður fer að spyrja sjálfan sig hvort það geti verið að ráðið verði ekki bara að skipta um tölvunefnd, um einstaklinga í tölvunefnd og siðaráðunum eins og menn gerðu og hafa gert í einræðisríkjum þar sem menn gerast óþægilegir og hafa sjálfstæðar skoðanir. Þá er bara skipt út þar til rétt skoðun kemur upp. Mér finnst þetta allt saman vera mikið áhyggjuefni.

Það sem hefur komið nýtt fram í umræðunni í dag er að gagnstætt því sem áður hefur verið haldið fram að inn í grunninn fari einvörðungu heilsufarsupplýsingar í þröngum skilningi er núna gert ráð fyrir að erfðaupplýsingar og ættfræðiupplýsingar verði inni í grunninum líka. Menn vilja jafnvel ganga enn lengra og hafa rætt þann möguleika að upplýsingar frá lyfjaverslunum verði einnig settar í grunninn. En þegar þetta gerist, þegar erfðaupplýsingarnar og ættfræðiupplýsingarnar eru komnar inn í grunninn auk heilsufarsupplýsinganna, er orðinn eðlismunur á málinu. Þetta er reyndar nokkuð sem okkur bauð í grun öllum stundum því það er þetta sem gerir grunninn að verðmætri verslunarvöru. Það er þetta sem gerir hann að fýsilegum kosti fyrir tryggingafyrirtækin og lyfjafyrirtækin. Það er að samkeyra lyfjarannsóknir og lyfjatilraunir erfðafræðiupplýsingum, að samkeyra þessa tvo þætti. En þá er líka fallin úr gildi sú röksemd sem haldið hefur verið fram af hálfu stjórnarmeirihlutans að upplýsingarnar í grunninum séu ekki persónugreinanlegar vegna þess að hér er hvorki meira né minna en verið að boða að erfðafræðiupplýsingar verði settar inn í grunninn og það segir sig sjálft að slíkar upplýsingar eru persónugreinanlegar, þarna er komin persónan sjálf. Þetta er því náttúrlega mjög mótsagnakenndur og ruglingslegur málflutningur svo vægt sé að orði kveðið. Auðvitað var það alltaf vitað og hefur verið haldið fram af þeim sem best þekkja til þessara mála að grunnurinn er persónugreinanlegur, gagnagrunnurinn er persónugreinanlegur. Það er til lykill að grunninum og lykilinn má nota. Það getur verið torvelt, það getur verið mismunandi og miserfitt að snúa honum í skránni en hann er til og það er hægt að nota hann.

Á það hefur verið lögð áhersla af hálfu vísindamanna að þeir standi frammi fyrir vísindasiðareglum, siðareglum vísindamanna sem kveða á um það að ef unnt er að rekja sig til baka til sjúklings, með upplýsingar um sjúkdóminn beri þeim að gera það. Vísindasiðareglur kveði á um að svo sé gert. Líka hefur verið bent á að sjúklingar kunni í sumum tilfellum að óska eftir að fá ekki vitneskju um slíkt. Það er alveg til í dæminu. Þarna er komin mótsögn og hvernig leysum við þá mótsögn? Við leysum hana aðeins á einn veg, með upplýstu samþykki. Að einstaklingar séu spurðir hvort þeir séu reiðubúnir að taka þátt í könnun um sjálfa sig. Og margir og flestir þeirra sem eiga við einhverja sjúkdóma að stríða eða eru í ættum þar sem grunur leikur á að arfgengir sjúkdómar séu tíðir vilja gjarnan gera það. Þetta er það sem við höfum verið að leggja til að verði gert með dreifðum gagnagrunnum þar sem krafist verði upplýsts samþykkis. Reyndar hefur verið bent á það af vísindamönnum að dreifðir gagnagrunnar séu miklu líklegri til að verða traustur grunnur fyrir vísindin til að standa á og byggja á en miðlægur grunnur, grunnar sem eru opnir að því leyti að stöðugt er hægt að rekja sig til baka og leiðrétta mistök, leiðrétta það sem sannanlega hefur

verið vitlaust. Slíkt er hægt að gera ef byggt er á upplýstu samþykki þar sem allir vita að hverju þeir eru að ganga.

Það eru mörg dæmi þess að alvarleg mistök eru gerð í skráningu sjúkdóma. Það eru mörg dæmi þess. Eitt dæmi var t.d. nefnt við okkur í heilbr.- og trn. en þar sit ég sem áheyrnarfulltrúi og hef gert núna síðustu vikur. Það var tekið dæmi af sænskum flugmanni sem hafði sótt um að gerast þotuflugmaður, gott ef það var ekki í sænska flughernum en hann skilur ekkert í því að honum er neitað um þetta. Honum er hafnað vegna þess að grunur lék á að hann væri með arfgengan sjúkdóm, að foreldrar hans hefðu greinst sem þunglyndissjúklingar og á þeim forsendum var þessum manni neitað um að gerast þotuflugmaður í sænska flughernum. Síðan var farið að rannsaka þetta mál og þá kom á daginn að ástæðan fyrir því að þetta fólk hafði verið skilgreint og skráð með þessum hætti voru tilfæringar milli atvinnuleysistryggingakerfisins og almannatryggingakerfisins, til að koma fólkinu af atvinnuleysisbótum þá var það skilgreint með þennan sjúkdóm. Fyrir vikið verður þessi sænski þotuflugmaður af sinni vinnu. Þetta er bara eitt lítið dæmi af mörgum um mistök sem verða í öllum kerfum sem mennirnir smíða og sem við verðum að geta leiðrétt. Þetta nefni ég sem dæmi um nauðsyn þess, ef við ætlum að hafa tryggan grunn til að standa á, að hann sé hreyfanlegur að þessu leyti, að það sé hægt að koma við breytingum og lagfæringum.

Er ekki hægt að koma á slíkum sveigjanleika í þessum samkeyrða, miðlæga gagnagrunni? Jú, það væri hægt að gera það en vandinn er bara sá að þegar búið er að samkeyra upplýsingarnar í einn miðlægan grunn og gera þær að söluvöru er krafan um öryggi miklu ríkari en við höfum ella. Þá er hættan á því að þetta verði misnotað í þágu peningahagsmuna orðin mjög raunveruleg. Við erum að tala um allt aðra hluti þegar um er að ræða dreifða gagnagrunna með upplýstu samþykki sem er grundvallaratriði. Alls staðar þarf að gæta að og fara varlega með upplýsingar um sjúklinga, að sjálfsögðu, en ef um upplýst samþykki er að ræða í dreifðum gagnagrunnum erum við að tala um allt aðra hluti.

Ég óska eftir að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hlýði á orð mín vegna þess að ég ætla að beina þeim sérstaklega til hennar. (Gripið fram í.)

Ég heyri að hv. þm. spyr hvort þingmönnum sé skylt að hlýða kalli þótt óskað sé eftir því. Til upplýsingar þá beini ég orðum mínum til talsmanns meiri hluta heilbr.- og trn. og vil að það sem ég hef að segja berist henni til eyrna, að hún átti sig á röksemdum mínum.

Talsmaður meiri hlutans í heilbr.- og trn. er hér kominn í salinn. Mig langar til að beina til hennar orðum mínum og fá hugsanlega í framhaldinu viðbrögð af hennar hálfu.

Hún upplýsti okkur um það áðan í ræðu sinni að tölvunefnd, sem á að annast eftirlit, eigi fyrst og fremst að setja upp ákveðið vinnuferli, þ.e. samþykkja vinnuferli sem sérleyfishafi geri tillögu um en ekki fylgjast með einstökum tilteknum rannsóknum. Þannig skildi ég orð hennar og gott ef það var ekki sett svona fram.

Ég fullyrði að þetta stangast á við alþjóðasamþykktir. Þetta stangast á við Helsinki-sáttmálann sem byggir á samþykkt frá Nurnberg frá árinu 1947 og hefur síðan hlotið staðfestingu fjölda þinga; alþjóða-, vísinda- og læknasamfélagsins; Helsinki, Tókíó, Feneyjum, Hong Kong og alltaf hefur grunnkjarninn í þessari ályktun verið staðfestur. Vinnubrögðin sem hér er lagt til að taka upp standast ekki þessa samþykkt. Í þeirri samþykkt er gert ráð fyrir upplýstu samþykki. Gert er ráð fyrir því að athugun fari fram á hverri einstakri rannsókn fyrir sig.

Ég hef þessa yfirlýsingu á enskri tungu, Declaration of Helsinki. Hér segir, með leyfi forseta, og þetta er stutt sem ég ætla að vitna í úr þessari samþykkt, en þar er talað um „basic principles", það er verið að fjalla hér um vinnureglur vísindamanna, grundvallarreglur. Þær eru tólf talsins. Síðan er fjallað um aðra þætti einnig. Ein grundvallarreglan er svohljóðandi á enskri tungu, með leyfi forseta:

„The design and performance of each experimental procedure involving human subjects should be clearly formulated in an experimental protocol which should be transmitted for consideration, comment and guidance to a specially appointed committee, independent of the investigator and the sponsor, provided that this independent committee is in conformity with the laws and regulations of the country in which the research experiment is performed."

Hér er talað um að hver og ein tilraun skuli athuguð af hálfu nefndar sem sé algerlega óháð hagsmunaaðilum og starfi samkvæmt lögum og reglugerðum sem eru við lýði. Hverjar eru reglugerðirnar? Hverjar eru þær reglugerðir sem tölvunefnd á að starfa samkvæmt? Hvaða reglugerðum á þverfaglega siðanefndin að starfa eftir? Við höfum ekki hugmynd um það, það á að setja þær seinna.

Hér er verið að brjóta Helsinki-sáttmálann, alveg hreint og klárt. Það á að gera athugun og gefa grænt ljós á hverja rannsókn fyrir sig. En verða gerðar rannsóknir í grunninum? Já, það verða gerðar rannsóknir í grunninum. Hvernig veit ég það? Ég veit það vegna þess að ég hef lesið auglýsingabæklinga sérleyfishafans, deCODE Genetics. Ég hef lesið auglýsingabæklinga ameríska fyrirtækisins sem íslenska ríkisstjórnin ætlar að fela sérleyfið í hendur. Þar er boðið upp á „clinical experiments". Þar er boðið upp á lyfjatilraunir.

Nú þegar við fáum upplýst að í grunninn fari ekki einvörðungu heilsufarsupplýsingar, í þröngum skilningi þess orðs, heldur líka erfðafræðiupplýsingar og ættfræðiupplýsingar, vitum við alveg hvað hangir á spýtunni. Auðvitað vitum við það. Gera menn sér ekki grein fyrir því að lyfjafyrirtækin eru að reyna að hasla sér völl á þessu sviði. Hvar? Helst í myrkviðum Afríku, hjá fátækum, fávísum þjóðum. Þær hafa sem betur fer höfðingja sem spyrja spurninga þegar farið að bjóða upp á ókeypis pillur og ókeypis lyf eins og okkur er boðið upp á, ókeypis pillur ef við erum hlýðin.

Með öðrum orðum eru boðaðar breytingar á þessu frv. og vinnubrögð sem stangast á við Helsinki-sáttmálann. Samkvæmt honum á að gera athugun á hverri rannsókn fyrir sig. Af hálfu talsmanns meiri hluta heilbr.- og trn. er sagt að þetta verði ekki gert.

Þetta er svo alvarlegt mál að í raun þyrfti ekki að segja miklu meira til að stöðva þetta mál. Íslendingar eru hér á Alþingi, lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, að leita logandi ljósi hvernig í ósköpunum þeir geti komist fram hjá skuldbindingum okkar gagnvart EES, Evrópska efnahagssvæðinu, hvernig sé hægt að svindla á þeim og hvort okkur takist ekki að svindla á alþjóðamannréttindasáttmálanum, komast á bak við Helsinki-sáttmálann og alþjóðasiðareglur vísindamanna. Ríkisstjórnin og fulltrúar hennar velta vöngum yfir því og sitja á fundum úti um allt þinghús og hér víðs vegar til að finna leiðir til að komast á bak við alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga varðandi alþjóða viðskiptareglur í sambandi við EES og í sambandi við Helsinki-sáttmálann.

Ég óska eftir því að einhver skýri fyrir mér og þingheimi hvernig menn ætla að komast á bak við þetta, hvernig *samræma eigi vinnubrögðin í tengslum við miðlæga gagnagrunninn* þeirri reglu sem ég skírskotaði til í máli mínu, annarri grundvallarreglu Helsinki-sáttmálans. Ég óska eftir því að verða upplýstur um það.

Spurningarnar um rannsóknir og frelsi til rannsókna ræddi ég í gær og ætla ekki að hafa mörg orð um það. En áður en ég hverf frá spurningunni um persónuvernd þá ætla ég að ítreka og biðja menn að leggja það á minnið að í umræðunni að undanförnu hafa ríkisstjórnin og talsmenn hennar lagt höfuðáherslu á að við þurfum ekki að óttast persónuleyndina. Það sé vandlega gætt að henni. Menn þurfi ekki að óttast það.

Í dag erum við upplýst um að menn séu búnir að kúvenda í þessu efni og ætli að setja í grunninn ættfræði- og erfðaupplýsingar um einstaklingana og búa þannig í haginn fyrir lyfjafyrirtækin sem bíða spennt eftir því að fá mýsnar sínar í búr, að fá kjörþjóðina íslensku í hús þannig að menn geti hafist handa.

Varðandi frelsi til rannsókna ætla ég ekki að hafa mörg orð, nema ég vék að því í gær hversu mikil afturför það væri að loka kerfunum, að setja upp einokunarkerfi, einoka upplýsingar. Fram að þessu hafa vísindin og framfarirnar orðið þegar menn hafa keppt um hugmyndir, gert tilraunir og unnið sig áfram. Þetta hefur byggt á því að samfélagið og heimurinn hafi frjálsan og óheftan aðgang að upplýsingum og vitneskju. Nú ætla menn hins vegar að einoka upplýsingarnar, gera upplýsingarnar að söluvöru og takmarka þannig möguleika manna til að keppa um hugmyndirnar með frjóum huga. *Síðan halda menn að því verði tekið þegjandi erlendis*, af erlendum vísindamönnum sem við höfum notið góðs af samstarfi við og gengið að upplýsingum þeirra. Þannig hefur það verið í heiminum almennt, allt þetta hefur verið opið. Verður því tekið þegjandi þegar við ríðum á vaðið með að loka? Á þetta er horft sem fordæmisgefandi um allan heim. Getum við svo farið til þeirra og sagt: Heyrðu, getum við ekki fengið að skoða ykkar upplýsingar? Það verður úr sögunni.

Mér finnst að við Íslendingar höldum stundum að við getum fengið allt frá öðrum en ætlum bara að sitja að okkar. Slíkt gengur ekki. Þannig haga menn ekki samstarfi við aðra.

En við erum að hverfa aftur á 18. öld áður en upplýsingin svokallaða varð til í Evrópu og víðar, og við erum að hverfa aftur í forneskju þar sem menn loka upplýsingum, einoka upplýsingar og gera þekkinguna, vitneskjuna að söluvöru og hverfa frá því fyrirkomulagi sem við höfum haft þar sem menn keppa um hugmyndir og um að framkvæma hugmyndir sínar. Þetta er það sem ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. eru að gera. Hverfa þannig aftur til forneskju, forneskjulegrar hugmyndafræði. Þetta er alveg með ólíkindum. Það eru menn sem eru að reyna að bisa við að kenna sig við frjálshyggju og samkeppni sem hafa forgöngu í þessum málum. Þetta er hlægilegt.

Síðan sér maður og hefur óneitanlega pínulitlar áhyggjur af því þegar á fundi mæta aðilar t.d. frá Verslunarráði og þeir spurðir um álit á samkeppnishlið málsins og hvort þeir hafi ekki áhyggjur af einokun í málinu. Ja, það er alltaf *hægt að gera undantekningar*, segja menn, *það er hægt* að gera undantekningar í málum. Hvaða málum? Því máli að fela einum aðila, einu fyrirtæki, einu bandarísku fyrirtæki einkarétt á að versla með heilsufarsupplýsingar Íslendinga í a.m.k. 15 ár. Það er hægt að gera undantekningar, segir Verslunarráðið.

Menn hafa velt því fyrir sér hvern aðgang vísindamenn hafi að rannsóknum. Við vitum hvern aðgang erlendir vísindamenn hafa að rannsóknum eða gagnagrunni. Það er í gegnum peningakassann. Það er með sölu á upplýsingum, til þess er leikurinn gerður, það er verið að gera þetta að verslunarvöru.

En hvað með íslenska vísindamenn, hvað með Íslendinga? Það er sala líka nema það séu vísindamenn sem sækja upplýsingar sem þeir sjálfir hafa sett þarna inn og starfa við. Þá er hið mikla verkefni íslensku ríkisstjórnarinnar að finna út hvernig hægt sé að orða lagatextann þannig að þeir komist fram hjá samkeppnisreglum EES vegna þess að samkvæmt samkeppnisreglum EES má ekki mismuna mönnum á markaði. Það er búið að gera þetta að markaðsvöru og menn skilgreindir sem fyrirtæki þegar þeir koma að þessu og þá er spurningin: Gengur að mismuna og hanna lögin íslenskum vísindamönnum í vil? Gengur það? Menn eru að spyrja sig þeirra spurninga? Það gengur náttúrlega ekki. En menn ætla að freista þess að finna eitthvert orðalag á þessu. Þetta er verkefnið, sem er náttúrlega alveg óskaplega vesælt í rauninni, að búa til slík lög að þau stríði í reynd gegn því sem við erum að semja um og gerumst aðilar að hvort sem það er EES — ég hef nú minni áhyggjur af því að vísu — miklu meiri af Helsinki-sáttmálanum, mannréttindasáttmálanum sem við höfum gerst aðilar að. En þetta er sem sagt verkefnið að reyna að finna þetta út.

En hvernig eiga íslenskir vísindamenn, sem hafa unnið við sína grunna, að komast þarna inn? Jú, þá er hugmyndin sú að skipuð verði nefnd sem meti umsóknir þeirra. Í þeirri nefnd á sérleyfishafinn að hafa fulltrúa, hann á að hafa fulltrúa. En það er ekki nóg með að hann hafi áhrif í nefndinni í gegnum fulltrúa sinn heldur eru einnig settar ákveðnar reglur honum í hag. Þannig að ef það reynist svo að þetta stríði gegn viðskiptahagsmunum hans — sem hann túlkar þá væntanlega sjálfur — að veita íslenskum vísindamönnum aðgang að grunninum þá fá þeir ekki aðgang.

En setjum svo að þeir fengju aðgang að gagnagrunninum, að íslenskir vísindamenn fengju aðgang að grunninum og þeir notfærðu sér þessar upplýsingar og kæmust að niðurstöðum sem reyndust hugsanlega vera söluvara eða einhvers virði, setjum svo að það gerðist. Hvað gerist þá? Hver er réttur þeirra þá? Hvernig túlkar talsmaður meiri hluta í heilbr.- og trn. rétt þeirra?

Ég get sagt hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hvernig fulltrúar deCODE Genetics túlkar það. Ég skal bara lesa það upp, með leyfi forseta:

„Við afgreiðslu heilbrn. Alþingis hefur ekki náðst nægilega skýr niðurstaða í orðalagi þegar kemur að því að skilgreina aðgengi vísindamanna að gagnagrunninum. Svo virðist þó sem almenn sátt sé um meginlínur en vandi varðandi orðalag sprettur upp úr mögulegum árekstri við lög og samþykktir um samkeppni í viðskiptum. Forsvarsmenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa skilgreint sína afstöðu til málsins á þann hátt að aðgengi vísindamanna við þær stofnanir sem leggja til upplýsingar í gagnagrunninn verði tryggt. Aðrir vísindamenn fái aðgang að gagnagrunninum með samvinnu við vísindamenn ofangreindra stofnana en það er sá háttur sem nú tíðkast. Vísindamennirnir munu geta notað gagnagrunninn til hvers kyns rannsókna í samkeppni við sérleyfishafa, í samvinnu við sérleyfishafa eða án tillits til sérleyfishafa, svo fremi sem virtur sé einkaréttur sér-

leyfishafa til að markaðssetja niðurstöður rannsóknanna og afleiddra rannsókna." — Og afleiddra rannsókna líka.

Með öðrum orðum, þeim er heimilað að vinna ókeypis fyrir sérleyfishafann, það er allt í lagi. Þeim er heimilað að vinna ókeypis fyrir hann og það má vera í samkeppni við hann og þetta má vera allt í miklu bróðerni — en hann á afraksturinn af vinnu þeirra. Ekki bara þeirra vinnu og þeim rannsóknum sem þeir vinna heldur á öllum afleiddum rannsóknum líka. Gera menn sér grein fyrir því hvað þeir eru að samþykkja hér? Gera menn sér grein fyrir afleiðingum þeirrar einokunar sem menn eru að innleiða í landinu? Við erum ekki á miðöldum. Við erum hérna undir lok 20. aldarinnar. Við erum að koma á slíkri einokun í vísindastarfsemi að það hlýtur að valda óhugnaði enda gerir það það. Menn hafa verið að afgreiða þetta á mjög léttvægan hátt þegar á annað hundrað sérfræðilæknar mótmæla þessu frv. og segjast ekki vilja vinna í þeim anda sem á að lögþvinga þá til. Yfir þriðjungur allra heilsugæslulækna í landinu hefur sent inn mótmæli og menn eru að afgreiða þetta á einhvern léttvægan hátt. Mér finnst þetta mjög alvarlegur hlutur. Þetta er mjög alvarleg lögþvingun sem hér er á ferðinni.

Rætt var um það í heilbr.- og trn. þegar málið var þar til umfjöllunar hvort leita ætti til erlendra sérfræðinga um málið og fá álit þeirra. Það var ekki talið nauðsynlegt og ekki nóg með það heldur sagði hv. þm., talsmaður meiri hluta í heilbr.- og trn., þingmaður Framsfl., Siv Friðleifsdóttir, að ekki væri hægt að leita til þess samfélags í og með vegna þess að frv. væri ekki tilbúið. Það væri að taka breytingum og ekki hægt og ekki rétt að skjóta því til umsagnar af þeim sökum, auk þess sem þetta væri mál okkar.

Það er ráð við þessu tvennu. Í fyrsta lagi þurfa menn að gera sér grein fyrir því að þetta er ekki bara mál okkar. Við erum í alþjóðlegu samfélagi og við viljum vera í alþjóðlegu samfélagi. Við viljum leita til þessa alþjóðlega samfélags um stuðning og hjálp. Við viljum líka vera veitendur ekki bara þiggjendur. Við viljum axla ábyrgð eins og aðrir. Þetta finnst mér að þingmaðurinn þurfi að íhuga, að þetta er ekki bara okkar mál. Þetta er ekki bara okkar mál, þetta kemur öðrum við líka.

Varðandi hitt atriðið, að frv. væri ekki tilbúið og þess vegna væri ekki hægt að skjóta því til umsagnar þá er til ráð við því líka. Það er að klára frv. og skjóta því til umsagnar, gefa sér tíma til þess. Nema komin sé e.t.v. fyrirskipun um að það megi ekki. Nema sá aðili sem ríkisstjórnin stundar erindrekstur fyrir hafi óskað eftir því að þetta verði afgreitt núna eins og gert var sl. vor reyndar. Ég spyr.

Hvers vegna verður að samþykkja og afgreiða þetta mál núna? Hvers vegna? Eru það hagsmunir Íslendinga sem eru þar í fyrirrúmi, sjúklinga, vísindamanna? Ríkisstjórnarinnar? Eða þessa fyrirtækis? Nema þessir hagsmunir séu samtvinnaðir. Maður hlýtur að spyrja þessara spurninga.

Við sem erum áskrifendur að erlendum fréttatímaritum höfum fengið í hendur blöð og tímarit þar sem fjallað er um þetta frv. Og frá vísindamönnum höfum við fengið vísindatímarit þar sem greint er frá áhyggjum manna, alþjóðavísindasamfélagsins yfir þessu máli. Í rauninni væri hægt að hafa hér langt og athyglisvert mál bara með því að rekja hvað það er sem erlendir vísindamenn eru að segja um þetta mál. Í íslenskum blöðum hefur einnig verið greint frá þessu. Það var t.d. gert í Morgunblaðinu 13. okt. Í það blað skrifaði Einar Árnason, sem er prófessor í þróunarfræði og stofnerfðafræði við Háskóla Íslands, mjög athyglisverða grein undir fyrirsögninni Gagnagrunnsfrumvarpið, viðbrögð frá Harvard. Og þar segir í upphafi greinarinnar, með leyfi forseta:

„Allmargir þeirra sem hafa tjáð sig um gagnagrunnsfrumvarpið hafa fengið viðbrögð frá virtum erlendum vísindamönnum. Undantekningarlaust eru erlendir aðilar forviða á fyrirætlunum íslenskra stjórnvalda. Ég birti hér í eigin þýðingu bréf sem mér hefur borist frá prófessor Richard C. Lewontin, einum virtasta stofnerfðafræðingi veraldar. Richard C. Lewontin er Alexander Agazzis-prófessor í dýrafræði og prófessor í líffræði við Harvard.

Richard Lewontin er Íslandsvinur. Hann hefur tvívegis komið til Íslands og hefur ferðast um landið og notið íslenskrar náttúrudýrðar. Hann er víðlesinn í íslenskum fornritum og þekkir verk Laxness vel. Hann hefur bæði í ræðu og riti hvatt samlanda sína til að líta til Íslands sem fyrirmyndar. Með gagnagrunnsfrumvarpinu er honum þó misboðið."

Síðan vitnar Einar Árnason, prófessor í þróunarfræði og stofnerfðafræði við Háskóla Íslands, í þennan prófessor við Harvardháskóla. Hann ávarpar Einar Árnason og segist skrifa honum vegna þróunar mála á Íslandi sem hann telur að menn þurfi að taka á. Síðan segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Þú hefur væntanlega áhuga á þessum málum. Ég á hér við þá fyrirætlan að leggja fram á Alþingi frumvarp sem gerir alla íslensku þjóðina hluta af eign einhvers einkafyrirtækis. Frumvarpið, sem hér um ræðir, fjallar um gerð gagnagrunns á heilbrigðissviði sem inniheldur heilsufarsupplýsingar um alla Íslendinga og síðan veitingu einkaleyfis til að nýta þessar upplýsingar til einkarekins líftæknifyrirtækis.

Ég hef afrit af frumvarpinu fyrir framan mig (þýtt á ensku) og það er fullkomlega ljóst að hver sá sem fær rekstrarleyfi mun njóta algjörra einkaafnota. Það er rétt að því er haldið fram að aðrir fái aðgang að gögnum í hreinu vísindaskyni með því að sækja um það til nefndar en ég vil benda á 3. mgr. [4. mgr.] 9. gr. sem segir: „Nefndinni er heimilt að veita fyrrgreindum vísindamönnum aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum til notkunar í vísindarannsóknum nema um sé að ræða rannsóknir sem fyrirsjáanlegt er að mati nefndarinnar að skerði viðskiptahagsmuni rekstrarleyfishafa." Með öðrum orðum, íslenska ríkið býður þessum leyfishafa heilsufarsupplýsingar íslensku þjóðarinnar sem verslunarvöru og hver sá sem vill stunda læknisfræðilegar rannsóknir sem kynnu að hjálpa Íslendingum fær ekki leyfi til þess ef rannsóknirnar hefðu áhrif á viðskiptahagsmuni rekstrarleyfishafa."

Hér er vitnað í þá grein sem ég gerði að umtalsefni í máli mínu áðan og ég minni á að samkvæmt túlkun fyrirtækisins, væntanlegs sérleyfishafa, deCODE Genetics er ekkert við það að athuga að íslenskir vísindamenn sem hafa látið upplýsingar af hendi rakna inn í grunninn fái afnot af þeim svo fremi það stríði ekki gegn viðskiptahagsmunum hans eða að tryggt sé að hann fái notið ávaxtanna af þeirra starfi, fjárhagslegs ávinnings af þeirra starfi. Ekki bara þeirra tilraunum heldur líka afleiddum tilraunum. Það er búið að handjárna menn, binda þá á höndum og fótum. Það er það sem er búið að gera.

Síðan heldur þessi prófessor frá Harvard áfram, með leyfi forseta:

„Jafnvel þótt sumir kynnu að halda því fram að það að gera slíkan gagnagrunn mundi að lokum bæta heilsu Íslendinga, þá er það gróft brot á mannréttindum Íslendinga að veita, vegna viðskiptalegs gildis upplýsinganna, einkaleyfi

á þeim til eins fyrirtækis og útiloka alla vísindamenn sem hugsanlega hefðu áhrif á gróða þessa fyrirtækis."

Því það er það sem segir í lagagreininni. Og áfram:

„Þótt ég sé, að sjálfsögðu, ekki íslenskur ríkisborgari er þessi hugmynd greinilega til skaða fyrir Íslendinga og fyrir heilsuréttindi almennt.

Ég hef ætíð verið mikill aðdáandi Íslands og litið á það sem fyrirmynd fyrir lýðræðisleg og mannleg þjóðfélög. Að ríkið ætli að selja fólkið á Íslandi í hendur viðskiptahagsmunum ákveðins fyrirtækis gerir þjóðina jafnvel verri en Bandaríkin að þessu leyti." — Það er ekki að undra að hann komist svona að orði vegna þess að í Bandaríkjunum blöskrar mörgum hve langt menn hafa gengið þar í að brjóta niður samtryggingakerfi sem reyndar voru aldrei sterk fyrir þannig að menn þurfa að leita rándýrra einkalausna í heilbrigðisþjónustunni. Ég held áfram að vitna í grein Einars Árnasonar, með leyfi forseta:

„Vísindasamfélag heimsins mun ekki sitja með hendur í skauti án þess að mótmæla kröftuglega og von mín er að það taki upp beinar aðgerðir til að hindra eignarhald hins fyrirhugaða rekstrarleyfishafa. Vissulega verður lítil sem engin samvinna við þá, og það leiðir á endanum til þess að Íslendingar þjáist vegna þess. Þau fáeinu störf og smátekjur sem Ísland kynni að fá frá slíku rekstrarleyfi mundu ekki vega upp þann kostnað sem landið yrði fyrir vegna heilsumála og vegna réttinda einstaklinga.

Ég mun vissulega vekja athygli ameríska líffræðisamfélagsins á þessu máli og ég vona að þú hefjir virkar aðgerðir á Íslandi. Meðal þess sem ég er að velta fyrir mér er að sniðganga á vísindalegu samstarfi við Ísland væri viðeigandi ef frumvarpið verður að lögum. Ég mun þó hugsa það nánar því ég vil ekki skaða íslensk vísindi. En einhverja leið verður að finna til að koma vitinu fyrir ríkisstjórn Íslands. Ég vona að þú beygir hvern tein í þessu máli.

Með bestu kveðjum", skrifar þessi prófessor við Harvardháskóla Einari Árnasyni prófessor í þróunarfræði og stofnerfðafræði við Háskóla Íslands. Og Einar Árnason botnar grein sína þannig, með leyfi forseta:

„Á alþjóðavettvangi gilda ákveðnar leikreglur, í vísindum eins og á öðrum sviðum. Allir vita að þeir sem ekki fara að leikreglunum taka afleiðingum gerða sinna og dæmin frá Írak og Serbíu eru í ferksu minni. Íslendingar taka einnig sambærilega afstöðu þegar þeim er misboðið eins og Technopromexport veit.

Á alþjóðavettvangi líta sumir áhrifaaðilar á gagnagrunnsfrumvarpið sem gróft mannréttindabrot. Viðbúið er að alþjóðlegar aðgerðir verði hafnar gegn íslenskum vísindum. Eru Íslendingar tilbúnir að taka alþjóðlegum afleiðingum af lagasetningu þessari?" spyr Einar Árnason prófessor í niðurlagi greinar sinnar.

Ég er að velta því fyrir mér hvort menn taki ekki varnaðarorð af þessu tagi alvarlega, hvort menn ætli ekki að taka varnaðarorð af þessu tagi alvarlega eða halda menn að menn séu að skrifa á þennan hátt að gamni sínu, að menn séu að gera að gamni sínu með skrifum af þessu tagi? Ég held ekki. Ég held að það sem vaki fyrir alþjóðavísindasamfélaginu sé að standa vörð um alþjóðlegar siðareglur vísindamanna og þegar einhver skorast úr leik eins og Íslendingar eru að gera vegna vonar um skammtímagróða, þá grípur alþjóðavísindasamfélagið í taumana. Það gerist, að sjálfsögðu mun það gerast.

Hitt er svo annað mál að ég hef miklar efasemdir um að þessi mikli hagnaður og allir þessir milljarðar eigi eftir að skila sér inn í íslenska heilbrigðiskerfið. Ég hef miklar efasemdir um það og ég held að miklum og alvarlegum rangtúlkunum hafi verið beitt í þessu efni. Í fyrsta lagi er ástæða til að vekja athygli á því að fyrir löngu, fyrir aldarfjórðungi, var farið að skrásetja, tölvuskrá heilsufarsupplýsingar inni á heilbrigðisstofnunum á Íslandi og það er langt síðan farið var að samræma þessar upplýsingar og gerð hefur verið gangskör að því nú í seinni tíð að staðla þessar upplýsingar þannig að þessi kerfi eru öll í smíðum. Þau eru öll í smíðum. En hvar liggur þá kostnaðurinn? Hvar liggja þá allir þessir milljarðar og tugir milljarða? Í hverju liggur sá kostnaður? Samkvæmt athugunum sem gerðar hafa verið á því liggur hann fyrst og fremst í því að skrá upplýsingar aftur í tímann, sögulegar upplýsingar. Þurfa lyfjafyrirtækin á því að halda, viðskiptavinir deCODE Genetics, ameríska sérleyfishafans sem á að fá einkaleyfi á Íslendingum? Nei, ég held ekki. Ég held að honum gagnist það sem hann þegar hefur vegna þess að þegar menn hafa fengið ættfræðiupplýsingar í sína vörslu, samtímann og framtíðina og hugsanlega eitthvað aftur í tímann, þá standa menn í miðri gullnámu. Menn þurfa ekkert meira. Og ef það þjónar ekki beinum gróðahagsmunum sérleyfishafans að skrá aftur í tímann allar þessar upplýsingar sem eru fyrir hendi, hvaða tryggingu höfum við þá fyrir því að það verði yfir höfuð gert? Enga. Við höfum enga tryggingu fyrir því, ekki nokkra einustu tryggingu fyrir því og ég held það verði aldrei gert. En þarna á skráningu aftur í tímann og sögulegum gögnum liggur tilkostnaðurinn fyrst og fremst og ég held það verði ekki gert. Ég held auk þess að mönnum vaxi það mjög í augum að vinna þetta verk. Ég held það. Ég held að mönnum vaxi það mjög í augum. Öll slík skráning gerist auðveldari nánast með hverjum deginum sem líður. Menn strikafæra inn í tölvuheilana sína, nokkuð sem ekki var hægt að gera fyrir fáeinum árum, jafnvel fáeinum mánuðum í sumum tilvikum. Slík er tækniþróunin.

Ég held því að menn séu að ofætla þennan mikla fjárhagslega ávinning. Við erum að vinna þessa vinnu. Það er verið að tölvufæra allar þessar upplýsingar meira og minna og tilkostnaðurinn sem er tilgreindur er fyrst og fremst í sögulegri skráningu og ég set miklar efasemdir við að sú vinna verði unnin.

Hvernig væri þá hugsanlega hægt að ná einhverjum fjárhagslegum ávinningi, ef menn eru þannig þenkjandi sem ég er nú ekki, í þessu efni? Hvernig væri hægt að tryggja fjárhagslegan ávinning af þessum sölupakka? Jú, þá er talað um það í brtt. meiri hlutans að ríkisstjórnin og heilbrrh. fái heimild til að semja um einhvern hagnað af þessu, fái heimild til þess. E.t.v. verður gengið til samninga á þeim forsendum að slík heimild liggi fyrir. En hvaða tryggingu hefur Alþingi sem á að samþykkja þennan pakka og þessi lög, fyrir því að þetta verði gert? Enga. Væri ekki nær þá að láta okkur sjá samninginn? Væri ekki nær að láta okkur sjá siðanefndirnar og reglugerðinar og þennan samning áður en við förum að samþykkja frv.? Að sjálfsögðu. Að sjálfsögðu eigum við að sjá allan pakkann áður en við samþykkjum þetta lagafrv.

Ég verð að segja að eitt það alvarlegasta sem fram kemur í umræðunni er sá hroki sem einkennir talsmenn meiri hlutans í þessu máli. Mönnum finnst það bara vera minni háttar mál þegar stór hluti læknastéttarinnar afneitar þessu frv., ætlar ekki að starfa samkvæmt því eða nýta sér það, nýta sér þennan gagnagrunn. Mér finnst það mjög alvarlegt mál og mér

finnst það vera mjög alvarlegt mál fyrir vísindarannsóknir á Íslandi.

Fjölmargir og sennilega flestir Íslendingar eru þannig innstilltir að þeir vilja taka þátt í rannsóknum. Þeir vilja gera það. Þeir vilja taka þátt í rannsóknum Hjartaverndar, Krabbameinsfélagsins og vísindamanna sem eru að reyna að finna okkar meina bót. Menn vilja taka þátt í þessu. En með þessari lögþvingun er verið að sundra þjóðinni. Stór hluti hennar mun ekki fella sig við þetta og ekki ljá því máls að taka þátt í rannsóknum af þessu tagi. Það hefur þegar komið fram. Það hefur komið fram hjá þessum læknum. Það hefur komið fram hjá samtökum sjúklinga, Geðvernd t.d. og fjölmörgum öðrum samtökum að þau vilji ekki taka þátt í þessu. En það á neyða okkur undir þetta fyrirkomulag. „Þið getið neitað", verður eflaust viðkvæðið, en það geta menn nefnilega ekki, a.m.k. ekki allir. Börnin geta ekki neitað, þau geta aldrei náð upplýsingum sínum út úr grunninum, og þeir sem hafa ekki forsendur til að leggja mat á þessa hluti vegna krankleika eða eru þroskaheftir á einhvern hátt. Þeir hafa ekki forræði yfir sínum málum. Og fyrir börnin og sjúklingana er einhverri óskilgreindri siðanefnd afhent forræðið í hendur.

Þetta finnst talsmönnum ríkisstjórnarinnar ekki skipta nokkru einasta máli. Læknastéttin, vísindasiðaráð og erfðafræðinefnd skipta engu máli. „Þetta er bara eins og EES", sagði hv. talsmaður Framsfl.: „Einu sinni voru allir á móti EES. Nú eru allir með EES." Hvað veit hv. þm. um það? (Gripið fram í.) Hv. þm. hefur ekki hugmynd um vilja íslensku þjóðarinnar í þeim efnum og getur ekki gerst talsmaður hennar í því efni. Þjóðin hefur ekkert verið spurð að því. Hún vildi gjarnan fá atkvæðagreiðslu um málið. Samkvæmt skoðanakönnunum óskuðu 70–80% þjóðarinnar eftir því og var neitað um það. Við vitum það ekki. Við vitum ekki hver afstaða þjóðarinnar er til EES. En þetta er bara eins og EES-málið. Það voru allir á móti því. Það voru margir á móti því. Nú eru allir með því. — Ég set nú fyrir það fyrsta spurningarmerki við það. Ég hef þó enga hugmynd um það frekar en aðrir hér. En svona geta menn ekki leyft sér að tala. Hitt veit ég að íslenska vísindasamfélagið er andvígt þessu og ég veit líka að erlendir vísindamenn eru andvígir þessu. Maður flettir varla svo blöðum að ekki séu þar áskoranir, hugleiðingar vísindamanna og áskoranir bæði vísindamanna og annarra, með varnaðarorðum í þessu efni.

Sunnudaginn var, sunnudaginn 6. desember birtist heilsíðuáskorun í Morgunblaðinu: „Áskorun til Alþingis Íslendinga um að heilsufarsrannsóknir fylgi íslenskum og alþjóðlegum siðareglum." Hugsið ykkur það. Það þarf að birta heilsíðuáskorun í blöðum til Alþingis um að við fylgjum alþjóðlegum siðareglum. Menn eru miður sín yfir því að hér eigi að fara að samþykkja lög sem ganga þvert á íslenskar og alþjóðlegar siðareglur. Texti áskorunarinnar er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Einn „miðlægur" gagnagrunnur getur ekki orðið öflugt alhliða vísindalegt tæki fyrir heilsufarsrannsóknir nema hann innihaldi víðtækar heilsufarsupplýsingar um einstaklinga. Margir fræðimenn hafa bent á að með slíkum upplýsingum verði hægt að auðkenna flesta einstaklinga í grunninum. Undirrituð eru á móti því að steypa saman víðtækum upplýsingum um heilsufar, ættfræði og erfðaefni í einn „miðlægan" gagnagrunn."

Það er þetta sem á að fara að gera. Við vorum upplýst um það í dag. Fyrst var okkur sagt á fyrri stigum umræðunnar að þetta stæði ekki til. Nú er sagt, sennilega eftir símtöl frá fyrirtækinu sem íslenska ríkisstjórnin er að þjóna, að það þurfi að fá þessar upplýsingar inn og þá er það náttúrlega gert. Þá er það boðað á Alþingi og allir ánægðir með það alveg eins og þeir voru ánægðir með hitt hér fyrir nokkrum klukkustundum og kepptust við að fullvissa okkur um að þetta væri allt dulkóðað og ekki persónugreinanlegt. Þá var reynt að sannfæra okkur um það. Nú verður reynt að sannfæra okkur um hitt eftir að búið er að gefa fyrirskipun um breytta afstöðu. Og áfram segir í þessari áskorun sem var birt í Morgunblaðinu 6. desember, með leyfi forseta:

„Vegna hraðrar þróunar í erfðarannsóknum er mikilvægt að Alþingi hugi sem fyrst að frumvörpum sem vernda fólk gegn mismunun á grundvelli erfðaupplýsinga, t.d. varðandi aðgang að tryggingum og atvinnu."

Ég mun víkja að því síðar í mínu máli hvaða áhrif þetta kunni að hafa á tryggingar og atvinnu og hvernig samtök launafólks hafa ályktað í því efni. Ég mun fara yfir það mál á eftir. En áfram segir í þessari áskorun, með leyfi forseta:

„Íslenskar og alþjóðlegar siðareglur gera þær kröfur að vísindarannsóknir sem byggjast á persónugreinanlegum upplýsingum um einstaklinga skuli vera háðar upplýstu samþykki þeirra. Eingöngu má víkja frá þeirri kröfu á grundvelli afmarkaðra rannsóknaáætlana sem standast siða- og vísindakröfur að mati tölvunefndar og óháðrar vísindasiðanefndar.

Í gagnagrunnsfrumvarpinu sem liggur fyrir Alþingi er þessum reglum ekki fylgt. Við skorum á Alþingi að tryggja að ofangreindum siðareglum verði fylgt á Íslandi."

Undir þetta rita tugir manna, tugir einstaklinga, víðs vegar að úr þjóðfélaginu en ég sé að stór hluti þeirra sem hafa skrifað undir þetta koma úr margvíslegri vísindastarfsemi. Þarna er að finna fólk víðs vegar að úr þjóðfélaginu, fólk sem hefur kynnt sér þessi mál. Og það er að skora á íslensku ríkisstjórnina — þetta er ósköp einfalt mál — að virða alþjóðlegar siðareglur. Hér er sagt í fáum hnitmiðuðum orðum hvað það er sem við erum að brjóta, sagt nákvæmlega hvað það er sem við erum að brjóta. Ég las upp úr Helsinki-sáttmálanum áðan. Og ég krefst þess að síðar við umræðuna verði því svarað mjög rækilega, lið fyrir lið, hvernig þetta frv. stenst þá samþykkt sem ég var að lesa upp úr. Ég óska eftir að því verði svarað lið fyrir lið, rækilega og af nákvæmni hvernig frv. stenst þetta. Það getur vel verið að menn geti einhvern veginn platað EES. Það má vel vera. Komist á bak við einhverjar viðskiptareglur þar. Ég veit það ekki. Efast stórlega um það þó. En menn komast ekki fram hjá þessu vegna þess að sem betur fer er vísindasamfélagið þannig þenkjandi að það lætur ekki bjóða sér svona. Menn eru ekkert að koma saman, hvort sem er í Nurnberg, Helsinki, Feneyjum, Hong Kong eða Tókíó til að fjalla um þessa ályktun, staðfesta hana og ítreka hana að gamni sínu. Menn ætlast til að þessu sé fylgt út í hörgul. Þess vegna óska ég eftir því að talsmaður ríkisstjórnarinnar, meiri hlutans í heilbr.- og trn., eða hæstv. heilbrrh. komi hér upp — ég hefði gjarnan kosið að það yrði í andsvari þegar ég lýk ræðu minni síðar í kvöld — og skýri það fyrir mér og okkur nákvæmlega hvernig frv. að þeirra mati stenst þessar samþykktir. Það gerir það ekki í mínum huga. Það gerir það ekki í huga þeirra sem rita nöfn sín undir þessa yfirlýsingu, þessa áskorun. Það gerir það ekki að mati þeirra vísindamanna sem hafa skrifað í blöð að undanförnu og fjallað ítarlega um þessi efni. Við erum vöruð við þessu af tölvunefnd, og vísindasiðanefnd og erfðafræðinefnd og öll-

um þeim aðilum sem hafa lögformlegu hlutverki að gegna. Öllum þessum aðilum er sópað til hliðar.

Mér finnst það vera mjög uggvænlegt hvernig vinnubrögðum er beitt í þessu máli. Nú er það ekki svo að það einvörðungu vísindasamfélagið hafi látið þessi mál til sín taka og ályktað um málið. Það hafa aðrir aðilar gert líka, t.d. samtök launafólks. Samtök launafólks hafa tekið þetta mál til athugunar. Það á við um einstök félög. Það á við um einstök fagfélög, t.d. heilbrigðisstétta sem hafa verið með fyrirvara t.d. varðandi persónuverndina. Ég man ekki betur en að hjúkrunarfræðingar hafi haft fyrirvara um það efni. Það er ljóst að frv., eins og það er boðað núna, stenst það ekki, og reyndar eins og það hefur alltaf verið boðað, en nú er verið að ítreka það að erfðaupplýsingar og ættfræðiupplýsingar eigi að fara inn í þennan grunn til að gera þetta að fýsilegri söluvöru fyrir lyfjaiðnaðinn í heiminum. Fleiri aðilar hafa ályktað um þetta efni. Það hafa heildarsamtök launafólks gert t.d. Heildarsamtök launafólks hafa tekið þetta mál til skoðunar. Heildarsamtök launafólks hér á landi, ASÍ, BSRB hafa tekið málið til skoðunar. Mér er kunnugt um að í báðum tilvikum var hópum fólks falið að fara rækilega í saumana á málinu og í haust sendu þessi samtök bæði frá sér yfirlýsingar og ég ætla að fara yfir þessar yfirlýsingar. *Ég ætla að rekja þessar yfirlýsingar og síðan gera grein fyrir* þeirri hugsun sem býr að baki.

Alþýðusambandið sendi frá sér ályktun um þetta efni undir lok síðasta mánaðar, 25. nóvember. Þá barst heilbr.- og trn. Alþingis svohljóðandi erindi frá Alþýðusambandinu, með leyfi forseta:

„Alþýðusambandi Íslands hafa borist til umsagnar eftirfarandi þingmál:

Frumvarp til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, 109. mál.

Frumvarp til laga um miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga, 105. mál.

Tillaga til þingsályktunar um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði, 97. mál."

Alþýðusambandinu bárust öll þessi þingmál til umsagnar. En mönnum til glöggvunar og upprifjunar fékkst ekki samþykkt í heilbr.- og trn. að fjalla um öll þessi þingmál. Það var fellt í atkvæðagreiðslu eins og ég hef áður greint frá í ræðustól að taka til afgreiðslu þau mál sem buðu upp á valkosti við lagafrv. ríkisstjórnarinnar um miðlægan gagnagrunn. Ég er þar að tala um frv. þriggja þingmanna Alþfl. eða jafnaðarmanna — það munu hafa verið hv. þingmenn Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ágúst Einarsson, ef ég man rétt — um miðlæga úrvinnslu heilsufarsupplýsinga og svo hins vegar þáltill. sem þingmenn óháðra settu fram, en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var þar 1. flm. Þetta fékkst ekki afgreitt úr nefnd og ekki rætt í þingsalnum. En Alþýðusambandið gerir þessi þingmál öll að umfjöllunarefni og í álitsgerð sambandsins segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Framangreind þingmál fjalla öll um flókin og umdeild álitaefni. ASÍ hefur kynnt sér ítarlega mikinn fjölda gagna og álitsgerða, sem um þessi mál fjalla og fengið til fundar við sig sérfræðinga og aðila sem málunum tengjast.

ASÍ kýs að einskorða umsögn sína um þessi mál við mikilvægustu hagsmuni verkalýðshreyfingarinnar, en þar er er fyrst og fremst um að ræða persónuvernd félagsmanna. ASÍ leggur megináherslu á að söfnun, meðferð og úrvinnsla upplýsinga skaði ekki hagsmuni launafólks, t.d. með tilliti til atvinnumöguleika og tækifæra á vinnumarkaði eða tryggginga. Þessir hagsmunir og sjónarmið eiga við hvort sem komið verður upp miðlægum gagnagrunni eða ekki. ASÍ minnir sérstaklega á að nú þegar er til mikið af viðkvæmum persónuupplýsingum um einstaklinga hjá fjölda aðila. Um meðferð allra slíkra upplýsinga þarf að setja skýrar reglur ekki síður en um meðferð upplýsinga í miðlægum gagnagrunni.

ASÍ leggst ekki gegn gerð miðlægs gagnagrunns, sem getur stuðlað að atvinnuuppbyggingu hér á landi og skapað verðmæt störf og þekkingu auk þess að stuðla að bættu heilsufari almennings. Það er þó með þeim fyrirvara að tryggt verði með öflugu innra og ytra eftirliti að upplýsingar verði ekki misnotaðar og að uppfylltar verði ýtrustu kröfur um persónuvernd. Í þessari umsögn er ekki lagt mat á það hvort rekstur miðlægs gagnagrunns eða fleiri dreifðra gagnagrunna á heilbrigðissviði þjóni betur þörfum vísindasamfélagsins og skapi þar með meiri og verðmætari þekkingu."

Alþýðusambandið leggur ekki mat á þetta en segir hins vegar að fyrirvarar sambandsins við stuðning þess við frv. séu að persónuverndin verði tryggð og tryggt sé að upplýsingar verði ekki misnotaðar, að ýtrustu kröfur verði gerðar um persónuvernd.

Nú höfum við verið upplýst um að þetta sé allt í uppnámi. Þetta er allt í uppnámi.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann sé að ljúka máli sínu.)

Nei, ég er ekki að ljúka máli mínu.

(**Forseti** (GÁ)**:** Þá vill forseti spyrja: Vill hv. þm. fresta ræðu sinni?)

Ég er reiðubúinn að fresta ræðu minni.

(**Forseti** (GÁ)**:** Kærar þakkir. Nú stendur til að gera kvöldmatarhlé til hálfníu.)

[Fundarhlé. — 19:33]

[20:32]

Ögmundur Jónasson (frh.)**:**

Hæstv. forseti. Þegar ég gerði hlé á mínu máli fyrir kvöldmat var ég að fjalla um afstöðu launahreyfingarinnar til þessa máls og vitnaði í álitsgerð frá Alþýðusambandi Íslands. Þar eru settir fram mjög strangir og ákveðnir fyrirvarar við frv. sem lúta m.a. að eftirliti með að upplýsingar séu ekki misnotaðar og að ýtrustu kröfur um persónuvernd verði uppfylltar.

Í áliti Alþýðusambandsins segir að margt sé óljóst í frv. og þar sé sitthvað sem þurfi að skýra betur. Hér segir m.a. með leyfi forseta:

„Þetta á til dæmis við um skilgreiningu hugtaksins „heilbrigðisupplýsingar". Sérstaklega þarf að huga að því hvort upplýsingar um lífsstíl, atvinnu eða hegðunarmynstur, sem geta haft áhrif á heilsufar, flokkist sem heilbrigðisupplýsingar."

Þá bendir ASÍ á að í frumvarpinu sé ekki vikið að tengslum ættfræðigrunna við sjúkraskrár og sjálfan gagnagrunninn en það hljóti að vera lykilatriði; með þeim tengslum geti gögn augljóslega orðið persónugreinanleg.

Það sem gerst hefur frá því að Alþýðusambandið sendi inn þessa umsögn er að talsmaður meiri hluta heilbr.- og trn. hefur gefið yfirlýsingu þess efnis að nú sé ætlunin að ættfræði- og erfðafræðigögn fari inn í grunninn. Það þýðir að upplýsingarnar sem þar eru geymdar verði allar persónugreinanlegar. Það er ljóst. Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa

því kúvent hvað þetta snertir. Forsendur umræðunnar eru í reynd brostnar fyrir vikið.

Enn fremur segir í álitsgerð Alþýðusambands Íslands, með leyfi forseta:

„Loks vill ASÍ benda á að rétt sé að setja í sjálf lögin ýmis þeirra skilyrða, sem tekin eru fram í greinargerðum og almennri umræðu að eigi að setja í starfsleyfi. Þetta á til dæmis við um ákvæði þess efnis að ekki verði hægt að skoða einstaklinga eða mjög litla hópa, að viðskiptavinir leyfishafa fái aldrei aðgang að gögnum grunnsins heldur aðeins afleiddar, unnar upplýsingar sem farið verði yfir af eftirlitsaðilum og að haldin verði skrá yfir alla notkun grunnsins svo vitað verði hverjir hafi meðhöndlað gögn."

Í álitsgerð Alþýðusambandsins segir jafnframt:

„ASÍ telur brýnt að í lögum um persónuvernd og í lögum um almenna meðferð heilbrigðisupplýsinga verði tekið sérstaklega á meðferð heilsufarsupplýsinga um starfsfólk fyrirtækja, störf trúnaðarlækna og gagnaöflun aðila á borð við starfsmannastjórnir fyrirtækja og ráðningarþjónustur. Það er m.a. ótækt að fyrirtæki geti fengið viðkvæmar persónuupplýsingar um einstaklinga frá trúnaðarlækni eða starfsmannastjóra fyrirtækis, sem viðkomandi hefur unnið hjá áður. Þá þarf að tryggja að upplýsingar um einstaklinga verði aldrei að söluvöru."

Hér er vísað til margra fyrirvara, m.a. frv. til laga um persónuvernd sem ríkisstjórnin hefur boðað en það lítur ekki dagsins ljós. Það er til umræðu í þingflokki Sjálfstfl. Við í stjórnarandstöðunni höfum sett fram þá kröfu að forsenda þess að frv. sem hér er til umræðu fái yfirleitt afgreiðslu sé að frv. um persónuvernd fái umfjöllun og afgreiðslu á Alþingi. Þannig vita menn á hverju er byggt. Alþýðusambandið telur að brýnt sé að í lögum um persónuvernd og í lögum um almenna meðferð heilbrigðisupplýsinga verði tekið sérstaklega á meðferð heilsufarsupplýsinga um starfsfólk fyrirtækja.

Eins og ég nefndi, segir í áliti Alþýðusambandsins að í lögunum sjálfum þurfi ýmis skilyrði, sem setja á í greinargerðir, að fá stoð í lögunum sjálfum. Undir þetta tek ég eindregið.

Eins og hér kom fram bendir Alþýðusambandið á að í frv. sé ekki vikið að tengslum ættfræðigrunna við sjúkraskrár og sjálfan gagnagrunninn þó það sé lykilatriði. Undir þetta skal tekið en nú er komið fram að til stendur að setja þessar upplýsingar inn í grunninn.

Þetta var álitsgerð Alþýðusambands Íslands, sem setur marga mjög stranga fyrirvara við þessa lagasmíð. Alþýðusambandið tekur ekki afstöðu til þess hvort rétt sé að smíða einn gagnagrunn eða hafa þá dreifða en fyrirvararnir eru mjög eindregnir. Samkvæmt því frv. sem við höfum í höndum eru þeir fyrirvarar ekki uppfylltir.

Í álitsgerð BSRB segir, með leyfi forseta:

„Á vegum BSRB hefur farið fram ítarleg umfjöllun um frv. ríkisstjórnarinnar um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Umrætt frv. gerir ráð fyrir að fela gagnagrunn um sjúkdóma, heilsufar og upplýsingar um erfðamengi þjóðarinnar í hendur einkafyrirtæki sem síðan hyggst nýta sér hann í hagnaðarskyni. Við þetta vakna ýmsar spurningar sem hljóta að vera áleitnar fyrir samtök launafólks.

Samtök launafólks hafa það hlutverk að stuðla að jafnrétti í þjóðfélaginu og koma í veg fyrir að einstaklingum sé mismunað á nokkurn hátt. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að atvinnurekendum þykir skipta máli að ráða heilsuhraust fólk til starfa."

Veikindi eða slæmt heilsufar leiðir til minni afkasta og af því hlýst kostnaðarauki fyrir fyrirtækin. „Upplýsingar um heilsufar tilvonandi starfsmanna og hver líkindi eru á góðu eða slæmu heilsufari eru þess vegna mikilvægar fyrir fyrirtækin. Sömu upplýsingar skipta tryggingafyrirtækin máli, það er þeim mikilvægt að hafa sem gleggstar upplýsingar um áhættuhópa.

Í upplýsingabæklingi til væntanlegra viðskiptavina kemur fram að tryggingarfyrirtækjum verður boðinn aðgangur að gagnagrunni um sjúkdóma og heilsufar íslensku þjóðarinnar og segir að Íslensk erfðagreining hafi „ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum um kjörþjóð". Um það hefur verið deilt að hvaða marki unnt sé að vernda einstaklinginn fyrir viðskiptaaðilum Íslenskrar erfðagreiningar. Hitt er ljóst að tryggingafyrirtækjum er boðið upp á að fjárfesta í rannsóknum sem þau geta síðan notfært sér til þess að mismuna fólki. Þetta á vitanlega fremur við í heilbrigðis- og tryggingakerfum sem eru rekin á viðskiptagrundvelli en víðast hvar í heiminum er nú tilhneiging í þá átt að einkavæða þessi kerfi. Þess vegna gerast upplýsingar af þessu tagi sífellt verðmætari. Hvernig sem á málið er litið er tilgangur þessara væntanlegu viðskiptavina sérleyfishafans að mismuna einstaklingum og hópum í samræmi við þá sjúkdóma sem þeir hafa eða eru líklegir til að fá.

Hvað varðar læknisfræðilegan ávinning í framtíðinni er um leið nauðsynlegt að spyrja um hugsanlegan fórnarkostnað. Vilja Íslendingar taka þátt í tilraunum sem koma til með að valda mismunun hvort sem er hér á landi eða annars staðar? Og hvað tilraunir snertir hljótum við að setja ákveðna fyrirvara. Eðlilegt er að taka þátt í því sem til framfara horfir á sviði læknavísinda. Engin lyf og engar framfarir verða án tilrauna. En það er sitthvað að taka þátt í tilraun á meðvitaðan hátt, annað að gerast tilraunadýr. Íslensk erfðagreining býður erlendum lyfjafyrirtækjum aðgang að þjóðinni í tilraunaskyni."

Enn fremur segir í þessari álitsgerð BSRB:

„Frumvarpið kemur til með að hafa áhrif á frelsi til rannsókna og vísindastarfsemi auk þess sem margvíslega álitamál koma til með að vera uppi varðandi persónuvernd. Þá er ljóst að með einkaleyfi á gagnagrunni eru öðrum vísindamönnum en þeim sem starfa á vegum sérleyfishafans eða eru í viðskiptasambandi við hann settar þrengri skorður til rannsókna en ásættanlegt getur talist.

Eftir að samtökin hafa kynnt sér harða en ígrundaða gagnrýni sem fram hefur komið frá heilbrigðisstéttum og vísindamönnum, andstöðu samtaka sjúklinga sem málið brennur heitast á, og í ljósi þeirra hagsmuna launafólks sem óumdeilanlega eru í húfi þegar til lengri tíma er litið er niðurstaða BSRB afdráttarlaust sú að frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði eigi ekki að verða að lögum.

Það er krafa launafólks að aðgangur einstaklinga að vinnumarkaði komi ekki til með að ráðast af erfðafræðilegum líkindareikningi. Þá er mikilvægt að einstaklingarnir standi jafnir gagnvart heilbrigðis- og tryggingakerfi. Undan þessu grefur frv. Það snertir grundvallaratriði í mannlegum samskiptum og varar BSRB eindregið við því að frv. verði samþykkt í mikilli óþökk hluta þjóðarinnar."

Hér hef ég vísað til umsagna tveggja stærstu heildarsamtaka launafólks á Íslandi. Þar er frv. gagnrýnt mjög harkalega. Grunnhugsuninni er afdráttarlaust hafnað af hálfu

BSRB og varað við henni. Af hálfu Alþýðusambandsins eru slegnir ákveðnir varnaglar og settir mjög eindregnir fyrirvarar. Þegar þeir fyrirvarar eru skoðaðir og bornir saman við frv. og þær brtt. sem meiri hlutinn hefur sett fram, stenst frv. ekki þá skoðun og fær greinilega falleinkunn af hálfu Alþýðusambandsins.

Við erum ekki einvörðungu að tala um vísindasamfélagið, læknastéttina og vísindamenn bæði hér á landi og erlendis heldur eru samtök launafólks einnig mjög gagnrýnin á frv.

Ég gæti þess vegna haldið endalaust áfram að vitna í yfirlýsingar og greinargerðir sem heilbr.- og trn. og Alþingi hafa borist um þetta efni. Þeir sem sinnt hafa rannsóknum í landinu hafa áhyggjur, t.d. Krabbameinsfélagið. Krabbameinsfélagið sendir álitsgerð þar sem segir m.a.:

„Takmörkun á aðgangi annarra en eins rekstrarleyfishafa að tölvuskráðum upplýsingum um allt að tólf ára skeið getur hamlað eðlilegri þróun heilbrigðisvísinda á Íslandi."

Í því sambandi finnst mér ástæða til að vekja máls á fréttaumfjöllun og aðdróttunum sem fram hafa komið í garð vísindamanna hjá Krabbameinsfélaginu. Reynt hefur verið að gera þá tortryggilega og maður veltir því fyrir sér hvað valdi. Eru einhverjir að reyna að sverta þessa aðila og þá hverjir? Í fjölmiðlum t.d. hafa verið dylgjur, mjög ósanngjarnar og órökstuddar fullyrðingar, í garð vísindamanna hjá Krabbameinsfélaginu sem hafa verið mjög gagnrýnir á þetta frv., um að þeir hafi klúðrað málum eða ekki staðið rétt að sínum rannsóknum. Í ræðustól hér í gær gerði hv. þm. Pétur H. Blöndal þetta að sérstöku umræðuefni. Hver var hans gagnrýni? Hans gagnrýni var sú að Krabbameinsfélagið hér á landi hefði orðið af einhverjum gróða, hefði tapað einhverjum aurum úti í löndum við að hafa ekki fengið einkaleyfi, einhver hefði orðið fyrri til að ná í einkaleyfið.

Staðreyndin er að vísindamenn Krabbameinsfélagsins hafa unnið mjög gott starf í langan tíma og fengið fyrir það mikið lof í hinu alþjóðlega vísindasamfélagi. Hins vegar er jafnan mikið kapphlaup um gen sem finnast og niðurstöður í rannsóknum og því miður er það ekki bara hér á landi sem hagnaðarvonin og græðgin eru orðin drifkrafturinn. Því miður er þetta nú að taka við af hinni vísindalegu rannsóknarþörf og þrá. Heimurinn er að breytast að þessu leyti og þess vegna skipta þær breytingar sem við erum að gera svo miklu máli.

Hið alþjóðlega vísindasamfélag stendur í miklum átökum um hvernig staðið skuli að málum. Til eru þeir sem vilja gera þetta allt að verslunarvöru, gera þekkinguna að verslunarvöru, einoka hana og selja aðgang að henni. Aðrir vilja hafa hana frjálsa, opna, og síðan keppi menn um hugmyndir sínar og þekkingin verði öllum aðgengileg. Þannig hafa íslenskir vísindamenn starfað. Þeir hafa notið góðs af starfi annarra og veitt öðrum þekkingu að sama skapi. Þetta er nú gagnrýnt og þykir einkar ámælisvert að menn hafi opið og heiðarlega tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi og verið veitendur á þeim vettvangi. Mér finnst að slíkir aðilar eigi lof skilið.

Það sem ég held að helst gangi í augun á þeim sem styðja þetta frv. er peningavonin, við að framselja einkaréttinn yfir heilsufarsupplýsingum Íslendinga til eins fyrirtækis. Í auravoninni felst tvennt. Annars vegar að til verði störf hér á landi og hins vegar að við fáum svo mikla peninga til að hlaða upplýsingum um íslenska sjúklinga inn í tölvur. Það er hitt og er svo óskaplega dýrt, kostar milljarða. Það er búið að reikna það út. Það veit enginn nákvæmlega hvort þeir eru 11 eða 17 en þetta er ábyggilega eitthvað ógurlega mikið. Í hverju felst þessi vinna? Hún felst í því að skrá upplýsingar úr fortíðinni, fyrst og fremst. Ég held það verði aldrei gert nema í litlum mæli.

Menn vanmeta þá miklu vinnu sem unnin hefur verið. Tölvuskráning þessa er hafin út um allt land, í öllum stofnunum. Það er byrjað að staðla þessar upplýsingar. Það er búið að fjárfesta í þessum tölvum. Við höfum samþykkt hér í fjárlögum og fjáraukalögum kostnað við tölvubúnað. Er þetta niðurgreiðsla deCODE við Íslenska erfðagreiningu? Á sama hátt og Íslendingar og Alþingi settu 630 millj. kr. að núvirði í SR? Í svari við spurningu hv. þm. Svavars Gestssonar kom fram að á árunum fyrir söluna eða gjöfina á SR-mjöli, hefði skattborgarinn sett 630 millj. í SR-mjöl. Síðan var það selt á 790 millj. á núvirði og skattborgarinn fær aðeins 150 millj. eða þar um bil. Það fyrirtæki er nú metið á tæpan milljarð. Á að hafa sama hátt á núna varðandi þetta? Það hefur mikið verið fjárfest í tölvubúnaði úti um allt land í heilbrigðisstofnunum. Skráning upplýsinganna er hafin. Hvað halda menn að gert hafi verið hjá stofnunum og félögum á borð við Krabbameinsfélagið? Halda menn að þar hafi ekkert slíkt verið unnið? Halda menn að hér hafi ekkert vísindastarf verið á liðnum árum? Það er mikill misskilningur.

Ég held að við séum að tala um peninga og upphæðir sem eru stórlega ofmetnar. Hitt er ekki ofmetið að þeir sem fá þennan einkarétt geta grætt verulega á músahjörðinni sinni. Það er ekki ofmetið. Í því sambandi hefur verið talað um áhættu, talað um að sérleyfishafinn sé að taka stórkostlega áhættu. Hver er sú áhætta? Í skuldbindingum um að skrá þessar upplýsingar? Felst hún í því?

Leland Hartwell heitir maður. Hann er yfirmaður hjá Fred Hutchinson Cancer Research Center, sem er krabbameinsrannsóknastöð í Seattle í Bandaríkjunum. Hann hefur fullyrt að hann geti útvegað 200–300 millj. dollara í smíði svona grunns með því að hringja sex símtöl á einum klukkutíma. Hann hefur fullyrt þetta. Nú þegar greiða lyfjafyrirtæki víða um heim 80 millj. dollara hvert, í áskriftargjöld á ári, til að öðlast aðgang að gagnabönkum fyrirtækis sem heitir Incyte. Þeir gagnabankar eru DNA-raðgreiningarbankar og innihalda ekki upplýsingar um fólk. Því er haldið fram að lyfjafyrirtækin, ekki bara þessi einstaklingur eða þetta krabbameinsfyrirtæki í Seattle, séu reiðubúin að reiða fram upphæðir af þessu tagi fyrir aðgang að hráefni.

Hvernig stendur á því að þeir eiga svona erfitt með að fá aðgang að þjóðum, ættflokkum, ættbálkum? Það er vegna þess að vísindasiðareglur banna það og víðast hvar hafa menn bein í nefinu til að koma í veg fyrir svona, láta ekki kaupa sig, láta ekki múta sér. Það gildir ekki um Íslendinga, ekki um meiri hlutann á Alþingi. Hann ætlar að framselja okkur til 15 ára, gegn vilja stórs hluta þjóðarinnar. Þetta tal um áhættu í þessu efni er því algerlega úr lausu lofti gripið.

Í frv. heilbrrn. og greinargerð því fylgjandi kemur fram að í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði skuli eingöngu færa heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám landsmanna sem eru í vörslu heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi lækna. Í þeim tillögum sem nú liggja fyrir, og á það vil ég leggja áherslu nú við lok ræðu minnar, er lagt til að einnig verði heimilt að færa aðrar upplýsingar, svo sem ættfræði- og erfðafræðiupplýsingar í gagnagrunninn.

Þessi breyting hefur í för með sér að ákvæði 8. gr. frv. um rétt einstaklings til að hafna þátttöku verður marklaust. Út frá samtengingu ættfræði- og heilsufarsupplýsinga ættingja sem eiga gögn í gagnagrunninum, t.d. þeim sem látnir eru, má

draga ályktanir um heilsufar og áhættu annarra einstaklinga á að veikjast af ákveðnum sjúkdómum sem finnast í fjölskyldunni. Ef ættfræðigagnabanki verður í hinum miðlæga gagnagrunni geta í reynd engir Íslendingar hafnað þátttöku í vísindarannsóknum á vegum sérleyfishafans. Þar með er brotin ein af meginreglum vísindarannsókna og siðfræði. Fyrr í dag las ég upp úr Helsinki-sáttmálanum þar sem ræðilega er gerð grein fyrir reglum þeim er okkur ber að hlíta.

Mikilvægt er að vara einnig við að blanda í einn gagnagrunn upplýsingum sem um gildir ýmist ætlað samþykki eða upplýst samþykki, t.d. erfðagagnasafni sem orðið hefur til við einstakar vísindarannsóknir, því út frá erfðafræðiupplýsingum og genakortum fámenns hóps má draga ályktanir um arfgerðir ættingja þeirra og öðlast nákvæma mynd af erfðaeiginleikum annarra fjölskyldumeðlima sem ekki hafa veitt til þess leyfi. Það að einstaklingur hafi verið upplýstur og veitt samþykki sitt fyrir því að erfðaeiginleikar hans væru nýttir til vísindarannsókna veitir hvorki stjórnvöldum né vísindamönnum rétt til að nýta slíkar upplýsingar til að öðlast eða skapa þekkingu um erfðaeiginleika ættingja hans sem ekki hafa gefið til þess upplýst samþykki. Vegna einsleitni íslensku þjóðarinnar í erfðum verður þetta aðeins tryggt með því að halda í aðskildum gagnagrunnum heilsufars-, ættfræði og erfðaeiginleikaupplýsingum, að erfðafræðiupplýsingar verði aðeins nýttar eins og viðkomandi gaf upplýst samþykki fyrir og tryggt sé að þær verði ekki nýttar til að búa til mynd af erfðaeiginleikum annarra einstaklinga.

Í frv. um miðlægan gagnagrunn verður að tryggja grundvallarmannréttindi og vísindasiðferði en tillögur meiri hlutans ganga þvert á þessi réttindi og heiðir. Reyndar er mjög erfitt að átta sig á tillögum meiri hlutans. Þær eru misvísandi og mótsagnakenndar en við vitum að þær eru óaðgengilegar.

Í ræðu hér fyrr í dag sagði ég að full ástæða væri til að íhuga hvort sá tími færi ekki senn að renna upp að ástæða væri til að leggja fram vantraust á ríkisstjórn sem stendur svona að málum. Með þessu er ég í raun að orða hugsun sem þegar er komin fram og orðin að veruleika í samfélaginu. Til Alþingis berast yfirlýsingar frá samtökum og einstaklingum sem bera í sér þessa kröfu og efasemdir um að ríkisstjórninni sé treystandi fyrir þessu máli. Reyndar eru uppi alls kyns getgátur í samfélaginu um hagsmunatengsl í þessu máli. Maður veltir því fyrir sér hvort sá tími fari ekki einnig að renna upp að ríkisstjórnin þurfi að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum málum. Því hefur verið haldið fram, m.a. af minni hálfu, að hún gangi erinda tiltekins fyrirtækis. Ég leyfi mér að staðhæfa það. Uppi eru alls kyns getgátur um skýringar sem kunni að vera á því að ríkisstjórnin fer fram eins og raun ber vitni, hvers konar tengsl eiginlega séu hér á ferðinni og hvort óeðlilegir hagsmunir séu í spilinu. Ég er ekki að fullyrða það en staðhæfi hins vegar að af framgangi ríkisstjórnarinnar í þessu máli verður ekki annað ráðið en að hún gangi erinda fyrirtækis sem hún ætlar að fela einkarétt á heilbrigðisupplýsingum íslensku þjóðarinnar og leyfa því eftirlitslítið að versla með þær við erlend tryggingafyrirtæki og lyfjafyrirtæki. Mér finnst það vægast sagt óhugnanleg tilhugsun.

[21:01]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Nú er búið að ræða þetta mál alllengi. Þegar ég bað um orðið um miðjan daginn í dag, í annað sinn, var ég komin á þá skoðun að það hefði lítið upp á sig að tala meira um þetta mál í þingsal, herra forseti. Það er alveg greinilegt að málið á langt í land. Það þarfnast mikillar vinnu í heilbr.- og trn. milli 2. og 3. umr. og fram hefur komið í máli stjórnarliða í þessari umræðu að málið mun fara þangað til frekari vinnslu og ég sé það á öllu að þar þarf að fara fram mikil vinna.

Hinir ýmsu nefndarmenn skilja grundvallaratriði, lykilatriði í málinu, á mjög ólíkan hátt af, t.d. það hvað eigi að vera í gagnagrunninum. Menn eru ekkert sammála um það eftir umræðuna hér á þriðja sólarhring og það er mjög alvarlegt. Það er eiginlega grafalvarlegt mál að það komi í ljós núna að menn eru ekki sammála um hvað eigi að vera í grunninum. Öll umræðan í nefndinni byggðist á því að í grunninum yrðu heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám sem væru í vörslu heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi lækna. Nú kemur í ljós í umræðunni að stjórnarmeirihlutinn vill túlka það svo eftir alla umræðuna í nefndinni að þarna fari einnig inn ættfræði- og erfðaupplýsingar og þá ekki endilega úr sjúkraskrám. Ef menn ætla að halda sig við þessa túlkun þá þurfum við að fara í gegnum meginhluta þeirrar umræðu sem hefur farið fram í nefndinni að nýju vegna þess að umsagnir sem hafa komið frá hinum fjölmörgu hópum sem lögðu inn umsagnir um þetta mál byggja á því. Þær byggja á þessu ákvæði í frv. og í greinargerð að í gagnagrunninum yrðu heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám, en ekki að ættfræðiupplýsingar og erfðafræðiupplýsingar yrðu þarna inni. Það er því alveg greinilegt að ef stjórnarmeirihlutinn ætlar að halda sig við þetta þarf mikil vinna að fara í gang.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, framsögumaður meiri hlutans í nefndinni, tók til máls um miðjan dag og svaraði þó nokkrum spurningum sem varpað hafði verið til hennar í umræðunni. Ég vil þakka henni fyrir svar sem hún gaf við fyrirspurn sem ég lagði fram í máli mínu og einnig í andsvari við framsögu hennar þar sem ég vitnaði í grein Boga Andersens í Morgunblaðinu sl. föstudag. Það var um atriði sem ég hafði miklar áhyggjur af og reyndar er ekki alveg sannfærð um að sé í lagi og það er að réttur sjúklinga yrði skertur með einkaleyfinu, þ.e. réttur sjúklinga til aðgangs að sínum eigin heilsufarsupplýsingum. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði í svari sínu að sá réttur yrði ekki skertur, sjúklingar gætu tekið sig saman, þeir hefðu aðgang að sínum eigin upplýsingum, og gætu gefið eða látið hverjum sem er þær upplýsingar í té. En nú langar mig að varpa hér fram fyrirspurn til hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og spyr hvort þingmaðurinn sé ...

(**Forseti** (ÓE): Þingmaðurinn er í húsinu. Ég mun gera ráðstafanir til að hún komi í salinn.)

Reyndar svaraði hún þessu nokkuð skýrt í máli sínu, en ég hefði viljað fá ítarlegra svar frá hv. þm. til þess að fyrirbyggja það að þessi réttur skerðist að nokkru leyti.

Hv. þm. er komin í salinn og ég ætla að endurtaka spurningu mína. Ég þakka hv. þm. fyrir þau svör sem hún gaf við fyrirspurn minni í fyrri ræðu minni um þetta mál. Það kom mjög skýrt fram í máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að réttur sjúklings til sinna eigin heilsufarsupplýsinga ætti ekki á nokkurn hátt að skerðast þótt frv. yrði að lögum, menn gætu tekið sig saman og gefið hverjum sem er upplýsingar um sig. Ég vil spyrja hv. þm. hvort það eigi einnig við ef t.d. óskað er eftir upplýsingum frá þessum sjúklingum í erlendan gagnagrunn sem væri í samkeppni við rekstraleyfishafann? Bogi Andersen tekur sem dæmi í grein sinni að fari í gang stór alþjóðleg rannsókn á ákveðnum sjúkdómum, þá telur hann að sjúklingar sem séu haldnir t.d. sjúkdómi

sem rekstrarleyfishafi væri einnig að rannsaka, hefðu ekki aðgang að sínum eigin upplýsingum og gætu ráðstafað þeim þannig að þeir gætu látið viðkomandi erlenda vísindamenn sem stæðu í þessum rannsóknum hafa þær. Ég tel mjög mikilvægt að það komi fram í umræðunni að þetta sé ekki rétt og að sjúklingar geti nálgast allar upplýsingar um sig óháð því hvort rekstrarleyfishafi sé með rannsókn í gangi þar sem þeirra upplýsingar eru notaðar, og að þeir geti veitt þær upplýsingar til annarra sem eru í svipuðum rannsóknum þó svo að þeir væru í samkeppni við rekstrarleyfishafa. Í frv. segir að hagsmuna rekstrarleyfishafa verði gætt og að hann hafi fulltrúa í aðgengisnefndinni t.d. og meiri hlutinn hefur haldið sig við það ákvæði sem við höfum reyndar gagnrýnt. En það kom fram í máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, og ég fagna því, að menn væru tilbúnir að skoða það ákvæði í nefndinni. Ég fagna yfirlýsingu hv. þm. um að þar sé meiri hlutinn tilbúinn að skoða þetta því ég tel mjög mikilvægt að það verði endurskoðað því það er ekki viðunandi að rekstrarleyfishafinn eigi fulltrúa í þessari aðgengisnefnd. Ég held að menn séu farnir að sjá það eftir að hafa skoðað málið betur að það er ekki viðunandi.

Hv. þm. nefndi einnig um þá breytingu að setja inn lagastoð fyrir heimild til að semja um greiðslur frá rekstrarleyfishafa fyrir aðgang að þessum heilsufarsupplýsingum og ég fagna því að það ákvæði náðist, enda tel ég mjög mikilvægt að fyrir því sé lagastoð. Þó ég hefði talið að það ætti að vera skylda en ekki heimild, þá er það í áttina að það sé heimild og ég vonast til að ráðherra nýti þá heimild.

Eitt hefði ég gjarnan einnig viljað nefna og spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur um. Þó svo að meiri hluti nefndarinnar hafi synjað ósk sem fram kom í nefndinni við vinnslu málsins um að leitað væri álits erlendis frá um ákveðin atriði í frv., teldi hún þá ekki eðlilegt eftir þessa umræðu — nú hefur farið fram mjög ítarleg umræða um málið í þingsal og það kemur fram hjá hverjum ræðumanninum á fætur öðrum að þarna stangist ákveðin atriði á við samkeppnisreglur EES-samningsins — ég spyr hv. þm. hvort ekki sé full ástæða til þess, ef málið fer til nefndarinnar, að leita álits ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, um þessi atriði. Það er álit okkar jafnaðarmanna í nefndinni að fjögur atriði stangist á við EES-samninginn. Ég hefði talið fulla ástæðu, þegar svona stórt mál er á ferðinni, til þess að leitað yrði álits Eftirlitsstofnunar EFTA á þessum álitamálum.

Það hefur einnig komið fram hér í umræðunni að útlit sé fyrir að einkarétturinn stangist á við stjórnarskrána, við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og hefur verið vísað til nýlegs hæstaréttardóms í kvótamálinu og bent á að það sé að nokkru leyti sambærilegt. Ég hefði talið eðlilegt þegar málið kemur til nefndarinnar að þetta atriði verði einnig kannað af sérfræðingum, að leitað verði álits lögfræðinga á þessu atriði því eftir því sem ég skoða þetta mál betur er ég farin að hallast að því að þetta standist ekki þessi ákvæði í stjórnarskránni og tel ástæðu til þess að málið verði kannað í nefndinni áður en það kemur inn í þingið aftur til 3. umr.

Einnig tel ég fulla ástæðu til þess að fara fram á það við stjórnarliðið að frv. um persónuvernd sem verið hefur þó nokkuð mikið til umræðu — við fengum að skoða eina grein þess í nefndinni — komi fram í þinginu og komi jafnvel til umræðu áður en málið kemur aftur frá hv. heilbr.- og trn. Það er ljóst að ákveðnar skilgreiningar eru ekki sambærilegar í þessum tveimur frv., frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði og í frv. um persónuverndina. Því er mjög mikilvægt að frv. um persónuvernd komi fram í þinginu áður en við afgreiðum frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði, þ.e. áður en það kemur til 3. umr.

Mér fannst gæta þess í máli hv. þm., frummælanda fyrir áliti meiri hlutans, að hún reyndi að gera lítið úr mótmælum lækna og andstöðu vísindamanna við þetta mál. Ég verð að segja að ég hef vissulega áhyggjur af því hver staða málsins er hjá þeim sem það vissulega kemur við, þ.e. læknum og vísindamönnum. Það að stór hluti lækna skuli hafa tilkynnt að þeir ætli ekki að setja upplýsingar í grunninn nema sjúklingar fari fram á það skriflega er vissulega áhyggjuefni. Þeir eru greinilega mjög á móti málinu, á móti því að vera samvinnuþýðir í þessu máli. Ég tel ekki ástæðu til að menn geri lítið úr því. Við verðum að taka tillit til afstöðu þessara hópa úti í samfélaginu til málsins.

Menn voru sammála um það í vor að ekki væri hægt að afgreiða þetta mál vegna andstöðunnar, vegna þess að málið var ekki orðið mjög þróað í umræðunni í samfélaginu. Ég er á því að það sé það ekki enn þá og gera þurfi verulegar breytingar á málinu í nefndinni.

Varðandi þær hugmyndir sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi um hvernig keyra mætti saman mismunandi upplýsingar úr gagnagrunnunum, um heilsufar, um ættfræði og erfðafræði með ákveðnu vinnuferli sem tölvunefnd samþykkti þá tel ég að ekki megi einblína á að það sé vinnusparandi. Við verðum að horfa á aðra þætti fyrst og fremst, því þótt auðvitað sé ágætt að horfa á vinnusparandi aðgerðir, þá verða aðrir hagsmunir að vera í fyrirrúmi þegar við fjöllum um þetta mál og komumst að niðurstöðu um hvernig við stöndum að þeim.

Ég verð einnig að segja að sú afstaða meiri hlutans og skilningur að ættfræði- og erfðafræðiupplýsingar yrðu inni í grunninum öndvert við það sem kom fram í umræðunni í nefndinni, um að þar yrðu einungis erfðafræði- og ættfræðiupplýsingar sem kæmu úr sjúkraskrám, getur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Þegar við vorum að ræða þessi mál í nefndinni var bent á það af sérfræðingum í erfðafræði, að ef þessar upplýsingar yrðu inni í grunninum þá yrði ákvæði 8. gr. frv. um rétt einstaklings til að hafna þátttöku marklaus, þar sem hægt yrði út frá samtengingu ættfræði- og heilsufarsupplýsinga ættingja sem eiga gögn í grunninum að draga ályktanir út frá þeim gögnum og upplýsingum. Til dæmis út frá upplýsingum um látna menn mætti draga ályktanir um heilsufar og áhættu annarra einstaklinga á að veikjast af ákveðnum sjúkdómum sem fyrirfinnast í fjölskyldunni.

Ef ættfræðigagnabanki verður inni í miðlæga gagnagrunninum þá geta í reynd engir Íslendingar hafnað þátttöku í vísindarannsóknum á vegum sérleyfishafans. Með því væri brotin ein meginrregla vísindarannsókna og siðfræði. Þetta er náttúrlega atriði sem við þurfum vissulega að taka til skoðunar í nefndinni. Þetta eru mjög alvarlegar staðreyndir sem ég tel að menn þurfi að skoða nánar.

Vísindamenn hafa einnig varað við því að blanda saman í einn gagnagrunn upplýsingum sem gilda um ýmist ætlað samþykki eða upplýst samþykki, eins og t.d. erfðagagnasafnið sem orðið hefur til við einstakar vísindarannsóknir. Því að út frá erfðafræðiupplýsingum og genakortum fámenns hóps má draga ályktanir um arfgerðir ættingja þeirra og öðlast nákvæma mynd af erfðaeiginleikum annarra fjölskyldumeðlima sem ekki hafa veitt til þess leyfi. Okkur var einmitt bent á þetta í nefndinni þegar þessi mál voru til umræðu.

Það að einstaklingur hafi á upplýstan hátt veitt samþykki sitt fyrir því að erfðaeiginleikar hans séu nýttir til vísindarannsókna veitir hvorki stjórnvöldum né vísindamönnum rétt til að nýta slíkar upplýsingar til að öðlast eða skapa þekkingu um erfðaeiginleika ættingja hans, sem ekki hafa gefið til þess upplýst samþykki. Það er vert að benda á það að vegna einsleitni íslensku þjóðarinnar með tilliti til erfða verður þetta aðeins tryggt með því að halda í aðskildum gagnagrunnum heilsufars-, ættfræði og erfðaeiginleikaupplýsingum, og að erfðafræðiupplýsingar verði aðeins nýttar á þann hátt sem viðkomandi gaf upplýst samþykki fyrir og tryggt sé að þær verði ekki nýttar til að búa til mynd af erfðaeiginleikum annarra einstaklinga.

Í því frv. sem hér er til umræðu, frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, verða þessi grundvallarmannréttindi og vísindasiðfræði að vera tryggð. En það er það ekki ef sá skilningur meiri hlutans á því hvað verði í grunninum verður ofan á í nefndinni. Þá verðum við að taka á þessu máli alveg upp á nýtt, því að tillögur meiri hlutans ganga þvert á þessi réttindi og hefðir. Ég sé fram á að það verði, herra forseti, mikil vinna hjá nefndinni ef svona heldur sem horfir í afstöðu meiri hlutans í heilbr.- og trn.

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að lengja mál mitt frekar. Ég hef komið með ákveðnar fyrirspurnir til hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur þar sem ég óska eftir því að hún skýri enn frekar hvort það sé ekki öruggt að réttur sjúklinga til eigin heilsufarsupplýsinga skerðist ekki við þetta frv. Hv. þm. hafði svarað þessu nokkuð ítarlega en það eru þarna nokkur smáatriði sem ég hefði viljað fá nánari útlistun á og einnig eru einar fjórar spurningar sem ég hefði viljað fá svar við.

En ég tel ekki ástæðu til að við ræðum þetta mál mikið frekar hér í þingsal. Við þurfum að ræða þetta í nefndinni, það eru það mörg álitaefni uppi og mikil vinna fram undan. Ég hvet því til þess að við ljúkum þessari umræðu og hefjumst handa við að vinna þessi mál því að ekki getur málið farið frá þinginu sem lög í þeim búningi sem það liggur hér fyrir, það er alveg ljóst, það er alveg morgunljóst. Ég hef lokið máli mínu.

[21:23]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hélt því fram að hugsanlega gæti það skert rétt sjúklings til að ráðstafa sínum upplýsingum að búa til þennan miðlæga gagnagrunn. Ég vil nota þetta tækifæri til að leiðrétta það. Það er ljóst að sjúklingar geta áfram fengið afrit af sjúkraskrám sínum eins og verið hefur til að koma þeim á framfæri í hvaða gagnagrunna sem er, erlenda gagnagrunna. Þeir geta sent sjúkraskrár sínar í pósti þess vegna hvert sem er þannig að þetta skerðir alls ekki rétt þeirra.

Það kom líka fram hjá viðkomandi hv. þm. hvort þetta stæðist EES-samkomulagið og hvort við ættum að láta ESA sérstaklega fá þetta frv. til skoðunar. Ég tel að það sé óþarfi. Við leituðum álits fjölmargra aðila, 67 einstaklinga og um 49 stofnana. Þetta var rætt í vor og í sumar og var líka sent út til umsagnar. Ég held því að það sé rétt að samþykkja þetta frv. hér fyrir jól.

Það skal hins vegar viðurkennast að Lagastofnun segir að þetta geti samrýmst öllum reglum EES — einkaleyfið á ég við — en það er einhver áhætta sem felst í því vegna þess að menn hafa ekki sett upp sambærilega gagnagrunna fyrr.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur um það ferli sem ég ræddi hér, þ.e. að samkeyra erfðafræðiupplýsingar við gagnagrunninn, heilsufarsgagnagrunninn, þá er það alveg rétt að maður á auðvitað ekki að vera að búa til slíkt ferli bara til þess að það sé vinnusparandi ef maður tapar einhverju öðru í leiðinni. En það kemur alveg skýrt fram í máli mínu að það á að sjálfsögðu að tryggja persónuvernd í leiðinni. Þannig að þetta er bæði til að tryggja persónuverndina og að uppfylla öll þau skilyrði, og að vera vinnusparandi fyrir tölvunefnd og væntanlegan starfsleyfishafa. Það eru því öll rök sem mæla með þessu.

[21:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir þessi svör. Það er fínt að fá það skýrt að réttur sjúklinga verði á engan hátt skertur. Ég taldi það sjálf þegar ég var við vinnuna í nefndinni, en sú grein sem ég vitnaði í hér í Morgunblaðinu frá því á föstudaginn vakti áhyggjur hjá mér, en það er greinilegt að það er ekki skilningur meiri hlutans og ég fagna því.

Aftur á móti um það að leita til Eftirlitsstofnunar EFTA hvort málið standist EES-samninginn þá harma ég að meiri hlutinn skuli ekki vera tilbúinn til þess. Lagastofnun telur að þarna sé einhver áhætta á ferðinni, Samkeppnisstofnun taldi það ótvírætt að þetta stæðist ekki samninginn. Það eru fjögur atriði sem þarna virðast stangast á við EES-samninginn og ég hefði bara talið að við værum menn að meiri ef við leituðum álits til þeirrar eftirlitsstofnunar sem á að gæta þess að ekki sé farið á svig við þessar reglur og við værum ekki að samþykkja hér lög sem yrðu þá í uppnámi skömmu eftir samþykkt ef fram kæmi kæra. Ég hefði talið eðlilegt að fram færi athugun á því og leitað yrði þarna álits.

En hvað með það hvort einkarétturinn standist stjórnarskrána eins og við höfum talað um? Svar við því getur auðvitað komið fram síðar en ég hefði talið ástæðu til að við leituðum álits á því einnig. Og síðan að frv. um persónuverndina komi fram áður en við í nefndinni ljúkum meðferð málsins fyrir 3. umr.

[21:27]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel ekki að þetta mál stangist á við samkeppnislög. Það kemur mjög skýrt fram í málinu að viðkomandi rekstrarleyfishafi væntanlegur á að fara eftir samkeppnislögum. Og það kemur reyndar fram í greinargerð Samkeppnisstofnunar að þetta frv. standist samkeppnislög. En ég tel að talsverðar líkur séu á því að viss misskilningur sé í því áliti af því ég hef skilið það þannig að það álit grundvallist á 9. gr. varðandi aðgengisnefndina og álitið sé að það sé eini kanallinn inn í gagnagrunninn. En það er ekki þannig, menn geta farið fram hjá aðgengisnefndinni með því að borga þá fullt verð.

Einnig kom fram í fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að eðlilegt væri að taka persónuverndarfrumvarpið hér til afgreiðslu í leiðinni, en ég vil bara minna á að það frv. er óháð þessu gagnagrunnsfrv., við hefðum þurft að samþykkja þá tilskipun hvort eð er. Við fengum vinnuplagg til nefndinarinnar, drög að frumvarpi, og við skoðuðum það en það er ekki orðið að þingskjali. Ég vil sérstaklega taka fram í því sambandi vegna þess að deilan varðandi það mál stóð um það hvort skilgreiningin á persónuupplýsingum

væri eins í gagnagrunnsfrv. og í komandi persónuverndarfrv., að þá er það bein þýðing á hvað eru persónuupplýsingar í gagnagrunnsfrv. Það er bein þýðing úr tilskipun EES varðandi persónuverndina. Ég tel því að við séum að gera hárrétta hluti í gagnagrunnsfrv.

[21:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að í gagnagrunnsfrv. er bein þýðing á skilgreiningunni. En skilgreiningin í persónuverndarfrv. hljóðar á annan hátt, hljóðar á annan veg. Ég hefði talið eðlilegt að það mál kæmi inn til umræðu áður en við afgreiðum þetta mál. Það er mín skoðun. Ég tel ekki eðlilegt að við samþykkjum lög með misvísandi skilgreiningum eða skilgreiningum sem eru ekki eins á sama hlutnum.

(**Gripið fram í:** Það er ekki orðið þingskjal.) Það er ekki orðið þingskjal en ég velti fyrir mér, hvað er það sem tefur málið? Það var talið að þetta strandaði í þingflokki Sjálfstfl. en yfirlýsing kom frá varaþingflokksformanni Sjálfstfl. um að það strandi ekki þar. Ég sé því ekki hvað því er til fyrirstöðu að málið komi inn í þingið og líti hér dagsins ljós ef það er hvergi strand.

Varðandi Eftirlitsstofnunina og það að við leitum álits þar, þá er það alveg ljóst í þessari umræðu að menn greinir mjög á um það hvort ákveðin atriði í gagnagrunnsfrv. standist EES-samninginn. Það er ekki bara atriðið um aðganginn heldur einnig um einkaleyfið þannig að ég hefði talið menn að meiri að þora að senda þetta til umsagnar. Menn voru ekki tilbúnir að taka þá áhættu í nefndinni fyrir 2. umr. en ég sé ekki annað en við værum bara að tryggja okkur fyrir því að lenda í málaferlum með málið ef við leitum umsagnar hjá Eftirlitsstofnuninni meðan málið er í vinnslu hjá nefndinni. Það er mitt álit og ég tel að við eigum að gera það úr því þetta er svona mikið ágreiningsefni hjá þeim sem hafa fjallað um málið í umræðunni.

[21:31]

Frsm. 2. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni í gær fór ég yfir nokkur atriði þessa máls og vakti m.a. athygli á því að óeðlilegt væri að frv. til laga um persónuvernd hafi ekki verið tekið til umfjöllunar, eins og hér var líka vakin athygli á af síðasta ræðumanni, hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Ég vil byrja á að segja vegna þess svars sem hv. framsögumaður heilbr.- og trn., Siv Friðleifsdóttir, sagði um samanburðinn á annars vegar persónuverndardrögunum og hins vegar því frv. sem hér er til umræðu um hvað persónugreinanlegar upplýsingar séu, þá þykir það nú ekki góð latína í lögfræði að þýða beint. Það þarf að sjálfsögðu að skoða slíkar þýðingar í samhengi við íslenskan rétt að öðru leyti og það er einmitt gert í þessum persónuverndardrögum. Það er mjög góð samantekt á því í greinargerð hvernig íslenskar reglur um persónuvernd spila saman, hvernig reglur og hefðir spila saman við alþjóðlegar reglur sem við erum skuldbundin af og þar er fengin ákveðin niðurstaða sem ég a.m.k. tel vera mun réttari en þá sem hér er notuð.

Ég er því þeirrar skoðunar að þarna sé um persónugreinanlegar upplýsingar að ræða hvernig sem á málið er litið og þess vegna þurfi að leita eftir samþykki einstaklinga fyrir þátttöku í grunninum. Ég benti líka á það í fyrri ræðu minni að frv. felur í sér óeðlilega opinbera íhlutun í málefni atvinnulífsins sem hefur í för með sér að líftækniiðnaðurinn, sem er einn helsti vaxtarbroddur íslensks iðnaðar, mun í framtíðinni búa við óeðlileg samkeppnisskilyrði. Veiting einkaréttar til eins fyrirtækis að gerð og starfrækslu gagnagrunnsins mun í krafti markaðsráðandi stöðu þess hafa skaðleg áhrif á önnur fyrirtæki sem starfa á sama sviði og að mínu mati á það að heyra sögunni til að ríkisvaldið beiti slíkum verndarúrræðum sem einkarétti. Frjáls samkeppni er hvergi nauðsynlegri en einmitt á sviði vísinda og rannsókna og hún er líka líklegust til þess að skila mestri framþróun til lengri tíma litið. Ég dró það líka fram að frv. bryti í bága við samkeppnisreglur EES og ég er þeirrar skoðunar að málið muni fyrr en síðar verða kært til samkeppnisyfirvalda og hugsanlega til alþjóðlegra dómstóla. Hugsanlega verði það líka lagt fyrir íslenska dómstóla, fyrst og síðast kannski vegna þess að líkur eru á því að mínu mati að það brjóti í bága við ákveðin ákvæði stjórnarskrárinnar, ekki síst í ljósi nýgengins kvótadóms sem snertir að mörgu leyti ákvæði sem þetta mál snertir líka.

Ég tel a.m.k. rétt þótt ég vilji ekki fullyrða að lagaskylda sé fyrir því að viðhafa útboð um þessa framkvæmd, þá tel ég að aðeins þannig sé unnt að leita bestu leiða bæði í vísindalegu tilliti og ekki síður í fjárhagslegu tilliti til að framkvæma þetta verk.

Það hefur margt verið sagt í þessari umræðu síðan ég hélt fyrri ræðu mína og komið hefur fram hörð gagnrýni á frv. en að mínu mati hefur verið mjög lítið um svör af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það hefur lítið verið um skýringar á veigamiklum þáttum málsins þó að hv. framsögumaður heilbr.- og trn. hafi vissulega svarað í ræðu sinni fyrr í dag einhverjum þeim spurningum sem fram voru lagðar, en það er margt enn óljóst að mínu mati. Ég tel að gagnagrunnurinn geti aldrei úr þessu, eftir allt sem á undan er gengið, orðið það tæki sem hann átti að vera í upphafi. Ástæður þess eru kannski helstar þær að gífurlegur ófriður er í kringum þetta mál í öllu vísindasamfélaginu bæði hér heima og líka erlendis. Það hefur mikið verið fjallað um þetta mál víða á erlendum vettvangi. Almenningur verður æ tortryggnari gagnvart málinu, þeim fjölgar sem vilja ekki vera með í grunninum og samkvæmt nýlegri skoðanakönnun eru ekki nema um 13% Íslendinga sem í raun og veru telja sig þekkja vel til þessa frv. Það segir manni svolítið meira en margt annað um það hve málið er í raun og veru enn skammt á veg komið að þrátt fyrir að sú umræða sem átt hefur sér stað síðan í vor hafi vissulega skilað miklu og hafi verið góð á allan hátt, þá er það enn svo að fólk skilur þetta mál ekki alveg og mig undrar það ekki að svo sé vegna þess að málið er mjög flókið og einstaklega óskýrt í framsetningu af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Það er fyrirséð að vísindalegt gildi grunnsins verður lítið sem ekkert. Það er ekki aðeins að hann verði götóttur eins og sjá má af því að nú þegar hafa um 150 læknar lýst sig andvíga honum, heldur mun fjöldi manns ekki taka þátt, ákveðnir sjúklingahópar munu ekki taka þátt í grunninum. Er þar kannski helst til að taka þá hópa sem eru einmitt hvað eftirsóknarverðastir, þeir sem eru veikastir. Það eru þeir sem eiga t.d. við andlega sjúkdóma eða geðsjúkdóma að stríða svo dæmi séu tekin. Það má líka nefna að ég sé ekki betur en að á þeirri 108 manna skrá sem læknar afhentu hér í gær, um lækna sem eru andvígir frv., séu t.d. allir starfandi læknar á Reykjalundi svo dæmi séu tekin ef ég skil þetta rétt. Það er því ekki aðeins að gagnagrunnurinn verði götóttur, hann verður beinlínis mjög bjagaður og gefur mjög bjagaða mynd af íslensku samfélagi þannig að það er ekkert hægt að nota hann á þann hátt sem til stóð í upphafi.

Það er líka ljóst að mínu mati að augu alheimsins eru á þessu máli og því miður hefur sú athygli og umfjöllun sem við höfum fengið út á það ekki verið mjög jákvæð. Það eru margir sem telja siðareglur á þessu sviði þverbrotnar og ég er þeirrar skoðunar að málið sé langt frá því að auka hróður íslensku þjóðarinnar út á við eins og haldið hefur verið fram.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði fyrr í umræðunni að þetta væri mjög merkilegt mál og það væri skrýtið að fólk áttaði sig ekki á því. En ég vil benda á að þessi hugmynd, sem nú er komin í frumvarpsbúning, er ekkert að fæðast í fyrsta skipti hjá hinum svokallaða frumkvöðli í þessu máli, Kára Stefánssyni. Það hafa margir fleiri haft áhuga á að framkvæma slíka hugmynd og gerðar hafa verið tilraunir í þá veru þótt þær fjalli ekki nákvæmlega um heila þjóð. Það eru ekki síst lyfjafyrirtæki sem hafa haft áhuga á að komast yfir slíka grunna og því tel ég það enga tilviljun að umræddur rekstrarleyfishafi hafi nýverið gert stóran samning við þekkt og stórt lyfjafyrirtæki. Og þó að því hafi verið haldið fram að þetta frv. sé ekki forsenda þess samnings, þá trúi ég því samt sem áður að það hafi skipt einhverju máli að þetta fyrirtæki var valið sem samstarfsaðili að til stóð að leggja fram þetta frv. Ég tel að það hafi haft mikið um það að segja, án þess að ég geti beinlínis sannað það eða sýnt fram á að það hafi verið hluti samningsins og reyndar hefur rekstrarleyfishafinn væntanlegi lýst því yfir að ekkert standi um þetta í samningnum. Allt að einu tel ég að það hljóti nú að hafa skipt máli um það að samningurinn var gerður.

Í tímaritinu Time frá 30. nóvember 1998 er einmitt fjallað um svipuð mál. Við lestur þeirrar greinar sést að þetta mál sem við erum að skoða er aðeins angi af fjölþjóðlegu máli sem fjallað er ítarlega um í tímaritsgreininni. Þar er talað um nýja gerð gullæðis en að nú sé ekki barist um eignarhald á landi heldur um yfirráð yfir genum sem geta gefið mikið í aðra hönd. Hörð átök eiga sér stað vegna sóknar iðnvæddra þjóða í erfðafræðilegar auðlindir þróunarlanda. Nefnd eru nokkur dæmi um það sem stundum er kallað og er kallað í þessari grein, genasjóræningjastarfsemi, t.d. þegar slíkir aðilar komu höndum yfir blóðsýni úr ákveðnum þjóðflokki indíána og fengu einkaleyfi á erfðaeiginleikum þeirra og annað dæmi frá Kína þar sem bandarískir aðilar hafa komist yfir blóðsýni úr 10 þúsund öldruðum Kínverjum í óþökk Kínverja, en til stendur að rannsaka langlífi þessa hóps. Síðan er sagt frá því í greininni að samkvæmt upplýsingum frá samtökunum „No Patent for Life" skila lyfjafyrirtæki afar sjaldan sanngjörnum gróðahlut til þjóðanna sem lögðu til hráefnið ef svo má að orði komast.

Hið versta við þetta svokallaða genastríð er hins vegar að það vinnur á vissan hátt gegn framförum í vísindum. Eðlileg þróun í vísindum hefur hægt á sér vegna þessa því að einkafyrirtæki hafa verið í tengslum við slík verkefni að setja upp í raun og veru skiltið „umferð bönnuð" á ákveðnum sviðum og þess vegna standa nú mjög margar þjóðir í raun á bremsunni gagnvart ofstopa, vil ég segja, lyfjafyrirtækja og annarra aðila sem vilja komast yfir erfðafræðileg verðmæti þjóða. Þetta hefur líka áhrif á það sem ég vil kalla aðrar og kannski eðlilegri og mannúðlegri rannsóknir þar sem sanngirni er gætt í meira mæli og farið er eftir ákveðnum siðareglum, að þær tefjast og þar með er í raun og veru verið að standa gegn framþróun í vísindum. Ég tel þetta vera að gerast á Íslandi vegna ofstopa í tengslum við framgang þessa máls, hvernig átti að berja það í gegn algerlega vanbúið á vordögum. Það var til þvílíkrar skammar hvernig þetta mál var fyrst kynnt fyrir þinginu. Það var algjörlega óunnið og varla hægt að kalla það frv. sem fyrst leit hér dagsins ljós. Það var varla hægt að kalla það frumvarpsdrög vegna þess að það var svo illa samið og illa ígrundað á allan hátt. Ýmislegt sem hefur komið í ljós síðan þá, ég vil segja ákveðinn óskýrleiki af hálfu meiri hlutans hvað þetta mál þýði í raun og um hvað það sé, hefur vakið vantraust hjá fjöldamörgum einstaklingum og í raun ótta við rannsóknir yfir höfuð. Ég held ég sé ekkert einsdæmi um það eftir þessa umræðu að hugsa mun meira um og velta meira fyrir mér en áður í hverju maður tekur þátt í tengslum við þessa hluti og það er vissulega af hinu góða, en það má ekki verða til þess að við séum með því að hamla gegn framförum á vísindasviðinu og vekja kannski upp óþarfa tortryggni gagnvart fjöldamörgum vísindamönnum í tengslum við það mál.

Vegna þess hversu bjagaður grunnurinn er orðinn eftir þessa málsmeðferð alla get ég ekki séð betur en hann sé ónýtur til skýrslugerðar fyrir heilbrigðisyfirvöld eins og stóð til í upphafi, vegna þess að það vantar svo mikið inn í hann og hann gefur ekki rétta mynd af samfélaginu. Það vantar hugsanlega inn í hann viðkvæmustu hópana og kannski erfiðustu á mörgum sviðum. Mér skilst að hann sé ekki nýtanlegur til leitar að svokölluðum meingenum. Ég man ekki betur en ég hafi heyrt það haft eftir væntanlegum rekstrarleyfishafa að það þyrfti miklu nákvæmari upplýsingar til slíkrar leitar. Þá veltir maður því fyrir sér hvað sé eftir, til hvers sé hægt að nota hann. Er það ekki bara svo að það sem er eftir er að hægt er að nota hann til að rannsaka áhrif lyfja eins og vakin hefur verið athygli á í umræðunni M.a. vakti hv. þm. Ögmundur Jónasson athygli á því í sinni ræðu í gær. Hann fór ítarlega yfir rökstuddan grun sinn um að lyfjarannsóknir eigi að fylgja með í öllum þessum pakka, las m.a. kafla úr skjali sem Íslensk erfðagreining hefur gefið út á einhverju stigi málsins til fjárfesta. Þessi atriði sem hann las hér upp og ég hafði reyndar séð áður í skjölum sem ég hef undir höndum, fundust mér mjög sannfærandi og í raun hefur það ekki verið hrakið eftir því sem ég best hef séð.

Ég velti því líka fyrir mér hver sé hinn fjárhagslegi ávinningur rekstrarleyfishafans væntanlega af þessu fyrirbæri eins og það nú er orðið. Hvernig á að ná inn þessum tugum milljarða? Ég trúi því nú ekki að þetta sé gert allt í góðgerðarstarfsemi. Einhvers staðar frá verða peningarnir að koma og þeir hljóta að þurfa að koma inn svolítið hratt til að þessi framkvæmd standi undir sér fyrir rekstrarleyfishafa og til að þetta sé fýsileg fjárfesting. Hvar á að ná þeim peningum inn? Ég velti því fyrir mér. Í sjálfu sér má svo sem halda því fram að það sé ekki vandamál stjórnvalda en það væri eigi að síður kannski til upplýsingar fyrir okkur, til að skilja þetta mál betur, ef við fengjum einhver svör við slíkum spurningum.

Það er ekki bara tímaritið Time sem hefur fjallað nýlega um þetta mál, fjöldi annarra erlendra tímarita hefur fjallað um málið nýlega. Ein grein var í tímaritinu Science 30. október og hún dregur kannski fram hversu almenn og víðtæk þessi umfjöllun hefur verið á erlendum vettvangi. Ég vil meina að minnsti hluti hennar hafi skilað sér inn í umfjöllunina hér heima og hefur ekki verið gerð grein fyrir henni allri í *íslenskum fjölmiðlum*.

Í greininni í Science sem er eftir mann að nafni Martin Enserink segir m.a. að í marga mánuði hafi áform um að setja saman gagnagrunn um sjúkraskýrslur allra Íslendinga valdið heitum umræðum í afskekktu og fámennu landinu sjálfu eins og þeir orða það, en vakið litla athygli meðal

annarra þjóða. En nýlega breyttist það. Erfðafræðingar, lífvísindasiðfræðingar og sérfræðingar um persónuvernd bæði annars staðar í Evrópu og í Bandaríkjunum sameinast nú um að mótmæla slíkum gagnagrunni og hvetja Íslendinga til að hugsa sig vel um áður en þeir samþykkja frv. sem gerði mögulegt að setja hann saman. Í fyrsta lagi segja þeir að sú skerðing persónuverndar sem frv. mundi hafa í för með sér yrði nær hvergi heimiluð og mundi jafnvel skerða mannréttindi Íslendinga. Gagnrýnin kemur fram á sama tíma og Alþingi Íslendinga er loks að búa sig undir að greiða atkvæði um þriðju útgáfu frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Fyrsta útgáfan var lögð fram á Alþingi í mars en dregin til baka nokkrum vikum síðar eftir mikla öldu mótmæla frá íslenskum læknum, vísindamönnum og samtökum sjúklinga.

Seinna segir að samkvæmt frv. yrði sjúkraskýrslum allra Íslendinga safnað saman í miðlægan gagnagrunn. Eitt fyrirtæki, Íslensk erfðagreining í Reykjavík, stofnað af Kára Stefánssyni fyrrverandi erfðafræðingi við Harvardháskóla, fengi 12 ára einkaleyfi til að reka gagnagrunninn og selja öðrum aðilum aðgang að honum.

Því er síðan lýst hér að jafnvel eftir síðustu lagfæringar þá haldi gagnrýnendur því enn fram að frv. sé óásættanlegt og því er lýst í stuttu máli hver helstu gagnrýnisatriði frv. séu hér innan lands. Síðan segir að gagnrýnendum á Íslandi hafi nú borist liðsauki erlendra vísindamanna og sérfræðinga. Kári Stefánsson heldur því fram, segir í greininni, að þessir erlendu aðilar hafi verið blekktir af íslenskum gagnrýnendum frv. sem dreifa rangindum um frv. út um víðan völl, að hans mati.

Í greininni segir síðan að erfðafræðingurinn Marie Claire King við Washingtonháskóla í Seattle og Henry Greely sérfræðingur í erfðafræði og lögum frá Stanfordháskóla, hafi nýlega skrifað bréf til forsrh., dómsmrh., heilbrrh. og menntmrh. Íslands þar sem þau hafi hvatt þá til að endurskoða áformin.

„Þótt hugmyndin um miðlægan gagnagrunn sé í sjálfu sér jákvæð og spennandi", skrifa King og Greely, „er núverandi frv. afar viðsjárvert hvað varðar meðferð þess á einstaklingum, á allri íslensku þjóðinni og vísindunum."

Í bréfi sem birt var í íslensku dagblaði mælir Richard Lewontin, erfðafræðingur við Harvardháskóla, gegn því að veita slíkt einkaleyfi. Sú grein var birt í Morgunblaðinu á sínum tíma og það er dregið hér fram að Lewontin segir það geta leitt til þess að farið verði fram á að Íslendingar verði sniðgengnir í vísindaheiminum en því aðeins að íslenskir félagar okkar samþykki það, eins og hann orðaði það.

Síðan er það dregið fram að harðasta gagnrýnin komi frá öðrum Evrópuþjóðum. Vakin er athygli á áliti Ross Andersons sem hefur verið títt nefndur hér í umræðunni, en hann er sérfræðingur um tölvuöryggi. Hann segir að það eitt að nema nöfn þeirra, heimilisföng og fæðingardaga úr sjúkraskránum sé ekki nægilegt. Hjá innan við 300 þúsund manna þjóð muni jafnvel örfá önnur gögn nægja til að upplýsa hver einstaklingurinn er.

Síðan er bent á að komið hafi fram gagnrýni frá lögfræðingum, að sextán fulltrúar tölvunefnda EES-ríkja sem ræddu málið á fundi á Spáni í september sl. hafi hvatt dómsmrh. Íslands til að endurskoða áformin vegna þess að þeir segja að þau munu brjóta gegn nokkrum sáttmálum Evrópuríkja, einkum mannréttindasáttmála Evrópu. Síðan er líka dregið fram álit Peter J. Hustinx, formanns tölvunefndar Hollendinga, sem varar við því að verði frv. að lögum geti Íslendingar átt dóm Evrópudómstólsins í Strassbourg yfir höfði sér. Hér er svona aðeins stuttlega gripið ofan í þessa grein í Science sem er ein fjölmargra greina sem fjalla um þetta í erlendum fjölmiðlum.

Ég lagði þá spurningu fyrir hv. frsm. meiri hlutans í heilbr.- og trn., hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, hvort ættfræðiupplýsingar og erfðafræðiupplýsingar væru inni í grunninum. Þarna hafa komið fram mjög misvísandi skilaboð frá meiri hlutanum, sérstaklega ef bornar eru saman ræður hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og hv. þm. Tómasar Inga Olrichs. En eigi það að vera svo, sem virðist vera, að ættfræðiupplýsingar og erfðafræðiupplýsingar séu inni í grunninum, þá er um að ræða grundvallarbreytingu á gerð frv. sem skiptir verulegu máli og þyrfti þá að taka til algerrar endurskoðunar, algerlega frá grunni þar sem því hefur verið haldið fram að þetta eigi ekki að vera svona. Í frv. heilbrrn. og grg. því fylgjandi kemur nefnilega fram að í miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði skuli eingöngu færa heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám landsmanna í vörslu heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi lækna. Í þeim nýju tillögum sem nú liggja fyrir er hins vegar lagt til að heimilt verði einnig að færa aðrar upplýsingar, svo sem ættfræði- og erfðafræðiupplýsingar, inn í gagnagrunninn. Í svari sínu um þetta viðurkennir hv. þm. Siv Friðleifsdóttir það í raun og veru þar sem hún segir að ættfræðigrunnurinn eigi að vera í aðskildu gagnasafni. Hún reyndar dregur það fram og segir að það sé rétt sem haldið hefur verið fram að þetta stangist að nokkru leyti á við upplýsingar í grg. Þarna er því um að ræða mjög misvísandi skilaboð sem ég tel vera mjög alvarlegt mál því þetta er grundvallaratriði í öllu málinu, grundvallaratriði. Þessi breyting, að ættfræði- og erfðafræðiupplýsingarnar séu þarna inni, hefur það í för með sér að ákvæði 8. gr. frv. um rétt einstaklings til að hafna þátttöku verður marklaust þar sem út frá samtengingu ættfræði- og heilsufarsupplýsinga ættingja sem eiga gögn í gagnagrunninum, t.d. þeim sem látnir eru, má draga ályktanir um heilsufar og áhættu annarra einstaklinga á að veikjast af ákveðnum sjúkdómum sem finnast í fjölskyldunni. Á það hefur verið bent, m.a. af hálfu erfðafræðinga, að ef ættfræðigagnabanki verður í hinum miðlæga gagnagrunni geta í reynd engir Íslendingar hafnað þátttöku í vísindarannsóknum á vegum sérleyfishafans og þar með er brotin ein af megin reglum vísindarannsóknasiðfræði.

Þessir erfðafræðingar hafa verið að benda okkur á að út frá erfðafræðiupplýsingum og genakortum fámenns hóps má draga ályktanir um arfgerðir ættingja þeirra og öðlast nákvæma mynd af erfðaeiginleikum annarra fjölskyldumeðlima sem ekki hafa veitt til þess leyfi. Það er varað við því að blanda saman upplýsingum sem þarf upplýst samþykki fyrir annars vegar og hins vegar öðrum upplýsingum sem ekki þarf slíkt samþykki fyrir, vegna þess að þarna er hægt að draga ályktanir út frá einum einstaklingi og þá í raun að búa til mynd af öðrum, kannski af barni einhvers. Ef þetta barn t.d. neitar að vera með í grunninum þá er í rauninni ákvæðið um neitunina marklaust. Þetta tel ég vera mjög alvarlegt mál og verður örugglega eitt af því sem verður mjög ítarlega rætt í heilbr.- og trn. á milli 2. og 3.umr. Ég tel nauðsynlegt að allur vafi sé tekinn af um þetta endanlega því að þetta er grundvallaratriði í málinu.

Ég vakti líka athygli á því í minni fyrri ræðu að ég teldi einkaréttinn sem slíkan ekki standast samkeppnisreglur EES-samningsins. Ég lýsti því yfir auk þess að frjáls

samkeppni væri nauðsynleg á vísindasviðinu. Ég taldi líka að einkarétturinn sé ekki nauðsynlegur til verndar þessum margumtalaða frumkvöðulsrétti.

Í áliti Samkeppnisstofnunar er fjallað svolítið um þetta. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í ræðu Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, sem flutt var á kynningarfundi með læknum í september 1998, er einnig að finna athugasemdir er lúta að nauðsyn þess að rekstrarleyfishafa verði veittur einkaréttur. Þar segir að einkaréttur sé eðlilegur í því ljósi að hugbúnaðariðnaðurinn almennt búi við einkaleyfi sem séu nauðsynleg forsenda fyrir því að hann fái þrifist. Þá er nefnt að stofnkostnaður sé hár og umtalsvert hærri fyrir þann aðila sem fyrstur fari af stað, mikil óvissa ríki um hagnýtingarmöguleika og gagnagrunnur af þeirri gerð sem frv. gerir ráð fyrir hafi aldrei áður verið markaðssettur. Þá segir að markaðssetning gagnagrunnsins yrði mjög erfið ef margir aðilar væru að markaðssetja slíkan grunn, eftir atvikum á ólíkum forsendum. Slíkt gæti leitt til þess að markaðssetning gagnvart þeim aðilum sem myndu geta hugsað sér að eiga viðskipti með upplýsingar úr grunninum, mistakist. Jafnvel þótt slík markaðssetning tækist myndi samkeppni á milli aðila hérlendis *sem væru að bjóða fram upplýsingar úr gagnagrunnum* aðeins leiða til þess að heildarverðmæti viðskiptanna inn í landið myndi minnka. Aðilar myndu undirbjóða hvern annan með þessum afleiðingum.

Við mat á því hvort framangreind rök fyrir nauðsyn einkaréttar séu nægjanleg til að fella starfsemi rekstrarleyfishafa undir undanþágureglu 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins" — sem er undanþága frá þessum samkeppnisreglum í raun og veru — „verður að hafa í huga það sem að framan er rakið" — í þessu áliti — „um að ekki verði fallist á undanþágu nema rekstraleyfishafa sé tæknilega eða fjárhagslega ógerlegt að inna af hendi það verkefni sem honum er falið nema að hann njóti einkaréttar. Með vísan til framanritaðs má spyrja hvort það sé í raun forsenda fyrir því að í gerð gagnagrunns verði ráðist að rekstrarleyfishafi megi brjóta gegn samkeppnisreglum EES-samningsins, til að mynda banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Í því gæti falist að rekstraleyfishafa verði að vera heimilt að mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þar með samkeppnisstöðu þeirra, ... Ef slíkt ætlað brot á 54. gr. EES-samningsins, eða öðrum reglum hans, er ekki nauðsynlegt til að í gerð gagnagrunns verði ráðist verður að ætla að skilyrði undanþágu skv. 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins séu ekki uppfyllt."

Það er líka dregið fram að talið er vafasamt að rök um mikinn stofnkostnað falli undir slíka löglega undanþágu og Samkeppnisstofnun bendir á að slík rök mætti þá oft nota í því skyni að komast hjá eftirliti á grundvelli samkeppnisreglna EES-samningsins. Það er m.a. dregið fram að ef fallist yrði á rök af þessum toga gæti hár stofnkostnaður og óvissa um arðsemi fyrirtækis ávallt veitt aðildarríki rétt til að veita einkarétt til starfsemi, t.d. á sviði stóriðju. Það er nefnt sem dæmi.

Spyrja mætti hvort aðrar leiðir til að vernda einkarétt starfsleyfishafa séu ekki færar. Ég benti á það í ræðu minni að dregnar hefðu verið fram aðrar leiðir en einkaréttur í þessari umræðu, m.a. í blaðagreinum sem hafa verið skrifaðar um málið, til að vernda svona starfsemi. Einkaleyfi er í raun og veru mjög alvarleg íhlutun í atvinnulífið.

Í áliti Samkeppnisstofnunar kemur fram að samkvæmt tilskipun um vernd gagnagrunna sem tekin hefur verið inn í EES-samninginn njóti eigandi eða rekstrarleyfishafi gagnagrunns víðtækrar verndar gegn óheimilli hagnýtingu annarra aðila á upplýsingum eða efni úr grunninum. Samkeppnisstofnun hafnar því með þessum rökum og fleirum að um sé að ræða undanþágu frá samkeppnisreglum EES hvað þetta mál varðar.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich hefur haldið því fram að þetta séu heilbrigðismál sem heyri þar af leiðandi ekki undir þennan samning. *Ég mótmæli þessum skilningi. Hér er fyrst* og fremst um viðskipti að ræða og ætti þar af leiðandi að falla undir samkeppnisreglur EES-samningsins.

Ég hef líka vakið athygli á því að einkarétturinn gæti hugsanlega verið brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og þá einkum í ljósi nýgengins hæstaréttardóms, svokallaðs kvótadóms. Þar segir Hæstiréttur að jafnræðisreglur stjórnarskrárinnar og ákvæði hennar um atvinnufrelsi stangist á við að úthluta ákveðnum verðmætum, veiðileyfum, til ákveðinna hópa og útiloka þar með aðra. Þessi dómur er að mínu mati bann við klíkuskap, það má eiginlega orða það svo einfaldlega. Hann er bann við því að ríkisvaldið úthluti verðmætum til útvalinna því að slík mismunun stenst ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnræðisregluna.

Ég spyr: Ef úthlutun veiðileyfa eða veiðiheimilda stenst ekki þessi ákvæði, hvað þá með úthlutun einkaréttar til eins fyrirtækis á borð við það sem ráðgert er með gagnagrunnsfrumvarpinu? Þar á, herra forseti, að úthluta fyrirtæki einkarétti til tólf ára án útboðs. Í þokkabót virðist sem byrjað hafi verið á því að ákveða hverjum ætti að úthluta þessum rétti og síðan hafi það verið útfært í ákveðinn frumvarpsbúning. Ég tel engum vafa undirorpið og vil reyndar fullyrða að frv. brjóti a.m.k. í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Í Morgunblaðinu í dag er nokkuð ítarleg fréttaskýring um þetta mál, samanburður á annars vegar gagnagrunnsfrumvarpinu gagnvart þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar og hins vegar kvótadóminum. Þar er vakin athygli á því að í umræðunni um einkaréttarþáttinn hafi menn lengst af ekki nefnt ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnræði borgaranna. Eins og bent er á í þessari fréttaskýringu Morgunblaðsins hefur atvinnufrelsisákvæðið sem nú er í 75. gr. hingað til haft litla sem enga þýðingu í réttarframkvæmd og var í raun allt að því fallið í gleymsku. Í skýringunni segir að jafnræðisreglan í 65. grein sé svo opin að á meðan ákvæðið sé jafnnýtt og raun ber vitni — árið 1995 er settur skrifaður texti inn í þetta þó að reglan hafi verið talin gilda áður — liggi lítil sem engin dómaframkvæmd Hæstaréttar fyrir og fæstir hafi hugmynd um hvað geti falist í reglunni.

Með þessum dómi Hæstaréttar lifna hins vegar við þessi ákvæði stjórnarskrárinnar. Þau eru í aðalhlutverki og það er merkilegt í sjálfu sér. Það er einmitt dregið mjög vel fram í þessari fréttaskýringu.

Síðan spyr sá sem hefur þessa umfjöllun með höndum að því hvort hægt sé að heimfæra þennan dóm upp á gagnagrunnsfrv. og veitingu sérleyfis sem í því felst. Vakin er athygli á því að röksemdafærslan hjá Hæstarétti í kvótadómnum fylgir þekktu mynstri sem segja megi viðtekið hjá helstu stjórnarskrárdómstólum álfunnar og Mannréttindadómstól Evrópu. Spurt er hvort um skerðingu réttinda hafi verið að ræða, hvort hún hafi þjónað lögmætu markmiði og hvort gengið sé lengra en nauðsyn krefur. Þetta eru að mörgu leyti sömu sjónarmiðin og búa að baki því þegar metið er hvort um sé að ræða brot á samkeppnisreglum EES sem

ég kom inn á áðan, þó að þetta sé kannski orðað svolítið öðruvísi þar.

Í úttekt Morgunblaðsins segir að aðstæður varðandi kvótann og sérleyfi til gerðar gagnagrunns séu auðvitað ólíkar þó finna megi eitt og annað sameiginlegt milli málanna. Í báðum tilvikum má segja að atvinnufrelsið sé í húfi, annars vegar frelsi til fiskveiða en hins vegar frelsi til erfðarannsókna.

Í raun mætti ætla að gagnagrunnsfrv. teldist fela í sér takmörkun á atvinnufrelsi, þ.e. atvinnufrelsi annarra en rekstrarleyfishafans. Fjölmargir vísindamenn hafa bent á að þetta muni óneitanlega hafa áhrif á starfsemi þeirra og feli í sér takmarkanir á möguleikum þeirra til að sinna vísindastarfsemi sinni, m.a. verði þeim gert erfiðara um vik en áður að fjármagna starfsemina þar sem kominn sé ákveðinn „stóri bróðir" á markaðinn sem kannski er fýsilegri samningsaðili í hugum þeirra sem leitað er til með fjármögnun. Þetta atvinnufrelsi gæti hugsanlega verið skert vegna óbeinna áhrifa á starfsumhverfi þeirra og erfiðara verður að nálgast upplýsingar hjá sjúkrastofnunum til að vinna úr sjálfstætt en ella.

Hæstiréttur taldi löggjafanum heimilt að takmarka fiskveiðar í fiskverndarskyni, það væri hið lögmæta markmið. Það er hins vegar erfiðara að segja til um hvað búi að baki takmörkuninni í gagnagrunnfrv. Hjá heilbrrn. hefur komið fram að kostnaðurinn við gerð gagnagrunnsins væri það mikill að enginn fáist til að gera hann nema rekstrarleyfishafinn sé einn um hituna. Það hefur komið fram hjá ráðuneytinu að sá sem eigi hugmyndina eigi að njóta forgangs. Ég rakti áðan að hluta hvernig þessum rökum um stofnkostnaðinn er hafnað í áliti Samkeppnisstofnunar. Síðarnefnda sjónarmiðið, þ.e. að sá sem eigi hugmyndina eigi að njóta forgangs teldist að mati greinarhöfundar Morgunblaðsins, ég er reyndar sammála því, örugglega ekki gott og gilt ef á reyndi fyrir dómstólum.

Sjónarmiðið sem helst mundi teljast lögmætt er þó væntanlega persónuverndin, þ.e. að ekkert vit sé í því að hafa marga gagnagrunna af þessu tagi. Gallinn er sá að löggjafinn hefur lítið sem ekkert haldið þessu sjónarmiði á lofti, segir í Morgunblaðinu. Ég vil reyndar vekja athygli á því að þetta sjónarmið hefur komið til tals í þessari umræðu. Því hefur verið haldið fram að ef margir gagnagrunnar af svipuðu tagi væru starfandi þá væri persónuverndin ótryggari en ella. Ég man ekki hvort þetta var rætt í heilbr.- og trn. eða hvort þetta hefur komið fram annars staðar, en þetta hefur vissulega verið rætt, a.m.k. á vettvangi þingsins. Ég er þeirrar skoðunar að engin rök séu fyrir þeirri fullyrðingu að halda því fram að í dreifðum gagnagrunnum sé persónuverndin eitthvað ótryggari. Ég tel þvert á móti og hef reyndar lagt fram fyrir því mörg rök, m.a. þau að óæskilegt sé að keyra saman upplýsingar um einstaklinga á einum stað.

Bæði kvótanum og rekstrarleyfi til gerðar gagnagrunns er samkvæmt frv. úthlutað til afmarkaðs hóps. Hvað kvótann áhrærir eru þó þau rök að viðtakendur eru þeir sem nutu atvinnuréttinda í greininni áður. Ekkert slíkt á við um gagnagrunninn. Hins vegar negldi löggjafinn það niður varðandi kvótann hverjir gætu nýtt sér auðlindina en í gagnagrunnsfrv. er öllum heimilt að sækja um rekstrarleyfið, eftir því sem sagt er, mismununin er ekki eins frekleg. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum sem fylgst hefur með þessari umræðu, a.m.k. held ég að það kæmi allri þjóðinni mjög á óvart, ef einhver annar en umrætt fyrirtæki, Íslensk erfðagreining, fengi þetta rekstrarleyfi. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa rökstutt að eðlilegt sé að Íslensk erfðagreining fái leyfið í nafni frumkvöðulsréttar o.s.frv. Þannig að hvað sem frv. segir um þetta þá er öll umgjörðin í kringum það unnin með þetta sjónarmið að leiðarljósi.

Í Morgunblaðinu er svolítið fjallað um meðalhófsregluna. Hæstiréttur telur, t.d. í kvótadómnum, að til þess að takmörkun atvinnufrelsis sé lögmæt verði ríkið að sýna fram á að aðrar vægari leiðir hafi ekki verið færar, að sú takmörkun sem varð fyrir valinu hafi verið nauðsynleg til að ná því markmiði sem að var stefnt. Bent er á að það er einmitt lykilatriði varðandi dóma á mannréttindasviðinu hvort svokölluð meðalhófsregla, sem Hæstiréttur beitir þarna, er uppfyllt af hálfu ríkisins. Ríkinu tókst ekki að sýna fram á þetta fyrir dómi í kvótamálinu, að meðalhófsreglunnar hafi verið gætt. Það má einnig halda því fram að löggjafanum beri að gæta að þessu sjónarmiði á undirbúningsstigi löggjafar en ekki einungis þegar að því kemur að verja gerðirnar fyrir rétti síðar meir. Það er einmitt þetta sem við höfum verið að benda á í stjórnarandstöðunni. Það er ekki nóg að segja bara: Látum reyna á þetta, við verðum þá bara kærð og það kemur þá í ljós hvort þetta stenst. Ég tel þetta vera mjög óábyrgt sjónarmið. Löggjafinn á á undirbúningsstigi að smíða frumvörp þannig að a.m.k. séu allar líkur á að þau standist stjórnarskrá og alþjóðasamninga sem við erum skuldbundin. Annað er mjög óábyrgt. Við í þinginu höfum alla aðstöðu til að láta gera úttekt á þessum málum auk þess sem bent hefur verið á það í umræðunni að fjölmargir aðilar í samfélaginu hafa bæði gefið álit og óskað eftir að gefa álit, þannig að ekki skortir vilja til að gera ítarlegar úttektir á þessum málum svo við náum að vanda sem best til verksins.

„Það þýðir líka lítið að halda fram rökum fyrir dómi um nauðsyn takmörkunar sem engu hlutverki gegndu þegar löggjöf var undirbúin," segir hér í Morgunblaðinu. Þar segir líka:

„Þarna skortir töluvert á að nægileg rök hafi komið fram við undirbúning gagnagrunnsfrumvarpsins. Þannig var strax í upphafi ákveðið að einkaréttur skyldi veittur og öllum öðrum hugmyndum hefur verið hafnað án mikillar umhugsunar eða skoðunar. Þess má geta að Samkeppnisstofnun mat það einmitt í sinni umsögn hvort þessi nauðsyn væri fyrir hendi en ESB-dómstóllinn, sem ræður mestu um skýringu Rómarsáttmálans og sambærilegra ákvæða í EES-samningnum, hefur talið að slíkt mat ætti að fara fram þegar athugað er hvort setja megi á fót einokunarstarfsemi í skjóli ríkisvalds." Í umræðunni hefur verið bent á að þetta mat eigi að fara fram þegar slík einokunarákvæði væru sett og Samkeppnisstofnun taldi m.a. að það væri ekki fyrir hendi.

Í Morgunblaðinu er jafnframt sagt að kvótadómurinn marki tímamót að því leyti að þar hefði almennum borgara sem átti engra sérstakra hagsmuna að gæta gefist færi á að láta reyna á tiltekna löggjöf og dregin sú ályktun að: „Sömu formúlu virðist mega nota um gagnagrunninn; þeir sem ekki hljóti rekstrarleyfi geti borið synjun heilbrigðisráðherra undir dómstóla." Og það „virðist því ekki jafnfjarlægt og ætla mátti að hægt væri að láta á þessa löggjöf reyna, að minnsta kosti hvað einkaréttinn áhrærir, fyrir dómstólum." Ég er sammála þessu mati og tel mjög líklegt að hægt væri að láta á það reyna.

Ég vil líka vekja athygli á því að Lagastofnun segir í áliti sínu, sem meirihlutatalsmenn hafa mikið vitnað til í þessari umræðu og hafa nánast haft sem sitt eina leiðarljós í þessu máli, að við veitingu einkaréttar beri að virða allar grundvall-

arreglur stjórnsýslu og stjórnskipunar og vekur þar sérstaka athygli á jafnræðisreglunni. Í áliti Lagastofnunar kemur þetta m.a. fram á bls. 75. Í fyrsta lagi er, eins og margoft hefur verið vakin athygli á, skoðun Lagastofnunar sú að einkaréttur til að búa til og starfrækja miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði geti samrýmst reglum þeim sem fram koma í EES-samningnum, þ.e. samkeppnisreglunum. Reyndar er jafnframt nefnt að í því felist nokkur áhætta þannig að Lagastofnun er alls ekki afdráttarlaus í þessu atriði. Síðar segir, þegar Lagastofnun dregur fram niðurstöður sínar í áliti sínu, með leyfi forseta, í 13. tölulið á bls. 98:

„Við veitingu einkaréttar ber að virða almennar grundvallarreglur stjórnskipunar og stjórnsýslu, sbr. einkum jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þessar reglur leiða til þess, án tillits til skyldu til að bjóða verkið út samkvæmt lögum um opinber innkaup“ — í sjálfu sér taka þeir ekki afstöðu til þess hvort það sé lagaskylda að bjóða verkið út, en án tillits til þess þá leiða þessar reglur til þess — „að eðlilegt verður að telja að þeim sem kynnu að vilja standa að gerð og starfrækslu gagnagrunns af því tagi sem hér um ræðir, verði gefið tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að fram fari val á milli þeirra á grundvelli faglegra og málefnalegra sjónarmiða.“

Það er því vísir að því í álitsgerð Lagastofnunar sem óskað er eftir með bréfi í maí 1998 af hálfu Íslenskrar erfðagreiningar þannig að hún er a.m.k. gerð löngu áður en þessi svokallaði kvótadómur er kveðinn upp, sem lyfti mjög eins og ég dró fram áðan þessum ákvæðum um atvinnufrelsi og jafnræðisreglu, samt sem áður löngu áður en sá dómur er kveðinn upp virðist sem þeir sem sömdu álit Lagastofnunar hafi haft af því einhverjar áhyggjur að einkarétturinn bryti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Ég tel því að það sé beinlínis stoð fyrir þessari túlkun í áliti Lagastofnunar þó hún taki ekki afstöðu til þessa máls beint vegna þess líka að hún var ekki beðin um að gefa álit sitt á þessum greinum stjórnarskrárinnar. Hún var beðin um að gefa álit á því hvort þetta teldist brjóta gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs en ekki ákvæðunum um atvinnufrelsi og jafnræðisreglunni.

Ég held því að það sé alveg ljóst að það eru veruleg rök fyrir því að eitthvað hafi þessi einkaréttur vakið þessa ágætu höfunda álitsins til umhugsunar um hvort þarna væri hugsanlega eitthvað sem þyrfti að huga að. Í raun og veru eru alveg skýr tilmæli af þeirra hálfu að eiginlegt val þurfi að fara fram á grundvelli faglegra og málefnalegra sjónarmiða. Fróðlegt væri að heyra það frá hv. frsm. meiri hlutans hvernig ríkisstjórnin hyggist standa að þessu vali. Það liggur a.m.k. ljóst fyrir að ekki eigi að fara fram útboð og þá spyr ég: Hvernig hyggst heilbrrn. eða ríkisstjórnin standa að þessu vali á milli þeirra sem vilja hugsanlega spreyta sig á þessu verkefni á grundvelli faglegra og málefnalegra sjónarmiða ef ekki á að gera það með útboði?

Það eru fleiri sem hafa áhyggjur og telja sýnt að hugmyndin um þetta svokallaða galdratæki, sem var farið af stað með í upphafi, verði aldrei að veruleika. Hvorki muni þetta tæki virka eða gera kraftaverk í stýringu heilbrigðiskerfisins né í því að lækna sjúkdóma eins og átti að vera meginhugmyndin á bak við þetta. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef marglýst yfir, að þetta verði aldrei að veruleika hvort sem frv. fer í gegnum þingið eða ekki. Það sé svo margt sem hafi verið gert rangt frá upphafi í þessu máli og umfjöllunin öll og meðferð þess frá upphafi sé þannig að þetta tæki geti aldrei orðið eins og það átti að verða.

Umfjöllunin um áskorun lækna á Alþingi að samþykkja ekki fyrirliggjandi frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði — það eru 108 læknar sem sendu alþingismönnum þessa áskorun í gær — það segir um það í Morgunblaðinu í dag að læknarnir Sigurður Björnsson og Tómas Zoega segi í bréfi sem fylgir áskoruninni að andstaða við frv. sé svo mikil að ef frv. verði samþykkt í því formi sem það er í nú verði gagnagrunnurinn aldrei að veruleika. Sigurður segir síðan í samtali við Morgunblaðið að mörg siðfræðileg og lagaleg álitaefni séu uppi og bendir m.a. á álit Samkeppnisstofnunar og Lagastofnunar máli sínu til stuðnings. Þá komu auk þess fram mjög alvarlegar aðvaranir í bréfi samtaka tölvunefnda Evrópu til dómsmrh. frá því seint í sumar.

Hann bendir á það hér að það verði að gæta jafnræðis og frelsis í landinu:

„Mér finnst illa komið fyrir stærsta flokki landsins, sem margir hafa stutt, að hann skuli beita sér fyrir þessari takmörkun á frelsi manna á Íslandi og veita einokun eða sérrekstrarleyfi í tólf ár til fyrirtækis, sem er íslenskt til að byrja með en það veit enginn hvað verður þegar þetta fyrirtæki verður komið á hlutabréfamarkað í Bandaríkjunum og menn geta farið að kaupa þetta á Wall Street. Þá ræður enginn örlögum þessarar þjóðar. Þetta snertir því fullveldi þjóðarinnar,“ — segir Sigurður Björnsson í viðtali við Morgunblaðið.

Hann segist líka hafa tjáð sjúklingum sínum að ástæðulaust væri fyrir þá að hafa áhyggjur því hann muni ekki senda upplýsingar um þá inn í gagnagrunn nema þeir gefi heimild til þess eða óski sérstaklega eftir því.

„Ég mun ekki brjóta læknaeiðinn, ég mun ekki brjóta læknalög og ég mun ekki brjóta lög um réttindi sjúklinga með því að senda sjúkraskýrslurnar mínar frá mér svo fólk geti pikkað út úr þeim einhverjar upplýsingar sem ég veit ekki um, hugsanlega í andstöðu við skoðanir sjúklinganna,“ — sagði Sigurður Björnsson.

Hann er ekki einn um þá skoðun að telja þessa meðferð á upplýsingum um heilsufar fólks stríða gegn siðareglum, læknaeiðnum, læknalögum og t.d. lögum um réttindi sjúklinga. Það hefur verið margítrekað í umræðunni.

Kannski er ástæða til að velta því fyrir sér af hverju sé verið að þessu — ef þetta er eins og ég vil reyndar meina og einhverjir fleiri — að þetta verði aldrei það tæki sem það átti að verða. Ég er hissa á því ef það fyrirtæki, sem hefur verið mest í umræðunni um þetta rekstrarleyfi, er ekki búið að átta sig á því eða forsvarsmenn þess. Maður veltir því fyrir sér hvers vegna sé verið að þrýsta svona mikið á um þetta. Því hefur verið haldið fram af hálfu rekstrarleyfishafans væntanlega að samþykkt þessa frv. og framkvæmd þessarar hugmyndar sé alls ekki nauðsynleg fyrir fyrirtækið, það muni starfa eftir sem áður. Nú þegar eru starfandi þarna eitthvað í kringum 200 starfsmenn og fyrirtækið virðist ganga vel. Ég undrast því svolítið í sjálfu sér að svona mikil áhersla skuli lögð á að ná frv. í gegn, ekki síst í ljósi þeirrar neikvæðu umfjöllunar sem hefur átt sér stað víða erlendis í tengslum við málið. Eitthvað mikið hlýtur að vera í húfi fyrir því að þessi hugmynd fari í gegn úr því að svona mikil áhersla er lögð á það. Hvort fjárhagsleg sjónarmið eru að baki, hugsanlega þau að þolinmæði fjárfesta sé ekki endalaus og þeir í raun og veru þrýsti á að þetta mál fari í gegn, ég veit það ekki.

Ég tel það orðið algjörlega ljóst að hugmyndin geti aldrei orðið það tæki sem til var ætlast og ég sé ekki hver það er

þá eftir allt sem ætti að hafa svona mikla hagsmuni af því að þetta verði framkvæmt. Er þá ekki bara skynsamlegra að hvíla málið, er það bara ekki best fyrir alla aðila að hvíla málið? Byrja e.t.v. á hugmyndinni algjörlega frá upphafi, skoða aðrar hugmyndir í leiðinni og eyða þá kannski um leið — hugsanlega yrði lendingin sú sama, ég veit það ekki — þeirri tortryggni og þeirri gífurlega hörðu andstöðu sem er við þetta mál víðs vegar í samfélaginu og víðs vegar um heiminn?

Ég teldi mjög mikilvægt ef það yrði gert því, eins og ég segi, ég held að engum sé akkur í því að þetta mál fari í gegnum þingið með þessum ósköpum eins og það hefur gengið í raun og veru allt frá upphafi.

[22:25]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við erum enn í 2. umr. um þetta umdeilda mál og langt frá því að sú umræða sé tæmd enda málið *stórt og marghólfa eins og fram hefur komið. Eins og getið* var um virðist sem fólki utan þings, og kannski innan að einhverju leyti líka, sé málið nokkuð torskilið. Vitnað var til skoðanakannana hjá almenningi varðandi skilning eða hvort fólk teldi sig átta sig á málinu og niðurstaðan var sú að það var tiltölulega mjög lítill hópur sem gaf það upp að hann teldi sig skilja málið.

Ég get tekið undir að það er ekkert undarlegt eins og málið liggur hér fyrir. Það hefur m.a. vafist fyrir jafnvel aðilum innan heilbr.- og trn. að skilja hver annan í sambandi við málið. Það hefur einmitt birst við umræðuna eftir að nál. komu fram að sumir hverjir sem skipa þessa þingnefnd hafa ekki haft sammæli um skilning á einstökum þáttum málsins og hefur það orðið tilefni mikillar umræðu, m.a. af hálfu formanns nefndarinnar og milli formanns nefndarinnar og varaformanns. Þetta er þýðingarmikið í sambandi við stöðu málsins og mun leiða til þess að málið þarf frekari umfjöllun milli umræðna og auðvitað er brýnt að menn átti sig á því hvert sé inntak málsins og hvernig hugmyndin sé að sá miðlægi gagnagrunnur, sem frv. gerir ráð fyrir, eigi að virka, hvert sé eðli hans og hvernig hann fari saman við persónuvernd. Þetta er kjarnaatriðið í sambandi við málið fyrir utan viðskiptalega hlið og viðskiptalegar forsendur sem hafa komið til umræðu.

Ég tel nauðsynlegt, virðulegur forseti, í þessu sambandi að fara í byrjun máls míns yfir nokkra þætti sem snerta málflutning varaformanns heilbr.- og trn. eins og hann birtist í þinginu fyrr á þessum degi, þar sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir var að skýra eða taldi sig vera að skýra viðhorf sitt til þeirra brtt. sem fyrir liggja frá meiri hl. heilbr.- og trn. Ég ætla samhengisins vegna að leyfa mér að vitna til fáeinna þátta í ummælum hv. þm. þannig að ég sé ekki að fara með mál eftir minni eða eftir minnispunktum mínum og bið forseta um leyfi til að fara með það. Það er með þeim fyrirvara sem gildir um uppskriftir úr ræðum þingmanna, að þetta hefur ekki verið yfirlesið.

Fyrst er vitnað í álit Lagastofnunar varðandi persónuvernd og persónugreinanleika upplýsinga. Niðurstaðan úr því er samkvæmt því sem fram kemur í áliti Lagastofnunar að þeir sem að því standa telji að upplýsingarnar í gagnagrunninum séu ópersónugreinanlegar, þó með ýmsum fyrirvörum. Það er ekki sterkt til orða tekið en þetta er þó túlkað sem niðurstaða í áliti Lagastofnunar. Enda segir hv. þm.:

„Þetta þýðir, virðulegur forseti, að Lagastofnun telur, og ég er sammála því, að upplýsingarnar séu ópersónugreinanlegar. Ég tel að persónuverndin sé afar trygg í frv. og sumir sem vel til þekkja líkja þessu nánast við vernd sem viðhefst hjá leyniþjónustum. Ég skal ekki segja hvort það er rétt en hún er a.m.k. afar trygg."

Það mætti nú leggja út af þessu með leyniþjónusturnar en ég ætla ekki að gera það frekar, virðulegur forseti. Það sem þar er varðveitt hefur ekki alltaf þótt í öruggum höndum og gagnnjósnir eru alþekktar. En hitt er ekki illa til fundið hjá hv. varaformanni heilbr.- og trn. að líkja þessum málatilbúnaði við það sem gerist hjá leyniþjónustum. Við erum stödd í miklum myrkviði í sambandi við þetta mál og fer vel á að draga upp samlíkingar við það sem æsilegast gerist í leynilögreglusögum og starfsemi leyniþjónusta.

Hér segir síðan áfram:

„Þegar við tókum málið út úr nefndinni var það sameiginlegur skilningur okkar að eðlilegt væri að það ætti að flytja heilsufarsupplýsingarnar á dulkóðuðu formi en síðan ætti ekki að geyma þær á dulkóðuðu formi inni í gagnagrunninum. Það er hins vegar rétt sem hér er bent á að í umsögn Stika ehf., að mig minnir, kemur fram að það eigi að geyma heilsufarsupplýsingarnar á dulkóðuðu formi en við nánari skoðun er þetta nánast ótækt í vinnslu." — Þetta eru ummæli varaformanns heilbr.- og trn. og ég bið áheyrendur að taka eftir þessu orðalagi, hvernig orðum er hér hagað: „við nánari skoðun er þetta nánast ótækt í vinnslu". — „Það er eðlilegt að dulkóða einungis persónuauðkennin og þau verða margdulkóðuð og ekki verður hægt að rekja sig til baka þannig að það verður ópersónugreinanlegt að því leyti, en hins vegar yrði afar erfitt að vinna með grunninn ef heilsufarsupplýsingarnar yrðu líka dulkóðaðar."

Frv. gerði einmitt ráð fyrir þessu, þetta var eitt af lykilatriðum í sambandi við aðra gerð þess sem lögð var fram í haust. Það sýnir eitt með öðru í hvaða stöðu við erum með þetta mál. Þetta hreyfist til og frá eftir því sem vikurnar líða. Og enn vitna ég í hv. þm.:

„Það er ekki þörf á því [þ.e. að dulkóða heilsufarsupplýsingar] að mér skilst vegna þess að það á að geyma heilsufarsupplýsingarnar í nokkrum aðskildum grunnum og það verða svokallaðir starfstjórar yfir hverjum litlum grunni innan heilsufarsgrunnsins þannig að ekki verður hægt að persónugreina fólk upp úr honum þar sem þetta verður í aðskildum gagnasöfnum."

Um þetta vil ég segja að þetta er prýðilega orðað hjá hv. varaformanni heilbr.- og trn. Það er ekki hægt að „persónugreina fólk upp úr grunninum", eins og við tökum upp úr hatti. Ég lái ekki þeim sem hlýða á mál okkar hér á þingi, m.a. þennan málflutning hér, þó mönnum virðist þetta nokkuð hart undir tönn, hvernig þessi grunnur eigi að virka með þeim breytingum sem nú á að gera á elleftu stundu ef að líkum lætur.

Og áfram segir hv. talsmaður meiri hlutans:

„Það hefur verið reynt að útskýra þetta með þeim orðum að ef heilsufarsupplýsingarnar yrðu geymdar á dulkóðuðu formi yrði mjög erfitt að nota þær, þá yrði það nánast eins og ef maður ætlaði að leita að einhverju orði í bók og væri búinn að taka bókina upp á segulband, þá þyrfti að hlusta á allt segulbandið til að finna orðið. Ég veit ekki hvort þetta skýrir málið eitthvað frekar fyrir þingheimi." Það er eðlilegur fyrirvari af hálfu hv. þm.

Virðulegur forseti. Síðan gerir þingmaðurinn atrennu að því að skilgreina hvað miðlægur gagnagrunnur er. Ég ætla ekki að lesa það upp en þar kemur það fram sem leitt hefur til mikilla orðaskipta milli formanns heilbr.- og trn. og varaformannsins, að formaður nefndarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, telur sig nánast svikinn í tryggðum í sambandi við þær breytingar sem verið er að gera á frv. með þeirri brtt. sem fyrir liggur, líklega í tölulið 10 í brtt. meiri hluta nefndarinnar. Þar er ótvírætt tekið inn orðalag um samtengingu upplýsinga í gagnagrunninum við aðra gagnagrunna sem hafa að geyma ættfræðiupplýsingar, aðrar upplýsingar í gagnagrunninum og fleira sem þar að lýtur. Erfðafræðiupplýsingar eru einnig hluti af þessu samkvæmt því sem hér kemur fram. Þetta varðar sem sagt gagnagrunninn sjálfan.

Síðan urðu hér af máli hv. þm. nokkur orðaskipti milli mín og hv. varaformanns heilbr.- og trn. Ég hafði leitt líkur að því að ef þær aðferðir sem gert er ráð fyrir og þingmaðurinn lýsti yrðu hafðar, þá væri tjaldið algerlega fallið í sambandi við persónuverndina. Samkvæmt því stæðu upplýsingar í gagnagrunninum augljóslega eftir sem persónugreinanlegar upplýsingar þannig að það ætti að vera hverjum manni ljóst. Þá var ég að fjalla um samkeyrsluna við erfðafræðiupplýsingar. Þingmaðurinn segir sem andsvar við máli mínu, með leyfi forseta:

„Virðulegur forseti. Þarna greinir okkur hv. þm. Hjörleif Guttormsson á. Ég tel t.d. að þessar upplýsingar séu ópersónugreinanlegar eins og Lagastofnun telur en það telur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ekki. Ég tel að tölvunefnd sé fær og fullbær um að hafa eftirlit með þessum gagnagrunni. Ég vil sérstaklega minna á orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem hann lét falla hér í fyrradag um að hann treysti tölvunefnd. Ég treysti henni líka. Ég treysti henni til að sjá svo um að vinnuferlið sem sett verður upp milli þessara grunna, verði það niðurstaðan að setja upp sérstakt vinnuferli milli þeirra þriggja, standist persónuverndina. Ég tel það tæknilega hægt. Til nefndarinnar höfum við fengið tæknimenn sem telja þetta mögulegt, reyndar með miklum tilkostnaði og miklum æfingum en væntanlegur starfsleyfishafi á að greiða þann kostnað."

Enn vefengdi ég að þetta leiddi til þeirrar niðurstöðu að upplýsingarnar yrðu ópersónugreinanlegar en hv. þm. hélt sig við þá skoðun og vildi meina að ég vantreysti tölvunefnd og sagði:

„... [Ég] vil bæta við, fyrst hv. þm. hefur ekki mikið álit á því að tölvunefnd geti séð um persónuverndina í þessu máli, að það á jafnframt að vera óháður aðili sem tekur út gagnagrunninn með tilliti til persónuverndar. Óháður aðili. Hann gæti verið innlendur eða erlendur. Það að segja að þetta mál verði tekið úr höndum tölvunefndar og henni ýtt til hliðar. Hvaða þvæla er þetta? Að sjálfsögðu á tölvunefnd samkvæmt lögum að sjá um persónuverndina í þessum gagnagrunni, verði frv. að lögum sem ég tel að verði. Þá á tölvunefnd að taka út vinnuferlið og tryggja persónuverndina, hún á að gera þetta og hafa eftirlit með grunninum í framhaldinu. Hún getur hvenær sem er farið þarna inn og tryggt persónuverndina með eftirliti."

Því er ég að rekja þetta, virðulegur forseti, að við erum hér að fjalla um mjög stóran þátt þessa máls sem eftir á að fá athugun í þingnefnd eftir því sem ég fæ best skilið. Ég vil fara nokkrum orðum um það hvernig ég lít á þetta mál.

Hér er verið að byggja upp miðlægan gagnagrunn þar sem um er að ræða þrjá meginþætti: heilsufarsupplýsingar teknar upp úr sjúkraskrá, ættfræðiupplýsingar teknar úr sérstökum grunni og erfðafræðiupplýsingar úr þriðja grunninum. Þessar upplýsingar á að varðveita aðskildar, að mér skilst, þar til þörf er á að samkeyra þær. Þá eru þær samkeyrðar. Til þess að það sé gert, samkvæmt því sem hv. þm. segir, þarf tölvunefnd að hafa farið yfir vinnuferlið. Og það var mikil áhersla lögð á að ekki væri um það að ræða að væntanlegur rekstrarleyfishafi — les Íslensk erfðagreining — þurfi að senda fólk á milli til tölvunefndar til að sækja um leyfi daglega heldur ætti það að gerast, að mér skilst, í víðu samhengi til að spara vinnu. Þannig skildi ég hv. þm. Þetta á að vera trygging fyrir því, þessi skoðun tölvunefndar og hugsanleg neitun tölvunefndar, á að vera trygging fyrir persónuverndinni.

En mín spurning er: Hvernig á tölvunefnd að geta tryggt persónulegar upplýsingar? Það er alveg dagljóst að upplýsingar sem tengjast einstaklingum, þar sem samkeyrðar eru erfðafræðiupplýsingar og upplýsingar úr sjúkraskrám, heilsufarsupplýsingar, eru ekki lengur ópersónugreinanlegar. Um það getur í rauninni ekki verið að ræða heldur eru upplýsingarnar orðnar persónugreinanlegar. Hvernig á tölvunefnd að skrifa upp á slíkt ferli, þó vinnuferli kallist? Mér er ómögulegt að sjá það.

Upplýsingar um erfðir einstaklinga eru innstu og viðtækustu upplýsingar sem varða einstaklinginn eins og við þekkjum úr nýtingu slíkra upplýsinga, m.a. í sambandi við lögreglumál og annað þess háttar sem orðið er býsna algengt nú til dags. Þær eru eins og fingraför manna, svo að brugðið sé á samlíkingu sem vel er þekkt. Hvernig á að vera hægt að afmá þessi fingraför og gera þau ópersónugreinanleg? Hvernig má það gerast? Ég skil ekki hvernig það á að vera hægt og sé ekki hvernig hægt er að búast við að tölvunefnd geti bundið fyrir augun og fallist á að slíkar upplýsingar séu ópersónugreinanlegar. Hér tel ég að verið sé að biðja um það sem ekki er mögulegt. Það er ósanngjarnt að leggja slíkt fyrir tölvunefnd nema til þess að fá alveg örugglega nei. Þá er málið þannig statt að tölvunefnd, samkvæmt sínum reglum væntanlega, verður að segja nei. Gagnagrunnurinn er stopp, hver er staðan? Hvað á að gera? Hvert er notagildi slíks grunns?

Ætlum við að lögfesta hér á Alþingi ferli sem hefur það í för með sér að ekki er hægt að keyra grunninn? Eins og ég vék að í andsvari við hv. þm.: Ætlum við þá að breyta lögunum um tölvunefnd eða öðrum þáttum laganna og segja að þrátt fyrir það að upplýsingarnar séu persónugreinanlegar, þá skuli gangverk grunnsins ganga fram? Það er ekki margra kosta völ í þessum efnum.

Við þurfum í rauninni ekkert að fara í grafgötur um stöðu þessa máls eins og ítrekað hefur verið rakið hér við umræðuna. Í málskjölum hv. heilbr.- og trn. liggur fyrir umsögn tölvunefndar sem vitnað hefur verið til, umsögn frá 26. okt. 1998 og ég tel að ekkert hafi komið fram sem dregur úr gildi þeirrar umsagnar heldur þvert á móti hljóti grunnur hennar að hafa styrkst, ef eitthvað er, frá þeim tíma. Þar kemst tölvunefnd að þeirri meginniðurstöðu að upplýsingar í þessum miðlæga gagnagrunni verði persónugreinanlegar. Þetta er fyrsta atriðið sem við sem flytjum hér frávísunartillögu í formi dagskrártillögu á þetta mál, drögum fram, þ.e. að þessi undirstaða frv. fær ekki staðist. Þar með er frv. fallið um sjálft sig.

Ég skil það vel að hv. þm. hefur ekki haft mikið ráðrúm til þess að ráðfæra sig við sérfræðinga um þetta efni, en rétt er að geta þess að útskýringar hv. þm. voru þó fram

bornar á alveg skiljanlegan hátt í þingræðu í dag. Það er því ljóst að hér er um það að ræða að menn eru komnir í algerar ógöngur. Það les ég milli línanna úr máli hv. þm. þegar hann reyndi að lýsa því hvernig þetta ætti að ganga fyrir sig. Þar kom ljóslega fram að málið væri afar snúið en þó hafði hv. þm. trú á því að með tilfæringum og brellum væri hægt að búa svo um hnútana að upplýsingarnar héldust ópersónugreinanlegar.

Virðulegur forseti. Það er ekki fært fyrir Alþingi Íslendinga að standa lengi í því að þrátta um slíka hluti, að manni finnst, jafnauðsætt og þetta ætti að vera. Ég spyr: Ef menn eru spyrja um heimildir og meta heimildir eða ráðgjöf, skulum við segja, hvort mundum við telja líklegt, virðulegur forseti, að tölvunefnd hafi hitt naglann á höfuðið eða Lagastofnun, lesist Davíð Þór Björgvinsson, lögfræðingur og prófessor? Hvor þessara aðila skyldi nú vera betur læs á það hvort upplýsingar séu persónugreinanlegar eða ekki? Ég er ekki í neinum vafa um það. Ég undrast það að menn skuli leiða fram álit lögfræðinga, þótt virtir séu, ofan úr háskóla í sambandi við þetta mál sem þó er í hinum mesta bögglingi, til að leiða líkur að því að upplýsingarnar séu ópersónugreinanlegar, eins og lesa má um í 99 blaðsíðna áliti sem fjallar auðvitað um marga fleiri þætti þar sem verið var að svara fyrirspurnum af hálfu Íslenskrar erfðagreiningar.

Virðulegur forseti. Ég taldi mikilsvert að draga þetta fram í sambandi við þetta mál og væri vissulega hægt að tína til ýmislegt fleira sem þetta varðar. En ég vil ekki vera að flækja þetta mál með lengri orðræðu um það. Ég tel að málið liggi skýrt fyrir að þessu leyti og ég treysti því að hv. þingnefnd komist að hinu rétta í málinu við frekari skoðun. Ef ekki fæst úr því skorið og ekki verður sammæli um þetta grundvallaratriði í þingnefndinni þá vil ég biðja hv. þingnefnd, virðulegur forseti, og treysti hv. þingnefnd eftir á að hyggja að fallast á það, að senda málið út fyrir landsteinana, jafnvel eftir tæknilegum boðleiðum sem á ekki að taka langan tíma til þess að leita enn frekari ráðgjafar og álitsgerðar frá þeim sérfræðingum sem treysta má til þess að veita okkur álit í málinu og hefur tillaga þar að lútandi raunar komið fram í heilbr.- og trn., fyrir þann 10. nóv. 1998. Í fyrri ræðu minni við umræðuna vék ég að þessu máli og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom einmitt inn á það í máli sínu í dag. Ég mun athuga hvort ég rata ekki á það í útskrift ræðu hennar. Hv. þm. vék að þessu atriði síðla í ræðu sinni og sagði, með leyfi forseta:

„Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem hélt mjög ítarlega ræðu í gær, fór vel yfir þetta mál og hafði greinilega skoðað það náið eins og hans var von og vísa," — þetta ætti ég nú ekki að vera að lesa hér upp, virðulegur forseti, — „spurði hvers vegna ekki hefði verið leitað til erlendra vísindastofnana til að fá sérstakar álitsgerðir. Því er til að svara að þessi beiðni kom fram í heilbr.- og trn. en meiri hlutanum þótti ekki rétt að fallast á hana. Frv. hefur tekið miklum breytingum og við teljum okkur bær til að takast á við málið hér í þinginu. Við samþykktum það því ekki. Okkur fannst heldur ekki eðlilegt að leggja frv. fram til vísindastofnana þar sem vitað var að gerðar yrðu breytingar á því.

Ég vil benda á tvær stórar og afar jákvæðar breytingar sem hafa verið gerðar en þeir sem hafa talað gegn frv. hafa þó ekki rætt neitt hér heldur einungis dregið fram gallana."

Hér ætla ég að nema staðar í tilvitnuninni því að ég ætla að víkja fyrst að þessu atriði, þ.e. synjuninni á að leita ráðgjafar erlendis en koma síðan að breytingunum sem hv. þm. fjallaði um í framhaldinu.

Mér finnst að sú skýring sem hér er reidd fram og kemur í fyrsta sinn fram í þinginu á þessari synjun af hálfu meiri hluta heilbr.- og trn. á því að leita álits erlendis frá — það þarf ekki að heita að leita ráða eða ráðgjafar heldur einfaldlega að leita álits — þ.e. rökin gegn því séu á engan hátt frambærileg. Ég er á fáu meira undrandi í þessu annars mjög sérkennilega máli og málafylgju en að þessu skyldi hafnað því að ég er sannfærður um að við hefðum staðið betur að vígi við að leggja mat á þetta, hver og einn hv. þm., ef við hefðum haft handa á milli álitsgerðir frá virtum aðilum sem hefðu veitt þær og reitt þær fram til þingnefndar og til Alþingis.

Það að unnið var að breytingum á frv. skiptir auðvitað engu máli í þessu samhengi, jafnauðvelt og það hefði verið að láta þær brtt. koma fram. Það er ekkert annað en viðbára, sýnist mér, og afar veigalítil að mínu mati.

Virðulegur forseti. Vegna þessa ætla ég að vitna til bréfs sem barst talsmanni 1. minni hluta, þ.e. hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, og mun hafa verið lagt fyrir nefndina. Þetta er bréf sem dr. Skúli Sigurðsson, sem starfar í Berlín, sendi til þingmanns í nefndinni sem hugmynd að því hvernig standa mætti að því að leita álits. Ég sé ástæðu til þess að vitna í þetta erindi sem ég hef hér fyrir framan mig, dagsett í Berlín þriðjudaginn 10. nóv. 1998, með leyfi forseta:

„Kæra Bryndís Hlöðversdóttir alþingismaður.

Í framhaldi samtala tjái ég þér hér til hverra heilbr.- og trn. getur snúið sér til þess að vita hvert heilbr.- og trn. ætti að leita varðandi ráðgjöf færustu manna varðandi frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Eins og við ræddum munt þú sýna dr. Össuri Skarphéðinssyni, formanni heilbr.- og trn., þetta fax og einnig gætuð þið sent mér uppkast að bréfunum, best væri með tölvupósti, fyrir hádegi á morgun. Ég mundi lesa uppköstin í hvelli og kæmi með ábendingar um hæl. Því ættuð þið að geta sent bréfið frá ykkur í seinasta lagi á fimmtudagsmorgun sem ætti, vegna þess að annað bréfið yrði sent vestur um haf, að þýða það að þið gætuð jafnvel verið komin með svar í hendurnar á föstudag og gætuð skrifað til fyrstu erlendu ráðgjafanna um helgina og sent þeim erindisbréf ásamt fylgiskjölum ekki síðar en mánudaginn 16. nóv." — Það stendur hér október en hlýtur að eiga að lesast nóvember miðað við dagsetningu bréfsins.

„Hér er um tveggja skrefa ferli að ræða.

1. Að skrifa til tveggja manna sem ég mun tilgreina. Þeir ættu að benda heilbr.- og trn. á færustu sérfræðinga vestan hafs og austan á sviði siðfræði, sögu og lagagerðar í líftækni, erfðafræði og erfðamengisrannsóknum, á enskunni genomics, sem hefðu auk þess skilning á því hvaða vandamál skjóta upp kollinum þegar upplýstu samþykki, persónuvernd og mannréttindum er teflt í tvísýnu með ónógum skilningi á vísindaþróun, þróun læknisfræðinnar og hátækni (erfðatækni, gagnagrunnar).

2. Þegar heilbr.- og trn. hefði borist niðurstaða úr skrefi eitt gæti hún leitað eftir álitsgerðum og stuðst þá við það sem heilbr.- og trn. hefur skrifað í fyrsta skrefi þótt það þurfi að vera mun ítarlegra auk þess sem nauðsynlegt er að ýmis fylgiskjöl fylgi. Ég sting upp á því að heilbr.- og trn. leiti til prófessors Huberts Markls og prófessors Everetts Mendelsohns. Nú mun ég rökstyðja í stuttu máli af hverju ég sting upp á þeim tveim.

Þá er það fyrst Hubert Markl. Hann er líffræðingur að mennt og hefur verið forseti The Max Planck Society for

the Advancement of Science e. V. síðan árið 1996. Á vegum þessa félagsskapar starfa 80 stofnanir með um 10.700 starfsmenn, þar af um 2.880 vísinda- og fræðimenn. Velta félagsskaparins var um 1.946 millj. þýskra marka árið 1997. Þessar 80 stofnanir eru á sviðum raun- og hugvísinda. Þessi félagsskapur tók til starfa í stríðslok en undanfari þess árin 1911–1939 hét Kaiser Wilhelm Society for the Advancement of Science e. V. Á fyrri tímanum voru 14 nóbelsverðlaunahafar forstjórar stofnana og á eftirstríðsárunum hafa 16 nóbelsverðlaunahafar bæst í hópinn. Af þeim eru alla vega sex enn við störf.

Innan vébanda The Max Planck Society for the Advancement of Science e. V. eru margir virtir vísindamenn sem gætu veitt heilbr.- og trn. ráðgjöf auk þess sem að innan vébanda félagsskaparins er sérstök vísindasiðanefnd. Ef heilbr.- og trn. skrifar bréf til prófessors Huberts Markls og biður um ráðgjöf hef ég fyrir satt að hann muni bregðast skjótt við og benda á þá vísindamenn eða hóp þeirra sem hann telur helst hæfa til þess að svara heilbr.- og trn.

Þá er það hinn aðilinn. Everett Mendelsohn hefur verið prófessor í vísindasögu við Harvardháskóla í Cambridge Massachusetts síðan árið 1965. Sérsvið hans er saga líffræði og samband vísinda- og stjórnmála. Hann hefur verið ritstjóri tímaritsins Journal of the History of Biology frá því að það hóf göngu sína árið 1967 (frekar, sjá síðu 5:397 í American Men And Women Of Science, 1995–96, 19. útgáfa). Everett Mendelsohn er afburðafræðimaður, hefur mjög næman skilning á sambandi vísinda og stjórnmála og þekkir líftækni mjög vel. Þegar upp úr miðjum 8. áratugnum vann hann á þessu sviði fyrir Bandaríkjaþing, (sjá Everett Mendelsohn, James Sorenson og Judith Swazey, viðauki 3, Recombinant DNA Science as a Social Problem. Special Studies. Scholarly adjunct report of the National Commission for the Protection of Human Subjects of Biomedical and Behavioral Research, desember 1976). Seinast á þessu sumri var hann einn aðalfyrirlesari á norrænni ráðstefnu í Uppsölum um Eugenics og líftækni.

Í raun mega bréfin til Huberts Markls og Everetts Mendelsohns vera svo til þau sömu. Bæði bréfin geta vitanlega verið á ensku.

Því skrifa ég þér þetta bréf að ég vil forða Íslendingum frá þeirri ógæfu að reyna að hlaupa fram af þverhníptu bjargi án þess að leita sér ráða hjá færu og skynsömu fólki erlendis. Til marks hvað útlendingar taka þetta gagnagrunnsuppátæki okkar Íslendinga alvarlega er ekki bara frétt í Science 30. október sl., síða 859, heldur það að blaðamaður frá the New Yorker, vann áður við Washington Post og New York Times hefur haft samband við mig vegna ferðar hans til Íslands dagana 15.–22. nóvember nk. Ég mun hvetja blaðamanninn, Michael Specter, m.a. til að hafa samband við ykkur Össur.

Íslendingar eiga að gleðjast yfir þessari athygli á þessari ögurstund í lok 20. aldarinnar og nýta sér þekkingu annarra til að ná áttum. Það er von mín að svör Huberts Markls og Everetts Mendelsohns, auk þess sem kemur út úr skrefi tvö, geti hjálpað heilbr.- og trn. við það vandasama verkefni.

Með bestu kveðju, Skúli Sigurðsson." Þ.e. sá sem sendi erindið.

Þetta erindi barst þingnefndinni og er þar með opinbert erindi, en kynnt þingnefndinni sem hugmyndir þessa virta fræðimanns. Ég fæ ekki betur séð en að hér sé verið að ráða heilt. Hér er a.m.k. vísað til afar gildra sérfræðinga og sérfræðistofnana til að leita ráða eða álits, umsagnar um frv. ríkisstjórnarinnar.

Hvað gerist, virðulegur forseti, þegar þetta liggur fyrir í nefndinni? Jú, svörin sem við fáum hér í þinginu frá hv. varaformanni heilbr.- og trn. voru:

„Því er til að svara að þessi beiðni kom fram í heilbr.- og trn. en meiri hlutanum þótti ekki rétt að fallast á hana. Frv. hefur tekið miklum breytingum og við teljum okkur bær til að takast á við málið hér í þinginu. Við samþykktum það því ekki."

Þetta eru viðbrögðin, virðulegur forseti. Auðvitað átti svona bréf að verða til á vegum heilbr.- og trn. sl. vor. Þá var ráðrúm til þess og enn var ráðrúm til þess í nóv. sl. Það þurfti ekki að taka þessari beiðni, ef menn tortryggðu það sem þar er lagt til. Það þarf ekki að fara til manna erlendis til þess arna. Hægt hefði verið að leita til virtra fræðimanna hér sem hafa mikil fræðileg samskipti við menn erlendis og auðvelt er að benda á einstaklinga sem hefðu getað verið innan handar í því efni. Ég leyfi mér að nefna t.d. prófessor Einar Árnason sem hefur fengið erindi erlendis frá og miðlað til Íslendinga, bæði á ráðstefnum og til þingmanna, um viðbrögð manna og álit á því sem hér er að gerast. Ég veit ekki hvort þau erindi hafa borist hv. þingnefnd og verið þar til skoðunar. Það hefði verið full ástæða til þess. Ég er sannfærður um að virtir fræðimenn í Háskóla Íslands hefðu getað farið yfir þessar hugmyndir hér eða lagt fram eigin hugmyndir um hvert eðlilegt væri að leita umsagnar erlendis frá til að fá betri sýn á málið. Ég tel að einn alvarlegasti þáttur þessa máls sé sjálfbirgingurinn sem birtist í viðbrögðum hv. meiri hluta í heilbr.- og trn. í sambandi við málið.

Það er von að tekið sé stórt til orða, eins og fram kom í erindi frá Skúla Sigurðssyni, að þörf sé á að reyna að forða Íslendingum frá þeirri ógæfu að reyna að hlaupa fram af þverhníptu bjargi, án þess að leita ráða, með bundið fyrir bæði augu. Það er því miður að gerast hér.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að staldra lengur við þetta þó að það sé umræðunnar virði. Það getur hver og einn getið sér til um ástæðurnar að baki þessu þó erfitt sé að skilja. Ég skil það ekki og býst við að fleirum reynist örðugt að skilja það.

Ég vík nú að öðrum þætti, virðulegur forseti, í ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur sem hún flutti fyrr í dag þar sem vikið var að breytingum þeim sem frv. hefði tekið. Ég leyfi mér að halda áfram í miðri málsgrein þar sem ég lauk tilvitnun:

„Ég vil benda á tvær stórar og afar jákvæðar breytingar sem hafa verið gerðar en þeir sem hafa talað gegn frv. hafa þó ekki rætt neitt hér heldur einungis dregið fram gallana. Breytingarnar sem ég tel vera afar góðar og til þess fallnar að skapa sátt um þetta mál, maður var að vonast til þess, eru að sett er inn í frv. heimild til ráðherra að semja við væntanlegan starfsleyfishafa um frekari greiðslur, sá kostur er gefinn og þeir samningar munu væntanlega fara í hönd. Þetta kom fram í grg. með frv. en þótti of veikt að hafa það þar. Okkur hafði verið bent á að erfitt væri að fara í samninga ef ekki væri lagastoð fyrir þeim. Við settum því lagastoð undir þessa heimild. Það sem er kannski ekki síður mikilvæg breyting, sem við gerðum á milli 1. og 2. umr., var að gera ráð fyrir þverfaglegri vísindasiðanefnd. Ráðherra er gert skylt að setja upp þverfaglega vísindasiðanefnd til þess að meta allar rannsóknir áður en þær sækja gögn í grunninn

og fyrirspurnir bæði frá starfsleyfishafanum og frá aðilum sem eru fyrir utan hann. "

Ég ætla að fara nokkrum orðum um þessar „veigamiklu" breytingar á frv. Ég greindi frá því snemma á þessum sólarhring — þá voru eitthvað færri áheyrendur en nú — að mitt mat væri að báðar þessar breytingar væru harla léttvægar. Hina fyrri taldi ég kannski ekki til verri vegar, það mætti telja hana meinlausa, þessa heimild fyrir framkvæmdarvaldið að reyna að semja um frekari greiðslur, eins og það er orðað held ég, vegna starfrækslu gagnagrunnsins og þá við rekstrarleyfishafa að sjálfsögðu.

Hin síðari sýnist mér að sé til hins verra ef eitthvað er, þ.e. varðandi þverfaglega siðanefnd sem setja á upp og mun ég víkja að því síðar.

Heimildina um greiðslur er að finna í breytingartillögum hv. meiri hluta og er brtt. við 4. gr. þar sem gert er ráð fyrir að við bætist ný grein, svohljóðandi: „Ráðherra og rekstrarleyfishafa er heimilt að semja um frekari greiðslur í ríkissjóð og skal þeim varið til eflingar heilbrigðisþjónustu, rannsókna og þróunar."

Er þetta veigamikil lagastoð sem hér á að setja í frv.? Það er ekki skylt og málinu er ekki, virðulegur forseti, aðeins beint til framkvæmdarvaldsins heldur er heimildin einnig til rekstrarleyfishafa, eins og það þurfi sérstaka lagaheimild til þess að rekstrarleyfishafa sé heimilt að semja um greiðslur. Ég átta mig ekki á því að við þurfum heimildir frá Alþingi til þess að rekstrarleyfishafa sé heimilað að semja um greiðslur við ráðherra. Þannig er þetta orðað hér. Ég geri nú ráð fyrir að þetta séu pennaglöp hjá meiri hlutanum sem hér er um að ræða.

En hvað segir þetta okkur? Það er algerlega undir vilja ráðherrans komið hvort þessir samningar verða teknir upp, hvort ráðherrann metur það svo og ekkert meira sem í þessu felst. Ráðherra verður þá, eins og gengur, heimilt að fara með frómar óskir á fund rekstrarleyfishafa, sem samkvæmt tillögunni og væntanlegri löggjöf, ef fram gengur, verður einnig heimilt að semja við ráðherrann um frekari greiðslur. Þetta er lagt hér fram sem veigamikil breyting í þessu máli, ein af tveimur meginbreytingum til stórfelldra bóta, eins og það er lagt fram af talsmönnum meiri hlutans í sambandi við þetta frv. (**Gripið fram í:** Það segja alþýðuflokksmenn.)

Það segja alþýðuflokksmenn, segir hv. þm. Ja, það er nú það. Á hvaða bæ er verið að vísa þar? Ég átta mig ekki alveg á því. Hv. þm. kannast kannski við það, því ég geri ráð fyrir að hann standi eitthvað nær miðjunni heldur en sá sem hér talar.

Nú, ekki meira um þetta, ég held að hver maður geti skilið að þessi heimild er ekki veigamikið innlegg í málið.

Hinn þátturinn er þverfagleg vísindasiðanefnd. Það er best að átta sig á brtt. þar að lútandi sem er við 12. gr., um að við bætist ný mgr. svohljóðandi:

Ráðherra skal setja reglugerð um þverfaglega siðanefnd sem meta skal rannsóknir sem gerðar eru innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem berast. Mat nefndarinnar verður að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd rannsókna eða vinnslu fyrirspurna."

Þetta er ákvæðið. Um það er fjallað bæði í nál. meiri hlutans og 1. minni hluta, að þessari miklu breytingu að þeirra mati. Í skýringum í nál segir:

„Lagt er til að við 12. gr. bætist ný málsgrein um þverfaglega siðanefnd. Lagt er til að ráðherra verði gert skylt að setja reglugerð um siðanefnd sem hafi það hlutverk að meta rannsóknir sem gerðar eru innan fyrirtækis rekstrarleyfishafa og fyrirspurnir sem gerðar eru í gagnagrunninum."

Það er, virðulegur forseti, svolítið torrætt orðalag „fyrirspurnir sem gerðar eru í gagnagrunninum", en í samræmi við annað í þessu máli þar sem þessi skrímsli eru farin að lifa eigin lífi og persónugerast eins og sjá má af þessu orðalagi. Síðan er talað um „Ráðherra" og það er mikilvægt því að ég held að það hafi ekki verið í lagatextanum, frumvarpstextanum, breytingartillögunni, en í nál. segir:

„Ráðherra kveður nánar á um í reglugerð hvernig nefndin skuli skipuð og um starfshætti hennar að öðru leyti."

Ja, þetta er mjög tryggt. Þarna er afskaplega vel um hnútana búið, virðulegur forseti. Þverfagleg siðanefnd samkvæmt hugmyndum ráðherra um skipun og starfshætti. Við eigum að taka við þessu sem þýðingarmiklu innleggi í málið og *mikilli breytingu til bóta.*

Ég get ekki tekið undir það en til að öllu sé til haga haldið þá ætla ég að vitna í álit 1. minni hluta, sem mér hefur fundist á stundum vera á heldur tæpu vaði í sambandi við þetta mál. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Ásta R. Jóhannesdóttir standa að því áliti og segja um hið sama, og þar er talið upp það sem samkomulag var um í nefndinni. Þetta er ekki bara hugarfóstur meiri hlutans ef ég les rétt í málið. Í inngangi segir:

„Um flestar breytingartillögur sem meiri hlutinn gerir við frumvarpið er samstaða um í nefndinni.

Síðar segir í áliti 1. minni hluta:

„Við 12. gr. er bætt ákvæði um þverfaglega siðanefnd sem á að meta allar fyrirspurnir og rannsóknir sem gerðar eru í krafti gagnagrunnsins. Gildir þá einu hvort um er að ræða rannsóknir eða fyrirspurnir á vegum rekstrarleyfishafans sjálfs eða annarra fyrirtækja eða vísindamanna." — Þá er rekstrarleyfishafinn, virðulegur forseti, orðinn fyrirtæki. En látum það nú vera. — „ Áður en rannsóknir eru unnar eða fyrirspurnum svarað verður mat nefndarinnar að hafa leitt í ljós að engin vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd rannsóknarinnar. Þetta er að mati 1. minni hluta langmikilvægasta breytingin í þeim tillögum sem meiri hlutinn flytur."

Þarna kemur nú gæðastimpill og kannski von á að hv. þm. væri að vísa til Alþfl. en það var nú víst um hinn þáttinn, ef ég man rétt. Og síðan segir:

„Á sjúkrahúsum þar sem rannsóknir eru stundaðar eru starfræktar svokallaðar „innanhússnefndir" sem gegna vísindasiðfræðilegu hlutverki og eru skipaðar af viðkomandi stofnunum. Við umfjöllun í nefndinni var m.a. ræddur sá möguleiki að setja ákvæði um slíka „innanhússnefnd" til að svara viðtækri gagnrýni á að ekkert ákvæði skuli vera í frumvarpinu um vísindasiðfræðilegt mat á tillögum að rannsóknum sem gerðar skulu í gagnagrunninum. Nefndin komst þó sameiginlega að þeirri niðurstöðu að ganga lengra og leggja til þverfaglega siðanefnd sem ráðherra skipar. Æskilegra hefði verið að í frumvarpinu yrði gerð tillaga um hvaða stofnanir ættu fulltrúa í siðanefndinni, en 1. minni hluti telur eigi að síður að með breytingartillögu meiri hlutans sé stigið stórt skref til móts við þá hörðu gagnrýni sem kom fram nær alls staðar í vísindasamfélaginu á þennan ágalla frumvarpsins."

Lýkur tilvitnun í nál. 1. minni hluta að þessu leyti og víkur nú sögunni til ræðu hv. varaformanns heilbr.- og trn.

um þetta efni. Hafði ég raunar lesið hluta af því en í andsvörum bar þetta mál á góma, ef ég man rétt, þar sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði frsm. meiri hlutans, hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, með svofelldum orðum:

„Í þriðja lagi vil ég spyrja hvort ekki sé mögulegt að segja eitthvað nánar um hvernig ráðherraskipuð þverfagleg vísindasiðanefnd á að vera skipuð, þ.e. með brtt. þar sem það er engan veginn tryggt með þessu valdaframsali til ráðherra hvort þetta verði bara innanhússnefnd. Það verður að vera tryggt að þessi nefnd fullnægi þeim vísindasiðfræðilegu lögmálum sem við höfum skuldbundið okkur til að vera aðilar að í alþjóðlegu starfi."

Og andsvar hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur er svohljóðandi hvað þetta snertir:

„Hvernig þverfagleg siðanefnd á að líta út þá kemur sérstaklega fram að hún eigi að vera þverfagleg en ég get ekki kveðið neitt upp úr um það hér nákvæmlega hverjir muni sitja í henni."

Þetta stendur nú, virðulegur forseti, næstum þversum í mér að ráða í þessa væntanlegu nefnd, þverfaglegu siðanefnd sem þarna er gert ráð fyrir. Ég held að þetta sé ekki til að styrkja málið, þessa smíð sem ég er andvígur í grundvallaratriðum, en auðvitað mundi maður fagna hverju skrefi sem stigið væri í vitræna átt af hálfu meiri hlutans í sambandi við málið. En það sem ætti að gera að mínu mati til að vísindasiðfræðileg sjónarmið séu í heiðri höfð í sambandi við gagnagrunn af þessum toga er að styrkja þá vísindasiðanefnd sem þegar hefur verið skipuð samkvæmt sérákvæðum í lögum um réttindi sjúklinga á síðasta ári, minnir mig. E.t.v. og vafalaust þyrfti að gera þau til muna fyllri og styrkja þann vettvang til að vera ekki að fjölga enn slíkum siðanefndum, og gera slíkri nefnd kleift að annast það eftirlitshlutverk, óháða eftirlitshlutverk, ég undirstrika það, sem þarf að vera með rannsóknum af þessum toga og alveg sérstaklega mjög traust eftirlit vísindasiðfræðilegs eðlis með slíkum rannsóknum. Það er sú breyting sem ég hefði viljað sjá og hefði metið að væri til bóta á frv. og hefði verið hægurinn hjá. En það er ljóst að ekki eru öll kurl komin til grafar í sambandi við þetta mál. Ráðherrann hefur þetta sem sagt allt í hendi sér. Og það mátti skilja, ég held ég fari rétt með að annars staðar hafi komið fram í umræðunni að ekki væri allt sem sýnist í þessu — og þá rek ég einmitt augun í það sem ég hefði átt að lesa hér áðan, sem er frekari tilvitnun í ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur fyrr í dag. Þetta er beint framhald af tilvitnun sem ég fór með áðan varðandi þessa nefnd og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Mikið hefur verið rætt um hvort þetta sé innanhússnefnd eða ekki. Það hefur komið fram hér í máli nokkurra þingmanna. Við skoðuðum það í vinnslu málsins í heilbr.- og trn. að setja inn klásúlu um að þetta skyldi vera innanhússsiðanefnd sem þýðir að stjórn væntanlegs starfsleyfishafa skyldi skipa alla fulltrúana. Við kusum að gera ekki slíka brtt. heldur fela ráðherra að skipa hina þverfaglegu vísindasiðanefnd. Ég tel því að hér sé ekki um að ræða hefðbundna innanhússvísindasiðanefnd eins og er nú þegar á sjúkrahúsunum sem stunda rannsóknir."

Þetta er nú eiginlega punkturinn yfir i-ið eins og stundum er sagt. Þessi skrípaleikur sem hér er á ferðinni gengur næstum í átt til fullkomnunar. Það er verið að tala um þverfaglega siðanefnd, stundum orðað vísindasiðanefnd, og þegar búið er að draga tjaldið frá þessum ósköpum þá stendur eftir nefnd sem leiða má að líkum að skuli „vera innanhússsiðanefnd sem þýðir að stjórn væntanlegs starfsleyfishafa skyldi skipa alla fulltrúana." Stjórn væntanlegs starfsleyfishafa. Ja, þetta er nú aldeilis vel um hnútana búið eða hitt þó heldur.

Ég get vel skilið það, virðulegur forseti, að varaformaður heilbr.- og trn. teldi það ekki ráðlegt að festa þessi orð, sem hér eru höfð uppi í ræðu hennar, á blað. Ég get vel skilið það því það hefði náttúrlega verið þá fyrr ljóst hvað hér væri á ferðinni í þessum ósköpum. Og ætli væri þá ekki um leið verið að girða fyrir það að nokkur annar aðili, nokkur önnur siðanefnd kæmist að þessu máli.

Ég nefndi það, virðulegur forseti, í ræðu fyrr á þessum sólarhring að þörf gæti verið á því — ég hef raunar gert um það tillögu sem liggur í umhvn. þingsins — að skipað verði lífsiðfræðiráð, breitt ráð til að hafa vísindasiðfræðilega yfirsýn og umfjöllun um allt sviðið, jafnt um allt lífsviðið, bæði að því er varðar dýr, plöntur og menn, svipað og tekið hefur verið upp hjá nágrannaþjóðum okkar, t.d. í Noregi þar sem er bioteknologinemnda eða etisk raad eins og minnir að það sé kallað í Svíþjóð, til þess að það sé einhver sá vettvangur þar sem menn hafa sæmilega yfirsýn yfir heildina. Allt er þetta sama sviðið í raun hvort sem við erum að tala um menn eða aðrar lífverur. Það er ekki skynsamlegt að hólfa þetta allt sundur og enginn varðveiti heildarsýn til málsins þó að ég geti alveg fallist á að hægt væri að skipta síðan verkum og eftir atvikum að setja upp nefndir sem þurfi þó að hafa tengingar við slíkt lífsiðfræðiráð.

Ég vona að einhvern tíma komi að því að Alþingi samþykki tillögu um þetta efni, ef ekki á þessu þingi þá síðar þegar við tökum málið upp að nýju á nýrri slóð á komandi kjörtímabilum. Ég veit að ekki mun vanta stuðning frá hv. 12. þm. Reykn. við það efni. Nefni ég það vegna þess að hún átti sæti í umhvn. þingsins til skamms tíma og studdi og flutti þar mörg góð mál, og er söknuður að því að hv. þm. er ekki lengur á þeim vettvangi. En þetta nefni ég hér vegna þess að hv. þm. er hér stödd í þingsal.

Virðulegur forseti. Ég ætla að láta þetta nægja varðandi þær miklu og veigamiklu breytingar að mati meiri hlutans á eigin hugverki, þ.e. frv., í formi brtt. þó að fleira gæti komið til.

Það hefur komið fram í umræðunni að gagnrýnin á þetta frv. fer dagvaxandi. Fólk er að vakna til vitundar um það vegna m.a. umræðu á Alþingi, en þó kannski sérstaklega vegna þeirrar myndugu umræðu sem fer fram í samfélaginu með þátttöku fjölda manna, upplýsts fólks sem er að reyna að vekja stjórnvöld og Alþingi til vitundar um það hvað hér er að gerast. Þó að í liði ríkisstjórnarinnar, stuðningsliði ríkisstjórnarinnar á Alþingi séu raddirnar allt of fáar sem heyrast úr þeirra röðum um þetta mál þá held ég að það dyljist fáum að þeir eru miklu fleiri en hafa tjáð sig í þessum ræðustól sem eru orðnir tortryggnir varðandi málið og hefðu ekki grátið að það hvíldi og helst sofnaði svefninum væra. Ég er alveg sannfærður um að ef málið fengi frekari og betri skoðun í þinginu mundu fleiri, einnig í þingliði ríkisstjórnarinnar ná áttum í málinu.

Ég gat þess, virðulegur forseti, snemma á þessum sólarhring að ég saknaði þess að úr röðum annars stjórnarflokksins hefðu mér vitanlega ekki heyrst neinar raddir opinberlega í þinginu sem gagnrýndu eða vöruðu við frv. Ég átti þar við Framsfl. og fulltrúa hans á Alþingi. En ég leyfi mér einnig að ætla að í þeirra röðum sé að finna fólk sem er gagnrýnið og tortryggið að því er þetta frv. varðar og kynni að koma upp á yfirborðið ef þetta mál fengi frekari skoðun, vegna þess að

augu æ fleiri eru að opnast. Ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að geta þess sem fram kom í máli mínu milli óttu og miðmorguns, eða milli óttu og rismála, svo ég fari rétt með, á þessum sólarhring, að einmitt á liðnum degi í gær hafði einn af trúnaðarmönnum úr röðum Framsfl. samband við mig — ekki hér úr þinginu heldur annars staðar frá — út af þessu máli og lýsti þungum áhyggjum vegna stöðu málsins og var í senn að spyrjast fyrir um líklegt framhald þess en einnig að tjá mér áhyggjur sínar. Sá hinn sami vísaði til umræðna á flokksþingi Framsfl. um heilbrigðismál þar sem málið hefði verið rætt og margir hefðu lýst áhyggjum sínum varðandi þetta mál sérstaklega.

Á borði mínu skildi ég eftir ályktun Framsfl. um heilbrigðismál en ég man að samtímis því að leggja til að nýttir yrðu kostir miðlægs gagnagrunns voru settir sterkir fyrirvarar að því er snerti persónuvernd, mannhelgi og fleira. Þeir sem væru gagnrýnir og vildu styðjast við samþykktir í flokknum sæju að persónuverndin er ekki aðeins á tæpu vaði heldur er hún ekki lengur til staðar á mælikvarða frv., hún er burt fokin með öllu og forsendur til þess að styðja þetta ekki fyrir hendi, ekki heldur af hálfu þeirra sem vilja líta til formlegra yfirlýsinga framsóknarmanna í þessu máli. Ég segi þetta, virðulegur forseti, án þess að ætla nokkuð að fara *að blanda mér í þau mál. Ég nefni þetta að gefnu tilefni.* Ég held að full ástæða sé til þess fyrir hv. þingmenn Framsfl. að leggja við hlustir og ræða við fólk sitt um þessi efni áður en lengra er haldið.

Ég sagði það líka, virðulegur forseti, og hef reyndar sagt nokkuð oft í þessum ræðustól, að ég ætla hæstv. heilbrrh. ekki neinar illar hvatir í sambandi við þetta mál. Ég met það svo að hæstv. ráðherra, sem ég sakna hér í þingsal, kannski mætti ráða bót á því, virðulegur forseti, hafi upphaflega farið út á þennan hála ís af vangá, verið ýtt út á þennan hála ís og ekki náð almennilega til lands síðan, sé kannski í hópi þeirra sem um þessar mundir eru eitthvað að ná áttum eða a.m.k. farin að efast um það verk sem hæstv. ráðherra ber þó formlega ábyrgð á hér gagnvart þinginu. Hitt dylst engum að þeir sem hafa öflugri stöðu innan ríkisstjórnarinnar eru í raun þeir sem reka trippin í þessu máli. Í því sambandi þarf ekki að nefna nein nöfn þó hægt væri að leiða þau fram. Það þekkja allir og það er auðvitað áhyggjuefni. Í því sambandi er þó hægt að minna á það að ríkisstjórn er ekki fjölskipað stjórnvald og hæstv. heilbrrh. hefur allt forræði á málinu.

Ég nefndi að innan Sjálfstfl. væru efasemdir hjá ýmsum þingmönnum og við heyrðum það síðast í dag frá hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur. Hún mælti hér úr þessum stól fyrir fyrirvara af sinni hálfu við nál. meiri hlutans.

Ég sé að hæstv. ráðherra er komin í sal, ekki með kaffibolla enn en væntanlega kemur að því að hér upphefjist, virðulegur forseti, sú veisla sem stóð hér á síðustu nótt, það kaffisamsæti sem fór hér fram í þingsal. Á því má ráða bót. Eftir því sem við komum dýpra inn í nóttina, svo vitnað sé til orðalags forsn. á tímamælingum, gæti kaffið komið sér vel og kannski með því.

Virðulegur forseti. Ég hef fyrir framan mig erindi frá varaþm. Sjálfstfl., sem ekki er hér á þingi en var hér á þingi fyrir ekki mjög löngu síðan. Hv. varaþm. Sjálfstfl., Ólafur Hannibalsson, flutti fyrirlestur á fundi Mannverndar í Norræna húsinu fyrir sex dögum, þann 3. des. Í þessum fyrirlestri mælir hann mjög skýr varnaðarorð. Ég sakna þess að hv. þm. skuli ekki verma bekki hér á þingi nú um stundir. Ég ætla að leyfa mér að leiða fram fáein atriði úr máli hv. þm., enda full ástæða til þess að þau berist hér inn í sali Alþingis, með leyfi forseta. Ég les það sem stendur undir fyrirsögninni „Hingað til þó ekki orðið úr alþjóðlegur skandall", en aðalfyrsögn þessa erindis er „Löggjöf á landamærum".

„Sá gagnagrunnur sem ætlað er að koma á fót með frumvarpi því sem liggur fyrir Alþingi er um margt einstæður í heiminum. Í fyrsta lagi að ætla að safna öllum heilsufarsupplýsingum um jafneinsleitan og samstæðan hóp og Íslendingar eru saman á einn stað og gera þær aðgengilegar í tölvutæku formi. Hitt mun ekki síður nýjung að ætla að skeyta þennan grunn við ættfræðiforrit og fá þannig fram líkindi á því að, eða hvort, sjúkdómar erfist frá einni kynslóð til annarrar, eða að minnsta kosti næmi manna fyrir sjúkdómum. Þetta er mikið verk og mun kosta ærið fé, tíma og fyrirhöfn. Einhver ár mun taka að koma grunninum saman og tölur um kostnað, sem nefndar hafa verið eru á bilinu 10–20 milljarðar.

Ég mun leiða það hjá mér hér hvort hugmyndin sé góð, hún er stórfenglegleg í sniðum og hún liggur fyrir. Það liggur líka fyrir að ekkert í líkingu við þetta hefur verið reynt neins staðar í veröldinni. Með öðrum orðum er Ísland að ryðja brautina með löggjöf um þetta efni og er undir smásjá alþjóðlega vísindasamfélagsins við lagasmíðina. Það er því full ástæða til að fara sér að engu óðslega og vanda hvert atriði í þessari löggjöf. Ekki er nóg að hún sé að okkar áliti fullnægjandi heimatilbúinn lagarammi um þá starfsemi sem á að fara fram samkvæmt lögunum, heldur verður hún að falla að þeim alþjóðlegum skuldbindingum sem íslenska lýðveldið hefur tekist á herðar, samþykktum Sameinuðu þjóðanna, Mannréttindasáttmálum, Evrópureglugerðum og -tilskipunum, alþjóðasáttmálum hvers konar og þeim siðfræðistöðlum, sem í heiðri eru hafðir í alþjóðlegu vísindastarfi.

Oft er íslensku löggjafarsamkundunni legið á hálsi fyrir að kasta til höndunum við lagasmíðina með því að afgreiða lög og lagabálka í stórum bunum fyrir jól, páska, eða þinglok, þar sem vansvefta og útkeyrðir þingmenn taka mikilvægar ákvarðanir með atkvæði sínu. Einu sinni lá svo mikið á að það gleymdist að setja ákvæði í lögin um gildistöku og varð að setja bráðabirgðalög milli jóla og nýárs um það að lögin tækju gildi 1. janúar. En þótt misjafnlega hafi tekist til við lagasmíðina innan lands gegnum tíðina hefur hingað til þó ekki orðið úr alþjóðlegur skandall."

„Asi og offors spillir framgangi málsins" er heiti næsta kafla og ég held að rétt sé að hafa hann yfir, virðulegur forseti, hér á aðventunni:

„Ég er sannfærður um að sá asi og offors, sem hefur verið á meðferð þessa gagnagrunnsmáls í þinginu bæði síðastliðinn vetur og aftur í haust hefur orðið til að spilla verulega fyrir framgangi þess. Málið var þá lagt fyrir skömmu fyrir þinglok og fylgdu því þá illa dulbúnar, eigum við að segja viðvaranir fremur en hótanir, um að Íslendingar mundu missa af milljarðatuga verðmætum væri það ekki samþykkt á því þingi. Sem betur fór tóku þingmenn ekki mark á því þá. Frumvarpið skánaði verulega í endurgerð heilbrigðisráðuneytisins í sumar og hefur tekið töluverðum breytingum til bóta í meðferð heilbrigðisnefndar í haust, en er þó að mínu viti langt frá því að vera fullþroska, og nú er það tekið úr heilbrigðisnefnd hálfkarað og verður að klárast fyrir jól á sömu forsendum um milljarðatjón, ef afgreiðsla dragist deginum lengur."

Hin skáldlega millifyrirsögn yfir kafla, sem ég ætla að hlaupa yfir, ekki af því að hann sé ekki fullgildur, hann er prýðilegur, er undir fyrirsögninni „Alþingi er hér að vinna

á útjaðri akurlendis". Hún sýnir tóninn í þessu erindi þessa mæta varaþingmanns Sjálfstfl.

Hér er hins vegar kafli sem ég ætla að leyfa mér að vitna til, virðulegur forseti, undir millifyrirsögninni: Þjónar nánast engum tilgangi að samþykkja frumvarp þetta þvert gegn áliti 70–75% manna innan lækna- og vísindasamfélagsins.

„Kjarni þessa máls er þó sá, að mínum skilningi, að það *þjónar nánast engum tilgangi að samþykkja frumvarp* þetta þvert gegn áliti 70–75 % manna innan lækna og vísindasamfélagsins — mögulega með neitun um 30% Íslendinga við því að þeirra sjúkraskrár fari í grunninn — og með fjölda lausra enda um grundvallarhugtök og skilgreiningar í frumvarpinu.

Ég nefni sem dæmi 9. greinina um aðgengi íslenskra vísindamanna að grunninum. Bæði tölvunefnd og Samkeppnisstofnun eru afdráttarlaust á þeirri skoðun að eins og hún er brjóti hún í bága við tilskipun Evrópusambandsins um samkeppnismál. Samt er hún skilin eftir í lausu lofti og ákveðið að láta bara á það reyna hvort svo sé. Sem sagt málaferlum er nánast boðið heim!"

Áfram heldur varaþingmaðurinn undir fyrirsögninni „Skilgreiningin um að gagnagrunnurinn sé ópersónugreinanlegur". Þar fjallar hann um það sem við höfum margrætt hér, dulkóðanir með meiru og það er reyndar svo vel orðað að ég má til með, með leyfi virðulegs forseta, að hafa það yfir:

„Annað atriði er skilgreiningin um að gagnagrunnur þessi sé „ópersónugreinanlegur." Það liggur ljóst fyrir, eins og þegar hefur komið fram í fyrri erindum hér á fundinum, að lifandi, dýnamískur gagnagrunnur getur ekki verið ópersónugreinanlegur. Það verður að vera hægt að bæta í hann nýjum upplýsingum og þær upplýsingar verða að rata á réttan einstakling. Og ef þú kemst frá A til B í grunninum liggur í hlutarins eðli að þú kemst frá B til A." — Þetta er rökvísi, virðulegur forseti, sem ég er sannfærður um að hæstv. heilbrrh. skilur vel. — „Þú getur rakið þig til baka. Skilgreiningin er fölsk. En af hverju er þá haldið fast við hana? Það getur ekki verið af neinu öðru en því, að í öllum alþjóðaskilgreiningum eru miklu harðari reglur um persónugreinanlega grunna heldur en ópersónugreinanlega" — það er einmitt hárrétt, virðulegur forseti — „þar á meðal reglan um „upplýst, óþvingað samþykki" við hverri vísindarannsókn. Og hver vísindarannsókn verður að ganga fyrir tölvunefnd og vísindasiðanefnd. Þess vegna er allt þetta fár um „dulkóðanir" í stað þess að kalla hlutina réttum nöfnum og gangast undir alþjóðlegar siðareglur vísindanna. Það er — af einhverjum — talið nauðsynlegt að sniðganga þær, og því er skilgreiningum hnikað til eftir þörfum. Tilgangurinn helgar með öðrum orðið meðalið."

Það ætti nú, virðulegur forseti, að vera fyrirsögnin yfir þessu öllu saman sem hér er rætt í sambandi við þetta frv., að tilgangurinn helgi meðalið. Í lok þessa kafla spyr varaþingmaður Sjálfstfl.: „En auðvitað mun komast upp um okkur. Erum við þvílíkir búrar að við látum troða slíku moði niður um kokið á okkur?"

Vegna þess, virðulegur forseti, að ég veit að margir hafa þörf fyrir að tjá sig um þetta mál þá ætla ég ekki að hafa uppi lengri tilvitnun í þetta ágæta erindi, sem ætti þó fullt erindi hér inn í þingsali. Það mun vera aðgengilegt á http://simnet.is/mannvernd, þeim sem vilja kynna sér erindið frekar.

Ég hef einnig frá sömu ráðstefnu ágætt erindi undir fyrirsögninni „Bjagaður gagnagrunnur meiðir fólk", og er höfundur þess Einar Árnason prófessor. Þar er að finna mörg ágæt heilræði og ábendingar varðandi þennan grunn. Og ég ætla, með leyfi forseta, að koma að fáeinum atriðum þar að lútandi, sem fram koma í þessu erindi. Ég ætla að leyfa mér að lesa upphafið sem er almennt um þessa hugmynd:

„Það virðist sem forsenda fyrir miðlægum gagnagrunni heilbrigðisráðherra sé að skapa fjárhagsleg verðmæti úr heilbrigðisupplýsingum. Upplýsingar liggja í heilbrigðiskerfinu — nánast engum til gagns. Það er hægt að skapa úr þeim fjárhagsleg verðmæti og fyrst það er hægt þá sé rétt og skylt að gera það.

Við fyrstu sýn virðist þetta sniðug hugmynd — það er sniðugur bisness að nýta þessa ónýttu auðlind og búa til úr henni peninga. Þetta er eins og ónýttur fiskstofn í hafinu. Ekki látum við fiskimennirnir einhvern fisk, sem liggur vel við trolli, sleppa. En ekki er allt sem sýnist í þessu máli. Það verður að kafa undir yfirborðið og skoða málið rækilega. En það hefur ekki verið gert og ekki hlustað á það sem sagt hefur verið gegn frumvarpinu og ekki tekið tillit til þess. "

Síðan kemur millifyrirsögn, hliðstæð aðalfyrirsögn, „Gagnagrunnurinn verður bjagaður".

„Þessi miðlægi gagnagrunnur sem ráðherra vill veita einokun á verður bjagaður. Vegna persónuverndarsjónarmiða munu einstaklingar ákveða að fara ekki í grunninn og læknar munu ákveða að flytja ekki upplýsinngar í grunninn. Lítum nánar á þetta.

Það mun fara eftir stétt manna hvort þeir segja sig úr grunninum eða ekki. Sjúkdómar, margir hverjir, fara eftir stétt manna. Gagnagrunnurinn mun því bjagast.

Þeir sem álíta sig tiltölulega heilbrigða, þau okkar sem eru svo lánsöm að vera tiltölulega heilbrigð, mörg okkar munum segja þú, mér er svo sem alveg sama þótt upplýsingar um mig fari í grunninn. Ég er kannski með eina vörtu á hnúunum og mér er sama um það.

En margir sjúklingar eiga við langvinna og erfiða sjúkdóma að stríða. Það er verið að segja þessu fólki að sjúkdómarnir séu allir í genunum á þeim, við séum með allt í genunum. Margir trúa þessu og álykta þess vegna að börnin þeirra fái sjúkdóminn, að það séu örlög barnanna þeirra að fá þann erfiða sjúkdóm sem þau þjást af. Margir þessara einstaklinga munu ekki vilja láta upplýsingar um sig í grunninn til þess a.m.k. að vernda börnin sín.

Læknar munu vernda trúnaðarsamband skjólstæðinga sinna, sjúklinganna. Ef læknirinn minn brennir vörtu af hnúum mér þá setjum við saman upplýsingar um þessa veirusýkingu í gagnagrunninn. En ef ég hef fengið HIV veiruna, er haldinn áfengissýki, kynsjúkdómi, geðsjúkdómi, hef farið í fóstureyðingu, o.s.frv., þá segi ég nei, þá vil ég ekki að einkamál mín fari í grunninn. Ég fer til læknisins míns og segi, heyrðu Óli minn ég held ég sé með ólæknandi kynsjúkdóm, eyðni eða einhverja slíka skemmtilega veiru. Og Óli skrifar niður á blað, þögull sem gröfin og setur smámiða ofan í læsta skúffu. Ef þú ekki trúir mér farðu þá til læknisins þíns og segðu við hann: „Ég vil ekki að upplýsingar um mig fari lengra en okkar á milli" og athugaðu hvað hann gerir. Ég spái því að læknirinn skrifi þetta á smámiða og stingi honum í læsta skúffu hjá sér. Ef þú ekki trúir mér gerðu þá þessa tilraun að biðja um þetta næst þegar þú ferð til læknisins þíns. Athugaðu og skráðu niður hvað hann segir.

Vegna hinnar miklu dulkóðunar sem á að taka upp verður mjög erfitt að leiðrétta gögn. Greiningaraðferðir sjúkdóma breytast og mjög mikilvægt er að uppfæra gögn með tilliti til breytinga sem gerðar hafa verið á greiningaraðferðum. Hvað merkja gögn sem mæld voru með gömlu aðferðinni miðað við nýju aðferðina sem við vorum að taka upp í gær?

Það eru nánast alltaf vafaatriði í sjúkdómsgreiningu. Þegar niðurstöður koma frá lækni og meinafræðingi um sjúkdómsgreiningu inn í gagnagrunn eins og við höfum í dag, t.d. krabbameinsskrána, þá gæti forstöðumaður skrárinnar sagt eitthvað á þessa leið: „Mér finnst eitthvað brogað við þessa sjúkdómsgreiningu. Samkvæmt okkar reynslu af meinafræði merkir þetta að ... Getur þú endurkoðað þær upplýsingar sem þú hefur og skilað nýrri skýrslu um það," eða eitthvað í þessum dúr. Þetta merkir að það verður að bera saman greiningu læknis við greiningu meinafræðinngs, spyrja þessa aðila: Er þetta rétt, hvað áttu við með þessari sjúkdómsgreiningu? Og leiðrétta og samræma greiningar mismunandi aðila."

Síðan er fjallað frekar um grunna. Fyrirsögnin er: „Hágæðagrunnar geta einungis náð yfir afmarkað svið" og í millifyrirsögn stendur: „Hágæðagrunnar munu hverfa." Og enn fremur „Hástemmd lýsingarorð rekstrarleyfishafa um ágæti grunnsins" þar sem segir reyndar í beinu framhaldi af fyrri texta þar sem staðhæft er að grunnurinn verði bjagaður og vitlaus. „En rekstrarleyfishafinn mun aldrei viðurkenna þetta. Þeim mun bjagaðri sem gagnagrunnurinn verður, þeim mun hástemmdari verða lýsingarorðin um ágæti hans, því fjárhagslegir hagsmunir eru í veði."

Ég ætla, virðulegur forseti, að láta þetta nægja úr þessari tilvitnun nema bæta við boðskap Einsteins sem er síðasti þátturinn í þessu ágæta erindi. Þar er vísað til vísindakvenna sem fjallað var um næst á undan:

„Þessar vísindakonur breyttu eins og Einstein boðaði: „Rétturinn til að leita sannleika felur einnig í sé skyldu: maður má ekki leyna nokkru því sem maður veit að er satt (The right to search for truth implies also a duty: one must not conceal any part of what one has recognized to be true)." Hvorug þessara kvenna lét kúga sig og því vitum við þetta."

Og þetta verður reynt hér — það verður reynt að þagga niður í óháðum vísindamönnum — það verður reynt að þagga niður í Krabbameinsfélaginu — það eru peningalegir hagsmunir í húfi, hugsanlegur markaðshagnaður af svona kittum til að prófa krabbamein er miklu minni ef áhættan er í reynd bara 17 eða 37% en ekki 70–90%.

Hvaða aðferðir verða notaðar? Þær eru vel þekktar:

Það verður reynt að ræna fólk ærunni.

Það verður deilt og drottnað.

Það verður byggð upp einokunaraðstaða.

Þetta er að gerast í kringum okkur eins og ég hef rakið."

Hér stansa ég við tilvitnun úr erindi, fyrirlestri Einars Árnasonar á fundi Mannverndar í Norræna húsinu 3. desember 1998.

Virðulegur forseti. Af því að hér var vitnað til erinda sem flutt voru hjá félaginu Mannvernd, þá vil ég ítreka það sem áður hefur verið mælt að það er mikið fagnaðarefni hvernig fólk hefur fylkt liði í þeim félagsskap nýverið og komið á framfæri við Alþingi Íslendinga og marga fleiri í skilmerkilegu aðgengilegu formi grundvallarupplýsingum og viðhorfum sem snerta þetta mál.

Sú fullyrðing er ekki lengur og hefur raunar aldrei verið réttmæt sem talsmenn ríkisstjórnarinnar reyndu að bera fram til að slá niður gagnrýni og hræða almenning frá því að rýna í þetta mál, þ.e. að staðhæfa að þetta væru aðallega læknar eða einhverjir vísindamenn, kannski skrýtnir, sem af meinbægni eða sérhagsmunum væru andstæðingar þessa frv. Málið liggur ekki þannig. Það liggur fyrir að breiður hópur fólks, stór hópur fólks af ýmsum starfsstéttum hefur látið til sín heyra, bæði með undirskriftum og með starfi innan frjálsra félaga sem hafa fjallað um málið á undanförnum vikum. Þetta er lýðræði. Þetta er þróun sem þarf að styrkja og styrkjast til þess m.a. að hafa áhrif á það sem er að gerast innan veggja þessarar stofnunar. — Ég var næstum búinn að segja, að koma vitinu fyrir Alþingi Íslendinga og það hefði ég kannski átt að láta fara og hef þegar mælt það, því að þar verður manni stundum á, virðulegur forseti, að eitthvað hafi tapast á leiðinni inn í þessa stofnun og þetta frv. sem við erum að skoða hér virðist vera nokkuð ljóst dæmi um það efni.

Virðulegur forseti. Af tillitssemi við þá sem ætla að ræða þetta mál frekar á þessu kvöldi sem senn er liðið, nýr dagur er að hefjast, þá ætla ég að ljúka máli mínu senn. Ég ætla aðeins í lokin að minna á það að þingflokkur óháðra sem er í svipaðri stöðu og þingflokkur Framsfl. að því leyti að hann er samstæður í sambandi við andstöðu við þetta mál á meðan við höfum ekki heyrt opinberlega neina gagnrýni frá þingflokki Framsfl. sem virðist samstæður í stuðningi við málið, en þingflokkur óháðra flytur tillögu til rökstuddrar dagskrár sem mun ganga til atkvæða þegar þessari umræðu lýkur. Í rökstuðningi fyrir þeirri dagskrártillögu að vísa málinu til baka, til föðurhúsanna, til ríkisstjórnarinnar er að finna upptalningu á meginsjónarmiðum í örstuttu formi, þeim meginrökum sem mæla gegn þessu frv. Við vísum þar í upphafi til þeirrar till. til þál. sem við lögðum fram í upphafi þessa þings um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði og persónuvernd sem er 97. mál þingsins og hefur verið minnt á í þessari umræðu en segjum síðan enn fremur í upptalningarstíl og ég ætla að leyfa mér að hafa það yfir sem rök fyrir því að vísa málinu til föðurhúsanna:

„að upplýsingar í miðlægum gagnagrunni verða í reynd persónugreinanlegar, m.a. að mati tölvunefndar,

að ekki er gert ráð fyrir upplýstu samþykki við söfnun upplýsinga í gagnagrunninn og að ástæðulausu er verið að hrófla við hefðbundnu hlutverki vísindasiðanefnda,

að fjölmennir hópar í samfélaginu hafa ekki aðstæður til eða eru færir um að taka af stöðu til þátttöku í grunninum og réttur barna og látinna yrði fyrir borð borinn,

að Íslendingar erlendis eiga erfitt um vik að taka afstöðu til þátttöku í grunninum,

að menn gætu ekki dregið upplýsingar út úr grunninum sem einu sinni eru komnar þar inn,

að ekki yrði virtur umráðaréttur sjúklinga yfir eigin upplýsingum í sjúkraskrám,

að með frumvarpinu er gengið gegn stjórnarskrárvörðum ákvæðum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs,

að Alþingi hefur enn ekki fjallað um boðað frumvarp til nýrrar löggjafar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga,

að ekki liggur fyrir hvaða upplýsingar eigi að fara í miðlægan gagnagrunn og hverjar ekki,

að unnt yrði að samkeyra heilsufarsupplýsingar, erfðaupplýsingar og ættfræðiupplýsingar,

að óforsvaranleg áhætta væri tekin með samsöfnun slíkra upplýsinga um íslensku þjóðina í miðlægum gagnagrunni,

að frumvarpið er sniðið að einkarétti eins fyrirtækis til rekstrar og yfirráða yfir grunninum,

að fjárhagslegir þættir málsins eru lítt kannaðir og viðskiptalegar forsendur þess tvísýnar,

að tilurð miðlægs gagnagrunns samkvæmt frumvarpinu stangast á við alþjóðasamþykktir og samninga sem Ísland er aðili að,

að vísindamönnum yrði með ólögmætum hætti mismunað gróflega í aðgengi að grunninum,

að áform um grunninn hafa sett vísindasamfélagið hérlendis og víða erlendis í uppnám,

að því hefur verið hafnað af þingnefnd að fjalla samtímis um önnur fyrirliggjandi þingmál um gagnagrunna (97. og 105. mál) og því til viðbótar að mörg önnur atriði mæla gegn frumvarpinu og með hliðsjón af breytingartillögum meiri hluta heilbrigðis- og trygginganefndar samþykkir Alþingi að vísa frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta er efni þeirrar megintillögu sem liggur fyrir og ganga mun til atkvæða við lok þessarar umræðu eða þegar atkvæðagreiðslur fara fram. Hér liggja fyrir meginsjónarmið. Við erum alveg samstiga um þetta efni og við erum samstiga um að vísa til dreifðra gagnagrunna á heilbrigðissviði sem leiðar sem eigi að skoða og feta eftir atvikum til þess að ná ýmsum þeim markmiðum sem hægt er að gera með nýtingu nýrrar tækni og sem getur skilað árangri þar sem fjöldi manna á Íslandi sem unnið hefur ötullega um langt skeið að erfðafræðilegum rannsóknum getur lagt hönd á plóg, mundi leggja hönd á plóg ef ráðrúm gæfist til þess og þar sem von væri til að þokkalegur friður gæti um það tekist í samfélaginu.

Ég vona enn, virðulegur forseti, að þessi stofnun, Alþingi Íslendinga nái áttum í þessu máli. Ef það gerist ekki nú hef ég þá trú að það verði síðar. Þess verður vonandi ekki langt að bíða því ég sé ekki hvernig í ósköpunum þetta mál, sem hér er stefnt að að lögfesta, eigi að geta skilað jákvæðri niðurstöðu. Þvert á móti er stefnt í mikið óefni.

[23:58]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1999, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 438; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 439; brtt. minni hluta fjárln., þskj. 446.

Rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu, 341. mál, þáltill. ÓÖH o.fl., þskj. 437.

Samskipti á neytendavörumarkaði, 243. mál, svar viðskrh., þskj. 373.

Stjórn fiskveiða, 343. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 443.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 344. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 444.

[23:59]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann láti þessum fundahöldum lokið. Það er komin nótt og eðlilegt að láta hér staðar numið. Það er búið að ræða þetta mál lengi, var rætt alla síðustu nótt og algerlega út í hött af stjórnarmeirihlutanum að keyra þetta mál áfram á þann hátt sem hann hefur gert. Það er ekkert samkomulag um að ganga frá þessu máli á þann veg sem ríkisstjórnin bersýnilega vill gera. Hún hefur í raun gert allt sem hún hefur getað til að eyðileggja fyrir því að samkomulag tækist og eðlileg vinnubrögð gætu orðið í kringum þetta mál jafnvel þó að margir góðir menn hefðu viljað eiga þar einhvern hlut að máli. Ég fer því eindregið fram á það við hæstv. forseta að þessum fundi verði nú slitið og minni á að kl. 8.15 í fyrramálið hefjast fundir í nefndum. A.m.k. tvær nefndir þingsins eru með fundi kl. 8.15, bæði efh.- og viðskn. og umhvn. ef ég man rétt, og sennilega fjárln. eins og venjulega. Það er því löngu kominn sá tími að sjálfsagt er að hætta fundahöldum og ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann fallist á að ljúka þessum fundi þannig að hér megi halda eðlilega á hlutunum í framhaldinu.

Þau vinnubrögð sem hafa verið tíðkuð til þessa eru að mínu mati algerlega út í hött og þinginu í raun til skammar hvernig var haldið áfram sl. nótt í algerri markmiðsleysu af hálfu forustu þingsins og er ég þá ekki að gera lítið úr þeim málflutningi sem hér var stundaður heldur þeirri þingstjórn sem tíðkuð er í þessari stofnun þar sem það endar bersýnilega þannig fyrir þessi jól, eins og oft hefur gerst áður, að menn munu vansvefta ganga frá textum með þeim hætti sem Ólafur Hannibalsson gerði stólpagrín að í upplesnum texta af hv. síðasta ræðumanni.

Ég skora á hæstv. forseta að beita nú öllu því viti sem guð hefur gefið honum og ljúka þessum fundi. Þetta er tóm vitleysa, herra forseti.

[00:01]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Sá forseti sem nú starfar er auðvitað fúsastur til að ljúka fundi og honum þykja næturfundir heldur leiðigjarnir. Það stendur til að ljúka þessari umræðu en forseti vill gá til veðurs í þessu efni og frestar fundi í 15 mínútur.

[Fundarhlé. — 00:02]

[00:35]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Nú er samkomulag um að ljúka þessum fundi. Öll dagskrármálin eru tekin út af dagskrá. Til næsta fundar verður boðað kl. 10.30 í fyrramálið með dagskrá.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–15. mál.

Fundi slitið kl. 00:39.

---

37. FUNDUR

fimmtudaginn 10. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, stjfrv., 109. mál, þskj. 109, nál. 402, 406 og 409, brtt. 410, till. til rökst. dagskrár 433. — Frh. 2. umr.

2. Embættiskostnaður sóknarpresta, stjfrv., 232. mál, þskj. 259, nál. 381. — 2. umr.

3. Tryggingagjald, stjfrv., 228. mál, þskj. 255, nál. 424. — 2. umr.

4. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 151, nál. 425, brtt. 426. — 2. umr.

5. Vegabréf, stjfrv., 231. mál, þskj. 258, nál. 420, brtt. 421. — 2. umr.

6. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, stjfrv., 229. mál, þskj. 256, nál. 427. — 2. umr.

7. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, stjfrv., 321. mál, þskj. 388. — 1. umr.

8. Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, stjfrv., 322. mál, þskj. 389. — 1. umr.

9. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 323. mál, þskj. 390. — 1. umr.

10. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 324. mál, þskj. 391. — 1. umr.

11. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 334. mál, þskj. 416. — 1. umr.

12. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, stjfrv., 336. mál, þskj. 423. — 1. umr.

13. Málefni fatlaðra, stjfrv., 331. mál, þskj. 413. — 1. umr.

14. Byggingarsamvinnufélög, stjfrv., 332. mál, þskj. 414. — 1. umr.

15. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 333. mál, þskj. 415. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

[10:30]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1999, 1. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 445.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 109, nál. 402, 406 og 409, brtt. 403, 410 og 417, till. til rökst. dagskrár 433.

[10:30]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Miklar umræður hafa staðið hér um frv. til laga um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Komið hefur í ljós í þessari umræðu, sem mér þykir e.t.v. merkilegast, að obbinn af stjórnarliðum sem hér hafa talað hefur ekki skilið meginatriðin í frv. Það má eiginlega segja að fyrir utan hv. varaformann nefndarinnar er eins og þeir stjórnarliðar sem tekið hafa til máls hafi ekki gert sér grein fyrir ýmsum meginatriðum í frv. Þess vegna verð ég að segja að mér finnast það heldur óheiðarleg vinnubrögð af hálfu stjórnarliðanna að ljóst er að spenna á frv. upp nú á milli 2. og 3. umr. og gerbreyta því í veigamiklum atriðum. Það er þegar búið að breyta einu atriði sem skiptir talsvert miklu máli, atriði sem tengist persónuverndinni. Þá á ég við, eins og hér hafa nokkrar umræður farið fram um, að það liggur fyrir tillaga, sem kom á næstsíðasta degi vinnunnar í nefndinni, um að heilsufarsupplýsingar sem eiga að vera í miðlægum gagnagrunni verði ekki geymdar í dulkóðuðu formi. Það hefur að vísu margsinnis komið fram í þessari umræðu að ég hef ekki mikla trú á dulkóðun sem verndartæki en meiri hlutinn hefur allur verið annarrar skoðunar. Og svör hv. meiri hluta þegar beint hefur verið til hans erfiðum spurningum um persónuvernd hafa að stórum hluta fram undir lok þessarar umræðu verið þess eðlis að með upplýsingarnar sé þannig farið að þær séu dulkóðaðar og þess vegna sé engin hætta á að hægt sé að brjóta dulkóðunina og komast að raun um hvaða upplýsingar tilheyra einstökum persónum sem eiga upplýsingar um sig í grunninum.

Nú er búið að breyta þessu. Í greinargerðinni kemur fram, herra forseti, að sá ferill heilsufarsupplýsinga sem lagður hefur verið til af fyrirtækinu Stika ehf. á að vera grundvöllur dulkóðunarinnar. Í frv., á bls. 67, segir alveg skýrt að heilsufarsupplýsingarnar eigi að geyma á dulkóðuðu formi á meðan þær eru í grunninum. Ferillinn átti að vera þannig að þegar þær væru komnar í heilsufarsgrunninn ætti að geyma þær á þann hátt. Þegar þær væru síðan teknar niður í svokallað vinnslulag, átti hins vegar að beita lykli til að afkóða þær þannig að hægt væri að vinna með þær. Þetta kemur alveg skýrt fram í greinargerðinni og í fleiri plöggum sem við höfum til umráða og lagt til grundvallar okkar yfirferð.

Hvers vegna fóru menn þá leið, herra forseti, að nota dulkóðun við geymslu á heilsufarsupplýsingunum? Ástæðan var mjög einföld. Það kemur fram í sömu greinargerð frá Stika ehf. að það er ekkert erfitt að brjóta þá dulkóðun sem beitt er á persónuauðkenni, þ.e. á kennitölu. Það eru til ýmsar leiðir til þess og þarf ekki mikið meira en að samkeyra þjóðskrá saman við dulkóðaða skrá yfir kennitölur jafnoft og einstaklingarnir eru sem mynda þjóðina, þ.e. um það bil 270 þúsund sinnum. Það kom fram í nefndinni að þetta er handhæg aðferð til þess að brjóta dulkóðun á persónuauðkennum, þ.e. kennitölum.

Við verðum auðvitað að gera ráð fyrir þeim möguleika að svo kunni að fara að óvandaðir menn komist yfir grunninn. Það er möguleiki sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Harðar refsingar liggja auðvitað við því en ekki er hægt að horfa fram hjá breysku eðli mannsins og sér í lagi ekki ef um er að ræða gríðarleg verðmæti eins og fram hefur komið að er í þessum upplýsingum. Þá var jafnan sagt að ef til þess kæmi væri lítið gagn að þessum upplýsingum vegna þess að þær væru á dulkóðuðu formi, annars vegar upplýsingarnar sjálfar og hins vegar líka kennitölurnar. Ef mönnum tækist að brjóta kennitölurnar, þá væru allar upplýsingar eftir sem áður á dulkóðuðu formi og væru þar af leiðandi til lítils nýtar. Umræðan um persónuverndina fór að stórum hluta fram á þessum grundvelli. Þetta var svarið sem veitt var mönnum, þetta var svarið sem var sent út í samfélagið þegar menn voru að spyrja um persónuverndina. Dulkóðunin var það lykilorð sem öllu átti að bjarga. Og nú blasir það einfaldlega við að með einfaldri brtt. er búið að velta annarri meginstoð þessarar persónuverndar undan frv.

Þess vegna segi ég það, herra forseti, og ítreka það að ég var þeirrar skoðunar eins og kemur fram í nefndaráliti mínu og okkar hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur að fræðilega voru þessar upplýsingar persónugreinanlegar. Með þessari breytingu verð ég að segja að menn verða að taka miklu sterkar til orða. Þær eru ekki lengur fræðilega persónugreinanlegar, þær eru persónugreinanlegar. Það skiptir auðvitað máli varðandi röksemdafærslu meiri hlutans þegar kemur að hinu upplýsta samþykki. Ég hef fært mín rök fyrir því hvers vegna ég tel að ekki þurfi upplýst samþykki og hvers vegna ég tel líka að sú leið sé alls ekki í ágreiningi við alþjóðlegar siðareglur eða samninga. Ég hef m.a. vísað í ákveðna sáttmála þar sem beinlínis er tekið fram að faraldsfræðilegar rannsóknir geta við ákveðnar aðstæður og þegar uppi er vísindasiðfræðilegt mat farið fram hjá þeirri leið sem felst í upplýstu samþykki.

Ég hef líka lagt til stuðnings þessari skoðun minni skrifleg svör sem mér bárust við spurningum sem ég beindi til vísindasiðanefndar heilbrrn. í krafti formennsku minnar í heilbr.- og trn. og það er alveg ljóst að þessi röksemdafærsla hjá mér stenst. En þetta er ekki röksemdafærslan sem hæstv. heilbrrh. hefur lagt fram. Í því frv. sem hún hefur sett fyrir þingið kemur skýrt fram að eina röksemdafærslan fyrir því að ekki eigi að fara leið upplýsts samþykis er sú að vegna þess að gögnin séu ópersónugreinanleg þá þurfi ekki að fara þá leið.

Nú held ég að það liggi alveg fyrir og alveg skýlaust eftir þá brtt. sem meiri hlutinn leggur til á 7. gr. frv. um dulkóðun persónuupplýsinganna að þessi forsenda stenst ekki. Þar af leiðandi finnst mér að það liggi fyrir að meginrökásarnir í málflutningi stjórnarliðanna hafa fallið. Og það sem mér finnst vanta í svör meiri hlutans er að svara þessu, svara því sem menn eru að færa hér fram. Í fyrsta lagi að svara þeim rökum og staðhæfingum um að gögnin séu núna persónugreinanleg. Því hefur einungis verið svarað, með hverju? Með tilvísun í álit Lagastofnunar. Nú skulum við gefa okkur, herra forseti, að allt sem segir í því áliti sé rétt, gefum okkur það. Þá eru gögnin á því formi sem frv. upphaflega lagði til ópersónugreinanleg en Lagastofnun hefur ekki fjallað um málið eftir að þær brtt. meiri hlutans komu fram sem ég var að greina frá hérna rétt áðan og ég er ansi hræddur um að ef Lagastofnun mundi skoða málið eftir að þessar breytingar hafa verið gerðar, þá hljóti hún að komast að þeirri niðurstöðu að fyrra álitið eigi ekki lengur við.

Við höfum hins vegar ekki Lagastofnun til að ræða við í þessum sölum. Við sem erum í stjórnarandstöðunni höfum meiri hlutann til þess að ræða við og við eigum heimtingu á því, herra forseti, að þessum staðhæfingum okkar verði svarað og bent verði á hvað sé rangt í þeim. Þau svör hafa ekki komið. Við höfum ekki fengið neinar mótbárur.

Herra forseti. Við höfum líka í þessari umræðu óskað mjög sterklega eftir því að fá hingað a.m.k. inn á borð til okkar það frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur lagt til ríkisstjórnarinnar um vernd persónulegra upplýsinga og hefur verið afgreitt af þingflokki Framsfl. en situr fast í þingflokki sjálfstæðismanna, frv. sem hæstv. heilbrrh. lofaði í umræðu 15. október að yrði lagt fram. Hvers vegna þurfum við að sjá þetta frv.? Maður eins og ég þarf að sjá það vegna þess að ég hef haft allt aðra sýn á persónuverndina en ýmsir aðrir. Ég hef til að mynda verið átalinn harðlega af þingmönnum á borð við hv. þm. Hjörleif Guttormsson fyrir þá ofurtrú sem honum finnst að ég hafi á gildi tölvunefndar.

Herra forseti. Ég hef litið með mikilli velþóknun á störf tölvunefndar. Ég hef álitið að hún hafi staðið sig afarvel sem varðhundur borgaranna, sem varðhundur persónuverndar og persónufrelsis borgaranna.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og ýmsir aðrir hafa borið mér það á brýn að ég sé allt of bernskur í þessari trú og það sé ekki hægt að hengja þetta á tölvunefnd. Það kann vel að vera að þeir hafi ýmislegt fyrir sér í því en ég er annarrar skoðunar. En alla vega, herra forseti, hef ég m.a. þegar ég hef átt í deilum við vísindamenn um þetta mikilvæga atriði, persónuverndina, bent á þetta atriði. Þess vegna finnst mér að þeir sem hafa sömu skoðun og ég á persónuverndinni eigi móralska heimtingu á því að ríkisstjórnin leggi fram þetta frv. sem ég var að nefna áðan. Hvers vegna? Vegna þess að þar kemur umbúnaðurinn fram sem á að gilda um tölvunefnd í framtíðinni. Það er frv. þar sem verið er að skipa stöðu tölvunefndar.

Allt frv. sem liggur undir í þessari umræðu, þ.e. frv. til laga um miðlægan gagnagrunn, hangir á tölvunefndinni. Þar er um að ræða útfærslu á starfssviði hennar. Hún á að hafa með höndum daglegt eftirlit með rekstri og reyndar öllu skipulagi sem lýtur að persónuvernd og tengist gagnagrunninum. Er þá nokkuð skrýtið þó að ég óski eftir því að fá þetta frv.? Nei, það er ekkert skrýtið. Frv. sem við höfum hins vegar getað slitið út hefur enga stöðu nema sem vinnuplagg að því er upplýst er af hálfu þingmanna meiri hlutans. Ég vísa til að mynda í yfirlýsingu sem kom fram innan heilbr.- og trn. frá formanni allshn., hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur. Hún sagði: Þetta hefur einungis stöðu vinnuplaggs. Fyrir mig skiptir miklu máli að vita hvernig tölvunefnd á að geta sinnt þessu mikilvæga starfi sem henni er falið með frv. um gagnagrunninn.

Við vitum að tölvunefnd hefur liðið fyrir skort á aðbúnaði. Eftir því sem skilningi okkar á mannréttindahugtakinu fleygir fram, þá hafa margvísleg verkefni færst yfir á hennar könnu og hún er vanbúin. Nú bætist henni við risavaxið verkefni og ég segi, það er einfaldlega ósanngirni að ætlast til þess að fólk eins og ég, sem hef sagt klárt og kvitt að afstaða þess til persónuverndarinnar byggist að stórum hluta á tölvunefndinni, skuli ekki fá að sjá þetta.

En það er líka annað atriði sem varðar þetta frv. Það er skilgreiningin á því hvað eru persónugreinanlegar upplýsingar, hvað eru persónuupplýsingar. Allir sanngjarnir menn hljóta að geta fallist á að það dugar ekki að ein og sama ríkisstjórn komi fram með misvísandi skilgreiningar á einu og sama hugtakinu en það virðist vera í burðarliðnum, herra forseti.

Við sem höfum tekið þátt í umræðunni um gagnagrunninn gerum okkur mætavel grein fyrir því hvernig það er skilgreint í þessu frv. og um það hafa farið fram nokkrar deilur. En það er hins vegar alveg morgunljóst þegar maður skoðar frv. um vernd persónuupplýsinga, sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir álítur vera vinnslugagn en sem ríkisstjórnin hefur eigi að síður samþykkt fyrir sína parta, að á bls. 45 stendur, og ég leyfi mér að vitna í það vinnsluplagg sem ríkisstjórnin hefur eigi að síður gert að sinni stefnu gagnvart a.m.k. stjórnarflokkunum. Það segir, með leyfi forseta:

„Hugtakið persónuupplýsingar í frumvarpsgreininni tekur til allra upplýsinga sem unnt er að rekja til tiltekins einstaklings jafnvel þó þær séu ekki persónugreindar ef hægt er að persónugreina þær á grundvelli einhvers auðkennis með eða án greiningarlykils."

Herra forseti. Skýrar getur þetta ekki verið. Samkvæmt þessari skilgreiningu eru allar upplýsingar í miðlægum gagnagrunni persónugreinanlegar upplýsingar og er þá nema von að þeir sem leggja mikið upp úr þessu velti því nú fyrir sér hvað er rétt og hvað er rangt. Getum við farið til ríkisstjórnarinnar og spurt hana að þessu? Nei, við getum það ekki. Hvers vegna? Vegna þess að hér liggur fyrir frv. um miðlægan gagnagrunn sem segir eitt og hér liggur fyrir frv. sem ríkisstjórnin hefur samþykkt sem segir allt annað, skrifað af mismunandi einstaklingum sem hafa mismunandi skilning á þessu, en þetta er lykilhugtak. Það er þess vegna m.a. sem við höfum auðvitað þurft að fá þetta frv. til umræðu hér á ásamt gagnagrunnsfrv.

Í þessu, herra forseti, felst auðvitað skýringin á því af hverju frv. er ekki komið fram og af hverju menn eru vafa-

laust að tjaldabaki að reyna að breyta þessu frv. vegna þess að það samrýmist ekki frv. um miðlægan gagnagrunn. Vegna þess að ef það verður að lögum þá er þessi skilgreining sem dómsmrh. hefur fyrir sitt leyti lagt fyrir ríkisstjórnina náttúrlega algerlega úti í vindinum.

Ýmis smærri atriði sem hafa ekki komið mikið til umræðu finnst mér samt skipta miklu máli vegna þess að þau varða prinsippatriði, þau varða lágmarksrétt einstaklingsins. Við höfum rætt til að mynda um möguleika einstaklings til þess að hætta þátttöku í miðlægum gagnagrunni. Það kom inn á seinni stigum, þ.e. eftir deilur sem urðu í sumar og í vor út af því að upphaflega gerð frv. gerði ráð fyrir því að allir Íslendingar yrðu að vera þátttakendur í honum. Það mætti harðri andspyrnu og frv. var breytt þannig að nú geta menn synjað þátttöku og það er út af fyrir sig mikilvægt skref fram á við. Menn geta líka, eftir breytingar sem við höfum gert á frv. í heilbr.- og trn., hætt þátttökunni hvenær sem er, samkvæmt orðanna hljóðan. En það er eigi að síður rangt. Við getum hætt að veita upplýsingar inn í grunninn um okkur en við getum ekki dregið út úr grunninum þær upplýsingar sem eru þegar farnar inn.

Hægt er að hafa mörg orð um þetta og gagnrýna þetta frá ýmiss konar vinklum. Einn er sá, herra forseti, að mér er ekki kunnugt um nokkrar vísindalegar rannsóknir þar sem einstaklingur getur ekki dregið sig til baka. Þetta er lágmarksregla sem allir fylgja í öllum rannsóknum. Hver hefur verið mótbára hv. þingmanna meiri hlutans í þessu máli? Einn þeirra sagði í ræðustól í gær eða fyrradag: „Þetta eru ekki vísindarannsóknir."

Til hvers var þá í sjóferðina lagt, ef þetta eru ekki vísindarannsóknir? Hvernig á þá að finna hinar erfðatengdu meinsemdir, ef þetta eru ekki vísindarannsóknir? Þetta er auðvitað bull og þvæla, herra forseti, og sýnir bara í hvaða ógöngur málflutningur hv. stjórnarliða er kominn.

En það er annar vinkill á þessu sem e.t.v. skýrir þetta enn betur. Við skulum gera ráð fyrir ófullveðja einstaklingi, herra forseti, barni, sem eins og eðlilegt er, er á forræði foreldra sinna. Og samkvæmt þessu frv. taka foreldrarnir ákvörðun fyrir viðkomandi barn eða ungling. Ég get út af fyrir sig alveg fallist á það þó aðrir geti það ekki. Ég get fallist á það. Ég legg að vísu fram brtt. ásamt minni hlutanum um að foreldrarnir eigi, í anda 29. gr. laga um réttindi sjúklinga, að hafa börn með í ráðum og alltaf þegar þau eru tólf ára eða eldri. Sá er réttur þeirra samkvæmt öðrum lögum og hann á ekki að vera minni þarna. Hugsum okkur barn sem verður að fullveðja einstaklingi og ákveður að taka ekki þátt í gagnagrunninum og ákveður að hætta allri þátttöku. Þá finnst mér það lágmark að einstaklingar í þessari stöðu, að þeir a.m.k., fái að draga út allar upplýsingar um sig í gagnagrunninum þegar þeir verða fullveðja. Ef sú tillaga sem við höfum flutt um aukna möguleika barna á að synja þátttöku, aukna möguleika einstaklinga til þess að draga upplýsingar um sig út úr grunninum, verður felld við 2. umr. þá mun ég leggja fram aðra tillögu fyrir 3. umr. þar sem gert er ráð fyrir því að einstaklingar geti þegar þeir verða fullveðja, a.m.k. þeir, dregið slíkar upplýsingar út úr grunninum.

Ég lít svo á að þetta atriði sem hefur ekki hlotið mikla umræðu hérna sé hluti af mannréttindum. Það hlýtur að vera réttur einstaklingsins að verja sig eftir föngum gagnvart ofurtökum ríkis. Við getum sett upp svohljóðandi dæmi að einstaklingur sem tilheyrir ákveðnum sjúklingahópi líti svo á að þróun starfsemi gagnagrunnsins sé að verða slík að hún gæti skaðað hagsmuni hans eða sjúklingahóps sem hann tilheyrir. Hefur þá þessi einstaklingur ekki rétt til þess að verja sig gagnvart þessu tæki? Vitaskuld á hann að hafa það. Vitaskuld á hann því að geta notað það eina vopn sem hann hefur og það er að draga allar upplýsingar um sjálfan sig út úr grunninum. Einu rök hv. þingmanna stjórnarliðsins gegn þessu, samanber þau sem hafa komið fram hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, eru að þá verður gagnagrunnurinn ekki jafnmikilvirkur sem tæki. Hann verður með öðrum orðum gloppóttur. Það má auðvitað ekki gerast vegna þess að þá er erfiðara að selja vöruna sem hægt er að búa til í formi upplýsinga úr þessum grunni.

Þetta er auðvitað sjónarmið sem hægt er að skilja frá sjónarhóli viðskipta. En við erum ekki bara að tala um dauðar vörur. Við erum að tala um einstaklinga. Það gengur ekki, herra forseti, að setja mammon og musteri viðskiptanna með þessum hætti miklu ofar grundvallarmannréttindum einstaklinganna sem felast í því að fá að verja sig gegn ásælni ríkisins. Þetta hélt ég, herra forseti, að væri meira að segja einn af hornsteinunum í þeirri stjórnmálastefnu sem til að mynda Sjálfstfl. fylgir. En það er eins og öllu sé á haus snúið í þessu máli. Öll hin gömlu prinsipp Sjálfstfl. koðna niður og verða að engu sökum þeirra undarlegu ofurtaka sem eitt fyrirtæki, gælufyrirtæki, merkilegt fyrirtæki en gælufyrirtæki eigi að síður, virðist hafa á ríkisstjórn Íslands eins og hún leggur sig. Ríkisstjórn Íslands virðist ekki víla það fyrir sér að ætla að nota atkvæðamaskínur — ég bið afsökunar, hæstv. forseti — ætla að nota hv. þingmenn stjórnarliðsins til þess að koma þessu máli í gegn þó það sé alveg ljóst að það brjóti í mörgum greinum alþjóðlega sáttmála.

Það sem mér finnst e.t.v. sýna hvað skýlausast fyrirhyggjuleysi stjórnarliðsins og hversu þeir eru reiðubúnir til þess að ana út í foraðið, er nákvæmlega dæmið af 9. gr., þ.e. um aðgengi vísindamanna. Það hefur að vísu margsinnis komið fram hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að hún er til viðtals um að breyta þeim klásúlum sem þar eru. Þar er um að ræða nokkur ákvæði sem stangast í grundvallaratriðum á við samkeppnisreglur EES og ábyggilega samkeppnislög hér líka. Reyndar hefur fallið dómur sem virðist benda til þess að seta rekstrarleyfishafans í aðgengisnefndinni samrýmist ekki íslenskum samkeppnislögum. En látum það vera. Það kemur mjög ítarlega í ljós í áliti Samkeppnisstofnunar að t.d. einungis seta rekstrarleyfishafans í aðgengisnefndinni er líkleg til þess að brjóta samkeppnisreglur EES-réttarins á þrjá vegu og aðgengið að öðru leyti er líklegt til þess að brjóta þær á tvo vegu til viðbótar.

Hvað gera menn í slíkri stöðu ef þeir hafa einlægan áhuga á því að reyna að ryðja íslensku vísindamönnum brautina inn í grunninn? Þeir setjast niður og reyna að finna einhverjar leiðir. Ég hélt að við hefðum verið að reyna að gera það í nefndinni. Það var erfitt að finna leiðir. En þegar upp var staðið skildu leiðir með meiri og minni hluta. Meiri hlutinn ákvað að leggja inn til þingsins svo að segja óbreytta tillöguna úr frv. þrátt fyrir að það lægi alveg fyrir að hún brýtur í bága við EES-reglu.

Af hverju? Hv. þm. Tómas Ingi Olrich hann hefur fundið upp þá kenningu að EES nái ekki yfir heilbrigðiskerfið og þar af leiðandi dregur hann þá ályktun að viðskipti með upplýsingar sem unnar eru úr heilbrigðisupplýsingum séu allt annars konar viðskipti og að Íslensk erfðagreining verði undanþegin þessu. Það kemur fram í nefndinni að meiri hlutinn telur að þetta sé á gráu svæði og hann ætlar samt að láta á

þetta reyna. Hvers vegna? Ég veit það ekki, herra forseti. Ég tel ekki að þeim gangi neitt illt til vegna þess að ég held að það sé einlægur vilji hjá þeim, alveg eins og okkur, að reyna að útvega íslenskum vísindamönnum aðgengi að grunninum. Ég tek þetta sem dæmi um fyrirhyggjuleysi. Menn láta bara skeika að sköpuðu.

Hvað gerist svo ef þetta verður samþykkt svona? Eftir tvö, þrjú ár verður búið að dæma þetta út úr lögunum og dæma þetta ógilt. Íslenska ríkisstjórnin er svo sem orðin vön því að fá á sig hvers kyns dóma á þessum síðustu og verstu tímum.

Þetta mundi leiða til þess að íslenskir vísindamenn munu ekki geta notfært sér þennan aðgang í framtíðinni. Rannsóknarráð Íslands veitti jákvæða umsögn um þetta mál. En það var algjört skilyrði af þeirra hálfu að tryggt yrði að vísindamenn hefðu þennan aðgang. Nú held ég að það liggi alveg ljóst fyrir að svo er ekki.

Menn hafa rætt mikið um einkaréttinn sjálfan. Það er auðvitað þannig að einkarétturinn kemur ekki skýrt fram í frv. Það er hvergi talað um einkarétt. Það er hvergi talað um að Íslensk erfðagreining eigi að fá einkaréttinn. En ríkisstjórnin hefur sagt að það verði bara gefið út eitt sérleyfi. Ríkisstjórnin hefur líka sagt að það eigi að fara til Íslenskrar erfðagreiningar. Þessar yfirlýsingar eru ekki síður merkilegar, herra forseti, í ljósi þess að í áliti Lagastofnunar kemur fram að hvort sem menn ætla sér að fara í útboð á sérleyfinu eða ekki þá sé nauðsynlegt eigi að síður að kynna þeim sem gætu haft áhuga á gerð og starfrækslu gagnagrunns áform ríkisstjórnarinnar vegna þess að annars væri ekki fylgt almennum reglum í stjórnsýslunni og annars kynni 65. gr. stjórnarskrárinnar að vera brotin.

Að vísu vílar þessi ríkisstjórn ekki fyrir sér að brjóta stjórnarskrána eins og Hæstiréttur hefur komist að. En þrátt fyrir þetta, herra forseti, er búið að lýsa því yfir hver eigi að fá þetta einkaleyfi.

Aftur og aftur hafa talsmenn meiri hlutans verið inntir eftir rökum sínum fyrir því hvað á að réttlæta einkaréttinn. Og aftur og aftur hefur hv. þm. Siv Friðleifsdóttir komið hingað og farið með sömu rulluna. Og þessi rulla er eftirfarandi, hæstv. forseti: „Það kostar gríðarlegt fjármagn að setja upp gagnagrunn á heilbrigðissviði. Markaðssetningin er óviss. Ef fleiri en einn væru með gagnagrunninn þá væri líka óvíst um þau verðmæti fyrir upplýsingasöluna sem rynnu inn til íslenska ríkisins og íslensku þjóðarinnar."

Herra forseti. Þetta er alveg skýr röksemdafærsla. En það vill svo til að jafnvel sá aðili sem hv. meiri hluti hefur hengt hatt sinn á í öllu þessu máli, Lagastofnun Háskóla Íslands, hrekur þetta. Lagastofnun Háskóla Íslands segir alveg skýrt að rök eins og þessi dugi ekki, þau geti ekki réttlætt einkaréttinn, og að beita verði annars konar rökum til þess að réttlæta einkaréttinn.

Samkeppnisstofnun Íslands kveður enn fastar að orði, herra forseti. Hún segir það alveg klárt og kvitt að rök af þessu tagi dugi ekki og hún tekur dæmi. Hún segir: „Stóriðja er undir sömu sök seld. Stóriðja hefur í för með sér gríðarlegan stofnkostnað og oft og tíðum mikla markaðslega óvissu." Ef þetta ætti að gilda um gagnagrunninn þá ætti það líka að gilda um stóriðju en auðvitað vitum við að svo er ekki. Þessum rökum er því hafnað.

Ef við reynum að ræða málefnalega það sem mér finnst vera mikilvægast í þessu, þ.e. einkaréttinn, og ef það blasir við að Lagastofnun er búin að hrinda röksemdafærslu meiri hlutans í því efni, og ef það blasir við að Samkeppnisstofnun er líka búin að því þá spyr ég auðvitað hv. þingmenn meiri hlutans: Hvaða rök hafa þeir þá til viðbótar? Þau rök eru vafalaust til, herra forseti. Þau rök er vafalaust að finna í áliti Lagastofnunar. En það er eins og hv. meiri hluti hafi ekki einu sinni nennt að lesa það álit vegna þess að þau rök sem hægt er að tína þar út eru aldrei færð hingað inn á borðið. Eins og í mörgum öðrum greinum þá kemur í ljós að meiri hlutinn skilur ekki grundvallaratriði í þeirri frumvarpsgerð sem hérna er. Og mér finnst það afskaplega miður, herra forseti.

Ég get heldur ekki annað en átalið það sem ég drap aðeins á í upphafi máls míns að meiri hlutinn er kominn á afar hæpinn stíg þegar hann er farinn að halda því fram að ekki hafi verið skilningur á ákveðnum lykilgreinum frumvarpsins og þess vegna þurfi að fara með járnkarl og reku á frumvarpið milli 2. og 3. umr. til þess að spenna það upp og gjörbreyta því í meginatriðum. Að vísu segi ég félögum mínum í meiri hlutanum úr nefndinni það til hróss að þeim hefur minnst verið att á þetta forað. En þeim þingmanni sem hér hefur haft sig mest í frammi, hv. þm. Tómas Ingi Olrich, var att á þetta forað. Hann kom hingað og dró í efa túlkun á meðferð erfðafræðilegra upplýsinga þó það hafi verið alveg skýrt hvernig bar að fara með ættfræðiupplýsingar, heilsufarsupplýsingar og erfðafræðiupplýsingar. Meira að segja var það svo skýrt að gerð var með samþykki allra í nefndinni ákveðin sveigja til þess að auðvelda notkun ættfræðiupplýsinganna. Gerð var breyting, sem a.m.k. ég fylgi, til þess að auðvelda samkeyrslu ættfræðigrunnsins og heilsufarsupplýsinganna. Það var hins vegar alveg skýrt og kom fram aftur og aftur í samtölum okkar við starfsmenn heilbrrn. að ekki væri ætlast til þess að inn í grunninn færi eitt eða neitt annað en þær upplýsingar sem finnast í sjúkraskrám.

Nú vill svo til að í sjúkraskrám eru engar ættfræðilegar upplýsingar, ekki nokkrar. Það var því ljóst að samkeyra þyrfti ættfræðigrunninn við heilsufarsupplýsingar til að geta unnið ákveðin gögn úr þeim. Þess vegna féllst a.m.k. hluti minni hlutans á að taka upp ákveðna vinnureglu til að auðvelda þetta. Það var jafnljóst að allt annað sem ekki var að finna í sjúkraskránum eru gögn sem ekki verða samkeyrð við heilsufarsgrunninn nema með leyfi tölvunefndar. Af því að hv. þm. Tómas Ingi Olrich, sem ekki er í salnum, tuðaði á þessu aftur og aftur verð ég að fara yfir þetta mál.

Í athugasemdum um 1. mgr. 7. gr. þar sem fjallað er um hvað eigi að fara í grunninn, segir, herra forseti: „Rétt er að taka fram að heimild rekstrarleyfishafa skv. 1. mgr. til flutnings upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði tekur einungis til upplýsinga úr sjúkraskrám."

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich reyndi með útúrsnúningum að komast fram hjá þessu með því að vísa til skilgreiningar sem sýnir vanþekkingu hans á þessu frv. Hann vísar, herra forseti, til skilgreiningar í 6. lið 3. gr. þar sem segir:

„Heilsufarsupplýsingar: Upplýsingar er varða heilsu einstaklinga, þar með taldar erfðafræðilegar upplýsingar."

Út frá skilgreiningunni taldi hv. þm. Tómas Ingi Olrich að ljóst væri að erfðafræðilegar upplýsingar sem rekstrarleyfishafinn hefði undir höndum, ættu að fara inn í þennan grunn. Þetta er að sjálfsögðu kolrangur skilningur. Ég las hér að einungis það sem væri í sjúkraskrám ætti að fara þar inn. Ef við samlesum þetta þýðir það aðeins eitt: Einungis þær erfðafræðilegu upplýsingar sem er að finna í sjúkraskrám

mega fara inn í miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Einungis þær. Þetta er alveg morgunljóst hérna.

Það vill svo til að í dag eru nánast engar erfðafræðilegar upplýsingar að finna í sjúkraskrám. Það mun breytast á næstu 10 árum en svona er staðan í dag. Forráðamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa greinilega misskilið þetta frv. vegna þess að þeir hafa sjálfir ekki nennt að lesa frv. Það má sjá af því að þegar þeir hafa skýrt frv. á fundum hjá Læknafélagi Íslands hafa þeir alltaf talið, og þetta kemur fram í gögnum sem þeir hafa opinberað, að sá arfgerðargrunnur sem þeir eru að vinna með upplýstu samþykki eigi að fara þarna inn. Á síðustu stundu uppgötvuðu þeir að frv. tekur ekki yfir þetta.

Þetta er einn hluti þess að ég segi að áhættan sé ásættanleg. Eðli grunnsins gjörbreytist ef þessar upplýsingar eru teknar inn. Þá er þetta bara allt annar grunnur, áhættan fyrir einstaklingana er miklu meiri vegna þess að þá eru upplýsingar um arfgerð einstaklinganna komnar þarna inn. Með hliðsjón af þessu er meiri hlutanum misbeitt af forvígismönnum Íslenskrar erfðagreiningar, sem nenntu ekki að lesa frv., til að spenna það upp milli 2. og 3. umr. og gjörbreyta þessum þætti. Látum vera að þetta hefði komið fram einhvern tímann fyrr í umræðunni. Það hefði verið í lagi að ræða þetta þá en hæstv. heilbrrh. hefur sagt: Við erum búin að ræða frv. í sex mánuði og bráðum er það útrætt. Ég hef gefið þjóðinni kost á að ræða það og menn eiga að vera meðvitaðir um það.

Þetta er rétt hjá hæstv. heilbrrh. Hún hefur staðið sig vel við að koma þessu frv. á framfæri. Hún hefur látið þýða það á erlend tungumál m.a. til að gera hinu alþjóðlega vísindasamfélagi kleift að ræða málið enda er þetta umdeilt alls staðar. En þegar forvígismenn Íslenskrar erfðagreiningar koma aftan að þingi og þjóð og ætla að misbeita þingmönnum meiri hlutans til að gjörbreyta þessu frv. án þess að nokkur þrýstingur komi um það frá heilbrrn. þá er mér nóg boðið. Þá eru menn að blekkja þjóðina. Áhættan sem felst í þessum gagnagrunni gjörbreytist og það er ekki út af þrýstingi frá hæstv. heilbrrh. eða ráðuneytinu, það er einungis frá forvígismönnum Íslenskrar erfðagreiningar.

Ég ber virðingu fyrir Íslenskri erfðagreiningu og því sem þeir hafa áorkað en ekki er hægt að láta þá vaða á ekki giska hreinum skóm yfir þingið. Það er ekki hægt að láta þá færa umræðuna síðustu mánuði yfir á rangar brautir og gjörbreyta svo eðli frv. þegar við erum að ljúka vinnunni. Þetta vakir fyrir þeim. Það á að taka arfgerðarupplýsingarnar inn. Ég kom upp og mótmælti hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur þegar hún greindi frá nýrri tækni í erfðavísindum sem ég þekki að vísu nokkuð til, þ.e. að hægt væri að skjóta ákveðnum örmerkjum inn í erfðaefnin og fylgjast með því hvernig erfðir breyttust, þ.e. fá fram mjög nákvæmar upplýsingar um einstaklinga. Það er sú hætta, sagði hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, sem við þurfum að horfa á til framtíðar. Þá kom ég upp, þar sem ég var í nefndinni eins og hún, ég skildi frv. og hafði margsinnis spurt starfsmenn heilbrrn. út í þetta atriði og fengið skýr svör frá þeim. Ég mótmælti hv. þm. og sagði: Þessar upplýsingar eiga ekki að vera þarna inni, það kemur skýrt fram í frv. Hún hafði auðvitað aðrar upplýsingar. Hvaðan? Úr gögnum frá Íslenskri erfðagreiningu. Ég er að reyna að skýra hvernig ég hef skilið þetta frv., hvernig ráðuneytið hefur skilið þetta frv. og hvernig nefndin skildi þetta frv. þar til alveg á síðustu dögum. En nú á að breyta því og aðeins fyrir þrýsting frá Íslenskri erfðagreiningu.

Annað dæmi um það hvernig þetta mál hefur verið unnið. Ætlunin er að troða inn í frv. verulegum breytingum varðandi apótek. Á allra síðustu dögum vinnunnar komu líka óskir um það. Við höfðum aldrei heyrt þetta áður. Deginum áður en málið var tekið út úr nefndinni komu óskir um að frv. næði ekki bara til sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og heilbrigðisstofnana heldur líka til apóteka. Hvers vegna? Eins og ég reyndi að leiða rök að í fyrstu ræðu minni er eini fjárhagslegi tilgangurinn sem ég get enn þá séð í þessu frv. sá að hægt væri að hafa eftirlit með aukaverkunum lyfja eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur fordæmt oft og tíðum. Ég er ekki sammála honum um það vegna þess ég tel að það sé líka þarft hlutverk og hef þekkt dæmi um það. Ég nefndi dæmi um að ef þessi gagnagrunnur hefði verið til þegar Thalidomide-slysið kom upp hefðu afleiðingar þess ekki orðið jafnskelfilegar.

Hins vegar er ljóst að þetta stendur til og þá spyr maður sig auðvitað: Hvernig hefði umræðan þróast ef menn hefðu vitað að lyfseðlar úr apótekum ættu líka að vera þarna inni? Hún hefði þróast öðruvísi, held ég. Ég held að margir hefðu orðið mótsnúnari frv. en þeir eru í dag. Ef þetta verður sett í frv. þá held ég því fram að í umræðum um þetta frv. sé reynt að blekkja þjóðina á tvo vegu. Heilbrrn. stendur ekki fyrir því. Það gera aðrir.

Herra forseti. Í ræðum mínum hef ég fært mörg rök gegn einkaréttinum. Ég tel reyndar að einkarétturinn kunni í fyrstu, á fyrstu árunum, að hann hjálpa rekstrarleyfishafanum eitthvað en til langs tíma muni hann örugglega, eins og alltaf gerist þar sem einokun er, verða til trafala. Hann mun vernda möguleika viðkomandi fyrirtækis til að hafa hagnað af starfsemi sinni. Ég er klár á því. Þeir sem fengu einokun á útflutningi saltfisks græddu auðvitað rosalega mikið á því en við afnámum það. Hvers vegna? Við töldum að einokunin mundi leiða til missis viðskiptatækifæra og þeir sem hefðu einokunina mundu ekki koma auga á öll viðskiptatækifærin.

Við vitum að einokun leiðir alltaf til stöðnunar. Það er staðreynd og þetta veit t.d. hv. þm. Kristján Pálsson sem alltaf hefur barist gegn einokun á öllum sviðum þar til kom að miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði, sýnist mér.

Athyglisvert er að Lagastofnun lýsir í áliti sínu nauðsyn þess að skilgreina mikilvægi einkaréttarins. Hún segir, með leyfi forseta:

„Sönnunarbyrðin fyrir því að einkaréttur sé nauðsynlegur og óheft samkeppni muni koma í veg fyrir að fyrirtæki fái þjónað hlutverki sínu hvílir á einkarétthafanum og eftir atvikum því ríki sem veitir einkaréttinn. Sýna verður fram á að takmörkun sú sem felst í einkaréttinum eða eftir atvikum takmörkun á gildissviði samkeppnisreglna sé nauðsynleg til þess að fyrirtæki fái gegnt hlutverki sínu."

Með öðrum orðum lýsir Lagastofnun nauðsyn þess að skilgreina af hverju þurfi einkarétt. Þó hafa þessi rök hvergi verið skilgreind ítarlega, bendir Lagastofnun á og segir síðan, með leyfi forseta: „Rökin fyrir einkarétti í sjálfu frv. koma ekki skýrt fram." Þessum rökum hefur aldrei verið komið fram, fyrir utan þau sem ég taldi hér áðan. Þeim er hafnað, bæði af Samkeppnisstofnun og Lagastofnun. Þar með liggur fyrir að einu rökunum fyrir einkaréttinum sem fram hafa komið, þ.e. um hinn gríðarlega háa stofnkostnað, hefur verið fleygt út í hafsauga, meira að segja af Lagastofnun sem hið ágæta fólk sem styður frv. hefur þó litið á sem sitt einasta haldreipi.

Aftur og aftur hafa menn, þar á meðal hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, komið í þennan stól og sagt: Einkarétturinn brýtur ekki EES-reglurnar vegna þess að annað segir í áliti Laga-

stofnunar. Síðan hefur hv. þm. Siv Friðleifsdóttir lesið upp það sem segir í áliti Lagastofnunar og hvað segir þar? Þar skiptir þrennt máli.

Í fyrsta lagi: Lagastofnun treystir sér ekki til að fullyrða að einkarétturinn standist EES-reglurnar. Í öðru lagi: Lagastofnun segir, þegar hún hefur farið yfir sviðið og tínt til ákveðnar reglur og lög, að það sé möguleiki, segir: Getur samrýmst. Í þriðja lagi segir hún að það sé alveg klárt að menn séu að taka áhættu. Rök fyrir einkaréttinum vantar, meiri hlutinn hefur aðeins komið fram með ein rök. Þessum rökum hefur verið hafnað af Lagastofnun og Samkeppnisstofnun. Engin önnur rök hafa komið og hér segir Lagastofnun rökin fyrir einkaréttinum vantað í frv.

Sú grein sem skiptir mestu máli í tengslum við EES-réttinn er um að mönnum beri að velta fyrir sér hvort starfsemi þessa einkaréttarhafa fullnægi undanþáguskilyrðum sem finna má í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Þetta ákvæði samningsins er auðvitað lykilgrein varðandi mat á því hvort hægt sé að fella starfrækslu grunnsins undir undanþágur samningsins. Ákvæði 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins fela í sér þrenns konar skilyrði sem fyrirtæki verða að uppfylla svo hægt sé að víkja frá reglunum sem er að finna í 1. mgr. umræddrar greinar.

Mikilvægasta atriðið, sem fjallað er um í talsvert löngu máli, bæði hjá Samkeppnisstofnun og Lagastofnun, varðar það hvort einkarétturinn sé óhjákvæmilegur til að fyrirtækið geti veitt það sem heitir, samkvæmt réttinum, almenna efnahagslega þýðingu. Lagastofnun segir t.d., með leyfi forseta, svo ég vitni í það: „Veiting einkaréttar er því aðeins lögmæt að EB-rétti að slíkur einkaréttur sé nauðsynlegur til að fyrirtæki geti veitt þjónustu sem hafi almenna efnahagslega þýðingu.“ Í ljós kemur að Lagastofnun telur að þetta kunni að samrýmast þessu undanþáguákvæði. Þá veltir maður því fyrir sér hver þessi almenna efnahagslega þýðing sem rekstrarleyfishafinn hefur sé. Hver er hún? Hún er mjög illa skilgreind en Lagastofnun telur þó um að ræða aðgang heilbrigðiskerfisins að upplýsingum úr grunninum. Ég hef hins vegar bent á að sá aðgangur kynni að vera til lítillar nytsemdar vegna lítillar þátttöku sem yrði í grunninum. Hún hefur jafnframt bent á að rekstrarleyfishafanum beri að setja upp dýr upplýsingakerfi á heilbrigðisstofnunum.

Við þessa niðurstöðu Lagastofnunar hef ég ýmislegt að athuga. Í fyrsta lagi tel ég og bendi á að í öllum öðrum málum sem tengjast einkarétti og EB-dómstóllinn hefur fjallað um er um að ræða fyrirtæki sem láta borgurunum sjálfum í té beina þjónustu. En þjónusta gagnagrunnsins sem Lagastofnun færir rök að við skoðun sína er hins vegar ekki innt af hendi beint gagnvart neinum borgurum heldur gagnvart ríkinu og Lagastofnun tekur þetta sjálf fram í áliti sínu. Ég hef jafnframt bent á það, herra forseti, að það er allsendis óvíst hversu mikið gildi upplýsingar úr grunninum hafi fyrir heilbrigðisyfirvöld. Ástæðan til þess er tvíþætt. Í fyrsta lagi benda skoðanakannanir til þess að u.þ.b. þriðjungur eða meira af landsmönnum muni nýta synjunarheimild 8. gr. til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar um þá, þennan þriðjung þjóðarinnar berist inn í grunninn.

Í öðru lagi hafa einstök samtök sjúklinga ákveðið að skora á félagsmenn sína að taka ekki þátt í grunninum. Þegar upp verður staðið gæti það farið svo, ef illa tekst til, að jafnvel minna en helmingur landsmanna verði aðilar að grunninum. Hver veit? Þá hefur auðvitað sá aðgangur sem heilbrigðisyfirvöld hafa að grunninum til þess að búa til skýrslur giska litla þýðingu og þar með er varla hægt að líta á það sem almenna efnahagslega þýðingu.

Í þriðja lagi bendi ég á að uppsetning hinna dreifðu upplýsingakerfa fyrir staðbundnu grunnana er forsenda þess að miðlægi gagnagrunnurinn verði að veruleika þannig að m.a. af þeim sökum er hæpið að telja að þau kerfi hafi svo sterka almenna efnahagslega þýðingu að réttlæti frávik frá samkeppnisreglum Evrópska efnasvæðisins. Ég tel því að Lagastofnun styðjist við afar veik rök. Enda kemur í ljós að Samkeppnisstofnun, sem hefur að atvinnu að fjalla um mál af þessu tagi, hafnar þeim algerlega.

Ég bendi líka á það, herra forseti, að Samkeppnisstofnun bendir á leiðbeiningarreglur um það hvenær fyrirtæki veiti þjónustu sem hafi almenna efnahagslega þýðingu. Þetta er lykilatriði. Ein forsendan sem er gefin í reglunum er að eðli slíkrar þjónustu feli í sér að væri hún ekki veitt af viðkomandi fyrirtæki mundi hið opinbera trúlega sjálft veita hana þar sem þjónustan væri nauðsynleg til þess að mæta mikilvægum þörfum almennings.

Þó að Samkeppnisstofnun bendi ekki á það þá liggur eigi að síður fyrir að áður en forvígismenn Íslenskrar erfðagreiningar komu með hugmynd sína um miðlægan gagnagrunn til ríkisstjórnarinnar hafi heilbrrn. gefið út vandaða stefnu í upplýsingamálum heilbrigðisþjónustunnar. Þar kom beinlínis fram að ráðuneytið hafði tekið ákvörðun um að ráðast ekki í gerð miðlægs gagnagrunns heldur einbeita sér að þróun dreifðra, staðbundinna gagnagrunna. Þar með liggur fyrir skrifleg yfirlýsing hins opinbera um að það mundi ekki ráðast í gerð gagnagrunns, miðlægs gagnagrunns þó að slíkur grunnur yrði ekki smíðaður af einkafyrirtæki. Þetta fellir mikilvæga stoð undan því að hægt sé að líta svo á að gagnagrunnurinn hafi almenna efnahagslega þýðingu og uppfylli þar með undanþáguskilyrði 2. mgr. 59. gr. EES-samnningsins.

Herra forseti. Ég tel líka, og gæti haft miklu lengra mál um einkaréttinn, að það sé alveg ljóst að verði hann að veruleika sé óhjákvæmilegt að bjóða út gerð gagnagrunnsins. Ríkiskaup færa að þessu góð rök og ég held, herra forseti, að þingið geti ekki látið það mál dankast og menn verða að taka ákvörðun um það. Ég held að það sé alveg ljóst ef einkarétturinn verður veittur mun okkur bera skylda til þess að bjóða hann út.

Herra forseti. Ég hef farið vel yfir það sem mér finnst vanta í svör meiri hlutans og aðeins haldið mig þá við það sem ég lít á sem lykilatriði. Sér í lagi skiptir það máli varðandi einkaréttinn vegna þess að engin rök eru fyrir honum. Lagastofnun bendir á að nauðsynlegt sé að finna einhver rök og sú skylda hvíli á þeim sem leggur fram frv. af þessu tagi og því ríki sem veitir einkaréttinn. Lagastofnun bendir líka á að þau rök sé ekki að finna í frv. Hún bendir einnig á að lesa megi tiltekin rök út úr því sem forvígismenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa skrifað og rætt opinberlega, og nákvæmlega þessi rök höfum við fengið frá meiri hlutanum og nákvæmlega þessum rökum hafnar Lagastofnunin sjálf. Ég lýsi eftir einhverjum nýjum rökum öðrum en þeim sem meiri hlutinn hefur flutt hingað fyrir einkaréttinum og sem hefur verið hafnað af því haldreipi sem meiri hlutinn hangir í einu saman.

Því miður, herra forseti, höfum við fleiri dæmi. Við höfum enn eitt dæmið sem mér finnst vera óvanalega ósvífið og tengist einmitt þeim heljartökum sem Íslensk erfðagreining virðist hafa á ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Í vor voru sam-

þykkt lög um nýtingu auðlinda í jörðu. Stjórnarandstaðan barðist hatrammlega gegn lögunum, ekki síst einu tilteknu ákvæði sem fól í sér að hæstv. iðnrh. gæti veitt einkarétt á rannsóknum til að hagnýta örverur í íslenskum hverum. Herra forseti. Ég hef í höndunum afrit af rannsóknarleyfi sem búið er að draga upp og hæstv. iðnrh. á einungis eftir að staðfesta með undirskrift sinni. Það felur í sér að einu fyrirtæki er nánast á silfurdiski fært landið og miðin á þessu sviði, *einu fyrirtæki er veittur einkaréttur til að rannsaka íslenskar hveraörverur í hagnýtingarskyni.* Og hvaða fyrirtæki skyldi þetta vera? Hér segir í drögunum að leyfinu, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra veitir hér með Íslenskum hveraörverum ehf., Efna- og líftæknihúsi, Keldnaholti, 112 Reykjavík, rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna á örverum á nánar tilgreindum jarðhitasvæðum á Íslandi. Um er að ræða sérleyfi til þess að rannsaka hagnýtt gildi hveraörvera í samræmi við 34. gr. laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu."

Herra forseti. Hverjir skyldu nú eiga þetta fyrirtæki? Meiri hluti þess er í eigu doktors Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar, og Hannesar Smárasonar, fjármálastjóra Íslenskrar erfðagreiningar. Hvað er eiginlega að gerast, herra forseti? Hér er sem sagt um að ræða grein af meiði þessa mikla fyrirtækis, sem ætlar nú ekki bara að láta sér nægja að hrammsa til sín einkarétt á öllum heilsufarsupplýsingum landsmanna. Það ætlar líka í skjóli óskiljanlegra ofurtaka sinna á íslensku ráðherrunum að taka til sín einkaréttinn að því að rannsaka sérkennilega og merkilega arfgerð *íslenskra hveraörvera. Hvað er að gerast hérna, herra forseti?* Hvers konar græðgi er þetta? Hvaða liðleskjur eru þetta í ríkisstjórn Íslands sem láta bjóða sér þetta? Hvað er orðið um viðskiptafrelsið? Hvað er orðið um vísindafrelsið? Hvað veldur því að í hverju málinu á fætur öðru leggur ríkisstjórnin út á djúp hafta og einokunar?

Herra forseti. Þetta einstaka mál sem tengist Íslenskri erfðagreiningu sýnir að mínu viti betur en nokkuð annað hættuna sem felst í því að afhenda einkarétt á sviði vísindarannsókna til einhverra ákveðinna aðila. Einkarétturinn er af hinu vonda í rannsóknum eins og þessum. Það vill svo til að hér á landi er til þekking og reynsla á þessu sviði. Hér er til fyrirtæki sem er m.a. í eigu Háskóla Íslands og í eigu Pharmaco og fleiri fyrirtækja sem heitir Genís. Þetta fyrirtæki hefur um tíu ára skeið stundað rannsóknir á hitakærum örverum og það hefur verið frumkvöðull á sviði líftækniiðnaðar á Íslandi. Það hefur samstarfssamninga við flestar rannsóknarstofnanir Íslands sem með einhverjum hætti tengjast rannsóknum af þessu tagi. Það hefur tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem tengjast erfðum örvera. Það hefur tekið þátt í að finna og þróa notkun ensíma úr örverum. Það hefur m.a. tekið þátt í að markaðssetja afurðir úr örverum, m.a. skerðiensím sem er á markaði.

Þetta fyrirtæki hefur átt frumkvæði að fjárfestingum upp á síðkastið sem varða næstum því hálfan milljarð ísl. kr. Þetta fyrirtæki hefur því reynslu og það hefur sögu. Það hefur aldrei farið fram á einkarétt, herra forseti, en nú á að vísa þessu íslenska fyrirtæki út á guð og gaddinn og framtíð þess í rannsóknum á örverum á Íslandi verður háð duttlungum forráðamanna Íslenskrar erfðagreiningar. Genís, íslenskt fyrirtæki með sögu, fær ekki að keppa heldur verður það háð því að geta með einhverjum hætti keypt sig inn í einkaréttinn sem Íslensk erfðagreining er nú að fá að tjaldabaki.

Ég held, herra forseti, að það sé gríðarlega hættuleg þróun sem hér er í gangi og maður veltir því fyrir sér hvað sé eiginlega að gerast hérna. Íslensk erfðagreining er ekki einungis að fá einkarétt á öllum heilsufarsupplýsingum landsmanna, hún er líka að hrammsa til sín einkarétt á rannsóknum til þess að hagnýta íslenskar hveraörverur og þrátt fyrir það er fyrirtæki fyrir í landinu. Hvað er eiginlega að gerast hér, herra forseti? Þetta fyrirtæki sem ég hef nefnt, Genís, hefur aldrei viljað einkarétt, það hefur ekki sótt um sérleyfi. Það *hefur bara viljað fá að vera til. En nú kemur þessi risi og* leggur í krafti ofurtakanna sem hann hefur á ríkisstjórninni hramm sinn yfir þetta líka. Þetta er græðgi, herra forseti, og þetta finnst mér ólíðandi.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er að verða ríkisstjórn ójafnréttis og ójafnræðis og við erum að sjá dæmin hrannast upp. Heilsufarsupplýsingar allra landsmanna eru færðar einu gælufyrirtæki með lagasetningu. Hálendið er tekið frá fólkinu og fært í hendur örfárra með lagasetningu. Kvótinn er tekinn frá fólkinu og gefinn örfáum á silfurdiski og meira að segja þegar Hæstiréttur lemur ríkisstjórnina vegna þess að hún hefur brotið stjórnarskrána þá segir einn hæstv. ráðherra hvort ekki sé rétt — varpar því fram opinberlega — hvort eigi bara ekki að athuga með að laga stjórnarskrána að þessu máli til þess að vernda rétt hinna örfáu gegn hagsmunum fjöldans.

Herra forseti. Mér finnst að hér sé ríkisstjórnin komin út á mjög hættulega braut. Þetta dæmi sem ég er að rekja hérna síðast varðandi einkaréttinn líka á rannsóknum á íslenskum hveraörverum sem sama fyrirtæki á að fá og er að fá einkaréttinn á heilsufarsupplýsingum landsmanna, þá er mér bara nóg boðið. Þá get ég ekki annað en tekið undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem sagði hér í gær: Ríkisstjórn ójafnræðisins á að fara, þessi ríkisstjórn á að fara. Við sjáum á hvaða braut hún er farin. Hún er ekki lengur með hagsmuni fjöldans að leiðarljósi heldur forréttindi hinna sárafáu.

[11:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér komu fram mjög athyglisverðar upplýsingar og mjög alvarlegar upplýsingar og mjög alvarlegar ásakanir sem nauðsynlegt er að fá botn í. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er ríkisstjórn ranglætis og hefur reyndar verið það í sjö ár. En hér kemur fram að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er ekki einvörðungu ranglát gagnvart öryrkjum og þeim sem standa illa að vígi í samfélaginu heldur er hún einnig ríkisstjórn ranglætis á markaði því hún mismunar fyrirtækjum á markaði.

Ég vil spyrja hv. formann heilbr.- og trn. hvort ekki þurfi að skoða þessi mál öll í nýju ljósi með tilliti til þeirra upplýsinga sem hann er að reiða fram nú varðandi einkarétt sem verið er að veita Íslenskri erfðagreiningu eða eignaraðilum þess fyrirtækis á rannsóknum á örverum.

Annað sem ég vildi nefna í andsvari er að það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að lagafrv. brýtur gegn EES-sáttmálanum í mörgum atriðum. Ég árétta að *það brýtur einnig gegn því sem ég tel reyndar alvarlegri* hlut, það brýtur gegn Helsinki-sáttmálanum, siðareglum vísindamanna og lækna um rannsóknir á fólki.

Að lokum vil ég nefna það sem hv. þm. drap á, að hann væri því hlynntur að rannsakaðar yrðu aukaverkanir lyfja og vék að mínu máli í því sambandi. Ég hef aldrei lagst gegn rannsóknum á því né öðru en ég hef haft áhyggjur af því að

við séum að búa svo um hnútana að íslenska þjóðin verði öðrum þjóðum fremur fyrir barðinu á aukaverkunum lyfja eftir að búið er að setja okkur niður í tilraunabúrið.

[11:30]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það stóralvarlegt mál þegar við blasir að eitt tiltekið fyrirtæki, hversu gott sem það er, hefur slík ofurtök á ríkisstjórn Íslands að hver ráðherrann á fætur öðrum virðist reiðubúinn til að brjóta allar eðlilegar reglur sem gilda í viðskiptum til að færa því einkarétt á mismunandi sviðum. Íslensk erfðagreining á að fá einkaréttinn á að nýta heilsufarsupplýsingar. Gott og vel, ef fyrirtækið keppti við önnur fyrirtæki um að nýta slíkar upplýsingar, ég hefði ekkert á móti því. Og í versta falli finnst mér auðvitað að fyrirtækið yrði að taka þátt í útboði þar sem fleirum væri gefinn kostur á að keppa um nýtingu þessara upplýsinga, en það er ekki gert. Þetta er ríkisstjórn ójafnræðis. Búið er að berja þessa ríkisstjórn með dómi Hæstaréttar vegna þess að hún hefur brotið jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar en það er eins og ríkisstjórnin geri sér ekki grein fyrir því að tímarnir eru breyttir. Meira að segja Hæstiréttur er farinn að siða ríkisstjórnina til og krefjast þess að hún láti þegnana njóta jafnræðis en það gerist ekki. Við höfum dæmið varðandi heilsufarsupplýsingarnar þar sem eitt fyrirtæki fær einkaréttinn. Við höfum dæmið af fiskimiðunum þar sem örfáir einstaklingar, örfámennur hópur fær einkarétt til að nýta þau. Það brýtur líka jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, eins og fram hefur komið, og núna blasir við samkvæmt þeim upplýsingum sem ég var að fá rétt í þessu, að það á líka að veita þessu tiltekna gælufyrirtæki, Íslenskri erfðagreiningu, einkarétt á að rannsaka íslenskar hveraörverur með hagnýtingu þeirra fyrir augum. Þá spyr ég einfaldlega: Á hvaða leið erum við? Ég taldi að við værum á leið inn í opið og lýðræðislegra samfélag og þróunin hefði öll verið með þeim hætti. En þetta er að verða ríkisstjórn einokunar og hafta, hún horfir bara aftur á við. Þetta er að verða eins og í gamla daga þar sem gæðingar ráðherranna réðu. Það erum við að sjá gerast nú og ég spyr líka: Hvers konar græðgi er það af þessum einstaklingum að vilja með þessu móti sölsa undir sig enn eitt sviðið? Mér sárnar það líka sem gömlum vísindamanni að þetta skuli gerast. Ég veit að mikil reiði er út af þessu tiltekna máli í þeim hópum sem hafa verið að véla með örverur síðustu árin.

[11:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ljósi þeirra upplýsinga sem hafa komið fram vil ég spyrja um þá sem eiga í því fyrirtæki sem væntanlega fær sérréttinn á íslensku þjóðinni til að höndla með við erlend trygginga- og lyfjafyrirtæki og eru að fá eignaraðild, einkarétt og sérleyfi á öðrum sviðum, hvort ekki sé að mati hv. formanns heilbr.- og trn. nauðsynlegt að fá nánari upplýsingar um þennan væntanlega sérleyfishafa og um þá eignaraðild að fyrirtækinu sem á að fá einkarétt á íslensku þjóðinni til að versla með. Ég spyr: Hefur verið grafist fyrir um hver þessi eignaraðili er og hver eigi deCODE Genetics Incorporated? Bandarískra fyrirtækið frá Delaware, sem reyndar mun vera skráð þar vegna sérkennilegra skattareglna í því ríki. En hver á þetta fyrirtæki? Hver á þetta fyrirtæki sem Alþingi Íslendinga er að fara að veita sérleyfi yfir heilsufarsupplýsingum Íslendinga til að versla með? Hver á þetta fyrirtæki? Samkvæmt mínum upplýsingum eru þetta að hluta til bandarískir áhættufjárfestar og tryggingafyrirtæki. Það eru einhverjir íslenskir eignaraðilar líka, sumir hverjir miður sín yfir þróun mála. Við höfum heyrt lækni, Erni Snorrason, gefa yfirlýsingar um þau efni. Hann hefur gert það í blöðum og hann hefur komið fyrir heilbr.- og trn. Alþingis. Hver á þetta fyrirtæki? Í hendur hverra er verið að fela íslensku þjóðina? Ég spyr. Hver á þetta, hver á þetta í dag og hver kann hugsanlega að eiga það á morgun? Ég spyr í framhaldinu. Eru einhverjir varnaglar settir þarna inn? Gæti væntanlegur sérleyfishafi selt fyrirtækið t.d. Hoffmann-La Roche, lyfjafyrirtækinu svissneska? Hefur verið grafist fyrir um þessa þætti málsins og er að mati formanns heilbr.- og trn. unnt að afgreiða málið áður en við vitum hver það er sem er að fá okkur í hendur?

[11:35]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur ekki farið í það að kanna hver á þetta fyrirtæki vegna þess að formlega er ekki búið að ráðstafa sérleyfinu. Það liggur hins vegar fyrir að ríkisstjórnin hefur sagt að tiltekið fyrirtæki eigi að fá það. Mér finnst sú staðreynd skipta meiru í þessu máli að verið er að veita einkarétt heldur en hver muni fá hann. Ég tel að skaðinn felist í því gagnvart samfélaginu, sér í lagi gagnvart vísindasamfélaginu fyrir nú utan fordæmið sem í þessu felst, að menn skuli vera að feta sig inn á þá braut að veita einu tilteknu fyrirtæki einkarétt sem er að vinna upplýsingar af þessu tagi. Ég er reyndar á móti einkarétti almennt í viðskiptum. Hv. þm. spyr ... (**ÖS:** Ég er sammála, en ef það eru óprúttnir fjármálamenn sem standa að baki?) Ég treysti mér ekki til að fullyrða neitt um að það séu óprúttnir ... (**ÖS:** En skiptir ekki máli að vita það?) Það kann vel að vera en ég held að við höfum ekki í þessari stöðu neitt í höndunum sem bendir til þess. Það sem er að gerast er að í viðskiptum fara menn eins langt og þeir geta og við eigum að reyna að hasla leikvanginn. Við eigum sem löggjafi að reyna að setja leikreglur. Ég er að segja að við erum að setja rangar leikreglur. Við erum að setja leikreglur sem útiloka suma en hygla öðrum. Og það sem mér rennur til rifja er að uppgötva allt í einu að fyrir utan það að þetta ákveðna fyrirtæki sem virðist hafa þessi sterku tök á ríkisstjórn Íslands er að fá einkarétt á öllum heilsufarsupplýsingum, sem ég er alveg á móti, þá er þetta fyrirtæki líka að fá einkarétt á að rannsaka allt annað svið, þ.e. íslenskrar hveraörverur sem skiptir að vísu miklu minna máli í þessu stóra samhengi en eigi að síður er verið að veita einkarétt þarna. Við höfum sannanleg dæmi um að önnur íslensk fyrirtæki vilja fá að taka þátt í þessum rannsóknum sem eru að markaðssetja vörur og hafa þegar gert það, en það er verið að ýta þeim út og eina leið þeirra til að halda áfram á því sviði er að kaupa sig með einhverjum hætti inn í einkaréttinn sem þeir aðilar fá sem standa að Íslenskri erfðagreiningu og það finnst mér vera ólíðandi. (**ÖJ:** En veit formaður heilbrn. ekki hver á fyrirtækið?)

[11:37]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér komu ýmsar spurningar fram. Ég svaraði þeim öllum í ræðu minni í gær en það eru nokkur atriði sem mig langar að andmæla, sérstaklega því að stjórnarmeirihlutinn sé í einhverri sérstakri gíslingu hjá Íslenskri

erfðagreiningu og okkur sé misbeitt af hálfu þess fyrirtækis. Það er bara alrangt og ég vísa því á bug. Það fyrirtæki kom til okkar í heilbrn. eins og fjölmargir aðrir aðilar og ég spyr: Á ég þá að halda því fram að þeir sem eru andsnúnir frv. og hafa talað hér í tvo daga séu í einhverri sérstakri gíslingu þeirra vísindamanna sem hafa setið hér á pöllunum allan tímann? (**ÖJ:** Þeir vilja hlusta á ...) Ég held því að sjálfsögðu ekki fram. (Gripið fram í.) Síðan sagði hv. þm. Össur Skarphéðinsson að stjórnarflokkarnir væru sérstaklega að gæta einhvers ójafnræðis og nefndi til þrjú atriði og að við værum að gefa fáum útvöldum hálendi Íslands, ég vil bara algerlega mótmæla því. Við erum einmitt að tryggja að það verði í ríkiseign, það verða þjóðlendur. Allt miðhálendið verður í eigu minni og í eigu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og annarra Íslendinga. Kvótinn var dreginn líka inn. Ég vil bara benda á að allir stjórnmálaflokkar á Íslandi, nema e.t.v. Kvennalistinn, bera ábyrgð á kvótakerfinu. Hver einasti stjórnmálaflokkur, líka Alþfl. Og síðan var sagt og klykkt út með því að lokum að við værum að gefa heilsufarsupplýsingar Íslendinga. Það er ekki rétt og hv. þm. Össur Skarphéðinsson veit betur. Við erum ekki að gefa heilsufarsupplýsingar Íslendinga. Þær verða áfram á öllum sjúkrahúsum eins og þær eru í dag en við ætlum að veita eitt sérleyfi til að búa til nýtt rannsóknartæki, þannig að hægt sé að rannsaka okkar ágætu upplýsingar sem við nú þegar eigum okkur til framfara í læknisþjónustu.

[11:39]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka guði fyrir þær upplýsingar sem komu fram í máli hv. þm. að heilsufarsupplýsingar skuli áfram verða til staðar á sjúkrahúsunum. Heyr á endemi!

Herra forseti. Hv. þm. kom hér upp í andsvari en hún treysti sér ekki til að svara meginspurningu minni. Hvaða rök hefur hún fyrir því að veita eigi einu tilteknu fyrirtæki einkarétt á að nýta heilsufarsupplýsingar? Ég taldi fyrri rök hennar sem áður hafa komið fram — og ég gat þess líka að bæði Lagastofnun Háskóla Íslands og Samkeppnisstofnun hafa algerlega hafnað þessum rökum og sagt: Það þarf að skýra einkaréttinn betur, en það er ekki gert í frv. Ekkert svar. Ekkert nema tómahljóðið.

Þegar ég held því fram að Íslensk erfðagreining sé að misnota, eða koma sér upp aðstöðu til að misbeita stjórnarþingmönnum þá ræðst það af eftirfarandi:

Milli 2. og 3. umr. á að gjörbreyta frv. varðandi meðferð erfðaupplýsinga. Það á að reyna að koma inn ákvæði til að rekstrarleyfishafinn fái að halda áfram starfsleyfi eftir að 12 árum sleppir. Taka á inn apótek, auk heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna. Þetta liggur fyrir. Þetta er ætlunin og þessi þrýstingur kemur ekki frá heilbrrn. Hann kemur ekki frá hæstv. heilbrrh. Hvaðan kemur hann þá? Það er rétt að hv. þm. svari því. Hver er það sem hefur fengið hana og aðra stjórnarliða til að opna á að gjörbreyta frv. milli 2. og 3. umr.? Það er ekki hæstv. heilbrrh. og hver er það þá? Dreymdi hana þetta?

[11:41]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi litið í einhverja kúlu því hann gerist mjög spádómslegur. Ég hef bara aldrei heyrt annað eins. Hér eru dregin fram fjölmörg atriði og sagt að þeim ætlum við að breyta. Það er bara ekki rétt.

Við höfum sagt að við erum tilbúin til að taka málið til nefndar milli 2. og 3. umr. m.a. til að skoða mál sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur sérstaklega bent á, þ.e. að taka aðgangsnefndina út og skoða hvernig á að koma innlendum vísindamönnum að þessum grunni með öðrum hætti. Það ætlum við að skoða með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Síðan hef ég og fleiri sagt hér að skoða þurfi hvernig á að fara með erfðafræðiupplýsingarnar og setja þær í ákveðið ferli sem tölvunefnd samþykkir til að tryggja persónuvernd. Þetta tvennt höfum við sagt mjög ákveðið úr ræðustóli og þetta tel ég að við eigum að skoða milli 2. og 3. umr. (**Gripið fram í:** Af hverju gerirðu það?) Það er ekkert búið að ákveða neitt um hvað á að gera eftir 12 árin eða með apótekin. Ef hv. þm. vill skulum við skoða það í nefndinni milli 2. og 3. umr.

[11:42]

Frsm. 1. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mikilvægasta yfirlýsingin sem komið hefur fram af hálfu stjórnarmeirihlutans í þessari umræðu. Það liggur þá fyrir að búið er að lýsa því yfir af frsm. meiri hlutans að ekki á að taka til umræðu milli 2. og 3. umr. lyfseðla úr apótekum og ekki á að taka apótekin inn. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur líka lýst því yfir fyrir hönd stjórnarmeirihlutans að það eigi ekki að taka upp frv. með þeim hætti að starfsleyfishafinn, sem fyrstur fær leyfið, fái sjálfkrafa framlengingu á leyfið til að reka grunninn, einkarétt eða ekki eftir að 12 árunum sleppir. Þetta skiptir afar miklu máli. Hitt vakir enn þá að hv. þm. sem aldrei í umræðunni innan heilbr.- og trn. taldi nauðsyn á að fella eitthvert sérstakt verklag að meðferð erfðafræðiupplýsinga kemur allt í einu í þessari umræðu ásamt hv. þm. Tómasi Inga Olrich og segir að það sé nauðsynlegt. Það hefur aldrei verið vakið máls á nauðsyn þessa af hálfu hæstv. heilbrrh. eða starfsmanna heilbrrn. Hvaðan kemur þetta? Ég skal segja ykkur hvaðan þetta kemur. Þetta kemur auðvitað frá Íslenskri erfðagreiningu vegna þess að hún vill geta notað grunninn miklu betur. Þetta felur í sér gjörbreytingu á grunninum og þetta er allt annað en vísindsamfélagið hefur lagt undir í sinni umræðu. Ef þetta á að gerast verður að senda málið út aftur og það verður að fá alla þá vísindamenn sem hafa sagt álit sitt á þessu frv. aftur til að gefa á því álit vegna þess að þetta er gjörbreyting. Ef það er ekki gert, þá er hv. þm. Siv Friðleifsdóttir búin að taka þátt í að blekkja íslenska vísindamenn og ég veit að það vill hún ekki.

[11:44]

Útbýting þingskjala:

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, 229. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 447.

Siglingalög, 122. mál, nál. samgn., þskj. 441; brtt. samgn., þskj. 442.

[11:44]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel að þær umræður og orðaskipti sem hafa farið fram að undanförnu setji þetta mál algerlega í nýtt ljós. Það er greinilega meiningin að breyta frv. í grundvallaratriðum næstu daga. Ríkisstjórnin ætlar að knýja í gegnum þingið milli 2. og 3. umr. algerlega nýtt þingmál sem er allt öðruvísi en það mál sem við höfum verið með. Þess vegna hlýt ég að skora á hæstv. ríkisstjórn að gera annað tveggja,

að taka málið nú þegar út af dagskrá og hætta þessari þvælu á þessum fundi í dag og núna fyrir jólin og fara að undirbúa málið með öðrum hætti, eða hitt að lýsa því yfir, helst af hæstv. heilbrrh. eða talsmönnum meiri hlutans í nefndinni, að þær breytingar varðandi erfðaupplýsingar muni ekki eiga sér stað, því það er útilokað að bjóða þinginu upp á að breyta málinu í grundvallaratriðum eins og hér hefur verið lýst.

Af hverju kvaddi ég mér hljóðs um fundarstjórn forseta? Ég vil biðja forseta að kanna hið fyrsta hvort ekki er hægt að tryggja að málið verði tekið út úr umræðu hér og nú. Vegna þess að það er fjarstæða að hleypa þessari umræðu áfram ef breyta á málinu í þeim grundvallaratriðum sem upplýst var af hv. formanni heilbr.- og trn. og staðfest af varaformanni nefndarinnar.

[11:46]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar og biðja hæstv. forseta að kanna málið áður en lengra verður haldið en ég óska líka eftir því að sá aðili sem lagði þetta frv. fyrir þingið og bað um afgreiðslu upplýsi þingheim um það hvort það sé að ósk hæstv. heilbrrh. að taka eigi málið fyrir aftur með þeim stóru og miklu breytingum sem hv. formaður heilbr.- og trn. upplýsti áðan að til stæði að gera á frv. og hv. varaformaður sömu nefndar staðfesti. Er það að fyrirlagi og beiðni hæstv. heilbrrh. og með stuðningi hæstv. ráðherra sem slíkar breytingar á að gera?

[11:47]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það varð að samkomulagi í gær að við mundum ljúka umræðunni í dag og af því hér er komið upp mál sem menn vilja ræða sérstaklega og telja að verið sé að spenna upp frv. þá vil ég að það komi fram að samkomulag hefur orðið um að það verði tekið sérstaklega upp milli 2. og 3. umr. hvað varðar vísindasamfélagið. Það kom fram í umræðunni að vegna samninga við EES getum við ekki farið þá leið sem upphaflega var ætlað og við ætlum að nota tímann milli 2. og 3. umr. til að finna leiðir til að gera aðganginn greiðari fyrir vísindasamfélagið inn í grunninn.

[11:48]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég þakka þessar upplýsingar frá hæstv. ráðherra og lít svo á að frá sjónarmiði hennar séu þær tæmandi. Það sem hæstv. ráðherra óskar eftir að gert verði milli 2. og 3. umr. sé nákvæmlega þetta og þetta eitt, að tryggja betur aðgengi íslenskra vísindamanna að gagnagrunninum en gengið er frá málum í dag. Ég les það í orð hæstv. ráðherra að það sé þá ekki að fyrirlagi hennar og jafnvel ekki með stuðningi hennar, hæstv. ráðherra, sem eigi að taka arfgerðarupplýsingar inn í grunninn eins og hv. varaformaður nefndarinnar hefur þó sagt að standi til.

(**Forseti** (GÁS): Forseta er ekki alveg ljóst hvernig þessi umræða kemur beinlínis við fundarstjórn forseta en hæstv. heilbrrh. vill ræða hana.)

[11:49]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á að nefndin hefur málið á sínu forræði. Það er þingræði.

[11:49]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ósk mín til hæstv. forseta beindist að því að fara fram á það við hann að hann kannaði hvort ekki væri hægt að taka þetta mál út af dagskrá vegna þess að verið er að knýja fram algerlega nýtt mál, með algerlega nýjum upplýsingum, allt annað frv. en hér hefur verið til meðferðar. Ég tel að það séu svo byltingarkenndar breytingar á frv. sem eru á döfinni samkvæmt lýsingu þingmanna, sem þekkja málið miklu betur en ég, að auðvitað verði að taka í þetta miklu meiri tíma og nýjan tíma. Eðlilegast væri að taka málið í gegnum þrjár umræður í þinginu á nýjan leik.

Það er rétt að í nótt varð að niðurstöðu að við reyndum að ljúka málinu klukkan tvö í dag. Þá lá ekki fyrir að menn ætluðu að koma með nýtt mál til 3. umr. (**Gripið fram í:** Jú, jú, það var löngu búið að segja það, Svavar.) Það lá þá ekki fyrir. (Gripið fram í.) Það lá þá ekki fyrir. Það þýðir ekkert að segja „víst" í þingsal. (Gripið fram í.) „Víst" er orðalag sem gildir ekki mikið í þingsal og hvergi kveðið á um í þingsköpum. Veruleikinn er sá að þetta lá ekki fyrir, hæstv. forseti, frá neinum, m.a. ekki frá hæstv. heilbrrh. í umræðu sem við áttum við hana í nótt í forsetaherbergi að til stæði að breyta málinu í grundvallaratriðum. Það er þannig og það þýðir ekki að reyna að koma inn með alveg nýja hluti með þeim hætti sem hv. stjórnarlið er að reyna að gera. Mér er hins vegar ljóst að forseta er nokkur vandi á höndum hvernig taka eigi á þessu máli og ég skil stöðu hans en ég segi: Þessar upplýsingar, þessi orðaskipti og þessi frammíköll hv. þm., varaformanns heilbrn., kalla á það að umræðan um málið og meðferð þess verði ákaflega ítarleg í hv. heilbrn. Það er ekki hægt að sætta sig við neitt minna.

[11:51]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur hlustað á þessi orðaskipti og óskir hv. þingmanna og mun taka þær til íhugunar. (Gripið fram í.) Vegna þessa frammíkalls hv. þm. þá hefur forseti ekki sett nein tímatakmörk á þá íhugunarstund.

[11:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að ekki sé hægt að horfa fram hjá því að þetta mál er komið í afar dapurlega stöðu og í mikið óefni. Hér er á ferðinni afar stórt mál, mál sem hefði átt að vera mjög spennandi fyrir hv. Alþingi að vinna við, taka sér góðan tíma í að fara mjög rækilega yfir og skoða og finna útfærslur og lausnir sem svöruðu öllum þeim ólíku kröfum sem uppi eru í málinu, þ.e. ef niðurstaðan yrði sú á annað borð að gera eitthvað í þá veru sem er ekki sjálfgefið fyrir fram. Auðvitað gæti það orðið niðurstaða Alþingis af ítarlegri skoðun að hverfa frá hugmyndinni sem slíkri þar sem á henni væru slíkir gallar að þeir væru ekki leysanlegir. Sjálfum finnst mér, og fannst reyndar í byrjun, málið að mörgu leyti spennandi vegna þess að hér vegast á nokkur stór og mikilvæg mál þar sem eru möguleikar nýrrar tækni og vísinda þar sem er merkileg arfleifð Íslendinga og upplýsingar sem hér kunna að vera fólgnar og hafa mikið gildi og þar sem eru grundvallarmannréttindaspurning og spurningin um umgengnisreglur þegar kemur að sumum helgustu atriðum sem lífi hvers einstaklings tengjast, þ.e. þær upplýsingar sem í honum eru fólgnar og hann á sjálfur og enginn annar á að fá að ráðskast með.

Ég held að ekki þurfi að fara mörgum orðum um það að í þessu máli hafa þessi stóru grundvallaratriði rekist harkalega á. Ég held að í raun og veru hafi ekki nokkur maður tilfinningu fyrir því að Alþingi Íslendinga, hv. heilbr.- og trn. eða aðrir sem um málið hafa vélað, þar á meðal blessað ráðuneytið, séu neitt nálægt því að ná landi í þeim efnum að leysa saman þessar ólíku andstæður í málinu. Það er alveg úti í hafsauga. Enginn maður hefur neina tilfinningu fyrir því sem ég hef heyrt í eða tjáð sig hefur um þessi mál, hvorki æstustu meðmælendurnir hygg ég og þaðan af síður gagnrýnendurnir, að hér sé fundin farsæl heildarlausn í málinu. Ég tek fram, herra forseti, að ég vildi nálgast þetta mál með opnum huga og þegar rætt var um frv. af þessum toga sem kom fram á þinginu í vor, þá lýsti ég þeim skoðunum mínum að ég vildi gjarnan skoða þetta mál með opnum huga. Ég segi nú ekki velvilja, en a.m.k. með opnum huga. Og af hverju? Jú, af því mér fannst það í fyrsta lagi spennandi að þarna kynni að vera á ferðinni mál sem tengdist mögulegum framförum í læknavísindum. Mér fannst sjálfsagt mál að taka mark á þeim röksemdum vísindamanna sem maður heyrði fluttar að Íslendingar kynnu með þessu að geta lagt sitt af mörkum og jafnvel heilmikið af mörkum til framfara í læknavísindum í þágu alþjóðasamfélagsins. Ég hafnaði slíku að sjálfsögðu ekki fyrir fram. Þarna var í öðru lagi augljóslega á ferðinni mál sem tengdist mögulegum störfum og tækifærum íslenskra vísindamanna svo tugum og jafnvel hundruðum skipti. Það var sömuleiðis mál sem sjálfsagt var að skoða með opnum huga og í þriðja lagi bentu ýmsir á mögulega efnahagslega ávinninga af þessu máli. Hér gæti komið til sögunnar atvinnustarfsemi eða nánast ný atvinnugrein sem færði verðmæti inn í þjóðarbúið. Ég tek það að vísu fram fyrir mitt leyti að þetta síðastnefnda hef ég langneðst á listanum og tel auðvitað skipta minnstu máli í þessu sambandi og vera það sem síst eigi að ráða miklu um niðurstöðu málsins, þ.e. viðskiptaþátturinn eða „bisnessinn" ef svo má að orði komast. Það er út af fyrir sig gott í sjálfu sér ef það leiðir af ákvörðunum sem teknar eru um grundvallarmál eins og þetta sem tengist læknavísindunum eða vísindaumhverfinu en á að sjálfsögðu að vera víkjandi en ekki ríkjandi þáttur þegar að því kemur að menn taki ákvarðanir í málinu. Hitt verð ég að segja, herra forseti, að þær efasemdir sem á móti leituðu á hugann strax í byrjun og ég gerði einnig grein fyrir í minni ræðu á sl. vori hafa gert ekkert annað en vaxa allan tímann sem málið hefur verið til umföllunar. Að sama skapi finnst mér lítið hafa gerst í því að rökstyðja að jákvæðir þættir málsins væru fyrir hendi með þeim hætti sem ýmsir hafa fullyrt. Ég hef séð ósköp lítið nýtt eða í viðbót fært fram sem dugar til að sannfæra mig um það að hér sé slíkt stórframlag af Íslands hálfu í þágu læknavísindanna og framfara á því sviði að ræða sem ýmsir hafa fullyrt. Satt best að segja leita í vaxandi mæli efasemdir á mig um upplýsingagjöfina á því sviði vegna þess að svo virðist sem mestu afrekin sem okkur eru fluttar fréttir af, að tíðindamenn þeirra fregna séu hagsmunaaðilarnir sjálfir og þeir virðast hafa verið nokkuð duglegir við að koma á framfæri við fjölmiðla sögum af afrekum og sigrum sem því miður hafa aðallega unnist í fjölmiðlunum hingað til. Ég hef af vissum ástæðum nokkra möguleika á að fylgjast t.d. með því sem fram kemur í læknatímaritum og vísindatímaritum á þessu sviði og ég lýsi eftir því: Hvar eru viðurkenndar greinar sem komist hafa í gegnum þá síu sem virt læknatímarit og vísindatímarit á þessu sviði setja upp, sem sýna fram á, með þeim hætti sem tekinn er gildur í vísindasamfélaginu, beinharðan árangur af störfum af því tagi sem hér er verið að leggja til að eigi að skila miklu? Ég lýsi eftir því. Mér finnst uppsláttarumfjallanir í dagblöðum eða fréttir af afrekum sem menn segja sjálfir ekki vera nógu traustar heimildir í þessum efnum. Dagblað hér í borginni sló upp með miklum fyrirgangi í sumar fréttum af stórkostlegum afrekum og árangri sem Íslensk erfðagreining hefði náð. En þegar betur var að gáð reyndust heimildirnar eins og venjulega vera þær sömu og hingað til að þær upplýsingar voru að mestu leyti ættaðar úr ranni afreksmannanna sjálfra. Á þetta eru auðvitað leikmenn tæpast dómbærir og þar af leiðandi er það sem ég segi um þetta mál að sjálfsögðu vangaveltur slíks aðila en ekki neitt sem menn neyðast til að taka mark á sem einhverri vísindalegri stórspeki. En við hljótum þá að líta til þeirra aðila sem gerst þekkja á þessu sviði og skoða það sem þeir hafa fært fram til umræðunnar á undanförnum mánuðum og missirum.

Þrennt, herra forseti, virkaði strax í byrjun á mig sem stórkostlegt álitamál og olli efasemdum mínum um málið. Í fyrsta lagi var það hið margumrædda einkaleyfi eins aðila til að gera þennan grunn, starfrækja hann, hagnýta upplýsingar úr honum eða selja, græða á honum svo notað sé mannamál. Það var sú tilhögun að láta einn aðila hafa starfsleyfi, ekki samkvæmt útboði eða á öðrum slíkum faglegum forsendum, og gera frv. þannig úr garði að stjórnvöld hefðu í hendi sinni að velja tiltekinn aðila, færa honum þessi réttindi og skaffa honum jafnframt mjög rúmar heimildir til að græða ótakmarkað á þessum réttindum í langan tíma. Hér er farið út í mjög óvenjulega aðgerð, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Hún gengur þvert á öll prinsipp og allar verklagsreglur sem menn hafa reynt að móta sér á undanförnum árum og áratugum í þessum efnum.

Hvernig fellur þetta t.d. að opinberum verklagsreglum um útboð? Hvernig passar þetta við starfsreglur Ríkiskaupa sem eiga að sjá um að leita tilboða í hluti sem ríkið er að láta frá sér eða taka til sín? Það er auðvitað allt úti í hafsauga með þessu háttalagi.

Ekki hefur það bætt úr skák þegar í ljós kemur að ríkisstjórnin er að fara inn á þetta spor á fleiri sviðum, eins og kom fram áðan í sambandi við hveraörverur. Ég er alveg gáttaður ef taka á upp, í hverju tilvikinu á fætur öðru, afhendingu einkaréttar á heilu sviði vísinda eða hagnýtingar af þessu tagi. Hvað verður næst? Kemur næst frv. til laga um einkaleyfi einhvers til að nýta öll gosefni á Íslandi? Því ekki það? Hagnýta þau í hvaða tilgangi sem er, til iðnaðarframleiðslu eða hvers sem er. Það er ekkert fjarstæðukenndara en að velja tiltekinn hóp örvera og afhenda einkaleyfi á þeim eða á heilbrigðisupplýsingum þjóðarinnar. Hvað kemur næst ef menn halda út á þessa braut? Ja, ég veit það ekki.

Er ekki hægt að taka t.d. landbúnaðinn og ákveða það að einhver einn, eitt fyrirtæki skuli fá einkaleyfi á því að hagnýta t.d. allt líftæknisviðið innan landbúnaðarins? Mætti það ekki þess vegna ná yfir alla líftækni á Íslandi, lífefnafræði eða eitthvað svoleiðis? Ég veit ekki hvar menn ætla að stoppa með þessu áframhaldi.

Rökin eru þau að það sé ekki hægt að gera þetta nema afhenda slíkt einkaleyfi. Ég kaupi þau ekki. Það er m.a. af þeim augljósu ástæðum að ef ríkið vill gera þetta sjálft þá getur það gert það. Það þarf engan einkaaðila til, ekkert einkaleyfi. Hvað er því til fyrirstöðu? Ef þetta er svona eftirsóknarvert, ef þetta eru svo mikil verðmæti, ef þetta er svona rakið mál

— af hverju gerum við þetta ekki sjálf? Af hverju leitum við til einkaaðila og það útlends fyrirtækis á þessu sviði?

Í öðru lagi, herra forseti, gerði ég strax athugasemdir við það hvernig fara ætti með eignarhald á þessum upplýsingum. Ég mundi strax í byrjun gera mikinn greinarmun á því ef menn hefðu hér lagt til fyrirkomulag þar sem ríkið væri eigandinn og lægi alveg ljóst fyrir að öll verðmætin sem þarna eru á ferðinni væru eign ríkisins, ekki bara upplýsingarnar sem safnað hefur verið og ríkið auðvitað að langmestu leyti kostað í gegnum opinbera starfsmenn sína og rekstur opinberra stofnana, heldur líka verðmætin sem fælust í skráningu og söfnun upplýsinganna. Ef til þyrfti rekstraraðila eða einkaleyfishafa gæti hann verið verktaki. Hann væri verktaki fenginn til verksins og gæti í sjálfu sér verið vörsluaðili samkvæmt ákveðnu fyrirkomulagi, en þá væri ljóst að ekkert af þessu færi úr opinberri eigu. Það skiptir miklu máli.

Þannig er ekki gengið frá þessu hér. Nei, aldeilis ekki. Að einkaleyfið, ráðstöfunarrétturinn og hagnýtingarrétturinn, verði lengdur upp úr þeim tímatakmörkunum sem hér eru, jafnvel til frambúðar, jafngildir eignarrétti nánast í öllum skilningi þess orðs nema kannski e.t.v. lagalegum. Það má hanga á því að lagalega megi telja ríkið eiganda að grunnupplýsingunum þó ráðstöfun þeirra sé heimiluð eins og í stefnir og svo hugsanlega kannski aftur þegar einkaleyfistíminn er útrunninn og þessu verið skilað. Mér virðist það þó meira og minna skrifað í skýin hvernig fara eigi með þau mál.

Þetta tvennt með einkaleyfið og eignarhaldið, herra forseti, finnst mér vera nánast úrslitaatriði í þessu máli fyrir utan hið þriðja sem ég ætla að koma að sem er persónuverndin.

Ég vil þó skjóta því hér inn, herra forseti, af því að menn hafa farið út í að líkja þessu við ráðstöfun veiðiheimilda í efnahagslögsögunni, framleiðslurétt í landbúnaði eða einhverju álíka, að þar finnst mér menn hræra saman ósambærilegum hlutum. Ég held að það sé ekki í þágu umræðunnar að grauta málum og flækja þannig. Það er auðvitað fullkomlega ósambærilegt að bera saman nýtingarrétt einnar tiltekinnar atvinnugreinar, eins og sjávarútvegsins, á sameiginlegri auðlind á grundvelli reynslu þar sem sömu aðilar höfðu stundað atvinnustarfsemina fyrir daga kvótakerfis. Að bera það saman við þessi ósköp er ekki hægt og engin sanngirni í því. Það er að mínu mati bara til þess að villa og trufla umræðuna að bera þetta mál saman við atvinnurétt eða nýtingarrétt sem viðgengst í sjávarútvegi og landbúnaði svo dæmi séu tekin. Við skulum ekki barna hlutina með þeim hætti og höldum því þar utan við, svo ég eyði ekki meiri tíma í það mál.

Í þriðja lagi, herra forseti, er það persónuverndin og upplýsingarnar. Ég verð að segja að á þeim tíma sem liðinn er frá sl. vori — nú man ég ekki hvort þetta var í apríl eða maímánuði eða hvenær við vorum að ræða þetta — fram á vetrardægur nú í desember, hefur orðið veruleg breyting á viðhorfum mínum hvað þetta atriði snertir. Ætli ég verði ekki bara að játa, herra forseti, að ég eins og mjög margir fleiri hafði það sem ég hlýt að kalla nánast kæruleysislegt viðhorf til þeirra mála svona fyrst í stað, að lítt athuguðu máli. Mér var ljóst að í sjúkraskrám eru ýmsar viðkvæmar persónulegar upplýsingar en ég, eins og mjög margir Íslendingar, var fremur mótaður af því viðhorfi sem ég tel að hafi verið ríkjandi hér í samfélaginu, að Íslendingar væru frekar opnir fyrir að upplýsingar um þá, t.d. ættfræðiupplýsingar og annað því líkt, saga þeirra og annað sem tengdist þeim á ýmsan hátt persónulega, væri almannaeign.

Ég held að þetta stafi m.a. af því að við erum fædd og alin upp í litlu samfélagi þar sem allir þekkja alla að langmestu leyti. Að slepptri kannski yngri kynslóðinni hér í borgríkinu við Faxaflóann má segja að flestir eigi sér þann bakgrunn að vera sprottnir úr umhverfi þar sem allir þekktu alla og allir vissu allt um alla. Þar af leiðandi voru Íslendingar kannski ekki mjög meðvitaðir um eða mikið að pæla í því eins og sagt er á nútímaíslensku, að þeir ættu þessar upplýsingar og rétt á að ekki yrði ráðskast með þær.

Við vitum líka að ýmislegt má segja um meðferð slíkra upplýsinga hér á Íslandi frá liðinni tíð. Það eru að sjálfsögðu ekki gild rök þó einstöku menn, og þar með talinn hæstv. forsrh., hafi fallið í þá gildru að segja að svo skuli böl bæta að benda á annað verra. Þannig fórst hæstv. forsrh. þegar hann ætlaði að nota það sem rök fyrir glannalegri meðferð persónuupplýsinga í þessum gagnagrunni að upplýsingar úr sjúkraskrám lægju víða fyrir hunda- og kattafótum á stofnunum. Það var náttúrlega ekki frambærilegur málflutningur, hvorki sanngjarn né réttur og alls ekki í rökfræðilegu tilliti.

Þegar maður hugsar um, herra forseti, og áttar sig betur á því hvað hér er um að ræða sést að við erum að tala um heilsufarsupplýsingar heillar þjóðar, viðkvæm atriði sem hafa verið háð og bundin trúnaðarsambandi sjúklings við lækni. Við erum að tala um mál sem geta valdið mönnum miklum félagslegum og persónulegum erfiðleikum ef þau verða upplýst, um upplýsingar frá aðilum sem ekki geta varið sig, jafnvel þó með þeim ákvæðum sem hér er ætlunin að hafa, t.d. því að neita sjálfir að upplýsingar um þá fari inn í grunninn. Það heldur ekki gagnvart öllum. Gagnvart framliðnu fólki, börnum og fólki sem ekki næst í, sem er erlendis o.s.frv., heldur þetta ekki. Þar fyrir utan eru það gríðarlegar kröfur sem gerðar eru til fólks um að vera meðvitað og upplýst og átta sig á að ef það ekki vill að upplýsingar um það fari inn í þennan þennan grunn, þá þurfi það sjálft að grípa til aðgerða í því sambandi.

Við skulum bara taka sem dæmi ættir með viðkvæmar arfgengar sjúkdómstilhneigingar sem fólk vill ógjarnan að séu aðgengilegar eða að nokkur minnsta hætta sé á að geti lekið út. Fólk hefur kannski treyst einum lækni sem hefur fengið leyfi til þess að fara í rannsóknir á sjúkraskrám þeirra. Er líklegt að slíkir hópar verði afslappaðir og öruggir um sinn hag ef þessar upplýsingar fara í miðlægan gagnagrunn sem enginn veit hversu lengi verður geymdur, enginn veit í hvaða skyni verður hagnýttur eða hverjir koma til með að vinna úr og hafa aðgang að í fyllingu tímans, þegar hluti þeirra sem upphaflega veittu samþykki sitt verður látinn.

Við gætum tekið ýmsa fleiri samfélagshópa sem ég leyfi mér að ímynda mér að gætu orðið mjög viðkvæmir í þessu sambandi. Við skulum taka áhættuhópa gagnvart vissum sjúkdómum, þurfum ekki að nefna þar nein nöfn. Tökum áhættuhópa gagnvart vissum sjúkdómum sem vegna stöðu sinnar leita kannski reglubundið til læknis. Þær upplýsingar væri hægt að lesa í gegnum þá skráningu sem þar með fer fram. (**Gripið fram í:** Jafnvel seljanlegar.) Jafnvel seljanlegar.

Þetta eru þannig hlutir, herra forseti, að þegar maður fer að skoða þá betur, hugsa meira um þá, velta þeim meira fyrir sér þá segi ég: Einhverjir 15 milljarðar, einhver Íslensk erfðagreining, einhver bisnesshagnýting á þessu eru ómerkilegur skítur á priki borið saman við það sem hér er

í húfi, með fullri virðingu fyrir því fólki sem þar starfar. Ef einkaleyfi til þessa aðila er drifkrafturinn á bak við þetta mál þá er ómerkilegt að nota það til að knýja það hér áfram. Það þarf önnur og gildari rök. Auk þess veit ég ekki betur en að það fyrirtæki gangi ágætlega og sé ekkert upp á það komið, a.m.k. ekki samkvæmt því sem upplýst var, að þetta gagnagrunnsmál verði knúið hér í gegn. Það skiptir engu máli fyrir mér, það eru smámunir. Íslenska þjóðin er ekki svo fátæk. Við erum ekki þeir beiningamenn í samfélagi þjóðanna eða það bananalýðveldi að við þurfum svo mikið sem velta því fyrir okkur að þarna kunni að vera bisnesstækifæri og fjárhagslegir hagsmunir til skamms tíma litið. Það er óframbærilegt, hreint smámál og skítur á priki borið saman við það sem hér er í húfi, að ganga hægt um gleðinnar dyr og vanda sig gagnvart þessu stóra og viðkvæma máli.

Herra forseti. Málið er algjörlega óþroskað til að afgreiða það hér. Það er algjörlega ófullburða. Það eru miklu meira en nægjanlegar röksemdir komnar fram um það. Allar aðstæður úti í þjóðfélaginu æpa á það. Þær æpa á að fresta þessu máli nú. Ég verð að segja alveg eins og er að ég bara trúi því ekki að menn séu þannig á vegi staddir á Alþingi Íslendinga að hér sitji þær lyddur sem láti setja sig undir þrýsting og afgreiða þetta mál á þann hátt sem hér á að fara að gera. Við vitum að vísu að stórir og valdamiklir menn hafa heimtað að fá þetta afgreitt og grípa til þess merkilega málflutnings að bara einhver öfund og smásálarskapur gangi þeim til sem andæfa í málinu. Þess þá heldur að láta ekki snúa sig niður með slíku. Ef menn kæmu hér og væru menn til að taka þátt í umræðum og færa fram gild, efnisleg rök fyrir sínu máli þá væri það annað mál. En menn sem aldrei láta sjá sig hér en senda orðsendingarnar í gegnum fjölmiðla, eins og hæstv. forsrh., um að þetta mál skuli afgreitt hvað sem tautar og raular og þetta sé bara eitthvert nöldur og nagg og öfund í þeim sem séu að andæfa, eiga ekkert gott skilið, segi ég.

Eldra fólki fyrr á öldinni hefði getað dottið í hug ákveðið verkfæri sem þyrfti að nota til að hirta slíka menn og koma þeim til þroska og það heitir vöndur.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að þetta mál hefur sett allt vísindasamfélagið á Íslandi í uppnám. Svo kom hér hv. varaformaður heilbr.- og trn., sem er í símanum, og sagði að ef menn sökuðu þá sem væru að knýja þetta mál áfram um að ganga erinda eins fyrirtækis, þá mætti saka hina sem væru hér að andæfa um að ganga erinda vísindamanna sem væru hér á pöllunum. Og ég segi alveg eins og er: Það er bara ekkert að því. Ég skammast mín ekkert fyrir að taka visst mark á vísindasamfélaginu á Íslandi. Ég geri það nú. Það má kannski kalla það menntasnobb og hroka. En ég leyfi mér að taka visst mark á því fólki sem er sérmenntað á þessu sviði, sem hefur það að ævistarfi sínu að vinna við vísindin og sem á sjálft auðvitað mikið undir því starfa sinna vegna, að hér vandi menn allan málatilbúnað.

Herra forseti. Ég vil segja líka hvað þroska eða öllu heldur vanþroska eða bernsku þessa máls varðar að það hefur verið fært fram sem rök, eins og ég kom að áður, að með þessu geti Íslendingar fært alþjóðasamfélaginu heilmikið framlag með því að leyfa hagnýtingu á heilsufarsupplýsingum sínum, keyrðum saman við mikla skráningu á upplýsingum um ættir þjóðarinnar. Svo sem löngu er kunnugt liggja hér fyrir sem betur fer geysimiklar upplýsingar um ættartré þjóðarinnar vegna inngróins ættfræðiáhuga og fræðagrúsksáhuga og þökk sé líka kirkjubókunum. Menn hafa sagt að með þessu gætum við lagt þarna mikið af mörkum í þágu hins alþjóðlega samfélags og í þágu framfara á sviði læknavísindanna og að hér sé alveg um heimssögulegt framlag af Íslands hálfu að ræða. Þá spyr ég á móti: Hvaða vinna hefur verið af hendi innt til að sannreyna þessar fullyrðingar? Hvað hefur heilbr.- og trn. t.d. gert í því máli í sumar? Það kom nú í ljós að hún hafði eitthvað lítið fundað um málið þrátt fyrir að hótanir lægju fyrir um að afgreiða ætti það hér á haustdögum. Hvers vegna er t.d. ekki leitað álits Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar? Af hverju eru ekki færustu sérfræðingar heimsins kvaddir til og lögð fyrir þá eftirfarandi spurning: Er þetta rétt? Er þetta rétt hjá sölumönnunum í málinu að með þessu gætu Íslendingar lagt heilmikið af mörkum í þágu alþjóðalæknavísinda og framfara á því sviði? Ég lýsi eftir þessu. Hvar er álit Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í þessu máli? Skyldi nú ekki fara svo að alþjóðstofnanirnar mundu fyrst og fremst horfa á hina hliðina á málinu og biðja Íslendinga að fara varlega, gæta sín að misstíga sig ekki í þessu máli? Það skyldi nú ekki vera.

En auðvitað virkar það óskaplega veiklulegt þegar í ljós kemur að allar efasemdir um t.d. að þessi framganga standist alþjóðasamþykktir og alþjóðasáttmála eða sannreyning á fullyrðingum af þessu tagi sem ég hef hér gert að umtalsefni, eru afgreiddar hér heima fyrir. Það er bara farið inn í eldhús og kokkuð upp þar einhver svör. En það er ekki leitað til þeirra manna sem ætti að kveðja til. Og auðvitað er það líka rétt sem hér hefur verið nefnt, að allt vantar sem við á að éta í málinu gagnvart því að bera þetta saman við alþjóðlegar skuldbindingar.

Herra forseti. Þá vil ég nefna það að einnig hafa leitað á mig miklar efasemdir um að það hafi nokkuð upp á sig að afgreiða málið við þessar aðstæður vegna þess ég held að framkvæmdin á því koðni öll niður. (**Gripið fram í:** Þetta er allt í uppnámi.) Ég held þeir læknar, það starfsfólk heilbrigðisstétta og þeir aðilar sem reyna að tryggja sjónarmið mannverndar og mannréttinda eigi ekkert annað svar en að leggjast í hernað gegn málinu ef það verður afgreitt á þennan hátt. Menn verða að grípa til þeirrar nauðvarnar að taka ekki þátt í framkvæmdinni og það er augljóst mál að það verður gert. Það liggur þegar fyrir að stór hluti lækna ætlar ekkert að láta neyða sig til að taka þátt í þessu upp á þessi býti, herra forseti. Læknar munu grípa til síns helga réttar, til síns embættiseiðs og nota sinn codex ethicus til þess að taka ekki þátt í þessu og ég skil það vel. Þeim er enginn annar kostur boðinn í stöðunni. Það getur auðvitað vel verið að einhverjir sem hafa af því beina atvinnu að vinna við framkvæmdina reyni að réttlæta það fyrir sjálfum sér að gera það, gott og vel. Ekki ætla ég neinum manni það að starfa þarna gegn betri vitund eða sannfæringu. En mér sýnist miðað við þær rökstuddu athugasemdir, þær miklu efasemdir og yfir í beinar fullyrðingar um að þetta brjóti algjörlega í bága við grundvallarmannréttindi og vísindasiðferði eins og fjölmargir læknar hafa fullyrt — ég minni á undirskriftir þeirra í því sambandi. Ég minni á álit sem okkur hafa verið að berast og hefur rignt yfir okkur á síðustu sólarhringum, m.a. vegna þeirra hugmynda um breytingar á frv. sem svífa í loftinu — að þetta geti ekki farið öðruvísi en þannig að framkvæmdin hrynur öll og þá er auðvitað verr af stað farið en heima setið, mikið verr, fyrir alla aðila. Líka þá sem ætluðu að fá einkaleyfið og fara í þessa framkvæmd.

Síðan reyna menn hér, herra forseti, að hengja sig á það að til séu eftirlitsaðilar eins og tölvunefnd og vísindasiðanefnd eða ráð og hvað það nú heitir, sem eigi að vera öryggis-

ventlarnir í þessu máli. Það verð ég að segja alveg eins og er að er ein allra kostulegasta æfingin í röksemdafærslu sem ég hef lengi séð þegar fyrir liggja neikvæðar umsagnir frá sömu aðilum í málinu. Svo koma hér stuðningsmenn málsins og segja: „Já, en þeir eiga að sjá um þetta. Tölvunefnd á að passa upp á þetta og vísindasiðaráðin eða nefndirnar eiga að passa upp á þetta.“ En þeir hinir sömu aðilar eru á móti málinu, a.m.k. tilteknum þáttum þess og vara við því að samþykkja þá. Hvernig gengur þetta upp, herra forseti? Menn eru hér í algjörum ógöngum. Menn eru úti í mýri. Menn eru villtir í niðamyrkri og þoku (**Gripið fram í:** Í mýri.) í mýri, í fenjamýri (**Gripið fram í:** Á leið fram hjá keldunni.) og það er ekki gæfulegt. Ég held, herra forseti, að upp úr þessari keldu muni menn ekki toga sig á hárinu eins og Münchhausen gerði í sögunni góðu. Þó að Framsfl. kunni að finnast það hið mesta snjallræði þá mun það ekki ganga. Svoleiðis töfrabrögð eru bara brúkleg í sögum, í fantasíunni.

Nei, herra forseti. Við í þingflokki óháðra höfum hvort tveggja í senn í þessu máli, lagt fram ítarlega tillögu þar sem saman eru dregnar miklar upplýsingar á þessu sviði sem við höfum lagt til að yrðu hagnýttar og settar í ákveðinn farveg með því að setja í gang skoðun á þeim möguleika að hér yrðu byggðir upp dreifðir gagnagrunnar á heilbrigðissviði og persónuvernd rækilega tryggð. Það er að sjálfsögðu ekki eina mögulega nálgunin í málinu þó að hún styðjist við m.a. mjög vandað fordæmi að hluta til frá Finnlandi þar sem ég held að þessum málum hafi kannski verið komið í einna skynsamlegastan farveg af því sem ég hef skoðað lítillega í þessum efnum. Ég tek þó fram að ég hef sökum annríkis af ýmsum toga ekki getað lesið mig eins rækilega í gegnum þetta mál og ég hefði gjarnan viljað. En ég nýt þess að hafa í færi við mig aðila sem það hafa gert nokkuð hraustlega og nefni til sögunnar hv. þm. Hjörleif Guttormsson sem ég held að að öðrum mönnum ólöstuðum hafi kannski farið hvað rækilegast yfir þetta mál á undanförnum missirum. Það mun hafa komið nokkuð fram í allítarlegri ræðu sem hann hélt um málið hér fyrir nokkru síðan.

Við höfum sömuleiðis einnig, herra forseti, lagt fram tillögu til rökstuddrar dagskrár um að þessu máli verði vísað frá eða vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég bendi mönnum á það þskj. Það er þskj. 433 og þar eru taldir upp ég man ekki hvað margir liðir þessu til rökstuðnings, einir 15–20. Ég hygg að enginn þeirra verði hrakinn. Ég hef ekki heyrt það gert hér í umræðunni þannig að stoð sé í. Það eru ósköp einfaldlega allt of margir endar lausir í þessu máli. Allt of margt er ýmist óljóst eða beinlínis stórvarasamt, eins og það er hér úr garði gert, til þess að nokkur hemja sé, herra forseti, að afgreiða málið.

Ég skora á hv. Alþingi að taka sér nokkra sólarhringa til að íhuga stöðu sína í þessu máli. Ég skora á menn að gera það, hvernig sem það svo verður útleitt og til hvers sem það leiðir, hvort unnið verður áfram með þetta mál eða það sett í eitthvert allt annað samhengi, t.d. í nýja endurskoðun sem ég held að hljóti að leiða til þess að málið verði sett í vinnufarveg sem ég tel að þurfi að taka nokkur ár. Eitt af því allra rosalegasta, herra forseti, sem heyrst hefur í þessu máli er náttúrlega það að reyna að stilla Alþingi upp eins og það sé í tímaþröng, eins og að menn séu að missa af gullnum tækifærum ef þeir afgreiða þetta ekki á silfurfati, einn, tveir, þrír, að það eigi bara að fara að draga í lottóinu núna 25. desember og þá verði menn að vera búnir að kaupa miðann. Hvers konar málflutningur er þetta nú, herra forseti, þegar svona stórmál á í hlut? Og hvaða svipur er á því fyrir þjóðina, bæði inn á við og út á við, ef löggjafarsamkunda hennar lætur beygja sig undir slíkt, að afgreiða þetta gríðarlega stóra, viðkvæma og vandasama mál m.a. með rökum af þessu tagi, að menn hafi orðið að flýta sér af því þeir væru að missa af lestinni? Eins og það kæmi aldrei nein önnur. Hvert lestin er að fara og hvernig mönnum líður um borð er aukaatriði. Bara: Lestin er að fara. Gjörið svo vel að afgreiða þetta. Kaupið þið miðann.

Það vill svo til, herra forseti að í þessu máli hefur það gerst sem gerist ekki mjög oft en hendir þó einstöku sinnum — hefur kannski gert það nokkrum sinnum á þessari öld sem bráðum kveður, en ekki fyrr en nokkru eftir að ég lýk ræðu minni samt, herra forseti — að kastljós alþjóðsamfélagsins beinist að Íslandi. Það er ágætt í sjálfu sér. Íslendingum þykir gaman að komast í heimsfréttirnar. En í þessu tilviki gerist það í nokkuð sérstöku samhengi. Það gerist vegna þess að alþjóðavísindasamfélagið og erlendir fjölmiðlar, stórfjölmiðlar, hafa tekið eftir því, áttað sig á því að uppi á Íslandi gætu verið að gerast hlutir sem eru einsdæmi í sögunni, þar sem verið væri að vinna jafnvel ákveðin, hvort við viljum kalla það, brautryðjandaverk, eða að brjóta í blað í sögunni á vissan hátt. Þá á ég ekki við hagnýtingu vísindanna sem slíkra eða aðferðafræðina hér eða neitt af því tagi. Það er allt þekkt og dæmi eru um það á smærri mælikvarða að slíkum upplýsingum sé safnað og þær hagnýttar. Nei, ég á við þau undur og stórmerki og ósköp að safna saman í einn banka öllum heilbrigðisupplýsingum heillar þjóðar og ættartré hennar og jafnvel viðbótarupplýsingum og keyra þetta allt saman saman og bæta því svo við að bjóða upp á hagnýtingu þessa í einkarekstrarskyni og sölu út á við á opnu markaðstorgi. Það er auðvitað þetta sem hvergi hefur verið gert og mér liggur við að segja að engum hafi hugkvæmst fyrr, engum hafi dottið í hug, að enginn hafi hugsað svo stórbrotnar hugsanir. Ég veit ekki hvaða lýsingarorð við eigum að nota um það að láta sér detta þetta í hug.

En ég segi þá bara á móti, herra forseti, í ljósi þess að kastljósið beinist nú að okkur Íslendingum og Alþingi Íslendinga þar á meðal: Er þá ekki eins gott að vanda sig? Er þá ekki eins gott að menn hafi sæmilegan málstað? Hvað stendur á kaffibollunum, herra forseti, að þetta sé orðin gömul stofnun? Eitthvað yfir þúsund ára eða eitthvað svoleiðis.

(**Forseti** (ÓE)**:** Ég held að það standi ekki lengur.)

Einu sinni var það nú að á virðulegu stelli hér í þinginu, Alþingi Íslendinga, stóð að elsta stofnun þjóðarinnar væri yfir þúsund ára. Og við erum stundum stolt af því að við erum með elstu löggjafarsamkomu af þessu tagi sem við getum með nokkrum rétti staðið á. Ætlar hún þá að enda öldina þannig að kasta til höndunum við afgreiðslu á e.t.v. einhverju stærsta máli sem hún hefur fengið til umfjöllunar mjög lengi?

Við vorum ekkert feimnir við það, Íslendingar, þegar við vorum að færa út landhelgina þó að kastljós umheimsins beindist að okkur, af því að við vissum að við höfðum góðan málstað að verja. Við höfðum réttlætið okkar megin. Við trúðum því, við vissum það og við gengum óhikað fram gegn stórveldunum í kringum okkur sem voru að berja á okkur og reyndu að knésetja okkur í því máli. En halda menn að þeir verði jafnborubrattir út á við í þessu máli? Er samstaða þjóðarinnar á bak við það sambærileg við það sem hún var í landhelgismálinu? Að slepptum nokkrum pólitíkusum sem drógu lappirnar stóð þjóðin massífst á bak við þá sem börðust

fyrir útfærslu landhelginnar og það mátti heita að sem einn maður verðust menn sameiginlega þegar út í slaginn var komið.

Það er engu slíku til að dreifa hér. Við erum að gera þetta gegn ráðleggingum, kröfum og mér liggur við að segja neyðarópum frá fjölmennum hópum í samfélaginu og þar á meðal eiginlega öllu vísindasamfélaginu. Fyrst og fremst vegna þess að einhverjum þvermóðskufullum og þrjóskum forsætisráðherra hefur dottið í hug að þetta skuli fara í gegn hvað sem tautar og raular af einhverjum ástæðum sem ég ætla ekki að fara út í hér, hvað liggur á bak við þennan gegndarlausa áhuga.

Talið er, herra forseti, að helsta framlag Íslendinga til heimsmenningarinnar hingað til séu Íslendingasögurnar, það séu bókmenntirnar og verður nú sennilega ekki um það deilt. Nú erum við kannski að tala um að nýjar bókmenntir frá Íslandi gætu orðið sambærilegt stórframlag, þ.e. erfðabókmenntirnar, þær bókmenntir sem eru fólgnar í heilbrigðis- og erfðasögu þjóðarinnar. Og ef svo er að við séum með í höndunum stórfelld verðmæti, jafnvel fjársjóð af því tagi sem alþjóðasamfélagið geti litið til, hagnýtt sér og notið góðs af eitthvað í líkingu við það sem Íslendingasögurnar hafa orðið hinum sameiginlega menningararfi mannkynsins, þá er nú ekki síður ástæða til, herra forseti, að vanda sig og klúðra því ekki. Mér er sem ég sæi það að einhvern tíma fengi einhver einkaaðili einkarétt á Íslendingasögunum í 15 ár. Það væri gaman að sjá það gerast og farið yrði að selja Flateyjarbók og slíkt úti um dal og hól. Þá mundi drenglyndi Dana koma fyrir lítið, sem skiluðu handritunum heim eins og kunnugt er.

Herra forseti. Niðurstaða mín er ósköp einföld í þessu máli. Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara ofan í smáatriðin í frv. til að rökstyðja hana frekar. Það hafa aðrir gert mér miklu betur á undan mér og ítarlegar í þessum umræðum. Ég hef haldið mig við megindrættina og hina almennu og stóru þætti í málinu. Niðurstaðan er ósköp einföld, það er ekki hægt annað en fresta afgreiðslu þessa máls. Það er ekki hægt annað, herra forseti. Þetta er ekki hægt, herra forseti.

Hæstv. heilbrrh. getur ekki haft það á samviskunni að hafa borið ábyrgð á því að leggja þetta frv. fram og standa að því að knýja það hér í gegn. Ég trúi því ekki. Ég hef það álit á hæstv. heilbrrh. að ég treysti því enn að hæstv. heilbrrh. komist einhvern tíma á næstu sólarhringum að þeirri niðurstöðu að þetta sé ekki hægt. Ég bara trúi því ekki að hæstv. heilbrrh., sem vonandi á langan og glæstan feril fyrir höndum og á langra lífdaga auðið, vilji vera með þessi ósköp á bakinu það sem eftir er. Ég trúi því ekki. Þetta er ekki hægt.

Ég er alveg viss um að samviska manna er ekki nógu góð til þess að fara að samþykkja það hér með jafnvel 40 atkvæðum, ef þau ósköp eiga að verða, að allt stjórnarliðið eða svo til allt láti handjárna sig til þess að samþykkja þetta mál.

Ég bind því, herra forseti, enn vonir við það að okkur megi eitthvað til varnar verða og vorum sóma og menn nái áttum í málinu og komi sér saman um að fresta afgreiðslu þess og setja það í annan farveg. Ég tala nú ekki um ósköpin ef það er, sem hér hefur í raun svifið yfir vötnunum í umræðunni, að ofan í kaupið eigi að fara að læða inn í málið grundvallarbreytingum sem gera það enn verra, gera það enn hættulegra, í kjölfar þess að það var sent út til umsagnar og menn höfðu kost á því að fjalla um það. Það finnst mér líka vera slík óhæfa að ég trúi því enn síður að það eigi eftir að gerast hér. En það hefur þó verið fullyrt af mönnum í þessari umræðu að slíkt standi jafnvel til, að opna t.d. fyrir víðtækari skráningu upplýsinga inn í grunninn, og þar með talið erfðaupplýsinga, en áður hefur verið reiknað með. Og það segja mér lærðir menn, sem ég tek mark á, úr hópi vísindamanna að það geri málið náttúrlega enn þá hroðalegra því þar með sé algjörlega borin von að reyna að sannfæra nokkurn mann um að upplýsingarnar séu ekki persónugreinanlegar eða verði. Og þar með sé sú viðspyrna einnig algjörlega fallin í málinu að menn geti neitað þátttöku í grunninum vegna þess að þá verði í raun hægt að draga þá inn í hann hvort sem er í gegnum erfðaupplýsingarnar og ættartré.

Sé þetta rétt ofan í kaupið, herra forseti, þá treystir maður því náttúrlega að málið verði ekki afgreitt.

[12:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Aðeins fyrr á fundinum þegar annar forseti var í forsetastóli kom fram krafa um að umræðu um þetta mál yrði hætt nú þegar vegna þess í hvaða stöðu málið er komið. Ég ætla ekki að endurtaka þá kröfu heldur notfæri ég mér þessa leið til að eiga orðastað við hæstv. forseta vegna þess að ég hef fullnýtt rétt minn til að tala í málinu. Ég tel mjög mikilvægt vegna þess samkomulags sem orðið hefur um að málinu verði lokið klukkan tvö í dag og þeirra upplýsinga sem komið hafa fram um að fyrirhugað sé að gera breytingar í málinu og það fari aftur til nefndar milli 2. og 3. umr., að það komi fram hér, herra forseti, hvort meiri hlutinn muni draga brtt. sem liggja fyrir við málið, mjög veigamiklar brtt. til baka til 3. umr.

Ég held að mjög mikilvægt sé að það komi fram áður en við ljúkum umræðunni klukkan tvö, hvort meiri hlutinn muni draga brtt. sínar til baka til 3. umr., þ.e. þær verði ekki teknar fyrir í þinginu fyrr en að lokinni umfjöllun sem fyrirhuguð er í nefndinni eftir þessa umræðu. Ég tel mjög mikilvægt, herra forseti, að þetta komi fram. Ég teldi það fullkomlega óeðlilegt að brtt. meiri hlutans og þær brtt. sem liggja fyrir komi til atkvæðagreiðslu áður en umfjöllun nefndarinnar um stór mál sem hafa komið fram í umræðunni verður lokið.

[12:39]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Svo illa vill til að í salnum er ekki staddur einn einasti fulltrúi meiri hlutans í hv. heilbr.- og trn. til að upplýsa hvort meiningin er að draga brtt. aftur til 3. umr. Ég vil taka undir það með hv. þm. að hér er búið að boða veigamiklar frekari breytingar þannig að mér fyndist eðlilegt að við hv. þingmenn gætum þá tekið afstöðu til þeirra í heild og að við höfum yfirsýn yfir málið við 3. umr. ef ekki er vilji til þess að fresta þessari umræðu og að málið verði tekið til skoðunar í nefndinni aftur áður en 2. umr. lýkur.

[12:40]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur ekkert um þetta að segja annað en það að ætlunin er að ljúka umræðunni í dag klukkan tvö. Og hvort einhverjar af brtt. sem þegar hafa verið lagðar fram og ræddar við þessa umræðu verða kallaðar aftur til 3. umr. getur forseti ekki svarað heldur verður það að koma í ljós við atkvæðagreiðsluna.

Aðrar tillögur sem hafa verið boðaðar og forseti þekkir ekki verða þá væntanlega ræddar í nefndinni á milli umræðna.

[12:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Vegna þessara orða forseta vil ég geta þess að brtt. frá meiri hlutanum sem liggja fyrir varða einmitt þau málefni sem búið er að boða umræðu um í nefndinni að lokinni þessari umræðu og ég teldi það mjög óeðlilegt að þessar brtt. komi til atkvæða áður en málið fer til umræðu í nefndinni. Þess vegna tel ég mikilvægt að það komi fram hér og það verði þannig að þessar brtt. verði dregnar til baka til 3. umr. því það er nánast ekki hægt að taka afstöðu til brtt. sem búið er að boða að verði endurskoðaðar í nefndinni. Þetta tel ég mjög mikilvægt að komi fram og svör fáist við því frá meiri hlutanum í nefndinni eða talsmanni meiri hlutans í hv. heilbr.- og trn. hvort ekki verði orðið við því að brtt. verði dregnar til 3. umr. Ég teldi það eðlilega málsmeðferð. Ég óska eftir því við hæstv. forseta að það komi hér fram áður en við ljúkum þessari umræðu hvort meiri hlutinn hyggst draga þessar brtt. til 3. umr.

(**Forseti** (ÓE): Forseti getur ekki svarað þessu öðruvísi en hann hefur þegar gert en næstur á mælendaskrá er hæstv. heilbrrh. og ráðherrann kynni kannski að koma að þessu máli.)

[12:42]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Umræða um þetta mál hefur staðið nokkuð lengi og níu mánuðir eru síðan þetta frv. var kynnt fyrst. Það hefur tekið miklum breytingum frá þeim tíma og ég tel að þær breytingar séu allar til bóta. Ég tek eftir því að allir sem ræða þetta mál á hinu háa Alþingi telja þetta mjög spennandi hugmynd varðandi gagnagrunn á heilbrigðissviði. Menn deila hins vegar um hvort hér eigi að vera um dreifða gagnagrunna eða einn gagnagrunn að ræða.

Við höfum rætt það hvað dreifðir gagnagrunnar mundu þýða og komist að þeirri niðurstöðu að í fyrsta lagi höfum við ekki bolmagn til að fjármagna dreifða gagnagrunna þannig að það er samdóma álit meiri hlutans að einn gagnagrunnur sé það sem við getum hrint í framkvæmd hratt og örugglega. Um leið og menn eru tilbúnir til að tala um að þeir séu hlynntir hugmyndinni um slíka gagnagrunna, eins og hér hefur líka komið fram að menn eru samþykkir því að ríkið eigi einn slíkan gagnagrunn, það hefur komið fram hjá ýmsum minnihlutamönnum, þá eru menn auðvitað í leiðinni að samþykkja að þetta sé góð hugmynd. Um leið og þeir samþykkja það að eðlilegt sé t.d. að Háskóli Íslands reki einn slíkan gagnagrunn, þá viðurkenna þeir að hugmyndin sem slík sé góð.

Og þá hljótum við að spyrja okkur: Af hverju reynum við ekki að komast að samkomulagi um að reka einn slíkan gagnagrunn og að Háskóli Íslands geri það? Þá komum við að fjárhagsdæminu. Við erum að tala um dæmi sem margoft hefur komið fram að kostar mikla fjármuni, kostar 20 milljarða kr., og við vitum að það mundi gerast á mjög löngum tíma. Þó það sé ekki sambærileg framkvæmd þá lít ég á Hvalfjarðargöng í samanburði við þetta. Hér var komist að samkomulagi um að fjármagna Hvalfjarðargöng á þann hátt sem hv. þingmenn minnast. Við værum örugglega ekki að keyra Hvalfjarðargöng í dag nema af því að við fjármögnuðum Hvalfjarðargöng á þann hátt sem við gerðum.

Eins er með þetta. Ef við ætlum að hrinda þessu í framkvæmd og gera þennan grunn sem kæmi heilbrigðisþjónustunni að góðu gagni, byggja upp sterka grunna á öllum heilbrigðisstofnunum, þá gerist það ekki hratt nema með fjármagni sem kemur annars staðar að en frá ríkinu. Ég held að allir hv. þm. hljóti að vera sammála um að ríkið er ekki tilbúið til þess í dag. Ég spyr: Hvaðan ættum við að taka 12–20 milljarða kr. út úr ríkisfjármálunum? Hvaðan treysta menn sér til að taka þá peninga?

Þetta segi ég vegna þess að það er alveg ljóst að menn eru hrifnir af tillögunni um gagnagrunn en þá greinir á um hver eigi að reka slíkan grunn. Þetta hefur komið fram í ræðum, m.a. kom þetta mjög glögglega fram þegar hv. síðasti ræðumaður fjallaði um málið hér við 1. umr. Þá var hann mjög jákvæður og fannst þá heldur ekkert útilokað að skoða aðrar tillögur en þá að ríkið ræki slíkan grunn. Menn geta auðvitað skipt um skoðun eftir umfjöllun um málið og nánari athugun en það er alveg ljóst að hann var miklu jákvæðari fyrir því þegar hann talaði hér í fyrsta skipti um þetta mál. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í það.

Það sem menn hafa líka áhyggjur af og mér finnst skipta mestu máli varðandi þetta frv. er persónuverndin, að persónuverndin sé tryggð. Í það höfum við lagt mikla vinnu. Að því verki hafa margir komið. Ég ætla að nefna það hér og hef oft gert það áður að sá sem var okkur til mestrar aðstoðar var fulltrúi landlæknisembættisins, Guðmundur Sigurðsson. En hann er höfundur að þessum þrefalda lás og er hann til að tryggja persónuvernd eins fullkomlega og yfirleitt er hægt að tryggja hana.

Sú umræða sem orðið hefur um persónuvernd almennt, einmitt vegna þess að þetta frv. hefur verið til umfjöllunar, hefur opnað augu okkar fyrir því að þörf er á að fara betur með ýmislegt hér í þjóðfélaginu hvað persónuverndina varðar. Umræðan hefur því verið bæði lærdómsrík og mjög til góðs.

Hér hefur mikið verið rætt um hvað eigi að fara í grunninn. Það er auðvitað stórt mál. Ég og allir þeir sem hafa unnið að þessu máli álíta að enginn geti samið um hvað fara eigi í grunninn nema þeir fagaðilar sem halda utan um sjúkraskrárnar inni á stofnunum. Það er mjög mismunandi eftir eðli stofnana hvaða upplýsingar fara inn í slíkan grunn. Í gær heyrði ég hjá hv. varaformanni heilbr.- og trn. að hann er sama sinnis hvað þetta varðar. (Gripið fram í.) Formanni heilbr.- og trn. háttvirtum og þingmanni jafnaðarmanna og fyrrverandi ritstjóra Dagblaðsins og eflaust verðandi formaður einhvers flokks. Þetta er nú orðið nóg hvað varðar persónulýsingu á hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni.

Það sem skiptir máli og við þurfum að ræða hér og nefndin þarf að ræða á milli umræðna er að vísindasamfélagið fái eins greiðan aðgang og mögulegt er varðandi gagnagrunn á heilbrigðissviði. Þetta atriði hefur verið rætt í morgun og verður að ljúka því enda mikilvægt að samstaða náist um þennan grunn. Ég veit að með því að tryggja greiðan aðgang vísindamanna í þennan grunn þá næst sú sátt sem nauðsynleg er varðandi þetta mál.

Auðvitað er eðlilegt, í svo stóru máli sem hér er til umfjöllunar, að upp komi ágreiningur eins og hér hefur verið. Aðalatriðið er að það kemur æ ofan í æ í ljós að menn eru sammála grunnhugmyndinni. Menn eru sammála grunnhugmyndinni, að setja upp gagnagrunn á heilbrigðissviði. Menn telja að með því séum við að styrkja heilbrigðisþjónustuna í landinu, efla vísindi og að auka möguleika varðandi læknisþjónustu í landinu. Við erum þarna með verkfæri í höndunum sem getur ekki einungis gagnast íslensku þjóðfélagi heldur heiminum öllum ef vel tekst til. Við erum með tæki sem getur orðið okkur afar mikilvægt. Ég tel mjög mikilvægt, og

ég þakka henni sérstaklega fyrir það, að heilbr.- og trn. hefur unnið þetta mál mjög vel og að mínu mati af trúmennsku. Ég ætla að nota þetta tækifæri hér til að þakka varaformanni nefndarinnar, Siv Friðleifsdóttur fyrir það hvað hún hefur staðið sig vel í þessu máli. (**Gripið fram í:** Er hún ekki formaður?) Hún hefur staðið sig vel hér í umræðunni. Hún hefur gert það af mikilli skynsemi og mikilli einurð og tekið hér hitann og þungann af umræðunni.

Ég tek fram að formaðurinn er aðeins ósammála varaformanninum um tvennt og það er sérleyfið sem við höfum rætt hér mjög og aðgengisnefndin sem nefndin er að ná samkomulagi um. Þannig að það er ekki margt sem þarna ber á milli.

Ég efast ekki um að menn vilji veita andsvör hérna við ræðu minni. Ég ætla að gefa fólki tækifæri til þess. Tíminn líður og við höfum gert samkomulag um að þessari umræðu ljúki klukkan tvö. Reyndar var það nú samkomulag að henni lyki klukkan tólf en það hefur verið framlengt til klukkan tvö. Til þess að menn geti veitt andsvör þá hef ég hugsað mér ljúka nú ræðu minni.

[12:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta þann misskilning sem fram kom hjá hæstv. ráðherra um samkomulag um tímasetningar. Hins vegar er ljóst að umræðunni mun ljúka fyrir klukkan tvö eins og margir höfðu gert áætlun um hér í gær.

Ég vil gera nokkrar athugasemdir við ræðu hæstv. heilbrrh. Í fyrsta lagi nefnir ráðherrann að fjármagn skorti til að byggja upp gagnagrunna. Mér finnst of lítið gert úr því starfi sem unnið hefur verið og er unnið með dreifða gagnagrunna á heilbrigðisstofnunum, hjá Krabbameinsfélaginu og öðrum stofnunum sem sinna rannsóknum. Þær hafa verið tölvuvæddar, verið samræmdar og þetta er allt að vaxa upp. Ég hef miklar efasemdir um að peningaleg hlið málanna sé rétt fram sett af hálfu ríkisstjórnarinnar. Staðreyndin er sú að meðal vísindamanna og lækna er meira samkomulag um dreifða gagnagrunna en einn.

En það sem ég vildi segja að lokum, hæstv. forseti, í þessu andsvari var að nefna Helsinki-sáttmálann, alþjóðasamkomulag vísindamanna um siðareglur sem íslenska ríkisstjórnin ætlar að brjóta. Hvers vegna er ekkert minnst á þetta? Og hvers vegna fáum við engin svör við þeim spurningum sem hafa verið settar fram um þetta efni?

(**Forseti** (ÓE)**:** Þetta varð ein og hálf mínúta. Og ef svona heldur áfram þá nær forseti því ekki að veita fimm hv. þm. tækifæri til að veita andsvör.)

[12:56]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi dreifða gagnagrunna og einn gagnagrunn þá hefur hvað eftir annað komið fram í umræðunni að mönnum hafi þótt eðlilegt að íslenska ríkið ætti einn slíkan gagnagrunn, varðveittan í Háskóla Íslands. Þess vegna ræddi ég um það hér áðan.

Í sambandi við dreifða gagnagrunna var sérstaklega talað um Krabbameinsfélagið og Hjartavernd sem auðvitað hafa mjög mikilvæga grunna og mikla sögu að baki. Við heftum ekki þeirra för í þessu, engan veginn. Fremur styrkjum við þá en hitt. Við getum áfram séð uppbyggingu slíkra grunna varðandi aðra sjúkdóma. Það er ekkert sem heftir þá för með þessu frv.

Varðandi alþjóðaskuldbindingar þá teljum við að við séum ekki að brjóta alþjóðaskuldbindingar með þessu frv. og höfum fyrir okkur rök í því máli.

[12:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er rangt. Það hafa engin rök komið fram. Það hafa komið fram fullyrðingar. Ég hef hins vegar fært rök fyrir máli mínu, lesið upp úr sáttmálanum og óskað eftir svari frá fulltrúa meiri hlutans í heilbrn. Ég fæ ekki rökræður um málið.

Varðandi peningahliðina er verið að plata ríkisstjórnina. Ríkisstjórnin og hennar forsvarsmenn er slæmir bisnessmenn og kunna ekki að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar.

Varðandi það atriði að verið sé að gera góða hluti fyrir heilbrigðiskerfið, þá er verið að sundra heilbrigðisstéttum og skaða vísindasamfélagið. Um það eru vísindamenn almennt sammála.

[12:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum frumkvöðlar á þessu sviði. Í þessum grunni eru ópersónugreinanlegar upplýsingar. Það hefur margsinnis komið fram. Þegar kemur að erfðaupplýsingum þarf upplýst samþykki. Það þarf upplýst samþykki fyrir erfðaupplýsingum sem er í öðrum grunni. Það held ég að hv. þm. hljóti að vita.

[12:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kemst nú ekki hjá því að gera athugasemdir við samanburð hæstv. ráðherra við Hvalfjarðargöngin og fjármögnun þeirra. Sá samanburður er alveg gjörsamlega út í hött. Þar er um algjörlega ósambærilega hluti að ræða og einmitt ekki valið gott dæmi þar sem þáttur handhafans er í raun og veru hrein verktaka. Ríkið á framkvæmdina og fær hana aftur. Tíminn sem rekstraraðilinn hefur ræðst af því hve langan tíma tekur að borga upp framkvæmdina og búið. Gangi það vel þá skilast hún fyrr til ríkisins o.s.frv.

Í öðru lagi þá þakka ég hæstv. ráðherra fyrir að vekja athygli á því að efasemdir mínar við þetta frv. hafa farið vaxandi. Ég lýsti hér í ræðu minni hvernig ég reyndi að skoða af opnum hug hvort leiðir fyndust til að fara í þetta mál á annan hátt en hér var lagt til. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að það hafi ekki tekist og langt því frá. Efasemdir mína hafa vaxið þeim mun meira sem ég hef skoðað málið.

Er það ekki einmitt gott? Er það ekki þannig sem þetta á að gerast, að þingmenn skoði hlutina, kynni sér þá og taki svo afstöðu en séu ekki fyrir fram sannfærðir um hlutina?

Ég þakka því hæstv. ráðherra fyrir hrósið. Ég segi þá bara að það er ekki stórmannlegt af hæstv. ráðherra að reyna að lesa einhvern allsherjarstuðning við grundvallaratriði málsins út úr ræðum manna hér eftir þessa löngu umræðu þar sem frv. hefur meira og minna verið tætt niður til grunna.

[13:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað má hv. þm. Steingrímur Sigfússon skipta um skoðun. Hann er bara meiri maður fyrir. Hann hefur gert það í ýmsum málum, jafnvel farið í annan flokk. Það er því algjörlega einkamál hans.

Ég sagði að Hvalfjarðargöng hefðu verið fjármögnuð utan ríkisfjármagns til að byrja með. En hv. þm. benti á að

innan tíðar eignast ríkið Hvalfjarðargöng, eftir vissan tíma. Það verður eins með þennan gagnagrunn. Eftir tólf ár getur ríkið tekið þennan grunn til sín.

[13:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta með Hvalfjarðargöngin er svo fáránlegur samanburður að ég ætla að hlífa hæstv. ráðherra við að eyða fleiri orðum að því. Að leggja að jöfnu það viðkvæma og stóra mál sem við erum hér að tala um og verklegar framkvæmdir af því tagi og einfaldan rekstur á samgöngumannvirki er náttúrlega út í hött. Auk þess stenst sá samanburður ekki sögulega og efnislega.

Ég hef ekki skipt um skoðun í þessu máli. Ég veit ekki hvert hæstv. heilbrrh. er að fara í þessum efnum. Ég mótmæli og afsegi með öllu þessar túlkanir á máli mínu. Ég hvet hæstv. ráðherra til að lesa ræðu mína aftur. Þó svo væri þá væri allt í að ég hefði að betur athuguðu máli komist að þeirri niðurstöðu að eitthvað annað væri réttara en ég hafði haldið í upphafi, en svo var nú ekki. Ég lýsti bæði efasemdum og áhuga mínum á þessu máli síðasta vor.

Síðan hef ég nú reyndar ekki skipt um flokk. Gamli flokkurinn minn ákvað að bjóða ekki fram og ég sætti mig ekki við það. Það kann að vera að ég verði kominn í nýjan flokk innan skamms.

Eitt get ég fullvissað hæstv. heilbrrh. um og býst við að hæstv. ráðherra létti mjög, að ég mun nú aldrei fara í Framsfl.

[13:02]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það versta sem ég hef heyrt í morgun var þetta síðasta, að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon komi aldrei í Framsfl. Ég tel að hann eigi þar heima og hvergi annars staðar. En það er bara mitt mat.

Það að bera saman Hvalfjarðargöng og gagnagrunn gerði ég það einungis varðandi fjármögnunina. Til að flýta framkvæmdum á mikilvægum málum þá kann stundum að vera nauðsynlegt að fjármagna þau öðruvísi en beint úr ríkiskassanum.

[13:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu hæstv. ráðherra kom fram mjög mikilvægt atriði, þ.e. að hæstv. ráðherra hefur sama skilning og minni hluti heilbr.- og trn. á því hvað fara skuli inn í gagnagrunninn. Hæstv. ráðherra sagði að enginn gæti samið um hvað fari inn í grunninn nema þeir sem halda utan um sjúkraskrár. Sá skilningur kom fram að inn í grunninn færi ekki nema það sem kæmi úr sjúkraskrám. Það er nákvæmlega sami skilningur og minni hlutinn í nefndinni hefur.

Því miður hefur því verið haldið fram í umræðunni, bæði frá varaformanni nefndarinnar og einnig hv. þm. Tómasi Inga Olrich, að svo sé ekki. Meiri hlutinn hefur lýst yfir allt öðrum skilningi á málinu sem hefur eiginlega komið málinu í uppnám hér í þinginu undanfarna daga. Það er mjög mikilvægt innlegg í umræðuna að hæstv. ráðherra skuli hafa skilning á málinu og minni hluti heilbr.- og trn. Þetta er mál sem við þurfum að skoða nánar, ef samflokksmenn ráðherrans og talsmenn Sjálfstfl. skilja málið ekki eins og hæstv. ráðherra. Ég vil fá að vita ef þetta er röng túlkun hjá mér því ég vitnaði orðrétt í ráðherrann.

[13:05]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur margsinnis komið fram í umræðunni hér að ekki sé um einhverja grundvallarbreytingu að ræða frá því sem ég nefndi hér áðan og hv. þm. nefndi einnig. Það er verið að tala um tæknilegar tengingar og reglur þar að lútandi. Það er eina sem um er rætt.

[13:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er enn ein staðfestingin á því að hæstv. ráðherra skilur málið ekki á sama hátt og hv. varaformaður heilbr.- og trn., sem var talsmaður meiri hlutans í nefndinni, og ekki á sama hátt og hv. þm. Tómas Ingi Olrich. Það er ljóst á þessum orðum ráðherrans að hann skilur málið ekki eins og þau.

Í framhaldi af þessu, herra forseti, held ég að þær brtt. sem liggja fyrir í þinginu við málið verði ekki afgreiddar áður en nefndin fær það aftur til umfjöllunar. Því að það er alveg greinilegt að það er grundvallarmisskilningur um málið innan stjórnarliðsins.

[13:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er grundvallarmisskilningur hjá hv. þm. Við erum gjörsamlega samstiga í þessu máli, varaformaður heilbr.- og trn. og sú sem hér stendur. Við erum trúlega betur til þess fallnar að lýsa því en hv. þm.

[13:07]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni í ræðu sinni að sátt yrði að ríkja um þetta mál. Ég er sammála hæstv. ráðherra. Ég lagði fram í þingræðu hugmyndir um sátt um þetta mál. Þær voru m.a. að auðvelda aðgengi vísindamanna, takmarka sérleyfið í sex ár í staðinn fyrir tólf, að þeir sem fari úr grunninum geti látið eyða upplýsingum um sig, tryggja betur stöðu barna og sjúkra við ákvarðanatöku, endurskoða lögin eftir fimm ár en ekki tíu og hafa einn sameiginlegan fulltrúa háskólaráðs og sérleyfishafa í aðgengisnefnd í stað eins fulltrúa sérleyfishafa. Ég lagði til að við mundum tryggja betur stöðu tölvunefndar og afgreiða málið ekki fyrir jól heldur reyna að ná meiri sátt um það í samfélaginu. Þetta byggir á þeirri skoðun minni að málið sé ónýtt nema sátt ríki um það.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé reiðubúinn til að reyna að beita sér fyrir slíkri sáttargjörð og þá e.t.v. í anda þeirra hugmynda sem ég hef lagt fram. Ég vil gjarnan heyra afstöðu hennar til þess.

[13:08]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að framkvæmdin þurfi að sanna sig og þegar framkvæmdin hafi sannað sig muni ríkja sátt um málið.

[13:08]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ekki svar við spurningum mínum sem hér voru bornar fram af góðum hug, að vita hvort hægt væri að ná skynsamlegri lendingu í þessu máli. Ráðherrann sagði í reynd: Ja, við lögfestum bara þetta eins og við viljum.

Síðan kemur í ljós hvort fólk er ósátt eða ekki. Ef það verður ósátt þá verður það að lifa með því.

Ráðherrann hefur ekki forræði á þessu máli heldur þingnefndin. Ég verð að treysta því að þingnefndin vinni málin faglegar en ráðherrann hefur gert hingað til og af meiri yfirvegun en fram kom í svari hæstv. ráðherra.

[13:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að málið sé mjög vel unnið. Að þessu máli hafa komið mjög margir sérfræðingar. Ég sagði áðan að hv. heilbr.- og trn. hafi af samviskusemi farið vel yfir málið og ýmsar brtt. frá hv. nefnd eru til bóta við málið. Ágætt mál er því orðið miklu betra og ég tel að þetta mál sé að verða fullþroskað. Við höfum rætt þetta í marga mánuði og mjög margir komið að því.

[13:10]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því í gögnum þessa máls að fjárlagaskrifstofa fjmrn. hefur metið hugsanlegan kostnað af framkvæmd frv. fyrir ríkissjóð. Ég tek líka eftir því að í grg. frv. er dálítil úttekt á stofnkostnaðarmati. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hefði ekki talið eðlilegt að Ríkisendurskoðun fengi að fara sérstaklega yfir málið með hliðsjón af hinum nýju lögum um fjárreiður ríkisins sem voru samþykkt í fyrra eða hittiðfyrra vegna þess að nokkrir rekstrarkostnaðarliðir í frv. munu koma inn í fjárlög komandi ára ef frv. verður að lögum.

[13:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlað að ríkið hafi beinan kostnað af gagnagrunni, ef að lögum verður.

[13:11]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Gert er ráð fyrir því að Íslensk erfðagreining, eða fyrirtækið sem um er að ræða, beri kostnað af tilteknum þáttum og því er nauðsynlegt fyrir ríkið að þeir verði metnir af öðrum en Íslenskri erfðagreiningu eða viðkomandi sérleyfihafa. Ég tel nauðsynlegt að þeir verði fyrir fram metnir af Ríkisendurskoðun. Ég kem þessu hér á framfæri vegna þess að ég tel nauðsynlegt að þetta verði skoðað milli 2. og 3. umr. Ég mun beina því til þingmanna sem eru með þetta mál í hv. heilbr.- og trn. að Ríkisendurskoðun verði kölluð til að skoða málið.

[13:12]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill vegna orða sem féllu hér hjá hæstv. ráðherra og í framhjáhlaupi taka fram að samkomulag varð um að ljúka umræðunni klukkan tvö þótt á fyrri stigum væri rætt um að ljúka klukkan tólf. Þetta varð niðurstaðan, þannig að enginn misskilningur sé ferðinni.

Nú er forseti í nokkrum vanda. Venjan er að gera stutt matarhlé og forseti vill spyrja hvort athugasemdir séu við að svo verði gert. Forseti vonar að okkur takist að ljúka þessu um það bil á umsömdum tíma. Því verður þessum fundi frestað til klukkan hálftvö.

[Fundarhlé. — 13:13]

[13:31]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þar sem ég brá mér bæjarleið í upphafi vikunnar í opinberum erindagjörðum gat ég ekki verið viðstödd umræðuna og hef aðeins getað fylgst með henni úr fjarlægð þar til nú í morgun. En það sem ég hef heyrt á þessum morgni sýnir mér og sannar að þetta mál, frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði, er í algjöru uppnámi. Málið er í algjöru uppnámi. Við 3. umr. eru boðaðar breytingar sem hugsanlega geta breytt málinu töluvert. Mér finnst því að hér sé gagnagrunnsfrv. rætt við býsna sérkennilegar aðstæður.

Fyrir liggur samkomulag um að þessari umræðu ljúki kl. 2 þannig að ég ætla mjög að stytta mál mitt en boða jafnframt, hæstv. forseti, að ég muni fara yfir þetta mál og gera grein fyrir sjónarmiðum mínum við 3. umr., enda kann þá málið að líta öðruvísi út. Svo gæti farið.

Erindi mitt í ræðustól er að ítreka andstöðu mína við málið. Það get ég sagt, hæstv. forseti, að með hverri vikunni sem liðið hefur og eftir því sem umræðan hefur þróast þá hefur andstaða mín við málið vaxið. Mér finnst sumt af því sem hér hefur komið upp gera þetta mál nánast óhuggulegt, t.d. það að bæta eigi inn í gagnagrunninn upplýsingum frá apótekum og fleiri slíkum sem ég vona reyndar að verði ekki gert. Mér skilst að fáir séu hrifnir af því. En þetta jaðrar við að vera óhuggulegt.

Þrátt fyrir brtt. sem hér liggja fyrir og kunna að vera til bóta í málinu út frá sjónarhóli ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á Alþingi þá virðist mér öll grundvallaratriðin standa eftir óhögguð, þ.e. þær grundvallarspurningar sem spurt var við 1. umr. Er réttlætanlegt að tengja saman í einum gagnagrunni svo miklar heilsufarslegar upplýsingar um íslensku þjóðina? Það er fyrsta grundvallarspurningin. Er rétt að koma upp slíkum grunni?

Hæstv. heilbrrh. lýsti því í ræðu sinni áðan að menn væru hrifnir af hugmyndinni um miðlægan gagnagrunn. Ég hef frekar skilið þannig að ýmsir þeir sem rætt hafa málið hafi sagt að ef koma ætti upp slíkum grunni þá væri eðlilegra að hafa hann í eigu ríkisins, m.a. í vörslu Háskóla Íslands, í stað þess að fara þá leið sem hér er farin. Það breytir auðvitað ekki þessari grundvallarspurningu sem ég svara neitandi. Ég svara því neitandi, hvort rétt sé að koma upp slíkum miðlægum gagnagrunni.

Mér finnst menn oft gleyma því og kannski ekki skilja nægjanlega vel hvað við erum að tala um miklar, mikilvægar og viðkvæmar upplýsingar um fólk, um heila þjóð. Þar skiptir ekki öllu máli hvort þær upplýsingar eru persónugreinanlegar eða ekki. Um það er deilt fram og aftur og þeir sérfræðingar sem ég hef rætt við segja að langsamlega mesta hættan hvað varðar persónugreinanlegar upplýsingar sé sú að þeir sem vinna hjá sjálfu fyrirtækinu sjái sér af einhverjum ástæðum hag í að brjótast inn í kerfið. Hætturnar utan frá eru, eftir því sem mér skilst, litlar sem engar. Vísað hefur verið til þess að þar sem verið er að vinna með mikla gagnagrunna, eins og t.d. í bankakerfum, séu það fyrst og fremst starfsmenn sem gerast brotlegir. Eflaust verður alltaf hægt að brjótast inn í grunna af þessu tagi þó að menn séu með margfalt dulkóðunarkerfi ef menn kunna nægilega vel á þetta. Og það eru persónuupplýsingar sem þarna fara inn.

Ég hef aldrei lagt mikið upp úr þessu atriði heldur fyrst og fremst hinu, þ.e. hvað eigi að fara inn í gagnagrunninn. En því hefur alls ekki verið svarað. Hæstv. heilbrrh. segir

sem svo: „Það á að vera ákvörðun hverrar heilbrigðisstofnunar.“ Ég hefði talið nauðsynlegt að skilgreina, ef ekki hvað mætti, þá hvað mætti ekki fara inn í gagnagrunninn, hvaða upplýsingar mættu ekki fara inn í þennan gagnagrunn. Ég tel að það hefði átt að vera mjög skýrt í þessu frv., verði það að lögum.

Það ræðst af því að það sem ég tel vera hættulegast við málið er hvað verður hægt að fá út úr grunninum. Hvað verður hægt að fá út úr honum? Ég sé ekki að neitt sé tekið fyrir þann leka. Að vísu eiga tölvunefnd og siðanefndir að meta rannsóknirnar. Er það meiningin ef óskað er eftir því að kaupa upplýsingar út úr grunninum að ævinlega verði metið af tölvunefnd og siðanefnd hvort heimilt verði að selja út slíkar upplýsingar? Í 2. mgr. 10. gr. frv. kemur fram, eins og mikið var rætt við 1. umr., með leyfi forseta:

„Rekstrarleyfishafa skal heimil vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði úr þeim heilsufarsupplýsingum sem þar eru skráðar, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu upplýsinga að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum. Óheimilt er að veita upplýsingar um einstaklinga og skal það m.a. tryggt með aðgangstakmörkunum.“

Síðan segir í 4. mgr. 10. gr., með leyfi forseta, og það er aðalmálið:

„Rekstrarleyfishafa er á leyfistíma heimil fjárhagsleg hagnýting upplýsinga úr gagnagrunninum með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum og í rekstrarleyfi.“

Mér finnst skilyrðin sem sett eru í frv. allt of óljós og við vitum auðvitað ekkert hvað standa mun í sjálfu rekstrarleyfinu.

Þetta er kjarni málsins: Hvernig verður farið með með þær upplýsingar sem þarna eru og hvað verður hægt að kaupa út úr þessum grunni? Á því hlýtur þetta að byggjast að hægt verði að selja út úr honum upplýsingar ýmist til rannsókna eða hugsanlega til annarra hluta. Og það tengist umræðunni um tryggingafélög og fleira slíkt.

Ég vil aðeins koma inn á atriði sem hér hefur líka mikið verið rætt og er stórmál í þessu, þ.e. hverjir hafa aðgang að rannsóknum í gagnagrunninum. Mér heyrist að boðaðar séu einhverjar brtt., a.m.k. á að athuga það mál nánar milli 2. og 3. umræðu. En eins og þetta lítur út núna er vísindamönnum skipt í þrjá hópa, þ.e. þá sem vinna hjá rekstrarleyfishafa, þá sem láta upplýsingar í gagnagrunninn í gegnum heilbrigðisstofnanir eða sjálfstætt starfandi aðila og síðan þá sem starfa stjálfstætt og hafa engan aðgang að þessum grunni samkvæmt frv. Þarna er vísindamönnum skipt í þrjá hópa sem er algjörlega óásættanlegt.

Hæstv. forseti. Enn og aftur: Það sem skiptir meginmáli og er mín grundvallarspurning eftir að hafa hlustað á umræðuna hér í morgun er: Verður eitthvert gagn að þessum gagnagrunni eftir allt það sem á hefur gengið? Ef stór hluti þeirra sem vinna við heilbrigðisstofnanir neitar að láta upplýsingar af hendi öðruvísi en að sjúklingar eða skjólstæðingar þeirra óski þess skriflega, þá hlýtur maður að spyrja: Verður eitthvert gagn að þessum grunni? Mér sýnist málið líta þannig út að ég hef miklar efasemdir um að þessum ágæta rekstrarleyfishafa verði nokkurt gagn að þessum grunni. En hann kann eflaust að geta notfært sér það á fjármagnsmörkuðum að hafa aðgang að ákveðnum upplýsingum, hverjar sem þær verða og hversu miklar sem þær verða. Ýmsir hafa sagt að tilgangurinn á bak við þetta allt sé að hækka hlutabréfin í deCODE Genetics þegar það verður sett á hlutabréfamarkað.

Ég gæti einnig nefnt þetta stóra atriði með einkaréttinn. Ég er algjörlega andvíg því. Hér hefur margoft verið bent á að m.a. það atriði stangist á við EES-sáttmálann og allt þetta mál í heild varðar ýmsa aðra sáttmála sem við erum aðilar að.

Hæstv. forseti. Mín niðurstaða eftir að hafa fylgst með umræðum hér í morgun er því sú að þrátt fyrir að málið hafi verið níu mánuði til meðferðar, eins og hæstv. heilbrrh. nefndi áðan, þá sé það langt í frá fullburða. Ég skora á meiri hlutann af mikilli alvöru að taka sér meiri tíma til að skoða málið, vinna það betur og hafa það í huga, sem menn hafa viðurkennt, að náist ekki sátt um þetta mál þá verður svo lítið gagn að þessu eins og hæstv. heilbrrh. hefur margoft sagt. Við erum að keyra hér mál í gegn í mikilli ósátt, mjög mikilli ósátt. (Gripið fram í.)

Menn hafa auðvitað misjafnar skoðanir á þessu mjög svo alvarlega máli. Þetta er mjög stórt og alvarlegt mál og kemur inn á fjöldamörg grundvallaratriði. Við megum ekki gleyma því að við erum ekki aðeins að tala um daginn í dag og heilbrigðisrannsóknir dagsins í dag, við erum að tala um framtíðina.

Ég ætla að gera það að lokorðum mínum, hæstv. forseti, að ég hef mjög miklar áhyggjur af því hvað kann að verða gert við þær upplýsingar sem þarna fara inn í framtíðinni og hvernig þær kunna að verða notaðar. Mér finnst því að frv. eins og það liggur fyrir með þeim brtt. sem lagðar hafa verið fram, nái alls ekki utan um það að verja íslensku þjóðina og þær viðkvæmu upplýsingar sem verða í þessum grunni heldur snertir þetta alla veröldina. Þetta snertir allan umheiminn. Það verður hægt að vinna bæði rannsóknir og, ef ekki verður gripið inn í, hugsanlega hægt að kaupa alls konar upplýsingar sem hægt verður að yfirfæra á aðra, erfðafræðilegar upplýsingar og niðurstöður og ýmislegt annað, vegna þess að ekki er skilgreint hvað á að fara inn í þennan grunn og ekki heldur hvað megi fara út úr honum.

[13:44]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu sem er nú orðin löng en mjög gagnleg og málefnaleg. Maður hefur sjaldan hlýtt á svo langa umræðu þar sem í öllu tilliti hefur verið um mjög málefnalega umræðu eða gagnrýni að ræða af hálfu minni hlutans. Því miður hefur ekki verið jafnmikið um svör af hálfu meiri hlutans og ég hefði kosið og það er kannski ástæðan fyrir því að ég kem hér upp.

Í nál. á þskj. 409, sem 2. minni hluti heilbr.- og trn. flytur, hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, var varpað fram ýmsum spurningum og reyndar í ræðu hennar sem hefur ekki enn verið svarað, a.m.k. ekki af hálfu hæstv. ráðherra og mig langar til þess að ítreka þessar spurningar.

Í fyrsta lagi bendir hún á það í nál. sínu og í ræðu sinni að í undirbúningi og vinnu við þetta mál, sem hæstv. ráðherra sagði að hefði verið í umfjöllun í marga mánuði og mjög vel undirbúið, að vinnubrögðin væru óásættanleg. Þá er ekki verið að tala um kynningu málsins því að margt var þar í sjálfu sér til fyrirmyndar eins og það að setja umsagnir og athugasemdir inn á netið þannig að það var aðgengilegt öllum þeim sem vildu hafa skoðun á heldur hitt að það hafa komið fram hugmyndir um dreifða gagnagrunna og að þar var aldrei lögð í það vinna af hálfu ráðuneytisins að

kanna hvort sú hugmynd nyti meira fylgis en hugmyndin um miðlægan gagnagrunn.

Hæstv. ráðherra sagði áðan í ræðu sinni að flestir væru hrifnir af hugmyndinni um miðlægan gagnagrunn. Ég tel það ekki rétta túlkun vegna þess að í þeim umsögnum sem borist hafa, í máli þingmanna og máli mjög margra sem hafa gagnrýnt þetta mál og jafnvel þeirra sem vilja sjá gagnagrunna verða að veruleika hefur verið lögð áhersla á að þeir væru dreifðir. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra í fyrsta lagi: Hvaða vinna var lögð í það af hálfu ráðuneytisins að kanna skipulega hvor þessara hugmynda hefði meira fylgi og hægt væri að ná sátt um, þ.e. annars vegar einkarekinn, miðlægur gagnagrunnur eða hins vegar dreifðir gagnagrunnar, þá jafnvel hjá ríkinu eða öðrum aðilum? Var það skoðað skipulega af hálfu ráðuneytisins áður en endanleg ákvörðun var tekin um að keyra inn í miðlægan gagnagrunn með einkaleyfisveitingu til tólf ára?

Í umræðunni hefur jafnframt komið fram að væri einkaleyfið veitt væri það óásættanlegt með öllu að það væri til svo langs tíma. Mjög margir hafa mælt á móti því að gagnagrunnurinn sé einkarekinn en tíminn hefur líka verið gagnrýndur. Hefur ráðuneytið skoðað það skilmerkilega hvaða rök liggja að baki þessari tölu? Hvernig nákvæmlega er hún fundin út, þ.e. einkaleyfi til tólf ára?

Hæstv. ráðherra sagði áðan að mikil vinna hefði verið lögð í það að persónuverndin væri tryggð og upplýsingarnar væru ópersónugreinanlegar. Samt sem áður er það þannig að í vinnu hv. heilbr.- og trn. hefur komið fram mjög hörð gagnrýni á þetta atriði. Það er sammerkt með öllum þeim álitum og þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar af þeim sem hafa einhverjar efasemdir um þennan gagnagrunn að þá hefur það staðið upp úr að persónuverndin sé ekki að fullu tryggð enda sé það ekki hægt á meðan ekki einu sinni liggi nákvæmlega fyrir hvaða upplýsingar eigi að fara inn í grunninn og hvað út. Það verði að liggja fyrir og séu í raun og veru þær lágmarksupplýsingar sem ættu að koma frá ráðuneytinu sem leggur mikla áherslu á að þetta frv. verði keyrt í gegn. Að þá liggi það alveg ljóst fyrir þannig að hver og einn læknir, eða sá sem tekur við sjúklingi, geti upplýst hann um það hvað nákvæmlega af upplýsingum um sjúklinginn, sjúkdóma hans eða sjúkdómasögu, lyfjanotkun eða annað fari inn í gagnagrunninn. Hæstv. ráðherra segir: Það er ákvörðun hverrar heilbrigðisstofnunar. Mun það ekki rýra gildi gagnagrunns ef hver heilbrigðisstofnun tekur ákvörðun um það hvaða upplýsingar eiga að fara? Mun það ekki rýra gildið? Er ekki eðlilegra að um það séu samræmdar reglur og þær reglur liggi fyrir áður en málið er afgreitt frá þinginu?

Í áliti 2. minni hluta, sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir lagði fram segir, með leyfi forseta:

„Það er frumskilyrði, áður en reglur um persónuvernd eru ákveðnar, að innihald og notkun grunnsins séu skýr. Þess vegna er brýnt að fyrir liggi áður en frumvarpið er samþykkt hvaða upplýsingar eigi að fara í grunninn og að tilgreint sé hvers kyns upplýsingar megi ekki fara í hann. Ekki hefur enn verið unnt að fá uppgefið á skýran og nákvæman hátt hjá heilbrigðisráðuneytinu hvaða upplýsingar eigi að vera þarna inni og gerir það umræðuna um persónuverndina enn flóknari en ella."

Þá segir jafnframt í þessu nál., með leyfi forseta:

„Bent hefur verið á að ekki sé hægt að afla upplýsts og óþvingaðs samþykkis í hefðbundnum skilningi þess hugtaks þar sem ekki liggi fyrir hvaða upplýsingar eigi að fara í grunninn og ekki sé heldur ljóst hvað eigi að gera við upplýsingarnar í framtíðinni. 2. minni hluti skilur þessi rök en leggur eigi að síður á það áherslu að þótt ekki séu forsendur fyrir því að leita upplýsts samþykkis sé ekki rétt að draga af því þá ályktun að ekki sé yfir höfuð hægt að leita eftir samþykki fyrir þátttöku."

Ef sjúklingur, sem leitar eftir þeim upplýsingum, sem ekki er neikvæður gagnvart því að upplýsingar fari inn í gagnagrunninn, vill fá upplýsingar hjá heimilislækni eða heilsugæslulækni sínum hvað í þessu felist þá sýnist mér að útilokað sé fyrir heilsugæslulækni að segja skýrt og skiljanlega hvað felst í samþykki sjúklingsins eða hvað felst í því að sjúklingurinn geri ekki athugasemdir um það að upplýsingarnar fari inn.

Ég hef rætt þetta við heilsugæslulækna á Suðurlandi og þeir hafa sagt að það sé algjörlega óásættanlegt, að ekki liggi fyrir reglur um það frá ráðuneytinu, reglur sem Alþingi hafi að leiðarljósi við ákvörðun um framhald þessa frv., hvaða upplýsingar eigi að fara inn og hvernig með þær skuli farið. Þess vegna geti þeir ekki mælt með frv. enda hafa þeir undirritað þá áskorun sem 44 heimilislæknar sendu þinginu.

Þá er jafnframt í áliti 2. minni hluta fjallað sérstaklega um hvort öryggi barna sé tryggt og 2. minni hluti segir í áliti sínu með leyfi forseta:

„Börn eru hópur sem sérstaklega þarf að huga að í þessum efnum og telur 2. minni hluti að ekki sé nægilega vel tryggt í frumvarpinu að þau njóti nægilegrar verndar."

Ég beini þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Var haft samráð við umboðsmann barna í þessum efnum og liggur fyrir samþykki umboðsmanns barna hvað varðar þær reglur sem á að setja og gilda gagnvart börnum og þeim upplýsingum sem um þau fara inn í gagnagrunninn að það samrýmist þeim lögum og þeim sáttmálum sem við höfum undirritað?

Annar minni hluti telur jafnframt í áliti sínu að persónuverndin sé tryggari í dreifðum gagnagrunnum en í einum miðlægum. Jafnframt bendir 2. minni hluti á það og ég hef spurt um það áður í umræðunni og geri það aftur vegna þess að ekki hafa fengist fullnægjandi svör að mínu mati, 2. minni hluti bendir á umsögn frá Samkeppnisstofnun þar sem Samkeppnisstofnun telur að frv., verði það að lögum, muni brjóta í bága við samkeppnisreglur EES. Jafnframt eru leiddar að því líkur að verði frv. samþykkt verði það kært mjög fljótt.

Því hefur verið haldið fram aftur og aftur að Lagastofnun Háskóla Íslands sé annarrar skoðunar en Samkeppnisstofnun. Álit Lagastofnunar Háskóla Íslands, sem er jafnframt í nál. 2. minni hluta, er mjög skýrt að þessu leyti:

„Lagastofnun Háskóla Íslands treystir sér ekki til að fullyrða að einkarétturinn standist EES-reglur heldur segja höfundar álitsins einungis að einkarétturinn geti samrýmst þeim þótt með því sé tekin nokkur áhætta."

Ég veit að leitað var eftir því í störfum nefndarinnar að fá álit erlendra aðila á þessu atriði áður en þetta kæmi til umfjöllunar í Alþingi þannig að gera mætti þær breytingar á frv. sem til þyrfti til þess að tryggja að lögin yrðu ekki kærð strax eftir samþykki Alþingis. Það væri okkur til lítils sóma að ganga frá frv. þannig að samþykkja það frá Alþingi vitandi vits að búast mætti við því að málið yrði kært. Að það sé gert með opnum augum að Alþingi Íslendinga gangi frá frv. þannig að það má búast við kæru strax á fyrstu dögum eftir gildistöku þess.

Eftir því sem komið hefur fram í umræðunni var því hafnað að leita eftir þessu áliti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Leitaði ráðuneytið eftir skoðun erlendra aðila? Þessi vafaatriði hljóta að hafa komið upp í umræðu á undirbúningsstigi frv., og leitaði ráðuneytið eftir áliti erlendra aðila um það hvort frv. í þeim búningi sem það er bryti í bága eða stæðist samkeppnisreglur EES.

Við þessu hafa ekki fengist skýr svör. Ég tel óásættanlegt að Alþingi ljúki umfjöllun um málið án þess að slíkt álit liggi fyrir. Ég vil jafnframt spyrja hæstv. ráðherra hvort öll þau gögn, sem til eru í ráðuneytinu frá undirbúningi þessa máls, sem kom fram í ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að mætti jafnvel rekja til ársins 1995 þegar hugmyndin kom fyrst fram, þá hljóta að liggja fyrir í ráðuneytinu ýmis bréf sem hafa farið á milli t.d. Íslenskrar erfðagreiningar og ráðuneytisins og niðurstaða þeirra nefnda sem hafa skoðað málið á undirbúningsstigi þess áður en því var dreift í vor. Samkvæmt þeim reglum sem gilda í upplýsingalögum ber ráðuneytinu að upplýsa alla þá sem þess óska eða birta öll opinber gögn um málið. Opinber gögn hljóta að vera öll bréf og erindi sem send eru ráðuneytinu og jafnframt álit nefnda sem undirrituð eru og skilað til ráðherra. Voru öll þessi gögn lögð fyrir í vinnu heilbr.- og trn. í vinnslu á undirbúningsstigi þessa máls?

Ég vil jafnframt spyrja hæstv. ráðherra, af því það kom fram í máli hennar áðan að erfðaupplýsingar væru í öðrum grunni: Er það grunnur sem er hægt að samkeyra? Er það stefna ráðuneytisins að safna öllum þessum upplýsingum þannig að ekkert mál sé að samkeyra þær og þá um leið: Telur hæstv. ráðherra að þegar búið er að samkeyra þessar upplýsingar úr báðum grunnunum séu þær samt sem áður ópersónugreinanlegar.

„Það þarf að ríkja sátt um málið", sagði hæstv. ráðherra „en framkvæmdin þarf að sanna sig. Til þess að sáttin náist þarf að afgreiða málið og lögin þurfa að vera í gildi í einhvern tíma." Nú er hæstv. ráðherra yfirmaður allra þeirra heilbrigðisstofnana, allra þeirra yfirmanna heilbrigðisstofnana sem hafa skrifað undir mótmæli. Hefur hæstv. ráðherra boðað til sín á fund þá lækna sem skrifuðu undir mótmælin sem við fengum núna á síðustu dögum, annars vegar frá heimilislæknum, hins vegar frá sérfræðingum? Hefur hæstv. ráðherra á þeim tíma sem liðinn er frá því þeir sendu okkur sín mótmæli boðað þá sérstaklega á fund sinn til að fara yfir rök þeirra í málinu?

[14:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Flest af því sem hv. þm. spurði um hefur verið hér til umfjöllunar undanfarna daga og verið svarað áður. Ekki þessu síðastnefnda sem hv. þm. spurði um, þ.e. hvort þeir sem skrifuðu undir mótmælaskjöl hefðu verið kallaðir sérstaklega til. Auðvitað höfum við ekki kallað hvern og einn þeirra fyrir okkur og munum að sjálfsögðu ekki gera það, en þeirra rök liggja fyrir.

Varðandi það hvort einhver plögg liggi í ráðuneytinu sem heilbr.- og trn. hefur ekki fengið þá liggja öll gögn opin fyrir heilbr.- og trn. og hafa ávallt gert. Þar eru engin leyniplögg inni varðandi þetta mál.

Varðandi það að dreifðir gagnagrunnar séu hagkvæmari og hvort við höfum farið í skoðun á því í heilbrrn. þá skoðuðum við hvort fjárhagslegur grundvöllur væri fyrir dreifðum gagnagrunnum og komumst að þeirri niðurstöðu að svo er ekki.

Hv. þm. spyr hver séu rökin fyrir því að gefa 12 ára sérleyfi. Rökin fyrir því eru þau að það tekur a.m.k. fjögur ár aðeins að byggja upp grunninn, áður en hægt verður að nýta hann á nokkurn hátt. Það verður því fyrst kannski eftir sex ár hægt að nýta fullkomlega gögn úr grunninum þannig að enginn leggur náttúrlega í slíkan kostnað, sem hér hefur margsinnis verið rætt um, án þess að hafa einhverja tryggingu fyrir því að samkeppnisaðilar geti ekki gripið þar inn í.

Nú sé ég að það blikkar á mig ljósið. En að öðru leyti almennt um það hvort þetta brjóti í bága við samþykktir sem við höfum gert á erlendri grund, þá teljum við svo ekki vera.

[14:02]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég beindi spurningu til hæstv. ráðherra um þær efasemdir sem koma fram hjá Samkeppnisstofnun og reyndar hjá Lagastofnun Háskóla Íslands, vegna þess að hún tekur ekki af allan vafa, um að frv. brjóti í bága við samkeppnisreglur EES. Var leitað álits erlendra aðila á þessu á undirbúningsstigi málsins? Sú umræða hlýtur að hafa komið upp að ef frv. yrði að lögum þá yrði það líklega kært strax á fyrstu dögum. Sú umræða hlýtur að hafa komið upp innan ráðuneytis eins og í heilbr.- og trn. og eins og á hv. Alþingi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það með opin augu sem ráðherra fer fram á að Alþingi samþykki frv. sem vitað er að verður kært á fyrstu dögum eftir að það verður að lögum?

[14:03]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Lögfræðingar ráðuneytisins fóru til Brussel fyrir þremur mánuðum og kynntu ráðamönnum og embættismönnum þar frv. Farið var yfir það lið fyrir lið og ekkert bendir til þess að það brjóti neitt í bága við alþjóðasamþykktir.

[14:04]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef það álit liggur fyrir frá Brussel eða frá embættismönnum sem fjalla um þennan sérstaka þátt, var því þá dreift í hv. heilbr.- og trn.? Þaðan hafa komið fram kröfur um að þetta yrði sérstaklega skoðað og eftir því sem hefur komið fram í umræðunni þá var því hafnað. Eru þá einhver gögn um þetta í ráðuneytinu sem ekki liggja fyrir hjá heilbr.- og trn.?

[14:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir því sem ég best veit kynntu lögfræðingar ráðuneytisins fulltrúum heilbrn. þessa fundi sem þeir áttu í Brussel. Eins og hv. þm. veit erum við í fararbroddi hvað þetta mál varðar. Þetta er eitt einstakt mál þannig að aðrir hafa ekki farið þessa leið áður. En eins og ég segi þá er búið að kynna þetta á alþjóðavettvangi og þetta virðist ekki brjóta í bága við alþjóðasamþykktir. Það hefur verið kynnt í heilbr.- og trn.

[14:05]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Við höfum rætt þetta mál afar lengi en mér hafði láðst að svara einni fyrirspurn og því var komið

skilmerkilega á framfæri við mig áðan. Það er fyrirspurn frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem hér gengur í salinn, sem gekk út á það hvort við værum að brjóta Nurnberg- og Helsinki-sáttmálana. Svar mitt er nei. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gekk út frá því í ræðu sinni að hér væri um persónugreinanlegar upplýsingar að ræða og því þyrftum við upplýst samþykki sjúklinga og leyfi fyrir hverri einustu rannsókn sem ætti að fara fram með upplýstu samþykki í hvert sinn. Svar mitt er því nei. Við erum ekki að brjóta þessa sáttmála. Það er alveg ljóst í mínum huga að hér verður um ópersónugreinanlegar upplýsingar að ræða. Ég veit að okkur hv. þm. Ögmund Jónasson greinir á um þetta atriði. Þær verða ópersónugreinanlegar. Það eru settar upp mjög miklar varnir, miklar hindranir gagnvart því að geta persónugreint þær. Persónuauðkenni verða þrídulkóðuð og það meira að segja í eina átt eins og það heitir, þannig að ekki verður hægt að nota lykil til að komast til baka varðandi persónuauðkennin. Það verður ekki hægt að finna einstaklingana þannig. Sumir telja það mikinn galla og hefðu viljað finna þá til baka til að geta aðvarað þá um ýmis atriði en þessi grunnur er ekki þess eðlis að það verði hægt.

Ég vil líka draga fram hér aðra ástæðu þess að hann verður ekki persónugreinanlegur og það er vegna þess að t.d. verða heilsufarsupplýsingarnar geymdar í nokkrum minni grunnum og starfsstjórar verða yfir hverjum grunni þannig að enginn getur haft neina sérstaka yfirsýn yfir gögnin sem eru þar inni og ekki er hægt að stela grunninum eins og sumir hafa bent á, stela honum í einu lagi. Það er ekki hægt. Fjölmargir hafa bent á það varðandi persónuvernd að hættan kemur yfirleitt innan frá en ekki að utan, þ.e. að aðilar innan fyrirtækisins mundu hafa áhuga á því að persónugreina.

Ég vil líka sérstaklega tilgreina eitt atriði í ræðu minni, þ.e. aðgangsnefndina sem við erum sammála um í heilbrn. að skoða frekar milli umræðna. Mér hefur borist til eyrna að sumir vísindamenn telja að með því að taka aðgangsnefndina út úr frv., eins og 1. minni hluti hefur viljað og við erum að opna á að skoða, þá séum við að loka fyrir aðgengi íslenskra vísindamanna inn í grunninn. En það er aldeilis ekki þannig. Það er einmitt fullkomin sátt um það í heilbrn. að freista þess að tryggja gott aðgengi okkar vísindamanna að grunninum og ódýrara þannig að þeir þyrftu ekki að borga sama verð og aðrir fyrir að koma inn, á þeim grundvelli að um endurgreiðslu væri að ræða fyrir þær upplýsingar sem þeir hafa átt þátt í að skapa.

Við ætlum að skoða þetta nánar á milli umræðna og reyna að koma því í það ferli að samið verði sérstaklega um þetta þegar þeir samningar fara í hönd sem fyrirséðir eru, þ.e. milli væntanlegs starfsleyfishafa og heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna. Aðalatriðið er að það er samkomulag um að reyna að tryggja sem best aðgengi íslenskra vísindamanna á ódýran hátt. Að sjálfsögðu gætu þeir farið þarna inn eins og hverjir aðrir og borgað þá hærra verð en við erum að reyna að tryggja þeim ódýrari aðgang.

Virðulegur forseti. Ég vil segja að lokum að það hefur staðið upp úr hjá nokkrum þingmönnum að þetta mál sé í miklu uppnámi og að við séum að gera eðlisbreytingar á því. Þetta er alrangt. Hér er ekki um neinar eðlisbreytingar að ræða. Þetta eru einungis tæknilegar útfærslur sem við viljum skoða sérstaklega varðandi erfðafræðiupplýsingar og setja erfðafræðiupplýsingar í sama ferli og við ætlum að gera gagnvart samkeyrslu ættfræðiupplýsinga við heilsufarsupplýsingarnar. Það er alveg tryggt að tölvunefnd þyrfti að votta slíkt vinnuferli og hafa eftirlit með því þannig að persónuverndin verði trygg.

Ég vil líka segja að það er rangt að mörgu leyti að kalla að mál séu hér í uppnámi og það er eiginlega enn þá rangara að segja að þessi grunnur verði ekki neitt, neitt vegna andstöðunnar í samfélaginu, á sama tíma og menn kynda hér undir andstöðuna. Það er verið að kynda hér undir með því að gera málið tortryggilegt úr þessum ræðustóli. Ég harma það og ég bið menn að íhuga vel hvort það sé rétt aðferð að kynda undir þeirri fullyrðingu að að hér sé stórhættulegt mál á ferðinni. Það er alrangt. Hér er mikið framfaramál á ferðinni. Við erum að bjóða upp á nýtt tæki til rannsókna sem við eigum ekki fyrir. Við eigum fyrir dreifða gagnagrunna, ágætis gagnagrunna. Þeir verða reyndar betri í framtíðinni. Við erum að bjóða upp á nýtt rannsóknartæki. Við ætlum að tryggja persónuverndina og við ætlum að gefa vísindamönnum okkar og öðrum vísindamönnum sem munu nota þennan grunn í framtíðinni, færi á að stunda læknis- og vísindarannsóknir. Ég fyrir mitt leyti mundi naga mig í handarbökin ef við eyðilegðum þetta mál og hindruðum að hér væri hægt að setja upp miðlægan gagnagrunn þar sem ég tel að ávallt sé til bóta að stunda rannsóknir. Ég bið menn að íhuga hvort þeim fyndist ekki framfaraskref að bjóða upp á þetta rannsóknartæki ef þeir yrðu nú veikir í framtíðinni, af því ég held að rannsóknir séu yfirleitt alltaf til góðs. Auðvitað geta einhverjar rannsóknir verið til ills en það er erfitt að benda á þær þannig að ég bið menn að íhuga hvort við eigum ekki að stíga þetta skref og bjóða upp á algjörlega nýtt rannsóknartæki til að bæta hér læknisþjónustu.

[14:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég harma að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir skuli hér kynda undir skoðanakúgun með því að reyna að gera tortryggilega gagnrýni, málefnalega gagnrýni sem fram hefur komið úr þessum ræðustól og frá vísindamönnum í samfélaginu. Menn ættu að þakka fyrir hvern áhuga fólk sýnir þessu máli.

Gagnrýni mín hér sem ég óskaði eftir upplýsingum og andsvari um, eða skýringum á frá hv. talsmanni meiri hluta heilbrn., lýtur að Helsinki-sáttmálanum. Svar þingmannsins er á þá lund að við þurfum ekki að hafa áhyggjur vegna þess að inni í grunninum séu ekki persónugreinanlegar upplýsingar. Staðreyndin er sú að Helsinki-sáttmálinn er gerður til að koma í veg fyrir að fólk verði misnotað í þágu læknavísinda eða ímyndaðra framfara. Ég hef fært rök fyrir því að stórkostleg hætta sé á því að svo verði gert hér.

Varðandi persónugreinanlegar upplýsingar, þá er það almennt mat tölvusérfræðinga að grunnurinn sé persónugreinanlegur. En nú er komin önnur hlið á málinu og hún er sú að það hefur verið upplýst að erfðaupplýsingar og ættfræðiupplýsingar gangi til sérleyfishafans. Spurningin er svo hvernig þessar upplýsingar eru geymdar hjá sérleyfishafanum. Við vitum að þær upplýsingar sem eru í heilsufarsskýrslum fara inn í grunninn. Hitt kann líka að gerast að þessar upplýsingar verði í vissum tilvikum samkeyrðar. Nú segja erfðafræðingar okkur að út frá erfðafræðiupplýsingum fámenns hóps megi draga ályktanir um arfgerðir ættingja þeirra og öðlast nákvæma mynd af erfðaeiginleikum annarra fjölskyldumeðlima sem ekki hafa veitt til þess leyfi þannig að sú röksemd um að upplýst samþykki veiti einhverja vörn hvað þessu líður, er röng. Þetta er ekki á rökum reist.

[14:14]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði um Helsinki-sáttmálann og sagði að hann ætti að vernda fólk gegn misnotkun. Ég sé bara alls ekki hvernig hægt er að misnota þennan grunn. Hv. þm. hefur ekki getað sannfært mig um hvernig það ætti að vera hægt þar sem hann er ópersónugreinanlegur. Hann er það og það er tryggt með ýmsum aðgangshindrunum. Það á að geyma heilsufarsupplýsingarnar í aðskildum grunnum með sérstökum starfsstjórum. Það er margoft búið að fara yfir þetta í heilbr.- og trn. og ég veit að hv. þm. var þar og hlustaði á það en samt hefur ekki tekist að sannfæra hann um þetta.

Hv. þm. sagði síðan að ættfræðigrunnur og erfðafræðigrunnur ætti að ganga til sérleyfishafa. Ég átta mig nú ekki alveg á því hvað hann á við með því. Það er alveg ljóst að væntanlegur starfsleyfishafi býr í dag yfir ættfræðigrunni sem margir aðrir geta komið sér upp hvenær sem er. Hann á þann grunn í dag og því enginn grunnur sem gengur til hans, hann á hann í dag.

Væntanlegur starfsleyfishafi á líka grunn með erfðafræðiupplýsingum sem hann hefur fengið úr að mig minnir sjö þúsund manns með upplýstu samþykki. Það er því ekkert sem gengur til hans, hann á það í dag. Hins vegar erum við að tala um að til hans gangi upplýsingar úr heilsufarsskýrslum, úr sjúkraskrám. Við erum að tala um að það gangi til hans og þar inni eru einnig erfðafræðiupplýsingar. (**ÖS:** Í grunninn.) Já, já, í grunninn. Þar eru líka erfðafræðiupplýsingar eins og hv. þm. Tóms Ingi Olrich benti á en þær eru mjög takmarkaðar, þar er mjög lítið af þeim. En þær renna inn í grunninn. Hann á annan grunn við hliðina með erfðafræðiupplýsingum og við erum að tala um það að hann fái að samkeyra þessa grunna í gegnum sérstakt ferli sem verður vottað af tölvunefnd og undir eftirliti tölvunefndar og verður tekið út af óháðum aðila til að tryggja persónuverndina.

[14:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega svo ótrúlegt að hér eigi að afgreiða þetta mál á næstu dögum, eins óljóst og það er. Eftirlitið á að vera af hálfu tölvunefndar, samkvæmt vinnuferli sem tölvunefnd er ekki ljóst hvert verður. Tillagan um þetta vinnuferli á að koma frá sérleyfishafanum. Tölvunefnd á að leggja blessun sína yfir það. Tölvunefnd hefur hafnað þessu og segist vilja fá skýrar vinnureglur frá löggjafanum um þessar vinnureglur. Hún hefur þannig vísað þessu máli frá sér.

Það sem ég vil benda á er að þegar erfðafræðiupplýsingar, jafnvel fámenns hóps, eru komnar inn í gagnagrunninn koma þær til með að nýtast til að kortleggja aðra meðlimi fjölskyldunnar og samfélagsins. Þar væri hægt að byggja upp persónugreinanlegan grunn og á þeim forsendum mundi þetta ekki standast Helsinki-sáttmálann. Ég held að hv. þm. þurfi að lesa þennan sáttmála rækilega. Hann snýst ekki um orðalag eða formlegheit. Hann snýst um það hvort unnt sé að misnota einstaklinga og hópa í þágu lyfjafyrirtækja eða svokallaðra framfara á sviði læknavísinda.

Ég hef fært rök fyrir því að stórkostleg hætta sé á að þetta gerist. Ég er ekki einn um það og hef sótt vitneskju mína og rök til þeirra sem gerst þekkja. Vísindamenn, bæði íslenskir og erlendir, vara okkur mjög eindregið við að fara inn á þessa braut þó við vitum að mikill þrýstingur er frá væntanlegum sérleyfishafa og þeim sem eiga peningalegra hagsmuna að gæta. Því miður gengur ríkisstjórnin og talsmenn hennar erinda þessara aðila og það er mjög alvarlegt.

[14:19]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tölvunefnd hefur kallað eftir skýrum vinnureglum og mun fá þær. Lögin sem tölvunefnd á að vinna eftir, verði þetta frv. að veruleika, munu kveða á um að tölvunefnd þurfi að votta og samþykkja vinnuferlið sem starfsleyfishafi setur upp til að tryggja persónuverndina. Tölvunefnd fær það hlutverk að skoða ferlið, samþykkja það eða hafna því, láta bæta það. Við vitum það ekki í dag. (**ÖJ:** Við vitum það ekki í dag? Á ekki löggjafinn ...?) Tölvunefnd þarf að skoða þetta ferli. Tölvunefnd þarf að sjálfsögðu að skoða þetta ferli til að geta sagt til um hvort það standist eða ekki. Síðan á jafnframt óháður aðili að skoða vinnuferlið til að tryggja persónuverndina.

Varðandi það að hv. þm. Ögmundur Jónasson dregur fram, að upplýsingarnar geti verið persónugreinanlegar vil ég segja að ef grunnurinn væri þannig, sem hann er ekki, að inni væru allar heilsufarsupplýsingar, ættfræði- og erfðafræðigrunnurinn, væri þetta allt í einni súpu þá væru upplýsingarnar að sjálfsögðu persónugreinanlegar. Það liggur í augum uppi en þannig verður þetta ekki, hv. þm. Þarna verða heilsufarsupplýsingar í aðskildum litlum grunnum, erfðafræðigrunnurinn í aðskildum grunni, ættfræðigrunnurinn í öðrum grunni. Þess vegna er hægt að tryggja persónuverndina og með aðgangstakmörkunum líka og það er hægt að rekja ... (**ÖJ:** Sem enginn veit hverjir eru?) Við höfum rætt það hér í umræðunni að aðgangstakmarkanirnar verða t.d. þær að ekki er hægt að spyrja um minna úrtak en tíu einstaklinga, til að geta ekki persónugreint. Það hefur verið farið mjög náið yfir það í umræðunum. Niðurstaðan er sú að þetta er hægt. Sem betur fer er þetta hægt með því að setja upp mikið eftirlit. Það verður dýrt en það á starfsleyfishafinn að borga. Það verður mikið eftirlit og dýrt og þannig er hægt að tryggja persónuverndina. (**ÖJ:** Ríkisstjórnin fellur undir Nurnberg... Það er alvarlegt.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Embættiskostnaður sóknarpresta, 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (samningur ríkis og kirkju). — Þskj. 259, nál. 381.

[14:22]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. á þskj. 381 um frv. til laga um breyting á lögum um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjalta Zóphóníasson, Benedikt Bogason og Sólmund Má Jónsson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Einnig leitaði nefndin álits biskupsstofu, prestafélagsins og prófastafélagsins um málið og gerðu þessir aðilar ekki athugasemdir við efni frv.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðum um embættiskostnað presta verði breytt á þann veg að kirkjuþing setji reglur og ákveði rekstrarkostnað prestsembætta en verkefni þetta hefur

hingað til verið í höndum kirkjumálaráðherra. Breyting þessi er afleiðing af samningi milli ríkis og kirkju frá 4. sept. 1998. Sá samningur er nánari útfærsla á samningi frá 10. janúar 1997 um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju. Hann kveður á um að kirkjan láti af hendi kirkjujarðir að frátöldum prestssetrum og að andvirði seldra kirkjujarða renni í ríkissjóð. Á móti greiði ríkissjóður laun biskups Íslands, vígslubiskupa og 138 starfandi presta og prófasta kirkjunnar. Samkomulagið var lögfest með 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar, nr. 78/1997. Í 3. gr. sömu laga segir jafnframt að íslenska ríkið greiði þjóðkirkjunni árlegt framlag sem miðist við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum. Á grundvelli þessara tveggja greina þótti nauðsynlegt og skynsamlegt að gera samning milli ríkis og kirkju þar sem kveðið væri nánar á um einstaka kostnaðarþætti og um árlegar greiðslur ríkisins vegna þeirra. Sá samningur var undirritaður 4. september sl. eins og fyrr greinir.

Með samningnum ber þjóðkirkjan fulla ábyrgð á fjármálum sínum. Því þótti eðlilegt að breyta lögum um embættiskostnað sóknarpresta og færa ábyrgð af þeim kostnaði eins og öðrum kostnaði frá ríkinu til þjóðkirkjunnar. Frv. felur því einungis í sér að ákvarðanataka um embættiskostnað flyst frá dóms- og kirkjumrn. til kirkjuþings. Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Siv Friðleifsdóttir og Kristján Pálsson. Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson og Kristín Halldórsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (lífeyrissparnaður launamanns). — Þskj. 255, nál. 424.

[14:25]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um tryggingagjald með síðari breytingum. Jafnframt er á ferðinni breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og lífeyrissjóða.

Eins og fram kom í framsögu með frv., hæstv. forseti, felst í þessu að nýti launamaður sér viðbótarfrádrátt frá tekjuskatti vegna iðgjalds í lífeyrissjóð þá skuli vinnuveitandi viðkomandi launþega draga frá 0,2% af gjaldstofni tryggingagjalds og bæta við framlag launþegans til lífeyrissjóðsins.

Nefndin fjallaði um málið, sendi það til umsagnar og fékk á sinn fund fulltrúa fjmrn. Eftir nokkrar umræður í nefndinni var ákveðið að meiri hluti nefndarinnar styddi frv. án þess að gera brtt. Hv. þm. Svavar Gestsson ritar reyndar undir með fyrirvara.

Síðan hefur það helst borið til tíðinda, hæstv. forseti, að fjmrn. hefur látið nefndarmenn vita að það sé að velta fyrir sér að gera tillögu til okkar um smávægilegar tæknilegar breytingar sem gætu þá komið til atkvæða við 3. umr. málsins.

[14:27]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Oft skoða menn einstök mál mjög ítarlega, setja sig vel inn í þau og hugleiða hvaða leiðir eigi að fara til að ná fram ákveðnum markmiðum. Menn vilja t.d. ná því fram að þjóðin fari að spara. Þá er hugleitt hvernig hægt sé að fá hana til að spara. Menn láta sér detta í hug að nota lífeyriskerfið til þess og veita skattafslátt þannig að fólk fari nú að spara.

Nú þegar hefur verið samþykkt að hægt sé að borga aukaiðgjald til lífeyrissjóða sem sé frádráttarbært frá skatti. Þetta á að vera hvati fyrir fólk til að leggja meiri peninga í lífeyrissjóð, auka þjóðhagslegan sparnað og sparnað einstaklinga. Hvatinn er að menn geta dregið iðgjaldið í lífeyrissjóðinn frá skatti. Þegar þeir fá síðan greitt úr sjóðnum eftir áratugi borga þeir að sjálfsögðu skatta af þessum peningum aftur og til viðbótar tekjuskatt af vöxtum og verðbótum af þessu fé. Ef þeir keyptu fyrir sama pening spariskírteini í dag þá gætu þeir að sjálfsögðu ekki dregið upphæðina frá skatti en spariskírteinin yrðu skattfrjáls eftir nokkur ár, vextir og verðbætur mundu falla undir fjármagnstekjuskatt, þ.e. 10%. Fyrir einstaklinga er þetta því frekar óskynsamlegt nema menn búist við að skattkerfinu verði umbylt og breytt eins og viðbúið er að gerist á þeim áratugum sem við erum að horfa til í þessu sambandi.

Til að örva menn enn frekar til að stunda þessa sparnaðarstarfsemi létu menn sér detta í hug að atvinnurekandinn fái alltaf endurgreitt eða lækkun á tryggingagjaldi sem nemur 0,2%. Það þýðir að þarna kemur 10% framlag frá ríkinu inn í þennan sparnað til að örva hann enn frekar. Þetta er nú gott og blessað og mjög ánægjulegt að ríkið er tilbúið til að leggja með í þessum sparnaði. En þá skulum við horfa á vissa hluti. Í fyrsta lagi er það þannig að þegar kerfi eru gerð mjög flókin þá nýtast þau ekki nema fáum skattgreiðendum, og eftir því sem kerfin eru flóknari þeim mun færri munu nýta sér þann möguleika sem upp á er boðið. Það eru aðallega þeir sem eru velmegandi og hafa endurskoðendur á sínum snærum sem nýta sér kerfin þegar þau eru orðin of flókin. Hér er verið að flækja kerfið allverulega og svo mikið að ég geri ráð fyrir því að mjög fáir muni vita af þessum möguleika eftir nokkur ár, mjög fáir, vegna þess að það kostar óskaplega upplýsingu að upplýsa menn, atvinnurekendur, litla atvinnurekendur úti um allt land, sem eru jú að gera eitthvað annað en akkúrat að borga skatta. Það er ekki meginhlutverk atvinnulífsins að borga skatta og nýta sér skattkerfi, heldur að framleiða fiskflök eða eitthvað slíkt, t.d. herta hausa. Það er ekki meginstarfsemi lítilla fyrirtækja eða fyrirtækja almennt að standa í því að spara í lífeyrissjóð eða borga skatta, eða komast hjá því að borga skatta. Mín trú er því sú að mjög fáir muni vita af þessu eftir nokkur ár. Einstaka endurskoðandi veit af þessu og hann mun ráðleggja sínum kúnnum að gera þetta, en mjög fáir munu vita þetta þannig að notkunin verður frekar lítil.

Svo kemur meginatriðið, herra forseti, og það er að þessi 0,2% fyrir hvern mann eru ekki nema svona 200–300 kr. á mánuði. Við erum að tala um 200–300 kr. Ef maður er með 100 þús. kr. þá er þetta 200 kall. Ef maður er með 150 þús. kr. þá eru þetta 300 kr., 300 kr. á hverjum mánuði. (**VE:** Viltu ekki bæta við þetta?) Það getur verið að launin hækki og hátekjumennirnir geta kannski notað þetta frekar. En við erum að tala um mjög litlar upphæðir. Allar færslur í bókhaldi kosta sitt. Það hefur jafnvel verið talið og ég hef

notað það sem þumalputtareglu að hver færsla kosti 500 kr. þannig að fyrirtækin munu þurfa að borga með þessum sparnaði. Þau munu ekki fá neitt fyrir þetta. Það þarf að breyta tölvukerfum og þeir sem þekkja til þeirra viðskipta, þeir hv. þm. sem hafa rekið fyrirtæki og hafa borgað fyrir tölvukerfi, vita að sjaldan er talað um minna en 50 til 100 þús. kr. í breytingum á tölvukerfum.

Það sem ég held að muni því gerast þegar einhver launþegi rekst á þetta lagaákvæði einhvern tímann í framtíðinni og kemur til atvinnurekanda síns og segir: Heyrðu, þú getur dregið frá 0,2% af launum mínum. Þá mun atvinnurekandinn fórna höndum og segja: Í guðanna bænum, ég hækka bara launin þín um 5 þúsund kall á ári og þá ertu betur settur. Við skulum bara sleppa þessu.

Það sem ég held að hafi gerst er að einhverjir sérfræðingar, sem eru orðnir mjög miklir sérfræðingar í ákveðnum þáttum, einblína á þessa þætti og finna lausnir sem eru gjörsamlega óframkvæmanlegar vegna þess að upplýsingin um þessar litlu færslur, þessa litlu styrki, er svo dýr, það er svo erfitt að koma þessu á framfæri að menn geta hreinlega ekki notað þetta. Þetta er einmitt dæmi um það hvernig ekki á að flækja skattkerfið. Ég held menn ættu að snúa af þessari leið og reyna að einfalda skattkerfið frekar en flækja það á þennan hátt. Eftir nokkur ár munu einstaka endurskoðendur þekkja þetta og aðrir ekki, þetta er svo flókið. 0,2% er svo lítið af mánaðarlegri greiðslu að það er alveg út í hött að koma með svona styrki. En málefnið er gott, þ.e. að menn ætli sér að auka sparnað og sumir hafa trú á því. Ég held að ekki nema svona 15% í hæsta lagi, kannski 20% af þjóðinni muni nýta 2% í lífeyrissjóðina vegna þess að upplýsingin berst ekki áfram. En ég hugsa að í hæsta lagi muni 2% nýta sér þetta ákvæði vegna þess hvað það kostar í framkvæmd og vinnslu. Við erum að setja lög um ekki neitt.

Ég hygg að þetta muni ekki auka sparnað landsmanna um eyri, enda held ég að það eigi frekar að auka sparnað landsmanna með upplýsingu um gildi sparnaðar fyrir einstaklinga, þ.e. um það hvers virði það er að eiga peninga um mánaðamót í staðinn fyrir að skulda peninga um mánaðamót. Lítið hefur farið fyrir þeirri uppfræðslu hvert gildi sparnaðar sé fyrir einstaklinginn, hvert gildi sparnaðar sé fyrir einstaklinginn til að lifa frjálsara og meira mannsæmandi lífi. Það fer lítið fyrir þessu.

Herra forseti. Ég held því að þetta góða frv., sem er fullt af gæsku og velvilja, muni verða vindhögg.

[14:35]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir ekki sanngjarnt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að gera svo lítið úr þessu sem hér er á ferðinni eins og mér fannst hann gera í ræðustóli áðan. Þannig er að launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur sem greiða í lífeyrissjóð fá samkvæmt lögum sem voru samþykkt við afgreiðslu lífeyrissjóðafrv. möguleika til að leggja 2% af launum sínum til viðbótar inn í lífeyrissjóð að eigin vali og geta lagt þetta inn á séreignarreikninga eða hvaða þá reikninga sem þeim sýnist og lífeyrissjóðirnir bjóða upp á. Þarna er í rauninni verið að bæta 10% álagi ofan á þetta 2% framlag. Hvað þýðir þetta fyrir hinn almenna iðgjaldsgreiðanda í lífeyrissjóð og fyrir réttindi hans þegar fram líða stundir? Jú, með þessum viðbótarlífeyrissparnaði er verið að skapa möguleika á 20% betri lífeyrisréttindum en annars væri, miðað við það að menn séu að leggja almennt 10% í lífeyrissjóð. Með þessari litlu viðbót sem hv. þm. gerir svo lítið úr er verið að hækka þetta upp í 22% viðbót við lífeyrisréttindin, yfir starfsævi ef því er að skipta. Mér finnst ástæðulaust af hv. þm. að gera svona lítið úr þessu þannig að það eigi bara að hætta við þetta. Ég hefði skilið það ef þingmaðurinn hefði verið örlátari í þessu efni og verið á móti þessu á þeirri forsendu að ómögulegt væri að hafa þetta 0,2%, heldur ættu þetta að vera 1,2%.

[14:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekkert á móti þessari aðgerð sem slíkri. Hún er vel meint og góð. Ég er á móti því hvað færslurnar eru margar og litlar, hvað þetta gerir kerfið allt miklu flóknara og hvað það kostar mikið að upplýsa alla landsmenn, allt atvinnulífið um þetta. Það er ekki nóg að upplýsa endurskoðendur. Það þarf að upplýsa fyrirtækin. Það þarf að upplýsa launþegana um þetta. Allir þurfa að vita af þessu. Þegar maður sér framkvæmd skattalaga yfirleitt og allt það, ég vil segja rugl í kringum það að fá upplýsingar hjá skattstjórum um einföldustu atriði þá líst mér nú ekki á þetta. Við erum að tala um það að á starfsævinni, í 40 ár, verði sendar 500 færslur til að bæta lífeyrisréttindin um þessi 2% sem hv. þm. nefndi og þessi bót á lífeyrisrétti kemur ekki á nokkurn hátt frá guði almáttugum. Nei, launþeginn sjálfur á að borga þetta. Hann borgar þessi 2% sjálfur úr eigin vasa. Það er sparnaðurinn. Ég held því að skorta muni á upplýsinguna og þetta muni flækja kerfið. Svo þarf launþeginn að borga þetta sjálfur.

[14:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess að hér er á ferðinni viðbótarlífeyrissparnaður þar sem er algjört frelsi til ráðstöfunar á framlögunum, má gera ráð fyrir því að töluvert verði eftir þessu sóst og að auglýsingar og annað af hálfu lífeyrissjóðanna, bankanna, fjármálafyrirtækja annarra sem bjóða upp á þennan sparnað, muni verða til þess að almenningur verði bærilega upplýstur um þetta mál.

Hv. þm. þekkir það rækilega til bókhalds, tölvuvinnslu og annars slíks að ég held hann ætti að gera sér grein fyrir því að þessar færslur verða allar saman sjálfvirkar og tengjast líka þeirri færslu sem þarf yfirleitt að gera um hver mánaðamót og felst í því að borga þarf út laun og gera skil á öðrum gjöldum og sköttum og skyldum. Þessu til viðbótar er því fyrst og fremst ákveðin fjárfesting í breytingum á launakerfunum þegar þetta kemur inn, en um leið og þetta er farið að rúlla þá gerist það sjálfvirkt og allir sem koma nálægt því að meðhöndla þennan lífeyrissparnað munu að sjálfsögðu leggja sem allra mest upp úr því að kostnaðurinn við að meðhöndla þessa peninga verði sem allra lægstur. Ég endurtek það, hæstv. forseti, að mér finnst algjörlega ástæðulaust af hv. þm. að gera svo lítið úr þessu máli sem hann gerir.

[14:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Upplýsingar kosta sitt. Það kostar að upplýsa. Það kostar að mennta. Upplýsingar kosta gífurlega mikið, hvort sem þær eru í formi auglýsinga frá lífeyrissjóðunum eða auglýsinga frá verðbréfafyrirtækjunum og það rýrir að sjálfsögðu ávöxtun þessara fyrirtækja á þetta fé þannig að þetta er allt saman borgað einhvers staðar. Kostnaður fyrirtækjanna við að halda utan um þessa litlu

200 kalla er líka heilmikill og rýrir hag þeirra. Allar þessar upplýsingar kosta sitt. Ég er að gagnrýna það í þessu máli að upplýsingin og færslufjöldinn kostar sitt.

[14:42]

Útbýting þingskjala:

Fjöleignarhús, 347. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 451.

Útflutningur hrossa, 346. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 450.

[14:42]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. hv. efh.- og viðskn. um þetta mál með fyrirvara. Fyrirvarinn stafar af því að þau ákvæði sem þarna eru um breytingu á innheimtu tryggingagjalds eru svo flókin og svo dýr í framkvæmd. Að því leytinu er ég sammála hv. þm. Pétri Blöndal um að skynsamlegra hefði verið að fara aðra leið. Hins vegar styð ég efni málsins miðað við allar aðstæður. En ég tel ástæðu til að vekja athygli á því hvað málið er gert ótrúlega flókið í útfærslu samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir og að því leyti, eins og ég sagði, tek ég undir ábendingar hv. þm. Péturs Blöndals, minni hluta efh.- og viðskn.

Í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands um þetta mál, sem er dagsett 2. desember sl., er farið rækilega yfir málið og bent á að skynsamlegt sé miðað við núverandi aðstæður að hvetja til þess að heimildin til viðbótarlífeyrissparnaðar með skattfrestun verði nýtt af sem flestum.

Í athugasemdum Vinnuveitendasambandsins segir, með leyfi forseta:

„Meginefni frumvarpsins er að ríkisvaldið gefi eftir hluta af tekjum af tryggingagjaldi til að fjármagna uppbót á eigin framlag launamanna og sjálfstætt starfandi fólks til viðbótarlífeyrissparnaðar. Launamaður sem ákveður að greiða aukalega allt að 2% af launatekjum í lífeyrissjóð fær samkvæmt lögunum uppbót af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi sem nemur 10% af iðgjaldi launamanns, þó mest 0,2% af tekjum."

Þetta les ég upp vegna þess að þetta er góð skýring á efni málsins. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þótt efnið sé þannig tiltölulega einfalt og markmiðin skýr þá gerir frumvarpið ráð fyrir ótrúlega flókinni framkvæmd. Þar er miðað við að þessum fjármunum verði komið til móttakenda fyrir milligöngu launagreiðanda sem mánaðarlega dragi fjárhæð frá því tryggingagjaldi sem þeir ættu að standa skil á, fjárhæð sem svarar til $^1/_{10}$ hluta þeirra viðbótariðgjalda sem starfsmenn hans fela honum að draga af launum.

Hér er einfalt mál gert afar flókið í framkvæmd og þúsundum atvinnurekenda er þvælt inn í samskipti launþega við lífeyrissjóði, fjármálafyrirtæki og tryggingafélög sem bjóða viðbótarvalkosti í lífeyrismálum."

Undir þessi sjónarmið Vinnuveitendasambandsins tek ég. Þetta mál er gert alveg ótrúlega flókið og ég er alveg sannfærður um að það verður erfitt fyrir mjög marga litla atvinnurekendur sem eru með tiltölulega einfaldan rekstur að ganga frá þessum málum þannig að ávinningurinn fyrir sparandann, launamanninn, skili sér örugglega 100%.

Ég held þess vegna að skynsamlegra hefði verið að fara aðra leið í þessum efnum, herra forseti. Í umsögn Vinnuveitendasambandsins er varað mjög eindregið við þeim flækjum og mistökum sem er augljóslega boðið heim þegar þúsundir smárra og stórra fyrirtækja eiga að sundurgreina af hvaða stofni eigi að reikna uppbót á lífeyrinn og hversu mikið megi draga frá skilum tryggingagjalds á móti eins og hér segir.

Í umsögn Vinnuveitendasambandsins er einnig gagnrýnt harðlega að ónógur fyrirvari sé varðandi þetta mál. Ég vek sérstaklega athygli á því að nú er kominn, ef ég man rétt, 10. des. og gert er ráð fyrir því að þetta kerfi taki gildi núna um áramót. Ég er alveg sannfærður um að það er allt of seint sem við afgreiðum þetta mál með hliðsjón af því að kerfið taki gildi um áramótin.

Með hliðsjón af þessu leggur Vinnuveitendasamband Íslands til að stuðningur ríkissjóðs við myndun viðbótarlífeyrisréttinda launamanna verði ekki háður því að atvinnurekandi innheimti iðgjald af launamanni heldur verði uppbótin á iðgjaldsgreiðslur látin ganga beint frá ríkissjóði inn á lífeyrisreikning viðkomandi samkvæmt upplýsingum á skattframtali. Þannig verði komist hjá margháttuðum mistökum við uppgjör og skil tryggingagjalds. Undir þetta tek ég.

Í umsögn ríkisskattstjóra eru nákvæmlega sams konar áhyggjur, orðaðar með þeirri varkárni sem tíðkast þegar embættismenn tala við ráðherra sinn. Í umsögn ríkisskattstjóra, dags. 1. des. 1998, er varað við því að verið sé að fara inn á aðrar leiðir en heppilegt hefði verið og venjulega hefur verið gert. Síðan segir: „Lítill sem enginn tími er til undirbúnings þessa máls."

Síðan segir ríkisskattstjóri, með leyfi forseta:

„Slíkt kostar þó aukna vinnu og krefst fjárútláta vegna breytinga á upplýsingakerfinu. Telur ríkisskattstjóri að áætlun sú er fram kemur frá fjárlagaskrifstofu um kostnaðarauka ríkissjóðs sé vægast sagt afar varkár og í lægra lagi."

Herra forseti. Ég vildi lesa upp umsagnir bæði frá Vinnuveitendasambandinu og ríkisskattstjóra vegna þess að þær umsagnir eru báðar vandaðar og góðar og full ástæða til að hlusta á þær. Ef menn eru á annað borð í þingnefndum að senda út og biðja um umsagnir á auðvitað að taka mark á þeim umsögnum sem eru bersýnilega vandaðar og settar fram með þeim hætti sem þær tvær eru sem ég hef hér vitnað til.

Alþýðusamband Íslands sendi umsögn um þetta mál, dags. 2. des. 1998, þar sem farið er rækilega yfir málið. Þar er sérstaklega fjallað um þann þátt málsins sem lýtur að breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og Alþýðusambandið segir síðan í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands er almennt þeirrar skoðunar að það eigi að vera fæst undanþágu- og sérákvæði í skattalöggjöfinni og telur að frávik frá þessu séu einungis réttlætanleg við sérstakar aðstæður, t.d. að jafna tekjur og aðstæður fólks. Alþýðusamband Íslands telur að heimild til frádráttar frá gjaldstofni almenns tryggingagjalds muni valda auknum kostnaði við skattframkvæmd. Þau áhrif sem 0,2% mótframlag launagreiðanda munu hafa á sparnaðarvilja launafólks eru varla nógu mikil til að réttlæta þennan kostnað. Þá er rétt að benda á að atvinnulífið mun verða fyrir kostnaðarauka vegna nauðsynlegra breytinga á hugbúnaði sem notaður er við launaútreikning."

Þetta var ekki umsögn Vinnuveitendasambandsins heldur Alþýðusambands Íslands. Þetta var heldur ekki lesið upp úr ræðu hv. þm. Péturs Blöndals heldur upp úr umsögn Alþýðusambands Íslands. Alþýðusambandið varar við því að frv. verði að lögum með þeim hætti sem það er, m.a. með hliðsjón af þeim ábendingum sem hér hafa verið nefndar.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sendi frá sér umsögn um þetta mál, sem er dags. 2. des. 1998, og þar segir svo, með leyfi forseta:

„BSRB lítur svo á að lækkun tryggingagjalds launagreiðanda geti verið jákvæð sé hún nýtt sem mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar. Verði þessi breyting gerð telur BSRB nauðsynlegt að hún sé skilyrt: Eftir tvö ár verði skoðað hverjir það eru sem nýta sér þetta fyrirkomulag þannig að komið verði í veg fyrir þá annmarka sem tíundaðir eru hér að ofan." — Það er þá vitnað til fyrri hluta umsagnarinnar. „Ef það sýnir sig að svo er ekki þá má eflaust nýta skattaniðurgreiðsluna, sem áætlað er að skerði tekjur ríkissjóðs á næsta ári um 450 milljónir, betur til að auka þjóðhagslegan sparnað með t.d. niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs."

Þetta var úr umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Síðan er ég með fleiri umsagnir eins og frá Samtökum iðnaðarins sem ég ætla ekkert að fara að lesa nema niðurlagið þar sem segir, með leyfi forseta:

„Að öllu samanlögðu er það mat Samtaka iðnaðarins að fara megi mun einfaldari og skilvirkari leið að settu marki en felst í frumvarpsdrögunum. Skattafslátturinn ætti síðan að ganga beint inn á lífeyrissparnaðarreikning viðkomandi launþega í kjölfar álagningar enda hafi hann í skattframtali sínu sýnt fram á að hann hafi uppfyllt skilyrði um aukinn lífeyrissparnað."

Þetta var úr umsögn Samtaka iðnaðarins og ég gæti svo lesið fleiri umsagnir en ætla ekki að gera hér, herra forseti.

Með hliðsjón af þessu öllu sé ég mér ekki annað fært en skrifa upp á málið með fyrirvara. Ég held að þessi aðferð sé svo flókin að hún geti skaðað markmið málsins. Ég veit það ekki fyrir víst en ég óttast að svo sé og þess vegna tel ég að við ættum að staldra við og ég hefði talið skynsamlegra að hv. efh.- og viðskn. hefði gefið sér aðeins lengri tíma til að skoða málið, jafnvel í því skyni að breyta aðferðinni, t.d. í hátt við það sem bent er á í umsögnum, bæði Samtaka iðnaðarins og Vinnuveitendasambandsins.

Í máli hv. formanns efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, áðan kom fram að hann teldi nauðsynlegt af öðrum ástæðum, ef ég tók rétt eftir, að málið kæmi til meðferðar milli 2. og 3. umr. í nefndinni vegna þess að fram hefðu komið ábendingar um vissar lagfæringar á málinu og eftir að nefndin lauk umfjöllun um það. Ég tel að með hliðsjón af því sé óhjákvæmilegt að þetta mál verði skoðað aðeins betur í nefndinni. Ég mun óska þar eftir því að á fund nefndarinnar verði kallaðir fulltrúar Alþýðusambandsins, BSRB og Vinnuveitendasambandsins til að við getum áttað okkur á því í sameiningu hvort ekki er hægt að ljúka málinu í betri sátt en nú eru horfur á.

[14:54]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að koma aðeins inn í þetta mál þar sem umsögn Alþýðusambands Íslands hefur borist. Með leyfi forseta vil ég aðeins fá að gera grein fyrir því. Það barst eftir að frv. var komið til umfjöllunar en þetta mál um sparnaðinn á sér forsögu sem allir þekkja í tengslum við lög um lífeyrissjóði og var hið besta mál og er hið besta mál og ég get fullvissað hv. þm. Pétur Blöndal um að við munum geta kynnt þetta vel og vandlega og erum þegar með mikla vinnu í undirbúningi með það í lífeyrissjóðakerfinu. Hins vegar hefur fólk verulegar áhyggjur af því hvernig á að fjármagna frádráttinn. Í því sambandi er rétt að benda á að í grg. með frv. kemur fram að eðlilegt þyki að draga mótframlag atvinnurekanda frá almennu tryggingagjaldi þar sem sá aukni lífeyrissparnaður sem af hlýst mun ótvírætt létta á almannatryggingakerfinu í framtíðinni. Þessi fullyrðing er ekki rökstudd frekar og Alþýðusamband Íslands telur hana beinlínis ranga.

Lífeyrissparnaður almennings í gegnum almennu lífeyrissjóðina hefur vaxið mikið á síðustu áratugum og mun vaxa hratt fram yfir fyrsta áratug næstu aldar. Þessi þróun hefur þegar létt á almannatryggingakerfinu og mun gera það svo um munar í framtíðinni. Ástæðan er fyrst og fremst sú að sparnaðurinn nær til alls launafólks og byggir á samtryggingu. Viðbótarlífeyrissparnaður eins og hér um ræðir lýtur öðrum lögmálum og mun ekki létta á almannatryggingakerfinu að sama skapi. Það má vera ljóst að fyrst og fremst einstaklingar og fjölskyldur með tiltölulega háar tekjur munu auka við lífeyrissparnað sinn. Þessir aðilar eiga í flestum tilvikum viðunandi lífeyrisréttindi fyrir og eru því ekki líklegir til að verða byrði á almannatryggingakerfinu í ellinni. Þetta kemur fram í umsögn stærsta launþegasambands landsins og sýnir okkur að trú þeirra á að allir nýti þennan rétt er ekki til staðar enda, eins og hér hefur komið fram, verður þetta töluvert flókið í framkvæmd eins og okkur á að vera ljóst.

Aðeins í lokin vil ég fá að greina frá því, með leyfi forseta, að Alþýðusambandið er sammála þeim markmiðum að auka sparnað landsmanna en getur með engu móti fallist á að hvatinn verði fjármagnaður með peningum frá almannatryggingakerfinu. Það grefur undan stoðum velferðarkerfisins og flytur fé frá þeim sem minnst hafa til þeirra sem meira mega sín. Slík ráðstöfun er óásættanleg á sama tíma og tekju- og aðstöðumunur er að aukast á flestum sviðum þjóðfélagsins. Ég vildi aðeins koma inn á þetta en vissulega er það æskilegt að hvetja fólk til sparnaðar miðað við það samfélag sem við búum við í dag þar sem viðskiptahalli við útlönd er kominn með því hæsta sem gerst hefur í samfélagi okkar í áratugi, þá er mikið mál að hvetja til almenns sparnaðar í samfélaginu.

[14:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil koma aðeins inn á nokkur atriði sem nefnd hafa verið í umræðunni. Mér heyrist að allir þeir sem hafa tekið til máls séu hlynntir þeirri grunnhugmynd sem hér er verið að leggja til og styðja það markmið sem kemur fram í þessu frv., að auka og efla hinn þjóðhagslega sparnað í landinu. En fólk setur fyrir sig að einhverju marki hugsanlega framkvæmd, að hún gæti verið flókin, og að þetta sé fullseint miðað við áramót og ýmis fleiri framkvæmdaleg atriði. Hins vegar hygg ég að framkvæmdin á þessu sé nú ekki flóknari en framkvæmdin á því að leggja til hliðar 2% sem þegar er lögbundið í viðbótarlífeyrissparnað og ef atvinnurekendur geta lagt það á sig, hljóta þeir að geta lagt á sig 2,2%.

Hins vegar ef launþegi kærir sig ekki um að hafa milligöngu atvinnurekandans í þessu máli varðandi viðbótarsparnaðinn og 0,2% getur hann auðvitað farið þá leið að sjá um þetta sjálfur og sýna fram á það með skattframtali sínu og notið skattafsláttarins eða skattfrestunarinnar við uppgjör þegar lagt er á við álagningu ári seinna. Sá möguleiki er auðvitað fyrir hendi fyrir þá sem vilja fara slíka leið. Hún er hins vegar ekki eins hagkvæm fyrir launþegann þannig að þetta mál er í sjálfu sér ekki háð einhverri tiltekinni greiðslumiðlun vinnuveitandans eins og ætla hefur mátt í erindum sem hafa borist frá Vinnuveitendasambandinu. Þetta mál er ekki skilyrt að því leyti til að launþeginn fái ekki notið þessa

réttar nema hann biðji vinnuveitandann um að hafa þarna milligöngu.

Að því er varðar tímasetningar í málinu er vissulega rétt að skammt er til áramóta. Hins vegar er það eingöngu þannig að kerfið byrjar um áramót, menn geta komið inn í það hvenær sem þeim sýnist eftir það. Það er ekki endilega þannig að allir þurfi að gera upp við sig milli jóla og nýárs eða jafnvel enn fyrr hvort þeir vilja vera með í þessu kerfi. Aðalatriðið er að það er rétt og eðlilegt að reyna að hvetja til og ýta undir hinn þjóðhagslega sparnað. Hér er um að ræða raunverulegan viðbótarsparnað sem mun gagnast fólki þegar fram í sækir. Ef það reynist hins vegar þannig að þetta gengur annaðhvort ekki upp eða þá að lítil þátttaka verður í þessu má velta því fyrir sér að fengnum einhverjum umþóttunartíma og reynslu af þessu kerfi hvort það tekur því að standa í að bæta þessum 0,2% við. Mér finnst að það sé matsatriði þegar t.d. líður á næsta ár. Ég tel hins vegar að eins og staðan er núna eigi að prófa þetta. Það eigi að láta á þetta reyna, hvort hægt er að efla og auka sparnaðinn með ráðstöfunum af þessu tagi. Ég hef trú á að svo sé, þarna sé hægt að ná verulegum viðbótarfjármunum inn á þessa sérstöku reikninga almenningi til góðs og þjóðarbúinu til framdráttar.

Sé það misskilningur þá kemur það í ljós. Auðvitað er mikilvægt að leggja áherslu á að þetta verði eins ódýr framkvæmd og hægt er. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram um að leggja eigi áherslu á að atvinnurekstrinum sé ekki íþyngt óeðlilega með framkvæmdinni.

Allir atvinnurekendur kunna að leggja inn á lífeyrissjóði og gera það, flestir hverjir standa sig með ágætum í þeim efnum. Viðbótarlífeyrissparnaðurinn sem þegar er í lögum hefur ekki verið vandamál að því er talið er, a.m.k. hefur ekki verið undan því kvartað. Ég sé ekki að þessi 0,2% til viðbótar þurfi að skapa ný vandamál.

[15:01]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandinn er sá að málið er skilyrt. Víða í umsögnum er bent það, t.d. í greinargóðri umsögn Vinnuveitendasambandsins sem ég hef áður vitnað til, með leyfi forseta:

„Launamenn virðast því aðeins geta notið hennar [þ.e. uppbótarinnar] að þeir hætti beinum samskiptum við lífeyrissjóð sinn og biðji atvinnurekandann að annast þessa greiðslumiðlun."

Í raun þarf nýja ákvörðun, sjálfstæða nýja ákvörðun til þess að menn geti notað sér þessa sérstöku 10% uppbót á lífeyrisiðgjald sitt. Ég hef áhyggjur af því vegna þess að atvinnulífið hér á Íslandi er margþætt og flókið. Atvinnurekendur eru mismunandi og þúsundir þeirra, sem betur fer liggur mér við að segja, eru smáir með einföld bókhaldskerfi sem ná kannski ekki utan um þessa hluti. Stundum ætti það auðvitað að vera mikið betra. Ég tel að á þessa tegund atvinnurekenda og þar með launamennina sem vinna hjá þeim séum við að leggja umstang sem er óþarft eins og staðan er. Það er mín skoðun og ég sé ekki betur en Alþýðusambandið, BSRB og aðrir taki undir þau sjónarmið.

Ég endurtek það að ég áskil mér allan rétt til þess að skoða þetta betur í nefndinni. Ég heyri hins vegar á hæstv. fjmrh. að telur að svo geti farið að þetta skili ekki því sem til er ætlast og býður upp á það af sinni hálfu að málið verði fljótlega endurskoðað. Mér finnst að sú yfirlýsing sé í sjálfu sér mikilsverð en ég harma að við skulum vera komin svona langt með þetta litla mál án þess að hafa náð um það betri sátt. Það náðist mjög góð sátt um lífeyrissjóðina í fyrra eða hittiðfyrra, ekki síst fyrir tilstuðlan hv. efh.- og viðskn. Ég hefði viljað að þetta hefði líka verið gert í sátt. Þetta er svo einfalt að það tekur því ekki að spilla góðri heildarsátt með jafnlitlu máli og þessu.

[15:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í bréfi Vinnuveitendasambandsins sé smámisskilningur um að skylt sé að vinnuveitandinn hafi þarna milligöngu. Menn geta hagnýtt sér þetta ákvæði án milligöngu vinnuveitandans ef þeir kjósa að sjá um þetta sjálfir, skila gögnum til skattsins og fá inn í álagningu sína þegar þar að kemur. Það er auðvitað lakari og tímafrekari kostur fyrir viðkomandi.

Ég deili þeim sjónarmiðum með hv. þm. að ekki sé ástæða til að leggja óþarfa umstang eða kostnað á atvinnurekstrinn í sambandi við málið en ég held að of mikið sé úr því gert. Það er eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að þetta er lítið mál og ástæðulaust að gera svona mikið veður úr því. Auðvitað vitum við ekki hvort tilraunin sem hér á að gera heppnast. Við vitum heldur ekkert hvernig það heppnast að bjóða upp á 2% viðbótarlífeyrissparnað. Við vonum hins vegar að það gangi vel og munum reyna að leggja okkar af mörkum til að kynna þetta og reyna að sjá til þess að vel gangi að auka sparnaðinn í landinu.

[15:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Allir hv. ræðumenn hafa verið sammála um nauðsyn þess að efla sparnað, sérstaklega í ljósi mikils halla á viðskiptajöfnuði landsins. Ég hef haft af því verulegar áhyggjur og tek því undir þann þátt málsins.

Sá styrkur sem hér á að veita er hins vegar styrkur til þeirra sem borga skatta, ekki til hinna sem ekki borga skatta. Ég vil nefna það að þriðjungur allra framteljenda borgar ekki skatt. Þeir munu að sjálfsögðu ekki nýta sér lífeyrisfrádráttinn af því þeir hafa ekkert upp úr því. Þeir munu þar af leiðandi ekki fá þennan styrk frá ríkinu. Hér er því enn verið að styrkja sérstaklega þá sem greiða skatta. Ég get af félagslegum ástæðum ekki fallist á að það sé gert í svo miklum mæli.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort til greina komi að í staðinn fyrir þessa hugmynd selji ríkissjóður spariskírteini með afslætti. Þannig að hver Íslendingur t.d., hver kennitala mætti kaupa spariskírteini fyrir 50 þús. kr. á næsta ári og fengi til þess 5 þús. kr. styrk frá ríkinu, 10% og þetta yrði e.t.v. bundið í fimm ár. Þetta hefði sennilega miklu meiri áhrif til þjóðhagslegs sparnaðar og mundi leiða til þess að það fólk sem ekki borgar skatta fengi styrk til að spara.

[15:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er hugmyndaríkur maður og sjálfsagt að koma þessari hugmynd í réttan farveg, þeirri síðustu sem hér var nefnd. En það er ekki svo að þeir sem ekki borga skatta geti ekki hagnýtt sér þetta. Auðvitað geta allir launþegar hagnýtt sér þetta. Auðvitað er skynsamlegt fyrir alla að gera það og leggja með þeim hætti fyrir til efri áranna. (Gripið fram í.) Þeir fá ekki skattfrestun á þessu fjármagni, það er rétt, eins og þeir sem ella mundu borga skatt af þessum tekjum. Það er engu að síður jafnhyggilegt fyrir viðkomandi að færa sér þennan möguleika í nyt og alveg ástæðulaust

fyrir þingmanninn að gera lítið úr því. Ég held hann ætti að ganga í lið með okkur og reyna að hvetja fólk til að taka þátt í þessu. Ég held að það væri betra.

Það verður ekki mikil spariskírteinaútgáfa hjá ríkissjóði á næsta ári. Það kostar örugglega heilmikið umstang og ama að bjóða upp á fimm þúsund króna styrk og hvorki einfaldara né kostnaðarminna fyrir ríkið, spái ég, þó ég hafi ekki rannsakað þessa hugmynd þingmannsins.

[15:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir þjóðfélagsþegnar sem ekki borga skatta, borga ekki skatta af ýmsum ástæðum. Þeir geta t.d. verið í námi eða verið tekjulausir tímabundið þannig að þeir fá ekki skattfrádrátt fyrir þennan aukasparnað. Þá er ég að tala um þau 2% sem aukalega ætti að spara, forsendu þess að menn fái 0,2%. Þeir geta lent í því sem lífeyrisþegar að þessi viðbót lendi í skatti. Þannig að þeir fá ekki skattfrestun heldur skattlagningu á sparifé sitt. Ég mundi því ekki ráðleggja manni sem ekki borgar skatt að spara þessi 2%, ég mundi ráðleggja honum að nota peningana til að kaupa spariskírteini. Spariskírteinin, stofninn, verður skattfrjáls þegar hann fær þau greidd út og af vöxtum og verðbótum greiðir hann 10% fjármagnstekjuskatt en ekki tekjuskatt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:08]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. SvG, þskj. 448.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 334. mál (innflutningur lifandi sjávardýra). — Þskj. 416.

[15:08]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 416 er frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Með framlagningu þessa frv. er verið að framlengja ákvæði til bráðabirgða um að leita skuli leyfis sjútvrh. til innflutnings á lifandi sjávardýrum. Eins og kunnugt er gera samningar okkar við Evrópusambandið ráð fyrir að allur innflutningur á lifandi sjávardýrum verði frjáls og án leyfa. En af því að viðræðum um þetta efni milli Íslands og Evrópusambandsins er ekki lokið og embætti yfirdýralæknis hefur af því nokkrar áhyggjur að þessi innflutningur verði að fullu án leyfa, án þess að til frekari undirbúnings komi, þá þykir rétt að framlengja þau bráðabirgðaákvæði sem samþykkt hafa verið um þetta efni í eitt ár.

Frv. lætur lítið yfir sér en verði ekki breytingar á lögunum fyrir áramót kemst hin nýja skipan á þegar í byrjun næsta árs. Það er því ósk mín til þingsins að hraða megi afgreiðslu þessa máls fyrir jólaleyfi þingmanna. Í von um gott samstarf við það legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stimpilgjald, 2. umr.

Stjfrv., 151. mál (undanþágur frá gjaldi). — Þskj. 151, nál. 425, brtt. 426.

[15:11]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um stimpilgjald og jafnframt brtt. sem er í fjórum liðum. Nefndin sendi frv. til umsagnar, fékk það til baka frá allnokkrum aðilum og fjallaði um málið á grundvelli þeirra. Enn fremur voru fulltrúar fjmrn. viðstaddir umfjöllun nefndarinnar.

Þær tillögur sem nefndin er með til breytinga á frv. eru þessar:

Í a-lið brtt. er gert ráð fyrir að í 7. tölul. 1. gr. frv. verði einnig rætt um umskráningu en ekki aðeins um skráningu og afskráningu.

Í b-lið brtt. er gerð breyting á 8. tölul. 1. gr. sem snýst um að sams konar ákvæði séu varðandi skip og varða flugvélar.

Í c-lið brtt. er ákvæði um breytingar á skilyrðum vegna tímafrests á þinglýsingum.

Í d-lið brtt. er gerð breyting á 10. tölul. 1. gr. frv. sem snertir kröfu um þinglýsingu á kvöðum á jörðum þar fjallað er um kaup á greiðslumarki.

Ákveðnar ábendingar hafa komið fram um stimpilskyldu á bréfum vegna félagslega húsnæðiskerfisins. Spurt hefur verið hvort einhverju því sem gilt hefur á því sviði verði breytt. Nefndin mun taka það mál til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. Ef eitthvað yrði hróflað við því sem gilt hefur á því sviði þá mun að sjálfsögðu vera lögð fram brtt. við 3. umr. þannig að það verði óbreytt.

[15:13]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil fagna því sem fram kom í máli formanns efh.- og viðskn. þar sem hv. þm. minntist á félagslega húsnæðiskerfið og að efh.- og viðskn. mundi taka málið til skoðunar með það í huga hvort verið væri að hrófla við einhverju sem þar hefur verið. Þetta tel ég mjög mikilvægt að nefndin skoði.

Eins og málið blasir við mér er þarna nokkur breyting. Með tilkomu Íbúðalánasjóðs eru hér undanþegin stimpilgjöldum, skv. 1. gr. þessa frv., skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns samkvæmt lögum um húsnæðislán, sem auðvitað er mjög jákvætt. Í félagslega kerfinu var allt lánið, þ.e. 90% lánið, undanþegið stimpilgjaldi. Með þeirri breytingu sem gerð var á húsnæðislöggjöfinni koma 65% lánsins gegnum húsbréf en fasteignabréf vegna húsbréfa bera stimpilgjöld.

Í útreikningum sem við gerðum á sínum tíma kom í ljós að húsbréf á íbúð upp á 5,5 millj. kr. báru stimpilgjöld sem voru 57 þús. kr. Ef um var að ræða íbúð upp á 7,5 millj. kr. þá bar sá hluti sem var húsbréf, stimpilgjöld upp á 78 þús. kr.

Sama gildir um aukalánaflokka sem falla nú undir Íbúðalánasjóð. Þar eru t.d. lán til byggingar heimila fyrir aldraða, dagvistunarstofnana fyrir börn og aldraða og sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir. Eftir þessa breytingu munu þessi lán koma, að því er ég best veit, gegnum húsbréf sem bera stimpilgjöld. Þau komu áður gegnum beinar lánveitingar beint úr félagslega kerfinu og báru ekki stimpilgjöld. Sama held ég gildi varðandi skuldbreytingarlán, svokölluð greiðsluerfiðleikalán. Þau báru ekki stimpilgjöld áður en þar

sem þau verða með húsbréfum eftir þessa breytingu og engin breyting er að því er varðar stimpilgjöld af húsbréfum, munu þau einnig bera stimpilgjöld. Að því leyti er hér um töluverðar breytingar að ræða.

Þess vegna fagna ég því sem fram kom hjá formanni nefndarinnar enda í samræmi við það sem hæstv. félmrh. sagði um húsnæðismálin við umræður á síðasta þingi. Hann sagði að fólk ætti að vera jafnsett eftir sem áður þótt þessi breyting yrði á húsnæðiskerfinu, þ.e. varðandi kostnað af lántöku og ekki væri um neinar íþyngjandi aðgerðir að ræða. Það sem hv. formaður nefndarinnar nefnir hér að verði tekið til skoðunar er í samræmi við það sem hæstv. ráðherra félagsmála sagði á sínum tíma um þessa breytingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegabréf, 2. umr.

Stjfrv., 231. mál (heildarlög). — Þskj. 258, nál. 420, brtt. 421.

[15:21]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. allshn. á þskj. 420 og 421 um frv. til laga um vegabréf. Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum og fékk til viðræðna við sig fulltrúa dómsmrn. og útlendingaeftirlitsins. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá ríkislögreglustjóra, útlendingaeftirliti, lögreglustjóranum í Reykjavík og Sýslumannafélagi Íslands.

Með frv. er lagt til að sett verði ný heildarlög um vegabréf í stað núgildandi laga sem eru frá árinu 1953. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum breytingum. Þær miða fyrst og fremst að því að gera útgáfu vegabréfa öruggari og íslensku vegabréfin tryggari.

Í fyrsta lagi er lagt til að útgáfa vegabréfa verði í höndum ríkislögreglustjóra í stað einstakra lögreglustjóra og skal hann meta hvort umsækjandi uppfylli skilyrði til að fá útgefið vegabréf. Þó verður áfram unnt að sækja um vegabréf hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri komi á fót neyðarþjónustu þannig að breytingin leiði ekki til vandræða fyrir ferðamenn sem þurfa á vegabréfi að halda með litlum fyrirvara. Í tengslum við þessa breytingu er ríkislögreglustjóra ætlað að koma á fót og halda skrá yfir vegabréf þar sem skráð verður t.d. hverjir hafa vegabréf og fram koma upplýsingar um glötuð og fölsuð vegabréf.

Önnur breyting sem lögð er til í frumvarpinu felst í því að vegabréf gildi framvegis aðeins fyrir einn einstakling og er þar með lagt til að ekki verði lengur hægt að skrá barn yngra en 15 ára í vegabréf náins aðstandanda. Breytingin er m.a. lögð til í því skyni að fyrirbyggja að börn verði numin á brott eða fari úr landi ásamt foreldri sem ekki hefur forsjá barns en hefur nafn þess í vegabréfi sínu. Loks er lagt til að lögfestar verði reglur um afturköllun vegabréfa.

Nefndin fjallaði m.a. um kostnað og gjald fyrir útgáfu vegabréfa. Gjald fyrir útgáfu vegabréfa til útlanda er ákveðið í lögum um aukatekjur ríkissjóðs og er það nokkuð hærra en framleiðslu- og umsýslukostnaður. Með samþykkt frumvarpsins er þó ljóst að nokkur kostnaðarauki verður á næstu árum, m.a. vegna útgáfu tölvulesanlegra vegabréfa og uppsetningar skrár um vegabréf sem ríkislögreglustjóra er ætlað að halda.

Telja verður brýnt að setja ný lög um vegabréf með skýrari reglum og mælir nefndin með því að frv. verði samþykkt með breytingum sem fram koma á þskj. 421. Þær breytingar sem nefndin leggur til eru eftirfarandi:

„Í fyrsta lagi eru lagðar til orðalagsbreytingar á 2. mgr. 5. gr. Lagt er til að orðið refsivist verði fellt brott úr ákvæðinu og orðið fangelsisrefsing sett í staðinn. Breytingin er í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á almennum hegningarlögum og refsiákvæðum annarra laga á 122. þingi þar sem ákvæði um varðhaldsrefsingar og atriði tengd því voru felld brott úr lögunum.

Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar á 1. mgr. 6. gr. sem miða að því að gera ákvæðið skýrara. Þar er fjallað um að aðeins einn geti verið skráður í hvert vegabréf.

Einnig er lagt til að gerðar verði breytingar á aldursviðmiði í 2. mgr. 6. gr. og því breytt úr 16 árum í 18 ár. Eðlilegt þykir að miða við sama aldur og í 4. gr. þar sem kveðið er á um að við útgáfu vegabréfs til barns undir 18 ára aldri skuli liggja fyrir samþykki þess eða þeirra sem fara með forsjá barns. Einnig er breytingin í samræmi við ákvæði lögræðislaga og þá almennu skilgreiningu að um börn sé að ræða til 18 ára aldurs.

Loks er lögð til breyting á ákvæðum 2. mgr. 6. gr. varðandi gildistíma vegabréfa barna. Þar er lagt til að vegabréf barna gildi í fimm ár eins og nú er í stað þriggja ára eins og lagt er til í frumvarpinu. Barst nefndinni ábending um að núgildandi regla hefði reynst vel og þykir því óþarft að breyta henni.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján Pálsson, Kristín Halldórsdóttir, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason og Hjálmar Jónsson.

[15:25]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls fór fram talsverð efnisleg umræða. Hún var ekki um grundvallaratriði þessa frv. sem ég held að flestir séu sammála um að séu til bóta. Mér skilst að í umsögnum hafi komið fram afar jákvætt viðhorf í þessum efnum og svo var einnig við 1. umr. málsins.

Hins vegar ræddu allnokkrir þingmenn um hvort frv. leiddi til þess að sú framleiðsla á vegabréfum, sem gert er ráð fyrir að sé á einum stað í landinu, yrði að vera í nánd við skrifstofu ríkislögreglustjóra og hvort ekki væri möguleiki fyrir ríkislögreglustjóra að koma slíkri framleiðslu fyrir annars staðar á landinu. Rætt var um hvort það gæti orðið í tengslum við sýslumannsembætti á landsbyggðinni þar sem til staðar væri húsakostur, í samræmi við það viðhorf stjórnvalda, bæði fyrr og síðar, að auka hlut landsbyggðarinnar í opinberum störfum.

Þetta er ekki eitt af hinum stóru málum heldur örlítill angi af mjög stóru máli, möguleikum á að efla hlut landsbyggðarinnar í opinberum störfum. Þetta var í rauninni eina efnisatriðið sem rætt var í tengslum við frv. þegar það var lagt fram fyrr í haust. Á brtt. þeirri eða nál. sem hér eru get ég ekki séð að þetta mál hafi komið sérstaklega til umræðu. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til lagabreytingar til að tryggja að mál af þessu tagi nái fram að ganga. Ég vildi hins vegar spyrja hv. formann nefndarinnar hvort þetta atriði sem rætt var við 1. umr. málsins hafi komið á dagskrá þegar málið kom fyrir hv. allshn. Hvort t.d. fulltrúi ríkislögreglustjóra,

eða a.m.k. dómsmrh., hafi tjáð sig um þetta mál sérstaklega þegar þeir komu fyrir nefndina?

Ástæðan fyrir því að þessi atriði komu til umræðu við 1. umr. málsins er m.a. sú byggðaumræða sem fram hefur farið á þinginu og annars staðar í þjóðfélaginu, í ljósi þeirrar skelfilegu stöðu sem er víða uppi. Enn fremur hafa aðstæður til að sinna störfum af þessu taginu annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu batnað verulega. Í því sambandi má nefna að framfarir í póstþjónustu sem hafa leitt til þess að póstflutningar taka nú orðið mjög skamman tíma. Við sjáum dæmi um að póstur berst á milli landshluta á hálfum eða einum degi. Það er því ljóst að mjög auðvelt er að koma þessari starfsemi við annars staðar en í nágrenni við mesta fjölmenni landsins.

Manni sýnist að hér gæti verið um lítið en athyglisvert mál að ræða sem lið í að efla dálítið atvinnustarfsemi hins opinbera á landsbyggðinni. Þess vegna vildi ég, virðulegi forseti, leyfa mér að inna hv. formann eftir því hvort þetta mál hafi verið sérstaklega rætt og hvort hv. þm. formaður nefndarinnar sé ekki sammála hv. dómsmrh. sem tók afar jákvætt í þessa hugmynd. Hann vildi láta kanna þetta mál betur. Því vildi ég spyrja hv. formann nefndarinnar hvort hann sé ekki sammála hæstv. ráðherra um málið að þessu leyti.

[15:30]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um frv. til laga um vegabréf sem gerir ráð fyrir breytingum sem almennt séð eru til bóta. Eins og fram kom í máli frsm. allshn. hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur er verið að endurskoða lög sem eru komin til ára sinna. Það litla atriði sem mig langaði til að vekja athygli á er reglugerð sem byggir á þessum lögum. Hún er að vísu ekki komin til ára sinna því hún er frá árinu 1994. En hún er eldri í andanum. Í þessari reglugerð sem byggir á 1. gr. laganna um vegabréf er kveðið á um svokölluð diplómatísk vegabréf, rauðu passana. Og hverjir skyldu hafa þessa rauðu passa? Jú, það er forsetinn og það eru fyrrverandi forsetar og nánustu fylgdarmenn forseta, ráðherrar, forsetar Alþingis, hæstaréttardómarar, ríkissaksóknarar, umboðsmaður Alþingis, embættismenn utanríkisþjónustunnar, ráðuneytisstjórar, ríkisendurskoðandi, ríkissáttasemjari, biskupinn yfir Íslandi, aðalbankastjórar Seðlabankans, þeir sem gegna meiri háttar trúnaðarstörfum fyrir Ísland í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum, fyrrv. forsrh. og utanrrh., fyrrverandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar og makar og börn þeirra sem taldir eru hér að framan. Með öðrum orðum, börn fyrrverandi ráðherra. Minnir þetta ekki pínulítið á ríki sem var að líða undir lok núna um síðustu áratugaskipti, (Gripið fram í.) í kringum 1990? Það var kallað framan úr sal að menn vildu fá vegabréf af þessu tagi. Þingmenn hafa rétt á svokölluðum þjónustuvegabréfum. Það eru ekki rauðir passar heldur grænir. (**Gripið fram í:** Nú?) Þeir eru fyrir alþingismenn, skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands, forstjóra helstu ríkisstofnana, skrifstofustjóra Alþingis, hæstarréttardómara, aðstoðarmenn ráðherra, starfsfólk utanríkisþjónustunnar sem ekki er talið upp að framan, borgarstjórann í Reykjavík, forseta borgarstjórnar Reykjavíkur, þá sem ferðast í opinberum erindum ríkisstjórnarinnar, fulltrúa Íslands í stjórn á þingum eða í starfsliði fjölþjóðlegra ríkjasamtaka og þá sem ferðast í erindum meiri háttar viðskiptasamtaka þegar sérstaklega stendur á, fyrrverandi ráðherra, fyrrverandi hæstaréttardómara, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, fyrrverandi aðalbankastjóra Seðlabanka Íslands, þá sem gegnt hafa meiri háttar trúnaðarstörfum í fjölþjóðlegum ríkjasamtökum, maka og börn þeirra sem taldir eru að framan. Með öðrum orðum, maka og börn fyrrverandi ráðuneytisstjóra, fyrrverandi hæstaréttardómara, fyrrverandi ráðherra, fyrrverandi borgarstjóra, fyrrverandi forseta borgarstjórna og fyrrverandi alþingismanna.

Ég velti fyrir mér hvort ekki sé ástæða til að endurskoða þessa reglugerð, ekki síður en lögin því hún byggir náttúrlega ekki á neinni nauðsyn, en hún byggir á hugmynd eða hugmyndafræði um stéttskipt þjóðfélag og forréttindahópa og á náttúrlega ekki að vera við lýði. Ég hvet því til þess að reglugerðin verði tekin til endurskoðunar og færð nær hugmyndum sem ganga í samtímanum.

[15:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort þessir grænu passar eru til enn þá. Ég hafði sem borgarstjóri á sínum tíma svona grænan passa. Það gat orðið manni til gagns í austantjaldslöndum, en yfirleitt var maður bara handtekinn ef maður sýndi þetta einhvers staðar annars staðar því tollverðir og slíkir menn höfðu aldrei séð þessa grænu passa, nema í austantjaldslöndunum, þannig að maður var þegar í stað handtekinn ef maður fór að sýna þetta. Menn héldu að þetta væri falsað. Maður bað því fljótlega um að fá bara venjulegan passa til að lenda ekki í slíkum ógöngum. Ég vona hreinlega að hætt sé að nota þessa grænu passa. Reyndar eru rauðir passar, eins og þeir voru kallaðir, ekki notaðir lengur. Þeir eru orðnir alveg eins og aðrir nema það stendur diplómatapassi á þeim. En það er ekki víst þetta dugi mönnum þó að gott sé að hafa þetta sem fyrrverandi. Við sjáum nú einn í London með svona passa og það virðist ekki koma að haldi.

[15:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt og kemur mér ekki á óvart að menn skuli hafa skilið þessa hugmyndafræði í einhverjum austantjaldsríkjum enda er þetta hugmyndafræði og hugmyndir og praktík sem tíðkast í einræðisríkjum. Framsóknarmaður í salnum hvíslaði því að mér að hann hefði einu sinni borið grænan passa en grænir passar væru ekki lengur í tísku þannig að menn væru hættir að veifa slíkum skilríkjum. En þetta er nú allt saman grín. Mér finnst ástæða til að taka þessa úreltu reglugerð sem byggir á hugmyndafræði stéttaskiptingar og forréttindahópa til endurskoðunar.

[15:36]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Þetta mál var rætt nokkuð ítarlega í allshn. og voru nefndarmenn sammála um að leggja til að frv. væri samþykkt svo til óbreytt. Smávægilegar breytingar, aðallega orðalagsbreytingar, eru lagðar til. Ábending hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar var ekki rædd sérstaklega að því er ég best man og gestir sem komu í nefndina tjáðu sig ekki um það mál. Væntanlega er verið að tala hér um ákvæði 1. mgr. 2. gr. um að vegabréf skuli gefið út af ríkislögreglustjóra. Í 2. mgr. 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að fela öðrum stjórnvöldum að gefa út vegabréf til bráðabirgða þegar sérstaklega stendur á.“

Þegar litið er á athugasemdir um 2. gr. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Í 1. mgr. er lagt til að ríkislögreglustjóri einn gefi út almenn vegabréf, en gert er ráð fyrir því að sótt verði um

útgáfu vegabréfa hjá öllum lögreglustjórum eða sendiráðum. Með tölvuvæðingu lögreglu verður unnt að gera það í hvaða umdæmi sem er, án tillits til lögheimilis umsækjanda. Rafræn samskipti við myndasöfn og aðra gagnabanka gætu einnig komið til álita. Lögreglustjóri eða starfsmaður sendiráðs gengur úr skugga um að umsækjandi sé sá sem hann lætur uppi og kannar jafnframt ríkisfang hans. Að því búnu er umsókn send ríkislögreglustjóra til afgreiðslu. Samhliða því að taka við umsókn og leggja á hana mat verður lögreglustjóra falið að innheimta lögboðin gjöld."

Sjálf var ég ekki viðstödd 1. umr. um málið þannig að mér er ekki kunnugt um hvaða athugasemdir hæstv. dómsmrh. kom með á því stigi málsins, en auðvitað er sjálfsagt að koma þessari ábendingu á framfæri.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði um reglugerð um vegabréf. Hún var líka rædd sérstaklega í allshn. og lögð þar fram. Þar var okkur einmitt tjáð að nýbúið væri að þrengja heimildir fyrir þá sem geta borið öðruvísi vegabréf, ef svo má að orði komast. Vegna orða hæstv. forsrh. hér áðan er rétt að geta þess að í nefndinni kom einmitt fram að einn nefndarmanna hafði einmitt orðið fyrir sams konar reynslu og taldi að mun erfiðara væri að vera með þessa sérstöku passa en venjulega. Það kom fram um þetta mál.

Að öðru leyti þakka ég fyrir þær ábendingar sem hér hafa komið fram. Þetta er samkomulagsmál í nefndinni og ég vona að það nái fljótt fram að ganga.

[15:39]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins bregðast við vegna fsp. hv. 1. þm. Vestf. sem virðist ekki vera nærri og svara hv. formanns nefndarinnar um það hvort rætt hefði verið í nefndinni að framleiðsla vegabréfa gæti farið fram annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Ég vona að ég sé ekki að blanda saman reynslu minni úr hv. fjárln. og hv. allshn. Ég þykist muna það alveg fyrir víst að ég spurði eftir þessu atriði í umfjöllun um þetta mál og svarið var, svo ég að nefni það nú bara eins og ég man það, að það væri eingöngu ákvörðunaratriði hvar sú framleiðsla vegabréfa ætti sér stað. Ég held það sé rétt munað að þetta hafi komið fram í allshn. og jafnvel að við höfum fengið svar á blaði. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram því ég mundi vel eftir þessari athugasemd hv. 1. þm. Vestf. og hafði áhuga á að koma henni á framfæri og leita eftir viðbrögðum úr kerfinu við henni.

[15:41]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þori ekki að fullyrða alveg 100% um þessa ábendingu hv. þm. en ég þykist nokkuð viss um að þetta hafi líka verið rætt í hv. fjárln. Þrír nefndarmenn í allshn. hafa setið mikið á fundum þar. Kannski hefur komið upp einhver smá misskilningur í því efni. En það er sjálfsagt að kanna þetta. Ég vil benda á það, vegna þess að rætt var sérstaklega um sýslumenn í þessu sambandi — hv. þm. Einar K. Guðfinnsson benti á hlutverk þeirra í þessu sambandi — að reyndar kom umsögn frá þeim. En hún kom nokkuð seint inn í nefndina. Hún er dagsett 3. desember en kom ekki inn í nefndina fyrr en eftir að málið var afgreitt. Ég hef þessa umsögn undir höndum. Þar segir, með leyfi forseta:

„1. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að unnt verði að sækja um vegabréf hjá öllum lögreglustjórum á landinu án þess þó að það sé tiltekið í lagatextanum sjálfum. Sú tillaga er gerð að það verði tekið fram í lögunum sjálfum hvar beri að sækja um að fá útgefið vegabréf.

2. Í athugasemdum við frumvarpið undir lið III segir að útgáfa vegabréfa verði í höndum ríkislögreglustjóra og að hann meti hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum til að fá útgefið vegabréf. Í athugasemdum við 1. mgr. 2. gr. laganna segir að samhliða því að taka við umsókn og leggja á hana mat verði lögreglustjórum falið ... etc. Undirritaður telur að hér verði að taka af öll tvímæli hvað sé í verkahring lögreglustjóra annars vegar og ríkislögreglustjóra hins vegar og í hverju umsókn verði að vera áfátt til þess að lögreglustjóri synji fyrir að afgreiða umsókn umsækjanda um vegabréf. Skýrar reglur í þessum efnum stuðla að skilvirkni í stjórnsýslunni." (Forseti hringir.)

Í 3. lið er fjallað um aðra ábendingu í sambandi við frv.

Virðulegi forseti. Ég skil að tíminn búinn. Ég vildi bara láta það koma fram út af ábendingum hv. þm. að sýslumannafélagið er ekki að gera beinar athugasemdir við þetta atriði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, 1. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 388.

[15:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1999. Að venju hefur verið safnað í eitt frv. þeim lagabreytingum sem gjaldaáætlun fjárlagafrv. gerir ráð fyrir til að leggja áherslu á þann samnefnara þeirra að stuðla að aðhaldi í ríkisútgjöldum og halda jafnvægi í ríkisbúskapnum. Ákvæði þessa frv. eru þó sýnu færri en oft áður. Frv. er aðeins fimm greinar, í samanburði við 16 greinar sams konar frv. í fyrra, 27 greinar í hittiðfyrra og 63 greinar árið þar áður. Ríkisstjórnin er þannig að uppskera árangur af þeim aðgerðum sem gerðar voru í upphafi kjörtímabils. Á sama tíma hefur svigrúm í ríkisfjármálum verið notað til að koma fram ýmsum umbótum sem hafa hingað til þurft að bíða.

Jafnframt er þess gætt að ríkisfjármálin styðji við stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og veiti það aðhald sem nauðsyn krefur. Styrk staða efnahagsmála er óumdeild, kaupmáttur hefur aukist hröðum skrefum, atvinnuleysi er með minnsta móti, fyrirtæki hafa fjárfest í nýjum framleiðslutækjum og verðlag er stöðugt. Batnandi hagur fyrirtækja og einstaklinga hefur skilað sér í auknum tekjum til ríkissjóðs en viðskiptahalli á hinn bóginn farið vaxandi. Því er mikilvægt að sýnd sé aðgát í ríkisfjármálum og eitt skref tekið í einu þegar kemur að nauðsynlegum verkefnum. Þrátt fyrir mikið umrót á erlendum fjármálamörkuðum og lækkandi lánshæfismati ríkja, sem hingað til voru álitin mjög traust, hefur Ísland haldið sinni stöðu eftir hækkun undanfarinna ára. Er það til marks um að sú stefna sem hér hefur verið fylgt hefur fengið viðurkenningu á erlendum markaði. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að bæta almenn rekstrarskilyrði og samkeppnisstöðu atvinnuveganna hefur skilað tilætluðum árangri. Ríkissjóður lækkar skatta á almenning og fyrirtæki á sama tíma og skuldir ríkissjóðs eru greiddar niður og vaxtakostnaður þannig lækkaður. Mikill vöxtur þjóðarútgjalda og útlánaaukning bankakerfisins eru vissulega atriði sem ríkisstjórnin hefur auga með en ekkert bendir til annars en sá

stöðugleiki og árangur í efnahagsmálum sem náðst hefur sé byggður á traustum grunni. Opnun hagkerfisins og fjármálamarkaðar ásamt uppbyggingu innlends verðbréfamarkaðar hefur skotið styrkum stoðum undir stöðugleika. Ríkisfjármálum er einnig ætlað að stuðla að stöðugleika með því að gera auknar kröfur til ríkisins eins og einkafyrirtæki hafa gert til sín með útboðum á verkefnum og að ríkið hætti þátttöku í atvinnurekstri sem betur er komið í höndum einkaaðila.

Þá hafa verið boðaðar almennar aðgerðir til að efla sparnað og auka eignaraðild almennings í fyrirtækjum sem færð eru úr eigu ríkissjóðs. Ég hef áður gert að umtalsefni að lögbundin framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna, ýmist með eða án sérstakra tekjustofna, hafi fest rætur allt of víða í íslenskri löggjöf. Sú tilhögun kann að vísu að vera réttlætanleg í einstökum tilvikum og jafnvel æskileg innan ákveðinna marka. Þegar slík ákvæði eru fest í lög er hins vegar nauðsynlegt að hafa hugfast að með því móti er fjárveitingavald Alþingis í raun fyrir fram bundið þegar að fjárlagagerðinni kemur. Slík ákvæði draga þannig úr áhrifum þess hagstjórnartækis sem þinginu er fengið með fjárstjórnarvaldi fjárlaga, tækis sem á að vera hægt að beita með virkum hætti við heildarhagstjórn þjóðarbúsins til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap án þess að bjástra um leið við að skera niður lögmæt útgjöld og ná mörkuðum tekjustofnun að einhverju leyti í ríkissjóð með frv. sem þeim er borið hafa sams konar heiti og það sem nú mælt er fyrir.

Af þessum sökum hef ég á umliðnum árum beitt mér fyrir því að þessi tilhögun væri með markvissum hætti afnumin og framlög til þessara viðfangsefna þess í stað metin í tengslum við gerð fjárlaga og þannig tengd þeirri útgjaldastefnu sem mörkuð er með fjárlögum á hverjum tíma. Árangurs af þessum aðgerðum sér m.a. stað í þessu frv. á þann hátt að greinafjöldi þess er aðeins brot af því sem áður var í sams konar frv.

Vík ég þá, herra forseti, að einstökum ákvæðum frv. en greinum þess er raðað eftir ráðuneytum í sömu röð og í fjárlagafrv.

Í 1. og 3.–5. gr. frv. er að finna heimildir skerðingarákvæði er áður hafa verið kynnt í 6. gr. fjárlagafrv. eins og 23. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, gerir reyndar ráð fyrir. Í ljósi þess hvern áskilnað 1. mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar gerir um efni fjárlaga þykir hins vegar verða að leita eftir heimild til þessara skerðinga í almennum lögum jafnframt. Í 1. gr. er lagt til að tekjum af sérstökum eignarskatti sem verja á til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana renni að hluta í ríkissjóð, þ.e. um 80 millj. kr. af þeim 542 millj. sem áætlað er að skatturinn skili.

Í 3. og 4. gr. er lagt til að um 245 millj. kr. af þeim 480 millj. kr., sem ætlað er að erfðafjárskattur skili Framkvæmdasjóði fatlaðra á næsta ári, renni í ríkissjóð. Jafnframt er lagt til að framkvæmdasjóður greiði kostnað við félagslega hæfingu og endurhæfingu, svo og kostnað við starfsemi stjórnarnefnda sjóðsins eins og verið hefur.

Þá er í 5. gr. lagt til að af mörkuðum tekjum Brunamálastofnunar, brunavarnagjaldi, renni um 11 millj. kr. í ríkissjóð á næsta ári en það er sama skerðing og ákveðin var á fyrra ári. Loks er í 2. gr. frv. að finna tillögu um að gildistöku tiltekinna ákvæða í nýsettum lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, verði frestað um eitt ár. Þar er um að ræða ákvæði er varða vaktþjónustu dýralækna, starfsskyldu héraðsdýralækna, breytt umdæmamörk héraðsdýralæknisembætta og gerð gjaldskrár fyrir eftirlitsstörf héraðsdýralækna. Við undirbúning að gildistöku hinna nýju laga hefur komið í ljós að veruleg vandkvæði eru á að hrinda þessum ákvæðum þeirra í framkvæmd án verulegs kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, þ.e. kostnaðar sem ekki hafði verið gert ráð fyrir við setningu laganna og þá ekki heldur við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár. Forsendur fjárlagafrv. gera ráð fyrir að kostnaður við þessa þjónustu verði sambærilegur og samkvæmt eldri lögum um dýralækna. Með því að svo virðist ekki geta orðið að óbreyttu er í frv. þessu leitað eftir frestun á gildistöku þeirra ákvæða nýju laganna er kostnaðaraukinn stafar af.

Mér er ljóst að þessi meðferð málsins hefur sætt nokkurri gagnrýni og fram hafa komið þau sjónarmið að fresta beri gildistöku nýju laganna í heild sinni meðan ekki er útséð um hvernig þessum ákvæðum þeirra verður hrint í framkvæmd. Ég hef hins vegar kosið að leggja þetta fram í þessari mynd til að vandamálið lægi hér fyrir og hægt yrði að fjalla um það í þeirri nefnd sem frv. fær til meðferðar. Að öðru leyti eftirlæt ég hæstv. landbrh. sem hér er staddur að gera nánari grein fyrir þeim vanda sem hér er við að etja ef tilefni gefst til þess. Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:52]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er hefðbundið frv. á ferðinni í tengslum við fjárlagafrv. Það er rétt hjá hæstv. forsrh. að frv. er minna umleikis en oft áður. Hann þakkaði það árangri í ríkisfjármálum. Hann má hafa þá skoðun á málunum ef hann vill en meginástæðan er önnur og hún er sú að nú vinnum við eftir nýrri löggjöf um fjárreiður ríkisins. Uppsetning og framsetning í fjárlögum er öðruvísi sem gerir að verkum að frv. og bandormar eins og þessi er heyra vonandi sögunni til á næstu missirum.

Hæstv. forsrh. notaði tækifærið til að hrósa efnahagsstefnu sinni. Ekkert nýtt kom fram í því sem ekki hefur heyrst áður við 1. umr. fjárlaga og aðra efnahagsumræðu sem hefur verið hér á hausti. Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara í mjög djúpa umræðu um efnahagsmálin. Ég vil hins vegar geta um að málin eru ekki svona einföld eins og forsrh. dró hér upp. Við vitum það þótt uppsveifla sé í samfélaginu þá er góðærinu misskipt. Við búum við mjög alvarlegan viðskiptahalla sem ríkisstjórnin hefur ekki náð tökum á. Við horfum upp á skuldaaukningu heimilanna, við höfum heyrt varnaðarorð, m.a. sérfræðinga frá OECD um hagkerfi okkar, við þekkjum ákveðin vandamál í samfélaginu sem tengjast heilbrigðismálum og menntamálum og við vitum að fátækt hefur aukist í samfélaginu. Rétt er, herra forseti, að það liggi ljóst fyrir við þessa umræðu að mat hæstv. forsrh. á stöðu efnahagsmála og mat mitt á stöðu þessara sömu mála er mjög ólíkt.

Ég vil gera tvö atriði í frv. að umtalsefni. Verið er að skerða markaðan tekjustofn Þjóðarbókhlöðuskattinn sem kallaður var svo. Hann er skertur um 80 millj. Þetta hefur oft verið gert áður. Það er ekki betra fyrir það þótt það hafi oft verið gert áður. Vissulega hefði verið farsælla að nýta þennan tekjustofn allan í það sem honum var ætlað. Í sambandi við Þjóðarbókhlöðuna má geta þess að málum var það illa komið fyrir, einmitt af hálfu þessarar ríkisstjórnar að stúdentar höfðu ekki aðstöðu til að lesa í Þjóðarbókhlöðunni eins og kom fram í fréttum fyrir nokkrum vikum. Þar

vantaði fé og það var þessi ríkisstjórn sem afgreiddi það fé í fjárlagaumræðunni fyrir ári. Nú hefur barátta stúdenta hins vegar leitt til þess, og því bera að fagna, að lögð er til í brtt. meiri hluta fjárln. hækkun á framlagi, eyrnamerkt, upp á 14 millj. til að leysa sérstaklega úr þeim vanda sem var kominn upp vegna fjárlaga ríkisstjórnarinnar. Ég fagna því að meiri hluti og minni hluti fjárln. styður þá tillögu. Mótmæli stúdenta hafa borið árangur enda var það satt best að segja til skammar að við gætum ekki séð til þess að námsmenn gætu lesið í þeirri mjög svo góðu aðstöðu sem Þjóðarbókhlaðan er.

Hitt atriðið sem ég vil gera að umtalsefni er skerðingin á Framkvæmdasjóði fatlaðra. Tekinn er um helmingur af tekjustofninum í ríkissjóð og fylgt þeirri aðferðafræði sem hefur verið gert áður, bæði af hálfu þessarar ríkisstjórnar og fyrri ríkisstjórnar, þannig að engin ný sannindi eru fólgin í því. Þetta eru vitaskuld ekki skemmtileg vinnubrögð og ég veit að örugglega ýmsum innan stjórnarliðsins finnst ekki gaman að vinna út frá mörkuðum tekjustofnum sem eru skertir ár eftir ár. En eins og ég nefndi, þá komumst við vonandi út úr því með endurskoðun laga og í þeirri nýju umgjörð sem fjárreiður ríkisins veita okkur. Þess má geta í sambandi við Framkvæmdasjóð fatlaðra að verkefni í þessum málaflokki eru mjög mikil í samfélaginu. Brýnt hefði verið að standa að því að öllum þeim fjármunum sem ætlaðir voru í þennan málaflokk yrði varið eins og upprunalega var ætlað. Ég vil draga sérstaklega fram að þetta er svið þar sem betur má gera og við í stjórnarandstöðunni höfum margoft bent á og mun reyndar endurspeglast í brtt. okkar við afgreiðslu fjárlaga sem verða væntanlega til umræðu á morgun.

Herra forseti. Þetta frv. er efnahagslega ekki mjög mikilvægt. Það skerðir markaða tekjustofna um 336 millj. Hins vegar kemur fram í því stefnuatriði sem eru ámælisverð að mati okkar stjórnarandstæðinga og gefur okkur tilefni til að draga fram sýn okkar á efnahagsmálin og vekja sérstaka áherslu á þeim vandkvæðum og vandamálum sem blasa við fjölmörgum fjölskyldum í landinu.

[15:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fjallaði um að það væru ekki mikil efni til þess að vera með sérstakar ánægjuyfirlýsingar yfir batnandi efnahag sem sumir hafa látið lúta samheitinu góðæri. Skildi ég hv. þm. rétt að hann teldi að hinn batnandi efnahagur, það sem menn hafa kallað góðæri, hafi leitt til þess að einhverjir borgarar standi verr að vígi eftir en áður? Í annan stað sagði þingmaðurinn: Það er ljóst og það er vitað að fátækt hefur aukist. Hvaðan hefur hv. þm. það? Getur hann vitnað í skjöl þessu til staðfestingar, opinberar upplýsingar sem liggja fyrir eða er þetta bara venjuleg áróðursklisja frá hv. þm.?

[15:59]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrri spurningu hæstv. forsrh. um góðærið ræddi ég sérstaklega um það sem við köllum misskiptingu góðærisins. Góðærið hefur komið í hlut ýmissa í landinu, hagvöxturinn, en það hefur líka farið fram hjá öðrum stéttum. Við höfum horft upp á og það eru tölur til um það, að misskipting hafi aukist í samfélaginu undanfarin missiri.

Hvað varðar síðari spurninguna, um að fátækt hefði aukist, þá get ég bent hæstv. forsrh. á tvo hluti sem hann ætti að kynna sér. Það er annars vegar skýrsla sem birt var ekki alls fyrir löngu einmitt um samanburð á fátækt hér á landi og í nágrannalöndunum. Mig minnir að sá samanburður hafi verið gerður varðandi Norðurlöndin og þá komum við mjög illa út.

Í öðru lagi vil ég benda á þær ábendingar og þau hjálparóp sem hafa borist frá Hjálparstarfi kirkjunnar og öðrum mannúðarsamtökum, mæðrastyrksnefnd og fleirum sem hafa einnig verið í umfjöllun hér undanfarnar vikur. Forsrh. hefur því enga ástæðu til að mínu mati, herra forseti, að vera jafnsjálfhælinn og hann er út af efnahagsástandinu. Það er mjög þröngt hjá mörgum í samfélaginu og því fólki eigum við að gefa gaum.

[16:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var athyglisvert. Hv. þm. var spurður tveggja spurninga, í fyrsta lagi hvort batnandi efnahagsástand hefði leitt til þess að hagur einhverra sérstakra hefði versnað. Hann gat ekkert dæmi nefnt um það þrátt fyrir fullyrðingar sínar hér áðan. Hann var síðan spurður um hvort fátækt hefði aukist eins og hann hélt fram og hvar væru tölur um það. Þá vitnaði hann í einhverja óljósar skýrslur um mismun á milli Norðurlanda. Hann var ekkert spurður um það. Hann gat ekkert dæmi fært fram, máli sínu til staðfestingar. Þetta eru bara tvö lítil dæmi um málflutning hv. þm., dæmi sem við horfum mjög oft upp á af vörum þessa ágæta þingmanns.

[16:01]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og stundum vill verða hjá hæstv. forsrh. þegar hann er kominn í vörn í máli, þá grípur hann til útúrsnúninganna. Ég nefndi skýrslu sem hann segir að sé óljós. Það er ekkert óljós skýrsla, það er skýrsla sem gerð var að umtalsefni í fjölmiðlum. Ég get vissulega útvegað honum þá skýrslu. Varðandi mismun og fátækt sem hefur aukist í samfélaginu get ég einnig bent á skýrslu sem nýlega kom fram á ráðstefnu, gefin út af Félagi einstæðra foreldra. Það má m.a. benda á það sem þar kom fram að helmingur þeirra sem leita til kirkjunnar eru öryrkjar. Það er því víða vandamál í samfélaginu eins og ég hef hér verið að draga fram. Hæstv. forsrh. hefur enga ástæðu til að tala eins og hann gerir, nema hann vilji sýna því fólki sem er í þessum vandkvæðum, og tölulegar upplýsingar eru til um, yfirlæti og hroka eins og hans er von og vísa reyndar í mörgum öðrum málum.

[16:03]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning sem kom fram í máli hv. þm. þegar hann fjallaði um Endurbótasjóð menningarstofnana og þá skerðingu sem lögð er til á þeim sjóði upp á 80 millj. kr. og blandaði því síðan inn í lesaðstöðu í Þjóðarbókhlöðunni. Þeir fjármunir sem um er að ræða renna til framkvæmda við byggingar og endurbætur á menningarhúsum. Ef hann lítur á þá skiptingu sem liggur fyrir í fjárlagafrv. og einnig í áliti meiri hluta fjárln. þá er þar verið að fjalla um hús og byggingar en ekki minnst á Þjóðarbókhlöðuna, enda hefur Þjóðarbókhlaðan verið reist og smíði hennar er lokið og ekkert fé veitt úr þessum sjóði til Þjóðarbókhlöðunnar.

Varðandi hins vegar lesaðstöðu í Þjóðarbókhlöðunni þá er það rétt að unnið hefur verið markvisst að því að bæta hana og lengja þann tíma sem námsmenn geta verið í Þjóðarbókhlöðuhúsinu til að lesa og stunda sína vinnu. Menntmrn.

hefur m.a. gert tillögur um það og nú hefur fjárln. gert tillögur um að 14 millj. kr. renni til Háskóla Íslands til að bæta lesaðstöðu nemenda sem stunda nám við Háskóla Íslands. Þetta held ég nauðsynlegt að hafa í huga vegna þess að það var eins um þetta mál og þau atriði önnur sem fram komu í máli hv. ræðumanns, og sérstaklega þegar hann fjallaði um efnahagsmálin, að það stendur ekki steinn yfir steini og maður skilur ekki hvað hv. þm. er að fara þegar hann kemur hér í ræðustól og leggur út af þeim frv. sem eru til umræðu án þess að hafa minnstu hugmynd um hvað stendur í þeim eða um hvað þau fjalla.

[16:04]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get fullvissað hæstv. menntmrh. að mér er alveg kunnugt um verksvið þessa sjóðs sem fjallað er um í 1. gr. frv. Ég hef átt á hinu háa Alþingi skoðanaskipti við hæstv. menntmrh. hvort tilefni væri til að breyta verksviði þessa sjóðs. *Ég sagði í ræðu minni, af því þessi sjóður hefur* skírskotun til Þjóðarbókhlöðunnar, að í sambandi við Þjóðarbókhlöðuna væri hægt að ræða þessa þætti, sem ég og gerði, um lesaðstöðu stúdenta og rakti þá hluti eins og hæstv. ráðherra hefur staðfest. Í kjölfar mótmæla stúdenta hefur meiri hluti fjárln. séð ástæðu til að gera tillögu um 14 millj. kr. framlag til að bæta lesaðstöðuna. Það er enginn misskilningur hér á ferðinni. Það má vel vera að hæstv. menntmrh. sárni það að vera gripinn með það að stúdentar grípi til sérstakra mótmælaaðgerða vegna þess að í hans málaflokki er ekki staðið betur að verkum. Það má vel vera að hæstv. ráðherra sárni það. Það er ekkert sem ég get gert við. Ég fagna því hins vegar að mótmæli stúdenta báru árangur í þetta sinn. Það á að verða okkur keppikefli að gera veg menntunar meiri en verið hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar.

[16:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram í máli hv. þm. að það er rétt sem hann sagði að hann var að tala hér um allt annað mál en frv. Hann gagnrýndi það hins vegar í fyrstu ræðu sinni að skorið væri niður fé til endurbótasjóðsins um 80 millj. kr. og talaði um að það mundi bitna á lesaðstöðu fyrir nemendur sem vildu lesa í Þjóðarbókhlöðunni. Hann hefur núna skipt um skoðun í þessu efni og flutt ræðu sem sýnir að hann áttar sig á því eftir mína ræðu að hann hafði rangt fyrir sér.

Varðandi hitt atriðið er alveg ljóst að unnið hefur verið markvisst að því að lengja afgreiðslutíma Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem starfar í Þjóðarbókhlöðunni. Menntmrn. hefur unnið að þessu og fullmótaðar tillögur hafa komið frá háskólaráði og stjórn Þjóðarbókhlöðunnar um það hvernig unnt væri með sameiginlegu átaki að bæta lesaðstöðu nemenda. Þær tillögur voru lagðar fyrir mig og hv. fjárln. og hún hefur nú gert tillögur í samræmi við þessar sameinuðu tillögur háskólaráðs og stjórnar Þjóðarbókhlöðunnar sem leiðir til þeirrar niðurstöðu sem við sjáum í brtt. við fjárlagafrv. Námsmenn lögðu þessu máli einnig lið, enda eru hagsmunir þeirra miklir í þessu og ég fagna því að sjálfsögðu að góðri niðurstöðu sé náð *í þessu máli*.

[16:08]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur, það er nú reyndar ekki í fyrsta skipti að maður þurfi að segja sömu hlutina tvisvar eða þrisvar sinnum gagnvart hæstv. menntmrh. Það er enginn misskilningur í þessu máli. Í 1. gr. frv. er talað um lög um Þjóðarbókhlöðu og um þá skerðingu sem við erum að ræða hér um. Ég sagði áðan að ég hefði notað þá tilvísun til að benda á mjög gagnrýnisverðan hlut að mínu mati í stefnu hæstv. menntmrh. Það getur verið að það komi við kaunin á honum að hér skuli það vera tekið til sérstakrar umræðu undir þessum dagskrárlið. Hann verður að þola að menn taki þá skírskotun sem þingmál gefa tilefni til, sérstaklega af því hæstv. forsrh. hóf þessa umræðu með almennu mati á efnahagsmálum eins og hann sá þau, sem gaf mér einnig þá tilefni til að draga fram nokkra þætti sem ég hef gert gagnvart hæstv. menntmrh.

Staða stúdenta er eins og við höfum séð. Lesaðstaða hefur ekki verið gerð þannig úr garði fyrr en eftir þessi mótmæli svo núna horfir til bóta. Við höfum séð háskólasamfélagið ganga með betlistaf um samfélagið til að ná sér í tölvur þannig að hægt er að benda á fjölmörg dæmi í þessari stjórnarstefnu sem *síður en svo horfir til framfara fyrir almenning*.

[16:10]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var rætt um Framkvæmdasjóð fatlaðra og þá skerðingu sem þar er gert ráð fyrir. Nauðsynlegt er að taka fram örfáar staðreyndir um þetta mál og rifja upp að á árinu 1994 var í fyrsta skipti opnað fyrir heimild til *að verja ákveðnum hluta af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs* fatlaðra til rekstrarverkefna. Það hlutfall var 25% á því ári. Í fjárlögum 1997 var sú breyting gerð að rekstrarverkefnum vegna starfa var létt af sjóðnum. Þessi rekstrarverkefni eru nú samkvæmt tölum sem ég hef fengið um 170 millj. kr. Það er nauðsynlegt að halda því til haga í þessari umræðu. Þótt auðvitað megi deila um það að skerða framkvæmdasjóðinn miðað við þau verkefni sem liggja fyrir í málefnum fatlaðra, þá finnst mér að þær staðreyndir verði þó að liggja fyrir í umræðunni að að frádregnum þessum rekstrarverkefnum er skerðingin 75 millj. kr.

[16:11]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni fjárln. athugasemd hans. Það sem ég gerði að umtalsefni var skerðingin á Framkvæmdasjóði fatlaðra og ég nefndi að þetta hefði sést áður. Það sem ég vildi draga fram hvað þennan þátt varðar og kemur einnig fram í þessu frv. er yfirtaka á fleiri verkefnum sem ákveðið var að þessi sjóður sæi um. Ég vil því rifja það upp, herra forseti, að þegar ákveðið var að Framkvæmdasjóður fatlaðra tæki að sér fleiri verkefni var meira að segja bundið í lögum að hann héldi óskertum tekjum, þ.e. að þessar tekjur yrðu ekki skertar. Ég vil benda á það, herra forseti, að tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra samhliða auknum verkefnum var ekki byrjað að skerða fyrr en í tíð núverandi ríkisstjórnar. Ég *held að mjög mikilvægt sé að þessari staðreynd sé haldið til* haga.

[16:12]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er *rétt að skerðingin var tekin upp aftur* en hins vegar var ákveðið í tíð núverandi ríkisstjórnar að létta rekstrarverkefnum af sjóðnum. Skerðingin er á og ég hef ekki borið á móti því og það má deila um það og við ræðum það auðvitað í fjárlagaumræðunni, um stöðu fatlaðra almennt. En ég kom hér upp til að halda þessum atriðum til haga í umræðunni, hvernig staðan er í raun og veru því

umræðan hefur fram að þessu verið á þann veg í haust að þessa hefur ekki verið getið.

[16:13]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni fjárln. fyrir að staðfesta þá sögu sem ég lýsti af sjóðnum, þ.e. hvenær þessi skerðing var tekin upp og vafalítið rétt sem hann nefndi að verkefnunum hefur verið breytt í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ágreiningurinn sem er milli mín og hv. þm. mun endurspeglast í fjárlagaumræðunni á morgun vegna þess að við í stjórnarandstöðunni munum leggja fram brtt. ásamt tekjuöflunartillögum til málefna fatlaðra. Í þessum málaflokki skilur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það er ekki réttur vettvangur að fara út í þá umræðu í smáatriðum í tengslum við þetta frv. en það er ljóst í mínum huga að gagnvart Framkvæmdasjóði fatlaðra hefur verið gengið á hlut hans og gengið á hans mörkuðu tekjustofna í tíð núverandi ríkisstjórnar meira en gert var áður í tíð fyrri stjórnar.

[16:14]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til meðferðar er tiltölulega einfalt og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Frv. af þessu tagi eru þekkt hér en hafa hins vegar breyst að verulegu leyti, bæði vegna þess að sett hafa verið ný lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum eða meðferð ríkisfjármála öllu heldur, fjárreiður ríkisins og líka vegna þess að menn hafa tekið ákvörðun um að gera mjög mikið af þeim skerðingum sem áður voru tímabundnar varanlegar.

Í sjálfu sér má því segja að af því sem var í fyrri frv. standi eftir þrjár eða fjórar greinar. Það er út af fyrir sig ágætt. Það er betra að hafa þetta skýrt til lengri tíma, þó vafalaust sé sárt fyrir þá sem hlut eiga að máli þegar skerðingarnar eru gerðar varanlegar. Ég ætla því ekki að eyða mörgum orðum í þessar skerðingar.

Hér er í fyrsta lagi tillaga um breytingu á lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingu, sem felur í sér að lagður er á ákveðinn viðbótareignarskattur til að standa undir endurbótum og uppbyggingu menningarstofnana. Viðbótareignarskattur þessi var fyrst lagður á í tíð Sverris Hermannssonar, þáv. menntmrh., og síðan framlengdur af mörgum eftirmönnum hans. Sjálfstfl. stofnaði til sérstakrar hreyfingar á móti þessum skatti á sínum tíma og hélt mikla fundi um hve nauðsynlegt væri að losa sig við þennan skatt. Engu að síður hafa menn látið sig hafa það að framlengja hann. Ég held það sé nauðsynlegt þar sem hann er látinn standa undir mjög mikilvægum verkefnum. Ég vil einnig benda á að sú skerðing sem hér er talað um getur ekki talist stórvægileg miðað við allar aðstæður.

Það er dálítið sérkennilegt en ég sé ekki betur en gert sé ráð fyrir að annars vegar fari 462 millj. kr. í menningarsjóðinn en hins vegar sé hann skertur um 80 millj. og síðan færðar á hann afborganir af langbylgjumastri Ríkisútvarpsins upp á 50 millj. Ég átta mig ekki alveg á rökunum fyrir því að færa það eins og hér er gert, að setja á sjóðinn það verkefni að standa undir afborgunum af þessu langbylgjumastri fyrir Ríkisútvarpið.

Önnur atriði sem miklu máli skipta eru breytingin á erfðafjárskattinum og það að Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur minna fé handa á milli en ella hefði verið. Framkvæmdasjóður fatlaðra varð fyrst til 1979. Ég hygg að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi átt frumkvæði í þeim efnum. Áður var til svokallaður tappasjóður sem var látinn standa undir framkvæmdum í þágu fatlaðra, ekki síst fyrir frumkvæði þáv. ráðuneytisstjóra í félmrn. Síðan hefur þessi sjóður verið til en er nú meira skertur en löngum áður og það er út af fyrir sig alvarlegt gagnrýnisefni. Ég tek undir það vegna þess að hér, a.m.k. á því svæði sem ég þekki skárst til, æpa á okkur verkefni á sviði málefna fatlaðra, m.a. uppbyggingarverkefni þar sem sjóðurinn hefði sannarlega komið að góðu haldi óskertur.

Ég vil víkja aðeins að þeim almennu umræðum um efnahagsmál sem hér fóru fram að frumkvæði hæstv. forsrh. Væntanlega er það nú ekki þannig að nokkur hafi orðið fyrir beinum skaða af góðærinu. Ég hygg að svo sé ekki þótt máltækið segi að það þurfi sterk bein til að þola góða daga. Líklegt er að flestir hafi sloppið í gegnum góðærið án þess að hafa orðið fyrir tjóni af nokkru tagi. Hins vegar eru þær skoðanir uppi, m.a. af hálfu okkar stjórnarandstæðinga, að ávinningnum af góðærinu hefði mátt dreifa öðruvísi. Ég tel að tvennt skipti þar mestu. Annars vegar hefði þurft að nota ávinninginn af góðærinu, m.a. til að byggja upp félagslega þjónustu, t.d. þjónustuna við fatlaða, og félagslegt húsnæðiskerfi sem við teljum að hafi verið spillt mjög verulega. Gjarnan hefði mátt hugsa sér að við hefðum fyrr á þessu góðæristímabili sett okkur það markmið að nota ávinninginn af góðærinu markvisst til að lækka skuldir ríkissjóðs.

Ljóst er að þrátt fyrir hið mikla góðæri búum við við fátækt. Það er til fátækt í þessu landi. Það er til húsnæðislaust fólk og margt af því í þessu plássi, Reykjavík, þar sem þingið er statt. Það er m.a. af þeim ástæðum sem formaður Alþb. hefur óskað eftir að fram fari umræða um þessa skýrslu, um fátæka á Íslandi. Ég vænti þess að sú umræða utan dagskrár geti orðið áður en langur tími líður. Mér sýnist að það sé nauðsynlegt, með hliðsjón af þeim orðaskiptum sem hér hafa orðið um þau mál, að sú umræða fari fram.

Þrátt fyrir misskiptingu góðærisins og annan vanda og þrátt fyrir að menn hafi verið að hnotabítast um hve langt menn vildu ganga í að borga niður skuldir ríkissjóðs og fleira þá finnst mér einnig nauðsynlegt að spyrja um í tilefni af ræðu hæstv. forsrh.: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að taka á þeim þensluvanda sem er í þjóðfélaginu og er fyrirsjáanlegur áfram? Ég held að ekki sé hægt að neita því að viðskiptahallinn er gríðarlega mikill. Það liggur líka fyrir að talsvert af tekjum ríkissjóðs eru svo að segja vegna viðskiptahalla, vegna þess að menn eru að taka inn veltuskatt á viðskiptahallann. Við höfum rætt um ýmsar ráðstafanir til að auka sparnað, t.d. var frv. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt á dagskrá í efh.- og viðskn. í morgun. Það gerir ráð fyrir að framlengja afslátt vegna hlutabréfakaupa. Einnig hafa verið gefnar út skýrslur um sparnað, ég hygg á vegum Seðlabankans eða slíkra aðila og allt er gott um það að segja þó umdeilt sé hversu gott innihaldið er í þeim skýrslum, en látum það vera.

Veruleikinn er sá að það þarf að taka á vandanum, ekki síst með hliðsjón af því, herra forseti, að á næsta ári eru kosningar. Ef við skoðum efnahagsþróun Íslendinga yfir nokkurra áratuga skeið þá hafa hlutirnir gjarnan farið talsvert úr böndunum á kosningaári. Þá gæti góðærið komið í hausinn á okkur og skapað vanda, þ.e. í efnahagskerfi þjóðfélagsins eftir fáein missiri. Spárnar um efnahagsþróun í heiminum á allra næstu árum eru ekki mjög jákvæðar. Spár

eru gerðar á vegum margra erlendra aðila, m.a. á vegum OECD.

Það er greinilegt að við þurfum að búa okkur undir að geta ekki búist við eins miklum tekjuauka af góðæri og hagvexti á allra næstu árum og síðustu árin. Það stafar m.a. af því að ekki er hægt að búast við að áframhaldandi hækkun verði á útflutningsverði sjávarafurða. Það er ekki við því að búast að áframhaldandi hraðlækkun verði á innflutningsverði olíu svo ég nefni dæmi. Ég geri ekki ráð fyrir að það verð geti farið öllu neðar. Veruleikinn er sá að við getum séð fram á lækkandi tekjur á sama tíma og heildareyðslustig þjóðfélagsins er gríðarlega uppspennt um þessar mundir. Í framhaldi af orðum hæstv. forsrh. áðan, án þess ég ætli að fara út í mikla umræðu um þessi mál, ætla ég að spyrja: Hvaða áform hefur ríkisstjórin um að taka á þessum málum, þ.e. þessum þensluvandamálum sem vissulega eru til staðar þótt okkur greini eitthvað á um orsakir þeirra?

[16:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að þegar við tölum hér um frv. sem miðar að því að draga úr útgjöldum séu menn að vitna í orð, sem gjarnan eru viðhöfð úti í bæ, t.d. af hagfræðingum, um að kosningaár séu sérstaklega hættuleg. Þetta segir hver á eftir öðrum og gefa þar með til kynna að þingmenn séu svo ístöðulitlir að þegar þeir mæti kjósendum þá gefi þeir allt laust og frjálst. Það erum við einmitt ekki að gera með þessu frv. Við tökum á okkur árásir í því skyni að reyna að halda í við okkur. Þetta er því athyglisvert.

Í annan stað er rétt að geta þess að það virðist draga úr þenslu og jafnvel nokkuð hratt. Á haustmánuðum þegar þjóðhagsspá hafði verið endurskoðuð þá gerðu menn ráð fyrir að viðskiptahallinn á þessu ári yrði um 38 milljarðar kr. Nú telja menn að hann verði mun minni en þær tölur gefa til kynna, jafnvel nokkrum milljörðum minni, jafnvel 30 milljarðar. Það er há tala, ég dreg ekki úr því, en engu að síður virðist þróunin vera sú að úr hinum mikla viðskiptahalla sé að draga og muni draga nokkuð ört á næsta ári. Áhyggjur af ofþenslu í efnahagsbúskapnum virðast því ekki reistar á jafnsterkum rökum og áður.

[16:26]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að viss hreyfing er í þá átt að þessi halli geti orðið minni en spáð var. Mér sýnist að í nál. meiri hluta og minni hluta fjárln., sem dreift var á borð okkar í gærkvöldi og í morgun, sé beinlínis gengið út frá því að aukning á einkaneyslu verði á næsta ári mun minni en hún er á þessu ári. Reyndar sýnist mér að rætt sé um að hún verði 5% á næsta ári frá því að vera 10% á þessu ári. Það er ansi mikil breyting. Ég dreg í efa að það standist en látum það vera. Ég held að hvað sem öllu öðru líður verði menn að gá aðeins betur að sér.

Varðandi það að kosningaár séu varasöm þá er það engin uppfinning frá mér, því miður liggur mér við að segja, heldur hefur það oft reynst satt. Ég nefni bara árið 1987, ég þarf ekki að segja mikið meira. Þar var ekki að öllu leyti staðið skynsamlega að málum í upphafi ársins, m.a. í trausti þess að við byggjum hér við bullandi góðæri. Ég tel að ríkisstjórnir Steingríms Hermannssonar, Þorsteins Pálssonar og síðan Davíðs Oddssonar hafi að nokkru leyti þurft að taka afleiðingunum af því hvernig staðið var að málum á fyrri hluta ársins 1987. Menn sáu ekki fram úr þeim hlutum og vissu ekki hvort þeir ættu fyrir þeim ákvörðunum sem þá voru teknar. Ég held því að reynslan sýni ótvírætt að þessi ár sem kölluð eru kosningaár geti verið varasöm hvað sem öllu öðru líður.

[16:27]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að árið 1987 hafi um margt verið sérstakt. Reyndar höfðu verið gerðir nokkuð ógætilegir kjarasamningar þar á undan. Í annan stað var hið svokallaða skattleysisár sem kom inn í þá mynd og í þriðja lagi kosningar.

En þannig er nú með efnahagsmálin að það fylgjast að plúsar og mínusar. Vegna þess að við þykjumst sjá fram á að nokkuð dragi úr þenslu og viðskiptahalla er þess heldur ekki að vænta að við getum við lok fjárlagagerðar, eins og stundum endranær, búist við verulega auknum tekjum, svona til að hjálpa okkur að loka síðasta skammtinum. Það eru ekki verulegar líkur til að slík góðærisgusa, ef ég má kalla hana svo, verði til að hjálpa okkur að sauma saman í lokin eins og stundum hefur gerst.

[16:28]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er athyglisverð umræða út af fyrir sig. Ég ætla ekki að lengja hana mikið meira. Ég bendi hins vegar á að ég tel að tekjuáætlanir fjárln., eins og þær liggja fyrir núna, séu of varkárar miðað við það sem líklegt er að gerist á næsta ári, nema menn grípi núna á næstu mánuðum til mjög harkalegra samdráttar- eða sparnaðaraðgerða í hagkerfinu. Það gera menn bersýnilega ekki. Til þess er ekki pólitískur vilji og að mörgu leyti slök pólitísk staða. Ég held þó að við getum öll verið sammála um að ástæða sé til að fara varlega þótt bersýnilega sé margt sem stendur vel í þjóðarbúi okkar um þessar mundir.

[16:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst gæta þess misskilnings hjá hv. þm. að þjóðarbókhlöðuskatturinn rynni út núna um áramót. Hann rennur út um næstu áramót, þ.e. í lok ársins 1999. Þær ráðstafanir sem hér eru gerðar eru því á grundvelli gildandi laga.

Ég held að mig misminni það ekki. Annars hefði ég nokkuð örugglega, hv. þm., komið í ræðustól vegna þess að ég er á móti því að þjóðarbókhlöðuskatturinn verði framlengdur. Ég tel að við búum við hvað hæstu eignarskatta í OECD og það er mjög skaðlegt fyrir atvinnulífið og það er mjög skaðlegt fyrir sparnað. Allir tala um að auka sparnað, við ræddum það hér fyrr í dag. Ef einhver maður leggur á sig og dregur úr neyslu og sparar 1 millj. kr. þarf hann að borga rúmlega 14 þús. kr. á ári í eignarskatt. Að sjálfsögðu dregur þetta úr sparnaði þannig að ég er á móti því að framlengja þjóðarbókhlöðuskattinn. Fyrir utan það að hann kemur mjög illa við fátækt gamalt fólk sem býr í stórum íbúðum, þ.e. fólk sem hefur lágar tekjur. Ég vil því segja við hv. þm. að sú skoðun að framlengja þurfi þjóðarbókhlöðuskattinn á ekki við rök að styðjast.

[16:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Stefnt hafði verið að því að gera hlé á þingfundi klukkan hálffimm svo fram gætu farið þingflokksfundir þannig að ég mun verða knappur í tali. Mig langaði aðeins að gera athugasemdir við það sem fram kom í máli hæstv. forsrh. Hann dró upp mjög fallega mynd af þjóðarbúi sem byggi við góðæri, nokkuð sem við hljótum öll að fagna

og það er staðreynd að íslenska þjóðin þegar á heildina er litið, býr við gott efnahagsástand þótt hinum efnalegu gæðum sé misskipt. Hæstv. forsrh. sagði að við ættum að nýta góðærið til að greiða niður skuldir, eða það hefur oft komið fram í hans máli og undir það tek ég. Spurningin er hins vegar hvernig það er gert og hvort það sé gert á kostnað hópa í þjóðfélaginu sem mega ekki við því að taka á sig byrðar.

Í málflutningi talsmanna aldraða að undanförnu hefur komið fram, og styðjast þeir þar við upplýsingar sem fram hafa komið hjá Ríkisendurskoðun, að þeir hafi verið hlunnfarnir um 1.840 millj., sé aðeins litið til áranna 1995 til 1998. Það mætti taka fleiri dæmi. Því hefur verið haldið fram að ríkissjóður sé að hagnast á kostnað sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru almennt rekin með halla. Menn hafa verið með tölur þar sem skipta milljörðum. Talað hefur verið um 3,5 milljarða þegar á heildina er litið hvað viðvíkur sveitarfélögum í landinu. Hér er til umræðu frv. þar sem höggvið er í sama knérunn því hér er gert ráð fyrir að ríkissjóður spari sér 336 millj. kr. með því að skerða framlag til stofnana sem tengjast menningu í landinu og sem tengjast málefnum fatlaðra. Það er skorið niður við Framkvæmdasjóð fatlaðra um 245 millj. kr. Það fer því nokkuð að falla á þá glansmynd sem var dregin upp af hæstv. forsrh. þegar betur er að gáð.

Eitt vildi ég nefna, því þessa þætti alla munum við taka til frekari umræðu þegar fjárlögin almennt koma til umfjöllunar í þinginu á næstu dögum, sem fram kom í máli hæstv. forsrh. og gera athugasemdir við og vekja athygli þingsins á. Það er sú staðhæfing hæstv. forsrh., sem er vissulega rétt, að þingið sé að hætta við þátttöku í atvinnurekstri sem betur sé kominn í höndum annarra. Þá á hann væntanlega við bankana sem er nú byrjað að gefa á sama hátt og SR-mjöl var gefið á sínum tíma. Í svari við fyrirspurn á Alþingi hefur komið fram að ríkissjóður hafði greitt til SR-mjöls bæði fyrir og í tengslum við einkavæðingu þess fyrirtækis um 630 millj. kr. en fengið í sinn hlut að núvirði um 790 millj. kr. þannig að þegar dæmið er gert upp þá var SR-mjöl selt á um 150 millj. kr. Fyrirtæki sem er metið að núvirði á tæpan milljarð kr.

Að lokum þetta. Hæstv. forsrh. staðhæfði að það væri enginn hópur í þjóðfélaginu, eða það mátti skilja á hans máli, sem ekki nyti góðs af góðærinu. Þetta er ekki rétt. (**Forsrh.:** Er einhver verr staddur?) Já, sem er verr staddur. Ekki vegna góðærisins sem slíks. Það má til sanns vegar færa en hefur ekki notið góðs af þessum sameiginlega bata sem er okkar allra væntanlega. Þegar hagur okkar batnar ætti það að vera keppikefli góðra stjórnvalda að sjá til þess að þeir sem verst eru staddir fái þá jafnvel meira í sinn hlut en þeir hafa fengið minna og hlutfallslega minna. Hér hefur komið fram að helmingur þeirra sem leitar til hjálparstofnana á Íslandi eru öryrkjar og það er fólk sem er að leita aðstoðar um brýnustu nauðþurftir, fæði og klæði. Annað sem hefur verið hér til umræðu í þinginu er ástandið í húsnæðismálum. Hátt á annað þúsund manns í landinu eru á biðlistum, á annað þúsund manns í Reykjavík einni. Samkvæmt skilgreiningu borgarinnar, Félagsmálastofnunar Reykjavíkur, eru hátt í 500 manns í brýnni þörf. Þannig mætti taka fjölmörg dæmi sem afsanna þessa kenningu hæstv. forsrh. að hér sé allt í lukkunnar velstandi. Ég vildi vekja athygli á því að það frv. sem hér er til umfjöllunar fjallar um að skerða framlag ríkisins til menningarstarfsemi og til fatlaðra. Þegar menn hæla sér af því að þeir séu að bæta stöðu ríkissjóðs, þá er það gert á kostnað þessara aðila og það er ekki sæmandi.

[16:38]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins til að varpa fram fyrirspurn í sambandi við Framkvæmdasjóð fatlaðra að tekjur af erfðafjárskatti umfram 235 millj. kr. á árinu 1999 renni í ríkissjóð. Þá er lagt til að sjóðurinn standi undir kostnaði við félagslega hæfingu og endurhæfingu. Mig langar að fá aðeins nánari útskýringu á hvað þetta þýðir nákvæmlega vegna þess að búið er að hækka stórlega í Tryggingastofnun kostnað við endurhæfingu. Það hefur hækkað um liðlega 300 kr. fyrir hvert skipti sem fólk fer til sjúkraþjálfara og margir í þessum hópi þurfa langvarandi endurhæfingu. Ég hefði viljað fá örlitlar nánari upplýsingar um þetta.

Ég tel að málaflokkurinn sem slíkur þarfnist töluvert mikilla fjármuna og eins og fram hefur komið er staða öryrkja sú allra lakasta í þessu samfélagi og þarfnast mikilla endurbóta.

[16:39]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað þetta varðar er ekki um neina breytingu að ræða frá því sem hefur verið undanfarin ár. Þetta er í samræmi við þær breytingar sem hér hafa verið gerðar undanfarin ár, að miða við að sjóðurinn taki þátt í vissum rekstrarþáttum þrátt fyrir að hann hafi verið upphaflega ætlaður eingöngu til að fjármagna tilteknar framkvæmdir. Hér er því um að ræða að halda því fari sem var á síðasta ári um þátttöku sjóðsins í rekstrarútfærslu en ekki eingöngu fjárfestingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:40]

Útbýting þingskjals:

Landslið hestamanna, 342. mál, þáltill. GÁ o.fl., þskj. 440.

[Fundarhlé. — 16:40]

[17:35]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. ÁE, þskj. 454; brtt. SvG o.fl., þskj. 455; brtt. RG o.fl., þskj. 456; brtt. ÖJ o.fl., þskj. 457, 458.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 109, nál. 402, 406 og 409, brtt. 403, 410 og 417, till. til rökst. dagskrár 433.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:38]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Varla er hægt að taka þetta mál til atkvæðagreiðslu þar sem t.d. við 4. gr. er sett fram slíkt málfarslegt klúður að ekki er hægt að skilja hvað átt er við með tillögu frá meiri hlutanum þannig að ég óska eftir því að skjalið verði lagfært og gert klárt til þess að hægt sé að skilja hvað er verið að biðja um að greiða atkvæði um.

[17:39]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hv. þm. hefur kvartað yfir orðalagi einstakra brtt. og einnig hvernig 4. gr. frv. er orðuð. Það liggur að sjálfsögðu ekki annað fyrir en að greiða atkvæði um tillögurnar eins og þær liggja fyrir og frv. eins og það liggur fyrir nú og ef mönnum sýnist svo að þörf sé á leiðréttingum, þá verður að gera það milli 2. og 3. umr. Sérstakar tillögur verða að koma fram um það hvernig þær leiðréttingar eiga að líta út og vera því að forseti getur auðvitað ekki tekið upp á eindæmi sitt að breyta orðalagi hvorki tillagna né efnisatriða í frv.

[17:41]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að ég sé ekki góður í lestri en ég get ómögulega skilið það sem stendur við 4. gr. að í stað orðanna „er einungis heimilt" í 1. mgr. komi: eru einungis heimilar. Þetta er tillaga meiri hlutans. Ef maður síðan ætlar að lesa þetta saman, þá stendur hér: „Gerð og starfræksla gagnagrunns á heilbrigðissviði eru einungis heimilar þeim sem fengið hefur rekstrarleyfi ..." Hvernig á að skilja þetta, herra forseti?

Vegna þess hvernig þetta mál er komið, og þó ég hafi verið í meginatriðum stuðningsmaður, þá mun ég ekki greiða atkvæði um eina einustu grein sem hér liggur fyrir til atkvæðagreiðslu.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 433 felld með 32:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BH, HG, KÁ, KH, MF, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, JHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÖS, ÁE, ÁRJ, ÞHS, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, RA) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÓE, ÁJ, ÁMM, EOK, GMS, ÍGP, LMR, ÓÖH, StG) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er ljóst að þetta mál er enn í vinnslu. Það fer til heilbr.- og trn. að lokinni umræðunni og þess vegna tel ég ekki ástæðu til að vísa málinu frá heldur láta reyna á það hvað kemur út úr frekari vinnslu í nefndinni. Reyndar hefur það komið fram að einkarétturinn brýtur í bága við a.m.k. fjögur ákvæði í EES-samningnum en engu að síður munum við láta reyna á það hvaða breytingar nást fram í nefndinni við frekari vinnslu. Ég greiði ekki atkvæði.

[17:43]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Vakin hefur verið athygli á því við umræðuna að þetta mál er einstaklega illa undirbúið og óframkvæmanlegt í þeirri mynd sem það er í í dag. Óskýrleiki þess hefur síst minnkað við umræðuna í þinginu. Persónuverndin er ónóg, rannsóknafrelsinu er ógnað, einkarétturinn felur í sér óeðlileg afskipti ríkisvaldsins af atvinnustarfsemi og brýtur í bága við samkeppnisreglur EES-samningsins og meginmarkmið samkeppnislega en aðalástæða þess að ég styð frávísun málsins, herra forseti, er sú að málið er klúður frá upphafi til enda og hreinlega ekki tækt til afgreiðslu í þeirri mynd sem það er í í dag.

[17:45]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Eðlilegast væri að samþykkja þessa tillögu og senda þetta frv. eins vanbúið og það er heim til föðurhúsanna. En í ljósi þess að hér á eftir er að finna 12 markvissar og greinargóðar brtt. við þetta frv., brtt. sem í raun fela í sér nýtt frv. sem ég og fleiri þingmenn jafnaðarmanna hafa hér flutt, þá vil ég láta á það reyna. Ég hef fulla trú á því að skynsemi ráði í þetta sinn. Því greiði ég ekki atkvæði.

[17:46]

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um eitthvert allra stærsta mál sem hefur komið fyrir Alþingi Íslendinga um langt skeið. Þetta mál felur í sér að verið er að hleypa einkaaðila með sterkan bakgrunn erlendis inn í erfðaauðlindir Íslendinga og heilbrigðisupplýsingar þjóðarinnar.

Þetta mál felur í sér að á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna er verið að brjóta gegn grundvallaratriðum í persónuvernd. Þetta mál felur í sér að verið er að ganga gegn samningsskuldbindingum Íslendinga. Við þingmenn óháðra höfum vísað á allt aðra leið í þessu máli. Við höfum lýst eindreginni andstöðu við þetta mál í heild sinni og munum berjast gegn þessu máli áfram ef þessi tillaga ekki hlýtur samþykki, en hún felur í sér að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég segi já.

[17:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta mál er í algjöru uppnámi. Vísindasamfélagið, þ.e. þeir sem eiga að láta upplýsingar af hendi eru ósáttir við málið, en um það þarf að ríkja sátt. Því er alls óvíst hvort þessi gagnagrunnur kemst nokkurn tíma í gagnið. Það vantar skilgreiningar á því hvað á að fara inn í grunninn og hvað má selja út úr honum og hverjum. Aðgangur vísindamanna er takmarkaður auk þess sem frv. rýfur trúnaðarsamband sjúklinga og þeirra sem um þá hafa annast. Auk þess eru áhöld um hvort frv. stenst alþjóðasamninga.

Þannig gæti ég haldið áfram að telja upp, hæstv. forseti. Þetta mál er langt frá því að vera fullburða þrátt fyrir níu mánaða meðgöngu og því ber að vísa aftur til ríkisstjórnarinnar. Ég segi já.

[17:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta mál er ekki tækt til afgreiðslu. Það er of stórt, það er of viðkvæmt, það er of umdeilt, það varðar of mikilvæga grundvallarhagsmuni og réttindi í okkar samfélagi til að það sé samboðið Alþingi Íslendinga, elstu löggjafarsamkomu heimsins, að afgreiða það í þessum búningi.

Ég held að Alþingi væri nær að taka sér, í víðtæku samráði við aðila úti í þjóðfélaginu, tvö til fjögur ár til að vinna vandlegan grunn að lagasetningu af því tagi sem hér á að fara að kasta höndunum til. Það væri samboðið virðingu þessarar stofnunar en ekki þau ósköp, ekki sá alþjóðlegi skandall, sem hér er verið að efna í, svo að notuð séu orð eins af varaþingmönnum Sjálfstfl. Ég segi að sjálfsögðu já við þeirri tillögu okkar í þingflokki óháðra um að vísa þessu máli frá og til ríkisstjórnarinnar.

[17:52]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Það vekur athygli mína að þetta þingskjal sem er tillaga til rökstuddrar dagskrár líkist í uppsetningu óneitanlega mikið þingskjölum frá Evrópuþinginu. Ég var að velta því fyrir mér hvaðan hv. þm. væri farinn að fá sínar fyrirmyndir.

Þetta mál hefur fengið mikla umfjöllun, bæði hér á þingi og eins í þjóðfélaginu. Ég tel að það sé ákveðin óvirðing við þá miklu vinnu sem búið er að leggja í frv. að taka það ekki til atkvæða. Þess vegna segi ég nei við þessari frávísunartillögu.

[17:53]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er lagt til að vísa frv. ríkisstjórnarinnar um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði til endurskoðunar hjá þeirri sömu ríkisstjórn og flytur þetta frv. í umboði fyrirtækis sem er að hluta til í eigu bandarískra áhættufjárfesta og tryggingafélaga. Þar liggur eignarhaldið í dag. Hvar það verður á morgun veit hins vegar enginn, hugsanlega hjá sömu tryggingafyrirtækjum og sömu lyfjafyrirtækjum sem vísindamenn og læknar óttast að kunni að misnota íslenska þjóð í tilraunaskyni. Þetta frv. stríðir gegn alþjóðasáttmála og alþjóðasiðareglum vísindamanna og lækna.

Hæstv. forseti. Ég segi já við því að vísa þessu frv. til ríkisstjórnarinnar og helst alla leið til föðurhúsanna.

Brtt. 410,1 felld með 32:11 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GÁS, JóhS, LB, RA, RG, SighB, SvanJ, ÞHS, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (BH, GE, GGuðbj, HG, KÁ, KH, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, StG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:57]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um brtt., þá fyrstu af tólf, sem ég ásamt tveimur þingmönnum jafnaðarmanna hef flutt í þessu efni. Þær eru samhangandi og mynda eina heilsteypta heild. Reginmunur er á stefnumörkun og hugmyndafræði í þessum tillögum. Ekki er um einkaleyfi að ræða heldur er aðgengi vísindaheimsins opið. Gjaldtaka fyrir hugsanlegan arð er heimiluð. Persónuvernd er tryggð með dreifðum gagnagrunnum sem tryggir aukin gæði og betri tryggingu fyrir einstaklingana. Hér er með öðrum orðum allt önnur leið og skynsamlegri farin. Ég segi vitaskuld já.

[17:58]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér kemur fram mjög athyglisverð hugmynd sem lögð hefur verið fram í brtt. af hálfu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar o.fl. Það hefur verið gagnrýnt af mörgum hér, og ég hef tekið undir þá gagnrýni, að þetta mál hefur hvorki fengið umfjöllun í heilbr.- og trn. né heldur í þinginu að öðru leyti. Þess vegna tek ég þá afstöðu að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa grein.

[17:59]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um áðan þá eru þær 12 brtt. við þetta frv. sem er að finna á borðum þingmanna samhangandi og mynda eina heild. Í ljósi þess að nú hefur Alþingi fellt þessa 1. brtt. af 12, þá er eðlilegt að draga hinar til baka því lengur eiga þær tæpast við og í því ljósi eru þær hér með afturkallaðar.

[18:01]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram í umræðum að meiri hlutinn á hinu háa þingi hyggst gera verulegar breytingar á þessu frv. þannig að það frv. sem við munum greiða atkvæði um kann að verða — því hefur verið lýst af meiri hlutanum — talsvert frábrugðið því sem hér liggur fyrir og í ljósi þess höfum við í 1. minni hluta ákveðið að draga allar brtt. okkar sem liggja fyrir á þingskjali 417 til baka til 3. umr., til þess að það sé algerlega skýrt.

Brtt. 417 kölluð aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 32:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞHS, ÖJ, ÖS.

5 þm. (GGuðbj, RA, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, StG) fjarstaddir.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Sá gagnagrunnur sem stendur til að mynda er siðferðilega „góður", þ.e. hann gefur færi á miklum læknisfræðilegum rannsóknum sem geta bætt læknavisindin og mildað þjáningar og jafnvel bjargað lífi um allan heim.

Herra forseti. Íslendingar gefa fúslega blóð. Þeir taka fúslega þátt í söfnunum vegna náttúruhamfara og ekki bara hér á landi. Þeir munu taka þessari hugmynd vel og hafa tekið henni vel vegna þess að þessi gagnagrunnur getur leitt gott af sér. Hann er siðferðilega „góður". Ég segi já.

[18:02]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Því miður er það svo að þetta annars merka og spennandi mál sem hér er á ferð hefur verið eyðilagt. Upplegg af hálfu ríkisstjórnarinnar og hæstv. heilbrrh. er með slíkum endemum og satt að segja meðferð meiri hluta heilbr.- og trn. sömuleiðis að ekki er nokkur vegur að standa að samþykkt þessa frv. eins og það lítur út í andartakinu. Því segi ég nei.

[18:03]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Við erum að greiða atkvæði um mikið framfaramál. Við erum að gefa kost á því að sett verði upp nýtt rannsóknartæki, miðlægur gagnagrunnur, til þess að hægt sé að stunda vísindarannsóknir, m.a. læknisfræðilegar rannsóknir, til að bæta heilsu og heilbrigðisþjónustu til framtíðar. Kostir þessa máls eru miklir, persónuverndar er gætt,

upplýsingarnar verða ópersónugreinanlegar og aðalatriðið er að við erum að gefa vísindamönnum okkar og erlendum vísindamönnum tækifæri til þess að stunda öflugri rannsóknir en við höfum séð áður. Ég segi því já.

[18:04]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég tel einsýnt að markmiðsgrein laganna er einskis virði því að það tæki sem stefnt er að að búa til mun aldrei verða að veruleika vegna ótrúlegs klúðurs í allri málsmeðferð af hálfu meiri hlutans. Svo til allt vísindasamfélagið hérlendis er auk þess í andstöðu við þessa framkvæmd sem gerir málið enn flóknara.

Þá er það ekki rétt sem fullyrt er í þessari grein að í grunninum séu ópersónugreinanlegar upplýsingar. Ég greiði því atkvæði gegn þessari 1. gr. frv. og við einstökum greinum eftir atvikum en þar sem sýnt er að málið mun í stórum atriðum verða tekið upp á milli 2. og 3. umr. mun ég sitja hjá við brtt. meiri hlutans og flestar greinar frv.

[18:05]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er blaut tuska í andlitið á sjúklingum. Það stríðir gegn yfirlýsingum sem komið hafa frá allflestum samtökum sjúklinga á Íslandi. Þetta frv. er blaut tuska í andlitið á vísindamönnum, bæði hér á landi og erlendis. Þetta frv. er blaut tuska í andlitið á læknum. Ef þetta frv. verður að lögum mun það ekki auðvelda rannsóknir, það mun torvelda rannsóknir. Hér er verið að koma á þröngri einokunarverslun í lok 20. aldarinnar og það er sorglegt að Framsfl. og Sjálfstfl., sem stundum kennir sig meira að segja við frjálsa samkeppni og frjálsa verslun, skuli hafa forgöngu um þetta mál.

[18:06]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég styð þá meginhugmynd sem liggur að baki gerð miðlægs gagnagrunns. Við 1. umr. málsins hafði ég tvær aðalathugasemdir við frv. eins og það lá þá fyrir. Mér fannst þurfa að vera algerlega skýrt hvað ætti að fara inn í grunninn. Því miður hefur ekki tekist að skýra það fyrir þessa umræðu.

Í öðru lagi fannst mér þurfa að liggja algerlega skýrt fyrir að fulltrúi fyrirtækisins ætti ekki sæti í aðgengisnefnd. Það hefur heldur ekki tekist að lagfæra það við meðferð heilbrigðisnefndar á málinu og þess vegna mun ég sitja hjá við afgreiðslu málsins við þessa umræðu.

[18:07]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Markmiðsgrein frv. hljómar í raun fallega og væri ásættanleg ef tryggt væri að heilsufarsupplýsingar væru ópersónugreinanlegar og ef ekki væri ætlunin að veita einum aðila einkaleyfi á starfrækslu grunnsins til tólf ára. Frv. stríðir auk þess gegn viðurkenndum siðareglum vísindasamfélagsins. Samhengi þessarar markmiðsgreinar er því óásættanlegt og því greiði ég ekki atkvæði.

[18:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram hjá mér við þessa atkvæðagreiðslu, liggur það fyrir að meiri hlutinn ætlar sér að breyta málinu í a.m.k. einu, stóru mjög veigamiklu atriði sem gerbreytir eðli þessa frv. Jafnframt hefur verið vísað til þess að aðrar breytingar kunni að vera mögulegar og þess vegna mun ég og nokkrir fleiri þingmenn stjórnarandstöðunnar sitja hjá við allar greinar þessa frv. og allar brtt. Við höfum hins vegar lýst yfir mjög harðri andstöðu við tvo þætti frv., þ.e. annars vegar einkaréttarákvæðið og hins vegar aðgengi vísindamanna og til þess að undirstrika það mun ég greiða atkvæði gegn 1. gr. þar sem talað er um einn gagnagrunn, gegn 4. gr. og einnig 9. gr.

[18:09]

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Þessi 1. gr. kveður á um markmið frv. og þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið með lögum þessum er að heimila gerð og starfrækslu miðlægs gagnagrunns með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum í þeim tilgangi að auka þekkingu til þess að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu."

Nú liggur það fyrir, eins og frv. lítur út að teknu tilliti til brtt. meiri hlutans, að upplýsingar sem ætlað er að fara inn í þennan gagnagrunn eru persónugreinanlegar en ekki ópersónugreinanlegar eins og fram kemur í þeim texta sem ég las. Því er botninn dottinn úr þessu máli að því er varðar eina meginforsendu málsins og hægt að leiða marga til vitnis um það.

21. október sl. ræddi Morgunblaðið við Marju Sorsa, skrifstofustjóra í mennta- og rannsóknamálaráðuneytinu finnska. Hún sagðist ekki sjá að svona mál yrði samþykkt á finnska þinginu því að til þess þyrfti siðferðisvitund almennings að breytast mjög. Þannig líta Finnar á þetta mál. Ég segi nei.

Brtt. 410,2–12 kölluð aftur.

2. gr. samþ. með 32:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG, KÁ, KH, SJS, ÖJ.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GMS, ÍGP, JóhS, LMR, ÓE, ÓÖH, StG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um grundvallaratriði að starfræktur skuli miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði. Fyrir Alþingi liggur vönduð þáltill. um dreifða gagnagrunna sem flutt var af hálfu þingmanna óháðra en þessa dreifðu gagnagrunna væri unnt að samkeyra undir eftirliti og stjórn vísindasiðanefndar. Þessi tillaga hefur fengið víðtækan stuðning lækna, samtaka sjúklinga og á meðal vísindamanna. En ríkisstjórnin reynist hafa eitt auga í miðju enni, sér aðeins til að gæta hagsmuna eins fyrirtækis á kostnað vísindasamfélagsins, á kostnað sjúklinga og það er ekki að undra að þessi ríkisstjórn skuli nú fá vantraust allra þeirra sem gerst þekkja til þessara mála, bæði hér á landi og víðs vegar um lönd.

[18:11]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það þarf að ríkja sátt og traust í samfélaginu um frv., m.a. hjá heilbrigðisstéttum. Það er langt frá því að svo sé. Traust verður að ríkja, annars er hugmyndin ónýt. Frv. ásamt brtt. meiri hlutans er ónothæft. Málið fer hins vegar í nefndarumfjöllun milli 2. og 3. umr. Ég hef lagt fram

hugmyndir til sátta og ég vona að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða. Það reynir því á endanlega afstöðu gagnvart málinu í 3. umr.

[18:11]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér eru gagnagrunnar einstakra heilbrigðisstofnana undanskildir og þannig tryggt að það dugmikla fólk sem stundar núna læknisfræðilegar rannsóknir geti það áfram, reyndar með betri grunnum. Svo getur þetta dugmikla fólk auk þess stundað rannsóknir og notað til þess eftir aðstæðum þetta nýja öfluga tæki sem verður ella ekki til.

[18:12]

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Miðlægur gagnagrunnar á heilbrigðissviði eins og hér er gerð tillaga um er óþekkt fyrirbæri í veröldinni. Erlendis frá hafa komið sjónarmið fjölmargra, vísindamanna og stofnana, sem vara eindregið við því skrefi sem hér er verið að stíga. Innan lands er mikil andstaða við þetta frv. eins og menn þekkja, ekki síst í íslenska vísindasamfélaginu.

Í umsögnum sem heilbr.- og trn. Alþingis hafa borist er yfirgnæfandi neitun við þessu frv. sem hefur verið kortlögð eins og hér má sjá. Menn eru því hér sannarlega á rauðu ljósi.

Brtt. 403,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GMS, ÍGP, JóhS, LMR, ÓE, ÓÖH, StG) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GMS, ÍGP, JóhS, LMR, ÓE, ÓÖH, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:14]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér eru skilgreiningar sem eiga að tryggja persónuvernd og dulkóðun og hefur mikið verið rætt um þessi atriði. Ég tel að persónuverndin sé nægilega tryggð í þessu frv. Sumir einblína svo á hugsanlega misnotkun, þ.e. lögbrot, að þeir hafa algerlega misst sjónar á þeim góðu *áhrifum sem þetta frv. getur haft á þróun læknavísindanna.* Það er því miður allt of algengt að menn horfa svo mikið á dökku hliðarnar að þeir sjá hreinlega ekki ljósu hliðarnar.

Brtt. 403,2 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GMS, ÍGP, JóhS, LMR, ÓE, ÓÖH, StG) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 32:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SJóh) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, StG) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í 1. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir því að einungis einn geti fengið starfsleyfi. Það liggur fyrir í umsögn Lagastofnunar Háskóla Íslands að stofnunin treystir sér ekki til að fullyrða að þetta ákvæði standist EES-réttinn. Það er jafnframt tekið fram af hálfu stofnunarinnar að með þessu sé tekin nokkur áhætta. Samkeppnisstofnun finnur þessari grein allt til foráttu og bendir á að þetta einkaréttarákvæði getur í mörgum greinum brotið reglur EES-réttarins og þess vegna greiði ég atkvæði gegn þessari grein.

[18:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er gert ráð fyrir að veita rekstrarleyfi og mun það verða mikil lyftistöng innlendum vísindum. Það mun auka ungu menntafólki bjartsýni og vísindafólk sér loksins möguleika á því að vinna hjá öðrum en opinberum aðilum og sætta sig við þau launakjör sem þar hafa verið í boði. Það fyllist bjartsýni og þetta frv. mun því auka frumkvæði þess.

[18:18]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér stendur til að veita einkarétt á gerð og starfrækslu gagnagrunns í þeirri atvinnugrein sem ella gæti orðið einn helsti vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs. Slíkri haftastefnu er ég andvíg. Á vísindasviðinu er frjáls samkeppni mikilvægari en á flestum öðrum sviðum. Það að veita einkarétt á gerð og starfrækslu gagnagrunns án útboðs eins og til stendur að gera er ekki aðeins ótrúlegur klíkuskapur heldur augljóslega brot á jafnræðisreglum stjórnarskrárinnar, samkeppnisreglum EES-samningsins og markmiði samkeppnislaga. Ég greiði atkvæði gegn slíkum aðferðum.

[18:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða það ákvæði frv. sem fjallar um hið dæmalausa einkaleyfi. Í því felst réttur til að ráðstafa heilsufars- og erfðaupplýsingum heillar þjóðar, þar með talið fjölmargra aðila sem enga aðstöðu hafa til að koma þar neinum vörnum við, barna, þeirra sem búsettir eru erlendis, framliðinna o.s.frv.

Í ljósi þessa fyrirhugaða einkaleyfis er það enn þá fráleitara en ella að setja lög um einn miðlægan gagnagrunn

af þessu tagi og það er, herra forseti, ekki nokkur leið að samþykkja þetta mál eins og það er í pottinn búið. Það hefði að sjálfsögðu skipt máli ef vörsluaðili grunnsins hefði verið annar og engu slíku einkaleyfi hefði verið til að dreifa. En það er með miklum ólíkindum að menn skuli standa frammi fyrir því að fjalla um slíka hluti á Íslandi í lok 20. aldar.

[18:20]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál mun koma fyrr eða síðar til kasta Samkeppnisstofnunar. Það liggur fyrir hvernig hún mun úrskurða í málinu og þá er mér spurn: Hyggst hæstv. ríkisstjórn þá e.t.v. breyta stjórnarskránni?

[18:20]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér og í 5. gr. frv. er kveðið á um einkarétt sérleyfishafans til allt að 12 ára. Þessi ráðstöfun er á skjön við samkeppnisreglur EES-samningsins, heilbrigða samkeppni vísindasamfélagsins og stangast á við reglur um jafnræði og atvinnufrelsi. Þetta fyrirkomulag mun kalla á mikil málaferli. Ég greiði því atkvæði gegn báðum þessum greinum.

Brtt. 403,3 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, JóhS, LMR, ÓE, ÓÖH, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 32:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: GGuðbj, KH.

15 þm. (ÁRJ, BH, HG, KÁ, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, JóhS, LMR, ÓE, ÓÖH, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 403,4 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, StG) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, StG) fjarstaddir.

Brtt. 403,5 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 31:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG, KÁ, KH, SJS, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, JóhS, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:24]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í upphafi þessarar greinar frv. segir:

„Að fengnu samþykki heilbrigðisstofnana eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna er rekstrarleyfishafa heimilt að fá upplýsingar, sem unnar eru úr sjúkraskrám, til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðissviði."

Í síðustu mgr. er vísað til laga um réttindi sjúklinga og fleiri laga.

Ég vil vekja athygli á því að samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga eru það sjúklingar sem hafa forræði á upplýsingum úr sjúkraskrám. Það er ekki hægt að ráðstafa þeim upplýsingum á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir til rekstrarleyfishafa og ég segi nei við þessari grein.

Brtt. 403,6 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, RG, StG) fjarstaddir.

Brtt. 403,7 kölluð aftur til 3. umr.

9. gr. samþ. með 31:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:27]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða eitt vandræðalegasta og um leið umdeildasta ákvæði frv., ákvæðið um aðgangsnefndina svokölluðu. Hún brýtur í bága við samkeppnisreglur EES-samningsins, hún ógnar vísindafrelsinu af ástæðum sem farið hefur verið ítarlega yfir í umræðunni. Meiri hlutinn hefur ekki enn fundið lausn á því vandamáli sem birtist í þessari grein. Ég greiði því atkvæði gegn greininni.

[18:27]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Formaður heilbr.- og trn. hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur lagt megináherslu á tvö atriði í þessu gagnagrunnsfrv., þ.e. hv. þm. er andsnúinn einkaleyfinu og andsnúinn þessari aðgengisnefnd sem við erum að greiða atkvæði um. Ég vil því koma því á framfæri hér að við drögum einmitt þessa tillögu til baka til að ná meiri sátt um þetta mál en ég greiði atkvæði með þessari tillögu eins og hún liggur fyrir en þetta verður skoðað í nefnd á milli 2. og 3. umr.

[18:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um nefnd sem torveldar félitlum vísindamönnum aðgang að rannsóknum og rýrir möguleika þeirra til að sitja við sama borð og þeir vísindamenn sem geta keypt sér aðgang að þekkingu. Fram til þessa hefur það verið aðalsmerki frjálsra vísinda að aðgangur að þekkingunni, aðgangur að upplýsingunni hefur verið óheftur. Menn hafa síðan teflt fram hugmyndum og gert tilraunir á grundvelli þeirra. Nú stendur til að einoka upplýsingarnar, einoka þekkinguna og selja að henni aðgang. Það er sorglegt að Íslendingar skuli hafa forgöngu um þetta forneskjulega skref sem byggir á skammsýni og ótrúlegri græðgi, frumstæðri græðgi.

[18:29]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Við erum að greiða atkvæði um svokallað aðgengi í gagnagrunnsfrv. Við stjórnarandstæðingar erum mjög á móti þessu ákvæði einfaldlega vegna þess að það torveldar aðkomu vísindamanna að gagnagrunninum. Þótt brtt. meiri hlutans hafi verið dregin til baka til frekari skoðunar vil ég að það sé alveg ljóst að við í stjórnarandstöðunni, a.m.k. í þingflokki jafnaðarmanna, höfum fjölmargar aðrar athugasemdir við þetta frv. en þær sem víkja einungis að þessari grein og það hefur komið fram í málflutningi okkar.

Brtt. 403,8 kölluð aftur til 3. umr.

10. gr. samþ. með 31:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG, KÁ, SJS, ÖJ.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, JóhS, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er vísað til tölvunefndar. Menn segjast hafa slegið nokkra varnagla í frv. Síðanefnd vísindamanna á að gæta hagsmuna almennings og sjúklinga og jafnframt tölvunefnd. Báðir þessir aðilar hafa lýst yfir vantrausti á frv. og hafa sagt að Alþingi eigi að setja þeim skýrari starfsreglur, ella treysti þeir sér ekki til að vinna samkvæmt þessu frv. Ég vil vekja athygli á því að þeir sem eiga að gæta hagsmuna almennings og sjúklinga hafa varað Alþingi við því að samþykkja þetta frv. Við ætlum að treysta á dómgreind þeirra. Hlustum þá á orð þeirra núna.

11. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FI, GE, GÁS, GGuðbj, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 403,9 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GGuðbj, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 403,10 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁRJ, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 403,11 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁJ, EOK, GE, GÁS, GMS, HjálmJ, HG, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, SJóh, StG) fjarstaddir.

16. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, EOK, FI, GE, GÁS, GMS, ÍGP, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 403,12 (ný grein, verður 17. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 403,13 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, EOK, FrS, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG, ÖS) fjarstaddir.

17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:37]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kem upp einvörðungu til að vekja athygli alþingismanna á því að hér eru greidd atkvæði um algerlega óútfylltan tékka. Það er verið að veita hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórninni heimild til reglugerðarsetninga. Enginn veit hvað kemur til með að standa í þessum reglugerðum. Enginn.

18. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

Brtt. 403,14 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, EKG, EOK, GE, GÁS, GMS, HjálmJ, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, EOK, FI, GE, GÁS, GMS, ÍGP, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, SighB, SP, StG) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. III samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KPál, LB, MS, ÓE, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG, KÁ, KH, SJS, ÖJ*.

10 þm. (BH, GGuðbj, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖS*) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EOK, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja já.]

Embættiskostnaður sóknarpresta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 232. mál (samningur ríkis og kirkju). — Þskj. 259, nál. 381.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:43]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, EOK, FI, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓÖH, PP, SighB, StG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FI, GE, GÁS, GMS, ÍGP, LMR, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (lífeyrissparnaður launamanns). — Þskj. 255, nál. 424.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:46]

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FI, GE, GÁS, GMS, ÍGP, JóhS, LMR, ÓÖH, PP, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:45]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hafði fyrirvara við afgreiðslu þessa máls í hv. efh.- og viðskn. vegna þess að það er að mörgu leyti mjög gallað og nauðsynlegt að skoða það betur milli 2. og 3. umr. En ég styð efni málsins með áskilnaði um rétt til að taka sérstaklega á málinu við 3. umr. þess.

2.–4. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HG, IP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, FI, GE, GÁS, GMS, HjálmJ, ÍGP, LMR, LB, ÓÖH, PP, StG, ÖJ) fjarstaddir.

[Forseti gat þess að HjálmJ, LB og ÖJ hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; þm. ætluðu að segja nei.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 151. mál (undanþágur frá gjaldi). — Þskj. 151, nál. 425, brtt. 426.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:47]
Brtt. 426 samþ. með 51 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Vegabréf, frh. 2. umr.

Stjfrv., 231. mál (heildarlög). — Þskj. 258, nál. 420, brtt. 421.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:49]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 421,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 421,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
7.–12. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, frh. 1. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 388.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 334. mál (innflutningur lifandi sjávardýra). — Þskj. 416.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

[18:52]

Útbýting þingskjala:

Aukin fræðsla fyrir almenning um Evrópumálefni og milliríkjasamninga, 345. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 449.

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. SighB o.fl., þskj. 459.

Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, 1. umr.

Stjfrv., 322. mál. — Þskj. 389.

[18:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um að lög um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar, nr. 62/1984, falli niður.

Lög þau sem hér um ræðir voru upphaflega gefin út af forseta Íslands sem bráðabirgðalög, nr. 48 frá 22. apríl 1983. Aðfaraorð þeirra voru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög, sem komi í veg fyrir, að ójöfn dreifing hækkunar vísitölu húsnæðiskostnaðar á greiðslutímabil frá apríl 1982 til jafnlengdar 1983 leiði til óeðlilega mikillar hækkunar á húsaleigu frá 1. apríl 1983 að því er varðar leigusamninga, sem tengdir eru þessari vísitölu og gerðir voru á nefndu tímabili."

Ákvæði laganna voru aðallega þessi:

1. Kveðið var á um hámark á hækkun húsaleigu fyrir íbúðarhúsnæði 1. maí 1983.

2. Kveðið var á um hækkun húsaleigu fyrir atvinnuhúsnæði 1. apríl 1983.

3. Kveðið var á um að frá þriðja ársfjórðungi 1983 skyldi húsaleiga, sem fylgt hafði vísitölu húsnæðiskostnaðar, fylgja breytingu meðallauna samkvæmt tilkynningu Hagstofu Íslands en jafnframt skyldi hætt að reikna vísitölu húsnæðiskostnaðar.

4. Kveðið var á um að frjálst væri að ákveða í leigusamningum gerðum eftir marslok 1983 að leiga skuli fylgja breytingum meðallauna.

Þessi bráðabirgðalög voru síðan staðfest óbreytt og gefin út sem lög nr. 62/1984.

Þessi lagasetning fól þannig í sér viðbrögð við þeirri miklu verðbólguöldu sem reis vorið 1983. Lögin eiga hins vegar ekki við lengur. Ákvæði þeirra um hámarkshækkun húsaleigu voru tímabundin. Ákvæði um tengingu húsaleigu við breytingar meðallauna var það í reynd einnig þar sem það tók einungis til húsaleigu sem samkvæmt samningi skyldi fylgja vísitölu húsnæðiskostnaðar, en hún var numin úr gildi með bráðabirgðalögunum nr. 48/1983.

Um húsaleigu og verðtryggingu hennar ríkir nú samningsfrelsi. Lögin nr. 62/1984 fela hins vegar í sér hvatningu

til verðtryggingar og jafnframt til tengingar við einn tiltekinn mælikvarða, meðallaun, sem nú verður að telja að henti illa til þess. Þessi ákvæði koma því engan veginn heim og saman við núverandi stöðu mála hvað snertir verðtryggingu í íslensku efnahagslífi. Lögin hafa fyrir löngu lokið því hlutverki sínu að verja leigjendur gegn misgengi verðlags og launa og skapa festu um húsaleigu og leigusamninga. Það er álit mitt að lögin séu að öllu leyti úrelt, þau samrýmist ekki gildandi tilhögun verðtryggingar hér á landi auk þess sem ætla megi að sú tenging húsaleigu við laun sem lögin hvetja til sé verðbólguhvetjandi. Eðlilegt sýnist því að lögin séu numin úr gildi. Þessi er enn fremur afstaða Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands sem hvatt hafa stjórnvöld til að beita sér fyrir afnámi laganna.

Lögin nr. 62/1984 mæla fyrir um að Hagstofu Íslands skuli tilkynna í lok hvers ársfjórðungs hver sé verðbótahækkun húsaleigu sem taki gildi við upphaf næsta fjórðung ársins. Í frv. þessu er lagt til að Hagstofan tilkynni í síðasta sinn um þá verðbótahækkun húsaleigu sem taka á gildi 1. janúar 1999. Húsaleiga sem breytist samkvæmt ákvæðum laganna mundi þá breytast frá þeim degi og haldast óbreytt til 1. apríl, en lagt er til að lögin falli úr gildi þann dag. Þetta er gert til þess að ráðrúm gefist í kjölfar afnáms laganna, fyrir leigusala og leigutaka sem hafa verðtryggt húsaleigu á grundvelli laganna, að semja um hvort og þá hvernig leigufjárhæð skuli breytast frá og með öðrum ársfjórðungi 1999.

Í frv. þessu eru engin fyrirmæli um hvað taka skuli við í þeim samningum sem kveða á um verðtryggingu húsaleigu samkvæmt lögum nr. 62/1984 þegar lögin falla úr gildi og verðtryggingarákvæðin verða óvirk. Samningsfrelsi ríkir um húsaleigu og því þykir eðlilegast að aðilar að húsaleigusamningi taki til endurskoðunar verðtryggingarákvæði samnings síns án þess að þeim séu í löggjöf settar skorður þar að lútandi.

Á hinn bóginn er ljóst að nauðsynlegt er að þessar breytingar séu kynntar á skýran hátt og í tæka tíð. Er gert ráð fyrir að Hagstofa Íslands muni annast þá kynningu og upplýsingaþjónustu í því sambandi.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:58]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég kem upp til þess að lýsa stuðningi við þetta mál og ætladi í leiðinni að rifja upp með fáeinum orðum hvað þetta var í raun og veru hræðilegur tími, þ.e. að þurfa að taka þátt í því að stjórna þjóðfélaginu við þær aðstæður sem þessi lög voru sett á.

Það er fagnaðarefni að það skuli vera hægt að koma þeim til hlíðar á þann stað þar sem þau eiga heima. Ég tel hins vegar að þau veki upp þá spurningu hvort ekki sé ástæða til að taka á þessum vísitölumálum sem eftir eru í heild. Það er fullt af þessum vísitölutengingum til enn þá og sú illvígasta er þessi lánskjaravísitala sem enn þá er notuð, auðvitað í minnkandi mæli, en í þó nokkrum mæli í fjárskuldbindingum. Ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja til þess að menn noti tækifærið til að ráðast að öllum þessum sjálfvirku tengingum í skuldbindingum af þessu tagi. Ég vil ekki að elli- og örorkulífeyrir verði látinn gjalda þessa á undan öllum öðrum breytingum í þjóðfélaginu. En ég tel að full ástæða sé til að velta því fyrir sér hvort ekki eigi að brýna kutana um leið og þetta frv. verður að lögum vegna þess að ég held að þrifnaður sé að því að hreinsa þetta út víðar og spyr hæstv. hagstofuráðherra hvort það hafi komið til tals í leiðinni að gera atlögu að fleiri sjálfvirkum vísitöluþáttum af þessu tagi.

[19:00]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum er afsprengi skelfilegra tíma þegar verðbólgan geystist áfram, hækkaði jafnvel um 5% mánuð eftir mánuð, fór yfir 100% á ári og olli geysilegum tilflutningi á eignum og skuldum. Þetta er sem betur fer liðin tíð. Það hefur tekist að ná verðbólgunni niður með samstilltu átaki allra aðila í þjóðfélaginu og með skynsamlegum ráðstöfunum ríkisvaldsins. Ég get því alveg fallist á að þessi vísitala sé tekin úr sambandi, sérstaklega af því að hún hefur þann eiginleika að hún hækkar eins og laun og laun hafa sem betur fer hækkað mjög myndarlega og vonandi gera þau það áfram þannig að lífskjörin batni.

Hins vegar vil ég vara við því að láta slíka samninga enda í einhverju tómarúmi. Oft eru gerðir leigusamningar til mjög langs tíma, 10–20 ára, jafnvel 30 ára og þá er leigan gjarnan höfð lág vegna þess að hún er verðtryggð. Ef nú á allt í einu að fara að semja um leiguna upp á nýtt, þá getur það gerst að leigan verði hækkuð stórlega á þeim sem borga leigu vegna þess að þá er leigusalinn allt í einu kominn í stöðu óöryggis vegna verðbólgu, og það er þekkt úr lánaviðskiptum að óverðtryggðir lánasamningar eða óverðtryggð skuldabréf gefa af sér hærri vexti en verðtryggð þannig að verðtryggingin hefur lækkað vexti hjá skuldurum, enda áhætta tekin af þeim sem á fjármagnið.

Það sama á við hér. Þetta kann að leiða til hækkunar á leigu, getur í einstökum tilfellum líka valdið lækkun þar sem leigan hefur í tímans rás þróast með verðtryggingunni upp fyrir markaðsverð. Ég vil því að þetta mál sé skoðað miklu nánar en hér er gert og það er ekki hægt að vísa þeim sem hafa gert svona langtímasamninga yfir á skammtímamarkað með samninga. Þess vegna legg ég til að hv. efh.- og viðskn., sem ég á reyndar sæti í, skoði þetta mál nánar þegar því hefur verið vísað til hennar og kanni hvaða áhrif þetta kunni að hafa á langtímaleigusamninga sem hafa verið settir á í trausti þess að leigan sé verðtryggð. Leigusamningar til 20–30 ára eru nánast útilokaðir án verðtryggingar þannig að ég hef ákveðnar efasemdir um að kippa þessu svona burt og kannski þarf að setja bráðabirgðaákvæði í frv. þess eðlis að þeir samningar sem eru í gildi í dag skuli verðtryggjast miðað við viðurkenndar vísitölur, t.d. lánskjaravísitöluna, sem þá væntanlega viðheldur lágri leigu áfram.

[19:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. undirtektir við þetta mál og vona að það fái góða skoðun og jákvæða meðhöndlun í nefndinni. En ég vek athygli á því að við þurfum að hraða meðferðinni vegna þess að við erum með tímamörk í frv. sem miða við áramótin. Það er því knappur tími. En ég óttast ekkert um afdrif þessa frv. Ég heyri að það er ríkur vilji til að fylgja því fram.

Varðandi það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan, þá var í sjálfu sér ekki tekin ákvörðun í tengslum við þetta mál að gera atlögu að vísitölubindingum almennt en ég tel, og tek undir sjónarmið hans í þeim efnum, skynsamlegt að fara yfir það svæði allt og leitast við að höggva á þær tengingar sem nú eru orðnar óþarfar a.m.k. að mestu. Við verðum auðvitað

áfram að reikna út tilteknar vísitölur. Skuldbindingar ríkisins gagnvart lántakendum til að mynda eru bundnar slíku og fleira mætti nefna en engu að síður er það sjálfsagt og eðlilegt miðað við stefnu þingsins að leita slíkt uppi og fækka slíkum tilefnum.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan vegna orða hv. þm. Péturs Blöndals að Hagstofan telur sér skylt að hafa uppi áróður í jákvæðri merkingu orðsins eftir að þetta frv. hefur orðið að lögum til að kynna breytta stöðu þannig að fólk átti sig á því að þessi breyting hafi átt sér stað svo það fari ekki fram hjá neinum. Við þingmenn vitum að sumt af því sem ákveðið er á þessum tíma ársins í þinginu, þótt mikilvægt sé fyrir einstaka aðila í þjóðfélaginu, vill fara fyrir ofan garð og neðan eins og gengur. Það er því nauðsynlegt til að menn tapi ekki réttindum sínum á hvorugan veginn, leigjendur eða leigusalar, að nákvæm og mikil kynning fari fram á þeim ákvörðunum sem þingið endanlega tekur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 1. umr.

Stjfrv., 323. mál (heildarlög). — Þskj. 390.

[19:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. sem hér er lagt fram um Lífeyrissjóð bænda í því skyni að samræma lög um lífeyrissjóðinn ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Það þykir rétt að í lögum um Lífeyrissjóð bænda sé tekið á grundvallaratriðum í starfsemi sjóðsins svo sem sjóðsaðild, iðgjaldsstofni, iðgjöldum, lífeyrisréttindum, lágmarksákvæðum varðandi útreikning lífeyris sem og ákvæðum um innheimtu iðgjalda en hún er með nokkuð öðrum hætti en hjá öðrum sjóðum. Gert er ráð fyrir að önnur ákvæði um starfsemi sjóðsins og nánari ákvæði um útreikning lífeyris verði í samþykktum hans.

Hér er að ýmsu leyti um að ræða sambærilegt frv. og flutt var fyrr í haust og afgreitt hefur verið úr efh.- og viðskn. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda þar sem verið var að samræma ákvæði laga um þann sjóð hinni nýju heildarlöggjöf og sama er að segja um það mál sem næst er á dagskrá, um Lífeyrissjóð sjómanna. Þar er að hluta til um að ræða sams konar samræmingu þannig að sjóðirnir allir búi við löggjöf sem samræmd hefur verið hinum nýju heildarlögum.

Að því er þetta frv. varðar eru helstu breytingar sem í því felast eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir að stofn til greiðslu upp í iðgjald yfirstandandi árs verði samkvæmt greinargerð um reiknað endurgjald í ársbyrjun en ekki verði miðað við tekjur næstliðins árs. Jafnframt er gert ráð fyrir því að lok iðgjaldagreiðslutíma miðist við 70 ára aldur en í gildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að iðgjöld séu greidd eftir að að taka ellilífeyris hefst eða eftir lok 69. aldursárs.

Lagt er til að ákveðinn verði nýr grundvöllur stigaútreiknings og að stigaútreikningur miðist við 25-föld iðgjöld sjóðfélaga en ekki 24-föld eins og er í gildandi lögum.

Gert er ráð fyrir heimild til að kveða á um viðbótariðgjald til séreignarsparnaðar í samþykktum sjóðsins.

Lagt er til að fellt verði niður lágmarksákvæði vegna ellilífeyrisréttar og opnað verði fyrir þann möguleika að heimila töku ellilífeyris allt að tveim árum fyrr en nú er. Lagðar eru til nokkrar breytingar á reglum um örorku- og makalífeyri til samræmis við það sem gildir hjá öðrum sjóðum og til samræmis við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lagt er til að tengsl barnalífeyris við barnalífeyri almannatrygginga verði afnuminn en þess í stað er gert ráð fyrir að fjárhæðir miðist við lágmarksfjárhæðir samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Loks eru í III. kafla frv. lagðar til nokkrar breytingar sem nauðsynlegar eru til að halda réttindum aldraðra innan þess hóps sem réttinda nýtur í sjóðnum óbreyttum, samanber II. kafla gildandi laga um þennan sjóð.

Herra forseti. Lög um Lífeyrissjóð bænda tóku fyrst gildi á árinu 1970. Þeim hefur alloft verið breytt síðan en sjóðurinn hóf starfsemi 1. janúar 1971. Ný heildarlög voru sett 1984. Þá fengu makar bænda lífeyrisrétt og síðan hafa verið gerðar nokkrar efnisbreytingar á lögunum. Þegar líða tók á 10. áratuginn var ljóst að breyta þurfti ýmsum gildandi ákvæðum laganna og skipaður var vinnuhópur af hálfu fjmrh. sem var falið að gera tillögur að nýju frv. um starfsemi sjóðsins. Sá hópur lauk störfum í nóvember 1997 og skilaði tillögum um breytingar á þessum lögum sem voru samþykktar sem lög nr. 122/1997.

Á sama tíma var frv. um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða afgreitt hér en ýmis ákvæði í lögunum um lífeyrissjóðinn sem ekki var breytt með lögunum nr. 122/1997 eru ekki í samræmi við hin nýju lög og þess vegna m.a. er þetta frv. flutt.

Ég legg til, herra forseti, að að loknum þessum umræðum verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[19:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í dag starfa þrír sjóðir samkvæmt lögum en án ábyrgðar þriðja aðila. Eingöngu sjóðfélagar bera ábyrgð á sjóðunum með iðgjöldum sínum og enginn annar. Tveir af þessum sjóðum, þ.e. Lífeyrissjóður bænda og Lífeyrissjóður sjómanna eiga sér sjálfsagða aðstandendur, þ.e. stéttarfélög bænda og stéttarfélög sjómanna. Einn sjóðanna, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, sem við þegar höfum afgreitt til 3. umr. á sér ekki sjálfsagða aðstandendur.

Herra forseti. Mjög ítarleg lög hafa verið sett í landinu um lífeyrissjóði og starfsemi þeirra. Ég vil velta þeirri spurningu upp og beini henni til þeirrar nefndar sem fær málið til skoðunar hvort ekki sé hægt að fella lögin um Lífeyrissjóð bænda úr gildi og sömuleiðis lögin um Lífeyrissjóð sjómanna þannig að þessir sjóðir starfi eins og aðrir sjóðir á vegum stéttarfélaga. Ég sé enga þörf á því að hafa sérstaka löggjöf um þessa sjóði.

Herra forseti. Ég hef ítrekað bent á að ákvæði vanti í lífeyrissjóðina um það hver eigi þá. Ég tel að sjóðfélagarnir eigi þá. Til þess sjóðs sem við tölum um, Lífeyrissjóðs bænda, greiðir bændastéttin, sem hefur orðið fyrir miklum hremmingum undanfarna áratugi. Sennilega hefur engin stétt í landinu orðið fyrir þvílíkum hremmingum og bændur landsins. Er svo komið að ég tel að ef hægt er að tala um fátækt hjá einhverri stétt, þá er það hjá bændum þar sem búin hafa verið skert aftur og aftur og þeir bændur sem ekki eiga undankomuleið í aðra vinnu í nágrenninu hafa orðið mjög illa úti vegna þessara skerðinga. Þeir geta í rauninni

hvorki hætt né haldið áfram og ganga stöðugt á eignir sínar. Reyndar hefur staða þeirra lagast nokkuð.

Þessir bændur eiga stórar hallir í Reykjavík sameiginlega, þ.e. Hótel Sögu, þessir bændur eiga mjólkursamlögin sem eru feiknalega rík, t.d. Mjólkursamsöluna í Reykjavík, sem er væntanlega í eigu, að mínu mati, sunnlenskra bænda, mjólkurbænda, er með eigið fé upp á 2.000 millj. en bændurnir komast ekkert að þessu eigin fé. Þessar hallir bænda í Reykjavík eru klæddar palisander og marmara en bændurnir lifa við allt önnur kjör. En þeir eru samt eigendurnir en komast ekki að þeim eignum sínum. Þetta finnst mér mjög brýnt að fara að laga þannig að bændur komist að sínum eignum. Að mjólkurbændur á Suðurlandi, sem sumir hverjir búa við mjög lök kjör, komist að þessum 2.000 millj. sem eru geymdar hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík. (**ÖJ:** Og vísti þær hjá Kaupþingi.) Það verður örugglega betra fyrir bændur að vista þær hjá Kaupþingi en hjá Mjólkursamsölunni, hv. þm.

Herra forseti. Ég hef enn fremur í sambandi við lífeyrissjóðina nefnt skipun stjórnar, þ.e. hver fer með ráðstöfun og ávöxtun þess fjár sem sjóðfélagarnir, í þessu tilfelli bændur, hafa lagt til hliðar til þess að tryggja sig í ellinni. Það skiptir verulegu máli fyrir þetta fólk hvernig ávöxtun þessa fjár er háttað og við þekkjum dæmi þess einmitt hjá þessum sjóði að því miður hafi misbrestur orðið þar á.

Í frv. er gert ráð fyrir að stjórnin verði skipuð fimm mönnum sem eiga að vaka yfir hagsmunum sjóðfélaganna í ellinni. Hvaða tengsl skyldu þessir fimm menn hafa við bændur? Einn þeirra skal tilnefndur af Hæstarétti. Látum okkur nú sjá. Hvaða tengsl hefur Hæstiréttur við bændastéttina í landinu? Ég get ekki séð það, ómögulega. Og hann skal vera formaður stjórnarinnar. Einn skal tilnefndur af landbrh. Jú, stjórnsýslan getur hugsanlega haft hönd í bagga með hvernig fé bænda er ávaxtað. Tveir skulu tilnefndir af stjórn Bændasamtaka Íslands, þ.e. tveir af fimm, sem sumir mundu telja að gæti hagsmuna bænda. Það er eina beina tengingin sem bændur eiga inn í þennan lífeyrissjóð samkvæmt þessum hugmyndum. Hins vegar hef ég margoft bent á að lýðræðið hjá stéttarfélögum og þar með Bændasamtökunum er ákaflega fábrotið og ákaflega lélegt þannig að áhrif einstakra bænda á þessa stjórn munu ekki verða nein. Ég fullyrði það. Jafnvel þessir tveir fulltrúar sem tilnefndir eru af bændasamtökunum munu ekki að mínu mati vera beinir fulltrúar sjóðfélaganna. Svo skal einn skipaður án tilnefningar og það er fjmrh. sem ræður honum og ég hef ekki séð tengsl fjmrh. við bændur nema að hann innheimtir af þeim skatt. Það eru einu tengslin sem hann hefur við þá og ég get ekki séð að þar verði gætt þess aga og hagsmuna sem sjóðfélaginn hefur af því að þetta fjármagn sé vel ávaxtað.

Herra forseti. Ég mun leggja til þegar þetta mál kemur til umfjöllunar hjá hv. efh.- og viðskn. að nákvæmlega verði sagt hver eigi þá milljarða sem geymdir eru hjá Lífeyrissjóði bænda. Það eru bændur sjálfir. Ég get ekki séð nokkurn einasta annan aðila eiga það fé. Þetta fé stendur að baki þeim tryggingum sem sjóðurinn er að lofa. Ég mun sömuleiðis leggja til að bændur kjósi stjórn sjóðsins. Ég treysti bændum fullkomlega sem fullveðja einstaklingum til að fara með sín mál. Mér finnst það ótrúleg vanvirðing við bændur að treysta þeim ekki til að sjá um sín fjármál sjálfir. Ég geri ráð fyrir því að bændur geti kosið stjórn Lífeyrissjóðs bænda með nákvæmlega jafnmiklum skörungsskap og þeir reka bú sín. Ég mun því gera tillögu um það að stjórn sjóðsins, þ.e. þeir aðilar sem koma til með að fara með þessa eign bænda, ávaxta hana og tryggja þannig að hún blómstri og standi undir þeim lífeyri sem þeir þurfa á að halda í ellinni, verði kosin beint af sjóðfélögunum, þ.e. bændum.

[19:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir um það bil eitt atriði í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals, þ.e. að kjör bænda séu bág. Að flestu öðru leyti fannst mér ræða hans vera meira og minna út í loftið. Ég fæ t.d. ekki séð að bændum væri til góða að ofan á bág kjör þeirra væru afurðastöðvar þeirra á brauðfótum. Ég skil ekki málflutning af því tagi að það sé sérstök meinsemd fyrir atvinnugrein að eiga sæmilega burðugar úrvinnslu- og afurðastöðvar.

Að öðru leyti verð ég að segja eins og er: Mér finnst hv. þm. Pétur Blöndal vera haldinn einhverri undarlegri þráhyggju þegar kemur að lífeyrissjóðum. Það þarf ekki nema nefna orðið lífeyrissjóður. Þá er eins og ýtt sé á takka og hv. þm. Pétur Blöndal spýtist upp úr stólnum eins og hann sæti á gormum. Svo koma þessar ræður sem maður er að verða býsna hundleiður á, herra forseti, um lífeyrissjóðina, um hið skelfilega vald þeirra og þeir séu að gleypa allt og alla. Svo ekki minnst um lýðræðið í lífeyrissjóðunum, þessi mikla lýðræðisást hv. þm. blossar ævinlega upp þegar minnst er á stjórnun lífeyrissjóðanna.

Nú veit hv. þm. betur. Hann veit að þetta á sér að hluta til sögulegar forsendur. Þetta liggur í þeim rótum lífeyrissjóðakerfisins. Þeim var komið á í gegnum samstarf aðila vinnumarkaðarins. Lífeyrissjóðirnir eru að miklu leyti sprottnir úr frjálsu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins, vissulega stuðningi stjórnvalda gegnum tíðina, en það þýðir ekki að ræða þetta svo útópískt sem hv. þm. gerir.

Ástæðan fyrir því að stjórn Lífeyrissjóðs bænda er skipuð eins og raun ber vitni er einfaldlega sú að þar er reynt að endurspegla sama jafnvægi í stjórn sjóðsins og gerist í almennum lífeyrissjóðum, þ.e. að stjórnin sé að hluta tilnefnd af bændum og að hluta af þeim, sem í þessu tilviki hafa verið viðsemjendur þeirra, ríkisvaldinu. Ríkisvaldið hefur í þessu tilfelli komið sérstaklega að því, í gegnum opinbera verðlagningu á búvörum og fleira því um líkt, að mynda Lífeyrissjóð bænda.

[19:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi afurðastöðvarnar og Hótel Sögu til þess að benda á hvernig farið geti fyrir sameignum stórra stétta. Þær hafa ekkert um það að segja og koma ekki nálægt því.

En mig langar til að spyrja hv. þm. tveggja spurninga:

Fyrri spurningin er: Hver á Lífeyrissjóð bænda? Eru það bændur? Ef ekki, hverjir þá?

Önnur spurningin: Treystir hv. þm. bændum ekki til að sjá um fjármál sín?

[19:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur ekki verið að fara þurfi út í grundvallarfræðslu af því tagi sem mér fannst hv. þm. biðja um með spurningum sínum. Er þá hv. þm. Pétur Blöndal virkilega eftir allt sitt baks, alla stærðfræðina og möndlið í kringum lífeyrissjóðina svo fáfróður um málefni þeirra að hann þurfi að spyrja grundvallarspurninga eins og hverjir eigi lífeyrissjóðina?

Hvað er Lífeyrissjóður bænda? Hvað er lífeyrissjóður stéttar? Það liggur í eðli málsins hver eigandinn er. Það er stéttin sameiginlega. Þetta er félagslegur sjóður stéttarinnar til að tryggja mönnum öryggi, tryggja þá gagnvart örorku og tryggja þeim eftirlaun þegar á þann aldur er komið. Þetta er kollektíf, félagsleg sameign stéttarinnar sem hún hefur byggt upp í samstarfi við vinnuveitendur sína og með stuðningi stjórnvalda.

Spurningaleikur af þessu tagi og fíflagangur, liggur mér við að segja, eins og í brtt. hv. þm. þar sem hann reynir endalaust að troða inn einkaeignarréttarlegum ákvæðum í lög um lífeyrissjóðina, er auðvitað út í hött. Mér finnst að hv. þm. eigi að fara að hugsa sinn gang, hætta þessum eintrjáningshætti, þessari nauðhyggju og þráhyggju sem hann er haldinn þegar málefni lífeyrissjóða ber á góma svo hann sé ekki alltaf hér eins og spýtukarl stokkinn upp í loftið eins og af gormum um leið og þetta orð heyrist í þingsölum: lífeyrissjóður.

[19:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir mjög málefnalega umræðu. Þetta er alveg sérstaklega málefnalegt að segja að ég sé spýtukarl ... (**Gripið fram í:** Á gormum.) Ég skil þau rök mjög vel.

Hins vegar kom hann sér hjá því að svara hvort hann treysti bændum til þess að fara með eigin fjármál. Hann svaraði því ekki. Hann sagði að stéttin ætti þetta kollektíft og *hvað skyldi það nú þýða? Það er hægt að reikna nákvæmlega* út hvað hver bóndi á í réttindum. Það er hægt að reikna upp á krónu og eyri hvað hver bóndi á í réttindum. Það er háð aldri hans ... (**SJS:** Þetta er samtrygging.) það er háð aldri hans og fjölskyldustöðu og hægt að reikna þetta nákvæmlega út. (**SJS:** Ekki séreigna ...) Það er hægt að reikna þetta sem sameign, það er enginn vandi og það er gert, herra forseti. Það er gert þegar sjóðirnir eru teknir út. Þá er reiknuð skuldbinding fyrir hvern einasta sjóðfélaga og hægt að segja þessum manni hvað hann á mikið upp á krónu og eyri.

Ég er að leggja þetta til: Ég vil að sjóðfélagarnir viti hvað þeir eiga í þessum sjóðum og þá átta þeir sig hugsanlega líka á því að það skiptir þá verulegu máli hvernig ávöxtunin er. Þá mundu þeir gera kröfu til þess á næsta ársfundi sjóðsins, sem samkvæmt lögum skal haldinn einu sinni á ári, að fá að ráða þessari stjórn. Ég geri ráð fyrir að margur sjóðfélaginn yrði hissa ef hann mætti á ársfundinn og sæi allt annað fólk en hann kjósa í stjórnina.

[19:24]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að nálgast þetta efni svolítið öðruvísi. Ég tel mjög gott að samræma þessi réttindi við aðra sjóði og lög á markaðnum. Vert er að geta þess að meðalaldur sjóðfélaga í þessum sjóði er afar hár og því má vænta ákveðinna erfiðleika í framtíðinni. Hrina samdráttar hjá bændum, fátækt, meðaltekjur upp á 70 þús., valda því að þarna verður við mikið vandamál að glíma þegar fram í sækir. Þrátt fyrir ákvæði um árlega tryggingafræðilega úttekt má búast við röskun vegna þessa.

Endurnýjun er einnig mjög lítil vegna samdráttarins í greininni vítt og breitt um landið. Það mun koma sjóðnum í vandræði innan einhverra ára. Mér finnst því að allt samfélagið beri ábyrgð á því ef sú staða kemur upp.

Ég vek athygli á því að í 6. gr. frv. um Lífeyrissjóð bænda er ákaflega merkt atriði um að iðgjöld bónda og maka eða sambúðaraðila vegna búrekstrar skuli skiptast jafnt milli þeirra. Þetta er eini sjóðurinn með jafnréttisákvæði af þessu tagi og gerir þau sameiginlega að rekendum búsins en oft hefur verið fjallað um að hjón mundu vilja skipta rétti sínum milli sín. Þetta er þarna afdráttarlaust og hægt að fagna því að slík jafnréttisákvæði séu í lífeyrissjóði.

Að öðru leyti minni ég á að staða þessarar stéttar er erfið. Þegar maður horfir til framtíðarinnar þá finnst manni það sem upp úr stendur vera spurningin: Þetta er ekki með ábyrgð ríkissjóðs en þegar að erfiðleikunum kemur, hvað þá?

[19:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að taka undir athugasemdir hv. síðasta ræðumanns. Vissulega deili ég með henni áhyggjum af afkomu Lífeyrissjóðs bænda. Þar er um sérstaklega snúnar aðstæður að ræða út af aldurssamsetningunni í greininni. Framtíðarhorfur landbúnaðarins eins og þær blasa við, fækkun starfandi bænda og mjög óheppileg aldurssamsetning, þýðir að hlutfall greiðandi manna á vinnualdri er óhagstætt borið saman við þann mikla fjölda sem fer ýmist nú eða á allra næstu árum á eftirlaun hjá þessum sjóði.

Ég get einnig tekið undir það að mér finnst að ríkissjóður hljóti að bera þarna nokkra ábyrgð vegna þess hvernig málið er vaxið og síðan ósköp einfaldlega vegna þess að kjör bænda hafa að verulegu leyti verið mörkuð af opinberum afskiptum á undangengnum árum. Vísa ég þá bæði til opinberra verðlagsákvarðana *um framleiðsluvörur* þeirra og einnig til samninga um búvöruframleiðslu.

Hvað jafnréttisákvæðin í Lífeyrissjóði bænda varðar þá er það rétt að þau eru merk í sjálfu sér en þau eru til komin af þeim ástæðum sem hv. þm. nefndi, að inn í verðlagsgrundvöllinn koma reiknuð laun eða tekjur beggja aðila sem að búi standa þegar svo háttar til. Þar af leiðandi er sjálfsagt að lífeyrisréttindunum sé skipt.

Ég minni að vísu á að sá möguleiki var gefinn, með breytingu á löggjöf um lífeyrissjóði á síðasta vetri ef ég man rétt, að hjón gætu gert með sér samninga um skiptingu lífeyrisréttinda og gengið frá skiptingu á þegar áunnum lífeyrisréttindum á tiltekinn hátt. Þau ákvæði eru að vísu vandasöm í framkvæmd og kannski lítt farið að sjá fyrir endann á því hvernig til tekst. Það er þó að sjálfsögðu mikilvægt spor í jafnréttisátt, að hin almenna regla í öllum lífeyrissjóðum verði sú að sé um mismunandi inngreiðslur og réttindaávinnslu að ræða í tilviki hjóna eða sambýlisfólks, þá verði því skipt eða það jafnað, a.m.k. ef um sameiginlegan fjárhag er að ræða.

Að lokum hlýt ég að bæta við, herra forseti, vegna orðaskipta við hv. þm. Pétur H. Blöndal. Auðvitað er hægt að reikna út lífeyrisskuldbindingar eða rétt hvers einstaks aðila í samtryggingarsjóði. En hvaða tilgangi þjónar það öðrum en stærðfræðilegum þar sem um samtryggingarsjóð á félagslegum grunni er að ræða? Ég veit auðvitað að hv. þm. er ekki hrifinn af því fyrirkomulagi. Hv. þm. vill sjálfsagt einkavæða þetta eins og alla skapaða hluti og taka hvarvetna upp séreignarfyrirkomulag þannig að menn eignist lífeyrisréttindi í samræmi við það sem þeir greiða inn hver og einn á persónulegum grunni. Þannig eignast þeir meiri lífeyri sem hafa haft hærri tekjur alla starfsævina. Það er í samræmi við hugmyndir hv. þm. um þjóðfélagið sem hann vill búa í. Ég veit vel um þær en það eru ekki mínar hugmyndir. Guði sé lof fyrir það að íslenska lífeyrissjóðakerfið er á

samábyrgðargrunni og hefur þrátt fyrir allt tekist að verja þann grunn sem náðist inn í lagabreytingarnar núna á síðustu tveimur árum, þ.e. 10% inngreiðslugólfið sem þar er sett fyrir samtryggingareðli sjóðanna.

[19:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. heldur því fram að ég styðji séreignarsjóði. Það er alrangt. Ég hef margoft sagt að séreignarsjóðir tryggi ekki neitt, taka ekki áhættu af sjóðfélaganum og tryggi hann heldur ekki. En það er aftur á móti rangt hjá hv. þm. að hærri laun gefi ekki hærri lífeyri. Allt íslenska lífeyrissjóðakerfið er byggt upp á því að maður sem hefur tvöfalt hærri laun fær tvöfalt hærri lífeyri. Allt kerfið er þannig uppbyggt þannig að það er þá einhver mikill misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að það sé eitthvað öðruvísi.

Hins vegar er munurinn á sameign og séreign sá að í sameign eru menn tryggðir á meðan þeir lifa þótt þeir verði 107 ára gamlir og ef þeir verða öryrkjar eru þeir tryggðir til æviloka. Ef þeir verða öryrkjar 25 ára geta þeir verið tryggðir í 70 ár. Það er sameignin. Þá taka þeir miklu meira út úr sjóðum en þeir borga inn í hann. Þetta er munurinn á sameign og séreign. En þeir eru með tvöfalt hærri lífeyri sem eru með tvöfalt hærri laun, það er þannig í dag.

Það sem hægt er að gera er að reikna út skuldbindingu fyrir hvern einasta mann, þessa sameignarskuldbindingu, og mér finnst að hann eigi að vita af því hvað hann á mikið. Fjöldi fólks í þessu þjóðfélagi veit ekki hvað það á í lífeyrissjóðunum. Að meðaltali eiga íslenskir launþegar yfir 2 millj. í lífeyrissjóðnum sínum. Fólkið bara veit ekkert af þessu, ekki frekar en bændur vita af eign sinni í Mjólkursamsölu Reykjavíkur. Af þessu vil ég láta menn vita þannig að þeir vakni til vitundar um að það skiptir verulegu máli hvernig þetta fjármagn og þessi eign þeirra er geymd.

Svo vil ég minna á að nú nýverið hafa birst upplýsingar um lífeyrisréttindi bankastjóra og þau eru líka með nákvæmlega sama hætti sameignarfyrirkomulag. Þau voru reiknuð út. Þeir fá lífeyri meðan þeir lifa. Það er sameignarfyrirkomulag. Þeir fengu því reyndar breytt yfir í séreignarfyrirkomulag en það skiptir í rauninni engu máli. Upprunalífeyrir bankastjóra var 90% af launum eftir 15 ára starfsferil og til æviloka.

[19:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera hv. þm. rangt til og ég tek fúslega við því að hann sé ekki stuðningsmaður séreignarsjóða. Hann svaraði fyrir það. Ég fagna því í sjálfu sér. Að öðru leyti held ég að við séum í verulegum mæli í grundvallaratriðum ósammála um það hvernig eigi að nálgast þetta mál og hvað skipti máli í þessu sambandi. Ég lít ekki á það sem löst heldur kost við samtryggingarsjóðinn að þar er mönnum ekki hent út á gaddinn þegar einhver persónuleg ávinnsla þeirra er búin. Þar er tryggingin jöfnuð út gagnvart örorku og öðru slíku og þar greiða menn inn á sinni starfsævi í jöfnum áföngum og menn eru ekki metnir eftir kynferði, aldri eða öðru slíku. Það er auðvitað hættan í hinu kerfinu. Við vitum held ég báðir, hv. þm., hvert líklegt sé að slíkt leiði ef menn opna fyrir það á annað borð. Við fórum í gegnum alla þessa umræðu og þarna rekst einfaldlega á tvenns konar hugmyndafræði. Það er alveg ljóst þannig að ég vísa bara til þeirrar umræðu og skal ekki lengja hana hér.

[19:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Einn meginvandi íslenska lífeyrissjóðakerfisins í dag er að réttindavinnslan, þ.e. þau réttindi sem menn fá fyrir sitt iðgjald, er ekki háð aldri og ekki háð kyni og ekki háð hjúskaparstöðu. Þetta verður til þess, eins og hér kom fram í ræðu áður, að Lífeyrissjóður bænda er illa staddur af því að í honum er margt gamalt fólk en hann er að veita sömu réttindi og sjóður þar sem ungt fólk er. Tvítugur maður á að fá þrefalt meiri réttindi fyrir hverja krónu í iðgjaldi heldur en sextugur maður vegna þess að reiknað er með 3,5% vöxtum í lífeyrissjóðnum og ávöxtunin er þá lengur hjá yngri manninum, þangað til hann fer á lífeyri. Lífeyrissjóðakerfið á Íslandi er því ekki með þessa skiptingu eftir kyni og aldri. En hún er að koma vegna þess að ákvæðið um viðbótariðgjaldið, 2%, neyðir lífeyrissjóðina til að veita réttindi háð kyni, aldri og fjölskyldustöðu. Tveir sjóðir eru búnir að kynna þetta og tilkynna og eru þegar búnir að taka upp slíkt kerfi. Það hefur verið tekið upp í vaxandi mæli að réttindi í lífeyrissjóðunum verða háð kyni, aldri og fjölskyldustöðu og þá erum við komin í þá stöðu að það má einkavæða þetta allt saman.

[19:36]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins vegna þessarar umræðu um makann og hvernig konur öðluðust þennan rétt fyrir þó nokkrum árum, þá er þess að geta að fyrir þann tíma höfðu þær engan rétt til skiptingar á iðgjaldinu. Þetta er sú stétt kvenna sem mjög oft flyst á mölina og ég hef séð eiga í hvað mestum fjárhagslegum örðugleikum. Það að iðgjaldsstofninn er lágur þegar greitt er í lífeyrissjóðinn fyrir hönd bændanna þýðir líka að iðgjöld beggja eru lág og það veldur ákveðnum vanda.

Vegna þess sem hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á um aldurstengdu iðgjöldin, þá mun það samkvæmt minni þekkingu á því kerfi ekki ganga gagnvart bændum vegna þess að í sjóðnum eru svo margir fullorðnir að það gæti ekki gengið. Það þarf að byrja á sjóði þar sem yngra fólk er vegna þess að þar er verið að geyma ávöxtunina í áratugi til þess að koma til móts við það. Hins vegar er það rétt að verið er að skoða þennan möguleika. Það er ekki mögulegt fyrir alla sjóði að fara þá leið vegna þess að aldursdreifinginn er svo ójöfn.

[19:38]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 460.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 324. mál (heildarlög). — Þskj. 391.

[19:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er flutt frv. um Lífeyrissjóð sjómanna sem að hluta til er sambærilegt við hið fyrra mál sem hér var rætt, þ.e. frv. um Lífeyrissjóð bænda og einnig frv. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda sem liggur fyrir í þinginu til 3. umr.

Þessi frv. eru sambærileg að því leyti til að í þeim öllum er lagt til að samræma hinar sérstöku reglur þessara sjóða

almennu reglunum í lögunum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þá þætti sérstaklega og vísa til þess sem áður hefur verið sagt um það efni að því er varðar hina sjóðina tvo.

Í öðru lagi er lagt til í þessu frv., herra forseti, að lögunum um sjóðinn verði breytt í kjölfarið á dómi Hæstaréttar frá 28. maí sl. en samkvæmt þeim dómi var breyting á reglum sjóðsins sem gerð var á árinu 1994 talin ólögmæt, m.a. vegna þess að hún var gerð með reglugerð og samhliða voru réttindi sjóðfélaga skert. Niðurstaða dómsins var sem sagt sú að ekki væri hægt að fella ákvæði um lífeyrisréttindi úr lögum og skerða samhliða þessi réttindi með reglugerð jafnvel þótt slíkar breytingar gætu staðist væru þær gerðar með lögum. Því er nauðsynlegt að setja reglur um lífeyrisréttindi í Lífeyrissjóði sjómanna aftur í lög. Reglur um ellilífeyri, örorkulífeyri, maka- og barnalífeyri hafa í frv. verið samræmdar reglum III. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og eru að mestu leyti samhljóða þeim reglum sem nú gilda hjá sjóðnum.

Í þriðja lagi, herra forseti, er frv. flutt vegna óska frá stjórn sjóðsins um að gerðar verði breytingar á réttindum sjóðfélaga vegna þeirrar stöðu sem þessi sjóður er kominn í. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem gerð var miðað við stöðu sjóðsins í árslok 1997 vantaði 8.246 millj. kr. á að sjóðurinn ætti fyrir heildarskuldbindingum. Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skulu samþykktir hvers lífeyrissjóðs við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Munur á milli eigna og skuldbindinga má ekki vera meiri en 10% á einu ári og ekki meiri en 5% samfellt í fimm ár. Hallinn á Lífeyrissjóði sjómanna nam í árslok 1997 13,3% af heildarskuldbindingum og hafði verið hinn sami í árslok 1996 og 1995. Til þess að rétta af stöðu sjóðsins er lagt til í frv., eins og stjórn sjóðsins hefur farið fram á, að öll réttindi sjóðfélaga verði lækkuð um 13,4%, enda er það mat stjórnar sjóðsins að brýna nauðsyn beri til þessarar skerðingar eins og málum er komið.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til er gætt fyllsta jafnræðis meðal sjóðfélaga að mati stjórnar sjóðsins, en við útreikning á stuðli á elli-, örorku- og makalífeyri hefur verið miðað við lækkun um 13,4% eins og áður er getið en þó þannig að ekki er gert ráð fyrir því að barnalífeyrisgreiðslur lækki. Eftir þessar breytingar, ef þær verða að lögum, mundi sjóðurinn engu að síður uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í 4. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða um lágmarkstryggingavernd þrátt fyrir þær skerðingar sem gert er ráð fyrir í frv. Er það sökum þess að Lífeyrissjóður sjómanna hefur veitt sjóðfélögum sínum ríflegan lífeyri og meiri en almennt gerist í þjóðfélaginu og svo mun reyndar verða áfram að mati sjóðstjórnar þrátt fyrir þessar breytingar sem stjórnin hefur talið óumflýjanlegt að leggja til.

Herra forseti. Rétt er að geta þess að í stjórn sjóðsins var ekki algjör eining um þetta mál. Einn fulltrúi í stjórninni, fulltrúi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, var ekki samþykkur þeirri afgreiðslu sem meiri hluti stjórnarinnar, fimm stjórnarmenn af sex, stóðu að og hafði aðrar tillögur um hvernig bregðast skyldi við þeim vanda sem allir viðurkenna að blasir við þessum sjóði. Að sjálfsögðu er eðlilegt að þingnefndin, hv. efh.- og viðskn., fjalli um hugmyndir Farmanna- og fiskimannasambandsins samhliða þeim tillögum sem stjórnin gerði að sínum og eru þess vegna fluttar í þessu frv. Það er mjög mikilvægt að brugðist verði af ábyrgð við þeim vanda sem fyrir hendi er í þessum lífeyrissjóði og ég efast ekkert um að stjórnarmenn allir eru sér meðvitaðir um þann vanda sem þar er við að glíma og nauðsyn þess að sjóðurinn uppfylli skilyrði hinna almennu laga um lífeyrissjóði. Ég tel að sjóðstjórnin hafi sýnt mikla ábyrgð með því að biðja um þessar breytingar sem teknar eru inn í frv. En ég tel eigi að síður að efh.- og viðskn. eigi að kanna málið frá öllum hliðum og fara yfir þær breytingar sem Farmanna- og fiskimannasambandið hefur lagt til og ég hygg að þingmenn allir hafi fengið í hendur. Auðvitað er æskilegast að út úr því komi allsherjarsamkomulag allra þeirra hagsmunaaðila sem þarna eiga hlut að máli og þeirra sem aðild eiga að þessum sjóði og hafa sameiginlega byggt hann upp.

Þetta vildi ég nefna, herra forseti, og beini þessum tilmælum til nefndarmanna í efh.- og viðskn. um leið og ég legg til að málinu verði vísað þangað og til 2. umr.

[19:44]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir greinargóða framsögu um þetta mál. Ég á sæti í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um málið og við munum vanda okkur við umfjöllun þess eins og reyndar í öðrum málum. En lífeyrismál eru þess eðlis að þar ber sérstaklega að gæta vandvirkni og sjálfsagt er að fella lögin um Lífeyrissjóð sjómanna að heildarlöggjöfinni.

Ég vil benda á eitt atriði í þessu, þ.e. að þarna er leyst gamalt deilumál um það hverjir eiga sæti í stjórn. Það þekkja menn sem kunnugir eru, í tengslum við Vélstjórafélagið. Þarna er komin tillaga um það gamla ágreiningsefni. En sjóðurinn á sér mjög merkilega forsögu sem einmitt tengist ábyrgð ríkisvaldsins. Ég ætla ekki að fara neitt yfir þann þátt en það gildir að mörgu leyti sérstaða gagnvart þessum sjóði með tilliti til sögunnar.

Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh., af því að hann talaði um hina vönduðu umfjöllun sem þarf að vera í þessu máli, hvort nauðsynlegt sé að málið verði að lögum fyrir áramót eða hvort hv. nefnd geti gefið sér meiri tíma til umfjöllunar eins og hugsanlegt er að þurfi. Ég átta mig ekki alveg á þessu eins og frv. er sett fram. Gert er ráð fyrir að það taki gildi um áramót. En ég vildi spyrja með tilliti til þess hvernig menn mundu haga vinnubrögðum því það er rétt sem hæstv. ráðherra nefndi að mikilvægt er að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu um það.

[19:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé í sjálfu sér mjög æskilegt, alveg eins og í frv. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og Lífeyrissjóð bænda, að ljúka umfjöllun í þinginu þannig að þessi mál geti tekið gildi um áramót. Hins vegar er greint frá því í skýringum við gildistökuákvæði frv. að þær skerðingar sem frv. gerir ráð fyrir komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí nk. Segja má að þar sé visst ráðrúm gefið og fram að þeim tíma gildi ákvæði núgildandi reglugerðar sjóðsins að því er varðar öll lífeyrisréttindi.

Gert er ráð fyrir því að hin nýja stjórn sem hv. þm. vék að taki við að loknum fyrsta ársfundi sjóðsins sem ber að halda fyrir lok júní nk. Auðvitað er um margt mjög æskilegt að reyna að ljúka þessu fyrir áramótin. En ég legg það í mat hv. þingnefndar hvort hún treystir sér til þess að ljúka þessu verki fyrir þann tíma og bið hana að kanna hvaða afleiðingar

það muni hafa fyrir sjóðinn ef ekki tekst að gera það. En sem sagt, það skiptir ekki máli gagnvart réttindaskerðingunni vegna þess að hún er ekki ráðgerð fyrr en um mitt næsta ár.

[19:48]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið. Brýnt er að við í þingnefndinni áttum okkur aðeins á tímatakmörkunum um þetta mál. Ég endurtek aðeins það sem ég sagði áðan að ég er þess fullviss að allir nefndarmenn munu reyna að vanda sig eins og hægt er varðandi þetta mál og reyna að taka tillit til sérstöðu þess þó án þess á nokkurra handa máta að draga úr hraða í vinnubrögðum sem er nauðsynlegt að viðhafa.

[19:49]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég byrja á því að taka undir með hæstv. fjmrh. að mjög mikilvægt er að vel sé vandað til verka í þeirri nefnd sem fær málið til skoðunar. Það þarf að fara ítarlega yfir það og reyna að leysa það viðfangsefni sem þetta frv. á að fjalla um í sæmilegri sátt við þá aðila sem við það eiga að búa. Mér finnst málið vera heldur stærra í sniðum en svo að hægt sé að ætlast til þess að efh.- og viðskn. geti raunverulega leyst það eða komist að niðurstöðu á þeim stutta tíma sem eftir lifir af þessu þingi fyrir jól miðað við aðrar annir sem nefndin hefur. Að vísu er það ekki höfuðverkur minn af því að ég á ekki sæti í þeirri nefnd en ég vil samt vara við því að rasa um ráð fram að því er varðar afgreiðslu á þessu mikilvæga máli. Ekki er einungis verið að fjalla um mjög slæma stöðu sjóðsins þar sem tryggingafræðileg úttekt sýnir að yfir 8 milljarða kr. vanti til að sjóðurinn eigi fyrir heildarskuldbindingum sínum, heldur erum við líka að fjalla um afleiðingar þess sem er veruleg skerðing á lífeyrisréttindum þeirra sem njóta lífeyris úr þessum sjóði og sem auðvitað segir verulega til sín að því er varðar lífeyrisgreiðslur sjómanna.

Eins og fram kemur og lesa má úr þessu frv. er þetta ekki í fyrsta sinn sem sjómenn hafa þurft að búa við skerðingu á lífeyri sínum vegna slæmrar stöðu sjóðsins. Ljóst er að skerðing á lífeyrisréttindum sem beitt var með reglugerð sem var heimiluð með lögum frá þinginu hefur m.a. valdið því að þau skerðingarákvæði hafa bæði farið fyrir umboðsmann Alþingis og einnig fyrir Hæstarétt sem kvað upp dóm fyrr á árinu eins og hæstv. ráðherra nefndi áðan. Niðurstaða dómsins var á þá leið að breyting á reglum sjóðsins, sem gerð var á árinu 1994, er talin ólögmæt þar sem hún var gerð með reglugerð en ekki með lögum. Fyrir utan efnisatriði þessa frv. er náttúrlega nokkuð sérstakt að við séum raunverulega eins og fram kemur í 5. gr. að afnema reglugerð með lögum vegna þess að það er partur af því sem er verið að gera með þessu frv.

Ég held að það sé alveg ljóst að þó að stjórn lífeyrissjóðsins hafi séð sig knúna til þess að óska eftir því að þetta mál yrði lagt fram þá er langt í frá sátt um það og það liggur kannski í hlutarins eðli þegar verið er að skerða verulega réttindi. Birgir Björgvinsson, stjórnarmaður í Sjómannafélagi Reykjavíkur, hefur t.d. látið til sín heyra út af þessari skerðingu og mótmælt henni mjög. Ég vitna til orða hans, með leyfi forseta:

„Menn eru alveg sjóðandi vitlausir yfir þessari skerðingu, búnir að borga í sjóðinn í mörg ár og það er alltaf verið að lemja á þeim.“ Þetta kemur fram frá Birgi Björgvinssyni, stjórnarmanni í Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Tilefni þess hæstaréttardóms sem vitnað er til í athugasemdum við þetta frv. var að fyrir nokkrum árum hafði reglum sjóðsins verið breytt á þann veg að þeir sem byrja að taka lífeyri við 60 ára aldur urðu fyrir 24% skerðingu fram til 64 ára aldurs og það er einmitt það, ef ég skil málið rétt, sem hæstaréttardómurinn var að hnekkja að væri ekki löglegt.

Ég veit líka um dæmi þess að sjómenn sem hafa orðið öryrkjar hafa orðið fyrir mjög mikilli skerðingu og þekki ég til eins dæmis þar sem viðkomandi varð öryrki fyrir 1994, fyrir fjórum árum, rétt áður en breytingin átti sér stað. Hann hefur búið við það á þessum tíma, 3–4 árum að örorkulífeyrir hans hefur skerst um hvorki meira né minna en um rúmlega 30% og í krónum talið er það um 2 millj. kr. á þessum tíma. Við erum því að tala um verulegar fjárhæðir hjá ungum manni sem þarna verður fyrir því að verða öryrki að búa við 2 millj. í skerðingu eða um 30% á ekki nema 3–4 árum. Ég er raunverulega að vekja athygli á að menn þurfi að skoða þetta mál mjög vandlega og fara kannski aðeins í forsögu þess af hverju staða sjóðsins er svona slæm. Að hluta til má kannski rekja það til þess að lífeyristökualdurinn var lækkaður úr 65 í 60 ára. En af hverju er það?

Ég hef farið ofan í álit umboðsmanns Alþingis sem fór síðar fyrir dómstólana. Ég vil fá að vitna í það, herra forseti, af því að mér finnst það vera innlegg í umræðuna en umboðsmaður Alþingis, sem fjallaði um þetta mál 1995, segir:

„Taldi umboðsmaður sýnt að þróun lagaákvæða um Lífeyrissjóð sjómanna að tilgangur löggjafans hefði verið að greiða fyrir því að sjómenn gætu látið fyrr af störfum en almennt tíðkast og að lagaþróun um lækkaðan ellilífeyrisaldur benti til þess að sjóðfélagar á aldrinum 60–65 ára ættu að vera jafnsettir öðrum sjóðfélögum. Þótt fjárhagsvandi lífeyrissjóðsins væri rakinn til hins lága ellilífeyrisaldurs taldi umboðsmaður að ekki yrði fram hjá því litið að með fyrri löggjöf um sjóðinn hefði verið stofnað til réttinda til handa sjómönnum til töku lífeyris á aldrinum 60–65 ára. Taldi umboðsmaður ótvírætt að lífeyrisréttindi sjómanna sem höfðu byrjað töku lífeyris á þessum lagagrundvelli og bundið traust við hann nytu verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar.“

Við erum sem sagt að tala um eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og það álit umboðsmanns Alþingis fyrir fimm árum að lífeyrisréttindi sjómanna sem þeir höfðu áunnið sér með þessum hætti og byrjað töku lífeyris fyrr á þessum lagagrundvelli, bundið traust við hann og það er sagt alveg hreint út, njóti verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta teldi ég mjög mikilvægt að efh.- og viðskn. skoðaði alveg sérstaklega, þ.e. þetta álit umboðsmanns um ákvæði stjórnarskrárinnar. Raunverulega dreg ég þá ályktun að ekki megi fara í þessar skerðingar á lífeyrisréttindum sjómanna. Ég spyr af því að eftir því sem ég best veit er hv. þm. 10. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson, sem er viðstaddur þessa umræðu, í stjórn sjóðsins og ég sé að hv. þm. nikkar hér og samþykkir það að hann er í stjórninni. Hefur þetta verið skoðað sem hlýtur raunverulega að hafa verið út frá áliti umboðsmanns Alþingis? Er verið að ganga gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar að því er varðar lögvarinn eignarrétt á lífeyrisréttindum? Síðan segir umboðsmaður áfram:

„Með tilliti til framangreindra sjónarmiða varð það niðurstaða umboðsmanns að með því að láta meginþunga ráðstafana til að bæta fjárhag sjóðsins koma niður á umræddum

hópi sjóðfélaga hefði í þeim mæli verið farið á svig við jafnræðisreglur og byggt á slíkum sjónarmiðum að fjmrn. hefði ekki verið stætt á því að staðfesta reglugerðina."

Eftir því sem ég veit best er það sú reglugerð sem á að vera í gildi núna alveg fram til 30. júní 1999 eins og hæstv. fjmrh. var að upplýsa áðan. Við erum því með þá reglugerð sem hefur verið dæmd ólögleg sem á þá að vera í gildi áfram til 30. júní 1999. Síðan kemur:

„Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til fjmrn. að gangast fyrir nauðsynlegum breytingum á reglugerðinni í samræmi við sjónarmið þau sem fram komu í álitinu."

Vera má að búið sé að breyta þessari reglugerð og ég hygg að það hljóti nú að vera, sérstaklega eftir að dómur féll í þessu máli fyrr á þessu ári.

Áliti umboðsmanns, sem ég las í gegn, fylgdu ákveðin fylgiskjöl sem vöktu athygli mína og ég fór í gegnum. Þá kemur í ljós að þetta ákvæði að lækka aldurinn til lífeyristöku úr 65 í 60 ár var kjarasamningsatriði á sínum tíma. Í þeim fylgiskjölum sem fylgdu með frá umboðsmanni og birtust í skýrslu umboðsmanns Alþingis sem lögð var fyrir þingið 1995 segir, með leyfi forseta:

„Í athugasemdum með frv. því sem varð að lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, er vikið að þessu nýmæli um lækkun ellilífeyrisaldurs. Þar segir m.a.: Sérákvæði þetta er því ætlað þeim sem lengi stunda sjómennsku og koma sér ekki fyrir í starfi í landi alllöngu áður en eftirlaunaaldri er náð. Einnig kemur þar fram að skerðingarhlutfall vegna flýtingar lífeyristöku, þ.e. 0,3% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sé miðað við að einungis hluti sjómanna nýti sér heimildina. Lækkunin þurfi að vera 0,4% fyrir hvern mánuð ef heimildin ætti að vera fortakslaus. Með 4. gr. laga nr. 48/1981 er breytt 12. gr. laganna frá 1974 og var síðan sú þýðingarmikla breyting gerð að skerðingarákvæði vegna töku ellilífeyris á aldrinum 60–65 ára voru felld niður." Sem sagt, skerðingarákvæðin eru felld niður 1981 vegna þeirra ákvæða að taka lífeyri frá 60 ára aldri. Þar segir, sem vakti verulega athygli mína: „Fram kemur í athugasemdum með frv. því sem varð að lögum 1981 að frv. var borið fram vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga sjómanna í febrúar 1981. Að því er varðar breytingar á heimildarákvæðum um töku ellilífeyris við 60 ára aldur er því lýst yfir í athugasemdum og framsöguræðu fjmrh. er hann mælti fyrir frv. að breytingarnar séu í samræmi við breytingar á almannatryggingalögum og með þeim opni sjómönnum rétt til töku lífeyris við 60 ára aldur eftir 25 ára starf á sjó og 180 lögskráða daga að meðaltali í 25 ár."

Það sem m.a. hefur leitt til slæmrar stöðu sjóðsins, þ.e. að hætt var þeirri skerðingu þegar menn tóku lífeyrinn sinn við 60 ára aldurinn, var vegna ákvæða í kjarasamningum við sjómenn 1981. Það hefur smám saman leitt til verri stöðu á þessum sjóði sem við erum að fjalla um núna. Þá velti ég fyrir mér, hvaða skyldur hefur ríkissjóður sjálfur gagnvart stöðu sjóðsins vegna þess að við erum með yfirlýsingu fjmrh. á sínum tíma að þessari skerðingu sé hætt vegna þess að þetta var liður í lausn á kjaradeilu á sínum tíma? Eiga sjómenn nú, sem þurfa þá að búa við þessa skerðingu vegna stöðu sjóðsins, þá eru þeir raunverulega að kaupa tvisvar, eða ég get ekki lesið það öðruvísi, kaupa þetta tvisvar sem þeir fengu sem ígildi einhverra ákvæða í kjarasamningi. Á þessu taldi ég alveg nauðsynlegt að vekja athygli og spyr t.d. hv. þm. Guðmund Hallvarðsson og stjórnarformann, hvort menn hafi ekki skoðað einhverjar aðrar leiðir en fara þá skerðingarleið sem hér er talað um vegna þess að hún er töluvert mikil, um 13%, ekki síst vegna þess að þetta ákvæði er tilkomið sem lausn í kjaradeilum fyrir þó nokkuð mörgum árum.

Ég vildi vekja athygli á þessu, bæði þetta varðandi kjarasamningana, varðandi álit umboðsmanns sem má lesa út úr því að þetta geti stangast á við 67. gr. stjórnarskrárinnar að skerða lífeyrisréttindi eins og hér hefur verið gert áður þannig að efh.- og viðskn. skoði þetta sérstaklega og líka til að draga fram að málið er ekkert einfalt, bæði það að við erum að tala um mikinn halla á sjóðnum og við erum að tala um gífurlegar skerðingar sem sjómenn hafa orðið fyrir á umliðnum árum vegna þessa reglugerðarákvæðis og sem á nú að staðfesta áfram og gefa lagastoð í því frv. sem við fjöllum um. Þess vegna hefði ég talið að efh.- og viðskn. ætti að skoða það í samráði við Lífeyrissjóð sjómanna og fjmrn. og fjmrh. hvort ekki væri að skaðlausu hægt að fresta þessu frv. þangað til eftir jólahlé þingmanna. Þá gæfist tími til vandlegrar íhugunar á málinu og að skoða allar hliðar þess og fara ofan líka ofan í forsögu málsins þannig að menn hafi rétta mynd af málinu og af hverju sjóðurinn stendur frammi fyrir svo miklum halla eins og við erum að fjalla um núna við 1. umr. málsins.

[20:04]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Varðandi Lífeyrissjóð sjómanna er vert að benda á að eins og hér hefur komið fram voru lögin og reglurnar miðaðar við 60 ára aldur en verið er að breyta þeim í 65 ár. Og það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að fyrir 18 árum var aldursákvæðið lækkað með félagsmálapakka inn í kjarasamninga og það vantar því upp á að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Hins vegar er spurning mín til fjmrh. sú hvort það sé tryggingafræðilega útreiknað að sjóðurinn muni geta staðið við skuldbindingar sínar með þeim breytingum sem verið er að gera á 9. gr. og 10. gr. Þar er verið að hækka örorkuprósentuna og lífeyrisprósentuna frá því sem áður var. Ég get ekki séð að það muni bjarga fortíðinni, 8 milljarða hallanum, og ef miðað er við það líka að sjómönnum fjölgar ekki og þessi sjóður borgar einhverjar þær alhæstu örorkubætur sem til eru. Ungir sjómenn sem verða fyrir örorku fá örorkubætur það sem eftir er ævinnar og miðað við háar tekjur eru þetta háar upphæðir. Það er því ákaflega mikil sérstaða í þessum hóp.

En þetta snertir fleiri sjóði. Sumir sjóðir í landinu hafa orðið að taka á þessum málum vegna þess að sjómenn eru líka í þeim sjóðum. Nokkrir sjóðir á Austurlandi og á Vestfjörðum hafa orðið að breyta reglum sínum og breytt í deildir jafnvel fyrir sjómenn eftir atvikum eða axlað ábyrgðina sameiginlega. Þetta er því mjög flókið mál. Þetta á sér langa forsögu, marga fundi og miklar bollaleggingar í gegnum tíðina en þetta er sú stétt sem stendur undir lífibrauði okkar og þeir eiga svo sannarlega skilið að vel sé hugað að þeirra málum. Mér finnst persónulega, og ég held ég tali fyrir munn margra, að ríkissjóður beri þess vegna töluvert mikla ábyrgð á því sem gerðist fyrir 18 árum, að ekki sé hægt eins og segir í umsögn um frv. að segja að þetta hafi engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs og afnema þar með öll tengsl vegna þess að hér er um ákveðinn vanda að ræða sem ég sé ekki annað en sé fullkomlega óleystur.

Ég fagna hins vegar þeim greinum og því efni sem verið er að aðlaga lögunum, öllum þeim þáttum, og tel það vera

allt til hins betra, en hér þurfum við að huga vel að okkar mönnum. 87% af tekjum þjóðarbúsins koma í gegnum sjómenn og þeir eiga svo sannarlega skilið að þeirra sjóður sé í réttu horfi.

[20:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð við þessa umræðu um þetta mál. Ég á þess kost að skoða það í hv. nefnd og með tilliti til aðstæðna og tíma sem okkur er skapaður við þessa umræðu þá fer ég hratt yfir sögu. Hér hafa staðið nokkuð stríðir fundir, eins og ég veit að forseti veit manna best, fram á nætur undanfarna sólarhringa og er nú mál að linni og reyna að ljúka fundi.

Ég held að menn verði að hafa það í huga þegar þessi mál eru rædd að staða Lífeyrissjóðs sjómanna er auðvitað mjög sérstök og það er engin furða þó að um hann gildi sérlög. Ég held reyndar að hugmyndir um að fella þau úr gildi og fella Lífeyrissjóð sjómanna undir almennu löggjöfina séu ekki tímabærar, fyrst og fremst vegna þess að um Lífeyrissjóð sjómanna gilda að mörgu leyti svo sérstakar aðstæður.

Það er líka ljóst að opinberir aðilar bera mjög mikla ábyrgð á stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna. Það helgast af því að snemma voru sett um hann sérlög og stjórnvöld hafa beitt sér fyrir eða átt aðild að aðgerðum sem hafa umtalsverð áhrif á afkomu sjóðsins. Um þetta er í raun ekki deilt. Aðkoma ríkisins er enn fremur viðurkennd í fordæmum frá liðnum árum þar sem Lífeyrissjóði sjómanna hafa verið lagðir til fjármunir, t.d. við uppskipti á sjóðum eða eignarhald á fyrirtækjum sem eiga sér opinberan bakgrunn.

Stjórnvöld bera þar af leiðandi, herra forseti, umtalsverða ábyrgð á stöðu þessa sjóðs, einkum og sér í lagi með því að auka þar réttindin eins og hér hefur verið farið yfir og færa lífeyristökualdurinn eða möguleika á lífeyristöku niður í 60 ár sem ég vil reyndar meina að full þörf sé á og mjög slæmt ef menn hörfa undan með það. Í mínum huga eru lífeyrisréttindi sjómanna og staða Lífeyrissjóðs sjómanna í raun nátengd til að mynda hlut eins og sjómannafrádrættinum sem varða almenna umgjörð og rammann um kjör þessarar stéttar sem mjög mikil sérstaða er um að mörgu leyti.

Ég hlýt líka, herra forseti, að harma það mjög ef til þess verður að koma að skerða réttindi með þeim hætti sem hér á að gera. Sérstaklega verð ég að segja að mér finnst dapurlegt að sjá hér lagða til 13,4% skerðingu á örorkubótum til sjómanna. Sjómannastéttin er sú stétt sem býr við tíðust slys allra vinnandi stétta í landinu og oft fylgir þeim slysum umtalsverð örorka. Það eru iðulega menn á besta aldri sem þannig missa starfsorku sína og eru í einni svipan rændir því, jafnvel fyrir lífstíð, að geta sinnt starfi sínu og aflað sér og fjölskyldu sinni tekna. Það hlýtur því að þurfa mikla nauð til að fara út í það að skerða jafnvel örorkulífeyrinn eins og hér er lagt til. Það kann vel að vera að þess verði ekki kostur að raska því innbyrðis samræmi sem þarna er milli ellilífeyris, makalífeyris og örorkulífeyris. En ég verð þó að segja að mér hefði fundist í þessu tilviki að skoða bæri örorkulífeyrinn alveg sérstaklega.

Ég er heldur ekki viss um það, herra forseti, að stjórnvöld séu að öllu leyti með allt sitt á þurru gagnvart því að skilja sjóðinn eftir í þeirri stöðu sem raun ber vitni og það kann vel að fara svo að á það verði látið reyna hver ábyrgð stjórnvalda á afkomu hans er. Ég er ekkert viss um að ríkið hafi þar jafnhreint borð eða sé jafnöruggt með sinn hlut í þeim efnum eins og ætla mætti, m.a. af umsögn frá fjmrn. um frv.

Ég áskil mér allan rétt til þess, herra forseti, að taka það upp bæði í þinginu á síðari stigum og eins í hv. þingnefnd að farið verði yfir það á nýjan leik í ljósi allra fyrirliggjandi gagna hver ábyrgð ríkisvaldsins er á fjárhagsstöðu Lífeyrissjóðs sjómanna og tekinn í það sá tími sem til þarf að skoða það nokkuð rækilega. Ég held að það sé skylt, og jafnvel burt séð frá því hver yrði niðurstaðan um hina lögformlegu ábyrgð í þessu sambandi þá kynnum við að hafa einhverjar pólitískar meiningar um hvað væri rétt og sanngjarnt að gera í þessu tilviki. Ég teldi það ekki eftir þó að beitt yrði einhverjum sértækum ráðstöfunum til að styrkja fjárhagsstöðu Lífeyrissjóðs sjómanna, ég teldi það ekki eftir og skal forsvara þær sértæku aðgerðir hvar sem er og hvenær sem er.

Ég hefði gjarnan viljað að menn leituðu leiða, ef ekki að styrkja Lífeyrissjóð sjómanna með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði, þá að skoða möguleikana á að koma Lífeyrissjóði sjómanna upp tekjustofni þótt tímabundinn væri, sem kæmi inn í það að styrkja fjárhagsstöðuna þannig að ekki þyrfti að grípa til þessarar umtalsverðu skerðingar á réttindum sem nú á að fara að gera.

Ég kann ekki nákvæmlega að rekja eftir minni svo öruggt sé þau fordæmi sem fyrir liggja og hafa auðvitað verið ákveðin rök fyrir á sínum tíma þegar Lífeyrissjóður sjómanna fékk fjármuni í uppskiptum á ýmsu góssi á liðinni tíð. En ég held ég fari rétt með t.d. þegar Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins var gerður upp, þá hafi Lífeyrissjóður sjómanna fengið út úr honum, og fyrir því voru þau rök að kannski hefðu komið inngreiðslur inn í sjóðinn sem tengdust hlut sjómanna í gegnum skiptakjörin. Nýlegt dæmi er þegar sjútvn. Alþingis tók sig til og breytti stjfrv. um síldarútvegsnefnd þannig að lífeyrissjóðum sjómanna og þeim lífeyrissjóðum sem sjómenn hafa greitt í var afhentur tiltekinn eignarhlutur í því fyrirtæki með þeim rökum að færa mætti annars vegar rök fyrir því að það hefði áhrif á skiptakjörin gegnum tíðina að lagt var inn í þetta félag og þar hafði myndast eign, en hins vegar með þeim rökum að gott væri að grípa tækifærið og styrkja sjóðinn og það væri fullkomlega réttlætanlegt að gera það þegar skipt væri upp opinberum verðmætum eða verðmætum sem myndast hefðu í skjóli hins opinbera, eins og síldarútvegsnefnd var auðvitað. Ég vísa til þessara fordæma.

Ég nefni sem möguleika að farið yrði yfir það hvort Lífeyrissjóður sjómanna geti fengið þó síðar verði hlutdeild í tekjustofni af því tagi t.d. sem þróunarsjóðsgjöldin eru, sem eru tímabundin samkvæmt núverandi löggjöf, þannig að á komandi árum megi reikna með því að hagur sjóðsins vænkist eitthvað vegna þess að hann fái hlutdeild í tekjum af því tagi sem eiga rót sína að rekja til sjávarútvegsins. Mér finnst skylt að fara yfir málið með þeim hætti og æskilegast væri að reyna að ná um það samkomulagi, annars vegar í þinginu og milli stjórnvalda og hins vegar við sjómenn og sjávarútveginn að sjálfsögðu. Það er einnig málefni sjávarútvegsins alls að um þessi mál geti verið sæmilegur friður því ef það er ekki og ef sjómenn eru bersýnilega ósáttir við sinn hlut í þessum efnum, einnig hvað varðar lífeyrisréttindi, þá hlýtur það auðvitað að leita inn í samskipti þeirra og kröfugerð gagnvart vinnuveitendum sínum og jafnvel ríkisvaldinu. Sjómenn hafa sýnt það á undangengnum árum og eru ekkert ólíklegir til að sýna það aftur að þeir eru alveg menn til að berjast fyrir hagsmunum sínum ef út í það er farið. Ég held því að það sé hyggilegt, herra forseti, að fara

rækilega yfir þetta mál með því hugarfari að reyna að leita að samstöðu um hvort hægt er að ná fram breytingum sem a.m.k. duga til að milda þá skerðingu sem þarna er fyrirhuguð og gera menn betur sátta við sinn hlut, þá sem við eiga að búa.

[20:16]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst koma aðeins að því sem hv. síðasti ræðumaður, Steingrímur J. Sigfússon, talaði um. Hann talaði um að hann vildi hafa pólitískar meiningar í þessu máli og ég skil það vel. Ég vildi að svo hefði verið þegar lög voru sett í framhaldi af kjaradeilu sjómanna og ríkisvaldið lofaði þeim að hluti af félagsmálapökkunum sem þá deilt út til verkalýðshreyfingarinnar kæmi einnig til sjómannastéttarinnar, m.a. í þessu formi. Þá vantaði hins vegar pólitískar meiningar. Þá vantaði pólitískar meiningar fyrir því að orð skyldu standa. Við höfum farið yfir það hér.

Það er umhugsunarvert hvernig hægt er að grípa til sértekna fyrir sjóðinn og væri vel þegið ef hægt væri að finna einhvern flöt á því. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að greitt hefði verið í sjóðinn áður. Það er rétt. Þegar gengið var sífellt á ferð var í nokkur skipti greitt í hann úr gengismunasjóði, þá voru nokkrir tugir milljóna settir inn í sjóðinn, en það var um það leyti sem heldur var að hægja á verðbólgunni. Þá stóð Lífeyrissjóður sjómanna eins og aðrir sjóðir frammi fyrir þeim vanda sem hið minnkandi vægi krónunnar skapaði. Væri ein króna lánuð komu til baka 20 aurar á móti.

Auðvitað er sárt og tekur mjög á að skerða örorkubætur til sjómanna. Það er sárt eins og með lífeyrinn til aldraðra sjómanna sem komnir eru í land, sumir hverjir búnir á sál og líkama fyrir aldur fram. Þeir geta ekki stundað þessi störf, eru komnir í land en þá standa þessir heiðursmenn frammi fyrir því að greiðslur til þeirra séu skertar.

Í framhaldi af þessu er rétt að geta þess að örorkulífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði sjómanna eru 44% heildargreiðslna, ellilífeyrir 38%, makalífeyrir 13% og barnalífeyrir 5%. Menn sjá hvers konar vandi blasir við Lífeyrissjóði sjómanna, að greiða fyrir svo mikla örorku sem raun ber vitni. Að vísu er örorkuþáttur annarra lífeyrissjóða líka að aukast, einkum verkafólks. Hér er náttúrlega stór vandi á ferðinni.

Herra forseti. Grundvöllur Lífeyrissjóðs sjómanna var lagður með lögum nr. 49/1958, um Lífeyrissjóð togarasjómanna. Á lögum þessum voru ýmsar breytingar gerðar í gegnum tíðina, svo sem með lögum nr. 78/1962, þegar heiti sjóðsins var breytt í Lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Núverandi heiti hlaut sjóðurinn með lögum nr. 78/1970, sem breytt var með lögum nr. 49/1974, lögum nr. 48/1981, lögum nr. 78/1985 og lögum nr. 44/1992 sem felld voru úr gildi með lögum nr. 94/1994. Hin síðasttöldu gilda nú um sjóðinn ásamt reglugerð staðfestri af fjmrh. frá 1. september 1994.

Með setningu laga nr. 49/1958, um Lífeyrissjóð togarasjómanna, var komið á lögbundnum lífeyrissjóði fyrir togarasjómenn sem þó lutu að öðru leyti kjarasamningum aðila hins frjálsa vinnumarkaðar. Á þessum tíma voru fyrir í landinu lögboðnir lífeyrissjóðir ríkisstarfsmanna en starfsmenn á almennum vinnumarkaði sömdu í kjarasamningum við atvinnurekendur um stofnun lífeyrissjóða. Með lagasetningunni vildu stjórnvöld hvetja menn til að gera sjómennsku að ævistarfi en á þessum tíma gekk treglega að manna íslenska togaraflotann íslenskum sjómönnum. Ríkisvaldið tókst þó ekki á hendur almenna ábyrgð á rekstri sjóðsins heldur var hann byggður upp með iðgjöldum sjóðfélaga og mótframlagi vinnuveitenda.

Lög nr. 49/1958, um Lífeyrissjóð togarasjómanna, og síðar heildarlög, nr. 49/1974, voru í öllum aðalatriðum sambærileg við lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í lögum þessum var m.a. kveðið á um skipulag sjóðsins, sbr. 1. gr.; um iðgjöld sjóðfélaga og mótframlag vinnuveitenda, samanber 9. gr.; og réttindi sjóðfélaga til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris samanber, 10.–15. gr. Lögin lögðu jafnframt þá skyldu á stjórn sjóðsins að láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og gera tillögur til úrbóta varðandi fjárhag hans, væri hann ótraustur.

Í gegnum tíðina hafa réttindi sjóðfélaga á ýmsan hátt verið rýmkuð þegar mat sjóðstjórnar og tryggingafræðinga hefur verið að slíkt væri unnt. Í því sambandi má benda á lög nr. 49/1974 sem gerðu sjóðfélögum kleift að hefja töku lífeyris frá 60 ára aldri að vissum skilyrðum fullnægðum. Almenni ellilífeyrisaldurinn, við fullan 65 ára aldur, var hins vegar óbreyttur. Hæfi sjóðfélagi töku lífeyris á árabilinu 60–65 ára varð hann að sæta 0,3% skerðingu á ellilífeyri fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantaði upp á 65 ára aldur.

Þrátt fyrir að ríkisvaldið hafi ekki tekist á hendur neina almenna ábyrgð á skuldbindingum Lífeyrissjóðs sjómanna gagnvart sjóðfélögum hefur hefur ríkisvaldið hins vegar haft afskipti af réttindamálum sjóðfélaga þegar það hefur þurft að ná efnahagslegum markmiðum sínum t.d. við lausn sjómannadeilna. Gleggsta dæmið er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna, sem lagt var fram á Alþingi á 103. löggjöfarþingi 1980–1981.

Í almennum athugasemdum með frv. segir að það sé borið fram vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga sjómanna í febrúar þar á undan. Frv. varð að lögum, nr. 48/1981, og fól í sér að sjóðfélagar sem fullnægðu vissum skilyrðum gátu hafið töku óskerts ellilífeyris frá 60 ára aldri. Ríkisvaldið bar þessa aukningu á réttindum lífeyrissjóðsfélaga hvorki undir stjórn sjóðsins né lét ríkisvaldið kanna fjárhagslega þýðingu hennar fyrir sjóðinn. Ríkisvaldið lagði sjóðnum hvorki til fjármuni til að mæta þessum auknu skuldbindingum sjóðsins gagnvart sjóðfélögum né var sú kvöð lögð á að iðgjöld til sjóðsins hækkuðu.

Til að mæta sífellt auknum halla á Lífeyrissjóði sjómanna, að undangengnum úttektum í árslok 1986 og 1989, óskaði stjórn sjóðsins eftir því við Alþingi, 115. löggjafarþing, að gerðar yrðu nokkrar breytingar á lögum um sjóðinn í því skyni að sporna við sífellt auknum hallarekstri.

Við árslok 1989 vantaði 36 milljarða á að höfuðstóll sjóðsins, ásamt verðmæti væntanlegra iðgjalda, nægði til skuldbindinga sjóðsins ef reiknað var með 2% ársvöxtum. 20 milljarða vantaði ef miðað var við 3% ársvexti. Tryggingafræðingurinn taldi rétt að miða við 3% ársvexti en sagði jafnframt í áliti sínu: „... en tel á hinn bóginn óraunhæft að reikna með hærri vöxtum þegar litið er áratugi fram í tímann og er þá átt við ávöxtun umfram hækkun grundvallarlauna."

Orsakir þessa halla sagði tryggingafræðingurinn vera: „Eins og bent var á í greinargerðinni með uppgjörinu 1986 eru höfuðorsakir hallans tvær: Annars vegar rýrnun eigna á undanförnum árum og hins vegar misvægi milli bótaákvæða og fjárhagsgrundvallar. Það er þó ljóst að vægi fyrrnefnda þáttarins fer mjög minnkandi og bendir niðurstaða uppgjörs 1989 raunar til að hann hafi ekki lengur verulega hlutfallslega þýðingu fyrir stöðu sjóðsins."

Meðal þeirra réttinda sem lagt var til að skerða í frv. voru örorku- og barnalífeyrir, skv. 1. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 15. gr. laga nr. 49/1974. Frv. þetta varð að lögum, nr. 44/1992. Með setningu laganna var ætlunin að sporna við gífurlegum halla sem var á sjóðnum og jafnframt að samræma örorku- og barnalífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna við gildandi reglur starfsgreinalífeyrissjóða hér á landi. Þegar aðgerðirnar leiddu ásamt öðru til þess að fjárhagur sjóðsins fór batnandi var halli hans þannig 12,8 milljarðar samkvæmt úttekt Péturs H. Blöndals 31. desember 1992. Í úttekt Péturs sagði m.a.:

„Meginástæðan fyrir lakari stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna umfram aðra sjóði er að hann greiðir lífeyri frá 65 ára aldri og allt frá 60 ára aldri á meðan aðrir lífeyrissjóðir greiða almennt lífeyri frá 70 ára aldri. Þó að einungis lítill fjöldi sjóðfélaga eða 12% geti tekið lífeyri frá 60 ára aldri eru þeir flestir virkir og eignast um 78% framreiknaðra réttinda."

Í ljósi reynslunnar af afskiptum ríkisvaldsins af innri málum Lífeyrissjóðs sjómanna, til að samræma reglur hans sem mest reglum annarra starfsgreinalífeyrissjóða og loks til að draga úr halla sjóðsins, beitti stjórn sjóðsins sér fyrir því að á 117. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu sagði m.a.:

„Um nokkurn tíma hefur stjórn sjóðsins verið þeirrar skoðunar að óeðlilegt væri að sérstök lög giltu um sjóðinn, eðlilegra væri að hann starfaði á grundvelli reglugerðar eins og flestir lífeyrissjóðir gera. Undir það sjónarmið hefur verið tekið, bæði á Alþingi og í fjármálaráðuneyti. Lögum sjóðsins var síðast breytt með lögum nr. 44/1992 og í framhaldi af þeirri lagasetningu óskaði stjórn sjóðsins eftir áliti lagadeildar Alþingis á því hvort rétt væri að fella niður lög um sjóðinn og taka upp reglugerð í staðinn. Byggðist sú ósk m.a. á athugasemdum sem fram komu á Alþingi við meðferð lagafrumvarpsins um sjóðinn. Í áliti lagadeildar þingsins kom m.a. fram að þrátt fyrir að Lífeyrissjóður sjómanna hafi um margt sérstöðu, t.d. varðandi tíð sjó- og vinnuslys og ellilífeyrisréttindi frá 60 ára aldri í sérstökum tilvikum, verði ekki séð að almenn rök standi til þess að halda í lögbindingu reglna um skipulag og starfsemi Lífeyrissjóðs sjómanna fremur en annarra starfsstétta né að ástæða sé til þess að Alþingi fjalli um breytingar á reglum þess sjóðs fremur en flestra annarra lífeyrissjóða."

Með frv. sem varð að lögum nr. 94/1994, um Lífeyrissjóð sjómanna, voru öll ákvæði um lífeyrisréttindi sjóðfélaga, skv. lögum nr. 49/1974, um Lífeyrissjóð sjómanna með síðari breytingum, felld úr gildi, sbr. 5. gr. þeirra og mælt fyrir um setningu reglugerðar fyrir sjóðinn. Í samræmi við framangreind markmið laga nr. 94/1994 var Lífeyrissjóði sjómanna sett reglugerð sem fjmrh. staðfesti 1. september 1994.

Með reglugerðinni, smíðaðri á grundvelli úttektar Péturs Blöndals, var heimild sjóðfélaga til töku ellilífeyris frá 60 ára aldri færð til þess horfs sem upphaflegt var skv. 12. gr. laga nr. 49/1974, nema hvað flýtiskerðing var ákveðin 0,4% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantaði á 65 ára aldur er taka lífeyris hófst.

Þess má geta að Guðjón Hansen tryggingafræðingur sem samdi frv. sem varð að lögum nr. 49/1974 taldi að flýtiskerðing gæti þurft að vera 0,4% en ekki 0,3% eins og gert var ráð fyrir í frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna sem lagt var fyrir 94. löggjafarþing 1973. Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði sjómanna sem höfðu þegar hafið töku ellilífeyris frá 60 ára aldri án nokkurrar flýtiskerðingar sættu sig ekki við þessa nýju reglu og höfðaði einn þeirra, Svavar Benediktsson, mál á hendur Lífeyrissjóði sjómanna og íslenska ríkinu þar sem krafist var viðurkenningar á rétti hans til óskerts lífeyris skv. ákvæðum laga nr. 49/1974. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá 28. maí 1998 í máli hans var réttur sjóðfélaga til óskerts lífeyris, skv. lögum nr. 49/1974, viðurkenndur með þessum rökum Hæstaréttar:

„Á það er fallist með héraðsdómi að þau réttindi sem stefndi hafði áunnið sér samkvæmt lögum nr. 49/1974 til lífeyris, hafði notið verndar þágildandi 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, nú 72. gr., sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 97/1995. Þau réttindi urðu ekki af honum tekin nema með skýlausri lagaheimild í samræmi við ofangreint stjórnarskrárákvæði. Verður ekki talið að slík heimild hafi falist í lögum nr. 94/1994, sem ekki höfðu að geyma efnisleg ákvæði um lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Var skerðing réttindanna með framangreindri reglugerð ólögmæt."

Frv. þetta er sem fyrr segir viðbrögð sjóðstjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna við hæstaréttardómnum. Það hefur að geyma ítarlegar efnisreglur um réttindi sjóðfélaga sambærilegar þeim sem nú er að finna í reglugerðinni. Þessar reglur fela í sér skerðingu lífeyrisréttinda sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna frá því sem var samkvæmt lögum nr. 49/1974. Er slíkt nauðsynlegt vegna fjárhagsstöðu sjóðsins.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem gerð var miðað við stöðu sjóðsins í árslok 1997 vantaði 8 milljarða á að sjóðurinn ætti fyrir heildarskuldbindingum. Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skulu samþykktir lífeyrissjóðs við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar. Munur á milli eigna og skuldbindinga má ekki vera meiri en 10% á einu ári og ekki meira en 5% samfellt í fimm ár. Hallinn á Lífeyrissjóði sjómanna nam í árslok 1997 13,3% af heildarskuldbindingum og hafði verið nánast hinn sami í árslok 1996 og 1995. Til þess að rétta af stöðu sjóðsins er lagt til í frumvarpi þessu að öll réttindi sjóðfélaga verði lækkuð um 13,4% enda er það mat stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna að brýna nauðsyn beri til þessarar skerðingar og að fyllsta jafnræðis sé gætt meðal sjóðfélaga. Þó er barnalífeyrir undanskilinn þar sem lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, setja reglur um lágmarksfjárhæðir barnalífeyris. Ef barnalífeyrir yrði lækkaður um 13,4% næðu fjárhæðir ekki þeim lágmörkum sem gert er ráð fyrir í þeim lögum.

Verði þetta frv. að lögum ætti það markmið að nást að Lífeyrissjóður sjómanna eigi fyrir skuldbindingum sínum í fyrsta sinn frá því að ríkisvaldið jók réttindi sjóðfélaga með lögum nr. 48/1981.

Herra forseti. Sagan er löng og má segja að hún sé um margt sérkennileg. Hún tengist kjarasamningum og úrræðum þáverandi ríkisstjórna og vegna deilna annars vegar milli sjómanna og útvegsmanna og ætla ég nú í örfáum orðum að vitna til fortíðarinnar.

Í desembermánuði 1978 héldu Samtök sjómanna, Farmanna- og fiskimannasambandið og Sjómannasamband Íslands, sameiginlega kjaramálaráðstefnu þar sem m.a. var fjallað um kröfugerð vegna væntanlegra kjarasamninga í ársbyrjun 1979, svo og um skipulag og starfshætti sameiginlegrar samninganefndar fyrrnefndra samtaka. Þá var einnig til umræðu samkomulag þáverandi ríkisstjórnar við fulltrúa

verkalýðssamtakanna annarra en sjómanna um að 1. des. 1978 féllu niður 3% hækkun launa vegna verðbótavísitölu þannig að í stað 14,13% hækkunar launa yrði hækkunin 11,13%. Í staðinn yrðu lögleidd félagsleg réttindi verkafólks, félagsmálapakki. Launahækkun þessi náði einnig til sjómanna. Þegar fyrrnefnd kjaramálaráðstefna sjómannasamtakanna var haldin 8. og 9. desember 1978 lá í loftinu að þáverandi ríkisstjórn mundi beita sér fyrir með lagasetningu eftirfarandi réttindum til handa launafólki í landi. Þar var lenging uppsagnarfrests, auknar greiðslur í veikinda- og slysatilfellum og ákvæði þess efnis að atvinnurekendur greiði minnst 1% af útborguðum launum verkafólks í sjúkrasjóð sem er ekki hjá sjómönnum enn í dag.

Sjálfsagt þótti á þessum tíma — það var álit ríkisvalds og annarra launþegahópa — að sjómenn kæmu inn í þennan félagsmálapakka og m.a. af framansögðu sem haft var í huga var á fyrrnefndri kjaramálaráðstefnu sett fram eftirfarandi atriði sem talið var að félli undir samsvarandi réttindi og í aðsigi voru fyrir verkalýðshreyfinguna í landi. Fyrrnefnd samþykkt sjómannasamtakanna hljóðaði m.a. á þessa leið:

„Kjaramálaráðstefna Sjómannasambandsins og Farmannasambandsins, haldin 8. og 9. des. 1978, mótmælir harðlega að ekki skuli hafa verið haft samráð við sjómannasamtökin varðandi þær félagslegu umbætur sem nú eru ráðgerðar fyrir launafólk. Vegna þeirra loforða sem fram hafa komið í greinargerð laga um efnahagsráðstafanir frá 30. nóv. sl. krefst kjaramálastjórn þess að m.a. eftirfarandi atriði í starfskjörum sjómanna verði tekin til leiðréttingar."

Í þeim kröfum sem upp voru taldar var m.a. getið þess að jafnframt verði tryggt að sjómönnum verði tryggð greiðsla úr lífeyri við 55 ára aldur. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín miklu lengri en aðeins að vitna til yfirlýsingar ríkisstjórnar Íslands við afgreiðslu kjarasamninga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í desember 1980 um lífeyrismál. Þar segir svo:

„Auk þess sem þegar hefur verið ákveðið í lífeyrismálum mun ríkisstjórnin í samráði við hagsmunaaðila beita sér fyrir því að þeir sem sjómennsku stunda verði tryggðir í einum lífeyrissjóði. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að viðunandi lausn geti fengist í iðgjaldagreiðslumálum sjómanna. Í því skyni verði sett á laggirnar nefnd aðila og ríkisvalds er skili áliti fyrir janúarlok. Ríkisstjórnin mun kanna hvort eðlilegt sé í tengslum við lækkun lífeyrisaldurs sjómanna í almannatryggingum að sama regla gildi hvað rétt sjómanna varðar í lífeyrissjóðum og hvaða kostnaðarauka slíkt mundi hafa í för með sér."

Undir þetta bréf rita hæstv. ráðherrar þeirra tíma, 6. des. 1980, Svavar Gestsson, Steingrímur Hermannsson og Friðjón Þórðarson.

Eins og ég hef aðeins komið inn á er ljóst að vandi Lífeyrissjóðs sjómanna og aðdragandi hans er nokkuð langur og verst er þó að hafa ekki gengið svo til verks af báðum aðilum, bæði sjómönnum og ríkisstjórn, að frá þessum málum hafi verið gengið svo við stæðum ekki í þessum sporum hér og nú.

[20:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eins og áður þegar við ræddum um Lífeyrissjóð bænda geri ég fyrirvara við eign og stjórn sjóðsins. Ég tel að sjómenn eigi þennan sjóð og engir aðrir og ég tel að sjómenn eigi að kjósa stjórn hans og engir aðrir. Þeir eigi að gera það beint. Það er mjög góð reynsla fyrir því hjá sjómönnum að kjósa beint bréfakosningu og þetta á ekki að vera neitt mál.

Ég er þannig gerður að ég treysti sjómönnum fullkomlega til þess að kjósa í þessa stjórn. Þetta eru fullveðja menn og ég treysti þeim sem einstaklingum algerlega til þess að kjósa sér stjórn. En mér heyrist greinilega að margir aðrir treysti þeim ekki til þess að kjósa sér stjórn.

Herra forseti. Þessi sjóður ber meiri örorkuáhættu en aðrir sjóðir og hann þyrfti hærra iðgjald. Spurning er hvort atvinnureksturinn, sem býður upp á þessa háu örorku, ætti ekki að taka þátt í því með því að greiða hærra iðgjald í þennan sjóð en greitt er í aðra.

Herra forseti. Árið 1980 var staða lífeyrissjóðanna almennt skelfileg. Þá hafði verið verðbólgutímabil, neikvæðir vextir og eignir sjóðanna brunnu upp. Þá stóð ég í því að reikna út sjóði og þá var niðurstaðan iðulega sú að það þyrfti að skerða lífeyri um 60–70, jafnvel 80% og þessar úttektir voru kirfilega lokaðar niðri í skúffum. Síðan var tekin upp verðtrygging, m.a. að frumkvæði Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Ég var þá framkvæmdastjóri þess sjóðs og ég sá það að hann tapaði jafnmiklu 1979 á neikvæðum vöxtum eins og allt iðgjald til sjóðsins var. Það hefði mátt sleppa öllu iðgjaldi sjóðsins, þ.e. 10% af launum allra verslunarmanna þess tíma ef eingöngu hefði náðst verðtrygging án vaxta. Slík var brennslan.

Nú hafa háir vextir síðan 1980 lagað stöðu sjóðanna almennt. Það gerðist að sjálfsögðu með miklum fórnum skuldara og því má ekki gleyma að það er önnur hliðin á medalíunni. Háu vextirnir sem löguðu stöðu sjóðanna eru á kostnað skuldara sem hafa liðið verulega miklar hörmungar vegna hárra og síhækkandi raunvaxta.

Sumir sjóðirnir eru þannig staddir í dag að þeir geta bætt réttindi sín og það eru aðallega sjóðir með ungu fólki eins og ég gat um fyrr á þessum fundi. Aðrir sjóðir eru búnir að skerða réttindi sín vegna þess að sjóðfélagar eru gamlir, eingöngu vegna þess. Það er svo merkilegt að það skiptir miklu meira máli um afkomu lífeyrissjóðs hver er aldursdreifing sjóðfélaganna en nokkurn tíma sú ávöxtun sem stjórnin nær á fé eða kostnaður við rekstur hans. Sumir sjóðir eiga eftir að skerða réttindi sín þegar fram í sækir.

Í morgun var ávöxtunarkrafa á löngum skuldabréfum 3,75 og hefur lækkað mjög hratt síðustu vikuna og allt þetta ár, yfir 1,15% á einu ári. Með sama áframhaldi verða vextirnir komnir í 3,5%, ekki í mars eins og ég spáði fyrir stuttu heldur fyrr. Þá þarf að fara að huga að stöðu lífeyrissjóðanna almennt og hún er mjög alvarleg þegar vextirnir fara niður fyrir 3,5%.

Menn hafa spurt hvort ríkið geti á einhvern hátt bætt stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna. Á móti stendur að búið er að skerða lífeyrisréttindi margra lífeyrissjóða. Á þá ríkið að bæta þeim líka upp? Ríkið skyldaði sjóðfélaga til að borga í þessa sjóði með lögum 1974 og 1980. Löggjafarsamkundan ákvað að allir skyldu borga í lífeyrissjóði og gerði engar ráðstafanir til þess að sjóðirnir gætu borgað lífeyri. Er það ekki á ábyrgð löggjafans að greiða þessar skerðingar hjá lífeyrissjóðum sem af einhverri tilviljun eru með aldraða sjóðfélaga? Vandi lífeyrissjóðakerfisins er einmitt sá að lífeyririnn er ekki háður kyni og aldri og fjölskyldustöðu þannig að við munum lenda í svona vanda.

Herra forseti. Aðalvandi Lífeyrissjóðs sjómanna er gæska stjórnmálamanna og óraunsæi samningsaðila. Til þess að leysa ákveðin vandamál voru menn svo miklir öðlingar að

þeir lækkuðu lífeyrisaldurinn um fimm ár, bara sisona. Þeir bara gleymdu að geta þess hver ætti að borga brúsann, það gleymdist. Menn voru svo óskaplega góðir, og nú er komið að skuldadögunum. Þetta eru sennilega aðrir eða þriðju skuldadagarnir. Ég ætla að vona að nú sé komin sú staða eftir þessa skerðingu að sjóðurinn muni standa en þá vantar fyrir auknum örorkulífeyri af því að hann kostar og fer vaxandi og það vantar ef vextirnir fara niður fyrir 3,5%, sem ég held að menn ættu að hafa miklu meiri áhyggjur af en þeir hafa.

Á sama tíma, herra forseti, erum við að horfa upp á sífellt stórauknar skuldbindingar ríkissjóðs vegna opinberu lífeyrissjóðanna. Og það er ekki verið að tala um einhverjar milljónir, nei, það er verið að tala um tugi milljarða á ári. Þetta horfa hv. þingmenn á og ég hef ekki heyrt menn hafa miklar áhyggjur af þessu.

Reyndar er þetta allt saman ógreitt. Menn hafa ekki miklar áhyggjur af því. Það mátti ekki einu sinni reikna út skuldbindingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þegar ég lagði það til. Hv. þingmenn felldu það með mjög fagurrauðri töflu. Á sama tíma og aðrir sjóðir þurfa að skerða réttindi sín má ekki einu sinni reikna út þessa skuldbindingu sem er um 140 milljarðar króna, þ.e. milljón á hvern einasta vinnandi Íslending, milljón krónur. Skuldbinding sem er eftir að greiða. Á sama tíma ætlum við að skerða Lífeyrissjóð sjómanna og marga aðra lífeyrissjóði sem er búið að skylda fólk til að borga í með lögum. Þetta er til athugunar. Þegar vextirnir lækka og ég er nær viss um að þeir gera það vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru með 85 milljarða í ráðstöfun og ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna pressar vextina niður. Það er svo mikið að þegar vextirnir lækka þarf að skerða lífeyri hjá öllum almennu lífeyrissjóðunum hjá 80% þjóðarinnar sem ekki eru opinberir starfsmenn. En á sama tíma verða réttindi opinberra starfsmanna sem eru negld niður í lögum pikkföst en iðgjaldið hækkar og rýkur upp. Iðgjaldið sem hverjir greiða? Hverjir greiða iðgjaldið, síhækkandi iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þegar vextirnir fara niður? Það eru að sjálfsögðu skattgreiðendur, það eru þessir 80% sem eru í hinum lífeyrissjóðunum sem er verið að skerða. Ég bíð bara eftir því hvernig menn ætla að leysa þann vanda.

[20:45]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. flutti áðan efnismikla ræðu og víða var komið við. Ég hef þá trú að með þessu máli sem nú snýr að Lífeyrissjóði sjómanna með þá ásýnd sem betur fer að örorkulífeyrisþegum fækkar, þá mun Lífeyrissjóður sjómanna standa við skuldbindingar sínar er fram líða stundir.

Hitt er annað mál, sem ég tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal, en það er varðandi þá ávöxtun sem allir tryggingafræðingar sem komið hafa nærri lífeyrissjóðunum hafa bent á, þ.e. 3,5%, og margir hafa talað um í gegnum árin. Meira að segja er ekki langt síðan að hljóð kom frá Seðlabankanum um að það væri óraunhæft hjá tryggingafræðingunum að reikna bara með 3,5% ávöxtun því að á Íslandi yrðu þeir aldrei svona lágir. Nokkuð hafa menn litið til þess með ótta sem ég held að sé eðlileg varúðarráðstöfun sem lífeyrissjóðirnir hafa gripið til, en það er að ávaxta fé sitt erlendis. Það er bara af hinu góða. Hvernig hins vegar fer hér á fjármálamarkaðnum getur enginn spáð um en auðvitað setur ugg að öllum sem vilja passa lífeyrissjóðina þannig að þeir eigi fyrir skuldbindingum sínum, ef svo fer sem horfir að vextirnir eigi eftir að fara jafnvel niður fyrir 3,5%.

[20:47]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um fundahaldið vill forseti setja þetta: Umræður hafa nú staðið um það bil tveimur klukkustundum lengur en ætlað var þegar dagurinn var skipulagður. Þá var ætlunin að ljúka umræðu um öll dagskrármálin. Það er ljóst að sex af dagskrármálunum verða ekki tekin fyrir á þessum fundi. Eftir er að ljúka umræðu um það mál sem nú er til umræðu og eitt mál enn, þ.e. 12. dagskrármálið.

Forseti fer þess nú í mikilli vinsemd á leit við þá hv. þingmenn sem eiga eftir að tala að þeir stytti mál sitt svo sem þeir helst geta.

[20:48]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér finnst rétt að benda á að á Alþingi hefur ítrekað verið veitt fé til að rétta af halla Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna og hér undanfarið hefur komið fram í ýmsum málsskjölum að víða vantar stórar fúlgur vegna vanreiknaðra lífeyrisskuldbindinga auk þess sem ríkið greiðir 11,5% í þann sjóð.

Við sem hér erum erum að borga í lífeyrissjóð sem ekki á fyrir því sem hann á að standa skil á, en ríkið borgar. En sjómennirnir okkar sem halda uppi samfélaginu eiga engan rétt á að fá ríkisframlag til að ná réttarstöðu sinni. Engir frekar en þeir að eiga þann rétt skilið, að mínu mati. 44% til örorkubóta er svo há greiðsla að hún kostar þennan sjóð geysilegar upphæðir. Ég tel því mjög eðlilegt að eitthvert mótframlag kæmi fram vegna þess. Það er enginn sjóður með svo hátt hlutfall. Það hæsta sem ég hef séð er 30%. Sjóðurinn er líka með mjög háan makalífeyri þannig að þessi staða er mjög sérstök. Vaxtaveislunni er lokið í bili.

Herra forseti. Mig langar einnig aðeins að benda á að stór hluti ríkisstarfsmanna sem vinnur á almennum vinnumarkaði flokkast sem B-ríkisstarfsmenn og fá aðeins 6% iðgjald á meðan aðrir ríkisstarfsmenn fá 11,5 úr ríkissjóði. Þar með eru þeir annars flokks starfsmenn í augum ríkissjóðs. Sjaldan er ein báran stök.

[20:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð í lokin um leið og ég þakka fyrir áhugaverða og að mörgu leyti fróðlega umræðu um þetta mál. Nokkrum spurningum var beint til mín í umræðunni. Hv. síðasti ræðumaður spurði mig í sinni fyrri ræðu hvort ákvæði 9. og 10. gr. frv. mundu nægja til þess að leysa þann vanda sem fyrir liggur upp á rúmlega 8 milljarða í skuldbindingum umfram getu eða eignir. Við höfum ekki annað við að styðjast í því efni en þá útreikninga sem sjóðurinn sjálfur leggur fram. Samkvæmt þeim á þetta að duga til þess að jafna þennan halla.

Að öðru leyti innti hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, og e.t.v. fleiri, mig eftir því hvort ríkissjóður bæri einhverjar skyldur umfram það sem lögákveðið er. Þar held ég að verði að tala alveg skýrt. Ríkissjóður ber enga fjárhagsábyrgð gagnvart Lífeyrissjóði sjómanna. Hins vegar hefur löggjafinn ítrekað, eins og á var bent, veitt sérstaka fjármuni inn í þennan sjóð, t.d. við niðurlagningu síldarútvegsnefndar og uppgjörið á Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, og svo var gengismunasjóður hér áður fyrr meðan sú aðferð tíðkaðist, en það þýðir ekki að ríkissjóður standi á bak við skuldbindingar þessa sjóðs á sama hátt og t.d. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þannig að það verður að liggja alveg fyrir.

Að öðru leyti held ég að öllum ræðumönnum í þessari umræðu sé ljóst að þessi sjóður á við mikinn vanda að stríða. Stjórn sjóðsins gerir það ekki að gamni sínu að leggja til réttindaskerðingu upp á 13,4%. En það gerir hún auðvitað af fyllstu ábyrgð vegna þess að henni ber skylda til þess að reyna að tryggja að sjóðurinn eigi fyrir skuldbindingum sínum. Stjórn sjóðsins er í nauðvörn í þessu máli. Þingið verður að vega það og meta hvort það verður við þessum óskum eða kemur með eitthvað annað í staðinn sem gerir sama gagn, til að mynda eitthvað í átt við það sem Farmanna- og fiskimannasambandið hefur lagt til. En þingið hefur ekki leyfi til þess að horfa aðgerðalaust á þetta gerast og má ekki sýna minni ábyrgð í þessu máli en stjórn sjóðsins hefur gert. Stjórn sjóðsins tekur skyldur sínar alvarlega. Þingið verður að gera það líka.

Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi umræðunnar að fyrir mitt leyti eru aðrar hugmyndir í þessu efni velkomnar og ekkert er sjálfsagðara en að skoða hvort hægt er að finna lausn á þessu máli sem breiðari sátt getur verið um en nú er, ef menn á annað borð ná utan um vandann og geta leyst málið. Það verður verkefni efh.- og viðskn. á næstunni að skoða það og ráðuneytið sem ég ber ábyrgð á mun að sjálfsögðu vera boðið og búið að koma að þeirri vinnu hvenær sem er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, 1. umr.

Stjfrv., 336. mál (réttur til styrkja). — Þskj. 423.

[20:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Frv. sem hér er flutt miðar að því að samræma reglur um úthlutun á styrkjum til að jafna fjárhagslegan aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum úthlutunarreglum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Fyrr á þessu þingi hafa tveir hv. þm., þau Svanfríður Jónasdóttir og Lúðvík Bergvinsson, flutt frv. sem lýtur að sama markmiði og er það nú til meðferðar í hv. menntmn. Er það von mín að góð samstaða takist um þetta mál og að það takist að afgreiða það samhliða því sem Alþingi samþykkir fjárlög fyrir árið 1999, en fjmrn. áætlar að kostnaður við að hrinda frv. í framkvæmd sé 24 millj. kr. og hefur meiri hluti hv. fjárln. tekið tillit til þess mats í tillögum sínum til Alþingis sem verða teknar fyrir við 2. umr. fjárlaga.

Styrkir til jöfnunar á námskostnaði grundvallast á lögum nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Samkvæmt lögunum eiga þeir rétt á styrk sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi og verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan. Samkvæmt gildandi lögum njóta þeir ekki styrks sem eiga rétt til lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu. Þetta frv. miðar að því að samræma úthlutunarreglur lánasjóðsins þessum lögum frá 1989.

Fyrir skömmu var dreift á Alþingi skýrslu minni um framfærslukostnað og lögheimilisflutninga íslenskra námsmanna. Í inngangi skýrslunnar fylgi ég henni úr hlaði með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Eitt af megineinkennum íslenska skólakerfisins er að hér hefur ríkt meira jafnrétti til náms en víða annars staðar, hvort sem litið er til kynferðis, efnahags, búsetu eða annarra þátta. Liður í þessari stefnu er úthlutun dreifbýlisstyrkja til nemenda af landsbyggðinni sem sækja nám fjarri heimabyggð. Á árabilinu 1988–97 var varið um 900 millj. kr. í þessum tilgangi en fjárveitingin hefur hækkað jafnt og þétt frá 1990. Í fjárlagafrumvarpi ársins 1999 er gert ráð fyrir að rúmlega 163 millj. kr. verði varið til jöfnunar á námskostnaði.

Ýmsar tækninýjungar hafa enn aukið jafnrétti til náms hér á landi. Má þar fyrst og fremst nefna upplýsingatæknina en með henni hefur fjarnám eflst mjög verulega. Tæknin bætir ekki síst hag nemenda sem búa fjarri þéttbýli og þeirra geta ekki sótt hefðbundna skóla, til dæmis vegna fötlunar.

Skýrsla þessi er unnin af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í samræmi við ályktun sem Alþingi samþykkti í febrúar 1995. Með henni var menntamálaráðherra falið að láta gera úttekt á kjörum og stöðu námsmanna er stunda nám fjarri heimabyggð. Niðurstöður skýrslunnar sýna m.a. að viðbótarkostnaður við að hafa nemanda á framhaldsskólastigi eða háskólastigi í skóla fjarri heimabyggð er á bilinu 130–375 þús. kr. að teknu tilliti til dreifbýlisstyrks. Einnig kemur fram að lítill munur er á upphæðum lána eða tíðni lántöku hjá lánþegum LÍN eftir búsetu. Sú niðurstaða bendir til þess að ekki sé teljandi munur á lánsfjárþörf nemenda í sérskólum og háskólum eftir búsetu."

Þetta eru inngangsorð þessarar skýrslu, herra forseti.

Ég vil geta þess að fjárveitingar til jöfnunar á námskostnaði og til skipulags skólaaksturs á framhaldsskólastigi eru nú í fjárlögum 1998 191 millj. kr. og samkvæmt frv. til fjárlaga 1999 er gert ráð fyrir 194,8 millj. kr. til þessa málaflokks, en til samanburðar voru fjárveitingar árið 1996 alls 111,5 millj. kr. Verði þetta frv. að lögum, herra forseti, sem hér er kynnt, þá mun þessi fjárhæð hækka um 24–25 millj. kr.

Komið hefur fram í umræðum um byggðamál að fátt sé mikilvægara en að stuðla að því að sem flestir geti stundað skólanám í sinni heimabyggð hvort heldur grunnskólanám, framhaldsskólanám eða háskólanám og það er einnig ljóst af tillögum hv. meiri hluta fjárln. að hann leggur mikla áherslu á það í sinni tillögugerð að stuðlað verði að aukinni símenntun og endurmenntun um landsbyggðina alla og komið þannig til móts við þau sjónarmið sem fram hafa komið í umræðum um byggðamálin að efla beri menntun og leiðir fólks til að afla sér menntunar um landið allt.

Í núgildandi lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði sem sett voru árið 1989 er kveðið á um að þeir sem eiga rétt á láni úr Lánasjóði íslenskra námsmanna skuli ekki njóta styrks. Á undanförnum árum hefur þróunin orðið sú að úthlutunarreglur lánasjóðsins hafa verið rýmkaðar á ýmsan hátt, m.a. hafa aldursmörk tengd sérnámi til starfsréttinda verið afnumin úr úthlutunarreglum sjóðsins, þannig að fleiri nemendur í framhaldsskólum eiga rétt til lána en áður var. Sá hópur sem ekki nýtur styrks samkvæmt lögum um jöfnun á námskostnaði hefur því stækkað á grundvelli framangreinds lagaákvæðis.

Óeðlilegt þykir að réttur til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna girði fyrir að nemendur á framhaldsskólastigi geti átt kost á þeim námsstyrkjum sem veittir eru til þess að jafna kostnað við nám sem óhjákvæmilegt er að stunda fjarri lögheimili og fjölskyldu. Tilgangur frumvarps þessa er að bæta stöðu nemenda í framhaldsskólum að þessu leyti.

Í ljós hefur komið að allmargir nemendur kjósa að nota ekki lánsréttinn hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og ekki þykir rétt að synja þeim um styrk af þeirri ástæðu. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að nemendur geti valið milli námsaðstoðar lánasjóðsins og styrks til jöfnunar á námskostnaði.

Frumvarpið felur með öðrum orðum í sér að framhaldsskólanemendur sem stunda sérnám til starfsréttinda fjarri lögheimili og fjölskyldu geti valið milli styrks til jöfnunar á námskostnaði og námsaðstoðar Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að veita árlega jöfnunarstyrk til um 360 nemenda í starfsréttindanámi til viðbótar við þá sem til þessa hafa fengið styrk eða nýtt rétt sinn til að taka lán hjá lánasjóðnum. Miðað við óbreytta meðalfjárhæð er áætlað að styrkur til þessa nýja hóps nemi samtals um 24 millj. kr.

Þetta frv. snýst um að stækka hópinn sem getur nýtt sér dreifbýlisstyrk til náms í framhaldsskóla. Ákvörðun um að minnka viðbótarkostnaðinn við að hafa nemanda á framhaldsskólastigi verður hins vegar ekki tekin til afgreiðslu með þessu lagafrv. heldur við afgreiðslu fjárlagafrv.

Ég legg frv. fram og óska eftir að því verði vísað 2. umr. og til meðferðar í hv. menntmn. eftir að þessari umræðu lýkur.

[21:00]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég get fullvissað hæstv. menntmrh. um að ekki verða miklir erfiðleikar með fljóta afgreiðslu á því máli sem hann mælir fyrir. Þetta mál er eins og hann benti á ákveðið réttindamál fyrir stóran hóp framhaldsskólanema, um 360 nemendur eins og staðan er núna sem gætu notið góðs af.

Það sem rekur mig hins vegar í ræðustólinn, herra forseti, er eiginlega svolítil undrun. Í umræðunni undanfarið hefur annað veifið verið rætt um þingmenn með slaka meðalgreind og ég reikna með að ég sé einn af þeim því að ég skil ekki alveg framgang mála í þinginu.

Eins og hæstv. ráðherra gat um áðan liggur frv. sama efnis fyrir menntmn., þ.e. 25. mál þingsins. Forsaga þess máls er sú að sú sem hér stendur flutti mál sama efnis á síðasta þingi, þ.e. að réttur til námsstyrks, dreifbýlisstyrks, félli þá einungis niður ef viðkomandi nýtti sér rétt sinn til töku námsláns í stað þess að gildandi lög gera ráð fyrir því að rétturinn einn útiloki nemendur frá dreifbýlisstyrknum. Það mál sem var 645. mál 122. þings var sent út til umsagnar og þær umsagnir sem bárust voru þess eðlis að ég endurflutti málið strax í haust ásamt hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni. Þegar það mál kom til menntmn., vegna þess að fyrir því hefur verið mælt fyrir nokkru, var ákveðið að senda málið ekki aftur út til umsagnar heldur að kalla þá til viðtals við nefndina sem áhugi var að heyra í þegar komið yrði að vinnslu þess. En ekki þarf að orðlengja það frekar, herra forseti. Þessu máli hefur ekki verið hreyft í nefndinni.

Í sjálfu sér er þetta ekki nýtt í hv. menntmn. því að við stjórnarandstæðingar erum tiltölulega vön því að mál okkar liggi þar óunnin en ég varð samt satt að segja svolítið undrandi þegar því máli sem hæstv. ráðherra mælti fyrir var dreift á þinginu fyrir nokkrum dögum. Kannski undrandi vegna þess að það háttar þannig til að formaður hv. menntmn. er jafnframt þingflokksformaður Sjálfstfl. Ég ímynda mér að þegar málið var afgreitt frá þingflokknum hafi hún upplýst að mál þessa efnis lægi þegar fyrir nefndinni. Það er reyndar svo að orðalagið er ekki nákvæmlega eins vegna þess að í því frv., sem ég mælti fyrir fyrr í haust og reyndar einnig í fyrra eins og fram hefur komið, er hugsunin orðuð þannig að réttur til styrks falli niður ef nemandi nýtir sér rétt til töku námsláns. En í frv. ráðherrans segir að þeir skuli ekki njóta styrks sem nýta sér rétt til láns. Hugsunin er greinilega sú sama. Þetta er í raun sama málið þó orðalag sé ekki alveg hið sama.

Nú skilst mér, herra forseti, að þessu máli eigi að hraða í gegnum þingið fyrir jól og ég sé að til stendur að afgreiða jafnframt brtt. upp á 25 millj. vegna þeirra breytinga sem eiga að verða á lögunum. Þess vegna hlýt ég að spyrja: Af hverju var það frv., sem nú liggur fyrir nefndinni og er búið að liggja frá því í október og var þar líka á síðasta þingi, ekki afgeitt frá nefndinni og þá hugsanlega með einhverjum breytingum á orðalagi sem hefði þá verið þekkilegra? Það hefði verið mér að meinalausu. Af hverju var það ekki afgreitt frá nefndinni frekar en flytja sams konar mál í þinginu? Hver er venjan þegar svo háttar til að tveir aðilar hafa flutt sams konar mál? Er þá annað þeirra afgreitt frá nefndinni og hitt liggur áfram óafgreitt? Herra forseti. Ég spyr vegna þess að ég þekki hreinlega ekki framgang mála en ég velti því auðvitað fyrir mér hvort það er ekki venja eða gengur það ekki að frumkvæði komi frá þingmanni eða stjórnarandstöðuþingmanni? Verður frumkvæði að koma frá framkvæmdarvaldinu til að frv. sé tekið til efnislegrar afgreiðslu?

Slíkar spurningar hljóta auðvitað að vakna, herra forseti, vegna þess að bæði ég og hæstv. ráðherra hefðum getað sparað okkur biðina í dag eftir umfjöllun um þetta mál einfaldlega með því að afgreiða það mál, sem eins og ég segi, liggur þegar fyrir nefndinni og hefur legið þar um hríð, umsagnir eru til um það mál og það hefði verið fljótafgreitt ef vilji hefði verið fyrir hendi.

Ég þarf ekki að endurtaka það, herra forseti, að auðvitað styð ég þetta mál. Þetta er þörf breyting á þessum lögum. Ég rökstuddi það í framsöguræðu minni. Það hefur hæstv. ráðherra líka gert. Það hefur reyndar gerst síðan ég mælti fyrir máli mínu að sú skýrsla sem ráðherrann vitnar í kom fram. Það er gott að hún er komin fram. Hún er gagnleg inn í umræðuna um námsstyrki eða námsstuðning. Það mál sem við fjöllum um hérna er ekki stórt og það er ekkert mjög dýrt, 24–25 millj., en það skiptir máli fyrir býsna stóran hóp. Hins vegar er ég á því að bæði það sem fram kemur í skýrslu okkar og ýmislegt fleira í kerfi okkar kalli á heildarendurskoðun á námsstuðningi en það mál á ekki heima í þessari umræðu.

Herra forseti. Ég hlaut að koma upp til að ræða þessa sérkennilegu stöðu, af hverju er verið að flytja mál á síðustu dögunum fyrir jól, mál sem er áhugi á að gera að lögum þegar tillaga sama efnis liggur þegar fyrir nefndinni? Tillaga sama efnis lá fyrir nefndinni í fyrra og þá var leitað umsagna. Kannski er þetta eitthvað sem hefur oft gerst og þykir bara sjálfsagður siður en ég þarf a.m.k. að fá skýringar á því hvernig þetta gengur síðan fram vegna þess að mér er ekki alveg ljóst, hvorki af hverju þarf að hafa þennan háttinn á né hvernig framgangsmátinn verður síðan í hv. nefnd þegar hún fer að fjalla um málið sem ég geri ráð fyrir að hún geri á næstu dögum.

Að lokum, herra forseti, ekki mun standa á mér að styðja þetta mál og ég geri ráð fyrir að stjórnarandstaðan muni slást í lið með stjórnarflokkunum þegar að því kemur vegna þess að um réttlætismál er að ræða.

[21:08]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður taka undir efni þessa frv. Hér er um réttlætismál að ræða og ég þekki það af eigin reynslu að nemendur í framhaldsskólum munar um dreifbýlisstyrkinn, hvaðan sem þeir fá svo peninga til þess sem á vantar. Það er kannski megingagnrýni mín á þetta frv. eða sú athugasemd sem ég vil gera að tíunda aftur það sem fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. að gerð hefur verið könnun á kostnaði nemenda utan af landsbyggðinni og sú könnun leiddi í ljós að sá kostnaður er auðvitað miklu meiri en nemur þessum svokallaða dreifbýlisstyrk. Mér er tjáð að m.a. fyrir Norðurl. v. sé kostnaðurinn um það bil helmingi hærri en nemur styrknum. Ég spyr hvort ekki sé vilji hjá hæstv. núv. ríkisstjórn að hækka þann styrk frá því sem hann er nú til þess að koma enn betur til móts við þennan kostnað því vissulega er þetta einhver mesti vandi sem foreldrar úti á landi standa frammi fyrir, sá mikli kostnaður sem fylgir því að eiga unglinga eða ungt fólk í námi. Flestir vilja styðja börn sín og það er spurning hvort ekki þyrfti að koma þarna betur á móti eins og hæstv. menntmrh. kom inn á sem aðgerð í því að draga úr þeim mismun sem í því felst að búa í hinum ýmsu landshlutum. Ég held að fátt mundi koma fólki betur en styrkur til námsmanna.

Fróðlegt væri að fá það upplýst og vil ég því spyrja hæstv. menntmrh.: Hefur verið gerð könnun á því hvaða hópur framhaldsskólanema, og þá er ég að tala um nemendur í starfsnámi, sem nýta ekki rétt sinn til námslána eða af hvaða ástæðu það er? Ég get svo sem gefið mér að mörgum ói við að taka námslán í mörg ár og ekki síst þeir sem sjá fram á lág laun en ég spyr: Er til einhver greining á því hvaða nemendur það eru sem eiga rétt til lána en nýta hann ekki eða eru það þeir sem betur búa og fá mikla og góða styrki frá foreldrum sínum? Það er allalgengt að þeir sem hafa ráð á hafi keypt íbúðir á höfuðborgarsvæðinu til þess að styðja börn sín sem eru í framhaldsnámi og styrkur foreldra getur verið ýmiss konar en það væri fróðlegt að fá að heyra hvort einhver greining er til á þessu.

Að lokum vil ég taka undir efni þessa frv. og mun gera mitt til þess að það nái fram að ganga. Ég vil jafnframt taka undir þá gagnrýni sem kom fram í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að auðvitað er ákaflega sérkennilegt þegar mál nákvæmlega sama efnis liggur fyrir að það skuli þá ekki tekið upp í nefndinni að ræða það mál og gera á því nauðsynlegar orðalagsbreytingar. Það er alger óþarfi að nálgast málin svona.

Kosningar eru fram undan og menn þurfa kannski að fara að vekja athygli á ýmsum góðum verkum sínum og því sem þeir eru að gera og kannski er það skýring á þessu en séð út frá starfsemi þingsins er alger óþarfi að ganga svona fram og ætti auðvitað að vera saman hvaðan gott kemur.

[21:13]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þann stuðning sem þetta mál hefur fengið og bjóst ég raunar ekki við öðru því að eins og kom fram í máli mínu var mér að sjálfsögðu kunnugt um það að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson höfðu flutt frv. sem lýtur að sama markmiði. Það hefur oft gerst, herra forseti, á hinu háa Alþingi að menn hafa flutt frv. sem lúta að sama markmiði. Síðan hafa nefndir komist að niðurstöðu sem sameinar þau sjónarmið sem að baki búa við framsetninguna og ég held að það eigi ekki að vefjast fyrir mönnum í þessu tilliti.

Það sem fyrir mér vakti í málinu var í fyrsta lagi að gefa út þá skýrslu sem ég hef gefið út. Margsinnis hefur verið beðið um að svarað yrði af hálfu menntmrn. þeirri ályktun sem var samykkt snemma árs 1995 um það að kannað yrði hvort námsfólk er stundar nám fjarri heimabyggð verði af réttindum og félagslegri þjónustu ef það heldur lögheimili í heimabyggð og Lánasjóður ísl. námsmanna taki sérstaklega tillit til slíkra aðstæðna. Þessi skýrsla svarar öllum þeim spurningum. Í henni er hins vegar ekki farið ofan í einstakar námsgreinar og ekki greint með þeim hætti að ég geti svarað hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og sagt hvaða námsgreinar það eru sem helst kalla á það að menn hafi tekið lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna en það hefur m.a. komið til álita hjá mönnum hve langt nám þeir ættu í vændum því að það er þak á þeim árafjölda sem menn geta verið lánþegar hjá Lánasjóði ísl. námsmanna.

Þetta er það sem ég held að hafi ráðið mestu hjá einstaklingum og þeir hafi verið að velta því fyrir sér hvort það borgaði sig fyrir þá að taka lánin hjá lánasjóðnum vegna þess að það útilokaði þá síðar er þeir væru upp á efri skólastig að vera lánþegar hjá sjóðnum. Upp hafa komið tilvik eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir veit sem kalla á að menn velti fyrir sér hvaða úrræði væru best til þess að taka á þessum málum og þetta frv. byggist á þeim athugunum sem gerðar hafa verið á vegum menntmrn. og má segja að við stefnum að sama markmiði, hv. þm. og ráðuneytið og það komi fram í því frv. sem hér liggur fyrir.

Herra forseti. Ég held að fordæmi hljóti að vera fyrir því sem menn geta vísað til ef þess þarf í hv. menntmn. til að greiða úr formsatriðum varðandi afgreiðslu á málinu með hliðsjón af því að frv. um svipað efni liggur hér fyrir. Það ætti ekki að tefja fyrir því að við komumst að niðurstöðu um málið og getum afgreitt það. Þetta frv. er ekki flutt til þess að storka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur. Hins vegar taldi ég skynsamlegast að hafa þennan háttinn á til að formlega væri staðið að því eins og mér ber að standa að málum þegar ég geri tillögur sem menntmrh. um þætti sem þessa.

[21:17]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara smáleiðrétting vegna þess að hæstv. ráðherra talaði um svipað efni. Það er ekki um svipað efni að ræða, herra forseti, það er sama efnið. Það er blæbrigðamunur á orðalagi en það er nákvæmlega sama efni sem er í þessum tveimur frumvörpum og það er nákvæmlega sami tilgangur með þeim báðum, þ.e. að breyta lögunum um jöfnun námskostnaðar þannig að þeir sem eiga rétt á námsláni séu þá ekki einungis vegna þess réttar sviptir þeim möguleikum að þiggja dreifbýlisstyrk.

Það er alveg rétt sem ráðherrann vísar í að það eru ágætar upplýsingar og gagnlegar sem koma fram í skýrslu hans en það vita líka allir sem hafa heyrt í námsmönnum, ekki síst iðnskólanemum eða iðnnemum, að þeir hafa auðvitað haft áhyggjur af því að þurfa að nýta námslánarétt sinn þegar á framhaldsskólastigi af því að þeir vilja gjarnan eiga hann óskertan ef þeir ætla sér í frekara nám. Þess vegna er þessum nemendum alveg sérstakur fengur að því að fá líka eða geta átt von á dreifbýlisstyrknum og geta geymt sér lánsréttinn en geta fengið dreifbýlisstyrkinn til stuðnings í námi sínu.

Þetta erum við sammála um og það er m.a. til þess að mæta þessu fólki sem mál mitt var flutt og sömuleiðis mál

ráðherrans. Þetta er ekki svipað efni, herra forseti. Það er sama efni. Auðvitað hlýtur að vera hægt með einhverjum hætti tæknilega að greiða úr þessu í menntmn. En eigi að síður, herra forseti, skilur þessi málsmeðferð eftir ákveðnar spurningar í huga mínum, spurningar um vinnubrögð á Alþingi. Þeim hefur ekki verið svarað en þær sitja svo sannarlega eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 13.–15. mál.

Fundi slitið kl. 21:20.

---

38. FUNDUR

föstudaginn 11. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, stjfrv., 322. mál, þskj. 389. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 323. mál, þskj. 390. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 324. mál, þskj. 391. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, stjfrv., 336. mál, þskj. 423. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Málefni fatlaðra, stjfrv., 331. mál, þskj. 413. — 1. umr.
6. Byggingarsamvinnufélög, stjfrv., 332. mál, þskj. 414. — 1. umr.
7. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 333. mál, þskj. 415. — 1. umr.
8. Fjárlög 1999, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 438 og 445, brtt. 439, 446, 448, 454, 455, 456, 457, 458, 459 og 460. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.

Málefni fatlaðra, 1. umr.

Stjfrv., 331. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 413.

[10:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Svo sem kunnugt er var ráðgert að málefni fatlaðra færu til sveitarfélaganna um næstu áramót. Frá því var horfið m.a. vegna beiðni frá Reykjavíkurborg sem taldi sig vanbúna að taka við málaflokknum að svo stöddu. Því var frestað en þannig stendur á að gera þarf lítils háttar lagabreytingu vegna þessarar frestunar því að annars mundu umboð svæðisráða og framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa falla niður um áramótin. Þetta litla frv. gengur út á að gefa heimildir til þess að endurskipa svæðisráð og framkvæmdarstjóra svæðisráða um málefni fatlaðra eftir 1. jan. 1999 en þá fellur umboð þeirra niður samkvæmt lögum.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira en óska eftir því að frv. verði sent hv. félmn. til athugunar. Reyndar er rétt að taka það fram að undirbúningi að yfirfærslunni hefur verið haldið áfram af fullum krafti og frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem málefni fatlaðra eru felld inn í félagsþjónustulögin er nær fullbúið.

[10:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra sem felur í sér frestun á því að færa þennan málaflokk yfir til sveitarfélaganna. Ég hygg að almenn samstaða sé um að rétt og eðlilegt sé að þessi málaflokkur sé hjá sveitarfélögunum. Forsenda þess að það gangi upp og við séum að færa málin til betri vegar með því að flytja þau til sveitarfélaganna er að málaflokknum fylgi nauðsynlegir tekjustofnar. Vanda þarf til verka við þennan flutning svo að við getum vænst þess að þjónustan við fatlaða verði betri við þá breytingu.

Ég hefði talið mikilvægt, þegar ráðherrann er að biðja um lagabreytingu til þess að fresta þessum tilflutningi, að við hefðum getað fengið betri sýn yfir stöðuna en fram kom í máli hæstv. ráðherra þegar hann mælti fyrir þessu frv. Eins og ráðherrann greindi frá og kemur reyndar fram í þessu frv. þarf að breyta þrennum lögum, það þarf náttúrlega ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem mér heyrðist á hæstv. ráðherra að væru svo til tilbúin og síðan að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Mér er kunnugt um það og auðvitað er nauðsynlegt að fram fari úttekt á stöðunni í þessu málaflokki og hve mikið fjármagn þarf að flytja frá ríki til sveitarfélaga við þessa breytingu. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvað líði þessari fjárhagslegu úttekt sem var verið að gera, hvort hann hafi upplýsingar um stöðuna að því er varðar þörf fyrir þjónustuúrræði og biðlista. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að þingið geri sér grein fyrir því um leið og ráðherra fær þessa heimild hver staðan er eins og málið stendur nú.

Ég hef upplýsingar um, staðan virðist vera sú, og ég spyr hæstv. ráðherra hvort rétt sé að 777 fatlaðir einstaklingar bíði eftir þjónustuúrræðum á landinu öllu. Eftir því sem mér skilst er um það marga að ræða að búsetuúrræði vanti og á biðlistum bíði mjög margir eftir búsetuúrræðum. Í Reykjavík eru á biðlista um 380 og á Reykjanesi bíða 276 á öðrum stöðum á landinu bíða alls 277.

Það sem vakti athygli mína þegar ég leitaði upplýsinga um þessa stöðu var að 188 fatlaðir einstaklingar bíða eftir félagslegum íbúðum. Það eru náttúrlega miklu fleiri en ég gerði mér nokkurn tíma grein fyrir. Það er alveg ljóst að það er ámælisvert og sýnir þróunina í þessum málaflokki að fatlaðir skuli ekki geta nýtt sér að verulegu leyti félagslegar íbúðir og þurfi ekki að vera háðir sambýlum eða öðrum búsetuformum.

Ég hygg að varla sé hægt að vænta þess að þessir fötluðu einstaklingar fái á næstunni félagslegar íbúðir vegna þess að á landinu öllu á að veita fjármagn í 120 slíkar á næsta ári til sveitarfélaga og félagasamtaka. Hér er greinilega þörf fyrir 188 félagslegar íbúðir fyrir fatlaða. Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef, upplýsingar sem ég tel að ráðherra ætti að gefa okkur við þessa umræðu ef hann á annað borð hefur þær.

Hæstv. ráðherra hefði átt að gefa okkur vitneskju um stöðuna í þessum málum við þessa umræðu.

Athugasemdir mínar lúta að því að ráðherrann upplýsi okkur um stöðuna, þ.e. hvað biðlistar eru langir, hve margir bíði og hvort hann getur staðfest tölurnar sem ég er hef, hvort það liggi fyrir grófar upplýsingar um hvað kosti að leysa úr þeirri þörf sem nú er. Það gefur okkur þá einhverjar hugmyndir um hve mikið þurfi að flytja af fjármagni frá ríki yfir til sveitarfélaga þegar þetta verður að veruleika.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra að því þegar hann talar um að beiðni hafi borist frá borgarstjórninni í Reykjavík um að fresta yfirfærslunni hver hafi verið ástæðan þeirrar frestunar. Hæstv. ráðherra nefndi að Reykjavíkurborg væri vanbúin til að taka við málaflokknum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það ekki fyrst og fremst það að lagabreytingar eru ekki tilbúnar að sú fjárhagslega úttekt sem þarf að liggja fyrir er ekki fengin og sé ekki fengin niðurstaða milli sveitarfélaganna og ríkisins um tilfærslu á fjármagni yfir til sveitarfélaganna við þennan tilflutning? Ég spyr hvort það sé ekki hin raunverulega ástæða þegar ráðherra nefnir að Reykjavíkurborg sé vanbúin að taka við málaflokknum. Mér finnst að í þeim orðum felist að raunverulega standi upp á sveitarfélögin að taka við þessum málaflokki en ekki að ríkisvaldið standi við sinn hlut í þessu máli. Ég hygg að það standi miklu frekar upp á það.

Ég get ímyndað mér að sveitarfélögunum sé kannski nokkuð órótt að taka við þessum málaflokki eins og staðan er nú, sérstaklega þegar við erum að fara að ræða fjárlögin við 2. umr. Þar er um að ræða verulega skerðingu á Framkvæmdarsjóði fatlaðra, um 250 millj. eða einhvers staðar þar um kring ef ég man rétt. Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að skýra þetta nokkru nánar en hann gerði við framsögu málsins.

Í lokin vil ég spyrja hæstv. ráðherra út í það að í fyrri lögum var fest niður ákveðin dagsetning, hvenær tilfærslan ætti að vera, þ.e. 1. jan. 1999. Nú biður ráðherrann um opna heimild til að tímasetja tilfærsluna. Ég hefði talið eðlilegt að sett væri niður ákveðin dagsetning til þess að halda ríkisvaldi og sveitarfélögum við efnið en þetta væri ekki skilið eftir opið. Ég hefði talið eðlilegt að sett yrði niður dagsetning eins og 1. jan. árið 2000. Mér finnst ekki nógu gott að skilja þetta eftir alveg opið eins og hér á að gera.

Ég vil í lokin segja, herra forseti, að eins og staðan er sé ég ekki annað en nauðsynlegt sé að styðja þá lagabreytingu sem hæstv. ráðherra leggur til en finnst vanta töluvert mikið upp á að hæstv. ráðherra upplýsi þingið betur um stöðuna eins og hún er nákvæmlega þessa stundina þegar hann biður um þessa lagabreytingu.

[10:42]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér finnst sjálfsagt að verða við ósk hæstv. félmrh. um að fresta yfirtöku málefna fatlaðra til sveitarfélaganna sem borin er fram af borgarstjórnarmeirihlutanum í Reykjavík en lýsi jafnframt vonbrigðum mínum með að sveitarfélögin og Reykjavíkurborg skuli ekki treysta sér til að taka við þeim verkefnum sem áformað var að færu til þeirra strax eftir að sveitarfélögin tækju við grunnskólanum. Ég lýsi vonbrigðum mínum, sérstaklega vegna þess að þetta mál var mjög lengi í undirbúningi og bæði samtök fatlaðra, svæðisstjórnir og þeir sem sinna þessum málaflokki hafa verið að undirbúa yfirtökuna og yfirfærsluna í lengri tíma og kannski beðið með ýmsar úrlausnir þar til sveitarfélögin kæmu að málinu.

Kannski verður að sýna því skilning að sveitarfélögin séu enn í hálfgerðum sárum eftir yfirtöku grunnskólans og hafi á sínum tíma ekki áttað sig á umfangi þess verkefnis. Sveitarfélög eins og Reykjavíkurborg hefðu samt átt að geta áttað sig betur á því en nokkrir aðrir sem að þessum málaflokki standa. Eftir því sem manni sýnist hefur Reykjavík, eitt af örfáum sveitarfélögum á landinu, farið út í að hækka skatta og millifæra fjármuni frá fyrirtækjum borgarinnar til að geta staðið undir lögbundnum verkefnum sem þau í meiri hlutanum hafa undirgengist að taka að sér. Þetta er að sjálfsögðu áfellisdómur yfir störfum R-listans í Reykjavík og er slæmt til þess að vita að grípa þurfi til svo erfiðra ákvarðana og draga úr þeim krafti og þeirri uppbyggingu sem menn vonuðust til að kæmi inn í starf fatlaðra með yfirtöku sveitarfélaganna.

Við vitum það, og það kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að mörg verkefni bíða úrlausnar hjá fötluðum og húsnæðismál þeirra hafa því miður ekki þróast þannig að hægt sé að sinna brýnustu þörfum. Ég þekki það úr kjördæmi mínu að mjög mikið af fötluðu fólki fær ekki úrlausnir eins og gert er ráð fyrir samkvæmt lögum og beðið er með mjög fatlaða einstaklinga á heimilum sem þurfa svo sannarlega á langtímaúrræðum að halda. Það hefur reynst fjölskyldum mjög erfitt til úrlausnar. Ég mundi segja, herra forseti, að væri mjög vanhugsað að ætla sér að ákveða þessa nýju dagsetningu 1. jan. 2000. Það er alveg ljóst að sveitarfélögin þurfa mun lengri tíma til að fara yfir þessi mál og átta sig á því hvort þau geti í rauninni tekið yfir þennan málaflokk.

Mér hefur heyrst, eftir síðustu fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna, að þeim finnist nóg komið af verkum til sveitarfélaganna í bili. Reykjavík hefur gengist fyrir því og verið í forustu fyrir að óska hreinlega eftir því að þessi yfirtaka fari ekki fram. Reykjavík sem er náttúrlega langstærsti aðilinn að þessu verkefni hlýtur að hafa gert sér grein fyrir því að það var ekki spurning um einhverja daga eða vikur. Þetta hlýtur að vera spurning um einhver ár og jafnframt spurning um hvort af þessu verði.

Ég held að nauðsynlegt sé að eyða þessari óvissu. Óvissan er verst og uppbyggingin bíður. Hana má ekki tefja með einhverjum bráðabirgðalausnum og ég mundi segja að það væri hárrétt ákvörðun hjá hæstv. félmrh. að hafa heimildina opna og gera ráð fyrir að nokkur ár liðu þangað til þessi yfirtaka ætti sér stað.

[10:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt annað en mótmæla þessum málflutningi talsmanna Sjálfstfl. í hverju málinu á fætur öðru sem kemur fyrir á Alþingi. Ef á einhvern hátt er hægt að koma höggi á meiri hlutann í Reykjavík þá er allt tínt til og dregið inn í umræðuna eins og við heyrðum á máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar áðan. Það þykir t.d. sérstök ósvífni af Reykjavíkurborg að nýta, þó ekki til fulls, útsvarsprósentuna sem sveitarfélögum er heimilt að leggja á. Það er t.d. aldrei minnst á að Vestmanneyingar hækkuðu útsvarið um svipað leyti. Og hverjir fara með völdin þar? Eru það ekki flokksbræður hv. þm.? Nei, það er allt í lagi. En ef það er gert í Reykjavík þá ætlar allt vitlaust að verða af því að hér situr vinstri meiri hluti.

Hver ætli útsvarsprósentan sé í Reykjanesbæ? Hver ætli hún hafi verið í Njarðvíkunum þegar hv. þm. fór með völdin

þar? Ég held að við ættum þá að fara betur yfir þessi mál og ofan í saumana á því hvernig þessir hlutir standa. Að ætla að fara að kenna þessu um að málefni fatlaðra skuli ekki vera nógu vel á vegi stödd sem slík. Mér þykir nú hv. þm. vera farinn að höggva ansi nærri sér. Hvað hefur ríkisstjórnin sem hv. þm. hefur stutt gert í málefnum fatlaðra sl. sjö ár? Hvernig hefur verið farið með Framkvæmdasjóð fatlaðra? Við skulum fara aðeins yfir það í umræðu um fjárlögin á eftir, herra forseti, ef menn vilja hefja þann leik. Ég er á mælendaskrá og ætla að fagna því (Gripið fram í.) að hæstv. félmrh. horfist í augu við veruleikann og ákveði að fresta þessari yfirfærslu, enda er hún á allan hátt ótímabær og ekki þannig undirbyggð að hægt sé að láta af henni verða núna. Sá málflutningur að ætla að kenna þessu um stöðuna í málefnum fatlaðra að öðru leyti er gjörsamlega út í loftið og hittir hv. þm. sjálfan fyrir.

[10:50]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get upplýst hv. þm. Steingrím J. Sigfússon um að útsvarið í Reykjanesbæ er lægra en í Reykjavík. Það er 11,75% (**SJS:** Hvar?) Í Reykjanesbæ. En ef ég man rétt þá er það 11,99 í Reykjavík. Ef við miðum þetta tvennt saman þá er þessi samanburður mun hagstæðari fyrir Reykjanesbæ en Reykjavík, þetta stóra og mikla sveitarfélag sem neyðst hefur til þess að taka af eigin fé Hitaveitu Reykjavíkur til þess að geta staðið undir eðlilegum rekstri sveitarfélagsins.

Reykjanesbær og sveitarfélögin á Suðurnesjum eiga Hitaveitu Suðurnesja sem hefur frá upphafi verið rekið mjög sjálfstætt og sveitarfélögin sem slík hafa ekki tekið fjármuni beinlínis úr þeim rekstri. En Reykjavíkurborg hefur, reyndar í ára raðir, tekið peninga út úr rekstri Hitaveitunnar til að standa undir eðlilegum rekstri Reykjavíkurborgar. Undir stjórn Reykjavíkurlistans hefur þetta keyrt um þverbak þar sem ekki er nóg með að þeir taki hærri upphæðir en nokkurn tíma fyrr út úr rekstrinum heldur er fyrirtækið þar að auki skuldsett upp á milljarða.

Brotlending R-listans í þessu máli, sérstaklega eftir kosningarnar, er því mjög athyglisverð og eðlilegt í ljósi þess að þeir treysti sér ekki til að taka við nýjum málaflokkum til borgarinnar. Ég held að þetta hitti engan annan fyrir en vinstri meiri hlutann sjálfan í Reykjavík. Honum hefur því miður mistekist flest það sem hann lofaði á sínum tíma, eins og t.d. að ná tökum á fjármálunum. (**SvG:** Var þetta um málefni fatlaðra?)

[10:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta svar hv. þm. Kristjáns Pálssonar var alveg dæmigert fyrir tilraunir íhaldsins til að draga rógsherferð sína gegn R-listanum og Reykjavíkurborg inn í hvað sem er. Mál af þessu tagi, sem á ósköp lítið skylt við þá skítadreifingarherferð íhaldsins sem er í gangi, er tekið hér upp. Þetta er alveg með ólíkindum. Svo neita menn að horfast í augu við staðreyndirnar. Staðreyndin er sú að útsvarið í Reykjavík var með því lægsta sem finnanlegt var meðal sveitarfélaga af þessari stærðargráðu. Það eru bara svefnbæirnir utan við Reykjavík sem hafa komist upp með að hafa lægra útsvar vegna þess að þeir eru í dekurstöðu. Þó að Reykjanesbær verði með aðeins lægra útsvar eftir hækkun Reykjavíkur þá sýndi hv. þm. fram á að útsvarið var áður hærra í Reykjanesbæ heldur en í Reykjavík.

Hvað með Kópavog og Gunnar Birgisson, kraftaverkamanninn mikla? Hann er búinn að keyra á hærra útsvari í þessum mikla bæ, Kópavogi, en Reykjavík hefur gert. Hvað með Vestmannaeyjar? Hv. þm. svaraði því engu. Þetta eru auðvitað dæmi um það sem við höfum upplifað síðustu daga, vikur og mánuði, að íhaldið er í einni allsherjarskítadreifingarherferð hvað Reykjavíkurborg varðar og meiri hlutann hér.

Ég er enginn sérstakur aðdáandi R-listans og tek ekki að mér að verja hann út af hverju sem er. Ég hef gagnrýnt ýmislegt sem hann hefur staðið fyrir. Svona málflutningi situr maður hins vegar ekki þegjandi undir. Það er alveg gjörsamlega ástæðulaust að láta íhaldið komast upp með það.

[10:53]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hóf þessa umræðu, tók að bera saman útsvör tveggja sveitarfélaga og dró svo Vestmannaeyjar þar að auki inn í það. Hann getur sjálfur tekið það til sín að hafa hafið einhverja skítaherferð á hendur einhverjum. Aftur á móti dró ég bara fram staðreyndir (**SJS:** Já, já.) sem tengjast því máli sem hér er til umræðu, þ.e. að fresta flutningi málefna fatlaðra yfir til sveitarfélaganna. Hver er ástæðan fyrir því? Ástæðan er sú að Reykjavíkurborg treystir sér ekki til að taka við málaflokknum, stærsta sveitarfélagið á landinu. Það er mjög athyglisvert, herra forseti. Það er ekki nema eðlilegt að vinstri menn á Alþingi séu hálfslegnir yfir þeim tíðindum að vinstri meiri hlutinn í Reykjavík skuli bregðast í að yfirtaka þennan viðkvæma málaflokk og stórskaða hann, segi ég. Það er stórskaðlegt fyrir þennan málaflokk að jafnviðkvæmt ferli og málefni fatlaðra eru skuli þurfa að dragast og frestast. (Gripið fram í.) Það er mjög mikilvægt að svona flutningur sé ákveðinn og öruggur og fyrst og fremst í þágu þeirra sem þurfa að njóta, þ.e. fatlaðra. Ég held að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon verði bara að kyngja þessu.

Það hefur ekkert farið á milli mála að eftir að vinstri meiri hlutinn tók við Reykjavíkurborg hefur höfuðborgin breytt um svip. Það gíruga svipmót sem mér finnst komið yfir Reykjavíkurborg eftir að Reykjavíkurlistinn tók yfir, þar sem allt er reynt til þess að draga til sín það sem hefur hingað til verið sátt um að yrði út um land. Það hefur því miður einkennt þau störf sem R-listinn hefur staðið fyrir. (**SJS:** Forseti á að áminna manninn. Hann er að ...)

[10:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi málflutningur hv. þm. er með ólíkindum og ótrúlegt hve langt þingmaðurinn seilist til að hefja máls á útsvarshækkun hjá Reykjavíkurborg þegar til umræðu er flutningur á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga. Hv. þm. ætti að líta sér nær, t.d. að því er varðar Kópavog. Kópavogsbúar hafa búið við útsvarshækkun allan þann tíma sem íhaldið hefur stjórnað, hið sama og Reykjavíkurborg gerir nú fyrsta skiptið í mörg herrans ár. Það hefur aldrei heyrst í hv. þm. þó Kópavogsbúar hafi mátt búa við miklu hærri útsvarsálagningu en Reykvíkingar sl. fimm ár ef ekki lengur. Félagsleg þjónusta er síðan miklu betri í Reykjavík en nokkurn tímann í Kópavogi.

Aldraðir eru t.d. hlutfallslega miklu fleiri í Reykjavík en úti á landi eða í kjördæmi hv. þm. Sama má segja um fjárhagsaðstoð. 20% þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð 1996 áttu árið áður lögheimili í öðrum sveitarfélögum. Ég held að það séu fá sveitarfélög, ef nokkur, sem búa betur að fötluðum en Reykjavíkurborg Þessi málflutningur hv. þm. er því alveg

með ólíkindum. Það að kenna Reykjavíkurborg um að þessu sé frestað og Reykjavík sé vanbúin til að taka við þessu er ekki boðlegur málflutningur. Fyrir það fyrsta var allt of lítið fjármagn flutt til sveitarfélaganna þegar grunnskólinn var færður yfir til þeirra. Sveitarfélögin eru að súpa seyðið af því núna.

15 milljarðar af skuldahala sveitarfélaga eru vegna verkefna sem ríkið hefur fært yfir til þeirra. Það er fyrst og fremst vegna þess að ríkið hefur ekki skilað niðurstöðu sinni að því er varðar fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, um hve mikið fjármagn verði flutt yfir til sveitarfélaganna við yfirtöku þeirra á málefnum fatlaðra, að málið er vanbúið. Það eru allar staðreyndir málsins. Ég held að hv. þm. ætti að muna að það á að skerða Framkvæmdasjóð fatlaðra um 250 millj. sem (Forseti hringir.) gerir auðvitað sveitarfélögin óróleg þegar þau eiga að taka inn þennan málaflokk.

[10:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fer um víðan völl og talar um að Kópavogur ætti frekar að vera mér hugleikinn en Reykjavíkurborg. Ég get lýst því hér yfir, herra forseti, að ég er afskaplega hreykinn af því hvernig núverandi meiri hluti hefur tekið á málefnum Kópavogsbæjar. (**JóhS:** Og útsvarinu þar síðastliðin ár.) Ef við lítum á Kópavog sem bæ, eftir að þar hefur verið sjálfstæðismeirihluti í átta ár, þá hefur hann tekið algjörum stakkaskiptum. Hvað hefur gerst? (Gripið fram í.) Kópavogur hefur tekið forustu sveitarfélaganna af Reykjavíkurborg. Hvar er uppbyggingin í þessu landi? Hún er í Kópavogi. Ég held að hv. þingmenn séu komnir út á dálítið hálan ís þegar þeir eru að reyna að gagnrýna Kópavog sem hefur í raun staðið fyrir mestu uppbyggingu sem þekkst hefur í einu sveitarfélagi á undanförnum árum. Þar fyrir utan hafa þeir bætt menningarmál og önnur sem skipta íbúana gríðarlega miklu frá því sem áður var. Það er ekki nema von að hv. þingmönnum vinstri manna svíði undan þessum staðreyndum. Mig undrar það ekki neitt, herra forseti, og ég skil vel að fyrir þá sé erfitt að verja slíkt.

Staðreyndin er sú að Reykjavíkurborg óskar eftir því að flutningi á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna verði frestað. Ég veit ekki til þess, eftir því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra, að óskað hafi verið eftir að fresta málinu um eitt ár. Ég veit ekki betur en óskað hafi verið eftir því að þessu máli yrði frestað og ósköp eðlilegt að það yrði gert um óákveðinn tíma, enda Reykjavíkurborg ekki tilbúin til þess að taka við þessum málaflokki. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ítrekaði það hér sjálf að hún vildi fá betri skýringar á hvers vegna Reykjavíkurborg hefði beðið um þessa frestun, en eins og ég hef sagt hér áður þá liggur það í augum uppi. Þeir treysta sér ekki til að taka við þessu.

(**Forseti** (GÁ): Forseti verður að minna hv. þm. á að málefni fatlaðra eru hér á dagskrá.)

[11:00]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er á mjög hálum ís þegar hann talar um að hann sé mjög hreykinn af Kópavogi. Það var gripið hér fram í og réttilega bent á að skuldastaða Kópavogs er með því versta sem þekkist. Hver var að hækka núna dagvistargjöldin? Var það ekki Kópavogur sem hefur verið með útsvarshækkun upp á 12%, eða miklu meira en Reykjavíkurborg í mörg ár? Það er staðreynd að síðan íhaldið tók við Kópavogi hefur staðan þar versnað að því er varðar félagslega aðstoð við íbúana, m.a. með ýmsum hækkunum á þjónustugjöldum.

Ég frábið mér að snúið sé út úr málflutningi mínum þannig að ég hafi sagt að Reykjavík væri vanbúin til yfirfærslunnar. Það kemur fram að ýmis önnur sveitarfélög hafa beðið um þessa frestun. Hún á sér þá skýringu að fjármálalegt uppgjör út af þessum flutningi liggur ekki fyrir. Ætlunin er að skerða þennan tekjustofn, Framkvæmdastjóð fatlaðra, um 250 millj. á næsta ári. Talað er um að 777 einstaklingar séu á biðlista eftir þjónustuúrræðum sem setja á yfir til sveitarfélaganna. Auðvitað er nauðsynlegt að þessu fylgi fjármagn en það liggur bara ekki fyrir, hvorki fjármagn sem flytja á yfir né að tilbúin séu lög sem vitað var að þyrfti að breyta. Það er meginástæða þess að beðið er um þessa frestun. Það eru staðreyndir sem hv. þm. á auðvitað að viðurkenna.

[11:02]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því að helmingurinn af andsvari hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fór í að ræða um Kópavog. Ég ætla ekki að blanda Kópavogi eða öðrum sveitarfélögum inn í þetta mál frekar. Ég vil bara ítreka þá skoðun mína að það er alvarlegt að málefni fatlaðra skuli vera í hálfgerðu limbói á milli ríkis og sveitarfélaga um hvar þau eiga að lenda. Það kemur engum verr en þeim sem vinna að þessum viðkvæma málaflokki.

Ég vil ítreka að ég tel mikilvægt að ráðherra taki ákveðið á málinu. Að ímynda sér að þetta geti gengið eftir ár finnst mér óeðlileg niðurstaða miðað við það sem fram kom á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur treysta mörg sveitarfélög sér ekki til að taka við málefnum fatlaðra að svo búnu. Það kom fram á þessari ráðstefnu. Að sjálfsögðu er það Reykjavíkurborg sem hefur forustu um að biðja um frestunina þó svo önnur taki undir. Ég held að það þurfi lengri tíma til að ígrunda þessi mál og til þess höfum við nægan tíma, enda fötluðum í sjálfu sér vel borgið hjá ríkinu. Aftur á móti hef ég, herra forseti, ávallt talið þennan málaflokk henta betur sem rekstrarform hjá sveitarfélögunum. Nálægðin við málaflokkinn er slík að sveitarfélög og sveitarstjórnarmenn geta fremur leyst úr þeim málum.

[11:04]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í gær stóðu fundir mun lengur en gert hafði verið ráð fyrir vegna þess að eftir þrábeiðni stjórnarflokkanna var fallist á að taka fyrir nokkur mál eftir umræðuna um gagnagrunninn. Það endaði með því að fundi lauk ekki fyrr en seint á tíunda tímanum í gærkvöldi. Síðan féllst stjórnarandstaðan á að taka fyrir nokkur mál á málasviði félmrh. nú á undan fjárlagafrv. í dag. Við gerðum þá ráð fyrir því, og formaður þingflokks Sjálfstfl., að sú umræða tæki kannski ekki mjög langan tíma.

Núna hefur Sjálfstfl. beitt sér fyrir því að þessi umræða hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir. Það er þakkarvert og þýðir væntanlega jafnframt að stjórnarflokkarnir séu fallnir frá því að ræða fjárlagafrv. í dag. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því, og formann þingflokks Framsfl. líka sem er hér stödd, hvort tilfellið sé þá að stjórnarflokkarnir séu ákveðnir að ræða ekki um fjárlagafrv. í dag heldur um málefni fatlaðra sem nauðsynlegt er að ræða, sérstaklega í

ljósi þess mikilvæga málflutnings sem hér hefur verið hafður í frammi af hálfu hv. þm. Kristjáns Pálssonar.

Ég vil því spyrja hvort ekki sé nauðsynlegt að skoða þessa stöðu á ný og segi sem mína skoðun: Ég tel að nú eigi að gera fundarhlé og endurmeta fundarhaldið. Það gengur ekki að þvæla málum svona undan sér eins og nú er. Með þessu áframhaldi verður hér fundur langt fram á nótt í nótt og allan daginn á morgun um fjárlagafrv. eins og málin standa núna. Það hafði verið gert ráð fyrir að þannig tækist að halda á málum að fram færi atkvæðagreiðsla um fjárlagafrv. í fyrramálið og nefndarfundir yrðu á morgun og á mánudaginn.

Ef menn hins vegar kjósa, sem er þakkarvert, að ræða málefni fatlaðra, þá tel ég að við eigum að taka um það ákvörðun. Ég spyr hæstv. forseta hvort honum sé kunnugt um að það sé ákvörðun stjórnarflokkanna að dagurinn í dag verði tekinn í umræður um málefni á sviði félmrh., þar á meðal málefni fatlaðra, eða hvort ætlunin er að fara í fjárlagafrv. Það verður að gera annað hvort en hvort tveggja verður ekki gert. Í þessum sal er eins og kunnugt er bara einn ræðustóll.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill taka fram að hann taldi, þegar þessi þrjú mál á málefnasviði hæstv. félmrh. voru tekin fyrir í morgun, að þau mundu taka örstutta stund og vonast reyndar enn til að svo verði.)

[11:07]

Kristín Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Samkvæmt starfsáætlun þingsins stóð til að 2. umr. um fjárlög færi fram fyrir viku. Lengi vel átti hún að fara fram á þriðjudaginn var eða miðvikudag. Nú er kominn föstudagur. Hér stóð til að ræða fjárlög íslenska ríkisins en hvorki Reykjavíkurborgar né Kópavogskaupstaðar því ekki veitir af deginum til að ræða fjárlög íslenska ríkisins.

Ég dróst á það með miklum semingi í gær, af tillitssemi við hæstv. félmrh., að hér yrði mælt fyrir þremur málum sem þurftu að komast til nefndar. Hæstv. félmrh. var vant við látinn hluta dagsins í gær. Því var haldið fram, eins og fram kom hjá hæstv. forseta, að þessi mál mundu taka mjög skamman tíma í umræðu. Hér heldur fulltrúi Sjálfstfl. hins vegar uppi ræðuhöldum og þrasi. Ég mótmæli því að þannig sé gengið á þann tíma sem verja átti til umræðu um fjárlög næsta árs. Ég legg til að þessum málum verði hreinlega frestað og tekið til við að ræða fjárlögin eins og til stóð.

[11:09]

Valgerður Sverrisdóttir *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með stjórnarandstöðunni hvað þetta varðar. Meiningin var að ræða fyrst og fremst fjárlög í dag. Reyndar vissi ég ekki af því fyrr en ég sá dagskrána að önnur mál hefðu verið tekin fram fyrir og þykir það síðra. Engu að síður, ef mögulegt hefði verið að koma þeim málum áfram án þess að um þau yrði mikil umræða, þá hefði það í sjálfu sér verið til bóta.

En ef, eins og hv. þm. Svavar Gestsson lét koma fram, þingmaður stjórnarflokks, ég skildi hann svo, hefur vakið upp umræðu sem gæti tekið langan tíma, þó það sé kannski ekki þingmaður sem ég ber mikla ábyrgð á, þá tel ég engu að síður vænlegra að fresta þessari umræðu en setja umræðuna um fjárlög í hættu og mælist þá til þess.

[11:10]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það kom mér á óvart í gær þegar sú ósk var sett fram við okkur þingflokksformenn að við tækjum mál á dagskrá í morgunsárið, áður en gengið yrði til umfjöllunar fjárlaga. En ég féllst á það.

Ég átti sjálf ekki von á því að mjög mikil umræða yrði um þessi mál en mætti þó strax í upphafi fundar, enda eru þessi mál á málasviði félmn. og koma til umfjöllunar þar.

Ég vil hins vegar segja, herra forseti, að ég hef þörf á að ræða a.m.k. nokkuð um þetta mál sem hér er á dagskrá, flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaganna, og ekki síst vegna þeirrar umræðu sem þegar hefur farið fram. Ég lít svo á að það sé algjörlega í höndum stjórnarflokkanna og forseta hvort þeir hyggjast halda áfram með málefni félmrh. Við féllumst í gær á að taka þau fyrir í upphafi fundar. En það er alveg ljóst eins og málin hafa farið af stað að hér verður einhver umræða. Menn verða að gera upp sig sig hvort þeir eigi að hætta á að þessi mál dragist eitthvað fram í hádegið og hefja þá umræðu um fjárlög eða hvað stjórnarflokkarnir afráða. En þetta er frekar vandræðalegt, herra forseti.

[11:12]

Kristján Pálsson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Það kemur mér mjög á óvart ef ekki er leyfilegt að tala um málefnin sem eru á dagskrá. Á dagskránni gat ég ekki séð að neitt stæði um að gert hefði verið samkomulag við minni hlutann um að ekki mætti ræða þetta nema einhvern ákveðinn tíma. Ég segi bara alveg eins og er að það eru ótrúlega mikil sárindi hjá hv. þm. minni hlutans ef einhver vogar sér að ræða um R-listann í Reykjavík í sambandi við þessi mál. Það að ímynda sér að R-listinn eða minni hlutinn séu einhverjar heilagar kýr í þessu sambandi er misskilningur. Ég mótmæli málflutningi eins og hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, að tala um það sem einhvers konar þras að ræða málefni fatlaðra. Það er á lágu plani, hv. þm. (**KH:** Það sagði ég ekki.) Þú sagðir það, hv. þm.

[11:13]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vegna þess ófriðar sem nú ríkir hér hefur forseti tekið ákvörðun um að fresta umræðu um málefni fatlaðra og taka þegar fyrir 8. dagskrárliðinn.

Umræðu frestað.

Fjárlög 1999, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 438 og 445, brtt. 439, 446, 448, 454, 455, 456, 457, 458, 459 og 460.

[11:15]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Undanfarin þrjú ár hefur landsframleiðsla aukist meira en samanlagt næstu átta ár á undan. Hagvöxtur hefur verið um eða yfir 5% á ári sem er mun meira en er að jafnaði í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Atvinnuleysi varð mest 5% af mannafla árið 1995 en er nú undir 3% og fer minnkandi. Það segir sig sjálft að það reynir mjög á þolrifin í hagkerfinu við þessar aðstæður og ábyrgð þeirra sem fara með hagstjórnina er mikil því meginmáli skiptir varðandi framtíðarhagvöxt og lífskjarabata að varðveita þann stöðugleika í verðlagsmálum sem ríkt hefur hér að undanförnu. Sviptingar í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi

undanfarin missiri undirstrika rækilega hve mikilvægt það er að gæta varúðar í hagstjórn.

Ríkisfjármálin eru í lykilhlutverki í þessu tilliti. Markmiðið hlýtur að vera að ná jöfnuði í ríkisbúskapnum, þ.e. þegar miðað er við meðalárferði. Þannig er skynsamlegt að slaka á markmiðum um tekjuafgang þegar þjóðarbúið verður fyrir áföllum til að draga úr samdrætti í efnahagsstarfseminni en á sama veg er æskilegt að bæta afkomuna þegar góðæri ríkir. Aukin tengsl íslenskra hagkerfisins við erlenda fjármagnsmarkaði og efnahagssamruninn í Evrópu hafa leitt til þess að svigrúm til þess að beita hefðbundnum stjórntækjum peningamála til hagstjórnar hefur minnkað og því hefur mikilvægi ríkisfjármálanna aukist enn frá því sem áður var.

Horfur eru á að góðærið sem ríkir í þjóðarbúskapnum haldi áfram á næsta ári. Í framhaldinu er gert ráð fyrir 2,5% hagvexti, sem er svipað og að jafnaði í iðnríkjunum. Þær áætlanir eru þó byggðar á þeirri forsendu að úr rætist í alþjóðlegum efnahagsmálum og að þau lönd sem hafa orðið fyrir skakkaföllum vinni sig smám saman út úr ógöngunum. Ekki eru allir á eitt sáttir um það mat og óhætt að fullyrða að veruleg óvissa ríkir um framhaldið. Frekari samdráttur á alþjóðavettvangi umfram það sem þegar er orðið kæmi að öllum líkindum fram í lakari viðskiptakjörum en reiknað er með í spám nú. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga varðandi spár um þróun efnahagsmála og afkomu ríkisins á næsta ári.

Eitt meginviðfangsefni hagstjórnarinnar um þessar mundir er mikill halli á viðskiptum við útlönd. Að verulegu leyti á viðskiptahallinn sér rætur í fjárfestingum fyrirtækja og heimila en þótt spáð sé samdrætti í fjárfestingum á næsta ári er í þjóðhagsáætlun enn spáð um 25 milljarða halla á viðskiptum við útlönd árið 1999. Þetta endurspeglar þá staðreynd að þótt fjárfestingar hafi aukist verulega frá því sem var fyrir nokkrum árum þá hefur sparnaður ekki aukist að sama skapi. Þessu er brýnt að breyta og stjórnvöld gera það best með því að bæta afkomu ríkissjóðs.

Breytingarnar sem orðið hafa á umgjörð efnahagsmála á undanförnum árum, lækkun verðbólgunnar, þróun fjármálamarkaða, aukin samkeppni o.s.frv., eru án efa ein af undirstöðum velgengninnar í þjóðarbúskapnum að undanförnu. Brýnt er að auka enn sveigjanleika og samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs og bæta um leið afkomu ríkisins.

Við núverandi aðstæður hníga öll rök að því að ríkið gæti aðhalds í fjármálum og skili afgangi á fjárlögum fyrir árið 1999. Á þann veg getur ríkisstjórnin best búið í haginn fyrir áframhaldandi hagsæld.

Umfjöllun um fjárlagafrumvarpið og niðurstöður ríkisreiknings eru meðal þýðingarmestu viðfangsefna Alþingis. Sú umfjöllun snýst í stórum dráttum um afrakstur skattheimtu ríkissjóðs og ráðstöfun skatta og annarra tekna hans. Í þessu ljósi er afar mikilvægt að framsetning allra upplýsinga sem tengjast ríkisfjármálum sé trúverðug og samstaða sé um þær leikreglur sem gilda um framsetningu þeirra.

Helsti hlekkurinn í þessu upplýsingakerfi er bókhald ríkisins. Mikilvægt er að þær upplýsingar sem þar er haldið til haga séu nýttar til að efla stjórn ríkisfjármála. Upplýsingarnar nýtast þannig bæði stjórnmálamönnum, stjórnendum ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja og ekki síst skattgreiðendum í landinu. Á grundvelli þeirra er hægt að gera grein fyrir ráðstöfun þeirra fjármuna sem skattgreiðendur láta af hendi til sameiginlegra þarfa í þjóðfélaginu. Þá ber stjórnendum ríkisfyrirtækja að nýta þessar upplýsingar til að ná fram hagkvæmni í rekstri og tryggja að ákvarðanir Alþingis um heimild til ráðstöfunar skatttekna séu virtar.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1999 er annað fjárlagafrumvarpið sem byggir á ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins frá árinu 1997 hvað varðar framsetningu og efnisskipan.

Lögin um fjárreiður ríkisins fólu í sér þá meginbreytingu að framvegis skyldi framsetning fjárlaga og ríkisreiknings vera samræmd. Samræmingin felst fyrst og fremst í því að fjárlög eru nú sett fram á rekstrargrunni á sama hátt og ríkisreikningur. Framsetning þessara upplýsinga verður því framvegis mjög í stíl við það sem almennt gildir um reikningshald fyrirtækja. Því má ætla að auðveldara verði að bera saman og meta árangur af rekstri ríkisstofnana við hinn almenna markað.

Í annan stað og ekki síður mikilvægt er að reikningsskil ríkissjóðs séu samanburðarhæf við ríkisfjármál annarra landa. Í því sambandi skiptir máli að flokkun tekna og gjalda og skilgreining þeirra aðila sem reikningsskil hins opinbera ná til fari að alþjóðlegum stöðlum og reglum.

Þrátt fyrir mjög veigamiklar breytingar var ekki stigið það skref nú að eignfæra fastafjármuni í efnahagsreikningi ríkissjóðs með sama hætti og tíðkast hjá fyrirtækjum almennt. Á hinn bóginn verður eignarhlutur A-hluta ríkissjóðs hjá aðilum utan hans framvegis færður til viðbótar peningalegum eignum og er það breyting frá því sem áður var.

Þeir þættir sem ég hef nefnt munu bæta til muna notagildi reikningsskila ríkissjóðs. Sú reynsla sem fengist hefur af hinni nýju skipan er að sjálfsögðu takmörkuð þar sem fyrsta uppgjörstímabilinu er ekki lokið. Ríkisreikningur samkvæmt hinum nýju lögum liggur eðli málsins samkvæmt ekki enn fyrir og því er enn sem komið er ekki hægt að bera saman áætlun fjárlaga við endanlega niðurstöðu ríkisreiknings. Hins vegar liggur ljóst fyrir að vinnubrögð við gerð fjárlaga hafa breyst frá því sem áður var. Þar sem allar fjárhæðir í fjárlögum skulu vera á rekstrargrunni verður nú t.d. að tíunda allar skuldbindingar sem vitað er um að ríkissjóður muni gangast undir eða falla á hann á uppgjörstímabilinu. Þetta ber að sýna, óháð því hvenær og hvernig viðkomandi skuldbindingar eru greiddar eða gerðar upp. Breytingarnar hafa í för með sér að nú liggja fyrir langtum nákvæmari upplýsingar um afkomuhorfur ríkissjóðs á uppgjörstímabilinu en áður var. Stjórnvöldum og Alþingi er betur ljóst hvaða aðgerða grípa þarf til í ríkisfjármálum til að ná markmiðum í þeim efnum á hverjum tíma. Þetta er nokkuð önnur staða en áður tíðkaðist því oft á tíðum þurfti Alþingi að grípa til sérstakra aðgerða í ríkisfjármálum vegna þess að nákvæmar upplýsingar um skuldbindingar ríkisins lágu ekki fyrir við fjárlagagerð. Þá er ekki vafi á því að hin nýja löggjöf um fjárreiður ríkisins hefur leitt til betri vinnubragða, ekki einungis við gerð fjárlaga heldur ekki síður við framkvæmd og ákvörðun í ríkisfjármálum.

Eins og ég gat um að framan liggur ekki enn þá fyrir hvernig allir þættir ríkisfjármálanna sem lögin um fjárreiður ríkisins kveða á um muni ganga fram. Hins vegar er ljóst að sú reynsla sem fengist hefur staðfestir mikilvægi þessarar lagasetningar. Auknar kröfur til starfsmanna hins opinbera í breytilegu starfsumhverfi kalla á að menn séu stöðugt vakandi við endurmat á störfum sínum og leiti leiða til að nýta sem best þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru á hverjum tíma. Eitt mikilvægasta tækið í þessari viðleitni er að til staðar séu traustar upplýsingar sem hægt er að leggja til grundvallar við ákvarðanatöku. Lögunum um fjárreiður ríkisins var

m.a. ætlað það hlutverk og bendir fátt til annars en að þau meginmarkmið sem stefnt var að með þeim náist.

Fjárlaganefnd hefur að venju fyrir 2. umr. málsins farið yfir gjaldahlið frumvarpsins og tekið viðtöl við fjölmarga aðila og tekið afstöðu til yfir 1.000 beiðna um fjárveitingar. Það liggur í augum uppi að nefndinni er nokkur vandi á höndum í starfi sínu. Fjölmörg félagasamtök, stofnanir ríkissjóðs, samtök um ýmis konar almannahagsmuni, og jafnvel einstaklingar sækja á um kostnaðarþátttöku eða fjárframlög frá ríkissjóði, eða telja hlut sinn vanmetinn í frumvarpinu. Það væri æskilegt að geta tekið undir og mætt sem flestu af þessu, en fjárlaganefnd verður ætíð í starfi sínu að hafa meginmarkmiðið í huga, að skila hallalausum fjárlögum. Það markmið réttlætir að sinna ekki öllu til fulls, vinna verkefni á lengri tíma, en samræmist ýtrustu óskum eða láta verkefni bíða sem eru ekki brýn að mati nefndarinnar.

Margir haft orð á því við mig undanfarnar vikur hvort ekki sé léttur leikur að vinna við fjárlögin núna, peningar flæði inn í ríkissjóð úr öllum áttum. Sem betur fer er ástand efnahagsmála þannig nú um stundir að uppsveifla er í atvinnulífinu og tekjur hafa aukist umfram áætlanir. Neyslan hefur einnig aukist og ríkissjóður nýtur góðs af því. Hins vegar vilja margir sækja sinn hlut og ef öllu væri sinnt þá mundi verða verulegur halli á ríkissjóði. Það er grundvallaratriði í efnahagsstjórninni að reka ríkissjóð hallalausan þegar vel árar eins og ég gat um í upphafi máls míns.

Hins vegar má aldrei missa sjónar á því að velferðin byggist á öflugu atvinnulífi. Viðbótarútgjöld til hinna ýmsu málaflokka verða að byggjast á aukningu þjóðartekna. Þetta samhengi má aldrei slitna. Grundvöllur hins svokallaða góðæris í efnahagsmálum er sá að sjávarútvegurinn hefur verið að styrkja stöðu sína og ávinningurinn af því deilist til ríkissjóðs og út um allt þjóðarbúið. Samhliða hafa ýmsar aðrar greinar atvinnulífsins svo sem hugbúnaðargerð, ferðaþjónusta og orkufrekur iðnaður lagt meira til þjóðarbúsins en áður. Það er mikil nauðsyn að atvinnulífið hvíli á sem flestum stoðum, svo niðursveifla í einni grein, t.d. í sjávarútvegi, setji ekki afkomu þjóðarbúsins í hættu, bæði afkomu einstaklinga, fyrirtækja og ríkissjóðs. Þess vegna er farsælast að sem flestar atvinnugreinar hafi möguleika til framþróunar. Það er afar brýnt að hafa þetta í huga í þeirri umræðu sem nú fram um framþróun í atvinnumálum þar sem talið er óæskilegt að atvinnugreinar eins og orkufrekur iðnaður vaxi, en framþróun eigi að byggja framar öðru á ferðaþjónustu og hugbúnaðargerð, auk sjávarútvegsins.

Einnig er afar brýnt á þessum óvissutímum í sjávarútvegi að leitast við að finna leiðir í þeim málaflokki sem tryggi jafnræði í greininni og hagkvæmni í rekstri og byggð í landinu. Þetta einstigi er ekki auðvelt að feta.

Ég nefni þetta í umræðu um ríkisfjármál vegna þess að samhengið milli velferðarinnar og atvinnulífsins vill stundum gleymast.

Ég mun áður en ég geri grein fyrir breytingartillögunum geta um nokkur atriði sem hafa verið fyrirferðarmikil í starfi nefndarinnar og geta um áherslur sem hún lagði.

Launamálaþátturinn hefur reynst erfiður viðfangs og eru ekki öll kurl komin til grafar hvað hann snertir, þótt tekið sé á stórum hluta vandans í frumvarpinu og breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar. Kjarasamningar hafa miðað að því að færa ýmsar greiðslur, svo sem yfirvinnu, inn í grunnlaunin í þeim tilgangi að gera launakerfið gegnsærra. Í sumum tilvikum hefur þetta leitt til verulegs kostnaðarauka. Heilar starfsstéttir hafa notað hópuppsagnir til þess að ná málum sínum fram. Það er nauðsyn að ná sáttum í samfélaginu sem koma í veg fyrir að slíkum baráttuaðferðum sé beitt. Það getur engan veginn talist réttlátt hvorki gagnvart launamönnum né atvinnurekandanum, hvort sem hann er ríkisvaldið eða einstaklingar. Aðstaða launamanna til að beita slíkum aðferðum er afar mismunandi þar sem sumir eru bundnir af samningum og geta sig hvergi hrært meðan aðrir í skjóli sérhæfingar og eftirspurnar eftir starfskröftum þeirra geta beitt hópuppsagnaaðferðinni til þess að knýja fram launahækkanir. Unnið hefur verið að því af kappi að uppreikna launaliðinn og því mun hann einnig koma fyrir við 3. umr. málsins.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999 eru 300 millj. kr. á óskiptum lið til verðbóta á laun. Er meðal annars ætlað fyrir kostnaði vegna áhrifa kjaranefndar á laun til prófessora undir þeim lið. Nú er að auki farið fram á 104 millj. kr. til að bæta launakostnað framhaldsskóla en það er til leiðréttingar forsendum sem lagðar voru til grundvallar í reiknilíkani við skiptingu á fjárveitingu til skólanna í fjárlögum árið 1998. Þá er farið fram á tæplega 200 millj. kr. til að bæta vanmetinn kostnað við kjarasamninga hjúkrunarfræðinga og 54 millj. kr. vegna stofnana fatlaðra. Loks eru 30 millj. kr. vegna áhrifa nýlegra kjarasamninga á launakostnað fangavarða.

Eftir þessa umræðu er lokið við að bæta alla kjarasamninga sem gerðir hafa verið ef frá eru taldir nýlegir samningar við meinatækna og önnur fámennari félög háskólamenntaðra á sjúkrahúsum. Einnig er verið að endurmeta tiltekin atriði er hafa áhrif á útgjöld sjúkrastofnana vegna kjarasamninga við lækna og launabætur við lækna á hjúkrunarheimilum. Verður gerð tillaga um fjárveitingar vegna þessa við 3. umr. fjárlaga að svo miklu leyti sem kostnaðurinn verður umfram framangreindar 300 millj. kr.

Fjárlaganefnd tók þá ákvörðun við fjárlagagerð fyrir yfirstandandi ár að leggja fé til undirbúnings fjarnáms á háskólastigi á Austurlandi. Þessi ákvörðun var upphaf að hraðfara þróun í þessum málum. Fleiri hafa fylgt í þessa slóð og nú er hafinn undirbúningur að fjarnámi og endurmenntun í öllum landshlutum. Meiri hluti fjárlaganefndar ákvað að setja þessi mál í forgang í úthlutunum til menntamála, og veitir fé til þessara mála á Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum og Norðurlandi vestra í breytingartillögum sínum. Auk þess er veitt fjármagn til Kennaraháskólans, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri til fjarkennsluмála. Það er skoðun meiri hlutans að með þessari afgreiðslu sé hægt að gera myndarlegt átak á næsta ári til þess að mæta þeirri hröðu þróun sem verið hefur í þessum málum. Fjarkennsla hefur verið í örri þróun hérlendis og hér er um aðferð til náms að ræða sem jafnar aðstöðu fólks eftir búsetu, með öðrum orðum ósvikið byggðamál. Vissulega tekur tíma að þróa kennsluaðferðir og námsframboð með þessari nýju tækni en mikill áhugi er fyrir hendi.

Annan málaflokk undir mennta- og menningarmálum vil ég gera sérstaklega að umræðuefni. Það eru safnamál í víðum skilningi og verndun menningararfsins sem felst í gömlum byggingum. Þróun í safnamálum hefur verið ör undanfarin ár, og hafa söfn af hinu margvíslegasta tagi komist á legg. Ör fjölgun ferðamanna undanfarin ár hefur orðið til þess að litið er til safnauppbyggingar í tengslum við ferðaþjónustu. Starfsemi af þessu tagi hefur víða orðið aðdráttarafl. Það má nefna Vesturfarasetrið á Hofsósi og Sögusetrið á Hvolsvelli sem ljós dæmi um þetta ásamt miklu fleiri söfnum.

Fjárlaganefnd hefur fundið vel í starfi sínu að heildarlöggjöf skortir um safnamál í landinu miðað við þær breyttu aðstæður sem uppi eru. Það skortir fastmótaðar reglur um þátttöku ríkissjóðs í þessari starfsemi. Ég fullyrði að pólitískur vilji er til þess að ríkisvaldið komi að þessum málum ásamt heimamönnum. Hins vegar er nauðsyn að um þessi mál gildi reglur sem mismuna ekki þeim aðilum sem leita eftir stuðningi.

Gert er ráð fyrir að hækka þann lið sem tilheyrir byggðasöfnun og uppbyggingu þeirra, en verkefni eru mikil á þessu sviði og hafa fjárveitingar hvergi nægt til þess að koma til móts við þá þörf sem uppi er. Einnig hefur verið tekið skref í því eins og á yfirstandandi ári að hækka fjármagn til húsafriðunarsjóðs, en áhuginn fyrir varðveislu gamalla húsa hefur vaxið hröðum skrefum og er það vel. Á undanförnum árum hefur verið varið miklum fjármunum til viðhalds opinberra bygginga sem hýsa æðstu stjórn ríkisins og nú standa yfir endurbætur á Þjóðminjasafninu og á hinu fagra safnahúsi við Hverfisgötu sem er eitt mesta glæsihús hér í borginni. Nauðsyn ber til að setja sér markmið í verndun gamalla bygginga en þær eru hluti menningararfsins. Víða út um land blasa verkefnin við í þessu efni. Endurbótasjóður menningarbygginga hefur haft stærstu verkefnin með höndum en húsafriðunarsjóður hefur komið til aðstoðar mörgum verkefnum víða um land og æskilegt væri að efla hann.

Ég vil einnig nefna að meiri hlutinn gerir tillögu um að 40 milljónir fari til Háskóla Íslands vegna kennslukostnaðar. Nú er langt komin vinna við reiknilíkan á vegum háskólans og menntmrn. sem mun sýnilega leiða til aukins kostnaðar. Rétt þykir að koma nú til móts við hluta af þeim kostnaði sem reiknilíkanið mun hafa í för með sér. Einnig er tillaga um að leggja háskólanum til 14 milljónir króna til þess að skapa nemendum sínum lestraraðstöðu. Þar hefur skórinn kreppt að vegna lokunar lestraraðstöðu í Odda og vegna of stutts opnunartíma Þjóðarbókhlöðu. Það er lagt í vald stjórnenda háskólans að ráðstafa þessu fjármagni á þann hátt sem tryggir hag nemendanna sem best og skapar þeim aðstöðu við námið. Komið er að fullu til móts við þá ósk sem nefndinni barst um fjármagn til þessa verkefnis.

Nokkuð hefur verið rætt um málefni framhaldsskóla og þá samninga sem í gildi eru og eru byggðir á reiknilíkani. Því hefur verið haldið fram að fámennari skólar búi við of þröngan kost af þessum sökum. Meiri hluti nefndarinnar hefur haft þessi mál í athugun og nefndin öll, og mun hafa þau áfram til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. málsins.

Í landbúnaðarmálum er gert ráð fyrir að létta nokkuð fóðurkostnað fóðurstöðva en það er nauðsyn nú vegna niðursveiflu sem hefur orðið á ný í loðdýraræktinni. Hún er sveiflukennd og viðkvæm atvinnugrein, en hún hefur þýðingu í atvinnulífinu hérlendis og er þegar vel gengur fullburða útflutningsgrein. Því er því réttlætanlegt að aðstoða við það að mæta niðursveiflunni sem nú er á mörkuðum fyrir loðskinn.

Ég vil einnig minnast á lið sem hefur verið óbreyttur að fjárhæð og heyrir undir landbúnaðarráðuneytið en það eru fyrirhleðslur. Óhjákvæmilegt þykir að hækka þann lið nú vegna nýrra og aðkallandi verkefna og baráttunnar við Markarfljót sem staðið hefur um árabil. Nú er fyrirliggjandi áætlun um að 150 milljónir kr. þurfi til þess að koma böndum á fljótið eins og skynsamlegt þykir. Ljóst er að þetta verk verður að vinna í áföngum og nú eru veittar 15 milljónir til verksins sem er veruleg þó hækkun frá því sem áður var. Önnur ný verkefni eru Klifandi, sem ryðst nú yfir eitt mesta gósenland á landi hér í Mýrdalnum, og Kotá í Öræfum. Það fjármagn sem fer í fyrirhleðslur er einn þátturinn í þeim herkostnaði sem felst í baráttunni gegn eyðingu lands.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að veittar verði 7,5 millj. kr. til dómsmálaráðuneytisins til þess að standa straum af löggæslukostnaði. Hér er haft í huga að leysa það vandamál sem verið hefur um langt árabil um löggæslukostnað á útisamkomum hérlendis. Samkomuhaldarar hafa álitið mismunun fólgna í því að verða að greiða allan löggæslukostnað af þessum samkomum og víða hefur það reynst þungur baggi. Ætlunin er að dómsmálaráðuneytið setji reglur um úthlutun þessara fjármuna og sýslumannsembættin geti sótt um framlög til þess að mæta kostnaði við löggæslu á útihátíðum.

Fíkniefnavandinn í þjóðfélaginu hefur verið ræddur á Alþingi, og sá vágestur hefur víðtækar afleiðingar. Ekki fer hjá því að mörg erindi berast til fjárlaganefndar um framlög til meðferðarstofnana fyrir fólk sem hefur lent undir í samfélaginu vegna neyslu fíkniefna og áfengis. Fjöldi fólks vinnur óeigingjart starf hjá meðferðarstofnunum og lyftir grettistaki fyrir takmarkaða fjármuni. Eðlilegt er að ríkisvaldið komi til stuðnings þessum stofnunum og hefur fjárlaganefnd reynt að vinna í þeim anda. Hins vegar vill meiri hluti nefndarinnar undirstrika nauðsyn þess að ríkisvaldið geri samninga um þessa aðstoð við viðkomandi meðferðarheimili þar sem tekið er tillit til þess um hvers konar meðferðarúrræði sé að ræða og meðferðin sé viðurkennd af þar til bærum yfirvöldum. Þetta er nauðsyn til þess að samræmi sé í aðstoð ríkisvaldsins við þessar stofnanir í framtíðinni. Ég mun víkja nánar að einstökum stofnunum í skýringum við breytingartillögur nefndarinnar.

Meiri hluti fjárlaganefndar flytur 129 breytingartillögur af ýmsu tagi við fjárlagafrumvarpið við 2. umr. Ég mun gera nánar grein fyrir þeim síðar í ræðu minni en vil nú víkja að nokkrum málum sem enn eru á borði fjárlaganefndar og því hvað helst einkennir það fjárlagfrumvarp sem nú er til umræðu.

Ljóst er að nokkur veigamikil mál verða að bíða 3. umr. Fyrst skal nefna tekjuhlið frumvarpsins, en að venju verður fjallað um hana milli 2. og 3. umr. málsins. Nú er liðið á desember og virðisaukaskattskil eru nú í vikunni og eftir að farið hefur verið yfir þau ætti að vera hægt að spá með meiri nákvæmni um þróun mála. Ég vil þó vara við mikilli bjartsýni í þessu efni. Aflabrögð í helstu nytjastofnum svo sem loðnu, síld og rækju gefa ekki tilefni til þess að ætla að tekjurnar vaxi umfram áætlun. Hagstæð þróun afurðaverðs á erlendum mörkuðum gæti orðið til þess að halda í horfinu.

Af þeim málum á útgjaldahlið sem koma til umræðu milli 2. og 3. umr. má nefna að fjallað er á vettvangi ríkisstjórnarinnar um hækkun tryggingabóta og niðurstöður þeirrar vinnu munu berast fjárlaganefnd fyrir 3. umr. Í öðru lagi er starfshópur sem settur var á fót fyrir ári að leggja síðustu hönd á skýrslu um vinnu sína við sjúkrahúsin og mun fjárlagnefnd fara yfir þær milli 2. og 3. umr. Þegar hefur verið komið til móts við vanda þeirra í fjáraukalögum og fjárlögum en ljóst er að enn vantar nokkuð upp á að halla þeirra hafi verið mætt. Því er nauðsynlegt að fara yfir niðurstöður starfshópsins áður en gengið er frá fjárlögum og kanna hvort aðgerðir til aðhalds í rekstri stóru sjúkrahúsanna eða samvinna eða sameining einhverra þátta í rekstri þeirra geti mætt hluta vandans. Starfshópur um biðlista í málefnum fatlaðra hefur nú skilað skýrslu til félagsmálaráðherra. Í ljósi þess er

nauðsyn að fjallað verði um þau mál milli 2. og 3. umr. málsins.

Enn eitt mál sem er til meðferðar hjá ríkisstjórn, og mun koma til meðferðar við 3. umr., er framlög vegna byggðamála. Tillaga til þingsályktunar um byggðamál er til meðferðar hér á hv. Alþingi. Það er ljóst að samþykkt hennar mun leiða til fjárframlaga úr ríkissjóði, og er þar tiltekið 300 milljón krónu framlag til þess að stofna eignarhaldsfélög til þess að vera bakhjarl atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.

Tvö atriði hefur meiri hluti fjárlaganefndar sérstaklega borið fyrir brjósti en það er jöfnun námskostnaðar og niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar. Þegar hefur framlag til jöfnunar námskostnaðar verið hækkað um 25 milljónir samkvæmt tillögum sem liggja fyrir. Framlagið er til þess að standa straum af rýmkun réttar til styrkveitinga samkvæmt frumvarpi þar um sem liggur fyrir Alþingi. Sömuleiðis hefur hækkun um 50 milljónir króna sem veitt var á fjáraukalögum árið 1997 og kom til útgreiðslu á yfirstandandi ári verið færð inn í fjárlagagrunninn fyrir árið 1999 í niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði. Þrátt fyrir þetta þykir fjárlaganefnd rétt að fjalla frekar um þessi tvö mál í tengslum við 3. umr. fjárlaga og umfjöllun um framlög til byggðamála.

Herra forseti. Ég mun fara yfir þær breytingartillögur sem fyrir liggja um fjárlögin og þær skýringar sem fylgja.

Nefndin hóf störf 21. sept. sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi, dags. 8. okt. sl., óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað áliti og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum. Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 36 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða, að hafnalið undanskildum. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umr. nema samtals 1.749,7 millj. kr. til hækkunar.

Æðsta stjórn ríkisins. Gerð er tillaga um 18 millj. kr. hækkun á framlagi til stofnkostnaðar á Alþingi til átaks í upplýsingamálum, skrifstofubúnaðar og öryggiskerfis og 7,3 millj. kr. hækkun á framlagi til Ríkisendurskoðunar í aukin verkefni.

Forsætisráðuneyti. Lagt er til að rekstur óbyggðanefndar verði á sérstökum fjárlagalið og að 5,5 millj. kr. af 8,8 millj. kr. fjárveitingu á viðfangsefni 1.01 Yfirstjórn verði flutt á fjárlagalið 261 Óbyggðanefnd. Þær 3,3 millj. kr. sem eftir standa eru ætlaðar til að mæta kostnaði aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna samþykktar laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Ég vík þá að liðnum Ýmis verkefni. Lagt er til að veitt verði 13,9 millj. kr. fjárveiting á þessum lið. Í fyrsta lagi verði veittur 8,8 millj. kr. tímabundinn styrkur til að kosta verkefnisstjóra sem hafi umsjón með framkvæmd hátíðahalda á 1000 ára afmæli landafunda í Norður-Ameríku. Á næstu tveimur árum áforma stjórnvöld að efla tengsl við Íslendingabyggðir í Kanada. Áhugi fólks þar af íslenskum ættum á þeim tengslum og íslenskri menningu hefur aukist verulega og fyrirhugað er að efna til umfangsmikilla hátíðahalda árið 2000 til að minnast 1000 ára afmælis landafunda í Norður-Ameríku. Til að sjá um þessi mál er lagt til að ráðinn verði verkefnisstjóri og er honum ætlað að efla menningartengsl Íslands og Kanadamanna af íslenskum uppruna. Þá vinni hann einnig að mögulegum viðskiptatengslum og er honum ætlað að styðja við framtak Vestur-Íslendinga sem vinna að því að samræma viðburði á vegum Íslendingafélaga um öll fylki Kanada.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 4,5 millj. kr. tímabundið framlag til að standa undir hluta af kostnaði við að koma upp aðstöðu á Gimli í Kanada undir varanlega sögusýningu um landnámið sem leiddi til stofnunar Nýja-Íslands á Gimli. Félag Vestur-Íslendinga í Manitoba hefur ákveðið að reisa nýbyggingu undir sýninguna þar sem Þjóðræknifélagið, Lögberg-Heimskringla og ýmis önnur félags- og upplýsingastarfsemi fengi inni. Áætlað er að það sem lýtur að sýningunni kosti samtals 270.000 Kanadadali. Framlagið er fært á óskiptan lið fjárlagaliðarins.

Loks er lagt er til að framlag til viðfangsefnisins 1.40 Gjöf Jóns Sigurðssonar hækki um 0,6 millj. kr. Samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 29. apríl 1974 skal árlega renna til sjóðsins fjárhæð er nemi ekki lægri fjárhæð en byrjunarlaunum prófessors við Háskóla Íslands. Þau laun nema nú 2,5 millj. kr. og er hækkunin til samræmis við það. Sjóðnum er ætlað að veita verðlaun fyrir vísindaleg rit og styrkja útgáfu slíkra rita. Einnig er heimilt að veita viðurkenningu höfundum sem eru með vísindarit í smíðum. Öll skulu þessi rit lúta að sögu Íslands, íslenskum bókmenntum, lögum, stjórn eða framförum.

Lagt er til að framlag til Þjóðhagsstofnunar hækki um 4,5 millj. kr. og að framlag til aðalskrifstofu umhvrn. lækki samsvarandi. Við undirbúning frumvarps til fjárlaga var framlag til aðalskrifstofu umhvrn. hækkað um 4,5 millj. kr. vegna kostnaðar við reiknilíkan sem notað verður til að meta áhrif rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar á efnahagsþróun og langtímahagsmuni Íslands. Reiknilíkanið er unnið á vegum Þjóðhagsstofnunar og því talið réttara að vista fjárveitinguna þar. Heildarkostnaður er áætlaður 9 millj. kr.

Lagt er til að framlag til óbyggðanefndar um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, hækki um 14,4 millj. kr. frá fjárlagafrumvarpi og verði samtals 19,9 millj. kr. sem færðar verði á sérstakan fjárlagalið. Framlag að fjárhæð 5,5 millj. kr. er millifært af aðalskrifstofu forsrn. en þar er að auki gert ráð fyrir 3,3 millj. kr. kostnaði við framkvæmd laganna. Hlutverk óbyggðanefndar er í fyrsta lagi að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, í öðru lagi að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýtt er sem afréttur og að lokum að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Nefndinni er ætlað að eiga frumkvæði að málum sem undir hana heyra og tilkynna fyrir fram hvaða landsvæði hún tekur til meðferðar hverju sinni. Stefnt er að því að nefndin ljúki verkinu fyrir árið 2007.

Þá er komið að menntmrn. og er efst á blaði Háskóli Íslands. Gerð er tillaga um að hækka framlög til kennslu- og vísindadeilda um 40 millj. kr., m.a. vegna fjölgunar nemenda. Eins og áður segir er unnið að gerð reiknilíkans fyrir rekstur háskólans og má ætla að það leiði til hækkunar útgjalda. Þá er lagt til að Háskóla Íslands verði veittar 14 millj. kr. til að koma til móts við óskir stúdenta um bætta

lesaðstöðu. Með fjárveitingunum er háskólanum gert kleift að semja við Landsbókasafn – Háskólabókasafn um þessa þjónustu eða leita annarra leiða.

Óskað er eftir 0,9 millj. kr. til að greiða launakostnað dýralæknis sem jafnframt er sérfræðingur í veirufræði við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Framlagið er ætlað til að standa undir kostnaði við tímabundin verkefni.

Lagt er til að framlag til Tækniskólans verði hækkað um 10 millj. kr. til kennslu og aukins rekstrarkostnaðar.

Lagt er til að Kennaraháskóli Íslands fái 20 millj. kr. til kennslu til að koma til móts við aukinn kostnað þar sem nemendum í fjarnámi hefur fjölgað mikið. Nú er tæplega þriðjungur stúdenta við skólann í fjarnámi og eftirspurn margfalt meiri en hægt er að anna. Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands hafa nýlega undirritað samning um fjarkennslu.

Lagt er til að framlag til Samvinnuháskólans á Bifröst hækki um 3 millj. kr. vegna fjölgunar nemenda við skólann. Skólinn hyggst bjóða fjarnám fyrir rekstrarhagfræðinga um næstu áramót og fjölgar nemendum einnig við það.

Lagt er til að Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður hækki um 15 millj. kr. Sundurliðun liðarins er sýnd í sérstöku yfirliti.

Lögð er til 27,8 millj. kr. hækkun á þessum lið Háskóla- og rannsóknastarfsemi og er breytingin fjórþætt. Í fyrsta lagi hafa Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands gert samstarfssamning um fjarkennslu. Í samræmi við hann hyggjast þeir vinna saman að uppbyggingu fjarkennslu og að því að auka aðgengi fólks um allt land að háskólamenntun. Lagt er til að skólarnir fái sameiginlega fjárveitingu að upphæð 12 millj. kr. til þessa verkefnis árið 1999 og færist hún á nýtt viðfangsefni, 1.21 Fjarkennsla á háskólastigi.

Þá er farið fram á að veittar verði 7 millj. kr. sem stofnframlag til símenntunarstöðvar á Vesturlandi. Stofnframlagið á fyrst og fremst að nýta til að byggja upp þjónustunet til Dalabyggðar og sveitarfélaga á norðanverðu Snæfellsnesi.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 7 millj. kr. framlag til þróunarseturs á Vestfjörðum sem varið verði til fjarkennslu og verði framlagið fært á nýtt viðfangsefni, 1.23 Þróunarsetur Vestfjarða. Í þróunarsetri sameinast þær stofnanir sem nú þegar starfa á þessu sviði á Vestfjörðum, flestar staðsettar á Ísafirði, undir einu þaki. Starf í setrinu mun tengjast starfsemi Framhaldsskóla Vestfjarða og nýjum möguleikum í háskóla- og endurmenntun á svæðinu.

Loks er lagt til að fjárveiting til Norrænu eldfjallastöðvarinnar hækki um 1,8 millj. kr. en leigukostnaður stöðvarinnar hefur hækkað.

Lögð er til 8 millj. kr. hækkun á viðfangsefni stofnkostnaður Framhaldsskólar, 6.90 Byggingaframkvæmdir. Sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti.

Framhaldsskólar, almennt. Farið er fram á að fjárveiting liðarins verði aukin um 134,9 millj. kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 113,9 millj. kr. hækkun á framlögum til viðfangsefnisins 1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Af þeirri fjárhæð fara 104,4 millj. kr. til launa í framhaldsskólum. Komið hefur í ljós að við skiptingu í reiknilíkani menntmrn. á fjárveitingum til framhaldsskóla í fjárlögum fyrir árið 1998 var stuðst við forsendur sem leiddu til þess að meðallaun kennara voru áætluð 3,5% of lág. Sundurliðun fjárhæðar er sýnd í sérstöku yfirliti. Hins vegar er gert ráð fyrir að 9,5 millj. kr. fari til hækkunar vegna kostnaðar samkvæmt kjarasamningum við próf í skólunum sem vanmetinn hefur verið að mati menntmrn. um sem svarar 2,3% af heildarlaunakostnaði og deildarstjórn um 1,3% eða samtals 129,5 millj. kr. Í frumvörpum til fjáraukalaga fyrir árið 1998 og fjárlaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir 120 millj. kr. til þess að mæta þessum vanda, en eftir standa 9,5 millj. kr. sem hér er gerð tillaga um.

Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 7 millj. kr. framlag til uppbyggingar búnaðar og fjarkennsluverkefnis á Norðurlandi vestra og er framlagið fært á nýtt viðfangsefni, 1.51 Fjarkennsluverkefni á Norðurlandi vestra.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um 7 millj. kr. framlag á nýtt viðfangsefni, 1.53 Fjarkennsluverkefni á Suðurlandi, til að undirbúa og koma á fót kennslu á háskólastigi á Suðurlandi í samvinnu við háskólastofnanir.

Þá er í fjórða lagi óskað eftir 5 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til Myndlistaskólans í Reykjavík, annars vegar 2 millj. kr. til rekstrar og hins vegar 3 millj. kr. til að standsetja nýtt húsnæði skólans. Síðari fjárhæðin er tímabundin og fellur niður á árinu 2000.

Að lokum er lagt til að framlag til Myndlistaskólans á Akureyri hækki um 2 millj. kr. Umsvif skólans hafa aukist og ný verkefni bæst við á síðustu árum og er talið nauðsynlegt að bæta við starfsfólki. Þá á skólinn 25 ára afmæli næsta ár og er fyrirhugað að minnast þess með sýningarhaldi og útgáfu á afmælisriti.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja. Lögð er til 7 millj. kr. fjárveiting til miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands. Gerð er tillaga um 4,4 millj. kr. hækkun á framlagi til Myndlista- og handíðaskóla Íslands til þriggja verkefna, þ.e. afmælis Myndlista- og handíðaskólans, 1,3 millj. kr., uppbyggingar hönnunarnáms, 1,1 millj. kr., og evrópsks MA-náms í grafík, 2 millj. kr. Framlag til afmælisins og hönnunarnáms er tímabundið og fellur niður á árinu 2000.

Jöfnun á námskostnaði. Óskað er eftir 25 millj. kr. hækkun á framlagi til jöfnunar námskostnaðar vegna fyrirhugaðrar lagabreytingar sem felur í sér rýmkun á reglum og mun leiða til fjölgunar styrkþega.

Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um að framlag til Þjóðminjasafns Íslands hækki um 14 millj. kr. og renni til fornleifarannsókna sem þegar eru hafnar að Stóru-Borg, Neðra-Ási, í Reykholti og á Eiríksstöðum. Jafnframt er lagt til að framlag til byggða- og minjasafna hækki um 5 millj. kr. Viðurkennd söfn fá styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar samkvæmt þjóðminjalögum. Kostnaður af styrkhæfum umsóknum og brýnustu verkefnastyrkjum er talinn nema um 25 millj. kr.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. hækkun á fram lagi til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns vegna aukins launakostnaðar.

Farið er fram á 2 millj. kr. hækkun á framlagi til Nýlistasafnsins til eflingar starfsemi safnsins. Einnig er gerð tillaga um að óskipt viðfangsefni fjárlagaliðarins, 1.90 Söfn, lækki um 1,3 millj. kr.

Lögð er til 18 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu Endurbótasjóður menningarstofnana, sem er til viðhalds og stofnkostnaðar menningarbygginga.

Lagt er til að framlag til viðfangsefnis 1.10 Ríkisútvarpið, afnotagjöld hækki um 80 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að heimila 5% hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins

frá 1. desember 1998. Áætlað er að hækkunin skili 80 millj. kr. auknum tekjum í ríkissjóð á árinu 1999 í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og að framlag í A-hluta fjárlaga til stofnunarinnar hækki um sömu fjárhæð.

Sinfóníuhljómsveit Íslands. Óskað er eftir 2,2 millj. kr. hækkun vegna kostnaðar við kjarasamninga sem hljómsveitinni hefur ekki verið bættur. Að auki er lagt til að framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hækki um 3 millj. kr., m.a. vegna hækkunar á leigukostnaði og til kaupa á búnaði.

Lagt er til að framlag til húsafriðunarsjóðs hækki um 10 millj. kr. vegna aukinna verkefna.

Gerð er tillaga um að liðurinn Listir, framlög hækki alls um 6 millj. kr. og er skýringa að rekja til fjögurra þátta. Í fyrsta lagi er lögð til 5,6 millj. kr. lækkun á framlagi á viðfangsefnisins Listir. Hana má rekja til þess að 7,6 millj. kr. fjárveiting til Íslenskrar tónverkamiðstöðvar sem hefur fengið úthlutun af þessu viðfangsefni hefur verið flutt á nýtt viðfangsefni henni merkt, 1.29 Íslensk tónverkamiðstöð. Óskipt fjárhæð er jafnframt hækkuð um 2 millj. kr.

Í öðru lagi er farið fram á að framlag til Íslenskrar tónverkamiðstöðvar verði 4 millj. kr. og færist á nýtt viðfangsefni, Íslensk tónverkamiðstöð. Áður hefur hún fengið fjárveitingar af viðfangsefni 1.90 Listir.

Þá er í þriðja lagi lagt til að framlag til starfsemi atvinnuleikhópa hækki um 3 millj. kr. vegna starfssamninga atvinnuleikhópa. Loks er gerð tillaga um 1 millj. kr. hækkun framlags til viðfangsefnisins Tónlist fyrir alla. Markmiðið er að verkefnið nái til alls landsins innan fárra ára og ávinni sér fastan sess í skólastarfi og menningarlífi landsmanna.

Gerð er tillaga um 2 millj. kr. hækkun framlags á viðfangsefninu Fræðistörf.

Lögð er til 4 millj. kr. hækkun á framlagi til Ungmennafélags Íslands til reksturs þess á þjónustumiðstöð í Reykjavík sem veitir íþróttahópum af landsbyggðinni gistiþjónustu. Jafnframt er gerð tillaga um að framlag til Bandalags íslenskra skáta hækki tímabundið um 3 millj. kr. vegna kostnaðar við landsmót.

Ýmis íþróttamál. Óskað er eftir að liðurinn hækki um 15,6 millj. kr. samtals.

Í fyrsta lagi er lagt til að hækka framlag til óskipts liðar alls um 10 millj. kr. Þar af eru 8 millj. kr. ætlaðar til uppbyggingar íþróttaaðstöðu á Egilsstöðum en þar er ráðgert að halda landsmót ungmennasambandanna árið 2001. Bæta þarf íþróttaaðstöðu til að tryggja að hægt verði að halda landsmót á Egilsstöðum, m.a. með því að leggja hlaupabrautir með svokölluðu „tartan"-yfirborði. Ætlað er að kostnaðurinn verði greiddur á tveimur árum.

Þá er lögð til 3 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu Íþróttasamband Íslands og jafnframt gerð tillaga um að heiti þess breytist og verði Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um að viðfangsefni 1.11 Ólympíunefnd Íslands falli brott. Framlagið að fjárhæð 3 millj. kr. flyst á viðfangsefni 1.10 Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands.

Gert er ráð fyrir að framlag til Glímusambands Íslands hækki um 2,5 millj. kr. til að vinna að kynningu á glímunni en takist ekki að auka iðkun hennar og útbreiðslu muni hún brátt heyra sögunni til.

Óskað er eftir tímabundinni hækkun að fjárhæð 1,5 millj. kr. til Skáksambands Íslands til kynningarstarfs og Ólympíuskákmóts í Elista í Kalmykiu.

Jafnframt er gerð tillaga um 1 millj. kr. framlag til Landssambands akstursíþróttafélaga.

Loks er lögð til 0,6 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til Skákskóla Íslands. Það er 25% hækkun á rekstrarframlagi sem hefur haldist óbreytt frá árinu 1991.

Ýmislegt. Gerð er tillaga um 19,5 millj. kr. hækkun fjárveitinga á þessum lið. Lögð er til 20 millj. kr. fjárveiting til Dalabyggðar til verkefna sem Eiríksstaðanefnd hefur verið falið að fjalla um í samráði við hreppsnefnd Dalabyggðar og tengjast fæðingarstað Leifs heppna.

Þá er gerð er tillaga um að óskiptur liður fjárlagaliðarins lækki um 0,5 millj. kr.

Hluti framlags til Snorrastofu er ranglega færður á rekstrarviðfangsefni en er stofnkostnaður. Því lækkar framlag til viðfangsefnisins 1.44 Snorrastofa um 4 millj. kr. en framlag til viðfangsefnisins 6.93 Snorrastofa hækkar samsvarandi og hefur því ekki áhrif á heildarfjárhæð.

Farið er fram á að veittar verði 35 millj. kr. til að hefja undirbúning að þátttöku Íslands í heimssýningunni í Hannover árið 2000, m.a. til að festa sýningarsvæði til leigu. Þýskaland er mikilvægasta viðskiptaland Íslands jafnt með vörur sem þjónustu. Verulegar gjaldeyristekjur eru af þýskum ferðamönnum á Íslandi. Gert er ráð fyrir um 40 milljónum gesta á sýninguna. Lauslega má ætla að heildarkostnaður við sýninguna verði 200–240 millj. kr. Búast má við að á næstu tveimur árum verði veittar allt að 200 millj. kr. úr ríkissjóði. Leitast verður við að afla fjárframlaga frá atvinnulífinu fyrir 20% heildarkostnaðar eða sem nemur um 40 millj. kr.

Þá er lagt til að áætlaðar sértekjur og gjöld yfirstjórnar lækki um 9 millj. kr., áætlaðar sértekjur og gjöld varnarmálaskrifstofu hækki um 1,6 millj. kr. og að áætlaðar sértekjur og gjöld þýðingarmiðstöðvar hækki um 1 millj. kr. Heildaráhrif eru engin á niðurstöðutölurnar.

Ýmis verkefni. Lagt er til að framlag til þessa liðar hækki um 0,3 millj. kr. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 2 millj. kr. lækkun en í ljósi rauntalna er talið kleift að lækka framlag vegna kostnaðar við þátttöku fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi.

Þá er lagt er til að framlag til Mannréttindaskrifstofu Íslands verði aukið um 2 millj. kr. Aukin áhersla er lögð á mannréttindi og mannréttindastarf og hefur í því skyni verið gerður samstarfssamningur milli Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands.

Óskað er eftir 20 millj. kr. hækkun fjárveitingar til byggingar sendiráðsins í Berlín. Eftir framlagningu frumvarps til fjárlaga hefur komið í ljós að kostnaður verður allt að 20 millj. kr. hærri en áður var talið. Helstu ástæður eru að þáttur Íslands í sameiginlegum kostnaði er meiri en gert var ráð fyrir í upphafi, þ.e. 6,3% en ekki 5,8%. Einnig hafa tilboð verið hærri en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir.

Lagt er til að Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna verði veitt 3 millj. kr. fjárheimild. Árið 1998 var fjárþörf skólans meiri en heimild fjárlaga gerði ráð fyrir en ekki var þörf á hærra framlagi úr ríkissjóði vegna afgangs frá árinu 1997. Til að mæta fjárþörf ársins 1999 þarf hins vegar aukna fjárheimild.

Farið er fram á 56,4 millj. kr. hækkun vegna liðarins Alþjóðastofnanir. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 37,7 millj. kr. fjárveitingu til að senda fjóra liðsmenn frá Íslandi til þátttöku í eftirlitssveit ÖSE í Kosovo. Fastaráð ÖSE tók formlega ákvörðun 25. okt. sl. um að stofna eftirlitssveit til að sjá um eftirlit með framkvæmd á samþykktum öryggis-

ráðs Sameinuðu þjóðanna um Kosovo. Gert er ráð fyrir að aðildarríkin leggi fram mannskap og fé til styrktar sveitinni sem mun starfa í eitt ár til að byrja með. Reiknað er með að liðsmenn verði u.þ.b. 2.000. Aðrar Norðurlandaþjóðir ætla að senda 50–60 manns hver.

Í öðru lagi er lagt til að framlag til Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar lækki um 1,3 millj. kr. Í ljós hefur komið að áætlað framlag til stofnunarinnar getur lækkað frá því sem áður var talið.

Loks er lagt til að 20 millj. kr. verði veittar til fastanefndar ÖSE í Kosovo. Fastaráð ÖSE tók formlega ákvörðun 25. okt. sl. um að stofna eftirlitssveit til að sjá um eftirlit með framkvæmd á samþykktum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um Kosovo. Gert er ráð fyrir að aðildarríkin leggi fram mannskap og fé til styrktar sveitinni sem mun starfa í eitt ár til að byrja með. Um er að ræða 0,21% hlutdeild Íslands í útlögðum kostnaði ÖSE.

Landbrn. Alls er óskað eftir 8,5 millj. kr. hækkun framlags til liðarins Ýmis verkefni. Í fyrsta lagi er lagt til að verkefnið Landgræðsluskógar fái 10 millj. kr. framlag. Landgræðsluskógar eru samvinnuverkefni Skógræktarfélags Íslands, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landbrn. Skógrækt ríkisins hefur framleitt og afhent endurgjaldslaust 1 milljón plantna til verkefnisins á ári sem talið er jafngilda 17 millj. kr. framlagi. Landgræðslan hefur séð um flutning á plöntunum um allt land og er framlag hennar metið á 1,5 millj. kr. Aðildarfélög Skógræktarfélagsins hafa gróðursett plönturnar í samvinnu við sveitarfélög. Hækkunin er færð á óskipta fjárhæð fjárlagaliðarins.

Í öðru lagi er lagt til að Skógræktarfélagi Íslands verði veitt 2 millj. kr. framlag til að standa straum af kostnaði við laun framkvæmdastjóra félagsins sem Skógrækt ríkisins hefur greitt til þessa.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Gerð er tillaga um 10,3 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins. Annars vegar er lagt til að veitt verði 6 millj. kr. framlag árlega árin 1999–2001 til verkefnisins Nytjaland en það er framhald af verkefninu Jarðvegsvernd sem er nýlokið á vegum stofnana landbrn. Með því fékkst yfirlit um jarðvegsrof sem bæði hefur haft mikil áhrif á landgræðslustarf og aukið þekkingu á vanda sem skapast við rof. Verkefnið hlaut umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 1998. Verkefnið Nytjaland felst í gerð gagnagrunns með kortum, landstærðum, nytjum, búskaparupplýsingum og hagrænum upplýsingum fyrir allar jarðir landsins. Gagnagrunnurinn á að vera aðgengilegur bændum og öðrum er láta sig varða nýtingu landsins.

Hins vegar er lagt til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins fái 4,3 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til kaupa á tilraunasláttuþreskivél sem nota þarf í þróunarverkefni.

Gerð er tillaga um að embætti veiðimálastjóra fái 3 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til eftirlits og rannsókna á ólöglegum lax- og silungsveiðum í sjó.

Bændaskólinn á Hvanneyri. Lagt er til að sértekjur skólans verði lækkaðar um 5 millj. kr. og verði þar með sama hlutfall af heildarrekstrarkostnaði skólans og að meðaltali á árunum 1994–1997.

Bændaskólinn á Hólum. Lagt er til að gjöld og tekjur skólans hækki um 25 millj. kr., m.a. til frekari bleikjurannsókna og annarrar starfsemi. Tekjurnar eru styrkir úr rannsóknasjóðum.

Landgræðsla ríkisins. Á þessum lið er annars vegar óskað eftir 17,4 millj. kr. hækkun á fjárveitingum í fyrirhleðslur vegna nýrra og aðkallandi verkefna. Hins vegar er lögð til 1,9 millj. kr. hækkun á framlagi til Landgræðslu ríkisins og flyst hún af liðnum 04-190 1.40 Landgræðslu- og skógræktaráætlanir.

Lagt er til að framlag til skógræktarátaks á Fljótsdalshéraði hækki um 5 millj. kr.

Bændasamtök Íslands. Lögð er til 14,2 millj. kr. hækkun á liðnum. Annars vegar er farið fram á 9,6 millj. kr. vegna aukinna greiðslna í lífeyrissjóð af launum starfsmanna. Iðgjöld hækkuðu úr 6% af dagvinnulaunum í 11,5% af heildarlaunum í ársbyrjun 1998 en ekki var gert ráð fyrir hækkun á framlagi vegna þessa í fjárlögum fyrir árið 1998.

Hins vegar er farið fram á 4,6 millj. kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri, til aukinna greiðslna í lífeyrissjóð af launum starfsmanna.

Lagt er til að 45 millj. kr. framlag verði veitt til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri frá fóðurstöðvum og færist það á nýtt viðfangsefni, Loðdýrafóður. Gert er ráð fyrir að niðurgreiðslan nemi 5 kr. á hvert kíló fóðurs.

Enn fremur er lagt til að veittar verði 8 millj. kr. til uppbyggingar og hagræðingar í fóðurstöðvum sem framleiða loðdýrafóður á sama viðfangsefni.

Þá er komið að sjútvrn. Lagt er til að veittur verði 3 millj. kr. styrkur á næsta ári til gerðar sjónvarpsþáttanna Aldarhvörf. Heildarkostnaður er áætlaður 10 millj. kr. og dreifist hann á þrjú ár. Sótt verður um 4 millj. kr. í fjáraukalögum fyrir árið 1998 og gert er ráð fyrir að lokagreiðsla verði á árinu 2000. Þáttaröðin á að fjalla um sjávarútveg og verður hún sýnd í ríkissjónvarpinu aldamótaárið 2000 sem framlag stofnunarinnar til höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar á liðinni öld.

Alls er lögð til 45 millj. kr. hækkun á framlagi til Hafrannsóknastofnunarinnar. Annars vegar er um að ræða 30 millj. kr. hækkun og er því fé ætlað að styrkja núverandi starfsemi stofnunarinnar. Þá samþykkti Alþingi 28. maí sl. ályktun um rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins. Þar var því beint til ríkisstjórnarinnar að gera átak í rannsóknum á áhrifum veiða og mismunandi veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Sérstaklega yrði kannað hver áhrif veiða eru á botnfisksstofna, viðkomu þeirra og afrakstursgetu, sem og áhrif veiða með dragnót, botnvörpu og öðrum dregnum veiðarfærum á botnlagið. Ályktað var að til verkefnisins yrði veitt sérstök fjárveiting næstu þrjú ár í samræmi við kostnaðaráætlun Hafrannsóknastofnunarinnar. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir heildarkostnaði að upphæð um 60 millj. kr. Nú er óskað eftir 15 millj. kr. framlagi til að mæta áætlaðri fjárþörf vegna rannsókna fyrsta árið.

Hæstiréttur. Óskað er eftir 5,4 millj. kr. hækkun. Er það vegna nýs húsnæðis. Það láðist að áætla fyrir auknum hita- og rafmagnskostnaði þegar það var tekið í notkun.

Lögð er til 4 millj. kr. hækkun framlags til embættis ríkissaksóknara vegna aukins eftirlitshlutverks embættisins með framkvæmd saksóknar í héraði auk þess sem embættið fer nú með rannsóknir varðandi kærur á hendur starfsmönnum lögreglu.

Óskað er eftir 4,1 millj. kr. fjárveitingu vegna starfs yfirlögregluþjóns sem fært hefur verið frá lögreglunni í Reykjavík til ríkislögreglustjóra. Framlag til lögreglunnar í Reykjavík lækkar samsvarandi.

Gerð er tillaga um 2 millj. kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.20 Fíkniefnamál og er framlagið ætlað til átaks í fíkniefnavörnum í Reykjanesbæ. Verkefnið verður unnið m.a. í samvinnu við tollyfirvöld.

Lagt er til að framlag til viðhalds lögreglustöðva lækki um 4 millj. kr. og að liðurinn falli niður. Tillaga þessi tengist auknu framlagi vegna leigugreiðslna sýslumannsembætta til Fasteigna ríkissjóðs, sjá umfjöllun um fjárlagalið 490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta.

Gerð er tillaga um að hækka framlag til yfirstjórnar um 1,5 millj. kr. til að kosta hálfa stöðu löglærðs fulltrúa. Jafnframt er lagt til að framlag til löggæslu hækki um 2 millj. kr. vegna breytinga á vöktum lögreglu.

Farið er fram á að fjárveiting til rekstrar sýslumannsembætta hækki alls um 22,8 millj. kr. Annars vegar er um að ræða 20 millj. kr. vegna húsaleigugreiðslna. Stærstur hluti húsnæðis sýslumanna og dómstóla er nú í umsjón Fasteigna ríkissjóðs. Lagt er til að fasteignir flestra þeirra embætta sem ekki eru í umsjá Fasteigna ríkissjóðs verði færðar til þeirra frá og með næstu áramótum. Á móti kemur að framlag til viðhaldsliðar hjá sýslumannsembættum lækkar um 5 millj. kr. og til lögreglustöðva um 4 millj. kr. Heildarhækkun er því um 11 millj. kr. Árið 2000 er svo gert ráð fyrir að viðhald sýslumannsembætta verði lækkað um þær 5 millj. kr. sem eftir standa. Með því að færa viðhald fasteigna til Fasteigna ríkissjóðs verður viðhaldi sinnt jafnóðum og unnið að fyrirbyggjandi viðhaldi. Hins vegar er farið fram á hækkun fjárveitingar til ýmiss sameiginlegs kostnaðar að fjárhæð 2,8 millj. kr. til að standa undir kostnaði við biðlaunagreiðslur.

Lagt er til að bætt verði við nýju viðfangsefni, 6.19 Húsnæði sýslumannsins á Hólmavík. Framlag að fjárhæð 10 millj. kr. er ætlað til byggingar og innréttingar lögreglustöðvar á Hólmavík.

Þá er lagt er til að framlag til viðhalds hjá sýslumannsembættum lækki um 5 millj. kr. Tillaga þessi tengist auknu framlagi vegna húsaleigugreiðslna sýslumannsembætta til Fasteigna ríkissjóðs eins og áður hefur verið fjallað um.

Farið er fram á hækkun launagjalda um 30 millj. kr. til Fangelsismálastofnunar ríkisins.

Lögð er til 3 millj. kr. fjárveiting til Dómkirkjunnar í Reykjavík. Ákveðið hefur verið að hefjast handa um endurbætur og viðgerðir á kirkjunni á næsta ári.

Óskað er eftir 0,5 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til Skálholtsskóla. Ekki náðist að endurnýja samning um rekstur skólans fyrir framlagningu fjárlagafrumvarps en nýr samningur, sem nú hefur verið undirritaður, kveður á um hækkun sem nemur verðlagsbreytingum.

Lögð er til 8 millj. kr. tímabundin fjárveiting í Kirkjugarðasjóð til að bæta sjóðnum að hluta þá skerðingu sem hann varð fyrir við breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu sem samþykkt voru í fyrra. Samkvæmt lögunum eru Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæmis undanþegnir greiðslu í Kirkjugarðasjóð árin 1998 og 1999.

Þá er ég kominn að félagsmálaráðuneytinu.

Farið er fram á 3 millj. kr. framlag þar sem úrskurðum í málaflokkum sem undir félagsmálaráðuneytið heyra fer sífellt fjölgandi. Gert er ráð fyrir að bætt verði við einu stöðugildi til að sinna þeim málum.

Alls er óskað eftir 42 millj. kr. hækkun á lið 400 Barnaverndarstofa. Í fyrsta lagi er farið er fram á 30 millj. kr. hækkun á framlögum til málefna barna og unglinga til vímuefnavarna og nýrra meðferðarúrræða. Með hækkun á sjálfræðisaldri hefur bið eftir greiningu og meðferð á stofnunum Barnaverndarstofu lengst umtalsvert og er nauðsynlegt að bregðast við því með fjárveitingu til nýs heimilis.

Þá er gerð er tillaga um fjárveitingu að upphæð 8 millj. kr. fyrir Krossgötur en samtökin hafa rekið endurhæfingarheimili fyrir ungt fólk í vímuefnavanda í 11 ár. Framlagið er háð því að gerður verði þjónustusamningur við rekstraraðila.

Að lokum er lagt er til að Götusmiðjunni — Virkinu verði veittar 4 millj. kr. til að styrkja sérhæft meðferðarúrræði fyrir unga fíkla á aldrinum 16–20 ára. Framlagið er háð því að gerður verði þjónustusamningur við rekstraraðila meðferðarheimilisins.

Gerð er tillaga um 64 millj. kr. hækkun til málefna fatlaðra. Annars vegar er farið fram á 54 millj. kr. hækkun til að mæta áhrifum kjarasamninga. Starfsmenn stofnana á heimilum fatlaðra fá langflestir laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR. Í síðasta kjarasamningi þessara aðila var samið um launakerfi sem m.a. byggist á nýrri starfaflokkun. Í mati á áhrifum kjarasamningsins var ekki tekið fullt tillit til þeirra áhrifa sem starfaflokkunin hefur á launaútgjöld þessara stofnana eftir gerð kjarasamninga. Í eldri kjarasamningi aðila var samið um námskeið fyrir ófaglært starfsfólk sem gaf þeim nokkurn framgang í launum og var eftir að meta áhrif þess við upptöku á nýju launakerfi. Loks var eftir að bæta stofnunum í þessum málefnaflokki hækkun launa þroskaþjálfa um einn launaflokk samkvæmt kjarasamningi sem gerður var eftir að lokið var við launamat fjárlaga 1998. Með framangreindum breytingum á launagrunni þessara stofnana hefur útgjaldaauka þeirra vegna kjarasamninga og aðlögunarsamninga verið að fullu mætt að mati fjármálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins. Sundurliðun breytinganna er sýnd í sérstöku yfirliti

Þá er farið er fram á 10 millj. kr. framlag til að koma á samningi við einstaklinga um rekstur sambýlis fyrir allt að fimm einstaklinga. Áformað er að sambýlið verði á Suðausturlandi og taki við fötluðum einstaklingum samkvæmt þjónustusamningi.

Málefni fatlaðra, Reykjavík. Lögð er til 2,7 millj. kr. hækkun á framlagi til Félags heyrnarlausra til að vinna að ýmsum auknum verkefnum.

Gerð er tillaga um 2,5 millj. kr. hækkun á framlagi til sambýlis fatlaðra á Akranesi til að tryggja greiðslu launahækkana sem starfsfólki ber eftir þátttöku í framhaldsnámskeiði fyrir stuðningsfulltrúa á Vesturlandi.

Gerð er tillaga um 1,7 millj. kr. hækkun á fjárheimild svæðisskrifstofu Norðurlands vestra. Ráðuneytið hefur átt í viðræðum við sveitarfélög á Norðurlandi vestra um yfirtöku þeirra á þjónustu við fatlaða. Í þeim viðræðum hefur komið fram að þörf er á viðbótarfjármagni til stuðningsfjölskyldna og frekari liðveislu í umdæmi svæðisskrifstofunnar á Norðurlandi vestra.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Óskað er eftir 5,6 millj. kr. hækkun fjárveitingar til jöfnunar húsaleigubóta til að verðbæta samningsbundnar greiðslur ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Samkvæmt samkomulagi sem gert var við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga við breytingar á lögum um húsaleigubætur mun ríkissjóður greiða árlega 280 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og skal fjárhæðin taka sömu breytingum og vísitala neysluverðs.

Lögð er til 2 millj. kr. fjárveiting til námskeiða fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum á vegum Félagsmálaskóla alþýðu. Í kjölfar breytinga á vinnulöggjöfinni og aukinnar áherslu

á að hluti kjarasamninga fari fram á vinnustöðum er talið nauðsynlegt að efla fræðslu trúnaðarmanna.

Lögð er til 4 millj. kr. fjárveiting í nýtt viðfangsefni, Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Klúbburinn Geysir var stofnaður á þessu ári og er markmið hans að koma upp og reka vinnumiðlun fyrir geðfatlað fólk.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti er gert ráð fyrir hækkun fjárveitingar um 1,9 millj. kr. fjárveitingu til Tryggingarstofnunar ríkisins vegna endurreiknings á áhrifum kjarasamnings lækna á launagjöld stofnunarinnar.

Sjúkratryggingar. Í kjölfar nýlegra samninga á milli Tryggingastofnunar ríkisins og sérfræðilækna hefur stofnunin hætt greiðslum til sjúkrastofnana fyrir læknisverk sem unnin eru á göngudeildum. Farið er fram á að fjárhæð sem nemur greiðslum frá Tryggingastofnun fyrir læknisverk unnin á stofnunum verði færð frá sjúkratryggingum á fjárlagalið viðkomandi stofnunar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur gert samninga við stofnanirnar til að tryggja óbreytta sérfræðilæknisþjónustu. Lagt er til að framlag til viðfangsefnisins 1.11 Lækniskostnaður lækki alls um 243,5 millj. kr. Á móti hækkar framlag til þeirra stofnana sem taldar eru upp í sundurliðun sem fylgir í nál.

Í annan stað er lagt til að framlag til viðfangsefnisins 1.11 Lækniskostnaður lækki um 47,6 millj. kr. en á móti hækkar framlag til fjárlagaliðar 517 Læknavaktin um sömu fjárhæð.

Gerð er tillaga um 7,5 millj. kr. hækkun á framlagi til slysavarnaráðs til að fjármagna 1,5 stöðugildi læknis með sérfræðimenntun og kerfisfræðings. Sérfræðingarnir eiga að starfa á vegum slysavarnaráðs við sérhæfðan gagnagrunn um slys og orsakaskráningu slysa á Íslandi.

Heildarútgjöld Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar hækka alls um 9,6 millj. kr. en á móti hækka sértekjur um 5,9 millj. kr. Annars vegar er farið fram á 9 millj. kr. framlag. Á móti hækka sértekjur um 5,3 millj. kr. þannig að heildarhækkun er 3,7 millj. kr. Framlag til hjálpartækja hefur nánast staðið í stað frá árinu 1991. Sífellt koma ný stafræn heyrnartæki á markaðinn. Tækin eru um 30.000 kr. dýrari en hefðbundin heyrnartæki. Áætlað er að sala á 300 stafrænum heyrnartækjum auki sértekjur Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands um 5,3 millj. kr. Hins vegar er óskað eftir 0,6 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Launaliður stöðvarinnar hækkar um 0,6 millj. kr. vegna ferðalaga út á land auk þess sem önnur gjöld hækka um 0,6 millj. kr. vegna nýrra verkefna. Hins vegar er gert ráð fyrir hækkun sértekna sem eiga að standa undir þessum aukna launakostnaði.

Framlag til fjárlagaliðar 340 Málefni fatlaðra hækkar alls um 3 millj. kr. og skiptist hækkunin á tvö viðfangsefni. Lagt er til að framlag til Endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hækki um 2 millj. kr. Mikill halli hefur verið á rekstri stöðvarinnar síðustu árin og kostnaðarauki í kjölfar nýrra kjarasamninga og breytinga á lífeyrissjóðsgreiðslum. Áhersla er lögð á að gerður verði þjónustusamningur við rekstraraðila. Þá er lögð til 1 millj. kr. hækkun á framlagi til Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga á Akureyri vegna breytinga á starfsemi.

Sjúkrahús Reykjavíkur. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins 6.01 Tæki og búnaður til kaupa á tækjabúnaði til rannsókna á sjúkdómum í meltingarvegi.

Sjúkrahús og læknisbústaðir. Alls er lagt til að framlag til fjárlagaliðarins lækki um 1,9 millj. kr. Gerð er tillaga um að viðfangsefnið 6.60 Tækjakaup, óskipt hækki um 12,6 millj. kr. og skiptist hækkunin í tvennt. Annars vegar er lagt til að Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði fái 7,6 millj. kr. til þess m.a. að endurnýja röntgentæki og fjargreiningartæki. Hins vegar er gerð tillaga um 5 millj. kr. fjárveitingu fyrir St. Fransiskusspítala í Stykkishólmi til endurbóta í eldhúsi spítalans og tækjakaupa.

Í annan stað er lögð til 14,5 millj. kr. lækkun framlags á viðfangsefninu 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða og er ástæðan tvíþætt. Í fyrsta lagi er lagt til að lækka framlag um 15 millj. kr. og að hækka framlag til fjárlagaliðar 500 Heilsugæslustöðvar, almennt samsvarandi. Breytingin er gerð vegna heilsgæslunnar í Grafarvogi en nauðsynlegt er að leysa úr brýnni húsnæðisþörf heilsugæslunnar sem er í bráðabirgðahúsnæði og þjónar einungis hluta svæðisins. Fjölgun íbúa er ör og nauðsynlegt að koma til móts við þarfir þeirra með stækkun stöðvarinnar.

Gerð er tillaga um 206 millj. kr. hækkun fjárlagaliðarins Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Í fyrsta lagi er farið fram á 197,9 millj. kr. hækkun fjárheimildar á viðfangsefninu 1.90 Ýmis framlög vegna mats á áhrifum samninga hjúkrunarfræðinga á launaútgjöld heilbrigðisstofnana. Sundurliðun á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti III með breytingartillögum. Í öðru lagi er leitað eftir 7 millj. kr. hækkun fjárveitingar vegna þriggja ára verkefnis til að fækka slysum á börnum og unglingum. Óskað verður eftir 4 millj. kr. í fjáraukalögum fyrir árið 1998 og að verkefninu ljúki árið 2000. Slys á börnum og unglingum eru hlutfallslega fleiri hér á landi en í nágrannalöndunum. Ætlunin er að bregðast við þessari þróun með átaki sem leiðir til fækkunar slysa, m.a. með því að samræma krafta þeirra er koma að verki, skipuleggja skráningu slysa á börnum og unglingum, samhæfa fræðslu og forvarnir og veita ráðgjöf um slysavarnir barna. Að lokum er lögð til 1,1 millj. kr. hækkun á framlögum til reksturs Krýsuvíkursamtakanna á meðferðarheimilinu í Krýsuvík. Með fjárveitingu í fjáraukalögum var gert ráð fyrir að gerður verði þjónustusamningur við rekstraraðila.

Lagt er til að millifæra framlag til daggjaldastofnana á ný fjárlaganúmer vegna nýrra þjónustusamninga. Alls hækkar framlag til hjúkrunarheimila um 201,5 millj. kr. en framlag til fjárlagaliðarins Daggjaldastofnanir lækkar um sömu fjárhæð. Fjárveitingar færast milli fjárlagaliða eins og segir á sérstöku yfirliti sem fylgir í nál.

Gerð er tillaga um 2 millj. kr. hækkun á framlögum Sjálfsbjargar til brunavarna í Hátúni 12.

Gert er ráð fyrir 2,7 millj. kr. hækkun til heilsuhælis Náttúrulækningafélagi Íslands. Fjárveiting á því viðfangsefni hefur verið sett fram sem tilfærsluframlag, án skiptingar á laun eða önnur rekstrargjöld og það hafði í för með sér að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1999 fórst fyrir að reikna á hana launabætur vegna áhrifa af nýlegum aðlögunarsamningum við hjúkrunarfræðinga.

Framlag til Daggjaldastofnana lækkar um 204,5 millj. kr. eins og ég hef áður gert grein fyrir.

Gert er ráð fyrir að hækka framlag til reynslusveitarfélagsins Akureyri um 2,1 millj. kr. til viðfangsefnisins Hjúkrunarrými vegna endurmats á launabótum. Á móti lækkar framlag til reynslusveitarfélagsins á fjárlagalið 495 Daggjaldastofnanir um samsvarandi fjárhæð.

Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði. Alls er gerð tillaga um 11,9 millj. kr. hækkun framlags til viðfangsefnisins

Hjúkrunarrými og er hækkunin af tvennum toga. Í samræmi við ákvæði í samningi við reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði er farið fram á 11 millj. kr. viðbótarfjárheimild til að fjölga um þrjú sjúkrarúm í stað hjúkrunarrúma.

Lagt er til að framlag til heilsugæslustöðva hækki um 15 millj. kr. Ég hef áður gert grein fyrir þeirri hækkun vegna heilsgæslunnar í Grafarvogi.

Lagt er til að hækka framlag til sjúkraflutninga um 7,5 millj. kr. en á móti lækkar viðfangsefni 1.12 Útvegun og rekstur sjúkrabifreiða um samsvarandi fjárhæð. Þessi tilfærsla er vegna samninga við Rauða kross Íslands um innkaup og rekstur bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutnings.

Framlag til Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík lækkar alls um 47,2 millj. kr. og er tilfærslan vegna tilfærslu verkefna til læknavaktarinnar.

Læknavaktin. Þetta er nýr fjárlagaliður og er lagt til að framlag verði 124,1 millj. kr. Heildarútgjöld verða 137,6 millj. kr. en á móti koma sértekjur að fjárhæð 13,5 millj. kr. Heilbr.- og trmrn. og Læknavaktin sf. hafa komist að samkomulagi um vaktþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og tók nýtt fyrirkomulag gildi 1. nóv. 1998. Læknavaktin sf. hefur sl. tíu ár sinnt gæsluvöktum fyrir Reykjavík, Kópavog og Seltjarnarnes, en samkvæmt nýju vaktaskipulagi mun miðlæg vaktþjónusta einnig sinna heilsugæsluumdæmunum í Hafnarfirði og Garðabæ. Læknavaktin verður efld og verkefnum fjölgað og mun vaktin m.a. taka að sér að sinna ráðgjöf um síma fyrir heilsugæslustöðvar sem hafa einn lækni. Verktakagreiðslur fyrir viðtöl og vitjanir sem innheimtar hafa verið hjá Tryggingastofnun ríkisins falla niður og í stað þess fær Læknavaktin sf. fasta fjárhæð í fjárlögum ár hvert miðað við 9.000 vitjanir og 17.000 móttökur en endurskoða ber fjárhæðina ef frávik frá þessum tölum verða meiri en 6%. Fyrir önnur læknisverk en viðtal og vitjun innheimtir hver læknir um sig samkvæmt gildandi gjaldskrá heilsugæslulækna skv. I. og II. kafla í úrskurði kjaranefndar, sbr. fylgiskjal 1 frá 3. mars 1998. Af 124,1 millj. kr. heildarframlagi eru 99,1 millj. kr. millifærðar af öðrum liðum; 206 Sjúkratryggingar, Heilsuverndarstöðin í Reykjavík og Heilsugæslustöðin Hafnarfirði. Að auki er gerð tillaga um 25 millj. kr. fjárveitingu á þessum lið vegna endurmats á launa- og verðlagsforsendum í samningi um starfsemi Læknavaktarinnar til samræmis við hækkanir starfsmanna heilbrigðisstofnana. Nýr samningur þar sem tekið er tillit til breytinga á þeim forsendum lá ekki fyrir við framlagningu fjárlagafrumvarpsins en hefur nú verið undirritaður.

Lögð er til 2,5 millj. kr. hækkun á framlögum til Heilsugæslustöðin Borgarnesi svo hægt verði að ráða þar lækni yfir sumartímann.

Lagt er til að lækka framlag til Heilsugæslustöðvarinnar Hafnarfirði vegna tilfærslu til læknavaktarinnar um 4,3 millj. kr.

Gerð er tillaga um að lækka sértekjur sjúkrasviðs Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði um 2 millj. kr.

Heilbrigðisstofnunin Blönduósi. Lögð er til 4,5 millj. kr. hækkun fjárveitinga til sjúkrasviðs sem fari í frágang á eldvarnabúnaði og til kaupa á sótthreinsitæki.

Ég er þá kominn að fjmrn. Farið er fram á 7 millj. kr. hækkun framlags til aðalskrifstofu. Annars vegar er gerð tillaga um tímabundna 8 millj. kr. fjárveitingu til nefndar um vandamál sem tengjast ártalinu 2000 í tækjabúnaði og upplýsingakerfum. Fjárveitingin er ætluð til að standa straum af kostnaði við aðgerðir nefndarinnar og störf en hún hefur unnið að því að vekja athygli á vandanum og hvetja til að unnið verði að lausnum. Meginþunginn í starfi nefndarinnar verður á árinu 1999.

Hins vegar er lagt til að 1 millj. kr. af fjárveitingu til stofnkostnaðar verði færð af viðfangsefninu Tæki og búnaður til Ríkisbókhalds vegna flutnings á launaafgreiðslu til embættisins.

Skattstofan í Reykjavík. Lagt er til að 6 millj. kr. verði fluttar af stofnkostnaði yfir á rekstur hjá stofnuninni. Gerður hefur verið samningur við Opin kerfi hf. um rekstrarleigu á tölvubúnaði fyrir stofnunina á grundvelli útboðs fyrir skattkerfið sem Ríkiskaup stóðu fyrir.

Gerð er tillaga um 8 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til Skattstofu Reykjaness til að mæta auknum launakostnaði við embættið sem er m.a. vegna mikillar fjölgunar framteljenda í Reykjanesi á undanförnum árum.

Lagt er til að framlag til rekstrarleigu tölvubúnaðar fyrir skattkerfið hækki um 13 millj. kr. Það er undir liðnum Skatta- og tollamál og Ýmis útgjöld. Á móti lækkar framlag til viðfangsefnisins Tæki og búnaður. Það er vegna samnings við Opin kerfi hf. um rekstrarleigu á tölvubúnaði á grundvelli útboðs fyrir skattkerfið.

Þá er gerð tillaga um tímabundna hækkun fjárveitingar til viðfangsefnisins Athugun á virðisaukaskatti sem nemur 2 millj. kr. Að fenginni reynslu af virðisaukaskattskerfinu og með tilliti til athugunar Ríkisendurskoðunar á því er fyrirhugað að gera almenna úttekt á skattinum. Í því sambandi verði sérstaklega skoðuð hagræn áhrif skattsins, skatteftirlit, tæknilegir þættir við innheimtu og álagningu, lagabreytingar og mannaflaþörf.

Ríkistollstjóri. Gerð er tillaga um 8,4 millj. kr. lækkun á liðnum. Annars vegar er lagt til að 4,4 millj. kr. verði fluttar af fjárlagalið ríkistollstjóra á lið tollstjórans í Reykjavík vegna tollgæsluverkefna sem færast þangað. Hins vegar er gerð tillaga um að tekjur verði lækkaðar um 4 millj. kr. en þær eru taldar vera ofáætlaðar í fjárlagafrumvarpi. Gjöld lækka um sömu fjárhæð.

Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Gerð er tillaga um 70 millj. kr. fjárveitingu til að ljúka fjármögnun fyrirhugaðra endurbóta innan húss og viðbyggingu við húsnæði Tryggingastofnunar ríkisins að Laugavegi 114–116. Viðbyggingin verður um 100 fermetrar að grunnfleti, á tveimur hæðum, og er ætluð til að hægt verði að stækka rými fyrir þjónustumiðstöð stofnunarinnar á jarðhæð hússins. Með þessum framkvæmdum er einnig ráðgert að flytja þá starfsemi stofnunarinnar sem er nú í Tryggvagötu 28 á Laugaveg og að það húsnæði verði selt í framhaldi af því. Gert er ráð fyrir að verkið muni kosta alls um 266 millj. kr. og munu Fasteignir ríkissjóðs greiða um 96 millj. kr. til þess. Þá er gert ráð fyrir að um 50 millj. kr. af söluandvirði Tryggvagötu 28 renni til verksins.

Skýrsluvélakostnaður. Gerð er tillaga um 95 millj. kr. fjárveitingu til hugbúnaðargerðar fyrir tekjubókhaldskerfi. Frá árinu 1997 hefur Ríkisbókhald staðið fyrir endurnýjun á tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) og fengið Skýrr hf. til liðs við sig í þeirri vinnu. Að undanförnu hefur farið fram endurskoðun á áætlunum um smíði og gangsetningu á nýja kerfinu. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar er að vinna við að ljúka við smíðina krefst um 10 þúsund tíma til viðbótar við það sem áður hafði verið reiknað með. Skýrist það einkum af nýjum verkefnum sem leiðir af ýmsum breytingum á skattalögum og framkvæmd tekjuálagningar og innheimtu. Sem dæmi

má taka álagningu fjármagnstekjuskatts, aukna skuldajöfnun, svo sem upp í meðlög og húsaleigubætur, tengingu við málaskrá lögreglustjóra vegna innheimtu sekta, gjaldfrest á fleiri gjöldum í tollafgreiðslu, gagnasamskipti við greiðslukortafyrirtæki vegna innheimtu fasteigna- og bifreiðagjalda o.fl. Þá hefur viðhaldskostnaður reynst þungur í skauti þar sem halda þarf við gamla og nýja tekjubókhaldskerfinu samtímis þar til nýja kerfið leysir hið gamla af hólmi árið 1999. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999 eru aðeins áætlaðar 19 millj. kr. til verkefnisins enda ríkti mikil óvissa um niðurstöður endurskoðunarinnar þegar fjárlagaáætlanir þurftu að liggja fyrir.

Gert er ráð fyrir að viðfangsefnið 1.19 Ýmsar endurgreiðslur sem er ætlaðar eru til endurgreiðslu af búnaði björgunarsveita hækki um 10 millj. kr.

Hins vegar hafa á þessum fjárlagalið verið áætlaðar 15 millj. kr. til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna söfnunar, urðunar, flutnings og eyðingar á brotamálmum hjá sveitarfélögum. Þessi heimild er nú komin inn í hið almenna endurgreiðslukerfi virðisaukaskattslaganna til sveitarfélaga og er því lagt til að fjárveitingin falli niður.

Þá er það samgrn. Lögð er til 16 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til Slysavarnafélags Íslands til reksturs átta björgunarskipa félagsins, 2 millj. kr. til hvers.

Farið er fram á 4 millj. kr. framlag til nýs viðfangsefnis, *Söfn tengd samgöngum og ferðaþjónustu.*

Gerð er tillaga um 9,7 millj. kr. hækkun rekstrargjalda á liðnum Flugvellir en á móti hækka sértekjur um 0,6 millj. kr. Heildarbreytingin er því 9,1 millj. kr. til hækkunar og skýrist af því að við vinnslu fjárlagafrumvarps láðist að gera ráð fyrir launa- og verðlagsbótum vegna rekstrar flugvalla.

Auk þess er gerð tillaga um 102 millj. kr. fjárveitingu til að hefjast megi handa við endurbætur á Reykjavíkurflugvelli.

Fyrir liggur úttekt flugöryggissviðs Flugmálastjórnar sem unnin var í samvinnu við flugvallasérfræðing sænska loftferðaeftirlitsins. Niðurstöður skýrslunnar eru á þann veg að ekki þoli bið að ráðast í lagfæringar á uppbyggingu flugvallarins.

Gerð er tillaga um 2 millj. kr. hækkun á framlagi til Ferðamálasamtaka landshluta vegna aukinnar starfsemi þeirra undir liðnum Ferðamálaráð.

Lagt er til að ríkissjóður veiti 45 millj. kr. stuðning við að leggja nýjar hitaveitur á köldum svæðum. Iðnaðarráðuneytið setji reglur og semji við einstakar hitaveitur um framkvæmd málsins að teknu tilliti til þeirra niðurgreiðslna á rafhitun sem veittar hafa verið á viðkomandi svæði.

Lögð er til 1,5 millj. kr. hækkun til viðskiptaráðuneytis undir liðnum Samkeppnisstofnun vegna hækkunar fjárveitinga til samkeppnisráðs.

Umhverfisráðuneyti. Gerð er tillaga um að fjárveiting þessa liðar lækki um 1,5 millj. kr. Annars vegar er lagt til að framlag til aðalskrifstofu umhverfisráðuneytis lækki um 4,5 millj. kr. og að framlag til Þjóðhagsstofnunar hækki samsvarandi.

Hins vegar er farið fram á 3 millj. kr. fjárveitingu vegna vinnu við undirbúning að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar kenndan við Kyoto. Ferðakostnaður vegna funda um tillögur Íslands um frekari ívilnun vegna orkunýtingar er áætlaður 1,5 millj. kr. Kostnaður við vísindanefnd er áætlaður 1 millj.kr. og erlend sérfræðiráðgjöf er áætluð 0,5 millj. kr.

Lagt er til að framlag til rannsókna á botndýrum á Íslandsmiðum hækki um 3,8 millj. kr. og er ætlað til rannsóknastöðvarinnar í Sandgerði. Framlagið er vegna fjármögnunar starfseminnar í stað norrænna styrkveitinga sem fallið hafa niður.

Þá er farið fram á 2 millj. kr. hækkun á viðfangsefni 1.35 Umhverfisvöktun vegna rannsókna á þrávirkum klórkolefnissamböndum í íslenskum fuglum.

Gerð er tillaga um að lækka sértekjur Náttúruverndar ríkisins um 2,8 millj. kr. á viðfangsefninu 1.10 Þjóðgarðar og friðlýst svæði. Lækkunin er vegna fyrirhugaðs útboðs á rekstri tjaldstæða í þjóðgörðum.

Lögð er til 12,8 millj. kr. tímabundin lækkun á sértekjum Landmælinga Íslands vegna minnkandi kortasölu.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Alls er óskað eftir 7,7 millj. kr. hækkun á þessum lið. Í fyrsta lagi er farið fram á 3 millj. kr. fjárveitingu til mælinga á frjókornum í andrúmslofti en ákveðið hefur verið að stofnunin sjái um frjómælingar í lofti. Áætlað hefur verið að Reykjavíkursetur stofnunarinnar sjái um frjómælingar í lofti. Heildarkostnaður er áætlaður 3 millj. kr.

Í öðru lagi er lagt til að veita 2,5 millj. kr. tímabundið framlag til kaupa á nýrri jeppabifreið.

Loks er farið fram á 2,2 millj. kr. hækkun til seturs í Reykjavík til að mæta viðbótarkostnaði við rekstur þess *hluta húsnæðis stofnunarinnar sem hún fékk samþykkt fyrir* að taka á leigu um áramót 1996/1997. Húsnæðið var fyrst og fremst fyrir gróðurkortagerð sem þá var flutt frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Um er að ræða greiðslu vegna leigu, rafmagns, hita og ræstingar.

Gerð er tillaga um 3 millj. kr. tímabundna hækkun á fjárveitingum til Náttúrustofu, Bolungarvík til rannsókna á gróðri og dýralífi á Hornströndum.

Farið er fram á fjáveitingu að upphæð 2 millj. kr. til almenns rekstrar Veðurstofunnar. Veðurstofa Íslands vinnur verkefni á sviði ofanflóðamála sem annars vegar eru kostuð af ofanflóðasjóði og hins vegar af ríkissjóði. Nokkur verkefni sem Veðurstofan þarf að vinna þarfnast frekari fjár*stuðnings til að þeim verði lokið. Um er að ræða kostnað* við uppbyggingu snjóflóðagagnagrunna, ítarlega skýrslugerð um snjóflóðasögu einstakra byggðarlaga og svæða, svo og kostnað við almenna ráðgjöf og þekkingaröflun vegna varnarvirkja.

Jafnframt er farið er fram á tímabundna hækkun að fjárhæð 2,5 millj. kr. til endurnýjunar á einni af bifreiðum stofnunarinnar.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að fara yfir þær breytingartillögur sem meiri hluti fjárlaganefndar leggur til við 2. umr. málsins.

Þessar tillögur hljóða upp á rúmlega 1.700 millj. kr. Það er því ljóst að nú saxast á þann tekjuafgang sem gert var ráð fyrir með framlagningu *frumvarpsins. Það markmið* að skila hallalausum fjárlögum er enn í fullu gildi. Við núverandi aðstæður í efnahagsmálum er mikil nauðsyn að ríkissjóður sé rekinn hallalaus og skuldir greiddar niður. Ef auknar tekjur eru ekki í spilunum stendur fjárlaganefnd frammi fyrir því milli 2. og 3. umr. að þurfa að draga úr útgjöldum eða afla tekna fyrir þeim útgjöldum sem nauðsynlegt þykir að taka tillit til við lokaumræðu málsins.

Ég vil geta þess að meiri hluti nefndarinnar skrifar undir nál. Þar eru Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Arnbjörg

Sveinsdóttir, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Kristinn H. Gunnarsson.

Ég vil að lokum, þó við 2. umr. sé, þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir afar gott samstarf. Það á ekki síst við minni hluta nefndarinnar sem hefur innt vinnu sína af hendi með mikilli samviskusemi og á málefnalegan hátt. Það er nauðsynlegur þáttur lýðræðisins að minni hluti hverju sinni veiti meiri hluta stjórnarflokkanna aðhald og haldi uppi gagnrýni. Þetta er í fullu gildi í fjárlaganefnd en hefur hvergi komið niður á persónulegum samskiptum og fólk unnið saman af miklum heilindum. (**ÖS:** Bara eins og í heilbrigðisnefnd.) Þetta vil ég þakka nú, ekki síst þar sem nú er síðasta þing kjörtímabilsins.

Að venju hefur starfsfólk fjármálaráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar veitt okkur margvíslega aðstoð. Það vil ég þakka. Starfsfólk Alþingis hefur verið okkur til halds og trausts allan tímann og vil ég þar sérstaklega nefna Sigurð Rúnar Sigurjónsson, ritara nefndarinnar, Ragnheiði Sumarliðadóttur og Bentínu Haraldsdóttur sem séð hafa um að taka við öllum þeim fjölmörgu símtölum og heimsóknum sem nefndin fær og Álfhildi Álfþórsdóttir sem unnið hefur við skráningu. Þessu fólki þakka ég sérstaklega frábær störf og gott viðmót.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[12:53]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir skilmerkilega og greinargóða yfirlitsræðu fyrir hönd fjárln., meiri hlutans sérstaklega.

Mig langar að beina tveimur spurningum til hv. frsm. Í fyrsta lagi varðar það umhverfismálin og fjárveitingar til umhvrn. og stofnana þess. Þó mér sé ljóst að víða sé fjárþörf og í mörgum málaflokkum þá held ég að ástæða sé til að hafa sérstakar áhyggjur af því hvernig fjárveitingum til umhverfismála er háttað. Það þarf ekki annað en vísa til ástands aðalstofnana umhvrn., Náttúruverndar ríkisins og Hollustuverndar ríkisins, sem eiga að sjá um umhverfisvernd bæði varðandi friðlýst svæði og almenna umhverfisvernd, þar á meðal mengun. Þarna gerist í raun ekkert á milli ára sem máli skiptir. Fjárlagatillögurnar eða óskirnar eru langt umfram það sem veitt er og engar skýringar. Um þetta mætti hafa langt mál. Ég kem að því síðar.

Hitt varðar ýmis orkumál og niðurgreiðslu á rafhitun. Það er brugðist við með fjárveitingu til hitaveitna á köldum svæðum. Það er góðra gjalda vert en fjárveitingin til niðurgreiðslu á rafhitun stendur svo gott sem í stað milli ára. Það mun brugðist við verðlagshækkunum en þar er engu bætt við. Nú heyrir maður fregnir um að til standi verðlagshækkun hjá Landsvirkjun á komandi ári. Ég hélt að ríkisstjórnin ætlaði að bregðast við þessum vanda við fjárlagagerðina.

[12:55]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrirspurnir hv. 4. þm. Austurl. voru um tvennt. Fjárveitingar til umhverfismála og þá tveggja stofnana sem heyra undir umhvrn. Ég get tekið undir að þarna er vandi á ferðinni. Við höfum reynt að hafa samráð við umhvrn. og fengum þeirra tillögur. Vissuleg er þarna við vanda að etja sem þarf alveg sérstaklega að huga að en tillögurnar gera ekki ráð fyrir því, það er rétt. Komið hefur verið til móts við nokkra þætti í umhvrn. en hvergi nærri allt eins og ég gat um í upphafsræðu minni þegar ég talaði um hvernig við hefðum sinnt verkefnum í heildina.

Hvað niðurgreiðslu á rafhitun varðar er það rétt að við 2. umr. er ekki gert ráð fyrir hækkun fram yfir 50 millj. frá yfirstandandi ári sem settar voru inn í upphafi. Það gerir ekki meira en að halda í horfinu en við áformum að vinna að þessu máli á milli 2. og 3. umr. og höfum nefnt húshitunarkostnaðinn sérstaklega sem verkefni sem huga þurfi að varðandi byggðamálaþátt þessa frv. Ég get tekið undir að það sé nærtækasta verkefnið ef vilji er til að taka á í byggðamálum og jafna aðstöðu manna. Við höfum viljað sjá hverju við hefðum úr að spila en vonandi getum við tekið á þessu fyrir 3. umr.

[12:58]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka undirtektir varðandi seinni þáttinn og vonast til að þess sjáist merki fyrir 3. umr. um fjárlagafrv., að brugðist verði við í sambandi við húshitunarkostnaðinn á köldum svæðum eins og við köllum þau. Ég ítreka að áformuð er hækkun á rafmagni frá Landsvirkjun sem mun þá dreifast yfir kerfið ef að líkum lætur. Ég held að nauðsynlegt sé að fjárlaganefnd kanni hvað þar er á ferðinni þegar hún mótar tillögur sínar.

Varðandi umhverfismálin þá tekur hv. frsm. undir ábendingar mínar um að þörfin sé mikil. Það þarf að bregðast við henni ef úr á að rætast. Ég nefndi tvær stofnanir. Þann lista má lengja. Skipulagsstofnun þyrfti t.d. á að halda 70 millj. kr. fjárveitingu vegna svæðis- og aðalskipulagsvinnu, þar af er drjúgur hluti samningsbundinn, en við þeim vanda eru engin viðbrögð. Frá ári til árs er að safnast upp mikil fjárþörf hjá stofnunum umhverfismála. Hv. þm. nefndi að brugðist hefði verið við tillögum umhvrn. Ef staðið verður að málum eins og hér horfir þá er sóknarhugurinn ekki mikill, miðað við tillögurnar sem við sjáum merki um við 2. umr. fjárlaga. Þetta gengur ekki, virðulegur forseti. Íslendingar fara mörg skref til baka á hverju ári vegna þess að hér hrannast upp vandi sem bregðast þarf við. Hann eykst og þess vegna þarf átakið að verða meira.

[13:00]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við að bæta það sem ég sagði í upphafi. Ég vil þó aðeins segja um húshitunarkostnaðinn að það eru að sjálfsögðu rafhitunarsvæðin sem eiga við mestan vanda að etja og verður auðvitað að líta sérstaklega til þess. Það er óþægilegt að berjast við hækkanir Landsvirkjunar í þessu sambandi þegar við viljum sækja fram. Eins og síðast þá gerðu þær 50 milljónir sem við settum til aukningar í þessu aðeins að halda í horfinu. Það er ljóst. Ég endurtek að fullur vilji er til þess hjá meiri hluta nefndarinnar að skoða þetta mál.

Um umhverfismálin er það að segja að það er alveg rétt að sýnileg fjárþörf er í þeim málaflokki á næstu árum. Og vegna ábendinga hv. þm. um hin þrjú verkefni, hann bætti einu við í síðari hluta andsvars síns, þá blasir mikil fjárþörf við vegna framkvæmdar skipulagslaga. Við höfum því miður ekki getað komið á móts við hana að þessu sinni. En það er alveg ljóst að þetta er verkefni sem þarf að fást við og útgjaldaþörf sem blasir við innan tíðar. Ég tek undir það. En við höfum ekki getað mætt öllu og tillögurnar gera ekki ráð fyrir því að þessu verði mætt þrátt fyrir að ýmsum erindum umhvrn. hafi verið sinnt. Það hefur ekki verið svo

að umhvrn. hafi ekki vakið athygli á þessum málum og við höfum sinnt ýmsum erindum þaðan.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Viðvera ráðherra og þingmanna við fjárlagaumræðu.

[13:03]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er nú aldeilis bragur á þessari umræðu um hið stóra fjárhagsdæmi, fjárlög íslenska ríkisins á næsta ári. Hér hefur hv. formaður fjárln. gert í ítarlegu máli grein fyrir þeim störfum sem fram hafa farið á síðustu vikum í fjárln. og gert grein fyrir áliti og brtt. meiri hlutans en mestallan tímann hafa stólar hv. þingmanna staðið auðir, með fáeinum undantekningum. Reyndar hefur ástandið stundum verið þannig að við höfum verið þrjú í þingsal, hv. frsm., hæstv. forseti og sú sem hér stendur. Við skulum vona að ýmsir hv. þm. hafi engu að síður getað fylgst með umræðunni.

Hitt er kannski verra, að stólar hæstv. ráðherra hafa staðið auðir hérna allan tímann að undanteknum stóli hæstv. fjmrh. sem stundum hefur komið hér inn og oftast verið í námunda við þingsalinn. Þetta er náttúrlega óviðing við þessa umræðu sem ég gagnrýni harðlega. Ég var höndum seinni að fá orðið við upphaf umræðunnar um stjórn fundarins. Þar var mistökum mínum um að kenna en ekki hæstv. forseta. Þá ætlaði ég að fara fram á að hæstv. ráðherrum væri gert viðvart um að þessi mikilvæga umræða væri að hefjast og óska eftir því að þeir yrðu viðstaddir umræðuna.

Ég vildi sérstaklega nefna hæstv. heilbrrh., félmrh., menntmrh. og umhvrh. Ég vil sérstaklega nefna þessa ráðherra þó að mér finnist það í rauninni sjálfsögð og eðlileg krafa að gjörvallur ráðherrabekkurinn sé setinn þegar þessi umræða fer fram.

Þar sem nú verður gert matarhlé ætti tími að gefast til að ná sambandi við hæstv. ráðherra hvar sem þeir eru staddir núna og því vildi ég koma þessari ósk á framfæri áður en matarhlé verður gert.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti mun gera hæstv. ráðherrum viðvart og tekur undir að æskilegt væri að þeir væru hér viðstaddir.)

[13:05]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er nú ekki við hæstv. forseta að sakast að þingmenn séu ekki hér fleiri undir þessari umræðu og sama má segja um hæstv. ráðherra. En ég tek eindregið undir það sem fram kom í máli hv. 12. þm. Reykn. að svipurinn á þessari umræðu er mjög dapurlegur, svo maður noti nú það lýsingarorð að þessu sinni. Það er ekki aðeins almenn óviðing við þingið að ekki skuli vera meiri þátttaka í þessu og viðvera. Auðvitað kemst maður ekki hjá því að hugsa til þeirra sem vinna í fjárln., fyrir utan formann og einstaka nefndarmenn, að þeir skuli ekki sjá ástæðu til þess að vera hér við framsögu hv. formanns nefndarinnar sem hefur flutt ágætt yfirlit til þingsins um störf nefndarinnar. Ég held að allir viðurkenni að hann vinni störf sín af mikilli samviskusemi. Mér finnst ekki bragur á því að ekki skuli vera betur fylgst með máli hans og umræðunni í heild sinni.

Ég tek undir það sjónarmið að auðvitað eigum við í raun kröfu á að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir umræðuna. Þó að gott sé að vita af hæstv. fjmrh. einhvers staðar á sveimi þá hefði ég heldur kosið að hæstv. ráðherra sæti sem mest við undir umræðunni meðan hún fer fram. Það sama gildir auðvitað um aðra ráðherra eins og nefnt hefur verið.

[13:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur að það er illþolanlegt að hæstv. ráðherrar skuli ekki vera viðstaddir umræðu um fjárlögin. Þó að þekking hv. formanns fjárln. á því sem hér fer fram sé ekki dregin í efa þá er hér verið að ræða framlög til einstakra málaflokka og mjög margir þingmenn ætla að ræða það sérstaklega. Ég nefni heilbrigðismálin, menntamálin og félagsmálin. Menn vilja gjarnan heyra álit ráðherra á þeim tillögum sem bæði liggja fyrir frá meiri hlutanum og þeim erindum sem hafa verið send inn og ekki hafa fengist afgreidd, og draga auðvitað fram yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í einstökum málefnum, t.d. hvað varðar úrræði fyrir unga fíkniefnaneytendur, í heilbrigðismálunum, fyrir aldraða og öryrkja og fleira.

Ég tek því undir þá kröfu sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir setti hér fram um að ráðherrarnir yrðu flestir og helst allir viðstaddir umræðuna.

[Fundarhlé. — 13:09]

[14:00]

Útbýting þingskjala:

Fjölgun opinberra starfa, 348. mál, fsp. SvG, þskj. 464.

Fæðingarorlof karla í ríkisþjónustu, 349. mál, fsp. ÖJ, þskj. 465.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá flugvélum og stóriðju, 267. mál, svar umhvrh., þskj. 436.

Samkomulag þjóðkirkju og kirkjumálaráðherra, 250. mál, svar fjmrh., þskj. 432.

Skortur á starfsfólki í heilbrigðiskerfi, 217. mál, svar heilbrrh., þskj. 452.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla heilbr.- og trn. á frumvarpi um gagnagrunn.

[14:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Nú í hádeginu hefur staðið yfir fundur í heilbr.- og trn. Honum er ekki lokið og því finnst mér miður að við séum að hefja fund hér að loknu hádegishléi án þess að fulltrúar úr heilbr.- og trn. hafi haft tækifæri til að mæta til þingfundar. Ég hlýt að kveðja mér hljóðs hér undir liðnum um fundarstjórn forseta vegna þess sem er að gerast í heilbr.- og trn. og af hálfu stjórnarmeirihlutans á Alþingi í dag.

Við höfum tekið hér mjög alvarlega umræðu um gagnagrunn á heilbrigðissviði og deilt um hann. Hins vegar hefur verið látin í ljós sú von að á milli 2. og 3. umr. yrðu skoðuð þau álitamál sem svo alvarlega hefur verið bent á í umræðunni.

Nokkur samtök og stofnanir sem hafa látið til sín taka í þessari umræðu höfðu óskað eftir því að fá að koma á fund heilbr.- og trn. Herra forseti. Ég ætla að minnast á hver þau eru. Þau eru Mannvernd, Læknafélag Reykjavíkur, siðfræðiráð Læknafélags Íslands, læknadeild háskólans auk annarra

sem minni hlutinn óskaði eftir að fá á fund nefndarinnar til að ræða álitamálin við. Því var algjörlega hafnað í heilbr.- og trn. að fá fulltrúa þessara samtaka á fund, herra forseti, algjörlega hafnað að samtök sem óskuðu eftir því að koma og ræða þessi mál fengju að koma til fundar við nefndina.

Það er verið að taka málið með valdi út úr heilbr.- og trn. eftir tvo stutta fundi á þessum morgni í stað þess að menn gefi sér tíma á þeim nefndardögum sem fram undan eru til að skoða þessi stóru mál og reyna eins og unnt er að ná samstöðu um alvarlegu málin sem standa út af í lagasetningunni sem hér á að fara fram.

Herra forseti. Ég gagnrýni það að þingfundur skuli hefjast á meðan fundur stendur í heilbr.- og trn. Ég gagnrýni það harðlega að það skuli gerast að haldinn er fundur í nefndinni, sem við lögðum mikla áherslu á að yrði haldinn á milli 2. og 3. umr., eingöngu til þess að láta minni hlutann vita að ekki yrði farið að nokkrum óskum, að ekki ætti að hlusta á fleiri sjónarmið og að ekki ætti að ræða við fleiri samtök. Þó gerðist það reyndar að þeir fulltrúar sem meiri hlutinn óskaði sjálfur að hlýða á voru boðaðir til fundar nú í hádeginu.

Herra forseti. Þau orð sem koma upp í huga minn núna eru hroki og misbeiting þingræðis, hroki og misbeiting þingræðis í nefndum Alþingis. Ég óska eftir því, herra forseti, að haldinn verði fundur með forseta þannig að við getum rætt þessa stöðu sem komin er upp því hún er mjög alvarleg.

[14:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti getur ekki svarað fyrir gerðir heilbr.- og trn. og forseti getur heldur ekki tekið undir gagnrýni hv. þm. á að fundur skuli hefjast þótt nefndarmenn í tiltekinni nefnd séu ekki mættir til fundar. Það er hins vegar gagnrýnivert að fundur skuli standa í þingnefnd eftir að fundur hefst í þinginu. Það er gagnrýnivert.

Fjárlög eru hér á dagskrá og umræðum um fjárlög verður haldið áfram.

[14:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég verð að gera athugasemd við orð forseta um þetta mál. Ákveðið var að halda fund í hádeginu til þess að ljúka umræðu um frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Það mál er í algjöru uppnámi og því hafði verið neitað að fá til fundar við nefndina bæði félög og félagasamtök sem höfðu óskað eftir því að koma til fundar við hana vegna breytinga sem voru fyrirhugaðar á málinu. Líka var því synjað að fá til fundar við nefndina nokkra aðila sem minni hlutinn taldi mjög mikilvægt að kæmu til að segja álit sitt á þeim brtt. sem komu frá meiri hlutanum inn í nefndaina.

Nú stendur fundur nefndarinnar enn þá yfir. Um það var talað þegar fundur var ákveðinn í matarhléi að fundurinn yrði ekki haldinn á meðan að umræða væri hér um fjárlög því við lögðum ríka áherslu á að við gætum verið við fjárlagaumræðuna. Svo er ekki. Ég tel það mjög brýnt, herra forseti, að gert verði fundarhlé og umræðan um fjárlög hefjist ekki fyrr en fundur heilbr.- og trn. er á enda.

Á fundinum kom fram undir lokin, þegar ég fór af fundinum, að tölvunefnd gerir mjög alvarlegar athugasemdir við þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til. M.a. kom fram hjá þeim að frá persónuverndarlegum sjónarmiðum væri það of mikil ógn að leyfa samtengingu erfðafræði-, ættfræði- og heilsufarsupplýsinga á þann hátt sem meiri hlutinn leggur til. Ég tel þetta mjög alvarlegar athugasemdir sem beri að skoða. Engu að síður hefur því verið hafnað að ræða þetta nokkuð frekar. Við í minni hlutanum höfum óskað eftir því að fá álit frá tölvunefnd um þetta mál en meiri hlutinn virðist ætla að ganga algjörlega fram hjá þessum óskum öllum og ætlar sér að afgreiða málið.

Herra forseti. Ég fer fram á að gert verði fundarhlé og málið verði rætt hjá fulltrúum þingflokksformanna. Ég hef aldrei kynnst öðru eins og mér þingreyndari þingmenn, sem nú sitja á þingi, hafa bent mér á að það hafi aldrei komið fyrir áður að yfirgangur eins og hér á sér stað hafi verið viðhafður.

[14:08]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill taka fram að sjálfsagt er að ræða um mál sem þessi á vettvangi forseta og þingflokksformanna. En gagnagrunnsmál er ekki á dagskrá þessa fundar. Það vill forseti ítreka. Það eru fjárlög hins vegar og gagnagrunnsmál stendur ekki til að taka til umræðu á þessum fundi.

[14:08]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þá fer ég fram á að hæstv. forseti hlutist til um að fundi heilbr.- og trn. verði þegar í stað frestað vegna þess að bersýnilegt er að þetta rekst á. Það er náttúrlega engin framkoma við þingið að halda áfram fundi í þessari nefnd eins og verið er að gera þegar auk þess er ljóst að ekkert liggur á að taka málið út úr nefndinni af því að það kemur ekki til 3. umr. fyrr en einhvern tíma eftir helgina. Þetta er því bara vitleysa, herra forseti, ef ég leyfi mér að nota það orð, að vera að knýja málið fram á þennan hátt, nema menn vilji endilega gera þessu máli, gagnagrunnsmáli, óleik. Ef það er stefna ríkisstjórnarinnar að gera þessu gagnagrunnsmáli bölvun þá eru aðferðirnar sem eru notaðar núna upplagðar í því skyni.

Ég skora á hæstv. forseta að beita sér fyrir því, og hann hefur örugglega til þess fullan stuðning okkar flestra hér, að fundinum í heilbr.- og trn. verði nú þegar frestað og málinu ekki lokið þar fyrr en um helgina á nefndafundadögum, eins og hjá öðrum nefndum sem þá ætla sér að sinna sínum verkum. Það er fjarstæða að tæta málið út úr nefndinni eins og verið er að reyna að gera núna.

[14:09]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur þegar komið þeim boðum til heilbr.- og trn. að fundi þar verði frestað. Hv. þingmönnum er vel kunnugt um að forseti hefur margsinnis gert athugasemdir við það að nefndafundir séu haldnir á þingfundatíma, nema um það sé þá samstaða.

[14:10]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Við gerum okkur mjög vel grein fyrir því að forseta er vandi á höndum þegar hann stendur frammi fyrir því að nefnd hefur ekki lokið störfum og þingfundir eru að hefjast. En vandi okkar er mjög mikill. Við höfum lagt áherslu á ákveðin vinnubrögð við þetta stóra mál. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, herra forseti, að gagnagrunnsmálið er ekki á dagskrá, enda er ég að tala um alvarleg mál undir fundarstjórn forseta. Og það er afskaplega vond tilfinning að fá upplýsingar um að því hafi verið algjörlega hafnað að kalla til fulltrúa sem sjálfir, herra forseti, óskuðu eftir að fá að koma á fund nefndarinnar, fulltrúa samtaka sem eiga mjög ríkan hlut að máli varðandi lagasetningu um

gagnagrunninn, og að verið sé að ljúka umfjöllun um málið á nákvæmlega þessum tíma, án þess að þörf sé á því að taka það út úr nefnd.

Hins vegar þakka ég forseta fyrir að bregðast rösklega við og gera kröfu um að nefndin ljúki fundi sínum. En ég óska eftir því, herra forseti, að forseti fundi með þingflokksformönnum um stöðuna í þessu máli vegna þess að ég tel mjög mikilvægt þingsins vegna og þingræðisins að staðið verði við óskir minni hlutans og komið til móts við óskir minni hlutans um að þeir aðilar sem óskuðu eftir að fá að koma upplýsingum á framfæri geti hitt nefndina.

Herra forseti. Það er alvarlegt fyrir okkur öll ef rétt er að fram hafi verið að koma alvarlegar athugasemdir tölvunefndar við frv. sem hér á að fara að afgreiða af hálfu meiri hlutans. En ég þakka forseta fyrir viðbrögð hans.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti boðar þingflokksformenn til fundar við sig kl. hálfþrjú.)

[14:12]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf um að hann vilji beita sér fyrir því að fundi verði lokið í heilbr.- og trn. En því miður ber það engan árangur vegna þess að mér skilst að nefndin hafi þegar lokið störfum og að málið hafi verið rifið út úr nefndinni í fullum ágreiningi og algerlega að tilefnislausu. Það þýðir auðvitað að það verður að taka á þingstörfunum í heild og skoða þau á nýjan leik. Ég fer fram á að það verði gert hið allra fyrsta, herra forseti, og helst nú þegar.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég harma vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, hvernig hún fer með fjárlagaumræðuna í dag, fyrst í morgun með því að tefja umræður í nærri klukkutíma og svo aftur núna með því að tefja umræður með þeim hætti sem við nú sjáum að gerist. Ég lýsi því yfir að það er allt saman á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar en ekki okkar. Ég skora á hæstv. forseta að beita sér tafarlaust fyrir fundi um stöðu mála.

Ef það er rétt, sem mér er tjáð, að þetta gagnagrunnsmál hafi verið tekið út úr nefndinni og að neitað hafi verið að kalla til viðræðna fjölda aðila, jafnvel hafi Ríkisendurskoðun, sem þó er stofnun Alþingis, ekki verið kölluð til þó að um það hafi verið beðið, þá segi ég við forseta: Réttast væri að skipa meiri hluta þessarar nefndar að taka málið aftur inn í nefndina og gera þá afgreiðslu sem sett var niður á blað áðan ógilda, vegna þess að vinnubrögð af þessu tagi eru óþolandi og engin efnisleg nauðsyn stendur til þess að ljúka þessu máli á þann hátt sem meiri hluti ríkisstjórnarinnar gerði í heilbr.- og trn. í morgun. Ég mótmæli þessu harðlega, herra forseti, og skora á forseta að beita öllu sínu afli til að stoppa gerræði af þessu tagi.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti ítrekar að hann mun eiga fund með þingflokksformönnum upp úr klukkan hálfþrjú.)

[14:14]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og forseti sagði áðan er öllum þingmönnum kunnugt um að það er í andstöðu við vilja forseta að haldnir séu nefndarfundir á sama tíma og þingfundir standa nema í fullu samkomulagi. Öllum þingmönnum er kunnugt um þetta, líka meiri hlutanum í heilbr.- og trn. Engu að síður var þessi fundur haldinn og málið tekið út úr nefndinni gegn vilja minni hlutans eftir að þingfundur hófst, og einn nefndarmanna sem leitaði hér til forseta með þá ósk að sú afgreiðsla færi ekki fram á þennan hátt hafði ekki einu sinni tækifæri til að vera staddur á nefndarfundinum vegna þess að hann var að beina umræddri ósk til hæstv. forseta.

Virðulegi forseti. Ég endurtek það að öllum þingmönnum er ljóst að þetta eru starfsaðferðir sem eru í andstöðu við vilja forseta þingsins. Þess vegna treysti ég á að forseti þingsins beiti sér fyrir því að hnekkja þessum vinnubrögðum og að hann sjái til þess að heilbr.- og trn. geti afgreitt þetta mál eðlilega, enda er ekki gert ráð fyrir því, eins og hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan, að málið geti komið til umfjöllunar og 3. umr. á Alþingi fyrr en einhvern tíma í næstu viku.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hv. þingmenn hafa væntanlega tekið eftir því að gert var lengra hlé heldur en venja er, að beiðni nefndarinnar. *Við þeirri beiðni var orðið, en ekki ætlast til* að fundur stæði lengur en til klukkan tvö.)

[14:16]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að þau tíðindi, sem nú hafa borist meðan þessi umræða hefur staðið yfir, eru mjög alvarleg. Ef það er rétt sem er upplýst að málið verið keyrt út með offorsi af meiri hlutanum þá stöndum við frammi fyrir mjög alvarlegum hnút sem þetta þing er komið í vegna þess að ég man ekki eftir að hafa kynnst slíkum yfirgangi af einni nefnd eins og hér er upplýst.

Við vorum mörg sem byggðum afstöðu okkar við atkvæðagreiðslu við 2. umr. um þetta mál í gær á því að málið væri ekki útrætt og það ætti eftir að fá ítarlegri skoðun í nefndinni. Nú, daginn eftir, berast þær upplýsingar að búið sé að keyra málið út úr nefndinni.

Herra forseti. Ég vek athygli á því að stofnanir og fulltrúar sem hafa óskað eftir að mæta aftur á fund nefndarinnar og koma skoðunum sínum á framfæri, eins og Mannvernd, Læknafélag Reykjavíkur, Læknafélag Íslands, siðfræðiráð og læknadeild háskólans, er meinað að koma á fund nefndarinnar. Ég man ekki eftir slíkri uppákomu og hef ég nú setið nokkuð lengi á þingi.

Þetta er dónaskapur og þetta er hneyksli. Þetta er svo mikill yfirgangur við minni hluta nefndarinnar og lýðræðið er svo fótum troðið að málið verður að takast upp á vettvangi forsætisnefndar að mínu mati og formanna þingflokka og knýja meiri hluta heilbr.- og trn. til að taka málið eðlilega upp. Þingið á ekki að bjóða virðulegum stofnunum úti í þjóðfélaginu upp á þann dónaskap að þær megi ekki koma og hitta fulltrúa nefndarinnar til að koma nauðsynlegum ábendingum á framfæri um þetta mál sem er kannski stærsta mál síðari tíma sem þetta þing hefur fjallað um. Þær ábendingar sem þetta fólk vill koma á framfæri skipta kannski miklu um málið, eru réttmætar ábendingar til þess að málið fái eðlilegan framgang á þinginu.

Þetta er mjög alvarleg staða, herra forseti, og á því hlýt ég að vekja athygli. Að við skulum hafa verið að afgreiða málið í gær við 2. umr. með því fororði að það ætti eftir að fara fram ítarleg umræða um málið í nefndinni og við erum fram undan með nefndardaga og málum sé þjösnað svona út úr nefndinni, ég hef aldrei orðið vitni að slíku fyrr. Aldrei.

[14:18]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það eru fáheyrð tíðindi sem eru að berast úr hv. heilbr.- og trn. að búið sé að taka gagnagrunnsmálið út úr nefndinni. Við vorum í gær að afgreiða málið við 2. umr. Ég átti þátt í því ásamt hæstv. forseta að gera samkomulag um hvernig þinghaldinu yrði háttað í gær og unnið var eftir

þeirri áætlun. Ekki var samið um aðra daga. Vitað var að fyrir lægju nefndardagar, gert ráð fyrir því að þeir yrðu á laugardag og mánudag, a.m.k. gæfist þá tími til að vinna málið.

Þetta mál var af minni hálfu og reyndar annarra afgreitt til 3. umr. í þeirri fullvissu að það yrði skoðað milli 2. og 3. umr. vegna þess að fyrir lágu yfirlýsingar meiri hluta nefndarinnar þess efnis. Vitaskuld hefur meiri hlutinn síðan rétt til þess að taka ekki tillit til ábendinga okkar þegar málið hefur hlotið sína eðlilegu umræðu og meðhöndlun í nefndinni milli 2. og 3. umr. Við því er ekkert að segja.

En það hefur ekkert verið gert. Það er brotinn á mér réttur, forseti, í þessu máli. Ég átti von á því þegar ég samþykkti þetta mál til 3. umr., og eins og ég hef talað í málinu að málið fengi eðlilega meðferð í nefndinni þó svo að að lokum yrði ekki tekið tillit til sjónarmiða minna. Ég verð vitaskuld að sætta mig við að vera í minni hluta. En ég þarf ekki að sætta mig við að brotinn sé á mér réttur sem þingmaður á hinu háa Alþingi. Þessi vinnubrögð, herra forseti, munu að mínu mati hleypa upp öllum þingstörfum til jóla.

Þetta er fáheyrð framkoma, ekki einungis gagnvart okkur þingmönnum heldur líka gagnvart umsagnaraðilum. Þeir eiga hins vegar ekki seturétt á hinu háa Alþingi. En að þetta skuli vera framkoma meiri hluta stjórnarliða gagnvart okkur í stjórnarandstöðunni, að taka málið út með þessum hætti, þegar vitað var að sérstakir nefndardagar voru til ráðstöfunar til að skoða þessi mál og önnur er fyrir neðan allar hellur, herra forseti. Vitaskuld verður að ræða þessi mál, ekki einungis milli þingflokksformanna heldur líka í forsætisnefnd, eins og krafa hefur komið um. Þetta eru alvarlegustu tíðindi sem ég man eftir að hafi gerst í vinnubrögðum milli stjórnar og stjórnarandstöðu í tíð núverandi ríkisstjórnar.

[14:21]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil einungis staðfesta það sem hér hefur komið fram að málinu er lokið í heilbr.- og trn. Meiri hlutinn hefur beitt valdi gegn atkvæðum minni hlutans til þess að ljúka málinu. Meiri hlutinn hafnaði því líka að fá til samtals við nefndina aðila sem höfðu óskað eftir því að koma til þess að ræða það eins og eðlilegt var eftir að meiri hlutinn hafði lýst því hér yfir í þingræðum í gær og fyrradag að málið ætti að skoðast aftur. Einn hv. þm. stjórnarliðsins orðaði það svo: Málið er enn á vinnslustigi. En því var hafnað að verða við óskum læknadeildar Háskóla Íslands, siðfræðiráðs Læknafélags Íslands, Læknafélaginu sjálfu var hafnað, Læknafélagi Reykjavíkur og Mannvernd, þar sem fyrrverandi háskólarektor, Sigmundur Guðbjarnason, er í forsvari. Meiri hlutinn hafnaði þessu einfaldlega.

Meiri hlutinn leggur enn fremur til grundvallarbreytingar á frv. að okkar mati og við töldum eðlilegt, vegna þess að áhöld voru um hvað í því fælist, að sérfræðingar á sviði erfðavísinda kæmu til fundar við nefndina. Því var hafnað líka. Meiri hlutinn féllst að vísu á að fá tölvunefnd til viðtals við nefndina og þar að auki tvo aðra einstaklinga, annar er höfundur að áliti sem Lagastofnun veitti og var óskað eftir og borgað fyrir af Íslenskri erfðagreiningu. Síðan klykkti nefndin út fyrir tilstuðlan meiri hlutans með því að fá í heimsókn fulltrúa Íslenskrar erfðagreiningar, sem lýsti þeirri skoðun sinni að allt væri þetta í himnalagi.

Þetta er í svo miklu himnalagi, herra forseti, að tölvunefnd, sem kom til fundar af mikilli skyndingu við heilbr.- og trn., lýsti því yfir gagnvart okkur að hún mundi ekki treysta sér að fallast á vinnulagið sem gert er ráð fyrir samkvæmt tillögu meiri hlutans nema henni yrði fyrirskipað það með lögum. Ég spurði viðkomandi félaga í tölvunefnd hverju sætti þessi skoðun og hún svaraði eftirfarandi: Frá persónuverndarlegum sjónarmiðum stafar svo mikil ógn af þessu vinnulagi.

Tölvunefnd segir með öðrum orðum að það stafi ógn af þessu vinnulagi gagnvart persónuvernd. Eigi að síður fáum við ekki tækifæri til þess að nota lýðræðislegan rétt okkar til þess að spyrja sérfræðinga, til þess að grafast fyrir um málið, til þess að fylgja hinni gömlu hefð þessa þings að rannsaka mál áður en þau eru keyrð út í gegnum þingið til samþykktar.

Herra forseti. Engar nauðir ráku til þessarar skjótu afgreiðslu. Það liggur fyrir og reyndar hafði starfandi þingflokksformaður jafnaðarmanna, hv. þm. Ágúst Einarsson, tilkynnt mér að ætlast væri til þess að laugardagur og mánudagur mundu fara í nefndarstörf af þessu tagi. Við buðumst til þess að hafa fund í kvöld, á morgun, á sunnudag og mánudag, til að geta aflað frekari upplýsinga og til þess að við vitum a.m.k. hvað við erum að tala um. Vegna þess að hafi einhver vafi leikið á því hvað frv. þýddi áður en það fór til seinni umfjöllunar í heilbr.- og trn., er alveg ljóst að það er himinn og haf á milli skilnings minni hlutans og meiri hlutans á því hvað þær breytingar þýða í sumum tilvikum sem verið er að leggja til.

[14:24]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég sagði það við atkvæðagreiðslu í gær að gagnagrunnsfrv. væri í algjöru uppnámi. Nú sé ég ekki betur en að þingstarfið fram að jólum sé líka í algjöru uppnámi. Þau vinnubrögð sem verið er að fjalla um og okkur hefur verið greint frá eru vægast sagt afar óskynsamleg. Ég get ekki annað en vitnað til þess, hæstv. forseti, að hæstv. heilbrrh. hafði um það fögur orð í gær að sátt yrði að ríkja um þetta mál. Það væri svo mikilvægt að ná sátt um þetta mál.

Meiri hlutinn er sjálfur búinn að eyðileggja málið gjörsamlega fyrir sér. Talað hefur verið um það af hálfu meiri hlutans hvað þetta sé merkilegt mál og snerti þjóðarheill og framtíð mannkyns og ég veit ekki hvað. Hvers vegna ganga menn þá svona fram og eyðileggja málið fyrir sjálfum sér? Vil ég þó ítreka að ég er algjörlega á móti þessu máli og mun fjalla rækilega um það í 3. umr. hvers vegna.

Við hljótum að spyrja: Hvers vegna liggur svona mikið á? Hvers vegna er verið að beita svona óskynsamlegum vinnubrögðum? Það hefur svo lengi sem ég hef vitað til verið einn meginkostur þingræðisins á Íslandi og starfsemi Alþingis hve greiðan aðgang málsaðilar hafa átt að þinginu. Ég minnist ekki annars en þess að formenn meiri hlutans hafi yfirleitt alltaf orðið við óskum minni hlutans þegar beðið hefur verið um ýmsa aðila, enda vita allir að það eru skynsamleg vinnubrögð. Það er skynsamlegt að óska eftir upplýsingum þannig að málið liggi allt fyrir.

Það ljóst að búið er að afgreiða gagnagrunnsfrv. frá heilbr.- og trn. með breytingum sem óeining er um og þeir sem best til þekkja segja að gjörbreyti málinu. Þetta þýðir því aðeins eitt, hæstv. forseti: Það verður mikil og ítarleg umræða um málið og þinghaldið til jóla er í algjöru uppnámi og á því bera ríkisstjórnarflokkarnir ábyrgð.

[14:27]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Sem áheyrnarfulltrúi í heilbr.- og trn. sem setið hefur langflesta fundi nefndarinnar um þetta mikilvæga mál harma ég þessi málalok. Það er mjög sérkennilegt að upplifa það eftir það góða samstarf sem hefur átt sér stað í nefndinni að núna skuli svona hart keyrt. Eftir umræðurnar við 2. umr. var því lýst yfir að málið væri enn þá í vinnslu og við í minni hlutanum vorum tilbúin til þeirrar vinnu.

Síðan er á fundi í morgun rætt um að það verði fundardagar bæði á morgun í þinginu og á mánudaginn. Þá er tilkynnt að fundur verði í nefndinni í hádeginu og málið hugsanlega keyrt þar út. Það var vitað að þennan fund í hádeginu gátu tveir hv. þingmenn ekki setið, hvorki Bryndís Hlöðversdóttir né Ögmundur Jónasson sem er áheyrnarfulltrúi.

Ég harma því mjög þessi vinnubrögð og efnislega vil ég að það komi fram að verið er að gera eðlisbreytingar á frv. núna og það kom fram í máli tölvunefndar áðan að þessar breytingar væri ekki hægt að gera nema með skýrari lagastoð því um persónugreinanlegan grunn væri að ræða. Það er nefnilega nákvæmlega það. Þar með er grundvöllur fyrir þessu frv. brostinn og þess vegna vill meiri hlutinn hvorki fá til sín erfðafræðinga né fulltrúa frá Mannvernd né nokkrum öðrum samtökum heldur keyra málið í gegn.

Grundvöllur málsins er gjörsamlega brostinn og þetta er ólíðandi bæði efnislega fyrir þetta mál og ekki síður fyrir störf þingsins. Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum.

[14:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er komin upp kunnugleg staða, mér liggur við að segja hefðbundin staða í samskiptum meiri hluta og minni hluta á þinginu á þessu kjörtímabili. Í raun og veru er þetta þó dæmigerðara fyrir þau samskipti sem hafa fylgt ríkisstjórn Davíðs Oddssonar alveg frá því að sá maður tók við slíkum mannaforráðum í landinu. Hér er komin upp hefðbundin, dæmigerð staða sem endurspeglar það þingræðislega ofbeldi og þann hroka sem hefur einkennt öll samskipti hæstv. forsrh. og ríkisstjórnar hans við Alþingi. Það er bara þannig. Dæmið frá því á þessum morgni á fundi heilbr.- og trn. er ósköp einkennandi fyrir þetta. Þegar settur er á fundur, gegn mótmælum, og stórmál rifið út úr nefnd á einum fundi þrátt fyrir alla þá umgjörð málsins sem liggur ljós fyrir.

Eins var það, herra forseti, hér í morgun ósköp dæmigert þegar átti að fara að afgreiða samkomulagsmál að þá notaði einn þingmanna stjórnarliðsins tækifærið og réðist með svívirðingum að meiri hlutanum í Reykjavíkurborg svona í framhjáhlaupi. Það var dæmigert fyrir hrokann og þá lítilsvirðingu sem stjórnarandstöðunni og þingræðinu er sýnd. Engin takmörk eru fyrir því, herra forseti, hversu langt menn ganga í þessum efnum.

Auðvitað er það grafalvarlegt mál sem hér er að gerast ef það á að skáskjóta þessu gagnagrunnsfrumvarpi þannig í gegn að það er látið líta út fyrir, alveg fram á síðustu stundu, að afgreiða eigi allt annað mál. Svo eru gerðar á því grundvallarbreytingar þegar þingið er í raun orðið afvopnað gagnvart því að fjalla eðlilega um málið. Þegar hinn þingræðislegi prósess er að mestu leyti orðinn aftengdur. Það eru auðvitað til mörg góð orð, tær og skýr orð á íslensku yfir framgöngu af þessum toga, herra forseti.

Ég leyfi mér að leggja það til við hæstv. forseta, að hann kalli til fundar með ríkisstjórninni og hæstv. forsrh. og formönnum þingflokka stjórnarliðsins og geri þó ekki væri nema úrslitatilraun þessa kjörtímabils til að kenna þessu liði einhverja mannasiði. Það er ekki hægt að hafa samskiptin með þessum hætti. Auðvitað kemur á daginn að hæstv. forsrh. hefur ekkert lært. Hann hefur ekkert lært frá því að hann reif þingið í sundur og sendi það heim í offorsi vorið 1992.

Hæstv. forsrh. er hins vegar góður leikari og honum hefur tekist ágætlega að leika annan mann að mestu leyti það sem síðan er liðið. En þó er það einstöku sinnum þannig að hann lendir út úr rullunni, eins og sagt er, hann gleymir sér og fer út úr hlutverkinu. Þá kemur hið rétta viðhorf til þingsins í ljós eins og við erum að upplifa þessa dagana. En allir vita hver er lókómótorinn á bak við það að þröngva þessu gagnagrunnsfrv. í gegn.

Ég legg til að forseti fresti fundinum og boði til fundar með þeim sem þarf að ræða við, þ.e. ríkisstjórninni og formönnum þingflokka stjórnarliðsins.

[14:32]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það að þetta eru fáheyrð vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð af hálfu heilbr.- og trn. og þá fyrst og fremst að kröfu meiri hluta nefndarinnar í morgun. Það lá fyrir, þegar fundurinn var boðaður sem haldinn var nú í hádeginu, að fulltrúar úr stjórnarandstöðunni, þ.e. hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og hv. þm. Ögmundur Jónasson, gátu ekki mætt. Þau höfðu boðist til að mæta nánast á öllum öðrum tímum og sagt að þetta væri eini tíminn sem þau gætu ekki sótt fund, það væri útilokað.

Það var ekki hlustað á það frekar en annað í málflutningi eða viðhorfum stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Á sama tíma standa jafnframt yfir fundir hér, þar sem verið er að ræða um fjárlög íslenska ríkisins fyrir næsta ár, þar sem ég veit að fulltrúar í heilbr.- og trn. vilja gjarnan vera viðstaddir og taka þátt í þeirri umræðu út frá brtt. meiri hlutans sem lúta að þeim þáttum sem þessi fagnefnd á að fjalla um.

En þessi vinnubrögð eru með ólíkindum og ég held að full ástæða væri til þess, herra forseti, að stöðva fund þannig að þingflokkarnir hafi möguleika á því að ræða saman. Þessar fréttir hafa komið fundarhöldum öllum í uppnám og þannig mun það verða fram eftir degi.

[14:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti ítrekar að hann getur ekki svarað fyrir gerðir heilbr.- og trn. og vonast til að fullur skilningur sé á því. Forseti mun, eins og hann sagði áðan, halda fund með formönnum þingflokka. Forseti verður nú að segja alveg eins og er að hann telur ekki efni til þess að boða til fundar með ríkisstjórn og formönnum þingflokka og vonast til að líka sé skilningur á því. En hann mun boða til fundar með formönnum þingflokka. Það er hinn rétti vettvangur til að ræða vandamál sem hér koma upp.

Forseti sér ekki heldur ástæðu til að gera fundarhlé þó að í salinn vanti einstaka þingmenn, þó þeir séu mikilvægir, og vonar að líka sé skilningur á því. Umræðan um dagskrármálið hlýtur því að halda áfram þrátt fyrir það að haldinn sé fundur, og það er ekki óalgengt, að haldnir séu fundir með forseta og formönnum þingflokka þótt fundur haldi áfram hér í salnum. (Gripið fram í.) Forseti óskar eftir samstarfi um að umræðan um dagskrármálið megi halda áfram. **(Gripið fram í:** Það er full andstaða við það.) Það er full andstaða

við það. Forseti verður að þola þá gagnrýni að sjálfsögðu.

[14:35]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Við í stjórnarandstöðunni virðum forseta okkar og þetta mál snýr að þinginu. Komið hefur fram mjög hörð gagnrýni á vinnubrögð hér innan þings. Hæstv. forseti hefur lagt til rétta málsmeðferð. Hann mun funda núna strax með þingflokksformönnum.

Það hefur komið hér fram að stjórnarandstæðingar líta á þetta sem alvarlegt mál, mjög alvarlegt mál, e.t.v. alvarlegasta mál sem komið hefur upp á kjörtímabilinu. Það er fullkomlega eðlilegt, hæstv. forseti, að meðan menn ráða ráðum sínum varðandi málið sé gefið fundarhlé. Og forseti getur ekki ætlast til þess að sátt sé um það að umræða um fjárlög haldi hér áfram þegar svona stendur á. Það er fullkomlega eðlileg ósk af okkar hálfu í stjórnarandstöðunni að gert verði fundarhlé og hæstv. forseti og þingflokksformenn fái ráðrúm til að fara yfir þetta mál þannig að það skýrist þá síðar í dag hvernig á því verði tekið.

En það er ekki hægt, hæstv. forseti, að ætlast til þess að fjárlagaumræðan haldi áfram þó að fordæmi séu fyrir slíkum vinnubrögðum við mál. Þau hafa ekki verið af því umfangi sem hér er á ferðinni. Því fer ég þess á leit við hæstv. forseta að um leið og fundur með þingflokksformönnum hefst verði umræðunni frestað.

[14:37]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Frsm. minni hlutans í fjárln. hafði orð á því í morgun hversu fáir væru mættir til umræðunnar og hversu mikið virðingarleysi ríkti yfir fjárlagaumræðunni. Nú á að fara að bjóða þinginu upp á það að hafa fundi með formönnum þingflokka á meðan talsmaður minni hlutans í fjárln. flytur ræðu sína.

Ég mótmæli því harðlega og mæli með því og tek undir óskir í þá veru að gera fundarhlé nú og að þessi mál verði afgreidd áður en fjárlagaumræðan heldur áfram.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það verður tekið tillit til þeirra mótmæla að fundur með formönnum þingflokka verður ekki haldinn meðan einhver formaður þingflokks er í ræðustól.)

[14:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skil vanda forseta að hann getur ekki svarað fyrir forkastanleg vinnubrögð meiri hlutans í heilbr.- og trn. Það ætti sá meiri hluti að sjálfsögðu sjálfur að gera. En af einhverjum undarlegum ástæðum er hann gufaður upp, sést ekki hér í þingsalnum og engir hafa reynt að halda uppi neinum vörnum, enda ekki hægt, fyrir framgönguna á þessum morgni.

Auðvitað söknum við alveg sérstaklega hins vaska varaformanns heilbr.- og trn., sem var mærð hér sérstaklega í gær fyrir góð störf í þágu meiri hlutans af hæstv. ráðherra. Hvar er nú sú vaska manneskja, 4. þm. Reykn., sem var hlaðin lofi hér í gær fyrir dugnað sinn sem varaformaður í heilbr.- og trn.?

Ég held, herra forseti, að óhjákvæmilegt sé að menn fái nú við þessar aðstæður hlé til fundahalda því forseti þarf að ræða við formenn þingflokka. En ég harma það að forseti skuli ekki taka undir þá skynsamlegu hugmynd mína að hann eigi sérstakan fund með ríkisstjórninni og fái jafnvel aðstoð við það verkefni að reyna að koma vitinu fyrir hana frá sérfræðingum á því sviði, sem auðvitað er hægt að kalla til ofan úr háskóla eða einhvers staðar að. (**Gripið fram í:** Eða ræða bara beint við Kára sjálfan.) En betra en ekki er þó að ná til formanna þingflokka stjórnarliðsins.

Ég tel óhjákvæmilegt að stjórnarandstaðan fái einnig tíma til að halda fundi á þessum sólarhring. Mér sýnist ekki óeðlilegt að ætla að fulltrúar minni hlutans í heilbr.- og trn. óski eftir hléi til að ræða við þá aðila um gagnagrunnsfrv. sem var neitað um að fá á fund heilbr.- og trn., og er auðvitað algerlega fáheyrt, herra forseti. Ég held að leitun sé að slíkri framgöngu hjá ráðandi meiri hluta í þingnefnd að þegar í hlut á stórmál af því tagi sem gagnagrunnsfrv. er og uppi eru við afgreiðslu málsins viðsjárverðar aðstæður eins og óumdeilanlega eru í því máli, hvaða afstöðu sem menn svo hafa, að þá skuli menn skjóta þannig undan sjálfum sér lappirnar að þeir neiti að taka á móti aðilum úr þjóðfélaginu að koma til viðtals við þingnefnd um mál af því tagi. Það er þvílíkur blettur á störfunum hér sem þannig er settur á með slíkri framgöngu að það er okkur öllum áfall að verða vitni að slíku.

En, herra forseti, ég held að það væri afar hyggilegt að byrja á því að fresta þessari umræðu um sinn og jafnvel fá sér kaffibolla og draga djúpt andann svona eins og tvisvar sinnum og vita hvort við finnum þá ekki a.m.k. einhverjar leiðir til að þokast áfram.

(**Forseti** (ÓE)**:** Allt eru þetta góðar ráðleggingar en við skulum nú leyfa þeim sem vilja tala um fundarstjórn forseta að ljúka ræðum sínum.)

[14:41]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mér er af skiljanlegum ástæðum ákaflega annt um að fjárlagaumræðan fái verðugan sess í þinghaldinu. Það hefur satt að segja verið hálfgert baks við að koma henni á og að hún geti farið fram með eðlilegum hætti. Það vill svo til að ég er næst á mælendaskrá og hugðist mæla fyrir nál. minni hluta, sem er eiginlega orðinn minni minni hluti, og ég vil taka undir þá ósk sem hér hefur komið fram um að fundi verði frestað um sinn svo tóm gefist til að ræða þá alvarlegu stöðu sem komin er upp vegna vinnubragða í hv. heilbr.- og trn. Ég lýsi mig því fúsa til að doka enn um sinn með að koma að sjónarmiðum minni hlutans, eða minni minni hlutans, í hv. fjárln.

[Fundarhlé. — 14:42]

Tilhögun þingfundar.

[15:23]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur um þinghaldið vill forseti geta þess að forusta þingsins og þingflokksformenn hafa rætt þau mál á undanförnum mínútum. Ekki er enn fengin niðurstaða um þau mál, en samkomulag er um að hv. frsm. minni hluta fjárln. flytji ræðu sína. Að henni lokinni er miðað við að aftur verði gert hlé á umræðu og þess freistað að ná samkomulagi um framhald þinghalds.

[15:24]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. KÁ og HG, þskj. 466; brtt. GGuðbj o.fl., þskj. 467; brtt. GGuðbj og KH, þskj. 468.

Stefnumótun í heilbrigðismálum, 251. mál, svar heilbrrh., þskj. 453.

Fjárlög 1999, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 438 og 445, brtt. 439, 446, 448, 454, 455, 456, 457, 458, 459, 460, 466, 467 og 468.

[15:25]

Frsm. minni hluta fjárln. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Lengi mátti maður bíða. Slíkar hremmingar hafa ekki oft verið við hina merku 2. umr. fjárlaga eins og nú er. En hún er nú loksins komin á dagskrá og hafin viku síðar en áætlað var en aðeins vika er eftir af áætluðu þinghaldi á þessari önn. Eftir ýmsum sólarmerkjum að dæma gætu orðið enn frekari breytingar á þeirri áætlun sem vissulega er ekki óþekkt fyrirbrigði á þessum árstíma á þessum vinnustað. Nóg um það að sinni.

Við ræðum nú fjárlagadæmi næsta árs og höfum við verið að fjalla um það hvern nýtan dag í hv. fjárln. allar götur síðan í september sl. Þar hefur gengið á ýmsu svo sem ekki er óvenjulegt en hið óvenjulega er tvímælalaust að þessu sinni sú staðreynd að hlutföll meiri og minni hluta stjórnar og stjórnarandstöðu hafa nú raskast. Má segja að þar hafi farið fram eins konar kristnitaka hin síðari. Öðrum stjórnarflokknum hefur bæst liðsmaður sem áður vann með okkur í minni hlutanum og staðan því orðin átta stjórnarliðar andspænis þremur stjórnarandstæðingum. Þetta hefur auðvitað haft sín áhrif á vinnulag og vinnuaðstæður en ekkert svo sem meira um það að segja. Það liggur hver sem hann hefur um sig búið.

En áður en ég mæli fyrir nál. minni hlutans vil ég færa öllum meðnefndarmönnum mínum, bæði í meiri hluta og minni hluta, sem er þá líklega orðinn minni minni hluti og hinn meiri meiri hluti, bestu þakkir fyrir samstarfið í gegnum súrt og sætt og ekki síður ritara nefndarinnar og öðrum sem hafa komið að verki og veitt aðstoð.

Herra forseti. Nál. minni hluta fjárln. er á þskj. 445. Undir það rita auk mín hv. þm. Gísli S. Einarsson og Sigríður Jóhannesdóttir.

Ég mun nú fara yfir álitið og bæta við það eftir því sem tilefni gefst.

„Vegna stærðar og umfangs fjárlaganna hafa þau víðtæk áhrif á íslenskt efnahagslíf. Þau sýna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og ráða miklu um afkomu byggðarlaga og lífsafkomu fjölda fólks. Fjárlögin eru tæki til að gera aðstæður einstaklinga og fjölskyldna bærilegar og við núverandi aðstæður ættu þau að endurspegla skyldur stjórnvalda til að tryggja öllum landsmönnum hlut í bættum lífskjörum. Því miður gerir frumvarpið það ekki. Svartasti bletturinn er sú staðreynd að ekki skuli tekið á ranglætinu gagnvart öryrkjum og öldruðum sem hafa setið eftir meðan kjör annarra hafa batnað. Minni hlutinn leggur þunga áherslu á að hlutur þeirra verði réttur áður en fjárlög fyrir árið 1999 verða samþykkt. Annað er ekki sæmandi.

Þjóðhagshorfur og efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar.

Efnahagsforsendur fjárlagafrumvarpsins byggjast á þjóðhagsáætlun fyrir árið 1999. Þannig er áætlað að hagvöxtur verði um 4,6% á árinu 1999 eða 0,6 prósentustigum minni en spár fyrir þetta ár gera ráð fyrir. Til samanburðar er spáð um 2,5% meðalvexti landsframleiðslunnar í Evrópusambandsríkjunum á árinu 1999. Þannig er ljóst að hagþróun hér á landi er umtalsvert hraðari en víða annars staðar í nágrannalöndunum enda hafa ákvarðanir stjórnvalda undanfarin missiri, m.a. á sviði skattamála, ýtt verulega undir þá miklu eftirspurnarþenslu sem nú má sjá í íslensku efnahagslífi. Þrátt fyrir það er verðbólga talin verða fremur lítil eða um 2% og er það líklega fyrst og fremst að rekja til aukinnar samkeppni á ýmsum sviðum efnahagslífsins."

Hér er raunar ástæða til að benda á þá skýringu sem fram kemur í haustskýrslu Seðlabankans að meginástæður hagstæðrar verðlagsþróunar séu aukin innlend framleiðni vinnuafls, sem áætlað er að vaxi að meðaltali um 3,5% á þessu ári, gengishækkun íslensku krónunnar og lækkun á erlendu verðlagi.

Herra forseti. Minni hlutinn hefur hvað eftir annað á undanförnum árum vakið athygli á ónákvæmni í spám um helstu þjóðhagsforsendur. Nægir að vísa til nefndarálita minni hlutans um fjárlagafrumvörp fyrir árin 1997 og 1998, en þar kom m.a. fram sú skoðun minni hlutans að spár um einkaneyslu væru verulega vanmetnar miðað við áætlaða aukningu ráðstöfunartekna heimilanna. Sú skoðun hefur sannarlega reynst á rökum reist því að nú er komið á daginn að aukning í einkaneyslunni á þessu ári er tvöfalt meiri en þjóðhagsspá gerði ráð fyrir.

Því má svo bæta við að einkaneysla á mann er á þessu ári komin rúmlega 4% umfram fyrra sögulegt hámark sem var á árinu 1987.

Spá þjóðhagsáætlunar um aukningu einkaneyslu og innflutnings á næsta ári vekur nokkra athygli. Samkvæmt henni mun draga verulega úr vexti einkaneyslunnar eða úr 10% á árinu 1998 í um 5% á næsta ári. Öllu athyglisverðara er þó að innflutningur mun hætta að vaxa á næsta ári ef spáin gengur eftir, en á þessu ári stefnir í að innflutningur vöru og þjónustu aukist um 22,6% en ekki 4,4% eins og lagt var til grundvallar í þjóðhagsáætlun. Minni hlutinn telur fráleitt að 5% aukning einkaneyslu sem spáð er á árinu 1999 muni ekki birtast í auknum innflutningi eins og gerst hefur undanfarin ár. Enn fremur er með hliðsjón af þróun undanfarinna mánaða fullkomlega óraunsætt að ætla að einkaneysla aukist aðeins um 5%. Að mati minni hlutans þarfnast því forsendur frumvarpsins um innflutning og einkaneyslu endurskoðunar. Slík endurskoðun gæti haft umtalsverð áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs. Niðurstaða minni hlutans er að enn einu sinni sé um gróflega vanáætlun að ræða á tekjuhlið frumvarpsins.

Þrátt fyrir að mörgu leyti hagstæða þróun á undanförnum árum eru nú ýmsar blikur á lofti í efnahagsmálum. Í skýrslu Seðlabankans frá 13. nóvember sl. segir m.a., með leyfi forseta:

„Efnahagsþróunin hér á landi hefur að undanförnu einkennst af öflugum hagvexti, minnkandi atvinnuleysi, launahækkunum sem eru mun meiri en í nágrannalöndum, vaxandi viðskiptahalla og lágri verðbólgu. Þessi þróun gefur tilefni til að ætla að hagkerfið hafi stefnt hratt að þeim mörkum sem til lengdar geta samrýmst stöðugleika í verðlagsmálum og kallar á aðhaldssama stefnu í bæði peninga- og ríkisfjármálum."

Í þessum orðum felst alvarleg viðvörun sem ber að gefa gaum. Um 15% vöxtur er nú í útlánum bankakerfisins, en slíkur vöxtur peningamagns í umferð getur hæglega stefnt markmiðinu um verðstöðugleika í hættu. Aðgengi heimilanna að lánsfé hefur aldrei verið betra en um þessar mundir sem sést best í gríðarlegri aukningu einkaneyslu og fjárfestinga. Skuldaaukning heimilanna stefnir í að verða um 43 milljarðar kr. á árinu eða um 10%. Sem hlutfall af ráðstöfunartekjum er áætlað að skuldir heimilanna muni nema um 138% í ár. Þetta sýnir hversu brýnt er að leita leiða til að stuðla að auknum sparnaði í þjóðfélaginu.

Margt bendir til þess að samdráttarskeið sé hafið í alþjóðlegum efnahagsmálum og hætt við að áhrifa þess muni gæta að einhverju leyti í íslensku efnahagslífi á næstunni. Áframhaldandi efnahagsbati er að verulegu leyti háður verðþróun í útflutningsframleiðslu sjávarafurða, en afurðaverð í sjávarútvegi hefur farið verulega hækkandi á undanförnum mánuðum. Efnahagsþróunin í Asíu og Rússlandi gefur á hinn bóginn ástæðu til að ætla að afurðaverð geti farið lækkandi á komandi missirum sem óhjákvæmilega mun hafa áhrif í íslensku efnahagslífi.

Við þær aðstæður sem nú eru í þjóðarbúskapnum gegna aðgerðir stjórnvalda lykilhlutverki í að halda aftur af aukningu í eftirspurn og almennum umsvifum efnahagslífsins. Aðhald í útgjöldum ríkisins er grundvallarforsenda þess að árangur náist í þeirri viðleitni að minnka viðskiptahallann sem er orðinn geigvænlegur og bein ávísun á þenslu og vaxandi skuldasöfnun þjóðarbúsins.

Herra forseti. Það er verulegt umhugsunarefni og í raun inni skuggalegt að útflutningur á þessu ári vex aðeins um 1,5% á sama tíma og innflutningur vex um nærri 23% að magni. Við þeirri þróun er nauðsynlegt að bregðast.

Ríkisfjármálastefnan verður að vera samstillt peningamálastefnu ef árangur á að nást. Veruleikinn hefur reynst annar að þessu leyti síðustu missiri. Minni hlutinn sér ástæðu til að vísa sérstaklega til III. kaflans í haustskýrslu Seðlabankans sem fjallar um innlenda efnahagsþróun og er birtur sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Vafalaust hafa margir hv. þingmanna þegar fengið þessa skýrslu og kynnt sér efni hennar í bak og fyrir. En þær eru margar skýrslurnar og gögnin sem þingmönnum berast og því sáum við sem stöndum að þessu áliti ástæðu til að dreifa sem fskj. ljósriti af kaflanum um innlenda efnahagsþróun, svo að sá fróðleikur sem þar birtist væri örugglega við höndina við þessa umræðu.

Þar kemur margt umhugsunarvert fram. Þar er t.d. fjallað um skilyrði í sjávarútvegi og hvernig þróun á helstu mörkuðum hefur verið og hvernig hún gæti orðið áfram. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna beint til þess sem segir um þetta efni:

„Skilyrði til sjávar virðast góð og einn helsti og arðbærasti nytjastofninn, þorskstofninn, hefur verið á stöðugri uppleið undanfarin ár. Eigi að síður varð heildaraflinn á síðastliðnu fiskveiðiári (1. september 1997–31. ágúst 1998) nokkru minni en fiskveiðiárið á undan, sem var metaflaár, eða 1,7 milljónir tonna nú samanborið við 2,1 milljón tonna í fyrra. Aflasamdráttur varð hins vegar einkum í verðminni tegundum. Þorskaflinn varð t.d. á fyrstu níu mánuðum þessa árs um 28 þús. tonnum meiri en á sama tíma í fyrra. Þetta, ásamt umtalsverðri hækkun á verðlagi sjávarafurða, veldur því að verðmæti heildaraflans var um 13% meira fyrstu níu mánuði ársins en á sama tíma fyrir ári. Í nýrri þjóðhagsáætlun 1999 er gert ráð fyrir því að heildaraflinn á þessu ári verði nokkuð minni í tonnum talið en árið 1997 og að útflutningsframleiðsla sjávarafurða minnki að magni til um 2% en aukist um 6,6% að verðmæti. Mismunurinn stafar af hækkun meðalverðs sjávarafurða um 10–12% milli áranna 1997 og 1998.

Markaðsstaða íslenskra sjávarafurða er sterk um þessar mundir. Verðlag á sjávarafurðum í heild er nú með hæsta móti og verður að leita aftur til áranna 1990–91 til að finna álíka hátt verð. Flestar tegundir sjávarvöruframleiðslu hafa hækkað í verði án afláts frá miðju sumri 1997. Síðustu 14 mánuði hefur t.d. verð á frystum fiski hækkað um 15%, saltfiski um 25%, rækju um 8,5%, fiskimjöli um 18,5% og lýsi um rúm 44%. Í heild nam hækkunin 18% yfir tímabilið. Ástæður þessa háa verðlags eru bæði mikil spurn eftir nær öllu sjávarfangi og samdráttur í framboði mikilvægra tegunda. Þrátt fyrir verðhækkanir undanfarinna mánuða er raunverðlag sjávaraafurða enn mun lægra en á fyrri verðlagstoppum árin 1986–87 og 1990–91 og virðist verðlagið nú vera í takt við almenna þróun neysluvöruverðs þegar til lengri tíma er litið.

Ekki er hægt að greina að verðhækkunarferlið sé á enda þótt nokkuð hafi hægt á því. Talið er að verðlag muni haldast hátt enn um sinn og verð á ýmsum mikilvægum afurðum eins og á freðfiski muni halda áfram að hækka nokkuð. Er þá gengið út frá áframhaldandi líflegri eftirspurn og lítilli eða engri aukningu framboðs, sem m.a. kemur fram í því að birgðir eru nú með minnsta móti og víða gætir skorts á fiskafurðum á helstu mörkuðum. Verð á bræðsluafurðum hefur hins vegar verið í sögulegi hámarki að undanförnu og má því búast við að það muni nokkuð láta undan síga á næstu vikum og mánuðum. Gert er ráð fyrir að núverandi verðlag rækju og annars skelfisks muni lítið breytast á næstunni.

Þótt ekki virðist hafa dregið úr verðhækkunum svo umtalsvert sé eru blikur á lofti. Ef efnahagskreppan í Asíu og Rússlandi heldur áfram og breiðist út, gæti það leitt til svo mikils samdráttar í neyslu sjávarafurða í löndum sem efnahagskreppan nær til að framboð inn á aðra markaði aukist verulega og verð lækki þar einnig, jafnvel þótt ekki verði beinn samdráttur á þeim mörkuðum."

Aðeins aftar í þessu fylgiskjali segir svo, þar sem fjallað er um afkomu fyrirtækja, með leyfi forseta:

„Hálfsársuppgjör þeirra 44 fyrirtækja, að undanskildum hlutabréfasjóðum, sem skráð voru á hlutabréfamarkaði á miðju ári, gefa til kynna góða afkomu þeirra á árinu. Velta þessara fyrirtækja var rúmlega 10% meiri í janúar–júní 1998 en sömu mánuði 1997, jókst úr 112,8 milljörðum króna í 124,3 milljarða króna. Afkoman batnaði hvort heldur er miðað við hagnað af reglulegri starfsemi eða hreinan hagnað. Hagnaður af reglulegri starfsemi jókst um rúmlega 21% og hreinn hagnaður um 5%. Afkoman virðist nú mun jafnari en áður. Staðalfrávik hagnaðar af reglulegri starfsemi sem hlutfall af veltu er 15,9%, en var 20,6% á fyrri hluta ársins 1997. Mun fleiri fyrirtæki sýndu aukinn hagnað á þessu ári en á sama tíma í fyrra, eða 26 fyrirtæki, en 18 fyrirtæki sýndu minni hagnað.

Góðærið í sjávarútveginum kemur glögglega fram í afkomutölum og efnahagsyfirlitum sjávarútvegsfyrirtækja á hlutabréfamarkaði. Þótt gera megi ráð fyrir að afkoma og efnahagur sjávarútvegsfyrirtækjanna 15, sem flest eru meðal stærri sjávarútvegsfyrirtækja landsins, sé nokkru betri en meðalafkoma fyrirtækja í greininni, hefur afkoma og efnahagur sjávarútvegsins greinilega batnað til muna frá fyrra ári. Útflutningsvelta nemur u.þ.b. 45–47% af heildarútflutningsveltu.

Hálfsársuppgjör fyrirtækjanna 15 sýna rúmlega fjórföldun hagnaðar af reglulegri starfsemi miðað við fyrri hluta árs 1997. Hreinn hagnaður jókst um tæplega 37%. Rekstrarafkoma (hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sem hlutfall af veltu hækkaði úr 16,3% á fyrri hluta ársins 1997 í 18,4% á þessu ári. Hlutfall hagnaðar af reglulegri starfsemi fjórfaldaðist milli ára, úr 1,8% í fyrra í 7,5%, og hreinn hagnaður, sem var 5,8% á fyrri hluta liðins árs, hækkar í

8% nú. Bættur efnahagur sjávarútvegsfyrirtækjanna birtist einnig í hækkun eiginfjárhlutfalls úr 36% í 37%."

Þetta eru athyglisverðar tölur, herra forseti, og fagnaðarefni er að mörg fyrirtæki búa nú við svo góða stöðu. Almenna niðurstaðan er sú að staða atvinnuveganna sé tiltölulega góð um þessar mundir, en reyndar mun betri í sjávarútvegi en í öðrum atvinnugreinum. Þetta er allt nauðsynlegt að hafa í huga við umfjöllun um efnahagsforsendur frv.

Nánar verður fjallað um efnahagsforsendur og tekjuhlið frumvarpsins við 3. umræðu, en minni hlutinn leggur enn og aftur áherslu á brýna nauðsyn þess að skila ríkissjóði með afgangi við núverandi aðstæður, m.a. til að vega upp á móti þensluáhrifum vegna kjarasamninga og skattalækkana. Í þjóðhagsáætlun kemur fram að Þjóðhagsstofnun telji nauðsyn á festu í fjármálum hins opinbera til að færa halla á viðskiptum við útlönd aftur til jafnvægis: „Þannig [sé] dregið úr heildareftirspurn, jafnvægi viðhaldið á vinnumarkaði og stuðlað að stöðugleika í verðlagi," eins og þar stendur.

Herra forseti. Áður en gert var hlé á fundinum til þess að þingmenn gætu nærst og jafnvel farið til fundar sem hefur nú farið á ýmsa vegu þá gerði ég athugasemd við stjórn fundarins og vakti athygli á því að hæstv. ráðherrar sýndu ekki umræðunni þann sóma að vera viðstaddir. Hér hafði enginn hæstv. ráðherra sést og raunar voru ekki í húsinu fleiri en tveir. Ég setti fram að mér fannst sjálfsagða kröfu um að hæstv. ráðherrar væru látnir vita af því ef það hefði farið fram hjá þeim að 2. umr. um fjárlög færi fram í dag. Það gladdi mig að sjálfsögðu að sjá að nokkrir þeirra höfðu brugðist við þessu ákalli og voru mættir þegar umræðan átti að hefjast kl. tvö en þá hefur greinilega þrotið örendið því hér er aðeins hæstv. fjmrh. sem hefur vitanlega mikla burði og getur sjálfsagt tekið við öllum þeim skilaboðum sem ætlunin var að leyfa öðrum hæstv. ráðherrum að heyra. En ég spyr hæstv. forseta hvaða hæstv. ráðherrar séu til staðar í húsinu svo hægt sé að tala við þá.

(**Forseti** (GÁS): Vegna þessarar fyrirspurnar hv. þm. vill forseti upplýsa að í húsi eru fimm hæstv. ráðherrar.)

Sei, sei.

(**Forseti** (GÁS): Áðurnefndur hæstv. fjmrh., hæstv. heilbrrh., félmrh., menntmrh. og samgrh. Forseti mun gera ráðstafanir til þess að óska nærveru þeirra við þessa umræðu.)

Ég þakka hæstv. forseta. Það er einmitt hæstv. heilbrrh. sem ég hefði fyrst viljað að væri viðstödd það sem ég ætla hér að segja. Innan tíðar mun ég líka beina máli mínu til hæstv. félmrh. og þannig koll af kolli. Ef hæstv. heilbrrh. er nær þá þætti mér gott að hún kæmi enn þá nær.

Herra forseti. Vegna þess að svolítið illa hefur gengið að halda umræðunni áfram mun ég ekki gera lengra hlé á máli mínu því mér er annt um að þingstörfin geti haldið áfram. Það er ekki síður mikilvægt að þessi skilaboð komist til annarra ráðherra. Fagna ég því að sjá hæstv. heilbrrh. komin í salinn.

Ég vík mér þá að umfjöllun um gjaldahlið frv. sem minni hlutinn hefur að venju ýmsilegt við að athuga, áherslur og forgangsröðun sem þar birtist. Megingagnrýni minni hlutans varðar að þessu sinni hlut fatlaðra, öryrkja og aldraðra.

Þeir sem hafa eingöngu framfærslu af grunnlífeyri og tekjutryggingu eru algjörlega háðir ákvörðunum ríkisstjórnar um slíkar greiðslur. Sú ákvörðun að miða skuli lífeyrisgreiðslur við meðaltalslaunahækkanir í stað viðmiðunar við lægstu laun hefur valdið því að þeir sem byggja afkomu sína á þessum launum hafa dregist verulega aftur úr miðað við þróun lægstu launa. Staðreyndir málsins eru þær að hækkun grunnlífeyris á árunum 1995–1998 er 15%, launavísitalan hefur hækkað um 20% en lágmarkslaun um 29%. Þannig má sýna fram á að á síðustu fjórum árum, þ.e. 1995–1998, hefðu þessir hópar haft samtals 1.842 milljónum króna meira til skiptanna miðað við grunntölur og 1.151 milljón kr. meira þegar sérstökum uppbótum er bætt við grunnlífeyri og tekjutryggingu. Ef á hinn bóginn er miðað við meðaltalslaunahækkanir vantar á árinu 1998 146 milljónir samtals til umræddra hópa og miðað við fjárlagafrv. fyrir 1999 vantar þar 330 milljónir króna ef standa á við meðaltalsviðmiðunina svo ósanngjörn sem hún er í þessu tilviki. Hér verður að bregðast við.

Minni hlutinn hefur látið gera sérstaka úttekt á stöðu þessara mála og lagt allar upplýsingar varðandi þessi mál fyrir nefndina og þar með ríkisstjórnarfulltrúa. Í framhaldi af því hefur minni hlutinn krafist tafarlausrar leiðréttingar og mun fylgja því eftir með öllum tiltækum ráðum.

Hér er rétt að skjóta því inn í að eftir því sem fram kom í máli hv. formanns fjárln. er verið að athuga þessi mál. Verður að vonast til þess að myndarlega verði tekið á því. Vonandi getur hæstv. heilbrrh. eða hæstv. fjmrh. gefið upplýsingar við þessa umræðu um það hvernig þessi mál standa og hvað er ætlunin að gera í málefnum þessara hópa. Ég fer fram á það hér með.

Þess skal getið að öryrkjar á Íslandi eru um 8.000 talsins en um 1.400 manns eru þannig settir að tafarlausra aðgerða er þörf. Ámóta fjöldi er lítið betur settur. Á það skal bent að öryrkjar með varanlega 75% örorku sem eru eignalausir leigjendur húsnæðis og/eða í sambúð hafa minnst allra úr að spila eða aðeins 43–63 þús. kr. á mánuði. Sérfræðingar um málefni þessa fólks hafa sagt að lægstu umsamin laun, þ.e. rúmar 70 þús. kr. á mánuði, haldi fólki neðan fátæktarmarka. Það sýnir að þessu fólki verður að tryggja hærri tekjur þegar í stað.

Þá sér þess enn ekki stað hvernig ríkisstjórnin ætlar að standa við fyrirheit um að draga úr tengingu tekjutryggingar við tekjur maka. Það óréttlæti hefur verið gagnrýnt harðlega að undanförnu og aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í því efni verður ekki liðið.

Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að ræða aðeins um málefni fatlaðra næst og óska þess að hæstv. félmrh. verði gert viðvart. En þar sem hæstv. heilbrrh. sem situr nú í sæti sínu og skrifar af kappi ætla ég núna að taka fyrir kafla um heilbrigðismál sem er í nál. minni hlutans. Þar stendur:

„Á undanförnum árum hefur verið vegið að velferðarkerfinu hér á landi með ítrekuðum niðurskurði og óraunhæfum sparnaðarkröfum í heilbrigðisþjónustunni. Í lok síðasta árs var staðan orðin slík að varla fyrirfannst nokkur einasta heilbrigðisstofnun í landinu sem var ekki rekin með meiri eða minni rekstrarhalla. Fyrir mikla málafylgju, m.a. fulltrúa stjórnarandstöðu, hefur nú tekist að lagfæra slæma fjárhagsstöðu margra þessara stofnana og það er vel. Eftir stendur hins vegar að stærstu sjúkrahús landsins, hátæknisjúkrahúsin í Reykjavík, sitja enn uppi með mikinn rekstrarhalla sem verður að bæta úr og tryggja þeim þar með viðunandi rekstrarstöðu. Eins og fram kom í nefndaráliti minni hlutans um frumvarp til fjáraukalaga fyrir þetta ár nemur uppsafnaður fjárhagsvandi þessara tveggja sjúkrahúsa samtals rúmlega 1 milljarði kr. í lok árs 1998 að teknu tilliti til framlags á fjáraukalögum. Enn hafa ekki sést neinar tillögur frá meiri hlutanum um aukin framlög til Ríkisspítalanna

og Sjúkrahúss Reykjavíkur umfram það sem fram kemur í frumvarpinu. Verði ekkert að gert stefnir því í uppsafnaðan halla sem nemur 1,6 milljörðum kr. í árslok 1999 miðað við óbreyttan rekstur sjúkrahúsanna. Minni hlutinn varar alvarlega við afleiðingum þess og boðar breytingartillögur við 3. umr. ef sýnt verður þá að meiri hlutinn skirrist við að taka á vandanum.

Rétt er að skjóta inn í að fram kom í ræðu hv. formanns fjárln. að verið væri að vinna að þessum málum og við bíðum vitaskuld með mikilli eftirvæntingu þeirra tillagna sem sjá vonandi dagsins ljós á næstu dögum.

Rétt er að benda á að vandi stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík einskorðast ekki við uppsafnaðan rekstrarhalla fyrri ára, heldur blasa við ótal verkefni sem þau hafa ekki tök á að sinna eins og vert væri vegna fjárskorts. Í október sl. voru t.d. nær 3.000 manns á biðlistum eftir aðgerðum á Ríkisspítölunum. 292 biðu aðgerða á sviði almennra skurðlækninga, 291 beið eftir bæklunaraðgerð, 378 biðu eftir lýtaaðgerð, 48 eftir hjartaskurðaðgerð, 159 eftir þvagfæraaðgerð, 47 eftir æðaskurðaðgerð, 287 biðu eftir augnaðgerð, 100 biðu eftir þjónustu á sviði barnalækninga, 160 eftir kransæðaþræðingu og 52 eftir kransæðavíkkun, 450–500 biðu eftir glasafrjóvgun, 382 konur biðu eftir aðgerð á sviði kvenlækninga, 377 biðu eftir svefnrannsóknum og 105 biðu eftir plássi á barna- og unglingageðdeild. Þetta ófremdarástand veldur ekki aðeins óvissu og þjáningum sjúklinga og aðstandenda heldur er það beinlínis óhagkvæmt fjárhagslega. Hér er því í raun verið að spara eyrinn en kasta krónunni. Þessa biðlista verður að stytta.

Enn verður að minna á viðhaldsþörf fjölda bygginga í heilbrigðiskerfinu, svo og þörf þeirra fyrir fé til viðhalds og endurnýjunar tækja. Líklega er þó hvergi jafnslæmt ástand og á Sjúkrahúsi Reykjavíkur þar sem gerð hefur verið áætlun um kostnað við endurbætur og viðhald sem nemur á annan milljarð króna. Viðgerðir utan húss eru þegar hafnar og munu kosta a.m.k. 410 millj. kr. Ljóst er að viðhald og viðgerðir eru þeim mun kostnaðarsamari því lengur sem dregst að ráðast í verkið. Minni hlutinn bendir á nauðsyn þess að gera 4–8 ára áætlun um viðhald heilbrigðisstofnana og endurnýjun tækjakosts svo að þessar stofnanir geti sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað og sjálfsögð krafa er um af hálfu þjóðarinnar.

Þá er mikið áhyggjuefni að víða um land er vaxandi vandi vegna skorts á læknum og hjúkrunarfræðingum. Ljóst er að grípa þarf til aðgerða, m.a. í menntunarmálum lækna, til að reyna að ráða bót á því alvarlega ástandi sem veldur óvissu og öryggisleysi íbúa víða á landsbyggðinni. Þetta mál þarf að taka föstum tökum og leita allra hugsanlegra leiða til að ráða bót á.

Síðar í mínu máli mun ég einmitt koma að því á annan hátt og einnig þar sem ég mæli fyrir brtt. minni hlutans.

Þá mun ég aftur fara framar í nál. vegna þess að ég er fús til að gera ýmislegt til að létta hæstv. ráðherrum þá kvöð og skyldu, vonandi ljúfa skyldu, að sitja hér og hlusta á hvað við í minni hlutanum höfum að segja um þau málefni sem þeir bera ábyrgð á. Það er þá fyrst til að taka málefni fatlaðra.

Minni hlutinn ítrekar hvernig tekið er á málefnum fatlaðra í frumvarpinu. Fyrirhugað var að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaga á næsta ári, en því hefur nú verið frestað um óákveðinn tíma. Þ.e. ef við getum einhvern tíma haldið áfram að ræða það þingmál sem hér var til umræðu í morgun og fór dálítið illa í meðförum hv. þingmanna í umræðunni. Sveitarfélögin í landinu eru fús til að taka málaflokkinn að sér, en það getur ekki orðið fyrr en ríkið hefur tekið á þeim vanda sem þar blasir við. Hann er víða sár og gífurleg þörf fyrir aukna þjónustu, einkum í umdæmum Reykjaness og Reykjavíkur þar sem fólk bíður tugum saman eftir úrræðum. T.d. voru 133 á biðlista hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness í maí á þessu ári. Í Reykjanesumdæmi er þörfin slík að áætlaður heildarstofnkostnaður vegna nýrra þjónustustaða fyrir fatlaða er áætlaður rúmlega 1,1 milljarður kr. Hér er um að ræða sambýli, þjónustuíbúðir, áfangaheimili, heimili fyrir börn, skammtímavistun, hæfingarstöðvar og vinnustaði. Ástandið í þessum málaflokki er með öllu óviðunandi og mikill ábyrgðarhluti að taka ekki fastar á en ætlunin er á næsta ári.

Samkvæmt markmiðum laga um málefni fatlaðra ber „að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi“ eins og segir í markmiðsgrein laga um málefni fatlaðra. Langt er frá því að þessi markmið hafi verið uppfyllt og ræður þar mestu að uppbygging húsnæðis og þjónustu fyrir fatlaða hefur dregist úr hófi vegna sífellds niðurskurðar á lögboðnum tekjustofni til framkvæmda. Samkvæmt lögum á Framkvæmdasjóður fatlaðra m.a. að fá til sinna verkefna óskertar tekjur erfðafjársjóðs, en sá tekjustofn hefur árlega verið skorinn niður af mikilli hörku auk þess sem framlagið er tekið í síauknum mæli til reksturs. Tekjur af erfðafjárskatti eru áætlaðar 480 millj. kr. á næsta ári, en aðeins 235 millj. kr. eiga að renna í Framkvæmdasjóð fatlaðra samkvæmt frumvarpinu. Rúmur helmingur tekjustofnsins er þannig tekinn til annarra mála en ætlast er til í lögum.

Þessu mótmælir minni hlutinn harðlega og leggur til að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái þessar tekjur óskertar.

Ég undirstrika þessa skoðun minni hlutans og bendi á þá tillögu sem lögð hefur verið fram. Það er ekki forsvaranlegt að taka ekki betur á í þessu efni.

Vík ég mér þá að menntamálum. Minni hlutinn leggur áherslu á að stóraukna fjármuni þurfi í menntakerfið á næstu árum vegna þess að samkeppnishæfni þjóðarinnar mun ekki síst ráðast af gæðum skólastarfs og menntunar. Gæði skólastarfs verða ekki aukin án þess að kosta til þess fjármunum.

Ljóst er að sveitarfélögin hafa almennt metnað til að bæta grunnskólann og eru fús til að veita til þess fjármagn eftir aðstæðum. Þegar þau tóku við grunnskólanum virðast þau hins vegar ekki hafa reiknað með verulega auknum launakröfum kennara við einsetningu sem hefur það í för með sér að kennarar geta ekki lengur bætt kjör sín með endalausri yfirvinnu. Fjölmörg sveitarfélag hafa þurft að gera viðbótarkjarasamninga til að halda í sína kennara og er slíkt mikill baggi fyrir sveitarfélög sem stóðu illa fjárhagslega fyrir. Það er skoðun minni hlutans að með tilliti til breyttra viðhorfa og mjög aukinna krafna samfélagsins til skólanna þurfi hið fyrsta að endurskoða samningana milli ríkis og sveitarfélaga varðandi kostnað við grunnskóla. — Og vonandi eru hæstv. félmrh. og hæstv. menntmrh. einmitt að ræða þetta sín á milli núna því ég sé að þeir eru mjög önnum kafnir að ræða málin, um endurskoðun samninga milli ríkis og sveitarfélaga varðandi kostnað við grunnskóla.

Greiðslustaða framhaldsskólanna gagnvart ríkissjóði var neikvæð um hálfan milljarð króna fyrstu 11 mánuði ársins. Þessi slæma staða er mikið áhyggjuefni. Að vísu var hún bætt að nokkru leyti í fjáraukalögum — sem við vonandi náum að samþykkja fyrir þinghlé — en svo virðist sem enn

vanti töluvert upp á. Virðist einhver misskilningur hafa verið í gangi varðandi samninga Hins íslenska kennarafélags og ríkisins um það hvað þeir mundu kosta og þarf auðvitað að ganga þannig frá málum í framtíðinni að ljóst sé hvað undirritaður samningur hefur í för með sér. Þá tekur minni hlutinn undir gagnrýni forsvarsmanna minnstu framhaldsskólanna á landsbyggðinni á reiknilíkanið sem lagt er til grundvallar við útreikninga fjárframlaga til framhaldsskóla. Gæta þarf sjónarmiða þeirra betur við uppbyggingu líkansins þannig að minnstu skólarnir fái við unað.

Minni hlutinn bendir á að vegna breyttra aðstæðna í Kennaraháskólanum þar sem sameinaðir voru fjórir skólar þarf hann mjög auknar fjárveitingar á næsta ári. Kostnaður eykst vegna dómnefndarvinnu, námskrárgerðar, kennsluskrárgerðar, skipulagsvinnu og biðlauna fyrrverandi skólastjóra. Einnig lækkar umtalsvert vinnuskylda kennara sem unnu í þeim þremur skólum sem hingað til hafa verið á framhaldsskólastigi og hefur það að sjálfsögðu aukinn kostnað í för með sér. Kostnaður við kjarasamninga, rannsóknarorlof og vinnumatssjóð vegna rannsókna er einnig vanmetinn, en við sameiningu skólanna öðluðust 30 kennarar til viðbótar rétt til greiðslu.

Háskóli Íslands og stúdentaráð Háskóla Íslands lögðu mikla áherslu á aukið fé til að hægt verði að lengja opnunartíma safnanna í Þjóðarbókhlöðu og tryggja námsmönnum lesaðstöðu. Fjárlaganefnd hefur samþykkt að verða við þeim óskum og er það vel. Minni hlutinn hefði hins vegar einnig viljað verða við óskum háskólans um aukið fé til fleiri þátta, einkum til þess að efla og styrkja framhalds- og rannsóknarnám sem er eitt af forgangsverkefnum skólans. Slíkt nám er nú í boði við nær allar deildir skólans og á aðeins fjórum árum hefur nemendum í framhaldsnámi fjölgað úr fáum tugum í vel á fjórða hundrað. Lögð er áhersla á aukna þjónustu skólans við þessa nemendur og tengsl þeirra við íslenskt atvinnulíf og rannsóknastofnanir. Meðal þess sem háskólinn vill geta boðið upp á er framhaldsnám í lækningum, ekki síst heimilislækningum. Og kem ég þá að því sem ég ræddi áðan í kaflanum um heilbrigðismál, þann yfirvofandi skort á heimilislæknum sem margir sjá fyrir sér. Ef boðið yrði upp á framhaldsnám í heimilislækningum í Háskóla Íslands er einmitt líklegt að það geti dregið úr þeim skorti sem blasir við í þessari grein og er mjög mikilvægt að skoða þann möguleika vel. Háskólinn fór fram á 34,6 millj. kr. hækkun til þessa þáttar í starfsemi skólans og er það ekki mikil upphæð ef hún gæti orðið til að draga úr þeim skorti sem margir sjá fram á.

Minni hlutinn telur að styðja þurfi Tækniskóla Íslands betur en raun er á. Skólinn sækir m.a. um tæpar 72,8 millj. kr. vegna tækjakaupa og búnaðar til viðbótar því sem honum er ætlað í frumvarpinu. En þess skal getið hér, herra forseti, sem mér láðist að gera við samningu þessa nál. að fjárln. leggur til hækkun framlags til tækjakaupa Tækniskólans að upphæð 15 millj. króna. Það breytir þó ekki því að þörfin er enn mikil og þyrfti að gera áætlun í samráði við forsvarsmenn skólans um hvernig ríkissjóður gæti komið til móts við þessa bráðu þörf skólans sem allt of lengi hefur verið litið fram hjá. Tækin sem nemendur hafa til þjálfunar eru oft úrelt miðað við þann búnað sem þarf að vinna með úti í atvinnulífinu. Á síðastliðnu ári var tölvukostur skólans þó nokkuð bættur en mikið átak þarf að gera innan skólans hvað varðar annan tækjakost. Ef einhvers staðar er þörf öflugs átaks í skólamálum okkar þá er það ekki síst á sviði tækni- og verkmenntunar. Stofnanir sem annast kennslu á þeim sviðum þurfa að hafa til þess tækjakost sem jafnast á við það besta sem til er. Hér er enn ástæða til að skjóta inn í þetta nál. að nýlega, þ.e. í gær, barst mér og sjálfsagt öllum öðrum sem í fjárln. sitja erindi frá Sjómanna- og stýrimannaskólanum þess efnis að þar er mjög slæmt ástand og mikil viðhaldsþörf sem nauðsynlegt er að mínu mati að skoða vel á milli umræðna.

Nokkur aukning framlaga til menningarstarfsemi er í frumvarpinu, en betur má ef duga skal. Minni hlutinn leggur áherslu á mikilvægi öflugs menningarlífs og almennrar þátttöku í listum um allt landið. Minna má á áherslur um þetta efni í tillögu um byggðaáætlun sem liggur fyrir þinginu og ljóst að þar eru kveiktar væntingar um aukinn stuðning við menningarstarfsemi um allt land.

Í frv. er á engan hátt komið til móts við þær væntingar að mínu mati þó að vafalaust megi tína til einhverja smáupphæðir hér og þar. Ég bendi t.d. á einn lið í þeim tillögum sem hér liggja fyrir og það er ósköp lítill og yfirlætislaus liður sem heitir þó Menning um landið og ætti vitanlega að vera stór og myndarlegur liður. Hann fær 400 þús. kr. Auðvitað veit ég að ýmsar aðrar fjárveitingar koma til þessara mála en þessi liður stingur í augu: Menning um landið 400 þúsund. Væri nú ekki hægt að gera svolítið betur á þessu sviði? Ég mæli þessi orði vitanlega bæði til hæstv. menntmrh., sem ber ábyrgð á þessum málum, og svo meiri hluta þingsins.

Minni hlutinn gagnrýnir enn einu sinni þær breytingar sem gerðar voru á fyrirkomulagi framlaga til starfsmenntunar í atvinnulífinu fyrir tveimur árum. Sérmerkt framlög til Starfsmenntasjóðs annars vegar og til atvinnumála kvenna hins vegar voru þá felld niður, en þessir liðir heyrðu áður undir liðinn Vinnumál á fjárlögum. Þess í stað var vísað á Atvinnuleysistryggingasjóð með því fororði að þar væru tryggðir fjármunir til þessara verkefna. Starfs- og endurmenntun er hins vegar sjálfstætt mál og á ekki að tengja atvinnuleysi eða Atvinnuleysistryggingasjóði. Minni hlutinn leggur áherslu á að brýnt er að efla starfs- og endurmenntun í landinu í samvinnu skóla og atvinnulífs og telur óhjákvæmilegt að breyta færslum til fyrri vegar og auka fjármagn til þessarar starfsemi.

Mun ég nú segja fáein orð um aðgerðir gegn fíkniefnavandanum.

Neysla vímuefna veldur gríðarlegum vanda, ekki aðeins einstaklinga og fjölskyldna, heldur þjóðfélagsins alls. Þótt nokkuð hafi verið reynt að bregðast við þessum vanda er fjarri því að nóg sé að gert. Styrkja þarf forvarnir og meðferðarúrræði og efla tollgæslu og löggæslu til að gera þeim kleift að ráðast af krafti gegn innflutningi og dreifingu fíkniefna. Neysla ólöglegra fíkniefna óx skyndilega mjög mikið fyrir þremur árum og virðist ekkert lát þar á, neytendur verða sífellt yngri og ofbeldi er mikið innan þessara hópa. Mikill vandi blasir við vegna skorts á meðferðarúrræðum fyrir unga fíkniefnaneytendur. Þess eru jafnvel dæmi að 14 ára börn hafi ánetjast eiturlyfjum sem vitaskuld kallar á bráðameðferð. Það er allsendis óviðunandi að bjóða unglingum og fjölskyldum þeirra upp á margra mánaða bið eftir meðferð. Hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár kallar á greiðari aðgang að meðferð og fleiri heimili til langtímavistunar unglinga. Sú fjölgun vistrýma sem stefnt er að á næsta ári nægir ekki. Hér verður að taka verulega á til að ná betri árangri við björgun og endurhæfingu þeirra sem lent hafa í klóm eiturefna. Meiri stuðningur stjórnvalda skilar sér margfalt aftur til samfélagsins.

Ég vil bæta því við að vissulega er reynt að bjóða upp á ýmis fleiri úrræði og þar hafa haft frumkvæði bæði einstaklingar og félagasamtök úti í þjóðfélaginu. Flestöll þessi úrræði eru einmitt til komin vegna þess að einstaklingum og félögum hefur ofboðið staðan í þessum málum og sett af stað og á stofn meðferðarúrræði fyrir fólk í vanda vegna fíkniefnaneyslu, og þá á ég bæði við lögleg og ólögleg fíkniefni. Það er í rauninni ekki forsvaranlegt hversu lengi hefur dregist að koma til móts við þá aðila sem af mikilli fórnfýsi eru að bregðast við algjöru neyðarástandi og neyðarkalli þeirra sem hér eiga um sárt að binda.

Verkefni á sviði umhverfismála fara sífellt vaxandi, bæði hér innan lands og í alþjóðlegu samstarfi. Minni hlutinn telur óhjákvæmilegt að efla stofnanir og verkefni á þessu sviði, en en því miður skortir verulega á skilning stjórnvalda í þeim efnum.

Lítið hefur verið komið til móts við óskir Hollustuverndar ríkisins sem enn glímir við mikinn vanda í mannahaldi og rekstri. Stofnunin hefur orðið að taka að sér síaukin verkefni, einkum vegna ákvæða EES-samningsins og fleiri bindandi alþjóðasamninga. Fyrir tveimur árum var fyrirtækið Skipulag og stjórnun ehf. fengið til þess að kanna mannaflaþörf Hollustuverndar ríkisins með tilliti til hlutverks hennar og verkefna. Var niðurstaðan sú að 20,5 stöðugilda aukning svaraði til algerrar lágmarksþarfar. Því fer fjarri að tekið hafi verið tillit til þeirrar niðurstöðu. Nú er unnið að endurskipulagningu stofnunarinnar í framhaldi af nýjum lögum sem tóku gildi um mitt þetta ár og ljóst að ekki verður lengur undan því skorast að efla stofnunina.

Erindi Náttúruverndar ríkisins til fjárlaganefndar bera með sér hve stakkur þeirrar stofnunar er þröngt skorinn miðað við þau verkefni sem við blasa. Stofnunin ber ábyrgð á rekstri og umsjón með friðlýstum svæðum þar sem margar helstu gersemar íslenskrar náttúru er að finna. Brýnt er að auka landvörslu og eftirlit, og vinna þarf verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn í Skaftafelli. Fyrirhugaðar eru breytingar á rekstri þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum og er nauðsynlegt að veita fé til framkvæmda í tengslum við þær breytingar.

Viðhorf og áherslur í umhverfismálum hafa breyst mikið á undanförnum árum og eru sífellt að breytast, ekki síst fyrir árvekni og ötula baráttu frjálsra félagasamtaka. Minni hlutinn telur að slíka starfsemi beri að efla og styrkja miklu betur en gert hefur verið.

Vægi ferðaþjónustu í atvinnulífi landsmanna hefur aukist sífellt á undanförnum árum og ljóst er að enn eru vannýttir miklir möguleikar á því sviði. Umsvif og tekjuaukning í greininni eru slík að ferðaþjónusta skipar nú annað sætið á eftir sjávarútvegi sem gjaldeyrisskapandi atvinnugrein. Gjaldeyristekjur þessa árs stefna í 26 milljarða kr. Einn af kostum þessarar greinar er að hún skapar mikinn fjölda starfa miðað við fjárfestingu og þau störf dreifast nokkuð jafnt um landið. Þó virðist sem aukning í ferðaþjónustu utan háannatímans hafi ekki skilað sér nægilega utan höfuðborgarsvæðisins og þarf að kanna ástæður þess. Stjórnvöld hafa sýnt þessari mikilvægu atvinnugrein tómlæti og látið undir höfuð leggjast að styrkja Ferðamálaráð til öflugri starfsemi. Nú á hins vegar að leggja fram fé til markaðsstarfs, en sérkennileg er sú ráðstöfun að færa það undir ýmis verkefni samgönguráðuneytis. Ferðamálaráði er gert að búa við sama kost og áður og engin aukning fjár er til aðkallandi verkefna á fjölsóttum ferðamannastöðum. Aukinn straumur ferðamanna kallar á fyrirbyggjandi aðgerðir gegn spjöllum á náttúru landsins og brýnt er að efla rannsóknir til að leggja grunninn að uppbyggingu á hinum ýmsu sviðum ferðaþjónustu.

Að lokum segir í nál. minni hlutans, með leyfi forseta:

„Fjárlaganefnd hefur nánast eingöngu fjallað um útgjaldahlið frumvarpsins og tekjuhlið þess bíður því 3. umræðu. Minni hlutinn fjallar nánar um þá hlið frumvarpsins við þá umræðu en ítrekar hér aðeins þá skoðun sem fram kemur fyrr í þessu áliti að tekjur næsta árs séu enn eitt árið verulega vanáætlaðar. Einnig er eftir að fjalla nánar um lánsfjárgrein frumvarpsins og heimildargrein þess, svo og nokkur önnur atriði.

Breytingartillögur meiri hlutans nema 1.749,7 millj. kr. og styður minni hlutinn margar þeirra, en auk þess flytur minni hlutinn nokkrar tillögur sem sýna þær áherslur sem fulltrúar hans vilja ná fram við ráðstöfun ríkistekna. Hljóti þær tillögur stuðning Alþingis og sýnt þykir að þær raski markmiðinu um hallalaus fjárlög mun minni hlutinn flytja tillögur til breytinga á tekjuhlið frumvarpsins við 3. umræðu þess.

Undir nál. rita Kristín Halldórsdóttir, Gísli S. Einarsson og Sigríður Jóhannesdóttir.

Herra forseti. Hér hefur verið farið yfir þetta nál. með ýmsum innskotum og viðaukum. En því er við að bæta að við sem skipum minni hlutann flytjum sameiginlega fimm brtt. við frv. sem sýna þær áherslur sem okkur eru efst í huga á þessum tíma.

Eins og ég sagði áðan munum við styðja margar af brtt. meiri hlutans, enda höfum við tekið þátt í umfjöllun og ákvörðun um margar þeirra, meðan aðrar hafa reyndar komið fullskapaðar frá viðkomandi ráðuneytum. Sú var tíðin að brtt. nefndarinnar voru settar fram á annan hátt en hér má nú sjá, þar sem hluti þeirra var borinn fram af fjárln. óskiptri og annar hluti þeirra af meiri hlutanum. Það finnst mér eðlilegri og réttari framsetning og veit raunar ekki hvenær þessi breyting varð á. Þess vegna vil ég benda á þetta og vona að hv. formaður fjárln. hafi heyrt þessa athugasemd og taki e.t.v. tillit til hennar.

Ég vil ekki eyða tíma þingsins í að fara yfir tillögur nefndarinnar og tína til í smáatriðum hvað ég er sátt við og hvað ekki. Ég vil þó sérstaklega nefna átak sem nú á að gera til eflingar fjarkennslu í landinu og byggist m.a. á samstarfssamningi Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Kennaraháskólans, en þeir ætla að vinna saman að uppbyggingu fjarkennslu og auka þannig aðgengi fólks um allt land að háskólamenntun. Einnig er lagt fé til fjarkennslu- og símenntunarstöðva í öllum kjördæmum landsins og tel ég það afar mikilvægan stuðning við þá uppbyggingu í þessum efnum sem nú á sér stað og er mikið áhugaefni um allt land. Þetta vil ég sérstaklega nefna. Ég gæti svo sem tínt til ýmislegt fleira.

Ég vil líka nefna það að ég er mjög ánægð með að loksins eigi að hefjast handa við endurbætur á Reykjavíkurflugvelli. Ég hef margsinnis fjallað um það og gagnrýnt það úr þessum ræðustóli hvernig látið hefur verið undir höfuð leggjast að ráðast í bráðnauðsynlegar endurbætur á Reykjavíkurflugvelli sem er orðinn þannig nú að hann er beinlínis hættulegur. En það hefði vitaskuld átt að gerast miklu fyrr.

Það er aðeins eitt sem ég vildi nefna í sambandi við fjárveitingar til hinna ýmsu verkefna sem ég vil hvetja menn til að íhuga betur og það er að styðja betur við ýmiss konar

starfsemi sem er sjálfsprottin, má segja, úti í þjóðfélaginu, að styðja betur við frjáls félagasamtök sem auðvitað munar um hvern hundraðkallinn, en framlög og stuðningur við ýmsa þá starfsemi sem unnin er í sjálfboðavinnu og af brýnni þörf úti í þjóðfélaginu þarf að vera miklu meiri. Þessi félagasamtök gegna mjög mikilvægu hlutverki og spara í raun hinu opinbera gríðarlega mikla fjármuni. Það væri sannarlega verkefni að reyna að athuga hversu mikið þessi félagasamtök og ýmsir aðilar leggja til nauðsynlegrar starfsemi og þjónustu í samfélaginu. Reyndar gæti maður litið í eigin barm og skoðað allar þær kvittanir sem maður á í pússi sínu fyrir alls konar stuðningi og greiðslum fyrir happdrætti hinna ýmissu félaga sem vinna þjóðþrifastörf en hið opinbera styður of lítið. Slík félög og félagasamtök hafa lagt alveg gríðarlegar fjárhæðir til ýmiss konar þarfra verkefna í þjóðfélaginu og nægir kannski að minna á öll þau tæki sem ýmis félög og félagasamtök hafa keypt til sjúkrahúsa og annarra þjónustustofnana á vegum ríkisins. Nóg um það að sinni

Brtt. minni hlutans eru á þingskjali 446 og mun ég nú gera grein fyrir þeim.

Hin fyrsta er um 34,6 millj. kr. hækkun til Háskóla Íslands og eru þær ætlaðar til hækkunar á liðnum 1.20 Rannsóknarnám. Í rauninni hef ég þegar rökstutt þessa tillögu í nál. þar sem fjallað er um Háskóla Íslands í kaflanum um menntamál, en þar kemur fram að framhalds- og rannsóknarnám er eitt af forgangsverkefnum skólans. Einn þeirra þátta sem lögð hefur verið áhersla á er framhaldsnám í lækningum, ekki síst heimilislækningum, og gæti það verið, eins og ég sagði áðan, liður í því að koma í veg fyrir skort á heimilislæknum í landinu eins og nú virðist stefna í. Ég bið hv. meirihlutamenn að íhuga vel þessa tillögu og hverju hún gæti komið til leiðar.

Tillaga númer tvö er einnig rökstudd í nál. Hún er um 15 millj. kr. aukið framlag til átaksverkefnis í löggæslu vegna fíkniefnamála þannig að verkefnið fái samtals 50 millj. kr. á næsta ári. Sú tala þyrfti líklega að vera miklu hærri ef vel ætti að vera því hér er mikið í húfi, að reyna að stemma stigu við því ástandi sem skapast hefur vegna síaukins innflutnings og dreifingar fíkniefna. Hér hefði út af fyrir sig verið ástæða til að leggja fram brtt. um að bjóða upp á fleiri meðferðarúrræði fyrir þá sem lent hafa í neyslu, en mér er kunnugt um að verið er að athuga þau mál eitthvað frekar, auk þess sem ég vissi og við vissum það í minni hlutanum að fram mundu koma ýmsar tillögur um þau efni.

Þriðja tillagan er um hækkun framlags til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Hann fær samkvæmt frumvarpinu 235 milljónir til sinna verkefna og fær þó ekki allt til framkvæmda eins og lög gera ráð fyrir, heldur er sífellt tekið meira af þessu fé til rekstrar eins og ég fór yfir áðan. Eins og fram kemur í álitinu á framkvæmdasjóður lögum samkvæmt að fá til framkvæmda tekjur af erfðafjárskatti, en þær eru áætlaðar 480 milljónir kr. á næsta ári. Við leggjum einfaldlega til að sjóðurinn fái þær tekjur óskertar og veitir ekki af þegar litið er til alls þess sem ógert er til að koma til móts við þarfir fatlaðra í samfélaginu.

Í fjórða lagi leggjum við til 476 milljón króna hækkun lífeyristrygginga vegna launabreytinga, en samkvæmt sérstökum útreikningum er það sú heildarupphæð sem á vantar á þessu ári og hinu næsta til þess að þeir sem hafa ekki aðrar tekjur til framfærslu en grunnlífeyri plús tekjutryggingu hafi fengið hliðstæðar launahækkanir og viðmiðunarhóparnir. Minna er ekki hægt að sætta sig við í þeirra hlut, herra forseti, og verður nú enginn þeirra of sæll af þeim kjörum.

Loks er svo tillaga um 10,9 milljón króna aukið framlag til Náttúruverndar ríkisins, til liðar sem nefnist Þjóðgarðar og friðlýst svæði. Hér er raunar um algjöra lágmarksupphæð að ræða til að verða við brýnni þörf. Þarna er um að ræða aukinn kostnað við landvörslu á Hornströndum og við Mývatn og til að hefja aftur landvörslu við Gullfoss og Geysi, auk þess sem ætlunin er að efna til og efla samstarf við sveitarstjórnir um landvörslu á friðlýstum svæðum. Loks er hluti fjárhæðarinnar ætlaður til að kosta undirbúning og gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn í Skaftafelli. Verndaráætlun hefur verið gerð fyrir þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum og þess vegna er ljóst hver kostnaður kann að verða við þetta verkefni og ekki annað eftir en að hefjast handa. Þetta eru allt saman brýn verkefni og eins og ég sagði er þessi upphæð í rauninni aðeins til að mæta brýnustu þörf.

Verkefni Náttúruverndar ríkisins eru ærin og ljóst að stofnunin þarf á næstu árum að fá miklu meira fé til ráðstöfunar. Fyrirhugaðar eru breytingar á rekstri þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum sem kalla á talsvert fé og fyrirsjáanlegt er að ekki verður undan vikist að taka til hendinni á friðlýstum svæðum sem eru mörg hver meðal fjölsóttustu ferðamannastaða landsins. Ef ekki verður að gert gæti þurft að loka svæðum til að koma í veg fyrir skemmdir á dýrmætri náttúru.

Til er áætlun um kostnað við uppbyggingu á friðlýstum svæðum í umsjón Náttúruverndar ríkisins sem talin er nema nær 160 milljónum króna. Sums staðar þarf að leggja göngustíga, annars staðar vantar bílastæði, girðingar, borð og bekki, upplýsingaskilti vantar alls staðar, tjaldsvæði, salerni, og þannig mætti áfram telja. Allt eru þetta brýn verkefni og þarf sem fyrst að móta áætlun um forgangsröðum og efna til samstarfs Náttúruverndar ríkisins við sveitarfélög, Vegagerðina og Ferðamálaráð Íslands og tryggja þannig samræmt átak og markvissa uppbyggingu.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[16:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess sem kom fram í ræðu hv. þm. þá er fyrst til að taka um málefni fatlaðra. Nefnd hefur verið að störfum um biðlistana og svo er, vel að merkja, með þessa biðlista að sömu einstaklingarnir sækja iðulega um fleiri en eitt úrræði. Ekki er því allur þessi hópur úrræðalaus. Það er verið að sækja um úrræði og viðbótarúrræði. Ef fullnægja ætti allri þörfinni þá er það í rekstri yfir 700 milljónir. Við verðum að vinna okkur út úr þessu á nokkrum árum, fimm til sjö árum. Ég hef von um að það gæti tekist með skynsamlegri áætlun. Þar fyrir utan þarf að byggja. Ef þetta væru allt saman nýbyggingar þá kostar það geysimikið fé. Við höfum farið þá leið að taka húsæði á leigu í auknum mæli og þá er stofnkostnaður að sjálfsögðu miklu viðráðanlegri.

Varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra þá var það svo þegar ég kom í félmrn. að 40% af framkvæmdasjóðnum var varið til rekstrar. Þessari uppsetningu var breytt og reksturinn tekinn beint af fjárlögum á móti skerðingunni en það fé sem rann í framkvæmdasjóðinn hefur hér um bil allt farið til framkvæmda. Að vísu er stjórnunarkostnaður og þess háttar borgaður af sjóðnum. Rekstrarverkefnin sem Framkvæmdasjóður fatlaðra bar áður eru í kringum 170 millj. í fjárlögunum núna, þ.e. þau verkefni sem flutt voru frá Framkvæmdasjóði fatlaðra yfir á fjárlögin eru í kringum 170 millj. Þannig yrði því afgangur af erfðafjárskattinum kannski

um 75 millj. En það eru ekki 250 millj. eins og sumir hafa haldið fram.

[16:38]

Frsm. minni hluta fjárln. (Kristín Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú þetta með framkvæmdasjóðinn. Samkvæmt lögum á hann allur að renna til framkvæmda, til uppbyggingar. En á hverju einasta ári nú að undanförnu hefur þeim lögum verið breytt til eins árs í senn þannig að hluti fari til rekstrar. Ef þetta er allt saman lagt saman þá fer til rekstrar miklu stærri hluti þess fjár sem áætlað er að komi frá erfðafjársjóði.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það kostar að reka stofnanir. Það er ekki nóg að byggja heldur þarf fé til að reka þessar stofnanir. En það enn þá svo langt frá því að við höfum boðið fram þau úrræði sem þarf til þess að standa við lögin um málefni fatlaðra, tryggja þeim réttindi á við aðra þjóðfélagsþegna og þess vegna hljótum við að taka miklu betur á í þessu efni.

Hvað biðlistana varðar þá er það sjálfsagt að einhverju leyti svo að einhver skörun sé á listunum. Ég hef kynnt mér þessa skýrslu sem unnin var í Reykjaneskjördæmi. Fólk hefur flutt okkur erindi sín úr flestöllum sveitarfélögum í Reykjaneskjördæmi sérstaklega um þá miklu þörf sem þar er fyrir hendi og þarf að uppfylla. Ég hef víða spurst fyrir um það hversu marktækir þessir biðlistar séu og mér hefur verið sagt að það væri mjög lítið um skörun á þeim listum. Hvað sem því líður þá held ég að vandinn sé ekki ofmetinn eða oftúlkaður í máli mínu. Ég veit að það er vinna í gangi í ráðuneytinu og vonast til þess að við sjáum árangur þeirrar vinnu áður en fjárlagadæminu verður lokað fyrir áramót.

[16:39]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að verið er að vinna með þessa skýrslu. Hún er alveg nýkomin og við erum að gera okkur grein fyrir því hvernig við getum sett upp plan sem er árangursríkt og við getum náð þeim árangri sem við viljum, þ.e. að eyða þessum biðlistum á einhverju árabili.

Varðandi stöðuna í Reykjaneskjördæmi þá vill svo til að við höfum í margar vikur verið að leita að húsnæði í Reykjaneskjördæmi til þess að setja upp sambýli, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, helst í Mosfellsbæ. Ekki hefur tekist að finna hentugt húsnæði enn til leigu en ég vænti þess að það takist innan örfárra vikna og þá fer þar heimili í gang. Við erum líka að setja í gang annað úrræði fyrir börn úr Reykjavík.

Hvað varðar málefni Barnaverndastofu, sem hv. ræðumaður kom inn á líka, þá var um síðustu helgi afhent meðferðarheimili í Háholti í Skagafirði fyrir erfiðustu unglingana. Á morgun verður opnað nýtt vistheimili á Hvítárbakka. Í undirbúningi er fjölgun meðferðarrýma í Varpholti hjá Skjaldarvík og hugmynd er um fjölgun vistrýma á heimilinu Árbót í Þingeyjarsýslu.

[16:41]

Frsm. minni hluta fjárln. (Kristín Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kemur í rauninni ekki á óvart að svolítið illa gangi að finna hentugt húsnæði fyrir fatlaða, húsnæði sem þeir þurfa á að halda, því það getur oft verið sérhæft og ekki er víst að það sé alltaf hentugt sem í boði er.

Ég vil líka minna á það í sambandi við biðlistana að ekki aðeins þeir sem á biðlistunum eru þurfa á aðstoð að halda. Aðstandendur þessa fólks þurfa oft að búa við mjög erfiðar aðstæður þannig að þegar leystur er vandi eins einstaklings á biðlista þá er verið að leysa vanda mjög margra sem í kringum hann eru.

Ég fagna því að verið sé að bæta við meðferðarúrræði fyrir unglinga. Ég geri mér grein fyrir því að þarna þarf að gera mjög stórt átak. En það er með öllu óviðunandi, ég get ekki sagt það með of sterkum orðum, að unglingar sem lent hafa í fíkniefnavanda þurfi að bíða eftir meðferð. Þeir verða að fá meðferð strax til þess að hægt sé að bjarga þeim.

[16:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að víkja að því sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði um grunnskólana og samskipti ríkisins og sveitarfélaganna vegna grunnskólanna, en hún gaf til kynna að ríkisvaldið hefði ekki staðið við það sem um var samið á sínum tíma þegar grunnskólinn fluttist frá ríkinu til sveitarfélaganna.

Í Morgunblaðinu miðvikudaginn 9. desember sl. birtist grein eftir Viljálm Þ. Vilhjálmsson, formann Sambands ísl. sveitarfélaga, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Staðreyndin er sú að frá árinu 1997 til og með árinu 2000 er heildarkostnaður vegna þeirra grunnskólaverkefna sem sveitarfélögin yfirtóku frá ríkinu áætlaður 35.049 milljónir króna en áætlaðar útsvarstekjur á sama tímabili vegna þeirra verkefna áætlaðar 35.285 milljónir króna. Framangreindar fjárhæðir eru miðaðar við verðlag ársins í ár. Auk þess var samið um að ríkissjóður og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga endurgreiddu sveitarfélögunum 2.135 milljónir króna á árunum 1997 til 2002 vegna framkvæmda við einsetningu grunnskólans.

Í kostnaðartölum þessum er tekið tillit til alls kostnaðar sem fellur á sveitarfélögin í samræmi ákvæði grunnskólalaga, m.a. árlegrar fjölgunar kennslustunda. Á hinn bóginn er í þessum tölum ekki reiknaður kostnaður vegna viðbótarlaunahækkana umfram núgildandi kjarasamning KÍ og launanefndar sveitarfélaga, sem einstaka sveitarfélög hafa samþykkt að greiða í kjölfar hópuppsagna kennara og heldur ekki ýmis annars kostnaðar, svo sem aukins kennslumagns, sem mörg sveitarfélög greiða umfram lögboðnar skyldur sínar. Sá kostnaður er nú áætlaður um 300–400 milljónir króna á ári."

Það er niðurstaða formanns Sambands ísl. sveitarfélaga að staðið hafi verið við samninginn og að alrangt sé að halda því fram að sveitarfélögin hafi verið hlunnfarin með þessum samningum á milli ríkisins og sveitarfélaganna.

[16:45]

Frsm. minni hluta fjárln. (Kristín Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom svolítill misskilningur fram í máli hæstv. menntmrh., sem ég þakka fyrir að bregðast við máli mínu. Ég sagði ekki að ríkisvaldið hefði ekki staðið við þennan samning. Ég sagði að með tilliti til breyttra viðhorfa og mjög aukinna krafna samfélagsins til skólanna þurfi hið fyrsta að endurskoða samningana milli ríkis og sveitarfélaga varðandi kostnað við grunnskóla. Það sem fyrst og fremst hefur kannski farið úr böndunum er það að sveitarfélögin virðast ekki hafa reiknað með verulega auknum launakröfum kennara við einsetningu, sem hefur það í för með sér

að kennarar geta ekki lengur bætt laun sín með ótæpilegri yfirvinnu.

Eitt enn sem er rétt að benda á, að viðmiðunarárið þegar verið var að gera þessa samninga milli ríkis og sveitarfélaga var einmitt árið þegar kennaralaunin voru í hvað mestri lægð. Þess vegna horfa nú mörg sveitarfélög fram á það að þau hafi tekið á sig þyngri bagga en þau í raun ráða við, a.m.k. sum þeirra. Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt að skoða þetta eitthvað upp á nýtt því að sveitarfélögin hafa líka mikinn metnað til þess að standa vel að málum og auka gæði skólanna, og ég held að þau fari raunar langt fram úr ríkinu í þeim efnum. Það er líka svo að eftir að grunnskólinn er kominn til sveitarfélaganna eru neytendur, má segja, eða þeir sem nota þjónustu skólanna nær sveitarfélögunum sem ákvarða hvernig staðið er að verki. Og þess vegna eru kannski kröfurnar og framkvæmdin öðruvísi.

[16:47]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga segir einnig í þessari grein sem hann skrifar í tilefni af ummælum formanns Kennarasambands Íslands og segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hugmyndir formanns Kennarasambands Íslands um að sveitarfélögin eigi að sækja marga milljarða kr. til ríkisins til að hækka laun kennara enn og aftur langt umfram aðrar starfsstéttir í þjóðfélaginu eru því hreinir hugarórar."

Mér sýnist að hv. þm. sé með svipaða hugaróra í þessu efni. Ríkisvaldið hefur flutt skólana til sveitarfélaganna með samningum sem hafa haldið og eru sveitarfélögunum í raun hagstæðari en reiknað var með. Þess vegna er ekki hægt að gera þá kröfu til ríkisvaldsins, vilji sveitarfélögin bæta hag starfsmanna sinna á þessu sviði, að ríkisvaldið hlaupi þar undir bagga. Þetta er málefni sem sveitarfélögin hafa axlað og þau verða að takast á við þetta viðfangsefni, standa við þá samninga sem þau hafa gert eins og kennarar eiga að sjálfsögðu að gera einnig.

Ég vil víkja að öðru atriði sem hv. þm. nefndi í máli sínu þar sem hún vék að liðnum sem er kallaður Menning um landið, sem er 22. liður í skiptingu yfir Listir og framlög. Mér finnst mjög ósanngjarnt að taka þennan lið sérstaklega út úr og gera hann að umtalsefni þegar rætt er um það hvernig staðið er að því að stuðla að menningarstarfsemi víðs vegar um landið. Þarna er um að ræða einstaklinga sem ganga fram fyrir skjöldu undir þessu heiti til þess m.a. að kynna myndlist í sjúkrahúsum, en þetta gefur enga vísbendingu um það hvað lagt er til í frv. í heild til þess að stuðla að menningarstarfsemi víðs vegar um landið. Þetta er aðeins einn liður, 400 þús. kr. styrkur.

[16:49]

Frsm. minni hluta fjárln. (Kristín Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að minna mig á til hvers þessi liður var ætlaður. Ég var búin að steingleyma því enda eru þeir liðir sem við fjöllum um á fjöldamörgum fundum fjárln. svo margir að eiginlega væri ofurmannlegt að ætla að muna hvað er á bak við hvern þeirra. Hins vegar er hann kannski skírður allt of stóru nafni til þess að fólk átti sig á hvað hér er um að ræða. Og það var einmitt það sem ég var að benda á og tók þennan lið sem eins konar tákn eða dæmi um það að við mættum hugsa stærra í þeim efnum og ég sný ekkert aftur með þá skoðun mína og þá fullyrðingu.

En hafi ég verið með hugaróra í sambandi við þessa samninga sem ég hef margsagt að ég er ekki að segja að hafi ekki verið staðið við og sveitarfélögin segja heldur ekki að ekki hafi verið staðið við, þá koma fulltrúar þeirra, hver á fætur öðrum, fyrir fjárln. og hafa samband við þingmenn og aðra og láta í ljósi þá skoðun að þeir hafi ekki fyllilega gáð að sér við endanlega samninga um tilflutning grunnskólans vegna þess að hér hafi orðið meiri kostnaður við framkvæmd mála en þeir hafi gert sér grein fyrir. Og hugarórarnir — það er þá væntanlega verið að vísa með því orðalagi til ærið margra í þessum efnum. Það hafa fjölmargir þá skoðun að eðlilegt væri og sanngjörn krafa að þessir samningar væru skoðaðir upp á nýtt. Ég endurtek að ég hef hvergi sagt það og fulltrúar sveitarfélaganna hafa hvergi sagt það að samningar hafi verið brotnir eða rofnir, heldur að það þurfi að taka þá upp og kanna hvort ekki sé hægt að standa betur að verki.

Umræðu frestað.

Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 322. mál. — Þskj. 389.

[16:52]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 351. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 474.

Fangelsi og fangavist, 350. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 473.

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. ÞHS, þskj. 469; brtt. HG o.fl., þskj. 470; brtt. HG, þskj. 471, 472.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:55]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 323. mál (heildarlög). — Þskj. 390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:56]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 324. mál (heildarlög). — Þskj. 391.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:56]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 336. mál (réttur til styrkja). — Þskj. 423.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:58]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 466–472. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 16:59]

Tilhögun þingfundar.

[17:26]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess áður en umræðu verður fram haldið um fjárlagafrv. að forseti hefur átt fund með þingflokksformönnum þar sem skipst hefur verið á skoðunum um framhald þingstarfa. Forseti vill fyrst nefna að vegna þeirra orða sem féllu í dag um afgreiðslu heilbr.- og trn. þá mun forseti beita sér fyrir fundi með hæstv. heilbrrh. og fulltrúum úr heilbr.- og trn. um afgreiðslu nefndarinnar í dag og mun reyna að koma þeim fundi á nú í dag.

Að öðru leyti verður haldið áfram 2. umr. um fjárlög og stefnt að því að ljúka henni á morgun. Fundur mun hefjast í þinginu kl. 10.30 í fyrramálið. Þá verða væntanlega einnig tekin á dagskrá, ef vel gengur með fjárlagaumræðuna, nokkur fyrstu umræðu mál sem bíða þess að komast til nefnda. Að öðru leyti verða ekki atkvæðagreiðslur á morgun nema þá um þau mál, að koma þeim til nefnda. Forseti vonar að þetta sé þá ljóst.

[17:27]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Eftir þá atburði sem urðu í dag held ég að óhjákvæmilegt sé að kvitta fyrir það að hæstv. forseti hefur tekið ákvörðun um að ræða sérstaklega við heilbrigðisnefndarmenn og heilbrrh. um þau vandamál sem sköpuðust út af vinnubrögðum meiri hluta nefndarinnar í dag. Ég vil þakka forseta og jafnframt kvitta fyrir það að af okkar hálfu munum við að svo miklu leyti sem við getum beita okkur fyrir því að 2. umr. um fjárlög fyrir árið 1999 haldi áfram með þeim hætti sem hæstv. forseti lýsti.

[17:27]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill bæta því við að fundur ætti ekki að þurfa að standa mikið lengur en fram undir kvöldmatarleytið í dag.

[17:28]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þessi dagur ætti að kenna okkur öllum nokkuð um vinnubrögð og með hvaða hætti farsælt er að leiða mál til lykta þannig að þingstörf geti ekki bara verið eðlileg heldur að þau gangi vel fyrir sig. Það er ekki hægt að segja það um daginn í dag. Hins vegar vil ég þakka forseta fyrir það hvernig hann hefur brugðist við. Fundir okkar með honum í dag hafa verið með ágætum og við horfum svolítið fram á veg með þinghaldið þó við tökum einn dag í einu. Mér finnst einnig mjög mikilvægt að forseti skuli beita sér fyrir fundi með heilbrrh. og fulltrúum í heilbr.- og trn. og ég þakka fyrir það.

Fyrst og fremst óska ég eftir því, herra forseti, að þessi dagur og niðurstaða eftir okkar fundi geti orðið til þess að við förum svolítið nýjar leiðir í vinnu okkar með þingsköpin og samvinnu minni og meiri hluta þegar við tökum til við þau mál að loknu jólahléi. Við það bind ég vonir og tel að mál verði að vera með nokkuð öðrum hætti en hingað til hefur skipast ef frekari þróun á að verða í ábyrgð minni hlutans á þingstörfunum. En ég þakka forseta fyrir hans þátt í þessu máli.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti þakkar sýndan samstarfsvilja og vonast til að þingstörf geti gengið sem greiðast fyrir sig.)

Fjárlög 1999, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 438 og 445, brtt. 439, 446, 448, 454, 455, 456, 457, 458, 459, 460, 466, 467, 468, 469, 470, 471 og 472.

[17:29]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir að greitt hafi verið fyrir því að hægt sé að halda áfram þeirri umræðu sem átti að hefjast kl. hálfellefu í morgun. Þeim sem hér stendur var gerð grein fyrir því að það væri nauðsynlegt að hann væri mættur kl. eitt í dag. Það hittist þannig á að ég var bundinn við það sem ég gat engan veginn komist hjá ásamt hæstv. heilbrrh. og það var ástæðan fyrir því að ég var ekki hér í salnum þá og það var ástæðan fyrir því að hæstv. heilbrrh. var ekki heldur mætt í þingsal.

Herra forseti. Ég hef alltaf, við hverja einustu umræðu um fjárlög gert kröfu til þess að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnar væru hér og hlustuðu á álit minni hlutans og hef gjarnan nefnt að það væri dónaskapur að hlýða ekki á álit minni hlutans. Ég held því áfram að minna á þetta. Ég vil þakka þeim ráðherrum sem voru hér viðstaddir og sérstaklega þeim sem svöruðu því sem til þeirra var beint undir þessari kynningu eða kynningu á áliti minni hlutans. Ég ítreka það, herra forseti, að mér þykir miður þegar ráðherra gefur sér ekki tíma til að hlýða á það sem fjárln. hefur að segja eftir að um 70% af vinnutíma fjárlaganefndarmanna hefur farið beinlínis í umfjöllun um fjárlagafrv. frá hausti og fram til 2. umr. Ég ítreka það að ég þakka þeim sem voru hér og svöruðu.

Ég hafði hug á, herra forseti, að koma mörgum málum að hér en þar sem boðað hefur verið að það sé tiltölulega stuttur tími þar til þingfundi lýkur þá ætla ég að stytta mál mitt verulega.

Fjárlaganefndin hefur haft frv. til fjárlaga til meðferðar frá því að fyrir því var mælt í byrjun þings. Yfirferðin felst í viðræðum við ráðuneytin um hina ýmsu málaflokka, fulltrúa frá stofnunum, sveitarfélögum og einstökum aðilum sem eiga erindi við fjárln. vegna þessarar fjárlagagerðar. Ákvarðanir í fjárlagagerð í fjárlögum eru grunnur allrar starfsemi á vegum

ríkisins og undirstaða samstarfs í veigamestu málaflokkum milli ríkisstjórnar og sveitarfélaga. Ríkisstjórn á hverjum tíma notar fjárlög sem verkfæri til stjórnunar efnahagsmála og þróunar efnahagslífsins á Íslandi. Fjárlög afmarka útgjöld, verðbólgu, fjárfestingu, vexti, gengi og viðskiptajöfnuð.

Vönduð fjárlagagerð á að vera stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma. Þeir þættir sem hér hafa verið taldir ráða mestu um afkomu þjóðarinnar. Ekki verður þess vart í framsetningu þessa frv., frekar en í fjárlögum síðasta árs, að um ráðdeildarsemi sé að ræða hjá ríkisstjórninni. Öllu fé sem til fellur og meira en það er ráðstafað og teflt á tæpasta vað. Ríkisstjórnin virðist ekki hafa heildarsýn og þess vegna er fjármálastjórnin óábyrg.

Ég vil lýsa því yfir, herra forseti, að ég geri ekki kröfu til þess að ráðherrar séu viðstaddir til að hlýða á orð mín. Ég tel að ástæða sé til að þeir séu við þegar nefndarálitin eru kynnt, bæði meiri hluta og minni hluta, að öðru leyti tel ég að því hafi verið komið til skila að mestu leyti sem fjárln. hefur að segja.

Ég tel að það sé mjög alvarlegt ef fjármálastjórnin er óábyrg og ég vil segja að það sé vegna þess að tengslaskortur er á milli ráðuneyta og þar af leiðir að ekki er nægjanleg samábyrgð á ráðstöfunum fjármuna. Ég tel að þetta þurfi að vera þannig að ráðstöfun fjármuna ríkisins verði að vera miðlæg, hún þarf að vera miðlæg þannig að hægt sé að ná heildaryfirsýn yfir fjárlögin (**Gripið fram í:** Í gagnagrunni?) Ég veit að orðið „miðlægt", er orðið tamt en það er nákvæmlega það sem á við fjárlög, þau þurfa að vera miðlæg. Ég ætla ekkert að ræða um gagnagrunninn hvernig hann á að vera, ekki að sinni. (**Gripið fram í:** Því meira í næstu viku.)

Við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðarbúskapnum gegna aðgerðir stjórnvalda lykilhlutverki í að halda aftur af þeirri miklu aukningu sem orðið hefur í eftirspurn og almennum umsvifum. Aðhald í útgjöldum ríkissjóðs er grundvallarforsenda þess að árangur náist í því að minnka viðskiptahalla, sem er skuggalegur og vísar til þenslu og vaxandi hættu á skuldasöfnun þjóðarbúsins. Ríkisfjármálastefnan þarf að vera samstillt peningamálastefnu ef ná á árangri. Þjóðhagsstofnun spáir að árið 1999 verði hið fjórða í röð öflugra hagvaxtarára og spáir hagvexti um 4,6%. Sem er drifin af hverju? Drifin af fjárfestingu og einkaneyslu. Það er því ástæða til þess að vara við þegar slík staða er uppi.

Herra forseti. Svo ég snúi mér aðeins að gjaldahlið fjárlagafrv. til viðbótar við það sem fram kom í áliti minni hlutans þá vil ég ræða örlítið um heilbrigðismál. Þegar verið er að meta velferðarstöðu einstakra þjóða er oft og tíðum miðað við heilbrigðismál. Ég vil geta þess hér að fyrir mikla málafylgju fulltrúa stjórnarandstöðu hefur tekist að lagfæra slæma fjárhagsstöðu margra stofnana í landinu og það er vel. En það stendur út af að hátæknisjúkrahúsin í Reykjavík búa við alvarlegan, óviðunandi rekstrarhalla sem verður að bæta úr.

Alvarleg staða í heilbrigðismálum er vegna skorts á læknum og hjúkrunarfræðingum. Víða á landsbyggðinni er læknaskortur og það þarf að grípa til aðgerða í menntunarmálum svo að ráða megi bót á því alvarlega ástandi sem ríkir vegna manneklu.

Minni hluti fjárln. hefur stutt allar úrbótaaðgerðir í heilbrigðiskerfinu. En við höfum gagnrýnt óeðlilegar og óframkvæmanlegar kröfur um sparnað sem hvað eftir annað hafa verið settar fram á undanförnum árum. Þær kröfur hafa skilað neikvæðum árangri svo sem sannað hefur verið. Það hafa orðið gífurlegar tæknilegar framfarir og það ber að nýta þau tækifæri sem þær hafa í för með sér til að bæta líðan sjúkra á Íslandi. Ég vil ítreka skoðun mína og skoðun minni hlutans um að gerð verði fjögurra til átta ára áætlun um viðhald heilbrigðisstofnana og endurnýjun tækjakosts svo að þessar stofnanir geti sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað og sjálfsögð krafa er um af hálfu þjóðarinnar.

Ég vil lítillega til viðbótar því sem minnst er á málefni fatlaðra í minnihlutaálitinu nefna nokkur atriði. Það er mjög alvarlega staða í málaflokknum. Ástæða er til að minnast á það að þeir sem tilheyra þessum málaflokki voru til skamms tíma eins og óhreinu börnin hennar Evu í íslensku samfélagi, þau voru nánast í felum, áttu sér enga talsmenn eða komust ekki í gegn til að gera grein fyrir stöðu sinni. Það er þetta fólk sem þarf að leggja ofuráherslu á að bæta kjörin hjá og við munum gera það í minni hlutanum með tillöguflutningi og öllum tiltækum ráðum. Ég vildi bara aðeins, herra forseti, nefna þessa hluti sem tilheyra gjaldahlið fjárlaganna.

Ég hef áhyggjur af því sem verður í framhaldinu varðandi húsnæðiskerfið þar sem verið er að leggja það niður. Ég hef miklar áhyggjur af því hvað gerist fyrir allan þann fjölda sem bíður eftir leiguhúsnæði, ég hef áhyggjur af því að ekki skuli vera gerðar tillögur um almennilegar úrbætur fyrir það fólk. Ég hef líka áhyggjur af þeim starfsháttum sem beitt hefur verið við breytingu á Húsnæðisstofnun í Íbúðalánasjóð. Ég tel þá vera ámælisverða, sérstaklega hvað varðar samskipti við starfsfólk þar sem því fólki hefur verið gerð lítil grein fyrir hverjar fyrirætlanir eru um endurráðningu og starfskjarabreytingar. Það eru einnig mörg álitamál varðandi samskiptin við bankakerfið, þ.e. flutning viðskipta frá Landsbanka til Búnaðarbanka í þessum málaflokki.

Ég hef hugsað mér, herra forseti, eins og ég sagði í upphafi, að stytta mjög mál mitt til þess að þeir sem hér eru í salnum eigi möguleika á að komast að fyrir hlé og ætla því að víkja að málaflokki sem ekkert hefur verið ræddur í þessari umræðu, eða lítið, og það eru umhverfis- og iðnaðarmál. Það er ástæða til að ræða um stöðu umhverfis- og iðnaðarmála. Það er hafin vakning, herra forseti, gegn virkjunum í ýmsum áhrifahópum. Mér er það alveg ljóst að allir Íslendingar bera hag landsins fyrir brjósti. Það hlýtur að fara saman að bera umhyggju allra byggða landsins fyrir brjósti í þessu sambandi. En ég vil vara við því að í andmælum og viðvörunum um meðferð og nýtingu landsins má ekki vera firring í gangi. Svelti einstaklinga til að vinna gegn virkjunaráformum, er einhver mesta heimska sem ég get hugsað mér gagnvart málstað verndunarsinna, því að í sveltinu felst að mínu mati sú versta sóun sem hugsast getur.

Mikilvægasta atriðið sem ber að huga að er að nýta auðlindir á skynsamlegan hátt, skapa jafnvægi í atvinnustigi á landinu, skapa möguleika fyrir fólk til að hafa störf í heimabyggð. Ég er, herra forseti, stoltur af því að hafa staðið að fullu með stóriðju á Vesturlandi. Það skapaði vinnu á svæðinu og hefur áhrif langt út fyrir kjördæmið og sannanlega á alla landsmenn. Því til sönnunar vil ég nefna að fjölmörg atvinnufyrirtæki sem áttu í rekstrarvanda á nálægum svæðum við Grundartanga hafa náð betri stöðu, aukið umsvif, ráðið fleira fólk til starfa og þar með eytt atvinnuleysi í sumum starfsgreinum. Það er varla hægt að trúa því að fólk sem beitir sér harðast gegn nýtingu á orku og atvinnusköpun sé búið að gleyma því ástandi sem var fyrir fimm árum þegar atvinnuleysi, t.d. á Vesturlandi, var 7–8%, þegar straumur fólks var úr landi vegna atvinnuleysis, þegar vonleysi og

samdráttur neyddi fólk til að flýja frá eignum sínum svo eitthvað sé nefnt.

Íslensk þjóð verður að velja og hafna af skynsemi í þessum málum. Það þýðir ekki að ráðast í að virkja allt sem virkjanlegt er og ekki á að ráðast í óskynsamlega stóriðju. Allt það sem við gerum á að orka tvímælis þá gert er. Þá getur farið fram málefnaleg umræða. En ég held að lífssýn geti verið mismunandi eftir því hverju fólk hefur kynnst í uppeldi og orðið að búa við. Þeir sem hafa unnið hörðum höndum við verkamannastörf, sjómennsku, iðnað eða landbúnað skilja betur en hinir, sem aldrei hafa farið í slíka vinnu, hvar fjármunamyndunin hefur orðið til og mun verða grunnurinn að lífsafkomu Íslendinga vel fram á næstu öld.

Sala hugverka, ferðamannaþjónusta, listsköpun, lífefnaiðnaður og fleira mun smám saman koma meira inn sem hluti af atvinnugrunni. Og að því stefnum við og eigum að stefna. En grunnatvinnuvegirnir, sem ég nefndi áður, munu standa undir menntun og fagurfræði og grunnframfærslu um alllangan tíma.

Íslensk þjóð hefur búið við sult og seyru. Og við skulum ekki fara viljandi í það ferli með því að grípa til öfgakenndra aðferða á neinu sviði. Það er, herra forseti, að mínu mati mikil heimska.

Ég mátti til með, herra forseti, að nefna þessi mál því að þau eru mér hugleikin og ég tel mig síst minni verndunarsinna en aðra, hvorki hér inni á hv. Alþingi né almennt úti í þjóðfélaginu.

Ég get ekki látið hjá líða í þeim örfáu orðum sem ég ætla að fara með hér að nefna fiskveiðistjórnarkerfið. Nýfallinn dómur Hæstaréttar hefur vakið mikla athygli. Ýmsir hafa að vonum látið stór orð falla í kjölfar hans. Það er ástæða til að ræða þessi mál í tengslum við fjárlagaumræðu. Afkoma okkar og framtíð er nátengd sjávarfangi og sölu þess sem aflast úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Þessa auðlind eigum við að nýta á sjálfbæran máta, hvort sem um er að ræða hvalveiðar eða kræklingarækt, rauðmaga- eða rækjuveiði, löngu- eða lúðuveiði, þorsk-, loðnu- eða síldveiði, eða hvert annað það sjávarfang sem felst í auðlindinni. Réttur okkar allra er að eiga á einhvern máta aðild að því sem sú auðlind gefur. Þess vegna er um stórmál að ræða.

Gífurleg mismunun hefur falist í úthlutun á afnotarétti hvað varðar þessa auðlind. Það er það sem deilt hefur verið um. Þess vegna var þessi hæstaréttardómur felldur sem nú er efstur á baugi. Það tækifæri sem gafst til að gera breytingar á framkvæmd nýtingar auðlindarinnar átti að grípa og reyna að ná viðunandi sátt um hana. Við eigum að viðurkenna þörf fyrir stjórnun og takmörkun aðgangs en hún verður að vera í sátt við þjóðina.

Eftir fram komið frumvarp sem stjórnarliðar hafa samþykkt til framlagningar tel ég stöðuna aftur hafa versnað. Enn er stefnt að því að auka rétt hinna fáu og stóru á kostnað fjöldans. Ég tel að mjög fróðlegt verði að sjá og fylgjast með hverjar breytingar verða gerðar á þessu frv. undir stjórn framsóknarmannsins, hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Ég minnist þess að á borðum okkar þingmanna liggur frv. frá honum sem ég hef í ræðu og riti lýst stuðningi við, en það er um að eftir starf á sjó í langan tíma fái menn rétt til fiskveiða í hlutfalli við starfstíma og aldur.

Það væri auðvitað ástæða til að ræða þetta mál í einstökum atriðum, þ.e. þetta frv. sem lagt hefur verið fram í kjölfar hæstaréttardómsins stóra. En ég læt það bíða að sinni en þó er ástæða til að vonast eftir því að mörg hjól springi á ríkisstjórnarvagni hæstv. forsrh. þegar þetta mál kemur til umræðu og ég treysti því að eftirtaldir hv. þm. muni styðja okkur sem erum gegn frv., þ.e. hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Einar Oddur Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson, Siv Friðleifsdóttir, Hjálmar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Guðni Ágústsson, þ.e. verndari litla mannsins, Magnús Stefánsson, Guðjón Guðmundsson og ugglaust fleiri. Ég treysti því að þessir hv. þm. muni ekki samþykkja fyrirliggjandi frv. Það heyrðist enda í Ríkisútvarpinu í morgun að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagðist mundu beita sér af heilt gegn frv. eins og það liggur fyrir, og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gaf þá yfirlýsingu að þeir mundu verða landsbyggðarverðir.

Ég vil benda á að verja þarf einyrkjaframtakið ekkert síður á suðvesturhorninu. Þar er fjölda útgerðarmanna stefnt rakleitt í gjaldþrot, ef af verður.

Herra forseti. Ég hef í ræðum mínum um fjárlög ávallt komið að málefni um laun á Íslandi og mér finnst ástæða til að ræða enn einu sinni um laun á Íslandi. Ég kom að því fyrr í ræðu minni að lægstu umsamin laun á Íslandi væru að mati ýmissa sérfræðinga neðan fátæktarmarka. Ég vil vísa til BA-verkefnis Hörpu Njáls í félagsfræði við Háskóla Íslands, nr. 1208, sem heitir Fátækt í velferðarsamfélagi, en þar er sagt m.a. um fátækt, með leyfi forseta:

„Einstaklingar, fjölskyldur eða hópar í samfélaginu lifa í fátækt þegar bjargir þeirra duga ekki til til að nærast, vera þátttakendur í samfélaginu og búa við þau skilyrði eða þægindi sem teljast eðlileg eða eru a.m.k. viðurkennd í því samfélagi sem fólk býr."

Með flutningi frumvarps sl. þrjú ár hef ég beint athygli að því að lægstu umsamin laun séu undir fátæktarmörkum. Þess vegna gerði ég tillögu um að þessi laun væru 85 þús. kr. Þessa upphæð þarf að framreikna með nýju frumvarpi, ef lagt verður fram. En málin liggja þannig, herra forseti, að frá því í haust hefur það frv. sem ég hef flutt hér ár eftir ár, þ.e. frv. til laga um lögbindingu lágmarkslauna, verið í athugun hjá Þjóðhagsstofnun þar sem óskað var eftir því sérstaklega að þau rök sem sett eru fram sem grunnhugmynd málsins og byggja á bókinni Myth and Measurement verði rækilega skoðuð. Ég geri mér væntingar um að á grunni framlagðra gagna með þessu umrædda frv. muni örðugt að hnekkja þeim dómi bókarinnar að lagasetning um lágmarkslaun, sem byggir á skilgreiningu sem ég las hér áður um fátækt, muni leiða til aukinnar atvinnu og bætts hagvaxtar — þvert á móti því sem mjög hefur verið haldið fram hér á Íslandi. En ég verð, herra forseti, að viðurkenna að mjög er gengið á þolinmæðisbirgðir mínar varðandi það að fá niðurstöðu frá Þjóðhagsstofnun.

Ég hef, herra forseti, einnig undir höndum niðurstöðu ráðstefnu sem ég skil þannig að lágmarkslaun eigi að hækka í góðæri. Þetta er niðurstaða ráðstefnu sem fór fram í Bandaríkjunum á vegum American Enterprise Institute for Public Policy Research. Ég skil niðurstöðuna þannig að það eigi að setja lög um lágmarkslaun eða a.m.k. að þau eigi að hækka í góðæri. E.t.v. þarf að gera það með þeirri leið að veita takmarkaðan skattafslátt. Ég get að sjálfsögðu fallist á hverja þá leið sem gefur árangur. En meðan ég hef til þess rétt og aðstöðu á hinu háa Alþingi þá mun ég halda áfram að tala fyrir þessu máli og skilgreini það þannig að það eigi í raun erindi inn í allar umræður sem fara fram, og ég læt vita af því hér með, herra forseti, að ég mun e.t.v. grípa til þess ráðs að ræða fátækt og lægstu laun í tengslum við öll frumvörp og þáltill. sem ég ræði um í þessum ræðustóli.

Herra forseti. Ég stóð hér í ræðustól hv. Alþingis hvað eftir annað sl. vetur og barðist fyrir framlagi til verkefnis sem Alþingi setti á laggirnar til að skapa framtíðarsýn um matvælaframleiðslu á grunni sjálfbærra framleiðsluhátta. Það tókst að fá skilning fyrir því. Þetta átaksverkefni átti að koma á reglugerðum og framkvæmdum í þessum málum, sem við Íslendingar höfum ekki verið nægilega vakandi fyrir. Staða mála er þannig nú að þetta verkefni hefur tekist og fjöldi fólks hefur tekið þátt í aðgerðum á þessu sviði.

Á Íslandi eru nú framleidd eftirsótt, lífrænt ræktuð matvæli sem eiga sívaxandi vinsældum að fagna. Ég tel að hv. Alþingi eigi að viðhalda þessu verkefni með því að færa það á einhvern hátt að vinnu við svokallaða Dagskrá 21 um vistvæna byggðakjarna í samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga.

Ég vil segja, herra forseti, að mikil nauðsyn er að koma á gæðavottun íslenskra matvæla. Sennilega eru hvergi á einum stað til meiri upplýsingar um það hvernig má koma gæðavottun á en hjá þessu umræddu átaksverkefni sem heitir Áform.

Ég má til með að nefna nokkra punkta sem ég hafði meðferðis varðandi landbúnað og e.t.v. tengingu landbúnaðar og sjávarútvegs. Það er ástæða til að nefna að landbúnaður hefur staðið sig nokkuð vel á undanförnum árum. Framleiðslan hefur einkum tekið mið af heimamarkaði og fullnægt honum á flestum sviðum. Með þessu hefur þjóðin sparað gjaldeyri sem ella hefði verið nýttur til innflutnings á matvælum. Með landbúnaði hefur verið tryggt að landið er enn í byggð. Ég vil segja að bændum hefur að mínu mati tekist að viðhalda menningararfleifð þjóðarinnar sem á rætur að rekja til sveitasamfélagsins mun fremur en þéttbýlis. Á bændum hvílir sú ábyrgð að viðhalda landgæðum og bæta þau þar sem því verður við komið. Með þessu móti munu innlendir og erlendir ferðamenn njóta náttúrufegurðar landsins. Ferðaþjónustan er talin vera ein af vaxtarbroddum atvinnulífsins. Flestir ferðamenn sem hingað koma vilja njóta ósnortinnar náttúru landsins.

Hér kem ég að því, sem ég nefndi áður í ræðu minni, að það á að velja af skynsemi, það á að hafna af skynsemi og við eigum ekki að fara offari í neinu þegar við erum að tala um virkjunaráform eða verndunaráform — og allra síst get ég fallist á það að eðlilegt sé að háskólinn leggi til húsnæði fyrir ungar stúlkur sem fara í svelti. Ég get ekki fallist á slíkt. Mér finnst það sóun og mér finnst það heimska.

Íslenskur landbúnaður hefur alla burði til að tryggja neytendum holl og góð matvæli sem framleidd eru án óæskilegra aukefna. Dýravernd á að vera í heiðri höfð og hún á að vera í sátt við umhverfið. En til að svo megi vera þá verða bændur að taka höndum saman og koma á gæðastýrðu framleiðsluferli. Og það er það sem ég hef áhuga á í sambandi við það verkefni sem ég var að ræða um að ég hefði barist fyrir að fengi framlag eins og ætlað var af hálfu Alþingis, af hálfu flutningsmanna þeirrar þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi og flutt var af formönnum þáv. þingflokka sem sátu á Alþingi.

Ég tel að halda eigi þessu verkefni áfram. Það er kominn árangur og ég er að leggja drög að því að til verði tillögur um á hvern hátt eigi að nálgast þau markmið að hér verði framleidd úrvals gæðavara á viðunandi verði. Það þarf að efla skilning, ekki bara hjá framleiðendum heldur einnig hjá neytendum.

Ég vil nefna sjávarútveginn. Sjávarútvegur er að mínu mati hin höfuðatvinnugrein þjóðarinnar. Íslenskur fiskur er hágæðaafurð á heimsmörkuðum og núverandi veiðistjórnarkerfi er metið þannig að það leiði til verndunar. Það eru margir sem telja það vera með því besta sem þekkist. Ég er ekki fullkomlega sammála þeirri skilgreiningu, ég tel að það geti verið betra, ég tel að það megi bæta, en ekki er tækifæri til þess að leggja fram í stuttu máli á hvern hátt á að nálgast þá bót.

Ég vil aðeins nefna það sem ég hef oft komið að áður, herra forseti, að menn hafa litið svo á hingað til að ekki borgi sig að hirða úrgang sem til fellur í sjávarútvegi, hvort sem það er frá fiskiskipum eða vinnslustöðvum. Við munum að bannað er að henda úrgangi í sjóinn sem hægt er að nýta. Ég vil bara segja að ef íslenskir bændur fengju allan þann úrgang sem fellur til í sjávarútvegi og í matvælavinnslunni þá gætu fleiri bændur tekið upp lífrænar framleiðsluaðferðir.

Ég held, herra forseti, að það sé kannski ástæðulaust að vera að messa langt mál um þessi áhugamál mín. Ég sneiddi viljandi fram hjá umræðum um þá liði sem við höfum gert grein fyrir í áliti minni hlutans.

Þá aðeins nokkur orð um allar þær brtt. sem liggja fyrir, bæði frá meiri hluta og minni hluta fjárln. og síðan frá einstökum þingmönnum. Það má sjá á þeim tillögum sem fyrir liggja að margir eru sannfærðir um að það ríki mikið góðæri. Ég er ekki sannfærður um góðærið. Ég tel að góðærið hafi sneitt fram hjá dyrum fjölmargra í íslensku samfélagi. Ég tel að mikið vanti á að þetta umrædda góðæri hafi komist að dyrum öryrkja, fatlaðra og aldraðra. Minni hlutinn leggur höfuðáherslu á þessi mál. Ég er búinn að fá hæstv. fjmrh. hér upp í stól þar sem hann hefur heitið því, að mínu mati, að úr verði bætt og það verulega. Og ég segi að verði ekki komið með upphæð sem nemur a.m.k. því sem skert hefur verið á undanförnum þremur árum, og þá miða ég við lágmarkslaun, er illa farið. Þetta fólk bíður og er með væntingar um að vel verði gert. Ég óttast hins vegar að þær tillögur sem fyrir liggja óafgreiddar, þá á ég við byggðastefnutillöguna sem hljóðar upp 300 milljónir, jöfnunartillöguna um húshitunarkostnað sem ég veit ekki hvað verður há — hún verður ugglaust nálægt 100 milljónum — og þær aðrar tillögur sem í pípunum bíða upp á 700–800 milljónir, leiði til þess að fjárlög eru komin á tæpasta vað.

Herra forseti. Í ljósi þeirra tillagna sem fyrir liggja tel ég að ástæða sé til þess að breyta um vinnuaðferð. Það þarf að breyta um vinnuaðferð. Menn verða að fá meiri yfirsýn yfir málin. Þegar verið er að selja eignir eins og nú er verið að gera þá eiga þeir fjármunir sem koma frá sölu eigna að renna beint til að greiða niður skuldir.

Herra forseti. Ég óttast að ýmsar þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til séu nánast eins og að ausa olíu á eld. Ég óttast verðbólgu. Ég verð að segja það hér í þessum stól að ég óttast verðbólgu vegna þess að ekki hefur verið gripið til þeirra aðhaldsaðgerða sem þörf er á. Þar með er ekki sagt að það eigi ekki að bæta kjör þeirra sem ég nefndi áðan.

Herra forseti. Ég hef stytt mál mitt eins og ég hef getað og reynt að koma því að sem mig langaði að segja með örfáum stikkorðum. Það hef ég gert til þess að taka tillit til þeirra sem enn bíða frá því í morgun eftir að geta tekið til máls rétt eins og ég um þau málefni sem við höfum fjallað um í 70% af okkar starfstíma. Ég get nefnt það sem dæmi að hjá mér hafa farið yfir 200 klukkustundir í fjárlagavinnunna bara í síðasta mánuði.

[18:04]

Útbýting þingskjala:

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 109. mál, þskj. 461.

Skipulags- og byggingarlög, 352. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 475.

Stimpilgjald, 151. mál, þskj. 462.

Vegabréf, 231. mál, þskj. 463.

[18:04]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér talaði fulltrúi þingflokks jafnaðarmanna í fjárln. Ég tók eftir því að hv. þm. vék m.a. að iðnaðaruppbyggingu og orkunýtingu. Mér þótti fróðlegt að heyra hver væri stefna eða viðhorf hv. þm. og ég geri ráð fyrir að hann túlki stefnu síns þingflokks af því hann er talsmaður við þessa umræðu. Ef ég hef skilið hv. þm. rétt þá taldi hann mikla þörf á því að halda áfram beislun orku hérlendis til stóriðju þó einnig með tilliti til umhverfis, ef ég hef heyrt rétt, og allt er það á sínum stað. En mig langar til að fræðast frekar um það hjá hv. þm. hve langt hann telur rétt að ganga í þessum efnum, hvort hann telji eðlilegt að halda áfram frekari stóriðjuuppbyggingu á Grundartanga, svo dæmi sé tekið, sem og annars staðar í landinu og hvort hv. þm. hafi einhver mörk í huga um það hversu ráðlegt sé að ráðstafa mikilli orku í hefðbundinn orkufrekan iðnað hérlendis.

Þetta er tilefni þess að ég bið um orðið í andsvari og bæti við: Telur hv. þm. að stóriðja sem við köllum svo, orkufrekur iðnaður, sé helsta ráðið til þess að mæta atvinnuleysi ef atvinna yrði knöpp í landinu? Raunar er nú nokkurt atvinnuleysi. Telur hv. þm. að það sé leiðin til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi? Ég skildi hv. þm. svo að það væri þjóðráð.

[18:07]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg sjálfsagt að svara fyrir það sem ég hef sagt hér. Ég er ekki talsmaður þingflokksins í þessum málum. Þetta eru mínar eigin skoðanir sem ég er að setja hér fram. Ég sit í iðnn. fyrir þingflokk jafnaðarmanna og það blandast ekkert inn í þessar hugleiðingar mínar. Ég hef varað við því að ganga of langt, hvort heldur er til virkjunar eða verndunar. Þau atvinnutækifæri sem hafa skapast á Vesturlandi í kjölfar ákvarðana varðandi Grundartanga eru ómetanleg. Það er ómetanlegt fyrir þá atvinnuuppbyggingu eða vegna þess atvinnuleysis sem var í iðnaðargeira og hjá verkafólki á þessu svæði, ekki bara á Vesturlandi heldur líka suður í Reykjavík.

Ég minnist þess tíma þegar fólk hrökklaðist frá eignum sínum og flúði land og ég óska þess að sá tími komi aldrei aftur. Það er ekki þar með sagt að ég vilji ekki að skoðaðir séu nákvæmlega allir þeir kostir sem við eigum. Ef við eigum betri kosti til að skapa atvinnu en að fara í stóriðju þá stendur ekki á mér að skoða það. En ég sé að stóriðja hefur a.m.k. skapað stöðugleika á þeim svæðum þar sem hún hefur risið. Ég vil ekki misvirða það sem þar hefur verið gert. Ég tel að stóriðja geti átt rétt á sér. Hún getur alveg eins átt rétt á sér á Austurlandi og annars staðar. Ég held að menn eigi bara að meta nákvæmlega hverjir möguleikarnir eru, hvernig staðan er í landinu á hverjum tíma. Það er það sem ég á við. Ég vil ekki ganga svo langt að virkja allt sem virkjanlegt er, hvorki til stóriðju né annars. Ég vil virkja eftir því hver þörfin er á hverjum tíma, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

(**Forseti** (ÓE): Menn athugi ákvæði þingskapa um ávörp.)

[18:09]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það vill stundum verða að menn verði beinskeyttir hér og gleymi hæstv. forseta. Ég mun reyna að virða þau enda reyni ég að hafa þetta í huga. Hv. þm. kom hér með athyglisverðar upplýsingar. Mér þótti það eiginlega sérkennilegast að hv. þm. væri ekki talsmaður flokks síns í þessum stóra málaflokki sem hér var vikið að, en gerði þetta að sérstöku umtalsefni í fjárlagaræðu. Hv. þm. á sæti fyrir þingflokk jafnaðarmanna í iðnn. Ég veit ekki hvort ég átti að skilja það jafnframt svo að hv. þm. túlkaði ekki þar skoðanir þingflokks jafnðaðarmanna og fer nú þá að kortast um hlut hv. þm.

Ég skildi þá stefnu sem hv. þm. vill fylgja í sambandi við stóriðju svo að það ætti að spila þetta eftir eyranu frá degi til dags og ári til árs.

Ég spurði hv. þm. beint að því hvort hann teldi að við þyrftum að hafa í huga einhver sérstök mörk í sambandi við ráðstöfun orkulinda okkar til stóriðju. Ég fékk engin svör við því. Og ég spurði hv. þm. hvort hann teldi rétt að auka við stóriðju á Grundartanga, hefðbundna stóriðju, frá því sem nú er.

[18:10]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það eigi að fara að þeim mörkum sem Íslendingar hafa gengist undir að miða við. Ég tel að það eigi að byggja upp þá stóriðju á Grundartanga sem þegar hefur verið samið um. Það er búið að semja um stækkun járnblendisverksmiðju. Það er búið að ákvarða stækkun álverksmiðjunnar og það fylgdi með í starfsleyfinu. Ég tel að það séu mörkin sem þar má fara í. Annað liggur ekki fyrir að mínu viti eða ég þekki ekki til þess. (Gripið fram í.) Það sem liggur fyrir er stækkun um einn ofn í bili. Annað veit ég ekki til að hafi verið endanlega samþykkt. (Gripið fram í.) Ég styð það sem samþykkt hefur verið hingað til og ekkert annað. Ég tel að það eigi að vinna eftir þeim mörkum sem við Íslendingar höfum samið um á alþjóðavettvangi. Það er sú stefna sem ég tel að eigi að fylgja. (**HG:** Þá má ekki bæta við á Grundartanga.) Menn verða að leysa þau mál öðruvísi.

[18:12]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstvirtur forseti. Fjárlögin á hverjum tíma eru stefnuyfirlýsing sitjandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Þegar þau fjárlög sem við nú ræðum voru lögð fram af hálfu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í byrjun október voru þau kölluð sólskinsfjárlögin vegna þeirrar góðu efnahagsstöðu sem þau áttu að sýna. Mikið var gert úr því að þetta væru hallalaus fjárlög og ekki nóg með það, þau ætti að afgreiða með miklum lánsfjárafgangi sem ætti að nýta til að borga niður erlend lán en það er auðvitað óskastaða hverrar ríkisstjórnar að hægt sé að ganga svo frá málum. En ekki þurfti að rýna lengi í sólskinsfjárlögin svo að blikur bæri ekki á loft og hefur það æ betur komið í ljós eftir því sem liðið hefur á fjárlagavinnuna að það er í sjálfu sér lítill vandi að semja hallalaus fjárlög ef að þeir sem að samningu þeirra vinna setja kíkinn fyrir blinda augað þegar augljós fjárþörf stofnana ríkisins sem lögð hefur verið fram með sterkum rökum er annars vegar og ákveðið hefur verið í innsta hring að láta sem ekkert sé þó sannað sé að stór hluti þeirra sem þurfa að hafa framfæri sitt af bótum frá hinu opinbera hafi vart til hnífs og skeiðar

og allt að helmingur landsins þegna hafi ekki orðið var við góðærið margrómaða.

Tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári eru 9 milljörðum meiri en áætlað var við gerð fjárlaga. Því miður hefur sú tekjuaukning að stórum hluta orðið vegna gífurlegrar aukningar á einkaneyslu en því hafði verið spáð að hún ykist um 5% á árinu en hún jókst um 10%, þ.e. hún varð helmingi meiri en spáð hafði verið. Ekki varð sú aukning öll vegna aukins kaupmáttar ráðstöfunartekna heldur jókst á árinu enn skuldasöfnun heimilanna sem áætlað er að bæti við skuldir sínar sem nemur um 43 milljörðum króna á því ári sem nú er að líða. Það er talið að skuldir heimilanna sem hlutfall af eignum lífeyrissjóða verði við þetta um 43,5% samanborið við 41% árið 1996 og má spyrja í því sambandi hversu lengi vont geti versnað. Á komandi ári er því spáð að kaupmáttur ráðstöfunartekna vaxi um 5,5%. Spáð er heldur minni vexti einkaneyslu eða um 5%. Þar með er þó ekki reiknað með að skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum muni lækka þar sem spáð er að fjárfesting í íbúðarhúsnæði aukist heldur meira en í ár eða um 7%. Seðlabankinn bendir á í haustskýrslu sinni að þó í þjóðhagsáætlun sé gert ráð fyrir heldur minni aukningu einkaneyslu en ráðstöfunartekna verði að telja óvíst í ljósi þróunar síðustu ára og vilja og getu heimilanna til að bæta við skuldir sínar að sparnaðarhneigð aukist með þessum hætti á næsta ári. Þó er talið að ótryggar horfur í alþjóðlegum efnahagsmálum og hugsanleg áhrif þeirra hér á landi gætu dregið úr bjartsýni heimilanna.

Til viðbótar við skuldir heimilanna hafa svo sveitarfélög aukið mjög við skuldir sínar. Er það orðið mjög aðkallandi að mínu mati að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga því það er greinilegt að þeir eru ófullnægjandi miðað við þau verkefni sem sveitarfélögunum er ætlað að sinna og þær væntingar sem þegnarnir hafa til þeirra. Það skýtur aldeilis skökku við þegar sumir ráðamenn þjóðarinnar ráðast af heift á þau sveitarfélög sem til að bæta skuldastöðuna ætluðu að hækka smávegis útsvarsprósentu þó allt innan löglegra marka og ekki fara einu sinni upp í þau mörk sem þekkjast í nálægum sveitarfélögum. Mér finnst það síst vera ámælisvert þegar reynt er að auka tekjurnar fullkomlega löglega og eðlilega þegar skuldir hafa safnast upp. Og hver er meginástæða þess að skuldir hafa safnast upp? Það er jú yfirtaka sveitarfélaganna á málefnum grunnskólans, en því verkefni fylgdi að dómi flestra sem til þekktu ekki nægilegt fjármagn. Það vissu allir sem vildu það vita að inni í grunnskólapakkanum var falin tímasprengja sem mundi springa þegar skólarnir yrðu almennt einsettir. Grunnskólakennarar hafa um árabil bætt sér upp léleg laun með mikilli yfirvinnu en sá möguleiki að kenna sér til óbóta er ekki lengur fyrir hendi þegar skólar eru orðnir einsettir. Það þarf auðvitað að setjast yfir þetta mál og reikna allt þetta dæmi upp á nýtt. Þar fyrir utan standa sum sveitarfélög, ég get hér tekið Hafnarfjörð sem dæmi, sem þegar eru skuldunum vafin eins og skrattinn skömmunum frammi fyrir þvílíkum fjárfestingum varðandi uppbyggingu skóla til að ná einsetningu innan lögboðinna marka að maður getur alls ekki séð að þau geti ráðið við það dæmi. Það er engan veginn sæmandi að gera kennara og þeirra launasamninga að blóraböggli þegar fjallað er um skuldir sveitarfélaga eins og gerðist á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna nú á dögunum. Það rís enginn skóli undir nafni nema hann hafi á að skipa hæfu kennaraliði og kennarar eiga að hafa góð laun þannig að þeir séu sáttir í starfi hvað það snertir. Nóg eru nú átökin sem þeir þurfa að standa í í sínu starfi vegna hins landlæga agaleysis sem þessi þjóð á við að stríða og stöðugs áreitis og tortryggni af hálfu yfirvalda menntamála.

Skuldasöfnun eins og sú sem hér á landi hefur viðgengist á undanförnum árum getur leitt af sér aukinn viðskiptahalla sem aftur hefur áhrif á gengið og getur sett verðbólguna aftur af stað. Því miður virðist ríkisstjórnin líta algjörlega fram hjá þessum ofþenslueinkennum í hagkerfinu. Ekki hafa verið lögð fram enn þau þingmál sem fjármálaráðherra hefur boðað og eiga að hvetja almenning til aukins sparnaðar og er nú suma farið að lengja eftir þeim. En þegar 1. umr. fór fram um fjáraukalög boðaði hæstv. fjármálaráðherra að þau yrðu lögð fram á næstunni.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1999 er lagt fram með 1,9 milljarða króna tekjuafgangi á rekstrargrunni en þegar leiðrétt hefur verið fyrir áætluðum lífeyrisskuldbindingum nemur afgangurinn 7,4 milljörðum króna sem er heldur minni afgangur en búist er við í ár. Lánsfjárafgangur á að verða um 15 milljarðar króna á árinu 1999 eða svipaður og árið 1998. Hins vegar er áætlað að lánsfjárafgangur án eignasölu verði 8 milljarðar eða svipaður og í ár.

Það er ekki minnst á það í fjárlagafrumvarpinu að erlendar skuldir munu aukast á næstu árum en áætlað er að þær fari úr 45% af landsframleiðslu upp í 49% árið 2000, þ.e. þær munu hækka um 20 milljarða á næstu árum. Íslendingar greiða nú þegar 20 milljarða á ári í vexti til útlanda. Það væri gott að geta nýtt þá peninga til góðra verka hér heima í staðinn. Verkefnin sem ekki er hægt að sinna þó brýn séu eru því miður ærin.

Skuldir hins opinbera voru við árslok 1997 200 milljarðar króna sem er Íslandsmet.

Viðskiptahallinn er þó alvarlegasta vandamálið sem við er að glíma en hann stefnir nú í 40 milljarða eða 7% af landsframleiðslu en það er mesti viðskiptahalli frá árinu 1982 og áætlað er að hann verði 25 milljarðar á næsta ári. Auknar tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 9 milljarðar umfram áætlun á þessu ári og þar af eru 6 milljarðar vegna viðskiptahallans. Góðærið er þannig borið uppi af viðskiptahallanum sem aftur er fjármagnaður með erlendum lánum.

Þrátt fyrir allt þetta er staða krónunnar sterk um þessar mundir. Þar er þó ekki fyrir að þakka fjármálasnilld hæstv. ríkisstjórnar heldur óvenjulega hagstæðum ytri skilyrðum svo sem mjög háu verði á fiskafurðum, en það hefur hækkað um meira en 20% á síðastliðnum þrem árum, og lægsta olíuverði í tólf ár sem auðvitað hefur áhrif á hagkerfið.

Því miður liggja ekki frammi neinar áætlanir ríkisstjórnarinnar um að bæta skattkerfið. Þar ríkir gríðarlegt ranglæti og má þar sérstaklega benda á háa jaðarskatta hjá millitekjufólki, öldruðum og öryrkjum sem mjög brýnt er að taka á. Heilbrigðisráðherra hafði að vísu lofað endurbótum í haust hvað varðar öryrkja í sambúð en það hlýtur að verða mjög seint í haust því enn bólar ekkert á því frumvarpi. Sérstaklega stingur í augu að höfundar frumvarpsins hrósa sér af því að greiðslur á bótum til barnafólks hafi lækkað milli ára því þeir hafa ekki breytt tekjuviðmiðunum þótt launastig í landinu hafi hækkað. Það er til skammar hvað stuðningur við barnafólk hér á Íslandi er bágborinn og kemur ekki á óvart að meðal þeirra sem þurfa að knýja á dyr hjálparstofnana og félagsmálastofnana til að endar nái saman er tekjulágt barnafólk áberandi. Þetta er eitthvað sem okkur ber skylda til að hafa til jafns við löndin í kring um okkur sem við gjarnan miðum okkur við.

Þá ber að harma það að ekki bólar á neinum aðgerðum gegn skattsvikum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar en talið er að 10 til 15 milljarðar tapist úr skattkerfinu árlega vegna slíks athæfis. Auk þess má nefna að engar tillögur eru gerðar um innheimtu mengunarskatta eða auðlindagjalds en á slík gjöld er lögð áhersla í tillögum í stefnuskrá samfylkingarinnar.

Ef bornar eru saman tekjur frumvarpanna 1998 og 1999 þá hækka þær um 10% að meðaltali. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 12%. Tekjuskattur fyrirtækja hækkar ekkert. Tryggingagjöld og launaskattar sem fyrirtæki greiða hækka um 8%, þ.e. eru undir meðaltali. Virðisaukaskattar sem einstaklingar greiða að mestu hækka um 15%. Eignarskatturinn hækkar hins vegar aðeins um 4% sem er langt undir meðaltali. Það er þannig ljóst hverra hagsmuna ríkisstjórnin er að gæta, þ.e. hagsmuna eignafólks og fyrirtækja og kemur það svo sem ekki á óvart og heldur ekki að það skuli vera almennt launafólk sem krafið er um aukna hlutdeild í kostnaðinum af ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. En það er þó óvenjulega gagnsætt þetta markmið þeirra í því fjárlagafrumvarpi sem hér liggur fyrir þar sem gert er ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga hækki á næsta ári um 4 milljarða en tekjuskattur fyrirtækja nær ekkert. Og þetta er á uppgangstímum, hæstv. forseti. Fyrir nokkrum árum var tekjuskattur af fyrirtækjum lækkaður til að auka hagvöxt á erfiðleikatímum en nú þegar allt er í miklum uppgangi — allt á hjörum, eins og stendur í frægri bók. „Á uppgangstímum er allt á hjörum“ — þá er tekjuskattur þeirra lækkaður enn meir í stað þess að núna gætu þau þó lagt eitthvað til samfélagsins. Það var bent á það hér við 1. umr. málsins að á þremur síðustu árum hefðu fyrirtækin greitt samtals 16 milljarða í tekjuskatt á meðan einstaklingarnir greiddu 80 milljarða. Það sést á þessu að ríkisstjórnin hefur fundið þau hin breiðu bökin.

Það er lögð sérstök áhersla á kjör lífeyrisþega í nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar enda er það til sérstaks vansa fyrir stjórnvöld nú í góðærinu að þeir sem eingöngu hafa framfærslu af grunnlífeyri og tekjutryggingu með uppbótum og eru algjörlega háðir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um slíkar greiðslur, eiga vart til hnífs og skeiðar. Þegar breyting var gerð á lögum sem fól það í sér að greiðslur til bótaþega voru ekki lengur tengdar launamarkaði var látið í veðri vaka þegar sem hæst lét í mótmælakórnum á Alþingi að sú breyting væri gerð til að hægt væri að bæta kjör þessa hóps meira en viðmiðunarhópa á vinnumarkaði. Raunin er sú að ef tekin eru laun þeirra sem lifa á bótum og þeirra sem hafa lágmarkslaun munar þar á umtalsverðum upphæðum og ef miðað er við meðaltalslaunahækkanir, sem er umtalsvert lægri tala en lágmarkslaun, munar samt sem svarar því að bæta þyrfti 330 milljónum króna inn í fjárlagafrumvarpið ef borga ætti þessum hópum meðaltalslaun árið 1999. Fyrir hönd þessa hóps sem við öll ættum að bera sérstaklega fyrir brjósti en ekki senda til hjálparstofnana í lok hvers mánaðar af því að endar ná ekki saman eins og raunin hefur verið, fer ég fram á að þessari fjárhæð verði bætt inn í fjárlagafrumvarpið fyrir 3. umr. Það hlýtur að vera hægt að afla tekna sem því munar nú í góðærinu.

Það er líka áhyggjuefni hvernig málefnum fatlaðra er sinnt í fjárlagafrumvarpinu. Það hafði verið samþykkt að færa þennan málaflokk yfir til sveitarfélaganna og vilja sveitarfélögin flest gjarnan takast á við þessi mál en nú bregður svo við að þau sveitarfélög sem verst eru sett varðandi þennan málaflokk biðjast einróma vægðar. Og það er ekki rétt sem kom hér fram í morgun að aðeins Reykjavíkurborg hafi beðist undan því að taka yfir málefni fatlaðra. Fjárln. ferðaðist um Suðurnes og það kom fram í hverju einasta sveitarfélagi að menn höfðu stórar áhyggjur af þessu og treystu sér ekki til að taka yfir þennan málaflokk. Í Reykjanesi er stofnkostnaður vegna nýrra úrræða vegna fatlaðra sem eru mjög brýn áætlaður 1,1 milljarður króna en þar eru nú 133 á biðlistum eftir úrræðum.

Í þessu vandræðaástandi leggur ríkisstjórnin til að tekjur erfðafjársjóðs sem er lögboðið að gangi til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, verði skertar um 245 milljónir króna og að í sjóðinn gangi aðeins 235 milljónir króna. Þessu mótmælum við í minni hluta fjárlaganefndar harðlega og leggjum til að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái lögboðnar tekjur sínar óskertar. Ekki mun af veita.

Við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári var mest tekist á um heilbrigðismál enda fannst þá varla lengur nokkur heilbrigðisstofnun í landinu sem ekki dró á eftir sér mikinn rekstrarhalla þó að forráðamenn þessara stofnana og starfsfólk hefðu lagst á eitt við að reyna að draga úr tilkostnaði. Fyrir mikla málafylgju meðal annars fulltrúa stjórnarandstöðu hefur nú tekist að lagfæra stöðu flestra þessara stofnana og er það vel. En því miður er það þó svo að stærstu sjúkrahús landsins, hátæknisjúkrahúsin í Reykjavík, sitja enn með óleyst vandamál en þrátt fyrir framlög á fjáraukalögum fara þau núna yfir áramótin með uppsafnaðan halla sem nemur einum milljarði króna og er sú staða algjörlega óviðunandi. Ef engar frekari ráðstafanir verða gerðar en koma fram í fjárlagafrumvarpinu þá stefnir í að uppsafnaður halli verði í árslok 1999 miðað við óbreyttan rekstur 1,6 milljarðar. Það er algjörlega óviðunandi staða og mun minni hlutinn flytja breytingatillögur við 3. umr. ef ekki verður á einhvern hátt brugðist við þessum vanda.

Þar fyrir utan eru því miður enn gríðarlegir biðlistar fyrir hendi á báðum þessum sjúkrahúsum. Þeir eru meðal annars orðnir til vegna fjársveltis þessara stofnana, þjóðfélagslegt vandamál sem verður að taka höndum saman um að leysa. Að frátöldum þeim þjáningum sem þeir líða sem bíða mánuðum saman á biðlistum eftir nauðsynlegum skurðaðgerðum eða lækningum verður þjóðfélagið fyrir gríðarlegu vinnutapi þeirra sem í hlut eiga.

Viðhaldsþörf stofnana í heilbrigðiskerfinu hefur verið slælega sinnt svo ekki sé minnst á viðhald og endurnýjun tækja sem hefur verið látin sitja á hakanum. Nú er fjárþörfin til þessara mála orðin slík að fyrir liggur að gera þurfi, í samráði við forsvarsmenn þessara stofnana, langtímaáætlun um hvernig hægt verði að koma þessum málum í viðunandi horf svo stofnanirnar geti sinnt því sem ætlast er til af þeim.

Að lokum verður ekki undan því vikist að grípa til aðgerða m.a. í menntunarmálum lækna og ráða bót á því alvarlega ástandi sem skapast hefur víða um land vegna skorts á heimilislæknum. Sá grunur læðist að manni að ef til vill hafi sú harða kvótastefna og samkeppnispróf sem tíðkast hafa í læknadeild á undanförnum árum leitt til þess að sá læknahópur sem útskrifast, þótt góður sé, sé nokkuð einsleitur og virðist fyrst og fremst sækjast eftir sérfræðingastöðum inni á sjúkrahúsum. Ef til vill þarf að leita eftir stúdentum sem alist hafa upp í dreifbýli og gefa þeim sérstakan forgang að námi með því skilyrði að þeir starfi úti í héraði að námi loknu, að minnsta kosti um ákveðinn tíma. Margt fleira má gera en það er nauðsynlegt að grípa til aðgerða strax því samkvæmt spám á þessi vandi eftir að aukast. Íslendingar eru ekki einir

um þennan vanda og geta lært margt af þeim aðgerðum sem aðrar þjóðir hafa gripið til.

Næst ætla ég að fjalla um menntamálakaflann. Þó fagurlega sé talað um mikilvægi þess að mennta þjóðina sem best inn í 21. öldina á öllum meiri háttar samkomum stjórnmálaflokka á Íslandi, ekki síst þeirra sem nú sitja við völd, hefur gengið mjög erfiðlega að fá fjárveitingar til menntamála svo jafnist á við það sem þekkist í nálægum löndum. Nú hafa þau undur og stórmerki að vísu gerst að framsóknarmenn læddu því inn í stefnuskrá sína á nýafstöðnum landsfundi að það markmið verði sett að bæta fjárveitingar til menntamála um 1% af vergri þjóðarframleiðslu á ári. Guð láti gott á vita.

Í nál. sínu til fjárln. ítrekar minni hluti menntmn. þá skoðun sína að stóraukna fjármuni þurfi inn í menntakerfið því samkeppnishæfni þjóðarinnar muni á næstu árum ekki síst ráðast af gæðum skólastafs og menntunar. Minni hluti menntamálanefndar tekur fram að arðsemi þess fjár sem varið sé til menntamála sé mikil og undir það tekur minni hluti fjárlaganefndar.

Það er misskilningur að hægt sé að bæta gæði skólastarfs án þess að kosta fjármunum til. Þegar sveitarfélögin tóku við grunnskólanum höfðu þau ekki gert sér grein fyrir þeirri sprengingu sem yrði varðandi launakröfur kennara þegar skólar yrðu einsetnir og kennarar hættu að geta bætt kjör sín með endalausri yfirvinnu. Nú er staðan sú að fjölmörg sveitarfélag hafa þurft að gera viðbótarkjarasamninga til að halda í kennara sem sagt höfðu upp störfum. Slíkt er mikill baggi fyrir sveitarfélög sem stóðu mörg hver illa fyrir fjárhagslega. Minni hluti fjárln. er þeirrar skoðunar að taka þurfi upp samninga milli ríkisins og sveitarfélaganna varðandi kostnað við grunnskóla. Það þarf að gerast sem fyrst með tilliti til breyttra viðhorfa og mjög aukinna krafna samfélagsins til skólanna.

Minni hluti menntmn. ítrekar einnig mikilvægi öflugs menningarlífs og almennrar þátttöku í listum um landið allt og áréttar hve slíkt er mikilvægt í uppeldi, lífshamingju og sköpunargleði þjóðarinnar. Það stuðlar auk þess að jákvæðri byggðaþróun og styrkir forsendur sjálfstæðis þjóðarinnar.

Hin slæma greiðslustaða framhaldsskólanna gagnvart ríkissjóði, en hún var neikvæð um hálfan milljarð fyrstu 11 mánuði ársins, er einnig áhyggjuefni. Að vísu var það bætt upp að nokkru leyti í fjáraukalögum og fjárlögum en vísir menn telja að enn vanti töluvert upp á. Einhver misskilningur virðist hafa verið í gangi þegar þessir samningar voru gerðir þannig að fjmrn. hefur aldrei viðurkennt að fullu þann kostnað sem af samningunum hefur leitt. Við í minni hluta menntmn. ítrekum að ganga þurfi betur frá hnútum þegar samningar eru gerðir þannig að slíkur misskilningur rísi ekki að menn viti ekki hvað samningarnir þýða í krónum og aurum.

Minni hluti fjárln. hefur jafnframt áhyggjur af óánægju forsvarsmanna minnstu landsbyggðarskólanna með reiknilíkan það sem lagt er til grundvallar við útreikninga á fjárframlögum til framhaldsskóla. Við teljum brýnt að byggðarsjónarmiða verði betur gætt við uppbyggingu líkansins þannig að minnstu landsbyggðarskólarnir fái vel við unað.

Þetta er ein mikilvægasta aðferðin til að halda uppi búsetu í hinum dreifðu byggðum, að vel sé séð fyrir framhaldsmenntun á svæðunum. Til þess þarf að taka tillit til hinna smáu nemendahópa sem þar eru að störfum.

Kennaraháskóli Íslands hefur sent fjárlaganefnd mjög vel rökstutt fjárlagaerindi vegna fjárlagaársins 1999. Vegna breyttra aðstæðna í Kennaraháskólanum þar sem þrír skólar voru sameinaðir þarf skólinn auknar fjárveitingar á næsta ári, m.a. vegna þess að vinnuskylda framhaldsskólakennara sem unnu í þessum þremur skólum, sem hingað til hafa verið á framhaldsskólastigi, lækkar mjög og kostnaður eykst þess vegna. Hann eykst einnig vegna dómnefndarvinnu, námskrárgerðar, kennsluskrárgerðar, skipulagsvinnu og biðlauna fyrrverandi skólastjóra. Þar er ljóst að kostnaður hefur verið vanmetinn vegna kjarasamninga, rannsóknarorlofs og vinnumatssjóðs vegna rannsókna en við sameiningu skólanna öðluðust 30 kennarar til viðbótar rétt til greiðslu. Fjárln. hefur aðeins getað mætt þessari þörf að litlu leyti.

Háskóli Íslands og stúdentaráð hafa lagt fram beiðni um aukið fé til að lengja opnunartíma Þjóðarbókhlöðunnar. Vegna skipulagsbreytinga innan skólans hefur enn þrengst um þá aðstöðu sem stúdentar höfðu til lestrar. Þær 2 millj. á ári, sem áætlaðar eru á þessu ári og því næsta til lengingar á opnunartíma safnsins, hafa verið nýttar til að lengja opnunartímann yfir prófatímann og viku betur. Það fyrirkomulag er hins vegar ófullnægjandi að dómi þeirra sem gerst til þekkja. Safnið á að þjóna öllum almenningi auk námsmanna en opnunartíminn er þannig að afar erfitt er að nýta sér þjónustuna utan almenns vinnutíma. Það gerir áhugafólki sem vill sinna fræðistörfum erfitt um vik að nýta sér þær heimildir sem þar finnast. Samkvæmt áætlun safnsins kostar það 14 milljónir til viðbótar að verða við óskum stúdenta um lengri opnunartíma. Fjárln. hefur ákveðið að leggja til að veitt verði sú upphæð til að þessi mál fái farsæla lausn hvað lestraraðstöðu fyrir stúdenta varðar. Þessi fjárhæð felur því miður ekki í sér aukna þjónustu við þá sem sinna fræðistörfum sem áhugamáli þar sem þjóðdeildin verður ekki opin á kvöldin og um helgar. Minni hluti fjárln. telur mikilvægt að leysa vanda Þjóðarbókhlöðunnar og stúdenta við Háskóla Íslands sem allra fyrst, jafnframt því að tryggt verði að safnið geti þjónað bæði stúdentum og þeim sem vilja sinna þjóðlegum fræðum í frítíma sínum.

Málefni Tækniskóla Íslands hafa í haust verið kynnt mjög vel fyrir fjárln. Alþingis. Mjög vel rökstudd erindi skólans, munnleg og skrifleg, hafa verið lögð fyrir fjárln. Því miður sér þess ekki nægjanlega stað í fjárlagafrv. að þessi erindi hafi fengið þá afgreiðslu sem ríkinu væri sæmandi. Nú er mál að linni köldu afskiptaleysi ríkisins gagnvart þeirri stofnun sem sinnir því mikilvæga hlutverki að veita Íslendingum tæknimenntun, á háskólastigi að mestu. Þá er raun að sjá að skólinn hefur ekki verið í takt við tímann í tækjakaupum. Þau tæki sem nemendur fá til að þjálfa sig á eru oft úrelt miðað við þann búnað sem vinna þarf með úti í atvinnulífinu. Á síðastliðnu ári var tölvukostur skólans þó bættur en mikið átak þarf að gera hvað önnur tækjakaup varðar.

Burt séð frá því sem skólinn sækir um vegna rekstrarkostnaðar, sem fjárln. kemur að nokkru leyti til móts við og leggur til að hann fái 10 millj. kr. í viðbót til rekstrarkostnaðar, þá sækir hann um tugi milljóna króna vegna tækjakaupa og búnaðar til viðbótar því sem hann fær samkvæmt fjárlagafrv. Meiri hluti fjárln. leggur til að hann fái lítinn hluta af þeirri upphæð. Í samráði við forsvarsmenn skólans þyrfti að gera áætlun um hvernig ríkissjóður gæti komið til móts við hina bráðu þörf skólans. Ef öflugs átaks er einhvers staðar er þörf í skólamálum okkar þá er það ekki hvað síst á sviði tækni og verkmenntunar.

Inn á borð fjárln. hafa ítrekað borist óskir Bandalags sjálfstæðra atvinnuleikhúsa og annarra hópa um að starfssamn-

ingar atvinnuleikhópa fái sérstakan fjárlagalið en framlög til þeirra verði ekki til að skerða almenna liðinn, Starfsemi atvinnuleikhúsa, og tekur minni hlutinn undir þá beiðni.

Þá tekur minni hluti fjárln. undir áhyggjur minni hluta menntmn. vegna þeirrar tilhneigingar til sjóðamyndunar sem virðist gæta innan ráðuneytisins. Sjóðir þessir eru dregnir saman af nokkrum fjárlagaliðum stofnunarinnar en síðan hefur fjárlaganefnd ekkert um áframhaldið að segja. Dæmi um þetta er t.d. sjóður sem í ár er myndaður og heitir Framkvæmd skólastefnu. Hann tekur fé af ýmsum fjárlagaliðum, t.d. 19 millj. af mati á skólastarfi, 30 millj. af námskrárgerð og 7 millj. af sérstökum fræðsluverkefnum, auk nýs fjár. Í þessu sambandi má minna á að liðurinn Námsgagnastofnun hefur nú ekki verið of vel haldinn af sínum hlut sem stöðugt fer lækkandi þó yfirlýst sé að sérstakt átak hafi verið gert í útgáfu námsefnis vegna nýrrar skólanámskrár. Þá má spyrja hvar sú námsefnisgerð fari fram ef ekki í Námsgagnastofnun. Sömu gerðar er einnig liður sem gengur eins og rauður þráður í gegn um allt kerfið og er nefndur Íslenskt upplýsingasamfélag.

Þá vil ég minna á hversu mikil nauðsyn það er okkur Íslendingum að gera sérstakt átak í fullorðinsmenntun og símenntun. Ég bendi á nauðsyn þess að þær breytingar sem gerðar voru á framlögum miðað við starfsmenntun annars vegar og atvinnumál kvenna hins vegar verði færðar til fyrra horfs. Fyrir vanþekkingu og misskilning voru þessir liðir færðir yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð undir því yfirskini að þar væru tryggðir fjármunir til þeirra verkefna sem að sjálfsögðu hafa ekkert með atvinnuleysi að gera. Það er mjög brýnt að efla starfsmenntun og endurmenntun í landinu í samvinnu skóla og atvinnulífs. Óhjákvæmilegt er að auka fjárframlög til þessarar starfsemi.

Á þessu þingi hefur nokkrum sinnum verið rætt um fíkniefnavandann sem hefur nú knúið dyra hér hjá okkur Íslendingum og það í sínu versta birtingarformi sem er vaxandi fíkniefnaneysla hjá ungmennum, meira að setja undir lögaldri. Umræður í þinginu um þessi mál hafa verið góðar og málefnalegar. Um málið var breið samstaða þegar við höfðum hér utandagskrárumræðu á dögunum og menn hafa rætt málin frá hjartanu og einnig af mikilli þekkingu og það er góð blanda. Það hefur meðal annars komið fram að málið hefur verið á borði hæstv. ríkisstjórnarinnar og hún hefur áhyggjur af málinu. Nokkuð er gert við afgreiðslu fjárlaga til að greiða götu þess fólks sem vinnur af heilum hug gott starf að þessum málum bæði á sviði forvarna og að sjá fyrir meðferðarúrræðum sem duga í þessum efnum. En því miður vantar enn mikið á að nóg sé að gert. Það er ekki viðunandi ástand að foreldrar sem eiga 16 ára barn sem sprautar sig daglega og býr við það félagslega böl sem því fylgir þurfi að engjast í kvöl og kvíða mánuðum saman, allt upp í átta mánuði, til að koma barninu í viðeigandi meðferð. Meðferð slíkra unglinga þarf að vera viðeigandi. Hún þarf að vera enduruppeldi og endurmenntun því það góða sem þeim hefur verið innrætt í uppeldinu rýkur burt á undraskömmum tíma með vímunni og það þarf langan tíma til að byggja slíkan ungling upp svo hann sé fær til að takast á við lífið á nýjan leik. Og fjölskyldur slíkra barna þurfa einnig hjálp til að komast í gegnum lífið eftir að hafa lent í slíkum hremmingum. En þetta borgar sig fyrir þjóðfélagið því að hver einstaklingur sem spjarar sig í lífinu er okkur mikils virði en einstaklingur sem gengur um í vímu, atvinnulaus og oft vegalaus er þjóðfélaginu dýr. AA-samtökin hafa unnið stórvirki á Íslandi og hjálpað mörgum til að ná aftur tökum á tilverunni sem hafa lent í klóm vímuefna. Þetta eru samtök sem hafa sannað sig og það þarf að gæta þess að þau hafi nægilegt fjármagn til að geta sinnt sínu starfi sem sparar þjóðfélaginu gríðarlega peninga auk þess sem það hefur gefið mörgum lífshamingjuna að nýju. Í þessum málaflokki er þörf fyrir mun meiri stuðning stjórnvalda. Sá stuðningur mundi skila sér margfalt til baka.

Á síðasta þingi voru samþykkt á hinu háa Alþingi ný lög um húsnæðismál sem munu hafa víðtækar afleiðingar í þjóðfélaginu á næstu árum. Tekin var sú afdrifaríka ákvörðun að hætta að lána á lágum vöxtum til tekjulágs fólks en beina því þess í stað út á leigumarkaðinn. Ég er ekki ein um að óttast afleiðingarnar af þeirri ákvörðun og nú blasir það strax við að ríkið ætlar ekki að lána nema til 120 leiguíbúða á næsta ári en hundruð manna eru í húsnæðisvandræðum bara í höfuðborginni einni, fólk sem ekki hefur tök á að eignast sitt eigið húsnæði á sama hátt og þeir sem hærri tekjur hafa. Vandinn er mikill. Erfiðleikar og álag á fjölskyldurnar er mikið. Ég veit satt að segja ekki hvað stjórnvöld voru að hugsa þegar þau ákváðu að setja fólk í stórum stíl á götuna með þessum hætti. Og óvissan er mikil. Til dæmis hef ég heyrt frá fötluðu fólki sem spyr hvort einhverjir aðrir sjóðir taki við og láni þeim með sömu kjörum til að eignast sérhæft húsnæði eins og þeir sem nú er verið að leggja niður og lánuðu slíku fólki með 1% vöxtum. Það væri nú ánægjulegt ef hæstv. félmrh. gæti svarað spurningu þessa fólks því ég get það ekki. Ef eitthvað er að gerast í þessum málum fer það hægt og hljótt og er ekki í gerjun hér á þinginu.

Að síðustu vil ég fara nokkrum orðum um stofnanir þær sem heyra undir umhvrn. og hafa sótt til fjárln. um aukinn stuðning vegna mjög vaxandi krafna til þeirra bæði hér innan lands og í erlendu samstarfi. Það er mín skoðun að meiri hlutinn hafi ekki sýnt réttmætum kröfum þessara stofnana nægan skilning og þurfi ríkið mun betur að taka á í þessum málum ef við eigum að geta sinnt skyldum okkar t.d. vegna ákvæða EES-samningsins og fleiri bindandi alþjóðasamninga.

Eins og venjulega mun tekjuhlið fjárlagafrv. verða tekin til meðferðar við 3. umr. málsins og mun þá minni hlutinn skila sérstöku áliti um þá hlið frv. Einnig mun þá verða fjallað nánar um lánsfjárákvæði frv. og heimildargreinar þess.

Að sjálfsögðu styður minni hlutinn fjölmargar og flestar af þeim brtt. sem meiri hluti fjárln. setur fram en auk þess munu fulltrúar okkar flytja tillögur sem sýna þær áherslur sem við höfum í þessum málum auk þess sem við munum þá flytja brtt. við tekjuöflunarhlið frv. við 3. umr. ef þær verða samþykktar en samþykkt þeirra leiðir til aukinna útgjalda.

Að lokum vil ég þakka hv. fjárln., formanni og varaformanni, fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf í fjárln. á vetrinum. Vinnan hefur verið mikil eins og hér hefur komið fram, setur langar, „slímusetur" mundi einn hv. þm. sem hér situr einhvern tímann hafa kallað það, en að mörgu leyti hefur nefndin skilað afskaplega vönduðu og góðu verki. Auðvitað hefur þessi meiri hluti aðrar áherslur en við í minni hlutanum hvað varðar hvernig eigi að verja þeim peningum sem til skiptanna eru en umræðan og meðferðin hefur ætíð verið málefnaleg og við höfum alltaf komið okkar sjónarmiðum til skila.

[18:52]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Staða efnahagsmála og um leið ríkisfjármála er traustari en hún hefur verið um langan tíma.

Markmiðum stjórnarflokkanna, sem sett voru við upphaf stjórnarsamstarfsins, hefur verið náð jafnt og þétt. Við þessa umræðu er farið yfir stöðuna í ríkisfjármálum eftir að fjárln. hefur unnið að skoðun frv. og lagt fram brtt. sem eru hér til umræðu.

Það er viðurkennt að staða ríkisfjármálanna hefur mikil og oft afgerandi áhrif á efnahagslífið og þá um leið atvinnuvegina. Árangur á sviði ríkisfjármálanna þar sem markmiðið er að skila hallalausum fjárlögum á rekstrargrunni skiptir þar miklu máli.

Mikilvægasti árangur okkar við efnahagsstjórn landsins er annars vegar að skila hallalausum fjárlögum á rekstrargrunni og hins vegar að halda niðri verðbólgunni. Það er vissulega ástæða til að vekja athygli á þessari staðreynd. Það er stöðugleiki og lág verðbólga þrátt fyrir öflugan hagvöxt og kröftugan vöxt innlendrar eftirspurnar, sem jafnan hefur verið ávísun á verðbólgu.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að vitna til þess sem segir í haustskýrslu Seðlabankans um þróun og horfur í peningamálum. Þar segir:

„Núverandi uppsveifla hér á landi er hin fyrsta í nærri fimm áratugi þar sem verðbólga er svipuð eða minni en í viðskiptalöndum."

Þessi lýsing Seðlabankans er mikilvæg einkunnargjöf og hvatning til þess að stýra málum á þann veg að stöðugleikinn haldist og hún er staðfesting á því að stjórn efnahagsmálanna er traust.

Ekki liggur fyrir endurskoðuð þjóðhagsspá en þess er að vænta að fyrir 3. umr. fjárlaga muni liggja fyrir endanlegt mat á horfum í efnahags- og ríkisfjármálum og ný áætlun um tekjur ríkissjóðs.

Samkvæmt forsendum fjárlagafrv. var gert ráð fyrir 4,6% hagvexti á næsta ári, þrátt fyrir minni framkvæmdir við stóriðju, sem sýnir að mikið afl er í atvinnustarfseminni í landinu, sem mun síðar skila auknum þjóðartekjum og tekjum í ríkissjóð af arðbærri starfsemi og auknum veltutengdum tekjum. Fjárlög þessa árs voru afgreidd með nokkrum afgangi á greiðslugrunni og gert er ráð fyrir að á þessu og næsta ári verði hægt að lækka skuldir ríkissjóðs um 30 milljarða, m.a. vegna sölu ríkiseigna.

Af hálfu meiri hluta fjárln. er lögð mikil og rík áhersla á að skila fjárlögum með afgangi og markmiði um lækkun skulda verði náð. Þannig stuðlum við að því að ríkisfjármálin greiði fyrir því að áform í peningamálum nái fram að ganga. Þróun launamála hefur valdið verulega auknum útgjöldum ríkisins og setur það nokkurt mark á ríkisútgjöldin eins og vænta mátti.

Í brtt. meiri hluta fjárln. kemur fram skýr stefna sem felst í aðhaldi en um leið viðurkenningu á þörf einstakra stofnana fyrir aukin framlög til þess að sinna mikilvægri opinberri þjónustu. Eins og oft áður barst fjárln. mikið af erindum og athugasemdum frá stofnunum og ráðuneytum. Ekki getur nefndin nú fremur en áður orðið við öllum óskum um hækkun eða um nýja starfsemi því tekjur ríkissjóðs eru takmarkaðar.

Til 3. umr. eru skilin eftir til nánari yfirferðar og skoðunar nokkuð stórir málaflokkar. Má þar nefna málefni fatlaðra, rekstur framhaldsskólanna, útgjöld vegna tryggingabóta, rekstur sjúkrahúsanna og sérstakar byggðaaðgerðir, sem tengjast byggðaáætlun sem forsætisráðherra mælti hér fyrir og er til meðferðar í þinginu.

Fulltrúar fjölmargra sveitarfélaga hafa átt fund með fjárln. eins og verið hefur.

Erindi frá sveitarfélögum varða einkum framkvæmdir við hafnir, sem eru lífæðar byggðanna, sjúkrastofnanir, söfn, endurbyggingu gamalla húsa, menningarstofnanir og framhaldsskóla svo nokkuð sé nefnt.

Eins og fram hefur komið að undanförnu hefur hagur sveitarfélaganna verið að versna á sama tíma og okkur hefur tekist að styrkja stöðu ríkissjóðs. Þessar staðreyndir valda áhyggjum vegna þess að hin minni sveitarfélög hafa ekki mikla möguleika til að bregðast við versnandi afkomu á sama hátt og höfuðborgin sem hefur svigrúm til hækkunar skatta, eins og þekkt er, og hefur yfir að ráða þeirri auðlind ef svo mætti segja sem felst í veitustofnunum, sem gefa mikinn arð þrátt fyrir lágt orkuverð.

Vegna samstarfssáttmála sem er í gildi milli ríkisins og sveitarfélaganna er nauðsynlegt að fara yfir þá stöðu og koma einhvern veginn til móts við sveitarfélögin með skipulegum og skilgreindum hætti, svo sem með tilflutningi verkefna eða með því að efla jöfnunarsjóðinn. Þetta er verkefni sem þarfnast sérstakrar skoðunar en tekur tíma.

Í stjórnarsáttmálanum er lögð áhersla á að ná jöfnuði í ríkisfjármálum, ná fram kerfisbreytingum með ráðdeild og að treysta stoðir velferðarkerfisins. Einnig er gert ráð fyrir því í þessum fyrrnefnda stjórnarsáttmála að teknar verði upp viðræður við sveitarfélögin um alvarlegan hallarekstur þeirra og leiðir til að bregðast við þeim vanda. Af eðlilegum ástæðum er ekki tekið á þessu í fjárlögum en gera verður ráð fyrir því að hæstv. félagsmálaráðherra taki á þessu máli og gangi til viðræðna við sveitarfélögin um stöðu þeirra og ekki síður ábyrgð þeirra á framvindu efnahagsmálanna, svo sem aðild að þeirri kjarasátt sem náðist og var innsigluð með lækkun skatta. Það er mikilvægt og þolir ekki frekari drátt. Það dugir ekki að líta fram hjá útsvarshækkun Reykjavíkurborgar en láta vanda annarra sveitarfélaga sig engu varða.

Staða sveitarfélaganna hefur mikilvæg áhrif á framvindu efnahagsmála með sama hætti og ríkisreksturinn og því er mikilvægt að sátt ríki milli ríkisins og sveitarfélaganna svo tryggja megi stöðugleika og hagkvæma þróun í samfélaginu.

Þær brtt. sem hér hefur verið mælt fyrir af hv. formanni fjárln. nema um 1.750 millj. kr. Þar af vegna áhrifa kjarasamninga um 500 millj. kr. en samtals um 1.200 millj. kr. vegna aukinna launaþátta með einu eða öðru móti. Útgjöld vegna launa eru því stærsti hlutinn af þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um.

Ég vil gera hér grein fyrir efni nokkurra mála sem fjárln. hefur tekið til meðferðar og meiri hluti nefndarinnar gerir tillögur um.

Fyrst vil ég nefna framlög til Háskóla Íslands. Þar er um að ræða almenna hækkun sem hugsuð er sem fyrsti hluti breytinga vegna samnings um framlög til skólans sem byggir á reiknilíkani sem nýr samningur mun væntanlega byggjast á. Vissulega eru bundnar vonir við að skýrt skilgreindur samningur við Háskóla Íslands verði til að auðvelda stjórnendum það mikilvæga verkefni sem Háskóla Íslands er ætlað. Þessi hækkun er vísbending um vilja meiri hluta fjárln. til að taka tillit til þessa samnings sem byggður er á sérstöku reiknilíkani eins og fyrr er nefnt, en sá samningur er í burðarliðnum.

Þá er 14 millj. kr. framlag til að koma til móts við óskir um fjármuni til að bæta lestraraðstöðu stúdenta eins og fram hefur komið í þessari umræðu. Framlagið til Háskóla Íslands

er þannig að stjórnendur HÍ geti tekið af skarið um það hvernig úr málum verði leyst. Annaðhvort með samningi við Landsbókasafnið um bætta aðstöðu í Þjóðarbókhlöðunni eða með öðrum hætti sem talinn er hagstæður fyrir nemendur og Háskóla Íslands.

Óskir um fjárveitingar vegna fjarkennslu símenntunar og endurmenntunar hafa verið fjölmargar. Fram undan virðist vera mikil breyting eða jafnvel bylting á sviði fjarkennslu með margmiðlun og leggja bæði skólastofnanir og atvinnuþróunarfélög mikla áherslu á að fjármunir verði settir í öflugt net fjarkennslu í landinu. Veittar eru 12 millj. til samstarfsverkefnis á vegum Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Einnig eru veittar 7 millj. til endur- og símenntunarstöðva á hverju eftirfarandi svæða: Reykjanesi, Vesturlandi, á Sauðárkróki fyrir Norðurland vestra og á Suðurlandi.

Það er mat meiri hluta fjárln. að eðlilegt sé að veittir verði fjármunir til þess að koma þeirri starfsemi á fót, ekki síst á landsbyggðinni. Til að tryggja framvinduna er gert ráð fyrir því að menntmrn. geri samninga við aðila þar sem viðfangsefnin eru skilgreind. Það verður að tryggja að sem mest og best nýting verði á þeim fjármunum sem lagðir eru fram af hálfu ríkisins til að efla fjarkennslu í landinu.

Jöfnun námskostnaðar er mikilvægt byggðamál. Gerð er tillaga um hækkun á framlögum til að koma til móts við þá sem sækja nám fjarri heimabyggð og tengist það breytingum á lögum um jöfnun námskostnaðar sem liggur fyrir þinginu.

Endurbótasjóður menningarbygginga hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Meðal viðfangsefna sem hann styrkir er uppbygging byggðasafna í landinu. Liðurinn er hækkaður til þess að menntmrh. verði gert kleift að undirbúa samninga við sveitarfélög eða héraðsnefndir vegna bygginga á vegum byggðasafna. Mjög víða er myndarlega staðið að uppbyggingu byggðasafna, má þar nefna safnið á Skógum, í Görðum á Akranesi, sjóminjasöfnin á Eskifirði og í Hafnarfirði og safnið í Glaumbæ í Skagafirði svo fáein dæmi séu nefnd.

Enn er margt ógert á þessum vettvangi. Byggðasöfnin eru mikilvægar menningarstofnanir sem varðveita og sýna menningararf okkar en eru jafnframt hluti af þeirri nauðsynlegu starfsemi sem fylgir uppbyggingu ferðaþjónustu í landinu.

Verulegir fjármunir eru lagðir til undirbúnings þess að minnast landafunda. Meðal verkefna sem hafa verið í undirbúningi eru framkvæmdir á Eiríksstöðum í Haukadal, á fæðingarstað Leifs Eiríkssonar. Í brtt. meiri hluta fjárln. er gert ráð fyrir að veita 20 millj. til þessa verkefnis á næsta ári og vinna eftir áætlun sem liggur fyrir þannig að á næsta ári ljúki þeim framkvæmdum. Framkvæmdaundirbúningur á Eiríksstöðum er með miklum ágætum og eru fornleifarannsóknir þar mikilvægt innlegg í rannsóknir á sögu okkar Íslendinga.

Húsafriðunarsjóður veitir styrki til endurgerða og viðgerða á friðuðum húsum og kirkjum. Þeir fjármunir sem sjóðurinn hefur haft til ráðstöfunar koma úr ríkissjóði og frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Með hækkun á framlagi til sjóðsins um 10 millj. kr. mun sjóðnum verða gert kleift að veita styrki og bjarga frá eyðileggingu menningararfleifð okkar sem er að finna í vel gerðum byggingum, stórum og smáum, sem takmarkaður sómi hefur verið sýndur en hefur notið raunar vaxandi áhuga og athygli.

Samningar um landbúnaðarframleiðsluna eru í föstum skorðum og því er ekki um að ræða verulegar breytingar á framlögum vegna landbúnaðarmála. Einungis minni háttar viðbót á sviði skógræktar, landgræðslu til Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og bændaskólanna sem gegna mikilvægu hlutverki, ekki einungis fyrir landbúnaðinn heldur fyrir menntakerfið í landinu.

Loðdýraræktin hefur átt undir högg að sækja en hefur heldur rétt úr kútnum að undanförnu. Þykir nauðsynlegt að veita þessari grein nokkurn styrk, með fjárveitingu til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri frá fóðurstöðvum og til uppbyggingar og hagræðingar í fóðurstöðvum. Er um að ræða 45 millj. kr. í niðurgreiðslu og 8 millj. til fóðurstöðvanna sem framleiða loðdýrafóður.

Í landinu er þekking á loðdýrarækt en dýrkeypt reynsla eftir mikil áföll í greininni á 8. og 9. áratugnum. Því er nauðsynlegt að fara varlega og hyggja vel að leiðum til þess að endurreisa loðdýraræktina. Mikilvægt er að veita loðdýraræktinni stuðning en tryggja verður að sá stuðningur verði þannig nýttur að loðdýraræktin verði ekki byggð upp til framtíðar á stuðningi úr ríkissjóði. Það er talið að aðstæður hér séu hagstæðar greininni vegna aðgangs að fóðri úr fiskmeti.

Hafrannsóknastofnun gegnir mikilvægu hlutverki. Fjárveitingar til hennar hafa verið knappar líkt og til fjölmargra annarra stofnana á vegum ríkisins. Nú þykir nauðsynlegt að hækka fjárveitingu til hennar um 45 millj. kr. til þess m.a. að kosta rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins. Er hér um að ræða mikilvæga ákvörðun sem mun væntanlega treysta rannsóknir sem þessi mikilvægasta rannsóknastofnun okkar verður að geta sinnt.

Það er mjög alvarleg staðreynd að fjárln. hefur þurft að taka afstöðu til aukinna fjármuna til fjölgunar meðferðarúrræða vegna ungra vímuefnaneytenda. Gerð er tillaga um 30 millj. kr. hækkun til Barnaverndarstofu og sérstök framlög til meðferðarheimilisins Krossgatna og Virkisins, sem hafa unnið að meðferð ungra fíkniefnaneytenda og eiga virðingu okkar skilið fyrir það verkefni. Hættan sem fylgir auknu framboði vímuefna er mikil og er nauðsynlegt að leita allra leiða til að bregðast við með viðeigandi hætti og leggja til þess fjármuni svo sem hér er lagt til að gera.

Orkukostnaður á svokölluðum köldum svæðum er talin ein af ástæðum þess að fólk flytur af landsbyggðinni. Víða hefur verið komið upp hitaveitum sem leggja íbúunum til orku á hagstæðu verði. Ekki hefur tekist að dreifa raforku um landið þannig að raforkan standist samanburð við það sem hagstæðast gerist um verð á hitaveitum í landinu. Ríkissjóður hefur því greitt raforkuverð til húshitunar niður og er um að ræða umtalsverða upphæð en þrátt fyrir það er húshitunarkostnaður hár þar sem raforkan er nýtt og talið eftir miklu að slægjast að geta nýtt jarðvarma á hagkvæman hátt.

Í brtt. meiri hluta fjárln. er að finna tillögu um 45 millj. kr. til þess að veita styrki til hitaveitna sem leysa af hólmi hitun með raforku sem er niðurgreidd. Hugmyndin er sú að leggja hitaveitur þar sem það er talið hagkvæmt og um leið spara ríkissjóði niðurgreiðslurnar til framtíðar. Þessi fjárveiting, sem er hugsuð til lækkunar á stofnkostnaði hitaveitna, er mjög mikilvæg og mun geta leitt til þess að komið verði upp hitaveitum til mikilla hagsbóta fyrir fjölmarga íbúa landsins.

Í tillögum meiri hluta fjárln. er gerð tillaga um rúmlega 100 millj. til framkvæmda við Reykjavíkurflugvöll og er gert ráð fyrir að hefja fyrsta áfanga við endurbyggingu hans.

Flugsamgöngur eru mikilvægar og gegnir flugvöllurinn mjög mikilvægu hlutverki í samgöngukerfi landsins.

Málefni fatlaðra hafa verið til sérstakrar skoðunar hjá nefnd á vegum félmrn. Nefndin hefur skilað áliti og gert tillögur sem verða til meðferðar á næstunni á vegum ráðherra. Samkvæmt úttekt nefndarinnar er þörfin mest fyrir sambýli fyrir fatlaða á Reykjanesi og í Reykjavík. Er þess að vænta að Framkvæmdasjóður fatlaðra vinni í samræmi við þær tillögur sem fyrir liggja. Mun fjárln. gera athugun á stöðu hans gagnvart þessu verkefni fyrir 3. umr. fjárlaga.

Bætur elli- og örorkulífeyrisþega hafa verið til sérstakrar athugunar á vegum ríkisstjórnarinnar. Hefur fjmrh. lýst því yfir að unnið sé að tillögum sem muni koma til afgreiðslu við 3. umr. fjárlaga. Er því ekki meira um það að segja á þessu stigi.

Á það hefur verið bent að helstu hættumerki efnahagslífsins felist í viðskiptahalla og takmörkuðum sparnaði þjóðarinnar. Undir það skal tekið. Engu að síður verður að benda á þá staðreynd að eftir mörg samdráttarár og þrengingar atvinnufyrirtækja var orðin mikil þörf fyrir endurnýjun margs konar atvinnutækja auk þess sem margmiðlunarbyltingin kostar sitt. Fjárfesting í tækjum og búnaði mun væntanlega nýtast okkur í bættum afköstum og aukinni framleiðni og hagnaði fyrirtækjanna og fleiri atvinnutækifærum í landinu. Þannig eru einnig bjartar hliðar á þeirri stöðu sem tengist viðskiptahalla.

Einkavæðing í bankakerfinu mun tryggja ríkissjóði verulegar tekjur af eignasölu. Sú einkavæðing er einnig þáttur í því að almenningur leggur sparnað sinn í hlutafjárkaup og þannig er og verður hvati til sparnaðar um leið og fólk kaupir hlutabréf í von um hagstæða fjárfestingu.

En gangverk efnahagslífsins er flókið samspil áhrifa frá atvinnulífinu, fjármálastofnunum og ríkisrekstrinum. Það er því mjög mikilvægt að stjórn ríkisfjármála taki mið af stöðu og horfum í efnahagsumhverfinu og í ríkisrekstrinum leitist menn við að fara hinar hagkvæmustu leiðir.

Miklum árangri hefur verið náð í margs konar úrbótum og breytingum í ríkisrekstrinum. Meðal þess sem vinna þarf að er að skilgreina sem best þau verkefni sem unnin eru á vegum ríkisins eða með styrk frá ríkinu. Það getur ekki verið ásættanlegt að veittir séu fjármunir til starfsemi eða hafin starfsemi í skjóli ríkisins án þess að það sé vandlega skilgreint í samningi milli aðila. Fjárln. hefur bent á þetta og vill leggja sitt af mörkum svo árangur verði hvað þetta varðar. Gildir þetta m.a. um sjúkrastofnanir, stórar og smáar einnig, og ekki síður ríkisstofnanir svo sem stóru sjúkrahúsin. Það er mat mitt að með vel skilgreindum þjónustusamningum, breyttu formi á fjármögnun heilbrigðisstofnana og með einkafjármögnun megi bæta þjónustu og gera hana ódýrari. Að því verki þarf að vinna á næstu árum.

Virðulegi forseti. Óhætt er að fullyrða að okkur tekst hægt og sígandi að bæta búsetuskilyrðin á Íslandi. Það er hlutverk okkar á Alþingi að ná því marki sem það verður gert með löggjöf. Það er von mín að fjárlög ársins 1999 marki ákveðið framhald þeirra framfara á mörgum sviðum sem við höfum staðið fyrir í góðu samstarfi hér á Alþingi og í ríkisstjórn. Það er mjög horft til þess sem við ætlum að gera fyrir aldamót. Ég vil hvetja til þess að við undirbúum vel komu nýrrar aldar án þess að við röskum efnahag okkar með óraunhæfum væntingum.

Við viljum öfluga byggð við aldamót. Til þess að svo megi verða þurfum við að gæta að fjármálum ríkisins og minnast þess að við þurfum að skila landinu okkar í vexti til komandi kynslóða.

Að lokum, herra forseti, vil ég þakka samnefndarmönnum mínum í fjárln. fyrir mjög gott samstarf, bæði stjórnarliðum og stjórnarandstöðu og því starfsfólki öllu sem með okkur hefur unnið að því mikilvæga verkefni að fara yfir fjárlagafrv. og koma brtt. fyrir Alþingi.

[19:13]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. LB, þskj. 477; brtt. SvanJ, þskj. 478; brtt. HG, þskj. 479.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 7. mál.

Fundi slitið kl. 19:14.

---

39. FUNDUR

laugardaginn 12. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1999, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 438 og 445, brtt. 439, 446, 448, 454, 455, 456, 457, 458, 459, 460, 466, 467, 468, 469, 470, 471, 472, 477, 478 og 479. — Frh. 2. umr.

2. Málefni fatlaðra, stjfrv., 331. mál, þskj. 413. — Frh. 1. umr.

3. Byggingarsamvinnufélög, stjfrv., 332. mál, þskj. 414. — 1. umr.

4. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 333. mál, þskj. 415. — 1. umr.

5. Fjöleignarhús, stjfrv., 347. mál, þskj. 451. — 1. umr.

6. Útflutningsráð Íslands, stjfrv., 340. mál, þskj. 434. — 1. umr.

7. Útflutningur hrossa, stjfrv., 346. mál, þskj. 450. — 1. umr.

8. Siglingalög, stjfrv., 122. mál, þskj. 122, nál. 441, brtt. 442. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.

[10:31]

Útbýting þingskjals:

Lífeyrir sjómanna, 353. mál, fsp. SvG, þskj. 476.

Fjárlög 1999, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 438 og 445, brtt. 439, 446, 448, 454, 455, 456, 457, 458, 459, 460, 466, 467, 468, 469, 470, 471, 472, 477, 478 og 479.

[10:31]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Við höldum áfram umræðu um frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 en fjárlagagerðin er eitt veigamesta mál Alþingis á ári hverju og er í raun og veru lagarammi um umfang ríkisfjármála.

Fjárln. hefur fjallað um frv. milli umræðna undir dyggri stjórn hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln. og hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, varaformanns fjárln. og má segja að í fjárln. hafi ríkt einhugur og þar ríkir gott samstarf milli minnihlutamanna og meirihlutamanna. Fyrir það ber að þakka. Einnig ber að þakka starfsmönnum fjárln., ritaranum Sigurði Rúnari Sigurjónssyni og starfsmönnunum Ragnheiði Sumarliðadóttur og Bentínu Haraldsdóttur fyrir aðstoð þeirra og annarra sem komið hafa að þessum málum.

Í raun er ærinn starfi að sitja í fjárln. Við höfum hitt margt fólk sem hefur komið á okkar fund með tillögur og erindi og þau viðtöl skipta auðvitað miklu máli og það skiptir einnig miklu máli á hvern hátt þau erindi sem koma fyrir fjárln. eru sett fram. Því miður höfum við ekki úrlausn á öllum þeim erindum sem koma en í 2. umr. er einkum fjallað um útgjaldaliði fjárlagafrv.

Oft og tíðum þegar fjallað er um mál sem þetta velta menn fyrir sér styrkleikum málsins og veikleikum og má segja að styrkleikar þessa frv. séu margfalt fleiri en veikleikarnir. Það skiptir mjög miklu máli í ríkisfjármálum að núna um nokkurt skeið hefur verið lág verðbólga. Hagvöxtur er meiri hér á landi en hjá nágrannaþjóðunum. Þetta leiðir til þess að lánsfjárþörf er minni en verið hefur vegna þess að landsframleiðslan er núna meiri en hún hefur verið á undangengnum átta árum. Stöðugleiki ríkir í efnahagsmálum og sá stöðugleiki nýtist öllum, bæði heimilum á Íslandi, fyrirtækjum, sveitarfélögum og ríkissjóði þannig að öll áætlunargerð verður markvissari. Segja má að allar áætlanir sem gerðar eru nú á tímum séu mun nákvæmari en meðan verðbólga geisaði hér á landi.

Það sem skiptir líka veigamiklu máli þegar talað er um að styrkleika fjárlagagerðarinnar er að atvinna á Íslandi hefur aukist mjög mikið. Í upphafi kjörtímabils var atvinnuleysi liðlega 5% en nú er atvinnuleysi komið niður fyrir 3% þannig að þau fyrirheit Framsfl. um að auka störf um 12 þúsund fram til aldamóta — menn eru í raun og veru hættir að gera grín að því markmiði okkar vegna þess að það er alveg ljóst að við munum ná því markmiði og gott betur.

Atvinnuleysisvofan var fylgifiskur síðustu ríkisstjórnar. Fjárlög eru afgreidd nú í jafnvægi þrátt fyrir að miklar skattalækkanir hafi verið á síðasta ári sem nema um 5 milljörðum. Laun hafa hækkað í landinu og tryggingabætur hafa einnig hækkað.

Þegar við fjöllum um styrkleikann má líka þakka að bókhaldskerfi ríkisins er mun öflugra og öruggara en verið hefur en bókhald er einmitt það stjórntæki sem nýtt er í fyrirtækjum og þarf að nýta það sem best í ríkisfjármálum.

Við megum aldrei missa sjónar af því að beint samband er á milli velferðar og atvinnulífs. Á síðasta ári fundum við hve mikill fjörkippur kom í íslenskt hagkerfi um það leyti sem undirritaður var samningur um stækkun álvers. Hvort heldur sem mönnum þykir sú framkvæmd góð eða ill skynjum við mjög vel í samfélaginu hve miklu máli þessi undirritun skipti.

Ný atvinnutækifæri í vísindaheiminum eru að skapast og nú er orðin gríðarleg samkeppni um vel menntað fólk á milli landa og það skiptir mjög miklu máli að skapa samfélag á Íslandi þar sem það skapast störf fyrir vel menntað fólk, annars missum við það í burtu. Þetta á auðvitað líka við um samkeppnina milli þéttbýlis og dreifbýlis. Við þurfum að skapa samfélag fyrir vel menntað fólk úti á landsbyggðinni og það kemur einmitt fram í þessari fjárlagagerð og mun ég víkja að því síðar í ræðu minni.

Auðvitað eru líka ákveðnir veikleikar í fjárlagagerðinni eins og gerist og gengur þó svo ég leggi áherslu á það að styrkleikar þessara fjárlaga eru meiri en veikleikarnir. Veikleikarnir eru einkum þeir að það er neikvæður viðskiptajöfnuður og sparnaður á Íslandi er í lágmarki. Það er einlæg skoðun mín að við þurfum að kenna meðferð fjármála í grunnskólum og í framhaldsskólum landsins. Þessu er öðruvísi farið hjá nágrannaþjóðum okkar þar sem t.d. í Danmörku gera fjölskyldur mjög gjarnan fjárhagsáætlanir um það hvenær þær ætla að ferðast, hvenær þær ætla að kaupa nýja bíla o.s.frv. Á Íslandi gerum við þetta ekki, við eyðum um efni fram. Þess vegna er mjög brýnt að við kennum meðferð fjármála í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Sparnaður á Íslandi er of lítill þó svo að ríkisstjórnin hafi verið að gera ráðstafanir í þeim efnum sem er ekki ljóst í dag hvort skilar sér en vonandi tekst það.

Einn af veikleikum þessa fjárlagafrv. er hugsanlega sá að það verður of lítill tekjuafgangur og má segja að það séu sömu lögmál í ríkisfjármálum og gilda í rekstri heimila landsins.

Í fjárlagafrv. er hugað að ýmsum fortíðarmálum og reyndar framtíðarverkefnum. Landbrh. vinnur nú að samningum vegna uppgjörs á jarðabótastyrkjum samkvæmt jarðalögum en eins og þingheimur veit þá skuldar ríkissjóður bændum umtalsverðar fjárhæðir. Ekki hefur verið farið að lögum hvað jarðabótastyrki áhrærir og landbrh. er einmitt að vinna að samningum og uppgjöri og vonandi tekst það í þessari fjárlagagerð enda er það til vansa fyrir ríkissjóð að fara ekki að lögum og gera ekki upp þær skuldir sem þarna eru.

Landbrh. hefur tekið á mörgum stórum málum á kjörtímabilinu. Þar má nefna GATT-samkomulagið sem var í raun í strandi þegar ríkisstjórnin tók við völdum og GATT-samkomulag er í höfn og einnig er í höfn búvörusamningar um sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu.

Í fjárlagagerðinni er tekist á við ákveðin umhverfisverkefni sem skipta mjög miklu máli. Um langt skeið hafa fyrirhleðslumál verið í ólestri á Íslandi og við höfum í raun varið allt of litlum peningum til fyrirhleðslumála vegna þess að ár hafa verið að brjóta ræktað land. Við höfum lagt mikla áherslu á landgræðslu og skógrækt en við höfum gleymt því að í mörgum tilvikum eru árnar að brjóta land, ræktað dýrmætt land, og við erum að verja í þessari fjárlagagerð umtalsvert meiri peningum í fyrirhleðslumál enda höfum við í raun um langt árabil varið allt of litlum peningum í þennan málaflokk.

Fram undan er 10 ára áætlun um fyrirhleðslumál á Markarfljóti og í þessum fjárlögum er gert ráð fyrir að verja 15 millj. til fyrirhleðslumála við Markarfljót. Einnig verjum við 6 millj. í fyrirhleðslumál við Klifanda en Klifandi hefur verið að brjóta land við Pétursey, í raun og veru afar dýrmætt land,

en Mýrdalurinn er vagga lífrænnar ræktunar. Einnig er tekið á fleiri fyrirhleðslumálum í þessu fjárlagafrv.

Í fjárlagafrv. styrkjum við einnig fjölmörg landgræðslu- og skógræktarverkefni. Hér er um mjög spennandi framtíðarverkefni að ræða. Þar má nefna Suðurlandsskóga sem eru 40 ára verkefni, mjög metnaðarfullt. Aukið fjármagn er til Héraðsskóga, skjólskóga á Vestfjörðum og margt fleira mætti nefna. Skógrækt er að verða afar vinsæl grein á Íslandi og gaman er til þess að vita hve margir hafa áhuga á skógrækt og landgræðslu og það kemur vel fram í þessu fjárlagafrv.

Við erum líka að verja auknu fjármagni til ýmissa velferðarmála. Í 3. umr. munum við taka fyrir málefni fatlaðra. Við munum taka fyrir málefni sjúkrahúsanna. Við gerum ráð fyrir því að verja auknum peningum til Sjúkrahúss Suðurlands með tilliti til þess að þar verður væntanlega byggt hjúkrunarheimili í framtíðinni en það er auðvitað mjög brýnt verkefni fyrir Sunnlendinga að byggja hjúkrunarheimili við Sjúkrahús Suðurlands.

Herra forseti. Í þessari fjárlagagerð er líka hugað að framtíðinni. Við verjum auknu fjármagni til Háskóla Íslands og annarra háskóla á Íslandi. Gaman er til þess að vita hve langt Kennaraháskóli Íslands hefur náð í fjarnámi. Þar eru um 520 nemendur sem stunda fjarnám vítt og breitt um landið og reyndar víða um lönd. Það skiptir afar miklu máli fyrir landsbyggðarfólk að það geti stundað nám í gegnum fjarkennslu og þar er verulegum upphæðum varið einmitt til fjarnáms í þessum fjárlögum en fjarnám er byggðamál sem skiptir mjög miklu máli. Í fyrradag var ég á afar skemmtilegum fundi á Selfossi þar sem Sunnlendingar eru að byggja upp háskólasamfélag í gegnum fjarnám. Þar er mjög metnaðarfull áætlun og einmitt í fjárlögum þessum er ákveðið að verja fjármunum til þess að byggja upp fjarnám vítt og breitt um landið. Þetta mun hjálpa hinum dreifðu byggum.

Annað mál sem við höfum verið að taka á í fjárlagagerð bæði núna og á síðasta ári er jöfnun námskostnaðar. Kannski gera ekki allir sér grein fyrir því hve dýrt það er fyrir fólk að senda ungt fólk í framhaldsnám af landsbyggðinni í þéttbýlið eða í heimavistarskóla en í þessum fjárlögum munum við verja 25 millj. til viðbótar í þennan málaflokk og hugsanlega munum við taka enn betur á enda skiptir þetta verulegu máli fyrir hinar dreifðu byggðir.

Einnig eru fjárveitingar til ýmissa smáverkefna vítt og breitt um landið og þessi smáverkefni skipta hinar dreifðu byggir afar miklu máli. Í raun og veru eru þær fjárveitingar sem við erum að verja í þessi verkefni oft og tíðum ákveðinn aflvaki fyrir fólkið í hinum dreifðu byggðum þó ekki sé alltaf um mjög háar upphæðir að ræða. Þetta verður til þess að hægt verður að halda áfram verkefnum eða hrinda þeim í framkvæmd og það skiptir miklu máli.

Herra forseti. Þegar við lítum yfir fjárlagagerð ársins 1999 kemur í ljós eins og ég sagði í upphafi máls míns að styrkleikar þessa fjárlagafrv. eru mun fleiri en veikleikarnir og í 3. umr. munum við síðan fjalla um tekjuliði fjárlagafrv. Í stórum dráttum held ég að óhætt sé að segja að við getum verið stolt af þessum fjárlögum og ég endurtek þakkir mínar til þeirra sem sitja í nefndinni hvort heldur menn eru í minni hluta eða meiri hluta, sá samhugur sem ríkir þar skiptir okkur miklu máli.

[10:48]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ætla í fyrsta lagi að fara nokkrum almennum orðum um fjárlagafrv. og í öðru lagi að mæla fyrir nokkrum brtt. sem ég á aðild að.

Í fyrsta lagi varðandi fjárlagafrv. sjálft má segja að í forsendum þess kemur það mjög vel fram sem við höfum verið að skiptast á orðum um síðustu daga, að það eru miklir þenslutímar og mikill viðskiptahalli og ríkissjóður er að taka inn mjög verulegar tekjur á viðskiptahallanum. Ríkissjóður tekur inn skatta á sjúkdómseinkennum hagkerfisins. Út af fyrir sig hef ég ekki á reiðum höndum tölur um hversu miklar upphæðir það eru sem beinlínis má rekja til viðskiptahallans í tekjum ríkissjóðs en þær eru verulegar. Ég hygg að ekki sé fjarri lagi að giska á að á móti hverjum 10 milljörðum í viðskiptahalla sé ríkissjóður með 3–4 milljarða í tekjur sem hann mundi ekki hafa ef ekki væri um allan þennan viðskiptahalla að ræða. Það er með öðrum orðum þannig að ekki hefur verið tekið á innbyggðum vanda hagkerfisins og ljóst er að á samdráttartíma, sem gæti auðvitað átt sér stað, yrði aftur halli á ríkissjóði, það lítur þannig út. Það er leitt til þess að vita að á þeim gífurlegu veltiárum síðustu ár skuli okkur ekki hafa auðnast að taka þannig á útgjaldamálum ríkissjóðs að þau séu komin í þá stöðu að því megi treysta að hann fari ekki að safna skuldum um leið og illa árar á ný. Mér finnst að talsmenn meiri hlutans í þessari umræðu hafi í raun ekki gert sér grein fyrir þessu eða hafi ekki gert grein fyrir þessu vandamáli vegna þess að augljóst er að það vandamál er yfirvofandi, að þegar færi að þrengja að þyddi það halla á ríkissjóði á ný, skuldasöfnun á ný.

Í þriðja lagi þýðir það að velferðarkerfið er í hættu á nýjan leik. Auðvitað hefur tekist í hagvextinum að halda utan um velferðarkerfið miklu betur en ella hefði verið, það er augljóst mál og ljóst að þar hefðu menn þurft að ganga miklu harkalegar fram í samdrætti ef ekki hefði verið um þennan mikla hagvöxt að ræða. En hitt er ljóst að um leið og sverfur að á ný eru þessar velferðarstofnanir aftur í hættu og þá er ég að tala um sjúkrahúsin og þjónustu eins og Atvinnuleysistryggingasjóð sem hefur ekki styrkt stöðu sína þrátt fyrir þann gífurlega hagvöxt sem hér hefur verið um nokkurra ára skeið og þrátt fyrir minnkandi atvinnuleysi. Um þetta tala stjórnarflokkarnir ekki og mér finnst að staðan sé þannig að þeir ætli að fela þennan vanda fram yfir kosningar. Þeir ætla að tala um þennan vanda, viðurkenna þennan vanda 9. maí nk. en ekki fyrr. Þeir ætla að reyna að breiða yfir hann þangað til komið er fram yfir kosningar og þeir búnir að mynda stjórn á nýjan leik. Þeir ætla að fela vandann. Þetta kemur fram á fleiri sviðum.

Hv. síðasti ræðumaður flutti hefðbundna framsóknarræðu um að Framsfl. hefði lofað ég held 12 þúsund störfum fyrir síðustu kosningar og það væri allt honum að þakka að atvinnuleysi væri minna en þá var. Þau störf sem hefðu bæst við væru öll Framsfl. að þakka. Það er í raun mikill barnaskapur að setja hlutina svona upp og það sjá allir nema einn og einn talsmaður Framsfl. sem trúir því að þetta sé Framsfl. að þakka. Ég held þó að menn eins og hv. formaður fjárln. og fleiri mætir menn sem hér tala stundum fyrir Framsfl. átti sig alveg á því að hér er um að ræða ytri aðstæður sem Framsfl. hafði því miður ekkert með að gera. Hann var bara svo ljónheppinn að lofa þessu á réttum tíma. Framsfl. lofaði þessu á þeim tíma þegar samdráttarskeiðinu var að ljúka og þegar þau tíðindi fóru að gerast í kjölfarið að verðlag á fiski hækkaði mjög verulega. Verðlag á útfluttum sjávarafurðum hækkaði um 20% frá miðju ári 1997 fram á mitt ár 1998. Framsfl. hafði ekkert með það að gera að því er ég best

veit, ekki neitt. Hæstv. fjmrh. dregur þetta að vísu í efa hjá mér en ég hygg að svo sé og ég verð þó að segja að ég tek mikið mark á efasemdum hans vegna þess að hann er hagfræðimenntaður maður. Ég held þó að þrátt fyrir allan hans lærdóm í hagfræði sé málið þannig að þetta hafi ekkert haft með Framsfl. að gera.

Ég held líka að það hafi ekkert haft með Framsfl. að gera að verð á olíu er nú lægra en nokkru sinni fyrr í 20 ár. Ég veit ekki til þess að Framsfl. hafi nein sambönd í olíuframleiðsluríkjum sem hafi haft það í för með sér að olíuverðið er nú komið niður fyrir 10 dollara fatið ef ég sá rétt í einhverjum töflum núna á dögunum, reyndar 9 dollara og 90 sent. Slík tala hefur ekki síst síðan hygg ég 1977 eða jafnvel fyrr, 1973 líklega, fyrir fyrri olíukrepppuna. Hvorugt þetta hefur Framsfl. neitt með að gera en auðvitað er ástæða til að óska honum til hamingju með það að hann var svo ljónheppinn að gefa þetta ábyrgðarlausa kosningaloforð á réttum tíma. En hann gat ekki vitað að það væri víst að hann efndi það, það er alveg á hreinu.

Það hefur heldur ekkert með Framsfl. að gera að hægt var að undirrita samninga um stækkun álvers. Það voru aðrir sem réðu úrslitum um það. Það var almenn uppsveifla í heiminum. Það er heldur ekki Framsfl. að kenna ef ekki verður gengið frá samningum um stofnun álvers á Austurlandi. Nú stefnir allt í það. Í fréttum fyrir nokkrum dögum var verið að segja frá því að staðan væri þannig núna að Norsk Hydro væri að velta því fyrir sér að kaupa Norðurál vegna þess að það vita allir að Norðurál hefur átt við verulegan vanda að stríða. Ker hafa lokast þar langtímum saman og menn hafa verið að reyna að selja það fyrirtæki eða selja þann samning, verkefnissamning, 10 ára verkefnissamning sem var gerður um fjármögnun þess fyrirtækis þegar það er stofnað. Og Norsk Hydro er eitt af þeim fyrirtækjum sem hafa velt því fyrir sér að kaupa Norðurál, sem þýðir þá það að þeir fara ekki líka austur á land. Það er þannig. Það mundi samt ekki vera Framsfl. að kenna eins og það væri ekki honum að þakka þó að því yrði komið fyrir þar.

Ég held að nauðsynlegt sé fyrir okkur í þessum sal að gera okkur grein fyrir því hvað er okkur að þakka og hvað er okkur að kenna og hvernig hlutirnir eru þrátt fyrir allt þannig að við ráðum minna og minna um þá. Veruleikinn er sá.

Það eru í raun og veru niðurstöður efnahagskerfis heimsins sem eru að birtast okkur á hverjum einasta degi. Við ráðum auðvitað ýmsu. Við ráðum vissum stærðum í okkar ríkisbúskap en að því er varðar einstök atriði sem ráða úrslitum um þróun hagkerfisins, þar ráðum við hverfandi.

Mér finnst líka slæmt þegar menn eru að ræða um þessa hluti og þessa miklu uppsveiflu, þetta mikla góðæri sem hefur orðið, að menn skuli gleyma að ræða um hina hliðina á góðærinu. Menn ræða um viðskiptahallann. Það gerði hv. síðasti ræðumaður og hv. formaður fjárln. og fleiri góðir menn. En menn greina hann ekki í raun með þeim hætti sem rétt væri að gera og fara heldur ekki yfir það að á hagvextinum eru aðrar hliðar sem þarf að skoða. Ein hliðin er byggðaflóttinn. Byggðaflóttinn er ein hliðin á uppsveiflunni, er hin hliðin á uppsveiflunni. Þar með er ég ekki að segja að hlutirnir eigi að vera þannig að menn eigi að snúa sér gegn hagvexti eða því um líku, en ég held að menn eigi að gera sér grein fyrir því að ef við skoðum þróunina í byggðamálum á Íslandi 10–20 ár, þá kemur í ljós að þau ár sem uppsveifla er, sem hagvöxtur er, þá er langmestur tilflutningur á fólki innan lands. Ef við skoðum t.d. árin frá 1970 og núna fram undir aldamótin, þá er greinilegt að byggðaflóttinn í landinu er langmestur þegar hagvöxturinn er mestur. Af hverju er það? Það er vegna þess að þá er mest að sækja hingað á vaxtarsvæðin. Það er veruleikinn. Þetta sjáum við náttúrlega núna í algerlega óþekktum mæli. Byggðaflóttinn á Íslandi í dag er meiri en hann hefur nokkru sinni verið og menn eru núna að telja það í árum, ekki áratugum heldur árum hversu langan tíma það tekur að tæma Vestfirðina, að tæma Austfirðina. Það er þetta sem menn eru að velta fyrir sér um þessar mundir. Byggðavandinn er hinn alvarlegi veruleiki íslenskra efnahags- og atvinnumála á þessu ári. Þessar hliðar á hagvextinum, á góðærinu, á uppsveiflunni eru auðvitað þess eðlis að við eigum að ræða um þær algerlega opið. Viðskiptahallinn er sjúkdómseinkenni og byggðaflóttinn er á sama hátt alvarlegt sjúkdómseinkenni. Byggðaflóttinn er ekki t.d. Reykjavík að kenna eins og menn setja hlutina stundum upp, það er ekki þannig. Reykjavík hefur út af fyrir sig aðdráttarafl eins og eðlilegt er með jafnfjölmennan höfuðstað sem hlutfall af þjóðinni, en veruleikinn er engu að síður sá að það er hin almenna þróun efnahagsmála sem ræður hér úrslitum. (Gripið fram í.) — Það eru tvö andsvör þarna í salnum, þetta gengur vel. Tveir framsóknarmenn hafa tekið við sér og einn ráðherra. Á ég að aðstoða forseta við þetta? Þetta er orðið svo mikið verk.

Veruleikinn er því sá að á árinu 1998 horfum við á það gerast að byggðaflóttinn er gríðarlegur. Hann er alvarlegt vandamál sem verður að fara í og um það eru allir sammála að það verði að gera. En menn eru kannski ekki jafnsammála um það hvað á að gera, en ég er þeirrar skoðunar að taka verði á því máli með mjög róttækum og samstilltum hætti og þar eigi stjórn og stjórnarandstaða að snúa bökum saman. Þess vegna tel ég að sú byggðanefnd sem hæstv. forsrh. skipaði fyrir nokkru skipti mjög miklu máli. Ef vel verður á hlutum haldið þar og við afgreiðslu Alþingis á till. til þál. um áætlun í byggðamálum, þá tel ég að það geti skipt mjög miklu máli til þess að þjóðin fái trú á að eitthvað eigi að gera til að sporna við þeirri uggvænlegu þróun sem er að ganga yfir á landsbyggðinni.

Veruleikinn er líka sá að þetta er dýrt fyrir þjóðarbúið í heild. Flóttinn af landsbyggðinni þýðir oft að það er verið að yfirgefa infrastrúktúr, félagslega þjónustu, þjónustustofnanir og fleira sem búið er að byggja upp þar og í staðinn verður að byggja upp annað í þéttbýlinu. Það er dálítið merkilegt að ekki hefur verið reiknað almennilega út hvað það þýðir í fjármunum fyrir þjóðfélagið að fólk flytjist til á þann hátt sem hér er um að ræða. Hæstv. forsrh. giskaði á það í andsvari fyrir nokkrum vikum að kostnaðurinn við það að flytjast til og koma sér fyrir á ný í þéttbýli væri 3–5 millj. kr. á mann í gjaldfærðum stofnkostnaði, ekki í rekstrarkostnaði, bara í raun stofnkostnaði. Ef byggðaflóttinn er 2.000 manns á ári þá eru þetta 6–10 milljarðar á ári sem við erum að tala um í tap fyrir þjóðina frá því sem ella væri. Þess vegna held ég að við eigum að sameinast um þetta mál, bæði í þéttbýli og dreifbýli því að þetta er hagsmunamál þjóðarinnar allrar. Ég er ekki að leggja það til að við neitum að horfast í augu við það að eðlileg þróun fái að ganga yfir heldur að við látum hlutina gerast þannig að það gerist ekki í stórum stökkum sem hafa í för með sér tjón og erfiðleika fyrir alla, bæði fjölskyldurnar og fjárhag þjóðarinnar.

Með öðrum orðum er það sem ég er að segja hér, herra forseti, að menn ofmeta annars vegar kraftaverkagetu Framsfl. í því að fjölga störfum í landinu. Menn ofmeta hana. Hins

vegar finnst mér að menn geri of lítið af því að tala um hina hliðina á vandanum, þ.e. þensluna annars vegar og byggðaflóttann hins vegar.

Um byggðamálin ætla ég bara að rifja það upp, sem ég hygg að hv. varaformaður fjárln. og líklega formaður líka nefndu í sínum ræðum, að að þeim málum verður væntanlega komið við 3. umr. Það verður að vera þannig og vonandi auðnast okkur að gera það verulega myndarlega svo að fólk sem býr á landsbyggðinni öðlist trú á það sem gert verður og að menn finni að stjórnvöld meina eitthvað með því sem þau eru að segja í þeim efnum, að þetta séu ekki almenn innihaldslítil loforð eða ávísanir á erlend stórfyrirtæki um að þau reisi verksmiðjur til þess að bjarga hlutunum við. Ég held að það gerist heldur ekki þannig.

Í öðru lagi ætla ég koma að þeim brtt. sem ég er með í nokkrum orðum, en aðeins áður en ég yfirgef þetta almenna þá ætla ég að segja — það getur verið að það sé rangt hjá mér — að mér sýnist það vera þannig að áhrifin af veltusköttum á næsta ári á tekjur ríkissjóðs — tekjuáætlun liggur, held ég, ekki fyrir í einstökum atriðum, a.m.k. hefur hún ekki komið til efh.- og viðskn. — en ég mundi telja ónákvæmt að gera ráð fyrir mikið minni aukningu í einkaneyslu á næsta ári en á þessu ári nema menn stígi núna á bremsurnar. Ef menn ætla sér að stíga á bremsurnar eftir kosningar þá verður svipað mikil aukning á einkaneyslu á næsta ári og er á þessu ári og það þýðir að veltutekjur ríkissjóðs verða ekkert minni á næsta ári en á þessu ári. Ég held því að við eigum að horfast í augu við þá hluti eins og þeir eru. En við eigum þá að nota þær tekjur til að bæta okkar ríkisbúskap þar sem það er nauðsynlegt, eins og t.d. í spítölunum þar sem menn hafa þegar stofnað til stórkostlegra útgjalda. Það er of seint núna að stíga á útgjaldabremsurnar þar fyrir árið 1999 því að stofnað hefur verið til þeirra. Það væri kannski hægt að stíga núna á útgjaldabremsurnar fyrir árið 2000 eða 2001.

Gallinn við umræðuna um heilbrigðismál hefur í mörg undanfarin ár að mínu mati verið sá að menn hafa haft of stuttan tíma undir. Menn hefðu þurft að hafa mörg ár undir, ekki eitt ár heldur þrjú eða fjögur ár. Það þekkja allir sem komið hafa að yfirstjórn heilbrigðismála að vandi þeirra felst ekki síst í því að fólk hefur ekki fengist til þess og ekki Alþingi að horfa á hlutina í löngu samhengi. Þannig ætti það að vera með ríkisbúskapinn allan að við værum með þriggja, fjögurra ára rammafjárlög sem menn gætu skoðað með hliðsjón af breytingum en ákvarðanir um heildarrammana lægju fyrir með margra ára fyrirvara. Líklegasta leiðin til að geta sparað hjá ríkissjóði er að ákvarðanir séu teknar með löngum fyrirvara í góðri sátt við þá sem starfa hjá ríkinu. Ég tel að það eigi að halda þannig á málum. Ég tel að það eigi að spara hjá ríkissjóði. Þetta eru ekki peningarnir okkar heldur peningar fólksins í landinu, peningar skattgreiðenda, sem við erum að fara með og við eigum að fara vel með þá og vanda okkur við það. Það er veruleikinn sem við höfum alltaf lagt áherslu á og sérstaklega við alþýðubandalagsmenn sem höfum verið með mjög ákveðnar kröfur í sambandi við jafnvægi í ríkisfjármálum, fyrst og fremst vegna þess að við teljum að traustur ríkissjóður sé ein meginundirstaðan undir velferðarkerfinu. Þess vegna tel ég að ábyrgðarleysi eins og menn sýndu t.d. árið 1987 í ríkisfjármálum — við erum ekki enn þá búnir að leysa þann vanda — ábyrgðarleysi eins og menn sýndu þá hefur verið að koma velferðarkerfinu í koll á undanförnum árum.

Herra forseti. Þetta vildi ég leggja áherslu á varðandi hin almennu atriði. Ég vil síðan geta um það að í tillöguflutningi okkar minni hlutans í þinginu gerum við ráð fyrir því að flytja tekjutillögur við 3. umr. fjárlaga á móti þeim útgjöldum sem hugsanlega mundu verða samþykkt í okkar brtt. Við gerum okkur að vísu ekki miklar vonir um að mikið af því verði samþykkt en ég lýsi því yfir fyrir okkar hönd að við munum, yrðu þær samþykktar, gera tillögur um tekjur þar á móti. Um er að ræða lítils háttar tilfærslur í ríkissjóði, afar litlar tilfærslur miðað við það að hér er um að ræða ríkissjóð þar sem eru vel á annað hundrað milljarðar kr. Hér er um að ræða afar litlar og hógværar tillögur af okkar hálfu um leiðréttingar og lagfæringar á ríkissjóði því að við erum mjög ósátt við það hvernig þar er á hlutunum haldið innbyrðis í mörgum efnum.

Ég ætla í fyrsta lagi að nefna litla tillögu á þskj. 448 sem ég flyt þar sem gert er ráð fyrir því annars vegar að varið verði heilum 2 millj. kr. til Æskulýðssambands Íslands. Það hefur fengið lítið í seinni tíð. Það fékk þessar upphæðir fyrir nokkrum árum en hefur dottið út. Það getur vel verið að meiri hlutinn hafi hugsað sér eða fjárln. að skoða þetta mál milli 2. og 3. umr. og þá hefur það sinn gang. En ég vildi minna á þetta. Hér er um að ræða heildarsamtök íslensks æskufólks og þau hafa tilteknu hlutverki að gegna í alþjóðlegum samskiptum. Þau koma fram fyrir hönd íslensks æskufólks gagnvart umheiminum, taka m.a. þátt í alþjóðasamstarfi ungs fólks, í Evrópusamstarfi ungs fólks og í Norðurlandaráðssamstarfi ungs fólks. Ég tel að við þurfum að tryggja það með þessari litlu tölu að þau geti eitthvað sinnt þessum málum á sínum vegum.

Í öðru lagi flyt ég litla tillögu um 5 millj. kr. framlag til Landssambands eldri borgara. Verið getur að það sé líka ætlun hv. fjárln. að taka eitthvað á því frekar. Ég veit það ekki. En ég vildi minna á málið. Ástæðan er m.a. sú að nú er ár aldraðra. Þessi samtök hafa miklu hlutverki að gegna. Ég veit ekki betur en að forustumenn þeirra sitji núna í nefnd um ár aldraðra á vegum hæstv. heilbrrh. Tækifærið hefur ekki verið notað til þess að efla öldruðum kjark og þrótt sem skyldi á þessu ári, ári aldraðra, hér á landi, því miður. Ég tel að þessi samtök skipti mjög miklu máli og það eigi að sýna þeim myndarskap, sem að vísu er ekki gert með þessari tillögu jafnvel þó að hún yrði samþykkt því að hún er upp á litlar 5 millj. kr.

Eitt af þeim grundvallaratriðum sem við höfum fjallað um á undanförnum árum, um 10–20 ár skeið, í þessari stofnun er hvernig eigi að fjármagna velferðarkerfið. Á að gera það með beinum sköttum, á að gera það með óbeinum sköttum eða á að gera það með gjöldum á þá sem nota þjónustuna? Samstaða er um það meðal þeirra flokka sem hafa rætt um sameiginlegt framboð á næsta ári að það eigi að vera sem allra mest þannig að þjónustan sé kostuð af beinum og óbeinum sköttum en ekki af gjöldum á þá sem þurfa á henni að halda. Af þeim ástæðum flytjum við tillögur á þskj. 455 og 456 um að svokallað komugjald á heilsugæslustöðvar verði fellt niður og skólagjöld í framhaldsskólum verði felld niður líka að svo miklu leyti sem þau eru notuð í rekstur. Við erum ekki að tala um að öll skólagjöld falli niður, þ.e. innritunargjöld og þess háttar, efnisgjöld einhver. Við erum að tala um að skólagjöld eigi ekki að nota í rekstur skólanna. Í þessari tillögu erum við líka að tala um það sem kallað er fallskattur. Það er einhver ósanngjarnasti skattur sem nokkurn tíma hefur verið lagður á hér. Hann er að vísu ekki að skila mjög miklum tekjum. Mér skilst að það séu eitthvað 15 millj. eða

svo á ári. Við leggjum til að sú skattheimta verði felld niður. Þetta kemur fram á tillögum sem ég er 1. flutningsmaður að á þskj. 455 og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er 1. flutningsmaður að á þskj. 456.

Þá vil ég að allra síðustu, herra forseti, víkja að því að í framsögu hv. formanns fjárln. kom hann aðeins að safnamálum. Eitt af því sem hefur verið, liggur mér við að segja, fórnarlamb hinnar stífu verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga er uppbygging safnanna. Ég held að menn hafi gengð allt of langt í því þegar breytingin var ákveðin á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að ætla sveitarfélögunum stundum að ráða við verkefni sem þau ráða mjög illa við. Eitt af því eru söfnin. Ég er að tala um byggðasöfnin. Ég er að tala um önnur söfn út um allt land sem hafa gífurlega þýðingu líka og vaxandi þýðingu, bæði sem menningarstofnanir fyrir unga fólkið og þá sem búa í byggðarlögunum, en þó ekki síst fyrir ferðamennina, innlenda sem erlenda. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. formanni fjárln. í þeim efnum og sömuleiðis hjá hv. varaformanni fjárln. sem ég heyrði aðeins fjalla um þessi mál í gærkvöldi.

Ég vil hins vegar með hliðsjón af þeirri umræðu sem kom fram í ræðum þeirra beggja velta því upp að það þarf að taka á þeim málum á nýjan hátt. Það er spurning hvort ekki þarf að setja um það einhverjar heildarreglur eða heildarlög til þess að ekki sé verið að ívilna sumum en ekki öðrum. Vandinn er sá í þessu efni að þeir sem eru harðastir af sér fá, en hinir ekki. Þetta þarf að lúta einhverjum tilteknum, almennum og faglegum sjónarmiðum og ég er sannfærður um að það er best fyrir alla aðila, sérstaklega viðkomandi ráðuneyti, að geta haft skýra farvegi af því tagi. Þar sem hæstv. menntmrh. er viðstaddur þessa umræðu vil ég aðeins víkja að þessu máli líka og spyrja hann að því hvort hann sé með einhverjar slíkar hugmyndir uppi um að setja safnamálin í almennan farveg. Þá er ég að tala um byggðasafnamálin alveg sérstaklega. Ég tel að það eigi að gera og mér fyndist það vera skynsamlegt að reyna að halda þannig á þeim málum.

Margt í brtt. meiri hluta fjárln. er hið besta mál sem ég tel ástæðu til að þakka fyrir. Þó er kannski sérstaklega eitt sem mér þykir vænna um en annað, þ.e. liður sem heitir Eiríksstaðanefnd og gengur út á það að byggja upp á Eiríksstöðum í Haukadal, bæ Eiríks rauða sem verður vonandi hægt að sýna og taka í gagnið á árinu 2000 um svipað leyti og byggingar honum tengdar og konu hans verða teknar í notkun í Brattahlíð á Grænlandi. Ég tel mjög mikilvægt fyrir menningarsögu okkar á árinu 2000 að þessi bær verði byggður upp á Eiríksstöðum í Haukadal og ég tel fulla ástæðu til þess að þakka fyrir það og óska Alþingi til hamingju með að taka ákvörðun um það, þ.e. ef tillagan verður samþykkt, sem ég vona. Að minnsta kosti lofa ég mínu atkvæði til að samþykkja hana.

[11:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að segja örfá orð vegna hinna almennu hugleiðinga þingmannsins um forsendur fjárlagafrv. og efnahagshorfur. Mér þótti vænt um að heyra að nokkur stefnubreyting hefði orðið hjá þingmanninum upp á síðkastið hvað opinber útgjöld og ríkissjóð varðar. Mér heyrist að við séum sammála um ýmsa höfuðdrætti í þeim efnum og um nauðsyn þess að reka ríkissjóð hallalaust og af fyllstu ábyrgð. Ég vænti stuðnings hans í þeim efnum.

Ég tek undir það með honum að í góðærinu eigi að búa í haginn fyrir það sem á eftir kann að koma. Það er nú gert í stórum stíl, t.d. með því að borga niður skuldir ríkissjóðs og létta þannig vaxtabyrði framtíðarinnar sem er geigvænleg. Á fyrri árum höfum við allir tekið þátt í að taka lán og auka á skulda- og vaxtabyrði ríkissjóðs. Ég fagna því að vera kominn með liðsmann í þessu efni. (Forseti hringir.) Ég hef víst ekki tíma til þess að fara út í fleiri atriði og vil undirstrika ánægju mína með þau sinnaskipti sem orðið hafa hjá hv. þm. og fyrrv. menntmrh.

[11:17]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir en þetta þakkarávarp er nokkuð seint fram komið. Viðhorf mín hafa ekki breyst um margra ára skeið og eru t.d. skráð rækilega niður í bók mína Sjónarrönd sem kom út fyrir þremur árum. Þar sagði ég að það ætti að vera algert forgangsatriði að borga niður skuldir ríkisins og þjóðarinnar. Það er úrslitamál. Í ríkisfjármálum finnst mér tvennt mikilvægast: Annars vegar að borga niður skuldir og halda þeim niðri og hins vegar að tryggja velferðarkerfið. Þetta eru atriði sem skipta jafnmiklu máli og á að leggja jafnmikla áherslu á vegna þess að ekkert velferðarkerfi verður til ef menn keyra ríkissjóð á hausinn.

[11:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er einmitt lykilatriðið. Það er ekki hægt að eyða peningum sem ekki eru til. Forsenda alls velferðarkerfis hér, hvort sem það er á sviði heilbrigðismála, félagsmála eða í menntamálum, er að hin efnahagslega undirstaða sé rétt til fundin.

Ég tel hins vegar hafa orðið mikil sinnaskipti hjá hv. þm. Það má vera að þau hafi orðið fyrir þremur árum þegar hann pældi í að skrifa ágæta bók sína um þessi málefni. Þá hefur hann komist að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að hafa efnahagsmálin í lagi áður en hægt væri að gera aðra hluti.

Að því er varðar það sem hann sagði í ræðu sinni um tekjuspána fyrir næsta ár og hinar alþjóðlegu efnahagshorfur og viðskiptahallann, þá munum við að sjálfsögðu gera betur grein fyrir því fyrir 3. umr. Myndin er smám saman að skýrast í því efni. Ég geri mér vonir um að viðskiptahallinn, sem gert er ráð fyrir bæði á þessu ári og því næsta, verði eilítið minni en áður var gert ráð fyrir. Við vitum að vísu ekki um það en auðvitað gerum við allt sem hægt er til að draga úr honum. Hann er vissulega vandamál eins og ég hef margsagt.

[11:19]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Jafnvægi í ríkisfjármálum hefur alltaf verið eitt meginstefnumið Alþb. Ég minni á að næsti fjmrh. á undan núverandi fjmrh. og forvera hans, sem skilaði afgangi á ríkissjóði, heitir Ragnar Arnalds og gegnir nú farsælum störfum í Alþingi sem varaforseti þingsins. (**Fjmrh.:** Man þingmaðurinn hver viðskiptahallinn var hjá honum?) Ætli hann hafði ekki verið minni en hjá núv. fjmrh., ég hygg að það sé þannig.

[11:19]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson var svolítið önugur í ræðu sinni. Þetta voru í raun hefðbundnir útúrsnúningar formanns þingflokks Alþb. þegar hann skaut á okkur framsóknarmenn og kannski ekki að ástæðulausu. Ef Alþb. væri á hlutbréfamarkaði hefði gengi hlutabréfa í bandalaginu fallið úr 9 í 5 og kannski eðlilegt að þingmaðurinn sé eilítið önugur.

Hann sneri eilítið út úr orðum mínum um styrkleika og veikleika í fjárlögum. Hann talaði um að kenna um og þakka. Ég er klár á því að ef hið háleita markmið okkar framsóknarmanna um 12 þúsund störfin hefði mistekist, þá hefði hv. þm. kennt okkur um. Við getum því verið stolt af því að hafa náð þessum markmiðum okkar og ég ber engan kinnroða vegna þess. Einn af styrkleikum okkar og ríkisstjórnarinnar er að hafa bægt frá atvinnuleysisvofunni. Ég er auðvitað stoltur af því.

[11:20]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikil er trú þín, kona. — Ég hef lokið máli mínu.

[11:21]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var stutt og laggóð ræða hjá þingmanninum, kannski ein sú allra besta sem hann hefur flutt í langan tíma. Það má ekki gleyma því sem ég sagði, hv. þm. var að snúa út úr ræðu minni, það má aldrei gleyma því að beint samband er á milli velferðar og atvinnulífs og því engin ástæða til að gera lítið úr þeim árangri sem ríkisstjórnin hefur náð. Við eigum að gleðjast yfir því þegar vel gengur í stað þess að vera önug og reyna að gera lítið úr þeim góðu málum sem við höfum náð fram. Ég er stoltur af því að trú mín skuli vera jafnmikil og hv. þm. benti á.

[11:21]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel auðvitað fulla ástæðu til að þakka ríkisstjórninni fyrir að hafa ekki eyðilagt þessi ytri skilyrði. Þau hafa skilað sér að talsverðu leyti. Hv. þm. má gjarnan vera stoltur af því að hér hefur verið verulegur viðskiptakjarabati, t.d. í olíuverði og fiski. Þingmaðurinn má gjarnan vera stoltur af því en getur ekki þakkað sér og Framsfl. Þannig er það ekki. (**ÍGP:** Honum yrði kennt um það ef verr gengi.) Þá þekkir þingmaðurinn ekki nógu vel þann sem hér stendur.

[11:22]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. kom að byggðamálum í ræðu sinni. Greining hans á byggðamálum og tilflutningi fólks var að mörgu leyti rétt. Á uppgangstímum hefur fólki fjölgað í Reykjavík. Þau þáttaskil eru í þessari umræðu núna að rætt er um að sú útþensla sem verið hefur sé ekki æskileg fyrir borgina. Ríkisstjórnin hefur haft málið á sínu borði og unnið að því að snúa þróuninni við með afgerandi hætti.

Sannfæring mín er sú að stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu á þessu kjörtímabili hafi dregið að fjölda fólks. Sú stefna hefur verið mörkuð að stórframkvæmdir verði utan höfuðborgarsvæðisins ef áfram heldur í þeim anda. (Forseti hringir.) Ég tel það mikilvægt en tíma mínum er lokið í bili.

[11:23]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir þetta andsvar. Við erum alveg sammála um það en vandinn verður hins vegar að skapa samstöðu um leið sem verði til þess að fólk á landsbyggðinni festi trú á að eitthvað eigi að gerast. Það þurfa að vera viðtækar aðgerðir og ekki allar á okkar færi í sjálfu sér. Þá er ég t.d. líka að hugsa um fiskveiðistefnuna. Hún skiptir ansi miklu máli. Ég geri ráð fyrir að stefnan í málefnum smærri fiskibáta skipti miklu máli í þessu sambandi. Allt skiptir máli og því finnst mér það góð hugmynd að alltaf verði reynt að meta aðgerðir fyrir fram, hverjar svo sem þær eru, út frá byggðaforsendum.

Mikilvægt er að Reykjavíkurborg hefur loks sett í gang athugun á því hvað þessi uppbygging sem verður að eiga sér stað vegna byggðakvótans kostar. Þannig verður fólk að horfast í augu við vandann. Þó verja þurfi nokkrum fjármunum úr ríkissjóði í byggðaaðgerðir þá eru það fjármunir sem borga sig fyrir þjóðarbúið í heild. Forsenda þess er að við setjum peningana í verkefni á réttum stöðum þannig að þeir skili árangri.

[11:25]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í raun ber ekki mikið á milli okkar hv. 8. þm. Reykv. í þessu efni. Ég vil aðeins undirstrika það sem ég kom að áðan, um stórframkvæmdirnar, haldi þær áfram, verði ekki hvikað frá því að færa þær út á land. Á Austurlandi erum við í mjög krappri umræðu varðandi stóriðju þar og uppbyggingu hennar. Því er haldið fram að boðið sé upp á stóriðju eða ekkert. Þetta er mikil firra. Það er langt í frá að menn t.d. á Austurlandi eigi að gefast upp á öðrum atvinnugreinum og horfa á stóriðju. Ég vil leiðrétta þetta. Hins vegar finnst mér nauðsynlegt að ef stórfyrirtæki verða reist á sviði orkufreks iðnaðar, þá rísi þau ekki á höfuðborgarsvæðinu heldur efli atvinnulífið á landsbyggðinni og styrki þar byggðakjarna.

Ég vildi koma þessu að við þessa umræðu.

[11:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í upphafi vil ég andmæla því sem kom fram í máli hv. ræðumanns, Svavars Gestssonar, að verið væri að innheimta önnur gjöld í framhaldsskólanum en þau sem lytu að skrásetningu og efniskostnaði. Um annars konar gjaldheimtu er ekki að ræða lögum samkvæmt á nemendur sem stunda nám í framhaldsskólum. Endurinnritunargjaldið er fyrir þá sem ekki standast próf.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um safnamálin þá get ég tekin undir með honum og formanni fjárln. Raunar átti ég viðræður um þessi mál við formann og varaformann fjárln. Ljóst er að setja ber almenn lög um safnastarfsemi í landinu til að marka verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þann ramma sem nauðsynlegur svo menn geti tekið heildstætt á þessum málum.

Ég tel einnig að í slíkri löggjöf ætti að taka af skarið um að skilja á milli þjóðminjaráðs og Þjóðminjasafns. Ég tel að þar verði að skilja á milli, einnig svo skýrt verði hver staða Þjóðminjasafnsins er gagnvart almennri safnastarfsemi í landinu.

[11:28]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég þakka yfir þessar yfirlýsingar um söfnin. Það er mikilvægt að fá þær og ég mun ganga eftir því frekar á öðrum vettvangi.

Varðandi innritunargjöldin og skólagjöldin er það svo að í framhaldsskólunum nema þau, ef ég man rétt, 233 millj. kr. Þar af er fallskatturinn um 12–15 millj. Síðan eru svokölluð innritunargjöld og önnur skólagjöld sem bersýnilega ganga til almenns rekstrarkostnaðar skólanna. Það er ekki nokkur leið að mæla á móti því. Þar eru upphæðirnar einhvers staðar í kringum 150 millj. kr. Þess vegna leggjum við til að þau verði felld niður svo rekstur skólanna sé ekki fjármagnaður með gjöldum á nemendur.

[11:28]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt framhaldsskólalögunum eru skýrar heimildir til innheimtu á gjöldum til framhaldsskólans og eftir þeim lögum er farið. Þær umræður fóru fram þegar þau lög voru sett hér á Alþingi. Ljóst er að þar er ekki um þau gjöld að ræða sem hv. þm. nefndi.

Fyrst ég er í ræðustól, herra forseti, vil ég geta þess að í gær voru umræður hér um styrkveitingu til félagsskapar sem kallaður er „Menning um landið". Hjá mér kom upp misskilningur í andsvari mínu vegna skorts á upplýsingum. Ég vil taka það fram að þeir sem starfa undir heitinu „Menning um landið" er félag áhugafólks um menningu á Vopnafirði. Það fólk hefur staðið að öflugu menningarstarfi víðs vegar um land og sérstaklega á Vopnafirði. Þar með tel ég mig hafa svarað því sem fram kom í gær varðandi þennan lið á fjárlögunum.

[11:30]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég býst við að það sé rétt, herra forseti, að skólagjöld séu núna innheimt samkvæmt gildandi framhaldsskólalögum en við vorum ósátt við þær breytingar sem voru gerðar á lögunum. Það er á grundvelli þeirrar afstöðu sem sú tillaga er flutt af þremur þingmönnum stjórnarandstöðunnar varðandi skólagjöld og verður gerð grein fyrir henni síðar í umræðunum.

[11:30]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Athyglisverð orðaskipti áttu sér stað í kjölfar ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar. Þau voru líka upplýsandi. Mikilvægt er að það sé alveg ljóst að um leið og stjórnarandstaðan gagnrýnir ríkisstjórnina þar sem um ólíkar stefnur er að ræða og þar sem stjórnarandstaðan leggur áherslu á hin ýmsu velferðarmál sem ríkisstjórnin hefur ekki varið, þá er eitt sem hefur komið vel fram í umræðunni af talsmönnum okkar í stjórnarandstöðu og það er að við leggjum áherslu á stöðugleika í efnahagsmálum. Við skulum hafa þetta alveg á hreinu.

Herra forseti. Ríkisstjórnin er í vanda og forsrh. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson er að upplifa áður óþekkta pólitíska tilveru. Hann er í vondum málum innan flokks og utan. Almenningsálitið er að bregðast við því óréttlæti sem fylgt hefur stjórnunarstíl ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar síðustu missiri. Ríkisstjórnin hefur nefnilega opinberað hagsmunahyggju sína fyrir útvalda á kjörtímabilinu. Okkur kemur ekkert á óvart að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er sérhagsmunastjórn en núna er það að verða lýðum ljóst.

Ríkisstjórnin notaði fyrstu þrjú árin til að setja „óþægilegu lögin", lög sem settu hag launafólks skorður, lög sem tryggðu sérhagsmunahópunum góða daga, lög sem verja peningaöflin og velmegun útvalinna. Hún hefur ögrað launafólki, t.d. með lögum um stéttarfélög og reynt að rýra verkfallsrétt. Hún aftengdi viðmiðun greiðslna Tryggingastofnunar ríkisins við laun og hún lagði niður félagslega húsnæðiskerfið með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Ríkisstjórnin ætlaði greinilega, herra forseti, að ljúka verri verkunum á fyrstu þremur árum kjörtímabilsins og eiga síðan ljúft lokaár á Alþingi í aðdraganda kosninga. Meira að segja átti að ljúka með hraði lagasetningu um gagnagrunninn í vor. Öllu átti að ljúka sem var óþægilegt og þar átti að treysta á skammtímaminni kjósenda. Ríkisstjórnin setti fram sólskinsfjárlög sín en þau reyndust varpa löngum skuggum.

En stóru verkin ríkisstjórnarinnar blasa við og eru að verða öllum ljós. Lækkun skatts af arði úr 42–43% í 10% um leið og lagður var skattur á takmarkað sparifé allra, láglaunafólks, aldraðra, barna, allra. Ríkisstjórnin hefur ekki bitið úr nálinni með að böðla lagasetningu um miðhálendið í gegnum þingið vegna þess að þá voru kveiktir þeir eldar sem brenna nú með þjóðinni og koma mjög í ljós í viðhorfi fólks til virkjanaáforma og stóriðju. Almenningur er að bregðast mjög harkalega við og það sýndi mjög vel magnþrunginn og tilfinningahlaðinn fundur í Háskólabíói fyrir skömmu. Ég hef ekki oft upplifað slíka fundi hin síðari ár en það vafðist ekki fyrir neinum sem þar var að þarna var að gerast eitthvað mjög stórt sem engin pólitísk öfl munu ráða við eða geta spornað gegn. Það er ríkisstjórnin í vinnubrögðum sínum sem hefur kveikt þessa elda.

Enda þótt heilbrigðiskerfið sé í uppnámi vegna málsins er einkaaðila færður í hendur gagnabanki með heilsufarsupplýsingum allra Íslendinga, e.t.v. allra Íslendinga sem lifað hafa á öldinni, og dótturfyrirtæki fært einkaleyfi til rannsókna á hitakærum örverum. Í ljós kemur að ríkisstjórnin er að verða óttaslegin. Hún er t.d. á flótta í því máli eins kom og berlega fram á fundinum sem haldinn var í heilbr.- og trn. í gær þegar því var hafnað að kallaðir væru til einstaklingar og fulltrúar hópa sem höfðu beðið um að fá að skýra mál sitt. Þetta er alveg nýtt í sögu og vinnulagi á Alþingi. Þeir sem hafa starfað til langs tíma, ég tala ekki um þá sem hafa stýrt nefndum, vita að þetta eru ekki bara ný og vond vinnubrögð. Þetta voru fádæma klaufaleg vinnubrögð vegna þess sem á eftir kemur.

Herra forseti. Þetta hefur verið að gerast og þess vegna eru mál að snúast á einhvern óþægilegan veg fyrir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Og ofan í allt þetta kom hæstaréttardómurinn. Ríkisstjórnin fær á sig hæstaréttardóm fyrir að úthluta auðlindinni í hafinu til fárra útvalinna, ekki síst núna á góðæristímanum, og bítur svo hausinn af skömminni með því að koma með frv. sem setur allt í uppnám. Vottarnir um klúðrið eru ekki fulltrúar stjórnarandstöðunnar. Þeir hafa komið og bent á hvað er að gerast. Vottarnir koma úr röðum ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Vestfjarðagúrú flokksins, sjálfur Einar Oddur Kristjánsson, hv. þm., og hv. þm. Einar Guðfinnsson eru báðir með heitstrengingar og segja að verði frv. að lögum muni það rústa byggðir landsins. Herra forseti. Það er ekki stjórnarandstaðan sem er að tala. Stjórnarandstaðan hefur bent á hversu alvarlegur hæstaréttardómurinn er og gerði það í mjög málefnalegri utandagskrárumræðu strax daginn eftir að hann birtist landsmönnum. Það eru fulltrúar ríkisstjórnarinnar sjálfrar sem koma nú fram og segja: Ef þetta frv. verður að lögum mun það rústa byggðir landsins.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er í vondum málum og það blasir áþreifanlega við þjóðinni. Hennar eigin liðsmenn eru farnir að hrópa upp um að þetta sé ríkisstjórn sérhagsmuna og hún mun núna standa frammi fyrir kröfu landsmanna um breytta stefnu. Þetta er það sem blasir við. Þetta er það sem blasir við í umræðunni um fjárlög í aðdraganda jóla, á miðri aðventu. Þetta er það sem mun verða tekist á um í kosningunum í vor, þ.e. fyrir hvern eru flokkarnir að vinna? Eru þeir að vinna að almannaheill eða hefur það sýnt sig að þeir séu flokkar sérhagsmunanna og eru ekki bara með einkunn þar um úr röðum andstæðinganna heldur sínum eigin? Þetta er vandi ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og þetta er hin nýja áður óþekkta tilvera forsrh. sem hlýtur að valda honum nokkrum ugg um þessar mundir.

Herra forseti. Ég ætla að taka undir það sem kom fram í ræðu og víkja hér með að fjárlagafrv. sjálfu og boðskap þess að næg atvinna fyrir alla er mesta velferðarmál í öllum löndum. Það er afar einfalt. Það verður að vera næg atvinna fyrir alla og möguleikar fólks að afla sér reynslu á vinnumarkaði, afla sér menntunar til að verða liðtækur á vinnumarkaði sem er miklum breytingum háður, að allir eigi möguleika á að mennta sig, allir eigi möguleika á starfsmenntun og því að samhliða vinnu þróa sig til nýrra starfa, ekki síst vegna þeirra breytinga sem eru að verða á *nýrri öld*. Þetta er *grunnforsenda* velferðarríkis. Þess vegna var lögð höfuðáhersla á það á síðasta kjörtímabili að ná upp hagvexti til að skapa grundvöll til atvinnuuppbyggingar á miklum erfiðleika- og atvinnuleysistímum, mjög erfiðum tíma í sögu þjóðarinnar, ekki síst í sögu þjóðarinnar á síðari hluta aldar eftir að efnahagur fór að vera líkur því sem gerist í nágrannalöndum.

Þess vegna er það, herra forseti, að fyrir síðustu kosningar var það sterkasti boðskapur þeirrar ríkisstjórnar sem Alþfl. átti aðild að hvernig náðist að snúa vörn í sókn á samdráttar- og erfiðleikatímum. Ég óska engri ríkisstjórn þess að þurfa að takast á við slíkan þjóðhagslegan vanda af þeirri stærðargráðu sem þá blasti við eins og þá var gert. Ég óska engri ríkisstjórn þess. En þá skal manninn reyna þegar hann hefur tekið að sér að setjast á valdastól og er með það veganesti að ætla að takast á við breytingar á okkar þjóðfélagsgerð og hefur kannski trú á því að vera að fara inn í ríkisstjórn til að gera góða hluti og breyta til betri vegar ýmsu því sem hefur dregist. En verkefnið verður þetta eitt, að takast á við stóran, þjóðhagslegan vanda og það verður eina stóra verkefni ríkisstjórnarinnar. Ég óska engum þess. En að það skyldi takast á skömmum tíma að snúa vörn í sókn og að við skyldum þá upplifa það í lok stjórnartíma þeirrar ríkisstjórnar að hagvöxtur væri vaxandi, um það er aldrei rætt. Um það er aldrei rætt hvaða grundvöllur var þá lagður að atvinnu- og efnahagsuppbyggingu sem var að verða möguleg. Um það er aldrei rætt. En í góðærinu sem hefur verið þessi síðustu ár berja stjórnarflokkarnir sér á brjóst og virðast trúa því að fiskigengd, verðlag á mörkuðum erlendis, lækkað olíuverð og breytt umhverfi í öllum helstu viðskiptalöndum sé allt þeim að þakka. Ekki orð um þetta stóra verkefni kjörtímabilsins á undan, *sem þó stærri stjórnarflokkurinn átti sannarlega* aðild að, ekki orð um það (Gripið fram í.) heldur barnalegar yfirlýsingar um það sem hafi gerst á þessu kjörtímabili, m.a. að það tókst að snúa vörn í sókn og atvinnulífið tók kipp með tilsvarandi breytingum og þróun í atvinnuháttum og fjölgun starfa, barnalegar yfirlýsingar um það að Framsfl. hafi með setu sinni í ríkisstjórn búið til þessi störf.

Herra forseti. Þetta er svo kjánalegt að það tekur því ekki að takast á um það. Hins vegar skulum við halda því til haga að þetta hefur verið heppin ríkisstjórn miðað við það efnahagslega umhverfi hjá okkur sjálfum sem verður til með breyttum hag þegar nægur fiskur er og þegar markaðir eru hagstæðir auk annars sem hér hefur verið nefnt. Það er heppin ríkisstjórn sem sest og tekur við valdataumunum við þær aðstæður. Þessi ríkisstjórn hefur hins vegar ekki notað þá velgengni í þágu þeirra sem helst átti að bera fyrir brjósti. Hún hefur ekki brugðist við til að bæta þeim hópum sem þurftu að draga saman og var í raun og veru þrengt að þegar þurfti að grípa til margra sársaukafullra efnahagsaðgerða sem höfðu alvarleg áhrif fyrir velferðarkerfi okkar, tímabundið, taldi ég, tímabundið taldi ég sem þá átti aðild að ríkisstjórn, þess fullviss í þeim erfiðu aðgerðum að þegar birti til yrði hlutur allra þeirra leiðréttur sem þrengt var að. Það hefur ekki gerst. Og berji menn sér á brjóst fyrir velmegun og að hafa búið til störf. En það hefur ekki gerst, þetta stærsta *verkefni, að rétta hag þeirra sem þrengt var að*.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara yfir allt sviðið í málaflokkunum sem birtast í þessum fjárlögum. Ég ætla að vísa í ræður talsmanna minni hlutans hvað það varðar en ég mun koma inn á nokkur atriði.

Fyrst ætla ég, herra forseti, að nefna peningahyggjuna sem í raun og veru hefur verið hið blómstrandi afl sem stutt hefur þessa ríkisstjórn. Peningahyggjuna sem orðin er ráðandi afl í þjóðfélaginu og ætti að hringja ýmsum viðvörunarbjöllum hjá okkur vegna þess að peningahyggjan er orðin afl í velferðarþjóðfélagi okkar. Og þó að gott sé fyrir hvern einn að hugsa sem svo: Ég ætla bara að hugsa um mig og hag minn, hvað ég ber úr býtum af því að ég er eins konar Bjartur í Sumarhúsum og ætla að sjá um mig og mína, þá er það ekki hugsunin sem á að vaka í velferðarþjóðfélaginu. Það á að vera okkur öllum umhugsunarefni hversu peningahyggjan er ráðandi og hversu kynt hefur verið undir peningahyggjunni á liðnum missirum. Hefur þessi ríkisstjórn verið að gera það? Hefur þessi ríkisstjórn ekki þvert á móti gert alla góða hluti miðað við ræður liðsmanna hennar? Ætlar ríkisstjórnin ekki að lækka örlítið skatta núna? Jú, en hún ætlar líka að lækka barnabætur. Er ríkisstjórnin ekki með góða fjármálapólitík? Ber hún ekki alla fyrir brjósti? Ég segi nei. Hún ber ekki alla fyrir brjósti. Hún ber suma fyrir brjósti. Og af því að oft er talað um að stjórnarandstaðan sé að fara vill vegar, þá ætla ég að vísa í Moggann. Ekki lýgur Mogginn, er orðatiltæki hér á Alþingi.

Í frétt Morgunblaðsins 21. nóvember er stór fyrirsögn þar sem segir: „Hagstæðara er að telja fram fjármagnstekjur en launatekjur.“

Þar er sagt að skattar af 5 millj. kr. tekjum, séu þær af fjármagnstekjum, beri um 200 þús. kr. lægri skatta en væru þær launatekjur. Þetta er samt ekki satt. Þetta er fyrirsögnin. En þegar taflan er skoðuð, herra forseti, sem birt er með þessari ágætu frétt Morgunblaðsins, þá kemur í ljós að þegar bornar eru saman skatttekjurnar, bara nettó, þá munar það 200 þús. kr. en ef tekið er allt sem er til ráðstöfunar, af því *að meðferð almennt á arði er öðruvísi en á launatekjum*, þá er munurinn sá að af 5 millj. kr. tekjum mundi sá sem hefur þær í launatekjur halda eftir liðlega 3 millj. en sá sem hefur þær af arði heldur eftir tæplega 4 millj. Nákvæmar tölur eru 3.094.000 kr. og 3.814.000 kr.

Þetta segir Mogginn. Þetta eru staðreyndirnar í fjárlagafrv., herra forseti. Þetta er skattstefna ríkisstjórnarinnar sem segist bera hag allra fyrir brjósti. Þessi ríkisstjórn hefur borið hagsmuni fyrirtækjanna fyrir brjósti. Og að gagnrýna það, hvað þýðir það? Hvað þýðir að gagnrýna það að ríkisstjórn beri hagsmuni fyrirtækjanna fyrir brjósti en ekki hagsmuni fólksins? Er þá þingmaður sem þannig talar á móti fyrirtækjum? Aldeilis ekki. Þingmaðurinn hefur sýnt að á efnahagslega erfiðum tíma í sögu þjóðarinnar stóð þessi þingmaður að því að lækka verulega skatta af fyrirtækjum tímabundið til að snúa því við hvað atvinnuleysið var að verða gífurlegt, til að reyna að halda í horfinu og að ekki yrði fækkað meira í fyrirtækjum landsins. Hefur þessi ríkisstjórn breytt sköttum á fyrirtækjunum eftir að hin mikla velmegun varð og hið góða efnahagsumhverfi og batinn svo mikill að Framsfl. getur barið sér á brjóst og þakkað sér 12 þúsund störf? Nei,

það hefur ríkisstjórnin ekki gert vegna þess að þessi ríkisstjórn er ríkisstjórn fyrirtækjanna. Hún er ekki ríkisstjórn fólksins, það er bara glýja. Þess vegna erum við að tala um velferðina og góðærið, góðæri hverra og hvert góðærið fer. Ég ætla aftur að vísa í Morgunblaðið. Það er svo ágætt að vísa í Morgunblaðið af því að hér í salnum sitja nokkrir fulltrúar stjórnarliðsins og Morgunblaðið hefur verið a.m.k. í leiðurum sínum nokkur talsmaður þeirrar stefnu. (**Gripið fram í:** Stóri sannleikur bara.) Stóri sannleikur þeirrar stefnu Sjálfstfl. sem við höfum fylgst með á liðnum árum. (**Gripið fram í:** Alþýðublaðið ...) Stóri sannleikur er alveg rétt orð. Alþýðublaðið túlkaði oftast stefnu flokks míns í leiðurum sínum. Ég er að tala um leiðara Morgunblaðsins. Hann hefur aldrei túlkað stefnu flokks míns nema þegar hann hefur verið að fara orðum um sjávarútvegsmál og veiðileyfagjald, en ég ætla ekki að fara út í þá umræðu nú.

En hvað segir Morgunblaðið í leiðara sínum í desember? Morgunblaðið er að vísa til kröfu Öryrkjabandalagsins og vísar til þess að Öryrkjabandalagið höfðar til mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna á fimmtugsafmæli hennar. Ég vísa til þess sem þar segir, með leyfi forseta:

„Vart þarf að fara mörgum orðum um að þeim öryrkja sem einungis getur reitt sig á bætur almannatrygginga er í reynd haldið frá eðlilegri þátttöku í mannlífinu."

Og skoðun leiðarahöfundar Morgunblaðsins er eftirfarandi:

„Stjórnvöldum er vandi á höndum í margs konar og viðvarandi kröfugerð á hendur samfélaginu/skattborgurum. Í þeim efnum þarf að fara með gát og forgangsraða bæði með arðsemi framkvæmda og sanngirni í garð hinna ýmsu þjóðfélagshópa í huga. Og í ljósi réttsýni og sanngirni er tímabært, að ekki sé fastar að orði kveðið, að endurskoða stöðu öryrkja, sérstaklega þeirra sem urðu öryrkjar ungir."

Þetta er alveg rétt. Þetta veit hver einasti maður. Það er bara þessi ríkisstjórn sem gerir ekkert með það. Það er þessi ríkisstjórn sem gerir ekkert til að bæta hag þeirra sem búa eingöngu við það að þurfa að lifa og reiða sig á bætur almannatrygginga, og það segir:

„Og í ljósi réttsýni og sanngirni er tímabært, að ekki sé fastar að orði kveðið, að endurskoða stöðu öryrkja" — af því að þeim er annars haldið frá eðlilegri þátttöku í mannlífinu.

Herra forseti. Þetta eru þung orð. Þau eru hárrétt og þau eru sannleikur.

Í gær ætluðum við að taka nokkur lítil frv. til umræðu fyrir hæstv. félmrh. og gefa þeim forgang þótt þau væru seint fram komin. Upphófst hér mjög hörð umræða um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það hér en bara rifja það upp, sem við höfum áður sett fram, að mjög mikilvægt er að sem flest af nærverkefnum fjölskyldunnar, verkefnum sem skapa þá umgjörð sem fjölskyldunni er ætlað að starfa og blómstra innan, séu hjá sveitarfélögunum. Það verður að gefa sveitarfélögunum nýja tekjustofna til að geta byggt upp í þeim málaflokkum sem þeim er falið. Það er ekki nóg komið af verkefnum til sveitarfélaga en það er nóg komið af því að sveitarfélögin fái verkefni sem ekki fylgja nægilegar tekjur með. Sveitarfélögin hafa fengið svelta málaflokka yfir til sín. Kostnaður hefur verið vanreiknaður, en þó að hægt sé að takast á um hvort kostnaður hafi verið vanreiknaður, svo sem eins og með grunnskólann, þá er annað sem er óumdeilt og það er að strax og sveitarfélögin taka yfir málaflokk eins og grunnskólann, þá kemur hörð gagnrýni á ekki bara fjármagnið sem grunnskólum er ætlað og að það sé ófullnægjandi, heldur gerist það að þegar svona rammpólitísk þjóðfélagsleg samfélagsverkefni eru komin til sveitarfélaganna, þá fá þau aukið vægi heima í héraði og gerð er krafa um hraðari breytingar. Gerð er krafa um meiri þróun t.d. grunnskólans en þegar hann var hjá ríkinu og aðgangur er auðveldari fyrir foreldra og þá sem berjast fyrir bættum grunnskóla þegar málaflokkurinn er hjá sveitarfélaginu. Með kröfum á kjörna fulltrúa. Um þetta ber öllum saman sem hafa skoðað þessi mál og þess vegna verður sveitarfélögunum nauðugur sá kostur að setja sér stefnu í málefnum grunnskólans og barna, búa til samfellu í málefnum barna frá leikskóla og upp í framhaldsskóla og sýna fyrir hvað sveitarfélagið ætlar að standa í slíku þjóðfélagslegu verkefni. Þetta þýða stórkostleg fjárútlát fyrir sveitarfélagið sem ríkið gat skorið niður meðan verkefnið var þar og sem ríkið skar niður síðustu missiri áður en grunnskólinn var fluttur og dró að gera ýmsar breytingar sem gert var ráð fyrir og frestaði aðgerðum sem mælt var fyrir um í lögum.

Þetta sama, herra forseti, mun gerast í málefnum fatlaðra þegar málaflokkurinn flyst til sveitarfélaganna. Það verða miklar kröfur til sveitarfélaga bæði um frekari einstaklingsþjónustu en ekki síst úrbætur í málaflokknum sem hefur verið sveltur hrikalega á þessu kjörtímabili, hrikalega. Ég ætla bara að segja eitt orð um það sem mun snúa að ríkinu eftir að málaflokkurinn verður fluttur og það er að mjög brýnt er að réttargæsla fatlaðra verði tryggð á landsvísu. Það á að vera það verkefni sem ríkið sér um þegar málaflokkurinn er fluttur.

Við höfum verið að fá, herra forseti, alls kyns upplýsingar. Við höfum fengið upplýsingar um að helmingur skjólstæðinga Hjálparstofnunar kirkjunnar og Rauða kross Íslands séu öryrkjar. Menn gera ekkert með það, ekki í þessari ríkisstjórn. Hvergi á Norðurlöndum eru öryrkjum greiddar jafnlágar bætur og á Íslandi. Menn gera ekkert með það, ekki í þessari ríkisstjórn. Það hafa komið fram upplýsingar um að fátækt eykur á veikleika og vekur upp nýja sjúkdóma og nú síðast skýrsla landlæknis um að samhengi sé á milli efnahags foreldra og veikinda barna. Menn gera ekkert með það.

Það er umhugsunarefni að ríkisstjórn geti með jafnmiklu yfirlæti barið sér á brjóst þegar hún talar um velferðarsamfélagið, eins og þessi ríkisstjórn, miðað við það að fyrir liggur hvað hún er veik í málefnum þeirra sem okkur ber þjóðfélagslega að bera mest fyrir brjósti.

Hér hefur verið farið yfir þá stöðu að lögboðið framlag Erfðafjársjóðs í Framkvæmdasjóð fatlaðra er skert. Það hefur þær afleiðingar að minna er gert. Færri sambýli eru byggð og úrræði svæðisskrifstofanna eru færri. Ég sit í félmn. og þar höfum við fengið fulltrúa á okkar fund. Þeir fulltrúar leggja fyrir okkur pappíra sem sýna staðreyndir mála, hrikalega biðlista eftir húsnæði. Í Reykjavík bíða 170 einstaklingar og á biðlista eftir skammtímavistun eru 47 einstaklingar. Þetta skiptist eftir biðlistum í sambýli og verndaðar íbúðir. Síðan er biðlisti eftir frekari liðveislu og eftir að fá dagþjónustu og biðlisti er vegna stuðningsfjölskyldna. Það er allt of lítið fjármagn, ég held um 12 millj., veitt til að greiða fyrir þjónustu stuðningsfjölskyldna. Þetta eru afar lágar upphæðir. Stuðningsfjölskyldur eru ókunnugt fólk sem léttir á fjölskyldum sem eru með mikið fatlaða einstaklinga í heimahúsum. Hagstæðasta form velferðarþjóðfélagsins er að fjölskyldurnar sjálfar séu með mikið fatlaða einstaklinga heima svo ekki þurfi að byggja allar þessar stofnanir eða sambýli. En til þess

að fjölskyldunum sé það unnt, þá eru greiðslur til góðs fólks sem tekur að sér að vera stuðningsfjölskyldur of lágar. Þetta eru skammarlega lágar greiðslur en samt er fjármagnið svo takmarkað að um 20 fjölskyldur eru skráðar á biðlistum bara í Reykjavík.

Sama er að segja þegar við förum yfir í Reykjanes. Þar eru biðlistar eftir dagtilboðum á annað hundrað, þ.e. 109 einstaklingar, 90 heilsdagspláss og þar er hrikaleg bið eftir búsetuúrræðum eða 135 einstaklingar á biðlista. Okkur er sagt að fé í stofnkostnað sem vantar til að byggja þarna upp sé um 1.100 millj. og rekstur um 480 millj. Á sama tíma er framlagið í framkvæmdasjóð skert um helming og úrræði takmörkuð.

Fyrir skömmu fór þingflokkur jafnaðarmanna í heimsókn í kjördæmið, réttara sagt ekki þingflokkur jafnaðarmanna heldur þingmenn sameiginlegs framboðs. Við komum í skóla í kjördæminu. Þar var ofboðslega fatlað barn. Vitsmunir þess voru taldir sambærilegir við vitsmuni nokkurra mánaða gamals barns, en ekki nokkurra ára. Barnið var í skólanum með starfsmann með sér vegna þess að engin úrræði finnast í þessu kjördæmi í velmegunarþjóðfélaginu. Þetta barn sat í sérherbergi í skólanum, gat ekki talað, skildi ekkert og því er ekkert hægt að kenna, af því að skólanum ber að taka við slíkum einstaklingum þegar önnur úrræði skortir. Þess vegna er 12 ára barn sett í skólann við þessar aðstæður. Svo berja menn sér á brjóst og tala um velferð og að allt sé gott og láta eins og þessir hlutir séu ekki til.

Herra forseti. Ég gæti dvalið nánar við sambýlin en ég ætla ekki að gera það. Ég ætla bara að minna á að þrátt fyrir að útskrifað hafi verið samkvæmt samningi við Kópavogshæli þá er enn langt í land og samhliða því hefur dregist að veita önnur úrræði eins og hér hefur komið fram í tölum. Tölurnar eru sterkasti vitnisburðurinn og ég ætla ekki einu sinni að hafa fyrir því að vera með ræðuhöld út frá þessum tölum. Þær skýra sig sjálfar.

Herra forseti. Fyrir hvern erum við að vinna? Börn, ungt fólk, fjölskyldufólk, fullorðið fólk? Hvers konar samfélag erum við að skapa? Viljum við skapa samfélag þar sem allir eru virkir, þar sem allir lifa með reisn og þar sem ungu fólki er gert kleift að sinna uppeldishlutverki sínu og skila skilaboðunum frá fyrri kynslóðum um aga og vinnu til barna sinna? Höfum við sinnt þessu fólki? Nei. Þetta unga fólk vinnur lengstan vinnudag í Evrópu. Auðvitað kemur þessu fólki skattalækkun vel. Ég ætla alls ekki að láta það henda að ég nefni ekki það sem gott er gert. En þegar það fylgir með að barnabætur lækka, þá er það mjög alvarlegt mál. Þá er sett í annan vasann og tekið úr hinum og það finnst mér alvarlegt.

Það er umhugsunarefni fyrir okkur að ekki hefur tekist að gera meira fyrir fjölskyldurnar í landinu. Þrátt fyrir að hér hafi verið samþykkt stefnumörkun í málefnum fjölskyldunnar hafa ekki fylgt nein lög og því ekki verið fylgt eftir í fjárlögum. Því hefur ekki verið fylgt eftir með lagasetningu að búa umgjörð fjölskyldunnar þannig að ungt fólk geti sinnt þessu hlutverki sem er svo mikilvægt, þ.e. uppeldishlutverkinu og skilaboðunum frá fyrri kynslóðum, því sem gerir okkur að þjóð, því sem gerir okkur sterk og því sem gerir uppvaxandi kynslóð sterka.

Herra forseti. Ég nefndi það í inngangi ræðu minnar að ríkisstjórnin hefði lagt niður félagslega húsnæðiskerfið. Við höfum ekki séð það fyrir hvaða afleiðingar það hefur. Það verður væntanlega umræðan á vorþinginu þegar þau mál fara að skýrast. Við höfum nokkrum sinnum getið þess hér hvað fulltrúar í húsnæðisnefndunum segja, hverjar áhyggjur þeirra eru. Hér hafa verið nefndir biðlistar eftir leiguhúsnæði þar sem umsækjendur skipta hundruðum meðan ríkisstjórnin ætlar að lána til 120 íbúða. En ég ætla að spyrja félmrh. til hvers eigi að nota þær 30 millj. sem getið er um í fjárlagafrv. vegna launa. Á að segja fólki upp síðar? Fólki hefur ekki verið fækkað. Hins vegar hafa menn losað út slatta af fólki sem menn vildu ekki lengur hafa að störfum í húsnæðiskerfinu. Það er hægt að geta sér til hvers vegna svo sé þegar það sést hverjir það eru — fólk með mikla reynslu og þekkingu — sem ekki þykir ástæða til að láta halda störfum sínum hjá hinum nýja Íbúðalánasjóði. Á að segja því fólki sem ráðið hefur verið til starfa upp síðar? Er þetta einhvers konar biðlaunapóstur? Á að hækka laun gífurlega hjá hinum nýja Íbúðalánasjóði? Hvaða varasjóður er þetta? Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. upplýsi okkur um það í umræðunni.

Herra forseti. Þegar ríkisstjórnin lagði sín sólskinsfjárlög fram, þá sögðum við að þau fjárlög vörpuðu dimmum skuggum og það eru bakhliðar á þessum fjárlögum. Það hefur komið fram að uppsveiflan er fyrst og fremst vegna aukinnar einkaneyslu sem er mikið til fjármögnuð með lánum. Skuldir heimilanna hafa aldrei verið hærri. Ég minnist þess hversu mjög var hrópað upp hér og gagnrýnt þegar skuldir heimilanna voru að aukast á samdráttartímanum á síðasta kjörtímabili. Skuldir heimilanna aukast enn en ég heyri engan áhyggjutón frá þeim sem nú sitja við stjórnvölinn og höfðu hátt þá.

Gerð hefur verið skýrsla um efnahag einstæðra foreldra og það kemur í ljós að þeir skulda um 54% meira en þeir eiga, meðan tölurnar eru 18% fyrir hjón. Þeir skulda 54% meira en þeir eiga. Þetta segir nokkuð um stöðu einstæðra foreldra og það eru þeir sem hafa fengið inni í félagslega húsnæðiskerfinu. Það eru þeir sem hafa fengið 100% lánin og það eru þeir sem þurfa á leiguíbúðum að halda núna.

Það hefur komið fram hversu ytri skilyrði hafa verið hagstæð vegna verðlags á sjávarafurðum og að við búum við lægsta olíuverð í 12 ár. Við erum að gagnrýna það hvernig ríkisstjórnin nýtir þessi ytri skilyrði. Það hefur líka komið fram að sl. þrjú ár högnuðust fyrirtækin í landinu um 100 milljarða kr. Þá var tekjuskattur þeirra 16 milljarðar af 100 milljörðum. Leiki sér hver og einn að því létta prósentudæmi. Á sama tíma greiddu einstaklingar 80 milljarða í tekjuskatt eða fimm sinnum meira en fyrirtækin.

Það hefur líka komið fram að ríkissjóður tekur inn um 16 milljarða af 40 milljarða viðskiptahalla. Þetta er umhverfið, herra forseti, og ríkisstjórnin spornar gegn öllum þeim velferðarúrræðum sem við höfum verið að ræða á þessu hausti og gerir ekkert með. Þetta er staðan. Og eftir afgreiðslu fjárlaga munu menn fara héðan og berja sér á brjóst og þá ætla ég að leggja til að hver og einn ræði svolítið við sinn innri mann um það hvernig hann hefur staðið að málum og fyrir hverja hann er að vinna í stjórnarflokki eða í ríkisstjórn.

Herra forseti. Ég ætla að lokum að mæla fyrir brtt. við fjárlögin. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um hana. Hún kom líka fram í máli Svavars Gestssonar sem er meðflutningsmaður minn að þessari brtt. ásamt Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Það hefur komið fram að við viljum ekki skólagjöld. Tekist var mjög harkalega á um það á síðasta kjörtímabili. Við höfum fallist á ákveðnar greiðslur, svo sem til starfsemi nemendafélaga og þau innritunargjöld sem sátt var um áður en það varð vilji ríkisstjórnar að setja þau sem tekjur inn

í fjárlögin sem breytti þar með eðli þessa fjárlagaliðar og þar eftir urðu engin tök á að fylgjast með því hvað færi til nemendafélaga, hvað væru innritunargjöld og hvað væru bein skólagjöld. Við viljum lækka þennan lið um 150 millj. kr.

Herra forseti. Ég vil líka nefna brtt. sem flutt er af Sighvati Björgvinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Hún er um hækkun á lið sem heitir: Ný meðferðarúrræði vegna hækkunar sjálfræðisaldurs. Það kom engin ný fjárveiting vegna hækkunar forræðisaldurs sem festur var í lög fyrir ári. Við vissum að einhver fjárhæð ætti að koma til að byggja upp ný úrræði vegna tveggja nýrra aldurshópa. Tillaga ríkisstjórnar er að til þessa liðar fari 30 millj. Ég man ekki betur en að fram hafi komið í félmn. að 5 millj. skorti þegar á vegna hins nýja heimilis sem verið er að opna núna í desember. Að 5 millj. af þessum 30 fari þegar til heimilis sem núna er verið að opna og var í raun einn af hinum fáu góðu gjörningum þessa fjárlagaárs. Upphæðin til nýrra úrræða lækkar þannig strax niður í 25 millj. Ég veit að settar eru hérna inn 4 millj. til Virkisins og ég fagna því. Ég styð þá tillögu og mér finnst hún til sóma. Það fara líka 8 millj. til Krossgatna en, herra forseti, ég skil ekki hvers vegna sú fjárhæð er sett undir Barnaverndarstofu vegna þess að mér vitanlega hafa Krossgötur ekki verið með börn eða unglinga í meðferð heldur eldri einstaklinga.

Við viljum, og um það er tillagan, hækka þennan lið um aðrar 30 millj. og teljum að það sé aðgerð sem ríkisstjórnin eigi að standa að. Stundum er tekist á við vanda þegar hann kemur óvænt upp. Það gerði ríkisstjórnin á fundi sínum daginn eftir öfluga utandagskrárumræðu okkar um eiturlyfjavandann þegar hún á fundi sínum veitti sérstakt framlag vegna refafóðurs, 50 millj. ef ég man rétt. Mér finnst það mjög gott mál. Þetta snýr að ákveðinni atvinnugrein. Menn eru fljótir að bregðast við sumu en bregðast mjög seint við öðru og ég set það ofar öllum öðrum verkefnum ríkisstjórnar að bjarga okkar ungviði.

Herra forseti. Minni hluti fjárln. hefur flutt nokkrar brtt., m.a. tillögu um að framlag renni óskipt í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það munum við í stjórnarandstöðu styðja. Auk þess vísa ég til þess að hér liggja fyrir nokkrar brtt., svo sem um sértekjur heilsugæslustöðva og framkvæmdaáætlun um jafnréttismál sem er stórt og pólitískt mál sem við viljum gjarnan að sé tekið öðruvísi á.

Herra forseti. Ég hef í megindráttum lýst viðhorfum mínum til stöðunnar í fjárlögum íslenska ríkisins eins og hún birtist okkur við 2. umr. og ég gef því miður þessari ríkisstjórn ekki þá háu einkunn sem hún hefði kosið.

[12:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning sem kom fram í máli hv. þm. að gert væri ráð fyrir gjöldum til nemendafélaga í þessum fjárhæðum á vegum menntmrn. Svo er ekki því að frjáls aðild er að nemendafélögum og ekki er getið um fjárhag þeirra í fjárlögum. Þau eru með alveg sérstakan fjárhag og innheimta sín félagsgjöld sjálf því ekki er lögbundin skylda til aðildar að nemendafélögum. Samkvæmt framhaldsskólalögunum er frjáls aðild að þeim félögum og þau standa sjálf undir innheimtu á sínum félagsgjöldum.

[12:14]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að menntmrh. kemur og upplýsir hvað sé frjáls aðild og lögbundin framlög. Ég var fyrst og fremst að vísa til þess að greiðslur voru innheimtar í skólunum áður en þau voru færð inn í fjárlögin. Við menntmrh. þekkjum alveg þá umræðu sem átti sér stað í aðdraganda þeirrar gjörðar. Ég var að vísa til þess að við höfum aldrei lagst gegn því að greiðslur sem rynnu til nemendafélaganna væru innheimtar. Við erum heldur ekki að leggjast gegn því að ákveðin innritunargjöld séu innheimt. En við leggjumst gegn skólagjöldum.

[12:15]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins árétta að engin gjöld til nemendafélaga eru innheimt af skólunum. Nemendafélögin innheimta sjálf öll gjöld til sín, skólarnir innheimta skrásetningargjöld og gjöld sem lúta að efniskostnaði og öðrum þáttum eins og skilgreint er í framhaldsskólalögunum. Ríkt hefur verið gengið eftir því að þetta lægi ljóst fyrir og margsinnis áréttað af menntmrn. hvernig staðið skuli að gjaldtökunni. Nemendafélögin eru með sjálfstæðan fjárhag, án þess að skólarnir eða ríkisvaldið komi að þeirri innheimtu.

[12:16]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Menntmrh. þarf ekki að endurtaka það sem er alveg ljóst. Við skiljum eftir ákveðna fjárhæð vegna viðhorfa okkar til innritunargjalda. Ég var að ræða viðhorf okkar til þess sem áður viðgekkst, að hluti innheimtra gjalda rann til nemendafélaganna. Ég var að rifja upp mjög harðar umræður sem þá voru hér, þegar þessar greiðslur voru settar inn í fjárlög ríkisins sem fyrsti vísir að skólagjöldum. Við erum að lækka þessa upphæð og það er alveg klárt. Við gerum ráð fyrir afmarkaðri upphæð vegna innritunargjalda en viljum ekki skólagjöld.

[12:17]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég held að engum sem kemur að fjárlagagerð blandist hugur um að það er ekki síður vandasamt verk á tímum góðæris en á tímum samdráttar. Þegar menn horfa á tekjuaukann eykst sókn í fjármuni til nýrra verka og góðra.

Höfuðmáli skiptir að við höldum útgjöldunum innan þess tekjuramma sem við höfum sett okkur og látum ekki það ekki bregðast. Við verðum að hafa í huga að á undangengnum erfiðleikatímum hefur ríkissjóður verið rekinn með halla og við þurfum að greiða niður þær skuldir sem þá söfnuðust upp. Þetta skiptir líka miklu máli í samhengi efnahagsstjórnar dagsins í dag. Það að ríkissjóður greiðir skuldir dregur úr þenslu á lánsfjármarkaði og gefur öðrum svigrúm til að taka lán og fjárfesta í atvinnulífinu.

Það sem einnig skiptir okkur miklu máli er að í fjárlögunum aukum við ekki skuldbindingar á komandi kynslóðir. Við rekum ekki ríkissjóð með halla þannig að þeir sem yngri eru þurfi að greiða þær skuldir. Fjárlagafrv. sem hér um ræðir er lagt fram með afgangi á greiðslugrunni, hinum gamla grunni sem við notum til viðmiðunar. Jafnframt efast ég um að mörg fjárlagafrumvörp hafi áður verið lögð fram með greiðsluafgangi á rekstrargrunni. Það segir það sem segja þarf um að ríkisfjármálin eru ekki að leggja bagga á komandi kynslóðir.

Það viðfangsefni sem einna erfiðast hefur verið í fjárlagavinnunni nú í haust eru aukin launagjöld ríkissjóðs. Þeir samningar sem gerðir hafa verið á undanförnum missirum hafa haft í för með sér mikil útgjöld fyrir ríkissjóð. Þetta kemur fram í auknum lífeyrisskuldbindingum eins og fram hefur komið á hv. Alþingi og eins í auknum launagjöldum. Því fer víðs fjarri að ríkisstarfsmenn geti haldið því fram að þeir hafi ekki fengið skerf af góðærinu. Laun þeirra hafa hækkað umtalsvert og ástæðulaust að gagnrýna það. Sennilega var það óumflýjanlegt enda komin skekkja í samanburðinn sem þar hefur verið milli ríkisins og hins almenna markaðar. Aðferðin var kannski ekki sú sem best var á kosið. Óskandi væri að þeir sem að samningunum standa næðu að finna skárri leiðir til að leysa úr þessum málum en raunin varð á þegar uppsagnir voru notaðar til að knýja fram kröfugerð.

Þetta vandamál kemur sérstaklega fram í menntakerfinu og í heilbrigðiskerfinu. Í þessum tveimur málaflokkum eru mestu launaútgjöldin. Þar af leiðir að menn þurfa að skoða fjármögnun á þeim stofnunum sem falla undir þessa málaflokka. Farið hefur verið út í mikla vinnu á undanförnum árum við gerð reiknilíkana hjá framhaldsskólunum. Nú hafa þau verið keyrð í eitt skólaár að segja má. Í tilefni samningagerðarinnar er rétt að skoða þau mál betur, sjá hvernig þau hafa gengið upp eða hvort rétt sé að lagfæra þar eitthvað. Vandinn er þó enn meiri í heilbrigðiskerfinu. Þar hefur verið um mikinn vanda að ræða á undanförnum árum, viðvarandi vanda. Þeim sem að þessum málum starfa má vera ljóst að þar gætu útgjöldin verið endalaus. Það er nánast ekki hægt að setja fyrir fram ákveðin mörk um hvar setja eigi peninga í heilbrigðiskerfið. Við þurfum að leita leiða til þess að fjármagn sem ákveðið er til stofnananna sé í réttu samhengi við þá þörf sem um er að ræða. Þetta hefur ekki gengið sem skyldi á undanförnum missirum. Við þurfum að leita annarra leiða.

Ég held að við þurfum að gera samninga við stofnanirnar um þá þjónustu sem þeim er ætlað að veita samfélaginu á þessu sviði. Þannig sé þjónustan sem stofnunin á að veita ákveðin fyrir fram og fyrir fram ákveðið hversu mikið fé eigi að veita til að fjármagna þessa þjónustu. Í slíkum samningum verður að gera ráð fyrir að upp geti komið eitthvað sem kalli á meiri þjónustu og þá sé fyrir fram ákveðið hvernig afmarka eigi fjármuni til þeirrar viðbótarþjónustu. Sjálfsagt yrði að taka tillit til þess að þar væri um jaðarkostnað að ræða og fjármögnun tæki mið af því. Þannig væri vitað frá upphafi hvernig standa ætti að því að fjármagna þörf fyrir aukna þjónustu. Það mætti hugsa sér að byggja fjármögnunaraðferðirnar annars vegar á föstum grunni og hins vegar breytilegum grunni, þar sem þjónustumagnið verði ekki ákveðið svo glöggt fyrir fram. Ákveðinn hluti fjárveitingarinnar væri byggður á föstum útgjöldum stofnunarinnar en annar hluti á því breytilegri þörf fyrir þjónustu sem menn sjá fyrir sér að geti orðið.

Svona breytingar taka auðvitað tíma en við verðum að gefa okkur þann tíma sem til þarf. Ef við getum ekki haldið utan um þennan þátt ríkisútgjaldanna þá mun hann aukast áfram án þess að við höfum nokkra stjórn á honum. Þá munu þeir tekjurammar sem við setjum okkur bresta og það mun verða vont fyrir okkur öll.

Ég hef ekki hugsað mér að fara yfir allar brtt. meiri hluta nefndarinnar eða fjalla um alla málaflokkana í því samhengi. Það hefur verið gert áður af fulltrúum meiri hlutans. Ég kemst þó ekki hjá því að nefna einn málaflokk. Það eru málefni fatlaðra. Ég tel að þar þurfi að taka til hendinni. Mörg undanfarin ár hafa fjárveitingar ekki verið í samræmi við þörfina sem þar er fyrir hendi eða í samræmi við lagarammann sem við höfum sett okkur um þá þjónustu sem ber að veita. Þetta er hins vegar ekki nýtt vandamál og ástæðulaust fyrir hv. þm. sem hér stíga í stól að gera því skóna að þetta sé vandamál sem skapast hafi í tíð núverandi ríkisstjórnar eða núv. hæstv. félmrh. Þeir ráðherrar sem lengst hafa setið í þessu ráðuneyti á undanförnum árum og jafnvel einum og hálfum áratug bera mesta ábyrgð á ástandinu. Eins og allir vita hafa einir þrír ráðherrar Alþfl. setið í því hv. ráðuneyti. En við þurfum að taka til hendinni í þessum málaflokki og það þurfum við að gera án tillits til þess hvort eða hvenær flytja eigi málaflokkinn til sveitarfélaganna. Við þurfum að gera það í þessum fjárlögum. Til þess höfum við enn tíma í hv. fjárln.

Það sem skiptir okkur öll mestu máli er að viðhalda stöðugleikanum. Ég held að öllum megi vera ljóst að engin tekjubót verður af því að leiða inn í ríkisstjórnina eða ráðuneytin þann glundroða sem nú ríkir á vinstri vængnum eða þá skattahækkunarstefnu sem vinstri menn reka í Reykjavíkurborg. Það er ótrúlegt að á þessum síðustu tímum skuli sagan endurtaka sig. Það er alltaf sami glundroðinn á vinstri vængnum, sama hversu mikið vinstri menn reyna að sameinast, það tekst aldrei.

Sameiningin sem svo mikið hefur verið talað um síðustu missiri er ekkert annað en uppstokkun. Nýir flokkar með nýjum nöfnum koma til sögunnar en þar eru flestir þeir sömu innan borðs. Það hefur einungis verið skipað til sætis á örlítið annan hátt.

Þegar vinstri mennirnir lenda í erfiðleikum með fjármálin, eins og þeir gera undantekningalaust, eins og sjá má á vinstri meiri hlutanum í Reykjavíkurborg, þá er eina úrræðið að hækka skattana, að hækka útsvarið og taka til baka skattalækkun ríkisstjórnarinnar sem koma mun til framkvæmda um næstu áramót. Það er hluti af skattalækkunaráætlun ríkisstjórnarinnar sem við höfum kynnst á undanförnum missirum. Það sem mestu máli skiptir í þessum fjárlögum er að við höldum stöðugleikanum, greiðum og lækkum skuldir ríkissjóðs og aukum ekki skuldbindingar á komandi kynslóðir.

[12:28]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá þingmanninum að þrír ráðherrar Alþfl. sátu í félmrn. um átta ára skeið á undan þessari ríkisstjórn. Jafnframt er rétt að á þeim tíma báru þeir ábyrgð á málaflokki fatlaðra. Eins er rétt að á þeim tíma hefðu þeir örugglega allir viljað gera enn þá betur í málaflokknum. Á þeim erfiða tíma var, til viðbótar við tímamótalög um málefni fatlaðra sem færðu málaflokkinn inn í nýja tíma og sköpuðu fötluðum einstaklingum lagaskjól og ný úrræði, t.d. stoðþjónustu, staðinn vörður um Framkvæmdasjóðinn, erfðafjárskatturinn rann óskiptur í hann og reynt var að byggja upp eins og unnt var. Það var einn af fáum þáttum sem stjórnarflokkarnir sameinuðust þá um að verja alveg út í ystu æsar þrátt fyrir að á þeim tíma hafi menn dregið úr og skorið niður.

Ég veit ekki betur en bæði Alþfl. og Sjálfstfl. hafi náð, þrátt fyrir erfiða tíma, að standa vörð um þennan málaflokk og gert ótrúlega mikið í uppbyggingunni miðað við aðstæður. Ef sá sem skoðar uppbygginguna fram að 1987 og síðan

frá 1987–1995, er sanngjarn þá mundi hann segja: Það var ótrúlegt hvað þið gátuð þó gert.

[12:30]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki vil ég sýna þeim hv. þm. Alþfl. sem sátu í félmrn. ósanngirni. Staðreyndin er hins vegar sú að vandi eins og sá sem við sjáum fyrir okkur í málefnum fatlaðra verður ekki til á einu kjörtímabili. Þeir sem sátu í ráðuneytinu í eins langan tíma og ráðherrar Alþfl. gerðu hljóta að bera mikla ábyrgð á þeirri stöðu.

Ég ætla ekki að fara að rífast um staðreyndir við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Mig minnir hins vegar að Framkvæmdasjóður fatlaðra hafi fyrst verið skertur á árinu 1994 og það ár sat ráðherra Alþfl. í félmrn.

[12:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er rangt hjá þingmanninum. Í kjölfar laganna var hins vegar ákveðinn hluti framkvæmdasjóðs veittur til að byrja stoðúrræði sem voru mikilvæg vegna þess hve mikil uppbygging var fram undan. Það var mjög lítið um *sambýli á þeim tíma að Alþfl. kom til starfa í þessu ráðuneyti.* Þau voru fá. Stefna var mörkuð um að leggja niður þessi stóru heimili fyrir fatlaða. Það var gert með Sólborg, þar sem nú er öflugur háskóli fyrir norðan, í kjölfarið var byggt upp víða um land. En þegar kom að höfuðborgarsvæðinu, en þar var uppbyggingin með minni hraða en víða úti um land, var dregið úr framlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Þegar mest reið á að halda uppbyggingunni áfram var ákveðið að staldra við og hefur hvorki verið staðið við útskriftir á Kópavogshæli né verið byggt upp fyrir þá sem bíða í heimahúsum með mjög alvarlegum afleiðingum. Sá sem skoðar tölur frá þessum tímabilum sér að ef haldið hefði verið áfram á sama hátt og á árunum 1987–1994, þá værum við ekki í þessum mikla vanda. Verkefnið er stórt og við höfum ekki efni á því að staldra svona við eins og gert hefur verið á þessu kjörtímabili.

[12:33]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir segir í sömu ræðunni að ég hafi rangt fyrir mér og staðfestir síðan efnislega það sem ég var að segja. Það var á árinu 1994 sem það var tekið úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til rekstrarverkefna. Eins nefndi hún Kópavogshælið og ef ég man rétt, þá voru útskriftir þar byrjaðir á síðasta kjörtímabili.

Þegar hún talar um uppbygginguna annars vegar á landsbyggðinni og hins vegar hér á höfuðborgarsvæðinu, þá var uppbyggingunni á landsbyggðinni að mestu lokið fyrir 1990. Þetta hik sem kom á uppbygginguna kom því í tíð ráðherra Alþfl. í ráðuneytinu.

[12:34]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Við 1. umr. um fjárlög var þessum fjárlögum lýst sem miklum sólskinsfjárlögum. Hér ríkti glampandi sólskin en umfjöllun fjárln. og sú umræða sem orðið hefur um stöðu ríkisfjármálanna hefur leitt í ljós að þar er skýjað *með köflum, dökku blettirnir eru ýmsir. Því verður ekki neitað*, hæstv. forseti, að í efnahagsmálum okkar ríkir í heild gott ástand, verðbólga er afar lítil, verð á helstu útflutningsvörum okkar er hátt, atvinnuleysið er lítið og fer minnkandi, staða ríkissjóðs hefur verið að batna, erlendar skuldir hafa verið greiddar niður. Dökku hliðarnar eru að sá hagvöxtur sem við horfum upp á byggist fyrst og fremst á miklum fjárfestingum og þó öðru fremur á mikilli og vaxandi einkaneyslu þar sem heimilin í landinu eyða um efni fram. Það er kannski eitt helsta áhyggjuefnið, fyrir utan skuldir sveitarfélaganna sem hér hafa nokkuð verið til umræðu að undanförnu, hve skuldir heimilanna vaxa gríðarlega.

Í fylgiskjali sem minni hluti fjárln. lét fylgja nefndaráliti sínu er að finna hluta úr greinargerð Seðlabanka Íslands um peningamál: þróun, horfur og stefnu. Þar segir um skuldamálin og einkaneysluna, með leyfi forseta:

„Á yfirstandandi ári spáir Þjóðhagsstofnun því að einkaneysla muni vaxa um 10% og verður að fara aftur til ársins 1987 til að finna samjöfnuð. Meginskýring þessa mikla vaxtar er mikil aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna. Það er þó ekki fullnægjandi skýring þar sem áætlað er að kaupmáttur ráðstöfunartekna muni í heild aukast um nær 9%.“ Síðar segir, með leyfi forseta:

„Þannig er áætlað að skuldir heimilanna muni aukast um 43 milljarða kr. á þessu ári, eða um 9,5% að raungildi, sem er lítillega meira en á árinu 1997 og heldur meira en næstu fjögur ár þar á undan.“ Enn síðar í greininni segir, með leyfi *forseta*:

„Sem hlutfall af ráðstöfunartekjum er áætlað að skuldir heimilanna muni nema rúmlega 138% í ár en þær fóru yfir 130% árið 1996.“

Þessar tölur eru ógnvænlegar, hæstv. forseti, og kalla á margvíslegar skýringar. Ljóst er að margir höfðu saumað verulega að sér á undanförnum árum meðan við gengum í gegnum kreppuna. Víða var þörf ef þörf skyldi kalla. Sumt af þessu má kannski kalla gerviþarfir, margir þurftu að endurnýja bíla og heimilistæki og það er alkunna hve ferðaglaðir Íslendingar eru. Þeir hafa á þessu ári ferðast sem aldrei fyrr. Það er hægt að taka undir þau sjónarmið að verulega þurfi að efla sparnað í landinu og reyna að draga úr þeim gífurlega viðskiptahalla sem við horfum fram á og sjáum í dag. Við erum að eyða um efni fram þegar litið er á þjóðfélagið í heild.

Hæstv. forseti. Hópar í þjóðfélagi okkar standa meira og minna utan við þetta allt saman, hinir svokölluðu jaðarhópar. Mér fannst það athyglisvert þegar ég var í Svíþjóð um síðustu helgi og fram í miðja þessa viku, að þar las ég í blöðum og sá í sjónvarpi umræðuþátt sem fjallaði um hina svokölluðu nýfátækt. Svíar eru farnir að tala um nýfátækt. Við könnumst við hugtakið hinir nýríku en nú er að koma fram nýtt hugtak, hinir nýfátæku. Það eru þeir sem lenda utan við allan hagvöxtinn, breytingarnar og jafnvel bótakerfið, þeir sem lenda milli stafs og hurðar. Í þeim hópum er hluti aldraðra, hluti fatlaðra, hluti sjúklinga, hluti atvinnulausra, fíkniefnaneytendur og ýmsir fleiri. Þarna er ákveðinn hópur sem góðærið nær ekki til og að mínum dómi er vert að hafa miklar áhyggjur af og þarf að fylgjast mjög grannt með hverju fram vindur.

Í umræðunni um fjárlögin og þeim tillögum sem hér liggja fyrir hefur margt mjög athyglisvert komið í ljós. Þar er ekki síst að nefna stöðu launamála hjá ríkinu. Við höfum á undanförnum árum orðið vitni að því hve gríðarleg spenna ríkir *hjá hinu opinbera í launamálum og hve gríðarleg óánægja* hefur verið hjá ýmsum hópum. Þá vil ég sérstaklega nefna kennara og heilbrigðisstéttirnar. Á þessu ári höfum við orðið vitni að því að kjarasamningar sem gerðir voru á síðasta ári hafa verið að koma til framkvæmda. Í ljós hefur komið að launakostnaður hefur orðið mun meiri en reiknað hafði verið með. *Það sýnir hversu flóknir og furðulegir samningar*

voru þarna á ferð. Jafnframt hafa ýmsir hópar ekki sætt sig við niðurstöður kjarasamninga og gripið til hópuppsagna og þannig reynt að knýja fram enn frekari launahækkanir m.a. vegna þeirrar niðurstöðu sem kom út úr nýrri röðun í launaflokka.

Þetta er ekki gott ástand en það er hægt að segja að þannig hafi þetta verið svo lengi sem elstu menn muna. Það hefur verið gríðarleg spenna á vinnumarkaðnum hjá hinu opinbera allt frá, ég held að ég geti sagt árinu 1983 þegar launavísitalan var tekin úr sambandi. Við munum eftir því að á síðasta áratug fóru kennarar tvisvar ef ekki þrisvar í verkfall, fengu síðan á sig bráðabirgðalög og hafa verið í mikilli kjarabaráttu allan þennan áratug. Í tillögum meiri hlutans kemur greinilega í ljós hve launaliðurinn hefur verið vanmetinn og er nauðsynlegt að taka á því. Okkur fannst mjög athyglisvert í þeirri yfirferð sem ég varð vitni að, bæði í hv. menntmn. og hv. félmn., að sjá að hver einasta stofnun sem við kölluðum til okkar var í miklum vanda vegna launamálanna.

Þá vil ég víkja að einstökum liðum og málefnum og ætla þá fyrst að taka það sem heyrir undir hv. félmn. Ég kem þar fyrst að málefnum fatlaðra.

Eins og þegar hefur komið fram og lesa má um bæði í áliti minni hluta félmn. og minni hluta fjárln. er ástandið í málefnum fatlaðra, einkum í Reykjavík og í nágrannasveitarfélögunum, reyndar allt út á Reykjanes, í miklum ólestri. Ég ætla ekki að deila um hversu löng sú saga er eða hver tók hvaða ákvörðun. Staðreyndin er sú að langir biðlistar eru eftir þjónustu. Þetta er algjörlega óviðunandi ástand. Við erum aðallega að tala um börn og hóp fullorðna sem þarf oft og tíðum á mikilli þjónustu að halda. Við erum að tala um einhverf börn, um þroskaheft börn, um spastísk börn o.s.frv., börn, unglinga og fullorðið fólk sem þurfa mikla þjónustu. Samfélaginu ber að veita þeim þessa þjónustu. Það er okkur til háborinnar skammar að láta það viðgangast ár eftir ár að hér séu langir biðlistar eftir mjög brýnni þjónustu. Því betri sem þjónustan er, þeim mun meiri möguleikar eru á því að aðstoða þessi börn og unglinga til að verða sem mest sjálfbjarga og komast hugsanlega út í atvinnulífið. Þetta er algjörlega óþolandi.

Ég veit ekki hvort ég skildi hv. þm. Árna Mathiesen rétt hér áðan, að fjárln. ætlaði að líta sérstaklega á þessi mál milli 2. og 3. umr. eða hvort hann var að tala um framtíðina. Ég vil hins vegar beina því til formanns fjárln. sem hér situr í salnum að nefndin skoði þennan málaflokk sérstaklega hvað suðvesturhornið varðar. Svona getur þetta ekki gengið. Við leggjum miklar byrðar á foreldra og systkini og völdum ómældum óþægindum ef ekki kvölum. Þetta má ekki ganga svona lengur. Ef samfélagið hefur einhverjar skyldur, þá eru þær gagnvart þeim sem ekki geta annast sig sjálfir. Brýnustu skyldur hvers samfélags eru að annast þá sem ekki geta séð um sig sjálfir.

Það vakti athygli okkar í félmn. og urðu um það umræður í haust hver staðan er hjá ungum fíkniefnaneytendum og öðrum þeim unglingum sem eiga í vanda með líf sitt. Komið hefur fram að hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár kallar á ný meðferðarúrræði. Ég fæ hins vegar ekki séð að meiri hluti fjárln. bregðist nægilega vel við. Það þýðir að vandinn mun halda áfram. Það þarf fleiri heimili þó sérstaklega þurfi að bæta úr í Reykjavík. Þar fer sjálf greiningin fram þannig að sá flöskuháls sem þar hefur myndist leysist, brotni eða hvernig sem maður á að orða það. Það er ákaflega brýnt að taka á þeim málum.

Ég vil ekki láta hjá líða að koma inn á þann þátt sem við í minni hluta félmn. vekjum sérstaka athygli á en það er starfsmenntun í atvinnulífinu. Í nefndaráliti minni hluta fjárln. kemur fram að hann leggur afar mikla áherslu á að settir verði meiri peningar í menntakerfið. Við vitum að framtíð þjóðarinnar byggist að miklu leyti á því að við séum vel menntuð og getum brugðist við miklum breytingum. Það á ekki aðeins við um skólakerfið. Það á ekki síður við um atvinnulífið. Maður heyrir það hvar sem rætt er um framtíðina eða atvinnulífið, fyrirtækjastjórnun eða hvað sem er, að mál málanna er endurmenntun, þ.e. símenntun, að búa fólk undir breytingar og endurnýjun á vinnumarkaði. Að mínum dómi erum við langt á eftir í þessum málum.

Fyrir tilviljun heyrði ég í Ríkisútvarpinu í gærkvöldi viðtal við menn sem fást við ráðgjöf til fyrirtækja eða eru í fyrirtækjastjórnun. Þeir nefndu einmitt að flest íslensk fyrirtæki væru langt á eftir í stjórnunarháttum sínum, menn hefðu áttað sig á því að eitthvað væri til sem héti gæðastjórnun fyrir nokkrum árum og tekið hana upp en nú gengi rekstur fyrirtækja alls staðar í heiminum út á að vinnandi fólk sé ánægt í vinnunni, hafi tækifæri til þess að mennta sig og endurmennta. Í því samhengi vil ég nefna, þó ég sé enginn sérstakur aðdáandi Evrópusambandsins en þar er þó ýmislegt gott gert, að framkvæmdastjórn þess samþykkti nýlega að beina því til aðila vinnumarkaðarins að taka meira tillit til menntunarmöguleika starfsfólks. Sérstaklega var hvatt til þess að samið yrði um aukna menntunarmöguleika starfsfólks í kjarasamningum.

Þarna þurfum við svo sannarlega að taka okkur á. Hér er alltaf verið að blanda starfsmenntun inn í atvinnuleysismál og hengja alla starfsmenntun í atvinnulífinu á Atvinnuleysistryggingasjóð. Það gefur ákveðin skilaboð en er bara alls ekki það sem málið gengur út á. Það að endurhæfa eða veita atvinnulausum tækifæri, reyna að aðstoða þá í atvinnuleit, bæta menntun þeirra o.s.frv. er allt annað en hin almenna starfsmenntun í atvinnulífinu sem hvert einasta fyrirtæki, hver einasta stofnun, þarf að horfa til á komandi árum og gera starfsmenntun að ákveðnum hluta af starfsemi sinni. Hver einasti vinnandi maður þarf að hafa tækifæri til að fylgjast með, bæta menntun sína og jafnvel að skipta um starfsvettvang o.s.frv. En hér er forneskjan ríkjandi og alltaf verið að hengja þetta á atvinnuleysismálin.

Ég vil sérstaklega nefna vanda framhaldsskólanna. Mér sýnist, og hef það staðfest frá hv. formanni fjárln., að í brtt. meiri hlutans sé komið til móts við þörf framhaldsskólanna vegna launamála. Það er kannski ekki síst í framhaldsskólunum sem samið var um töluverðar launahækkanir, sem betur fer. Ég vona að það skili sér í bættu starfsumhverfi og betri anda. Samt sem áður hafa framhaldsskólarnir eins og háskólarnir verið sveltir á undanförnum árum og þarf að taka á ýmsum málum varðandi umhverfi, tækjakost og fleira slíkt.

Í sambandi við Háskóla Íslands vil ég sérstaklega taka fram að ég þakka hv. fjárln., bæði minni og meiri hluta fyrir það hve þau brugðust vel við beiðni háskólastúdenta, háskólans og Þjóðarbókhlöðunnar um fjárveitingu svo hægt væri að lengja opnunartímann. Mér finnst þetta mikið fagnaðarefni og tel það mikið framfaraskref sem þarna er stigið. Þetta snýr ekki eingöngu að námsmönnunum heldur og ekki síður að fræðimönnum og öllum þeim sem reyna að stunda einhvers konar rannsóknir eða grúsk í frítíma sínum eða utan vinnutíma síns. Það hefur hamlað og verið fólki mjög til tafar

hve opnunartími hinnar ágætu Þjóðarbókhlöðu hefur verið takmarkaður. Fullvinnandi fólk hefur væntanlega ekki tíma fyrr en síðdegis og um helgar til að sækja safnið. Þetta er því til gríðarlegra bóta og verður örugglega til þess að auka notkun Þjóðarbókhlöðunnar.

Eins og aðrir í minni hlutanum vil ég benda á að miklar breytingar hafa átt sér stað í Kennaraháskóla Íslands. Þar hafa skólar verið sameinaðir og þarf verulega að taka á. Auðvitað ætti að stefna að því að fjórða árið verði tekið upp í kennaramenntuninni. Það hefur komið glögglega í ljós að verulega þarf að bæta kennaramenntun í landinu. Ein leiðin til þess er vitanlega sú að lengja kennaramenntunina í fjögur ár þannig að kennarar verði betur búnir til að sinna þeim sívaxandi og margvíslegu hlutverkum sem lögð eru á þeirra herðar.

Af einstökum mennta- og menningarmálum vil ég sérstaklega taka upp málefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Því miður hefur meiri hluti fjárln. ekki orðið við beiðni sinfóníunnar um aukin fjárframlög. Hljómsveitin fer þess sérstaklega á leit, og það ekki í fyrsta sinn, að geta fjölgað í strengjasveitinni. Allir þeir sem þekkja til sinfóníuhljómsveitar Íslands vita að hún hefur tekið gríðarlegum framförum á undanförnum árum eða um það bil áratug. Þangað hafa verið fengnir afar góðir stjórnendur og mikið af því unga fólki sem við höfum menntað hefur skilað sér heim. Stöðurnar í hljómsveitinni eru of fáar og strengjasveitin er allt of veik miðað við það sem gerist og gengur í góðum sinfóníuhljómsveitum. Sinfóníuhljómsveitin benti á það í umsókn sinni að gríðarleg verkefni eru fram undan, plötuupptökur, allar þær hátíðir sem hér eru fram undan: menningarborg Evrópu árið 2000, kristnitökuafmælið, landafundaafmælið o.s.frv. Þar verður sinfónían kölluð til í stórum stíl. Þá væri auðvitað til sóma að hún gæti komið fram með fullum styrk og sinnt því viðamiklu verkefni sem henni verður falið að sinna. Því skora ég á hv. formann fjárl. að skoða þetta mál sérstaklega milli 2. og 3. umr. og Sinfóníuhljómsveit Íslands fái úrbætur þó að menn geri ekki annað en stíga skref í átt til þess sem um er beðið.

Ég get ekki látið hjá líða að koma sérstaklega að stöðu sjúkrahúsanna í Reykjavík enn einu sinni. Þetta er auðvitað orðin sagan endalausa, hvernig farið er með stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. Ekki þarf annað en vísa til greinar í Morgunblaðinu 9. des. sl. þar sem finna má heilmikla yfirferð yfir skuldastöðu sjúkrahúsanna. (**Gripið fram í:** Og leiðarann í dag.) Já, ég er ekki búin að lesa hann, hv. þm. En þetta getur ekki gengið svona lengur. Þessu verður að linna. Ár eftir ár er sjúkrahúsum gert að vinna í anda kreppustjórnunar. Sérfræðingar segja mér að þetta séu þeir heimskulegustu stjórnunarhættir sem fyrirfinnast, að halda stofnunum í klemmu og gíslingu ár eftir ár. Mér skilst reyndar að hér hafi komið einhver fyrirheit um að reynt verði að leysa vandann en þegar horft er yfir það sem fram undan er hjá stóru sjúkrahúsunum, endurnýjun tækja, endurnýjun bygginga, nýbyggingar og nýjar stöður, m.a. vegna vinnutímatilskipunar Evrópusambandsins, þá eru þetta gríðarlegar upphæðir fyrir utan hinn uppsafnaða halla. Þarna er úr vöndu að ráða og gífurlegir fjármunir sem þarna þarf. Ég ítreka það enn einu sinni að svo vitlaust hefur verið haldið á málum, ekki síst á síðasta kjörtímabili, að það er mikil sorgarsaga. Nú vantar hæstv. heilbrrh. í salinn og ég veit ekki hvort hv. formaður fjárln. treystir sér til að svara þeirri spurningu sem ég hef velt fyrir mér: Er ekki skynsamlegra að byggja nýtt sjúkrahús í Reykjavík eins og mér er sagt að hafi verið gert m.a. í Ósló? Ég minnist þess að Helgi Sigurðsson krabbameinslæknir skrifaði grein í Morgunblaðið líklega í fyrra þar sem hann færði rök fyrir því að þessar byggingar og það skipulag sem sjúkrahúsin búa við væru svo mikill þrándur í götu allrar þróunar að það mundi borga sig að byggja nýtt sjúkrahús.

Fyrr í ræðu minni nefndi ég Svíþjóðarferð mína og þar hitti ég margt ágætt fólk, m.a. Guðjón Magnússon, skólastjóra Norræna heilsuháskólans. Í tal barst hvernig þessi mál væru að þróast í Svíþjóð. Hann sagði að þróunin þar væri svipuð, mörgum sjúkrahúsum hefði verið lokað og sjúkrahús sameinuð, m.a. er verið að sameina stóru sjúkrahúsin í Stokkhólmi. Í ljós hefur komið að nægileg þörf hefur verið fyrir húsnæðið. Þeim hefur verið breytt í hjúkrunarheimili, þau nýtt sem skólastofnanir eða eitthvað slíkt.

Ég skal viðurkenna það að ég hef ekki verið hlynnt sameiningu sjúkrahúsanna. Ég hef talið að gott væri fyrir fólk að geta valið á milli stofnana og á milli lækna. Ég tel gott að hafa svolitla, ég vil ekki endilega segja samkeppni en að menn hafi tækifæri til að reyna mismunandi leiðir á mismunandi sjúkrahúsum. Þegar maður horfir á hinn hrikalega kostnað þá held ég að það sé a.m.k. möguleiki sem þurfi að skoða, hvort ekki sé einfaldlega betra fyrir samfélagið að undirbúa fyrr en síðar byggingu nýs sjúkrahúss.

Ég veit ekki til þess að þetta hafi verið skoðað á viðhlítandi hátt eða kostnaður við það metinn. Ég beini þeirri spurningu til formanns fjárln.: Hefur það verið gert? Ef maður bara horfir á tækjaþáttinn ... — Nú gekk hæstv. heilbrrh. í salinn og get ég þá endurtekið spurningu mína. Ég spurði hvort gerð hefði verið úttekt á kostnaði við að byggja nýtt sjúkrahús í Reykjavík, hvort það væri hagkvæmara fyrir samfélagið miðað við þann gríðarlega kostnað sem fram undan er á báðum stóru sjúkrahúsunum.

Nú skal ég upplýsa, hæstv. forseti, vegna þess að ég veit að það er áætlað matarhlé, að ég er alveg að ljúka ræðu minni. Ég ítreka að svona getur þetta ekki gengið og verður að taka á hallanum og skoða hvaða leiðir eru til úrbóta.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég mæla fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um sérstakt framlag til Kvennasögusafns Íslands, 3 millj. kr. Þetta er reyndar aðeins lægri tala en Kvennasögusafnið bað um. Kvennasögusafnið hefur nokkuð sérstaka stöðu innan Þjóðarbókhlöðunnar. Kannski má segja að því hafi ekki verið tekið nægilega vel þar innan dyra. Þeim hefur í raun verið gert að afla fjár. Þetta er mjög merkilegt safn og varð til vegna framtaks Önnu heitinnar Sigurðardóttur, blessuð sé minning hennar. Hún fór snemma að safna ýmsu sem snerti sögu kvenna og átti mjög merkilegt skjala- og bókasafn sem nú er varðveitt í Þjóðarbókhlöðunni. Hins vegar hefur gengið illa að fá þá stöðu sem safninu ber innan Þjóðarbókhlöðunnar. Það er auðvitað ekki nægilega gott en safnið þarf að fá sitt framlag. Það hefur einn starfsmann á launum og reynir að sinna því sem til þess berst, skrá og greina. Ég legg til að þessu safni verði sýndur sómi með 3 millj. kr. framlagi.

[13:03]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því var beint til mín hvort inn á borð fjárln. hefðu komið áætlanir um byggingu nýs sjúkrahúss í Reykjavík. Ég get svarað því að það hefur ekki komið og ég hef heyrt, þó að það sé kannski skot í myrkri, að það kosti gífurlegar fjárhæðir, 50–80 milljarða króna. Nákvæmar áætlanir

um þetta hafa ekki verið gerðar þannig að við höfum ekki unnið í þeim anda þegar málefni sjúkrahúsanna hafa verið til umræðu.

Að öðru leyti er það rétt að við erum enn þá með málefni sjúkrahúsanna í skoðun. Við hyggjumst fara yfir þær hagræðingaraðgerðir sem hafa verið ákveðnar á undanförnum árum, hvað af þeim hefur náð fram að ganga. Ég vil vinna í þeim anda að samnýta sem mest í sjúkrahúsunum til að koma í veg fyrir tvöföldun kostnaðar og í þeim anda höfum við verið að vinna í fjárln. En það er alveg rétt að þarna er við vanda að etja.

[13:05]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. formanni fjárln. fyrir þessi svör. Ég get ímyndað mér að bygging nýs og fullkomins sjúkrahúss á höfuðborgarsvæðinu hlýtur að kosta gríðarlegt fjármagn. En við hljótum að verða að horfa til þess að ástand Sjúkrahúss Reykjavíkur, sjálf byggingin, hefur kallað á mjög miklar endurbætur sem kosta mikið og byggingar Landspítalans eru margar orðnar nokkuð gamlar þó gamla húsið sé ákaflega vel byggt og fagurt hús og allt það.

Menn hljóta að verða að skoða þetta mál í þessu samhengi. Ég held að það hljóti að koma að því að menn skoði þennan kost. Auðvitað mun það taka töluverðan tíma. Við erum ekki að tala um næstu tvö, þrjú árin, þetta kostar mikinn undirbúning en þetta er leið sem aðrar þjóðir hafa verið að fara. Ef það er rétt sem kom fram í grein Helga Sigurðssonar krabbameinslæknis, sem ég vitnaði til áðan, að sjálfar byggingarnar stæðu framförum fyrir þrifum m.a. varðandi það að koma upp fleiri göngudeildum o.s.frv. hlýtur þetta að vera kostur sem við hljótum að skoða.

[13:06]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hyllist til þess að fylgja þeirri stefnu að reyna að gera endurbótaáætlun fyrir þau sjúkrahúsin á þeim stað þar sem þau eru. Maður horfir til þess að þarna eru gríðarlegar byggingar sem mundi þá þurfa að finna einhver önnur verkefni. Mér er alveg fulljóst að það þarf að kosta verulega til viðhalds og endurskipulagningaí sjúkrahúsunum á næstu árum miðað við þær tæknibreytingar sem hafa orðið. En ég hef enn þá trú á að hægt sé að gera það. Við lögðum reyndar fram töluverða peninga til endurbóta á Sjúkrahúsi Reykjavíkur á yfirstandandi ári þó að það nægi náttúrlega hvergi nærri.

Ég vil fylgja þeirri stefnu að reyna að endurbæta sjúkrahúsin og reyna að færa þau til nútímahorfs þar sem þau eru en það á þá eftir að sýna mér fram á að þetta sé allt saman með þeim hætti að það þurfi að fleygja því. Ég er ekki búinn að kaupa þau rök enn þá. Það getur vel verið að sýnt verði fram á það í framtíðinni en eins og er stendur ekkert annað til en vinna að endurbótum á sjúkrahúsunum sem fyrir eru.

[13:08]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar Guðjón Samúelsson arktitekt skilaði teikningum sínum að Landspítalanum á þriðja áratugnum sögu menn: Uss, þetta er allt of stórt og teikning hans var skorin niður um þriðjung sem aldrei skyldi verið hafa því að húsið missti mikinn svip við það. En ekki voru liðin mörg ár af starfsemi Landspítalans fyrr en byggingin var orðin allt of lítil. Það gildir auðvitað um sjúkrahús eins og ýmsar aðrar stofnanir og þá kannski ekki síst sjúkrahús þar sem gríðarlegar tækniframfarir eiga sér stað að þau eru barn síns tíma. Mér finnst að það sé nokkuð sem við þurfum að skoða að í ljósi þeirra miklu breytinga sem eru að verða á allri tækni sem gerir það m.a. að verkum að fólk er útskrifað miklu fyrr en áður. Þá þarf miklu minna legupláss en meira pláss fyrir meðferð, fyrir göngudeildir og slíkt. Þá hljótum við auðvitað að spyrja: Hvernig eru þau sjúkrahús sem við höfum nú, Sjúkrahús Reykjavíkur, Landspítalinn og fleiri byggingar sem þeim tengjast, í stakk búin til þess að taka við þessum breytingum? Getum við nýtt þau eða borgar það sig vegna framtíðarinnar að fara að skipuleggja byggingu nýs sjúkrahúss en reyna jafnframt að finna þessum byggingum hlutverk þó að það sé alveg ljóst að þarna er, og ekki neita ég því, auðvitað um gríðarlegan kostnað að ræða? En bygging Landspítalans á þriðja áratugnum var mikið kraftaverk og þar söfnuðu konur stórkostlegum fjármunum og ég er alveg viss um að það væri hægt að sameina þjóðina og sannfæra um nauðsyn þess að byggja nýtt sjúkrahús.

[13:10]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Ástgreirsdóttir bryddar upp á mjög spennandi hlut um byggingu eins stórs sjúkrahúss. Þá er hún sammála þeim sem telja að það eigi að sameina spítalana. En af því að hv. þm. spyr hvað þetta kostar og hv. þm. fjárln. hefur þegar sagt að það kostar ekki undir 50 milljörðum kr., þá verðum við að miða okkur við byggingar í Skandinavíu af svipaðri stærð. Ég minni á að barnaspítalinn einn kostar einn milljarð í byggingu þannig að við erum að tala um hlut sem er ekki kominn á teikniborðið hjá okkur enn enda afskaplega fjárfrek framkvæmd.

En það er alveg hárrétt sem hv. þm. sagði að tæknipróunin er svo ör. Við erum sífellt að breyta. Við sáum ekki fyrir fyrir 10 árum hversu miklar breytingar hafa orðið t.d. varðandi göngudeildarþjónustu. Á Ríkisspítölum og víðar er t.d. búið að byggja upp göngudeildarþjónustu á fjórum árum í hluta sjúkrahúsanna sem höfðu áður verið legudeildir því að legutími styttist mjög en í staðinn koma sjúklingar í ríkari mæli inn á göngudeild.

Af því að hv. þm. spurði þá höfðum við skoðað þetta gróft en kostnaðartölurnar eru slíkar að við höfðum ekki leyft okkur að fara lengra.

[13:12]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get vel skilið að í ljósi þess mikla vanda sem hefur verið við að etja í heilbrigðiskerfinu að þeir hafi fölnað í heilbrrn. við að sjá þær tölur sem þarna er um að ræða en enn og aftur erum við að tala um framtíðina og að skoða hvað best verður að gera í framtíðinni.

Eins og ég nefndi áðan hef ég ekki verið fylgjandi sameiningu Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Það á alveg eftir að sannfæra mig um að sú sameining eins og þær stofnanir eru núna sé rétt leið, m.a. vegna þess hvernig þær eru byggðar og hvernig samsetningin er en ég efast ekki um að hægt væri að ná fram ákveðinni hagkvæmni.

Hins vegar verðum við að horfa til framtíðar, vitandi það að vinnandi fólki mun fækka í framtíðinni og hinum eldri mun fjölga. Gríðarleg þörf verður fyrir bæði heilbrigðisþjónustu og félagslega þjónustu og við verður að spyrja okkur hvernig við ætlum að standa að þessu. Þá hljótum við líka að kanna hvernig málum verði best komið fyrir í framtíðinni í ljósi þess hvernig við ætlum að reka samfélag okkar og

fjármagna þá velferðarþjónustu sem við viljum hafa hér. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að þetta er framtíðarmál en ég held að það þurfi virkilega að fara að skoða þetta.

[13:14]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað verðum við með dýrri og nýrri tækni að samnýta hlutina betur hvort sem við gerum það í einu húsi eða tveimur húsum. Það er ágætt að hv. þm. bryddar upp á þessu. Hún segist ekki vera sammála því að sameina spítalana en um leið og menn eru farnir að tala um einn spítala, þá er búið að því. En það er hægt að gera það líka á ýmsan annan máta án þess að um allsherjarsameiningu sé að ræða. Það er hægt að samhæfa vissar deildir þannig að við séum ekki að tvöfalda kostnaðinn með dýrri tækni eða í samkeppni um starfsfólk á tveim stöðum þegar við getum nýtt það betur á einum stað.

[Fundarhlé. — 13:15]

[13:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þegar hæstv. fjmrh. kynnti fjárlagafrv. í byrjun októbermánaðar tóku menn eftir því að það var gult á litinn og hæstv. ráðherra var fljótur að skýra út fyrir okkur að það væri vegna þess að það boðaði sólskin og hefur frv. stundum verið kallað sólskinsfrv. Eftir að menn hafa farið betur í saumana á þessu frv. hefur dregið meira fyrir sólu þótt vissulega sé þar ýmislegt jákvætt.

Talað hefur verið um að í landinu ríki góðæri og vissulega er það rétt þegar litið er til efnahagslífsins almennt, þá eru ytri skilyrði góð. Hér hefur aflast mjög vel, mikill fiskafli borist á land. Við höfum fengið fyrir hann gott markaðsverð, verð á olíu hefur farið lækkandi og áfram mætti telja. En allt endurspeglast þetta síðan í góðri afkomu fyrirtækjanna í landinu.

Í nál. minni hluta fjárln. er vísað til heildaruppgjörs þeirra 44 fyrirtækja að undanskildum hlutabréfasjóðum sem skráð voru á hlutabréfamarkaði á miðju ári en þar kemur fram hve góð afkoma þeirra er. Velta þessara fyrirtækja var rúmlega 10% meiri í janúar–júní 1998 en sömu mánuði 1997, jókst úr 112,8 milljörðum kr. í 124,3. Afkoman batnaði hvort heldur er miðað við hagnað af reglulegri starfsemi eða hreinan hagnað.

Annað er jákvætt í efnahagslífinu núna og það snýr að atvinnuleysinu sem hefur verið á niðurleið. Það stefnir í að atvinnuleysi verði undir 3% á þessu ári og menn eru að spá því að það fari jafnvel enn neðar á næsta ári. Þar er því spáð að atvinnuleysi verði 2,5. Það er hins vegar 2,5% of mikið vegna þess að Íslendingar eiga ekki að þurfa að búa við atvinnuleysi, allra síst þegar vel árar og þegar litið er til reynslunnar frá lokum seinna stríðs, er það svo að fram á þennan áratug var nánast ekkert atvinnuleysi í landinu, undir 1% að meðaltali að undanskildum síðustu árum 7. áratugarins þegar um var að ræða tímabundið atvinnuleysi.

Það svigrúm sem góðærið í efnahagslífinu almennt hefur skapað hyggst ríkisstjórnin nota til að ná skuldum ríkissjóðs niður og er það mjög jákvætt að mínum dómi. Það á að nota hin góðu ár til þess að greiða niður skuldir ríkisins vegna þess að þegar herðir að er slæmt og óæskilegt að þurfa að bera þungar skuldaklyfjar og verja skattpeningum til að greiða þær niður og borga vexti. Menn eru með mikla drauma og stór áform í þessum efnum. Í skýrslum ríkisstjórnarinnar og efnahagsspám er gert ráð fyrir því að ná skuldum ríkissjóðs niður á næstu árum úr um það bil 50% af vergri landsframleiðslu niður um heil 30% og færa þær niður í um 20% þegar komið er fram á árið 2003.

Þá er rétt að spyrja hvernig eigi að gera þetta og ekki bara á næstu árum heldur þurfum við að skoða líka hvernig ríkisstjórnin starfar nú, hvernig hún fer að því að greiða þessar skuldir niður, á hvaða forsendum hún starfar. Þá eru tvö lykilatriði. Það eru tvö lykilatriði sem við hljótum að spyrja um og þau eru raunsæi og réttlæti.

Í fyrsta lagi er ástæða til að ætla að raunsæi búi ekki að baki þeim spádómum sem ríkisstjórnin byggir á. Hún eða sérfræðingar hennar ætla að hagvöxtur verði áfram á næstu árum mjög mikill. Hann er rúm 5% á þessu ári og menn ætla að á næstu árum eða fram til 2003 verði hann að jafnaði um 3%. Menn ætla að við flytjum út eða aukum útflutning okkar á þessu tímabili um 3–4% á ári. Vandinn er bara sá að efnahagskerfin sem við þurfum að reiða okkur á um þennan útflutning standa á brauðfótum. Það sama á við um t.d. Evrópusambandið og okkar eigið land. Talað hefur verið um góðæri og góðan hag án þess að spyrja um réttlæti og innri skiptingu. Í Evrópusambandinu eru upp undir 20 milljónir manna atvinnulausir. Á undanförnum mánuðum höfum við fengið að kynnast því hve ótraust efnahagskerfi Asíu eru og allt er þetta samtengt. Þessir glöðu spádómar ríkisstjórnarinnar um batnandi hag okkar byggja ekki á traustari forsendum en efnahagskerfi viðskiptaaðila okkar bjóða upp á og þau eru ekki traust.

Annað sem er líka áhyggjuefni er hinn mikli halli sem er á viðskiptum við útlönd. Það stefnir á 40 milljarða viðskiptahalla á þessu ári og þá spyr maður sig hvort innstæða sé fyrir þessum halla. Að hluta til má skýra viðskiptahallann í flugvélakaupum, í ýmsum framkvæmdum og fjárfestingum sem eiga hugsanlega eftir að skila sér í batnandi þjóðarhag en að hluta til fara skuldir fyrirtækja og heimila vaxandi. Skuldir heimilanna eru núna meiri en þær hafa nokkru sinni verið, um 400 milljarðar kr., meiri en nokkurn tíma í sögunni. Allt er þetta áhyggjuefni.

Það er annað sem við hljótum að staldra við þegar við lítum á spádóma ríkisstjórnarinnar. Það er að á sama tíma og hún spáir því að skuldir ríkisins fari lækkandi um heil 30% þegar litið er til vergrar landsframleiðslu, úr um 50% niður í 20% fram til ársins 2003, gerir hún ráð fyrir því að heildarskuldir þjóðarinnar verði orðnar meiri, þær verða orðnar hærri þegar kemur fram til þessa tíma. Menn eru að taka niður skuldir ríkissjóðs, fara með þær úr 50% niður í 20%, en á sama tíma spá þeir því að heildarskuldir Íslendinga verði orðnar hærri. Með öðrum orðum kemur samsetningin til með að breytast, hagur ríkissjóðs verður betri en þjóðarinnar í heild sinni lakari. Þá fer maður að spyrja: Hvað er það sem er að gerast? Hvers vegna getur ríkið farið niður með skuldir sínar en skuldir þjóðarinnar í heild sinni vaxa?

Margar ástæður eru fyrir þessu. Í fyrsta lagi er staðreynd að ríkissjóður hagnast á því að færa ýmis verkefni sem hafa hvílt á honum yfir til sveitarfélaganna, færa verkefni frá ríki til sveitarfélaganna. Það er athyglisvert að á sama tíma og gert er ráð fyrir því að reka ríkissjóð þannig að við höfum efni á að greiða upp skuldir eru sveitarfélögin í landinu rekin með halla, hátt á annan milljarð að því er menn ætla á þessu ári. Þegar peningaleg staða sveitarfélaganna er skoðuð, og það er eðlilegt að skoða hana þegar staða þeirra er metin því að hún gefur gleggsta mynd af raunverulegri stöðu, þá

kemur í ljós að árið 1990 var peningaleg staða þeirra um 5 milljarðar í mínus. Árið 1993 er þessi tala komin í 13,5 milljarða, árið 1995 í 24 milljarða í mínus og áfram fer hún versnandi. 24,3 milljarða ætla menn að þetta sé á síðasta ári. Hagur ríkissjóðs fer batnandi en hann gerir það á kostnað sveitarfélaganna.

Það er annað sem skýrir að ríkisstjórnin eða ríkisvaldið mun hugsanlega ná niður eigin skuldum á sama tíma og skuldir þjóðarinnar fara vaxandi en önnur skýring á þessu eru breytingar sem verið er að gera á rekstrarfyrirkomulagi. Núna hefur svokölluð einkaframkvæmd verið boðuð á ýmsum sviðum, áður hjá Iðnskólanum í Hafnarfirði, held ég það sé, og einnig núna á sjúkrahúsum og öldrunarheimilum. Þetta er fyrirbrigði sem nýtur mikilla vinsælda, ekki bara hjá þeirri ríkisstjórn sem hér situr og ekki bara hjá íhaldsríkisstjórnum, ríkisstjórnum Thatcher og Johns Majors — reyndar var þetta ekki komið í tísku þegar Thatcher sat heldur var það John Major sem tók þetta upp — heldur einnig hjá krötum. Nýkratarnir í Bretlandi halda áfram þessari einkaframkvæmd, sem er nýtt orð, nýtt hugtak sem er notað um einkavæðingu. (**Gripið fram í:** Hvað eru nýkratar?) Hvað eru nýkratar? er spurt úti í sal. Það eru menn sem sigla undir fölsku flaggi. Þykjast boða félagshyggju og láta kjósa sig á grundvelli félagshyggjunnar en framkvæma örgustu frjálshyggju. Það eru nýkratar. Gegn þessari þróun eru að rísa vinstri hreyfingar, ekki bara hér á landi heldur víðs vegar um Evrópu og um heim allan. Menn sem ætla að fara undir skýrum markmiðum og ætla ekki að láta kjósa sig til valda á fölskum forsendum.

Einkaframkvæmdin byggir á því að fela fyrirtæki að reisa og starfrækja stofnanir á borð við sjúkrahús, á borð við fangelsi, á borð við skóla. Hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde hefur boðað þetta fagnaðarerindi hingað.

Vandinn er hins vegar sá fyrir skattborgarann, fyrir þjóðina, að þetta fyrirkomulag er bæði óhagkvæmara og miklu dýrara. Miklu dýrara fyrir skattborgarann en hefðbundinn rekstur. Hvernig stendur á því? Það stendur þannig á því að einkafyrirtækið þarf að ná í fjármagn á miklu dýrari kjörum en hið opinbera getur gert. Í annan stað ráðast fyrirtæki ekki í svona framkvæmd af góðmennskunni einni heldur til þess að hafa af þessu arð, geta tekið arð út úr þessari starfsemi. Það er að sjálfsögðu á kostnað skattborgarans.

Hvar liggur þá freistingin? Hvar liggur freistingin fyrir stjórnmálamennina? Hvar liggur freistingin fyrir breska íhaldið eða breska nýíhaldið sem gengur undir nafninu breski verkamannaflokkurinn? Hvar liggur freistingin? Freistingin liggur í því að hægt er að blekkja kjósendur með bókhaldsbrellum vegna þess að skuldin kemur hvergi fram. Hún er greidd samtímis en kemur hvergi fram. Menn gera samning við fyrirtækið um að sjá því fyrir kúnnum, fyrir viðskiptavinum. Hverjir eru kúnnarnir, viðskiptavinirnir? Það geta verið skólanemar, það geta verið fangar, það geta verið sjúklingar. Ríkið eða sveitarfélagið skuldbindur sig til 10, 15, 20, 30 ára eftir atvikum til að sjá fyrirtækinu fyrir viðskiptavinum og greiðir fyrir þjónustuna árlega.

Fyrirtækið er hins vegar með skuldirnar sem þarf að fá fjárfestinguna í bókhaldi sínu. Það kemur hvergi fram, hvort sem er hjá ríki eða sveitarfélagi. Þess vegna koma stjórnmálamennirnir glaðir og reifir til kjósenda sinna þegar þeir opna skólana og sjúkrahúsin og fangelsin og segja: Hér hafið þið þessar nýju, fínu stofnanir, sjáið þið hvað við stöndum okkur vel. Það sem kjósandinn fær ekki að vita er að það er verið að ávísa skuldbyrðinni inn í framtíðina. Hvaða lausn hafa menn þá þegar ekki verður til peningur til að fjármagna hana? Hvaða lausn hafa menn þá í skólunum, sjúkrahúsunum? Það eru þjónustugjöld. Þetta er ávísun á misrétti í framtíðinni. Þetta er dýrara og erfiðara á alla lund fyrir hið opinbera og hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir skattborgarann þegar hann er beittur blekkingum af þessu tagi. Þetta er ein ástæðan fyrir því að hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde kemur galvaskur og segir: Á næstu árum ætlum við að ná skuldum ríkissjóðs niður um heil 30%, úr 50% af vergri landsframleiðslu niður í 20% árið 2003. Hvernig á að gera þetta?

Það er m.a. með þessu. Með því að skuldsetja sveitarfélögin og með því að setja á eitt allsherjarblekkingarleikrit í bókhaldi ríkisins. Það er þetta sem á að gera. Skuldirnar munu hvíla á öllum þessum fyrirtækjum. Það mun ekki koma fram í bókhaldi ríkissjóðs. Þess vegna er hægt að birta okkur svona gleðitíðindi, sólskinstíðindi eins og þessi. En þetta er ávísun á misrétti í framtíðinni. (**ÖS:** Þetta er árás á Reykjavíkurlistann.) Árás á Reykjavíkurlistann, segir hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Þetta er í rauninni gagnrýni á alla þá sem framkvæma þessa stefnu. Við erum með málefnalega umræðu um þetta tiltekna málefni. Mér er nákvæmlega sama hvað sá heitir sem framkvæmir hana, hvort sem það er íhaldið í Bretlandi eða verkamannaflokkurinn þar eða R-listinn í Reykjavík sem hefur því miður tekið upp ýmsa frjálshyggjubábiljuna á þessu sviði sem öðrum. Ég hef gagnrýnt það t.d. hvað varðar orkubúskapinn. Auðvitað var það áhyggjuefni þegar Reykjavíkurborg og R-listinn í Reykjavík hafði forgöngu um að markaðsvæða raforkubúskapinn í landinu. Auðvitað á hver sem á í hlut að gagnrýna það. Það er þetta sem vantar inn í pólitíkina núna. Það er afl sem er sjálfu sér samkvæmt, sem siglir ekki undir fölsku flaggi og það er það sem við erum að bjóða upp á sem erum að fylkja okkur undir fána Vinstri hreyfingar — græns framboðs.

Ég sagði að þegar við fjöllum um efnahagsmálin, þegar við fjöllum um þann ásetning ríkisstjórnarinnar að ná skuldum ríkisins niður, sem er jákvætt, þurfum við að spyrja um tvennt. Við erum að spyrja um raunsæi og við erum að spyrja um réttlæti. Ég hef rakið að því miður má ætla að þetta mat ríkisstjórnarinnar byggi ekki á raunsæi. Þetta stendur allt á brauðfótum. Við stefnum í 40 milljarða viðskiptahalla á þessu ári og því miður er margt sem bendir til þess að ekki sé innstæða fyrir þessari miklu þenslu. Þá sitjum við uppi með skuldir. Þegar ég segi „við" þá er ég að tala um fyrirtækin í landinu og ég er að tala um heimilin í landinu sem eru meira skuldsett nú en nokkru sinni fyrr í Íslandssögunni, upp á 400 milljarða kr.

Síðan nefndi ég það, þegar ég var að tala um þessa breyttu samsetningu á skuldum þjóðarinnar, að ég óttast að við munum koma til með að rekja þær til einkaframkvæmdar, einkaframkvæmdar í opinberum rekstri og tengdi það því að þetta mundi því miður vera ávísun á félagslegt ranglæti þegar farið verður að rukka skólanema og sjúklinga í vaxandi mæli á komandi árum ef þessi stefna nær fram að ganga. Þá er náttúrlega komið að því sem er svívirðilegast af öllu og það er að ríkisstjórnin hefur gert bakið á öryrkjanum, hinum öldruðu og hinum atvinnulausu að vinnuborði sínu. Það er á kostnað þessa fólks sem verið er að greiða niður skuldir þjóðarinnar.

Þegar ég nefni að það sé fagnaðarefni að ná niður skuldum þá verður það að gerast þannig að réttlætissjónarmiða sé gætt. Það er ekki gert. Skerðing á kjörum aldraða hefur átt sér stað á þessum áratug, hófst skipulega árið 1992. Farið

var að skerða kjör aldraðra skipulega árið 1992. Þetta hefur verið staðfest núna nýlega af hálfu Ríkisendurskoðunar en þar kemur fram að ef grunnlífeyrir elli- og örorkulífeyrisþega með tekjutryggingu án uppbóta hefði tekið sömu breytingum og lágmarkslaun á árunum 1995–98 hefðu bætur lífeyristrygginga orðið 1.842 millj. kr. hærri á þessu fjögurra ára tímabili en raun varð á. Hlutfallslega mest var haft af ellilífeyrisþegum og öryrkjum árið 1997 — það var árið sem góðærið hóf innreið sína — en það ár hækkuðu lágmarkslaun verulega eða um 13% borið saman við hækkun grunnlífeyris um tæp 4%. Á sama tíma og góðæri, góð skilyrði sem Íslendingar búa við, ytri skilyrði, fer að skila sér til fyrirtækja og hópa launafólks er þetta fólk skilið skipulega eftir. Bara á þennan hátt eru hafðir af öryrkjum og lífeyrisþegum 1.842 millj. kr., á annan milljarð króna. Síðan hafa kjör þessara hópa verið skert með ýmsum hætti að auki. Auðvitað er umhugsunarefni að í tillögum sem koma frá ríkisstjórninni er gert ráð fyrir að skera niður við Framkvæmdasjóð fatlaðra um hátt á þriðja hundrað millj. kr. Og menn eru að tala um góðæri. Ekki hjá þessu fólki.

Margar mjög góðar blaðagreinar hafa birst að undanförnu þar sem vakin er athygli alþingismanna á kjörum aldraðra. Ég er með blaðagrein sem Helgi Seljan, sem er framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins, skrifar í Morgunblaðið á fimmtudaginn í síðustu viku. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Það líður óðum að afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Það fer ekki milli mála að eftir þeirri afgreiðslu verður tekið af mörgum, ekki síst þeim sem eiga afkomu sína að miklu leyti undir því komna hversu endanlega þar verður málum ráðið. Það er líka dagljóst öllum, ekki síst þeim sem málum stjórna, til hverra þeir verða öðrum fremur að líta þegar þeir endanlega afgreiða fjárlög næsta ár."

Helgi Seljan, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins, heldur áfram og spyr:

„Eru menn þarna inni virkilega ekki orðnir læsir á annað en úrvalsvísitölur verðbréfanna? Ég neita að trúa fyrr en ég tek á því þó hin símalandi gróttakvörn markaðsvæðingarinnar setji margt mannlegt úr skorðum. En ríkjandi stjórnarmeirihluti sem gumar af því að færa allt til betri og bjartari vegar verður einmitt dæmdur af því fyrst og síðast hvaða kjör þeim eru búin sem þeir hafa svo afgerandi áhrif á að sköpum skiptir. Öryrkjar bíða enn, en það skulu menn vita að þolinmæði þeirra og þolgæði um leið eru takmörk sett.

Þeir vita að það kostar ekki nema svo sem 1% fjárlagadæmisins að lagfæra kjör þeirra verulega."

Þetta segir m.a. Helgi Seljan, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins, sem flestum öðrum fremur hefur látið sig kjör öryrkja skipta og verið einarður talsmaður og baráttumaður þeirra í langan tíma.

Við í þingflokki óháðra leggjum mjög ríka áherslu á að áður en endanlega verður gengið frá fjárlögum næsta árs verði málefni aldraðra og öryrkja tekin til sérstakrar skoðunar og að þessum aðilum verði tryggt sómasamlegt líf.

Hvað er sómasamlegt líf? Öryrki skrifaði mér bréf og væntanlega mörgum öðrum þingmönnum og ráðamönnum einnig þar sem hann spyr sjálfan sig þessarar spurningar: Hvað er sómasamlegt líf? Hann svarar á þennan hátt: „Mitt svar er í hnotskurn það að fólk þurfi ekki að vera upp á aðra, svo sem ættingja, komið með brýnustu nauðsynjar eins og fjölmörg dæmi eru til um, að fólk geti lifað sjálfstæðu lífi."

Eitt málefni sem Öryrkjabandalagið og öryrkjar hafa lagt mjög mikla áherslu á í þessu efni er að afnema það ranglæti sem felst í því að skerða kjör öryrkja gangi þeir í hjónaband. Þetta hefur margoft verið reifað á Alþingi, en til upprifjunar má geta þess að öryrki getur í hæsta lagi fengið um 63 þús. kr. á mánuði. Hann getur í hæsta lagi fengið um 63. þús. á mánuði. Ef hann gengur í hjónaband hrapar hann við það eitt niður í 44 þús. á mánuði. Ef makinn aflar teknar þá skerðast tekjur öryrkjans hlutfallslega og þannig að ef makinn er með sem nemur meðaltekjum einstaklings innan BSRB eða ASÍ þá eru tekjur öryrkjans færðar niður í 15 þús. kr. á mánuði. Þetta er náttúrlega svo mikið ranglæti að það er réttnefni að tala um mannréttindabaráttu þegar sú krafa er sett fram að úr þessu verði bætt. Ég hvet mjög eindregið til þess að ríkisstjórnin horfi sérstaklega til þessa þegar fjárlög eru tekin til endanlegrar afgreiðslu.

Á öðrum málum þyrfti einnig að taka og reyndar þegar spurt er hvað sé til ráða þá þarf að taka bæði tekjur og gjöld hins opinbera til mjög róttækrar endurskoðunar til að koma hér á réttlátara fyrirkomulagi. Það þarf að taka skattkerfið til endurskoðunar, allt tekjuöflunarkerfi ríkisins. Þar hefur allt verið fært í ranglætisátt á undanförnum árum og þá er ég að horfa til þessa áratugar alls. Tekjuskattur fyrirtækja hefur verið stórlækkaður. Hann hefur verið færður úr um 50% niður í 30%. Fjármagnstekjuskattur var settur á sem ívilnaði stórlega eignafólki. Skattar sem eignamenn höfðu verið að greiða og voru samsvarandi tekjusköttum voru færðir niður í 10%. Og ef ég man rétt þá minnkaði skattstofn af arði og hlutabréfagróða um milljarð. Ég hef oft tekið dæmi af því hvernig fyrirtæki högnuðust. Ég man að á þeim tíma sem þetta var gert var verið að greiða út arð upp á 14–15 milljónir í einu stórfyrirtæki í Reykjavík og fyrir skattabreytingar ríkisstjórnarinnar voru menn að greiða skatta af þessu í kringum 5–6 milljónir. En þeir voru lækkaðir niður í hálfa aðra milljón eða þar um bil. Þetta voru þær skattabreytingar sem ríkisstjórnin hefur sett fram, allar í ranglætisátt, á sama tíma og hún hefur verið að setja á endalausa sjúklingaskatta og skert kjör þeirra sem hafa minnst handa á milli í þjóðfélaginu.

Ég vil vekja athygli á tveimur breytingum við fjárlagatillögur ríkisstjórnarinnar sem lagðar hafa verið fram og lúta að komugjöldum á heilsugæslustöðvar. Þar er lagt til að varið verði 250 millj. kr. til þess að afnema þessi komugjöld. Auðvitað þyrfti að afnema sjúklingaskatta og gjöld í heilbrigðiskerfinu almennt. En þarna á að stíga skref þegar í stað. Það hefur komið fram og kom fram í skýrslu landlæknis á sínum tíma að fólk með litlar tekjur veigrar sér við að leita sér lækninga. Tekjulágt fólk veigrar sér við að leita lækninga og það sýnir okkur að við höfum, eða að þeir sem því hafa stýrt hafa sett of háa þröskulda inn á sjúkrastofnanir og þá þröskulda ber að fjarlægja. Það ber að fjarlægja þá. Þetta var gert fyrr á þessum áratug. Þá var hafist handa um þetta til að reyna að koma inn kostnaðarvitund, eins og það var kallað, hjá sjúku fólki. Þetta var náttúrlega skelfilega svívirðilegt og óafsakanlegt. Menn hafa stundum verið að réttlæta þetta með því að samdráttur hafi verið í þjóðfélaginu. Menn hafa verið að réttlæta það að níðast á sjúklingum og öryrkjum og fátæku fólki á þeirri forsendu að svo miklar þrengingar hafi verið í efnahagslífinu. Þetta þætti mjög skrýtin hagfræði á heimilum, að draga úr mjólkurkaupum en halda sig við konfekt með kaffinu, því að ekkert var hert að þeim sem hafa peninga í landinu, alls ekki. Það var verið að hygla

þeim öllum stundum, minnka á þá álögurnar. En það var hamast á hinum vegna þess að það voru svo miklar efnahagsþrengingar. Þetta er náttúrlega alveg gersamlega út í hött og menn ættu aldrei að láta sér svona um munn fara. En ég hef heyrt þessu haldið fram hér í þingsal af þeim sem stýrðu för á þessum tíma. Þar er ég að vísa til ýmissa talsmanna Alþfl. sem réttlættu þessar breytingar, þessa sjúklingaskatta á sínum tíma, í ljósi þess að þetta hefði verið gert vegna efnahagsþrenginga Íslendinga. Þetta á að sjálfsögðu ekki við og er ekki forsvaranlegt því að á þessum sama tíma var verið að létta byrðum af fyrirtækjum, þeim fyrirtækjum sem best stóðu sig og högnuðust. Það var verið að lækka tekjuskatta fyrirtækjanna.

Annað sem ég vildi nefna hér er 263,7 millj. kr. hækkun til sjúkratrygginga til þess að koma til móts við aldraða, öryrkja og unglinga varðandi tannviðgerðir. Í þeirri skýrslu sem ég vitnaði til áðan, skýrslu landlæknis sem sýnir fram á að tekjulítið fólk veigrar sér við að leita sér lækninga, kom fram að þessi tilhneiging sýndi sig fyrst varðandi tannlækningarnar. Við létum reikna út fyrir okkur hvað það mundi kosta að auka hlutdeild almannatrygginga gagnvart öldruðum og öryrkjum — þá erum við að tala um rúmar 100 millj. kr. — með því að gera tannlæknakostnað þessara hópa ókeypis. Þetta eru um 100 millj. kr., sennilega um 80 millj. fyrir aldraða. Það er eins og lífeyrir eins bankastjóra. Það er nú ekki meira. Þetta eru hins vegar miklar byrðar fyrir einstaklinginn og það hefur sýnt sig að margt aldrað fólk á Íslandi hefur ekki lengur efni á að leita sér tannlækninga. Það getur t.d. ekki keypt sér falskar tennur, er tannlaust, vegna þess að það hefur ekki efni á að borga fyrir. En það kostar ekki mikla peninga að koma því þannig fyrir að þetta verði ókeypis.

Við höfum lagt fram frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar og þá er ég að vísa í þann sem hér stendur, Hjörleif Guttormsson, Kristínu Ástgeirsdóttur og Steingrím J. Sigfússon. Ég er að vísa í frv. sem við lögðum fram um breytingu á almannatryggingalögum sem gerir ráð fyrir því einnig að auka hlutdeild almannatrygginga í tannlæknakostnaði unglinga, hækka aldursviðmiðið og auka þennan hlut. Ég ætla ekki að fara nánar út í það hér. Ég hef gert það margoft áður.

Síðan þarf að sjálfsögðu að koma meira fjármagn í húsnæðiskerfið. Það þarf að koma miklu meira fjármagn í húsnæðiskerfið. Það er gert ráð fyrir að veita fjármagn til að byggja allt að 120 leiguíbúðir, sem er hlægilega lítið. Þetta er nánast brandari. En fólki sem er á götunni er ekki hlátur í hug. Það var utandagskrárumræða um þetta efni fyrir fáeinum dögum. Þá komu fram upplýsingar um ástandið og það er vægast sagt geigvænlegt. Í Reykjavík einni eru um þúsund manns, um þúsund einstaklingar og fjölskyldur á biðlista. Þar af eru tæplega 500 í brýnni þörf. Og samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér hjá félagsmálastofnun og þeim aðilum sem hafa með þessi mál að gera — nei, það var reyndar ekki félagsmálastofnun heldur hjá húsnæðisnefnd Reykjavíkur — er sagt að sýnt sé að margar fjölskyldur verði á götunni.

Svo ég rifji upp þessar tölur, þá nefndi ég í fyrrnefndri utandagskrárumræðu að hjá Öryrkjabandalaginu eru 261 á biðlista, 545 hjá félagsmálastofnun, hjá húsnæðisnefnd borgarinnar 110 og hjá leigumiðlunum 81, samtals 997. Í Kópavogi eru það 120. Á Akureyri eru yfir 100 eintaklingar og fjölskyldur á biðlista og um 70 í Hafnarfirði. Og menn eru að tala um það í alvöru að veita fjármagn til að byggja allt að 120 íbúðir.

Hvernig ætla menn að leysa þennan vanda? Því miður er núna að koma í ljós að þau varnaðarorð sem frá stjórnarandstöðunni komu í vor þegar verið var að þröngva hinni umdeildu húsnæðislöggjöf í gegnum þingið, voru á rökum reist. Það var ákveðið með lagabreytingunni þá að leggja félagslega húsnæðiskerfið af, að markaðsvæða kerfið, sem þýðir að vextir sem höfðu verið í 2,4% fara upp í markaðsvexti sem liggja í kringum 5% raunávöxtun. Það er sýnt að fátækasti hluti þjóðarinnar — og það er drjúgur hluti hennar — hefur ekki efni á því að afla sér húsnæðis.

Í gamla kerfinu komust stórir hópar ekki inn í félagslega húsnæðiskerfið. Þeir höfðu ekki einu sinni efni á því. Og það fólk átti þann kost í stöðunni að leita eftir leiguhúsnæði. Núna fjölgar í þessum hópi alveg stórlega, enda var það fyrirséð. Þetta lá alveg á boðrinu. Menn eru núna að gera könnun á þessu atriði á vegum félmrn. Þetta var allt vitað.

Það var vitað t.d., og okkur var á það bent bæði af þeim sem hafa með þessi kerfi að gera á Akureyri og í Kópavogi, að flestir þeirra skjólstæðinga mundu fara út á leigumarkað. Það var gerð könnun t.d. í Kópavogi á 110 manns, minnir mig að það hafi verið, eða fjölskyldum sem höfðu fengið félagslegt húsnæði á undangengnum tveimur árum og menn ætluðu að um tíu þessara aðila, einstaklinga og fjölskyldur, kæmust inn í nýja kerfið. Og hvað verður um hina? Það er leigumarkaðurinn. En þá þarf hann að vera fyrir hendi. Hann er ekki til. Og nú er í ríkara mæli farið að nýta húsnæði sem er ekki mönnum bjóðandi. Annars vegar er þetta að gerast og hins vegar er húsaleigan á uppleið. Menn hafa komið með húsaleigubætur og það breyttist við síðustu lagasmíð, en þessar húsaleigubætur eru étnar upp af leigunni og því miður hefur það gerst t.d. í Reykjavík að þar hækkaði — þar var félagslega húsnæðiskerfinu breytt í hlutafélag, auðvitað og að sjálfsögðu, til að þetta heyrði til nútímanum. Þá var því breytt í hlutafélag — húsaleigan var færð upp í raunkostnað sem kallað er. Þessi ráðstöfun þýddi það að húsaleigubæturnar sem voru þó að koma inn til fólks í sveitarfélögunum voru étnar upp.

Margir kjósa að búa í leiguhúsnæði og vilja það ef hægt er að tryggja öryggi í slíku fyrirkomulagi, félagslegt öryggi. En það er ekki fyrir hendi og þessi markaður er ekki fyrir hendi. Hann er ekki til. Þess vegna spyr ég og fróðlegt væri að heyra svar formanns fjárln.: Hvaða umræðu fengu þessi mál í fjárln.? Hvernig var farið yfir þessi mál? Til hverra var leitað? Hvað býr að baki tillögum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum? Því að ég fæ ekki betur séð en að þetta sé algerlega óklárað mál og ávísun á að það sé verið er að setja fólk tugum og hundruðum saman út á götuna. Það er sett á guð og gaddinn. Það er gert. Þetta er staðreynd.

Svo eru menn að tala um sólskinsfjárlög. Hvers konar rugl er þetta eiginlega? Sólin skín ekki á þetta fólk. Hún gerir það ekki.

Síðan hefði mátt hyggja betur að ýmsu sem lýtur að menningunni og umhverfismálum. Það eru þættir sem við höfum vanrækt í of ríkum mæli. Ég vek athygli á því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur lagt fram tillögu um að varið verði einum 10 millj. kr. til undirbúnings gerðar svokallaðra grænna þjóðhagsreikninga, nokkurs sem er ný hugsun sem við innan hinnar nýju Vinstri hreyfingar — græns framboðs, leggjum áherslu á vegna þess að við leggjum áherslu á umhverfismálin. Þetta er nokkuð sem hv. þm. Hjörleifur

Guttormsson mun án efa skýra nánar í sinni ræðu á eftir. En þarna eru að verða kaflaskil í íslenskum stjórnmálum þegar aukin áhersla er lögð á þessa þætti í okkar samfélagi, okkar landi.

Eitt vekur sérstka athygli mína í brtt. ríkisstjórnarinnar, nokkuð sem þarf í rauninni ekki að vera gagnrýnivert, alls ekki. En það vekur engu að síður athygli mína. Gert er ráð fyrir því að verja 35 millj. kr., held ég að það hafi verið, til að undirbúa heimssýninguna í Hannover árið 2000. Ríkisstjórnin er núna að koma með brtt. um 35 millj. kr. í það verkefni. Menn ætla að heimssýningin í Hannover árið 2000 komi til með að kosta okkur 200–250 millj. kr.

Til hvers erum við að gera þetta? Hvers vegna erum við að verja 35 millj. núna á þessu stigi til að undirbúa heimssýninguna í Hannover og ætlum að verja 200–250 millj. til þess að kosta það verkefni? Það er til þess að auka hróður Íslendinga á erlendri grundu. Það er til að sýna hvers við erum megnug og hvað við höfum upp á að bjóða, íslenska þjóðin og íslensk fyrirtæki. Við erum að kynna okkur erlendis í alþjóðasamfélaginu.

En það höfum við líka verið að gera með öðru frv. Við höfum líka verið að kynna okkur erlendis með öðru frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Þar höfum við líka verið að kynna okkur á erlendri grundu. Því miður hefur það ekki verið þess efnis að það auki hróður okkar. Hvaðanæva að úr heiminum berast mótmæli og varnaðarorð frá helstu vísindastofnunum heimsins. Frá vísindamönnum víðs vegar um heiminn berast varnaðarorð um það að Íslendingar skuli vera að hafa forgöngu um að stíga aftur inn í forneskjuna með því að ætla að fara að selja aðgang að upplýsingu og þekkingu. Við ætlum að hafa forgöngu um það að gerast talsmenn þröngsýnnar gróðahyggju í vísindasamfélagi þjóðanna, þar sem við og okkar vísindamenn hafa farið, víða um heim, og verið þiggjendur. Þekkingin hefur staðið þeim opin hvert sem þeir hafa farið. Og í alþjóðavísindasamfélaginu er tekist á um þetta.

Ýmsir úti um allan heim vilja láta gróðahyggjuna ráða för, að seldur sé aðgangur að upplýsingunni og þekkingunni. En íslenska ríkisstjórnin hefur forgöngu um þetta.

Það vantar ekki peninginn í heimssýninguna í Hannover til að auka hróður Íslendinga. Hér er á ferðinni mikil mótsögn og mjög dapurleg, afar dapurleg mótsögn.

Því miður er það svo þegar þetta fjárlagadæmi er skoðað og fjárlögin að þá er nú orðið harla lítið eftir af sólskininu. Það er orðið ansi þungskýjað (**Gripið fram í:** Það eru dimmir skuggar.) og dapurlegt þegar málin eru skoðuð ofan í kjölinn og í ljós kemur hversu ríkisstjórnin hefur klúðrað þeim góðu ytri skilyrðum sem við búum við, hversu illa hún hefur klúðrað hinum góðu og hagstæðu skilyrðum sem við höfum búið við, metafla þjóðarinnar og góðu markaðsverði. Olían er á niðurleið. Það er eiginlega sama hvert litið er, alls staðar eru góð ytri skilyrði. En henni tekst að búa svo um hnútana að þetta er gert á kostnað þeirra hópa í samfélaginu sem verst standa að vígi. Bak öryrkjans, hins aldraða, hins atvinnulausa og lífeyrisþegans er vinnuborð íslensku ríkisstjórnarinnar. Hún vinnur á baki þessa fólks. Og þær breytingar sem hún gerir eru allar á kostnað þessa fólks. Þúsundir fjölskyldna eru settar á guð og gaddinn, gerðar húsnæðislausar með því að rústa húsnæðiskerfið. Og nú á að halda áfram með því að einkavæða heilbrigðiskerfið.

Ég held að það sé kominn tími til að skipta um ríkisstjórn á Íslandi.

[14:28]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 17. þm. Reykv. kom víða við og beindi til mín einni fyrirspurn um húsnæðismál, þ.e. hvernig þau mál hefðu verið afgreidd í fjárln. Ég get upplýst að það er venjan í starfi fjárln. að við höfum kallað í forsvarsmenn lánasjóðanna milli 2. og 3. umr. Við munum fara yfir þau mál á milli umræðna þannig að ég er ekki tilbúinn á þessu stigi að svara nákvæmlega til um stöðuna í þeim málum. En ég get tekið undir það að miklu máli skiptir að leigumarkaðurinn taki við þeim sem þurfa mest á því húsnæði að halda. Og þar skiptir framkvæmd húsnæðisstefnunnar miklu máli við að svo verði. En við munum fara nánar yfir horfurnar í því efni milli 2. og 3. umr.

Að öðru leyti vil ég taka fram um tryggingabætur og hækkun þeirra að það er vissulega svo að bætur hafa hækkað á kjörtímabilinu en hins vegar eru þau mál enn þá í skoðun hjá ríkisstjórninni og við bíðum eftir niðurstöðu þeirrar vinnu. Ég vil þó ekki vekja væntingar um að t.d. 1% af fjárlagadæminu fari til þessarar hækkunar, eins og hv. þm. nefndi. Ég er sannfærður um að svo langt göngum við ekki. Hins vegar eru þessi mál í skoðun og við bíðum eftir þessum niðurstöðum.

Varðandi málefni fatlaðra er það nú svo að þó að framkvæmdasjóðurinn sé skertur þá hefur rekstrarverkefnum verið létt af honum og í heildina er bætt við í málefni fatlaðra um 260 millj. kr. En skerðingin er í raun 75 millj. kr. á framkvæmdasjóðnum þegar tekið er tillit til rekstrarverkefnanna. Ég vil halda þessu til haga í umræðunni en auðvitað má svo alltaf deila um hvort þarna sé rétt farið að. Ég get tekið umræðu um það síðar.

[14:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að mikið má deila um hvort rétt sé farið að. Ég hef sýnt fram á að svo er ekki gert í öllum grundvallaratriðum í fjármálastjórn ríkisstjórnarinnar. Það er forgangsatriði númer eitt að útrýma fátækt á Íslandi. Það hefur sýnt sig og komið fram í upplýsingum hjálparstofnana, bæði Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins og annarra að helmingur þeirra sem leita til þessara stofnana eru aldraðir og öryrkjar. Ef það kostar 1% af fjárlögum að leiðrétta þetta, þá á að gera það. Í annan stað varðandi húsnæðismálin upplýsir hv. formaður fjárln. að ýmsir aðilar hafi verið kallaðir til, fulltrúar lánastofnana. Hvað með fulltrúa þeirra aðila sem heitast á brennur, t.d. fulltrúa Öryrkjabandalagsins, hátt á þriðja hundrað manns eru þar á biðlista? Hvað með námsmenn, hvað með félagsmálastofnun? Hvað með alla þá aðila sem heitast á brennur? Hvað með Leigjendasamtökin?

[14:32]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við það sem ég sagði áðan. Ég vil eingöngu bæta því við af því hv. þm. talaði um ýmis samtök þjóðfélagsins sem væri rétt að kalla til viðræðu í þessu sambandi. Það er nú svo að fjöldinn allur af þessum samtökum kemur til nefndarinnar í viðtöl og auðvitað ræða þeir þá þau mál sem á þeim brenna, m.a. húsnæðismál, og við reynum að setja okkur inn í þau mál eftir föngum. Við erum auðvitað bundin í starfi okkar af markmiðinu um hallalaus fjárlög. Ef við settum 1% af fjárlögum í þetta verkefni sem þingmaðurinn nefnir, yrðum við að taka það fjármagn einhvers staðar annars staðar frá en ég

er ekki viss um að slíkt mundi útrýma fátækt á Íslandi eins og hv. þm. kemst að orði. Við erum ætíð í baráttu við þann vágest og ég get tekið undir að það á að vera takmark að fækka þeim aðilum sem leita til hjálparstofnana enda hefur þeim fækkað. En við verðum að stíga skref í áttina til að bæta kjör þessa fólks og það er í skoðun hjá ríkisstjórn og við munum taka við þeim niðurstöðum og ræða þær þegar þar að kemur.

[14:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að til fjárln. koma á einhverju stigi máls flestir þeir aðilar sem ég taldi upp. En ástæðan fyrir því að ég spurði hvort þessir aðilar hefðu verið kallaðir aftur til viðræðu og legg áherslu á að svo verði gert, er sú að greinilegt er að ríkisstjórnin hefur ekki skilið vandann. Ríkisstjórnin hefur ekki skilið þann vanda sem þessir hópar standa frammi fyrir. Það er greinilegt að það þarf að leita leiða til að upplýsa hana og þá eru talsmenn þeirra hópa sem í hlut eiga og heitast brennur á best fallnir til þess að stafa þennan vanda ofan í ríkisstjórnina.

En það er hægt að útrýma fátækt á Íslandi. Það er hægt og sú fátækt sem ég hef gert að umræðuefni er af völdum ríkisstjórnarinnar. Hér er fátækt sem er af völdum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Kjör lífeyrisþega, kjör atvinnulausra, kjör öryrkja ráðast af ákvörðunum sem teknar eru á Alþingi. Það er Alþingi og ríkisstjórnin og meiri hlutinn sem stendur að baki ríkisstjórninni sem hefur skert kjör þessara hópa um milljarða króna á undanförnum árum. Þetta á að leiðrétta, þetta er hægt að leiðrétta og þetta á að gera í þeim fjárlögum sem nú liggja fyrir þinginu.

[14:36]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum á öðrum degi frv. til fjárlaga 1999 og er nú heldur bjartara yfir þingsölum að því er varðar viðveru á þessum degi en þegar hv. formaður fjárln. hóf umræðuna í gær. Það er alltént hluti af fjárln. viðstaddur, fleiri en í gær og nokkrir þingmenn að auki og það er auðvitað það sem þyrfti að vera almennt við þessa umræðu. Fjárlagagerð er alltaf mjög mikilvægur þáttur í efnahagsmálum hverrar þjóðar og snertir allt samfélagið og því er umræða eins og umræða um fjárlagafrv. mjög þýðingarmikil. Það er mjög eðlilegt að komið sé að ýmsum málum, ýmsum þáttum efnahagsmála og stefnumálum ríkisstjórnar í tengslum við fjárlagaumræðu eins og hv. síðasti ræðumaður gerði í máli sínu. Þær tölur sem má lesa um í fjárlagafrv. fjalla ekki fyrst og fremst um ríkisfjármálin í þröngri merkingu þótt þær samanlagðar myndi niðurstöðu og við séum að gera brtt. við einstaka þætti.

Það má drepa á margt í þessu sambandi og alveg yfir í íslenskt mál ef svo ber undir. Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma, virðulegur forseti, en mér finnst að þess gæti svolítið í tengslum við umræðu um efnahagsmál að íslenskan sé farin að láta undan. Það er alþekkt með verð og verðið sem er orðið fleirtöluorð í munni margra hér á landi, sem er alveg nýtt fyrirbæri, annar hver maður sem ber sér það í munn að hafa verð í fleirtölu. Þetta heyrðist ekki til skamms tíma. Í umræðunni fyrr í dag var rætt að hagvöxturinn væri lægri hér en í nágrannaþjóðum. Það finnst mér orðið dálítið sérkennilegt og hér ræddu menn um veikleika í fleirtölu og styrkleika í fleirtölu. Það gildir kannski frekar um veikleikana að hægt sé að fleirtölukenna þá en styrkleika hef ég nú ekki heyrt notað í íslensku máli sem fleirtöluorð. Þetta nefni ég bara í tengslum við þessa umræðu og vegna þess að í hagfræðimáli finnst mér íslenskan vera farin að láta óþægilega mikið undan enskum máláhrifum og tískufyrirbærum en ég ætla ekki að orðlengja það. Ég tek fram að sjálfur þarf ég alltaf að minna mig á í sambandi við íslenskt mál og tel að ég sé þar engin sérstök fyrirmynd en ég held það sé nauðsynlegt fyrir okkur almennt í þinginu að gefa gaum að þessu, að reyna að vanda mál okkar.

Mig langaði, virðulegur forseti, í upphafi máls míns, að drepa á það sem ég tel vera mikinn ljóð á uppsetningu fjárlaganna og undirbúning fjárlaganna almennt séð og það er hve lítið er gert af því að nota fjárlagagerðina af hálfu ríkjandi stjórnar til að varpa ljósi á stefnu viðkomandi ríkisstjórnar í breiðu samhengi. Vissulega vottar fyrir þessu í greinargerð en mjög mikið skortir á að mínu mati að framlagning fjárlagafrv. og undirbúningur þess lúti að því markmiði að gera sem ljósasta fyrir þingi og þjóð stefnu í efnahagsmálum og í ríkisfjármálum í samhengi efnahagsmálanna og ýmissa fleiri málaþátta sem taka ber ríkulegt tillit til. Þá er ég með í huga þætti eins og umhverfismálin, svo dæmi sé tekið, en það er engin tilviljun að ég nefni það vegna þess að það er einn sá þáttur sem þarf að vera samtengdur við efnahagsmálin í mjög nánu og ríku samhengi. Ef menn meina eitthvað með tali um sjálfbæra þróun ná menn ekki neinum tökum á stefnu um sjálfbæra þróun nema umhverfishugsunin sé samofin hugsun um efnahagssviðið. Þetta verður að fylgjast að sem hlið á sama máli eða sama teningi. Þetta þarf að vera samofið og á það skortir sannarlega mjög mikið bæði hér á landi og í alþjóðlegu samhengi. Ég hef leyft mér í nál., sem minni hluti umhvn. á fjárlagafrv. og sérstaklega þætti umhverfismálanna, að nefna þetta enn og aftur. Ég hef gert það á undanförnum árum og minnt á að menn þyrftu að nota fjárlagagerðina og fjárlagafrv. sem tæki til að varpa ljósi á hvert stefnir í heild í samhengi efnahagsmála, ríkisfjármála og einstaka málaflokka, stórra málaflokka sem fjárlagafrv. saman stendur af. Þarna erum við langt á eftir nágrannaþjóðum. Menn þurfa ekki annað en fara yfir fjárlagagerð annars staðar á Norðurlöndunum. Svíar munu vera komnir hvað lengst á þessu sviði, Norðmenn eru komnir langt þannig að fyrir áratug var t.d. byrjað að birta „græna bók" sem fylgiskjal með norska fjárlagafrv. til þess að draga saman hver er stefnan í umhverfismálum. Í greinargerð norska fjárlagafrumvarpsins — ég hef flett því oftar en fjárlagafrumvörpum annarra Norðurlanda — er að finna mjög greinargott yfirlit yfir stefnu ekki bara næsta árs heldur næstu ára eins og sú ríkisstjórn sem ábyrgð ber vill leggja hana fyrir, fram í tímann. Ég held við þurfum nauðsynlega á því að halda hér á Íslandi að bæta þarna úr.

Mér fannst margt ágætt í framsöguræðu hv. formanns fjárln. Það voru atrennur að ýmsum þáttum. Þó var minna en stundum áður gert af því að víkja að einstökum málaflokkum í samhengi atvinnu og efnahagsmála. Ég man ekki hvort það var í fyrra eða hittiðfyrra, þá var t.d. allfyrirferðarmikill þáttur um stóriðjuna. Nú hefur það verið dregið mjög niður í þessari framsöguræðu og ég er ekki að lasta það. Mig langar að víkja aðeins að því sem segir í framsöguræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar á bls. 8 í því handriti sem ég fékk af ræðu hans. Þar segir, með leyfi forseta, og ég vil vekja athygli á því:

„Grundvöllur hins svokallaða „góðæris" í efnahagsmálum er sá að sjávarútvegurinn hefur verið að styrkja stöðu sína, og ávinningurinn af því deilist til ríkissjóðs og út um allt

þjóðarbúið. Samhliða hafa ýmsar aðrar greinar atvinnulífsins svo sem hugbúnaðargerð, ferðaþjónusta og orkufrekur iðnaður lagt meira til þjóðarbúsins en áður."

Þarna finnst mér koma fram réttmæt framsetning í aðalatriðum. Ekki er verið að hampa t.d. stóriðjunni eins og í ræðum sumra annarra hv. þm. úr stjórnarliði sem hafa talað. Það er viðurkennt að grundvöllur hins svokallaða „góðæris" — það finnst mér vera skynsamlegt eins og það er sagt í framsöguræðunni — er að sjávarútvegurinn hefur verið að styrkja stöðu sína og ávinningurinn, eins og við þekkjum, deilist út.

Hv. framsögumaður fjárln. segir einnig að farsælast sé að sem flestar atvinnugreinar hafi möguleika til framþróunar. Hann segir orðrétt:

„Það er afar brýnt að hafa þetta ríkt í huga í þeirri umræðu sem fer nú fram um framþróun í atvinnumálum, þar sem talið er óæskilegt að atvinnugreinar eins og orkufrekur iðnaður vaxi, en framþróun eigi að byggja framar öðru á ferðaþjónustu og hugbúnaðargerð, auk sjávarútvegsins."

Þarna þarf kannski að lesa á milli línanna til að átta sig á hugsuninni. Það er e.t.v. verið að lyfta aðeins þarna orkufrekum iðnaði meira en ég hefði talið rétt og réttmætt en það er þó ekki málað í þeim litum sem fram komu í framsöguræðu fyrir fjárlagafrv., ég held í hittiðfyrra frekar en í fyrra, og ég gerði þá að umtalsefni. Það er því meira jafnvægi í því. En ég hefði kosið að sjálft frv. og greinargerð frv. endurspeglaði hugsun ríkisstjórnar á breiðu sviði fram í tímann þannig að við ættum þess kost að nota fjárlagaumræðuna sem það tæki sem hún þyrfti að vera til glöggvunar bæði fyrir þing og þjóð.

Mig langar að vekja athygli á öðrum þætti úr framsöguræðu hv. þm., hv. formanns fjárln., sem er í handriti á bls. 11 og 12. Það er málaflokkur sem hv. þm. vék að og ég leyfi mér að vitna hér til, með leyfi forseta:

„Annan málaflokk undir mennta- og menningarmálum vil ég gera sérstaklega að umræðuefni. Það eru safnamál í víðum skilningi og verndun menningararfsins sem felst í gömlum byggingum. Þróun í safnamálum hefur verið ör undanfarin ár, og hafa söfn af hinu margvíslegasta tagi komist á legg. Ör fjölgun ferðamanna undanfarin ár hefur orðið til þess að litið er til safnauppbyggingar í tengslum við ferðaþjónustu. Starfsemi af þessu tagi hefur víða orðið aðdráttarafl. Það má nefna Vesturfararsetrið á Hofsósi og Sögusetrið á Hvolsvelli sem ljós dæmi um þetta.

Fjárlaganefnd hefur fundið það vel í starfi sínu að það skortir heildarlöggjöf um safnamál í landinu miðað við þær breyttu aðstæður sem uppi eru. Það skortir fastmótaðar reglur um þátttöku ríkissjóðs í þessari starfsemi. Ég fullyrði að það er pólitískur vilji til þess að ríkisvaldið komi að þessum málum ásamt heimamönnum. Hins vegar er nauðsyn að um þessi mál gildi reglur sem mismuna ekki þeim aðilum sem leita eftir stuðningi."

Síðan er vikið að húsafriðunarsjóði og að til standi að hækka lið sem tilheyrir byggðasöfnum og vakin er athygli á erfiðleikum varðandi viðhald opinberra bygginga, að þar sé ónóg að gert.

Ég er að vitna hér, virðulegur forseti, í þennan kafla úr ræðu formanns fjárln. vegna þess að ég tek í raun heils hugar undir það sem þarna er verið að segja. Ég tel að verið sé að vekja athygli á málaflokki þar sem við þurfum taka betur á og þar sem skortir sýnilega skýrari leikreglur í þeim málum. Ég vona sannarlega að þingið og stjórnvöld taki betur á þessu máli en verið hefur. Við búum svo vel að þessu í sambandi við fjárln. að bæði formaður fjárln. og varaformaður hafa ríkan skilning á þessum málaþætti eins og mörgu öðru. Það er sannarlega vel og ég treysti þeim til þess að spyrna í í þessu sambandi enn frekar en tekist hefur vegna þess að við erum með stórt menningarmál á ferðinni sem kemur víða við.

Af því að þarna voru nefnd safnamál er ég með eina brtt. sem ég leyfi mér að nefna í þessu samhengi. Það er í sambandi við, ekki byggðasöfn eða þjóðminjasöfn í venjulegum skilningi, heldur náttúrugripasöfn. Mér finnst skorta á að leikreglurnar séu einnig sæmilega skýrar varðandi náttúrugripasöfnin. Það er eitt safn sem hefur verið tekið sérstaklega og veitt nokkur fyrirgreiðsla undanfarin ár sem er Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum. Ég dreg engan veginn í efa að það á fullan rétt á sér og þar er hin merkasta stofnun á ferðinni en önnur náttúrugripasöfn í landinu hafa ekkert aðgengi að fjármunum frá ríkinu fyrir utan það safn sem er rekið í höfuðborginni á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands og þá ríkisrekið. Þetta er dæmi um skort á leikreglum. Til að leiðrétta það hef ég leyft mér, og við í þingflokki óháðra, að leggja til að taka inn lið sem væri til þess að mismuna ekki eins og gert er, að a.m.k. önnur söfn eigi rétt á að sækja um styrki og leita eftir fjármunum frá ríkinu, náttúrugripasöfn sem eru allvíða um land.

Þetta var hliðarspor út úr þessu stærra samhengi til að stytta sér leið í sambandi við þessa brtt. því að ég ætlaði að víkja aðeins að öðrum þáttum. Ég nefndi í andsvari við hv. þm. Jón Kristjánsson við upphaf umræðunnar orkumálin og húshitunarkostnaðinn og ég ætla ekki að lengja þá umræðu. En ég ítreka að óhjákvæmilegt er að milli 2. og 3. umr. verði það mál skoðað enda skildi ég formann fjárln. svo að litið yrði á það mál. Það birtist okkur þannig í fyrsta lagi að ríkisstjórnin hefur gefið býsna skýrar yfirlýsingar í tengslum við byggðaumræðu um að á þessum stóra þætti, sérstaklega rafhitunarkostnaðinum, verði tekið í samhengi byggðamálanna og væntanlega í samhengi fjárlagafrv. því að það er vettvangurinn. Við bíðum eftir því að sjá þess merki fyrir afgreiðslu fjárlaga að rafhitunarkostnaðurinn fái aðra meðferð en hér er í frv. og fyrir liggur. Ef menn ætla þarna að draga úr mismunun í raun þarf að hækka fjárveitingarnar eða búa þannig um hnútana að hægt sé að draga úr þessari mismunun. Ég minni á það sem kemur fram í greinargerð með sjálfu frv. að verulegur hluti af hækkun á yfirstandandi fjárlögum hefur bara farið til að koma til móts við hækkanir Landsvirkjunar. Stefna eigenda Landsvirkjunar, sem mörkuð var fyrir tveimur árum, gerði ráð fyrir því að Landsvirkjun hækkaði raforkuverð til samræmis við raunkostnað til ársins 2001, held ég að ég muni — ég er viss um að hæstv. forseti hefur einhverja hugmynd um þessa stefnumörkun og hv. varaformaður fjárln. frá fyrri tíð — að raforkukostnaður Landsvirkjunar fylgi raunverði, hvort það er byggingarvísitala, ég held að það sé hún sem Landsvirkjun vill gjarnan miða við sem er kannski ekki óeðlilegt, fram til 2001 og þá sé hægt að vænta þess að raunkostnaðurinn fari lækkandi. Auðvitað verður að taka á móti þessari forskrift með því að bæta í, en það þarf meira til og ég ítreka að það verður mjög horft til þess hvernig verður tekið fyrir 3. umr. fjárlaga á þessum þætti.

Virðulegur forseti. Síðan ætla ég að koma að nokkrum brtt. sem ég flyt hér og margar hverjar snerta með einum eða öðrum hætti svið umhverfismála sem helgast sumpart af því

að ég hef sinnt þeim málaflokki í þingnefnd en einnig haft áhuga á því almennt séð. Sá þingflokkur sem ég starfa í nú um stundir hefur tekið það mál upp og sá flokkur sem er í undirbúningi og hefur verið nefndur í umræðunni, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, hefur sett það fram sem sjónarmið sitt að umhverfismálin eigi að fá jafnstöðu, eigi að fá þann sess í meðferð stjórnmálanna sem þeim ber. Það þýðir, virðulegur forseti, að þau þurfa að vera alls staðar samtengd skoðun þegar efnahagsmál eru í mótun, vegna þess að það er í því samhengi sem hægt er að marka stefnu, marka stefnu til sjálfbærrar þróunar sem tekið er undir af flestum í orði að þurfi að gera.

Það er brtt. á þskj. 471 sem gerir ráð fyrir að til Þjóðhagsstofnunar renni 10 millj. kr. til viðbótar við það sem segir í fjárlagafrv. og brtt., því eitthvað var fært þar frá umhvrn. minnir mig, sem var bara tilfærsla vegna módelsmíðar — að lagðar verði til 10 millj. kr. svo að Þjóðhagsstofnun geti lagt alvöruvinnu í það sem við köllum græna þjóðhagsreikninga.

Grænir þjóðhagsreikningar er ekki nýtt hugtak, það hefur verið í alþjóðaumræðunni um nokkurt árabil. Ég minnist þess að ég fékk á vettvangi Norðurlandaráðs samþykkta tillögu sem við bárum fram sem þar vorum í hópi, og fengum samþykkta sérstaka skoðun á því hvernig mætti auka og efla þá hugsun sem er að baki þess að taka upp græna þjóðhagsreikninga til viðbótar við hefðbundna þjóðhagsreikninga.

Ég gæti haft, virðulegur forseti, alllangt mál til að útskýra þá hugsun hér en ég ætla að reyna að hafa það hnitmiðað sem ég segi um það. Ég get vísað til aðgengilegra gagna um það efni. Veruleg umræða hefur farið fram nú undanfarið, m.a. með þátttöku eins af starfsmönnum fjmrn. þannig að hæstv. fjmrh. þarf ekki langt að leita. Ég er að vísa til framlags Tryggva Felixsonar hagfræðings nú undanfarið í ágætum greinum í Morgunblaðinu, síðast í dag, um þetta efni, þar sem viðkomandi átti sumpart orðastað við hæstv. iðnrh., og þetta tengist sérstaklega stóriðjumálunum og hvernig menn meta stóriðjumálin inn í þjóðhagslegt samhengi, hvaða væntingar eða hvaða ávöxtun menn reikna með að hafa út úr því dæmi. Þar munar miklu, þar telur hagfræðingurinn — og ég tel með fullum rétti að menn séu með allt of háar tölur á ferðinni — og hann færir fyrir því rök í greinum sem menn geta kynnt sér í Morgunblaðinu frá síðasta mánuði. Ég held að þessi umræða hafi hafist í öndverðum nóvembermánuði, kom reyndar upp kröftuglega á ráðstefnu í Háskóla Íslands 31. október þar sem virkjanir norðan Vatnajökuls og hugmyndir um stóriðju mikla á Austurlandi voru til umræðu. Þar flutti erindi Stefán Gíslason umhverfisverkfræðingur og fjallaði um efnahagslega þætti stóriðjustefnu og lagði áherslu á hvernig hægt væri að verðleggja náttúruna og meta þann umhverfiskostnað sem hlýst af virkjunum og fjallaði um það í máli sínu. Þetta hefur Tryggvi Felixson síðan útfært nánar í ágætum greinum og iðnrh. hæstv. gert athugasemdir við. Hann er með miklu hærra mat á þjóðhagslegum hagnaði. Landsframleiðslan segir ekki nema takmarkað í þessum efnum. Það er þjóðhagslegur ágóði sem menn þurfa að líta sérstaklega á þar og gera má ráð fyrir að arðurinn, ef útlendingar eiga í hlut sem fjárfestingaraðilar, flyst auðvitað úr landi að verulegu leyti. Það verður því að taka tillit til þess.

Á landsráðstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flutti Ragnar Árnason hagfræðingur erindi um græna þjóðhagsreikninga og útfærði það prýðilega. Hann benti réttilega á að í hefðbundnum þjóðhagsreikningum endurspeglast ekki nema takmarkað af umsvifum í þjóðfélaginu og fjölmargir þættir liggja algerlega utan við slíkt mat mála. Taka þarf upp upp kerfisbundna græna þjóðhagsreikninga til viðbótar við hina hefðbundnu til að meta þetta og gera vandað mat á öllu meiri háttar umhverfisraski.

Virðulegur forseti. Með batnandi hag vex áhugi fólks á þeim gæðum sem tengjast umhverfinu. Það hefur verið að gerast í allt öðrum mæli en verið hefur hér á landi undanfarin ár og það er alveg nauðsynlegt að bregðast við þessu skipulega og helst vitrænt. Einn möguleikinn er að taka upp græna þjóðhagsreikninga af fullri alvöru og því tel ég að þessi tillaga eigi rétt á sér. Með henni væri hægt að ráða til Þjóðhagsstofnunar tvo sérfræðinga til starfa til að byrja með. Ég hef heyrt að kannski muni 10–15 mannárum vera varið í að búa til þessa hefðbundnu þjóðhagsreikninga og þó ekki væri nema þriðjungur af þeim mannafla að fjölda ársverka til sem bættist við til að taka upp hinn græna þátt væri því fjármagni áreiðanlega vel varið. Í rauninni verður að ætlast til þess að ríkisstjórn, sem hefur jafnmikið undir og núverandi ríkisstjórn í sambandi við inngrip í umhverfi landsins, taki af alvöru á þeim þáttum og er ég að hugsa sérstaklega um stóriðjuframkvæmdir.

Tímans vegna ætla ég að láta þetta nægja um þetta stóra svið, virðulegur forseti, og vísa til m.a. þeirra gagna sem ég hef komið að. Ég vísa líka til tillögu til þál. á þskj. 12, 12. mál þingsins, um sjálfbæra orkustefnu sem snertir þetta mál líka og það er fleira sem liggur fyrir þinginu og benda mætti á.

Þá kem ég hér að tveimur öðrum brtt. sem tengjast sviði umhverfismálanna náið. Það er brtt. á þskj. 479 sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 7. gr. Við bætist nýr liður:

1.9 Að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af rafbílum og öðrum farartækjum sem nýta innlenda orku."

Á öðru þskj. er að finna skylda tillögu, þ.e. þskj. 470 þar sem lagt er til að á svið samgrn., Ýmis verkefni, verði tekinn nýr liður „1.92 Rafknúin farartæki, til rannsókna og tilrauna" 20 millj. kr.

Þetta varðar sama þáttinn og því nefni ég þessar tillögur samtímis. Það er svo, virðulegur forseti, að með því að ýta undir notkun vistvænna farartækja á Íslandi er hægt að slá margar flugur í einu höggi. Hægt er að draga úr mengun, bæði mengun sem veldur með beinum hætti angri, ólykt, ryk o.s.frv. en líka óbeint inn í alþjóðlegt samhengi þar sem er losun á koltvísýringi, CO sem við þurfum að vinna ötullega að að minnka losun á gróðurhúsalofttegundum. En jafnframt er hægt með vistvænum farartækjum, sérstaklega rafbílum, að draga úr hávaðamengun sem er sérstaklega tilfinnanleg í þéttbýli. Síðan er það sem ekki er síst í þessu efni að nýta innlendar orkulindir, að færa sig inn á það sem við köllum sjálfbæra orkustefnu, þ.e. að nýta innlendar orkulindir sem mest til að útrýma notkun innflutts eldsneytis til landsins. Bæta þjóðarhag með þeim hætti og draga úr mengun. Hér er um stórt verkefni að ræða. Sem dæmi má nefna að ef 50 þús. bílar færu á vistvæna orku, bílar sem ekið væri meðalvegalengd á ári, 15 þús. km, væri hægt að draga úr losun koltvísýrings um heil 10% í landinu. Það er þetta svigrúm sem menn fengu í Kyoto til að bæta við. Það munar um það og ég fullyrði að tími er kominn til þess að Reykvíkingar og aðrir á höfuðborgarsvæðinu noti rafbíla og önnur vistvæn farartæki sem gæfust því að margt annað kemur þarna upp í framtíðinni sem orkuform, vetni, metangas og einnig metanol en rafbílarnir eru kannski það sem er nærtækast. Enginn

sem er með tvo bíla í gangi í fjölskyldu ætti í rauninni að aka á öðru en vistvænu ökutæki, rafbíl, ef menn nota ekki reiðhjólið eða fæturna í ferðum sínum til að bæta umhverfi höfuðborgarinnar. Hér er um dæmigert samvinnuverkefni að ræða milli ríkis og sveitarfélaga á þessu stóra, þéttbýla svæði landsins. Ég er alveg sannfærður um að hæstv. fjmrh. hefur fullan áhuga á máli af þessum toga og hann gæti gert þarna stórátak eða stuðlað að því ef menn skoðuðu þessa tillögu og það væri stillt saman við aðgerðir sem sveitarfélögin þurfa að standa fyrir. Hvað kostnað snertir eru nú öll gjöld tekin af rafbílum nema virðisaukaskatturinn. Af því sem ég hef athugað þessi mál undanfarið sýnist mér að til að það verði í raun ekki beinn fórnarkostnaður fyrir einstakling að kaupa sér slíkt ökutæki, rafbíl, þá þurfi menn að losna við virðisaukaskattinn til viðbótar við gjöldin sem hafa verið felld niður. Ég treysti hv. fjárln. í samvinnu við hæstv. fjmrh. að skoða af alvöru þessa tillögu sem er heimild inni í 7. gr. af fullri alvöru fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Ég bendi á í þessu samhengi að áhugi á þessum málum er auðvitað í öllum flokkum. Nýlega hefur verið lögð fram tillaga um stefnumótun stofnana í eigu ríkisins varðandi vistvæn ökutæki frá hv. þm. úr Framsfl. Hjálmari Árnasyni og Magnúsi Stefánssyni, ágætis mál sem tengist þessu sviði. Varðandi tilraunir og þá tillögu um fjárveitingar er ég m.a. með það verkefni í huga að menn skoði af fullri alvöru að taka upp rafknúna lest milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar í staðinn fyrir að fara hugsanlega í tvöföldun á Reykjanesbraut. Við eigum ekki að ráðast í þá fjárfestingu áður en menn eru búnir að fara vandlega ofan í saumana á því hvort ekki er möguleiki á að taka upp rafbraut í þeirri miklu umferð sem þarna er á milli, ég veit að auðvitað er hægt að benda á ýmsa agnúa þegar kemur að því að menn koma á brautarstöðina hér í borginni, þá þurfa þeir sem stunda atvinnu hér í höfuðborginni að koma sér á vinnustaðinn, svo dæmi sé tekið. En þetta þarf að athuga og þarna er mikið að sækja varðandi losun á gróðurhúsalofttegundum. Ég hef lagt fram fsp. sem ég vænti svars við mjög fljótlega einmitt um þetta efni til að fá fram tölu um losun gróðurhúsalofts vegna umferðar á Reykjanesbraut þannig að menn geti skoðað það einnig í því samhengi. Ég treysti mönnum í hv. fjárln. til að skoða þessa tillögu. Mörg gögn sem varða vistvæn ökutæki liggja fyrir. Ég vísa á ágæta skýrslu frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur um stöðu þessara mála sem heitir: „Rafbílar og vistvæn ökutæki". Skýrslan er afurð úr ferðalagi, sérstakri námsferð Þorsteins Sigurjónssonar og Jóns Björns Skúlasonar, gefin út í apríl 1998, og hægt er að líta til í sambandi við þetta. Auk þess er í greinargerð með nefndri þáltill. framsóknarþingmanna að finna ágætar upplýsingar sem snerta stöðu mála og ég spara mér orð með því að vísa í það.

Virðulegur forseti. Ég ætla að koma að brtt. sem er á þskj. 470 og er um mál á umhverfissviði. Þar eru flm. ásamt mér hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson sem eru með mér í þingflokki óháðra. Þar er tillagan um rannsóknir og tilraunir á rafknúnum farartækjum. Ég hef þegar nefnt hana. Síðan eru þarna ýmis verkefni og þau öll snerta svið umhvrn. Ég hef nefnt tillöguna um náttúrugripasöfn á landsbyggðinni og þá tillögu um 5 millj. kr. fjárveitingu til að gefa öðrum söfnum jafnstöðu við t.d. það safn sem þegar fær 3 millj. í fjárveitingu, Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum. Síðan er sérstök tillaga um fjárstyrk til Félags um vernd hálendis Austurlands upp á 700 þús. kr. og ég vildi biðja hv. formann fjárln. aðeins að leggja við eyra. Tillagan um sérstakan fjárstyrk til Félags um vernd hálendis Austurlands tengist því að umhvn. hafði umsóknir til skoðunar á stuðningi við félagasamtök og í einstök verkefni. Meiri hlutinn afgreiddi tillögu varðandi þrjú félög og reyndar stóð öll nefndin heils hugar að því að mæla með framlagi til Náttúruverndarsamtaka Íslands og til Fuglaverndarfélags Íslands og til rannsóknar á þrávirkum klórkolefnissamböndum. Það mun hafa verið fært undir ýmis verkefni hjá umhvrn. en tillögunni varðandi styrk til Félags um verndun hálendis Austurlands var vísað til fjárln. Ég vil inna hv. formann fjárln. eftir afgreiðslu þessa máls vegna þess að þessir liðir eru ekki í sundurliðun á vegum nefndarinnar. Ég vona sannarlega að Félag um verndun hálendis Austurlands verði ekki afskipt í þessum efnum vegna þess verkefnis sem það er að sinna eins og Náttúruverndarsamtök Íslands og Fuglaverndarfélagið. Þarna er um hliðstæður að ræða og ég inni hv. formann fjárln. eftir því hvers megi vænta varðandi afgreiðslu þessa máls sem er ekki alveg fulljóst af framlögðum gögnum.

Hér er gerð tillaga um fjárveitingu vegna undirbúnings þjóðgarða á miðhálendinu. Það tengist þáltill. sem er til meðferðar í umhvn. þingsins. Sú hugsun að ná utan um það stóra verkefni að undirbúa stofnun þjóðgarða sem taki til jökla landsins og nánasta umhverfis gerir ráð fyrir svæði sem væri um fimmtungur landsins að flatarmáli ef framkvæmt væri og er í fullu samræmi við tillögu að skipulagi miðhálendisins samkvæmt mati Skipulagsstofnunar og sem gengur í engu gegn samþykktum sveitarstjórnarlögum eins og þau voru afgreidd í fyrra og mundi ef samþykkt yrði verða til þess að mínu mati, að allt önnur staða kæmi upp í umræðunni um hálendið. Það væri sáttarhönd af hálfu stjórnvalda að fella þarna stór svæði í samræmi við það skipulag sem fyrir liggur tillaga um varðandi miðhálendið, að fella það undir náttúruverndarlöggjöf. Ég treysti því að á þetta verði litið af velvilja, bæði þáltill. og þessa fjárveitingu til undirbúnings.

Hér er tillaga um verndunaráætlun fyrir þjóðgarðinn í Skaftafelli, sem er sams konar og fram kemur í umsókn Náttúruverndar ríkisins, fjárveiting til þess. Einnig er að finna tillögu um að tekið verði undir ósk Náttúruverndar ríkisins vegna breytingar á rekstri þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulársgljúfrum, mjög brýnt mál að mati Náttúruverndar ríkisins, en sem þarf fjárveitingu til ef þessi breyting á að verða að veruleika. Um það er fjallað í áliti minni hluta umhvn. Sama gildir um verndaraðgerðir á friðlýstum svæðum þar sem Náttúruvernd ríkisins bendir í raun á gífurlega fjárþörf til þess að geta staðið að eðlilegum aðgerðum á friðlýstum svæðum til verndar þeim. Ég er ekki að taka undir töluna 160 millj. eða þar um, sem nefnd er sem fjárþörfin hjá Náttúruvernd ríkisins, en legg til að menn reyni að ná utan um verkefnið með því að verja 20 millj. á fjárlögum næsta árs.

Svo er hér tillaga sem varðar Skipulagsstofnun sem ég held að allir ættu að gefa gaum að. Eins og fjárlagadæmið er sett upp núna er staðan sú að þar skortir algjörlega að horfst sé í augu við samningsbundin verkefni ríkis og sveitarfélaga varðandi gerð svæðisskipulags og aðalskipulags. Þessi samningsbundna upphæð er 20 millj. kr. sem ekkert er séð fyrir samkvæmt fjárlagafrv. og brtt. meiri hluta fjárln. Auk þess liggja fyrir óskir margra sveitarfélaga um að fylgja eftir skipulagslöggjöfinni með gerð svæðisskipulagsáætlana og aðalskipulagsgerðar upp á 50 milljónir og við leyfum okkur að taka þessa tillögu upp sem brtt. við fjárlagagerðina.

Við samþykktum vorið 1997 ný skipulagslög og ef einhver alvara er á ferðinni að fara að beita því sem tæki ber Alþingi Íslendinga að standa við þessa löggjöf með því að leggja til það fjármagn á móti sveitarfélögunum því að augljóst samhengi er þar á milli að ríkið komi til móts við sveitarfélögin inn í þessa vinnu með framlögum. Þetta er náttúruverndarmál, þetta er umhverfisverndarmál meira en flest annað. Það er í skipulaginu sem hlutirnir ráðast. Þar fær almenningur aðgengi almennt séð samkvæmt markaðri skipulagslöggjöf og hér er því afskaplega brýnt mál á ferðinni sem ég vona að verði tekið af velvilja og litið á. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að skoða eitthvað minna en lagt er til en tillagan er af okkur tillögumönnum miðuð við það sem Skipulagsstofnun hefur reifað sem nauðsyn og í rauninni lágmarkspörf ef vel ætti að vera.

Auk þess er gert ráð fyrir að orðið verði við óskum Veðurstofu Íslands vegna rannsókna vegna loftslagsbreytinga sem er það stórmál sem menn þekkja. Það er ekki stór upphæð, 4,2 milljónir, og til hafíssrannsókna 2 milljónir. Hvort tveggja tengist alþjóðlegu umhverfi, umhverfi Íslands líka, þar sem við þurfum að vera vel í stakk búin til þess að taka þátt í því alþjóðlega átaki sem um er að ræða og auðvitað leggja okkar til varðandi norðrið alveg sérstaklega. Þessar tillögur eru rökstuddar frekar í áliti mínu sem minni hluta umhvn.

Þá kem ég að síðustu tillögunni, virðulegur forseti, og reyni að stytta mál mitt. Það er á þskj. 472. Þar er gerð tillaga um tvennt, annars vegar að tekið verði inn í stofnkostnað framhaldsskóla, það er liður 02-318, framlag vegna framhaldsskóla í Austur-Skaftafellssýslu, hönnunar og undirbúnings, í samhengi þeirrar áætlunar sem fyrir liggur um það efni sem gengur undir vinnuheitinu Nýheimar. Þar er mjög merkileg tillögugerð á ferðinni um samþætta byggingu sem tekur til framhaldsskólans sem er í afleitri aðstöðu eins og margir þekkja væntanlega þannig að hver svo sem kemur þar inn áttar sig á því að við þetta verður ekki unað fyrir þá 100 nemendur eða svo sem þarna eru. Þessi frambúðarbygging gerir ráð fyrir engri margföldun á nemendafjölda en nokkurri aukningu miðað við hönnunarforsendur. Þarna er líka gert ráð fyrir Nýherjabúðum, sem svo eru nefndar, og upplýsingamiðstöð undir sama þaki. Auðvitað ekki fjármagnað af ríkinu í heild sinni heldur bara með mótframlagi samkvæmt samningi sem þarf að gera og sem er hluti af þessum undirbúningi. Þegar er ákveðið að þessi skóli rísi í þéttbýlinu á Höfn í Hornafirði en nú er framhaldsskólinn í Nesjum, sem svo heita, innan sama sveitarfélags sem er þó óhagræði. Það er komin alveg skýr stefna um það að skólinn rísi og þessir Nýheimar rísi á Höfn í Hornafirði. Ég held ég muni rétt að aðeins sé gert er ráð fyrir 1 millj. í þessu skyni og sem er auðvitað algerlega ónóg miðað við þær óskir sem fyrir liggja og þörfina heima fyrir.

Ég leyfi mér að nefna þetta inn í samhengi byggðamálanna, virðulegur forseti. Það er óvíða sem hægt er með árangri að taka á vanda byggðanna eins og í sambandi við verkefni af þessum toga á sviði menntamála, örvandi starfsemi sem snertir fyrirtæki og atvinnuuppbyggingu og upplýsingar. Hér er mjög góð hugsun á ferðinni, nýverið útfærð í greinargerð til menntmrn. um þessi áform og ég treysti mönnum til að taka jákvætt á þessu máli, það skiptir afar miklu.

Ég leyfi mér í þessu sambandi að beina einni fyrirspurn til hæstv. fjmrh., sem tengist framhaldsskólum, og það er staða hinna héðbundnu menntaskóla, og þar er ég með í huga Menntaskólann á Egilsstöðum sem dæmi úr kjördæmi mínu. Hver er raunverulega staðan varðandi fjárfestingar, stofnkostnað, áframhaldandi stofnkostnað þessara skóla? Er það alveg skýrt? Spurt er af þeim sem bera þessar stofnanir fyrir brjósti og vísað er til þess að þarna eigi eiginlega sveitarfélögin að koma inn í samkvæmt almennri löggjöf um framhaldsskóla en ekki hefur náðst utan um það, a.m.k. ekki á Austurlandi það ég þekki til. Hver er staðan?

Hver er staðan varðandi menntaskólana í Reykjavík, hina héðbundnu menntaskóla hér, varðandi frekari byggingar, varðandi stofnkostnað? Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti greint frá því hérna þannig að ég vaði ekki í villu um þá stöðu. Kannski má segja að hæstv. menntmrh. væri betur viðstaddur til að svara þessari spurningu en ég er viss um að hæstv. fjmrh. þekkir þetta mál ekki síður hvað varðar kostnaðarskipti.

Síðan er að lokum, virðulegur forseti, inn í samhengi safnamálanna sem ég gerði að umtalsefni fyrr í ræðu minni, tillaga um fjárveitingu vegna endurbyggingar pakkhússins á Höfn í Hornafirði, sem er atriði sem hv. formaður fjárln. þekkir og margir fleiri. Þarna hefur þegar verið gert verulegt átak, kostnaður við endurgerð þessa húss, sem er mjög skemmtilega lukkuð endurgerð, er þegar orðinn 12 millj. kr. Sveitarfélagið hefur lagt mestallt af því til og í tilefni af aldarafmæli byggðar á Höfn var starfsemi hafin í þessu húsi að viðstöddum forseta Íslands og mörgum fleiri. Það er lýst von um það af hálfu sveitarfélagsins, beiðni liggur fyrir um 4 milljónir inn í þetta dæmi þannig að unnt verði að ljúka því. Sú tillaga liggur hér fyrir.

Virðulegur forseti. Ég held ég sé búinn að reifa þær brtt. eða viðaukatillögur sem ég flyt ásamt fleirum. Ein hefur reyndar þegar verið nefnd, um Kvennasögusafnið, sem 1. flutningsmaður reifaði og ég er meðflutningsmaður að og þarf ekki að nefna frekar en hún gerði grein fyrir þeirri tillögu.

Ég vil að endingu segja, virðulegur forseti, að mér er auðvitað ljóst að menn eru að fást við ákveðinn ramma, ákveðinn vanda í sambandi við takmarkað fjármagn og skiptingu þess. Sumt af því sem verið er að reifa varðar mikil framtíðarmál og mér finnst að í sambandi við fjárlagagerðina, um leið og menn hljóta að gæta aðhalds í sambandi við það þurfi menn einnig að meta verkefni út frá því gildi til framtíðar litið og að þau leiði nú til þess að menn séu í betri stöðu síðar meir en ella ef ekki yrði orðið við umræddum fjárlagabeiðnum. Ég nefni þar að lokum sérstaklega umhverfismálin og þá þætti sem að þeim lúta, græna þjóðhagsreikninga, náttúruverndina og samgöngumálin í samhengi vistvænna orkugjafa. Þetta eru allt saman þættir sem snerta mikið framtíðarþróun í landinu.

[15:26]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. beindi til mín fyrirspurn varðandi skiptingu á safnlið sem umhvn. annaðist. Við í fjárln. fengum ábendingu um að rannsóknir á þrávirkum klórkolefnissamböndum í íslenskum fuglum væri betur komið undir lið í frv. sem heitir umhverfivöktun og færðum þá fjármuni þar inn merkta þessu verkefni og ákváðum að senda aðra liði óskipta til umhvrh. Ég hef tilkynnt honum vilja nefndarinnar og hvað út af stóð og það á að vera svigrúm til að mæta því þó að málið sé að sjálfsögðu formlega í

höndum umhvrh. þegar búið er að vísa liðnum til hans. Ég vona að þetta svari fyrirspurn hans varðandi þetta.

Hv. þm. fannst ég vera farinn að linast í stóriðjumálunum. Ég nefndi þetta í ræðu minni vegna þess að mér finnst umræðan vera á villigötum. Það er t.d. verið að segja okkur Austfirðingum að velja verði á milli stóriðju og annarrar atvinnuuppbyggingar. Við viljum ekki hafa það þannig. Við viljum að allar atvinnugreinar þróist. Ég tel að enn þá sé lag til þess að auka orkufrekan iðnað í landinu þó að ég geri mér alveg grein fyrir takmörkunum þess. Ég er ekki í þeirra hópi sem vilja ganga á allt hálendið með jarðýtum og öðrum verkfærum. Það er misskilningur. En ég tel að enn sé svigrúm til að auka og það eigi ekki að koma í veg fyrir þróun annarra atvinnugreina ef þetta skýrir eitthvað frekar fyrir hv. þm.

[15:29]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það sem kom fram að menn eiga einmitt ekki að einblína á stóriðju sem allra meina bót en þess hefur allnokkuð gætt í umræðunni og ekki síst í því kjördæmi sem við erum þingmenn fyrir, við hv. 2. þm. Austurl. Ég held að menn þurfi að meta þau mál öll sömul með allt öðrum hætti og opnum huga og setja það í það almenna samhengi sem um er að ræða, bæði í samhengi alþjóðlegra samninga sem og í samhengi umhverfismálanna og þar eru grænir þjóðhagsreikningar hluti af því sem við þurfum að beita okkur að. Það sem ég nefndi var að hv. þm., framsögumaður fjárln., er ekki með sömu rosatölurnar uppi og voru í ræðu hans fyrir um tveimur árum um þetta efni en það er hægt að fletta upp á því. Stórar tölur voru dregnar upp sem hreinn, að ég mat, áróður á þeim tíma fyrir rosalegum umsvifum á þessu sviði sérstaklega sem hefðu komið við allt annað í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ég þakka fyrir skýringar við safnliðinn og ég vildi aðeins inna hv. þm. eftir hvort þessi þrenn samtök, Náttúruverndarsamtök Íslands, Fuglaverndarfélag Íslands og Félag um verndun hálendis Austurlands, fari þá ekki með sömu blessun og áherslu frá fjárln. til umhvrh.

[15:30]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek það sem ég sagði um skiptinguna. Fyrir hönd meiri hluta fjárln. skýrði ég umhvrh. frá þeim umsóknum sem komu til nefndarinnar. Ég gerði ekki upp á milli þeirra í viðtali mínu við hann. Ég tilkynnti einnig formanni umhvn. um þessa ákvörðun og málið er í höndum umhvrh. og ég vona að það fái farsælar lyktir.

Ég hef í rauninni engu við það að bæta sem ég sagði um stóriðjumálin. Ég er ekki þeirrar skoðunar, ég tek það fram, að afskrifa eigi frekari uppbyggingu stóriðju í landinu. Ég tel að hún geti verið einn þáttur í atvinnulífinu.

Ég get auðvitað flett upp á ræðu minni frá því fyrir tveimur árum. Ég veit að hv. 4. þm. Austurl. á hana í skjalasafni sínu og efast ekki um að hún er á vísum stað því hann er þekktur fyrir að halda slíkum hlutum til haga. Vel má vera að það hafi verið bjartsýni í þeirri ræðu. Allmikið hefur verið byggt upp á þessu sviði en því miður hefur það nú verið allt saman í kringum höfuðborgina. Ég var ekkert óskaplega hrifinn af því á sínum tíma þó að ég féllist á það sem þátt í atvinnuuppbyggingu hér enda hefur það haft mikið að segja í efnahagslífi landsmanna. Ég er viss um að það hefur styrkt t.d. heimabyggð hv. 5. þm. Vesturl., að sú uppbygging fór fram á sínum tíma. Það má því vel vera að ég hafi tekið þá sterkt til orða um þetta en ég hef reynt að setja fram stefnu mína í málinu í fjárlagaræðunni og þessum fáu orðum hér.

[15:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. ræðumaður, Hjörleifur Guttormsson, beindi til mín einni fyrirspurn að því er varðar fjármögnun á stofnkostnaði, framkvæmdakostnaði, hjá hefðbundnu menntaskólunum. Ég held að lögin um þetta atriði séu alveg skýr og þau gera ráð fyrir þátttöku sveitarfélaganna. Ég man ekki í svipinn hver sú prósentutala er en gert er ráð fyrir þessari þátttöku og sveitarfélögin hafa sinnt því, flest hver en þó ekki alveg. Það er ágreiningur eins og ítrekað hefur verið bent á í þessum sal af hálfu hv. varaformanns fjárln. Sturlu Böðvarssonar, milli ríkis og Reykjavíkurborgar að því er varðar Menntaskólann í Reykjavík og þátt borgarinnar í stofnkostnaði þar. Þetta er gamall ágreiningur. Hann er enn óleystur. Hins vegar eru framkvæmdir í gangi á lóð skólans í framhaldi af þeirri rausnarlegu gjöf sem skólanum barst frá Davíð heitnum Jónssyni en hann gaf húseignina Þingholtsstræti 18 til skólans og auðvitað verður að ljúka þeim og koma því húsi í sómasamlega notkun, skólanum sjálfum og gefanda sérstaklega til heiðurs, þótt ekki væri annað. Hins vegar er óuppgert mál hvort borgin kemur inn í þetta.

Að því er varðar aðra skóla hygg ég nú eins og ég segi að á flestum stöðum hafi tekist bærilegt samkomulag. Ég er ekki mjög kunnugur því hvernig það hefur verið á Egilsstöðum að því er varðar menntaskólann þar en nýbúið er að ljúka stórri nýbyggingu á lóð gamla Menntaskólans á Akureyri, Hólum. Það er mjög myndarlegt húsnæði sem ég veit ekki betur en Akureyrarbær hafi tekið þátt í. Ef það er rangminni leiðréttir mig kannski einhver í því. Ég held að lögin um þetta atriði séu skýr og það gildir sama samkvæmt þeim og um hefðbundnu menntaskólana og aðra framhaldsskóla að því er þetta varðar.

[15:35]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar um málið. Það er það sem ég var einmitt að inna eftir. Augljós vandkvæði hafa komið upp um að ná saman hjá sveitarfélögunum um verkefni eins og Menntaskólann á Egilsstöðum. Ég held ég megi segja að frekari þróun bygginga við þann skóla gjaldi fyrir það að þar hafi ekki náðst utan um þetta. Þetta tengist sumpart því að aðsóknarsvæði svona stofnana eru ekki nægjanlega vel skilgreind. **(Fjmrh.:** Upplandið?) Já, upplandið, aðsóknarsvæðið eða bakhjarlinn, sveitarfélagabakhjarlinn. Þetta tengist félagslegri uppbyggingu okkar að við erum bara með tvö stjórnsýslustig, ríki og sveitarfélag. Ef við værum með þriðja stigið þar sem menntamálin, framhaldsskólinn væri alveg skilgreindur þá væri þarna skýr aðili til að taka á öllu svona. Varðandi verkmenntaskóla á Austurlandi var hins vegar farið í samningagerð sem tókst samkomulag um með mismunandi greiðslum frá sveitarfélögum, sumpart eftir íbúafjölda og fjarlægð frá stað en þetta er nokkuð flókið verkefni. Búið var að þræða upp drög að samningi um þetta varðandi Menntaskólann á Egilsstöðum en ég hef grun um að því hafi ekki verið fylgt eftir á leiðarenda. Ég vil samt ekki alveg fullyrða um þá stöðu. Eins og hæstv. ráðherra nefndi varðandi Menntaskólann í Reykjavík er þar mál sem ekki hefur verið fullskýrt milli borgar og ríkis.

[15:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í yfirgripsmikilli ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um fjárlögin kom hv. þm. inn á umhverfisþáttinn og þær hugmyndir sem hann hefur varðandi það að draga úr mengun og þá sérstaklega loftslagsmengun. Út af fyrir sig hef ég verið stuðningsmaður þess að reyna að finna allar leiðir til að ná niður mengun í andrúmsloftinu. Menn greinir að sjálfsögðu á um leiðir eins og gefur að skilja en ég tók sérstaklega eftir því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tók fram að hann vildi fresta þeim hugmyndum sem komið hafa fram um að tvöfalda Reykjanesbrautina og að kannaðar yrðu sérstaklega járnbrautir sem valkostur í stað tvöföldunar enda væri hann með fsp. í þinginu þar sem mæla ætti sérstaklega mengun sem fylgdi Reykjanesbrautinni.

Mig langar að spyrja hv. þm. að því hvort hann telji í alvöru að járnbraut geti í sjálfu sér þrifist á þessari leið þegar nú þegar er ljóst og hefur verið kannað að slíkur kostur er afskaplega dýr fyrir það fyrsta. Járnbrautir af þessum toga kosta milljarðatugi og rekstur þeirra er þar að auki afskaplega óhagkvæmur og dýr enda eru Íslendingar ekki nema 275 þús. manns og ekki nema hluti þjóðarinnar sem nýtir sér þennan valkost ef til kæmi og rekstur hans mun því aldrei geta staðið undir sér. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort það sé vegna útblásturs frá þessum eina vegi sem honum dettur í hug að fresta þessari framkvæmd eða hvort eitthvað annað sé á bak við hugmynd hv. þm.

[15:40]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nokkur atriði þurfa leiðréttingar við úr staðhæfingum hv. þm. Ég hef ekki flutt tillögu um frestun á framkvæmdum við Reykjanesbraut. Ég hef vakið athygli á því, og gerði það á síðasta ári og ég held árið þar á undan, að það sé verðugt verkefni að skoða það áður en til framkvæmda kemur, áður en menn ráðast í framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar að þessi kostur sé metinn, að fram fari alvöruúttekt á því. Ekkert liggur fyrir — ég bið þá hv. þm. að útvega mér þær skýrslur og úttektir sem liggi fyrir um þetta mál. Ég spurði hæstv. samgrh. í fyrra um þetta og hæstv. ráðherra vísaði í eitthvað sem nemendur uppi í háskóla hefðu gert fyrir nokkrum árum sem var ekki í því samhengi, ekkert alvörumat sem lá þar fyrir. Mér er ekki kunnugt um að úr þessu hafi verið bætt. Það er það sem ég er að biðja um ef líklegt er að hagkvæmt geti verið að reka rafbraut á vegalengd af þeim toga sem hér um ræðir, 45–50 km. (**GÁS:** Verður ekki að flytja Reykjavíkurflugvöll í leiðinni?) Kæmi til greina. Menn hafa verið að tala um flutning á Reykjavíkurflugvelli en mér skilst að ákvarðanir liggi fyrir um annað út af fyrir sig en ég er að tala um þetta í margþættu samhengi því að inn í svona mat þurfa auðvitað að koma mismunandi atriði, þar á meðal losun frá umferðinni. Ég get ekki skilið að það sé ekki sjálfsagt mál að fram fari mat á þessu sem gæti verið í þrepum, fyrst frv. sem leiddi í ljós hvort fara ætti lengra eða ekki. Ég tel að þeim fjármunum væri vel varið því menn þurfa að skoða líka þessi mál í samhengi þéttbýlisins, innan höfuðborgarsvæðisins í þrengri merkingu til að hafa augun opin til möguleika á því að draga úr mengun og bæta samgöngukerfið því það eru fjölmargir þættir sem eru jákvæðir ef hægt væri að fara út í umferð af þessum toga.

[15:42]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði reyndar ekki að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði flutt tillögu um þetta en hefði minnst á það í ræðu sinni áðan (**HG:** Og oft áður.) og oft áður þannig að ég fer ekkert rangt með það að hans hugmyndir virðast vera þær að fara aðra leið en að tvöfalda Reykjanesbrautina. Ég fékk ekkert fram um það hvers vegna hv. þm. vill endilega fara að draga á langinn þær hugmyndir og í rauninni þann veruleika sem við stöndum frammi fyrir í dag, að tvöföldun Reykjanesbrautarinnar verði á næstu árum. Það er náttúrlega nokkuð ljóst að losun koldíoxíðs á þessari braut mun ekki aukast neitt verulega við það þótt hún verði tvöfölduð. Þetta er fyrst og fremst vegna spurningar um öryggi sem verið er að tala um að tvöfalda þessa leið. Það mun heldur ekki breyta neinu varðandi þessa braut þó svo að járnbraut yrði lögð þarna. Ég hygg að það mundi ekki breyta neinu varðandi akstur á þessari leið. Ég get ekki séð það a.m.k. nema eitthvað annað komi til. Þá er hugsanlegt, eins og kom fram í frammíkalli, að Reykjavíkurflugvöllur verði lagður niður og allt flug flutt suður á Keflavíkurflugvöll. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, þegar hv. þm. fór að fjalla um þetta hér, hvort það væri einhver stefna hjá hinum nýja umhverfisvæna græna flokki sem hefur hugsað sér að bjóða fram í öllum kjördæmum og hvort andstaða við tvöföldun Reykjanesbrautar sé þar á málefnaskránni.

[15:44]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér neitt í orðaskipti hv. þm. um Reykjanesbraut. Mér finnst hins vegar einkar athyglisvert að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skuli gera þessi mál að umræðuefni á þennan hátt, þ.e. að tiltaka Reykjanesbraut sérstaklega. Mér er það í minni að þegar umræður voru um framtíðarskipan flugmála lagðist hann eindregið gegn því að til þess kæmi að flytja Reykjavíkurflugvöll suður á Suðurnes og fann því allt til foráttu. Mér finnst því satt að segja býsna lítið samhengi í þessum þankagangi hans þegar hann lætur að því liggja í aðra röndina að það þurfi að bæta stórkostlega samgöngur á þessum legg en vill hins vegar ekki flytja þangað þjónustu, það er svona bara til umhugsunar. En að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér í þau mál.

Ég vil vekja á því athygli, herra forseti, að við ræðum hér fjárlagafrv. fyrir árið 1999 við allsérstakar aðstæður og rétt að halda því ákveðið til haga að við erum að ræða síðustu fjárlög fyrir kosningar og það fer ekki fram hjá nokkrum manni að þessi fjárlög og meðferð fjárln. á fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. ber þess mjög klár merki. Um það þarf ekkert að deila. Hér er augljóslega tínt upp úr konfektkassanum og molar réttir hingað og þangað og reynt að gauka einhverju smáræði að sem flestum.

Það er auðvitað umhugsunarefni því að menn höfðu rætt það þvert á alla flokkapólitík, hvort það ætti ekki að vera liðin tíð að nýta fjárlög íslenska ríkisins á þenna hátt. Einhver sem man lengra aftur í tímann en ég og þekkir kannski betur söguna en ég, sagði við mig að menn væru sennilega farnir u.þ.b. tólf ár aftur í tímann í þessu sambandi og rifjaði upp kosningafjárlög ársins 1986 í þessu samhengi þar sem menn spiluðu öllu út, lausu og föstu, á kosningaári eða í aðdraganda kosningaárs. Það er mikið umhugsunarefni í þessu sambandi, virðulegi forseti.

Nú er ég ekki að halda því fram að þeir fjölmörgu aðilar sem hér fá, margir hverjir, nokkrar bætur á erfiðri stöðu og

einhver fjárframlög sem þeir sannarlega þurfa á að halda, eigi ekki að fá þau. Hitt er auðvitað dagljóst — nú vildi ég gjarnan að hv. 2. þm. Austurl., formaður fjárln., legði við eyru — og umhugsunarefni að hv. þm. og forustumaður stjórnarliða í þinginu í þessum efnum hefur haft 100 milljarða kr. meira umleikis á yfirstandandi kjörtímabili en því síðasta. Í því samhengi er rétt að staldra aðeins við þann veruleika sem við okkur blasir, þ.e. að við erum núna þessa dagana að gera upp yfirstandandi ár og það verður gert upp með milljarða kr. halla. Það er alveg sama hvers konar viðmið menn hafa í því sambandi. Ég ætla ekki að fara yfir þau mál öll, þ.e. á hvers konar grunni þetta allt er lagt. Ég held að það sé bara einfaldleg þannig að á yfirstandandi ári, í þessu mikla góðæri, í þessum gífurlega tekjuauka sem ríkissjóður hefur fengið, hefur stjórnarliðum, fjmrh. og hans liðsmönnum, ekki tekist að halda þannig í horfi að ríkissjóður, þetta heimili sem við öll eigum, skili afgangi. Þvert á móti skilar það umtalsverðum halla á komandi kynslóðir. Þetta er grafalvarlegt mál í ljósi þeirra fjármuna sem ríkissjóður hefur haft úr að spila á þessu ári og raunar umliðnum árum sömuleiðis. Það er mjög fróðlegt að bera þetta saman við það sem gerðist á síðasta kjörtímabili. Þá voru mjög erfið ár, það reyndi á þolrifin og menn tókust hart á um ýmsa hluti á hinu háa Alþingi og þáverandi ríkisstjórn þurfti að ráðast í mjög sársaukafullar aðgerðir, umdeildar, og stundum hefur hún vafalaust eins og gengur ekki farið réttar leiðir og höggvið þar sem hlífa skyldi. En að öllu jöfnu var þó reynt. Það var reynt að breyta þankagangi og hugsunargangi í þá veru að þetta gengi ekki svona lengur. Sá þankagangur gengi ekki að ríkissjóður gæti ávísað skuldbindingum á komandi kynslóðir.

Mér er næst að halda að þau þrengingarár og þau erfiðleikaár hafi þó kennt mönnum þá lexíu á hinu háa Alþingi og ekkert síður hjá þeim fjölmörgu aðilum sem hafa fjármuni ríkisins með höndum, að það væri ekkert sjálfgefið að peningar flæddu úr ríkissjóði til allra þeirra hluta sem menn teldu þörf á. Í því ljósi er það mikið umhugsunarefni, og ég vil varpa því til hv. þm. Jóns Kristjánssonar, hvort hann sé ekki eilítið hugsi sjálfur yfir því að á tímum góðæris sé hann að leggja upp með brtt. við 2. umr. upp á 1.700 millj. kr. sem í raun geri það að verkum að samkvæmt orðanna hljóðan og samkvæmt þeim tölum sem á borði liggja þá sé ríkissjóður nokkurn veginn á núlli.

Þegar nýr og vaskur fjmrh. kom til starfa hafði hann á orði að hann hefði það að markmiði að skila ríkissjóði með dágóðum afgangi — ég held ég muni það rétt, og taldi það greinilega samkvæmt orðanna hljóðanna létt verk og löðurmannlegt. En svo hafa mál þróast að menn þykjast góðir ef hægt verður að stemma þetta af nokkurn veginn á sléttu. Í ljósi reynslunnar er hægt að gefa sér að þetta þýði í raun umtalsverðan halla og því spái ég með vísan til reynslu yfirstandandi árs.

Þetta er grafalvarlegt mál og ég held að þetta sé ekki mál sem við þurfum að ræða hér í hefðbundnum stíl stjórnar og stjórnarandstöðu, heldur spyrja okkur hvort mönnum finnst hér rétt að verki staðið. Ég hef áhyggjur af því og ég þykist nú vita að sumir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar í málefnum ríkissjóðs hafi sömu áhyggjur og ég, deili áhyggjum með mér. Mig langaði kannski að velta þessu upp við hv. talsmann meiri hluta fjárln.

Annað er auðvitað áhyggjuefni og það er að á þessum tímum góðæris, sem ég held að við getum öll verið sammála um að ríki í okkar efnahagskerfi, meiri peningar eru í umferð og þjóðin er ríkari að meðaltali, eru heimilin að safna skuldum og það engum smápeningum. Við erum að tala um 43 milljarða kr. á einu ári. Í því sambandi verða býsna léttvægir einhverjir hundraðþúsundkallar í hugsanlegum tekjuafgangi ríkissjóðs, þ.e. þegar þjóðarbúið í heild er að safna upp skuldum, heimilin í landinu, upp á fjóra tugi milljarða króna á einu ári. Þetta er stórkostlega alvarlegt mál sem menn geta ekki horft fram hjá.

Við hæstv. félmrh. áttum orðastað um þennan kalda og nöturlega veruleika ekki fyrir margt löngu og vorum ekki alveg sammála um það hver væri ástæða þessa, þ.e. hvort t.d. þjóðin væri almennt að lifa um efni fram eins og hann vildi vera láta og að fólk leyfði sér einfaldlega of mikið. Ég hélt því hins vegar fram að í þessu samfélagi okkar væru kannski allt of fjölmennir og stórir hópar fólks sem gætu einfaldlega ekki látið enda ná saman fyrir brýnustu nauðsynjum og væru hreinlega á yfirdrætti, væru hreinlega á rekstrarlánum, væru að velta vandamálaboltanum á undan sér og það endar auðvitað með hreinum ósköpum. Það sjáum við á þeim nauðungaruppboðum sem fram fara og við sjáum í auglýsingum dagblaðanna og heyrum af með ýmsu móti.

Þetta eru kannski þessar andstæður sem við okkur blasa í okkar efnahagskerfi. Sumpart skilur maður þá betur þann gífurlega viðskiptahalla sem er í efnahagskerfi okkar og er líka sem klingjandi viðvörunarbjalla hvað framtíðina varðar. Mér finnst satt að segja efnahagssérfræðingar ríkisstjórnarinnar og leiðtogar hennar á hinu háa Alþingi í peningamálum þjóðarinnar taka það kannski ekki nógu alvarlega, þ.e. þau viðvörunarmerki sem í því felast.

Vissulega veit ég það og samfagna í þeim efnum að verðbólgunni er enn þá haldið í skefjum. En undanfararnir eru algerlega ljósir. Við þekkjum það frá gamalli tíð hvað kemur á undan óðaverðbólgunni. Það eru einmitt hlutir af þeim toga sem ég nefndi áðan, stigvaxandi og langvarandi viðskiptahalli, síaukinn vöxtur í skuldum heimilanna og síðan meðfylgjandi launaskrið sem maður verður líka var við. Þetta er ekkert annað en einkennandi fyrir það sem á eftir fer, verðbólgu, og guð forði okkur frá þeirri skelfingu sem við munum allt of vel. Þetta vildi ég segja með mjög almennum orðum í upphafi minnar ræðu.

Ég spurði forsrh. út úr um daginn og bað hann um að tína það saman hvernig atvinnumarkaðurinn hefði þróast á yfirstandandi kjörtímabili, á þessum tímum góðæris og stóraukinnar veltu. Ég spurði m.a. vegna þess að framsóknarmenn hafa mjög gjarnan haldið á lofti kosningaloforði sínu frá síðustu kosningum um 12.000 ný störf, raunverulega loforð sem að minni hyggju gerði það að verkum að þeir unnu allgóðan sigur í síðustu kosningum. Hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. hefur sagt það hér í heyranda hljóði að þessi störf væru ekki 12.000, þau væru nær 14.000 á kjörtímabilinu, þannig að Framsfl. hefði skilað meiru. (**JónK:** 14.500.) 14.550 segir hv. þm. Jón Kristjánsson.

Þess vegna var mjög athyglivert að fá svör hæstv. forsrh. við fyrirspurnum mínum. Niðurstaðan er auðvitað ekki sú að störfin séu 12.000, 13.000 eða 14.000, hvað þá 14.500. Þau eru 9.300 talsins. Það er ekki bara þetta sem vekur athygli, þ.e. að Framsfl. skili ekki því sem hann lofaði, heldur að af þessum 9.300 störfum eru 2.500 talsins í hinum opinbera geira. Þessar tölur hæstv. forsrh., sem ég tek auðvitað fullt mark á þó að á seinni árum séu þetta áætlunartölur byggðar á áliti Þjóðhagsstofnunar, sýna að aukningin bara í hinum opinbera geira er upp á 1.250 störf milli áranna 1997 og 1998.

Því beini ég sérstaklega orðum mínum til hv. þingmanna Sjálfstfl. og hv. 2. þm. Vesturl. og varaformanns fjárln. og spyr hvort þessi þróun sé í anda þess sem hann lagði upp með og hefur lagt upp með í stefnumörkun sinni í núverandi ríkisstjórn, hvort það hafi verið markmið ríkisstjórnarinnar í upphafi þessa kjörtímabils að fjölga störfum í hinum opinbera geira um 2.500. Ég hafði einhvern veginn skilið það þannig í allri orðræðu fyrir kosningar og á yfirstandandi kjörtímabili að það væri sérstakt markmið Sjálfstfl. að draga úr starfsemi ríkissjóðs og þess vegna væru menn að fara í umfangsmiklar sölur á ríkisfyrirtækjum og þess vegna væri verið að draga úr starfsemi ríkisins, auka þar hagkvæmni, samkeppni og ég veit ekki hvað þetta heitir nú allt saman.

En tölurnar tala sínu máli. Þær eru bara þessar. Og ég hef þær frá oddvita ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni.

Þriðji þátturinn, þriðji stórpólitíski þátturinn í þeim svörum sem ég fékk við fyrirspurnum mínum er þessi: Af þeim níu þúsund og eitthvað nýjum störfum sem til verða á þessu kjörtímabili verða 90% þeirra til í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er afraksturinn sem þessi ríkisstjórn, helmingaskiptastjórn Sjálfstfl. og Framsfl. skilar til hinna dreifðu byggða. Ég held að hv. þm. Jón Kristjánsson og hv. þm. Sjálfstfl. í fjárln. sem ég ætla af tillitssemi við þá að nefna ekki hér, hljóti að vera býsna ánægðir með þennan árangur. Það hefur bókstaflega orðið fækkun í störfum á Vestfjörðum, á Austfjörðum, í kjördæmi hv. þm. Jóns Kristjánssonar og ef ég man rétt á Norðurlandi vestra sömuleiðis, bókstafleg fækkun. Ég man ekki sérstaklega til þess að það hafi verið á kosningastefnuskrá Framsfl. þegar 12.000 störfunum var lofað að samhliða ætti að fækka störfum á Austurlandi, á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum. Var það í pakkanum líka? Var það í þeim kosningapakka sem Framsfl. vann sigur út á og ekki síst á Austurlandi. Ég man ekki betur en Framsfl. hafi fengið 45–47% atkvæða þar eystra. (**JónK:** 46%.) Það væri fróðlegt að heyra ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar heima í héraði þegar hann fer að hæla sér af árangrinum um 12.000 störfin og öll þau nýju störf sem hafa orðið til í hans fjórðungi. Nei, herra forseti, þetta er auðvitað stóralvarlegar tölur og mjög merkilegar tölur sem rétt er að halda mjög ákveðið til haga.

Í fyrsta lagi. Framsfl. sagði kjósendum ósatt. Hann hefur ekki skaffað það sem hann lofaði. Hann lofaði 12.000 störfum, störfin eru 9.000. Í öðru lagi. Sjálfstfl. lofaði að draga úr ríkisumsvifum. Það eru 2.500 ný störf af þessum 9.000. Með öðrum orðum, hinn almenni vinnumarkaður skilar ekki nema 6.500 þannig að Framsfl. er að skila helmingi af kosningaloforðinu. Og í þriðja lagi, öll störfin meira og minna, níu af hverjum tíu verða til á höfuðborgarsvæðinu. Eru menn virkilega mjög stoltir af þessum árangri? Hafa menn í ríkisstjórnarliðinu haldið ræður og hælt sér af þeirri niðurstöðu? Munu þeir gera það hér það sem eftir lifir þessa þings, á útmánuðum? Munu þeir fara heim í hérað með þessar tölur sérstaklega í farteskinu og halda merkjum hátt á lofti? Nei, auðvitað gera þeir það ekki. Auðvitað gera þeir það ekki. Af hverju er ég að tala um þetta, virðulegi forseti, í tengslum við fjárlagagerð komandi árs? Auðvitað vegna þess að þetta eru nátengd mál. Við erum að leggja inn í síðasta vetur þessa kjörtímabils og þess vegna er mjög brýnt að menn geri upp sakir í þessum efnum og haldi þessum veruleika mjög ákveðið til haga.

Í beinu samhengi við þetta, virðulegi forseti, er þeirri stefnumörkun haldið áfram, eins og ríkisstjórn hefur nefnt það, að draga úr umsvifum ríkisins með því að selja eignir. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um það, virðulegi forseti, því að menn hafa rætt það hér býsna skýrt og afdráttarlaust hvernig framkvæmd þeirra mála hefur verið og hvernig menn hafa staðið sig í því að koma þessum verðmætum ríkisins í verð. Með öðrum orðum, hvernig menn hafa staðið að því að selja ríkisfyrirtæki. Þar er náttúrlega um ömurlega hluti að ræða. Það var tvennt sem stóð upp úr í því sambandi. Í fyrsta lagi, sem allir voru sammála um, að tryggja ætti dreifða eignaraðild við söluna og í öðru lagi ætti að fá raunverð fyrir eignirnar. Hvorugt þessara markmiða hefur staðist. Dreifð eignaraðild? Jú, jú, menn segja að um 90 þús. Íslendingar skráðu sig fyrir hlut í Búnaðarbanka Íslands. En ætla menn að halda því fram að þessir 90 þús. Íslendingar hafi verið að skrá sig sem þátttakendur í atvinnulífinu? Ég hef lýst því þannig að sennilega hafi hálf íslenska þjóðin setið við eldhúsborðið sl. sunnudag með bls. 12 og 13 í Morgunblaðinu og klippt niður miðana frá Íslandsbanka og síðan haldið því áfram með því að selja fyrir fram kauprétt sinn í þessum banka. Menn hafa haldið því fram í þessum ræðustóli að það hafi verið merki þess að Íslendingar vildu vera þátttakendur í atvinnulífinu. Auðvitað er það ekki svo. Þetta er eins og ég held að DV hafi lýst því, eins konar keðjubréfafár og mikið lifandis skelfing væri þá einfaldara og eðlilegra ef menn vildu fara þá leið sem ég er sumpart mjög spenntur fyrir, að menn sendu þessi hlutabréf einfaldlega beint heim í pósthólf fólks. Hver fengi sinn hlut en þyrfti ekki að standa í því að láta bankann og verðbréfafyrirtæki forvalta það til okkar þannig að hver einasti maður fengi þá bréf upp á einhverja þúsundkalla, eins og þetta mun nú reynast. Það væri mannsbragur á því og ég væri til umræðu um slíka nálgun málsins en þessi aðferðafræði er náttúrlega eins og hver annar brandari. Ég er til í umræðu um hana hvar og hvenær sem er, og mun halda henni hátt á lofti.

Hitt atriðið sem menn segja vera ósamrýmanlegt, það að selja dreift og hitt að selja á raunvirði, að fá þær krónur fyrir eignir ríkissjóðs sem verðmæti þeirra segir til um. Ég er þessu heldur ekki sammála því að í þessu tilfelli erum við ekki að tala um að eignarhaldið verði dreift. Það verður þröngt og verður fróðlegt að sjá það og menn hafa verið að leita eftir svörum við því, t.d. hversu margir í raun eiga umtalsverða hluti í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, þessi 49%. Ég man að örfáum dögum eftir þetta útboð kom einn söluaðila hæstv. fjmrh., Kaupþing sem auglýsti sérstaklega eftir kennitölum og fékk raunar greitt frá fjmrh. fyrir að standa að sölunni til sjálfs sín, og hældi sér af því að vera búinn að ná 14%. Það væri mjög fróðlegt að fá þær tölur allar upp á borðið, hversu í raun þessi eignaraðild væri dreifð. Það er ekki nóg að slá þessum hlutum fram og segja, það eru svo og svo mörg þúsund sem eiga í þessu. Hverjir eru hinir raunverulegu eigendur? Það er kjarni málsins og þannig eigum við að nálgast þetta viðmið. Ég geri þetta að umtalsefni vegna þess að þessu á að halda áfram samkvæmt forsendum fjárlagafrv. Íslenskir aðalverktakar, sem er auðvitað feikiverðmætt fyrirtæki og fást væntanlega einhverjir milljarðar fyrir, eru hér á dagskrá. Því væri fróðlegt ef einhver stjórnarliða sem hefði á því þekkingu og vissu segði hvernig hugmyndin er að standa að þeirri sölu. Það er nauðsynlegt að fá það hér upp.

Önnur heimild til sölu, sem er auðvitað miklu minna mál í krónum talið en stórmál í grundvallaratriðum, er Stofnfiskur. Heimild er til þess í fjárlögunum að selja þetta fyrirtæki. Ég

ætla ekki að fara mörgum orðum um þær umræður sem hér hafa átt sér stað um þau mál. Hins vegar vitum við sem hér erum inni án þess ég reki það ítarlega, að öll umgjörð þessa fyrirtækis er með þeim hætti að það er fullkomlega alvörulaust og ábyrgðarlaust að setja það fyrirtæki á markaðinn við núverandi aðstæður. Ég segi það fullum fetum hér, virðulegi forseti, að það gengur á skjön við alla skynsemi og nánast við þingsköpin sjálf ef menn ætla sér að halda sig við þá tillögu sem hér er að óska heimildar frá hinu háa Alþingi um að setja þetta fyrirtæki á markað miðað við þær athugasemdir sem hafa sannanlega komið fram hjá Ríkisendurskoðun um færslu síðasta ársreiknings og hins veruleikans að hv. þm. hefur verið synjað um að fá upplýsingar um stöðu fyrirtækisins, fá upplýsingar um úttektir sem gerðar hafa verið á þessu fyrirtæki gagngert til að selja það. Ég spyr, virðulegi forseti, er raunverulega hægt að biðja um það að hv. þm. taki afstöðu til þeirra þátta á sama tíma og þeim er meinað, bókstaflega hafnað og neitað um að fá nauðsynlegar upplýsingar um stöðu þessa fyrirtækis til að geta gert sér grein fyrir því hvort hér sé skynsamlega að verki staðið? Nei, auðvitað ekki. Í því samhengi er rétt að geta þess að þingflokkur jafnaðarmanna hefur beðið Ríkisendurskoðun um að taka saman skýrslu samkvæmt 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun um stöðu Stofnfisks og samskipti þess fyrirtækis, hlutafélags við landbrn. Það gefur augaleið að minni hyggju að þetta mál verður ekki hægt að afgreiða fyrr en sú skýrsla liggur fyrir. Ég vænti þess hins vegar að Ríkisendurskoðun geti klárað hana fljótt og vel því öll gögn eru við höndina. Ríkisendurskoðun hefur þegar farið í gegnum stöðu fyrirtækisins og er því í lófa lagið að koma þeim upplýsingum rakleiðis til þingmanna. Eftir þá skýrslu vænti ég þess að menn geti þá tekið um það efnislega afstöðu hvort skynsamlegt sé að fara þá leið sem ríkisstjórnin leggur til eður ei en á meðan ekki liggja fyrir grundvallarupplýsingar um málið er málið tæpast þingtækt, þingsköpum samkvæmt. Það er varla tækt hér, burt séð frá efnislegri afstöðu til þess.

Ég þarf að hraða mér, virðulegi forseti, þetta átti ekki að vera löng ræða en það er auðvitað af mörgu að taka.

Örfá atriði úr kjördæmi mínu. Það er komið til móts við ýmsar óskir sjúkrastofnana í kjördæmi mínu og var tími til kominn. Betur má þó ef duga skal. Nefni ég þar Sólvang í Hafnarfirði sérstaklega til sögu en eitt er það atriði sem ég vildi hins vegar spyrja um hvað varðar heilbrigðismálin ef hæstv. heilbrrh. er einhvers staðar nærri ...

(**Forseti** (ÓE)**:** Hún er í húsinu.)

Hún er í húsinu. Þá mundi ég kannski geyma mér það þar til rétt á eftir, því það er ein spurning sem ég vildi varpa til hennar um þau efni. En það er annað sem hins vegar er ekki hægt að ganga fram hjá hvað varðar Reykjaneskjördæmi og fjárlögin og það er staða málefna fatlaðra í því kjördæmi. Hún er með slíkum eindæmum og fullkomlega fyrir neðan allar hellur að þar þarf auðvitað stórátak og alveg ljóst að sá málaflokkur verður ekki fluttur heim í hérað fyrr en búið verður að búa þannig um hnúta í Reykjaneskjördæmi að allri grundvallarþjónustu sé a.m.k. sæmilega til haga haldið en það er langur vegur frá að svo sé í dag.

Það er hins vegar merkilegt í þessu samhengi að Reykjaneskjördæmi, og það kom fram í býsna merkilegri úttekt sem fylgdi byggðaáætlun og umræðu um byggðamál, er það kjördæmi eitt á landinu sem fer sýnu verst út úr ákvörðunum og aðgerðum ríkisvaldsins. Ekki einasta er Reykjaneskjördæmi með langfæsta opinbera starfsmenn, hlutfallslega langsamlega fæsta opinbera starfsmenn, heldur hitt líka að í þróun fjárlaga skipt eftir kjördæmum kemur hlutfallslega minna og minna í hlut Reykjaneskjördæmis á yfirstandandi kjörtímabili en annarra kjördæma. Ég veit ekki hverju er um að kenna. Kannski eru margar skýringar á þessu því ég trúi því ekki að þingmenn Reykjaneskjördæmis í stjórnarliðinu séu svona slappir. Það getur svo sem vel verið að það sé bara skýringin. Að þeir standi sig ekki í stykkinu. Kannski er það bara sennilegasta skýringin. Sennilega er það bara alveg hárrétt. Það er eina skýringin. Það rifjar upp fyrir mér að forseti bæjarstjórnar í Kópavogi hélt þessu fram í prófkjöri sem haldið var hjá Sjálfstfl. ekki fyrir margt löngu, að þingmenn Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi væru bara handónýtir og eigum við ekki bara að segja að það sé skýringin á þessu? (**Gripið fram í:** Skipta um þá?) Skipta um þá, segir hv. þm. og ég held að vit væri í því en það verður náttúrlega ekki gert nema með því að kjósa aðra flokka og þá einkum og sér í lagi okkur jafnaðarmenn.

Ég fer hratt yfir sögu. Hæstv. heilbrrh. er mætt til leiks og ég ætla nú fyrst að hæla henni og þakka henni fyrir (**Gripið fram í:** Fyrir síðast?) fyrir síðast, en þar fyrir utan hversu vel hún hefur staðið að verki núna þótt hægt hafi farið að stað varðandi byggingu barnaspítala. Þar er um mjög gott mál að ræða sem ég styð heils hugar. Að vísu tók dálítinn tíma fyrir hana að setja í gang en hún er loksins komin í gang og það er fagnaðarefni. Ég held að þetta sé mál sem við allir þingmenn hljótum að fagna af mikilli einlægni.

Um hitt sem ég vildi spyrja hana sérstaklega er staða heilsugæslunnar í Hafnarfirði. Þannig er mál með vexti að viðræður hafa átt sér stað milli bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og heilbrrn. um að Hafnarfjörður verði reynslusveitarfélag á vettvangi heilsugæslunnar. Allt gott um það að segja en ég hef haft af því spurnir að samhliða eru uppi áform um það af hálfu bæjaryfirvalda í Hafnarfirði, þ.e. meiri hluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, flokksbróður hæstv. ráðherra sem er formaður bæjarráðs þar syðra og þeirra sjálfstæðismanna um að loka raunverulega heilsugæslunni á Sólvangi, hætta starfrækslu heilsugæslunnar á Sólvangi og flytja þá starfsemi í heilu lagi í annað húsnæði í miðbæ Hafnarfjarðar. Ég kann ekki á ástæður alls þessa. Ég vil þó minna á að nú loksins sér fyrir endann á húsnæðisvandamálum heilsugæslunnar með viðbótarhúsnæði sem hefur tekið allt of langan tíma að koma í gagnið, og einnig hitt að tveir nýir læknar eru að koma þar til starfa sem mun bæta verulega þjónustuna en þar hefur verið á brattann að sækja.

Ég spyr: Er heilbrrn. sammála bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði? Er það kannski með vilja og vitund heilbrrn. að þessi lokun heilsugæslunnar á Sólvangi eigi sér stað og tilflutningur í nýtt húsnæði sem þarf að kaupa fyrir tugi eða hundruð milljónir króna? Mér er kunnugt um að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði áformi þá að nýta það húsnæði sem er tíu ára gamalt — mér er það mjög minnisstætt því ég var bæjarstjóri í Hafnarfirði þegar það var opnað 1987 eftir langan byggingartíma — loka því sem heilsugæslustöð en breyta í einhvers konar óskilgreinda öldrunarþjónustu, tómstundir og félagsstarf og sitthvað annað. Sem þýðir þá að sú starfsemi verður væntanlega á hendi bæjarfélagsins og á kostnað þess, mestan part húsnæðið og að langstærstum hluta reksturinn.

Og þá spyr ég: Er fyrirliggjandi samkomulag eða einhver drög hjá heilbrrn. um að Hafnarfjarðarbær kaupi húsnæði núverandi heilsugæslu á Sólvangi og að ríkissjóður ætli að leggja 100 eða 200 millj. í nýtt húsnæði í miðbæ Hafnarfjarð-

ar með kostnaðarskiptingu 85:15? Ég sé að þess er hvergi getið í fjárlögum og þess vegna spyr ég því að mér skilst af lestri bæjarblaða í Hafnarfirði að mál séu komin á fljúgandi ferð þar og menn áformi að taka prinsippákvarðanir í þessum efnum mjög fljótlega.

Því vil ég spyrja: Er að vænta tillagna í þessa veru, óskir um heimildir, um hugsanlega sölu og kaup á nýju húsnæði við 3. umr. fjárlaganna? Þetta var spurning mín um þetta efni.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um hafnamál, það verður bara í stikkorðastíl. Það eru mál sem væntanlega munu koma hér fyrir í endurskoðaðri hafnaáætlun. Það er þó rétt að nefna að hafnaáætlun er í samgn. og það er auðvitað brýnt að klára hana og ljúka afgreiðslu hennar fyrir jólaleyfið því ella er engin áætlun fyrir næsta ár. Og menn hafa þá þann tæknilega valkost, ef ekki tekst að ljúka yfirferð og samþykkt þeirrar hafnaáætlunar, að fjárln. verður að taka þau mál upp við 3. umr. og lista upp þau verkefni sem á að ráðast í á næsta ári.

Ég vil bara segja það hér og nú að ég mun gæta þess og tryggja að sú ósvífni sem fyrir liggur í tillögum að hafnaáætlun að sveitarfélög á borð við Hafnarfjörð, Kópavog og Garðabæ séu fullkomlega núlluð þar út og séu ekki styrkhæf lengur — ég mun flytja brtt. í þá veru sem mun snúa þeim fráleita veruleika við.

Rétt í bláendann, virðulegi forseti, menn eru að segja mér hér á göngunum að ný skoðanakönnun hafi komið fram. Og enn þá sé það þannig að þessi ríkisstjórn sé með samtals um 70% fylgi. Það verður ekki mikið lengur, virðulegi forseti.

[16:18]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson fór nokkrum orðum í ræðu sinni um fjölgun opinberra starfsmanna og að þeim hefði fjölgað lítið úti á landi en aðallega á höfuðborgarsvæðinu. Það er allt saman hárrétt og þetta veldur áhyggjum.

Ég veit ekki hvort hv. þingmenn Alþfl. eða jafnaðarmannaflokksins hafa tekið eftir þeirri miklu umræðu sem hefur farið fram um byggðamál en við höfum lagt mjög mikla áherslu á að snúa þurfi vörn í sókn. En auðvitað eru til fjölmargar skýringar á byggðaþróuninni. Meðal annars liggur fyrir sú skýring að í grunnatvinnuvegunum, eins og landbúnaði og sjávarútvegi hefur orðið fækkun starfsmanna í þeim greinum með auknum tækniframförum, annars vegar í sjávarútvegi og raunar líka í landbúnaði. Það hafa einnig orðið framfarir þar en þó hefur samdráttur aðallega orðið í landbúnaði vegna þess samdráttar sem orðið hefur í sölu landbúnaðarafurða.

Hins vegar hefur ekki tekist að fylgja þeim breytingum eftir með því að fjölga opinberum starfsmönnum, enda held ég að það út af fyrir sig eigi ekki að vera tilgangur í sjálfu sér, að reyna að fjölga opinberum starfsmönnum heldur er aðalatriðið úti á landi að tryggja atvinnu við arðbær störf. Fjölgun opinberra starfsmanna á höfuðborgarsvæðinu er náttúrlega fyrst og fremst vegna þess að heilbrigðiskerfið hefur verið að þenjast út og skólarnir hafa verið að stækka. Háskóli Íslands og fleiri háskólar hafa verið byggðir upp á höfuðborgarsvæðinu og ég sé ekkert nema allt jákvætt við það að þessar opinberu stofnanir hafi byggst upp og að stöðugildum hafi fjölgað þar.

[16:21]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar vangaveltur hv. þm. væru auðvitað aldeilis ágætar í almennri umræðu í upphafi kjörtímabils, þegar menn væru að velta því fyrir sér hvað þeir ætluðu að gera til að bregðast við þeirri öfugþróun sem við erum öll sammála um að hefur orðið, ekkert endilega eingöngu á þessu kjörtímabili heldur bara á umliðnum árum.

En nú erum við hér á síðasta ári þessa kjörtímabils og hv. þm. og flokkur hans hefur verið í ríkisstjórn í heil átta ár samfleytt og núna í fjögur ár með Framsfl. sem hefur sérstaklega talið sig byggðavænan, en veruleikinn er þessi og auðvitað hefur það ekkert farið fram hjá okkur jafnaðarmönnum hvernig hann er. Við höfum bara því miður ekki verið að stjórna þessu landi.

Það sem ég vakti athygli á og ég tel það ekkert markmið út af fyrir sig og alls ekki, að fjölga opinberum starfsmönnum, en fjölgunin hefur orðið 2.500 á yfirstandandi kjörtímabili og langmest hér. Af því að hv. þm. er frá Vesturlandi þá er t.d. fróðlegt að skoða tölur sem skipt er niður á kjördæmin árin 1995 og 1996. Þá verður fækkun í starfsemi hins opinbera um 26 í hans eigin kjördæmi á sama tíma og fjölgunin í starfsemi hins opinbera er 500 í Reykjavík. Á sama tíma eru menn að halda hér ræður um að flytja stofnanir, opinberar stofnanir út á land og raunverulega hefur opinber stofnun verið flutt í kjördæmi hans, upp á Akranes eins og frægt er orðið, en engu að síður er fækkun í hinum opinbera geira sem er þó beinlínis á valdi stjórnvalda, skulum við ætla, þó að menn eigi erfiðara með að stýra annarri þróun á vinnumarkaði. En þetta er þó bókstaflega í hendi hv. þingmanna sem hér hafa farið með völdin. Það er nú bara svona.

[16:23]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru auðvitað ótalmargar skýringar á því hvers vegna opinberum starfsmönnum fækkar annars vegar og hvers vegna þeim fjölgar hins vegar. Ég ætla ekki að ræða það í einstökum atriðum á þeim skamma tíma sem ég hef. Vænti ég þess að við landsbyggðarmenn fáum góðan stuðning m.a. frá þingmönnum jafnaðarmanna í Reykn. við að snúa þeirri þróun við. Ég fagna því.

Það hefur hins vegar ekki verið mjög mikill stuðningur við það úr þeirri átt og var ekki á síðasta kjörtímabili þegar við vorum að slást við Alþfl. t.d. við að verja landbúnaðinn í hinum dreifðu byggðum. Það er grundvallaratriði til að geta fjölgað opinberum starfsmönnum að grunnatvinnuvegirnir standi á traustum fótum. Það er ekki hægt að byggja upp opinberar stofnanir sem eiga síðan að lifa á sjálfum sér.

Ef landbúnaðurinn hrynur hrynja líka aðrar atvinnugreinar. Ef sjávarútvegurinn lendir í vandræðum þá verða það sömu vandræði. Þetta tal manna um að allt standi og falli með því að fjölga opinberum starfsmönnum úti um land fær ekki staðist. (**GÁS:** Hver er að segja það?) Þess vegna þurfum við umfram allt að reyna að stuðla að því að atvinnuvegirnir, hverjir sem þeir eru geti staðið þétt saman og byggt hvern annan upp.

Aðeins út af hafnamálum sem hv. þm. kom inn á, þá held ég að íslenska þjóðin þurfi á mörgum fjárfestingum öðrum að halda en fjárfestingu í höfnum á höfuðborgarsvæðinu. Og ég teldi það meiri háttar mistök af hálfu forsvarsmanna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ef þeir færu að leggja í stórkostlega fjárfestingu við uppbyggingu hafnarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu. Ef afgangsfjármunir eru hvort sem

það er hjá sveitarfélögunum eða ríkinu þá teldi ég að það ætti fremur að leggja þá í samgöngumannvirki og vegi. Hafnir eru nógu margar á höfuðborgarsvæðinu.

[16:25]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er komin alveg glæný skýring á þessari öfugþróun í byggðamálum. Þetta er okkur alþýðuflokksmönnum að kenna. Þetta var býsna frumleg skýring. Þetta er okkur alþýðuflokksmönnum að kenna að fólksflótti er frá byggðum landsins og hingað til höfuðborgarsvæðisins. Menn geta lesið úr því það sem þeir vilja.

Ég veit ekki til þess að við alþýðuflokksmenn höfum mikið verið að trufla ykkur í himnasæng ríkisstjórnarheimilisins. Ég veit ekki betur en að ágætlega hafi farið á með framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum við að þróa sín mál og stefnumið sín. Niðurstaðan er bara þessi.

Ég sagði áðan að auðvitað væri það ekkert markmið út af fyrir sig, og ég var einmitt að segja að undarlegt væri á þeim tímum þegar sjálfstæðismenn og ríkisstjórnin öll er að tala um nauðsyn þess að draga úr opinberum afskiptum þá verður fjölgun upp á 2.500 ný störf í hinum opinbera geira. Það er býsna merkilegt. Og mér finnst það gagnrýnivert. En það sem ég benti einfaldlega á er að fjölgunin er öll á höfuðborgarsvæðinu en það eru hins vegar hlutir sem fólk ræður við. Í kjördæmi hv. þm. sem raunar er kjördæmi hæstv. heilbrrh. sömuleiðis er hreinlega fækkun á tveimur árum, 1995 og 1996, um 26 störf. Það er sú einkunn sem við blasir. Ég get ekkert átt við þetta, þetta er ekki mér að kenna. Þetta er bara svona. Þetta les maður úr tölunum sem eru á þessu blaði.

Auðvitað viljum við öll breyta þessu. En sannleikurinn er sá, og það er eitthvað sem menn verða að horfast í augu við: Hv. þingmenn hafa einfaldlega ekki ráðið við málið. Reynslan er bara svona, tölurnar standa fyrir sínu. Hinir virðulegu hv. þingmenn hafa ekki klárað verkið. Það þarf því nýja menn til að takast á við þetta vandamál. Hv. þingmenn kláruðu ekki það sem þeim var falið.

[16:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson benti á þá miklu uppbyggingu sem orðið hefur í heilsugæslunni, sérstaklega á Reykjanessvæðinu. En það er gott að rifja það upp að uppbygging hefur orðið í Keflavík, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsbæ. Og hv. þm. benti einnig á það að við erum að bæta við húsnæði auk þess sem við erum að bæta við læknum í Hafnarfirði, og spyr svo síðan hvort Hafnarfjörður nái því að verða reynslusveitarfélag hvað varðar heilsugæsluna.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að bæjarstjórnin hefur sótt um að fá að vera reynslusveitarfélag. Það er ekki búið að taka neina ákvörðun um það og því síður liggur það á borðum mínum að flytja heilsugæsluna frá Sólvangi yfir í annað húsnæði, og hann þarf ekki að eiga von á því við 3. umr. fjárlaga að nýtt fjármagn komi til nýrrar uppbyggingar vegna þess að þegar er búið að binda fjármagn í því húsnæði sem heilsugæslan er í í dag.

[16:28]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessi svör og það er mér mikið ánægjuefni að hæstv. heilbrrh. hefur skilning á því að heilsugæslustarfsemi eigi að reka í sérsmíðuðu húsnæði fyrir heilsugæslu eins og er á Sólvangi í Hafnarfirði. Þannig að vangaveltur sem eru uppi í meiri hluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar eru ekkert uppi á borðum í heilbrrn. og eru því hugarfóstur heimamanna, þ.e. meiri hluta bæjarstjórnarinnar, og hæstv. heilbrrh. ætlar ekki að taka þátt í því.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði áðan, þó ég hafi svo sem ekki gert það sérstaklega að umtalsefni, að ágætisuppbygging hefur orðið í heilsugæslumálum í mínu kjördæmi. Þau mál voru komin á góðan skrið og búið að setja þau í fínan og traustan farveg þegar hæstv. ráðherra kom að verki fyrir fjórum árum. Kópavogsmál voru þá frágengin til að mynda og ýmis önnur þannig að hún hefur náð að fylgja þeirri stefnumörkun ágætlega eftir og ég þakka henni fyrir það.

[16:29]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara aðeins til að leiðrétta hv. þm. þá er ekkert komið af stað í Mosfellsbæ varðandi heilsugæsluna og ekkert í Garðabæ, ekkert í Hafnarfirði og ekkert í Keflavík. En það er rétt sem hv. þm. sagði, það var komið af stað í Kópavogi, svo öllu sé nú til haga haldið sem rétt er í málinu.

Varðandi hitt atriðið hvort Hafnarfjörður verði reynslusveitarfélag í sambandi við heilsugæsluna þá er það til athugunar, og það kann vel að vera að Hafnarfjörður verði reynslusveitarfélag. Ég ætla alls ekki að útiloka það vegna þess að ég treysti Hafnfirðingum mjög vel fyrir sínum málum hvað þetta varðar. Hvað húsnæðismálin áhrærir þá er það ekkert á borði heilbrrn. að skipta um húsnæði. En það kann vel að vera að innan tíðar verði Hafnarfjörður að reynslusveitarfélagi. Það eru tvö aðskilin mál.

[16:30]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við eigum ekki að óhreinka okkur á að vandræðast með hver gerði hvað og hvenær. Við skulum láta aðra hv. þm. eins og hv. 10. þm. Reykn. um það, hann er bestur í því. Ég held að öðrum fari betur að deila um slíkt. Hins vegar hefur hæstv. ráðherra gert ágætlega í heilsugæslumálum. Hún á þakkir skildar fyrir það.

Hvað heilsugæsluna varðar er ég hjartanlega sammála því að Hafnarfjörður eigi að vera reynslusveitarfélag á vettvangi heilsugæslumála þó að ég hefði betur treyst öðrum meiri hluta til að standa undir því, fremur en núverandi meiri hluta þar syðra. Mín skoðun er hins vegar sú að heilsugæslan í heild sinni eigi að fara heim í hérað. Við eigum að vinna saman að því að láta það gerast fljótlega á nýrri öld. Það finnst mér vera kjarni málsins.

[16:31]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykn. telur okkur ekki hafa staðið okkur vel í að fjölga störfum, þ.e. ekki staðið við orð okkar. Ég er tiltölulega ánægður með árangurinn, um 3.000 störf á ári og haldið í horfinu gagnvart fækkun af tæknilegum ástæðum. Það er góður árangur.

Mér finnst hins vegar skrýtið að hann skuli finna að því að störfum í opinberri og félagslegri þjónsutu hafi fjölgað hér á höfuðborgarsvæðinu. Varla er hann að fara fram á að þeim störfum verði fækkað? Ég hef ekki orðið var við annað en þrýstingur sé á að auka opinbera þjónustu á þessu svæði og í þau störf vantar fólk.

Hvað Austurland varðar, þá hefði ég gaman af því að heyra hina nýju samfylkingu skýra stefnu sína á Austurlandi. Hún vill leggja veiðileyfagjald á sjávarútveginn, flytja þannig enn meiri peninga til Reykjavíkur og slá af öll virkjunaráform á Austurlandi. Ég tel að sú pólitík muni ekki ganga sérstaklega vel í Austfirðinga. Ég ber engan kvíðboga fyrir að ræða loforð og efndir Framsfl. í kosningum á Austurlandi næsta vor, úr því að hv. þm. kom inn á það.

[16:33]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mætti ætla að maður væri hér á vitlausum stað á vitlausum tíma. Það mætti ætla það að Alþfl. hafi stjórnað hér síðustu fjögur ár. Svör hv. þm. eru öll á þessa lund: Alþfl. þetta og Alþfl. hitt.

Hv. þm. er nú einu sinni formaður fjárln. í ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., hefur farið með stjórn mála í fjögur og þetta er niðurstaðan. Ég segi enn og aftur, herra forseti: Ég get ekkert að þessu gert, þetta er bara svona.

Hv. þm. reyndi að bera það á borð hér að ef samfylkingin mætti til leiks, sem hún gerir svo sannarlega, þá verði þetta nú verra. Ég sé ekki að þetta geti orðið miklu verra. Það verður ekki miklu verra en þessar tölur segja til um.

Hv. þm. segist þolanlega ánægður með að störfin 12.000 séu 9.500 þannig að ekki skakki nema 2.500. Hann segist vera þolanlega ánægður með að störfum hafi bókstaflega fækkað í hans eigin kjördæmi. Og hv. þm. er bara þolanlega ánægður, sæmilega sáttur við sig og sína. Það er ekki mikið um það að segja.

[16:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minntist hreint ekkert á Alþfl. í máli mínu. Ég minntist á samfylkinguna sem ætlar að ná hér völdum og hafa áhrif á næsta kjörtímabili. Ég minntist á stefnumál hennar.

Varðandi misskilning hv. þm. um loforð Framsfl. þá hljóðaði það upp á, svo að það sé tekið fram einu sinni enn, 12.000 ný störf kæmu inn á vinnumarkaðinn til aldamóta, svo að það sé nú alveg á hreinu. (**GÁS:** Til aldamóta? Á kjörtímabilinu.) Til aldamóta. Hv. þm. getur lesið það. Ég skal lána honum kosningastefnuskrána við tækifæri. Hann getur séð það þar.

Mergurinn málsins er hins vegar, og þess sér stað í fjárlögum, að atvinnuleysi hefur minnkað úr 6% niður í 3% og þar niður fyrir á kjörtímabilinu. Það finnst mér árangur sem hægt er að vera stoltur af.

Varðandi byggðamálin væri hægt að halda langa ræðu. Við erum einmitt með þau til meðferðar, hvernig hægt er að snúa þessari þróun við. En stefna samfylkingarinnar mun ekki gera það. Það er ljóst að ef stefna hennar nær fram, úr því að menn eru farnir að tala hér um stjórnmál á víðum grundvelli, þá mun hún ekki snúa við þróuninni í byggðamálum, heldur þvert á móti.

[16:37]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég væri sérstaklega viðskotaillur á þessu ágæta laugardagssíðdegi þá gæti ég sagt margt. En þar sem ég er í tiltölulega góðu skapi þá ætla ég ekki að gera það.

Ég vil hins vegar spyrja hvort hv. þm. Egill Jónsson muni t.d. eftir því frá síðustu kosningabaráttu að hv. þm. Jón Kristjánsson hafi lofað Austfirðingum því að störfum fækkaði í Austurlandi um 13 milli áranna 1995 og 1996. Var það sérstakt loforð Framsfl. fyrir austan, að fækka störfum um 13 milli þessara ára? Því að það er niðurstaðan. Var það þess vegna sem Framsfl. á Austurl. fékk 48% atkvæða, vegna þess að hann lofaði því að störfum í fjórðungnum yrði fækkað um 13 milli þessara tveggja ára? Þeim mun sennilega hafa fækkað um 40 eða 50 þegar horft er á kjörtímabilið í heild.

Þetta blasir við, virðulegi forseti. Sannleikurinn er oft erfiður. En svona er þetta.

[16:38]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Nú er komið að 2. umr. um síðasta frv. til fjárlaga á þessu kjörtímabili. Meiri hluti fjárln. lætur engan bilbug á sér finna í því verkefni að skila hallalausum fjárlögum. Oft hefur þótt erfitt að standa á móti kröfum um ný verkefni og endalausri fjárvöntun á vegum hins opinbera. Þó er staðfastur vilji meiri hluta nefndarinnar sá að skila hallalausum fjárlögum.

Þrátt fyrir staðfestu meiri hluta fjárln. er ekki hægt að líta hjá því að mikil vá er fyrir dyrum miðað við byggðaþróun í landinu. Fyrir Alþingi liggur tillaga forsrh. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001. Í fyrri umræðu um þá tillögu, sem fram fór hér á Alþingi fyrir stuttu, kom fram, í máli allra hv. þm. er til máls tóku um tillöguna, að almennt fögnuðu þeir tillögugerðinni.

Tillagan er vel og faglega unnin af hendi stjórnar Byggðastofnunar. Því má vel gera ráð fyrir að hún verði samþykkt hér á Alþingi í vetur eftir að hún hefur verið unnin í allshn. Til þess að markmið tillögunnar náist þarf að gera ráð fyrir fé á fjárlögum í ýmis verkefni er henni tengjast. Ljóst er að á milli 2. og 3. umr. um fjárlög þarf að móta viðbótartillögur umfram það sem hér liggur fyrir. Í því sambandi þarf helst að athuga eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að komið verði á eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni og til þeirra verði varið 300 millj. kr. á fjárlögum hvers árs. Þá eru hugmyndir um breyttar áherslur í ráðstöfun beingreiðslna í sveitum sem byggja nær eingöngu á sauðfjárrækt. Það þarf að auðvelda fólki í strjálbýli atvinnusókn og lækka kostnað því samfara. Einnig er getið um að stuðla verði að bættum almenningssamgöngum. Þessi verkefni gætu öll kallað á nokkurt fé ef að líkum lætur.

Í öðru lagi er lögð áhersla á menntun, þekkingu og menningu. Í því sambandi er sérstaklega talað um fjarkennslu og menntun á háskólastigi.

Í þeim tillögum meiri hluta fjárln. sem hér liggja fyrir er nokkuð tekið á ýmsu því sem áhersla er lögð á í tillögu forsrh. Til dæmis er gert ráð fyrir sameiginlegu fjárframlagi til Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskólans. Þeir skólar hafa gert samstarfssamning sín á milli um fjarkennslu og í samræmi við hann reikna þeir með að vinna saman að uppbyggingu á slíku námi og auka með því aðgengi fólks að háskólamenntun. Til verkefnisins er gert ráð fyrir 12 millj. kr. sameiginlega til þessara skóla. Einnig lögð til 20 millj. kr. aukning til Kennaraháskólans til að koma til móts við fjölgun fjarnámsnemenda. Sem stendur stundar þriðjungur nemenda skólann með fjarnámi.

Mikið átak mun gert í að styðja þann mikla áhuga sem vaknað hefur upp úti um land til að byggja miðstöðvar til fjarkennslu á framhalds- og háskólastigi, til símenntunarmiðstöðva og þróunarsetra.

Mikilvægt er að virkja þann mikla áhuga sem vaknað hefur heima í héruðum til að bregðast við í menntamálum. Frumkvöðlarnir voru á Austurlandi og var fé varið til þeirrar

starfsemi á yfirstandandi fjárlögum. Það hefur borið þann ávöxt að nú hefur verið stofnað Fræðslunet Austurlands sem starfar af miklum krafti. Með frumkvöðlastarfi hefur verið sýnt fram á að hægt er að lyfta grettistaki í menntunarmálum fyrir tiltölulega lítið fé. Þetta er því ánægjuleg þróun sem ástæða er til að vekja athygli á.

Við 3. umr. þarf að huga að jöfnun námskostnaðar en nemendur sem þurfa að fara úr heimabyggð til náms kosta til þess miklu fé. Sá kostnaður er einn þyngsti bagginn á heimilum á landsbyggðinni.

Einnig er lagt til að hugað verði að þeirri mannvirkjaþörf sem óneitanlega er fyrir hendi í þeim framhaldsskólum sem nú þegar eru starfandi. Ég vil sérstaklega nefna Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu og Menntaskólann á Egilsstöðum. Þar er fé lagt til undirbúnings bygginga í þeim skólum. Mikil þörf er fyrir bæði kennsluhúsnæði og heimavistir og því nauðsynlegt að hefja undirbúning og gera samninga við heimamenn að undirbúningi loknum.

Í tillögu meiri hluta fjárln. er víða komið til móts við aukna menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Þar er lagt fé til lista- og menningarmiðstöðvar á Austurlandi. Í safnliðum er víða lagt fé til einstakra listviðburða og menningarstarfsemi sem víða er í höndum heimamanna með þátttöku úrvalslistamanna. Í gær var m.a. til umræðu átakið Menning um landið. Ég hygg að fram hafi komið leiðrétting á þeim misskilningi um það verkefni.

Framlög til byggða- og minjasafna eru hækkuð. Byggða- og minjasöfn eru ekki eingöngu mikilvægur þáttur í menningarmálum og verndun menningararfs þjóðarinnar, heldur eru þau einnig mikilsverður þáttur í ferðaþjónustu.

Í því samhengi er einnig lagt til 20 millj. kr. fjárveiting til Dalabyggðar, til verkefna sem tengjast Eiríksstaðanefnd. Hún vinnur verkefni á fæðingarstað Leifs heppna. Það verkefni hefur menningarlegt gildi en jafnframt samhengi við ferðaþjónustu. Einnig vil ég minnast á verkefnið Tónlist fyrir alla. Framlög til þess eru hækkuð með tilliti til þess að hið ágæta fólk sem að því stendur ætlar að teygja átakið lengra frá höfuðborginni en nú er gert. Sem stendur er þetta í nokkuð góðum radíus út frá höfuðborginni en hefur ekki náð til fjærstu byggða.

Í byggðatillögu forsrh. er gert ráð fyrir sérstöku átaki til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni. Í samræmi við þessar áherslur er gerð tillaga um nokkra hækkun til húsafriðunarsjóðs. Þar má betur ef duga skal því verkefni er mikið og ástæða til að huga mjög vel að því.

Gert er ráð fyrir að landsmót Ungmennafélags Íslands verði haldið á Egilsstöðum árið 2001. Til þess að svo viðamikið mót verði haldið þarf að byggja upp íþróttaaðstöðu sem stenst nútímakröfur til íþróttamannvirkja. Aðstaðan sem þar verður byggð upp er hluti af framtíðaruppbyggingu íþróttamiðstöðvar á Austurlandi. Það er mjög mikilvægur þáttur þegar litið er til byggðamála.

Þetta var um mennta- og menningarmál en í þriðja hluta byggðatillögu forsrh. er byggt á jöfnun lífskjara og bættri samkeppnisstöðu. Þar eru veigamestu þættirnir jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í samgöngumálum. Ljóst er að húshitunarkostnaður hvílir þungt á þeim sem búa á köldum svæðum. Nauðsynlegt er að bregðast við í þessum efnum nú við afgreiðslu fjárlaga.

Í byggðatillögunni stendur, með leyfi forseta:

„Verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs.“ Það er sem sagt gert ráð fyrir að brugðist verði við þessari miklu þörf á næstu þremur árum. Ég reikna með því að við í fjárln. munum, fram að 3. umr., bregðast við nákvæmlega þessu.

Í fjórða hluta byggðatillögu forsrh. er gert ráð fyrir átaki í bættri umgengni við landið. Við þeim áherslum er víða brugðist í tillögum meiri hluta fjárln. Ég ætla ekki að rekja allt þar en vil benda á þá hina merkilegu þróun á svæði Héraðsskógaverkefnisins. Þar hefur mannfjöldaþróun orðið sú, í þeim hreppum þar sem skógræktarverkefni eru í gangi, að íbúafjöldi hefur staðið í stað eða aukist en utan þeirra svæða hefur orðið fækkun í sveitum. Héraðsskógaverkefnið er ódýrt og áhrifamikið tæki til að bregðast við í byggðamálum en jafnframt umhverfismál. Það hefur því mikil áhrif að útvíkka verkefnið eins og bændur og sveitarstjórn á Norður-Héraði hafa mikinn áhuga á. Ég tel afar nauðsynlegt að huga nánar að þessu verkefni.

Hæstv. forseti. Ég hef rætt um tillögu meiri hluta fjárln. í samhengi við byggðatillögu forsrh. Hlutverk nefndarmanna í fjárln. er að skila hallalausum fjárlögum en jafnframt að bregðast við áherslum sem nú eru í byggðamálum. Hæstv. forseti. Þetta er verkefnið fram undan.

[16:51]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. 2. umr. fjárlaga fer nú senn að ljúka. Það má velta því upp, herra forseti, hversu mikilvæg þessi umræða er. Það sem við fjöllum hér um eru þær breytingar sem eiga sér stað á frv. til fjárlaga milli 1. og 2. umr. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram í haust voru útgjöldin 179 milljarðar. Það er 10% hækkun frá fjárlögum ársins 1998. Þetta er umtalsverð hækkun og töluvert meiri en nemur verðlagsþróun og hagvexti í landinu. Á þessu ári varð bæði tekju- og útgjaldaaukning umfram áætlun. Það sem meiri hluti fjárln. gerir á milli 1. og 2. umr. endurspeglast í nál. þeirra og tillögum sem eru upp á tæpa 2 milljarða, 1,8 milljarða. Lagðar eru til breytingar á útgjöldum ríkisins sem nema einu prósentustigi frá fjárlagafrv. Í sjálfu sér, herra forseti, er ekki mikið um þessar tillögur að segja. Þær eru lítill hluti af fjárlagadæminu. Meginútlínur þess komu skýrt fram þegar frv. var lagt fram og stjórn og stjórnarandstaða skiptust á skoðunum við 1. umr. málsins.

Það sem ég vildi gera að umtalsefni, vegna þess að fjölmargir félagar mínir í stjórnarandstöðunni hafa tekið á einstökum liðum og farið vel yfir áherslur okkar í ríkisfjármálum, eru vinnubrögð við fjárlagagerðina. Þau hafa því miður ekki tekið breytingum á hinu háa Alþingi í samræmi við hina nýju löggjöf um fjárreiður ríkisins. Vitaskuld er frv. og afgreiðsla milli nefnda í samræmi við þau ágætu lög en við höfum því miður ekki enn breytt vinnubrögðum okkar við fjárlagaumfjöllun á hinu háa Alþingi. Í sjálfu sér er þetta marklítil umræða að hluta þar sem tekjuáætlun fjárlaga liggur ekki fyrir. Hún mun ekki liggja fyrir fyrr en á mánudag og ekki koma til umræðu fyrr en við 3. umr. Þetta eru hefðbundin vinnubrögð, herra forseti, en satt best eru þau ekki lengur nútímaleg, svo vægt sé tekið til orða.

Vitaskuld á 2. umr. fjárlaga að taka til alls fjárlagafrv., þ.e. bæði tekju- og útgjaldabreytinga. Það væri í samræmi við anda laganna um fjárreiður ríkisins. Þetta er dæmi um að við höfum ekki lagað störf okkar að breyttum aðstæðum. Sömuleiðis höfum við ekki breytt vinnubrögðum fjárln. að neinu marki. Við höfum ekki stokkað upp nefndir þingsins eins og brýnt hefði verið að gera, m.a. í kjölfar nýrrar

löggjafar um fjárreiður ríkisins. Með því t.d. að sameina fjárln. og efh.- og viðskn. hefðum við eina þingnefnd sem hefði á sinni könnu málefni fjmrn. Við verðum að hafa í huga að meginverkefni þjóðþinga allt í kringum okkur og okkar líka er að fást við ríkisfjármál í einu eða öðru formi. Þar er ekki aðeins um afgreiðslu fjárlaga að ræða heldur og ýmiss konar eftirlitsstarf gagnvart framkvæmdarvaldinu sem tengist ríkisfjármálum.

Ég veit að hæstv. forseti hefur um nokkurn tíma haft hug á að breyta þingsköpum, m.a. í þá átt sem ég hef gert að umtalsefni. Ég veit ekki hvernig sú vinna stendur. Ákveðnar hugmyndir lágu fyrir, mig minnir fyrir ári síðan, en því var skotið á frest. Hins vegar er þetta samstarfsverkefni manna hér í þinginu, að reyna að nýta síðasta ár kjörtímabilsins til að gera nauðsynlegar breytingar á þingsköpum. Ég tel, herra forseti, að brýnt hefði verið að gera það. Ég verð nú þó að segja eins og er, að vilji minn til samstöðu hér innan þings hafi farið minnkandi í ljósi atburða gærdagsins. Verið getur að ég sé að ræða um þá góðu hluti sem getað hefðu átt sér stað eftir áramót. Ég legg hins vegar mikið upp úr því að vinnubrögð okkar hér á hinu háa Alþingi verði sem allra best.

Í fjárlagafrv. eru ákveðnar áherslur sem við í stjórnarandstöðunni erum ósammála. Aðrir stjórnarandstæðingar á undan mér hafa gert þau málefni að umtalsefni. Vaxandi fátækt, verri staða öryrkja, fatlaðra og aldraðra hefur verið gerð að umtalsefni. Áherslur okkar koma m.a. fram í brtt. sem lúta að þessum liðum. Mér finnst hins vegar meira um vert að velta fyrir sér hvort einhverjar aðstæður í samfélaginu kalli á breytt fjárlagafrv. frá 1. til 2. umr., þ.e. meiri breytingar en hið 1% í útgjöldum sem meiri hluti fjárln. leggur til. Ýmislegt, herra forseti, sem fram hefur komið í umræðu síðustu vikna gefur okkur tilefni til að staldra aðeins við efnahagsstefnu þá sem endurspeglast í fjárlagafrv. Vitaskuld er fjárlagafrv. mikilvægasta mál hverrar ríkisstjórnar.

Ég vil vekja athygli á ábendingum hagfræðinga OECD sem voru gerðar opinberar fyrir nokkru síðan. Þar lýsa þeir yfir áhyggjum af stöðu mála hér á landi. Því er ekki að leyna að hér hefur verið hagvöxtur og góðæri umfram önnur lönd þó að við í stjórnarandstöðunni höfum haldið því á lofti að þessu góðæri hafi verið misskipt eins og hér hefur verið gert að umtalsefni.

En það eru blikur á lofti. Í dag gaf Moody's, alþjóðlegt fjármálafyrirtæki, okkur háa lánshæfiseinkunn. Það var staðfesting á fyrri einkunn og vitaskuld eigum við að fagna slíkri niðurstöðu. Við verðum jafnframt að hlusta á þau varnaðarorð sem fram komu í áliti þeirra, áhyggjur um að hér kraumaði undir þensla sem hvenær sem er gæti birst í aukinni verðbólgu. Þetta eru mjög svipaðar áhyggjur og ég hef lýst hér í ræðustól, fyrir daufum eyrum reyndar. Hægt er að færa fyrir því mjög sterk rök að við þurfum að fara með gát. Hinn mikli viðskiptahalli, ákveðin þenslueinkenni í samfélaginu og ytri aðstæður í heimsbúskapnum kalla á endurmat efnahagsstefnunnar. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki fallist á að þetta sé áhyggjurefni. Þeir halda sig fast við efnahagsstefnuna sem endurspeglast í fjárlagafrv. Spá mín er hins vegar sú að nokkuð eigi eftir að taka í frá og með seinni hluta næsta árs.

Ekki er tekið á ýmsum hlutum eins og gaman hefði verið að gera í ríkisfjármálum þegar uppsveifla er, t.d. endurskoða skattkerfið, gera kerfisbreytingar á því með því að reyna að nýta skattkerfið til að örva starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þau eru vaxtarbroddur í atvinnusköpun víða í heiminum, sérstaklega í tækniiðnaði. Það er hvorki tekið á slíkum hugmyndum í þessu fjárlagafrv. né í stefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta er dæmi um það sem við í stjórnarandstöðunni höfum rætt um síðustu mánuði. Við höfum líka lagt áherslu á þá möguleika sem felast í að fjárfesta í aukinni menntun. Ekki eru gerðar neinar umtalsverðar breytingar á hinni stöðnuðu menntastefnu Sjálfstfl. Í fjárlagafrv. er engin kerfisbreyting á ferðinni varðandi hana frekar en fyrri ár þessarar ríkisstjórnar. Gaman hefði verið ef staðið hefði verið myndarlega að því að auka fjárframlög til menningar og menntamála. Þarna er líka um atvinnuskapandi aðgerðir að ræða í nýjum atvinnuvegum sem eiga mikla framtíð fyrir sér. Þar má t.d. nefna kvikmyndaiðnað. Áhersluleysi okkar á menntamál á eftir og hefur þegar komið okkur í koll en mun verða enn verra vandamál við að eiga þegar kemur fram á næstu öld.

Herra forseti. Umfang breytingartillagnanna er ekki þess eðlis að ástæða sé til að fjalla ítarlegar um efnahagsstefnuna. Ég gerði það við 1. umr. fjárlaga. Mín skoðun er sú að breytingar hafi orðið sem hefði átt að taka tillit til í nefndinni milli umræðna. Stjórnarmeirihlutinn hefur ekki gert það. Ég er ósammála áherslum stjórnarliða gagnvart mörgum stéttum í samfélaginu og þær áherslur endurspeglast hjá okkur í breytingartillögum.

Ég vil að lokum, herra forseti, gera grein fyrir nokkrum brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 sem ég legg fram á þskj. 454. Þar legg ég til ákveðin áhersluatriði sem m.a. koma fram í að lagt er til að auka framlag til stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi um 3 milljónir og verja til háskóla- og rannsóknastarfsemi 20 milljónum meira en gert er ráð fyrir. Jafnframt legg ég til 7 milljónir til bókakaupa á háskólasviði, þ.e. fyrir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Ég geri því tillögu um að verja samtals 30 milljónum meira til þessa sviðs.

Sömuleiðis legg ég til að framlag í Kvikmyndasjóð verði aukið um 40 milljónir. Það er nú svo með Kvikmyndasjóð að ríkissjóður fær til baka meira en nemur því fjármagni sem hann leggur í sjóðinn. Það er vegna áhrifa kvikmynda á skatttekjur ríkissjóðs og aukningu ferðamanna. Um það efni kom einmitt fram mjög merkileg skýrsla hér fyrr á árinu. Það væri því að mínu mati mjög brýnt að hækka þennan lið í meðförum þingsins.

Síðan hef ég dregið nokkra þætti fram varðandi Reykjaneskjördæmi þar sem ég þekki best til. Ég legg til varðandi málefni fatlaðra á Reykjanesi að 15 milljónum meira verði varið í sambýli. Það er hreint út sagt neyðarástand í málefnum fatlaðra á Reykjanesi. Fyrir samtök sveitarfélaga þar hafa verið lagðar skýrslur og þetta er mikið áhyggjuefni sem ekki verður leyst úr öðruvísi en með auknum fjárframlögum.

Síðan er gerð tillaga um aukið fé til Sunnuhlíðar í Kópavogi upp á 4 milljónir. Reykjalundur geri ég ráð fyrir að fái 17 millj. kr. hærra framlag. Þar er unnið gott starf og brýnt, hagkvæmt fyrir samfélagið og ríkisvaldið og er skömm að því að við skulum ekki huga betur að þeirri góðu starfsemi sem þar á sér stað. Það margborgar sig fyrir ríkisvaldið að taka þar aðeins sterkar á eins og hér er lagt til.

Sömuleiðis er gert ráð fyrir auknum fjármunum til heilsugæslustöðva í Hafnarfirði og Mosfellsbæ og hjúkrunarheimilis í Garðabæ, en allar þessar stofnanir þurfa á auknu fé að halda. Í sumum tilfellum er tekið á þessum stofnunum hefðbundið í meðförum fjárln. en hér er ég fyrst og fremst

að marka áherslur sem ég tel mikilvægar í því kjördæmi sem ég þekki best til og er þingmaður fyrir.

Ég er með sérstaka tillögu um mjög brýnt mál. Ég legg til að 30 milljónum verði varið í Suðurstrandarveg milli Grindavíkur og Þorlákshafnar til að hefja undirbúning þess verkefnis. Það er ekki á vegáætlun, langtímaáætlun, en er mjög brýnt að verði framkvæmt. Það er vilji fyrir þessu og ég held að það þurfi ekki að vera pólitískur ágreiningur um það að mjög brýnt sé að hrinda því í framkvæmd, ekki síst með tilliti til þess að kjördæmabreyting er fyrirhuguð þar sem Reykjanes og Suðurland verði eitt kjördæmi. Þá er ástæða til að þessi vegur komi og því brýnt að verja þegar fé í undirbúning þess máls. Ég vona að samstaða geti náðst um slíkar fjárveitingar og framkvæmdir. Við eigum að nýta, herra forseti, þær breytingar sem verða á kjördæmaskipuninni til tengja svæðin saman með bættum samgöngum þar sem það á við og þessi samgöngubót er sérstaklega brýn.

Síðasta tillaga mín er um 3 millj. kr. aukningu til þjóðgarða og friðlýstra svæða og lýsir aðeins áherslum mínum í málaflokki sem ég ber fyrir brjósti.

Þetta eru útgjaldatillögur upp á 150 milljónir. E.t.v. mundi einhver segja: Það er auðvelt að koma með svona óskalista rétt fyrir jólin. En tillagan er víðtækari því hún felur í sér fjármögnun á þessum 150 milljónum. Ég legg til að tekjuskattur lögaðila verði hækkaður sem nemur 150 milljónum. Það er tiltölulega lítil hækkun miðað við þann lið. Ég vil benda á að tekjuskattur lögfyrirtækja hefur ekki skilað því sem ætla mætti í þessari uppsveiflu á meðan tekjuskattur einstaklinga hefur hækkað verulega. Þessum auknu tekjum væri hægt að ná með endurskoðun á kerfinu sjálfu eða bættri innheimtu, þetta er ekki stærri tala en svo. Ég taldi þó rétt, úr því að ég geri tillögu um útgjaldaauka — af því ég hef nú oft sagt að ég sé vinur ríkissjóðs, og skiptir þá ekki máli hvaða ríkisstjórn á í hlut — að leggja fram tekjutillögur. Þetta dæmi sem lýsir ákveðnum pólitískum áherslum af minni hálfu er því útgjaldahlutlaust gagnvart ríkissjóði.

Herra forseti. Við í stjórnarandstöðunni erum í meginatriðum á móti fjárlagafrv. Við teljum að áhersla þess á gærdaginn sé mjög afgerandi. Það er stefna sem við erum ekki fylgjandi. Við höfum lagt fram, bæði í málflutningi okkar og með breytingartillögum, nýjar og breyttar áherslur og stefnumótun á sviði hinna mjög svo mikilvægu ríkisfjármála. Ég endurtek að lokum óskir mínar um að við reyndum sem fyrst að taka til umræðu bætt og betri vinnubrögð á hinu háa Alþingi, án þess að ég sé að gagnrýna vinnubrögð núverandi fjárln. Ég vildi óska að við fyndum því betri farveg hvernig við vildum haga störfum við ríkisfjármálin í þinginu í framtíðinni, einkum í ljósi löggjafarinnar um fjárreiður ríkisins.

[17:10]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Í umræðum um fjárlögin og fjáraukalögin hafa komið fram ýmis sjónarmið varðandi mismunandi málaflokka. Eitt mál stendur þó upp úr, þ.e. vandinn í heilbrigðiskerfinu sem er að verða sinfónía áranna. Niðurskurður fyrri ára hefur orsakað þennan vanda þar sem um mjög viðkvæma starfsemi er að ræða og ný tækifæri á sviði lækninga og úrræða, t.d. með nýjum lyfjum, hafa kostað mikla peninga.

Áhrif þessa langa tímabils á erfiða fjárhagsstöðu sjúkrahúsanna hafa leitt af sér gífurlegan vanda í heilbrigðiskerfinu. Fólk sem þar vinnur er orðið langþreytt á að heyra sífellt staglast á því að nú vanti hundruð milljóna til að endar nái saman. Þetta hefur skapað vinnumóral sem er orðinn svo neikvæður að fólk forðast að ráða sig til starfa inn á stóru sjúkrahúsin. Ímynd þeirra er orðin svo neikvæð í augum almennings og starfsfólks að lengra held ég varla að verði komist.

Með leyfi hæstv. forseta vil ég vitna í svar heilbrrh. um starfsmannavanda á sjúkrahúsunum og öldrunarstofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu svari kemur fram:

„Haft var skriflega samband við eftirtaldar stofnanir: Ríkisspítala, Sjúkrahús Reykjavíkur, Hrafnistu, hjúkrunarheimilið Skógarbæ, hjúkrunarheimilið Eir, elli- og hjúkrunarheimilið Grund, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, sjúkrahúsið Sólvang í Hafnarfirði, umönnunar og hjúkrunarheimilið Skjól og hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi. Svör stofnananna miðast við ástandið í lok nóvember 1998.

Samanlagður skortur á hjúkrunarfræðingum er 210 stöðugildi, skortur á sjúkraliðum er 59,5 stöðugildi og skortur á Sóknarstarfsmönnum er 42 stöðugildi til þess að fullmannað sé í allar stöður."

Í tengslum við það hvernig bregðast eigi við er tekið fram að til sé neyðaráætlun. Hún er hins vegar mjög takmörkuð og miðast við tilfæringar á starfsfólki, endurskoðun vinnuferlis, tilflutning á verkefnum, keyptar aukavaktir og flutning sjúklinga sem þurfa mikla þjónustu milli deilda. Þetta er sú staða sem nú blasir við.

Upplýsingarnar bera með sér að vandinn er mikill en hann er þó enn þá stærri. Meðalstöðugildi þessara starfsstétta eru 70–75% þannig að í heildina er vöntunin um 400 manns. Þetta ástand er farið að kalla á lokun deilda og fækkun á innlögnum. Margt af þessu má rekja til lágra launa og ósamræmis í launahækkunum milli stétta. Þegar sumar stéttir knýja fram hækkanir með uppsögnum sitja aðrar eftir og óánægja vex að sama skapi. Auk þessa fylgir of mikið vinnuálag undirmönnun. Fólk er að sligast og mörg dæmi eru um veikindi vegna langvarandi yfirvinnu. Þá segir fólk upp vegna of mikils vinnuálags. Í ofanálag er ekki greitt neitt aukalega þegar fólk axlar ábyrgð tveggja til þriggja einstaklinga vegna undirmönnunar. Þetta er ekki hægt að bjóða starfsfólkinu.

Lítum svo á hina hliðina. Þetta er ekki heldur hægt að bjóða öldruðum og sjúkum. Þeir finna verulega fyrir þessu ástandi og margt fólk hefur haft á orði að það sé byrði á staðnum. Sjúklingar eru jafnframt sendir allt of veikir heim, sem kallar á aukna heimaþjónustu og hjúkrun, auk þess sem margir aðstandendur einangrast vegna veikinda sinna nánustu. Það þarf að vinna hratt og vel svo leysa megi þessi alvarlegu mál. Þau þola enga bið. Þetta eru mannréttindamál.

Vegna tillagna sem ég lagði fram til hækkunar á fjárlögum vil ég taka fram eftirfarandi: Sú kona sem ég tók við þingsæti af, Ásta B. Þorsteinsdóttir, átti langa og merka sögu á sviði málefna fatlaðra og einnig draum um að sambýli yrðu framtíðarlífsform þeirra sem eru fatlaðir og hafa áður búið við þröngar aðstæður án þess að fá notið sín sem einstaklingar í sama mæli og þeir sem búa á sambýlum. Því legg ég til hækkun á framlagi til sambýla fyrir fatlaða.

Þetta er mál sem á sér langa sögu og komu þingmenn inn á það í morgun. Við vitum einnig að mál hafa tafist við flutning á milli ríkis og sveitarfélaga. En vandinn er brýnn og margir þeirra sem nú eru eftir, t.d. á Kópavogshæli, búa við allt aðrar aðstæður en margir aðrir.

Með leyfi forseti vitna ég til annarrar tillögu minnar sem varðar starfsþjálfun ungs fólks í atvinnuleit. Afar brýnt er

að vel sé staðið að atvinnuleit ungmenna og þau fái aðstoð og leiðsögn inn á vinnumarkaðinn. Mörgum er ofviða að koma nýr inn í stórt fyrirtæki ef ekki er markvisst búið að undirbúningi hinna nýju starfsmanna og séð til þess að fylgja honum eftir um tíma. Þá hefur ungt fólk átt mjög erfitt með að fá vinnu ef um sérhæfða námsmenn er að ræða og þarf því að vera til sérstök vinnumiðlun ungs fólks í öllum starfsgreinum. Unga fólkið hefur afar litlar upplýsingar um vinnumarkaðinn og um réttindi og skyldur og því bregður oft verulega í brún þegar komið er út á vinnumarkaðinn að sjá hvernig þessi blessaður vinnumarkaður rekur sig. Margt ungt fólk hefur lifað vernduðu lífi á „hótel mömmu" og á erfitt með að fóta sig á vinnumarkaðnum.

Ef ég vík að þriðju tillögu minni, með leyfi forseta, þá snýst hún um félagsmál. Í mörg ár hefur verið við lýði Félag einstæðra foreldra. Það hefur um árabil unnið ötullega að málefnum þessara einstaklinga sem alla tíð hafa búið við mjög þröngan fjárhag enda eru félagsmennirnir ekki efnafólk. Í góðærinu hefur bilið milli fátækra og ríkra aukist. Dæmi eru um að fólk sé algjörlega á götunni mánuðum saman og búi við mjög slæm kjör. Til eru dæmi um að börn í okkar samfélagi fái ekki nema eina heita máltíð í viku og til eru dæmi um ungt fólk sem reynt hefur að standa á eigin fótum hafi leitað læknis vegna þreytu og í ljós komið að það þjáðist af vannæringu.

Er þetta það samfélag sem við viljum státa okkur af? Er þetta hamingusama þjóðin sem skoðanakannanir hafa bent til?

Hæstv. forseti. Fjórða tillagan er um málefni eldri borgara. Árið 1999 verður ár aldraðra og er meiningin að gera mikið með það frá ýmsum hliðum og með aðkomu margra. Félagasamtök eins og Landssamband eldri borgara munu á þessu ári þurfa að leggja í fleiri ferðir um landið vegna árs aldraðra. Auk þess er meiningin að koma á framfæri ýmsum upplýsingum um stöðu eldri borgara. Til þess þarf að vinna að verkefnum sem kosta peninga. Því legg ég fram þessa tillögu og vænti þess að hún fái jákvæða umfjöllun.

Með leyfi forseta vitna ég í blað Landssambands eldri borgara þar sem í forustugrein er sagt:

„Þótt við búum hér í svokölluðu velferðarþjóðfélagi er samt margt sem betur mætti fara og stjórnvöld gætu komið til betri vegar með tiltölulega litlum tilkostnaði. Ég vænti þess líka að stjórnvöld láti ár aldraðra 1999 ekki líða svo að ekki sjáist jákvæð straumhvörf í þessum málum.

Ekki aðeins til hagsbóta þeim sem komnir eru út af vinnumarkaði heldur líka ellilífeyrisþegum framtíðarinnar sem verða á næstu áratugum miklu hærra hlutfall af þjóðinni en nú er. Mikilvægt er því að fara að sinna þessum málum með skipulegri hætti og í fullu samráði við samtök eldri borgara sem helst vita hvar skórinn kreppir.

Hér á landi voru, sem betur fer, lögð drög að uppbyggingu góðs almenns lífeyriskerfis fyrir tæpum 30 árum. Kerfis sem líklegt er til að leysa í framtíðinni meginhluta af þeim efnahagslega vanda þjóðfélagsins sem ella hefði verið uppi vegna tekna til aldraðra.

Á öðrum sviðum, svo sem í þjónustu aldraða í heimahúsum, uppbyggingu og þjónustu á hjúkrunarstofnunum og annarri þjónustu sem ætti að vera samfélagsleg, vantar mikið á að hér hafi verið jafn vel að verki staðið og á hinum Norðurlöndunum.

Stjórnvöldum, bæði sveitarstjórna og ríkisins, gefst því sérstakt tilefni nú á ári aldraðra til að hrinda af stað nýjum áætlunum um þessi málefni og kynna þær á árinu."

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég aðeins nefna Framkvæmdasjóð aldraðra. Á undanförnum árum hefur hann verið skertur og notaður til annarra verkefna en honum hefur verið ætlað með upphaflegum markmiðum sínum. Framkvæmdasjóður aldraðra er nefskattur og hver einasti skattþegn borgar í hann 4 þús. kr. Það hlýtur að vera umdeilt að hann sé notaður í önnur verkefni en honum er ætlað.

Margt hefur komið fram í sambandi við þennan gífurlega mannaskort á vinnumarkaðnum. Í dagblöðum nú í dag kom fram að um 1.500 útlendingar væru komnir til landsins á árinu og hlýtur það líka að kalla á spurninguna um hvort ekki sé tímabært að velta fyrir sér sveigjanlegum starfslokum. Við eigum fjölda fólks sem vildi gjarnan fá að vinna einhver örfá ár í viðbót.

[17:21]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól er að þakka fyrir þá umræðu sem hefur verið. Hún hefur verið málefnaleg og til gagns fyrir okkur í fjárln. varðandi áframhaldandi vinnu. Ég hef reynt að svara því jafnóðum sem snúið hefur að mér í andsvörum. Ég tel ekki ástæðu til að lengja tímann með ræðuhöldum en endurtek að við munum taka þau málefni fyrir milli 2. og 3. umr. sem ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni.

Að öðru leyti þakka ég fyrir þá umræðu sem hefur farið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni fatlaðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 331. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 413.

[17:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þegar þetta mál var tekið skyndilega út af dagskrá í gær hafði ég fengið fáeinar fyrirspurnir sem mér er ljúft að svara núna.

Spurt var um störf biðlistanefndarinnar sem ég setti til þess að kanna og gera tillögur um hvernig hægt væri að vinna úr biðlistunum í Reykjavík og Reykjanesi. Ég get ekki staðfest þá tölu sem kom fram hjá hv. 13. þm. Reykv. en þessi nefnd er að ljúka störfum. Ljóst er að til þess að beita öllum þeim úrræðum sem óskir eru um þarf yfir 700 milljónir, aðeins í rekstur. Síðan þarf að taka við aukningu sem verður væntanlega, með fleiri fötluðum einstaklingum. Til þess að koma þessum málum algerlega í lag þurfum við því í málaflokkinn í kringum 4 milljarða í staðinn fyrir 3 milljarða rúma, eins og eru í fjárlögum þessa árs.

Það er deginum ljósara að þetta gerist ekki í einu vetfangi. En biðlistanefndin leggur til að við reynum að vinna okkur út úr þessum vanda á fimm til sjö árum. Ég tel það vera skynsamleg vinnubrögð. Þessi skýrsla er til meðferðar og við 3. umr. fjárlaga verður væntanlega komin á það skýrari mynd hvernig við fetum okkur inn á þessa braut.

Rétt er að taka fram að margt er í gangi í málefnum fatlaðra. Við erum að auglýsa eftir húsi undir sambýli, helst í Mosfellsbæ, en höfum fjármuni til þess að setja upp nýtt sambýli í Reykjaneskjördæmi á svæði svæðisskrifstofunnar

á Reykjanesi. Verið er að byggja mjög vandað og reyndar dýrt sambýli fyrir einhverfa uppi í Dimmuhvarfi. Sú framkvæmd hefur tekið lengri tíma en við vonuðumst eftir. Það er ekki okkur í félmrn. eða framkvæmdasjóði að kenna heldur er það vegna þess að grenndarkynningu var eitthvað áfátt hjá Kópavogsbæ. Mig minnir að vandinn hafi verið sá að eitt hús var byggt á tveimur lóðum.

Varðandi undirbúning að lagasetningunni sem til þarf að koma áður en að málaflokkurinn er fluttur liggur fyrir frumvarp nær fullbúið frá svokallaðri laganefnd sem fékk það hlutverk að endurskoða lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga og fella inn þau lögin um málefni fatlaðra þannig að ein félagsþjónustulög gildi bæði fyrir fatlaða og ófatlaða í sveitarfélögunum. Ég vænti þess að geta komið með þetta frv. strax eftir jólin. Ég veit ekki hvort okkur gefst tími til að afgreiða það fyrir þinglok en þarna er um veigamikla löggjöf að ræða. Þetta frumvarp er sem sagt í burðarliðnum.

Sérlög um Greiningarstöðina er minna mál en það frumvarp er eitthvað komið í vinnslu.

Varðandi frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga, sem þarf líka að liggja fyrir áður en af yfirfærslunni verður, þá hefur ekki verið unnið að því enn þá. Við verðum að byrja á að komast að því hvert umfang verkefnisins er og síðan liggur náttúrlega fyrir að þegar sveitarfélögin taka við þessu verkefni verða þau að fá peninga til þess að reka það. Því þarf að koma einhverju sanngjörnu mati á heimanmundinn sem sveitarfélögin fá með málaflokknum. Ég reikna með því að við notum svipuð vinnubrögð eins og þegar grunnskólinn var fluttur, en þeir útreikningar stóðust merkilega vel. Ríkið hefur látið með grunnskólanum það sem grunnskólinn kostaði til þess að reka hann áfram til þess að svara út sömu eða svipaðri launahækkun og aðrar stéttir í þjóðfélaginu fengu. Nú fengu kennararnir meira í samningum sínum við sveitarfélögin en aðrar stéttir sem hafðar voru til samanburðar og það kemur náttúrlega niður á fjárhag sveitarfélaganna og það er ekki ríkisins að borga það. Eins hafa sum sveitarfélög viljað gera mun betur við kennarana en áður var og það gera þau auðvitað fyrir eigin reikning.

Fjármagnið var flutt með því að hækka hlut útsvarsins í staðgreiðslunni og það hefur dugað. 20% af heildarfjárhæðinni var látið renna í gegnum jöfnunarsjóð til þess að jafna á milli einstakra sveitarfélaga.

Mér finnst það liggja í augum uppi, án þess að ég hafi kannað það nákvæmlega, að í þessum málaflokki, þ.e. varðandi málefni fatlaðra, þurfi talsvert miklu hærri prósenta að fara um jöfnunarsjóð því að aðstaða sveitarfélaganna er mjög misjöfn til þess að taka við málaflokknum. Einstaklingarnir eru misþungir og þjónustuþörfin mjög mismunandi í einstökum sveitarfélögum.

Ég tel líka mjög mikilvægt að það séu ekki nema stærstu sveitarfélögin sem eigi að taka málaflokkinn ein. Ég held að það sé miklu heppilegra að mynda byggðasamlög um þau. Það er verið að gera á Norðurlandi vestra og fyrir liggur samningur sem er fullbúinn um að byggðasamlag sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra taki við rekstri málaflokksins 1. apríl.

Fleiri sveitarfélög hafa óskað eftir því að semja um að taka við málefnum fatlaðra, það verður sem sagt búið að færa málaflokkin til sveitarfélaganna alfarið á Norðurlandi, Austfjörðum, Hornafirði og í Vestmannaeyjum, ýmist á grundvelli laganna um málefni fatlaðra ellegar þá á grundvelli reynslusveitarfélaganna. Þetta hefur alls staðar gengið vel hjá sveitarfélögunum þar sem þau hafa tekið við málaflokknum. Þjónustuþegarnir eru ánægðir, sveitarstjórnarmennirnir eru ánægðir og starfsfólkið er líka ánægt. Að vísu hafa komið upp smáhnökrar vegna launamála á Akureyri en ég vænti þess að það leysist og það er ekki neitt stórvandamál.

Spurt var um ástæðuna fyrir frestuninni. Eins og ég drap stuttlega á hafði Reykjavíkurborg forustu um að óska eftir að yfirfærslunni yrði frestað. Það var líka mjög skammur tími til stefnu vegna þess að sveitarstjórnarkosningar voru að bresta á og fyrri hluti ársins hjá sveitarstjórnarmönnum fór í undirbúning sveitarstjórnarkosninga. Síðan vildi Reykjavík náttúrlega sjá hvernig yrði unnið að því að stytta biðlistana og við erum sífellt að fá betri og gleggri mynd af því hver staðan er.

Ég hef ekki viljað að við færum að ákveða dagsetningu á yfirfærslunni eða heildaryfirfærslunni þá þegar af þeirri ástæðu að ég tel að það þurfi að ræða það nánar við sveitarstjórnarmenn. Sveitarstjórnarmenn eru nefnilega ekki einhuga um að taka við málaflokknum. Það eru raddir, sérstaklega í stóru sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, sem eru ekki ákafar í fá þennan málaflokk til sín, a.m.k. ekki bili. Það voru sveitarstjórnarmenn sem báðu um að fá málaflokkinn færðan en það var ekki þrýstingur frá ríkinu til þess. Eins og ég sagði er ekki fullkomin eining meðal sveitarstjórnarmanna. Þó er það kannski hjá starfsfólki sveitarfélaganna sem ber meira á viðvörunum eða útlölum, ef svo mætti segja, hjá einstöku aðila.

Ég hef sagt frá því að verið er að stofna eitt nýtt sambýli í Mosfellsbæ. Ég held ég sé búinn að svara þeim spurningum sem var beint til mín í gær.

[17:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir skýr svör við spurningum mínum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra. Við höfum fengið mjög greinargott yfirlit yfir stöðuna og ástæður þess að hæstv. ráðherra leggur fram þetta frv. sem auðveldar okkur náttúrlega að taka afstöðu til málsins.

Margt mjög athyglisvert kom fram í máli hæstv. ráðherra, m.a. um kostnaðinn við að uppfylla þá þörf sem er til staðar fyrir þjónustuúrræði við fatlaða. Sú tala kemur vissulega ekki á óvart en hér er um háa tölu að ræða eins og ráðherrann nefndi. Málaflokkurinn tekur til sín í rekstur um 3 milljarða en ef við uppfylltum þörfina væru það um 4 milljarðar. Hæstv. ráðherra nefndi að vísu ekki stofnkostnað en ég gæti trúað að hann væri mjög mikill og kæmi mér ekki á óvart að hann væri einhvers staðar á bilinu 1–2 milljarðar til þess að leysa þörfina, ekki síst í búsetuúrræðum. En eins og ég nefndi í máli mínu í gær er mjög langur biðlisti eftir búsetuúrræðum eins og fram hefur komið. Um 90 einstaklingar í félagslega vernduðum íbúðum bíða eftir búsetuúrræðum og 170 einstaklingar í allt bíða eftir húsnæðisúrræðum fyrir utan biðlista eftir skammtímavistun o.s.frv. Ef hæstv. ráðherra hefur tölu um stofnkostnað væri ágætt að fá það inn í umræðuna.

Hæstv. ráðherra fór yfir þær lagasetningar eða frv. sem þarf að leggja fyrir þingið í kjölfar yfirtöku sveitarfélaganna á þessum málaflokki og mjög gott var að fá yfirlit yfir þá stöðu. Það er vel skiljanlegt að ekki sé lengra komið með frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga vegna þess að menn eru að átta sig á þessari fjárhagslegu stöðu og hæstv. ráðherra nefndi áætlun um 5–7 ár til þess að leysa þörfina. Ég get

alveg verið sammála hæstv. ráðherra um það að skynsamlegt er að reyna að setja fram einhverja áætlun til einhvers tíma, þó ég leggi ekki mat á þann árafjölda sem ráðherrann nefndi, svo að þeir sem vinna við þennan málaflokk viti hvers vænta megi og líka til þess að auðvelda að færa fjármagn yfir til sveitarfélaganna við þessa yfirfærslu og sjá hvernig það verður best gert.

Varðandi lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga lýsti hæstv. ráðherra því að það frv. væri mjög langt komið og yrði sennilega lagt fram eftir jólin. Mig langar þá að spyrja ráðherrann hvort bærileg samstaða sé um það frv., hvort hann treysti sér til að upplýsa það hér og nú. Þá er ég að tala um hagsmunasamtökin.

Eins vildi ég spyrja hæstv. ráðherra að því, af því það var samþykkt þáltill. á síðasta þingi þar sem móta átti heildstæða stefnu í málefnum langveikra barna, og ef ég man þá tillögu rétt var hún þess efnis að það átti að skoða það að fella málefni þeirra undir lögin um málefni fatlaðra eða lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá var við það miðað, ef það yrði gert, að fulltrúar í samtökum langveikra barna eða Umhyggju fengju aðgang að þeirri vinnu og eins fulltrúar í Félagi krabbameinssjúkra barna. Þó að sú tillaga sé hjá hæstv. heilbrrh. þá veit ég að hæstv. félmrh. hlýtur að hafa komið þar að þannig að ég vil spyrja hvort hann geti upplýst okkur um stöðuna í því máli, sérstaklega af því að hæstv. ráðherrann upplýsir að vinnslan við frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga sé á lokastigi.

Ég vil fagna því sem hæstv. ráðherra upplýsti að reynslan sé góð hjá þeim sveitarfélögum sem hafa verið með þennan málaflokk á sinni könnu í formi svokallaðra reynslusveitarfélaga. Ég er alveg sannfærð um að sveitarfélögin öll leggja metnað sinn í að gera vel í þessum málaflokki. En til þess þarf auðvitað að búa þannig að þeim að þeim sé kleift að sinna þessum málaflokki vel. Ég hygg að það sé skynsamleg leið sem hæstv. ráðherra nefndi að í smærri sveitarfélögunum verði það byggðasamlög sem sjái um þetta verkefni.

Ég ítreka aftur þakklæti mitt til hæstv. ráðherra og ef hann gæti svarað þeim viðbótarspurningum sem ég beini til hans væri það gott núna við 1. umr. þessa máls.

[17:39]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langaði aðeins til að koma inn á þá vinnu sem farið hefur fram á höfuðborgarsvæðinu varðandi yfirflutninginn á þessum málaflokki. Nefnd hefur verið að störfum í töluvert langan tíma sem hefur kallað til marga aðila vegna málsins og verið að leita að nýrri málamiðlun, m.a. að samræma heimaþjónustu og liðveislu fyrir þennan hóp til að gera kerfið einfaldara. Við höfum mörg komið að þessu og fundið að þarna væri verið að leita að nýjum leiðum sem gætu hugsanlega nýst fötluðum mun betur, einfaldað kerfi þeirra, það væru ekki kannski fjórir aðilar að stjórna því hvernig þessum þjónustuþáttum væri komið til þeirra. Ég held að þarna sé um mjög farsælt starf að ræða og mundi mjög gjarnan vilja vita hvort það sé sú sýn sem félmrh. sér að komi inn í þennan málaflokk í framhaldinu af yfirtöku sveitarfélaga í framtíðinni. Það að eiga starf og þjónustu og allt að sækja til jafnmargra aðila eins og gert er í dag hefur töluverð áhrif á þjónustuna og dreifir henni og það er ekki sama öryggi hvort hún er veitt eða hvort hún komi og ef þetta er á einni hendi. Ég held þetta séu mjög góðar tillögur sem ég hef orðið vör við hjá þessum starfshópi.

[17:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Út af síðustu spurningunni vil ég segja að náttúrlega verða sveitarfélögin að ráða því nokkuð mikið sjálf á hverjum stað hvernig þau vilja haga þessu. Hlutverk okkar er að passa að fullnægjandi þjónusta sé veitt og að fjármunir séu til til þess að reka hana. En sveitarfélögin sjálf geta haft nokkuð frjálsar hendur um það hvernig þau skipuleggja félagsþjónustu sína.

Á Höfn í Hornafirði, sem er reynslusveitarfélag, er mjög athyglisverð tilraun í gangi sem ég tel að geti orðið okkur til mikillar fyrirmyndar. Þar eru sameinuð öldrunarmál. Sveitarfélagið hefur yfirtekið heilsugæsluna og málefni fatlaðra, þetta er sett undir eitt félagsmálabatterí sem virðist ganga vel. Menn verða því að hafa ákveðið frelsi til að skipuleggja hver hjá sér.

Ég tók það ekki fram áðan að í hinum ýmsu landshlutum eða á hverri svæðisstjórn eru undirbúningsnefndir starfandi. Þær hafa verið misvinnufúsar eða eru mislangt komnar í vinnu sinni.

Varðandi spurninguna um hvað kosti að byggja upp þau úrræði sem þarf að koma upp, þá er lagt eitthvert lauslegt mat á það í skýrslunni. Ég þori ekki að fara með tölur enda er hægt að leysa þetta með ýmsum hætti. Við höfum í síðustu lotu farið meira út á þá braut að taka húsnæði á leigu og þá þarf náttúrlega ekki eins mikið í stofnkostnaðinn. Ég nefni sem dæmi hús á meðferðarheimili sem er rekið á vegum Barnaverndarstofu og var verið að afhenda fullbúið á laugardaginn var í Háholti í Skagafirði. Þar byggir héraðsnefnd Skagfirðinga, nú er það sveitarstjórnin sem byggir húsið, gerir síðan langtímaleigusamning við Barnaverndarstofu um að taka það á leigu til fjölda ára. Þetta höfum við gert víðar, bæði að kaupa eldra húsnæði og að taka eldra húsnæði á leigu.

Þegar ég kom í félmrn. var 40% af Framkvæmdasjóði fatlaðra varið til rekstrar. Við breyttum þessari uppsetningu og þess vegna eru menn alltaf að tala um skerðinguna á framkvæmdasjóði. Rekstrarverkefnunum, þessum 40% var létt af sjóðnum.

Nú höfum við lagt mat á það hvað þau kosti í fjárlögunum og það eru um 170 milljónir sem þessi rekstrarverkefni kosta í dag sem áður voru greidd af Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Nú hefur þróunin verið sú með erfðafjárskattinn að hann innheimtist æ betur, þ.e. sú summa sem erfðafjárskatturinn gefur hækkar ár frá ári vegna þess að vel stæðir einstaklingar eru að falla frá og það eru stórir arfar og sjóðurinn hækkar stöðugt. Ef við leggjum nú saman það sem fer í framkvæmdasjóðinn, það sem fer til þeirra rekstrarverkefna sem sjóðurinn áður hafði, vantar núna upp á 75 millj. til þess að allur erfðafjárskatturinn komi til góða að þessu leyti. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að þegar við förum í þetta átak verðum við að fá meira fjármagn, meira af erfðafjárskattinum í framkvæmdasjóð.

Ég var spurður um samstöðuna um frv. Ég þori ekki að fullyrða um það, þetta er stór nefnd, ég veit ekki um ágreining í henni. Hann hefur a.m.k. ekki komið fram. Þegar frv. kemur fram þá gefst mönnum náttúrlega tækigfæri til þess að skoða það og láta þá koma í ljós athugasemdir.

[17:47]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. En ég spurði hann líka um langsjúk börn og hvar það mál væri statt. Hæstv. ráðherra upplýsti að frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga væri á lokastigi. Ég nefndi einmitt að það átti að skoða það að fella málefni þeirra annaðhvort undir lögin um málefni fatlaðra eða um félagsþjónustu sveitarfélaga en hæstv. ráðherra hefur vafalaust ekki haft tíma til að svara því. Ég óska því eftir að hæstv. ráðherra upplýsi okkur eitthvað um það.

Ég vil líka nefna það sem ég talaði um í gær, að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir tímafresti, þ.e. hve lengi óskað er eftir fresti á því að sveitarfélögin yfirtaki þennan málaflokk. Ég tel mjög til baga að hafa ekki ákveðna tímasetningu þarna á. Ég nefndi ár í því sambandi, sem ég held að væri hæfilegt. Ég óttast að ef þessi dagsetning sé ekki til staðar þá dragist þetta enn lengur. Hæstv. ráðaherra hafði sína skýringu á því. Hann nefndi að hafa þyrfti samráð við sveitarfélögin og eins væri afstaða sveitarfélaganna misjöfn til þess hvort þau eigi að yfirtaka þennan málaflokk. Ég verð að segja, ef t.d. smærri sveitarfélögin eru treg til að taka við þessum málaflokki, að ég óttast og það væri mjög slæmt að þau kæmu í veg fyrir að stærri sveitarfélögin gætu yfirtekið málaflokkinn. Ég bið því hæstv. ráðherra að hugsa það meðan málið er til meðferðar í félmn. hvort ekki væri ráð að setja þarna ákveðna dagsetningu og ræða t.d. við stærstu sveitarfélögin og Samtök sveitarfélaga meðan málið er í meðferð, um hvort ekki væri ráð að setja inn þarna ákveðnar dagsetningu, t.d. 1. janúar árið 2000.

[17:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé tímabært að setja dagsetninguna inn. Sveitarfélögin vilja væntanlega sjá hvaða áætlun verður sett upp um að leysa biðlistavandann. Tilfellið er ekki að litlu sveitarfélögin séu hikandi við að taka yfir málaflokkinn. Það eru fyrst og fremst stóru sveitarfélögin. Ég hef orðið var við að Reykjavík, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Akranes hafi verið treg til að taka við, en það eru alls ekki litlu sveitarfélögin, merkilegt nokk.

Varðandi málefni langveikra barna þá held ég að tekið sé að einhverju leyti tillit til þess í hinu nýja frumvarpi um félagsþjónustuna, án þess að ég þori að fullyrða það.

Ég get hins vegar sagt frá því að hér var samþykkt þáltill. um menningarlíf fatlaðra eða tómstundatilboð. Nefnd var skipuð undir forustu Margrétar Margeirsdóttur deildarstjóra. Sú nefnd er að störfum og er að kanna hvaða þjónustutilboð eru í hinum ýmsu sveitarfélögum og fær svör innan fárra daga.

[17:51]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst svör hæstv. ráðherra um langveik börn ekki nægjanlega skýr. Eins og ég nefndi áðan þá er málið á könnu hæstv. heilbrrh. þannig að það má vera skýringin. En ég óttast, miðað við viðbrögð hæstv. ráðherra, þar sem hann er ekki alveg öruggur á því hvort tekið sé á málefnum þeirra í frv. um félagsþjónsutu sveitarfélaga, að lítið hafi verið gert með þessa þáltill. Nú hefði verið mjög æskilegt að hæstv. heilbrrh. hefði verið viðstaddur þessa umræðu.

Ég held að það væri mjög æskilegt ef hæstv. ráðherra mundi skoða það mál sem ég hef nefnt varðandi langveik börn í tengslum við framlagningu á frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Vafalítið verður gengið mjög eftir stefnumótun í málefnum langsjúkra barna. Ef ég man rétt þá átti hún að liggja fyrir nú um þessi áramót, þ.e. hvernig tekið yrði á þeirra málum. Ef hæstv. félmrh. er ekki kunnugt um hvort lagt verði til að fella þetta inn í löggjöfina um málefni fatlaðra og óviss hvort þetta sé í frv. sem er á lokastigi á hans vegum um félagsþjónustu sveitarfélaga, þá óttast ég að lítið hafi verið gert í þessum málum. Tillagan kvað á um að þetta ætti að liggja fyrir nú um áramótin. Ég teldi því mjög gott og æskilegt ef hæstv. ráðherra athugaði hvar á vegi þetta mál er statt. Þetta snertir jú nokkuð hans málaflokk.

[17:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið var tillögunni beint til hæstv. heilbrrh. en ekki til mín. Það er skýringin á því að ég hef kannski ekki fylgst nógu vel með þessu máli. Það er eðlilegt að skoða þessa ábendingu í tengslum við lagasetningu um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég get komið því áleiðis til nefndarinnar, hafi hún ekki nú þegar tekið á málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggingarsamvinnufélög, 1. umr.

Stjfrv., 332. mál. — Þskj. 414.

[17:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þegar frv. um húsnæðismál var til meðferðar í fyrravor þá fylgdi því lítið fylgifrv. þar sem tekið var á málefnum húsnæðissamvinnufélaga og byggingarsamvinnufélaga. Það frv. var ekki afgreitt. Síðan hefur ýmislegt gerst í þessum málaflokki og nú flyt ég tvö lítil frv., annað um húsnæðissamvinnufélög og hitt um byggingarsamvinnufélög. Það er nokkur eðlismunur á þessum félagastofnunum þannig að betur þótti fara á því að hafa frv. tvö.

Frv. sem hér er á dagskrá, frv. til laga um byggingarsamvinnufélög, er fylgifrumvarp með frumvarpi til laga um húsnæðissamvinnufélög. Það kemur, ef að lögum verður, í stað VI. kafla núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum. Orðalagi hefur lítillega verið breytt með tilliti til stofnunar Íbúðalánasjóðs og sameiningar Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Byggingarsamvinnufélög eiga sér alllanga sögu hér á landi. Í almennum athugasemdum er fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, er saga þeirra að nokkru rakin. Hin síðari ár hefur dregið verulega úr starfsemi slíkra félaga og hefur byggingarsamvinnufélagsformið ekki verið nýtt sem neinu nemur til byggingar eignaríbúða. Með lögum nr. 47/1991 voru þær breytingar gerðar á lánveitingum Byggingarsjóðs ríkisins að ekki var lengur gert ráð fyrir að byggingarsamvinnufélög ættu kost á framkvæmdalánum til byggingar húsnæðis fyrir félagsmenn sína. Með lögum nr. 61/1993 var sú breyting gerð á ákvæðum um fjáröflun byggingarsamvinnufélaga að þau ættu ekki lengur kost á lánum úr Byggingarsjóði verkamanna.

Eðlismunur er á byggingarsamvinnufélögum og húsnæðissamvinnufélögum og þykir því betur fara á að um byggingarsamvinnufélög sé fjallað í sérstakri löggjöf.

Það kom til skoðunar í ráðuneytinu að fella þessi lög úr gildi. En það þótti að athuguðu máli ekki hyggilegt. Það eru starfandi nokkur byggingarsamvinnufélög og ekki er hægt að kippa fótunum undan þeim. Út af fyrir sig er þetta fullgilt form, ef menn vildu taka það upp. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. sent til athugunar í hv. félmn.

[17:57]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja umræðu um þetta mál en ég tel mjög brýnt að vekja athygli á því að byggingarsamvinnufélög eru þannig að þar er tekið við peningum af fólki og þeim seinna ráðstafað til byggingar. Þetta getur og hefur valdið því að peningar misfarist. Þess vegna er talið í öðrum löndum í Evrópu mjög brýnt að hafa sterkt eftirlit með þessum félögum sem starfa oft og tíðum á einstaklingsgrundvelli. Ég mun því í hv. félmn. sem fær þetta mál til umsagnar vekja athygli á því og fá það í gegn að skoðað verði hvort ekki þurfi eftirlit Fjármálaeftirlitsins með þessari starfsemi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðissamvinnufélög, 1. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 415.

[17:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er komið að aðalfrumvarpinu, ef hægt er að tala um aðalfrumvarp, því að frv. um byggingarsamvinnufélög er raunverulega fylgifrv. þessa máls þó það hafi verið framar á dagskránni.

Á árinu 1991 var kafla um húsnæðissamvinnufélög bætt við húsnæðislöggjöfina. Starfsemi Búseta má hins vegar rekja allt til 1984, en þá var veitt heimild til þess að selja leigutaka eignarhlut í leiguíbúð. Ein meginástæða þess að um þau var fjallað í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var að þar var jafnframt fjallað um lánveitingar til slíkra aðila. Ekki þykir lengur rétt að fjalla um skipulag og starfsemi slíkra félaga í lögum um húsnæðismál sem fyrst og fremst fjalla um opinberar lánveitingar til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði.

Húsnæðissamvinnufélög eiga, eins og önnur félög um næstu áramót, að geta fjármagnað byggingu leiguíbúða fyrir félagsmenn sína með lánum samkvæmt VIII. kafla laga um húsnæðismál sem fjallar um lánveitingar til leiguíbúða. Þar sem ráðstöfun íbúða sem þannig hafa verið byggðar eru háð tekju- og eignarmörkum hlutaðeigandi eins og nú er er jafnframt gert ráð fyrir því að húsnæðissamvinnufélög geti á grundvelli 16. gr. laga um húsnæðismál fengið lán með sambærilegum hætti og verið hefur með almennar kaupleiguíbúðir. Gert er ráð fyrir því að lánaflokkur þessi verði fjármagnaður með sölu húsnæðisbréfa. Unnið er að nánari útfærslu þess lánaflokks í félmrn. og hjá undirbúningsnefndinni. Auk þess er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að húsnæðissamvinnufélög geti leitað eftir fjármagni á almennum markaði.

Eins og áður sagði er frv. er samið í ráðuneytinu. Þessu frv. hefur verið nokkuð breytt, meira heldur en kljúfa það, frá því að það var lagt hér fram í fyrra. Tekið hefur verið tillit til ábendinga sem komið hafa frá Búseta og eins hefur verið myndað nýtt félag eldri borgara eða roskinna borgara, sem heitir Búmenn, og má búast við því að talsvert verði um slíkar framkvæmdir á næstu árum. Síðan er náttúrlega breytt orðalagi með tilliti til stofnunar Íbúðalánasjóðs í stað Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, og ekki þykir ástæða til þess að hafa í frv. ákvæði sem snerta umsóknir um lán og skilyrði til lánveitinga, sbr. 115. og 117. gr. gildandi laga. Í 2. gr. hafa verið teknar upp helstu skilgreiningar hugtaka til frekari skýrleika en slíkar skilgreiningar er ekki að finna í gildandi lögum.

Helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá gildandi lögum koma fram í 5. og 13. gr. og fela í sér að kveðið er skýrar á um hvernig meta eigi ástand húsnæðis við endurgreiðslu búseturéttar og um heimildir húsnæðissamvinnufélaga til þess að endurákvarða búseturéttargjald við endurráðstöfun búseturéttar til annars félagsmanns. Lögð er áhersla á að efla varasjóð sem hafi það hlutverk að mæta óvæntum áföllum í rekstri, þar á meðal vegna byggingargalla, og ef nauðsynlegt er að endurreikna búseturétt til síðari félagsmanna. Þá er það lagt í vald húsnæðissamvinnufélagsins sjálfs hvort endurgreiðsla andvirðis búseturéttar skuli taka mið af breytingum á vísitölu. Húsnæðissamvinnufélagið sjálft hefur heimildir til þess að taka ákvörðun um hvort verðtryggingarákvæðum verði beitt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira en legg til að að lokinni umræðunni verði frv. sent hv. félmn. til þóknanlegrar athugunar.

[18:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hæstv. félmrh. mælir fyrir er fylgifiskur þess sem við gengum í gegnum í vor í þinginu, þ.e. að leggja niður félagslega íbúðakerfið sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórn beittu sér fyrir. Í þeirri umræðu kom fram hjá hæstv. ráðherra að þannig yrði staðið að málum varðandi Búseta að hlutur hans í nýju húsnæðiskerfi yrði ekki verri en hann var áður en eins og menn þekkja var það ekki síst almennar kaupleiguíbúðir sem gögnuðust vel búsetufólki.

Ég fæ ekki alveg séð, herra forseti, af því frv. sem við fjöllum um hér, hvort ráðherra standi við þau orð sem hann sagði á síðasta þingi, að hlutur Búseta yrði ekki verri í nýju húsnæðislánakerfi. Þess vegna hef ég nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra. Mér finnst að skýrari tengingar húsnæðissamvinnufélaga við Íbúðalánasjóð vanti og þau kjör sem þar eru í boði.

Hæstv. ráðherra vitnaði í 16. gr. laga, nýrra laga um húsnæðismál, en þar kemur fram:

„Stjórn Íbúðalánasjóðs er heimilt, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, að stofna til nýrra lánaflokka. Gert skal ráð fyrir öllum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram."

Þetta opnar út af fyrir sig möguleika á því að lána til Búseta, eins og þeir hafa áður haft, þ.e. að þeir geti verið með búseturétt á bilinu 10–30% eins og þeir hafa verið með þannig að sá lánaflokkur sem hæstv. ráðherra nefndi opnar vissulega fyrir það. Mér fannst koma fram í máli ráðherra að hann nefndi að þarna væri hægt að opna fyrir sama möguleika og var í almennum kaupleiguíbúðum. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að fá það skýrt fram: Mun þessi lánaflokkur vera með þeim hætti að í honum verði ákveðinn sveigjanleiki þannig að hægt sé að fá þar lánafyrirgreiðslu

sem væri á bilinu 10–30% eins og búsetumenn höfðu í kaupleigukerfinu?

Þá vaknar sú spurning hvaða kjör verða á þessum lánaflokki. Nú hlýtur hæstv. ráðherra að hafa skoðað það og ég spyr hvort það hafi verið ákveðið hvaða láns- og vaxtakjör verða á þessum lánaflokki.

Eins og staðan er núna held ég að án þess að opna fyrir þann möguleika sem felst í 16. gr. að búsetufólk hafi einungis möguleika á að fá lán til leiguíbúða, eins og sveitarfélög og stúdentar og námsmenn og fleiri hafa. En eðli máls samkvæmt, og hvernig búsetuhreyfingin er rekin og rekstrarform þeirra hentar auðvitað ekki að mál séu með þeim hætti að því er þá varðar. Því er mikilvægt að 16. gr. sé nýtt þannig að möguleikar þeirra verði sambærilegir og voru í kaupleigukerfinu.

Ég nefni líka varðandi leiguíbúðirnar að þær eru bundnar einstaklingum undir ákveðnum tekju- og eignamörkum þannig að ljóst er að það gagnast ekki búsetumönnum af því það er ekki bundið þar hjá þeim við ákveðin tekju- eða eignamörk.

Síðan spyr ég að því hvort Búsetahreyfingin hafi einhverja möguleika á því viðbótarláni sem einstaklingar eiga að fá í nýja lánakerfinu. Er það bara fyrir einstaklinga eða mundi Búsetahreyfingin hafa möguleika á viðbótarláninu? Eða er bara verið að opna fyrir þá sérstaklega í 16. gr. sem yrði þá sambærileg þessu viðbótarláni sem einstaklingar hafa möguleika á í nýja lánakerfinu?

Ég spyr líka um hvort Búseti fái aðgang að húsbréfakerfinu. Þeir hafa lagt mjög mikið upp úr því að þeir hafi aðgang að húsbréfakerfinu og spyr ég um það hvort, t.d. í þeim nýja lánaflokki sem á að opna skv. 16. gr. verði opnað fyrir slíka möguleika, þ.e. að þeir hafi bæði möguleika á húsbréfaláni og síðan á viðbótarláni að því er varðar búseturéttinn 10–30%.

Þetta vildi ég nefna hér og spyrja hæstv. ráðherra að í umræðunni vegna þess að ég held að mjög mikilvægt sé að rétti þeirra sé vel fyrir komið í nýju lánakerfi. Við þekkjum að Búseti hefur gert mjög mikið til þess að koma upp íbúðum fyrir félagsmenn sína og þeir hafa alveg frá árinu 1989 fengið um 380 lán á þessum árum sem hafa að vísu undanfarin tvö til þrjú ár verið mjög lítil, ekki nema tólf lán á árinu 1996 og árið 1997 voru það einungis 15 lán en á árunum 1988–1992 voru á milli 50 og 100 lán sem Búsetahreyfingin fékk til að koma upp íbúðum fyrir félagsmenn mína sem voru að miklu leyti almennar kaupleiguíbúðir þar sem búseturétturinn eða búsetuhlutinn var 30% og nýttist þeim því mjög vel.

Þetta eru því spurningar mínar til hæstv. ráðherra að hann skýri nánar fyrir okkur og að fram komi í máli hans hvort Búsetahreyfingin sé þá jafnsett og hún var áður í því kerfi sem hefur verið lagt niður, hvort þeir muni fá aðgang að húsbréfakerfinu, hvaða lánskjör þeim standi til boða að því er varðar þann nýja lánaflokk sem hæstv. ráðherra nefndi í 16. gr. frv. Ég held að mjög mikilvægt sé að fá þetta núna upp við 1. umr. málsins til að greiða fyrir málinu í gegnum þingið.

[18:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við erum að fjalla um húsnæðissamvinnufélög, sem margir hafa kallað búseturétt, en það felst í því að fólk á ekki íbúðina sína sjálft heldur á það rétt til að búa í íbúðinni. Hér er um sambærilegt fyrirbæri að ræða eins og við sjáum hjá lífeyrissjóðunum og mjög víða þar sem er að myndast fé sem enginn á, þ.e. fé án hirðis, en menn eiga rétt til nýtingar á þessu fé.

Ég hef löngum sagt og hef þá lífssýn að betra sé að einstaklingar eigi eignir sínar en ekki eitthvert Félag með stórum staf eða einhver óljós aðili. Þess vegna er ég í grundvallaratriðum á móti húsnæðissamvinnufélögum sem slíkum. Fyrir utan það að ég tel að það hafi sýnt sig að vera mjög dýrt kerfi.

Hins vegar fellst ég á það að menn geti sjálfir valið sér það form hvernig þeir vilja búa. Þeir sem vilja búa í búsetuíbúðum mega gjarnan gera það mín vegna ef þeir ekki nota það sem bakdyr til að komast yfir ódýrt fé, t.d. niðurgreidda vexti þannig að fólk sem hefur jafnvel háar tekjur njóti sérstakra vaxtakjara umfram annað fólk með sambærilegar tekjur. En þetta hefur því miður verið baráttumál margra að njóta félagslegra vaxta þó að þeir hafi háar tekjur, bara af því að þeir búa í einhverju sem þeir kalla félagslegar íbúðir, þ.e. í húsnæðissamvinnufélagi.

Herra forseti. Eftir 40 ár, þegar búið er að greiða íbúðina upp og fólkið á búseturétt, hver á þá íbúðina? Það er mín spurning. Maðurinn sem hefur búið í íbúðinni í 40 ár er í reynd búinn að borga hana, hann er búinn að borga alla íbúðina. Hann er búinn að borga allan kostnað sem af henni hlýst og spurning mín er: Hver á þá íbúðina annar en sá sem er búinn að búa í henni alla tíð?

Hér er verið að búa til eitthvert form þar sem menn eiga rétt á að búa í íbúðinni en eiga ekki eignina sjálfa. Ég spyr: Er það Félagið með stórum staf sem á íbúðina eftir 40 ár eða sá sem búinn er að borga hana? Ég vara við svona kerfi, herra forseti, og tel að þetta leiði til vandræða þegar fram í sækir.

[18:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta frv. fjallar ekki um lánamál og þar af leiðandi er ekki tekið á lánskjörum í þessu frv. Ég held ég megi fullyrða, og það held ég að þeir Búsetamenn séu tilbúnir að staðfesta, að hlutur Búseta versnar ekki við þessa lagasetningu frá því sem nú er. Komið hefur verið til móts við óskir þeirra um endurbætur á lögunum um húsnæðissamvinnufélög og ég held að komið hafi verið til móts við þær hugmyndir sem þeir settu fram.

Þessi lánaflokkur verður sveigjanlegur og fer eftir leiguíbúðakjörum félaga, þ.e. skv. 16. gr., þetta verða húsnæðisbréf sem bera núna rúmlega 4% vexti, og í krafti stærðarinnar geta þessi bréf borið þessa lágu vexti.

Félagið sem slíkt sem tekur lánin og félagið sem slíkt kemur til með að eiga íbúðina. Þetta eru frjáls félagasamtök, menn þurfa ekki að ganga í þau frekar en þeir vilja en þeir geta myndað svona félög og notið þeirra réttinda sem félögunum eru mörkuð í löggjöfinni.

[18:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að þetta frv. fjallar ekki sérstaklega um lánskjör búsetamanna. En náttúrlega er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir hvernig þeim lánakjörum verði hagað í nýju kerfi.

Skil ég það rétt, herra forseti, að hæstv. ráðherra hafi sagt að þeir fengju lánafyrirgreiðslu í gegnum 16. gr. sem húsnæðisbréf? Fá þeir að fullu lánað í gegnum þann lánaflokk eða verða það húsbréf að hluta? Ef það verður öll lánveitingin, upp að hvaða marki er hún þá? Er hún upp að 70 eða 90%? Hvað verður lánshlutfallið hátt í gegnum

þennan ákveðna lánaflokk? Kemur það að öllu leyti varðandi búseturéttaríbúðir í gegnum þennan sérstaka lánaflokk í 16. gr., eða er gert ráð fyrir því að búsetumenn geti líka fengið húsbréf að hluta?

Mér finnst mjög nauðsynlegt að fá alveg skýra mynd af því hvaða lánskjör húsnæðissamvinnufélögum og þar með Búseta verða búin.

[18:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég megi fullyrða að lánskjör Búseta versni með engu móti við þessa breytingu. Hugmyndin er ekki sú að þeir fái húsbréf. Þetta eru félög sem geta fengið lán á tvo vegu, annaðhvort skv. 16. gr., sem er um leiguíbúðir félaga (**JóhS:** En lánshlutfallið sem þeir geta fengið samkvæmt 16. gr.?) 70–90%. (**JóhS:** Þá er það komið.) Jafnframt er opin leið fyrir þá að fá lán til leiguíbúða með niðurgreiddu vöxtunum næstu tvö árin. Síðan á að semja um frambúðarfyrirkomulag innan tveggja ára. Það er verið að skoða þá hugmynd núna að í staðinn fyrir að niðurgreiða vexti til leiguíbúða verði bara í eitt skipti veittur styrkur út á nýja leiguíbúð, einhver ákveðin summa sem veitt verði út af hverri leiguíbúð. Þeim samningum er ekki lokið þannig að ég veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér að því leyti.

[18:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þetta er alveg orðið skýrt varðandi 16. gr. og þennan lánaflokk sem þarna er nefndur, búsetumönnum munu standa 70–90% lán til boða.

Mér fannst mjög athyglisvert, það sem ráðherrann var að upplýsa núna rétt áður en hann steig úr ræðupúltinu. Ég spyr: Er þetta ný stefna varðandi kjör á leiguíbúðum almennt sem ráðherra nefndi, að verið sé að skoða hvort veita eigi styrk út á nýjar leiguíbúðir, sem mér skilst að sé þá bara í eitt sinn, einn styrkur og síðan ekki söguna meir? Ef þetta er rétt þá er verið að marka nýja stefnu hér varðandi kjör á leiguíbúðum.

[18:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að þetta hefði komið fram í miklum umræðum sem urðu um húsnæðismál í vor. Ég hélt að þessi hugmynd hefði verið tekin til umræðu þá en það kann að vera misminni. Ein leiðin sem við höfum velt fyrir okkur, í staðinn fyrir þessa niðurgreiddu vexti sem eru að sumu leyti hálfgert ólán, þeir hafa sína galla a.m.k., er hvort ekki væri jafngild hjálp við að koma leiguíbúðunum upp að ríkið bara borgaði ákveðinn hluta af verði hverrar íbúðar. Þetta atriði er samningsatriði við sveitarfélögin, við ákveðum þetta ekki einhliða og þessum samningum er engan veginn lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjöleignarhús, 1. umr.

Stjfrv., 347. mál (þinglýst eignaskiptayfirlýsing). — Þskj. 451.

[18:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Því miður þarf ég að flytja hér frv. til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús. Í gildandi lögum var gert ráð fyrir því að eignaskiptayfirlýsingum skyldi lokið á öllum fjöleignarhúsum. Svo er því miður ekki og þess vegna er þetta frv. flutt.

Lögin um fjöleignarhús gengu í gildi 1. janúar 1995. Í 1. mgr. 16. gr. laganna er tekið fram að þinglýst eignaskiptayfirlýsing skuli vera skilyrði fyrir þinglýsingu á eignayfirfærslum í fjöleignarhúsum, enda liggi ekki fyrir þinglýstur fullnægjandi og glöggur skiptasamningur. Þessu var síðan frestað með lögum til 1. jan. 1997 að beiðni sýslumannsins í Reykjavík og fleiri aðila því að mjög margar eignaskiptayfirlýsingar eru enn þá ógerðar. Hins vegar eru 170 eintaklingar búnir að fá réttindi til að gera eignaskiptasamninga, ef ég veit rétt.

Í ljós hefur komið að þörf er á lengri fresti en veittur var með lögunum 1996, þ.e. að eignaskiptayfirlýsingar skyldu skilyrðislaust vera komnar á öll fjöleignarhús fyrir 1. jan. nk. Af þessu tilefni hefur byggingarfulltrúinn í Reykjavík, Húseigendafélagið og Félag fasteignasala farið fram á að fresturinn yrði lengdur.

Þessum eignaskiptalýsingum er í sumum umdæmum lokið og það er út af fyrir sig nokkuð skothent að þetta sé ekki eins alls staðar á landinu. Eignaskiptayfirlýsingar hafa hrúgast upp hjá byggingarfulltrúa og þar hefur ekki verið mannafli til að afgreiða þær fljótt og þess vegna er þetta frv. flutt.

Ég legg því til með þessu frv. að fullri gildistöku ákvæðis 16. gr. laga nr. 26/1994 verði frestað fram til 1. jan. 2001, þ.e. verði frestað um tvö ár, enda verði unnið markvisst að því af hálfu réttra aðila að sú dagsetning gangi eftir.

Ég legg til að þetta frv. verði sent hv. félmn. til athugunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 340. mál (tekjur, samráðsnefnd, stjórn o.fl.). — Þskj. 434.

[18:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Útflutningsráð Íslands, nr. 114/1990, með síðari breytingum, sem lagt hefur verið fram sem þskj. 434. Núgildandi lög um Útflutningsráð eiga rætur að rekja til stofnunar ráðsins árið 1986.

Í upphaflegum lögum var kveðið á um að tekjur ráðsins kæmu af útflutningsgjaldi og iðnlánasjóðsgjaldi en með lögum frá 1990 var kveðið skýrar á um einstaka þætti starfs ráðsins og því markaður tekjustofn af aðstöðugjaldsstofni. Með afnámi aðstöðugjaldsins síðla árs 1993 skapaðist enn á ný óvissa um tekjustofn ráðsins. Niðurstaðan varð sú að sett var á sérstakt markaðsgjald, lagt á virðisaukaskattsskylda

veltu gjaldenda sem er svipaður stofn og gamli aðstöðugjaldsstofninn. Jafnframt var sett í lögin sérstakt bráðabirgðaákvæði sem kvað á um endurskoðun laganna fyrir lok árs 1998 og skyldi markaðsgjaldið falla niður í lok árs 1998 færi sú endurskoðun ekki fram.

Hinn 29. júní 1998 skipaði ég því nefnd til að fjalla um og gera tillögur að endurskoðun laga um Útflutningsráð Íslands. Í nefndinni áttu sæti Þorsteinn Ólafsson, fyrrverandi forstjóri Norræna verkefnaútflutningssjóðsins, formaður, Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Vinnumálasambandsins, Stefán S. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna, Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, og Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands.

Nefndin skilaði niðurstöðu í nóvember 1998 og hefur skýrslu nefndarinnar verið dreift hér á Alþingi. Rétt er að geta þess að almenn samstaða var í nefndinni um mikilvægi þess að áfram yrði stutt við útflutningsstarfsemi af opinberri hálfu. Þá var samstaða um að markaðsgjaldið yrði lagt af í núverandi mynd og að eðlilegast væri að fé til starfseminnar kæmi að stærstum hluta af fjárlögum. Einnig var samstaða um aukin tengsl ráðsins við atvinnulífið og utanríkisráðuneytið og um að æskilegt væri að halda nánu samstarfi milli Fjárfestingarskrifstofu Íslands og Útflutningsráðs. Þá var samstaða um að fækka í stjórn ráðsins til að gera hana skilvirkari.

Hins vegar var nokkur ágreiningur í nefndinni um skipulagslega hlið málsins og verkaskiptingu Útflutningsráðs og viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins. Sameiginlegt álit nefndarmanna var þó að verkaskipting þeirra ætti að vera skýr og forðast bæri tvíverknað eftir föngum. Meiri hlutinn lagði einnig til að lögin um Útflutningráð yrðu felld úr gildi og ráðið gert að sjálfseignarstofnun sem gerði þjónustusamning við utanrrn. um þjónustu við opinbera aðila og einkaaðila til fimm ára í senn. Að öðru leyti vísast til þess sem segir í athugasemdum með frv. og álits nefndarinnar í heild.

Ljóst er að skiptar skoðanir eru um ýmsa tæknilega þætti í niðurstöðu nefndarinnar, einkum þá er lúta að skipulagslegum þáttum, stjórnskipulegri stöðu stofnunarinnar og fjármögnun rekstrarins af fjárlögum. Þörf er á fjölþættum breytingum á rekstrarformi ráðsins ef hrinda á tillögum meiri hlutans í framkvæmd, auk þess sem taka þyrfti ákvörðun um ráðstöfun a.m.k. 600 milljóna kr. af fjárlögum til þessa verkefnis á næstu fimm árum. Ég tel ekki skynsamlegt að taka svo stórfelldar ákvarðanir áður en tengsl Útflutningsráðs við utanríkisráðuneytið eru frágengin, þjónustuþörfin skilgreind og heildarskipulag starfseminnar ákveðið að öðru leyti. Hins vegar er að mínu áliti rétt að koma til móts við ábendingar nefndarinnar svo sem kostur er að óbreyttu rekstrarformi Útflutningsráðs.

Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að sett verði á fót samráðsnefnd Útflutningsráðs þar sem fulltrúar samtaka atvinnulífsins og stjórnvalda eigi sæti. Með samráðsnefndinni er reynt að endurspegla þær breytingar sem orðið hafa á samtökum atvinnulífsins á undanförnum árum en fulltrúar ýmissa greina atvinnulífsins hafa ekki átt sæti í stjórninni. Þá er gerð tillaga um að fækkað verði í stjórn Útflutningsráð til að auka skilvirkni í störfum þess í samræmi við tillögur nefndarinnar. Einnig er lagt til að utanríkisráðherra fái rýmri heimild til setningar reglugerðar þar sem ætlunin er m.a. að kveða betur á um samráð milli opinberra stofnana á sviði þjónustu við útflutning og um aukin tengsl og skýrari verkaskiptingu milli Útflutningsráðs og viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins.

Í samræmi við niðurstöður nefndarinnar er lagt til að álagning markaðsgjaldsins með núverandi hætti verði lögð af. Ágreiningur hefur verið um gjaldið frá því það var fyrst lagt á, og ekki óeðlilegt þar sem aðstöðugjaldið hefur verið lagt niður og menn gert ráð fyrir því að sá stofn yrði ekki lengur notaður til gjaldtöku hér á landi. Gjaldið skilar Útflutningsráði um 117 milljónum kr. á árinu 1998. Það leggst óeðlilega þungt á verslunina, sem greiðir hátt í 40% markaðsgjaldsins, þar sem það leggst á veltu gjaldenda eins og áður er getið.

Engu að síður þarf að útvega Útflutningsráði tekjustofna. Niðurstaða ráðuneytisins, eftir víðtækt samráð við hagsmunaaðila, var að það verði best gert með því að halda sérstökum tekjustofni sem áfram heiti markaðsgjald en sé lagt á með öðrum hætti en nú er. Niðurstaða varð því að skynsamlegast væri að leggja til að sérstakt gjald verði lagt á tryggingagjaldsstofn sem lagt er á og innheimt með tryggingargjaldi. Slíkt gjald leggst á alla launagreiðendur jafnt og má nefna að hlutur verslunar yrði um 11% samkvæmt frv. en hlutur hins opinbera um 20%. Telja má eðlilegt að hið opinbera greiði til Útflutningaráðs af sinni starfsemi eins og aðrir launagreiðendur í landinu. Gert er ráð fyrir að markaðsgjald að hlutfalli 0,043% af tryggingagjaldsstofni skili Útflutningsráði áþekkum tekjum og markaðsgjaldið mundi að óbreyttu gera á árinu 1999, eða um 125 milljónum kr.

Gert er ráð fyrir að þessi skipan mála verði til tveggja ára og fellur gjaldið því niður í árslok 2000 nema annað verði ákveðið með lögum, sbr. 6. gr. frv., en þá þurfi að koma til breyting á lögum á ný, hugsanlega þá með framlengingu gjaldsins eða öðrum ráðstöfunum í staðinn.

Í tengslum við þessar breytingar hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra lýst þeim vilja sínum að Fjárfestingarstofan verði áfram í nánu samstarfi við Útflutningsráð. Eins og fyrr var vikið að var algjör samstaða um það í nefndinni að æskilegt væri að þar yrði áfram náið samstarf í milli. Mikilvægt er að stofnanirnar verði áfram með mjög náið samráð og undir sama þaki til að auðvelda samstarf þeirra í marghátturðu kynningarstarfi erlendis.

Gert er ráð fyrir nokkurri útgjaldaaukningu til markaðssetningar vegna erlendra fjárfestinga í kjölfar breytinganna. Í frumvarpi til fjárlaga sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir 25 milljóna kr. framlagi til Fjárfestingarstofu en því til viðbótar er í frv. gert ráð fyrir að stjórn Útflutningsráðs muni veita hluta af tekjum af hinu nýja markaðsgjaldi til samvinnuverkefna með Fjárfestingarstofu. Er því gert ráð fyrir að markaðsgjaldið nemi 0,05% af tryggingagjaldsstofni í stað 0,043% eins og í fyrstu hafði verið gert ráð fyrir, en ætla má að það gefi um 20 milljóna kr. tekjur, til viðbótar þeim 125 milljónum kr. sem gert er ráð fyrir að Útflutningsráð fái til hefðbundinnar starfsemi sinnar á næsta ári. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hið nýja markaðsgjald skili meiri heildartekjum til Útflutningsráðs en markaðsgjaldið gerir nú lækka framlög atvinnulífsins til starfseminnar frá því sem nú er þar sem hið opinbera greiðir 20% hins nýja markaðsgjalds en var ekki meðal greiðenda þess eldra.

Herra forseti. Í þessu frv. hefur verið leitast við að skapa sem mesta sátt um starfsemi og starfshætti Útflutningsráðs Íslands. Ljóst er að alltaf mun verða einhver gagnrýni á sérstakan skatt sem rennur til starfsemi af þessu tagi. Hins vegar er vert að minna á að algjör samstaða var meðal

nefndarmanna sem um málið fjölluðu um mikilvægi starfs Útflutningsráðs og um að starf þess væri í þágu almannahagsmuna en ekki þröngs hóps útflytjenda. Af þessari ástæðu er rétt og eðlilegt að tryggja Útflutningsráði tekjustofna af almannafé. Hér er einnig leitast við að hagræða sem kostur er á þessu sviði með því að leiða saman Útflutningsráð og Fjárfestingarstofuna til sameiginlegrar markaðssóknar fyrir íslenskt atvinnulíf.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. Ég leyfi mér að leggja til frv. verði vísað til efh.- og viðskn. Þar sem það fjallar um utanríkisviðskipti þá mætti einnig gera tillögu um að það færi til utanrmn. Þar sem málið snertir skattamál tel ég þó réttara að það fari til efh.- og viðskn. Ég vænti þess að nefndin geti lokið afgreiðslu þess fyrir jólaleyfi þingmanna og veit reyndar að nefndin hefur nú þegar fjallað nokkuð um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 8. mál.

Fundi slitið kl. 18:36.

40. FUNDUR

mánudaginn 14. des.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Útflutningur hrossa, stjfrv., 346. mál, þskj. 450. — 1. umr.

2. Málefni fatlaðra, stjfrv., 331. mál, þskj. 413. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Byggingarsamvinnufélög, stjfrv., 332. mál, þskj. 414. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 333. mál, þskj. 415. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Fjöleignarhús, stjfrv., 347. mál, þskj. 451. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Útflutningsráð Íslands, stjfrv., 340. mál, þskj. 434. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Fjárlög 1999, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 438 og 445, brtt. 439, 446, 448, 454, 455, 456, 457, 458, 459, 460, 466, 467, 468, 469, 470, 471, 472, 477, 478 og 479. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Tómasi Gunnarssyni lögfræðingi.

[13:01]

Útbýting þingskjala:

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 109. mál, frhnál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 480; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 481.

Meðferð opinberra mála, 354. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 482.

[Fundarhlé. — 13:01]

Útflutningur hrossa, 1. umr.

Stjfrv., 346. mál (útflutningsgjald). — Þskj. 450.

[13:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að fá að mæla fyrir þessu litla frv. Það tekur örstutta stund. Frv. er flutt á þskj. 450 og er 346. mál þingsins. Frumvarpið er flutt m.a. að tillögu útflutnings- og markaðsnefndar. Um er að ræða að 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. verði breytt með hliðsjón af þeim breytingum á lögum sem orðið hafa annars vegar með búnaðarlögum, nr. 70/1998, og hins vegar með lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum. Með búnaðarlögum, nr. 70/1998, voru felld úr gildi lög nr. 84/1989, um búfjárrækt, og því æskilegt að breyta tilvísun 5. gr. laga nr. 161/1994 til þeirra laga. Nánar tiltekið er lagt til að tilvísun í 15. gr. laga um búfjárrækt, nr. 84/1989, verði breytt og í staðinn komi tilvísun í 15. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998.

Með lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum, er kveðið á um að innheimta skuli sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum og skal ráðstafa ákveðnu hlutfalli af því gjaldi til Búnaðarsjóðs. Þykir af þessum sökum eðlilegt að fella niður þann hluta 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga um útflutning hrossa en þar er einnig kveðið á um greiðslu í Búnaðarmálasjóð sem nú heitir Búnaðarsjóður.

Samkvæmt lögunum eins og þau eru nú greiða framleiðendur hrossa því 15% útflutningsgjald í þann sjóð. Með tilkomu laga um búnaðargjald er eðlilegt að fella niður ákvæðið um greiðslur til Búnaðarsjóðs í þeim lögum sem hér er verið að leggja til breytingar á.

Hæstv. forseti. Ég vil að öðru leyti vísa til athugasemda með frv. Hvað varðar meðferð málsins vil ég leggja áherslu á nauðsyn þess að lögfesta frv. fyrir þinghlé og að lokum legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[13:18]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Örstutt. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir því að tekjurnar verði 3,3 millj., það eru öll ósköpin, 3,3 millj. á ári og þar af eigi 5% að renna í Stofnverndarsjóð, svona 160 þús. kr. Það er ætlað til þess að kaupa gæðinga til að forða þeim frá útflutningi. Ég held að fyrir 160 þús. kr. kaupi menn bikkju.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:20]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, EgJ, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, ÓE, PP, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.

3 þm. (HG, PHB, SJS) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, JHall, KHG, LMR, LB, MS, MF, ÓÖH, SighB, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Málefni fatlaðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 331. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 413.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:21]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Byggingarsamvinnufélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 332. mál. — Þskj. 414.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:21]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Húsnæðissamvinnufélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 415.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fjöleignarhús, frh. 1. umr.

Stjfrv., 347. mál (þinglýst eignaskiptayfirlýsing). — Þskj. 451.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Útflutningsráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 340. mál (tekjur, samráðsnefnd, stjórn o.fl.). — Þskj. 434.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjárlög 1999, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 438 og 445, brtt. 439, 446, 448, 454, 455, 456, 457, 458, 459, 460, 466, 467, 468, 469, 470, 471, 472, 477, 478 og 479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:25]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í áliti minni hlutans eru málin þannig að minni hlutinn hefur ekkert síður staðið að framsetningu og tillögum um breytingar á fjárlögum heldur en meiri hlutinn þannig að það er í rauninni óeðlilegt að minni hlutinn skuli ekki vera með á velflestum tillagnanna eins og mun koma í ljós við atkvæðagreiðsluna að raun er á. Það eru einstaka tillögur sem við munum ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um en það er ástæða til að gera grein fyrir þessu í upphafi máls. Það er líka ástæða til að gera grein fyrir því að tekjuforsendur fjárlaganna hafa ekki staðist fyrir síðasta ár frekar en fyrra ár og minni hluti fjárln. hefur gert athugasemdir og gagnrýnt þau atriði ítarlega vegna þess að það er um skekkjur að ræða sem bent hefur verið á fyrir fram hvernig niðurstaðan yrði. M.a. eru allar líkur á því að niðurstaða fjárhagsársins 1998 verði með halla upp á 7–9 milljarða. Það er ástæða til að hafa orð á þessu þar sem það er allt önnur mynd, herra forseti, heldur en blasti við.

Þó ég sé raddsterkur og heyrist vel til mín, þá liggur við, herra forseti, að umræður í þingsal séu svo miklar að þær yfirgnæfi þessa sterku rödd. Mér finnst ástæða til að hafa orð á því og biðja þingmenn um að geyma fundi sína, hvort það eru skemmtifundir í Vestmannaeyjum eða annars staðar sem verið er að ræða um, þangað til þessari atkvæðaskýringu er lokið.

(**Forseti** (ÓE): Forseti biður um hljóð í salnum.)

Ég tel ástæðu til að gera sérstaklega grein fyrir því að tillaga um örorkubætur og lífeyrisgreiðslur verður dregin til baka til 3. umr. Við höfum vitneskju um að þar muni koma alvarlegar nýjar tillögur varðandi þau málefni sem skipta miklu máli fyrir minni hlutann. Hann hefur barist fyrir því að fá verulega hækkun á þeim lið, bæði hvað varðar tekjutengingar og hækkun örorkubóta og grunnellilífeyris og tillaga okkar er því dregin til baka til 3. umr.

Ég tel einnig ástæðu til þess í upphafi að gera grein fyrir því að við munum biðja um sératkvæðagreiðslu um lið 5.5 undir 7. gr. sem er heimildargrein fjárlaganna. Þar með hef ég lokið skýringu minni.

Brtt. 454,1 kölluð aftur.

Sundurliðun 1 (tekjur A-hluta) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, KHG, LMR, MF, ÓÖH, SighB, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:30]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að þær tillögur til fjárlaga sem við erum að greiða atkvæði um gefa að nokkru leyti óljósa mynd af því sem mun blasa við við 3. umr. Það vantar verulega inn í tekjuhliðina og verður það væntanlega endurskoðað milli 2. og 3. umr. Það eru ekki komin þarna inn framlög sem væntanlega og vonandi verða til stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Það eru ekki komin inn framlög til leiðréttinga á lífeyristryggingum eins og bent var á áðan og eru sennilega væntanleg og síðast en ekki síst hefur verið hér til meðferðar tillaga um byggðamál sem hlýtur að krefjast mikilla fjárframlaga úr ríkissjóði og þær tillögur eru ekki komnar inn í frv. enn eins og það lítur nú út.

Brtt. 439,1–3 samþ. með 52 shlj. atkv.

Liður 01-190 1.15 (útboðs- og einkavæðingarverkefni) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB, StG, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi liður, 01-190 1.15, heitir Útboðs- og einkavæðingarverkefni og er upp á 15,3 millj. kr. Hér er á ferðinni sjálf yfirstjórn einkavæðingartrúboðsins hjá hæstv. ríkisstjórn en það hefur eins og kunnugt er verið sérstakt gæluverkefni núv. hæstv. forsrh. og nefnd á hans vegum hefur starfað að þessum málum. Þar fyrir utan hafa síðan umtalsverðar fjárhæðir runnið til einkavæðingarkostnaðar, færðar undir fjmrn. eða tengdar einstökum einkavæðingarverkefnum.

Ég hef, herra forseti, ekki áhuga á því að bera pólitíska ábyrgð á þessari ráðstöfun opinberra fjármuna í áróðurstrúboð af þessu tagi og greiði því liðnum ekki atkvæði.

Brtt. 439,4–5 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 471 felld með 31:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GÁ, HBl, HG*, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:34]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er lagt til að til Þjóðhagsstofnunar renni 10 millj. kr. til að hefja vinnu að grænum þjóðhagsreikningum. Það er hugsað þannig að farið verði að meta þjóðarhag út frá öðrum mælikvörðum heldur en nú er hefðbundið. Sú vinna getur haldið áfram en við bætist vinna til að meta áhrif sem ekki eru mæld í núverandi þjóðhagsreikningum. Það má vitna til umræðu sem fram hefur farið að undanförnu um þetta mál, m.a. með þátttöku hagfræðinga úr fjármálaráðuneyti. Hef ég í huga Tryggva Felixson sem hefur skrifað skilmerkilega um þessi mál nýlega og ýmsa fleiri og vona að þessi tillaga fái brautargengi.

Brtt. 439,6–7 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 446,1 felld með 31:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, KHG, LMR, MS, MF, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Háskóli Íslands hefur farið fram á verulega aukið fjármagn til að styrkja framhalds- og rannsóknarnám við háskólann. Sem dæmi um slíkt nám er hægt að nefna framhaldsnám sem fyrirhugað er að setja upp við læknadeildina fyrir heimilislækna. Því miður hefur ekki verið unnt að koma nægilega til móts við þessar óskir og því leggjum við fram þessa brtt., minni hluti fjárln.

Brtt. 439,8 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 454,2 felld með 32:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, ÍGP, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 439,9–13 og sérst. yfirlit IV,1 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 454,3 felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 472,1 kölluð aftur.

Brtt. 439,14–15 og sérst. yfirlit I og IV,2 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GÁ*) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 456 felld með 31:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (HjÁ, KHG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, LB, MF, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:41]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að fella niður raunveruleg skólagjöld í framhaldsskólum, þ.e.

þann hluta skólagjalda sem varið er til almenns rekstrar framhaldsskólanna. Heildarupphæð þessara gjalda á þessu ári er um 233 millj. kr. og þar er um að ræða ýmiss konar gjöld sem m.a. ganga til rekstrar nemendafélaga. Við gerum ekki tillögu um að þau verði öll felld niður heldur aðeins sá hluti þeirra sem gengur til almenns rekstrar framhaldsskólanna. Við teljum að með þessu móti sé verið að marka mjög mikilvæga stefnu, þá stefnu að rekstur hinna almennu skóla í landinu sé ekki kostaður með gjöldum á nemendur.

Brtt. 439,16 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 477,1–2 felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, RG, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 478,1–2 felld með 34:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 439,17–20 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 454,4 felld með 34:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:44]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu mína að verja 7 millj. kr. meira til bókakaupa á háskólastigi. Brýnt er að mínu mati og annarra að verja meira fé til bókakaupa. Í þeim málum ríkir ófremdarástand eins og allir sem þekkja til mála vita, bæði hvað varðar bækur og tímarit. Ég tel ekki mikið gert þó að bætt sé nokkuð hvað þennan lið varðar. Ég vil geta þess sérstaklega, herra forseti, að gert er ráð fyrir tekjuöflun til þessarar brtt. og annarra brtt. frá mér. Það er tillaga sem liggur fyrir og kemur til atkvæðagreiðslu við 3. umr. þannig að ég bið hv. þingmenn að íhuga hvort fénu sé ekki vel varið til bókakaupa fyrir háskólastigið.

Brtt. 466 kölluð aftur.

Brtt. 439,21–25 og sérst. yfirlit IV,3–4 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 454,5 felld með 34:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:47]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég sé sérstaka ástæðu til að gera grein fyrir þessari tillögu sem fjallar um auknar fjárveitingar til Kvikmyndasjóðs, um 40 millj. Ég tel að fjölmörg séu sóknarfæri í þessari atvinnugrein. Það er dálítið merkilegt með framlög til Kvikmyndasjóðs af hálfu ríkisins að ríkissjóður fær öll þau framlög aftur til baka. Það er vegna áhrifa m.a. á ferðamannastraum til landsins. Það hefur verið tekið út og sannað að ríkisvaldið hefur haft af því umtalsverðar tekjur að hafa aukið framlög sín í Kvikmyndasjóð.

Þess vegna legg ég til, herra forseti, að hér verði gert enn betur og stutt við þessa atvinnugrein sem á mikla framtíð fyrir sér.

Brtt. 478,3 felld með 34:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:48]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Fyrir þinginu liggur nú frv. til nýrra leiklistarlaga. Svipur þeirra laga virðist ætla að verða sá að ýmsar grónar leiklistarstofnanir eru uggandi um sinn hag. Ein þeirra er Leikfélag Akureyrar en um framlög til þess er samningur við Akureyrarbæ sem hér er lagt til að hækki um 5 millj. kr. Jafnframt er lagt til að starfsemi áhugaleikfélaga fái aukið framlag. Samþykktir þessara breytinga eru líklegar til þess að leikhúsfólk trúi að með nýrri löggjöf sé raunverulegur vilji Alþingis til að efla leikhússtarfsemi. Hér reynir því á hinn raunverulega vilja, herra forseti. Ég segi já.

Brtt. 439,26–28 og sérst. yfirlit IV,5–6 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 448,1 felld með 34:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GÁS, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 439,29 (g-liður) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

6 þm. (ÁRJ, GGuðbj, HG, KÁ, KH, PHB) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JóhS, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 439,29–30 og sérst. yfirlit IV,7 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 472,2 kölluð aftur.

Brtt. 439,33 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

5 þm. (GÁS, GGuðbj, KH, LB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 439,36.b, sérst. yfirlit IV,8 (liður 42.a) og sérst. yfirlit IV,9 (liður 43) kölluð aftur.

Brtt. 439,31–53 og sérst. yfirlit IV,8–9 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 446,2 felld með 34:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, JóhS, KÁ, KH, LB, ÞHS, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj.

nei: HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, ÓE.

9 þm. (JHall, HBl, LMR, MF, SighB, ÁRÁ, BBj, EKG, EOK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:00]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir um það bil þremur árum jókst mjög neysla harðra fíkniefna á Íslandi og virðist enginn endir á því hversu sá ófögnuður streymir inn í landið. Jafnframt því sem ég fagna því sérstaklega að í þessu frv. er lagt aukið fé til meðferðarúrræða og lagt er aukið fé til forvarna, þá leggjum við til á þessu þingskjali að bætt sé við fjármunum til löggæslu vegna fíkniefnamála. Við teljum málið mjög brýnt. Það er minni hluti fjárln. sem flytur tillöguna. Ég segi já.

Brtt. 439,54–56 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 477,3 felld með 32:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, HjÁ, JHall, LMR, MF, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 439,57–62 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 467 felld með 34:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:05]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér er lagt til að fjármagn til framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál verði margfaldað eða hækkað úr 3,4 millj. í 14 millj. Það er til lítils að setja fram metnaðarfulla jafnréttisáætlun án þess að henni fylgi nægilegt fjármagn. Slíkt er sýndarmennskan ein. Engin leið er að samþætta jafnréttismál inn í alla málaflokka með tilheyrandi fræðslu, uppstokkun, breytingum og rannsóknum nema ætla til þess nægilegt fjármagn. Því er þessi tillaga flutt. Ég segi að sjálfsögðu já.

Brtt. 468 felld með 34:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:06]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér er lagt til að þegar verði hafist handa við rannsóknarverkefni um efnahagsleg völd kvenna og karla með myndarlegum hætti eins og gert hefur verið í Svíþjóð og Noregi með þeim afleiðingum að ýmsar goðsagnir um jafnréttismál hafa verið afhjúpaðar. Það var upplýst á Alþingi í fyrirspurnatíma um daginn að ríkisstjórnin hygðist ekki framkvæma þennan lið framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum fyrr en eftir tvö til þrjú ár og ætlar til þess lítið fjármagn. Við kvennalistakonur teljum brýnt að gera svona úttekt, ekki síst með tilliti til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og leggjum hér til að 5 millj. kr. verði varið til slíkrar rannsóknar sem þarf að vera þverfagleg með sjónarmið kvenna og kynjafræða í fyrirrúmi eins og gert var í Svíþjóð. Ég segi að sjálfsögðu já.

Brtt. 439,63.a samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 459 felld með 34:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LB, ÞHS, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH.

nei: MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, ÓE.

9 þm. (LMR, MF, SighB, ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, JHall, HBl) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórnin axlar ekki ábyrgð vegna fíkniefnaneyslu unglinga miðað við fjárveitingar. Vandinn hefur aukist, fleiri og yngri neytendur hafa orðið neyslu fíkniefna að bráð. Það er eins árs bið í meðferð fyrir börn og unglinga og löng bið bæði í bráðameðferð og langtímameðferð. Eftir hækkun sjálfræðisaldurs þarf að taka verulega á vegna aldurshópsins 16–18 ára.

Í raun eru bara 25 millj. veittar til uppbyggingar hjá Barnaverndarstofu næsta ár. Tillaga okkar er að veita 30 millj. til viðbótar og ég hvet þingmenn til að styðja þessa tillögu. Þetta er sennilega þýðingarmesta tillagan sem er afgreidd hér í dag. Ég segi já, herra forseti.

Brtt. 439,63.b samþ. með 47:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.

nei: FrS*.

15 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GE, GÁS, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, RG, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 439,64 og sérst. yfirlit II samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 469,1 felld með 33:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, GÁS, HBl, JHall, LMR, MF, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 439,65 samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 454,6 felld með 33:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GÁS, HBl, JHall, LMR, MF, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 439,66–67 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 446,3 felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GÁS, HBl, JHall, LMR, MF, SighB, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:16]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra á Framkvæmdasjóður fatlaðra að fá til framkvæmda tekjur af erfðafjárskatti en þær eru áætlaðar 480 millj. kr. á næsta ári. Samkvæmt fjárlagafrv. renna aðeins 235 millj. kr. til framkvæmdasjóðsins og því ætlunin að taka rúmlega helminginn, eða 245 millj. kr., til annarra mála en ætlast er til samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Með tilliti til alls þess sem óunnið er í þessum málaflokki leggjum við einfaldlega til að sjóðurinn fái til að sinna bráðnauðsynlegum framkvæmdum allt það sem honum ber lögum samkvæmt og ekkert minna. Ég segi já.

Brtt. 439,68 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 469,2 felld með 29:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, EgJ*, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMM, DO, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GÁS, HBl, IP, JHall, LMR, LB, MF, SighB, StG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

[Forseti gat þess að FI hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; þm. ætlaði að segja nei.]

Brtt. 439,69 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 448,2 kölluð aftur.

Brtt. 439,70 og sérst. yfirlit IV,10 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 469,3 kölluð aftur.

Brtt. 439,71 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 446,4 kölluð aftur.

Brtt. 439,72 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.

2 þm. (KH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, HBl, JóhS, JHall, LMR, LB, MF, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 458 felld með 31:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GÁ, HBl, JHall, LMR, MF, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. 263,7 millj. er sú upphæð sem bæta þyrfti við útgjöld hins opinbera til þess að tryggja öldruðum og öryrkjum ókeypis almenna tannlæknaþjónustu auk þess sem unnt yrði að hækka aldursviðmiðunarmörk unglinga úr 15 árum í 17 ár. Samkvæmt könnun landlæknis er það helst á sviði tannlækninga sem tekjulítið fólk hefur ekki tök á að leita sér lækninga og hefur komið fram að unglingar úr tekjulitlum fjölskyldum fá ekki sömu aðhlynningu og félagar þeirra sem eru af efnaðra fólki komnir.

Þá munu vera talsverð brögð að því að aldrað fólk og örykjar þurfa að láta sér tannleysi lynda og margt fólk getur ekki leitað sér brýnustu lækninga. Þetta er náttúrlega ótækt og ber að leiðrétta þegar í stað auk þess sem benda má á að Samtök aldraðra hafa bent á að einmitt á þessu sviði sé einhver ranglátustu jaðaráhrifin í almannatryggingakerfinu.

Brtt. 439,73–76 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 478,4 felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, SighB, SF) fjarstaddir.

Brtt. 439,77–81 og sérst. yfirlit III og IV,11–12 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 454,7 felld með 32:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB, SF, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 439,82–88 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 477,4 felld með 30:21 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, ÍGP, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB, SF) fjarstaddir.

Brtt. 454,8 felld með 31:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, IP, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB, SF, ÞHS) fjarstaddir.

Brtt. 439,89 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJS, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 439,90–91 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 455 felld með 34:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:26]

Svavar Gestsson:

Í þessari tillögu, herra forseti, er gert ráð fyrir því að komugjöld á heilsugæslustöðvum verði felld niður. Hafa verið fluttar um það tillögur í þinginu undanfarin ár, á hverju einasta þingi, tillögur um sérstakar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Hér háttar þannig til að fulltrúar þriggja þingflokka, Alþb., þingflokks jafnaðarmanna og Samtaka um kvennalista, standa að þessari tillögu þannig að í því felst mjög mikilvæg pólitísk stefnumótun þegar það svo bætist við að þingflokkur óháðra flytur samhljóða tillögu að mér sýnist sem er á þskj. 457.

Ég tel að hér sé um það að ræða að verið sé að lýsa því yfir að það eigi að fjármagna heilbrigðisþjónustuna með sköttum eftir efnum og ástæðum en ekki með sköttum á sjúklinga. Það er mjög mikilvægt að slík pólitísk yfirlýsing liggi fyrir.

[14:27]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu sem er samhljóða tillögu sem þingflokkur óháðra flytur um að fella niður komugjöld á heilsugæslustöðvar og er í samræmi við frv. sem við höfum flutt um það efni. Þörf er að fella niður alla sjúklingaskatta í heilbrigðiskerfinu þannig að það sé öllum að kostnaðarlausu.

Fræg að endumum varð röksemdafærslan af hálfu ríkisstjórnarinnar sem þröngvaði þessum komugjöldum upp á þjóðina á síðasta kjörtímabili. Þetta yrði til að auka kostnaðarvitund sjúklinga, var viðkvæði ónefnds heilbrrh. Í reynd

hafa gjöld af þessu tagi fælt tekjulítið fólk frá því að leita sér lækninga og því ástæða til að fella þau úr gildi þegar í stað. Auk þess hefur þetta leitt til skrifræðiskostnaðar sem erfitt er að réttlæta. Komugjöldin á heilsugæslustöðvarnar soga um 250 millj. kr. upp úr vösum sjúklinganna og þarf því að reiða þá upphæð fram úr ríkissjóði svo að heilsugæslustöðvarnar verði ekki fyrir tekjumissi.

Brtt. 457 kom ekki til atkv.
Brtt. 439,92–96 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 478,5 felld með 33:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 454,9 felld með 32:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, StB, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 439,97 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, LB, MF, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 454,10 felld með 33:17 atkv. og sögðu
já: ÁE, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 439,98–104 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 477,5 felld með 33:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 439,105 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 477,6 felld með 33:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, HBl, JHall, LMR, MF, ÓÖH, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 439,106–118 og sérst. yfirlit IV,13 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 470,1 felld með 32:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 454,11 felld með 32:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, KHG, LMR, MF, SighB, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 439,119–121 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 477,7 felld með 31:21 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ*, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ**, ÖS.
nei: ArnbS, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, HBl, ÍGP, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

[**Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

[Forseti gat þess að ÍGP hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; þm. ætlaði að segja nei.]

Brtt. 439,122–124 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 470,2.a felld með 32:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 470,2.b–c kölluð aftur.

Brtt. 470,2.d felld með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 446,5 felld með 32:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:38]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Með þessari tillögu vill minni hlutinn koma til móts við óskir Náttúruverndar ríkisins um framlög til gerðar náttúruverndaráætlana og til þess að efla landvörslu á Hornströndum, við Mývatn og víðar um land. Hér er í raun um algera lágmarksupphæð að ræða og ljóst að leggja þarf verulega aukið fé til náttúruverndarmála á næstu árum ef við ætlum að standa vörð um dýrmæta náttúru lands okkar. Ég segi já.

Brtt. 454,12 felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, LMR, MF, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 470,3.a kölluð aftur.

Brtt. 470,3.b felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 439,125 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 470,4 felld með 32:12 atkv. og sögðu

já: ÁE, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GuðjG, HBl, HG*, JHall, LMR, LB, MF, PHB, RA, RG, SighB, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:41]

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er lagt til að 70 millj. kr. renni til Skipulagsstofnunar. Á bak við þessa tillögu eru samningar milli ríkisins og sveitarfélaga að upphæð 20 millj. kr. sem þegar hafa verið gerðir og ekki hefur verið veitt fjármagn til. Auk þess liggja fyrir umsóknir um samninga vegna aðalskipulags og svæðaskipulags nýrra verkefna upp á 50 millj. kr. Alþingi samþykkti fyrir einu og hálfu ári ný skipulagslög og það sýnist ástæða til þess að reyna að standa við ákvæði þeirra.

Brtt. 439,126–128 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 470,5.a felld með 31:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, LMR, MF, SighB, ÞHS) fjarstaddir.

Brtt. 470,5.b felld með 33:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, LMR, LB, MF, SighB, ÞHS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 439,129 samþ. með 52 shlj. atkv.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, LMR, MF, SighB, ÞHS) fjarstaddir.

Sundurliðun 3 (fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta) og 4 (fjármál lánastofnana í C-hluta), svo breyttar, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

1. gr. (rekstraryfirlit ríkissjóðs), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

2. gr. (sjóðstreymi ríkissjóðs), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, HBl, ÍGP, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

3.–5. gr. (fjárreiður ríkisfyrirtækja, fjárreiður lánastofnana og lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir), svo breyttar, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, LMR, MF, SighB, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 460 samþ. með 51 shlj. atkv.

6. gr. (skerðingarákvæði), svo breytt, samþ. með 31:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, LMR, MF, ÓE, SighB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 479 kölluð aftur.

[14:49]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í lið 5.5 er tillaga sem er í frv. hæstv. fjmrh. um sölu hlutabréfa í Stofnfiski hf. og þarf ekki að fara mörgum orðum um stöðu þess máls og rekja það fyrir hv. þm., þau mál hafa komið hér til umfjöllunar og umræðu.

Nú er hins vegar þannig í pottinn búið að Ríkisendurskoðun hefur að ósk þingflokks jafnaðarmanna og síðan með samþykkt forsn. þau samskipti til umfjöllunar og mun skila skýrslu um þau mál innan tíðar. Þess vegna er fullkomlega óeðlilegt að krefjast þess af hv. þingheimi að hann taki efnislega afstöðu til þess máls því að gögnum hefur verið haldið frá hv. þm. og þau ekki sýnd. Ég fer þess því formlega á leit, áður en kemur til efnislegrar atkvæðagreiðslu um málið, að hæstv. ráðherra og stjórnarmeirihlutinn dragi þessa tillögu til baka. Stjórnarliðar hafa auðvitað öll tök á því að koma með hana með einum eða öðrum hætti eftir áramót þegar öll gögn málsins liggja fyrir, en þetta er fullkomlega fráleitt, virðulegi forseti. Ég beini orðum mínum sérstaklega til herra forseta að hann beiti áhrifum sínum til þess að menn verði ekki knúðir til þess að taka afstöðu til máls sem þeir hafa engin gögn á hendi um. Það er fjarri öllu lagi.

[14:51]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill vekja athygli á því að það sem á að fara að greiða atkvæði um, tölul. 5.2 og tölul. 5.5 í 7. gr., er partur af frv. sjálfu og verður þar af leiðandi borið undir atkvæði. Það er í raun og veru formlega séð ekki hægt að draga þessa liði út úr frv. en auðvitað geta menn komið með yfirlýsingar um þá.

[14:51]

Jón Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil taka það fram vegna þeirrar umræðu sem hér er að fjárln. hefur ekki lokið umfjöllun sinni um 7. gr. frv. að venju og mun hún sem heild verða tekin fyrir við 3. umr. ásamt þeim brtt. og breytingum sem hugsanlega kunna að verða á henni.

7. gr. (liður 5.2) samþ. með 32:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: GE, HG, RA, SJóh, SJS, SvG, ÞHS, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GÁ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, BH, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:52]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Í 7. gr., lið 5.2, er verið að gefa heimild fyrir að selja allt að 25% hlut ríkissjóðs í Sementsverksmiðjunni hf. Ég hef á hverju ári gert grein fyrir afstöðu minni varðandi það mál og þar sem ekki liggur neitt fyrir um hver ávinningur á að vera af þessari sölu þó að það ítrekað hafi verið beðið

um skýringar á því og spurt um hver hluturinn ætti að vera, þá hefur ekki komið nein skýring á því. Þess vegna get ég engan veginn stutt þennan lið eins og hann liggur fyrir.

7. gr. (liður 5.5) samþ. með 32:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GÁ, SJS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, BBj, BH, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:54]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hefur forsætisnefnd þingsins ákveðið að láta rannsaka þetta mál sérstaklega og fengið Ríkisendurskoðun til þess. Það er algerlega fráleitt að þingið sé að veita heimild sína til sölu á bréfum í þessu fyrirtæki á sama tíma og Alþingi er að láta fara fram rannsókn á málinu.

Virðulegi forseti. Það er á engan hátt tímabært að veita þessa heimild núna og því er ekki hægt annað en að segja nei.

[14:54]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að gera hv. þingheimi grein fyrir því að heimild til sölu á Stofnfiski, nánast eða líklega alveg samhljóða þeirri sem hér er verið að greiða atkvæði um, er í fjárlögum ársins í ár þannig að sú heimild liggur fyrir. Alþingi hefur heimilað söluna með afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár sem nú er að renna í aldanna skaut.

Ég vil hins vegar taka það fram út af því sem kom fram um atkvæðagreiðsluna hjá hv. seinasta ræðumanni, Lúðvíki Bergvinssyni, og hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni hér áðan að vegna þess að mér er kunnugt um það að Alþingi hefur beðið Ríkisendurskoðun um skýrslu um málið, sem ég vona að verði afhent þinginu þessa dagana, þá hef ég beðið um að það verði hinkrað með sölumeðferð þessa sömu daga. Ég vona að það mál verði á hreinu áður en 3. umr. um fjárlögin fer fram.

[14:55]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það leggur óþef af þessu máli langar leiðir. Ég segi nei.

[14:56]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég greiði atkvæði með þessari tillögu um leið og ég kem að þeirri leiðréttingu að forsætisnefnd Alþingis hefur ekki samþykkt neina rannsókn í þessu máli. Hún hefur hins vegar framsent erindi þingflokks jafnaðarmanna til Ríkisendurskoðunar.

7. gr. (heimildir) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, BBj, BH, EKG, EOK, GuðjG, HBl, IP, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GuðjG, GÁS, HBl, IP, JóhS, JHall, LMR, MF, SighB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:58]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það eru áhöld um það undir hvaða fyrirsögn ég ætti að hafa þessar almennu vangaveltur mínar. Ég gerði grein fyrir því áðan við atkvæðagreiðsluna um 7. gr. heimildir að ákveðið ferli væri þegar af stað farið varðandi Ríkisendurskoðun og athugun á samskiptum Stofnfisks og landbrn. Ég gat þess að lögum samkvæmt hefur forsætisnefnd tekið við erindi frá þingflokki jafnaðarmanna og framsent það til Ríkisendurskoðunar með ósk um að tekin verði saman skýrsla um þau samskipti.

Þetta tel ég rétt að komi skýrt fram vegna athugasemda sem fram komu hér áðan. Svona er málið og lögum samkvæmt og er þannig í réttum farvegi. Ég fagna yfirlýsingum þar að lútandi hjá hæstv. landbrh. sem ég skildi þannig að málið væri í tiltekinni biðstöðu af hans hálfu og vænta mætti yfirlýsinga í ljósi þeirra gagna sem eru væntanlega að koma frá Ríkisendurskoðun fyrir jólaleyfi þingmanna. Það er mikilvægt að það komi fram við þessa afgreiðslu.

[14:59]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ætlaði að vekja athygli á þeirri sérkennilegu afgreiðslu á fjárlagafrv. sem nú hefur farið fram. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvort ekki sé nauðsynlegt að skýra það nánar í þingsköpum framvegis hvað er 2. umr. og lok 2. umr. Vegna þess að það fjárlagafrv. sem hér hefur verið afgreitt hefur ekki verið afgreitt að hálfu leyti einu sinni, hvað þá heldur meira.

Í fyrsta lagi vantar allar tekjuforsendur fjárlagafrv. Það er svo sem ekki nýtt, það hefur gerst á milli 2. og 3. umr.

Í öðru lagi vantar forsendurnar fyrir lífeyristryggingunum eins og þær leggja sig.

Í þriðja lagi vantar afgreiðslu á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík sem eru einhverjir stærstu útgjaldaliðir fjárlaganna.

Í fjórða lagi vantar útgjöld að því er varðar byggðamál og upplýst hefur verið að hljóti að kosta verulega fjármuni.

Það er því augljóst mál að þetta er ekki venjuleg afgreiðsla við 2. umr. á fjárlagafrv. sem hér hefur farið fram. Ég vil vekja athygli þingheims á þessari sérkennilegu stöðu til umhugsunar um hvort ekki verður að setja einhverjar reglur um það hvað í raun og veru geti talist alvöruafgreiðsla á fjárlagafrv. við 2. umr. málsins.

[15:01]

Útbýting þingskjals:

Fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir, 355. mál, fsp. ArnbS, þskj. 483.

Fundi slitið kl. 15:02.

---

41. FUNDUR

þriðjudaginn 15. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, stjfrv., 109. mál, þskj. 461, frhnál. 480 og 490, brtt. 403, 417 og 481. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1997, 3. mál, nál. fjárln., þskj. 487.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 109. mál, frhnál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 490.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framhald umræðu um gagnagrunnsfrumvarpið.

[13:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Eitt stærsta mál sem komið hefur til kasta Alþingis Íslendinga frá upphafi vega er nú að koma til 3. umr. eftir málamyndaumfjöllun í heilbr.- og trn. þingsins þar sem meiri hluti nefndarinnar lokaði á alla möguleika til að skoða brtt. meiri hlutans og fá á þeim álit. Breytingar á frv. hafa leitt til þess að samtök á borð við Rannsóknarráð Íslands hafa nú lýst andstöðu við frv. og í þjóðfélaginu heyrast nú mjög þung orð um þessi vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar á Alþingi.

Hæstv. forseti. Ég fer fram á að þessari umræðu verði frestað og tryggt að vandaðri og lýðræðislegri vinnubrögð verði viðhöfð við afgreiðslu þessa máls.

[13:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þessa gagnrýni. Stjórnarandstaðan í heilbr.- og trn. ásamt þeim þingmönnum stjórnarandstöðu sem tök höfðu á áttu fund í gær með þeim aðilum sem höfðu óskað eftir að koma á fund heilbr.- og trn. Það er alveg greinilegt að viðhorf þessara aðila er að þetta séu ekki tæknibreytingar eins og fram mun koma í ræðu frsm. þegar hún mælir fyrir frhnál. meiri hlutans á eftir. En það er mjög gagnrýnivert hvernig haldið hefur verið á þessu máli. Þetta er stórt mál sem hefði átt að reyna að ná samstöðu um í þinginu. Svona lög á ekki að setja öðruvísi en að víðtæk samstaða sé um þau. Þetta er alvarlegt mál og það hlýtur að valda öllum áhyggjum hvernig á hefur verið haldið.

[13:35]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir þessa kröfu hv. þm. Ögmundar Jónassonar og tel rétt að vakin sé athygli á því strax að komið var í veg fyrir það af hálfu meiri hluta heilbr.- og trn. að málið fengi eðlilega og lýðræðislega meðferð í nefndinni. Aðilum úti í samfélaginu sem hafa haft mjög mikið um þetta mál að segja og hafa af því miklar áhyggjur, þeirra á meðal aðilar sem eiga eftir að starfa samkvæmt þessu frv. ef það verður að lögum, var meinaður aðgangur að nefndinni til þess að tjá viðhorf sín um málið. Það er algjörlega ólíðandi og óþolandi, herra forseti. Ég vil því taka undir þessa kröfu, megi það verða til þess að Alþingi verði ekki sýnd vanvirðing með þeirri málsmeðferð sem hér hefur verið viðhöfð, þ.e. að málinu sé nánast fjarstýrt utan úr bæ og að meira að segja í þokkabót sé lagst gegn því að fólk fái að koma og tjá sig um málið og lagst gegn því að minni hluti heilbr.- og trn. fái að kalla til sín fólk til þess að gefa álit um atriði sem eru í raun og veru grundvallarbreyting á síðustu stigum málsins.

[13:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem hingað til að taka undir óskir um að þetta mál verði ekki látið hafa þennan algera forgang í störfum þingsins sem hæstv. ríkisstjórn eða þeir sem ráða hér dagskrá virðast ætlast til. Það er nokkuð sérkennilegt svo ekki sé meira sagt að í dag, þegar kominn er 15. desember, einn af síðustu starfsdögum þingsins fyrir jól samkvæmt starfsáætlun, sé aðeins eitt mál á dagskrá. Þvílíkt forgangsmál er hér á ferðinni af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að troða í gegn fyrir jólaleyfi að það er haft eitt á dagkrá þriðjudaginn 15. desember. Það eru tæpast dæmi um annað eins nema þá þegar í hlut eiga fjárlögin að sett er upp dagskrá fyrir heilan starfsdag þingsins með aðeins einu máli.

Herra forseti. Ég held að það sé einnig alveg ljóst að vinnubrögðin í kringum þetta mál á síðustu sólarhringum í þinginu eru með þvílíkum endemum af hálfu meiri hlutans að leitun er að öðru eins. Ég minnist þess að þegar rætt var um breytingar á starfsskipulagi Alþingis og deildaskiptingu þingsins var hætt, þá voru miklar umræður um það hvernig ætti að innbyggja í meðferð mála nægjanlegar tryggingar fyrir þingræðislegri og lýðræðislegri umfjöllun um mál þannig að ekki væri hægt að misnota, liggur mér við að segja, þá breytingu að gera þingið að einni málstofu með því að troða málum áfram eins og hér á að gera. Þá var sérstaklega tekið fram að hver umfjöllun um mál milli umræðna yrði ígildi þess sem áður hefði verið er þingið starfaði í tveimur deildum og að séð yrði til þess t.d. að ef mál þyrftu skoðun milli 2. og 3. umr. í nefndum, þá yrði það fullgild umfjöllun um málið sem tryggði að flýtiafgreiðsla gæti ekki átt sér stað og að sú sía eða bremsa sem í því var fólgin áður að þingið starfaði í tveimur málstofum yrði innbyggð í ferlið í þessari einu málstofu. Ég tel að það dæmi sem við stöndum núna frammi fyrir sé alveg óhrekjandi vitnisburður um að þetta hefur ekki gengið eftir. Með valdníðslu af því tagi sem meiri hlutinn er hér að sýna er verið að svíkja loforð um að vönduð umfjöllun um mál milli umræðna bæði 1. og 2., en líka 2. og 3., tryggði að vinnubrögð yrðu til sóma.

Ég skora því á hæstv. forseta að taka það til vandlegrar íhugunar hvort það sé þess virði að hleypa hér öllu í bál og brand og standa þannig að málum sem ella yrði ef á að knýja þetta mál til umræðu nú.

[13:39]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er sannarlega um mjög óvanalega málsmeðferð að ræða af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hárrétt það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um baksvið þeirra breytinga sem gerðar voru á þingsköpum á sínum tíma þegar aflögð var deildaskipting í þinginu. Af umfjöllun um málið í 2. umr. og ítrekuðum yfirlýsingum talsmanna meiri hluta hv. þingnefndar skildist mér að hugmyndin væri sú að fram færi efnisleg skoðun málsins og ýmissa þátta málsins í hv. þingnefnd á milli umræðna. Ég held að það væri fróðlegt að líta yfir þær yfirlýsingar sem komu fram um þetta leyti í síðustu viku í þinginu í umræðum um málið. En síðan er það næsta sem við fréttum af meðferð málsins innan nefndarinnar að það er tekið fyrir til málamynda, að þar er útbýtt brtt. af hálfu hv. meiri hluta þingnefndarinnar og málið tekið úr nefnd en hafnað í leiðinni að ræða við aðila sem höfðu óskað eftir því að fá að tala við nefndina.

Virðulegur forseti. Síðan berast okkur fregnir af því að stofnun eins og Rannsóknarráð Íslands sem hafði lýst jákvæðum viðhorfum til málsins að einhverju leyti á fyrri stigum hefur nú lýst andstöðu við það vegna breytinga sem gerðar hafa verið milli umræðna þannig að það er að bætast í hóp þeirra fjölmörgu í vísindasamfélaginu sem tengjast rannsóknastarfsemi í landinu sem harðneita að taka við þessu máli eins og það er fyrir lagt.

Virðulegur forseti. Ég held að full rök séu til þess, eins og hér hefur komið fram ósk um, að fresta umræðu um málið þannig að færi gefist, þó ekki sé nema fyrir minni hluta ef meiri hlutinn ekki vill líta á þetta mál frekar heldur bara fá þetta stimplað á Alþingi, að hann fái möguleika til þess að skoða það frekar og ræða við aðila úti í samfélaginu um málið.

[13:42]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka fram vegna þessara umræðna sem eiga sér stað að þetta frv. er mjög ítarlega og vel unnið. Við höfum fengið til okkar í nefndina um 70 einstaklinga og fulltrúa tæplega 50 stofnana. Þar á meðal höfum við fengið til okkar þá viðkomandi aðila sem vildu koma til okkar aftur. Við höfum fengið bæði umsagnir og hlýtt á mál þeirra. Hins vegar eru menn ósammála um efni frv. og það breytist varla úr þessu. En málið hefur unnist vel. Það var tekið fyrir í vor. Það var unnið í sumar og það var unnið núna í haust. Það er alltaf álitamál hvenær svona stór mál eru tekin úr nefnd. Það er mat meiri hlutans að rétt hafi verið að gera það á síðasta fundi heilbrn. Það er ekki rétt sem hér hefur komið fram að við höfum gert grundvallarbreytingar á frv. Það er alls ekki rétt. Ég mun útskýra það í ræðu minni á eftir.

Hins vegar er það svo að fólk hefur misjafnar skoðanir á málinu. Ég vil benda á að læknasamfélagið er klofið í málinu, því miður, og það er alvarlegt. Mér finnst líka alvarlegt þegar þingmenn ætla að gera breytingar okkar sérstaklega tortryggilegar til þess jafnvel að skaða þessa hugmynd. Þar á ég við það að 1. minni hluti lagði sérstaklega til að það yrði skoðað milli 2. og 3. umr. og reynt að ná samstöðu um það að breyta aðgengisnefndinni. Það er einmitt önnur af þeim tveimur breytingum sem við erum að gera í dag.

[13:44]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Vinnubrögðin í þessu máli hafa verið með eindæmum og ég tek undir mótmæli þess efnis að málið á ekki heima á dagskránni.

Ég hef verið einn þeirra sem hafa verið tiltölulega jákvæðir gagnvart málinu í heild. Ég hef verið opinn fyrir tillögum og sjónarmiðum annarra í þessu máli. En sú aðferð meiri hluta heilbr.- og trn. að hafna eðlilegri málsmeðferð með því að neita að ræða við aðila eru fáheyrð vinnubrögð.

Vel getur verið að menn geti deilt um hvort gerðar voru grundvallarbreytingar á frv. núna við 3. umr. eða ekki. En það að neita mönnum að koma til nefndarinnar og hlusta á sjónarmið þeirra, jafnvel þó menn ætli ekkert að gera við þeirra sjónarmið, eru fáheyrð vinnubrögð. Ég vil benda á annað. Hv. varaformaður heilbr.- og trn. ræðir hér um breytingar á aðgenginu. Þær voru nú ekki betur úr garði gerðar en svo að Rannsóknarráð Íslands sem var eini aðilinn sem studdi málið er búinn að segja sig frá málinu vegna þess að aðgengi vísindamanna er hindrað að þeirra mati. Það voru öll góðu vinnubrögðin. Þetta sýnir réttmæti þess sem við höfum haldið fram. Málið átti að fá eðlilega umfjöllun í nefndinni milli 2. og 3. umr. Þannig skildi ég umræðuna þegar við vorum í 2. umr. En allt er gert til að hrekja mig og aðra í algera andstöðu við þetta mál.

[13:46]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir kröfu hv. 17. þm. Reykv. sem hóf umræðuna áðan og ýmissa þeirra sem hafa talað hérna. Þessu máli, sem er eina málið á dagskrá í dag, ætti að vísa til hinna einu réttu föðurhúsa og það væri lágmark að fresta umræðunni fram yfir hátíðar. Svo stórt sem málið er í sjálfu sér þá er þó megingagnrýnisefnið núna vinnubrögðin sem hafa verið viðhöfð undanfarna daga. Ég veit reyndar ekki hvenær þingmenn teljast þingreyndir en sú sem hér stendur telur það aldeilis fáheyrt að formaður þingnefndar sé sviptur völdum með þeim hætti sem gerðist þegar meiri hluti heilbr.- og trn. knúði málið út úr nefndinni án þess að sjónarmið þeirra sem höfðu óskað að færa þau fram gagnvart þeim breytingum sem boðaðar höfðu verið næðust að heyra.

Hv. 4. þm. Reykn. hefur margsinnis ítrekað það úr þessum ræðustóli að málið hafi fengið mikla umfjöllun, að talað hafi verið við marga og hlýtt hafi verið á marga, en eins og kom fram í einhverri grein sem var skrifuð í Morgunblaðið í dag: Lengi getur vont mál batnað án þess að verða gott. Ég held að það sé alveg ljóst að ekki er búið að ræða þetta mál til hlítar í samfélaginu. Það er svo stórt og það er svo mikilvægt að vel til takist að það er þingi til vansa ef það verður afgreitt eins og hér er lagt til. Ég held að það verði ekki til að efla virðingu fyrir hv. Alþingi sem svo er kallað í samfélaginu ef það fær þá meðferð sem hér er ætluð. Ég tek undir þær óskir um að þessu máli sem hér er eina málið á dagskrá verði frestað.

[13:48]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum á að keyra inn í gagnagrunnsfrv. erfða- og ættfræðiupplýsingar um einstaklinga án samþykkis tölvunefndar í hverju tilviki. Ég lýsti því yfir að ég mundi styðja gagnagrunnsfrv. óbreytt eins og það var lagt fram í haust. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef og eins og ég sé þetta fyrir mér, þá er mál-

ið mjög breytt. Það gjörbreytir minni afstöðu. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að beita sér fyrir því að umræða um málið verði stöðvuð í bili, að kallaður verði saman fundur og þeim aðilum sem óskuðu eftir að ræða við hv. heilbr.- og trn. verði gefið tækifæri til að ræða málið. Ég legg til, herra forseti, að málinu verði frestað í einn dag. Þá gefst nægur tími til að afgreiða málið eftir það.

[13:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta er náttúrlega fáheyrður yfirgangur hjá meiri hlutanum og hjá fulltrúum ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Hv. varaformaður heilbr.- og trn., Siv Friðleifsdóttir, sagði að málið hefði fengið ítarlega umræðu og það er alveg rétt. Málið fékk ítarlega umræðu í nefndinni. En það var bara allt annað frv. en menn ætla að fara að afgreiða hér. Ég verð að segja það fyrir hönd 1. minni hluta sem hér var nefndur að við höfum verið frekar jákvæð í þessu máli og vorum sáttfús en okkur ofbýður hvernig vinnubrögðin hafa verið í nefndinni, að vera með slíkan yfirgang, að synja aðilum að koma til umræðu við nefndina.

Við vorum með ákveðnar tillögur um aðgengi vísindamanna en fengum ekki að segja eitt einasta orð um það hvernig þessar breytingar voru settar inn í frv. Ég fordæmi svona vinnubrögð. Ég verð að segja það að forsendan fyrir allri þeirri ítarlegu umræðu sem fram fór í nefndinni og öllum umsögnum sem komu er brostin vegna þess að það er allt annað mál sem við ætlum að fara að afgreiða eftir að þær breytingar verða á frv. sem meiri hlutinn ætlar að keyra í gegn.

Málið fékk ekki eðlilega umfjöllun eftir 2. umr. eins og lofað var í umræðunum í þinginu. Það er mjög óeðlilegt hvernig staðið var að verki og ég styð að gert verði fundarhlé og málið rætt því það er alls ekki mönnum bjóðandi hvernig staðið hefur verið að verki.

[13:51]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Nú er það svo að meiri hlutinn ræður. Við því er ekkert að segja og það er gangur lýðræðisins. Það er heldur ekkert um það að segja að hér séu skiptar skoðanir um efnisatriði þess frv. sem við erum að ræða. En það sem er sýnu verst í þessu máli er að stjórnarliðar og talsmenn ríkisstjórnarflokkanna hafa farið með ósannindi, hafa farið fram með blekkingar því að ítrekað, aftur og aftur, var það áréttað í máli þeirra í þeirri þriggja daga umræðu sem átti sér stað við 2. umr. um gagnagrunnsfrv. að málið ætti að fá ítarlega og málefnalega umfjöllun milli 2. og 3. umr.

Þetta loforð, þessar yfirlýsingar, þessi vilyrði hafa verið svikin og það er slæmt í þessu máli því að aldrei heyrði ég það í máli talsmanna stjórnarflokkanna að sú umfjöllun ætti að felast í því einu að halda nokkurra mínútna fund eða hálftíma eða klukkutíma eða hvað það nú var og kalla til valda aðila sem meiri hlutinn kallaði til fundar hjá nefndinni. Aldrei skildi nokkur maður það að sá væri tilgangurinn með þessu öllu saman. Það er því umhugsunarefni fyrir okkur í stjórnarandstöðu hér eftir hversu mikið, ef þá nokkurt, mark á að taka á yfirlýsingum talsmanna ríkisstjórnarflokkanna þegar þeir gefa loforð af þessum toga.

Það sem mér finnst allra verst í þessu máli og verður í minnum haft er að talsmenn stjórnarflokkanna standa ekki við orð sín, ganga á bak orða sinna. Það verður munað.

[13:53]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Í þessum umræðum hefur verið fullyrt að átt hefði að reyna til fullnustu að ná samstöðu um málið. En það liggur ljóst fyrir og hefur fengist upplýst í umræðum að ekki er samstaða um málið. Og þeir aðspurðir sem svöruðu því hvort þeir ætluðu að leggja stein í götu þessa frv. eftir því sem þeir gætu svöruðu því í umræðunum að þeir mundu gera það að sjálfsögðu. Málið er því afgreitt í fullkomnu ósætti aðila stjórnarandstöðu og stjórnar.

Ég vil einnig taka fram að hér hefur verið fullyrt að mönnum hafi verið meinaður aðgangur að nefndinni. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir fullyrti það hér. Hv. þm. er akkúrat ein af þeim sem hafa lýst sig á móti málinu og er þar af leiðandi ekki að biðja um að það sé unnið til að ná samstöðu um málið. Þeir hafa lýst því yfir að þeir væru á móti því. (Gripið fram í.) Engum var meinaður aðgangur að nefndinni. Menn geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri og þeir hafa fengið tækifæri til þess. (Gripið fram í.) Á þeim lista sem fram kom um hugsanlega aðila sem gætu komið á fund nefndarinnar höfðu allir fengið tækifæri til að senda inn umsagnir og jafnvel að koma á fund nefndarinnar. (**ÁRJ:** Ekki eftir gagngerar breytingar.)

Síðan vil ég taka það fram að viðbrögð hv. þm. Ágústs Einarssonar eru dæmigerð fyrir þann vítahring sem jafnaðarmenn eru komnir í í þessu máli. Þeir lögðu sjálfir til að ákvæðið um aðgengisnefnd yrði fellt brott. Nú hneykslast þeir allra mest á því að það skuli hafa verið gert. Það er varla hægt (**ÁRJ:** Hvað kom í staðinn?) að ganga lengra í hringlandahættinum en þetta. Ég vil geta þess síðast að ekki er gert ráð fyrir því að heimila samkeyrslu án sérstakrar heimildar tölvunefndar. Gert er ráð fyrir því að tölvunefnd sjái um það ferli sem þar er verið að tala um (**Gripið fram í:** Nei.) og geri sínar kröfur um það. Tölvunefnd á að gera sínar kröfur um það hvernig þetta vinnuferli verður heimilað. Það er mergurinn málsins.

[13:56]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það er afar sérstakt svo ekki sé meira sagt að hlýða á þann málflutning sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa í frammi í tengslum við gagnagrunnsfrv. sem hér er á dagskrá. Það mál hefur fengið svo ítarlega meðferð í hv. heilbr.- og trn. að ég tel að erfitt verði að finna nokkrar hliðstæður þess. Tugir umsagna hafa borist nefndinni og tugir gesta hafa mætt fyrir nefndina. Frv. kom inn í þingið í vor og var þá rætt. Farið var yfir það í sumar og talsverðar breytingar gerðar, m.a. að tilmælum tölvunefndar. Heilbr.- og trn. hefur vart fundað um önnur mál það sem af er þessu þingi. Samt leyfa menn sér að halda því fram að hér sé í einhverju áfátt við vinnubrögð. Þetta er út í hött. Hér er talað um málamyndavinnubrögð og blekkingar. Virðulegi forseti. Ég mótmæli svona málflutningi.

Allir hv. þingmenn vita að algengt er og það gerist oft á hinu háa Alþingi að mál eru afgreidd úr nefnd í ágreiningi. Málið er ekki gjörbreytt. Einu breytingarnar sem gerðar hafa verið eru tvær brtt. sem eru lagðar til eftir að málið var skoðað milli 2. og 3. umr. Það er í fyrsta lagi sú tillaga sem ég hélt að öll nefndin væri sammála um að flytja og ég verð að segja að þá hefur meiri hlutinn í nefndinni verið blekktur ef þetta er einhver misskilningur og það er eins gott að fá hann leiðréttan vegna þess að við erum að tala um að tryggja aukið aðgengi íslenskra vísindamanna.

Síðari breytingin er ekki efnisleg eins og hér hefur verið bent á.

Herra forseti. Þetta mál hefur fengið mjög ítarlega og eðlilega meðferð á hinu háa Alþingi og í heilbr.- og trn.

[13:58]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að þetta mál hefur fengið góða umræðu í hv. heilbr.- og trn. fram að 2. umr. En vinnubrögðin eftir það eru alveg hreint fáheyrð, ef ekki dæmalaus. Ég vil því heils hugar taka undir þau sjónarmið að með öllu sé ótækt að afgreiða frv. í þeim búningi sem það er nú.

Ég kom sjálf með opnum huga að þessu máli. En nú er svo komið að síðustu breytingar á frv., vinnubrögðin í hv. nefnd og síðast en ekki síst sívaxandi andstaða í þjóðfélaginu, nú síðast frá Rannsóknarráði Íslands — ég vil einnig benda á ítarlega umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands — gerir það að verkum að það er algjörlega útilokað annað en leggjast gegn þessu frv. Ég vil því, herra forseti, taka undir og mælast til þess að þessari umræðu verði frestað nú þegar.

[13:59]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fólki sem hefur lært vinnubrögð í Sjálfstfl. Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., finnst að sjálfsögðu ekkert undarlegt við þessi vinnubrögð, þ.e. að fótumtroða lýðræðið. Það er rétt sem hér kom fram að í tengslum við þetta frv. eru uppi ýmis álitamál. En það er aldrei álitamál hvort eigi að beita ólýðræðislegum vinnubrögðum eins og gert er í þessu máli. Hið sanna í þessu máli er að þeim aðilum sem gerst þekkja til var meinað að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við heilbr.- og trn. þingsins og það var þess vegna sem minni hluti nefndarinnar bauð þeim aðilum til fundar í gær. Þar komu ýmis mál í ljós, ýmsar upplýsingar sem þarft væri fyrir Alþingi, meiri hluta nefndarinnar og ríkisstjórnina alla að heyra.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að óska eftir því að hlé verði gert á þessum þingfundi þannig að formönnum þingflokka gefist tækifæri til að ræða stjórn þingsins og framhaldið á þessari umræðu í dag við forseta þingsins.

[14:01]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Fram hefur komið ósk að gert verði hlé á umræðunni þannig að þingflokksformenn geti fundað um málið. Ég vek hins vegar athygli þeirra sem tekið hafa þátt í umræðunni á því að sú beiðni hefur ekki fengið neinar undirtektir af hálfu þeirra sem með málin fara. Ég hef kannað hvort líkur séu á því að árangur yrði af fundi um málið. Niðurstaða mín er sú að ekki séu neinar líkur á að slíkur fundur eða slíkt hlé mundi skila neinum árangri. Málið sem við ætlum að ræða hér er eina málið sem er á dagskrá. Stefnt er að því að ljúka umræðunni í dag og því hljótum við að taka það mál fyrir.

Um fundarstjórn.

Beiðni um fundarhlé.

[14:02]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir skýringarnar. Þær eru auðvitað mikilvægt innlegg í málið en eru samt ekki nægjanlegar að mínu mati. Ég vek athygli á því að forustumenn þingflokka stjórnarandstöðunnar hafa raunar allir farið fram á að gert verði hlé í nokkrar mínútur svo þingmenn og forseti þingsins geti borið sig saman.

Ég vek athygli á því að til viðbótar við þann vanda sem hér er vegna gagnagrunnsmálsins er ekkert samkomulag um þinghaldið yfirleitt. Meiningin er að ljúka því samkvæmt áætlun nk. laugardag. Eðlilegt væri að nú lægi fyrir samkomulag um þinghaldið í meginatriðum en svo er ekki.

Ég teldi rétt, í tilefni af þeim orðaskiptum sem hér hafa farið fram, að hefja þá umræðu núna. Ég fer því eindregið fram á það við hæstv. forseta að hlé verði gert á fundinum í 10 mínútur eða svo þannig að forseta og formönnum þingflokka gefist kostur á að bera sig saman.

[14:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér hefur komið fram eindregin ósk frá þingflokksformanni um að hlé verði gert á þingstörfum vegna málsatvika og að þingflokksformenn fái tækifæri til að hitta forseta vegna framvindunnar á Alþingi.

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að undanfarið hafa ekki verið fundir þingflokksformanna með forseta. Það er algengt að þegar komið er fram í síðustu vikuna á þinginu séu höfð nærri því dagleg samráð. Við höfum ekki hist síðan nokkru fyrir helgi. Það er mikilvægt að við ræðum saman. Aðeins það að svo sterk ósk komi fram hjá þingflokksformanni um að tækifæri gefist til að ræða þessi mál gerir það að verkum að að sjálfsögðu á að verða við því. Ég krefst þess að á sé hlýtt þegar svo hörð ósk er sett fram og tel að það jákvætt fyrir framvindu málsins, að stutt hlé verði gert á þessum fundi og þingflokksformenn og forseti geti rætt málin.

[14:04]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Viðbrögð virðulegs og réttsýns forseta vors valda mér nokkrum vonbrigðum. Hann telur að þar sem fulltrúar meiri hlutans hafi sýnt þau viðbrögð að hlé á fundinum muni ekki leiða til neins árangurs og þá beri að fara eftir því. Hér hafa formenn allra þingflokka stjórnarandstöðunnar farið fram á að gert verði nokkurra mínútna hlé svo að tóm gefist til að ræða saman og ræða við forseta. Ég tek undir þá kröfu að reynt verði að átta sig á því hvernig við ætlum að hafa þinghaldið fram að jólahléi. Ég endurtek ósk um að fundi verði frestað þó ekki væri nema í 10–15 mínútur.

[14:05]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hér hafa verið ítrekaðar óskir um það að hlé verði gert á fundinum til þess að unnt sé að koma á viðræðum um það hvernig dagskrá verði hagað í dag.

Ég verð hins vegar að ítreka það sem ég hef þegar sagt. Þótt talsmenn stjórnarandstöðunnar hafi óskað eftir því að gert sé hlé, þá þarf að vera vilji til viðræðna og samninga af hálfu stjórnar og stjórnarandstöðu. Af samtölum mínum við forsvarsmenn stjórnarflokkanna er ljóst að það er ekki grundvöllur fyrir þessum viðræðum nú á næstu mínútum,

hvað sem síðar verður. Það er því ekki grundvöllur fyrir því að gera hlé vegna þessa. Forseti hlýtur að taka tillit til þess að ólíklegt sé að nokkur árangur verði af slíkum fundi og getur ekki fallist á að hann verði haldinn. Forseti hlýtur því að taka málið á dagskrá.

[14:07]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er varla hægt að túlka ummæli hæstv. forseta á annan veg en þann að meiri hlutinn á Alþingi hafi fyrir fram hafnað því að teknar yrðu upp viðræður við talsmenn minni hlutans um þetta mál ... **(Gripið fram í:** Um þinghaldið.) um þinghaldið, til að heyra röksemdir okkar í málinu þannig að menn geti ræðst við. Þessu er hafnað. Hæstv. forseti. Þessi vinnubrögð og þetta ofbeldi hlýtur að hleypa öllu þinghaldinu í uppnám og tefla þinghaldinu fram til jóla í mikla óvissu. Ég lýsi furðu yfir þessum vinnubrögðum og þessari afstöðu.

[14:09]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Áður en lengra er haldið vill forseti upplýsa að eftir svo ítrekaðar og ákafar óskir um hlé til þess að ræða stöðu málsins og eftir að forseti hefur ráðfært sig við talsmenn stjórnarmeirihlutans hér, þá hefur hann ákveðið að gera 15 mínútna hlé. Forseti spyr hvort þeir sem kvöddu sér hljóðs um fundarstjórn forseta geti fallist á að falla frá orðinu áður en hlé er gert.

[14:09]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er vissulega góðra gjalda vert að loks skuli léð máls á að funda um málið. Ég vildi benda hæstv. forseta á að ég held að það sé alveg einsdæmi að óbein skilaboð um viðbrögð formanna þingflokka komi í gegnum hæstv. forseta en þau séu ekki mælt af ræðustóli. Mér finnst a.m.k. lágmark að formenn þingflokka stjórnarflokkanna hafi fyrir því að koma í stólinn til þess að ræða við þingmenn og hæstv. forseta.

[14:10]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst nokkurrar óbilgirni hafa gætt í þessari umræðu stjórnarandstöðunnar um störf forseta. Að sjálfsögðu geta menn alltaf rætt saman. Ég verð að segja að mér finnst ótrúlegt að endilega þurfi að gera hlé á þingfundi þó þingflokksformenn flokkanna ræði saman. Ég get ekki séð sérstaka nauðsyn á því. Það er aðeins eitt mál á dagskrá. Hér hefur verið rætt um málsmeðferð þess alveg frá því klukkan hálftvö og nú er farið fram á að gera hlé á þingfundi til þess að formenn þingflokka geti rætt saman. Ég sé enga ástæðu til þess en ef forseti þingsins telur eðlilegt að gera slíkt hlé, þá er það í hans valdi.

[14:12]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti ítrekar það sem hann hefur þegar sagt. Hann hefur ekki séð ástæðu til að gera sérstakt hlé ef ekki eru neinar óskir um það af hálfu stjórnarmeirihlutans. Hann óskar beinlínis eftir því að málið sé sett þegar á dagskrá. Nú liggur fyrir að hæstv. heilbrrh. hefur stungið upp á að gert verði 15 mínútna hlé til þess að ræða þinghaldið almennt, ekki bara þetta sérstaka mál, og verður það nú gert. Nú verður gert hlé til kl. hálfþrjú.

[Fundarhlé. — 14:12]

Tilhögun þingfundar.

[14:41]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt var gert fundarhlé til þess að gefa formönnum þingflokka tækifæri til að ræða ásamt forseta um þinghaldið, um dagskrána í dag og störf þingsins í dag.

Þessum fundi er lokið. Niðurstaða hans er ósköp einfaldlega sú að það er enn ljósara en áður var að stjórnarflokkarnir leggja áherslu á að það mál sem er á dagskrá verði tekið á dagskrá og rætt í dag og í kvöld. Stjórnarandstaðan hefur mótmælt þessu og vill að málið verði skoðað nánar. Það virðist ekki vera neinn samkomulagsflötur í þessu máli og því er ekki um neitt annað að ræða en að við höldum þingstörfum áfram.

Um fundarstjórn.

Framhald þingstarfa.

[14:42]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hef setið í þessari stofnun um skeið og ég þekki það frá fyrri árum að stjórn og stjórnarflokkar hafa oft áhuga á því að ljúka málum og venjulega eru fyrir því einhver efnisleg rök úti í þjóðfélaginu. Enginn hefur sýnt mér fram á það enn þá hvaða nauðsyn ber til að ljúka þessu máli til þess að tryggja það að þjóðin megi halda gleðileg jól. Ég hef ekki heyrt nokkurn einasta mann í landinu halda því fram að það sé lífsnauðsyn fyrir þjóðina að ljúka þessu máli þannig að hún megi líta glaðan dag um jólin, ekki einn einasta.

Á bak við þessa kröfu sem kemur fram svo óvenju þung af hálfu stjórnarflokkanna er því eitthvað annað. Það eru einhverjar sérstakar og afbrigðilegar ástæður fyrir því að þetta mál er knúið hér fram með óvenjuleg gerræði af fólki sem ber enga virðingu fyrir þingsköpunum og lögum landsins þar með, eins og kemur fram í því hvernig meiri hluti heilbrn. hagaði sér í afgreiðslu málsins. Það var óvenjulegt ofbeldi, það var óvenjulegt gerræði sem þar var sýnt, ekki bara gagnvart minni hlutanum heldur líka gagnvart þjóðinni, þ.e. þeim hluta hennar sem vildi koma á fund nefndarinnar. Sparkað var í andlitið á því fólki og sagt: Við höfum ekkert við ykkur að tala.

Í annan stað er alveg ljóst, herra forseti, að þetta mál er sérstakt vegna þess að á því hefur orðið grundvallarbreyting. Á síðustu stundu hefur hinn ósvífni meiri hluti heilbrn. kosið að smygla inn í málið því ákvæði að erfðafræðiupplýsingar megi keyra með öðrum þáttum þessa makalausa gagnagrunns. Veruleikinn er því sá, herra forseti, að hér er um stórmál á ferðinni sem hefði átt að fá viðbótarumræðu, þrjár umræður fram yfir jól og jafnvel lengur.

Þó að þetta liggi fyrir og meiri hlutinn geti ekki og reyni ekki að verja sig efnislega þá á samt sem áður að knýja málið fram, þó að engin nauðsyn reki hann áfram í þeim efnum, ekki nokkur önnur en sú nauðsyn að sýna minni hlutanum vald sitt, að sýna minni hlutanum og þjóðinni hver ræður hér í þessari stofnun.

Þessu ofbeldi, þessu gerræði, þessu virðingarleysi við þingsköpin mótmæli ég, herra forseti. Það er ljóst að verði

þessari umræðu haldið hér áfram eins og mér sýnist margt benda til eftir kröfu meiri hlutans, þá er ekkert samkomulag um þinghaldið, hvorki um þetta mál né heldur önnur mál. Það verður að vera alveg skýrt, herra forseti.

[14:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Eins og forseti hefur lýst yfir vilja stjórnarflokkarnir þetta mál á dagskrá, að það verði rætt og því verði lokið í dag, hvort sem það verður í dag, kvöld eða nótt. Minni hlutinn hefur sýnt hörð viðbrögð í þessu máli og hér kom fram ósk um að málinu yrði frestað vegna vinnubragða, herra forseti, og önnur mál tekin á dagskrá eða nefndir settar til starfa. En það er afskaplega erfitt, herra forseti, að sjá sterk rök fyrir því að keyra málið í gegn á þann hátt sem hér er fyrirhugað. Og það er einstaklega slysalegt að framkoma meiri hlutans í heilbr.- og trn. skuli hafa verið með þeim hætti sem hér hefur verið lýst.

Meiri hluti heilbr.- og trn. löðrungar formann sinn á sama tíma og verið er að reyna að byggja upp þá hefð að formenn í nefndum geti jafnt komið frá minni hluta og meiri hluta, og þeim sé þá treyst til að stýra nefndum og vinnu í nefndum. Og meiri hlutinn skellir hurðum á fulltrúa vísindasamfélagsins sem óska að koma á fund nefndarinnar. Við höfum lýst því hversu hörð viðbrögð koma frá þessum fulltrúum sem halda því fram að það frv. sem hér á að afgreiða sé allt annað mál en það sem hefur verið til umfjöllunar og var til umfjöllunar þegar þeir sömu fulltrúar komu á fund nefndar.

Auðvitað má um þetta deila en þetta eru viðbrögðin. Og í stað þess, herra forseti, að reynt sé að ná samstöðu um vinnubrögð — ég er ekki að tala um að ná samstöðu í pólitík, það er greinilega fyrir bí — var líka slegið á útrétta hönd þingflokks jafnaðarmanna sem vildi gefa því tækifæri að náð yrði saman um málið í nefnd á milli 2. og 3. umr., það var slegið á þá útréttu hönd. Þess vegna er ekki lengur um að ræða að ná samstöðu um pólitík, við erum að tala um að ná samstöðu um vinnubrögð þegar komið er fram í síðustu viku fyrir jól og hér á að eyða öllum þessum tíma í mál sem engin rök eru fyrir að keyra í gegnum þingið á þann hátt sem hér á að gera.

Auðvitað ræður forseti og auðvitað ræður meiri hlutinn. En við höfum verið hér með ákall um samvinnu. Við þingflokksformenn höfum haldið fund með forseta en málaleitan okkar er hafnað. Við munum að sjálfsgöðu eiga fund með forseta síðar í dag, en ég ætla að lýsa því yfir að við vitum ekkert um þinghaldið annað en að gagnagrunnur er eina málið á dagskrá í dag. Við vitum ekki hvað á að vera á morgun og ekki hinn, og ekki er gerð tilraun til samvinnu við okkur frekar en gerð var tilraun til þess í heilbr.- og trn. Og mér finnst þetta sorglegt, herra forseti.

[14:48]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er ákaflega erfitt að sætta sig við þau vinnubrögð sem hér eru látin yfir okkur ganga og sem ég tel öldungis fáheyrð, og að virðingu Alþingis sé misboðið með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru af hálfu meiri hlutans á Alþingi. Og nú, eftir þetta hlé sem gert var, þá liggur fyrir að ekkert liggur fyrir um vinnulag og þinghald það sem eftir lifir þessarar viku, annað en að það er meiri hlutinn sem öllu ræður. Það er ekkert samkomulag um þinghaldið næstu daga og á því ber meiri hlutinn alla ábyrgð.

[14:49]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að gera hlé á þingfundi til þess að fulltrúar þingflokkanna gætu rætt þá stöðu sem nú er uppi. Hins vegar gagnrýni ég meiri hluta ríkisstjórnarinnar á Alþingi fyrir fautaleg vinnubrögð, fyrir óvönduð vinnubrögð og fyrir mjög illskiljanleg vinnubrögð. Því er hafnað að hlusta á rök ýmissa þeirra aðila í þjóðfélaginu sem hefur verið falið að gæta almannahagsmuna.

Og ég verð að segja að menn sem óttast rök, sem óttast upplýsingar geta ekki haft góðan málstað. Það er ekki að undra að almennt sé farið að líta á þá ríkisstjórn sem nú situr sem strengjabrúðu fyrirtækisins deCODE Genetics, Inc., sem á hér fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

Kvótamálið hefur ekki forgang hjá ríkisstjórninni. Fjárlögin hafa ekki forgang hjá ríkisstjórninni. Hagsmunir þessa fyrirtækis hafa fullan forgang og á þeirri forsendu leyfa menn sér að fótumtroða lýðræðið á Alþingi og utan dyra. Það er hörmulegt til þess að vita.

[14:51]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Nú er liðið á aðra klukkustund síðan umræðan um það eina mál sem hér er á dagskrá átti að hefjast, og ég held að það sé mál til komið að við hefjum umræðuna. Því hefur aldrei verið hafnað af hálfu stjórnarmeirihlutans að ræða þingstörfin en það þarf hins vegar ekki að gera hlé á þingfundi til þess, það er alveg ljóst. Í mínum huga er það því skýrt að stjórnarandstaðan er einfaldlega að reyna að koma í veg fyrir að mál sem hér er á dagskrá sé tekið til umræðu.

[14:51]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi skýrt fram og til að leiðrétta þann misskilning sem mátti hafa eftir þær umræður sem urðu hér á undan fundi með forseta að stjórnarmeirihlutinn er ekki andvígur því þingstörfin og framhald þinghaldsins sé rætt. Það er hins vegar afar mikilvægt að menn átti sig á því að oddvitar stjórnarþingflokkanna eru ekki tilbúnir til þess að beita sér fyrir breyttri málsmeðferð hjá heilbr.- og trn., enda hafa nefndarmenn úr þeirri nefnd fært skýr rök fyrir þeirri niðurstöðu sem þar er fengin.

Ég fyrir hönd okkar framsóknarmanna, þingflokks framsóknarmanna, er tilbúinn til að ræða þinghaldið fram undan en ég geri mér grein fyrir að vegna þeirrar stöðu sem nú er er lítil von til þess að samkomulag verði að þessu sinni. En í hvert skipti sem undir það má hilla lýsi ég mig reiðubúinn til þess.

[14:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er ekki miklu við þessa umræðu að bæta en ég vil að það sé alveg skýrt að það á ekki að vera þannig að minni hlutinn þurfi að sækja á um það að ræða þingstörfin og meiri hlutinn að svara því að hann sé viljugur til að tala við minni hlutann.

Það á þvert á móti að vera þannig, af því að þessar vikur fyrir jól erum við bara að afgreiða stjórnarfrv., að meiri hlutinn óski eftir góðu samstarfi við minni hlutann. Þannig er það, hæstv. forseti, en það mætti skilja málið öðruvísi miðað við hvernig hefur verið talað hér.

Engum hefur dottið í hug að halda því fram að meiri hlutinn vilji ekki tala við minni hlutann. Við erum að gagnrýna það að eftir slíka umræðu sem hefur farið fram í dag og

sem fram fór á föstudaginn, þá áttum við samtöl við meiri hlutann og forseta. Það hefur aftur gerst í dag, það á ekki að vera þannig. Það á að sjálfsögðu að vera þannig að við séum að ræða hvern dag um framvindu mála. Við vitum ekkert til hvers er ætlast af okkur í þessari viku. Við vitum það ekki. Okkur hefur ekki komið það við, það er sagt að við séum að tefja málið. Við vitum bara að það á að setja þennan gagnagrunn í forgang, öllum öðrum málum hefur verið vikið til hliðar fyrir gagnagrunnsfrv. Það er það eina sem við vitum.

Þetta er vond vitneskja, herra forseti. Ég vil bara að halda því til streitu að það er stjórnarmeirihlutans að kalla eftir góðu samstarfi við okkur. En hver sem fylgst hefur með vinnunni hér í dag veit að það hefur ekki verið gert.

[14:54]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Í framhaldi af því sem forseti sagði hér í upphafi var ætlunin á þessum fundi, sem boðaður var nú fyrir skemmstu, að tækifæri gæfist til að ræða um þinghaldið almennt. Og má segja að til þess var fundurinn boðaður að ræða um þinghaldið almennt og sérstaklega um dagskrána í dag.

Það gafst ekki neitt tóm til að ræða um þinghaldið almennt á þessum stutta fundi sem haldinn var áðan, en örugglega er fullur vilji til þess af hálfu allra aðila að fundur um þinghaldið og þingstörfin fram undan verði haldinn síðar í dag og verður sá fundur boðaður fljótlega. Á þessari stundu get ég ekki alveg sagt hvenær hann verður en ég vænti þess að þá gefist stjórn og stjórnarandstöðu tækifæri til að fjalla um þingstörfin fram undan.

Hvað varðar dagskrána í dag þá er, eins og hér hefur komið fram, enginn samkomulagsflötur á því máli. Stjórnarandstaðan hefur borið fram ákveðnar óskir en stjórnarmeirihlutinn hefur borið fram aðrar óskir og þá, eins og endranær, hlýtur auðvitað meiri hlutinn að ráða og því verður þetta mál tekið hér á dagskrá.

[14:56]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til að staðfesta það sem forseti sagði, sem liggur alveg fyrir að meiri hlutinn ræður og hann vill ráða og hann vill sýna vald sitt gagnvart okkur og ég óska honum til hamingju með það. Ég þakka einnig fyrir hið drengilega tilboð sem formenn þingflokka eða talsmenn þingflokka stjórnarflokkanna lögðu fram áðan um að talað væri við okkur um það hvernig ætti að pakka okkur saman hér á síðustu dögunum. Það var einkar mikil reisn yfir því af þeirra hálfu og greiðir vafalaust fyrir því hvernig þingstörfum verður lokið. En ég segi alveg eins og er að ég hef oft upplifað snjallari meðferð á lokum þingsins en mér finnst ég hafa kynnst núna síðustu klukkutímana.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 3. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 461, frhnál. 480 og 490, brtt. 481.

[14:58]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir framhaldsnál. um frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði á þskj. 480 og brtt. á þskj. 481.

„Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur, skrifstofustjóra frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Davíð Þór Björgvinsson, prófessor frá Lagastofnun Háskóla Íslands, Sigrúnu Jóhannsdóttur, Hauk Oddsson, Jón Ólafsson og Valtý Sigurðsson frá tölvunefnd og Hákon Guðbjartsson frá Íslenskri erfðagreiningu ehf.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 6. gr. verði kveðið nánar á um hlutverk nefndar um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði við samningsgerð rekstrarleyfishafa við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn. Við samningsgerðina er nefndinni ætlað að gæta hagsmuna heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og vísindamanna. Þá er kveðið á um að hluti af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir afnot af heilsufarsupplýsingum verði í formi aðgangs heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna þeirra að upplýsingum úr gagnagrunninum vegna vísindarannsókna."

Vert er að taka fram að 1. minni hluta heilbr.- og trn., þ.e. formaður hennar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir mæltu með tveimur leiðum til að bæta aðgengi íslenskra vísindamanna. Við í meiri hlutanum höfum nú fallist á aðra af þeim tveimur leiðum sem framangreindir hv. þingmenn bentu á. Meiri hluti heilbr.- og trn. er þannig sammála 1. minni hluta um að aðgengi vísindamanna sem starfa hjá heilbrigðisstofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sé betur fyrir komið með tilliti til EES-ákvæða með þessum hætti.

Tekið skal fram að hér er ekki um þrengingu að ræða. Ljóst er að rekstrarnefndin eða starfrækslunefndin, sem getið er um í 6. gr., skal gæta hagsmuna vísindamanna við samninga um að aðgengi þeirra að upplýsingum úr gagnagrunninum vegna vísindarannsókna. Þar kemur og skýrt fram að samið skuli um slíkt aðgengi.

Virðulegur forseti. Í tilefni af bréfi sem við þingmenn fengum frá Rannsóknarráði Íslands í hólf okkar áðan vil ég taka fram að þar kemur fram sá reginmisskilningur að með þessu séum við „að takmarka frekari aðgengi vísindamanna að grunninum," svo ég vitni beint í bréfið. Það erum við alls ekki að gera. Með þessari breytingu erum við einmitt að tryggja að aðgengi vísindamanna okkar standist EES-reglurnar betur. Samið verður um aðgengi þeirra á sérkjörum sem hluta af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir að fá upplýsingnar úr sjúkraskrám.

Ég vil einnig taka fram að aðalverkefni starfrækslunefndarinnar verður að tryggja eins víðtækan aðgang vísindamanna að gagnagrunninum og mögulegt er. Lögð verður áhersla á að sá aðgangur verði sem opnastur og ekki lakari en gert var ráð fyrir í upphaflegu frv.

Virðulegur forseti. Af þessu tilefni vil ég einnig leyfa mér að lesa upp úr nál. 1. minna hluta, þ.e. hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, þar sem fjallað er um aðgang vísindamanna okkar:

„Innan nefndarinnar [þ.e. heilbr.- og trn.] var raunar einhugur um að reyna að haga frumvarpinu svo að vísindamönnum væri tryggður eins mikill aðgangur að grunninum

og frekast væri unnt. Sama viðhorf virtist ríkja hjá væntanlegum rekstrarleyfishafa."

Síðar kemur, með leyfi forseta:

„Allmargar leiðir voru skoðaðar til að reyna að finna aðferð sem tryggði aðgang íslenskra vísindamanna á kostnaðarverði. Ekkert einstakt atriði fékk eins mikla umfjöllun í vinnu nefndarinnar við frumvarpið. Innan nefndarinnar skildu þó leiðir að lokum."

Í nál. 1. minni hluta segir jafnframt:

„Fyrsti minni hluti leggur ekki fram að svo stöddu breytingartillögu um að tryggja öllum vísindamönnum aðgang að rannsóknum í gagnagrunninum, en síðar í nefndarálitinu eru tvær leiðir reifaðar. 1. minni hluti telur báðar leiðirnar koma til greina en sökum mikilvægis málsins telur hann rétt að freista samkomulags um málið og hefur því afráðið að fresta um sinn að leggja fram formlega breytingartillögu um aðra hvora leiðina."

Nú höfum við í meiri hluta heilbr.- og trn. tekið undir sjónarmið minni hlutans með brtt. okkar. Þar segir, með leyfi forseta:

„2. Í tengslum við breytingu á 6. gr. er lagt til að felld verði brott ákvæði í 9. gr. um sérstaka nefnd um aðgang vísindamanna að upplýsingum úr gagnagrunninum. Vegna gagnrýni á ákvæði 9. gr. um aðgang vísindamanna telur meiri hlutinn rétt að fella þau niður en leggja í stað þess til viðbót við 6. gr. sem kveður á um að rekstrarleyfishafi skuli semja við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um aðgang starfsmanna þeirra að upplýsingum úr gagnagrunninum vegna vísindarannsókna. Lagt er til að heiti greinarinnar verði breytt í samræmi þessar efnisbreytingar.

3. Með breytingum á 10. gr. eru tekin af öll tvímæli um að í gagnagrunni á heilbrigðissviði eru eingöngu heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám, sbr. 6. tölul. 3. gr. frv. Ættfræðiupplýsingar og erfðafræðilegar upplýsingar, aðrar en skráðar eru í sjúkraskrár, verður að geyma í aðskildum gagnagrunnum. Um samtengingu upplýsinga úr þessum þremur gagnagrunnum fer samkvæmt verklagi og vinnuferli sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar og skal hún meta það áður en vinnsla hefst. Tölvunefnd ber að tryggja að verklag og vinnuferli, m.a. tæknilegar aðgangstakmarkanir, séu þannig að persónuverndar sé gætt þegar gagnagrunnarnir eru tengdir saman tímabundið. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir virku eftirliti tölvunefndar með starfrækslu gagnagrunnsins, sbr. 1. mgr. 12. gr."

Þetta þýðir að ekki er hægt — og ég ítreka það — að samkeyra erfðafræðilegar upplýsingar án samþykkis tölvunefndar. Tölvunefnd skal fyrir fram setja skilyrði sem rekstrarleyfishafi þarf að uppfylla áður en tölvunefnd gefur heimild til samkeyrslu hluta þessara grunna.

Þessar breytingar, virðulegur forseti, eru ekki veigamiklar að mati meiri hlutans. Í samandregnu máli fela þær það í sér að við föllumst á hugmyndir hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur varðandi aðgengi íslenskra vísindamanna. Við tökum fram að við samtengingu erfðafræðilegra upplýsinga skuli farið eftir sérstöku verklagi og vinnulagi sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar. Tölvunefnd hefur þannig í hendi sér að neita samkeyrslu ef þeim finnst hún ekki tryggja persónuvernd. Nefndin getur sett frekari skilyrði fyrir samkeyrslu sem rekstrarleyfishafa ber að uppfylla.

Virðulegur forseti. Þar sem ég er að sjá hér frhnál. minni hlutans í fyrsta sinn — því var dreift núna hér á fundinum — þá langar mig að renna aðeins yfir ýmsar rangfærslur í því. Í upphafi er t.d. fyrirsögnin Valdníðsla meiri hlutans.

Ég vil mótmæla þessu. Þetta eru fáheyrð vinnubrögð (**Gripið fram í:** Það á eftir að mæla fyrir þessu.) þskj. liggur fyrir og ég hef ráðfært mig við þá sem vel til þekkja hér í þinginu. Mér hefur skilist að eðlilegt sé að ég geti svarað þskj. sem fyrir liggur í umræðum. Þannig að ég vil spyrja hæstv. forseta hvort óeðlilegt sé að ég ræði um það þskj. sem hér liggur fyrir.

(**Forseti** (GÁS)**:** Nú er ekkert fyrir skrifað um það beinlínis í þingsköpum eða mælt gegn því. Venjan er nú engu að síður sú að mælt sé fyrir nál. áður en þau koma til almennrar umfjöllunar.)

Virðulegur forseti. Ég ráðfærði mig hér áðan við fólk sem vel þekkir til varðandi þingstörf. Mér var sagt að eðlilegt væri, enda lægi þingskjalið fyrir hér á borðum hv. þingmanna, að ég gæti rætt hér um þetta framhaldsnefndarálit. Sé það hins vegar rétt sem hæstv. forseti segir, að þetta sé óvenjulegt, þá tel ég eðlilegra að gera það í sérstakri ræðu, að fara yfir nefndarálit minni hlutans og lýk því máli mínu hér að því leyti.

Ég vil að lokum ítreka, hæstv. forseti, að meiri hlutinn leggur til að frv. um gagnagrunnsfrumvarp verði samþykkt með þeim tveimur breytingum sem ég hef lagt hér til. Þær eru ekki veigamiklar. Önnur þeirra er tæknilegs eðlis og hin er til þess að veita vísindamönnum okkar betri aðgang, aðgang sem frekar stenst EES-samninginn. Vegna þeirra umræðna sem hafa orðið um þetta mál í fjölmiðlum, sérstaklega af hendi hluta stjórnarandstöðunnar, vil ég að lokum vísa því algjörlega á bug að hér sé óeðlilega staðið að málum.

[15:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að við í 1. minni hluta, jafnaðarmenn í heilbr.- og trn., lögðum til tvær leiðir til að auðvelda aðgengi vísindamanna að gagnagrunninum. Í framsögu varaformanns nefndarinnar fyrir nál. við 2. umr. kom skýrt fram að þessar leiðir þyrfti að skoða. Við vorum ekki viss um valkostina en töldum þörf á að skoða þessa möguleika þar sem við töldum að frv. eins og það var margbryti EES-samninginn. Við lögðum áherslu á að það væri skoðað. Það var ekki heimilað. Við óskuðum eftir því að Samkeppnisstofnun kæmi að þessu máli, því að það var nauðsynlegt.

Við nefndum tvær leiðir, meiri hlutinn valdi þá leiðina sem við lýstum að við hefðum meiri efasemdir um. Það getur vel verið að önnur hvor aðferðin hafi verið nothæf en þá hefði a.m.k. átt að fjalla um það í nefndinni. Við bentum á að skoða þyrfti tvær leiðir. Það var ekki tekið til greina í umfjöllun nefndarinnar milli 2. og 3. umr.

[15:10]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Mig langar að nýta þetta tækifæri hér og segja að rætt hefur verið við æðsta embættismann þingsins sem segir að ekkert sé því til fyrirstöðu að vitna í þskj. sem liggur fyrir. En mig langar að svara hér andsvari ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill spyrjast fyrir um það, hver er sá æðsti embættismaður þingsins annar en forseti?)

(**ÁRJ:** Situr ekki forseti í forsetastóli?) Æðsti embættismaður þingsins, ég tel að það sé Helgi Bernódusson, virðulegur forseti.

(**Forseti** (GÁS)**:** Það er algjör misskilningur hjá hv. þm., það er sá sem hér stendur.)

Ef hæstv. forseti misskildi orð mín þannig að viðkomandi réði yfir forseta þingsins þá var það nú ekki meiningin. Ég biðst afsökunar á því ef það misskildist þannig. Ég kom aðallega hingað upp til þess að svara andsvari. Það er alrangt sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir segir hér, að þetta hafi ekki verið skoðað á milli 2. og 3. umræðu. Við fengum til okkar Davíð Þór Björgvinsson frá Lagastofnun til þess að fara yfir þetta mál með okkur. Lagastofnun benti á að æskilegt væri að taka ákvæði um aðgengisnefndina úr frv. Því hafa hv. þm. frá þingflokki jafnaðarmanna haldið hér á lofti í umræðunum. Við sögðum einmitt þetta í umræðum um þetta mál síðast að við vildum kanna þá leið sem hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sjálf lögðu til, aðra þeirra leiða sem þau lögðu til. Þetta skoðuðum við. Við fengum á fund nefndarinnar fulltrúa frá Lagastofnun, Davíð Þór Björgvinsson, sem sagði okkur í heilbrn. að þessi breyting væri til bóta og væri þannig líklegri til að standast EES-samkomulagið.

Það er því alrangt þegar sagt er að við höfum ekki skoðað þetta í heilbrn.

[15:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt, þetta var ein af leiðunum sem við bentum á. Hins vegar hefði virkilega þurft að fá t.d. fulltrúa Samkeppnisstofnunar til að skoða þetta.

Aftur á móti var grundvallarbreytingin á frv. auðvitað sú að rekstrarleyfishafa væri heimilt að samkeyra erfðafræðiupplýsingar og ættfræðiupplýsingar án þess að tölvunefnd komi að málinu í hvert sinn, eins og reglan er við slíkar samkeyrslur. Það er grundvallarbreytingin sem gerir það að verkum að hér erum við að fjalla um allt aðrar grundvallarforsendur í frv. en voru til umræðu í allri meðferð nefndarinnar í allt haust. Hér er allt annað mál til afgreiðslu en það sem við höfðum til umfjöllunar í nefndinni. Það er auðvitað ámælisvert.

Þar fyrir utan er þetta náttúrlega valdníðsla, eins og við höfum sagt, að fá ekki að kalla til þá aðila sem við töldum nauðsynlegt við breytingarnar á frv.

[15:14]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir viðurkennir það hér að þetta hafi verið ein af þeim leiðum sem 1. minni hluti benti á, að fella út aðgengisnefndina. Mér hefur heyrst að 1. minni hluti sé á hraðri leið frá þessu frv., sé að hlaupast frá því. Hins vegar er ekki rétt að hér sé um grundvallarbreytingu að ræða varðandi samkeyrslu á erfðafræðiupplýsingum. Þetta er tæknileg útfærsla og tölvunefnd á að setja skilyrði varðandi samkeyrslu þessara upplýsinga. Tölvunefnd hefur allar heimildir til að setja þau skilyrði sem hún vill til þess að tryggja persónuverndina.

Í fskj. Stika með frv. kemur kom aftur á móti fram að í miðlægum gagnagrunni séu heilsufarsgrunnurinn, ættfræðigrunnurinn og erfðafræðigrunnurinn. Við tökum hins vegar af öll tvímæli um það að í þessum gagnagrunni, miðlæga gagnagrunninum, séu einungis heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám. Setja á sérstakar reglur um samkeyrslu við ættfræðigrunn og erfðafræðigrunn. Þegar við tókum málið út úr heilbr.- og trn., varðandi ættfræðiupplýsingarnar, þá mótmælti minni hlutinn ekki.

[15:15]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vont var málið en er orðið enn verra vegna þess að sá eini aðili sem hingað til hefur stutt málið í vísindaumhverfinu, Rannsóknarráð Íslands, hefur gefið út tilkynningu um þetta efni og ég vil, með leyfi forseta, vitna í það bréf en þar segir svo:

„Meiri hluti heilbrigðisnefndar Alþingis brást við þessum athugasemdum" — þ.e. í sambandi við aðgengið — „með því að takmarka enn frekar aðgengi vísindamanna að grunninum. Með þessu telur ráðið að forsendur álits Rannsóknarráðs séu breyttar."

Síðar í bréfinu segir: „Ef ekki reynist unnt að tryggja íslenskum vísindamönnum og stofnunum öruggan aðgang að hinum miðlæga gagnagrunni ..." — og þá halda þeir áfram og segja svo, með leyfi forseta: „Ráðið mælir gegn samþykkt frumvarpsins og veitingu fyrirhugaðs sérleyfis."

Hæstv. meiri hluti heilbr.- og trn. tekur núna fyrri ákvæði í 9. gr. og fellir inn í 6. gr. um að nefndin sem þar er sem á að hafa umsjón með samningum skuli m.a. fjalla um þennan þátt málsins. Rannsóknarráð telur að verið sé að þrengja enn frekar aðkomu vísindamanna að grunninum. Ég er sammála því og það er fyrir neðan allar hellur að gera aðkomu vísindamanna verri en hún var fyrir og við eigum að taka mark á Rannsóknarráði.

[15:16]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að hv. þm. Ágúst Einarsson er ósammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur vegna þess að þetta er leið sem þessir hv. þm. bentu á að ætti að fara og lögðu til. (**ÁRJ:** Skoða.) Skoða og fara. Lesið nál. ykkar, hv. þingmenn, síðan við síðustu umræðu. Hins vegar er þetta rangt hjá Rannsóknarráði. Það er rangt að segja að við séum með þessu að takmarka enn frekar aðgengi vísindamanna að grunninum. Það er alrangt. Breyting okkar er einmitt til þess fallin að tryggja enn betur aðgang okkar vísindamanna að grunninum, tryggja að hann standist EES-samninginn betur, þannig að þetta verður hluti af endurgreiðslu rekstrarleyfishafa fyrir að komast í upplýsingarnar, að fá að færa upplýsingar úr sjúkraskrám inn í miðlægan gagnagrunn þannig að þetta er misskilningur, því miður, hjá Rannsóknarráði. Ég vil reyndar benda á að öll heilbrn. vill tryggja aðgang vísindamanna okkar að grunninum og við erum núna búin að sameinast um leið í því sambandi sem mér heyrist reyndar að minni hlutinn sé að hlaupa frá.

[15:18]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef mikið álit á hv. þm. Siv Friðleifsdóttur en ég get sagt herra forseta það og þingheimi að ég hef meira álit á Rannsóknarráði Íslands til að leggja mat á aðgengi vísindamanna út frá þessu frv. Ég treysti Rannsóknarráði Íslands betur til að leggja á þetta mat en hv. þm. og ekki þarf að hafa mörg orð um það hvað stendur í brtt. Það er farið með þetta inn í nefndina, ekkert er sagt um hvað er ef samningar nást ekki. Það er alveg augljóst þegar þessi texti er lesinn að það er enn erfiðara fyrir vísindamenn að

komast að þessum gagnagrunni. Ég vil benda hv. þm. á að minni hluti heilbr.- og trn. stakk upp á tveimur leiðum en lagði ekki fram tillögu vegna þess að minni hlutinn lagði fram sáttaboð í þessum efnum og vildi vinna að þessu máli ásamt meiri hlutanum og vísindasamfélaginu að finna bestu lausnina. Ekki var gefinn kostur á því, herra forseti. Ekki var gefinn kostur á að útfæra leiðina sem er aðalatriðið að aðgengi vísindamanna yrði auðveldað og nú er Rannsóknarráð Íslands búið að segja upp stuðningi við málið. Þetta er grafalvarlegt, og það að segja að Rannsóknarráð misskilji málið er fyrir neðan allar hellur, herra forseti.

[15:19]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Ágúst Einarsson, hvaða mat hefur hv. þm. á hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Ástu R. Jóhannesdóttur sem leggja einmitt til þá leið sem við erum að fara hér. Þetta er samdóma álit okkar í heilbrn. þar sem við föllumst á þá hugmynd sem kom fram hjá minni hlutanum að betra væri að aðgengi okkar vísindamanna færi fram með þessum hætti en ekki gegnum aðgangsnefnd heldur skyldi samið sérstaklega um aðgengi okkar vísindamanna við heilbrigðisstofnanir og við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn sem hluta af endurgjaldi. Það kemur skýrt fram í brtt. að starfrækslunefndin svokallaða á að gæta hagsmuna vísindamanna í þessum samningum og það skal semja. Virðulegur forseti. Ekki er hægt að gera þetta betur en þetta. Við höfum fallist á tillögu, aðra af tveimur tillögum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og Ástu R. Jóhannesdóttur, sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir var einmitt að viðurkenna áðan, sem betur fer, að þau hafi lagt til. (**ÁRJ:** Að yrðu skoðaðar.)

[15:20]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að mínum dómi er sú brtt. sem liggur fyrir varðandi 10. gr. algert grundvallaratriði í þessu máli. Mér fannst að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir segði að þegar þessir þrír gagnagrunnar væru keyrðir saman þyrfti leyfi tölvunefndar. Eftir því sem ég best fæ séð gildir það einungis þegar tryggja þarf persónuvernd því það getur verið til skoðunar að keyra þessa grunna saman til að ná út einhverjum öðrum upplýsingum eða niðurstöðum. Eins og ég skil þetta á að setja ákveðið verklag og vinnuferli til að tryggja persónuvernd en þegar á að samtengja gagnagrunninn á heilbrigðissviði við aðra gagnagrunna fer samkvæmt ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Grundvallarspurning mín er þessi: Þarf leyfi tölvunefndar í hvert sinn til að keyra saman þessa gagnagrunna? Ég sé ekkert í þessu sem tryggir það nema þegar er spurning um persónuvernd og hér í brtt. við 18. gr. er talað um aðgangstakmarkanir. Hvað felst í því?

[15:22]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef á að samkeyra t.d. erfðafræðiupplýsingar við heilsufarsgrunninn, leggjum við til að það verði gert með sérstöku vinnulagi og vinnuferli sem þarf að uppfylla skilyrði tölvunefndar. (**Gripið fram í:** Til að tryggja persónuverndina?) Til að tryggja persónuverndina þannig að ekki sé hægt að samkeyra hluta af erfðafræðigrunninum við hluta af heilsufarsgrunninum svo persónurnar verði greindar. Það er gert með sérstökum aðgangstakmörkunum og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvað það þýddi. Það þýðir t.d. aðgangstakmarkanir eins og þær sem hafa talsvert verið ræddar í umræðunum um að ekki megi fá upplýsingar um minni hóp en 10 einstaklinga í einu hið minnsta svo ekki sé hægt að þrengja úrtakið og hægt að finna einstaklinga og ekki megi vera með raðspurningar og annað slíkt.

[15:23]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Með fullri virðingu fyrir persónuvernd og þeim miklu umræðum sem um það hafa orðið snýst þetta mál um miklu meira. Við getum verið að keyra saman upplýsingar um ákveðna sjúkdóma sem einkenna heilu ættirnar án þess að nokkuð sé um það að ræða að geta greint einstaklinga. Kveðið er á um forspár í þessu frv. og það getur snúist um hvort rétt sé að keyra út upplýsingar sem varða forspár um t.d., svo ég vitni nú í einn lækni sem ég hef talað við, um Alzheimer eða aðra slíka sjúkdóma. Þarf leyfi tölvunefndar í hvert sinn eða ekki? Ég get ekki séð að þær brtt. sem eru til umræðu eða reglugerð um aðgangstakmarkanir tryggi þetta sem mér finnst vera grundvallaratriði.

[15:24]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skildi hv. þm. þannig að hægt væri að fá upplýsingar í gegnum samkeyrslu sem lyti að einhverju öðru en persónuvernd og það væri þá hugsanlega einhvers konar vísindasiðalegt mat sem þyrfti. Ég vil einmitt benda sérstaklega á í þessum umræðum að það er ein af þeim meginbreytingum sem við gerðum á frv. milli 1. og 2. umr. Það voru tvær meginbreytingar. Í fyrsta lagi tókum við inn að heimilt væri fyrir ráðherra að semja um frekara gjald af hendi rekstrarleyfishafa til heilbrigðisþjónustunnar og svo í öðru lagi að inn væri tekin vísindasiðanefnd. Að allar rannsóknir, allar fyrirspurnir bæði frá væntanlegum starfsleyfishafa og frá þeim vísindamönnum sem eru utanaðkomandi fari í gegnum vísindasiðalegt mat áður en fyrirspurn er leyfð þannig að það er búið að tryggja það með breytingum á frv.

[15:25]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við í þingflokki óháðra lögðum til við 2. umr. málsins að því yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá þannig að við erum í grundvallaratriðum andvíg þeim miðlæga gagnagrunni sem hér er til umræðu en við hljótum hins vegar að líta á þær breytingar sem enn er verið að gera á þessu máli því kannski er ekki öll nótt úti enn, við erum í 3. umr. málsins. Ég vil spyrja hv. framsögumann meiri hlutans að því er snýr að aðgengi vísindamanna að gagnagrunninum sem Rannsóknarráð telur að sé nú verr fyrir komið. Telur hv. þm. að þessu sé betur fyrir komið núna? Telur hv. þm. að það standist, virðulegur forseti, að fella samninga við einstaka vísindamenn að samningum við heilbrigðisstofnanir og ætla einstökum vísindamönnum að fá aðgang á sérkjörum?

[15:26]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér var spurt um hvort aðgengi vísindamanna að gagnagrunninum væri betur fyrir komið nú að mínu mati. Já, því er betur fyrir komið, m.a. að því

leyti að hér er verið að fara eftir ábendingum Lagastofnunar sem benti okkur á að fella út aðgengisnefndina þannig að ég tel að þessu sé betur fyrir komið þannig að þetta standist frekar EES-ákvæðin. Ef við hefðum ekki tekið inn þessa breytingu milli 2. og 3. umr. er hugsanlegt að við hefðum fengið á okkur kæru vegna aðgangsnefndarinnar og hún hefði þurft að falla út síðar þannig að þá væri engin aðgangsnefnd en núna setjum við málin í samningaferli og það er alveg ljóst að starfrækslunefndin á að gæta hagsmuna heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna þeirra gagnvart aðkomu vísindamanna að upplýsingum úr miðlægum gagnagrunni í sambandi við vísindarannsóknir. Ég tel því að mikill misskilningur sé hjá Rannsóknarráði Íslands að tala um einhverja þrengingu.

[15:28]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að framsögumaður meiri hlutans hafi rökstutt það mjög vel og skýrt að um er að ræða mismunun gagnvart vísindamönnum. Verið er að lögbjóða mismunun gagnvart vísindamönnum og það er mjög eðlilegt að Rannsóknarráð Íslands geri athugasemdir við það. Í öðru lagi spyr ég hv. þm. um þá gagnagrunna sem vísað er til með breytingum á 10. gr., gagnagrunna með erfðafræðilegum upplýsingum. Hvaða gagnagrunnar eru það sem hv. þm. hefur í huga að verði samkeyrðir? Hvaða gagnagrunnar með erfðafræðilegum upplýsingum og ættfræðilegum upplýsingum eru það og hvar er lagastoð fyrir þeim grunnum?

[15:29]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að ekki sé um neina mismunun að ræða gagnvart vísindamönnum. Margoft hefur komið fram í umræðunni að við getum náð yfir vísindamenn okkar með þessum hætti þar sem þeir starfa langflestir hjá þeim stofnunum sem hafa verið taldar upp eða eru í samstarfi við þá um vísindarannsóknir.

Varðandi hvaða erfðafræðigrunna er um að ræða hefur líka komið fram að hugsanlegur starfsleyfishafi — nú er ekki búið að úthluta þessu starfsleyfi (**Gripið fram í:** Nú?) en hugsanlegur starfsleyfishafi eða eins og stendur í áliti minni hlutans væntanlegur starfsleyfishafi, ég segi hér hugsanlegur starfsleyfishafi, hefur erfðafræðigrunn frá 7.000 Íslendingum og það hefur oft komið fram í umræðunni. Hafi væntanlegur starfsleyfishafi yfir að ráða erfðafræðigrunni og og ættfræðigrunni tel ég því eðlilegt að samkeyra upplýsingar úr þessum grunnum með þeim hætti að tölvunefnd setji skilyrðin þannig að persónuverndar sé gætt.

[15:30]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Það er uppi landlægur og alþjóðlegur misskilningur gagnvart þessu máli ef marka má orð og eilíf svör stjórnarmeirihlutans við gagnrýni sem fram hefur komið á þetta mál og reyndar önnur stór mál sem eru ofarlega í umræðunni í samfélaginu í dag. Svörin eru ætíð hin sömu, ríkisstjórnin er misskilin. Reyndar hefur misskilningurinn orðið svo mikill í því máli sem við erum með til umræðu að það er farið að horfa til vandræða. Nú síðast bættist Rannsóknarráð Íslands í þann hóp, allra þeirra fjölmörgu innan lands og utan sem misskilja þetta þjóðþrifamál ríkisstjórnarinnar.

Hér hefur verið gefið út yfirlit af hálfu Mannverndar, yfirlit yfir afstöðu álitsgjafa heilbrn. Alþingis. Rauðu fletirnir eru þeir sem eru andvígir málinu af umsagnaraðilum til nefndarinnar, grænu eru þeir sem eru samþykkir eða jákvæðir og gráu eru þeir sem er ekki ljóst hvort eru með eða á móti málinu. Allir þeir sem eru ekki á annað borð litblindir hljóta að sjá að þeir sem eru andvígir eru í miklum meiri hluta en við vitum að allir þessir aðilar misskilja málið.

Rannís misskilur málið eins og allir hinir ef marka má orð frsm. meiri hlutans áðan. Ég verð að segja, herra forseti, að það er hreint með ólíkindum að talsmenn meiri hlutans skuli leyfa sér að svara allri gagnrýni á þennan sama hátt. Það er farið að verða svolítið pínlegt, svo ekki sé meira sagt. Það lýsir að mínu mati þvílíkri blindu stjórnarmeirihlutans á þetta mál að ég bara trúi því ekki að fólk geti verið svona blint eins og virðist vera með þetta mál. Það er eins og á engan sé hlustað í gagnrýni á málið, það á að keyra það í gegn með ofbeldi og það á að troða því ofan í tölvunefnd, gera þá ábyrga fyrir málinu með ofbeldi líka þótt þeir hafi margoft lýst því yfir að þeir treysti sér varla til þess, en að sjálfsögðu munu þeir sinna þeirri skyldu sinni eftir bestu getu ef þeir verða til þess neyddir með lögum.

En ég mæli fyrir framhaldsnál. minni hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Ég vil kannski byrja í upphafi þótt ég hafi ekki verið með á áliti 1. minni hluta við 2. umr. þá get ég ekki annað en reynt að verja að hluta til þá þingmenn og sérstaklega formann nefndarinnar Össur Skarphéðinsson sem er ekki staddur hér og mér þykja reyndar mjög ómaklegar árásir hv. frsm. meiri hlutans á hann þar sem hann er fjarstaddur en þar er þingmönnum jafnaðarmanna núið því um nasir að þeir hafi stutt og lagt til ákveðnar tillögur. Ég ítreka að þessir þingmenn lögðu til í sínu áliti tvær leiðir sem til greina kæmu til að koma til móts við gagnrýnina sem kom fram á það að aðgengisnefndin stæðist ekki samkeppnisreglur EES. Það er rétt. Síðan var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að málið fengi málefnalega umræðu milli 2. og 3. umr. sem það fékk ekki á þeim örfáu klukkutímum sem til umráða voru náðarsamlegast af hálfu meiri hlutans, og m.a. voru þessar tvær leiðir sem voru ræddar fyrir 2. umr., þær voru aldrei ræddar á þessum fundum, vegna þess að stjórnarmeirihlutinn ákvað að þessi leið skyldi farin. Ekki átti að leyfa að umsagnaraðilar um málið yrðu kallaðir til eins og minni hlutinn lagði til, t.d. Samkeppnisstofnun sem var ein af þeim sem hvað harðast gagnrýndu þetta tiltekna ákvæði. Nei, hún átti ekki að fá að koma og segja hvað henni fyndist um þessa breytingu meiri hlutans. Nei. Svo í umræðunum, 3. umr. leyfir hv. frsm. meiri hlutans að núa mönnum því um nasir að hafa á einhverju stigi þó viljað sættast og reyna að finna einhvern flöt á þessu klúðurslega máli. Mér finnst þessi málflutningur alveg með ólíkindum.

Því hefur líka verið haldið fram að þetta mál hafi fengið óvenjuítarlega umræðu frá upphafi, svo og svo margir tugir manna og aðila og stofnana kallaðir til til að tjá sig um málið. Ég vil bara spyrja frsm. meiri hlutans: Hefði frsm. meiri hlutans viljað að málið hefði farið í gegnum þingið í vor eins og það var lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar? Algjört klúður. Bull og vitleysa, stóðst ekki innbyrðis, hvað þá heldur að það stæðist alþjóðareglur og alþjóðasamninga, það var a.m.k. ljóst í vor. Ég segi bara guði sé lof að það voru

þó svo og svo margir tugir manna kallaðir til til þess að gera a.m.k. þetta frv. læsilegt, þó ekki væru meiri kröfur gerðar. Kannski hefði verið best að það hefði bara farið í gegn í vor eins og til stóð. Það átti að keyra þetta mál í gegn á skömmum tíma af hálfu ríkisstjórnarinnar. Fyrir mjög hávær mótmæli stjórnarandstöðunnar og manna úti í samfélaginu víðs vegar var málið stoppað og það var fyrst ígrundað kannski af hálfu ríkisstjórnarinnar hæstv. hvað ætti að standa í þessu frv. og hvað við værum að samþykkja og hvað ætti að leggja fyrir þingið.

Eins og fram kom við 2. umr. málsins voru mjög mörg atriði þess óljós þá, m.a. voru túlkanir talsmanna meiri hlutans ekki samhljóma um grundvallaratriði málsins, eins og þau hvort inn í grunninn ættu að fara erfðafræðilegar upplýsingar eða ekki. Nú hafa menn reynt að finna einhvern sameiginlegan flöt á þessu í stjórnarliðinu. Málið hefur allt einkennst af þeirri staðreynd að hugmyndin um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði og samtengingu hans við ættfræði- og erfðafræðiupplýsingar og öll útfærsla hans fæddist hjá einstaklingi sem stýrir ágætu fyrirtæki hér í borg og þaðan hefur þetta mál verið meira og minna unnið, þaðan hefur kynning á frv. ríkisstjórnarinnar helst farið fram, þaðan hafa verið sendir út menn víðs vegar um landið til að kynna frv. ríkisstjórnarinnar. Þetta hefur verið mjög sérstakt. Þaðan hafa jafnvel túlkanir á efni þess komið, oftar en ekki. Þegar hv. frsm. meiri hlutans heldur því hér fram og heldur að fólk sé bjánar að segja að ekki sé búið að ákveða hver verði rekstrarleyfishafi. Ég veit nú ekki betur en hv. frsm. meiri hlutans hafi inni í heilbr.- og trn. sagt að það væri bara ósköp eðlilegt að talsmaður væntanlegs starfsleyfishafa fengi að koma og tjá sig. (**SF:** Eins og minni hlutinn segir, væntanlegur starfsleyfishafi.) (**Gripið fram í:** Já.) Eins og minni hlutinn segir? Það voru oft orð hv. frsm. í þessari umræðu. Ég spyr: Ef ekki er búið að ákveða hver eigi að vera rekstrarleyfishafi af hverju í ósköpunum er alltaf verið að kalla talsmenn ákveðins fyrirtækis úti í bæ fyrir nefndina? Ég bara spyr. (**SF:** Af því þeir hafa skoðað þetta vel.) Af því þeir hafa skoðað þetta vel, en aðrir hafa greinilega ekki gert það. Það er bjánagangur að halda svona fram. Ég verð að segja að ég held það séu vart dæmi slíkra vinnubragða í nútímanum á Alþingi Íslendinga og þau eru ekki þinginu til sóma, langt því frá.

Við afgreiðslu málsins milli 2. og 3. umr. gerðust þau fáheyrðu tíðindi að meiri hluti ríkisstjórnarinnar í heilbr.- og trn. hafnaði algerlega óskum fulltrúa fimm stofnana og félagasamtaka að koma á fund nefndarinnar til að segja álit sitt á grundvallarbreytingum á frv. sem meiri hlutinn hafði boðað við 2. umr. Þær breytingar sem um ræðir fela að hluta til í sér gjörbreytta meðferð á málinu, m.a. á meðferð erfðaupplýsinga sem samkvæmt tillögu meiri hlutans verður hægt að samkeyra hvenær sem er við gagnagrunn á heilbrigðissviði án sérstakrar heimildar tölvunefndar eins og almenna reglan er. Samtökin sem meiri hlutinn meinaði að koma á fund heilbr.- og trn. voru Mannvernd, Læknafélag Íslands, Læknafélag Reykjavíkur, siðaráð Læknafélags Íslands og læknadeild Háskóla Íslands. Tillaga minni hlutans um að fulltrúum ofangreindra yrði leyft að mæta á fund nefndarinnar var felld í formlegri atkvæðagreiðslu í nefndinni. Í sömu atkvæðagreiðslu hafnaði meiri hlutinn tillögu minni hlutans um að fá á fund nefndarinnar fulltrúa vísindasiðanefndar, sérfræðing í erfðalækningum krabbameina, auk fulltrúa Ríkisendurskoðunar til að ræða kostnaðarhlið við gerð gagnagrunns. Þá hafnaði meiri hlutinn einnig eftir að hafa hlýtt á andmæli tölvunefndar gegn fyrirhugaðri breytingu á meðferð erfðaupplýsinga, að fá skriflegt álit tölvunefndar á viðkomandi brtt. sinni. Jafnframt hafnaði meiri hlutinn að fulltrúi Samkeppnisstofnunar yrðu fengnir til að ræða breytingar á ákvæðum um aðgengi vísindamanna að gagnagrunni á heilbrigðissviði eins og hefði þó verið mjög eðlilegt að gera í ljósi þess að þarna var verið að gera breytingar sem vitað var að yrðu umdeildar. Vitað var að þær yrðu umdeildar, ekki síst meðal vísindamanna. Það kemur því ekkert á óvart að Rannís skuli bregðast við á þann hátt sem það gerir þótt ég sé sammála því mati hv. frsm. meiri hlutans að þessi breyting felur í sér að minni líkur en ella séu á að málið standist ekki samkeppnisreglur EES. Ég tel reyndar mjög miklar líkur samt sem áður til að það standist ekki þessar reglur en það var alveg vitað fyrir fram að þessi breyting mundi kalla á mjög mikla andstöðu meðal vísindamanna þannig að hún yrði a.m.k. ekki til að auka sáttina þar á meðal manna. Ég hef a.m.k. aldrei haldið því fram að það væri tryggt með þessari breytingu, þó hugsanlega yrði komið til móts við gagnrýni Samkeppnisstofnunar með þessu og fleiri aðila sem telja að brotið væri á samkeppnisreglum EES.

Þetta verklag meiri hlutans í heilbr.- og trn. ásamt því að það lá ljóst fyrir að það átti að keyra málið í gegn á mjög stuttum tíma á þeim föstudegi sem þetta kom til, síðasta föstudegi, finnst mér hreint með ólíkindum, ekki síst í ljósi þess að stjórnarandstaðan hafði sýnt mikinn vilja til að vinna málefnalega að þessu máli allt frá upphafi. Eins og fram hefur komið hafa fleiri tugir manna verið kallaðir á fund nefndarinnar frá því í vor þegar upphaflega frv. var lagt fram og frv. hefur tekið miklum breytingum síðan þá. Eins og ég sagði var það mjög illa unnið í upphafi, það var vanhugsað og ríkisstjórninni til skammar. Ég vil meina að stjórnarandstaðan hafi sýnt mikla þolinmæði í þessu máli því, a.m.k. í mínum huga og tala ég bara þá fyrir eigin skoðun, tel ég það fyrir löngu ljóst að þetta frv. gengur ekki upp alveg sama hvernig því er snúið fram og aftur, en ég tek fram að það eru aðrir sem standa að þessu nál. sem eru annarrar skoðunar og hafa nú fengið skömm í hattinn fyrir að hafa reynt að koma til móts við ríkisstjórnina í þessu máli.

Minni hluti heilbr.- og trn. var tilbúinn til að sitja á nefndarfundum þá daga sem fram undan voru, laugardag, sunnudag og mánudag. Það var ekki hægt af hálfu meiri hlutans og átti að klára málið á föstudegi og helst á þeim umræddu hádegisfundi sem það var síðan klárað á. (**Gripið fram í:** En föstudagskvöldið?) Föstudagskvöldið? Það hentaði sumum nefndarmönnum að vera á föstudagskvöldinu, öðrum ekki. En allflestir nefndarmenn voru tilbúnir að vera laugardaginn, sunnudaginn og mánudaginn, hv. þm. Það er ljóst í mínum huga af viðbrögðum meiri hlutans í nefndinni milli 2. og 3. umr., að ákveðin taugaveiklun er komin í hóp stjórnarliðsins vegna þessa máls og ég undrast það ekki. Kannski eru þeir hræddir um að einhverjir í þeirra hópi hætti og treysti sér ekki lengur til að styðja málið og kannski er það einhver annar sem ýtir á að málið klárist og sem minnst umræða eigi sér stað um það. Það var a.m.k. skilningur minn á meiri hlutanum í heilbr.- og trn. að best væri að sem minnst umræða færi fram um málið vegna þess að andstaðan ykist bara við umræðuna. Það átti sem sagt ekki að leyfa lýðræðislega umræðu um málið þrátt fyrir grundvallarbreytingar á síðustu stundu. Minni hlutinn óskaði eftir því að alls átta aðilar kæmu fyrir nefndina til að ræða málið frekar og til þess

hefði þurft fjórar til sex klst. og þó þær væru átta, þó hver þeirra hefði fengið eina klst. til umráða var það ekkert ofviða *nefndinni á þeim tíma sem fram undan var* að gera þetta á einni helgi og einum mánudegi. Ég man ekki betur en við höfum afgreitt eitthvað um 60 aðila á fundum nefndarinnar á *einni helgi í vor* um þetta sama mál. Menn voru því tilbúnir að leggja ýmislegt á sig þótt ekki hafi öllum verið kleift að koma á umræddan fund á föstudagskvöldi en reyndar ekki formaður nefndarinnar, hann gat ekki komist á þann fund en ég ítreka að hann lýsti því margoft yfir að ekkert væri því til fyrirstöðu að fundurinn væri haldinn samt sem áður þótt hann kæmist ekki á hann. Aðrir gætu séð um að sitja þann fund ef á það væri þrýst.

En eina stofnunin sem meiri hlutinn treysti sér ekki til að meina minni hlutanum að fá til fundar vegna breytinganna var tölvunefnd enda var óhjákvæmilegt að heyra afstöðu hennar þar sem brtt. meiri hlutans felur í sér sérstakt hlutverk tölvunefndar gagnvart meðferð erfðaupplýsinga.

Viðbrögð tölvunefndar á fundinum við umræddri breytingu meiri hlutans voru skýlaus. Hún tjáði heilbr.- og trn. það skorinort að tölvunefnd yrði að fá fyrirmæli í lögum um vinnuferli eins og það sem lagt er til í brtt. nefndarinnar þar sem án skýrrar lagaskipunar mundi nefndin ekki treysta sér til að taka að sér það hlutverk sem tillagan ætlar henni. Þetta er svo sem í samræmi við það sem tölvunefnd hefur sagt áður. Tölvunefnd á samt sem áður að tryggja allt hið góða í þessu máli. En hún hefur marglýst því yfir að hún líti svo á að þarna séu persónugreinanlegar upplýsingar og mjög erfitt sé að halda utan um það hlutverk sem henni er falið.

Þegar spurt var út í rökin sem lægju að baki því viðhorfi nefndarinnar var svarið eftirfarandi: „Vegna þess að frá sjónarhóli persónuverndar felur það svo mikla ógn í sér." (**Gripið fram í:** Hver sagði það?) Þetta var sagt í heilbr.- og trn. um þetta mál.

Af hverju skyldu vera svo miklar ógnir í þessu fyrirkomulagi? Við skulum líta aðeins betur á málið og það sem er verið að gera. Í stað eins miðlægs gagnagrunns með heilbrigðisupplýsingum úr sjúkraskrám verða gagnagrunnarnir þrír, einn með heilsufarsupplýsingum, annar með ættfræðiupplýsingum og sá þriðji með arfgerðarupplýsingum einstaklinga. Samkvæmt frv. var áætlað að heimila gerð og rekstur eins miðlægs gagnagrunns með heilsufarsupplýsingum og til eru ættfræðigagnagrunnar fyrir í landinu.

Ég get hins vegar ekki skilið það betur en svo að óheimilt sé miðað við núgildandi lög að búa til og viðhalda einum miðlægum gagnagrunni með erfðafræðiupplýsingum og um það skortir öll lög og reglur miðað við það umhverfi sem við búum við í dag. Því hefur verið haldið fram áður í umræðunni að lög skorti um vernd gegn mismunun á grundvelli erfðaupplýsinga sem aðrar þjóðir hafa verið að setja sér í óðaönn, til þess m.a. að tryggja að ekki séu keyrðar saman slíkar upplýsingar við aðrar upplýsingar án nægilegs eftirlits.

Látið hefur verið að því liggja að slíkur gagnagrunnur sé til en gerð slíks gagnagrunns í dag er í raun og veru óheimil og brot á vinnuferli og leyfum tölvunefndar og vísindasiðanefndar og ekki í samræmi við það upplýsta samþykki sem þátttakendur í rannsóknum Íslenskrar erfðagreiningar hafa undirritað og snýr að því að leyfi er aðeins veitt til rannsókna á ákveðnum sjúkdómi en ekki almennt við allar heilsufarsupplýsingar viðkomandi einstaklings.

Ég spyr hv. frsm. meiri hlutans í þessu máli: Er verið að setja pósitíft ákvæði um það að búa megi til slíkan gagnagrunn með erfðafræðilegum upplýsingum? Er verið að heimila það fyrst í þessum lögum og er það þess vegna sem hv. meiri hluti heilbr.- og trn. telur nauðsynlegt að koma þessu ákvæði inn? Væri ekki eðlilegra að setja fyrst rammalöggjöf um meðferð erfðaupplýsinga sem alls staðar er viðurkennt að eru mjög viðkvæmar og þurfa sérstakrar meðferðar við?

Ég vek líka athygli á því vinnuferli og skilyrði fyrir söfnun erfðaefnis sem tölvunefnd og vísindasiðanefnd heilbrrn. hefur veitt samstarfslæknum Íslenskrar erfðagreiningar til söfnunar og rannsóknar á erfðaefni skjólstæðinga sinna. Mér skilst að það sé þannig að í dag sjái samstarfslæknarnir um söfnun sýna til erfðarannsókna úr þeim sjúklingum sem þeir hafa haft til meðferðar. Með upplýstu samþykki hafa síðan þúsundir Íslendinga veitt samstarfslæknunum heimild til sýnatökunnar og að tengja niðurstöður úr erfðagreiningu við upplýsingar um þann sjúkdóm sem verið er að rannsaka og viðkomandi hefur veikst af eða hefur fjölskyldusögu um.

Samkvæmt vinnuferli tölvunefndar eru samstarfslæknarnir ábyrgir fyrir söfnun sýnanna og að veita þátttakendum upplýsingar um fyrirhugaða rannsókn. Að sjálfsögðu er eðlilegt að hafa það þannig. En með þeirri breytingu sem hér er verið að gera eru það fyrst og fremst samstarfslæknarnir sem eru ábyrgir fyrir því að farið sé með upplýsingarnar eins og um er getið í þeim skjölum sem þátttakendur hafa undirritað og kallast upplýst samþykki.

Samkvæmt leyfi tölvunefndar og vísindasiðanefndar ber samstarfslæknum og Íslenskri erfðagreiningu að tryggja að gagnasöfnun um einstaka sjúkdóma sé haldið aðskildum og þau aðeins notuð í þeim tilgangi sem þeim var safnað upphaflega og þátttakendum var gerð grein fyrir. Samkeyrsla og varðveisla arfgerðarupplýsinga úr mismunandi rannsóknum og gagnasöfnun í einn arfgerðagagnagrunn er óheimil. Hún er óheimil. Upplýsta samþykkið sem menn veita upprunalega fyrir töku erfðaefnisins eða fyrir söfnun erfðaefnis nær bara til ákveðinnar notkunar en ekki til samkeyrslu við allar aðrar heilsufarsupplýsingar viðkomandi.

Ég vil spyrja hv. frsm. meiri hlutans hvort þeim samstarfslæknum sem Íslensk erfðagreining starfar með hafi verið gerð fullkomin grein fyrir þessu og fyrir ábyrgð sinni í þessum efnum vegna þess að hún er greinilega mikil.

En víkjum aftur að föstudeginum síðasta. Meiri hlutinn samþykkti að fá til fundar við heilbr.- og trn. tvo einstaklinga, fyrir utan tölvunefnd og þá fulltrúa sem þar komu. Annar þeirra er starfsmaður Íslenskrar erfðagreiningar og hinn einn höfunda álits Lagastofnunar sem Íslensk erfðagreining pantaði og borgaði. Hv. frsm. skýrir þennan áhuga á þessu tiltekna fyrirtæki þannig að þeir hafi svo mikið skoðað þetta mál en ekki það að þeir eigi að fá rekstrarleyfið, alls ekki. Það má ekki misskilja það þannig.

Athygli vekur að í fjölmiðlum varði varaformaður nefndarinnar og talsmaður meiri hlutans ákvörðun hans um að boða fulltrúa Íslenskrar erfðagreiningar til fundar við nefndina efnislega með þeim hætti að ekki væri athugavert að fulltrúa starfsleyfishafa væri boðið að segja álit sitt á breytingunum. Þetta hefur hv. þm. Siv Friðleifsdóttir margoft sagt (**SF:** Væntanlegs starfsleyfishafa.) væntanlegs starfsleyfishafa, já, fulltrúa væntanlegs starfsleyfishafa, þannig að eins og minni hlutinn segir — ég geri ekki ráð fyrir því að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir tali sérstaklega máli minni hlutans þegar hún er í viðtölum í fjölmiðlum um þetta mál. Ég held að hún eigi fullt í fangi með að verja málstað meiri hlutans.

En vakin er athygli á því í nál. minni hlutans að engum hefur enn verið veitt starfsleyfi samkvæmt frv. sem ekki er einu sinni búið að samþykkja á Alþingi, og þess vegna er undarlegt að það skuli vera talað um fulltrúa væntanlegs starfsleyfishafa í þessu máli.

Það er líka vert að rifja upp að í áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands er lögð sérstök áhersla á að áður en starfsleyfi er veitt verði þeim aðilum sem kynnu að hafa áhuga á gerð gagnagrunns á heilbrigðissviði kynnt áform um gerð hans til að skapa jafnræði með áhugasömum fyrirtækjum, enda væri annað brot á almennum reglum stjórnsýslunnar og 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Þessi skoðun var áréttuð af einum höfunda álitsins, prófessor Davíð Þór Björgvinssyni, á fundi nefndarinnar 7. des. En í áliti Lagastofnunar segir, með leyfi forseta:

„Við veitingu einkaréttar ber að virða almennar grundvallarreglur stjórnskipunar og stjórnsýslu, sbr. einkum jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þessar reglur leiða til þess, án tillits til skyldu til að bjóða verkið út samkvæmt lögum um opinber innkaup að eðlilegt verður að telja að þeim sem kynnu að vilja standa að gerð og starfrækslu gagnagrunns af því tagi sem hér um ræðir, verði gefið tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að fram fari val á milli þeirra á grundvelli faglegra og málefnalegra sjónarmiða."

Þetta var rætt svolítið á þeim fundi sem heilbr.- og trn. átti með umræddum fulltrúa, eða einum af höfundum þessa álits, Davíð Þór Björgvinssyni, og það fór ekkert á milli mála hvað væri átt við með þessum orðum, enda eru þau mjög skýr. Það þarf að fara fram málefnalegt og faglegt val, jafnvel þó að ekki sé lagaskylda að viðhafa útboð. Menn greinir á um það, sumir telja að það sé lagaskylda, en látum svo vera. Ef ríkisstjórnin álítur að það sé ekki lagaskylda þarf samt sem áður að fara fram faglegt og málefnalegt val á milli manna. Þess vegna er það algjörlega óþolandi að eitt fyrirtæki skuli hafa verið meðhöndlað frá upphafi sem væntanlegur starfsleyfishafi og talað um sem væntanlegan starfsleyfishafa. Eitt fyrirtæki sem öðrum fremur fær að tjá sig um málið við heilbr.- og trn. og nýtur algjörrar sérstöðu í allri meðferð málsins frá upphafi. Það er mjög því ólíklegt, herra forseti, að það eigi eftir að fara fram eiginlegt faglegt og málefnalegt mat á því og val á milli fyrirtækja um þetta stóra verkefni sem við erum að ræða um.

Það skal ítrekað að að morgni þessa föstudags, 7. des., lýsti meiri hlutinn afdráttarlausri ætlan sinni að afgreiða málið þann sama dag. Þó var ljóst, eins og hér hefur verið rakið, að samkvæmt starfsáætlun þingsins sem þá lá fyrir hafði nefndin nokkra daga til ráðstöfunar til að fjalla um málið. Því dylst engum að þrýstingur utan nefndarinnar varð til þess að meiri hlutinn kom til fundar milli 2. og 3. umr. með skýr fyrirmæli um að ljúka málinu strax, hvað sem það kostaði og án nauðsynlegrar umræðu. Það var algjörlega skýrt. (**Gripið fram í:** Þetta er alveg út í hött. Þetta eru alvarlegar ásakanir.) Þetta eru alvarlegar ásakanir, það er rétt. Enda hefur sú sem hér stendur aldrei kynnst annarri eins meðferð í þingnefnd eins og þarna og mér skilst að mér mun þingreyndari menn hafi aldrei kynnst öðru eins. Þegar fram undan voru nokkrir nefndardagar og allir nefndarmenn tilbúnir að ræða málið á þeim dögum alla helgina, en það var búið að ákveða að afgreiða átti málið þennan dag. Takk fyrir.

Það er líka rétt að upplýsa Alþingi um að fulltrúar tölvunefndar, sem voru boðaðir til fundarins með afar skömmum fyrirvara og höfðu ekki fengið að skoða brtt. meiri hlutans fyrir fundinn, greindu frá að formaður tölvunefndar væri erlendis en kæmi til landsins á sunnudagskvöld og fundur væri boðaður í tölvunefnd á mánudag. Tölvunefnd yrði því kleift að skila skriflegu áliti á mánudag eða tveim dögum áður en 3. umr. málsins væri ákveðin á Alþingi. Eigi að síður var tillögu um að veita tölvunefnd frest fram á mánudagskvöld til að skila skriflegu áliti og um að fá þá formann hennar á fund heilbr.- og trn. einnig hafnað. Af hverju skyldi það hafa verið?

Í hinu upphaflega frv. var skýlaust tekið fram að einungis upplýsingar úr sjúkraskrám skuli fara í gagnagrunn á heilbrigðissviði. Í grg. eru sömuleiðis tekin af tvímæli um að samkeyrslur við önnur gögn þurfi að lúta gildandi lögum um vernd persónulegra upplýsinga og þar með að vera háð sérstöku leyfi tölvunefndar í sérhvert sinn sem hinn fyrirhugaði gagnagrunnur á heilsufarssviði yrði samkeyrður við aðra grunna, svo sem erfðafræðigrunna rekstrarleyfishafa eða annarra. Í tillögum meiri hlutans felst hins vegar sú grundvallarbreyting að samkeyrsla erfðagagnagrunns rekstrarleyfishafa við fyrirhugaðan gagnagrunn á heilbrigðissviði verður heimil án þess að sérstakt leyfi tölvunefndar verði veitt í sérhvert skipti, eins og upphaflegt frv. gerði ráð fyrir. Í þessu felst því eðlisbreyting á frv. og gildir þá einu hvort horft er til persónuverndar eða áhættunnar sem felst í þátttöku sjúklinga í gagnagrunni á heilbrigðissviði. Þessi viðhorf minni hlutans voru staðfest á fundum stjórnarandstöðunnar með sérfræðingum á sviði læknisfræði og erfðafræði, þar á meðal þeirra samtaka og stofnana sem meiri hlutinn meinaði um fund með heilbr.- og trn.

Af hálfu meiri hlutans komu einungis fram þau rök að yrði farið að almennum ákvæðum gildandi laga um samkeyrslur gagna eins og heilsufarsupplýsinga í miðlægan gagnagrunn á heilsufarssviði og erfðauppýsinga, þar sem sérstakt leyfi tölvunefndar þarf fyrir hverri samkeyrslu, yrði það of tafsamt fyrir rekstrarleyfishafann. Þetta var margítrekað af talsmanni meiri hlutans við 2. umr. málsins. Hagsmunum einstaklingsins í formi persónuverndar er því varpað fyrir róða vegna fjárhagslegra hagsmuna eins fyrirtækis og hugsanlega vegna mikils vinnuálags á tölvunefnd. En hugsanlega þarf við slíka aðgerð að auka mjög vinnuálag tölvunefndar. Það er bara ljóst. Þegar menn fara út í að samkeyra upplýsingar þvers og kruss um fólk, þá kostar það mikið vinnuálag fyrir tölvunefnd.

Öll umræða um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði hefur síðustu mánuði farið fram á grundvelli hinnar upphaflegu gerðar frv. og þar með gert ráð fyrir að erfðafræðiupplýsingar, sem eru ekki í sjúkraskrám, væru ekki hluti grunnsins. Því er ljóst að með tillögu sinni um gjörbreytta meðferð erfðaupplýsinga er ríkisstjórnin uppvís að því að hafa blekkt bæði þingið og vísindasamfélagið. Engum dylst að hefði þessi ætlan stjórnarliðsins verið ljós fyrir fram hefðu viðbrögð við grunninum heima og erlendis orðið enn harkalegri en þau eru í dag.

Þessi meginbreyting hefði átt að leiða til þess að afgreiðslu málsins yrði frestað svo að vísindamenn, læknar og þjóðin öll hefðu fengið tóm til að meta frumvarpið í nýrri mynd. Í raun hefði því verið eðlilegt, eins og vísindamenn hafa bent á síðustu daga, að frv. yrði sent aftur til umsagnar öllum þeim sem veittu nefndinni umsagnir um frumvarpið eins og það var lagt fyrir í þingbyrjun. Minni hlutinn setti þó aðeins fram þá hógværu ósk að auk þeirra fimm stofn-

ana og samtaka sem óskuðu eftir að fá að koma á fund nefndarinnar yrðu þrír aðilar kvaddir til samráðs við hana, þ.e. tölvunefnd, vísindasiðanefnd og Reynir Arngrímsson, sérfræðingur í erfðafræði krabbameina. Eins og áður er rakið var þessu alfarið hafnað.

Ríkisstjórnin hefur leitt þing og þjóð á villigötur í umræðunni um þetta mál. Frv. sem meiri hlutinn leggur til að verði samþykkt við 3. umr. felur í sér grundvallarbreytingar sem ekki komu fram fyrr en á lokastigum málsins. Þær voru a.m.k. ekki ljósar og þeim var ekki skýrt svarað fyrr en á lokastigum þessa máls, þó marga hafi vissulega grunað að hverju stefndi.

Í allri sögu Alþingis finnast vart dæmi þess að eitt fyrirtæki, sem hagsmuna á að gæta gagnvart lagasetningu, hafi svo gróflega getað komist upp með að hlutast til um veigamiklar breytingar á frv. sem er komið til lokaafgreiðslu í þinginu. Með háttsemi af þessu tagi er Alþingi vanvirt og á því ber ríkisstjórnin alla ábyrgð.

Hér er jafnframt um freklegt brot á viðteknum vinnuhefðum Alþingis að ræða. Meiri hlutinn hafnaði með atkvæðagreiðslu að grundvallarbreytingar sem fólust í tillögum hans yrðu rannsakaðar faglega í samræmi við þingskapalega ábyrgð þingnefnda.

Meiri hlutinn hafnaði sömuleiðis að aðrar breytingar á frv. yrðu ræddar en eins og kunnugt er voru brtt. frá stjórnarandstöðunni kallaðar til 3. umr. Þar með er ljóst að stjórnarliðið er ekki til viðtals um breytingar sem fela m.a. í sér bann við misnotkun upplýsinga sem unnar verða í krafti gagnagrunns á heilbrigðissviði t.d. á vinnumarkaði eða tryggingamarkaði.

Mörg atriði hafa verið gagnrýnd efnislega í þessu máli og kannski óþarfi að að rekja þau öll hér en ég vil telja fram nokkur. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að málið sé fyrir löngu ónýtt og stoði ekki að gera breytingar á því. Það er a.m.k. mitt persónulega mat.

Fyrir þessu rakti ég margar ástæður og þær voru margraktar hér í umræðunni við 2. umr. Þar má fyrst nefna sérleyfið og alla meðferð þess. Þar er um að ræða klúður ríkisstjórnarinnar frá upphafi. Fyrst er ákveðið hver skuli fá sérleyfið og svo hvernig það skuli úr garði gert. Þarna eru ótrúleg vinnubrögð sem maður hélt að heyrðu sögunni til. Fjölmargir vísindamenn hafa bent á að sérleyfi á borð við það sem frv. gerir ráð fyrir ógni vísindafrelsinu. Ríkisstjórnin hafnar í raun frjálsri samkeppni á sviði sem verður á komandi árum einn helstu vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs, líftækniiðnaðarins. Ríkisstjórnin hafnar frjálsri samkeppni á svið líftækniiðnaðarins. Það er mjög alvarlegt mál, herra forseti.

Fleira gerir það að verkum að þetta mál er komið í algjörar ógöngur, reyndar fyrir löngu. Vísindasamfélagið er allt meira og minna á móti frv. og þeir örfáu sem voru fremur jákvæðir í umsögnum sínum, þar get ég nefnt til sögunnar Rannís, hafa nú skipt um skoðun. Það er náttúrlega fyrir misskilning eins og hjá öllum sem hafa verið á móti þessu máli.

Fleiri og fleiri á meðal almennings vilja ekki vera með í gagnagrunninum. Nýleg skoðanakönnun ber vott um að mun færri mundu í dag vilja setja upplýsingar um sig inn í slíkan gagnagrunn en var t.d. í vor. Læknar hafa bent á að fólk spyrji í mun ríkari mæli nú en áður. Fólk spyr um þessi mál og mun fleiri sem taka fram og lýsa yfir þeirri skoðun sinni að þeir vilji ekki vera með. Þar hafa geðlæknar kannski sérstaklega vakið athygli á því máli. Þar get ég nefnt sérstaklega til sögunnar Pétur Hauksson, geðlækni og formann Geðhjálpar. Hann hefur metið það svo að nú vilji u.þ.b. annar hver maður ekki vera með af þeim sem til hans koma.

Fólk hefur haft samband við mig og ég m.a. verið spurð um hvernig fari t.d. með fólk sem býr í útlöndum, hvort upplýsingar um það fari inn í grunninn. Ég get ekki skilið frv. öðruvísi en svo að þeir Íslendingar, hvar sem þeir eru nú staddir á jarðarkringlunni, sem ekki taka það sérstaklega fram að þeir vilji ekki með. Menn hafa töluvert miklar áhyggjur af því að þeir sem ekki hafi átt kost á að fylgjast með umræðunni síðustu missirin átti sig ekki á í hvað stefni í þessu máli.

Bent hefur verið á að miklar líkur séu á að þetta mál standist ekki samkeppnisreglur EES-samningsins, málið muni verða kært fyrr en síðar og sé því hálfgerð tímasprengja. Ríkisstjórnin er að nokkru leyti að koma til móts við þá gagnrýni með þeirri breytingu sem hér hefur verið lögð til á aðgengisnefndinni. Um leið fær ríkisstjórnin á sig enn meiri gagnrýni frá vísindasamfélaginu. Þar óttast menn enn meira en ella að aðgengi íslenskra vísindamanna verði allt of þröngt og þeir verði frekar en áður háðir samningum við starfsleyfishafa. Þessi sjónarmið vegast öll á og falla mjög illa saman. Það hefur svo sem lengi legið fyrir.

Jafnframt liggur ljóst fyrir að tölvunefnd treystir sér mjög illa til að vinna eftir þeim reglum sem henni er falið að vinna eftir í þessu máli. Þó er mikil ábyrgð á hennar herðar lögð.

Ég hef líka haldið því fram og margir fleiri hér í stjórnarandstöðuliðinu að gagnagrunnurinn geti aldrei orðið marktækt vísindatæki, sérstaklega þar sem æ fleiri munu óska eftir því að vera ekki með í grunninum. Ákveðnir hópar verða hugsanlega ekki með. Það gerir að verkum að hið mikla galdratæki sem menn ætluðu að smíða hér í upphafi verður sennilega aldrei til. Þá er spurningin hvort það séu ekki aðeins hinir viðskiptalegu hagsmunir eftir í málinu sem snúa að hinum svokallaða væntanlega starfsleyfishafa.

Herra forseti. Verklagið sem ríkisstjórnin hefur beitt í þessu máli er með ólíkindum, ekki aðeins gagnvart minni hlutanum í heilbr.- og trn. heldur einnig gagnvart þeim fjölmörgu sem hafa tjáð sig um málið og hafa lýst yfir andstöðu sinni við það. Gagnrýnin kemur víðs vegar að úr samfélaginu og meira og minna frá öllu vísindasamfélaginu. Viðbrögðum þeirra hefur verið mætt með hæðni, þeir sagðir misskilja málið, jafnvel vændir um að vera öfundsjúkir og reyna vísvitandi að skemma málið. Reyndar hefur sú gagnrýni nú borist hingað inn í þingsali þar sem menn halda hinu sama fram um þá í stjórnarandstöðuliðinu sem ekki hafa stutt þetta mál. Ég vil ítreka hér og minna á það nú við 3. umr. að gífurlegur fjöldi hefur lýst sig andsnúinn þessu máli út frá hinum ýmsu forsendum sem hér hafa verið raktar. Hins vegar er eins og ríkisstjórnin hafi ekki heyrt þessa gagnrýni nema að litlum hluta vegna þess að grundvöllur málsins er enn til staðar. Það á að veita sérleyfi og búið að ákveða fyrir fram hver eigi að fá það sérleyfi. Það er langt í frá að tryggt sé að fram fari faglegt og málefnalegt mat á því hverjir fái þetta hugsanlega sérleyfi.

Herra forseti. Ég óttast að Íslendingar muni í framtíðinni ekki ræða um þetta mál á jákvæðum nótum, hvorki hér heima né á alþjóðavettvangi. Ég óttast það, herra forseti, og það er einlægur ótti minn, ef ég gæti tekið þannig til orða. Ég harma að meiri hluti Alþingis skuli ekki átta sig á því vafasama fordæmi sem í þessu máli felst.

Ég hef lokið máli mínu að sinni en að þessu áliti minni hluta heilbr.- og trn. stendur sú sem hér talar, Bryndís Hlöðversdóttir, Össur Skarphéðinsson, formaður nefndarinnar, og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Ögmundur Jónasson hefur setið fundir nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi. Hann hefur frá upphafi verið andvígur málinu og stóð að flutningi frávísunartill. ásamt öðrum þingmönnum óháðra. Hann er samþykkur nál. eins og Guðný Guðbjörnsdóttir sem sat einnig fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

[16:10]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Í andsvari við hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur vildi ég inna hana eftir því hvort hún hafi hér áðan lýst því yfir að hún teldi að ekki koma til greina að keyra saman erfðaupplýsingar annars vegar og heilsufarsupplýsingar hins vegar. Ég hefði viljað fá staðfestingu á því hvort hún er því mótfallin að keyrðar séu saman erfðaupplýsingar og aðrar heilsufarsupplýsingar almennt.

Þá vildi ég einnig spyrja hana hvort hún gerði sér grein fyrir því að slík samkeyrsla hefur átt sér stað. Gerir hún sér ekki grein fyrir því? Hafi slík samkeyrsla átt sér stað, fyrst þingmaðurinn veltir vöngum yfir því hvort lagastoð sé fyrir slíkri samkeyrslu, þá hefði ég viljað spyrja hana hvar hún hafi séð lagastoð fyrir þeirri samkeyrslu sem þegar hefur átt sér stað. Ég held að gagnlegt væri fyrir þingið að fá upplýsingar um þessi þrjú atriði.

Í öðru lagi liggur ljóst fyrir, og ég vona að þingmaðurinn átti sig á því, að eins og frv. hefur legið fyrir þá munu erfðaupplýsingar ganga inn í þennan miðlæga grunn. Um það er ekki deilt. Hér er ekki um að ræða stöðugan grunn sem ekki breytist heldur breytilega grunn, dýnamískan grunn. Þó að nú sé tiltölulega lítið af erfðafræðilegum upplýsingum þá er fyrirsjáanlegt að auknar upplýsingar af erfðafræðilegum toga muni finna sér leið í gegnum sjúkraskýrslur inn í grunninn. Því er afar mikilvægt að menn geri grein fyrir því hvort þeir eru í grundvallaratriðum á móti því að erfðafræðilegar upplýsingar finni sér farveg inn í þennan grunn. Þá finnst mér að menn ættu að vera sjálfum sér samkvæmir og flytja hér brtt. um að slíkt sé ekki heimilt.

[16:12]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur skoðanir á því hvaða brtt. menn eigi að flytja. Það er svo sem gott og blessað. Ég hef hins vegar lýst því yfir að ég hafi ekki trú á því að hægt sé að laga þetta mál með brtt. Persónulega hef ég ekki trú á því að það hjálpi, herra forseti, að þetta tæki verði nokkurn tíma til eða geti nokkurn tíma orðið nothæft. Það er nú kannski ástæðan fyrir því að ég hef ekki flutt brtt. hér.

Varðandi erfðafræðiupplýsingar, aðrar heilsufarsupplýsingar og samkeyrslu þeirra, þá vakti ég máls á því að ekki væri til sérstök lagaheimild fyrir að búa til og viðhalda einum miðlægum gagnagrunni með erfðafræðiupplýsingum. Um það hefur ekki verið sett almenn löggjöf og það tel ég vera mjög slæmt, herra forseti.

Um erfðafræðiupplýsingar eru víða sérstakar reglur, lagareglur um samkeyrslu þeirra við aðrar upplýsingar vegna þess að þær eru mjög viðkvæmar. Þær auðkenna fólk og ég benti einungis á það áðan, herra forseti, að það væri mjög mikilvægt að um þetta væru settar ákveðnar reglur. Hins vegar virðist í þessu tiltekna starfsleyfi heimilt að samkeyra slíkar upplýsingar við ættfræði- og heilsufarsupplýsingar, jafnvel fram hjá því almenna vinnuferli sem viðhaft er um slík mál. Það á að fela væntanlegum starfsleyfishafa að búa til verklag sem tölvunefnd á síðan að setja skilyrði fyrir í stað þess að samkeyrslan verði skoðuð í hvert og eitt skipti, sem verið hefði mun eðlilegra að gera, herra forseti.

[16:14]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu getur hv. síðasti ræðumaður flutt þær brtt. sem honum sýnist án þess að ég hlutist til um það. Það sem ég er að biðja um hér er að fá að vita afstöðu hennar til þessa grundvallaratriðis. Telur hún almennt verjandi að heimila að keyra saman heilsufars- og erfðafræðilegar upplýsingar?

[16:14]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma að hv. þm. Tómas Ingi Olrich hafi ekki áttað sig á afstöðu minni til þessarar grundvallarhugmyndar. Ég hélt að hún lægi nú öllum ljós fyrir. Ég efast stórlega um það að rétt sé að heimila samkeyrslu þessara þriggja þátta, herra forseti. Ég efast stórlega um að æskilegt sé að gera það.

En látum vera, ef það yrði gert með samþykki tölvunefndar í hvert og eitt einasta skipti, þá væri hugsanlega eðlilegt að gera slíkt. Með því vinnuferli sem hér er talað um, endalausum undanþágum frá hinum almennu reglum, þá tel ég það algjörlega óeðlilegt, herra forseti.

[16:15]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil líka fá að nota þetta tækifæri í andsvari til þess að spyrja hv. þm. út í fullyrðingar hennar. Í fyrsta lagi um fyrri brtt. meiri hlutans, sem liggja fyrir milli 2. og 3. umr., hvort þær hafi ekki einmitt verið ræddar í heilbr.- og trn., sérstaklega tvær tillögur sem voru lagðar fram af sérfræðingum heilbrrn. og ræddar áður en málið var afgreitt til 2. umr. í þinginu undir því forormerði að þetta þyrfti að laga milli 2. og 3. umr. Er þetta ekki rétt? (Gripið fram í.) Já, og í því sambandi að rifja upp ummæli Davíðs Þórs Björgvinssonar um álit Lagastofnunar. Þessi brtt. var ein af þeim hugmyndum sem þeim fannst koma til greina að setja fram til lausnar málinu. Ég vil bara fá þetta staðfest, virðulegi þingmaður.

Virðulegi forseti. Einnig vil ég fá staðfest hvort ekki sé rétt að þetta hafi verið rætt á fundum nefndarinnar.

Í öðru lagi var vitnað til orða tölvunefndar hér í nál., meira að segja innan gæsalappa, án þess að það sé upplýst hver það er. Fyrst minni hlutinn kýs að vitna til orða og ummæla af fundum nefndarinnar á þennan hátt spyr ég hvort ekki hafi verið rétt að fulltrúi tölvunefndar hafi sagt á fundi nefndarinnar milli 2. og 3. umr.: Það er hægt að samkeyra þessa grunna undir reglum um persónuvernd.

Er þetta ekki rétt?

[16:17]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti reyndar erfitt með að átta mig á spurningum hv. þm. þannig að ég held ég verði að biðja hana um að koma aftur og skýra betur hvað hún spyr mig um. Í fyrsta lagi hvort ekki sé rétt að þetta hafi verið rætt í nefndinni. Jú, þetta var rætt í nefndinni. En ég tel ekki að það hafi verið nægilega rætt í nefndinni.

Í öðru lagi spyr hún hvern sé verið að vitna í þegar talað er um talsmann tölvunefndar í nál. minni hlutans. Það hefði kannski verið réttara að taka það fram að þar er verið að vitna í forsvarsmann eða talsmann nefndarinnar, Sigrúnu Jóhannesdóttur. Ég var ekki á fundinum, herra forseti, þannig að ég hlustaði ekki sjálf á þessi ummæli en aðrir í minni hlutanum sem þar voru staðfesta að vitnað sé í Sigrúnu Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra tölvunefndar.

[16:18]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekkert óskýrt í þessu máli. Það er verið að bera það á meiri hlutann að fyrri brtt. í þessu máli hafi ekki verið rædd í heilbr.- og trn. og að minni hlutinn sé ekki sammála þessari útfærslu þegar fyrir liggur að þessar tillögur einmitt eins og þær koma fram í nál. fyrsta minni hluta voru ræddar á fundi nefndarinnar, m.a. voru sérstakar tillögur lagðar fram af hálfu sérfræðinga heilbr.- og trmrn. og þær tillögur voru ræddar í nefndinni áður en málið var afgreitt út til 2. umr. og einmitt litið til þess að þetta þyrfti að lagfæra í nefndinni milli 2. og 3. umr.

Það er því ekkert nýtt sem verið er að tala um. Það er alveg ljóst að allan tímann lá fyrir að þetta þyrfti að lagfæra og öll nefndin var sammála um að tryggja þurfti aðgengi allra vísindamanna, íslenskra vísindamanna.

[16:19]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar þá brtt., sem hv. þm. er að vísa til varðandi aðgengisnefndina, þá hélt ég að ég hefði tekið það fram skýrt í máli mínu að ég a.m.k. met það svo fyrir mína parta að þarna sé komið til móts við gagnrýnina á það að þetta brjóti samkeppnisreglur EES-samningsins en það breytir ekki því, herra forseti, að full ástæða er til þess að fá menn til að skoða það mál, fá m.a. Samkeppnisstofnun til þess að gefa álit sitt á þessum breytingum, að ég ekki tali um þá vísindamenn sem höfðu óskað eftir því að koma á fund nefndarinnar, læknar og aðrir, vegna þess að vitað var, herra forseti, að þessi breyting mundi hafa í för með sér töluvert mikla gagnrýni líka. Þó að hún kæmi til móts við einn þátt þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á frv. mundi hún fela í sér líka þann ótta á meðal vísindamanna að aðgengi þeirra væri enn takmarkaðra en það var áður.

Þetta er ljóst í huga mínum, herra forseti, en það breytir ekki því að meiri hlutinn gat ekki tekið þá tillögu eins og hún lá fyrir og lagt hana hér fram og vænt síðan fólk um það að búið hafi verið að samþykkja hana fyrir fram. Ég tel það algjörlega fráleitt. Og önnur vinnubrögð meiri hlutans, m.a. að leyfa ekki fólki að koma fyrir nefndina og tjá sig um málið, eru algjörlega fráleit. Ég hef ekki enn þá fengið skýringu á því, herra forseti, af hverju í ósköpunum mátti ekki funda um helgina og fram á mánudaginn um málið. Hvað lá á?

[16:20]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að vísa því á bug að ekki hafi verið um eðlileg vinnubrögð að ræða í heilbr.- og trn. Ég bendi sérstaklega á að það voru þrír formenn fastanefnda Alþingis sem voru með í því að taka þetta mál út. Þetta er því allt gert mjög eðlilega af fólki sem hefur mikla reynslu af þingstörfum.

Hér er sérstaklega vitnað í framkvæmdastjóra tölvunefndar og ég tel að þessi tilvitnun sé nú eitthvað slitið úr samhengi. Ég bendi á að viðkomandi aðili sagði líka að hægt væri að samkeyra þessar upplýsingar en það væri viðamikið verkefni og þyrfti sérstaka yfirlegu. En það væri hægt. Það stendur ekki í áliti minni hlutans.

Ég vil líka taka það sérstaklega fram, vegna þess sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir segir hér og gerir hálfgert grín að þeirri er hér stendur, að tala um væntanlegan starfsleyfishafa. Þá vil ég benda á það að í nál. fyrsta minni hluta stendur, með leyfi forseta: „væntanlegur starfsleyfishafi". Nákvæmlega sama orðalag og ég hef notað. Þannig að ef þetta er sérstakur bjánagangur að þá er þetta sérstakur bjánagangur líka í hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhennesdóttur, sem tala um „væntanlegan" starfsleyfishafa.

Að lokum vísa ég því algjörlega á bug að við séum að vinna undir einhverri utanaðkomandi stjórn og lesist: undir stjórn Íslenskrar erfðagreiningar. Það er alrangt. Við fáum hins vegar miklar upplýsingar bæði frá andstæðingum frv. og frá þeim sem eru fylgjandi því, bæði í gegnum netið, símtöl, fax og annað en það er alrangt að við séum undir stjórn einhverra aðila utan frá.

Við stýrum brtt. okkar sjálf á Alþingi. Þetta eru brtt. okkar meiri hlutans og ég gæti alveg eins sakað hv. þm. um að vera sérstakan bandingja andstæðinga frv. en ég ætla ekki að gera það.

[16:23]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að enginn ætli minni hluta heilbr.- og trn. að lesa upp allt sem fram hefur komið, alla þá gagnrýni sem fram hefur komið á þetta frv., hvort sem það hefur verið í máli manna eða í riti. Vegna þess að þá stæði ég hér í nokkra daga, herra forseti, og ég ætla engum svo illt að fara að rekja alla þá gagnrýni sem fram hefur komið á þetta frv.

Auðvitað er það alltaf þannig þegar tilvitnanir eru teknar inn í mál að þá má eflaust benda á hlutina í einhverju öðru samhengi. Það kýs hv. frsm. meiri hlutans að gera um þessi orð talsmanna tölvunefndar. En ég hef skilið tölvunefnd þannig, bæði í umsögn hennar og þegar hún hefur komið fyrir nefndina að hún a.m.k. sjái ákveðin tormerki á því að framkvæma þessa hluti. Tölvunefnd hefur hins vegar aldrei hafnað því að hún muni ganga í það verk verði henni falið það með lögum. Að sjálfsögðu ekki. Enda er það skylda hennar að fara að lögum. Samt sem áður hefur tölvunefnd líka lýst því yfir að hún telji þarna vera um persónugreinanlegar upplýsingar að ræða og mundi vilja nálgast málið á þann hátt. Á það hefur hæstv. meiri hluti í heilbr.- og trn. ekki hlustað þó að það hafi verið hlustað á aðra sem hafa kannski lagt inn orð í umræðuna.

Þetta með væntanlegan starfsleyfishafa. Eflaust hafa fleiri notað þetta hugtak. En það er hins vegar svo að þegar framsögumaður meiri hlutans, sem er að kynna þetta mál og leggja það fram hér, viðurkennir það nánast með orðbragði sínu og líka með því þegar hún er að rökstyðja það út af hverju menn eigi að koma fyrir nefndina, að eðlilegt sé að fulltrúar eða væntanlegur starfsleyfishafi komi fyrir nefndina þá er það til að staðfesta þá gagnrýni sem minni hlutinn hefur verið að leggja fram. Að verið sé að vinna þetta mál í þágu ákveðins, væntanlegs starfsleyfishafa, ónefnds fyrirtækis hér í borg.

Þess vegna höfum við haldið því fram að um sé að ræða ákveðinn og mikinn þrýsting að utan, utan þings, í þessu máli. Það er a.m.k. ljóst samkvæmt rauðu reitunum á blaðinu sem ég sýndi hér áðan að það eru ekki andstæðingar þessa frv. sem hafa fengið mikinn hljómgrunn hjá ríkisstjórninni.

[16:25]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu hafa andstæðingarnir ekki fengið sérstakan hljómgrunn. Ríkisstjórnin styður þetta frv. og meiri hluti Alþingis styður þetta frv. og við teljum að hér sé um mikið framfaramál að ræða til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag. Það hefur margoft komið fram. Að tala hér um og gera grín að því að sagt sé „væntanlegur rekstrarleyfishafi". Margoft hefur komið fram að ekki er búið að úthluta þessu leyfi og getur hver sem er sótt um það en það er einungis eitt fyrirtæki sem við sjáum í dag sem hefur sérstakan áhuga á því. En það má vel vera að það komi fleiri.

Ég vil lesa upp fyrir hv. þm. úr minnihlutaálitinu. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Innan nefndarinnar var raunar einhugur um að reyna að haga frumvarpinu svo að vísindamönnum væri tryggður eins mikill aðgangur að grunninum og frekast væri unnt. Sama viðhorf virtist ríkja hjá væntanlegum rekstrarleyfishafa."

Minni hlutinn talar nú líka á þessum nótum, hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir.

Ég tel hins vegar að það sé mjög vafasamt, eins og gert er í framhaldsnál. minni hlutans, að vitna orðrétt í fulltrúa frá tölvunefnd. Þetta er í gæsalöppum en það kemur ekki fram í hvern er verið að vitna. En það er búið að koma fram hér hjá minni hlutanum að þetta er Sigrún Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri tölvunefndar. Ég tel að þessi orð séu slitin úr samhengi. Ég get ekki vottað svo sem að þau væru sögð með þessum hætti, þetta er hér innan gæsalappa, en viðkomandi aðili sagði margt annað sem kemur ekki fram. Þar kom m.a. fram að tölvunefnd taldi að þetta væri hægt en þetta væri viðamikil aðgerð og þyrfti sérstakrar skoðunar við og það efast enginn um. Að sjálfsögðu er þetta stórt mál fyrir tölvunefnd. Það kemur fram í frv. að væntanlegur rekstrarleyfishafi, hugsanlegur, hver sem það nú verður, á að borga þetta eftirlit í topp fyrir utan að það á að taka þetta út af óháðum aðila, allt eftirlitið varðandi persónuverndina.

[16:27]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei efast um það hver eigi að vera þessi starfsleyfishafi, hver sé vilji ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Ég tel hins vegar mjög alvarlegt mál ef talsmaður hæstv. ríkisstjórnar viðurkennir það svo berlega í máli sínu eins og hér hefur komið í ljós og það er það sem mér þykir vera alvarlegt mál í þessu, m.a. með tilliti til þeirrar röksemdar sem ég benti á áðan að það þarf að fara fram faglegt og málefnalegt mat áður en ákveðið er hver er væntanlegur starfsleyfishafi. Ég hef fyrir mína parta aldrei dregið í efa að það sé fyrir löngu búið að ákveða það, herra forseti.

Ríkisstjórnin ætlar að hafa vit fyrir þjóðinni í þessu máli. Ríkisstjórnin telur að þetta sé þjóðþrifamál. Það er hins vegar svo, herra forseti, að mjög fáir aðrir telja þetta vera þjóðþrifamál og allra síst vísindamenn eða læknar eða aðrir þeir sem eiga að starfa eftir þessum lögum. Það er kannski það sem er alvarlegt og það er það sem gerir það að verkum að mat mitt er að þessi grunnur mun aldrei verða eitt eða neitt, hann mun aldrei verða það vísindatæki sem hann á að verða vegna þess að það er enginn sem vill eða ætlar að starfa eftir honum nema ríkisstjórnin, herra forseti. Hún dugir því miður ekki til þó hún mundi öll setja sjálfa sig í grunninn og jafnvel einhverja fleiri á sínum snærum.

[16:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég byrja á því að lýsa vonbrigðum mínum með það hvernig þetta mál hefur unnist í heilbr.- og trn. Eins og nefndarmenn vita og þekkja vorum við jafnaðarmenn í heilbr.- og trn. mjög áfram um að vinna þetta mál vel og formaður nefndarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, lagði geysilega mikla vinnu í að vinna þetta mál, bæði í vor sumar og núna í vetur.

Eins og fram kemur í áliti fyrsta minni hluta við 2. umr. málsins vorum við enn á því að við vildum gera allt til þess að gera þetta frv. betra, bentum á ýmsar leiðir til að koma í veg fyrir að málið stangaðist á við alþjóðasamninga, við bentum á leiðir sem við töldum að þyrfti að gera, breytingar sem þyrfti að gera til þess að málið yrði betur úr garði gert og vorum hlynnt þessu máli og sátum hjá við frávísunartillögu sem kom fram í þinginu.

Við trúðum því líka að þau orð sem komu fram í umræðunni um að málið væri enn í vinnslu væru rétt, að menn í meiri hlutanum væru tilbúnir til að vinna málið áfram og gera á því endurbætur sem þurfti augsýnilega að gera.

En því miður varð ég fyrir miklum vonbrigðum. Það var greinilega enginn áhugi á því að taka nokkurt tillit til athugasemda. Ekki var nokkur áhugi á því að fá aðila til fundar við nefndina til að skoða þessar tillögur frekar og af því að bent er á tvær leiðir í minni hluta okkar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar eftir 1. umr. þá vil ég get þess að við bendum á leiðir sem við teljum að hægt verði að skoða. Við leggjum ekki til brtt. í þá veru vegna þess að við trúðum því að hægt væri að ná samstöðu um þessar leiðir í nefndinni. Það kemur samt greinilega fram og kom bæði fram í umræðunni og einnig í minnihlutaálitinu að við teljum það álitamál hvort sú leið sem valin var af meiri hlutanum gengi nógu langt til þess að fullyrða að hún feli ekki í sér samkeppnishamlandi mismunun. Það kemur fram á áliti 1. minni hluta. Þess vegna töldum við að leita þyrfti álits ýmissa aðila um það hvort þær leiðir, sem við bentum á að væru e.t.v. mögulegar, væru færar. Ekki var orðið við þeim óskum okkar að fá álit hjá þeim aðilum um hvort þessar leiðir væru í rauninni færar. Mér fannst það mjög leitt að ekki skyldi vera tekið tillit til þessara athugasemda og í rauninni var mér misboðið þegar meiri hlutinn kom fram með þeim hætti sem hann gerði sl. föstudag.

Hér hafa menn verið að vitna heilmikið í tölvunefnd og það gerum við í minnihlutaálitinu líka. Ég verð að segja að umræðan um álit tölvunefndar á þessum breytingum um samkeyrslu erfðafræði-, ættfræði- og heilsufarsupplýsinganna hjá væntanlegum rekstrarleyfishafa sannar það bara og sýnir að nauðsynlegt hefði verið að fá skriflegt álit tölvunefndar á þessum breytingum, eins og minni hlutinn óskaði eftir á fundi nefndarinnar á föstudaginn. Það hefði verið full ástæða til að fá álit tölvunefndar í stað þess að vera að vitna orðrétt í ummæli á nefndarfundinum. Ég tel fulla ástæðu til að álit tölvunefndar komi á þeim leiðum sem lagðar eru til

hjá fulltrúum meiri hlutans áður en þetta mál verður afgreitt héðan úr þinginu.

Mér finnst líka ámælisvert að fulltrúum stofnana sem óskuðu eftir að koma á fund nefndarinnar væri synjað um að koma og segja álit sitt á málinu. Reyndar er það svo að við áttum í minni hlutanum og í stjórnarandstöðunni fund með fulltrúum þessara hópa og það verður að segjast eins og er að full ástæða var til að funda með þeim og hefði verið hollt fyrir meiri hlutann að hlusta á það sem þeir einstaklingar höfðu fram að færa.

Það kom t.d. fram, eins og kom reyndar fram í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, að menn hafa verið og eru margir hverjir sannfærðir um að gagnagrunnurinn, sem við trúðum að yrði ágætis rannsóknartæki, yrði það eflaust ekki vegna þess hvernig að málum hefur verið staðið. Það kom líka í ljós hjá tveim geðlæknum sem komu á fund okkar í gær að sjúklingar eru farnir að hafa verulegar áhyggjur af því hvað verði gert við upplýsingar þeirra og viðhorfið hefði breyst verulega. Í sumar spurði tíundi hver sjúklingur um hvað yrði gert við þær upplýsingar sem þeir gæfu hjá lækninum en nú er það annar hver sjúklingur sem ekki vill að upplýsingar um hann fari lengra.

Einnig hefur verið þó nokkuð mikið í umræðunni að þetta frv., eins og það er nú í stakk búið, stangist á við alþjóðasamninga og jafnvel við stjórnarskrána og full ástæða hefði verið til að leita umsagnar aðila erlendis, ef ekki aðeins erlendis þá einnig sérfræðinga okkar í EES-rétti, eins og óskað var eftir við lokaafgreiðslu málsins á föstudaginn. En meiri hlutinn vildi það ekki, vildi ekki verða við því.

Ég bara spyr: Hvað óttast menn við það að fá álit sérfræðinga í EES-rétti þegar bent hefur verið á það margsinnis að þetta frv. virðist brjóta í bága við þær skuldbindingar sem við höfum gengist undir í EES-samningnum? Hvað er það sem meiri hlutinn óttast í þeim efnum? Hvers vegna mátti ekki skoða það?

Það kom fram í frétt í Morgunblaðinu á föstudaginn var, sama dag og málið var keyrt út úr nefndinni af meiri hluta nefndarinnar, þ.e. fulltrúum ríkisstjórnarinnar, að norræna siðfræðinefndin hafi sent út frá sér tilkynningu um gagnagrunnsfrv. Þar koma fram ein átta atriði sem þeir gera athugasemdir við, sem full ástæða hefði verið fyrir okkur í nefndinni að skoða. En fulltrúar ríkisstjórnarinnar þora ekki að fara í nokkra gagnrýni eða skoða athugasemdir sem koma um málið.

Norræna siðfræðinefndin bendir t.d. á að frv. veiti einkalífi og mannhelgi einstaklingsins ófullnægjandi vernd og rekur ýmsar ástæður fyrir því, án þess að ég ætli að fara nánar út í það — reyndar velti ég því fyrir mér hvað það hefur upp á sig að ræða þetta mál lengur. Það er búið að sýna slíkan yfirgang af hálfu fulltrúa ríkisstjórnarinnar í að koma þessu máli í gegnum þingið. Það hefur forgang fram yfir öll önnur mál, það hefur forgang fram yfir fjárlögin, það hefur forgang fram yfir umræðuna um fiskveiðimálin, allt skal víkja fyrir þessu gæluverkefni forsrh. og ríkisstjórnarinnar. Alveg sama þó að verulegir annmarkar séu á frv. og hver af öðrum hafi sýnt fram á það, hvort sem það eru erlendir aðilar eða innlendir. Ekki er reynt að ná neinum sáttum um málið, sem hefði auðvitað verið virðingarvert, ef menn hefðu farið og hlustað á athugasemdir og leyft þessum röddum, gagnrýnisröddum að heyrast fyrir lokaafgreiðslu málsins.

Einnig kom fram mjög merkileg úttekt Páls Þórhallssonar lögfræðings í sunnudagsblaði Morgunblaðsins á sunnudaginn, þar sem farið er mjög ítarlega yfir þetta mál og bent á ýmis atriði sem full ástæða hefði verið til að taka inn í frv. Ég hefði svo sannarlega talið ástæðu til að nefndin fengi Pál á fund hjá sér og færi yfir þessi atriði því að ég get ekki séð annað en að þetta séu mjög gagnlegar ábendingar sem hann kemur með í grein sinni sl. sunnudag, Gagnagrunnur — þjóðarlíkan.

Hann bendir m.a. á gagnrýni Samkeppnisstofnunar og álit Lagastofnunar um að líkur væru á því að þessi lagasetning stæðist ekki EES-samninginn og það álit Samkeppnisstofnunar að hún væri ekki í nokkrum vafa um að reglur EES-samningsins væru brotnar í þessari lagasetningu og bendir á að ekki hefði verið hægt að finna út úr því nema leita álits út fyrir landsteinana sem var hafnað í nefndinni. Það hefði líka þurft að setja inn ákveðna fyrirvara um þessi efni til að koma í veg fyrir að íslenska ríkið yrði skaðabótaskylt gagnvart rekstrarleyfishafa ef sérleyfið, sem hefur nú hvað mest verið gagnrýnt, reynist brjóta gegn EES-samningnum.

Það eru ýmis fleiri atriði sem full ástæða hefði verið til að taka til umfjöllunar, m.a. hvernig ráðherra hyggst semja við rekstrarleyfishafa um greiðslur í ríkissjóð til eflingar heilbrigðisþjónustu, rannsókna og þróunar. Það er atriði sem þyrfti að útfæra strax áður en rekstrarleyfið er veitt. Þar þarf auðvitað að ná sem hagkvæmustum samningum fyrir ríkið.

Líka er bent á það að öll eftirlitsákvæði vanti í frv., eftirlit t.d. með fjárhag og bókhaldi. Sömuleiðis er bent á það í þessari grein að „ekkert ákvæði (til öryggis) um að rekstrarleyfishafi verði að virða lög og reglur."

Einnig bendir höfundur á að „einnig hefði vel komið til álita að skuldbinda rekstrarleyfishafa til að virða almennt viðurkenndar siðareglur vísindamanna og vandaða skráningarhætti. Svona atriði geta skipt máli til þess að hægt sé að beita viðurlögum ef rekstrarleyfishafi brýtur af sér." Hér vitna ég beint í grein Morgunblaðsins, með leyfi forseta.

Margoft hefur verið bent á að ekki sé ljóst hvað fari inn í gagnagrunninn. Það er þó orðið sameiginlegur skilningur allra í nefndinni að inn í miðlæga gagnagrunninn fari upplýsingar úr sjúkraskrám. Það var reyndar ekki sameiginlegur skilningur hér við síðustu umræðu málsins sem kom mér verulega á óvart.

Eins og sjúkraskrár eru í dag þá er þar ekki mikið af erfðafræðiupplýsingum en að mati sérfræðinga munu þær upplýsingar aukast á næstu árum. Aftur á móti — án þess að ég ætli að rekja hér álit Páls Þórhallssonar sem hefði verið vissulega ástæða til í þessari umræðu — hefur þessi síðasta brtt. meiri hlutans um samkeyrslu gagna úr gagnagrunnum verið mjög harðlega gagnrýnd. Ég verð að segja að full ástæða hefði verið til að sú breyting fengi verulega og mun meiri umfjöllun í nefndinni en hún fékk því að sú umfjöllun var nánast engin.

Ég ætla ekki að taka þátt í kýtum um hvort menn tali um fulltrúa starfsleyfishafa, eins og hv. varaform. nefndarinnar hefur ítrekað gert, eða hvort rætt er um væntanlegan starfsleyfishafa. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá nokkrum manni í umræðunni um þetta mál að það hafi verið ákveðið fyrir löngu hver fengi starfsleyfið, það hafi verið ákveðið nánast áður en þetta frv. var smíðað. Það er náttúrlega bara hjákátlegt að vera að tala öðruvísi um málið. Hvert mannsbarn veit hverjum er ætlað að fá starfsleyfið.

Engu að síður tel ég að fara verði þá leið sem Davíð Þór Björgvinsson benti á á fundi nefndarinnar 7. des. Hann taldi að kynna þyrfti málið þeim sem hefðu áhuga á að gera

gagnagrunn á heilbrigðissviði, eins og lagt er til í þessu frv. og síðan færi fram málefnalegt og faglegt val. Lagastofnun Háskóla Íslands bendir á að mikilvægt sé að fara þessa leið. Auðvitað er full ástæða til þess að taka undir það. Aftur á móti veltir maður fyrir sér hvað það hefur upp á sig.

Ég ætlaði að rekja hér þær brtt. sem við í minni hlutanum hefðum talið nauðsynlegar til að bæta frv. Ég sé ekki að það sé mikil ástæða til þess. Ég benti við síðustu umræðu málsins á ýmis atriði, t.d. það að geta tekið til baka upplýsingar sem farið hefðu í grunninn. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir spurði hér áðan hvernig væri með Íslendinga sem væru erlendis. Það lítur út fyrir að allar upplýsingar þeirra fari í grunninn. Síðan gætu þeir ekki dregið þessar upplýsingar út. Við höfum bent á börn og aðra sem ekki geta svarað fyrir sig. Ýmsir hópar hafa hvorki heilsu né þroska til að taka afstöðu. Vissulega er full ástæða til að ítreka það þó ég geri mér ekki neinar vonir, miðað við vinnubrögð nefndarinnar, um að slíkar breytingar verði gerðar á frv.

Það er líka sérkennilegt hvernig allt í einu varð að flýta málinu í gegnum nefndina á föstudaginn. Það mátti varla ræða nokkurn skapaðan hlut, varð að keyra málið í gegn þó að nokkrir dagar væru til ráðstöfunar til þess að fjalla um málið. Sérstaklega vil ég gagnrýna það vegna ummæla fulltrúa tölvunefndar hjá heilbr.- og trn. Þau hafa verið til umræðu í dag og hefði verið full ástæða til að halda fund með tölvunefnd í gær, fá álit formanns hennar sem var erlendis og kom heim um helgina, og fá síðan skriflegt álit.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég veit ekki hvað það hefur upp á sig að ræða þetta mikið hér. Ég vil mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru við afgreiðslu þessa máls í nefndinni. Mér er vissulega misboðið. Ég á erfitt með að ræða þetta mál vegna þess hvað ég er hneyksluð á hvernig lýðræðislegum vinnubrögðum var gjörsamlega ýtt út af borðinu og meiri hluti nefndarinnar sýndi yfirgang. Ég sætti mig fyllilega við að meiri hlutinn ráði málinu þegar það kemur til afgreiðslu, það er lýðræðislegt. Að leyfa hins vegar ekki aðilum að koma til fundar við nefndina og segja álit sitt — mér misbýður það. Ég sé ekki nokkra afsökun fyrir slíkum vinnubrögðum.

Mér finnst það fyrir neðan virðingu Alþingis að viðhafa svona vinnubrögð. Við eigum að vinna hvert einasta mál eins vel og við getum. Við eigum að taka tillit til athugasemda. Eins og fram hefur komið hér í umræðunni höfum við fengið umsagnir margra tuga félagasamtaka, einstaklinga og stofnana. Það virðist sem lítið hafi verið gert með þessar umsagnir.

Einnig er vert að benda á að við þær grundvallarbreytingar sem verða á málinu þegar brtt. þær sem hér eru lagðar fram verða að lögum, þá er hér allt annað frv. en í upphafi. Það eru allt aðrar forsendur fyrir því. Ætlunin er að heimila rekstrarleyfishafa að keyra saman erfðafræðiupplýsingar og ættfræðiupplýsingar við gagnagrunninn án þess að tölvunefnd komi að hverri samkeyrslu um sig. Það er vissulega gagnrýnisvert.

Einnig hefur verið bent á, m.a. á fundinum hjá okkur í gær, að í raun væri, með sérstakri reglu fyrir rekstrarleyfishafann um samkeyrslu þessara grunna, verið að mismuna öðrum vísindamönnum. Um allar aðrar samtengingar, allar aðrar samkeyrslur, gilda ákvæði laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Sá eini sem er því undanþeginn, eftir þessa lagasetningu, er rekstrarleyfishafinn væntanlegi. Spurningin er hvort þarna sé ekki verið að brjóta jafnræðisregluna á vísindamönnum með því að veita þessum einkaaðila sérstaka meðferð þegar kemur að samkeyrslunni.

Herra forseti. Ég er að hugsa um að hafa ræðu mína ekki mikið lengri. Ég vil ljúka fyrri ræðu minni við þessa umræðu á því að segja að mér er vissulega misboðið. Þetta mál er alls ekki tækt til að verða að lögum eins og það er í dag. Við munum uppskera lögsókn, spái ég. Einkarétturinn stenst ekki alþjóðasamninga og mörg önnur álitaefni eru í frv. sem hægt væri að sníða af ef við gæfum okkur tíma til að vinna það. Til þess er ríkisstjórnin hins vegar ekki tilbúin.

[16:54]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála fullyrðingum hv. þm. um að hér sé um allt annað frv. að ræða þó þessar tvær brtt. meiri hlutans nái fram að ganga. Á það hefur áður verið bent.

En ég tók eftir því áðan að hv. þm. setti fram þá skoðun sína að leita hefði átt umsagna erlendis frá. Þess vegna langar mig til þess að spyrja hana: Til hvaða aðila á að senda málið? Á að taka það vinnulag almennt upp við öll meiri háttar mál við löggjöf á hinu íslenska Alþingi?

Virðulegi forseti. Ég vil fá að nota þetta tækifæri til þess að upplýsa hve mikið hefur verið rætt um frv. sem hér er til umræðu. Við 1. umr. málsins þá tóku 17 ræðumenn til máls. (**ÁRJ:** Er þetta andsvar við mig?) Við 2. umr. tóku 26 ræðumenn til máls. Alls töluðu þessir ræðumenn samtals í 39 klst.

Þetta er vissulega andsvar við hv. þm. sem talaði um að málið væri ekki nógu vel unnið og að sjónarmið hefðu ekki komist að í umræðunni um málið.

[16:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hera forseti. Það hversu margir tóku til máls við umræðuna síðast sýnir bara að verulega margt var athugavert við þingmálið. Í þeirri umræðu var því einnig lýst yfir að málið væri í vinnslu og talað um að það yrði unnið frekar milli 2. og 3. umr. Það var ekki gert. Menn voru ekki tilbúnir að vinna það frekar nema að því litla leyti sem meiri hlutinn vildi. Þeir voru ekki einu sinni tilbúnir að hlusta á þá sem vildu gera athugasemdir.

Hv. þm. spyr til hverra hefði átt að leita álits. Í máli mínu hefur margoft komið fram að ég hefði talið ástæðu til að leita til Eftirlitsstofnunar EFTA um þetta mál. Við teljum að þetta brjóti í bága við EES-reglur og tilskipanir og að full ástæða hefði verið til að skoða það. Einnig bentum við á að ástæða hefði verið til að tala við Björn Friðfinnsson, sérstakan sérfræðing ríkisstjórnarinnar um málefni sem snúa að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég er ekki að segja að það eigi alltaf að leita til útlanda. Þegar það er álitamál hvort málið standist skuldbindingar sem við höfum tekist á hendur í sambandi við erlenda samninga þá eigum við vissulega að leita þangað. Ég benti á að í grein í Morgunblaðinu á sunnudaginn telur virtur lögfræðingur að vissulega hefði verið ástæða til þess að leita umsagnar erlendra aðila um málið.

Jafnframt hefur verið bent á að þetta standist ekki stjórnarskrána og hefði líka verið ástæða til að leita álits á því.

Það að málið hafi verið mikið rætt hér í þingsal bendir til þess að menn hafi gert margar athugasemdir. Ég vil bara minna á að mjög fáir fulltrúar heilbr.- og trn., úr stjórnarmeirihlutanum, tóku til máls í umræðunni. Þó þeir komi

hér aðeins í andsvör voru þeir ekki mikið að ræða málið í þingsalnum nema einn og einn.

[16:58]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sérstakt að hv. þm. skuli hafa áhyggjur af því hvaða þingmenn stjórnarmeirihlutans taki til máls á þinginu. Það er allsérstakt.

Hún nefndi áðan að sagt hefði verið að málið væri enn þá í vinnslu, þ.e. frv. Þetta eru aðeins tvær brtt. sem við ræðum um hér við 3. umr. Ég ítreka það sem ég hef sagt áður. Áður en málið var afgreitt til 2. umr. fjallaði heilbr.- og trn. um að þyrfti að lagfæra 10. gr., þ.e. greinina sem fjallaði um aðgengi vísindamanna. Við vildum tryggja það aðgengi. Allir fulltrúar nefndarinnar voru sammála því.

Einnig var minnst á EES-samninginn. Ég vildi láta það koma fram að minni hlutinn spurði út í það á fundi nefndarinnar sl. föstudag út af frétt í Morgunblaðinu. Davíð Þór Björgvinsson prófessor var spurður að því hvaða þýðingu það hefði ef kveðinn væri upp slíkur dómur sem þar var fjallað um, að íslenska ríkið verði skaðabótaskylt ef réttarreglur væru ekki lögfestar samkvæmt samningnum. Hann sagði að íslenska ríkið væri hvort sem er skaðabótaskylt ef réttur þegnanna væri brotinn, að sjálfsögðu. Hann sagði að ekkert í þessum dómi væri nýtt og varaði reyndar við oftúlkun á þessu. Hann sagði að það væri verið að undirstrika almenna reglu sem þegar væri fyrir hendi.

[17:00]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst hv. þm. er að tína til hversu margir tóku til máls við 2. umr. þá er full ástæða til að benda á að í gæluverkefni ríkisstjórnarinnar, þessu forgangsverkefni núna rétt fyrir jól, sem á að keyra í gegn og hefur forgang bæði á fjárlagaumræðu og alla aðra umræðu, sáu ekki einu sinni þeir sem unnu í málinu í nefndinni ástæðu til þess að ræða málið í þeirri umræðu nema einn þingmaður frá Sjálfstfl., hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, vegna þess að hún var með fyrirvara við nál. og síðan hv. varaformaður nefndarinnar, Siv Friðleifsdóttir. (Gripið fram í.) Hann er ekki í nefndinni, hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, ég er að tala um nefndarmenn í hv. heilbr.- og trn.

Herra forseti. Það er mjög sérkennilegt þegar svona mikil áhersla er lögð á þetta sérstaka mál að menn hafi ekki einu sinni áhuga á því að ræða málið í þingsal. Það er mjög sérkennilegt.

En vegna athugasemda hv. þm. um það að leitað hafi verið svara við því hvort íslenska ríkið væri skaðabótaskylt gagnvart broti á EES-samningnum fékkst það ekki rætt við sérfræðinga ríkisstjórnarinnar um þann ágæta samning. Það fékkst bara rætt við þann eina lögfræðing sem meiri hlutinn gaf leyfi til þess að fá til umræðu við nefndina. Það gagnrýni ég harðlega því að vissulega hefði verið ástæða til þess að leita álits hjá fleirum en þeim eina manni, með fullri virðingu fyrir honum.

[17:02]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek sérstaklega fram vegna gagnrýni síðasta ræðumanns á störf fulltrúa í heilbr.- og trn. og umræðurnar sem voru hér um daginn, að hv. þm. Tómas Ingi Olrich, sem tók þátt í umræðunum, mætti meira eða minna á fundi nefndarinnar þegar við fórum yfir málið. Það var prófkjör hjá Sjálfstfl. í Reykjanesi þannig að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir gat lítið mætt, og því mætti hann sem varamaður og tók þess vegna þátt í þeim umræðum sem voru hér og hefur kynnt sér þessi mál afar vel.

Mig langaði til að koma aðeins inn á þá gagnrýni að ekki hafi verið leitað til erlendra aðila, til ESB og ESA. Það er athyglisvert að hv. þm. tekur þetta upp, sem barðist á hæl og hnakka gegn því að við færum inn í EES á sínum tíma en þrír lögfræðingar frá heilbrrn. fóru til Brussel og ræddu þar við sérfræðinga í persónuvernd hjá Evrópusambandinu, sérfræðinga ESA og hjá embættismönnum okkar í sendiráðinu í Brussel vegna þessa máls. Þetta kom allt fram í heilbr- og trn. á fundum okkar.

Hér var líka komið inn á að það væri löngu búið að ákveða hver ætti að fá þetta starfsleyfi. Ég mótmæli því. Það er hins vegar einn aðili á sjóndeildarhringnum og það vita það allir. Hver sem er getur sótt um þetta leyfi. Fari svo að fleiri sæki um það, sem ég reyndar á ekkert sérstaklega von á, þarf heilbr.- og trn. að meta umsóknir.

Hér kom hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir mjög skýrt inn á það að hún vildi ná einhvers konar sáttum um málið. Ég vil spyrja hv. þm.: Á hvaða grundvelli ættu þær sættir að vera? Það kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að hann hefði getað stutt þetta mál á sínum tíma ef aðgengisnefndin færi út og einkaleyfið yrði fellt út. Við erum núna að fella aðgengisnefndina út en við höfum aldrei náð samstöðu um að fella einkaleyfið út.

Ég spyr hv. þm.: Hvernig á að ná sáttum við hana? Það hefur aldrei komið fram í þeim umræðum sem hafa átt sér stað hvernig það ætti að fara fram.

[17:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir heldur að það sé möguleiki fyrir mig að vera með einhverja sátt eftir þær aðferðir sem hún beitti í nefndinni á föstudaginn. Það er algjör misskilningur. Aftur á móti veit ég ekki betur en við höfum unnið þetta sáttfús bæði ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson í allri umræðunni.

Þó svo að fulltrúar frá framkvæmdarvaldinu hafi farið og kannað málið í Brussel á sínum tíma hefði verið full ástæða til að fulltrúar frá þinginu og nefndin léti skoða hvernig þetta mál stæði gagnvart EES-samningnum. Ef hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vill koma skoðunum mínum á EES-samningnum á sínum tíma inn í umræðuna þá er það alveg ljóst að ég var á því að það ætti að gera þennan samning þó það væri ekki nákvæmlega eins og EES-samningurinn var hugsaður.

Aftur á móti tel ég þetta vera mjög góðan samning og ég hef algjörlega skipt um skoðun á því. Ég held þetta hafi verið rétt leið og hún sé til bóta og við eigum að passa upp á að við brjótum ekki samninginn eins og við virðumst vera að gera með þessari lagasetningu.

Að það hafi verið prófkjör hjá Sjálfstfl. þegar var verið að fjalla um þetta mál kemur málinu bara ekkert við. Ég gagnrýni það ekki að hv. þm. Tómas Ingi Olrich hafi tekið þátt í umræðunni. Mér finnst það bara virðingarvert. Aftur á móti verð ég að segja að ég furða mig á því að ekki skuli fleiri þingmenn hafa tekið þátt í umræðunni og það ekki þingmenn í hv. heilbr.- og trn. sem eru búnir að vera að vinna þetta mál frá því í vor. Þeir sáu ekki ástæðu til þess að ræða málið, með fullri virðingu fyrir Tómasi Inga Olrich, sem er ekki í nefndinni.

Um hugmyndir okkar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að auðvelda aðgang vísindamanna að nefndinni ætla ég

ekki að ræða frekar. Það hefur komið fram í máli mínu og kom mjög skýrt fram í ræðu minni áðan.

[17:06]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að meiri hlutinn ræður hvernig hann hagar framkomu sinni í umræðum á Alþingi varðandi málið. Það var ágætt að heyra að hv. þm. teldi núna EES vera til bóta almennt enda komin í raðir jafnaðarmanna sem stóðu fyrir þeim samningi á sínum tíma. Kannski er von í því að hv. þm. telji að miðlægur gagnagrunnur sé til mikilla bóta síðar þegar hv. þm. hefur kannski séð hvað margt gott felst í honum.

Það kom líka fram í ræðu hv. þm. að það hefði ekki verið leitað til ákveðinna aðila varðandi aðgengisnefndina. Ég vil mótmæla því. Leitað var til Davíðs Þórs Björgvinssonar frá Lagastofnun Háskóla Íslands um málið og var sérstaklega bent á að þetta gæti brotið EES-samninginn.

Ég ítreka það, með leyfi forseta, að í áliti 1. minni hluta, sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir skrifar upp á, segir að 1. minni hluti telur báðar leiðirnar, þ.e. þær leiðir sem að framan greinir varðandi útfellingu á aðgengisnefndinni, telur báðar leiðirnar koma til greina. Síðar segir svo: „og hefur því afráðið að fresta um sinn að leggja fram formlega brtt. um aðra hvora leiðina."

En hér er komin önnur leiðin sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir var að tala um. Hér er meiri hlutinn búinn að fallast á aðra þessa leið. En núna á að hlaupa eins hratt og fætur toga frá málinu í heild. Þetta sýnir að menn treysta sér ekki til að samþykkja svona framfaramál vegna þess að í stjórnarandstöðunni er hver höndin upp á móti annarri í málinu.

Ég skil núna að öll stjórnarandstaðan þjappar sér bara saman og hleypur frá öllu saman.

[17:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er enginn að hlaupa eitt né neitt. Það hefur komið alveg skýrt fram að við hv. þm. Össur Skarphéðinsson bentum á tvær leiðir sem mætti skoða. Eins og ég vitnaði beint í í nál. okkar við síðustu umræðu bendum við á að það þurfi að skoða þetta að því sem snýr að samkeppnismálum og segjum hér:

„Hins vegar er álitamál hvort hún [þ.e. þessi leið] gengur nógu langt til að hægt sé að fullyrða að hún feli ekki í sér samkeppnishamlandi mismunun," eins og lýst er í 4. tölulið.

Við höfðum því efasemdir um það að þetta væru endilega réttar leiðir en töldum ástæðu til að skoða þær vegna þess að við vorum sáttfús og vildum reyna að leysa þetta vegna þess að nefndin var öll sammála um það að vísindamenn ættu að hafa greiðan aðgang að þessum gagnagrunni. Nefndin var sammála um það og við vorum að reyna að benda þarna á ákveðnar leiðir.

Ég held að ég nenni ekki að hafa frekari orðaskipti um þetta við hv. þm. Ég held þetta hafi komið mjög skýrt fram í ræðu minni og í þessu andsvari og ég mótmæli því að einhver sé að hlaupa frá einu eða neinu hér. Hér höfum við verið að reyna að vinna samviskusamlega við að bæta lagasetningu sem var í skötulíki þegar hún kom inn í þingið í upphafi og er verið í rauninni að kippa grunninum undan með þeim breytingum sem voru gerðar núna undir lok umræðunnar þegar málið var keyrt út úr nefndinni með valdi, eins og gert var á föstudaginn.

[17:10]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1999, 1. mál, þskj. 484.

Norræni fjárfestingarbankinn, 285. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 491.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 176. mál, brtt. VE og ÁE, þskj. 486.

Tryggingagjald, 228. mál, brtt. VE og ÁE, þskj. 485.

[17:11]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú er ég sannast sagna byrjaður að kannast við mig í umræðunni. Við vorum upplýst um það hér fyrir stundu af hálfu hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur að við 2. umr. málsins hefðu verið fluttar 17 ræður og menn hefðu talað í 39 klst. Þetta mál væri með öðrum orðum að fá mjög vandaða afgreiðslu.

Þegar ég segist kannast við mig þá minnist ég svipaðra ummæla um frv. sem hafa verið afgreidd í tíð þessarar ríkisstjórnar og vakið mikil mótmæli í þjóðfélaginu og verið mjög umdeild. Þannig var talað um húsnæðislöggjöfina í vor. Nú er að koma á daginn að þau varnaðarorð sem stjórnarandstaðan hafði þar uppi reyndust eiga við rök að styðjast. Nú er komið á daginn það sem þá var spáð, að mikill fjöldi einstaklinga og fjölskyldna eiga í miklum húsnæðiserfiðleikum vegna þessara lagabreytinga. Á annað þúsund einstaklingar og fjölskyldur í landinu eru á biðlistum eftir leiguhúsnæði, að reyna að komast inn á leigumarkað sem í reynd er ekki til. Húsnæðiskerfið var í reynd eyðilagt með löggjöfinni sl. vor. Það var eyðilagt með löggjöfinni í vor og nú er þetta endanlega að renna upp fyrir öllum, líka þeim sem efuðust um málið.

Þá var talað mikið af hálfu stjórnarandstöðunnar, færð fram rök til að reyna að koma í veg fyrir eyðileggingunа sem verið var að vinna á þessu kerfi, en svör ríkisstjórnarinnar og talsmanna hennar voru á sama veg og nú: Það er búið að tala svo mikið um málið, það hefur fengið svo vandaða afgreiðslu að þetta hlýtur að vera gott mál.

Ég minnist þess líka þegar löggjöf, mjög umdeild löggjöf um vinnumarkaðinn, vinnulöggjöfin var til umfjöllunar. Þá minnti hv. þm. Siv Friðleifsdóttir þann sem hér talar á hinn mikla og vandaða undirbúning þeirrar nefndar. Þingmaðurinn var búinn að færa til bókar hversu margir fundir hefðu verið haldnir í félmrn. til undirbúnings því frv. Það fylgdi ekki sögunni að á þessum fundum var tekist mjög hart á og mjög ólíkar skoðanir voru uppi en þetta var nóg fyrir statistík ríkisstjórnarinnar og hennar talsmenn, vegna þess að hún mælir vönduð vinnubrögð í fjölda funda sem haldnir eru eða hversu margar ræður fluttar eru og hve langar.

Fleiri þingmál hafa verið hér til afgreiðslu í tíð þessarar ríkisstjórnar sem hafa verið mjög umdeild. Síðastliðið vor var afgreitt frv. um auðlindir í jörðu. Samkvæmt því frv., ef ég man rétt, var að finna heimild til ráðherra til að samþykkja reglugerð og senda hana frá sér þar sem kveðið væri á um einkaleyfi um hitakærar örverur. Það var í því frv. Við þessu var líka varað og talsvert um þetta mál rætt á Alþingi og svör ríkisstjórnarinnar voru alltaf á sömu leið: Það er búið að tala svo mikið, það eru svo margir búnir að koma í ræðustól, þeir hafa talað svo lengi, þetta hlýtur að vera gott mál. Það hefur fengið svo vandaða umfjöllun.

Og núna er sennilega langalvarlegasta málið til afgreiðslu á þingi. Ég jafna því við og má á sama hátt líkja því við frv. um auðlindir í jörðu þar sem ráðstafað er hugsanlegum

auðlindum í iðrum jarðar allt inn í miðju jarðarinnar til þeirra sem eiga efsta flötinn, hafa eignarhaldið á honum. Og við skulum minnast þess að eftir EES-samninginn margrómaða var opnað fyrir eignarhaldi útlendinga á íslensku landi og þar með eignarhaldi þeirra á hugsanlegum verðmætum í jörðu. Þá var álíka mikill áhugi á umræðu um málið af hálfu ríkisstjórnarinnar og talsmanna hennar úr meiri hlutanum á Alþingi og þessu máli nú. Nánast enginn annar en að mæta hér og greiða atkvæði með samþykkt málsins. Það var álíka mikið. Síðan rennur það upp fyrir mönnum síðar, og því miður löngu síðar í mörgum tilvikum og allt of seint, hversu alvarlegt mál var á ferðinni.

En fyrst hv. þm. Siv Friðleifsdóttir er svona upptekin af hinni vönduðu umræðu og umfjöllun í þjóðfélaginu og ver sig þannig fyrir gagnrýni sem fram hefur verið sett núna á síðustu klukkutímum og dögum, um að þeir sem hafa viljað tjá sig um þetta mál hafi ekki fengið aðgang að heilbrn. þingsins sem hefur þetta mál til umfjöllunar, þá er ég hér með yfirlit yfir afstöðu þeirra aðila í þjóðfélaginu sem hafa látið þessi mál til sín taka og ályktað um málið. Þessu yfirliti hafa verið gerð skil hér áður á þinginu í ræðustól, ég veit það.

Hér kemur fram að rauði liturinn sýnir andstöðu við þetta frv. og allflestir þeirra sem hafa tjáð sig um málið eru því mjög harkalega andvígir. Græni liturinn hins vegar sýnir þá sem eru jákvæðir eða samþykkir frv. Það eru einstaka aðilar, nokkrir prófessorar og dósentar við læknadeild Háskóla Íslands. Og hér, á þessum græna fleti er að finna aðila sem eru tengdir Íslenskri erfðagreiningu, hagsmunaaðilar, einstaklingar og fyrirtæki sem eiga beinna hagsmuna að gæta.

Það er ekki að undra að einstaklingum og samtökum, aðilum í þjóðfélaginu sem láta þessi mál til sín taka sárni og þeir reiðist þegar talað er til þeirra á þann hátt sem hér hefur verið gert, og gefið í skyn að þeir hafi fengið að tjá sig um málið og tillit hafi jafnvel verið tekið til skoðana, sjónarmiða og viðhorfa þeirra. Það er engu líkara en þeir hafi talað um rör sem leitt hafi verið út um glugga, það hrein ekkert á meiri hluta heilbr.- og trn. og það hefur ekkert hrifið á meiri hluta ríkisstjórnarinnar, þá aðila sem veita henni brautargengi hér.

Síðan leyfa menn sér að segja að meiri hlutinn ráði. Ég leyfi mér nú fastlega, hæstv. forseti, að efast um að í reynd sé meirihlutavilji að baki þessari ráðstöfun. Ég held það sé mikill minnihlutavilji. Þá er ég ekki einvörðungu að hugsa um þá sem þetta mál snertir í samfélaginu, ég er að hugsa um sérfræðinga, vísindamenn, samtök sjúklinga, ég er jafnvel líka að vísa til Alþings sjálfs og þeirra sem hér sitja. Vegna þess að ég hef trú á því að mjög margir alþingismenn úr stjórnarmeirihlutanum hafi um þetta mjög miklar efasemdir en þeim er einfaldlega skipað að samþykkja málið. Þeim er skipað að veita því brautargengi og það gera þeir margir og hafa margir gert gegn eigin sannfæringu.

Auðvitað er þetta nokkuð sem erfitt er að fullyrða um. En mér segir hugur að svo sé um mjög marga hv. alþingismenn. Ég hef trú á að þetta eigi við um mjög marga alþingismenn, þeim sé þvert um geð að samþykkja þetta frv. Enda er það svo, eins og ég mun koma að í ræðu minni, að þetta stríðir náttúrlega gegn þeim hugmyndum og hugsjónum sem t.d. ýmsir frjálshyggjumenn hafa borið uppi og hafa látið kjósa sig inn á Alþingi á þeirri forsendu að þeir ætli að vinna slíkum sjónarmiðum og slíkum hugmyndum brautargengi. Síðan kemur frv. sem er þvert á þetta, frv. um einokun.

Þetta var nú eins konar formáli að ræðu minni um frv. ríkisstjórnarinnar um miðlægan heilsufarsgrunn. Reyndar væri hægt að hafa mjög mörg orð um vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu máli og það sem við höfum orðið vitni að hér í dag, þegar minni hlutinn á Alþingi fór fram á að þessu máli yrði frestað a.m.k. um einn dag. Málið yrði tekið upp að nýju í heilbr.- og trn. og þeim sérfræðingum og fulltrúum þeirra samtaka sem hafa sérstaklega óskað eftir því að koma að máli við heilbr.- og trn. yrði heimilað að gera slíkt. og minni hlutanum í heilbr.- og trn. yrði gefinn kostur á að kalla þá sérfræðinga og aðila sem hann vill kalla til, til að varpa ljósi á málið og þær breytingar sem fram hafa komið af hálfu stjórnarmeirihlutans.

Það deilir enginn um að ýmsar afgerandi breytingar hafa verið gerðar á þessu frv. sem frá fyrstu tíð reyndar hefur verið meingallað því að hugmyndin sjálf er gölluð og siðlaus. Hún er gölluð og siðlaus, eins og fram hefur komið í áliti vísindamanna hér og erlendis. Fyrir þessu öllu mun ég færa rök hér á eftir.

Það sem hefði verið æskilegt og réttast í þessu máli væri að fresta afgreiðslu þess þar til á nýju ári, taka málið til umfjöllunar að nýju með hækkandi sól og gefa sér gott tóm til að skoða málið. Reyndar er ég á þeirri skoðun að menn hefðu átt að gefa sér eitt, tvö ár til þess verks en í millitíðinni hefði mátt taka þáltill. til skoðunar sem þingflokkur óháðra hefur flutt um svokallaða dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði. Það sem athyglisvert er við þá tillögu og hugmynd er að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem spurðir voru álits úr heimi vísindanna, samtaka sjúklinga og einstaklinga sem gerst þekkja til þessara mála, var á því máli að þar væri komin og fundin hin rétta leið til að nálgast þetta viðfangsefni sem hér er til umfjöllunar, um hvernig eigi að fara með heilsufarsupplýsingar þjóðarinnar og hvernig eigi að nýta þær í þágu vísindanna og til að stuðla að framförum á sviði læknisfræðinnar.

Í þáltill. um dreifða gagnagrunna, sem ekki fékkst rædd í þinginu — málið fékkst rætt við 1. umr. málsins og var vísað til þingnefndar en þar var það fellt. Það var fellt af hálfu meiri hlutans í þingnefndinni að taka málið til umfjöllunar og afgreiða það samhliða frv. ríkisstjórnarinnar um miðlægan gagnagrunn. Ástæðan var að sjálfsögðu sú að hér var kominn valkostur sem verulegt fylgi er við í samfélaginu og um það bera umsagnir vott sem komu frá ýmsum aðilum. Hér er t.d. tekið á ýmsum þeim málum sem umsagnaraðilar um miðlægan gagnagrunn, í því formi sem ríkisstjórnin lagði til, fundu að. Ég nefni t.d. umboðsmann barna. Það er eitt af stóru álitamálunum í þessu máli öllu, hvernig eigi að fara með upplýsingar um þá sem eru undir lögaldri eða að ekki sé minnst á þá sem ekki hafa þroska til, eru þroskaheftir eða búa við einhverja þá sjúkdóma sem koma í veg fyrir að þeir geti sjálfir tekið örlagaríkar ákvarðanir um hvernig skuli farið með upplýsingar um þá, og sem vitað er að muni einnig snerta aðra sem kunna að vera í fjölskyldu eða tengslum við þá.

Á öllum þessum álitamálum er tekið í þeirri þáltill. sem við lögðum fram þar sem 1. flm. var Hjörleifur Guttormsson og við aðrir þingmenn óháðra erum samflutningsmenn.

Á fundi heilbr.- og trn. Alþingis í gær, eða öllu heldur minni hluta heilbr.- og trn. og fulltrúum annarra úr stjórnarandstöðu, þar sem við sýndum aðilum sem vildu tjá sig um þetta mál þá sjálfsögðu kurteisi og vegna þess að við vildum læra af þeim og heyra sjónarmið þeirra og fá frá þeim

upplýsingar, þá boðuðum við til fundar seinni partinn í gær þar sem við hlýddum á mál þeirra. Það sem mér fannst einna athyglisverðast sem þar kom fram var frá virtum geðlækni. Það komu þarna nokkrir virtir íslenskir geðlæknar og einn þeirra sagði að hann ætti erfitt með að sætta sig við — ég velti því fyrir mér hvort hæstv. heilbrrh. er í húsinu, er hæstv. heilbrrh. í húsinu? Ég mun gera hlé á máli mínu þar til ...

(**Forseti** (GÁ): Forseti er að kanna málið. — Hæstv. heilbrrh. gengur í salinn.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Það sem mig langaði til að leyfa hæstv. heilbrrh. að heyra er nokkuð sem meiri hluti heilbrn. Alþingis frábað sér að hlusta á þegar fulltrúar ýmissa samtaka komu á fund heilbrn. í gær til að segja álit sitt á þeim brtt. sem fram hafa komið frá meiri hlutanum á milli 2. og 3. umræðu. Þar fannst mér einna athyglisverðust sú yfirlýsing virts geðlæknis að hann ætti mjög erfitt með að sætta sig við þá tilhugsun að upplýsingar um sjúklinga hans yrðu að kvöldi hvers dags sendar til varðveislu í gagnagrunni, dulkóðaðar eður ei, og gerðar að söluvöru. Hann sagði: Þetta er tilhugsun sem ég á mjög erfitt með að sætta mig við. Fyrir okkur geðlækna sem höfum í langan tíma byggt upp trúnaðartraust og trúnaðarsamband við sjúklinga okkar er þetta slæm tilhugsun. Þetta er slæm tilhugsun.

Í raun er ekki undarlegt að menn vilji hafa vara á í þessum efnum. Menn hafa stundum sagt að allt þetta fari inn dulkóðað og að auki ekki í rituðu máli heldur í tölulegu. Við höfum verið upplýst um það í heilbrn. Alþingis að í læknavísindunum talist menn að mestu leyti við í tölulegu formi en ekki rituðu máli, þar sem þriggja stafa tala er „áfengissýki", önnur þriggja stafa tala er „þunglyndi" og þriðja þriggja stafa talan er eitthvað annað. Þegar þessu er öllu raðað saman er komin lýsing á einstaklingi sem getur í vissum tilvikum haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá sem í hlut eiga.

Ég er hér t.d. með mjög athyglisverða grein eftir Denise Nagel frá Cambridge í Massachusetts í Bandaríkjunum sem er forseti samtaka um réttindi sjúklinga. Umræðuefni hennar er Hippókratesar-eiðurinn, læknaeiðurinn sem kveður á um trúnað milli læknis og sjúklings. Í greininni kennir margra grasa. Þar er t.d. varað við því sem varað hefur verið við, hér í ræðustól Alþingis, í umfjöllun um þetta mál og í fjölmörgum blaðagreinum, þ.e. að í löndum þar sem heilbrigðiskerfið og tryggingakerfið er meira og minna einkavætt, þar sem einstaklingurinn og í sumum tilvikum atvinnurekandi þarf að bera kostnað af veikindum starfsmanna og hugsanlega fjölskyldna þeirra, þar eru heilbrigðisupplýsingar mikilvæg og verðmæt söluvara.

Í greininni eru rakin nokkur dæmi um hvernig upplýsingar af þessu tagi geta skipt máli. Þar segir m.a.: „Þú veist ekki hvort verkamanninum sem var rekinn var í reynd sagt upp starfi vegna þess að hann hafi sjálfur verið óhæfur til vinnu eða gagnaðist ekki fyrirtækinu, eða hvort það var vegna þess að barnið hans var asmasjúklingur." Það skiptir máli fyrir fyrirtækið. Það þurfti að borga vegna fjarveru starfsmannsins.

Þess vegna sækjast fyrirtækin eftir upplýsingum af þessu tagi og vilja að sjálfsögðu ekki ráða til starfa þá sem eru í áhættuhópum. Tryggingafyrirtækin, sem þessir sömu atvinnurekendur baktryggja sig hjá, hafa að sjálfsögðu allt annað iðgjald fyrir hópa sem bera áhættuna í eigin líkama.

Ömurlegast af öllu finnst mér þegar Íslendingar eru að velta því fyrir sér hvort hægt verði að elta þá sjálfa uppi, ef ekki þá hljóti allt að vera í himnalagi. Við berum að sjálfsögðu ábyrgð á alþjóðavísu. Viljum við láta nota rannsóknir um okkur til að mismuna öðru fólki?

Í greininni kemur fram margt annað athyglisvert. Það sem mér fannst merkilegast voru upplýsingar um það, eða staðhæfingar öllu heldur, um að í Bandaríkjunum og víðar sé mjög mikill þrýstingur frá tryggingafélögum og tölvuiðnaði til að koma á tölvuskráningu af því tagi sem hér er um að ræða. Í greininni og ég ætla að vitna í nokkrar setningar á ensku, með leyfi forseta:

„And insurance company lobbyists, information conglomerates and the computer industry are clamoring for legislation, under the guise of medical privacy, to legitimize the establishment of an electronic medical dossier. In the name of efficiency, this coalition of economic interests is attempting to legalize their intrusion into the previously sacred doctor/patient relationship with minimal public discussion."

Þeir reyna að komast hjá umræðu um efnið en það er mikill þrýstingur frá tryggingafyrirtækjunum, tölvufyrirtækjunum og öðrum þeim sem eiga hagsmuna að gæta að fá samþykkta löggjöf af því tagi sem við ætlum að snerta hér — snerta, segi ég. Hvergi í heiminum ætla menn að ganga eins langt og hér. Hvergi!

Þeir sem tengjast þessum málum leggja áherslu á að það sem gera á hér á Íslandi sé fordæmisgefandi. Þarna eiga sér stað átök. Þarna er um að ræða sterka viðskiptahagsmuni og að sjálfsögðu hafa ýmsir læknar og vísindamenn verið keyptir upp til agna og eru tilbúnir að stimpla þetta og gagnast undir allt saman. Það er sorglegt til þess að vita að Íslendingar skuli hafa forgöngu í þessum efnum.

Í greininni er spurt um það hvort ætla megi að upplýsingar sem séu settar inn í grunna um heilsufar verði misnotaðar. Þar er vitnað í sérfræðing, sem kom m.a. hingað til lands, Ross Anderson. Hann er sérfræðingur við Cambridge háskólann í Bretlandi og hefur verið einn helsti ráðgjafi bresku læknasamtakanna, British Medical Association, og einn helsti ráðgjafi áströlsku ríkisstjórnarinnar líka. Hann segir að líkurnar á misnotkun á upplýsingum ráðist af því hve mikil verðmæti séu í húfi. Hann segir það undir því komið hversu miklar upplýsingar sé að finna í grunnunum, það stýri verðmætunum hversu miklar upplýsingar séu settar inn í grunninn.

Nú hefur 2. umr. um þetta mál farið fram. Fram hafa komið brtt. við upphaflega frv. frá ríkisstjórninni. Menn hafa setið yfir brtt. í nokkra sólarhringa. Hver hafa viðfangsefnin verið? Hver hafa verið viðfangsefnin þegar gengið er til þeirra verka?

Jú. Þar er verið að skoða tvo meginþætti. Gaumgæft er á hvern hátt hægt sé að samræma textann í frv. alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga. Menn ætla að reyna að ná sömu markmiðum og voru í upphaflega textanum, en þau þóttu stríða gegn alþjóðlegum skuldbindingum og verkefnið var að finna hvernig hægt væri að komast fram hjá reglunum.

Hvaða alþjóðlegu skuldbindingar skyldu þetta vera? Hvaða alþjóðlegu skuldbindingar eru það sem frv. upphaflega stríðir gegn? Jú, það er tvennt. Það er svokallaður Helsinki-sáttmáli sem á rætur sínar í Nurnberg í Þýskalandi frá árinu 1947 og hefur síðan verið tekinn til umfjöllunar og hlotið samþykki á fjöldamörgum alþjóðaráðstefnum lækna og vísindamanna í Helsinki í Finnlandi 1964, í Tókíó í Japan 1975, í Feneyjum á Ítalíu 1983 og í Hong Kong árið 1989. Íslendingar hafa að sjálfsögðu alltaf samþykkt grundvallaratriðin sem þarna er að finna. Ég veit ekki betur

en að íslenskir vísindamenn aðhyllist þau grundvallaratriði sem fram koma í Helsinki-sáttmálanum.

Ég hef áður vísað til þess sem fram kemur sáttmálanum. Sáttmálinn er mjög afdráttarlaus. Hann fjallar m.a. um hvernig haga skuli rannsóknum á sjúklingum. Hér er mjög skýrt og afdráttarlaust kveðið á um að rannsóknir sem gerðar eru á mönnum skuli vera undir mjög ströngu eftirliti, hver rannsókn. Þar er ekki rætt um eitthvert almennt vinnuferli eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, vinnuferli sem tölvunefnd á að stimpla. Hver rannsókn á að vera undir eftirliti. Hún á að vera undir eftirliti sjálfstæðrar nefndar sem óháð er þeim sem framkvæmir rannsóknina og hún á að vera í samræmi við lög og reglugerðir. — Lögin er verið að setja, kann einhver að segja, og reglugerðirnar kunna að koma fram. Við höfum ekki séð þessar reglugerðir. Það er mjög óljóst hvað lögin kveða á um. Menn deila um það sem lögin kveða á um og reglugerðirnar vitum við ekkert um. Við höfum ekkert séð þær. Hér er síðan vísað í alls kyns samninga sem menn eigi eftir að gera. En það er ekki búið að gera þessa samninga.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sem hefur talað hér mikið um sérleyfishafann, er nú farin að leiðrétta sig og tala um væntanlegan sérleyfishafa. Auðvitað vita allir sem vilja vita að verið er að tala um Íslenska erfðagreiningu. En nú er það borið á borð fyrir okkur að það sé nú allt óljóst um það. Það viti enginn hver komi til með að fá þetta, að sjálfsögðu. Það er eiginlega á mörkunum að hægt sé að bjóða mönnum upp á þetta.

Í Helsinki-yfirlýsingunni, Helsinki-sáttmálanum, eru mjög skýr fyrirmæli um það hvernig staðið skuli að rannsóknum með manneskjur. Og þetta frv., eins og það liggur fyrir núna, hefur legið fyrir og gerir enn, stenst ekki þessar kröfur að mínum dómi. Ég hef margoft óskað eftir því að það sé skýrt fyrir mér nákvæmlega hvernig það geri það samkvæmt frv. og þeim brtt. sem liggja fyrir.

Ég spyr hvort talsmenn ríkisstjórnarinnar í þessu máli hafi farið rækilega ofan í þennan sáttmála, Helsinki-sáttmálann, farið rækilega ofan í hann og borið hann saman við frv. og þær breytingar sem gerðar hafa verið. Ég er þar t.d. að vísa í 2. gr. grundvallaratriða sáttmálans. Hún hljóðar svo á ensku, með leyfi forseta:

„The design and performance of each experimental procedure involving human subjects should be clearly formulated in an experimental protocol which should be transmitted for consideration, comment and guidance to a specially appointed committee independent of the investigator and the sponsor provided that this independent committee is in conformity with the laws and regulations" — það er ekki til — „of the country in which the research experiment is performed."

Það er talað um hverja einustu tilraun, ekki vinnuferli, heldur hverja tilraun.

Ég hef óskað eftir að þessu verði svarað og ég ítreka þá kröfu að þetta verði skýrt rækilega. Og þetta er nokkuð sem menn eru að reyna að vinna sig út úr, reyna að finna orðalag sem skýtur okkur á bak við þetta vandamál, að þurfa að hlíta alþjóðaskuldbindingum, alþjóðlegum skuldbindingum um siðfræði vísindamanna.

Hitt viðfangsefni íslensku ríkisstjórnarinnar er að finna út hvernig hægt sé að svindla á EES-samningnum. Það er hitt viðfangsefnið. Mér fannst það léleg viðbrögð áðan þegar hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir var minnt á það að hún kynni að hafa verið andvíg EES og væri núna að vísa í EES-reglugerð. Það er engin mótsögn í þessu. Það er ekki nokkur einasta mótsögn í þessu. Menn geta verið andvígir lagasetningum, jafnvel alþjóðlegum skuldbindingum en jafnframt viljað að farið sé að lögum ef því er að skipta. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að í þeim efnum er ég í flestum tilvikum reiðubúinn að láta reyna á rétt Íslendinga, þegar því er að skipta. Það er mín skoðun í ýmsum málum og ég hef oft haldið því sjónarmiði fram. En ég er ekki viss um að það eigi endilega við í þessu.

Hvað er það sem EES-samningurinn gengur út á í grófum dráttum? Hann gengur út á það að við séum á einu efnahagssvæði þar sem fjármagnið og vinnuaflið streymir frjálst og að einstaklingum eða fyrirtækjum sé ekki mismunað. Þau njóti öll sama réttar eða svipaðs réttar. Út á það gengur þetta.

Þegar íslenska ríkisstjórnin vill núna reyna að tryggja íslenskum vísindamönnum aðgang að gagnagrunninum og því sem þar er að finna — umfram vísindamenn í útlöndum, þar á meðal á Evrópska efnahagssvæðinu, þá er verið að reyna að finna leið til að mismuna. Þá er bent á það af þeim sem gagnrýna þetta að við munum ekki standast kæru til ESA, til dómstólsins sem um þetta kann að fjalla.

Í Morgunblaðinu laugardaginn 12. desember er vitnað í hv. talsmann meiri hluta heilbr.- og trn. á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta. Þar segir fyrst:

„Meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar hefur lagt fram tvær breytingartillögur á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lögð til breyting sem miðar að því að tryggja aðgengi íslenskra vísindamanna að miðlægum gagnagrunni með öðrum hætti en ráð var gert fyrir í frumvarpinu. Sú breyting felur í sér, að sögn Sivjar Friðleifsdóttur, varaformanns nefndarinnar, að ákvæði frumvarpsins um svokallaða aðgengisnefnd verði tekið út en í stað þess lagt til ákvæði þess efnis að samið verði um aðgengi innlendra vísindamanna á sérstökum sérkjörum, þ.e. lægri kjörum en markaðsverði, í samningum milli væntanlegs starfsleyfishafa, heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna."

Hér var vísað og vitnað í talsmann meiri hluta heilbr.- og trn. Að finna leið til að opna dyrnar fyrir íslenskum vísindamönnum þannig að þeir njóti annarra og betri kjara en markaðskjara, með öðrum orðum annarra kjara en vísindamenn á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þetta er viðfangsefnið. Að finna annað orðalag á þessu sem er skothelt.

En það á eftir sem áður að mismuna. Og það stríðir gegn ákvæðum og grundvallarhugsun EES-samningsins. Það var nú þess vegna sem við mörg vorum á móti þeim samningi og erum enn. Ég tel þetta hafa verið einhverja heimskulegustu ráðstöfun sem gerð hefur verið og menn eru alltaf annað veifið að tala sig bláa í framan um ágæti þessa samnings sem hefur svipt okkur lýðræði og takmarkað lýðræðislegt svigrúm okkar, eins og kemur fram í þessu máli. Hér eru menn á átakanlegan hátt að reyna að finna leið til þess að komast á bak við þessar skuldbindingar. Það á að mismuna íslenskum vísindamönnum, þeir eiga að hafa forgang umfram það sem gerist annars staðar. Það er markmiðið sem menn eru að reyna að ná.

Ég mun reyndar koma nánar að þessu á eftir, en það eru ýmsar spurningar sem vakna í þessu sambandi. Hvað með þá vísindamenn sem starfa sjálfstætt eða eru hjá sjálfstæðum fyrirtækjum, sjálfstæðum stofnunum? Hvað með þá? Hvernig verður þeirra hagur tryggður? Vísindamenn sem hafa ekki sett sjálfir neinar upplýsingar inn í grunninn.

Svarið er væntanlega á þá leið að vegna þess að íslenska ríkið hafi gert samninga við fyrirtækið um að láta upplýsingar inn í grunninn, þá sé búið að greiða fyrir þeirra hönd. En ég spyr: Er ekki bannað samkvæmt EES-sáttmálanum að niðurgreiða atvinnustarfsemi? Er það ekki bannað? Ég hélt það. Hvernig ætla menn að svara þessu?

Hvernig ætla menn að svara því gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum sem eru sjálfstætt starfandi, hafa ekki látið upplýsingar inn í grunninn en vilja fá aðgang að honum, fá þeir einhvern stuðning? Ég spyr. Og ef þeir fá stuðning í formi þess að íslenska ríkið hafi látið upplýsingar frá stofnunum, sem reknar eru á vegum ríkisins, inn í grunninn og líta beri á það sem eins konar greiðslu, þá vaknar sú spurning, hvort hér sé ekki niðurgreiðsla á ferðinni sem er bönnuð samkvæmt EES-sáttmálanum. Hvernig ætla menn að komast fram hjá þessu? Ég bara spyr og ég vil fá svör við þessu.

Ég vil fá svör við því í framhaldinu: Hvað gerist ef þættir af þessu tagi eru ekki alveg skýrir og reynast brot á EES-samkomulaginu? Verður íslenska ríkið skaðabótaskylt? Hvað segir í EES-samkomulaginu um það efni? Það þýðir ekkert að vísa til þess að á þetta hafi ekki reynt nema í mjög takmörkuðum mæli, vegna þess að ástæðan fyrir því að ekki hefur á þetta reynt er sú að því er okkur hefur verið tjáð, að yfirleitt þegar um mjög umdeilanleg mál er að ræða hafa komið fram varnaðarorð áður en af slysinu verður. Á þetta hefur því ekki reynt nema í mjög takmörkuðum mæli.

Núna hafa varnaðarorðin komið fram. Þau eru að koma fram t.d. hér nú. Þetta er hlutur sem við þurfum að fá svör við, hvaða athugun, hvaða könnun hefur farið fram á því að Íslendingar verði ekki skaðabótaskyldir í þessu máli ef þeir brjóta samninginn.

Hin leiðin er að brjóta hann ekki og reisa háa þröskulda fyrir íslenska vísindamenn þannig að þeir komist ekki að þessum rannsóknum, og er ég þar að vísa til fjárvana vísindamanna eða þeirra sem starfa hjá fjárvana stofnunum og hafa ekki látið upplýsingar inn í þennan grunn. Ég er að vísa til þeirra.

Hvað er það síðan sem hefur breyst í frv. á milli 2. og 3. umr.? Ég er búinn að nefna hver viðfangsefnin voru. Viðfangsefnin eru þau að samræma lagafrv. alþjóðlegum skuldbindingum og siðferðilegum reglum sem Íslendingar hafa undirgengist í þessum efnum, og í annan stað EES-viðskiptasáttmálanum. Hvað er það sem hefur síðan breyst? Það sem hefur breyst lýtur í fyrsta lagi að 6. gr., en þar skal kveðið nánar, svo ég vitni í nál. meiri hlutans:

„Lagt er til að í 6. gr. verði kveðið nánar á um hlutverk nefndar um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði við samningsgerð rekstrarleyfishafa við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn. Við samningsgerðina er nefndinni ætlað að gæta hagsmuna heilbrigðisyfirvalda, heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og vísindamanna. Þá er kveðið á um að hluti af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir afnot af heilsufarsupplýsingum verði í formi aðgangs heilbrigðisstofnana, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna þeirra að upplýsingum úr gagnagrunninum vegna vísindarannsókna."

Grundvallarbreytingin sem er að verða er að aðgengið að grunninum á núna að eiga sér stað í formi samninga einkaleyfishafans, rekstrarleyfishafans og viðkomandi stofnana.

Halda menn að þetta verði til að styrkja þá sem í hlut eiga? (**SF:** Nákvæmlega.) Nákvæmlega, segir hv. þm. Siv Friðleifsdóttir. Ég held ekki. Ég held að menn séu ekki í mjög sterkri stöðu ef þeir eru starfsmenn í fjárvana stofnunum eða félitlum stofnunum. Ég held ekki.

Þetta er eitt dæmið sem við höfum um mjög óljósa lagasmíð. Þetta á allt að vera komið undir samningum sem rekstrarleyfishafinn, sérleyfishafinn gerir við viðkomandi stofnanir og starfsmenn þar. Fyrir utan að allt er mjög óljóst hjá vísindamönnum og einstaklingum sem starfa þar fyrir utan. Ef þeim verður ekki tryggður aðgangur á markaðsvísu eins og menn ætla að gera úti í hinum stóra heimi er hætt við því að þetta verði túlkað sem niðurgreiðslur EES og verði bannað.

Síðan segir í framhaldsnál. meiri hlutans:

„Í tengslum við breytingu á 6. gr. er lagt til að felld verði brott ákvæði í 9. gr. um sérstaka nefnd um aðgang vísindamanna að upplýsingum úr gagnagrunninum. Vegna gagnrýni á ákvæði 9. gr. um aðgang vísindamanna telur meiri hlutinn rétt að fella þau niður en leggja í stað þess til viðbót við 6. gr. sem kveður á um að rekstrarleyfishafi skuli semja við heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um aðgang starfsmanna þeirra að upplýsingum úr gagnagrunninum vegna vísindarannsókna. Lagt er til að heiti greinarinnar verði breytt í samræmi þessar efnisbreytingar." Og á nú að heita: Aðgengi heilbrigðisyfirvalda að upplýsingum í gagnagrunni á heilbrigðissviði.

Síðan segir hér:

„Með breytingum á 10. gr. eru tekin af öll tvímæli um að í gagnagrunni á heilbrigðissviði eru eingöngu heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám, sbr. 6. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Ættfræðiupplýsingar og erfðafræðilegar upplýsingar, aðrar en skráðar eru í sjúkraskrár, verður að geyma í aðskildum gagnagrunnum. Um samtengingu upplýsinga úr þessum þremur gagnagrunnum fer samkvæmt verklagi og vinnuferli sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar og skal hún meta það áður en vinnsla hefst. Tölvunefnd ber að tryggja að verklag og vinnuferli, m.a. tæknilegar aðgangstakmarkanir, séu þannig að persónuverndar sé gætt þegar gagnagrunnarnir eru tengdir saman tímabundið. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir virku eftirliti tölvunefndar með starfrækslu gagnagrunnsins."

En þetta hljóðar svo, hér er bætt við 10. gr. frv., með leyfi forseta:

„Rekstrarleyfishafa skal heimil vinnsla í gagnagrunni á heilbrigðissviði úr þeim heilsufarsupplýsingum úr sjúkraskrám sem þar eru skráðar, enda sé þess gætt við úrvinnslu og samtengingu upplýsinga að ekki sé unnt að tengja þær persónugreinanlegum einstaklingum. Rekstrarleyfishafi skal móta verklag og vinnuferli sem uppfylla skilyrði tölvunefndar til að tryggja persónuvernd við samtengingu upplýsinga úr gagnagrunni á heilbrigðissviði, gagnagrunni með ættfræðiupplýsingum og gagnagrunni með erfðafræðilegum upplýsingum. Um samtengingu upplýsinga í gagnagrunni á heilbrigðissviði við aðra gagnagrunna en fyrrgreinda fer samkvæmt ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Óheimilt er að veita upplýsingar um einstaklinga og skal það m.a. tryggt með aðgangstakmörkunum."

Hér segir: „Um samtengingu upplýsinga í gagnagrunni á heilbrigðissviði við aðra gagnagrunna en fyrrgreinda fer samkvæmt ákvæðum laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga."

Af hverju ekki um þessa? Í þessari brtt. ríkisstjórnarinnar er verið að gefa undanþágu um lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Eitt af því sem hefur reyndar verið nefnt í umræðunni og margoft tekið upp er að forsenda þess að hægt sé að afgreiða þetta mál er að frv. um persónuvernd verði lagt fyrir Alþingi — það frv. hefur strandað inni í þingflokki Sjálfstfl. að því að sagt er — og ekki aðeins lagt fram í þinginu heldur tekið til afgreiðslu og samþykkt.

Í mörgum greinum og í umræðum hafa menn sýknt og heilagt vitnað í þetta frv. og það kemur ekki fram. Því var lofað fyrr í haust að frv. yrði lagt fram. Ef ég man rétt sagði talsmaður ríkisstjórnarinnar að málið yrði lagt fram á Alþingi á komandi dögum. Það er ekki enn þá komið fram en menn ætla að þröngva þessu máli gegnum þingið og liggur svo á að því var neitað fyrr í dag að veita frest a.m.k. til eins dags meðan farið yrði nánar í saumana á þessu máli.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á þessu frv. sem hafa orðið þess valdandi að ýmsir aðilar sem voru áður fylgjandi málinu eru núna orðnir því andvígir. Í því sambandi má nefna Rannís, Rannsóknarráð Íslands, sem sendi frá sér yfirlýsingu í gær, 14. desember, þar sem segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ef ekki reynist unnt að tryggja íslenskum vísindamönnum og stofnunum öruggan aðgang að hinum miðlæga gagnagrunni á þeim sérkjörum sem frumvarpið gerði ráð fyrir, greiðslu viðbótarkostnaðar við vinnslu, og án óeðlilegs íhlutunarvalds leyfishafa þá hefur almennt gildi hans fyrir framþróun vísinda á Íslandi rýrnað svo að ráðið mælir gegn samþykkt frumvarpsins og veitingu fyrirhugaðs sérleyfis."

Rannsóknarráð Íslands telur að þetta sé ekki tryggt samkvæmt þessu frv. og mælir núna gegn veitingu fyrirhugaðs sérleyfis.

Reyndar hef ég, með leyfi forseta, alltaf haft efasemdir um þetta þegar verið er að leita leiða, eins og ég gat um hér áðan, til fara á bak við þær skuldbindingar sem við höfum gengist undir. Mér finnst það alltaf pínulítið hlálegt en látum það vera. Hér kemur afdráttarlaus yfirlýsing frá Rannsóknarráði um að málið sé þess eðlis að ekki sé hægt að veita því stuðning.

Ýmsir aðrir hafa verið að tjá sig um þetta mál á liðnum dögum. Nátengt mál tengist sérleyfi eða fyrirhuguðu sérleyfi á hitakærum örverum. Vinnuveitendasamband Íslands hefur miklu meiri skilning reyndar á réttindum hitakærra örvera en sjúklingum og rauk upp til handa og fóta til að mótmæla því og sendi frá sér ítarlega yfirlýsingu en hefur ekki enn þá mannað sig upp í að senda frá sér álitsgerð um heilsufarsupplýsingar íslensku þjóðarinnar sem er náttúrlega miklu stærra mál. Hitt er stórt mál og ég er ekki að gera lítið úr því, alls ekki, eða draga úr því, en ég geri hins vegar lítið úr því að Vinnuveitendasambandið skuli ekki manna sig upp í að andmæla þessu frv. Eða Verslunarráðið sem er svo óskaplega umhugað um að afnema einkaleyfi á brennivínssölu. Það má ekki vera neitt einkaleyfi og ríkið má náttúrlega alls ekki koma nálægt neinu slíku. En það hefur ekki mannað sig upp í að andmæla þessu frv.

Hins vegar hafa menn verið að benda á þær mótsagnir sem koma fram í málflutningi talsmanna ríkisstjórnarinnar í þessu máli og þá kannski einkum og sér í lagi þeirra sem hafa verið að kenna sig við frjálshyggju eða markaðshyggju einhvers konar. Fyrir fáeinum dögum birtist t.d. mjög athyglisverð grein í Morgunblaðinu, föstudaginn 11. desember, eftir Ásgeir Sverrisson, þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Furðuleg ósamkvæmni einkennir um þessar mundir málflutning stuðningsmanna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Þingmenn stjórnarflokkanna virðast fylgja foringjum sínum í blindni við vörslu hagsmuna án þess að huga að röklegu samhengi afstöðu sinnar. Frumstæð foringjahollusta er að sönnu ekki nýjung í íslenskum stjórnmálum en afleiðingar hennar geta reynst skaðlegar þegar um stórmál er að ræða.

Að undanförnu hefur almenningur getað fylgst með undarlegum skoðanaskiptum ráðamanna á Alþingi og raunar víðar í þjóðfélaginu. Til umfjöllunar hafa verið réttnefnd stórmál; frumvarp um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, kennitölusöfnun banka og verðbréfafyrirtækja og dreifð eignaraðild á bönkum og það kerfi, sem stuðst hefur verið við er aflaheimildum hefur verið úthlutað."

Síðan ræðir blaðamaðurinn áfram um þessar einkaleyfishugmyndir Sjálfstfl. í þessu máli og í niðurlagi greinarinnar segir hann eftirfarandi:

„Stjórnmálamenn kvarta á stundum undan því að þeim og störfum þeirra sé ekki sýnd tilhlýðileg virðing. Ein ástæða þessa er sú að þeir hinir sömu falla oftlega í þá gryfju að sýna ekki dómgreind almennings nægilega virðingu. Frelsið er eitt og ódeilanlegt. Það lýsir ekki heilindum og samkvæmni að boða að frelsi skuli ríkja þegar það er einungis ætlað sumum og stundum."

Hér vitnaði ég til blaðagreinar eftir Ásgeir Sverrisson í Morgunblaðinu 11. desember sl. þar sem fjallað er um ósamkvæmni í málflutningi stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar.

Það eru reyndar margir sem hafa haft uppi varnaðarorð vegna þessa einkaleyfis sem verið er að veita einu fyrirtæki á heilsufarsupplýsingum Íslendinga. Meðal þeirra sem komu upphaflega á fund heilbrn. til að ræða um þetta mál var Guðmundur Eggertsson prófessor, sá maður sem þekkir einna best til erfðafræðirannsókna á Íslandi. Hann rakti fyrir okkur sögu þessarar vísindagreinar sem hann sagði að væri ekki gömul. Hann sagði að þetta væru í rauninni aldarfjórðungsgömul vísindi, 25 ára. Það sem einkennt hefði framþróun í þessum fræðum væri frelsið, hversu greiðlega vísindamenn hefðu skipst á upplýsingum og hversu samstarf hefði verið gott innan þessara greina og aðrir vísindamenn sem hafa komið á okkar fund í heilbr.- og trn. hafa lagt áherslu einmitt á þetta. Þeir hafa sagt okkur að hægt sé að nálgast málin á tvo vegu og fram til þessa hafi þróun í vísindum byggst á því að aðgangur að þekkingu, upplýsingu hefði verið frjáls, óheftur og vísindamönnum að kostnaðarlausu. Þeir sem hefðu síðan verið hugmyndaríkir, sett fram sínar hugmyndir og jafnvel fundið lyf eða gen eða annað sem væri vísindunum til framdráttar hefðu hugsanlega hagnast á slíku. Samkeppnin hefði átt sér stað um hugmyndirnar og það sem þær hefðu leitt af sér en ekki um þekkinguna sem slíka.

Nú ætla Íslendingar nálgast þetta öðruvísi. Þeir ætla að selja aðgang að upplýsingunum. Um þetta hafa íslenskir vísindamenn fjallað í blaðagreinum síðustu vikurnar. Ég er hér með góða grein eftir Laufeyju Tryggvadóttur faraldsfræðing. Hún kemur m.a. inn á þetta efni og segir, með leyfi forseta:

„Ein af forsendum blómlegra vísinda er frjáls samkeppni góðra hugmynda. Einokun á rannsóknarefnivið, og þar með útilokun hugmynda annarra en ákveðinna útvalinna, hlýtur að draga úr möguleikum á því að notkun gagna leiði til framfara. Gagnagrunnsfrumvarpið gerir ráð fyrir því að eitt

fyrirtæki sjái um rekstur allra okkar heilsufarsupplýsinga og að vísindamenn sem þar starfa hafi forgang að gögnunum."

Þetta var úr grein eftir Laufeyju Tryggvadóttur faraldsfræðing. Eins og ég gat um áðan eru menn að velta því fyrir sér hvernig megi tryggja aðgengi íslenskra vísindamanna að þessum grunni. Hugmyndin á bak við gagnagrunninn er að hann verði gerður að söluvöru og menn kaupi sér aðgang að honum. Viðfangsefnið er að finna reglur þar sem Íslendingar geti haft forgang umfram aðra. Hvernig getum við brotið EES-samkomulagið hvað þetta snertir? Her lögfræðinga verður settur í það fyrir ríkisstjórnin að finna út hvernig hægt sé að brjóta þennan sáttmála eins og þeir hafa verið að brjóta alþjóðlegar skuldbindingar okkar um siðareglur í vísindunum.

Hvað segir rekstrarleyfishafinn sjálfur um þetta efni? Hvernig lítur hann á þetta? Hann hefur sent frá sér yfirlýsingu til háskólans og ýmissa fræðimanna. Væntanlegur rekstrarleyfishafi segir:

„Við afgreiðslu heilbrn. Alþingis hefur ekki náðst nægilega skýr niðurstaða í orðalagi þegar kemur að því að skilgreina aðgengi vísindamanna að gagnagrunninum. Svo virðist þó sem almenn sátt sé um meginlínur en vandi varðandi orðalag sprettur upp úr mögulegum árekstri við lög og samþykktir um samskipti í viðskipum. Forsvarsmenn ÍE hafa skilgreint sína afstöðu til málsins á þann hátt að aðgengi vísindamanna við þær stofnanir sem leggja til upplýsingar í gagnagrunninn verði tryggt. Aðrir vísindamenn fái aðgang að gagnagrunninum með samvinnu við vísindamenn ofangreindra stofnana en það er sá háttur sem nú tíðkast. Vísindamennirnir munu geta notað gagnagrunninn til hvers kyns rannsókna í samkeppni við sérleyfishafa, í samvinnu við sérleyfishafa, eða án tillits til sérleyfishafa" — og takið nú eftir — „svo fremi sem virtur sé einkaréttur sérleyfishafa til að markaðssetja niðurstöður rannsóknanna og afleiddra rannsókna." Og afleiddra rannsókna líka.

Með öðrum orðum: Það er alveg guðvelkomið að keppa og má vera dúndrandi samkeppni ef ég bara fæ þetta allt sjálfur. Ávinningurinn verður að renna til mín, ekki bara af þeim rannsóknum sem hér er um að ræða heldur líka afleiddum rannsóknum. Hvað skyldi nú gerast þegar upp rísa deilur um hvað séu afleiddar rannsóknir? Skyldi ekki þurfa að taka málið upp við framlengingu samninga milli fyrirtækisins og viðkomandi stofnana? Hver skyldi þá hafa sterkari stöðu? Sá sem hefur allar heilsufarsupplýsingar Íslendinga á eigin vegum og skammtar aðgang að þeim með samningum sem menn verða að ná við hann, eða hinir sem eru févana og þurfa að komast í þennan grunn? Svarið sem við höfum stundum fengið við þessum álitamálum er að í reynd sé ekki verið að taka neitt af mönnum. Krabbameinsfélagið mun áfram hafa sinn grunn og þær stofnanir og þeir vísindamenn sem starfað hafa að rannsóknum hafa sína grunna.

Vísindamenn, eins og allir aðrir dauðlegir menn, starfa í ákveðnu samhengi, samhengi þekkingarinnar. Til að hafa jafna aðstöðu til að taka þátt í kapphlaupinu, eða samvinnunni um framfarir, þarf staða allra gagnvart þekkingunni að vera jöfn. Þekkingin verður varðveitt inni í þessum miðlæga grunni og sá sem hefur hann á hendi hefur yfirburða aðstöðu. Hér hefur hann skilgreint hvað hann ætlist til að fá út úr þessari aðstöðu. Menn mega keppa og rannsaka alveg þar til þeir verða bláir í framan en ávinningurinn skal verða hans, ekki aðeins af rannsóknunum heldur og einnig af afleiddum rannsóknum.

Í varnaðarorðum annarra hafa reyndar einnig komið fram sjónarmið þau sem ég setti fram áðan varðandi vísindamenn sem standa utan þeirra stofnana sem gera samninga við Íslenska erfðagreiningu eða deCODE Genetics. Þau varnaðarorð hafa komið fram frá samtökum á borð við Mannvernd sem eru samtök um persónuvernd og rannsóknafrelsi. Í yfirlýsingu frá þeim segir, með leyfi forseta:

„Margir vísindamenn íslenskra háskóla og annarra stofnana sem ekki leggja gögn í gagnagrunninn munu því ekki hafa aðgang að honum. Hér er um óviðunandi takmarkanir aðgangs að ræða sem skapa ójafnræði meðal vísindamanna eftir því hvar þeir starfa. Ef miðlægur gagnagrunnur verður til er auk þess líklegt að minni gagnagrunnar verði lagðir niður."

Og hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Sérleyfi eins aðila á rekstri jafn umfangsmikils gagnagrunns og frumvarpið gerir ráð fyrir jafngildir einkarétti til rannsókna á Íslandi. Erfitt verður að fjármagna rannsóknir óháðra aðila í skugga slíks einkaréttar, hvort sem fjármagnið kemur frá vísindasjóðum eða fyrirtækjum og hvort sem það kemur frá innlendum eða erlendum aðilum. Einkaréttur á rannsóknum er óviðunandi. Hann mun takmarka frelsi vísindamanna, möguleika þeirra til samvinnu og fjármögnunar og hefta framþróun vísinda og líftækni á Íslandi."

Þetta er úr yfirlýsingu frá Mannvernd, samtökum um persónuvernd og rannsóknafrelsi.

Ein ástæðan fyrir því að við í minni hlutanum á Alþingi höfum lagt áherslu á að málinu yrði frestað er sú að hraðinn hefur ákveðnar hættur í för með sér. Einn stærsti og versti annmarkinn á hraðanum er að réttar upplýsingar koma ekki fram. Menn tjá sig í fjölmiðlum og oft er farið með rétt mál en stundum er farið með rangt mál og stundum er misskilningur á ferðinni. Tíminn einn getur leitt hið rétta í ljós þannig að öllum aðilum gefist tóm til að meta þær yfirlýsingar og upplýsingar sem fram koma.

Að undanförnu hefur því t.d. verið haldið fram í fjölmiðlum að ýmsir aðilar, þar á meðal norræna lífsiðfræðinefndin og siðfræðiráð UNESCO, hafi ekki lagst gegn þessu frv. og jafnvel lagt blessun sína yfir það. Svo hefur mátt skilja á yfirlýsingum lækna sem eru hliðhollir deCODE Genetics og þessu máli öllu. Þetta hefur komið fram bæði í útvarpi og í sjónvarpi. Málið hefur verið kannað og rannsakað, hvað hið rétta sé í því máli. Fram kemur að á fundi sem haldinn var í siðfræðiráði UNESCO í Hollandi fyrir fáeinum dögum hafi engin slík velþóknun verið látin í ljós á þessu frv. eins og ráða mátti af yfirlýsingu eins af talsmönnum gagnagrunns ríkisstjórnarinnar í sjónvarpinu. Engin slík velþóknun var látin í ljós. Þvert á móti hafa vísindamenn sem tengjast bæði þeirri stofnun og öðrum haft uppi mjög harða gagnrýni.

Einnig hefði mátt skilja það sem svo að norræna lífsiðfræðinefndin hefði lagt blessun sína yfir þetta mál. Norræna lífsiðfræðinefndin hefur fjallað mjög ítarlega um gagnagrunn ríkisstjórnarinnar. Í einum átta liðum er sett fram rökstudd gagnrýni á gagnagrunninn. Eftir því sem ég best fæ séð hefur ekki verið komið til móts við þá gagnrýni sem hér er sett fram svo afgerandi sé. Þvert á móti stendur þessi gagnrýni þótt hún sé byggð á frv. eins og það var lagt fyrir í júlíflok. Eftir eftirgrennslan mína um þetta mál og annarra sem höfum komið að þessu máli í stjórnarandstöðu og minni hluta heilbrn. má sjá að þessi gagnrýni stendur öll enn þá. Hér segir m.a., með leyfi forseta, í yfirlýsingu norrænu lífsiðfræðinefndarinnar um gagnagrunnsfrv. ríkisstjórnarinnar:

„Frv. kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að afla upplýsinga um ákveðna þjóðfélagshópa án upplýsts samþykkis þeirra. Hér höfum við einkum í huga fólk sem ekki getur veitt upplýst samþykki sökum aldurs, sjúkdóma eða andlegrar fötlunar og er því í sérstaklega viðkvæmri stöðu og getur átt á hættu að fá á sig óæskilegan stimpil sé upplýsingum um það ekki haldið fullkomlega leyndum og að sjálfsögðu einnig þá sem látnir eru.“

Síðan er vakið máls á atriðum sem hafa oft komið til umfjöllunar við þessa umræðu um málið hér á þingi og ég ætla ekki að rekja það í neinum smáatriðum og ekkert nánar en legg áherslu á að sú gagnrýni sem þarna hefur komið fram stendur öll óhögguð.

Það stendur líka óhaggað að á annað hundrað sérfræðingar í læknastétt á Íslandi hafa gagnrýnt frv. mjög harkalega og ekki nóg með það heldur hafa þeir lýst því yfir að þeir muni ekki koma að gerð grunnsins. Þriðjungur heilsugæslulækna í landinu hefur lýst sams konar andstöðu við frv.

Ég spyr: Hvar er ábyrgð ríkisstjórnar sem ber það síðan á borð fyrir okkur að hin besta sátt ríki um málið? Það hefur verið borið á borð fyrir alþingismenn að um málið ríki hin besta sátt á meðan allt logar hér. Flest samtök sjúklinga sem hafa ályktað um þetta mál hafa lýst yfir mjög eindreginni andstöðu við það. Siðfræðiráð lækna hefur lýst mjög eindreginni andstöðu við frv., vísindasiðanefnd, siðaráð landlæknisembættisins hefur lýst mjög eindreginni andstöðu við málið. Finnst hæstv. heilbrrh. þetta vera hégómi? Mér er spurn.

Ég hef nógan tíma, hæstv. heilbrrh., til þess að fjalla um þetta mál og mun taka mér allan þann tíma sem þarf til að ná athygli ráðherrans á þessu vegna þess að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin hefur svívirt þau samtök sem hafa komið að þessum málum. Ekkert er hlustað á þau samtök, ekki neitt. Svo leyfir talsmaður meiri hlutans á Alþingi sér að bera það á borð að talað hafi verið um málið í þetta mörgum ræðum, í 40 klst. eða hvað það nú var. En allflest samtök sem hafa látið málið til sín taka hafa andmælt því mjög harðlega. Þeir aðilar í þjóðfélaginu sem eiga að gæta almannahagsmuna hafa varað við því. Tölvunefnd, vísindasiðanefnd, siðaráð landlæknis, siðaráð læknafélagsins eru á móti málinu og vara við því. Álit raunvísindadeildar Háskóla Íslands skiptir heldur ekki máli. Þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði fer í grundvallaratriðum á svig við vísindasiðferði.“

Helstu ábyrgðarmenn ríkisstjórnarinnar og þjóðarinnar sem virða algerlega að vettugi vilja allra þessara aðila og eru að gera okkur að viðundri á erlendri grundu. Þessi sama ríkisstjórn er að óska eftir því við Alþingi, sem menn hafa nú orðið við, að verja 35 millj. kr. á næsta ári til að undirbúa heimssýninguna í Hannover. Það á að auka hróður Íslands á erlendri grundu. Heimssýningin á að kosta 200–300 millj. kr. Síðan eru framkvæmd svona skemmdarverk, ekki bara á íslenska heilbrigðiskerfinu heldur á alþjóðavettvangi vísindanna, þar sem íslenska þjóðin er gerð að viðundri. Þegar besta fólk okkar og þeir sem þjóðfélagið hefur kjörið til að sinna þessum málum, vernda almannahag, er að vara okkur við er þetta allt saman virt að vettugi. Það er ekki hlustað á þessa aðila.

Það er hlustað á nokkra sérfræðinga sem eru flestir hverjir starfsmenn þessa fyrirtækis. Það eru ráðgjafar ríkisstjórnarinnar íslensku. Ég mun koma síðar að því í ræðu minni hvaða fjárhagslegir hagsmunir kunna að hanga hér á spýtunni.

Menn hafa verið að spyrja um hvað hér kunni að vera á seyði. Hvaða skýring sé á því að Framsfl. og Sjálfstfl. gangi erindis eins fyrirtækis á Alþingi. Hér eru alvarleg mál til umfjöllunar. Kvótamálið, fjárlög, afkoma öryrkja og fátæks fólks, er allt látið víkja til þess að fara að skipunum eins fyrirtækis. (Gripið fram í.) Þetta er sett í forgang. Í dag var óskað eftir því að þessu máli yrði frestað um einn dag meðan við værum að afla upplýsinga frá þeim aðilum sem láta þetta mál til sín taka og hafa af því áhyggjur. Því var neitað vegna þess að ríkisstjórnin óttaðist að frestun á málinu mundi setja það í uppnám og sú hætta skapaðist að málið fengist ekki afgreitt fyrir jólin. Allt annað var látið víkja til þess að geta þjónað hagsmunum þessa fyrirtækis. Það er alvarlegt mál ef ríkisstjórn Íslands er farin að ganga erinda fyrirtækis á Alþingi.

Í dagblaðinu Degi laugardaginn 12. des. birtir ritstjórinn Stefán Jón Hafstein grein þar sem hann veltir fyrir sér ýmsum peningalegum vangaveltum sem hafa komið upp í tengslum við þetta mál. Ég ætla að vitna í þessa grein, með leyfi forseta:

„Hæstiréttur hefur nú sýnt hve brýnt er að veita lýðræðiskerfi okkar aðhald. Slíkt aðhald skortir algerlega á mikilvægu sviði lýðræðis og stjórnmála. Fjármál flokkanna eru hulin.

Kjósendur hafa ekki hugmynd um hverjir veita stjórnmálamönnum og flokkum fé.

Kjósendur hafa engan rétt til að fá upplýsingar um það.

Það hefur vakið athygli hve einstaka meðferð bandarískri áhættufjármögnunarhópurinn deCODE hefur fengið í ríkisstjórnarflokkunum. Útibú deCODE, Íslensk erfðagreining, er óskabarn landsfeðra.“

Og hér segir áfram í sömu blaðagrein eftir ritstjóra blaðsins, með leyfi forseta:

„Óþarft er að rekja flýtimeðferð gagnagrunnsmálsins frá í vor. Nú á þetta fyrirtæki að fá einkaleyfi á örverum í hverum. Fullyrt er á Alþingi (formaður heilbrigðisnefndar, Össur Skarphéðinsson) að á bak við breytingartillögur við frumvarp um gagnagrunn, sem enn eru að koma fram standi Íslensk erfðagreining, ekki heilbrigðisráðuneytið. Málið er í andstöðu við vísindamenn og heilbrigðisstéttir.

Frá upphafi er málið tortryggilegt. Þess vegna er hér varpað fram spurningu til Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar:

Hafa Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn þegið fé — eða fengið loforð um fjárstuðning — frá Íslenskri erfðagreiningu eða aðilum henni tengdri?

Með spurningunni er átt við flokkana sjálfa, stofnanir eða sjóði; vita formennirnir til þess að einstakir stjórnmálamenn hafi þegið fé frá ÍE eða tengdum aðilum?

Óhjákvæmilegt er að vísa sömu spurningu til leiðtoga stjórnarandstöðuflokka líka. Sá síður er algengur hjá fyrirtækjum að gauka lítilræði að sumum flokkum til að skapa siðferðislegt sýndarskjól fyrir stórgjafir til útvalinna.“

Og hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Við eigum siðferðislegan rétt á að vita hvernig málum er háttað. Miðað við þá efnahagslegu hagsmuni sem eru í húfi er ljóst að deCODE munar ekkert um þá smáskildinga sem nægja til að reisa bágan efnahag íslenskra stjórnmálaflokka.

Lagaleg upplýsingaskylda flokkanna er engin. Því verður að heita á drengskap forustumanna til að svara undanbragðalaust. Því siðferðisskyldan er rík.

Í spurningunni felst engin aðdróttun. En hún er vissulega byggð á tortryggni.

Blaðamenn geta ekki grennslast fyrir um svörin við þessari spurningu, svo mikilvæg sem hún er, vegna þess að stjórnmálaflokkarnir eru varðir með upplýsingaleynd. Sú leynd brýtur í bága við hugmyndir okkar um siðleg stjórnmál og góðar venjur í stjórnkerfinu. Nægir að vísa í upplýsinga- og stjórnsýslulög. Dagur er smáblað sem auðvelt er að láta sem ekki sé til. Því er heitið á aðra fjölmiðla að bera spurninguna upp við ráðamenn líka. Hún er brýn. Hún er ekki borin upp að ástæðulausu.

Auðvitað getur hver sem er logið. En hafi menn slíkt í hyggju ættu þeir fyrst að splæsa í símtal vestur til Bandaríkjanna. Ekki til deCODE, heldur til deClintons."

Hér er slegið á létta strengi í lok þessar alvarlegu greinar sem birtist í Degi fyrir fáeinum dögum, sl. laugardag. Ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að taka þessa spurningu upp. Ég er ekki með neinar aðdróttanir í þessu efni. En það er staðreynd að menn hafa velt því fyrir sér hver sé skýringin á því að ríkisstjórnin fer fram með slíku offorsi í þessu máli og raun ber vitni. Menn hafa spurt.

Ef svarið er á þann veg ... (**Gripið fram í:** Og trúir þingmaðurinn þessu?) Trúir þingmaðurinn þessu? Ég veit það ekki. Ég hef ekki neinar forsendur til að meta það. En ég veit hitt að stjórnmálaflokkar þiggja peninga frá fyrirtækjum, ég veit það og ég trúi því.

En spurningin er þessi: Hafa Sjálfstfl. og Framsfl. þegið fé frá þessu fyrirtæki? Ef svarið er neitandi þurfum við að fá það. Ef það er játandi þá þarf að gera grein fyrir málinu á Alþingi.

Mér finnst eitt mjög undarlegt. Trúir hv. þm. þessu? spyr hæstv. heilbrrh. Ég svara því til að ég trúi því og ég veit að stjórnmálaflokkar fá stuðning frá fyrirtækjum, hafa fengið. Það er rétt. Og spurningin er þessi: Hafa Sjálfstfl. og Framsfl. fengið fjárstuðning frá þessu fyrirtæki? Er bannað að spyrja svona? Ég bara spyr.

Ef svarið er neitandi ætti það að vera fyrirhafnarlaust í andsvörum á eftir að koma og upplýsa málið. Þá er málið úr sögunni. Þá skulum við leggja trúnað á það. En við viljum fá upplýsingar um þetta.

Þegar hæstv. heilbrrh. veltir því fyrir sér hvers vegna spurning af þessu tagi er sett fram má spyrja á móti: Hver er skýringin á því offorsi sem ríkisstjórnin sýnir í þessu máli? Hver er skýringin á því? Hver er skýringin á því að kvótamálið er látið víkja? Hver er skýringin á því að fjárlagaumræðan er látin víkja og bíða? (Gripið fram í.)

Hér í dag var óskað eftir því að hlé yrði gert á umræðu um þetta mál. Það yrði sent aftur til heilbrn. til umfjöllunar þannig að þeir aðilar sem vildu tjá sig um þær lagabreytingar sem eru nú lagðar fyrir fengju til þess ráðrúm og möguleika. Því var hafnað.

Ef ríkisstjórnin hefði viljað verða við þessari eðlilegu og lýðræðislegu kröfu hefði mátt taka til umræðu önnur mál sem eru brýn. Er ég þar að vísa í kvótamálið eða fjárlagafrv. þar sem teknar eru ákvarðanir sem varða lífskjör stórra þjóðfélagshópa, aldraðra og öryrkja. Öllu þessu er sópað frá til að þjóna þessu eina fyrirtæki. Er að undra að menn spyrji og leiti skýringa? Í vor kom frv. hér inn á Alþingi eftir að undirritaður var í Perlunni í Reykjavík þar sem forsrh. þjóðarinnar sat á milli fulltrúa deCODE Genetics og svissneska stofnfyrirtækisins, lyfjafyrirtækisins Hoffmann-La Roche, og sat þar eins og pantur. Síðan átti að þröngva frv. í gegnum þingið, því frv. sem hér er til umfjöllunar. (**ÁRJ:** Meingölluðu.) Þá átti að þröngva því í gegnum þingið með methraða. Þetta vakti mikil mótmæli í þjóðfélaginu. Málinu var frestað og aftur var sett upp dagsetning og nú er komið að ögurstundu. Nú svífst ríkisstjórnin einskis, lætur allt annað víkja, neitar stjórnarandstöðunni um eðlileg og lýðræðisleg vinnubrögð til að þröngva þessu máli fram. Er að undra að menn spyrji og er að undra að menn vilji fá svör? Ég frábið mér það að menn fari að móðgast yfir því að spurt sé spurninga af þessu tagi. Ég frábið mér það. Þetta er eðlileg spurning í lýðræðisþjóðfélagi. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að öll fjármál flokkanna eigi að vera uppi á borði. Þar eiga ekki að vera nein felumál, engin felumál. Og nú er óskað eftir því og þess krafist að þetta mál verði upplýst. Þetta hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu. Þetta hefur komið fram í blöðum, á prenti. Ritstjóri dagblaðs hefur sett þessar spurningar fram og það er eðlilegt að þær séu bornar upp hér á þessum vettvangi.

[18:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst ber að svara spurningunni: Til hvers eru vísindarannsóknir almennt? Er það til að koma höggi á fólk eins og hv. þm. sagði áðan? Það er fyrst og fremst til að auka heilbrigði manna, bæta lyf og heilbrigðisþjónustu almennt. Til þess eru vísindarannsóknir og þess vegna er þetta frv. til umfjöllunar. Vegna þess að við sem leggjum frv. fram trúum því að við munum bæta vísindarannsóknir í landinu og efla þær. Hv. þm. spyr mig hvort við þiggjum mútur. Hann spyr hvort við þiggjum mútur. Það hef ég aldrei gert eða minn flokkur. Ég hlýt að spyrja hv. þm.: Trúir hann því að við þiggjum mútur? Hefur hv. þm. sjálfur þegið mútur?

[18:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef aldrei þegið mútur og spurning mín var ekki orðuð á þennan hátt. Ég spurði hins vegar hvort Framsfl. hefði fengið fjárframlög eða einhverjar skuldbindingar frá þessu fyrirtæki. Ég óska eftir svari við þessu og ég frábið mér að því sé svarað með þessum hætti, með einhverjum móðgunarköstum. Þetta er eðlileg spurning í lýðræðisþjóðfélagi. Það er eðlilegt að hún sé borin fram og eðlilegt að henni sé svarað.

Í annan stað er spurningin um vísindarannsóknir. Um þetta snýst heila málið, að menn eru með efasemdir og gagnrýni uppi um að heilsufarsupplýsingar íslensku þjóðarinnar séu afhentar einu fyrirtæki, sérleyfishafa, sem geti verslað með þær og gert þær að verslunarvöru. Þess vegna eru vísindamennirnir og læknarnir og samtök sjúklinga að hvetja okkur til að fara inn á aðra braut, aðrar brautir til að tryggja að háleit markmið um rannsóknir og framfarir í læknavísindum nái raunverulega fram að ganga. En við erum vöruð við að gera þetta að verslunarvöru eins og ríkisstjórnin ætlar að gera og fyrirhugað er með þessu frv. Verið er að fela þetta í hendur eins sérleyfishafa sem búinn er að senda út um allan heim auglýsingabæklinga til tryggingafyrirtækja og lyfjafyrirtækja um hvernig hægt sé að höndla með slíkar upplýsingar. Menn eru að vara við því að þetta verði misnotað og að þetta muni torvelda rannsóknir en ekki auka þær og efla.

[18:52]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hvergi verið að þrengja að öðrum vísindamönnum með þessu frv. sem hér liggur fyrir. Það er grundvallaratriði. Því er það alveg deginum ljósara að ef vel gengur þá erum við að efla vísindi. Við erum að koma í veg fyrir sjúkdóma og við erum að þróa ný lyf. Það er ætlunin með því frv. sem hér liggur fyrir. Og það að við höfum verið að vísa einhverjum öðrum málum frá vegna þessa frv. þá hef ég nú verið hér á þingi í bráðum átta ár og ég man ekki til þess að 3. umr. fjárlaga hafi verið 15. desember. Hún hefur alltaf farið fram seinna. Við erum því engu að vísa frá. Við erum aðeins að ræða mál sem hefur verið til umræðu í þinginu í níu mánuði. Það er það sem við erum að gera.

Ég fékk ekkert móðgunarkast, hv. þm., þótt þú spyrðir mig jafndónalegra spurninga eins og hv. þm. gerði. (**ÖJ:** Hvernig væri að fá svar við spurningunni?) Ég svaraði henni áðan hv. þm. og svara því enn að minn flokkur hefur ekki þegið mútur og er ekki fjárhagslega bundinn þessu fyrirtæki. Ég spurði hv. þm. sömu spurningar, þ.e. hvort hann hafi þegið mútur, því eðlilegt er að hann sé spurður sömu spurninga og hann spyr sjálfur.

[18:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég svaraði á mjög afdráttarlausan hátt þeirri spurningu hæstv. ráðherra. Ber að skilja svar hæstv. ráðherra á þann veg að Framsfl. hafi aldrei fengið neina peninga frá þessu fyrirtæki? Það var spurningin og reyndar á ég eftir að fá þá yfirlýsingu líka frá Sjálfstfl.

Spurningin um vísindin og svigrúm vísindanna, það eru slík atriði sem vísindamenn og samtök vísindamanna hér og erlendis eru að vara okkur við. Þetta auðveldi ekki vísindarannsóknir, þetta takmarki þær. Þetta reisi íslenskum vísindamönnum þröskulda og geri þeim erfiðara um vik að stunda rannsóknir sínar. Út á það gengur gagnrýnin á þetta frv. sem snýst um að veita einu fyrirtæki einkarétt, réttinn til að selja aðgang að upplýsingunum, að selja öðrum vísindamönnum aðgang að þeim upplýsingum. Um það snýst málið. Þetta snýst um að takmarka aðgengi vísindamanna að upplýsingum en menn halda að við getum gert okkur svo góðan pening úr þeim, þjóðin geti gert sér svo góðan pening úr þessu sem ég held að sé nú ekki. Ég held að menn séu að kaupa norðurljósin. Ég held að þeir peningar muni aldrei skila sér til þjóðarinnar en út á það gengur þessi gagnrýni.

[18:55]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ræðan hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni bar þess merki að hann er á móti frv. og hefur verið andvígur þessu máli frá upphafi eins og kemur mjög greinilega fram í nál. minni hlutans. Varðandi það að við værum áfram að mismuna vísindamönnum með hinni nýju leið sem við erum að fara í sambandi við aðgengið, þá vísa ég því á bug. Við fórum sérstaklega yfir það mál í nefndinni og það er alveg ljóst að það er tekið miklu skýrar fram núna að aðgangur vísindamanna sem starfa við þær stofnanir sem samningar verða gerðir við, að litið verður á þennan aðgang sem hluta af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir aðgang að heilsufarsupplýsingunum. Þetta er því hluti af endurgjaldi. Þannig er aðgangurinn hugsaður. Og mér kemur á óvart hvað sumir vísindamenn telja að hættulegt sé að breyta þessu aðgengi, eins og 1. minni hluti lagði reyndar til, vegna þess að með þeim hætti hafa þeir aðilar, vísindamenn, heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn að mínu mati enn þá meira tak á væntanlegum starfsleyfishafa, hver sem það nú verður, og enn meira tak í samningum að semja um gott aðgengi heldur en var með aðgengisnefndinni sem við vorum með í frv. á fyrri stigum. Það kemur mér því á óvart að menn skuli bregðast illa við þessari leið. Ég tel að það sé til bóta fyrir vísindamennina að semja skuli um þetta. Nú geta þeir sest niður og samið um góðan aðgang.

Varðandi það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að við værum að fara að fremja skemmdarverk á heilbrigðiskerfinu og sverta ímynd Íslands á alþjóðavettvangi, þá vísa ég því algerlega á bug. Hérna erum við einmitt að bjóða upp á nýtt rannsóknartæki fyrir utan þau tæki sem fyrir eru, þ.e. dreifðir gagnagrunnar. Og það er alveg ljóst að heilbrigðisyfirvöld munu hafa mikinn hag af þessum grunni.

[18:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn munu setjast niður og ná góðum samningum við sérleyfishafa. Það er komið undir því að þeir nái slíkum samningum og það er rekstrarleyfishafinn sem hefur verðmætin hjá sér. Í þeim tilvikum þar sem viðsemjandinn er veitandi kann hann að hafa einhverja stöðu til samninga. En þar sem hann ekki er veitandi? Þar sem viðsemjandinn, vísindamaðurinn eða stofnunin er ekki veitandi heldur íslenskur vísindamaður í fjárvana stofnun? Þá er hann í heljargreipum, þá hvílir hann í vinarklóm. Þá hefur sérleyfishafinn öll ráð í hendi sinni. Síðan er spurningin þessi: Ef ríkisstjórnin ætlar að komast að samkomulagi fyrir hönd annarra en þeirra sem eru á vegum ríkisins eða sveitarfélaga, óttast menn þá ekki að það yrði skilgreint sem einhvers konar niðurgreiðsla og mundi ekki standast EES-samkeppnisreglur? Ég vil gjarnan fá svör og hugleiðingar við þessu.

[18:59]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig langar aðeins vegna þessara orða að lesa upp úr áliti minni hlutans varðandi væntanlegan rekstrarleyfishafa, áliti 1. minni hluta. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Innan nefndarinnar var raunar einhugur um að reyna að haga frumvarpinu svo að vísindamönnum væri tryggður eins mikill aðgangur að grunninum og frekast væri unnt. Sama viðhorf virtist ríkja hjá væntanlegum rekstrarleyfishafa.“

Hjá nefndinni kom ítrekað fram að hugsanlegur rekstrarleyfishafi væri mjög jákvæður gagnvart því að fá íslenska vísindamenn til liðs við sig inni í grunninum, að hleypa þeim að grunninum ódýrarar en öðrum. Það verður gert með sérstakri aðferð eins og við höfum margoft farið yfir og það verður litið á það sem hluta af endurgjaldi rekstrarleyfishafans fyrir að komast inn í heilsufarsupplýsingarnar.

Varðandi aðra vísindamenn, sem starfa ekki hjá viðkomandi aðilum, verða þeir ef þeir ætla að komast með þessum hætti inn í grunninn að vera í samstarfi við fyrrgreinda vísindamenn til að komast ódýrarar inn í grunninn.

Ég vil benda aftur á að dreifðu gagnagrunnarnir verða að sjálfsögðu áfram til staðar og þeir verða reyndar enn betri en þeir eru í dag þannig að þetta er til bóta fyrir alla og sennilega

mest til bóta fyrir íslenska sjúklinga og heilbrigðisyfirvöld sem geta notað þetta nýja tæki.

En ég átta mig á því að hv. þm. Ögmundur Jónasson er andvígur málinu frá upphafi og ég efast um að ég geti sannfært hann í stuttu andsvari.

[19:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér kemur fram mikil glöggskyggni af hálfu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur um að ég hafi svona sitthvað við þetta frv. að athuga.

Hér kom fram og var staðfest að þeir vísindamenn sem eru ekki veitendur inn í grunninn eða í samstarfi við slíka standa illa að vígi eða þeir eru þá eins og hverjir aðrir viðskiptaaðilar nema íslenska ríkið niðurgreiði þá á einhvern hátt. En við höfum þó eitt haldreipi, segir hv. þm. Væntanlegur sérleyfishafi er mjög jákvæður í garð íslenskra vísindamanna og mun að öllum líkindum taka vel í að semja við þá.

Hvers konar afstaða er þetta eiginlega? (**SF:** Margoft komið fram í heilbrn.) Margoft komið fram í heilbrn. að væntanlegur sérleyfishafi sé svo jákvæður í garð Íslendinga að hann ætli að veita þeim einhvern aðgang að vísindastarfsemi og vísindarannsóknum.

Síðan var vísað í einhver minnihlutaálit út og suður. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir er að eiga orðastað við einn af aðstandendum þáltill. um dreifða gagnagrunna, sem hefur ekki fengist rædd í þinginu nema við 1. umr., og einn af aðstandendum frávísunartilögu á þessu frv. á þeirri forsendu að það væri ekki þingtækt, að það væri ekki hæft til afgreiðslu frá þinginu vegna þess að það er óásættanlegt hvernig sem á málið er litið. Rök hafa verið færð fyrir þessu, ég hef gert það, vísindamenn, samtök sjúklinga og læknar hafa fært rök fyrir þessu í blaðagreinum, ályktunum, yfirlýsingum. En ekkert hrín á ríkisstjórnina sem gengur hér erinda eins fyrirtækis.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:03]

Fundi slitið kl. 20:30.

---

42. FUNDUR

þriðjudaginn 15. des.,
að loknum 41. fundi.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1999, stjfrv., 1. mál, þskj. 484. — 3. umr.

2. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, stjfrv., 109. mál, þskj. 461, frhnál. 480 og 490, brtt. 403, 417 og 481, till. til rökst. dagskrár 492. — Frh. 3. umr.

Fjárlög 1999, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 484.

[20:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Á þessum fundi eru tvö mál á dagskrá, fjárlög 1999, 3. umr., og í öðru lagi gagnagrunnur á heilbrigðissviði, frh. 3. umr.

Samkvæmt þingsköpum ber að taka fjárlög til 3. umr. á þessum degi en þar sem fjárln. hefur ekki lokið störfum verður umræðunni frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umræðu frestað.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 461, frhnál. 480 og 490, brtt. 403, 417 og 481, till. til rökst. dagskrár 492.

[20:32]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Nú við 3. umr. um gagnagrunnsfrv. hefur frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. og varaformaður nefndarinnar gert grein fyrir þeim brtt. sem meiri hlutinn hefur lagt fram. Ég ætla að fjalla um nokkur atriði sem snerta þessar brtt. en hefja mál mitt á því að fjalla um þá fullyrðingu sem fram hefur komið hjá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar um að þegar málið var tekið út úr hv. heilbr.- og trn. þá hafi verið slegið á útrétta sáttarhönd stjórnarandstöðuflokkanna.

Það liggur alveg ljóst fyrir að málið er í ágreiningi og það hefur verið að skýrast eftir því sem málið hefur verið lengur í umfjöllun, bæði innan nefndar og í þingsölum að það er í ágreiningi. Öllum þeim sem hafa óskað að koma á fund heilbr.- og trn. hefur verið gefinn kostur á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nú hefur hins vegar háttað svo að jafnvel þær breytingar sem hafa verið gerðar til þess að koma til móts við sjónarmið sem fram hafa verið færð hafa ekki ýtt undir neina samstöðu í þessu máli. Ég vil nefna tvö atriði.

Við fyrri umræður málsins kom það fram að grundvallaratriði í gagnrýni á frv. væri að þar væri ekki gert ráð fyrir sjálfstæðri vísindasiðanefnd sem færi yfir þær spurningar sem beint væri til gagnagrunnsins og færi þar af leiðandi yfir siðferðilegar forsendur þeirra athugana og rannsókna sem gagnagrunnurinn er notaður til að svara. Það var lögð mikil áhersla á þetta mál og var það jafnt í málflutningi þeirra sem gagnrýndu málið í þingsölum og í umsögnum um málið. Nú er þetta mikilvæga atriði komið inn í frv. vegna brtt. sem meiri hlutinn í heilbr.- og trn. lagði fram. Þá bregður svo undarlega við að þegar þetta mikilvæga grundvallaratriði er komið inn í málið, þá harðnar andstaðan við það. Þetta er athyglisvert og bendir til þess að ekki sé verið að leita sátta heldur séu menn frekar á þeim buxunum að leita sér að tilefni til að vera á móti málinu.

Það má einnig nefna annað atriði sem hér hefur verið fært inn í umræðuna af nokkurri hörku og þá ekki síst af hv. þm. Ágústi Einarssyni. Hann telur að sú breyting á frv. sem meiri hluti heilbr.- og trn. hefur gengist fyrir, að fella brott ákvæðin um aðgengisnefndina, sé til marks um að málið hafi versnað mikið. Hann vitnar þar í niðurstöðu Rannsóknarráðs Íslands. En hv. þm. Össur Skarphéðinsson taldi að það mundi hugsanlega bæta málið ef einmitt þetta atriði væri tekið út og

er þeirrar skoðunar enn þá, eins og hann tekur fram út í sal. Ég kann vel að meta það að menn haldi sig fast við skoðanir sínar.

Að sjálfsögðu er ekki, með þeirri breytingu sem hér er verið að gera, verið að takmarka enn frekar en í upphaflega frv. aðgengi vísindamanna að grunninum og er óhjákvæmilegt að gera athugasemd við þá niðurstöðu sem birtist í bréfi frá Rannís, undirrituðu af framkvæmdastjóra ráðsins, Vilhjálmi Lúðvíkssyni, og formanni ráðsins, Þorsteini Sigfússyni.

Í þessu bréfi er fullyrt að með því að taka þessi ákvæði um aðgangsnefndina út sé verið að takmarka enn frekar aðgengi vísindamanna að grunninum. Það var ekki andinn í þeirri gagnrýni sem kom á þetta atriði og þetta ákvæði frv. Það var heldur ekki andinn í þeirri gagnrýni á ákvæðið sem kom fram í málflutningi hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og það var heldur ekki tilgangurinn hjá þeim sem tóku undir gagnrýni hans í nefndinni. Það vakti ekki fyrir nokkrum sem fór yfir þessi atriði að takmarka enn frekar aðgengi vísindamanna að grunninum. Þvert á móti vakti það fyrir mönnum að vinna að þessu aðgengi á annan hátt og þess vegna vekur þessi niðurstaða Rannsóknarráðs Íslands athygli.

Nauðsynlegt er að taka fram að í áliti Lagastofnunar var sagt að það orkaði tvímælis hvort hægt væri að verja þetta ákvæði fyrir samkeppnisreglum EES. Samkeppnisstofnun komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki hægt. Ég var sennilega eini fulltrúinn sem sat á fundi þegar þetta var rætt sérstaklega í heilbr.- og trn. sem var hlynntur því að ákvæðið væri inni vegna þess að ég taldi ólíklegt að samkeppnisreglur Evrópska efnahagssvæðisins ættu við um þetta mál. Ég er enn þá þeirrar skoðunar, ég tel ólíklegt að það eigi við því að hér er ekki um að ræða, eins og ég hef áður lagt áherslu á, hreinræktað viðskiptamál. Hér er um að ræða mál sem er á óljósu svæði og ljóst er að ýmsum öðrum málum, þar sem ekki er um hreinræktaða viðskiptahagsmuni að ræða, er tekið öðruvísi á málum heldur en eftir hinum ströngu samkeppnisreglum efnahagssvæðisins. En ég féllst á það vegna þess að í nefndinni var mitt sjónarmið ekki stutt, að standa að því með meiri hlutanum að fella þetta ákvæði út og vinna að því með öðrum hætti að tryggja aðgengi vísindamanna að grunninum.

Ég vil einnig geta þess, vegna þess að það hefur verið túlkað svo, að Rannsóknarráð Íslands væri á móti samþykkt frv., að sú andstaða í bréfinu er skilyrt. Það er sagt að ef ekki reynist unnt að tryggja íslensku vísindamönnum og stofnunum öruggan aðgang að hinum miðlæga gagnagrunni, þá hafi almennt gildi hans fyrir framþróun vísinda á Íslandi rýrnað svo að ráðið mælir gegn samþykkt frv. og veitingu fyrirhugaðs sérleyfis. Ef hins vegar tekst að tryggja þetta eins og tilgangurinn var nú með þessari brtt. þá liggur náttúrlega í þessu erindi að Rannsóknarráð Íslands er samþykkt því, þ.e. ef tekst að tryggja þetta. Ég held að það sé rétt að menn skoði málið í þessu ljósi.

Annað af því sem hér hefur verið rætt af nokkrum þunga í dag er hvort frv. hafi í raun og veru breytt um eðli, hvort mikil efnisbreyting hafi orðið á því með því að gera ráð fyrir að erfðafræðiupplýsingar sé hægt að keyra saman við hinn miðlæga gagnagrunn eftir ákveðnu vinnuferli sem er þannig að tölvunefnd setur sín skilyrði fyrir vinnuferlinu. Hér vaknar mikilvæg spurning í sambandi við það hvers eðlis þessi miðlægi gagnagrunnur verður og hvernig verði hægt að nýta hann.

Ég spurði í umræðunni í andsvari mjög grannt eftir þessu sjónarmiði og þá sérstaklega hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur. Ég spurði hvort hægt væri að fá viðbrögð við því, hvort hún teldi að erfðafræðilegar upplýsingar ættu að fara inn í þennan grunn eða ekki. Ég spurði einnig hvort henni væri kunnugt um að samkeyrðar hefðu verið erfðafræðiupplýsingar og aðrar heilsufarsupplýsingar. Ég reiknaði með því, vegna þess hvað andstaðan við samkeyrslu á erfðafræðilegum upplýsingum á þessum grunni var skýr, að svarið yrði einfalt, að svarið yrði að hún legðist gegn því að erfðafræðilegar upplýsingar væru í grunninum eða yrðu keyrðar saman við grunninn.

Mér til nokkurrar undrunar var svarið býsna loðið, herra forseti. Svarið var eitthvað á þá leið að hv. þm. hefði miklar efasemdir um að það ætti að heimila að erfðafræðiupplýsingar væru í grunninum og yrðu samkeyrðar við grunninn. Kannski ætti að heimila það ef tölvunefnd kæmi að málinu í hvert sinn sem slík samkeyrsla færi fram. Með öðrum orðum, svörin eru ekki alveg skýr. Hv. þm. hefur efasemdir um að þetta eigi að gera en kannski væri það hægt ef tölvunefnd kæmi að málinu.

Mér sýnist að á þessum forsendum standi deilan ekki um það hvort slík samkeyrsla verður heimil heldur stendur hún um það hvernig tölvunefnd kemur að málinu. Þetta mundi ég í daglegu tali ekki kalla eðlisbreytingu á frv. heldur fyrst og fremst spursmál um það hvernig þetta gerist. Um þetta stendur kannski deilan vegna þess að verið er að koma á þessum miðlæga gagnagrunni til þess að nýta betur þá tækni sem tölvukerfi og hugbúnaður býður upp á til vinnslu á upplýsingum. Það er ekki hægt að gera ef slík vinnsla er háð sérstöku leyfi í hvert skipti sem samkeyrsla fer fram. Ég reikna fastlega með því að allir hv. þingmenn sem á annað borð hafa velt fyrir sér starfrækslu slíkra gagnagrunna átti sig fyllilega á því að ef menn koma upp slíkum samhæfðum grunnum, þá er lítið gagn í því ef ekki má keyra þá miðað við þá möguleika sem slíkur hugbúnaður býður upp á. Þess vegna er grundvallaratriði að menn geti sæst á það að upp verði sett vinnuferli sem tölvunefnd setur sín skilyrði fyrir hvernig skuli vera.

Auðvitað stendur eftir sá möguleiki sem menn hafa nýtt sér hingað til að hinir dreifðu gagnagrunnar, sem verða í betra formi eftir að frv. hefur náð fram að ganga og búið er að samhæfa þessa grunna, verði nýttir eins og áður og að menn geti notað þá svipað og verið hefur, lagt fyrir þá spurningar og fengið leyfi til samkeyrslu hjá tölvunefnd í hvert skipti. Ekkert kemur í veg fyrir að þeir aðilar sem hingað til hafa nýtt grunninn í þessum tilgangi geti gert það eftir sem áður. Það er kannski ekki síst sagt með tilliti til þess að sumir, og þeir eru nokkrir hér innan þingsalarins, eru almennt á móti því að koma upp slíkum gagnagrunnum og vilja að þetta sé gert áfram á hefðbundinn hátt. Ég get ekki annað en sagt sem svo að þessir menn hafi fulla heimild til þess að vera á móti framförum. Meiri hlutinn kýs ekki að gera það. (**HG:** Á móti ...?) Á móti framförum, hv. þm. (**HG:** Framförum?)

Það skiptir einmitt miklu máli að erfðafræðiupplýsingarnar eiga eftir að vaxa mikið. Hlutur þeirra í heilsufarsupplýsingum á eftir að vaxa og það fer ekkert milli mála að það er heimilt samkvæmt þessu frv. og hefur alltaf verið að erfðafræðilegar upplýsingar leiti inn í hann. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að þær skuli einungis koma úr sjúkraskrám. Þá er spursmálið: Hvers konar erfðafræðilegar upplýsingar koma úr sjúkraskrám? Alla vega er ljóst að þeir

sem hafa talað gegn því að erfðafræðilegar upplýsingar leiti inn í þennan grunn hafa alla tíð reiknað með því að erfðafræðilegar upplýsingar í sjúkraskrám fari inn í grunninn, (**Gripið fram í:** Já, já.) enda eru þær heilsufarsupplýsingar eins og annað. Og þó að slíkar upplýsingar séu ekki miklar að vöxtum, þá gefur það augaleið að slíkar upplýsingar eiga eftir að aukast.

Samkeyrslan hefur vakið miklar spurningar hjá mörgum þingmönnum og það kannski ekki síst vegna þess að menn rugla enn saman í þessari umræðu því máli sem hér er verið að fjalla um, miðlægan gagnagrunn og nýtingu á upplýsingum úr sjúkraskrám, þ.e. heilsufarsupplýsingum, menn rugla þessu enn saman við rannsóknir á mönnum. Það kom mjög skýrt í ljós í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar að hann ruglar þessu enn saman.

Það gilda allt önnur lögmál um rannsóknir á mönnum en um endurnýtingu á heilsufarsupplýsingum. Hv. þm. vitnaði mjög mikið í Helsinki-sáttmálann. Ég geri ráð fyrir að þar sé um að ræða Helsinki-yfirlýsingu Alþjóðafélags lækna. En í raun og veru hefði líka mátt vitna í líflæknissáttmála Evrópuráðsins sem er oft kallaður á ensku í styttu máli Bioethics Convention og er tiltölulega nýr sáttmáli. Þar eru ákvæði um rannsóknir á mönnum og ákvæði þess sáttmála eru miklu ítarlegri en í Helsinki-yfirlýsingu Alþjóðafélags lækna. Þar er fjallað m.a. um hvaða skilyrði þarf að uppfylla til þess að ráðast í rannsóknir á mönnum. Þá er alltaf gengið út frá upplýstu samþykki, alltaf. Í þessu frv. er hins vegar ekki verið að tala um að ráðast í rannsóknir á mönnum.

Spurt var sérstaklega að því hvaða lagastoð væri fyrir erfðafræðilegum grunnum sem samkeyra má við miðlæga gagnagrunna. Fyrir utan sjúkraskýrslurnar, en í þeim eru erfðafræðilegar upplýsingar, eru til upplýsingagrunnar ef svo má kalla eða upplýsingasöfn sem eru til komnir vegna tilraunastarfsemi, vísindalegra rannsókna á mönnum. Þessi söfn eru til. Að sjálfsögðu hafa þessi söfn verið fengin með upplýstu samþykki þeirra sem hafa tekið þátt í þessu. Það gefur augaleið að þær erfðafræðilegu upplýsingar sem eru til hér, þessi söfn sem eru til, má ekki samkeyra við heilsufarsupplýsingar í miðlægum gagnagrunni nema með samþykki sjúklings og síðanefndar, og nú eftir þessa brtt. eftir vinnuferli sem tölvunefnd hefur samþykkt og sett sín skilyrði fyrir. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Ef spurt er sérstaklega um lagastoðina þá er alveg ljóst að tölvunefnd hefur heimild til samkeyrslu grunna með ákveðnum skilyrðum og ekki er gerður greinarmunur á erfðafræðilegum grunnum sérstaklega í því sambandi.

Ég vil einnig taka það fram að áður en þetta frv. kom fram hafa upplýsingagrunnar verið keyrðir saman við erfðafræðilegar upplýsingar. Það hefur verið gert. Þá hefur að sjálfsögðu verið um að ræða upplýst samþykki ef upplýsingarnar eru komnar úr rannsóknarverkefnum. Ég vil ekki fullyrða það en ég held að oft og tíðum hafi þar verið um persónuupplýsingar að ræða. Þessar upplýsingar hafa einnig verið keyrðar saman við ættargrunna. Um hina lagalegu stoð málsins er því ekki hægt að fullyrða hér að sú stoð sem fyrir hendi er og hefur verið notuð í þessum samkeyrslum á grunnum dugi ekki fyrir því sem hér er verið að tala um.

Þetta held ég að sé nauðsynlegt að komi fram vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði sérstaklega um það hvar heimildir væru fyrir því að koma upp slíkum erfðafræðilegum grunnum. Erfðafræðilegir grunnar eru til og hafa verið til. Þeir eru meira að segja fjölmargir og ég hygg að það sé ekki meiningin, ekki tilgangur flestra þeirra sem hafa talað beinlínis gegn því að erfðafræðilegar upplýsingar yrðu samkeyrðar við heilsufarsupplýsingar, og að þeir meini það ekki í raun og veru að banna slíkt. Ég hef ekki trú á því. Það væri mjög fróðlegt ef menn væru á annað borð að hugsa um það að banna slíkt. Ég hef þess vegna óskað eftir því að það komi fram í umræðunni hvort einhverjir þingmenn hér í salnum vilji leggja bann við því að erfðafræðilegar upplýsingar séu keyrðar saman við upplýsingar t.d. úr sjúkraskrá eða almennar heilsufarsupplýsingar ef þær eru einhverjar aðrar. Þetta sjónarmið kann að vera til. En þá finnst mér að það ætti að koma fram. Ég hef sagt það í umræðunni áður að mér fyndist þá eðlilegt, ef menn telja að það sé grundvallaratriði, að menn leggi fram brtt. þar að lútandi til að sýna hug sinn í málinu. Að öðrum kosti lít ég svo á að þeir meini ekki mikið með þessum málflutningi. En ég hygg að hik mundi koma á flesta þingmenn, ég segi nú ekki alla, ef þeir þyrftu að leggja fram tillögu um að banna erfðafræðilegar upplýsingar í grunninum eða samkeyrslu eðlisfræðilegra upplýsingu við grunninn. Það er ljóst að í hinum miðlæga grunni verða erfðafræðilegar upplýsingar og því þyrfti að fá það fram hvort menn eru almennt á móti þessu vegna þess sjónarmiðs að þeir telji að erfðafræðilegar upplýsingar hafi svo mikla sérstöðu að þær eigi ekki erindi í þennan grunn.

Ég get mjög vel fallist á það sjónarmið sem þingmenn hafa komið hér fram með að það þurfi að gæta sérstaklega mikillar varúðar í meðferð erfðafræðilegra upplýsinga. Þar er ég mjög sammála. En ég tel það hins vegar vera grundvallaratriði að menn geri mögulega samkeyrslu á erfðafræðilegum heilsufarsupplýsingum og öðrum heilsufarsupplýsingum.

Mér finnst að umræðan hér hafi ekki varpað ljósi á mörg ný atriði. Það er jafnvel svo að menn endurtaka þann skilning sem þingmenn stjórnarflokkanna hafa lagt sig í líma við að lýsa sem röngum skilningi. Sá sem hér stendur hefur margsinnis farið yfir þessi mál, sérstaklega samanburðinn á rannsóknum á fólki og endurnýtingu upplýsinga. Það er búið að fara ítarlega yfir það í umræðuum málið. Samt er enn verið að rugla þessu saman. Sá sem hér stendur fór ítarlega í umræðuna um upplýst samþykki og ætlað samþykki og það hvernig heilsufarsupplýsingar væru nú í dag endurnýttar, þ.e. ekki með upplýstu samþykki heldur með ætluðu samþykki og gerði sérstaka fyrirspurn um það mál til hæstv. heilbrrh. Því miður hefur ekki komið svar við því enn þá en ég veit að út úr þeim upplýsingum og þeim könnunum kemur svar sem er í samræmi við þær upplýsingar sem ég hef gefið hér. Heilsufarsupplýsingar hafa verið notaðar í öðrum tilgangi en þeim var safnað til og þar hefur ekki verið aflað upplýsts samþykkis heldur hefur verið stuðst við svokallað ætlað samþykki. Allt hefur þetta verið dregið fram í umræðunni og hefur ekki haft áhrif sem skyldi. Menn hjakka enn í sama farinu með sömu rangfærslurnar þannig að 3. umr. skilar mjög litlu nýju fram í málinu. Það eina sem hefur gerst nýtt í málinu eru þessar tvær breytingar sem gerðar hafa verið. Ég hef farið yfir þær og að lokum er það náttúrlega nýtt í málinu að Rannsóknarráð Íslands hefur gert grein fyrir afstöðu sinni til þessara breytinga. Ég endurtek það að ég tel að það sé á misskilnilngi byggt að hér sé verið að leggja til að þrengja aðkomu vísindamanna að grunninum. Ég bendi einnig á að andstaða Rannsóknarráðs Íslands við frv. í þeirri mynd sem það verður ef þessar brtt. verða samþykktar, er skilyrt.

[20:58]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að menn hefðu ekki viljað neina sátt í málinu, menn hefðu herst eftir því sem á leið. Það er ekki rétt. Við höfum lagt okkur fram við að koma með ábendingar sem gætu stuðlað að sátt í þessu máli. Ég hef t.d. gert það, lagt fram opinberlega og í ræðustól átta tillögur beinlínis til breytinga þannig að það vantar ekki a.m.k. að mjög margir stjórnarandstæðingar hafa nálgast þetta mál með opnum huga.

Varðandi vísindasiðanefndina og Rannsóknarráð, þá vil ég vitna orðrétt í bréf þeirra, með leyfi forseta:

„Með þessu telur ráðið að forsendur álits Rannsóknarráðs séu breyttar."

Hér er enginn fyrirvari. Það er alveg ljóst hvað Rannsóknarráð segir í þessari umsögn. Þeir leggjast orðið gegn frv., þ.e. eini aðilinn sem áður studdi það.

Hv. þm. segir að þetta byggist á misskilnilningi. Ég kaupi reyndar ekki þá fullyrðingu. Ég held að Rannsóknarráð sé alveg fullfært um að koma áliti sínu fram. En ég spyr á móti: Hefði þá ekki verið full ástæða til að hlusta á Rannsóknarráð og leiða þeim fyrir sjónir hvað þeir misskildu? Hefði ekki verið ástæða að hlusta á þessa aðila? Ég vil spyrja hv. þm.: Vill hann beita sér fyrir því að heilbr.- og trn. taki þetta mál aftur og kalli þá til Rannsóknarráð þannig að úr því megi fá skorið hvort um misskilning sé að ræða? Ég bendi á að lagðar hafa verið fram fjölmargar hugmyndir einmitt um aðgengisnefndina. Nokkrar voru tilgreindar í áliti minni hluta heilbr.- og trn. og allar voru þær lagðar fram sem innlegg í samvinnu og samræður milli 2. og 3. umr., samræður sem ekki var gefinn kostur á.

Mín meginspurning er þessi: Úr því að hv. þm. telur að Rannsóknarráð hafi misskilið þetta allt saman, vill hann þá ekki stuðla að því að Rannsóknarráð fái að koma fyrir heilbr.- og trn. og skýra mál sitt?

[21:00]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst að því er varðar sáttaviljann, þá vil ég benda hv. síðasta ræðumanni á að nú er það fundið málinu og meiri hlutanum til foráttu að tekið var mark á ábendingu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og ákveðið ákvæði um aðgengisnefnd tekið út. Nú er það fundið okkur til foráttu að við urðum við þessari bón. (**ÁRJ:** Hvaða útúrsnúningar eru þetta?) Þetta eru engir útúrsnúningar heldur hefur málflutningurinn bókstaflega gengið út á það í allan dag að finna okkur þetta til foráttu. Það er merkilegt að það skuli hafa farið fram hjá hv. þm.

Að því er varðar vísindasiðanefndina sem ég nefndi alveg sérstaklega, þá vakti það mikla athygli mína að þegar það var tekið inn harðnaði afstaðan gegn þessu. Er þetta sáttavilji, hv. þm.?

Að lokum vil ég nefna í sambandi við Rannsóknarráð Íslands að með því að lesa þetta bréf þá kemur skýrt og skorinort í ljós að þeir skilyrða andstöðu sína við frv. því að ekki reynist unnt að tryggja íslenskum vísindamönnum aðgang að miðlægum gagnagrunni, en það er einmitt það sem við ætlum að tryggja með því að taka þetta ákvæði út. Og sá sem hér stendur verður að fá að vera ósammála þeirri fullyrðingu í bréfi Rannís að aðgengi vísindamanna að grunninum hafi verið takmarkað enn frekar með þessari breytingu. Sá sem hér stendur er bara ekki sammála þessu. Málið er nú komið á lokastig og við því verður ekki hróflað meira með neinum nefndafundum, enda er það óþarfi. Öll sjónarmið í þessu máli hafa komið fram.

[21:02]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. virðist ekki vera læs því að í bréfi Rannís stendur, með leyfi forseta:

„Með þessu telur ráðið að forsendur álits Rannsóknarráðs séu brostnar." Og svo segir: „Meiri hluti heilbrn. Alþingis brást við þessum athugasemdum með því að takmarka enn frekar aðgengi vísindamanna að grunninum."

Hvað er óljóst í þessu? Ekki nokkur skapaður hlutur. Hvað varðar minnihlutaálit heilbr.- og trn. vil ég einnig benda hv. þm. á að þar segir líka að sé vísindanefndin tekin út á þennan hátt, þá sé álitamál hvort það sé ekki samt á skjön við alþjóðleg lög. Þessu er varpað fram ásamt fleiri hugmyndum. Mönnum var aldrei gefinn kostur á því að vinna saman að þessu máli og það er rangt sem þingmaðurinn segir að afstaðan hafi harðnað þegar vísindasiðanefndin kom inn. Það var mjög gott að vísindasiðanefndin kom inn því að þetta var meginatriðið í gagnrýni okkar á þetta mál.

Tvennt hefur staðið út af varðandi þetta núna á síðari stigum auk nokkurra minni mála. Það er einkaleyfið sem menn hafa ekkert viljað hlusta á, því miður, og það er aðgengi vísindamanna. Brtt. meiri hlutans um að fella þetta inn í 6. gr. er ekki fullnægjandi með þessu orðalagi. Ég kann líka að lesa út úr aðgengi vísindamanna. Það er nú einu sinni líka mitt fag.

[21:03]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lét sér detta í hug að sá sem hér stendur kynni ekki að lesa. Ekki dettur mér í hug að halda því fram að hv. þm. Ágúst Einarsson kunni ekki að lesa. En hann kýs ekki að lesa niðurlag bréfsins. Þar koma fram skilyrðin sem ég minntist á sérstaklega. Meiningin er að tryggja íslenskum vísindamönnum aðgang að þessum grunni og ég veit að í úrvinnslu málsins eftir samþykkt frv. verður auðvelt að taka upp samræður við Rannís og benda þeim á hvernig þetta verður gert. Rannsóknaráð Íslands mun vissulega fylgja þessu máli eins og það verður búið í kjölfar samþykktar frv.

[21:04]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi það sem hér var rætt áðan og ég hafði raunar einnig í huga að nefna, þá vil ég aðeins að fram komi það mat mitt á þessari deilu sem hér var uppi að það ákvæði sem nú hefur verið sett inn í frv. stangast augljóslega á við kröfu um jafnræði vísindamanna og ég tel að menn þurfi ekki að fara langt til þess að sjá það.

Síðan um erfðafræðigrunna í þessu samhengi og samkeyrslu erfðafræðilegra upplýsinga sem fara inn í hinn eiginlega miðlæga gagnagrunn eins og það er fram sett, þá er það að segja af minni hálfu að ég tel að það fái ekki staðist miðað við fyrirliggjandi forskriftir að taka upp samkeyrslu á erfðafræðigrunnum við þennan miðlæga gagnagrunn og það skorti í raun allar heimildir fyrir erfðafræðigagnabönkum eða gagnagrunnum eins í því samhengi sem hér er verið að tala um.

Það hefur verið upplýst að hjá Íslenskri erfðagreiningu sé kominn gagnabanki með svo og svo miklu, það eru nefndar þúsundir, jafnvel hærri tölur, af upplýsingum frá fjölda einstaklinga svo þúsundum skiptir og ég fæ ekki séð að neinar

heimildir séu fyrir slíkri söfnun. Hafa samstarfslæknar Íslenskrar erfðagreiningar haft heimild til þess að framvísa upplýsingum frá sínum umbjóðendum inn í slíkan grunn? Ég efast um að svo sé, að upplýst samþykki liggi fyrir um slíka samkeyrslu upplýsinga við miðlægan gagnagrunn.

Ég tel þetta sem hér er á ferðinni í raun mjög alvarlegt og mæla eitt út af fyrir sig gegn þessu máli.

[21:06]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson telur að allar heimildir skorti fyrir því að halda og keyra saman við aðrar heilsufarsupplýsingar erfðafræðilegan gagnagrunn. Nú er ljóst að til eru gagnasöfn með erfðafræðilegum upplýsingum. Það er líka ljóst að þessar upplýsingar hafa verið keyrðar saman við ættfræðigrunna og þetta hefur verið gert með leyfi tölvunefndar. Er þingmaðurinn þá að halda því fram að þetta sé ólöglegt, að ekki séu heimildir fyrir þessu?

Rannsóknarstofa Krabbameinsfélagsins hefur staðið fyrir samkeyrslu. Það hafa verið keyrðar upplýsingar frá þeim, að sjálfsögðu með upplýstu samþykki. Það hvarflar ekki að mér að ýja að því að farið hafi verið út fyrir ramma þess upplýsta samþykkis í þessum samkeyrslum. Það hvarflar heldur ekki að mér að upplýst samþykki sem fengist hefur í rannsóknum Íslenskrar erfðagreiningar hafi farið út fyrir ramma þess samþykkis sem veitt var. Er hv. þm. að halda því fram? Er hann að ýja að því? Ég treysti því að tölvunefnd hafi fylgst með rannsóknum Íslenskrar erfðagreiningar, enda hefur það legið fyrir að ekkert rannsóknarfyrirtæki í landinu er háð eins ströngu eftirliti og Íslensk erfðagreining. Ég hefði því viljað að hv. þm. svaraði því hér hvort hann telji að lagaheimildir hafi skort fyrir t.d. stórmerku starfi sem hefur verið unnið á vegum Krabbameinsfélagsins og rannsóknarstofa þess.

[21:08]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað mjög alvarlegt þegar aðaltrúnaðarmaður hæstv. forsrh. í heilbr.- og trn. kemur hér og notar tíma sinn til þess að ræða um allt aðra hluti en eru til umræðu og ætlar að halda því fram að erfðafræðisöfn, eins og hv. þm. réttilega orðaði það í ræðu sinni, stangist á við lög og heimildir og séu eitthvað sambærilegt við það sem hér um ræðir. Ég er ekki að tala um þær upplýsingar sem hafa verið heimilaðar af tölvunefnd fram að þessu. Ég er að tala um erfðafræðigrunna sem stendur til að samkeyra við miðlægan gagnagrunn og það eftir einhverju ferli þar sem ekki verður tekin afstaða hverju sinni til þess sem fram fer. Ég dreg í efa að þúsundir sjúklinga — ég hef ekki neinar staðfestar tölur um það — hafi veitt samþykki sitt fyrir slíkum óskilgreindum samkeyrslum. Það kæmi mér mjög á óvart. Þetta þarf að rannsaka. En ég efast um það og ég held að lagaheimildir skorti alveg í raun fyrir gagnagrunnum með erfðafræðiupplýsingum í því samhengi sem hér um ræðir.

[21:10]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur ekki til í sambandi við það frv. sem hér er til umræðu að samkeyra við miðlægan gagnagrunn grunna sem efnt hefur verið til með rannsóknum á fólki og með upplýstu samþykki. Það stendur ekki til og hefur aldrei staðið til (Gripið fram í.) að samkeyra slíka grunna við þessar upplýsingar öðruvísi en fullkomið umboð sé í hinu upplýsta samþykki til þess. (**HG:** Hvernig á að afla þess?) Hvernig á að afla þess? Það er bara gert nákvæmlega eins og í þeim rannsóknum sem hingað til hafa verið gerðar. Hv. þm. hristir höfuðið og þá spyr ég: Hvaðan hefur hann þær upplýsingar að ekki standi til afla upplýsts samþykkis til allrar slíkrar samkeyrslu? Hann hefur þá a.m.k. meiri skyggnigáfu en ég. (**Gripið fram í:** Hver á að fylgjast með þeim?) Það er spurt utan úr sal: „Hver á að fylgjast með þeim?" Þeim hverjum? (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu er það fólgið í því að tölvunefnd hefur eftirlit með þessu og fylgir því eftir að staðið sé við allar reglur.

[21:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það síðasta sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði, þá sagði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir þveröfugt í dag. Það er svo sem hægt að leita það uppi í andsvörum hennar.

Varðandi það dæmi sem hér hefur verið tekið af Rannís, þá staðfestir það auðvitað það sem við í minni hlutanum höfum sagt að þörf var á því að ræða brtt. meiri hlutans, jafnvel þó að þær hafi e.t.v. verið sóttar í mína smiðju, þá er þörf á því að ræða þær. En að því mun ég koma í seinni ræðu minni.

Herra forseti. Ég kom hingað aðallega til þess að svara því sem hv. þm. sagði um erfðafræðiupplýsingar. Í rauninni snerist öll ræða hans um það, en hún var óþörf. Það hefur margsinnis komið fram í þessum umræðum af okkar hálfu, og það var ég sem benti hv. þm. á það við miðja 2. umr. og þá rann loksins upp ljós fyrir hv. þm., að þær upplýsingar sem fara í gagnagrunninn koma einungis úr sjúkraskrám og vegna þess að erfðafræðilegar upplýsingar eru partur af heilsufarsupplýsingum þá fara þær erfðafræðilegu upplýsingar sem eru í sjúkraskrám inn í gagnagrunninn. Það er hins vegar allt annað mál en það að geta sett inn í grunninn eða tengt við grunninn, án sérstaks leyfis tölvunefndar í sérhvert skipti, upplýsingar þar sem e.t.v. er búið að kortleggja alla arfgerð viðkomandi einstaklings. Það er allt annað.

Ég er sammála hv. þm. um að á næstu árum má búast við því að meira birtist af erfðafræðilegum upplýsingum í sjúkraskrám en ekkert líkt þessu og ekkert líkt því sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir lýsti t.d. í dag.

Ég er líka sammála hv. þm. um að hingað til hafa menn leyft samkeyrslu slíkra gagna en jafnan eftir hinni almennu reglu sem er að finna í gildandi lögum og það skiptir máli. Við viljum fá vernd tölvunefndar gegn þessu. Eins og hv. þm. heyrði sjálfur í heilbr.- og trn. er ætlunin sú að það verði bara eitt forrit sem á að láta tölvunefnd leggja blessun sína yfir eins og það var orðað þar og síðan á að samkeyra þrjá grunna í gegnum þetta forrit. Tölvunefnd kemur ekkert meira að því.

Um leið og arfgerðarupplýsingarnar koma inn gjörbreytist eðli grunnsins. Þá snarbreytist til að mynda áhættan. Og eins og hv. þm. hefur margoft heyrt mig segja þá taldi ég í sjálfu sér að áhættan sem fylgdi persónuvernd í grunninum eins og hann var í hinu upphaflega frv. væri ásættanleg. En þetta breyttist allt um leið og þetta hefur gerst eins og ég hef reyndar staglast hérna á í fjölmörgum dæmum.

[21:13]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsti því sem skilningi sínum á frv. og skilningi ýmissa annarra að þangað ættu ekki aðrar upplýsingar leið en úr sjúkraskrám. Við 2. umr. málsins benti ég á að þessi

skilningur væri hæpinn og þegar farið er yfir umsagnir um málið kemur í ljós að fjölmargir umsagnaraðilar skildu málið öðruvísi þannig að það er ekkert ljósara í þessu máli en það að á þessu lék vafi. Nú hefur þessum vafa verið svipt burtu með frekari vinnslu málsins og það liggur fyrir nú að ekki fara aðrar upplýsingar í miðlæga gagnagrunninn en þær upplýsingar sem eru í sjúkraskrám.

Þetta var atriði sem ég taldi ástæðu til að fara yfir alveg sérstaklega í 2. umr. og byggði það á skoðun minni á 3. gr., á skilgreiningargrein frv., þar sem heilsufarsupplýsingar voru ekki einskorðaðar við sjúkraskýrslur. Nú hefur þetta verið skýrt og ljóst er að ef farið verður að brtt. meiri hlutans um vinnsluferlið, þar sem tölvunefnd getur sett skilyrði um hvernig þetta vinnsluferli verður sett upp, þá er ekki um það að ræða að þetta verði einhver hugbúnaður sem tölvunefnd samþykkir og síðan komi hún ekki að málinu meir. Öðru nær. Það verður sívirkt eftirlit með þessu og það verður hlutverk tölvunefndar líka að annast þetta eftirlit þannig að ástæðulaust er að draga úr því hlutverki nefndarinnar.

[21:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hv. þm. Tómasi Inga Olrich hafi verið falið að hafa forustu af hálfu Sjálfstfl. í þessu máli, þá er hann ekki í nefndinni sem fjallaði um þetta mál.

Það var alltaf ljóst og sér í lagi eftir margar heimsóknir og mörg samtöl nefndarinnar við starfsmenn heilbrrn. að þessi skilningur sem ég hef lýst var hárréttur. Skilningur hv. þm. Tómasar Inga Olrichs var rangur. En það rann upp fyrir honum í miðri ræðu við 2. umr. að hann hafði rangt fyrir sér. Því kom hann fram með þessa hugmynd vegna þess að eðlilega eins og hann hefur skilið þetta sem rannsóknartæki, þá vantaði erfðafræðina inn í. En það var bara ekki skilningur ráðuneytisins. Það var ekki skilningur hæstv. heilbrrh., ekki okkar hinna.

Hv. þm. sagði það núna í ræðu sinni áðan að ekki sé hægt að nýta erfðafræðigrunn ef tölvunefnd þarf að gefa leyfi í sérhvert skipti. Hver segir það? Hver heldur því fram? Hver hefur upplýst hv. þm. Tómas Inga Olrich um það? Ekki starfsmenn heilbrrn. Ekki þeir sérfræðingar sem komu til fundar við nefndina. Getur verið að starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar hafi upplýst hann um það?

[21:17]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Miklir menn erum við nú, við formaður heilbr.- og trn. Hann telur að runnið hafi upp ljós fyrir þeim sem hér stendur þegar hann hlustaði á skýringar hv. þm. á því hvað stæði í frv. Það er öllu nær að segja að ég hafi við 2. umr. málsins vitnað í 3. gr. frv. til að sýna honum fram á að það væri ekki hægt á þessu stigi málsins að takmarka upplýsingarnar við upplýsingar úr sjúkraskrám. Nú hefur verið tekinn af allur vafi um það og ég stend í þeirri meiningu núna að þetta sé tryggt, enda kemur það fram á pósitífan hátt.

Að því er varðar þá fullyrðingu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að sá sem hér stendur gegni einhverju forustuhlutverki í nefndinni, þá er það hinn mesti misskilningur. (**ÖS:** Er það ekki jákvætt?) Það er mesti misskilningur. Hér er aðeins um að ræða auðmjúkan varamann í heilbr.- og trn. sem vill að sjálfsögðu þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að vinna með hv. formanni.

[21:18]

Útbýting þingskjals:

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, 109. mál, rökst. dagskrá RG o.fl., þskj. 492.

[21:18]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Það er búið að ræða það frv. sem hér er til umræðu mjög ítarlega á hinu háa Alþingi. Nú hefur 3. umr. um málið staðið í allan dag og enn eru átta hv. þm. á mælendaskrá að því er ég best veit. Mig langaði til þess að víkja nokkuð að ákveðnum atriðum í þessu sambandi. Fyrst vil ég líta á nefndarálit minni hlutans og síðan kanna frekar umsagnir með frv., fara nokkuð út í erfðafræði og hlutverk tölvunefndar.

Í frhnál. minni hlutans segir að um grundvallarbreytingar á frv. sé að ræða. Þessu hefur ítrekað verið mótmælt í umræðum á þinginu í dag. Orðrétt segir, með leyfi virðulegs forseta, á bls. 3 í frhnál. minni hlutans:

„Öll umræða um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði hefur síðustu mánuði farið fram á grundvelli upphaflegrar gerðar frumvarpsins og þar með verið gert ráð fyrir að erfðafræðiupplýsingar, sem ekki eru í sjúkraskrám, væru ekki hluti grunnsins. Því er ljóst að með tillögu sinni um gjörbreytta meðferð erfðaupplýsinga er ríkisstjórnin uppvís að því að hafa blekkt bæði þingið og vísindasamfélagið."

Þetta eru stór orð og því finnst mér rétt að ræða þau frekar. Ég vil enn fremur fá að vitna til annars sem segir í þessu nefndaráliti, með leyfi virðulegs forseta:

„Í ljósi þess að breytingum á frumvarpinu er stjórnað utan þingsins og með hliðsjón af þeim gerræðislegu vinnubrögðum sem hér er lýst og fela í sér að Alþingi er svipt hinum lýðræðislega rétti til að vinna málið faglega er ljóst að meiri hlutinn hefur eyðilagt alla möguleika á lágmarkssamstöðu um málið."

Virðulegi forseti. Ég lýsi furðu minni á þessum orðum og hef vakið athygli á því í dag ásamt fleiri þingmönnum stjórnarmeirihlutans að þetta er alrangt. Ég tel að þetta mál hafi fengið þannig meðferð í þinginu að erfitt sé að finna hliðstæðu þess. Tugir umsagna hafa borist, tugir gesta hafa mætt. Málið var lagt fyrir síðasta vor. Það tók miklum breytingum í sumar m.a. eftir ábendingu frá tölvunefnd og það kom í haust inn í heilbr.- og trn. og hefur verið rætt þar á fjöldamörgum fundum.

Þar að auki gat ég þess í dag í umræðunni að mjög margir hv. þm. hafa komið að því að ræða þetta mál. Þannig töluðu 17 ræðumenn við 1. umr. málsins og 26 ræðumenn, hvorki meira né minna, við 2. umr. þess. Samtals hefur verið rætt um þetta mál á hinu háa Alþingi í 1. og 2. umr. í 39 klukkustundir. (**JóhS:** Hvað margar mínútur?) Þetta er fyrir utan þá umræðu sem hér hefur átt sér stað í dag og væntanlega mun standa allnokkru lengur.

Í Morgunblaðinu í morgun, það hefur verið nokkuð vitnað til þess blaðs í þessari umræðu, er einmitt fjallað um frv. eins og það kemur til 3. umr. Þar er m.a. rætt við Högna Óskarsson lækni, sem er ráðgjafi Íslenskrar erfðagreiningar í gagnagrunnsmálinu. Hann segir aðspurður um þann þátt sem snýr að erfðaupplýsingum og ættfræðigrunnum, með leyfi virðulegs forseta:

„Andstæðingar frumvarpsins hafa haldið því fram að hugmyndin um erfðafræðiupplýsingar sé alveg ný af nálinni og gjörbreyti eðli málsins, en þetta er ekki rétt því í allri umræðunni eins og hún hefur verið hérna allt síðasta ár og í

umsögnunum sem komu inn frá fjölmörgum aðilum í haust er alltaf gengið út frá því að erfðafræðiupplýsingarnar séu með í spilinu." — Og það er einmitt þetta atriði sem ég vil taka fyrir.

Virðulegi forseti. Ég ætla að vitna í allmargar umsagnir sem einmitt fjalla um þetta mál. Spurt hefur verið hvort gert væri ráð fyrir því að erfðafræðiupplýsingar væru inni í miðlægum gagnagrunni eða að þær væru tengdar við heilsufarsupplýsingar. Þess vegna vil ég byrja á að vitna fyrst í umsögn frá Félagi ísl. hjúkrunarfræðinga um frv. Þar segir:

„Þrátt fyrir ákvæði frumvarpsins til tryggingar persónuverndar er ekki hægt að fullyrða að hún sé fulltryggð, sérstaklega þegar ættfræði- og erfðafræðilegar upplýsingar eru settar saman við heilsufarsupplýsingar m.a. með tilliti til skilgreiningar á hugtakinu persónuupplýsingar í 3. gr. frv."

Í umsögn frá erfðafræðinefnd Háskóla Íslands segir, með leyfi forseta:

„Dulkóðun kennitölu er og gagnslítil þegar miklar heilsufars-, erfða- og ættfræðiupplýsingar liggja fyrir um sömu einstaklinga í sama gagnagrunni."

Í umsögn frá Geðverndarfélagi Íslands segir, með leyfi forseta:

„Í hinum ætlaða miðlæga gagnagrunni verða ekki eingöngu heilsufarsupplýsingar heldur einnig samtengjanlegur grunnur með ættfræðiupplýsingum og einnig verða þar lífsýni og erfðaefni landsmanna."

Í umsögn Krabbameinsfélagsins segir, með leyfi forseta:

„Vegna eðlis þeirra upplýsinga sem í gagnagrunninn eiga að fara og þeirra rannsókna sem þarf til að afla þeirra (t.d. erfðafræðilegar upplýsingar) hefði verið nauðsynlegt að kynna samtímis frumvarp til laga um lífsýni."

Í umsögn miðstöðvar um erfðafræði við Háskóla Íslands segir, með leyfi forseta:

„Þær [þ.e. niðurstöður erfðarannsókna] geta einnig leitt til hagsbóta fyrir einstaklinga, ættingja þeirra og aðra með tiltekinn erfðasjúkdóm."

Siðaráð landlæknis segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt eru líkur á því að hægt verði að auðkenna einstaklinga eftir heilsufarsupplýsingum, ekki síst þegar þær hafa verið tengdar upplýsingum um erfðir og ættfræði eins og hugmyndin er."

Siðfræðistofnun segir, með leyfi forseta:

„Enn fremur er ekki ljóst hvort rekstrarleyfishafa verða sett einhver mörk varðandi samkeyrslu gagnagrunnsins við aðra gagnabanka. Þetta virðist gefa til kynna að frumvarpið gefi rekstrarleyfishafa frjálsar hendur hvað þessi atriði varðar," — og þetta eru einmitt atriði sem við höfum tekið á.

Síðar segir í umsögn frá sömu stofnun:

„Þau litlu skilyrði sem sett eru í frumvarpinu fyrir samkeyrslu annarra gagnabanka við miðlægan gagnagrunn eru í algjöru ósamræmi við þessa meginhugsun. Þetta vekur meðal annars þá spurningu hvaða fordæmisgildi slíkt fyrirkomulag muni hafa. Ef leyfilegt verður án strangs eftirlits að samkeyra heilbrigðisupplýsingar — upplýsingar sem eru í flokki þeirra viðkvæmustu sem til eru um einstaklinga — við ýmsa aðra gagnabanka hvaða áhrif mun það hafa á lög um persónuleynd á öðrum sviðum, t.d. um bankaleynd?"

Og áfram er fjallað um sama efni. En þetta eru einmitt atriði sem við teljum okkur taka á í frhnál. okkar.

Þá kemur að álitsgerð meiri hluta nefndar læknadeildar Háskóla Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Rannsóknir starfsleyfishafa, þar með talin víðtæk samtenging heilsufarsgagna, ættartengsla og sameindaerfðaupplýsinga yrðu undanskildar mati vísindasiðanefndar og annarra lögbundinna eftirlitsaðila, svo sem tölvunefndar."

Seinna segir í umsögninni:

„Í miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði mundi fara fram úrvinnsla, þar með talin samtenging heilsufarsgagna, ættartengsla og sameindaerfðaupplýsinga."

III. kafli í umsögn vísindasiðanefndar heitir „Heilsufars- og erfðaupplýsingar eru persónugreinanlegar."

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt að nefna til þessi dæmi úr umsögnum sem hv. heilbr.- og trn. fór yfir í þessu máli til þess að sýna fram á að þessi umræða er alls ekki ný af nálinni.

Um það var rætt í dag, hv. þm. Ögmundur Jónasson vék m.a. að því, hvaða þýðingu þátttaka í vísindarannsóknum hefði. Ég vil taka fram að þegar talað er um þátttöku í vísindarannsókn er átt við beina þátttöku, þ.e. sjúkingur gefur sjálfur upplýsingar, gefur lífsýni eða gengst undir rannsókn. Til þess þarf upplýst samþykki sjúklings. Hins vegar er heimilt að leyfa aðgang að upplýsingum sem skráðar voru í öðrum tilgangi til vísindarannsókna án samþykkis þess sem upplýsingarnar stafa frá.

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til þess að fara nokkrum orðum um erfðafræðirannsóknir og hvernig þær fara fram eftir því sem ég fæ best skilið. Reyndar skilst mér að í sumum löndum hafi verið rætt um löggjöf þess efnis að ekki megi mismuna mönnum eftir erfðaefni, en almennt er þó vafalaust talið að stjórnarskráin komi í veg fyrir slíka mismunun. Markmið sameindaerfðafræðirannsókna er m.a. að leita að orsökum sjúkdóma með því að einangra meingen þeirra. Slíkar rannsóknir styðjast við þríþættar upplýsingar. Í fyrsta lagi heilsufarsupplýsingar, þ.e. upplýsingar um sjúkdómsgreiningu viðkomandi einstaklinga. Í öðru lagi er nauðsynlegt að kanna innbyrðis tengsl einstaklinga með ættrakningu sem styðst við hefðbundna aðferð ættfræðinnar. Í þriðja lagi gerir nútímasameindaerfðafræði mönnum kleift að rannsaka sjálft erfðaefnið eða arfgerð hvers einstaklings, annars vegar til þess að kanna hvort viss arfgerð tengist áhættu af því að fá viðkomandi sjúkdóm og hins vegar til þess að greina þau meingen sem útsetja einstaklinginn fyrir viðkomandi sjúkdómi.

Greining á arfgerð er framkvæmd með því að einangra erfðaefnið, oftast úr blóðfrumum. Þátttakendur í slíkum rannsóknum eru beðnir um upplýst samþykki fyrir notkun erfðaefnis þeirra og upplýsingar um heilsufar þeirra, oftast til rannsóknar á orsökum ákveðins sjúkdóms. Viðkomandi einstaklingur gefur upplýst samþykki sitt til þátttöku í ákveðnu rannsóknarverkefni eða til leitar á orsökum ákveðins sjúkdóms og er ekki heimilt að nýta slíkar upplýsingar til annarra óskyldra rannsóknarverkefna. Upplýsingarnar eru því nánast þríþættar:

1. Heilsufarsupplýsingar.
2. Ættfræðiupplýsingar.
3. Upplýsingar um arfgerð viðkomandi einstaklinga.

Við leit að orsakaþáttum sjúkdóma er oftast þörf að samkeyra upplýsingar úr tveimur þessara þátta eða jafnvel öllum þremur. Um slíkar samkeyrslur verða að gilda strangar reglur, m.a. til þess að tryggja persónuvernd og til að koma í veg fyrir að framkvæmdin brjóti í bága við vísindasiðfræðileg sjónarmið. Í þessu sambandi er því nauðsynlegt að tölvunefnd skilgreini nákvæmt vinnuferli og að nefndin

hafi með höndum stöðugt og skilvirkt eftirlit með öllum framkvæmdaþáttum. Þetta er auðvitað afar mikilvægt.

Hvert verður þá hlutverk tölvunefndar þegar litið er á mál þetta í heild sinni og álit meiri hlutans? En minni hlutinn virðist ekki vera sammála okkar mati í því sambandi.

Eins og fram kemur í framhaldsnefndaráliti meiri hluta heilbr.- og trn. er markmiðið með tillögum meiri hlutans að því er varðar breytingar á 10. gr. frv. m.a. að taka af öll tvímæli um að í miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði verði eingöngu heilsufarsupplýsingar úr sjúkraskrám. Af því leiðir að ættfræðiupplýsignar og erfðafræðilegar upplýsingar, aðrar en þær sem skráðar eru í sjúkraskrám, verður að geyma í aðskildum grunnum.

Um samtengingu upplýsinga úr þessum þremur gagnagrunnum fer eftir verklagi og vinnuferli sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar og skal hún meta það áður en vinnsla hefst. Í þessu sambandi er rétt að hafa þrennt í huga.

Í fyrsta lagi að hér er um þrjá aðskilda gagnagrunna að ræða og ekki verður heimilt að mynda einn allsherjargagnagrunn úr þeim með því að keyra þá varanlega saman. Þetta kemur skýrt fram, virðulegi forseti, í brtt. og frhnál. meiri hlutans.

Í öðru lagi að þegar upplýsingar eða hlutar upplýsinga úr þessum þremur grunnum eru samtengdir tímabundið vegna einstakra rannsóknarverkefna gerist það samkvæmt tillögum meiri hlutans í samræmi við verklag og vinnuferli sem hinn opinberi eftirlitsaðili, tölvunefnd, ber að samþykkja. Það má velta því fyrir sér hvernig slík útfærsla verður. Hugsanlega yrði rætt um sérstaka tilsjónarmenn á vegum tölvunefndar sem verði viðstaddir slíkar samtengingar til að tryggja persónuverndina. Ef tölvunefnd metur það svo að eitthvert annað fyrirkomulag við eftirlit með þessari samtengingu sé tryggara, þá tekur hún vafalaust ákvörðun um það. Aðalatriðið er að það er hinn opinberi, óháði eftirlitsaðili sem á að tryggja persónuverndina við þennan þátt starfseminnar eins og aðra.

Í þriðja lagi að verði frv. þetta að lögum kemur tölvunefnd til með að hafa mjög mikil afskipti af rekstri starfsleyfishafans á grundvelli lögboðins eftirlitshlutverks síns, jafnvel daglegt eftirlit. Það er engin ástæða til að ætla annað en að nefndin geti við samtengingu upplýsinga milli þeirra þriggja grunna sem hér um ræðir tryggt persónuverndina. Það verður hennar hlutverk að ákveða hvað teljist forsvaranlegt í þessum efnum og hvað ekki.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að rifja það upp sem var rætt um í dag og bent á að kæmi fram í frhnál. minni hlutans þar sem ákveðin ummæli voru innan gæsalappa höfð eftir einum nefndarmanni í tölvunefnd án þess að tilgreint væri hver ætti þar hlut að máli. (**ÖS:** Það hefur verið tilgreint.) Það er rétt, hv. þm. Það hefur verið tilgreint í umræðum hér í dag. (**ÖS:** Og í skjölum.) Mig langar til þess að geta þess að á fundi nefndarinnar síðasta föstudag spurði ég þennan nefndarmann sérstaklega eftir skoðun hennar á þessum brtt. og því fyrirkomulagi sem meiri hlutinn er að leggja til. Þá sagði viðkomandi aðili: „Það er hægt að samkeyra þessa grunna undir reglum um persónuvernd." Það er því staðfest, svo að það fari ekki á milli mála.

Virðulegi forseti. Mig langar til að fá að vitna til álitsgerðar um frv. frá Einari Stefánssyni prófessor og Guðmundi Þorgeirssyni dósent við læknadeild Háskóla Íslands. Í upphafi álitsgerðar þeirra segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Miðlægur gagnagrunnur er öflugt tæki til vísindarannsókna og getur skilað mikilli læknisfræðilegri þekkingu. Sú þekking mun nýtast til skilnings á eðli og umfangi sjúkdóma, gefa vísbendingar um nýjar leiðir til lækninga og varna og getur verið öflugt tæki til að meta árangur og kostnað í heilbrigðiskerfinu. Efnahagslegt gildi gagnagrunns byggist á verðmæti hinnar læknisfræðilegu þekkingar sem hann skilar."

Virðulegi forseti. *Ég vil í lokin vekja athygli á þessum orðum til þess að sýna að svona hugsa margir úti í þjóðfélaginu til þessa frv. og þeirra tækifæra sem það getur veitt okkur öllum. Hér er um mikið framfaramál að ræða.*

[21:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var að mörgu leyti mjög merkileg ræða og skýrði miklu ítarlegar en fyrri ræður meiri hlutans um þetta mál hvað menn í rauninni ætlast fyrir. Hún skýrði líka hversu mikið er órannsakað í þessu máli. Ég tek það fram t.d., herra forseti, að ég skildi á allt annan hátt þá staðhæfingu sem hv. þm. hafði eftir Sigrúnu Jóhannesdóttur, starfsmanni tölvunefndar. Það er alveg rétt. Ég skrifaði líka niður þessa setningu. „Hægt er að samkeyra þessa grunna undir reglum um persónuvernd." Ég taldi að þessi starfsmaður tölvunefndar væri að vísa til þess að það væri að sjálfsögðu hægt að samkeyra grunna eins og gert hefði verið undir almennum reglum. Ég hélt að hún hefði verið að benda á það. Þetta sýnir því nauðsyn þess að umræðan hefði verið dýpri í nefndinni.

Í annan stað: Hvað á hv. þm. við þegar hann segir að ekki verði um varanlega samkeyrslu grunnanna að ræða? Hákon Guðbjartsson, starfsmaður Íslenskrar erfðagreiningar, skýrði þetta svo: „Þarna eru þrír grunnar aðskildir." Og hann sagði: „Það skiptir ekki máli hvort þeir eru hver á sínu vinnsludrifinu, hver á sínu tölvudrifinu eða sömu tölvu svo fremi sem aðgangur sé takmarkaður, aðgangsstjórn." Hann sagði: „Grunnarnir verða á þremur mismunandi dulkóðunarmálum. Síðan verður þetta keyrt saman við forrit. Þar verða þeir allir afkóðaðir og upplýsingarnar unnar saman." Og hann sagði: „Eftir að tölvunefnd verður búin að blessa það forrit, þá verður ekki um frekara eftirlit að ræða varðandi þennan þátt grunnsins en á öðrum sviðum." Hvað þýðir þetta með öðrum orðum? Þýðir þetta ekki að hér er um varanlega samkeyrslu að ræða, varanlega samtengingu? Ég held það. Hv. þm. er annarrar skoðunar. Hefði ekki verið betra, til að eyða þessum vafa, að fá meira tóm til þess að rannsaka þetta? Ég hefði talið það, herra forseti.

Í annan stað varðandi það sem hv. þm. sagði um upplýst samþykki og vísindarannsóknir og uppsprettu erfðagrunna sem ætti að samkeyra þarna. Er það ekki alveg rétt skilið hjá mér að hún taldi að ekki mætti búa til erfðagrunn nema þá fyrir einn tiltekinn sjúkdóm vegna þess, eins og hún sagði, að það er verið að leita að ákveðnu meingeni? Með öðrum orðum, það mun ekki verða hægt að veita upplýst samþykki fyrir ótilgreindum rannsóknum og erfðagreiningum sem verður síðan samkeyrt. Þetta er lykilatriði, herra forseti.

[21:40]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um nokkra útúrsnúninga að ræða hjá hv. formanni heilbr.- og trn. Við öll í nefndinni höfum auðvitað fengið þessar upplýsingar sem hann var að vitna til frá starfsmanni Íslenskrar erfðagreiningar, sem kom

reyndar á okkar fund, þ.e. dr. Hákon Guðbjartsson. Ég hygg að enginn ágreiningur sé um það hvað hann er að setja fram í sínu áliti. (**ÖS:** Við höfum ekki fengið neitt álit frá honum.) (Gripið fram í.) (**ÁRJ:** Hefur þú fengið það?) (**ÖS:** Við fengum ekki að sjá það.)

(**Forseti** (ÓE)**:** Ekki grípa fram í.)

Ég get bara sýnt hv. þingmönnum það hér á eftir. (**ÁRJ:** Það er orðið dálítið seint.) Það er ekki neitt leyndarmál. Mér þykir líka miður ef hv. þm. hefur skilið orð framkvæmdastjóra tölvunefndar á annan hátt vegna þess að við í meiri hlutanum teljum að það komi skýrt fram hvað hér er átt við. En á sama hátt teljum við að þau orð hennar sem vitnað er til í frhnál. minni hlutans séu slitin úr samhengi.

[21:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég sagði í ræðu minni að hv. þm. hefði flutt ítarlegast mál allra úr meiri hlutanum fyrir þessum breytingum. Ég kem með þrjár tæknilegar spurningar vegna þess að hún er eina manneskjan sem hefur flutt þetta yfir á hið tæknilega plan, þrjár spurningar. Hún svarar engri. En hvað segir hún? Að ég sé með útúrsnúninga.

Herra forseti. Hún segir þá væntanlega að útúrsnúningar mínir felist í því hvernig ég túlka mál tölvunefndar á fundunum. Ég á eftir að gera það miklu rækilegar í ræðu minni síðar í kvöld.

Hverra kosta á ég völ, herra forseti? Þessi hv. þm. hafði frumkvæði að því, eða var a.m.k. í forustu fyrir meiri hlutanum, þegar hann meinaði minni hlutanum þeirrar óskar að fá skriflegt álit frá tölvunefnd. Við höfum ekki fengið það álit vegna þess að nefndin gat ekki staðið að því saman. Hefði ekki verið betra, herra forseti, að við hefðum haft skriflegt álit eins og minni hlutinn vildi þannig að við vissum þá raunverulega hvað tölvunefnd sagði og hvaða álit hún hafði um þetta mál? Lýðræðið var þannig fótum troðið að það fékkst ekki. Hv. þm. brosir dapurlegu brosi. Það mundi ég líka gera í hennar sporum vegna þess að hún átti þátt í því að ekki bara afvegaleiða minni hlutann heldur líka þingið og þjóðina með því að koma hérna inn með breytingar sem eru allt annars eðlis en þær sem voru sendar út til umsagnar. Það kalla ég auðvitað blekkingar.

Hv. þm. sagði að það væri skrýtið í frhnál. minni hlutans að talað er um að möguleikar á lágmarkssamstöðu hafi verið eyðilagðir. Herra forseti. Ég vil að það komi alveg skýrt fram. Ég sjálfur var ekki í grundvallaratriðum á móti miðlægum gagnagrunni. Ég hafði sjálfur ekki í hyggju að greiða atkvæði gegn miðlægum gagnagrunni. En ég get ekki annað eftir framkomu hv. þingmanns og fleiri sem nístir hold mitt eins og eftir glóandi tein, því það er þannig sem ég upplifi framkomu meiri hlutans eftir að við höfðum af faglegri ábyrgð reynt að rannsaka þetta mál. Og síðan í lokin fengum við þetta drag í óæðri endann, sem ég kalla svo, frá hv. þm. og fleirum þegar okkur var meinað að rannsaka mál sem hv. þm. skilur ekki betur en svo að hún treystir sér ekki til þess að koma hingað og svara þremur tæknilegum spurningum sem varða hennar eigið mál.

[21:43]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg með ólíkindum hvernig málflutningur hv. formanns hv. heilbr.- og trn. er í þessu máli. Ég get alveg skilið að hann sé svekktur yfir því að nú virðast allir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa látið af stuðningi sínum við þetta mál vegna þess að það voru ýmsir, fleiri en hann, jákvæðir í þessu máli. Því er haldið fram nú hér í dag að málið sé gjörbreytt og að þess vegna séu menn hættir stuðningi við málið. Þetta er bara alrangt og hv. þm. veit það alveg jafn vel og ég.

Virðulegi forseti. Í raun og veru finnst mér mjög sérstakt að hv. þm. skuli leyfa sér að tala svona hér og tala um að verið sé að fótum troða lýðræði og störf í þinginu. Það var ekkert verið að meina minni hlutanum að fá gesti á fund nefndarinnar. (Gripið fram í.) Þeir báðu um (**ÖJ:** Það var hvort tveggja.) að tölvunefnd kæmi á fund nefndarinnar og við því var orðið. Það var heldur ekkert verið að meina minni hlutanum að óska eftir umsögn eða áliti tölvunefndar. Þeir komu þeim skilaboðum sjálfir á framfæri.

[21:45]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það var út af fyrir sig fróðleg yfirferð hjá hv. þm. í ræðu hennar. Ég hef litið svo til frá því að þetta mál kom upp í lok mars á þessu ári að erfðafræðiupplýsingar væru þáttur í þessu frv. og tengdust þessu máli þannig að ég held að það sé út af fyrir sig alveg rétt sem fram kemur hjá hv. þm. um það atriði. Í rauninni hefur þetta fylgt málinu svo lengi sem rakið verður af þeim gögnum sem ég hef séð um það, í bréfi til Kára Stefánssonar frá fyrirtækinu Sequana 26. maí 1995, þegar vísað er til samtals þeirra og segir að Ísland sé að líkindum „the ideal genetic laboratory", upplögð erfðafræðirannsóknarstofa.

Síðan koma inn í málið þær breytingar sem eru gerðar á milli umræðna og þær setja málið vissulega í annað samhengi. Þetta er rétt að fram komi og í ljósi þess settum við þingmenn óháðra inn í okkar dagskrártillögu við 2. umr. sem rök gegn málinu, gegn miðlægum gagnagrunni, að unnt yrði að samkeyra heilsufarsupplýsingar, erfðaupplýsingar og ættfræðiupplýsingar. Hér vantar, virðulegur forseti, nýja löggjöf um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Það vantar löggjöf um erfðafræðigagnasöfn af þeim toga sem hér er um að ræða þannig að það vantar í rauninni grunninn sem átti að vera til staðar áður en fram kæmi frv. af þessum toga þannig að hægt væri að ræða það á sæmilega skýrum forsendum.

Ég vil svo aðeins nefna orðið meingen sem hefur komið fram í umræðunni. Ég held að menn þyrftu að skoða þau fræði svolítið betur áður en farið er að hampa þessum meingenum eins og hér er gert.

[21:47]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Bara örstutt út af orðum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Ég fagna því að hann skuli viðurkenna það hér að erfðafræðiupplýsingar hafi verið í umræðunni allan tímann í þessu máli og tengdar því. Við í meiri hlutanum töldum hins vegar að þetta væri óskýrt í frv. og þess vegna leggjum við til þessar brtt.

[21:48]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að viðurkenna neitt í þessum efnum. Þetta liggur fyrir í hugmyndum málsins frá höfundi og umræðum snemma árs 1995. Þetta liggur fyrir í þessum opinberu upplýsingum frá deCODE viðskiptalegs eðlis. Þar kemur þetta skýrt fram.

Hins vegar er rétt að þetta var óskýrt orðað í frv. og mátti misskilja eins og fram hefur komið. En þetta er ekki forsvaranlegt mál á heildina litið. Það er meginefnið. Þessi hugmynd um miðlægan gagnagrunn er alger tímaskekkja og það ekki

síst vegna þess að það vantar löggjöf um undirstöðuþætti þessa máls. Það höfum við gagnrýnt allan tímann.

Ég tel að hugmyndin, eins og hún stendur núna, sé í rauninni alltaf að verða fráleitari og fráleitari eftir því sem málið er skoðað frekar eins og fram kemur í því þegar þeir fáu aðilar sem hafa stutt málið eins og Rannsóknarráð Íslands falla frá stuðningi við það. Og margt af því sem er tekið núna inn við 2. umr. málsins, eins og með þessa þverfaglegu siðanefnd sem ekki er óháð siðanefnd, er náttúrlega til þess að gera málið enn þá afkáralegra. Ég skil því ekki hv. stjórnarliða sem eru að reyna að kafa í þetta mál og verja þetta mál, að þeir skuli ekki sjá sig um hönd. Ég held að það eigi eftir að hitta menn, þótt síðar verði, að standa svo afleitlega að máli eins og hér er gert og við eigum eftir að ræða frekar við umræðuna.

[21:50]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skil ég orð hv. þm. þá á þann hátt að hann telji ekki að málið sé gjörbreytt með þeim brtt. sem meiri hlutinn leggur fram? Vegna þess að það er einmitt það sem minni hlutinn í heilbr.- og trn. heldur fram í málinu. (**HG:** Ég er enginn minni hluti í heilbr.- og trn.)

[21:50]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist út af orðaskiptum mínum og hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur hérna áðan. Ég verð að segja að mér er stórlega misboðið með þeirri framkomu sem hv. þingmenn meiri hlutans sýndu bæði mér sem formanni í þessari nefnd og líka öðrum félögum mínum í minni hlutanum. Ég tel að vísu að framkoma af þessu tagi sé í miklum minni hluta meðal þjóðarinnar. Fáir sem ég þekki og ég þekki þess raunar engin dæmi í þinginu frá því að ég kom hingað fyrir næstum átta árum að nokkru sinni hafi svona vinnubrögð verið sýnd. Aldrei.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að þetta mál var mjög umdeilt frá upphafi vega. Ég lýsti því strax þegar ég tók til máls við 1. umr. að ég í fyrsta lagi væri ekki á móti miðlægum gagnagrunni af prinsippástæðum eins og margir í stjórnarandstöðunni. Ég lýsti því líka að hægt væri að sjá fyrir sér ákveðnar breytingar á þessu frv. sem gerðu það að verkum að mögulegt væri að ná a.m.k. einhvers konar lágmarkssátt um frv. Ég lagði sjálfur tvenns konar skilyrði fyrir mínu samþykki við þessu frv. og það var annars vegar að aðgengi vísindamanna yrði algjörlega tryggt og hins vegar að fallið yrði frá einkarétti.

Það skiptir ekki meginmáli fyrir mína afstöðu hvort hér sé um að ræða grundvallarbreytingu sem skyndilega kemur fram á síðustu stigum málsins. Það sem skiptir meginmáli fyrir mig er sú fyrirlitning sem mér er sýnd sem starfandi þingmanni á löggjafarsamkundunni og sú fyrirlitning á þeim vinnubrögðum sem ég sem formaður nefndarinnar beitti mér fyrir. Þess vegna þvæ ég hendur mínar af þessu og mun aldrei samþykkja þetta frv. og mun greiða atkvæði gegn því. Það er alveg ljóst.

Ég hefði ella ásamt sennilega 12–14 þingmönnum stjórnarandstöðunnar líklega setið hjá eða greitt atkvæði með. Ég ímynda mér að í þessari stöðu muni enginn þingmaður í stjórnarandstöðunni greiða atkvæði með þessu. Hvers vegna? Vegna þess svívirðilega skorts á mannasiðum sem hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans sýndu okkur félögum sínum í minni hlutanum í heilbr.- og trn. Við höfðum lagt okkur í líma við að kafa ofan í þetta mál. Við höfðum róið fyrir allar víkur. Við höfðum kynnt okkur alþjóðlega sáttmála og ég hafði sjálfur búið til miklu betri rök sem meiri hlutinn hefði betur tekið upp, t.d. varðandi upplýst samþykki, heldur en nokkru sinni komu fram af hálfu meiri hlutans, af hálfu heilbrrn., af hálfu hæstv. heilbrrh. Hvers vegna? Vegna þess að ég nennti að fara ofan í málið og kynna mér alþjóðlegar reglur.

Það bar ekki á því að hv. þingmenn í meiri hlutanum gerðu það, enda var það þannig að við 2. umr. málsins — ja, hvað tóku margir til máls úr nefndinni? Mig minnir að einn stjórnarþingmaður úr hv. heilbr.- og trn. hafi tekið til máls, en ég veit að vísu að sumir voru víðs fjarri sökum sjúkleika. Ég minnist þess að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir sat hérna lon og don undir umræðunni. Ekki kom hún upp til þess að viðra sín sjónarmið. Ekki kom hún upp til þess að skýra þær skoðanir sem hún lýsti t.d. hérna áðan. Það hefði verið talsverður akkur fyrir umræðuna að fá að kynnast þessum viðhorfum hv. þm. miklu fyrr. Ég segi það alveg skýrt og skorinort að ég upplifi framkomu þessara hv. þm. við okkur sem grófa móðgun við félaga í nefndinni.

Það var alveg ljóst þegar við komum til nefndarfundar á föstudagsmorgni að við höfðum fyrir okkur fjóra daga. Í vor tókst okkur að fara í gegnum næstum því 60 fundi, þ.e. við fengum 60 aðila til fundar við nefndina, með því að funda mjög stíft. Það gerðist bara á tveimur sólarhringum þannig að okkur hefði verið í lófa lagið að fara yfir þetta. En hv. félagar mínir í heilbr.- og trn. sýndu okkur ekki einu sinni þá lágmarkskurteisi að leyfa okkur að rannsaka málið og sinna því sem við a.m.k. teljum vera faglegar skyldur okkar sem þingmanna. Svo kemur hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og ætlar að kenna mér mannasiði. Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst að hv. þm. ætti að líta í eigin barm áður en hann fer að veita þinginu einhvers konar lexíur um það hvernig menn eigi að haga sér í þessum sölum. Ég hef ekki fyrr orðið vitni að slíkum vinnubrögðum og ég harma það. Ég veit það að vísu að hv. þingmönnum var vafalaust ekki sjálfrátt því það var alveg ljóst þegar þeir komu til fundar í nefndinni að þeir ætluðu sér að keyra málið út í gegn á þessum sama degi, enda var það svo að fyrsta mál á dagskrá ríkisstjórnarinnar á ríkisstjórnarfundi þennan morgun voru störf þingsins. Það er einmitt það. Og hvað skyldu menn hafa verið að ræða þar? Auðvitað kom fyrirskipun þaðan um að klára þetta mál og menn létu sig hafa það. Það var svo einfalt mál.

Hv. félagar mínir í minni hlutanum hefðu getað verið óbilgjarnir og þeir hefðu getað freistað þess að reyna að tefja málið með vinnu í nefndinni. Hvernig hefðu þeir getað gert það? T.d. með því að gera eins og ýmsir vísindamenn létu í ljósi opinberlega að ætti að gera, þ.e. að sökum þeirra breytinga sem var að finna á frv. væri nauðsynlegt að senda það aftur út til umsagnar. Við hefðum getað lagt fram tillögu um það. Við gerðum það ekki. Við hefðum líka getað lagt fram tillögu um að fá 60 manns til fundar og það hefði verið hægt að klára það á fjórum dögum. Við gerðum það ekki. Hvað gerðum við? Við lögðum til að við fengjum fjóra aðila til fundar, meira var það nú ekki: Ríkisendurskoðun, út af máli sem ekki tengist því sem mest er deilt um hér, Samkeppnisstofnun, til þess að skoða m.a. breytingar meiri hlutans á aðgengisákvæðunum, og síðan vildum við frá tölvunefnd og vísindasiðanefnd. En okkur var meinað þessa. Það var alveg ljóst að meiri hlutinn var kominn með skjálfta í hnén vegna þess að málið hafði þróast öðruvísi í 2. umr. en þeir áttu von á. Þeir áttu í vök að verjast. Þeim hafði ekki tekist að koma

vörnum við og þeir ætluðu sér einfaldlega að beita valdi. Og það gerðu þeir. Það var með öðrum orðum verið að hefna þess í héraði sem hallaðist á Alþingi. Það var einfaldlega ástæða þessa gerræðislega verknaðar.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich hallar sér aftur á bak upp við þilið og brosir. Ég vona að það sé bros sem eigi að lýsa depurð og sorg yfir því að hann tók þátt í þessum skelfilega verknaði. Ég þekki þann hv. þm. nógu vel til þess að vita að hann er ekki stoltur af því vegna þess að hann hefur þrátt fyrir allt reynt, einna fremstur þeirra þingmanna sem hafa talað af hálfu stjórnarliðsins, að koma sér ofan í þetta mál þó ég sé ekki alltaf hlynntur þeim skilningi sem hv. þm. hefur.

Það er þetta sem ég á við, að framin hefur verið fáheyrð valdníðsla. Ég þekki engin dæmi þess og ég hef spurt menn sem hér hafa verið miklu lengir en ég hvort þeir þekki dæmi um þetta. Jafnvel þó að menn hafi í stjórnarmeirihlutum síðustu áratuga verið í kastþröng hvað tíma varðar, þá hafa þeir aldrei farið með þessum hætti að minni hlutanum. Oft hefur það gerst að meiri hlutinn hefur ákveðið að láta staðar numið og tekið mál út með valdi, oft í óþökk minni hluta og oft hafa hlotist af því deilur. En þetta var alveg sérstakt tilvik vegna þess að ekkert kallaði á að fá málið úr umræðu, ekki neitt.

Auðvitað er maður undrandi þegar það blasir við að tölvunefnd sem tókst þó að fá til fundarins upplýsir að hún hafi í fyrsta lagi ekki séð frv. áður og geti þar af leiðandi ekki gefið mjög ítarlega álitsgerð, munnlega á þessum fundi. Hún upplýsir það líka að formaður nefndarinnar, sem auðvitað er þungavigtarmaðurinn í þeirri nefnd þó að þar sé margt ágætisfólk að finna, er staddur erlendis og kemur ekki heim fyrr en á sunnudagskvöld. Það er líka upplýst að fundur er í tölvunefnd á mánudegi. Og þegar við óskum eftir því að skrifleg álitsgerð komi til nefndarinnar eftir að þeim fundi er lokið og að formaður nefndarinnar verði fenginn til fundar við nefndina á mánudagskvöldið, þá er því einfaldlega hafnað. Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort það stafi af því að hv. þingmenn meiri hlutans hafi einfaldlega ekki þolað þá hugsun til enda að fá skriflegt álit tölvunefndar. Þær upplýsingar sem komu fram á þessum fundi frá tölvunefnd voru nefnilega þess eðlis að ég er ekki viss um að þessi verknaður þeirra, þessi brtt. þeirra, hefði lifað það af ef tölvunefnd hefði getað komið þessum álitsgerðum sínum skriflega fyrir sjónir þingsins og fyrir sjónir þjóðarinnar.

Ég upplýsti það í umræðum um fundarstjórn forseta að starfsmaður tölvunefndar hefði sagt á fundunum að hún teldi að tölvunefnd gæti ekki tekið af sjálfsdáðum upp fyrirmæli eins og þau sem verið er að leggja til í brtt. Slíkt vinnuferli mundi hún aldrei taka upp af sjálfsdáðum og þess vegna yrði að binda það í lög. Og þegar ég spurði þennan starfsmann tölvunefndar hvernig á því stæði þá svaraði hún: „Af persónuverndarlegum sjónarmiðum stafar svo mikil ógn af því.“

Vegna þess að ég hef orðið þess áskynja í umræðunni í dag að þessi frásögn mín hafi af einhverjum verið allt að því dregin í efa, þá rifja ég það upp að eftir að ég sagði þetta í þessum stóli var það birt í fjölmiðlum og hefur hvergi verið borið til baka, enda var þetta í stíl við annað sem þarna kom fram af hálfu tölvunefndar. Þess vegna get ég ekki annað en fordæmt þessi vinnubrögð, herra forseti. Ég tel að það sé skylda sérhvers þingmanns sem sinnir því starfi sem felst í því að sitja í fagnefnd þingsins að rannska mál til hlítar. Þess vegna hefur þingið tekið upp þau lofsverðu vinnubrögð að þegar í hlut eiga mál sem eru sérlega flókin, þá eru kallaðir til mjög margir aðilar. Við kölluðum til eina 60 aðila.

Ég las í erlendu tímariti sem fjallaði um þessi mál að mönnum þótti það með ólíkindum há tala. Mönnum þótti það með ólíkindum ítarleg vinnubrögð. Það var gert í fullu samráði við meiri hlutann á því stigi og menn voru þeirrar skoðunar að það ætti að reyna að vinna þetta eins vel og hægt væri. Auðvitað lá að baki því veikburða tilraun til þess að ná einhvers konar lágmarkssamstöðu um málið, ekki bara í þinginu heldur líka út á við gagnvart þjóðinni og sér í lagi gagnvart vísindasamfélaginu. Ég taldi að meiri hlutinn hefði að sjálfsögðu viljað þessi vinnubrögð vegna þess að hann lagðist ekki gegn þeim. Þess vegna varð ég jafnhissa og raun ber vitni og jafnsár og raun ber vitni eins og fram hefur komið af miklu meiri þjósti af minni hálfu í fyrri ræðum en í þessari vegna þess að þarna hafnaði meiri hlutinn því að málið yrði unnið faglega. Það liggur meira að segja fyrir nú þegar í þessari umræðu að ekki er uppi sami skilningur á grundvallaratriðum. Það er alveg ljóst og það hefur þegar komið fram að skilningur minn á ýmsum þáttum er ekki sá sami og hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich. Ég ligg honum ekki á hálsi fyrir það en ég ligg honum á hálsi fyrir að meina mér tækifærisins til þess að freista þess að komast að sama skilningi og hann eða einhvers konar sameiginlegum skilningi. Það veit hv. þm. Tómas Ingi Olrich að í því felast fagleg vinnubrögð, akademísk vinnubrögð, sem þarf að beita í jafnflóknu máli og þessu. Þessi vinnubrögð eru handabaka-vinnubrögð, hálfkák, enda liggur það fyrir að menn eru ekki einu sinni klárir á því hvað fest í þessum brtt.

Þetta er sorgleg staða máls sem byrjaði a.m.k. að mínu viti þannig að mér fannst það lofa góðu. Ég taldi að miðlægur gagnagrunnur á heilbrigðissviði fæli í sér djarfa hugsun sem gæti leitt til vísindalegra framfara og sem gæti líka leitt til nýrrar þekkingar t.d. á sviði lyfjameðferðar sem ýmsir hafa fordæmt í þessum umræðum en sem vissulega hefði getað leitt til einhvers góðs.

Ég taldi að í þessu fælist líka tæki sem íslenskir vísindamenn gætu notfært sér til þess að vinna nýja þekkingu og ég tók heils hugar undir með mínum gamla mentor og fóstra, Jóhanni Axelssyni prófessor, sem var einn af stuðningsmönnum þessa frv. þegar nefndin ræddi þetta í fyrra, þegar hann sagði: „Það er frumforsenda þessa máls að það bæti stöðu íslenskra vísindamanna til að sinna sínum rannsóknum.“ Þar af leiðir, eins og ég á eftir að koma síðar að í ræðu minni, þá er mér afar umhugað um, hvernig sem þetta mál fer að lokum, að það muni eigi að síður uppfylla þessa frumforsendu. Af því skýrast m.a. þær hugmyndir sem ég hef sett fram ásamt hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur. Mér er reyndar alveg sama um þó að einstakir þingmenn í meiri hlutanum hafi kosið að skrumskæla þær hugmyndir og afbaka og reyna að nota þær í einhvers konar skæklatogi gegn mér. Mér er alveg sama um það, herra forseti, vegna þess að tilgangur minn var skýr og hann er enn skýr og það markmið, a.m.k. starfs míns sem að þessu máli lýtur, er óbreytt þó að málið hafi versnað. Og þó að hv. þingmenn meiri hlutans hafi nánast eyðilagt alla möguleika á því að draga úr andstöðunni með gerræði sínu, þá er alveg ljóst að ég er sömu skoðunar varðandi þessa frumforsendu frv.

Maður veltir fyrir sér þeim glæstu vonum sem væntanlegur rekstrarleyfishafi Kári Stefánsson lagði af stað með eins og oft hefur verið talað um í dag og þegar maður ber þær glæstu hugmyndir saman við það hrak sem þetta mál er

orðið, þá getur maður ekki annað en fyllst svolítilli depurð. Ég ásamt ýmsum öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar horfði á þetta mál á tímabili með spennandi eftirvæntingu. Ég taldi í raun að hægt væri að sníða agnúana af málinu á þann hátt að unnt væri að skapa einhvers konar lágmarkssamstöðu um það og að hægt væri að búa málið þannig út að það klyfi ekki afstöðuna til þess eftir pólitískum víglínum. Nú hefur komið í ljóst að svo er. Þeir stjórnarþingmenn sem eru málinu andsnúnir eða hafa efasemdir um það eru auðvitað kveðnir í kútinn og þeir sjást ekki hér í umræðum. Ég geri engar athugasemdir við það. Þeir stjórnarandstöðuþingmenn sem fylgdu málinu — ég vek athygli á því að einhverjir stjórnarþingmenn höfðu opinberlega lýst stuðningi á einhverju stigi við málið — ég ímynda mér að þeir séu horfnir frá því vegna þess að það er eina leiðin sem við eigum til að mótmæla þeim verknaði sem var framinn gagnvart okkur, til þess að mótmæla því sem ég kalla fáheyrða valdníðslu og við í minni hlutanum. Við eigum enga aðra úrkosti heldur en þá að losa okkur algjörlega frá þessu máli.

Ýmsir aðrir sem ætluðu sér líka að sitja hjá fyllast auðvitað heift þegar þeir sjá meiri hlutann láta kné fylgja kviði, beita valdinu sem hann hefur til þess að brjóta hér áratuga vinnuhefðir, brjóta vilja okkar til þess að vinna málið faglega og má ég segja það, herra forseti, í rauninni eyðileggja þessa vinnu og sverta hana. Þannig upplifi ég það. Ég segi nú ekki að ég hafi lagt hjarta, líf og sál mína í þetta en ég lagði ansi mikið í þetta mál og ég hugsa að enginn þingmaður hafi eytt jafnmiklum tíma og ég síðasta sumar og allt þetta haust til þess að kynna sér þetta mál eins vel og hægt var.

Ég var í samráði við fjölda erlendra vísindamanna um málið, fjölda erlendra stofnana. Mönnum sýndist sitt hverjum. Ég varð ekki var við þá harðvítugu andstöðu í þessum samtölum mínum og samböndum, sem ég hafði við þessa menn sem sumir hverjir hafa látið að sér kveða í umræðunni á erlendum vettvangi, eins og menn hafa túlkað það hér innan lands. Ég orða það svo, herra forseti, að ég lagði þó metnað minn í að gera þetta vel. Þegar kom síðan að vinnunni milli umræðnanna, þá varð þessi fáheyrði verknaður þar sem öllum metnaði sem nefndin hafði byggt upp til þess að reyna a.m.k. að skilja málið til hlítar var varpað út í hafsauga.

Hér blasir það við til að mynda, herra forseti, að hv. þm. Tómas Ingi Olrich og reyndar allir þeir þingmenn stjórnarinnar sem hér hafa talað eru þeirrar skoðunar að þetta sé engin meginbreyting. Ég útiloka ekki að fræðilega hafi þeir rétt fyrir sér.

Ég er á þessari stundu allt annarrar skoðunar. Það vill svo til að fulltrúar þeirra fimm stofnana og félaga sem minni hlutinn kvaddi á sinn fund í gær til þess að ræða þetta voru allir sömu skoðunar og ég. En hvað gerir maður, herra forseti, þegar þessi efi liggur undir í jafnflóknu máli og þetta er, hvað gerir maður til þess að reyna að kafa til botns? Þeir sem vilja ástunda fagleg vinnubrögð hefðu auðvitað gefið sér tíma til þess að kafa ofan í þetta, kalla til sérfræðinga og takast þá á með rökum við þá. Hér eru hv. þm. Tómas Ingi Olrich og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir að reyna á virðingarverðan hátt að takast á við okkur sem erum andstæðrar skoðunar með rökum. Ég er ósammála mörgu af því sem þau segja. Sumt tel ég að byggi á misskilningi og það er auðvitað ekki útilokað að sumt af því sem ég held fram byggi líka á misskilningi.

Ég held með öðrum orðum, herra forseti, að það hefði a.m.k. verið heillavænlegra fyrir umræðuna ef við hefðum gengið til hennar og vitað nákvæmlega um hvað við erum að tala, vitað þá hvort við erum ósammála og hvar og á hvaða rökum það byggir. En þessi réttur okkar, sem ég tel vera einn af grundvallarréttindum íslenskra stjórnmálamanna, að fá næði til þess að kynna sér mál til hlítar, var brotinn.

Ég er þeirrar skoðunar að þær breytingar sem hér er verið að fjalla um, brtt. hv. meiri hluta um meðferð erfðafræðilegra gagna, gjörbreyti frv. og það eru margar ástæður sem liggja fyrir því.

Það hefur verið dregið í efa, herra forseti, að þetta frv. hafi frá upphafi ekki átt að taka til upplýsinga um arfgerð eða erfðagrunna. Ég hef skilið mál hv. þm. Tómasar Inga Olrich þannig og jafnvel sumra annarra, jafnvel sumra í stjórnarandstöðunni, að svo væri ekki. Ég hlustaði líka á langt mál og á köflum gott í þeim parti ræðu hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur þar sem hún las einmitt upp úr álitum nokkurra stofnana og félagasamtaka sem höfðu sent okkur umsagnir. Þar kom líka fram þessi misskilningur, eða eigum við að segja að menn voru ekki klárir á því hvers eðlis erfðafræðilegar upplýsingar áttu að vera þarna inn. Þetta er allt saman misskilningur eins og hefur margsinnis komið fram og ég ætla að leyfa mér að skýra af hverju.

Hv. þm. Tómas Ingi hefur með því að beita sinni norðlensku rökvísi bent á það að vitaskuld eiga erfðafræðilegar upplýsingar að vera inni í grunninum og hann hefur gert það með eftirfarandi rökfærslu. Hann segir að í 6. tölul. 3. gr. séu heilsufarsupplýsingar skilgreindar þannig, með leyfi forseta:

„Upplýsingar er varða heilsu einstaklinga, þar með taldar erfðafræðilegar upplýsingar."

Því dregur hv. þm. auðvitað þá lógísku niðurstöðu að erfðafræðilegar upplýsingar eigi að vera í þessum miðlæga gagnagrunni á heilsufarssviði og það er rétt hjá hv. þm.

Ég hef a.m.k. aldrei borið á móti því. Ég hef jafnan sagt að svo væri. En ég hef hins vegar leyft mér að vísa til skýlausrar yfirlýsingar sem kemur fram í greinargerð höfunda frv. Hana er að finna á bls. 20 í greinargerðinni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Rétt er að taka fram að heimild rekstrarleyfishafa skv. 1. mgr. [7. gr.] til flutnings upplýsinga í gagnagrunn á heilbrigðissviði tekur einungis til upplýsinga úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana ..."

Þess vegna hef ég sagt, væntanlega með minni sunnlensku rökvísi, að þetta sé rétt hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich. Erfðafræðilegar upplýsingar eiga að vera í gagnagrunninum, en bara þær erfðafræðilegu upplýsingar sem er að finna í sjúkraskrám. Ég hygg að undir lok 2. umr. hafi a.m.k. sumir þingmenn verið mér sammála um þetta og þar á meðal hv. þm. Tómas Ingi Olrich. — Hv. þm. gefur til kynna að svo sé ekki. Í sjálfu sér skiptir það ekki meginmáli fyrir þessa umræðu. Þetta kom fram aftur og aftur í viðræðum við starfsmenn heilbrrn., aftur og aftur þannig að á þessu leikur enginn einasti vafi.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur reynt að malda í móinn. Hún gerði það aldrei í umræðunni í heilbr.- og trn. En í þessari umræðu hefur hún reynt að benda á það, sem er út af fyrir sig sjálfsagt hjá hv. þm., að í fskj. sem birt er frá fyrirtækinu Stika ehf. — undir það skrifa Guðmundur Sigurðsson læknir, Svana Helen Björnsdóttir verkfræðingur og Bjarni Þór Björnsson stærðfræðingur — segir á tveimur stöðum ef ég man rétt, m.a. á bls. 67, með leyfi forseta:

„Enn fremur er gert ráð fyrir að önnur gagnasöfn í miðlægum gagnagrunni séu geymd í aðskildum grunnum og

dulkóðuð með mismunandi opinberum lyklum. Þetta torveldar enn frekar samtengingu upplýsinga, svo sem um erfðir og ættir, við heilsufarsupplýsingar."

Hv. þm. dregur af þeim orðum sem er að finna í þessu minnisblaði þá ályktun að alltaf hafi verið gert ráð fyrir því að þessar upplýsingar væru geymdar á þennan hátt í grunninum. Þessar skoðanir hv. þm. komu aldrei fram í heilbr.- og trn. Hins vegar hefur þetta minnisblað aðeins eitt gildi. Einungis á einum stað er vísað til þess hvernig eigi að fara með þetta minnisblað. Það er á bls. 20 í greinargerðinni, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fól hugbúnaðarfyrirtækinu Stika ehf. að gera tillögur um dulkóðun ... Gert er ráð fyrir að dulkóðun skuli a.m.k. vera jafnörugg og sett er fram í fyrrgreindri tillögu Stika ehf."

Þetta minnisblað með öðrum orðum, eins og það var reyndar kynnt í nefndinni, skilgreinir hvernig dulkóðunin á að vera. Í því er ekkert um að það eigi að fylgja þessari skiptingu í grunna, enda eru það bara vangaveltur viðkomandi höfunda sem voru aldrei kynntar í nefndinni, ekki heldur á fyrsta fundi nefndarinnar þegar aðalhöfundur þessa minnisblaðs, Guðmundur Sigurðsson læknir, var kvaddur til fundar við nefndina. Herra forseti. Það var alltaf ljóst að það átti ekki að vera möguleiki á að samtengja grunna með arfgerðarupplýsingum t.d. nema samkvæmt almennum reglum, þ.e. samkvæmt þeim lögum sem gilda um vernd persónulegra upplýsinga. Það get ég fellt mig við. Ég lýsti því aftur og aftur í umræðunni að ég gæti fellt mig við það. Ástæða þess er sú að samkvæmt þeim almennu reglum eða þeim almennu lögum sem um þetta gilda er tölvunefnd falið mjög mikilvægt hlutverk varðandi ákvörðun um m.a. samtengingu erfðaupplýsinga, og sérstakar vinnureglur gilda um það. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar að ferill tölvunefndar sé slíkur að mér hugnast vel að hafa hana sem þann varðhund sem gætir hagsmuna borgaranna.

Herra forseti. Af því að ég vísaði í minnisblað Stika, þá er nauðsynlegt að það komi líka fram í umræðunni að þetta eina atriði sem vísað er til varðandi minnisblaðið frá Stika, þ.e. dulkóðunin, er líka brotin af hálfu hv. þingmanna meiri hlutans. Ég hef að vísu haft sérstöðu varðandi persónuverndina vegna þess að af því að erfðagrunnur og erfðaupplýsingar voru ekki nema að litlu leyti eins og ég hef áður lýst í þessum miðlæga gagnagrunni, þá var það mín skoðun eins og ég hef oft lýst að áhættan sem menn taka ef kæmi til t.d. stuldar á upplýsingunum væri afskaplega lítil, herra forseti. Eigi að síður var það meiri hlutinn sem svaraði öllum ádeilum um ónógt persónulegt öryggi og ónóga persónuvernd með því að vísa til dulkóðunar. Og dulkóðunin var tvíþætt, herra forseti. Hún var annars vegar tvöföld, eftir atvikum þreföld dulkóðun á kennitölum og hins vegar dulkóðun persónuupplýsinga. Það kom fram hjá hugbúnaðarsérfræðingunum sem komu til fundar við nefndina að í sjálfu sér væri lítið verndargildi fólgið í dulkóðun kennitalna. Þar var upplýst að ef menn hefðu þjóðskrá við höndina og hefðu þessar upplýsingar undir höndum, þ.e. hin dulkóðuðu persónuauðkenni, þá væri hægt að samkeyra þjóðskrána við hin dulkóðuðu persónuauðkenni jafnoft og þegnar viðkomandi þjóðar eru margir og þá er hægt að rekja sig í gegnum þetta. Með öðrum orðum ef óvandaðir menn — og gleymum því ekki að þrátt fyrir ríkisstjórnina sem nú situr þá er jafnvel hægt að finna óvandaða menn í okkar þjóðfélagi og víðar — ef óvandaðir menn hefðu komist yfir þessar upplýsingar og þeim hefði tekist að brjóta hin dulkóðuðu persónuauðkenni, þá hafa þeir hins vegar miklu minni möguleika á því að ráðast á hinn þátt dulkóðunarinnar sem var sú staðreynd að það átti að geyma persónuupplýsingar í gagnagrunni á dulkóðuðu formi. Til að undirstrika þetta, herra forseti, leyfi ég mér að lesa úr þessu minnisblaði Stika. Þar segir á bls. 67: „Gert er ráð fyrir að allar heilsufarsupplýsingar séu geymdar dulkóðaðar." Þetta átti að vera varnagli sem átti að tryggja það að ef einhver óvandaður bandítt stæli þessum upplýsingum og ætlaði sér að misnota þær á einhvern hátt úti í hinum stóra heimi t.d., þá mundi hann, þó honum tækist að brjóta dulkóðun kennitalna, eiga mjög erfitt með að brjóta hið dulkóðaða form persónuupplýsinganna. Hvað gerði svo meiri hlutinn? Vegna þess að forvígismenn Íslenskrar erfðagreiningar töldu að þetta yrði þeim til trafala þá var lögð fram brtt. á næstsíðasta vinnudegi heilbr.- og trn. þar sem lagt var til að þetta yrði tekið út og eins og frv. lítur út núna þá eru persónuupplýsingarnar ekki geymdar á dulkóðuðu formi í gagnagrunninum. Með öðrum orðum, eitt af því sem meiri hlutinn sjálfur lýsti sem afar mikilvægu atriði varðandi persónuverndina er hann sjálfur búin að taka út.

Ég hef svo sem ekki haft stór orð uppi um það að mér þykir það miður en það er auðvitað hægt að segja að með þessu er meiri hlutinn að blekkja þá sem hafa verið hvattir af hæstv. heilbrrh., af ríkisstjórn, af Kára Stefánssyni til þess að taka þátt í umræðunni. Þeir hafa verið blekktir vegna þess að umræðan hefur verið háð á allt öðrum grunni. Ég held því fram, herra forseti, að auðvelt sé að færa rök fyrir því að blekkingaleikurinn sé miklu stórfelldari. Fyrir liggur að fjöldi manna sem tengist vísindasamfélaginu, þar á meðal fulltrúar siðanefndar Læknafélags Íslands, hefur lýst því opinberlega að breytingin sem varðaði erfðafræðina er grundvallarbreyting. Ég held að allt vísindasamfélagið líti svo á eða a.m.k. obbinn af því, að þarna sé um eðlisbreytingu að ræða. Eigi að síður buðu stjórnvöld til umræðna á velli sem var haslaður með allt öðrum hætti. Þar voru erfðaupplýsingarnar ekki inni og þar voru persónuupplýsingarnar geymdar á dulkóðuðu formi. Hvort tveggja skiptir miklu máli fyrir hina persónulegu áhættu sem felst í þátttöku í þessum miðlæga gagnagrunni. Ég held því, herra forseti, að ekki sé fráleitt að halda því fram að menn hafi verið blekktir til þessarar umræðu og að menn hafi verið blekktir til þess að heyja hana á röngum grundvelli. Síðan gerist það í lok umræðunnar að um er að ræða veigamiklar breytingar á frv. Ég kalla þetta veigamiklar breytingar.

Ég hefði í sjálfu sér orðið að lúta meiri hlutanum vegna þess að hann á að ráða, en það er ekki sama hvernig því valdi er beitt. Ég hef minn lýðræðislega rétt til þess, finnst mér a.m.k. og það hefur verið hefðin sem ég hef verið alinn upp við í þessum sölum, til þess að kveðja til fundar hvern þann sem ég vil svo fremi sem að ljóst sé að hann tengist viðkomandi máli einhvern veginn. Það var brotið. Við fengum ekki að ræða þessi atriði við einn eða neinn og maður veltir auðvitað fyrir sér: Hvernig stendur á því að sú nefnd, sem ein nefnda hefur verið sett niður af ríkisstjórninni til þess að véla um vísindasiðfræðileg efni, er þvílík gryla í augum meiri hlutans að hann hafnar í formlegri atkvæðagreiðslu tillögu minni hlutans um að fá þessa nefnd til fundar? Er það fráleitt af mér að beita svipaðri rökvísi og hv. þm. Tómas Ingi Olrich og komast að þeirri niðurstöðu að meiri hlutinn hafi vitað eða talið að gjörningurinn sem hann var að fremja hafi verið þess eðlis að það hafi verið alveg ljóst að vís-

indasiðanefndin mundi leggjst gegn málinu? Ég held það. Það er alveg ljóst miðað við þau ummæli sem féllu á fundi heilbr.- og trn. með tölvunefnd að hefði hún fengið tækifæri til þess að skila skriflegu áliti, þá hefði hún lagst gegn því og ef vísindasiðanefnd hefði fengið tækifæri til þess að koma líka og ræða við nefndina, þá er a.m.k. sá möguleiki uppi miðað við fyrri álit nefndarinnar að hún hefði gert það líka. En meiri hlutinn telur sig ekki skjaldaðri til baráttunnar fyrir þessu máli en svo að hann lagði ekki í að fá mótrök við sínum eigin rökum og það sýnir á hvaða stigi þessi umræða er. Meiri hlutinn treysti sér ekki til þess að mæta rökum vísindasamfélagsins og það er þess vegna sem lagt er allt þetta kapp á að ljúka málinu, vegna þess að andinn virðist vera að breytast í vísindasamfélaginu og meðal þjóðarinnar.

Ég leyfi mér, herra forseti, að segja að alvarlegasti fingurbrjóturinn í meðferð þessa máls hafi verið sá fáheyrði gjörningur meiri hlutans að banna okkur í minni hlutanum að njóta okkar lýðræðislega réttar til þess að ræða málin. Það held ég að hafi úti í samfélaginu svipt ákveðnum tjöldum frá þessu máli og þá skildi fólk það miklu betur en áður að þessir ágætu hv. þm. höfðu eitthvað að fela. Eða er, herra forseti, hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að hv. þm. meiri hlutans vilji sem minnsta umræðu um málið vegna þess að þeir vilja fela það hvað hin rökfræðilega varnarstaða er veik? Ég vísa aftur til þess að þegar hv. þm. Sólveig Pétursdóttir kemur hér og opnar málefnalega umræðu um ákveðin tæknileg atriði sem skipta miklu máli í þessari umræðu og þegar hún fær þrjár spurningar, þá víkur hún sér undan að svara þeim og segir að mál mitt hafi bara verið útúrsnúningur. Það er með öðrum orðum ekki einu sinni hægt að pína, a.m.k. þennan hv. þm. og líklega ekki meiri hlutann heldur, til þess að taka þátt í málefnalegri umræðu. Meiri hlutinn fælist málefnalega umræðu, því miður, herra forseti.

Hvað felst þá í þessari breytingu sem hefur hér verið mikið til umræðu? Ég held að það sé rétt að það komi fram í þessum sölum hvaða viðhorf tölvunefnd lagði fram á fundinum. Nú hefur það verið gagnrýnt í þessari umræðu að ég og aðrir höfum haft hérna uppi orðrétt eða efnislega afstöðu sem menn létu uppi á fundinum. Ég spyr þá á móti, herra forseti: Eigum við að láta mýla okkur þegjandi og hljóðalaust? Eigum við að gera það? Okkur er meinað að fá skriflega álitsgerð, það er fellt af meiri hlutanum. Eigum við þá bara að þegja um varnaðarorð stjórnskipaðrar nefndar eins og tölvunefndar sem hefur langmest vægi allra stofnana að því er varðar persónuöryggi borgaranna, eigum við að láta varnaðarorð hennar bara deyja á borðum okkar úti í Þórshamri? Er það eitthvert brot á siðalögmálum sem hér eru ríkjandi að færa slíkt inn í umræðuna?

Ég segi, herra forseti: Ég á ekki annarra kosta völ en að greina frá því sem var minn skilningur á því sem þar fór fram. Það kom t.d. skýrt fram, herra forseti, að a.m.k. hluti tölvunefndar var annarrar skoðunar en þeir úr meiri hlutanum sem hér hafa talað varðandi breytingar á hinum miðlæga gagnagrunni eftir að erfðagrunnurinn er kominn inn í hann. Það kom skýrt fram að a.m.k. hluti tölvunefndar lítur á samtenginguna sem gerð er tillaga um þeim augum að það verði í rauninni til ný skrá. Það er stofnuð ný skrá. Hvað þýðir það í rauninni, herra forseti? Það þýðir að það er orðinn til nýr gagnagrunnur að dómi tölvunefndar, nýr gagnagrunnur sem tekur til ættfræði, erfðafræði og síðan þeirra heilsufarsupplýsinga sem koma úr sjúkraskrám. Þetta er allt annar veruleiki en er túlkaður hér af hv. þingmönnum meiri hlutans, allt annað en þjóðinni hefur verið sagt í umræðunum.

Vel kann að vera að færa megi rök að því að þessi skoðun tölvunefndar sé röng. Hefði þá ekki verið betra, herra forseti, að við hefðum fengið að heyra mótrökin, að við hefðum fengið rök tölvunefndar skrifleg fyrir okkur, fengið það skýrt út fyrir okkur hvers vegna a.m.k. hluti tölvunefndar álítur að með þeirri aðferð sem lögð er til við samtengingu þriggja skráa sé í rauninni orðinn til nýr, miðlægur gagnagrunnur? Eru menn þá ekki farnir að fara bakdyraleið að því sem þeir alltaf ætluðu sér en meira að segja hæstv. heilbrrh. treysti sér ekki eða vildi ekki leggja fram fyrir þetta þing?

Það kom líka fram þegar hv. þingmenn stjórnarliðsins kynntu tillögu sína á fundi með tölvunefnd að viðhorf tölvunefndar var að ef þetta ætti að vera vinnuferlið, þá væri nauðsynlegt að binda það í lög vegna þess að tölvunefnd mundi ekki sjálfviljug samþykkja þetta fyrirkomulag og taldi þess vegna að fyrirmæli um það yrði að setja í lög. Þetta hef ég auðvitað sjálfur skrifað niður, innan gæsalappa, en það kann vel að vera að einhver orð hafi misfarist. En þetta var hin efnislega afstaða sem kom fram af hálfu tölvunefndar, þ.e. að hún mundi ekki sjálfviljug taka upp þetta fyrirkomulag. Ég spurði þá, herra forseti, hvaða viðhorf lægju til grundvallar þeirri afstöðu og svarið var: Af sjónarhóli persónuverndar er það svo mikil ógn. Af sjónarhóli persónuverndar, herra forseti, er svo mikil ógn að samþykkja þetta vinnuferli sem meiri hlutinn hefur lagt til. Og hver segir þetta? Hæstv. forseti. Það vill svo til að það er varðhundurinn sem ríkisvaldið hefur skipað til þess að gæta öryggis þegnanna. Það er hann sem kemur á þennan hátt og rústar í einu vetfangi þeirri meðferð sem hv. þingmenn stjórnarliðsins leggja hér fyrir. Er það nema von, herra forseti, að þeir hafi hlaupið í skjól þess valds sem meiri hlutinn veitir þeim og neitað að fá skriflega álitsgerð vegna þess að þetta sýnir að tillagan sem liggur fyrir þolir ekki upplýsta umræðu og það er auðvitað mergurinn málsins? Meiri hlutinn er hræddur við að taka þátt í upplýstri umræðu, alveg eins og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir sem kom ekki hér til að svara þremur málefnalegum spurningum um hvað fólst í máli hennar sem var ítarlegt, vísindalegt, vel útfært og ber þess glöggt merki að hv. þm. hefur kynnt sér sameindaerfðafræði afar vel. (**SP:** Er að ekki gott mál?) Það er hið besta mál og mér kemur ekki til hugar eitt einasta augnablik að hv. þm. hafi fengið aðstoð við það. (**SP:** Alla vega ekki hjá formanni heilbr.- og trn.)

Herra forseti. Eftirfarandi afstaða kom einnig fram hjá fulltrúa tölvunefndar, höfð efnislega eftir: Hafi verið efi á því hvort gögn séu persónugreinanleg þá er sá efi ekki til staðar eftir að upplýsingar um arfgerð eru komnar inn í gagnagrunninn. Í einu vetfangi má segja að þetta feyki burt í fyrsta lagi röksemdafærslum meiri hlutans fyrir því að um sé að ræða ópersónugreinanleg gögn í grunninum og þar af leiðir samkvæmt þeirra eigin röksemdafærslu, sem var að vísu vond, að þetta feykir líka burtu þeirri einu stoð sem af þeirra hálfu hélt uppi rökunum gegn upplýstu samþykki.

Hins vegar er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur að starfsmaður tölvunefndar sagði líka aðspurður á fundi hjá nefndinni að hægt væri að samkeyra heilsufarsupplýsingar við erfðafræðilegar upplýsingar undir reglum um persónuvernd. Ég, herra forseti, skildi það allt öðruvísi. Ég taldi að þarna væri einmitt mergurinn málsins kominn, að það væri

hægt að gera það eftir þeim almennu reglum sem er að finna í gildandi lögum. Og það skiptir auðvitað höfuðmáli í þessu.

Svo má velta því fyrir sér, herra forseti, hvernig standi á því að þessi viðhorf koma fram á allra síðustu stigum málsins. Hvaða viðhorf á ég við, herra forseti? Ég á við eftirfarandi: Það hefur komið fram í máli þingmanna stjórnarliðsins, þar á meðal hv. þm. Tómasar Inga Olrichs, að það væri of tafsamt að þurfa að fara til tölvunefndar til þess að fá leyfi fyrir sérhverri samkeyrslu. Bíðum nú við, herra forseti. Ef þetta er rétt hjá hv. þingmönnum stjórnarliðsins, hvernig stendur á því að á einum 16 fundum nefndarinnar — þá tel ég ekki með alla fundi nefndarinnar í vor — kom þessi afstaða aldrei fram? Þessi afstaða kom aldrei fram. Það var aldrei beðið um að sett yrði upp einhvers konar ferli til þess að samkeyra erfðaupplýsingarnar með heilsufarsgrunninum. Og aftur og aftur kom það fram hjá ágætum starfsmönnum heilbrrn., sem fluttu mál ráðuneytisins og skýrðu frv. frá þess hálfu, að um það áttu að gilda þessar almennu reglur sem ég get fallist á.

Hvernig skýrði Hákon Guðbjartsson, tölvustjóri Íslenskrar erfðagreiningar, hvað fælist í þessu? Hann sagði að þarna væri um að ræða þrjá aðskilda grunna og að ekki skipti máli í sjálfu sér hvort þeir væru á sjálfstæðum vinnsludrifum, hvort þeir væru í sérstökum mismunandi tölvum vegna þess að þeir yrðu á þremur mismunandi dulkóðunarmálum. Það þóttu mér merkilegar upplýsingar í ljósi þess að hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans eru búnir að fella út ákvæðið um að persónuupplýsingarnar eigi að geyma í dulkóðuðu formi, þannig að það er dálítið erfitt að skýra það út frá því. En sá ágæti tölvustjóri Íslenskrar erfðagreiningar sagði að þarna væri um að ræða þrjá aðskilda grunna á þremur mismunandi dulkóðunarmálum, en síðan yrði sérstakt forrit búið til. Þetta forrit yrði að hljóta blessun tölvunefndar og þegar það hefði gerst þá væru allar upplýsingar úr þessum þremur mismunandi grunnum sem þyrfti samkeyra, keyrðar í gegnum þetta forrit og afkóðaðar þar og þar færi samkeyrslan fram.

Nú held ég, herra forseti, að í þessu felist í fyrsta lagi að ekki sé gert ráð fyrir því að eftir að þetta hefur gerst þá hafi tölvunefnd neitt sérstaklega ríkara eftirlit með þessu vinnuferli heldur en öðrum þáttum í daglegri starfsemi gagnagrunnsins. Með öðrum orðum er þarna búið að búa til sjálfvirkt ferli þar sem rekstrarleyfishafinn getur samkeyrt að eigin vild þessar upplýsingar þegar hann vill. Þá verð ég að draga þá ályktun að það sé bitamunur en ekki fjár hvort menn kalla þetta þrjá aðskilda grunna eða einn samtengdan grunn eins og var viðhorf tölvunefndar þegar það er alveg ljóst að búið er að búa til ferli sem tölvunefnd í sjálfu sér hefur ekkert sérsakt eftirlit með umfram aðra hluta grunnsins og heimilar rekstrarleyfishafanum að samkeyra þessi gögn hvenær sem hann vill, mörgum sinnum á dag. Auðvitað mun það auðvelda rekstrarleyfishafanum vinnuna að stórum hluta eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich hefur talið nauðsyn á. Ég hef hins vegar verið algjörlega andstæðrar skoðunar. Ég vil að þetta verði ekki auðvelt. Ég vil að þarna haldi tölvunefnd sinni verndandi hendi yfir persónuöryggi borgaranna. Ég tel að það sé nauðsynlegt og þess vegna leggst ég gegn þessu.

Herra forseti. Í annan stað er það einfaldlega þannig að hv. þm. Tómas Ingi Olrich er ekki bara sérstakur, hann er einstakur. Það sama gildir reyndar um hvern einasta þingmann sem hérna er inni. Af hverju? Vegna þess að hann hefur í litningum sínum sérstaka samsetningu kjarnsýrusameinda sem gerir það að verkum, hvort sem það er gott eða slæmt, að til er enginn annar hv. þm. Tómas Ingi Olrich og verður enginn fyrr en menn eru búnir að yfirfæra þá tækni sem notuð var til þess að klóna skosku rolluna Dolly, til þess að klóna hv. þm. Tómas Inga Olrich. Ég er ekkert að segja að ég hlakki neitt beinlínis til þeirrar stundar en ég set mig ekkert upp á móti því heldur af siðfræðilegum ástæðum. En hv. þm. er einstakur vegna þess að hann hefur einstaka arfgerð. Það þýðir að þegar komnar eru upplýsingar um arfgerð inn í gagnagrunninn, þá liggur það í hlutarins eðli að gögnin eru persónugreinanleg vegna þess að enginn mun halda til að mynda að arfgerð hv. þm. Tómasar Inga Olrichs kunni að vera arfgerð hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur vegna þess að hv. þm. er einstakur. Þess vegna, „per definition", er gagnagrunnur sem inniheldur upplýsingar af þessu tagi orðinn persónugreinanlegur. Ég bíð eftir því að hv. þm. Tómas Ingi Olrich færi rök gegn þessu. Ég veit að hann mun ekki færa rök gegn því að hann sé einstakur þó að í sjálfu sér sé hægt að gera það, en það er út frá allt öðrum forsendum.

Þetta breytir málinu af minni hálfu. Ég tel að þetta gjörbreyti málinu. Ég tel að það sé ómögulegt eftir þetta að halda því fram að um sé að ræða ópersónugreinanleg gögn í þessu. Ég verð hins vegar að játa þá höfuðsynd sem félagar mínir í stjórnarandstöðunni deila ekki með mér að ég hef fram að þessu gert mér litla rellu yfir þessu vegna þess að ég hef talið að grunnur sem ekki hefur að geyma upplýsingar beinlínis um arfgerð einstaklinga feli í sér það litla áhættu að hún væri ásættanleg. Ég hef auðvitað verið laminn eins og fiskur af félögum mínum í stjórnarandstöðunni sökum þessarar skoðunar en hún er eigi að síður skoðun mín.

Um leið og menn eru búnir að taka arfgerðarupplýsingarnar þarna inn þá er grunnurinn orðinn persónugreinanlegur. Látum það liggja á milli hluta. En þá eru það allt aðrar hættur sem hægt er að segja að felist í grunninum. Þá er þátttakan í grunninum orðin miklu áhættumeiri. Við sjáum þróunina erlendis. Þar eru menn farnir að misnota upplýsingar af þessu tagi á vinnumarkaði, á tryggingamarkaði og á annan hátt.

Ég held að við getum ekki horft fram hjá þeim möguleika að grunnur sem er svona verðmætur hlýtur stöðugt að vera undir hættu um að einhverjar upplýsingar leki út. Það hlýtur að vera. Það hlýtur að vera mikill hvati til þess að ná einhverjum upplýsingum út úr grunni sem er jafnverðmætur og sagt er að þessi sé. Það þarf ekki annað en óheiðarlega starfsmenn. Menn vita það í tölvuheiminum að sú er hættan mest ef mönnum eru borgaðar stórar upphæðir eða slíkt er í boði, að þá er hvatinn svo mikill og þetta hefur gerst erlendis.

Vel kann að vera að öryggiskerfið sem búið er til af hinum væntanlega rekstrarleyfishafa sé svo öruggt og gott að lítil hætta sé á þessu. Það kann að vera, sagði ég, herra forseti, vegna þess að enginn hefur skýrt það út fyrir mér og náði ég þó þeim merka áfanga, e.t.v. einn meðal fárra þingmanna, að mér tókst að skilja það plagg sem Íslensk erfðagreining sendi hv. heilbr.- og trn. um þessi öryggismál þó að það hafi ekki borið því fyrirtæki fagurt vitni vegna þess að þar var um að ræða alls konar skammstafanir sem ekki voru einu sinni skilgreindar, a.m.k. voru tvær af tuttugu og fjórum ekki skilgreindar og það gerði þetta auðvitað mjög dulkóðað. En það var hægt að berjast í gegnum þetta. Mig skorti a.m.k. ekki viljann. En ég hef einfaldlega ekki fengið, eins og Íslensk erfðagreining eða stafsmaður hennar lofaði á fyrsta fundinum sem við héldum um málið, neina skriflega álitsgerð um það hvernig öryggismálunum er háttað. Nú er það upplýst, herra forseti, að vera kann að meiri hlutinn

hafi í fórum sínum eitthvert skjal frá Hákoni Guðbjartssyni. (**SP:** Stílað á nefndina?) Það vill svo til, hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, þó það hafi e.t.v. farið fram hjá virðulegum þingmönnum þessarar samkundu, að ég er enn þá formaður þessarar nefndar og ég er þess vegna sá einstaklingur sem líklega ætti að fá svona í hendur. Ég hef ekki fengið það, enda skiptir það litlu máli núna.

Herra forseti. Í máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur fyrr í dag fannst mér að hún reyndi frekar barnalega að verja sig með vísan til stjórnarandstöðunnar, sér í lagi mín og hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, þegar verið var að álasa henni fyrir að hafa gert því skóna opinberlega og í starfsnefnd þingsins sem um þetta mál fjallar að væntanlegur starfsleyfishafi væri Íslensk erfðagreining. Mér fannst það dálítið skondið að hv. þm. sagði aftur og aftur: „En þetta orðalag er líka notað í nefndaráliti 1. minni hluta", þ.e. mín og hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að rifja það hér upp hvers vegna við notum það í nefndarálitinu. Hv. þm. hafði nefnilega ekki fyrir því að upplýsa það alveg eins og hv. þm. las upp valda kafla úr því nefndaráliti en sleppti öðrum sem ekki studdu hennar mál. Það kemur fram, herra forseti, í því nefndaráliti að það er vegna þess að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að einn aðili eigi að fá rekstrarleyfið og fyrir hennar hönd hefur maður að nafni Davíð Oddsson, sem er hæstv. forsrh., lýst því yfir að það verði Íslensk erfðagreining þannig að það er engin goðgá, herra forseti, þó að ég leyfi mér, enda er þetta rökstutt á þennan hátt í nefndarálitinu sem lagt var fram til 2. umr., að nefna Íslenska erfðagreiningu sem væntanlegan rekstrarleyfishafa vegna þess að allir vita að svo er. Það vita allir þrátt fyrir það að í áliti Lagastofnunar sé tekið skýrt fram að burt séð frá því álitaefni hvort það eigi að bjóða gerð gagnagrunnsins út eða ekki, þá sé eigi að síður nauðsynlegt að kynna þeim fyrirtækjum sem hefðu áhuga á gerð gagnagrunns áform ríkisstjórnarinnar á þessu sviði því að ella bryti það í bága við jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og almennar grundvallarreglur í stjórnskipun landsins. Þó að gerð gagnagrunnsins sé ekki boðin út, þá er það með öðrum orðum að áliti og ábendingu Lagastofnunar Íslands mögulega brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar og klárlega á grundvallarreglum sem við höfum fylgt í stjórnsýslu okkar að gera það sem meiri hlutinn er búinn að gera, þ.e. að lýsa því yfir opinberlega að einkarétturinn á því að nota heilsufarsupplýsingar Íslendinga eigi að fara til Íslenskrar erfðagreiningar. Ég er viss um að það fyrirtæki er hið besta fyrirtæki og vafalaust er það eins og í pottinn er búið það eina sem hefur áhuga á málinu, því að hvaða fyrirtæki hefur áhuga á því að keppa við einhvern sem forsætisráðherra landsins hefur lostið með töfrasprota sínum og sagt: Þú ert minn smurði.

Ég verð líka, herra forseti, áður en ég lýk umfjöllun minni um erfðamálin að segja að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir verður að tala mjög skýrt þegar hún heldur seinni ræðu sína sem hún boðaði fyrr í dag, þegar hún talar um erfðamálin vegna þess að ég heyrði ekki betur þegar hún var spurð í dag um hvers konar erfðagrunna mætti samkeyra við gagnagrunn á heilsufarssviði en að hún tiltæki sérstaklega þann erfðagrunn sem Íslensk erfðagreining hefði undir höndum og lýsti því yfir að þar væri um að ræða grunn sem í væru sýni úr 7 þúsund manns. Herra forseti. Mér hafa oft dottið lýs úr höfði, dauðar og lifandi, en aldrei sem nú. Er það virkilega stefna ríkisstjórnarinnar að túlka þessi lög þannig að ef brtt. meiri hlutans verður samþykkt þá gefi það t.d. Íslenskri erfðagreiningu, ef hún fær rekstrarleyfið, heimild til þess að taka gagnagrunn sem hefur að geyma erfðaupplýsingar, upplýsingar um arfgerð Íslendinga sem allar hafa verið fengnar með upplýstu samþykki vegna rannsókna á tilgreindum sjúkdómum — en það er forsendan eins og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir sagði í ræðu sinni áðan, það er forsendan fyrir tilgreindum ákveðnum verkum — er það virkilega ætlan ríkisstjórnarinnar að túlka þetta þannig að Íslensk erfðagreining megi samkeyra gagnagrunninn sem hún hefur nú undir höndum við þær upplýsingar sem hún hefur í heilsufarsgrunni? (**SF:** Það þarf að fá nýtt samþykki.) Þarf að fá nýtt samþykki? Herra forseti. Það var ekki það sem kom fram í svari hv. þm. fyrr í dag.

Virðulegi forseti. Er hæstv. heilbrrh. í húsi?

(**Forseti** (RA)**:** Já, hún er í húsinu.)

Þá veit ég það. Ég ætla ekki að óska eftir því að hún verði flutt með valdi hingað í salinn, hæstv. forseti, en ég veit að hún heyrir mál mitt þar sem hún er og ég ætla að spyrja bæði hana og hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hvort það komi til greina í framtíðinni að breyta reglugerð um vísindarannsóknir sem gefin var út 4. júlí 1997 þannig að í framtíðinni megi t.d. rekstrarleyfishafi hins miðlæga gagnagrunns fá upplýst samþykki hjá sjúklingum sem felur í sér leyfi til þess að gera ótilgreindar rannsóknir á erfðaefni þeirra. Er það mögulegt að í framtíðinni verði veitt heimild til þess að fólk verði látið gefa svokallað upplýst samþykki þar sem það skrifar undir leyfi til þess að erfðamengi viðkomandi einstaklings verði kortlagt og síðan í framhaldinu samkeyrt við gagnagrunn á heilbrigðissviði? Ég tel að nauðsynlegt sé að fá svör við þessu til að fá a.m.k. skýringar í umræðunni á ýmsu því sem er álitamál varðandi breytingu meiri hlutans.

Herra forseti. Af þessu tilefni er nauðsynlegt að rifja upp fyrir hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, sem ég veit reyndar að nánast kann reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði utan að, svolítinn kafla úr 4. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar skv. 2. gr. eða vísindasiðanefndar skv. 1. gr.

Þátttakandi skal fyrir fram samþykkja með formlegum hætti þátttöku í vísindarannsókn. Áður en slíkt samþykki er veitt skal gefa honum ítarlegar upplýsingar um vísindarannsóknina, ..."

Það er alveg ljóst að ef þessi reglugerð á að vera í gildi, þá mun ekki vera unnt að leyfa einhverjum tilteknum rekstrarleyfishafa að fá upplýst samþykki sem felur í sér opna ávísun á það að gera hvers kyns rannsóknir á erfðaefni og samkeyra við gagnagrunn á heilbrigðissviði. Það fæli nefnilega ekki í sér ítarlega upplýsingagjöf. Mig langar því að spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur: Stendur til að breyta þessu? Eða er það ekki skilningur hennar, eins og hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, samanber ræðu hennar áðan, að upplýst samþykki nái einungis til tiltekinnar afmarkaðrar vísindarannsóknar og það verði ekki hægt að gefa blankótékka af þessu tagi? Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta liggi fyrir vegna þess að í ljósi þess hversu óhönduglega meiri hlutanum tókst með vinnubrögðin milli 2. og 3. umr. þá er þetta umræðan sem mun verða notuð sem lögskýringargagn þegar menn óhjákvæmilega munu hefja skæklatog um hvað þetta í rauninni þýðir sem hv. meiri hluti vildi ekki leyfa okkur að komast að raun um í nefndinni.

Staða málsins er því orðin þessi, herra forseti: Miðlægur gagnagrunnur á heilsufarssviði fór af stað umvafinn nokkrum ljóma. Honum tengdist nokkur spenna og eftirvænting og menn sáu hann í hillingum sem tæki til þess að nema ný lönd á sviði læknavísinda. Í dag er staðan þannig að það er verið að gera breytingar á frv. sem eru þess eðlis að menn eru ósammála um skilning á þeim og það er ljóst að menn munu verða mjög ósammála t.d. um hvað felst í þessum erfðafræðikafla sökum þeirrar ruglingslegu og misvísandi umræðu sem hér hefur verið höfð uppi af hv. þingmönnum meiri hlutans og þá er ég að vísa sérstaklega til yfirlýsinga hv. þingmanns í andsvari fyrr í dag.

Í annan stað blasir það líka við að uppreisn er í læknasamfélaginu. Við getum séð fyrir okkur hvað gerist þegar búið verður að samþykkja þetta frv. sem væntanlega verður einhvern tíma seinni partinn á morgun. Hvað gerist þá? Fjöldi ef ekki helmingur heilsugæslulækna hefur skrifað undir yfirlýsingu um að þeir muni ekki fara að þessum lögum. Margir aðrir sérfræðingar hafa lýst hinu sama yfir og maður hittir varla þann lækni í dag án þess að hann lýsi einhvers konar efasemdum um þetta.

Hvað gerist þá, herra forseti, ef læknar telja að á grundvelli læknaeiðsins, á grundvelli læknalaga, geti þeir ekki samvisku sinnar vegna látið af hendi upplýsingar um til að mynda ákveðna sjúkdóma vegna þess að þeir telji að það brjóti í bága við hagsmuni sjúklinga sinna? Ég veit auðvitað svar hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur við þessu. Hún vísar til afgreiðslu okkar á lögum um réttindi sjúklinga fyrir tveimur árum þar sem við breyttum frv. frá ríkisstjórninni sem sagði að sjúkraskrá væri eign heilbrigðisstofnunar og þannig að sjúkraskrá er einungis í vörslu heilbrigðisstofnunar. Okkar rök voru þau að siðferðilega teldum við ekki unnt að segja að einhver annar ætti upplýsingarnar en sjúklingurinn sjálfur. Þá munu rök hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur náttúrlega verða þau að vilji sjúklingsins ráði. En það liggur samt fyrir að einhverjir læknar telja sig samvisku sinnar vegna ekki geta það. Það hafa jafnvel birst greinar í blöðum þar sem læknar hafa sagt að þeir geti af trúarlegum ástæðum ekki tekið þátt í slíkum verknaði. Hvað á þá að gera? Hver ætlar þá að lögsækja viðkomandi lækni? Ef hv. frsm. meiri hlutans vildi hlýða á mál mitt. Herra forseti, ég er að spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Hver ætlar að lögsækja þann lækni sem samvisku sinnar vegna vill ekki taka þátt í þessum gagnagrunni? Verður það hin pólitíska stjórn viðkomandi sjúkrastofnunar eða verður það heilbrrh. eða verður það Íslensk erfðagreining? Þetta er ekki fræðileg spurning. Það liggur fyrir að fjöldi lækna ætlar ekki að taka þátt í þessu. Og þá liggur fyrir að hann er þá að brjóta þau lög sem munu væntanlega spretta upp úr þessu frv. Og hver er á þá að kæra viðkomandi lækni? Er það yfirvaldið á stofnuninni? Er það hæstv. heilbrrh. eða er það fyrirtækið sem hefur samkvæmt frv. heimild til þess að semja um afnot af viðkomandi heilsufarsupplýsingum? Það er nauðsynlegt að þetta liggi hér fyrir vegna þess að það er alveg ljóst ... (Gripið fram í.) Ef það verður svo, herra forseti, að þetta frv. verði samþykkt, sem við gerum ráð fyrir að verði einhvern tíman seinni part þessarar aldar, sennilega á morgun, og læknar hafni því, eins og hefur komið fram opinberlega, að taka þátt í að láta upplýsingar af hendi, ef sjúkrastofnun samþykkir, eins og gert er ráð fyrir í tiltekinni grein, að láta slíkar upplýsingar af hendi en læknar og stofnanir, kannski bara einn tiltekinn læknir hafnar því að það verði gert, og af samviskulegum ástæðum, e.t.v. trúarlegum eins og a.m.k. dæmi er um, þá er hann að brjóta lögin. Viðkomandi læknir er þá að brjóta lögin í krafti eigin samvisku. Hver á þá að lögsækja? Er það hæstv. heilbrrh.? Er það hin pólitíska kjörna stjórn á viðkomandi heilbrigðisstofnun eða er það kannski starfsleyfishafinn sem verður Íslensk erfðagreining? Þetta er eitt af því sem menn verða að velta fyrir sér.

Mergurinn málsins er sá að málsmeðferðin hefur verið slík að það er búið að gera allt vitlaust í vísindasamfélaginu hér heima. Það er mikil ólga erlendis. Læknar munu sennilega hundruðum saman hafna því að taka þátt í þessu og kannanir benda til þess að í vaxandi mæli muni sjúklingar hafna þátttöku. (**Gripið fram í:** Misskilningur.) Hvað verður þá um þetta gagn? Til hvers var þá í þessa sjóferð farið? Og hvernig stendur á því að menn gerðu sér ekki grein fyrir því að þetta hefði getað orðið niðurstaðan? En hún var ekki óhjákvæmileg. Hún hefur ráðist að verulegu leyti af því hvernig haldið hefur verið á málinu af hálfu ríkisstjórnarinnar, hversu hart það er keyrt. Við sáum það berlega undir lok umræðunnar.

Hv. frsm. meiri hlutans — mig minnir að það hafi verið hún, e.t.v. var það einhver annar — taldi að það væri ósæmilegt að láta þess getið í frhnál. minni hlutans að þær breytingar sem hér hafa valdið mestu írafári væru vegna utanaðkomandi þrýstings. Förum nú aðeins yfir það, herra forseti.

Hér er um að ræða mikilvægar breytingar á meðferð ættfræðiupplýsinga. Hvenær komu óskir um þær fram? Á næstsíðasta degi vinnunnar í heilbr.- og trn. Þær höfðu ekki verið orðaðar áður, komu fram þá. Hver er það sem biður um að málið sé flutt, inni í nefndinni? Enginn þingmanna hv. nefndar hafði nokkru sinni óskað eftir þessu áður. Það kom fram í umræðum hér, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. hafði ekki heldur óskað eftir því. Er þá ekki nokkuð ljóst að málið er flutt vegna utanaðkomandi þrýstings? Ég held að það sé alveg ljóst, ekki síst vegna þess að þegar málið kom fyrst og nefndarmenn reyndu að fá skilning á því frá þeim sem komu með málið hvað í þessu fælist og hver nauðsynin væri, þá tókst ekki að fá þann skilning.

Herra forseti. Á næstsíðasta degi vinnunnar kom líka önnur brtt. fram innan nefndarinnar. Hún var um að fyrir utan sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir, þá yrðu lyfjabúðir líka teknar inn í frv., þ.e. gjörbreyting á eðli frv. Og jafnframt að rekstrarleyfishafinn gæti fengið lyfseðla úr öllum þessum apótekum, 63 talsins eða eitthvað svoleiðis. Þetta var auðvitað gjörbreyting á eðli gagnagrunnsins. Þessi tillaga kom fram innan nefndarinnar og meira að segja útbjuggu starfsmenn heilbr.- og trmrn. þessa tillögu að beiðni þingmanna úr meiri hlutanum, sem um brtt. væri að ræða og við sáum fyrir okkur frv. þar sem búið væri að setja þetta alls staðar inn í á viðeigandi stöðum. Sá þingmaður sem flutti þetta inn í nefndina var auðvitað spurður, m.a. af félögum sínum í meiri hlutanum, hvers vegna þetta væri flutt. Hann gat ekki svarað því. Og vegna þess að hann gat ekki svarað því þá var málið tekið út. Það var aldrei lögð fram brtt. um þetta. Bíðið nú við. Hvaðan kom þessi ósk? Kom hún frá hæstv. heilbrrh.? Nei. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði fyrr í haust spurt hæstv. heibrrh. formlega með fyrirspurn í þinginu hvort ætlunin væri að þetta færi inn í grunninn og hæstv. heilbrrh. hafði svarað því neitandi. Bíðum nú við. Hvaðan kemur þá þrýstingurinn á að setja fram þetta mál ef sá sem flytur það í nefndinni

getur ekki einu sinni skýrt það út fyrir félögum sínum í meiri hlutanum, hvað þá okkur í minni hlutanum, og þegar ljóst er að hæstv. heilbrrh. flytur það ekki? Hvaðan kemur hann? Þetta mál var auðvitað flutt að ósk Íslenskrar erfðagreiningar. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það urðu margir þingmenn fyrir þrýstingi af hálfu fyrirtækisins um að setja þetta inn í nefndina. Þess vegna vísa ég því algjörlega á bug að það sé *á einhvern rakalausan hátt verið að tala um utanaðkomandi þrýsting*. Það er alveg ljóst að í einhverjum tilvikum er um að ræða þrýsting sem er ekki innan þingsins heldur kemur utan þingsins og hann er auðvitað frá því fyrirtæki sem búið er að lýsa yfir að eigi að fá þennan gagnagrunn í sínar hendur. Ég hef oft, herra forseti, orðið þess var að hagsmunaaðilar reyna að koma sínum sjónarmiðum á framfæri en aldrei með svona grellnum hætti.

Herra forseti. Eitt af því sem mér hefur verið umhugaðst um í vinnunni í þessari nefnd er að tryggja aðgengi vísindamanna. Ég taldi það frágangssök að það væri mögulegt að gera það. Það er alveg ljóst af minni hálfu að ég hef alla tíð talið að það væri fullur vilji til þess innan nefndarinnar og það hafi verið fullur vilji til þess ekki bara af minni hlutanum heldur líka meiri hlutanum. Eins og ég segi í mínu fyrra nál. sem ég flutti með hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, þá var ekkert einstakt mál sem við lögðumst jafnoft á eitt um og þetta *til þess að reyna að finna leiðir. Hvers vegna? Vegna* þess að tillagan sem var í frv. var auðvitað að öllu leyti ósamþykkjanleg. Hún fól það í sér að sérstök aðgengisnefnd ætti að véla um það hvort vísindamenn hefðu aðgang að grunninum án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Í þessari aðgengisnefnd áttu að vera fulltrúi starfsleyfishafa meðal annarra og þar af leiðandi var það alveg ljóst að hann hafði aðgang að því sem hlýtur að flokkast undir viðskiptaleyndarmál. Það er einfaldlega ósiðlegt og það er ekki boðlegt fyrir svo utan að það brýtur í bága til að mynda við úrskurð Samkeppnisstofnunar hér á landi, og er annar úrskurðinn sem Samkeppnisstofnun felldi á sínum ferli árið 1997, og það braut auðvitað líka í bága við samkeppnisreglur EES-réttarins. Þar að auki var þetta gagnrýnt af hálfu vísindamanna á þeim grundvelli að einungis var gert ráð fyrir að starfsmenn þeirra heilbrigðisstofnana sem lögðu upplýsingar inn í grunninn fengju út úr honum upplýsingar. Við í minni hlutanum töldum auðvitað að ekki væri hægt að fallast á *málið þannig úr garði gert*.

Samkeppnisstofnun benti t.d. á að einungis klásúlan um aðgengisnefndina bryti reglur EES-réttarins þrisvar sinnum og þar að auki væri í sömu grein að finna fjórða brotið á reglum samkeppnislaga EES. Ég taldi af fullri einlægni að hvað sem yrði um þennan grunn þá væri algjörlega nauðsynlegt að vísindamenn gætu notað hann sem rannsóknartæki. Þess vegna var það, herra forseti, að auðvitað bentum við í minni hlutanum meiri hlutanum þráfaldlega á að með því að halda sig við hið upprunalega form frv. að því er þetta varðaði, þá væri verið að brjóta EES-reglurnar. Hvað hefði það þýtt? Það hefði leitt til þess að innan skamms tíma hefði þetta verið dæmt út úr lögunum, þetta hefði verið dæmt ógilt og í einu vetfangi hefði því aðgangur vísindamanna að grunninum verið felldur burtu.

Eigi að síður var það vilji meiri hlutans að hafa þetta óbreytt en auðvitað runnu á hann tvær eða jafnvel þrjár *grímur þegar leið á umræðuna og opnað var á að taka þetta* aftur til umræðu milli 2. og 3. umr. til þess að reyna að kanna málið betur. Af minni hálfu og okkar hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur voru reifaðar tvær tillögur um þetta. Önnur fólst í því að mæla svo fyrir í lögum að sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn, starfsmenn heilbrigðisstofnana og vísindamenn í samstarfi við þær skuli hafa aðgang að upplýsingum úr gagnagrunni á heilbrigðissviði og það beri jafnframt að líta á þann aðgang sem endurgjald rekstrarleyfishafa eða hluta af endurgjaldi rekstrarleyfishafa fyrir það að viðkomandi stofnanir afhenda heilbrigðisupplýsingar. Það var *jafnframt hluti af þessari hugmynd okkar að um* þennan aðgang starfsmanna viðkomandi stofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna yrði samið sérstaklega í þeim samningum sem eiga að fara fram samkvæmt 1. mgr. 7. gr. frv.

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að lesa upp úr nál. vegna þess að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gerði sig seka um það hér í dag að lesa valda kafla til þess að ná höggi á félaga mína í stjórnarandstöðunni þegar ég var fjarstaddur. Það er afar óheiðarlegt að mínu mati, herra forseti, að beita málsgögnum þannig. Hún gat þess aldrei að á hugmynd okkar hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur og meiri hlutans var einn munur sem mætti kalla reginmun og sem gerir það að verkum að minni líkur eru á að okkar hugmynd hefði brotið í bága við EES en sú hugmynd sem liggur fyrir í tillöguformi, þ.e. hún gat þess aldrei að við hefðum sagt líka að fyrir utan þá sem starfa á viðkomandi heilbrigðisstofnunum þá yrði einnig tekið fram *í lögunum að vísindamenn í samstarfi* við viðkomandi stofnanir ættu líka þennan rétt. Auðvitað var þarna um að ræða ákveðna leið sem við vorum að reyna að feta okkur til þess að breikka grunn þeirra vísindamanna sem gætu notfært sér þetta ákvæði án þess þó að við værum að stefna frv. í bága við EES-réttinn sem hefði þar af leiðandi gert þetta ómerkt.

Við lögðum líka fram aðra tillögu, herra forseti. En áður en ég kem að henni ætla ég að lesa það sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gat auðvitað aldrei um hérna í sínum ræðum þegar hún var að kroppa úr þessu áliti okkar hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur. Um þessa tillögu okkar segir eftirfarandi í álitinu, herra forseti:

„Hins vegar er álitamál hvort hún [þ.e. tillagan] gengur nógu langt til að hægt sé að fullyrða að hún feli ekki í sér samkeppnishamlandi mismunun eins og lýst er í 4. tölul."

Við höfðum áður í nál. fært mjög sterk rök fyrir því sem meiri hlutinn augljóslega féllst á að ákvæði 9. gr. um aðgengi *vísindamanna mundu brjóta í bága við EES-réttinn á fjóra* vegu. Í fyrsta lagi var alveg ljóst að samkvæmt 9. gr. frv. er að skoðun Samkeppnisstofnunar girt fyrir að vísindamenn geti fengið aðgang að upplýsingum úr miðlægum gagnagrunni til að nota í vísindarannsóknum ef um er að ræða rannsóknir sem geta skert viðskiptahagsmuni rekstrarleyfishafans.

Þetta segir Samkeppnisstofnun, eins og við rekjum, að fari gegn 54. gr. EES og hún telur tvennt annað gera það að verkum að þessi aðgengisnefnd og seta rekstrarleyfishafa í henni fari gegn EES-réttinum.

Þar að auki er fjórða atriðið sem við rekjum í okkar nál. Í umsögn Samkeppnisstofnunar segir efnislega, herra forseti, að þar sem einungis sé gert ráð fyrir því að þeir sem starfa hjá heilbrigðisstofnunum sem gera samning við rekstrarleyfishafann fái þennan aðgang, þá feli þetta í sér það sem Samkeppnisstofnun kallar samkeppnishamlandi mismunun. Hún segir skýrt og skorinort að þetta leiði til þess að líkast til sé 54. gr. EES-*samningsins brotin*. Við segjum þess vegna, herra forseti, í okkar nál., til þess að reyna að mæta þessu og reyna að fjölga þeim vísindamönnum sem eiga að geta notfært sér grunninn, að nauðsynlegt sé að í lögunum komi

einnig fram sérstakt ákvæði sem segi að fyrir utan starfsmenn heilbrigðisstofnana njóti vísindamenn í faglegu samstarfi við viðkomandi stofnanir án þess að þeir séu starfsmenn þeirra sömu réttinda.

Ég geri mér hins vegar skýra grein fyrir því, herra forseti, að þarna er ég á gráu svæði. Þarna er mögulegt að við náum ekki nógu langt til þess að komast hjá því að brjóta gegn þessu ákvæði EES-réttarins. Þess vegna segjum við í nál. að það sé álitamál hvort þessi tillaga okkar gangi nógu langt. Hvað felst í því að það sé álitamál? Það felst auðvitað í því að það þurfi að rannsaka málið og skoða og það var eitt af því sem við vildum gera í nefndinni. Við fórum þess á leit að fulltrúar Samkeppnisstofnunar yrðu fengnir til þess að ræða þetta mál við okkur vegna þess að þeir höfðu sett fram ítarlegustar rökfærslur gegn hina upphaflega ákvæði. Því var einfaldlega hafnað. Það var látið nægja að fá Davíð Þór Björgvinsson prófessor, sem er einn höfunda álits Lagastofnunar, þó að það væri alveg ljóst að Lagastofnun hefði kannað málið út frá allt öðrum forsendum og þegar hún hafði komist að því út frá öðrum forsendum að viðkomandi greinar í frv. voru ekki tækar gagnvart EES-rétti, þá lagði hún einfaldlega til að það ákvæði færi út þannig að hún hafði aldrei kannað þessa röksemdafærslu. En því var hafnað af meiri hlutanum að leyfa okkur þetta.

Síðan hefur komið í ljós að vísindamenn telja að þetta sé ekki rétt aðferð og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur í fjarveru minni í dag reynt að berja þingmenn jafnaðarmanna og annarra með þessari skoðun sem hér kemur fram. Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa eðlilega orðið hissa á til að mynda mótbárum þeim sem koma fram t.d. í afstöðu Rannsóknaráðs Íslands. Ég tel eigi að síður að hér sé um að ræða aðferð sem gerir það að verkum að heilbrigðisstarfsmenn og þeir sem eru í samstarfi við þá hafi afar sterka stöðu til þess að komast inn í þennan grunn til að nota hann í vísindalegum tilgangi.

Ég bendi á að það er ekkert ákvæði um að rekstrarleyfishafi eigi að koma að því máli. Ég bendi í öðru lagi á það að með því að hafna fyrri tillögu sinni á þeim röksemdum sem við í minni hlutanum höfum fært fram, þá er meiri hlutinn líka búinn að viðurkenna það sem við höfum sagt, að seta rekstrarleyfishafans eða aðkoma að ákvörðunum um slíkt felur í sér brot á EES-réttinum. Þar með liggur það fyrir að ef þetta yrði að veruleika og stofnanir og vísindamenn sem hjá þeim sarfa hefja þessa samninga, þá er útilokað að rekstrarleyfishafinn geti beitt viðskiptahagsmunum sínum til þess að útiloka einn eða neinn. Um aðganginn verður einfaldlega að semja í þessum samningum sem fara fram á milli rekstrarleyfishafans og viðkomandi heilbrigðisstofnunar.

Mín skoðun var sú að með því að fara þessa leið yrði rekstrarleyfishafanum gert afar erfitt fyrir við að reisa strangar skorður gegn því að vísindamenn næðu að vinna í gegnum grunninn. Hvers vegna? Vegna þess að ef hann ætlaði sér að reyna að fara fram af einhvers konar offorsi í þessu máli þá hefði það einfaldlega leitt til þess að samningar um miðlun upplýsinganna hefðu ekki náðst og það var það sterka vopn sem ég taldi að með þessari leið væri verið að fara.

Ég vil að það komi alveg skýrt fram, herra forseti, að ég tel miklu minni líkur á því að tillagan í okkar búningi, sem er svolítið öðruvísi en sú brtt. sem liggur fyrir frá meiri hlutanum, brjóti í bága við íslenskar eða erlendar samkeppnisreglur og samkeppnislög. Þess vegna tel ég að t.d. umsögn Rannís sé byggð á vanþekkingu á þessu máli. Ég vek athygli á því að rökin sem þar koma fram eru engin. Þó að hv. þingmenn meiri hlutans hafi ekki tekið upp okkar tillögu eins og hún var nákvæmlega, þá er eigi að síður alveg ljóst að ég tel að þessi aðferð fari talsvert langt og kannski alla leið til að tryggja vísindamönnum aðgang. Þess vegna kemur mér ekkert við hvað þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa að öðru leyti sagt um þetta ákvæði. Ég er enn þessarar skoðunar og hef ekkert hvikað frá henni.

Ég vek hins vegar athygli á því, herra forseti, að við lögðum einnig fram hugmynd að annars konar leið. Við bentum á þann möguleika að hægt væri að byggja aðgengi vísindamanna á þeim hugmyndum sem rekstrarleyfishafinn hefur sjálfur sett fram um hvernig menn fá aðgang að þessum gagnagrunni. Hann hefur lýst því yfir að menn muni kaupa sér áskrift að grunninum og okkar hugmynd gekk út á það að ein áskrift af hálfu ríkisins yrði hluti af því endurgjaldi sem ríkið ætti að fá fyrir að leyfa afnot af þessum upplýsingum.

Ég var þeirrar skoðunar líka, eins og kemur fram í nál. okkar kollega míns, að hæstv. menntmrh. ætti að fara með þessa áskrift og að hann ætti að setja reglur sem mundu síðan stýra aðgangi vísindamanna að þessum grunni. Ég taldi að hann ætti að vera þarna fremur en hæstv. heilbrrh. vegna þess að það er hans skylda sem æðsta stjórnvalds vísinda í landinu að hafa hagsmuni vísindamanna að leiðarljósi. Jafnframt liggur það fyrir samkvæmt rökskýringunum fyrir þessu að ekki er hægt að hafa rekstrarleyfishafann með í ráðum. Hans viðskiptalegu hagsmunir mega ekki ráða aðgangi íslenskra vísindamanna að grunninum. Ég hefði talið að þetta væri betri aðkoma að málinu og betri lausn. En hv. þingmenn meiri hlutans kusu að fara aðra leið en þá sem við hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir lögum upp með. Það verða þeir auðvitað að gera upp við sig. En mér þykir miður, herra forseti, þegar ég hef dregið hv. meiri hluta að landi í þessu máli, fundið fyrir þau leið sem þau gátu ekki fundið sjálf, leið sem kann að vísu að vera á einhvers konar gráu svæði en er líklega tífalt betri en þeirra eigin leið, þá skuli þeir að mér fjarstöddum núa félögum mínum um nasir tillögu sem við hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir höfum varpað fram. Ég geri enga kröfu til þess að einhverjir aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar fylgi mér í þessu máli. En ég geri hins vegar þá kröfu til hv. þingmanna stjórnarliðsins að þeir a.m.k. beini ræðum sínum um þetta tiltekna mál til okkar sem erum höfundar tillagnanna en lemji ekki aðra sem eiga af þeim hvorki heiður né skömm. En það er eins og annað í málflutningi þessara hv. þm. að málstaður þeirra er svo slæmur að þeir nota hvern skækil sem þeir finna til þess að hanga á.

Herra forseti. Ég gæti auðvitað farið nokkrum orðum um rök mín gegn einkaréttinum. Ég veit að hæstv. forseta mundi þykja gaman að hlýða á þau. Sér í lagi er ég viss um að hæstv. forseta mundi hugnast það vel að heyra mig lesa upp fjölmargar reglur EES-réttarins sem alveg ljóst er að þetta frv. brýtur í bága við. Hv. þm. Ögmundur Jónasson mundi gleðjast líka því að hann hefur lýst því yfir að hvað sem honum finnst um EES, sem hann telur versta hlut sem hent hefur íslenska þjóð, eigi menn eigi að síður að fara að reglum. Þannig hef ég skilið hv. þm.

Ég vil hins vegar, herra forseti, rifja aðeins upp að ekki er langt síðan Páll Kr. Pálsson verkfræðingur skrifaði grein í Morgunblaðið. Mig minnir að það hafi verið 5. desember. Hann nefndi hana „Að skjóta sig í fótinn". Hver er Páll Kr. Pálsson? Hann er hvorki meira né minna en nýjasti spútnik-

inn á sviði nýsköpunargreina á Íslandi. Maður skyldi ætla að maður sem hv. stjórnarmeirihluti hefur falið það vandasama hlutverk að stýra fjárveitingum frá ríkinu til stuðnings í formi lána, nýrra greina á Íslandi, hefði svolítið vit á því sem hann er að segja. Í þessari grein, þar sem hann er að *fjalla um réttmæti þess að veita einu fyrirtæki sérleyfi til* uppbyggingar á gagnagrunns- og heilsufarsupplýsingum, er niðurstaða Páls sú, með leyfi forseta:

„... hefting samkeppni með sérleyfi eða einkarétti yrði slæm niðurstaða bæði fyrir markaðinn og fyrirtækið sjálft."

Þetta er alveg laukrétt, herra forseti. Af hverju stafar þetta? Þetta stafar af því að einkarétturinn er í fyrsta lagi úreltur, einokun er úrelt. Menn eru alls staðar að hverfa frá einokun nema að vísu þessi ríkisstjórn sem tekur hana upp á hverju sviðinu á fætur öðru. En við vitum að þar sem samkeppnin gildir verður afraksturinn alltaf meiri, ekki bara í krónum og aurum talið heldur líka hinn vísindalegi afrakstur. Vísindin eru nefnilega alveg eins og viðskiptin að drifhvati þeirra í dag, sér í lagi raunvísinda, er samkeppni. Það vill svo til að með vissum hætti er þetta staðfest í annarri grein sem enginn annar en Jón G. Bergs, forstjóri þróunarsjóðs Íslenskrar erfðagreiningar skrifar til þess að svara forstjóra Nýsköpunarsjóðsins, enda heitir hún „Voðaskot forstjórans". Það er forstjóri þróunarsjóðs Íslenskrar erfðagreiningar að velta fyrir sér hvernig einkarétturinn á þessu sviði fúnkeri. Hann segir, með leyfi forseta:

„Síðan alþjóðlega samstarfsverkefninu „The Human Genome Project" var ýtt úr vör árið 1990, hafa tæplega 5% af genamengi mannsins verið raðgreind. Þrátt fyrir það er stefnt að því að ljúka verkinu árið 2005 og mun heildarkostnaður þessa verkefnis þá væntanlega nema yfir 700 milljörðum íslenskra króna.

Að auki etja fjölmörg einkafyrirtæki kappi við „The Human Genome Project" og hefur eitt þeirra lýst því yfir að það ætli sér að ljúka verkinu á næstu 12 mánuðum, en önnur innan 2--3 ára."

Hvað er þessi forstjóri þróunarsjóðs Íslenskrar erfðagreiningar að gera, herra forseti? Hann er án þess að gera sér grein fyrir því að lýsa því yfir að þar sem samkeppnin fær að ríkja verði framfarirnar miklu miklu örari. Upphaflega er það bara þetta Human Genome Project sem starfaði að því að kortleggja gen mannsins en út úr því klofnuðu vísindamenn og þeir drógu til sín fjármagn úr viðskiptageiranum og í staðinn fyrir að ljúka þessu innan átta ára komu menn sem sögðu: Við ljúkum þessu innan þriggja ára, og það komu fram aðrir menn sem sögðu: Við ljúkum þessu innan árs. Herra forseti. Það er ekkert sem sagt hefur verið í umræðunni sem undirstrikar eins nauðsyn samkeppninnar einmitt á sviði erfðagreinarinnar og þessi ágætu, spöku vísdómsorð þess manns sem gegnir titlinum forstjóri þróunarsjóðs Íslenskrar erfðagreiningar. Ekkert hefur í rauninni komið fram sem staðfestir eins vel nauðsyn þess að hrinda einkaréttinum.

Hv. þm. Pétur Blöndal sem hefur að vísu illu heilli og með vondum rökum, sem er ólíkt honum, stutt einkaréttinn hérna. Hann veit það jafn vel og ég að þegar samkeppnin ríkir sjá menn fleiri viðskiptatækifæri. Það fara færri viðskiptatækifæri forgörðum eins og stundum gerist þar sem einokunin ríkir vegna þess einfaldlega að menn hafa ekki áhuga á að nýta sér þau öll eða þeim yfirsést það. Samkeppnin keyrir þetta allt í botn og hún þrautnýtir möguleikana. Það gildir ekki bara á sviði viðskipta heldur vísindanna líka.

Ég ætla að sleppa hæstv. forseta við þá raun að þurfa að hlýða á talsvert af rökum um það hvernig þessi einkaréttur brýtur EES-reglurnar vegna þess að ég veit að hæstv. forseti er nýlega búinn að senda frá sér fína bók sem gefur til kynna að hann hafi ekki mikið álit á EES heldur og af því tilefni ætla ég ekki að eyðileggja fyrir honum kvöldið með því. En *mig langar hins vegar að drepa á eitt annað sem tengist því.*

Eitt af því sem við höfum ekki rætt í þessari umræðu er útboð. Ef einkaréttur er veittur tel ég að alveg ljóst að það verður að fara fram útboð. Lagastofnun kemst að annarri niðurstöðu, hálfvegis. Rökstuðningurinn er ansi slæmur, það eru rökveilur hjá Lagastofnun. Það sem hún segir til að styðja það að einkarétturinn, sem hún treystir sér þó ekki til að fullyrða að standist EES-reglur — en það sem hún segir að til þess að styðja að *hann kynni að gera það*, það stangast nefnilega á við þetta.

Lagastofnun segir í áliti sínu að til þess að hægt sé að verja einkarétt af hálfu íslenska ríkisins til eins fyrirtækis þurfi viðkomandi fyrirtæki að standast undanþágureglur sem er að finna í EES-réttindum og þar eru þrjár forsendur þar sem þarf að uppfylla. Bæði Samkeppnisstofnun og Lagastofnun fjölluðu einkum um eina. Hún fól í sér að þjónusta fyrirtækisins yrði að *uppfylla almenn efnahagsleg* skilyrði. Að *dómi* Lagastofnunar var þetta skilyrði uppfyllt með eftirfarandi hætti:

Íslenska ríkið átti að fá að hafa aðgang að heilsufarsupplýsingunum til þess að gera heilbrigðisskýrslur. Jafnframt átti íslenska ríkið að fá upplýsingakerfi inn á heilbrigðisstofnanir sínar sem kostuðu 2 milljarða kr. Þarna, sagði Lagastofnun, var um að ræða þjónustu sem hafði almenna efnahagslega þýðingu. Með öðrum orðum, Lagastofnun segir þarna: Ríkið er að fá þjónustu frá rekstrarleyfishafanum og Ríkiskaup, virt ríkisstofnun hér í bæ, bætir um betur og segir þjónustuna meiri en þetta vegna þess að ríkið er skv. 10. tölul. 3. gr. að fá eftir 12 ár heilan ókeypis gagnagrunn vegna þess að samkvæmt orðanna hljóðan í 10. tölul. 3. gr. frv. mun ríkið eftir 12 ár hafa ótímabundinn yfirráðarétt yfir gagnagrunninum og öllum þeim réttindum sem starfsleyfishafi hefur unnið sér í krafti samningslaga, laga um höfundarrétt, laga sem tengjast tilskipun um lögverndun gagnagrunna. Með öðrum orðum, hann fær þarna í hendur gríðarlega eign og hvað er sú eign mikils virði? Hún er varla minna virði en það kostar að koma grunninum upp. Og hvað kostar að koma grunninum upp? 19–20 milljarða? Með öðrum orðum, það er alveg ljóst, miðað við rök Lagastofnunar sem fela það í sér að fyrirtæki sem fær rekstrarleyfið uppfyllir skilyrði um almenna efnahagslega þýðingu vegna þess að ríkið fær þjónustu sem felst í upplýsingakerfum, sem felst í aðgangi að upplýsingum til þess að búa til heilbrigðisskýrslur og þar að auki fær ríkið gagnagrunn eftir 12 ár sem kostar 20 milljarða.

Hvað borgar ríkið fyrir þetta? Það borgar fyrir með einkaréttinum á þessum íslensku heilsufarsupplýsingum. Hvað eru þær metnar á mikið? Jafnvirði gagnagrunnsins, 18–20 milljarða. Með öðrum orðum, herra forseti, það eru að fara þarna fram kaup. Ríkið er að fá þjónustu og það er að greiða fyrir hana. Þá er alveg ljóst samkvæmt EES-réttinum að það verður skýlaust að fara fram útboð. En það á ekki að fara fram útboð. Gefum okkur þá, herra forseti, að meiri hlutinn komi hingað og haldi því fram að þetta sé rangt hjá mér vegna þess að ekki sé hægt að líta svo á að í þessu felist kaup. Meiri hlutinn getur komið, það er bara einn möguleiki annar. Ef ekki er um að ræða kaup, þá er um það að ræða að

ríkisstjórnin er að gefa fyrirtæki rekstrarleyfishafans fémæti sem felst í einkaréttindum að nýtingu heilsufarsupplýsinga og hvað eru verðmætin mikil? Að lágmarki hljóta þau að vera jafnmikil og kostar að búa til grunninn á 18–20 milljarða.

Herra forseti. Þá komum við að því að samkvæmt 61.–64. gr. EES-samningsins er um að ræða ólögmæta ríkisaðstoð þannig að Lagastofnun flækir þrjú horn í eigin neti. Innri rök byggingarinnar standast ekki. Það er alveg ljóst að ef það er rétt sem hún segir um að þetta uppfylli undanþágu EES-réttarins vegna þess að gagnagrunnurinn hafi almenna efnahagslega þýðingu hlýtur það að fela í sér að ríkið sé að fá þarna ákveðna þjónustu og sé að greiða fyrir þessa þjónustu með upplýsingunum og það liggur líka fyrir að verðmæti þessara upplýsinga eru 18–20 milljarðar. Og ef ríkið er ekki að borga fyrir upplýsingarnar heldur er að gefa þær er líka ljóst að um er að ræða ríkisaðstoð upp á 20 milljarða. Það er alveg sama hvernig við lítum á þetta. Þetta mál brýtur alls staðar í bága við EES-reglurnar. Það er þess vegna, herra forseti, m.a. sem þetta mál er ekki tækt til afgreiðslu.

Það liggur fyrir að hvernig sem kaupin gerast á eyri Alþingis á morgun er það ljóst að um þetta mál mun enginn friður verða. Það munu verða bullandi kærur vegna þess að samkeppnisaðilar innan lands og utan munu auðvitað leita réttar síns gagnvart þeim dómstólum sem eiga að dæma um mál af þessu tagi.

Ég hef rökstutt það hér og gæti farið í miklu ítarlegra máli yfir það hversu viðamikil brot er að finna á þessu frv. gagnvart EES-samningnum þannig að engin leið er að komast hjá því að draga þá ályktun að hér sé um að ræða frv. sem stenst ekki alþjóðlegar skuldbindingar og sem keppinautar tilvonandi rekstrarleyfishafa hafa ákveðna stöðu til þess að kæra málið. Þetta mun flækjast í málaferlum. Innan lands er búið að kveikja elda út um allt. Nú síðast gerðist það, herra forseti, að hv. þm. meiri hlutans koma fram af fádæma lítilsvirðingu við okkur sem höfum unnið málið með þeim í heilbr.- og trn. Út af fyrir sig held ég að það hafi verið dropinn sem fyllti mælinn, ekki bara innan þings heldur líka meðal þjóðarinnar, vegna þess að það dró tjöldin frá og sýndi hinn raunverulega vilja meiri hlutans í málinu. Það átti að keyra þetta mál í gegn hvað sem það kostar. Þó það kosti uppreisn í læknasamfélaginu, þó að það kosti dómsmál erlendis, þó að það kosti dómsmál innan lands.

Herra forseti. Það er sorglegt að sjá hvernig þetta mál, sem var ekki svo galið í upphafi, hefur farið í höndunum á hæstv. ríkisstjórn.

[23:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þyngra en tárum taki að hlusta á minn ágæta félaga, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, engjast í stólnum út af þessu máli sem fram að þessu hefur verið eitt af hans uppáhaldsmálum, þ.e. að auka möguleika íslenskra vísindamanna til þess að stunda störf sín. Á örfáum vikum hefur honum tekist að snúast gegn frv. sem hann hafði fyrr á árinu lýst nánast stuðningi við. Þess vegna er sorglegt að heyra hvernig ágætum vísindamanni eins og hv. þm. hefur tekist að snúa þessu máli í höndum sér og gera í huga sínum stórskaðlegt íslensku vísindasamfélagi.

Eins og hv. þm. og minni hlutinn hefur gert í þessum umræðum þegar inn í umræðuna var dregið fyrirtæki sem heitir Íslenskar hveraörverur, á þeirri forsendu að þar væri verið að veita eitthvert sérstakt einkaleyfi vegna þess að það tengdist Íslenskri erfðagreiningu. Þetta hefur leitt til þess að störf 10 vísindamanna sem þar hafa unnið í 10 ár eru í hættu og störf 20 annarra vísindamanna sem var meiningin að ráða til þessa fyrirtækis eru einnig fyrir bí vegna umræðu sem hefur farið á algerar villigötur í þinginu og er að skemma fyrir vísindasamfélaginu stórkostlega möguleika sem fram að þessu hafa verið raunverulegir. Það er virkilega sorglegt að vita til að þetta mál skuli hafa farið svo að í dag virðist sérleyfi sem þetta fyrirtæki átti að fá vera fyrir bí vegna málflutnings minni hlutans í þinginu. Ég spyr hv. þm.: Er það virkilega meining hv. þm. og minni hlutans að koma í veg fyrir að fyrirtæki af þessu tagi nái fótfestu hér á landi og að vísindamenn sem starfa á þessum vettvangi geti sinnt störfum sínum?

[23:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur legið fyrir frá upphafi að ég hef ekki getað sætt mig við tvo meginþætti þessa frv. Það er annars vegar einkarétturinn og hins vegar hvernig fara á með aðgengi vísindamanna. Ég hygg að ég sé sjálfur a.m.k. stjúpfaðir þeirrar brtt. meiri hlutans sem lögð er fram um aðgengi vísindamanna að grunninum. Ef hv. þm. hefur skilningarvitin í lagi eins og hann hefur hingað til haft þá hlýtur hann að hafa fylgst með þeim parti ræðu minnar sem laut einmitt að því. Ég hlýt að rifja það upp fyrir hv. þm. hvað það var sem ég var að segja hérna áðan.

Ég eyddi löngu máli einmitt í að rökstyðja það að ég teldi að ég hefði haft rétt fyrir mér um aðgengi vísindamanna. Mín tillaga sem nú er, að vísu ekki að öllu leyti en að hluta til, þ.e. obbinn af henni, orðin að tillögu meiri hlutans, er miklu betri en upphafleg tillaga meiri hlutans þó ég hafi að vísu haft aðra tillögu sem var enn betri. Ég sagði líka að ég teldi að Rannsóknarráð Íslands hefði rangt fyrir sér í þessu máli. Þannig að ekki er um það að ræða að ég sé nokkuð að hlaupast frá þeim hugmyndum mínum. Það er hins vegar algjörlega ljóst að ég er alfarið á móti einkaréttinum. Ég las upp úr grein starfsmanns Íslenskrar erfðagreiningar sem ég tel að hafi verið bestu rökin fyrir því hvers vegna ekki eigi að leyfa einkaréttinn.

Ég tel að hið sama gildi um þetta og hitt fyrirtækið sem hv. þm. nefnir hér til sögunnar, Íslenskar hveraörverur. Einkaréttur getur einungis hjálpað í afar skamman tíma en að lokum leiðir hann til stöðnunar, fyrir utan það að hann lokar á ósanngjarnan og ólíðandi hátt leiðinni fyrir öðrum vísindamönnum hjá öðrum fyrirtækjum eða öðrum rannsóknarstofnunum. Út á þetta gengur afstaða mín í þessum efnum. Afstaða mín til þessa frv. hefur því í sjálfu sér ekki breyst né heldur til einkaréttar almennt. Ég er á móti honum eins og hv. þm. var þegar hann var í prófkjöri fyrir nokkrum vikum. En tímarnir eru greinilega breyttir síðan.

[23:33]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Málflutningur hv. þm. segir mér að allt sem hann hefur sagt um þetta mál núna í kvöld er í rauninni ekki það sem beinlínis skiptir máli. Það er verið að hártoga um alls konar dulkóðanir, leynd, aðgang vísindamanna, eftirlit o.s.frv. Við vitum og höfum allan tímann verið sammála um að það yrði í höndum nefnda, tölvunefndar, siðanefndar og annarra, sem fram að þessu hafa í sjálfu sér verið trausts verðar og eru það enn þá.

Ég er að segja að sá málflutningur sem minni hlutinn hefur haft hér uppi er að stórskaða íslenskt vísindasamfélag og er að gera það með því að færa vísindastörf frá Íslenskum

hveraörverum til Bandaríkjanna. Það er nánast verið að gera það. Vísindamenn sem hafa starfað þarna í tíu ár eru að missa störf sín vegna þess að sérleyfi sem þeir báðu um verður ekki veitt vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram. Það er verið að skemma fyrir íslenskum vísindamönnum, því miður. Ég spyr hv. þm. hvort það sé virkilega meiningin með þessari villandi umræðu sem fer hér fram að eyðileggja eins og gert hefur verið fyrir vísindasamfélagi og vísindafólki sem svo sannarlega hefur unnið fyrir sínum launum. Og ég ætla að spyrja hv. þm. hvort hann sé ekki sammála því að hagnýtar rannsóknir á hveraörverum eigi frekar heima á Íslandi og þá meina ég hveraörverum úr íslenskum hverum, hvort þær eigi ekki frekar heima á Íslandi heldur en í Bandaríkjunum. Er ekki í sjálfu sér leyfilegt í hans huga að veita sérleyfi til þess að vinna slík vísindastörf hér frekar en í Bandaríkjunum? Vill hv. þm. það frekar?

[23:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að sem betur fer hafi engum íslenskum ráðherra komið til hugar að veita sérleyfi til þess að vinna íslenskar hveraörverur í Bandaríkjunum, enda eru þær ekki til í Bandaríkjunum því að þá væru þær ekki íslenskar. (**KPál:** Þær eru fluttar út, úr hverum.)

Ég gæti spurt hv. þm. nákvæmlega sömu spurningar um gagnagrunninn. Telur hv. þm. þá ekki líka að það sé ósæmilegt að veita erlendu fyrirtæki í rauninni sérleyfi til þess að vinna úr íslenskum heilsufarsupplýsingum?

Mergur málsins er sá, herra forseti, að ég er þeirrar skoðunar að einkarétturinn sé úreltur og sé ekki við hæfi. Af því að hv. þm. talar um að við séum með þessum hætti að vinna gegn rannsóknum þá bendi ég hv. þm. á umsögn Rannsóknarráðs Íslands sem mælir a.m.k. að einhverjum hluta fyrir munn rannsóknarsamfélagsins. Þeir eru á móti þessum gagnagrunni. Það hefur komið fram í umsögn þeirra. Þeir eru því væntanlega að hluta til sammála a.m.k. ýmsum öðrum í stjórnarandstöðunni þó að þeir séu ekki sammála mér um t.d. aðgengi vísindamanna.

Ég held líka að það væru hæg heimatökin fyrir hv. þm. í tengslum við það dæmi sem hann setur hér upp með Íslenskar hveraörverur að spyrja t.d. hvað Vinnuveitendasambandinu finnst um það. Það er eitt af þeim apparötum auk Rannsóknarráðs Íslands sem hefur mælt gegn þessum einkarétti. Það er auðvitað verið að tala um það, herra forseti, að leyfa þeim aðilum sem hafa verið á þessu sviði að halda áfram að rannsaka.

Varðandi Íslenskar hveraörverur var málið allt annars konar. Það átti í raun að meina mönnum og fyrirtækjum sem hafa verið í þessum rannsóknum sl. tíu ár að halda þeim áfram. Það átti að leyfa einu fyrirtæki að fá sérleyfi og það er skilgreint í reglum sem voru a.m.k. settar í drög 4. desember og skrifað undir þær af Finni Ingólfssyni og ráðuneytisstjóra hans að því er ég best veit. Þar er það skilgreint bókstaflega þannig að það hindri aðra í því að gera hagnýtar rannsóknir á íslenskum hveraörverum. Ég held að það ætti að vera nóg til þess að svara spurningum þessa hv. þm. sem eins og ég sagði áðan hefur alltaf verið á bandi samkeppninnar, fylgt þeim flokki, en er skyndilega orðinn annarrar skoðunar, skulum við segja.

[23:38]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson færði að því mjög ljós og skilmerkileg rök að frv. eins og það er núna gangi gegn EES-samkomulaginu sem hefur lagagildi hér á landi og verði þar með dæmt ólögmætt fyrr eða síðar nákvæmlega eins og kvótakerfið sem var lögleitt árið 1983 var dæmt ólögmætt af Hæstarétti Íslendinga. Hann er ekki einn um þessa skoðun. Þetta er skoðun sem hefur komið fram hjá Samkeppnisstofnun og þetta er skoðun sem kom fram hjá flestöllum þeim sem töluðu á fjölmennum fundi Lögmannafélags Íslands.

Mig langar til þess að spyrja hv. þm. að einu. Sé þetta rétt, gangi þetta svona fram, að ríkisstjórnin verði kölluð fyrir dómstóla til skiptist hér innan lands og erlendis og að dómur eða niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA falli á svipaðan hátt og hann hefur lýst að verða muni, hvernig metur hann þá áhættu sem ríkisstjórnin er þá að taka og ríkisstjórnarmeirihlutinn með afgreiðslu málsins nú vitandi að svo getur farið hvað varðar skaðabótakröfur þeirra sem hafa þá fest fé í fyrirtæki þessu á röngum forsendum og síðan eiga að upplifa það eftir tiltölulega skamman tíma að frv. af þessum toga sé dæmt óheimilt samkvæmt alþjóðasáttmálum sem við erum aðilar að og sem hafa lagagildi á Íslandi?

[23:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er auðvitað upp með mér að hv. þm. lítur á mig sem ígildi ríkisstjórnar í þessu máli og vísar hingað til mín spurningu sem hæstv. ríkisstjórn ætti auðvitað að svara. Ég tel að nokkur hætta sé á því að ríkisstjórnin baki sér þarna skaðabótaábyrgð með þessu. En ég bendi hins vegar á að það hefur legið ljóst fyrir í öllu málinu að allir aðilar þessa máls, þ.e. ríkisstjórnin og væntanlegur rekstrarleyfishafi, eru að taka áhættu. Það liggur fyrir í áliti Lagastofnunar að þetta kynni að geta samrýmst EES-reglum. En jafnvel Lagastofnun bendir á að með þessu sé tekin nokkur áhætta. Samkeppnisstofnun tekur af öll tvímæli um það að hennar skoðun er sú að þetta brjóti margvíslega í bága við EES-reglur.

Hér hafa margir stjórnarandstæðingar líka rætt málið á þessum grundvelli og ég man ekki betur en einn hv. þm. stjórnarliðsins, Einar Oddur Kristjánsson. Ég hugsa því að þegar dómsmálin hefjast og þeir sem hafa fest fé í þessu fyrirtæki fara að leita á ríkisstjórnina með skaðabætur, þá kunni e.t.v. að verða bent á að þeir hefðu betur mátt vita þetta í upphafi og hlusta á stjórnarandstöðuna heima sem bersýnilega þekkir þessi mál miklu betur en stjórnarliðið.

[23:41]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki að ástæðulausu að ég taldi nauðsynlegt að fá fram frá hv. þm. þessa skoðun hans. Það vill nefnilega svo til að kosningar eru í maí á næsta vori og að loknum þeim kosningum má alveg eins gera ráð fyrir því að nýir menn setjist í ráðherrastólana og þá er ekki verra að hv. þm. sé búinn að lýsa þessari skoðun sinni ef það skyldi koma til að hann þyrfti að verja almannahagsmuni í þessu máli að dómum felldum.

[23:43]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur staðið þingfundur frá því kl. hálftvö í dag þar sem fjallað hefur verið um eitt mál. Stjórnarandstaðan á þingi setti fram þá ósk að málinu yrði frestað þannig að tóm gæfist til að taka það til umfjöllunar í heilbrn. Alþingis og gefa þeim aðilum sem vildu gefa umsögn og höfðu óskað að gefa umsögn um þær breytingar sem meiri

hlutinn ætlar að gera á þessu frv. færi á því. Þessari ósk minni hlutans var neitað. Síðan hefur umræða staðið sleitulaust um þetta mál.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvernig hann sér fyrir sér þinghaldið í nótt og næstu daga. Um þinghaldið hefur ekki náðst neitt samkomulag þrátt fyrir ítrekaðan vilja stjórnarandstöðunnar til að ræða þau efni. Um það hafði hins vegar verið rætt að þingfundi lyki um miðnættið og þráðurinn tekinn upp að nýju á morgun. Menn höfðu ekki náð samkomulagi um slíkt, engir samningar höfðu verið gerðir um slíkt, en um það hafði verið rætt. Nú vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvað hann hyggst fyrir um stjórn fundarins næstu klukkutímana.

Mér finnst eðlilegt að fundi verði nú slitið og þráður tekinn upp að nýju á morgun þannig að umræða um þetta mikilvæga mál geti farið eðlilega fram. Þetta eru ekki eðlileg vinnubrögð og Alþingi Íslendinga ekki til sóma. Ég óska eftir svari frá hæstv. forsrh. um þetta efni. (**Gripið fram í:** Forseta.) Forseta. Ég mismælti mig. En það er kannski engin stór tilviljun. (**Gripið fram í:** Voru þetta nokkuð mismæli?)

[23:44]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir þær óskir hv. þm. Ögmundar Jónassonar, formanns þingflokks óháðra, fyrir hönd míns þingflokks að ég óska eftir því að þessum fundi verði nú slitið. Það eru engin rök fyrir því að halda honum áfram. Mjög margir eru á mælendaskrá og augljóst að það hefur ekkert upp á sig að halda áfram inn í nóttina. Það leysir engan vanda. Það væri langskynsamlegast að taka núna hlé á þessum fundi þannig að það verði þá hægt að skoða hlutina betur í fyrramálið.

Ég bendi líka á það, herra forseti, að nokkrar nefndir eru á fundum í fyrramálið. Ég veit að hv. efh.- og viðskn. hefur verið boðuð á fund í fyrramálið til þess að afgreiða nokkur skattafrv. þannig að bersýnilegt er að nefndirnar eru á fundum enn þá þó að nefndavikunni og nefndadögunum sé lokið sem er nú kapítuli út af fyrir sig og sýnir vel stjórnleysið í þessari stofnun.

Síðan vill þannig til að til stóð samkvæmt starfsáætlun Alþingis að þinghaldi lyki á laugardaginn kemur, fyrir hátíðarnar. Samkvæmt lista sem ég hef nýlega séð og farið yfir eru ein 30 mál eftir sem þarf að ljúka fyrir laugardagskvöld ef það á að ljúka öllum málum fyrir hátíðarnar eins og hæstv. ríkisstjórn ætlast til. Það er því augljóst að nauðsynlegt er að fara núna strax í viðræður um þinghaldið. Og ef hæstv. forseti treystir sér ekki til þess að slíta fundinum nú þegar, sem ég teldi langskynsamlegast, þá fer ég fram á það sem varakröfu að settur verði hér á fundur með forustumönnum þingflokka og þingsins um skipulag þinghaldsins næstu daga því að það stefnir í fullkomið óefni.

Vandinn í kvöld hefur aðallega verið málþóf stjórnarsinna. Tveir fulltrúar Sjálfstfl. í heilbrn. hafa tekið á annan klukkutíma hvor þannig að um það bil helmingurinn af þeim tíma sem farið hefur í umræðu um gagnagrunnsmálið hefur farið í málþóf stjórnarsinna. Því er ekki við okkur að sakast þó hlutirnir hafi tekið einhvern tíma eins og þróun mála hefur verið. Ég skora því á hæstv. forseta að slíta núna þessum fundi þannig að hægt sé að snúa sér að öðru.

[23:46]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir þessar ábendingar félaga minna. Það er orðið kvöldsett, farið er að nálgast miðnætti. Við byrjuðum á fundum kl. 8.15 í morgun. Þetta er búinn að vera þéttur dagur. Ég get nefnt sem dæmi að þingflokkur jafnaðarmanna fundaði í hádeginu því ekki hefur verið auðvelt að herja út aukatíma í þinginu fyrir aðra fundi en þingfundi.

Við höfðum uppi nokkrar deilur í dag einmitt vegna þess að ekkert samkomulag hefur verið gert um þinghaldið þrátt fyrir að fjórir dagar séu eftir af áætluðum þingtíma. Það hefur ekki borðið árangur. Nú er komið miðnætti og það liggur ekkert fyrir eins og komið hefur fram hjá þingflokksformönnum óháðra og Alþb.

Ég ætla að minna hæstv. forseta á vinnutímaregluna sem Alþingi hefur lögfest. Það var félmrh. sem bar þá tillögu upp á þingi og hún var samþykkt fyrir rúmu ári síðan. Þar segir að allir eigi að eiga 11 stunda hlé, og hér var kallað fram í áðan að fundur í efh.- og viðskn. ætti ekki að byrja fyrr en klukkan 10 í fyrramálið. Það eru samt bara 10 tímar, herra forseti. En það eru aðrar nefndir sem eiga að byrja kl. 8. Og þó að menn brosi í kampinn og finnist að þetta sé óviðeigandi, þá er það einu sinni svo að ef Alþingi hefur sett lög sem það ætlast til að almenningur lúti, þá er það minnsta sem hægt er að krefjast af okkur sjálfum að við virðum þau lög. Þess vegna fer vel á því, herra forseti, að við ljúkum þessum fundi núna um miðnættið vegna þess að nóg er komið í dag.

[23:48]

Kristín Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta fer nú að verða spurning um vinnulöggjöfina og hvíldartíma manna ef svona verður haldið áfram nema öðru máli gegni um þingmenn, þeir séu ekki merkilegri persónur en það að þeir geti setið og staðið fram á nótt og rætt málin, jafnvel kvöld eftir kvöld og nótt eftir nótt.

Ég minnist þess þegar það mál sem hér hefur verið til umræðu í allan dag var til 2. umr. var einmitt um þetta leyti verið að spyrjast fyrir um hvenær fundi ætti að ljúka og þá sagði sá forseti sem sat í forsetastóli að ekki væri meiningin að fara djúpt inn í nóttina og það var endurtekið, þetta orðalag að ekki ætti að fara djúpt inn í nóttina. Það reyndist verða svo djúpt að kominn var morgunn þegar þeim fundi lauk þannig að ég held að við ættum að taka okkur saman og reyna að komast að einhverju samkomulagi þó að ekkert samkomulag sé um þinghaldið eins og hér hefur margsinnis komið fram. Það væri alltént hægt að gera samkomulag um lok þess fundar sem nú stendur. Þess vegna vil ég eindregið taka undir þær óskir sem hér hafa komið fram að fundinum verði lokið nú í kvöld þar sem mjög margir eru á mælendaskrá og augljóst að ekki er hægt að ljúka þessari umræðu núna og að við munum taka til við að ræða málið aftur á venjulegum fundartíma á morgun.

[23:50]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Eins og hér hefur komið fram var haldinn fundur með formönnum þingflokka og forseta fyrr í kvöld. Ekki náðist samkomulag á þeim fundi en forseti leyfir sér að vona að viðræðum hafi þar með ekki verið slitið og að frekari viðræður eigi sér stað um málsmeðferð og þinghaldið. En á þessu stigi verður ekkert fullyrt um það hvenær fundi lýkur í kvöld.

[23:51]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa mjög miklum vonbrigðum yfir þessari ákvörðun stjórnar þingsins og mér finnst algerlega óaðgengilegt að við fáum ekki upplýsingar um það á þessari stundu hvenær þingfundi muni ljúka í kvöld eða nótt. Það er ljóst að hér er löng mælendaskrá og menn þurfa að skipuleggja tíma sinn að sjálfsögðu.

Einu vil ég koma á framfæri við hæstv. forseta. Mér finnst algerlega ótækt að halda þeirri viðræðu áfram nema hæstv. heilbrrh. verði viðstödd í þingsalnum og ég spyr hvort hæstv. ráðherra sé hér í húsi. Mér finnst reyndar ótækt að þessari umræðu verði haldið áfram nema hæstv. forsrh. verði til staðar það sem eftir er umræðunnar. Ýmsum spurningum hefur verið beint til hæstv. forsrh. og mér finnst óaðgengilegt annað en hann sé í salnum. Ef á að beita þingið ofbeldi eins og gerst hefur í dag þá skulum við halda þessari umræðu áfram en þá skulum við gera það fyrir fullu húsi.

[23:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er mjög erfitt að sætta sig við þessa afgreiðslu. Í dag höfum við rætt hátt á annan tíma um vinnubrögð heilbr.- og trn. sem kom fram af fullkomnu yfirlæti við minni hlutann í heilbr.- og trn., neitaði að kalla til fólk sem hafði óskað eftir að koma á fund nefndarinnar og hér hefur verið rætt um vinnubrögð og hvernig þau kalla á erfiðleika í samstarfi.

Við erum búin að vera hér að störfum síðan kl. 8 í morgun. Félmn. Alþingis afgreiddi í morgun og á fundi sínum í gær nokkur mikilvæg stjórnarfrv. sem félmrh. sótti mjög fast. Frv. sem mikil ástæða hefði verið til að taka umræðu um, t.d. frv. um flutning málaflokks fatlaðra og húsnæðismálafrv. sem hefði getað kallað á mikla umræðu um húsnæðismál sem feikilega mikill pólitískur ágreiningur er um.

Við afgreiddum þessi mál af því að við höfðum skilning á því að þau þyrftu að fá afgreiðslu og verða að lögum fyrir áramót. Hvað kemur það okkur til góða? Hvaða vinnubrögð eru það sem við erum að viðhafa og hvaða endurgjald upplifum við? Ekkert. Ef það á að vera þannig núna að halda eigi hér áfram frá miðnætti eins og ekkert hafi í skorist þó að mörg okkar séu búin að vera að störfum í 16 klukkutíma, þá er þetta fullkomin óbilgirni og ekki bara óbilgirni heldur hroki og yfirlæti.

Hvernig má það vera að við hlustum á það að þýðingarmikið sé að ljúka umfjöllun um mál, sýna lipurð og afgreiða mál eftir skamma umfjöllun í nefnd, eins og gert var í morgun, ef eftir miðnætti á sama kvöldi er sagt: Haldið þið bara áfram eins og ekkert hafi í skorist.

Herra forseti. Við getum ekki sæst á þetta. Það var nefnt hér áðan að ef ekki ætti að verða við þeim óskum að ljúka þessum fundi þá gerum við kröfu um að fundur verði með formönnum þingflokka til að reyna að komast að einhverri niðurstöðu. Þessi vinnubrögð eru algerlega óásættanleg. Við föllumst ekki á að hér sé haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist.

[23:55]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hvað er eiginlega hér á ferðinni? Hverjir stjórna þessu þingi? Hvað er hér um að vera? Hvaða máttarvöld eru það sem taka um það ákvörðun að engu máli skipti fyrir þing eða þjóð hvenær og hvernig fjárlög eru afgreidd? Fjárlög íslenska ríkisins, 140 milljarðar á næsta ári, fullkomið smáatriði. Hvaða máttarvöld eru það í þessari stofnun sem taka um það ákvörðun að ekki megi ræða um sjávarútvegsmál, kvótadóm Hæstaréttar? Gagnagrunnur, miðlægur gagnagrunnur með heilbrigðisupplýsingum sé aðalmálið.

Hvaða nauður rekur Alþingi til að halda áfram næturfundum nótt eftir nótt, sólarhring eftir sólarhring til að knýja fram mál sem ekkert liggur á að ljúka? Það eru engin rök fyrir því að ljúka verði þessu máli.

Greinilegt er að hér er eitthvað á ferðinni sem dálítið erfitt er að átta sig á en væri fróðlegt að stjórnarliðarnir reyndu að gera grein fyrir, ekki síst þegar það gerist að í kvöld var vissulega staðfest að ekkert samkomulag yrði um þinghaldið næstu sólarhringa. Gefið var í skyn við okkur formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar að látið yrði staðar numið um miðnættið, en þá gerðist það að allt í einu kom í þinghúsið ósýnileg hönd og sagði: Hingað og ekki lengra. Einhver yfirforseti birtist einhvers staðar meðfram veggjum og í skúmaskotum þinghússins (**Gripið fram í:** Var hann svarthærður?) og sló á puttana á forustu þingsins — eða hvað? (**Gripið fram í:** Hann er farinn að grána.) Hverju getum við sem höldum uppi verkum fyrir stjórnarandstöðuna treyst þegar svona er að hlutum staðið?

Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að ef það er svo að hæstv. forsrh. landsins stjórni þinginu, þá mótmæli ég því. Ég skora á forsetana að láta hann vita það að hann ræður ekki, heldur eru það forsetar þingsins. Ég skora á menn að sýna það einu sinni á þessu kjörtímabili að forsetarnir ráði þinginu, hinir kjörnu forsetar sem voru kosnir með atkvæðum okkar allra sl. haust. Ég skora á þá að sýna það að forsrh. landsins er ekki kjörinn til að stjórna Alþingi Íslendinga, það liggur ekki þannig. Við skulum ekki láta niðurlægja þingræðið nótt eftir nótt, dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð á þann hátt sem mér sýnist nú vera að gerast. Við skulum ekki láta það gerast, herra forseti.

Það er lágmarkskrafa að forsetarnir hlusti á þá ósk stjórnarandstöðunnar núna að gert verði hlé á þessum fundi til að menn tali saman, til að kanna a.m.k. hver það er sem ræður.

[23:58]

Kristín Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það vill nú svo til að ég hafði ekki beðið um orðið en ég að sjálfsögðu tek það úr því að mér var boðið það. Sennilega hefur hæstv. forseti gert ráð fyrir því að ég mundi tala eins og aðrir þingflokksformenn stjórnarandstöðunnar og mundi tala aftur. Ég get ekkert annað en tekið undir þeirra orð. Enn fremur verð ég að segja að mjög alvarlegar ásakanir komu fram í máli hv. síðasta ræðumanns og ég bara trúi því ekki það sé svo, sem hann gaf í skyn, að hæstv. forsrh. sé farinn að stjórna þinginu. Ég ber að sjálfsögðu fullkomið traust til hæstv. forseta, bæði þess sem hér situr og annarra, að þeir láti ekki forsrh. landsins stjórna þinginu. Auðvitað stjórna forsetar þinginu.

(**Forseti** (RA): Forseti biður hv. þm. afsökunar á að hafa gefið henni orðið án þess að hafa beðið um það, en ástæðan var einfaldlega sú að forseti gat ekki svo auðveldlega greint öll þessi mörgu bönk sem komu áðan og gaf þar af leiðandi orðið þeim sem töluðu í fyrra sinnið í sömu röð og þeir töluðu. En hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir mun ótvírætt hafa beðið um orðið.)

[00:00]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er hárrétt, ég bað um orðið. Ég gerði það til þess að mótmæla þeim úrskurði forseta að hér yrði haldið áfram. Ég mætti til fundar ásamt öðrum í hv. félmn. kl. 8.15 í morgun. Síðan eru liðnir rétt tæpir 16 tímar. Það sama átti sér stað í gær. Þá vorum við eins og fleiri nefndir á fundum lengi dags. Auðvitað er ekki hægt að halda svona áfram. Ég spyr eins og aðrir: Hvaða nauðung rekur þingið til þess að halda svo stíft áfram með þetta mál? Ég fæ ekki betur séð en allgóður tími sé til stefnu þó ætlun meiri hlutans sé að afgreiða gagnagrunnsmálið fyrir áramót þó engin þörf sé á því. Það má alveg eins bíða fram í febrúar eða mars og veitti reyndar ekki af til þess að kanna málið betur. Það er nægur tími til stefnu og tími til kominn að Alþingi sýni almennileg vinnubrögð í desember í stað þess að þetta endurtaki sig ár eftir ár í spennu og látum, að mál séu ekki unnin almennilega. Ég tek undir það að nú verði í það minnsta gert hlé þannig að þingflokksformenn geri rætt saman og komist að samkomulagi um að við slítum nú fundi og höldum þessari umræðu áfram á morgun. Það er lágmarkskrafa.

[00:02]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð annarra þingmanna og mótmæla þessum vinnubrögðum. Mig langar að rifja upp hvað gerðist fyrr í dag. Þá var rætt um kröfu okkar stjórnarandstæðinga um fundarhlé þannig að formenn þingflokka gætu rætt saman um þinghaldið. Það var reyndar gert en þá komu í ræðustól bæði formaður þingflokks sjálfstæðismanna, hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir og hv. varaformaður þingflokks Framsfl., Ólafur Örn Haraldsson, og sögðust ekki skorast undan því að ræða um þinghaldið. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir mótmælti því að gert yrði fundarhlé.

Hér höfum við komið fram með þá ósk að fundi verði slitið. Það er eðlileg krafa. Hér eru brotin vinnutímalög og við getum fært fyrir því fjölmörg rök.

Við höfum líka óskað eftir því að formenn þingflokka verði kallaðir saman með forseta til að ræða þessa stöðu. Það er ósköp eðlilegt að orðið verði við því hvort sem þingfundi verður frestað meðan á þeim fundi stendur eða ekki. Það er hins vegar ljóst að forseti þingsins ræður ekki málum hér. Það er hæstv. forsrh. sem hefur gefið fyrirmælin: Látum þá tala í alla nótt. Þetta vita allir þingmenn hér inni. Þannig var það. Það stefndi a.m.k. í óskrifað samkomulag um hvernig störfum yrði hagað hér þar til forsrh. kom og vatt ofan af því og ætlar að láta okkur tala í alla nótt. Hæstv. forsrh. er farinn að stjórna þessu þingi. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir nefndi hér að hún hefði fullt traust á forsetum þingsins. Það traust er farið að bila í mínum huga.

Við skulum átta okkur á því að þetta snýst um þingið, þingstörfin og hver stjórni þinginu. Við getum verið í ágreiningi, þingflokkar stjórnar og stjórnarandstöðu. Það er ekkert að því. En það eru forsetar þingsins og þingflokksformenn sem stjórna þingstörfum, ekki forsrh.

[00:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér hefur verið varpað fyrirspurnum til forseta um það hver stjórni ferðinni þegar ákveðið er að halda áfram. Það hafa ekki komið nein svör, herra forseti. Ég óska eftir að fá svör við því. Finnst hæstv. forseta þetta vera eðlileg vinnubrögð?

Við höfum rætt þetta þingmál dögum og nóttum saman. 2. umr. stóð yfir dag og nótt. Ótrúlegur yfirgangur hefur verið sýndur í meðferð málsins, annars vegar í nefndinni og hins vegar nú. Það hillti undir samkomulag, að við gætum lokið störfum á miðnætti. Þá koma skilaboðin frá forsrh. um að halda áfram og láta tala alla nóttina, nákvæmlega eins og gerðist sl. föstudag þegar skilaboð komu frá ríkisstjórnarfundinumum að keyra málið út úr nefndinni og leyfa ekki lýðræðisleg og eðlileg vinnubrögð í þinginu.

Ég mótmæli þessu, herra forseti. Mér finnst tími til kominn að við förum að ljúka þessari umræðu að sinni. Annað hefur ekkert upp á sig og væri til skammar. Það er hneisa að þingið skuli vera að vinna nótt og dag. (**KÁ:** Í myrkraverkum.) Já, þetta eru sannkölluð myrkraverk. Það er rétt hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur.

Ég spyr: Hvað er svona aðkallandi að keyra þurfi málið áfram á þennan hátt? Ég óska eftir svörum við því. Hvað er svona aðkallandi? Var eitthvað í samningum rekstrarleyfishafa væntanlegs og einhverra lyfjafyrirtækja sem kallar á að þetta verði klárað fyrir ákveðna dagsetningu? Því hefur heyrst fleygt og ég vil bara fá svör, herra forseti, ef eitthvað svoleiðis er uppi á teningnum. Ég get ekki séð að þetta mál sé það aðkallandi að vinna þurfi nótt og dag í þinginu og ræða þetta nótt og dag. Okkur ber að vinna eðlilegan vinnutíma og mér finnst ekki til sóma að sitja hér við þessar umræður fram undir morgun.

Ég óska eftir því að forseti svari þeim fyrirspurnum sem komið hafa fram um þetta mál. Ég fer fram á að við ljúkum þessari umræðu nú, frestum málinu þar til á morgun. Við vorum á fundum í morgun, höfum verið að vinna í allan dag og eigum að mæta í fyrramálið, mörg hver snemma.

[00:07]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Vegna orða hv. þm. sem seinast talaði vill forseti benda á að það er ekki í verkahring forseta að svara því hvað er aðkallandi að afgreiða í þinginu og hvað ekki. Því svara þingmenn sjálfir. Það er hvorki í verkahring forseta né forsn. að svara því. Hins vegar var ákveðið á forsætisnefndarfundi í gær að þetta mál skyldi vera á dagskrá þingsins í dag (**ÁRJ:** Það er kominn nýr dagur.) og haldinn yrði kvöldfundur sem jafnvel gæti staðið fram á nótt. Á honum átti að fjalla um þetta mál og helst að afgreiða ef mögulegt væri. Þetta var ákveðið um leið og dagskrá þessarar viku var sett upp á fundi í forsn. í gær. Í dag hefur það ósköp einfaldlega gerst að forsn. er að framfylgja þessu plani sínu. Hún setur þetta mál á dagskrá kl. hálftvö í dag. Fram hafa komið athugasemdir og ábendingar og æði margar ræður verið fluttar þar sem því hefur verið beint til forseta að málið verði skoðað nánar og stjórn og stjórnarandstaða ræði málsmeðferð og raunar þinghaldið allt.

Forsætisnefnd og forseti hafa beitt sér fyrir slíkum fundum. Fundur af þessu tagi var haldinn nú í kvöld. Forseti hefur hins vegar setið í forsetastól frá því að sá fundur hófst og hefur aðeins þá vitneskju að þar hafi ekki tekist samkomulag. Þar varð ekki samkomulag, hvorki um lok þessa fundar í kvöld né um málsmeðferðina á morgun. Það er það eina sem forseti veit um þetta mál. (**ÁRJ:** Eigum við ekki að gera hlé svo ... ?)

Forseti ítrekar að hann væntir þess fastlega að frekari fundir verði haldnir um þetta mál. Auðvitað er það eindregin ósk forseta að gott samkomulag geti tekist um hvernig á

þessum málum verði haldið. Fyrst um sinn og á meðan ekkert samkomulag liggur fyrir verður þessari umræðu haldið áfram í samræmi við það sem áður hafði verið ákveðið. Það verður þó ekki alveg strax því enn eiga tveir hv. þm. eftir að ræða um fundarstjórn forseta.

[00:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að ég sé áttundi maður á mælendaskrá. Þannig háttar til hjá mér að ég hef verið á fundum síðan í morgun og hólmalaust frá því um hádegi. Við héldum þingflokksfund í hádeginu og í eina fundarhléinu sem eftir það var var efh.- og viðskn. á fundum milli kl. sjö og hálfníu í kvöld. Nefndarfundir hefjast síðan aftur í fyrramálið. Þar á meðal í efh.- og viðskn.

Ég held að hæstv. forseti hljóti að skilja að auðvitað eru það ekki þægilegar aðstæður að fá svör eins og forseti veitir nú, að hann geti ekki upplýst þá menn sem aftarlega eru á mælendaskránni og ættu þá væntanlega að vaka í þrjá, fjóra, fimm eða sex klukkutíma eftir því að fá orðið, ef að líkum lætur. Þeir mundu þá þurfa að bíða þar til einhvern tíma undir morgun, kannski einum til tveimur klukkutímum áður en þeir ættu að mæta á nefndarfund. Verklag sem þetta gengur ekki upp. Þess vegna verð ég að segja að ef hæstv. forseti velur ekki þann kost sem ég hefði talið heppilegastan nú, að gera fundarhlé og meta stöðuna í málinu, þá er a.m.k. alveg óþolandi annað en einhverjar upplýsingar verði veittar um hvað til stendur með fundahaldið á næsta sólarhring, eða þeim sem nú er hafinn.

Ég tók reyndar eftir því að forseti hefur orðað þetta þannig að ekki sé hægt að segja til um hvernig þetta verði. Ég geri mér góða von um að með því sé forseti að gefa í skyn að ekki verði haldið áfram, alla vega ekki mjög lengi. Sá forseti sem hér situr á stóli er ákaflega reyndur svo ekki sé meira sagt, aldursforseti þingsins, og ætti að vera manna dómbærastur á hvað sé hyggilegt að gera. Ég hvet hæstv. forseta til þess að taka um það ákvörðun án þess að þvæla öðrum í það mál en sjálfum sér, reynslu sinni og mati á aðstæðum, hvað sé heppilegast að gera í stöðunni.

Það liggur í hlutarins eðli, herra forseti, að eins og andrúmsloftið er nú í þessu máli er eiginlega til bölvunar að halda umræðunum mikið lengur áfram. Það gerir bara illt verra. Það mun aðeins lengja hana en ekki stytta að menn muni í fullkomnu ósætti, illindum og leiðindum halda svona áfram. Það er bara til tjóns á allan hátt. Ég held því að það sé öllum fyrir bestu, bæði þeim sem vilja knýja þetta mál áfram svo gæfulegt sem það er og eins auðvitað okkur hinum sem viljum fá einhvern botn í hlutina að fresta þessu nú innan skamms.

Síðan vil ég að lokum, herra forseti, taka undir eitt sem hér hefur komið fram. Hin óvenjulega harka sem hér er sýnd af hálfu þeirra sem ráða ferðinni — kannski það ætti að vera í eintölu, herra forseti — vekur auðvitað tortryggni. Harkan vekur grun um að ekki sé allt með felldu, að ekki sé allt á hreinu með forsendur eða bakgrunn þessa máls. Við sem höfum verið hér einhver ár minnumst varla slíkrar hörku við að knýja fram áreiningsmál af þessu tagi. Fjárlögunum og öðrum stórmálum er bara ýtt til hliðar. Þau látin bíða og þetta eina mál haft á dagskrá sólarhringum saman. Það er satt best að segja mjög athyglisvert.

[00:14]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér til þess að taka undir þá ósk sem sett hefur verið fram af hálfu hv. þingflokksformanna þingflokka í stjórnarandstöðu um að taka 10–15 mínútna hlé. Ég tel mjög slæmt fyrir okkur að fá þau svör frá hæstv. forseta að hann geti í raun engar upplýsingar gefið um framhaldið. Ég held að það mundi greiða fyrir störfum ef menn settust niður í 10–15 mínútur til þess að ræða málin. Ég teldi það útlátalaust af hálfu virðulegs forseta að taka 10–15 mínútna hlé. Ég býðst til þess að skera mína ræðu niður, ég er næst á mælendaskrá. Ég ætla ekki að gefa upp hversu löng ræðan getur orðið en það er sjálfsagt að taka af henni 10–15 mínútur ef það mætti verða til þess að hér yrði þá samkomulag. Menn gætu a.m.k. náð samkomulagi um að vera ósammála um framhaldið þannig að forseti taki ákvörðun og geti gefið okkur upplýsingar um hvers við megum vænta.

Það er útilokað að sitja undir því að þeir hv. þm. sem verið hafa í ræðustól í dag og í kvöld, hvort sem það er til þess að ræða málið sem er á dagskrá eða um fundarstjórn forseta, séu að tefja málið og stjórnarandstaðan ætti að tala minna. Hér er mjög veigamikið mál á ferðinni. Það er eðlilegt að töluverðan tíma þurfi til að ræða það. Það er jafneðlilegt að við setjumst niður og ákveðum hvernig við ætlum að standa að þingstörfunum svo skynsamlegt geti talist.

[00:16]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Nú er að renna upp sú stund sem ég hef beðið eftir að við værum að nálgast, að komast djúpt inn í nóttina, eða það væri ekki langt í það samkvæmt skilgreiningu forsætisnefndar eins og það var túlkað fyrir nokkrum kvöldum. Ég hafði satt að segja vænst þess að ég gæti rætt þetta mál einhvern tíma að degi til og hef miðað við það að reyna að komast á mælendaskrá í þeirri von að einhvern tíma væri dagskíma eða venjulegur tími dags. En það er greinilegt að hér eru dularfullir kraftar í gangi í húsinu og af því að ég minntist á skilgreiningu forsn. um nóttina og hvenær færi að dýpka á nóttunni dettur manni í hug annað hugtak sem var umtalað fyrir nokkru og það var digurbarki eða „deep throat". Það skyldi ekki vera að eitthvað slíkt væri kominn upp í húsinu að það væri kominn „deep throat" í málið sem væri farinn að stjórna hér, jafnvel ráða yfir forsætum þingsins. Þetta er mjög sérkennilegt, virðulegur forseti, en það er sannarlega að renna upp sú stund þar sem sá sem hér talar væri alveg til með að taka sprett ef tími gæfist og ég vil a.m.k. óska eftir því við virðulegan forseta að ég verði settur á mælendaskrá.

[00:18]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Nú hafa 14 hv. þingmenn kvatt sér hljóðs um fundarstjórn forseta og sumir þeirra eru að biðja um orðið í þriðja sinn en ekki er heimilt samkvæmt þingsköpum að tala nema tvisvar.

Forseti verður fyrst og fremst að ítreka það sem hann hefur þegar sagt um málið að hann verður að vænta þess að leitað verði samkomulags um það hvernig haldið verður á þessu máli í kvöld og nótt og á morgun. Ef ekki hefur reynt nægilega vel á það hvet ég formenn þingflokka eindregið til þess að koma saman til fundar (**ÁRJ:** Með forseta, væntanlega.) hið fyrsta (**ÁRJ:** Með forseta.) og ég heyrði að hv. 5. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, sagði að hún gæti vel stytt ræðu sína þess vegna ef hlé væri gert til þess að liðka fyrir því að samkomulag gæti tekist. Forseti telur að eins

og á stendur verði auðvitað að freista þess að ná einhverju samkomulagi um þinghaldið þannig að hann gerir nú 15 mínútna hlé. Fundi verður þá fram haldið eftir 15 mínútur, kl. 12.35, og ósk forseta er að þingflokksformenn hitti hann í myndaherberginu þegar í stað.

[Fundarhlé. — 00:20]

[00:40]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti lætur þess getið að fundur hefur staðið yfir með forsetum og formönnum þingflokka. Þeim fundi er ekki lokið en vonandi fara niðurstöður bráðum að fást og því er ekki andmælt að fundur hefjist þá á ný.

[00:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forseta fyrir að verða við þeirri ósk að hér yrði gert hlé á þingfundum til þess að reyna að ná samningum. Ég vonast auðvitað til þess að það gerist á næstu mínútum því það er illverjanlegt að verið sé að ræða mál eins og þetta sem er eitt mikilvægasta mál sem hefur komið fyrir þingið þegar komið er fram á nótt og þingmenn hafa mjög takmarkaðan tíma til þess að leita upplýsinga um þau atriði sem hafa komið fram í ræðum hv. þingmanna í dag. Ég hefði gjarnan viljað hafa möguleika til þess að afla mér upplýsinga um ýmis atriði sem hafa komið fram. En við höfum til þess mjög takmarkaða möguleika þegar keyrt er áfram eins og hér hefur verið gert.

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það að vinnubrögðin við þetta mál, undirbúningurinn og vinnubrögðin sl. vor þegar málið var fyrst lagt fram og síðan nú á haustþingi, hafa verið alveg með ólíkindum. Það er mín skoðun að þingið hafi sett mjög niður við alla þessa málsmeðferð. Það er fáheyrt og ég minnist þess ekki — það getur svo sem vel verið að það hafi gerst í einhverjum tilvikum — að það hafi gerst áður að greidd hafi verið atkvæði um það hvort einstaklingar eða hópar sem hafa óskað eftir því að fá áheyrn hjá þingnefnd vegna máls sem þar er til umfjöllunar, og að því hafi verið hafnað af meiri hluta. Má vera að slíkt hafi gerst áður en engu að síður er það í algjörum undantekningartilvikum og ég minnist þess ekki að hafa séð slíkt í nefndaráliti áður eins og kemur fram í nefndaráliti minni hluta heilbr.- og trn. með þessu máli. Það er vítavert og mun alvarlegra en maður hefur séð vegna þess að hér er verið að ræða eitt stærsta mál sem þingið hefur fengið til umfjöllunar um mjög langan tíma, mál sem mikill ágreiningur er um í þjóðfélaginu, mál sem varðar hvern einasta þjóðfélagsþegn.

Hæstv. ráðherra hefur lagt töluvert upp úr því í máli sínu að um afgreiðslu þessa máls þurfi að nást sátt. Við höfðum ákveðnar vonir um að það mætti takast milli 2. og 3. umr. þar sem talsmenn meiri hluta ásamt hæstv. ráðherra lögðu áherslu á að leitast yrði við að koma með brtt. milli 2. og 3. umr. sem gæti myndast sátt um, a.m.k. innan vísindasamfélagsins. Það hefur ekki gerst. Það voru afgreiddar brtt. af hálfu meiri hlutans en um þær ríkir síður en svo nokkur sátt. Það verður að segja það alveg eins og er að ég varð dálítið hissa á málflutningi hér í dag þegar eina stofnunin má segja — það er e.t.v. ekki rétt að kalla það stofnun, en þó — Rannsóknarráð Íslands, sem hafði verið frekar jákvæð gagnvart þessu máli sendir inn núna, eftir brtt. sem hv. meiri hluti gerði á milli umræðna og hér hafa verið lagðar fram og voru afgreiddar út í ágreiningi úr heilbr.- og trn., erindi þar sem vísað er til umsagnar sem þeir áður höfðu sent inn og var frekar jákvæð, en hafa nú snúið við blaðinu miðað við þær brtt. sem fyrir liggja. Þeir segja í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Vísað er til umsagnar Rannsóknarráðs Íslands, dags. 1.11. 1998, um frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði og þeirra fyrirvara sem þar eru nefndir, og nefndarálita frá 2. umr. á Alþingi um málið. Einnig er vísað til samtala við formann og varaformann heilbrn. Alþingis. Rannsóknarráð Íslands vill árétta eftirfarandi:

Fram hefur komið í áliti Lagastofnunar háskólans og Samkeppnisstofnunar að ákvæði frv. um aðgengi íslenskra vísindamanna og stofnana að miðlægum gagnagrunni brjóti í bága við samkeppnislög og ákvæði EES-samnings. Meiri hluti heilbrn. Alþingis brást við þessum athugasemdum með því að takmarka enn frekar aðgengi vísindamanna að grunninum. Með þessu telur ráðið að forsendur álits Rannsóknarráðsins séu breyttar. Ráðið telur sem frjálsast aðgengi algera forsendu þess að miðlægur gagnagrunnur verði íslensku vísindastarfi til framdráttar og réttlæti gerð hans að uppfylltum skilyrðum um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga. Ráðið telur að ekki megi skerða þetta aðgengi frá því sem gert var ráð fyrir í frv.

Ef ekki reynist unnt að tryggja íslenskum vísindamönnum og stofnunum öruggan aðgang að hinum miðlæga gagnagrunni á þeim sérkjörum sem frv. gerði ráð fyrir [...] og án óeðlilegs íhlutunarvalds leyfishafa þá hefur almennt gildi hans fyrir framþróun vísinda á Íslandi rýrnað svo að ráðið mælir gegn samþykkt frv. og veitingu fyrirhugaðs sérleyfis."

Undir þetta rita Vilhjálmur Lúðvíksson og Þorsteinn I. Sigfússon.

Í máli hv. varaformanns heilbr.- og trn. kom fram að þarna gætti ákveðins misskilnings hjá þeim sem fjölluðu um þetta, þ.e. þeirra sem eiga sæti í Rannsóknarráði Íslands í dag. Það hefur einkennt svör hv. meiri hluta við allri þeirri gagnrýni sem fram hefur komið að um algeran misskilning sé að ræða. Sá mikli fjöldi sem hefur mótmælt þessu frv. og mótmælt því að Alþingi ætli afgreiða það með hraði þessa dagana, þ.e. að í engu tilviki hafi verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem þessir einstaklingar og hópar hafa sett fram, er allt saman afgreitt sem misskilningur. Við skulum aðeins, hv. þm., átta okkur á því hverjir það eru sem misskilja brtt. meiri hlutans.

Í Rannsóknarráði Íslands eiga sæti Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands, Vésteinn Ólason, prófessor við heimspekideild Háskóla Íslands, Þorsteinn Gunnarsson, rektor við Háskólann á Akureyri, Halldór Þorgeirsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Ólafur Ástvaldsson, Hafrannsóknastofnun, Þóranna Pálsdóttir, Veðurstofu Íslands, Rúnar Bachmann rafvirki, Pétur Reimarsson framkvæmdarstjóri, Jón Þ. Þórhallsson, Þorsteinn I. Sigfússon, prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands, og Baldur Hjaltason forstjóri.

Allt þetta fólk hefur að mati meiri hlutans misskilið þær brtt. sem fram voru settar og byggja niðurstöðu sína á að rangt sé að afgreiða þetta mál núna, byggja niðurstöðu sína á einhverjum allt öðrum forsendum en meiri hlutinn byggði brtt. á. En er það ekki umhugsunarvert þegar vísindamenn, sem eru frammámenn í okkar svokallaða vísindasamfélagi sem oft hefur verið nefnt í þessari umræðu, segja að ekki einungis sé frv. ótækt til afgreiðslu vegna þess að það hefti verulega aðgengi vísindamanna til rannsókna, heldur geti það haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir vísindasamfélagið og allt rannsóknastarf í framtíðinni. Þetta

heitir í afgreiðslu meiri hlutans misskilningur og það þurfi bara að afgreiða frv. og gefa mönnum smátíma til þess að átta sig á því eftir að það er orðið að lögum og þá munu allir sjá að þetta hafi verið mikið framfaraspor.

Fram hefur komið hjá talsmönnum meiri hlutans, m.a. hjá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur, að búið sé að ræða þetta mál í 30–40 klukkustundir og sé nú mál að linni, málið sé fullrætt og því megi það fara til afgreiðslu á næstu klukkustundum, ef ekki mínútum þess vegna. Að mati meiri hlutans sé búið að vinna það eins vel og unnt er. Þrátt fyrir að hafa eytt í þetta mál á milli 30 og 40 klukkustundum í ræðustól á Alþingi þá er það enn þá þannig að mörgum þeim spurningum sem varpað var fram við 1. umr., hvað þá ef teknar eru þær spurningar sem komu fram við 2. umr., er enn ósvarað. Og í sáralitlu hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga og gagnrýni sem hefur verið sett fram af hagsmunasamtökum sjúklinga, frá vísindamönnum og ýmsum stofnunum sem hafa komið og rætt við hv. heilbr.- og trn. fyrir 2. umr. þessa máls. Engu að síður er talað um það af hálfu hæstv. ráðherra að sátt þurfi að ríkja um málið og það hefur líka verið nefnt af talsmönnum meiri hlutans í hv. heilbr.- og trn.

Mjög hörð gagnrýni hefur komið fram á að réttur barna og annarra þeirra sem hafa takmarkaða möguleika til að taka ákvarðanir um hvort þeir vilji setja upplýsingar um sig inn í gagnagrunn eða ekki sé ekki á nokkurn hátt tryggður í frv. Því hefur í engu verið svarað af meiri hlutanum. Því hefur í engu verið svarað af meiri hlutanum hvort þeir sem hafa orðið fyrir því að upplýsingar hafa verið settar án vitundar og vilja inn í gagnagrunninn hafi möguleika á að taka þær út. Þvert á móti virðist svo vera að ef upplýsingar fari einu sinni inn eigi þær að vera þar um ókomna framtíð þrátt fyrir að einstaklingur sem í hlut á hafi mótmælt og vilji láta afmá það sem um hann er í gagnagrunni.

Við 2. umr. kom það fram þegar verið var að ræða um málefni barna og ungmenna að vísa mætti til sjálfræðislaga og það mætti gjarnan nota líka gagnvart þeim sem ættu t.d. við geðveilu að stríða. Í sjálfræðislögunum þar sem fjallað er um rannsóknaþátt er engin grein, ekkert ákvæði sem kveður á um hvernig brugðist skuli við nákvæmlega þessum atriðum þegar verið er að tala um rannsóknir á lífsýnum eða upplýsingum sem frá einstaklingum koma.

Mikið hefur verið talað um það af hálfu meiri hlutans og reyndar hæstv. ráðherra að þetta sé gert fyrst og fremst með hagsmuni heilbrigðisþjónustunnar í landinu í huga og þjóðin öll muni stórgræða á að frv. verði samþykkt. Það hefur hins vegar ekki farið neitt fyrir útskýringum meiri hlutans á því í hverju sá gróði nákvæmlega felst. Hvað er það nákvæmlega sem um er að ræða? Það hefur heldur ekki verið útskýrt nákvæmlega hver efnahagslegur ávinningur þjóðarinnar verður. Því hefur verið kastað fram að þarna sé um ákveðinn fjölda starfa að ræða og miklir möguleikar fyrir vísindasamfélagið og starfandi vísindamenn að fyrirtækið sem um er að ræða, Íslensk erfðagreining, fái þetta einkaleyfi því að þó að í frv. sé ákvæði þess efnis að leita skuli eftir fleiri aðilum, þá vitum við öll sem hér erum og reyndar þeir hv. þm. sem ekki eru í salnum en ættu kannski að vera það að verið er tala um eitt ákveðið fyrirtæki, Íslenska erfðagreiningu, sem er frumkvöðull í þessu máli og tók að sér m.a. að kynna málið fyrir nokkrum hv. þm. áður en það var lagt fram í vor.

Á það er bent að ef þetta fyrirtæki fái ekki að þróast með þeim hætti sem lagt er til í frv., þ.e. að taka að sér miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, þá muni fjöldi íslenskra vísindamanna ekki hafa atvinnu og leita út fyrir landsteinana.

Því er ekkert að leyna að komið hefur fram ákveðinn ótti hjá vísindamönnum — sem vissulega eru háttvirtir og sumir hverjir ekki síður en þeir sem okkur ber skylda til að ávarpa svo héðan úr ræðustól — þess efnis að þeir sem hafa gagnrýnt þetta mál mjög harkalega og ætla sér ekki að beita sér fyrir því að upplýsingar verði settar inn í þennan gagnagrunn, að aðgengi þeirra að rannsóknastarfsemi verði mjög takmarkað í náinni framtíð. Það læðist að manni sá grunur þegar hæstv. ráðherra og hv. varaformaður heilbr.- og trn. segja að samþykkja þurfi frv., gera það að lögum og gefa því ákveðinn aðlögunartíma þá muni allir koma með, að í raun og veru sé hugsunin sú að þeir vísindamenn og læknar sem hafa gagnrýnt frv. mjög harkalega, þeir læknar sem hafa lýst því yfir að upplýsingar um sjúklinga þeirra muni ekki fara inn í þennan gagnagrunn, muni á endanum gefast upp vegna þess að til verður þetta öfluga tæki, miðlægur gagnagrunnur, sem mun takmarka aðgengi þeirra sem ekki eru fullir þátttakendur og beita sér fyrir því að upplýsingar fari inn í gagnagrunninn, þá muni aðgengi þeirra verða takmarkað að gagnagrunninum.

Það álit hefur komið fram að möguleiki sé á því að einhvers konar áskrift ríkisins verði til að upplýsingum úr gagnagrunninum og það sé hluti af afgjaldi sem rekstrarleyfishafi á að greiða fyrir notkun á grunninum eða fá þennan miðlæga gagnagrunn. Mér er þá spurn, ef sú áskrift verður til, hvort trygging sé fyrir því að þeir vísindamenn sem hafa sett sig upp á móti því að gagnagrunnurinn yrði til og hafa komið gagnrýni sinni á framfæri m.a. við okkur hv. þm. í heilbr.- og trn. og við hæstv. ráðherra í ráðuneytinu, geti sótt þær upplýsingar sem þeir þurfa til sinna starfa í framtíðinni. Ég verð vör við ótta þess efnis að þessi gagnagrunnur muni ekki verða þeim opinn og þar af leiðandi er um takmarkað aðgengi að ræða og þeir vísindamenn munu þá leita sér að störfum annars staðar.

Það skiptir miklu máli að við séum með fjölbreytt atvinnulíf og miðstýring hefur verið bannorð í munni margra hv. þm. Sjálfstfl. Núna er það að verða einkunnarorð þeirra á öllum sviðum. Og það er mjög hættulegt þegar eitt fyrirtæki verður ráðandi í eins litlu þjóðfélagi og okkar, það er mjög hættulegt. Og það er hættulegt eins og margir hafa bent á fyrir framþróun vísindastarfsins þar sem um takmarkað aðgengi vísindamanna verður að ræða að gagnagrunninum.

Einnig var gagnrýnt mjög harkalega bæði við 1. og 2. umr. að ekki lægju fyrir neinar upplýsingar um það hvað á að fara inn í grunninn og hvað á að fara út úr honum. Fullyrðingar hafa komið fram þess efnis að jafnvel þó að sjúklingurinn neiti að upplýsingar um hann fari inn í gagnagrunninn þá verði alltaf um einhverjar ákveðnar lágmarksupplýsingar að ræða sem fara inn um hvern einstakling og ekki sé hægt að koma í veg fyrir það.

Þegar hæstv. ráðherra svaraði spurningu, sem kom fram held ég frá flestum hv. þm. úr stjórnarandstöðunni, um hvernig hún hygðist ganga frá reglum um hvaða upplýsingar ættu að fara inn í grunninn og jafnframt hvað tekið yrði úr honum og hvernig með það yrði farið, þá svaraði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Hér hefur mikið verið rætt um hvað eigi að fara í grunninn. Það er auðvitað stórt mál. Ég og allir þeir sem hafa unnið að þessu máli álíta að enginn geti samið um hvað fara eigi í grunninn nema þeir fagaðilar sem halda utan um

sjúkraskrárnar inni á stofnunum. Það er mjög mismunandi eftir eðli stofnana hvaða upplýsingar fara inn í slíkan grunn."

Svo skýr voru svör hæstv. ráðherra. Með þessum orðum taldi hún sig svara því fullkomlega hvað ætti að fara inn. Nú ber svo við að stór hópur fagaðila sem halda utan um sjúkraskrár á stofnunum hefur lýst því yfir að þeir taki ekki þátt í þessu og séu á móti því að frv. verði samþykkt. Þeir segjast vera á móti því vegna þess að persónuverndin sé ekki tryggð og verið sé að takmarka aðgengi vísindamanna. Hæstv. ráðherra svaraði við 2. umr. spurningu minni um hvort hún hefði kallað til sín þá tæplega 200 lækna sem mótmælt höfðu þessu frv. harkalega. Hæstv. ráðherra neitaði því og sagði það ekki standa til. Þessir aðilar eiga engu að síður að móta reglurnar. Að því er mér skilst af svörum hæstv. ráðherra á hver stofnun fyrir sig að móta reglur um það hvað fari inn og hvað fer út, alla vega hvað fari í grunninn. Hæstv. ráðherra sagði: Það getur enginn um það samið hvað fer í grunninn nema þeir fagaðilar sem halda utan um sjúkraskrár inni á stofnunum.

Þetta er alveg ný hugsun. Ég er farin að velta því fyrir mér hvaða gagn sé af miðlægum gagnagrunni meðan svo virðist sem ekkert samkomulag sé um upplýsingarnar sem eiga að fara þangað inn. Ekkert samkomulag er á milli hæstv. ráðherra eða ráðuneytis og þeirra sem sjá eiga um að mata gagnagrunninn. Maður veltir því fyrir sér hvert gagn þessa miðlæga gagnagrunns verður ef það er aðeins takmarkaður hluti lækna sem beitir sér fyrir að upplýsingar fari í grunninn.

Það sem er að gerast núna á allra síðustu vikum er að almenningur er farinn að kynna sér málið betur en hann hefur gert og það er kannski ástæða þess að það þarf að flýta svo afgreiðslu þessa máls. Þegar skoðanakönnun var gerð um hversu margir væru hlynntir þessu máli, ég held að það hafi verið í sumar, var mjög stór hópur Íslendinga fylgjandi hugmyndinni. Það hefur fækkað mjög í þessum hópi samkvæmt síðustu skoðanakönnunum. Og það er kannski ástæða þess að menn vilja flýta afgreiðslu málsins svo sem raun ber vitni og helst ræða það á næturnar.

Ég verð að segja alveg eins og er að þessi svör um það hvað eigi að fara inn í grunninn nægja mér ekki. Hæstv. ráðherra viðurkennir að það sé auðvitað stórt mál hvað eigi að fara í grunninn en hún treystir sér ekki til þess að upplýsa þingið um það hvaða upplýsingar það eru og meiri hluti hv. heilbr.- og trn. hefur heldur ekki gert það. Þar með er einni spurningunni en ósvarað af þeim sem hafa verið settar hér fram.

Það sama gildir um persónugreinanlegar upplýsingar. Um það er engin sátt hvort upplýsingarnar eru persónugreinanlegar eða ekki. Um það er engin sátt. Reyndar hefur Samkeppnisstofnun sagt að eftir þær breytingar sem meiri hluti heilbr.- og trn. gerir núna þar sem á að keyra saman heilbrigðisupplýsingar og erfðaupplýsingar, þá sé alveg ljóst að um persónugreinanlegar upplýsingar verði að ræða.

Einkaleyfið hefur líka verið gagnrýnt, það hefur verið gagnrýnt hversu lengi það á að standa og að ekki skuli vera sett endurskoðunarákvæði inn í frv. um að lögin yrðu endurskoðuð t.d. að tveimur árum liðnum þar sem þá væri hægt að taka mið af þeirri gagnrýni sem fram hefur komið og breyta því sem þarf að breyta eftir tvö ár. Á það hefur ekki verið hlustað.

Einnig hefur verið rætt um kostnað þann sem fylgir samþykkt frv. Í fskj. I með frv. liggur fyrir umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. um frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, um þann kostnað sem gagnagrunninum fylgir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er sett löggjöf um meðferð og hagnýtingu miðlægs gagnagrunns með ópersónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum. Heilbrigðisráðherra veitir leyfi til starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði og skal rekstrarleyfishafi greiða gjald til þess að mæta öllum kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins. Rekstrarleyfishafi skal enn fremur greiða árlegt gjald sem nemur kostnaði vegna starfs nefnda skv. 6. og 9. gr. frumvarpsins og öðrum kostnaði vegna þjónustu og eftirlits með starfrækslunni, svo sem eftirliti tölvunefndar og kostnaði landlæknis vegna óska þeirra sjúklinga sem vilja ekki að upplýsingar um þá verði skráðar í gagnagrunninn. Verði rekstrarleyfi afturkallað skal gagnagrunnurinn starfræktur í umsjón nefndar uns ráðherra tekur ákvörðun um starfrækslu hans til frambúðar. Við þær aðstæður gæti skapast óverulegur kostnaður fyrir ríkissjóð. Að öðru leyti á frumvarpið ekki að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram tekjur af leyfis- og eftirlitsgjöldum verði það óbreytt að lögum."

Vissulega er um að ræða ákveðnar breytingar á þessu frv. En hvað þýða þær? Þær þýða aukinn kostnað, ekki ríkissjóðs miðað við þessa umsögn heldur þýða þær aukinn kostnað rekstrarleyfishafans. Það er út af fyrir sig allt í lagi því að oft hefur verið rætt um nauðsyn þess að rekstrarleyfishafinn greiði afnotagjöld af þessum gagnagrunni. En vekur það ekki neinn efa í hugum þeirra sem ætla að standa að afgreiðslu þessa frv. eins og það er að rekstrarleyfishafinn eigi að greiða allan kostnað við eftirlit með eigin starfsemi?

Það hefur margoft komið fram að í tölvunefnd þarf að fjölga verulega starfsmönnum. Ég treysti því að hæstv. ráðherra sé einhvers staðar í húsinu að hlusta og vildi gjarnan fá svör frá hæstv. ráðherra um hvort það veki ekki ugg, engan kvíða, engar efasemdir í hugum þessa fólks, hv. þingmanna og hæstv. ráðherra, sem ætlar að standa að því að keyra frv. í gegn, að rekstrarleyfishafinn eigi að greiða öll viðbótarstöðugildi hjá tölvunefnd sem verða til vegna samþykktar frv., allt eftirlit með eigin starfsemi og jafnvel að greiða einstaka stöðugildi inni á heilbrigðisstofnunum þar sem verða einstaklingar sem eiga að vinna upplýsingar í gagnagrunninn. Mér finnst við ekki vera á réttri leið þegar málum er þannig fyrir komið að við ætlum að hafa öflugt eftirlit með starfseminni, öflugt eftirlit með því að ef frv. verður samþykkt og verður að lögum að þá verði þau ekki brotin, en rekstrarleyfishafinn, sá sem fer með allt vald gagnvart gagnagrunninum, eigi að greiða fyrir þessa eftirlitsstarfsemi.

Það má vel vera að þetta séu áhyggjur að óþörfu. En ég hef þær. Ég hef þær líka vegna þess að hvergi í þessari umræðu hefur komið fram hver þessi kostnaður er. Hver er sá kostnaður sem rekstrarleyfishafinn, Íslensk erfðagreining, kemur til með að greiða ríkinu til þess að standa undir þessari starfsemi? Eftir því sem ég best veit fór minni hluti hv. heilbr.- og trn. fram á að Ríkisendurskoðun kæmi á fund nefndarinnar til að meta þennan kostnað, reyndi að meta hver hann yrði og þá miðað við þær brtt. sem hér eru lagðar fram og annan þann kostnað sem frv. felur í sér. En því var neitað. Í umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. kemur ekkert fram um hvaða upphæð er að ræða og þannig ætla hv. þingmenn bara að afgreiða málið. Þeir ætla bara að afgreiða málið án þess að þetta liggi ljóst fyrir. Okkur er ekki gerð grein fyrir því hver þessi kostnaður er og tölvunefnd hefur heldur ekki sett fram skýrar tillögur um hve mörg stöðugildi þarna sé um að

ræða til þess að hægt sé að vera með það eftirlit sem við viljum gjarnan sjá með þessum lögum, þ.e. ef frv. verður samþykkt á næstu dögum.

Það er nákvæmlega með þetta eins og allt annað við frv. að ekki er tekið tillit til óska þeirra sem hafa gagnrýnt það og eru með spurningar. Hér megum við hv. þm. úr stjórnarandstöðunni sitja undir því að verið sé að tefja málið og að við tölum of mikið. Það hvarflar stundum að manni að stjórnarmeirihlutinn geri sér ekki grein fyrir því hversu mikilvægt þetta mál er (**Gripið fram í:** Og alvarlegt.) og hve alvarlegar afleiðingar það getur haft.

Ég spurði við 2. umr. hvort hæstv. ráðherra teldi ekki ástæðu til þess að senda málið til umsagnar til erlendra aðila sem gætu gefið okkur mat á því hvort frv., eða lögin ef þetta verður samþykkt, yrði kært til eftirlitsstofnunar strax. Hæstv. ráðherra sagði: Við sendum menn til Brussel. Þeir komu til baka og sögðu: Þetta er allt í lagi.

Geðhjálp sendi málið til umsagnar miðað við það sem kemur fram í þeirra umsögn og þar er dregið verulega í efa að þetta standist samkeppnisreglur EES. Það er umhugsunarvert þegar þessar efasemdir hafa verið dregnar fram af mjög mörgum, ekki bara hv. þingmönnum sem hér hafa talað heldur einnig þeim sem hafa sent inn umsagnir um málið, að hv. stjórnarliðar ætla engu að síður að keyra málið í gegn. Það á ekki að ganga úr skugga um þetta. Það er ekki aðeins að Alþingi og starfsemi Alþingis sé sýnd ákveðin lítilsvirðing á því sviði að neita einstaklingum og hópum um að koma og gefa umsagnir um málið og ekki aðeins með því að keyra yfir minni hluta í heilbr.- og trn. heldur einnig með því að keyra málið áfram í þingsölum. Löggjafinn á ekki ef einhver vafi er — ég tala nú ekki um þegar það kemur fram hjá virtum stofnunum sem Alþingi hefur sjálft sett lög um og væntir mikils af eins og Samkeppnisstofnun — og þá er auðvitað umhugsunarvert að það eigi að keyra í gegn frv. þegar fram hafa komið varnaðarorð frá þessum stofnunum og þeim aðilum sem gerst þekkja til um Evrópuréttinn, um EES-samþykktirnar og okkur hafa verið send þessi varnaðarorð. Það er þá ekki ofverk þingnefndar eða hæstv. ráðherra að senda málið til umsagnar og fá á því álit. Fá mál sem hafa komið til afgreiðslu á Alþingi hafa vakið jafnmikla athygli erlendis og verið eins mikið fjallað um á erlendum vettvangi og þetta og þá m.a. út frá fullyrðingum um að það brjóti í bága við samkeppnisreglur EES. Samt á að keyra það áfram. Samt á að klára það.

Í umsögn sem Geðhjálp sendi inn og hefur nokkrum sinnum verið nefnd er lögð alveg sérstök áhersla á hagsmuni þeirra sem geta ekki af einhverjum ástæðum tekið sjálfir ákvörðun um hvort þeir vilja að upplýsingar um þá fari inn í miðlægan gagnagrunn. Í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Vernda þarf sérstaklega rétt þeirra sem ekki geta tekið ákvörðun um þátttöku fyrir æsku sakir, vegna heilabilunar, alvarlegs geðsjúkdóms eða vegna þess að þeir eru látnir. Þetta gildir hvort heldur sem gert verði ráð fyrir „ætluðu samþykki" þar sem þessir einstaklingar hafi í raun ekki neitunarrétt, eða farin verði sú leið að leita eftir upplýstu samþykki hvers og eins. Óásættanlegt er að persónugreinanlegar heilsufarsupplýsingar um látna verði í höndum einkaaðila sem getur nýtt þær að vild með litlu eftirliti.

Nauðsynlegt er að skilgreina betur í frv. hvaða upplýsingar má færa í grunninn og hvað má ekki færa. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að skrá má flestar upplýsingar úr texta sjúkraskráa sem tölulegar upplýsingar. Einnig þarf að skilgreina í frv. hvaða aðilar á heilbrigðisstofnunum taki endanlega ákvörðun um hvort sjúkragögn skuli flutt í grunninn. Skilgreina þarf í frv. hvers konar upplýsingar megi senda úr grunninum og til hverra. Óeðlilegt er að veita rekstrarleyfi til 12 ára og endurskoða ekki frv. fyrr en eftir 10 ár. Miðað við framfarir síðustu ára væri réttara að miða við um 2 ár í báðum tilvikum."

Áfram segir í umsögninni:

„Einkaleyfi til rekstrar gagnagrunnsins er varhugavert af mörgum ástæðum og ber því ekki að gera ráð fyrir því í frv. Yfirburðastaða væntanlegs rekstrarleyfishafa, Íslenskrar erfðagreiningar, í erfðarannsóknum og líftækni gerir einkaleyfi ónauðsynlegt. Ljóst er að það getur takmarkað annað vísindastarf og haft áhrif á stefnumótun í vísindum. Búast má við erfiðleikum hins opinbera að keppa við fjársterkan einkaaðila um menntaða starfsmenn og hætta er á að minna fé verði varið til annarra vísinda. Þannig eru líkur á að gagnagrunnurinn hindri framfarir í vísindum. Einkaleyfi og viðtækar heimildir rekstrarleyfishafa eru til þess fallnar að auka verðgildi fyrirtækisins og tryggja þannig margföldun á söluverðmæti hluts áhættufjárfestanna. Þeir eru skammtímafjárfestar og eðlilegt að þeir segi skilið við fyrirtækið eftir að frv. verður samþykkt. Óvíst er hvað verður um eignarhlut þeirra og á hvaða brautir nýir eigendur munu leiða fyrirtækið svo og hvaða stjórnendur þeir munu fá til starfans. Kynning fyrirtækisins á erfðarannsóknum á heilli þjóð og á sölu á upplýsingum til tryggingafyrirtækja og annarra styður þessa örlagaspá.

Annar valkostur við fjármögnun er þjónustusamningar. Greiðslur þeirra sem hafa hagnað í huga gætu dugað fyrir rekstri upplýsingakerfis heilbrigðisþjónustunnar. Núverandi áætlanir gera ráð fyrir að rekstraleyfishafi greiði í eitt skipti fyrir öll fyrir uppsetningu upplýsingakerfis, þ.e. tölvukerfis, á heilbrigðisstofnunum. Hafa ber í huga að tölvur eru ekki stofnkostnaður í raun heldur rekstrarkostnaður því reynslan sýnir að búnaðurinn úreldist hratt. Ef settur er upp nýr búnaður þarf fjármagn til að endurnýja hann jafnóðum í framtíðinni, annars er um bjarnargreiða að ræða."

Áfram segir í álitinu:

„Jafnframt hefur verið sýnt fram á að dreifðir gagnagrunnar eru öruggari en miðlægur og gæði gagnanna eru meiri vegna stöðugrar uppfærslu og ítarlegri, nákvæmari og áreiðanlegri upplýsinga. Því eru þeir fýsilegri kostur frá persónuverndarjónarmiði og frá faglegum sjónarmiðum. Geðhjálp styður hugmyndina um dreifða gagnagrunna og telur rétt að kanna og þróa þá stefnu nánar."

Geðhjálp mælir með dreifðum gagnagrunnum eins og svo margir hafa gert sem hafa sent inn umsagnir um málið. Önnur sjónarmið hafa ráðið ferðinni hjá hv. meiri hlutanum en persónuverndarsjónarmið eða fagleg sjónarmið. Það eru viðskiptasjónarmið sem ráða ferðinni um framtíð og afgreiðslu málsins í þinginu og það er út af fyrir sig mjög alvarlegt.

Hæstv. ráðherra sagði við 2. umr. (**KÁ:** Hvar er ráðherra?) Hæstv. ráðherra er sjálfsagt einhvers staðar í húsinu að hlusta en hún sagði við 2. umr. um þetta mál þar sem hún var spurð um framtíð gagnagrunna sem Krabbameinsfélagið á, með leyfi forseta:

„Við heftum ekki þeirra för í þessu, engan veginn. Fremur styrkjum við þá en hitt. Við getum áfram séð uppbyggingu slíkra grunna varðandi aðra sjúkdóma. Það er ekkert sem heftir þá för með þessu frv."

Umsagnir hafa komið frá Krabbameinsfélaginu sem segja allt annað. Það er alveg sama hvar er drepið niður í öllu þessu máli varðandi málflutning hv. meiri hlutans að allar umsagnir og álit þeirra sem hlut eiga að máli eru vanvirtar. Sjálfsagt er álit Krabbameinsfélagsins byggt á misskilningi, frá Geðvernd byggt á misskilningi, frá Samkeppnisstofnun byggt á misskilningi, frá öllum prófessorum, sem hafa fjallað um málið, byggt á misskilningi og það er svo sem ekkert nýtt, líklega er það álit ríkisstjórnarinnar að prófessorar við Háskóla Íslands og vísindamenn almennt leggi ekki á sig að lesa og kynna sér málin áður en þeir láta frá sér fara álit en sú skoðun hefur a.m.k. komið fram hjá oddvita ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh.

Virðulegi forseti. Allt tal meiri hlutans, allt tal hæstv. ráðherra um að sátt þurfi að ríkja um málið er út í hött því ekkert hefur verið gert til að ná sátt og við getum vel geymt afgreiðslu þessa máls fram yfir áramót og freistað þess að ná fram sátt. Það er algert lágmark að hlusta á þá aðila sem vilja koma með umsagnir. Mannvernd var neitað, Læknafélagi Íslands var neitað, Læknafélagi Reykjavíkur neitað, siðaráði Læknafélags Íslands neitað, læknadeild Háskóla Íslands neitað. Þetta er virðingin við þá aðila sem eiga að fjalla um miðlægan gagnagrunn í framtíðinni, þá aðila sem eiga að hafa samstarf við þetta fyrirtæki, Íslenska erfðagreiningu, í náinni framtíð. Öllum þessum aðilum var synjað um að fá að koma á fund nefndarinnar. Ég tel, virðulegi forseti, að afgreiðsla þessa máls sé til vansa fyrir Alþingi Íslendinga, hvernig við höfum staðið að því, og því miður er ég hrædd um að næsta framtíð, bara nánasta framtíð, eigi eftir að leiða í ljós að varnaðarorð þeirra einstaklinga sem hafa sent inn umsagnir um málið, sem hafa skrifað um málið, eigi eftir að reynast sönn. Því miður. Ég hef ekki trú á því að allur sá fjöldi sem hefur fjallað um málið hafi byggt álit sitt á misskilningi, ég hef ekki trú á því.

Ég vil, virðulegi forseti, enda þessa ræðu mína því ég hafði heitið því að stytta hana um 10 mínútur, korter, þá vil ég enda hana á því að vitna í grein sem herra Karl Sigurbjörnsson, biskupinn yfir Íslandi, skrifaði í Morgunblaðið 1. desember. Þar segir, með leyfi forseta:

„Margt bendir til að framfarir í læknavísindum hafi valdið hægfara uppblæstri hinnar skilyrðislausu mannhelgi sem sérhvert mannslíf telst eiga að njóta að kristnum skilningi. Framþróunin hafi farið fram úr siðferðinu og okkur sé tamt að trúa því að úr því að eitthvað sé tæknilega mögulegt og hugsanlega hagkvæmt, þá sé það líka rétt. Hvert mun það leiða mannkyn? Ég held að sú framtíðarsýn sé skelfileg.

Hvernig metum við mannhelgi? Nær hún aðeins til hinna hraustu? Hvað með hið skaddaða og fatlaða og sjúka líf? Út frá kristnum forsendum ber okkur að líta manneskjuna sem meira en frumur og erfðaefni. Hún er líka lifandi sál, persóna sem á að njóta skilyrðislausrar virðingar og kærleika. Við megum aldrei hvika frá þeirri sannfæringu."

E.t.v., virðulegi forseti, er það einnig álit meiri hluta Alþingis, starfandi hv. meiri hluta Alþingis, að þessi skoðun sé byggð á misskilningi.

[01:25]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls um þetta mál þótt stórt sé og kannski erum við nú að fjalla um eitt stærsta mál síðari tíma. Mér hefur fundist þetta mál vera í góðum höndum hjá minni hlutanum í heilbr.- og trn. sem hefur farið mjög ítarlega yfir það og skoðað það út frá öllum hliðum en sú meðferð sem málið fékk milli 2. og 3. umr., herra forseti, gerir það að verkum að ég sé fulla ástæðu til að blanda mér í umræðuna.

Ég átti þess kost að sitja hluta af fundi sem minni hluti heilbr.- og trn. boðaði til með fulltrúum ýmissa samtaka og stofnana sem meiri hluti heilbr.- og trn. hafði komið í veg fyrir að gætu mætt á fund nefndarinnar, þrátt fyrir að fulltrúar þessara samtaka hefðu sérstaklega óskað eftir því. Ég verð að segja, herra forseti, að sá fundur var mjög gagnlegur og margt athyglisvert kom þar fram. Ég verð að segja með fullri virðingu fyrir meiri hluta heilbr.- og trn. að ég tel að meiri hlutinn hefði haft mjög gott af að hlusta á þessa aðila. Það eru engin rök í málinu að segja að einungis sé um tæknilega breytingar að ræða milli 2. og 3. umr. og því óþarfi að þessir aðilar komi til fundar við nefndina. Það er bara ekki boðlegur málflutningur, hvorki fyrir þing né þjóð að segja að aðeins sé um tæknilegar breytingar að ræða og nefndin þurfi ekkert að hlusta á fulltrúa þessara samtaka og stofnana sem hafa mikið um þetta mál að segja.

Ég vil líka benda á það, herra forseti, að afstaða margra stjórnarandstæðinga til þessa frv. við 2. umr. málsins gekk fram með þeim hætti að ýmsar brtt. þeirra voru dregnar til 3. umr. af því stjórnarandstaðan var í góðri trú um að málið fengi ítarlega meðferð líka milli 2. og 3. umr. í heilbr.- og trn. og að þær brtt. sem þar höfðu verið boðaðar yrðu lagðar fram. Þess vegna hafa t.d. að því er ég best veit engar af þeim brtt. sem fluttar voru af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Ástu R. Jóhannesdóttur komið til atkvæða við 2. umr., tillögur sem var nauðsynlegt að greiða atkvæði um og ég hefði gjarnan viljað fá tækifæri til að greiða atkvæði um. Þetta mál hefur því allt snúist við milli 2. og 3. umr. og ég hef tekið eftir því að stjórnarandstaðan hefur ekkert kvartað yfir málsmeðferð heilbr.- og trn. við 1. umr. málsins, milli 1. og 2. umr. Þar hafi verið ítarlega fjallað um málið en svo bregður við að daginn eftir, herra forseti, að málið hefur verið afgreitt í atkvæðagreiðslu við 2. umr. þá á að keyra málið í gegn óskoðað. Ég hef verið á þingi æðilengi og man ekki eftir slíkum gerræðislegum vinnubrögðum og ég man aldrei eftir því að þegar fulltrúar óska sérstaklega eftir því, fulltrúar stofnana og samtaka, að koma á fund nefndar út af áríðandi máli að þeim sé neitað um það.

Það hefur komið fyrir að nefndarmönnum í minni hlutanum sem óska eftir að fá fulltrúa á fund nefndarinnar sé neitað um það að þeir fulltrúar megi koma. En ég man aldrei eftir því þau ár sem ég hef verið á þingi að þegar fulltrúar samtaka og stofnana óska sjálfir eftir að koma og segja álit sitt af því þeir hafa eitthvað til málanna að leggja, að því sé neitað. Þetta kalla ég, herra forseti, að fótum troða lýðræðið og fótum troða rétt minni hlutans á háttvirtu þingi. Ég hygg að þessi vinnubrögð verði lengi í minnum höfð, ekki síst þar sem við erum að ræða grundvallarbreytingar á frv.

Ég vil geta þess hér, af því að varaformaður heilbr.- og trn. segir aftur og aftur að hér sé bara um tæknilegar breytingar að ræða milli 2. og 3. umr., að einn fulltrúi þeirra samtaka sem komu á fund heilbr.- og trn. fyrir helgi orðaði það bara hreinlega svo að hér væri um nýtt frv. að ræða, herra forseti, með þessum breytingum og það leyfir meiri hlutinn sér að bera á borð fyrir okkur að séu bara tæknilegar breytingar sem skipti engu máli.

Það er ekki hægt, herra forseti, að bjóða okkur upp á að tala um tæknilegar breytingar þegar tillögur stjórnarliða gjörbreyta meðferð erfðafræðiupplýsinga þannig að hægt verði

að keyra þær saman við heilsufars- og ættfræðiupplýsingar í gagnagrunninum. Það felur auðvitað í sér grundvallarbreytingu á málinu og það er ósvífni af hv. meiri hluta að kalla þær tæknilegar.

Fyrir helgi fékk stjórnarandstaðan á sinn fund fulltrúa frá Mannvernd, Læknafélagi Íslands, Læknafélagi Reykjavíkur, siðaráði, Læknadeild Háskóla Íslands og fleiri til að ræða þessar breytingar og mér fannst það mjög athyglisvert sem kom fram hjá þessum fulltrúum. Ég nefndi það, herra forseti, að einn þessara fulltrúa taldi að þessi breyting jafngilti því að um væri að ræða nýtt frv., sem er nú ekkert smámál, og fæli í sér möguleika á söfnun DNA-upplýsinga sem mér finnst tekið undir í Morgunblaðinu um helgina. Einnig kom fram á þessum fundi að alþjóðlega vísindasamfélagið væri agndofa og gáttað á því sem hér væri að gerast og að það væri auðmýkjandi fyrir íslenska þjóð. Mér finnst þetta ekki ofsagt, herra forseti. Og viðhorf tölvunefndar sem margoft hefur komið hér fram er að það vinnuferli sem nú á að heimila varðandi erfðafræðiupplýsingar feli í sér mikla ógn út frá sjónarmiði persónuverndar.

Það er alveg ljóst að auk þessara nýju tillagna um erfðafræðiupplýsingar í gagnagrunninum sem nú á að keyra í gegn á stuttum tíma á lokastigi þessa máls, þá hefur ekki verið tekið tillit til mjög mikilvægra athugasemda sem fram hafa komið frá vísindamönnum og heilbrigðisstéttum. Af mörgu er þar að taka. Alvarlegast tel ég þó einkaleyfið sem veita á Íslenskri erfðagreiningu til 12 ára, en inn á það mun ég koma mjög ítarlega í mínu máli. Við verðum líka að átta okkur á því að heilsufarsupplýsingar eru mjög mikill þjóðarauður og maður veltir því fyrir sér hvort hið opinbera geti ráðstafað þeim til einkaaðila eins og þessi hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera. Hvað með eignarréttinn og stjórnarskrána, spyr maður, herra forseti? Hvert mun arðurinn af þessum þjóðarauð renna? Það er allt í óvissu, í vindinum, herra forseti, mjög losaralegt í þessu frv. eins og margt annað. Við erum að keyra út í algjöra óvissu með þetta gagnagrunnsmál sem á að lögfesta hér á næstu dögum, út í algjöra óvissu, herra forseti, þannig að ég þarf að ræða þetta mál nokkuð ítarlega.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni og spyr vegna þess að forseti hefur hug á því að slíta fundi, en þó ekki fyrr en hv. þm. hefur lokið ræðu sinni.)

Ef það á að bíða eftir að ég ljúki máli mínu þá tekur það töluvert langan tíma, herra forseti.

(**Forseti** (ÓE)**:** Já. Þá bíður forseti.)

(**BH:** Af hverju má ekki fresta ræðunni?)

Ég mun halda áfram máli mínu. Ýmsar siðferðilegar spurningar tengjast þessu máli líka og snerta ekki síst meðferð persónulegra upplýsinga, þ.e. að þær séu tryggðar og stjórnarskrárrétturinn varinn til að njóta friðhelgi einkalífsins. Frumvarpið er líka talið ganga gegn nýsettum lögum um réttindi sjúklinga, læknalögum, siðareglum lækna, samkeppnislögum, alþjóðlegum skuldbindingum og EES-samningnum. Þetta er ekkert smáræði, herra forseti. Og þótt allt þetta blasi við og allar þessar ábendingar komi fram í umsögnum frá hinum merkustu stofnunum í þjóðfélaginu, frá heilbrigðisstéttunum og vísindasamfélaginu þá á bara að rúlla yfir þetta allt, herra forseti, bara keyra yfir þetta. Það er alveg sama hvort það er stjórnarskráin eða EES-samningurinn, alþjóðlegar skuldbindingar, siðareglur lækna eða annað — þeim er alveg sama um það þótt læknum sé gert að brjóta þær siðareglur sem þeir hafa byggt á — þeir svífast raunverulega einskis í þessu máli. Það er eins og þetta sé svona í hverju einasta máli sem við fjöllum um hér, (Gripið fram í.) t.d. stjórn fiskveiða, og þótt verið sé að brjóta stjórnarskrána. Maður spyr hvað búi hér að baki. Ýmislegt hefur nefnilega vakið upp mikla tortryggni hjá mér í þessu máli, t.d. það hve hart er hér keyrt til að ná því fram. Eins og fram hefur komið hér, herra forseti, þá vekur það undrun manns þegar svo stutt er til jóla að þetta mál sé sett í algjöran forgang hjá þessari ríkisstjórn. Fjárlög íslenska ríkisins og mál sem mikið er deilt um vegna niðurstöðu Hæstaréttar mega bíða. En þetta mál hefur haft algjöran forgang hjá hæstv. ríkisstjórn.

Ég vil vitna í það sem var dreift á þessum ágæta fundi sem ég hafði tækifæri til að sitja í heilbr.- og trn., þ.e. það sem fram kom í dagblaði einu um það hvernig norræna lífsiðfræðinefndin hefur fjallað um gagnagrunnsfrv. Það var mjög athyglisvert. Þessi nefnd starfar á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og hún hefur gert margvíslegar athugasemdir við frv. Þar eru nefnd höft á rannsóknafrelsi vísindamanna og að aðgangur vísindamanna sé háður viðskiptahagsmunum leyfishafa og skyldum hans gagnvart hluthafa. Og það sem er alvarlegt og það sem ég hef miklar áhyggjur af og sem fram kom ekki síst hjá þeim sem töluðu fyrir samtökin Mannvernd á þessum fundi, er réttur þess fólks sem ekki getur veitt upplýst samþykki sökum aldurs, sjúkdóma eða andlegrar fötlunar. Hann er hvergi tryggður, herra forseti. Það fólk nýtur engrar verndar. Þetta kom mjög skýrt fram hjá þeim sem töluðu fyrir Mannvernd á þessum fundi, þ.e. alvarlegar áhyggjur þessara aðila sem vel þekkja til af því að svo skuli gengið frá löggjöf um þetta stóra og mikla mál að hlutur þessara hópa sem ekki geta varið rétt sinn sjálfir er hvergi tryggður. Það er hvergi hugsað um það. Og hvað með látna, hefur verið spurt? Hver á að veita heimild? Eða þarf ekki að veita heimild til að veita upplýsingar um látna inn í gagnagrunninn? (**Gripið fram í:** Miðilsfund.) Það er miðilsfundur, já. Menn sjá hvernig frá málunum er gengið, herra forseti. Það er sama hvar borið er niður. Maður hefði haldið að það væri nú algjört lágmark að ganga frá svona atriðum, eins og að tryggja rétt þeirra hópa sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér. Það er algjört lágmarksatriði að gera það.

Eitt vil ég nefna líka sem kom fram í brtt. Ástu Ragnheiðar Jóhannessdóttur og Össurar Skarphéðinssonar sem hvergi er heldur tryggt í þessu máli og það er um aðgang t.d. atvinnurekenda eða tryggingamarkaðarins að gagnagrunnsupplýsingunum. Er það nokkurs staðar tryggt, herra forseti, að þessir aðilar geti ekki komist í upplýsingar úr þessum gagnagrunni? Ef það væri, herra forseti, þá værum við að gjörbreyta þessu þjóðfélagi. En þessi ríkisstjórn sést hvergi fyrir í þessu máli. Það er alveg sama hvar borið er niður. Þetta mál skal keyrt áfram. Eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir kallaði fram í úr sal: „Af hverju þessi asi?“ Herra forseti: Af hverju þessi asi? Ég á nú eftir að koma að því síðar í mínu máli einhvern tímann í nótt. Þá á ég eftir að vitna í hv. varaþm. Sjálfstfl., held ég, sem var með fyrirlestur á fundi Mannverndar í Norræna húsinu 3. desember, (**Gripið fram í:** Að hugsa sér.) Löggjöf á landamærum. Og hann vandar þessu ekkert kveðjurnar. Hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. sem kom hér til að trufla störf þingsins áðan hefði átt að hlusta á það sem Ólafur Hannibalsson hefur fram að færa í sínu máli, herra forseti, sem ég ætla að fara ítarlega yfir hér síðar í nótt. Hann segir t.d. að það þjóni nánast engum

tilgangi að samþykkja frv. því það gangi þvert á álit 70% til 75% manna innan lækna- og vísindasamfélagsins.

Mér fannst líka athyglisvert, svo ég haldi því til haga, það sem fram kom á þessum fundi að svo virðist vera vaxandi að sjúklingar hafi áhyggjur af því hvert gagnagrunnsmálið er að þróast og áhyggjur af því að setja upplýsingar inn í hann. Það kom fram hjá læknum sem mættu á fund nefndarinnar að þeir töldu að ekki nema kannski tíundi hver sjúklingur sem leitaði til læknis hefði haft áhyggjur af þessu máli fyrr í sumar en núna hefði annar hver sjúklingur áhyggjur af þessu og væri að leita eftir upplýsingum um þetta.

Herra forseti. Ég fæ hér miða í pontu þar sem segir að samkomulag sé um að ljúka þessu máli og ef svo er að samkomulag sé um að ljúka þessu þá skal ég ekki standa í ræðustól mikið lengur. Skil ég það rétt að það sé samkomulag?

(**Forseti** (ÓE): Það er svolítið teygjanlegt hvað er samkomulag. Við skulum ekki fara út í miklar umræður um það. En það er samkomulag um að hefja fundarstörf á morgun klukkan tólf í staðinn fyrir klukkan hálftvö og stefnt er að því að ljúka umræðu á ákveðnum tíma, sem er þó ekki alveg í gadda slegið. Ef hv. þm. á tiltölulega skammt eftir af ræðu sinni þá getur forseti fallist á að þingmaðurinn fresti ræðunni til morguns.)

Já.

(**Forseti** (ÓE): Forseti vill spyrja hvort ekki séu líkur á að með sæmilega góðum nætursvefni þá styttist ræðan á morgun?)

Það er nú alltaf teygjanlegt hvað er skammt þegar við tölum um ræðutíma, er það ekki?

(**Forseti** (ÓE): Já, það veit forseti. Eigum við þá ekki að semja um að gera hlé á ræðunni núna og ljúka henni með stuttum, fáum orðum á morgun, sem er líka teygjanlegt.)

Ég skal ekki hafa hana mjög langa, a.m.k. ekki fyrri ræðu mína. Eins og hæstv. forseti veit þá má ég tala tvisvar við þessa umræðu.

(**Forseti** (ÓE): Já, en það er ekki þingleg skylda að nýta þann rétt sinn.)

Mér er kunnugt um það, herra forseti.

(**Forseti** (ÓE): Þá frestar hv. þm. ræðu sinni.)

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 01:45.

---

43. FUNDUR

miðvikudaginn 16. des.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, stjfrv., 109. mál, þskj. 461, frhnál. 480 og 490, brtt. 403,7–8, 417 og 481, till. til rökst. dagskrár 492. — Frh. 3. umr.

2. Almenn hegningarlög, stjfrv., 114. mál, þskj. 412. — 3. umr.

3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 115. mál, þskj. 115. — 3. umr.

4. Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 116. mál, þskj. 116. — 3. umr.

5. Framkvæmdasjóður Íslands, stjfrv., 123. mál, þskj. 123. — 3. umr.

6. Mannanöfn og hjúskaparlög, stjfrv., 134. mál, þskj. 134. — 3. umr.

7. Leiklistarlög, stjfrv., 146. mál, þskj. 411. — 3. umr.

8. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 462. — 3. umr.

9. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 176. mál, þskj. 419, brtt. 486. — 3. umr.

10. Embættiskostnaður sóknarpresta, stjfrv., 232. mál, þskj. 259. — 3. umr.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 461, frhnál. 480 og 490, brtt. 403, 417 og 481, till. til rökst. dagskrár 492.

[12:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Stjórnarflokkarnir hafa sýnt ótrúlega skammsýni í meðhöndlun þessa máls. Stjórnarliðar hafa komið í ræðustól í umræðunni og talið klukkustundir sem hér hefur verið rætt um þetta mál við 1. umr., 2. umr. og við 3. umr. og viljað taka fjölda þeirra sem dæmi um ítarlega meðferð málsins á Alþingi. Þetta er rangt. Klukkustundir í umræðu hér hafa ekkert gildi fyrir það hvernig málið vinnst í sjálfu sér en þær sýna hins vegar alvöru málsins. Þetta mál er grafalvarlegt og hefur því miður ekki fengið umfjöllun í nefnd sem slíkt. Vinnan fer fram í nefnd og þar er málinu ráðið til lykta og þar reyna menn að ná samstöðu. Við í stjórnarandstöðunni höfum farið hörðum orðum um það, herra forseti, hvaða vinnubrögð hafa verið viðhöfð á Alþingi, fyrst og fremst vinnubrögðin í nefnd.

Þótt ég gefi stjórnarflokkunum þá einkunn að þeir sýni ótrúlega skammsýni þá hefur ekki bara skammsýni birst í verkum þeirra heldur er í raun og veru verið að gefa fjölda manns langt nef. Stjórnarandstöðunni er gefið langt nef og það kemur okkur ekki á óvart. En það alvarlega er hvernig komið hefur verið fram við fólk sem starfar á sviði siðfræði, rannsókna og læknisfræði. Því fólki er öllu gefið langt nef líka. Það eru bara þessir tveir stjórnarflokkar sem vita hvernig lög um gagnagrunna eiga að vera. Þeir hirða ekki um að spyrja aðra og þeir hirða ekki um að leita víðtækrar samstöðu sem er grundvöllur þess að svona lög verði virk, að gagnagrunnurinn verði til, að gagnagrunnurinn verði nothæfur. Að mínu mati er gagnagrunnurinn þegar fyrir fram orðinn ónýtur vegna þess hvernig haldið hefur verið á málum.

Herra forseti. Ég var í hópi þeirra sem í mikilli alvöru vildu skoða hugmyndir um að koma hér upp gagnagrunni ef það mætti verða til þess að leysa gátu sjúkdóma og finna leiðir, bæði til lækninga og ekki síður til forvarna, ef þetta væri unnt. Ég minnist þess að hafa á Alþingi rætt um það hvernig við höfum hér víðtækar upplýsingar, t.d. um gigtarættir á Íslandi þar sem þekking liggur fyrir um heilu ættirnar, alla þessa öld og jafnvel lengur. Því hefur verið haldið fram af sérfræðingum að til sé vitneskja í samfélaginu um það hvernig megi leysa gigtargátuna. Gigt er einhver víðtækasti sjúkdómur á Íslandi og sennilega sá sjúkdómur sem veldur

hvað mestri fjarveru fólks frá vinnumarkaði og helsti orsakavaldur þess að fólk þurfi að hverfa af vinnumarkaði. Fólk verður örkumla og þessi sjúkdómur er samfélaginu dýr. Ég nefni hann einan. Auðvitað höfum við oft verið að tala hér um marga aðra sjúkdóma sem mikilvægt væri að afla sér þekkingar um en þessi sem ég nefni er þannig skráður að um hann eru til miklar upplýsingar og á læknaþingum erlendis hefur því oft verið haldið fram að við Íslendingar gætum leyst þessa gátu. Þess vegna var ég í hópi þeirra sem voru jákvæð fyrir fram þótt ég væri hrædd. Ég var hrædd við persónuverndina. Ég var hrædd við það hvernig við nýttum þær víðtæku upplýsingar sem finnast. Það ber að fara þannig með þær að það kæmi aldrei illa út fyrir þann sem væri í slíkum ættum.

Ég viðurkenni líka að þegar við fórum að fjalla um þetta sérstaka mál var það óþægilegt hve væntanlegur sérleyfishafi beitti sér í málinu. Hann hefur purkunarlaust unnið að málinu og talað eins og Alþingi væri að setja lög fyrir hann. Hann hefur talað eins og Alþingi væri að setja lög fyrir hann og hans fyrirtæki. Ég hefði kosið að Alþingi setti lög um gagnagrunn, sjálfstætt og óháð því hvort einstaklingur úti í bæ hafi verið frumkvöðull að því að kalla eftir að slíkur gagnagrunnur yrði búinn til og hann fengi á honum einkaleyfi. Ég hefði kosið að við skoðuðum það saman, Alþingi, hvernig slíkur gagnagrunnur yrði best gerður og hvort væri unnt að búa hann til og gæta hagsmuna allra einstaklinga í nútíð og framtíð, að við skoðuðum hverjir ættu að hafa aðgang, hvernig vísindamönnum væri tryggð aðkoma að slíkum gagnagrunni, hvernig við tryggðum að rannsóknir sem færu fram í gegnum slíkan gagnagrunn kæmu landsmönnum til góða. Ég vildi óska þess, herra forseti, að þetta stóra mál væri ekki tengt miklum fjármunum og einkaleyfi til eins aðila, að við ræddum í bróðerni hagsmuni okkar og barna okkar en ræddum það ekki í skugga viðskiptahagsmuna eins og hér hefur verið gert.

Þegar þingflokkur jafnaðarmanna fjallaði um þetta mál voru þar að vísu ólík viðhorf. Sumir voru nokkuð skýrt fylgjandi málinu. Aðrir voru hlynntir því svo fremi að persónuverndin væri tryggð og aðkoma annarra vísindamanna en þess sem átti að fá sérleyfið væri jafnframt tryggð. Nokkrir úr okkar hópi fluttu frv. um miðlæga gagnagrunna sem settir væru upp miðað við skilgreind verkefni hverju sinni. Ég vil að það komi skýrt fram úr ræðustól Alþingis að það frv. naut stuðnings mun fleiri úr þingflokki jafnaðarmanna en fluttu það. En menn vildu hreinlega ekki binda sig of sterkt tiltekinni lausn til þess frekar að geta unnið að sameiginlegri niðurstöðu þótt allir í hópnum væru sammála því að það væri afar dýrmætt að koma inn með frv. sem sýndi aðra nálgun til að draga það fram að ef við legðum saman þá gætum við e.t.v. unnið þetta stóra verkefni í sameiningu og tryggt að það sem ég gat um hér í upphafi, þekkingin hjá þessari fámennu þjóð, nýttist framtíð og börnum hennar.

Eftir atkvæðagreiðsluna eftir 2. umr. var okkur, þingflokki jafnaðarmanna, enn þá í mun að reyna að ná samstöðu og við vorum tilbúin að gefa umfjöllun í nefnd milli 2. og 3. umr. nýtt tækifæri og því stóðum við ekki að frávísun málsins á þeim tíma. Börn vorum við. Þetta var barnaleg afstaða þegar maður hugsar til þess hvernig stjórnarflokkarnir tveir hafa hægt og sígandi verið að festast í vinnubrögðum vissunnar um það að bara þeir tveir með valdi sínu þurfi að ná saman til þess að setja lög á Alþingi og það hvort stjórnarandstaðan eða fleiri flokkar standi að þýðingarmiklu máli er fyrir þá algert aukaatriði. Enda var í þessu máli sýnd fullkomin óbilgirni og ég harma það, herra forseti.

Við þingflokksformenn höfum á þessu kjörtímabili sýnt mikinn vilja til þess að gera breytingar á störfum Alþingis. Við höfum unnið í nokkrum rispum að breytingum á þingsköpum. Við breyttum á sínum tíma ræðutíma við 1. umr. og þrengdum tímamörk. Og það lá alveg fyrir að vilji yrði til þess í ljósi reynslunnar að skoða það að setja tímamörk á ræðutíma, bæði við 2. umr. og e.t.v. 3. umr., að það yrði skoðað í ljósi reynslunnar og samstöðunnar um að skapa hér nýtt umhverfi þar sem stjórn og stjórnarandstaða stæðu saman að stjórn þingsins, að í forsætisnefndinni væru fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu, að í nefndum þingsins mundum við koma því á að formenn kæmu jafnt frá stjórnarandstöðu sem stjórnarflokkum. Með þessu og öðru í breytingum á þingstörfum vildum við skapa sameiginlega ábyrgð á þingstörfunum. Við höfum reynt að fóta okkur á þessum breytingum, m.a. með því sem ég hef þegar nefnt, þ.e. að þrengja tímamörkin og jafnframt skoðað ýmsar breytingar til að setja umræðu og verkum hér frekari skorður þannig að á einhverjum tíma mundum við geta unnið að því að ná saman um að umræðu væri gefinn ákveðinn tími.

Ég held því fram að við höfum með opnum huga unnið að þessum breytingum og að veigamikil áform hafi verið uppi um að ná saman um þýðingarmiklar grundvallarbreytingar.

Þær breytingar hefðu þrengt að stöðu minni hluta á hverjum tíma. Þess vegna var það undirliggjandi að staða minni hlutans yrði virt og tillit yrði tekið til hans í meðferð og störfum þingsins. Þessari vinnu, eins og hún var vel komin á veg, var reyndar sópað út af borðinu fyrir ári síðan af stjórnarmeirihlutanum, eða oddvita hans, af því það fór í pirrurnar á viðkomandi að hér var ágreiningur uppi og minni hlutinn nýtti rétt sinn þar sem ekki var vilji til þess að sýna burði til samstöðu.

Nú hafa þau tíðindi gerst í nefnd sem hljóta að hafa áhrif á þátt minni hlutans í breytingum á störfum þingsins. Ef við sameinumst um að gera breytingar sem þrengja að stöðu minni hluta á hverjum tíma og við skulum muna það, hv. þingmenn — virðulegi forseti. Ég biðst velvirðingar á því að ég beini orðum mínum beint til þingmanna, sem mér er ekki leyfilegt — en við skulum muna að allir flokkar lenda á einhverjum tíma í stjórnarandstöðu, þá verður það að vera þannig að við sköpum störfum þingsins umhverfi þar sem virðing verður að vera sýnd stöðu flokka hvort heldur þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Nú gerðist það að völdin voru tekin af formanni heilbr.- og trn. sem hefur stýrt þessari vinnu við gagnagrunn, völdin voru tekin af honum á fundi og hann beittur valdi af meiri hlutanum. Hann fékk ekki að kalla til gesti sem höfðu óskað að koma til fundar við nefndina. Meiri hlutinn ákvað að umfjöllun væri lokið, málið yrði tekið úr nefnd, að ekkert yrði gert með óskir þeirra sem höfðu uppi vonir um að nú skyldi taka á málum. Stjórnarmeirihlutanum þótti enginn akkur í því að lagasetning af þessum toga nyti stuðnings nokkurra úr stjórnarandstöðunni. Öllu þessu var veifað burtu og ekkert með það gert og það hefur áhrif langt út fyrir vinnuna við þetta frv.

Herra forseti. Ég var ekki þátttakandi í umræðunni þegar þetta mál kom til 2. umr. en ég hef fylgst með málinu. Þessi meðferð á þýðingarmiklu máli hefur komið mér mjög á óvart. Það er nefnilega þannig að það kemur málinu ekkert við þótt fulltrúar hópa hafi verið búnir að koma til nefndar til að fjalla um frv. eins og það var í frumgerð sinni. Þegar

mál hefur fengið umfjöllun í nefnd, gerðar hafa verið á því breytingar og ég tala nú ekki um þegar breytingar koma fram nærri því sama daginn og nefndin tók málið til umfjöllunar, þá hefur það viðgengist að kalla til alla þá sem nefndarmenn hafa óskað eftir og hlusta á sjónarmið þeirra sem gerst þekkja hvaða áhrif brtt. hafa. Þetta gerðist ekki varðandi þá hópa sem þegar hafa verið nefndir: Mannvernd, Læknafélag Íslands, Læknafélag Reykjavíkur, siðfræðiráð Læknafélagsins og læknadeildina. Þó er um að ræða fólk sem hefur vit á þessu máli og þetta fólk hefur vit á því hvað brtt. þýða.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem flókið eða umdeilt mál hefur komið til meðferðar í nefnd og ekki í fyrsta sinn sem beðið er um gesti þegar mál fer í nefnd milli umræðna, en afgreiðslan á þessu máli hefur verið alveg ótrúlega klaufaleg. Þess vegna gripum við fulltrúar stjórnarandstöðu til þess ráðs að kalla til þá aðila sem höfðu óskað eftir að koma. Og frá þeim komu mjög þýðingarmiklar upplýsingar. Það sem vakti athygli mína var auðvitað hversu hissa þessir einstaklingar voru á því að svo stórt mál ætti að keyra í gegn og þeir töldu að hér væri að verða til ónýtanlegur gagnagrunnur vegna þess að í gagnagrunni yrðu að vera heilsteyptar upplýsingar og þegar vísindasamfélagið væri á móti málinu þá yrðu þær heilsteyptu upplýsingar ekki til í gagnagrunninum. Bent var á að þeir sem vinna með gagnagrunninn mundu senda upplýsingar og líklega ríkisstofnanir einnig, en sjálfstætt starfandi læknar mundu verða á móti og hætta væri á að þeir mundu því ekki senda upplýsingar til lækna sem afgreiddu slíkar upplýsingar í grunninn. Það er mjög alvarlegt ef þetta á eftir að gerast. Þegar einstaklingur fer til sérfræðings fara upplýsingar frá sérfræðingnum til heimilislæknisins þannig að heimilislæknirinn heldur utan um allar heilsufarsupplýsingar síns sjúklings. Og ef það er þannig að vilji er á heilsugæslustöðvum til að senda upplýsingar í grunninn en sérfræðingar vinna á móti honum og eru í andstöðu við hann þá er e.t.v. hætta á að sérfræðingar hætti að senda upplýsingar til heimilislæknisins sem mikilvægt er að haldið sé utan um þar. Það verður að horfa á það hvaða afleiðingar aðrar svona meðferð hefur út yfir vinnuna við gagnagrunninn. Þarna hef ég bent á eitt atriði sem kom fram hjá gestunum á fundi okkar.

Einnig var bent á að ekki þurfi leyfi fyrir hverri samkeyrslu og það þýði í raun að tölvunefndin sé sett aftur fyrir prósessinn í málinu. Það hefur verið tekist á um þetta. Þessir einstaklingar eru sannfærðir um að þannig liggi í málinu. Líka var bent á að bréf hefði komið til lækna 3. desember um að erfðaupplýsingar færu ekki í grunninn en brtt. meiri hlutans fjölluðu um það öndverða. Það er ekkert nýtt í umræðunni. En ég bendi á að auðvitað kemur það einstaklingum sem eru að vinna á þessum vettvangi á óvart að fá bréf 3. desember og síðan er brtt. um það sem bréfið er að afsanna komin fram eftir viku. Þetta eru ekki vinnubrögð sem Alþingi eru sæmandi, herra forseti.

Þessir menn bentu líka á hve lýðræðið er falskt. Það á að vera okkur umhugsunarefni vegna þess að við ásamt Norðurlöndunum höfum bent á að í okkar löndum sé lýðræði hvað virkast. Hingað koma hámenntaðir einstaklingar sem starfa í vísindasamfélaginu og þeir segja: Það er erfiðast að sætta sig við hve lýðræðið er falskt. Það er kallað eftir álitsgerðum frá okkur en það er ekkert gert með þær. Og það má búast við að eftir þessa meðhöndlun verði kannski hálf þjóðin með í þessum gagnagrunni vegna þess hve sjúklingar eru farnir að spyrja mikið um hvort upplýsingar um þá verði sendar í grunninn. Það er líka bent á að fólk veit ekkert hvort það fær að sjá sínar eigin upplýsingar, hvers lags þær eru því þær geta í raun verið ógnvænlegar.

Herra forseti. Minni hlutinn í heilbr.- og trn. hefur sent frá sér mjög ítarlegt framhaldsnál. sem hefur verið fylgt úr hlaði hér. Þar hefur verið gagnrýnt það sem ég hef gert hér að umfjöllunarefni, þ.e. vinnubrögðin í heilbr.- og trn. En margt fleira kemur fram í því nál. sem mér finnst mjög mikilvægt að stjórnarmeirihlutinn svari af ábyrgð. Ég ætla hins vegar ekki að tefja fundinn með því að fjalla nánar um þetta framhaldsnál. því ég hef ákveðið að ræða mín við þessa umræðu verði fremur stutt. En ég er með eina spurningu til hæstv. heilbrrh. og óska eftir því að ef hæstv. heilbrrh. er í húsinu þá komi hún í salinn svo að ég geti beint spurningu minni til ráðherrans.

Herra forseti. Þegar við vorum að byrja umræðuna í gær var í hólfum þingmanna umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frv. um gagnagrunn. Þetta er afskaplega ítarleg og fagleg umsögn upp á 22 blaðsíður og kemur reyndar seint fram. Að Mannréttindaskrifstofunni standa mjög mörg samtök á því sviði sem láta sig varða hvernig lagasetningin á að fara hér fram. Mér finnst mjög slæmt að ekki skuli vera farið faglega yfir þá umsögn af hálfu nefndarinnar, að við skulum vera með hana við 3. umr. (**Gripið fram í:** Hún kom fram í nefndinni.) Hún kom fram í nefndinni er sagt hér, þannig að hún er þá send okkur sem ekki erum í nefndinni. Ég ætla ekki að fara ítarlega í hana, herra forseti, en ætla að nefna tvö til þrjú atriði. Á einum stað segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið hefur að vísu verið borið undir Lagastofnun Háskóla Íslands fyrir fram en hún er að sumu leyti farin að gegna hlutverki stjórnlagaráðs sem fjalli um mikilvæg frumvörp þegar þau eru orðin að lögum. Sá hængur var þó á miðað við það sem gerist hjá stjórnlagadómstólum yfirleitt að ekki fór fram neinn gagnstæður málflutningur frammi fyrir álitsgjafanum, þar sem sjónarmið andstæðinga frumvarpsins væru dregin fram, auk þess sem helsti hagsmunaaðilinn í málinu greiddi fyrir álitið. Þetta er einungis sagt til að undirstrika að álit Lagastofnunar HÍ getur í þessu máli ekki haft sama vægi og úrskurður hlutlauss dómstóls en ekki til að vekja tortryggni um lögfræðilegt hald í röksemdafærslu álitsgjafa."

Þetta er mjög þýðingarmikið, herra forseti, vegna þess að við hér á Alþingi höfum gjarnan sótt visku og gripið til álita eins og álits Lagastofnunar Háskóla Íslands. Þar er líka mjög ítarleg umfjöllun um frv. sjálft sem mér hefði fundist að taka ætti mikið tillit til og þær ábendingar sem koma fram ættu að vera umhugsunarefni fyrir okkur.

Herra forseti. Ég sé að hæstv. heilbrrh. er mætt í salinn og ég ætla að bera þessa spurningu upp við hana. Í frv. er heimild til að semja um greiðslu, semja við væntanlegan sérleyfishafa um greiðslu sem renni til íslenska heilbrigðiskerfisins og spurning mín til heilbrrh. er þessi:

Hvenær á að semja við sérleyfishafann? Um hvað á að semja?

Það hvarflar ekki annað að mér núna, þegar þetta frv. er komið á lokastig, en að búið sé að setja niður fyrir sér nákvæmlega hvernig sá samningur á að vera og það er mikilvægt að við fáum að heyra það.

Við höfum lagt mikla áherslu á hvað þingið hefur sett niður með þessum vinnubrögðum og að ekki er sátt um brtt. meiri hlutans. Það eru nokkrar spurningar sem hafa verið bornar hér fram en meiri hlutinn hefur ekki svarað þeim. Ég ætla ekki að endurtaka þær allar en ég vil samt gera

enn eina tilraun til að fá svar við því hvort unnt verði að ná upplýsingum út úr grunninum ef því verður t.d. mótmælt að upplýsingar séu komnar inn. Þar gæti verið um að ræða börn eða ólögráða fólk. Verður hægt að ná upplýsingum út úr grunninum ef fólk sækist eftir því? (**Gripið fram í:** Það er búið að svara því.) Þá verður því bara svarað einu sinni enn. Þá verður það bara áhersla á hve alvarlegt það er að við séum að setja lög þar sem hægt er að setja inn börn og ólögráða fólk og reyndar aðra sem ekki gæta að sér og upplýsingar fara inn í þennan grunn sem á að keyra með ættfræði- og erfðaupplýsingum. Og þegar fólk áttar sig á því og vill ekki vera þarna og vill ekki að öll samkeyrð vitneskja um það sé til í slíkum gagnagrunni og vill leita réttar síns og segir: Ég vil ekki vera þarna, þá verður það ekki hægt. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir lýðræðislegt þing eins og okkar að þannig ætlum við að hafa þessi lög.

Herra forseti. Sum lög sem sett eru eru þess eðlis að aukinn meiri hluti á Alþingi ætti að vera að baki þeirra. Þetta frv. er slíkt mál. Það eru mikil mistök að keyra svona mál í gegn með atkvæðum tveggja flokka. Þetta er mál sem menn hljóta að hafa ætlað sér að yrði til í framtíðinni annars væru menn ekki að leggja það á sig að beita slíku valdi að setja upplýsingar um okkur, sem höfum lifað á þessari öld, og börnin okkar inn í grunninn. Það er meiri ástæða til að reyna að ná samstöðu og gefa málinu tíma en setja sér þröng tímamörk eins og stjórnarflokkarnir hafa gert og beita loks valdi í nefndarstarfi. Þess vegna höfum við ákveðið að svara gerræðislegum vinnubrögðum meiri hlutans með tillögu um rökstudda dagskrá, herra forseti. Hún er flutt af þingflokksformönnum þingflokka í stjórnarandstöðu, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, Svavari Gestssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Ögmundi Jónassyni og hljóðar svo, herra forseti:

„Þar sem fjölmörg atriði mæla gegn afgreiðslu frumvarpsins, meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar beitti eindæma gerræði við afgreiðslu málsins á fundi sínum eftir 2. umræðu á Alþingi og þar sem málið fékk ekki fullnægjandi umfjöllun í nefnd milli 2. og 3. umræðu gagnstætt því sem heitið var og líkur eru á að lögfesting frumvarpsins leiði til átaka og tjóns í heilbrigðiskerfinu ályktar Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

[12:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir beindi til mín spurningu, aðallega varðandi það hvernig greiðslum yrði fyrir komið frá sérleyfishafa til heilbrigðisþjónustunnar. Því er til að svara að við munum fá sérfræðinga á sviði fjármála til að aðstoða okkur við það áður en við gefum út starfsleyfið.

Varðandi aðra spurningu, sem hv. þm. kom með og er svo sem margsinnis búið að svara hér í þessum umræðum, um hvort hægt sé að taka upplýsingar út úr grunninum aftur, þá hefur það margsinnis komið fram að þetta eru ópersónugreinanlegar upplýsingar þannig að útilokað er að ná þeim beint út aftur, enda engan veginn hægt að segja að slíkar upplýsingar geti skaðað einstaklinginn á nokkurn hátt.

[12:28]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að heyra að gera á samninginn við sérleyfishafa áður en leyfið verður veitt. Það er mjög mikilvægt. En það kemur mér mjög á óvart að ekki sé búið að leggjast yfir það hvað eigi að vera í samningnum núna þegar við erum að afgreiða þetta mál því það er grundvallaratriði í umfjöllun málsins.

Herra forseti. Ég var að vísa til álitsgerðar Mannréttindaskrifstofu Íslands sem er mjög fagleg, enda standa að henni virtir aðilar. Þar eru bornar brigður á að upplýsingar í gagnagrunninum verði jafn vel tryggðar og haldið er fram af stjórnarmeirihlutanum. Ég ætla bara að vísa til þess álits.

[12:29]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Nú líður brátt að lokum þessarar miklu umræðu um þetta gríðarlega stóra mál sem hefur verið rætt hér um skeið. Að mínum dómi hefði það þurft miklu meiri og ítarlegri umfjöllun, ekki aðeins á hinu háa Alþingi, heldur kannski fyrst og fremst í samfélaginu. Vegna þess að eins og hæstv. heilbrrh. hefur margoft tekið fram þarf að ríkja sátt um þetta mál. Ef einhver árangur á að nást með rannsóknum út frá þeim heilsufars-, ættfræði- og erfðaupplýsingum sem til eru um Íslendinga þá þarf að ríkja sátt um það. Það þarf að ríkja sátt um hvaða aðferð er beitt og hvar og hvernig þær upplýsingar verða vistaðar.

Það liggur alveg ljóst fyrir að um þá leið, sem ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis leggur til og ver fram í rauðan dauðann, ríkir ekki sátt. Ég get ekki stillt mig um það, hæstv. forseti, að vitna í grein í Morgunblaðinu í gær þar sem rætt var við aðila sem fylgst hafa grannt með þessu máli, annars vegar formann Mannverndar, Sigmund Guðbjarnason, og hins vegar svokallaðan ráðgjafa Íslenskrar erfðagreiningar, Högna Óskarsson geðlækni. En Sigmundur Guðbjarnason segir, með leyfi forseta:

„að gagnagrunnsmálinu sé engan veginn lokið þó frumvarpið verði að lögum og bæði þjóðin og sér í lagi þingið muni hafa bæði skömm og skaða af."

Þetta segir fyrrv. rektor Háskóla Íslands og einn af okkar virtustu vísindamönnum.

Ég vil í upphafi máls míns taka undir það að það er auðvitað alveg makalaust þegar svona stórt mál kemur til meðferðar í þinginu sem sent er til umsagnar ótal aðila, sent til allra þeirra sem kunnugastir eru þessum málum, bæði frá vísindalegu sjónarmiði, siðferðilegu sjónarmiði, lagalegu sjónarmiði o.s.frv., að á þessa aðila er nánast ekkert hlustað. Mikill meiri hluti þeirra sem leitað er til og gerst til þekkja bera fram varnaðarorð, vara við því að þessi leið sé farin, að ekki sé talað um þá sem eru því algjörlega andvígir og færa fyrir því margvísleg rök.

Ég skal að vísu viðurkenna að búið er að gera margvíslegar breytingar á frv. og negla þar í ýmis göt, ýmis smágöt en öllu stóru götin eru eftir. Ég hef orðið vör við að margir þeir aðilar sem fylgst hafa með málinu í þá níu mánuði sem það hefur verið til meðferðar eru sjokkeraðir. Þótt þetta sé nú ekki gott orð, hæstv. forseti, þá dettur mér ekkert annað betra í hug. Þetta fólk er beinlínis sjokkerað yfir því að á það er ekkert hlustað. Það er ekki tekið mark á öllum helstu vísindamönnum þjóðarinnar, það er ekki tekið mark á þeim sem eiga að láta upplýsingarnar af hendi. Þetta er auðvitað afar alvarlegt og vekur miklar spurningar um vinnubrögðin á Alþingi.

Ég hef áður nefnt að mér finnst það vera eitt af aðalsmerkjum Alþingis Íslendinga hversu greiðan aðgang fólk hefur að þinginu. Hægt er að óska eftir því að koma á fundi

nefnda, aðilar óska eftir því að fá að senda inn umsagnir um mál og einstakir nefndarmenn fá yfirleitt að kalla til alla þá sem þeir vilja ræða við. En í þessu máli er ekki hlustað á neinn, nefndarmönnum minni hlutans er neitað um að fá að kalla til aðila til þess að ræða um nýjar brtt. Þetta allt vekur auðvitað upp margar og stórar spurningar um það hvað að baki býr.

Er það óttinn við vaxandi andstöðu við málið í samfélaginu sem knýr meiri hlutann svo áfram? Er það verðbréfavísitalan í Wall Street sem rekur á eftir því að málið verði afgreitt vegna hlutabréfa deCODE Genetics? Eða hvað er hér á ferðinni? Mér finnst við vera að horfa upp á skuggahlið lýðræðisins ef lýðræði skyldi kalla.

Allt þetta er gert til að knýja áfram þetta mál þegar við blasir að standi læknar við það sem þeir hafa sagt verður þessi gagnagrunnur stórgallaður. Það verða miklar gloppur í honum vegna þess að verulegur hluti lækna mun ekki láta gögn sín af hendi og væntanlega ekki stofnanir heldur. Ég þekki ekki það vel til til að geta áttað mig á því hvernig væntanlegur rekstrarleyfishafi mun geta nýtt sér og hvort hann getur nýtt sér það sem hann mun þá hafa til einhverra vísindarannsókna. Það kann vel að vera en sem slíkur grunnur, sem öll stóru vísindaafrekin eiga að byggjast á, verður hann stórgallaður.

Nú skal ég ekki draga úr þeirri miklu sérstöðu sem íslensk þjóð hefur sem einsleitur eða tiltölulega einsleitur hópur. Íslendingar hafa að sjálfsögðu blandast ýmsum þjóðum í gegnum aldirnar, Spánverjum, Frökkum, Dönum og fleirum en við erum samt sem áður tiltölulega einsleit þjóð og hér eru til gríðarlega miklar skráðar upplýsingar. Við eigum t.d. regluleg manntöl allt frá árinu 1703. Þetta gefur auðvitað allt saman mikla möguleika til rannsókna en þá möguleika má að sjálfsögðu nýta án þess að koma upp þessum miðlæga gagnagrunni þar sem öllum þeim gríðarlega viðkvæmu upplýsingum er safnað um heila þjóð. Og það er fyrsta stóra grundvallarspurningin í þessu: Er réttlætanlegt og stenst það siðferði og alþjóðasáttmála, lög og reglur um mannréttindi að gera það? Við þessu finnst mér ekki hafa fengist viðhlítandi svör.

Ég svara þessu neitandi. Það eru þó nokkur ár síðan ég fór að fylgjast með umræðunni um genalækningar, genarannsóknir og möguleika læknisvísindanna til að grípa inn í genamengi mannsins. Tæknin á þessu sviði og tengdum sviðum er orðin svo ótrúleg. Menn gera aðgerðir á fóstrum í móðurkviði og eins og við vitum eru egg frjóvguð utan líkama móður o.s.frv., og menn hafa orðið möguleika til að gera genetískar breytingar. Hin mikla umræða stendur um það hvað er leyfilegt í þessum efnum og sú umræða nær ekki aðeins til mannsins, hún nær líka til dýraríkisins og jurtaríkisins.

Ég fékk senda grein í gegnum tölvupóst, eins og væntanlega fleiri þingmenn, frá prófessor Einari Árnasyni um þá umræðu sem geisar í Evrópu um breytingar, genabreytingar — ekki veit ég nú hvaða orð maður á að nota yfir þetta — eða tilraunir sem verið er að gera á plöntum þar sem plönturnar eru gerðar ófrjóar. Um þetta eru gríðarlegar umræður og þar koma lyfjafyrirtækin mikið inn í umræðuna.

Við erum því að stíga skref sem geta reynst mjög örlagarík. Við vitum ekkert hvað við erum að gera, við vitum ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér eða hvert muni stefna og ég tel að menn séu hér að flýta sér allt of, allt of hratt.

Að loknum þessum inngangsorðum ætla ég að víkja að einstökum atriðum frv. og enn kem ég að þeirri stóru spurningu sem er algjörlega ósvarað. Ég sætti mig ekki við svör hæstv. heilbrrh. varðandi það hvað á að fara inn í gagnagrunninn, hún segir að viðkomandi stofnanir eigi að stjórna því hvað fari inn í grunninn og þá væntanlega með einhverjum siðferðilegum rökum. En hvað með upplýsingar um geðsjúkdóma, kynsjúkdóma, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðir, tæknifrjóvganir, uppskurði, hina ýmsu krabbameinssjúkdóma, kvensjúkdóma, húðsjúkdóma? Á þetta allt að fara inn í þennan grunn? Eiga ýmsar upplýsingar sem tengjast félagslegri stöðu fólks, áfengisneyslu eða eiturlyfjaneysla, sem vissulega er nátengt heilsufari, að fara inn í grunninn? Hvað á að fara inn í þennan grunn?

Það er kannski erfitt að skilgreina nákvæmlega hvað á að fara inn í hann en eins og ég nefndi við 2. umr. þá er a.m.k. hægt að skilgreina hvað á ekki að fara inn í hann. Hvað á ekki að leyfa að fari inn í þennan grunn?

Nú situr hv. varaform. heilbr.- og trn. hér í sjónfæri og hún hefur í máli sínu mikið vikið að því að aðalatriði málsins sé að þessar upplýsingar séu ekki persónugreinanlegar. Að mínum dómi skiptir það vissulega miklu máli, ég skal alveg viðurkenna það. Ég var m.a. að fara yfir umsögn Mannréttindaskrifstofunnar sem setur sig náttúrlega í þá stöðu að verja einstaklingana og að horft sé á málið út frá mannréttindum einstaklinganna, og ég skal alls ekki gera lítið úr því hver réttur einstaklinganna er og hvernig þeir geta varið sig og hvað er réttlætanlegt að setja inn af upplýsingum um einstaklinga, en ef ég hef skilið þetta rétt, þá getur verið um að ræða, og það kemur m.a. fram í umsögn Mannréttindaskrifstofunnar, — hvað á ég nú að kalla þetta — útskrift, útprentun eða upplýsingar um hóp allt niður í tíu manns. Og að segja að einhver tíu manna hópur eða tíu manna úrtak með einhver einkenni sé ekki persónugreinanlegt í okkar litla samfélagi, menn eru jú að reyna að fá út einhver einkenni. Við skulum segja að menn séu að rannsaka ákveðinn geðsjúkdóm og halda því síðan fram að það sé ekki persónugreinanlegt. Ég dreg það stórlega í efa. Ég held að ég mundi nú fljótlega draga mínar ályktanir af því, m.a. hverjir þar væru á ferð.

Við búum í ákaflega litlu samfélagi og mér finnst þetta vera mjög lág viðmiðun. Meginótti minn varðandi þetta frv., og er ég þá líka hreinlega að hugsa um orðspor Íslendinga og ábyrgð þeirra í alþjóðasamfélaginu — og ég er að segja þetta hér í a.m.k. þriðja sinn, ef ekki fjórða eða fimmta — er nákvæmlega þetta: Hvað verður hægt að fá út úr þessum grunni af alls konar afmörkuðum upplýsingum um ákveðna hópa fólks, heilsufarsupplýsingar fyrst og fremst — við skulum segja sykursjúka eða krabbameinssjúklinga, sem hægt væri að yfirfæra með einhverjum hætti t.d. til tryggingarfélaganna?

Ég hef konkret dæmi um Bandaríkjamenn sem hafa spurt mig beint: Ætlið þið að leyfa það að bandarísk tryggingafyrirtæki geti keypt upplýsingar út úr Íslenskri erfðagreiningu, ég gef mér að það fyrirtæki fái þetta rekstrarleyfi, um ákveðna hópa eða ákveðinn sjúkdóm sem síðan verða notaðar í mati tryggingafélaganna á iðgjöldum fólks? Þetta eru upplýsingar sem ekki eru aðgengilegar í Bandaríkjunum en tryggingafélögin berjast fyrir að fá. Um árabil hefur staðið mikil barátta í Bandaríkjunum til að reyna að verja einstaklinga og einstaka sjúkdómahópa.

Ég hef vegna tengsla minna við kvennasamtök fengið bréf frá konum í Bandaríkjunum. Þær hafa reynt að efna til alheimsaðgerða til þess að reyna að banna þetta. Þær óttast

að um leið og rannsóknir á krabbameini í brjósti kvenna og genið, sem mér skilst að búið sé að finna og liggi í ákveðnum ættum, verði opinberaðar muni viðkomandi einstaklingar komast í stórhættu gagnvart tryggingafyrirtækjum. Þær eru að berjast fyrir því að þetta verði bannað, fólk verði varið fyrir því að tryggingafélög fái aðgang að svona upplýsingum.

Síðan segja þær: Svo ætlið þið, þessi litla þjóð, þið þarna uppi á Íslandi að setja allar ykkar heilbrigðisupplýsingar og jafnvel allt genamengi ykkar inn í þennan banka. Geta bandarísk fyrirtæki komið og keypt þessar upplýsingar?

Þó að hér sé gert ráð fyrir þverfaglegri siðanefnd sem meti rannsóknir og þá upplýsingapakka sem hægt verður að kaupa get ég ekki séð að hægt verði að koma í veg fyrir svona nokkuð þó ég heyrði svokallaðan ráðgjafa Íslenskrar erfðagreiningar fullyrða það í fréttum sl. sunnudagskvöld, að það væri ekki hægt að fá upplýsingar til að mismuna fólki. En ég get ekki séð, eins og þetta lagafrv. lítur út, að neitt komi í veg fyrir það. Mat siðanefnda getur auðvitað breyst frá degi til dags og frá ári til árs. Kannski er ekki alltaf auðvelt að átta sig á hver sá aðili er sem óskar eftir þessum upplýsingum.

Mér finnst þetta alveg stóralvarlegt mál. Það hefur komið fram í gögnum fyrirtækisins Íslenskrar erfðagreiningar að þeir hafa frá upphafi m.a. stílað inn á þennan markað tryggingafélaganna. Þeir eru ekkert að leyna því. Þetta kemur m.a. skýrt fram hér í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands sem hefur greinilega farið afar vel yfir þessi mál. Mér finnst þetta stóralvarlegt mál.

Ég ætla ekki að fara ítarlega út í það sem snýr að aðgangi vísindamanna að grunninum. Ég hef rætt það töluvert áður og nú verður því komið fyrir með samningum. Auðvitað er ómögulegt að segja hvernig þeir samningar muni fara fram eða hvað verður lagt þar til grundvallar. Ég skil það svo að *sú þrígreining á vísindamönnum sem gert var ráð fyrir í upp*haflegu frv. sé ekki lengur til staðar heldur geti sjálfstæðir vísindamenn samið um aðgang að grunninum, auðvitað á grundvelli þeirra reglna sem ríkja.

Það sem mér hefur þótt afar merkilegt og vekur miklar spurningar hjá mér er hve merkilegt er að bera saman þetta frv. og svo lögin um skráningu og meðferð persónuupplýsinga frá árinu 1989. Árið 1989, fyrir mína tíð hér í þessum sölum, var lagður ákveðinn grunnur varðandi það hvað leyfilegt væri að skrá og hvað ekki með því sem kallað er kerfisbundin skráning. Þar er m.a. í 4. gr. fjallað um hvað sé óheimilt að skrá. Það eru upplýsingar í c-lið, með leyfi forseta:

„c. upplýsingar um kynlíf manna og heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun,

d. upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál."

Síðan er þetta raunar dregið til baka:

„Skráning upplýsinga þeirra, er greinir í 1. mgr., er heimil standi til þess sérstök heimild samkvæmt öðrum lögum. Þá er skráning upplýsinga skv. 1. mgr. og heimil ef hinn skráði hefur sjálfur látið upplýsingar í té eða upplýsinga er aflað með samþykki hans. Það er skilyrði slíkrar skráningar að upplýsinga sé aflað við þær aðstæður að hinum skráða geti eigi dulist að ætlunin er að skrá viðkomandi upplýsingar."

Grunnhugsunin í þessum lögum er sem sagt sú að skráning um heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun sé ekki heimil. Það er hin almenna regla. Skráningin er ekki heimil en síðan er hægt að kveða á um það í öðrum lögum og jafnframt má það með upplýstu samþykki.

Þar kemur að stóru atriði, hinu upplýsta samþykki sem er auðvitað grundvallarréttindi. Við þá reglu er alls staðar miðað í lögum og reglum um vísindalegar rannsóknir. Hér er því vægast sagt verið að fara út á hæpnar brautir, þegar vísindamenn þurfa ekki lengur að leita eftir upplýstu samþykki, þ.e. hjá fyrirtækinu Íslenskri erfðagreiningu.

Í umræðum í gær kom fram að Íslensk erfðagreining hefur *þegar undir höndum sjö þúsund erfðafræðisýni.* Sagt var að Íslensk erfðagreining hefði þegar komið sér upp erfðafræðigrunni. Eins og ég hef skilið málið þá þarf leyfi tölvunefndar til hverrar rannsóknar þannig að erfðafræðigrunnurinn sem Íslensk erfðagreining hefur, með upplýstu samþykki viðkomandi, eingöngu verið leyfður til tiltekinna rannsókna. Íslensk erfðagreining hlýtur að þurfa að fá samþykki bæði siðanefnda og tölvunefndar til frekari notkunar á þessum grunni. Er það ekki ljóst? (**SF:** Og fólksins.) Og fólksins, segir hv. þm. Siv Friðleifsdóttir.

Ég nefni þetta vegna þess að það er auðvitað alveg ljóst að samkvæmt gildandi lögum hefur Íslensk erfðagreining ekki heimild til þess að koma sér upp erfðafræðigrunni nema til tiltekinna rannsókna. Spurningin er: Hvað breytist með þeirri lagabreytingu sem hér er lögð til við 10. gr. því hér er auðvitað nefndur sérstaklega gagnagrunnur með erfðafræðilegum upplýsingum? Það yrði heimilt að koma upp gagnagrunni með erfðafræðilegum upplýsingum.

Þetta er eitt af því sem vísindamenn hafa bent á og krefjast þess að sömu reglur gildi, að það sé leitað eftir leyfi eða samþykki til hverrar rannsóknar.

Þá kemur að spurningunni um þetta eftirlit tölvunefndar og siðanefndar. Ég ætla ekki að endurtaka umræðuna sem varð hér í gær hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Hins vegar er ljóst að hlutverk tölvunefndar og skyldur munu stóraukast við samþykkt þessa frv. Ég hef ekki séð neitt mat á þeim kostnaði eða á því sem þar er á ferðinni eins og málið lítur út núna. Auðvitað hefur þar mikið bæst við við þróun málsins.

Ég ætla að reyna að stytta mál mitt, hæstv. forseti. Ég vil ítreka að ég er andvíg þessu einkaleyfi, þó ég skilji að eins og málið er vaxið, ef leggja þarf í þennan gríðarlega kostnað, þurfi auðvitað að ná honum til baka. Ég er hins vegar algjörlega andvíg þessari leið, hvað þá að leyfa einkaaðila að hafa *allar þessar gríðarlegu upplýsingar til tólf ára. Ef í það stefnir* að þetta frv. verði samþykkt þá hljóta þeir sem verða hér þingmenn á næsta kjörtímabili að fylgjast mjög grannt með þessu fyrirtæki og því sem þar verður á seyði. Við megum ekki gleyma því að vísindaheimurinn á Íslandi er í algjöru uppnámi út af þessu. Menn óttast að þeir verði settir út í horn eða einangraðir í vísindarannsóknum og það bitni jafnvel á þeim sem hafi verið miklir andstæðingar þessa máls. Þar fyrir utan eru síðan efasemdirnar um að þessi grunnur verði nokkurn tímann barn í brók.

Ég ætla að koma aftur að 10. gr. Ég vildi gjarnan fá skýringar, í ljósi þess sem ég hef verið að ræða, á hvað verði heimilt að selja úr þessum grunni. Þá vil ég spyrja hv. varaform. heilbr.- og trn., sem verið í forsvari af hálfu meiri hlutans í þessu máli, hvað felist í að upplýsingar í gagnagrunni á heilbrigðissviði megi nýta til þess að þróa „nýjar eða bættar aðferðir við heilsueflingu, forspá," o.s.frv.

Einn af læknunum, sem komu á fund minni hluta heilbr.- og trn. og annarra úr stjórnarandstöðu sem þar voru, setti spurningarmerki við akkúrat þetta, þessar forspár. Hvað á

að heimila, hvað er rétt að heimila í sambandi við erfðafræðilegar forspár? Er einhver bættari með því að vita að barnið hans eða hennar eigi von á að fá Alzheimer-sjúkdóm upp úr fimmtugu, verði mjög líklega krabbameinssjúklingur eða hvaða dæmi ég á að taka? Á að heimila þetta? Þetta er ein af þessum stóru siðferðilegu spurningum. Því spyr ég: Hvernig skilur hv. varaformaðurinn orðalagið „nýjar eða bættar aðferðir við heilsueflingu"? Er það fyrst og fremst lyfjaiðnaðurinn? Það er hægt að skilja þetta mjög víðum skilningi. Hver er meiningin með þessu?

Hér hefði verið ástæða til að fara rækilega í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands sem er nú reyndar síðasta umsögnin sem ég hef fengið í hendur. Hún er alveg gríðarlega vel unnin og þar er farið mjög vítt yfir sviðið og gefnar mjög miklar viðvaranir í þessu máli. Þær aðvaranir eru út frá mannréttindasjónarmiðum, út frá lagalegu sjónarmiði og út frá siðfræðilegu sjónarmiði. Ég ætla að sleppa því hér að fara í einstök atriði og býst við að nefndin hafi farið rækilega í þetta álit eins og önnur.

Þetta er dæmi um, álit upp á 22 síður sem er án efa unnið af lögfræðingi, gríðarlega vinnu sem lagt hefur verið í en það er ekkert hlustað. Það er ekkert hlustað á öll þessi gríðarlega stóru álitamál sem í þessu máli felast.

Ég vil því að lokum, hæstv. forseti, draga það svo saman að mér finnst þetta óskaplega stórt og alvarlegt mál. Við erum að halda inn í heim og fæst okkar sem hér erum höfum hvorki menntun né forsendur til að skilja alla þá gríðarlegu möguleika sem í þessu felast og öll þau óskaplega stóru siðferðilegu álitamál sem mannkynið stendur frammi fyrir vegna þessarar gríðarlegu tækniþróunar.

Við höfum upplifað það einu sinni á þessari öld að vísindamenn uppgötvuðu að hægt væri að kljúfa efniskjarna og leysa þar með úr læðingi gríðarlega orku. Fyrstu vísindamennirnir sem unnu við rannsóknir á geislavirkum efnum í upphafi aldarinnar, eins og Marie Curie, gerðu sér ekki nokkra grein fyrir því hvað þeir voru með í höndunum. Hún veiktist af krabbameini og nánast allir vísindamennirnir, sem unnu við rannsóknir á geislavirkum efnum fyrstu áratugina, veiktust af krabbameini og dóu. Smíðaðar voru kjarnorkusprengjur sem síðan voru gerðar tilraunir með.

Árásirnar á Hiroshima og Nakasaki og allar þær hörmungar eru frægar og þarf ekki að nefna. Menn voru svo lengi að gera sér grein fyrir afleiðingum kjarnorkusprenginga að í mörg ár eftir síðari heimsstyrjöldina voru gerðar tilraunir í Nevadaeyðimörkinni í Bandaríkjunum með kjarnorkusprengingar. Nokkrum vikum eftir eina þessara sprenginga fór kvikmyndaleiðangur inn á svæðið til að taka kvikmynd. Í þeim hópi voru margir frægir leikarar Bandaríkjanna eins og John Wayne, ég man sérstaklega eftir honum. Síðan þegar umræðan um kjarnorkuvopnin stóð sem hæst á síðasta áratug tók einn blaðamaður sig til og skoðaði hvað hafði orðið um fólkið sem tók þátt í að gera þessa kvikmynd. Það voru nánast allir dánir úr krabbameini sem rakið var til þeirrar geislavirkni sem fólkið varð fyrir.

Þetta er aðeins dæmi um þá tækni og allt það sem við erum að fást við í vísindunum án þess að geta séð fyrir til hvers það leiðir. En í þessu tilviki erum við komin að innsta kjarna, við erum komin inn í sjálfa arfgerð mannsins. Hvernig ætlum við að fara með þá viðkvæmu auðlind? Sjálft sköpunarverkið og þróun þess. Hvaða leyfi höfum við til þess að grípa þar inn í? Það eru þessar stóru spurningar sem Evrópuráðið hefur verið að glíma við, vísindasiðaráð úti um allan heim, lífsiðaráð og hvað þetta heitir sem mönnum hefur þótt nauðsyn á að koma upp við nánast allar stofnanir.

Svo ætlum við að taka okkur til, moka inn í einn gagnagrunn öllum þessum gríðarlegu upplýsingum um Íslendinga og leyfa einhverjar algjörlega óskilgreindar rannsóknir á þessu.

Ég held, hæstv. forseti, að við þurfum að fara miklu hægar og skoða þessi mál miklu betur. Ég þó ekki gera lítið úr þeim möguleikum sem felast í rannsóknum eða þeim sérkennum og þeirri auðlind sem þessi mikla vitneskja okkar um íslenska þjóð er. Ég er alveg sannfærð um að þarna felast miklir möguleikar.

Við erum oft á tíðum að tala um innstu vandamál fólks, þjáningar, sjúkdóma, það sem er fólki viðkvæmast, og við höfum bara ekki leyfi til þess að ganga svona um.

[13:05]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér fannst málflutningur hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur dæmigerður fyrir það hvernig stjórnarandstaðan hefur flutt mál sitt í þinginu um þetta stóra og merkilega mál. Að líkja þessu við hættuna af geislavirkni og gera þetta að stórhættulegu máli finnst mér í raun alveg ótrúlegt.

Hv. þm. talaði um Madame Curie og fleiri aðila sem unnu með geislavirk efni og vissu ekki hvað þeir voru að gera að hluta til, sáu ekki afleiðingarnar af því. Mér finnst hreint með ólíkindum að líkja þessu tvennu saman og ég átta mig ekki á því hvernig hægt er að líkja því saman að rannsaka heilsu og bæta heilsu manna annars vegar við hættuna af geislavirkni.

Herra forseti. Frá því að þetta mál kom fyrst fram í þinginu hef ég verið mjög hrifinn af þeim krafti og því áræði sem fylgdi þessu að leita nýrra leiða til að skapa hér nýtt og ferskara vísindasamfélag og meira en verið hefur. Ekki síður var ég hrifinn af því að á bak við þessar hugmyndir voru menn sem hafa sýnt það á síðustu árum að vera öflugir og hafa þekkingu og tiltrú um allan heim til að geta skapað hér eitthvað sem enginn hefur áður getað gert, hvorki hér né annars staðar. Þetta er líka alltaf spurningin um einstaklinga, þetta er spurning um traust og þetta er spurning um að trúa því að eitthvert vit sé í því sem viðkomandi er að gera.

Þeir sem hafa staðið að Íslenskri erfðagreiningu hafa sýnt svo sannarlega að það eru ekki orðin tóm sem þeir standa fyrir. Á bak við þetta standa virkilega raunhæfar áætlanir sem hafa skapað tækifæri sem enginn gat séð fyrir og hugmyndin um gagnagrunn er hugmynd sem engum öðrum hafði dottið í hug eða hefur dottið í hug um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Ég hef ekki séð neina ástæðu til þess að vantreysta þessum mönnum, þessu fagfólki til að fara með það á þann hátt sem eðlilegt getur talist í siðuðu samfélagi.

Ég hafði að sjálfsögðu einhverja fyrirvara í vor, þá fyrst og fremst varðandi tölvunefnd um að hún hefði næga peninga til þess að geta sinnt því eftirliti sem þarf til að reka slíka grunna, að persónuvernd væri tryggð og að aðrir vísindamenn íslenskir, sem hafa starfað svo sannarlega vel, hefðu aðgang.

Eftir að ég hef skoðað þetta frv. og heyrt í fulltrúum meiri hlutans, sem hafa kynnt þessi mál bæði í þingflokkum og eins í þinginu, er ég sannfærður um að þær breytingar sem gerðar hafa verið hafa verið til góða og að málflutningur minni hlutans einkennist frekar af tortryggni en því að vera jákvæðir fyrir framförum á þessu sviði.

Ef við lítum t.d. á aðgang annarra í málinu kemur fram í nál. á bls. 2, með leyfi forseta:

„Aðgangur vísindamanna að heilsufarsupplýsingum á heilbrigðisstofnunum verður óbreyttur frá því sem verið hefur. Gerð og starfræksla eins miðlægs gagnagrunns með heilsufarsupplýsingum mun því ekki hafa áhrif á möguleika vísindamanna til að hagnýta sér gögn sem skráð eru og kunna að verða skráð í dreifða gagnagrunna heilbrigðisstofnana."

Hér er sem sagt tryggður óbreyttur aðgangur annarra vísindamanna að heilsufarsupplýsingum í heilbrigðisstofnunum og tel ég því fullnægt þessu ákvæði. Aðgangur vísindamanna að þessum grunni er einnig tryggður, eins og kemur fram á bls. 2 í nál. meiri hlutans þar sem segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt eiga vísindamenn, sem starfa hjá heilbrigðisstofnunum og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sem leggja til upplýsingar í gagnagrunn á heilbrigðissviði, aðgang að upplýsingum úr gagnagrunninum gegn lægri þóknun en venjulegt markaðsverð er á hverjum tíma."

Þarna tel ég því að fullnægt sé aðgangsheimildum bæði innan heilbrigðiskerfisins og inn í gagnagrunninn eins og hann verður starfræktur.

Þar að auki, herra forseti, er tryggt í þessum lögum að enginn er neyddur til þess að vera með. Á bls. 3 í nál. meiri hlutans kemur fram, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn vekur athygli á því að hver og einn getur hvenær sem er hafnað því að upplýsingar sem kunna að verða skráðar um hann verði fluttar í gagnagrunninn og á það einnig við um þá sem engin sjúkraskrá er til um."

Enginn er neyddur til að vera með, allir geta haft áhrif á það, einstaklingar að sjálfsögðu eins og þeim sýnist. Þarna er því ekki verið að sýsla með neinar upplýsingar án heimilda.

Eftirlitið með þessum gagnagrunni er einnig mjög mikið og á bls. 3 í áliti meiri hlutans kemur einnig fram að þverfagleg siðanefnd mun líta eftir grunninum og þar stendur, með leyfi forseta:

„... að komið verði á fót þverfaglegri siðanefnd sem hafi það hlutverk að meta fyrir fram hvort vísindaleg eða siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd tiltekinna rannsókna eða vinnslu fyrirspurna."

Einnig stendur hér, með leyfi forseta, um afturköllun leyfis ef til gjaldþrots kemur:

„Ráðherra gæti til dæmis afturkallað rekstrarleyfi ef rekstrarleyfishafi verður gjaldþrota þar sem hann væri þá ekki lengur fær um að starfrækja gagnagrunninn. Það ætti einnig við ef rekstrarleyfishafi hætti starfrækslu gagnagrunnsins af öðrum ástæðum."

Það er því tryggt ef rekstrarleyfishafi verður gjaldþrota eða hættir að þessar upplýsingar lenda ekki í höndunum á einhverjum óvönduðum og ríkið mun einfaldlega yfirtaka gagnagrunninn ef af slíku verður og eins að sjálfsögðu eftir að einkaleyfið rennur út.

Svo er í frv. sjálfu gert ráð fyrir því varðandi eftirlitið og er mjög mikilvægt að eftirlitið með rekstrinum sé tryggt. Það kemur fram í 12. gr. um eftirlit, með leyfi forseta:

„Tölvunefnd hefur eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði að því er varðar skráningu og meðferð persónuupplýsinga og öryggi gagna í gagnagrunninum og annast eftirlit með því að þeim skilmálum sem hún setur sé fylgt."

Í brtt. frá meiri hluta nefndarinnar við 8. lið kemur einnig fram, með leyfi forseta:

„Rekstrarleyfishafi skal móta verklag og vinnuferli sem uppfyllir skilyrði tölvunefndar til að tryggja persónuvernd við samtengingu ættfræðiupplýsinga við aðrar upplýsingar í gagnagrunninum."

Það sem ég hef verið að reyna að draga fram, herra forseti, er að það er leitast við á öllum sviðum að tryggja persónuvernd einstaklinga, tryggja aðgang vísindamanna og tryggja að gagnagrunnurinn fari ekki í hendurnar á einhverjum óviðkomandi ef illa færi fyrir þessu fyrirtæki. Og um leið og þetta allt saman er tryggt er skapað tækifæri til vísindarannsókna sem aldrei hefur sést fyrr í þessu landi. Og það er mikilvægt því að fyrirtækið, Íslensk erfðagreining, sem staðið hefur á bak við þessar hugmyndir allar hefur þegar skapað störf fyrir á þriðja hundrað manns og samkvæmt þeim hugmyndum sem eru á bak við þá gagnagrunna sem hér eru til umræðu gætu skapast störf fyrir á fjórða hundrað manns til viðbótar. Það er, eins og við getum orðað það og hefur oft verið orðað, eins og að setja á fót eitt álver af meðalstærð.

Þar er ekki um einhæf störf að ræða eins og oft hefur verið sagt um störf í álverum, heldur er hér um mjög flókin vísindaleg störf að ræða sem krefjast mikillar menntunar. Einmitt þann þátt hefur vantað í íslenskt atvinnulíf og það sem ungt fólk sem er að ljúka námi í háskóla hefur saknað mest er að sjá ekki tækifæri við sitt hæfi í íslensku atvinnulífi. Þess vegna gæti það tækifæri sem skapast með þessum gagnagrunni og starfrækslu þessa fyrirtækis verið ómissandi og ómetanleg fyrir íslenska vísindamenn og íslensk ungmenni því að annars er augljóst að þessir Íslendingar mundu leita eftir störfum á erlendri grundu.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að málflutningur minni hlutans hefur því miður verið ótrúlega grimmur í garð þessa verkefnis og að minni hyggju oft gengið út yfir öll eðlileg mörk. Og menn hafa gripið til aðgerða til að vekja athygli á málflutningi sínum sem hæfa ekki við umræðu sem þessa að mínu mati.

Herra forseti. Það gerðist einmitt að blandað var inn í þessa umræðu umsókn fyrirtækis sem heitir Íslenskar hveraörverur um sérleyfi til þess að rannsaka hveraörverur í íslenskum hverum, en slíkt sérleyfi er nauðsynlegt að mati þeirra sem standa að þessu fyrirtæki til að hægt sé að mæta samkeppni sem óneitanlega er um allan heim á þessu sviði. Annað fyrirtæki, Genís, hafði verið með slíkt leyfi en það hafði fallið úr gildi vegna þess að það hafði ekki verið nýtt. En upphlaupið sem gert var á Alþingi út af þessu máli varð til þess að þrátt fyrir að augljóst hafi verið undir öllum eðlilegum kringumstæðum að heimila slíkt sérleyfi á forsendum vísindanna, þá taldi ráðuneytið sig undir þessari umræðu eiga í erfiðleikum með að veita slíkt sérleyfi að nýju. Það er náttúrlega afskaplega alvarlegt þegar umræðurnar á Alþingi eru farnar að snúast alveg upp í andhverfu sína. Í þessu tilfelli held ég að minni hlutinn hafi í raun ekki ætlast til þess að með þessu skaðaðist íslenskt vísindasamfélag, eins og ég held fram að hafi gerst með þessu, því að rannsóknir vísindamanna sem hafa starfað hjá Íslenskum hveraörverum og hjá Iðntæknistofnun undanfarin tíu ár að rannsóknum á hveraörverum, geta einfaldlega lagst niður á Íslandi vegna þess að þetta sérleyfi fæst ekki og þessi sýni sem hægt er að taka frjálst núna úr öllum hverum landsins og senda til annarra landa til frekari hagnýtra rannsókna, fara bara eftir pöntun. Vísindamenn okkar sem hafa haft veg og vanda af þessu missa hreinlega það forskot sem þeir höfðu og fá ekki þá peninga sem nauðsynlegir eru inn í slíka starfsemi og sem

við vitum einnig að eru nauðsynlegir við nútímarannsóknir.

Iðntæknistofnun réði einfaldlega ekki við þetta verkefni ein og sér sem ríkisstofnun í samkeppninni við þessi stóru einkafyrirtæki úti í heimi sem rannsaka hveraörverur og hafa næga fjármuni til þess að knýja rannsóknirnar áfram. Við vitum vel að í þessum geira eru gríðarlega öflugir aðilar sem styrkja þessa starfsemi enda sjáum við að þeir sem hagnýta sér rannsóknir þeirra vísindamanna sem eru að kanna þessar örverur og setja upp gagnabanka til þess að rannsaka eru t.d. aðilar í lyfjaiðnaði, í líftækniiðnaði og einnig aðilar sem framleiða ýmsar hreinlætisvörur eins og þvottaefni og aðrar vörur sem eru notaðar gríðarlega mikið og allir vita að eru í mikilli samkeppni um sölu. Þeir setja því mikla peninga í það að ná bestu vísindamönnunum og fljótvirkustu niðurstöðunum til að ná fram nýjungum á sínu sviði. Okkar hópur sem hefur verið um tíu manns er því að missa af tækifæri í nýju samstarfi við Íslenska erfðagreiningu, en inn í þessa starfsemi átti að setja 350 millj. kr. og skapa þeim sömu möguleika og sömu stöðu og þeim hundrað hópum sem núna starfa um allan heim í svipuðum tilgangi. Þessar 350 millj. kr. fást trauðla ef sérleyfið næst ekki. Það er alvarlegt mál því þá leysist þessi tíu, tólf manna hópur einfaldlega upp og þeir 20 starfsmenn sem áttu að koma til viðbótar inn í þetta fyrirtæki fá ekki vinnu við það því að þau störf verða ekki til, fyrir utan aðra afleidda starfsemi sem gæti skapast ef við áttuðum okkur á því og viðurkenndum í rauninni að undanþágur, eins og sérleyfi til slíkra rannsókna, eru nauðsynlegar.

Það þarf ekki alltaf að vera af hinu slæma að veita sérleyfi. Það hefur tíðkast í íslensku atvinnulífi í áraraðir, áratugi, að veita sérleyfi og það hefur um tíma gagnast vel. Það gagnaðist ágætlega þegar Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna fékk einkaleyfi á sölu fiskafurða og Sambandið og SÍF. Um tíma gagnaðist það vel. En að endingu varð það náttúrlega þeim sjálfum verst. Sérleyfi og einkaleyfi mega því aldrei vera langvarandi. Þau mega aldrei taka yfir mjög langan tíma. Íslenskar hveraörverur voru að biðja um þetta sérleyfi í þrjú til fimm ár, sem er tiltölulega skammur tími. Í miðlægum gagnagrunni er verið að tala um tólf ár, sem í því tilfelli er ekki mjög langur tími miðað við þá feiknarlegu fjárfestingu sem er á bak við þetta og þá feiknarlegu möguleika sem skapast í atvinnulífi fyrir ungt, menntað fólk og vísindamenn almennt í íslensku samfélagi.

Ég held því miður, herra forseti, að minni hlutinn hafi farið verulega yfir strikið í málflutningi sínum og því miður skemmt fyrir íslensku vísindasamfélagi og íslensku menntafólki með málflutningi sínum. Ég vona að það verði ekki til langframa og að iðnrh. og iðnrn. sjái nauðsyn þess að veita sérleyfi eins og farið hefur verið fram á í því tilfelli sem ég hef minnst á og að meiri hluti Alþingis og þjóðin í heild standi á bak við þá þörfu uppbyggingu sem fyrirsjáanlega verður í kringum miðlægan gagnagrunn undir handleiðslu Íslenskrar erfðagreiningar

[13:25]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Miðlægur gagnagrunnur er hugtak sem fæstir þekktu né skildu í upphafi þess árs sem nú er senn á enda. Og sjálfsagt eru þeir enn þá margir sem ekki vita allt of vel hvað um er að ræða. Fá mál hafa þó vakið jafnmikla athygli og umfjöllun eins og það frv. um miðlægan gagnagrunn sem hér er nú til 3. umr. og verður væntanlega að lögum fyrir árslok, ef meiri hlutinn fær sínu framgengt.

Þetta er stórt mál, herra forseti, og það er kannski hið eina sem ekki er ágreiningur um í þjóðfélaginu í sambandi við það. Enda hefur varla nokkur tjáð sig um það á hv. Alþingi og raunar utan þess án þess að taka það sérstaklega fram að málið sé stórt. Og það er svo stórt að sjálf fjárlög íslenska ríkisins hafa gjörsamlega fallið í skuggann í umræðu síðustu daga. En það er nú engu að síður þeirra vegna, þ.e. fjárlaganna, sem sú sem hér stendur hefur ekki getað fylgst með öllum þeim ræðum sem fluttar hafa verið í þingsölum um málið. Óhjákvæmilegar, árstíðabundnar annir í fjárln. hafa því miður hindrað það.

Ég tel mig þó ágætlega í stakk búna til að taka afstöðu, bæði óþvingaða og upplýsta, svo að notuð séu orð sem mikið hafa heyrst í þessari umræðu, til þessa máls. Ég tók þátt í 1. umr. um það frv. sem var lagt fram og kom fyrst til umfjöllunar seint á síðasta þingi og átti þá að keyra í gegn á örfáum vikum. Ég fékk þá strax mikinn áhuga á málinu og hef lesið allt sem ég hef höndum komið yfir og eftir mikla skoðun og yfirlegu var mér enn ljósara hversu mikilvægt mál er hér á ferðinni.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vitna til þess sem ég sagði á fyrsta degi þessa þings sem nú stendur yfir, í umræðu um stefnuræðu forsrh. Þá sá ég ástæðu til þess að segja eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Eitt stærsta mál þessa þings og raunar eitt stærsta mál sem Alþingi hefur fengið til umfjöllunar um langt árabil er án efa frv. það um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði sem svo mjög hefur verið til umræðu í þjóðfélaginu nær allt þetta ár. Sú umræða hefur verið mjög gagnleg. Hún hefur varpað ljósi á þá möguleika til upplýsingasöfnunar, rannsókna og vísindastarfsemi sem felast í íslensku samfélagi. Hún hefur einnig varpað ljósi á stöðu mála, hvernig meðferð og nýtingu heilsufarsupplýsinga er nú háttað. Hún hefur vakið til vitundar um nauðsyn þess og mikilvægi að umgangast allar persónuupplýsingar með ýtrustu varúð. Síðast en ekki síst hefur hún vakið upp siðferðilegar spurningar sem nauðsynlegt er að svara áður en Alþingi tekur endanlega afstöðu til frv. Hugmyndin um að draga saman allar upplýsingar um heilsufar, ættfræði og erfðaeinkenni Íslendinga í einn miðlægan gagnagrunn kallar í huga margra fram mynd af alltsjáandi og alltvitandi stóra bróður og vekur upp áleitnar spurningar um það á hvaða leið við erum.

Við lifum á öld mikilla framfara, tækni og upplýsinga og einmitt öll þessi vitneskja og tæknikunnátta leggur okkur ríkar skyldur á herðar, að stíga hvert skref af fullri gát svo við æðum ekki fram úr sjálfum okkur og spillum fremur en byggjum upp. Menn eiga ekki að vera svona hræddir við að missa af einhverri ímyndaðri lest og ég hugsa til þess með hryllingi ef ríkisstjórnin hefði haft sitt fram og troðið gagnagrunnsfrv. í gegnum Alþingi í algjörri tímaþröng á sl. vori. Við erum þó hugsanlega nær sannleikskjarnanum eftir alla umræðuna undanfarnar vikur. Í rauninni vefst ekki fyrir nokkrum manni að með samtengingu heilsufarsgagna og tengingu þeirra við ættfræðiupplýsingar, sem eru nánast einstæðar í heiminum, geta myndast forsendur fyrir örari framþróun í læknisfræði en málið hefur fleiri hliðar og stóra spurningin er hvort rétt sé með tilliti til lögfræðilegra, félagslegra og ekki síst siðferðilegra álitaefna að gera það með samtengingu slíkra upplýsinga í einn miðlægan gagnagrunn sem breytir í raun verðgildi þeirra og nýtingarmöguleikum. Ekki er öruggt að þeir muni allir leiða til góðs og eitt er víst að verði af stofnun eins miðlægs gagnagrunns er nauðsynlegt að lögfesta hvernig ekki má nýta hann. Önnur hlið málsins

er svo hvort réttlætanlegt sé að fela slíkan fjársjóð í vörslu einkafyrirtækis með einkaleyfi á notkun hans til 12 ára. Þeirri spurningu þurfum við að svara á næstu vikum því þetta er sú leið sem frv. heilbrrh. býður upp á. Það er skoðun mín að umræðan hafi um of einskorðast við þessa einu leið til samtengingar gagna en látið hafi verið hjá líða að skoða og ræða aðra möguleika sem tryggt geta betur rétt einstaklinga og vernd upplýsinga og mismuna ekki vísindamönnum í leit þeirra að leiðum til aukinnar þekkingar, öllum til hagsbóta. Hér er um svo stórt og afdrifaríkt mál að ræða að þingmenn verða að gefa sér góðan tíma til að leita svara við þeim grundvallarspurningum sem það kallar á."

Herra forseti. Þessi orð voru valin af mikilli gaumgæfni. Mér fannst skipta miklu að koma þessari sýn á málið inn í umræðuna um stefnuræðu forsrh. á fyrsta degi þessa þings, og mér til undrunar urðu ekki aðrir til að reifa þetta mál við það tækifæri. Þessi orð mín staðfesta hvernig ég leit á þetta mál fyrir tveimur og hálfum mánuði og sú umræða og umfjöllun sem fram hefur farið á þeim tíma sem síðan er liðinn hefur ekki megnað að feykja þeim efasemdum mínum burt sem ég lýsti þá gagnvart þessu máli. Þvert á móti hafa þær verið staðfestar. Ég er sannfærð um að þetta mál er alls ekki nægilega þroskað og nægilega mikið rætt og það eru mikil mistök, raunar afglöp, af meiri hlutanum að þröngva afgreiðslu þessa frv. upp á þing og þjóð, svo afdrifaríkt sem það kann að reynast.

Þetta mál átti sér ótrúlegan aðdraganda og kom nánast eins og þruma úr heiðskíru lofti yfir landsmenn, nánast öllum að óvörum nema kannski forsvarsmönnum Íslenskrar erfðagreiningar. Ég tel það mikinn ábyrgðarhluta hvernig þetta mál hefur verið kynnt og fyrir því talað, eins og hér sé á ferðinni eitthvert stórkostlegt hjálpræði, og með því skapaðar óraunhæfar væntingar í samfélaginu. Þetta hafa m.a. erlendir sérfræðingar gagnrýnt og varað við vegna þess að ekki aðeins hefur verið fullyrt að slíkan gagnagrunn sem hér um ræðir, þ.e. miðlægan gagnagrunn með heilsufarsupplýsingum um gjörvalla þjóðina, megi nýta til þess að efla heilsu, þróa nýjar aðferðir við forspá, greiningu og meðferð sjúkdóma, heldur einnig að notkun hans muni leiða til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu. Hvernig það má verða hefur aldrei verið rökstutt svo að sannfærandi sé. En með þessum fullyrðingum hafa verið skapaðar meira og minna óljósar væntingar manna um bætta heilsu og betra líf, svo ekki sé nú minnst á hundruð starfa á háum launum og innstreymi erlends fjár til eflingar rannsókna hér á landi. Þannig hefur verið unnið að því að afla fylgis við þetta gæluverkefni hæstv. ríkisstjórnar.

Margt hefur þó komið fram á síðustu vikum sem veikir þennan málflutning enn frekar. Og minna má á að þegar á síðasta sumri eða hausti, ég held að það hafi verið í sept. sl., var hér á landi bandarískur vísindasagnfræðingur, dr. Michael Fortune, sem hefur árum saman fylgst með þróuninni í erfðarannsóknum í heiminum. Hann varaði einmitt við þeim miklu væntingum sem væru að skapast vegna málflutnings þeirra sem vildu afla fylgis við málið. Og hann minnti á bjartsýni vísindamanna fyrir nokkrum árum þegar menn töldu sig skammt frá því að leysa brýn heilbrigðisvandamál með rannsóknum á sviði erfðafræði. Nú væri hins vegar að koma betur og betur í ljós hversu margt er enn óleyst og mörgum grundvallarspurningum ósvarað. Og í rauninni væri að hans dómi hættulegt að menn tryðu á skjótar lausnir á þessu sviði.

Ég tel það, herra forseti, verulega ámælisvert hvernig leikið hefur verið á þessa strengi og fullyrðingum stráð í málinu í allri þessari umræðu og baráttu fyrir framgangi málsins. Hugmyndin kemur frá einkafyrirtæki, sem hefur haslað sér völl hér með eftirminnilegum hætti, og við það er ekkert að athuga í sjálfu sér. Hins vegar er öll atburðarásin og meðferðin með ólíkindum og ekki til framdráttar vísindum hér á landi. Og það veit hver einasti maður hér heima og erlendis, sem hefur fylgst með þessu máli, fylgst með tilurð þess og þróun í meðförum ráðuneytis og hv. Alþings, hver væntanlegur rekstrarleyfishafi er. Það er ekkert leyndarmál. Það er nánast hlægilegt að vera að fara í kringum það eins og köttur í kringum heitan graut og halda því fram að það sé eitthvað annað sem menn eiga von á. Enda fór forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar mikinn um þetta mál og efndi til funda um landið þvert og endilangt, tjáði sig um það hvar og hvenær sem kostur var. Hann fór ekkert leynt með samstarf sitt við ríkisstjórnina og gumaði af stuðningi hennar við sig og þetta mál, að ekki sé nú minnst á enskan kynningarbækling eignarhaldsfyrirtækisins eða móðurfyrirtækisins deCODE Genetics, þar sem svo sannarlega var vitnað til væntanlegra umráða yfir þessum gagnagrunni og hann auglýstur sem gullnáma vísindanna. En í þessum bæklingi býður fyrirtækið í raun aðgang að upplýsingabrunni þar sem finna megi arfgerð allra Íslendinga eða stórs hluta þjóðarinnar, ættir allra Íslendinga síðustu tvær til þrjár aldirnar, svipgerð allra einstaklinga þar sem arfgerðin liggur fyrir. Og í þeim bæklingi var það sagt opinskátt að meðal hugsanlegra viðskiptavina væru tryggingafyrirtæki. Þar var ekkert verið að fara í launkofa með það að meðal markhópa fyrir viðskiptavini fyrirtækisins eru tryggingafyrirtæki. Og betri sönnun fyrir viðskiptalegum áherslum þessa máls er vandfundin.

Aðeins það eitt hvernig þessi hagsmunaaðili hefur komið inn í þetta mál er í sjálfu sér nægilegt til að skapa og ala á tortryggni, enda hefur málið á stundum snúist óþægilega mikið um afstöðu til forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar. Mér finnst sá þáttur málsins verulega gagnrýniverður og væri í raun og veru ástæða til að fara rækilega yfir þann þátt málsins, fá vandaða, hlutlausa úttekt á samskiptum fyrrnefnds fyrirtækis og ráðuneytis eða ríkisstjórnarinnar og rekja þau lið fyrir lið. Slík málsmeðferð hefði þótt sjálfsögð víða annars staðar, t.d. í Bandaríkjunum þar sem menn leggja sig í líma við að draga hvert smáatriði allra mála fram í dagsljósið. Ég er nú kannski ekki að hvetja til þess að við förum að dæmi þeirra til hins ýtrasta, en minna má nú gagn gera.

Því miður eru engar hefðir fyrir vinnubrögðum í þessa átt hér á landi. Og ég óttast að enn sé langt í land með að slíkar hefðir skapist, því miður. Við lifum í mjög sérstæðu þjóðfélagi sem svo sannarlega hefur sína miklu kosti en líka sína miklu galla. Við búum í samfélagi ættingja og kunningja, skólafélaga, vina, jafnvel einkavina og málin verða mjög fljótt persónuleg, hver svo sem ætlunin er í upphafi. Þess vegna geri ég mér ljósa grein fyrir því að orð mín þess efnis að fara þyrfti yfir þann þátt málsins, samskipti Íslenskrar erfðagreiningar og ráðuneytisins eða einstakra ráðherra, verða e.t.v. túlkuð af einhverjum sem persónuleg óvildarorð. Það verður þá bara að hafa það, ég get ekkert sagt annað en að svo er ekki. Þetta er aðeins einlæg skoðun mín á því að hér hefur átt sér stað það ferli sem ekki er viðunandi. En einmitt slík túlkun hefur ítrekað heyrst í umræðunni um þetta mál að gagnrýni á það byggist á persónulegri óvild, öfund og sérhagsmunum. Og þannig er jafnvel rækilega rökstudd og málefnaleg gagnrýni iðulega afgreidd og er nú lítill sómi

að. (**KÁ:** Ef það er þá ekki misskilningur.) Ef það er þá ekki misskilningur. Það er orðið sem meiri hlutinn notar mest allra orða, held ég.

Ég er ekkert að gera því skóna að fylgismenn þessa máls á Alþingi stjórnist af nokkru öðru en eigin sannfæringu og trú á að um sé að ræða framfaramál sem verða muni ekki bara íslenskri þjóð til heilla, heldur langt út fyrir okkar litla samfélag. Ég vil ekki ætla þeim neitt annað.

Mér finnst hins vegar þau rök hafa komið fram, mjög trúverðug rök, þess efnis að ekki aðeins sé of mikið gert úr hugsanlegum ávinningi heldur geti þetta mál hreinlega orðið okkur til tjóns. Fyrst og fremst er það fráleitt að keyra málið áfram með þessu offorsi og gefa sér ekki tíma til að ræða og kanna a.m.k. jafnítarlega aðrar leiðir að því markmiði sem sett er fram í 1. gr. frv.

Ég setti þá skoðun fram á opnum fundi í Háskóla Íslands fyrir réttum þremur mánuðum að einblínt hefði verið um of á þessa leið til samtengingar gagna, þ.e. í einn miðlægan gagnagrunn, en látið hjá líða að ræða aðrar leiðir. Ég sagði þá að besta leiðin að mínu mati væri að staðla skráningu upplýsinga í heilbrigðisstofnunum og fela einhverjum aðila, t.d. Hagstofnunni, að samkeyra gagnagrunna eða ákveðnar upplýsingar úr þeim þegar þess gerist þörf vegna einstakra rannsókna.

Ég hef ekki skipt um skoðun í þessu efni, herra forseti. Ég hef þvert á móti styrkst í þeirri trú og orðið æ fráhverfari þeirri leið sem meiri hlutinn hefur einblínt á og ýmsir fylgt fram nánast eins og um trúboð væri að ræða. Og flýtirinn í málinu er ótrúlegur. Hann er algjörlega óþarfur og til tjóns og engum nauðsynlegur öðrum en væntanlegum einkaleyfishafa. Það eru hagsmunir hans sem hér eru settir ofar öllum öðrum hagsmunum.

Dreifðir gagnagrunnar með samtengingu vegna einstakra skýrt skilgreindra rannsókna eru af mörgum taldir miklu öruggari með tilliti til persónuverndar, þótt um það séu vissulega skiptar skoðanir, ég viðurkenni það. En þeir eru að auki taldir ódýrari en að setja upp miðlægan gagnagrunn, sem ég leyfi mér að kalla — eina þjóð í einum pakka með einkaleyfisslaufu.

Fara mætti svo mörgum orðum um persónuverndina, um eignarrétt á persónulegum upplýsingum, hugsanlega afturför í vísindalegu tilliti, möguleika til misnotkunar, hlutverk tölvunefndar og vísindasiðanefndar, reynslu af erlendum vettvangi, þar sem farið er að nota vitneskju um erfðaþætti á vafasaman hátt, og fleira og fleira. Ég ætla ekki að blanda inn í þetta umfjöllun um ýmsa aðra þætti vísindanna en nálægt þessu sem við ræðum nú eru nýjustu fréttir af tilraunum til að einrækta manneskjur. Við erum komin það langt í vísindaheiminum.

Ein stærsta spurningin sem mér finnst enn vera ósvarað eða ekki svarað á fullnægjandi hátt er spurningin t.d. um eignarhaldið. Hver eigi þessar upplýsingar sem eru metnar svo mikils þegar þeim hefur verið raðað saman í einn pakka, jafnvel á 15–20 milljarða. Á hver einstaklingur ekki sínar eigin heilsufarsupplýsingar að viðbættum hvers kyns persónulegum upplýsingum um ættir og erfðaþætti?

Margir mundu vilja svara því játandi. Og að sumu leyti er það staðfest með því að viðurkenna rétt manna til að hafna því að upplýsingar um þá fari inn í miðlægan gagnagrunn. Það er þó harla ótryggur réttur og réttur sumra hreinlega fyrir borð borinn, þeirra sem hafa enga burði til að standa í slíku, t.d. börn og gamalt fólk, þroskaheft, geðsjúkt, Alzheimersjúklingar, eiturlyfjasjúklingar, að ekki sé nú talað um látið fólk. Upplýst samþykki hljómar eins og öfugmæli í tengslum við þessa hópa sem ekki eiga þó minni rétt en aðrir í þessu lífi.

Ég ætla ekki að harðneita því að miðlægur gagnagrunnur með heilsufarsupplýsingum allrar þjóðarinnar, að viðbættum ættfræðilegum og erfðafræðilegum upplýsingum, gæti þjónað þeim tilgangi sem skráður er í 1. gr. frv., markmiðsgreininni, þ.e. þeim tilgangi að auka þekkingu til að bæta heilsu og efla heilbrigðisþjónustu. Stóra spurningin er einfaldlega hvort tilgangurinn helgi meðalið. Mér finnst það ekki. Það er niðurstaða mín, óþvinguð og upplýst. Auk þess að efast ég um ávinninginn, nema menn séu eingöngu að horfa á peningahlið málsins. Hún er hins vegar ekki trygg þegar allar hliðar hafa verið metnar.

Við erum að tala um pakka með heilsufarsupplýsingum og persónuupplýsingum, hvort sem þær verða tengjanlegar einstökum manneskjum eða ekki. Að mati markaðarins mun þetta verða afar verðmætur pakki. Að vísu hefur því verið haldið fram að heilsufarsupplýsingar séu verðlausar en verði fyrst verðmætar þegar þær eru komnar í gagnagrunn. Þetta er röng skilgreining að mínu mati. Það liggur í augum uppi að ef einhver ásælist eitthvað sem annar hefur með höndum, þá er það orðið verðmætt um leið. Mér finnst hv. þingmenn og reyndar mjög margir aðrir hafa verið hálffeimnir við það að standa á móti þessu máli, bara af grundvallarástæðum. Ég viðurkenni að svo var á vissan hátt með sjálfa mig í fyrstu. Maður hikar vitanlega við að gefa færi á sér, að gefa ástæðu til að vera stimplaður afturhaldssamur, neikvæður, andvígur framförum, andvígur framþróun vísinda o.s.frv., eins og gjarna er haldið fram. Menn hafa sagst andvígir málinu af ákveðnum ástæðum, einkum vegna ónógrar persónuverndar, vegna varnaðarorða og neikvæðrar afstöðu fjölmargra innlendra og erlendra vísindamanna.

Mín afstaða er einfaldlega sú að ég vil ekki láta pakka íslensku þjóðinni inn í einn miðlægan gagnagrunn og bjóða hann til sölu á erlendum eða íslenskum vettvangi. Sporin hræða.

Ég tek sem dæmi, herra forseti, hóp fólks sem kallast Ashkenazy-gyðingar. Þeir voru fjölmennir í Austur-Þýskalandi fyrr á þessari öld. Þeir voru vel menntaðir og opnir fyrir vísindum og rannsóknum. Reyndin er sú að sem hópur hafa þeir verið rannsakaðir mjög mikið. Því er mikið um þá vitað, um ýmsa sjúkdóma, hvernig þeir hafa þróast og hvernig þeir liggja í fjölskyldum. Á vissan hátt eru þeir merktir og jafnvel krafðir skjalfestra sannana um að þeir séu ekki haldnir vissum sjúkdómum þegar þeir t.d. sækja um atvinnu eða ætla að tryggja sig hjá tryggingafélögum. Hins vegar vantar allan samanburð á því hvort hér er um eitthvað óvenjulegt að ræða. Aðrir einsleitir hópar geta gefið niðurstöður sem beita mætti svipað en þeir hafa ekki verið rannsakaðir á sama hátt. Þeir eru ekki í sömu hættu og aðrir einsleitir hópar.

Ég vil ekki að íslenska þjóðin sé gerð að slíkum tilraunahópi. Ég er algjörlega andvíg því að afhenda þennan pakka einkafyrirtæki með einkaleyfi til tólf ára. Þetta er grundvallarsjónarmið og þar að auki er nú ljóst að markmiðum frv. verður ekki náð með þeirri þungu andstöðu sem magnast hefur upp meðal vísindamanna. Það er beinlínis heimskulegt að reyna að koma grunninum á í bullandi andstöðu við stóran hluta íslensks vísindasamfélags auk þess sem líkur benda til að talsverður fjöldi landsmanna hafni því að upplýsingar um

þá verði færðar inn í grunninn. Hann verður því að öllum líkindum bjagaður og gagnslaus og verri en enginn.

Herra forseti. Ég geri enga athugasemd við það þó hæstv. heilbrrh. hlusti ekki á mál mitt. Ég hef ekki nokkra trú á því að ég hefði nokkur áhrif á hana. Ég óska hins vegar þess að ekki sé slíkur glaumur í næsta herbergi að ég heyri varla til sjálfrar mín.

Þetta er mál af því tagi að ég bjóst við að hv. þingmenn tækju afstöðu til þess, hver fyrir sig en ekki eftir flokkslínum. Svo var það í upphafi, held ég. Svo er raunar enn um einhverja hv. þingmenn sem betur fer. Því miður virðist sem flokksbönd hafi herst og eins og mál hafa skipast og vinnubrögðin verið, hefur stjórnarandstaðan þjappað sér saman og stendur nú saman að tillögu til rökstuddrar dagskrár sem við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar flytjum. Hún er á þskj. 492 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þar sem fjölmörg atriði mæla gegn afgreiðslu frumvarpsins, meiri hluti heilbrigðis- og trygginganefndar beitti eindæma gerræði við afgreiðslu málsins á fundi sínum eftir 2. umræðu á Alþingi og þar sem málið fékk ekki fullnægjandi umfjöllun í nefnd milli 2. og 3. umræðu gagnstætt því sem heitið var og líkur eru á að lögfesting frumvarpsins leiði til átaka og tjóns í heilbrigðiskerfinu ályktar Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Herra forseti. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að við eigum við ofurefli að etja á Alþingi. En öll sú barátta sem átt hefur sér stað í þinginu og í samfélaginu hefur opnað augu margra fyrir því hve mikið er í húfi í þessu máli. Mér finnst dapurlegt að meiri hlutinn taki ekki meira mark á varnaðarorðum í því efni. Ég vil vitna til, með leyfi forseta, orða biskupsins yfir Íslandi, Karls Sigurbjörnssonar, sem sagði á fullveldisdeginum 1. desember í grein í Morgunblaðinu:

„Stefnt er að því að setja saman í gagnagrunn meiri upplýsingar um erfðaeiginleika íslensku þjóðarinnar en nokkurn tíma hefur verið safnað um eina þjóð og veita einkaleyfi á notkun þess gagnagrunns. Ljóst er að þær fyrirætlanir vekja ótal spurningar siðfræðilegs eðlis, mikilvægar spurningar um persónuvernd og mannhelgi. Þetta eru án efa einhverjar vandasömustu spurningar sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir."

Herra forseti. Meiri hlutinn telur sig hafa rætt þessar vandasömu spurningar nægilega vel. Það finnst mér ekki. Hvað sem líður öllum smáatriðum þessa lagafrv. þá byggist afstaða mín á andstöðu við grunnatriði þess. Ég vil ekki að íslensku þjóðinni sé pakkað inn í einn miðlægan gagnagrunn. Ég vil ekki að einkafyrirtæki fái einkaleyfi til meðferðar á slíkum gagnagrunni.

[13:54]

Útbýting þingskjala:

Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, 322. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 493.

Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, 359. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 495.

Náttúrufræðikennsla, 357. mál, fsp. SvanJ, þskj. 489.

[13:54]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég ætla að vera stuttorður um þetta mál hér við lokaumræðu. Það er búið að læsa þessu máli eins og við höfum séð á framkomu meiri hluta hér í þingsalnum. Það hefur ekki mjög mikið upp á sig að reyna að bera fram sanngjörn rök í málinu. Það er ekki hlustað á þau og við því er ekkert að gera ef meiri hlutinn vill vinna þannig.

Hér hefur komið skýrt fram að þau vinnubrögð sem viðhöfð voru milli 2. og 3. umr. eru vægast sagt mjög óvanaleg og til skammar fyrir hið háa Alþingi. Hér beitti meiri hlutinn valdi sínu til að hindra eðlilega þinglega meðferð á málinu eins og skýrt hefur verið frá.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að meiri hlutinn hafi í reynd eyðilagt þá hugmynd sem býr að baki starfrækslu miðlægs gagnagrunns. Hér verður það mikið ósætti þegar fara á að safna upplýsingum og reka grunninn að hann verður því miður ekki það tæki til framfara og rannsókna sem menn ætluðu.

Við 2. umr. lagði ég fram ákveðnar hugmyndir sem hefðu getað betrumbætt þetta mál, eins og að takmarka sérleyfistímann? Ég er á móti sérleyfinu en hefði viljað miða það við skemmri tíma en tólf ár. Við þá ábendingu var ekkert gert. Ég vildi líka heimila að þeir sem færu úr grunninum gætu látið eyða gögnum sínum. Við þá ábendingu var ekkert gert. Ég vildi að í frv. yrði tryggð betri staða barna, sjúkra, aldraðra og þeirra sem við geðfötlun eiga að stríða, við ákvarðanatöku um þátttöku. Það var ekki gert. Ég vildi láta endurskoða þessi lög, ekki eftir tíu ár heldur eftir fimm ár. Við þá ábendingu var ekkert gert, herra forseti.

Ég benti líka á að mikilvægt væri að efla starfsemi tölvunefndar í sambandi við þetta ferli. Að því var ekki hugað. Ég vil benda á að eina niðurstaðan í þessu svokallaða nefndarstarfi milli 2. og 3. umr. var sú að tölvunefnd taldi sig ekki geta unnið eftir þeim fyrirmælum sem nú eru gefin í frv. varðandi samkeyrslu á ættfræði- og erfðaupplýsingum auk heilsufarsupplýsinga. Tæknilega er málið sent frá hinu háa Alþingi án þess að menn geti unnið eftir því.

Mikilvægasta atriðið sem ég lagði til við þetta mál, og hef oft gert opinberlega áður, var að afgreiðslu málsins yrði ekki hraðað en reynt að leita sáttar um það, fara ekki með málið út úr þinginu meðan ekki ríkti um það sátt. Með þá ábendingu var ekkert gert.

Það er sama hvaða hógværu og sanngjörnu tillögur maður hefur reynt að leggja inn í þessa umræðu. Í grundvallaratriðum fannst mér þetta mjög spennandi verkefni sem ég hef reynt að nálgast með opnum huga. Hins vegar hefur verið lokað á allar hugmyndir sem hefðu getað orðið málinu til framdráttar og til bóta. Mín sjónarmið og annarra hafa verið hunsuð.

Um þverbak keyrði þegar einn af fáum aðilum sem hingað til hafa stutt málið, Rannsóknarráð Íslands, snerist gegn því vegna þess að þeir telja með réttu að brtt. meiri hlutans, að fela nefndinni sem 6. gr. gerir ráð fyrir að semja um aðgengi vísindamanna án þess að gefa um það nokkur skýr lagafyrirmæli, sé þrenging frá hinum ófullkomnu ákvæðum sem voru upphaflega í frv. Meiri hlutanum tókst meira að segja að gera þann þátt frv. verri.

Það hefur komið fram, þó að ég viti ekki hvort það hafi komið fram í ræðum manna á Alþingi, að einkaleyfið brýtur hugsanlega í bága við lög. Það reynir á það fyrir dómstólum en ástæðan fyrir einkaleyfiskröfunni er fyrst og fremst sú að það er talið auðvelda fjármögnun á verkefninu. Auðvitað orkar tvímælis að beita slíkri aðferðafræði en hér hefur meiri hlutinn enn og aftur kosið að ræða ekki málið eða gefa aðilum tækifæri til að tjá sig um það fyrir lokaafgreiðslu frv.

Ég styð, herra forseti, þá tillögu sem hefur verið borin fram af þingflokksformönnum um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Þannig hefur verið haldið á málum af hálfu meiri hlutans að meira að segja þeim aðilum innan þingsala

sem viljað hafa málefninu vel og gaumgæfa hvort finna mætti lendingu og skynsamlega útfærslu hefur verið gert ókleift að vinna í þeim anda.

Við og náttúrlega fjölmargir aðrir stjórnarandstæðingar erum hrakin í andstöðu við þetta mál. Málinu var ábótavant þegar það kom inn í þingsali. Það batnaði að litlu leyti milli 1. og 2. umræðu. Þar er m.a. siðanefndin mjög mikilvæg en betrumbætur milli 2. og 3. umræðu voru í reynd engar.

Í stað þess að stuðla að meiri sátt um málið kýs meiri hlutinn að afgreiða það í ósátt, ekki einungis við stjórnarandstöðuna á hinu háa Alþingi, heldur og vísindasamfélagið og heilbrigðisstéttir þessa lands. Það er miður en ábyrgðin er öll ríkisstjórnarinnar.

[14:01]

Jóhanna Sigurðardóttir (frh.)**:**

Herra forseti. Þegar ég frestaði ræðu minni í nótt hafði ég farið nokkuð yfir vinnubrögðin við lokaafgreiðslu þessa máls í hv. heilbr.- og trn. Ég hafði einnig farið að nokkru yfir hin stóru ágreiningsatriði sem helst hafa verið uppi og ég hef mestar áhyggjur af, einkaleyfið og persónuverndina. Ég mun því ekki rifja það upp nánar.

Ég held að ljóst sé og búið að fara vel yfir það að hv. heilbr.- og trn. viðhafði fádæma vinnubrögð. Það er langt frá því að slík vinnubrögð megi líða í svo mikilvægu máli. Stórir umsagnaraðilar, sem hafa mikið til málanna að leggja, fengu ekki að koma á fund nefndarinnar þó um væri að ræða gjörbreytt frv., miðað við þær tillögur sem greidd verða atkvæði um við 3. umræðu þessa máls.

Mig langar þó, herra forseti, að fara nánar yfir einokunarþáttinn í þessu frv. Hann hefur mikið verið gagnrýndur og vil ég í því sambandi vitna í sunnudagsblað Morgunblaðsins þar sem gerð er úttekt á þessu máli. Þar er komið inn á veigamiklar athugasemdir sem eiga erindi í umræðuna nú á lokastigi þessa máls. Ég mun aðeins koma inn á það sem þar er sagt, en úttektin er gerð af Páli Þórhallssyni.

Það er hægt að taka undir mjög margt í úttektinni varðandi einokunina og rökin gegn henni. Þeir sem að þessu frv. standa og vilja keyra þessa einokun í gegn er t.d. Sjálfstfl. Hann telur sig vera í forsvari í þjóðfélaginu fyrir það sem kallast samkeppni en gegn einokun og fákeppni. Við höfum að vísu rekið okkur á, herra forseti, í fleiri málum en þessu, að það virðist meira vera í orði en á borði. Oft er um að ræða það sem hægt væri að flokka undir pilsfaldakapítalisma.

Í þessari ágætu grein er spurt, með leyfi forseta:

„Hvort eitthvað sérstakt eigi að gilda um erfðarannsóknir sem atvinnuveg á skjön við alla þróun í þjóðfélaginu undanfarna áratugi þar sem einokun og sérleyfi hafa orðið að víkja fyrir frjálsri samkeppni á sem flestum sviðum."

Það er von að spurt sé. Þá er farið í rökin sem t.d. hv. varaform. heilbr.- og trn. hefur margoft haldið fram fyrir einokuninni, að hér sé um svo mikla fjárfestingu að ræða að enginn muni fást til að fara í verkið nema hafa tryggingunа sem einokunin felur í sér. Í greininni er hins vegar bent á og ég held að það séu rök sem er vert væri fyrir hæstv. ráðherra að hugleiða:

„Á móti hefur verið bent á að kostnaðurinn sé háður því hversu mikið sé skráð af upplýsingum."

Raunverulega veit enginn hvort farið verður aftur í heilsufarsgögn og upplýsingar sem safnað hefur verið saman gegnum árin og sett inn í grunninn eða hversu mikið verði skráð af upplýsingum inn í hann.

Hér stendur:

„Væntanlegur rekstrarleyfishafi hefur hag af því að láta líta svo út sem allt verði skráð, stórt og smátt, til þess að blása upp kostnaðinn, en í raun er erfitt að ímynda sér að farið verði út í mikla vinnu við skráningu sjúkraskráa aftur í tímann, virðist þar um svo tröllaukið verkefni að ræða miðað við ávinninginn."

Síðan er talað um hvað muni gerast að loknum þessum tólf árum, t.d. varðandi rekstrarleyfishafann. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þótt sérleyfið sé einungis veitt til allt að tólf ára þá er engin ástæða til að ætla annað en að á þeim tíma komist rekstrarleyfishafi í slíka yfirburðaaðstöðu í lífvísindum í landinu að engin þörf verði fyrir hann á framlengingu."

Þetta eru mjög athyglisverð rök í málinu og rök gegn því að binda sérleyfið einum sérleyfishafa, hvað þá að binda þetta eins lengi og hér er lagt til.

Við höfum farið mikið yfir þann ágreining sem er varðandi það hvernig þetta frv. brýtur og gengur gegn mörgum íslenskum lögum og alþjóðlegum samningum. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra, og vona að hæstv. ráðherra hlýði á mál mitt. Hér segir, með leyfi forseta:

„Það er einnig vafi um hvort sérleyfi standist gagnvart EES-samningnum og jafnvel stjórnarskránni. Lagastofnun Háskóla Íslands taldi að nokkur áhætta væri tekin að þessu leyti en Samkeppnisstofnun er ekki í nokkrum vafa um að reglur EES-samningsins séu brotnar. Má segja að ekki verði komist miklu nær sannleikanum í þeim efnum en orðið er nema leita álits út fyrir landsteinana."

Síðan kemur það sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra að:

„Slíkt er stjórnmálamönnum greinilega ekki að skapi, en óneitanlega væri ástæða til að huga sérstaklega að því, komi að því að veita rekstrarleyfi, hvort ekki verði að gera fyrirvara um þetta efni, þannig að íslenska ríkið verði ekki skaðabótaskylt gagnvart rekstraleyfishafa ef sérleyfi reyndist brjóta gegn EES."

Nú má vera, af því að ég hef ekki haft tækifæri til að fylgjast alveg með öllum þessum umræðum, að hæstv. ráðherra hafi svarað þessu. Hafi hún gert það þá skal ég ekki ganga á eftir svörum. Þetta þarf a.m.k. að hafa verið rætt í þessum þingsal komi til þess að skaðabóta verði krafist. Hefur ráðherra haft vitneskju um möguleikann á slíkri skaðabótakröfu og skoðun á því hvernig brugðist yrði við ef að því kæmi?

Af því að ég hef ráðherrann hér nánast við hlið mér vil ég beina til hennar enn annarri spurningu og þær verða kannski ekki mikið fleiri. Sú spurning varðar raunverulega arðinn af þessu. Við tölum hér um mikinn þjóðarauð sem eru heilsufarsupplýsingar, sem okkar ágæta heilbrigðis- og læknastétt og vísindastétt hefur safnað saman í marga áratugi. Þar hefur mikil vinna verið lögð í alla skráningu. Ég hef t.d. velt fram þeirri spurningu: Hvað með eignarréttinn á þessum upplýsingum?

Það sem ég vil beina til hæstv. ráðherra er það sem stendur hér, með leyfi forseta:

„Hins vegar var eftir 1. umræðu sett inn heimild til ráðherra að semja við rekstrarleyfishafa um greiðslur í ríkissjóð til eflingar heilbrigðisþjónustu, rannsókna og þróunar."

Þetta er auðvitað mjög jákvætt. En hér stendur líka, og það vil ég spyrja hæstv. ráðherra um:

„Væntanlega verður ráðherra að útfæra þetta strax áður en rekstrarleyfið er veitt og ná sem hagstæðustum samningum fyrir ríkið því þarna er ekki heimild til að leggja skatt á rekstrarleyfishafann eftir á."

Er þetta eitthvað sem gert verður áður en gengið verður frá samningnum við þennan aðila? Hvernig hefur hæstv. ráðherra hugsað sér útfærsluna á því? Við að tala kannski um gífurlega fjármuni og enginn veit hve miklir þeir eru. Auðvitað er lágmark að frá því sé gengið og tryggilega um bundið í slíkum samningum að þjóðin fái eðlilegan arð af þeim verðmætum sem hún lætur í hendur á einkaaðila. Nú má vel vera að hæstv. ráðherra hafi svarað þessu en þetta eru spurningar sem mér liggja á hjarta. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra segist hafa gefið hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur svarið við þessu. Að vísu heyrði ég ekki það svar, herra forseti, enda vitað að ég gæti ekki verið við umræðunni fyrr en núna. Við sjáum þá hvað setur, ég sé að hæstv. ráðherra er hér á mælendaskrá og hún mun þá kannski ítreka þetta aftur svo það komist til skila.

Hér hefur margoft verið farið yfir, herra forseti, hvað fara eigi inn í grunninn. Ég ætla einnig að koma inn á það. Það er alveg ljóst, eins og margoft hefur verið bent á, að það liggur alls ekki fyrir hvað fara á inn í gagnagrunninn þó margoft hafi verið kallað eftir því. Það skiptir máli, t.d. upp á þær siðferðilegu spurningar sem við stöndum frammi fyrir varðandi þetta mál.

Viðhorfið til þess hvað fara eigi inn í grunninn — menn hafa talað um að það þyrfi að túlka það þröngt. Það að vita ekki hvernig beri að túlka það er auðvitað varla boðlegt fyrir þingið svo afgreiða megi málið. Þetta viðhorf rekst harkalega á grundvallarsjónarmið, eins og hér stendur:

„Þetta viðhorf rekst harkalega á grundvallarsjónarmið um skráningu persónuupplýsinga, þau mæla fyrir um að ekki eigi að safna saman upplýsingum um fólk nema nauðsyn krefji og í skýrum tilgangi."

Af því að það kemur nú í minn hlut, herra forseti, þá væntanlega ekki fyrr en eftir jól, að fjalla um frv. sem mikið var rætt hér í tengslum við þetta mál, þ.e. frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, fæ ekki séð hvernig við getum afgreitt lagagreinina í frv. Ég skal ekki tefja tímann með því að lesa hana en að mínu viti stangast hún gjörsamlega á við 2. gr. frv. sem við eigum eftir að ræða. Auðvitað væri eðlilegt að þessi mál yrðu rædd samhliða og fengju afgreiðslu í þinginu á sama tíma.

Í frv. um persónuvernd segir að sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar séu upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, hins skráða. Ég sé ekki betur en að þetta, herra forseti, stangist á við 2. tölulið 3. gr. frv., sem ég skal ekki tefja tímann á að lesa og væntanlega hefur verið lesinn upp við þessa umræðu.

Ég vil spyrja ráðherrann af því að ég las það hér í þessari ágætu grein að það sé sláandi að í gagnagrunnsfrv. vanti heimild til að binda rekstrarleyfið því skilyrði að yfirvöld geti haft eftirlit með fjárhag og bókhaldi rekstrarleyfishafa.

Ég spyr af því að okkur ber að hafa áhyggjur af því og mig fýsir að vita: Hefur hæstv. ráðherra svarað þeirri spurningu og hefur það verið hugleitt hvort ekki sé eðlilegt og rétt að binda rekstrarleyfið því skilyrði að yfirvöld geti haft eftirlit með fjárhag og bókhaldi rekstrarleyfishafa? Við erum, herra forseti, að fjalla um gífurlega mikil verðmæti og þjóðarauð, sem verður að girða þannig um í löggjöf að frágengið sé hvernig eftirlitsþættinum verði háttað af hálfu framkvæmdarvaldsins. Þá þarf og að vera frá því gengið af hálfu löggjafans að það verði tryggilega gert.

Ég ætla að sleppa stórum köflum í þessari ágætu grein sem ég hefði gjarnan viljað fara í gegnum. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að menn hafa samið um umræðutíma í þessu gagnmerka máli. Ég skal reyna að halda mig innan skikkanlegra tímamarka í þessari fyrstu ræðu minni, herra forseti, og vil ítreka að ég hef ekki talað mikið í þessari umræðu, ekkert við 1. og ekkert í 2. umræðu. Þetta er mín fyrsta ræða hér við 3. umræðu málsins.

En í þessari grein er einmitt dregið fram þetta smyglgóss að ég vil segja, ég vil bara orða það svo, sem kemur inn við 2. umr. og nú við 3. umr. Þegar frv. kom inn í þingið og við umræður um það úti í þjóðfélaginu þar til það er lagt fram hér á haustdögum, þá var ekki minnst á samtengingu upplýsinga úr sjúkraskrám við aðrar upplýsingar. En eftir 1. umr. gerði heilbr.- og trn. þá breytingu að tengja mætti heilsufarsupplýsingar ættfræðiupplýsingum. Og núna eftir 2. umr. er enn verið að herða á, herra forseti, til hagsbóta fyrir einkaleyfishafann sem flokkur samkeppni og frjálsræðis í þjóðfélaginu ætlar sér greinilega að slá skjaldborg um. Það er bætt um betur og nú segir í þessu sama ákvæði m.a., með leyfi forseta:

„Rekstrarleyfishafi skal móta verklag og vinnuferli sem uppfylla skilyrði tölvunefndar til að tryggja persónuvernd við samtengingu upplýsinga úr gagnagrunni á heilbrigðissviði, gagnagrunni með ættfræðiupplýsingum og gagnagrunni með erfðafræðilegum upplýsingum."

Það er sem sagt smám saman verið að sýna hvað í pokanum var, af því menn hafa greinilega ekki þorað að sýna það nema í smáskömmtum í þinginu og úti í þjóðfélaginu. Fyrst eru það ættfræðiupplýsingarnar sem koma við 2. umr. og svo við 3. umr. er verið að setja inn það sem eðlilega hefur valdið miklum úlfaþyt hjá heilbrigðisstéttum, læknastéttinni og vísindamönnum, þ.e. að verið er að bæta erfðafræðiupplýsingum við það sem má keyra saman við þennan grunn.

Það eina sem sérleyfishafinn, sem virðist stjórna þessari löggjafarsamkundu, ríkisstjórninni og því hvað fer inn í þetta frv., nær ekki í gegn er að apótekin fóru ekki inn, að hægt væri að fá alla lyfjanotkun landsmanna upp gefna úr apótekunum. Ég segi nú bara þökk sé hæstv. heilbrrh., því mér skilst að heilbrrh. hafi staðið fast í ístaðinu að því er það varðar. En ég spyr, af því þetta með erfðafræðiupplýsingarnar hefur ekki komið frá hæstv. heilbrrh. eða heilbrrn., hvort hæstv. ráðherrann hafi virkilega engar áhyggjur af því að hér á lokastigi málsins, án nokkurrar eðlilegrar umfjöllunar í nefndinni, skuli vera bætt inn svo mikilvægu ákvæði.

Ég hef vitnað til umræðu sem varð hjá minni hlutanum þegar kallaðir voru til þeir læknar og vísindamenn sem óskuðu eftir að koma á fund nefndarinnar, að þá nefndu þeir að með þessari leið og þeim möguleika að keyra erfðafræðiupplýsingar saman við heilsufræði- og ættfræðiupplýsingar, væri kominn möguleiki til að koma hér upp DNA-safni. Og undir það er tekið í þeirri grein sem ég hef verið að vitna í, að sú geti einmitt verið raunin.

Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Breytingin á föstudag opnar honum lagalega leið að erfðaefninu úr þeim einstaklingum sem í grunninum verða. Eftir stendur þá spurningin hvernig rekstrarleyfishafinn verður sér úti um sjálft erfðaefnið, lífsýnin."

Þetta kallar meiri hluti heilbr.- og trn. tæknilegar breytingar. Þetta eru tæknilegar breytingar, herra forseti.

Hæstv. forseta, sem ég veit að er annt um að þingið haldi vel á spöðunum og ljúki þeim málum sem ætlunin er að ljúka fyrir þingfrestun, þarf auðvitað ekkert að undra það þó að

við úr stjórnarandstöðunni þurfum að hafa nokkur orð um þá breytingu sem hér er lögð til.

Hér stendur, og þá er verið að tala um þessa breytingu, með leyfi forseta:

„Eins kann þessi vending að vera upphafið að því að sérleyfið á sjúkraskránum leiði til yfirráða yfir lífsýnasöfnum og erfðaefni landsmanna. Þarna er í raun komið fyrsta græna ljósið á uppbyggingu íslensks DNA-gagnabanka."

Þetta er þessi tæknilega breyting, herra forseti, sem við eigum bara að kyngja og helst ekki að þurfa að hafa nokkur orð um í þinginu, hvað þá að þurfa að kalla einhverja á fund nefndarinnar til þess að fara í gegnum þetta mál.

Herra forseti. Ef ég hefði haft lengri tíma þá hefði ég farið nánar yfir þessa grein sem ég tel mjög athyglisverða og hefði þurft að fara betur í gegnum vegna þess að hún kemur að mörgum álitaefnum sem munu verða uppi í þjóðfélaginu, herra forseti, eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Við skulum ekki halda það að með því að Alþingi afgreiði málið, kannski í þessari viku, að því sé hér með lokið úti í þjóðfélaginu. Nei, heldur betur ekki, herra forseti, vegna þess að þá mun það fyrst hefjast. Og hvernig á að vera hægt að keyra þennan gagnagrunn og nýta hann, sem ætlunin er og markmið þessa frv. er, þegar 150 læknar hafa lýst því yfir að þeir muni ekki setja upplýsingar inn í hann og það þurfi þá málshöfðun á hendur þeim til þess að þeir geri slíkt?

Ég vil endurtaka það sem ég sagði í gær um það sem læknarnir upplýstu í nefndinni að sjúklingar höfðu litlar áhyggjur af þessum gagnagrunni í sumar og að lítið var spurt um rétt sjúklinga þá. Sagt var að tíundi hver sjúklingur hefði spurt læknana um það hvort nauðsynlegt væri að setja upplýsingarnar um þá sjálfa inn í grunninn og hvað það þýddi. Nú orðið spyrði annar hver sjúklingur læknana þessarar spurningar. Þjóðin er því að verða sér þess meðvituð hvað felst í þessum gagnagrunni. Og margt af því sem sagt er í þessari ágætu grein um málshöfðun, skaðabætur, hvernig þetta gengur gegn lögum hér og alþjóðasamningum, og hvaða áhrif þetta hefur fyrir sjúklingana, er nokkuð sem við eigum eftir að upplifa á næstu vikum.

Mér er til efs, herra forseti, að þessi gagnagrunnur, miðað við þá andstöðu sem er í þjóðfélaginu, muni nýtast eins og menn ætla vegna þess að ekki hefur verið lögð sú rækt og sú vinna við hann sem þarf til að hægt sé að ná sátt um svo stórt mál sem hér er á ferðinni og að reynt sé að ná sátt við þá sem um það þurfa að fjalla.

Ég fór í gær yfir það hve mér finnst fótumtroðinn réttur þeirra sem ekki geta varið sig, og það sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur farið mikið inn á varðandi persónuvernd t.d. sjúklinga, aldraða, þroskaheftra, nýbúa og geðsjúkra. Réttur þeirra er hvergi tryggður í þessu frv. Og ekki heldur réttur látinna. Einhver nefndi hér að það þyrfti bara miðilsfund til þess að komast að þeirra vilja í þessu efni. En það er hvergi tryggt hvernig á að fara með upplýsingar um látna einstaklinga í þessum gagnagrunni. Það komu einmitt fram miklar áhyggjur af þessu hjá forsvarsmönnum Mannverndar.

Herra forseti. Mér er nokkuð mikið niðri fyrir og ég á reyndar nokkuð langt mál eftir. Ég hefði t.d. viljað fara aðeins yfir það frv. sem við hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson höfum lagt fram. Það er valkostur í þessu máli sem hefði verið hægt að ná miklu meiri sátt um í þjóðfélaginu við vísindasamfélagið og lækna. Það hefði tryggt miklu meiri persónuvernd en við sjáum í þessu frv. En tímans vegna skal ég ekki gera það, herra forseti, enda hefur hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson gert það mjög vel.

Ég hefði líka viljað, herra forseti, fara yfir ýmislegt sem er mjög athyglisvert og kom fram á ráðstefnu sem Mannvernd hélt í Norræna húsinu 3. desember. Það á virkilega erindi inn í þessa umræðu. En miðað við það samkomulag sem hefur náðst í þessu efni þá skal ég ekki tefja tímann þótt fullt tilefni sé til þess, herra forseti. Það er það sem ég vil segja, að það sé fullt tilefni til þess að fara miklu rækilegar yfir þetta mál en hér er gert. Enda held ég að jafnvel þó að frv. fari í gegn, eins og hér er bent á, þá líði ekki á löngu, herra forseti, þar til þetta mál komi með einum eða öðrum hætti aftur til kasta þingsins. Svo mörg eru þau vafaatriði sem skilin eru eftir í lausu lofti að því er þetta mál varðar og það er lítill sómi, herra forseti, fyrir þingið að afgreiða málið á þann hátt sem hér á að gera.

Ég held því að sú rökstudda dagskrá sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur mælt hér fyrir og er flutt af forsvarsmönnum þingflokka eigi fullan rétt á sér. Menn voru blekktir við 2. umr. málsins, herra forseti. Þá voru dregnar til baka ýmsar tillögur sem minni hlutinn flutti og sem ég hefði gjarnan viljað fá að greiða atkvæði með. En menn stóðu í þeirri trú að samkomulagsvilji væri hjá hæstv. ráðherra, hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta heilbr.- og trn. og í þeirri trú voru þessar tillögur dregnar til baka. Og þær munu ekki koma til atkvæðagreiðslu vegna þess að það gengur svo fram af mönnum hér að jafnvel þó að menn hafi viljað styðja þetta frv. eða a.m.k. vera hlutlausir gagnvart því þá er komin það mikil illska í málið, herra forseti, miðað við það hvernig þinginu er boðið upp á það, að menn hafa hér sameinast um að flytja tillögu til rökstuddrar dagskrár.

Herra forseti. Það eru mér vissulega mikil vonbrigði að þetta stærsta mál síðari tíma skuli við lokaafgreiðslu málsins fá þessa meðferð og þessi vinnubrögð af hálfu stjórnarliða. En þetta er í samræmi við annað sem við í stjórnarandstöðunni höfum þurft að ganga í gegnum á þessu kjörtímabili, þ.e. að meiri hlutinn og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hlustar ekki á þjóðarvilja. Hún hlustar ekki á minni hlutann í þinginu. Aftur og aftur er troðið á rétti minni hlutans og lýðræðislegum vinnubrögðum. Ég nefni bara miðhálendisfrv. svo dæmi sé tekið. Eina ferðina enn, herra forseti, erum við að ganga í gegnum slík vinnubrögð.

En þetta, herra forseti, er kannski enn alvarlegra en oft áður vegna þess að við erum að fjalla um stórt mál sem mun hafa mikil áhrif í framtíðinni á læknavísindin og heilbrigðismál þessarar þjóðar. Og því miður held ég að við séum að afgreiða frv. sem margir úti í þjóðfélaginu muni sjá þótt síðar verði að við í stjórnarandstöðunni höfðum rétt fyrir okkur. Það hefði átt að taka meiri tíma í að ná niðurstöðu í þetta mál. Það hefði átt að ná betri samstöðu og sátt um eins stórt mál og hér á að fara að afgreiða.

[14:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar hefur nú verið svarað flestum þeim spurningum sem hv. þm. lagði hér fram. og það er eðlilegt að hv. þm. hafi ekki haft tækifæri til að vera í þingsalnum þá mörgu sólarhringa sem þessi umræða hefur staðið. En ein spurning sem hún bar fram hefur ekki komið fyrir áður og hún er varðandi eftirlit með bókhaldi fyrirtækisins. Eins og kemur fram í frumvarpstextanum er gert ráð

fyrir því að heilbrigðisþjónustan njóti hlutdeildar í hagnaði fyrirtækisins. Til þess að svo megi verða þá verðum við að hafa það skýrt í starfsleyfi hvernig við bæði höfum eftirlit og nýtum okkur hagnaðarhlutdeild. Og til þess ætlum við að fá sérfræðinga úr fjármálaheiminum, til að útfæra það fyrir okkur áður en starfsleyfi verður gefið. Þetta er atriði sem kannski hefur ekki komið fram hér fyrr og er rétt að svara.

Varðandi aðra hluti þá langar mig bara að nefna eitt dæmi af því að menn tala mjög um neikvæðar hliðar þessa máls. Ég ætla að nefna einn sjúkdóm. Getum við leyst þá gátu sem gigtin er, gigtargátuna? Ég er ekki að segja að við getum það með þessum grunni en möguleikarnir yrðu meiri en áður. Fyrir utan þá miklu þjáningu sem þessi sjúkdómur veldur (**RG:** Gigtarlæknar eru ...) þá kostar hann einn og sér 11 milljarða kr. fyrir íslenska ríkið, fyrir utan þjáningarnar sem eru ómældar. Ég segi þetta hérna vegna þess að mér finnst mikilvægt að það komi fram að með þessum grunni erum við auðvitað að styrkja vísindastarf í landinu. En það er eðlilegt að hér komi fram að mikið vísindastarf er í gangi einmitt varðandi gigtina, af því ég minntist á hana, og ég sem heilbrrh. hef styrkt það alveg sérstaklega á vegum Ríkisspítala. Þar er unnið mjög mikið og merkilegt starf, eins og víða í vísindaheiminum. En þetta er viðbót sem hér kemur fram.

[14:30]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst mjög jákvætt að heyra frá hæstv. ráðherra að frá því verði tryggilega gengið í starfsleyfi að haft verði eðlilegt eftirlit með fjárhag og bókhaldi sérleyfishafa og frá því verði gengið að íslenska þjóðin fái eðlilegan og sanngjarnan arð. En ég spyr hæstv. ráðherra: Er hæstv. ráðherrann tilbúinn til að beita sér fyrir því að heilbr.- og trn. fái að fara yfir þá þætti, sem ráðherrann nefndi, hvernig frá þessu máli verði gengið, í fyrsta lagi varðandi arðinn, í annan stað varðandi eftirlit áður en frá þessu máli verður gengið?

Mér finnast það mjög eðlileg og sanngjörn vinnubrögð miðað við það sem við höfum gengið í gegnum að heilbr.- og trn. fái tækifæri til þess, hvenær sem það verður gert, að ráðherra gefi henni þann möguleika að fara í gegnum þessi mikilvægu atriði.

Síðan vil ég segja það, herra forseti, að mér finnst smekklaust af hæstv. ráðherra að draga inn einstaka sjúkdóma og tala um ef við gætum læknað gigtarsjúkdóma o.s.frv. að þá væri tilgangnum náð. Hæstv. ráðherra getur ekki leyft sér að stilla málinu með þeim hætti að við sem höfum gagnrýnt þetta frv. séum næstum því á móti því að hægt sé að lækna svona sjúkdóma eða að vísindin stuðli að einhverri framþróun í þessum efnum.

Við erum að benda á betri leiðir, á aðrar leiðir sem sátt getur náðst um. Það er til valkostur, það liggur fyrir frv. sem fékkst ekki einu sinni útrætt þar sem við hefðum getað náð þessu alveg eins og hér er lagt til ef það er á annað borð hægt.

Síðan vil ég nefna það af því að hæstv. ráðherra nefndi hér sérstaklega gigtarlækningarnar: Hvernig eigum við að ná einhverjum árangri í því þegar gigtarlæknar leggjast gegn þeirri aðferð sem á að fara á þessari leið og vilja og hafa óskað, eins og aðrir læknar, eftir samvinnu við heilbrrn., eftir samvinnu við hæstv. heilbrrh. hvaða leið á að fara í þessu efni? Það er ekki smekklegt, hæstv. ráðherra, að stilla málinu fram eins sem hæstv. ráðherra leyfir sér að gera.

[14:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef það er smekkleysa að ræða um þá möguleika sem hugsanlegir eru ef þetta frv. verður að lögum þá er ég alveg undrandi á hv. þm. Það er einmitt þess vegna sem við leggjum þetta frv. fram, af því við teljum að miklir möguleikar séu á að koma í veg fyrir sjúkdóma og lækna sjúkdóma, þróa lyf. Það er markmið með þessu frv. (Gripið fram í.) Nei, ég held að stjórnarandstaðan geti ekki verið á móti því.

En það er eðlilegt að ég, sem legg þetta frv. fram, bendi á jákvæðu hliðarnar og, herra forseti, það getur varla verið bannað í þessum þingsal og það getur varla komið fólki algjörlega úr jafnvægi ef maður bendir á þá jákvæðu möguleika sem við sjáum fram á með þessu frv.

Varðandi aðra þætti skýrði ég áðan hverjar hugmyndir eru varðandi starfsleyfi. Við skulum leyfa þessu öllu að komast á koppinn, eins og sagt er, áður en menn fara að telja peningana af arðinum. Það er alveg ljóst að þegar starfsleyfið verður gefið verður það auðvitað kynnt. (**JóhS:** Í heilbr.- og trn.?) Það verður að sjálfsögðu kynnt í heilbr.- og trn.

[14:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Svörin voru alls ekki skýr. Ég spurði hvort þetta yrði kynnt í heilbr.- og trn. þannig að hún fengi eitthvað um málið að segja áður en það væri frágengið. En hæstv. ráðherra treystir sér ekki lengra en að segja það að málið yrði kynnt í heilbr.- og trn. Að sjálfsögðu verður það kynnt heilbr.- og trn. eins og öðrum þegar það er frágengið. En þetta er spurning um samráð við heilbr.- og trn. og það er það sem er svolítill munur á, herra forseti, eða hvort nefndinni verði kynnt það eftir á þegar búið er að ganga frá öllum málunum. Það er það sem ég var að spyrja hæstv. ráðherra um og hefði talið æskilegt að fá það fram í umræðunni áður en gengið verður frá málinu.

Varðandi það sem ég var að segja um smekkleysi, að vera að ræða í stuttu andsvari um möguleikana á því hvað þetta frv. gæti gert þá var ég ekkert að spyrja um það. Auðvitað getur þetta frv. opnað ákveðna möguleika, við erum öll meðvituð um það, alveg eins og dreifðir gagnagrunnar geta líka gert. En mér fannst hæstv. ráðherra stilla málinu upp með þeim hætti að við sem tölum gegn þeirri leið sem á að fara séum einhverjir andstæðingar í framþróun í vísindum og lækningum. Málið er bara ekki þannig vaxið og það var það sem ég var að halda til haga að mér fannst ráðherrann hæstv. stilla málinu upp fremur ósmekklega.

Ég hefði frekar viljað að hæstv. ráðherrann hefði komið inn á það sem ég var að ræða í máli mínu, t.d. áhyggjur sem ég hef og fleiri hv. þingmenn af persónuverndinni og hvernig réttur er ekkert tryggður og hvernig á að vernda rétt þeirra sem geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér, eins og sjúklingar, aldraðir, þroskaheftir og fleiri sem hér var nefnt. Ég hefði frekar viljað heyra ráðherrann nefna það.

Hitt getum við verið alveg sammála um, þó okkur greini kannski á um leiðir, að framþróun í vísindum verður að eiga sér stað. Við teljum bara að önnur heppilegri leið sé til.

En, hæstv. forseti, mér þætti vænt um það ef hæstv. ráðherrann svaraði svolítið skýrar með heilbr.- og trn. (**Heilbrrh.:** Ég er búin með andsvörin.)

[14:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú líður senn að lokum umræðunnar. Það er sjálfsagt nokkuð ljóst að ekki hefur mikið upp á sig að flytja langar ræður eða vera með mikinn rökstuðning í þessu máli því það er ekki á dagskrá af hálfu meiri hlutans og þeirra sem bera ábyrgð á afgreiðslu málsins að hlusta á slíkt eins og komið hefur fram. Skiptir þá ekki máli, hygg ég, hvort slík rök eru flutt af þingmönnum eða sérfræðingum úti í þjóðfélaginu, leikmönnum eða öðrum. Það er ósköp einfaldlega búið að ákveða það af þeim sem valdið hefur og öllu ræður að þetta mál skuli afgreitt hvað sem tautar og raular.

Vinnubrögðin í þinginu hafa verið í samræmi við það. Það er alveg ljóst að um hreina sýndarmennskuumfjöllun í heilbr.- og trn. var að ræða af hálfu meiri hlutans og ekki hægt að kalla vinnubrögðin, herra forseti, í þessu máli annað en réttu nafni og það er óheiðarleg. Hér hafa verið ástunduð óheiðarleg vinnubrögð af meiri hlutanum og þeim sem eru að knýja þetta mál fram.

Þetta er auðvitað mikið sagt, herra forseti, ég tek mér ekki oft í munn slík orð um félaga mína, að þeir hafi stundað óheiðarleg vinnubrögð, en þeir hafa gert það í þessu tilviki og það verðskuldar að sjálfsögðu að vera rökstutt.

Ég tel það ekkert annað en óheiðarleg vinnubrögð að læða inn fyrir 3. umr. málsins brtt. sem hefur í för með sér verulega breytingu á þessu frv. og gerir það enn verra en áður var og er þó langt til jafnað. Hvort sem menn telja breytinguna í raun og veru meiri eða minni, stigs eða eðlis þá er hitt ljóst að við þessar aðstæður er beinlínis óheiðarlegt að leggja ekki öll spil á borðið í þessu umdeilda máli strax við umfjöllun þess við 1. umr.

Það er það. Slíkt er auðvitað alltaf ámælisvert, herra forseti, en sérstaklega er það þó varhugavert og mér liggur við að segja dapurlegt fyrir hönd okkar allra þegar málið er þeirrar gerðar og af þeirri stærð að útkoman úr því getur vel orðið stórfelldur álitshnekkir ekki bara innan lands heldur á alþjóðavísu, alþjóðlegur skandall, eins og það hefur verið orðað af mönnum sem hafa haft þetta til umræðu úti í þjóðfélaginu.

Það er þannig, herra forseti, að þegar verið er að setja grundvallarlöggjöf á mikilvægu sviði er ekkert óalgengt að slík vinna hafi tekið tvö til fimm ár. Ég minnist þess vel að mikilvæg löggjöf af því tagi eða endurskoðun löggjafar, ég þekki mörg dæmi um slíkt, að þá hefur verið tekið í það um tveggja, þriggja, fjögurra, fimm ára tilhlaup að vanda allan undirbúning þess, draga að gögn erlendis frá og skipa starfsnefndir þar sem öllum helstu aðilum málsins er gefinn kostur á að vinna það á undirbúningsstigi, koma að sjónarmiðum sínum o.s.frv.

Hér er ljóst, herra forseti, og verður ekki um deilt að verið er að setja löggjöf um nýtt svið sem er gífurlega mikilvægt og stórt. Við getum tekið stjórnsýslulög eða réttarfarslög eða annað því um líkt sem menn hafa iðulega eytt nokkrum árum í að fínpússa, að ég held að með fullum rétti og fullri virðingu fyrir slíkri löggjöf sé alveg hiklaust hægt að fullyrða að um enn stærra mál er að ræða.

Hvernig hafa þá vinnubrögðin verið? Hafa þau verið í samræmi við það? Hefur starfað stjórnskipuð nefnd með fulltrúum helstu sérfræðinga árum saman að því að undirbúa þessa löggjöf? Hafa menn tekið nokkur þing í að ræða það og senda það út til umsagnar og skoðunar o.s.frv.? Hafa menn tekið sér allan þann tíma sem þarf þannig að óumdeilt sé að búið sé að ræða málið í botn? Nei, herra forseti, nei og aftur nei. Engum skilyrðum af þessu tagi hefur verið fullnægt í þessari málsmeðferð.

Ástæðan er ósköp einföld og hún er skýr, hún liggur fyrir og öll þjóðin veit að hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, tók þetta mál upp á arma sína. Hann sat mitt á milli hagsmunaaðilanna þegar þeir undirrituðu frægan samning í því húsi sem honum er flestum öðrum kærara, þ.e. Perlunni, sem næst á eftir Ráðhúsinu í Reykjavík eru höfuðkirkjur hans, eins og kunnugt er, hæstv. forsrh. Þar var gjörningurinn undirritaður og síðan hefur málið borið allan keim af þessu, að æðri máttarvöld hafi ákveðið að það skuli afgreitt hvað sem tautar og raular.

Herra forseti. Ég hef reynt að lesa nokkuð vandlega þær breytingar sem meiri hlutinn hefur gert á frv. og þó einkum breytinguna á 2. mgr. 10. gr. frv. Ég verð að segja alveg eins og er að ég varð alveg gáttaður þegar ég áttaði mig á því hvað þar var verið að gera. Mér sýnist því að borið saman við upphaflega málsgrein, sem gerði fyrst og fremst ráð fyrir því og eðlilegt var að túlka samkvæmt orðanna hljóðan þannig, að heimil vinnsla á upplýsingum í grunninum og þær upplýsingar sem í grunninum væru skyldu eingöngu taka til skráðra heilsufarsupplýsinga úr sjúkraskrám, sem heimilað væri að færa inn í þennan grunn. Og punktur. Þannig hafði ég haft tilhneigingu til að túlka 2. mgr. 10. gr. frv. eins og það var lagt fram og eins og það lá fyrir eftir 2. umr.

En þá gerist það að hér kemur brtt. þar sem bætt er við heillöngum setningum sem opna auðvitað fyrir það og samkvæmt allri venjulegri lagatúlkun hljóta að skiljast þannig að með þessu sé verið að lýsa því yfir að rekstrarleyfishafinn megi vinna með allar þær upplýsingar sem þarna eru taldar upp því að annars væri ekki ástæða til að nefna þær, eða hvað? Nema þá að verið væri að útiloka þær og það er ekki. Að hægt sé að samtengja þennan gagnagrunn á heilbrigðissviði gagnagrunni með ættfræðiupplýsingum og gagnagrunni með erfðafræðilegum upplýsingum. Þar til viðbótar kemur svo að hvers konar upplýsingar úr öðrum gagnagrunnum er hægt að sækja um að fá að keyra saman með þessum grunni. Þar er að vísu tölvunefnd og lögin um skráningu og meðferð persónuupplýsinga nefnd til sögunnar. Í því á þá væntanlega að vera einhver vörn. En hér hafa verið nefndar t.d. upplýsingar um lyfjanotkun og annað því um líkt sem féllu þá væntanlega undir þetta síðara atriði.

Með öðrum orðum er verið að gera þá grundvallar- og eðlisbreytingu að í raun og veru er verið að opna fyrir hvað sem er inn í þennan grunn og sérstaklega að lögvernda ættfræði- og erfðaupplýsingar inn í hann. Það er verið að því. Það er gjörsamlega með ólíkindum. Eða eru erfðavísindi og erfðafræðiupplýsingar ekki nýr eðlisþáttur í þessu sambandi? Að vísu vita menn að það var ætlun væntanlegs leyfishafa og þeirra sem í kringum þetta mál voru að þetta væri svona frá byrjun. En það hefði væntanlega verið einhver vörn í því að hafa lögin þannig úr garði gerð eins og frv. var upphaflega.

Herra forseti. Margt leitar á hugann þegar þetta mál kemur til umfjöllunar. Ég held að ekki séum við Íslendingar aðeins vanbúnir að því leyti til að setja þessa löggjöf sem slíka og gerast með þessum óskapa vinnubrögðum, sem hér eru ástunduð, frumkvöðlar eða brautryðjendur í heiminum, tala ekki um ósköpin, hvað varðar sjálfan gagnagrunninn heldur er svo fjöldamargt í kringum þetta mál þar sem ef ekki heimsbyggðin öll þá a.m.k. Íslendingar eru mjög skammt á veg komnir til þess að fóta sig á þessu nýja og hála svelli

sem erfðavísindin og ættfræðitengingarnar og allt þetta er að opna upp. Satt best að segja eru margir skelfilegir hlutir sem koma þar á dagskrá. Hvar ætlar mannkynið að stoppa sig af þegar menn eru farnir að fá það í morgunfréttunum að menn séu lagðir af stað með að klóna manneskjur? Út á hvaða spor eru menn að lenda?

Ef græðgin og fjármagnsöflin eiga að stýra þessari þróun alfarið og siðrænum mælikvörðum er alltaf vikið til hliðar ef þeir rekast á hagnaðarvonina, hvar endum við þá? Hvar enda menn þá? Er þá ekki bara örstutt í að hermenn verði fjöldaframleiddir, að fundin verði heppileg týpa til að heyja *styrjaldir, með rétta tegund af samvisku, herra forseti, sem* er ekki ónáðuð af slíkum veikleikum, og síðan framleidd þúsund stykki?

Handan við hornið í þessum efnum eru svo skelfilegir hlutir að ég held að ekki þurfi í sjálfu sér langar rökræður til að átta sig á að ástæða er til að fara varlega. Auðvitað veit ég að það er ekki það sem er á dagskrá hér gagnvart þessum gagnagrunni sem slíkum, ég er ekki að segja það. En hann er inni á því sviði þar sem allir þessir hlutir eru að opnast, hann er inni á því sviði. Og er þá engum órótt? Eru menn þá svona feiknarlega hamingjusamir og öruggir með sig eins og meiri hlutinn gerir sér upp að vera? En ég er alveg sannfærður um að hann er það ekki í hjarta sínu. Það er er ég algjörlega sannfærður um. Það getur ekkert okkar sem ber ábyrgð á afgreiðslu þessa máls sofið algjörlega róleg yfir því sviði sem hér er verið að labba um.

Ég held líka að mjög margt vanti alveg inn í umræðuna og þá tengingu í önnur lög og reglur á öðrum sviðum. Hvað með t.d. eignarhald almennt og forræði á upplýsingum af þessu tagi? Hver á erfðaupplýsingar? Er það ekki einstaklingurinn sjálfur? Hver á þær upplýsingar eða hefur ráðstöfunarrétt á þeim upplýsingum sem eru í sjúkraskrám? Er það ekki sjúklingurinn sjálfur? Það er í rauninni verið að ómerkja það með þessum athöfnum.

Þyrftum við ekki að nálgast þetta mál frá allt öðrum enda og byrja á því að leggja niður grundvallaratriðið varðandi meðferð þessara upplýsinga, forræðið á þeim og hvernig við umgöngumst þær, áður en við förum að setja löggjöf um hagnýtingu á þeim af þessum toga? Það er verið að byrja hér á kolröngum enda.

Hvað með trúnaðarsamband læknis og sjúklings? Hvernig á að meðhöndla það og búa um það í þessum nýja heimi? Á bara að láta eins og ekkert sé ef því er stofnað í uppnám? Og vita menn ekki hvað það hefur þá í för með sér? Það hlýtur að þýða algjöran trúnaðarbrest milli annars vegar lækna og sjúklinga þeirra og hins vegar þeirra sem stunda upplýsingaöflun af þessu tagi. *Þá mun það væntanlega koma niður á* öllum, ekki bara þeim sem ætla að reka svona gagnagrunn.

Eru heilbrigðisyfirvöld ekkert óróleg gagnvart þeirri almennu upplýsingaöflun sem þau þurfa að geta treyst á í samstarfi við starfsfólk í heilbrigðisstéttum? Það er ekki að heyra á hæstv. heilbrrh. sem sperrist hér mikið þegar hún er að reyna að tala af trúarlegum sannfæringarkrafti í þessu máli. Eins og hún hafi fæðst bara með það háleita markmið og fengið það í vöggugjöf að koma á þessum gagnagrunni. Talar af furðulegri léttúð um það eða spyr hvort menn ætli að fara að leggjast gegn því að lækningar finnist við erfiðum sjúkdómum. Hvað menn séu eiginlega hér upp á dekki að tala gegn þessu máli.

Ég held, herra forseti, að bæði hugmyndin sjálf um slíkan miðlægan gagnagrunn sé stórkostlega háskaleg og verði enn háskalegri þegar aðferðafræðin við að koma honum á er röng. Ég er orðinn algjörlega sannfærður um að það er kolröng aðferð að gera þetta í gegnum einkaaðila og einkafjármögnun. Að drífa þetta mál áfram af græðgi erlendra áhættufjárfesta eða fjárglæfrafjárfesta sem er nú nær að kalla þá, þá menn sem eru á höttum eftir sérlega miklum og skjótfengnum gróða en eru í staðinn tilbúnir til að taka að vísu mikla áhættu. Það er alveg sérstök tegund slíkra glæfrafjárfesta sem menn geta lesið sér til um í erlendum litteratúrum. Og hvar bera þeir niður núna þessa dagana? Jú, þeir bera niður í erfðafræði, líftækni og kannski að einhverju leyti í eins konar lottóvinningum tengdum hugbúnaðariðnaðinum og ekki miklu öðru. Af því að þar er möguleikinn á nógu ofsafengnum og skjótfengnum gróða mestur. Áhættan kannski mikil en það er jú þeirra bisness, ær og kýr slíkra manna.

Mér finnst líka, herra forseti, spurningin um það til hvers þessar upplýsingar kunna að verða notaðar í framtíðinni svo áleitin og óhugguleg að það verður lítið úr sperringnum í hæstv. heilbrrh. gagnvart því að með þessu séu menn að leggja eitthvað mikið af mörkum til að finna lækningar við sjúkdómum, sem kann auðvitað vel að verða. En er það kaupandi hvaða verði sem er? — Og hvar er hæstv. heilbrrh., herra forseti, er hún farin út úr þingsalnum að leita að sjúkdómum eða hvað?

Ég spyr: Er hæstv. heilbrrh. ekkert óróleg yfir orðinu „forspá", sem er í 2. mgr. 10. gr. frv. eins og það liggur nú fyrir og á að verða samkvæmt brtt.? Hvað þýðir orðið forspá þarna? Það þýðir væntanlega að rekstrarleyfishafinn er sérstaklega lögverndaður gagnvart því að leita að líkum á að einhver tiltekinn hópur með tilteknar erfðir fái seinna á ævinni einhvern sjúkdóm. Og menn kunna að segja: Er það ekki fínt? Getum við þá ekki hugsanlega hjálpað honum? Jú, það getur verið en það getur líka þýtt ýmislegt annað. Það getur líka t.d. þýtt að við fengjum vitneskju um það þegar börnin okkar fæðast að hugsanlega séu þau í áhættuhópi gagnvart því að fá ólæknandi sjúkdóm löngu síðar á lífsleiðinni. Viljum við vita það? Eru allir vissir um að þeir vilji fá það með á fæðingarkortið hjá barninu sínu? Við erum að ræða um slíka hluti. Þetta getur líka falist í orðinu forspá. Menn verða auðvitað að reyna að fóta sig á því hvað menn vilja og hvað ekki. Út á hvaða braut lenda menn að lokum þegar þessi erfðaspeki öllsömul er kannski komin á það stig að ekki verður nema eitt fóstur af hverjum hundrað sem telst nógu fullkomið til að talið sé rétt að láta það fæðast? Er það þangað sem menn ætla? Ef ekki, hvar ætla menn þá að stoppa sig af? Við erum að ræða hér um hluti, herra forseti, sem eru þannig að það er með miklum ólíkindum að menn *skuli nálgast þetta mál á þann hátt sem hér er gert.*

Auðvitað er maður líka, herra forseti, dálítið dasaður þessa sólarhringana vegna þess viðhorfs til þingræðisins, lýðræðisins og málefnalegrar umræðu í samfélaginu, sem framganga ríkisstjórnarinnar undir forustu forsrh. hæstv. skapar í þessu máli. Skiptir það þá engu máli hvers eðlis rök eru sem flutt eru í umræðu í þjóðfélaginu? Skiptir umfjöllunin í blöðum, vísindatímaritum, meðal lækna og annarra heilbrigðisstétta engu máli? Er alveg sama um hvað málið snýst? Við erum ekki að rífast hérna um eitthvert ómerkilegt dægurmál. Þetta er ekki eitthvert þras um krónur og aura eða tittlingaskít hér eða þar. Þetta er grundvallarstórmál sem verðskuldar athygli og virðingu þeirra sem hafa sett fram rökstudd sjónarmið í þeim efnum. Það er ekki gert hér. Slíku er ekki sýnd nein minnsta virðing af hálfu hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. hefur tekið sér í munn orðið öfund. Hann hefur látið að því liggja að það sem andstæðingum þessa frv., t.d. í læknastétt eða meðal vísindamanna, gangi jafnvel til sé öfund í garð eins manns eða eins fyrirtækis. Er þetta nú málefnalegt? Hvað segir þetta um þann sem viðhefur slík orð og gefur heilli stétt slíka einkunn? Það er reyndar ekkert nýtt, hæstv. forsrh. er í miklum ham þessa dagana. Og það má ekki á milli sjá hvort Hæstiréttur eða prófessorar við Háskóla Íslands eða læknastéttin eru ómerkilegri í hans munni þegar komið er að því að gefa einkunnir.

Ég minnist þess auðvitað að þetta er sami forsrh. og gaf meiri hluta kjósenda í Reykjavík einkunnir sl. vor. Að þeir hefðu kosið gegn betri vitund eiginlega, með óbragð í munni, sagði hæstv. forsrh. Og það eru svo sem fleiri sem ástunda sérkennileg ummæli og sérkennileg viðbrögð við stórtíðindum þessa dagana. Má þar einnig nefna hæstv. utanrrh., hinn aðalráðamann ríkisstjórnarinnar, sem varð það fyrst fyrir þegar dómur dæmdi lög ómerk gagnvart stjórnarskránni, að breyta yrði stjórnarskránni, þegar hin sælu kvótalög reyndust ekki standast samkvæmt stjórnarskrá. Að mati utanrrh. átti stjórnarskráin þá að víkja.

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er, líka í ljósi þess hvernig þingið er drifið áfram þessa dagana, að mér er nokkuð brugðið gagnvart því viðhorfi, þeim hugarheimi sem þarna er í raun opnuð sýn inn í. Búum við þá kannski ekki í rauninni í mjög þroskuðu lýðræðis- og þingræðisríki? Maður fer að velta því fyrir sér svo ekki sé meira sagt.

Herra forseti. Mér finnst mál þetta vera orðið eitt hið allra dapurlegasta sem við þingmenn höfum verið að fást við á nokkru árabili liggur mér við að segja. Og af hverju? Það er af því að þetta er mál sem hefði átt að geta verið spennandi, stórt, og gaman að vinna við, gaman að vanda sig við. Að sjálfsögðu hefði það tekið mikinn tíma, það var óumflýjanlegt. Að sjálfsögðu hefðum við Íslendingar ekki átt að setja okkur á það háan hest að þykjast vita betur en allar aðrar þjóðir og ætla bara, með leyfi forseta, að djöfla því hér í gegn á örfáum vikum.

Við ættum að sjálfsögðu að skoða hvar umræðan er á vegi stödd hjá öðrum þjóðum og leita t.d. fordæma hjá þjóð eins og Finnum sem talin er vera komin tiltölulega langt hvað varðar lagasetningu og reglusmíð á þessu sviði. Einnig var það auðvitað spennandi að mörgu leyti þegar upp kom sú umræða og fullyrðingar, og ekki bara fullyrðingar, að nokkru leyti gekk það eftir, að á þessu sviði gætu verið að skapast stórfelld tækifæri fyrir ungt, íslenskt vísindafólk og þarna lægi framtíðaratvinnugrein og allt þetta. Allt var þetta jákvætt og spennandi. Og er þá ekki dapurlegt að sjá hvernig málið er orðið á sig komið? Finnst engum miður að sjá í hvað er að sigla? Það er augljóst öllum sem eitthvað vilja sjá með augun opin. Það er alveg augljóst að þetta mál er ónýtt. Mér dettur ekki í hug eitt augnablik, herra forseti, að þetta mál sé neitt annað en ónýtt, vegna þess að í svona illsku er ekki hægt að knýja þetta mál fram. Það er bara ekki hægt. Menn geta haft valdið hér á Alþingi og haft nógu margar hendur til að rétta upp í loftið. En það er ekki allt unnið með því sem betur fer.

Ég hef enn þá þá trú á íslenskum læknum, íslenskum heilbrigðisstéttum og íslenskum vísindamönnum að þeir láti ekki kúga sig. Þeir muni segja eins og maðurinn forðum — hún snýst nú samt — og láta ekki af sannfæringu sinni í þessu máli og þeir eiga ekki að gera það. Menn eiga að vera trúir grundvallarviðhorfum sínum og eigin gildismati og siðareglum og meta sjálfan sig meir en svo að þeir láti það falt.

Við þingmenn óháðra, herra forseti, höfum lagst mjög eindregið gegn því að þetta mál yrði afgreitt, bæði vegna málsins sjálfs en ekki síður vegna vinnubragðanna í kringum það og hvernig það er vanbúið og vanþroskað og ótækt til afgreiðslu á allan hátt. Við fluttum frávísunartillögu við 2. umr. sem því miður var ekki samþykkt. Við lögðumst gegn því að málið yrði haft frekar á dagskrá þingsins eins og allt var í pottinn búið. Á það var ekki hlustað og umræðan hefur verið knúin áfram síðustu sólarhringa af mikilli hörku.

Þess vegna erum við einnig stuðningsmenn þeirrar rökstuddu dagskrár sem má segja að sé síðasta tilraun stjórnarandstöðunnar til að koma þessu máli frá. Mér segir svo hugur um að hennar bíði sömu örlög og annað sem reynt hefur verið af hálfu aðila, bæði innan þings og utan, til að afstýra ófarnaði í þessu máli og á þá ekkert annað við hér, herra forseti, að lokum en það fornkveðna að ekki verður feigum forðað. Ríkisstjórnin vill greinilega hálsbrjóta sig í þessu máli og meiri hluti hennar stanga vegginn og verður þá að fá að gera það. Það er auðvitað dapurlegt, herra forseti, en ég held að við fáum ekki meira að gert. Við höfum nýtt til fulls lýðræðislegan rétt okkar á þinginu til að færa fram rök gegn þessu máli og höfum ekki fleiri atkvæði en svo að með þeim einum fáum við málið ekki stoppað, því miður.

[14:59]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það fór aldrei svo að sá sem hér stendur fengi ekki orðið í þessu máli á miðjum degi eða svo gott sem, og er það út af fyrir sig ánægjulegt og góðra gjalda vert. En hitt er lakara, virðulegur forseti, að ekki hefur miklu tauti verið komið við hv. meiri hluta þingsins sem ber þetta mál hér fram og sýnist staðráðinn í að knýja það til afgreiðslu í því formi sem það nú liggur fyrir eftir 2. umr. og með nokkrum brtt. sem hafa verið til umræðu við 3. umr. málsins. Þetta er alvaran sem við okkur blasir og við í minni hluta hér í þinginu, stjórnarandstaðan, höfum sameinast um tillögu til rökstuddrar dagskrár til að freista þess að fá málinu vísað frá. Er það ánægjuefni að þingmenn í stjórnarandstöðu skuli nú koma sameinaðir í afstöðu til þessa máls á lokastigi en eins og fyrir lá við 2. umr. og atkvæðagreiðslu þar voru aðeins átta hv. þm. sem greiddu dagskrártillögu okkar þingmanna óháðra atkvæði sitt. Í umræðunni hafa komið fram ástæður fyrir því að flestir, a.m.k. í stjórnarandstöðu, eru nú orðnir andstæðir afgreiðslu frv. og ætla ég ekki að fjölyrða um það.

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins að fara yfir nokkra þætti sem snerta þróun þessa máls vegna þess að ég tel að einnig á þessari stundu sé mikilvægt að átta sig á því hvernig málið hefur gengið fyrir sig eins og við fáum séð það. Það tengist þá um leið hlut stjórnvalda í málinu, þeim frv. sem fram hafa komið á Alþingi um málið. Vitnað hefur verið til þess í umræðunni að strax vorið 1995 lágu fyrir mótaðar hugmyndir af hálfu þess manns sem telst vera frumkvöðull, a.m.k. að því er Ísland varðar að best verður séð, Kára Stefánssonar. Það sem fram kemur í bréfi til hans frá fyrirtækinu Sequana, í rauninni kortlagning með tilvísun í samtöl milli fyrirtækisins og nefnds Kára Stefánssonar um möguleika á því að koma upp miðlægum gagnagrunni á Íslandi sem að mati Kára Stefánssonar var 12 millj. Bandaríkjadala að kostnaði til og það er nákvæmlega hlutaféð sem liggur til grundvallar deCODE. Hugmyndin virðist því hafa verið allvel mótuð þegar á þessu

stigi. Ég ætla ekki að fara að lesa þetta bréf, ég hef þegar við 2. umr. vitnað til ákveðins kafla í því en reyndar má bæta við því sem þá var vitnað til, með leyfi forseta, að í bréfi Sequana frá 26. maí 1995 stendur að aðilar, þ.e. þeir sem um er að ræða, fyrirtækið Sequana og Kári Stefánsson, telja sig þurfa fullan stuðning íslensku ríkisstjórnarinnar og heilbrigðisyfirvalda. Það hefur gengið eftir sem kunnugt er og íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa á þessum tíma orðið þátttakendur í málinu eins og allir þekkja. Nokkuð hefur verið rætt hvenær hugmyndir um erfðafræðigrunna eða sértækar erfðafræðiupplýsingar hafi komið inn í þetta mál. Ég tel að það liggi alveg skýrt fyrir af hálfu frumkvöðla málsins þegar á árinu 1995 og síðar að erfðafræðiupplýsingar voru mjög gildur liður í hugmyndinni. Það kemur fram í bréfinu sem ég vitnaði til og það kemur fram í mörgum síðari gögnum, þar á meðal í viðskiptalegri lýsingu fyrirtækisins deCODE á þessu ári sem er opinbert gagn. Í ráðstefnu sem kennd var við IFCC Roche og haldin var í Singapúr 15. til 18. mars 1998, u.þ.b. tæpum tveimur vikum áður en frv. var lagt upphaflega fram á síðasta þingi, kemur þetta enn fram, svo ég vitni til gagns sem ég held að hafi ekki verið vísað til við umræðuna. Margir fyrirlestrar voru haldnir þar og einn þeirra var haldinn af Jeff Gulcher og Kára Stefánssyni og heitir sá fyrirlestur, sem ég hef hér ljósrit af, „Population Genomics: Laying the groundwork for genetic disease modeling and targeting". Snemma í fyrirlestrinum, sem hefur verið gefinn út eins og aðrir fyrirlestrar á ráðstefnunni, er tekið fram að deCODE Genetics hafi byrjað að rannsaka erfðafræðitengsl 20 algengustu sjúkdóma í Vesturheimi og að fyrirtækið hafi komið ákveðnum grunni undir þetta í dulkóðuðum gagnagrunni með upplýsingum úr heilbrigðisskýrslum heillar þjóðar eða hafi hug á því, ættfræðiupplýsingum heillar þjóðar og upplýsingum um arfgerð með miklum þéttleika að því er varðar heila þjóð, þar á meðal að merkja inn sjúkdóma og sjúkdómsgen svo og varðandi efnahagslega þætti íslenska heilbrigðiskerfisins. Farið er orðum um það í fyrirlestrinum að ráðgert sé að tengja erfðafræðiupplýsingar í grunninum og við aðrar upplýsingar með því orðalagi sem lesa má í fyrirlestrinum. Enn fremur, virðulegur forseti, er vikið að því í þessu erindi að mikilvæg efni til að gera líkan af sjúkdómum í samhengi við einstaklinga eða hópa einstaklinga, sé gagnagrunnur sem hafi að geyma ættfræði, arfgerð og svipgerð og hinn æskilegasti gagnagrunnur væri sá sem hefði að geyma nokkuð heildstæða þjóð eða hluta af þjóð til að draga úr truflunum sem tengjast mörgum erfðafræðilegum grunnum og farið orðum um það enn frekar.

Í seinni hluta fyrirlestrarins er vikið að því, virðulegur forseti, að deCODE Genetics þekki mjög vel til menningar íslensku þjóðarinnar og nærri allir sem standa að fyrirtækinu, eða 90% af starfsmönnum, séu Íslendingar, allir þeir sem leggi til efni í grunninn eða „clinical collaborators" séu Íslendingar, fyrirtækið hafi mikinn stuðning í samfélaginu til að búa til slíkan gagnagrunn og er það grundvallað á skoðanakönnunum, að sagt er, og einnig miklum stuðningi eða „strong support" íslenska þingsins. Þetta kemur fram í fyrirlestri austur í Singapúr nokkru áður en þó skömmu áður en frv. um þetta mál er lagt fram á Alþingi Íslendinga í fyrsta sinn. Mér finnst mjög athyglisvert að þetta skuli koma svona fram. Það virðist bera vott um að þá þegar hafi farið fram náið samráð um þetta mál til undirbúnings umræddu frv. og hinir tveir höfundar fyrirlestrarins taka mikið upp í sig að því er varðar líklegan stuðning íslenskra stjórnvalda sem og Alþingis Íslendinga. Segja má að þeir hafi ekki vanmetið það ef marka má stöðu málsins í þinginu við 3. umr. um málið og mun það sýna sig enn frekar þegar málið kemur til lokaafgreiðslu hver niðurstaða verður. Ég tel alveg augljóst að þeir sem að deCODE standa hafa unnið sitt verk með mestu prýði. Þeir hafa þrætt upp valdamenn á Íslandi, tryggt stuðning fyrir fram, tekið æðstu valdamenn í landinu í eins konar gíslingu eða fengið þá sem ákveðna tryggingu fyrir málinu áður en sjálft frv. um miðlægan gagnagrunn var lagt fram og fengið til liðs við sig áberandi fulltrúa í íslensku þjóðlífi til að tryggja byr fyrir málið. Þetta hefur verið unnið mjög faglega og ekki verður annað sagt en að það hafi gengið eftir sem fulltrúar fyrirtækisins ætluðu sér að því er varðar hina formlegu hlið málsins, að fá fram lögfestingu sem tryggði aðgang að heilbrigðisupplýsingum, erfðafræðiupplýsingum og ættfræðiupplýsingum um mikinn hluta Íslendinga, látna og lifandi. Það er þetta verk sem við stöndum frammi fyrir í sambandi við frv. sem við höfum rætt á þinginu undanfarna daga og vikur.

Ég tel að margt af því sem fram hefur komið, ekki síður frá aðilum utan þings en innan, sé mjög þýðingarmikið í sambandi við framhald málsins. Einnig er afar lofsvert hversu þeir sem fylgst hafa með málinu utan þings hafa lagt mikið fram af efni og athugasemdum varðandi þetta mál og hafa tekið þátt í umræðunni og haft samband við fjölmiðla og Alþingi þannig að til fyrirmyndar má teljast. Hins vegar er alveg ljóst að tíminn, sá mikli hraði sem tengist afgreiðslu málsins af hálfu ríkisstjórnarinnar, gerir mönnum erfitt um vik varðandi lýðræðislega umræðu sem er mjög þýðingarmikil. Þess vegna er mikið óráð, virðulegur forseti, að ætla að knýja málið nú til afgreiðslu í staðinn fyrir að fresta umræðunni þar til síðar á þinginu þannig að almenningi gefist betra ráðrúm en raun ber vitni til að fara yfir málið og taka þátt í því. Ég get nefnt ýmsa þar til sögu, t.d. einn mann sem fylgst hefur með þessu máli vestan úr Bandaríkjunum. Út af fyrir sig sýnir það hvernig við erum stödd í tækninni og möguleikum til samskipta að menn einnig erlendis, Íslendingar erlendis sem og erlendir menn, geta fylgst með málinu og í rauninni blandað sér í umræðuna. Það sýnir okkur hvar við erum stödd í sambandi við upplýsingasamfélagið.

Ég vil víkja hér aðeins að erindi sem okkur alþingismönnum barst 7. desember frá Boga Andersen sem er læknir og ég held lífefnafræðingur starfandi í Bandaríkjunum. Hann hefur lagt inn mjög gild sjónarmið í þessa umræðu. Hann hefur m.a. vakið athygli á stöðu einkaréttarins sem á að veita í sambandi við þetta mál. Ég leyfi mér að grípa niður í erindi sem að því er virðist var sent mörgum þingmönnum í tölvupósti. Ég hef hér eintak af því og þar segir Bogi Andersen, með leyfi forseta:

„Það er grundvallaratriði í þessu máli að Lagastofnun Háskóla Íslands, að beiðni Íslenskrar erfðagreiningar, ályktaði að lögin væru algerlega opin með tilliti til þess hversu víðtækur einkaréttur rekstrarleyfishafa er. Í álitinu segir orðrétt: „Að öðrum kosti munu án efa rísa álitamál um það hversu víðtækur einkaréttur rekstrarleyfishafa er í reynd skv. frv. ef að lögum verða." Enginn veit hvað hugtakið „miðlægur gagnagrunnur" þýðir og þar sem einkarétturinn hefur ekki verið skilgreindur nánar í meðförum heilbr.- og trn. verður ekki annað skilið en að þessu hafi verið haldið óskýru af ásettu ráði.

Ég hef lesið fjölda viðtala við forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar í erlendum ritum. Þar gefur hann í skyn að Íslensk

erfðagreining muni fá nánast einokun á erfðafræðirannsóknum á Íslandi. Ég þekki það einnig mjög vel frá vinnu minni hversu harkalega líftæknifyrirtæki verja „rétt" sinn þegar kemur að „licensing issues" [þ.e. leyfisveitingum]. Ef miðlægur gagnagrunnur er eitthvað meira en skammtíma „marketing gimmick" fyrir deCODE til að fara á hlutabréfamarkað þá er engin spurning að Íslensk erfðagreining mun nota þessa óvissu í lögunum til að stoppa aðra starfsemi, m.a. af þeirri tegund sem ég lýsti í grein minni í Morgunblaðinu. Hvernig annars gætu þeir verndað gífurlega fjárfestingu sína?"

Þetta læt ég nægja sem tilvitnun í erindi þar sem einnig koma fram sjónarmið sem freistandi væri að vitna til. Ég læt þetta nægja sem dæmi um mjög efnislega, skýra og þýðingarmikla ábendingu sem berst okkur utan að hér inn á Alþingi Íslendinga.

Ráðgjafar og aðrir sem tengjast Íslenskri erfðagreiningu hafa tekið þátt í umræðunni og það er auðvitað ekkert við það að athuga. Hitt er verra að sumt af því sem þar hefur verið reitt fram hefur ekki verið á rökum reist. Það hefur verið borið fram þannig að það veldur misskilningi. Ég vil nefna eitt dæmi þar að lútandi. Í sjónvarpinu að kvöldi 13. desember kom fram Högni Óskarsson geðlæknir, sem er ráðgjafi Íslenskrar erfðagreiningar. Þau tengsl voru raunar ekki tekið fram hjá fréttastofunni þó þau hafi auðvitað komið fram ítrekað annars staðar. Ég vil leyfa mér að vitna í ummæli Högna Óskarssonar í þessu viðtali og gera við þau nokkrar athugasemdir sem ég held að sé rétt að hér komi fram. Hann segir, með leyfi forseta, og það eru viðbrögð við spurningu sem er svofelld:

„Högni, telur þú að stöðu okkar í vísindaheimium sé á einhvern hátt ógnað með þeirri leið sem við erum að fara í gagnagrunnsfrumvarpinu og öðru? Víða eru mjög alvarlegar athugasemdir í greinum í erlendum vísindatímaritum við frumvarpið.

Högni Óskarsson, geðlæknir: Eins og frumvarpið lítur út í dag þá tel ég að svo sé alls ekki. Ég vil þó byrja á því að minna á álitsgerð sem kom frá norræna lífsiðfræðiráðinu. Það birtist í Morgunblaðinu fyrir tveimur dögum. Þar koma þeir með ýmsar ábendingar sem öllum hefur verið mætt í frumvarpinu eins og það lítur út í dag. Ég vil líka minna á UNESCO-ráðstefnu sem lauk fyrir viku síðan og var haldin í Amsterdam, sem fjallar um erfðafræðirannsóknir. Og þaðan var boðskapurinn jákvæður og það var minnst á það sem Íslendingar eru að gera á mjög jákvæðan hátt. En ef maður lítur síðan á ýmislegt það sem hefur verið skrifað síðustu mánuðina er ljóst að margir af þessum blaðamönnum og vísindamönnum hafa byggt á eldri gerðum frumvarpsins eða upplýsingum sem þeir hafa fengið frá þriðju hendi. Þannig eru þeir sumir hverjir að skrifa um eitthvað sem er ekkert tengt við raunveruleika sem verið er að fjalla um núna í desemberbyrjun. Ef maður horfir síðan á þá þætti sem þeir hafa helst gagnrýnt þá er það þessi ótti um að fólki verði mismunað eftir því hvernig erfðamengi þeirra er."

Ég læt þessa tilvitnun nægja í orð Högna Óskarssonar en málið liggur þannig fyrir, virðulegur forseti, að hér er í öllum aðalatriðum farið með rangar staðhæfingar í þessu viðtali. Það var flutt athugasemdalaust í sjónvarpinu án þess að nokkur andmælandi fengi þar að komið. Ég hef ekki orðið var við leiðréttingar á þessu eða að kostur hafi verið gefinn á því. Bogi Andersen sem fylgdist með þessu máli hefur komið á framfæri við fréttastofuna og fréttastjóra og fréttamann athugasemdum við þetta viðtal í bréfi frá 14. desember sem ég hef afrit af. Þar rekur hann skilmerkilega hvernig hallað er réttu máli í áðurnefndu viðtali. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Ég hef fylgst vel með umræðunni um frv., bæði erlendis og á Íslandi. Byggt á því vil ég leyfa mér að segja að þessi málflutningur Högna er vægast sagt óheiðarlegur. Þeir sem gagnrýna hafa stuðst við nýjustu gögn á hverjum tíma og gagnrýnin hefur verið málefnaleg. Staðreynd málsins er að það eru þrjú atriði sem mest eru gagnrýnd.

1. Einkaréttur.
2. Vöntun á upplýstu samþykki.
3. Skortur á nægjanlegu vísindalegu eftirliti með starfsemi gagnagrunnsins.

Þessi þrjú vandamál voru til staðar við fyrstu útgáfu frv. og þau eru enn til staðar. Því er það, að gagnrýni sem sett var fram í mars eða apríl á enn fullan rétt á sér. Og þveröfugt við það sem Högni heldur fram þá hefur frv. versnað frá vísindasiðfræðilegu sjónarmiði. Þannig sit ég einmitt við tölvu mína á þessari stundu við að skrifa erlendum vísindamönnum sem hafa fjallað um frv. til að útskýra þessar breytingar sem eru:

1. Það hefur verið skilningur þeirra sem gagnrýna erlendis að sjúklingar gætu neitað þátttöku (opt-out) og tekið upplýsingar sínar úr grunninum. Nú kemur í ljós að sjúklingar geta ekki tekið þær upplýsingar sem komnar eru inn í grunninn. Þannig leyfa lögin rannsóknir á fólki gegn yfirlýstum vilja þeirra. Þetta gengur gegn öllum siðareglum og er miklu alvarlegra en erlendir gagnrýnendur frv. hafa gert sér grein fyrir.

2. Því hefur verið haldið fram að ættfræði- og erfðafræðiupplýsingar teldust ekki til miðlægs gagnagrunns. Þannig sagði forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar frá þessu t.d. í viðtali við Sigrúnu Davíðsdóttur í Morgunblaðinu í sumar. Þannig mun Kári Stefánsson hafa útskýrt gagnagrunninn fyrir Ross Anderson, þannig ræddi heilbr.- og trn. málið í tvo mánuði. Þessu hefur nú verið breytt. Þetta er mjög alvarleg breyting og flestir erlendir gagnrýnendur frv. hafa ekki gert sér grein fyrir þessu.

3. Í staðinn fyrir að fela vísindasiðanefnd eftirlit með rannsóknum á gagnagrunninum þá á að setja nefnd sem hefur fulltrúa Íslenskrar erfðagreiningar til að hafa eftirlit. Slíkt gengur gegn öllum alþjóðasamþykktum og slík nefnd getur ekki talist siðanefnd."

Síðan gagnrýnir bréfritari fréttastofuna fyrir að leyfa ekki andmæli við þessu viðtali og geta ekki um tengsl umræddsláknis við Íslenska erfðagreiningu. Í öllum aðalatriðum er gagnrýnin sem hér kemur fram rétt. Að því er snertir vísindasiðanefnd þá þekkjum við að ætlunin er að breyta frv. þannig að upp verði sett svonefnd þverfagleg siðanefnd sem ráðherra á að skipa. Ekkert liggur fyrir um hvernig hún verði samansett eða til hvaða sjónarmiða hún skuli taka. Það viðfangsefni á að fjalla um í reglugerð eins og málið liggur nú fyrir. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hafnaði því ekki að til greina gæti komið að fyrirtækið ætti fulltrúa inni í þessari nefnd, ef ég man rétt ummæli hennar við 2. umr. málsins.

Virðulegur forseti. Það eru alltaf að koma ný sjónarmið inn í þetta mál. Það sem hvað mest hefur verið rætt á síðasta stigi málsins varðar erfðafræðiupplýsingar og sérstakan erfðafræðigrunn. Eins og ég hef komið að í ræðu minni þá hefur það allan tímann legið fyrir sem grunnþáttur í hugmyndinni, af hálfu frumkvöðla Íslenskrar erfðagreiningar, að

erfðafræðiupplýsingar um Íslendinga væru gildur þáttur og sennilega einn stærsti þátturinn í hugmynd þeirri sem koma á stoðum undir í formi miðlægs gagnagrunns. Þó þessir grunnar, ættfræðigrunnur og miðlægur gagnagrunnur, eigi að vera aðgreindir þá liggur fyrir að í miðlægum gagnagrunni verða erfðafræðilegar upplýsingar sem koma í gegnum heilbrigðisskýrslur. Jafnframt liggur fyrir að samkeyra eigi sérstakan erfðafræðilegan gagnagrunn við miðlægan gagnagrunn eftir ferli sem mótað verður og leggja á fyrir tölvunefnd, en ekki einstaka keyrslur í því sambandi.

Ég tel, virðulegur forseti, að þetta sé einhver alvarlegasti þáttur málsins að því er varðar uppsetningu á þessum miðlæga gagnagrunni í tengslum við aðrar upplýsingar. Ég held að full ástæða sé til að vara mjög sterklega við þeirri braut sem hér á að fara út á. Sú hætta blasir við að erfðafræðigagnagrunnur verði útfærður og rekinn þannig að brotið verði á rétti sjúklinga og stofnana. Þó að menn geri ráð fyrir að upplýsts samþykkis verði aflað um tiltekin atriði þá blasir sú hætta við að þetta samþykki verði notað í öðru samhengi með samkeyrslu þar sem viðkomandi fær ekki að vita hvað er á ferðinni. Hver veit hvernig þessi mál þróast í tímans rás? Hvað er það sem menn fara að kortleggja og keyra saman eftir nokkurn tíma, t.d. að fimm árum liðnum? Því getur að sjálfsögðu enginn svarað. Hér erum við að fara út á braut sem enginn getur sagt fyrir hvert muni leiða.

Á síðustu dögum hafa fjölmiðlar komið fram með mjög merkilegt innlegg í málið. Ég vil nefna hér, virðulegur forseti, afar fróðlega grein í Morgunblaðinu í dag sem Sigrún Davíðsdóttir blaðamaður er höfundur að. Hún er sérstaklega merkileg fyrir þá sök að þar eru í skýru máli dregin fram meginatriði þessa máls. Greinarhöfundur metur það svo að málið sé alls ekki eins flókið og stundum er látið að liggja, heldur sé kjarni þess tiltölulega einfaldur. Ég tek undir það.

Hitt er annað mál að vegna þess hve víðfeðmt málið er þá er ekkert auðvelt fyrir almenning að átta sig á kjarna þess. Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að vitna aðeins í ummæli í þessari ágætu grein, en get ekki gert henni þau skil sem æskilegt væri. Hana er að finna á bls. 54 í Morgunblaðinu í dag. Þar stendur, með leyfi forseta, undir fyrirsögninni Hin einstaka og ófyrirsjáanlega altilraun:

„Íslensk erfðagreining kom með hugmynd að því að heilbrigðisráðherra legði til við Alþingi að samþykkja að gera tilraun, sem er einstök í heiminum. Tvennt er alveg einstakt við gagnagrunnsfrumvarpið: Annars vegar þekkist hvergi að svo miklu safni persónuupplýsinga sé steypt saman í einn gagnagrunn. Hins vegar þekkist hvergi að einkafyrirtæki fái sérrétt til að nýta sér aðra eins upplýsingagnótt, sem hið opinbera hefur safnað saman um árabil í þágu einstaklinga, heilbrigðiskerfisins og þjóðarinnar, rétt eins og aðrar þjóðir hafa gert. Því blasa við tvær grundvallarspurningar: Á að gera svona gagnagrunn og ef svo er, á þá að leyfa einkafyrirtæki einkanýtingu hans?"

Þessum meginspurningum svarar blaðamaðurinn í grein sinni mjög skýrt og hafnar hvoru tveggja. Ég taldi sérstaka ástæðu til að vekja athygli á þessu innleggi í umræðuna svo athyglisvert og gilt sem það er.

Ég tel líka rétt, virðulegur forseti, að benda á sjónarmið sem komu fram í Morgunblaðinu í gær í viðtölum og endursögn á viðtali við Sigmund Guðbjarnason, formann Mannverndar, sem lýsir fullri andstöðu við málið eins og það liggur fyrir að teknu tilliti til brtt. frá meiri hlutanum og segir m.a., með leyfi forseta:

„„Það er nú svo að sjá að það sé ósköp lítið gert með þessar umsagnir eða þær athugasemdir sem koma fram, þannig að þetta er svona einhver sýndarveruleiki, sem þarna er á ferðinni. Við sjáum fram á að málið verði erfitt, því eins og horfir mun þingið væntanlega samþykkja þetta frumvarp. En stríðinu er engan veginn lokið, því það sem eftir stendur er að læknar standa frammi fyrir því að þeir hafa svarið sinn læknaeið og trúnað við sjúklinga sína, en frumvarpið gerir ekki ráð fyrir því að þeir geti haldið þá eiða. Þeir verða því að hafna því að leggja til efni í þennan gagnagrunn," sagði Sigmundur." — samkvæmt frásögn Morgunblaðsins.

Hann segir hér enn fremur og það er endursögn blaðsins, með leyfi forseta:

„Hann sagði að búið væri að kljúfa bæði læknastéttina og vísindasamfélagið langsum og þversum í þessu máli og það þyrfti talsvert að koma til til að brúa þá gjá sem þar hefði myndast. „Við hugsum okkar gang. Við hefðum gjarnan viljað koma í veg fyrir slys. Þessi samtök Mannvernd eru nokkurs konar slysavarnafélag, þar sem við vildum forðast slysin, en menn ætla sér að keyra upp á sker hvort eð er, þannig að við athugum okkar gang. Málinu er engan veginn lokið, vegna þess að við sem þjóð og þingið sér í lagi mun hafa bæði skömm og skaða af," sagði Sigmundur enn fremur.

Hann sagði að þetta gagnagrunnsmál þyrfti miklu lengri tíma og umfjöllun, eins og bent hefði verið á hér á landi og erlendis. Menn þyrftu að hugsa málið miklu betur. Það væru margir annmarkar á frumvarpinu og auðvitað þyrftu menn að gefa sér betri tíma til að vinna úr því. Málið væri stórt og flókið og tæki til margra þátta mannlífsins. Athugasemdir hefðu verið gerðar við fjölmörg atriði. „Það er einhver undarlegur asi og flýtir á þessu öllu og það verður okkur til skaða vegna þess að það hefði mátt leysa þetta, held ég, á mun farsælli máta ef menn hefðu gefið sér tóm til," sagði Sigmundur."

Þessa tilvitnun í ummæli hans í Morgunblaðinu í gær læt ég nægja enda eru þar dregin fram stór atriði og mjög þýðingarmikil varðandi þetta mál. Ég tel að samtökin Mannvernd hafi gert mjög mikið gagn á undanförnum vikum eftir að þau voru stofnuð við að koma upplýsingum og fræðslu á framfæri við almenning, sem Alþingi hefði einnig mátt taka til sín og menn hefðu getað haft hér meira gagn af en raun ber vitni ef marka má framgang málsins hjá meiri hluta þingsins.

En þetta eru upplýsingar sem ekki eru glataðar. Þetta er vinna sem mun gagnast í frekari skoðun þessa máls og málsmeðferðinni þó svo fari sem horfir að lögin verði samþykkt.

Virðulegur forseti. Það vakti vissulega mikla athygli þegar fram kom í gær að Rannsóknarráð Íslands hefði snúist gegn frv. eins og það nú liggur fyrir. Þannig hefur enn fækkað í þeim fámenna hópi umsagnaraðila sem veittu heilbr.- og trn. þingsins skriflegar umsagnir við málið milli 1. og 2. umr. Menn þekkja það yfirlit sem dregið hefur verið saman um þá stöðu málsins, þ.e. afstöðu einstakra aðila til málsins sem veittu umsögn, og þar hefur Rannsóknarráð Íslands skorist úr leik þeirra sem voru jákvæðir til málsins. Það vekur að sjálfsögðu undrun margra að einnig þessi veðrabrigði hjá Rannsóknarráði Íslands skuli ekki hafa hin minnstu áhrif á meiri hlutann á Alþingi. Því hefur verið svarað til varðandi þessa gagnrýni, þessa afstöðu Rannsóknarráðs til málsins nú, að ráðið hafi ekki náð að lesa rétt í frv. eins og það liggur fyrir. Gagnrýninni hefur hins vegar ekki með rökum verið mótmælt, virðulegur forseti. Ég hef a.m.k. ekki heyrt nein

þau rök sem sannfæri mig um það að Rannsóknarráð hafi misskilið eitt eða annað í frv. eins og það liggur nú fyrir. Það blasir við, virðulegur forseti, að íslenskum vísindamönnum er eða verður mismunað gróflega varðandi möguleika til þess að nýta upplýsingar úr miðlægum gagnagrunni og það verður án efa eitt af þeim atriðum sem tekin verða upp fljótlega og látið verður á reyna fyrir dómi eða hjá stofnunum sem bærar teljast til að fjalla um málið og ég er ekki í neinum vafa um það hver niðurstaðan verður.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich er einn þeirra sem hafa hafnað þessum skilningi Rannsóknarráðs Íslands. Sjálfur átti hann, ef ég man rétt, virðulegur forseti, einu sinni sæti í Rannsóknarráði ríkisins fyrr á árum og ætti út af fyrir sig að bera virðingu fyrir þessari stofnun þótt hann eigi ekki sæti í henni nú. Eitt af því sem þingmaðurinn reiddi fram sem skýringu var að heilbrigðissviðið heyrði ekki undir samninga sem Íslendingar væru aðilar að, það væri a.m.k. á gráu svæði og mátti skilja að hann vænti þess að þessi atriði teldust ekki hluti af venjulegu samkeppnisumhverfi og samkeppnisreglum. Ég held að þetta sé mikill misskilningur hjá hv. þm. Við ættum að hafa orðið vör við það á Alþingi undanfarin ár að þættir sem snerta heilbrigðissviðið og önnur svið sem varða samkeppnisviðhorf og samkeppnisreglur og einnig jafnræði, koma til kasta samninga sem Ísland er aðili að.

Virðulegur forseti. Þótt frv. verði lögfest á Alþingi þá er langt frá því að máli þessu sé lokið. Ég held að telja megi að sú ófæra sem hér er verið að leggja út í geti orðið rannsóknum á Íslandi dýrkeypt, þar á meðal erfðafræðirannsóknum og annarri nýtingu á upplýsingum sem fyrir liggja í landinu hjá opinberum aðilum og einstökum stofnunum, að það verði dýrkeypt að ætla að lögfesta frv. um miðlægan gagnagrunn. Mér er kunnugt um að íslenskir læknar, fulltrúar fjölmennra samtaka og stofnana hafa komið á framfæri við aðila sem standa að Íslenskri erfðagreiningu sínum sjónarmiðum varðandi málið og dregið þar fram skilmerkilega í bréflegu formi meginatriði í þeirri gagnrýni sem komið hefur frá vísindasamfélaginu. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þau viðhorf og sú rökfasta gagnrýni sem þar kemur fram — þar er ég að vísa til bréfs frá 10. desember. Það afrit sem ég hef hér undir höndum er sent til Polaris Venture Partners, Mr. Terrence McGuire er viðtakandi, og hefur trúlega þegar verið birt opinberlega erlendis. Þar koma fram þessi helstu atriði sem gagnrýnd eru varðandi málið og það er langur listi. Þar er einnig rakinn sá mikli fjöldi samtaka og stofnana sem hefur gagnrýnt þetta mál.

Við þurfum að gæta þess og ættum að hafa orðið vör við það Íslendingar að við erum ekkert eyland í þessu máli. Hægt er að taka undir orð sem Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, mælti á ráðstefnu UNESCO í Hollandi fyrr í þessum mánuði, ráðstefnu sem haldin var fyrir tíu dögum eða svo þar sem hún vitnaði til alþekktra orða Johns Donne, ef ég man rétt, um það að enginn maður er eyland og Ísland er ekki eyland í þessu samhengi. Ef reynir á alþjóðleg viðhorf og alþjóðlegar reglur einhvers staðar þá er það í þessu máli sérstaklega. Þetta svið sem við erum að ræða hér tengist mannréttindum, tengist siðfræðireglum sem Íslendingar hafa skrifað undir og tengist sviði sem er í örri þróun og þar sem viðurkennt er að brýn þörf sé á að styrkja réttarstöðu alveg sérstaklega að því er varðar mannhelgi, mannréttindi og persónuvernd. Gegn þeim viðhorfum er verið að brjóta gróflega með þeirri lagasetningu sem hér er í undirbúningi, virðulegur forseti.

Ég minni á það að lokum, virðulegur forseti, að þingmenn óháðra hafa vísað á allt aðra leið í sambandi við nýtingu á upplýsingum sem snerta heilbrigðismál á Íslandi, erfðaupplýsingar og ættfræði. Við höfum lagt fram þáltill. um dreifða gagnagrunna og persónuvernd sem hefur verið hluti af umræðunni í tengslum við þetta frv. Það mál hefur hins vegar ekki fengið þá þinglegu meðferð sem það verðskuldar. En þar er lögð til fram önnur leið í þessu máli, leið sem tekið hefur verið undir af þeim sem veitt hafa umsagnir um málið og sem jafnframt gagnrýna harðlega það frv. sem hér er til meðferðar. Við, þingmenn óháðra á Alþingi, höfum jafnframt tekið ákveðna rökstudda afstöðu gegn þessu frv. í heild sinni og þeirri braut sem hér er verið að feta inn á með uppsetningu á miðlægum gagnagrunni.

Ég ætla ekki að vitna til þess þingskjals sem gekk til atkvæða við 2. umr. málsins, þskj. 433, sem tillaga til rökstuddrar dagskrár, en þar eru dregin fram mörg meginatriði í andstöðu okkar við þetta mál og jafnframt meginatriði sem hafa verið til umræðu um málið fram að þessu. Ég vænti þess, virðulegur forseti, að þessi umræða, þótt lítið mark hafi verið tekið á sjónarmiðum okkar í þingflokki óháðra og þeirra sem ákveðnast hafa gagnrýnt þetta mál, verði til þess að styrkja stöðu þeirra sem gagnrýnt hafa málið og sem ákveðnir eru í að halda baráttunni gegn þeim órétti áfram, sem verið er að innleiða og lögfesta með þessu frv.

Þar er af mörgu að taka, virðulegur forseti. Þar mun þurfa marga til til að rétta það sem á hallar með lögfestingu þessa máls, en það sem er dapurlegast við málið er að verið er að fórna möguleikum sem Íslendingar hefðu til eðlilegrar þátttöku, myndarlegrar þátttöku á því stóra rannsóknasviði að því er varðar heilsufar, erfðir og ættfræði sem sannarlega er mögulegt að nýta með aðgæslu og með því að taka fullt tillit til gildra sjónarmiða eins og persónuverndar. Það er mjög hætt við því að við séum með lögfestingu þessa frv. að færa klukkuna verulega til baka þannig að allnokkurn tíma muni þurfa til að ná aftur þeirri stöðu að komast á ný á byrjunarreit í þessu máli. Það er hins vegar verkefni sem við blasir og þar mun reyna á þingmenn Alþingis Íslendinga en það mun ekki síður reyna á þá öflugu sveit utan þings sem tekið hefur óvenjumyndarlegan þátt í umræðu um þetta mál allt frá því frv. kom fyrst fram í lok mars sl.

Ég treysti því, virðulegur forseti, að með einbeittri sókn þessara aðila og með gagnrýninni umræðu á Alþingi áfram megi takast, þó að það taki tíma, að bæta úr þeirri ófæru sem hér er verið að leggja út í.

[15:48]

Útbýting þingskjala:

Leikskólar, 360. mál, frv. ÞHS o.fl., þskj. 496.

Skipulag ferðamála, 361. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 497.

[15:48]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú er að ljúka 3. umr. um eitt umdeildasta lagafrv. sem komið hefur til kasta Alþingis. Þótt umræðunni ljúki hér, þá mun hún halda áfram bæði á þessum vettvangi, í þjóðfélaginu almennt og úti í hinum stóra umheimi. Umræðan þar er reyndar hafin og viðbrögðin mjög á einn veg. Sterk og ákveðin varnaðarorð til okkar Íslendinga um að samþykkja ekki þetta lagafrv. Í umfjöllun erlendra fjölmiðla og í umsögnum erlendra vísindamanna gætti fyrst í stað undrunar, síðan vorkunnsemi og því miður örlar nú á fyrirlitningu. Vegna þess að það sem ræður ferðinni hér er

skammsýni, þröngsýni og græðgi. Ég óttast að þetta eigi eftir að koma okkur í koll síðar meir.

Ef fer fram sem horfir, að þetta lagafrv. verði samþykkt á Alþingi í atkvæðagreiðslu á morgun, þá lít ég svo á að það sé eitt stærsta og versta hneyksli þingsögunnar. Þá er ég að vísa bæði til frv. sjálfs og þess sem það mun leiða yfir okkur og einnig hins hvernig að málum hefur verið staðið. Meiri hlutinn á Alþingi hefur neitað stjórnarandstöðunni og þá sérstaklega minni hluta heilbr.- og trn. um að leita álits þeirra aðila sem gerst þekkja til í þjóðfélaginu á þeim brtt. sem fram komu á milli 2. og 3. umr. Sem dæmi má nefna að þegar Lagastofnun Háskóla Íslands fjallaði um frv. gekk hún út frá því að um væri að ræða ópersónugreinanlegar upplýsingar. Í mínum huga var reyndar alltaf ljóst að þær væru það ekki en við þær breytingar sem fram hafa komið er enn ljósara að þær eru persónugreinanlegar. Ég leitaði upplýsinga um það í dag hvort Lagastofnun Háskóla Íslands hefði verið beðin um það af hálfu ríkisstjórnarinnar eða meiri hlutans að endurmeta frv. í ljósi þeirra tillagna sem fyrir Alþingi liggja. Svarið er neitandi. Að meina samtökum sem þetta mál snertir sérstaklega um að koma og færa rök fyrir máli sínu frammi fyrir heilbr.- og trn. Alþingis er dæmi um óvönduð og ólýðræðisleg vinnubrögð. Og það er líka ólýðræðislegt að neita minni hluta þingsins, eða minni hluta heilbr.- og trn. um að fá fram vitnisburð aðila sem minni hlutinn telur að máli skipti að heyrist frá.

Margar röksemdir í þessu máli hafa komið fram og mjög þung rök gegn því að samþykkja þetta lagafrv. En ég er þeirrar skoðunar að umræðan hafi að mörgu leyti verið til góðs — (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Hvað er að gerast í þinginu?) Mönnum er að sjálfsögðu heitt í hamsi þegar verið er að ganga frá einhverju stærsta hneyksli þingsögunnar. Það er það sem er að gerast. Við erum að verða okkur til skammar bæði hér innan lands og á alþjóðavettvangi. Við erum því miður að kalla yfir okkur vorkunnsemi og fyrirlitningu erlendra vísindamanna. Nokkuð sem á eftir að koma okkur mjög í koll þegar til lengri tíma er litið.

Ég nefndi að tíminn hafi að mörgu leyti verið dýrmætur vegna þess að hann hefur gefið möguleika á því að leiðrétta ýmsar missagnir og ósannindi sem hafa verið borin á borð í þessu máli. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi áðan yfirlýsingar sem fram hefðu komið í fjölmiðlum frá Högna Óskarssyni sem hefur verið talsmaður Íslenskrar erfðagreiningar, eða bandaríska fyrirtækisins deCODE Genetics Incorporated, þar sem hann vék sérstaklega að fundi UNESCO í Noordwijk í Hollandi og norræna lífsiðfræðiráðinu, sem hefur gagnrýnt þetta frv. mjög harkalega. Fram hefur komið að engin breyting hefur orðið á afstöðu þessara aðila sem hefur verið reyndar mjög gagnrýnin í garð frv. og í tilviki norræna lífsiðfræðiráðsins var sett fram mjög ítarleg, rökstudd ályktun í einum átta liðum þar sem lagst var gegn því að við samþykktum þetta frv.

Okkur hefur borist ótrúlegur fjöldi greina og ég vil sérstaklega vekja athygli þingsins á grein sem hæstv. forsrh. hefur verið send. Einar Árnason, prófessor við Háskóla Íslands, sendi þá grein og nefnist hún á íslensku: Að lesa gen á Íslandi. Þingmenn hafa fengið eintak af þessari grein, allflestir að ég hygg, og fyrir þá sem koma til með að kynna sér sögu þessa máls þegar fram líða stundir — því það eiga menn eftir að gera — þá vil ég vekja sérstaklega athygli á þessari grein sem er að finna hér í gögnum.

Þar er þessi ráðagerð okkar gagnrýnd mjög harkalega af einum fremsta vísindamanni heims, en hann segir í niðurlagi greinar sinnar að þetta lagafrv. og þessi ráðagjörð, þ.e. að fela einu fyrirtæki einkarétt á heilsufarsupplýsingum Íslendinga til að versla með, hafi þó orðið til að draga athyglina bæði að ágæti fyrri erfðafræðirannsókna á Íslandi og framtíðarmöguleikum slíkra rannsókna en hefur einnig dregið fram í dagsljósið hin alvarlegu siðfræðilegu og tæknilegu vandamál sem eru samfara genaveiðum.

Hann segir enn fremur að þau lönd sem búa ekki við ríka lýðræðis- og réttarhefð og eru e.t.v. einnig þjökuð af fátækt og búi við lágt mennta- og heilsustig og spillta stjórnmálamenn, þau lönd munu sennilega standa berskjölduð frammi fyrir þvílíkum atgangi frá aðilum með takmarkaða siðferðiskennd.

Og um heiminn allan er horft núna til fordæmis Íslendinga. Ég ætlaði ekki að hafa mörg orð hér og nú því ég hef gert rækilega grein fyrir máli mínu. Ég vakti athygli á því í þingræðu í gær, nokkuð sem fór mjög fyrir brjóstið á mönnum, hvort þetta fyrirtæki, Íslensk erfðagreining, hefði stutt stjórnmálaflokka. Mönnum þótti þetta óviðurkvæmileg spurning mörgum og menn spurðu hvort ég væri að gera því skóna að menn létu stjórnast af slíkum peningahagsmunum. Ég gerði ekkert annað en bera þessa spurningu fram. En ef ég á að segja hvað það er sem ég tel að knýi ríkisstjórnina áfram núna, þá er það að tíminn er henni mjög dýrmætur núna vegna þess að þjóðin er að snúast gegn frv.

Fólk er að vakna til vitundar um hvers konar ómerkilegan blekkingaleik ríkisstjórnin og meiri hlutinn hefur leikið í þessu máli, að telja fólki trú um að verið sé að búa í haginn sérstaklega fyrir rannsóknir og það er verið að telja veiku fólki trú um að nú verði auðveldara að finna lækningu við meinum þess, á sama tíma og samtök sjúklinga eru að vara okkur við þessu, á sama tíma og læknar eru að vara okkur við þessu og á sama tíma og vísindamenn færa rök fyrir því að þetta komi til með að torvelda rannsóknir en ekki að auka þær og efla, að fela grunninn einu fyrirtæki sem þess vegna getur verið komið í eigu eins lyfjafyrirtækis á morgun. Það er verið að torvelda rannsóknir, það er verið að reisa þröskulda. Það er enginn misskilningur. Það er verið að gera það og vísindamenn eru að vara okkur við því og segja að það muni gerast.

Þegar menn eru að meta þennan asa og alla þá taugaveiklun í ríkisstjórninni að koma þessu fram er umhugsunarvert að í viðskiptatímariti sem heitir Red Herring segir að deCODE-fyrirtækið, deCODE Genetics sé á lista yfir fyrirtæki sem talið er að fari á hlutabréfamarkað fyrir áramót. Þetta kemur m.a. fram í grein eftir Sigrúnu Davíðsdóttur í Morgunblaðinu í dag og er einnig að finna í öðrum gögnum. Þetta er skýringin. Og þessi vesæla hv. ríkisstjórn sem gengur núna erinda þessa fyrirtækis er búin að ýta öllum öðrum málum út af borðinu. Kvótamálinu, það er smámál. Málefnum öryrkja, það er smámál þegar þjóna þarf hagsmunum þessa fyrirtækis. (**Gripið fram í:** Þeir eru ekki frumkvöðlar í þeim.) Nei.

Síðan að lokum, hæstv. forseti, gætti nokkurs misskilnings hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich í umræðunni í gær. Ég staðhæfði og staðhæfi enn að það sem hér er verið að gera stríðir gegn alþjóðasáttmálum sem við eða vísindamenn okkar eigum aðild að. Ég vitnaði þar í svokallaðan Helsinki-sáttmála eða Helsinki-yfirlýsingu, Helsinki Declaration eins og hann heitir á enskri tungu, og las þar upp úr greinum og vitnaði í greinar þess sáttmála. En hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði í umræðunni í gær að þetta væri allt saman

misskilningur hjá mér því í þessu frv. væri ekki verið að tala um að ráðast í rannsóknir á mönnum. Er þetta virkilega skilningur manna? Er þetta virkilega skilningur manna á þessu lagafrv. og því sem stendur til að gera? (**Gripið fram í:** Hjá ráðamönnum.) (**Gripið fram í:** Rannsóknir í gegnum gagnagrunn.) Rannsóknir í gegnum gagnagrunn! Hvers konar rugl er þetta eiginlega? Hafa menn ekki lesið auglýsingabæklinga frá þessu fyrirtæki til lyfjafyrirtækja? (**Gripið fram í:** Það er allt annað.) Það er ekkert allt annað. Það sem lyfjafyrirtæki vilja gera er tvennt. Þau vilja kortleggja gen og þau vilja fá aðstöðu til að fylgjast með lyfjanotkun, hvernig lyf virka á fólk og að sönnu skiptir það þessi fyrirtæki ekki máli hvað sá heitir sem borðar pillurnar og lyfin. Það nægir að hafa hv. Siv Friðleifsdóttur inni í slíkum gagnagrunni sem hluta af mengi, en eftir sem áður er hún af holdi og blóði og borðar sínar pillur og þær hafa aukaverkanir í för með sér. Þetta kalla ég að gera rannsóknir á fólki og um þetta hafa vísindamenn gert sáttmála og samþykktir um hvernig staðið skuli að málum. Við erum að fara inn í nýja veröld. Það er það sem er að gerast. Og það er ömurlegt til þess að vita á hve takmörkuðum skilningi hér er byggt. Hann er greinilega enginn. Hvað heldur hv. þm. að felist í því að rannsaka fólk? Að skera það upp? Er það það eitt? Hvers vegna vildi Íslensk erfðatækni, eða hvað það heitir nú fyrirtækið, deCODE Genetics, fá upplýsingar frá lyfjabúðunum líka? Hvers vegna vildi það fá þær? Það dugði ekki að fá upplýsingar um hvað ávísað var á sjúklingana heldur þurfti líka að fá staðfestingu á því að þessu hefði verið sporðrennt og síðan yrði fylgst með sjúklingunum og fólkinu og aukaverkun lyfjanna. Þetta eru tilraunir á fólki og það er boðið upp á þetta í auglýsingabæklingi sérleyfishafans. Þess vegna er þetta misskilningur hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich, hann skilur ekki um hvað þetta frv. fjallar og hvaða hættur það hefur í för með sér fyrir íslenska þjóð. Hér er verið að samþykkja og ganga frá lagafrv. sem gefur einu fyrirtæki heimild til að höndla með okkur. Til að ráðstafa okkur inni í rottubúri. Þetta er hneyksli. (**SF:** Þetta er vitleysa.)

[16:07]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður reyndi með þó nokkrum fyrirgangi að sannfæra þingheim um að endurnýting á upplýsingum sem safnað er í öðrum tilgangi en vísindatilgangi ætti í raun og veru að falla undir sams konar meðferð og rannsóknir á fólki í vísindalegum tilgangi. Þessi skilningur hans er alveg nýr af nálinni og samrýmist alls ekki þeim sáttmálum um þessi mál sem gerðir hafa verið. Hann er í hróplegu ósamræmi við líflæknissáttmálann sem er til þess að gera nýr af nálinni þannig að þessi merkilegi skilningur sem hv. þm. leggur í þetta mál kemur ekki heim og saman við skilning nokkurs annars manns á þessu. Ef erfðafræðilegar upplýsingar eru í þessum grunni, og það liggur ljóst fyrir að nokkrar erfðafræðilegar upplýsingar eru í sjúkraskrám, ef það breytir málinu þannig að líta eigi á meðferð þessara upplýsinga sem rannsóknir á fólki, þá er það alveg nýr skilningur og það getur vel verið að hv. þm. geti haldið því fram hér að hann skilji þetta réttum skilningi en allir aðrir skilji það röngum skilningi. En það er nú svolítið sérkennileg sjálfumgleði að halda því fram. Ég verð því að minna þingmanninn á örlitla hófsemi í sjálfsánægjunni.

[16:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem breytir eðli þessa máls er að þær upplýsingar sem er að finna í gagnagrunni eru gerðar að söluvöru og boðnar til kaups lyfjafyrirtækjum. Ef hv. þm. hefur ekki lesið auglýsingabæklinga frá væntanlegum sérleyfishafa þá ráðlegg ég honum mjög eindregið að gera það. Þar er talað um að gera tilraunir á íslensku þjóðinni. Það er talað um að gera það og íslenska þjóðin er samansett af einstaklingum. Þeir einstaklingar eru af holdi og blóði og þegar þeir borða pillur í tilraunaskyni þá er verið að gera tilraunir með þjóðina. Um slíkar tilraunir hafa verið gerðir alþjóðasáttmálar. Í þá sáttmála vitnaði ég. Þetta er eins morgunljóst og má verða en það sem er nefnilega breytt og nýtt er hvað þessi guðsvolaða ríkisstjórn er að bjóða alþjóðasamfélaginu upp á. Það er nýtt.

[16:10]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi mikli reiðilestur hv. þm. er sérkennilegur. Ef gerðar verða vísindarannsóknir á fólki á Íslandi, hvort sem er fyrir þetta frv. eða eftir þetta frv., þá gilda um það ákveðnar reglur. Þar er m.a. reglan um upplýst samþykki. Það er ekki hægt að keyra saman neinar upplýsingar sem eru fengnar úr vísindarannsóknum á fólki við þennan grunn nema fyrir liggi upplýst samþykki þar um og hv. þm. getur ef hann vill lagt einhvern allt annan skilning í þetta. En að ætlast til að aðrir þingmenn sætti sig við hans sérkennilegu útleggingar á þessu er nú nokkuð sérstakt mál.

[16:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eitt rétt sem fram kom í máli hv. þm. og það er orðið sérkennilegt. Því það er alveg rétt, þetta er allt mjög sérkennilegt. Hann talar um upplýst samþykki. Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur áðan að þetta hljómar eins og hvert annað öfugmæli gagnvart réttindaleysi þroskaheftra, geðsjúkra og barna sem eiga eftir að hafna inni í þessum grunni og geta aldrei farið þaðan út. Ekki verðu hægt að koma neinum leiðréttingum við og síðan eru menn að tala um að þetta sé svo gott í vísindaskyni. (**Gripið fram í:** Það er gengið frá slíkum málum í samningum.) Síðan er gengið frá slíkum málum í öllum samningunum og reglunum. Hvar eru þær? (**Gripið fram í:** Í alþjóðlegum sáttmálum.) Í alþjóðasáttmálanum, í Helsinki-yfirlýsingunni er vísað í reglugerðir og reglur sem ekki eru til. Þetta er ein aðalgagnrýni okkar hér í þinginu, við viljum fá að vita að hverju er verið að ganga. Það á að leysa ýmsa hluti með því að skipa nefnd sem enginn veit hvernig á að skipa eða hverjir eiga að sitja í. Það á að leysa hluti með reglugerðum og reglum sem enginn fær að sjá og tölvunefnd og þeir aðilar sem eiga að gæta almannahagsmuna samkvæmt lögunum ráðleggja okkur að fella þessi lög, að ganga ekki að þeim. Síðan koma menn hér og gagnrýna mig fyrir sjálfumgleði. Ég ætla ekki að hafa nein orð um það en þetta er svo ótrúlegur hroki sem fram kemur í þessu. Því miður er annað og meira sem hangir á þeim hroka, það er ótrúleg grunnhyggni.

[16:13]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Tómasi Inga Olrich sem var að leitast við að leiðrétta hv. þm. Ögmund Jónasson, sem ruglar hér saman tveimur atriðum. Það er búið að útskýra það nokkuð vel, þannig að

ég ætla ekki að nota tíma minn frekar í það. En við höfum fengið fjölmargar spurningar og það er búið að svara þeim öllum áður og ... (*Gripið fram í.*) Fyrirgefðu, hæstv. forseti. (**ÖJ:** Við sættum okkur ekki við svona dylgjur.) Hv. þm. Tómas Ingi Olrich er búinn að svara þeim spurningum sem hv. þm. Ögmundur Jónasson bar fram. Það sem dregið var sérstaklega fram er að hér er ekki um vísindarannsóknir á mönnum að ræða í þessum heilsufarsgagnagrunni. Þar er verið að nota upplýsingar sem eru í gagnagrunninum. Þegar um vísindarannsóknir á mönnum er að ræða þarf upplýst samþykki. (**ÖJ:** Það er ekki upplýst samþykki í þessu.) Ekki í þessum heilsufarsgagnagrunni. En ég ætla einmitt að reyna að freista þess að svara einni af spurningunum sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði í gær varðandi erfðafræðiupplýsingar sem Íslensk erfðagreining hefur yfir að ráða. Ég hef aðeins kynnt mér að þau lífsýni sem Íslensk erfðagreining hefur eru fengin vegna tiltekinna sértækra rannsókna og með upplýstu samþykki þar sem tiltekið var að sýnin eða upplýsingar úr þeim mætti ekki nota til annars, nema leitað yrði samþykkis viðkomandi að nýju.

Viðkomandi fyrirtæki hefur spurt þátttakendur í vísindarannsóknum hvort geyma megi lífsýni eftir lok rannsóknar og nota þau vegna annarra rannsókna, að fengnu samþykki lífsýnagjafa, vísindasiðanefndar og tölvunefndar. Við samtengingu erfðafræðiupplýsinga sem fengnar eru úr slíkum rannsóknum við upplýsingar í gagnagrunn á heilbrigðissviði verður að leita upplýsts samþykkis að nýju. Slíkt samþykki yrði að vera vegna tiltekinna rannsóknaspurninga eða rannsókna á tilteknum vandamálum eða sjúkdómum og þá verður samtenging ekki heimil nema tölvunefnd hafi samþykkt vinnuferli sem tryggir persónuvernd. Mér skilst, virðulegur forseti, að viðkomandi fyrirtæki hafi fengið leyfi þorra þeirra 7 þúsund einstaklinga, sem hafa tekið þátt í tilteknum rannsóknum með fullu samþykki, til að geyma þau lífsýni.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði einnig — ég tek fram að ég er einungis að svara nýjum spurningum sem ekki hefur verið svarað áður — um það hvort ætti að breyta reglugerð sem var sett í fyrra um vísindarannsóknir á mönnum. Ég hef enga vitneskju um að breyta eigi þeirri reglugerð, ekki með tilliti til þess sem spurt var um, þ.e. að útvíkka ætti hana að einhverju leyti gagnvart upplýstu samþykki. Ég tel að það verði ekki gert. Ég hef engar upplýsingar um það, nema að líklegt er að henni verði breytt að því leyti að komið verði inn reglugerðarsmíði um þessa þverfaglegu vísindasiðanefnd sem á að setja upp, sem allir voru sammála um í heilbr.- og trn. að ætti að koma inn í frv. — sem ekki var á fyrri stigum.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum leiðrétta það sem ég tel vera rangt sagt úr þessum ræðustóli, þ.e. að stuðningurinn sé að minnka við þetta frv. í þjóðfélaginu. Það tel ég alls ekki vera. Það er fjöldi fólks sem hefur haft samband og sagt að það sé nú kominn tími til að afgreiða þetta mál og það er sammála því að þetta sé framfaramál. Þar á meðal eru sjúklingafélög sem hafa talið það æskilegt að þetta yrði afgreitt. Þessir aðilar spyrja hvort eitthvað nýtt hafi komið fram í viðbót við það sem hingað til hefur verið rætt um. Ég tel að svo verði ekki. Það er alveg ljóst að málið er umdeilt. Það eru aðilar sem styðja það og svo eru aðilar sem eru andsnúnir því.

En ég vil að lokum draga fram aðalatriðin í þessu máli og taka undir umsögn frá 15 prófessorum og dósentum við læknadeild Háskóla Íslands, en þeir segja að miðlægur gagnagrunnur með heilsufarsupplýsingum sé nýtt og spennandi rannsóknartæki. Áhættan er lítil og ég fullyrði stjarnfræðilega lítil. Hún er fræðileg en hún er stjarnfræðilega lítil en kostirnir eru miklir. Þetta frv. er mikið framfaramál fyrir sjúklinga, vísindamenn, heilbrigðisyfirvöld, heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi lækna. Þetta er framfaramál og ég spái því að þeir aðilar innan stjórnarandstöðunnar sem eru mótfallnir málinu sjái það að lokum. Ég veit að það eru aðilar innan stjórnarandstöðunnar sem hafa verið mótfallnir málinu frá upphafi, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sem hefur beitt sér mikið í umræðum um málið. Ég býst ekki við að hægt sé að snúa því við á síðustu metrunum. En við skulum spyrja að leikslokum, hv. þm. Ögmundur Jónasson, eftir fimm ár þegar þessi grunnur fer virkilega að virka, þá spái ég því að við getum orðið sammála, en það tekur langan tíma að setja hann upp.

[16:18]

Útbýting þingskjala:

Aðstoð við smábátaútgerð, 167. mál, svar sjútvrh., þskj. 355.

Landhelgisgæsla Íslands, 233. mál, nál. allshn., þskj. 498.

Svæðisskipulag fyrir miðhálendið, 358. mál, fsp. ÁE, þskj. 494.

[16:19]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar meðferð á þeim erfðaupplýsingum sem hefur verið safnað í samstarfi lækna og Íslenskrar erfðagreiningar, þá er það nú þannig að tölvunefnd og vísindasiðanefnd heilbrrn. hafa veitt samstarfslæknunum heimild til söfnunar og rannsókna á erfðaefni skjólstæðinga, en það er bundið upplýstu samþykki sjúklingsins og þá bara vegna tiltekinna, ákveðinna rannsókna. Það eru samstarfslæknarnir sem bera fulla ábyrgð, ekki Íslensk erfðagreining heldur samstarfslæknarnir sem bera ábyrgð á þessari söfnun og meðferð gagnanna sem ekki má keyra saman við aðrar upplýsingar og þeir hafa heitið viðkomandi einstaklingum og sjúklingum því að upplýsingarnar verði ekki notaðar í öðrum tilgangi en samþykkið fjallaði um. Ef komið er í bakið á sjúklingnum og upplýsingarnar notaðar til annarra þarfa eða samkeyrðar til annarra þarfa en þess sem samþykkið fjallaði um, þá eru það læknarnir sem bera ábyrgð og mundu gerast brotlegir við núgildandi lög. Þeir yrðu brotlegir við læknalög og það er þeirra mat, ég hef rætt þetta við þá, og reikna má með að hægt yrði að kæra þá. Þeir brytu læknalögin, lög um réttindi sjúklinga, tölvulög og lög um verndun og meðferð persónuupplýsinga ef upplýsingarnar eru notaðar í öðrum tilgangi en þeim sem hið upplýsta samþykki fjallaði um. Það er mjög alvarlegt þegar m.a. þeir sem þarna eiga hlut að máli draga í efa að heimildin, sem nú stefnir allt í að verði að lögum, um að nota upplýsingarnar á annan hátt geti síðan stefnt starfsöryggi þessara einstaklinga eða lækna í hættu.

[16:21]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef þá hefur Íslensk erfðagreining spurt þátttakendur, það má vera að það séu samstarfslæknar þeirra, ég hef ekki vitneskju um það. Það hlýtur að koma fram á þeim eyðublöðum sem fólk hefur skrifað undir, en a.m.k. hafa þátttakendur verið spurðir hvort geyma megi lífsýni eftir lok rannsóknar og nota þau vegna annarra rannsókna ef fengið yrði nýtt upplýst

samþykki. Að sjálfsögðu þyrfti vísindasiðanefnd og tölvunefnd að samþykkja síðan samkeyrsluna. Það er aldrei hægt að komast fram hjá því. Vísindasiðanefnd á að fara yfir allar rannsóknir og fyrirspurnir sem berast inn í gagnagrunninn, bæði frá starfsleyfishafanum og utan í frá og tölvunefnd þarf líka að samþykkja vinnuferlið sem samkeyrslan fer eftir og hefur síðan sívirkt eftirlit á grunninum meðan hann er í rekstri.

[16:22]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í dag er óheimilt að búa til og viðhalda einum miðlægum gagnagrunni um erfðaupplýsingar og hér gilda engin lög eða reglur um meðferð slíkra upplýsinga. Telur hv. þm. ekki þörf á að gengið sé frá slíkri löggjöf áður en menn fara að nota erfðaupplýsingar í öðrum tilgangi en upplýst samþykki sjúklings liggur fyrir um?

[16:23]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að lífsýnasöfn eru til. Þau hafa orðið til annars vegar vegna þjónusturannsókna og hins vegar vegna vísindarannsókna með upplýstu samþykki lífsýnagjafa og á síðari árum með samþykki siðanefndar og vísindasiðanefndar. Aðalreglan er sú að lífsýnum er ekki hent og því hafa orðið til lífsýnasöfn án þess að hafa til þess sérstakt leyfi. En hér kom fram að einhverjir væru að nota upplýsingar án sérstaks leyfis eða upplýsts samþykkis. (**MF:** Ef.) Já, ef. Það er enginn að nota núna upplýsingar úr erfðasýnum án heimilda. Mér er ekki kunnugt um að neinn sé að nota það en þegar þessi miðlægi gagnagrunnur verður kominn upp er alveg ljóst að verði hann samkeyrður að hluta við erfðafræðiupplýsingar, þá þarf að gera það með upplýstu samþykki viðkomandi aðila. Það þarf að leita upplýsts samþykkis fyrir því og það samþykki ... (**MF:** En telur þingmaðurinn ekki þörf á að setja lög og reglur um meðferð erfðaupplýsinga? Þær eru ekki til á landinu.) Ég vil benda hv. þm. Margréti Frímannsdóttur á að við erum einmitt með í þinginu frv. um vörslu og meðferð lífsýna. Þar er tekið á þessu líka en gagnagrunnurinn, sá miðlægi sem við ætlum að greiða atkvæði um á næstunni, mun ekki taka til starfa fyrr en eftir fimm ár. Það tekur svo langan tíma að setja hann upp þannig að fyrir þann tíma verður að öllum líkindum búið að setja, ég get eiginlega bara fastslegið það hér, nýja löggjöf um lífsýnasöfn og vörslu lífsýna.

[16:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, varaformann heilbr.- og trn. og talsmann ríkisstjórnarinnar í þessu máli, hvað hún hafi fyrir sér í því að fullyrða að stuðningur við þetta mál fari ört vaxandi í þjóðfélaginu. Ég er hérna með bunka af yfirlýsingum og ályktunum frá aðskiljanlegum samtökum, greinar og álitsgerðir sem eru mjög á einn veg, þ.e. andstaða við þetta frv. Það hefur komið fram hér í þinginu að jafnvel þeir aðilar sem áður voru málinu fylgjandi, eða vildu skoða það, hafa snúist gegn því og ég nefni þar Rannís, Rannsóknarráð Íslands. Aðrir aðilar sem hafa haft málið til umfjöllunar hafa ekki haft tækifæri til að skoða það að nýju í ljósi breyttra upplýsinga og nýrra tillagna sem fram hafa komið. Ég vildi því gjarnan fá upplýst frá hv. þm. hvað hún hefur fyrir sér í þessu. Hvaða samtök sjúklinga hafa núna verið að koma til stuðnings við frv.? Við höfum verið með yfirlit yfir þá aðila sem hafa tekið afstöðu til frv. og þar er yfirgnæfandi meiri hluti þeirra sem hafa komið að máli, andvígir frv. þannig að þetta óskast upplýst.

[16:27]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég minnist þess nú ekki að hafa tekið svo sterkt til orða að segja að stuðningurinn færi ört vaxandi við frv. Ég var hins vegar að benda á að ég teldi ekki að þjóðin hefði snúist gegn frv. eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hélt hér fram. Ég spyr, hvaðan hefur hv. þm. þá vitneskju að þjóðin sé að snúast gegn frv.? Ég veit hins vegar að hv. þm. Ögmundur Jónasson er búinn að vera í miklum samræðum við alla helstu andstæðinga frv. sem hafa setið hér uppi á pöllum yfir umræðunni, verið í miklum samskiptum við þá og fengið mikið fóður og upplýsingar, og er það bara virðingarvert, en ég efast um að þeir sem eru jákvæðir í málinu hafi haft mikið samband við hv. þm. Ögmund Jónasson. (**HG:** Hverjir eru það?) En þeir sem hafa verið jákvæðir — það eru fjölmargir einstaklingar sem hafa haft samband og eru mjög jákvæðir (**HG:** Samtök sjúklinga?) Það eru líka aðilar sem eru í samtökum, sjúklingasamtökum. Ég ætla hins vegar ekki að hafa eftir sérstök einkasamtöl. En ég vil minna á það t.d. að MS-félagið er mjög hlynnt þessu máli. (**ÖJ:** Til dæmis.) Til dæmis MS-félagið, já. Mjög hlynnt málinu. Og þeir bera ákveðnar vonir í brjósti gagnvart rannsóknum sem stundaðar eru og þessum miðlæga gagnagrunni. En ég vil hins vegar taka undir að það má ekki vekja einhverjar falskar vonir. (**ÖJ:** Það er einmitt það sem verið að gera.) Ég vil ítreka að þessi gagnagrunnur verður ekki til fyrr en eftir fimm ár, trúlega ekki fyrr en eftir fimm ár. Við fáum því ekki einhverjar mjög jákvæðar niðurstöður sem gjörbreyta hér læknisþjónustu og heilsufari fyrr en eftir hugsanlega, ég veit það ekki, 10–20 ár. En þetta er framtíðarverkefni, framfaraverkefni, gott verkefni, og ég styð það heils hugar.

[16:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að óska eftir því að menn færi rök fyrir máli sínu. Mér er vel kunnugt um að MS-félagið hefur stutt þetta mál í langan tíma. En allflest önnur samtök sjúklinga hafa lagst gegn þessu frv. Heilbrigðisstéttirnar hafa lagst gegn frv. Siðaráð Læknafélagsins hefur lagst gegn frv. mjög afdráttarlaust. Vísindasiðaráð hefur lagst gegn frv. Allir þeir aðilar sem þjóðfélagið hefur falið að gæta almannahagsmuna þegar kemur að vísindum og rannsóknum og siðfræði læknisfræðinnar hafa lagst gegn þessu frv. og ef það er einhver sem er að ala á fölskum vonum, þá er það þessi ríkisstjórn.

Mér finnst vægast sagt vafasamt ef ekki lágkúrulegt að hafa uppi málflutning af þessu tagi vegna þess að þeir vísindamenn sem sinna sjálfir þessum rannsóknum, sem vinna við þetta sjálfir og eiga ekki beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta og þá er ég að tala um vísindamenn hér á landi og erlendis, vara mjög eindregið við því að samþykkja frv. vegna þess að það muni torvelda rannsóknir. Ekki auðvelda þær heldur torvelda þær og við höfum verið að færa rök fyrir því í löngum ræðum í umræðu um málið hvernig þröskuldarnir verða til. Við fáum aldrei nein svör við því, við fáum aldrei nein rök sett fram í málinu heldur einvörðungu yfirlýsingar af því tagi sem við heyrðum áðan. Hér er kort sem sýnir afstöðu þeirra sem hafa látið sig málið varða. Rauði flöturinn

sýnir þá sem hafa tekið afstöðu gegn frv. Grænu aðilarnir eru því fylgjandi og þeir eru í flestum tilvikum samstarfsaðilar væntanlegs sérleyfishafa. Það segir held ég allt sem segja þarf.

[16:31]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Málið er nú ekki svona svart eins og hefur verið dregið upp, alls ekki. Deilur eru um málið eins og allir hafa séð sem hafa fylgst með því. Hér var dregið fram að vísindamenn og læknar sem hefðu engra hagsmuna að gæta væru allir andsnúnir málinu. Það er nú ekki rétt. Ég vil minna hv. þm. Ögmund Jónasson, sem er áheyrnarfulltrúi í heilbrn., t.d. á umsögn 15 lækna og prófessora við læknadeild Háskóla Íslands. Læknadeild Háskóla Íslands. Mjög jákvæðir. (**ÖJ:** Hvað segir læknadeildin sjálf? Hvað segir siðaráðið læknadeildarinnar?) Þeir telja þetta vera nýtt rannsóknartæki sem opni mikla möguleika og Rannsóknarráð Íslands var mjög jákvætt í umsögn sinni, talaði um nýtt rannsóknartæki sem opnaði mikla möguleika. (**ÖJ:** Vísindaráðið? Hverjir? Hverjir?) Rannsóknarráð Íslands, virðulegi þingmaður. (**ÖJ:** Þeir hafa lagst gegn frv.) Rannsóknarráð Íslands ... (**ÖJ:** Þeir hafa lagst gegn frv.)

(**Forseti** (GÁS)**:** Það er hv. 4. þm. Reykjaness sem hefur orðið.)

Takk fyrir, virðulegur forseti. Hins vegar er það rétt að Rannís hélt fund þar sem þeir leyfa sér að setja á prent að aðgengi vísindamanna verði þrengt. Það er alrangt og þetta veit 1. minni hluti í heilbr.- og trn., hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Þetta vita þau. (**ÖJ:** Þetta sýnir að frv. þarf miklu meiri umræðu.) Þau lögðu einmitt þessa leið til sem við samþykktum til að tryggja að aðgengi vísindamanna okkar yrði betra vegna þess að þetta stenst frekar EES-samninginn. Þetta er heili galdurinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:33]

[18:05]

Útbýting þingskjals:

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, 356. mál, þáltill. ArnbS og EgJ, þskj. 488.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 114. mál (refsiábyrgð lögaðila). — Þskj. 412.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 115. mál (mútur til opinbers starfsmanns). — Þskj. 115.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, 3. umr.

Stjfrv., 116. mál. — Þskj. 116.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdasjóður Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 123. mál (afnám laga). — Þskj. 123.

[18:06]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Við meðferð þessa máls í hv. efh.- og viðskn. óskaði ég eftir því að fá upplýsingar um hvaða skuldbindingar það væru sem ríkissjóður er í raun og veru að yfirtaka vegna Framkvæmdasjóðs Íslands. Við 2. umr. málsins átti ég ekki kost á því að gera grein fyrir þessum upplýsingum þannig að ég áskildi mér þá rétt til þess að koma því á framfæri við 3. umr. sem ég ætla nú að gera. Ég vil taka fram að ég styð málið, þ.e. að ríkissjóður yfirtaki skuldbindingar vegna Framkvæmdasjóðs Íslands, vegna þess að ég held að ekkert annað sé að gera.

Framkvæmdasjóður Íslands á sér býsna athyglisverða sögu. Inn í þá sögu blandast fleiri stofnanir. Auk Framkvæmdasjóðs Íslands er það Framkvæmdabankinn og Framkvæmdastofnun. Og þegar við spurðum um hvaða skuldbindingar þessi sjóður hefði vegna lífeyris sérstaklega, þá fengum við þær upplýsingar frá Ríkisendurskoðun sem ég ætla nú að greina frá.

Í fyrsta lagi kom fram að heildarskuldbindingar Framkvæmdasjóðs vegna lífeyrisskuldbindinga nema 265 millj. kr. Þessar lífeyrisskuldbindingar skiptast þannig að vegna Framkvæmdasjóðs Íslands eru 148 millj. kr. og vegna Framkvæmdastofnunar samtals 117 millj. kr. Það eru eins og ég sagði samtals 265 millj. sem ríkissjóður er að yfirtaka vegna skuldbindinga Framkvæmdasjóðs Íslands við sína starfsmenn.

Í öðru lagi spurðum við um fjölda þeirra einstaklinga sem eiga rétt vegna lífeyrisskuldbindinga þessara stofnana. Í ljós kom að samtals 137 einstaklingar koma hér við sögu og þeir hafa unnið sér lífeyrisrétt sem skiptist þannig að vegna Framkvæmdasjóðs Íslands eru þetta 33 einstaklingar og vegna Framkvæmdastofnunar 104 einstaklingar. Hér eiga því samtals 137 einstaklingar sem eiga lífeyrisrétt uppreiknaðan upp á 265 millj. kr.

Síðan spurðum við að því hvort þessir einstaklingar ættu lífeyrisrétt hjá öðrum opinberum aðilum og Ríkisendurskoðun svaraði því þannig, með leyfi forseta:

„Ekki eru til staðar tæmandi upplýsingar sem svara þessari spurningu. Hins vegar er ljóst að nokkur fjöldi einstaklinga af þessum hópi á lífeyrisrétt hjá fleiri en einum aðila innan opinbera geirans. Hér koma einkum til þeir einstaklingar sem starfað hafa sem:

a. ríkisstarfsmenn
b. bankastarfsmenn
c. alþingismenn
d. ráðherrar."

Í fjórða lagi spurðum við hvort til staðar væri eftirlit og takmarkanir á því að einn og sami einstaklingur geti áunnið sér óheyrilega háan lífeyrisrétt, þ.e. með því að safna saman lífeyrisrétti úr mjög mörgum sjóðum, jafnvel á vegum opinberra aðila. Svarið var þetta, með leyfi forseta:

„Þær takmarkanir sem Ríkisendurskoðun er kunnugt um eru að eftir gildistöku laga nr. 36/1986" — sem ég hygg að hafi verið lögin um viðskiptabanka eins og þau voru sett þá — „voru settar reglur af hálfu bankastofnana ríkisins að til þeirra einstaklinga sem stofnanir greiddu beint lífeyri til yrði hann samanlagður ekki hærri en 90% af launum" — þ.e. í þessu tilviki bankastjóranna. — „Takmarkanir þessar náðu ekki til einstaklinga sem voru í starfi fyrir gildistöku laganna eða þeirra sem byrjað höfðu töku lífeyris." — Þ.e. þegar lögin voru sett og reglurnar voru samþykktar.

Í fimmta lagi spurðum við um það hvort Ríkisendurskoðun hefði yfirlit yfir starfskjör eða lífeyrisrétt einstakra aðila og Ríkisendurskoðun sagði að sjálfsögðu að hún veitti engar slíkar upplýsingar þar sem þær væru trúnaðarmál.

Í sjötta lagi var spurt: Eru lífeyrisréttindi samkvæmt almennum kjarasamningum eða sérsamningum við viðkomandi einstakling? Og svarið var þetta:

„Þeir einstaklingar sem tóku lífeyri samkvæmt sérsamningi, þ.e. þeirra sem starfskjör voru sömu og bankastjóra ríkisbankanna eru lífeyrisréttindi í árslok um 445 þús. kr. á mánuði (12 mán.) og geta þeir hæst áunnið sér 90% af þeirri fjárhæð í lífeyri með þeim takmörkunum sem koma fram í tölulið 4. Hinn 1. janúar 1998 hækkaði viðmiðunarfjárhæð til útreiknings á lífeyrisskuldbindingum í 540 þús. kr. á mánuði."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, og samkvæmt þessum upplýsingum er það augljóst mál að þeir sem hafa ýtrasta rétt samkvæmt þessum ákvæðum eru með lífeyri á mánuði upp á 490 þús. kr. Það er einnig ljóst að ef þeir hafa áunnið sér rétt áður en lögin nr. 36/1986 voru sett, geta þeir verið með uppsafnaðan rétt á mörgum stöðum þannig að hér getur verið um að ræða upphæð sem er miklu hærri en þetta, miklu hærri en 490 þús. kr. á mánuði, getur þess vegna verið á bilinu 600 til 800 þús. kr. á mánuði.

Þetta er auðvitað algerlega óhóflegt eins og allir viðurkenna. Ég nefni þetta hérna vegna þess að að undanförnu hafa verið nokkrar umræður um lífeyrismál hjá bönkunum og það er greinilegt að bankarnir hafa haft vissan vilja til að taka á þeim málum þótt bankarnir séu gagnrýndir í þeim efnum. En ég held þó að það versta sé það þegar við stöndum frammi fyrir tíðindum af þessu tagi, að ríkið er að taka inn á sig og á skattgreiðendur gífurlegar fjárhæðir vegna algerlega óhóflegra lífeyrisskuldbindinga vegna tiltölulega mjög fárra einstaklinga. Þetta er satt að segja meira og minna fráleitt eins og þessir hlutir eru. Ég vil vekja á því athygli og hvetja til þess, ekki síst þar sem hæstv. fjmrh. er hér ekki langt undan, að þessi mál verði skoðuð í samhengi, þ.e. lífeyrisréttur ofurtekjumanna, þannig að þeir safni þessu ekki saman í fleiri, fleiri stofnunum eins og bersýnilega getur gerst án þess að ég muni rekja það neitt nánar úr þessum ræðustól.

Endurtek það hins vegar, herra forseti, að ég styð frv. vegna þess að það er bara dómur nánast. Ríkissjóður verður að yfirtaka þetta vegna skuldbindinga sem þegar hafa verið samþykktar og ákveðnar.

[18:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær upplýsingar sem hv. þm. rakti hér eru að sjálfsögðu mikilvægur fróðleikur sem lagður er fram í málinu af hálfu Ríkisendurskoðunar. En þetta eru staðreyndir sem menn verða að horfast í augu við og hér er um það að ræða að viðkomandi aðilar hafa áunnið sér þennan rétt og honum verður ekki burtu svipt bótalaust þannig að ef menn vilja gera eitthvað í því, eins og stundum er sagt, þá eiga menn auðvitað á hættu að kalla yfir ríkið dómsmál sem mundi væntanlega tapast vegna þess að hér er um að ræða réttindi sem viðkomandi hafa sannanlega áunnið sér. Hitt er annað mál að vissulega er þarna um að tefla verðmæt réttindi og mikil fyrir einstaka menn. En aðalatriðið er þó að við erum núna að vinna okkur út úr þessu gamla kerfi sem menn þekkja, og nýir tímar eru upp runnir í þessum efnum eins og allir í Alþingi vita væntanlega.

Lífeyrisskuldbindingar geta verið vandmeðfarin útreikningsmál. Maður sem hættir 65 ára og fær 100 þús. kr. í lífeyri og lifir síðan til 95 ára aldurs kostar tugi milljóna, ef svo mætti að orði komast, fyrir þann sem ábyrgð tekur á lífeyrisskuldbindingunni. Þessar upphæðir eru því fljótar að safnast saman og menn verða að horfast í augu við þær, alveg eins og við erum t.d. að gera núna í fjáraukalagafrv. fyrir þetta ár. Þar erum við að horfast í augu við þær skuldbindingar hjá ríkinu almennt sem safnast hafa upp og best er vitað um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mannanöfn og hjúskaparlög, 3. umr.

Stjfrv., 134. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 134.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leiklistarlög, 3. umr.

Stjfrv., 146. mál (heildarlög). — Þskj. 411.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 3. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 419, brtt. 486.

[18:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Þessi tillaga er flutt af hv. þm. Ágústi Einarssyni ásamt mér. Þarna er á ferðinni tæknileg breyting. Í 3. mgr. 10. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem segir í 1. mgr. í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað."

Í 1. mgr. 10. gr. er þannig komist að orði, með leyfi forseta:

„Hver sjóðfélagi sem orðinn er fullra 67 ára að aldri á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum."

Til þess að 3. mgr. hafi einhverja merkingu er rétt að hafa hana eins og segir í brtt., með leyfi forseta:

„Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris frá því sem annars yrði skv. 1. mgr. í samræmi við tryggingafræðilegt mat fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað."

Flóknara er þetta ekki, hæstv. forseti og ég hygg að þingheimur muni geta stutt þessa brtt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Embættiskostnaður sóknarpresta, 3. umr.

Stjfrv., 232. mál (samningur ríkis og kirkju). — Þskj. 259.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 18:19.

---

44. FUNDUR

fimmtudaginn 17. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, stjfrv., 109. mál, þskj. 461, frhnál. 480 og 490, brtt. 403,7–8, 417 og 481, till. til rökst. dagskrár 492. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Almenn hegningarlög, stjfrv., 114. mál, þskj. 412. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 115. mál, þskj. 115. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, stjfrv., 116. mál, þskj. 116. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Framkvæmdasjóður Íslands, stjfrv., 123. mál, þskj. 123. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Mannanöfn og hjúskaparlög, stjfrv., 134. mál, þskj. 134. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
7. Leiklistarlög, stjfrv., 146. mál, þskj. 411. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 176. mál, þskj. 419, brtt. 486. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
9. Embættiskostnaður sóknarpresta, stjfrv., 232. mál, þskj. 259. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
10. Vegabréf, stjfrv., 231. mál, þskj. 463. — 3. umr.
11. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 487. — 2. umr.
12. Siglingalög, stjfrv., 122. mál, þskj. 122, nál. 441, brtt. 442. — 2. umr.
13. Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, stjfrv., 322. mál, þskj. 389, nál. 493. — 2. umr.
14. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 285. mál, þskj. 333, nál. 491. — 2. umr.
15. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 462. — 3. umr.
16. Tryggingagjald, stjfrv., 228. mál, þskj. 255, brtt. 485. — 3. umr.
17. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, stjfrv., 229. mál, þskj. 256, nál. 427 og 447. — 2. umr.
18. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 233. mál, þskj. 262, nál. 498. — 2. umr.
19. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 343. mál, þskj. 443. — 1. umr.
20. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 344. mál, þskj. 444. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Breytingar á ýmsum skattalögum, 150. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 502; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 503.

Nám í arkitektúr og skipulagsfræði, 290. mál, svar menntmrh., þskj. 501.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti lætur þess getið að í dag verða tvær utandagskrárumræður. Sú fyrri verður nú þegar í upphafi fundar en sú síðari er kl. 2.30 síðdegis í dag og mun fjalla um árásir Bandaríkjamanna og Breta á Írak. Málshefjandi verður Ögmundur Jónasson en hæstv. utanrrh. verður til andsvara. Báðar umræðurnar fara fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund.

Umræður utan dagskrár.

Heimild Hitaveitu Suðurnesja til virkjunarframkvæmda.

[10:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn um virkjunarleyfi fyrir Hitaveitu Suðurnesja til iðnrh. og gagnrýni harðlega að ráðuneytið skuli ekki telja umsókn Hitaveitu Suðurnesja svara verða. Hér er um afar umhverfisvæna orku að ræða og hagkvæman virkjunarkost sem er stórmál fyrir neytendur. Í þessum mánuði er von á túrbínu til landsins og stefnt að gangsetningu hennar í september á næsta ári. Umsóknin er orðin þriggja ára gömul.

Hitaveita Suðurnesja sótti um 25 megawatta virkjun í nóvember 1995 til iðnrn. Ári síðar eða í september 1996 óskaði ráðuneytið eftir staðfestingu umhvrn. sem úrskurðaði að það þyrfti að fara fram umhverfismat. Í febrúar 1997 óskaði Hitaveita Suðurnesja eftir því að úrskurðurinn yrði endurskoðaður og óskaði þá eftir 30 megawatta virkjun. Í október sama ár lá niðurstaða umhvrn. fyrir. Það þurfti ekkert mat vegna framkvæmdanna. En allt kemur fyrir ekki. Iðnrn. hefur enn ekki svarað og nú eru liðin þrjú ár.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að það gilda stjórnsýslulög í þessu landi og í þeim er mælt fyrir um málshraða. Það er alveg ljóst að þegar umsóknin varðar umsækjanda eins miklu og í þessu máli verða gerðar ríkar kröfur til ráðherra um skjóta afgreiðslu.

Landsvirkjun hefur virkjað fyrir stóriðju og einnig haft þá skyldu að afhenda rafmagn á sama verði um land allt. Samkvæmt lögum má Landsvirkjun ekki láta almennan markað bera kostnað af virkjuninni fyrir stóriðju. Með öðrum orðum, virkjun vegna stóriðju verður að standa undir sér. Það er því ekki hægt að nota stóriðjuvirkjanir Landsvirkjunar sem rök gegn því að aðrir fái að virkja fyrir almennan markað.

Hitaveita Suðurnesja hefur gert samning við Hafnarfjörð, Bessastaðahrepp, Garðabæ og Kópavog um samstarf, um sterkt orkuveitufyrirtæki sem sjái Suðurnesjum og þessum sveitarfélögum fyrir orku. Ef ráðuneytið vill tryggja verðjöfnun á rafmagni til allra landsmanna verður að leysa það mál öðruvísi. Slík stefnumörkun á ekki að beinast gegn hagkvæmum virkjunarkostum. Er það skoðun ráðuneytisins að enginn fái að hagnýta sér hagkvæman virkjunarkost nema allir aðrir eigi jafnhagkvæman kost. Það þýddi að aldrei yrði hægt að heimila virkjun einstakra aðila utan Landsvirkjunar.

Landsvirkjun hefur skyldum að gegna við landsmenn alla og talað hefur verið um að ekki sé hægt að leyfa einstökum veitum að hirða góða mola af markaði hennar en láta hana sitja uppi með skyldurnar. Það er alveg ljóst að þegar Hitaveita Suðurnesja setur hina nýju virkjun í gang á næsta ári, þarf hún jafnframt að kaupa varaafl af Landsvirkjun. Hluti af svokölluðum samrekstrarsamningi milli fyrirtækjanna hlýtur að hluta til að fjalla um þetta atriði og enginn er að tala um að Landsvirkjun selji ekki þá þjónustu gegn eðlilegu verði.

Ekki má gleyma í þessari umræðu að Landsvirkjun hefur ekki einungis skyldum að gegna á raforkumarkaðnum heldur hefur hún einnig yfirburðastöðu í skjóli einokunar til margra ára og nýtur því mikilla kosta engu síður en hún ber skyldur. Það hlýtur að skjóta skökku við að á sama tíma og Reykjavík sem er 45% eignaraðili í Landsvirkjun er að virkja 60 megavött á Nesjavöllum og boða stækkun um 30 megavött innan tíðar, að Hitaveita Suðurnesja skuli ekki fá leyfi til að virkja fyrir 30 megavött sem áformuð eru á Svartsengi. Hitaveita Suðurnesja sótti um leyfi til að virkja langt á undan Reykjavík.

Þegar borin er saman staða Hitaveitunnar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur til að ná samningum við Landsvirkjun er leikurinn ójafn þar sem Reykjavík sjálf er annar aðaleigandi Landsvirkjunar. Hins vegar hefur borgarstjóri hafið umræðu um þann möguleika að Reykjavík selji sinn hluta í Landsvirkjun eða fyrirtækinu verði skipt upp þannig að Reykjavík fái í sinn hlut einhverjar virkjanir Landsvirkjunar því ekki gangi til lengdar að vera bæði stór eignaraðili í Landsvirkjun og keppinautur í virkjunum á sama tíma.

Hitaveita Suðurnesja hefur lengi reynt að ná samningum við Landsvirkjun vegna hinnar nýju virkjunar án árangurs. Það er alveg ljóst að Landsvirkjun hefur ekki áhuga á samningi í bili. Það er óþolandi með öllu að framleiðandi á raforku, sem Hitaveita Suðurnesja er, skuli þurfa að fá leyfi hjá aðalkeppinautnum til að ráðast í byggingu orkuvers, reyndar endurnýjun á orkuveri, sem allir sem um hafa fjallað telja einn hagkvæmasta virkjunarkost sem fyrir hendi er á Íslandi í dag, að ráðuneytið skuli þvo hendur sínar af afgreiðslu málsins meðan svo er ástatt. Þess vegna kref ég ráðherrann svara á Alþingi.

[10:38]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég held að það sé mikilvægt þegar hv. þm. óska eftir umræðu utan dagskrár um mál eins og þetta að þeir séu búnir að kynna sér þau gögn sem liggja til grundvallar slíku máli nema það sé vilji hv. þm. að fara alls ekki í það að kynna sér gögnin og fara þar af leiðandi með hrein ósannindi eins og hv. þm. gerði hér. Þess vegna sé ég mig tilneyddan til þess að fara yfir samskipti Hitaveitu Suðurnesja og iðnrn. frá þeim tíma er fyrst barst erindi frá Hitaveitu Suðurnesja um ósk um leyfi til þess að virkja í Svartsengi.

20. nóv. 1995 fer Hitaveita Suðurnesja þess á leit við ráðuneytið að það veiti heimild til að virkja allt að 25 megavött rafmagns á orkuveitusvæði sínu til viðbótar þeim virkjunum sem fyrir voru sem voru 16,5 megavött. Því bréfi er svarað af ráðuneytinu rétt rúmum mánuði síðar, 27. des. 1995, þar sem segir að ráðuneytið geti ekki fjallað efnislega um beiðnina né sent hana til umsagnar Orkustofnunar þar sem gögn sem kveðið er á um að fylgja skuli umsókn um virkjunarleyfi skv. 11. gr. orkulaga fylgi ekki með.

Næst heyrist frá Hitaveitu Suðurnesja 10 mánuðum eftir þetta með bréfi sem hún sendir til ráðuneytisins. Er þá verið að biðja um leyfi til þess að virkja? Nei, þá er verið að biðja iðnrn. að kanna það gagnvart umhvrn. hvort þessi virkjun þurfi að fara í mat. Síðan tekur rúmlega eitt ár að kanna það milli umhvrn. og iðnrn. hvort slík virkjun skuli fara í mat. Úrskurður umhvrh. var upphaflega sá að virkjunin þyrfti að fara í mat. Þegar betur var hins vegar að gáð og farið ofan í alla lagakróka sem þar voru í kring og þau réttindi sem fyrirtækið hafði aflað sér kom í ljós að ekki væri nauðsynlegt að senda þetta fyrirtæki eða þessa framkvæmd í mat.

Það er ekki síðan fyrr en 28. febrúar 1997 að Hitaveita Suðurnesja ítrekar umsókn sína, 1997, tveimur árum síðar, sem hún ítrekar umsókn sína um virkjunarleyfið við iðnrn. með þeirri breytingu að þá er ekki lengur óskað eftir 25 megavöttum heldur er þá óskað eftir 30 megavöttum vegna þess að þá kemur upp að það eigi að leggja niður orkuver 1 og í staðinn eigi að koma orkuver 5 sem verið er að byggja 30 megavatta virkjun á móti tveimur megavöttum sem átti að leggja af.

2. apríl 1997 fer Hitaveita Suðurnesja, þá fyrst, eftir ítrekaðar ábendingar iðnrn. og Orkustofnunar að ekki sé hægt að gefa út slíkt leyfi nema fyrir liggi samrekstrarsamningur Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjunar um rekstur kerfisins sem er lagaskylda að liggi fyrir við slíkar kringumstæður. Það er síðan í september 1997 sem úrskurðað er í því að ekki þurfi að fara fram mat á umhverfisáhrifum. 7. október er það síðan tilkynnt til Hitaveitu Suðurnesja. 16. maí 1997 kemur bréf frá Hitaveitu Suðurnesja þar sem óskað er eftir því að það verði kannað með Orkustofnun að fara í þessar framkvæmdir og Orkustofnun leggur mat á málið. Það er síðan gert og Orkustofnun skilar erindi til iðnrn. 28. ágúst 1998, á þessu ári. Það bréf er síðan sent beint til Hitaveitu Suðurnesja og óskað athugasemda Orkustofnunar á því máli. Þá berst svar við því bréfi til ráðuneytisins 19. október eða fyrir tveimur mánuðum.

Herra forseti. Niðurstaða þessa máls er því sú að samskipti ráðuneytisins og Hitaveitu Suðurnesja eru í réttum og eðlilegum farvegi eins og lög gera ráð fyrir. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum skal, áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdir sem kunna vegna staðsetningar, starfsemi, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir, samfélag, fara fram mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt úrskurði umhvrn. þarf slíkt mat ekki að fara fram. Þetta liggur fyrir.

Samkvæmt lögum ber ráðherra að leita umsagnar Orkustofnunar um það hvort veita beri slíkt leyfi og mat Orkustofnunar á m.a. að byggjast á því hvort skilyrði um hagkvæma nýtingu orkulindanna, hagkvæman rekstur orkukerfisins sé til staðar og hvort samrekstrarsamningur hafi komist á milli Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja. Það hefur enn ekki gerst þannig að iðnrh. hefur ekki lagaheimildir og hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því að ekki er hægt að standa í þessum ræðustóli og krefjast þess að gefin séu út leyfi til fyrirtækja þegar ráðherra skortir heimildir til þess. Samrekstrarsamningurinn þarf að vera til staðar og það er hart að þurfa að taka upp utandagskrárumræðu um fáfræði hv. þm. á þessum hlutum.

[10:44]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Auðvitað er erfitt fyrir okkur hv. þm. að reyna að leggja mat á það þegar orð hv. þm. og hæstv. ráðherra stangast á um hver framvinda mála er innan stjórnsýslunnar. Það skiptir auðvitað miklu máli að stjórnsýslan sé skilvirk og svari bréfum og umsagnir liggi fyrir á réttum tíma.

En mál þetta snýst bara ekkert um stjórnsýsluna. Þetta snýst um það hvort eigi að leyfa að virkja hagkvæma virkjun hjá Hitaveitu Suðurnesja og það hlýtur að vera til hagsbóta fyrir alla þjóðina að við nýtum hagkvæma virkjunarkosti okkar hvar sem þeir eru á landinu. Það hýtur að liggja í augum uppi að þjóðin öll mun njóta þess ef virkjað er á hagkvæman hátt.

En málið er líka stærra en bara virkjun Hitaveitu Suðurnesja. Þetta snýst um hvort við ætlum að auka frjálsræði í orkumálum okkar eða ekki. Hæstv. ráðherra hefur lagt fram á Alþingi þáltill. þess efnis og sú tillaga var langt komin í umfjöllun síðasta þings. Sú tillaga er lögð fram með stuðningi mínum vegna þess að ég vil auka frjálsræðið og ég vil auka samkeppnina. Ég er sannfærður um að ef sú stefna nær fram að ganga sem ráðherrann hefur borið fyrir brjósti verður það ekki lengur deiluefni á Alþingi hvort eigi að leyfa Hitaveitu Suðurnesja að virkja eða virkja ekki. Þá verður einfaldlega hagkvæmnin sem ræður málinu, hvort það er hagkvæmt að virkja eða ekki að teknu tilliti til þess hvort virkjunin stenst mat á umhverfisáhrifum.

Landsvirkjun hefur verið, er og verður mikilvægt fyrirtæki fyrir þjóðina alla en við megum ekki gæta hagsmuna Landsvirkjunar á svo kraftmikinn hátt að við séum að ganga á hagsmuni annarra virkjunarfyrirtækja og þeirra sem að þeim standa.

[10:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að hreyfa þessu máli hér og vil jafnframt undrast viðbrögð hæstv. ráðherra við eðlilegum fyrirspurnum hennar úr þessum ræðustóli þar sem einfaldlega var spurt um vilja ráðherrans og pólitíska stefnu í þessum efnum. Það var því fullkomlega ástæðulaust fyrir hæstv. ráðherra að koma fram eins og hann gerði áðan, undinn og öfugsnúinn og með allt á hornum sér. Um það var ekki spurt. Hér var beðið um efnisleg svör við gildum spurningum.

Hæstv. ráðherra og ríkisstjórn hafa farið mikinn á þessu kjörtímabili einmitt varðandi aukið frelsi og aukna samkeppni í orkumálum. Hvað er þá eðlilegra en að um það sé spurt hver pólitísk afstaða ráðherrans sé til erindis Hitaveitu Suðurnesja um heimild til þess að virkja, til þess að fara í orkuvinnslu á mjög hagkvæmum og eðlilegum kosti? Það eru auðvitað engin svör við þessum pólitísku álitamálum að rekja hér þunglamalegt stjórnkerfi ráðuneytis hans. Það eru engin svör.

Ég vek líka athygli á og minni á það sem fram kom í ágætu inngangserindi hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur: Hver er samkeppnisstaða þessa fyrirtækis, Hitaveitu Suðurnesja, í samanburði við veitustofnanir Reykjavíkurborgar þegar þessir aðilar báðir tveir þurfa að leita til Landsvirkjunar þar sem Reykjavíkurborg er helmingseigandi? Hér sagði hæstv. ráðherra að ekki hafi verið leitað samrekstrarleyfis hjá Landsvirkjun og því bendi ég á ólíka aðkomu þessara tveggja stóru fyrirtækja.

Nei, virðulegi forseti. Hér er bara um einfalda pólitíska spurningu að ræða sem við þurfum einfalt, pólitískt, efnislegt svar við en ekki útúrsnúninga og illindi. Hver er stefna ráðherrans í málinu? Hvað vill hann? Leggst hann gegn því og hans flokksmenn að Hitaveita Suðurnesja fái að nýta þennan sjálfsagða og eðlilega orkukost eða er hann því meðmæltur? Punktur og basta.

[10:49]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir að hreyfa þessu máli. Jafnframt hlýt ég að gagnrýna hrokafull viðbrögð hæstv. iðnrh. sem aðallega byggðust á lítilsvirðandi fullyrðingum í garð hv. málshefjanda og kvörtunum yfir því að forráðamenn Hitaveitu Suðurnesja kynnu ekki að sækja um leyfi.

Seinagangurinn í þessu máli er óviðunandi því hér er í rauninni fyrst og fremst um að ræða endurnýjun á tæknilega úreltum kosti. Málið er kannski ekki flóknara en það að annaðhvort sjá menn kosti þess að nýta og virkja á skynsamlegan hátt þann mikla kraft sem ólgar og kraumar undir niðri á þessu svæði eða menn sjá þá ekki, eða þá hitt að menn sjá en vilja ekki. Og auðvitað er það sjálft ríkið í ríkinu, Landsvirkjun, sem þvælist fyrir í þessu máli. Hér eru

það augljóslega meintir hagsmunir Landsvirkjunar sem eru í fyrirrúmi.

Virkjun sú sem Hitaveita Suðurnesja verður að ráðast í er bráðnauðsynleg framkvæmd og sérlega hagkvæm eins og þegar er komið fram. Ég er hins vegar ósátt við að ekki skyldi ákveðið að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum. Ég held að það hefði verið nauðsynlegt í þessu efni. Og ég skora á hæstv. ráðherra að afgreiða þessa beiðni Hitaveitu Suðurnesja hið allra fyrsta á jákvæðan hátt.

Herra forseti. Mín skoðun er sú að það eigi að nýta og virkja háhitann í Svartsengi og að virkjanir af því tagi eigi að hafa forgang umfram þær virkjanir sem eru á forgangslista Landsvirkjunar sem eru margfalt skaðlegri landi og náttúru.

[10:51]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Að undanförnu hefur komið fram að Landsvirkjun hefur þurft að takmarka orkusölu til viðskiptavina sinna. Ástæður fyrir því eru óvænt ástand á hálendinu og hefði einhvern tíma þótt skjóta skökku við að skortur væri á beislaðri orku á Íslandi. Á sama tíma liggur fyrir að möguleikar eru á að fá inn á kerfið orku frá Hitaveitu Suðurnesja.

Þetta leiðir hugann að þeirri stefnu sem hefur verið ríkjandi um áratuga skeið með áherslu á vatnsvirkjun og leiðir jafnframt hugann að því hve lítinn hluta af gufuafli við höfum nýtt á Íslandi. Það ástand sem almennt er í orkumálum núna vegna aðstæðna á hálendinu hlýtur líka að leiða hugann að því og vekja upp spurningar um hvort ekki sé mikilvægt að hafa fjölbreytni í raforkuframleiðslu og leggja meiri áherslu á gufuaflsvirkjanir en gert hefur verið.

Hitaveita Suðurnesja hefur sýnt að hún getur framleitt ódýrara rafmagn en flestar aðrar virkjanir. Það liggur líka fyrir að á Nesjavöllum er rafmagn framleitt með sambærilegum hætti og þar hefur nú fengist nýlega leyfi til hins mikla orkufyrirtækis í eigu Reykjavíkurborgar. Það liggur líka fyrir að sveitarfélög í nágrenni Reykjavíkur hafa óskað eftir því að mynda samstarf og eignast hlut í Hitaveitu Suðurnesja og mynda sambærilegan orkurisa og Hitaveita Reykjavíkur er. Það tel ég vera afskaplega mikilvægt fyrir þessi sveitarfélög og fyrir orkumarkaðinn í landinu. Þess vegna eru í rauninni öll efnisleg og pólitísk rök fyrir því að veita Hitaveitu Suðurnesja þá heimild sem um er beðið, en að sjálfsögðu þarf það að fara í eðlilegan farveg og það þarf að byggjast á lögum. Alþingi hefur upplifað það að undanförnu hvað gerist ef ekki er farið að lögum, samanber úrskurð Hæstaréttar þannig að málið þarf að fá efnislega meðferð og ég tel að hún sé til staðar.

[10:54]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Leyfist mér að blanda mér í þennan ágæta kór þingmanna Reykjaneskjördæmis ásamt ráðherra?

Ég tel að þetta mál sé ekki síst áminning um að það vantar að móta orkustefnu í landinu eða endurskoða margt sem snýr að okkar orkumálum. Við höfum lagt hér fyrir tillögu, þingflokkur óháðra, um mótun sjálfbærrar orkustefnu sem er mjög brýnt verkefni, en jafnnauðsynlegt er það að á líðandi stund sé hugað að stöðunni. Mér sýnist það sem hér er uppi vera dæmigert um það að einstakir aðilar utan Landsvirkjunar eru að leitast við að þróa sína kosti, óska eftir því að fá að virkja en vilja kannski ekki aðeins virkja fyrir sig heldur virkja stærra og komast inn á markað sem Landsvirkjun hefur haft. Ég held að ákveðið upphaf að þessu megi sjá í virkjun á Nesjavöllum á vegum Reykjavíkurborgar þar sem ég tel að hafi verið rasað um ráð fram. Þá hefði verið fullt tilefni til þess að skoða stöðu mála og hvernig ætti að halda áfram í þessum efnum. Það var ekki gert svo sem þurft hefði. Og það er auðvitað í þetta fordæmi sem Hitaveita Suðurnesja er að vísa með sínu erindi og hefur nokkuð til síns mál að mínu mati. En jafnframt verður auðvitað að gæta þess að menn séu ekki að fjárfesta og fjárfesta í virkjunum óháð markaði. Við höfum gert alveg nóg af því á liðnum tíma og þó að tímabundinn skortur sé á afgangsorku fyrir stóriðjuver þá eru það engin rök. Stóriðjuver verða að búa við það ef þau kaupa afgangsorku að það þurfi að skerða hana.

Það þarf að fara yfir þessi mál. Það þarf að endurskoða lög. Frjálsræðið eitt leysir engan vanda. Við verðum að gæta þess að við ætlum að hafa verðjöfnun í landinu en það er m.a. undan henni sem menn eru að reyna að komast, bæði Reykjavíkurborg og mér sýnist Hitaveita Suðurnesja líka. Sú forsenda verður að halda að allir taki á í sambandi við verðjöfnun í landinu.

[10:56]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Sú umsókn um virkjunarleyfi frá Hitaveitu Suðurnesja til hæstv. iðnrh. sem nú er rædd er nær jafngömul embættistíð ráðherrans. Það er athyglisvert og verður að viðurkennast, herra forseti, að þann tíma sem umsóknin hefur verið til umfjöllunar hefur nánast öllum úrræðum sem hægt er að beita verið beitt til að tefja niðurstöðuna. Það er a.m.k. mitt álit, herra forseti. Þó vil ég nefna nokkur atriði sem ég tel skipta miklu í þessu efni.

Á sama tíma hefur ráðherrann veitt annarri hitaveitu sambærilegt virkjunarleyfi á sambærilegu virkjunarsvæði. Umsókn Hitaveitu Suðurnesja byggir á undirbúningsathugunum sem eru í fullu samráði við helsta ráðgjafa ríkisstjórnarinnar um orkuvirkjanir, þ.e. Orkustofnun, alveg frá upphafi. Ekki verður sagt nákvæmlega það sama um hina virkjunina sem hefur fengið leyfi. Við þessar athuganir hefur komið í ljós að virkjun Hitaveitu Suðurnesja framleiðir raforku ódýrar en aðrar virkjanir sem fyrir eru og þær sem í starfi eru í dag, að meðtalinni virkjun á Nesjavöllum. Hún nýtir orkulindina betur en nokkur núverandi virkjana. Og það sem hæstv. iðnrh. taldi að hefði nýlega komið fram en er löngu komið fram og hefur verið fyrirliggjandi frá upphafi, er að hún kemur í stað eldri virkjunar sem er að úreldast og verða allt of dýr og afskaplega lítt umhverfisvæn.

Það er síðan merkilegt, herra forseti, að á tímabilinu hefur komið í ljós að Landsvirkjun skortir orku til að eiga viðskipti við sína stærstu og bestu viðskiptavini. Hún er á fullu að undirbúa sínar eigin virkjanir en samt sem áður hefur ekki náðst samningur, samrekstrarsamningur sem kallaður er, milli Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja. Allan þennan tíma, herra forseti, hefur umsókn Hitaveitu Suðurnesja í þessu formi eða fyrra formi legið fyrir og samstarf hennar við Orkustofnun um undirbúning þessarar virkjunar er miklu eldra en ráðherrann í embætti og var allan tímann vitað af öllum sem um þetta fjalla.

[10:59]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að hefja máls á þessu mikilvæga máli. Það er kunnara en frá þurfi að segja að Hitaveita Suðurnesja hefur stefnt að því að auka við virkjunarkost sinn í Svartsengi í langan tíma og kannað bak við tjöldin hvernig

best væri að því staðið í samræðum við Orkustofnun, Landsvirkjun og ráðuneyti. Skýringin á því að þessar umsóknir komu ekki fyrr er að umræður og viðræður í kerfinu taka ótrúlega langan tíma.

Það er alveg rétt sem komið hefur fram hér að viðbrögð Landsvirkjunar hafa verið afskaplega neikvæð og þar hafa menn litið í raun á Hitaveitu Suðurnesja sem samkeppnisaðila á hinum almenna markaði í orkusölu.

Það er náttúrlega mjög slæmt þegar einokunarfyrirtæki eins og Landsvirkjun geta haldið niðri eðlilegri stækkun á mjög öflugri og mikilvægri veitu eins og Hitaveita Suðurnesja er sem hefur markvisst getað byggt upp alveg ótrúlega sterka stöðu og náð, eins og komið hefur fram, samstarfi við nágrannasveitarfélög þannig að í dag er að verða þarna til ein öflugasta virkjun og veita landsmanna. Mér finnst það ekki stórmannlegt af hæstv. ráðherra að tína til bréf sem hafa komið á þessum eða hinum tímanum. Það er ekki allur sannleikurinn í málinu.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka nú á þessu máli með föstum tökum og knýja það í gegn. Það er ljóst að það gagnast ekki eingöngu öllum raforkunotendum hér heldur einnig þeirri ósk allra landsmanna að reyna að vernda náttúruperlur á hálendinu eins og kostur er.

[11:01]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að hreyfa þessu máli. Ég vil einnig gagnrýna harðlega viðbrögð hæstv. ráðherra. Mér fannst þau ekki sanngjörn í garð þingmannsins vegna þess að hér er bersýnilega um að ræða mál sem þarf að ræða í þessari stofnun og ég teldi reyndar eðlilegast að þetta mál yrði rætt mjög rækilega í hv. iðnn. Þetta er þannig mál. Þetta er hluti af raforkukerfismálunum í heild, orkuframleiðslumálunum í heild. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að á málefni Hitaveitu Suðurnesja er ekki hægt að horfa eingöngu út frá hagsmunum þeirrar veitu. Það er algerlega fráleitt að setja hlutina þannig upp, ef það er ekki beinlínis háskalegt fyrir okkar raforkukerfi í heild.

Ég tel hins vegar að nauðsynlegt sé að ítreka og benda á í þessari umræðu að raforkukerfi okkar og raforkuframleiðslukerfi landsmanna er í ógöngum eins og er. Það er að brotna niður. Það eru endalausar árásir uppi á Landsvirkjunarkerfið, oft afskaplega ósanngjarnar árásir, árásir sem að nokkru leyti byggjast á því að menn vilja fá að nota þá kosti sem þeir eru með burt séð frá því hvað tekur svo við. Veruleikinn er auðvitað sá að Landsvirkjun er með feikilega miklar félagslegar jöfnunarskyldur á sér og áður en við tökum ákvörðun um að hleypa öðrum aðilum að í stórum stíl, þá verðum við að sjá fram úr því hverjir eiga að axla þessar byrðar, hverjir eiga að bera þessar skyldur sem jöfnunarkerfið og lög landsins leggja á Landsvirkjun. Við höfum ekki séð í gegnum það mál.

Hins vegar, eins og ég segi, herra forseti, er þetta kerfi að brotna niður. Villinganesvirkjun er að fara af stað. Það hefur verið gerður samningur um Nesjavallavirkjun. Það er því augljóst mál að kerfið er að brotna niður og þá á auðvitað að semja líka við Hitaveitu Suðurnesja og svara þeirra bréfum. Ég tel að staðan sé þannig núna að eðlilegast væri að hæstv. iðnrh. gæfi Hitaveitu Suðurnesja kost á sams konar samningi og Hitaveita Reykjavíkur fékk. En ég óttast að það sé ekki það sem Hitaveita Suðurnesja er að fara fram á, heldur það að hún geti með nýrri orku sótt inn á nýjan markað og jafnvel gamlan markað sem Landvirkjun hefur haft og þar held ég að vandinn liggi.

[11:04]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég tel gott að þessu máli er hreyft. Það liggur á að afgreiða leyfi til raforkuframleiðslu á 30 megavöttum til Hitaveitu Suðurnesja.

Ég vil segja það almennt að nýta á hagkvæmustu kosti til raforkuframleiðslu á landinu, einnig þá kosti sem minnstri röskun valda á umhverfi. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli og ég hvet hæstv. iðnrh. til að sjá til þess að afgreiða þetta leyfi hið fyrsta vegna þess að það er alvarlegur raforkuskortur í landinu, og sem fulltrúi jafnaðarmanna í iðnn. ítreka ég það, hæstv. iðnrh., að ég hvet til þess að þetta mál verði afgreitt hið fyrsta.

[11:05]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Reykn. fyrir að taka þetta mál upp utan dagskrár. Þetta er ákaflega heitt mál á Suðurnesjum og ég tel að sú ágæta umræða sem hér hefur farið fram muni geta varpað ljósi á málið og gert það skýrara auk þess sem hún getur rekið á eftir að úr málinu leysist.

Hitaveita Suðurnesja er óskabarn okkar Suðurnesjamanna og við Suðurnesjamenn erum ákaflega stoltir af fyrirtækinu og öllum þeim framkvæmdum sem Hitaveitan hefur staðið fyrir og hafa verið til mikillar fyrirmyndar. Nú eru þeir með það á prjónunum að reisa gufuaflsvirkjun upp á 30 megavött, ákaflega hagkvæman kost og hann er hagkvæmur að allra dómi.

Það fara fram viðræður við Landsvirkjun um hvernig samskiptum við Hitaveitu Suðurnesja verður háttað í framtíðinni. Hæstv. iðnrh. hefur bent á að það sé fyrst og fremst á því sem standi, þ.e. að þessar viðræður hafa ekki gengið sem skyldi og ég vildi hvetja hæstv. ráðherra til að beita áhrifum sínum sem iðnrh. til að þær viðræður geti gengið betur. Hæstv. ráðherra hlýtur að geta haft töluverð áhrif á gang þeirra mála.

Ég vona að þetta endi með því að þetta leyfi fáist til Hitaveitu Suðurnesja þannig að hún geti nýtt þennan hagkvæma kost landi og þjóð til heilla. Ég vil benda á að fordæmið er fengið frá Hitaveitu Reykjavíkur og Nesjavallavirkjun. Það þarf ekkert að deila um það. Það er best að feta í þau fótspor.

[11:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka þátt þingmanna í þessari umræðu, hún var þörf. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að leysa þarf jöfnunarþáttinn varðandi raforkumálin og að frjálsræðið eitt leysir engan vanda.

Ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti hafa sett fram stefnu um frjálsræði og samkeppni en orð og athafnir fara ekki saman í þessu máli fremur en öðrum. Afskaplega var svar hæstv. ráðherra, herra forseti, ræfilslegt. Það segir allt um af hverju málið er komið inn á Alþingi. Hér er á ferðinni stefnuleysi og það að málinu hefur verið vísað frá Heródesi til Pílatusar.

Áburður á mig um að ég þekki ekki málsatvik og hafi ekki kynnt mér gögn er úr lausu lofti gripið. Ég er hér með fullkomið yfirlit yfir öll samskipti Hitaveitu Suðurnesja við ráðuneytið, við alla aðila og það er hægt að lesa þar hvernig málið hefur þvælst á milli staða. Það sem blasir við eftir þessa umræðu, herra forseti, er það að ráðherranum hefur

hentað að vísa málinu á Orkustofnun eða yfir á aðra aðila. Þannig hefur það gengið fyrir sig að málið hefur þvælst í þrjú ár.

Herra forseti. Á sama tíma og Landsvirkjun skerðir orku til Ísals og Íslenska járnblendifélagsins hefur Hitaveita Suðurnesja ekki fengið afgreiðslu á sínum málum. Það mundi borga sig fyrir hana að virkja þó ekki væri nema vegna þeirra 80 gígavattstunda sem keyptar eru af Landsvirkjun. En ég tek undir að þessi mál þarf að skoða í heild en ekki láta þau dankast með þeim hætti sem gert hefur verið. Vegna þess að framleiðsluverð er ódýrt frá þessari virkjun og vegna þess að öll virkjunaráform á hálendinu eru í uppnámi og þjóðin vill að þau verði skoðuð.

Herra forseti. Ég læt mér í léttu rúmi liggja þó að svör ráðherrans séu þau að reyna að ata þá sem hér stendur auri fyrir vond vinnubrögð og kynna sér ekki gögn. Það er ekki málefnalegt og hittir ráðherrann sjálfan fyrir.

[11:10]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Fyrri ræða hv. 5. þm. Reykn., Rannveigar Guðmundsdóttur, gekk fyrst og fremst út á það að gera athugasemdir og vera með ásakanir um óeðlilega stjórnsýslu ráðuneytisins. Ég var að svara því. (**RG:** Hún er það.) Það er hins vegar mjög óeðlilegt, þegar ég átta mig á því og hv. þm. veifar öllum þeim bréfaskriftum sem orðið hafa milli ráðuneytisins og Hitaveitu Suðurnesja, að hv. þm. skuli ekki hafa kynnt sér þau gögn. Ég fór yfir það áðan hvernig þau samskipti væru og þau eru í eðlilegum og löglegum farvegi og er ekki hægt að gera neinar athugasemdir við það.

En af því að hv. þm. og fleiri þingmenn hafa spurt um hver stefnan væri, þá er það svo að hér hefur verið lögð fram af hálfu ríkisstjórnarinnar þáltill. um að innleiða í áföngum samkeppni í orkugeira. Sú tillaga fékk efnislega umfjöllun á Alþingi, var reyndar ekki afgreidd en var efnislega til umfjöllunar bæði í þinginu og í hv. iðnn. þingsins. Og ég met það svo að við þá þáltill. sé talsvert mikill stuðningur.

Hins vegar munum við eftir áramót leggja fyrir nýtt frv. til laga um raforkulög sem gera ráð fyrir því að innleiða samkeppni í áföngum í raforkugeirann á Íslandi. En á meðan gildandi lög eru eins og lögin um Landsvirkjun og orkulögin, þá er ekki hægt að ætlast til þess af ráðherra að hann gefi út virkjunarleyfi til fyrirtækis skorti hann til þess lagaheimildir. Eða er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir að óska eftir slíku?

Varðandi orkuskortinn er það svo að þegar Sultartangavirkjun verður tilbúin verða 200 gígavattstundir umfram í kerfinu og til þess að við getum nýtt þær 200 gígavattstundir eða tekið inn nýja virkjunarkosti, þá þurfum við að hafa samninga um stóriðju eða annan orkufrekan iðnað. Kannski verður virkjunarleyfið fyrir Hitaveitu Suðurnesjað að byggjast á því að menn hafi orkufrekan kaupanda. Nú hefur þessi sami hv. þm. og hreyfir þessari umræðu í þinginu, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, gengið fremst í flokki þingmanna sem vilja undirrita Kyoto-bókunina strax. (Gripið fram í.) Sem þýðir með öðrum orðum að þá verður ekki um frekari orkufreka iðnaðarbyggingu (Gripið fram í.) á Íslandi að ræða. Sem þýðir líka það að menn þurfa þá ekki á þessum virkjunum að halda. (Gripið fram í.) Það er tvískinningur af hv. þm. að ganga fram með þeim hætti sem hún hefur gert hér.

[11:12]

Útbýting þingskjals:

Vegabréf, 231. mál, brtt. SP, þskj. 504.

Gagnagrunnur á heilbrigðissviði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 109. mál. — Þskj. 461, frhnál. 480 og 490, brtt. 403,7–8, 417 og 481, till. til rökst. dagskrár 492.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:27]

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 492 felld með 37:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

5 þm. (GE, HjálmJ, LMR, ÓÖH, SvanJ) fjarstaddir.

9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:17]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Nú er að koma til atkvæða tillaga formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar um að vísa gagnagrunnsfrv. frá með rökstuddri dagskrá. Ástæður þess eru að frv. er ekki hæft til afgreiðslu á hinu háa Alþingi og þess vegna hafa fulltrúar jafnaðarmanna í heilbr.- og trn. jafnframt dregið brtt. sínar til baka.

Málið er mjög umdeilt og fjölmennir hópar innan vísindasamfélagsins og heilbrigðisþjónustunnar hafa lagst gegn því af mikilli alvöru og með sterkum rökum. Frv. var breytt í veigamiklum atriðum á milli 2. og 3. umr. og var ekki gefinn kostur á eðlilegri þinglegri meðferð. Slíkt er nær einsdæmi.

Herra forseti. Lögfesting frv. mun kalla á málaferli hérlendis og erlendis og leiða til átaka og tjóns í heilbrigðiskerfinu. Það er fullkomið ábyrgðarleysi að afgreiða svo mikilvæga löggjöf í algeru ósætti í samfélaginu og virða að vettugi allar viðvaranir um alvarlegar afleiðingar fyrirhugaðrar lagasetningar.

[11:18]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þetta mál hefur fengið gífurlega mikla umfjöllun bæði í þinginu og í heilbr.- og trn., góða og mikla umfjöllun. Það er ekki rétt að illa hafi verið staðið að málum. Það er alrangt og ég vísa því á bug. Hér er um framfaramál að ræða og því hefur ekki verið breytt í neinum grundvallaratriðum. Það hafa verið gerðar á því brtt. sem eru allar til bóta. Ég segi því nei.

[11:19]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegur forseti. Sú frávísunartillaga sem lögð er fram af hálfu stjórnarandstöðunnar byggir að mínu mati á algerlega röngum fullyrðingum. Ástæða er til að ítreka enn og aftur hversu ítarlega meðferð þetta frv. hefur fengið á hinu háa Alþingi. Málið var lagt fyrir þingið sl. vor, í því var unnið í sumar og gerðar á því miklar breytingar, m.a. eftir ábendingum tölvunefndar. Um það hefur verið fjallað í heilbr.- og trn. á ótalmörgum fundum með tugum umsagna og gesta. Þessar staðreyndir tala sínu máli.

Nú liggur líka fyrir að á þinginu hefur alls 61 ræðumaður tjáð sig um gagnagrunnsfrv. en umræðan með andsvörum og

atkvæðagreiðslum hefur staðið yfir alls í tæplega 54 klukkustundir. Ætlar stjórnarandstaðan síðan að halda því fram að ekki hafi öll sjónarmið komist að í þessu máli?

Virðulegi forseti. Við erum að stíga stórt skref. Hér er um framfaramál að ræða sem við eigum að samþykkja. Ég segi nei.

[11:20]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Þetta mál er dæmi um vinnubrögð sem ættu að heyra til liðinni tíð. Hagsmunum fjöldans er kastað fyrir róða en þeir fáu útvöldu fá sínu framgengt hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Einkaréttur á einu mest vaxandi sviði atvinnulífsins, líftækniiðnaðarins, er brjálæði og það er andstætt heilbrigðum viðskiptaháttum. Persónuvernd Íslendinga er ógnað hastarlega með þessu máli auk þess sem ríkisstjórnin hefur beitt minni hlutann í heilbr.- og trn. valdníðslu og komið í veg fyrir lýðræðisleg vinnubrögð í nefndinni.

Málinu á að vísa til föðurhúsanna, herra forseti, og ég segi því já.

[11:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þingflokkur óháðra leggur til að þessu umdeilda máli verði vísað frá og koma röksemdir okkar fram í frávísunartillögunni. Þingflokkur óháðra stóð að frávísunartillögu í lok 2. umr. um málið enda er sjálf grunnhugmyndin, að gefa fyrirtæki einkarétt á heilsufarsupplýsingum íslensku þjóðarinnar til að versla með, algerlega óásættanleg. En á það ber að leggja áherslu að jafnframt höfum við, þingflokkur óháðra, lagt fram tillögu um aðra og farsælli lausn á málinu, lausn sem að dómi vísindamanna, að dómi lækna, að dómi samtaka sjúklinga, sérfræðinga í upplýsingatækni, mannréttindasamtaka, sem að dómi allra þessara aðila er til þess fallin að gæta persónuverndar, auðvelda rannsóknir og stuðla að framförum á sviði lækninga, lausn sem er án þröskulda fyrir vísindamenn en virðir jafnframt sjálfsögð mannréttindi. Það gerir frv. ríkisstjórnarinnar ekki. Þess vegna ber að hafna því og velja þann valkost, þá lausn sem sátt er um í þjóðfélagi okkar og á meðal erlendra þjóða.

Hér vísa ég til þáltill. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og annarra þingmanna óháðra um dreifða gagnagrunna. Þingflokkur óháðra stendur einhuga að baki þeirri afstöðu stjórnarandstöðunnar að vísa frv. ríkisstjórnarinnar frá.

[11:22]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Lögfesting þessa frv. mun að öllum líkindum leiða til átaka og tjóns í heilbrigðiskerfinu og er ákaflega óskynsamlegt uppátæki hjá hæstv. ríkisstjórn og er þó af ýmsu að taka.

Íslensk þjóð í einum pakka með einkaleyfisslaufu er ömurleg jólagjöf stjórnarflokkanna til landsmanna. Ég segi að sjálfsögðu já við að vísa þessu máli frá.

[11:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þetta er nöturleg stund í þingsögunni. Ríkisstjórn og þingmeirihluti hafa neitað að hlusta á rök í málinu, rök stjórnarandstöðu, rök vísindasamfélagsins, rök þeirra sem beðnir voru um álit á þessu máli. Þeir hafa enn fremur neitað að ræða efnisatriði málsins, neitað að ræða aðrar leiðir, m.a. aðrar tillögur sem þingmenn jafnaðarmanna hafa flutt í málinu. Þeir hafa hreinlega neitað. Það er ekkert við þetta mál annað að gera en senda það ódulkóðað til baka á stjórnarheimilið. Því segi ég já.

[11:24]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Meðferð málsins í heilbr.- og trn. milli 2. og 3. umr. er ein út af fyrir sig næg ástæða til að vísa málinu frá. Þar var minni hlutanum sýnd slík framkoma og beitt gerræði gagnvart þingræðinu og þingsköpunum að það er ólíðandi.

Í öðru lagi er ljóst að afgreiðsla frv. nú mun kalla á stórfelld átök í íslenska heilbrigðiskerfinu á næstu mánuðum og missirum og óskynsamlegt er að efna til þeirra átaka.

Í þriðja lagi er greinilegt samkvæmt upplýsingum sem eru traustar og áreiðanlegar að yfirvofandi eru stórfelld málaferli út af þessu máli þegar það er orðið að lögum eins og allt bendir til.

Í fjórða lagi var bætt við málið og því breytt með mjög mikilvægum þáttum milli 2. og 3. umr. þar sem erfðaþættir voru teknir inn í frv. og í rauninni var um að ræða algerlega nýtt mál. Þessi siðlausu og gerræðislegu vinnubrögð eru fráleit, herra forseti, og það er niðurlæging fyrir þingræðið að afgreiða málið eins og það lítur út núna. Þess vegna segi ég já við því að vísa málinu frá og helst langt í burtu.

[11:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta mál er alls ekki fullunnið, reyndar hálfunnið. Fjölmörg atriði hefðu þurft nánari athugunar við eins og brtt. okkar jafnaðarmanna við 2. umr. sýna og nál. sem fylgdi þeim. Gerræðisleg vinnubrögð í nefndinni sem fræg eru orðin komu í veg fyrir það og því styð ég heils hugar tillöguna um að vísa málinu frá. Ég segi já.

Brtt. 403,7–8 kölluð aftur.
Brtt. 417 kölluð aftur.

Brtt. 481,1 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (FI, GE, HjálmJ, LMR, ÓÖH, RG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 481,2 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, FI, GE, HjálmJ, LMR, ÓÖH, RG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 481,3 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, FI, GE, HjálmJ, LMR, ÓÖH, RG, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 481,4 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GE, HjálmJ, LMR, ÓÖH, RG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 481,5 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GE, HjálmJ, LMR, ÓÖH, RG, SvanJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 37:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÓE, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, JHall, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KHG.

nei: KÁ, KH, LB, MF, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, ÞHS, BH, EOK, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, RA.

6 þm. (LMR, ÓÖH, RG, SvanJ, GE, HjálmJ) fjarstaddir.

17 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta dapurlega mál er nú að koma til lokaafgreiðslu. Málatilbúnaður er allur þannig að augljóst er að málið er ótækt til afgreiðslu hversu sterkt sem menn kjósa að taka til orða í þeim efnum, allt frá því að hér sé á ferðinni minni háttar mál og upp í það að um sé að ræða um stórfelldan álitshnekki fyrir þjóðina út á við, alþjóðlegan skandal.

Vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta eru stórlega ámælisverð. Hér hefur verið beitt ofbeldi, bæði í þinginu og af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur verið sýnd sérstök og óvenjuleg harka í að knýja þetta forgangsmál, sérstaka gæluverkefni ríkisstjórnarinnar, áfram. Um málið er logandi ágreiningur úti í þjóðfélaginu og hörð andstaða er við það hjá þeim sem eiga að standa að framkvæmd málsins ef af verður, þar á meðal að leggja til upplýsingar í hinn miðlæga gagnagrunn.

Sú hugsun að ætla að færa einu einkafyrirtæki með erlenda áhættufjárfesta á bak við sig einkarétt á því að græða á heilsufars- og erfðaupplýsingum þjóðarinnar er vægast sagt ógeðfelld, herra forseti. Ég segi nei.

[11:32]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni einstakt mál sem markar tímamót. Deilur um gagnagrunnsfrv. mega ekki og eiga ekki að bregða skugga á störf fjölmargra íslenskra vísindamanna sem vinna að rannsóknum á öðrum vettvangi.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. voru nauðsynlegar og tryggja öryggi í framkvæmd laga um miðlægan gagnagrunn. Það skipulag sem lögin gera ráð fyrir á að geta aukið öryggi í meðferð sjúkraskýrslna og ákvæði um einkarétt er að mínu mati forsvaranlegt við þær aðstæður sem Íslensk erfðagreining hefur fært okkur upp í hendurnar.

Nú þegar niðurstaða er fengin skiptir öllu máli að ná sáttum við lækna og aðra vísindamenn sem verða að virða þá niðurstöðu sem af lögum leiðir. Ég styð frv.

[11:33]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hér er að ljúka afgreiðslu í miklum ágreiningi um eitt stærsta mál þjóðarinnar. Það er bjargföst trú mín að með þessu máli verði lagður hornsteinn að miklum framförum á sviði heilbrigðisþjónustu og vísinda. Því segi ég já.

[11:33]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég lýsi ánægju með það að frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði er komið til lokaafgreiðslu. Það hefur aldrei leikið nokkur vafi á því í mínum huga að þetta mál er óvenjulegt og það byggir á djörfum hugmyndum. Ég sé hins vegar ekki þær hættur sem andstæðingar málsins hafa haft mörg orð um í umræðunni. Persónuvernd er tryggð. Aðgengi vísindamanna almennt að upplýsingum innan heilbrigðiskerfisins verður betra. Sérleyfið er umdeilanlegasti þáttur málsins en réttlætanlegt vegna kostnaðar og vegna þeirrar þjónustu sem verðandi sérleyfishafi mun veita stjórnvöldum. Ég tel rétt að setja þessi lög og þar með að opna fyrir nýtingu á sjúkraupplýsingum til framfara á heilbrigðissviði til að bæta heilsu einstaklinga og heilbrigðisþjónustuna. Ég segi já.

[11:35]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það verður erfitt að fyrirgefa þingmönnum stjórnarmeirihlutans á þeirri forsendu að þeir viti ekki hvað þeir gjöri. Um þetta mál hafa alþingismönnum borist yfirlýsingar og ábendingar frá samtökum vísindamanna og frá mannréttindasamtökum, bæði hér á landi og utan úr heimi. Þessar yfirlýsingar hafa verið studdar gildum rökum og eru á einn veg. Allir þessir aðilar eru andvígir þessu frv.

Það ræddi við mig maður í morgun og sagði að ríkisstjórn og Alþingi væru að taka sér vald sem því ekki bæri siðferðilegur réttur til. Undir þetta tek ég og greiði atkvæði gegn þessu frv.

En þetta eru ekki mín síðustu orð um þessi lög sem byggja á skammsýni og grunnhyggni og því miður einnig græðgi. En hvað peningana snertir þá vekur það furðu hve auðvelt virðist að slá ryki í augu þeirrar ríkisstjórnar sem nú stýrir landi okkar, þeirrar sem á að gæta hagsmuna almennings. Hún er að kaupa norðurljósin og telur sig hafa himin höndum tekið. Já, mikil er trú þín, hæstv. forsrh.

En ég vil óska sama ráðherra til hamingju með Framsfl. Til að gleðja hann þarf ekki mikið, ekki annað en fallega ól um hálsinn. Ég segi nei.

[11:36]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ríkisstjórnin og aðrir stjórnarþingmenn eru ábyrgir fyrir afskaplega slæmum vinnubrögðum. Það var engin raunveruleg tilraun gerð til að sætta mismunandi sjónarmið.

Ég hef í umfjöllun þessa máls lagt mig fram um að reyna að leita sátta með margvíslegum tillögum. Það var algerlega lagst gegn öllum þeim hugmyndum og málið keyrt áfram í ósætti við vísindasamfélagið og heilbrigðisjónustuna. Ég get ekki stutt þessa afgreiðslu og segi nei.

[11:37]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta mál er meingallað og vissulega ekki fullunnið. Frekari breytingar hefði þurft til þess að nokkur sátt næðist um þetta mál. Yfirgangurinn innan heilbr.- og trn. í lokavinnslu málsins kom í veg fyrir að það fengi frekari vinnslu í nefndinni. Ábyrgðina á málínu í þessum búningi ber ríkisstjórnin alfarið. Ég segi nei.

[11:38]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er komið að úrslitastundu í einu umdeildasta máli sem komið hefur fyrir Alþingi á síðustu árum. Ekki aðeins hefur verið hart deilt um þetta mál innan þessara veggja. Þær deilur eru smámunir miðað við þær óeirðir sem málið og framganga ríkisstjórnarinnar í því hafa skapað á meðal vísindamanna innan lands og utan. Og þær eru rétt að byrja, herra forseti. Ríkisstjórnin hyglir þeim sem henni hentar, í þetta sinn með einkarétti, og vílar ekki fyrir sér að fara þvert gegn vilja vísindamanna, læknastéttarinnar, tölvunefndar, sérfræðinga innan lands og utan, sjúklingahópa og svona mætti lengi telja, herra forseti.

Þetta mál er siðleysa frá upphafi til enda og megi ábyrgð á þeirri hneisu sem hér er að eiga sér stað hvíla á þeim sem málið styðja. Ég segi nei og aftur nei, herra forseti.

[11:40]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. hafði á upphafsreit yfir sér áru framsækni á sviði þekkingarsköpunar og heilbrigðisþjónustu þrátt fyrir alveg skýra galla. Nú er ljóst að á málinu eru enn þá stórbrotnir ágallar og jafnvel meiri en á upphafsreit. Þar eru helstir einkaleyfið, ófullnægjandi aðgangur vísindamanna, samkeyrsla heilsufarsupplýsinga, ættfræðiupplýsinga og erfðaupplýsinga með tilheyrandi ógnun við persónuvernd og siðareglur, ófullnægjandi útfærsla og aðkoma sjónarmiða vísindasiðanefnda. Allir þessir annmarkar birtast m.a. í efasemdum tölvunefndar, Samkeppnisstofnunar, Rannsóknarráðs, Mannréttindaskrifstofunnar og Lagastofnunar um að grunnurinn standist viðurkenndar reglur um persónuvernd, vísindafrelsi og samkeppnisákvæði EES-samningsins. Auk efnislegra vankanta voru vinnubrögð heilbr.- og trn. á milli 2. og 3. umr. fyrir neðan virðingu Alþingis og umræðan síðustu daga hefur einkennst af blekkingum og utanaðkomandi þrýstingi.

Að síðustu sýnir andstaða vísindamanna og lækna að nauðsynleg sátt ríkir ekki um þetta mál og því er það í algeru uppnámi. Ég harma að málið skuli hafa farið svona og segi nei.

[11:42]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er verið að lögfesta er skólabókardæmi um það hvernig ekki á að standa að lagasetningu. Fyrirtæki sem afhenda á einkarétt á heilsufars- og erfðaupplýsingum íslensku þjóðarinnar mótaði frv. í upphafi og fulltrúar þess hafa verið aðaltalsmenn málsins gagnvart almenningi. Með þessu frv. eru virt að vettugi grundvallarréttindi almennings, mannhelgi og persónuvernd. Réttur vísindamanna til rannsókna verður takmarkaður samkvæmt frv. og þeir háðir duttlungum og hagsmunum rekstrarleyfishafa. Hér er verið að innleiða ólög sem þrengja að frelsi til rannsókna, ganga gegn grundvallarrétti einstaklinga og varpa dimmum skugga á nafn Íslands á alþjóðavettvangi. Ég segi nei og aftur nei við þessari gerræðislegu lagasetningu.

[11:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Verði þetta frv. að lögum verður safnað saman í einn miðlægan gagnagrunn upplýsingum um heilsufar, ættir og erfðamengi Íslendinga og þær afhentar einkaleyfishafa til 12 ára. Það yrði hvergi leyft á byggðu bóli nema hér vegna þess hve viðkvæmar upplýsingar er um að ræða. Það er hvorki skilgreint hvað á að fara inn í grunninn né hvað má ekki fara inn í hann. Það er heldur hvorki skilgreint hvað má selja út úr grunninum né hverjum og það er rangt að það sé tryggt að ekki verði hægt að nota upplýsingar úr grunninum til að mismuna fólki.

Íslenska vísindasamfélagið er afar ósátt við þetta mál og því alls óvíst hvort grunnurinn verður nokkurn tíma barn í brók ef neitað verður að láta upplýsingar af hendi. Erlendir vísindamenn eiga ekki orð yfir því hve gáleysislega íslensk stjórnvöld ganga um hinn viðkvæma heim erfðavísindanna.

Við erum hér að afgreiða mál sem snertir vísindalegar, lagalegar og siðferðilegar spurningar af allra alvarlegasta tagi. Þetta mál hefði þurft miklu meiri tíma og það hefði átt að skoða aðrar leiðir. Því miður mun Alþingi hafa bæði skömm og skaða af þessu máli. Ég segi nei.

[11:45]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þrátt fyrir mikla umræðu er enn mörgu ósvarað um grundvallaratriði þessa máls. En nægilega mikið liggur þó fyrir að ég tel mig geta tekið upplýsta og óþvingaða afstöðu svo notuð séu margtuggin orð úr umræðu undanfarinna vikna og mánaða. Niðurstaða mín byggist á grundvallaratriðum málsins.

Ég er andvíg því að pakka heilsufarsupplýsingum og ættfræði- og erfðafræðiupplýsingum gervallra landsmanna inn í einn miðlægan gagnagrunn. Og ég er algerlega andvíg því að fela slíkan fjársjóð í vörslu einkafyrirtækis með einkaleyfi til 12 ára. Rökin gegn samþykkt þessa frv. eru að öðru leyti svo mörg að þau verða ekki tíunduð í stuttri atkvæðaskýringu en þau varða bæði lögfræðileg, félagsleg og siðfræðileg álitaefni og þau lúta einnig að því að markmiðum frv. má ná með öðrum hætti. Það atriði hefur ekki fengið neina umfjöllun á hv. Alþingi. Það er svo hins vegar ljóst að áformaður gagnagrunnur verður bæði bjagaður og gagnslaus ef reynt er að koma honum á í bullandi andstöðu við stóran hluta íslensks vísindasamfélags auk þess sem líkur benda til að talsverður fjöldi landsmanna hafni því að upplýsingar verði færðar inn í þennan grunn. Ég segi nei við samþykkt þessa frv.

[11:46]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Með samþykkt þessa frv. er brotið í blað í söfnun upplýsinga um heilsu fólks og möguleikum til að bæta hana með markvissum rannsóknum, rannsóknum sem ekki hafa verið mögulegar með jafnskipulögðum hætti áður, og er samþykkt þessa frv. því heimssögulegur viðburður.

Allir gera sér grein fyrir því að þær upplýsingar sem verða á þessum gagnagrunni eru viðkvæmar. Þess vegna er aðgangur að grunninum undir nákvæmu eftirliti tölvunefndar og sérstakrar vísindasiðanefndar. Samþykkt frv. á því að verða almenningi til hagsbóta og vísindunum til framdráttar. Ég segi já.

[11:48]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hef verið jákvæður gagnvart hugmyndinni um starfrækslu miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði. Ég taldi jafnvel koma til greina að aflétta ströngustu ákvæðunum um persónuvernd í þágu framfara í heilbrigðismálum ekki síst í þágu hagsmuna þeirra sem upplýsingarnar veita. Eins og frv. er úr garði gert er það hins vegar í hæsta máta ámælisvert.

Í fyrsta lagi hefur ekki fengist svar við spurningunni um hvað á að selja sem sé svo verðmætt að fjárfestar séu reiðubúnir að leggja fram 20 þús. millj. kr. Í öðru lagi á að gera upplýsingar um arfgerð og ættartengsl aðgengilegar fyrir starfrækslu gagnagrunnsins. Í þriðja lagi stenst úthlutun einkaleyfis ekki fjölþjóðasáttmála sem hafa lagagildi, virðulegi forseti. Ég segi því nei.

[11:49]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Hér er á ferðinni þarft og gott framfaramál sem hefur fengið vandaða og ítarlega umfjöllun á Alþingi. Samþykkt frv. mun styrkja heilbrigðiskerfið og stórefla rannsóknar- og vísindastarf í landinu. Ég segi já.

[11:50]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er um framfaramál að ræða. Stjórnvöld gefa tækifæri á að upp verði settur miðlægur gagnagrunnur með heilsufarsupplýsingum sem er þannig úr garði gerður að persónuvernd er tryggð. Gagnagrunninn á að nota til að bæta heilsu og heilbrigðisþjónustu.

Við gefum tækifærið. Í framhaldinu verður það í höndum þess aðila sem fær rekstrarleyfið að nýta þetta tækifæri, setja upp grunninn á næstu árum og nýta hann með vísindamönnum okkur öllum til hagsbóta. Ég segi því já. (**ÖJ:** Það gleymdist að geta um vandaða umfjöllun.)

[11:51]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég segja það að í umræðum og gögnum málsins hefur komið skýrt fram að frv. var ekki gerbreytt milli 2. og 3. umr. þannig að þeir hv. þm. sem hafa áður verið jákvæðir í þessu máli geta ekki haft það sem afsökun fyrir breyttri afstöðu sinni.

Ég hef áður sagt í umræðum um þetta frv. að miðlægur gagnagrunnur getur orðið öflugt tæki til vísindarannsókna og geti skilað mikilli læknisfræðilegri þekkingu. Sú þekking mun nýtast til skilnings á eðli og umfangi sjúkdóma, gefa vísbendingar um nýjar leiðir til lækninga og varna og getur orðið öflugt tæki til að meta árangur og kostnað í heilbrigðiskerfinu. Það er trú mín að þetta mál eigi eftir að verða afar mikilvægt fyrir íslenskt þjóðfélag. Því segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 508).

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 114. mál (refsiábyrgð lögaðila). — Þskj. 412.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:53]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

9 þm. (DO, EgJ, GE, HjálmJ, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 509).

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 115. mál (mútur til opinbers starfsmanns). — Þskj. 115.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:54]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.

11 þm. (DO, GE, HjálmJ, KH, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 510).

Refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslu til opinbers starfsmanns, frh. 3. umr.

Stjfrv., 116. mál. — Þskj. 116.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:54]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.

11 þm. (DO, GE, HjálmJ, IP, LMR, ÓÖH, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 511).

Framkvæmdasjóður Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 123. mál (afnám laga). — Þskj. 123.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:55]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.
7 þm. (DO, GE, LMR, ÓÖH, RG, SighB, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 512).

Mannanöfn og hjúskaparlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 134. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:56]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.
7 þm. (DO, GE, IP, LMR, ÓÖH, RG, SighB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 513).

Leiklistarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 146. mál (heildarlög). — Þskj. 411.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:57]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj*, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, HG, JóhS, KH, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (DO, GE, ÍGP, LMR, ÓÖH, RG, SighB) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:56]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við umfjöllun um frv. til leiklistarlaga hefur ekkert það komið fram sem hefur sannfært mig um að þær breytingar sem hér eru lagðar til styrki leiklistina í landinu. Þvert á móti. Ég lít svo á að sum ákvæðin geti reynst henni erfiður fjötur um fót, ekki síst þau að stuðningur ríkisins við grónar leiklistarstofnanir verður ekki lengur til staðar samkvæmt lögum og að við gerð samninga við leiklistarstofnanir muni því hvorki ráða vilji löggjafans né heldur er gerð krafa um faglegt mat. Slíkir samningar verða því í framtíðinni undirorpnir flokkspólitísku mati sitjandi menntmrh. Ábyrgð á slíkum ráðstöfunum hlýtur að vera ríkisstjórnarinnar. Ég vil a.m.k. ekki bera á þeim ábyrgð og greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 514).

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 176. mál (heildarlög). — Þskj. 419, brtt. 486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:59]
Brtt. 486 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
8 þm. (GE, GÁS, IP, LMR, ÓE, ÓÖH, RG, SighB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.
1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, IP, LMR, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SvG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 515).

Embættiskostnaður sóknarpresta, frh. 3. umr.

Stjfrv., 232. mál (samningur ríkis og kirkju). — Þskj. 259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:59]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EOK, GE, GÁS, IP, LMR, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 516).

Vegabréf, 3. umr.

Stjfrv., 231. mál (heildarlög). — Þskj. 463, brtt. 504.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:02]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 504. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

[12:02]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. við gildistökuákvæði frv. til laga um vegabréf. Þar er lagt til að gildistaka laganna verði 1. júní 1999 í stað 1. apríl 1999, eins og gert er ráð fyrir í frv. Er lagt til að gildistökunni verði frestað til að færi gefist á að ljúka nauðsynlegum undirbúningi vegna gildistöku laganna, en sá undirbúningur snýr m.a. að útgáfu tölvulesanlegra vegabréfa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1997, 2. umr.

Stjfrv., 3. mál (niðurstöðutölur ríkissjóðs). — Þskj. 3, nál. 487.

[12:05]

Frsm. fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1997.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun. Fellst hún á þær tillögur sem fram koma í frumvarpinu og leggur til að það verði samþykkt.

Undir álitið skrifa Jón Kristjánsson, Gísli S. Einarsson, með fyrirvara, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen, Kristinn H. Gunnarsson, Árni M. Mathiesen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara, Hjálmar Jónsson, Kristín Halldórsdóttir, með fyrirvara, og Arnbjörg Sveinsdóttir.

[12:06]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um eins konar afgreiðslufrv. að ræða og verið að loka fjárlagadæminu fyrir árið 1997. Við sem skipum minni hluta fjárln. skrifum undir þetta álit með fyrirvara, ekki af þeirri ástæðu að við höfum neitt sérstakt við þessa afgreiðslu að athuga. En það eru að sjálfsögðu stjórnarflokkarnir sem bera ábyrgð á þessu dæmi í heild og þess vegna höfum við þennan fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingalög, 2. umr.

Stjfrv., 122. mál (björgun). — Þskj. 122, nál. 441, brtt. 442.

[12:07]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 441 ásamt brtt. á þskj. 442 vegna frv. til laga um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á VIII. kafla siglingalaga, nr. 34/1985, um björgun. Í megindráttum felur frumvarpið í sér að björgunarreglur siglingalaga eru aðlagaðar björgunarsamningi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, (IMO) frá 28. apríl 1989.

Töluverðar umræður urðu í nefndinni um hugtakið björgun eins og það er skilgreint í a-lið 1. gr. frumvarpsins. Hugtakið björgun er skilgreint mun rýmra en í gildandi siglingalögum og með lögfestingu þess munu björgunarreglur siglingalaga t.d. ná til aðstoðar sem veitt er á stöðuvötnum og við björgun úr höfnum. Nefndin telur ekki ráðlegt að þrengja hugtakið frá því sem gert er í frumvarpinu — en það var eitt af því sem rætt var m.a. af ýmsum umsagnaraðilum — einkum þar sem ekki verða séð fyrir þau atvik sem geta gerst í framtíðinni og er þá umhverfistjón sérstaklega haft í huga. Þá bendir nefndin á að við björgun lausafjár úr höfnum og á vatnasvæðum er eðlilegt að hafa hliðsjón af reglum um óbeðinn erindisrekstur þegar björgunarlaun eru ákveðin.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum orðalagsbreytingum sem getið er á sérstöku þingskjali.

Hv. þingmenn Guðmundur Árni Stefánsson, Stefán Guðmundsson og Árni Johnsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. En auk formanns og frsm., þess sem hér stendur, skrifa undir nál. hv. þingmenn Egill Jónsson, Ragnar Arnalds, Magnús Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Kristján Pálsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, 2. umr.

Stjfrv., 322. mál. — Þskj. 389, nál. 493.

[12:09]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um afnám laga nr. 62/1984, um húsaleigu sem fylgir breytingum á vísitölu húsnæðiskostnaðar.

Nefndin leggur til að frv. þetta verði samþykkt óbreytt. Nefndin vill jafnframt beina því til ríkisstjórnarinnar að láta kanna í hve miklum mæli vísitölur eru enn við lýði sem greiðsluviðmið og leggur til að reynt verði að leggja til atlögu við slík viðmið eftir því sem rétt og eðlilegt þykir.

Þá vill nefndin beina því til félagsmálaráðherra að vel verði staðið að kynningu þeirrar breytingar sem frumvarpið felur í sér verði það að lögum og að stöðluðum eyðublöðum skv. 4. gr. húsaleigulaga verði breytt við gildistöku laganna til samræmis við efni þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norræni fjárfestingarbankinn, 2. umr.

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 333, nál. 491.

[12:11]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutafé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og hækka útlánaramma vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda. Þetta er að sjálfsögðu frá efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bolla Þór Bollason frá fjmrn. og leitaði einnig eftir umsögn frá Verðbréfaþingi Íslands.

Nefndin leggur til að þetta frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 228. mál (lífeyrissparnaður launamanns). — Þskj. 255, brtt. 485.

[12:12]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. frá mér og hv. þm. Ágústi Einarssyni vegna þessa máls.

Í 1. lið þessarar brtt. er gert ráð fyrir því að breytt verði um uppgjörsaðferð á skilum vegna lífeyrisiðgjalds, þ.e. viðbótariðgjalds sem er dregið frá skatti þegar greitt er í séreignarsjóði og heimilað er nú frá áramótum, 2%.

Eins og frv. var lagt fram var gert ráð fyrir því að þau 0,2% í tryggingagjaldi sem vinnuveitandi gat bætt ofan á framlag launþega, þ.e. að það yrði það gert mánaðarlega. En samkvæmt þessari brtt. er gert ráð fyrir því að þetta uppgjör gagnvart ríkinu verði einu sinni á ári en staðið verði skil á upphæðinni hins vegar mánaðarlega eða reglubundið.

Enn fremur er í 2. lið þessarar brtt. gerð tillaga um ákveðnar lagfæringar sem snúa fyrst og fremst að lífeyrissjóðum bankamanna og er þetta samkvæmt ósk þessara lífeyrissjóða.

[12:14]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að sú brtt. sem hv. þingmenn Vilhjálmur Egilsson og Ágúst Einarsson flytja sé til bóta í þessu máli, þ.e. að heimila það að þessi tryggingagjaldsfrádráttur sé gerður upp einu sinni á ári. Ég tel að það sé heldur betra og það einfaldi málið frekar.

Um málið að öðru leyti verð ég að segja að mér finnst þessi aðferð við tryggingagjaldið ekki góð. Ég er sammála Vinnuveitendasambandinu, Alþýðusambandinu og BSRB í því. Ég treysti mér því ekki til að styðja málið en mun ekki gera tilraun til að leggja stein í götu þess og mun sitja hjá við endanlega afgreiðslu málsins.

[12:15]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Frv. þetta er flutt til þess að ná því góða markmiði að auka sparnað þjóðarinnar og veitir ekki af þegar menn horfa á þann gífurlega viðskiptahalla sem er í gangi.

Þetta frv. er flutt til viðbótar við þau frumvörp sem flutt hafa verið áður og samþykkt hafa verið um að 2% iðgjald launþega í lífeyrissjóð til viðbótar við það iðgjald sem greitt hefur verið hingað til séu skattfrjáls og þau nýtast að sjálfsögðu þeim framteljendum sem yfirleitt greiða skatt sem er $^1/_3$. Ég geri ráð fyrir að það ákvæði muni valda því að um 10% af launþegum í landinu muni nýta þennan kost. Eins og ég gat um við 2. umr. kostar heilmiklar upplýsingar til launþega og atvinnurekenda að ná þessu markmiði. Þar er eingöngu um að ræða frestun á skattgreiðslu vegna þess að þegar kemur að útborgun lífeyris þurfa menn að borga skatt af lífeyrinum, líka á þeim hluta sem er fjármagnstekjur og verðbætur sem er þá skattað með fullum skatti en ella mundi falla undir fjármagnstekjur. Þess vegna er þetta allt að því óskynsamlegt ef menn horfa þannig á hlutina fyrir þá aðila sem geta frestað skattgreiðslum.

Varðandi það að atvinnurekendur leggi 0,2% af launum, þ.e. lækkun á tryggingagjaldinu til viðbótar, hef ég ekki sannfæringu fyrir því að það muni nokkurn tíma ná almennri útgreiðslu. Það kostar það mikið að upplýsa alla launþega og atvinnurekendur í landinu um þetta atriði að það mun ekki ná fram. Eins og ég gat um áðan gæti verið að 10% af framteljendum nýtti 2% en ég hygg að það verði ekki nema 1–2% sem muni nýta þessi 0,2% enda er um mjög lágar upphæðir að ræða, jafnvel bara 200–300 kr. á mánuði fyrir hvern launþega. Síðan þarf að gera samninga við ákveðin fyrirtæki, svo rifta menn samningnum, svo taka menn hann upp á nýtt, fólk er að hætta, fólk er að byrja upp á nýtt. Allt þetta kostar svo mikla vinnu í vinnslu að ég hef enga trú á því að þetta muni hafa nein áhrif nema kannski fyrst til að byrja með sálfræðileg áhrif. Eftir tvö, þrjú ár verður þetta það mikil vinna að upplýsa um þetta ákvæði að það verður löngu gleymt. Ég spái því að 1–2% af launþegum landsins muni nýta þetta ákvæði en alls ekki eins og menn reikna með.

Það er oft þannig, herra forseti, að fólk setur sig mjög vel inn í ákveðna þætti atvinnulífsins, ákveðna þætti lagasetningarinnar, verður mjög uppnumið af þeirri þekkingu sinni og telur að allir aðrir í þjóðfélaginu hafi sama áhuga og sömu

þekkingu á þessum málum. Flest fyrirtæki í landinu eru að starfa til að framleiða eitthvað annað en iðgjöld í lífeyrissjóði og flest fyrirtæki í landinu hafa önnur markmið en að lækka skatta sína eða greiða skatta til ríkisins. Fyrirtækin eru að stunda atvinnurekstur en ekki að standa í því að borga iðgjöld í lífeyrissjóði eða losna við að borga skatta. Sú geysilega flækja sem þetta mál veldur í skattkerfinu er að mínu mati mjög ófélagsleg. Það er mjög ófélagslegt að hafa skattkerfi mjög flókið vegna þess að það nýtist eingöngu þeim sem hafa endurskoðendur og eru velmegandi og hafa háar tekjur. Þetta gerir það að verkum að ég hef enga sannfæringu fyrir þessu máli og ég mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

[12:19]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það mál sem við erum að fjalla um er breyting á lögum um tryggingagjald. Það stjórnarfrv. miðar að því að örva sparnað. Ég er aðili að nál. í þessu máli og ég er meðflutningsmaður að brtt. sem er flutt af hv. Vilhjálmi Egilssyni og mér. Mér þykir rétt að gera aðeins grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Með þessari brtt. sem við hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, stöndum að er málið gert enn einfaldara í framkvæmd með uppgjöri einu sinni á ári. Við teljum að með því sé náð enn betur um þau markmið sem stefnt er að með frv. Vitaskuld er hægt að hafa margvíslegar skoðanir á því hvernig ber að auka sparnað og útfæra. Ég hef ekki alltaf verið sammála hæstv. ríkisstjórn um aðferðafræði í þeim efnum en hérna er þó lagt upp með ákveðna hugmynd. Ég vona að hún eigi eftir að fá hljómgrunn og þátttaka verði í þessu formi. Ég tek alls ekki undir neina svartsýnisspá um það. Að taka þátt í þessum viðbótarsparnaði er valkostur sem er til hagsbóta fyrir launþega. Það er mjög brýnt vegna þess að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er þannig að viðskiptajöfnuður er það hættulegt vandamál að það er sjálfsagt fyrir okkur að reyna að stuðla að auknum sparnaði.

Herra forseti. Ég styð þetta mál. Þetta er afmarkað mál til að örva sparnað í landinu. Það hefði mátt útfæra það öðruvísi og með öðrum hugmyndum en ég sé ekki ástæðu til að leggjast gegn því og sérstaklega ekki þegar þessi tillaga er komin fram sem ég á von á að verði samþykkt sem einfaldar framkvæmd málsins. Ég vona að þetta frv. ásamt fleiri aðgerðum leiði til örvunar sparnaðar í samfélaginu því að ekki veitir okkur af því í hagkerfi okkar.

[12:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég fagna því að þetta mál er svo langt komið sem raun ber vitni og komin er fram brtt. frá efh.- og viðskn. til þess að einfalda framkvæmdina á málinu. Þetta er það sem einstaka þingmenn höfðu sett fyrir sig að því er varðar ama og fyrirhöfn, sérstaklega hjá hinum minni launagreiðendum.

Hv. þm. Pétur Blöndal er óþreytandi við að gera lítið úr þessu máli. Það verður að hafa sinn gang en málið hefur verið undirbúið alllengi í fjmrn. Það hefur þegar verið kynnt öllum ríkisstarfsmönnum að þessir möguleikar séu fyrir hendi. Það hefur líka verið gert með auglýsingu í dagblöðum og verður frekara kynningarstarf unnið á næstunni og viðtökurnar til þessa hafa verið mjög góðar. Sem betur fer eru mjög margir áhugasamir um þetta mál og það sýnir að fullur áhugi er hjá almenningi að kynna sér möguleika sem þessa og taka þátt í að efla sparnaðinn í landinu með því að leggja viðbótarlífeyrissparnað sinn inn á séreignarreikninga.

Þess vegna er þetta hið besta mál og það er gott að það er komið á lokaafgreiðslustig, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landhelgisgæsla Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (útboð). — Þskj. 262, nál. 498.

[12:23]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 498 um frv. til laga um breyting á lögum um Landhelgisgæslu Íslands, nr. 25/1967.

Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum og fékk til viðræðna við sig fulltrúa frá dómsmrn., Landhelgisgæslu Íslands, Samtökum iðnaðarins og Ríkiskaupum. Einnig fékk nefndin til fundar við sig Björn Friðfinnsson, sérstakan ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í EES-málum. Nefndinni bárust einnig nokkrar umsagnir um málið.

Með frv. er lagt til að bætt verði ákvæði við lög um Landhelgisgæslu Íslands um samningsgerð við smíði varðskipa og viðhald þeirra þannig að við smíði varðskips sé ekki skylt að láta fara fram útboð og að heimilt verði að leita tilboða frá einum eða fleiri aðilum. Þá er lagt til að sama gildi um viðhald varðskips þegar sérstakir öryggishagsmunir krefjast. En nauðsynlegt þykir að reglur þar að lútandi verði lögfestar áður en hafin verður fyrirhuguð smíði á nýju varðskipi.

Við meðferð málsins í allshn. var nokkuð rætt um hvort ákvæðið bryti í bága við reglur um alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hefur Ísland gengist undir þjóðréttarlegar skuldbindingar varðandi opinber innkaup. Skuldbindingar samningsins eru þó ekki fortakslausar og hindra ekki aðila samningsins í að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að girða fyrir uppljóstrun upplýsinga andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum, sbr. a-lið 123. gr. samningsins. Ísland er bundið af tilskipun ráðsins nr. 93/36/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup, en þar segir í b-lið 1. mgr. 2. gr. að tilskipunin gildi ekki um vörukaupasamninga sem lýstir eru leynilegir eða ef beita verður sérstökum öryggisráðstöfunum við framkvæmd þeirra í samræmi við gildandi lög eða stjórnsýslufyrirmæli í viðkomandi aðildarríkjum eða ef grundvallarhagsmunir ríkisins krefjast þess.

Frv. sem nefndin hefur haft til umfjöllunar er byggt á þeim undantekningarreglum sem ég hef nú rakið en með þessu móti verður unnt að búa svo um hnútana að öryggishagsmunir verði tryggðir en nauðsynlegt er vegna hlutverks Landhelgisgæslu Íslands að fullur trúnaður ríki um gerð og eiginleika varðskipa.

Helstu hlutverk Landhelgisgæslunnar eru að hafa með höndum almenna löggæslu á hafinu umhverfis landið, jafnt innan sem utan landhelgi. Einnig ber Landhelgisgæslunni að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af. Þá ber Landhelgisgæslunni að aðstoða við framkvæmd almannavarna eftir því sem ákveðið verður hverju sinni. Á grundvelli þessa telur nefndin að frv. fari ekki í bága við skuldbindingar Íslands á alþjóðavettvangi.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Kristján Pálsson, Ólafur Örn Haraldsson og Tómas Ingi Olrich en Ögmundur Jónasson skrifar undir álitið með fyrirvara.

[12:27]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég er því eindregið fylgjandi að varðskip verði smíðað hér á landi eða öllu heldur sett saman hér á landi því að að drjúgum hluta er um að ræða samsetningu en að einhverju leyti nýsmíði og ég er því eindregið fylgjandi að við framkvæmum þetta verk hér á landi. Þess vegna styð ég þetta frv. enda þótt áhöld séu um að það standist EES-samkomulagið.

Ástæða þess að ég var andvígur EES-samningnum á sínum tíma og tel hann þegar á heildina er litið hafa verið til mikillar óþurftar fyrir Íslendinga er einmitt sú að samningurinn takmarkar lýðræðislegt vald í landinu. Okkur eru settar ákveðnar og strangar leikreglur á markaði. Það ber að fara í útboð með öll meiri háttar verk og hér er um að ræða eitt slíkt. Þótt Íslendingar vilji ráðast í framkvæmdir af þessu tagi hér á landi til að efla í þessu tilviki íslenskan skipaiðnað eru okkur settar þessar takmarkanir af EES-samkomulaginu.

Ástæða þess að ég skrifa nafn mitt undir nál. er sú að ég vil láta á það reyna, og þar er komin skýringin á fyrirvaranum, hvort þetta stenst EES-samninginn eða ekki en ég tel að þarna sé uppi mikið álitamál. Ástæða þess að ríkisstjórnin og meiri hlutinn telur að þetta standist EES-samkomulagið er sú að hér sé um að ræða, eins og fram kom í máli framsögumanns, öryggishagsmuni og grundvallarhagsmuni ríkisins. Þá hljóta náttúrlega að vakna upp ýmsar spurningar í tengslum við sjálfa framkvæmdina, hvort ekki þurfi að grípa til sérstakra varúðarráðstafana við þær skipasmíðastöðvar sem koma til með að hafa þetta verk með höndum því það gengur náttúrlega ekki að óviðkomandi menn komi þarna að máli eða geti aflað sér upplýsinga um þau hernaðarleyndarmál sem kunna að tengjast smíði varðskipsins. En þetta er eins og fram kemur röksemdin fyrir því að við getum farið á bak við þær skuldbindingar sem við höfum gert þarna í gegnum EES.

Mér finnst svolítið hlálegt, hæstv. forseti, að þeir aðilar sem harðast börðust með EES-samningnum á sínum tíma og þreytast seint á að dásama þann samning eru þegar á reynir tilbúnir að fara á bak við samninginn og reyna á þanþol hans. Ég er tilbúinn að gera það vegna þess að ég tel þetta vera þjóðþrifamál. Ég tel þetta mikið þjóðþrifamál og mikið hagsmunamál fyrir íslenskan skipaiðnað og fyrir íslenska þjóð að þetta sé framkvæmt hér á landi. En ástæðan fyrir því að ég hef verið andvígur EES-samkomulaginu eru þrengjandi ákvæði af þessu tagi en þá vil ég að Íslendingar geti tekið ákvarðanir um efni eins og þessi, um ráðstafanir eins og þessa, og borið höfuðið sæmilega hátt og talað hreint um málin og á íslensku en komist hjá því að fara í röksemdafærslu af því tagi sem hefur verið sett fram í þessu máli til að rökstyðja þessa ráðstöfun.

[12:31]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasti ræðumaður talaði í miklum vafatón um það hvort þetta stæðist lög og reglur að haldið væri svona á málum eins og hér hefur verið lagt til varðandi smíði nýs varðskips og talaði um samsetningu skips hér á landi. Nú kann það vel að vera að heppilegt sé að kaupa skipskrokkinn erlendis frá og raða síðan í hann hér og ganga frá innréttingum. Það kann vel að vera.

Hins vegar var eitt sem ég vildi aðeins koma inn á. Hann varpaði fram spurningu um hvort þetta mundi standast EES samkomulagið og það sem við höfum tekið ákvörðum um að fylgja og var efins um það.

Ég hef sagt það áður að til að komast fram hjá öllum þessum vanda væri eðlilegt að taka upp nánara samstarf við NATO og setja í varðskipið kafbátaleitartæki. Þá væri þetta orðið alvöruherskip. En það sem hann kom inn á að eðlilegt væri að ekki kæmu erlendir aðilar að smíði þessa varðskips vegna upplýsinga sem þeir ættu ekki að fá eða eiga greiðan aðgang að, t.d. innréttingu varðskipsins, kemur mér mjög spánskt fyrir sjónir og er sérkennilegt á að hlýða. Þau varðskip sem við höfum keypt á umliðnum árum — elsta varðskipið er líklega orðið 40 ára og er orðin ástæða til að endurnýja það — voru smíðuð í Danmörku og ég vissi ekki að neinn slíkur háttur væri hafður á við smíði þeirra skipa að mikil leynd þyrfti að hvíla þar yfir. En ef menn eru í einhverjum vafa, þá tel ég að þetta sé leiðin. Ég tel það ekki óeðlilegt auk þess sem ég hef nefnt áður — en ég veit ekki hvort það hafi nokkurn tíma verið athugað — hvort ekki væri rétt að leita í mannvirkjasjóð NATO til að fá fjárstuðning við að endurnýja allan varðskipaflotann.

[12:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki er ég sammála hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni um síðastnefnda atriðið, að fara að hleypa NATO inn í herskip okkar. Ég ætla ekki að fjölyrða um það hér. Ég vil ítreka þá skoðun mína að ég er mjög fylgjandi því að varðskipið verði smíðað hér á landi. Ég tel það mikilvægt fyrir íslenskan skipaiðnað og það er ástæðan fyrir því að ég skrifa nafn mitt undir álit meiri hluta allshn. Ég er mjög fylgjandi þessu.

Varðandi rökin sem ég setti fram eða öllu heldur rökleysuna nánast því ég gerði þetta sannast sagna til gamans að tala um öryggisráðstafanir sem hugsanlega þyrfti að grípa til til að verja hin viðkvæmu hernaðarleyndarmál, þá ég setti þetta fram einna helst í gríni, en þannig er engu að síður röksemdin sem við færum fram til að komast á bak við EES-reglurnar. Ég er bara að vekja athygli á því að þeir sem harðast hafa barist með EES-samningnum og hafa dásamað hann í hvívetna, að þegar hann ekki passar, þá reyna menn að leita leiða til að komast á bak við hann.

En ég ítreka að ég er fylgjandi því að varðskip verði smíðað hér á landi.

[12:35]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem sagt hefur verið um EES og að menn séu ekki sammála því og hafi verið á móti inngöngu þar, þá veit ég ekki betur en verkalýðsforustan hér á landi og vinnuveitendur hafi fallist í faðma og leyst mál sem líklega á annan áratug hefur staðið þeirra í milli, þ.e. um vinnutímalengd. Það kom tilskipun frá Brussel um það hvernig með ætti að fara og var það nokkurs konar miðjumál milli þeirrar deilu sem áður hafði staðið út undan og þá féllust allir í faðma og töldu að þetta væri hið besta mál að fá þessa tilskipun og þar með væri einn stór liður í deilu milli vinnuveitenda og launafólks leystur þannig að ekki er þetta alvont sem kemur erlendis frá fyrir alla.

Ég er auðvitað fylgjandi því að þetta varðskip sé smíðað hér heima. Á það ætla ég ekki að draga neina dul. En mér

finnst hins vegar að umhugsunarefni sé þegar menn vilja fara í kringum lög EES eða þær reglugerðir sem stangast á við það sem við viljum og leitað sé þeirra leiða sem tryggastar eru til að við getum rekið okkar mál þannig að ekki komi til einhverra bakþanka í því sambandi, þannig að við getum ótrauðir gengið í þetta verk með þessum hætti. En ég tel það hins vegar mjög mikið umhugsunarefni hvort ekki sé rétt að reyna að útvíkka starfsemi Landhelgisgæslunnar á þann hátt sem ég gat um áðan, þ.e. að hluti af starfsemi Landhelgisgæslunnar og efling hennar um leið væri óbeint eða beint tengt þeirri starfsemi sem við erum aðilar að, þ.e. NATO.

[12:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að ýmislegt gott hefur áunnist í evrópsku samstarfi og það er rétt að íslenska verkalýðshreyfingin á aðild að Evrópusambandi verkalýðsfélaga. Það á við um ASÍ og BSRB og á þeim vettvangi hefur náðst árangur á ýmsum sviðum sem snertir kjör og réttindi launafólks.

Mín skoðun er hins vegar sú að þegar á heildina er litið feli EES-samningurinn í sér skuldbindandi ákvæði um víðtæka markaðsvæðingu samfélagsins og þrengingu á lýðræðislegu valdi. Við erum núna að kenna á því í því máli sem hér er til umræðu. Það er staðreynd að fulltrúar íslensku ríkisstjórnarinnar sem sinna EES-málum — og nefni ég þar Björn Friðfinnsson sérstaklega, sem kom á fund nefndarinnar og sagði að það væru mikil áhöld um hvort þetta stæðist EES-samninginn. Aðrir eru á gagnstæðri skoðun og ég hef tekið þá afstöðu að þar sem ég er fylgjandi málinu sé látið á þetta reyna.

Ég hef verið þeirrar skoðunar varðandi EES að heppilegra sé að þróa samskiptin við Evrópuþjóðir og hin evrópska markað í átt til tvíhliða samkomulags en það versta sem gæti hent okkur er að við yrðum algerlega innlimuð með húð og hári í Evrópusambandið.

[12:39]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. var ég fjarverandi við afgreiðslu málsins og var það af óviðráðanlegum orsökum. Það er erfitt að vera á tveimur stöðum enda henti það í þessu tilviki að ég þurfti að velja á milli funda í tveimur nefndum. Þess vegna vil ég láta koma fram að ég er hlynnt efni þessa frv. og mun styðja það.

Ég er þeirrar skoðunar að framkvæmdir af ýmsu tagi, svo sem smíði varðskips, megi kosta meira en ef það væri smíðað erlendis vegna þess að heildarávinningurinn er slíkur. Auðvitað geta verið einhver mörk á því, en það er fyrst og fremst af þeirri ástæðu, svo og með tilliti til atvinnulífsins sem ég er hlynnt þessu frv. Mér finnst reyndar forsendur frv. dálítið hæpnar vegna þeirrar áherslu sem er lögð á að þetta sé vegna öryggishagsmuna. Auðvitað eru forsendur frv. fyrst og fremst atvinnulegs eðlis en þær forsendur eru klæddar í búning einhverra öryggishagsmuna. Ég held að þeir standist ekki.

Í umfjöllun um málið í nefndinni kom fram að Svíar hefðu haft í huga að bera við öryggishagsmunum til að komast undan útboði til að smíða varðskip en þeir komust ekki undan þeim ákvæðum vegna aðildar að ESB.

Það er einnig álitamál hvort þessi aðgerð standist ákvæði EES-samningsins. Það skal tekið fram að sérfræðingur ríkisstjórnarinnar um EES-málefni, Björn Friðfinnsson, kom á fund nefndarinnar og lét í ljósi það álit að svo mundi ekki verða og við kynnum að standa frammi fyrir málaferlum vegna þessa.

Það kom einnig fram í máli hv. 10. þm. Reykv., Guðmundar Hallvarðssonar, að hann teldi að engin væru þau leyndarmál að finna í búnaði varðskipanna að réttlætanlegt væri að bera þessu við.

En þetta vildi ég láta koma fram og þá fyrst og fremst það að ég er hlynnt frv. og mun styðja það og er það vegna þess að ég tel að rétt sé að sinna verkum sem þessum innan lands ef þess er nokkur kostur.

[12:42]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil fá að þakka hv. þm. fyrir umræðuna og stuðning þeirra við málið. Engu að síður þykir mér rétt að koma með nokkra punkta til viðbótar varðandi það frv. sem hér er til umræðu til frekari upplýsinga.

Í fyrsta lagi er það ítrekað að þau verkefni sem viðkomandi stjórnvöld skilgreina sem hluta af öryggiskerfi eða öryggishagsmunum ríkisins falla þar með undir undanþágu EES-samningsins og tilskipun 93/36/EBE. Legg ég áherslu á að hvergi í þessum reglum er talað um hernaðarmálefni heldur einungis um öryggishagsmuni og hljóta allar þjóðir að hafa slíka grundvallarhagsmuni sem þeim ber að verja án tillits til þess hvort þær hafa her eða ekki.

Í öðru lagi er talað um að íslenska ríkið gæti fengið á sig skaðabótakröfur ef verkið verður ekki boðið út á Evrópska efnahagssvæðinu. Bárust nefndinni upplýsingar um að möguleiki væri á því að kæra yrði borin upp við ESA sem tæki málið upp. Ef svo vildi til að Eftirlitsstofnunin kæmist að því að útboðsskylda hefði verið fyrir hendi og að íslensk stjórnvöld hefðu brotið EES-reglur er líklegast að ríkið mundi fá ávítur, en telja verður mjög ólíklegt að um fjárhagslegar eða annars konar refsiaðgerðir yrði að ræða frá öðrum EES-ríkjum.

Einnig hefur verið minnst á það að einstök fyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu gætu gert kröfu um skaðabætur. Slík fyrirtæki yrðu þá að sýna fram á tjón og verður að telja slíkt ólíklegt þar sem fyrirtækjunum er ómögulegt að sýna fram á að þau hefðu fengið verkið ef til útboðs hefði komið.

Í þriðja lagi hefur verið rætt um að með þessu gætu Íslendingar kallað yfir sig hefndarráðstafanir sem kæmu niður á útflutningi frá Íslandi til EES-svæðisins. Slíkt verður að teljast afar ólíklegt og hafa dæmi sýnt að menn einbeita sér að hagsmunagæslu sem snertir þá beint.

Í fjórða lagi hefur nokkuð verið rætt um það hvort íslensk fyrirtæki séu samkeppnisfær um verð og gæði. Samkvæmt upplýsingum sem nefndinni bárust um málið er ljóst að þó að samið yrði við einn aðila innan lands um framkvæmd verksins yrðu einstakir hlutar þess boðnir út til undirverktaka eða framleiðenda. Á slíkt bæði við um vélar, tæki og einstaka smíðahluta, svo sem skipsskrokkinn. Þetta fyrirkomulag á að tryggja að fyllsta hagræðis verði gætt.

Virðulegi forseti. Mér þótt rétt að láta þessa punkta koma fram vegna þess að um þetta var rætt sérstaklega við meðferð málsins í hv. allshn.

Að lokum vil ég vísa til minnispunkta sem bárust nefndini frá Samtökum iðnaðarins þar sem þeir veltu upp þeirri spurningu hvort lagasetning styrki málið. Svarið er tvímælalaust játandi, segja þeir. Með leyfi virðulegs forseta, vil ég fá að lesa upp eftirfarandi:

„Svarið er tvímælalaust játandi. Það mat ráðherra að þessi lagasetning sé nauðsynleg til þess að minnka hugsanlega áhættu er eflaust rétt. Við höfum sagt sem svo að ef einhver vafaatriði eru í þessum efnum þá sé sjálfsagt að minnka þau eftir föngum. Innan samtakanna er einnig litið svo á að öll viðleitni í þessa átt sé til marks um áhuga stjórnvalda og Alþingis á að leggja sitt af mörkum til þess að íslenskur málm- og skipaiðnaður fái „sömu möguleika og keppinautar nágrannaþjóðanna til að aðlagast tækniþróun hvers tíma og bæta með því samkeppnisstöðuna," eins og segir í niðurlagi umsagnar samtakanna um frumvarpið."

Virðulegi forseti. Ljóst er að lagasetning þessi er nauðsynleg til að minnka hugsanlega áhættu og taka af allan vafa og þess vegna legg ég til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (sala hlutafjár). — Þskj. 256, nál. 427 og 447.

[12:47]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1997, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Frv. þetta er einfalt í sniðum og gengur út á að heimilt eigi að vera að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Eins og kunnugt er hafa þegar verið seld 49% hlutafjár í bankanum í samræmi við núgildandi lagaheimildir. Með samþykkt þessa frv. væri verið að veita heimild til sölu á 51%, þ.e. því hlutafé sem ríkið á enn þá í sinni hendi.

Meiri hluti nefndarinnar er þessu máli mjög hlynntur. Reynslan sem hefur fengist af þeirri sölu hlutafjár í bönkum í eigu ríkisins hefur sýnt að það hefur haft mjög jákvæð áhrif á fjármagnsmarkaðinn og enn fremur haft jákvæð áhrif á starfsemi viðkomandi banka. Þessir bankar eru núna orðnir hvað fjölmennust hlutafélög í landinu og er þess vegna mikil ástæða til þess að haldið verði áfram á sömu braut. Almenningur hefur mikinn áhuga á að eignast hlutafé í þessum bönkum. Aðrir fjárfestar hafa líka mikinn áhuga á að eignast þarna fé. En þegar upp er staðið þá virðist vera að allt sem gert hefur verið hafi skilað sér mjög vel í bættum rekstri þessara banka, aukinni samkeppni á fjármagnsmarkaðnum, lægri vöxtum og kostnaði fyrir lántakendur og auknum möguleikum fyrir sparifjáreigendur.

Að sjálfsögðu hefur nokkuð verið rætt um framkvæmd þeirrar sölu á hlutafé sem þegar hefur farið fram og sýnist að sjálfsögðu sitt hverjum um það mál. Mín skoðun er sú að þegar upp er staðið hafi tekist allvel til og enn fremur að þegar til lengri tíma er litið þá muni þessir bankar einkavæddir verða enn styrkari stoðir í okkar fjármálakerfi en þeir hafa verið hingað til og að einkavæðingin muni leiða til sterkari fjármálamarkaðar, betri stöðu fyrir viðskiptavini bankanna hvort heldur það eru lántakendur eða innlánseigendur. Og síðast en ekki síst að þessi einkavæðing bankanna muni afla ríkissjóði fjármagns sem ekki veitir af þessa dagana til þess að greiða niður skuldir eða til annarra verka sem ekki eru síður þörf.

[Fundarhlé. — 12:51]

[13:30]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. í 229. þingmáli sem er stjórnarfrv. um breytingu á lögum um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Auk mín standa að áliti minni hluta efh.- og viðskn. hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk nál. okkar. Það frv. sem hér er til 2. umr. er mjög einfalt. Það er í reynd einungis ein grein, svohljóðandi: „Heimilt er að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf." 2. gr. frv. er svohljóðandi: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frv. sjálft þýðir að í reynd er óskað eftir heimild til að selja 51% í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, þ.e. þau 51% sem nú eru óseld. Áður hafði ríkisstjórnin heimild til að selja 49% af eignarhlut bankans og sú sala hefur þegar átt sér stað. En það kemur fram í greinargerð með frv. að það er ætlun ríkisstjórnarinnar að selja allt hlutafé í Fjárfestingarbankanum á fyrri hluta næsta árs.

Það er mjög sérstakt við þetta mál að ríkisstjórnin skuli fara fram á að fá heimild fyrir að selja 51% í Fjárfestingarbankanum án nokkurrar útfærslu á því hvernig að því verði staðið. Það væri e.t.v. ekkert svo sérstakt ef menn hefðu ekki mjög sérkennilega forsögu að skoða þegar seld voru 49% í bankanum. Þegar 49% í Fjárfestingarbankanum voru seld fór það í gegnum einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar sem er fræg að endemum eins og þingheimur þekkir og þá var ákveðið að sérhver áskrifandi gæti skráð sig fyrir allt að 3 millj. kr. að nafnvirði. Þetta átti að vera í anda þess að reyna að tryggja dreifða eignaraðild. Þegar lögin um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins voru afgreidd á hinu háa Alþingi og samhliða aflað heimildar fyrir sölu á 49% af hlutafénu var ekki kveðið á um nein sérstök skilyrði við þá sölu. Hins vegar kom mjög fram í máli hæstv. viðskrh. og stjórnarþingmanna og í umfjöllun í hv. efh.- og viðskn. sá vilji sem einnig var deilt af hálfu stjórnarandstæðinga að brýnt væri að tryggja dreifða eignaraðild við sölu þessa banka. Það gerðist hins vegar við þessa sölu, þegar 49% voru boðin til sölu og sérhver áskrifandi gat skráð sig fyrir allt að 3 millj., að þá hófu fjármálafyrirtæki að safna kennitölum. Það sem þarna átti sér stað var mjög sérstakt vegna þess að hér var um frumsölu að ræða, þ.e. þarna var ríkissjóður að selja eign sína með tilteknum hætti og ætlaði að dreifa henni meðal landsmanna eða reyna að tryggja dreifða eignaraðild, og þar skapaðist markaður með kennitölur. Það má eiginlega kalla þetta að þarna hafi orðið framvirkur eftirmarkaður. Það er nýyrði í fjármálalífi okkar og lýsir kannski vel þessari þróun sem hefur verið að gerast hér undanfarin ár. Alltaf dettur mönnum eitthvað nýtt í hug, alveg eins og þetta að hægt sé að safna kennitölum til að ná auknu hlutafé. Þetta gekk þannig fyrir sig að fólk seldi kennitölurnar þannig að það skráði sig hjá fjármálafyrirtækjum fyrir oftast hámarkshlut og framseldi síðan kaupréttinn til þessarar fjármálastofnunar. Það sem við höfum kallað sölu á kennitölum gekk raunverulega út á það að fólk var að selja kaupréttinn sem það hafði við þessa sölu og fjármálafyrirtækin sem óskuðu eftir að kaupa kennitölu með þessum hætti greiddu tiltekna þóknun

fyrir. Það er augljóst af þessu að hér var verið að fara fram hjá áformunum um dreifða eignaraðild. Það var ætlun ríkisvaldsins og beinlínis sett þannig upp að hámarkseignarhlutur einstaklinga átti að vera 3 millj. Fjármálafyrirtækin sáu sér hins vegar leik á borði við að safna til sín meira hlutafé með því að safna áskrifendum frá einstaklingum á þennan hátt.

Það er mat okkar í minni hlutanum að hér sé ekki um að ræða ólögleg viðskipti. Hins vegar orkar þetta mjög tvímælis vegna áforma ríkisvaldsins um að ætla að dreifa eignaraðild sem þýddi þá líka að ekki var ætlunin að neinir, a.m.k. ekki í fyrstu umferð, yrðu stórir eignaraðilar að Fjárfestingarbankanum.

Þetta var ekki fyrsta kennitöluæðið sem greip um sig og reyndar ekki það síðasta, þ.e. það sem varð við sölu á 49% í Fjárfestingarbankanum. Þegar Landsbanki Íslands hf. bauð út hlutafé fyrr í haust áttu sér einnig stað svona viðskipti. Þau fóru hins vegar lágt og það var minna um þau. Ekki var fjallað um þau, held ég, í blöðum að neinu marki en þeir sem þekkja vel til á þessum markaði vita að nokkuð var um slík kaup. Þar var hins vegar staðið þannig að málum að eignarhlutinn sem hverjum og einum var boðinn til sölu, kaupréttur inn, var mun lægri en var í Fjárfestingarbankanum.

Það var hins vegar svo með söluna á 49% að ekki áttu allir möguleika á að geta selt sína kennitölu. Þetta var ekki auglýst opinberlega. Það voru ekki allir sem komust inn í þessi viðskipti. Það var bara auglýst að menn gætu skráð sig fyrir hlut en ekki var öllum kunnugt um þennan markað sem hafði myndast. Það var því ekki nóg með að unnið væri gegn áformum um dreifða eignaraðild eða réttara sagt áformum um að í fyrstu umferð yrðu ekki mjög stórir hluthafar, heldur var þegnunum einnig mismunað einfaldlega vegna þess að sumir höfðu upplýsingar um þennan viðskiptamáta og gátu hagnast á honum en aðrir vissu ekki af þessu. Það finnast dæmi um að einstaklingar, sem var kunnugt um þetta, hafi gert samninga við fjármálafyrirtæki jafnvel upp á hundruð slíkra kennitalna og væntanlega hagnast vel á þeim kaupum.

Þessari kennitölusöfnun lauk ekki með sölu á þessum 49% í Fjárfestingarbankanum heldur átti þetta enn eftir að taka á sig stærri og mikilfenglegri mynd þegar boðið var út nýtt hlutafé í Búnaðarbanka Íslands. Þá var auglýst í heilsíðuaugulýsingum í blöðum. Ég held að Íslandsbanki hf. hafi riðið á vaðið með tveimur heilsíðuauglýsingum í Morgunblaðinu þar sem þeir auglýstu eftir kennitölum, þ.e. auglýstu eftir slíkum kauprétti.

Vitaskuld má halda því fram með réttu að við þá aðferð að framvirkur eftirmarkaður myndaðist á töluvert hærra gengi en frumsalan átti sér stað á eða salan frá ríkissjóði til nýrra hluthafa, hafi ríkissjóður og þar með almenningur orðið af fé vegna þess að gengið hafi verið of lágt. Það að gengið hafi verið of lágt sést best á því að það hækkaði verulega, sérstaklega í Búnaðarbankanum, reyndar einnig í Fjárfestingarbankanum. Hins vegar er hægt að færa rök fyrir því að við slíka sölu taki menn ívið lægra gengi en gæti fengist að öðru jöfnu, t.d. við uppboð eða eitthvað þess háttar sem er líka önnur aðferð, vegna þess að menn ætli sér að ná markmiðinu með dreifða eignaraðild. Hins vegar er hér um að ræða verulegan mun á gengi sem varð mjög fljótt. Ég held að gengi á bréfunum í Fjárfestingarbankanum hafi verið um 1,40 og þegar áskriftartímanum lauk hafi gengið verið komið upp í, ég held, 1,80. Mér er ekki kunnugt um, herra forseti, hvert gengið er á bréfunum í dag en sennilega er það ekki fjarri því, þó hefur það frekar farið hækkandi.

Það er ekkert að því, herra forseti, að reyna að selja einstaklingum á þennan hátt til að ná fram mörgum eignaraðilum, en þá verða menn að gera það þannig að það tryggi dreifða eignaraðild. Það var ætlun ríkisvaldsins við þessa sölu. Þetta var ekki einungis brotið á bak aftur af sjálfstæðum fjármálafyrirtækjum, heldur einnig af bönkum og fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins. Þannig tóku t.d. bæði Búnaðarbanki Íslands og Landsbanki Íslands sem eru í meirihlutaeigu ríkissjóðs þátt í kapphlaupinu um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Hér voru því áformin brotin á bak aftur. Þetta var rætt utan dagskrár á hinu háa Alþingi. Minni hluti efh.- og viðskn. tók þetta mál upp í efh.- og viðskn., sem er rétti vettvangurinn, og óskaði upplýsinga um það. Og þess má geta að bankaeftirlitið er einnig að vinna að úttekt á þessu máli.

Þá upplýstu embættismenn viðskrn. í efh.- og viðskn. að ekki væri strax hægt að draga ályktanir af þessari kennitölusöfnun vegna þess að nákvæm hluthafaskrá lægi ekki fyrir og að hún gæti ekki legið fyrir fyrr en 4. desember þegar menn áttu að greiða þá áskrift eða greiða þau hlutabréf sem þeir höfðu keypt. Þá var talað um að lagt yrði mat á þessa aðferð og menn reyndu þá að draga lærdóm af þessu. Ekki var annað að skilja á fundi í efh.- og viðskn. en að bæði stjórnarandstæðingar og stjórnarsinnar væru því fylgjandi að þessi mál yrðu skoðuð betur þannig að menn gætu lært af þeim, þótt vitaskuld greindi menn á um hve alvarlegt málið væri. En þrátt fyrir að málið sé bæði í skoðun í bankaeftirliti og að enn séu ókomnar umsagnir til efh.- og viðskn. frá viðskrn. um þetta mál, þá brá svo við að stjórnarmeirihlutinn knúði á um afgreiðslu þessa frv., þ.e. að ríkisstjórnin fengi heimild til sölu á 51%, þ.e. á meiri hluta í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., án þess að nokkrar útfærslur fylgdu með frv. eða í nál. Nú hefði e.t.v. mátt gera þetta þannig að menn e.t.v. breyttu ekki frv. sem slíku heldur gætu um leikreglur í nál. Það hefði ekkert verið að þeirri málsmeðferð. En í nál. meiri hlutans segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund ..." — og svo eru taldir upp þeir sem komu á fund nefndarinnar og sendu umsagnir. Síðan segir í nál., með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er lagt til að heimiluð verði sala á öllu hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Nú þegar hafa verið seld 49% hlutafjár í bankanum í samræmi við núgildandi lagaheimildir.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins."

Herra forseti. Ekki eru þetta nákvæm fyrirmæli um hvernig standa eigi að sölu þessa hlutafjár og það, herra forseti, erum við í minni hlutanum að gagnrýna. Þar sem greinilegt er að salan fór úr böndum og fór ekki í þann farveg sem menn ætluðu sér þá er vitaskuld nauðsynlegt fyrir hið háa Alþingi að marka skýra stefnu um það hvernig eigi að selja eigur almennings. Hér er ekki um að ræða einkafé hæstv. viðskrh. eða hæstv. ríkisstjórnarinnar. Hér erum við að tala um eign almennings.

Eðlilegt hefði verið að bíða með afgreiðslu þessa máls og bíða eftir þeim athugunum sem eru í gangi. Salan á 49%, salan á Landsbankabréfunum og Búnaðarbankabréfunum og önnur sala á ríkiseigum, sem menn þekkja á hinu háa Alþingi eins og hin fræga sala á Síldarverksmiðjum ríkisins, segja okkur að ríkisstjórninni er ekki treystandi til að selja eigur almennings. Annaðhvort er staðið það illa að þessu að áformin sem lagt er upp með klúðrast í útfærslu eða þá að þess er gætt að hygla að vinveittum aðilum.

Ríkisstjórnin og svokölluð einkavæðingarnefnd eru samstiga í að standa mjög illa að málum. Nú er það ekki skoðun mín að fyrirtæki eigi almennt að vera í ríkiseigu. Ef um samkeppnismarkað er að ræða þá kemur vitaskuld til álita að tryggja aðra eignaraðild en okkur í minni hlutanum finnst augljóst að hér hafi ekki verið staðið eins vel að verki og hægt var. Við höfum lýst þessum áformum ríkisstjórnarinnar við að selja almannaeigur með þessum hætti með orðinu einkavinavæðing. Það nær alveg ágætlega yfir þá stefnu sem ríkisstjórnarflokkarnir fylgja.

Við hefðum talið að setja ætti í frv. ákvæði sem tryggðu dreifða eignaraðild. Það er alveg hægt. Það er hægt að setja inn ákvæði í frv. t.d. um að menn megi ekki fara með nema einhvern tiltekinn hlut hlutafjár og atkvæða í fyrirtækinu. Meira að segja hefði mátt selja til almennings og hafa þá kvöð á að kaupendur yrðu að eiga hlutabréfin tiltekinn tíma, 1–3 ár eða eitthvað þess háttar. Þetta eru allt kunnuglegar aðferðir við slíkar aðstæður. Stjórnarmeirihlutinn kýs að skoða ekki slíkar hugmyndir og vill eins opna heimild í *þessu máli og hægt er. Málið á sér reyndar einnig þá forsögu* að stjórnarandstæðingar lögðust gegn stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins er myndaður með samruna þriggja sjóða: Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Þetta eru sjóðir sem eru í eigu almennings, greitt inn m.a. af hálfu fyrirtækja í tilteknum atvinnugreinum. Þegar uppstokkun stóð fyrir dyrum á þessu sjóðakerfi fyrir tveimur árum lögðum við í stjórnarandstöðunni til að sjóðirnir rynnu inn í ríkisviðskiptabankana til að efla þá og hagsmuna almennings og starfsmanna gætt við uppstokkun í bankakerfinu. Við metum það svo að okkar *stefna hafi reynst rétt miðað við kapphlaupið um* Fjárfestingarbankann núna, m.a. milli sparisjóðanna og Búnaðarbankans. Það er eftirspurn eftir Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þetta er mjög sterkur banki með gífurlega mikið eigið fé, almannafé, fé í eigu almennings. Þessir bankar, sparisjóðir, Búnaðarbanki og Íslandsbanki reyndar líka vildu komst yfir Fjárfestingarbankann, aðallega til að leggja hann niður eða fella inn í eigin starfsemi. Geta má þess að langflestir aðilar á fjármálamarkaðnum lögðust gegn stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Það vill stundum gleymast að banka- og fjármálakerfið lagðist gegn stofnun bankans og margir *þar studdu okkar hugmyndafræði um að fella þá inn í ríkis*viðskiptabankana. Einnig voru hugmyndir um að selja þessa sjóði beint á opnum markaði.

Ekki var farið eftir stefnu okkar stjórnarandstæðinga við uppstokkun á fjármálakerfinu, ekki við „háeff"-væðingu og uppstokkun í ríkisbankakerfinu, ekki við stofnun Fjárfestingarbankans og að hluta til ekki við stofnun Nýsköpunarbankans. Ríkisstjórnin hefur vitaskuld meiri hluta á hinu háa Alþingi til að knýja fram þau mál sem hún vill. Við sáum síðast í morgun að við réðum ekki við hið mjög svo gallaða frv. um gagnagrunn. Þetta eru leikreglur lýðræðisins sem *við verðum vitaskuld að sætta okkur við. Við viljum hins* vegar draga mjög skýrt fram varðandi þetta efni að í fyrsta lagi höfðum við rétt fyrir okkur á sínum tíma. Uppleggið með Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, þ.e. stofnun hans, var rangt. Í öðru lagi var staðið mjög illa að sölunni á 49% og ekki farið að almennum leikreglum. Þar áttu ekki allir möguleika á að taka þátt. Í þriðja lagi er að okkar mati algerlega óverjandi að ganga frá frv. með þessum hætti, þ.e. að láta ríkisstjórnina fá einfaldlega óútfylltan tékka við að selja 51% í þessum banka. Það er ekki sama, herra forseti, hvernig staðið verður að því. Úr því að hlutirnir fóru ekki eins og menn ætluðu, þeim mun meira áríðandi er fyrir hið háa Alþingi að ganga frá skýrum fyrirmælum eða leiðbeiningum um hvernig staðið skuli að sölunni. Við ráðum ekki við það ef ríkisstjórnin vill endilega selja meiri hluta í bankanum, bankann allan eða aðrar ríkisstofnanir. Sumu er hægt að færa rök fyrir, öðru ekki en við getum með fullri sanngirni gert þá kröfu að þannig verði staðið að þessu að allir sitji við sama borð.

Klúðrið við sölu á 49% í bankanum er þannig algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Stjórnarandstaðan kom hvergi að þessu máli, studdi ekki stofnun bankans, studdi ekki frv. eins og það var lagt upp, með sölu á 49%. Hún var með fjölmörg varnaðarorð sem einmitt hafa ræst við svokallaða sölu. Ábyrgðin er ríkisstjórnarinnar, einkum viðskrh., seinheppnari maður hefur ekki setið í ráðherrastól um langa hríð.

Herra forseti. Í ljósi þess að framkvæmd einkavæðingarinnar og kennitölusöfnunin eru komnar í algerar ógöngur teljum við í minni hluta efh.- og viðskn. brýnt að endurskoða meðferð málanna frá grunni. Þess vegna leggjum við til, herra forseti, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar enda sýna atburðir síðustu vikna að málatilbúnaður er algerlega ófullnægjandi. Það er ekki hægt, herra forseti, að fallast á að ríkisstjórnin fái svo víðtækt og opið umboð til að ráðstafa eigum almennings.

[13:54]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í tilefni af orðum hv. þm. Ágústs Einarssonar rifja upp að það var í tíð síðustu ríkisstjórnar sem SR-mjöl var selt. Ég vil líka geta þess að þótt sú sala hafi verið umdeild, þá hefur verið staðið að rekstri þess fyrirtækis með hinum mesta myndarskap. Fyrirtækið hefur verið byggt upp, fjárfest mikið á ýmsum stöðum, skaffað mikla vinnu og dregið björg í þjóðarbú Íslendinga, og veitti ekki af.

Ég hefði í sporum hv. þm. ekki rifjað sérstaklega upp það að hann og félagar hans í minni hluta í efh.- og viðskn. voru á móti stofnun FBA. Ég held að það hafi sýnt sig að tilvist bankans hafi aukið samkeppni á fjármálamarkaðnum og skapað ýmsar nýjungar. Það eina sem mátti finna að var, eins og hv. þm. gat um, að óþarflega mikið eigið fé var í bankanum og hefði líklega verið betra að hafa það aðeins minna.

Varðandi undirbúning að sölu á 51% sem eftir er hefur komið skýrt fram í umfjöllun um málið, var reyndar tekið fram í grg. með frv., að stjórnvöld stefna enn að dreifðri eignaraðild og sjálfstæði bankans sem keppinautar á markaðnum. Miðað er við að enginn einn aðili fái í frumsölu hærri hlut en sem nemur 5–10%. Í umræðum um þetta mál kom einnig fram að það væri jafnvel hægt að stefna að frumsölu í minni hlutum. Ég tel eðlilegt, í sambandi við sölu á því sem eftir er í bankanum, að nokkuð margir hlutir verði boðnir til sölu, ekkert endilega of litlir en í kringum 5%, sumir minni og kannski aðrir eitthvað aðeins stærri. Það mætti gera með útboði í því skyni að fá sem mest út úr eigninni fyrir ríkissjóð.

[13:56]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins, þá voru þau mál alfarið í höndum þáv. sjútvrh. Sjálfstfl.,

hv. þm. Þorsteins Pálssonar. Það sem var ámælisvert við söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins var að sá sem átti hæsta boðið fékk ekki að kaupa. Það var ámælisvert og hv. þm. veit þetta mætavel. Tvö tilboð bárust í Síldarverksmiðjur ríkisins. Annað var frá Haraldi í Andra, sem kenndur er við fyrirtækið, upp á rúmar 800 millj. ef ég man rétt, og annað tilboð 700 og eitthvað millj. frá Benedikt Sveinssyni og fleirum. Hin pólitíska misnotkun á valdi ráðherra var að Haraldi í Andra og félögum hans var ekki gefinn kostur á að standa við það tilboð. Það er ámælisvert við söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins. Það var einkavinavæðing. Ég veit fullvel að SR-mjöl hefur verið rekið með miklum myndarskap síðan. Um það er ekki deilt. Við skulum hafa á hreinu í hverju einkavinavæðingin fólst á þeim tíma.

Varðandi það að rifja ekki upp af hverju við vorum á móti Fjárfestingarbanka atvinnulífsins þá erum við þar í góðum félagsskap, herra forseti. Allt bankakerfið var okkur samsinna í þeim efnum, hvort sem það voru sparisjóðir, Íslandsbanki eða verðbréfafyrirtæki, sem lögðust gegn þessari leið ríkisstjórnarinnar.

Nú talar hv. þm. um dreifða eignaraðild, 5–10% sem er nú reyndar of stór hlutur, og um að selja eitthvað í útboði. Þetta höfum við einmitt, herra forseti, verið að tala um. Setjum leikreglurnar, göngum frá því í lagatextanum eða í nál. hvernig útfæra eigi. Ég segi, herra forseti að það hefur sýnt sig að svo opin heimild í höndunum á hv. núv. viðskrh. er vafasöm. Hæstv. viðskrh. er enginn maður til að fara með slíka heimild, sem veitt væri af meiri hluta Alþingis.

[13:58]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna sölunnar á SR-mjöli get ég staðfest að salan var umdeild en í sjálfu sér er það mál búið og gert. Hins vegar held ég að við hljótum að fagna því báðir að fyrirtækinu hefur gengið vel í höndum þeirra eigenda sem fengu fyrirtækið. Haraldur í Andra er ágætis vinur okkar beggja en þau mál fóru í ákveðinn farveg sem ég hef ekki meira um að segja í bili.

Varðandi FBA þá kemur skýrt fram í grg. með frv. og hefur margoft komið fram hver stefnan er varðandi söluna á 51%. Það er óþarfi að éta það sérstaklega upp í nál. Þetta liggur fyrir. Ég tel augljóst að heppilegast sé að stefna að þessu eins og talað er um í grg., með því að bjóða þetta út í bitum, reyna að ná sem hæstu verði fyrir bankann og jafnframt að tryggja að til að byrja með verði bankinn sjálfstæður. Síðan er auðvitað spurning um hvað væntanlegir eigendur bankans vilja gera í framtíðinni. Vilja þeir að hann renni saman við önnur fyrirtæki á markaðnum eða að bankinn starfi áfram sjálfstæður? Um það verður þá tekin viðskiptaleg ákvörðun af hálfu þeirra sem eignast bankann. Fyrir hönd ríkisins sem er að selja bankann tel ég eðlilegt að stefna að því að fá annars vegar sem mest verð fyrir þessi 51% sem eftir er og hins vegar að bankinn auki samkeppnina á markaðnum. Þetta tvennt, hátt verð plús það að auka samkeppni á markaðnum, tel ég mjög æskileg markmið.

[14:01]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er kveðið fast að orði að segja að salan á Síldarverksmiðjum ríkisins hafi verið umdeild. Hún var miklu meira en umdeild, þetta voru gjörsamlega ólíðandi vinnubrögð. Ég veit að hv. þm. er í reynd sammála mér um það. Ég er ekki að gagnrýna að SR-mjöl sé orðið 3,7 milljarða virði en var keypt á 700–800 milljónir. Það er bara allt í lagi, það er ekkert við því að segja því það var staðið rétt að því. Það var útboð og allir áttu tækifæri á að bjóða í. Það sem var gagnrýnisvert var að sá sem bauð hæst fékk ekki tækifæri til að standa við það. Það voru vinirnir í Sjálfstfl. sem voru meiri vinir í Sjálfstfl. en aðrir sem fengu þetta boð og hv. þm. veit þetta ósköp vel. Það er skömm að þessu máli vegna þess að það getur alltaf komið vel til álita að ríkið eigi að draga sig út úr atvinnurekstri, samkeppnisatvinnurekstri, en einmitt þetta dæmi er ekki gleymt en verður haldið til haga um ókomin ár.

Varðandi dreifða eignaraðild sem segir í frv. bendi ég á að það átti að verða dreifð eignaraðild í sölu á 49%. Við sáum að farið var fram hjá því með kennitölusöfnuninni. Það sem við erum að tala um er að sett séu nákvæmari lagafyrirmæli um þennan þátt vegna þess að reynslan sýnir okkur að nauðsyn er á því. Við höfum enga ástæðu, herra forseti, til að treysta hæstv. ríkisstjórn til að útfæra sölu á eigum ríkisins. Reynslan hefur sýnt að henni er ekki treystandi til þess.

[14:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er tekið til 2. umr. frv. til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem felur í sér heimild til að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Ekki er ýkja langt síðan, herra forseti, að þetta mál, sem komið er til 2. umr., var tekið til 1. umr. og býst ég við að það sé ekki meira en mánuður síðan. Ég hélt satt að segja að miðað við það sem hefur verið að gerast á peningamarkaðnum og það sem gerst hefur við sölu á hlutafé í bönkunum almennt að þá mundi hv. efh.- og viðskn. taka sér lengri tíma í að skoða þetta mál og skoða í ljósi reynslunnar hvort ekki væri ástæða til þess að búa betur um hnútana en gert er í þessu frv., ekki síst í ljósi þess að nokkuð hörð viðbrögð hafa verið við því sem gerst hefur á markaðnum, t.d. við sölu á hlut í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, þ.e. þeim 49% sem hæstv. ráðherra hafði heimild til. Meðal annars var stofnað til utandagskrárumræðu um málið þar sem hæstv. ráðherra var inntur svara við ýmsum spurningum sem sú sem hér stendur lagði fyrir hæstv. ráðherra, sem ég verð að segja, herra forseti, að hæstv. ráðherra svaraði engan veginn fullkomlega.

Það verður að segja líka, herra forseti, að nál. sem kemur frá meiri hlutanum er ekki mikið að vöxtum miðað við hvað óskað er heimildar fyrir, þ.e. að selja 51% í Fjárfestingarbankanum sem eru nokkrir milljarðar, við erum kannski að tala um yfir 5 milljarða kr. Það eina sem segir í nál. meiri hlutans er hverjir mættu á fund nefndarinnar og síðan að meiri hlutinn mæli með samþykkt frv. Ekki orð um það, herra forseti, hvað hefur verið að gerast á markaðnum, ekki orð um reynsluna af þessu og lítið kom fram í framsöguræðu formanns hv. efh.- og viðskn. um skoðun hans á því sem hefur verið að gerast, sem maður hefði haldið að yrði eytt meiri tíma í, bæði hér í ræðustól og í hv. efh.- og viðskn. vegna þess að það eitt liggur þó ljóst fyrir og ég vænti að við getum verið sammála um, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu að markmið ríkisstjórnarinnar, markmið hæstv. ráðherra, hefur ekki náðst fram um dreifða eignaraðild.

Ég mun því, herra forseti, þurfa að fara nokkrum orðum um þetta frv. ef það er virkilega ætlan hæstv. ríkisstjórnar

að keyra málið í gegnum þingið á þeim stutta tíma sem eftir lifir til jóla og satt að segja undrar mig nokkuð, herra forseti, sá forgangur sem birtist hjá þessari ríkisstjórn bæði í gær og í dag, hvað það er sem hún leggur áherslu á að ná fram fyrir jólin. Ég hef ekki séð neinn forgangslista frá ríkisstjórninni hvað það er sem hún ætlar að leggja áherslu á en við sjáum að það er gagnagrunnurinn, að afhenda einkaleyfi á gagnagrunninum til eins aðila, og síðan greinilega að hefja frekara kapphlaup um kennitölur landsmanna sem stuðlar að því að þessi banki komist hraðar en mann óraði fyrir í hendur á fjársterkum aðilum og fámennum hópi peningamanna.

Ég minni á, herra forseti, í þessu sambandi að þegar við fjölluðum um hlutafélagavæðingu bankanna fyrir nokkrum árum og eins við umræðuna um Fjárfestingarbankann í fyrra kom það mjög fram í máli þingmanna við umræður um þau mál — þá er ég að tala um stjórnarandstæðinga — að stórslys yrði ef eignarhald á fjármálastofnunum kæmist á komandi árum í hendur sömu aðila og þegar ráða á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins í gegnum stór og öflug fákeppnis- og einokunarfyrirtæki. Þessu höfðu mjög margir áhyggjur af og við í stjórnarandstöðunni vildum t.d. reyna að koma böndum á það eins og hægt væri, *þó maður viti* auðvitað hvernig eftirmarkaður getur virkað, að sett yrðu í lögin sjálf, t.d. um Landsbankann og Búnaðarbankann, ákveði sem tryggði hámarkshlut eða hámarkseignaraðild hver um sig og mig minnir að það hafi verið um 5%. Ég held að það sé að koma í ljós og hafi verið að koma í ljós á þessum dögum og síðustu vikum (Gripið fram í.) að við höfðum alveg rétt fyrir okkur í þessu efni. Ég heyri að hæstv. ráðherra, sem ég fagna mjög að skuli hafa tíma til að vera við umræðuna, telji að það séu allir undir 5% enn þá. Hann hefur tækifæri til þess að skýra þau sjónarmið í þessari umræðu en ég man ekki betur en að hafa bæði lesið og heyrt að því er varðar Fjárfestingarbankann að t.d. varðandi Kaupþing þá sé 9% eignarhluti, hlutabréf, í þeirra höndum sem samsvarar 14% í heildaratkvæðamagni og það gefur möguleika á stjórnarmanni. Ég man ekki betur en að hafa séð og lesið að verðbréfasjóður Búnaðarbankans ætti orðið 5–6% í Fjárfestingarbankanum. Það er mjög skrítið, herra forseti, þegar maður les nál. minni hlutans, sem ég er vissulega alveg sammála, og rökstuðningurinn mjög markviss um að full ástæða sé til að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar. Þar kemur fram, með leyfi forseta, og ætla ég að vitna í það:

„Minni hlutinn tók málið upp í nefndinni og óskaði upplýsinga um það." — Þ.e. um *þessa dreifðu eignaraðild.* — „Þá kom m.a. fram hjá embættismönnum viðskiptaráðuneytis að hluthafaskrá í Fjárfestingarbankanum lægi ekki nákvæmlega fyrir fyrr en við greiðslu hlutafjárins, þ.e. eftir 4. desember."

Svo mikið liggur á að afgreiða þetta mál, herra forseti, án þess að fá þessar upplýsingar inn í nefndina að 3. desember skrifar meiri hlutinn undir nál. og afgreiðir bara málið inn í þingið aftur úr nefndinni og gat ekki einu sinni beðið í einn dag eftir að fá þessar upplýsingar frá hluthafaskrá í Fjárfestingarbankanum sem skiptir verulegu máli við mat á stöðunni þegar Alþingi er að heimila sölu á öllu hlutafé í Fjárfestingarbankanum. Nú hygg ég að hæstv. viðskrh. hafi þessar upplýsingar undir höndum ef ekki formaður efh.- og viðskn. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að fá upplýsingar nákvæmlega um stöðuna, hvernig hún lítur út að því er þetta varðar. Hver er staðan nákvæmlega í dag að því er varðar eignarhlutdeild þeirra sem stærst eiga í þessum banka og einnig hver var niðurstaðan að því er varðar Búnaðarbankann og Landsbankann?

Herra forseti. Það er algerlega útilokað að ætla sér að afgreiða þetta mál út án þess að þessar upplýsingar liggi fyrir. Það má vel vera og ég ætla ekkert að fullyrða um að það geti eitthvað breytt stöðunni að efh.- og viðskn. sjái ástæðu til þess að taka málið aftur til skoðunar á milli 2. og 3. umr. um málið. Ég held að það sé ekkert ofsögum sagt sem sagt er í nál. minni hlutans að salan á 49% hlutafjár í bankanum hafi verið verulegt klúður. Þar er auðvitað minnst á það sem hefur gerst, þ.e. þetta kapphlaup með kennitölurnar.

Það er alveg hárrétt sem hér er nefnt að þetta dæmi um sölu hlutafjár Fjárfestingarbankans er einn kafli í sögu einkavinavæðingar núverandi ríkisstjórnar. Þar er af mörgu að taka. — Hæstv. ráðherra hlær úr sínum virðulega ráðherrastól — en ég vil þá minna á, herra forseti, að þessi hæstv. ráðherra var óbreyttur þingmaður fyrir nokkrum árum, árið 1992, þá var honum ekki hlátur í hug í þessum ræðustól, herra forseti, þegar hann skammaðist mikið út í þáverandi ríkisstjórn og taldi hana vera að halda þannig á málum varðandi einkavæðingu að það væri verið að brjóta upp bankakerfið með þeim hætti að tryggt væri að molarnir pössuðu vel í ginið á kolkrabbanum. Þá var hæstv. ráðherra ekki hlátur í huga. Nú hlær hann úr sínum virðulega ráðherrastól þegar hann er með málið í höndum sínum og hefur stuðlað að því að brytja bankana þannig að þeir passi í ginið á kolkrabbanum. (**VE:** Honum fer nú betur að brosa.) Ég get út af fyrir sig verið sammála hv. formanni efh.- og viðskn. um það að honum fer vel að brosa en mér finnst ekkert tilefni til þess að hæstv. ráðherra sé að brosa mikið yfir þessu máli. Það sem mér þykir verra, af því að ég get alveg liðið ráðherra það, og það getur komið fyrir besta fólk að misstíga sig, en þegar hæstv. ráðherra hefur þessa reynslu fyrir framan sig að fyrir framan nefið á honum séu stórir fjárfestingaraðilar á góðri leið með að sölsa undir sig bankakerfið, að ráðherrann sitji bara rólegur. Sitji bara rólegur og ætli ekkert að aðhafast. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Biður bara um frekari heimild til að selja frekari mola í ginið á kolkrabbanum og væntanlega á undirverði eins og gerst hefur varðandi þau 49% sem þegar eru seld.

Það er auðvitað nauðsynlegt að fara mjög vandlega yfir þetta mál og ég vil segja það, herra forseti, að ekki er ég með málflutningi mínum úr þessum ræðustól, eða áður þegar ég hef verið að gagnrýna söluna á hlutabréfum í bönkunum, að ásaka það fólk sem hefur verið að lána kennitölur sínar *vegna þess að því var boðinn skjótfenginn gróði, mikill ábati* og hagnaður ef það einungis lánaði kennitölur sínar. Það þurfti ekki einu sinni að leggja út peninga sjálft fyrir hlutafé heldur gæti það einungis lánað kennitölu sína og fengið yfir bankaborðið tugi þúsunda í gróða. Auðvitað er það ekkert furðulegt að 90 þúsund manns hafi farið af stað (**Gripið fram í:** Einkavinirnir 90 þúsund.) Já, einkavinirnir, og lánað sínar kennitölur til að fá gróða. Fyrst var þeim boðið í stórri auglýsingu að af þessu væri verulegur ábati. „Viltu hagnast? Íslandsbanki gerir tilboð. Þú þarft ekkert að leggja út, bara sækir um 500 þús. kr. hlut á nafnverði á genginu 2,15, og leggur bara inn miða," — sem fylgdi með í Morgunblaðinu að ég held — „sem þú klippir út og þegar þú gengur fram hjá bankanum þínum leggur þú þessa umsókn inn og síðan eru einhverjar þúsundir settar inn á reikning þinn í bankanum." Auðvitað er þetta tilboð freistandi fyrir ... (Gripið fram í.) Herra forseti. Ég heyri að hæstv. ráðherra er mjög mál að komast í ræðustólinn en ég er bara alls ekki búin. Hæstv.

ráðherra verður að sitja á sér í einhvern tíma enn og hann má vel vera með framm'iköll, það er mér að meinalausu, herra forseti. En hvað græddi fólk á þessu? Einhvers staðar sá ég í sjónvarpinu að það hefðu verið 1.100 kr. þegar búið var að taka af þessu skatt.

Það kom fram hér að farið hefði verið í kennitölusafnanir í framhaldsskóla, elliheimili og fleiri stofnanir, þá heyrði ég, af því að elliheimilin eru nefnd, að þetta gæti haft áhrif, þ.e. ef fólk fengi þarna einhvern smávegis hagnað ætti að skerða lífeyri og bætur þessa fólks. Þegar búið er að borga skattana og skerða bæturnar, þá er nú ekki mikill hagnaður eftir. Vegna þess að staðreynd málsins er sú að það eru ekki þeir sem lánuðu kennitölur sínar sem voru að græða mikið á þessu heldur hinir fjársterku aðilar, stundum nefndur kolkrabbinn, smokkfiskurinn, fjölskyldurnar fjórtán. Það er það sem hefur verið að gerast á undanförnum missirum, að sífellt stærri hluti af verðmætum eignum þessarar þjóðar er að færast á fárra manna hendur.

Þegar við nefnum gróðann í þessu sambandi var nefnt að ein kennitala, líka hjá barni — var ekki fengin lánuð kennitala hjá eins dags gömlu barni? — það gat fengið 160 þús. þús. kr. Það var sett fyrir framan fólkið. Í bréfi sem ég fékk var a.m.k. verið að tala um 100 þús. kr., og kennitalan þegar upp var staðið var 160 þús. kr., t.d. í Fjárfestingarbankanum. En fólkið sem lánaði kennitölu sína og lét ekki út neina peninga, tók hagnaðinn bara yfir borðið, fékk 18 þús. kr. af þessum 160. En þeir fjársterku aðilar sem eru að leita eftir því fyrir framan nefið á hæstv. ráðherra að sölsa undir sig bankakerfið gátu fengið þarna 142 þús. í sinn hlut

Það er þetta sem við verðum að hafa í huga og líka það, herra forseti, að það hlýtur að vera eitthvað bogið við þessa sölu. Það hlýtur að leita á hugann og hlýtur að verða að svara því með rökum — ég tók eftir að hæstv. ráðherra kom sér hjá því að svara þeirri spurningu skýrt og skilmerkilega við utandagskrárumræðuna, herra forseti, því mér fannst ráðherrann vera með útúrsnúning þá — getur ekki verið að bankarnir hafi verið seldir á of lágu gengi? Á undirverði? Og þegar upp er staðið, að þeir $^2/_3$ þjóðarinnar sem ekki tóku þátt í þessu kapphlaupi og ríkissjóður séu þeir tveir stóru aðilar sem hafi tapað á öllu saman, af því að bankarnir hafi verið seldir langt undir sannvirði? Ég hygg að eitthvað sé til í því.

Sama dag og útboðið fór af stað í Búnaðarbankanum var rætt um það að bankinn, sem var metinn á 8,6 milljarða, væri orðinn að verðmæti 10 milljarðar. Ég held að á einum degi hafi bréfin rokið upp um 25% og á skömmum tíma ruku þau líka upp í Fjárfestingarbankanum um 30%. Þegar upp er staðið held ég að það skipti ekki tugum milljóna sem ríkissjóður og skattgreiðendur hafa tapað á þessu, ekki hundruðum milljóna heldur séum við frekar að tala um einhverja milljarða sem tapast hafi á þessu.

Við utandagskrárumræðuna bar ráðherrann því við að vissulega hefði verið hægt að fá meira fyrir bankann ef ríkisstjórnin hefði ekki sett sér markmið um dreifða eignaraðild. Ráðherrann nefndi, herra forseti, að ef þetta hefði farið í útboð og stórir aðilar hefðu komið inn í málið hefði kannski verið hægt að fá 30–50% meira fyrir þessa hluti í bankanum en raun varð á og nefndi að algengt væri að ef það væri kannski 30–50% eignarhlutur sem einn aðili fengi, þá væri hægt að fá miklu meira fyrir bankann og þessi hlutabréf, og nefndi 30–50% í því sambandi. En nú er það viðurkennt og líka af ráðherranum sjálfum að þær leiðir sem voru farnar brjóta gegn markmiðunum um dreifða eignaraðild og að nú þegar er kominn hlutur að heildaratkvæðamagni í hlut eins aðila, Kaupþings. Það var sú viðmiðun sem ráðherrann nefndi sem gæfi möguleika á að fá miklu meira fyrir bankann en raunin varð á.

Hv. þm. Ágúst Einarsson nefndi einnig í máli sínu að það stóðu ekki allir jafnt að vígi í sambandi við að geta lánað kennitölu sína og fengið skjótfenginn gróða, a.m.k. ekki fyrst í stað vegna þess að þá voru leynibréf í gangi og pukrað mikið af hálfu verðbréfafyrirtækja. Þar voru starfsmennirnir fengnir til að ná til fjölskyldumeðlima og vina sem þeir treystu til að koma með kennitölur þeirra og hver kennitala var u.þ.b. 50–100 þús. kr. virði. Það sátu því ekki allir landsmenn við sama borð í þessu máli. Það má þó segja Íslandsbanka til hróss að hann auglýsti þó kennitölufarið. Hann splæsti á þetta tveimur heilsíðuauglýsingum í Morgunblaðinu þar sem öllum var boðið að gera tilboð, sem nú er farið að kalla því fína orði „framvirk viðskipti", er það ekki, herra forseti? Það er fínt heiti yfir brask að mínu viti vegna þess að þetta er auðvitað ekkert annað en brask hjá þessum verðbréfafyrirtækjum. Vissulega er ekkert við því að segja að fólk taki þátt í þessu. En ég býst við að það séu ekki allir sem lánuðu kennitölur sínar og fengu 1.000–1.200 kr. fyrir og kannski upp í 18 þús. sem geri sér grein fyrir áhrifunum af þessu, sem eru tvíþætt a.m.k., þ.e. tap skattgreiðenda og ríkissjóðs, og að með þessari aðferð er verið að stuðla að því að bankakerfið komist fyrr í hendur fjársterkra aðila.

Þess vegna hefði ég haldið, herra forseti, að ráðherrann hefði lagt sitt af mörkum til þess að setja einhverjar skorður við þeirri heimild sem hann er að biðja um, að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbankanum og að Alþingi hefði átt að beita sér fyrir slíku. Mér finnst að meiri hluti efh.- og viðskn. geri það ekki. Og fari svo að tillögu minni hlutans verði hafnað við atkvæðagreiðslu, að vísa málinu til ríkisstjórninnar, þá hlýtur að koma til álita við 3. umr. málsins að flytja slíkar brtt.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvað liggi svona mikið á að setja þetta mál í forgang í þinginu þegar örfáir dagar eru til jóla. Af hverju eru ekki önnur og brýnni mál tekin á dagskrá þannig að ráðrúm gefist til þess, þar til þing kemur saman aftur, að meta reynsluna af sölunni í þessum bönkum? Fá þá upp á borðið 19. janúar þegar þing kemur saman aftur hver reynslan raunverulega er, hve dreifð þessi eignaraðild hefur verið, hve mikið þeim 12 þúsund sem keyptu hlutabréf í Landsbankanum hefur fækkað, hve mikið þessum 90 þúsund í Fjárfestingarbankanum og Búnaðarbankanum hefur fækkað? Ég held að það liggi ekki nokkurn skapaðan hlut á þessu, herra forseti. Við gætum gert miklu betur við tímann og tekið fyrir önnur brýnni mál frekar en að ræða þetta mál í ræðustól. En úr því að ríkisstjórnin velur þann kost að taka þetta mál fyrir, þá verður ekki hjá því komist að taka það til ítarlegrar umræðu.

Ég nefndi það að setja skorður á eignarhlutinn og stuðla að dreifðri eignaraðild og undir það tekur Morgunblaðið nýlega — ég er ekki með dagsetninguna en þetta er leiðari sem birtist nýlega í Morgunblaðinu — og leiðir þar fram sér til halds og trausts ekki ómerkari mann en hæstv. forsrh. um að e.t.v. sé nauðsynlegt að setja skorður við hámarkshlut og eignaraðild í bönkunum. Ég ætla að fara yfir þennan leiðara næst í máli mínu, herra forseti.

Í leiðaranum er fyrst farið í staðreyndir málsins, hvað hafi gengið á hér á verðbréfamarkaðnum og síðan er kveðinn upp sá dómur í blaði allra landsmanna — og ég sé að formaður

efh.- og viðskn. sperrir eyrun eins og hann gerir alltaf þegar verið er að lesa upp úr Morgunblaðinu — en þar segir (Gripið fram í.) um það sem hefur verið að gerast, orðrétt, herra forseti:

„Þetta þýðir að markmið stjórnvalda um dreifða eignaraðild eru að renna út í sandinn."

Þetta er dómurinn í Morgunblaðinu, að markmið ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild séu að renna út í sandinn.

Síðan segir í leiðaranum:

„Í samtali við Morgunblaðið í byrjun ágúst sl. lýsti Davíð Oddsson forsætisráðherra þeirri skoðun að mikilvægt væri að eignarhaldi á bönkum yrði dreift og það tryggt að bankarnir væru hlutlausir gagnvart viðskiptalífinu."

Hafa bankarnir, þ.e. þeir sem eru enn þá alla vega í eign ríkisins, Búnaðarbankinn og Landsbankinn, verið alveg hlutlausir í kapphlaupinu um kennitölurnar sem gengur gegn markmiði ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild eins og hæstv. ráðherra lét hafa eftir sér í einum fjölmiðli? Það er alveg rétt sem hæstv. forsrh. sagði í ágúst að það þarf að tryggja dreifða eignaraðild og tryggja að bankarnir séu hlutlausir gagnvart viðskiptalífinu. Síðan segir orðrétt, haft eftir forsrh.:

„Hann kvaðst telja, að það gæti alveg dugað bankastofnun að stærstu eignaraðilarnir sem kæmu til með að hafa leiðbeinandi forustu um reksturinn, ættu eignarhlut á bilinu 3 til 8%.

Ég styð alveg neðri mörkin sem hæstv. forsrh. nefnir hér, að við reynum að sameinast um það, fari svo að tillaga minni hlutans verði felld, að við setjum skorður við eignaraðild og nemum staðar við 3% eins og ábending forsrh. var um í ágústmánuði. Síðan segir áfram orðrétt, haft eftir forsrh.:

„Hann teldi hins vegar ekki æskilegt að einn aðili eða skyldir réðu 30 til 40% eignarhlut í bankastofnun. Það væri engin nauðsyn á eigendum með stærri eignarhlut og við slíkar aðstæður gætu eignaraðilar með 2% til 3% eignarhlut haft veruleg áhrif á reksturinn, auk þess sem þeir væru líklegastir til þess að knýja á um að arðsemissjónarmið réðu ferðinni. Í sama samtali sagði Davíð Oddsson að þótt það hefði ekki verið rætt í ríkisstjórn, teldi hann fyllilega koma til álita að tryggja með lagasetningu að eignarhaldi á bönkunum, þegar ríkið sleppti af þeim hendinni, yrði dreift."

Síðan segir í leiðaranum:

„Sparisjóðirnir hafa þegar eignast stóran hlut í FBA og augljóst að Íslandsbanki stefnir að því að styrkja stöðu sína sem stór eignaraðili í Búnaðarbankanum. Í ljósi þessarar þróunar er æskilegt að ríkisstjórn og Alþingi fjalli um þær hugmyndir um lagasetningu, sem forsætisráðherra setti fram síðla sumars.

Það verður ekki almennur stuðningur við það í samfélagi okkar að ríkisbankarnir komist í eigu fárra stórra aðila. Það eru heldur engin rök til þess. Með hlutafjárútboðinu í þremur ríkisbönkum á þessu ári hefur fengist verðmæt reynsla, sem hægt er að byggja á við lagasetningu af því tagi, sem bersýnilega er nauðsynlegt."

Það á greinilega ekkert að hlusta á þetta, hvorki okkur í stjórnarandstöðunni né blað allra landsmanna, né aðvörunarorð forsrh. sem komu fram hér fyrir nokkrum vikum. Hæstv. viðskrh. virðist frekar hlusta eftir verðbréfasölunum sjálfum og því sem fram kemur í Viðskiptablaðinu þar sem hæstv. ráðherra er varaður við því að setja einhverjar skorður á eignarhald manna í þessum ríkiseigum. Þar á allt að vera frjálst. En þetta, eins og svo margt annað ...

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort langt sé eftir af ræðunni.)

Já, ég býst ekki við að ég ljúki henni alveg á næstu mínútum.

(**Forseti** (ÓE)**:** Þá vildi forseti biðja hv. ræðumann um að fresta ræðu sinni þegar vel stendur á.)

Ég get frestað henni hér og nú, herra forseti.

(**Forseti** (ÓE)**:** Takk fyrir.)

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Árásir Bandaríkjamanna og Breta á Írak.

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. „Þetta er sorglegur dagur í sögu Sameinuðu þjóðanna," sagði Kofi Annan við blaðamenn í gærkvöldi. „Hugur minn er hjá þeim almenningi í Írak, hverra lífi er nú ógnað og þó er hugur minn ekki síður hjá þeim 307 starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna sem enn dvelja í Írak og vinna þar við hjálparstörf," sagði Kofi Annan.

Ég held að það sé engin tilviljun, herra forseti, að aðalritari Sameinuðu þjóðanna valdi þessi orð sem viðbrögð við nýkomnum fréttum um árásir Bandaríkjamanna og Breta á Írak. Þær endurspegla í hnotskurn stöðu Sameinuðu þjóðanna í þessu máli og það eru svo sannarlega orð að sönnu hjá Kofi Annan að þetta var og er dapurlegur sólarhringur í sögu Sameinuðu þjóðanna og í sögu mannkynsins.

Í gærkvöldi hófu Bandaríkjamenn og Bretar fyrirvaralausar loftárásir á Írak sem beindust aðallega að höfuðborginni Bagdad. Mannfall er þegar orðið og fyrstu fréttir bentu til að nokkrir væru fallnir og nokkrir tugir slasaðir. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna sat á fundi þegar fréttirnar bárust af því inn á fundinn að árásir væru hafnar. Öryggisráðið sat við að ræða skýrslu Butlers, æðsta yfirmanns vopnaeftirlitsins í Írak, og það er til marks um asann og óðagotið í þessu máli að skýrslan var enn til fyrstu umfjöllunar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þegar þangað bárust fréttir af einhliða árásaraðgerðum Bandaríkjamanna og Breta. Starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna, þ.e. vopnaeftirlitsmönnunum sjálfum var flogið í burtu í skyndingu en eftir sátu fjölmargir starfsmenn alþjóðastofnana, Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og fleiri, sem voru enn í Bagdad þegar loftárásirnar hófust.

Kínverjar, Rússar og Frakkar hafa mótmælt árásunum, þ.e. öll hin ríkin með fastafulltrúa í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna eru andvíg árásunum. Kínverjar og fleiri telja árásirnar ólölegar, þær brjóti í bága við stofnsamþykkt Sameinuðu þjóðanna og reyndar marga fleiri alþjóðlega mannréttindasáttmála ef út í það er farið.

Það er ljóst, herra forseti, að tímasetning þessara árása tekur fyrst og fremst mið af einu, heimatilbúnum vandræðum Bandaríkjaforseta. Það er augljóst mál að í þessar árásaraðgerðir er rokið til þess að fá frestað þeirri atkvæðagreiðslu sem fyrir dyrum stóð um að lögsækja Bandaríkjaforseta fyrir embættisafglöp, enda hefur það heppnast að slá atkvæðagreiðslunni á frest og alkunna er að fátt er betur til vinsælda fallið í Bandaríkjunum fyrir þjóðhöfðingja þar en standa

fyrir styrjaldaraðgerðum, vel að merkja svo fremi að þær séu langt í burtu frá Bandaríkjunum.

Það má vel vera, herra forseti, að þessar árásaraðgerðir án undangengins sérstaks samþykkis öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna séu upphaf þess sem koma skal en vestan úr Bandaríkjunum bárust nýlega þær fréttir að þar væru komnar á flot hugmyndir Bandaríkjamanna um að útfæra starfssvið hernaðarbandalagsins NATO og hlutverk þannig að það tæki til alls heimsins og bandalagið gæti hafið einhliða árásaraðgerðir án undangengins samþykkis Sameinuðu þjóðanna. Það er von að spurt sé hvort þetta sé æfing í því sambandi, að hefja árásaraðgerð án sérstaks undangengins samþykkis við mat á þeim aðstæðum sem fyrir liggja eins og hér á við.

Herra forseti. Þessar árásir bætast við þær hörmungar og þjáningar sem almenningur í Írak hefur nú liðið vegna átta ára viðskiptabanns í kjölfar Persaflóastríðsins. Talið er að á milli ein og ein og hálf milljón manna sé fallin í valinn vegna afleiðinga viðskiptabannsins, þar af um 750 þúsund börn. Þessum tölum er yfirleitt ekki mótmælt lengur.

Í Persaflóastríðinu var Írak, sem var eitt þróaðasta land Miðausturlanda, nánast sprengt aftur á steinaldarstig. Samgöngur lömuðust, vatnsveitur og rafveitur urðu ónýtar, matvæladreifingarkerfið hrundi og þar fram eftir götunum. Allar viðgerðir og öll uppbygging hafa verið miklum erfiðleikum háð vegna viðskiptabannsins og ástandsins. Ekki eru sjáanleg nein pólitísk markmið með þessum árásaraðgerðum og eðlilega er nú þegar spurt um alla heimsbyggðina: Hvað svo? Saddam Hussein situr sem fastast þrátt fyrir viðskiptabannið sem var ætlað til að koma honum frá, en börnin deyja vegna þess.

Herra forseti. Þingflokkur óháðra hefur mótmælt þessum árásum og við förum fram á að íslensk stjórnvöld geri það einnig. Ég vil því að lokum spyrja hæstv. utanrrh.:

1. Var haft samband við íslensk stjórnvöld vegna þessara fyrirhuguðu árása sérstaklega?

2. Hver var afstaða íslenskra stjórnvalda? Voru þau eða eru þau þessum árásaraðgerðum samþykk?

3. Telur hæstv. utanrrh. að árásirnar, án sérstakrar umfjöllunar og samþykkis öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, séu löglegar?

4. Er íslenska ríkisstjórnin tilbúin að fara fram á að þessum árásaraðgerðum verði hætt?

[14:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það ber að sjálfsögðu að harma það að til þess hefur komið að hernaðaraðgerðir hafa hafist gegn Saddam Hussein, einræðisherra í Írak. Ég held að hins vegar megi telja ljóst að þessar aðgerðir voru óumflýjanlegar miðað við forsögu málsins og hvernig hann hefur þverskallast við að hlíta ályktunum Sameinuðu þjóðanna og margbrotið loforð um að eyða gereyðingarvopnum sínum.

Hins vegar hefur það borið allmikinn árangur að eyða þessum vopnum því að síðan 1991 hafa eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna eytt 48 Scud-eldflaugum, 690 tonnum af eiturefnum, 3.000 tonnum af efnum til eiturefnagerðar og auk þess eyðilegt líf efnavopnaverksmiðjunnar í Al Hakam. Þetta eru allt saman efni og vopn sem Saddan Hussein sjálfur lofaðist til að eyða.

En þrátt fyrir þennan árangur hefur hann ekki gert grein fyrir 30 þúsund sprengjuoddum fyrir efnavopn og 4 þúsund tonnum af efnum til eiturefnagerðar. Það er alveg ljóst að eftirlitsnefndin fékk ekki tækifæri til þess að ljúka ætlunarverki sínu og það var komið í veg fyrir að það gæti haldið áfram. Áður hafði hann lofað því á síðustu stundu nokkrum mínútum fyrir fyrirhugaðar aðgerðir að hlíta í einu og öllu ályktunum Sameinuðu þjóðanna.

Menn geta auðvitað haft mismunandi afstöðu til þess hvað skyldi gera í þessari stöðu. Ég er þeirrar skoðunar og íslenska ríkisstjórnin að ekki hafi verið komist hjá því að grípa til þessara aðgerða og það sé vænlegra til árangurs en að sitja hjá því það eru ekki Vesturlönd sem bera ábyrgð á dauða þessa fólks sem hv. þm. nefndi (**ÖJ:** Jú.) heldur er það Saddam Hussein. Ég tek eftir því að sá hv. þm. sem grípur hér fram í telur ekki ástæðu til þess að nefna hann mikið í því sambandi og mér skildist það líka á hv. þm. sem hér hóf málið. Það er hann sem ber fyrst og fremst og fremst ábyrgð á því hvernig komið er.

Út af spurningum hv. þm. vil ég segja að ekki var haft sambandi við íslensku ríkisstjórnina út af þessum aðgerðum sérstaklega. (**ÖJ:** Það var reiknað með henni.) (**Gripið fram í:** Hvort sem er.) Í morgun gekk fulltrúi bandaríska sendiráðsins á minn fund og gerði grein fyrir ástæðum þessara aðgerða. Að því er varðar löglega hlið málsins, þá má segja að það verði að vitna til ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 687, um vopnahlésskilmálana eftir Persaflóastríðið og samkvæmt ályktun 678 er þeim ríkjum sem tóku þátt í aðgerðunum vegna Kúveit heimilar allar nauðsynlegar aðgerðir til þess að koma í framkvæmd ályktunum Sameinuðu þjóðanna. Á þessari túlkun er byggt og þótt aðrar þjóðir eins og Kína og Rússland hafi aðra skoðun, þá er ég þeirrar skoðunar að þessi hlið málsins sé í lagi þó að auðvitað megi deila um það.

Hv. þm. hélt því fram að það væri farið út í þessar aðgerðir vegna þeirra aðstæðna sem eru í Bandaríkjunum. (Gripið fram í.) Nei, hann er ekki einn um það en mér heyrðist að hann væri þeirrar skoðunar. Ég er algjörlega ósammála því og það eru tvær kenningar uppi í þessum efnum. Önnur er sú að Saddam Hussein hafi treyst á að Bandaríkjamenn mundu ekki grípa til aðgerða vegna aðstæðna heima fyrir og hin er sú að Bandaríkjaforseti hafi gripið til þessara aðgerða vegna aðstæðna heima fyrir. Ég held að hvorugt sé rétt og ég held að það sé alveg ljóst að Bandaríkjaforseti er ekki í betri stöðu í sínum málum eftir þessar aðgerðir. Það eru ekkert síður líkur til þess en að þingmenn sem hafa lýst því yfir að þeir muni greiða atkvæði með þeim tillögum sem eru uppi á Bandaríkjaþingi í sambandi við aðgerðir gegn forsetanum, muni verða enn þá ákveðnari að halda við það til þess að sýna fram á að þessar aðgerðir hafi ekki haft áhrif á þá. Ég held því að mjög erfitt sé að rökstyðja það og halda því fram að t.d. Bretar hefðu verið þessu sammála og allir þeir sem eiga sæti í þjóðaröryggisráði Bandaríkjanna. Ég held því að það sé hlutur sem menn ættu að leggja til hliðar í þessu sambandi.

[14:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en lýst undrun minni á þeim ummælum hæstv. utanrrh. að þær aðgerðir sem gripið var til í gærkvöldi að íslenskum tíma hafi verið óhjákvæmilegar.

Um árabil hafa íbúar Íraks búið við viðskiptabann sem hefur bitnað mjög hart á konum og börnum, ekki síst börnunum. Harðstjórinn Saddam Hussein situr þrátt fyrir það sem fastast og ég hygg að þessar aðgerðir muni ekki breyta

neinu um það. Þær munu ekki hagga honum. Þetta mál hefði átt að ræða í öryggisráðinu. Það á að meta það í hvert sinn hvort grípa skuli til nýrra aðgerða. Ég óttast, þó erfitt sé að fullyrða um það, að það að gripið var til þessara aðgerða núna tengist stöðu mála hjá Clinton Bandaríkjaforseta, að hann sé að reyna að vinna sér tíma til að ræða við þingmenn og reyna að breyta skoðun þeirra. Það er ömurlegt ef slíkt ástand er notað til þess að ráðast á aðrar þjóðir. Það getur ekki verið réttlætanlegt að einstakar þjóðir, í þessu tilfelli Bretar og Bandaríkjamenn, taki sér það vald að ráðast á aðrar þjóðir og beri ályktanir Sameinuðu þjóðanna fyrir sig. Það er mjög umdeilt að leggja ekki aðgerðirnar fyrir öryggisráðið. Bandaríkin og Bretar eiga ekki að hafa slíkt vald.

Íslensk stjórnvöld hljóta að krefjast þess að málið verði rætt í öryggisráðinu og jafnframt að beita sér fyrir því að þessum árásum linni nú þegar.

[14:48]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það er dapurlegt að til þessara atburða skuli hafa þurft að koma. Ljóst er að spenna hefur magnast í samskiptum Íraksstjórnar og Bandaríkjamanna síðan 9. desember sl. þegar Írakar meinuðu eftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna aðgang að svæðum þar sem grunur lék á að vopnabúnað væri að finna.

Allt sl. ár hafa stjórnvöld í Írak freistað þess að komast fram hjá eftirliti Sameinuðu þjóðanna og hindra það. Ljóst er að þeir hafa notfært sér þau vandræði sem forseti Bandaríkjanna hefur ratað í til þess að reyna á hversu fast yrði staðið við samþykktir Sameinuðu þjóðanna um vopnaeftirlit.

Nú liggur það fyrir, að mati formanns eftirlitsnefndarinnar, að starf eftirlitssveita Sameinuðu þjóðanna sé með öllu gagnslaust við núverandi aðstæður. Hann telur að Saddam Hussein ætli sér ekki að standa við þær skuldbindingar sem hann hefur undirgengist.

Ég tek eftir því að í þessari umræðu vilja menn fría harðstjórann í Írak við alla ábyrgð á atburðarásinni. Til hvers eru þá samþykktir og ályktanir Sameinuðu þjóðanna ef harðstjórinn í Írak þarf ekki, að mati þingmanna hér, að standa við sinn hluta af samningunum? Til hvers eru þá slíkar ályktanir og hver ber ábyrgð í málinu?

Tímasetning atburðanna er ekki í höndum Bandaríkjamanna einna eins og hér hefur verið ýjað að. Hluti af atburðarásinni hefur í mörgum tilfellum verið ákveðinn af Saddam Hussein og utanríkisráðherra Írak. Við skulum minnast þess að í júní sl. hótuðu Írakar því að setja á svið atburði, svokallað kreppuástand eins og þeir orðuðu það, ef viðskiptabanni yrði ekki aflétt í lok ársins.

[14:50]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég harma þá atburði sem gerðust í nótt. Ég bendi á að árás Bandaríkjamanna og Breta á Írak nýtur ekki stuðnings alþjóðasamfélagsins og fjölmargar þær þjóðir sem studdu fjölþjóðaherinn í Persaflóastríðinu hafa tekið afstöðu gegn þessum atburðum. Tilgangur þeirra er að sögn að hrekja harðstjórann Saddam Hussein frá völdum. Ég sé ekki hvernig það má verða með þeim loftárásum sem gerðar hafa verið nema tilgangurinn sé að fylgja þeim eftir með enn öflugri hernaðaraðgerðum. Ég trúi því ekki að það séu áform Bandaríkjamanna og Breta þegar helgasti mánuður múslima er að renna upp og heilagasta hátíð kristinna manna. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Mun utanrrh. og ríkisstjórn Íslands styðja það að loftárásunum verði fylgt eftir með enn öflugri hernaðaraðgerð?

Herra forseti. Við megum ekki gleyma því að markmið þeirra miklu blóðfórna sem færðar voru í Persaflóastríðinu var að setja Saddam Hussein af. Þeim hernaðarsigri sem þar vannst var ekki fylgt eftir til að ná því markmiði. Þvert á móti var sú ákvörðun tekin að sleppa úr herkví öflugasta herliði Saddams Husseins sem hann síðan notaði til þess að ganga á milli bols og höfuðs á andstæðingum sínum í eigin heimalandi og ná völdum að nýju. Ekki má gleyma því að það er ein ástæðan fyrir því að þessi harðstjóri situr að völdum. Þau ríki sem nú hafa hafið árás á Írak til að setja Saddam Hussein af eiga sjálf verulega sök á því að hann hélt völdum. Hann gekk milli bols og höfuðs á andstæðingum sínum og hann hóf útrýmingarstríð gagnvart kúrdíska þjóðarbrotinu í heimalandi sínu.

[14:53]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég harma það að herir Bandaríkjamanna og Breta hófu loftárásir á Írak í gærkvöldi eftir að vopnaeftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna höfðu verið kallaðir heim og Butler formaður þeirra sat á fundi með öryggisráðinu. Yfirlýst markmið árásanna er að ráðast á vopnabúr Íraka, sem sagt er ógna nágrannaríkjum Íraks. Sambærileg árás á Írak var fyrirhuguð í nóvember sl. en þá setti öryggisráðið sig gegn henni. Þá var m.a. kannað í utanmn. Alþingis hver afstaða okkar væri ef NATO stæði að slíkri árás. Sem betur fer reyndi ekki á það þá. Þá náðist samkomulag sem nú hefur verið rofið.

Þó Saddam Hussein eigi að sjálfsögðu að fara frá völdum og sé vondur harðstjóri, þá er mjög líklegt að þessar aðgerðir styrki hann frekar í sessi á kostnað almennra borgara í Írak fremur en hitt. Vissulega getur stundum verið nauðsynlegt að sýna klærnar en það á ekki við nú.

Herra forseti. Einkum tvennt vekur mig til umhugsunar vegna þessara aðgerða. Annað er tímasetning þeirra og hins vegar er það ósjálfstæði íslenskra stjórnvalda. Tímasetningin nú vekur furðu vegna þess að fram undan eru bæði jólin, friðarhátíð kristinna manna og föstumánuðir múslima, ramadan. Hins vegar vekur spurningar sú einkennilega tilviljun að einmitt í dag tekur Bandaríkjaþing mikilvægar ákvarðanir í tengslum við umræðu um hugsanlega embættissviptingu Clintons.

Oft hefur sambandið milli pólitísks ástands í Bandaríkjunum og hernaðaraðgerða verið augljóst en sjaldan sem nú. Þar sem íslensk stjórnvöld voru tilbúin að styðja NATO í sambærilegri árás í síðasta mánuði án samþykkis öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þá kemur afstaða utanrrn. mér alls ekki á óvart nú þó að formlega reyni ekki á hana þar sem eingöngu Bretar og Bandaríkjamenn standa að henni. Þessi aðgerð er mjög umdeild alþjóðlega og ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með þátttöku Tonys Blair í henni. Ég vona svo sannarlega að íslensk stjórnvöld fari fremur að fordæmi Frakka í framtíðinni og taki sjálfstæðar ákvarðanir þegar hvorki NATO-aðildin né málefnaleg rök mæla með því að fylgja stefnu Bandaríkjanna.

[14:55]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þegar maður fylgist með fjölmiðlum og horfir mikið á sjónvarp eins og við mörg gerum, setjast sumar myndir fastar í höfuðið á manni en aðrar. Ég geri ráð fyrir því að mörg okkar hér hafi í morgun eða í nótt séð

viðtalið við Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, þar sem hann brást við þessum tíðindum.

Hann brást þannig við þessum tíðum að margt benti til að þessar loftárásir hefðu komið honum á óvart, þær hefðu komið honum í opna skjöldu.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna sat á fundi þegar tíðindin bárust þangað inn. Þar var rætt um skýrslu trúnaðarmanns samtakanna um ástandið í Írak. Ég hygg að ekki sé hægt að orða það mikið vægar en svo að þessi niðurstaða sé dapurleg fyrir Sameinuðu þjóðirnar. Og ekki bara dapurleg fyrir Sameinuðu þjóðirnar heldur líka fyrir allt hið alþjóðlega kerfi eins og það leggur sig, alþjóðleg samtök af hvaða tagi sem þau eru. Mér finnst að við, sem fulltrúar lítillar þjóðar við ysta haf, eigum að líta á málið og segja: Hvað hefðum við getað gert til þess að málin hefðu þróast öðruvísi? Hefðum við getað beitt okkur, hjá NATO, Sameinuðu þjóðunum eða annars staðar, til þess að koma í veg fyrir að þessi hræðilegi dagur skyldi renna upp yfir mannkynið, íbúa Íraks, Sameinuðu þjóðirnar og allt hið alþjóðlega kerfi?

Ég tel, herra forseti, skynsamlegt að við, í framhaldi af þessum umræðum utan dagskrár sem ég vil þakka fyrir, að utanrmn. Alþingis og utanrrh. beittu sér fyrir því að fara yfir stöðu mála og stöðu Íslands gagnvart viðburðum af þessu tagi. Ég er alveg viss um að við höfum ekki fundið þá leið sem er örugglega best fyrir Ísland í viðbrögðum okkar.

[14:58]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í skjóli nætur eru gerðar loftárásir á Írak, á land sem hefur allan þennan áratug búið við viðskiptabann og refsiaðgerðir stórveldanna. Refsiaðgerðirnar stangast á við mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafa valdið ómældum erfiðleikum, hungursneyð og þrengingum í landinu. Þær hafa orðið þess valdandi að hátt á aðra milljón manna hefur látið lífið samkvæmt mati mannréttindasamtaka og fulltrúa stofnana Sameinuðu þjóðanna. Um þetta er ekki deilt. Þetta er fleira fólk en látið hefur lífið í öllum átökunum í Júgóslavíu á undanförnum árum. Þetta er þrisvar sinnum fleira fólk en lét lífið í árásum Bandaríkjamanna á Nagasaki og Hiroshima á sínum tíma.

Nú gera öflugustu herveldi jarðarinnar loftárásir á varnarlaust fólk sem ekki hefur einu sinni burði til loftvarna. Á þessu segist utanrrh. Íslands hafa skilning. Hann gengur jafnvel lengra og lýsir yfir stuðningi við þessar aðgerðir.

Í ágúst árið 1990 skipaði Saddam Hussein her sínum að ráðast inn í Kúveit. Hann sagði: Þetta er okkar réttur, okkar land. Þetta land tilheyrði áður Írak og á þeirri forsendu fór hann myrðandi og með valdi. Núna segja Bandaríkjamenn nákvæmlega það sama: Okkar hagsmunir eru í húfi, þetta er okkar réttur. Þetta er hins vegar ekki þeirra réttur. Þetta er brot á þjóðarétti, þetta stríðir gegn samþykktum Sameinuðu þjóðanna og grundvallarsáttmála mannkynsins um mannréttindi.

Hagsmunir Bandaríkjamanna eru þeir af margvíslegum toga. Olíuverð er lægra en í langan tíma og ef viðskiptabanni yrði aflétt af Írak yrðu efnahagslegir hagsmunir auðhringa í iðnaðarríkjum Vesturlanda í stórhættu. Á þessum hagsmunum hefur íslenska ríkisstjórnin skilning. Þetta mál er íslenskt innanríkismál. Þetta er mál sem kemur okkur öllum við.

[15:01]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég harma þá alvarlegu atburði sem orðið hafa og það er fráleitt að við Íslendingar getum sýnt þeim nokkurn skilning, hvað þá tekið undir þá skoðun utanrrh. að um rétta ákvörðun hafi verið að ræða. Enda er þetta vont mál, vont mál fyrir Sameinuðu þjóðirnar, alþjóðasamfélagið er í miklum ágreiningi um málið og þjóðir og leiðtoga þeirra greinir á um tilgang og mögulegan árangur aðgerða af þessu tagi.

Við, vopnlaus þjóð sem telur sig bæði friðsama og réttsýna, getum ekki annað en harmað það og mótmælt því að enn skuli óbreyttir borgarar, börn og gamalmenni í Írak þurfa að líða fyrir aðgerðir sem stefnt er gegn Saddam Hussein, aðgerðir sem eru illa rökstuddar og enginn sér fyrir hvað muni leiða af sér og alþjóðasamfélagið er í ágreiningi um, aðgerðir sem munu treysta stöðu Saddams Husseins og enn fylkja þjóðinni að baki honum gegn sameiginlegum óvini, aðgerðir sem fyrst og fremst munu skaða saklaust fólk.

Herra forseti. Við viljum vera vinir Bandaríkjamanna og Breta. En vinur er sá er til vamms segir og það á við í þessu máli.

[15:02]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Vissulega ber að harma að grípa hafi þurft til hernaðaraðgerða gegn stjórn Saddams Husseins líkt og ávallt ber að harma beitingu hervalds. Hins vegar verður að leggja áherslu á að eingöngu er við Saddam Hussein og stjórn hans að sakast í þessum efnum. Ítrekað hefur stjórn hans virt fyrirmæli öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna að vettugi. Ítrekað hafa vesturveldin aðvarað hann. Vopnaeftirlitssveitir Sameinuðu þjóðanna hafa þegar eytt gífurlegu magni eldflauga, efnavopna, eiturefna og raunar heilli lífefnavopnaverksmiðju í Írak. Ítrekað hefur þeim hins vegar verið neitað um aðgang að meintum geymslustöðum slíkra vopna þvert á fyrirmæli öryggisráðsins og þvert á eigin samninga við t.d. Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Í fréttatilkynningu utanrrn. í dag er einmitt bent á að almenningur í Írak hafi liðið miklar þjáningar vegna árásarstefnu og mannréttindabrota Saddams Husseins og valdaklíku hans. Það er fyrir löngu kominn tími til að þessum þjáningum linni. Sameinuðu þjóðirnir hafa gert allt sem í þeirra valdi hefur staðið til að tryggja mannúðaraðstoð til almennings í Írak, m.a. með því að veita Íraksstjórn undanþágu frá viðskiptabanni til að selja mikið magn af olíu til að greiða fyrir matvæli handa almenningi. Ljóst er að alræðisstjórnin hirðir lítt um hag almennings í landinu.

Virðulegi forseti. Stjórn Saddams Husseins er ógnun við öryggi í Miðausturlöndum og þar með ógnun við öryggi í heiminum. Vesturlönd geta ekki liðið slíkum stjórnvöldum að búa yfir gereyðingarvopnum. Sem aðildarríki að Atlantshafsbandalaginu hlýtur Ísland að styðja aðgerðir Bandaríkjanna og Bretlands sem miða að því að tryggja öryggi okkar allra.

[15:04]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Já, þetta er dapur dagur, ekki eingöngu vegna þeirra árása sem gerðar hafa verið á Írak og eru tilefni umræðunnar, heldur er þetta dapur dagur á Alþingi Íslendinga þegar við heyrum talsmenn ríkisstjórnarflokkanna einn eftir annan rökstyðja þessar árásir, lýsa yfir stuðningi, telja

að til þeirra hafi þurft að koma og telja þær óumflýjanlegar eins og hæstv. utanrrh. Þetta eru fádæmi. Þetta eru tíðindi á Alþingi Íslendinga eins og til þessara aðgerða er stofnað.

Trúir raunverulega nokkur maður því í þessum sal, þrátt fyrir orð hæstv. utanrrh., að ekki sé beint samband á milli tímasetningar þessara aðgerða og þeirra vandræða sem forseti Bandaríkjanna stendur í þessa daga, þegar það gerist í annað sinn á þessu hausti eða þessum vetri að við aðstæður þegar forseti Bandaríkjanna er að verða mát í sínum vandræðum að efnt er til undirbúnings hernaðaraðgerða eða árása af þessu tagi? Þetta er mat hjá fréttastofum heimsins á þessum degi. En á Alþingi Íslendinga er þessu vísað frá af talsmönnum ríkisstjórnarinnar.

Ég veit ekki hvort menn hafa heyrt mál Snowcrofts, fyrrv. ráðgjafa Bandaríkjastjórnar í öryggismálum, í beinu fréttaviðtali í gærkvöldi eftir að þessi tíðindi bárust. Hann gagnrýndi þessar aðgerðir m.a. vegna tímasetningar þeirra. Og ég verð að segja, virðulegur forseti, að það er erfitt að botna í þeirri röksemdafærslu sem fram er færð af Bandaríkjunum og Bretum í sambandi við þetta mál um það til hvers þessar árásir eiga að leiða, hvernig þær eigi að skila þeim markmiðum sem þeir í orði kveðnu segjast vera að berjast fyrir. Það er von að utanrrh. Bandaríkjanna, Madeleine Albright, hafi vafist tunga um tönn í gærkvöldi á fréttamannafundi þegar hún var beðin um að rökstyðja þetta nánar.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans og fyrir þessa umræðu. Það ber að harma, sagði hæstv. utanrrh., að hernaðaraðgerðir hafa hafist gegn Saddam Hussein. *Þannig hóf hæstv. utanrrh. mál sitt.*

Hér er um mikinn misskilning að ræða. Þessar hernaðaraðgerðir eru ekki gegn Saddam Hussein. Í sjónvarpsviðtali í nótt sagði yfirhershöfðingi Bandaríkjahers endurtekið: Árásunum er ekki beint að Saddam Hussein. Auðvitað ekki. Þá væri um enn eitt brot á alþjóðalögum að ræða ef þjóðhöfðingi Íraks væri sérstaklega skortmark þannig að a.m.k. hvað yfirlýsingar snertir má ekki segja það.

Þá kemur auðvitað upp spurningin: Hvað svo og til hvers? Hverju ætla menn að ná fram ef það má ekki vera og er ekki yfirlýstur tilgangur að steypa þessari ríkisstjórn og koma á nýrri? Það er mat flestra stjórnmálaskýrenda að þetta muni ef eitthvað er styrkja enn í sessi harðstjórnina í Írak. En fórnarlömbin, þolendurnir, við vitum hverjir þeir eru. Það eru hinir sömu og hafa liðið fyrir átta ára viðskiptabann.

Það er vissulega rétt að árangur hafi orðið af vopnaeftirlitinu. En það er mat flestra hernaðarsérfræðinga að hernaðarmáttur Íraks, a.m.k. utan eigin landamæra, sé orðinn hverfandi vegna þess að landið er ein rjúkandi rúst og það eru miklu meiri herveldi allt í kringum Írak sem ekkert vopnaeftirlit fer fram í. Íranir eiga miklu meira af efnavopnum. Sýrlendingar eiga miklu meira af efnavopnum. Ísarelar eiga yfir 100 kjarnorkusprengjur. Það stafar engin ógn af þeim, er það? Nei. Á þetta land sem búið er að sprengja aftur á steinaldarstig þarf að gera loftárásir að næturþeli með öflugustu vígtólum sögunnar og henda þeim sprengjum á saklaust fólk, enda eru fórnarlömbin, þau sem þegar eru fallin, óbreyttir borgarar og tugir þeirra liggja nú særðir á allslausum sjúkrahúsum í Bagdad.

Það er ömurlegt, herra forseti, að heyra málflutning íslenskra ráðamanna. Á þessum degi fyrirverður maður sig fyrir þau stjórnvöld sem fara með völdin í landinu, að vísu ekki þetta eina sinn.

[15:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þingmenn, sumir hverjir, hafa undrast mjög afstöðu íslenskra stjórnvalda í þessu máli en rétt er að taka fram að sama afstaða hefur komið fram af hálfu ríkisstjórnar Noregs, ríkisstjórnar Danmerkur og ríkisstjórnar *Finnlands og það er alveg skýrt í yfirlýsingum utanríkisráðherra* og forsætisráðherra Svíþjóðar að þau telja bæði að þessi staða sé á ábyrgð Saddams Husseins. Þeir styðja að vísu ekki árásirnar en þeir fordæma þær ekki heldur (**HG:** Nú, styðja þær ekki?) þannig að íslenska ríkisstjórnin er ekkert ein um það. Það er alveg ljóst að þessum árásum er ekki beint gegn fólkinu í Írak. Þeim er beint gegn Saddam Hussein og ríkisstjórn hans og því sem sú ríkisstjórn stendur fyrir. Það vekur athygli mína í þessum umræðum að þeir sem gagnrýna íslensku ríkisstjórnina hvað mest virðast ekki telja að ríkisstjórnin í Írak beri hér höfuðábyrgð. (**ÖJ:** Hver hefur sagt það?) Það er varla að hv. þingmenn nefni Saddam Hussein á nafn. Það er fyrst og fremst verið að tala um Breta, Bandaríkjamenn og það er sagt aftur og aftur að hið alþjóðlega samfélag beri ábyrgð á dauða barna og saklausra borgara í Írak. Það er að sjálfsögðu einræðisherrann í Írak sem ber þar höfuðábyrgð. (**SJS:** Og er þá allt í lagi að þau deyi?) Það er hv. þm. til skammar að spyrja svona spurninga. (**SJS:** Það er að til skammar að bera á okkur að ...)

(**Forseti** (ÓE)**:** *Ekki samtal.*)

Það er hv. þm. til skammar að spyrja svona spurninga. (**ÖJ:** Það er verið að réttlæta þjóðarmorð.)

(**Forseti** (ÓE)**:** Hafa hljóð í salnum.)

Auðvitað veit hv. þm. um afstöðu þess sem hér stendur í því máli. (**ÖJ:** Við sjáum það á framkvæmdum hans.)

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson verður að muna það að hernaðaraðgerðirnar í Flóabardaga voru til þess að frelsa Kúveit. Þær voru ekki til þess að koma Saddam Hussein frá heldur til þess að frelsa þá þjóð sem Saddan Hussein hertók. Og að líkja þeirri árás Saddams Husseins þá við það sem nú er að gerast, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði, er náttúrlega aldeilis fráleitt.

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hv. 4. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[15:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kalla það nokkrar sakir til að bera af sér að vera vændur um það að á bak við málflutning minn liggi sérstök samúð með eða stuðningur við einræðisherrann Saddam Hussein. Ég leiddi hjá mér hliðstæð ummæli frá hv. þm. Tómasi Inga Olrich af því að mér þóttu þau ekki svara verð og vildi ekki eyða dýrmætum tíma mínum í þann tittlingaskít. En þegar hæstv. utanrrh. lætur að því liggja að málin séu tekin upp eða flutt af minni hálfu vegna þess að ég hafi sérstaka samúð með eða telji að Saddam Hussein beri ekki ábyrgð fyrir sitt leyti á því sem þarna er að gerast, þá er það ómaklegt og þá ber ég af mér þær sakir. Ég bendi hæstv. utanrrh. á að lesa greinargerð með þáltill. sem ég er 1. flm. að um að endurskoða viðskiptabannið á Írak. Þar er farið hörðum orðum um einræðisherrann Saddam Hussein og hvergi dregið undan varðandi þá ábyrgð og það stjórnarfar sem í skjóli hans þrífst í Írak. En ég er hins vegar þeirrar skoðunar að dauði 750 þúsund barna sé ekkert skárri

fyrir vikið. Hann er staðreynd engu að síður og spurningin hlýtur þar af leiðandi að vera: Hvað getum við gert til þess að afstýra þeim hörmungum sem þarna eiga sér stað, þeim harmleik sem menn hafa nú horft upp á í átta ár og ekki eru neinar horfur á að linni með þessu? (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÓE)**:** Umræðunni um þetta mál var lokið.)

Ég veit það, herra forseti. Þannig að málið snýst ekki um samúð með Saddam Hussein heldur um það ástand sem þarna ríkir.

[15:14]

Útbýting þingskjals:

Skipun nefndar um sveigjanleg starfslok, 364. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 507.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (sala hlutafjár). — Þskj. 256, nál. 427 og 447.

[15:14]

Jóhanna Sigurðardóttir (frh.)**:**

Herra forseti. Þegar ég gerði hlé á máli mínu áðan hafði ég farið í nokkrum orðum yfir þá reynslu sem við höfum nú af sölu á hlutafé í bönkunum og hvaða áhrif hún getur haft á eignaraðild að bönkunum. Ég hafði líka farið yfir það og undrast mjög á því hver afgreiðsla hv. meiri hluta efh.- og viðskn. var á þessu máli þar sem einungis var nefnt hverjir höfðu komið á fund nefndarinnar og lagt til að Alþingi samþykkti málið. Ekki var neinum orðum eytt að því hvaða áhrif þessi sala á hlutabréfum hefði haft og er það auðvitað mjög miður. Maður veit raunverulega ekki hvaða asi það er að setja þetta mál í forgang á þessum degi. Hér bíður þess að sett verði á dagskrá stórt mál um stjórn fiskveiða en það er forgangsröðun ríkisstjórnarinnar að afgreiða þetta mál um heimild til ráðherra og ríkisstjórnarinnar að selja það sem eftir er af Fjárfestingarbankanum.

Herra forseti. Ég nefndi það í máli mínu áðan að þessi reynsla gengi þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild. Hæstv. viðskrh. hefur ítrekað látið hafa eftir sér og sagt að ef það væri rétt sem fram hefur komið í fjölmiðlum að ákveðnir aðilar hefðu staðið að kennitölusöfnun í þeim tilgangi að komast yfir stærri hlut í Fjárfestingarbankanum en þeir ella gætu þá væri það þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar um að ná fram dreifðri eignaraðild að bankanum og þá væri um mjög alvarlegan hlut að ræða.

Enn og aftur styður þetta það að ekki á að vera með neinn asa við að afgreiða þetta mál. Það á að bíða eftir því hverju fram vindur að því er varðar eftirmarkað með þessi bréf og hver niðurstaða verður hér á næstu vikum og mánuðum, hvort þetta hafi í reynd stuðlað að því sem margir óttast og m.a. sú sem hér stendur, að fjársterkir aðilar hafi hér komist yfir stóran hlut í bönkunum.

Það kemur reyndar fram, herra forseti, í frv. að markmiðið var að enginn einn aðili eða einstakir aðilar gætu keypt meira hlutafé en sem nemur allt að 3% hlutafjár í bankanum í slíkri sölu. Á þessu byggðu útboðið og útboðsskilmálar. Ég held, herra forseti, að það sé alveg óruggt mál að þessi kennitölusöfnun gekk gegn útboðsskilmálum, t.d. í Fjárfestingarbankanum.

En hæstv. ráðherra vill fá þessa heimild og ég tel það óvirðingu við Alþingi að Alþingi afgreiði þetta mál án þess að við höfum fyrir okkur mat á þeirri reynslu sem varð af sölunni á 49% í bankanum. Eins og ég nefndi áðan kom fram hjá þeim sem mættu fyrir hönd viðskrn. í efh.- og viðskn. að einhver vísbending mundi geta legið fyrir um það 4. desember. Engu að síður afgreiðir meiri hluti efh.- og viðskn. álit sitt 3. desember, deginum áður. Það er óvirðing við þessa stofnun að við fáum ekki vitneskju um hvaða áhrif þetta hefur haft vegna þess að það gæti auðvitað haft áhrif á afgreiðslu þessa máls og e.t.v. orðið til þess að við vildum þá gera það sem hæstv. forsrh. benti á í liðnum ágústmánuði, þ.e. að setja hér inn einhver ákvæði um hámarkshlut og eignaraðild. Ég held að það geti varla verið verra að bíða þangað til eftir jólaleyfi með að afgreiða þetta mál.

Hæstv. ráðherra vill kannski gjarnan hafa það í sinni hendi hvað hann leggur til varðandi söluna á þessu 51%. Hann lét það sjálfur í ljós, herra forseti, 8. desember í Morgunblaðinu að hann telji að það gæti alveg komið til greina að setja skilyrði um að menn ættu sinn hlut í tiltekinn tíma, t.d. þrjú ár eins og ráðherrann nefndi. Hann er því hér að tala um ákveðinn eignarhaldstíma. Og ég spyr: Er það hægt nema gera það með lögum? Getur ráðherrann ákveðið það með einhverri reglugerð eða tilskipunum til Fjárfestingarbankans að þarna skuli vera ákveðinn eignarhaldstími? Ég held ekki, herra forseti.

Hæstv. ráðherra verður þá að upplýsa hvaða tök hann hefur á málinu varðandi það að setja einhverjar skorður á söluna eða einhverjar leiðbeiningar um söluna, ég tala nú ekki um eignarhaldstíma og hámarkshlut, eftir að málið er komið frá Alþingi. Þess vegna skil ég ekki þennan asa á þessu máli.

Hæstv. ráðherra nefndi einnig í þessu blaði að eitt af því sem komi til greina þegar sölunni verður haldið áfram sé t.d. að bjóða öllum viðskiptamönnum bankanna hlutabréf á hagstæðu verði. Þannig væri unnt að styrkja tengsl einstaklinga og viðskiptabanka þeirra og hægt væri að setja þau skilyrði að þeir yrðu a.m.k. eigendur í ákveðinn tíma áður en þeir gætu selt hlut sinn. Þessar skoðanir hefur hæstv. ráðherra ekki látið í ljós úr þessum ræðustól þó hann hafi verið inntur eftir því, t.d. í utandagskrárumræðu. En þetta hefur komið fram í Morgunblaðinu. Við hljótum að eiga rétt á því, þegar hann er að biðja hv. Alþingi um heimild til að selja allan Fjárfestingarbankann, að ráðherrann láti skoðun sína í ljós á því hvaða skorður hann telur að þurfi að setja varðandi söluna út frá þeirri reynslu sem við höfum.

Herra forseti. Við erum að tala um mikla eign. Þetta eru engir smápeningar sem eru hér undir og sem skattgreiðendur eiga. Því skiptir auðvitað máli hvernig með þetta er farið.

Í greinargerð með þessu frv. kemur eftirfarandi fram, herra forseti:

„Formleg starfsemi FBA hófst 1. janúar 1998 þegar bankinn tók við eignum og skuldum fjárfestingarlánasjóðanna fjögurra, Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Útflutningslánasjóðs sem greiðslu á hlutafé. Var hlutafé bankans ákveðið 6.800 millj. kr.“

Þetta eru miklir peningar, herra forseti, sem núna er verið að brytja í passlega mola í ginið á kolkrabbanum. Þetta eru 6,8 milljarðar að nafnvirði. En eigið fé var 8 milljarðar rúmir og heildareignir 54 milljarðar kr. Við erum því að tala um verulega fjármuni. Það þarf a.m.k. að ganga þannig frá málum, ef menn eru staðráðnir í því að selja allan hlutinn í bankanum, að skattgreiðendur fái það sem eðlilegt og sanngjarnt getur talist fyrir þennan hlut í bankanum, og að sama

leiknum og í fyrri sölu, á hinum helmingi hans, verði ekki haldið áfram, þ.e. að bankinn sé seldur á undirverði og að hægt hefði verið að fá miklu meira fyrir hann í ríkissjóð.

Menn geta ekki borið fyrir sig, herra forseti, einhverja dreifða eignaraðild í þessu sambandi þegar þessir fjársterku einstaklingar ná þessu til sín, ekki á eftirmarkaði heldur í útboðinu sjálfu, með þessari nýju leið sem hér er fundin upp með kenntölusöfnun.

Þetta minnir, herra forseti, eins og ég las í blaði, mjög á keðjubréfaæðið sem tíðkaðist hérna í gamla daga. Þá gengu peningabréf á milli manna og allir áttu að græða. Allir áttu að græða á þessu en auðvitað var það þannig að fæstir græddu. Einstaka aðilar græddu en flestir sátu eftir með sárt ennið og höfðu tapað. Þetta minnir óneitanlega á það.

Herra forseti. Mig langar líka aðeins að segja þegar við ræðum hér bankana og þá hagræðingu sem menn töldu að yrði með hlutafélagavæðingunni að ég veit ekki hve mikið við höfum séð þessa hagræðingu í bönkunum. Höfum við séð að hún hafi komið mikið fram í lækkun á vöxtum, eða í lækkun á þjónustugjöldum? Ég hef ekki orðið mjög vör við mikla lækkun t.d. að því er varðar þjónustugjöldin.

Við höfum séð verulega fækkun á starfsfólki vegna þess að veruleg fækkun hefur orðið í fjármálastofnunum á undanförnum árum. Frá árinu 1993 til ársins 1997 hefur t.d. fækkað í fjármálastofnunum úr 5.100 í 4.200. En það athyglisverða við þá tölu er að karlmönnum hefur engu að síður, þrátt fyrir þessa fækkun, fjölgað úr 1.400 í 1.600. Það er konum sem hefur sérstaklega fækkað, úr 3.700 í 2.600. Þessi hagræðing sem menn eru alltaf að tala um í sambandi við bankana hefur því sérstaklega komið niður á konum og valdið fækkun þeirra hjá fjármálastofnunum.

Herra forseti. Ég held því að áður en þessari umræðu lýkur þurfum við að fá miklu skýrari svör frá hæstv. ráðherra um hvað hann hyggst fyrir og hvenær hann áformi að beita þessari heimild — þetta er jú bara heimild sem hann er að biðja um frá þinginu — og hvers við megum vænta. Hvort hann telji sig hafa tök á, eftir að málið hefur verið afgreitt frá Alþingi, að setja einhverjar skorður að því er varðar söluna.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra. Hann er nú ekki hér í salnum, herra forseti.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hann er í húsinu. Við gerum ráðstafanir til að hann komi í salinn.)

Það verður að ætlast til þess að hann hlýði a.m.k. á það þegar verið er að leggja fyrir hann fyrirspurnir þannig að hægt sé að fá fram eðlileg skoðanaskipti um málið. Í mínum huga er þetta stórt mál þó að það sé aðeins formsatriði og smámál hjá þessari hæstv. ríkisstjórn að fá þessa heimild. Ég held t.d. að hv. efh.- og viðskn. hefði átt að bíða eftir niðurstöðu bankaeftirlitsins af því að upplýst hefur verið að málið er til skoðunar hjá bankaeftirlitinu. Niðurstaða hennar liggur ekki fyrir að því er ég best veit. En ég spyr hv. formann efh.- og viðskn. um hvert álit bankaeftirlitsins hafi verið á þessari aðferð sem hér er að skjóta upp kollinum, sem ég ætla ekkert að halda fram hér, síður en svo, að sé eitthvað ólögleg. En það er spurning hvort bankaeftirlitið hafi ekkert við þessa nýju leið að athuga, þessa leið bakdyramegin sem kolkrabbinn hefur fundið til þess að geta eignast stærri hluta í bankanum en ríkisstjórnin hefur sett sér sem markmið. Markmiðið er 3%, og það er alveg ljóst að það er brostið. En samt á ekkert að gera í málinu af hálfu meiri hlutans miðað við það álit sem liggur fyrir hjá hv. efh.- og viðskn.

Meðan ég bíð eftir því að geta lagt fyrirspurn fyrir ráðherrann, eins og ég ætla að gera, þá er alveg ljóst að svona mikill gróði á örfáum dögum hjá fáum aðilum getur ekki verið eðlilegur, samanber það þegar ég er að tala um að bankinn hafi verið seldur á undirverði. Hér er verið að tala um — eða eins og hér kemur fram, hálf milljón fyrir ekki neitt — að dæmi eru um að fjögurra manna fjölskylda hafi grætt 577 þúsund án þess að leggja út eina einustu krónu. Það er eitthvað bogið við það, herra forseti, þegar málin eru þannig vaxin.

Og hér stendur:

„Þeir sem fylgdust grannt með þróuninni gátu þá farið á kreik í banka eða verðbréfafyrirtæki með gíróseðlana og selt þá. Fjögurra manna fjölskylda með fjórar kennitölur var þannig með gíróseðla upp á rúmar 2 millj. kr. í fórum sínum. Á genginu 1,85 fengust 2 milljónir 664 þús. kr. fyrir seðlana. Mismunurinn, 668 þús. kr., að frádregnum fjármagnstekjuskatti og söluþóknun, fór beint í vasann."

Herra forseti. Það hlýtur að vera eitthvað bogið við þetta og það hlýtur að vera þannig, herra forseti, að þingið þurfi að fjalla um það hvort ekki þurfi þá í ljósi þessarar reynslu að grípa til einhverra aðgerða í lagasetningunni sjálfri sem stuðli að því að markmið ríkisstjórnarinnar geti náðst fram.

Ég ætla að vitna hér í í einn ágætan leiðara sem er undir yfirskriftinni Siðleysi á markaði, sem fjallar um þessar kennitölur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er enn ljóst hvort bankaeftirlitið, sem fengið hefur kæru vegna kennitölubrasksins, telur þetta framferði í góðu lagi. Víða erlendis þar sem markaðurinn er þroskaðri en hér eru öflugar eftirlitsstofnanir stöðugt að glíma við einstaklinga og fyrirtæki sem brjóta lagalegar eða siðferðilegar viðskiptareglur. Þar dettur stjórnvöldum ekki í hug að horfa aðgerðalaus á siðlausa hegðan hrægamma viðskiptalífsins."

Það er það sem þessi ríkisstjórn ætlar sér, herra forseti, hún ætlar að horfa aðgerðalaus á þessa hegðan og stuðla frekar að því heldur en hitt og greiða fyrir því að þessi leikur geti haldið áfram. Og ég óttast það virkilega, herra forseti, til hvers slík einokun og fákeppni getur leitt. Við höfum of mikla fákeppni og samþjöppun valds í stórum atvinnugreinum eins og hjá olíu- og tryggingafélögunum og í flutningastarfsemi, sem ég held að sé ekki æskileg. Og með því að bankarnir fari á fárra manna hendur á tiltölulega stuttum tíma eins og þessi ríkisstjórn er að stuðla að, þá hygg ég að það geti leitt til fákeppni í bankakerfinu, leitt til þess samruna sem t.d. Íslandsbanki er að berjast fyrir.

Ég hefði nú haldið að einokun væri í huga sjálfstæðismanna, sem berjast mjög fyrir framgangi þessa máls, ekki af hinu góða og það beri að stuðla að samkeppni og dreifðri eignaraðild í þessu máli. En ég held að það sem raunverulega er að gerast sé að bankarnir eru næstir á dagskrá hjá þessum fjársterku aðilum.

Ég sé, herra forseti, að hæstv. ráðherra er mættur í salinn og er það mjög gott því að ég tel að hann þurfi og skuldi þinginu það, þegar hann er að biðja um svona hraða afgreiðslu á þessu máli, að fara vel yfir þessa stöðu og meta hvaða áhrif þetta getur haft eins og málið blasir við honum. Ég ætla, hæstv. forseti, að spyrja hæstv. ráðherra nokkurra spurninga.

Í fyrsta lagi. Ef það kemur nú í ljós, sem ég tel reyndar að liggi þegar fyrir, að markmið ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild sé runnið í sandinn, telur hæstv. ráðherra þá rétt að grípa til þess að óska eftir því við Alþingi að sett verði í

lög ákvæði um hámarkshlut að því er varðar eignaraðild og heildaratkvæðamagn hvers eins aðila og tengdra aðila?

Ég veit alveg hvernig eftirmarkaðurinn vinnur og það getur verið erfitt að koma á slíkum hömlum eða girðingum. En engu að síður held ég að þessi leið geti stuðlað að og tryggt frekar það markmið sem ríkisstjórnin leggur áherslu á.

Í öðru lagi. Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því áður en þetta mál verður afgreitt við 3. umr. málsins, að á milli 2. og 3. umr. geti minni hlutinn fengið vitneskju um það til hvers þessi sala hefur leitt? Í áliti minni hlutans kom fram að 4. desember ætti að liggja skýrar fyrir hver niðurstaðan hefði orðið að því er varðar 49% sölu á hlutafé í Fjárfestingarbankanum þannig að ég býst við að við ættum að geta fengið nokkuð haldgóðar upplýsingar um stöðuna á þessum tímapunkti. Mun ráðherrann, ef þetta liggur ekki þegar fyrir, beita sér fyrir því að þingið fái þá vitneskju áður en málið verður afgreitt?

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. ráðherra. Liggur fyrir niðurstaða bankaeftirlitsins, sem hefur verið að skoða þessi kennitölumál? (**Viðskrh.:** Nei.) Hæstv. ráðherra segir bara hér og nú að sú vitneskja liggi ekki fyrir. Það eru auðvitað enn ein rökin fyrir því sem ég hef verið að segja hér, að við eigum ekki að afgreiða málið strax. Við eigum náttúrlega að bíða eftir niðurstöðu bankaeftirlitsins. Og ég spyr: Hefur hæstv. ráðherra þá gert eitthvað til þess að fá fram þá niðurstöðu hjá bankaeftirlitinu? Ef hann hefur ekki gert það, mun hann beita sér fyrir því að niðurstöðu bankaeftirlitsins verði hraðað þannig að niðurstaðan liggi fyrir þegar málið verður tekið til 3. umr. ef meiningin er að gera það fyrir jólin?

Ég spyr hvort ráðherrann sé sammála því að rétt sé að setja hámarks eignaraðild, ef þetta hefur farið úr böndunum, hvar mundi ráðherrann staðnæmast við í því efni? Hæstv. forsrh. hefur talað um 3–8%. Er hæstv. ráðherra sammála því að það sé einhvers staðar á því bili?

Telur ráðherrann líka að til greina komi, eins og hann hefur raunverulega nefnt, að hann muni þá beita sér fyrir því að settar verði reglur um hámarkseignarhaldstíma á þessum bréfum?

Og ég spyr ráðherrann. Þegar fyrir liggur að bréfin hafa hækkað í gengi á einum degi um 20% og á örskömmum tíma um allt að 30%, telur hann enga ástæðu til að ætla að bréfin hafi verið seld undir raunvirði? (Gripið fram í.) Ég sé að hæstv. ráðherra er mér greinilega ekki sammála um það. Ráðherrann sagði þó við utandagskrárumræðu að ef stjórnvöld hefðu ákveðið að selja t.d. 5–15% hlut til hvers aðila í bönkum — sem er svipaður hlutur og Kaupþing og Búnaðarbanki hafa með braski sölsað undir sig nú — þá hefði verðmæti bankanna orðið meira. Hæstv. ráðherra nefndi þennan hlut, 5–15%, og sagði að reynslan erlendis frá ... (Gripið fram í.) Nei, það voru mín orð. Ég sagði að þetta væri svipaður hlutur og Kaupþing og Búnaðarbankinn hefðu með þessu kennitölubraski sölsað undir sig. En hæstv. ráðherra nefndi þennan hlut 5–15%, að ef það hefði runnið til eins aðila eða verið selt í útboði til eins aðila mætti gera ráð fyrir því að skattgreiðendur og ríkisstjóður hefðu fengið meira fyrir bankann. Og hæstv. ráðherra nefndi að reynslan erlendis frá sýndi að hægt hefði verið að fá 30–50% meira með þeirri aðferð að selja stærri hlut.

Og þó að ríkisstjórnin hafi sett fram þetta markmið um dreifða eignaraðild þá hefur hún brugðist og við erum að tala um þessi 5–15% sem hafa runnið til einstakra aðila. Þetta eru þær spurningar, herra forseti, sem ég tel nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari við þessa umræðu málsins, þ.e. hvort hann sjái enga ástæðu til þess, eins og minni hlutinn leggur til, að það sé skoðað hvort ekki sé rétt að beita annarri söluaðferð en gert var við sölu á 49% hlut í bankanum. Ég tel mjög nauðsynlegt að fá það fram núna við þessa umræðu málsins áður en málið er tekið til 2. umr. Og ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari hér í skýru og skilmerkilegu máli þeim spurningum sem ég hef beint til hans, og í lokin þeirri spurningu: Hvað er það sem knýr svo mjög á þegar þingið er komið í tímaþröng að afgreiða þetta mál sem mjög deildar meiningar eru um á þinginu og menn hafa beðið um, margir hverjir, að fá lengri tíma til að skoða, fá fram niðurstöðu bankaeftirlitsins og frekara mat á hver eignaraðildin verður? Þess vegna verður hæstv. ráðherra að gefa þinginu sannfærandi skýringu á því hvað liggi á að keyra málið svona gegnum þingið án þess að nokkrar skorður séu settar frekar á söluna en var í upphafi þegar við ræddum þetta mál við 1. umr. málsins.

[15:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi algjörlega hafna því að efh.- og viðskn. eða meiri hluti hennar hafi sýnt minni hlutanum eða nokkrum óvirðingu í meðferð sinni um málið. Það lá nokkurn veginn fyrir hver niðurstaðan á útboði í Fjárfestingarbankanum hefði orðið og engin þörf á að bíða eftir því að fá endanlegan lista þegar málið var afgreitt.

Annars kemur mér mjög á óvart málflutningur hv. þm., ekki síst í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu í ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar áðan þar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir greiddi væntanlega atkvæði á móti stofnun Fjárfestingarbankans á sínum tíma til þess að hægt væri að skipta upp sjóðunum sem runnu inn í bankann á milli þeirra banka sem fyrir voru. Og væri nú fróðlegt að kynna sér þá fákeppni eða þá samkeppnisstöðu sem hefði orðið á markaðnum ef sú leið hefði verið farin. Varla hefði það aukið samkeppnina eins og hv. þm. hefur talað hér svo mjög fyrir. Ekki hefði það heldur leitt af sér dreifðari eignaraðild. Mér finnst því að þessi málþófsræða sem hv. þm. flutti hafi verið gjörsamlega út í hött og alls ekki í neinu samræmi við fyrri málflutning í þessu máli.

Það sem hefur hins vegar komið í ljós er það að með sölu á þessum 49% í Fjárfestingarbankanum hefur myndast mjög dreifður hluthafahópur. Þetta er eitt af fjölmennustu hlutafélögum landsins og ekkert annað komið fram en að bankinn muni einmitt halda áfram sjálfstæði sínu sem sjálfstæð fjármálastofnun á þessum markaði þrátt fyrir eignaraðild t.d. Kaupþings að bankanum, sem er innan við 10%. (Gripið fram í.) Það liggur fyrir að Kaupþing, sem er stærsti hluthafi bankans, hefur flaggað eignaraðild sem er undir 10%, og síðan hafa sjóðirnir í Kaupþingi flaggað eitthvað í kringum 5% og sjóðirnir í Búnaðarbankanum eitthvað í kringum 5%. Þetta er mjög dreifð eignaraðild sem þarna kemur út að öðru leyti.

Og það er furðulegt að heyra þennan málflutning af hálfu hv. þm. sem var fyrir ári síðan tilbúin til að láta þennan banka renna saman við hina bankana í landinu.

[15:43]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst mjög athyglisvert hvernig hv. þm. talar hér gegn því sem forsrh. hefur þó talað fyrir, þ.e. að

dreifð eignaraðild eigi að vera og það sé rétt að setja skorður við 3–8%. Hv. formaður efh.- og viðskn. er gjörsamlega ósammála því. Og auðvitað er það svo og það er bara það sem við stöndum frammi fyrir að áformin sem voru uppi þegar lögin um Fjárfestingarbankann voru samþykkt á sl. ári, það er nú ekki lengra síðan, herra forseti, en rúmt ár, voru þau að Sjálfstfl. og þingmenn hans voru að stuðla að frekari einkavinavæðingu í bankakerfinu. Að geta selt fjársterkum aðilum verulegan hluta í þessum banka.

Vissulega er það stór hlutur þegar við erum að tala um að Kaupþing eigi orðið atkvæðamagn sem er um 14–15%, sem samsvarar því að þeir geti fengið einn stjórnarmann í bankanum. Hv. þm. þykir þetta greinilega allt í lagi. Það er þá hans skoðun ef hann vill stuðla að slíkri einkavinavæðingu, ég er bara gjörsamlega ósammála þingmanninum. Hv. þm. hefur í þeim málum sem hann hefur verið að beita sér fyrir, mörgum hverjum, bæði skattamálum og fleiri, verið að stuðla að og ýta undir þessa einkavinavæðingu og að fjármagn færist á fárra manna hendur, og það er hans lífsskoðun og við því er þá ekkert að segja. Ég hef bara aðra skoðun á málinu, hvernig við eigum að búa þetta þjóðfélag.

Varðandi það að ég hafi ekki viljað stuðla að stofnun Fjárfestingarbankans, þá er það alveg rétt af því ég vissi hvað vakti fyrir hv. sjálfstæðismönnum með því. Það var að koma þessum banka í ginið í kolkrabbanum, eins og hæstv. ráðherra nefndi það á sínum tíma þegar hann var þingmaður. Það hefði verið miklu eðlilegra og meiri hagræðing fólgin í því að setja þetta inn í bankana eins og við lögðum til.

[15:45]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að með þeirri aðferð sem hefur verið notuð hafi myndast afar dreifð eignaraðild á Fjárfestingarbankanum og mun dreifðari eignaraðild en verið hefði ef leið hv. þm. hefði verið farin, sú að skipta sjóðunum á milli hinna bankanna í kerfinu. Fjárfestingarbankinn, eins og hann starfar í dag, er sjálfstætt fyrirtæki og það eru fleiri keppinautar á markaðnum. Samkeppnin á markaðnum hefur aukist, vaxtamunurinn hefur minnkað, öll sú þróun sem verið hefur á fjármagnsmarkaðnum hefur verið í átt til aukinnar hagkvæmni og aukinnar arðsemi til hagsbóta fyrir viðskiptavinina og til hagsbóta fyrir þá sem eiga þarna fjármuni.

Öllu því sem hv. þm. hefur sagt er aðeins hægt að gefa eina einkunn, þetta er bara nöldur og málþóf. Hv. þm. er einfaldlega á móti þessu af einhverjum furðulegum ástæðum sem er ómögulegt að vita og væri fróðlegt að fara að fá einhverjar skýringar á því.

Hv. þm. talar um einkavinavæðingu í þessu sambandi og ég verð að segja það að ég er stoltur af því að eiga 90 þúsund einkavini sem hafa skrifað sig fyrir hlutafé í Búnaðarbanka Íslands. Ég er viss um að Búnaðarbanki Íslands verður eftir allar þessar breytingar fjölmennasta hlutafélag landsins. Sannarlega er ágætt að eiga þá vini alla saman að einkavinum og verð ég þá a.m.k. vinaríkari en hv. þm., sem virðist vera á móti og hafa einhverja fordóma gegn öllum þeim sem eiga hluti í þessum bönkum. Furðulegastir eru þó fordómar hv. þm. í garð Íslandsbanka, sem komu áðan fram, sem er fyrirtæki með afar dreifða eignaraðild. Nánast þriðjungur hlutafjárins er í eigu lífeyrissjóða, enginn hluthafi er stærri en 10% í bankanum, þriðjungur er í eigu fyrirtækja og stofnana og annar þriðjungur í eigu þúsunda einstaklinga. Ég skil ekki þessa fordóma í garð þess fyrirtækis.

[15:47]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil mótmæla því og vona að hæstv. forseti taki undir það að ég var í engu málþófi áðan þótt ég hafi kannski talað í upp undir 60 mínútur þar sem ég var að færa rök fyrir stóru máli sem verið er að keyra í gegnum þingið.

Það er alveg ljóst að hv. þm. líður ekkert vel. Hann veit alveg að hann er að færa eigur skattgreiðenda á undirverði til einkavina sinna og Sjálfstfl., kolkrabbans og fjölskyldnanna fjórtán. (**VE:** 90 þúsund.) Ég er ekkert að agnúast út í þá 90 þúsund sem sáu ástæðu til að reyna að fá einhvern smáágóða af kennitölum sínum. En ég er að agnúast út í að þingið skuli ekki stuðla að því á einhvern hátt að setja skorður við því að þessum leik verði haldið áfram.

Herra forseti. Hv. þm. sýnir þá óvirðingu þegar hann hefur verið með andsvar, að hlaupa hér út úr salnum og hlusta ekki á það sem hér er verið að ræða. (**VE:** Ég er í salnum.) Þegar hv. þm. talar um að 90 þúsund aðilar eigi núna Fjárfestingarbankann skora ég á hann hér og nú (**VE:** Búnaðarbankann, sagði ég.) já, Búnaðarbankann, að hann sýni fram á það með rökum hver staðan er núna, hve þessum aðilum hefur fækkað eftir að útboðinu er lokið.

Miðað við málflutning hv. þm., herra forseti, skuldar hann þinginu að málið verði tekið milli 2. og 3. umr. aftur inn í nefndina og það komi fram framhaldsnál. þar sem hann sýnir fram á það svart á hvítu, hvernig þessi dreifða eignaraðild er. Ekki er hægt að bjóða þinginu upp á það að málið sé afgreitt með þessum hætti. Ég mun þurfa að hafa langt mál um þetta frv. við 3. umr. ef hv. þm. fer ekki að því sem óskað hefur verið eftir.

[15:49]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að forseta hafi ratast satt orð á munn að ég ætla að vera stuttorður um þetta mál enda þótt full ástæða væri til að fara mjög ítarlega yfir það. Hér erum við að ræða enn eina hliðina á þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur kallað einkavæðingarstefnu og markaðsstefnu sína og er út af fyrir sig ekkert um það að segja. Hún er auðvitað frjáls að því þó að hér geti verið skiptar skoðanir um það hve langt eigi að ganga, hve hratt eigi að fara, hvar eigi að selja ríkisfyrirtæki, hvar eigi að hlutafélagavæða ríkisfyrirtæki og hvernig þjónustu yfirleitt er best fyrir komið. Um þetta er tekist á hinum pólitísku nótum.

Í þessu sambandi er hins vegar ákaflega fróðlegt og lærdómsríkt að fylgjast með hvernig núverandi ríkisstjórn hefur gert þetta og hvers konar verklag hún hefur fest í sessi í þessa veru því yfirleitt er gangur málanna sá í fyrstu lotu að þá er með mjög mjúkum hætti komið inn í hið háa Alþingi og gerð tillaga um að formbreyta ríkisfyrirtækjum. Það er undirstrikað aftur og aftur í ítarlegri umræðu að það standi ekkert fyrir dyrum að selja þetta fyrirtæki á markað, það eigi bara að formbreyta því, það eigi bara að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög þannig að þau geti verið jafnstæð öðrum hliðstæðum hlutafélögum í svipuðum rekstri á markaði. Bæði væri það kostur fyrir markaðinn og einnig fyrir viðkomandi fyrirtæki. Þetta er þekkt klisja úr umræðunum. Við spurningar er því haldið fram að ekkert sé á dagskrá ríkisstjórnarinnar eða stjórnvalda að fara í sölu þessara fyrirtækja.

Stundum líður mjög skammur tími hins vegar þar til framhaldsplatan er sett á og menn vinda sér í sölu þessara bréfa í eigu ríkisins. Stundum líður lengri tími á milli.

En þetta er aðferðin og býsna fer það að verða þreytulegt að fylgjast með þessu endurtekna efni, grín úr gömlum myndum, aftur og aftur, og væri miklum mun heiðarlegra að ríkisstjórnin segði alla söguna, lýsti því hreinlega yfir hvernig með ætti að fara. Óneitanlega hefur það stundum verið gert en í allt of fáum tilvikum. Venjan hefur verið sú sem ég lýsti áðan, undantekningin sú að menn hafi sagt: Þessu fyrirtæki á að breyta í hlutafélag, það á að selja.

Þennan bakgrunn er fróðlegt að hafa í huga þegar við skoðum það tiltekna fyrirtæki sem er sérstaklega til umræðu. Ástæða er til þess, af því að ég ætla að vera stuttorður, að formaður efh.- og viðskn., hv. Vilhjálmur Egilsson, leggi við eyrun nú þegar, hv. þm. sem vinkar hér en talaði áðan um að flagga. Þegar hann var spurður sérstaklega um hvernig hinni meintu dreifðu eignaraðild væri háttað á þeim 49% sem hafa þegar verið seld í bankanum svaraði hann því þannig til að tiltekin fyrirtæki hefðu þegar flaggað, eins og hann orðaði það, tiltekinni eignaraðild að Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Kaupþing hefði þannig flaggað 14% hlutdeild í þessum tæpa helmingi sem fór í sölu, í fræga sölu núna í nóvembermánuði. Einhverjir tilteknir lífeyrissjóðir hefðu síðan flaggað einhverjum 5%.

Um það snýst ekki spurningin. Hér er einfaldlega spurning um það að við fáum það upp á borð. Ég var að reyna að fletta því upp á Verðbréfaþinginu og reyna að glöggva mig á því hvort eignaraðild þessa fyrirtækis væri ekki einfaldlega skráð. Ég fann það hvergi. Sú spurning stendur og ég er sammála því að það er ekki nokkurt vit í að fara lengra í umræðuna fyrr en við vitum hvort endurteknar staðhæfingar hv. stjórnarliða um það að salan frá því í fyrra mánuði á 49% hlut ríkisins hafi leitt af sér raunverulega dreifða eignaraðild eða ekki. Og 14% hjá einu fyrirtæki, sem flaggaði því svo sannarlega örfáum dögum eftir að útboðið fór fram að því hafi tekist, ég held ég muni orðalagið rétt, að sölsa undir sig 14% af því þeim hlutum sem til sölu voru. Hvernig gerði þetta fyrirtæki það? Jú, það gerði það með hinum margfræga kennitölukaupum.

Nú var það þannig með þetta tiltekna fyrirtæki, sem er að sönnu ekkert verra eða betra en önnur í þessum bransa og fer eins langt og leikreglur leyfa, þannig að ég er ekki að gagnrýna þessi fyrirtæki. Ég er að gagnarýna þá aðila sem settu upp þessar leikreglur. En þetta sama fyrirtæki, sem sá sérstaklega ástæðu til þess að flagga eignarhlut sínum eftir að hafa keypt kauprétt almennings í stórum stíl og greitt kommissjónir á báða bóga, var jafnframt söluaðili bréfanna af hálfu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, sem aftur var falið það af hálfu fjmrn. að höndla söluna. Með öðrum orðum hirti fyrirtækið sjálft söluþóknun, greiðslur beint úr ríkissjóði, þær greiðslur voru samtals um 49 millj. kr. og eru í fjáraukalagafrv. ríkisstjórnarinnar. Til viðbótar sá fyrirtækið ástæðu til þess, eðlilega, vegna þess að fyrir lá áður en útboðið fór fram að gengi bréfanna var miklum mun hærra en ríkisstjórnin og þeir sem leikreglurnar settu höfðu áformað fyrir fram.

Þá spyr maður sjálfan sig: Þýðir þetta á tungumáli sérfræðinga í íslenskum viðskiptum hinn þróaði markaður? Því að ég hef hoggið eftir því aftur og aftur, þegar ungu, myndarlegu piltarnir í bláu skyrtunum koma fyrir framan sjónvarpsskerminn og ræða um það þegar þingmenn eða aðrir leikmenn eru að hafa uppi ýmsar spurningar og efasemdir hvort rétt sé að verki staðið, þá er talað um afturhaldssemi og að menn skilji ekki þær breytingar sem hafi orðið á íslensku samfélagi á síðustu missirum og árum, og að þetta sýni og undirstriki það að markaðurinn sé orðinn þróaður.

Hann var svo ofþróaður, virðulegi forseti, að við settum heimsmet í síðustu sölu þannig að við erum samkvæmt þeirri einkunnagjöf orðnir þróaðastir allra, orðnir ofþróaðir í sölu bréfa ríkisins og hvað varðar meinta eða raunverulega dreifða eignaraðild að hlutafélögum sem voru áður fyrr í eigu ríkisins.

Ég vil ekkert heita þróaður þegar kemur að þessu. Ég vil hins vegar að það séu allnokkuð skýrar og skilmerkilegar leikreglur sem allir aðilar þurfa að undirgangast. Ég fer ekki ofan af því, herra forseti, að atgangurinn og kringumstæðurnar í fyrri umferðinni þegar seld voru 49%, þótt hann hafi auðvitað verið hjóm eitt miðað við það sem síðan gerðist í Búnaðarbankanum, er eitthvað sem ég tel ekki nokkur efni til þess að endurtaka. Förum yfir það örfáum orðum vegna hvers:

Í fyrsta lagi liggur það bara á borðinu hér og þarf ekkert að deila um þær tölur, að söluaðilinn seldi bréfin á rétt um 4 milljarða kr., ég rúnna af tölur, en verðmæti bréfanna núna samsvarar um 6 milljörðum. Með öðrum orðum, menn geta nefnt þetta hvaða orði sem er, þarna voru 2 milljarðar kr. sem runnu í hendur þeirra sem gerðu viðskipti með þessi bréf. Hverjir eru að tapa? Jú, sannarlega eru þeir að tapa, ef við notum það orð, sem áttu þess kost strax í upphafi að selja þetta þessu miklu hærra verði, þ.e. eigendur bankans, skattgreiðendur.

Ég rifja upp, virðulegi forseti, að 2 milljarðar kr. og þó þeir væru 1,5, eru umtalsverðar upphæðir. Það er tekist á um minna hér í þingsölum en slíkar upphæðir. Hér er rifist um allt niður í örfáa hundraðþúsundkalla, og það stendur í ríkisstjórninni að bæta úr bágum hag aldraðra og öryrkja þegar menn eru að tala þar um hundruð milljóna kr. En á örfáum dögum renna, þótt óbeint sé, út úr ríkissjóði á annan milljarð króna og mönnum þykir það bara ósköp eðlilegt. Það er bara merki um þróaðan markað eins og það heitir. Býsna þróaður markaður það.

Nú veit ég ekkert hverjir nutu þessa ágóða. En þó er augljóst mál að eitt fyrirtæki sem hefur flaggað því alveg sérstaklega naut 14% af þessum ágóða. Að vísu hefur þetta fyrirtæki væntanlega þurft að borga eitthvað fyrir kauprétt-inn hjá einstaklingum, fyrir kennitölukaupin, fyrir þenna framvirka eftirmarkað, eins og það heitir núna á fínu máli. Framvirkur eftirmarkaður, þróaður, framvirkur eftirmarkaður. Þetta eru þær klisjur sem við heyrum í dag á þessum síðustu og verstu tímum. Þessir peningar hafa runnið þarna í nokkra vasa.

Það voru engar 90 þúsundir sem komu þar að verki. Nei, ég efast um að raunverulegir eignaraðilar, án þess að ég viti það frekar en nokkur annar hér, skipti einhverjum þúsundum.

Ég segi það aftur, virðulegi forseti, að auðvitað er ekki hægt að ræða þetta mál á neinum vitlegum grunni fyrr en við vitum hvernig til tókst með söluna í fyrri lotu. Ég ætla að biðja formann efh.- og viðskn. um að svara því núna bara með já eða nei, hann má gera það úr hliðarsal: Veit hann upp á hár, frekar en aðrir hv. þm., hvernig eignarhaldi er háttað í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins? Veit hann það? (**VE:** Svara því á eftir.)

Ég er ekki að spyrja um nein flögg eða hverju menn hafa flaggað. Hefur hann um það lista og upplýsingar hvort

eignaraðildin sé raunverulega dreifð eður ei? Þessu er einfalt að svara. Veit hann það eða veit hann það ekki?

Hann svarar því engu svo ég trúi því þá að hann viti það ekki. Því að ekki veit ég það. (**VE:** Ég veit það alveg nægilega vel.) Ég vænti þess þá að hæstv. viðskrh. sé með þær upplýsingar og komi þeim inn í umræðuna núna, þannig að við getum byggt á raunverulegum upplýsingum.

Virðulegi forseti. Auðvitað er margt um þetta mál að segja. Ég sé að það er algerlega einboðið að ég komi aftur að þessu máli við 3. umr., vegna þess að af ákveðnum ástæðum er tími minn hér þröngt skammtaður. Það er langt í frá að hægt sé að skilja við málið með þessum hætti. Hér mætti nefna margt til sögunnar.

Ég hef ekki nefnt nema í algjöru framhjáhlaupi, þennan brandara, þetta Íslandsmet, þetta heimsmet, uppákomurnar í kringum söluna á kennitölum. Við eigum heimsmet í ýmsu og þarna kemur eitt til viðbótar. Þetta hlýtur að vera þróaðasti verðbréfamarkaður í heimi samkvæmt þessu. Við erum ekki bara að jafna metin við Wall Street, við höfum skákað þeim og orðnir ofþróaðir samkvæmt þessu.

Fróðlegt væri ef tíunduð yrði fyrir mér í örfáum orðum hin meinta dreifða eignaraðild á þessum bréfum sem ríkissjóður sleppti af hendinni fyrir örfáum vikum síðan.

Ég veit auðvitað að sannleikurinn er sá að hv. þm. hefur ekki hugmynd um það frekar en ég eða aðrir hér inni. Og við ljúkum auðvitað ekki málinu meðan þannig er í pottinn búið.

[16:01]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir rétt að leiðrétta það sem hv. þm. *sagði hér áðan, að sagan segði okkur að yfirleitt kæmu menn* með mál inn í þingið og formbreyttu fyrirtækjum, settu á þau hlutafélagastimpil, kæmu síðan eftir á og segðu: Nú þarf að selja.

Í þeim tilfellum sem hér eru til umræðu, hvort sem menn eru að tala um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf., á þetta ekki við. Þegar sjóðirnir voru sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins var klárt að til stæði að selja 49%, það stóð skýrt og skorinort í frv. Einnig var gerð grein fyrir því að selja ætti 51% síðar meir. Nú er leitað eftir þeirri heimild.

Sama gildir um Landsbankann og Búnaðarbankann. Það kom skýrt fram í frv. að ekki ætti að selja eignarhlut ríkisins þar heldur stæði til að auka hlutafé þeirra og við hefðum heimildir til þess allt upp í 35%. Farið hefur verið eftir öllu sem menn sögðu á þessum tíma og þinginu gerð fullkomin grein fyrir því.

Það sem upp úr stendur eftir þennan stutta tíma sem hefur reynt á sölu eða aukningu hlutafjár í þessum fyrirtækjum er að markmiðið sem ríkisstjórnin setti sér um dreifða sölu hefur gengið eftir. Það ætla ég að rökstyðja með þessu:

Eigendur í Landsbanka Íslands í dag eru í kringum átta þúsund. Stærsti einstaki hluthafi fyrir utan ríkið á þar á bilinu 2,3–2,5%. Í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins eru hluthafar í dag í kringum sjö þúsund. Stærsti einstaki hluthafinn fyrir hálfum mánuði, ég tek það skýrt fram, var með 9%. Sjóður í vörslu sömu aðila var með í kringum 5% og sjóður í vörslu Búnaðarbankans var með í kringum 5%. Í Búnaðarbanka Íslands skrifuðu tæp 93 þúsund manns sig fyrir hlutabréfum. Stærsti einstaki hluthafinn þar er Íslandsbanki með í kringum 1,5%.

Geta menn með einhverjum rökum haldið því fram að þarna sé, eins og staðan er núna, ekki um dreifða eignaraðild að ræða? Það er ekki hægt.

Það merkilegasta við þessa kennitölusöfnun alla saman er að hún misheppnaðist. Hún misheppnaðist hjá þeim sem stóðu fyrir henni, sem betur fer. Tveir þriðju hlutar þeirra sem tóku þátt í kaupum á Búnaðarbankanum neituðu að skrifa sig og framselja sín réttindi til þeirra sem voru að leita eftir þeim. Þeir eru í dag að selja á genginu 2,7 og eru þar af leiðandi að stórgræða á þessum viðskiptum sínum við bankann.

[16:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla út af fyrir sig ekki að hafa langt mál um það sem hæstv. ráðherra segir um að allt hafi staðist *og allar forsendur standi eins og stafur á bók varðandi áform* ríkisstjórnarinnar um sölu ríkishlutafélaga. Við værum ekki að fást við þetta í dag ef allt hefði staðið eins og stafur á bók. Hvað erum við að gera hér í dag? Er ekki verið að breyta *fyrri áformum í þá veru að selja síðari hluta FBA?* Var ekki ætlunin að selja fyrst 49% og sjá hvernig málum yndi fram og fara síðan í síðari hlutann þegar það lægi fyrir? Sú er ekki raunin. Nú má engan tíma missa. Á lokaspretti þingsins á að knýja þetta í gegn þó ekki sé *einu sinni* hægt að svara einföldum spurningum um eignarhaldið á þeim bréfum sem þegar hafa verið seld.

Spurningum mínum er engan veginn svarað, virðulegi forseti, þó að hæstv. ráðherra lesi úr blöðum og tímaritum nákvæmlega það sama og ég sagði áðan, að Kaupþing eigi 9% — þeir hafa sagt það sjálfir — og einhverjir sjóðir eigi 5% og 5%. Það hefur allt komið fram í fjölmiðlum. Síðan eru 7.000 aðrir, eða 6.997 væntanlega, sem eiga litla hluti. Þetta segir mér ekki neitt.

Þýðir þetta að 6.950 eigi pínulitla hluti og síðan eigi einhverjir 50 stóra hluti? Ég verð að sjá myndina fyrir framan mig til þess að trúa því að um raunverulega dreifða eignaraðild sé að ræða. Þetta eru auðvitað engin svör og ekki hægt að bjóða okkur hér þegar við ætlum að fara að setja um þetta lög eftir örfáa klukkutíma eða daga. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð. Ég bið um skýrari svör en þetta. Ég þekki nú hæstv. viðskrh. af öðru en því að bjóða upp á svo útþynntan graut.

[16:06]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Langflestir hluthafarnir í Búnaðarbanka Íslands, 8.000, eiga hlut að nafnvirði í kringum 55 þús. kr. Langflestir hluthafa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, eða á bilinu 6–7 þúsund, eiga hlut að nafnvirði í kringum 350 þús. kr. Langflestir hluthafarnir, sem er enginn smáfjöldi, í Búnaðarbanka Íslands, þessi rúmu 92 þúsund, eiga hlut í Búnaðarbankanum í kringum 4.000 kr., rétt tæp 4.000 kr. að nafnvirði.

Þetta er hin dreifða sala. Ég verð að spyrja hv. þm: Með hvaða ráðum öðrum ætluðu þeir hv. þm., sem gagnrýna þetta fyrirkomulag, að ná fram dreifðri sölu og eignaraðild ef ekki með þessu, að tugir þúsunda Íslendinga séu eigendur í þessum fjármálastofnunum með pínulitla hluti?

Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan: Það gleðilega við þessa sölu er að kennitölusöfnunin, sem ég hef sagt að gekk þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar, mistókst. Hún mistókst vegna þess að fólkið í landinu skynjar hvernig hlutabréfamarkaðurinn virkar. Það var óskynsamlegt hjá þessum hópi

að binda sig tilteknum fjármálafyrirtækjum á fyrirframgefnu verði, þ.e. skrifa upp á og framselja sinn hlut á genginu 2,28, 2,4, eða 2,5. Stærsti hluti þessa hóps skráði sig fyrir hlut á eigin forsendum. Í dag geta þeir selt á genginu 2,7, og geta því aukið ráðstöfunartekjur sínar með skynsamlegri hegðan á hlutabréfamarkaðnum á síðustu dögum.

[16:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hægt og bítandi kemur þetta fram hjá hæstv. ráðherra. Hann hefur augljóslega betri upplýsingar í sínum fórum en hann vill vera láta. Og nú vantar bara herslumuninn, að hann leggi fram þennan lista nákvæmlega þannig að maður geti séð það svart á hvítu. Ég vantreysti ekki tölum hans en hann fer hugsanlega með þær eftir minni. Ég sé ekki vandamálið. Af hverju í veröldinni er ekki hægt að leggja þetta hér fram á borð þingmanna sem fskj. eða dreifimiða? Ég skal sjá um að dreifa honum fyrir hæstv. ráðherra.

Kjarni málsins er sá, án þess að ég dragi í efa tölur ráðherrans, að þessi eftirmarkaður er í fullum gangi. Það sama á við um Búnaðarbankann. Hæstv. ráðherra nefndi raunar að það væru 92 þúsund eigendur hlutabréfa í Búnaðarbankanum. Ég sá það í einhverju blaði að þeir væru nú í kringum 60 þúsund talsins, ekki 92 þúsund því að 30 þúsund hefðu þegar notað hinn þróaða, framvirka eftirmarkað og selt kauprétt sinn. Þeir teljast nú vart með sem eigendur. Eigendurnir eru því 60 þúsund.

Nú væri fróðlegt að fá að vita, þegar hækkunin á bréfunum frá upphaflegri sölu ríkisins upp á 2,15, sem er 26% hækkun, hve margir af þessum 60 þúsund hafa þegar notað hinn raunverulega eftirmarkað og losað sig við bréfin, hver talan er í dag. Mér kæmi ekki á óvart þó að sú tala væri einhvers staðar í kringum 50 þúsund og færi lækkandi. En það kemur á daginn.

Ég segi, virðulegi forseti, að mér finnst málið vanbúið. Ég spyr: Liggur lífið á? Erum við í einhverju svakalegu tímahraki með þetta? Getum við ekki tekið okkur þann tíma sem þarf í þetta eftir hátíðarnar? Ég er ekkert upptekinn og hef nógan tíma til þess. Hvað liggur svona á? Er peningahallæri hjá ríkissjóði? Hvað er málið?

Ég veit að það er tímaskortur hér.

(**Forseti** (ÓE): Já, það er rétt hjá hv. þm.)

[16:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því þegar hv. þm. hélt ræðu sína að hann var með athugasemdir um menn sem gengju í bláum skyrtum. Mér var þá litið á hv. þm. og viðskrh. og sjálfan mig og sá það að þann hóp fylla nú ýmsir ágætir menn.

Út af ræðu hv. þm. þá kemur enn og aftur fram að eignaraðildin að þessum fyrirtækjum er afar dreifð, hvort sem menn tala um Fjárfestingarbankann, Landsbankann eða Búnaðarbankann. Fyrirtækin hafa afar fjölmennan hluthafahóp og líklega mun Búnaðarbankinn verða langfjölmennasta hlutafélag landsins eftir þessar aðgerðir. Það er samt ekki nóg fyrir hv. þm.

Jafnframt hefur komið fram að með starfsemi Fjárfestingarbankans hefur samkeppni aukist á markaðnum. Það er ekki nóg fyrir hv. þm. Fram hefur komið að vextir og kjör lántakenda og viðskiptavina bankakerfisins hafa batnað. Vaxtamunur og vextir hafa lækkað. Það er ekki nóg fyrir hv. þm.

Komið hefur fram að stefna ríkisstjórnarinnar er að bjóða út þetta 51% sem eftir er í Fjárfestingarbankanum þannig að þokkalegt verð fáist fyrir. Það er ekki nóg fyrir hv. þingmann. Það hefur líka komið fram að einkavinir ríkisstjórnarinnar eru yfir 90 þús. Það er ekki nógu gott fyrir hv. þm. Það er sannarlega ekki nógu gott fyrir hv. þm. að ríkisstjórnin skuli eiga svona marga einkavini sem hún getur selt þessa banka.

Við skulum taka eftir því að Kaupþing kaupir þessa hluti í Búnaðarbankanum eða Fjárfestingarbankanum á fullu verði. Þeir borga markaðsverð fyrir bréfin, það er ekki verið að einkavinavæða þeim í hag. Salan er þeim 90 þúsund einstaklingum sem voru að kaupa þessi bréf í hag.

Ég verð að segja það að ég er afar stoltur yfir því hvernig til hefur tekist á þessum sviðum. Ég harma hins vegar að hv. þm. skuli ekki geta tekið þátt í þessari ánægjulegu þróun. Hann barmar sér yfir þessu öllu, enda ekki félegt það sem lagt var til af hálfu hv. þm. þegar málið var afgreitt.

[16:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins smáleiðrétting varðandi bláu skyrturnar. Ég átti auðvitað við að þeir væru jakkalausir í bláum skyrtum. Það er lykilatriði í þessu sambandi. En það er aukaatriði.

Ég segi enn og aftur, virðulegi forseti, að ég sannfærist ekki þó menn segi mér að hundrað þúsund eigendur séu að einhverju fyrirtæki, ef fimm af þessum hundrað þúsund eiga hugsanlega 90% í því. Það er að minni hyggju ekki dreifð eignaraðild þó að eigendurnir séu margir. Þetta er svipað og maður standi með annan fótinn í ísköldu vatni og hinn í sjóðandi vatni og teljist því að meðaltali volgur. Þetta er bara ekki svona einfalt og er ekki hægt að bera svona hluti á borð. Hægt væri að benda á margar hliðstæður sem sýna fram á að ein og sér eru þetta ekki borðleggjandi rök. En þau geta líka verið virk.

Annað í þessu samhengi, virðulegi forseti, af því að hæstv. ráðherra og formaður nefndarinnar hafa spurt hvaða önnur aðferð hefði t.d. tryggt dreifða eignaraðild. Ég minni á að það voru og eru raunar enn að stórum hluta 270 þúsund einstaklingar sem eiga Búnaðarbankann.

Það er hver einasti Íslendingur sem á hann. Ef menn vildu fara fyrir þá leið sem hér er verið að tala um og tryggja tugi þúsunda, hundruð þúsunda, af hverju hafði ríkisstjórnin ekki sjálf frumkvæði að því að senda eigendum þessa ríkishlutafélags bréf beint heim í stofu þar sem hún hafði frumkvæði að því að hver einasti maður kæmi að þessum kaupum en léti ekki kaupahéðna og víxlara sjá um það?

Við eigum þann möguleika enn þá. Er þá ekki langtum heiðarlegra að ganga þannig til verks? Hæstv. ráðherra og ríkisstjórn gerði það til að mynda, sem mér fannst um margt lofsvert en er engu að síður umdeilanlegt að sumu leyti, að bjóða starfsfólki bankanna að kaupa á einhverjum formarkaði á tilteknu verði. Ég er sammála því, mér finnst það eiga við í þessu sambandi. Starfsfólkið hefur lagt fyrirtækinu starfskrafta sína um lengri eða skemmri tíma og það eru ákveðin réttlætisrök sem undirbyggja það. Hefði ekki á sama hátt verið eðlilegra að hver einasti Íslendingur hefði bara fengið bréf frá hæstv. ráðherra um að kaupa þessa pappíra á tilteknu verði og að ríkisstjórnin sjálf gerði það bara beint að bjóða þessi kaup? Eða hreinlega, eins og sumir sem hafa gengið svo langt að senda þennan mismun á raunverði og væntanlegu markaðsverði, bara beint heim í stofu, það væri

bara jólagjöf ríkisstjórnarinnar, heldur en að einhverjir aðrir væru að því?

[16:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri fróðlegt að heyra það hjá hv. þm. hversu dreifð eignaraðildin þarf að verða til þess að geta talist dreifð. Í annan stað væri spurning af hverju hv. þm. rifjar ekki upp fyrri tillögu minni hlutans í efh.- og viðskn. þegar Fjárfestingarbankinn var stofnaður um að selja eða láta sjóðina renna inn í þá banka sem fyrir eru, Búnaðarbankann, Landsbankann og Íslandsbanka. Telur hv. þm. t.d. að eignaraðildin að fjármagnskerfinu væri dreifðari ef sú leið hefði verið farin?

Ég held nefnilega að hv. þm. missi algerlega sjónar á aðalatriði þessa máls, sem er þetta, að eignaraðildin að Fjárfestingarbankanum er afar dreifð. Eignaraðildin að Landsbankanum er afar dreifð. Búnaðarbankinn verður fjölmennasta hlutafélag landsins eftir þessar breytingar. Það sem málið snýst um og er aðalatriði þess er að samkeppni á fjármagnsmarkaðnum hefur aukist. Vaxtamunur í bankakerfinu hefur minnkað. Hagræðing í bankakerfinu hefur aukist. Kjör lántakenda í bankakerfinu hafa batnað. Kjör innlánseigenda í bankakerfinu hafa batnað.

Það hefur allt saman batnað og yfir þessu virðist hv. þm. bara vera hágrátandi.

[16:18]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Nei, herra forseti, ég held að ég sé ósköp sanngjarn þegar ég segi að mér finnst gráttónn í einhverjum öðrum en mér. Það held ég að verði að segja.

Mér er hins vegar full alvara þegar ég tala um að ég kaupi ekkert einfaldar og billegar skýringar á borð við þær að vegna þess að það séu hundruð þúsunda manna sem eigi í einhverju fyrirtæki þá sé tryggt að þar sé dreifð eignaraðild. Þetta þekkjum við í alþjóðafyrirtækjum mörgum hverjum, að það eru þúsundir ef ekki milljónir eignaraðila en það eru kannski ein eða tvær blokkir sem öllu ráða. Við skulum ekki vera með svona barnaskap í þessari umræðu, það á hreinlega ekki við.

Ég segi bara fyrir mig, virðulegi forseti, að ég hugsa að íslenskur almenningur upplifi ekki þessa gósentíð í vöxtum og vaxtakjörum og í þjónustugjöldum bankanna eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Ég er til í þann samanburð enn og aftur sem við gerum annað slagið, að bera saman þau kjör hérlendis og erlendis víða. Ég veit ekki betur en að það sé sami veruleikinn enn þann dag í dag að viðskiptamenn íslenskra banka, þá er ég ekki síst að tala um almenning, greiði hærri vexti, hærri þjónustugjöld, hærri rekstrarkostnað en greiddir eru í nágrannalöndum okkar og þar skil ég ekki á milli einkabanka og fyrrum ríkisbanka því að tölur eru alveg skýrar í þeim efnum.

Það er bara þannig og við skulum því draga úr þessari stórkostlegu lýsingu á þeirri gósentíð sem íslenskt launafólk býr við varðandi bankakerfið fyrr og nú. Þetta leysir ekki öll þau vandamál.

Virðulegi forseti. Við skulum bara horfa á hlutina eins og þeir eru. Við fögnum því að íslenskur almenningur eigi þess kost að koma að kaupunum. Ég árétta að einn og hálfur milljarður kr. reyndist liggja á milli reiknaðs söluverðmætis og þess sem reyndist síðan vera á markaði. Ég hugsa að þessi eini og hálfi milljarður hefði komið býsna vel tugþúsundum íslenskra fjölskyldna í landinu sem var aldrei boðið upp á það að taka þátt í hinum þróaða, framvirka eftirmarkaði.

Umræðu frestað.

Tilhögun þingfundar.

[16:21]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um fundahaldið vill forseti taka fram að hann stefnir að því að ljúka umræðu á þessum fundi um 17. dagskrármálið, einnig um 19. og 20. dagskrármál. Forseti hefur átt gagnlegar viðræður á fundi með þingflokksformönnum, tekur fram að það hefur ekki verið samið um fundarhaldið á nokkurn hátt, en það er mat forseta að þetta ætti að geta tekist.

Vegabréf, frh. 3. umr.

Stjfrv., 231. mál (heildarlög). — Þskj. 463, brtt. 504.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:23]

Brtt. 504 samþ. með 38 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, JóhS, JHall, KHG, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS.

26 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, GE, GB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, ÓÖH, RA, RG, SJóh, StG, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 532).

Fjáraukalög 1997, frh. 2. umr.

Stjfrv., 3. mál (niðurstöðutölur ríkissjóðs). — Þskj. 3, nál. 487.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:24]

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HG, JóhS, JHall, KHG, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (GÁS, GGuðbj, LB, MF, SvanJ, SvG, ÞHS) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, GE, GB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, StG, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HG, JHall, KHG, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (GÁS, GGuðbj, JóhS, LB, MF, SvanJ, SvG, ÞHS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, GE, GB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, StG, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Siglingalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 122. mál (björgun). — Þskj. 122, nál. 441, brtt. 442.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:25]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 442,1 samþ. með 36 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 442,2 samþ. með 37 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
10.–13. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 322. mál. — Þskj. 389, nál. 493.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:28]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Norræni fjárfestingarbankinn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 333, nál. 491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:29]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Tryggingagjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 228. mál (lífeyrissparnaður launamanns). — Þskj. 255, brtt. 485.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:30]

Brtt. 485,1 samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 485,2 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, JóhS, JHall, KHG, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS.

1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.

24 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, GE, GB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, StG, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, JHall, KHG, LB, MS, MF, ÓE, PP, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS.

2 þm. (PHB, SvG) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, GE, GB, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, StG, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 534).

Landhelgisgæsla Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (útboð). — Þskj. 262, nál. 498.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:32]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, JHall, KHG, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

24 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, GE, GB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, StG, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, JHall, KHG, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.
25 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, GE, GB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, StG, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 16:32]

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (sala hlutafjár). — Þskj. 256, nál. 427 og 447.

[16:53]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þessi tíðindi koma mér mjög á óvart vegna þess að ég hélt að það ætti að fara að ræða hér um sjávarútvegsmál. Það er búið að standa til frá því klukkan þrjú í dag að hefja umræðu um sjávarútvegsmál en af einhverjum ástæðum er því stöðugt frestað. Það er eins og ríkisstjórnin sé á flótta undan sínum eigin frv. í þessum sjávarútvegsmálum. Það er kannski skiljanlegt.

Hins vegar er það mín skoðun að kominn sé tími til þess að þau mál verði rædd eigi síðar en nú þegar. Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta að sjávarútvegsmálaumræðan hefjist nú þegar eins og um hafði verið talað milli formanna þingflokkanna og forseta fyrir nokkrum klukkutímum. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að það verði staðið við það samkomulag sem var gert milli formanna þingflokkanna og forseta um að hefja þegar í stað umræður um sjávarútvegsmál.

[16:54]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseta er kunnugt um að þreifingar hafa verið í gangi um samkomulag um þinghaldið í dag og væntanlega næstu daga. Lyktir liggja ekki fyrir í þeim málum en verða vonandi og væntanlega fyrr en síðar. Forseti hafði áformað að nýta tímann þar til samkomulag næðist með því að halda áfram umræðu sem þegar var í gangi um 17. dagskrármálið.

[16:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta ekki nógu gott verklag. Það verð ég að segja alveg eins og er. Hér er forseti nánast að segja að þetta frv. um Fjárfestingarbankann sem þegar er búið að slíta einu sinni í sundur í umræðu, eigi að notast sem eitthvert uppfyllingarefni og að það eigi að skjóta svona inn ræðu og ræðu um það mál og slíta svo þá umræðu sundur ef þannig fer að menn ná einhvern tímann saman um að ræða stórmál sem búið var að ákveða eða a.m.k. tala um að yrði tekið á dagskrá klukkan þrjú. Og menn hafa verið að reyna að búa sig undir það að umræðurnar færu fram á þennan hátt.

Ég segi fyrir mitt leyti, þó að það sé ekki stórkostlegt vandamál, herra forseti, að þó að ég treysti mér svo sem í umræðu um hvort tveggja málið, þá hafði ég lagt til hliðar plögg um Fjárfestingarbankann og eytt síðustu tveimur klukkutímunum eða svo í að undirbúa þessa umræðu um sjávarútvegsmál vegna þess að hún hafði verið boðuð og það hafði reyndar þegar frestast um einn og hálfan tíma og nú bráðum tvo tíma að hún kæmist að.

Ég held að forseti skuldi okkur frekari skýringar á því hvernig á þessum hlutum stendur. Nær væri að lengja fundarhléið, herra forseti, og fá botn í það hvernig eigi að haga þinghaldinu í dag og í kvöld. Þetta er óskaplega eitthvað óskýrt og ekki skilvirknislegt svo vægt sé til orða tekið, herra forseti.

[16:56]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þær óskir um að hlé verði gert á þessum fundi í nokkrar mínútur í viðbót til þess að menn geti skipulagt þingstörfin aðeins og ég vil upplýsa forseta um að engar viðræður eru í gangi um þinghaldið eins og er þannig að það er misskilningur að verið sé að þreifa á einhverjum lausnum af nokkru tagi. Ég mælist því til þess að gert verði hlé á fundinum þannig að hægt sé að ákveða hvaða mál á að taka fyrir. Það er auðvitað alveg óþolandi í sambandi við þetta mál um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins að verið sé að skjóta því inn á milli af og til eins og uppfyllingarefni eins og mér sýnist vera ætlunin að gera núna.

[16:57]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti nefndi það áðan að þreifingar hefðu verið í gangi og þær voru svo sannarlega í gangi. En lyktir hafa ekki náðst fram. Forseti telur affarasælast núna að gera hlé á þessum fundi.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 16:57]

Tilhögun þingfundar.

[17:27]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill fara nokkrum orðum um þinghaldið og það samkomulag sem náðist á fundi forseta og þingflokksformanna. Niðurstaðan er sú að áformað er að ljúka umræðu í eftirmiðdag og kvöld um 17. dagskrármálið, þ.e. Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, en 19. og 20. dagskrármálin verða tekin út af dagskrá og umræðan um þau hefst kl. 10.30 í fyrramálið.

[17:28]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 365. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 531.

Byggingarsamvinnufélög, 332. mál, nál. félmn., þskj. 526; brtt. félmn., þskj. 527.

Fjöleignarhús, 347. mál, nál. félmn., þskj. 530.

Húsnæðissamvinnufélög, 333. mál, nál. félmn., þskj. 528; brtt. félmn., þskj. 529.

Kjör einstæðra foreldra, 362. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj. 505.

Lögheimili, 185. mál, nál. félmn., þskj. 523.

Málefni fatlaðra, 331. mál, nál. félmn., þskj. 525.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 205. mál, nál. umhvn., þskj. 517; brtt. umhvn., þskj. 518.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, 321. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 519.

Stofnun jafnréttismála fatlaðra, 363. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 506.

Tilkynningar aðsetursskipta, 186. mál, nál. félmn., þskj. 524.

Vernd barna og ungmenna, 106. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 520; nál. minni hluta félmn., þskj. 521; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 522.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (sala hlutafjár). — Þskj. 256, nál. 427 og 447.

[17:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þungu fargi er af okkur létt að vita núna eftir eins og klukkutímaþóf hvað eigi að ræða næstu mínúturnar og ég verð að segja alveg eins og er að ég er af hjarta þakklátur fyrir að nú skuli vera fenginn botn í það hvernig fundarhaldinu verði háttað næstu mínúturnar og jafnvel klukkutímana og vona að það breytist sem minnst úr þessu. En ég leyfi mér þó að segja, herra forseti, þó að það sé utan við dagskrárefnið að eitt er að það sé ágreiningur um mál og jafnvel ágreiningur um tilhögun þinghaldsins og annað er að hér skuli þurfa að ríkja það sem maður eiginlega neyðist til að kalla skipulagsleysi og hálfgerða upplausn í skipulagningu starfanna. Í allan dag hefur staðið til að hefja ræður um sjávarútvegsmál og menn hafa búið sig undir það, búið að boða að það stæði til og svo stendur það ekki stundinni lengur og hér er margslitin í sundur umræða um dagskrármálið, frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. En það er sem sagt komin sú niðurstaða að það er málið sem á að ræða eitthvað á næstunni, er það ekki, herra forseti? Þá geri ég náttúrlega ráð fyrir því að hæstv. bankamálaráðherra verði til staðar og aðrir trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar á því sviði og væri ekki verra að formaður efh.- og viðskn. væri í salnum og annað helsta trúnaðarlið stjórnarinnar í þessum efnum. Það er víst ekki hægt að kalla einkavæðingarnefndina inn í þingsalinn, herra forseti, því utanþingsmönnum leyfist ekki að koma hingað, a.m.k. ekki til að tjá sig, en auðvitað ættu formenn einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar að sitja fyrir svörum umfram alla aðra, trúboðarnir sjálfir, því að það er hin nýja stétt trúboða. Eftir að trúboð í stórum stíl lagðist af í heiminum hefur vaxið upp ný stétt trúboða og trúboð hennar er einkavæðing og einkavinavæðing og einkafjármögnun og allt það.

En, herra forseti, það er spurning hvort upplýsingar liggja fyrir um ferðir viðskrh., hvort ég þarf að bíða lengi með að hefja mál mitt.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill upplýsa það að samkvæmt töflu forseta er hæstv. viðskrh. ekki í húsinu en það er verið að gera ráðstafanir til að hafa uppi á honum.)

Þá óska ég eftir að gera hlé á máli mínu, herra forseti, þangað til viðskrh. er kominn í salinn.

(**Forseti** (GÁS): Forseti verður við því. Það verður enn og aftur gert hlé á þessum fundi og honum fram haldið klukkan 17:40.)

[Fundarhlé. — 17:32]

[17:46]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Herra forseti. Það kann að vera eilítið ofmælt að ég hafi verið staddur í miðri ræðu því að ég hafði eiginlega rétt hafið mál mitt þegar í ljós kom að hæstv. viðskrh. var ekki alveg kominn í hús og við gerðum smáhlé á fundinum eins og forseta á að vera kunnugt. Af þeim sökum, sem kom sér reyndar mjög vel, var á meðan hægt að halda fund í stjórnarskrárnefnd og afgreiða þar mikilvægt mál. Það er því eiginlega ástæða til að færa viðskrh., þó óvenjulegt sé, þakkir fyrir að hafa verið fjarstaddur um skeið.

En okkur er að sönnu mikil ánægja að hafa hann hér í húsi þar sem hæstv. ráðherrann á auðvitað að vera eins og aðrir þingmenn til að taka þátt í umræðum eða hlýða á umræður um þetta mál, Fjárfestingarbankann.

Ég held að óhjákvæmilegt sé, herra forseti, að fjalla nokkuð um bæði aðdraganda og tilurð þessa banka og sömuleiðis stefnumótun hæstv. ríkisstjórnar í bankamálunum yfirleitt þegar þetta mál ber á góma enda er ítarlega vísað í þessa stefnumótun ríkisstjórnarinnar í greinargerð með frv. Þar er m.a. farið ítarlega yfir hina merku stefnumótun, sem ríkisstjórnin telur greinilega vera svo, í bankamálunum frá 28. ágúst sl. En af því það var nú sumar, herra forseti, og ekki víst að allir hafi fylgst í þaula með stjórnmálaumræðunni þegar bankamálafarsinn gekk yfir í sumar leyfi ég mér að rifja hann lítilega upp hér á eftir.

En fyrst vil ég segja um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins að þó að sá banki hafi að mörgu leyti farið frísklega af stað, svo ég leyfi mér að orða það þannig, er ekki þar með sagt að það hafi endilega verið rétt ákvörðun að stofna hann og ég er enn þeirrar skoðunar að þar hefðu aðrir kostir verið betri. Ég held að menn hafi misst af gullnu tækifæri til að endurskipuleggja opinberar fjármálastofnanir þegar farið var út í þá breytingahrinu sem enn stendur yfir, og á ég þá auðvitað fyrst og fremst við hlutafjárvæðingu eða breytingu ríkisbankanna í hlutafélög og stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Staðreyndin er sú að það ótrúlega gerðist að ríkisbönkunum var í raun fjölgað um einn. Teknir voru sjóðir, opinberir sjóðir eða hálfopinberir sjóðir, sem höfðu starfað á tiltölulega sjálfstæðum forsendum og lotið stjórn viðkomandi atvinnugreina að verulegu leyti, eins og Iðnþróunarsjóður og Fiskveiðasjóður höfðu gert. Úr þeim var búinn til einn heljarmikill ríkisbanki, Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., og hann skellti sér út í samkeppni við aðra banka og aðrar slíkar fjármálastofnanir. Útkoman varð einn ríkisbanki í viðbót en ekki einföldun og hagræðing í bankakerfinu sem ríkið hafði þó öll tök á að gera og hafði auðvitað í höndum sér einstakt tækifæri til að endurskipuleggja þessar stofnanir sem eigandi þeirra að fullu og öllu.

Nú er þetta tækifæri ríkissjóðs að fjara út úr höndunum á ríkissjóði ósköp einfaldlega með því að búið er að breyta fyrirtækjunum í hlutafélög og farið er að hleypa meðeigendum inn í bankana eða jafnvel að selja þá að fullu og öllu leyti, eins og á að fara að gera með Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þar með er málið úr höndum ríkisins og menn geta ekki komið við þeirri hagræðingu og endurskipulagningu sem skynsamlegt hefði verið.

Ég er hiklaust þeirrar skoðunar, herra forseti, að vænlegast hefði verið að stokka upp ríkisbankana tvo og hina opinberu fjárfestingarlánasjóði og leggja með því grunninn að einni mjög öflugri innlendri fjármálastofnun, sem hefði fyrst um sinn verið og átt að vera alfarið í eigu ríkisins eða a.m.k. að yfirgnæfandi meiri hluta í eigu ríkisins, til þess að tryggja inn í framtíðina a.m.k. eina sterka, innlenda fjármálastofnun sem hefði burði til þess að veita stærstu fyrirtækjum

landsins þjónustu og gæti á allan hátt staðið í stykkinu hvað varðar starfsemi sína, starfssvið sitt og jafnvel átt í fullu tré við erlenda samkeppni og þess vegna leitað út á við eða sótt út á við með viðskipti sín.

Ef við tökum til að mynda Fiskveiðasjóð og Landsbankann var það svo að þessir tveir aðilar voru með yfirgnæfandi hluta af viðskiptum við íslenskan sjávarútveg og mjög oft báðir stórir viðskiptaaðilar við sömu fyrirtæki, Fiskveiðasjóður að sjálfsögðu grunnfjárfestingarsjóður greinarinnar, yfirleitt með fyrstu lán í öllum skipakaupum og allri uppbyggingu fiskvinnslustöðva o.s.frv. í sjávarútvegi, og Landsbankinn með líklega um 70% markaðshlutdeild þegar viðskipti á sviði sjávarútvegsins eru mæld sérstaklega.

Það hefði líka verið í takt við þróun í bankamálum annars staðar að í staðinn fyrir að starfrækja fjárfestingarlánasjóði eða þá þess vegna fjárfestingarbanka, þar sem kannski er flest sameiginlegt nema nafnið, hefði þessi starfsemi, langtímafjármögnun atvinnulífsins, færst inn í bankakerfið í stað þess að vera í einhverjum séreymamerktum, afmörkuðum sjóðum. Gamlar aðferðir og gamlar reglur um forgangsrétt sjóða til veðs, 1. veðréttur og annað því um líkt, hefði horfið eðlilega þegar viðskiptabankinn og langtímafjármögnunaraðilinn var orðinn einn og hinn sami.

Þetta hefði styrkt Landsbankann á þann hátt sem var að mínu mati heppilegt að gera við þessar aðstæður, þ.e. að leggja inn í hann öfluga stofnun eins og Fiskveiðasjóður var með mikið eigið fé, en hann lagði til lungann af eigin fé Fjárfestingarbankans. Þarna hefði þá líka sameinast eðlilega sú verkþekking og það vit á viðskiptamálum í sjávarútvegi sem var til staðar hjá þessum tveimur stóru stofnunum í landinu, Fiskveiðasjóði annars vegar og Landsbankanum hins vegar.

Síðan mátti hugsa sér að aðrir opinberir sjóðir og Búnaðarbankinn hefðu komið inn í þessa mynd með einhverjum hætti og úr þessu hefði orðið ein mjög öflug innlend peningastofnun, einhvers konar þjóðbanki, og afgang starfseminnar mátti vel hugsa sér að láta renna saman við aðra aðila, eins og sparisjóðina eða þá Íslandsbanka.

Þessum tækifærum glutraði ríkisstjórnin úr höndum sér og þar kom fyrst og fremst til bæði einkavæðingarþráhyggjan eða trúboðið, sem er ofar öllu öðru, og svo kannski líka það að ríkisstjórninni hentaði að gera þessar breytingar með þeim hætti sem raun bar vitni, t.d. að fara í þessa einföldu nafnbreytingu á Búnaðarbankanum og Landsbankanum þannig að þriggja bankastjóra kerfið gæti haldið sér, og bátnum væri ruggað sem minnst í samtryggingarkerfinu sem stóru fjármálastofnanirnar hafa að sjálfsögðu verið hluti af. Með öðrum orðum, herra forseti, var kannski ekki talið heppilegt á ríkisstjórnarheimilinu að rugga bátnum mikið og raska mikið valdajafnvæginu sem tök þeirra í þessum fjármálastofnunum hafa þróað enda hefur verið farið afar varlega í þeim efnum eins og kunnugt er.

Ef ekki hefðu komið upp skandalar og orðið áföll og læti í Landsbankanum væri þar örugglega allt óbreytt frá því sem áður var og sömu höfðingjarnir sætu þar við stjórn o.s.frv. Enda kom á daginn að hæstv. viðskrh. var ekki kjarkmeiri en svo að hann setti þá alla á vetur, alla saman, í Búnaðarbankanum og Landsbankanum. (Gripið fram í.) Hann gerði það víst, hv. þm., þangað til að þeir hröktust frá af öðrum ástæðum, og voru þá sumir látnir fara en aðrir ekki, að því er virðist fyrir sambærilegar sakir. Það er saga út af fyrir sig hvernig menn leysa slík mál með því að velja sér einn heppilegan eða þess vegna þrjá blóraböggla til þess að hlífa svo öðrum.

En þetta fór svona, herra forseti, og síðan var það þannig að loforð og yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við breytingar í þessum bankamálum reyndust álíka endingargóð og yfirlýsingar forsetanna um fundahaldið hafa reynst síðustu dagana. Yfirleitt var ekki fyrr við litið eða menn komnir fyrir húshorn þegar allt sneri upp sem áður sneri niður. Því var t.d. lofað að ekkert yrði hróflað við ríkisbönkunum tveimur næstu fjögur árin, þeir yrðu látnir í friði, e.t.v. boðið út eitthvert nýtt fé en þeir yrðu látnir í friði. Þessu var hátíðlega lofað af ríkisstjórninni fyrir um einu og hálfu ári.

Sú samþykkt náði tæpast að verða ársgömul þegar af því bárust fréttir að farnar væru í gang viðræður af hálfu ríkisstjórnarinnar og viðskrn. við banka Wallenberganna í Svíþjóð, Skandinaviska Enskilda Banken, um að selja þeim ráðandi hlut í Landsbankanum. Þá var loforðið um að láta Landsbankann í friði og hrófla ekki við honum næstu fjögur árin orðið að þessu.

Þetta voru sem sagt sumaræfingarnar og ýmsir létu sér nú detta í hug að þetta væri svona eitthvert „midsommar" upp á sænska vísu hjá ríkisstjórninni, þessi hugsun hefði orðið til á svona midsommar-gleði og þetta hefði verið allt í gríni og allt í plati enda reyndist það nú vera svo.

Sama átti við um Íslandsbanka, þeir voru hafðir að ginningarfíflum í þessum bankafarsa í sumar. Tímans vegna, herra forseti, ætla ég ekki að rekja það öllu lengur en vísa til þess að þannig var komið í lok ágústmánaðar að ríkisstjórnin sá sig knúna til þess að koma saman á krísufund og móta alveg nýja stefnu í þessum málum til að reyna að klóra yfir vitleysuna sem á undan var gengin, eftir margra vikna stanslausa fjölmiðlaumfjöllun um hugmyndir um þetta og hugmyndir um hitt, selja þennan banka til útlanda, hinn bankann, Íslandsbanka, eða ekki, þá greip ríkisstjórnin til þess ráðs að gefa út nýja stefnuyfirlýsingu um niðurstöður sínar eða markmið í bankamálum. Inn í það mál kom sú hugmynd að hraða sölu á eignarhlut ríkissjóðs í Fjárfestingarbankanum.

Nú er það svo, herra forseti, að allt á sér þetta ákveðnar skýringar. Mér er vel ljóst að innan ríkisstjórnarinnar voru ýmsir sem vildu ganga miklu hraðar fram í einkavæðingunni en núgildandi lög gera ráð fyrir og þessi stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir. En ástæðan fyrir því þegar hlutafélagabreytingarnar voru til umfjöllunar á Alþingi að þá átti að fara svona varlega, var sú að gert hafði verið um það eitthvert pólitískt samkomulag innan ríkisstjórnarinnar. Einhverjir efasemdarmenn höfðu verið í stjórnarliðinu um að þetta væri vænlegt og vel til vinsælda fallið eða til mikillar farsældar að rjúka til og einkavæða allar stofnanir ríkisins á fjármálasviði. Það mun vera svo, herra forseti, að þessar girðingar og þessir varnaglar hafa verið slegnir af hálfu einhverra sem vildu geta sagt bæði út á við og inn á við við kjósendur sína, stuðningsmenn, og jafnvel við sjálfa sig á kvöldin áður en þeir færu að sofa og á morgnana þegar þeir vöknuðu: Þetta verður allt í lagi því að næstu fjögur árin verður ekki hróflað við Landsbankanum og Búnaðarbankanum, og þetta er nú allt í lagi með nýja bankann sem á að stofna því að það er ekki heimilt að selja nema 49% í honum.

Síðan kom það á daginn að um leið og ríkisstjórnin var búin að skáskjóta þessum heimildum í gegnum Alþingi voru einkavæðingarhaukarnir komnir á fulla ferð með að ómerkja allt þetta, eins og reynslan frá í sumar sýnir og sannar. Þrátt

fyrir ótvíræð ákvæði laga um að ekki mætti selja hluti úr ríkisbönkunum fóru viðræður í gang um að afhenda Wallenbergunum, þ.e. sænsku Engeyjarættinni, Landsbankann. Þetta er svona. Það er ástæða til þess fyrir virðulegan forseta, sem ég veit að er áhugamaður um bankamál, að hugleiða þetta. Og spurning til hvers menn eru að streitast við og fá inn svona varnagla og girðingar til að friða samviskuna þegar það heldur svo ekki stundinni lengur.

Reyndar er það mjög athyglisvert, herra forseti, að saga þessarar einkavæðingar er vörðuð af svona loddaraleik og það á ekki bara við um Ísland. Það hefur mjög víða annars staðar gerst að þegar verið er að knýja þetta áfram gegn miklum efasemdum manna, jafnvel í stjórnmálunum, og oft mjög miklum efasemdum í samfélaginu, þá er þessi smáskammtaaðferð notuð, sama aðferð og notuð hefur verið til að reyna að draga menn á halanum öfuga inn í Evrópusambandið. Það er alltaf talað svona: Þetta er nú allt í lagi, það á bara að athuga þetta, og stigið verður mjög varlega eitt skref í einu o.s.frv. En það er auðvitað alveg augljóst mál að ætlunin er að fara alla leið. Draumur einkavæðingarsinnanna er að ríkið fari algjörlega út úr eignarhaldi á þessum fjármálastofnunum, og einkaaðilar, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir, ráðskist með þetta allt saman. Þá geta menn farið að velta fyrir sér hvað væri þá orðið eftir af því sem heitir stöðugleiki eða festa í innlenda fjármálaheiminum ef t.d. allar fjármálastofnanirnar væru komnar í eigu mismunandi einkaaðila og gengju kaupum og sölum.

Það leggst lítið fyrir þá kappa, herra forseti, eins og hv. 2. þm. Suðurl., ég veit að ég þarf ekki að nafngreina hann við virðulegan forseta, en hann mun hafa verið einn af þeim sem stóðu í þessari girðingasmíð og varnaglaslætti þegar einkavæðingarfrv. í bankamálunum voru hér á dagskrá á dögunum.

Síðan hefur í framhaldinu, herra forseti, þjóðin mátt upplifa mjög sérkennilega hluti eins og t.d. kennitölufárið. Þegar þessir dauðu tölustafir, sem menn hafa nú ekki fram undir þetta áttað sig á að hefðu mikið gildi nema bara sem æfing í að muna tölur því að flestir leggja metnað sinn í að muna við velflestar aðstæður kennitöluna sína, og tekst það nú sjálfsagt almennt, en þá er allt í einu þessi kennitala orðin gulls ígildi. Menn gátu bara selt sig og fyrirhafnarlaust orðið eigendur í þjóðbönkunum, að vísu bara mjög stutta stund, út á kennitölurnar.

Menn þekkja þann kappleik sem þar upphófst og þann farsa sem í raun og veru reis í kringum það mál allt, og á ég þá ekki við þátt almennings því að auðvitað er það í sjálfu sér fullkomlega eðlilegt að almenningur smitist og vilji reyna að ná sér í ókeypis pening á slíkan hátt. En farsinn snýr auðvitað annars vegar að hæstv. ríkisstjórn, sem ber ábyrgð á framkvæmdinni, og hins vegar að fjármálastofnunum, að því móverki sem fer út í slíkan leðjuslag eins og áflog þessara fjármálastofnana um bréfin hver í annarri var og er og ekkert annað. Ekkert annað en leðjuslagur.

Þegar á að byrja að einkavæða opinberar stofnanir eða banka, og boðin eru út hlutabréf og almenningur á að eiga forkaupsrétt að þeim, hvað gera þá ríkisbankar í eigu ríkisins og undir stjórn hæstv. viðskrh. sem vill að almenningur eigi bréfin? Þeir leggja í auglýsingaherferðir til að ná þessum bréfum aftur í sína eigu. Landsbankinn, sem nýlega var búið að bjóða út hlutafé í þannig að inn í eignarhald á honum kæmu aðrir aðilar með ríkinu, fer því og kaupir bréf sem losna í Búnaðarbankanum. Ríkisbankinn kaupir bréfin úr hinum ríkisbankanum sem átti að selja almenningi. Er þetta eitthvað annað en farsi, herra forseti? Ég spyr. Auðvitað er það með ólíkindum. Síðan kemur hæstv. viðskrh. sem skipar bankaráðin og fer með eignarhald ríkisins í bankanum og yppir öxlum og getur ekkert við þessu gert og er voðalega vandræðalegur og kindarlegur og segir: Þetta gengur jú að vísu gegn markmiðum ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild en þetta er bara svona. Markaðurinn og markaðurinn, þetta er bara svona.

En það er ekki staldrað við, þá er ekki hætt og menn spyrja sig ekki hvort þeir séu á réttri leið og hvort þessi aðferðafræði gangi upp. Nei, það er haldið áfram, vaðið beint úr hlutafjárútboði í Landsbankanum, þar sem menn sáu forsmekkinn af þessu, í hlutafjárútboð í Búnaðarbankanum þar sem tókst að æra upp þriðjung af þjóðinni til að selja kennitölurnar sínar og fá fyrir einhverja hundraðkalla.

Hæstv. viðskrh. hefur lagt út í þann hetjuskap, m.a. í umræðum á Alþingi, að færa fram þessu til málsbóta að þjóðin hafi verið að hagnast og það sé nú gott. Og jafnvel þótt þriðjungur hafi selt kennitölurnar sínar og fengið þúsundkall fyrir þá skulum við nú aðeins líta á þessa röksemdafærslu. Er þetta ekki dálítið þunnur ís sem hæstv. ráðherra er þarna á? (**Gripið fram í:** Hæstiréttur gaf þeim boltann og ...) Hvað högnuðust þeir tveir þriðju hlutar þjóðarinnar, herra forseti, mikið sem ekki tóku þátt í kennitölufárinu? Hvernig snýr dæmið að þeim? Það snýr þannig að þeir horfa upp á eign sína selda á undirverði, augljóslega. Og þessi þriðjungur sem tók þátt í kennitölufárinu er líka hluti af eigendum bankans, hann er hluti af þjóðinni eins og aðrir, því verður að mínusa gróða hans um það sem nemur undirverðinu á bréfunum á þeim þriðjungi bréfanna sem hann átti, sem verið var að bjóða út. Með öðrum orðum þjóðin á þarna að græða á sjálfri sér.

Mér finnst þetta vera í raun og veru eins og búið væri út fyrirkomulag þar sem menn færu með einhverja eign sína, afhentu hana eða hún væri tekin af þeim eða afhent einhverjum á umtalsverðu undirverði. Síðan ættu þeir kost á því að eignast hana í korter og græða á því nokkur hundruð krónur. Ég hef, herra forseti, í blaðagrein líkt þessu við aðferðafræði Münchhausens, en hann vann sér það m.a. til frægðar, herra forseti, sem ræðumaður gæti nú ekki gert, að toga sig upp úr keldu á hárinu. Og af þessu er frægt ævintýri. Þetta er af hugmyndaheimi Münchhausens, herra forseti, þessi aðferðafræði hæstv. viðskrh. þegar þjóðin á að fara að græða á sjálfri sér með þessum hætti.

Það liggur þegar fyrir, herra forseti, að eignarhaldið í þessum stofnunum þjappast auðvitað saman á sömu hendur eins og við mátti búast. Þessi bréf koma til með að sópast saman með undrahraða í hendur fjármálastofnananna sem eru að fljúgast þarna á um völd, áhrif og eignarhald hver í annarri. Það minnir mann auðvitað einna helst á rússnesku aðferðirnar, þegar gefin voru út bréf í rússnesku ríkisfyrirtækjunum sem á einhvern undraverðan hátt voru svo bara eftir augnablik komin í eigu nokkurra manna í Rússlandi. Þannig að nokkrir auðmenn, gamlir valdarefir í Rússíá eiga nú öll helstu stórfyrirtæki Rússlands. Til dæmis mun sá mæti maður Tsjernomyrdín eiga Gazprom, sem er eitt stærsta olíufyrirtæki í heimi. Hvernig eignaðist hann það upp úr þurru? Jú, hann náði með einhverjum töfrabrögðum að sópa til sín bréfum almennings, kannski hefur hann gefið eitthvað út í viðbót, og áður en við var litið var hann allt í einu, án þess að menn vissu í raun og veru hvernig hann hefði fjármagnað

það, orðinn eigandi að þessu risastóra fyrirtæki. Og sama gildir um marga aðra aðila í Rússíá.

Ég held að bréf almennings í þessum bönkum muni sópast saman, ég segi nú kannski ekki alveg með rússneskum hraða en langleiðina það. Það hvimleiða og dapurlega við þetta er líka, herra forseti, að mér finnst þetta öfugt við það sem margir hafa verið að segja, að þetta sé allt saman til marks um það hve markaðurinn sé orðinn þroskaður á Íslandi og hann sé að dýpka og breikka og ég veit ekki hvað þau heita öll fínu hugtökin.

Mér finnst þetta segja mér alveg öfugt, gagnstætt þessu, að það hefur ekkert breyst. Það eru sömu fáu blokkirnar og sömu fáu peningaveiturnar sem koma til sögunnar og sópa til sín því sem losnar af bréfum af þessu tagi. Það eru sömu valdablokkirnar, sömu fjármagnsuppspretturnar sem þarna eru á ferðinni, og eru oft ræddar hér undir ýmsum nafngiftum.

Þessar breytingar í fjármálakerfinu verða ekki til þess að þroska það, þær verða ekki til að breikka einhvern markað eða dýpka, þær verða ekki til þess að gera samkeppnina breiðari og öflugri, hvort heldur er í fjármálum eða á öðrum sviðum, heldur munu þær auka á samþjöppun valds og fjármuna í landinu. Það er alveg augljóst mál þegar maður lítur á það hverjir eru að keppast um að verða þarna stórir eigendur og fá sér ráðandi hlut.

Það sem er líka sjúkdómsmerki er það að verðið virðist ekki skipta máli. Það er nefnilega ekki arðurinn af þessum fjárfestingum sem menn eru fyrst og fremst að hugsa um og það hefur sjaldnast verið það á Íslandi þegar hlutabréfakaup eiga í hlut. Það er að langmestu leyti þetta gamla sama að fjölskyldurnar og peningaöflin eru að fljúgast á um völd og áhrif og aðstöðu í íslenska fákeppnisheiminum, og að þessu sinni fjármálaheiminum. Við þekkjum slík áflog og bolabrögð úr tryggingabransanum, úr olíufélagabransanum, úr sjávarútvegsgeiranum og fleiri slíkum sviðum þar sem svipaðar blokkir eða aðilar eru að glíma.

Ég held að þetta segi heldur ekki nokkurn skapaðan hlut um eftirspurnina. Menn hafa farið út í alveg ævintýralega útreikninga á því hvað eftirspurnin sé upp á marga tugi ef ekki hundruð milljarða og reiknað það út frá þátttöku almennings. Hvers konar barnaskapur er þetta? Það vissu allir að þeir fengju brot af því sem þeir máttu skuldbinda sig fyrir og menn ætluðu ekki að eiga þetta stundinni lengur og höfðu loforð fyrir því að þeir gætu selt þetta strax aftur. Auðvitað var auðvelt mál að skrá sig fyrir þessu. Það segir ekki nokkurn skapaðan hlut um raunverulega eftirspurn eftir bréfum af þessum toga til lengri tíma litið. Og það er enn fáránlegra að nota þetta kapphlaup og gylliboð þessara aðila sem þarna fóru í leðjuslaginn sem mælikvarða á raunverulegt verðmæti þessara stofnana. Það er algjörlega út í hött.

Niðurstaða mín er því sú, herra forseti, að öfugt við það sem haldið er fram og öfugt við það sem liggur í forsendum þessa máls, og er í grg. notað sem rök fyrir því að selja nú restina í þessum banka, þá er ekki hægt að draga neina slíka lærdóma af því sem á undan er gengið. Það getur vel verið að dellan haldi eitthvað áfram. Það getur vel verið að hægt sé að kynda upp annað kapphlaup í kringum seinni helminginn af Fjárfestingarbankanum. En það segir ekkert um raunverulega eftirspurn til lengri tíma litið, t.d. meðal almennings hvað það varðar að vera eigendur að þessum bréfum í langan tíma. Ekki nokkurn skapaðan hlut.

Herra forseti. Í umræðunni um þessi mál hefur hæstv. viðskrh. og ríkisstjórnin öll oft og iðulega gleymt einu atriði, sjálfsagt af því að það er smáatriði fyrir þeim, en það er dapurlegt engu að síður að t.d. í umræðum um æfingarnar á sl. sumri í bankamálunum, þá var starfsfólkið yfirleitt ekki nefnt á nafn. Bankastarfsmenn og atvinnuöryggi þeirra og hagsmunir voru yfirleitt ekki nefndir á nafn fyrr en eftir að hæstv. viðskrh. var minntur á að það ynni fólk í bönkunum og þá hrökk hann við á þriðja degi og fór að tala um það. Það væri að vísu þarna fólk og það væri alls ekki meiningin að koma illa fram við það.

Einnig að þessu leyti, herra forseti, hefur ríkið farið vitlaust í hlutina. Þarna átti ríkið einmitt, ekki bara sem eigandi bankanna heldur líka sem vinnuveitandi þessa fólks, að vanda sig alveg sérstaklega hvað það varðaði að standa þannig að þessum breytingum að bankastarfsmönnum væri gert kleift á eins auðveldan hátt og kostur var að mæta þeim breytingum hvað varðaði áhrif á stöðu þeirra. Og það er hart að þurfa að segja það, herra forseti, og ekkert hart í sjálfu sér því það á að geta þess sem vel er gert, að ég fæ ekki betur séð af því að skoða þessi mál og hafa fylgst með þeim undanfarin ár, en að það sé einkabankinn, Íslandsbanki sem hafi þrátt fyrir allt staðið sig betur en ríkið þegar þar að kemur, herra forseti, að fólkið, starfsfólkið mæti þessum breytingum. Ég minnist þess a.m.k., herra forseti, að Íslandsbanki reyndi að fara í þær breytingar sem tengdust tilurð hans og breyttum rekstri þegar þar sameinuðust nokkrar stofnanir, að grípa ekki til uppsagna eða fjöldauppsagna en ráða ekki í lausar stöður á móti og láta þar með starfsaldurinn hjálpa til við að færa til fólk og fækka stöðugildum, að auðvelda fólki að fara á námskeið og endurhæfa sig og endurmennta og finna sér ný störf o.s.frv. Það er vel og er til fyrirmyndar að menn reyni að gera hlutina þannig.

Það hafa menn t.d. gert líka á hinum Norðurlöndunum þar sem menn leggja yfirleitt metnað sinn í að koma vel fram við starfsfólk eftir langa og dygga þjónustu þess.

En ríkið, herra forseti, hefur nánast ekkert gert, ekki sýnt lit hvað það varðar að taka sérstaklega á málefnum starfsmanna sinna, hvorki sem vinnuveitandi né eigandi hvað þá heldur ríki sem ber auðvitað almenna ábyrgð á ástandi á vinnumarkaðnum í landinu. Og það er dapurlegt.

Nú er verið að einkavæða eða selja og þar með er auðvitað einkaaðilanum ætlað það hlutverk að ganga í böðulsverkin fyrir ríkið. Það getur svo sem vel verið þegar upp er staðið að þá reynist þeir ekki verri en ríkið sjálft. Við höfum m.a. horft upp á að hæstv. félmrh. lagði hér fram frv. um breytingu á ríkisstofnun í hlutavætt form þar sem ekki var eitt einasta ákvæði um atvinnuöryggi starfsfólks. Þetta var þegar hæstv. félmrh. lagði niður félagslega húsnæðiskerfið og Húsnæðisstofnun ríkisins. Það var með miklum ólíkindum að jafnvel þau ákvæði sem hafa verið í ýmsum öðrum tilvikum um að starfsfólk eigi að hafa forgang til starfa, voru ekki með þar.

Herra forseti. Ég sagði fyrr í ræðu minni að Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hefði á hinn bóginn að ýmsu leyti reynst vera frísklegur banki, og þá vísa ég til þess að menn hafa þar farið ótroðnar slóðir að ýmsu leyti, farið út í ýmsar æfingar sem hafa vakið athygli og jafnvel hrist upp í öðrum. Það er allt í lagi með það í sjálfu sér úr því að þessi banki varð til á annað borð. Þó ég hafi á sínum tíma haft aðrar hugmyndir um það hvernig hefði átt að endurskipuleggja peningakerfið þá er ekkert að því í sjálfu sér að nýjar hugmyndir komi inn með nýjum mönnum og það hafa þær vissulega gert í þessum Fjárfestingarbanka. Menn geta þar velt fyrir sér ýmsu og t.d.

því hvort það hafi verið hlutverk eða eigi að vera hlutverk slíkra banka að gerast milliliður í fyrirtækjakaupum eins og þar hefur verið gert og er nokkurt nýmæli hér og menn sjá þar stórar tölur á ferð. En hvað varðar ýmsa þjónustu og annað þá hygg ég að megi segja að þessi banki hafi að ýmsu leyti reynst frísklegur. Það er ekki þar með sagt að önnur tilhögun en að setja hann á stofn, búa til í raun og veru fjórða stóra bankann eða bankasamstæðuna, hefði ekki verið vænlegri kostur.

Herra forseti. Eitt hefur dálítið leitað á mig í tengslum við þessa einkavæðingu bankanna. Mönnum finnst það núorðið sáluhjálparatriði að ríkið hverfi þarna alveg út úr eignarhaldinu og nota til þess alls konar röksemdir, m.a. þær að þetta sé ekki svona á hinum Norðurlöndunum eða annars staðar, þar sé ríkið yfirleitt ekki svona stórt í þessum stofnunum og þetta séu vond ríkisafskipti. Svo setja menn hf. aftan við nafnið og viðskrh. fer eftir það einn með völdin í staðinn fyrir að áður voru kosnar þingkjörnar stjórnir til að stýra þessum stofnunum. Þessi hugarheimur endurspeglast ágætlega í orðum á bls. 3 í grg. með frv. Þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það er mat ríkisstjórnarinnar að mikilvægt sé að hraða sölu hlutafjár í FBA og að stefna beri að því að selja allt hlutafé ríkissjóðs í bankanum á fyrri hluta ársins 1999 ef aðstæður leyfa.“ — Það er að vísu sá fyrirvari. — „Ástæðan er einkum sú að engin rök hníga lengur til þess að ríkið sé stór eigandi hlutafjár í bankanum.“

Löngu síðar í sömu málsgrein er að vísu sagt:

„... auk þess sem ríkissjóður fær góðar tekjur af sölunni.“

Það er svona aukaatriði að ríkið fær svo þarna einhverjar tekjur, að vísu minni en gæti orðið ef menn væru að hugsa um að fá fullt verð fyrir eignir almennings í bönkunum, en einhverjar tekjur verða það samt.

Herra forseti. Það er ekki eins og Íslendingar séu að finna upp hjólið í þessum efnum. Oft er nú leitað hér yfir Atlantsálana í austurátt eftir fordæmum eða hliðstæðum, a.m.k. þegar lagasmíð og margt annað á í hlut, og þá gjarnan til hinna Norðurlandanna. Sú Norðurlandaþjóðin sem talin er okkur skyldust, enda næst okkur í stærð, eru frændur okkar Norðmenn. Þar hafa menn ákveðna reynslu af bæði einkavæðingu og líka öðrum hlutum í þessum bankamálum. Þar voru t.d. einkavæddir bankar og þar voru líka bankar í blandaðri eigu ríkis og annarra aðila.

Svo gekk þar yfir bankakreppa, herra forseti, eins og reyndar á öllum hinum Norðurlöndunum, þó kannski einna minnst á Íslandi. Hvað gerðist í bankakreppunni? Fóru einkabankarnir á hausinn? Fyrst má reyndar spyrja: Af hverju varð bankakreppan úr því að þetta var allt einkarekið og sá rekstur er alltaf svo góður, ekki satt, herra forseti. Hann er alltaf betri en ríkisreksturinn, er það ekki? (**Gripið fram í:** Jú.) Jú, jú, segir hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, alltaf betri. Þannig var það samt engu að síður þó að uppi á Íslandi væru ríkisbankar og sparisjóðir, sjálfseignarstofnanir, en í Noregi væru t.d. að mestu leyti einkabankar eða blandaðir bankar, þá varð bankakreppan miklu verri í Noregi, í landi einkarekstursins. Það mætti reyndar nefna mörg fleiri dæmi (**Gripið fram í:** Kanada.) um einkabanka sem hafa farið glæsilega á hausinn, í Kanada, Singapúr og víðar.

En hvað gerði ríkisstjórn Noregs? Hún gerði eins og ríkisstjórn Svíþjóðar, Finnlands og Danmerkur þegar bankakreppan gekk yfir, að vísu minnst í Danmörku. Jú, hún fór í ríkisstjóð og mokaði peningum í bankakerfið. Mokaði skattpeningum inn í bankakerfið til að halda því á floti, inn í hina fínu einkavæddu banka. Í Noregi gekk þetta svo langt að ríkið yfirtók eignarhaldið í nokkrum stórum bönkum og sparisjóðum. Hefur engum dottið það í hug, herra forseti, að þetta gæti hugsanlega gerst hér? Hefur engum dottið í hug t.d. að Landsbankinn sem væri nýlega einkavæddur, Landsbankinn sem við vitum öll að hefur staðið tæpast hvað varðar eiginfjárhlutfall og annað því um líkt, lenti í því að hér gengju aftur í garð erfiðleikar, t.d. í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar? Það er ekki eins og og það sé verið að skálda slíka möguleika eða þurfi að grípa til fantasíunnar í þeim efnum. Ætli reynslan sýni okkur ekki að slíkar sveiflur hafa komið. Þar mundu menn mæta erfiðleikum og bankinn lenti í erfiðleikum. Hvað mundi gerast? Mundu menn láta hann fara á hausinn? Nei. Menn mundu auðvitað grípa til þess að moka peningum úr ríkissjóði. Og til hvers er þá unnið? Er það þá endilega sérstakt framfaraskref — reyndist það þannig í Noregi? — að keppast við alveg fram undir bankakreppuna að einkavæða fjármálastofnanir þar sem ríkið og opinberir aðilar höfðu áður verið stórir ef þetta sama ríki og þessir sömu opinberu aðilar sitja hvort sem er uppi með ábyrgðina þegar á bjátar? Og það gera þeir með margvíslegum hætti í gegnum tryggingu á innstæðum og sparnaði almennings sem er lögleidd og ljóst að ríkið þarf að standa á bak við og í gegnum ósköp einfaldlega þá staðreynd að menn láta ekki mikilvægustu fjármálastofnanir í litlum hagkerfum og jafnvel stórum fara á hausinn vegna þess að menn þola það ekki. Allt er þetta svona í þessu verndaða pilsfaldakapítalismasamhengi, herra forseti. Þannig er það. En trúarbrögðin á einkavæðinguna láta ekki á sjá enda er trúin öllu öðru öflugri ef hún er til staðar, ef hún er nógu sterk, herra forseti. Það vantar nú ekki. Trúin á einkavæðinguna og einkarekstrinn og einkafjármögnunina er svo sterk, herra forseti, að jafnvel skynsömustu menn, þvert gegn öllum staðreyndum sem fyrir liggja í málum, haggast ekki. Þeir lemja höfðinu við einkavæðingarklettinn alveg stanslaust þó það sé orðið blóðrisa og þeir ættu að vera farnir að átta sig á því að kletturinn er klettur og steinninn er úr steini.

Það er t.d. alveg með ólíkindum að sjá Framsfl. þannig genginn í þessi björg að hann hefur nú forustu, herra forseti, á hverju sviðinu á fætur öðru í einkavæðingu og einkafjármögnun, jafnvel í viðkvæmum þáttum velferðarþjónustunnar.

Ég geri ráð fyrir að herra forseti hafi tekið eftir auglýsingu í Morgunblaðinu fyrir réttri viku síðan þar sem Ríkiskaup buðu út þjónustu í nafni heilbr.- og trn. Hvað var boðið út? Það var eitt stykki hjúkrunarheimili. 60 gamalmenni voru boðin út til 25 ára af Framsfl. Fólk í fyrirrúmi. Þar, herra forseti, er verið að fara út á braut thatcheríska einkavæðingar sem heitir í þessu tilviki og samkvæmt þessari formúlu því fína nafni einkafjármögnun. Það er boðið út að fjármagna eitt stykki hjúkrunarheimili, byggja það og reka það í 25 ár. Það þýðir að ríkið ætlar að skaffa heimilinu eða öllu heldur rekstraraðilanum sjúklinga í 25 ár og borga fyrir þá. Þetta heitir á fínu máli einkafjármögnun. Svo koma menn hér alveg gallharðir og segja: Þetta er ódýrt og skynsamlegt og gott og mikið mikið betra að einkaaðilarnir geri þetta heldur en ríkið.

En reynslan er ólygin um það hvernig þetta hefur komið út alls staðar þar sem þetta hefur verið prófað, þ.e. hörmulega. Þetta hefur reynst dýrara. Þetta hefur bundið hendur ríkisins þannig að ef menn vilja fara út í einhverjar áherslubreytingar í þessum málaflokki, þá er það meira og minna stoppað,

blokkerað af, af því að ríkið er fast á klafa samninga til 25 ára um að borga fyrir plássin fastar upphæðir. Þetta er dýrara vegna þess að einkaaðilarnir þurfa að sækja dýrara fjármagn heldur en opinberir aðilar eiga yfirleitt kost á o.s.frv.

Herra forseti. Ég held að þessi einkavæðingardella í bankamálunum sé af sama meiði. Þetta er sama dellan. Þetta er jafnilla rökstutt. Þetta er jafnblint og jafntrúarlegs eðlis í raun og veru eins og allt þetta skillerí er allt saman. Það er, herra forseti, talsvert merkilegt, og þó er það kannski ekki merkilegt, að það skuli vera Framsfl. blessaður sem er nú í fjósverkunum fyrir íhaldið í þessum efnum, veður flórinn miðjan upp að hnjám og einkavæðir og einkafjármagnar á báðar hendur, banka hér og hjúkrunarheimili þar. Og á meðan halla þeir á höfuðbólinu sér öruggir aftur í stólunum, gott ef þeir fá sér ekki vindil og slappa af, þ.e. frjálshyggju- og einkavæðingarhaukarnir í Sjálfstfl. Þeir þurfa ekki að óhreinka fingurgómana. Þeir þurfa ekki að ganga í verkin. Þeir hafa vinnumenn til þess. Einn af þessum vinnumönnum er hæstv. iðn- og viðskrh., bara þónokkuð liðtækur vinnumaður í þessum skilningi orðsins, fyrir íhaldið.

Að vísu eru fardagar fram undan og það var til siðs að menn skiptu um vist á fardögum í gamla daga. Nú veit ég ekki hvort eitthvað slíkt er í huga hæstv. viðskrh. Kannski er hann svo sæll í vistinni, kannski er honum flórmoksturinn í fjósi íhaldsins svo kær að hann vill bara halda áfram að einkavæða og einkafjármagna í þágu hugsjóna íhaldsaflanna í landinu.

Herra forseti. Ég hef enga sérstaka hugsjón í sambandi við það að ríkið eigi endilega að reka og eiga banka, og alls ekki marga banka. Ég gæti vel séð fyrir mér að eitthvað af þeirri starfsemi t.d. sem lenti hjá Fjárfestingarbankanum hefði lent annars staðar. Ég hef enga sérstaka fordóma gagnvart því. Ég er þeirrar skoðunar t.d. að það sé allt í lagi í sjálfu sér, af því að við búum nú einu sinni í blönduðu hagkerfi — eða bjuggum, það er ekki að verða mjög blandað lengur — að hér sé rekinn einkabanki eins og Íslandsbanki. Ég held að það sé bara allt í góðu lagi. Ég held að það sé mjög mikilvægt og gott að við eigum almenningsþjónustuvinsamlegar stofnanir eins og sparisjóðina, sjálfseignarstofnanir með sjálfstæði í hverju héraði og mikilvægar stofnanir og yfirleitt vinsælar af því fólki sem við þær skiptir. Enda hefur þeirra hagur blómgast mjög undanfarin ár og fer ákaflega í taugarnar á sumum sem hafa miklar áhyggjur af eignarhaldinu á sparisjóðunum. Sumir sofa varla á nóttunni yfir áhyggjum út af því að þessar sjálfseignarstofnanir skuli vera til. En ég held að það sé líka gott, herra forseti, til þess að tryggja þarna samkeppni, til þess að tryggja þarna fjölbreytni og dreifingu, til þess að hindra þarna of mikla samþjöppun fjármálalegs valds í landinu, til þess að tryggja a.m.k. eina sjálfstæða innlenda peningastofnun, að hið opinbera haldi utan um a.m.k. eina slíka og það vil ég að sé framtíðarstefnan. En því miður hefur ríkisstjórn Íslands ekki mótað neina slíka stefnu. Það liggur alveg eins í loftinu að ríkisstjórnin gæti hugsað sér að afhenda einkaaðilum restina af fjármálastofnunum landsins og leyfa þeim þess vegna að safnast á fáar hendur. Ég les það m.a. út úr því að ríkisstjórnin hikar ekki við og stingur hvergi niður fæti þó að málið gangi fyrir sig eins og raun ber vitni í einkavæðingunni og kennitölufárinu þessa mánuðina.

Herra forseti. Það mætti vissulega fara yfir ýmislegt fleira í tengslum við þetta mál og hæstv. ríkisstjórn verðskuldaði það að gerð væri nokkuð rækileg úttekt á afrekum hennar á þessu sviði og þá ekki síst Framsfl. Vegna þess að af einhverjum undarlegum ástæðum verður manni það oft á, sem er auðvitað að verða bara einhver þráhyggja eða íhaldssemi, mér liggur við að segja íhaldssemi að vera að gera einhverjar aðrar kröfur til Framsfl. í þessum efnum en Sjálfstfl. en ég játa þann veikleika, herra forseti, að ég á það enn til að gleyma mér og gera aðrar og meiri kröfur til Framsfl. í þessum efnum en til íhaldsins. En ég viðurkenni að þetta er orðinn veikleiki, þetta á ekki lengur rétt á sér og ég skal reyna að venja mig af þessu. Ég skal reyna að venja mig af því að vera að gera nokkurn greinarmun á Framsfl. og Sjálfstfl. þegar kemur að t.d. frjálshyggjustefnu gagnvart velferðarkerfinu eða hverju öðru. Og ég verð að horfast í augu við það og beygja mig fyrir þeim óhrekjandi, mér liggur við að segja sönnunum sem uppi eru hvað það varðar að Framsfl. er að ýmsu leyti að verða forkólfur hér og gerandi og frumkvæðisaðili í einkafjármögnun og einkavæðingu í landinu. Það liggur þannig. Það blasir bara við. Svo maður minnist nú ekki á stóriðjutrúboðið sem hæstv. iðnrh. hefur auðvitað orðið frægur fyrir að endemum, að vilja bara virkja og virkja og reisa álver hér og álver þar, því meira því betra, enda ríkisstjórnin orðin fræg að endemum úti um allan heim fyrir frammistöðu sína í umhverfismálum o.s.frv. Allt teiknar þetta í raun og veru upp til sömu hlutanna, herra forseti, að það eru engin pólitísk rök lengur fyrir því að gera neinn greinarmun á stjórnarflokkunum í þessum efnum. Enda hefur Hannes Hólmsteinn, einn allra mesti hugmyndafræðingur frjálshyggjunnar á öldinni, a.m.k. hér norðan Alpafjalla, lesið það út úr þróun undangenginna missira að langskynsamlegasta sameiningin í íslenskum stjórnmálum væri sameining Framsfl. og Sjálfstfl. Þeir eigi mjög vel saman, og það sé í raun bara handavinna að ljúka því sem eftir er í þeim efnum að sameina þá formlega.

Formenn flokkanna hafa auðvitað gengið dálítið í þessa átt, m.a. með því að taka upp það nýmæli að gegna hvor fyrir annan, þannig að í raun og veru er formaður Framsfl. orðinn einhvers konar varaformaður Sjálfstfl. og öfugt. Og allt teiknar þetta auðvitað til hins sama, hvað málefnaáherslurnar snertir þá hefur Sjálfstfl. einfaldlega bara haft sitt fram. Það er hans stefna sem er framkvæmd og framsóknarmenn fá rós í hnappagatið fyrir að vera jafnverkaliprir og þeir eru í þeim efnum, vera jafndugleg og ötul vinnuhjú á höfuðbólinu eins og raun ber vitni.

Herra forseti. Ég fer senn að ljúka máli mínu og áskil mér þó að vísu allan rétt til þess að ræða ítarlegar um þetta mál seinna í þessari umræðu eða þá við 3. umr. sem eftir er. En ég vil segja það í lok ræðu minnar að engin minnsta ástæða er til að afgreiða þetta mál nú, herra forseti. Það er auðvitað alveg með ólíkindum að ríkisstjórnin skuli vera að reyna að troða þessu hér áfram, þessari heimild til að selja seinni hlutann af Fjárfestingarbankanum ofan í allt sem á undan er gengið. Það er í rauninni til skammar og sýnir hrokann og ofstopann í ríkisstjórninni að vera að þvæla þessu máli yfirleitt á dagskrá núna á lokasólarhringum þinghaldsins í staðinn fyrir að taka fyrir þau mál sem menn eru sammála um að mikilvægt sé að koma til umræðu og skoðunar, eins og til að mynda þeim sjávarútvegsfrv. sem tengjast kvótadómnum. En kannski er það vegna þess að einkavæðingin er þvílíkt forgangsmál hæstv. ríkisstjórnar að hún eigi að ýta öllu til hliðar og þetta mál haft hér á dagskrá en smámál af því tagi sem er dómur Hæstaréttar yfir kvótakerfinu hrekst hér undan og kemst ekki til umræðu dag eftir dag.

Áherslur ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans sem fer með

völdin í þinginu eru náttúrlega mjög umhugsunarverðar, herra forseti, þessa daga. Þannig eru t.d. fjárlög, tekjuskattsmál og önnur slík smámál og lög sem tengjast reglubundinni afgreiðslu mála fyrir áramót og jólaleyfi hvergi hér á dagskrá, þau sjást ekki. En stóru málin, gæluverkefnin, þ.e gagnagrunnur með einkaleyfi handa einu fyrirtæki og áframhaldandi einkavæðing í bankakerfinu, eru þvílík stórmál að mati ríkisstjórnarinnar að þau eru látin ganga fyrir umræðum t.d. um sjávarútvegsmál og kvótadóminn.

Herra forseti. Það er engin einasta ástæða til að vera að afgreiða þetta mál fyrir jólaleyfi, það er ekki bundið eða tengt áramótum á einn eða neinn hátt. Það væri miklu nær, og mér fyndist það mannsbragur af hæstv. ríkisstjórn að sýna umræðu um þessa hluti þann sóma að frv. yrði haft hér til umfjöllunar aftur á þingi eftir áramót, þannig að menn hefðu eðlilegt tóm og nægjanlegan tíma til að ræða þessi bankamál, sem þrátt fyrir allt eru mikilvæg, þ.e. breytingar í bankakerfinu og þessum stóru fjármálastofnunum, og gera það þá á skikkanlegum tíma í lok janúar eða byrjun febrúar.

Varðandi afstöðu mína til málsins er alveg ljóst að ég er ekki sammála því að hæstv. ríkisstjórn fái heimildir til að selja afganginn af Fjárfestingarbankanum. Ég tel að það sé lágmark að menn staldri nú við í ljósi reynslunnar og í ljósi þess sem gerst hefur í þeim efnum undanfarnar vikur og mánuði. Mér finnst að hæstv. ríkisstjórn ætti að skammast til að setja nú á ís frekari einkavæðingaráform fram yfir kosningar, þannig að nýr meiri hluti og ný ríkisstjórn gæti þá á vordögum eða næsta sumar og með haustinu mótað sínar áherslur hvað framhald málsins snertir. Þó að þegar sé búið að vinna þarna ýmis skemmdarverk er enn mikið í húfi, það sem eftir stendur af eignarhaldi ríkisins og almennings í landinu í gegnum sinn sameiginlega sjóð í mörgum mikilvægum fyrirtækjum eins og bönkunum, svo ekki sé nú talað um það að ríkisstjórnin fari ekki lengra út í einkavæðingu í velferðarkerfinu en þegar er orðin. Því ég er alveg viss um, herra forseti, að þó að mönnum finnist sárt að sjá stofnanir almennings afhentar einkavinavæddar á silfurfati og gæðinga sópa til sín eignarhaldinu á örskömmum tíma í framhaldinu í krafti fjármálalegs valds og yfirburða, þá er ég alveg viss um að þær deilur eru smámunir samanborið við það sem við munum sjá ef farið verður út í að einkavæða velferðarkerfið með þeim hætti sem Framsfl. er nú að byrja á. Þá verður styrjöld, ég er alveg viss um það. Það verður styrjöld hér í landinu, þá trú hef ég enn á viðspyrnu meðal almennings ef menn ætla lengra út á þá braut að fara að bjóða upp hjúkrun á 60 gamalmennum í aldarfjórðung o.s.frv. Það finnst mér, herra forseti, að sanngjarnt væri að geyma fram yfir kosningar. Stjórnarflokkarnir geta þá lagt stefnu sína á borðið, ef þeir eru menn til, og Framsókn getur útskýrt í næstu umferð hvernig fólk í fyrirrúmi samrýmist því að bjóða upp gamalmenni. Það er bara alveg sjálfsagt mál. Fara um héruð landsins og afla því sjónarmiði fylgis og verði þeim að góðu.

En við fáum þá á það mælingu í kosningunum hvað þjóðin vill. Mér finnst það beinlínis óheiðarlegt ef ríkisstjórnin ætlar að þröngva hérna í gegn mikilvægum ákvörðunum um frekari einkavæðingu og einkafjármögnun á síðustu vikum þinghalds fyrir kosningar. Það á þá frekar að leggja stefnuna í þessum málum fyrir í kosningunum þannig að eitthvað sé hægt að lesa út úr úrslitunum um vilja almennings í landinu hvað þetta varðar. Þess vegna skora ég á ríkisstjórnina, herra forseti, og þann hluta meiri hlutans sem einhver döngun er í að leggja sitt af mörkum í þeim efnum að nú verði látið staðar numið. Og þar af leiðandi er ekkert með það að gera, herra forseti, að afgreiða þetta frv. Það er ekki þess virði að rífa það eins og eitt frv. var rifið í sundur á færeyska lögþinginu á dögunum, en það er að vísu það þunnt að það var ekki erfitt, herra forseti. En ég legg til að þess í stað verði það ósköp einfaldlega látið liggja.

[18:40]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða hefði nú mátt vera mikið styttri vegna þess að flest af því sem hv. þm. sagði má lesa í þingtíðindum á netinu frá 1. umr. og í mörgum öðrum ræðum um svipuð efni sem hér hafa verið haldnar.

Þó er eitt sem ég hjó eftir í ræðu hv. þm. að hann er farinn að viðurkenna að honum hafi orðið á mistök í málflutningi þegar Fjárfestingarbanki atvinnulífsins var stofnaður. Enda ekkert skrýtið vegna þess að þjóðin er að fá fjármuni fyrir Fjárfestingarbankann sem stjórnarandstaðan vildi á sínum tíma henda inn í bankakerfið og taldi að væri einskis virði, þá er þjóðin að fá fyrir hann núna á bilinu 12–13 milljarða kr. til að lækka sínar skuldir, lækka vaxtakostnað og nota fjármuni inn í velferðarkerfið. En sömu aðilar sem mest tala um að berjast fyrir velferðarkerfinu svona í orði kveðnu eru þeir sem vildu henda þessum eignum ríkisins bara inn í ríkisviðskiptabankana.

Eitt nýtt sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni var að hann taldi að starfsfólkið hefði alveg gleymst. Þetta má kalla nýtt þegar farið er að fenna örlítið yfir það hvernig hið nána samráð var sem við höfðum við starfsfólkið þegar við vorum að breyta formi ríkisviðskiptabankanna, en sérstakar yfirlýsingar komu frá starfsfólki um það hversu náið og gott samstarfið hefði verið. Fyrir utan þá aðstoð sem við fengum við allan þann undirbúning frá starfsfólki bæði í Búnaðarbanka og Landsbanka, sem er þakkarverður, höfðum við það líka mjög ríkulega í huga þegar við vorum að selja þessa eignarhluti með því að auka hlutafé bæði Landsbanka og Búnaðarbanka, að þá var starfsfólkinu sérstaklega boðið á sérkjörum kaup í þessum fyrirtækjum.

Ef við miðum við gengið á bréfum þessa hóps starfsmanna, sem fékk þau á sérkjörum í Búnaðarbankanum og Landsbankanum þegar útboðið fór fram, við það gengi sem þetta fólk gæti selt bréfin á í dag væri hver einstaklingur að fá í sinn vasa á bilinu 400–450 þús. kr. Og er það ekki býsna góður kaupauki núna í desembermánuði rétt fyrir jólin? Eða er það svo, herra forseti, að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sjái ofsjónum yfir því að þessi leið skuli hafa verið farin?

En að starfsfólkið hafi gleymst — ef málflutningur hv. þm. er allur í þessa veru þá gef ég ekki mikið fyrir hann.

[18:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gef nú ekki mikið fyrir það hvort hæstv. viðskrh. gefur eitthvað fyrir mig og minn málflutning eða ekki. Ég læt mér það í mjög léttu rúmi liggja, satt best að segja. Það er almenningur sem dæmir um það og þeir sem á okkur hlýða eða lesa ræður okkar og við skulum láta þá um það.

Það kann vel að vera að ræða mín hefði mátt vera eitthvað styttri en hún hefði líka getað verið miklu lengri. Það er ýmislegt fleira sem ég á ósagt ef út í það er farið við hæstv. viðskrh. Og það væri hægt að fara yfir umskiptingshátt hans hér frá því að hann þandi sig í stjórnarandstöðu

á síðasta kjörtímabili og gagnrýndi einkavæðingaráform og einkavæðingarbrölt þáv. ríkisstjórnar og yfir í það sem hann er núna. Það er auðvitað líka ástæða til þess, herra forseti, áður en þinginu lýkur að fara svolítið yfir Framsfl. og framgöngu hans í þessum efnum almennt á kjörtímabilinu í ljósi hinna miklu loforða sem hann gaf hér á sínum tíma.

Mér hefur ekki snúist hugur hvað varðar Fjárfestingarbankann. Ég fór einmitt yfir það í ræðu minni að ég tel enn að aðrar leiðir hefðu verið heppilegri til endurskipulagningar á bankakerfinu og fjármálastofnununum en valdar voru. Hins vegar hefur Fjárfestingarbankinn eftir að hann tók til starfa starfað frísklega sem slíkur og það er allt í lagi með það. Í afstöðu minni voru ekki endilega fólgnar hrakspár eða svartsýni hvað það varðaði að þessi banki, vel mannaður, gæti ekki sem slíkur staðið sig, heldur miklu frekar hitt að ég sá fyrir mér og sé enn fyrir mér að annars konar endurskipulagning á þessum fjármálastofnunum hefði verið heppilegri.

Það er kostulegt að heyra hæstv. viðskrh. tala þannig að við höfum viljað henda fjármununum inn í ríkiskerfið, inn í ríkisbankana. Eins og þeim hefði verið hent þannig. Hefði eigin fé Fiskveiðasjóðs verið hent ef það hefði verið lagt inn í Landsbankann? Hefði það ekki styrkt efnahagsreikning hans og gert hann að sterkari stofnun? Og hefðu verðmætin ekki átt að skila sér þar? Ég hefði haldið það.

Starfsfólkið gleymdist í sumar þegar allt í einu var farið að ræða við Skandinaviska Enskilda bankann um sölu á ráðandi hlut í Landsbankanum. Þvert ofan í hvað? Ofan í loforð sem bankamönnum voru gefin um að ekki yrði seldur hlutur í ríkisbönkunum næstu fjögur árin. Og ég bið hæstv. viðskrh. að fletta upp á yfirlýsingum m.a. formanns bankamanna í sumar af þessu tilefni.

[18:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað veit hv. þm. miklu betur, þ.e. að við starfsfólk beggja viðskiptabankanna, bæði Landsbanka og Búnaðarbanka, var haft mjög náið samstarf við undirbúning formbreytingarinnar. Ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var á sínum tíma að reyna að finna ýmsa snögga bletti á því samstarfi með ýmsum brögðum. En staðreyndin er nú bara sú að það tókst ekki. Fyrir lágu nefnilega yfirlýsingar frá starfsmönnum beggja bankanna um það hversu náið þetta samstarf hefði verið.

Og að vitna í það í sumar að ekki hafi verið rætt við starfsmennina þegar farið var út í algjörlega óformlegar viðræður við sænska Enskilda bankann eða Búnaðarbankann um hugsanlega sameiningu Íslandsbanka og Búnaðarbanka, þá var það bara einfaldlega svo að engin alvara var í þeim viðræðum sem átti að hafa einhvern undirbúning að frekari ákvörðunum. Hefði komið til þess, og ég sagði það þá strax, kæmi til einhverra alvarlegra viðræðna um þau efni þá yrði auðvitað haft jafnnáið samstarf við starfsfólkið og við höfðum við allan undirbúning málsins.

Þessi málflutningur hjá hv. þm. um að ekki hafi verið haft samstarf við starfsfólk hann dæmir sig því sjálfur af verkunum í gegnum tíðina.

[18:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekkert sérstaklega farið ofan í saumana á því hvernig samskiptunum við starfsfólkið hefur verið háttað í gegnum allt þetta ferli, en gæti þó vel gert það. Það sem ég hef verið að vísa hér til almennt er að í þessari umfjöllun um bankamálin, hvort heldur er sölu allt í einu á stórum hlutum af ríkisbönkunum eða t.d. í ýmsum útreikningum sem bæði viðskrn. hefur komið að og fleiri aðilar um gífurlega hagræðingu með sameiningu banka o.s.frv., þá gleymist oft sá þáttur að stærstur hluti þessarar hagræðingar, reikningslegrar hagræðingar, byggir á fækkun útibúa og uppsögnum starfsmanna í stórum stíl. Það er þannig. Og þessi þáttur hefur oft gleymst.

Ég nefndi áðan skýrt dæmi um það þegar starfsfólkið gleymdist, þ.e. loforð sem því hafði verið gefið. Það vill svo til að ég veit að þetta tiltekna loforð um að þrátt fyrir formbreytingu bankanna í hf. þá yrði ekki um beina sölu á hlut ríkisins í þeim að ræða næstu fjögur árin, skipti sköpum um afstöðu starfsfólksins í þessu máli. Það var því ekkert smámál þar á ferðinni þegar allt í einu komst upp um strákinn Tuma og í ljós kom að komnar voru í gang bullandi viðræður um að selja ráðandi hlut í Landsbankanum til Svíþjóðar. Þetta er staðreynd og ég veit að hún verður ekki hrakin þannig að ég vísa til þess sem ég áður sagði í þeim efnum.

Auðvitað skil ég það, herra forseti, að öðru leyti að hæstv. viðskrh. sé það viðkvæmt mál að mikið sé verið að fara ofan í almenna frammistöðu Framsfl. í þessum efnum. Auðvitað veit ég að Framsókn er með móral á köflum yfir þeirri hægri stefnu sem í raun og veru verður lesin út úr öllum verkum og athöfnum flokksins, og að á það sé minnt hvert sá flokkur hefur verið að fara síðustu árin. Það má bera hann t.d. saman við það sem hann stóð fyrir fyrir fimm eða tíu árum síðan undir forustu annarra manna en nú. Hann er flokkur sem vill fulla ferð inn í Evrópusambandið, einkavæða og einkafjármagna o.s.frv., herra forseti.

[18:49]

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, 336. mál, nál. menntmn., þskj. 535.

[18:49]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að flytja langa ræðu. Vil taka undir þau orð sem fram komu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Hann flutti mjög góða pólitíska ræðu. Þetta mál fjallar nefnilega um pólitík. Þetta fjallar um pólitískar yfirlýsingar sem stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar gefa og hvernig þeir síðan framkvæma.

Menn höfðu margir trú á því þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var mynduð á sínum tíma fyrir nærri fjórum árum að Framsfl. kynni að standa í fæturna og verjast hörðustu frjálshyggjunni sem er við lýði innan Sjálfstfl. og standa gegn einkavæðingu og sölu og gjöfum á almannaeignum. En síðan kemur í ljós að Framsfl. reynist hálfu verri en sjálfur Sjálfstfl. í þessum efnum.

Það er líka mjög alvarlegur hlutur þegar gefnar eru yfirlýsingar og veitt eru loforð af hálfu stjórnmálamanna og ráðherra, loforð sem auk þess eru skjalfest í opinberum gögnum, sem síðan eru svikin. Þannig var gefið fyrirheit á sínum tíma varðandi ríkisbankana að þeir yrðu ekki seldir innan tiltekins tíma, fjögurra ára. Þetta var svikið. (**Gripið fram í:** Svikið?) Þetta var svikið já. Þetta var ekki svikið? (**Gripið fram í:** Hvernig þá?)

Nú vænti ég þess að hæstv. ráðherra komi og geri grein fyrir þeim yfirlýsingum sem gefnar voru á sínum tíma um einkavæðingu og sölu á ríkisbönkunum og er að finna í grg. með frv. um formbreytingu sem svo er stundum nefnd þegar menn vilja hafa fín orð og afvegaleiðandi um einkavæðingu

á stofnunum í almannaþjónustu. Þar sagði að bankarnir yrðu ekki seldir á næstu fjórum árum. (**Gripið fram í:** Þeir hafa ekki verið seldir.) Þeir hafa ekki verið seldir. Það er nefnilega það. Við höfum séð það í heilsíðuauglýsingum þegar verið er að ganga frá þessari sölu. Hún er að eiga sér stað nú um stundir.

Það er náttúrlega mjög alvarlegt þegar ekki er hægt að treysta yfirlýsingum frá ráðamönnum, að ekki sé minnst á ráðherra og ríkisstjórnir. Annað sem mér finnst vera slæmt og mjög ámælisvert er þegar farið er með ósannindi um starfsmenn og starfsmannafélög. Það er staðreynd að þegar bankarnir voru einkavæddir eða gerðir að hlutafélögum og þessi ganga hafin þá voru þau ... (**Viðskrh.:** Þetta er misskilningur, hv. þm. Hv. þm. misskilur málið alveg í grundvallaratriðum.) Alveg í grundvallaratriðum. (Forseti hringir.) Við skulum bara fá upplýsingar um það hér á eftir. Og ég vil gjarnan líka fá upplýsingar um það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hæstv. ráðherra um áðan. Hún beindi til hans ýmsum spurningum sem hefur ekki verið svarað. Mér þætti ágætt að fá upplýsingar um það frá hæstv. forseta hvort hæstv. iðnrh., bankamálaráðherra og viðskrh. sé á mælendaskrá til að gera grein fyrir og svara þeim spurningum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til hans hér áðan og ég tek undir og nauðsynlegt er að fá svör við. Ég bíð eftir því að hæstv. forseti upplýsi okkur um þetta.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hæstv. viðskrh. er hér í sæti sínu. Hann er ekki skráður á mælendaskrá en hann getur komið inn á mælendaskrá hvenær sem er. Það er hans mál.)

Ég vek á þessu athygli vegna þess að ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti setur engan inn á mælendaskrá.)

Nei, en hæstv. ráðherra var að taka þátt hér í umræðum úr sínum sæti sínu og ég er að vekja athygli á því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til hans ítarlegum spurningum áðan, sem hann á eftir að svara og gerir væntanlega ekki í stuttum andsvörum. Það er eðlilegt að hann komi fram með sínar skýringar og sín svör í ræðu þannig að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur gefist kostur og tækifæri til að hlýða á þau svör og síðan bregðast við þeim áður en hún stígur í ræðustól til að flytja sitt mál.

Efni þessa frv. sem hér er til umræðu er að heimila ríkisstjórninni að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Áður hafði ríkisstjórnin heimild til að selja 49% bankans. Þetta frv. fjallar því um að ríkið fái heimild til að selja þau 51% sem eru óseld. Ætlun ríkisstjórnarinnar er að selja allt hlutafé í bankanum á fyrri hluta næsta árs.

Vandinn er sá við sölu á þessum banka og reyndar ríkisbönkunum einnig að farið er í sama farið og gert hefur verið, sama einkavæðingarfarið, sama gjafafarið og gert hefur verið í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar allan þennan áratug varðandi sölu á opinberum eignum. Og ég tók eftir því þegar hæstv. ráðherra tjáði sig um þetta mál og vísaði í þær tillögur sem komu frá stjórnarandstöðunni á sínum tíma um að þeir sjóðir sem hér voru sameinaðir í einn banka yrðu látnir renna inn í viðskiptabankana til að styrkja þá og stokka upp bankakerfið, að þá hafði hann þau orð um það að menn hefðu viljað henda þessum eignum inn í bankana. Það er mjög undarlega til orða tekið.

Hins vegar vil ég minna hæstv. ráðherra á að á sínum tíma þegar thatcherisminn hóf innreið sína í Bretlandi hafði ágætur íhaldsmaður, MacMillan uppi þau orð um þessa sölu að þetta minnti sig a.m.k. á það þegar fjölskyldur seldu borðbúnaðinn, ættarsilfrið. Það gæti verið skammgóður vermir um tíma en menn skyldu sjá fyrir endann á því sem þeir væru að gera.

Ég lít svo á að fjármálastofnanir þjóni í meginatriðum tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi eru þær þjónustustofnanir við almenning. Þær eru þjónustustofnanir við atvinnulífið og þær eru þjónustustofnanir við hinn almenna borgara. Í annan stað er í fjármálastofnunum sýslað með fjármuni þjóðarinnar. Þar eru veitt lán og þar er veitt alls kyns þjónusta sem að gagni kemur. Þannig eru þessar stofnanir valdatæki í samfélaginu og það skiptir máli hverjir hafa þar ráðin.

Í seinni tíð hafa menn reynt að sverta aðkomu fulltrúa lýðræðislega kjörinna aðila að þessum stofnunum. Mönnum þykir það eitthvað afspyrnuslæmt og vilja hafa faglegri vinnubrögð, svo er það oft kallað þegar stofnanirnar eru einkavæddar og nýir stjórnendur kallaðir til sögunnar. Vandinn er bara sá að eftir sem áður koma pólitískir aðilar þar að málum. En þeir eru yfirleitt úr einum og sama ranninum. Þeir koma frá Sjálfstfl. Það er yfirleitt hægrisinnað fólk úr fjármálaheiminum og Framsfl. eftir atvikum. Þetta er vandinn við þessa einkavæðingu, að aðkoma lýðræðislega kjörinna fulltrúa er útilokuð, henni er ýtt til hliðar, en það verður einsleitari söfnuður sem fer með völdin.

Varðandi þjónustuna við almenning þá er það staðreynd að ríkisbankarnir hafa veitt miklu meiri þjónustu á landsbyggðinni en tíðkast hefur í einkastofnunum. Það hafa þeir gert. Og ég velti því stundum fyrir mér þegar talað var um hugsanlega sölu á ríkisbönkunum eða öðrum ríkisbankanum til sænskra aðila, að þá var haft á orði að þeir hefðu yfir að ráða svo mikilli sérfræðiþekkingu, svo góðum sérfræðingum. Ég velti því fyrir mér í hverju þeirra sérfræði liggur, í hverju þeirra sérstaða liggur. Ég held að svarið sé það að þeir eru nægilega langt frá Þórshöfn og Vík og Höfn til að heyra ekki kvartanir almennings eða starfsmanna þegar þessar stofnanir eru lagðar af í anda einhverrar misskilinnar arðsemishugsunar.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta en tek undir þær vangaveltur sem komu fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni í ræðu hans áðan, þar sem hann rifjaði upp þrengingar bankakerfisins í Noregi fyrir fáeinum árum. Reyndar á hið sama við um fleiri lönd, t.d. Kanada. Það er svo þegar þrengir að fjármálastofnunum og þær riða til falls þá þurfa opinberir aðilar, fulltrúar almennings og fyrirtækjanna í landinu að koma að málum og reisa þessar stofnanir við. Og þá er eðlilegt að ábyrgðin sé gagnkvæm, að fulltrúar almennings hafi einnig einhverja aðkomu að stjórnun þessara stofnana. Á það vil ég leggja áherslu.

Framsfl. talar um það á hátíðastundum, ekki síst þegar hann heldur ráðstefnur sínar, landsfundi og landsráðstefnur, að hann sé miðjuflokkur. Það er reyndar staðreynd að í ýmsum efnum í gegnum árin og áratugina hefur Framsfl. beitt sér fyrir ýmsum félagslegum málefnum. Og innan hans vébanda og í hópi stuðningsmanna hans er margt félagslega þenkjandi fólk. En þessum öflum hefur mjög verið ýtt til hliðar í seinni tíð. Ég á sannast sagna mjög erfitt með að sjá muninn á frjálshyggju Sjálfstfl. og frjálshyggju Framsfl. á þessu kjörtímabili, ég á mjög erfitt með að sjá það. Framsfl. hefur haft forgöngu um einkavæðingu og markaðsvæðingu á kostnað félagslegra sjónarmiða, hann hefur gert það. Hann hefur látið Sjálfstfl. komast upp með að ganga mjög langt og hart fram í þessum efnum og sjálfur hefur Framsfl. og fulltrúar hans hér á þingi og í ríkisstjórn verið fylgjandi þessari sömu stefnu.

Ég vil því láta það verða mín lokaorð að óska þess að Framsfl. finni aftur leið inn á miðju stjórnmálanna. Það getur vel verið að það dugi að toga Framsfl. inn á miðju og hugsanlega til vinstri í öðru samstarfi en því sem hann er í núna. En þau skilaboð sem Framsfl. sendir í þessu frv. og ýmsum öðrum frv. til kjósenda eru mjög pólitísks eðlis. Hann er flokkur einkavæðingar og mismununar, hann takmarkar lýðræðið. Og ég held að kjósendur Framsfl. hljóti að verða mjög þenkjandi í væntanlegum kosningum. En ég vona að Framsfl. eigi eftir að braggast og það mun hann vonandi gera í öðru og betra samfélagi en hann er í nú. En því miður er því svo farið að Framsfl. er harður talsmaður einkavæðingar, markaðshyggju og mismununar í íslensku þjóðfélagi.

[19:04]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt sem ég má til með að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir. Annars vegar góðar óskir í garð Framsfl. og hins vegar ágæta ræðu sem hv. þm. flutti við þessa umræðu.

En það var ekki þess vegna sem ég stóð upp heldur fyrst og fremst að ég skynjaði það í upphafi ræðu hv. þm. að hann hafði ekki alveg gert sér grein fyrir því hvað Alþingi hafði samþykkt varðandi söluheimildir og heimildir til að auka hlutafé í ríkisviðskiptabönkunum, Landsbanka og Búnaðarbanka. Og því þykir mér rétt að fara aðeins yfir það svo enginn misskilningur sé í því.

Það kemur skýrt fram í lögunum um hlutafjárvæðingu Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. að ekki er hægt að selja eignarhluti ríkisins í þessum fyrirtækjum nema með heimildum frá Alþingi. Eftir þeim heimildum verður ekki leitað að þessu sinni.

Hins vegar eru líka ákvæði í þessum lögum um að viðskrh. hafi heimild til að auka hlutafé í þessum bönkum allt að 35%. Um þetta hefur enginn ágreiningur verið. Þannig eru þessar heimildir og á grundvelli þeirra var tekin ákvörðun, bæði í Landsbanka og Búnaðarbanka, að auka hlutafé um 15% í þessum bönkum af því bankarnir þurftu á því að halda. Þetta var gert í góðu samráði við starfsfólkið, þetta lá fyrir þegar frv. var lagt fyrir Alþingi, starfsfólkið vissi af þessu og það var haft með í ráðum í undirbúningi þessa máls.

Það sem að Fjárfestingarbanka atvinnulífsins snýr er að í frv., þegar bankinn var útbúinn frá Alþingi formlega með lögum, var líka heimild til þess fyrir iðnrh. og sjútvrh. að selja þennan 49% hlut ríkisins í bankanum. En það var líka tekið fram að möguleiki væri á því að síðar á kjörtímabilinu yrðu 51% sem eftir væru seld. Og það er eftir þeim heimildum sem við erum að leita núna frá Alþingi með sérstöku lagafrv. en ekki eins og oft áður var gert að stinga slíkum hlutum inn í fjárlagfrv. Þetta er gert með sérstöku frv.

Ég get því miður ekki gert að því þótt hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi ekki verið viðstödd hér í þingsalnum þegar ég svaraði hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrr við þessa umræðu nákvæmlega efnislega sömu spurningunum og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um.

[19:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem er að gerast með ríkisbankana er að eignasamsetning þeirra er að breytast. Til sögunnar koma nýir eignaraðilar. Og þetta er gert í því formi sem hæstv. ráðherra lýsti. Við höfum orðið þess vitni í blöðum að undanförnu þegar bankar eru að auglýsa með hvaða hætti fólk geti eignast þessa hluti og við sjáum hvernig verið er að fara á bak við þau markmið sem ríkisstjórnin setti sjálf í þeim efnum. En staðreyndin er sú að verið er að markaðsvæða þessa banka, það er verið að fá til sögunnar nýja eigendur að bönkunum og þeir eru að fá sinn hlut á undirverði. Og sá sem er hlunnfarinn er íslenska þjóðin. Það er staðreynd.

Hugmyndafræðin er nákvæmlega sama hugmyndafræði og Margrét Thatcher beitti á sínum tíma. En að það skyldi verða hlutskipti Framsfl. að bera fram sömu hugmyndafræði og Thatcher-stjórnin gerði á sínum tíma. Ég gæti trúað því að það fari um ýmsa ágæta fyrrverandi bankaráðsmenn Búnaðarbankans, sem voru nú ekki par hrifnir af þeirri ráðstöfun á sínum tíma að hlusta á það sem kemur fram frá talsmanni Framsfl. í ríkisstjórn.

Varðandi hið góða samráð sem haft hefur verið við starfsfólk þá hef lesið yfirlýsingar sem hafa komið frá samtökum bankamanna og hvernig þeir hafa andæft því sem ríkisstjórnin hefur verið að gera gagnvart þeim. Ég hef hins vegar líka séð yfirlýsingar frá þeim þegar þeir í nauðvörn eru að ná tilteknum varnarsigrum. En það er nöturlegt til þess að vita, bæði varðandi starfsmenn bankanna og starfsmenn annarra stofnana sem hafa verið einkavæddar og hafa brugðist við á svipaðan hátt og bankamenn, þegar því er síðan snúið upp á þá í yfirlýsingu ráðherra á Alþingi að þetta sé allt gert í góðu samráði við þá. Það er rangt.

[19:09]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn nokkur orð um samráðið við starfsfólk. Eitt af þeim fyrstu verkum sem ég fór í þegar ákveðið var að setja þessar nefndir af stað til að undirbúa hlutafjárvæðinguna var að eiga fundi með starfsmönnum bankanna, fulltrúum starfsmannafélaganna. Þeim var lofað samráði allan tímann, það var haft samráð við starfsfólkið allan tímann. Það var hins vegar líka alveg ljóst að á einhverjum stigum málsins gætu leiðir skilið. Þær skildu hins vegar aldrei og stuðningur starfsmannafélaga beggja bankanna var við þá leið sem farin var.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að verið er að markaðsvæða eða almannavæða þessi fyrirtæki. (**ÖJ:** Almannavæða?) Já. Ég segi almannavæða vegna þess að það eru tæplega 93 þúsund einstaklingar sem skráðu sig fyrir hlut í Búnaðarbanka Íslands. Það voru 12 þúsund einstaklingar sem skráðu sig fyrir hlut í Landsbanka Íslands. Það voru um 10 þúsund einstaklingar sem skráðu sig fyrir hlut í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þeim hefur fækkað í öllum þessum bönkum og þeim mun eitthvað fækka enn. En Búnaðarbanki Íslands mun verða fjölmennasta almenningshlutafélag á Íslandi þegar fram líða stundir.

Það var ekki nema — sem betur fer — þriðjungur, tæplega þó, af þessum 93 þúsundum sem skráðu sig í Búnaðarbankanum sem framseldi sína kennitölu. (**Gripið fram í:** Og lentu beint í gin kolkrabbans.) Íslandsbanki náði 1,5% út úr því, en hefur örugglega ætlað sér miklu stærri hluti, en náði ekki nema 1,5%. Sem segir mér það að kennitölukapphlaupið mistókst, sem betur fer. Það mistókst vegna þess að sá hluti þjóðarinnar var ekki tilbúinn til að binda sig fyrir fram gagnvart þessum fjármálastofnunum með því að selja þeim fyrir fram á tilteknu verði, genginu 2,28, 2,5 eða 2,6, sinn hlut, vegna þess að þeir sem ekki seldu hlut sinn fyrir fram gátu í dag, þegar bankinn kom í fyrsta skipti inn í Verðbréfaþingið, selt hlut sinn fyrir 2,71. Og munu geta selt fyrir hærra verð þegar fram líða stundir.

Þetta segir bara eitt: Þetta fólk veit hvernig hlutabréfamarkaðurinn virkar á Íslandi, sem betur fer.

[19:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fróðlegt að heyra ráðherra Framsfl. tala hér máli verðhallanna. (**Gripið fram í:** Mál?) Verðhallanna, og verðbréfaviðskiptanna. (**Gripið fram í:** Kauphallanna.) Flokkur sem á sínum tíma taldi sig til miðju stjórnmálanna, jafnvel ná inn til vinstri, en er hér fyrst og fremst að tala máli verðbréfamiðlara.

Ég vil fyrst leiðrétta hæstv. ráðherra varðandi samráð, hið góða samráð við starfsmannafélög og starfsmenn. Starfsmönnum var stillt upp við gerðan hlut, gagnvart ákvörðun ríkisstjórnar sem þeir voru ekki sáttir við. Spurningin er síðan hverju þeir ná í sínum varnarsigrum gagnvart því sem hæstv. ráðherra leyfir sér að kalla almannavæðingu þessara fyrirtækja. Og segir að 93 þúsund manns, 93 þúsund einstaklingar eða aðilar hafi keypt hlut í bönkunum. Hve margir skyldu hafa átt þessa banka áður? Skyldu það hafa verið 270 þúsund manns?

Það var þjóðin sem átti þessa banka, 270 þúsund manns. Nú er byrjað að þrengja þessa eignaraðild, hún er núna komin niður í 93 þúsund og síðan mun hún þrengjast áfram. Vegna þess að við vitum öll hvert leiðin liggur, þeirra sem eiga fjármagn hér í landinu. Og við vitum líka því miður hverjum þessi ríkisstjórn þjónar. Það er þessum aðilum, þessum hagsmunaaðilum.

Að hugsa sér að það skuli vera orðið hlutskipti Framsfl. að þjóna fjármálaöflunum í landinu. Það finnst mér nöturlegt hlutskipti. Það finnst mér vera skilaboð til íslenskra kjósenda í komandi kosningum í vor.

[19:14]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er nú ekki jafnhræddur og ýmsir félagar mínir í stjórnarandstöðunni við sölu hluta úr þeim bönkum sem hér hafa verið til umræðu. Ég hef áður í umræðu um Fjárfestingarbankann gert nokkra grein fyrir skoðunum mínum. Ég tel að sú leið sem menn fóru í upphafi af stað með Landsbankann hafi verið nokkuð farsæl. Og ég get ekki tekið undir það þegar menn segja að bankarnir hafi verið verðlagðir undir raunvirði vegna þess að menn vissu ekki nákvæmlega á hvaða sjó þeir voru að leggja.

Ég held að það sem réði verðlagningu hins opinbera eða þeirra sem fóru með völdin í bönkunum hafi stjórnast af þeim hvötum að menn vildu reyna að ýta undir sem dreifðasta eignaraðild. Ég a.m.k. fyrir mína parta dreg það ekki í efa að það hafi verið raunverulegur vilji hæstv. viðskrh. og raunar ríkisstjórnarinnar allrar að reyna að stefna að sem dreifðastri eignaraðild. Ég vísa í þeim efnum sérstaklega til ummæla og viðtala við hæstv. forsrh. um þessi efni þar sem hann reifaði ýmis atriði sem ýmsir í stjórnarandstöðunni hér í dag, þar á meðal hv. þm. Ágúst Einarsson, hafa einmitt nefnt sem hugsanlegar leiðir til þess að tryggja dreifða eignaraðild.

Þegar menn fara í það að selja hluti úr bönkum og eru að ráðast í það í fyrsta skipti þá renna menn eðlilega blint í sjóinn. Ég taldi sjálfur af minni takmörkuðu þekkingu á virði bankanna að þessi verðlagning, t.d. að því er varðaði Fjárfestingarbankann og líka Landsbankann, væri nokkuð nær réttu lagi. Ég var þeirrar skoðunar að verðlagningin á Búnaðarbankanum hefði verið fullhá. Ég taldi þess vegna að það sem fyrir mönnum vakti með því að fara þessa leið væri að reyna að hvetja sem flesta til kaupanna.

Ég er sannfærður um það að ef hæstv. viðskrh. hefði farið þá leið að bjóða alla hlutina í einum stórum pakka þá hefði hann fengið kannski allt upp undir 70% hærra verð fyrir það sem hefði þá runnið í ríkissjóð. Þarna tel ég að menn hafi verið að velja á milli tveggja leiða, annars vegar að reyna að tryggja sem dreifðasta eignaraðild og stýra því nokkuð í gegnum verðlagningu, og hins vegar að fara þá leið að reyna að afla sem mestra tekna í ríkissjóð og selja þá stærri hluti.

Stærri hlutum fylgja meiri völd. Völdin eru nokkurs virði og menn eru reiðubúnir til þess að borga fé fyrir þau. Þess vegna geta menn ekki bæði hámarkað tekjur ríkisins af sölunni og hins vegar reynt að tryggja sem dreifðasta eignaraðild. Ég var því sammála þeirri leið sem farin var í upphafi, að reyna að haga verðlagningunni þannig að eignaraðildin yrði sem dreifðust.

Ég sá ekki frekar en aðrir fyrir þennan undarlega markað sem má segja að síðan hafi skapast með kennitölukapphlaupinu. Ég þekkti ekki einu sinni hugtakið framvirkur eftirmarkaður fyrr en þetta gerðist. Og mér er ekki kunnugt um að svona hafi gerst áður við einkavæðingu eða sölu á ríkisfyrirtækjum hér á landi eða annars staðar. Menn sáu þetta einfaldlega ekki fyrir. Markaðurinn hins vegar, þar sem samkeppnin ríkir, nýtir sér alltaf út í hörgul þá möguleika sem gefast. Framtakssamir menn sjá leiðir sem opnast svo fremi sem þær eru löglegar. Þetta var lögleg leið sem menn fóru þarna en hún var ekki til eftirbreytni og hún er fordæmanleg af minni hálfu.

Þess vegna finnst mér alveg að það komi til greina að banna hreinlega með lögum framvirkan eftirmarkað af þessu tagi. Ég spyr hæstv. viðskrh.: Kemur ekki til greina þegar menn ráðast í frekari framkvæmdir á þessu sviði að svo verði gert?

Ég ímynda mér að það sem hafi í rauninni verið að koma fram í dagsljósið með því kapphlaupi sem Íslandsbanki hrinti af stað varðandi kaup á hlutum úr Búnaðarbankanum hafi í rauninni verið fyrsta áhlaup Íslandsbanka og þeirra fjármálaafla sem honum tengjast til þess að ná Búnaðarbankanum undir sig. Áður hafði Íslandsbanki gefið ljóslega til kynna á liðnu sumri að hann vildi kaupa þennan banka. Þá lagðist ég og ýmsir fleiri, stjórnmálamenn og aðrir, gegn því. Ég er ekki þeirrar skoðunar að heppilegt sé að þau fjármálaöfl sem tengjast Íslandsbanka nái annarri mikilvægri og stórri bankastofnun undir sig.

Hæstv. viðskrh. hefur marglýst því yfir að hann sé sömu skoðunar. Hann gerði það með frægum ummælum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur rifjað hér upp í fyrri umræðum um bankamál. Það var á síðasta kjörtímabili. En hann hefur líka, m.a. í svörum við ræðum sem ég hélt við 1. umr. um það mál sem við erum að ræða núna, lýst því yfir að hann telji að það eigi ekki að vera þannig að Íslandsbanki nái öðrum bönkum undir sig. Hann hefur sagt að hann vilji stefna að sem dreifðastri eignaraðild.

Þá spyr ég hæstv. viðskrh., af því að ljóst er að hann, ef hann hefur styrk til að afloknum kosningum, hyggst selja meira úr þessum bönkum: Hvernig ætlar hann þá að finna leið sem þjónar því markmiði sem hann hefur sjálfur lagt fram, að eignaraðild eigi að vera dreifð? Hvernig ætlar hann að tryggja að sú stefna nái fram að ganga eftir að hann hefur séð hvernig málin hafa þróast? Ég fæ ekki séð að það sé

hægt með öðru móti en í fyrsta lagi að fara einhverja af eftirtöldum þremur leiðum:

Að banna með lögum framvirkan eftirmarkað eins og hann hefur þróast hér á Íslandi einu landa, að því er ég best veit. Í öðru lagi að lögbinda það að eignarhlutur eins aðila eða skyldra aðila *megi aldrei vera meiri en* tiltekið hlutfall af heildarhlutafjármagni í viðkomandi banka. Og í þriðja lagi að reyna að binda hlutafjáreign við ákveðið tímaskeið. Það mundi banna eða koma í veg fyrir að þessi framvirki eftirmarkaður yrði til.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Með hvaða ráðum hyggst hann ná þessu fram? Eða í öðru lagi, herra forseti, önnur spurning gæti þá verið, ef hann ætlar ekkert að gera: Hefur hann skipt um skoðun? Í þriðja lagi: Hefur hæstv. viðskrh. íhugað einhverja af þeim leiðum sem hæstv. forsrh. lagði fram sem mögulegar aðferðir til þess að takmarka of stóra hluti í fjármálastofnunum í viðtali við Morgunblaðið í byrjun ágúst í sumar?

Þegar við sáum það gerast að Íslandsbanki reyndi og mistókst að ná undir sig stórum hlut í Búnaðarbanka þá sögðu menn hér í þessum sölum, m.a. hv. þingmenn og félagar mínir úr stjórnarandstöðunni, að þetta sannaði það að bankinn hefði verið undirverðlagður. Ég er ósammála því. Ég tel að bankinn hafi ekki, miðað við veltu hans og önnur fjármálaleg atriði sem ber að hafa í huga þegar menn reyna að meta verð banka, verið of hátt verðlagður. Það sem vakti auðvitað fyrir Íslandsbanka var ekki bara að kaupa hlut heldur völd. Og menn eru reiðubúnir til þess að greiða talsvert fjármagn og hátt verð fyrir völd.

Þeir sem standa að Íslandsbanka eru auðvitað að hugsa til framtíðarinnar og þeir horfa til þess m.a. hvernig Wallenbergfjölskyldan náði ofurtökum á sænsku fjármálalífi einmitt eftir að hún náði stjórn á Skandinaviska Enskilda bankanum, svo ég rifji nú upp dæmi sem hæstv. viðskrh. þekkir vel. Í krafti þess banka hafa stóraukist þau ítök — og voru þau þó mikil áður — sem sú fjölskylda hefur í sænsku fjármálalífi. Það er alveg ljóst að ef menn ná undirtökum í fjármálalífi þá eru þeir ekki bara reiðubúnir til þess að greiða fyrir fjármagnið í viðkomandi bankastofnunum sem þeir þannig ná undir sig heldur líka fyrir völdin. Þetta er það sem ræður því að fjármálastofnanir sem eru að sækjast eftir öðrum skyldum stofnunum eru reiðubúnar til þess að greiða yfirleitt 30% og allt upp í 70% meira, ef þær geta keypt ráðandi hlut.

Ég er sammála hæstv. viðskrh. um að áhlaup Íslandsbanka mistókst. Ég er sammála honum um það. Mér þykir það meira að segja stórundarlegt og gerði ekki ráð fyrir því sjálfur að einungis þriðjungur þeirra sem tóku þátt í þessu *mundu standa* við framsal sitt gagnvart bankanum. Mér finnst það mjög merkilegt að tugir þúsunda eða tveir þriðju af þessum 96 þúsundum sem tóku þátt í kaupunum á bankanum skuli halda hlutnum enn þá. Það getur vel verið að þeir séu jafnframsýnir og hæstv. iðnrh. sem telur að hluturinn muni enn hækka úr genginu 2,70, sem hann mun vera í núna. Það getur vel verið. Ég veit það ekki.

Sömuleiðis var ég þeirrar skoðunar að verðmatið á Fjárfestingarbankanum væri fullhátt 1,40. Það kemur í ljós að menn gátu selt fyrir drjúgum hærri upphæð og enn er um það að ræða að þar eru aðilar sem vilja sælast *eftir* bankanum. Það sem mér finnst vanta er að fá sýn hæstv. viðskrh. á þróun bankaheimsins á Íslandi. Hann er í deiglu og við sjáum að ákveðin þróun er að byrja að fæðast.

Í sumar kepptu tvær fjármálastofnanir við ríkisstjórnina um að eignast stóran hlut í Fjárfestingarbankanum. Það var annars vegar Búnaðarbankinn og hins vegar sparisjóðirnir í landinu. Ég held reyndar og vísa til fyrri yfirlýsinga minna um Fjárfestingarbankann, að það hefði verið afar farsæll kostur fyrir hagkvæmni í bankaheiminum og fyrir viðskiptalífið almennt þegar horft er til lengri framtíðar að annaðhvort Búnaðarbankinn eða sparisjóðirnir hefðu náð því að kaupa Fjárfestingarbankann á sínum tíma.

Nú blasir það við þegar verið var að selja hlutina í Fjárfestingarbankanum, að a.m.k. annar þessara aðila, þ.e. sparisjóðirnir hafa í gegnum eignarhald sitt á Kaupþingi náð að eignast þarna drjúgan part, þ.e. 9%. Þeir hafa 14% atkvæðaréttar sömuleiðis. Ég tel að þetta sé ágæt þróun. Mér skilst að Búnaðarbankinn hafi líka eignast drjúgan part í Fjárfestingarbankanum.

Nú sé ég það hins vegar fyrir að Íslandsbanki er búinn að heisa flaggið og hann er í rauninni búinn að lýsa því yfir að á næstu árum, þegar sú ríkisstjórn sem nú situr eða aðrar sem *kunna að taka við ráðast í að selja meira af ríkisviðskiptabönkunum*, þá muni Íslandsbanki ásælast Búnaðarbankann. Ef við gefum okkur það að hæstv. viðskrh. bregðist ekki við neinum þeim varnaðarorðum sem til að mynda hafa komið fram í ræðu minni núna um þessi mál og ef það er ljóst að Íslandsbanka verður illu heilli gefið færi á því að kaupa Búnaðarbankann, þá finnst mér það með ólíkindum ef Búnaðarbankinn á t.d., áður en það verður, að slást um Fjárfestingarbankann og e.t.v. að ná þar yfirtökum. Þá stæðum við uppi með það eftir nokkur ár, kannski bara örfá missiri, að við hefðum saman runna í eina heild Íslandsbanka, Búnaðarbanka og Fjárfestingarbankann. Mér finnst það ekki gott.

Ef sú þróun hefði verið kæfð í fæðingu þá hefði verið ágætt, tel ég, að Fjárfestingarbankinn hefði lent annaðhvort hjá sparisjóðunum eða Búnaðarbanka. Af hverju þessum tveimur stofnunum, herra forseti? Vegna þess að Búnaðarbankinn hefur þróað mjög öfluga verðbréfadeild og samtvinnan hennar og Fjárfestingarbankans hefði haft í för með sér hagkvæmni sem hefði væntanlega leitt til aukins hagræðis, minni vaxtamunar og hefði að öllu leyti orðið betri fyrir íslenskt viðskiptalíf.

Það sama má segja um sparisjóðina. Þeir eiga í sínum fórum Kaupþing sem er öflugt fyrirtæki sem hefur reynst mjög vel. Ég held því fram með sömu rökum og ég taldi upp gagnvart Búnaðarbankanum, ef hann hefði getað gifst Fjárfestingarbankanum, *að það hefði verið farsælt og mjög* hagkvæmt ef Kaupþing og Fjárfestingarbankinn hefðu runnið saman. Ég held að ef menn horfa til lengri tíma þá séu þetta heppilegri einingar en að sjá þær allar hverja í sínu lagi í dag.

Ef svo fer þá ég get séð fyrir mér eftirfarandi þróun: Íslandsbanki kynni að eignast Búnaðarbanka eða ráðandi hlut þar eftir að Búnaðarbankinn kynni að hafa eignast ráðandi hlut í Fjárfestingarbankanum. Þá erum við komin með mjög stóra banka- og peningastofnun og ég er hræddur við það. Ég segi það hreinskilnislega, herra forseti, að mér hugnast það ekki að þau öfl sem í dag ráða Íslandsbanka nái þessum ofurtökum.

Hvað verður þá um Fjárfestingarbankann? Við sjáum að sparisjóðirnir ráða 14% atkvæða, eiga 9% bankans. Hæstv. viðskrh. hefur lýst þeim vilja sínum að selja afganginn af Fjárfestingarbankanum á næsta ári. Þá velti ég því fyrir mér: Getur það orðið til þess að Búnaðarbankinn haldi áfram

þessum slagsmálum? Ég held að svo eigi ekki að vera. Ég spyr þess vegna líka hæstv. viðskrh.: Vegna þess að hann hefur lýst áður a.m.k. andstöðu við þessa þróun eða þróun sem hefur kannski verið skyld þessari og menn hafa stundum verið að ræða hérna og hann skrifaði um hér á fyrri árum sjálfur, mun hann þá ekki í krafti þess valds sem hann hefur sem æðsti yfirmaður hlutafélagsins Búnaðarbankinn hf. beita stöðu sinni í gegnum þá sem hann hefur skipað þar til verka til þess að sjá til þess að Búnaðarbankinn fari ekki í þetta kapphlaup?

Ef hæstv. viðskrh. kemur hingað og segir að það sé ekki á hans valdi og það væri ekki rétt miðað við að hér er um hlutafélag að ræða, að sökum þeirra tengsla sem hann enn hefur við hlutafélagið af því það er í eigu ríkisins þá eigi hann ekki að gera það. Þá vísa ég til þess að hann hefur nú þegar einmitt í þessum bankakapphlaupum gripið inn í gang mála. Hæstv. viðskrh. gaf þeim bönkum sem hann skipaði bankaráð í fyrirmæli um að taka ekki þátt í þessu kennitölukapphlaupi. Með öðrum orðum hann getur ekki vísað til þess að hann hafi ekki og eigi ekki að grípa beint inn í þessa þróun. Hann hefur gert það nú þegar. Þess vegna varpa ég fram þessari spurningu til hans gagnvart Búnaðarbankanum.

Sömuleiðis spyr ég hann hvort hann telji þá ekki, miðað við þá þróun sem virðist farin af stað og ég tel litlar líkur á að hægt sé að snúa algjörlega við þó hægt sé að stemma hana að einhverju leyti, eðlilegt og heppilegra fyrir þróunina að sparisjóðirnir eignuðust stærri hluta af Fjárfestingarbankanum þegar kemur að því að selja þá.

Herra forseti. Ég vil líka rifja upp ræður mínar og hæstv. viðskrh. um þetta mál við 1. umr. Þá spurði ég hæstv. ráðherra með vísan í það sem mér þótti þá og þykir enn, prýðilega reynslu sérstaklega af sölu úr Landsbankanum. Ég sagði þá: Kemur ekki til greina að í staðinn fyrir að selja hluti sem nema 5–8% úr afganginum af Fjárfestingarbankanum, þá haldi menn sig við þá aðferð sem var í upphafi notuð við sölu á fyrstu 49% og freisti þess frekar að selja smærri hluti? Þá var, ef ég man rétt, nafnvirði þeirra hámarkshluta 3 millj. kr. Nú blasir það við að eftirsóknin er meiri og að líkast til sé vel hægt að hækka verðið á hlutunum og jafnframt minnka þá án þess að eiga það á hættu að þeir seljist ekki. Auk þess væri hægt að hafa sérstakan útboðsflokk og þangað rynni þá afgangur þeirra bréfa sem ekki væru seld og leyfa öðrum eða stærri fjármálastofnunum að bjóða í hann.

Þá svaraði hæstv. viðskrh. að í ljósi reynslunnar væri hann reiðubúinn til þess að endurmeta það, þ.e. þá stefnu að selja einungis 5–8% hluta. Vegna þess að ég er enn þeirrar skoðunar sem ég var þá, að fyrst að menn fara með þessum hætti í söluna og taka ekki þann kost sem sumir hafa reifað hér í umræðum að senda hverjum Íslendingi hlutabréf sé þetta ein leiðin til þess að koma virði hlutabréfanna út til fólksins sem er í þjóðfélaginu vegna þess að allir eiga kost á því að kaupa hlutabréf. Þá geta menn auðvitað komið og sagt að ekki eigi allir fjármagn til þess að leggja út. Þá blasir við að bankastofnanirnar hafa allar boðið hagstæð lán og reynslan sýnir að markaðurinn er fyrir hendi þannig að það á enginn að brenna inni með þetta. Það er afskaplega lítil áhætta sem jafnvel hinir fjárminnstu okkar á meðal tækju með þessu. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Kemur enn til greina að breyta þessu með þeim hætti sem ég hef lýst?

Í annan stað langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Eins og hann rifjaði áðan upp í andsvari við hv. þm. Ögmund Jónasson er enn ónýtt heimild til þess að auka hlutafé Búnaðar- og Landsbanka um 20%. Þegar þingið samþykkti gildandi lög um bankana fyrir einum eða tveimur missirum var í því fólgin heimild til að selja nýtt hlutafé sem næmi ígildi 35% aukningar á eigin fé. Hyggst hæstv. ráðherra beita sér fyrir því, ef hann hefur tök á, að þetta verði gert? Ég er ekki að hvetja hann til þess en forvitnilegt væri að vita það vegna þess að það skýrir aðeins línurnar í þessu landslagi. Ef svo er, hvernig mun það verða gert? Mun það verða gert með svipuðu móti og hefur verið gert eða ætlar hann að fara þá leið að selja stærri hluta? Og ef hann ætlar að gera það, hvers vegna?

[19:32]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir þessa ágætu ræðu. Hún var ekki síðri en ræðan sem hv. þm. hélt við 1. umr. málsins heldur betri. Það væri betur ef hv. þm. héldi svona ræður og það margar því að þetta væri góð kennslustund fyrir þá hv. þm. sem telja sig vera sérskipaðir sérfræðingar í bankamálum í þingflokki jafnaðarmanna eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Ágúst Einarsson. Hv. þm. þyrfti að vera með slíka fræðslufyrirlestra á þingflokksfundum hjá þingflokki jafnaðarmanna.

Með þeirri ákvörðun sem er verið að taka og þeirri umræðu sem hér fer fram, og ef Alþingi er tilbúið til þess að samþykkja heimildir ríkisstjórnarinnar, heimildir iðnrh. og sjútvrh. til að selja 51% hlut í Fjárfestingarbankanum er verið að taka lokaskrefið í þessari sölu á kjörtímabilinu. Það er yfirlýst af hálfu ríkisstjórnarinnar að ekki verður um frekari sölur að ræða og — svo ég svari þá um leið spurningu hv. þm. — ekki heldur frekari ákvarðanir um að auka hlutafé í Búnaðarbanka og Landsbanka, sem eins og hv. þm. segir, við höfum heimildir til samkvæmt lögunum. Það verður ekki meira gert í því á þessu kjörtímabili.

En af því hv. þm. spyr: Ef eitthvað gerist að afloknum kosningum, sem enginn veit hvað verður og ekki er víst að ég verði í neinni betri stöðu til þess en bara hv. þm. að hafa áhrif á það hvað skuli gert, þá tel ég vel koma til greina að afloknum kosningum að menn fari út í að auka hlutafé í bæði Búnaðarbanka og Landsbanka vegna þess að sem betur fer hafa báðir þessir bankar stækkað. Búnaðarbankinn er að stækka alveg ótrúlega og þessi aukning á hlutafé, þessi áhugi sem er í kringum bankann mun held ég líka leiða til þess að hann vaxi enn frekar á komandi ári. Þar af leiðandi býst ég við að hann muni þurfa á auknu og nýju eigin fé að halda til að geta haldið í við vöxtinn.

Því miður gefst mér sennilega ekki tími í þessu stutta andsvari að svara spurningum hv. þm. sem snúa að því hvaða leiðir við eigum að fara til þess að tryggja dreifðu eignaraðildina til framtíðar en kannski gefst mér tími og tækifæri til að svara því í andsvari á eftir.

[19:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það sem á eftir að selja úr Fjárfestingarbankanum eigi að gera með svipuðu móti og í fyrri sölu, þ.e. ég tel sjálfsagt að menn endurmeti þá verðið miðað við markaðinn. En ég tel líka ekki ólíklegt að menn ættu að fara þá leið að minnka hlutina og setja inn útboðsflokk þannig að það sem ekki seldist, ef eitthvað seldist ekki — sem ég tel reyndar ekki verða — færi þá í útboðsflokk til þess að tryggja að allt seldist.

Sömuleiðis, ef menn færu í það að nýta þau 20% sem á eftir í hinum bönkunum tel ég að það eigi að fara sömu leiðir

sem hafa verið farnar. Mér þætti vænt um ef hæstv. viðskrh. lýsti skoðunum sínum á þessum aðferðum. Sömuleiðis spyr ég hann um hinn framvirka eftirmarkað vegna þess að hann er eins og fleinn í holdi mínu. Hann kemur í veg fyrir eða hann ógnar því, þó að Íslandsbanka hafi ekki tekist þetta þá gæti sá banki eigi að síður lært af reynslunni vegna þess að hann var líka að stíga fyrstu skrefin að þessu og hann gæti auðvitað náð til sín miklu hærri hlut með því að hækka bara verðið og bjóða betur.

Og það er það sem ég vil ekki. Þá er spurningin: Er hæstv. viðskrh. reiðubúinn til þess að íhuga að banna slíkan framvirkan eftirmarkað með lögum? Svo ítreka ég þessa spurningu varðandi söluna á Fjárfestingarbankanum. Er hæstv. ráðherra reiðubúinn til þess að standa við það sem hann sagði við 1. umr. sem var að vísu ekki meira en það að hann sagðist reiðubúinn til þess að íhuga það að selja ekki 5–8% hluti heldur miklu smærri hluti?

[19:36]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tiltölulega einfalt að svara þeirri spurningu hv. þm. sem snýr að Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Ég er í öllum meginatriðum sammála þeirri söluaðferð sem hv. þm. telur að gæti komið til greina við þessa sölu.

Hins vegar vil ég líka benda á að ég tel að fleiri aðferðir geti komið til greina. En í fljótu bragði líst mér nokkuð vel á og það hugnast mér nokkuð vel að velja þá leið sem hv. þm. hér er að lýsa. Smækka hlutina, dreifa því hugsanlega til fleiri aðila þannig að fleiri geta komið að. Hins vegar ef áhuginn er mikill og þessi aðferð er notuð smækka hlutirnir sjálfkrafa vegna þess að það skerðist allt saman ofan frá.

Til að koma í veg fyrir að þessi dreifða sala safnist síðan á fárra manna hendur eða strax í þrengra eignarhaldi en salan gefur tilefni til er eitt af því það sem hv. þm. spyr um hvort hægt sé að banna þennan framvirka eftirmarkað. Ég tel að það sé mjög erfitt og ég held að reynslan af þessu sýni að menn muni kannski ekki reyna þetta aftur. Þetta mistókst svoleiðis gjörsamlega hjá þeim sem gengu lengst í þessu.

Hins vegar hef ég viljað og lýst því yfir að ég tel rétt að skoða ýmsa möguleika um það hvernig við getum tryggt til lengri tíma hið dreifða eignarhald. En það er eitt vandamál í því sem menn verða að gera sér grein fyrir strax í upphafi. Það er það að ef við förum að setja skorður á sölu hlutafjár í þessum fyrirtækjum hefur það ákveðin áhrif bæði á verðið og líka inn á Verðbréfaþingið vegna þess að þingið starfar eftir ákveðnum reglum. Ég vonast til að enginn sé að tala um það að taka þessi fyrirtæki út af Verðbréfaþinginu og verða með þau einhvers staðar sér. Styrkurinn er sá að vera með þessi fyrirtæki inni á Verðbréfaþinginu, vegna þess að ef við erum með fyrirtækin þar veitir Verðbréfaþingið svo mikið aðhald í rekstri þessara fyrirtækja. Við megum ekki stíga nein þau skref í þessu sem geri það að verkum að Verðbréfaþingið banni að fyrirtækin séu þar starfandi. Það er það fyrsta sem við verðum að hafa að leiðarljósi.

Þess vegna verða menn að kanna mjög gaumgæfilega hvaða leiðir eru færar í þessum efnum til að tryggja til langframa dreift eignarhald.

[19:38]

Útbýting þingskjala:

Tekjuskattur og eignarskattur, 278. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 537; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 538.

[19:39]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að vaninn er í svona stóru máli eins og hér er á dagskrá að hæstv. ráðherra, sem fer með málið, sýni þinginu þá virðingu að fara yfir stöðuna í lok máls og a.m.k. svara spurningum sem til hæstv. ráðherra er beint.

Ástæðan fyrir því að ég vek athygli á þessu við stjórn fundarins er að ráðherrann ætlar greinilega ekki að verða við því að svara þeim spurningum sem ég hef beint til hans. Ég læt mér ekki nægja það sem hann sagði í stuttu andsvari, herra forseti, að hann hefði svarað þessu undir ræðu annars þingmanns, hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, að mér fjarstaddri. Ég hef verið meira og minna í þinghúsinu í allan dag, allan heila dag, þó ég hafi þurft að bregða mér frá undir ræðu Guðmundar Árna Stefánssonar. Mér finnst það ekkert of mikið, herra forseti, þó að hæstv. ráðherra komi aftur og endurtaki þau svör. Ég er alveg viss um að hann hefur ekki svarað þeim öllum, þetta voru sex eða sjö spurningar.

Þá vil ég nefna að ástæða þess að ég geri þetta undir liðnum stjórn fundarins er sú að að öðrum kosti hefði ég verið tilneydd til að gera þetta í annarri ræðu og ég vil ógjarnan eyða þeim tíma mínum ef hæstv. ráðherra sýnir mér þá virðingu að svara þeim spurningum sem ég hef beint til hans. Geri hann það ekki þá þarf ég auðvitað að biðja um orðið og fara í aðra ræðu mína og fara yfir málið aftur og endurtaka þær spurningar sem ég bar til ráðherrans og það mun þá tefja fundinn. Ég bað um orðið um stjórn fundarins til þess að freista þess að mega stytta fundinn ef hæstv. ráðherra sýnir þinginu þá virðingu að svara því sem til hans hefur verið beint. Og einnig það, herra forseti, að fara yfir málið, sem er eiginlega það minnsta sem maður getur beðið um í svo stóru máli eins og er á ferðinni.

[19:41]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan að held ég að ég hafi svarað allflestum þeim spurningum sem hv. þm. spurði um vegna þess að það voru samhljóða spurningar sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson óskaði eftir að ég svaraði. En það er ekkert að því að fara yfir stöðu málsins og þá um leið kannski að svara einhverjum af þeim spurningum sem hv. þm. varpaði fram.

Það hafa líka komið fram, í andsvörum mínum við hv. þm. Össur Skarphéðinsson, svör við nokkrum af þeim spurningum sem hv. þm. spurði um fyrr við umræðuna.

Aðalatriði málsins er þetta sem ég hef rakið í nokkrum orðum fyrr, m.a. þegar ég svaraði hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að verið er að fara nákvæmlega eftir þeirri stefnu sem ríkisstjórnin mótaði 28. ágúst á þessu ári, þ.e. selja aukahlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf. um 15%. Gefa starfsmönnum þessara fyrirtækja kost á því að kaupa á hagstæðu gengi ákveðinn hluta eða í kringum 5% af þessum 15%, eða einn þriðja af því sem þarna var til sölu með aukningu hlutafjár.

Nú eru starfsmenn beggja þessara banka að njóta ávaxtanna af aðgerð ríkisstjórnarinnar. Ég heyrði það í fréttum, af því ég var að hlusta á það hér rétt áðan, að enn er gengið í Búnaðarbankanum að hækka. Sennilega er hver starfsmaður bæði Landsbanka og Búnaðarbanka að hafa hreinan ábata af þessu á milli 400 og 450 þúsund kr. ef hann er að selja sinn hlut á þessum tíma.

Við allan undirbúning að málinu, frá upphafi að formbreytingin kom hér inn, hefur verið haft náið samstarf og samráð við starfsfólk beggja þessara fyrirtækja og starfsfólk Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og þá fyrrverandi sjóði sem settir voru inn í Fjárfestingarbankann, mjög náið samstarf var haft við alla þessa hópa um hvernig að þessu skyldi staðið.

Þess vegna segi ég: Þau markmið sem ríkisstjórnin setti sér 28. ágúst um hvernig að þessu skyldi staðið og hvað skyldi selt hafa öll gengið eftir.

Þá var líka sú yfirlýsing gefin að ekki yrði leitað eftir frekari heimildum um aukið hlutafé í Búnaðarbanka og Landsbanka en þessi 15%. En það var líka skýrt tekið fram að ekki ætti að selja á kjörtímabilinu eignarhlut í þessum fyrirtækjum í samræmi við þá stefnumótun sem kom fram í frv. sem var upphaflega lagt fyrir um formbreytingu þessara banka. En við sögðum þá líka að við ætluðum að leita eftir því í ljósi reynslunnar af 49% sölunni að selja þessi 51% í Fjárfestingarbankanum í upphafi næsta árs. Nú kann vel að vera að hægt sé að snúa út úr því og segja sem svo að ekki sé um dreift eignarhald að ræða.

Ég hef hlustað á hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, herra forseti, í þessari umræðu allri saman og ítrekað talar hún um einkavinavæðingu án þess að hafa nokkrar forsendur til að tala á þann hátt. Ég verð að spyrja hv. þm.: Hvað á hv. þm. við með því þegar það liggur fyrir eftir þessa sölu að þeir sem skráðu sig fyrir hlut í Búnaðarbankanum voru tæplega 93 þúsund manns? (**JóhS:** Hvað eru þeir margir núna?) Ég veit ekki nákvæmlega hvað þeir eru margir núna en það var ekki nema einn þriðji af þessum hópi sem var tilbúinn til að selja þeim aðilum sem voru að bjóða upp á kennitölukaupin. Það var bara einn þriðji úr þessum hópi sem var tilbúinn til að binda sig fyrir fram í því að selja á tilteknu fyrir fram ákveðnu gengi. Tveir þriðju eiga þessi bréf í dag eða í kringum 60 þúsund manns. Ætlar hv. þm. að halda því fram að um einkavinavæðingu sé að ræða þegar 60 þúsund manns eiga hlutabréf eins og í Búnaðarbanka Íslands? Hver hlutur er að nafnverði rétt tæpar 4.000 kr. og þeir sem gengu harðast fram í kennitölusöfnuninni höfðu ekki meiri árangur af sínu starfi en það að þeir eiga núna í kringum 1,5% í bankanum. Getur hv. þm. haldið því fram að ríkisstjórnin hafi skipulega verið að móta reglur sem hafi átt að ganga í þá veru að vera með einkavinavæðingu? Nei, herra forseti. Þetta eru klisjur. Þetta er áróður og þetta er lýðskrum af verstu gerð og hv. þm. á ekki að temja sér slíka hluti.

Eigendur Landsbankans í dag eru a.m.k. milli 7 og 8 þúsund. Það voru 12.200 manns sem skráðu sig fyrir eignarhlut í Landsbankanum. Ætlar hv. þm. að halda því fram að um einkavinavæðingu hafi verið að ræða þegar einstaki stærsti aðilinn sem á þann hlut núna er um 2%, sennilega innan við 2%? 8.000 manns eiga hlut í þessu fyrirtæki sem flestir eru að nafnvirði í kringum 55 þús. kr. Hvernig er hægt að halda því fram með einhverjum rökum að ríkisstjórnin hafi með þessum aðgerðum og þeim reglum sem hún mótaði verið að koma á einkavinavæðingu? Það er af og frá.

Sama gildir með Fjárfestingarbanka atvinnulífsins þar sem milli 6 og 7 þúsund manns eiga í þeim banka í dag. Þar hafa eignarhlutir hins vegar stækkað, það skal fúslega viðurkennt. Stærsti eigandinn þar er sennilega með eignarhlut í kringum 9% og sjóður sem tengist viðkomandi fyrirtæki er með eignarhlut í kringum 5%. En það er útilokað að halda því fram að þarna hafi verið settar upp reglur sem hafi átt að verða til þess að koma á einkavinavæðingu. Hv. þm. verður að skýra það út hvað hún á við með því að um einkavinavæðingu sé að ræða. Það er ekki nóg bara að standa í ræðustóli og stappa niður fótunum og segja: Það má ekki gera þetta svona og ekki svona, heldur einhvern veginn öðruvísi. Hv. þm. verður þá að hafa tillögur um það hvernig á að gera þetta öðruvísi og það er lykilatriði. Hv. þm. verður að svara því.

Við 1. umr. þessa máls, þegar verið var að koma á fót Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, þá fór hv. þm. mikinn í umræðunni ásamt hv. þm. Ágústi Einarssyni og hélt því fram, eins og reyndar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hélt fram við þessa umræðu og að meginhluta til öll stjórnarandstaðan, að það sem væri að gerast væri að menn tækju rangar ákvarðanir. Hv. þm. hélt því fram að menn væru að taka rangar ákvarðanir með því að útbúa Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Hvað er að koma í ljós? Sem betur fer hlustaði meiri hlutinn á Alþingi, ríkisstjórnarflokkarnir, ekki á málflutning stjórnarandstöðunnar á sínum tíma vegna þess að það var svartsýnisraus og því miður flest allt saman byggt á grundvallarmisskilningi. Það sem hefur komið í ljós er að það sem ríkisstjórnin ákvað að gera var rétt. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins er þjóðinni 12–13 milljarða kr. virði. Það var vilji stjórnarandstöðunnar að henda þessu inn í ríkisviðskiptabankana og segja: Þið getið haft þetta, þetta er lítils virði og kannski einskis virði.

Komandi kynslóðir munu njóta þess að við munum greiða niður skuldir ríkisins með þessum fjármunum sem eru á bilinu 12–13 milljarðar kr. Þetta hefði orðið lítils virði ef menn hefðu sett þetta inn í starfandi ríkisviðskiptabanka.

Í þeirri umræðu héldu menn því líka fram að ríkisstjórnin væri að koma á einkavinavæðingu, allt væri þetta sett upp til þess. Helmingaskipti milli Framsfl. og Sjálfstfl. Hvað af þessu hefur gengið eftir? Ekkert. Í þessu fyrirtæki er um dreifða eignaraðild að ræða. Stjórnarandstaðan hélt því líka fram þá að verið væri að búa til bankastjórastarf fyrir upplýsingafarstjórnmálamenn, ráðherra sem væru að hætta störfum. Hefur þetta gengið eftir? Nei. Ráðinn var forstjóri Fjárfestingarbankans kornungur maður sem menn treystu til þess að reka það fyrirtæki vel og það hefur hann gert. Ekkert af því sem stjórnarandstaðan hélt fram við umræðuna um stofnun Fjárfestingarbankans eða um formbreytingu ríkisviðskiptabankanna hefur gengið eftir. Og af hverju ætti ríkisstjórnin nú að vera að hlusta á tillögur frá stjórnarandstöðunni sem þannig hefur komið fram í öllu málinu? Það er ekki trúverðugt að reyna að halda slíku fram vegna þess að það er ekki um neitt annað að ræða af hálfu stjórnarandstöðunnar í þessu máli en skemmdarverk, að reyna að koma í veg fyrir að menn geti gert skynsamlega hluti á fjármagnsmarkaði.

Hafa menn þá verið að gera skynsamlega hluti þar? Já, ég fullyrði að svo sé vegna þess að með tilkomu Fjárfestingarbankans hefur samkeppni á markaðnum stóraukist. Vaxtamunur hefur lækkað sem skilar sér í lægri vöxtum til fólks og fyrirtækja í landinu. Á fyrsta hálfa árinu sem Landsbankinn og Búnaðarbankinn eru reknir sem hlutafélög hefur vaxtamunur lækkað í Búnaðarbankanum um hálft prósentustig og sennilega munu báðir þessir bankar þegar þeir verða gerðir upp í árslok 1998 sýna sína bestu afkomu í allri sögunni. Er ekki nokkuð merkilegt að það skuli geta gerst að á sama tíma og vaxtamunurinn lækkar í báðum bönkunum skuli þeir geta sýnt sinn mesta hagnað, sína bestu afkomu í sögu viðkomandi banka? Jú, það er merkilegt. En

það er staðfesting á því hvað ríkisstjórnin hefur verið að gera skynsamlega hluti á því sviði á þessu kjörtímabili.

Nú vonast ég til, hv. þm. og herra forseti, að ég hafi svarað öllum þeim spurningum sem hv. þm. bar fram við 1. umr. þessa máls.

[19:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Því miður verð ég að hryggja hæstv. forseta með því að sú ræða hæstv. viðskrh. sem hann flutti, þar sem ég bað um að hann svaraði spurningum mínum, hefur ekki orðið tilefni til að stytta þennan fund, því miður. Ég þarf því að fara aðeins yfir þetta mál á nýjan leik vegna þess að hæstv. ráðherra hefur ekki svarað þeim spurningum sem ég beindi til hans. Mér fannst ráðherrann vera með útúrsnúning, hroka og yfirlæti ...

(**Forseti** (GÁ): Hæstvirtur.)

Hæstvirtur ráðherrann. Hæstv. ráðherra sagði í andsvari áðan við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að hann ætti að taka mig og hv. þm. Ágúst Einarsson í fræðslu að því er varðar bankamál og bankakerfi. Ég verð nú bara að vísa þessu til föðurhúsanna og segja við hæstv. ráðherra að mér finnst stundum af málflutningi hans, sem ber ábyrgð á miklum eigum ríkissjóðs eins og bankakerfinu, að honum veitti oft og iðulega ekki af því fá fræðslu varðandi bankakerfið og hvernig með eigi að fara varðandi eigur ríkissjóðs þannig að skattgreiðendur og ríkiskassinn fái sem mest þegar verið er að fara út í sölu á bönkunum og einkavinaveðingu. Ég ætla mér alveg blákalt, herra forseti, að halda því fram þrátt fyrir það sem hæstv. ráðherra sagði áðan.

Ég ætla að byrja á því að fara yfir þær spurningar sem hæstv. ráðherra hefur ekki svarað. Ég spurði, herra forseti, sem er grundvallaratriði, sérstaklega þegar við erum kominn tímaþröng með þinghaldið fyrir jólin:

Hvað liggur svona mikið á að koma þessari heimild Fjárfestingarbankans í gegnum þingið, að þetta frv. þurfi að hafa hér algjöran forgang? Það vantar veigamiklar upplýsingar sem kallað hefur verið eftir úr þessum ræðustól, til þess að þingið hafi heildaryfirsýn yfir málið. Ég bað hæstv. ráðherra um rök fyrir því hvað það væri sem gerði það að verkum að svo mikið lægi á að afgreiða málið. Ekkert hefur komið fram í máli ráðherrans sem segir mér að afgreiða þurfi þetta mál með þeim flýti sem hér á að gerast. Taka það í forgang, t.d. á undan frv. um stjórn fiskveiða og mikilvægum málum sem liggur á að komi til umræðu. Þetta er númer eitt.

Þær upplýsingar sem ég segi að vanti inn í þessa umræðu og ég hef kallað eftir eru m.a. það sem embættismenn viðskrn. upplýstu efh.- og viðskn. um að mundi liggja fyrir, þegar þeir komu á fund nefndarinnar 4. des., en meiri hluta nefndarinnar lá svo á að afgreiða málið út að það var afgreitt út 3. des. án þess að þessi hluthafaskrá í Fjárfestingarbankanum lægi fyrir.

Við erum aðallega að ræða hér um Fjárfestingarbankann, og ég hefði gjarnan viljað halda mig við það umræðuefni, en hæstv. ráðherra fór út um víðan völl í ræðu sinni þannig að það er ekki víst að ég geti alveg gert eins og ég ætlaði.

Þegar hæstv. ráðherra fór yfir hve margir hluthafar stæðu eftir, eftir að útboðin hafa farið fram í þessum þremur bönkum, við hvaða tíma var hæstv. ráðherra að miða? Er hæstv. ráðherra að fullyrða að eftir standi 60 þúsund hluthafar í Búnaðarbankanum á þessum degi, 17. des. 1998? Það er alveg rétt að upplýsingar komu um það fyrir nokkrum dögum síðan að strax hefði einn þriðji hluti af þessu verið seldur aftur, 30 þúsund, og eftir stæðu 60 þúsund. Við vitum ekkert hvernig staðan í þessum málum er í dag og það hefði þurft smátíma til að átta sig á hvaða áhrif þessi kennitölusöfnun í raun og sanni hafði og við hefðum haft miklu betri tíma til þess að gera það þegar þing kemur aftur saman í janúarmánuði. Mér finnst það nú allnokkuð að 30 þúsund hafi strax látið bréfin af hendi — bréfin komu náttúrlega aldrei í hendur þessara 30 þúsund einstaklinga, þeir tóku bara ágóða sinn yfir borðið.

Það er töluvert langt síðan ég heyrði varðandi Landsbankann sem var áður með sín bréf í sölu að hluthöfum hefði strax fækkað úr 12 þúsund í 8 þúsund. Er það svo í dag, herra forseti? Ég veit það ekki, við höfum ekki fengið að sjá hluthafaskrárnar í þessum bönkum, hvernig þær líta út í dag og heldur ekki að því er varðar Fjárfestingarbankann. Hæstv. ráðherra hélt því fram, sem kom mér gjörsamlega á óvart, í seinni ræðu sinni, að stefnan sem ríkisstjórnin mótaði í ágúst sl. varðandi hlutafjárútboðin, þau markmið hefðu gengið eftir.

Ég vil minna á, herra forseti, að haft var eftir ráðherranum fyrir nokkrum dögum þar sem hann var að ræða um söfnun á kennitölum — að vísu hefur Viðskiptablaðið verið með ákúrur á ráðherrann um að hann skuli vera að taka undir með mér að þessar kennitölusafnanir séu eitthvað óeðlilegar og það þurfi að skoða hvort bregðast þurfi við því — að þá sagði ráðherrann varðandi söluna á Fjárfestingarbankanum og kaup á hlut í honum að þetta væri þvert á stefnu um dreifða eignaraðild.

Samt segir ráðherrann núna að þau markmið hafi náðst sem ríkisstjórnin setti sér varðandi þessi hlutafjárútboð. Mér finnst það stangast á sem hæstv. ráðherra segir. Ég bið hæstv. forseta að virða mér það til betri vegar þó ég þurfi að fá skýrari svör en ég fékk frá ráðherranum áðan.

Ég spurði líka ráðherrann að því sem ég veit ekki til að hann hafi svarað, þ.e. hvenær við megum vænta niðurstöðu frá bankaeftirlitinu sem er að skoða þessa kennitölusöfnun, og hvort þetta hafi gengið gegn útboðsskilmálum. Ráðherrann svaraði því til úr ræðustól að niðurstaðan væri ekki komin. En þá spurði ég hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn að beita sér fyrir því að tala strax við bankaeftirlitið og athuga hvort hægt væri að fá niðurstöðu bankaeftirlitsins áður en við lykjum umræðunni? Bankaeftirlitið má mín vegna hafa tíma til þess að skoða málið fram í síðari hluta janúarmánaðar, eða hvenær það er sem við komum saman, eða hvort það er 5. eða 6. janúar sem menn eru að tala um núna, hafa rýmri tíma. Við gætum frestað þessu máli þannig að bankaeftirlitið geti þá haft þann tíma sem það þarf. En ef þessi asi er á að afgreiða það beini ég þeirri spurningu til hæstv. ráðherra, hvort hann væri þá tilbúinn til að beita sér fyrir því að bankaeftirlitið hraðaði afgreiðslu og niðurstöðum í máli sínu þannig að við gætum haft það til umfjöllunar við 2. og 3. umr. málsins.

Ég spurði hæstv. ráðherra, að mér fannst, mjög eðlilegrar spurningar: Finnst hæstv. ráðherra það ekki koma til athugunar og skoðunar miðað við þessa stöðu — og nú erum við að fjalla um Fjárfestingarbankann þar sem liggur fyrir að einn aðili er með 9% hlut í bankanum og 14% af heildaratkvæðamagni — þegar verið er að heimila 51%, þ.e. allt hlutafé í bankanum, að inn í frv. verði sett ákvæði um hámarkshlutinn? Í því sambandi vil ég nefna að í frv. sjálfu segir, með leyfi forseta:

„Verði eftirspurn eftir áskrift hins vegar ekki nægileg til að selja 49% hlutafjár með þessum hætti“ — þá var verið að tala um fyrri söluna — „skal leita tilboða í þann hluta sem

ekki selst, þó þannig að einstakir aðilar geti aðeins keypt hlutafé sem nemi allt að 3% hlutafjár í bankanum í slíkri sölu.“

Bankastjóri Landsbankans nefndi það í blaðaviðtali sem ég vitnaði til fyrir nokkrum dögum að úr útboðsskilmálum Fjárfestingarbankans hefði mátt lesa að gert hefði verið ráð fyrir í hæsta lagi 3% eignaraðild. Þess vegna gengur 9% eignaraðild, sem við stöndum uppi með núna annars vegar hjá Kaupþingi og hins vegar 5–6% hjá Búnaðarbankanum, gegn útboðsskilmálum, gengur gegn stefnu ríkisstjórnarinnar sem hún markaði, gengur gegn því sem hæstv. forsrh. sagði skömmu eftir að ríkisstjórnin markaði þá stefnu, og sem tekið var upp í leiðara, að hann teldi að eignaraðilar með 2–3% eignarhlut gætu haft veruleg áhrif. Hann lýsti þeirri skoðun að mikilvægt væri að eignarhaldi á bönkum yrði dreift og það tryggt að bankarnir væru hlutlausir gagnvart viðskiptalífinu. Hann taldi að fyllilega kæmi til álita, að tryggja með lagasetningu, herra forseti, að eignarhald á bönkunum yrði sett inn í lagasetningu.

Af því erum að fjalla nákvæmlega um þetta frv. og það sem gerist eftir að þetta frv. fer út úr þinginu, hefði þá ekki verið tryggara, herra forseti — og ég spyr hæstv. ráðherra að því, af því að mér finnst hann ekkert hafa svarað því — að setja inn í það frv. sem við erum að fjalla um varðandi Fjárfestingarbankann í ljósi þess að þegar kominn er 9% eignaraðild í hlut eins aðila, ákvæði um að sett verði tímamörk á eignarhaldstímann — ráðherrann hefur sjálfur nefnt tvö til þrjú ár — eða að sett verði ákvæði um hámarkshlut eins og 3%? Eða hvaða tök hefur ráðherrann á málinu ef það verður afgreitt bara með þessari einu línu í 1. gr., þ.e. heimildinni til að selja allt hlutaféð í Fjárfestingarbankanum? Hvað telur ráðherrann — og það spurði ég hann um — sig geta gert í útboðsskilmálunum sjálfum, eða hvað er hægt að gera í leiðbeinandi útboðsskilmálum þegar og ef þessi heimild verður nýtt? Af því, herra forseti, að mér fannst í viðtali við hæstv. ráðherra skömmu eftir að vitneskja barst um þetta kennitölufár, að hann teldi fyllstu ástæðu til að skoða það að setja ákvæði um ákveðinn eignarhaldstíma og nefndi það að skipta bréfunum til landsmanna og fleiri atriði sem ég nefndi í dag. Þess vegna var ég að spyrja hæstv. ráðherrann einmitt um þessi atriði.

Herra forseti. Mér hefur líka ekki fundist hæstv. ráðherra svara því svo fullnægjandi sé hvort bankarnir hafi verið seldir á undirverði. Það er eitthvað meira en lítið bogið við það þegar bréfin rjúka upp um 30% á einum, tveimur, þremur eða fjórum dögum. Því hefur verið haldið fram og ég hef tekið undir það að þeir sem hafa raunverulega grætt á þessari sölu, fjársterkir aðilar, hafi grætt á bankasölunni í þessum þremur bönkum einhver hundruð milljóna. Sumir hafa nefnt 1–1,5 milljarða sem hægt hefði verið að fá meira fyrir bankana. Ráðherrann hæstv. nefndi að ef þetta hefði farið í útboð og sett niður í stærri hluta en ekki dreifða eignaraðild, sem ég tel að sé markleysa af því að hún mistókst, og ef miðað hefði verið við 15–20% hlut þá hefði verið hægt að fá miklu meira fyrir bankana. Það er ekki fjarri því að einn aðili sé kominn með 15% hlut, a.m.k. er hann kominn með það í heildaratkvæðamagni og getur, eftir því sem ég hef skilið málið, krafist stjórnarsetu.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja málflutning minn miklu meira þó ærið tilefni sé til þess miðað við ræðu ráðherrans. Ég ætla bara að vona að hæstv. ráðherra gefi ekki tilefni til þess í síðari ræðu sinni að við framlengjum þessa umræðu mikið enda veit ég að ég er búin að tala tvisvar. En ég minni þá á, herra forseti, að ég á alltaf tímann við 3. umr. eftir og þar hef ég kallað eftir því að upplýsingarnar um hlutafélagaskrárnar liggi fyrir og að niðurstaða bankaeftirlitsins liggi fyrir. Ég vona að þeir sem eru í forsvari fyrir efh.- og viðskn. sjái til að svo verði gert.

Herra forseti. Ég kemst þó ekki hjá því að nefna, af því ráðherrann talaði mikið um hagræðingu og að allar úrtölur okkar hafi ekki gengið eftir varðandi hlutafélagavæðingu á bönkunum og sölu Fjárfestingarbankans að ég blæs á þetta, herra forseti, og gæti auðvitað haft mörg orð um að það sem við héldum fram hefur gengið eftir. Ég minni á það og vil bara halda því til haga að það sem hefur gerst varðandi hlutafélagavæðinguna, þ.e. hagræðinguna í rekstri sem menn kalla svo, er að hægt hefði verið að fara í það allt saman án þess að hlutafélagavæða bankann. Það hefði verið hægt. Það var ekki hlutafélagavæðingin sem varð til þess að fækka bankastjórum heldur atvik sem ég ætla ekki að tefja tíma þingsins með að rifja upp, þ.e. að við erum kominn með einn bankastjóra í annan þessara banka. Það er vel hægt án þess að hlutafélagavæða bankana að minnka rekstrarkostnað og yfirbyggingu í bönkunum.

Ég held að fólk hafi ekki svo mikið fundið fyrir lækkun á þjónustugjöldum eða lækkun á vöxtum en það sem er áþreifanlegt er að störfum hefur fækkað verulega í fjármálastofnunum og það hefur helst, eins og ég sagði í dag, bitnað á konum, en þeim hefur fækkað úr 3.700 í 2.600 á fjórum árum. Það eru handfastar tölur sem við höfum um það hverju hagræðingin hefur skilað.

Herra forseti. Ég vil fá að sjá þessar hluthafaskrár og tel nauðsynlegt að við áttum okkur betur á þessu og tel tímann raunar of stuttan, jafnvel þó við fengjum hluthafaskrárnar á næstu dögum, til þess að meta áhrifin af þessu kennitölufári. Ég held að við værum miklu betur í stakk búin til þess að meta það á næsta ári þegar þing kemur saman aftur.

Ég fullyrði, herra forseti, og við sjáum þess þegar merki, að þegar upp verður staðið, þó eitthvað sé hægt að tala um einhverja dreifða eignaraðild núna þessa dagana, og fyrr en nokkurn órar fyrir — og ég veit að hæstv. forseta verður um og ó þegar ég segi það — þá munu bankarnir verða komnir í hendur fjársterkra aðila, í hendur kolkrabbans og það tel ég ekki æskilega þróun. Það hefur gerst hjá olíufélögunum, tryggingafélögunum og í flutningastarfsemi. Það leiðir til fákeppni og einokunar. Bönkunum fækkar þegar þessir eignarhlutar eru komnir meira í hendurnar á þessum mönnum, eins og Íslandsbanka — þeir vilja samruna t.d. við Búnaðarbankann. — Er það ekki hann sem þeir sækjast eftir? Þá verður samruni. Mun það ekki leiða til fákeppni og einokunar? Það er ekki til þess fallið að tryggja betri þjónustu fyrir þá sem leita til bankanna.

Herra forseti. Enn og aftur freista ég þess að fá svör ráðherrans við fyrirspurnum mínum. Ég ætla að vona, af þær eru það margar, herra forseti, að hann bjóði ekki upp á stutt andsvar til þess að svara þeim fyrirspurnum. Hvað liggur á? Það spyr ég um. Er ráðherrann tilbúinn að beita sér fyrir því við 3. umr., ef tillaga okkar um að vísa málinu til ríkisstjórnar verður felld, að ákvæði komi inn um hámarkshlut eða eignarhaldstíma? Ég spyr hann líka um hluthafaskrárnar, hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að þær liggi fyrir efh.- og viðskn. við 3. umr. og að hann beiti sér fyrir því að bankaeftirlitið flýti niðurstöðu sinni og að niðurstaða bankaeftirlitsins liggi fyrir áður en málið verður endanlega

afgreitt, sem ég vona að verði ekki fyrr en á næsta ári þannig að við höfum betri heildarmynd af áhrifum á sölu á þessum hlutum í bönkunum.

[20:13]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr: Hvað liggur á? Það sem liggur á er að gert er ráð fyrir því að það verðmæti sem menn fá fyrir Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sé hluti af sölutekjum í fjárlögum ársins 1999. Með andvirði hans ætlum við að greiða niður skuldir, létta skuldaklafa af komandi kynslóðum sem fyrri ríkisstjórn lagði á og þar af leiðandi ætlum við að lækka vexti og í raun og veru nota fjármuni til þess að taka á á sviði menntamála, velferðarmála og á mörgum öðrum góðum sviðum.

Í öðru lagi spurði hv. þm.: Hvað með hlutahafaskrána í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins? Hlutahafaskráin breytist dag frá degi. Ég sé ekki tilgang í því að leggja hana fram á Alþingi. Mér finnst það vera mjög sérkennileg krafa. Ég get ekki að því gert. Það hefur komið fram að stærsti hluthafinn í Fjárfestingarbankanum er með 9% hlut. Markmið ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild hafa gengið eftir eins og ég lýsti áðan.

Þá spyr hv. þm.: Rekst það ekki á við fyrri yfirlýsingar um að kennitölusöfnunin gangi þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar? Það gerir það ekki. Ég lýsti því yfir að kennitölusöfnunin gengur þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar en sem betur fer mistókst kennitölusöfnunin eins og ég fór yfir áðan og þar af leiðandi hefur stefna ríkisstjórnarinnar gengið eftir og þau markmið sem menn settu sér.

Hefur bankaeftirlitið svarað? Nei, bankaeftirlitið hefur ekki svarað. Bankaeftirlitið er sjálfstæð stofnun sem framkvæmdarvaldið á ekki að hafa bein afskipti af og við eigum að virða það og þar af leiðandi ætla ég ekki að hafa afskipti af því að bankaeftirlitið fari að hraða störfum sínum í þessum efnum.

Í fjórða lagi spyr hv. þm. hvort ekki sé rétt að setja reglur um hámarkshluti og setja það inn í frv. Ég tel að svo sé ekki. Ég tel að sú umræða sé ekki nógu þroskuð og tel að ekki þurfi að setja slíkar takmarkanir inn í lög, það sé hægt að setja slíkar takmarkanir, ef menn ætla sér, inn í útboðsskilmála.

Síðan spyr hv. þm.: Hverjir græða á þessu öllu saman? Það er einfaldlega þannig að þeir sem kaupa bréfin og selja þau aftur eru að græða og það er stór hluti þjóðarinnar.

[20:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Heldur var þetta þunnur þrettándi hjá hæstv. ráðherra. Hann skautaði ansi léttilega yfir spurningar mínar. Ég verð að segja, herra forseti, að svörin um það af hverju svona mikið liggur á, en svarið er „af því að þetta er hluti af tekjum ríkissjóðs á næsta ári“, eru engin svör við því að ekki megi fresta málinu fram í janúar. Ekki nokkur svör og ekki þinginu bjóðandi. Við getum bundist sammælum um að afgreiða þetta sem fyrsta mál í kringum miðjan janúar, eða 20. janúar. Þá höfum við miklu betri mynd af málinu en við höfum tækifæri til núna.

Að bankaeftirlitið sé sjálfstæð stofnun? Gott og vel, en tilmæli frá ráðherra um það, af því að verið sé að afgreiða þetta mál út úr þinginu, sé ég ekki að hafi nokkurn skapaðan hlut að gera með það að þetta sé sjálfstæð stofnun. Ef sjálfstæðið er svona mikið að það verður að bíða eftir því að bankaeftirlitið skili sjálft af sér, herra forseti, finnst mér að við ættum að bíða með málið fram í janúar til þess að gefa bankaeftirlitinu færi á að svara.

Mér finnst að hluthafaskráin þurfi að liggja fyrir. Getur ráðherrann svarað því núna hvort það séu einhverjir aðilar, og þá hversu margir, sem eiga t.d. yfir 2%, yfir 3%, yfir 4% eða yfir 5%? Ég er ekki að biðja um nöfn. En ég verð t.d. að biðja um það að ráðherrann svari slíkri spurningu fyrir efh.- og viðskn. Allt það sem ráðherrann hefur sagt hér, um bankaeftirlitið, um hluthafaskrána, um hvað liggur á, rök hans fyrir því að ekki þurfi að setja á hámarksaðild eða eignarhaldstíma inn í frv., er léttvægt fundið í svörum ráðherrans. Allt það sem hann hefur sagt styður það að við eigum að fresta málinu, herra forseti.

Ég mun þurfa, og það skulu verða lokaorð mín nema ráðherra gefi tilefni til annars, að ræða þetta mál mjög ítarlega og kalla eftir þeim upplýsingum og þar með flýta fyrir 3. umr. ef ráðherrann beitir sér fyrir því að þær upplýsingar sem ég hef beðið um liggi fyrir við þá umræðu.

[20:18]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri mjög skondið að afgreiða fjárlög frá Alþingi og gera ráð fyrir stórum sölutekjum af Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og það færi svo að ekki væri búið að afgreiða það frv. frá þinginu. Ég er hræddur um að einstakir þingmenn stjórnarandstöðunnar, ef ekki allir, teldu að lítið mark væri takandi á fjárlögum ef ríkisstjórn og meiri hluti Alþingis gengi frá fjárlagafrv. frá Alþingi með þeim hætti. Það hlýtur að vera grundvallaratriði og ég býst við að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sé mér sammála um að það hlýtur að vera grundvallaratriði að tekjuáætlun fjárlagafrv. sé alveg klár. Við vitum ekkert um hvað gerist eftir áramót og það þýðir ekkert að gera út á óvissuna í þessum efnum. Það hefur ríkisstjórnin aldrei gert. Hún gerir ekki út á óvissuna í þessum efnum. Það er útilokað annað en að ganga frá öllum lausum endum hvað það snertir áður en þing fer heim í jólahlé ef menn ætla að samþykkja alvörufjárlög.

[20:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ágætt að hæstv. ráðherra minnti á að stjórnlist ríkisstjórnarinnar við það að ná ríkissjóði hallalausum felst nefnilega að verulegu leyti í því að selja eignir ríkisins. (Gripið fram í.) Og selja þær á undirverði. Ég hef sagt að ráðherrann og ríkisstjórnin hefðu, ef öðruvísi hefði verið staðið að málum, hugsanlega fengið nokkur hundruð milljónum meira inn í ríkissjóð, ef rétt hefði verið að málum staðið. Það sýnir líka að það er lítil stjórnkænska hjá ríkisstjórninni að ætla sér að leysa vanda ríkissjóðs með því að selja eigurnar. Við erum að tala um heimild, herra forseti, og ég hygg að það hafi oft verið staðið þannig að málum að heimildir hafi verið afgreiddar þannig að menn nái samkomulagi um að afgreiða einhver mál í janúarmánuði sem snerta ríkissjóð. Svo lengi hef ég verið á þingi að ég held að það liggi fyrir að það hafi oft verið gert. Rök ráðherrans eru því engin í þessu máli. Ég tel það vera tímasóun að eyða dýrmætum dögum sem við höfum fyrir jólin í að ræða áfram þetta mál, herra forseti, og engu máli skipta varðandi það sem ríkið ætlar að nota þessa fjármuni til á næstu árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 15., 19. og 20. mál.

Fundi slitið kl. 20:22.

---

45. FUNDUR

föstudaginn 18. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kjör einstæðra foreldra, beiðni um skýrslu, 362. mál, þskj. 505. *Hvort leyfð skuli.*
2. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, stjfrv., 229. mál, þskj. 256, nál. 427 og 447. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 343. mál, þskj. 443. — 1. umr.
4. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 344. mál, þskj. 444. — 1. umr.
5. Siglingalög, stjfrv., 122. mál, þskj. 533. — 3. umr.
6. Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, stjfrv., 322. mál, þskj. 389. — 3. umr.
7. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 285. mál, þskj. 333. — 3. umr.
8. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 3. umr.
9. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 233. mál, þskj. 262. — 3. umr.
10. Lögheimili, stjfrv., 185. mál, þskj. 201, nál. 523. — 2. umr.
11. Tilkynningar aðsetursskipta, stjfrv., 186. mál, þskj. 202, nál. 524. — 2. umr.
12. Byggingarsamvinnufélög, stjfrv., 332. mál, þskj. 414, nál. 526, brtt. 527. — 2. umr.
13. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 333. mál, þskj. 415, nál. 528, brtt. 529. — 2. umr.
14. Fjöleignarhús, stjfrv., 347. mál, þskj. 451, nál. 530. — 2. umr.
15. Málefni fatlaðra, stjfrv., 331. mál, þskj. 413, nál. 525. — 2. umr.
16. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 106. mál, þskj. 106, nál. 520 og 521, brtt. 522. — 2. umr.
17. Náttúrufræðistofnun Íslands, stjfrv., 205. mál, þskj. 223, nál. 517, brtt. 518. — 2. umr.
18. Breytingar á ýmsum skattalögum, stjfrv., 150. mál, þskj. 150, nál. 502, brtt. 503. — 2. umr.
19. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, stjfrv., 321. mál, þskj. 388, nál. 519. — 2. umr.
20. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 278. mál, þskj. 318, nál. 537, brtt. 538. — 2. umr.
21. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, stjfrv., 336. mál, þskj. 423, nál. 535. — 2. umr.
22. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 462. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Í dag kl. 4 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um útboð á rekstri hjúkrunarheimilis fyrir aldraða. Málshefjandi er Svavar Gestsson. Heilbrrh., Ingibjörg Pálmadóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Þá vill forseti tilkynna að síðar í dag fara fram atkvæðagreiðslur.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 343. mál (veiðileyfi o.fl.). — Þskj. 443.

og

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (grásleppuveiðar). — Þskj. 444.

[10:34]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 443 og 444 eru lögð fram frumvörp til breytinga annars vegar á lögum um stjórn fiskveiða og hins vegar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Bæði þessi frv. eru viðbrögð við dómi Hæstaréttar sem nýlega er fallinn og verið hefur til allverulegrar umræðu í þjóðfélaginu síðustu daga. Í dómi Hæstaréttar varð sú niðurstaða að 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna stæðist ekki jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar. Óhjákvæmilegt er að bregðast við þessari niðurstöðu með breytingu á þeim lagaákvæðum sem lúta að stjórn fiskveiða.

Unnið hefur verið að málinu í sjútvrn. og ráðuneytið fékk til liðs við sig sérfræðinga, bæði prófessora við Háskóla Íslands og hæstaréttarlögmann til þess í fyrsta lagi að meta dóm Hæstaréttar og í öðru lagi að gera tillögur um með hvaða hætti nauðsynlegt og skynsamlegt er að gera breytingar á gildandi löggjöf í tilefni dómsins.

Nokkuð hefur verið um það rætt hvað dómur Hæstaréttar þýði í raun og veru. Það hafa verið skiptar skoðanir á milli fræðimanna um hversu víðtækt eigi að túlka dóm réttarins. Það er alveg ljóst og skýr niðurstaða þegar dómurinn er lesinn að 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna telst ekki standast ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ýmsir hafa haldið því fram að í forsendum dómsins megi lesa hugleiðingar í þá veru að það sé í raun vilji Hæstaréttar að 7. gr. fiskveiðistjórnarlaganna sé einnig fallin en í henni er kveðið á um úthlutun veiðiheimilda og í rauninni felur hún í sér grundvöll núverandi fiskveiðistjórnar. Þegar málið er skoðað er í sjálfu sér mjög margt sem bendir til þess að ekki sé unnt að túlka dóminn öðruvísi en að horfa á beinar niðurstöður hans. Áður hefur komið fram að Hæstiréttur taldi málið ekki vera það lögfræðilega flókið að það væri tækt sem prófmál. Hann taldi málið ekki svo sérlega mikilvægt og rétt væri að skipa fimm dómara. Enn fremur er ljóst að kröfugerð málshefjanda í málinu laut að 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, hvort hún stæðist stjórnarskrána, og ljóst að rétturinn minnist hvergi á 7. gr. og má ætla að ef það hefði verið ætlun dómsins

að fella hana úr gildi, þá hefði dómurinn gert það á skýran hátt eins og fjallað er um 5. gr. Í þessu ljósi eru frumvörp ríkisstjórnarinnar lögð fram og þau miða við það að bregðast við þeirri niðurstöðu að 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar.

Sumir hafa haldið því fram að rétt hefði verið að miða við víðari túlkun á niðurstöðu dómsins því það hefði dregið úr málaferlum. Ég tel málflutning af þessu tagi býsna hæpinn. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að ef dómurinn hefði verið túlkaður á þann veg að 7. gr. fiskveiðistjórnarlaganna stæðist ekki stjórnarskrá, þá stæðum við frammi fyrir mjög alvarlegri efnahagslegri kreppu, skyndilegu hruni sjávarútvegsfyrirtækja í velflestum byggðum landsins og byggðaröskun sem af því mundi hljótast. Það væri ekki skynsamlegt án skýrrar niðurstöðu að taka ákvarðanir á hinu háa Alþingi sem leiddu til slíkrar kreppu. Það er líka ljóst að ef sá kostur hefði verið valinn hefðum við að öllum líkindum staðið frammi fyrir miklu meiri málaferlum og álitaefnum í kjölfar slíkra aðgerða vegna þess að mjög margir hefðu þá borið undir dómstóla atvinnuréttindi sín og þá áleitnu spurningu hvort þau séu ekki varin af stjórnarskránni. Að mínu mati er því augljóst að sú leið hefði ekki aðeins leitt til efnahagslegrar kreppu heldur miklu meiri óvissu og málaferla.

Ég ætla þá að víkja að efni þessara tveggja frumvarpa, herra forseti. Í sjálfu sér er það mjög einfalt í samræmi við niðurstöðu dómsins. Hér er ekki á ferðinni heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða á grundvelli endurmats á mismunandi aðferðum við stjórn fiskveiða. Hér er einungis um það að ræða að brugðist er við niðurstöðu í dómi Hæstaréttar og nauðsynlegar breytingar lagðar fram af því tilefni.

Dómurinn felur það í sér að ekki er unnt að takmarka veiðileyfi við þá sem það höfðu á tilteknum tíma, með öðrum orðum að opna verður öllum aðgang að veiðileyfum. Þetta felur í sér mjög verulega breytingu en þó er það svo að vegna aflahlutdeildarkerfisins hefur hún ekki veruleg áhrif á meginhluta fiskiskipastólsins. Þeir sem veiða samkvæmt aflahlutdeildarkerfinu halda sínum veiðirétti. Nýir aðilar sem fá leyfi til fiskveiða geta samkvæmt hinni nýju skipan stundað veiðar úr stofnum sem ekki eru kvótabundnir og keypt til sín aflaheimildir, aflamark eða aflahlutdeild.

Dómurinn hefur hins vegar mjög veruleg áhrif á stöðu smábátaútgerðar í landinu vegna þess að veiðirétturinn hjá þeim sem stundað hafa krókaveiðar hefur ekki verið einstaklingsbundinn eins og í aflahlutdeildarkerfinu. Þar hefur tiltekinn hópur manna veitt úr sameiginlegu kerfi, ef svo má að orði komast, þannig að veiði eins hefur haft áhrif á veiði annars. Ef einn hefur veitt mikið getur það takmarkað veiðirétt hins og öfugt. Þegar 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna hefur verið felld úr gildi og allir eiga aðgang að veiðileyfum er augljóst að hagsmunir þeirra sem stundað hafa krókaveiðar eru fyrir borð bornir. Nýir aðilar geta gert þennan veiðirétt að engu á örskömmum tíma. Þeir sem hafa haft þetta að lífsviðurværi geta ekki gert það lengur nema við sé brugðist.

Frv. gerir ráð fyrir tvennu: Í fyrsta lagi að með bráðabirgðafyrirkomulagi verði að mestu óbreytt veiðikerfi þessara báta út þetta fiskveiðistjórnarár. Þó er gerð sú breyting að bátar, sem veiða á sóknardögum og hafa samkvæmt gildandi lögum aðeins 9 veiðidaga á þessu ári fá 32 veiðidaga með 30 tonna hámarki. Dögunum er sem sagt fjölgað en sett hámark á heildarveiðina. Það er gert í þeim tilgangi að verja hagsmuni þeirra sem hafa verið með litla eða hóflega veiði gagnvart hinum sem hafa verið með mjög mikla veiði af því að hér er um félagslegt kerfi að ræða og þeir sem mest veiða geta rýrt atvinnuréttindi hinna.

En meginbreytingin er sú til frambúðar að einstaklingsbinda þennan atvinnurétt. Það er gert með því að færa veiðiréttindi þeirra sem hafa veitt í krókakerfinu í aflahlutdeild. Þeir sem hafa veitt í svokölluðu þorskaflahámarkskerfi fá aflahlutdeild í hlutfalli við fiskveiðireynslu sína. Þeir sem hafa veitt í sóknardagakerfinu fá allir jafna hlutdeild samkvæmt frv.

Á það hefur verið bent að þarna megi allt eins úthluta aflahlutdeild í tengslum við aflareynsluna. Vissulega er rétt að þetta er álitaefni sem vel getur komið til skoðunar við meðferð málsins. Því hefur einnig verið haldið fram að sanngjarnt geti verið að taka tillit til þess að þeir bátar sem hafa veitt á sóknardögum fái metið þann afla sem þeir hafa veitt umfram heildaraflann sem ætlaður er þessum bátum vegna þess að leiðréttingar koma ári seinna og sá afli hefur að því leyti verið löglegur. Það er vissulega svo að álitaefni af þessu tagi geta komið til skoðunar og mats hvort rétt er að koma með einhverjum hætti til móts við þessi sjónarmið. En aðalatriðið er það að eina leiðin til að verja atvinnuhagsmuni þessara manna eftir dóm Hæstaréttar er að einstaklingsbinda með einum eða öðrum hætti veiðiréttindi þeirra.

Vandinn er svo miklu meiri þegar kemur að grásleppuveiðinni en reglur um þá veiði hafa verið í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þær veiðar hafa verið takmarkaðar við tiltekinn fjölda manna sem stunduðu veiðar á ákveðnum tíma. Þær hafa ekki lotið ákvæðum um heildarafla þar sem fiskveiðiráðgjöf þar að lútandi hefur ekki verið gefin út.

Nú þegar dómur Hæstaréttar er genginn opnast þetta veiðikerfi og allir geta komið þar inn. Draumur prófessoranna 105 við Háskóla Íslands, sem hafa gert tilkall til þess að komast í heimilispeninga grásleppukarlanna gæti þannig ræst. Það gæti gerst eins og þetta frv. liggur fyrir. En með því að hér er ekki um heildarafla að ræða eru ekki tök á því, að svo stöddu a.m.k., að einstaklingsbinda þessi réttindi. Þannig má með nokkrum rökum segja að hér sé komið í framkvæmd stjórn fiskveiða eins og 7. gr. fiskveiðistjórnarlaganna hefði verið afnumin. Draumur þeirra sem hafa litið svo á að Hæstiréttur hafi fellt 7. gr. úr gildi kemur að nokkru leyti fram gagnvart grásleppukörlunum.

Eins og allir vita hafa þeir sem þessar veiðar stunda gengið í gegnum mikla erfiðleika vegna minnkandi veiði og verðfalls. En dómurinn gerir það að verkum að óhjákvæmilegt er að opna þessar veiðar og að öðru óbreyttu er útilokað að menn geti stundað þennan veiðiskap til þess að afla sér lífsviðurværis.

Það er býsna hart að þurfa að flytja lagafrv. af þessu tagi en það er óhjákvæmilegt að beygja sig fyrir þeirri skýru niðurstöðu sem hér er fengin. Það eina sem gæti komið til bjargar í þessu efni er að veiðiráðgjöf yrði gefin út um heildarafla og þá væri unnt að úthluta veiðirétti til grásleppukarla í hlutfalli við aflareynslu þeirra. Í raun er það, held ég, það eina sem gæti gerst, en frv. sjálft er ekki trygging fyrir því og hana er ekki hægt að veita eins og dómur Hæstaréttar liggur fyrir.

Herra forseti. Þetta eru í meginatriðum efnisatriði þeirra frumvarpa sem liggja fyrir. Ekki hefur farið hjá því að umræða um þessi efni hefur dregið verulegan dám af þeirri almennu umræðu um sjávarútvegsmál sem fram hefur farið

og átt hefur sér stað á undanförnum árum. Það er ekkert launungarmál að um þau efni hefur verið mikill ágreiningur. Að minni hyggju hefur umræðan í allt of ríkum mæli einkennst af yfirborðskenndum slagorðum og harla litlum skilningi á hagsmunum þeirra sem búa í atvinnugreininni og hagsmuni þess fólks sem býr í sjávarplássunum.

Hugtök eins og „ókeypis aflaheimildir" og „gjafakvótar" hafa verið ofarlega í umræðunni og hafa verið notuð í allríkum mæli eftir að dómur Hæstaréttar hefur verið kveðinn upp. Bæði þessi hugtök eru í meira lagi villandi. Engum aflaheimildum var úthlutað ókeypis eða án endurgjalds. Á sínum tíma þegar aflahlutdeild var í upphafi úthlutað, fyrst til skamms tíma en síðan varanlega, byggðist það á veiðireynslu. Þá byggðist það á þeirri bitru staðreynd að óhjákvæmilegt var að takmarka fiskveiðar. Það sem var verið að gera á þeim tíma var að minnka veiðirétt þeirra sem höfðu verið að veiða í fullum rétti samkvæmt gildandi lagaákvæðum og almennum réttlætissjónarmiðum. Það var verið að takmarka og minnka rétt þeirra en ekki að færa þeim eða gefa ný verðmæti.

Það er svo allt annað mál að þetta kerfi hefur leitt til efnahagslegs árangurs þannig að þessi atvinnustarfsemi er arðvænlegri en áður var en það breytir ekki hinu að þetta lýðskrum á ekki við nein rök að styðjast. Hér var aldrei um að ræða neins konar gjafakvóta eða ókeypis aflaheimildir.

Þá hefur mjög verið rætt um að 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða gangi á svig við aðrar greinar laganna og, eins og segir í dómi Hæstaréttar, beinlínis takmarki rétt löggjafans til þess að setja önnur ákvæði um stjórn fiskveiða og að önnur ákvæði frv. séu í raun og veru ógild. Í þessu sambandi er rétt að huga að því að það lá alveg ljóst fyrir þegar núverandi lög voru til umfjöllunar á Alþingi, hvað vakti fyrir löggjafanum. Það var skýrt tekið fram í grg. með frv. sem var þá til umfjöllunar og varð að lögum nr. 38/1990. Í athugasemd um 1. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Með fyrsta málslið greinarinnar er minnt á mikilvægi þess að varðveita fullt forræði Íslendinga yfir henni [þ.e. auðlindinni]. Jafnframt felst í þessu sú sjálfsagða stefnumörkun að markmiðið með stjórn fiskveiða er að nýta fiskstofnana til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Enda þótt frumvarpið byggi á því að fiskstofnarnir verði skynsamlegast nýttir með því að fela þeim sem daglega starfa að fiskveiðum víðtækt ákvörðunarvald í þessum efnum má það ekki verða til þess að með því verði talin myndast óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni. Það verður að vera ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Síðari málsliður greinarinnar er svipaður upphafsákvæði laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með því móti einu að tryggja hámarksafrakstur nytjastofnanna til langs tíma með lágmarkstilkostnaði er unnt að skapa traustar forsendur fyrir atvinnu og byggð í landinu."

Það var með öðrum orðum alveg ljóst að hér var ekki verið að búa til ríkiseign á aflaheimildunum. Alþingi fékk á þessum tíma einnig umsögn tveggja virtra lögfræðinga, Sigurðar Líndals prófessors og Tryggva Gunnarssonar, sem þá var hæstaréttarlögmaður en er nú umboðsmaður Alþingis. Í áliti þeirra, sem lagt var fyrir sjútvn. á sínum tíma, segir svo, með leyfi forseta:

„Atvinnuréttindi teljast eign og njóta verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Sú vernd er þó takmarkaðri en vernd hefðbundinna eignarréttinda. Atvinnuréttindi þau sem menn hafa helgað sér á sviði fiskveiða eru eignarréttindi. Ákvæði frv. stofna ekki til einstaklingsbundins, stjórnarskrárvarins eignarréttar yfir veiðiheimildum. Á hinn bóginn afmarka þau og skilgreina nánar þau eignarréttindi í formi atvinnuréttinda sem við teljum að kunni að vera fyrir hendi. Mörg álitaefni rísa um það hvernig á vernd þessara eignarréttinda kann að reyna. Löggjafanum er heimilt að setja þeim almenn takmörk enda sé jafnræðis gætt. Atvinnuréttindi þessi fela ekki í sér neinn einkarétt ef takmarkanir á fiskveiðum yrðu felldar niður að einhverju eða öllu leyti."

Það er með öðrum orðum alveg ljóst hvað vakti fyrir löggjafanum. Hér var verið að setja reglur um það að Alþingi mundi að sjálfsögðu í nafni þjóðarinnar taka ákvarðanir um skynsamlega nýtingu heildarafla og almennar veiðireglur en að þeir sem atvinnuréttindi hafa haft í þessari grein um langan tíma skyldu njóta þeirra á grundvelli tiltekinna leikreglna.

Þróun kerfisins hefur verið með þeim hætti að fyrst voru lögin til skamms tíma, eins eða tveggja ára. Um fimm ára skeið, frá 1985–1990 var jafnframt við lýði sóknarkerfi og helmingurinn af þorskaflanum á þeim tíma var veiddur í sóknarkerfi. Það leiddi til þess að fjárfesting jókst á ný og afli á sóknareiningu minnkaði. Eftir að lögin 1990 tóku gildi hafa verið við lýði reglur framseljanlegra aflaheimilda og árangurinn af því er sá að okkur hefur tekist allvel að glíma við þann vanda sem við stóðum frammi fyrir, einkanlega að því er varðar þann vanda sem við þurftum að glíma við varðandi þorskstofninn, og okkur hefur tekist að byggja hann upp á nýjan leik. Okkur hefur líka tekist að ná verulegum efnahagslegum árangri. Það sést best á því að afli á sóknareiningu hefur aukist frá 1990, um 40% í togveiðum og 70% í línu- og netaveiðum. Sókn hefur minnkað um helming og við erum að veiða álíka mikið af fiski.

Þessar einföldu tölur sýna að við höfum verið að veiða með miklu minni tilkostnaði en áður. Það kemur fram í betri afkomu fyrirtækjanna, það kemur fram í því að okkur hefur í fyrsta skipti í áratugi tekist að fylgja fram stöðugleikastefnu í efnahagsmálum, búa við stöðugt gengi og auka kaupmátt almennings. Menn hafa með öðrum orðum verið að fá ávinninginn af fiskveiðistjórnarkerfinu beint yfir búðarborðið í formi stöðugleika í gengismálum. Þannig hefur ávöxtunin og arðurinn af fiskveiðunum dreifst út til alls almennings í landinu.

Áður fyrr þurfti almenningur að borga í formi stöðugra gengislækkana og lánaívilnana og niðurgreiddra vaxta sem ríkissjóður og skattborgarar urðu að standa undir. Hér hafa því orðið algjör umskipti þar sem almenningur í landinu hefur fyrst og fremst notið árangursins.

Þó að þessi miklu umskipti hafi orðið er það enn svo að hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja er minni en meðalhagnaður fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum. Þó að eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi hafi styrkst mjög verulega er hún enn lakari en eiginfjárstaða fyrirtækja í öðrum atvinnugreinum.

Herra forseti. Ágreiningurinn sem hefur verið uppi, hinn stóri, pólitíski ágreiningur sem hefur verið uppi í þessu efni hefur verið sá að talsmenn jafnaðarmanna hafa lýst því yfir um langan tíma, ekki síst eftir að dómur Hæstaréttar gekk, að nú ætti að taka veiðiréttinn af öllum þeim sem hafa hann í dag og setja hann á uppboð — með þeim skelfilegu afleiðingum sem það mundi hafa í för með sér fyrir sjávarútvegsfyrirtækin, fyrir það fólk sem hefur atvinnu af sjávarútvegi og reyndar fyrir alla Íslendinga vegna þess að það mundi hafa mjög alvarlega efnahagslega kreppu í för

með sér. Um þetta stendur raunverulega ágreiningurinn í íslenskum stjórnmálum í dag.

Á sl. vori hafði Alþb. frumkvæði að því að leggja fram á Alþingi tillögu sem miðaði að því að koma umræðu um þetta efni í sáttafarveg. Þar var lagt til að allir flokkar á Alþingi skipuðu menn í nefnd til þess að kanna með hvaða hætti skynsamlegt gæti verið að taka gjald af nýtingu náttúruauðlinda bæði á landi og sjó. Ríkisstjórnin tók þá afstöðu að styðja þessa tillögu í þeim tilgangi að koma umræðum um sjávarútvegsmálin í sáttafarveg. En viðbrögð talsmanna jafnaðarmanna við dómi Hæstaréttar benda eindregið til þess að þeir ætli sér að taka málið úr þeim sáttafarvegi sem það hefur verið í og efna nú til nýrra átaka og skotgrafahernaðar úr þeirri gömlu stöðu sem málið var í áður en þessi nefnd var sett á fót.

Ég harma það að málsvarar jafnaðarmanna skuli leggja þetta til grundvallar málflutningi sínum við þessar aðstæður því ég held að það hefði verið farsælt og verði farsælt að halda því starfi áfram sem menn sameinuðust um að koma af stað sl. vor. Ég get á þessari stundu auðvitað ekkert fullyrt um að það skili árangri og sáttum. Ég tel þó að umræðan að undanförnu hafi ótvírætt bent til þess að líkur væru á því að unnt væri að ná sáttum í því vinnuferli. En sú krafa sem nú er sett fram um að viðbrögðin við dómi Hæstaréttar hljóti að verða þau að afnema 7. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, taka allan veiðiréttinn af þeim sem hafa hann í dag og setja hann á uppboð, er stríðsyfirlýsing við þetta sáttferli. Ég vona að þrátt fyrir allt verði unnt að koma hinni almennu umræðu um sjávarútvegsmálin á ný inn í það sáttaferli sem hefur verið í gangi því ég held að það sé býsna mikilvægt og brýnt fyrir þjóðina að ná sáttum þar um.

En það frv. sem hér er til umræðu lýtur ekki að slíkri heildarskoðun eða heildarendurmati á þessum aðstæðum heldur aðeins þeim takmörkuðu, nauðsynlegu viðbrögðum sem óhjákvæmileg eru vegna dóms Hæstaréttar og til þess að eyða óvissu þar um.

Ég legg svo til, herra forseti, að frumvörpunum báðum verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. sjútvn.

[11:04]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Mikill var nú sáttatónninn í málflutningi hæstv. sjútvrh. áðan. Hann tók ekki bara að sér í sínum takmarkaða tíma að flytja stefnu stjórnarinnar, heldur líka að afflytja stefnu jafnaðarmanna, og sagðist gera þetta allt saman í sáttaskyni, þessi mikli mannasættir.

Virðulegi forseti. Það er ógerningur að ræða þau frumvörp sem hér eru til umfjöllunar án þess að fjalla um tilurð þeirra, eins og hæstv. sjútvrh. raunar gerði, þ.e. dóm Hæstaréttar. Áður en ég geri það vil ég þó eyða örfáum orðum í að ræða viðbrögð stjórnvalda við dómnum, sem hafa verið með hreinum ólíkindum.

Hæstv. forsrh. hefur m.a. látið hafa eftir sér að Hæstiréttur hafi farið með þetta mál eins og minni háttar mál og beri því ekki að taka meiri háttar mark á niðurstöðunni. Hann hefur sagt að æðstu dómarar landsins, sem sitja í Hæstarétti, rugli saman hugtökum og hafi stundað óvandvirk vinnubrögð. Hann hefur sagt að af þeim sökum sé dómurinn ómarkviss. Þannig hefur hæstv. forsrh., í staðinn fyrir að ræða efni málsins, kosið að veitast að æðsta dómstóli okkar Íslendinga og þeim einstaklingum sem hann skipa.

Það hefur þó kastað tólfunum hvernig hæstv. utanrrh. hefur tekið á málum því að hann hefur lýst því yfir að til greina komi að breyta stjórnarskrá lýðveldisins í kjölfar dómsins. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Eru þær fyrirætlanir enn á umræðustigi í ríkisstjórninni? Er hann sammála því að þessi dómur kunni að kalla á að nauðsynlegt sé að breyta stjórnarskrá lýðveldisins, eins og hæstv. utanrrh. hefur sagt, formaður Framsfl.? Það er nauðsynlegt að fá að vita það vegna þess að ekki hefur komið fram að ríkisstjórnin eða einstakir ráðherrar séu horfnir frá þeim hugleiðingum. Og hvað er það þá sem hæstv. ráðherrar eru að hugsa um að breyta þurfi í stjórnarskrá lýðveldisins? Það hljóta að vera þau ákvæði í stjórnarskránni sem Hæstiréttur vitnar í dómi sínum til staðfestingar. Það er í fyrsta lagi ákvæði 1. mgr. 65. gr. um jafnræði þegnanna. Það er í öðru lagi ákvæði 1. mgr. 75. gr. um atvinnufrelsi þegnanna. Telur hæstv. sjútvrh. að ástæða sé til að breyta þessum tveimur mikilvægu greinum stjórnarskrárinnar vegna niðurstöðu Hæstaréttar? Hvaða öðrum greinum í stjórnarskránni voru hæstv. ráðherrar að hugsa um að breyta ef ekki þessum tveimur? Hvernig hyggjast þeir rökstyðja það að aðrar breytingar mundu hafa kallað á aðra niðurstöðu Hæstaréttar en þá sem hann byggir á, þessum tveimur skýru fyrirmælum um jafnræði þegnanna og um atvinnufrelsi? Og finnst hæstv. ráðherra eðlilegt og æskilegt að þegar rekast á annars vegar lagafyrirmæli í almennum lögum og hins vegar mjög skýr fyrirmæli í grundvallarleikreglum samfélags okkar, sem stjórnarskráin er, þá eigi þau ákvæði stjórnarskrár að víkja fyrir almennum fyrirmælum í lögum? Finnst hæstv. sjútvrh. það eðlileg niðurstaða?

Það sýnir líka hvernig hæstv. ríkisstjórn bregst við dómi Hæstaréttar, þ.e. ekki efnislega heldur með þeirri afstöðu eins og ég var að kynna hér áðan, þegar hæstv. sjútvrh. segir að afstaða 105 prófessora til dómsins, sem komið hefur fram í yfirlýsingu þeirra, sé tilraun, eða draumur eins og hann orðaði það, þessara 105 prófessora um að komast í heimilispeninga grásleppukarlanna. Hæstv. dómsmrh., er þetta sæmandi? Er það sæmandi að tala um afstöðu 105 háskólaprófessora með þeim hætti að það sé aðeins til vitnis um draum þeirra um að komast í heimilispeninga trillukarla?

Og þá hlýt ég að spyrja: Var það þá ástæðan fyrir dómsuppkvaðningu Hæstaréttar, að þeir fimm hæstaréttardómarar sem stóðu að dómsuppkvaðningunni hafi komist að þeirri niðurstöðu sem þeir komust að vegna þess að þá dreymdi um að komast í heimilispeninga grásleppukarla? Það eru nákvæmlega jafnmikil rök fyrir því að halda því fram að fimm hæstaréttardómarar hafi fellt þennan úrskurð vegna þess að þá dreymdi um að komast í heimilispeninga trillukarla eða grásleppukarla, eins og að halda því fram að þeir 105 prófessorar, sem létu í ljós álit sitt á þessum dómi, hafi gert það af sömu hvötum.

Slíkar orðræður sýna með hvaða hætti hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar bregðast við dómi Hæstaréttar. Þeir taka ekki efnislega afstöðu til hans, fjalla ekki um þær breytingar sem gera þurfi á stjórn fiskveiða sem niðurstöðu dómsins, heldur víkja með þessum hætti að því fólki og þeim einstaklingum sem hafa skoðun á dómnum, hinum 105 háskólaprófessorum, eða dómurunum sjálfum eins og hæstv. ráðherrar hafa gert. Þessi viðbrögð sýna fram á það að ríkisstjórnin er fyrst og fremst að hugsa um að gæta hagsmuna hinna fáu gegn hagsmunum fjöldans, því að dómur Hæstaréttar gengur fyrst og fremst út á það að gæta almannahagsmuna.

Nú skulum við víkja aðeins að því sem Hæstiréttur fjallar

um. Sakarefnið er að sjútvrn. neitar stefnanda, Valdimar Jóhannessyni, um leyfi til að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni og um úthlutun á aflamarki á þeim grundvelli að forsenda fyrir veitingu veiðileyfa sé bundin við fiskiskip er sæktu rétt sinn til veiðireynslu á árunum 1980–1983, sbr. ákvæði 5. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Þessum úrskurði ráðuneytisins er skotið til Hæstaréttar. Og það er samhljóða niðurstaða fimm hæstaréttardómara að ógilda þessa stjórnvaldsákvörðun. Þeir eru sammála um að hún standist í fyrsta lagi ekki ákvæði 1. gr. laga nr. 38/1990, að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar. Í öðru lagi standist hún ekki ákvæði 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum. — Og það er væntanlega sú grein stjórnarskrárinnar sem hæstv. ráðherrar eru að hugleiða að þurfi að breyta. — Í þriðja lagi standist hún ekki ákvæði 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar um að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósi.

Þetta er niðurstaða Hæstaréttar. Hann segir að með hliðsjón af framansögðu verði ekki talið að sjútvrn. hafi verið rétt að hafna umsókn áfrýjanda um almennt og sérstakt veiðileyfi á þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar í bréfi ráðuneytisins frá 10. des. 1996. Og fellir því Hæstiréttur ákvörðun sjútvrn. úr gildi.

En það er fjallað um fleira í forsendum Hæstaréttar en aðeins þetta takmarkaða sakarefni sem vikið er síðan að í niðurstöðum dómsins og dæmt eins og ég gat um áðan. Hæstiréttur tekur líka til umfjöllunar veiðiheimildir og segir skoðun sína í þeim efnum í forsendum dómsins, þó svo að ákvæði um veiðiheimildir í lögum um stjórn fiskveiða sé ekki sakarefnið sem dómurinn felldi niðurstöðu um, heldur ákvæði 5. gr. um veiðileyfi.

Hæstv. forsrh. segir að þetta, að Hæstiréttur skuli líka fjalla um veiðiheimildir í aðfararorðum sínum, sé til marks um að hæstaréttardómararnir fimm rugli saman hugtökum. Ég tel að svo sé ekki, virðulegi forseti. Í aðfaraorðum Hæstaréttar segir, með leyfi forseta:

„Svigrúm löggjafans til að takmarka fiskveiðar og ákvarða tilhögun úthlutunar veiðiheimilda verður að meta í ljósi hinnar almennu stefnumörkunar 1. gr. laga nr. 38/1990“ o.s.frv. — Þ.e. til að takmarka fiskveiðar og ákvarða tilhögun úthlutunar veiðiheimilda. Þar segir:

„Eins og áður getur taldi löggjafinn brýnt að grípa til sérstakra úrræða á árinu 1983 vegna þverrandi fiskstofna við Ísland. Var skipting hámarksafla þá felld í þann farveg, sem hún hefur síðan verið í, að úthlutun veiðiheimilda yrði bundin við skip. Er óhjákvæmilegt að líta svo á að þessi tilhögun feli í sér mismunun milli þeirra, sem leiða rétt sinn til veiðiheimilda til eignarhalds á skipum á tilteknum tíma, og hinna, sem hafa ekki átt og eiga þess ekki kost að komast í slíka aðstöðu.“

Þarna er talað mjög skýrt. Þarna er talað að yfirlögðu ráði. Þarna tala menn án þess að ruglast á hugtökum.

Hæstiréttur segir jafnframt:

„Þótt tímabundnar aðgerðir af þessu tagi til varnar hruni fiskstofna“ — þá er verið að tala um úthlutun veiðiheimilda — „kunni að hafa verið réttlætanlegar, en um það er ekki dæmt í málinu, verður ekki séð að rökbundin nauðsyn hnígi til þess að lögbinda um ókomna tíð þá mismunun sem leiðir af reglu 5. gr. laga nr. 38/1990, um úthlutun veiðiheimilda.“

Þannig er alveg ljóst hvað Hæstiréttur er að segja. Það er því borðleggjandi að framkvæmdareglur aflamarkskerfisins standast ekki. Hæstiréttur er ekki að hnekkja aflamarkskerfinu sem slíku, það má ekki skoða dóm Hæstaréttar þannig. Hann segir hins vegar að framkvæmdareglur aflamarkskerfisins standist ekki. Þeim verði að breyta. Ekki bara framkvæmdareglunum í 5. gr. um úthlutun veiðileyfa, heldur líka ákvæðum laga um úthlutun veiðiheimilda. Þar talar Hæstiréttur mjög skýrt.

Hvernig á að breyta þessum framkvæmdareglum, ef menn vilja þá á annað borð framlengja og halda við aflamarkskerfinu, sem ég býst við að mikill meiri hluti sé fyrir hér á Alþingi? Breytingarnar á framkvæmdareglunum verða því að fullnægja jafnréttisákvæðum og atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sem segir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar. Hæstiréttur gefur vísbendingu um hvernig þetta megi gera. Hann segir orðrétt:

„Með þessu lagaákvæði er lögð fyrirfarandi tálmun við því að drjúgur hluti landsmanna geti, að öðrum skilyrðum uppfylltum, notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru, og þeir tiltölulega fáu einstaklingar eða lögaðilar sem höfðu yfir að ráða skipum við veiðar í upphafi umræddra takmarkana á fiskveiðum.“

Með öðrum orðum bendir Hæstiréttur á að þetta megi leysa annaðhvort með því að landsmenn allir eða drjúgur hluti þeirra njóti sama atvinnuréttar eða sambærilegrar hlutdeildar í sameigninni. Með öðrum orðum: Þeir njóti arðsins sem nýtingarrétturinn skapar.

Um slíka framkvæmd hafa verið fluttar ýmsar tillögur hér á Alþingi, t.d. af þingmönnum jafnaðarmanna. Fjölmargir aðrir aðilar í samfélaginu hafa sett fram skoðanir um þetta mál, þar á meðal Morgunblaðið. Þegar þjóðin hefur verið spurð um málið í skoðanakönnunum hefur mikill meiri hluti landsmanna lýst sig sammála. Um þetta mál hefur hæstv. forsrh. tjáð sig. Í stefnuræðu sinni í haust sagði hann eitthvað á þá leið að þessu markmiði væri hægt að ná með því að allur almenningur eignaðist hlutdeild í sjávarútvegsfyrirtækjum. Hæstv. forsrh. hefur hins vegar aldrei fengist til þess að útskýra hvað hann eigi við með þessum orðum. Hvernig hann líti á að framkvæma eigi stefnuna sem Hæstiréttur minnist hér á og hann tæpti sjálfur á í stefnuræðu sinni. Það er vissulega kominn tími til, eftir dóm Hæstaréttar, að gengið sé á hæstv. forsrh. sem er fjarverandi í dag. Hann er fjarverandi ekki bara í gagnagrunnsumræðunni, stærsta máli sem Alþingi hefur þurft að fást við, heldur líka í þessu máli sem er ekki síður stórt og mikilvægt mál. Það er aldrei hægt að ná til hæstv. forsrh. í umræðum hér á Alþingi um eitt eða neitt og krefja hann svara. Nú er kominn tími til að það verði gert.

Í stefnuræðu sinni í haust lýsti hæstv. forsrh. einhverjum hugmyndum sem hann dró upp úr hatti, um hvernig tryggja mætti að þorri þjóðarinnar öðlaðist sambærilega hlutdeild í sameigninni, sem nytjastofnarnir eru, eins og þeir sem haft hafa einkarétt á arðinum fram til þessa. Hann hefur komist upp með það að kasta þessum hugmyndum fram án þess nokkurn tíma að leggja fram útfærslu á þeim. Nú er það hins vegar tímbært. Nú er tímbært að það sé gert en þá er hæstv. forsrh. að sjálfsögðu fjarverandi. Það er aldrei hægt að ná til hans í umræðum um slík mál, ekki einu sinni til að fá útfærslur hans á því sem hann kastaði fram í þinginu fyrir mörgum mánuðum.

Nú ætti það ágæta blað, Morgunblaðið, sem verið hefur þessarar skoðunar og hefur skrifað um það að fram hafi komið athyglisverðar hugmyndir frá hæstv. forsrh. sem þurfi að ræða, að snúa sér að hæstv. forsrh. og krefja hann svara. Hvaða athyglisverðu hugmyndum til að tryggja öllum landsmönnum sambærilega hlutdeild í sameigninni er hann að lýsa? Hvernig ætlar hann að framkvæma þær? Það er vissulega tímabært að fá svör við því.

Þetta viðfangsefni hefði ríkisstjórnin þurft að takast á við að loknum hæstaréttardómnum. Hún hefur ekki gert það. Frv. sem hún leggur hér fram er allsendis ófullnægjandi. Það gengur út á frjálsa úthlutun veiðileyfa en þrátt fyrir það megi þeir einir veiða sem annaðhvort „eigi" aflaheimildirnar sem fyrir hendi eru, eða kaupi þær á mörg hundruð krónur kílóið af þeim sem hafa fengið þessar aflaheimildir án þess að greiða fyrir. Þetta er engin lausn, virðulegi forseti. Þetta er ávísun á áframhaldandi deilur, áframhaldandi málshöfðanir og dómaferli fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Þetta er ávísun á áframhaldandi óvissu.

Hið eina sem ríkisstjórnin hins vegar tekur ákvörðun um að breyta varanlega er að afnema stjórnkerfi smábátanna, stefna fjölmörgum smábátamönnum í gjaldþrot og byggðunum sem eiga allt sitt undir þeim veiðiskap í hrun. Eina varanlega tillagan í frv. ríkisstjórnarinnar er ákvörðun um að gera fjölda sjómanna á Íslandi gjaldþrota.

Virðulegi forseti. Ég hef fulla ástæðu til þess að tala frekar um þetta mál en tími minn er búinn. Ég held ég hafi lýst meginatriðum þess sem hér er á borðinu en get svo sem komið síðar og haldið áfram ef ástæða þykir til.

[11:25]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hefur hv. 4. þm. Vestf. talað í 20 mínútur án þess að minnast einu aukateknu orði á það hvernig hans flokkur eða samfylking jafnaðarmanna mundi vilja bregðast við þessum dómi. Hann hefur hins vegar sakað ríkisstjórnina um það að gæta sérhagsmuna.

Vissulega fjallar þetta frv. fyrst og fremst um atvinnuréttindi um 800 trillukarla. Það er alveg rétt. Ég skammast mín ekkert fyrir það að leggja hér fram frv. í þeim tilgangi að verja atvinnuréttindi þeirra. Það skiptir þá, fjölskyldur þeirra og margar byggðir á Íslandi miklu máli að svo verði gert.

Síðan kemur hér formaður jafnaðarmanna og segir að það sé sérhagsmunagæsla að standa vörð um atvinnuhagsmuni þessara manna. Eftir dóm Hæstaréttar liggur fyrir að aðgangur er frjáls í veiðikerfi þeirra. Til þess að mæta þeirri stöðu verða menn að bregðast við.

Formaður Alþfl. lýsti því yfir austur á fjörðum þegar bræðingurinn tilkynnti nýja framboðið þar að markmið hans væri að taka allar veiðiheimildirnar og setja á uppboð, þar á meðal á Austfjörðum. Vill formaður Alþfl. lýsa því yfir að markmið hans sé að taka veiðiheimildirnar af trillukörlum og bjóða þær á uppboði? Ef ekki, hvað annað ætlar hann að gera til þess að verja atvinnuhagsmuni þeirra eftir að Hæstiréttur hefur opnað frjálsan aðgang í veiðikerfi þeirra?

[11:26]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, nú kastaði þó loks tólfunum hjá hæstv. sjútvrh. Hann segir að þetta frv. sé flutt til að verja hagsmuni trillukarla. Með hverju? Með því að ákveða að þeir sem kannski hafa veitt upp undir 130 tonn á báta sína undanfarin ár eigi að lifa af 9 tonnum á næsta fiskveiðiári? Þeir eiga að lifa af 9 tonna afla á næsta fiskveiðiári. Það er lausnin. Þannig á að vernda fjölskyldurnar. Þannig á að verja þessa sjómenn.

Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Telur hann að með þessari ákvörðun sé hann að bjarga þessum fjölskyldum? Telur hann að þeim verði bjargað með því ákveða að þeim sem hefur aflað 70–130 tonn á bátinn sinn undanfarin ár, séu náðarsamlega skömmtuð 9 tonn fyrir sig og fjölskyldu sína? Hann getur kannski farið þrisvar sinnum á sjóinn. Er það að vernda hagsmuni þessara fjölskyldna? Er það að forða þeim frá gjaldþroti og uppnámi? Er hæstv. sjútvrh. virkilega þeirrar skoðunar að þetta sé leiðin til að verja þetta fólk?

Ég lýsti því í ræðu minni áðan hverju þurfi að breyta. Það þarf að breyta framkvæmd aflamarkskerfisins. (**Gripið fram í:** Hvað viltu gera?) Ekki breyta því eins og hæstv. sjútvrh. er að gera, annars vegar að setja eigendur sóknarmarksbáta á hausinn og hins vegar að stefna öllum öðrum fyrir rétt. (Gripið fram í.) Það er ósatt og ég spyr: Hvenær lýsti ég því yfir og hvar vestur á fjörðum að það ætti að taka allar aflaheimildir af trillukörlum og bjóða þær upp? Hvenær og hvar, hæstv. sjútvrh.?

[11:29]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt er að minna á að á undanförnum þremur árum hefur veiðiréttur krókabátanna verið aukinn um 60%. Það hefur skipt mjög miklu máli. Eftir dóm Hæstaréttar er aðstaðan sú að aðgangurinn er frjáls inn í veiðikerfi þeirra. Eftir því sem bátum í veiðikerfinu fjölgar þá minnkar hlutur hvers og eins. Það endar með því að enginn getur haft lífsviðurværi af þeirri atvinnugrein. Þess vegna er ekki hægt að bregðast öðruvísi við en að einstaklingsbinda atvinnuréttindi hvers og eins. Það er ekki hægt að gera það öðruvísi.

Hér kemur formaður Alþfl. aftur og aftur og segir að það megi ekki gera. Það má ekki gera samkvæmt kenningu jafnaðarmanna. Með því telja þeir að verið sé að verja forréttindi hinna fáu. Kenning forustumanna jafnaðarmanna er að ef verja eigi einstaklingsbundin atvinnuréttindi trillukarla þá sé verið að verja forréttindi hinna fáu. Ég lýsi enn og aftur eftir svörum við því: Hvernig ætlar formaður Alþfl. að bregðast við ef ekki með þessum hætti?

[11:30]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Ég spurði hæstv. sjútvrh. að því, hvar og hvenær ég hefði sagt austur á fjörðum að það ætti að taka öll atvinnuréttindi, allan kvóta af trillukörlum og bjóða hann upp. Hæstv. sjútvrh. svaraði því ekki. Hann hefur því komið upp í ræðustól og sett fram fullyrðingar og ásakanir sem hann getur ekki staðið við þegar hann er spurður. (**Gripið fram í:** Hver er þín stefna í því?)

Í öðru lagi: Er það ekki (Gripið fram í.) að verja forréttindi hinna fáu þegar gengið er út frá kerfi þar sem er ekki tekið tillit til þess að sjómennirnir á hafinu eigi nokkurn hlut eða nokkurn þátt í þeirri veiðireynslu sem lögð var til grundvallar úthlutun aflaheimildar? Fiskverkafólkið í landi átti engan þátt í þeirri reynslu samkvæmt þeim úthlutunarreglum sem giltu heldur aðeins eigendur þeirra skipa sem haldið var til sjós.

Þó voru þrjár undantekningar gerðar á þessu þar sem sjómenn fengu að njóta þeirra réttinda sem útgerðarmönnum einum voru sköpuð, þrjár undantekningar. (**Gripið fram í:** Ekki sjómenn.) Skipstjórakvótinn svokallaði — jú, því að þeir voru sjómenn líka. Hvað hefur það haft í för með sér að einn sjómaður, einn sjósóknari, einn skipstjórnarmaður,

fékk að njóta sömu réttinda og eigendur útgerða einir? Það hafði það í för með sér að á þeim rétti hefur honum tekist að byggja upp öflugasta útgerðarfyrirtæki á Íslandi.

Sjá menn þá ekki hversu mikið hefur verið gengið á hag sjómanna og fiskverkafólks sem fékk ekki að njóta þessara réttinda?

[11:32]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. SAÞ o.fl., þskj. 536.

[11:32]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstiréttur Íslands hefur kveðið upp dóm sem án nokkurs vafa verður að telja tímamótadóm um það fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum búið við. Viðbrögðin við þessum dómi hafa verið sterk, hvort sem um er að ræða þá sem vilja eindregið vernda núverandi kerfi um stjórn fiskveiða eða þá mörgu sem hafa um árabil gagnrýnt kerfið og þá sérstaklega þau ákvæði laganna sem lúta að úthlutun veiði- og aflaheimilda.

Þeir eru margir sem hafa haldið uppi gagnrýni á þessa þætti og þá eignatilfærslu sem hefur átt sér stað í skjóli laganna og stjórnvaldsákvarðana sem byggja á lögunum. Eðlilega eru viðbrögð þessa hóps sterk þar sem Hæstiréttur staðfesti með dómi sínum að þessi gagnrýni var fullkomlega réttmæt.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar eru hins vegar ekki eins vel skiljanleg eða stórmannleg. Hæstv. ráðherrar hafa haldið því fram að dómurinn skipti ekki máli þar sem aðeins fimm dómarar dæmdu í málinu, það sýni að Hæstiréttur mæti málið ekki mjög veigamikið. Þá hefur það heyrst að ef niðurstaðan væri sú, að lögin um stjórn fiskveiða bryti í bága við stjórnarskrá landsins, þá þyrfti jafnvel að breyta stjórnarskránni, sem þýðir að menn velta því jafnvel fyrir sér að skerða þegnréttinn. Sú hugsun kom e.t.v. mest á óvart af þeim viðbrögðum sem heyrst hafa og sést því þegnrétturinn er einn mikilvægasti þáttur þess lýðræðis sem við viljum búa við.

Þá hafa ráðamenn látið hafa það eftir sér að þeir hæstaréttardómarar sem felldu dóminn skilji ekki muninn á úthlutun veiðileyfa og veiðiheimilda, sem væri tvennt ólíkt. Dómurinn tæki aðeins á 5. gr., þar með aðeins á heimildum til veiða, en alls ekki til þeirra ákvæða laganna sem fjalla um úthlutun veiðiheimilda. Látið er sem þetta tvennt sé allsendis óskylt og á þessu hafi Hæstiréttur alls ekki áttað sig.

Svona málflutningur dæmir sig sjálfur og er vart sæmandi ráðamönnum þjóðarinnar. Það er alls ekki hægt að aðskilja að fullu úthlutun veiði- og aflaheimilda enda var það aldrei ætlunin ef skoðaðar eru útskýringar í grg. með frv. að þeim lögum sem hér um ræðir, sem lögð var fram 1990, en þar segir, með leyfi forseta, í fyrsta lagi:

„Í frumvarpi þessu er lagt til að öllum fiskiskipum, sem fá leyfi til veiða í atvinnuskyni, verði úthlutað fastri aflahlutdeild í leyfilegum heildarafla."

Og áfram segir í grg. með frv., með leyfi forseta:

„Lagt er til að ákvæði um heimild til geymslu veiðiheimilda milli ára í botnfiski, úthafsrækju, síld og humri verði rýmkuð verulega frá gildandi lögum en heimild til millifærslu milli botnfisktegunda verði þrengd."

Þarna er talað um veiðiheimild og sett samasemmerki á milli þess afla sem á að úthluta. Áfram segir síðan:

„Gert er ráð fyrir að aflahlutdeild fylgi skipi við sölu nema aðilar semji um annað. Einnig er lagt til að heimilt verði að flytja aflahlutdeild eða hluta hennar frá skipi, enda sé hún flutt til annars skips og flutningurinn leiði ekki til þess að veiðiheimildir viðtakanda verði bersýnilega umfram veiðigetu.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neins konar bindingu aflahlutdeildar við byggðarlög eða landsvæði, en við það miðað að Byggðastofnun eða önnur stjórnvöld geti á hverjum tíma gripið til þeirra fjárhagsráðstafana er þurfa þykir til að hafa áhrif á byggðaþróun. Hins vegar eru sett ákvæði um tilkynningarskyldu þeirra aðila sem hyggjast selja fiskiskip eða hluta af sínum veiðiheimildum varanlega."

Og að síðustu segir hér:

„Þá er lagt til að skip, sem ekki nýta verulegan hluta sinna veiðiheimilda tvö ár í röð, missi þær að öllu leyti."

Um 1. gr. frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Enda þótt frumvarpið byggi á því að fiskstofnarnir verði skynsamlegast nýttir með því að fela þeim sem daglega starfa að fiskveiðum víðtækt ákvörðunarvald í þessum efnum má það ekki verða til þess að með því verði talin myndast óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni."

Virðulegi forseti. Að mínu mati kemur mjög skýr afstaða fram í þessari grg. þess efnis að veiðiheimild og aflaheimild beri að tengja saman. Í mínum huga er hæstaréttardómurinn mjög skýr. Í honum segir að ekki verði séð að rökbundin nauðsyn hnígi til þess að lögbinda um ókomna tíð þá mismunun sem leiðir af 5. gr. laga nr. 38 1990, um úthlutun veiðiheimilda. Hæstiréttur fellst ekki á að til frambúðar sé heimilt að gera þann greinarmun á mönnum sem gerður er í lögum um stjórn fiskveiða og framkvæmd þeirra. Í dómnum kemur mjög skýrt fram að sú ákvörðun að takmarka leyfi til að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands við skip, sem haldið hafi verið til veiða á ákveðnum tíma, geti staðist sem bráðabirgðafyrirkomulag til að bregðast við aðsteðjandi vanda. Slíkt fyrirkomulag megi þó ekki festa í sessi um ókominn tíma eins og gert hefur verið. Þessi niðurstaða Hæstaréttar fer ekkert á milli mála og við henni verður að bregðast.

En því miður er lausnin ekki fólgin í því frv. sem ríkisstjórnin leggur hér fram. Með frv. er á vissan hátt verið að reyna að snúa út úr dómi Hæstaréttar. Það á að veita mönnum rétt til að fara á sjó en því miður mega þeir ekki veiða nema þeir kaupi þann rétt af þeim sem hafa aflaheimild. Samt er ljóst, eins og ég fór hér yfir áðan, að sú hugsun fólst í lögunum þegar þau voru kynnt á sínum tíma að veiðiheimild og aflahluti væru að sjálfsögðu samtengd.

Til að kóróna vitleysuna er ráðist að smábátaflotanum, króka- og línubátum og útgerð þeirra stefnt í voða og þar með afkomu þeirra byggðarlaga sem háð eru þessari útgerð.

Í frv. er ekki tekið á rótum vandans sem er það séreignarkerfi sem búið er að byggja upp í sjávarútvegi. Ekki er tekið á því óréttlæti sem brýtur í bága við stjórnarskrá landsins og felst í því að þeir einir hafi aflahlutdeild sem áttu skip á níunda áratugnum og stunduðu veiðar eða þeir sem hafa keypt sér aflahlutdeild af þeim útgerðarmönnum. Með þessu frv. er verið að verja fáa á kostnað þeirra mörgu sem er í anda þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin rekur grímulaust þó að þar sé vissulega um ákveðinn tvískinnung að ræða sem felst í því að flokkar sem kenna sig við frelsi, framsókn og sjálfstæði skuli vera sérstakir verndarar sérréttinda, einkaréttar og leyfa og setja jafnvel fram hugmyndir um að leysa þetta mál með því að breyta stjórnarskránni, líklega með því að afnema eða skerða jafnræðisregluna til þess að geta haldið stefnu sinni

áfram óáreittir. Þetta er auðvitað fráleit hugmynd og þeim sem segjast unna lýðræði og virða rétt þegnanna til lítils sóma.

Það er óábyrgt að túlka dóm Hæstaréttar eins og ríkisstjórnin hefur gert og bjóða þannig upp á áframhaldandi óvissu um stjórnkerfi fiskveiða, óvissu sem býður upp á áframhaldandi stríð og stefnir þar með afkomu fyrirtækja og byggðarlaga í voða.

Það er mjög mikilvægt að ná sátt um þetta stóra mál. Þess vegna fluttu þingflokkur Alþb. og þingkonur Kvennalistans tillögu þess efnis að sett yrði á laggirnar sérnefnd sem færi í málið, nefnd þar sem allir flokkar kæmu að því að vinna tillögur til lausnar í samræmi við þann dóm sem Hæstiréttur felldi. Með slíkum tillöguflutningi er ekki verið að lýsa neinu vantrausti á sjútvn. þingsins heldur er verið að leggja áherslu á mikilvægi málsins og það að víðtæk sátt náist um úrlausnir.

Í umræðunni undanfarið og reyndar oft áður hefur því verið lýst að breytingar á kerfinu þýddu hrun byggða í landinu. Slík fullyrðing er auðvitað úr lausu lofti gripin. Ég býst fastlega við því að allir séu sammála um að nálgast þetta mikilvæga mál á ábyrgan hátt, minnug þess að núverandi kerfi hefur komið mjög mismunandi við byggðarlög vítt um landið. Það hefur leitt af sér hrun byggðarlaga þar sem stoðunum var kippt undan atvinnulífinu sem aftur hafði áhrif á verð eigna og fólksflutninga frá landsbyggðinni til höfuðborgarinnar. Það verður auðvitað að varast að grípa til aðgerða eða aðferða sem leiða til þess að afleiðingar þeirra verði í svipuðum dúr.

Ég dreg í efa að nokkur ákvörðun löggjafa og útfærsla framkvæmdarvalds hafi haft eins neikvæð áhrif á byggðaþróun í landinu og kvótakerfið. Það er mikilvægt að þær breytingar sem gerðar verði styrki landsbyggðina en ekki öfugt og að sátt ríki um þennan mikilvæga atvinnuveg. Sá hluti frv. ríkisstjórnarinnar sem snýr að smábátaútgerð er ekki í takt við þessi markmið eins og fram hefur komið á síðustu dögum eftir að tillögur ríkisstjórnarinnar voru kynntar. Því hefur jafnvel verið haldið fram að tillögurnar þýði hrun smábátaútgerðar á landinu, þeir sem aðeins fái að veiða níu tonn á ári samkvæmt frv. muni hætta útgerð. Þetta ákvæði frv. nær til 328 báta. Það þýðir í raun að 328 fyrirtækjum er gert að draga svo saman í rekstri að aðeins fá þeirra munu lifa af. Verði þessi áætlun hæstv. ríkisstjórnarinnar samþykkt mun það þýða hrun atvinnu í byggðarlögum vítt um landið, byggðarlögum sem nú þegar hafa mátt þola áföll vegna gildandi laga um stjórn fiskveiða.

Markmið fiskveiðistjórnarkerfisins eins og þau voru sett fram eru góð, þ.e. að stuðla að verndun og hagkvæmni í nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Framkvæmdin hefur því miður oft verið æðilangt frá þessum markmiðum. Allir viðurkenna kosti smábátaútgerðar og þeirra veiðiaðferða sem þar eru viðhafðar, þ.e. vistvænar veiðar, gott hráefni, hagkvæm nýting og mikilvægt atvinnutæki í mörgum minni byggðarlögum þar sem möguleikar til nýsköpunar í atvinnu eru takmarkaðir. Því er illskiljanlegt að oft og tíðum skuli umræða um þessa tegund útgerðar einkennast af því að smábátaútgerð sé helsti skaðvaldur í annars fullkomnu stjórnkerfi.

Verði ákvæðum frv. ekki breytt mun það þýða að fyrirtækjum sem byggja afkomu sína á útgerð smábáta fækkar verulega sem aftur þýðir að atvinna dregst verulega saman og fólki fækkar enn á landsbyggðinni. Hrun þessara fyrirtækja þýðir hrun eigna. Afkomu fjölda einstaklinga og fjölskyldna er stefnt í voða og enn og aftur hlýtur atvinnulíf á landsbyggðinni að bíða tjón af lagasetningu og stjórnvaldsaðgerðum.

Ég teldi vænlegra til árangurs að skoða aðrar leiðir til að mæta dómi Hæstaréttar. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að setja sólarlagsákvæði í lögin um stjórn fiskveiða til að taka af allan vafa um að reglurnar um rétt til aflahlutdeildar séu tímabundnar en ekki fastar í sessi um ókomna tíð. Mætti hugsa sér að lögin falli úr gildi eftir fimm ár þannig að það verði algerlega skýrt að hér sé um tímabundið fyrirkomulag að ræða. Ef slíkt sólarlagsákvæði væri í núgildandi lögum mætti ætla að dómur Hæstaréttar hefði verið annar.

Þá er ljóst að nauðsynlegt er að nú þegar verði hafist handa við að endurskoða allt stjórnkerfið frá grunni. Það er mjög mikilvægt að það verði endurskoðað í heild sinni með hliðsjón af settum markmiðum í 1. gr. laganna þar sem markmiðin eru mjög skýr um að stuðla að verndun nytjastofna, hagkvæmni í nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Ítrekað hefur verið sagt að við búum við besta stjórnveiðikerfið í heiminum. Það er stór fullyrðing sem erfitt er að standa við, ekki síst í ljósi þess, fyrir utan það óréttlæti sem Hæstiréttur hefur nú þegar bent á og verður að leiðrétta, að það hefur komið illa niður á fjölmörgum einstaklingum, fyrirtækjum og byggðarlögum.

Við höfum búið við þetta kerfi í mismunandi mynd í 15 ár. Það er kominn tími til að skoða það rækilega með gagnrýnum augum hvaða árangri það hefur skilað og hvað það hefur haft í för með sér. Ég hlýt að setja spurningarmerki við framkvæmdina á því meginmarkmiði kerfisins að vernda nytjastofna. Er ástand þeirra nú mun betra en það var fyrir 15 árum? Ekki er langt síðan okkur var sagt að þorskstofninn væri í sögulegu lágmarki. Þótt hann hefði rétt nokkuð við að undanförnu, m.a. vegna góðs ástands í sjónum, er hann enn tiltölulega lítill að mati Hafrannsóknastofnunar. Er það ásættanlegur árangur?

Í síðustu skýrslu Hafró um nytjastofna sjávar og aflahorfur fiskveiðiársins 1998–1999 eru ófagrar lýsingar á ástandi nytjastofna. Ýsustofninn er veikur og sama er að segja um djúpkarfa og úthafskarfa. Grálúðuaflinn síðasta ár var sá minnsti síðan árið 1981 og ástand lúðustofnsins er afar slæmt. Að mati Hafrannsóknastofnunar var lúðuaflinn árið 1997 sá minnsti á síðari helming aldarinnar.

Ég nefni þessi dæmi til að benda á að við hljótum að þurfa að skoða með gagnrýni hvort við séum að ná settum markmiðum varðandi vernd nytjastofna með kerfinu eða hvort einhverjar aðrar leiðir geti skilað betri árangri. Á sama hátt þarf að skoða hagkvæmni kerfisins, ekki aðeins frá sjónarhóli útgerðar heldur í víðu samhengi. Skoða þarf þau áhrif sem fiskveiðistjórnarkerfið hefur haft á atvinnu og byggð í landinu, ástandið nú og horfurnar miðað við að kerfinu verði haldið óbreyttu.

Við endurskoðun stjórnkerfisins verður að stuðla að fjölbreytni í útgerð og vinnslu. Stuðla verður að aukinni fullvinnslu innan lands, eðlilegri þróun og nýsköpun í greininni og hvetja til nýtingar nýrra tegunda og viðhalds öflugrar smábáta- og bátaútgerðar á grunnslóð. Við verðum einnig að hafa í huga mikilvægi þess að eignarréttur geti ekki myndast á fiskstofnunum og veiðiheimildir safnist ekki á fárra manna hendur. Þessi vinna þarf að fara af stað sem fyrst og henni þarf að ljúka eigi síðar en eftir 2–4 ár. Mikilvægt er að vinnan við endurskoðunina og mótun nýrrar stefnu í fiskveiðistjórnun

takmarkist ekki við ráðuneyti og stofnanir sjávarútvegsins. Samtök sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslufólks eiga að taka virkan þátt í vinnunni auk sveitarstjórnarmanna og annarra sem hafa verulegra hagsmuna að gæta. Víðtæk aðild vísindasamfélagsins er einnig nauðsynleg.

Eins er brýnt að taka þegar á meintu eignarhaldi á aflahlutdeildinni. Hugmyndir hafa komið fram um að setja nýjar heimildir á uppboð þannig að öllum útgerðum verði gert kleift að gera tilboð miðað við eigin þarfir. Með slíku fyrirkomulagi væri nýjum aðilum gert kleift að koma inn í greinina. Þá mætti hugsa sér að til viðbótar við nýjar heimildir kæmi sú viðbót sem myndast hefur á síðustu árum á uppboð eða henni úthlutað með öðrum hætti. Það gæti stuðlað að nýliðun eða gengið til byggða sem eiga í erfiðleikum, m.a. vegna kerfisins sem við búum við.

Ég tel ekki rétt að ganga lengra í þeirri skerðingu á aflahlutdeild sem útgerðin hefur nú. Ákvarðanir þar að lútandi ættu að bíða þar til heildarendurskoðun á stjórnkerfinu lýkur og niðurstaða hefur fengist um framtíðarkerfi og þá yrði um eðlilegan aðlögunartíma að ræða. Einnig kemur til greina að taka upp leigu fyrir aflahlutdeild. Áður þarf þó að skoða rækilega hvaða gjöld útgerðin er að greiða nú og hver þeirra gætu lækkað eða fallið brott í staðinn. Um leið og aflaheimildir væru leigðar en ekki úthlutað með núverandi hætti hyrfi svokallaður eignarréttur sem virðist myndast í núverandi kerfi þrátt fyrir 1. gr. laganna. Eignarréttur sem gengur kaupum og sölum myndar erfðarétt og kemur til skipta við hjúskaparslit og eins og hver önnur eign hjóna. Þessar afleiðingar núgildandi laga hafa m.a. valdið því ósætti og þeirri gagnrýni sem hefur verið á lögin um stjórn fiskveiða. Fólk unir illa hinni miklu eignatilfærslu, sem er staðreynd, og braskinu með sameign þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Ég hef hér tæpt aðeins á nokkrum þeirra hugmynda sem ræddar hafa verið innan Alþb. og á fundum þar sem fjallað hefur verið um framtíð sjávarútvegs hér á landi. Viljinn til að finna leiðir til úrlausnar er ríkur. Allir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að sátt náist um framtíð þessarar mikilvægu atvinnugreinar. Lög um stjórn fiskveiða hafa verið umdeild frá upphafi, ekki síst sá háttur sem hafður er á hvað varðar úthlutun veiði- og aflaheimilda. Ákvæði laganna og framkvæmd þeirra hafa verið gagnrýnd mjög harðlega. Hæstiréttur hefur fellt dóm sem ekki verður komist hjá að bregðast við.

Frv. sem er til umræðu er langt því frá að vera fullnægjandi svar. Það þarf að vinna málið miklu betur ef vilji er til að ná víðtækri sátt um málið og koma í veg fyrir að framkvæmd laganna verði stöðugt í dómsölum landsins. Eins og horfir er viðbúið að svo verði.

Í gærkvöldi voru kynntar lauslegar tillögur sem unnar voru fyrir bandaríska þingið. Þar voru lögð til ákveðin vinnubrögð við undirbúning þess að taka upp kvótakerfi í fiskveiðum. Við höfum haft tilhneigingu til að ætla að við séum mest og best á þessu sviði. Mér sýnist þó, virðulegi forseti, að við gætum lært ýmislegt af öðrum þjóðum, í það minnsta hvað vinnubrögð varðar.

[11:51]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hefur hv. 5. þm. Suðurl., sá leiðtogi samfylkingarinnar sem mest trausts nýtur, talað í 20 mínútur. Hún fjallaði nokkuð og óljóst um framtíðarhugmyndir um stjórn fiskveiða og vissulega allt öðruvísi en hv. 4. þm. Vestf. Það vekur þó athygli að eftir þessa ræðu hefur leiðtogi samfylkingarinnar ekki minnst einu orði á hvernig bregðast eigi við dómi Hæstaréttar hér og nú um hið brýna úrlausnarefni, þ.e. veiðar krókabátanna.

Fyrir liggur að með dómi Hæstaréttar hefur takmörkun á fjölda þeirra sem eiga að fá veiðileyfi verið afnumin. Ef ekkert verður að gert streyma nýir bátar inn í þann flota. Hver og einn bátur sem bætist við dregur úr veiðirétti þeirra sem fyrir eru. Á endanum hefur enginn nóg til að lifa af. Ég veit að hv. þm. skilur þetta og ég veit að hv. þm. er fullljóst að takast þarf á við þennan vanda.

Við höfum ekki séð aðra leið til að verja atvinnuréttindi þessara manna en að einstaklingsbinda réttinn. Við teljum ekki mikið réttlæti í að setja þann rétt á uppboð og gera trillukörlum að fara í samkeppni við stórlaxana um þessar aflaheimildir. Þetta er það verkefni sem við stöndum frammi fyrir í dag. Við verðum að bregðast við óvissunni hér og nú. Það er ekki hægt að bíða til óljósrar framtíðar með það.

Ég spyr enn og aftur: Hvaða tillögur hefur samfylkingin fram að færa um ráðstafanir hér og nú sem viðbrögð við dómi Hæstaréttar vegna atvinnuhagsmuna trillukarlanna?

[11:53]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað gerum við okkur ljóst að bregðast þurfi við hér og nú. Við lögðum fram tillögu um að skipuð yrði sérstök þingnefnd. Margar tillögur hafa, hæstv. sjútvrh., verið í gangi og í umræðu, bæði innan Alþb. og annarra flokka. Mér er líka fullkunnugt að þegar ríkisstjórnin lagði fram frv. sem er til umræðu voru í gangi viðræður við forsvarsmenn smábátaútgerðar í landinu, m.a. um hvernig taka ætti á framtíð þeirra og þær viðræður eru enn í gangi.

Á sama tíma er hent inn tillögum sem eru í fullkominni ósátt við þá sem standa í þessum viðræðum. Ég veit að það þarf að svara þessu, ég geri mér fulla grein fyrir því, eins og hver einasti ábyrgur stjórnmálamaður. Ég geri mér líka fulla grein fyrir því að það verður að vera í sátt við, ekki bara smábátaútgerðina heldur við byggðirnar og þá byggðastefnu sem rekin er.

Sú tillaga sem liggur frammi frá hæstv. ríkisstjórn er ekki í sátt við smábátaútgerðina, hún er ekki í sátt við stjórnmálaflokkana, hún er ekki í sátt við þá sem vilja þessum atvinnuvegi vel. Við höfum ekki neinar töfralausnir enda ekki við því að búast. Ríkisstjórnin hefur þær ekki, þær eru ekki í þessu plaggi. Við erum ekki með þær en bjóðumst til að taka þátt í að mynda þessa sátt. Því hefur verið hafnað.

Hæstv. sjútvrh. segir þetta frv. eiga að takmarka smábátaútgerð, miðað við tillöguna á að taka af 328 fyrirtæki. Hins vegar er merkilegt að hæstv. sjútvrh. nefndi ekki, eftir öll ummæli hans eða fulltrúa ríkisstjórnarinnar, að Hæstiréttur hefði ekki skilið hvað væri veiðiheimild og aflaheimild. Ég fór yfir hvernig þetta er skilgreint í grg. sem fylgdi með frv. til laga 1990 en hæstv. ráðherra nefndi það ekki.

[11:55]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 5. þm. Suðurl. að ráðuneytið átti í viðræðum við forustumenn smábátasjómanna um frekari aðlögun, sérstaklega sóknardagaflotans, að þeirri niðurstöðu sem er í lögunum. Dómur Hæstaréttar breytti hins vegar þessari aðstöðu vegna þess að veiðikerfi þeirra var opnað.

Nú hefur hv. 5. þm. Suðurl. komið með mjög harða gagnrýni á tillögu ríkisstjórnarinnar og lýst því yfir að sam-

fylkingin sé afskaplega ósátt með þær tillögur. Er þá ekki hægt að ætlast til þess, fyrst samfylkingin er svona ósátt, að hún komi fram með einhverjar tillögur sjálf og segi hvað hún vilji gera?

Það er óskaplega ódýrt að segja: Við erum tilbúin að stofna enn eina nefndina til að fara að hugsa. Nefndir í þinginu eru til þess að fjalla um þingmál sem ríkisstjórn eða þingmenn eða stjórnmálaflokkar leggja fyrir þingið til umfjöllunar. Heill stjórnmálaflokkur hlýtur að teljast fær um um að leggja fram tillögur við dómi eins og þessum. Það er prófsteinn á það hvort menn geta á annað borð verið í pólitík.

Ég hlýt að lýsa eftir þessum tillögum fyrst samfylkingin er svona ósátt. Hverjar eru þær?

[11:57]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. sjútvrh. veit að margar tillögur hafa verið í umræðunni, m.a. þær að takmarka veiðar bátanna á grunnslóð. Eins eru uppi þær hugmyndir að ekki eigi að takmarka veiðar þeirra frá því sem er. Ýmsar tillögur hafa komið fram, bæði af hálfu Alþb. og Alþfl. og Kvennalistans um það hvernig skuli staðið að þessum málum. Við erum tilbúin að leggja í það vinnu og ekkert ómerkilegt við það að bjóðast til að fara í samstarf allra flokka til að ráða fram úr þessum vanda.

Sjálfstfl. hefur engar tillögur í þessum efnum. Að minnsta kosti stendur hann ekki heill að baki því frv. sem hér er. Það hefur komið fram harkaleg gagnrýni af okkar hálfu en hún er ekki hálft á við það sem hefur komið fram frá þingmönnum Sjálfstfl. sem ætla að berjast af fullri hörku gegn þeim tillögum sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram. Þær tillögur hafa ekki verið mikið ígrundaðar innan Sjálfstfl. áður en þær voru lagðar fram hér, a.m.k. ekki reynt að ná fram sátt.

Við viljum sátt og erum með tillögur. Við höfum fengið 20 mínútur til þess að fara yfir sjónarmið okkar. Ég reyndi að gera það hér, ekki síður en hæstv. sjútvrh., og fór yfir þær tillögur sem hann og ríkisstjórnin hæstv. leggur fram. Þær eru ekki lagðar fram af Sjálfstfl. Ef málflutningur sjálfstæðismanna í gegnum tíðna er skoðaður þá er þar hvorki einhugur né ein stefna sem ríkir í þessu. Það er kannski kominn tími til, hæstv. forseti, að við myndum þessa samstöðu, ekki bara innan Sjálfstfl., Alþb., samfylkingar, heldur þjóðarsátt um málið. Leið ríkisstjórnarinnar er ekki í þá átt.

[11:59]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Frumvörp þau sem hér eru til umræðu eru að sjálfsögðu til komin af þeim fræga hæstaréttardómi sem hefur verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu síðustu daga. Nauðsynlegt var að bregðast við honum með því að leggja fram frv. á þingi sem lyti að þeim þáttum sem Hæstiréttur kvað sérstakan úrskurð upp um.

Rétt er að rifja upp, vegna þess sem hér hefur verið haldið fram í umræðunni, að niðurlagsorð Hæstaréttar eru á þann veg að þau lúta einvörðungu að tilteknu atriði málsins.

Í dómnum segir, með leyfi forseta:

„Verður synjun ráðuneytisins því felld úr gildi.“

Það er það sem dómurinn segir. En enn fremur segir:

„Hins vegar er ekki í þessu dómsmáli tekin afstaða til þess hvort ráðuneytinu hafi að svo búnu borið að verða við umsókn áfrýjanda, en málið er einungis höfðað til ógildingar á ákvörðun ráðuneytisins en ekki til viðurkenningar á rétti áfrýjanda til að fá tilteknar veiðiheimildir í sinn hlut.“ — Ég vil undirstrika þetta sem fram kemur í dómi Hæstaréttar með því að lesa það aftur, sérstaklega fyrir formann Alþfl. þar sem honum virðist hafa yfirsést þetta atriði, en það hljóðar svo, með leyfi forseta: „en málið er einungis höfðað til ógildingar á ákvörðun ráðuneytisins en ekki til viðurkenningar á rétti áfrýjanda til að fá tilteknar veiðiheimildir í sinn hlut.“

Það er því alveg ljóst í niðurlagsorðum dómsins að hann er að vísa til veiðileyfis í sínum úrskurði en ekki veiðiheimilda. Þetta er algjört grundvallaratriði sem er rétt að menn hafi í huga þegar menn meta viðbrögð stjórnvalda við dómnum.

Hins vegar er athyglisvert að viðbrögð stjórnarandstöðunnar — þeirra fulltrúa sem hér hafa talað — hafa verið á þann veg að halda því fram að aflahlutdeildarkerfið sjálft sé í upplausn. Þeir gagnrýna viðbrögð ríkisstjórnarinnar á þeirri forsendu, báðir formenn A-flokkanna, að þau séu ófullnægjandi þar sem aflahlutdeildarkerfið sjálft er ekki ógilt.

Það er dálítið athyglisverð gagnrýni. Vissulega hefur aflahlutdeildarkerfið verið umdeilt. En ég hygg að menn hljóti að verða sammála um það að ef við litum svo á væri allt í upplausn núna á þessu augnabliki og þá væri sköpuð mikil óvissa í íslenskum sjávarútvegi um þessar mundir. Það getur ekki verið tilgangur ábyrgra stjórnmálamanna að kynda undir óvissu og upplausn í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar.

Ég vil einnig vekja athygli á því sem kemur skýrlega fram í dómi Hæstaréttar, af því að það atriði hefur mikið verið til umræðu á Alþingi á yfirstandandi kjörtímabili, að það er alveg ljóst af þessum dómi að Hæstiréttur segir skýrt og klárt að veiðiheimildir sem menn hafa haft undir höndum er hægt að taka af mönnum hvenær sem er og það bótalaust. Að öðrum kosti væri niðurstaða Hæstaréttar ekki eins og hún er. Hins vegar hefur á yfirstandandi kjörtímabili því ítrekað verið haldið fram úr þessum ræðustól á Alþingi að menn væru búnir að festa séreignarfyrirkomulagið í sessi þannig að engar breytingar yrðu gerðar á gildandi fyrirkomulagi um stjórn fiskveiða nema borga mönnum bætur fyrir. Því hefur ítrekað verið haldið hér fram og komið fram fullyrðingar um þetta efni en þær eru allar ómerkar eftir þennan hæstaréttardóm, því að hann hefur undirstrikað að það er Alþingis að breyta og það getur breytt án nokkurrar bótaskyldu. Þetta held ég að sé mikilvægt að menn hafi í huga sem niðurstöðu dómsins og meti það í framhaldi á næstunni.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að breyta lögum og það er nauðsynlegt að Alþingi geri það fumlaust og yfirvegað, gefi sér tíma sem þarf til þess að vera öruggt um sína niðurstöðu. Og það er nauðsynlegt að eyða óvissu í þessum efnum, sem stjórnarandstaðan keppist við að magna sem mest. En það er líka nauðsynlegt, þegar menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að þurfa að gera breytingar, hvort sem það er núna eða síðar, að menn hafi það í huga að breytingar á þessu kerfi eiga að vera þróun en ekki bylting. Breytingar eiga að taka mið af hagsmunum þeirra sem starfa í greininni en ekki að setja þá hagsmuni í uppnám. Þannig hljóta allar hugmyndir um þróun kerfisins að grundvallast á þessu viðhorfi. Ég er þeirrar skoðunar að burt séð frá þessum dómi sé nauðsynlegt að fara yfir gildandi lög um stjórn fiskveiða og endurskoða þau lið fyrir lið. Ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt.

Löggjöfin var á sínum tíma sett sem viðbrögð við mjög erfiðum aðstæðum sem menn urðu að bregðast við tiltölulega skjótt. Hún hefur síðan verið að þróast í tímans rás og ekki endilega í innbyrðis samræmi frá ári til árs, eins og gengur þegar svona kerfi er komið á og það síðan þróað á einhverju

árabili. Það er eðlilegt að taka það mál til athugunar, sérstaklega þegar liðinn er hálfur annar áratugur frá því að því var komið á fót, og fara yfir það markvisst í ljósi þeirra markmiða sem menn setja sér og í ljósi þeirra ágalla sem menn eru sammála um að eru augljósir á gildandi fyrirkomulagi. Það er þannig í þessu sem öðru að engin löggjöf er fullkomin og menn eiga ekki að ganga út frá því að þeir hafi fundið upp hina fullkomnu löggjöf í þessum efnum frekar en í öðrum.

Að mínu viti er ljóst að ákveðin atriði í gildandi löggjöf valda verulegri óánægju og menn eiga auðvitað að viðurkenna það og leitast við að bregðast við þeim. Þau atriði sem mér sýnist að mest óánægja sé með og hafi að mörgu leyti kynt undir umræðunni á undanförnum árum eru afleiðingar af frjálsu framsali veiðiheimilda sem tekið var upp með nýjum lögum árið 1990 að kröfu Alþfl. og Alþb. Það hafði auðvitað sína kosti að taka upp hinn hagræna þátt inn í kerfið með frjálsu framsali veiðiheimilda, en það hefur líka ýmsa ókosti sem ég hygg að menn geti verið sammála um að eru mjög áberandi.

Hið háa verð á veiðiheimildum hefur gert mörgum erfitt að gera út og það hefur sýnt sig í tímans rás að minni byggðarlögin eiga í erfiðleikum með að starfa undir þessu kerfi og sér í lagi þau byggðarlög sem eru fámennari en eitt þúsund manns. Það er augljóst ef menn fara yfir stöðu mála í þeim byggðarlögum, hvernig hún hefur breyst á undanförnum árum, að þá hafa þessir staðir verið að láta undan síga. Þetta þarf að hafa í huga og finna viðbrögð við.

Þessi mikla þróun í smábátaveiðum er viðbragð fólks á þessum stöðum við afleiðingum frjálsa framsalsins sem hleypti upp útgerðarkostnaði með því að bæta verði veiðiheimilda við þann kostnað sem áður var. Smábátar gátu róið á öðru kerfi. Það var ódýrara. Menn höfðu frekar efni á því að kaupa sig inn í, kaupa sér bát og hefja veiðar, og því hafa smábátaveiðar aukist mjög mikið á þessum árum, sérstaklega í þeim byggðarlögum sem hafa átt í erfiðleikum við að standast samkeppni við önnur í þessu kerfi um frjálsa framsalið.

Sem dæmi um þessa þróun, hvernig hún hefur verið á innan við áratug, má nefna að árið 1990, þegar núverandi lög voru sett, var gert ráð fyrir að smábátar veiddu um 2.800 tonn. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að smábátar utan aflamarkskerfisins veiði um 35 þúsund tonn. Síðan má bæta við það 8 þúsund tonnum sem smábátar á aflamarki veiða, og síðan má bæta við um 10 þúsund tonnum sem smábátar utan aflamarkskerfis hafa veitt umfram það sem þeim er ætlað. Þannig hefur veiði á þennan bátaflokk aukist stórkostlega á innan við einum áratug. Og það er auðvitað engin tilviljun. Þetta var einfaldlega sú leið sem fólk í minni byggðarlögum landsins gat farið til þess að hafa atvinnu fyrir sig og sína af útgerð. Löggjöf verður auðvitað að taka mið af þessari staðreynd og gera mönnum kleift að starfa í atvinnugrein á svipaðan hátt og þeir hafa gert.

Annað atriði sem hefur vakið mikla óánægju og kynt undir heldur neikvæða umræðu um sjávarútveginn er söluhagnaður þeirra sem selja sig út greininni. Í mörgum byggðarlögum eru dæmi um að menn hafa getað hætt sinni atvinnustarfsemi, selt eignir og fyrst og fremst aflaheimildir fyrir fé sem hefur nægt þeim til þess að vera vellauðugir á eftir. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því að þarna er um að ræða verulegan ágalla á gildandi löggjöf sem verður að taka á.

Í þriðja lagi hefur kerfið veikt stöðu hinna fámennari byggða eins og ég rakti áðan og það er að mínu viti verulegur ókostur við kerfið sem menn hljóta að þurfa að leita lausna á.

Þannig eru auðvitað ýmsir ágallar á gildandi löggjöf sem gera það að verkum að erfiðlega hefur gengið að ná friðvænlegu starfsumhverfi fyrir þá sem starfa í atvinnugreininni. Það er mikilvægt að mönnum takist á næstunni að feta sig áfram þann veg að meiri friður verði um þessa atvinnugrein. Ég held að leiðin til þess sé að fara yfir þessi atriði, endurskoða lögin kerfisbundið og skipulega og leita að lausnum á þessum þáttum. Auðvitað koma margar leiðir til greina í hverju tilviki en menn þurfa að ná samkomulagi um slíkt og aðalatriðið er að menn einsetji sér að betrumbæta gildandi löggjöf í þessa veru.

Ég vil hins vegar undirstrika það að atvinnugreinin býr við þetta umhverfi sem stjórn fiskveiða skapar henni og það á að vera grundvöllur að hennar umhverfi á komandi árum. Það á ekki að ráðast í byltingarkenndar breytingar á þessu kerfi heldur þróa það áfram til betri vegar. Það er mikilvægt fyrir þá sem eru starfandi í sjávarútvegi að þeir hafi sæmilega vissu um framtíðarskipan mála og geti tekið sínar ákvarðanir í trausti þess að ekki sé stöðugt verið að breyta þeirra starfsumhverfi verulega og raska forsendum fyrir ákvörðunum þeirra. Það versta við viðbrögð forustumanna stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað er kannski það að þeir hafa fyrst og fremst beint máli sínu að því að skapa óvissu um þennan þátt málsins. Og það er afleitt fyrir atvinnugreinina í heild ef stjórnmálaflokkarnir reyna markvisst að skapa óvissu og upplausn fremur en að eyða óvissu.

Herra forseti. Forustumenn stjórnarandstöðunnar voru sammála um eitt atriði. Það var að viðbrögð ríkisstjórnarinnar væru of takmörkuð, það skorti á þau viðbrögð að taka upp aflahlutdeildarkerfið og opna það allt upp. Hins vegar kom ekkert fram hvað forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna vildu gera við þessar aflahlutdeildir og hvernig átti að úthluta þeim. Þeir sögðu ekki orð um það, ekki eitt orð. Þeir komu ekki með neina einustu tillögu um hvernig bregðast ætti við dómnum með öðrum hætti en ríkisstjórnin hefur lagt til, enga tillögu. Það er dálítið ábyrgðarlaust, herra forseti, af stjórnarandstöðunni á þessum tíma að hafa ekkert fram að færa annað en gagnrýni, engar tillögur frá sjálfri sér.

Það er dálítið athyglisvert, herra forseti, sem stjórnarandstaðan ætti að íhuga: Af hverju kemur hún ekki með neinar tillögur um viðbrögð önnur en þau sem hér eru í frumvarpsformi? Ég beið satt að segja dálítið spenntur eftir því að stjórnarandstaðan benti á aðrar leiðir en eru í frv., því að vissulega má segja um þær leiðir að þær eru að nokkru leyti umdeilanlegar og það er rétt að hv. sjútvn. skoði þær eins og allt sem þangað kemur. En það hefði verið fróðlegt ef stjórnarandstaðan hefði komið með einhverjar tillögur og lagt fram í umræðuna sem við hefðum getað skoðað. En það er bara alveg autt blað, engar tillögur frá stjórnarandstöðunni þannig að það voru mikil vonbrigði eftir hávaðann í henni á undanförnum dögum að hún hafði ekkert fram að færa annað en það eitt að taka upp uppboð veiðiheimilda. Eina lausnin sem stjórnarandstaðan leggur til er að taka veiðiheimildirnar af þeim sem hafa þær, útgerðarmönnum, smábátasjómönnum og öðrum, og bjóða þær upp. (**Gripið fram í:** Hver hefur sagt það?) Og það heitir á máli forustumanna stjórnarandstöðunnar „að verja hagsmuni hinna fáu".

Ég spyr, herra forseti: Það eru vissulega fáir í útgerð miðað við heildarfjölda þjóðarinnar. En er það skoðun stjórnarand-

stöðunnar hálf þjóðin eigi að fara á sjó? Vita menn ekki að sótt hefur verið um á þriðja þúsund leyfi og leyfi til að veiða um eina milljón tonna á hverju ári, til viðbótar við það sem hefur nú þegar verið úthlutað? Ég hlýt að spyrja fulltrúa stjórnarandstöðunnar: Hafa þeir ekkert annað fram að færa en að taka atvinnuréttindin af þeim sem hafa þau í dag og segja: „Þið getið keypt þau aftur?"?

Hvað treystir það mikið stöðu þeirra útgerða sem standa ekki allar vel í dag? Hvað bætir það hag smábátasjómanna, herra forseti, að segja við þá: „Við skulum taka af ykkur allar veiðiheimildirnar ykkar og svo megið þið kaupa þær á uppboði og keppa þar við Granda og fleiri góð fyrirtæki sem eiga nóg af peningum." Og þurfa síðan að fara þangað skríðandi á hnjánum, til þessara stórútgerða, og semja við þær um að fá að leigja af þeim þessar sömu veiðiheimildir gegn einhverjum afarkjörum á leiguliðafyrirkomulagi. Er leiguliðafyrirkomulag í útgerð framtíðarsýn stjórnarandstöðunnar í þessum efnum? Það verður ekki annað séð eftir ræðurnar hjá forustumönnum þeirra. (**SJS:** ... fá að ræða aðeins um frumvarpið.) (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég heyri að fulltrúar stjórnarandstöðunnar eru orðnir ókyrrir og því hygg ég að rétt sé að hleypa þeim í stólinn svo við fáum að heyra hverjar tillögur þeirra verða.

[12:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ef ég hef tekið rétt eftir er hér á dagskrá stjórnarfrv. á þskj. 443, flutt af hæstv. sjútvrh. Ég hef hugsað mér að ræða í aðalatriðum um þetta stjórnarfrv., þ.e. um dagskrármálið. Ég verð að segja alveg eins og er að ég gef heldur lítið fyrir málflutning bæði síðasta hv. ræðumanns og þann hlutann af ræðu hæstv. sjútvrh. sem laut að skömmum um tillögur eða ekki tillögur annarra.

Ég hefði haldið að hæstv. sjútvrh. hefði farið betur að nota ræðutíma sinn — og ekki veitt af — til að reyna að rökstyðja það að það frv. standist sem hér er lagt fram af hæstv. ríkisstjórn, að það gangi upp og að það nái þeim tilgangi að samræma löggjöfina dómi Hæstaréttar. Ekki hefði veitt af, herra forseti, að mínu mati, nokkuð öflugum rökstuðningi og vel fluttum til að byggja upp þær málsástæður stjórnvalda að sú lausn héldi sem hér væri verið að boða. Ég held að a.m.k. sá hluti ræðu hæstv. ráðherra sem fór í hefðbundið skítkast og karp — án þess að það sé hlutverk mitt sérstaklega að verja þá sem urðu aðallega fyrir því. Þeir eiga að geta gert það sjálfir eða eru vonandi færir um það — þá vil ég segja þetta almennt um málflutninginn hér, herra forseti, vegna þess að hér er á ferðinni alvörumál, að það er ekki sæmandi mönnum sem ætla að láta taka mark á sér í umræðunni að leggjast ofan í stráksleg karp. Mér fannst satt best að segja, herra forseti, og ég vil segja það í fullri hreinskilni, framganga formanns sjútvn. ekki rismikil að stórum hluta til í ræðu hans áðan.

Herra forseti. Ekki fer hjá því að dómur Hæstaréttar frá 3. des. sl. sætti miklum tíðindum. Ég vil segja að tvennt er mjög dapurlegt við það að til þess dóms skyldi þurfa að koma. Í fyrra lagi er það auðvitað áfall, það er niðurlæging fyrir löggjafann og fyrir stjórnvöld að Hæstiréttur skuli dæma ákveðin ákvæði laga brjóta í bága við stjórnarskrána. Það er áfall. Það er mikil niðurlæging fyrir alla sem þar bera ábyrgð. Sjútvrn., þeir sem hafa verið lögfræðilegir ráðgjafar á þeim bæ, ráðherrar sem hafa farið með framkvæmd þessara mála og þingmenn sem hafa tekið þátt í því að afgreiða þessa hluti eins og þeir eru, verða allir að líta í eiginn barm og axla sinn hluta ábyrgðarinnar. Það er þannig.

Herra forseti. Hitt finnst mér ekki síður dapurlegt að það skyldi þurfa þennan dóm Hæstaréttar til að fá aftur á dagskrá umræður um lagfæringar á þessu kerfi. Það er líka dapurlegt. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst þeir sem hafa barist fyrir óbreyttu kvótakerfi, þverskallast við öllum hugmyndum um lagfæringar á því á undanförnum árum, geta sjálfum sér um kennt. Þeir geta það. Og maður verður að segja það alveg eins og er að þeim var nær að ljá ekki máls á neinum lagfæringum á þessu kerfi sem mikil óánægja hefur verið um. Ýmislegt er því samfara sem ekki er gott og það er í raun og veru til skammar að menn skuli hafa látið það viðgangast árum saman án þess að bregðast við.

Sumir hafa kvartað yfir því, herra forseti, að dómur Hæstaréttar sé ekki skýr. Ég er ekki endilega sammála því. En ég get tekið undir hitt að ég hefði gjarnan viljað sjá dóminn ítarlegar reifaðan. Þó maður marglesi þennan dóm — og það er út af fyrir sig ekki lengi gert því að af slíku stórmáli að vera er athyglisvert að reifun dómsins er ekki lengri en svo að hún kemst fyrir á einni síðu í Morgunblaðinu, og er þó þar inni í stór mynd af Hæstarétti, eins og þetta var birt í Morgunblaðinu 4. des. Ég hefði gjarnan sem leikmaður í þessum málum, og hafandi þó komið talsvert nálægt þeim á undanförnum árum, viljað sjá ítarlegri reifun Hæstaréttar þannig að glöggar væri hægt að átta sig á því hvert Hæstiréttur er að fara, ekki bara í dómsorðinu sjálfu hvað varðar þá niðurstöðu að fella synjun ráðuneytisins úr gildi heldur í reifun sinni varðandi hið almenna samhengi málsins. Þar verður maður að reyna að geta í eyðurnar. Þó að niðurstaða dómsins sé skýr og hann sé skýr í þeim skilningi hefði verið æskilegt að mínu mati að sú reifun hefði verið skýrari úr því að Hæstiréttur fór út í umfjöllun um þessi grundvallaratriði fiskveiðistjórnarlöggjafarinnar.

Mér finnst, herra forseti, viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar fljótfærnisleg. Ég hefði talið að betra hefði verið að taka þess vegna jafnvel einhverjar vikur í viðbót til að fara rækilega yfir málið og koma með betur búið frv. til þings. Menn geta að sjálfsögðu sagt að Alþingi taki þá við og vinni vinnuna. En ég held að strax í byrjun hefði verið æskilegra að rækilegar hefði verið farið yfir málið.

Herra forseti. Ég efast um að þessi tillaga að frumvarpi, að breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða, haldi. Ég efast um það. Ég hef miklar efasemdir um, út frá hinni almennu reifun Hæstaréttar, að þetta verði talin fullnægjandi lausn. Það er nokkuð borðleggjandi að það verða áframhaldandi málaferli. En það er ekki afsökun fyrir því að vera á tæpu vaði með þá breytingu sem hér er lögð til því menn hljóta að ætla sér að ganga þannig frá málunum að þau málaferli tapist ekki, eða hvað? Jú, það hlýtur að vera æskilegt að fá botn í málið sem heldur þegar út í málaferlin er komið sem sjálfsagt verða.

Þar hefði ég talið a.m.k. eitt atriði til viðbótar því sem hér er lagt til í frv. algjört úrslitaatriði og það er að lögin yrðu gerð tímabundin, að sett yrði afdráttarlaust sólarlagsákvæði í lögin og þar með yrði Hæstiréttur í raun og veru tekinn á orðinu ef svo má að orði komast vegna þess að Hæstiréttur segir á einum stað í umfjöllun sinni, með leyfi forseta:

„Þótt tímabundnar aðgerðir af þessu tagi" — og er þá verið að vísa til takmarkananna — „til varnar hruni fiskstofna kunni að hafa verið réttlætanlegar, en um það er ekki dæmt

í málinu, verður ekki séð, að rökbundin nauðsyn hnígi til þess að lögbinda um ókomna tíð" — um ókomna tíð — „þá mismunun, sem leiðir af reglu 5. gr. laga ..." o.s.frv.

Mér finnst með öðrum orðum Hæstiréttur segja, a.m.k. gefa í skyn væntingar um þá túlkun sína að sem tímabundin löggjöf hefði þetta staðist og þá bæði veiðileyfin og aflahlutdeildarkerfið. Væri þá ekki hyggilegt, herra forseti, ef menn vilja hafa vaðið fyrir neðan sig, vera öruggir á meðan, þó ekki væri nema til að fá tíma til að skoða málin betur, að setja þarna inn sólarlagsákvæði, að láta lögin gilda til 2002 eða 2003 eða hvað sem valið væri í þeim efnum?

Menn kunna að segja að það sé ekki æskilegt, það skapi óvissu og þá værum við komin í sama farið og var fyrir 1990. En ég segi: Það er miklu betra en að taka bullandi áhættu af því að allt saman verði dæmt ofan í hausinn á mönnum.

Herra forseti. Ég varð því satt best að segja mjög undrandi þegar ég sá þetta frv. og sá að menn höfðu ekki valið þá leið að setja þarna inn afdráttarlaust sólarlagsákvæði. Menn kunna að vísa í endurskoðunarákvæði eða umfjöllun um það að lögin skuli endurskoða en það er að sjálfsögðu ekki það sama og ef um ótvírætt sólarlagsákvæði væri að ræða. Ég vísa þar til ákvæðis til bráðabirgða IV sem fylgir hér með frv.

Herra forseti. Annað veldur mér nokkru hugarangri þegar ég skoða þetta frv. hæstv. ríkisstjórnar og velti því fyrir mér hvort það sé fullnægjandi lausn frá lagalegu sjónarmiði séð. Ég er þá ekki að ræða um efni málsins, hvort þetta sé efnislega sú niðurstaða í málinu sem ég sé sáttur við. Það er ekki svo. Ég er fyrst og fremst að skoða og velta fyrir mér hinni lögformlegu eða lagalegu hlið. Og það er, herra forseti, að þegar búið er að fella út í rauninni öll núgildandi ákvæði 5. gr. og síðan hina margrómuðu og löngu 6. gr. sem er einhver lengsta lagagrein í safninu — hún tekur eina og hálfa bls., þ.e. hin samansúrraða grein um veiðiheimildir smábáta sem er einhver hroðalegasta smíð sem lengi hefur sést í lagatexta og ég held að ekki margir botni í henni til fulls — þá stendur það eftir, herra forseti, sem ramminn um þessa takmörkun sem áfram á þá að vera samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar, þ.e. aflahlutdeildarkerfið, að í 4. gr. stendur að enginn megi stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess leyfi. Þau ákvæði halda sér óbreytt í 4. gr.

Fimmta greinin sem hér er lögð til samkvæmt frv. fjallar aftur um veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni. Ljóst er að samkvæmt þessu geta nú öll skip sem fullnægja skráningarreglum og eru með íslensku eignarhaldi þannig að þau brjóti ekki í bága við fjárfestingar útlendinga fengið slík veiðileyfi. Takmörkunin á að vera aflamarkskerfið eitt. Hvar er það þá, herra forseti, í lögunum? Jú, það er í 7. gr. Þar segir — og ekki eru lagðar hér til breytingar á því — í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára, sbr. þó 4. málsl. þessarar málsgreinar."

„Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild ..." — það er grunnurinn. Ég velti því fyrir mér: Hangir ekki þessi 7. gr. laganna um stjórn fiskveiða í lausu lofti? Til hvers vísar hún eins og nú er í pottinn búið? Er alveg á hreinu að ekki þurfi að koma inn einhver viðmiðun, einhver skýring? Eða er þetta einhver sjálfsagður hlutur, einhver „selvfølgelighed", sem þarf ekki að standa í lögum, að sú útdreifing aflahlutdeildanna skuli vera sem er í dag sem myndi grunninn? Ég spyr. Ég hef ekki svörin. Ég er ekki sannfærður um að þetta gangi ekki upp en ég hef efasemdir um að það geri það og ég hef miklar efasemdir um að frv. eins og það liggur fyrir nái þannig utan um þetta mál að ekki séu líkur á því að mál tapist sem höfðað verður í kjölfarið. Hvar eru menn þá staddir? Þá eru menn með hlutina í algjörri og endanlegri upplausn.

Herra forseti. Það sem mér finnst vanta inn í alla umræðuna er að burt séð frá þessu frv. hæstv. ríkisstjórnar — og þó að það verði lögfest — þá stendur það verkefni upp á stjórnmálamenn, upp á Alþingi og stjórnvöld að reyna að finna efnislega lausn og niðurstöðu í þessu máli sem einhver friður er um og sem við getum búið ásættanlega við til frambúðar. Ég tel það ekki vera í boði. Ég tel algjörlega óviðunandi niðurstöðu að ætla, þrátt fyrir þennan dóm og þá miklu og megnu óánægju sem er með vissa vankanta á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, að keyra það áfram óbreytt. En það er það sem lagt er til, að keyra það áfram óbreytt að öðru leyti en því að úreldingartakmörkuninni er hent, því það er það sem felst í frv.

Herra forseti. Þeir hlutir sem eru að gerast og eru í gangi í þessu kerfi eru ískyggileg þróun og ég held að menn verði að taka á. Ég á þar t.d. við hluti eins og samþjöppun veiðiheimildanna, ég á við það hvernig gengur á bátaflotann. Ég á við það, herra forseti, hvernig staða fiskvinnslunnar í landi er að hrynja þannig að eftir standa aðeins fáein fyrirtæki með einhverja umtalsverða verkun, frystingu á hefðbundnum forsendum, síðan saltfiskverkun og tvö, þrjú stór fyrirtæki sem eru að reyna að koma undir sig fótunum í frekari fullvinnslu eða úrvinnslu afurðanna og allt gott um það. En að öðru leyti er fiskvinnslan, hefðbundin bolfiskvinnsla í landinu meira og minna hrunin. Hún er m.a. hrunin vegna þess að samkeppnisskilyrði hennar við vinnslu á sjó eru ósanngjörn og hún er m.a. hrunin vegna þess að sífellt berst minna og minna hráefni að landi, ferskt hráefni til slíkrar vinnslu. Ég held það sé ekki bara alvörumál og vont hvað varðar vinnuþáttinn og stöðu byggðanna heldur er þetta líka stórhættuleg þróun til framtíðar litið fyrir íslenskan sjávarútveg.

Ég hefði þess vegna, herra forseti, viljað sjá breytingar um leið og menn væru að bregðast við þessum dómi sem tækju t.d. á því hvernig gengið hefur á bátaútgerðina, og þá er ég einkum og sér í lagi að tala um hefðbundna dagróðrabátaútgerð í millistærðarflokkum, sem er nánast að hverfa, og með því að styrkja þann útgerðarþátt á nýjan leik, t.d. með því að láta hann vera sjálfstætt og aðskilið lag í fiskveiðistjórnarkerfinu. Stundum er talað um girðingar í þessum efnum og hér á að setja girðingu ofan við 6 tonna hópinn þannig að hann geti ekki selt veiðiheimildir upp fyrir sig, og það er gott. En því ekki aðra girðingu við kannski 75 eða 100 tonn þannig að menn reyndu a.m.k. að bjarga því sem eftir er af bátaflota í millistærð? Ég hefði gjarnan, herra forseti, talið að þar hefði mátt vera um að ræða einstefnuloka eins og er í færeyska kerfinu, sem þýða að minni bátar geta keypt til sín veiðiheimildir af stærri skipum en ekki öfugt — ef menn vildu með beinum, pósitífum hætti styrkja þennan útgerðarþátt á nýjan leik, og á því er mikil þörf. Um leið, herra forseti, kæmu menn til móts við byggðarlögin sem hafa byggt allt sitt á slíkri útgerð þó að einhver útgerð stærri skipa hafi þar verið í bland.

Ég tel, herra forseti, algjörlega óþolandi annað en að menn taki með einhverjum hætti á þeim ofsagróða sem

tilteknir aðilar hafa verið að hirða með sér út úr sjávarútveginum þegar þeir selja öðrum sem eftir standa þar réttindi sín. Enginn friður er um það ástand og það á ekki að vera það. Vegna þess að það sem við eigum að vera að fjalla um er fiskveiðistjórnarkerfið og lög til að takmarka ásókn í fiskstofna en ekki einhver gróðamyndunarmaskína fyrir einstaka útgerðarmenn. Einn ljótasti gallinn á þessu kerfi eins og það hefur verið, fyrir utan leigubraskið, er að menn skuli geta hirt þessi verðmæti með sér þegar þeir fara út úr greininni eins og þetta hefur verið. Á þessu þarf að taka og það er hægt að taka á því, jafnvel þó menn vilji áfram hafa framsal veiðiheimilda. Það er hægt að gera með skattalegum aðferðum, það vantar bara viljann, herra forseti.

Margt fleira af þessu tagi, herra forseti, vildi ég gjarnan nefna en tími leyfir ekki að fara ítarlegar út í það hér. Ég vil aðeins segja aftur að mér þykir langlíklegast og í fljótu bragði sé ekki annað til ráða en að það sem gert verði nú verði tímabundin ráðstöfun. Þess vegna ítreka ég að ég held að sólarlagsákvæði séu nauðsynleg inn í þessi lög í öllu tilliti, hversu vel sem menn vanda sig við að breyta þeim og bregðast við dómnum og líka til að undirstrika að menn ætla sér að skoða málið rækilega og reyna að finna þarna betri lausnir.

Það er ekki einfalt. Ég viðurkenni að í kjölfar dóms Hæstaréttar sem dæmir veiðleyfatakmörkunina ógilda, ég tala ekki um ósköpin ef aflareynslan sem viðmiðun fyrir aflahlutdeildarkerfið yrði líka dæmt ógild, er ekki einfalt mál að finna þær lausnir sem séð verður að gangi upp í þessum efnum ef menn vilja, eins og ég vil, taka tillit til réttarstöðu fólksins sem starfar í sjávarútvegi og býr í sjávarútvegsbyggðunum. Ég held, herra forseti, að nauðsynlegt sé að fá þá hlið mála inn í umræðuna. Ég held að Hæstiréttur þurfi líka að skoða málið frá þeirri hlið: Hvað með atvinnuréttindi og stöðu þess fólks sem í verkaskiptu þjóðfélagi hefur haft þetta að ævistarfi sínu? Á það þá engan rétt? Er jafnræðisreglan æðri þeim rétti sem þetta fólk hefur, sjómenn, fiskverkafólk, íbúar sjávarútvegsbyggðarlaganna hringinn í kringum landið? Eru þá komnar upp þversagnir eða þverstæður og hver á þá að glíma við þær? Verður Hæstiréttur ekki a.m.k. að fara yfir það mál eins og önnur í þessu samhengi?

Að lokum, herra forseti. Skoðun mín er sú að það sé algjörlega óhjákvæmilegt að Alþingi taki sér nokkuð rúman tíma í að vinna þetta mál. Það er ekki boðlegt að ætla að drífa það af til afgreiðslu á fáeinum vikum, ef það stendur til. Mér er ljós vandi sjútvrn. með öll bréf sín sem þarf að svara og allt það. En það má ekki gera vont verra með því að kasta til höndunum við þetta mál og kosti það það sem kosta vill, einhverjar vikur eða mánuði eiga menn að taka sér þann tíma.

[12:39]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja að gefnu því tilefni sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. að þetta frv. er ekki heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnarlöggjöfinni, því er ekki ætlað að vera það. Það er fyrst og fremst viðbrögð við tiltekinni niðurstöðu Hæstaréttar og nauðsynleg breyting á fiskveiðistjórnarlöggjöfinni vegna dóms Hæstaréttar.

Auðvitað heldur umræða um sjávarútvegsmál áfram. Í sérstakri nefnd, sem allir flokkar þingsins komu sér saman um að setja á fót sl. sumar, er í gangi umfjöllun um hvort sættir geti skapast á þeim grundvelli sem ákveðinn var með þeirri nefnd. Ég held því að mjög mikilvægt sé í þessari umræðu að menn geri sér grein fyrir því að við verðum að bregðast strax við dómi Hæstaréttar, en önnur umfjöllun hlýtur að halda áfram. Ég hef bundið vonir við þann sáttafarveg sem sú umræða var komin í eftir að allir flokkar á þingi bundust samtökum um það hér sl. vor að gera það með tilteknum hætti.

Síðan vil ég undirstrika það sem kom fram, ef ég hef skilið hv. 4. þm. Norðurl. e. rétt, að hann kemur með allt aðrar áherslur í málflutningi sínum en talsmenn samfylkingarinnar. Ef ég hef skilið hann rétt telur hann réttilega að þeir sem hafa verið hefðbundið að vinna í sjávarútveginum eigi lögvarin atvinnuréttindi til að halda því áfram. En hinn stóri pólitíski ágreiningur snýst um það hvort verja eigi þetta réttlætissjónarmið eða hvort fara eigi í öfgarnar og segja: Það verður að taka allan þennan veiðirétt og koma honum með einhverjum öðrum hætti út til fólks eða fyrirtækja sem hafa ekki tengst sjávarútvegi eða skapað sér þar hefðbundin atvinnuréttindi.

Ég vona að ég hafi skilið hv. þm. rétt og ef svo er þá fagna ég þeirri hugsun sem fram kemur í máli hans vegna þess að hún gengur alveg þvert á það sem samfylkingin hefur verið að boða sem ég ítreka að mundi að mínu mati leiða mjög alvarlega kreppu yfir sjávarplássin í landinu.

[12:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er að sjálfsögðu ljóst að ekki er á ferðinni tillaga að einhverri heildarendurskoðun á fiskveiðistjórnarlögunum. Vandinn er hins vegar sá að ekki er hægt að taka þetta neitt út úr því samhengi málsins sem það er í, þ.e. þeirrar óánægju og þeirra ágalla á löggjöfinni sem eru mönnum mestur þyrnir í augum. Og Hæstiréttur gerir það. Hæstiréttur fer á bólakaf í umfjöllun um sjálft fiskveiðistjórnarkerfið og grundvallar mál þess, þó að hann felli síðan dóm sinn um eitt tiltekið, afmarkað atriði, þ.e. felli þessa synjun ráðuneytisins úr gildi.

Ég vil nú helst, herra forseti, að mér sé sem minnst blandað inn í málflutning samfylkingarinnar (**Sjútvrh.:** Það var einmitt að skilja á þingmanninum...) og biðst nú eiginlega undan því að verið sé lesa út úr orðum mínum eitthvert sérstakt samhengi eða ekki samhengi við hana. Það er best að hver tali fyrir sig held ég í þessum efnum, og sumir eru nú að gera það í nýjum stellingum eins og kunnugt er.

Hins vegar er rétt hjá sjútvrh. og ég ætla ekki að hlaupast frá því nema síður sé: Ég tel óhjákvæmilegt að horfa líka til þess réttar sem starfsfólk í sjávarútvegi, sjómenn, fiskverkafólk og íbúar sjávarútvegsbyggðarlaganna hljóta að hafa í þessu máli. Ég tók mér ekki í munn orðin „lögvarin atvinnuréttindi", það gerði hæstv. sjútvrh. En ég segi: Þarna hlýtur líka að vera réttur og þarna eru a.m.k. hagsmunir sem verður líka að hafa í huga. Það hlýtur að vera þannig í því verkaskipta þjóðfélagi sem við höfum búið í og miðað við landfræðilega dreifingu atvinnugreinanna að við verðum einnig að horfa til þess þáttar, hvað sem líður mikilvægum grundvallarreglum í réttarkerfinu, jafnræðisreglum og öðru slíku.

[12:44]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að þarna komist hv. þm. einmitt að kjarna málsins. Ekki er hægt að gera hvort tveggja í senn, að verja réttindi þeirra sem hafa unnið hefðbundið í sjávarútvegi og róið til fiskjar og hins vegar að segja: réttur allra fyrirtækja og allra landsmanna til fiskveiða er jafn. Ef menn komast að

þeirri niðurstöðu þá verður að taka veiðiréttinn af þeim sem hafa verið að stunda fiskveiðar með hefðbundnum hætti um langan tíma. Þarna er því um ósamrýmanleg sjónarmið að ræða og þess vegna afskaplega mikilvægt að það komi skýrt fram eftir hvaða meginlínum menn eru að hugsa og fjalla um þessi mál. Ég geri engar athugasemdir við þau sjónarmið sem hv. hefur sett hér fram. Mér finnst þau vera skýr en er einmitt að vekja athygli á því vegna þess að mér hefur fundist í umræðunni að þessi sjónarmið væru ekki nógu skýr og menn vilji kannski bæði koma fram segjandi að allir eigi sinn rétt en það eigi líka að verja rétt þeirra sem fyrir eru, þ.e. menn vilja bæði éta kökuna og eiga hana. En það er hlutur sem gengur ekki upp og ég held að það hafi komið mjög skýrt fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e.

[12:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því að ég og hæstv. sjútvrh. stillum þessu upp með nokkuð ólíkum hætti. Ég vil ekki ganga svo langt að segja að þarna sé um tvær ósættanlegar eða ósamrýmanlegar andstæður að ræða vegna þess að ég er að sjálfsögðu eindreginn stuðningsmaður þess, og hef alltaf verið, að um félagslega sameign þjóðarinnar á auðlindunum sé að ræða og eigi að vera að ræða. En þarna er á hinn bóginn um það að ræða hvernig við í verkaskiptu þjóðfélagi tökum tillit til þess að ákveðinn hluti þjóðarinnar hefur sinnt þessum störfum og hefur af því atvinnuöryggi sitt og á alla sína hagsmuni fólgna í því máli.

Ég held að eitt af því sem okkur hefur mistekist með sé að lögin um stjórn fiskveiða eru ekki skýr og það sé einn meginvandinn sem gerir það að verkum m.a. að Hæstarétti er nokkur vorkunn. Ég hef margsagt það hér úr þessum ræðustóli að meginveikleikinn er sá að réttindin eru ekki skilgreind. Veiðiréttirnir er ekki skilgreindur í lögunum og þess vegna hafa menn rifist um það fram og til baka hvort þetta sé ígildi einkaeignarréttar og hvort menn geti keypt þetta og selt eða hvað.

Það sem á að fara inn í lögin er að um afnotarétt sé að ræða, um afnotarétt á félagslegri sameiginlegri auðlind. Þar með skapast forsendur um leið til að skilyrða eins og okkur sýnist þennan afnotarétt, skilyrða meðferð hans, t.d. þannig að menn megi ekki braska með hann eða græða á honum sem slíkum. Það er auðvitað það sem á að gera, að nálgast þetta frá þeirri grundvallarforsendu að skilgreina réttindin, hvað er það sem menn fá — þeir sem fá þessi réttindi — til að nýta þau í þágu allrar þjóðarinnar, hvað er það sem þeir fá og með hvaða skilyrðum þessi nýtingarréttur er veittur.

[12:48]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér er komið til umræðu frv. ríkisstjórnarinnar um breyting á lögum um stjórn fiskveiða, sem er viðbragð ríkisstjórnarinnar við dómi Hæstaréttar, nr. 145 frá 1998, Valdimar Jóhannesson gegn íslenska ríkinu.

Þessi dómur Hæstaréttar hefur að sjálfsögðu vakið mjög mikla athygli, en þar segir skýrum stöfum að lögin um stjórn fiskveiða, a.m.k. 5. gr. þeirra, stríði gegn stjórnarskránni og verði því að breyta. Um er að ræða 65. gr. stjórnarskrárinnar, um jafnræði þegnanna, þ.e. að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum, og 75. gr. stjórnarskrárinnar, um atvinnufrelsi, þar sem fram kemur að allir megi stunda þá vinnu sem þeir kjósa, en þó megi skerða þau réttindi með lögum ef almannahagsmunir krefjast. Samkvæmt þessum tveimur greinum má ekki samkvæmt dómi Hæstaréttar lögbinda um ókomna tíð að veiðileyfi skuli takmörkuð við skip sem voru við veiðar samkvæmt ákveðnum reglum árið 1988.

Það var í fyrsta skipti árið 1990 sem þessi grein var gerð varanleg, eða nokkru áður en jafnræðisreglan var fest í stjórnarskrána, og finnst mér það vera nokkur málsbót fyrir löggjafann. En ég hef bent á það fyrr í umræðu um þetta mál að sú málsbót á ekki við um lögin um veiðar utan lögsögu. Í þeim lögum sem voru samþykkt árið 1996 var í raun verið að færa sérhagsmunakerfi fiskveiðistjórnarlaganna út yfir öll heimsins höf. Þrátt fyrir mjög mikil andmæli, m.a. frá þeirri sem hér stendur, þá var þetta sérhagsmunakerfi fiskveiðistjórnarlaganna fest í sessi einnig í 5. og 6. gr. úthafsveiðilaganna. Því vil ég nota tækifærið nú og spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann sé þeirrar skoðunar að dómur Hæstaréttar breyti einhverju fyrir úthafsveiðilögin, hvort 5. og 6. gr. þeirra laga séu í sama uppnámi og 5. og hugsanlega 6. gr. fiskveiðistjórnarlaganna.

Annað sem vekur athygli í dómi Hæstaréttar er að rétturinn áréttar mikilvægi 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, að nytjastofnarnir á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar og að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki óafturkallanlegt forræði yfir veiðiheimildum. Þessi áréttíng er mjög mikilvæg í ljósi þess áróðurs sem stöðugt er borinn fyrir landsmenn, bæði af LÍÚ og nú síðast frá nýafstaðinni ráðstefnu sem sjútvrh. og fleiri stóðu að. Og gott ef ég heyrði ekki ákveðna ráðherra einnig fjalla um það í útvarpi um daginn að það sé stórt álitamál hvort þurfi að greiða útvegsmönnum bætur ef til breytingar á kerfinu kemur. Sú umræða er búin að vera hangandi hér yfir, bæði þegar rætt var um veð á aflaheimildum, úthafsveiðilögin og fleira, og ég tel að dómur Hæstaréttar sé mjög skýr að þessu leyti og í samræmi við vilja löggjafans í gegnum tíðina, að veiðiheimildirnar eru sameign þjóðarinnar. Það var mjög athyglisvert að heyra Sigurð Líndal prófessor efast um þetta um daginn, en ég hef áður gert það að umtalsefni þegar ég hef rætt um það að lögfesta þetta ákvæði um sameign þjóðarinnar inn í stjórnarskrána, að þar hafa sumir lögfræðingar talað um að rétt væri að nefna það „ríkið“ en ekki „þjóðina“. Ég tel að þar sé veruleg áherslubreyting á, en ég mun taka þá umræðu nánar nú fljótlega þegar sú stjórnarskrártillaga kemst hér á dagskrá, en ég ætla ekki að eyða tíma mínum í það nú.

Að mínu mati er dómur Hæstaréttar tímamótadómur og undirstrikar eðlilegt sjálfstæði Hæstaréttar, sem margir hafa dregið í efa á undanförnum árum. Þessi dómur er að mínu mati sigur réttlætisins, sigur dómskerfisins og veruleg áminning til löggjafans. Það er ekki eðlilegt að þingið standi í hagsmunagæslu sem stríðir gegn grundvallarreglum stjórnarskrárinnar. Það hefur því miður verið reyndin allt frá því árið 1983 þegar fyrstu lögin um kvótakerfið voru samþykkt. Dómurinn er að mínu mati skýr og krafa um að tekið verði á þeirri gífurlegu ólgu og óánægju sem ríkir í þjóðfélaginu vegna laganna um stjórn fiskveiða. Sú krafa hefur verið uppi á borðinu í langan tíma en sjaldan eins og eftir 1990, þegar framsal á aflaheimildum var heimilað og veiðleyfi fest varanlega við skip sem voru við veiðar 1988 samkvæmt ákveðnum reglum.

Því hafa viðbrögð stjórnvalda við þessum hæstaréttardómi verið að mínu mati alveg með eindæmum og til háborinnar skammar, og þar vil ég nefna einkum þrennt. Í fyrsta lagi hefur Hæstiréttur verið gagnrýndur fyrir að ruglast á hugtökum. Ég held að það sé alveg skýrt hvernig dómurinn

skilgreinir bæði aflahlutdeild og aflaheimildir. Í öðru lagi hefur verið reynt að gera lítið úr þessum dómi vegna þess að dómarar voru fimm en ekki sjö. Meira að segja hefur Hæstiréttur sjálfur séð sig knúinn til að andmæla þessu, sem er mjög sjaldgæft. Og í þriðja lagi, og síðast en ekki síst, hefur það sjónarmið heyrst að ef þessi dómur stangist á við stjórnarskrána þá sé nú bara rétt að breyta stjórnarskránni. Þvílíkur hroki! Þessi viðbrögð eru alveg með eindæmum. Um er að ræða æðsta dómstól þjóðarinnar og það er bara látið eins og nú verði valdhafarnir góðu, sem eru alltaf að passa sérhagsmunina, að ganga skrefi lengra og breyta stjórnarskránni.

Þau frumvörp sem hér eru til umræðu eru til þess eins fallin að breyta eins litlu og mögulegt er til að lögin standist stjórnarskrána, miðað við mjög þröngan skilning á umræddum dómi. Það þarf alveg greinilega að breyta 5. gr. En að mati stjórnvalda, ríkisstjórnarinnar, eiga hin raunverulegu verðmæti, aflaheimildirnar, áfram að vera bundnar við sérhagsmunahópana sem fengu upphaflegu heimildirnar og fá þær nú, þ.e. þeir eiga áfram að fá þær á silfurfati og geta selt þær eða leigt að vild til hinna sem hugsanlega fá veiðileyfi samkvæmt 1. gr. og eiga haffær skip.

Þetta óréttlæti verður ekki þolað miklu lengur og því er það að mínu mati eingöngu spurning hvor verður á undan, löggjafinn að koma með réttláta löggjöf og að stjórnmálaflokkarnir t.d. bjóði upp á skýra valkosti fyrir næstu kosningar — eða það komi aftur í hlut Hæstaréttar með nýjum dómi að úrskurða að úthlutun aflaheimilda til sérhagsmunaaðila, þ.e. að 6. og 7. gr. fiskveiðistjórnarlaganna standist ekki heldur umrædd stjórnarskrárákvæði.

Herra forseti. Hin raunverulegu átök um þetta kerfi munu vara áfram á meðan gjafakvótinn fer til sömu aðila og nú, vandinn verður áfram til staðar. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þeir sem fá veiðileyfi samkvæmt 5. gr. nú, þ.e. allar þessar umsóknir sem núna hlaðast upp í sjútvrn., þeir sem væntanlega ætla að kaupa sér haffær skip, koma inn í þetta kerfi. Samkvæmt hugmyndum ríkisstjórnarinnar virðast þeir annaðhvort eiga að kaupa eða leigja sér kvóta frá greifunum, sem fá þá gefins, eða að þeir eiga að fara og veiða þær fisktegundir sem ekki eru kvótabundnar.

Með því að breyta veiðiframkvæmdinni þannig að allir krókabátar þurfi að fara á þorskaflahámark er enn verið að þrengja að þeim hópi undir yfirskyni verndar og ég held að það sé alveg ljóst að sú ráðstöfun er mjög umdeild. Um þá leið sem hér er lögð til er engin sátt, hvorki meðal smábátamanna — eða bara innan Sjálfstfl. eins og þegar hefur komið fram — né almennt hér í þinginu og því er alveg ljóst að þessa breytingu þarf að ígrunda mun betur en hér er lagt til. Ég tel að það hafi í raun og veru ekki verið nauðsynlegt. Samkvæmt frv. á ekki að breyta þessu kerfi fyrr en næsta haust og fram að þeim tíma er nægur tími og alþingiskosningar. Og það hefði verið nær að láta þetta vera óbreytt fram yfir þær.

Herra forseti. Ég tel að allir séu sammála um að dómur Hæstaréttar er ekki dómur yfir kvótakerfinu sem slíku, heldur um framkvæmd þess og yfir tilteknum lagagreinum, þ.e. um úthlutun á veiðiheimildum, a.m.k. veiðileyfum — það er sem sagt ólögmætt — og hugsanlega aflaheimildum. Það er ekki alveg eins skýrt með það hvort þær standast ákvæði stjórnarskrár, en ég tel að andi dómsins sé sá að það sé bara tímaspursmál hvenær næsta sprengja fellur, hvort sem það verður með nýrri löggjöf eða nýjum dómi.

Herra forseti. Ég get alveg skilið að ríkisstjórnin bregðist svona við nú. Það er eiginlega ekki hægt að búast við því að ríkisstjórnin stokki upp kerfið á einni nóttu og því er hægt að virða þeim til vorkunnar að þetta fyrsta skref skuli vera eins lítið og hægt er. En ég tel að þær breytingar sem lagðar eru til á kerfi smábátamanna séu alls ekki jafnknýjandi enda gert ráð fyrir óbreyttu ástandi fram á næsta haust. Það þarf að leita mun víðtækari sáttar um þær breytingar og ég tel að í raun eigi þær breytingar að vera hluti af breytingu kerfisins í heild. Það kemur t.d. að mínu mati vel til greina að hafa veiðar smábáta frjálsar innan við t.d. 30 mílur eða eitthvað slíkt. Þetta þarf að skoðast í heild við endurskoðun á kerfinu því að þetta kerfi stenst ekki.

En hvernig á þá að fara í þessa endurskoðun til langs tíma? Margir hafa í þessari umræðu nefnt svokallaða auðlindanefnd sem komið var á laggirnar sl. vor samkvæmt tillögu Alþb. og sem stjórnarflokkarnir samþykktu. Tilgangur þessarar auðlindanefndar er að reyna að ná sátt um breytingar, einkum í tengslum við auðlindagjald í víðri merkingu. Ég tel að þarna sé verið að reyna að finna einhverja sátt sem núverandi ríkisstjórn getur sætt sig við og sem LÍÚ getur sætt sig við.

Við kvennalistakonur höfnuðum þátttöku í þessari nefnd í vor. Hvers vegna? Jú, fyrst og fremst vegna þess að að henni er ekki nægilega faglega staðið. Þarna á bara enn einu sinni að fá nokkra hagsmunaaðila til þess að krukka í kerfið og reyna að fá út einhverja lausn sem bjargar stjórnarflokkunum í gegnum næstu kosningar án þess að nokkuð gerist sem máli skiptir. Að stjórnmálaflokkarnir með alla hagsmunaaðila á bakinu nái sátt gerist ekki nema til komi einhver útvötnuð málamiðlun í ætt við úthafsveiðilögin. Þar átti líka að reyna að ná sátt en á síðustu stundu sprakk auðvitað sú nefnd sem samdi frv. til úthafsveiðilaga og ofan á varð sams konar sérhagsmunakerfi. Núverandi lög um fiskveiðistjórn voru færð út yfir öll heimsins höf.

Allt önnur leið var t.d. farin þegar norsku og kanadísku úthafsveiðilögin voru búin til. Þar var áhersla fyrst og fremst lögð á virkt eftirlit og frelsi til að afla sér veiðireynslu. Hér er það stöðugt sama áherslan aftur og aftur, sami útgerðaraðilinn eignast fyrst fiskveiðilögsöguna og síðan úthöfin. Nei, herra forseti, hér er um stærra mál að ræða en svo að hægt sé að búast við pólitískri málamiðlun við núverandi stjórnarflokka sem verja sérhagsmuni og gjafakvótann út í rauðan dauðann.

Í Morgunblaðinu í dag er kynnt nýleg skýrsla sem unnin var að beiðni Bandaríkjaþings og að mínu mati sýnir sú skýrsla hvernig það þing tekur faglegar á málum og viðhefur annars konar vinnubrögð en hér tíðkast. Í Bandaríkjunum eru mjög sterk lög um að auðlindir sjávar séu almenningseign, Common Property, hafalmenningar, og því hafa þau kvótakerfi sem þar hafa þróast verið mjög umdeild. Bandaríska þingið ákvað því að setja stopp á öll lög um kvótakerfi í ákveðinn tíma og láta fara fram yfirvegaða úttekt á áhrifum þeirra, réttmæti þeirra og að hvers konar framkvæmd á þeim samræmist stjórnarskrá og sé sem réttlátust fyrir alla aðila. Jafnvel í þjóðfélagi einkafrelsisins eru til sterk lög og hefð um sameiginlega eign á auðlindum, á almenningum.

En ef við lítum svo aftur til landa eins og Grænlands þá hef ég rætt þar við fólk sem segir að það væri óhugsandi á Grænlandi að kvótasetja allar fiskveiðar. Það er svo innbyggt í réttlætiskennd fólksins þar að það sé réttur fólksins sem býr við fiskimiðin að fá að róa til fiskjar. Hið sama á við á Nýja-Sjálandi þar sem komið var á kvótakerfi. En þar var

frumbyggjum reyndar dæmdur verulegur hluti af veiðiheimildum vegna sinna veiða til margra alda, margra ára a.m.k. eða áratuga. Það var reyndar mjög athyglisvert að þeim voru dæmdar þessar veiðiheimildir og um leið var það notað sem réttlæting fyrir því að setja ekki á veiðigjald. Það var ekki hægt að setja veiðigjald á aumingja frumbyggjana sem fengu veiðiheimildir.

Ég tel að á Íslandi sé þetta einmitt ein skýringin á því að kvótakerfi getur aldrei, þ.e. eignarréttarkerfi það sem sjútvrn. og sumir hagfræðingar við Háskóla Íslands mæla með, og mun aldrei verða viðtekið á Íslandi. Það mun aldrei nást sátt um það því að fólki, hvort sem er á Vestfjörðum, Austfjörðum eða í byggðum landsins, finnst það eðlilegur og sjálfsagður réttur að fá að sækja sjóinn, að fá að nota fiskimiðin úti fyrir byggðum landsins.

Því tel ég, herra forseti, að við verðum við endurskoðun á kerfinu að virða þennan grundvallarrétt fólks að fá að sækja sjóinn og því eigum við m.a. að taka þau vinnubrögð sem ég hér áður nefndi okkur til fyrirmyndar. (Forseti hringir.) Ég mun ljúka máli mínu í seinni ræðu minni.

[13:08]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talar mikið um gæslu sérhagsmuna. Nú vil ég gjarnan fá að heyra það beint frá hv. þm. hvort hún telur að það sé gæsla sérhagsmuna þegar með þessu frv. er verið að reyna að verja atvinnuréttindi 800 trillukarla. Dómur Hæstaréttar liggur alveg skýr fyrir um 5. gr. Hann kallar á tvenns konar viðbrögð. Annars vegar að breyta lögunum þannig að allir geti fengið veiðileyfi, og það er gert. Hins vegar þarf að taka afstöðu til þess hvort þau veiðileyfi eigi að ganga inn í félagslegt kerfi trillukarlanna þannig að allir nýir aðilar sem þangað koma geti farið inn og minnkað atvinnuréttindi þeirra sem fyrir eru. Það var mat ríkisstjórnarinnar að ekki væri sanngjarnt að bregðast þannig við og svipta þannig trillukarlana lífsviðurværi sínu. Við töldum rétt að verja atvinnuhagsmuni þeirra.

Nú vil ég gjarnan spyrja hv. 19. þm. Reykv., af því hún notar svo mikið þetta hugtak „að gæta sérhagsmuna": Telur hún í raun og veru að það sé óeðlileg sérhagsmunagæsla að reyna að slá skjaldborg um þessi atvinnuréttindi? Ég vil gjarnan að því sé svarað alveg klárt hvort þetta er óeðlilegt að mati hv. þm.

[13:10]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurt er hvort það sé óeðlileg hagsmunagæsla að breyta kerfi smábátamanna. Smábátasjómenn búa núna við mjög ófullnægjandi aðstæður. Margir þeirra hafa örfáa veiðidaga eða mjög lítinn kvóta og kerfið er algjörlega sprungið fyrir löngu. Með þessum ráðstöfunum á enn að þrengja að þeim til þess að koma í veg fyrir að þau nýju veiðileyfi sem hugsanlega verða gefin út þrengi ekki enn að þeim, það er rétt.

En ég segi: Þetta kerfi er löngu sprungið hvort sem er. Það er ófullnægjandi fyrir þessa veiðimenn. Við þurfum að stokka það allt upp. Hugsanlega verðum við að gefa veiðar frjálsari innan ákveðinna takmarka á grunnslóð. Þess vegna er óþarfi að ögra smábátamönnum núna með svona hótunum sem ekki eiga að ganga í gildi strax. Þau eiga ekki að taka gildi fyrr en eftir kosningar. Leyfum þeim og leyfum stjórnmálaflokkunum að móta almennilega stefnu sem er í sátt við smábátakarla sem aðra sjómenn.

[13:11]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. hv. 19. þm. Reykv. hefur algerlega misskilið spurningu mína. Þingmaðurinn kemur hér upp og flytur mikla ræðu um sérhagsmunagæslu ríkisstjórnarinnar. Hún er ekki í þessu frv. í öðru fólgin en að slá skjaldborg um þessi veiðiréttindi, af því að 5. gr. kallar bara á tvennt, þ.e. að opna fyrir veiðileyfi og að meta hvort það á að gilda í kerfi smábátaveiðimanna óbreytt þannig að veiði þeirra minnkar eða hvort við eigum þar að reyna að einstaklingsbinda veiðiréttinn til þess að verja hann. Hv. þm. viðurkenndi að með því að hafa þetta opið þá mundi réttur hvers og eins minnka og enginn gæti haft af því lífsviðurværi.

En er það að mati hv. þm. gæsla sérhagsmuna að reyna að verja lífsafkomu þeirra sem hafa haft af þessu atvinnu um langan tíma með því að einstaklingsbinda veiðiréttindin? Er það gæsla sérhagsmuna? Eða telur hv. þm. að það eigi að virða svo rétt allra til að komast þarna inn að enginn af þeim sem haft hefur þetta að aðalstarfi og lífsviðurværi geti haft það lengur? Þarna verða menn bara að gera upp á milli hagsmuna, hvort allir, og þar á meðal prófessorarnir 105, eigi rétt á að fara inn í þessar veiðar og taka lífsviðurværið af smábátamönnunum, eða hvort það á að verja þá. Er það að mati hv. þm. gæsla sérhagsmuna? Um það stendur þessi deila og ekkert annað.

Ég óska ekki eftir endurtekinni útúrsnúningaræðu heldur skýrum svörum um þessa einföldu spurningu.

[13:13]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi framsetning á málinu er dæmigerður útúrsnúningur. Sérhagsmunastefna felst í því að ætla sér bara að opna á veiðileyfin en ekki á úthlutun kvótanna. Ef öll þau skip sem fengju veiðileyfi (**Sjútvrh.**: Ég var að spyrja um smábátana.) fengju líka kvóta ... Það er nefnilega nákvæmlega þitt vandamál, hæstv. ráðherra, að með því að opna bara 5. gr. þá er þetta gert að vandamáli smábátanna. En ef opnað væri líka á 6. og 7. gr., þ.e. að þessi skip sem hugsanlega fá veiðileyfi, fái líka kvóta þá eru hinir alveg í friði. Og það er nákvæmlega vandinn. Þið eruð bara að sýna fram á að þessi takmarkaða lausn ykkar með að breyta bara 5. gr. er einungis ávísun á vandamál smábátanna. En ef þið opnuðuð á 6. og 7. gr., sem í raun er það sem Hæstiréttur er að segja, þá væri þetta ekkert vandamál.

Þess vegna skulum við bara taka þetta mál í kosningar og gera þetta almennilega þannig að allir sjómenn, hvort sem þeir eru á smábátum eða aðrir, séu sáttir.

(**Forseti** (ÓE): Forseti minnir á ákvæði þingskapa um ávörp úr ræðustól Alþingis.)

[13:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru bara tvær spurningar til hv. 19. þm. Reykv. Þingmaðurinn sagði að stjórnarflokkarnir — sagði nú reyndar stjórnmálaflokkarnir — væru óhæfir til að ná sátt í þessum vandamálum um fiskveiðistjórn. Ég geri ráð fyrir að hún hafi átt við stjórnarflokkana sérstaklega. Eða kannski bara alla stjórnmálaflokka? Þá veit ég nú ekki hverjir eiga að ná sátt. En ef það eru stjórnarflokkarnir sem eru óhæfir til að ná sátt í þessum efnum þá er það náttúrlega vont til afspurnar. Og ég velti fyrir mér hvort við getum fengið þessa nefnd, sem hefur verið að reyna að ná sátt milli samfylkingarinnar og Kvennalistans núna í þrjá, fjóra mánuði um framboðsmál,

hvort þingmaðurinn telur að sú nefnd geti hjálpað okkur að ná sátt.

Í annan stað nefndi þingmaðurinn hugsun Bandaríkjamanna varðandi sameign í auðlindum. Ein aðalauðlind í Bandaríkjunum er olíuauðlindin. Getur þingmaðurinn sagt mér hvort það sé einkaeign eða sameign?

[13:16]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ekki oft sem hæstv. forsrh. kemur hér í andsvör og því miður verð ég að segja að þetta er eiginlega ekki svaravert. En ég held að samfylkingin sé á nokkuð góðu róli með stefnumörkun sína í sjávarútvegsmálum og væntanlega birtist hún þegar nær líður að kosningabaráttunni, óháð því hvernig gengur í innri málum þar.

En varðandi olíuauðlindirnar þá tel ég að mjög líklegt sé að það hafi gerst, eins og hér var gert sl. ár, að einkaréttur á landi er styrktur og þar með verða auðlindir á landi einkaeign. Mér finnst mjög líklegt að það sé staðan í Bandaríkjunum án þess að ég hafi kynnt mér það sérstaklega. En það gegnir öðru máli um hafalmenninga almennt. Og það er bara þannig og yfirleitt um villt svæði.

[13:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nefnilega ekki þannig. Ástæðan er ekki sú sem hv. þm. nefndi, heldur er ástæðan sú að olíuauðlindin skiptir efnahagslegu máli fyrir Bandaríkin, ekki fiskveiðihagsmunirnir.

Fiskveiðihagsmunirnir skipta öllu máli fyrir Íslendinga og að nýting þeirra sé skynsamlega og réttilega gerð. Það er þess vegna sem svipað fyrirkomulag er um þessa tvo þætti.

Ég var eingöngu að vekja athygli þingmannsins með hinni spurningunni á því að ef hún segir að stjórnarflokkarnir, sem hafa 40 þingmenn á bak við sig, séu ekki færir um að móta stefnu í þessum efnum þá hlýtur hún að benda á þá aðila sem séu færir að ná sáttum, ekki bara við sjálfa sig heldur við allt þjóðfélagið. Og aðilar sem ekki geta náð sáttum við sjálfa sig svo mánuðum skiptir um smáatriði eru ekki líklegir til að ná sáttum við aðra aðila í þjóðfélaginu. Ég var að draga það fram, hv. þm., og þingmaðurinn undirstrikaði það sjálf afar vel.

[13:18]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög athyglisvert. Ég gat ekki skilið hæstv. forsrh. öðruvísi en að hann væri þar með að segja að líklega gæti Grænland ekki lifað af sinni auðlind nema að allt væri þar gert að einkaeign. (**Forsrh.:** Grænland lifir ekki af sinni auðlind, Grænland lifir af styrkjum frá Danmörku.) Já, er það? (**Sjútvrh.:** ... Grænlendingar ... í kvóta.) Að minnsta kosti finnst mér þetta alls ekki trúverðug hugmynd og alveg ljóst að það mun ekki ganga í Íslendinga að nokkrir einkaaðilar eigi þessa auðlind. Það þarf held ég nokkrar aldir til þess að þau viðhorf geti breyst, það er mat mitt.

Hitt atriðið sem hæstv. ráðherra kom inn á var það hverjir geti mótað stefnuna. Ef stjórnmálaflokkarnir geti ekki komið sér saman um þetta hverjir geti það þá. Ég held að það væri mjög hollt og ég hef reyndar hugleitt að leggja fram tillögu um að Rannsóknarráði Íslands verði falið að gera svipaða úttekt á fiskveiðistjórnarkerfinu hér og gerð var í Bandaríkjunum. Ég held það væri mjög hollt fyrir okkur að fá slíka úttekt, og jafnvel að banna stjórnmálaflokkunum að koma nálægt henni (Gripið fram í.) og banna einnig öllum hagsmunaaðilum — það er alveg nóg eins og þar var gert í þeim vinnubrögðum, að rætt var við hópa, hagsmunahópa, svokallaða „hearings". Ég held að það væri mjög fróðlegt, jafnvel samhliða auðlindanefndinni, að fá aðra nefnd, faglega nefnd á vegum t.d. Rannsóknarráðs Íslands til þess að fá sama verkefni og bera saman. (**Forsrh.:** Á lögreglan að stjórna því banni að stjórnmálaflokkarnir skoði málið?) Stjórnmálaflokkarnir geta bara verið í sinni auðlindanefnd og reynt að finna sína pólitísku málamiðlun þar, sem alltaf hyglar sömu aðilunum. (**Forsrh.:** Á að banna þeim afskipti?) Ég hlusta ekki á svona framm íköll. Ef hæstv. forsrh. vill frekar koma hér í ræðu þá skal ég svara honum á eftir.

[13:20]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðlindanefndin er einungis að skoða ákveðinn þátt málsins en ekki löggjöfina um stjórn fiskveiða. Ég hef hreyft þeirri hugmynd að nauðsynlegt væri að endurskoða gildandi löggjöf í heild sinni, m.a. vegna þess að augljóslega er óánægja með ákveðna þætti í okkar kerfi. Og þá eigum við auðvitað að bregðast við með því að leita að leiðum til að komast frá því. Ég heyri að þessi hugmynd hefur fengið ágætar undirtektir hér í umræðunni og ég vonast til að menn geti rætt þetta frekar.

En mig langar að spyrja hv. þm. frekar út í það sem fram kom hjá henni. Það fyrra var álit þingmannsins að dómur Hæstaréttar væri ekki dómur yfir kvótakerfinu sem slíku. Gott og vel. Ég skil það þannig að þingmaðurinn sé sammála því að það eigi að vera kvótakerfi til að stjórna veiðum.

Þá kemur hin fullyrðingin sem kom fram hjá hv. þm., sem er þessi: Veiðiheimildirnar samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar eiga að vera áfram bundnar við sérhagsmunahópana. Og þá spyr ég: Hvernig getum við haft kvótakerfi öðruvísi en að hafa kvóta? Hvernig getum við haft kvóta nema einhverjir hafi þá undir höndum til að nýta þá? Er það þá álit þingmannsins að þeir sem hafi kvóta séu sérhagsmunahópar, þ.e. útgerðarmenn, hvort sem það eru smábátasjómenn, togarasjómenn eða bátasjómenn? Er það álit þingmannsins að þetta séu allt sérhagsmunahópar? Hverjir eiga þá að hafa þessa kvóta undir höndum ef það eru ekki útgerðarmenn? Eru einhverjir aðrir sem þingmaðurinn er með í huga sem eiga að veiða fiskinn?

[13:22]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég sagði að dómurinn væri ekki dómur yfir kvótakerfinu sem slíku vegna þess að vel er hægt að hugsa sér kvótakerfi sem ekki stangast á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar eða regluna um atvinnufrelsi. Það er það sem er meginvandinn samkvæmt dómnum og þá er spurningin hvernig við getum úthlutað kvótum þannig að þær reglur séu ekki sniðgengnar. Ég vil benda á t.d. þær hugmyndir sem nefndar eru í þessari bandarísku nefnd. Ég held að þær gætu vel staðist þar sem um er að ræða einhvers konar úthlutun til takmarkaðs tíma gegn gjaldi sem fari þá annaðhvort til ríkis eða sveitarfélags eftir því hver er handhafi heimildanna. Það er mjög mismunandi í Bandaríkjunum hvernig það er og það gæti einnig verið svo hér, það gætu verið byggðakvótar og að hluta til væri úthlutað frá ráðuneyti. Til dæmis mætti úthluta þeim til skamms tíma, segjum kannski fimm ár í senn eins og gert er m.a. í Nýja-Sjálandi þar sem menn verða að kaupa vissan hluta þessara heimilda árlega í viðbót því þær úreldast. Menn gætu þá keypt þær í viðbót. Þetta væri

möguleiki vegna þess að miklu meira réttlæti er í því að allir geti komið inn og standi þá jafnir að vígi.

Að öðru leyti væri hægt að hafa mjög blandað kerfi sem gæti þá tryggt að þeir sem eiga bara litla báta og eru með allt annars konar aðstæður eða hafa ekki efni á að kaupa sér heimildir eða eitthvað í þeim dúr gætu notað aðra útfærslu. Ég held því að einhvers konar blandað kerfi geti vel samræmst stjórnarskránni, þessum gildandi góðu reglum, og hægt sé að finna aðferðir við að hafa kvótakerfi sem samræmist þessum reglum.

[13:24]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú fyrst fer málið að verða flókið. Ef við gerum þá einu breytingu að með úthlutun til sömu aðila áfram en bara gegn gjaldi, bætum því við, eru þá þeir sem fá aflaheimildirnar ekki lengur sérhagsmunahópar? Hv. þm. sagði skýrt og greinilega að ríkisstjórnin ætladi sér að hafa hlutina þannig að veiðiheimildirnar eigi að vera bundnar við sérhagsmunahópana. Þingmaðurinn segir: Við skulum hafa þetta óbreytt og bæta því við að rukka þá dálítið meira en rukkað er í dag. Hætta þeir þá að vera sérhagsmunahópar?

Það er ekki heil brú í þessari röksemdafærslu. Þetta er algjörlega út í hött, herra forseti. Og þeir sem á síðasta kjörtímabili börðust fyrir því að koma á þróunarsjóðsgjaldinu, sem leiðir það af sér að hver útgerðarmaður er rukkaður fyrir þá veiðiheimild sem hann fær því það er ekkert ókeypis í dag, það er bara þannig, standa nú uppi með þá spurningu hvernig þeir eigi að rökstyðja þessar pólitísku áherslur sínar í ljósi dómsins þar sem úreldingin hefur verið gjörsamlega felld úr gildi.

[13:25]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg óumdeilt held ég að sérhagsmunahóparnir eru þeir sem voru svo heppnir að fá úthlutað ókeypis kvóta í byrjun. Það voru stærstu mistökin sem við höfum gert í þessu kerfi og langumdeildasta aðgerðin. Hvernig var það skilgreint hverjir fengu kvótann í byrjun? Það var lögfest til eins, tveggja ára í senn og síðan er þetta orðið varanlegt ástand að því er virðist. Reyndar með þeim skýru fyrirmælum að löggjafinn geti breytt þessu hvenær sem er. (**KHG:** Hvernig átti ...?)

Sérhagsmunahóparnir núna eru ekki endilega allir þeir sem hafa kvóta því margir hafa þurft að kaupa hann mjög dýrum dómum af hinum sem fengu hann gefins. Óréttlætið felst í því að það sitja ekki allir við sama borð. Að mínu mati eiga allir að sitja þarna við sama borð og fá þá kvótann á sambærilegu gjaldi eða hvaða form sem yrði haft á því, hvort það yrði úthlutað fyrir ákveðið gjald og síðan leyft að selja áfram eða hvað. Þetta er bara útfærsluatriði sem ég er alveg sannfærð um að hægt er að ná þannig að það stangist ekki á við stjórnarskrá. Það er bara enginn vilji fyrir því af því að þessir sérhagsmunahópar, þeir sem fá þetta frítt, halda í það kerfi fram í rauðan dauðann, og hæstv. sjútvrh. og LÍÚ verja það.

[Fundarhlé. — 13:28]

[14:20]

Útbýting þingskjala:

Breytingar á ýmsum skattalögum, 150. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 539.

Fækkun umferðarslysa á árinu 1997, 310. mál, svar dómsmrh., þskj. 499.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999, 296. mál, nál. utanrmn., þskj. 540.

[14:33]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Þingmálin tvö sem við ræðum nú eru rökrétt viðbrögð í framhaldi af dómi Hæstaréttar þar sem sagði að tiltekið lagaákvæði í tilgreindum lagabálki stæðist ekki stjórnarskrá. Sá skilningur liggur fyrir að stjórnvöld verði að bregðast við með því að leggja fram frumvarp til laga til að breyta því ákvæði sem Hæstiréttur fjallar um. Í þessu tilviki er það 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, ákvæði sem lengi hefur verið í lögum um stjórn fiskveiða, miklu lengur en núgildandi lög þar um og er nánast óbreytt frá því það fyrst kom fram fyrir einum og hálfum áratug eða svo.

Það er ástæða til þess, herra forseti, að velta því fyrir sér að Hæstiréttur hefur á undanförnum árum og missirum fjallað um þau réttindi sem í þessum lögum ræðir. Hann hefur dæmt í u.þ.b. tug dómsmála og verður ekki með réttu sagt að dómar hafi allir fallið á þessa lund. Þegar við leggjum mat á þennan dóm verður að viðurkenna að sú hugsun kemur upp að Hæstiréttur sé með þessum dómi að leggja nýjan skilning í jafnréttishugtakið. Hann segir réttilega í dómnum að þó að ákvæðið sé nýtt í stjórnarskrá þá sé það hefðbundið í stjórnsýslu og hafi í raun verið viðmið í löggjöf og stjórnsýsluákvörðunum um langt tímaskeið.

Ég hygg líka, herra forseti, að rétt sé að benda á — a.m.k. er það minn skilningur — að í dómnum, í því sem hæstaréttardómararnir sjálfir segja kemur skýrt fram um kröfu stefnanda að hann leggi ekki fyrir dóminn öll þau atriði sem hann lagði fyrir ráðuneytið í umsókn um veiðileyfi og veiðiheimildir. Fyrir dóminn leggur hann eingöngu þá röksemd ráðuneytis að hafna umsókn um veiðileyfi á grundvelli tiltekinnar greinar laga um stjórn fiskveiða, 5. gr. þar sem fjallað er um útgáfu veiðileyfa.

Í dómnum segir, herra forseti, með yðar leyfi:

„Áfrýjandi ber ekki á það brigður, að sjávarútvegsráðuneytið hafi farið að lögum, er það synjaði honum hins umbeðna leyfis ... Hann telur á hinn bóginn, að ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990 brjóti í bága við 65. gr. og 75. gr. stjórnarskrár ...“

Mitt mat, herra forseti, er að með þessu sé skýrt fram tekið í dómnum sjálfum að hann fáist ekki við stærra viðfangsefni en þetta. T.d. er hvergi vikið að því að viðfangsefni dómsins geti varðað 72. gr. stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um friðhelgi eignarréttar. Skilningur á því hugtaki er ekki nýr af nálinni. Ef við lítum yfir umfjöllun fræðimanna í lögum um þann rétt, þá er ljóst að það liggur frekar fyrir og er betur skilgreint en jafnræðishugtakið sem dómurinn tekur afstöðu til í þessu máli.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að í þessu atriði og öðrum í dómnum komi skýrt fram að dómurinn ætlist ekki til að niðurstaðan verði túlkuð víðar en svo að fjallað sé um veiðileyfið eitt og sér. Þó verður, herra forseti, einnig að viðurkenna að niðurstaðan er slík að ég hlýt að velta því fyrir mér hvort ástæða sé til að gefa út sérstök veiðileyfi til fiskiskipa. Með þessari niðurstöðu liggur fyrir að öll fiskiskip ættu að fá veiðileyfi sem fullnægja öryggisákvæðum og hafa þess vegna fengið haffærniskírteini.

Niðurstaðan er sú, herra forseti, að í framhaldi af þessu verður ekki fjallað sérstaklega um hvaða skilmálum fiskiskip, sem fullnægir þeim ákvæðum sem varða haffærniskírteini, þurfi að fullnægja til að hljóta veiðileyfi. Þar með er einnig

ljóst að skipum sem hafa leyfi til að stunda fiskveiðar við Ísland mun fjölga verulega. Dóminn er ekki hægt að skilja öðruvísi en að hann sé ekki með neinu móti að úrskurða um þau ákvæði laganna um stjórn fiskveiða sem varða framkvæmd úthlutunar veiðiréttindanna sjálfra, aflaheimilda eða veiðiheimilda.

Það er þess vegna sannfæring mín, herra forseti, að réttmætt sé að túlka dóminn þröngt. Ég hlýt raunar að viðurkenna, eftir þá reynslu sem ég hef af því að umgangast lög, bæði í skamman tíma hér á þingi og þegn sem þarf að búa undir lögum þjóðfélagsins, að lög og dóma beri ætíð að túlka þröngt og ganga sem skemmst í að heimfæra þau upp á önnur atriði en fram koma í ákvæðum eða dómum.

Áhrifin eru augljós, herra forseti. Skipum með veiðileyfi mun fjölga og eftirspurn eftir aflaheimildum mun aukast í framhaldi af því með augljósum áhrifum á verð aflaheimilda. Það atriði hefur vakið mestar deilur í þjóðfélaginu um stjórnkerfi fiskveiða yfirleitt. Því virðast fjölmargir meðal almennings, í hinni opinberu umræðu í fjölmiðlum og þeirri umræðu sem haldið er uppi af stjórnmálamönnum, telja að verðmæti aflaheimilda hafi skapast við það að sett voru lög um stjórn veiðiheimilda, byggð á aflamarkskerfinu svonefnda.

Ég hlýt að segja þá skoðun mína, herra forseti, og tel mig hafa góðar ástæður fyrir henni og hef rökstutt hana hér og víðar, að verðmæti veiðiheimildanna hafi verið til áður en þetta stjórnkerfi var tekið upp. Það varð til snemma á fyrri áratug, raunar á áttunda áratugnum þegar við reyndum fyrst að hafa stjórn á fiskveiðum, að hemja sókn okkar í fiskstofnana. Fyrsta úrræðið var einmitt að takmarka fjölgun veiðileyfa. Þá þegar sást í efnahagskerfinu að skip með veiðileyfi höfðu miklu hærra endursöluverðmæti en skip án veiðileyfis. Þessi staðreynd verður ekki hrakin. Auðvitað var verðmunurinn veiðileyfið sjálft, réttindin til þess að ganga í fiskstofnana.

Áhrifin af þessum dómi, herra forseti, eru fleiri og það hefur einmitt mikið verið rætt hér í dag eins og undanfarnar vikur og daga. Í því stjórnkerfi sem við lýði er eru þrjú fyrirbæri sem ekki eru að öllu leyti sambærileg:

Skip sem stunda veiðar í hreinu aflamarkskerfi og leggja út frá upphafi fiskveiðiárs frá takmörkuðum veiðiheimildum og stjórnendur þeirra skipa og fyrirtækja hegða útgerðarmynstrinu í samræmi við það. Í öðru lagi hegða smábátar eins og við köllum þá, krókaveiðibátar á þorskaflahámarki, sér sumpart samkvæmt hámarki um þorskafla en án takmarka um veiði á öðrum tegundum. Í þriðja lagi er að nefna það sem hér er efst á baugi, kerfi sóknardaga þar sem menn róa eingöngu eftir dagafjölda og án viðmiðana við aflamagn nema með áhrifum eftir á, eftirááhrifum á sóknardaga ári síðar. Þetta kerfi, herra forseti, mun verða fyrir mestum áhrifum af dómi Hæstaréttar með því að veiðileyfum fjölgar en bátar sem stunda veiðar eftir sóknardagakerfinu eru eingöngu háðir því að hafa veiðileyfi. Ljóst er að ef við teljum mikilvægt að gæta atvinnumöguleika og afkomu þeirra sem þær veiðar stunda þá verðum við að bregðast við þessum dómi einhvern veginn.

Ég hlýt að viðurkenna, herra forseti, að mér finnst það gert með frv. því sem við ræðum, um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Ég velti fyrir mér, vegna þess hvernig menn hafa rætt það mál, að ef svo færi að með ákvæðum þessum þrengist kjör þeirra sem þær veiðar stunda samkvæmt þessum ákvæðum þá verði að færa til þeirra veiðiréttindi, sumir segja með því að taka úr sjónum. Ég verð nú að segja að ég get ekki skilið að eina leiðin til að skapa þeim meiri veiðirétt sé að skapa þeim meiri aflaheimildir. Ég held raunar að það verði eingöngu gert með því að ganga á aflaheimildir annarra sem gera út á grundvelli laganna um stjórn fiskveiða.

Þá kem ég að því, herra forseti, að í gögnum frá ári til árs má rekja að eftir hinum stjórnkerfunum tveimur, og þó sérstaklega eftir hinu almenna aflamarkskerfi, eru rekin sambærilega stór skip með sambærilega fjárfestingu en með miklu minni heimildir en þeir sem starfað hafa í sóknardagakerfinu. Þeir hafa rýmri takmarkanir til að afla sér tekna og tryggja afkomu sína. Það liggur líka fyrir, ef við lítum til baka þann tíma sem þetta stjórnkerfi hefur verið við lýði með nokkrum breytingum, að þau skip sem hafa kannski minnsta möguleika til að leita annarra úrræða innan þessa stjórnkerfis eða leita á fjarlægari mið, hafa orðið að bera skerðingu a.m.k. fjórum sinnum vegna annarra útgerða. Vegna þess að ég segi þetta svona vil ég minna á sérstakar kvótabreytingar og tilfærslur vegna loðnubrests, sérstakan kvóta til raðsmíðaskipa, skipstjórakvóta og síðast en ekki síst sérstaka hækkun á sameiginlegu aflamarki krókabátanna sem nánast var fjórfaldað fyrir fáum árum.

Auðvitað hefur allt þetta orðið til að rýra aflahlutdeild og þar með raunverulegar aflaheimildir skipanna sem eftir voru í aflamarkskerfinu. Þar starfa fjölmargir útgerðarmenn *lítilla dagróðrabáta, eins og ég sagði áður, með engu minni* fjárfestingu og áhættu og byggja á þeim alla sína afkomumöguleika. Þeir eiga fjölskyldur, afkomendur, fasteignir og báta og eiga að litlu öðru að hverfa.

Flestir þessara manna hafa fyrir löngu sætt sig við, eins og aðrir útgerðarmenn sem þeir starfa í samfélagi við, að ganga undir sömu skerðingar og aðrir. Það gerðu ekki þeir sem við höfum helst rætt um í dag. En hvers vegna ræðum við það helst, herra forseti? Hvers vegna vekur það mesta athygli okkar hvort eða hvernig skerðing hluta flotans verður?

Jú, eins og oftar, herra forseti, er það vegna þess að þeir hafa hæst. Þeir láta mest um sín kjör. Því miður geta þeir bent á að nokkur byggðarlög treysta öðru fremur á starfsemi þeirra en annarra. Hins vegar er þess ekki getið um leið, herra forseti, að önnur byggðarlög treysta líka jafnmikið á afkomu og starfsemi hinna sem verða fyrir skerðingum ef við ætlum að auka heimildir smábáta sem gera út á sóknardögum.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það væri farsælla og mundi skapa frið til lengri tíma um stjórn fiskveiða á Íslandi ef við kæmumst að niðurstöðu sem skapa mundi öllum útgerðarmönnum og sjómönnum sem starfa á Íslandsmiðum sambærilegan rétt, sambærilegar skyldur og ábyrgð. Svo er ekki í dag. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að leita slíkra niðurstaðna.

Ef hugsanlegt er að hér komi fram tillögur til breytinga *við þetta frv. sem treyst gætu afkomumöguleika sóknardaga*manna þá hljótum við að sjá til þess að þær nái einnig til hinna sem hafa unað við og starfað samkvæmt ákvæðum um aflamarkskerfið. Ef við gerum það ekki þá erum við enn og aftur að mismuna mönnum sem starfa hlið við hlið. Þá ætlum við enn að segja við manninn sem búið hefur við það í 15–20 ár að aflaheimildir hans hafa verið skertar í samræmi við niðurstöðu okkar bestu vísindamanna og okkar ábyrgustu ráðamanna um veiðiþol stofnanna á Íslandsmiðum að enn eigi að skerða hlut hans til að bæta hlut annarra sem aldrei þoldu skerðingarnar áður.

Þetta er mat mitt, herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að búa þeim sem starfa hlið við hlið í sömu atvinnugrein, við sambærilega áhættu og ætla sér að stunda þá starfsemi áfram og lifa af henni, sömu möguleika, sama rétt og sömu skyldur. Ég segi enn og aftur: Ef við lendum í því enn og ætlum að láta það gilda til frambúðar að taka atvinnuréttindi af einum hópi manna vegna þess að hann er hógværari en annar, þá erum við ekki að dæma út frá réttlætissjónarmiðum eða á faglegum forsendum. Þá erum við að láta undan þeim sem hafa hærra. Það eru ekki frambærilegar ástæður fyrir ákvörðunum sem við teljum öll að varði þjóðarhag.

Mörg okkar vita, hafa upplifað og hafa allar staðreyndir til að benda á að starfsemi þessara manna er í raun undirstaða, ekki fárra og fámennra byggðarlaga, heldur efnahagskerfs okkar sem í dag er sem betur fer sterkara, þróttmeira og fjölbreyttara en nokkru sinni fyrr. Við vitum líka, þegar við lítum til hugmynda um að skattleggja þessa menn sérstaklega, að slíkur skattur, alveg sama í hvaða formi hann verður lagður á, hvort sem hann verður útboðsfyrirkomulag eða sérstakt auðlindagjald, mun bitna harðast á litlu fyrirtækjunum sem fámennari og smærri og dreifðu byggðarlögin treysta mest á. Þeir sem þeim stjórna hafa fæstar útgönguleiðir til þess að ná í fjármagn annars staðar frá. Fjárfestar og þeir sem stjórna fjármagninu hafa ástæðu til þess að varast að leggja mikið fé í lítil fyrirtæki í litlum, fámennum byggðarlögum. Við þekkjum allar þessar ástæður. Einmitt þessi fyrirtæki hafa reynst hafa meiri sveigjanleika og meiri þolinmæði en hin stóru til að lifa með möguleikunum í dreifðum og fámennum byggðarlögum. Ef við meinum eitthvað með því að tala um að treysta byggðir landsins þá tökum við tillit til þessara fyrirtækja og þeirra sem við þau starfa.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að afkoma og möguleikar stóru fyrirtækjanna muni ekki ráðast af því sem við ræðum hér í dag í tengslum við frv. Afkoma stórfyrirtækjanna mun lítið breytast. Þetta frv. tekur einfaldlega ekki á þeim möguleikum sem þau fyrirtæki hafa helst fært sér í nyt. Þau hafa samt sem áður verið meðal þeirra sem fremst hafa farið í að auka verðmætasköpun í sjávarútvegi. Það hefur fært okkur meira úr sjávarútvegi yfir í aðrar greinar og þar með í þjóðarbúið. Ég hef áður sagt og segi enn að það er hið raunverulega afgjald og raunverulegur arður þjóðarinnar af þessum auðlindum. Það verður ekki bætt með skattlagningu.

Skattlagning, sama í hvaða formi hún yrði, yrði eingöngu til að þessi fyrirtæki mundu síður geta lagt í slík nýsköpunar- og framþróunarverkefni. Þess vegna tel ég, herra forseti, það ekki úrræði til farsældar að taka á forsendum þessa dóms upp sérstaka skattlagningu eða útboð veiðiheimilda. Okkur væri það ekki til farsældar og mundi þegar frá líður draga úr lífskjörum á Íslandi. Við eigum að bæta starfsmöguleika útgerðar, hvort sem hún er smá eða stór. Við þurfum að gæta þess að möguleikar hinna smáu séu sambærilegir.

[14:53]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér um tvö frv. frá hæstv. ríkisstjórn, annað til breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða og hitt til breytinga á lögunum um veiðar í íslenskri landhelgi.

Aðdragandi þess að frv. eru lögð fram er annar en við eigum að venjast hér. Það er ekki svo að ríkisstjórnin hafi fundið sig knúna til að leggja fram breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða eða annað sem lýtur að fiskveiðum. Frv. er sett fram til þess að svara hæstaréttardómi. Það er viðbrögð framkvæmdarvaldsins gagnvart dómi Hæstaréttar í svokölluðu kvótamáli.

Þær deilur sem fram hafa farið um raunverulegt eðli þess dóms hafa komið nokkuð skýrt fram hér í dag. Dómurinn er skýr í augum flestra annarra en þeirra sem leitast hafa við að sniðganga hann með einhverjum hætti. Herra forseti, það er hlægilegt að bera á borð að fimm reyndir hæstaréttardómarar hafi allir í senn og saman misskilið lögin um stjórn fiskveiða og þau lykilhugtök sem þar eru á ferðinni, hugtökin veiðileyfi og veiðiheimildir. Ég held að það sé einna sérkennilegast við málflutninginn í umræðunni um þennan dóm.

Nei, herra forseti, í dóminum er talað um veiðiheimildir þannig að allir skilja sem vilja skilja. 7. gr. var hins vegar ekki úrlausnarefni réttarins og því er ekki tekið beint á henni. Í dóminum eru hins vegar ummæli um þau ákvæði sem lúta að úthlutun veiðiheimilda, ummæli sem hefðu verið óþörf ef eingöngu hefði átt að hrófla við 5. gr. Felstir viðurkenna að orðalagið gefi vísbendingu um hvers sé að vænta ef frekar verði látið á það reyna hvort lögin, svo breytt, standist jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar. Jafnframt segja menn að líklega hafi Hæstiréttur gengið eins langt og unnt var í að senda skilaboð til Alþingis.

Í umfjöllun um þennan dóm hefur verið bent á að hann væri í raun sömu ættar og dómar frá t.d. þýska stjórnlagadómstólnum og mannréttindadómstóli Evrópu, þar sem því er lýst yfir að tiltekið fyrirkomulag löggjafar standist ekki stjórnarskrá eða aðrar grunnreglur. Ragnar Aðalsteinsson bregst við dómi Hæstaréttar laugardaginn 5. des. í Morgunblaðinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður sagði að með dómi Hæstaréttar hefði verið stigið merkt skref í stjórnskipunarsögu Íslands og stórt skref í átt til þess sem kallað hefði verið stjórnarskrárríkið, sem mikið hefði verið til umræðu á undanförnum árum um heim allan meðal lögfræðinga, stjórnmálafræðinga, heimspekinga og fleiri.

„Ég tel að dómurinn hafi aukið gildi stjórnarskrárinnar fyrir allan almenning í landinu. Þrískipting valdsins verður gleggri með þessum hætti og aukið jafnvægi milli valdaþátt-anna og ég tel að þarna birtist áhrif þróunar sem hefur verið í alþjóðlegri og evrópskri umræðu á undanförnum árum og áratugum um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið. Ég tel að Hæstiréttur sé á réttri leið," sagði Ragnar."

Ragnar heldur áfram og segir að þessi þróun komi ekki á óvart og það hefði verið tímaspursmál hvenær svona dómur gengi í Hæstarétti. Og hann heldur áfram:

„Þetta gerir auðvitað auknar kröfur til stjórnmálamanna, einkum þeirra sem sitja á Alþingi, um að virða þær takmarkanir sem löggjafarvaldinu eru settar með stjórnarskránni, eins og hún er túlkuð með framsæknum hætti."

Löggjafanum, herra forseti, er samkvæmt þessari hugsun gefinn frestur til að bregðast við. Hann hefur frelsi um hvaða leið skuli fara en markmiðin um jafnræði og atvinnufrelsi verða að nást auk ákvæðanna um hagkvæmni og sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum.

Mín skoðun og okkar jafnaðarmanna hefur verið sú, eins og margoft hefur komið fram síðan þessi dómur féll, að endurskoða eigi alla löggjöfina um stjórn fiskveiða í ljósi dóms Hæstaréttar. Ríkisstjórnin ákvað hins vegar að túlka dóminn þröngt og líta fram hjá þeim skilaboðum sem í orðalagi dómsins felast. Frv. sem við fjöllum nú um fela í meginatriðum í sér þá breytingu að rýmka skilyrði fyrir því að menn geti fengið veiðileyfi.

Hv. þm. Árni Ragnar Árnason talaði hér áðan og gat sér þess til að nú mundi skipum með veiðleyfi fjölga við þessa breytingu. Það hlýtur að vera mikið álitaefni hvort svo verður. Það er vissulega mikil áhætta ef menn þurfa að taka lán til þess að fjárfesta þannig. Auðvitað er spurning hver muni lána fyrir skipakaupum þar sem óöryggi rekstursins er svo mikið sem raun ber vitni, miðað við það frv. sem hér liggur frammi. Hins vegar þekkjum við það úr íslenskum sjávarútvegi að menn grípa gjarnan gæsina þá hún gefst og hafa reynslu fyrir því að slíkt geti komið sér vel. Menn búa sér einfaldlega til réttindi með því að vera djarfir til ákvarðana og fjárfestinga á ákveðnum tímum. Auðvitað getur það gerst að skipum fjölgi mikið. Ég er ekki viss um að svo verði en finnst verðugt að íhuga hvort svo muni verða.

Það er alveg ljóst að þeir sem munu kaupa sér skip munu þurfa að kaupa eða leigja veiðiheimildir af þeim sem þegar eru á fleti fyrir til þess að komast í auðlindina til þess að geta veitt. Þeir þurfa sem sagt að greiða þeim veiðileyfagjald, „sem leiða rétt sinn til veiðiheimilda til eignarhalds á skipum á tilteknum tíma", eins og það er orðað í dómi Hæstaréttar. Og ójafnræðið verður áfram fyrir hendi, herra forseti, því ekki verður séð að með þessum frumvörpum sé því mætt sem segir í dómi Hæstaréttar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og áður getur taldi löggjafinn brýnt að grípa til sérstakra úrræða á árinu 1983 vegna þverrandi fiskstofna við Ísland. Var skipting hámarksafla þá felld í þann farveg, sem hún hefur síðan verið í, að úthlutun veiðiheimilda yrði bundin við skip. Er óhjákvæmilegt að líta svo á að þessi tilhögun feli í sér mismunun milli þeirra, sem leiða rétt sinn til veiðiheimilda til eignarhalds á skipum á tilteknum tíma, og hinna, sem hafa ekki átt og eiga þess ekki kost að komast í slíka aðstöðu. Þótt tímabundnar aðgerðir af þessu tagi til varnar hruni fiskstofna kunni að hafa verið réttlætanlegar, en um það er ekki dæmt í málinu, verður ekki séð að rökbundin nauðsyn hnígi til þess að lögbinda um ókomna tíð þá mismunun sem leiðir af reglu 5. gr. laga nr. 38/1990, um úthlutun veiðiheimilda. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að aðrar leiðir séu ekki færar til að ná því lögmæta markmiði að vernda fiskstofna við Ísland. Með þessu lagaákvæði er lögð fyrirfarandi tálmun við því að drjúgur hluti landsmanna geti að öðrum skilyrðum uppfylltum, notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru, og þeir tiltölulega fáu einstaklingar eða lögaðilar, sem höfðu yfir að ráða skipum við veiðar í upphafi umræddra takmarkana á fiskveiðum."

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að við stöldrum við það orðalag sem hér er í dómi Hæstaréttar „notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru". Ég held að þetta hljóti að verða eitt af því sem hv. sjútvn. skoðar þegar hún fer að fjalla um þessi frumvörp, einfaldlega vegna þess að þó að hún fjalli fyrst og fremst um það frv. sem fyrir liggur þá heyrðist mér á formanni nefndarinnar áðan að hann teldi fulla þörf á því að farið yrði yfir alla löggjöfina og viðraði hann ýmis sjónarmið sín eða e.t.v. ríkisstjórnarinnar í því sambandi og var þar margt athyglisvert sem við hljótum að þurfa að skoða.

Það er ekki bara svo, herra forseti, að mér og ýmsum lagsbræðrum mínum og félögum þyki að hægt sé að túlka dóm Hæstaréttar með tilteknum hætti, það eru ekki bara jafnaðarmenn sem hafa séð annað út úr þessum dómi en hv. hæstv. ríkisstjórn vegna þess að Davíð Þór Björgvinsson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, sem mikið hefur verið vitnað í úr þessum stóli á undanförnum dögum, reyndar í tengslum við annað mál þá og af nokkurri velþóknun af hálfu ríkisstjórnarinnar af því að mat hans féll þá að skoðun hennar en Davíð Þór Björgvinsson segir í viðtali við dagblaðið Dag 5. des. sl., með leyfi forseta:

„Davíð segir ekki liggja alveg í augum uppi hvaða ályktanir eigi að draga af dómnum en þó sé ljóst að hann kalli á „að löggjafinn endurskoði lögin að verulegu leyti, ekki aðeins reglur um úthlutun veiðileyfanna sem slíkra, heldur einnig forsendur fyrir úthlutun veiðiheimildanna, þ.e. kvótans. Reglur um veitingu veiðileyfa eru taldar fara gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og atvinnufrelsisákvæði hennar. Að svo miklu leyti sem forsendur fyrir úthlutun kvótans eru þær sömu eða sambærilegar og veiðileyfa verður að skoða þær forsendur einnig. Löggjafinn verður því að endurskoða að verulegu leyti grundvöll þessa kerfis og tryggja það að jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og atvinnufrelsisákvæðinu sé betur fullnægt bæði að því er varðar úthlutun veiðileyfa og veiðiheimilda.""

Hér segir áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er rétt að í málinu var eingöngu deilt um veitingu veiðileyfisins sem slíks. Það virðist þó vera rökrétt ályktun af forsendum dómsins að gera ráð fyrir því að þau sjónarmið sem Hæstiréttur leggur til grundvallar eigi ekki bara við um útgáfu á veiðileyfi heldur eigi sambærileg sjónarmið við um úthlutun á aflaheimildunum sjálfum. Þau gætu komið til sjálfstæðrar skoðunar ef sá sem hefur fengið veiðileyfi óskar í framhaldi af því eftir heimildum til að veiða tegundir sem bundnar eru við kvóta. Úthlutun aflaheimilda er reist á því að skip hafi áður fengið veiðileyfi og ef það er ekki hægt að mismuna mönnum við útgáfu veiðileyfisins á þeim forsendum sem gert var er nærtæk sú ályktun að sambærileg sjónarmið eigi við um úthlutun veiðiheimilda."

Ég er sammála þessu mati eins og fram hefur komið, herra forseti, og svo er um marga fleiri. Mér finnst furðulegt þegar hæstv. sjútvrh. kemur hér — og það er reyndar ekki bara úr þessum stóli sem hann eða aðrir fulltrúar ráðandi afla senda þá skoðun sína út — mér finnst það furðulegt að menn skuli draga þá ályktun að þeir sem hugsa á þennan veg séu að sækjast eftir, beinlínis að leggja til alvarlega kreppu eða alvarlega byggðaröskun. Að þeir menn sem leyfa sér að túlka dóm Hæstaréttar með þessum hætti, lesa hann með þeim hætti sem ég hef hér vitnað til, séu beinlínis andsnúnir þeim grundvallarhagsmunum sem ég hélt að við bærum flest fyrir brjósti. Mér finnst satt að segja ómerkilegur útúrsnúningur og ekki sæmandi fyrir hæstv. ráðherra í umræðu, sem ætti miklu frekar að endurspegla alvöru þess máls sem við fjöllum um.

En ég er á þeirri skoðun, herra forseti, að Alþingi eigi að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða í ljósi stjórnarskrárinnar og gera það heildstætt en ekki að hrekjast undan dómum með löggjöfina því að það er nokkuð ljóst að enginn friður verður um þá breytingu sem hér er lagt til að verði gerð og þar með verður starfsumhverfi sjávarútvegsins afar ótryggt og ótryggara en jafnan áður, a.m.k. á næstu missirum sem er bagalegt fyrir þær þúsundir manna sem starfa í greininni og eiga allt sitt undir ákvörðunum dómstóla og síðan Alþingis í þessum efnum. Það er bagalegt fyrir þjóðfélagið allt því að sjávarútvegurinn er helsta undirstaða efnahagslífsins í landinu og þess vegna mikilvægt að menn bregðist við af fullri ábyrgð. Mér finnast þau viðbrögð sem ég lýsti áð-

an, viðbrögð framkvæmdarvaldsins ekki einkennast af slíkri ábyrgð, þar sem öllum má vera ljóst að það mun ganga á með dómsmálum á næstu mánuðum og missirum og að starfsumhverfið verður ótryggt þannig að menn munu hika við að taka ákvarðanir og framvinda mála og þróun munu líða fyrir það. Versta tillagan, herra forseti, er þó sú að tala um breytingar á sjálfri stjórnarskránni. Ég er þó viss um það, herra forseti, að markviss viðbrögð Alþingis, sem tæki forustu gagnvart því eðlilega hlutverki sínu að fara yfir löggjöfina í ljósi dóms Hæstaréttar og breyta henni í samræmi við þann dóm, mundu mjög stytta þann óvissutíma sem menn eru hér að tala um.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara í einstakar greinar frv., ég mun hafa tækifæri til að gera það í hv. nefnd. En hv. þm. Árni Ragnar Árnason spurði áðan: Af hverju er talað í salnum í dag mest um suma? Það er af því þeir hafa hæst. Þetta er ekki rétt, herra forseti. Ef menn eru að fjalla um þessi frumvörp hljóta menn að tala um þá sem frumvörpin taka beint til og það er einmitt sá hópur hefur haft lifibrauð sitt af smábátaveiðum. Ég ætla að segja það, herra forseti, þó ég ætli ekki að fjalla um einstakar greinar frv., að því verður ekki trúað að meiri hlutinn á Alþingi muni keyra smábátagreinarnar í gegn án breytinga. Eða hvað réttlætir þá mismunun gagnvart smábátasjómönnum sem er að finna í þeim tillögum sem liggja fyrir frá ríkisstjórninni? Hvað réttlætir það að mati hæstv. ráðherra að dagabátarnir skuli allir settir undir einn hatt, fái allir jafna úthlutun án tillits til reynslu og án tillits til þess hvort um er að ræða alvörumenn í greininni, þ.e. atvinnumenn eða þá sem vilja eiga trillu og komast á færi á vorin sér til andlegrar eða líkamlegrar upplyftingar?

Ef það er talið réttlætanlegt, herra forseti, að þorskaflahámarksbátarnir fái hlutdeild í ýsu, ufsa og steinbíti í hlutfalli við veiðar undangenginna ára af hverju er þá dagabátunum úthlutað jafnt án tillits til aðstæðna og þar með reynslu? Sú skýring ráðuneytisins sem fram kemur í frv., sú skýring að þeir veiði úr kerfi sem ráðuneytið kallar félagslegt nægir ekki til að litið sé fram hjá mismunandi hagsmunum þeirra sem eru í dagakerfinu. Ég endurtek það, herra forseti, að ég trúi því ekki að á þessu verði ekki tekið a.m.k. og að til þess verði ekki vilji hjá meiri hlutanum á Alþingi. Þá er ég ekki að leggja mat á, herra forseti, það sem ráðherrann kallar einstaklingsbundinn veiðirétt. Það er ekki hann sem ég er að hnýta í heldur það hvernig menn ætla að koma þessum málum fyrir.

Svo finnst mér líka ástæða til þess að nefna 7. gr., herra forseti. Það hafa fleiri gert en það verður að segjast eins og er að hún virkar hálfmunaðarlaus í lögunum um stjórn fiskveiða þessa dagana. Ekki bara það, eins og hér hefur verið nefnt, að einhverjir kunni að vilja gera að henni atlögu á næstu mánuðum, heldur kannski miklu frekar vegna hins að það hlýtur að vera spurning hvernig eigi að túlka hana, hver skírskotun hennar er eins og hún stendur í dag, eftir að búið verður að hreinsa út 6. gr. og 5. gr.

Herra forseti. Tími minn er að verða búinn, en ég ætla aðeins að koma að því sem hér hefur fjallað um aflaheimildir án endurgjalds, svokallaðan gjafakvóta. Ríkisstjórnin ver enn þá hagsmuni þeirra sem fengu aflaheimildir án endurgjalds og þetta er kallaður gjafakvóti, herra forseti, vegna þess að það er alveg ljóst að þegar réttur er búinn til, einkaréttur einhverra, skapar það verðmæti í sjálfu sér. Það gerir það. Það er þekkt. Þó að hv. þm. Árni R. Árnason teldi sig áðan vera að hrekja þessi sannindi var hann í rauninni að undirstrika þau vegna þess að hann sagði okkur það að um leið og ákveðin takmörkun var gerð, sóknardagar voru það þá, þá rauk upp verðið á þeim skipum sem höfðu veiðileyfi. Einkaréttur öðlast alltaf sjálfstætt verðmæti og þessi réttur öðlaðist sérstakt verðmæti þegar hægt var að skilja hann frá skipinu.

[15:13]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að það ætti að túlka dóm Hæstaréttar vítt þannig að hann hefði í reynd fellt 7. gr. fiskveiðistjórnarlaganna úr gildi og það ætti að tryggja öllum jafnan veiðirétt ef ég hef skilið hv. þm. rétt.

Til þess að þetta megi verða eru þrjár leiðir til. Í fyrsta lagi að koma á ólympískum veiðum, í öðru lagi að taka veiðiréttinn af þeim sem hafa hann í dag og bjóða hann upp á uppboði og í þriðja lagi að taka hann af þeim sem hafa hann í dag og senda hann heim til hvers og eins.

Hv. 4. þm. Vestf. fór á handahlaupum undan spurningum um það hvaða leið jafnaðarmenn vildu fara en tók skýrt fram að það væri skilningur þeirra að allir ættu að hafa jafnan veiðirétt en það eru til þrjár leiðir. Formaður Alþfl. fór í flæmingi og vildi ekki fyrir neinn mun svara því í umræðunni hvaða leið jafnaðarmenn vildu fara þó að hann hafi margsinnis á undanförnum dögum lýst því yfir að stefna jafnaðarmanna væri sú að setja allar veiðiheimildir á uppboð til þess að fullnægja jafnréttisskilyrðinu.

Nú vil ég spyrja hv. 6. þm. Norðurl. e.: Hvaða leið af þessum þremur vill hún fara til þess að ná þessu markmiði? Eða er það e.t.v. svo að hún telji að það sé hægt að viðhalda núverandi aflahlutdeildarkerfi og ná fram réttlæti með því að hækka það gjald sem greitt er fyrir? Fróðlegt væri að fá skýr svör um þetta.

[15:15]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru ekki orð mín hér að 7. gr. hefði verið felld úr gildi. Ég fór hins vegar með rök þeirra sem telja að leiða megi að því gildar líkur að svo gæti farið ef einhver sækti um veiðiheimild að dómur félli á sama veg og sá dómur sem féll gagnvart 5. gr. Þess vegna, herra forseti, hef ég verið í hópi þeirra sem telja að Alþingi eigi að endurskoða alla löggjöfina um stjórn fiskveiða.

Ég talaði heldur ekki um jafnan veiðirétt. En ég hef vísað í að stjórnarskráin gerir ráð fyrir ákveðinni jafnræðisreglu og ég las upp úr dómi Hæstaréttar. Það er best að vitna beint í dóminn þar sem segir, með leyfi forseta: „Með þessu lagaákvæði er lögð fyrirfarandi tálmun við því að drjúgur hluti landsmanna geti, að öðrum skilyrðum uppfylltum, notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru."

Herra forseti. Af því að hæstv. ráðherra vill heyra skoðanir mínar á því þá tel ég að við þá endurskoðun, sem ég tel að eigi að fara í á löggjöfinni um stjórn fiskveiða, eigi að skoða allar þær leiðir sem hæstv. ráðherra lagði áðan til og menn eigi að velta þeim fyrir sér, menn eigi að skoða þær og spyrja: Eru þetta leiðir sem gætu leitt til þess að við gætum mætt þeim kröfum sem Hæstiréttur gerir til löggjafans með þeim dómi sem hann hefur nú fellt gagnvart 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða?

[15:17]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Talsmenn jafnaðarmanna hafa barið sér á brjóst í umræðu um sjávarútvegsmál um alllangan tíma og

sagst hafa skýra stefnu í þeim efnum. Nú koma þeir upp í umræðunni í dag og fara á handahlaupum þegar spurt hvað þeir vilji gera. Þegar gefnir eru upp valkostir, einir fjórir, þá er svarið: Við viljum að allir þessir kostir séu skoðaðir.

Með öðrum orðum liggur fyrir að það er engin stefna, það eru engar tillögur. Það er bara gagnrýni en anað algjörlega stefnulaust áfram. Gagnrýnin er auðvitað ekki spöruð, stóru orðin eru ekki spöruð. En að leggja eitthvað málefnalegt fram, einhverjar hugmyndir um það hvernig á að taka á málum, þá er sagt: Nei, við viljum gjarnan skoða það og við teljum að allar leiðir sem nefndar hafa verið komi til greina.

Þetta er hin skýra stefna og hin ákveðnu sjónarmið sem talsmenn jafnaðarmanna hafa verið að boða og það er rétt að það liggi alveg ljóst fyrir í hverju það er fólgið.

[15:18]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh. þegar málflutningur hans felst aðallega í því að snúa út úr. Það er svo erfitt að svara slíku vegna þess að ósanngirnin — mér liggur við að segja fíflagangurinn — er svo yfirgengilegur. Við erum að ræða frumvörp sem hæstv. ráðherra lagði fram. Þess vegna hljótum við að vera að ræða fyrst og fremst hugmyndir ráðherrans.

Þingmenn jafnaðarmanna og þingflokkur jafnaðarmanna hefur á Alþingi lagt fram fjölda mála þar sem stefna okkar hefur komið fram og við höfum talað fyrir henni hér, bæði sótt og varið. Þær tillögur liggja allar fyrir. (**Gripið fram í:** Ekki um stjórn fiskveiða.) En spurningin er sú hvort þessi umræða var nákvæmlega til þess að ræða þær tillögur. Ef svo var hef ég misskilið dagskrá þessa fundar. Af því að einhver kallaði fram í: „ekki stjórn fiskveiða", er það nú samt svo að ég geri ráð fyrir að jafnaðarmenn hafi a.m.k. lagt fram fjórar tillögur til breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða bara á síðasta þingi og það væri lítill vandi að finna þær ef menn hafa áhuga á því.

Hins vegar er það þannig, herra forseti, að þegar verið er að ræða tiltekið dagskrármál er heldur erfitt ef klögur ganga frá hæstv. ráðherra yfir því að menn skuli ekki einlægt vera að tala um eitthvað allt annað. Ef það var viljinn hefðum við þurft að fara öðruvísi í umræðuna frá upphafi en gert var. Hér hafa menn reynt að taka á dagskrármálinu af ákveðinni alvöru en það var greinilega aldrei vilji hæstv. ráðherra og e.t.v. ekki annarra þeirra sem standa með honum í þeim málatilbúnaði sem hér er lagður fram.

[15:20]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Við Íslendingar höfum um árabil búið við fiskveiðistjórnarkerfi sem tekið hefur mið af því markmiði að auka hagsæld þjóðarinnar sem heildar. Afli á hverja sóknareiningu hefur stóraukist, kostnaður við veiðar hefur minnkað í kjölfar þess að aflamarkskerfið var innleitt í stað óheftrar sóknar í fiskstofnana sem ríkt hafði um aldir.

Þó vissulega megi finna dæmi um hluti sem betur mega fara verður því með engu móti andmælt að aflamarkskerfið hefur aukið hagsæld þjóðarinnar sem heildar. En nú stöndum við frammi fyrir hæstaréttardómi, sem mér liggur við að segja að byggi að nokkru leyti á tískusveiflu meðal þjóðarinnar. A.m.k. horfir þetta þannig við mér að með þessum hæstaréttardómi séu hagsmunir einstaklingsins teknir fram yfir hagsmuni þjóðarinnar, heildarhagsmuni þjóðarinnar. Þó að dómstólum beri að dæma á grundvelli laga þá getur túlkun lagatexta breyst með straumum í þjóðfélaginu. Ég hygg að ljóst sé að sú illa ígrundaða umræða sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu um kvótakerfið hafi haft áhrif á túlkun Hæstaréttar á lögum um stjórn fiskveiða.

Þeir stjórnmálamenn sem hafa haft sig mest í frammi í gagnrýni á aflamarkskerfið á undanförnum árum hafa að mínu mati ekki látið stjórnast af hagsmunum heildarinnar nema síður væri. Þeir hafa notað þetta mál, þetta fjöregg þjóðarinnar til þess að ala á óeiningu í þeirri von að slíkt skili þeim einhverjum atkvæðum í kosningum. Nú eru þeir að uppskera, ekki í atkvæðum heldur í aukinni óeiningu meðal þjóðarinnar. Slíkur leikur að fjöregginu er óábyrgur og gengur þvert á heildarhagsmuni Íslands og Íslendinga.

Ef við lítum á afleiðingar af þessum dómi Hæstaréttar sem við stöndum frammi fyrir er þar fyrst til að taka að samkvæmt öðru þeirra frv. sem við erum að ræða um eru veiðileyfi gefin algjörlega frjáls. Það sem ég sé sem stóra hættu við þessa leið, þó að hjá því verði ekki komist, er stóraukin fjölgun skipa inn í íslenska fiskiskipaflotann.

Hvaðan munu þessi viðbótarskip koma? Auðveldast, nærtækast og ódýrast er að kaupa gömul skip frá Rússlandi eða Eystrasaltsríkjunum, skip sem uppfylla á engan hátt þau skilyrði sem íslenskir útgerðarmenn hafa sett sér um tæknivæddan flota, flota sem býr vel að þeim sjómönnum sem starfa á þessum skipum. Þetta eru skip sem langt í frá uppfylla þau markmið sem við höfum sett okkur um það að draga úr losun óæskilegra efna út í andrúmsloftið. Ég sé ekki annað, ef þetta verður að lögum óbreytt, en að Ísland verði eina ríkið við Norður-Atlantshaf sem hefur ekki uppi aðgerðir til þess að minnka fiskiskipaflotann, draga úr vexti fiskiskipaflotans.

Það er kannski það eina jákvæða við það að ég sé ekki fram á það, ef þetta verður að lögum, að nokkur leið verði að ná saman við Evrópusambandið um fiskveiðistefnu því fiskveiðistefna Evrópusambandsins gengur fyrst og fremst út á að draga úr flotastærð. En með því sem við erum neydd til að gera eftir þennan dóm Hæstaréttar sýnist mér að algjörlega sé lokað fyrir það að við getum nokkurn tíma náð saman við Evrópusambandið og einhvern tíma hefði ég haldið að Alþfl. vildi annað en það.

Við stöndum líka frammi fyrir því að mengun mun stóraukast með stækkun fiskiskipaflotans. Við höfum átt erfitt með að uppfylla Kyoto-samninginn vegna þess hversu stór fiskiskipaflotinn er í dag. Hvernig eigum við að uppfylla hann á eftir? Ég spyr sjálfan mig: Eru einhverjar líkur á því að Kyoto-samningurinn, eins og hann liggur fyrir núna, muni standast Hæstarétt? Það þarf vissulega að kvótabinda hvað menn mega losa af óæskilegum efnum út í andrúmsloftið. Mun Hæstiréttur láta slíkar takmarkanir í friði?

Þá koma einnig upp í hugann atvinnuréttindi smábátasjómanna. Sá atvinnuréttur er settur núna í uppnám því að við vitum það að aðkoman er þar auðveldust fyrir nýja aðila í greininni.

Mér sýnist einnig að eftir þennan dóm Hæstaréttar sé hætta á stórfelldum skaðabótamálum. Úreldingarreglur hafa verið við lýði þar sem þeir sem hafa ætlað að stækka skip sín eða komið með ný skip inn í flotann hafa orðið að kaupa rúmmetra til úreldingar. Nú virðist sem reglur um úreldingu hafi byggst á stjórnvaldsaðgerðum sem Hæstiréttur túlkar sem svo að standist ekki stjórnarskrá. Afleiðingin er þá sú að veruleg verðrýrnun verður á flotanum sem fyrir er í landinu og grundvellinum þar með kippt undan smábátaútgerð í dagakerfinu þar sem það er alveg ljóst að það verður að

öllu óbreyttu veruleg aukning í þeim flota því þar er ódýrt að komast inn í kerfið.

Ég beini því til sjútvn. að skoða hvort ekki sé rétt, til þess að reyna að stemma stigu við þessum óæskilegu áhrifum, að taka upp rúmmetragjald á ný veiðileyfi. Taka upp rúmmetragjald sem væri eitthvað í líkingu við það sem menn hafa verið að kaupa þegar þeir hafa verið að úrelda skip til að smíða ný, 50–80 þúsund kr. á rúmmetra í stærri skipum. Með þessu móti kæmum við í veg fyrir þessa stórfelldu og óþarfaaukningu skipastólsins sem mér skilst að stefni nú í eftir þennan dóm Hæstaréttar. Við komum líka í veg fyrir stórfellda eignaupptöku sem felst í lækkun á verðmæti þess fiskiskipaflota sem fyrir er í landinu og við komum með þessum hætti hugsanlega í veg fyrir málshöfðun á hendur ríkissjóði vegna fyrri kaupa útgerðarmanna á rúmmetrum til úreldingar.

Síðast en ekki síst yrði komið í veg fyrir stórfellda aukningu í losun útblásturs óæskilegra efna út í andrúmsloftið með því að stemma stigu við stækkun fiskiskipaflotans með þessum hætti.

En það eru fleiri atriði sem koma til umhugsunar sem afleiðing af dómi Hæstaréttar en aukningin í fiskiskipaflotanum. Atvinnuréttindi hvers konar sem byggst hafa á takmörkuðum aðgangi hljóta að koma til endurskoðunar eftir þennan dóm. Ótrúlegustu atvinnugreinar geta þar átt undir högg að sækja. Ég vil t.d. nefna leigubílaakstur. Það byggist á að takmarka fjölda þeirra sem þá atvinnugrein stunda og ég held að allir séu því sammála að ekki sé rétt að það sé óhindrað. En eftir þennan dóm sé ég ekki annað en að sú stétt verði í uppnámi.

Mér er hins vegar meira í hug atvinnuréttur þeirra sem sótt hafa sjó til þessa. Ef unnt er að túlka stjórnarskrána þannig að Hæstiréttur hafi með dómi sínum verið að standa vörð um frelsi manna til að velja sér atvinnu leyfi ég mér að spyrja á móti: Hafa þeir sem byggt hafa lífsviðurværi sitt á því að sækja sjó ekki einnig rétt á því að atvinnuréttindi þeirra séu vernduð? Verði ekki brugðist við þessum dómi er atvinnuréttur þeirra sem nú stunda sjósókn settur í algjört uppnám. Það eru smábátasjómenn sem fyrstir munu standa frammi fyrir þeirri ógn sem óheft sókn og takmarkalaus stækkun flota leiðir af sér.

Þá vil ég, herra forseti, leyfa mér að víkja máli mínu að hagsmunum smábátasjómanna. Mér er ljóst að ekki er hægt að gera neinum það að stunda atvinnurekstur á grundvelli þeirrar óvissu sem ríkt hefur hjá smábátasjómönnum undanfarin ár. Smábátaútgerð er mikilvægur hlekkur í atvinnulífi strandbyggða. Til að mynda lönduðu smábátar alls tæpum 7.500 tonnum af slægðum þorski á Vestfjörðum á síðasta fiskveiðiári. Þar af lönduðu þorskaflahámarksbátar um 4.500 tonnum en sóknardagabátar lönduðu 3.000 tonnum. Þetta er býsna mikið þegar horft er til þess að aflamarksskipin lönduðu um 14.000 tonnum á Vestfjörðum.

Einkum þrjú atriði í fyrirliggjandi frv. hleypa illu blóði í smábátasjómenn. Í fyrsta lagi eru margir smábátasjómenn þeirrar skoðunar að veiðar með handfærum eigi að vera frjálsar. Í ljósi þess hæstaréttardóms sem menn standa nú frammi fyrir virðist hins vegar næsta ljóst að ekki er unnt að leyfa mismunun sem felst í frjálsri sjósókn sumra á meðan flotinn að öðru leyti er settur á aflamark. Það er því ljóst í mínum huga að það er dómur Hæstaréttar sem er nú að afnema hið svokallaða sóknardagakerfi. Það sem er í frv. í þá veru er hrein afleiðing af þessum dómi Hæstaréttar og þeir sem telja sig eiga eitthvað vantalað við menn út af þessu ættu að ræða það við Hæstarétt frekar en stjórnmálamenn.

Eitt þeirra atriða sem smábátasjómenn eru ósáttir er þau 9 tonn sem frv. gerir ráð fyrir að bátarnir taki með sér yfir í þorskaflahámarkskerfið. Öllum má ljóst vera að enginn getur lifað á útgerð sem byggir á 9 tonna aflamarki. Mér er vel ljóst að umræddur tonnafjöldi byggist á að deilt er út jafnt hinum sameiginlega potti sem ætlaður er þessum bátum. Þrátt fyrir þessa staðreynd hljótum við að horfa til þess að munur er á því, þegar menn taka ákvörðun að kaupa bát, hvort menn telja sig geta náð meiru af hinum sameiginlega potti en næsti maður eða hvort menn standa frammi fyrir þeirri staðreynd að einungis sé leyfilegt að veiða 9 tonn. Þessi pottur hefur stundum verið kallaður hinn sósíalíski pottur og það er nú bara eðli þeirra sem búa við það kerfi að reyna að hrifsa til sín frá hinum. Ég hygg að menn hafi margir hverjir tekið ákvörðun um að fara út í þetta þar sem þeir héldu að þeir gætu náð til sín meira en maðurinn við hliðina á þeim. Ég bið því sjútvn. og hæstv. sjútvrh. að skoða málið í því ljósi að menn tóku þessa ákvörðun á þeim grundvelli að þeir byggju við þennan sósíalíska pott.

Við hljótum því að skoða alla möguleika sem til staðar eru til að lyfta því þaki sem þessum hópi útgerðarmanna er ætlað að búa við. Ein leið sem ég vil nefna í því sambandi er að taka vegið meðaltal. Með því móti fá þeir bátar sem á eru sjómenn sem stundað hafa sjósókn sem fulla atvinnu, meiri vigt en hinir sem hafa haft báta sína sem hobbí-tæki.

Í Bolungarvík komu á síðasta fiskveiðiári 11 nýir dagabátar inn í dagakerfið. Meðaltalsverð hygg ég að hafi verið um 10 millj. kr. á hvern bát og lánshlutfall frá sparisjóðnum var um 60%. Gróft reiknað má áætla að í dag fáist, eftir þessa breytingu, um 2 millj. kr. fyrir hvern bát og 9 tonna kvótinn gefi hugsanlega 3 millj. kr. Þeir sem keyptu þessa 11 báta á síðasta ári standa því hver um sig frammi fyrir tapi upp á um 5 millj. kr. Nú er 50–60 millj. kr. tap mikil blóðtaka fyrir lítið byggðarlag þó að vissulega sé vandi þeirra sem fyrir verða mun meiri.

Í þriðja lagi, varðandi þau atriði sem mestar áhyggjur eru af í sjávarbyggðum, eru fisktegundir sem áður voru utan kvóta nú settar undir aflamark. Tilvist margra aflahámarksbáta hefur byggst á sókn í tegundir utan kvóta. Þessar veiðar hafa verið umtalsverð búbót hjá þeirri tegund útgerðar. Það er því ekki nema von að útgerðarmönnum smábáta á aflahámarksbátum bregði við þegar grundvellinum fyrir útgerðinni er kippt svona undan þeim. Ég ítreka enn og aftur að dómur Hæstaréttar knýr stjórnvöld til þessara aðgerða. Ella væri ekki samræmi milli reglna sem þeir sem reka smábáta, sem gerðir eru út samkvæmt þessu kerfi, lúta og hinna sem eru á aflamarksskipunum.

Þrátt fyrir að mér sé þetta ljóst vil ég beina því til sjútvn. að hún taki til skoðunar hvernig og á hvaða tímabili sú veiðireynsla sem notuð er til að úthluta aflamarki á ýsu, ufsa og steinbít hjá þorskaflahámarksbátum skuli reiknuð.

Að lokum vil ég segja, herra forseti, að þeirri óvissu sem útgerðarmenn búa við nú verður að eyða sem fyrst. Útgerðarmenn, hvort heldur það eru smábátasjómenn eða útgerðarmenn stærri skipa, eiga rétt á því að fá að vita til lengri tíma hvaða reglur eigi að gilda um atvinnugreinina á komandi árum. Ef við eyðum ekki þeirri óvissu sem menn búa við í dag mun allt þjóðfélagið líða fyrir það. Það mun gerast strax upp úr áramótum ef óvissan í fiskveiðistjórnar-

málum sem leiðir af þessum dómi Hæstaréttar heldur áfram.

[15:35]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla að engar deilur séu um að eftir hinn margumræddа dóm Hæstaréttar komst ríkisstjórnin ekki hjá því að *grípa til ráðstafana og leggja fram frv. til breytinga á* lögum um fiskveiðistjórn. Ég held að enginn deili um það. Og það deilir heldur enginn um að þegar menn höfðu lesið dóminn hafi verið ljóst að 5. gr., en á henni hafði veiðileyfi krókaveiðimanna grundvallast, dugði ekki lengur. Um þetta held ég að engar deilur séu.

Ég held að rétt sé að líta aðeins til upphafs þessa máls. Upphafið var þannig að við settum fyrst á aflakvótakerfi árið 1984. Það kerfi var byggt á veiðireynslu og þar með voru önnur skip útilokuð en Alþingi gekk þannig frá að skipum undir tíu tonnum var leyft að koma inn í kerfið og höfðu veiðileyfi. Þannig gekk fram til ársins 1990. Þá var reglunni breytt og einungis skip undir sex tonnum fengu að koma þar þar inn og fá veiðileyfi.

Það var svo ekki fyrr en vorið 1995 að búðinni var lokað, þannig gengið frá því að ekki var hægt að auka við fiskiskipaflotann. Ég ætla ekkert að fara ofan í það, herra forseti, hvort þetta er einhverjum að kenna og þá hverjum eða hvort þetta var gott eða vont. Staðreyndin er sú að á þessum árum fengu skipin veiðirétt og það var Alþingi, löggjafinn, sem gekk þannig frá því.

Ýmislegt fleira átti sér stað á fyrstu árum kvótakerfisins og varð til þess að þeir sem höfðu aflareynsluna fengu ekki að njóta hennar. Hv. þm. Árni Ragnar Árnason rakti það hér í ræðu sinni áðan og ekki ástæða til að fara yfir það aftur. Það er staðreyndin. Menn fengu ekki að fullu, og langt frá því, að njóta aflareynslu sinnar. Þetta koma náttúrlega fyrst og fremst niður á þeim sem höfðu stundað þorskveiðar og kom harðast niður á þeim sem áttu veiðirétt sinn í þorskveiðum.

Menn skulu átta sig á því, þegar talað er um að þessu sé ekki réttlátlega skipt sem er alveg rétt, að strandveiðiflotinn, þ.e. *litlu bátarnir sem voru eingöngu með* þorskveiðiheimildir urðu hlutfallslega fyrir meiri skerðingu en aðrar útgerðir sem höfðu veiðiheimildir sínar samsettar úr mörgum tegundum auk möguleikans til að fara lengra, fara á önnur mið og bjarga sér þannig. Það er því alveg rétt sem hér hefur komið fram í umræðunni, að strandveiðiflotinn sem er á aflamarki, minni bátar, standa langveikast að vígi og full ástæða til þess, um leið og við tölum um smábáta almennt, að athuga þeirra hlut. Ég tel, herra forseti, að svigrúm hljóti að vera til þess að bæta hlut þeirra svo þeir hafi rekstrargrundvöll.

Hér er deilt um og olli því að ég t.d., herra forseti, brást ókvæða við frv., að þegar dómurinn lá fyrir, þegar fyrir lá að finna yrði aðrar forsendur fyrir atvinnuréttindum smábátaútgerðarmannanna, yrði það einungis gert gert með því að setja þá inn í aflamarkskerfið. Menn hafa, m.a. hv. síðasti ræðumaður, fullyrt að þetta væri niðurstaða dómsins og engin önnur leið til að gera þetta.

Ég er mjög ósammála þessu. Ég tel að þeir sem hafa haft atvinnuréttindi á Íslandsmiðum, þ.e. allir eigendur skipa, jafnt stórra sem smárra, eigi rétt sem beri að verja. Ég tel það ekki breyta neinu um þetta atvinnuleyfi hvort andlag leyfisins var *þyngdareining, var kíló eða tonn, tímaeining* eða róðradagar. Ég tel að stjórnvöldum beri skylda til þess að varðveita og standa vörð um atvinnuleyfi allra útvegsmanna.

Herra forseti. Hvert svo sem umræðan er að leiða okkur svona almennt í dag og undanfarna mánuði á Íslandi, þá er skoðun mín sú og hefur alltaf verið, að Íslandsmið og íslenski fiskiskipaflotinn verði ekki sundur skilin. Ég hef aldrei getað skilið þetta mál öðruvísi en svo að það yrði að líta á það sem heild. Ég tel að íslenska fiskiskipaflotanum beri að nýta Íslandsmið, alveg sama hvort það eru stór skip eða smá skip.

Ég segi, herra forseti, og hef reyndar alltaf haldið því fram: Núna þegar þessi dómur liggur fyrir þannig að 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða dugar ekki til að vernda þessi atvinnuréttindi smábátasjómannanna, dagabátanna, þá ber okkur að setja í lögin nákvæmlega tilgreindar heimildir og segja til um ástæðurnar fyrir þeim. Það eru sérréttindi þeirra og okkur ber að verja þau að mínum dómi. Ég trúi því og er viss um, herra forseti, að okkur muni takast að verja þau. Ég vil ekki einu sinni láta að því liggja að hér liggi fyrir dómur sem segi að okkur sé bannað stjórna fiskveiðum við Ísland. Það er útilokað, það er aldeilis útilokað að við getum verið komin í þau vandræði.

Við verðum að stjórna fiskveiðum við Ísland. Við getum deilt um það hvernig eigi að stjórna þeim. Við getum endalaust deilt um það og eigum að deila um það. Það er rétt að við endurskoðum það og förum í gegnum það öðru hvoru. Þar eru sjónarmið sem við verðum að virða, líffræðileg sjónarmið, efnahagsleg sjónarmið og líka félagsleg sjónarmið. Ég held að það sé enginn misskilningur og þurfi ekki að eyða mikilli orku í það hvað 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna þýðir. Hún þýðir einfaldlega það að stjórnvöldum ber að hámarka arð og árangur af nýtingu Íslandsmiða. Ég held að allir séu sammála um þetta. Þess vegna eigum við að standa vörð um þau réttindi útgerðarinnar sem þarna er um að ræða.

Við gætum komist að þeirri niðurstöðu að þessar aðferðir kunni að vera rangar. Ég hef alltaf gert mér grein fyrir því að það eru ákaflega mikil vandkvæði á þessu aflamarkskerfi. Það hefur skapað mjög mikil vandræði og mjög mikið óréttlæti. Það er mjög ófullkomin og frumstæð aðferð til að stjórna þegar við flokkum þorskinn, sem er nú aðalatriðið í þessu eða vegur þyngst, aðeins í einn flokk — þorskur. Við vitum þó að við *getum veitt þorsk frá 1,5 kílóum upp í 15* kíló. Við vitum að verðmunurinn á honum er gríðarlegur. Með þessari aðferð erum við því að breyta sókninni frá því sem áður var.

Ég vil því segja, herra forseti, nú þegar þetta frv. liggur hér fyrir, að forsendan fyrir því að ég muni styðja það er veruleg breyting. Við verðum að breyta því þannig að þau réttindi sem voru séu tryggð. Við getum tryggt þau réttindi sem voru. Ekkert í þessum dómi kemur í veg fyrir það. Við eigum að setja þau réttindi sem voru til staðar inn í lögin, hafa þau þar. Ég tel að það hafi margsannað sig að sóknin og sóknareiningarnar sem við erum að fást við núna hafa náð tilætluðum árangri, menn töldu það vandamál en hafa náð tökum á því núna, þ.e. flotanum sem til varð á árunum 1984–1995. Það er búið að ná utan um það. Það hefur verið gert með pólitískum aðferðum. Það hefur verið gert með mikilli úreldingu, lagðir í það miklir fjármunir og mikill kostnaður. Það er sátt um það nokkurn veginn og ætti að nást sátt um að hefta sókn þeirra. Það er sátt um að ákveðna daga sé skynsamlegt að leyfa þeim að veiða. Þeim yrði ekki hleypt til að veiða allt árið. Um leið og við skilgreinum slíkar *einingar þá er mjög nauðsynlegt* að átta sig á því að ef sett er hámark á þær, er um leið búið að eyðileggja kerfið.

Að mínum dómi er það fráleit tillaga sem liggur hér fyrir

að leyfa krókabátum að veiða 32 daga og hafa 30 tonna hámarksafla. 32 dagar geta í sjálfu sér kannski verið eitthvað sem menn geta alveg sætt sig við, ég ætla ekki að segja til um það hvort dagarnir eigi að vera 30, 40 eða 50, 60 eða 70, ég held að það skipti tiltölulega litlu máli, en að setja aflahámark á kerfið, það eyðileggur. Það er bara aðferð til að eyðileggja það. Það er líka algjörlega óþarfi.

Menn hafa verið að hnýta í það í umræðunni í dag, herra forseti, að fráleitt sé að segja að þessi afli komi úr sjónum. En hann kemur nú samt úr sjónum, herra forseti. Ég hef stundum undrað mig á þeirri umræðu og þeirri miklu vissu hinna rétttrúuðu, ef ég má orða það svo, hinna rétttrúuðu manna þegar þeir þykjast telja sig hafa í höndunum gögn sem sýni fram á að við getum stjórnað og við getum sagt til um fiskveiðarnar af einhverju viti upp á kíló, tonn eða 10 tonn eða 10 þúsund tonn. Það er fjarstæða. Við höfum enga slíka þekkingu, og er ég ekki með því að kasta rýrð á hina ágætu vísindamenn sem vinna að því hörðum höndum og leggja sig alla fram um að efla þekkingu okkar.

Á síðasta fiskveiðiári fórum við í þorski 5.200 tonnum fram yfir það sem við ætluðum, ef við tökum yfirkeyrslu krókabátanna og drögum frá það sem geymt var milli ára. Ég vil benda á það að með einni reglugerð í júnímánuði, þar sem ráðuneytið ákvað að breyta fiskveiðistuðli, urðu til 7 þúsund tonn. Hvaðan komu þau, herra forseti? Ætli þau hafi ekki frekar komið úr sjónum en af himnum ofan? Ég held að það sé nú sennilegra. Ég held að sennilegra sé að þau hafi komið úr sjónum. Það er því fásinna þegar við erum að tala um að við höfum einhverja slíka þekkingu á valdi okkar. Það er bara hrein fásinna.

Það gengur mismunandi vel að fiska en við höfum verið þeir gæfumenn að gengið hefur vel á handfæraveiðum og á strandveiðum á undanförnum árum. Það hefur gert það vegna þess að farið hefur saman óvenjulega góð kjör og mikill afli á grunnslóð. Þá veiðist vel. Útgerðarsagan er alveg skráð og menn geta bara flett upp á því og séð hvernig þetta sveiflast til og frá og við þekkjum mörg ár þegar lítið er um fisk og þegar lítið er um fisk á grunnslóðinni. Menn ættu að vita að hér er fyrst og fremst um handfærabáta að ræða og handfærabátar gera lítið ef einhver kvika verður, þeir gera ekki neitt. Þessi sveifla fram og til baka hefur því ekki áhrif á lífríki þorsksins, hún hefur engin áhrif á lífríki hafsins, hún hefur bara jákvæð áhrif á efnahagslíf Íslendinga ef vel tekst til, ef fiskurinn gengur á grunnslóðina og veðrið er gott, getur ekkert gert nema gott. Þessir bátar komu löglega inn í landið, þeim var veitt leyfi og það á að varðveita þau atvinnuleyfi.

Ég hef ekki hugsað mér og hef aldrei hugsað mér að fara að rifja upp þá hluti sem gerðust hér á níunda áratugnum, hvað gert var við þessar þorskveiðiheimildir. Ég held að það hafi engan tilgang, herra forseti, að rifja það upp. Það er búið og tilheyrir hinu liðna. En okkur ber — og það er mjög mikið atriði vegna þess að einn stærsti gallinn á kerfinu er einmitt alls konar félagsleg röskun sem það hefur valdið. Það er einn stærsti gallinn. Og meira að segja þeir útlendingar sem mest hafa verið að hæla þessu kerfi hafa allir bætt því við að reikna beri dæmið til enda. Það er ekki bara brúttóárangurinn, það nettóið sem á að hugsa um.

Það hefur sýnt sig og sannað að smábátarnir hafa víða bjargað ýmsu og það er mjög þakkarvert fyrir samfélagið og fyrir fólkið að ekki hefur farið verr í ýmsum sjávarplássum. Það er misskilningur margra að halda að þessir krókabátar séu endilega allir á Vestfjörðum. Þeir eru það alls ekki. Þeir eru mjög víða á útgerðarstöðunum, mjög víða um landið. Vestfirðingarnir eru kannski hvað mest í þorskaflahámarkinu eins og eðlilegt má teljast. Þeir sækjast eftir steinbítnum sem gengur á veturna og vorin upp í landgrunnið og upp í firðina. Það er bara eins og Vestfirðingar hafa gert frá örófi alda.

Það er mjög nauðsynlegt, herra forseti, að við séum meðvituð um að landsbyggðin, sjávarútvegsbyggðirnar víða um Ísland standa mjög höllum fæti. Við erum að ræða það hér undir öðrum málum hvernig megi koma þeim til aðstoðar, hvaða möguleika við eigum til að treysta þær byggðir, og þess vegna er það voðalegt, bara hreint voðalegt, ef við á sama tíma ætlum að grípa til aðgerða sem hreinlega eyðileggja forsendur byggðanna. Því að rétt undirstaða er náttúrlega það sem skiptir öllu máli ef við viljum viðhalda þeirri byggð sem er þjóðhagslega mjög hagstætt. Hinir smáu, sjálfstæðu útgerðarmenn eiga nákvæmlega sama rétt.

Það er rangt sem kom fram hjá einum ræðumanni að þetta hefði ekki áhrif á afkomu stórfyrirtækjanna. Ég er ekki viss um nema það gæti verið, vegna þess að ef Alþingi stendur ekki vörð um atvinnuréttindi smáútgerðarmannanna hver á þá að ætlast til eða búast við að Alþingi fari þá að standa vörð um hagsmuni stærri útgerða? Það á eitt að gilda. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að senda þau skilaboð út til þjóðfélagsins að Alþingi sé reiðubúið til þess að standa vörð um alla útgerðina og valdi ekki óróa á markaðnum að einu né neinu leyti, heldur reyni að sýna fram á eins og það best getur að það er meiningin og viljinn að standa vörð um útgerðirnar.

Ég held að þó ég hafi oft á tíðum deilt mjög harkalega um stjórn fiskveiða við hæstv. sjútvrh. og hæstv. fyrrv. sjútvrh. sem nú er hæstv. utanrrh., þá held ég að við höfum í reynd alltaf snúið bökum saman þegar kemur að því að íslensk útgerð, smá og stór, landgrunnið og íslensku fiskimiðin verður að fara saman og á að fara saman og má ekki sundur skilja. Þess vegna er betra að við stöndum nú saman og við eigum að standa saman. Ég trúi því, herra forseti, að þótt ég sé mjög óánægður með þær tillögur sem hér eru lagðar fram þá sé hægt að ná samstöðu í sjútvn. um að gjörbreyta þeim, breyta þeim á þann veg að þau réttindi sem menn höfðu verði áfram.

[15:54]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Dómur Hæstaréttar í kvótamálinu svokallaða hefur valdið miklum titringi að undanförnu og þá ekki síst vegna þess að menn hafa lesið niðurstöður þessa dóms með mjög misjöfnum hætti. Það hefur satt að segja verið mjög fróðlegt og íhugunarefni fyrir okkur sem ekki erum löglærð að fylgjast með hvernig færustu lögmenn þjóðarinnar hafa túlkað þennan dóm mjög misjafnlega. Það hefur satt að segja verið himinn og haf milli þess hvernig einstakir lögmenn hafa túlkað niðurstöður dómsins. Það er íhugunarefni að dómur Hæstaréttar í svo mikilsverðu máli, og reyndar hvaða máli sem er, skuli ekki vera settur fram á þann hátt, þ.e. dómurinn og greinargerðin með honum, að lögmenn geti lesið rétt út úr honum hvað hann þýðir en á því virðist vera mikill misbrestur, því miður.

Ríkisstjórnin fól nokkrum valinkunnum lögmönnum að gefa álit sitt á þessum dómi og þau frumvörp sem hér eru til umræðu byggjast á túlkun þessara lögmanna á dómnum. Ég er sammála ríkisstjórninni og hæstv. sjútvrh. í því að bregðast við með þessum hætti, en vil að vísu sjá nokkrar

breytingar á frv. sem ég mun gera nánari grein fyrir í máli mínu.

Ég vil fyrst segja það að auðvitað þarf að stjórna veiðunum og allir sammála um það, held ég. Ótakmarkaðar veiðar úr fiskstofnunum ganga ekki og kvótakerfið hefur að sumu leyti reynst ágætlega, og fiskstofnarnir við landið hafa verið að styrkjast á undanförnum árum. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að kvótakerfinu sé nú kannski þakkað fullmikið í þeim efnum. Margir tala á þeim nótum að það sé allt þessari stjórn fiskveiðanna að þakka, en ég held að oft gleymist í þeirri umræðu að ástandið í hafinu, lífríki hafsins, skiptir auðvitað mjög miklu máli og við sem höfum fylgst með fiskveiðum í áratugi vitum það og munum að fyrir daga kvótakerfisins voru aflabrögð mjög misjöfn milli ára. Ég tek sem dæmi að aflahæstu bátar á vetrarvertíð við Faxaflóa voru kannski með 1.100–1.200 tonn tvær, þrjár vertíðir í röð. Síðan kom allt í einu ár þar sem hæstu bátar voru með 700 tonn þrátt fyrir sömu sókn og sömu veiðarfæri. Þá hafði eitthvað gerst í lífríki hafsins sem olli því að fiskigöngur voru með öðrum hætti en áður. Þetta finnst mér oft gleymast í umræðunni og menn þakki kvótakerfinu allt sem vel hefur tekist varðandi styrkingu fiskstofnanna.

Ég tel að á þessu kerfi, sem er að mörgu leyti ágætt, séu nokkrir stórir vankantar, t.d. sá að það er viðurkennt af flestum að miklu er hent af fiski. Og kannski eru krókabátarnir á dagatakmörkunum eini flotinn sem ekki hefur ávinning af því að henda fiski og kemur með allt að landi. En höfuðókost þessa fiskveiðistjórnarkerfis tel ég vera þetta takmarkalausa frjálsa framsal aflaheimilda. Þetta var ekki í lögunum þegar þau voru sett upphaflega, kom inn í lögin í kringum 1990 og var þá fyrst og fremst hugsað til hagræðingar. Þingmenn sem hér sátu á þeim árum hafa sagt mér að það hafi ekkert verið í umræðunni að aflaheimildirnar yrðu verslunarvara. Fyrst og fremst var þetta hugsað til þess að hagræða, þ.e. að skipta á fisktegundum, færa á milli báta í sömu útgerð og annað slíkt, en ekki til þess að kvótinn yrði verslunarvara. Ég held að það verði aldrei þjóðarsátt um kvótakerfið meðan þetta óhefta frjálsa framsal er eins og það er í dag. Þetta framsal hefur m.a. leitt til þriggja allsherjarverkfalla sjómanna sem öllum eru í fersku minni og ég held að taka verði á framsalsmálunum og breyta þeim til betri vegar. Flestir útgerðarmenn vinna reyndar eðlilega í þessu kerfi og eru ekkert að braska með kvótann en það eru dæmi sem angra fólk og gera það að verkum að menn sætta sig ekki við kerfið. Það er t.d. þegar útgerðarmaður fellur frá og erfingjarnir hafa ekki áhuga á útgerð en vilja fá peninginn sinn fyrir kvótann, þá er skipið og kvótinn selt og erfingjarnir skipta ágóðanum á milli sín, og eftir situr kannski byggðarlag sem hefur misst stóran hluta af aflaheimildum sínum. Sama gerist þegar hjón skilja og selja verður útgerðina og kvótann til að gera upp bú þeirra, og ekki síst þegar útgerðarmenn hætta og selja kvóta sinn fyrir tugi og jafnvel hundruð milljóna. Þetta eru stóru vankantarnir á kerfinu að mínu áliti sem skapa andúð almennings á fiskveiðistjórnarkerfinu og miklu meiri andúð en hvort einhverjir trillukarlar veiða nokkrum tonnum meira en þeim hefur verið ætlað.

Við, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og sá sem hér stendur, lögðum fram frv. á Alþingi, bæði á síðasta þingi og því næstsíðasta um breytingu á fiskveiðistjórnarlögunum í þá veru að verslun með aflaheimildir verði ekki leyfð og að framsalið verði eingöngu til hagræðingar, þ.e. jöfn skipti á tegundum og þess háttar. Það frv. var því miður ekki afgreitt frá sjútvn. Alþingis. Nefndin sendi það hins vegar til fjölmargra aðila til umsagnar og fékk nánast undantekningarlaust mjög jákvæðar umsagnir, m.a. frá samtökum sjómanna. Ég held ég muni það rétt að allar umsagnir um þetta frv. voru jákvæðar nema frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem telur hag sinna félagsmanna best borgið með því kerfi sem ríkir í dag, þ.e. framsalinu sem skapar þessa miklu óánægju almennings með kerfið.

Þetta frv. fékk sem sagt ekki brautargengi á Alþingi en á síðasta vori var skipuð hér svokölluð auðlindanefnd sem er m.a. að fjalla um hvernig eigi að haga stjórn fiskveiðanna. Ég hef bundið miklar vonir við að sú nefnd komi með skynsamlegar tillögur í þessum málum. Það er alveg rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði í ræðu sinni í morgun að mikill ágreiningur hefur verið um sjávarútvegsmálin á undanförnum árum og ég tel að það sé mjög mikilvægt að ná þjóðarsátt um stjórn fiskveiðanna. Það er ekki hægt að standa í endalausu stríði um þennan höfuðatvinnuveg okkar.

En frv. sem hér er til umræðu lýtur ekki að heildarendurskoðun á stjórn fiskveiðanna. Það er lagt fram til að eyða þeirri ósvissu sem hefur skapast í framhaldi af dómi Hæstaréttar og gengur út á það að setja allan fisk í kvóta sem er, því miður vil ég segja, óhjákvæmilegt. Það er ekki hægt að hleypa öllum takmarkalaust í veiðarnar. Það mundi enda með skelfingu og þess vegna verður að loka öllum opnum pottum sem verið hafa í kerfinu. Ég verð að segja fyrir mig að ég sé mjög mikið eftir þessu dagakerfi krókabátanna. Ég hef alltaf verið mikill talsmaður þessara krókaleyfa. Þau eru í raun síðasti vottur frjálsra fiskveiða hér við landið og afleitt að þurfa að afleggja krókakerfið. En hjá því verður sennilega því miður ekki komist í framhaldi af þessum dómi.

Formenn Alþfl. og Alþb. gagnrýndu mjög viðbrögð hæstv. sjútvrh. við dómi Hæstaréttar í ræðum sínum fyrr í dag. Því miður fannst mér vanta í mál þeirra hvaða tillögur þau hefðu fram að færa og hvernig þau hefðu viljað bregðast við dóminum í þeirri stöðu sem er í dag. Það er ekki nóg bara að gagnrýna, menn verða líka að segja hvað þeir hefðu gert nákvæmlega í þessari stöðu.

Ég tel sem sagt að það þurfi að gera nokkrar breytingar á frv. í meðferð sjútvn. milli 1. og 2. umr. og ætla að nefna hér lítillega það helsta sem ég tel að þurfi að breyta.

Það er í fyrsta lagi að frv. gerir ráð fyrir að á yfirstandandi fiskveiðiári megi þorskafli hvers báts í sóknardagakerfi vera að hámarki 30 lestir miðað við óslægðan fisk og að sóknardagar megi vera 26 hjá þeim bátum sem nota línu og handfæri en 32 hjá þeim bátum sem nota handfæri eingöngu.

Mér finnst óþarfi að vera með þessar dagatakmarkanir fyrst hámark er á aflanum og það er sjálfsagt að leyfa mönnum að sækja þennan afla á sem hagkvæmastan hátt hvenær sem er á fiskveiðiárinu. Ég sé ekki að bein ástæða sé til að setja einhverjar dagatakmarkanir þegar komið er þak á hvað má veiða.

Í öðru lagi segir í ákvæði til bráðabirgða I, með leyfi forseta:

„Heimilt er að flytja veiðileyfi frá krókabáti sem leyfi hefur til að veiða samkvæmt þessu ákvæði til annars jafnstórs krókabáts miðað við rúmtölu. Óheimilt er að flytja veiðileyfi til krókabáts sem er stærri en sá krókabátur sem veiðileyfi lætur nema jafnframt sé flutt veiðileyfi af öðrum krókabáti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Slíkur bátur má þó ekki verða stærri en 6 brúttótonn. Óheimilt er að flytja veiðileyfi frá báti sem stundar veiðar með

þorskaflahámarki til báts sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga.

Óheimilt er að stækka krókabát nema flutt sé veiðileyfi af öðrum báti sem er þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur."

Mér finnst þetta ákvæði óþarft þegar hámark er á því sem hver bátur má veiða. Ég fæ ekki séð að það skipti máli hvort menn sækja þennan afla á tveggja, þriggja, fjögurra eða fimm tonna bátum, og mér finnst það bara einkamál hvers og eins sem hefur heimild til þessara veiða og stjórnvöldum óviðkomandi.

Í þriðja lagi segir í þessu sama bráðabirgðaákvæði I, með leyfi forseta:

„... getur ráðherra ákveðið að afli teljist ekki til þorskaflahámarks og veiðidagar ekki til sóknardaga í tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta á fiskveiðiárinu 1998/1999."

Ég tel að þetta eigi ekki bara að gilda um yfirstandandi fiskveiðiár heldur vera ótímasett. Afli á sjóstangaveiðum mun aldrei ógna fiskstofnum okkar og þess vegna finnst mér sjálfsagt að breyta þessu og miða ekki bara við yfirstandandi fiskveiðiár.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að heildarþorskaflaviðmiðun báta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum verði samkvæmt þessu frv. 1,11%, sem þýðir að á næsta fiskveiðiári fá þessir bátar að veiða 9 tonn af þorski hver bátur.

Mér finnst þetta útilokað. Þetta þýðir náttúrlega ekkert annað en hrun þessa útgerðarflokks og gjaldþrot fjölmargra einstaklinga sem hafa fjárfest í dýrum bátum til þessara veiða og skuldsett sig vegna þess. Þessi þorskaflaviðmiðun, 1,11%, er reynsla samkvæmt gildandi lögum, sem þýðir að þessir bátar ættu að veiða 2.770 tonn á yfirstandandi fiskveiðiári. En þessir bátar hafa einfaldlega veitt miklu meira á undanförnum árum, t.d. á síðasta fiskveiðiári þegar þeir veiddu 12.524 tonn eða 38 tonn að meðaltali á bát. Ég held að hjá því verði ekki komist að miða við þennan afla þegar úthlutað verður fyrir næsta fiskveiðiár, eða eitthvað í þá veru. Þessum heimildum mætti svo kannski skipta að einhverju leyti miðað við aflareynslu hvers báts. Með því er ekki verið að taka neitt frá öðrum útgerðarflokkum og allir halda sínu. Ég legg hins vegar áherslu á að þessi kvóti verður að vera óframseljanlegur.

Best fyndist mér ef hægt væri að ná samkomulagi við Landssamband smábátaeigenda á þessum nótum. Níu tonna úthlutun á bát er fráleit. Það má þá alveg eins hafa pottinn opinn og leyfa öllum að sækja í þessi 3.000 tonn sem dagabátunum væri ætlað og loka pottinum þegar sá afli hefði náðst. Ég held að við verðum að taka tillit til þessarar útgerðar og þess að dómur Hæstaréttar bitnar nánast eingöngu á þessum útgerðarflokki.

Í fimmta lagi vil ég vekja athygli á því að í bráðabirgðaákvæði III er fjallað um skiptingu á 5.000 lesta aflaheimildum af þorski til jöfnunar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skal úthlutun til hvers skips vera meðaltal þess sem kom í hlut þess skips, eða skips sem í þess stað kom, á fiskveiðiárunum 1997/1998 og 1998/1999."

Þegar þessi 5.000 tonna jöfnunarpottur varð til í upphafi kjörtímabils þá var hann fyrst og fremst hugsaður til að bæta stöðu litlu aflamarksbátanna. Þeir höfðu farið verst allra út úr kvótaskerðingu undanfarinna ára en, því miður vil ég segja, var þetta látið ná til allra aflamarksskipa nema fullvinnsluskipa, sem var hreinn óþarfi. Margir þessara litlu báta nýttu þennan kvóta sinn og allan sinn kvóta að verulegum hluta til línuveiða, en þegar línutvöföldunin var afnumin urðu þeir fyrir talsverðum missi, fengu reyndar 60% tvöldunaraukningarinnar bætt en ekki það sem upp á vantaði.

Landssamband smábátaeigenda hefur ítrekað samþykkt að þegar hætt verður að úthluta úr þessum 5.000 tonna potti þá verði honum skipt á aflamarksbáta undir 100 rúmlestum, og mér finnst full ástæða til að skoða þann möguleika. En hér er einungis gert ráð fyrir að framlengja um eitt ár þessari jöfnunarúthlutun.

Hér er einnig á ferðinni frv. varðandi grásleppuveiðarnar sem ekki eru kvótasettar. Í samræmi við dóm Hæstaréttar er fellt úr gildi það ákvæði 7. gr. að þeir bátar einir eigi kost á leyfi til grásleppuveiða sem áttu rétt til leyfis á grásleppuveiðar til 1997. Ég hef orðið var við nokkrar áhyggjur grásleppuveiðimanna út af þessu sem ég held að vísu að séu óþarfar. Það er dýrt að hefja grásleppuútgerð og veiðin er það gloppótt frá ári til árs að ég hef ekki trú á að það verði margir sem hefja þessar veiðar til viðbótar við þá sem fyrir eru.

Hæstv. sjútvrh. nefndi í framsöguræðu sinni að til greina kæmi að úthluta grásleppuveiðileyfum miðað við veiðireynslu. Ég held að það geti orðið mjög vandmeðfarið vegna þess hvað veiðin er misjöfn eftir svæðum frá ári til árs og þurfi að íhuga það mjög gaumgæfilega.

Ég hef orðið var við nokkrar áhyggjur eigenda báta undir 6 tonnum sem eru á aflamarki. Þetta eru um 255 bátar, ef ég man rétt, með aflaheimildir frá einu kílói og upp í 365 þorskígildistonn, og að meðaltali eru heimildir þeirra upp á 31 tonn af þorski og 38 þorskígildistonn. En nú verða þessir bátar settir á bekk með krókaleyfisbátum og þar með minnkar verðmæti aflaheimilda þeirra verulega, aflaheimilda sem að hluta eru keyptar dýrum dómum og að hluta eru veð fyrir lánum þessara útgerðarmanna. Þetta held ég að sjútvn. þurfi að skoða vel þegar hún fær frv. til meðferðar.

Herra forseti. Ég hef nefnt nokkur atriði sem ég tel að þurfi að lagfæra og vona að þessi atriði verði skoðuð þegar sjútvn. þingsins fær málið til meðferðar milli 1. og 2. umr. Ég tel mjög mikilvægt að reyna að ná samkomulagi við Landssamband smábátaeigenda um framvindu málsins því að þær breytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir snúa allar að smábátaeigendum.

[16:12]

Útbýting þingskjala:

Hafnaáætlun 1999–2002, 291. mál, nál. samgn., þskj. 541.

Réttarstaða íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, 366. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 544.

Samningur um Norræna fjárfestingarbankann, 297. mál, nál. utanrmn., þskj. 543.

Siglingalög, 122. mál, þskj. 533.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Útboð á rekstri hjúkrunarheimilis fyrir aldraða.

[16:13]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hef leyft mér að óska eftir þessari umræðu og bera fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. heilbrrh.

um útboð á þjónustu við aldraða, hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Reykjavík. Eins og hæstv. forseti heyrir á mæli minu er það ekki sérstaklega vel fallið þess að standa í löngum umræðum. Ég mun engu að síður gera tilraun til þess að koma spurningum frá mér.

Í Morgunblaðinu 6. des. sl. birtist auglýsing, ekki á mjög áberandi stað, sem segir:

„Útboð. Hjúkrunarheimili í Reykjavík — einkaframkvæmd. Bygging, rekstur og fjármögnun ...“

Í textanum segir:

„Leitað er að aðila til að selja heilbr.- og trmrn. þjónustu, sem felst í því að leggja til og reka í 25 ár hjúkrunarheimili fyrir 60 aldraða með öllu því sem til þarf.“

Fyrir 60 aldraða með öllu. Það er með öðrum orðum alútboð á öldruðum sem á hér að efna til, alútboð á þjónustu við aldraða, bæði á húsum sem á að byggja í þessu skyni og síðan á rekstri í smáatriðum, bæði borðbúnaði, lyfjum, brekánum og öðrum nauðsynjum sem þurfa að vera á elliheimilum. Ég tel, herra forseti, að þó að við höfum ágæta reynslu af ýmsum aðilum í þessum rekstri eins og t.d. sjómannadagsráði og þeim aðilum sem hafa rekið Grund, þá sé þessi nálgun sem hér er efnt til miklu verri og háskalegri. Ég tel að hún sé varasöm og það þurfi að fara mjög varlega með hluti af þessu tagi vegna þess að þjónusta sem byggist á hagnaðargrundvelli eingöngu getur snúist upp í andhverfu sína áður en langur tími líður og við heyrðum snemma á þessu ári fréttir frá Svíþjóð og Noregi þar sem gengið var í það að loka elliheimilum sem bjuggu einmitt við hliðstætt rekstrarform og hér á að efna til, vegna þess að fjárhagsvandi eigendanna var farinn að bitna á þjónustunni við gamla fólkið.

Af þessu tilefni og af því ég hef áhyggjur af málinu hef ég leyft mér að bera fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. ráðherra sem ég sendi henni í gær. Þær eru á þessa leið:

1. Hvernig hyggst ráðherra tryggja skilyrðislaust vandaða þjónustu við þá aldraða einstaklinga sem lenda á þessu einkarekna heimili fyrir aldraða?

2. Hver er sá fjárhagslegi ávinningur sem ríkisstjórnin hyggst hafa af útboði á þjónustu við 60 aldraða einstaklinga?

3. Hvernig verður háttað eftirliti með þessari þjónustu?

4. Hefur landlæknisembættið, sem er faglegur ráðunautur ráðuneytisins eins og kunnugt er, sent frá sér faglega greinargerð um þetta efni?

5. Hver er skoðun Landssambands aldraðra á þessu útboði?

6. Telur ráðherra að svona útboð á þjónustu við gamalt fólk standist örugglega ákvæði mannréttindasáttmála?

[16:17]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson leggur fram nokkrar spurningar vegna auglýsingar um forval. Við hinni fyrstu spurningu er það svar að þessi þjónusta er bundin í lögum, reglugerðum og stöðlum sem ráðuneytið hefur gefið út. Eftirlit með gæðum er í höndum landlæknis og faghópa í öldrunarþjónustu og í þjónustusamningi sem verður gerður verða ítarleg ákvæði um faglegar kröfur, eftirlit með faglegri þjónustu og vel skilgreind viðbrögð ef út af verður brugðið.

Það hefur sýnt sig á undanförnum árum að ýmsir aðilar sem hafa áhuga, þekkingu, reynslu og traust hafa lagt metnað sinn í að byggja upp þjónustu fyrir aldraða í þessu þjóðfélagi. Það er nærtækast að nefna, eins og hv. þm. reyndar gerði hér á undan, sjómannasamtökin, Rauða kross Íslands, ýmis stéttarfélög, Grund og mörg sveitarfélög. Þannig hafa fjölmargir aðilar byggt upp og sinnt öldrunarþjónustu í áratugi og í raun verið fyrirmynd ríkisins í því hvernig á að sinna þessum málaflokki. Ég fullvissa hv. þingmenn um að á öllum stigum þessa máls mun besta fagfólk tryggja hag hinna öldruðu. Það er það sem máli skiptir.

Um aðra spurningu hv. þm. vil ég segja að engar áætlanir eru um hvaða fjárhagslegur ávinningur er af þessu útboði. Þetta verkefni snýst um að veita sjúkum, öldruðum góða þjónustu. Stjórnvöld ber hins vegar skylda til að veita bestu mögulega þjónustu og ná góðri nýtingu á peningum skattborgaranna og með því gefa einkaaðilum og félagasamtökum möguleika á að nýta hluta af þeim eignum sem þeir nú eiga, t.d. endurhæfingaraðstöðu, eldhús, starfsmannaaðstöðu og þvottahús svo eitthvað sé nefnt, til að nýta fjárfestingar betur. Á síðustu árum hefur hjúkrunarrúmum fjölgað mikið. Nú liggur fyrir að þeim verður fjölgað um 130 á næsta ári. Og samkvæmt þeim áætlunum sem fyrir liggja er ljóst að þörfin heldur áfram að aukast.

Virðulegi forseti. Þriðju spurningu þingmannsins svaraði ég áðan, en ég ítreka að eftirlit með þjónustunni er samkvæmt lögum og reglum eins og um alla þjónustu á sama sviði.

Um fjórðu spurninguna get ég sagt að verið er að vinna að gerð útboðslýsingar og við þá vinnu höfum við leitað aðstoðar okkar besta fagfólks í öldrunarmálum. Áður en gengið verður frá útboðslýsingu verður hins vegar leitað álits landlæknis.

Hvað varðar fimmtu spurningu vil ég benda hv. þm. á að ekki er venja að bera það nákvæmlega undir Landssamband aldraðra á hvern hátt þjónustan er aukin. Við höfum fjölgað hjúkrunarrýmum á mjög mörgum stofnunum. Við höfum byggt og bætt við, m.a. vegna ábendinga Landssambands aldraðra. Ég hef átt fjölda funda með fulltrúum aldraðra og ég hef rætt þessi mál við þá. Sem eðlilegt er leggja þeir áhersluna á fjölgun hjúkrunarrýma og að tryggja góða þjónustu. Um það er enginn ágreiningur.

Um síðustu spurningu þingmannsins vil ég taka fram að um þessa þjónustu munu gilda nákvæmlega sömu reglur og um aðra þjónustu á þessu sviði. Þau hjúkrunarheimili sem hafa verið opnuð á þessu kjörtímabili eru öll til fyrirmyndar eins og flest þau hjúkrunarheimili sem hafa verið opnuð sl. 20 ár.

Á síðustu árum hafa fjölmargir aðilar komið að máli við mig og lýst vilja til að stækka hjúkrunarheimili, byggja við eða byggja ný. Þar á meðal má nefna Hrafnistu, Rauða krossinn, Reykjavíkurborg og fleiri. Þarna er í öllum tilvikum um að ræða aðila sem hafa langa reynslu og mikla þekkingu á þeirri þjónustu sem veita þarf. Og það sem meira er, þeir hafa manngæsku og virðingu fyrir þeirri þjónustu sem ber að veita.

Ég vona að ég hafi svarað hv. þm. þeim spurningum sem hann hefur lagt hér fram.

[16:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu útboð á öldrunarþjónustu fyrir 60 aldraða, rekstur og útvegun á hjúkrunarheimili í 25 ár. „... nýjung í öflun og rekstri hjúkrunarheimilis á Íslandi, svokölluð einkaframkvæmd“, eins og segir í auglýsingu í Morgunblaðinu.

Hvað er hér á ferðinni? Hæstv. ráðherra reyndi að svara því í ræðu sinni hér á undan, en því miður var ekki mikið

um svör. Við vitum hvernig ástandið er í hjúkrunarmálum aldraðra. Í Reykjavík bíða á þriðja hundrað manns eftir plássi á hjúkrunarheimili, 169 þeirra eru í brýnni þörf. Vanda þessa stóra hóps verður vissulega að leysa.

En hvernig á að standa að þeim rekstri sem hér er auglýstur? Hvernig samningar verða gerðir við þá sem taka þetta að sér? Það er greinilega ekki ljóst. Útboðsvinnan er enn þá í gangi. Það er álit þeirra sem gerst þekkja í þessum málaflokki að í dag sé það svo að sjálfseignarstofnanir velja inn sjúklinga eftir hjúkrunarþyngd. Dýrir sjúklingar, þ.e. þeir sem þurfa dýr lyf og mikla þjónustu, sitja eftir. Það á ekki að eiga sér stað. Jafnræði verður að ríkja. Hvað verður gert í því útboði sem fyrirhugað er til þess að tryggja rétt þeirra sjúklinga sem eru í þessari stöðu, tryggja rétt þeirra sem þurfa dýra þjónustu og eru í mestri neyð eins og þeirra 170 Reykvíkinga sem bíða núna í brýnni þörf? Mun verða greitt fyrir hvern sjúkling eftir hjúkrunarþyngd? Ætlar ráðherra að reka þetta hjúkrunarheimili á daggjöldum? Í dag eru daggjöld mjög mismunandi. Ákveðin hjúkrunarheimili sem eru á lægstu daggjöldunum eiga í stanslausum rekstrarvanda. Það er ekkert samræmi. Þarf ekki að samræma daggjöldin á milli stofnana? Þjónustan er heldur ekki samræmd því þjónustan er mismunandi eftir hjúkrunarheimilum. Sums staðar þurfa ættingjar t.d. að sjá um þvott af sínum nánustu sem eru inni á hjúkrunarheimilum.

Ég deili áhyggjum með málshefjanda, hv. þm. Svavari Gestssyni, um að þarna verði einhver mismunun á ferðinni. Það má ekki eiga sér stað, herra forseti. Aðalatriðið er að fólki verði ekki mismunað og allir fái þjónustu við hæfi. Það verður að tryggja.

[16:25]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þetta mál er í sjálfu sér nokkuð athyglisvert. Hér er farin ný leið. Hér er ný stefna. Til upplýsingar þá tóku sjómannasamtökin þá ákvörðun 1938 að þeirra aðalmarkmið yrði að reka heimili fyrir aldraða sjómenn, þá komnir í land búnir á sál og líkama langt um fram aldur fram og það var mjög merkilegt skref sem þá var tekið. Oft gleymist hagkvæmni stærðarinnar í þessum rekstri. Ég get t.d. nefnt að sjómannasamtökin hafa óskað eftir að fá að byggja nýja hjúkrunarálmu, bæði við Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði, sem byggist m.a. á því að allur þjónustukjarni sem þarf til svona heimilisreksturs er þar til staðar. 90 rýma hjúkrunarheimili sem væri byggt eitt og sér án þeirrar þjónustustoðar sem fyrir er mundi kosta einn milljarð, en þar sem til staðar er allur þjónustukjarni þá er kostnaður um hálfur milljarður. Það er dæmið í hnotskurn.

Auðvitað vakna spurningar þegar svona útboð kemur fram þar sem aðili á að taka á sig alla þjónustuna, allt frá A til Ö, frá hönnun, byggingu og frágangi öllum og þar til fyrstu einstaklingar koma inn og halda svo áfram rekstri í næstu 25 ár. Hvaða kröfur eru gerðar til gæða byggingar? Hvaða kröfur eru gerðar til þjónustuaðila? Verður fylgst með því hvort sá sem býður upp á þessa þjónustu fyrir aldraða standi sig í rekstri? Er hætta á því að hann muni fækka hjúkrunarrýmum úr 60 niður í 40 eða 30 eða 20 ef hann stendur sig ekki í rekstri? Að því þarf auðvitað að gæta.

Ég tel að málið standi þannig varðandi þá RAI-mælingu sem hér er verið að tala um að eigi að vigta og greiða eftir, þ.e. hversu þungir í umönnun þeir sjúklingar eru sem þarna koma inn, að í þessu útboði er gert ráð fyrir því að ríkið ráði alfarið innlögnum fólks og því verði væntanlega þeir þyngstu teknir af sjúkrahúsunum og lagðir inn á hið nýja heimili. Það hefur verulega áhrif á umhverfi starfsfólksins. Það hefur líka veruleg áhrif ef t.d. aldraður krabbameinssjúklingur kemur inn sem getur jafnvel þurft meðalagjöf upp á 100 þús. kr. á mánuði. Það skiptir verulegu máli og með þessu þarf (Forseti hringir.) að fylgjast þannig að ráðuneytið þarf að gera meiri og fyllri kröfur til þeirra sem ætla að taka að sér þennan rekstur. Engu að síður er málið þess eðlis að það er allrar athygli vert, vel að merkja ef ráðuneytið kemur þá vel og kröftuglega inn í hvað varðar skilmála þeirra sem taka þetta verk að sér.

[16:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir að taka þetta mál upp. Það var sannarlega ástæða til. Ég verð að segja alveg eins og er að mér var satt best að segja nokkuð brugðið þegar ég las þessa auglýsingu frá Ríkiskaupum í Morgunblaðinu snemma í desembermánuði vegna þess að þrátt fyrir einkavæðingarbröltið, bæði í núverandi og fyrrverandi ríkisstjórn geri ég mjög stóran greinarmun á því hvort í hlut á einkavæðing og einhver rassaköst í kringum fyrirtæki, jafnvel þótt um almenn þjónustufyrirtæki sé að ræða eins og banka, eða hvort um er að ræða einkavæðingu á velferðarstofnun. Ég geri mikinn greinarmun á því. Hér er komið inn í kjarna þeirrar velferðarþjónustu sem hvað viðkvæmust er og þar sem einkarekstur í hagnaðarskyni á síst alls heima.

Herra forseti. Niðurstaðan er sú að alls staðar þar sem þessi einkavæðingarformúla hefur verið prófuð hefur hún reynst illa. Og af hverju má aldrei líta til reynslunnar og læra af því sem illa hefur tekist annars staðar og forðast þau víti? Einkavæðingin hefur reynst dýrari og hún hlýtur að verða dýrari. Það liggur í augum uppi að hún er dýrari. Af hverju? Af því að einkaaðilarnir fá dýrara lánsfé og þeir taka arð út úr rekstrinum handa sér. Annars stæðu þeir ekki í þessu. Það er hugsunin á bak við það hjá gróðafyrirtækjum að fara út rekstur af þessu tagi. Og þriðja atriðið sem er mjög varhugavert fyrir stjórnvöld í sambandi við þessa formúlu er að þau binda hendur sínar svo langt fram í tímann, með 25 ára eða jafnvel þaðan af lengri samningum sem þýða síðan að stjórnvöld eru bundin í báða skó hvað það varðar að koma fram breytingum og faglegum áherslum o.s.frv.

Herra forseti. Að mínu mati er þetta ósambærilegt við þær stofnanir sem félagasamtök hafa byggt upp fyrir sína félagsmenn í samvinnu og samstarfi við ríkið, þann sem greiðir, og hafa verið á föstum fjárveitingum eða daggjöldum eða öðru slíku. Þetta eru ósambærilegir hlutir. Það er aðferðafræðin (Forseti hringir.) hér, herra forseti, sem er röng og hættuleg og það er í raun og veru dapurlegt til þess að vita að það skuli vera heilbrrh. Framsfl. sem ríður á þetta grýtta vað.

[16:30]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Málflutningur stjórnarandstöðunnar er stundum aumkunarverður og færður í búning útúrsnúninganna. Stundum finnst mér grófur málflutningur, ekki síst Alþb. sáluga, kalla á áfallahjálp. Alútboð á öldruðum, sagði málsflytjandi. Einkavæðing, sagði hv. þm. hinnar grænu hreyfingar, Steingrímur J. Sigfússon.

Hæstv. forseti. Einkarekstur í hjúkrun er jafngamall mannkyninu, svo einfalt er málið. Þeir sem þiggja öldrunarþjónustu hjá Hrafnistu, DAS, Ási, Kumbaravogi, Blesastöð-

um eða í Skógarbæ hjá Rauða krossinum fá góða umönnun og þjónustu. Slíkur einkarekstur hefur verið hér á landi í 75 ár. Það er engin ný einkavæðing heldur þjónusta sem mannúðarsamtök og einstaklingar hafa sóst eftir og rekið af miklum myndarskap. Full ástæða er til að því verði haldið áfram til samræmis við það sem ríki og sveitarfélög gera einnig með góðum árangri. Þess vegna á ekki að slá á þessa útréttu hönd. Hún sparar peninga og er öllum til góðs. Hitt er svo mikilvægt að hver sem rekur slík heimili geri það samkvæmt lögum, reglum og stöðlum, sé undir eftirliti landlæknis og vistunarmat eigi sér stað. Heilbrrn. þarf að fylgja því eftir að gæði þjónustunnar séu í lagi. Það er hið mikilvæga í málinu og því er fylgt fast eftir. Ég er t.d. sannfærður um að við eigum í sjúkrahúsmálunum að hlusta á Ólaf Ólafsson, fyrrverandi landlækni. Hann vill að hluti þjónustunnar verði færður inn á hótel, sjúklingunum til bóta og ríkinu til sparnaðar.

Ég vil segja það hér að lokum, hæstv. forseti, að roðinn í austri er þegar orðinn fölbleikur.

[16:32]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Í máli þessu vakna margar spurningar og í forvalsreglum er ekki mikið um svör. Þetta er mjög stór biti, stórt heimili, þ.e. 60 rúma. Upp vakna spurningar um, ef menn vilja reyna nýjar leiðir, hvort ekki eigi að þróa þær smátt og smátt og læra af reynslunni. Hvað þekkjum við í svona málum? Við þekkjum verkefni hjá Barnaverndarstofu. Þar eru ekki útboð og ekki samið við lægstbjóðanda. Þar er reyndar samið við einkaaðila á grundvelli hæfni og faglegrar þekkingar til skemmri tíma. Þar er um að ræða þjónustusamninga og mikið eftirlit. Þar sér Barnaverndarstofa um vistanir og útskriftir og allar ákvarðanir eru í höndum fagfólks. Þar er um fimm ára samninga að ræða og skýr uppsagnarákvæði um samninga.

Við erum hér að líta til mjög langs tíma, 25 ára. Hann er vegna húsnæðisins, vegna þess að viðkomandi eiga að byggja eða leggja til húsnæði og fá í staðinn svo langan samning. Þá vaknar spurningin um réttarstöðu hins aldraða. Hvernig á þjónustan að vera? Heilbrrh. vísar í lög. Hvernig eru skyldur verksalanna tryggðar, þeirra sem fá verkefnið? Eru skýr ákvæði um eftirlit? Hver verður með eftirlitið? Hvernig tryggjum við réttindi skjólstæðingsins, hvernig koma stjórnsýsluákvarðanir að og hver ákveður? Ef vísað er á ráðuneytið þá ætla ég að leyfa mér að halda því fram að það sé of fjarlægt. Það er önnur staða en þegar undirstofnun er með þjónustusamninga um svona mikilvæg verkefni.

Herra forseti. Af því hér er ekki um að ræða þingmál og stefnumörkun sem við getum rætt, þetta er auglýsing og ákvörðun frá heilbrrn., þá er það mitt mat að heilbr.- og trn. Alþingis ætti að fara yfir alla þætti þessa máls. Málið kallar í raun á nákvæma yfirferð Alþingis. Hér er lagt inn á nýja braut og við alþingismenn verðum að tryggja að sú braut sé a.m.k. fær hinum öldruðu.

[16:35]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel mjög eðlilegt að þetta mál sé rætt utan dagskrár þar sem hér er vissulega um ákveðna nýjung að ræða. Það þarf kannski ekki að koma neinum á óvart að ríkisstjórnin sem nú situr fari nýjar leiðir. Hún hefur gert og sýnt það allt þetta kjörtímabil. Hún hefur farið nýjar leiðir á ýmsum sviðum. Hún hefur líka sýnt að hún er mjög vinsæl. Um 70% þjóðarinnar virðast styðja hana í könnunum þannig að fólkið í landinu virðist hafa verið ríkisstjórninni sammála í fjöldamörgum málum. Nú les ég Morgunblaðið ekki það vel og ég tók ekki eftir þessari auglýsingu sem margir hafa vitnað til. Ég vissi hins vegar af þessu máli í gegnum hæstv. heilbrrh. Ég get verið sammála málshefjanda um að fara þurfi varlega. Það er einmitt það sem gera þarf þegar farnar eru nýjar leiðir. Það kom nákvæmlega fram í svari hæstv. heilbrrh. að það er ríkið sem setur leikreglurnar. Í landinu eru lög sem ráða því hvernig að þessu verður staðið og hvernig fylgst verður með þessari starfsemi þannig að hún verði okkur öllum til sóma.

Ég tel að í velferðarþjóðfélagi, eins og Ísland vissulega er, mundi það aldrei líðast að illa yrði staðið að starfseminni og einnig vegna þess hve nálægðin er mikil í þessu landi. Það er eins og sumir megi ekki heyra orðið einkaframkvæmd eða einkavæðing öðruvísi en allt fari á hvolf. Nú eru Íslendingar samt almennt nokkuð miklir einstaklingshyggjumenn. Ég er ánægð með þessa ákvörðun hæstv. heilbrrh. en tek undir með þeim sem hafa lagt áherslu á að fylgjast þurfi vel með þessari starfsemi og gæta þess að starfið í heild sinni verði okkur öllum til sóma.

Mér finnst við tala of sjaldan um það hversu aldraðir hafa það almennt gott í landinu. Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með því hversu mörg dvalarheimili og hjúkrunarheimili hafa verið opnuð. Það stendur til að gera enn betur á næsta ári.

[16:37]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að vekja athygli á þessari fyrirhuguðu ráðagerð ríkisstjórnarinnar.

Enn eina ferðina virðist hinn vinsæli Framsfl. ætla að láta hinn vinsæla Sjálfstfl. teyma sig inn á braut einkavæðingar sem nú heitir einkaframkvæmd. Það er þýðing á enska heitinu private finance initiative. Þetta hefur verið reynt í Bretlandi með mjög slæmum afleiðingum og hv. þm. Guðna Ágústssyni til upplýsingar hefur fyrrverandi landlæknir varað mjög eindregið við þessari ráðagerð.

Hugmyndin er sú að fela einkafyrirtæki fjármögnun og rekstur opinberra stofnana og hafa verið gerðar skuldbindingar um mörg ár, jafnvel marga áratugi fram í tímann. Hið opinbera, ríki eða sveitarfélög, skuldbindur sig til að sjá fyrirtækjunum fyrir viðskiptavinum hvort sem það eru sjúklingar á sjúkrahúsum eða heilsugæslustöðvum, fangar í fangelsum, skólanemar í skólum eða aldrað fólk á elliheimilum. Þetta er allt önnur hugmynd og ekki sambærileg við stofnanir eða rekstur á vegum líknarfélaga sem sprottin eru upp úr hagsmunasamtökum og við höfum þekkt hér um áratugi. Þetta er allt önnur hugsun og ekki sambærileg við það. Hér á að fara í fyrirtækjarekstur sem lýtur lögmálum markaðarins.

Þetta er freisting fyrir stjórnmálamenn. Þeir geta haldið áfram að opna alla nýju skólana, nýju sjúkrahúsin og elliheimilin, án þess að fram komi í reikningum verri skuldastaða einfaldlega vegna þess að það er fyrirtækið sem tekur lánið en ekki ríki og sveitarfélög. Að endingu er það hins vegar hið opinbera, þ.e. skattborgarinn sem borgar reikninginn. Það sem meira er og verra: Reikningurinn er hærri en hann hefði orðið hefði framkvæmdin öll verið á vegum hins opinbera. Lánin hefðu ekki verið eins dýr og að sjálfsögðu ráðast fyrirtæki í framkvæmdina til að hafa af henni arð og

arðurinn er einnig greiddur af skattborgaranum. Þetta hefur verið reyndin í Bretlandi.

Við höfum reynsluna af þessu fyrirkomulagi, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Hvers vegna ekki horfa til þeirra sem hafa reynslu af þessu fyrirkomulagi? Þetta er dýrara, þetta er óhagkvæmara, verra fyrir skattborgarann og fyrir notandann. Ég vil vekja athygli á því að í bæklingum ríkisstjórnarinnar um einkaframtak er sérstaklega vikið að sjúklingaskröttum, notendagjöldum. Það er ávísun á mismunun. (Forseti hringir.) Það er hryggilegt til að vita að Framsfl. sé orðinn einn einarðasti talsmaður frjálshyggjunnar í landinu. Það eru skilaboð til kjósenda í næstu kosningum.

[16:40]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Til er máltæki sem segir „veldur hver á heldur". Við getum alls ekki gefið okkur að einkarekin vistheimili séu eitthvað verri en ríkisrekin heimili. Á dögunum var ég einmitt í mínu ágæta kjördæmi og þar var verið að opna hjúkrunarheimilið Ás í Hveragerði. Það er einmitt einkarekið hjúkrunarheimili og byggir á mjög gömlum grunni — elliheimilið Grund er 75 ára gömul stofnun. Þarna var einmitt verið að opna mjög myndarlega stofnun sem kostaði 200 millj. kr. Hún hefur verið reist af einkaaðilum en rekstur stofnunarinnar kostaði 70 millj. á ári. Á þremur árum var komin sama upphæð og bygging stofnunarinnar kostaði. Við erum hér með gríðarlegan vanda sem felst í löngum biðlistum á stofnanir fyrir aldraða. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kom einmitt inn á það.

Við megum alls ekki gefa okkur að stofnanir sem þessar bjóði upp á lakari þjónustu en gerist og gengur í ríkisreknu fyrirtæki. Út af hverju gefum við okkur þetta? Við vitum að t.d. á þessum stað er mjög mikill metnaður, mjög mikil reynsla og þarna hafa menn staðið sig gríðarlega vel. Fólkið sem þarna er er ánægt. Við megum ekki gefa okkur að þetta gangi ekki upp. Við eigum að gera þær kröfur til þeirra sem reka svona stofnanir að þjónustan sé fyrsta flokks. Það verðum við að tryggja og um það snýst málið.

[16:42]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir að þetta mál skuli vera tekið hér upp. Málið er mjög sérstakt. Það snýst ekki um það hvort um sé að ræða óánægju eða ánægju með einkarekin heimili eða ríkisrekin heldur um það hvernig við viljum standa að þjónustu við aldraða í framtíðinni. Það kom fram hjá hæstv. heilbrrh. að eftirlit með rekstri þessa heimilis sem hugsanlega yrði boðið út yrði í samræmi við lög og reglur sem um þessa þjónustu gilda. Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Telur hún að eftirlitið með rekstri heimila sé í góðu lagi í dag? Er tryggt að um sé að ræða sambærilega þjónustu á heimilum, hvort sem um er að ræða ríkisrekin heimili eða einkarekin og í samræmi við þær greiðslur sem inntar eru af hendi?

Hæstv. ráðherra var einnig spurð um skoðun Landssambands aldraðra á þessu máli. Hjá hæstv. ráðherra kom fram að það væri ekki venjan að bera ákvarðanir sem þessar undir félagasamtök. Ef hæstv. ráðherra má vera að því að hlusta ætla ég að vitna í samþykkt sem gerð var á 25. flokksþingi Framsfl. 20.–22. nóvember sl. þar sem segir að Framsfl. leggi áherslu á:

„Að virkja og auka sjálfræði aldraðra, gera sýnilegt að þeir hafi frumkvæði og móti stefnu í eigin málefnum og félagasamtökum og hafi þar með frelsi til þess að velja sjálfir lífsmynstur sitt."

Hér er um að ræða heimili fyrir 60 manns og það er ekki úr vegi, virðulegi forseti, að rifja upp annað áhersluatriði úr stefnu Framsfl.:

„Að aldraðir hafi tök á því að búa á hjúkrunarheimilum, sem byggð eru í þeirra eigin sveitafélagi, þegar heilsufarsástand og hjúkrunarþörf þeirra krefst þess. Þar verði lögð áhersla á heimilislegt umhverfi í litlum einingum sem fellur vel að hugmyndum um sem eðlilegast fjölskyldulíf."

Eðlilegt fjölskyldulíf er nú varla 60 manna heimili. Samrýmist þetta stefnumiðum Framsfl.? Var einhver hér áðan að tala um aumkunarverðan málflutning stjórnarandstöðunnar?

[16:44]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér á hinu háa Alþingi höfum við margoft rætt um vanda heilbrigðiskerfisins. Deildum er lokað, biðlistar eru endalausir, hætt er við aðgerðir og við það er feiknakostnaður sem stöðugt vex.

Ég man ekki til þess að hv. þingmenn hafi rætt um lokanir hjá Flugleiðum eða biðlista hjá Flugleiðum eða sífellt vaxandi vanda hjá Flugleiðum. Hvernig stendur á því? Vegna þess að Flugleiðir er einkafyrirtæki og þeir geta ekki leyft sér lokanir, þeir geta ekki leyft sér biðlista og þeir geta ekki leyft sér þau vandamál sem heilbrigðiskerfið hefur leyft sér.

Þegar ég var í atvinnurekstri, áður en ég varð þingmaður, var það síðasta sem mér datt í hug að loka fyrirtækinu eða minnka þjónustuna þegar illa gekk. Það var það síðasta sem mér datt í hug. En þetta dettur opinberum fyrirtækjum í hug og komast upp með það.

Herra forseti. Gróðinn og arðurinn sem hér verður greiddur verður greiddur vegna betra skipulags, betri hönnunar á húsnæði og betri nýtingar fjármagns. Það er svo einfalt. Þannig myndast arðurinn og hagnaðurinn og þjónustan verður ódýrari. Ég fullyrði það. Að sjálfsögðu þarf að tryggja í útboðskynningu að gæðin verði fullkomin og góð og það verður að tryggja atriði eins og þagmælsku og annað slíkt. Ef rétt er að málum staðið verður líka tryggt að þeir sjúklingar sem verða mjög erfiðir og þungir í hjúkrun verði velkomnir vegna þess að meira er greitt fyrir þá.

Kosturinn við þetta er að ríkið hefur eftirlit með og gerir kröfur til einstaklinga og það gerir miklu meiri kröfur til einstaklinga en það gerir til ríkisfyrirtækis. Ríkið gerir meiri kröfur til einstaklinganna en það gerir til sjálfs sín. Það er nefnilega það sem hefur komið í ljós. Ég er viss um það að hv. þingmenn muni gera sérstaklega miklar kröfur til stjórnar þessa fyrirtækis, meiri en til stjórna núverandi heilbrigðisstofnana sem enginn hefur talað um að hafi brugðist.

Það er dálítið merkilegt, herra forseti, að þegar kemur að nýjungum eru þeir hv. þingmenn sem kenna sig við stefnu sem einu sinni átti upptök í byltingu, fyrir 70 árum, á móti öllum breytingum.

[16:47]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þessa umræðu, hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og sérstaklega hv. þm. Pétri Blöndal fyrir þá ræðu sem hann flutti áðan sem staðfesti að ástæða er til að hafa áhyggjur af málinu. Það hefur verið þannig á þessu kjörtímabili að þegar Framsfl. og Pétur Blöndal sameinast er eðlilegt að fólk og þjóðin leggi við hlustir og velti málunum aðeins fyrir sér því að hv. þm. Pétur

Blöndal afhjúpaði málið algjörlega. Ég óska hv. þm. Guðna Ágústssyni líka til hamingju með þennan samferðamann vegna þess að hv. þm. Pétur Blöndal sýndi fram á það til hvers verið er að setja þessa stofnun á laggirnar með þessum hætti. Tilgangurinn er bersýnilega sá að koma velferðarkerfinu inn í markaðskerfið, að rífa velferðarkerfið út úr hinu félagslega kerfi og setja það á grundvöll markaðskerfisins.

„Ég hef áhyggjur af því, ég verð að segja það", sagði fyrrv. formaður Framsfl. oft. Ég leyfi mér að viðhafa þau orð hér. Ég hef áhyggjur af þessu. Ég vona að þingmenn Framsfl. sem hér hafa talað digurbarkalega, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson, hafi líka áhyggjur af þessu. Ég vona það. Ég vona að hann hafi þroska til þess þrátt fyrir digurbarkaræðu sína áðan.

Það á að fara varlega. Gallinn er sá að ekki hefur verið farið varlega. Það kemur fram í þessum umræðum og svörum hæstv. heilbrrh. að ekki hefur verið leitað eftir faglegri greinargerð frá landlæknisembættinu. Hún liggur ekki fyrir. Landlæknir hefur ekki sagt sitt orð um þetta mál. Það liggur líka fyrir að Landssamband aldraðra hefur ekki verið beðið um álit á þessu máli. Vanræksla á þessum tveimur punktum sýnir að ekki er farið nógu varlega. Þess vegna segi ég, herra forseti, í lok umræðunnar: Ég skora á hæstv. heilbrrh., sem ég veit að er í þessu máli af góðum hug, að hægja á málinu, fresta útboðinu og skoða málin betur. (Forseti hringir.) Ég bendi á að lokum að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, sem þekkir gjörla til þessara mála, fullyrti áðan að það mætti gera þessa hluti miklu ódýrari með öðrum hætti. Það er mjög merkilegt ef hæstv. ráðherra hlustar ekki á hann, með reynslu í rekstri í þjónustu við aldraða þó að ráðherrann hlusti kannski lítið á okkur hin.

[16:49]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Auðvitað hlusta ég á alla hér. Að sjálfsögðu. Ég held að menn verði að fara aðeins betur yfir málið vegna þess að hér er um forval að ræða. Hér er um forval að ræða og síðan verður útboð. Það verður lokað útboð. Það er alveg ljóst að ekki verður tekinn til greina neinn aðili nema okkur sýnist hann vera traustsins verður.

Af því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom áðan inn á það að þetta væri nýjung sem væri vert að skoða er líka gott að benda á það að hann sagði að mjög margir aðilar hefðu sýnt þessu áhuga. Þess vegna erum við með útboð. Það eru aðilar eins Grund sem hefur áhuga, það eru aðilar eins og Hrafnista sem hefur áhuga. Þetta eru aðilar sem við treystum. Við gerum strangar kröfur til hjúkrunarheimila okkar. Ég fullyrði að hjúkrunarheimili okkar eru fyrsta flokks í landinu.

Við höfum reynt ýmsar nýjungar í þessari ríkisþjónustu eins og fram hefur komið. Við höfum t.d. gert þjónustusamninga við mjög mörg hjúkrunarheimili í landinu, t.d. Skógarbæ sem er myndarlegt heimili. Ég tel að við séum að fara réttar leiðir, við erum að fjölga hjúkrunarrýmum, eins og ég sagði áðan fjölgar þeim um 130 á næsta ári, og ekki veitir af eins og kom fram hjá þingmönnum áðan. En árið 2000 ætlum við að vera búin að fullnægja þeirri þörf sem er brýnust á þessu svæði.

[16:51]

Útbýting þingskjals:

Hafnaáætlun 1999–2002, 291. mál, brtt. samgn., þskj. 542.

Kjör einstæðra foreldra.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 362. mál. — Þskj. 505.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:54]

Beiðni leyfð til félmrh. með 39 shlj. atkv.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 229. mál (sala hlutafjár). — Þskj. 256, nál. 427 og 447.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:56]

Till. í nál. 447 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 31:10 atkv. og sögðu

já: GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, LB, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, FI, GB, GMS, HBl, HG, JHall, KÁ, MS, ÓE, RA, RG, SighB, SvanJ, TIO, ÞHS, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 30:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

2 þm. (GE, LB) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, FI, GB, GÁ, GMS, HBl, HG, JHall, KÁ, MS, ÓE, RA, SighB, SvanJ, TIO, ÞHS, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eðlilegast hefði verið að fresta afgreiðslu þessa máls eða vísa því frá eins og við stjórnarandstæðingar lögðum til en það var því miður fellt áðan. Eins og hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að þessum málum og bersýnilega sýnt sig að valda á engan hátt því verkefni að fara með eignarhlut ríkisins í þessum mikilvægu stofnunum — og ekki er ástæða til að ætla annað en að áframhaldandi einkavæðing og sala á því sem eftir er í Fjárfestingarbankanum verði sams konar farsi ef ekki verri en þeir sem þjóðin hefur mátt horfa upp á að undanförnu — þá treysti ég ekki þessari ríkisstjórn til að fara með þessa sölu og er henni andvígur og greiði því atkvæði gegn frv.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, FI, GB, GMS, HBl, HG, JHall, KÁ, MS, ÓE, RA, SighB, SvanJ, ÞHS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (JóhS, KH, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, FI, GB, GMS, HBl, HG, JHall, KÁ, MS, ÓE, RA, SighB, SvanJ, ÞHS, ÖS) fjarstaddir.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 343. mál (veiðileyfi o.fl.). — Þskj. 443.

og

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (grásleppuveiðar). — Þskj. 444.

[16:59]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem fram hefur farið í dag hefur að mínu viti um margt verið mjög málefnaleg og augljóst að menn taka þeim dómi af mikilli alvöru sem Hæstiréttur kvað upp fyrir nokkrum dögum og hæstv. ríkisstjórn er að bregðast við með þeim frumvörpum sem við ræðum hér.

Virðulegi forseti. Það hefur vakið sérstaka athygli mína í þessari umræðu að alveg síðan ég kom á þing hef ég aldrei nokkurn tíma heyrt auglýst jafnmikið eftir viðhorfum stjórnarandstöðunnar í nokkru máli. Það er augljóst að þetta er ekki gert nema menn hafi slæma samvisku gagnvart því sem þeir eru að gera.

Nýverið afgreiddum við gagnagrunnsfrumvarp þar sem menn lögðu fram nýjar hugmyndir í stóru máli, lögðu fram annað frumvarp sem ekki mátti ræða, en hér hefur hver stjórnarliðinn á fætur öðrum auglýst eftir viðhorfum minni hlutans. Ég fagna því alveg sérstaklega, virðulegi forseti, að áhugi hæstv. sjútvrh. og stjórnarliða skuli vera svona mikill á því að fá fram viðhorf minni hlutans í þessu máli. Ég vil fagna sérstaklega þeim áhuga sem meiri hlutinn hefur sýnt þessu.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, hefur mér ætíð þótt heldur miður og miður fyrir greinina í heild það ósætti sem hefur verið um fiskveiðistjórnina. Það kann ekki góðri lukku að stýra til lengdar að jafnmikið ósætti hefur verið um stjórn okkar stærsta og kannski merkasta atvinnuvegar í jafnlangan tíma og raun ber vitni. Og það getur ekki orðið til góðs.

Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt að ósátt hafi ríkt því að Hæstiréttur hefur nú kveðið upp dóm þar sem hann heldur því fram að sú útfærsla á kvótakerfinu sem sá hæstv. sjútvrh. sem nú situr hefur rekið hvað harðast undanfarin sjö ár eða svo, standist ekki grundvallarreglur okkar stjórnarskrár. Það í sjálfu sér segir miklu meira um það ósætti sem hlýtur að vera þegar hluti fiskveiðistjórnarkerfisins stenst ekki grundvallarreglur okkar. Það er gríðarlegur áfellisdómur yfir þeim þáttum sem Hæstiréttur tók þar til skoðunar.

Sá er hér stendur hefur ætíð bæði í ræðu og riti reynt að halda því fram að algerlega nauðsynlegt sé að reyna að ná sáttum í þessu máli. Það getur ekki gengið til lengdar að nánast ríki skotgrafahernaður án þess menn reyni nokkuð að lenda því máli skynsamlega.

Nýverið tók til starfa auðlindanefnd sem samþykkt var á síðasta vorþingi og sá er hér stendur á sæti í henni. Ég hef heyrt það í þeirri umræðu sem fram hefur farið að mjög margir vonast til þess að hún geti orðið einhvers konar sáttaleið í því máli. Ég held að vinnan þar a.m.k. fram til dagsins í dag hafi farið vel fram og full ástæða er til að vonast til þess að eitthvað geti komið út úr þeirri nefnd, svo framarlega sem vinnubrögðin þar verði hin sömu og hingað til.

Virðulegi forseti. Ástæða þess að frv. eru lögð fram hefur verið rakin hér í mörgum ræðum. Hún er umræddur hæstaréttardómur frá 3. des. sl. þar sem tiltekin grundvallaratriði í lögum um stjórn fiskveiða eru ekki talin standast stjórnarskrána, ekki standast jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og ekki standast atvinnufrelsisákvæði þeirrar sömu skrár. Þar er um að ræða, eins og margoft hefur verið rakið hér, mál Valdimars Jóhannessonar gegn íslenska ríkinu. Hann sótti um almennt veiðileyfi og sérstakt veiðileyfi en sjútvrh. hafnaði því að veita honum slík leyfi. Það mál gekk til héraðsdóms og þaðan til Hæstaréttar, sem síðan komst að þeirri niðurstöðu að neitun á grundvelli þeirra raka sem sjútvrn. bar fyrir sig stæðist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar.

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. og stjórnarliðar almennt í þessari umræðu hafa haldið því fram að þau frv. sem við ræðum hér hafi verið lögð fram til þess að koma í veg fyrir frekari óvissu, þ.e. til að reyna að eyða þeirri óvissu sem dómurinn hefur skapað. Ég tel að þessi frv. geri það ekki. Það byggi ég á því að ég tel að dómurinn hafi í raun og veru ekki aðeins fjallað um 5. gr. heldur líka 7. gr. Ég held að þessar tvær greinar verði ekki skildar að. Það er mín skoðun. Í fyrsta lagi vegna þess að bæði 5. gr. sem fjallar um veiðileyfi og 7. gr. sem fjallar um veiðiheimildir byggja á sömu forsendu, þ.e. þær byggja báðar á einhverri sögulegri reynslu. Annars vegar byggja veiðiheimildirnar á veiðireynslu áranna 1981–1983 og hins vegar vitna veiðileyfin til þeirra sem höfðu veiðileyfi 1988. Að byggja til frambúðar á einhverju í fortíðinni sem gerir það að verkum að aðrir geti ekki komist inn í greinina, það stenst ekki atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og jafnræðisákvæði. Það er mín skoðun, alveg kristaltær, að Hæstiréttur hafi tekið á þessum málsástæðum og í raun og veru um leið fellt 7. gr. úr gildi. Það er mín skoðun í þessu máli og ég ætla að leyfa mér í þessari ræðu að fara aðeins betur yfir það viðhorf.

Í fyrsta lagi, virðulegur forseti, kemur fram að í umsókn Valdimars er sótt um almennt veiðileyfi samkvæmt 5. gr. og síðan er sótt um sérstakt veiðileyfi. Ég á kannski ekkert gott með að skýra hvað í þessu felst, þ.e. sérstöku veiðileyfi, en þegar menn lesa þetta frekar þá er sótt um 500 tonn af þorski, talsvert af ýsu, ufsa o.s.frv. og allt eru það tegundir

sem eru í kvóta, allar saman. Með þessu sérstaka veiðileyfi sem verið er að sækja um er því í raun og veru verið að sækja um veiðiheimildir. Það er ekki hægt að skýra þetta öðruvísi. Það er ekki bara verið að sækja um almennt veiðileyfi heldur er verið að sækja um veiðiheimildir.

Ég leyfi mér að lesa upp úr dómi Hæstaréttar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af framansögðu verður ekki talið, að sjávarútvegsráðuneytinu hafi verið rétt að hafna umsókn áfrýjanda um almennt og sérstakt veiðileyfi á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar í bréfi þess 10. desember 1996."

Virðulegi forseti. Með þessu er ég að halda því fram að Valdimar hafi á sínum tíma sótt um veiðiheimildir og að Hæstiréttur hafi komist að því í þessari niðurstöðu að það hafi verið óheimilt að neita honum um veiðiheimildir á þeim forsendum sem sjútvrn. gerir.

Í öðru lagi tel ég að öll röksemdafærsla Hæstaréttar í þessu máli bendi til að Hæstiréttur hafi í raun og veru verið að fjalla um 7. gr. Það má gagnrýna það og spyrja hvers vegna ekki sé sérstaklega talað um 7. gr. í niðurstöðu dómsins, og það er vissulega atriði sem er umhugsunarvert. En í allri þeirri röksemdafærslu sem fylgir með dómnum er alveg augljóst að Hæstiréttur telur að ekki sé hægt að skilja að 5. og 7. gr. þessara laga. Öll röksemdafærslan í dómnum bendir til þess að þær verði ekki skildar að og að þessar greinar séu ávöxtur af sama meiði.

Á þessum forsendum tel ég að þau frumvörp sem hér hafa verið lögð fram og ætlun hæstv. ríkisstjórnar er að lögfesta muni ekki eyða þeirri óvissu sem margir hafa talið að dómur Hæstaréttar hafi skapað. Þess vegna held ég að hér sé ekki nægjanlega að gert og að það sé algerlega nauðsynlegt að taka á þessum þætti í dómi Hæstaréttar líka, vilji menn eyða þessari óvissu. Það er algerlega nauðsynlegt að mínu mati.

Ég tel, virðulegi forseti, að full ástæða hefði verið til að gefa sér meiri tíma. Það hefði verið full ástæða til þess að fara betur yfir þetta, gefa sér meiri tíma og reyna að leita leiða til þess að breyta kerfinu þannig að það fái staðist helstu ákvæði í stjórnarskránni. Það getur aldrei orðið sátt um nokkurt kerfi sem stenst ekki þær sanngirnis- og jafnræðisreglur sem finna má í stjórnarskránni. Það getur aldrei orðið sátt um slíkt, virðulegi forseti.

Ýmis fleiri atriði sem fram koma í þessum dómi hefur mér heldur ekki fundist fá nægjanlega umræðu. Ég vil benda sérstaklega á það sem segir hér í dómi Hæstaréttar, með leyfi forseta.

„Löggjafanum er rétt að takmarka fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ef uggvænt þykir að fiskstofnar séu í hættu."

Ég held að í þessu ljósi sé vert að skoða stjórn á ýmsum veiðum og bendi til að mynda á loðnuveiðar. Við höfum núna í 15 ár aldrei náð kvótanum í loðnu, aldrei nokkurn tíma. Við komumst næst því í hittiðfyrra þegar það munaði u.þ.b. 20 þús. tonnum eða svo. Ef Hæstiréttur er að segja að okkur sé aðeins heimilt að takmarka veiðarnar ef uggvænt þykir um að fiskstofnar séu í hættu, þá er spurning hvort hann sé að segja í þessu tilviki að okkur sé ekki heimilt, miðað við reynslu undanfarinna ára, að takmarka veiðar í loðnu. Er verið að gefa loðnuveiðarnar frjálsar með þessu? Ég held að vel sé þess virði að velta þessu fyrir sér, virðulegi forseti, því að við höfum aldrei náð þeim kvóta sem gefinn hefur verið út í loðnuveiðinni. Og Hæstiréttur virðist vera að segja í þessum dómi að okkur sé ekki heimilt að takmarka fiskveiðar nema í þeim tilvikum þegar fiskstofnarnir eru í hættu.

Ég held að það sé vel þess virði að hugleiða þetta þó að kannski sé fulllangt seilst að halda því fram að Hæstiréttur sé að opna á þessa hluti, en a.m.k. er hann hér með þessum hætti að takmarka valdsvið löggjafans. Og þegar reynslurökin sýna okkur að okkur hefur ekki tekist að veiða þann kvóta sem hefur verið gefinn út í tiltekinni tegund þá hljótum við að velta því fyrir okkur hvort þessi fiskstofn sé raunverulega í þeirri hættu að nauðsynlegt sé að kvótabinda hann. Ég held það sé vert, virðulegi forseti, að skilja þessa spurningu og kasta henni inn í þá umræðu sem hér fer fram.

Hæstv. sjútvrh. varð mjög tíðrætt um atvinnuréttinn í ræðu sinni. Ég held að það sé alveg rétt að atvinnuréttur þeirra sem hafa unnið í greininni, hvort heldur í fiskveiðunum, fiskvinnslunni eða fólksins sem býr á landsbyggðinni o.s.frv., er til staðar. Fólk á ákveðinn rétt til þess að nýta þessa auðlind okkar. Sá réttur er til staðar og þann rétt ber að virða.

Árið 1983 var sú ákvörðun tekin að þessi atvinnuréttur skyldi fylgja útgerðarmanninum, þ.e. útgerðarmaðurinn fékk þennan atvinnurétt þegar þurfti að takmarka aðgang að auðlindinni. Það má vel velta því fyrir sér hvort rétt hafi verið að gera það á þeim tíma, hvort það sé hugsanlega uppspretta þeirrar óánægju sem hefur verið með kvótakerfið frá upphafi að einungis útgerðarmaðurinn hélt þessum atvinnurétti. Það má halda því fram með miklum rökum að þessi atvinnuréttur hafi allt eins getað verið hjá sjómönnum, allt eins getað verið hjá því fiskvinnslufólki sem vann það sem úr sjónum kom. Ég held að þetta sé eitt af því sem við eigum að hugleiða enn og aftur núna þegar við stöndum frammi fyrir því að þetta fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum rekið um langt skeið einfaldlega gengur ekki upp, því miður, í þeirri útfærslu sem það er í dag.

Hæstiréttur er að senda okkur þessi skýru skilaboð. Við eigum ekki að taka við boltanum eins og til að mynda forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa gert í þessu máli. Einn hv. þm. leyfði sér í dag að segja að sjómenn eða þeir sem eru ósáttir við dóminn eigi ekki að tala við stjórnmálamenn, þeir eigi að tala við Hæstarétt. Það er ekki hægt að setja fram viðhorf af þessum toga og ekki réttlætanlegt í jafnalvarlegri umræðu og þegar við ræðum um stjórn fiskveiða. Það bara getur ekki gengið og má ekki ganga.

Í mínum huga fagna ég því sérstaklega að Hæstiréttur skuli koma inn í samfélagsumræðuna eins og hann gerir. Kannski er löngu orðið tímabært að hann taki þátt í samfélagsumræðunni af meiri þunga en hann hefur gert. (**Gripið fram í:** Er þetta almennt álit í lögfræðistétt?) Virðulegi forseti. Ég tala aðeins fyrir mig. Ég fagna því sérstaklega að Hæstiréttur skuli koma inn í umræðuna með þeim hætti sem hann gerir og vildi að hann gerði það í miklu fleiri málum en bara í þessu.

Virðulegi forseti. Náttúrlega hafa mýmörg atriði verið dregin upp í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram en það er dálítið merkilegt að hlusta á hæstv. sjútvrh. þegar hann segir að allt muni hrynja, efnahagskerfið, landsbyggðin og ég veit ekki hvað og hvað ef við breytum stjórninni á fiskveiðum. Við höfum veitt fisk í hundruð ára, ekki alltaf með kvótakerfinu. Jafnvel þó að hæstv. sjútvrh. hafi keyrt í gegn veðsetningu á óveiddum afla er ekki þar með sagt að byggðir um land allt muni hrynja ef við breytum fiskveiðistjórnarkerfinu. Það er ekki boðlegt, virðulegi forseti,

að vera að bera inn í jafnalvarlega umræðu og hér fer fram rök af þessum toga. Það er bara ekki boðlegt. Eins og þegar hæstv. sjútvrh. lagði lykkju á leið sína þegar hann var að flytja rök sín fyrir þeim frumvörpum sem við ræðum hér, til þess að sparka í jafnaðarmenn sérstaklega, vegna þess að þeir hefðu það eitt markmið að reyna að koma byggðum kringum landið helst á höfuðið. Það er náttúrlega alveg með ólíkindum að menn skuli tala svona og ætlast til þess að þeir séu teknir alvarlega.

Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem sagði fyrr í dag að það er ekki boðlegt að koma inn í umræðuna svona og menn mega ekki leyfa sér það að vera með þann stráksskap að tala eins og hæstv. sjútvrh. gerði að hluta til og því miður formaður sjútvn. leyfði sér líka. (**Gripið fram í:** Hver?) Hv. formaður sjútvn.

Að lokum vil ég segja það, þar sem tími minn er nú að verða búinn, að það er kannski annað atriði sem við þurfum sérstaklega að taka á þegar við tökum þetta upp að nýju og það er náttúrlega sá gróði sem menn fara með út úr greininni þegar þeir hætta. Það er atriði sem við verðum að taka sérstaklega á og er sérstakt verkefni löggjafans að finna leið til þess að koma í veg fyrir að menn labbi út úr þessu með þann gróða sem gerist þegar menn eru að selja aflaheimildir og fara út úr greininni. Það er eitt af þeim stóru atriðum sem skapa þá ósátt sem er um kvótakerfið í dag og á því verðum við að taka.

Virðulegi forseti. Tími minn er búinn en ég vil sérstaklega ítreka það að í jafnalvarlegu máli og þessu sem við ræðum er algerlega nauðsynlegt að við leitum leiða til þess að ná sátt um þau sjónarmið sem helst hafa verið uppi í umræðunni um fiskveiðistjórnina.

[17:19]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Suðurl. bar sig illa undan því að auglýst hefði verið eftir stefnu stjórnarandstöðunnar og sérstaklega jafnaðarmanna. En það er einu sinni svo að ekki er auglýst eftir öðru en því sem týnt er og finnst ekki. Hér hefur fyrst og fremst verið nokkur viðleitni til að auðvelda jafnaðarmönnum að koma og segja frá stefnu sinni og láta ekki þessa umræðu fara þannig fram að þjóðin öll horfi á hvern þingmann þeirra á fætur öðrum koma upp án þess að geta sagt hvað þeir ætla að gera.

Nú má segja það um hv. 6. þm. Suðurl. að hann sagði alveg klárt að hann liti svo á að Hæstiréttur hefði fellt 7. gr. fiskveiðistjórnarlaganna úr gildi. Það hefur margsinnis komið fram að ef menn líta svo á eru þrír kostir fyrir hendi: ólympískar veiðar, að setja öll veiðiréttindin á uppboð, taka veiðiheimildirnar af þeim sem hafa þær í dag og setja þær á uppboð, eða í þriðja lagi að taka þær af og senda hverjum og einum Íslendingi heim. Þetta eru þeir þrír kostir sem eru fyrir hendi ef menn líta svo á að 7. gr. hafi verið felld úr gildi.

Er nú til of mikils mælst, ef menn líta svo á að þetta felist í dómi Hæstaréttar og Alþingi verði að bregðast við í ljósi þess, að menn fari fram á það að þá sé sagt líka hvaða leið á að fara? Finnst hv. þm. að það sé til of mikils mælst? Eða gætum við fengið frá honum svör um það sem við höfum ekki fengið frá hinum talsmönnum jafnaðarmanna í dag?

[17:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka enn og aftur að ég fagna sérstaklega þeim áhuga sem hæstv. sjútvrh. hefur á viðhorfum stjórnarandstöðunnar í málinu. Ég fagna því alveg sérstaklega og ég man ekki til þess síðan ég kom á þing að nokkurn tíma hafi verið auglýst jafnmikið eftir þeim viðhorfum.

Það er auðvelt í sjálfu sér að svara spurningum hæstv. sjútvrh. Í fyrsta lagi eru þessir þrír kostir ekkert í stöðunni, við eigum ekki að vera með þessa þvælu, virðulegi forseti. Ég vil bara segja það í fyrsta lagi og menn eiga ekki að vera að koma upp með einhverja útúrsnúninga, að bjóða upp á einhverja þrjá kosti og segja: Svarið þið því. Virðulegi forseti. Það eru ekki bara þessir þrír kostir í stöðunni.

Í öðru lagi ætla ég að vekja athygli hæstv. sjútvrh. á þeim hæstaréttardómi sem sumir hverjir hafa leyft sér að tala um að allir hafi ekki lesið. Til að mynda segir í þessum hæstaréttardómi að ekki megi takmarka veiðar með þessum hætti o.s.frv., — ég er nú ekki með það alveg — nema þjóðin fái þá einhverja sambærilega hlutdeild. Halda menn að ekki sé hægt að gera það öðruvísi en að rekast utan í helstu stoðir stjórnarskrárinnar? Að menn skuli bara leyfa sér að koma hér upp og tala með þessum hætti. Þetta hefur hæstv. sjútvrh. gert, snúið út úr hverri einustu ræðu stjórnarandstöðunnar hér, komið upp með þessa þvælu, boðið upp á einhverja þrjá kosti og rölt svo niður og brosað að þessu öllu saman.

[17:23]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki hefur verið bent á aðra kosti en þessa þrjá ef dóminn á að túlka með þeim hætti sem hv. þm. gerði. Ef hv. þm. kann hins vegar einhverja leið aðrar en þessar þrjár til þess að mæta dómnum væri fróðlegt að heyra það. Hann hefur haft talsverðan tíma til þess að koma þeim sjónarmiðum á framfæri og ekki nýtt hann til þess. En það er það sem fólkið er að bíða eftir, fólkið í landinu er að bíða eftir því hvað hann segir. Hann er búinn að gagnrýna, gott og vel, hann má gera það, en fyrst það er ekki ein af þessum þremur hlýtur það að vera einhver önnur og hann hlýtur að geta sagt frá því hvaða leið það er.

[17:24]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get upplýst að skoðun mín á þessu máli er kristaltær. Ég tel að við eigum að vera með aflamarkskerfi sem stenst ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er ekki flóknara en það.

[17:24]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér hefur staðið meira og minna í dag umræða um stjórn fiskveiða. Segja má að umræðan hafi farið meira og minna út og suður, eins og kannski við var að búast en mjög gjarnan er skírskotað til 65. gr. stjórnarskrárinnar um svokallaða jafnræðisreglu, að allir séu jafnir til að stunda atvinnu. En segja má að það sé nokkuð þröng túlkun eða í umræðunni a.m.k. því að þetta snýst auðvitað um meira. Menn hafa á stundum vitnað til 75. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi, öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa.

En það er athyglisvert m.a. að þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður jafnaðarmanna, vitnar til 75. gr. stjórnarskrárinnar þá lætur hann sér duga, eins og reyndar

fleiri hv. þingmenn, að lesa einungis fyrstu setningu þeirrar greinar en láta ekki fylgja næstu setningu sem fylgir, nefnilega þá setningu, með leyfi herra forseta:

„Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess."

Þetta snýst með öðrum orðum annars vegar um jafnræði og stjórnarskrárbundin atvinnuréttindi og hins vegar um fullveldisrétt þeirra sem með umboð þjóðarinnar fara til að takmarka ýmis ákvæði á grundvelli þjóðarhagsmuna. Það hljóta ávallt að vera þjóðarhagsmunir sem eru útgangspunktur í þessu máli eins og reyndar flestum málum. Þetta snýst um réttinn til að mega stunda vinnu, um varin atvinnuréttindi og takmörkun þeirra vegna þjóðarhagsmuna.

En því miður er í umræðunni oft á stundum öllu þessu blandað saman, á stundum vegna vanþekkingar á tiltölulega flóknu máli en einnig líka vísvitandi gert í ómerkilegum, pólitískum áróðri. Ég leyfi mér að vísa til ummæla Sigurðar Líndals lagaprófessors í DV nýlega þar sem hann fordæmir slíkan málflutning, lýðskrum, og telur það til eins fallið, að blekkja og þar fram eftir götunum.

Það er líka í rauninni sorglegt frá því að segja að slíkar upphrópanir eiga e.t.v. sinn stærsta þátt í því að umræða um sjávarútvegsmál hefur verið ansi erfið hérlendis og óþarflega erfið vegna þess að of margir mæla í eða kalla fram í upphrópunum og einföldunum. Það getur aldrei leitt til þeirrar sáttar sem menn hafa kallað eftir heldur kann þvert á móti að vera einmitt ein skýringin á því ósætti sem sagt er að ríki um núverandi fiskveiðistjórnarkerfi.

Þetta eru tvö mál. Það má líta á þetta út frá tveimur meginþáttum, eins og hér hefur verið sagt, um jafnræðisreglu stjórnarskrár og dómurinn fjallar um hana enda málið sótt á þeirri forsendu, þ.e. með tilvísun í 65. gr. stjórnarskrár þá er málssækjandi að fjalla um 5. gr. laga um stjórn fiskveiða. Niðurstaða þar er afskaplega skýr, eins og hér hefur ítrekað komið fram og kemur fram í dómnum, að 5. gr. heldur ekki með skírskotun til 65. gr. Gott og vel, þá ber Alþingi að sjálfsögðu að bregðast við og breyta þeirri grein. En þá er líka, af því að menn hafa dregið 7. gr. mikið inn í og jafnvel gengið svo langt, þótt undarlega kunni að hljóma, að segja að 7. gr. sé fallin og vísa þar til dómsins og forsendna hans. Það er, herra forseti, í rauninni alveg með ólíkindum að menn geti dregið þær ályktanir af forsendum dómsins þar sem segir m.a., með leyfi forseta, — og mér finnst einkum hv. þingmenn jafnaðarmanna hafa forðast þá setningu, sem segir á bls. 3 í dómnum:

„Ákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar standa því ekki í vegi, að í lögum sé mælt fyrir um slíkar takmarkanir, enda sé almannahagsmunum fyrir að fara. Af forsögu núgildandi fiskveiðistjórnarlaga er ljóst að löggjafinn hefur talið að almannaheill ræki til takmörkunar veiðanna. Ekki eru efni til þess að því mati verði haggað af dómstólum." — Ég er að lesa, herra forseti, upp úr forsendum dómsins og þar segir líka í niðurstöðu í lokakafla á forsendum dómsins, fyrir dómsorð:

„Hins vegar er ekki í þessu dómsmáli tekin afstaða til þess, hvort ráðuneytinu hafi að svo búnu borið að verða við umsókn áfrýjanda, en málið er einungis höfðað til ógildingar á ákvörðun ráðuneytisins en ekki til viðurkenningar á rétti áfrýjanda til að fá tilteknar veiðiheimildir í sinn hlut."

Þetta er, herra forseti, mjög afdráttarlaust í forsendum dómsins og því með ólíkindum að menn geti staðið í ræðustól á hv. Alþingi og notað það sem forsendu fyrir þeirri fullyrðingu að 7. gr. haldi ekki. Það er einfaldlega þvert á það sem segir í forsendum dómsins. Menn hamast sumir hverjir af fullkomnu ábyrgðarleysi við að rugla saman — oft í pólitískum tilgangi — ólíkum hlutum í raun og veru. Það er loddaraskapur og er einungis til þess að rugla almenning í ríminu.

En það sem er alvarlegt við það er að það skapar óvissu. Og ég leyfi mér að vitna til greinar sem virtur hagfræðiprófessor, prófessor Ragnar Árnason, skrifar í tímarit laganema, Úlfljót, þar sem hann fjallar m.a. um þjóðhagsleg áhrif óvissu á efnahagslíf, ekki síst efnahagslíf eins og okkar Íslendinga þar sem óvissan beinlínis vinnur gegn almannahagsmunum, hagsmunum þjóðarinnar. Þess vegna má segja að loddaraskapur og sýndarmennska með upphrópunum vinni gegn hagsmunum þjóðarinnar og það er sannarlega mikil ábyrgð af hálfu hrópenda.

Kjarni þessa máls, herra forseti, snýst auðvitað um takmörkun að aðgangi að auðlindinni. Þá ber okkur að hafa í huga hvers vegna er takmarkað, hvers vegna neyðast menn til að grípa til takmarkana? Við þurfum líka að muna hver staða sjávarútvegs var í upphafi árs eða í upphafi síðasta áratugar. Við skulum ekki gleyma því að þá stóð greinin á brauðfótum og stofnar voru að hruni komnir. Ástandið er til allrar hamingju í dag annað og betra þó enn skuldi greinin u.þ.b. 100 milljarða kr. frá þessum erfiðleikaárum.

Það er líka, herra forseti, rétt að minna á að það er ekki bara hérlendis sem menn hafa verið að fjalla um þessa þætti, um stöðu greinarinnar, um of stóran fiskveiðiflota og þar fram eftir götunum. Þetta er vandamál sem fjallað er um alls staðar í alþjóðasamfélaginu þar sem menn stunda á annað borð fiskveiðar. Í OECD, innan ESB og þannig má áfram telja. Þar telja menn það meginmarkmið að draga úr afkastagetu fiskiskipaflota vegna þess að almannahagsmunir, þjóðarhagsmunir beinlínis kalla á það.

Það er merkilegt að á sama tíma og ýmsir treysta sér til þess að finna okkar fiskveiðistjórnarkerfi allt til foráttu fáum við ábendingar frá virtum stofnunum eins og OECD og frá ESB. Ég leyfi mér að vitna til heimsóknar forseta Íslands til Kofi Annans, sem bendir til Íslands, og ég minni á sjónvarpsfréttir þann sama dag og niðurstöður Hæstaréttar í þessu máli voru kynntar þegar World Wildlife Foundation bendir sérstaklega til fiskveiðistjórnarkerfis Íslendinga af því að annars staðar telja menn sig ekki hafa fundið jafnáhrangursríkt fiskveiðistjórnarkerfi með almannahagsmuni í huga. Það hlýtur að segja okkur eitthvað.

Menn hafa rætt hér um 65. og 75. gr. stjórnarskrárinnar sem er auðvitað nauðsynlegt að gera við umfjöllun á þessu máli. En það er alveg ljóst að málið var höfðað vegna 5. gr. og dómurinn tekur til 5. gr. laga um stjórn fiskveiða. Rökstuðningur dómsins er skýr hvað varðar 7. gr., eins og ég hef rakið, vegna fullveldisréttar stjórnvalda um takmarkanir vegna þjóðarhagsmuna.

En ef menn vilja túlka þetta með öðrum hætti og fella 7. gr., eins og ítrekað hefur komið fram, þá ætla menn sér væntanlega að koma með aðra heildarlausn. Á það hefur verið bent ítrekað í umræðum hvaða möguleikar eru til staðar, ólympískar veiðar, uppboð og þar fram eftir götunum. Þá er líka rétt að hafa í huga, þar sem ólympískar veiðar gilda t.d. í Alaska og hefur verið um tíma í Kanada, t.d. með veiðar á lúðu, þar klára menn heimildir á mjög skömmum tíma, hvort menn vilja þjóða byggðarlögum okkar og sjómönnum okkar og útgerðum upp á það að ljúka þorskveiði í janúar, febrúar

ár hvert og sitja síðan með bát og flota bundinn og atvinnuleysi um allt land. Ætla menn að bjóða upp á einhverja aðra heildstæða lausn eða að lagfæra það kerfi sem við búum við núna? Það er auðvitað grundvallaratriðið.

Ég ítreka líka orð Ragnars Árnasonar hagfræðiprófessors um það hversu óvissa er dýr fyrir þjóðarbúið. Hún er ekki bara dýr, hún skapar ringulreið, hún kann að eyða einyrkjum, ábyrgðarlausar leiðir kunna að útrýma einyrkjum í þessari grein, eyða heilum byggðarlögum o.s.frv., eins og margsinnis hefur komið fram í umræðum. Ég trúi því ekki að það sé vilji nokkurs manns að standa fyrir slíku og þess vegna er eðlilegt að spurt hafi verið í umræðunni hvort menn vilji kasta fyrir róða því sem ýmsir virtir erlendir aðilar mæla með og líta til án þess þó að í umræðunni hafi komið fram eitthvert heildstætt annað kerfi. Menn verða þá að benda á það.

Ef menn hins vegar vilja sýna ábyrgð verðum við að líta á rökstuðning dómsins um 5. gr. vegna jafnræðisreglu og réttarins til að stunda atvinnu. En þá er líka vert að leggja þunga áherslu á að með dómnum um að 5. gr. haldi ekki er verið að opna fyrir það að hver sem er geti fjárfest í skipi til veiða og fengið veiðileyfi. Það er rétt að vekja athygli á því og leggja á það áherslu: að fjárfesta í skipi og veiðarfærum til þess að hagnýta auðlindina. Það er rétt að leggja áherslu á það um leið og vísað er til eilífra upphrópana um gjafakvóta. Ég hygg að þessi dómur dragi m.a. það fram að til þess að fá veiðireynslu þurfi menn að fjárfesta í skipum og í veiðarfærum til þess að nýta auðlindina. Tali menn svo hátt og digurbarkalega um gjafakvóta og að geta ókeypis sótt í þessa auðlind.

Ef menn ætla að túlka þetta of vítt blasa við hinar ólympísku veiðar eins og við Alaska — nema menn grípi til takmarkandi aðgerða á grundvelli fullveldisréttar stjórnvalda með þjóðhagslega hagsmuni í huga. Þá þurfum við að skoða eitt að ef við ætlum að halda okkur við núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sem við hljótum að gera á meðan ekkert annað heildstætt kerfi er í boði eða kynnt — hvar er þá opið í núverandi kerfi? Og það er augljóst að það snertir dagabátana. Þess vegna er rétt og á það hefur réttilega verið bent að það frv. sem er til umræðu fjallar fyrst og fremst um krókabáta. Það er af þeirri einföldu ástæðu að þar er kerfið opið. Og ef ekki er við brugðist værum við að senda þeim einyrkjum sem þar eru, yfir 300 talsins, heldur kalda kveðju með því að bjóða þeim að þeir 2.500 aðilar, sem hafa sótt um veiðileyfi, geti komið þangað inn. Þá er ekki mikið til skiptanna fyrir þá einyrkja sem eru á dagakerfi í dag. Það væri köld kveðja til þeirra.

En því ber að fagna að í frv. er gert ráð fyrir aukningu á dögum til þeirra einyrkja sem eru í dagakerfinu í 32 eða 26, eftir því hvort lína er með eða ekki. En spurningin er og á það hefur verið bent og gagnrýnt mjög harðlega og sumpart réttilega, að hinn níu tonna jafnaðarkvóti sem á að koma eftir rúmt ár mun að sjálfsögðu ekki duga. Það er verkefni hv. sjútvn. að finna lausn á því máli og trúi ég að hv. nefnd muni finna slíka lausn.

Ég vil líka, herra forseti, aðeins víkja að hlutverki Þróunarsjóðs. Megintilgangur hans hefur verið að draga úr afkastagetu fiskiskipaflotans með úreldingu. En með dómi Hæstaréttar má segja að forsendur fyrir þessu meginhlutverki sjóðsins séu brostnar. Það hlýtur þá að verða tekið til rækilegrar skoðunar.

Ég vil einnig nefna það sem mér finnst ekki hafa fengið mikla umræðu hér, þ.e. síðasta grein frv. þar sem kveðið er á um að fyrir lok ársins 2000 skuli leggja skýrslu fyrir hv. Alþingi um áhrif laga um stjórn fiskveiða. Í þessu sambandi er líka rétt að minna á auðlindanefndina sem er að störfum. Ég tel þetta vera afskaplega mikilvægan þátt þar sem mælst er til þess að á málefnalegan og yfirvegaðan hátt verði farið yfir áhrif, kosti og galla þessa fiskveiðistjórnarkerfis, ekki með upphrópunum eða lýðskrumi heldur á málefnalegan hátt og það lagt fyrir hv. Alþingi fyrir lok ársins 2000. Þá og ekki fyrr en þá geta menn síðan gripið til róttækari aðgerða ef ástæða er til. En það mat þarf að fara fram og ráð er fyrir því gert í þessu frv.

Verði þetta frv. samþykkt þarf í þeirri vinnu, sem hefst væntanlega og verður skilað fyrir lok árs 2000, að skoða ýmsa þætti, svo sem nýliðun í greininni, sjávarútveginum. Það þarf að taka til skoðunar úrkastið, einn af þeim þáttum sem hefur verið gagnrýndur í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Þar hljóta að koma til skoðunar hugmyndir eins og Samtök iðnaðarins hafa kynnt um auðlindagjald, um flokkun fiskiskipa o.s.frv. Það eru ótal þættir sem hljóta að verða teknir þarna inn.

En umræðan um fiskveiðistjórn fjallar yfirleitt um hvernig er veitt og mesta orkan og umræða fer í það. En ég held að við þessa skoðun hljóti líka að verða horft á hinn endann á sjávarútvegsstefnunni, nefnilega markaðsþáttinn sem með sanni má segja að sé í raun hið raunverulega upphaf sjávarútvegsstefnu: Hverjir eru markaðirnir og hvar eru þeir markaðir sem best verð gefa fyrir sjávarfang okkar? Síðan koma hinir þættirnir á eftir: Hvernig ætlum við að vinna og veiða þann afla sem við ætlum að útvega þeim mörkuðum sem hæst verðið gefur?

Herra forseti. Tími minn er senn á þrotum. Það er trú mín og sannfæring að frv. sé í fullu samræmi við niðurstöðu dómsins. Það er verið að leysa vanda dagsins í dag. Vissulega eru ýmis atriði sem hv. sjútvn. mun þurfa að taka þar á og skoða. Jafnframt hljótum við að bíða stærri úttektar þar sem lagt er heildarmat á áhrif þessa fiskveiðistjórnarkerfis og við þurfum að sjálfsögðu að halda ró okkar og yfirvegun meðan sú hlutlausa úttekt fer fram.

Við þurfum að vinna málefnalega og láta af loddaraskap. Það er brýnast af öllu að skapa hér festu í sjávarútvegi, tryggja sjómönnum, útgerðarmönnum, svo ekki sé minnst á byggðarlögin, þá festu sem þau þurfa á að halda til að stunda vinnu sína, nefnilega þá vinnu að sækja og skapa verðmæti í sameiginlega auðlind þjóðarinnar. Efnahagslegur stöðugleiki er það besta sem hægt er að tryggja þjóðinni. Allir tilburðir til að ógna slíkum stöðugleika eru nánast landráð. Þjóðin kærir sig ekki um kollsteypur, hún skynjar góðærið sem sjávarútvegurinn hefur verið að færa henni á síðustu árum og hún vill halda áfram á þeirri braut. Það er hlutverk okkar, hv. alþingismanna, að sjá til þess að hún haldist á þeirri braut.

[17:44]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér talaði heilagur vandlætari og taldi sig sjálfsagt flytja bæði öfgalausa og ópólitíska ræðu og án alls loddaraskapar. Það voru hins vegar aðrir sem fengu þá einkunn. Mig langar af því tilefni að spyrja hv. þm. hvort menn, sem ég vitnaði í í ræðu minni, Ragnar Aðalsteinsson hrl., sem vill að menn virði takmarkanir stjórnarskrárinnar, og Davíð Þór Björgvinsson lagaprófessor, sem telur að menn verði að skoða forsendur fyrir úthlutun veiðiheimildanna þegar farið

verður yfir lögin, og aðrir sem hafa sömu skoðanir og þeir — og eru þeir býsna margir — eigi þessa einkunn hv. þm., einkunnina loddarar og óábyrgir og að þeir skapi óvissu.

[17:45]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð því miður að frábiðja mér þann heilagleika sem hv. þm. vildi færa yfir mig. Ég tel mig ekki hafa flutt heilaga ræðu né hafa verið með loddaraskap, en pólitísk er ræðan. Allar ræður sem fjalla um sjávarútvegsmál og við flytjum hér hljóta að vera pólitískar. Hins vegar geri ég mun á því hvort ágreiningur ríkir á milli manna og hvernig sá ágreiningur birtist. Birtist hann með upphrópunum, eins og gerist mjög gjarnan? Ég vísaði til þess að menn einfalda hluti með upphrópunum, stundum með því einfaldlega að segja gjafakvóti, gjafakvóti, án þess að rökstyðja það. Þegar menn flytja hins vegar mál sitt og styðja það rökum eins og ýmsir hv. stjórnarandstæðingar vissulega gera, þá kalla ég það ekki loddaraskap. Það getur verið pólitískur ágreiningur. Það þarf að styðja skoðanir sínar rökum en þegar menn gera það með uppslætti þá tel ég það vera loddaraskap og lýðskrum.

[17:47]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ég sem gaf hv. þingmanni þá einkunn sem hér kom fram að gefnu tilefni. Ég óska eftir því að þegar hann gefur einkunnir af því tagi sem hann gerði í sinni ræðu að þá greini hann á milli, einfaldlega vegna þess að sá hópur sem hann gaf einkunn áðan er býsna stór og verðskuldar ekki þá einkunn.

[17:47]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði: Ég tel það ekki loddaraskap þó að menn viðri skoðanir sem ég kann að vera ósammála, séu þær skoðanir studdar rökum. Það tel ég ekki loddaraskap.

Ég leyfi mér aðeins að vitna hér í viðtal við Sigurð Líndal, virtan lagaprófessor, þar sem hann segir, með leyfi herra forseta:

„En ég verð að segja að mér finnst umræðan um þessi mál eins og á vitfirringahæli. Rausið í honum Ágústi Einarssyni og Valdimar Jóhannessyni, sem ausa rugli yfir þjóðina, er hreinasta þjóðarskömm."

Þetta segir einn af virtustu lagaprófessorum okkar um hina yfirborðskenndu umræðu. Ég ítreka það hins vegar að þegar fólk styður mál sitt rökum þá er það hvorki loddaraskapur né lýðskrum, þá er það stefnufesta. Hitt er svo annað mál hvort menn eru sammála þeirri stefnu, það er allt annað mál.

[17:49]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að vitaskuld eiga menn að styðja mál sitt rökum. Það er grundvallaratriði ef við ætlum að halda uppi vitrænni umræðu, að menn styðji mál sitt rökum.

Ég heyrði ekki alla ræðu hv. þm. en heyrði upphafið af henni og talsvert hér í lokin. Tilgangur þess að ég kem hér upp núna er að óska eftir því að hann rökstyðji eða skýri niðurlagsorð ræðunnar sem hann flutti hér áðan. Hann sagði eitthvað á þá leið að árásir á efnahagslegan stöðugleika væru nánast landráð.

Mín spurning er þessi: Hverjir hafa verið með árásir á efnahagslegan stöðugleika og við hvað á hann þegar hann setur fram skoðanir af þessu tagi? Þetta eru mjög stór orð? Ég tel nauðsynlegt, þegar menn setja fram jafnstór orð og í þessu tilviki, að þau séu skýrð frekar.

[17:50]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr og ætlast til að fá hér svar á innan við tveimur mínútum, um leið og hann játar að hann hafi ekki verið hér í salnum. Ég get þó sagt hér í örfáum orðum við hv. þm. að í lokaorðum mínum greindi ég frá þeirri skoðun minni að meginskylda hv. þingmanna væri að hugsa um þjóðhagslega hagsmuni, að skapa þjóðinni efnahagslegan stöðugleika þannig að þjóðin geti lifað hér góðu og öruggu lífi. Allir tilburðir til þess að ógna slíku eru nánast landráð. Ég held að það þurfi ekkert að skýra það frekar, ég veit að þm. hv. er glöggur maður með afbrigðum og skilur þetta.

[17:51]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja að ég er ekki alveg sammála hv. þm. um að meginverk okkar á hinu háa Alþingi sé það eitt að skapa hér eða búa til efnahagslegt umhverfi. Takmark okkar ætti fyrst og fremst að vera að búa okkur gott samfélag. Það er markmiðið og hefur náttúrlega miklu víðfeðmari skírskotun en einungis til hinna efnahagslegu þátta, sem betur fer. Hv. þm. þekkir það mætavel.

Ég skildi svar hans þannig að í raun og veru hefði hann ekki verið að vísa til nokkurs, það var kannski það sem ég var að reyna að draga fram. Hann var ekki að vísa til þess að nokkur í þessari umræðu hefði kannski sett fram viðhorf sem jöðruðu við landráð. Ég skildi hv. þm. þannig að hann hefði ekki átt við neitt slíkt og það er vel.

[17:52]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Jafnframt hinni almennu sjávarútvegsumræðu sem hér hefur staðið í dag hefur líka staðið yfir árangurslaus leit að stefnu jafnaðarmanna og stjórnarandstæðinga í þessu máli. Ég vil fyrir mína parta lýsa því yfir að ég tel mál til komið að leit verði hætt og viðurkennt að stjórnarandstaðan og jafnaðarmenn hafi fundið svo góðan felustað fyrir stefnu sína, sé hún þá til, að við munum ekki finna hana. Þessi sólarhringur mun ekki endast okkur til þess og við verðum að fara í jólahlé án þess að vita um stefnu jafnaðarmanna. Þá liggur það bara einfaldlega fyrir og við ræðum þá málin út frá öðrum forsendum.

Frv. sem við ræðum hér er auðvitað mjög stórt og mikið mál. Efni þess snýr þó einkanlega að sjálfu smábátakerfinu í ljósi þeirrar gjörbreytingar sem varð á starfsumhverfi þeirra með dómi Hæstaréttar fyrr í þessum mánuði. Við verðum að átta okkur á því að dómur Hæstaréttar hefur gjörbreytt stöðu málsins og út frá því verðum við að sjálfsögðu að vinna. Dómurinn er hin endanlega niðurstaða sem við virðum að sjálfsögðu og út frá henni vinnum við.

Í þessu sambandi vil ég rifja það upp að í sjálfu sér hafði okkur í öllum meginatriðum tekist að búa til mjög gott fiskveiðistjórnarkerfi fyrir smábáta. Við áttum að vísu eftir að ljúka vinnu við þetta kerfi, þannig að það næðist að skapa varanlegri og betri rekstrargrundvöll fyrir svokallaða dagabáta. Að því máli var hins vegar unnið og ég hafði vænst þess að á þessu hausti tækist okkur að finna skynsamlega og

góða lausn, fyrir þennan þýðingarmikla útgerðarflokk, sem nýst gæti til framtíðar.

Hér áður og fyrr stóðum við frammi fyrir því að vandinn í smábátakerfinu var m.a. sá að bátunum hafði fjölgað gríðarlega mikið. Þeir voru á árinu 1994 orðnir tæplega 1.100 en eru núna 825. Það segir okkur að í fyrsta lagi hafi þessi fjölgun sem árlega átti sér stað í kerfinu verið stöðvuð og sóknargeta flota betur aðlöguð að veruleikanum. Enda var það svo að á mörgum sviðum var að skapast prýðilegur rekstrargrundvöllur í þessari atvinnugrein. Atvinnugreinin var líka orðin máttarstólpi í byggðarlögunum víða í kringum landið, ekki síst á Vestfjörðum. Þess vegna var mjög mikilvægt að búa þessari grein sem best rekstrarumhverfi.

Við munum að fyrir nokkrum árum fóru fram óskaplega harðar umræður um þetta fiskveiðistjórnarkerfi, þegar breytingarnar voru leiddar í lög að ég hygg á árinu 1996. Þá urðu óskaplega hörð átök um þetta mál. Landssamband ísl. útvegsmanna og forustumenn þess fóru bókstaflega hamförum í því máli. Formaður LÍÚ lýsti því m.a. yfir, ef ég man rétt, að þetta kerfi væri svo mikil brigð við fiskveiðistjórnarkerfið sem hér hefði þróast, aflahlutdeildar- og aflamarkskerfi, að það gæfi sér tilefni til að íhuga það að hverfa frá stuðningi við aflamarkskerfið. Hann taldi þetta þvílíkt stílbrot að áætla bátum, smábátum 14% af þorksaflanum, sem reru undir allt öðru fyrirkomulagi, að tilefni væri til að endurskoða afstöðu Landssambands ísl. útvegsmanna til aflamarkskerfisins.

Því miður varð það nú ekki svo að Landssamband ísl. útvegsmanna hyrfi frá stuðningi sínum við aflamarkskerfið. Þeir eru nú enn staðfastari í þeirri trú sinni en áður, en engu að síður þá sást á þessari afstöðu landssambandsins hvað þeim var mikil alvara í þessu máli. Þeir töldu að hér væri verið að skapa mikið svigrúm fyrir flota sem ekki starfaði innan þeirra vébanda og þeir höfðu ýmsar athugasemdir við það.

Við heyrðum líka á sínum tíma að menn höfðu uppi alls konar heimsendaspádóma. Á árinu 1995 var því m.a. haldið mjög stíft að okkur að afkoma smábátanna væri lök, sem sannarlega var rétt, og menn gætu hvorki lifað né dáið í þessu kerfi. Nú heyrum við fremur gagnrýni á þá lund að trillukarlar séu orðnir allt of ríkir, eigi allt of miklar eignir og allt of mikla peninga. Ég verð að játa að það finnst mér miklu ánægjulegri gagnrýni á þetta kerfi, að rekstrarafkoma smábátanna sé það góð að menn telji sérstaka ástæðu til þess að hafa orð á því.

Það sem blasir við okkur í þessu máli er að núna snýst baráttan fyrst og fremst um að verja núverandi kerfi. Þeir sem hafa áhyggjur núna vegna stöðunnar, sem breyttist við kvótadóminn svokallaða í byrjun desember, eru allir að tala í þeim anda að verja sem óbreyttast kerfi. Reynsla okkar af þessu kerfi er góð. Það hefur fært byggðunum miklar tekjur og þessar byggðir, sem stóðu kannski veikast fyrir, nutu nálægðarinnar og uppskáru mikla aflaaukningu í þessu kerfi.

Fiskistofa tók að minni beiðni saman upplýsingar um landaðan afla krókabáta, þ.e. bæði dagabáta og báta sem fiskuðu í þorskaflahámarkskerfi frá fiskveiðiárinu 1995 og fram á þennan dag á Vestfjörðum. Þar kemur í ljós, ef við tökum bara þorskinn, að þessir bátar veiddu á kvótaárinu 1995–1996 8.400 tonn og 13.400 tonn árið eftir. Á síðasta fiskveiðiári var aflinn á Vestfjörðum um 16.000 tonn í þorski hjá þessum bátum. Við sjáum því að þetta skiptir óskaplega miklu máli fyrir þessar byggðir. Nákvæmlega sömu sögu er að segja með ýsuna. Hún hefur þrefaldast úr 600 tonnum rúmum í rúm 1.600 tonn. Af þessu sjáum við að byggðir sem hafa staðið veikt eiga mjög mikið undir því að okkur takist að verja rekstrargrundvöll þessara báta.

Það er líka ástæða til að vekja athygli á því að þetta kerfi hefur opnað ungum mönnum og fleiri einstaklingum leið inn í fiskveiðarnar. Ég held að það skipti ekki síst máli. Það er auðvitað mjög mikilvægt fyrir okkur að þannig sé um hnútana búið í fiskveiðistjórnarkerfi okkar, í grundvallaratvinnuvegi okkar, að menn eigi sem greiðasta leið inn í greinina. Við vitum að það hefur alltaf verið ákveðnum erfiðleikum háð að komast inn í þessa grein, það er auðvitað ekkert nýtt að menn hafi þurft að leggja fram verulegt fjármagn til þess. Þetta er hins vegar miklu hærri þröskuldur núna í aflamarkskerfinu en nokkurn tíma áður. Þess vegna held ég að þetta sé mjög mikilvægt fyrir okkur, að verja þessa þýðingarmiklu atvinnugrein, auðvelda mönnum aðganginn að henni, þannig að sem flestir geti orðið kapítalistar, starfað í þessu landi og nýtt sér mátt sinn, megin, dugnað og útsjónarsemi til að láta gott af sér leiða og efla atvinnulífið vítt og breitt um landið.

Hæstaréttardómurinn í byrjun desember breytti landslaginu algjörlega. Auðvitað hefur dómurinn verið túlkaður á ýmsa vegu. Í þeirri umræðu sem fram hefur farið í dag hafa menn túlkað m.a. þennan dóm með ýmsum hætti. Ég hef ekki orðið var við annað en að menn telji að lágmarksbreyting sem dómurinn hefur í för með sér sé sú sem þetta frv. felur í sér, þ.e. að veiðileyfum verði að vera hægt að úthluta til allra þeirra sem eiga báta, haffæra báta og uppfylla að öðru leyti skilyrði til þess að vera þátttakendur í íslenskri útgerð. Með öðrum orðum er a.m.k. ljóst að menn gagnrýna ekki þessa túlkun hæstv. ríkisstjórnar og þetta frv. sem hér er, út frá því að hún sé of rúm, hún sé að opna þetta of mikið. Menn gagnrýna hana ekki út frá því að það sé t.d. tæk staða að takmarka útgáfu veiðileyfa þrengra en þetta frv. gerir ráð fyrir. Mér hefur þvert á móti heyrst að menn hafi tilhneigingu til þess, sem hafa önnur sjónarmið en ríkisstjórnin, að gagnrýna þetta á þveröfugum forsendum, sem sagt á þeim forsendum að dómurinn ætti að þýða það að menn ættu að ganga enn þá lengra í þeim efnum að breyta þessu stjórnkerfi.

Við getum þá a.m.k. gefið okkur að lágmarki að menn séu sammála um að það verði að gefa út veiðileyfi með allt öðrum hætti, ekki sé hægt að takmarka það við þessi tilteknu skip sem gildandi lög gera. Og að menn séu líka allir sammála um það t.d. að hugtakið „úreldingarreglur“ sé horfið. Þegar við föllumst á þetta er auðvitað orðin gerbreytt vígstaða. Ég hef í höndunum bréf frá Landssambandi smábátaeigenda þar sem einmitt er vakin athygli á þessu. Þeir segja hér, með leyfi virðulegs forseta:

„Þau sjónarmið eru einnig uppi að atvinnuréttur þeirra [þ.e. smábátaeigenda] verði ekki varinn nema með einstaklingsbundinni kvótasetningu. Skýrasta dæmið um þann vanda sem félagið stendur frammi fyrir í þessu sambandi eru grásleppuveiðarnar. Þær eru ekki bundnar kvótum, en hafa verið háðar takmörkuðum fjölda sérveiðileyfa. Á árinu 1998 gengu grásleppuveiðimenn í gegnum eina erfiðustu vertíð frá upphafi þessara veiða. Verði það niðurstaða löggjafarsamkomunnar að sérveiðileyfi til grásleppuveiða séu úr gildi fallin er ljóst að veiðarnar standa öllum opnar.“

Ég get virkilega skilið þessa athugasemd í bréfi Landssambands smábátaeigenda:

„Sú kaldhæðni kann því að blasa við að Landsamband smábátaeigenda, sem alla tíð hefur ekki tekið í mál að þess-

ar veiðar verði kvótasettar, biðji að fyrra bragði um slíkt fyrirkomulag."

Þannig má kannski segja að ég og Landssamband smábátaeigenda séum komin í þá stöðu sem lýst hefur verið með eftirfarandi orðum:

„Þetta sem helst nú varast vann
varð þó að koma yfir hann."

Við stöndum frammi fyrir þessum blákalda veruleika.

Það eru með öðrum orðum gríðarleg áhrif af þeirri breytingu að veiðileyfið sé ekki hægt að takmarka með þessum hætti. Ég gæti ímyndað mér á síðustu fjórum, fimm árum hafi menn verið að kaupa veiðileyfi og úreldingarrétt fyrir einhverja milljarða. Maður þekkir dæmi um að einstakar útgerðir hafi verið að kaupa í þessu sambandi úreldingarrétt og veiðileyfi fyrir a.m.k. á annað hundrað milljónir. Í Morgunblaðinu um daginn var viðtal við Guðna Einarsson, útgerðarmann á Súgandafirði, sem hafði keypt einmitt veiðileyfi og úreldingarrétt fyrir 11 millj. kr. til þess að geta hafið veiðar á þorskaflahámarkstrillunni sinni. Við sjáum því að hér er um að ræða gífurlega miklar upphæðir og ekki ólíklegt að menn muni láta reyna á rétt sinn í þessum efnum.

Það er líka augljóst mál að þetta nýja umhverfi hefur mikil áhrif á það sem við höfum kallað kvótalitla báta eða kvótalausa báta, sem menn hafa verið að kaupa vegna þess að það er þeirra leið til þess að komast inn í kerfið, hafa síðan farið út á leigumarkaðinn og reynt að vinna eftir því. Kvótaþingið setti mönnum auðvitað miklar skorður en þetta hefur mikil áhrif á stöðu þessara báta. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þegar menn fara að reyna að vinna að einhverjum lausnum á þessum efnum, sem verður auðvitað verkefni hæstv. sjútvn., að menn hafi líka stöðu þessara báta í huga. Báta með litla sem enga kvóta sem eru auðvitað í miklum vanda einmitt út af þessu vegna þess að núna geta menn keypt auðveldlega kvótalausa báta, fengið á þá veiðileyfi og hafið þennan bardaga, með miklu minni skuldir, ef að líkum lætur, en þeir sem hafa verið að kaupa þessa báta fram undir þetta.

Í þessu sambandi hlýtur maður að vekja athygli á því að til staðar er þessi svokallaði jöfnunarpottur upp á 5.000 tonn og hann hlýtur m.a. að koma til skoðunar í þessu sambandi gagnvart þessum bátum jafnframt öðrum.

Í þessu frv. kemur fram mikill jöfnunarhugsunarháttur sem er ekki góður að mínu mati, ekki góður í þessari útgerð. Í frv. kemur fram þessi hugsun að það eigi að taka þau 2.700 tonn sem liggja til grundvallar reynslu þeirra rúmlega 300 báta sem starfa innan sóknardagakerfisins á færum eða línu og deila þessu jafnt á milli þeirra. Þetta er auðvitað ekki góð latína. Þetta þýðir að verið er að refsa afreksmönnunum. Við vitum að í þessum 300 báta hópi er fullt af bátum sem hafa nánast ekki róið og auðvitað er fráleitt að þeir fái í sinn hlut ígildi 9 tonna, sama magn og þeir bátar sem hafa kannski verið að fiska, eins og dæmi eru um frá Aðalsteini Bjarnasyni í Bolungarvík, sem fiskaði þrjú og hálft tonn að meðaltali á dag á síðasta fiskveiðiári. Við sjáum að við verðum að horfa á þetta með einhverjum öðrum hætti.

Í þessu sambandi hlýt ég að segja að ég tel að það sé alls ekki rétt niðurstaða í þessu frv. að eina leiðin til þess að verja rétt þessara manna sé að úthluta þessu sem einstaklingsbundnum kvótum. Það er líka hægt, eins og hæstv. sjútvrh. raunar vakti athygli á og viðurkenndi í athyglisverðri blaðagrein á dögunum, að það er út af fyrir sig hægt líka að breyta þessu í sóknareiningar. Þó menn leggi til grundvallar einhvers konar veiði er auðvelt mál að breyta þessu í sóknareiningar þannig að menn hafi þá sóknareiningar til þess að moða úr í staðinn fyrir aflakvóta. Þarna held ég líka að menn ættu að skoða til hlítar hvernig hægt sé að útfæra þetta sóknareiningakerfi, a.m.k. þannig að menn eigi þá valið í þessum efnum. Því að við sjáum að það að úthluta hverjum einasta báti bara 9 tonnum hefur mikil áhrif á einstök byggðarlög.

Ef ég tek sem dæmi, Vestfirði, sýnist mér þar hafa verið á síðasta fiskveiðiári 63 bátar í þessu dagakerfi. Ef maður margfaldar það með 9 mundu þeir fá að fiska 567 tonn. Þeir fiskuðu hins vegar á síðasta fiskveiðiári rúm 3.000 tonn. Þó menn hafi kannski ekki reiknað með því að geta fiskað jafnmikið á yfirstandandi fiskveiðiári og því síðasta þá sjáum við hins vegar að minnkun þarna yfir 2.000 tonn á afla þessara báta yrði mikið áfall fyrir þessar veiku byggðir. Þess vegna hljótum við að reyna að byggja inn í þetta kerfi einhvern mekanisma sem auðveldar þeim mönnum sem standa sig best að starfa innan þessa kerfis. Þannig hljótum við að vinna, sjávarútvegurinn er einu sinni atvinnugrein þar sem menn verða að fá að hafa ákveðið svigrúm til þess að nýta hugkvæmni sína, dugnað, áræðni og þor.

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að stóra verkefnið fram undan í sjútvn. sé að skoða þessi mál og sérstaklega að fara ofan í og skilgreina atvinnuréttindin eins og hér hefur margoft komið fram í dag. Það er auðvitað þarna sem stóra verkefnið okkar er falið en er hins vegar býsna erfitt viðfangsefni. Ef það gæti orðið niðurstaðan að hægt sé að skilgreina þessi einstaklingsbundnu atvinnuréttindi er staðan auðvitað orðin allt önnur. Þess vegna, virðulegi forseti, held ég að þetta sé hlutur sem hv. sjútvn. verður að gefa alveg sérstakan gaum hvernig menn geti skilgreint þessi einstaklingsbundnu atvinnuréttindi og varið hagsmuni þessa mikilvæga útgerðarflokks sem stendur bókstaflega undir atvinnulífinu í heilu byggðunum og heilu héruðunum í landinu, ekki síst á Vestfjörðum, eins og ég hef komið inn á.

Til viðbótar við þetta vil ég segja að öllum er ljóst að með kvótadóminum svokallaða verður breyting á. Hver sem sú breyting annars verður þá verður örugglega á breyting á stjórnkerfi smábátanna. Ég tel ekki óeðlilegt að menn fái góðan aðlögunartíma að þessari breytingu. Hver sem niðurstaðan verður, hvernig svo sem niðurstaðan verður um þetta stjórnkerfi er alveg ljóst á grundvelli þessa kvótadóms að hægt er að gefa mönnum tiltekið, ákveðið svigrúm til þess að bregðast við eða fara inn í breyttan veruleika. Það er t.d. ekkert óeðlilegt að smábátarnir fái til að mynda tveggja ára svigrúm í þessum efnum og geti búið við óbreytt kerfi án einstaklingsbundins hámarks í dagakerfinu, gætu til að mynda róið í rúmlega 30 daga án einstaklingsbundins hámarks á næstu tveimur fiskveiðiárum til að undirbúa sig að þeim breytta veruleika sem allir viðurkenna og vita að mun blasa við okkur með einhverjum hætti. Nákvæmlega sama tel ég að gæti átt við um þorskaflahámarksbátana, að þeir fengju tveggja ára svigrúm, fengju að róa með sama hætti næstu tvö árin, án þess að þetta hvort tveggja skapaði neina nýja viðmiðunarreynslu, heldur eingöngu að menn fengju þetta svigrúm, þennan tíma til að undirbúa sig fyrir þær breyttu forsendur sem kvótadómurinn frá því í byrjun desember skapaði.

Virðulegi forseti. Við skulum ekki gera lítið úr því að við stöndum frammi fyrir mjög erfiðu viðfangsefni. Það eru ekki til auðveldar lausnir á þessu verkefni. Við sem höfum verið að velta þessu fyrir okkur, sérstaklega með hagsmuni þessa

útgerðarflokks í huga vegna mikilvægis hans fyrir einstök héruð, gerum okkur grein fyrir því að við stöndum frammi fyrir mjög erfiðu viðfangsefni. Hins vegar er óumflýjanlegt að við tökum á þessu og reynum að gera það þannig að það valdi sem allra minnstri röskun. Það er forsendan sem hæstv. ríkisstjórn gaf út þegar gripið var til úrræða vegna kvótadómsins að menn vildu reyna að gera það þannig að það skapaði sem minnsta röskun. Það er ljóst að þetta frv. mundi hins vegar valda mikilli röskun á högum eins útgerðarflokks, þ.e. smábátaútgerðarflokksins, og þess vegna er stóra verkefnið að finna ásættanlegri lausn sem tryggir betur stöðu þessa útgerðarflokks til lengri tíma, byggðunum til heilla og landi og þjóð til framdráttar.

[18:13]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson brást ekki vonum mínum og hélt áfram að auglýsa eftir stefnu jafnaðarmanna. Ég held að nauðsynlegt sé að fara aðeins yfir það með honum eins og gert var með hæstv. sjútvrh. fyrr í dag.

En ég verð að segja það, virðulegi forseti, mér finnst eins og stefna Sjálfstfl. á Vestfjörðum sé ekki endilega stefna Sjálfstfl. í Reykjavík eða stefna Sjálfstfl. á Suðurlandi, það getur verið áherslumunur eftir því hvar borið er niður.

Virðulegi forseti. Ég kom nú aðallega upp til þess að taka undir ýmislegt af því sem kom fram hjá hv. þm. Til að mynda sagði ég það fyrr í dag að ég er fylgjandi aflamarkskerfi. Ég tel að það sé umhverfisvænna kerfi en sóknardagakerfið vegna þess að það séu meiri möguleikar á að veiða með hagkvæmni í aflamarkskerfi en sóknardagakerfi. Það er skoðun mín.

Ég sagði það líka fyrr í dag, virðulegi forseti, að það er algerlega nauðsynlegt, ef það á að vera sátt um aflamarkskerfið, að það standist ákvæði stjórnarskrárinnar. Það er alveg grundvallaratriði. Ég get líka tekið undir það sem fram kom hjá hv. þm. áðan að einmitt eitt það helsta sem við þurfum að gera sé að skilgreina miklu betur en nú er þau atvinnuréttindi sem felast í því að fá að nýta auðlindina.

Ég get enn tekið undir með hv. þm. þegar hann sagði — hann sagði það kannski ekki þeim orðum — að í dag taki menn ekki einhverjar kanínur upp úr hatti og leysi þetta á einum degi. Þess vegna sagði ég m.a. í ræðu minni í dag að við hefðum átt að gefa okkur meiri tíma í stað þess að bregðast við með þessum hætti — og gera það eins lítið og hægt er og skapa hugsanlega miklu meiri óvissu fyrir vikið en nauðsynlegt er.

[18:15]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var einhver misskilningur hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að ég hefði verið að lýsa eftir stefnu Alþfl. eða jafnaðarmanna. Ég lýsti því þvert á móti yfir að ég teldi að nú ætti að hætta leitinni. Hún hefði verið falin á svo góðum stað að við hinir yrðum bara að viðurkenna það að við mundum aldrei finna hana, mundum aldrei hafa það af á þessum sólarhring að leiða þessa stefnu fram í dagsljósið og við skyldum þá bara viðurkenna það og við skyldum bara vinna út frá því. Enda er það kannski ekki stóra málið. Stóra málið er hvernig við ætlum að leysa mikinn vanda sem við stöndum frammi fyrir í ljósi þeirrar dómsniðurstöðu sem fékkst í byrjun þessa mánaðar. Stóra verkefnið að mínu mati í þessu sambandi er hvernig við getum tryggt atvinnuréttindi þeirra manna sem hafa verið að sækja sjóinn og skapa þeim þannig rekstrarlegt öryggi.

Í öðru lagi sagði ég að ég teldi að í meginatriðum hefði okkur tekist býsna vel upp á undanförnum árum í því að breyta fiskveiðistefnunni hvað áhrærði smábátana. Við sköpuðum þeim ákveðin sóknartækifæri, sköpuðum þeim ákveðið öryggi sem gerði það að verkum að þær byggðir sem best lágu við þessum hefðbundnu þorskveiðimiðum fengu að njóta nálægðar sinnar. Og við sáum það t.d. á Vestfjörðum þar sem byggðin er hvað veikust að á sama tíma og þessar byggðir voru að tapa í kvótakerfinu, þá voru þær að vinna upp og vega upp að nokkru leyti þetta áfall með því að styrkja sig í smábátakerfinu. Þetta kerfi var sóknartengt. Það skapaði þess vegna færi fyrir þær byggðir sem næst lágu miðunum. Menn fengu að njóta staðarkosta sinna og það finnst mér að eigi að vera grundvallaratriði varðandi fiskveiðistjórnarkerfi.

Þessi mál voru m.a. rædd hér þegar við fjölluðum um byggðaáætlun hæstv. forsrh. sem var hér til umfjöllunar á þeim tíma. Þá voru menn kannski ekki alveg sammála um þessar forsendur. En þetta tel ég vera meginatriði.

[18:17]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að í ræðu sinni hafi hv. þm. kannski afhjúpað þá pólitík sem Sjálfstfl. hefur rekið einmitt í þessari umræðu. Þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað fyrir flokkinn gera sér fyllilega grein fyrir því að menn eru í vondum málum. Menn hafa því ákveðið að beita þeirri pólitík að í stað þess að fjalla um þá stefnu eða það frv. sem þeir eru sjálfir með að auglýsa eftir einhverju frá öðrum. Og jafnvel þó að það finnist, virðulegi forseti, þá neita þeir að sjá það.

Pólitíkin er því einfaldlega þessi, virðulegi forseti: Bendum á einhverja aðra. Eins og einn hv. þm. gerði í dag. Bendum bara á Hæstarétt. Bendum bara eitthvað út í loftið. Berum ekki ábyrgð á þessu. (**Gripið fram í:** Austur eða vestur.) Virðulegi forseti. Þetta er nákvæmlega kjarni málsins.

[18:18]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var nú sérkennileg ræða hjá hv. þm. Það sem ég vakti hér athygli á er auðvitað það að við stóðum frammi fyrir nýjum veruleika með dómi Hæstaréttar fyrr á þessu ári. Og menn eru að bregðast við þessum veruleika.

Ég er ekki sammála því sem kemur fram í frv. hæstv. sjútvrh. Ég tel að þar hafi menn ekki komist að réttri niðurstöðu varðandi smábátakerfið. Ég tel að það eigi að útfæra þessi mál allt öðruvísi, eins og ég nefndi í ræðu minni áðan. Ég hef marglýst því hér yfir að ég tel að það kerfi sem við höfum verið að koma upp kringum smábátana hafi verið okkur til farsældar í meginatriðum þó að við höfum ekki verið búin að ljúka því verki að öllu leyti. Við stöndum hins vegar frammi fyrir nýjum veruleika. Við verðum að bregðast við þessum veruleika og það gerum við vonandi á næstu vikum og mánuðum svo vel sé.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að við þingmenn Sjálfstfl. á Vestfjörðum höfum ekki haft sömu skoðun í fiskveiðistjórnarmálum og hæstv. sjútvrh. Það hefur aldrei verið neitt leyndarmál og það hafa menn einfaldlega oft tekist á um í okkar flokki og á opinberum vettvangi. Þannig er það. Hv. þm. þarf ekkert að vera með neinn derring út af því.

Þannig er það auðvitað líka að gerast í hans eigin flokki, sem kannski — ja, nú hef ég tekið dálítið mikið upp í mig því ég er að gefa mér það að til verði samfylking. Það veit auðvitað enginn á þessari stundu, þó að ýmislegt bendi til þess, því að fæðingarhríðirnar eru með þeim ósköpum að maður veit náttúrlega ekki hvernig þetta allt saman endar. En mér skilst að það sé þó búið að koma saman einum lista í einu kjördæmi og þar eru menn að undirbúa hvað? Sérstöðu í sjávarútvegsmálum. Af því að þeir vilja ekki auðlindaskattinn. Þeir vilja ekki veiðileyfagjaldið sem á þó að vera einhvers konar kínalífselexír og á að geta bjargað öllu í íslenskum sjávarútvegi, efnahagsmálum, skattamálum, velferðarmálum, menntamálum og guð má vita hvað. Þetta er það sem þeir sem þó eru búnir að tína saman listann sinn, samfylkingin á Austurlandi, ætla sér að hafna og undrar nú engan.

[18:20]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Tilefni þess frv. sem við erum að ræða hér er dómur Hæstaréttar. Það hefur verið rætt hér í allan dag og reyndar verið það mikið í umfjöllun á opinberum vettvangi að flestum eru efnisatriðin ljós. Við stöndum frammi fyrir tveimur spurningum. Það er í fyrsta lagi að svara þeirri spurningu hver vandinn sé í kjölfar þessa dóms. Ef við getum svarað þeirri fyrri þá er seinni spurningin: Hvernig bregðumst við við?

Herra forseti. Við erum ekki sammála um fyrri spurninguna, hver sé vandinn. Og þá vandast málið að reyna að leita lausna. Mér finnst að þetta hafi ekki verið dregið nógu skýrt fram. Ríkisstjórnin telur að það eigi, og frv. er lagt upp með þeim hætti, að taka á dómi Hæstaréttar með því að breyta ákvæðunum um veiðileyfi, úthlutun veiðileyfa, og taka á smábátaþættinum eins og þar er gert. Við getum kallað þetta þrönga túlkun, eins og ég held að talsmenn ríkisstjórnarinnar hafi á einhverju tímabili sagt. Aðrir, og þar á meðal ég, segja að dómur Hæstaréttar feli í sér stærra vandamál en forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar vilja vera láta.

Ég fæ ekki séð annað út úr dómi Hæstaréttar en að það verði að taka bæði reglur um úthlutun veiðileyfa og veiðiheimilda til endurskoðunar. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa sagt: Dómurinn fjallar ekki um 7. gr. og það sem leiðir af henni, sem er að hluta til bundið í reglugerð, en segja hins vegar að það þurfi að taka á 5. gr. með veiðleyfið. Þeir hafa fært lögfræðileg rök fyrir sínu máli. Við hinir sem erum ekki lögfræðingar en kunnum líka að lesa lagatexta drögum fram það sem segir í dómnum, en hann gengur raunverulega allur út á það að fjalla bæði um veiðileyfi og veiðiheimildir og nýtingu fiskstofnanna. Það er ekki hægt að mínu mati að draga aðra ályktun en að reglan um úthlutun veiðileyfa, þ.e. að þeir einir geti fengið veiðileyfi sem eiga skip og áttu þau á tilteknum tíma, sem er talin brjóta í bága við tvö ákvæði stjórnarskrárinnar og við 1. gr. laganna, er sama regla og lögð er til við úthlutun veiðiheimilda. Og það er auðvelt að lesa út úr dómnum að það kalli þá á endurmat á þessum reglum.

Hér er um að ræða lögfræðilegan ágreining að hluta til. Fjölmargir lögfræðingar hafa tjáð sig í þá veru sem ég er hér að ræða og segja að frv. ríkisstjórnarinnar gangi of skammt. Það er því engin furða þó að umræðan vilji verða dálítið sundurlaus þegar menn gæta þess ekki að halda því aðgreindu að ágreiningurinn stendur um grundvallaratriði eða fyrstu spurninguna, þ.e. hver vandinn sé. Þá er ekki von að menn geti náð vel utan um lausnir á þessu vandamáli.

En þó er eitt í dómnum alveg ótvírætt og ég hef ekki heyrt neinn bera á móti. Það er sá rammi sem Hæstiréttur telur að löggjöf um fiskveiðistjórn verði að vera í. Ramminn markast ekki bara af 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnrétti sem er beinlínis skoðuð sérstaklega í þessum dómi, og ekki einungis af 75. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um atvinnuréttindi sem eru líka lögð til grundvallar í þessum dómi, heldur einnig út frá 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Við getum sagt að þessar þrjár lagagreinar séu tilgreindar þarna sérstaklega þó að vitaskuld þurfi öll lög og öll stjórn að vera í samræmi við önnur lög, og ég tala nú ekki um við stjórnarskrá. En þetta er samt ágæt vinnuregla fyrir okkur til að nálgast þessa umræðu.

Ég ætla að lesa upp þessa 1. gr. því að fyrsti málsliðurinn í henni hefur aðallega verið lesinn. En 1. gr. er lengri. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar."

Þetta ákvæði er þekkt og er margvitnað í í dómnum. Síðan segir:

„Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Þetta er mjög mikilvægur málsliður vegna þess að þar segir: Það á að vernda og það á að tryggja hagkvæma nýtingu. Lögin setja ríkisvaldinu tiltekin skilyrði með þessu orðalagi. Það ber að vernda fiskstofnana. Við megum ekki gleyma því að þegar lögin voru sett upprunalega, 1983, var verndunarsjónarmiðið fyrst og fremst lagt til grundvallar. Þá var fiskveiðistjórnarkerfið í þessum anda sett á tímabundið og endurskoðað frá ári til árs. Og það er einmitt rakið mjög skilmerkilega í dómnum að einmitt þessar ástæður, hinn sterki verndunarþáttur, skammtímasýnin á þetta vandamál og það að brýna nauðsyn bar til, heimila samkvæmt stjórnarskrá að þrengja að möguleikum manna. Það er heimilt út frá þeim sjónarmiðum að það væri verið að vernda fiskstofnana sem væru í bráðri hættu og að þetta væri til skamms tíma. Svo var þessi regla um eignarhaldið frá því fyrir fimmtán árum, skipaeignarhaldið, sem hefur verið notað allan tímann, gerð ótímabundin í endanlegu formi 1990, og það er fyrst og fremst um það sem Hæstiréttur er að fjalla.

En hvað þýðir hagkvæm nýting? Það setur þá kröfu á ríkisvaldið að fiskveiðistjórnarkerfið skili hagkvæmni. Það verður ekkert undan því vikist. Almennt er það stefna stjórnmálaflokka að stuðla að kerfi sem nær hagkvæmni í notkun. En hérna er alveg ótvírætt að ekki er hægt að skjóta sér undan því. Það er ekki hægt að koma með fiskveiðistjórnarkerfi sem er óhagkvæmt. Þetta setur okkur ákveðin skilyrði. Nú er ég ekkert að leggja mat á hin mismunandi fiskveiðistjórnarkerfi, en það þarf að hafa í huga að dómur Hæstaréttar fjallar ekki um fiskveiðistjórnarkerfið. Hann gerir það ekki. Hann fjallar ekki um fiskveiðistjórnarkerfið. Hann fjallar um reglur við úthlutun veiðileyfa. Það er ótvírætt og ekki deilur um það við stjórnvöld. Það er ekki deilt um það atriði. Og síðan, að mínu mati, fjallar hann um hvernig við úthlutum veiðiheimildum. Úthlutun veiðiheimilda er vitaskuld þáttur í fiskveiðistjórnarkerfinu en það er ekki fiskveiðistjórnarkerfið sjálft. Menn þurfa að hafa þetta mjög skýrt í huga. Þó svo að menn taki upp úthlutun fiskveiðiheimilda, t.d. hættu við að úthluta á grundvelli þessarar þriggja ára reynslu í kringum

1980, tækju síðustu þrjú ár, deildu öllu jafnt eða eftir stærð skipa eða hvernig sem menn mundu gera það — það er hægt að hugsa sér margar leiðir og margar voru ræddar árið 1983 þegar menn voru að upphugsa þetta kerfi. Ég er sennilega eini maðurinn í þingsölum nú sem tók þátt í þeirri umræðu mjög virkt því ég sat á fiskiþingi á þeim tíma þegar þessar upprunalegu hugmyndir sem síðar urðu að lögum voru ræddar og útfærðar. Og það get ég sagt þingheimi að ekki óraði menn, þegar þeir voru að ræða þetta, fyrir afleiðingum þeirra nokkrum árum seinna, því að þeir sem þá töluðu fyrir kvótakerfi litu á það sem bráðabirgðaráðstöfun sem átti að standa í eitt til tvö ár og síðan yrðu frjálsar veiðar hafnar aftur. Raunverulega allir höfðu það viðhorf þegar umræðan hófst fyrir fimmtán árum. Hún byrjaði reyndar fyrr. En ég tel mikilvægt að menn hafi þetta í huga, að á ýmsu hefur gengið í þessari umræðu.

Í 1. gr. segir einnig að tryggja eigi trausta atvinnu og byggð í landinu. Löggjafinn hefur því heimildir, bæði fyrir og eftir þennan dóm, til að koma með nýtt kerfi sem tekur mið af öðrum þáttum en núverandi kerfi gerir t.d. við úthlutun veiðiheimilda, ef löggjafinn færi að úthluta þeim öðruvísi, t.d. til byggða sem alveg væri hægt að gera en viðhalda samt aflamarkskerfinu. Það er hægt að viðhalda aflamarkskerfinu ef menn kjósa svo. Ég held að það hafi verið rakið í ræðu af hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni áðan að það gæti verið skynsamlegasta leiðin í útfærslu aflamarkskerfis sem stæðist ákvæði stjórnarskrár. Ég held að hann hafi orðað það svo. Þarna er dreginn upp nokkuð skýr rammi. Vitaskuld eru mikil átök um hvort vera eigi aflamarkskerfi eða sóknarmarkskerfi. Út á það gengur hefðbundin umræða um fiskveiðistjórn. Við þekkjum þá umræðu hér á Íslandi.

Það sem ég vil hins vegar reyna að draga fram er að þetta mál snýr ekki að því hvort við tökum upp sóknarmarkskerfi eða aflamarkskerfi. Þetta mál snýr að því, til viðbótar því sem fjallað er um í frv. ríkisstjórnarinnar, að endurbæta kerfið sem úthlutar veiðiheimildum. Ríkisstjórnin eða aðilar nátengdir ríkisstjórninni hafa sagt: Látið bara reyna á þetta gagnvart lögum. Farið bara í mál, látið reyna á 7. gr.

Það er ekki skynsamlegt, herra forseti, hvorki fyrir núv. ríkisstjórn, ríkisvaldið eða Alþingi að afgreiða lög sem mjög mikill vafi leikur á að standist önnur lög. Ég tala nú ekki um ef vafi leikur á að þau standist stjórnarskrá. Það er ekki góð stefna — að vísu er það stjórnmálastefna núv. ríkisstjórnar en ég hafna þeirri stefnu — að ætla að reka mikilvæga atvinnugrein eftir dómum frá Hæstarétti og koma með hvert álitamálið á fætur öðru í lagasetningu sem síðan á að túlka fyrir dómi. Það er ekki góð stefna. Menn verða að reyna að nálgast vandamálið öðruvísi. Mér finnst margt slæmt í umræðunni og ég hefði lagt til að í þessari umræðu tækju menn báða þessa þætti til skoðunar og reyndu að stokka þá upp þannig að líkur væru til að þeir væru í samræmi við ákvæði stjórnarskrár. Auðvitað afnemur maður aldrei rétt manna til að fara með mál fyrir dómstóla. Maður á hins vegar ekki að segja, eins og einn aðallögfræðilegur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar hálfhreytti út úr sér gagnvart almenningi: „Farið bara í mál og látið reyna á það.“ Þar á bak við er náttúrlega ákveðin pólitísk hugsun. Ef til málaferla kemur út frá 7. gr. er mjög ólíklegt að kominn yrði dómur í Hæstarétti fyrir næstu kosningar.

Þessi óvissa og aðferðafræði er ótæk að mínu mati. Ég tel að mikilvægt sé að nota tilefnið sem þessi dómur gefur til að taka upp bæði veiðileyfin og úthlutunaraðferðina, burt séð frá því hvernig menn síðan úthluta, hvort úthlutað verður í formi gjaldtöku, uppboðs, dreift jafnt eða eftir öðrum sjónarmiðum. Ég ætla í sjálfu sér ekki að draga upp eina lausn í því en bendi á að við getum samt búið áfram við aflamarkskerfið sem slíkt þó að þessi úthlutunarregla verði tekin upp.

Það sem ég hefði viljað að við notuðum tækifærið til er að leita sátta um fiskveiðistjórnarkerfið, ekki sátta við hæstv. sjútvrh., ekki við Sjálfstfl., ekki við Framsfl. Ég hef engan áhuga á að leita sátta við þessa flokka eða ríkisstjórnina um þetta efni. Þeir hafa dregið fram sína pólitísku stefnu varðandi þetta mál. Ég er andvígur henni og það er ekkert að því að pólitískur ágreiningur sé um hvernig eigi að leysa þetta mál. Það er heldur ekkert að því að pólitískur ágreiningur og jafnvel lögfræðilegur ágreiningur sé um hver vandinn sé. Það er ekkert að því.

Þegar ég tala um að leita sátta þá er ég að tala um að leita sátta við fólkið í landinu. Ég lít ekki svo á að Sjálfstfl. eða Framsfl. hafi einhvern rétt til að túlka sjónarmið fólksins í landinu í þessum málum. Ég veit vel að þessir tveir flokkar eru mjög stórir og öflugir og koma vel út í skoðanakönnunum. Ég get hins vegar bent á að miðað við skoðanakannanir á þessu máli virðast þeir frekar að gæta hagsmuna hinna fáu, þ.e. þeirra sem fá úthlutað eftir núverandi kerfi, frekar en þeir vilji stokka þessi mál upp.

Ég held að mjög brýnt sé að starfandi menn í greininni séu í meiri sátt við kerfið. Óánægjan hefur verið mjög lengi og ekki til góðs. Hún hefur náttúrlega magnast upp í kjölfarið á þessum dómi. Allir sem starfað hafa í sjávarútvegi vita að ef skipstjórnarmenn og sjómenn eru ekki sáttir við reglurnar og kerfið — margir þeirra eru ósáttir þó vitaskuld séu það ekki allir — kallar það á ákveðið virðingarleysi, ef svo má að orði komast. Það er ekki í neikvæðri merkingu heldur er virðingarleysið gagnvart kerfinu og leikreglunum sem gilda í því. Allir vita að slíkt hefur komið upp í sambandi við þetta fiskveiðistjórnarkerfi.

Þetta er svipuð hugsun og ég hef reynt að orða í sambandi við gagnagrunnsmálið sem við vorum að afgreiða hér sem lög. Það kerfi og sú löggjöf er ónýt vegna þess hve mikið ósætti ríkir hjá þeim sem eiga að starfa eftir henni, hvort sem er innan vísindasamfélagsins eða heilbrigðisþjónustunnar. Það er mitt mat. Ég dreg skýrt fram að ég er hér að lýsa pólitísku mati mínu og reyni að rökstyðja það en ég veit að ýmsir aðrir líta öðruvísi á og leggja aðra pólitíska mælikvarða á staðreyndirnar sem liggja fyrir. Við því er ekkert að gera. Meginþátturinn í svona umræðu finnst mér að reyna að draga skýrt fram kostina, svo velja megi milli tveggja, þriggja stefna eða möguleika.

Ég ætla mér ekki að sannfæra hæstv. sjútvrh. eða aðra fulltrúa ríkisstjórnarinnar um mat mitt á íslenskum sjávarútvegi, því hvernig leysa eigi málin í kjölfar dómsins eða skipuleggja fiskveiðistjórnarkerfið. Ég hef um nokkurn tíma reynt að sannfæra, ekki þá heldur fólkið í landinu um þau áhersluatriði sem ég legg til grundvallar. Þessi umræða á ekki að snúast um að við reynum að sannfæra hver annan heldur að við getum dregið það upp nógu skýrt gagnvart almenningi hvernig hann geti valið á milli þessara flokka. Það kann að skipta viðkomandi það miklu máli að hann vilji greiða atkvæði fyrst og fremst út frá þessum málaflokki. Svo er um marga hér á landi. Ég held að það sé ekki ofsagt að þetta mál verður eitt aðalmálið í kosningunum.

Ef til vill höfum við skoðað þessi mál of þröngt. Ég vil benda á viðtal við Gísla Pálsson prófessor í Morgunblaðinu

í dag og sjónarmið sem hann hefur svo sem hann hefur oft haldið fram áður. Það þarf að líta á þessi mál út frá víðara sjónarhorni en við höfum gert undanfarin ár. Ég hugsa að það sé mikið til í því að við höfum skoðað þetta út frá e.t.v. of þröngum sjónarmiðum um hagkvæmni. Aðrir þættir koma einnig þarna inn. Við verðum að gefa gaum að þeim og höfum e.t.v. ekki verið nógu víðsýn í þeirri umræðu.

Mér finnst hins vegar, herra forseti, viðbrögð ríkisstjórnarflokkanna ekki hafa verið góð í þessu máli. Mér finnst þeir hafa talað, sérstaklega hæstv. forsrh., niður til Hæstaréttar í þessu máli. Við eigum að virða Hæstarétt, taka niðurstöðu hans og vinna úr því. Mér finnst viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafa einkennst af hroka og yfirlæti sem ekki eru óalgeng viðbrögð hjá ríkisstjórninni. Þeir eru sjálfum sér verstir með því að einkenna málflutning sinn þannig. Það er þá þeirra mál. En mér finnst þó mikilvægt að það sé dregið skýrt fram.

Herra forseti. Ég held að öllum eigi að vera ljóst að leið ríkisstjórnarinnar er ekki sú leið sem við viljum fara. Við teljum þá leið ekki fullnægjandi í kjölfar dóms Hæstaréttar.

[18:41]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir að staðfesta það sem ég sagði í upphafsræðu minni í dag, að mér sýndist að fulltrúar jafnaðarmanna ætluðu að nota dóm Hæstaréttar til að rífa umfjöllun um sjávarútvegsmálin úr þeim ágæta sáttafarvegi sem sú umræða var komin í eftir að Alþingi kaus nefnd allra flokka til að fjalla um þau mál. Hv. þm. staðfesti það hér að hann vildi ekki með neinu móti ná samkomulagi við ríkisstjórnarflokkana um þessi efni. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa staðfest þetta.

Ég vil taka undir með hv. þm. um að það er mjög mikilvægt að nota umræðu sem þessa til þess að draga fram þá kosti sem fyrir hendi eru, þannig að fólkið í landinu geti tekið afstöðu til þess. Ég held að þarna hafi hv. þm. komið að kjarna málsins, að umræðu eins og þessa eigi að nota í þeim tilgangi.

Í framhaldi af því vil ég gjarnan spyrja hv. þm. hvaða kosti hann ætli að bjóða upp á. Hann fór mjög skilmerkilega yfir það að kostirnir gætu verið margir og mikilvægt væri að nota umræðuna til þess að velja á milli kosta. Þetta er allt satt og rétt en ef hv. þm. mundi greina örlítið betur frá því hvaða kostur það er sem hann býður upp á þá er ég sannfærður um að fólkið í landinu vill heyra það. Menn vilja ekki bara heyra skoðanir hans á því að ríkisstjórnin hafi ekki brugðist rétt við, þeir vilja líka heyra hvað hann vill gera og einhvers konar útfærslu á því. Það er ekki nóg að lýsa því með yfirborðskenndum orðum heldur verður útfæra þá kosti. Þá væri hægt að taka afstöðu til þeirra leiða sem hv. þm. vill fara þegar hann hefur flutt mál sitt.

[18:43]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hæstv. sjútvrh. að telja að sjávarútvegsmál á Íslandi hafi verið í einhverri sátt. Það væri hægt að segja: Ekki veit ég hvar blessaður maðurinn hefur haldið sig. Auk þess að hafa algjörlega rangt fyrir sér, og ég veit að fólkið í landinu veit það, þá er hann hins vegar að gera tilraun. Hann er að segja: Auðlindanefndin sem sett var á laggirnar er aðferðin til að reyna að ná þessari pólitísku sátt og sátt í samfélaginu um sjávarútvegsmál.

Þannig hefur það ekki verið. Auðlindanefndin er fyrst og fremst að skoða mjög marga þætti sem tengjast auðlindanýtingu hér á landi. Við eigum fulltrúa í henni en við jafnaðarmenn stóðum ekki að þeirri tillögu á sínum tíma. Nefndin hefur hins vegar ekkert með það að gera að hinir pólitísku flokkar dragi skýrt fram áherslumál sín í sjávarútvegi.

Hins vegar held ég að auðlindanefnd sé að vinna mjög gott starf og hún er að draga saman mjög mikið af upplýsingum sem munu nýtast í pólitískum umræðum um ágreiningsefni sem eru alveg augljós. Við erum ekki að segja upp neinni sátt í samfélaginu. Varðandi fiskveiðistjórnarkerfið hefur ósættið fyrst og fremst verið um úthlutunarkerfið, gjafakvótakerfið sem hæstv. sjútvrh. ver fram í rauðan dauðann. Almenningi hefur sárnað það mest í málinu. Hæstv. ráðherra veit það.

Ég hef með réttu nefnt möguleika og ég fagna því ef sjútvrh. vill henda þessu frv. og leita að leiðum til að finna nýtt úthlutunarkerfi. Ég get ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi. Úr því að hæstv. ráðherra spyr: Hvaða leiðir? Ég dró hérna upp fimm, sex möguleika á nýju úthlutunarkerfi og gæti nefnt fleiri. Er hann að segja: Ja, nú þarf ég ráð þín, hv. þm., til að leysa þann vanda sem dómur Hæstaréttar olli. Er hæstv. ráðherra er að leita eftir því? Hvers vegna er hann að leita eftir nýju úthlutunarkerfi?

[18:45]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ummæli hv. 11. þm. Reykn. eru athygli verð. Annar vængur samfylkingarinnar flutti tillögu um það hér á liðnum vetri að setja á fót auðlindanefnd í þeim tilgangi að ná sáttum og ríkisstjórnarflokkarnir gengu inn á þessa hugmynd. Svo kemur hinn vængur samfylkingarinnar hér í dag og segir að það hafi aldrei verið hugmyndin með þessari nefnd að leita sátta um þessi mikilvægu mál. Þetta eru býsna merkileg skilaboð sem hv. þm. sendir og býsna athyglisvert í því ljósi að þessir tveir vængir samfylkingarinnar tala þarna hvor í sína áttina.

Varðandi hitt atriðið sem ég spurði um þá var ég ekki að leita ráða hjá hv. þm. Ég var aðeins að taka undir að það væri rétt og eðlilegt að greina í umræðu eins og þessari hvaða kostir væru fyrir hendi, þ.e. hvernig var efni dómsins og við hverju þarf að bregðast. Þegar menn hafa komist að þeirri niðurstöðu, sem getur verið mismunandi, er rétt að velta upp þeim kostum um viðbrögð sem eru fyrir hendi. Þetta taldi ég vera mjög mikilvægt til þess að málefnaleg umræða gæti farið fram.

Þess vegna var ég að inna hv. þm. eftir því hvort hann gæti sagt frá því hvaða kost hann hefði valið og hvaða leið hann vildi velja þannig að málefnaleg umræða gæti farið fram um mismunandi kosti. En hann kaus að lýsa því yfir að engin slík stefna eða enginn slíkur vilji væri til af hálfu samfylkingarinnar, það yrði að bíða, ég held, mörg ár eftir því að þeir hefðu tíma til að skoða það. Samfylkingin hefur flutt svona tillögur um skoðun á hverju þingi í fjögur ár og þeir hafa aldrei komist að niðurstöðu. Nú á enn að vísa þessu mörg ár fram í tímann. Það skapar ekki neina festu og neinn stöðugleika í þjóðfélaginu að vísa í slíkar framtíðarhugsanir. Það er ætlast til þess að menn gefi svör.

[18:48]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagðist ekki beint vera að leita ráða hjá mér um þetta efni. Það er miður. Ég held að hann hefði haft gott af að gera það. Hann vill misskilja það sem verið er að vinna að og misskilja hlutina í samfylkingarhópnum.

Það er ljóst hvaða niðurstöðu og að hverju við erum að vinna í sambandi við sjávarútvegsmál í þeim efnum. Það er samkomulag um að við munum útfæra gjaldtöku á sameiginlegar auðlindir þannig að fólkið í landinu muni njóta þess arðs sem auðlindin gefi af sér. Það liggur fyrir. Það liggur líka fyrir að við ætlum að endurskoða núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Við höfum sagt þetta og það er þetta sem við ætlum að vinna að og erum að vinna að. Við erum ekki í neinu samstarfi við hæstv. ráðherra eða samstarfsflokk hans um þetta efni.

Ég reyndi að draga skýrt fram, og mér fannst ráðherra fallast á það, að ágreiningurinn á milli okkar stendur um hvar vandinn sé. Ráðherrann heldur sig við að þetta snúist einungis um úthlutun veiðileyfa. Hins vegar vill hann fá að vita hvaða leið við mundum vilja fara ef, eins og ég segi, vandinn væri nú stærri, þ.e. úthlutun veiðiheimilda. Ég er búinn að nefna nokkuð margar leiðir sem allar geta komið til greina um hvernig maður úthlutar að nýju aflakvótum. En öll framsetning á þeim hugmyndum er gagnlaus nema það ríki pólitískur vilji, meirihlutavilji á hinu háa Alþingi, fyrir því að taka þetta úthlutunarkerfi til endurskoðunar. Sá pólitíski vilji liggur ekki fyrir.

Það er hugsanlegt og mjög líklegt að Hæstiréttur muni dæma Alþingi til að fjalla um þessa spurningu. En því miður kemur sá dómur ekki fyrr en eftir næstu kosningar.

Þetta er ágreiningsefnið milli okkar og ríkisstjórnarflokkanna. Þeir ætla sér að lögfesta þetta mál vitandi að það verða málaferli, en telja sig sleppa með það fram yfir 8. maí. Þannig komast þeir hjá því að þurfa að taka á þessu vandamáli sem ég hef gert hér að umtalsefni.

[18:50]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér hafa verið athyglisverðar umræður í dag um mál þar sem ekki leikur nokkur vafi á að sjútvn. og sjútvrh. standa frammi fyrir mjög erfiðu viðfangsefni. Þó eru nokkur atriði sem ég vildi koma inn á og í lok ræðu minnar nokkuð inn á það sem síðasti ræðumaður, hv. 11. þm. Reykn., sagði þegar hann auglýsti eftir stefnu og sagði að hann hefði nokkuð ljósa stefnu á takteinum sem hann muni leggja fyrir kjósendur. Ég kem að því síðar.

Herra forseti. Ég held að þjóðinni sé ljóst, eins og fram kemur í grg. frv., að eitt helsta viðfangsefni varðandi fiskveiðistjórn í heiminum um þessar mundir er að hafa hemil á stærð fiskiskipaflotans. Í því sambandi má nefna að nú er unnið á vegum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna að gerð alþjóðlegra samþykkta um þetta efni og verður málið væntanlega til lykta leitt á sjávarútvegsráðherrafundi FAO í marsmánuði á næsta ári. Flest ef ekki öll fiskveiðiríki hafa reglur er takmarka flotastærð. Væri æskilegt að unnt væri í framhaldi af dómi Hæstaréttar að setja reglur sem í senn fullnægðu skilningi dómsins á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og stuðluðu að jafnvægi milli afrakstursgetu fiskstofnanna og afkastagetu fiskiskipaflotans.

Þetta er það meginmál sem felst í fiskveiðistjórninni og af því tilefni, herra forseti, fannst mér rétt að drepa hér aðeins á það sem kemur fram í athugasemdum við það lagafrv. sem er hér til umfjöllunar.

Herra forseti. En á einu hafa menn ekki léð máls sem er þó mál sem ekki verður hægt að láta hjá líða að geta hér um. Í athugasemd við 1. gr. frv. segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Með þessari grein er lagt til að afnumdar verði þær reglur sem frá 1983 hafa gilt varðandi takmarkanir á stærð fiskiskipaflotans. Í því felst sú breyting að úrelding skipa sem fyrir eru í flotanum verður ekki lengur forsenda fyrir því að ný skip fái leyfi. Þar með falla niður allar reglur um mat á því hvaða skip eru sambærileg. Lagt er til að öll fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum geti fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni enda fullnægi eigendur þeirra og útgerðaraðilar skilyrðum laga til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands."

Herra forseti. Með þessum orðum er sem sagt opnað fyrir það að nú megi allar fleytur á sjó draga til þess að stunda veiðar við Ísland ef þær eru undir íslensku flaggi.

Í lögum frá 1993 voru gerðar breytingar á eldri lögum sem kváðu á um að ekki mátti flytja inn eldri skip en 12 ára. 1993 er þeim breytt í þá veru að þau megi ekki vera eldri en 15 ára. Árið 1995 er þessi regla afnumin. Ég hef verið andstæðingur þess að úreldingarreglur væru eins og þær voru hér áður og er ástæðan einkum og sér í lagi tvíþætt. Í fyrsta lagi vegna þess sem snýr að aðbúnaði áhafnar og öryggismálum skipshafnarinnar og í annan stað vegna þeirrar framþróunar og tækni sem á undanförnum árum hefur komið í ljós á nótaveiðiskipum annarra þjóða, en við Íslendingar erum mjög miklir eftirbátar þeirra í því tilliti. Miklar breytingar hafa jafnvel verið gerðar á skipum sem talin eru byggð 1963 af því að þá var lagður kjölur að þeim, en ekkert er eftir af þessum skipum nema kannski innan við 5% af byrðingnum sjálfum. Þegar skip þessi hafa verið fulllestuð má líka sjá hve fríborð þeirra hefur verið lítið á sama tíma og við sjáum erlend glæsileg skip með kælitanka bera jafnvel meira en tvö þúsund tonn. Það má segja að reisn sé yfir þeim skipum, a.m.k. eru þau ekki jafndjúpsigld og þessi gömlu nýju nótaveiðiskip sem við höfum verið að gera hér upp.

Herra forseti. Ég tel rétt að þessi ákvæði séu alvarlega tekin til gaumgæfilegrar athugunar og umhugsunarefni er hvort sjútvn. ætti ekki að taka þetta mál ákveðnum tökum til að koma í veg fyrir að ekki komist aftur á það ástand að mikil gróska verði í innflutningi notaðra og úreltra fiskiskipa.

Vandi sá sem við stöndum hér frammi fyrir og ég geri mér fulla grein fyrir, snýr fyrst og fremst að hinum minni bátum. Auðvitað verðum við að leita allra leiða til þess að leysa þann vanda. En þegar talað er í dómnum um þau ákvæði sem þar falla þykir mér rétt, með leyfi forseta, að rifja upp í örstuttu máli nokkur atriði sem leiddu til þessa kvótakerfis.

Það var síðla árs 1977 að takmarka þurfti sókn togara og var hverju skipi skylt að vera frá þorskveiðum í 30 daga þá um haustið. Á árunum 1978–1981 fjölgaði um 16 togara í skipastól landsmanna. Þrátt fyrir meiri afrakstursgetu þorskstofnsins var aukning togaraflotans svo mikil að takmarka þurfti veiðar þeirra miklu meira á árunum 1978–1983. Árið 1981 var t.d. hverjum togara óheimilt að stunda þorskveiðar í 150 daga samtals og yfir þann tíma mátti hlutfall þorsks í afla ekki fara yfir 15% nema í takmörkuðum fjölda veiðiferða þar sem hámarkshlutdeild þorsks í afla mátti vera 25%. Á þessu 150 daga tímabili gátu togararnir veitt verðminni tegundir, svo sem karfa og grálúðu, en þeir stofnar voru þá vannýttir.

Þegar litið er svo á dóminn segir svo, með leyfi forseta:

„Þótt tímabundnar aðgerðir af þessu tagi til varnar hruni fiskstofna kunni að hafa verið réttlætanlegar, en um það er ekki dæmt í málinu, verður ekki séð, að rökbundin nauðsyn hnígi til þess að lögbinda um ókomna tíð þá mismunun,

sem leiðir af reglu 5. gr. laga nr. 38/1990, um úthlutun veiðiheimilda."

Það liggur ljóst fyrir hver var ástæða þess að til þessara aðgerða var gripið. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst mjög sérkennilegt að þessi grein skuli vera opnuð með þeim hætti sem hér er gert. Ég er ekki lærður lögfræðingur, en hins vegar ef til fortíðar er litið þá finnst mér eins og að ekki hafi verið til framtíðar horft þegar þessi dómur var felldur.

Við stöndum frammi fyrir því að mörg byggðarlög eru illa sett hvað varðar atvinnu og þau tækifæri sem þau hafa vegna auðlindarinnar í hafinu. Til þeirra ráðstafana verður að grípa að ekki verður unað við óbreytt ástand, eins og nú horfir. Hitt er annað mál að auðvitað þarf að fara með gát ef breytingu á að gera hvað varðar litlu bátana sem hafa margir hverjir haldið uppi hinni dreifðu byggð. Ég óttast að alltaf verði ósætti meðal fiskimanna, sérstaklega þeirra manna sem stunda sjómennsku á trillum, á meðan kerfið er svo margskipt sem raun ber vitni. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það gangi ekki mikið lengur annað en að þessir aðilar séu undir einu og sama kerfinu. Það er nauðsynlegt.

Það er t.d. athyglisvert að af 277 krókabátum í dagatakmörkunarkerfinu hafa 69 bátar verið keyptir úr aflamarks- eða aflahámarkskerfinu. Það segir allt um hvers konar ástand ríkir þarna og nauðsyn þess að samræma kerfið þannig að hér verði ekki slíkt ósætti sem raun ber vitni.

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykn. var hér að tala um að hann auglýsti eftir því hvernig kjósendur mundu nú bregðast við þar sem hann hefði ýmislegt í pokahorninu til þess að dreifa meðal kjósenda. Hann sagði að stefna hans og flokksmanna hans væri ljós enda ekki von á öðru. Hann vitnaði til 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og sagði menn vera að fjarlægjast nokkuð vandann með því að nefna ekki að í þessum lögum stæði að stuðla ætti að traustri atvinnu og byggð í landinu.

Hann nefndi hins vegar ekki það sem hefur verið að gerast þegar kvóti er seldur úr einu byggðarlagi í annað og hve mikil sár það getur skilið eftir í atvinnulífinu. Það væri umhugsunarefni hvort hann sem slíkur, fyrrverandi útgerðarmaður, teldi eðlilegt að þessu kerfi yrði lokað og kvótinn afturkallaður úr höndum þeirra sem nú höndla með hann.

Hv. þm. Guðjón Guðmundsson kom inn á það í ræðu sinni fyrr í dag að hér hefðum við tveir þingmenn flutt frv. til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Það gekk út á að framsal væri ekki heimilt en hins vegar gætu menn skipt á kvóta sín á milli í þorskígildum og því sem væri umfram, sem þeir gætu ekki veitt, ættu þeir að skila inn aftur. Ég tel að það gæti verið góð regla og mundi jafnvel stuðla að frekari sátt í stjórn fiskveiða. Samt virðast margir hverjir telja það af hinu góða að útgerðarmenn selji hver öðrum kvótann. Það er mál sem oft og lengi hefur verið tekist á um og ætla ég ekki að gera það að frekara umræðuefni hér.

Eins og hæstv. sjútvrh. kom inn á hér áðan er mjög merkilegt að horfa til stjórnarandstæðinga þegar leiða er leitað og reyna að átta sig á stefnu þeirra, hvert þeir ætla að halda. Steingrímur J. Sigfússon skrifar athyglisverða grein í Morgunblaðið 4. okt. 1996, um auðlindaskattinn sem hv. þm. Ágúst Einarsson hefur lengi haldið á lofti og telur lausn allra mála í sjávarútvegi. Steingrímur J. Sigfússon segir, með leyfi forseta:

„Í Ríkisútvarpinu þann 30. sept. sl. var vitnað í Ágúst Einarsson alþingismann og í þeirri frétt kom fram að eitt helsta forgangsmál hins nýja þingflokks krata yrði tillaga um veiðileyfagjald. Ágúst sagði þá m.a.: „Það er talið að þessi fiskveiðiarður geti numið 15 til 30 milljörðum." Síðan talaði Ágúst um að samkvæmt þeirra tillögum ætti að fara hægt í sakirnar, en síðar meir gæti orðið um umtalsvert gjald að ræða sem kæmi þá í staðinn fyrir aðra skattlagningu og þá t.d. tekjuskatt."

Steingrímur heldur áfram og vitnar til fréttamannsins sem spurði hvað upphæðin gæti orðið há, og Ágúst svarar:

„Ja, það er hægt að nefna sem dæmi að tekjuskattur einstaklinga er nú 17 milljarðar og ef fiskveiðiarðurinn gæti numið kannski 30 milljörðum eða 20 til 30 milljörðum þá sjáum við að það er hægt að láta veiðileyfagjaldið koma í staðinn fyrir tekjuskatt einstaklinga en samt skilja eftir verulegan arð innan sjávarútvegsins."

Samt er hægt að skilja eftir verulegan arð. Já, þetta er athyglisvert. Þetta er líklega ein af þeim tillögum sem hv. þm. ætlar að fara með út í hinar dreifðu byggðir, leggja fyrir kjósendur sína og segja: Kjósið mig, kjósið okkur, við ætlum að leggja á skatt, svo ríflegan skatt á ykkur að hinar smæstu byggðir verði lagðar í eyði.

Með leyfi forseta, þá heldur Steingrímur J. Sigfússon áfram og segir:

„Samkvæmt opinberum gögnum var heildarfjármunamyndun í fiskveiðum og vinnslu sjávarafurða um 5,3 milljarðar króna á árinu 1995 og gæti orðið 7–8 milljarðar á árinu 1996. Af því sést að jafnvel sú „væga" gjaldtaka sem Ágúst talar um í áðurnefndri útvarpsfrétt og nefnir 2–3 milljarða myndi fara langleiðina með að þurrka upp alla fjármunamyndun í greininni."

Slík gjaldtaka mundi samt nánast þurrka upp fjármunamyndun í greininni með þeim neikvæðu afleiðingum sem það svo hefði fyrir alla framþróun sjávarútvegsins og í framhaldinu á lífskjör þjóðarinnar.

Þannig er nú ástandið á þessum bæ. Þeir eru nú aldeilis ekki sammála í stjórnarandstöðunni þó þeir finni stjórnarflokkum og stjórnarþingmönnum allt til foráttu í sambandi við fiskveiðistjórnina.

Auðvitað eru ekki allir sáttir við þessa fiskveiðistjórnun, hvar í flokki sem þeir standa. En eins og fram hefur komið í dag þegar þeir sem andsnúnir eru kerfinu og vilja taka upp lögin um stjórn fiskveiða upp í heild sinni hafa verið spurðir: Hver er stefnan, hvert á að halda? Ja, þá hefur verður fátt um svör. Það er óskp eðlilegt.

Hins vegar stöndum við frammi fyrir því að þetta kerfi hefur þróast í mörg ár og erlendis hafa menn vitnað til þessa kerfis og talið það nokkuð gott. Á meðan menn hafa ekki aðrar hugmyndir um hvernig með eigi að fara þá er þessi leið sú besta og henni á auðvitað að halda.

Hitt er svo annað mál, herra forseti, hvort það hafi gerst í andstöðu við það sem segir í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna:

„Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Hvernig það hefur þróast er svo önnur saga og út í þá sálma ætla ég ekki að fara frekar.

[19:08]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í hópi þeirra sem hafa talið að skynsamlegt væri, út frá þeim rökum sem fram hafa komið og ýmsu því sem reifað hefur verið í umfjöllun um dóm Hæstaréttar, að hv. sjútvn. skoðaði lögin um stjórn fiskveiða í ljósi

dómsins. Ég er í hópi þeirra. Mér hefur satt að segja fundist býsna margir stjórnarþingmenn hafa áhuga á því að taka eitt og annað upp af því tilefni að nú á að fara að breyta lögunum um stjórn fiskveiða. Ég ætla ekki að rekja það hér en mun gera það í ræðu minni síðar.

Mig langaði til að fá mat hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar á því sem dómur Hæstaréttar segir hér, með leyfi forseta:

„Með þessu lagaákvæði er lögð fyrirfarandi tálmun við því að drjúgur hluti landsmanna geti, að öðrum skilyrðum uppfylltum," — nú kemur það sem ég vil fá álit þingmannsins á — „notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru."

Hæstiréttur leggur þetta sem sagt hvort á móti öðru að því er virðist að menn geti notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru. Hvert er mat hv. þm. á þessari niðurstöðu Hæstaréttar? Hvernig telur hann að Alþingi Íslendinga geti mætt henni?

[19:10]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel einfaldlega að hér sé talað um að opna nánast allar gáttir, eins og ég gat um hér áðan, draga allar fleytur á sjó og segja við þjóðina: Gjörið svo vel, ef þið hafið áhuga þá er auðlindin þarna. (**SvanJ:** Eða?) Þarna er auðlindin.

Það er hins vegar dálítið merkilegt þegar talað er um að njóta atvinnuréttar í sjávarútvegi. Hvað er sjávarútvegur? Er það ekki fiskvinnslan í landinu? Er það ekki líka sjávarútvegur? Það er merkilegt að þessi dómur skyldi ekki fjalla um það líka að æskilegt væri að Reykvíkingar flyttu út á land og færu í fiskvinnslu svo þeir gætu notið þess að hafa þarna aðgang. Hér er talað um „fyrirfarandi tálmun". Er einhver fyrirfarandi tálmun lögð á Reykvíkinga til að fara í fiskvinnslu úti á land? Nei. Það bara fæst ekkert fólk þangað.

En nú, af því að það er fullt af fólki á landinu sem segir: Ja, kvótinn. Einhverjir hafa eignast kvótann. Menn sjá milljónir detta í vasa útgerðarmanna og telja að hér sé slíkur afrakstur, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson kom inn á, að hér eigi bara að leggja á auðlindaskatt — þá getum við nánast setið heima hjá okkur og fengið peningana senda heim. Þetta er svo einfalt.

Fyrirfarandi tálmun, henni á að aflétta til þess að allir geti á sjó farið. En við vitum hvað það þýðir. Við vitum hvað það þýðir fyrir þá sem stunda þessa atvinnugrein og við vitum hvað það þýðir fyrir þjóðina og þjóðarbúið.

[19:12]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins fyrst um málfræði. Seinni liður orðsins sjávarútvegur er útvegur. Við vitum alveg hverjir það eru sem telja sig vera útvegsmenn. Hins vegar tala menn um fiskiðnað.

Þingmaðurinn svaraði ekki spurningu minni. Hann talaði um sama atvinnurétt og leyfði sér þar það sem í Svarfaðardal er kallað Guðnavinkur. (**GHall:** Er kallað hvað?) Guðnavinkur. Það er þegar menn fara lengstu mögulega leið að áfangastað og komast e.t.v. aldrei alla leið.

Ég bað hins vegar hv. þm. um að skoða líka seinni hluta þessarar setningar. Það er ekki bara „... notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi ..." heldur kemur „... eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru." — „eða".

Þetta virðist vera lagt að jöfnu. Það sem mig langaði til að heyra var ekki þessi spurning um Reykvíkinga sem vildu ekki fara út á land að vinna í fiski, heldur miklu frekar hvernig hv. þm. skilur seinni hlutann, þ.e. þetta með sambærilega hlutdeild í þeirri sameign sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru.

[19:14]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurt var og ég vísa bara til 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, þar sem segir:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar."

Ég get ekki tvinnað þetta öðruvísi saman. Þó að í dómnum sé sagt: „... eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign ...". Það er skýrt kveðið á um þetta í 1. gr. Ég sé ekki að hægt sé að umorða eða snúa þessu öðruvísi.

[Fundarhlé. — 19:15]

[20:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hérna um dóm Hæstaréttar sem hv. alþingismönnum hefur orðið mjög tíðrætt um enda er hann forsenda þess að frv. sem við ræðum var lagt fram.

Dómsorð Hæstaréttar hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af framansögðu verður ekki talið að sjávarútvegsráðuneytinu hafi verið rétt að hafna umsókn áfrýjanda um almennt og sérstakt veiðileyfi á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar í bréfi þess 10. desember 1996. Verður synjun ráðuneytisins því felld úr gildi. Hins vegar er ekki í þessu dómsmáli tekin afstaða til þess hvort ráðuneytinu hafi að svo búnu borið að verða við umsókn áfrýjanda, en málið er einungis höfðað til ógildingar á ákvörðun ráðuneytisins en ekki til viðurkenningar á rétti áfrýjanda til að fá tilteknar veiðiheimildir í sinn hlut."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Fólk hefur rýnt í þennan dóm enda erfitt að átta sig á hvað hann segir. Í rauninni segir hann ekkert annað en að ákvörðun sjútvrn. er felld úr gildi. Í dómnum eru auk þess alls konar forsendur taldar fram sem gera mat á honum flóknari. Það er nánast þannig að hver sem um fjallar finni lausn við sitt hæfi. Sumir segja að þetta breyti í rauninni engu. Að mínu mati væri vægasta lausnin á þessum vanda að setja sólarlagsákvæði í 5. gr., þ.e. að 5. gr. renni út eftir t.d. eitt ár eða í lok næsta árs. Hæstiréttur segir að ekki hafi verið heimilt að gera þetta framsal varanlegt í 5. gr., eins og hún var sett 1990, en þar var hún sett án sólarlagsákvæða. Það var ekki heimilt að leysa vandamálið þannig til framtíðar heldur eingöngu í skamman tíma í senn. Vægasta lausnin væri því sú að setja sólarlagsákvæði í 5. gr. En það er ýmislegt fleira sem vekur til umhugsunar.

Herra forseti. Það er munur á því hvort menn bregðast við svona dómi með því að gera eins lítið og hægt er eða með því að gera það sem þeir vilja gera. Það er jú einu sinni hlutverk Alþingis að setja þjóðfélaginu lög og ramma um mál sem skipta þjóðina miklu. Spurningin er: Hvernig vilja menn sjá framtíð þessa kerfis til 20, 30, 50 ára? Það eiga hv. alþingismenn alltaf að hafa í huga. Þeir eru að setja þjóðfélaginu ramma og ákvarða framtíð þess til margra ára, áratuga. Í samræmi við það finnst mér að sú leit manna

að lausn á þessum vanda sé ekki flokkspólitísk í sjálfu sér. Menn eru jú bara að leita að góðri lausn og það er hafið yfir alla flokkspólitík. Þó finnst mér umræðan í dag hafa verið nokkuð mikið á flokkspólitískum grunni.

Hæstiréttur segir, með leyfi hæstv. forseta: „Stefndi" — þ.e. ríkið eða sjútvrn. — „hefur ekki sýnt fram á að aðrar leiðir séu ekki færar til að ná því lögmæta markmiði að vernda fiskstofna við Ísland." Þarna auglýsir Hæstiréttur eftir leiðum til lausnar. Í dag hafa hv. þingmenn og hæstv. sjútvrh. verið að spyrja hver annan um leiðir til lausnar á þessum vanda. Það vantar sem sagt leiðir, það vantar lausnir. Hvaða lausnir og hvaða leiðir eru færar? Til þess að finna þær þarf að skoða dóminn í heild.

Áður en ég kem að því hvaða leiðir eru færar vil ég gjarnan koma að öðru atriði. Menn tala mjög oft um það í umræðu um sjávarútvegsmál að fiskstofnar við Ísland séu auðlind þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Það stendur í lögunum.) Það stendur reyndar ekki í lögunum, ekki að þeir séu auðlind þjóðarinnar. Og það veltir upp spurningunum: Hvað er auðlind og hvað er þjóð?

Auðlind er einhver lind sem auður streymir úr, er uppspretta auðs. Og þjóð er að mínu mati ekki þeir sem hafa íslenskan ríkisborgararétt heldur það fólk sem býr á Íslandi. Í mínum huga er þjóðin fleiri en þeir sem hafa ríkisborgararétt. Ef við ætlum að hafa þetta sem auðlind þjóðar ætti þetta verði lind sem úr streymir auður til handa því fólki sem býr á Íslandi.

Herra forseti. Umræðan um kvótann, og þá tala ég um kvótann í víðustu merkingu, hefur verið mjög villandi vegna þess að menn hafa ekki áttað sig á þeim rökfræðilegu þáttum sem kvótinn í víðasta skilningi samanstendur af. Í fyrsta lagi er það fiskifræðin. Það sem fiskifræðingar segja. Þeir segja að það megi veiða svo og svo mikið og það er ágreiningur um hvaða aðferðum skuli beitt við fiskifræðina. Í öðru lagi er fiskveiðistjórnarkerfið, hvort notað er aflamark eða sóknarmark. Sumir tala um að frekar eigi að vera sóknarmark en aðrir aflamark. Einnig er rætt um hvort það eigi að vera framsal eða ekki. Ég bendi á að í bæði aflamarki og sóknarmarki þarf að hafa skömmtun. Í báðum kerfum þarf að hafa framsal ef kerfið á að vera hagkvæmt. Í þriðja lagi er talað um eign, skömmtunin myndar eign. Um leið og byrjað er að skammta þá myndast eign. Þá kemur að þriðja atriðinu, sem er eignarhaldið á þeim verðmætum sem verða til við skömmtunina.

Sumir tala um allt þetta í belg og biðu, alla þessa þætti. Mér finnst mjög mikilvægt að menn haldi þessu vel aðgreindu í umræðunni. Í mínum huga er ekki svo mikill ágreiningur um fiskifræðina þó hann sé reyndar dálítill, en miklu minni ágreiningur er um stjórnunarkerfið. Ég er sannfærður um að það sé mjög gott. Líklega eru flestir sannfærðir um það. Eignarhaldið er það sem menn greinir á um.

Herra forseti. Spurning: Getur auðlind þjóðar verið í einkaeigu? Það er spurning. Ég tel að svo sé ekki. Um leið og auðlind er komin í einkaeign þá er hún uppspretta auðs fyrir þá einstaklinga sem eiga hana en ekki fyrir aðra sem búa á sama svæði, þ.e. þjóðina. Einstaklingar geta jú flutt, farið eitthvert annað og þar með tekið með sér auðlindina eða arðinn af henni. Þetta hef ég séð þegar kvóti fór frá Ísafirði til Akureyrar. Með sama hætti mun kvótinn fara til útlanda, til New York eða eitthvert annað. Þó að einstaklingarnir séu Íslendingar og fullnægi öllum kvöðum laganna þá er hugur þeirra og arðsmiðja hugsanlega komin til New York áður en við vitum um. Þessi rök segja mér og vega miklu þyngra en nokkur önnur rök sem menn hafa fært fram hvort sem það eru réttlætisrök, hagfræðirök eða annað, að ef auðlindin er í einkaeign þá getur hún og mun hún hugsanlega fara til útlanda. Ísland yrði þá verstöð og þetta yrði ekki lengur auðlind þjóðarinnar. (**Gripið fram í:** Auðlind Evrópu.) Auðlind Evrópu eða heimsins, nákvæmlega.

Hvernig getum við tryggt að fiskstofnarnir verði auðlind þjóðarinnar? Ef við getum ekki tryggt það þá finnst mér að við eigum að gleyma því að þetta sé auðlind þjóðarinnar. Við ættum ekki alltaf vera að halda í þá illúsjón eða hugsjón að svo sé.

Herra forseti. Margir hv. þingmenn og hæstv. ráðherra hafa í umræðunni saknað tillagna að leiðum. Menn hafa spurt hver annan: Hefur þú leið? Ef þú þekkir ekki leið þá hefurðu ekkert í umræðuna að gera. Nú vill svo til að ég hef leið. Það er sú eina leið sem bent hefur verið á og hún er m.a.s. útfærð. (Gripið fram í.) Það er hárrétt hv. þingmaður.

Ég flutti á síðasta þingi þáltill. um að dreifa árlegri veiðiheimild á alla íbúa landsins. Það er ákveðin leið. Ég hygg að þessi leið gæti verið sú leið sem Hæstiréttur er að biðja um og það sem hv. þingmenn hafa verið að biðja um.

Að sjálfsögðu mætti þetta ekki gerast allt í einu. Það dettur ekki nokkrum einasta manni í hug, nema hæstv. ráðherra. Í tillögu minni var gert ráð fyrir að þetta gerðist á 20 árum. Kvótaeignin yrði með lengri eignum sem fyrirtækin ættu. Þau mundu afskrifa hana um 5% á ári, svona svipað og fasteignir. Skip afskrifast á miklu skemmri tíma, bílar líka og allar aðrar eignir.

Ég vil að þessi leið verði skoðuð og ekki bara afgreidd með upphrópunum, eins og hrun atvinnugreinarinnar, kommúnismi eða því um líkt. Ég tel að hér sé ekki um kommúnisma að ræða heldur akkúrat öfugt. Kommúnismi felst í því að fjármunir eru teknir af öllum almenningi og færðir til ríkisins. Hér væri verið að færa... (Gripið fram í.) Hér er verið að færa eignir til einstaklinga. Þetta er einstaklingshyggja, þetta er kapítalismi. Einstaklingurinn þarf að selja þessa eign sína, það er markaðsvæðing, það er markaðsvæðing a la Thatcher. Hér erum við að tala um eitthvað sem minn flokkur gæti heils hugar staðið á bak við.

Sumir munu eflaust kalla þetta brask. Í mínum huga fer það orð bráðum að verða fallegt, eins og menn sáu með Búnaðarbankann. Búnaðarbankinn er einmitt dæmi um það að íslenskt þjóðfélag er tilbúið til að taka við því að selja árlega veiðiheimildir á markaði. Það yrði virkilega skemmtilegt. Nákvæmlega eins og með húsbréf þá gætu menn keypt kvóta á hverjum einasta degi og selt hann. Gengið mundi fara eftir framboði og eftirspurn. Einmitt eins og markaðsmenn vilja. Þannig er það með markaðsmenn. (**LB:** Er ráðherrann ekki markaðsmaður?) Ég veit ekki betur.

Fyrir fyrirtækin getur tillaga mín verið betri leið en núverandi leið. Vesalings sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi lenda í hremmingum með reglulegu millibili. Nú kemur hæstaréttardómur, þar áður komu vinstri menn með auðlindaskatt, skattleggja allt saman. Þetta eru endalausar hremmingar. Það yrði miklu betra að vita að menn hefðu eignina í 20 ár. Miklu betra. Fyrir þjóðina eru 20 ár stuttur tími. Fyrir fyrirtæki og einstaklinga er það langur tími. Ég get sem fulltrúi þjóðarinnar vel beðið í 20 ár eftir að eignast þennan kvóta.

Markaðsvæðing mundi valda því að verðlækkun yrði á kvóta. Nú er árlegur kvóti seldur á 80 kr. kílóið. Ég hef

aldrei skilið hvernig hægt er að kaupa þorskkíló á 80 kr., þ.e. leyfið til að fá að veiða þorsk og selja síðan á 100 kr. á markaði. Ég hef aldrei skilið það hvernig menn geta þetta. Ég geri ráð fyrir því að ef allur kvóti yrði seldur á markaði þá mundi hann lækka niður í 60 eða 40 kr. Sem dæmi má taka að Grandi var með hagnað úr rekstri. Ef maður deilir þeim hagnaði á þorskígildistonn Granda þá var það um 50 kr. á kíló. Grandi getur ekki borgað nema í hæsta lagi svona 20 kr. á kíló — nema hann ætli að fyrirgera öllum sínum hagnaði. Þannig mundi hann aldrei borga meira. Fyrirtækið mundi að meðaltali ekki borga meira en það sem gefur þeim hagnað. Það er þekkt úr öllum viðskiptum. Annað gengi aðeins í mjög stuttan tíma.

Afleiðingin er sú að kvótinn mundi lækka í verði við þessa miklu markaðsvæðingu. Hann mundi jafnvel byrja á að fara niður í 60 og svo í 40 kr. Þá mundi nokkuð merkilegt gerast vestur á fjörðum. Trillukarlarnir gætu allt í einu keypt eins mikinn kvóta og þeir vildu, á kannski 40 eða 30 kr. kílóið. Ég hygg að þeir gætu vel gert út þá. Mér segir nefnilega svo hugur að trilluútgerð sé ein sú hagkvæmasta útgerð sem til er. Fjárfestingin á bak við hvern sjómann er ekki nema 7 milljónir í trillu en 40 milljónir í skuttogara. Rekstrarkostnaðurinn er líka miklu minni. Þetta leysir kannski líka vanda trillukarla sem menn hafa nú ekki lítið talað um.

Gagnvart landsbyggðinni, herra forseti, getur tillaga mín virkað þannig að byggðarlög sem hafa þurft að sjá á bak kvótanum, þegar skuttogarinn sigldi burt, geta allt í einu farið að gera út. Vegna þess að verðið á árlegri veiðiheimild snarlækkar. Auk þess gerði ég ráð fyrir því í tillögu minni að heimilt yrði að veita tímabundinn byggðakvóta til þess að bjarga því við sem búið er að skemma úti á landi með núverandi kvótakerfi.

Herra forseti. Ég hef lagt fram tillögu hér á Alþingi um flatt skattkerfi, flatan skatt, 20% á alla landsmenn, upp úr og niður úr, enginn persónufrádráttur, enginn sjómannaafsláttur og engar vaxtabætur. Það er að sjálfsögðu ófélagslegt, vegna þess að fólk sem er með lágar tekjur mundi fara að borga skatt sem það borgar ekki í dag. En á móti kæmi, ef þessi hugmynd um markaðsvæðingu kvótans yrði tekin upp, að allir fengju kvóta, börn, gamalmenni og öryrkjar. Allir fengju kvóta til að selja sem mundi virka á móti því ófélagslega sem hinn flati tekjuskattur mundi hafa í för með sér. Til samans mundu þessi tvö kerfi því virka mjög vel. Fyrir utan þetta eru margir aðrir kostir sem ég ætla ekki að fara að rekja núna enda yrði það framsaga fyrir því máli sem ég flutti þáltill. um. En þessi tillaga mín er ígildi skattafsláttar eða persónuafsláttar.

Herra forseti. Fyrirliggjandi frv. gerir lítið annað en að taka 5. gr. úr sambandi. Síðan eru ákveðin vandkvæði við trillukarla sem eru leyst á dálítið sársaukafullan hátt fyrir þá. Það er svo sem mjög slæmt og það þarf hv. sjútvn. að leysa. En ég bendi á að það eru búnir til nýir kvótakóngar með þessari tillögu.

Herra forseti. Hæstiréttur segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og áður getur taldi löggjafinn brýnt að grípa til sérstakra úrræða á árinu 1983 vegna þverrandi fiskstofna við Ísland. Var skipting hámarksafla þá felld í þann farveg sem hún hefur síðan verið í, að úthlutun veiðiheimilda yrði bundin við skip. Er óhjákvæmilegt að líta svo á að þessi tilhögun feli í sér mismunun milli þeirra, sem leiða rétt sinn til veiðiheimilda til eignarhalds á skipum á tilteknum tíma, og hinna, sem hafa ekki átt og eiga þess ekki kost að komast í slíka aðstöðu. Þótt tímabundnar aðgerðir af þessu tagi til varnar hruni fiskstofna kunni að hafa verið réttlætanlegar," o.s.frv.

Þetta segir Hæstiréttur. Hvað er hægt að lesa úr þessu? Hæstiréttur er í rauninni að segja að núverandi skipting hámarksafla megi ekki vera varanleg. Það eigi að beita nákvæmlega sömu rökum við hann eins og við 5. gr. með veiðileyfin. Ég sé ekki annað en að sú lausn sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að fara í muni leiða til nýrra dóma, nýrra málaferla. Það má kannski segja að það sé alveg sama hvaða leið er farin, það muni alltaf leiða til þess að Hæstiréttur þurfi að taka á málinu. Mér segir svo hugur að ef þetta verður samþykkt, sem hér er stefnt að, þá komi nýr dómur sem segi að það eigi líka að dreifa veiðiheimildunum á alla einstaklingana. Og þá er spurningin, herra forseti, er einhver önnur leið til heldur en sú sem ég hef lagt til og hef verið að lýsa? Er einhver önnur leið til?

Ef einhver hv. þm. eða hæstv. ríkisstjórn getur bent á einhverja aðra leið þá endilega geri þeir svo. Ég auglýsi eftir fleiri leiðum til skoðunar til hliðar við þá leið sem ég hef lagt til.

[20:50]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Flokksbróðir hv. þm. Péturs H. Blöndals talaði hér áðan og hafði af því nokkrar áhyggjur ef sjávarútvegurinn þyrfti að borga 2–3 milljarða, hvað þá meira, að þá yrði nú erfitt fyrir dyrum, einkum hjá smáfuglunum. Af því að ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal er ágætur stærðfræðingur þá geri ég ráð fyrir að hann sé búinn að reikna út hversu mikið tillaga hans mundi kosta útveginn á hverju ári, þ.e. eftir að búið væri að dreifa veiðiheimildunum á þjóðina og tillaga hans gengi eftir, þessi um fimm prósentin, hversu mikið þyrfti þá útvegurinn að borga til að ná til baka þessum fimm prósentum fyrsta árið? Og svo nægir mér alveg að fá þá 20 árin í restina, en ef þingmaðurinn er með tölur sem eru þarna einhvers staðar á millibilinu, frá fyrsta ári og upp í tuttugu, þá væri gaman að fá þær líka.

[20:51]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo skemmtilegt með markaðinn að það þarf ekkert að reikna út. Vegna þess að markaðurinn býr til sitt verð sjálfur. Það er enginn sem sest niður og reiknar út hvað olíuverð eigi að vera í heiminum. Olíuverðið myndast. Útgerðin á Íslandi mun borga það verð fyrir kvótann sem að meðaltali gefur henni hagnað. Það er einmitt það sem markaðslögmálin segja og ekkert annað.

Þannig munu vel rekin fyrirtæki og fyrirtæki sem búa við góðar aðstæður, nálægt miðum, á Vestfjörðum og víðar, geta borgað hærra verð. Illa rekin fyrirtæki munu ekki geta borgað það verð sem markaðurinn krefst og þau fara þá bara á hausinn. Og það eiga þau að gera.

Ég þarf ekkert að reikna út hvað tillagan kosti sjávarútveginn, af því að hann ákveður það sjálfur hvað hann vill borga. Það er einmitt það indæla og dásamlega við markaðshagkerfið að það ákveður sjálft hvað það vill borga. Það myndast verð. Það þarf enginn að stýra því ofan frá.

Hins vegar hef ég slegið á hvað þetta muni færa hverjum eintaklingi á Íslandi og það fer náttúrlega mikið eftir því hvað útgerðin er tilbúin til að borga, og fer m.a. eftir verðlagi erlendis, alveg eins og allur markaður virkar. En ég hef slegið á að þetta mundi kannski gefa hverjum einstaklingi 50

þúsund kr., eitthvað svoleiðis. Og svo getur maður reiknað út hvað það þýðir fyrir alla þjóðina.

En menn sem trúa á markaðinn velta svona vandamálum yfir á markaðinn. Þeir eru ekkert að leysa þau sjálfir við græn skrifborð.

[20:53]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef kannski misskilið eitthvað en ég heyrði ekki betur áðan en hv. þm. væri búinn að gefa sér hvert kvótaverðið yrði við tilteknar aðstæður. Hann var kominn með það í 30, 40 kr. og var búinn að gefa sér það einnig að þá mundi það vera hægðarleikur fyrir Vestfirðinga að kaupa kvóta. Hann hefur a.m.k. ímyndunarafl til þess að segja sér hvað markaðurinn muni vilja, og ég var í sjálfu sér ekki að biðja um neitt annað. Ég var ekki að biðja hv. þm. um að koma með nákvæmar tölur um hvernig markaðurinn mundi svara eftir eitt ár eða 20 ár, heldur einfaldlega bara það að hann héldi áfram að leika sér með þær tölur sem hann var með áðan og talaði fyrir af þó nokkrum sannfæringarkrafti.

Nú fæ ég þær viðbótarupplýsingar að hann sé líka búinn að reikna út hvað þetta muni færa hverjum Íslendingi og talar þar um 50 þúsund kr. Það segir mér, herra forseti, að hv. þm. er auðvitað búinn að reikna þetta út. Því að þó að markaðurinn sé dásamlegur þá gera menn sér yfirleitt ákveðnar hugmyndir um hvernig hann muni virka. Það fer stundum eftir og stundum ekki. En miðað við þær upplýsingar sem hv. þm. er búinn að gefa, annars vegar um kvótaverðið og hins vegar um hvað hver Íslendingur fær þá er hann augljóslega búinn að gera sér þessar hugmyndir, og það er þess vegna, herra forseti, sem ég teldi æskilegt að hann léti uppskátt um þetta.

Það er reyndar enginn vandi að reikna þetta út fyrst þetta er komið, en ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé búinn að reikna það út og þá sé hægast að fá tölurnar hjá honum.

[20:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta yrðu svona u.þ.b. 13 milljarðar þegar kerfið væri komið í fullan gang eftir 20 ár. En það fer náttúrlega mikið eftir því hvað útgerðin er tilbúin til að borga og hvað gefur henni að meðaltali góðan hagnað. Það verður að geta þess líka að þessi kostnaður kemur til frádráttar sem kostnaður hjá fyrirtækinu, þetta er afskrifað, þannig að skattbyrði fyrirtækjanna minnkar, en eykur um leið skattbyrði þeirra sem taka á móti. Því ég geri ráð fyrir að þetta sé skattað hjá einstaklingunum sem fá þetta, nákvæmlega eins og aðrar tekjur.

Það eru þá um 13 milljarðar sem fást út úr þessu, sem yrði flutt frá fyrirtækjunum til einstaklinga. Og sumir mundu náttúrlega segja: Hvernig á útgerðin að bera þetta? 13 milljarðar! Nýjar álögur! munu menn hrópa. En ég segi: Menn hafa 20 ár til að aðlagast þessu og útgerðin borgar ekki meira en gefur henni að meðaltali hagnað. Ef þetta verð gefur henni ekki hagnað þá mun verðið að sjálfsögðu lækka niður í 6 milljarða eða 2 milljarða eða 1 milljarð eða jafnvel engan milljarð, ef illa gengur hjá útgerðinni. Það verður nefnilega þannig að eftir þetta er það hagur útgerðarinnar sem ákveður hvaða verð hún getur greitt að meðaltali. En auðvitað munu góðu fyrirtækin geta greitt meira og þau munu halda uppi verðinu.

[20:56]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1998, 173. mál, frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 546.

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 553.

Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar, 315. mál, svar dómsmrh., þskj. 500.

Útflutningsráð Íslands, 340. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 545.

[20:57]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Þau frv. sem hér eru til umræðu eru fyrst og fremst komin til vegna umrædds dóms Hæstaréttar, eins og fram hefur komið margoft í umræðunni. Þessi dómur sem vitnað er til er mjög umdeildur í þjóðfélaginu og ljóst er að menn eru alls ekkert sammála um hvað hann þýðir og hvernig ber að túlka hann. En túlkun hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórnar kemur fram í því frv. sem hér liggur fyrir og gengur út á það að Hæstiréttur telji að 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða standist ekki ákvæði stjórnarskrár, en í þeirri grein er fjallað um veitingu veiðileyfa.

En aðrir, og þá fyrst og fremst þeir sem eru yfir höfuð andvígir því að stjórn fiskveiða eigi að vera með þeim hætti sem nú er og hefur verið, þeir túlka dóminn á annan hátt og telja að umbylta eigi lögum um stjórn fiskveiða og að 7. gr. þeirra laga varðandi úthlutun veiðiheimilda standist jafnframt ekki ákvæði stjórnarskrár.

Þeir sem eru ekki á sama máli og hæstv. ríkisstjórn halda því fram að dómurinn sé mjög skýr og að draga eigi mun víðtækari ályktanir af honum en kemur fram í frv. En það hefur vakið athygli mína að mjög margir lögfræðingar túlka dóminn út og suður. Ef dómurinn væri eins skýr og menn vilja meina þá væru varla svo miklar deilur milli lögmanna og fræðimanna um hvað hann þýðir.

Ég hef lýst því að ég er sammála þeirri túlkun sem fram kemur í þessu frv. hæstv. sjútvrh., að dómur Hæstaréttar fjalli fyrst og fremst og eingöngu um 5. gr. laganna.

Svo ég vitni eins og fleiri hv. þingmenn í dómsorð Hæstaréttar þá kemur þar m.a. fram að áfrýjandinn ber ekki brigður á að sjútvrn. hafi farið að lögum þegar það synjaði honum um hið umrædda leyfi, og hann telji á hinn bóginn að ákvæði 5. gr. laganna brjóti í bága við 65. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Þarna er sem sagt vitnað í það að áfrýjandinn er að fjalla um 5. gr. laganna.

Einnig kemur fram í niðurlagi dómsorðs Hæstaréttar, þar sem búið er að rekja forsendur dómsins, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af framansögðu verður ekki talið, að sjávarútvegsráðuneytinu hafi verið rétt að hafna umsókn áfrýjanda um almennt og sérstakt veiðileyfi á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar í bréfi þess 10. desember 1996. Verður synjun ráðuneytisins því felld úr gildi. Hins vegar er ekki í þessu dómsmáli tekin afstaða til þess hvort ráðuneytinu hafi að svo búnu borið að verða við umsókn áfrýjanda, en málið er einungis höfðað til ógildingar á ákvörðun ráðuneytisins en ekki til viðurkenningar á rétti áfrýjanda til að fá tilteknar veiðiheimildir í sinn hlut."

Um veiðiheimildir er fjallað í 7. gr. laganna um stjórn fiskveiða.

Sú túlkun á dómi Hæstaréttar, sem kemur fram í frv. sem hér liggur fyrir og gerir ráð fyrir að allir eigi rétt á að fá útgefið veiðileyfi að uppfylltum almennum skilyrðum, hlýtur að hafa áhrif á öðrum sviðum en í sjávarútvegi. Í umræðum

um þessi mál hefur komið fram að menn hafa vitnað til leyfis til leigubílareksturs, til sérleyfis í fólksflutningum og einnig hefur verið nefnt til sögunnar námsréttur nema við háskólann, t.d. í læknadeild. Ég tel að dómur Hæstaréttar vísi mönnum til þess að um þessi atriði þurfi einnig að fjalla og út frá því efni, hvað varðar túlkun á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Herra forseti. Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með umræðu um þessi mál að undanförnu. Mér hefur oft í gegnum tíðina fundist umræðan um sjávarútvegsmálin fara út um víðan völl, út og suður, en sjaldan hefur mér fundist það eins og nú eftir að dómur Hæstaréttar féll. En þeir sem af pólitískum ástæðum telja að dómurinn hafi þau áhrif að rústa skuli fiskveiðistjórnarkerfinu túlka dóminn á þann hátt, þ.e. varðandi 7. gr.

Það hefur m.a. verið athyglisvert að fylgjast með aðilum sem teljast hámenntaðir og starfa t.d. við Háskóla Íslands, hvernig þeir fjalla um þessi mál. Ég vil leyfa mér að segja að sumir þeirra aðila virðast svo blindaðir af pólitískum hvötum að þeir missa sjónar á faglegum forsendum, faglegum sjónarmiðum og það hefur borið við að menn hafa horft fram hjá staðreyndum og hafa rangfært hlutina og byggja málflutning sinn þannig á mjög óvönduðum forsendum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um 7. gr., eins og ég hef hér nefnt. Ég tel hins vegar að það sé í góðu lagi ef Hæstiréttur mun fjalla um fleiri atriði er tengjast þessum lögum því að ég tel að það þurfi að fá úrskurð í ýmsum atriðum sem málið varða. Gera má ráð fyrir því að á næstunni muni verða ýmis mál fyrir Hæstarétti til að fjalla um þessi lög og út af fyrir sig er að mínu viti ekkert að því.

Ef sú staða kemur hins vegar upp, sem ég vona að verði ekki, að við stöndum hugsanlega frammi fyrir því að 7. gr. þessara laga standist ekki og gera þurfi á henni breytingar þá held ég að ljóst sé að þjóðin í heild sinni sé í miklum vanda og þá munu stjórnmálamenn vera í miklum vanda hvar í flokki sem þeir standa. Í huga mínum er staðreyndin sú að það gengur ekki upp fyrir þjóðarbúið, fyrir byggðina í landinu og fyrir þá sem stunda útgerð og sjómennsku, og ekki hvað síst fyrir þá sem eru í fiskiðnaði og í sölustarfsemi á íslenskum sjávarafurðum erlendis ef gerbylta þarf stjórn fiskveiða hér á landi. Hvað þá ef menn ætla að fara að bjóða upp veiðiheimildir á frjálsum markaði eins og hefur komið fram í málflutningi alþýðuflokksmanna að undanförnu. Við slíkar breytingar mundi margt breytast til verri vegar ef litið er til heildarhagsmuna.

Ef taka þyrfti upp sóknarkerfi, sem nefnt er, eða uppboð á veiðiheimildum tel ég ljóst að byggð í sjávarbyggðum víða um landið sé í enn meiri hættu en nú er og ekki er á bætandi. Það mundi þýða mikið óöryggi í greininni og ljóst er að neytendamarkaðir okkar erlendis mundu taka því illa. Arðsemi þjóðarinnar af þessari undirstöðuatvinnugrein mundi minnka til muna og það er hlutur sem við verðum að forðast.

Herra forseti. Við þekkjum þá umræðu sem verið hefur um sjávarútvegsmál að undanförnu. Við þekkjum þá ólgu sem hefur verið um ýmis mál er snerta sjávarútveginn. Ég tel að grunnurinn að þeim skiptu skoðunum og þeirri óánægju sem hefur komið fram hjá ýmsum varðandi þetta fiskveiðistjórnarkerfi sé runnin af rótum þess að einstakir aðilar hafa tekið sér fé út úr þessari grein þegar þeir eru að selja frá sér veiðiheimildir og hætta í útgerð. Það er mjög skiljanlegt að almenningi í landinu mislíki slíkt. En ég tel að þessum málum verði að mæta á skattalegum forsendum, þ.e. að á slíkri fjármunamyndun verði að taka með skattalegum aðgerðum. Ég tel hins vegar að þessi mál eigi ekki að valda því að við þurfum að taka þetta fiskveiðistjórnarkerfi og kollvarpa því.

Þjóðin lifir öðru fremur af sjávarútvegi, eins og við öll vitum, og afkoma greinarinnar ræður mestu um það hvernig þjóðin hefur það á hverjum tíma, og almennt góð staða í þjóðfélagi okkar endurspeglar góðan árangur í sjávarútvegi. Í því liggja hagsmunir heildarinnar, fjöldans. Menn verða að hugsa sinn gang mjög vel og vandlega áður en þeir leggja til í fúlustu alvöru að kollavarpa því stjórnkerfi sem við höfum í dag.

Herra forseti. Auðvitað má margt segja um þessi mál og við höfum rætt sjávarútvegsmál alloft í þinginu og það eru þau mál sem eru hvað mest rædd úti í þjóðfélaginu. En í huga mínum er ljóst að langflestir þeirra sem úti í þjóðfélaginu kalla hæst á uppstokkun á þessu fiskveiðistjórnarkerfi eru að hugsa um eigin hag og telja sér og öðrum trú um að fólk geti hagnast fjárhagslega á því að kollsteypa kerfinu og að veiðiheimildum verði úthlutað á annan hátt en nú hefur verið. Ég tel að fjölmargir þessara aðila séu ekki að hugsa um að fá í hendurnar veiðiheimildir til þess að róa til sjálfir fiskjar heldur séu þeir að gera sér vonir um að fá aura í vasann fyrir ekki neitt. Umræðan snýst því ekki nema að mjög takmörkuðu leyti um hagsmuni heildarinnar heldur um hagsmuni þeirra sem um tala.

Hvaða hugmyndir sem menn hafa um umbyltingu á fiskveiðistjórnarkerfinu verða menn að hafa í huga þann atvinnurétt sem þeir hafa öðlast sem hafa starfað í sjávarútvegi. Þau atvinnuréttindi eru meira að segja stjórnarskrárvarin að mínu viti. Það má benda á það að sá sem hefur starfað í útgerð og stundað sjómennsku árum saman hlýtur að hafa meiri rétt til nýtingar fiskstofnanna en sá sem hefur aldrei komið nálægt sjávarútvegi heldur starfað sem kennari í háskólanum eða sjoppueigandi í Vesturbænum, svo dæmi séu tekin. (**Gripið fram í:** Eða sem þingmaður?) Eða sem þingmaður, já, sem hefur aldrei migið í saltan sjó eins og þeir segja á bryggjunni. Í huga mínum er enginn vafi á þessu.

Það sem skiptir höfuðmáli í þessu er að auðlindin, sem eru fiskstofnarnir í hafinu, er takmörkuð auðlind, sem þýðir að við verðum að stjórna veiðum, við getum ekki talað um það að hér sé hægt að stunda óheftar veiðar ef við viljum vernda langtímahagsmuni okkar og halda áfram að lifa af sjávarútvegi og halda áfram að lifa á Íslandi. Þannig verðum við að stjórna fiskveiðum með takmörkunum og byggja fiskstofnana upp og nýta þá sjálfbært.

Hér eru auðvitað gífurlegir hagsmunir í húfi fyrir okkur öll og ekki síst fyrir afkomendur okkar. Ég hef aldrei haldið því fram að aflahlutdeildarkerfið, sem við höfum búið við, sé gallalaust og það hefur auðvitað komið fram í umræðunni að það er ekki eina leiðin sem menn þekkja. Auðvitað eru til fleiri leiðir. Hins vegar hafa verið færð mörg veigamikil rök fyrir því að þetta fiskveiðistjórnarkerfi hefur skilað þjóðinni miklum efnahagslegum ávinningi og þannig má segja að heildarhagsmunir fjöldans séu í húfi en ekki eiginhagsmunir fárra eins og áróðursfrasar kratanna hafa fjallað um.

Herra forseti. Mikilvægt er fyrir alla að eyða þeirri óvissu sem fyrst sem uppi er nú varðandi starfsumhverfi sjávarútvegsins. Hagsæld greinarinnar og þar með þjóðarinnar byggist að miklu leyti á öruggu starfsumhverfi sjávarútvegsins og að þeir sem í þeirri grein starfa geti vitað eitthvað fram

í tímann hvernig eigi að skipuleggja starfsemi fyrirtækjanna í sjávarútveginum.

Það er einnig mjög mikilvægt fyrir þjóðfélag okkar að ná fram sem mestri sátt um starfsumhverfi sjávarútvegsins. Í því efni verða stjórnmálamenn að gæta þess í umræðunni að þyrla ekki upp moldviðri með frasakenndu tali þar sem m.a. er lögð áhersla á ómálefnaleg og óskilgreind hugtök eins og gjafakvóta, sægreifa og annað sem ég vil ekki nefna. Ég tel að stjórnmálaflokkarnir eigi að taka sig saman um það, og tek undir m.a. með hv. formanni sjútvn., Kristni H. Gunnarssyni, að mynda starfshóp til að fjalla um þessi mál *á víðum grunni og móta tillögur um endurskoðun þessarar* löggjafar. Ég held að það sé nauðsynlegt. Ég tel að við höfum þá fyrirmynd í þessu sem er m.a. sú auðlindanefnd sem var *sett á laggirnar á síðasta þingi.* Þar með væri fjallað um þessi mál á breiðum, pólitískum grunni og ég geri ráð fyrir því að á þann hátt mætti ná fram tiltölulegri sátt um leiðir framtíðarinnar í þessum efnum.

Herra forseti. Í umræðum í þingflokki framsóknarmanna um það frv. sem hér er til umræðu gerði ég nokkra fyrirvara við efni þess áður en það var lagt fram í þinginu. Þeir fyrirvarar sem ég bar upp snúa fyrst og fremst að starfsumhverfi smábáta. Ég hef eins og fleiri áhyggjur af því að ákvæði frv. eins og þau liggja fyrir geti valdið vanda í þeim útgerðarflokki og ekki síður í sjávarbyggðunum sem hafa byggt tilveru sína meira eða minna á útgerð smábáta. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að dómur Hæstaréttar kalli á að starfsumhverfi smábáta verði endurskipulagt vegna þess að ef gefin verða út leyfi út og suður, veiðileyfi á smábáta sem kunna að bætast við, og það liggja þegar fyrir á annað þúsund umsóknir um veiðileyfi, er það alveg sýnt að atvinnuréttur þeirra sem stunda smábátaútgerð á sóknardögum mun verða að engu ef ekki verður gripið í taumana.

Einnig tel ég að þær viðræður sem hæstv. sjútvrh. hafði átt við Landssamband smábátaeigenda í haust hafi farið í uppnám eftir að þessi dómur Hæstaréttar lá fyrir. Ég legg því áherslu á það, herra forseti, að í umfjöllun hv. sjútvn. um þetta frv. verði sérstaklega hugað að þessum atriðum og hugað verði að því hvort aðrar leiðir séu færar til þess *að tryggja tilverurétt smábátaútgerðarinnar en komu fram í* þessu frv. þar sem m.a. er gert ráð fyrir því að eftir að því fiskveiðiári lýkur sem nú stendur yfir fái sóknardagabátar *flata úthlutun á 9 tonnum af þorski* sem ég tel svona almennt séð að sé óviðunandi niðurstaða.

En að sjálfsögðu þarf að huga að mismunandi veiði krókabáta á sóknardögum í þessum efnum ef skoða á aðrar leiðir og einnig þarf að taka mið af þeim heimildum sem aflahámarkssmábátar hafa haft þannig að ekki skapist þar mismunun.

En ég vil líka leggja áherslu á það, herra forseti, að einn útgerðarflokkur hefur ekki verið mikið til umræðu en það eru minnstu aflamarksbátarnir sem ég tel að hafi farið illa út úr þróun mála síðustu árin og ég vil beina því til hv. sjútvn. að mál þeirra verði skoðuð sérstaklega í þeirri umræðu sem fer fram um þessi mál á næstunni.

Herra forseti. Í dag hefur verið fjallað um þetta frv. og fjölmargir hv. þingmenn hafa tekið til máls og lýst skoðunum sínum. Það hefur vakið athygli mína í þessari umræðu að fulltrúar jafnaðarmanna, þó fyrst og fremst Alþfl. — ég veit ekki hvort ég á að kalla hann „sáluga", hann er víst til enn þá — hafa komið fram hver af öðrum og gagnrýnt málflutning hv. þingmanna stjórnarflokkanna og ríkisstjórnarinnar, gagnrýnt túlkun manna á dómi Hæstaréttar. En ég hef ekki orðið var við það að í umræðunni hafi komið fram tillögur um það ... (**Gripið fram í:** Þú hefur ekki hlustað nógu vel.) Ég hef hlustað á þessa umræðu í dag og ég hef ekki orðið var við að það hafi komið fram tillögur frá hv. þingmönnum jafnaðarmanna um hvernig á annan hátt á að mæta þessum dómi. Ég vænti þess hins vegar að tillögur komi fram síðar í umræðunni því að ég veit að hv. þingmenn *jafnaðarmanna eiga eftir að tala meira við umræðuna og ég* held að þingheimur bíði spenntur að heyra þær tillögur sem hv. þm. munu koma með til þess að mæta þeim aðstæðum *sem uppi eru.*

Fyrr í dag tók til máls hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir. Það vakti sérstaka athygli mína hvaða lausn hv. þm. hafði á þessum *málum.* Hún taldi að taka ætti löggjöfina um stjórn fiskveiða til gagngerrar endurskoðunar, til breytinga. En það sem var hvað athyglisverðast í máli hennar var það að hún taldi að það ætti alls ekki að hleypa stjórnmálamönnum að þeirri vinnu heldur ætti að fela Rannsóknarráði að koma með nýjar tillögur.

Mér finnst, herra forseti, mjög athyglisvert að heyra þingmann segja svona í umræðu. Mér finnst þetta mjög sérkennilegt. Ég held hins vegar að hv. þm. hafi kannski ekki endilega átt við að Rannsóknarráð ætti að koma með tillögurnar. Ég er nokkuð viss um að á bak við þetta lá það að Háskóli Íslands ætti að koma með tillögur að breyttu fiskveiðistjórnarkerfi. En svona er umræðan út og suður og ég vildi nefna þetta vegna þess að mér fannst þetta athyglisvert og hreint með ólíkindum að heyra þingmann á hv. Alþingi tala á þennan hátt.

Herra forseti. Hér er mikið mál á ferðinni, hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni, sem við hv. þingmenn og löggjafinn verðum að fjalla vel og ítarlega um. Það er mjög mikilvægt að okkur takist vel til að ljúka umfjöllun og lögfestingu þess frv. sem liggur fyrir, hvort sem það mun verða nákvæmlega eins og það liggur fyrir í dag eða með einhverjum breytingum. Sú staða sem hefur komið upp eftir að Hæstiréttur felldi dóm sinn er að mínu viti grafalvarleg og það ríður mjög á að löggjafanum takist vel til við að leysa úr þeim málum.

[21:17]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1998, 173. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 549; brtt. minni hluta fjárln., þskj. 556.

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 552, 554, 555.

[21:17]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Stjórnun á fiskveiðum hefur um langt skeið verið mikið deilumál meðal stjórnmálamanna á Íslandi. Athyglisvert er að einmitt þegar fundinn hafði verið farvegur til að leysa þessi deilumál, eða freista þess að leysa þau með þáltill. sem hér hafði verið flutt á Alþingi, þá er birtur dómur Hæstaréttar. Hann hefur enn sett þessi deilumál af stað þannig að þau brenna á þjóðinni meira en nokkru sinni fyrr.

Í sjálfu sér dettur engum í hug að vefengja niðurstöðu Hæstaréttar í málinu. Hitt er annað mál að dómsorðin eru túlkuð með mismunandi hætti og svo ólíkt að segja má að niðurstaða Hæstaréttar hafi ekki skýrt málið heldur hleypt *því í meiri deilur en áður hafa verið.*

Í kjölfar þessa úrskurðar Hæstaréttar hafa í þjóðfélaginu farið fram athyglisverðar umræður um Hæstarétt. Þær umræður lúta að því hvort þessari þjóð sé almennt heimilt að hafa skoðanir á niðurstöðum Hæstaréttar, efnislegum niðurstöðum Hæstaréttar. Umræður um það hvort við höfum leyfi til þess að hafa efasemdir um að efnislegar niðurstöður Hæstaréttar séu réttar, þó að menn taki fullt tillit til þeirra sem niðurstaðna Hæstaréttar eru athyglisverðar. Þó að það hvarfli ekki að nokkrum manni að vefengja að Hæstiréttur hafi rétt til þess að fella dóm þá væri nú illa komið fyrir þjóðfélaginu og lýðræðinu ef menn hefðu ekki leyfi til þess að hafa efnislegar skoðanir á niðurstöðum Hæstaréttar. Ég verð að segja að það hefur heldur hryggt mig að heyra því haldið fram að menn hafi nánast ekki leyfi til þess að vefengja efnislega niðurstöður Hæstaréttar. Í því að vefengja niðurstöður Hæstaréttar efnislega er því ekki neitað að úrskurður Hæstaréttar sé endanlegur. Það liggur í hlutarins eðli og enginn mótmælir því. Það væri hins vegar illa komið fyrir okkur ef við mættum ekki hafa skoðun á því hvort niðurstöður Hæstaréttar væru efnislega vefengjanlegar eða ekki, þá væri illa komið lýðræðinu í þessu landi.

Það vill svo til að í dag, þann 18. des., hefur fallið dómur hjá Hæstarétti í máli sem varðar heimildir löggjafans til þess að flytja ríkisstofnanir út á land. (**Gripið fram í:** Til frambúðar.) Þótt það mál sé ekki efnislega tengt stjórn fiskveiða þá tengist það hins vegar afstöðu manna til þess hvort heimilt sé að ræða niðurstöður Hæstaréttar. Í þeirri niðurstöðu Hæstaréttar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þótt ekki séu bein fyrirmæli um það í lögum að ríkisstofnun skuli staðsett í Reykjavík verður ekki talið að það eitt gefi ráðherra frjálst val um hvar hún skuli vera. Vöntun á ákvæðum um þetta í lögum má helst skýra með því að fyrirmæli eru í stjórnarskrá um staðsetningu ráðuneyta. Hafi það verið talið svo sjálfsagt fram í hin síðari ár að stofnanir, sem undir þau heyrðu, hefðu einnig aðsetur í höfuðborginni, að ekki þyrfti að taka það fram í lögum."

Með öðrum orðum er hér verið að segja að þar sem ákveðið sé í stjórnarskránni að ráðuneytin eigi að vera í Reykjavík þá þýði það jafnframt að allar stofnanir sem undir ráðuneytin heyra eigi að vera í Reykjavík. Ég sé nú ekki í fljótu bragði hvernig hægt er að skilja þennan úrskurð. Ef við lítum t.d. á sýslumannsembættin þá er erfitt að ímynda sér að þau geti verið staðsett annars staðar en í bæjarfélögunum. Samkvæmt þessum úrskurði ættu þau helst, af því að þau heyra undir ákveðið ráðuneyti, að vera í Reykjavík.

Í raun og veru má leiða niðurstöðu þessa máls í eftirfarandi orð: Hæstiréttur segir að það megi leiða rök að því að það sé stjórnarskrárvarinn réttur ríkisstofnana að fá að vera í friði í Reykjavík fyrir byggðastefnu stjórnvalda, staðsettar í Reykjavík í friði fyrir vilja löggjafans. Þetta er athyglisverð niðurstaða og sennilega einhver sú pólitískasta sem Hæstiréttur hefur komist að. Hann er nú á vissan hátt að seilast eftir pólitískum völdum.

Ég vil geta þessa sérstaklega vegna þess að dómur Hæstaréttar í fiskveiðistjórnarmálinu getur haft mjög pólitíska þýðingu. Hann hefur þá pólitísku þýðingu ef hann er túlkaður vítt. Hann hefur hins vegar ekki mikla pólitíska þýðingu ef hann er túlkaður þröngt. Það liggur alveg ljóst fyrir að ákveðnir aðilar í þjóðfélaginu óska eftir því að dómurinn verði túlkaður vítt.

Hvað þýðir víð túlkun á dómi Hæstaréttar? Hvað þýðir það ef við túlkum dóm Hæsataréttar vítt? Það þýðir í raun og veru að ýmiss konar atvinnutengd réttindi eru í uppnámi. Ekki fer á milli mála að réttindi tengd útgerð eru í uppnámi ef stjórnarandstaðan hefur rétt fyrir sér um að túlka beri þennan dóm vítt. En það eru fleiri réttindi sem kunna að vera í uppnámi ef dóminn má túlka vítt. Afréttarlönd sem ekki teljast í einkaeign hljóta t.d. að vera háð sömu skilyrðum og fiskimiðin. Allir hljóta að eiga rétt til að reka á afréttarlönd. Það geta varla talist atvinnuréttindi bænda að fá að nýta þau einir — ef við túlkum dóminn vítt. Það gerir ríkisstjórnin reyndar ekki en stjórnarandstaðan hefur viljað túlka dóminn sem allra víðast. Þá segi ég: Ofan á öll þau vandræði sem sauðfjárræktin hefur ratað í á þessu landi þá er nú varla ofan á það bætandi að taka af þeim réttinn til þess að reka á afréttarlönd, ef það felst í þessum úrskurði.

Ég ætla ekki að fara út í önnur atvinnutengd réttindi eins og réttindi leigubílstjóra sem kunna að vera afnumin ef þessi úrskurður Hæstaréttar er túlkaður vítt en allir vita hvað það þýðir fyrir þá stétt og rekstur leigubíla ef allir mega að því koma. Segja má að við víða túlkun á þessum dómi sé ærið margt í uppnámi hér á Íslandi. Mestu máli skiptir þó að sjálf undirstaða efnahagslífsins í landinu er í uppnámi, þ.e. sjávarútvegurinn, sem staðið hefur fyrir miklum framförum í efnahagsmálum.

Það hefur verið fullyrt af fyrrv. forseta Hæstaréttar að niðurstaða Hæstaréttar í þessu máli sé dómur aldarinnar. Það kann vel að vera rétt. Niðurstaða Hæstaréttar getur hins vegar orðið dómur aldarinnar í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi getur hann orðið dómur aldarinnar ef það er rétt sem stjórnarandstaðan heldur fram að það beri að túlka niðurstöðuna vítt og atvinnutengd réttindi eru í uppnámi. Þá er það vissulega dómur aldarinnar. Þá verðum við einnig að gera ráð fyrir því að þessi niðurstaða Hæstaréttar á Íslandi hljóti að hafa áhrif út fyrir landsteinana. Atvinnutengd réttindi eru ekki einungis bundin við Ísland. Atvinnutengd réttindi í sjávarútvegi eru ekki aðeins bundin við nýtingu íslenskra fiskimiða. Þessi atvinnutengdu réttindi í sjávarútvegi eru líka til í Danmörku og reyndar í Noregi og m.a.s. í Hollandi og Belgíu. Þessu atvinnutengdu réttindi eru til á Spáni og Frakkalandi. Ef þessi atvinnutengdu réttindi eru við lýði með þessum nágrannaþjóðum okkar þá vaknar spurningin: Eru þar aðrar heimildir í stjórnarskrá en í okkar stjórnarskrá? Er jafnræðisreglan sterkari hér á Íslandi heldur en hjá nágrannaþjóðum okkar, t.d. Norðmönnum? Álíta menn það? Skyldi dómur Hæstaréttar, sem svo merkilegur er, hafa eins konar forsagnarþýðingu fyrir Norðmenn eða Dani?

Ef þetta er dómur aldarinnar þá er hann ekki bara dómur aldarinnar á Íslandi. Hann væri það einnig í öðrum löndum, sem hljóta þá að fylgja fordæmi Íslendinga, njóti þeir svipaðra stjórnarskrárbundinna réttinda og við. Hver skyldi staðan vera í þeim efnum? Hún er sú, til þess að einfalda málið, að nágrannaþjóðir okkar búa við jafnsterk réttindi í stjórnarskrá að því er varðar jafnræðisregluna og við Íslendingar. Í vissum tilfellum gætum við jafnvel leitt rök að því að þeir búi við sterkari vörn þessara réttinda. Þá verðum við að gera ráð fyrir því að Hæstiréttur í þessum löndum hafi ekki komið auga á þetta en Hæstiréttur Íslands sé að vísa þeim leiðina til rétts skilnings á þessum málum. Þannig gæti þessi niðurstaða Hæstaréttar orðið dómur aldarinnar, ef hann lýsir nágrannaþjóðum okkar leiðina.

Dómur Hæstaréttar getur líka orðið dómur aldarinnar ef í ljós kemur að nágrannaþjóðir okkar líti svo á að hann hafi ekkert gildi, vísi þeim ekki leiðina og atvinnutengd réttindi

nágrannaþjóða okkar séu ekki í uppnámi vegna stjórnarskráa þeirra landa. Því verður mjög fróðlegt að fylgjast með því hvernig lögfróðir menn taka á þessum úrskurði og hvaða afleiðingar þeir draga af niðurstöðunni. Munu þeir draga þá niðurstöðu að þeim beri að endurskoða afstöðu sína til atvinnubundinna réttinda? Munu þeir líta svo á að hér sé um sérvisku að ræða sem ekki beri að taka mark á? Sá möguleiki er fyrir hendi að í nágrannalöndum okkar, sem styðjast við sömu réttarheimildir og við, muni menn ekki taka mark á þessum dómi. Það væru að sjálfsögðu ákveðin skilaboð til okkar Íslendinga.

Ef við göngum þá leið í þessum sal að fallast á að niðurstaða Hæstaréttar þýði að atvinnubundin réttindi útgerðarmanna séu einskis virði og ekki varin af stjórnarskránni, séu í raun og veru í uppnámi vegna stjórnarskrárinnar, þá erum við í afskaplega erfiðum málum. Þetta samfélag er í þeirri stöðu að hvergi í Evrópu er staða landsbyggðarinnar eins erfið gagnvart höfuðborgarsvæðinu og á Íslandi. Hvergi. Hvergi eru nein dæmi um það að byggðaþróun sé með sama hætti eða svipuðum og á Íslandi. Í hverju er styrk staða landsbyggðarinnar fólgin í dag þrátt fyrir alla erfiðleikana? Jú, staða landsbyggðarinnar er fólgin í því að sjávarútvegurinn í heild hefur aldrei verið sterkari en hann er nú. Þetta er í raun og veru eina tromp landsbyggðarinnar. Að vísu hefur orðið misjöfn þróun í þessum efnum eftir landshlutum. Vestfirðir eru í sérstakri stöðu að þessu leyti. Þeir léku ekki eftir leikreglunum þegar þær voru settar og nutu til þess stjórnmálalegrar ráðgjafar sem reyndist þeim illa. Aðrir landshlutar léku eftir leikreglunum og þar hafa smærri byggðarlög — og ég nefni sérstaklega í kjördæmi mínu byggðarlag eins og Þórshöfn — leikið eftir leikreglunum og styrkt stöðu sína.

Því er ekki hægt að segja annað en að dómur Hæstaréttar hafi grafið undan einu stöðunni sem landsbyggðin hafði í atvinnulegu tilliti. Ekki er nóg með að Ísland einkennist af því hversu landsbyggðin stendur veikt, hún einkennist nú, eftir dóm Hæstaréttar, af því að með úrskurði hans, ef hann er túlkaður vítt, stendur landsbyggðin enn veikar en áður.

Það hefur verið sagt að þessi úrskurður, ef hann er túlkaður vítt, grafi undan sjálfu kvótakerfinu, úthlutun veiðiheimilda. Á sama tíma er viðurkennt að kvótakerfið er sterkasta verkfærið sem komið hefur fram til þess að glíma við ofveiði í heiminum. Aðrar fiskveiðiþjóðir dást að Íslendingum fyrir það hvernig þeim hefur tekist að glíma við þann vanda sem upp kemur þegar þarf að skera niður veiðiheimildir.

Hvernig hefur sá vandi verið leystur hjá öðrum þjóðum? Hann hefur verið leystur þannig að farið hefur verið í vasa skattborgaranna til þess að greiða þann kostnað sem af því hlýst að skera niður veiðiheimildir. Víðast hvar í Evrópu er deilt um það í dag hvernig eigi að dreifa kostnaðinum við stjórn fiskveiða, kostnaðinum við að halda aftur af sókninni í auðlindina, hvernig þeir dreifa kostnaðinum á herðar skattborgaranna, og um þetta er deilt af mikilli hörku. Hér á Íslandi er á sama tíma deilt um það hvernig menn eigi að dreifa hagnaðinum af fiskveiðistjórninni. Þetta er athyglisvert. Þetta er ekki síst athyglisvert vegna þess að Ísland er eitt af fáum ríkjum þar sem fiskveiðarnar eru undirstaða efnahagsins. Okkur hefur tekist að stýra þessum málum þannig í tæp átta ár að þó að sjávarútvegurinn hafi gengið í gegnum kreppu er hann sterkari núna en hann hefur nokkurn tíma verið.

Hvert var ástandið í sjávarútveginum áður en við sigldum inn í það kerfi sem við búum nú við, þ.e. um 1990, fyrir u.þ.b. níu árum? Var sjávarútvegurinn styrkur? Var þá verið að deila um hvernig ætti að skipta arðinum af sjávarútveginum milli þjóðarinnar, milli einstaklinganna sem byggja þetta land? Ónei. Þá var verið að búa til sjóði til þess að bjarga sjávarútveginum. Það var verið að leggja álögur á ríkið, á skattborgarana til þess að bjarga sjávarútveginum með nákvæmlega sömu forskrift og gert var annars staðar í Evrópu. Það var verið að finna leiðir til þess að dreifa byrðinni af sjávarútveginum á skattborgarana. Þegar þessi mál breyttust í upphafi þessa áratugar, hvað gerðu menn þá? Þeir bjuggu til í stórum dráttum það form á kvótakerfinu sem er nú við lýði og þeir tóku byrðarnar af sjóðakerfinu sem sett hafði verið á laggirnar til að komast hjá því að grípa til efnahagsráðstafana sem voru eðlilegar, þ.e. til þess að fella gengið sem var þá rangt skráð, þá bjuggu menn til sjóði. Og hvað var gert við þessa sjóði? Á herðar hverra voru sjóðirnir lagðir hér á Íslandi? Voru þeir lagðir á herðar skattborgaranna eins og í Evrópu? Var það gert hér? Nei, þeir voru lagðir á herðar sjávarútvegsins, sem er enn þann dag í dag að greiða þessar skuldir. Við erum eina þjóðin í Evrópu, herra forseti, sem höfum fundið leiðir til að glíma við vanda sjávarútvegsins með eðlilegum hætti og markaðslögmálum, og nú hefur dómur Hæstaréttar, ef hann er vítt túlkaður, sett þetta í uppnám.

[21:38]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Almenn fiskveiðistjórn við strendur Íslands á sér ekki langa sögu og þeir sem stundað hafa útgerð og sjósókn síðustu 30 árin eiga auðvelt með að tala af eigin reynslu um það hvernig þær aðferðir við stjórn veiðanna hafa reynst.

Viðurkennt er, herra forseti, að stjórn veiðanna sé nauðsynleg, en strax og það er viðurkennt verður að takmarka atvinnufrelsi landsmanna, en í 75. gr. stjórnarskrár Íslands stendur, með leyfi forseta:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess."

Ekki er að sjá í þeim dómi Hæstaréttar, sem varð til þess að þau frumvörp sem eru til umræðu voru lögð fram, að dómendur vefengi það að atvinnufrelsinu verði settar skorður með rökum. Dómurinn byggir því væntanlega frekar á því ákvæði í 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Herra forseti. Ég vil í upphafi rifja lítillega upp hvers vegna 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna er eins og hún er í dag og einnig 7. gr. Þegar staðbundin sóknarstýring hófst á öldum áður var stjórnunin í því fólgin að þeir sem byggju næst miðunum hefðu ekkert forskot á þá sem væru lengst frá þeim en sæktu afla á sömu mið. Þess vegna fóru þeir í Garðinum seinna af stað í Garðssjóinn á vertíðinni en þeir sem reru frá ströndinni. Þá máttu aftur á móti allir róa sem gátu keypt sér bát og áttu lendingu eða gátu leigt sér lendingaraðstöðu eða notað með öðrum.

Stjórnarskráin var ekki til þegar þessar sértæku aðgerðir við sjósókn voru við lýði en þær umræður sem eiga sér stað núna leiða hugann að því hvernig fiskurinn hefur verið sóttur

frá því að land byggðist og hverjir sóttu hann og deildu honum út. Þeir sem áttu skipin þá áttu aflann og deildu hlut hans til áhafnar sinnar á hverjum báti miðað við stöðu og ábyrgð um borð. Aflahlutdeildin var við lýði í öndverðu og þeim sem stunduðu veiðarnar því mismunað eftir stöðu sinni um borð með misháum aflahlut. Útgerðarmaðurinn og eigandi bátsins átti síðasta orðið um þá verðmætasköpun sem fylgdi á eftir veiðunum enda var það hann sem lagði út í fjárfestinguna.

Í kerfinu áður var ekkert til sem hét að höndla með óveiddan fisk í sjónum milli útgerða enda veiðar frjálsar, eins og fyrr segir, innan þeirra marka að eiga lendingu og bát. Þetta hefur í sjálfu sér ekkert breyst frá því sem áður var nema að nú þarf útgerðin ekki að eiga lendingu. Allir geta komist að í höfnum landsins gegn ákveðnu gjaldi.

Að veiða fiskinn og deila honum út til áhafnarinnar og koma síðan í verðmæti er á hendi útgerðarinnar, eiganda bátsins, eins og áður var. Þess vegna, herra forseti, er aflastýringarkerfið sem við lifum við í dag bundið við útgerðarmennina og eigendur skipanna en ekki aðra, eins og fiskvinnsluna, sveitarfélögin, verkalýðsfélögin eða að aflahlutdeildinni sé deilt út á hvern íbúa landsins, eins og sumir vilja.

Núverandi fiskveiðistjórnarkerfi er því að flestu leyti byggt á ellefu hundruð ára langri hefð þar sem eignarréttur útgerðarmannsins yfir aflanum hefur verið ótvíræður og sá eignarréttur hefur verið byggður á því að eiga skip. Því varð 5. og 7. gr. laga um stjórn fiskveiða til í því formi sem hún er í dag.

Þar sem viðurkennt er að takmarka þurfi veiðarnar í fiskstofnana við landið er augljóst að það verður að takmarka þær þannig að sóknarþunginn verði takmarkaður svo arðsemi veiðanna geti orðið einhver. Í því felst almannahagur því reynsla okkar af öðrum aðferðum við almenna stjórn veiðanna, eins og með sóknarstýringu, sem reynd var á árunum 1976–1983, gerði ekkert annað en að rýra kjör almennings og setti atvinnulíf á annan endann með óðaverðbólgu og stjórnleysi.

Með blandaðri stjórnunaraðferð aflamarks og sóknarstýringu er einnig slæm reynsla sem efldi ekki þjóðarhag eins og reynslan sýndi frá árunum 1984–1989. Óheft sóknargeta krókakarla til ársins 1995 hefur einnig sýnt okkur að sóknartakmarkanir með dögum eru ónothæfar, ég verð að segja því miður, því að rómantíkin frá því að afi gamli reri á sinni litlu trillu með barnabörnin hefur endurspeglast í útgerð þessara litlu báta. Að vera með lítinn bát er einnig mjög afstætt sé litið til afa gamla. Einn maður með færi er löngu liðin tíð. Nú er einn maður með minnst fjórar rafdrifnar rúllur um borð og fiskar á við átta menn.

Dómur Hæstaréttar hefur að mati færustu lögfræðinga því leitt til þess að síðustu leifar af trillurómantíkinni er liðin undir lok. Hér eftir verða engar veiðar mögulegar nema samkvæmt úthlutun á aflamarki í nánast allar tegundir fisks sem háðar eru aflatakmörkunum. Þau frumvörp sem hér eru til umræðu eru staðfesting á þeirri staðreynd.

Herra forseti. Að mínu áliti er mikil þjóðhagsleg nauðsyn að í framhaldi af þessum dómi verði allt gert til að tryggja að ekkert geti leitt til þess að stjórnkerfinu sem nú er notað við fiskveiðarnar, sbr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða, verði kollvarpað með öðrum dómi. Það er hlutverk löggjafans og tel ég að fyrstu aðgerðir til þess séu mjög ásættanlegar með þeim tveimur frumvörpum sem lögð eru fram af hæstv. sjútvrh.

Á þeim þarf þó að mínu mati að gera lítils háttar breytingar, m.a. þær að taka tillit til þess afla sem krókabátar á sóknarmarki öfluðu á þeim dögum sem þeim var úthlutað en ekki miða einungis við þann afla sem úthlutað var samkvæmt aflahlutdeildarpottinum. Í þessum útgerðaflokki tel ég einnig eðlilegt að miða aflaúthlutunina við aflareynslu hvers báts í stað þess að deila henni jafnt á alla bátana.

Ég tel einnig að aflamarksbátar undir tíu tonnum eigi að njóta þeirra fimm þúsund tonna sem úthlutað var sérstaklega til þess að rétta hlut þeirra árið 1995 en ekki til allra skipa eins og gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði III í frv.

Í framhaldi af þessum aðgerðum tel ég, herra forseti, að nauðsyn beri til, eins og ég sagði fyrr, að leita leiða til þess að tryggja aflahlutdeildarkerfið í sessi og mæta þeim kröfum sem koma fram um atvinnufrelsi og jafnræði eins og kostur er þegar sókn er takmörkuð vegna almannahagsmuna. Þar tel ég tvennt koma til greina. Í fyrsta lagi með aðgöngugjaldi að fiskimiðunum og í öðru lagi að allur fiskur verði settur á markað. Með aðgöngugjaldi tel ég fullnægt þeirri kröfu að almenningur fái greitt fyrir hlut sinn í auðlindinni sem er skilgreindur í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sem sameign íslensku þjóðarinnar. Það felst einnig í því sú viðurkenning að þegar slíkt gjald hefur verið innt af hendi megi útgerðarmaðurinn nýta hana í frjálsum viðskiptum og hámarka hagnaðinn. Í því fælist einnig sú viðurkenning að greitt er fyrir þá takmörkun af þeim sem einnig nýtir þjóðareignina og er með sérstökum hætti leyft í 75. gr. stjórnarskrárinnar með takmörkuðum atvinnurétti.

Að setja allan afla á markað tel ég vera brýna varnaraðgerð fyrir útgerðina vegna sérréttinda sinna að veiðunum. Það verði að gefa þeim hinum, sem njóta ekki sérréttindanna en hafa vilja og getu til að vinna fisk, kost á því. Með slíkri aðgerð tel ég mætt gagnrýni á 65. gr. stjórnarskrárinnar um að allir séu jafnir fyrir lögum.

Útgerðin hefur á síðustu árum gengið í gegnum miklar þrengingar vegna aflasamdráttar sem sér nú fram úr. Það opna kerfi sem notað hefur verið við að stýra veiðum við strendur landsins hefur skapað útgerðinni möguleika sem hún hefur nýtt sér, t.d. með úthafsveiðum. Þeir möguleikar hefðu ekki verið nýttir að öðrum kosti, herra forseti. Samfara þessum miklu breytingum hefur útgerðin fjárfest mikið og því mikið í húfi fyrir þennan helsta atvinnuveg þjóðarinnar að sátt náist um hann og hægt sé að sjá langt fram í tímann. Fyrir þjóð eins og okkur Íslendinga sem byggjum afkomu okkar á þessum atvinnuvegi varðar það almannaheill í landinu að þessi atvinnuvegur fái að þróast eðlilega.

Einar Benediktsson skáld sagði í Íslandsljóðum sínum:

Vissirðu, hvað Frakkinn fékk til hlutar?
Fleytan er of smá, sá guli er utar.
Hve skal lengi
dorga, drengir,
dáðlaus upp' við sand?

Þessi áfrýjunarorð Einars Benediktssonar frá því um síðustu aldamót eru okkur stöðug áminning um hve nauðsynlegt er þjóð okkar að fylgjast með og dragast ekki aftur úr. Stórsókn sjávarútvegsfyrirtækja á Íslandi síðustu ára hefur sýnt okkur og sannað að þar eru ótal sóknartækifæri ef greinin fær frjálsræði. Þau sóknarfæri má ekki drepa með miðstýringum, eða miðstýringarapparötum eins og Kvótaþingi, sem sett var á í fyrra, eða tilraunastarfsemi með því að kollavarpa

íslenskum sjávarútvegi með úthlutun aflaheimilda á hvert mannsbarn eða með uppboði aflaheimilda á markaði.

Alþingi Íslendinga verður að færa þau rök fyrir því fiskveiðistjórnarkerfi sem nú er notað sem því besta og því eina sem þekkt er sem það besta. Þannig getum við komið í veg fyrir annan dóm frá Hæstarétti sem gæti haft miklu alvarlegri afleiðingar en þær sem við stöndum frammi fyrir núna.

Stjórnarandstaðan hefur haft tilhneigingu til þess, herra forseti, að gera þetta mál tortryggilegt í augum almennings og að núverandi ríkisstjórn hafi brugðist að þessu leyti. Ekkert er meira fjarri lagi að mínum dómi enda lögin um stjórn fiskveiða að stofni til frá því árið 1990 þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu. Sjálfstfl. hefur þó stutt þessa aðferð við stjórn fiskveiðanna alla tíð þó að við höfum ekki staðið að þeirri ríkisstjórn sem lagði þetta fram á sínum tíma. Úrbætur á kerfinu þurfa þó alltaf að vera mögulegar því ekkert skapar þjóðinni meiri arðsemi af þjóðareigninni en frjálsræði, frjálsræði sem getur lyft þróun íslensks atvinnulífs í aðrar hæðir.

[21:50]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem er nú verið að ræða varðar fjöregg þjóðarinnar. Það frv. sem við erum að ræða er afleiðing hæstaréttardóms í máli Valdimars Jóhannessonar gegn íslenska ríkinu. Dómur aldarinnar, segja sumir.

Það má líka velta fyrir sér: Hvað með dóm þann sem felldur var í dag um að það sé í rauninni stjórnarskrárvarinn réttur ríkisstofnana til að fá að vera í friði í Reykjavík? Það má líka velta því fyrir sér hvað er að gerast þegar Hæstiréttur fellir hvern dóminn á fætur öðrum sem hefur svo alvarlegar afleiðingar sem ég sé fyrir mér að þessir dómar hafi og þá sérstaklega sá dómur sem við erum að ræða í dag í tengslum við það frv. sem er tillaga ríkisstjórnar og viðbrögð við niðurstöðu Hæstaréttar.

Kannski er fróðlegt að nálgast málið á svolítið annan máta en gert hefur verið og velta því fyrir sér hvað við erum að gera. Við erum að verja kerfi sem hefur skilað eftirfarandi árangri: Þorskstofn á Íslandsmiðum var mældur 1.214 þús. tonn árið 1977 og þá voru veidd 340 þús. tonn úr þeim stofni. 1983 var þorskstofninn mældur 795 þús. tonn og þá voru tekin úr honum 300 þús. tonn. 1990 var stofnstærðin mæld 835 þús. tonn, þá voru tekin 335 þús. tonn úr stofninum. 1996 var stofninn mældur 675 þús. tonn og þá voru tekin úr honum 182 þús. tonn. Þetta á við þorsk.

Merkilegt er að velta því fyrir sér hvað hefur áunnist á verndarárunum. Það er vont og erfitt að gera sér grein fyrir árangri af verndun fiskveiðistjórnarkerfisins. Það er líka hægt að miða við ýsu. Ef við miðum við 1977 þá var ýsustofninn mældur 170 þús. tonn. Þá voru tekin 40 þús. tonn. 1983 var stofninn mældur 195 þús. tonn. Þá voru tekin 66 þús. tonn. 1990 var stofninn mældur 212 þús. tonn. Þá voru tekin 67 þús. tonn. 1996 mælist stofninn einungis 155 þús. tonn og þá voru tekin 57 þús. tonn. Það er gaman að velta því fyrir sér: Hvar er verndunin fólgin í þessum aðgerðum?

Sama má segja um ufsa og taka t.d. árið 1977. Þá var stofninn mældur 273 þús. tonn. Þá voru tekin af stofninum 62 þús. tonn. Ætli það hafi verið ráðlegt? 1996 var stofninn 260 þús. tonn. Þá voru tekin 40 þús. tonn. Það er merkilegt að átta sig á því að stofnminnkun milli áranna 1990 og 1996 er úr 421 þús. tonni 1990 niður í 260 þús. tonn stofninn 1996. Hvar ætli fisverndunin hafi verið þar?

Það er hægt að ræða svona um stofnana. Það er fróðlegt að velta fyrir sér hver er árangur okkar af verndun varðandi síld. Það er kannski helst mælanlegt þar og hægt að sjá árangur af fiskverndun. Samt er það svo að síldin, sem átti að vera fyrir austan í miklu magni, er horfin, finnst varla. Það er ekki hægt að veiða síld, herra forseti, að neinu gagni lengur í nót, það verður að vera troll og það flottroll til þess að ná síldinni. Menn greinir á um hvort það er skaðlegt fyrir stofninn. Það er líklegt að svo sé.

Það má líka benda á hvernig komið er fyrir grálúðustofninum, sem við berum að sjálfsögðu ábyrgð á ásamt öðrum þjóðum. Það má líka velta því fyrir sér hvernig er komið fyrir löngustofninum, sem veiddur var á Franshól. Hann er ekki til lengur. Hvernig er með karfann á Reykjaneshrygg, en togarasjómenn, skipstjórar segja að sé alvarlega gengið á þann stofn og karfinn sé orðinn miklu smærri en var? Hvað er að frétta af smálúðunni í Faxaflóa sem fæst þar ekki lengur? Hvernig stendur á því? Hvar eru rannsóknirnar sem eiga að styðja við það kerfi sem við búum við?

Það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við hefur í för með sér marga galla. Margoft hefur verið rætt um þá galla. Kerfinu fylgir brottkast, kerfinu fylgir undanskot á afla á ýmsan hátt. Þetta hefur fylgt kerfinu, sérstaklega hefur það orðið ljóst á síðustu árum. Nauðsyn hefur verið að gera breytingu á kerfinu eða a.m.k. á framkvæmd stjórnunarinnar. Þó hefur ekki verið hlustað á eina einustu tillögu um lagfæringar, sem sést best á því að hæstv. sjútvrh. þarf ekkert að hlusta á það sem menn hafa að segja um framkvæmd fiskveiðistjórnarinnar, hvað þá að honum detti í hug að tala eitthvað um þau lög sem á að fara að setja.

(**Forseti** (ÓE)**:** Ráðherrann er í húsinu og hefur nú verið hér í salnum mestan hluta dagsins.)

Herra forseti. Ég sé hann nú ekki.

(**Forseti** (ÓE)**:** Ég sagði að hann væri í húsinu. Það er alveg óþarfi að snúa út úr þessu.)

Herra forseti. Ég er ekkert að snúa út úr hvorki einu né neinu. Ég hélt að hann væri kannski þarna á bak við.

En ég ætla ekki að leggja til, herra forseti, að kerfinu verði umsvifalaust kastað til hliðar. Ég vil a.m.k. reyna það í upphafi að bæta kerfið og ganga út frá ákveðinni viðmiðun varðandi þá sem keypt hafa kvóta, einnig varðandi þá sem stundað hafa atvinnurekstur sem byggist á kerfinu og hafa ekki stundað brask með aflaheimildir. Ég held nefnilega að hægt sé að miða aflaheimildir, sem miðast við afkomugrunn báta og skipa, og fyrst og fremst verði miðað við aflaverðmæti. Ef miðað væri við aflaverðmæti er ljóst að allur fiskur sem dreginn væri um borð í skipin kæmi á land.

En kerfið, eins og það er rekið með lögum og reglum, hefur a.m.k. að mínu mati komið í veg fyrir eðlilega endurnýjun flotans. Ég vil nefna að það er óeðlilegt að loðnuflotinn okkar skuli að meginstofni til vera orðinn yfir 30 ára gamall. Þeir eiga ekki möguleika á að koma með úrvalshráefni að landi vegna takmarkana sem hafa fylgt því að endurnýja þessi skip. (**Sjútvrh.:** Ég hélt þeir græddu svo mikið.) Þetta er eitt af því sem þarf að breyta í kerfinu, herra forseti. Hæstv. sjútvrh. skaut því inn að hann héldi að þeir græddu mikið. Það má vel vera. Það eru sumir sem græða mikið og aðrir sem græða lítið. Það eru sumir sem tapa. Þannig er það og hefur alltaf verið í fiskveiðum að sumum gengur vel og öðrum gengur miður.

En ástæðulaust er að hafa kerfið þannig að ekki sé hægt að endurnýja skip á eðlilegan máta og gefa mönnum frelsi

til þess að ná í þann afla sem þeim er úthlutaður á þann hátt sem þeir vilja sjálfir helst gera, með þeim skipum sem þeir velja sér.

Ég efa ekki að dómur Hæstaréttar mun leiða til málaferla einmitt vegna reglna um rúmmetrauppkaupin þegar menn vilja endurnýja skip, ég er viss um það. Ég ítreka að ég tel eðlilegt að hver útgerðarmaður hafi sjálfstæði til að ákveða hvers konar skip hentar honum best til veiða. En það verður e.t.v. þannig að allir verði kvótasettir sem byggja afkomu sína á útgerð. Allt frelsi til að fiska á sem skemmstum tíma með hámarksafkomu, það er e.t.v. fyrir bí.

Ég vil meina það, herra forseti, og vildi gjarnan að hæstv. sjútvrh. velti því fyrir sér með mér að við verðum að skoða þessi mál mjög vel áður en við göngum til þess að ljúka þessari umfjöllun um þau frv. sem fyrir liggja.

Mín skoðun er sú að 4–6 vikur þurfi að lágmarki til að málið geti fengið eðlilega umfjöllun. Ég segi þetta, herra forseti, vegna þess að það er nauðsyn fyrir hv. sjútvn. að kalla til fjölmarga skipstjóra úr öllum greinum sjávarútvegs til viðræðna. Það er nauðsynlegt að kalla til útgerðarmenn eða hagsmunaaðila frá útgerð og það er líka nauðsynlegt að kalla til hagsmunaaðila fiskvinnslu án útgerðar. Ég tel að við verðum að gefa okkur tíma til að afgreiða þetta mál. Það gengur ekki að mínu mati að afgreiða málið eins og það er lagt fyrir í þeim frv. sem hér liggja fyrir til afgreiðslu. Ef þinginu er ætlað að klára þetta mál á einni viku, frá 5.–12. janúar, þá óttast ég að niðurstaðan geti orðið slæm. Það er þess vegna sem ég tel að gefa þurfi þessu máli góðan tíma.

Ég get vel viðurkennt að þetta mál er ekki auðvelt. Það má minna á að örskammt er síðan, nokkrar vikur eða mánuðir síðan þeir sem voru í dagakerfum voru að endurvelja sér. Nokkrir völdu aflahámark sem voru með tiltölulega litla reynslu í þorski. Hvaða bátar voru það? Jú, það voru bátar sem byggðu sína afkomu á meðafla sem var með úthlutunarheimild, þ.e. steinbítsveiðum og öðrum meðafla sem kom með þorskinum. Ég er hræddur um að illa fari fyrir öllum þeim aðilum sem völdu það kerfi sem m.a. þingmenn ráðlögðu mönnum að fara í og vera undir. Ástæðan fyrir því að þessir menn eru ekki með mikla reynslu er sú að viðmiðunarárin eru 1992, 1993 og 1994. Þetta vita allir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að vera hér í langan tíma, ég er búinn að koma því á framfæri sem ég tel vera mikilverðast, þ.e. að menn gefi sér góðan tíma. En vegna þess að ég er með í höndunum svar hæstv. sjútvrh. við fyrirspurn frá mér um smábátaútgerð, sem ég fékk fyrir nokkrum dögum, þá vil ég, með leyfi herra forseta, vitna í spurningu og svör og velta því fyrir mér hvernig þetta svar liti út ef það miðaðist við tímabilið frá 1. sept. 1999 til 1. sept. árið 2000.

Spurningin var svona:

„Hyggst ráðuneytið kanna hvaða áhrif það mun hafa á afkomu þeirra fjölmörgu byggðarlaga sem hafa beinlínis þrifist á útgerð dagabáta ef ekkert verður að gert, í ljósi þess t.d. að þriðji hver þorskur sem landað var á Vestfjörðum síðasta sumar var úr smábátum?"

Og þegar sagt er „úr smábátum" þá er átt við miklu meiri fjölda en bara dagabáta eða sóknarmarksbáta, eins og við höfum verið að ræða um. Þess vegna velti ég því fyrir mér að áhrif þessarar lagasetningar hlýtur að hafa verið skoðuð. Hvaða áhrif hefði sú lagasetning, sem við nú fjöllum um, á Vestfjörðum miðað við árið 1999 frá september eða fiskveiðiárið fram til 1. sept. 2000?

Hér er svarað í lokin:

„Ljóst er því að ekki er ástæða til að ætla að landaður þorskafli úr krókabátum verði minni á Vestfjörðum á þessu fiskveiðiári en því síðasta ..." — þ.e. árið frá 1. sept. 1998 til 1. sept. 1999.

Það má vel vera rétt. En ég hygg að þegar þau frv. sem við erum að fjalla um yrðu að lögum og eins og þau eru sett fram, þá blasi ekkert annað við en hrun, hrun byggðanna á Vestfjörðum, hrun þorpanna, flótti, fólksflótti og eignatap þeirra aðila sem þar búa. Ég óttast þetta. Þess vegna er ég að fjalla um málið.

Mér finnst líka, herra forseti, að ég geti óskað eftir því við hv. sjútvn. að frv., sem ég lagði fram á Alþingi og hef ekki getað fengið að mæla fyrir, sem varðar meðafla, þ.e. grásleppu sem meðafla hjá netabátum, verði tekið fyrir og rætt um leið og frv. sem er fylgifrv. með frv. um breyting á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, að þetta litla frv. sem ég nefndi verði tekið með til skoðunar. Það er fyllsta ástæða til að gæta að hag þeirra aðila sem hafa lifað á allt að 75% afkomu sem byggist á grásleppuveiðum. Það horfir ekki vel fyrir þeim mönnum sem þannig hafa orðið að brauðfæða sig.

[22:07]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég álít að hvernig sem á nýfallinn dóm Hæstaréttar er litið þá séu þar á ferðinni stórtíðindi. Það er nákvæmlega sama hvort menn kjósa að túlka hann þröngt, eins og það hefur verið orðað, ellegar vítt. Þessi dómur Hæstaréttar er auðvitað fyrst og síðast og óumflýjanlega áfellisdómur á það fyrirkomulag sem við höfum viðhaft og afgreitt frá hinu háa Alþingi, raunar trekk í trekk, og verður ekkert undan því vikist.

Mitt mat er það að þau fálmkenndu viðbrögð ríkisstjórnarinnar, sem m.a birtast í þeim kattarþvotti sem má finna í frumvörpum þeirra til svonefndrar lausnar málsins, séu grátbrosleg. Yfirbragð þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað í dag af hálfu stjórnarliðanna með hæstv. sjútvrh. í broddi fylkingar hefur undirstrikað mjög glöggt hversu ráðleysi ríkisstjórnarinnar er mikið í þessum efnum.

Auðvitað hefur maður skilning á því að hæstv. sjútvrh. sé órótt, eftir að hafa setið á stóli sjútvrh. í átta ár og er í síðari tíð, ásamt og með öðrum raunar, eins konar höfuðsmiður þessa kvótakerfis, að hann fái á síðustu dögum sínum í embætti þann dóm frá Hæstarétti að það hafi verið meira og minna ómark sem hann hafi verið að vinna í ráðuneyti sínu á umliðnum árum. Auðvitað hefur maður skilning á því út frá mannlegum og pólitískum sjónarmiðum að honum sé órótt og hafi allt á hornum sér hér.

Hvernig birtist þetta? Jú, þetta birtist í tvennu. Hæstv. ráðherra lét það frá sér fara örfáum dögum eftir að dómurinn birtist að hann væri að leita að sökudólgum — og hann fann tvo. Í fyrsta lagi hafði Hæstiréttur sjálfur, eins og hann orðaði það, skapað þennan vanda, gert það að verkum að ríkisstjórnin og pólitíkusar í landinu voru komnir í vanda. Og svo voru það hinir, það voru jafnaðarmenn. Þeir báru líka ábyrgð á þessu öllu saman.

Í þessu sama sjónvarpsviðtali viðhafði hæstv. ráðherra þau orð að ef farið hefði verið að ráðum jafnaðarmanna og tillögum þeirra þá hefði ástandið verið miklu verra. Að vísu hefur hann snúið þeirri plötu við dálítið í dag og hefur látið í veðri vaka að hann skynji ekki og viti ekkert um tillögur jafnaðarmanna og er hér að auglýsa eftir þeim. Hann virtist að vísu hafa þær á hraðbergi í sjónvarpsviðtali fyrir örfáum

dögum og átta ég mig ekki fyllilega á hvernig það hangir saman. (Gripið fram í.) En öll viðbrögð ráðamanna og hæstvirtra ráðherra eru auðvitað með þeim hætti að þeir eru á harðahlaupum frá þessum vanda, frá þeirri nöpru, skulum við segja, niðurstöðu sem við okkur blasir og við getum ekkert komist undan að horfast í augu við.

Viðbrögðin eru nefnilega að mörgu leyti jafnmerkileg tíðindi og dómurinn sjálfur. Því að það var ekki eingöngu að sjútvrh. brygðist við með þessu móti og vildi gera lítið úr Hæstarétti, sem er auðvitað ein af þremur stoðum stjórnkerfis okkar, heldur voru félagar hans í ríkisstjórninni, hæstv. forsrh. og utanrrh., oddvitar ríkisstjórnarflokkanna, litlu skárri.

Hæstv. forsrh. fór auðvitað í sama farið og hæstv. sjútvrh. og vildi gera lítið úr dómnum. Var farinn að tala um Hæstarétt eins og einhvern klúbb úti í bæ sem væri meira og minna til óþurftar og þvældist dálítið fyrir vinnandi mönnum. Og hann gerði það að stóru máli hvort dómendur hefðu verið fimm eða sjö talsins. Hraktist úr einu víginu í annað í þeim efnum og varð að lokum rekinn heim til föðurhúsanna með það allt saman.

Utanrrh. gekk þó satt að segja skrefinu lengra. Það var ekki eingöngu að Hæstiréttur væri á villigötum, heldur ef Hæstiréttur ætlaði sér — það mátti skilja það þannig — að knýja á um að alþingismenn settu lög sem væru í samræmi við stjórnarskrá þá yrði stjórnarskránni bara breytt. Það væri bara ekkert öðruvísi. Þessi ríkisstjórn léti nú ekki segja sér fyrir verkum. Hún mundi bara sisona breyta stjórnarskránni, þessari grundvallarstoð lýðræðissamfélags okkar. Að vísu hefur hann á þreytulegan hátt reynt að draga í land í seinni tíð, hann hafi nú kannski ekki beint meint þetta mjög bókstaflega, en a.m.k. skildu ungliðarnir í hans eigin flokki það mjög bókstaflega þegar hann sagði það því að þeir áréttuðu þessa stefnu og gerðu að sinni. Og það er orðið sérstakt markmið og sérstök barátta sem er að fara í gang af hálfu ungra framsóknarmanna, sem fara auðvitað í fótspor meistarans, og ætla sér að heimta breytingar á stjórnarskránni, jafnræðisreglunni sennilega og atvinnufrelsinu.

Það verður auðvitað saga til næsta bæjar þegar Sjálfstfl. fer í þá fylgd og gerir það að sérstöku markmiði sínu fyrir næstu kosningar að stemma þurfi stigu við atvinnufrelsinu og jafnræðisreglunni. Það verður skemmtileg kosningabarátta sem fram undan er ef það gengur eftir sem annar oddvita ríkisstjórnarinnar hefur lýst yfir sem sérstöku markmiði sínu. Hv. formaður sjútvn., nýkominn á skútu framsóknarmanna, verður sennilega mjög ötull í því að fara í stjórnarskrána og breyta henni, draga úr jafnræðisreglunni og atvinnufrelsinu. Það verður fróðlegt að fylgjast með framgangi þeirra mála.

En þetta voru hin pólitísku viðbrögð. Og það er ekki einasta að þetta hafi verið svona örfáum dögum á eftir, þegar menn voru í hálfgerðu sjokki, pólitísku sjokki vegna niðurstöðu Hæstaréttar, heldur hefur þetta haldið áfram hjá minni tindátum í dag. Ég hjó t.d. eftir því sérstaklega að oddviti framsóknarmanna á Vestfjörðum talaði um það að Hæstiréttur væri farinn að dæma eftir tískubólum. Að þetta væri nú andinn og einhver tíska í samfélaginu, sem hefði sennilega gert það að verkum að Hæstiréttur hefði látið plata sig til að fella dóm af þessum toga. Og hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson bætti um betur og orðaði það þannig, svo kurteislega, að ef fólk væri eitthvað óánægt með þau vandamál sem uppi væru þá gæti þetta sama fólk bara talað við Hæstarétt. Það þyddi ekkert að vera að reyna við stjórnmálamennina. Það væri ekki við þá að sakast: Skammið þið Hæstarétt, kæru kjósendur, farið í Hæstarétt og skammið þá. Þvílíkt og annað eins, virðulegi forseti. Það er satt að segja nöturlegt að fylgjast með þessu og horfa upp á þetta. En eftir höfðinu dansa limirnir. Fyrst var það forsrh. og utanrrh. og síðan kemur sjútvrh. í kjölfarið og nú eru hinir minni spámenn í stjórnarliðinu, svo ég tali nú ekki um ungliðana í stjórnarflokkunum, farnir að gera það að sérstöku markmiði sínu að gera lítið úr Hæstarétti. Og þegar það er ekki nóg þá eigi bara að breyta stjórnarskránni.

Margir hafa haldið því fram og með talsverðum rökum, og ég hygg að þetta sé alveg í anda þeirrar þróunar sem margir hafa séð í okkar samfélagi, að sumir hæstv. ráðherrar hafi verið of lengi við stjórnvölinn. Þeir séu komnir langt frá veruleika lífsins. Í fyrsta lagi náttúrlega langt frá því samfélagi sem við búum í. Og hrokinn og yfirgangurinn í þessum valdaherrum er orðinn slíkur að það er enginn að þeirra eigin áliti réttilega til þess borinn að bera brigður á þeirra eigin atgervi. Dramb er falli næst, er það sem helst kemur í hugann í þessum efnum. Dramb er falli næst.

Síðan eru kallaðir til ýmsir snillingar og ég hef nefnt til sögunnar sérstaklega pólitíkusa og undarleg viðbrögð þeirra við þessum dómi. Enn þá undarlegri eru viðbrögð þeirra svonefndu sérfræðinga sem kallaðir hafa verið til af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að leggja þessum háu ráðherrum gott orð og þá skilur maður að skylt er skeggið hökunni og drambið og hrokinn og yfirlætið í garð þessarar grundvallarstofnunar sem Hæstiréttur er, þá fer maður að skilja betur af hverju þessir stjórnmálamenn hafa farið svona fram. Maður heyrir lagaprófessor á borð við Sigurð Líndal tala um það eins og hreint og klárt plat að 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna sé bara ómark, það hafi aldrei verið neitt að marka hana. Þetta er sérfræðingur Framsfl. í sjávarútvegsmálum. Það er ekkert að marka 1. gr. Það væri fróðlegt að heyra það frá framsóknarmönnum, t.d. formanni sjútvn., hvort hann deili þessu sjónarmiði alveg sérstaklega með lagaprófessornum Sigurði Líndal. Það slitnaði nú ekki slefan á milli þeirra á fundi með þeim um daginn í öðrum efnum og fróðlegt væri að heyra hvort þeir eru líka sammála í þessu efni, að 1. gr. um sameign þjóðarinnar á auðæfunum í hafinu væri bara plat, væri bara della og vitleysa, verið væri að kasta ryki í augu fólksins, segja fólki eitthvað sem ósatt er. Er það svo, að skilningur nýrra og gamalla stjórnarliða sé þessi? Það er mikilvægt innlegg í umræðuna.

Síðan vitna þeir hver í annan eins og venja er til því að annar lögfræðingur, sérstakur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar, Jón Steinar Gunnlaugsson, byrjaði ræðu sína á því að dómur Hæstaréttar væri með þeim ósköpum að lögfræðistúdent á fyrsta ári í almennri lögfræði hefði fengið falleinkunn. Og hjá hverjum? Jú, jú, það var auðvitað hjá hinum vininum, Sigurði Líndal, sem kennir þá grein í háskólanum. Hæstiréttur hefði fengið falleinkunn hjá Sigurði Líndal sagði þessi hæstaréttardómari, sérstakur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar og þá einkanlega forsrh.

Haldið þið að það sé nú, herra forseti, þegar menn eru að ræða grafalvarleg mál á borð við það sem liggur á borðum okkar.

Síðan skulum við aðeins velta því nánar fyrir okkur á hvaða ferðalagi hæstv. sjútvrh. er þegar hann er annars vegar búinn að finna sökudólginn í Hæstarétti og síðan í jafnaðarmönnum. Um síðustu helgi var sök jafnaðarmanna að hafa of markerandi og skýlausar tillögur í sjávarútvegsmálum. Í dag

er hins vegar vandinn sá að jafnaðarmenn og samfylkingin skila engum tillögum inn í þetta púkk. Það er helsti vandi hans að því er virðist. Hann kemst ekki lönd né strönd í umræðunni án þess að biðja stjórnarandstöðuna um tillögur til þess að komast út úr þessum vanda.

Öðruvísi mér áður brá. Ég hef ekki heyrt sjútvrh. kalla sérstaklega eftir hugmyndum okkar og frekar haft það á orði í gegnum tíðina í þessum ræðustól og í almennri þjóðfélagsumræðu að jafnaðarmenn og hugmyndir þeirra í sjávarútvegsmálum væru frekar til trafala en hitt. Hér rekst því hvað á annars horn í þeirri undarlegu umræðu sem hér hefur átt sér stað.

Hann hefur með öðrum orðum verið á harðahlaupum frá viðfangsefni dagsins sem er þetta frv. sem hann og ríkisstjórnin náðu að kreista út og hafa sett inn í þingið rétt fyrir jólin og menn ætla að afgreiða til 1. umr. Ég ætla ekki að segja eitt aukatekið orð um þetta frv. efnislega. Það er auðvitað hrákasmíð og það vita allir sem eru hér inni og um þetta mál fjalla að þetta frv. kemur ekki út úr sjútvn. óbreytt, langur er vegur frá. Það á eftir að lagfæra það mjög verulega og ágallarnir á því blasa hreinlega við. Það er ekki einasta að sjútvn. þurfi að fara höndum um það og gera á því nauðsynlegar tæknískar lagfæringar og hugsanlega pólitískar heldur vita menn líka að jafnvel þó að menn nái höndum saman um það í stjórnarliðinu að afgreiða einhvers konar frv. á fyrstu dögum nýs árs þá vita menn líka að þessi mál koma aftur fyrir Hæstarétt. Sú kenning er auðvitað ekkert fjarri lagi sem hefur verið hreyft — ég hugsa að hún sé öllu heldur nærri lagi — að menn séu einfaldlega að kaupa sér tíma og reyna að sópa þessum vandamálum undir teppið fram yfir kosningar til að koma þessu máli út úr umræðunni eins fljótt og nokkur kostur er.

Auðvitað verður þeim ekki kápan úr því klæðinu. Samfélagsumræðan mun halda áfram, þjóðfélagsumræðan mun verða á fullri ferð og við í stjórnarandstöðunni munum ekki láta okkar eftir liggja í þeirri hörðu kosningabaráttu sem er fram undan. Þar verður ekkert gefið eftir.

Herra forseti. Dómur Hæstaréttar er auðvitað tímamótadómur, sama hvernig á er litið. Viðbrögð stjórnarliðsins varða líka að mörgu leyti pólitísk tímamót. Afstaðan og lítilsvirðingin sem skín gegnum stjórnarherrana í garð Hæstaréttar er eitt. Afstaðan og lítilsvirðingin í augum þeirra og orðum í garð stjórnarskrárinnar er annað. Þetta er geymt en þessu verður ekki gleymt. Þessu verður svo sannarlega haldið á lofti áfram og allar götur fram til 8. maí að ári og auðvitað löngu eftir það. Þetta er skráð á spjöld sögunnar.

[22:22]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég held það sé ágætt í þessari umræðu þegar menn eru að tala um fiskveiðistjórnarkerfið og eru í raun að undrast niðurstöðu Hæstaréttar að menn velti því örlítið fyrir sér hver var tilgangur manna þegar kerfið var sett á en eins og þeir vita sem fylgst hafa með var hinn yfirlýsti tilgangur að vernda fiskstofnana. Ég held, herra forseti, að flestir ef ekki allir hafi trúað því að til þess væri leikurinn gerður. Það er eins og enginn hafi, eða a.m.k. hafi þeir verið fáir sem gerðu sér grein fyrir því að það kerfi sem verið var að setja á, var kannski fyrst og fremst hagfræðilegt kerfi, kerfi til þess að hafa ákveðna stjórn á efnahagsmálum.

Árið 1990 þegar þau lög eru sett sem við búum við núna þá virðist í rauninni sama blekking og e.t.v. sjálfsblekking vera á ferðinni. Menn virðast ekki átta sig á því til fullnustu hvert kerfið muni leiða þegar það er komið í þá mynd sem það er þá sett.

Þess vegna þarf kannski engan að undra þó að deilur hafi staðið um kerfi sem annars vegar segir í 1. gr. að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og segir einnig að úthlutun veiðiréttar myndi ekki eignarrétt og hins vegar er í lögunum nánast fullkominn eignarréttur til handa þeim sem fá úthlutað veiðiheimildum. Þetta tvennt gengur illa upp saman og vegna þess hafa þær deilur sprottið sem harðastar hafa verið í samfélaginu. Það fer einfaldlega ekki saman annars vegar að lýsa því yfir að nytjastofnarnir séu sameign þjóðarinnar og hins vegar að hafa lögin þannig að það sé nánast fullkominn einkaeignarréttur á veiðiheimildunum.

En Hæstiréttur tók af skarið og lagði 1. gr. eða sameign þjóðarinnar til grundvallar. Þannig verðum við að horfa á málið, þannig er búið að leggja það upp. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson rakti áðan hvað einstökum lögmönnum hefur fundist og þeir hafa látið sér um munn fara um 1. gr. en hvað sem mönnum kann að finnast er það staðreynd að dómur Hæstaréttar hefur styrkt 1. gr. með þeim hætti að hún hlýtur að verða mönnum stærsta leiðarljósið þegar farið verður að skoða þessa löggjöf.

En það er athyglisvert að ítrekað hefur komið fram í umræðunni af hálfu hæstv. sjútvrh. að hann telur að deilur um kerfið hafi verið settar niður og fundin sátt í málið með skipan svokallaðrar auðlindanefndar. Þetta er furðulegur málflutningur, herra forseti, og ég skil í rauninni ekki hvaðan hugmyndir hæstv. ráðherra eru sprottnar. Það er a.m.k. alveg ljóst að við jafnaðarmenn höfum aldrei litið svo á að auðlindanefnd væri og hefði verið sett á laggirnar til að deilum um kerfið linnti eða að þær yrðu lagðar til hliðar. Auðvitað ekki. Menn eru í pólitík og taka sem slíkir afstöðu til þessa kerfis og einstakra þátta þess og menn fara ekki inn í þverpólitíska nefnd til þess að gera bandalag um eitthvað sem er þeim þvert um geð.

Það er líka athyglisvert, herra forseti, að við afgreiðslu þeirrar þáltill. sem ríkisstjórnin leit á sem hina miklu sáttatillögu í málinu sagði 1. flutningsmaður tillögunnar, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, með leyfi forseta, eftir að hafa þakkað meiri hluta umhvn. og fulltrúum í umhvn. fyrir þá afgreiðslu sem komin var á tillöguna:

„... en verð jafnframt um leið að lýsa því að þessi niðurstaða skiptir kannski ekki eins miklu máli og hún hefði getað gert fyrir einhverjum vikum eða örfáum vikum síðan vegna þess að á þeim tíma sem liðinn er frá því að umhvn. hv. fjallaði um þessi mál er búið að afgreiða mjög stór mál sem snerta nákvæmlega þetta svið, þau svið sem kveðið er á um í tillögunni og greinargerðinni og við umræðu um tillöguna í þinginu. Eitthvert stærsta pólitíska mál þingsins sem heitir nú Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, hefur verið afgreitt frá þinginu."

Ég þarf ekkert að rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra hver afstaða hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur eða Alþb. var nákvæmlega til þessa máls sem vísað er til. Það var enginn friður um það mál, það var engin sátt, það var ekki verið að syngja neinn sáttasöng þá.

Þess vegna, herra forseti, má allt eins segja að samþykkt auðlindanefndarinnar hafi verið dæmigerður klíningur. Ég ætla hins vegar ekki að spá hér fyrir um það hvað kann að koma út úr þeirri nefnd. Eins og hefur komið fram fyrr í dag er verið að safna af hálfu nefndarinnar ýmsum gögnum

sem geta orðið gagnleg inn í umræðuna og það er þó a.m.k. árangur.

Herra forseti. Ég hef lagt það til í umræðunni og hef þóst hafa nokkuð til míns máls í því að endurskoða eigi í ljósi dóms Hæstaréttar löggjöfina um stjórn fiskveiða. Hér hefur verið bent á leiðir, menn hafa farið yfir ýmsa möguleika. Hæstv. ráðherra hefur verið í spurningaleik og það er svo, herra forseti, að mér sýnist að þessi tillaga um að lögin verði endurskoðuð í heild sinni hljóti að ganga eftir. Það marka ég af því, herra forseti, að þeir sem hafa verið duglegastir við að segja bæði sjálfum sér og öðrum að kerfið væri í lagi og þeir sem héldu öðru fram væru óábyrgir hafa verið býsna iðnir við að koma í stólinn í dag til að benda okkur hinum á hvað væri að og hvað þyrfti að endurskoða, allt frá hv. þm. Pétri Blöndal, sem rakti gamalkunna tillögu sína um að senda þjóðinni heim bréf upp á hlutdeild í auðlindinni, og síðan ýmsir aðrir stjórnarþingmenn sem vildu ýmist þróa smábátakerfið með tilteknum hætti, skilgreina atvinnuréttindin, að sjútvn. finni nýjar leiðir til að koma í veg fyrir innflutning notaðra, gamalla skipa, stjórnarskrárlínan hefur verið uppi, að sett verði sérstök nefnd í málið til að skoða hvort aðrar leiðir séu færar, að sérstaklega verði hugað að minnstu aflamarksbátunum.

Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni var formaður nefndarinnar með margvíslegar hugleiðingar, ég náði ekki að setja þær allar niður en ég veit hann er fús að láta mig fá þær á eftir. *Það er því svo, herra forseti, að fyrir utan þær tillögur* sem við jafnaðarmenn höfum sagt að til greina kæmi að skoða við þessa endurskoðun þá hafa þeir stjórnarþingmenn, sem hafa verið iðnastir við að segja okkur að ekkert væri að og allt væri í lagi, sett hér fram tillögur eða hugmyndir að vinnu hv. nefndar sem mér sýnist, herra forseti, að hljóti að kalla á að öll löggjöfin verði endurskoðuð. Mér sýnist því þegar upp er staðið að það sjónarmið að þess þurfi með hafi notið yfirburðafylgis hv. þingmanna. Ég geri ráð fyrir að listi formanns nefndarinnar, sá sem hann fór hér með í ræðu sinni, muni liggja fyrir á fyrsta fundi nefndarinnar. Sjálf hef ég listað upp ýmislegt af því sem menn hafa stungið upp á hér og geri ráð fyrir að það endist okkur, eins og ég sagði áðan, herra forseti, í yfirferð yfir löggjöfina alla, því það dugar ekkert minna til miðað við þær hugmyndir sem menn eru með.

Ég hef spurt um það, herra forseti, en ekki fengið við því svör. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (StB)**:** Samkvæmt klukku forseta er tíminn u.þ.b. að verða búinn.)

En hér logar enn þá grænt ljós, herra forseti.

(**Forseti** (StB)**:** Já, því miður mun vera nokkur ruglingur á ljósinu.)

Það er ruglingur á ljósinu, hér logar allt á grænu. Ég get lokið máli mínu, virðulegur forseti. Eins og ég gat um fyrr í dag á ég þess kost að fara vandlega yfir málið í hv. nefnd og er búin að átta mig á því hve spennandi og margbrotin sú vinna verður þar sem hugmyndir okkar um yfirferð yfir alla löggjöfina njóta greinilega meirihlutafylgis í þessum sal.

[22:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Við erum búin að vera hér á þingfundi í 12 tíma og lítið samráð hefur verið haft við okkur á þessum degi um þinghaldið. Eins og forseta mun kunnugt hefur ekki verið haldinn fundur með formönnum þingflokka. Það fer nú að líða að lokum þessarar umræðu um sjávarútvegsmál og í hendur okkar þingflokksformanna hefur borist bréf þar sem þess er getið að fundur eigi að hefjast kl. 10 í fyrramálið og þar er tilgreind dagskrá. Fæst af þeim málum sem eru á dagskrá fundarins í dag eru þar. Ég hlýt því að spyrja forseta hvað hann hyggst fyrir um þinghaldið í kvöld. Á að halda áfram mikið lengur? Ég minni á hvíldartímann. Það er búið að boða fund kl. 10 á morgun. Ég vil geta þess að búið er að boða fund í umhvn. núna kl. 11 og þarf ekki að minna forseta á að fundir í nefndum eiga ekki að vera meðan þingfundur stendur. Það er fremur óþægilegt fyrir okkur (Gripið fram í.) sem viljum gjarnan eiga gott samstarf um þinghaldið að hafa enga vitneskju um það hvernig því á að vinda fram öðruvísi en á því blaði sem okkur hefur borist. Því spyr ég forseta hvort hann hyggist ljúka sjávarútvegsumræðunni og hvort þessum fundi verði þá lokið sem hefur þegar staðið svo lengi. Ég spyr forseta um þetta.

[22:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill af þessu tilefni geta þess að gert hefur verið ráð fyrir að halda þessum fundi áfram. Eins og hv. þingmenn vita eru allmörg mál á dagskrá og reynt verður að vinna sem mest í haginn fyrir morgundaginn á þessum degi eða á þeim tíma sem eftir lifir af honum. Forseti getur því ekki svarað öðru til en því að við verðum að sjá hver framvindan verður. Eins og ég sagði þá er nauðsynlegt fyrir okkur að vinna sem *mest í haginn fyrir morgundaginn því það er margt sem ógert* er.

[22:36]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Það er mikill misskilningur að menn séu að vinna sér í haginn með þessum vinnubrögðum. Eins og kom fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sér fyrir endann á umræðunni um sjávarútvegsmál og að mínum dómi er eðlilegt að þingfundi ljúki þegar þeirri umræðu lýkur. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta þingsins á því að nú er verið að boða til funda í þingnefndum, allshn. og umhvn., og það kemur ekki til greina af okkar hálfu sem heyrum stjórnarandstöðunni til að sækja slíka fundi meðan þingfundur stendur. Það er krafa okkar, ef slíkir fundir verða haldnir, að gert verði hlé á þingfundi. En sú krafa sem við sameinumst um er þessi: Að þingfundi ljúki eftir að sjávarútvegsumræðunni linnir og í annan stað að boðað verði til fundar með forseta þingsins og formönnum stjórnarþingflokkanna til að ræða þinghaldið. Við höfum fengið í hendur blaðsnifsi þar sem er að finna hugmyndir forseta um framhald þingsins, ekki einvörðungu á morgun eins og um hafði verið rætt heldur í næstu viku einnig. Á þessu blaði, á þessari skrá sem okkur er afhent er að finna ýmis deiluefni og við viljum fá um þetta umræðu og það þegar í stað.

[22:37]

Kristín Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þingflokksformanna sem hér hafa talað á undan mér. Manni er nú dálítið brugðið við þau vinnubrögð sem hafa verið tekin upp á hv. Alþingi og ég ætla rétt að vona að þau eigi ekki að verða varanleg en hér virðast hafa verið tekin upp harla sérkennileg vinnubrögð og alveg ný, það ég best þekki. Ég minnist þess ekki að samstarf forseta og þingflokksformanna hafi gengið til með þessum hætti, að hér séu ekki haldnir fundir dögum saman og ekkert reynt til að skipuleggja þinghaldið, ekkert reynt til að ná því að standa við starfsáætlun þingsins sem

gerði ráð fyrir að síðasti þingfundur fyrir jól yrði á morgun, laugardaginn 19. desember. Stjórnarandstaðan hefur verið fús til að leggja sitt af mörkum til að það gæti orðið.

Hins vegar hafa stjórnarflokkarnir, eða réttara væri að segja ríkisstjórnin sem virðist ráða því hvernig þingstörf ganga fyrir sig, ekki komið fram með frv. fyrr en alveg á síðustu dögum sem vitað hefur verið lengi að þyrfti að koma fram með og afgreiða fyrir jól, þannig að þetta eru aldeilis dæmalaus vinnubrögð og hefur maður þó oft kvartað einmitt yfir því og gagnrýnt hvernig ríkisstjórnin hefur dregið að koma fram með þingmál sem hún hefur síðan krafist að yrðu rædd og afgreidd á örfáum dögum. Ef þetta á að halda svona áfram þá er augljóst að ekki verður hægt að ljúka þingi fyrir jól. Ég hlýt því að taka undir orð félaga minna um það að hér verði reynt að ræða málin og komast að einhverri niðurstöðu um þinghaldið því þessi óvissa er blátt áfram óþolandi. Sjávarútvegsumræða hefur staðið í allan dag og er nú reyndar að verða lokið. Ég hygg að þingmenn stjórnarflokkanna hafi ekki talað skemur en þingmenn stjórnarandstöðunnar þannig að ekki er við stjórnarandstöðuna að sakast þótt þessi umræða hafi tekið langan tíma, sem var þó ekki óeðlilegt miðað við stærð málsins. En það er dálítið strangt og hart rekið eftir fólki hér og verið að boða okkur til funda í þingnefndum sem við stjórnarandstæðingar höfum hafnað að sækja nema að gert verði hlé á þingfundum eins og margoft hefur verið tekið fram að séu góð og eðlileg vinnubrögð og við höfum viljað standa þannig að því. En ég legg til, hæstv. forseti, að þingfundi verði hætt að lokinni þessari umræðu um sjávarútvegsmálin svo fólk geti fengið eðlilega hvíld fyrir þann dag sem á að hefjast kl. 10 með fundum snemma í fyrramálið.

[22:41]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Við erum búin að eyða öllum þessum degi í umræður, byrjuðum í morgun að ræða um lagafrv. sem er tilkomið vegna hæstaréttardóms um framkvæmd laga um stjórn fiskveiða, og nú eru boðaðir fundir í umhvn. og allshn. sem eiga að hefjast kl. 11, sem líklega eru boðaðir vegna annars hæstaréttardóms sem féll í dag. Þingstörfin snúast nú meira og minna orðið um hæstaréttardóma sem felldir eru yfir störfum þessarar ríkisstjórnar og er mjög sérkennilegt ástand sem hér er að myndast í störfum þingsins. Ég tek undir þá kröfu sem fram hefur komið um að þingstörfum ljúki að lokinni umræðu um sjávarútvegsmálin og ef halda á nefndafundi þá verði a.m.k. hlé gert á þingfundum á meðan. En þetta er, virðulegi forseti, mjög sérkennilegur dagur, þó ekki sé meira sagt, að við skulum eiga að vera hér a.m.k. 12, 13 tíma fyrst og fremst til að ræða mál sem eru tilkomin vegna þess klúðurs sem er í framkvæmd hjá þessari lánlausu, hæstv. ríkisstjórn.

[22:42]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill beina þeirri ábendingu til hv. þingmanna vegna þessarar umræðu um stjórn fundarins að forseta er ljós sú ósk og umkvörtun, þannig að það er e.t.v. ekki ástæða til að halda langar ræður um það og eyða tímanum undir miðnætti í þær umræður. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að fara yfir stöðuna og forseti er fús til að gera það en ég held að tímanum væri best varið í að ljúka þeirri umræðu sem hér stendur yfir í því dagskrármáli sem verið er að ræða fremur en nota tímann í skilaboð til forseta, sem forseta eru þegar ljós og hv. 5. þm. Reykn. kom mjög rækilega og ágætlega á framfæri. (**Gripið fram í:** En þingnefndarfundirnir?) (**SJS:** Við viljum fá hlé strax.)

[22:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að forseti geri réttast í því að átta sig á að það er allt upp í loft. Ekkert samkomulag er um tilhögun þinghaldsins og það liggur þegar í loftinu að hér verði fundað eftir helgi og jafnvel milli jóla og nýárs og strax í byrjun janúar og þá það. Þá er það bara þannig. Menn eiga þá ekkert að vera að væla yfir því, hátíðarnar fara í þetta og við höfum svo sem séð það svartara sum okkar, sem verið hafa hér lengi. Ég held við eigum ekkert að vorkenna okkur þess vegna úr því ríkisstjórnin vill hafa þetta svona, úr því hún vill keyra öll ágreiningsmál áfram með ofbeldi, hvert á fætur öðru og ekki leggja neitt af mörkum til að liðka fyrir samningum, þá hefur það sinn gang. Þess vegna held ég við eigum að funda hér með eðlilegum hætti, hafa þetta eðlilega vinnudaga, hóflega lengd á fundum og eðlilegan nætursvefn þar á milli og bara taka því sem að höndum ber í þessum efnum. Þess vegna held ég að forseti eigi að hafa vit á því, ég leyfi mér að segja það, orða það þannig, herra forseti, að taka vel skynsamlegum óskum af því tagi sem hér voru bornar fram og verða umsvifalaust við þeim. Það breytir engu í þessu ástandi hvort menn þumbast við einhverjum klukkutímum skemur eða lengur á hverju kvöldi og ræna sig einum, tveimur eða þremur tímum af nætursvefni. Það hefur ekkert sérstakt upp á sig. Ég held því, herra forseti, að langskynsamlegast sé að fara að kalla þetta gott í dag. Þetta er orðinn alveg sæmilegur dagur frá því í morgun og nú er að nálgast miðnætti og er þó ekki allt búið enn því að nú eru boðaðir nefndarfundir, er það ekki, herra forseti? Þetta er það verklag sem menn vilja hafa á hlutunum og svona vilja menn birta þjóðinni þingstörfin rétt fyrir hátíðarnar og þá það. Það er alveg ljóst hver ber ábyrgðina á þessu og hver ræður. Það er ríkisstjórnin með sínum ofsa í að knýja öll þessi mál í gegn.

Herra forseti. Ég fer eindregið fram á það að forseti geri a.m.k. fundarhlé til að menn geti aðeins talað saman og svo sé reynt að láta eitthvað liggja fyrir til dags eða tveggja í senn um það sem fram undan er á meðan þetta ástand varir.

[22:46]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að boðað mun til fundar með formönnum þingflokka þegar umræðunni um sjávarútvegsmálin er lokið. Einungis einn hv. þm. er á mælendaskrá og því stutt í það. Forseti mun beina því til formanna nefnda að ekki verði efnt til neinna funda fyrr en þeirri umræðu er lokið.

[22:46]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir þær óskir sem fram hafa komið hjá fulltrúum stjórnarandstöðunnar varðandi vinnubrögð. Það hefur líklega verið upplýst, ekki einungis um fundinn í umhvn. heldur hafa nefndarmenn í allshn. einnig verið boðaðir á fund. Bersýnilega verður að gera fundarhlé þannig að menn geti ráðið málum í samræmi við reglur sem forseti setur.

Ég veit að á dagskránni eru fjölmörg mál sem tengjast nefnd sem ég á sæti í, þ.e. efh.- og viðskn. Sum þeirra eru ágreiningsmál. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvenær ég geti búist við að mál sem tengjast nefndarstörfum mínum komi

hér á dagskrá. Þó að þingflokksformenn muni vitaskuld ráða hér málum áfram með forseta vildi ég vita hvernig dagskráin verður varðandi þau mál sem snerta efh.- og viðskn.

[22:48]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti verður því miður að viðurkenna að ekki er auðvelt að segja til um það sem hv. 11. þm. Reykn. spurði um, fyrr en þessari umræðu er lokið og forseta og formönnum þingflokka hefur gefist tími til þess að fara yfir stöðu málsins. Þess vegna leggur forseti ríka áherslu á að okkur takist að ljúka þessari umræðu og beinir því eindregið til hv. þingmanna að stytta mál sitt um fundarstjórn forseta.

[22:48]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það eru engar ýkjur að þessi dagur hefur verið mjög sérstæður. Í allan dag höfum við fjallað um dóm Hæstaréttar í sjávarútvegsmálum og hefur farið fram mikil umræða um það. Núna rétt í þessu, fyrir svona tíu mínútum, var sá er hér stendur boðaður á fund í hv. umhvn. Ég held, virðulegi forseti, að mikilvægt sé að fram komi afstaða forseta til að fundað sé á meðan á þingfundum stendur. Ég held að það sé mikilvægt að sú afstaða komi fram. Meginreglan hér hefur verið að funda ekki í þingnefndum á sama tíma og fundað er í þingsal.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé fráleitt að ætla í skjóli myrkurs, því að klukkan er farin að nálgast miðnætti, að fjalla um það hvort nefndir ætli að leggja fram frv. til þess að breyta hæstaréttardómi sem féll í dag. Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé ekki samboðið við virðingu þingsins. Ég hvet til þess að fram komi afstaða forseta til þess hvort rétt sé að þingnefndir fundi kl. ellefu í kvöld.

[22:50]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna þessara óska vill forseti segja að þegar komið er fram undir jól þá verður að ganga til verka eins og best getur orðið. Það er eina svarið sem hægt er að gefa á þessari stundu. Forseti hefur óskað eftir því að hægt verði að ná fundum með forseta og formönnum þingflokka að lokinni þessari umræðu.

[22:51]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið sett fram mjög skýr krafa af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hún er sú að þegar í stað verði gert hlé á þessum fundi og efnt til fundar með formönnum þingflokkanna og forseta þingsins um framhaldið.

Á undanförnum dögum hefur verið reynt að ná samkomulagi um þinghaldið. Þegar það hefur tekist hefur samdóma álit allra sem að málinu koma verið að það hafi verið til góðs. Sannast sagna, hæstv. forseti, skil ég ekki þá óbilgirni sem okkur er sýnd. Krafan er einvörðungu sú að hlé verði gert á þessum fundi þegar í stað, efnt til fundar með formönnum þingflokka og forseta þingsins og vinnubrögðin rædd. Þetta er afdráttarlaus krafa og á henni ætlum við að standa.

[22:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Forseti hefur lagt til að þingfundi verði haldið áfram, að menn verði að vinna sér í haginn og halda áfram með þá löngu dagskrá sem er á borðum okkar. Ég vek athygli á því að við erum stödd við þriðja dagskrármál. Forseti segir við okkur að ganga þurfi til verka og á þessum árstíma viti þingmenn það. Það sem við þingmenn stjórnarandstöðu vitum og höfum þekkt er gott samstarf um þingstörfin þegar lokin nálgast fyrir jól eða á vorin.

Herra forseti. Við áttum góðan fund með þingflokksformönnum og forseta eftir hádegið í gær. Við lögðum drög að störfum þingsins eins og þau mundu verða í gær og í dag. Áður en dagurinn var að kveldi kominn var búið að gjörbreyta þeirri áætlun og samskiptin við stjórnarandstöðu komin í tilskipanastíl.

Herra forseti. Þannig gengur maður ekki til verka á hv. Alþingi. Það gengur ekki að okkur séu sendir miðar þar sem fram kemur að mæta eigi kl. 10 í fyrramálið, okkur sé sagt að hér eigi að vera fram eftir nóttu, á sama tíma eiga menn að mæta á fund í umhvn. eða allshn. Slíkt gengur aðeins þegar gott samstarf er um þinghaldið. Það gerist í sátt um að koma þurfi málum áfram, að nefndir koma saman til að liðka fyrir.

Herra forseti. Það er mikill misskilningur ef stjórnarliðar halda að þeir hafi svo sterka stöðu og mikil völd að hér verði einfaldlega valtað yfir stjórnarandstöðuna eins og hún hafi ekkert að segja. Lýðræði er ekki bara meirihlutavald þeirra sem setja lögin. Lýðræði er skikkanlegt samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu um vinnubrögð á Alþingi. Menn mega ekki rugla þessu tvennu saman. Lýðræði er ekki vald annars helmingsins yfir hinum, aldeilis ekki, herra forseti.

Ég mótmæli harðlega þessum grófu vinnubrögðum. Við óskum eftir að nú þegar verði fundað um störf þingsins, ekki eftir að næsti ræðumaður hefur talað. Forseti hefur sagt að aðeins einn ræðumaður sé á mælendaskrá. Það er nokkuð sem gæti breyst. Við óskum eftir því að fundurinn verði núna og við okkur rætt eins hjá skikkanlegu fólki á almennilegum þjóðþingum.

[22:55]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Fyrir síðustu helgi var rætt um mjög hliðstætt mál. Þá skýrði forseti frá því, hv. þm. Ólafur G. Einarsson sem sat í forsetastól, að öllum þingmönnum væri kunnugt um að vilji forseta væri sá að ekki væru haldnir nefndarfundir á sama tíma og þingfundir færu fram nema um það væri full sátt. Ég bið virðulegan forseta að láta fletta upp í umræðum frá þessum degi til þess að ganga úr skugga um að ég fer með rétt mál.

Ég spyr: Hefur hæstv. forseti breytt þessari afstöðu sinni? Hefur hann breytt þeirri venju sem verið hefur á Alþingi um margra ára skeið, að samkomulag sé um að ekki séu haldnir nefndarfundir á sama tíma og þingfundir standa yfir nema í fullri sátt við þá þingmenn sem verða þá að velja á milli þess hvort þeir sitja á nefndarfundum eða taka þátt í störfum Alþingis?

Herra forseti. Ég vil líka spyrja hvað valdi því að okkur þingmönnum var tjáð það fyrir miðjan dag í gær að samkomulag væri um fundarhaldið. Okkur var tjáð að samkomulag væri um að afgreiða þau mál sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að afgreiða fyrir jól og koma síðan saman aftur þann 19. jan. til að takast á við afgreiðslu þess frv. sem nú er í umræðu. Hvað veldur því og hver réð því að þessu samkomulagi var hnekkt?

Ég spyr hæstv. forseta þar sem hér er til umræðu mjög afdrifaríkt mál og alvarlegt, sem nauðsynlegt er að sjútvn. hafi tíma til þess að skoða: Hvernig halda menn að afgreiðslan verði hjá nefndinni ef hún á að ljúka umfjöllun sinni og

tillögugerð fyrir 2. umr. þann 5. jan. nk., þegar ekki verður séð að nefndin hafi nema í mesta lagi tvo til þrjá daga til þess að vinna í málinu, jafnvel þó að hún vinni í hléinu á milli jóla og nýárs?

Virðulegi forseti. Ég ítreka þessar spurningar mínar:

1. Hefur forseti breytt þeirri afstöðu sem kom fram hjá forseta í umræðum um þessi mál fyrir helgi?

2. Hver er ástæðan fyrir því að samkomulaginu sem vart var búið að gera og lá fyrir fyrir miðjan dag í gær var hnekkt? Hver réð því?

3. Finnst hæstv. forseta eðlilegt að þetta yfirgripsmikla mál sem nú er verið að ræða fái þá umfjöllun sem gert er ráð fyrir núna?

[22:58]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna þeirra spurninga sem hv. þm. bar upp við forseta er rétt að vekja athygli á því að þrátt fyrir það að forseti hafi töluvert um þinghaldið að segja þá gilda hér þingskapalög og 20. gr. þeirra hljóðar svo:

„Nefndarfundi skal ekki halda þegar þingfundur stendur yfir. Frá þessu má þó víkja ef nefndarmenn samþykkja og forseti hreyfir ekki andmælum."

Þetta er sú meginregla sem við vinnum eftir hér á Alþingi og frá henni er ekki vikið nema, eins og hér segir, að um það sé samkomulag og forseti leyfi. Forseti vill benda á það vegna þessarar umræðu.

Um aðra hluti sem hv. þm. nefndi tel ég rétt að ræða á þeim fundi sem forseti hefur sagt frá að boðaður verði innan tíðar. Forseti sér ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það.

[22:59]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Mér sýnist horfa heldur óvænlega með framhald þinghaldsins. Ég hélt að skapast hefði í gær sæmilegt samkomulag um það hvernig menn héldu hér á málum. Nú virðist það allt vera upp í loft og það er ekki farsælt, virðulegur forseti. Hitt er annað mál að ætli menn að halda áfram þinginu hér og þinga fram yfir áramót þá verða þingmenn að taka því, sé það er meining meiri hluta á Alþingi og meining forseta.

Varðandi boðun á nefndarfund, þá hef ég heyrt að til stæði að halda fund í umhvn. þingsins nú kl. 11. Ég óska eftir því, virðulegur forseti, að ekki verði af því fundarhaldi á meðan umræður standa hér yfir í þingsal. Eins og hæstv. forseti hefur nýlega rifjað upp liggur það fyrir af minni hálfu að ég hafna því að haldnir séu nefndarfundir. Ég lýsi því yfir að ég er ósamþykkur því sem nefndarmaður í umhvn. þingsins að settur verði á nefndarfundur meðan umræða stendur yfir hér.

Ég vil líka, virðulegur forseti, að fram komi að ég hefði haft áhuga á því að ræða um málið sem hér er á dagskrá. Ég hef hins vegar ekki skráð mig á mælendaskrá, m.a. vegna þess að ég hélt að ætlun manna væri að ná saman um þinghaldið til að ljúka því. Mér þykir mjög miður hvernig hér er haldið á málum. Ég held að allir átti sig á því, líka þeir sem skipa nú meiri hluta og hafa verið í minni hluta hér í þinginu fyrir ekki mjög löngu síðan, hversu óviturlegt er að standa að málum eins og hér er gert. Ég vænti þess að hæstv. forseti og forsn. þingsins nái áttum í sambandi við þessi mál og taki upp betri vinnubrögð. Mér hefur fundist ágætis viðleitni hér á undanförnum árum til að eiga gott samstarf við formenn þingflokka og ná sem breiðustu samkomulagi. Ég tek hins vegar eftir því að farið er að fenna yfir þessi góðu áform nú á þessu þingi. Mér þykir mjög miður ef núverandi hæstv. forsn., og sérstaklega aðalforseti þingsins, sem lagt hafði sig fram um það á liðnum þingum að hér skapaðist góður friður um þinghaldið, reynir ekki að gæta að sóma sínum í sambandi við framhaldið. Þeir ættu a.m.k. að halda svo á málum að ekki komi niður á þinginu og störfum þess, virðulegur forseti.

[23:02]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Forseti vitnaði áðan til þingskapa og sagði að tvennt þyrfti til til þess að hægt væri að halda nefndarfundi á meðan þingfundir standa og að annað væri samþykki nefndarmanna. Það hefur ekki verið borið undir okkur hvort við samþykkjum að fundurinn verði haldinn í umhvn. eða allshn. Það hefur ekki verið leitað eftir neinu samþykki af hálfu stjórnarandstöðunnar til þess. En ég spyr virðulegan forseta: Hefur forseti samþykkt að þessi fundir verði haldnir á þeim tíma sem þeir voru boðaðir?

[23:03]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held það væri skynsamlegast að gera núna hlé á umræðum til að reyna að ná samkomulagi. Það er hægur vandi fyrir þá sem vilja og eiga eftir að tjá sig í því dagskrármáli sem nú er til umræðu að gera svo, ef menn endilega vilja það. En það er náttúrlega ekki leiðin til þess að stuðla eins fljótt og verða má að samkomulagi hér í þinginu.

Ég ítreka þær tvær spurningar sem ég bar fyrir hæstv. forseta áðan. Ég spurðist fyrir um það sem þingmaður, hvað hefði orsakað það að samkomulagi sem var í burðarliðnum um miðjan dag í gær hefði verið hrundið og hver hefði gert það. Ég óskaði eftir að fá að vita það sem almennur þingmaður en ekki að fá einhverjar upplýsingar um það á fundi sem ég á enga möguleika á að sitja. Ég ítreka því spurninguna við hæstv. forseta. Getur forseti ekki svarað því hvers vegna samkomulag, sem stjórnarandstaðan var reiðubúin að standa að í gær og er skynsamlegt og ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum hagkvæmt, var ekki staðfest. Ef ég get ekki fengið svar við þeirri spurningu öðruvísi en einhvers staðar í lokuðu herbergi þar sem ég og fleiri þingmenn eiga enga möguleika á að hlýða á umræður, þá vildi ég gjarnan að forseti skýrði það fyrir mér.

[23:05]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því að á fundum forseta og formanna þingflokka eiga allir þingmenn sína fulltrúa þannig að ekki ætti að fara milli mála hvaða niðurstöður eru þar fengnar. Forseti veit ekki til þess að fallið hafi verið frá neinu samkomulagi þannig að það er það svar sem hægt er að gefa á þessari stundu.

Forseti telur rétt að gert verði hlé á fundinum, en vill lesa upp útbýtingartilkynningar áður en til þess kemur þannig að hv. þm. viti hvað til stendur. (Gripið fram í.)

Vegna fyrirspurna getur forseti þess að til hans hafa ekki komið neinar óskir um nefndafundi þannig að ekki hefur gefist færi á að taka afstöðu til þess. (**ÖJ:** Ætlarðu að gera hlé?) Forseti hafði hugsað sér að gera tíu mínútna hlé og vill eindregið beina þeim orðum til hv. þm. að gott samstarf náist um að ljúka þessu. Hins vegar er ástæða til að geta þess til að rifja upp störf þeirrar starfsstéttar sem hér er mjög nefnd, að vinnudagur trillukarla er oft langur, þannig að þingmenn

ættu að minnast þess áður en gengið er til starfa hér. (Gripið fram í.) Það er gefið tíu mínútna hlé.

[23:06]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1998, 173. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 547; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 548.

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 551; frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 567.

[Fundarhlé. — 23:07]

[23:49]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Umræður um þetta dagskrármál eru orðnar nokkuð langar en langt í frá er að nokkuð óeðlilegt sé við það því að þetta er mikið mál sem hefur verið til umfjöllunar og deilur hafa staðið um það í mörg ár. Hæstiréttur hefur úrskurðað um mörg þau deiluefni sem tekist hefur verið á um og það er nú ekki hægt að segja að sá úrskurður hafi fallið hæstv. sjútvrh. eða fyrirrennara hans, hæstv. núv. utanrrh., í vil nema síður sé.

Hæstv. sjútvrh. hefur m.a. sagt í ræðum hér og annars staðar að ef svo færi að einhverjar breytingar yrðu gerðar á því kerfi sem hann hefur verið ábyrgur fyrir, kerfi sem kennt var upphaflega við hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson en er nú orðið barn þeirra tveggja hæstv. ráðherra, ef einhverju yrði breytt í því kerfi þá væri um að ræða fjárhagslegt áfall fyrir byggðir landsins.

Hæstv. ráðherra talaði eins og hann geri sér ekki grein fyrir því að það kerfi sem við höfum búið við núna um margra ára skeið hefur leitt til alvarlegs fjárhagslegs áfalls fyrir fjölda einstaklinga og fjölda byggðarlaga. Hann talar eins og slíkt hafi ekki gerst, eins og núverandi stjórnkerfi eða öllu heldur framkvæmd þess hafi ekki skaðað nokkurn mann heldur bara valdið því að útgerðin hafi gengið betur, sjómennirnir fengið hærri hlut og þjóðarbúið rétt úr kútnum.

En það er ekki aldeilis svo að núverandi kerfi hafi ekki skaðað neinn. Þegar ég var að alast upp vestur á Patreksfirði fyrir nokkuð löngu síðan, löngu áður en til kom sú nýja tækni í fiskveiðum og fiskvinnslu sem nú er allsráðandi á Íslandi, þá voru menn að vinna þar í tveimur frystihúsum á staðnum, 12–13 þús. tonn á hverju einasta ári.

Sá kvóti sem eftir er á öllu suðursvæði Vestfjarða í dag er innan við 3 þús. tonn, ekki bara á þessum eina stað heldur öllum nálægum byggðarlögum frá Arnarfirði til Patreksfjarðar. Þetta er afleiðing af því stjórnkerfi sem við höfum búið við. Og láta menn sér til hugar koma að enginn hafi beðið fjárhagslegan skaða af þessu? Láta menn það sér til hugar koma að það sjáist ekki á afkomu sveitarfélaganna á þessu svæði? Láta menn það sér til hugar koma að það sjáist ekki á afkomu fólksins sem þarna býr, fólks sem verður að sæta því hlutskipti að sitja uppi því sem nær eignalaust vegna þess að húseignir þess sem það byggði upp á þeim árum þegar sjávarútvegur var stundaður þaðan með góðum árangri eru nú því sem næst verðlausar því enginn vill kaupa? Ætlar hæstv. sjútvrh. að halda því fram við þetta fólk að núverandi kerfi hafi engan skaðað fjárhagslega?

Hæstv. sjútvrh. hefur sagt að engar tillögur hafi komið frá stjórnarandstæðingum eða öðrum um breytingar á þessu kerfi. Það er rangt og hæstv. ráðherra veit það sjálfur. Hann veit að fyrir Alþingi liggja og hafa legið á undanförnum árum fjölmargar tillögur til breytinga, ekki á aflamarkskerfinu út af fyrir sig, heldur á framkvæmd þess, og það er einmitt framkvæmd aflamarkskerfisins en ekki kerfið sjálft sem Hæstiréttur hefur dæmt að ekki gangi saman við stjórnarskrá. Fjölmargar tillögur hafa legið hér fyrir um breytingu á þessari framkvæmd.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði fram slíkar tillögur á meðan hann var í Alþb. og áður en hann gekk kaupum og sölum yfir til Framsfl., við kristnitökuna hina nýju. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lagt fram ýmsar brtt. við lög um stjórn fiskveiða. Við höfum gert það jafnaðarmenn. Meira að segja flokksmenn hæstv. sjútvrh., þeir hv. þm. Guðjón Guðmundsson og Guðmundur Hallvarðsson, hafa lagt fram á Alþingi breytingartillögur við mjög þýðingarmikla grein í fiskveiðistjórnarlögunum sem ganga út á að aflaheimildir verði ekki framseljanlegar fyrir peninga. Þannig að halda því fram, eins og hæstv. sjútvrh. hefur gert, að engar brtt. á þessu kerfi eða á framkvæmd þessa kerfis liggi fyrir á Alþingi er út í hött. Hann veit miklu betur.

Það vill auk þess svo til, herra forseti, að í gær var lögð fram á vegum Bandaríkjaþings mjög ítarleg úttekt um reynslu á kvótakerfum í sjávarútvegi þar sem fjölmargir fræðimenn sem hafa verið að vinna að því máli á undanförnum árum komu með úttektir og tillögur um hvernig framkvæmd á kvótakerfi gæti t.d. samrýmst þeim niðurstöðum um jafnræði þegnanna, jafnrétti og jafnan rétt til atvinnu, sem Hæstiréttur hefur nú notað sem forsendur fyrir úrskurði sínum. Og það vill svo til að í þessari nefnd sem starfaði á vegum Bandaríkjaþings, sérfræðinganefnd á vegum þingsins, eru tveir Íslendingar. Það eru því hæg heimatökin hjá okkur, sjútvrh. og öðrum, að skoða þessa ítarlegu umfjöllun þegar menn eru að reyna að átta sig á því hvaða breytingar sé eðlilegt og sanngjarnt að gera á framkvæmd aflamarkskerfisins eftir dóm Hæstaréttar.

Bandaríkjaþing fól Rannsóknarráði Bandaríkjanna að vinna ítarlega skýrslu um reynsluna af kvótakerfum. Í þessari nefnd voru skipaðir 15 einstaklingar úr ólíkum greinum og með ólík sjónarmið og hafa frá því haustið 1997 unnið að ítarlegri úttekt á reynslunni af kvótakerfum í sjávarútvegi. Nefndarmennirnir eru að vísu einkum bandarískir fræðimenn úr ýmsum greinum, hagfræðingar, lögfræðingar, stjórnmálafræðingar, mannfræðingar, líffræðingar og framkvæmdastjóri stórfyrirtækis. En þrír erlendir fræðimenn voru valdir til setu í nefndinni vegna sérþekkingar sinnar og þar af voru tveir Íslendingar, dr. Gylfi Pálsson, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, og Rögnvaldur Hannesson, prófessor í hagfræði við norska viðskiptaháskólann í Bergen.

Þessir aðilar hafa skilað skýrslu sem er á sjöunda hundrað bls. Og í viðtali við dr. Gísla Pálsson í Morgunblaðinu í dag skýrir hann frá ýmsum helstu niðurstöðum af þessari úttekt.

Í dómi Hæstaréttar segir m.a., herra forseti, orðrétt:

„Eins og áður getur taldi löggjafinn brýnt að grípa til sérstakra úrræða á árinu 1983 vegna þverrandi fiskstofna við Ísland. Var skipting hámarksafla þá felld í þann farveg, sem hún hefur síðan verið í, að úthlutun veiðiheimilda yrði bundin við skip. Er óhjákvæmilegt að líta svo á, að þessi tilhögun feli í sér mismunun milli þeirra, sem leiða rétt sinn til veiðiheimilda til eignarhalds á skipum á tilteknum tíma, og hinna, sem hafa ekki átt og eiga þess ekki kost að komast í slíka aðstöðu. Þótt tímabundnar aðgerðir af þessu tagi til varnar hruni fiskstofna kunni að hafa verið réttlætanlegar, ... verður ekki séð, að rökbundin nauðsyn hnígi til þess að lögbinda um ókomna tíð þá mismunun, sem leiðir af reglu 5. gr. laga nr. 38/1990, um úthlutun veiðiheimilda.“

Með öðrum orðum segir Hæstiréttur í forsendum að dómi sínum að það sé í fyllsta máta óeðlilegt og brot á tveimur greinum stjórnarskrár og 1. mgr. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um sameign landsmanna á þessari auðlind, að festa til frambúðar það kerfi að aðeins geti notið aflaheimilda þeir útgerðarmenn sem áttu skip sem veiðar stunduðu fyrir 18 árum. Það sé óheimilt og óeðlilegt.

Þegar umræðan fór fram árið 1983, þegar kvótakerfið var upphaflega sett á, voru þessi mál einmitt til umræðu. Þá var til umræðu hvort rétt væri að gera ráð fyrir því að veiðreynsla hafi aðeins skapast fyrir tilverknað eigenda skipa. Hvað um sjómennina sem voru um borð í skipunum? Áttu þeir ekki sinn hlut í því að skapa veiðireynslu þessara ára, jafnvel umfram þá sem aldrei stigu inn fyrir borðstokk skipanna, þó þeir ættu þau? Og hvað um fiskverkafólkið, virðulegi forseti, sem margt á þeim tíma vann bæði nætur og daga, helgar jafnt sem virka daga ... (Forseti hringir.) Er tíminn búinn? ... helgar jafnt sem virka daga til þess að skapa veiðireynslu en kvótanum var síðan úthlutað á grundvelli hennar.

Ég er með bréf frá einum af þessum sjómönnum sem hefur stundað sjómennsku og skipstjórn síðan hann var 17 ára gamall. Nú 30 árum síðar hefur hann nánast engan veiðirétt, þarf að kaupa allar sínar aflaheimildir dýrum dómum af þeim einstaklingum sem fengu þessar aflaheimildir fyrir ekki neitt, og getur nú varla rekið sitt skip eðlilega.

Í skýrslu þeirri sem dr. Gísli Pálsson greinir frá í Morgunblaðinu er einmitt fjallað um þessi atriði, (Forseti hringir.) virðulegi forseti, og sagt að full ástæða sé til — og það er niðurstaða skýrslunnar — að úthlutun aflaheimilda sem byggist á veiðireynslu taki mið af hagsmunum sjómannanna sem veiðireynsluna sköpuðu ekkert síður en útgerðarmannanna sem eiga í skipum. Skyldi það ekki skipta máli, virðulegi forseti? Öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi í dag varð þannig til að skipstjórnarmanni var úthlutað kvóta, úthlutað veiðireynslu sem hann hefur síðan byggt á. (Forseti hringir.) Það eru því margar tillögur til um það hvernig hægt er að bregðast við dómi Hæstaréttar með þeim sanngjarna hætti að auðlind fjöldans skuli ekki skipt upp á milli örfárra einstaklinga.

[00:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið. Það var fyrst og fremst eitt atriði sem mér vannst ekki tími til að koma inn á eins og ég hafði ætlað mér í fyrri ræðu minni og það varðar útkomu smábáta í þessu frv. Ég vil segja það fyrst um þessa umræðu að hún er orðin býsna löng og það er eðlilegt, hér er stórt mál á ferð en ég sakna á köflum meira innihalds, þ.e. hvað varðar glímuna við það mál sem er á ferðinni. Eins og stundum vill verða hefur þetta lent oft um víðan völl og mér hefur til að mynda fundist málflutningur margra stjórnarliða, herra forseti, vera örlítið sérkennilegur. Það hefur ekki leynt sér að margir þeirra hafa verið hikandi, svo ekki sé nú sagt meira, jafnvel hræddir við að ræða efni frv. sjálfs en hafa þar af leiðandi farið ýmsar skógarferðir í kringum málið og fjallað á almennum nótum um sjávarútvegsmál og lýst samstöðu sinni með öllum þeim sem eiga bágt í þessu sambandi en minna gert af því að ræða sjálft viðfangsefnið sem hér er lagt fyrir í frumvarpsformi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er auðvitað verkefnið sem við stöndum frammi fyrir, að vinna með þetta frv. og afgreiða það. Ég held að menn séu hræddir, skíthræddir í málinu og fara þar af leiðandi í kringum það eins og kettir í kringum heitan graut, þegar þeim er gefinn hann í skál á gólfinu. Það þarf ekki að lýsa því fyrirbæri frekar.

Í öðru lagi, herra forseti, er alveg ljóst að sú leið sem er valin hvað varðar frágang mála gagnvart smábátunum verður náttúrlega enn ein skrautfjöðurin í þann hatt eða hitt þó heldur. Bætist þá við enn ein aðgerðin af þessu tagi þar sem útkoman verður heilmikil mismunun, hjá því fer ekki. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst dapurlegt ef menn ná ekki einu sinni nú í þessari tilraun utan um það að stokka upp málefni smábátaflotans í heild sinni, þ.e. hvað varðar fiskveiðastjórnun á öllum þeim flota því það fyrirkomulag er allt meira og minna ónýtt og ætti í raun og veru að henda því öllu vegna þess að í því er fólgin alveg gjörsamlega ólíðandi mismunun og hefur lengi verið þar sem aðilar hafa komið mjög mismunandi út, jafnvel bara út á hreina heppni þegar menn voru neyddir til að velja milli tveggja kosta og gerðu það í fullkominni óvissu og annar hópurinn kom vel út en hinn kannski illa. Það gerðist 1990 þegar mönnum var stillt upp við vegg og þeir urðu að velja annaðhvort aflamark eða sækja á krókum og margir sem töldu sig þá þokkalega setta með aflamark sitt völdu það en aðrir völdu krókana en gátu svo aukið afla sinn margfalt á við það sem hinir höfðu á sama tíma og þeir voru skornir niður jafnt og þétt eftir því sem þorskveiðiheimildirnar voru teknar niður á árunum frá 1990 til 1994–1995 eða hvenær það nú var sem það snerist við.

Ef það á að verða niðurstaða að setja alla handfæra- og línubáta á meðaltalskvóta á næsta fiskveiðiári upp á kannski 9 tonn er enn brotið í blað. Þá er enn valin ný aðferð vegna þess að í öðrum fyrri tilvikum hefur verið stuðst við veiðireynslu, jafnvel veiðireynslu sem hefur myndast við aðstæður eins og þær sem urðu í sókn krókaflotans á árunum 1990 til 1994. Hvers vegna er þá ekki farið eins með þennan hóp núna? Potturinn var heldur betur stækkaður til að unnt væri að taka inn veiðireynslu krókaflotans sem fór langt fram úr þeim 4.000 tonnum sem þar, ef ég man rétt, átti einu sinni að skipta út og gekk auðvitað ekki upp. Mér sýnist þar af leiðandi, herra forseti, verði þetta niðurstaðan, að verið sé að búa til enn eina mismununina inn í þetta kerfi og það er nóg komið. Þarna verða settir upp hlið við hlið menn með mjög mismunandi stöðu í málinu. Ég hefði talið að einhvers konar heildaruppstokkun á fiskveiðistjórninni hvað varðaði smábátana að menn ættu þá að grípa tækifærið núna. Mér er alveg ljóst að það er ekki auðvelt vegna þess sem liðið er að koma því við og sennilega yrði að byggja það á því að menn mættu velja á milli reynslu sinnar eða þess sem þeir hafa í núgildandi ástandi, þorskaflahámarksbátar og aflamarksbátar, ellegar menn mættu velja einhverja viðmiðun sem sett yrði þarna inn og allir aðrir bátar ættu kost á að vera á. Ég hef séð það þannig fyrir mér að þetta yrðu óframseljanleg, einhvers konar sveigjanleg kerfi með eftir atvikum einhverjum sóknartakmörkunum en fyrst og fremst með þá óframseljanlegu hámarki sem gætu þess vegna tekið mið af stærð bátanna með einhverjum hætti.

Þetta eru auðvitað gamalkunnugar hugmyndir sem menn hafa oft verið með og mundu þýða að menn yrðu til mikilla muna jafnar settir en þeir eru í núverandi kerfi. Hitt tek ég undir og fagna að sett sé girðing til að slá skjaldborg um það sem eftir er af þessari útgerð, þ.e. að hópurinn megi þá ekki selja hér eftir veiðiheimildir upp fyrir sig. Sams konar girðing þyrfti að koma ofar í bátaflotann þannig að sömuleiðis væru bátar af millistærð teknir út undan almenna kerfinu og hafðir

sérstakt lag í útgerðinni. Að mínu mati er a.m.k. alveg ljóst, herra forseti, að þessi ákvæði um smábátana þurfa að skoðast mjög vandlega, Alþingi er vant því, það er yfirleitt þannig að mikil orka hefur farið í málefni þeirra á undanförnum árum þótt ekki hafi tekist betur til en raun ber vitni og mætti margt um það segja en skal ekki fjölyrt frekar um það hér. En mér sýnist ljóst, herra forseti, að eins og frv. er úr garði gert og er hent inn með þessum bráðabirgðaákvæðum og síðan þessum meðaltalskvóta á næsta fiskveiðiári er ákaflega lítt hugsað og gengur tæpast upp þannig að það atriði verður sjútvn. að taka til rækilegrar skoðunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingalög, 3. umr.

Stjfrv., 122. mál (björgun). — Þskj. 533.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, 3. umr.

Stjfrv., 322. mál. — Þskj. 389.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norræni fjárfestingarbankinn, 3. umr.

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 333.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1997, 3. umr.

Stjfrv., 3. mál (niðurstöðutölur ríkissjóðs). — Þskj. 3.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[00:09]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, 279. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 557; nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 558; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 559.

Fjáraukalög 1998, 173. mál, brtt. JónK og StB, þskj. 574.

Fjárlög 1999, 1. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 550; brtt. GÁS og RG, þskj. 563; brtt. HG, þskj. 568, 569, 570; brtt. HG o.fl., þskj. 571.

Hafnaáætlun 1999–2002, 291. mál, brtt. GÁS og RG, þskj. 564.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 334. mál, nál. sjútvn., þskj. 562.

Stjórnarskipunarlög, 254. mál, brtt. stjórnarskrárn., þskj. 560; nál. stjórnarskrárn., þskj. 561.

Lögheimili, 2. umr.

Stjfrv., 185. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 201, nál. 523.

[00:10]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að 1. mgr. 8. gr. laganna verði breytt þannig að barn 17 ára og yngra skuli eiga sama lögheimili og foreldrar þess ef þeir búa saman, en ella hjá því foreldrinu sem hefur forsjá þess. Var áður miðað við 15 ára aldur. Búi barnið hjá öðrum verður það ekki skráð með lögheimili þar nema með samþykki foreldra eða með annarri lögmæltri skipan.

Hinn 1. jan. 1998 tóku gildi ný lögræðislög, nr. 71/1997, þar sem sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Í kjölfar þess að lögin voru samþykkt skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að gera tillögur um hvaða lögum þyrfti að breyta við hækkun sjálfræðisaldurs. Lagði umrædd nefnd m.a. til þá breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Er ljóst að ósamræmi er nú milli umræddra laga um þetta atriði og því nauðsynlegt til samræmis að gera þessa breytingu á lögheimilislögum.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að nokkuð virðist skorta á að breytingar sem gera verður á lögum vegna hækkunar sjálfræðisaldurs séu gerðar á samræmdan hátt. Er því talsverð hætta á ósamræmi milli laga um þetta efni. Leggur nefndin áherslu á að nauðsynlegt er að móta heildarstefnu í þessum efnum sem fyrst.

Þá telur nefndin nauðsynlegt að heildarendurskoðun fari fram á lögum um lögheimili í ljósi breyttra þjóðfélagshátta.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

[00:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Örstutt um þetta mál. Miklar breytingar hafa orðið á stöðu fjölskyldunnar á undanförnum árum. Það er orðið mjög algengt að fjölskyldan búi ekki á sama staðnum, innan lands sem erlendis um lengri eða skemmri tíma. Hjón geta búið á Íslandi, annar aðilinn á Íslandi og hinn aðilinn í útlöndum í námi, og þetta er þekkt. Einnig búa börnin um lengri og skemmri tíma, bæði erlendis og innan lands á öðrum stöðum en foreldrarnir. Það er sem sagt orðið mjög brýnt að taka á því að gera þá breytingu á lögheimilislögunum að fjölskyldan geti haft lögheimili víða, þ.e. að hver fjölskyldumeðlimur geti haft lögheimili á þeim stað þar sem hann býr án þess að rjúfa fjölskylduna. Þetta eru hagsmunir

sjómanna sem ráða sig til vinnu og er þeim oft gert að flytja lögheimili á staðinn þar sem þeir vinna. Þá lendir makinn í því að njóta ekki félagslegrar þjónustu á þeim stað sem þau bjuggu áður. Þetta er náttúrlega algerlega ófært, herra forseti, og mér finnst mjög brýnt að breyta þessu þannig að fjölskyldan geti haft lögheimili á mörgum stöðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynningar aðsetursskipta, 2. umr.

Stjfrv., 186. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 202, nál. 524.
[00:14]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er komið til 2. umr. er sama efnis og það sem ég mælti fyrir áðan. Hér er verið að gera breytingu vegna hækkunar á sjálfræðisaldri. Í frv. er lagt til að 1. mgr. 9. gr. laganna verði breytt þannig að skylda til að tilkynna um breytt aðsetur samkvæmt lögunum hvíli á 18 ára einstaklingum og eldri en nú er slík skylda miðuð við 16 ára aldur. Þá er lagt til að sú skylda verði lögð á forráðamenn yngri einstaklinga en 18 ára að þeir tilkynni um breytt aðsetur þeirra en miðað er við forráðamenn einstaklinga yngri en 16 ára nú.

Það er óþarft, herra forseti, að fara frekar út í rökstuðning með þessu. Það gildir um þetta frv. hið sama og frv. sem var rætt hér á undan að þessar breytingar eru nauðsynlegar vegna nýrra lögræðislaga. Varðandi þetta mál bendir nefndin einnig á að nauðsynlegt sé að samræma öll þau lög þar sem þessi aldursmörk koma fyrir. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggingarsamvinnufélög, 2. umr.

Stjfrv., 332. mál. — Þskj. 414, nál. 526, brtt. 527.
[00:15]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. eins og hv. þingmenn minnast kom þetta frv. til laga um byggingarsamvinnufélög til félmn. sl. vor en þá vannst ekki tími til þess að ljúka umfjöllun um það.

Að þessu sinni leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Frumvarpi þessu er ætlað, verði það að lögum, að koma í stað VI. kafla núgildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum, en þau munu falla úr gildi 1. janúar 1999. Hefur orðalagi verið lítillega breytt með tilliti til stofnunar Íbúðalánasjóðs.

Við umfjöllun í nefndinni var fjármálastarfsemi slíkra félaga skoðuð sérstaklega. Ákvað nefndin að leggja til þá breytingu á ákvæði til bráðabirgða II að félagsmálaráðherra verði gert að láta kanna sérstaklega eftirlit með slíkri starfsemi félaga af þessu tagi. Þá telur nefndin óeðlilegt að tilgangur slíks félags sé m.a. að taka til ávöxtunar fé félagsmanna sinna, eins og gert er ráð fyrir í a-lið 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Leggur nefndin því til að umræddur liður verði felldur brott.

Því má bæta við, hæstv. forseti, að samkvæmt lögum um samvinnufélög geta félög af þessu tagi farið út í fjármálastarfsemi ef þau kjósa það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðissamvinnufélög, 2. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 415, nál. 528, brtt. 529.
[00:18]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um húsnæðissamvinnufélög, og það er allmiklu meira að vöxtum en það frv. sem var til umræðu hér á undan.

Á síðasta þingi var lagt fram frv. til laga um byggingar- og húsnæðissamvinnufélög en það náði ekki afgreiðslu frekar en fyrra frv. sem ég fjallaði um áðan. Komu fram ýmsar athugasemdir við það frá félmn. og hefur frv. verið breytt í samræmi við þær. Þá var tekið tillit til athugasemda húsnæðissamvinnufélagsins Búseta hsf. og einstaklinga sem staðið hafa að undirbúningi að stofnun húsnæðissamvinnufélagsins Búmenn.

Frumvarpi þessu er ætlað, verði það að lögum, að koma í stað VII. kafla gildandi laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum, en þau munu falla úr gildi 1. janúar 1999. Koma helstu breytingarnar frá gildandi lögum fram í 5. og 13. gr. en þar er kveðið skýrar á um hvernig meta eigi ástand húsnæðis við endurgreiðslu andvirðis búseturéttar og um heimildir húsnæðissamvinnufélaga til þess að endurákvarða búseturéttargjald við endurráðstöfun búseturéttar til annars félagsmanns.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um ákvæði a-liðar 2. mgr. 1. gr. frv. þar sem segir að markmið húsnæðissamvinnufélaga skuli m.a. vera að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna sinna. Telur nefndin óeðlilegt að húsnæðissamvinnufélög séu með slíka starfsemi og leggur til að umrætt ákvæði verði fellt brott.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með áðurnefndri breytingu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Undir þetta rita allir fulltrúar í félmn.
[00:19]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1998, 173. mál, brtt. SJóh o.fl., þskj. 577.

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. SJóh, þskj. 578.

Útflutningsráð Íslands, 340. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 576.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjöleignarhús, 2. umr.

Stjfrv., 347. mál (þinglýst eignaskiptayfirlýsing). — Þskj. 451, nál. 530.
[00:20]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að sá frestur á gildistöku sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjöleignarhús verði framlengdur frá 1. janúar 1999 til 1. janúar 2001. Samkvæmt því frestast gildistaka fyrirmæla 16. gr. laganna sem kveður á um að þinglýst eignaskiptayfirlýsing skuli vera skilyrði fyrir þinglýsingu á eignayfirfærslum í fjöleignarhúsum. Var fresturinn ætlaður eigendum og húsfélögum til undirbúnings og gerðar eignaskiptayfirlýsinga og hlutaðeigandi stjórnvöldum til fræðslu, kynningar og annarra undirbúningsráðstafana. Ljóst er að þörf er á lengri fresti þar sem enn eru nokkrir annmarkar á því að ákvæði 16. gr. laganna geti tekið gildi.

Nefndin leggur áherslu á að nauðsynlegt er að nýta þann frest er hér um ræðir vel þannig að tryggt verði að lögin taki gildi 1. janúar 2001.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd barna og ungmenna, 2. umr.

Stjfrv., 106. mál (hækkun sjálfræðisaldurs o.fl.). — Þskj. 106, nál. 520 og 521, brtt. 522.

[00:22]

Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta félmn. en þann meiri hluta skipa auk mín Kristján Pálsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Siv Friðleifsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir með fyrirvara.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um vernd barna og ungmenna vegna nýrra lögræðislaga, nr. 71/1997, þar sem sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Núgildandi lög gera nokkurn greinarmun á ákvæðum sem gilda um börn annars vegar og ungmenni hins vegar, m.a. með tilliti til þess að foreldrar fóru í tíð eldri lögræðislaga einungis með forsjá barna til 16 ára aldurs. Þykir nauðsynlegt að breyta því á þann veg að með hugtakinu börn í lögunum verði átt við einstaklinga að 18 ára aldri. Er þessi málnotkun í samræmi við ákvæði barnalaga og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir nýju ákvæði um réttindi barna við málsmeðferð þar sem réttur þeirra til að tjá sig er aukinn í samræmi við aldur og þroska. Loks er lagt til að ákvæði núgildandi laga um skipun talsmanns verði rýmkuð.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að orðið „vaxandi“ í b-lið 1. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins verði fellt brott.

Í öðru lagi er lagt til að í c-lið 27. gr. komi fram hvaða málslið 4. mgr. breytingin nái til. Þar er einungis verið að samræma texta.

Í þriðja lagi er lagt til að 29. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að lögð verði til sams konar breyting á fyrirsögn 54. gr. laganna og öðrum fyrirsögnum þeirra.

Í fjórða lagi er loks lagt til að á eftir orðunum „eða ungmenna“ í 34. gr. komi: hvarvetna.

Eins og ég nefndi áður, hæstv. forseti, rita allir nefndarmenn undir þetta að einum undanteknum.

[00:24]

Frsm. minni hluta félmn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Fyrst langar mig til að ræða rétt aðeins um íslensku, þ.e. hvað þýðir barn á íslensku. Í mínum huga er fólk sem er yngra en tólf ára börn. Fólk sem er á aldrinum 13–19 ára eru unglingar í mínum huga og fólk sem er eldra er fullorðið.

Nú hefur komið sú regla utan úr heimi að fólk sem er yngra en 18 ára skuli vera börn. Og ég er á móti því að breyta málvitund með þessum hætti, setja inn í lög eitthvað sem almenningur notar öðruvísi. Við það myndast gjá á milli þeirra sem túlka lögin og almennings. Hins vegar legg ég ekki til að þessu verði breytt í þessum lagabálki vegna þess að þetta er komið inn í öll lög meira og minna og það yrði að taka á því alls staðar. Ég tel að það eigi að nota það tungumál sem Íslendingar tala en ekki einhverjar skilgreiningar utan úr heimi þegar lög eru samin.

Herra forseti. Samkvæmt 24. gr. frv. er gert ráð fyrir því að barnaverndarnefnd skipi barni talsmann. Við þessa tilhögun hef ég eftirfarandi að athuga:

Mörg mál sem koma til kasta barnaverndarnefnda eru viðkvæmustu mál sem yfirvöld fjalla um yfirleitt. Þar er t.d. um að ræða vistun unglings á opinberri stofnun gegn vilja hans eða að taka barn af heimili foreldra sinna, hvort tveggja ákaflega viðkvæm mál. Þó að barnaverndarnefnd starfi með hagsmuni barnsins í huga er hún engu að síður óvinur barnsins frá þess sjónarhorni séð. Þegar á að fara að taka barn frá foreldrum þess þá getur barnið ekki litið á barnaverndarnefnd sem vin sinn eða þegar á að vista ungling á stofnun gegn vilja hans þá mun hann aldrei líta á barnaverndarnefnd sem vin sinn.

Þess vegna tel ég að sá talsmaður sem barnaverndarnefnd skipar sjálf eigi trauðla trúnað unglingsins eða barnsins, og alveg sérstaklega ef barnaverndarnefnd skyldi nú skipa þennan talsmann úr sínum röðum, sem ekkert hindrar samkvæmt frv.

Þess vegna legg ég til að talsmaður barnsins verði skipaður af umboðsmanni barna sem hefur sýnt sig hafa mikinn skilning á málefnum þeirra og hafa náð, að mér sýnist, trúnaði barna víða um land. Það hafa komið fram rök um að umboðsmaður barna eigi ekki að skipta sér af einstökum málum. (**Gripið fram í:** Það stendur í lögunum.) Já, það stendur í lögunum. En minni hlutinn leggur til að umboðsmaður skipi barninu talsmann en sé ekki að skipta sér af málinu að öðru leyti. Þetta er nákvæmlega sama og þegar Hæstiréttur er að skipa menn í alls konar gerðardóma. Það er ekki þar með sagt að Hæstiréttur sé að skipta sér af málinu, hann er ekkert að standa í þeirri framkvæmd þannig að ég sé ekkert á móti því að þetta sé gert, og því leggur minni hlutinn til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, með leyfi forseta:

„Barnaverndarnefnd ber að skipa barni talsmann samkvæmt tilnefningu umboðsmanns barna til að gæta hagsmuna þess ef þörf krefur.“

[00:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. félmn. fyrir greiða og góða afgreiðslu á þessum málum sem hér hefur verið mælt fyrir, einum fimm eða sex, nú í röð. Það eru engin

djúpstæð ágreiningsmál en það má svo sem búa til ágreining út af öllu ef menn það vilja.

Ég get að mörgu leyti deilt skoðunum hv. þm. Péturs Blöndals um frv. um lögheimili. Ég tel að þau lög séu allt of þröng. En það var verið að bregðast við af sérstöku tilefni því að búið er að hækka sjálfræðisaldurinn og verður þess vegna til samræmis að breyta öðrum lögum.

Hins vegar tel ég að vel komi til greina að fara í vandaðri og þá betur undirbúna endurskoðun á lögheimilislögunum. Þetta vil ég að komi fram og reyndar taka það fram að landið er orðið að einu vinnusvæði og það er algerlega óheimilt að krefjast lögheimilisflutninga vegna atvinnu. (Gripið fram í.) En það er óheimilt að gera það.

Það er líka rétt að ég hef alveg sama smekk og hv. þm. á hvað er barn og hvað er ungmenni en neyðist til þess að viðurkenna að skynsamlegt er að hafa samræmi í lagamáli þannig að þetta ungmennanafn og þessi ungmennakenning er nú orðin bannvara og það er ekkert að gera nema beygja sig undir það. Jafnframt vil ég geta þess barnaverndarlögin eru í endurskoðun. Þeirri endurskoðun hefur miðað hægar en ég óskaði. Ég hefði gjarnan viljað leggja fram frv. fyrir þinglok í vor þannig að ný barnaverndarlög kæmust til umræðu í þjóðfélaginu. Því miður get ég ekki gefið fyrirheit um það. Ég vonast eftir því en ég er ekki viss því þetta er ákaflega vandasöm og viðkvæm lagasetning eins og annað sem viðkemur börnum. Hins vegar get ég ekki fallist á að barnaverndarnefnd sé óvinur barnsins. Ég er nærri viss um að barnaverndarnefndir starfa yfirleitt með hagsmuni barnanna í huga. Ég tel hins vegar að í sumum tilfellum geti skapast óþægilega mikil nálægð. Það þarf að styrkja barnaverndarnefndinar og þær þurfa að hafa í sumum tilfellum a.m.k. faglegri vinnubrögð og rýmri heimildir til að grípa inn í þar sem ástæða er til.

Ég tel að það þurfi að hugleiða þessar vangaveltur hv. þm. í endurskoðun á barnaverndarlögunum eða taka afstöðu til þeirra í sambandi við hana. Mér líst ekki á að umboðsmaður barna fari að tilnefna réttargæslumann fyrir börnin. Ég tel að frekar eigi að taka afstöðu til þess atriðis í barnaverndarlögunum þegar það frv. kemur til meðferðar á Alþingi.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, vil ég þakka hv. félmn. fyrir gott samstarf og þá sérstaklega formanni hennar, hv. 14. þm. Reykv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9., 15. og 17.–22. mál.

Fundi slitið kl. 00:34.

---

46. FUNDUR

laugardaginn 19. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 343. mál, þskj. 443. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 344. mál, þskj. 444. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Siglingalög, stjfrv., 122. mál, þskj. 533. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, stjfrv., 322. mál, þskj. 389. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

5. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 285. mál, þskj. 333. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

6. Fjáraukalög 1997, stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

7. Lögheimili, stjfrv., 185. mál, þskj. 201, nál. 523. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Tilkynningar aðsetursskipta, stjfrv., 186. mál, þskj. 202, nál. 524. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Byggingarsamvinnufélög, stjfrv., 332. mál, þskj. 414, nál. 526, brtt. 527. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 333. mál, þskj. 415, nál. 528, brtt. 529. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Fjöleignarhús, stjfrv., 347. mál, þskj. 451, nál. 530. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 106. mál, þskj. 106, nál. 520 og 521, brtt. 522. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

13. Almannatryggingar, stjfrv., 365. mál, þskj. 531. — 1. umr.

14. Fjáraukalög 1998, stjfrv., 173. mál, þskj. 418, frhnál. 546 og 547, brtt. 548, 549, 556, 574 og 577. — 3. umr.

15. Fjárlög 1999, stjfrv., 1. mál, þskj. 484, frhnál. 550 og 567, brtt. 536, 551, 552, 553, 554, 555, 563, 568, 569, 570, 571 og 578. — Frh. 3. umr.

16. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 233. mál, þskj. 262. — 3. umr.

17. Málefni fatlaðra, stjfrv., 331. mál, þskj. 413, nál. 525. — 2. umr.

18. Náttúrufræðistofnun Íslands, stjfrv., 205. mál, þskj. 223, nál. 517, brtt. 518. — 2. umr.

19. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, stjfrv., 336. mál, þskj. 423, nál. 535. — 2. umr.

20. Hafnaáætlun 1999–2002, stjtill., 291. mál, þskj. 343, nál. 541, brtt. 542 og 564. — Síðari umr.

21. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 334. mál, þskj. 416, nál. 562. — 2. umr.

22. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999, stjtill., 296. mál, þskj. 353, nál. 540. — Síðari umr.

23. Samningur um Norræna fjárfestingarbankann, stjtill., 297. mál, þskj. 354, nál. 543. — Síðari umr.

24. Breytingar á ýmsum skattalögum, stjfrv., 150. mál, þskj. 150, nál. 502 og 539, brtt. 503. — 2. umr.

25. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, stjfrv., 321. mál, þskj. 388, nál. 519. — 2. umr.

26. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 278. mál, þskj. 318, nál. 537, brtt. 538. — 2. umr.

27. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 462. — 3. umr.

28. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, stjfrv., 229. mál, þskj. 256. — 3. umr.

29. Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 279. mál, þskj. 319, nál. 557 og 558, brtt. 559. — 2. umr.

30. Útflutningsráð Íslands, stjfrv., 340. mál, þskj. 434, nál. 545 og 576. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Fjarvistarleyfi:
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvörp um almannatryggingar.

[10:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í dag hefst þingfundur á því að tekið verður fyrir stjfrv. um almannatryggingar. Það er 365. mál á þskj. 531. 19. mál á þskj. 19 er frv. til laga um sambærilegt mál nema hvað þar er farið fram á að tryggt verði í lögum að sú framkvæmd sem í dag er viðhöfð, þ.e. að láta tekjur maka skerða bætur almannatrygginga, verði ekki látin viðgangast. Það hefur komið fram hjá færustu lögfræðingum að það stenst ekki stjórnarskrána. Það stenst ekki alþjóðasáttmála. Ég vil benda hæstv. forseta á að þetta mál er enn til umræðu í þinginu, þ.e. þingmál mitt sem gengur lengra en stjfrv. Umræðu er ekki lokið. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að málið komi á dagskrá um leið og mál hæstv. ráðherra, að umræðu um það mál verði lokið um leið og það fari til nefndar um leið.

Ég krefst þess hér með að þetta mál komi á dagskrá. Það var mælt fyrir því 12. október. Það ber málsnúmerið 19 og er á þskj. 19. Nú á að taka fyrir mál sem gengur mun skemur á þskj. 531. Ég fer fram á það hér með, herra forseti, að þessi mál verði rædd samhliða.

[10:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Dagskrá þessa fundar liggur þegar fyrir og ekki um það að ræða að mál verði tekið á dagskrána eftir að fundur er settur. En það verða fleiri fundir haldnir í dag og þetta mál sem verður byrjað á á þessum fundi verður rætt sérstaklega strax eftir framsögu hæstv. ráðherra. Um það er samkomulag. Nægir þetta ekki?

[10:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að ekki verður hægt að taka þetta mál á dagskrá nú þegar. En ég fer fram á að þingmál mitt sem er í miðri umræðu frá 12. október sl., um breytingu á sömu lagagrein og er í frv. hæstv. ráðherra, verði afgreitt frá þinginu til nefndar um leið og frv. hæstv. ráðherra. Ég treysti því, herra forseti, að forseti muni sjá til þess að málið komi á dagskrá þingsins þannig að hægt verði að afgreiða það til nefndarinnar um leið og frv. hæstv. ráðherra. Ég treysti því, herra forseti.

[10:05]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja störf þingsins með langri ræðu um þetta mál. Ég kem hingað fyrst og fremst til þess að taka undir þessa ósk hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur. Það mál sem hún nefnir flutti hún fyrr á þinginu. Málið er þannig statt að það er í miðri umræðu, umræðunni var frestað vegna þess að hæstv. heilbrrh. gat ekki komið til umræðunnar, ef ég man rétt. Hér er um að ræða skyld mál, nánast sömu málin, samanber 2. gr. í því frv. sem við erum að fara að ræða hér á eftir og hæstv. heilbrrh. leggur fram. Ég tel einboðið, herra forseti, að ef það mál verður ekki rætt með stjfrv. þá verði það tekið á eftir, því verði lokið og komið til nefndar alveg eins og stjfrv. sem eins og þingheimur veit er að koma á næstsíðasta degi þingsins til umræðunnar.

Þessu vildi ég koma á framfæri, herra forseti.

[10:06]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur þegar upplýst að dagskrá þessa fundar liggur fyrir. Það er sjálfsagt að taka það til athugunar hvort þetta mál getur komið fyrir á fundi síðar í dag. Það verður athugað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 365. mál (örorkumat, skerðing lífeyris). — Þskj. 531.

[10:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér er lagt fram frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993. Breytingar að þessu sinni lúta í heild sinni að einu markmiði, þ.e. að gefa öryrkjum verulega aukið svigrúm til eigin tekjuöflunar án þess að önnur réttindi öryrkjans skerðist með tilliti til bóta og örorkumats.

Þær breytingar sem frv. felur í sér eru í stórum dráttum af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða breyttar forsendur og aðra aðferðafræði í sambandi við örorkumat og hins vegar verulegar breytingar á frítekjumörkum tekjutryggingar þannig að áhrif tekna til skerðingar á bótum verði miklum mun minni en áður hefur verið.

Þetta síðarnefnda atriði á við alla öryrkja, en það á einnig við um hjón og sambúðaraðila meðal ellilífeyrisþega. Breytt örorkumat er grundvallarbreyting sem á eftir að koma öryrkjum til góða. Þar er um að ræða breytingu á skilgreiningu á örorku. Nú hafa tekjur áhrif á skilgreininguna. Þannig hafa einstaklingar lent í því að þegar þeir afla sér tekna með því að vinna hlutastörf eða létta vinnu, hugsanlega tímabundið, þá hefur örorkumatið lækkað eingöngu vegna tekna. Þá hafa öryrkjar misst ýmis réttindi sem tengjast örorkuskírteini þeirra, svo sem afslátt af greiðslum til lækna og vegna þjálfunar auk þess að missa réttindi sem sveitarfélög og jafnvel fyrirtæki veita þessum handhöfum örorkuskírteina.

Frv. gerir ráð fyrir að örorka verði eingöngu metin út frá læknisfræðilegum forsendum og heilsufarslegu ástandi einstaklingsins. Segja má að með breytingunni sé verið að nýta sér þá læknisfræðilegu þekkingu sem í auknum mæli liggur fyrir bæði hér á landi og erlendis þannig að örorkumatið sé faglega unnið. Jafnframt er við breytinguna litið til þess hvað gert hefur verið í nágrannalöndum okkar. Loks má segja að afar merkilegt skref sé stigið með því að leggja aukna áherslu á endurhæfingu fyrir þá einstaklinga sem hafa orðið fyrir slysum eða sjúkdómum.

Það hlýtur að vera eitt af grundvallaratriðum í velferðarþjóðfélagi nútímans að styðja þessa einstaklinga til sjálfsbjargar þeim sjálfum og þjóðfélaginu í heild til hagsbóta. Þessu ber að fagna sérstaklega. Markmiðið er að falla frá beinni tekjuviðmiðun og beina sjónum að hinum læknisfræðilega þætti örorkunnar. Í þeim tilgangi mun læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins semja nýja örorkustaðla á grundvelli afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða

fötlunar, sérstaklega með hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum stöðlum en einnig með tilliti til fenginnar reynslu hér á landi. Gert er ráð fyrir að hinn nýi staðall fái ítarlega opinbera kynningu sem mælikvarði sem lagður verði til grundvallar örorkumats.

Sérfræðingar Tryggingastofnunar ríkisins telja framboð á starfrænni endurhæfingu, þ.e. endurhæfingu sem tekur mið af því að auka færni til vinnu, ófullnægjandi hér á landi og þeirri starfrænu endurhæfingu sem í boði er sé beitt of seint eða ekki fyrr en viðkomandi einstaklingur hefur verið viðurkenndur öryrki. Eigi starfræn endurhæfing að ná tilgangi sínum þarf að mati sérfræðinga að grípa til hennar sem fyrst eftir að viðkomandi einstaklingur verður óvinnufær.

Í frv. er því gert ráð fyrir að tryggingayfirlæknir geti ákveðið að endurhæfing sé skilyrði örorkubóta. Með breytingunni er skapaður grundvöllur fyrir Tryggingastofnun að koma á fót sérhæfðu matsteymi til að meta þörf og möguleika einstaklinga á að ná aukinni færni með markvissri líkamlegri og starfrænni endurhæfingu mun fyrr en hingað til hefur tíðkast eða fljótlega eftir að einstaklingur verður fyrir sjúkdómi eða slysi.

Þá mun Tryggingastofnun leita samnings við endurhæfingarstofnanir um að veita þessum hópi fólks sérhæfða endurhæfingu með það að markmiði að taka á vandamálum þess mun fyrr en nú er gert þannig að unnt verði að koma í veg fyrir að viðkomandi verði óvinnufær til langframa.

Almannatryggingalöggjöf í Svíþjóð og í Noregi hefur nýlega verið breytt í þessa veru. Með þessu vinnst tvennt sem verður að teljast horfa til framfara og jákvæðrar lífssýnar fyrir þá sem standa frammi fyrir því að lenda e.t.v. í örorku. Einstaklingunum er hjálpað strax og möguleikar þeirra til endurhæfingar eru metnir og sköpuð er aðstaða til að framkvæma þá endurhæfingu. Fari hins vegar svo að ekki verði hjá því komist að viðkomandi einstaklingur verði metinn að lokinni endurhæfingu 75% öryrki á grundvelli læknisfræðilegs mats, þá á hann ekki að þurfa að lenda í þeim hremmingum þegar heilsan leyfir honum að sækja vinnu sér til tekjuöflunar og lífsfyllingar að örorkumat hans falli niður við svo búið. Síðan þegar heilsan leyfir honum ekki að stunda vinnu sína óslitið áfram hefur það hingað til kostað hann ómælda fyrirhöfn að fá örorkumatið leiðrétt á nýjan leik. Almannatryggingakerfið á að veita einstaklingum hjálp til sjálfhjálpar. Það er tilgangurinn með þessum breytingum.

Menn hafa eðlilega velt því fyrir sér hvernig breytingin hafi áhrif á þá sem hingað til hafa verið metnir öryrkjar fyrst og fremst á grundvelli svokallaðrar félagslegrar örorku. Um þetta er það að segja að sérstakt ákvæði til bráðabirgða í frv. gerir ráð fyrir því að hinar nýju forsendur til örorkumats hafi einungis áhrif gagnvart þeim sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku laganna. Þetta þýðir að ef sömu forsendur eru til staðar hjá einstaklingum sem koma til endurmats og voru grundvöllur fyrir upphaflegu örorkumati, þá skal örorkumat ekki breytast frá því sem var þótt kominn sé nýr staðall. Núverandi öryrkjar þurfa því ekki að óttast að örorkumat þeirra breytist ef engin breyting hefur orðið á högum þeirra.

Sérfræðingar Tryggingastofnunar áætla að allur undirbúningur fyrir nýjan örorkustaðal og kynning á honum, svo og samningar við matsaðila og endurhæfingarstofnanir taki nokkurn tíma. Af þeim ástæðum er gert ráð fyrir því að ný lög um breytt örorkumat taki ekki gildi fyrr en 1. mars á nýju ári.

Annar meginþáttur þessa frv. eru veigamiklar breytingar á frítekjumörkum tekjutrygginga. Hér er um að ræða verulegar hækkanir þannig að einstaklingum gefst meira svigrúm til að afla tekna eða njóta þeirra tekna sem þeir þegar hafa, óskertra og í auknum mæli. Á undan er gengin mikil umræða um tekjur maka lífeyrisþega og hugsanleg áhrif þeirra á lífeyrisgreiðslur. Niðurstaða þeirrar umræðu er sú að taka skref til að milda áhrif tekna á lífeyrisgreiðslur og er í því sambandi gert sérstakt átak til að gefa aukið svigrúm fyrir tekjur maka sem ekki er jafnframt lífeyrisþegi.

Sumir hafa dregið í efa lögmæti þess að taka tillit til tekna maka við ákvörðun bóta lífeyrisþega. Umboðsmaður Alþingis hefur tvívegis fjallað um þetta mál. Í áliti sínu frá 13. apríl 1998 komst umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að skerðing tekjutryggingar lífeyrisþega vegna tekna maka hans fari ekki í bága við lög. Umboðsmaður Alþingis taldi að viðkomandi lagaákvæði þyrfti að skýra.

Það stóra skref sem stigið er með þessu frv. er hins vegar að auka svigrúm lífeyrisþega til tekjuöflunar, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem annar makinn er útivinnandi. Það að leita eftir lagastoð fyrir þeirri grundvallarbreytingu er ástæðan fyrir því að frv. þetta er lagt fram. Alþingi hefur ítrekað fjallað um ákvæði sem fela í sér að tillit sé tekið til tekna maka við ákvörðun lífeyris almannatrygginga en slíkar reglur eiga rætur í því grundvallarsjónarmiði að jafna aðstæður lífeyrisþega eftir því sem kostur er. Það sjónarmið kom fyrst skýrt fram við umfjöllun Alþingis um lög um alþýðutryggingar árið 1936 og hefur alla tíð síðan endurspeglast í umfjöllun um meginbreytingar á almannatryggingalöggjöfinni. Ég tel því að hv. alþm. verði að horfast í augu við það að með frv. því sem nú er mælt fyrir er stigið stærra skref en margir hafa haldið fram.

Sú regla sem hér um ræðir er yfir 60 ára gömul og byggir á grundvallarsjónarmiðum um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna. Allt okkar þjóðfélag byggir á þeirri reglu, þar á meðal reglur um samsköttun og að persónuafsláttur færist milli hjóna og sambúðarfólks. Þá má minna á baráttumálið um að réttindi í lífeyrissjóðum falli einnig undir þær eignir sem til skipta koma við skilnað hjóna þar sem hjón eiga að öllu jöfnu kröfur á jafnri skiptingu bús hvernig svo sem sem tekjuöflun hefur verið háttað meðan hjónaband stóð. Ég vona að hér sé enginn sem mótmælir því að maki geti gert kröfu til lífeyrisréttinda maka síns eða að hálfu og um leið að hann geti að sjálfsögðu gert kröfu til lífeyrisgreiðslna maka.

Ég hef hins vegar sagt að þetta mál snúist ekki fyrst og fremst um lögfræði heldur um réttlæti. Frv. á að gefa lífeyrisþegum aukið svigrúm til að njóta lífeyrisbóta án þess að þær verði fyrir skerðingu. Það verður einnig að segjast að þessi réttlætistilfinning snýr í ríkari mæli að öryrkjum en ellilífeyrisþegum af þeirri ástæðu að öryrkjar hafa yfirleitt minni möguleika til að afla atvinnutekna og lífeyrisréttinda en ellilífeyrisþegar. Þetta á því ekki sérstaklega við um tekjur maka eingöngu heldur varðar þetta skerðingu bóta vegna tekna yfirleitt.

Eitt grundvallarmál hefur verið mikið til umfjöllunar í lífeyrisumræðunni allt frá því að tekjutrygging var tekin upp fyrir tæpum 30 árum með 55% skerðingarhlutfalli. Þar er um samskipti tekjutryggingar almannatrygginga og lífeyris frá lífeyrissjóðum að ræða. Tekjutryggingunni var komið á fyrst og fremst til að koma til móts við allan þann mikla fjölda Íslendinga sem ekki höfðu haft tækifæri til að safna réttindum í lífeyrissjóðum. Á sama tíma var lagður grundvöllur

að stofnun ýmissa lífeyrissjóða, nánast fyrir alla landsmenn. Hugsunin var sú að eftir því sem lífeyrissjóðunum yxi ásmegin skyldi tekjutryggingin víkja í sama mæli. Því fannst engum tiltökumál þótt skerðingarhlutfall tekjutryggingar væri 55%. Skerðingarhlutfallið var þó lækkað niður í 45% átta árum síðar og þar á eftir var lífeyrissjóðsaðild gerð að skyldu fyrir alla landsmenn.

Nú er í síauknum mæli rætt um að eftirlaunakerfi lífeyrissjóðanna skuli taka við af almannatryggingum. Ljóst er að það gerist seint ef skerðingarhlutfall tekjutryggingarinnar er lækkað enn meira.

Aðferðin sem valin var í þessu frv., að hækka frítekjumarkið, hefur vissulega svipuð áhrif og lækkun skerðingarhlutfallsins. Hins vegar er ekki hægt að sigla í báðar áttir ef halda á skipinu heilu. Heildstæð stefna í þessum málum verður ekki framkvæmd nema ákveðin séu skref til framtíðar í aðra hvora áttina. Nú er tekin sú stefna að treysta almannatryggingakerfið og varðveita bætur gagnvart skerðingu vegna tekna úr öðrum áttum. Tekjur úr lífeyrissjóðum, tekjur maka, eigin tekjur, hvort heldur atvinnu- eða fjármagnstekjur, hafa eftir þessar aðgerðir minni áhrif á bætur en þær höfðu áður. Almannatryggingakerfið er því treyst í sessi við hlið lífeyrissjóðakerfisins en það er m.a. í samræmi við hugmyndafræði erlendra sérfræðinga og álit Alþjóðabankans sem leggur áherslu á þriggja stiga kerfi eftirlauna sem byggi á stofngreiðslum almannatrygginga, sjóðasöfnunarkerfi lífeyrissjóða og frjálsum sparnaði líkt og með hina nýju tilhögun um 2% lífeyrissparnað.

Hækkun frítekjumarka varðar alla öryrkja, svo og hjón meðal ellilífeyrisþega. Einhleypir ellilífeyrisþegar fá ekki hækkun frítekjumarks, enda er ekki um tekjur maka hjá þeim að ræða. Einhleypir ellilífeyrisþegar hafa hins vegar möguleika á að fá sérstakan frádrátt vegna lífeyrissjóðstekna sem nemur rúmum 9 þús. kr. á mánuði. Það virkar eins og aukið frítekjumark.

Um einhleypa öryrkja gegnir nokkuð öðru máli. Fjöldi öryrkja hefur aldrei haft möguleika á að afla sér lífeyrisréttinda og getur því ekki nýtt sér þann frádrátt sem boðið er upp á vegna lífeyrissjóðatekna. Þess vegna var gripið til þess ráðs að hækka almennt frítekjumark einhleypra öryrkja um 50%. Það verða 30.168 kr. á mánuði og gefur þeim möguleika á að nota sér þetta rými með atvinnutekjum ef lífeyrissjóðatekjur koma ekki til. Þetta ætti líka að koma sér vel fyrir þá sem starfa á vernduðum vinnustöðum þannig að tekjurnar þar skerða síður bætur þeirra en hingað til.

Þá eru eftir ýmsir hópar hjónafólks og sambúðaraðila, þ.e. þeir hópar sem á reynir með tekjur maka sérstaklega. Ég segi hinir ýmsu hópar. Þar á ég við 1. gr. laga, annars vegar elli- og hins vegar örorkulífeyrisþega og síðan í öðru lagi sundurgreiningu eftir því hvort bæði hjónin eru lífeyrisþegar eða hvort einungis annað hjóna er lífeyrisþegi og á maka sem aflar heimilinu tekna á vinnumarkaði. Þriðji hópurinn markast af því að bæði hjónin eru lífeyrisþegar en annað er ellilífeyrisþegi en hitt örorkulífeyrisþegi. Í öllum þessum tilfellum gildir reglan um gagnkvæma framfærsluskyldu hjóna og er sameiginlegum tekjum því skipt jafnt á milli aðila og síðan er látið reyna á hin mismunandi frítekjumörk.

Þegar fjallað er um hin mismunandi frítekjumörk í frv. er lagt til að hvort hjóna um sig skuli hafa sama almenna frítekjumarkið og einhleypingur í sama bótaflokki. Einnig er gert ráð fyrir að það hjóna sem á maka sem ekki er lífeyrisþegi skuli aukalega fá 50% hækkun á frítekjumark sitt vegna makans. Þannig er sérstakt tillit tekið til tekna maka utan lífeyriskerfisins sem oftast reynist hafa það góðar tekjur á vinnumarkaði að það veldur skerðingu á bótum lífeyrisþegans þótt á móti komi aukinn yfirfæranlegur skattafrádráttur til hins vinnandi maka vegna samhengis tekna hjónanna á skattasviðinu.

Í dag hafa einhleypir ellilífeyrisþegar frítekjumark sem nemur 20.112 kr. Hjón sem bæði eru ellilífeyrisþegar hafa hins vegar einungis 70% af þeirri upphæð hvort um sig eða rúmlega 14 þús. kr. Frv. gerir ráð fyrir að frítekjumark hjóna verði hækkað, hvort um sig upp í sömu upphæð og einhleypingurinn. Í stað 28.156 kr. geta þau samkvæmt því auk þess haft 40.224 kr. í tekjur áður en bætur taka að skerðast. Þetta er um það bil 43% hækkun á frítekjumarki þeirra.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að annað hjóna sem er ellilífeyrisþegi og á maka sem er það ekki fái 50% hækkun á frítekjumark sitt vegna makans sem verður þá rúmlega 30 þús. kr. Það þýðir að þessi hjón geta haft rúmlega 60 þús. kr. í fjölskyldutekjur áður en bætur taka að skerðast. Allir ellilífeyrisþegar hafa þar að auki tækifæri til að fá frádrátt á viðmiðunartekjum sínum til tekjutryggingar vegna lífeyrissjóðatekna en það hafa örorkulífeyrisþegar ekki þar sem nú er gert ráð fyrir að frádrátturinn sé innbyggður í almennt hækkað frítekjumark þeirra.

Eins og áður sagði er lagt til að frítekjumark einhleypra öryrkja hækki um 50% og verði rúmlega 30 þús. Hjón sem bæði eru öryrkjar fá samkvæmt því sömu upphæð hvort um sig sem er 114% hækkun frá núgildandi reglum sem kveða á um að hvort hjóna hafi 14 þús. kr. í frítekjumark.

Eftir breytingu samkvæmt frv. geta þessi hjón haft 60.336 kr. í fjölskyldutekjur áður en bætur fara að skerðast. Nú geta þau einungis haft 28.156 kr. Annað hjóna sem er örorkulífeyrisþegi og á maka sem er það ekki fær samkvæmt frv. 50% hækkun á frítekjumark sitt vegna makans sem verður þá 45.252 kr. Það þýðir að þessi hjón geta eftir breytinguna haft rúmlega 90 þús. kr. í fjölskyldutekjur áður en bætur taka að skerðast. Þetta er 125% hækkun á frítekjumarki þessara aðila frá því sem nú er.

Kostnaður sem hlýst af því að koma ákvæðum þessa frv. til framkvæmda er 450 millj. kr. á næsta ári. Þar mun breyting á forsendum örorkumats kosta 40–50 millj. kr. en hækkun frítekjumarks mun kosta um 400 millj. kr. og skiptist það nokkuð jafnt milli elli- og örorkulífeyrisþega eða 190 millj. vegna hækkunar frítekjumarka öryrkja og 210 millj. kr. vegna hækkunar frítekjumarks ellilífeyrisþega.

Virðulegi forseti. Í raun eru þetta gífurlegar breytingar á bóta- og kjarastöðu allra þeirra lífeyrisþega sem eru í sambúð eða hjónabandi og hafa tekjur sem hingað til hafa valdið skerðingu á lífeyrisbótum þeirra. Talað er um að einhvers staðar hljóti þessi hundruð milljóna að koma niður á tekjum bótaþega. Dæmi eru um að tekjur hækki yfir 140 þús. kr. á ársgrundvelli.

Mikið hefur verið rætt um tengingu tekna maka við bætur öryrkja. Ég hef sagt að þetta mál snúist ekki fyrst og fremst um lögfræði heldur réttlæti. Ég sagði einnig að nú í haust yrði stigið fyrsta skrefið til að milda þessa tengingu. Með frv. sem ég mæli nú fyrir hér á Alþingi er stigið fyrsta skrefið til að draga verulega úr áhrifum tekna á lífeyrisbætur. Þetta skref er mikilvægt. Leiðin sem til þess var valin var að auka verulega frítekjumörk tekjutryggingar. Með þessum hætti er svigrúm fjölskyldnanna til að afla tekna aukið frá því sem nú er. Ekki er eingöngu svigrúm makans aukið heldur einnig

svigrúm þeirra öryrkja sem sjálfir geta aflað tekna. Þessi leið nær auk þess til meiri fjölda og kemur fleirum til góða en ef eingöngu væri skoðað hvernig hægt væri að minnka áhrif makatenginganna einna á bætur lífeyrisþega. Ég tel að okkur beri að fara þessa leið sem fyrsta áfangann. Hér er um stóran áfanga að ræða.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. og jafnframt óska ég eftir því að meðferð málsins verði hraðað þannig að unnt verði að greiða lífeyrisþegum bætur sínar 1. janúar nk. eftir þeim nýju reglum sem kveðið er á um í frv. þessu.

[10:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hæstv. ráðherra leggi þetta mál þannig fyrir að það sé sjálfsagt að það renni hér í gegn með miklum hraða, þá er málið flóknara en hún gerir ráð fyrir og það er ekki að öllu leyti eins sjálfsagt að það fari athugunarlítið í gegnum þingið og hæstv. ráðherra hefur óskað eftir. Mig langar þess vegna til að spyrja hæstv. ráðherra að hvaða leyti hún hefur borið þetta mál undir Öryrkjabandalag Íslands, sem er auðvitað það bandalag sem þetta varðar hvað mest, til þess að fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra hversu mikið málið er unnið, með það fyrir augum að það mundi e.t.v. greiða fyrir meðferð þingsins á málinu ef fyrir liggur að búið er að ræða það út í hörgul við Öryrkjabandalag Íslands.

[10:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er erfitt að svara því hvenær búið er að ræða mál alveg út í hörgul. En fulltrúar Öryrkjabandalagsins hafa komið á marga fundi í heilbr.- og trmrn. og svo er einnig um félag aldraðra.

[10:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekkert að spyrja um það hvort fulltrúar Öryrkjabandalagsins hefðu komið á marga fundi í ráðuneytinu. Ég var að spyrja: Hafa þeir verið hafðir með í ráðum um þetta frv.? Og til þess að hafa spurninguna eins skiljanlega og unnt er þá spyr ég hæstv. heilbrrh.: Hefur frv. í þeirri gerð sem það er núna verið formlega borið undir Öryrkjabandalag Íslands? Það er einfalt að svara þessu, herra forseti.

[10:33]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum farið þær leiðir sem Öryrkjabandalagið hefur bent á. En ég ætla ekki að segja hér úr ræðustól að Öryrkjabandalagið sé 100% ánægt með niðurstöðuna. En við höfum komið langt til móts við það.

[10:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega eru hér breytingar sem koma lífeyrisþegum til góða, þ.e. kjarabót fyrir lífeyrisþega. En það er verið að lögfesta hér atriði sem hingað til hafa verið í reglugerð. Ráðherra leggur mikla áherslu á að þetta verði lögfest fyrir áramót til þess að lífeyrisþegar geti fengið greiðslu samkvæmt þessu fyrir áramót. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvers vegna breytir hún ekki bara reglugerðinni sem hún hefur full tök á án þess að spyrja þingið um leyfi? Þannig getur hún náð þessum kjarabótum fyrir lífeyrisþegana fram. Finnst ráðherra eðlilegt að lögfesta atriði sem færustu lögfræðingar telja brot á stjórnarskránni og brot á alþjóðasáttmálum sem við erum aðilar að? Og er ráðherra tilbúinn að fara í gegnum þessa lögfestingu og fá á sig enn einn dóminn? Eins og ráðherra veit, þá er Öryrkjabandalagið að undirbúa lögsókn vegna þessa ákvæðis.

[10:34]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að breyta frítekjumörkunum eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. verður að breyta lögum. Þannig er það. Af hverju eru lögin skýrð eins og hér er? Það er vegna þess að umboðsmaður Alþingis hefur bent á að æskilegt væri að skýra lagatextann betur.

[10:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra vitnar í álit umboðsmanns Alþingis sem hún túlkar á þann veg að skýra eigi lögin. Umboðsmaður Alþingis fór fram á það að vilji þingsins væri skýr í þessum efnum. Er það vilji Alþingis að lögfesta tekjutengingu tekna maka við lífeyrisgreiðslur hans? Er það vilji Alþingis? Hæstv. ráðherra getur breytt frítekjumörkunum án þess að fara í allar þessar breytingar sem hún leggur fram í frv. Það er auðvelt mál. En að fara að lögfesta ákvæði sem fara á svig við stjórnarskrána tveim dögum fyrir jól í þinginu, er það vilji Alþingis? Er það vilji ráðherrans? Það lítur því miður út fyrir það.

[10:36]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki verið að fella alla tekjutengingu út og þess vegna er eðlilegt að lögin séu skýr. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að ekki þurfi að breyta lögunum til þess að breyta frítekjumörkunum. Það er raunverulega grundvallaratriði að breyta lögunum til að geta hækkað frítekjumörkin því það er algerlega bundið í lögum eins og það er í dag. Ef við ætlum að greiða þennan hálfan milljarð út um áramót eins og ég veit að hér er vilji til, þá verðum við að breyta lögunum.

[10:36]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er viðurkennt að mannréttindi hafa verið brotin á öryrkjum og að stjórnarskrá og alþjóðasáttmálar hafa verið brotin með því að tekjur maka skerði örorkulífeyri. Fyrir liggur yfirlýsing frá prestastefnu um að þetta fyrirkomulag stefni hjónaböndum í hættu. Því velti ég fyrir mér hvort það sé boðlegt, og spyr ráðherrann að því, að óska eftir því að lögfesta mannréttindabrot. Ég tel að hægt væri að ná sátt um þetta mál með því að fella niður þessa skerðingu að fullu og þá er ég að tala um í áföngum þannig að í þetta frv. kæmi ákvæði um að skerðingin yrði afnumin að fullu t.d. eftir ár. Ég spyr ráðherrann hvort hún til sátta í þessu máli væri tilbúin að skoða þá leið að inn kæmi ákvæði til bráðabirgða um að skerðingin yrði afnumin að fullu, t.d. eftir eitt ár þannig að það lægi alveg ljóst fyrir að skerðingin yrði alveg felld niður.

[10:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum að stíga stórt skref núna til að minnka þessa skerðingu, skref sem aldrei hefur verið stigið

fyrr. Það er mikilvægt að hv. þingmenn geri sér grein fyrir því.

Hv. þm. spyr hvort ég sé tilbúin til þess að lögfesta að öll skerðing detti niður. Ég tel að við séum búin að ákveða verulegar bætur fyrir árið 1999. Ég ætla ekki að binda hendur næstu ríkisstjórnar lengur en næsta ár hvað þetta varðar.

[10:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir það með hæstv. ráðherra að hér er verið að stíga skref í rétta átt. Engu að síður er verið að óska eftir því að þingið staðfesti mannréttindabrot með þessari lagasetningu. Til að milda það og koma í veg fyrir það er hægt að setja ákvæði til bráðabirgða í lög um að þessi skerðing verði að fullu felld niður eftir ár.

Ég held að það megi tína margt til ef aldrei má binda hendur komandi ríkisstjórna. Hægt er að tína til ýmis lög og ákvæði sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir sem binda hendur næstu ríkisstjórna. Og ef ekki er hægt að gera það í málefnum öryrkja, þá hvað?

Þess vegna ítreka ég, herra forseti, að það væri mjög til sátta í þessu máli ef hæstv. ráðherra væri tilbúin að skoða þessa leið. Það er útgjaldalaust fyrir fjárlögin á næsta ári að setja inn slíkt ákvæði en væri til sátta í málinu. Því ítreka ég það, herra forseti, til þess að greiða fyrir málinu, að hæstv. ráðherra gefi þessa yfirlýsingu úr þessum ræðustól.

[10:39]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki viss um að það sé forgangsverkefni hjá ellilífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum að ganga það skref næst. Þessir hópar hafa bent mér á ýmislegt annað sem að við ættum að taka fyrir næst. En ég endurtek að til að við getum greitt þessar bætur um áramót, þá þurfum við að ljúka málinu fyrir áramót.

[10:40]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að mótmæla því að hér sé verið að stíga eitt mesta framfaraspor á sviði almannatrygginga í 60 ár. Ég tel ansi djúpt í árinni tekið með þessari fullyrðingu, herra forseti, og vil benda á það að t.d. var það fyrsta verk vinstri stjórnarinnar árið 1971 að taka upp tekjutryggingu og hækka lágmarkið úr 4.900 kr. á mánuði í 7.900 kr. Þetta var gert í tíð Magnúsar Kjartanssonar og ég tel að það hafi ótvírætt verið stærra framfaraspor en það sem hér er verið að stíga.

Hæstv. ráðherra telur skerðingu bóta vegna tekna maka standast en telur hins vegar að nauðsynlegt sé að festa þetta í sessi í lögum. Ég vil mótmæla því og taka undir athugasemdir sem hér hafa komið fram um þetta. Þó að umboðsmaður Alþingis segi að nauðsynlegt sé að skýra lagastoðina, þá held ég að algjör óþarfi sé að gera það á þann hátt sem hér er gert, þ.e. að festa misréttið algjörlega í lögum. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Var nauðsynlegt að ganga svo langt að gera þetta svona? Var ekki fært að fara aðrar leiðir, festa lagastoðina öðruvísi en að taka almennar kerfisbreytingar beint inn í lagatextann?

[10:41]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Lögfræðingar hafa farið mjög vandlega yfir þetta og telja þetta vera einu leiðina. En ég er fegin að heyra að hv. þm. eru almennt sammála því að hér sé um mikilvæga réttarbót að ræða.

[10:42]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að lögfræðingar almennt séu bara ekkert á einu máli um það á hvern hátt þetta er gert. Ákvæði laganna eru flest almennar kerfisbreytingar, í flestum tilvikum ívilnandi fyrir lífeyrisþegann. Slík ákvæði má setja í reglugerðir án þess að nokkuð sé því til fyrirstöðu. Þó að lagatextinn sé óskýr þá er ekki þar með sagt að það þurfi að taka upp þessi ákvæði og þennan texta sem á heima í reglugerð og setja hann inn í lög. Það er beinlínis mjög óæskilegt að gera það, herra forseti, vegna þess að miklar líkur eru á að þessar greinar brjóti í bága við ýmis ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála. Ég harma að hæstv. ráðherra skuli nánast vísa þessum málum til dómstóla. Það hefur því miður verið allt of mikið um það undanfarið að verk á borð við þetta séu dæmd ólögmæt og í andstöðu við stjórnarskrá af æðsta dómstól þjóðarinnar.

[10:43]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. segir að álit lögfræðinga séu mismunandi og það er alveg hárrétt. En við erum að vinna eftir ábendingum umboðsmanns Alþingis.

Umræðu frestað.

Fjáraukalög 1998, 3. umr.

Stjfrv., 173. mál. — Þskj. 418, frhnál. 546 og 547, brtt. 548, 549, 556, 574 og 577.

[10:44]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Í ræðu minni við 2. umr. um frv. kom fram að fjallað hafði verið um nokkur mál í nefndinni sem frestað var til 3. umr. að taka ákvörðun um. Umfjöllun um þau mál er nú lokið og leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum við 3. gr. frv. sem gerðar eru tillögur um á þskj. 548, en þær nema alls 770,1 millj. kr. Auk þess er lögð til ein breyting við 7. gr. fjárlaga þessa árs. Einstakar brtt. eru skýrðar í athugasemdum með álitinu og mun ég fara yfir þær hér á eftir.

Æðsta stjórn ríkisins. Farið er fram á að framlag til Vestnorræna ráðsins verði hækkað um 2,3 millj. kr. til að ljúka uppgjöri fyrir vestnorrænu æskulýðsráðstefnuna sem haldin var á Íslandi sl. sumar.

Menntamálaráðuneyti. Lögð er til tímabundin fjárveiting til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum til að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu skólans.

Landbúnaðarráðuneyti. Við 2. umr. fjárlaga var samþykkt að hækka framlag á lið 1.10 Bændasamtök Íslands, uppbætur á lífeyri um 9,6 millj. kr. vegna greiðslna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í fjárlagafrv. var búið að gera ráð fyrir

þessum kostnaði á viðfangsefni 1.01 Bændasamtök Íslands og því er lagt til að liðurinn verði lækkaður um sömu fjárhæð.

Þá er lagt til að framlag að fjárhæð 4,6 millj. kr. vegna aukinna greiðslna í lífeyrissjóð af launum starfsmanna sem fært var af misgáningi á viðfangsefni 1.95 Héraðsbúnaðarsambönd, uppbætur á lífeyri við 2. umr. frv. verði flutt á viðfangsefnið 1.92 Héraðsbúnaðarsambönd. Engin breyting verður á útgjöldum ríkissjóðs við þá millifærslu.

Sjávarútvegsráðuneyti. Lagt er til að veittur verði 4 millj. kr. styrkur á þessu ári til gerðar sjónvarpsþáttanna Aldahvörf. Heildarkostnaður er áætlaður 10 millj. kr. og dreifist hann á þrjú ár. Sótt er um 3 millj. kr. í frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 og gert er ráð fyrir að lokagreiðsla verði á árinu 2000. Þáttaröðin á að fjalla um sjávarútveg og verður hún sýnd í ríkissjónvarpinu aldamótaárið 2000 sem framlag stofnunarinnar til höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar á liðinni öld.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Lagt er til að launagjöld héraðsdómstóla verði hækkuð um 5,7 millj. kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun dómstjóra og héraðsdómara sem gildir frá 1. júlí 1998. Sambærileg tillaga er gerð við 3. umr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Gerð er tillaga um að framlag til viðfangsefnisins 1.10 Ýmis löggæslukostnaður hækki um 2,2 millj. kr. vegna kostnaðar við samkomulag Reykjavíkurborgar og dómsmálaráðuneytisins um uppsetningu öryggismyndavéla í miðborginni.

Félagsmálaráðuneyti. Lagt er til að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði veittar 7 millj. kr. greiðslu á uppsöfnuðum rekstrarhalla vegna aukinna umsvifa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Lagt er til að framlag til Ríkisspítala hækki um 250 millj. kr. til að greiða rekstrarhalla á árinu 1998. Framlaginu er ætlað að létta greiðsluvanda spítalans þannig að hann eigi auðveldara með að halda rekstrinum í jafnvægi á árinu 1999.

Lagt er til að framlag verði hækkað til Sjúkrahúss Reykjavíkur um 250 millj. kr. til að greiða halla á rekstri árið 1998. Er framlagið ætlað til að létta greiðsluvanda spítalans þannig að auðveldara verði að halda rekstrinum innan ramma fjárlaga á árinu 1999.

Lögð er til 22 millj. kr. hækkun á framlagi til kaupa á búnaði fyrir Heilsugæslustöðina í Kópavogi. Húsið er nú tilbúið til notkunar en heimildir skortir til kaupa á búnaði til að taka það í fulla notkun.

Lagt er til að fjárheimild liðarins Framkvæmdasjóður aldraðra hækki um 25 millj. kr. þar sem endurskoðuð áætlun um ríkistekjur sem eiga að renna til sjóðsins bendir til þess að þær verði nokkru hærri en ætlað var við setningu fjárlaga fyrir árið 1998.

Farið fram á 299,3 millj. kr. hækkun á liðnum Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Þar er lagt til að fjárveiting til viðfangsefnisins Ýmis framlög verði alls hækkuð um 295,3 millj. kr. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 251,9 millj. kr. framlag til að mæta áhrifum af nýlegum aðlögunarsamningum sem gerðir hafa verið við ýmis félög háskólamenntaðra starfsmanna á heilbrigðisstofnunum, svo sem meinatækna, röntgentækna, líffræðinga, sjúkraþjálfara o.fl., umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlagafrv. Sundurliðun framlagsins á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti I með breytingartillögum. Sambærileg tillaga er gerð við 3. umr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Í annan stað er gerð tillaga um 34,3 millj. kr. hækkun í kjölfar endurmats á launakostnaði heilbrigðisstofnana vegna úrskurðar kjaranefndar um laun heilsugæslulækna. Við gerð mats sem lagt var til grundvallar í fjáraukalagafrv. 1998 lágu ekki nægilega skýrt fyrir forsendur um aukna þörf fyrir afleysingar sem leiðir af auknum rétti heilsugæslulækna til vaktafría. Þær forsendur hafa nú verið endurskoðaðar. Þá hefur kjaranefnd breytt viðmiðunum í fyrri úrskurði um einingagreiðslur með tilliti til fjölda íbúa á hvern lækni. Sundurliðun fjárveitingarinnar á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti III. Sambærileg tillaga er gerð við 3. umr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1999.

Þá er í þriðja lagi gerð tillaga um 9,1 millj. kr. fjárveitingu sem skipt verði á milli hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana í samræmi við sundurliðun í sérstöku fylgiskjali. Hækkunin er ætluð til að mæta endurmati á áhrifum af kjarasamningum lækna umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlagafrv. Aukningin samkvæmt endurmatinu er almennt minni háttar þar sem vægi launagreiðslna til lækna er fremur lágt í heildarlaunagjöldum þessara stofnana. Sambærileg tillaga er gerð við 3. umr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1999. Sundurliðun fjárveitingarinnar á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti II.

Loks er gerð tillaga um 4 millj. kr. fjárveitingu í verkefni til að fækka slysum á börnum og unglingum. Óskað er eftir 7 millj. kr. fjárveitingu í frv. til fjárlaga fyrir árið 1999. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki árið 2000. Slys á börnum og unglingum eru hlutfallslega fleiri hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Ætlunin er að bregðast við þessari þróun með átaki sem leiði til fækkunar slysa með því að samræma krafta þeirra er koma að verki, skipuleggja skráningu slysa á börnum og unglingum, samhæfa fræðslu og forvarnir og veita ráðgjöf um slysavarnir barna. Fræðslu- og kynningarstarf vegur þungt í útgjöldum verkefnisins. Gert er ráð fyrir ýmsum almennum kostnaði við rekstur öryggismiðstöðvar, svo sem húsaleigu og kostnaði af skrifstofuhúsnæði. Ráðinn verður starfsmaður í fullt starf til að hrinda átakinu í framkvæmd.

Fjármálaráðuneyti. Í liðnum Launa- og verðlagsmál er lagt til að falli niður 120 millj. kr. fjárheimild sem við framlagningu frv. var ætluð til að mæta áætluðum útgjöldum vegna endurmats á launakostnaði hjá framhaldsskólum. Þau útgjöld reyndust vera metin á 113,6 millj. kr. og voru afgreidd með tillögu undir liðnum 02-319-1.40 Framhaldsskólar, óskipt við 2. umr. frv.

Samgönguráðuneyti. Lagt er til að framlag til nýframkvæmda í vegagerð verði lækkað um 45 millj. kr. en á móti hækkar framlag til yfirstjórnar um 15 millj. kr. og til ferja og flóabáta um 30 millj. kr. Millifærslan er ráðstöfun á 119 millj. kr. hækkun markaðra tekna til vegamála sem áætlað er að falli til á þessu ári. Þær 74 millj. kr. sem eftir standa eru vegna tveggja þátta. Annars vegar er lagt til að 40 millj. kr. framlag verði veitt til ferðamannaleiða og skiptist jafnt á kjördæmi eins og fyrirhugað er með framlag ársins 1999. Hins vegar er gert ráð fyrir að rekstrargrunnur og greiðslugrunnur á þessu ári verði ekki sá sami og er lagt til að 34 millj. kr. fari til jöfnunar á þeim mismun. Þar með eru gjöld löguð að áætluðum tekjum á rekstrargrunni en gert er ráð fyrir þeim fjármunum í vegáætlun.

Hækkun framlags til yfirstjórnar Vegagerðarinnar um 15 millj. kr. fer til þriggja verkefna á sviði ferðamála. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 5 millj. kr. renni til upplýsingamið-

stöðvar Ferðamálaráðs innan lands. Í öðru lagi er lagt til að veittar verði 5 millj. kr. til skrifstofu Ferðamálaráðs í New York vegna ársins 2000. Að lokum er lagt til að veittar verði 5 millj. kr. til samstarfs við landafundanefnd vegna ársins 2000. Framlagið er hluti af ráðstöfun á 119 millj. kr. hækkun markaðra tekna til vegamála sem áætlað er að falli til á þessu ári.

Gert er ráð fyrir að framlagi til ferja og flóabáta sem hækkar um 30 millj. kr. verði varið til smíði nýrrar Hríseyjarferju. Heildaráhrif breytinga á þessum lið eru engin.

Lagt er til að framlag til rekstrar Flugmálastjórnar hækki um 6,9 millj. kr. í kjölfar endurmats á hækkun lífeyrisiðgjaldagreiðslna vegna skekkju í reikniforsendum fyrir hækkun framlags við afgreiðslu fjárlaga ársins 1998. Samsvarandi tillaga er gerð við 3. umr. fjárlaga fyrir árið 1999.

Þá er lagt til að framlag Íslands til ICAO hækki um 0,3 millj. kr. í kjölfar endurmats á hækkun lífeyrisiðgjaldagreiðslna af sömu ástæðum og ég hafði greint fyrr frá.

Lagt er til að framlag til reksturs flugvalla hækki um 11 millj. kr. í kjölfar endurmats á hækkun lífeyrisiðgjaldagreiðslna vegna skekkju í reikniforsendum.

Iðnaðarráðuneyti. Farið er fram á 1,5 millj. kr. hækkun á liðnum Iðja og iðnaður. Vegna stækkunar álvers hefur fjármálaráðherra gert samning við Hafnarfjarðarbæ um helmingshækkun á leigugjaldi vegna vatnsréttinda sem Ísal hefur í landi Straums við Hafnarfjörð. Hækkunin gildir frá 1. janúar 1997 og því þarf að greiða frá þeim tíma.

Umhverfisráðuneyti. Undir liðnum Ýmis verkefni er lagt til að til rannsókna á botndýrum á Íslandsmiðum verði veitt 4 millj. kr. aukafjárveiting til að koma verkefninu á réttan kjöl og er um uppsafnaðan vanda að ræða. Jafnframt er lagt er til að gerður verði samningur milli Sandgerðisbæjar og ríkissjóðs um kostnaðarskiptingu vegna þessa verkefnis.

Lagt er til að Náttúruvernd ríkisins verði veittar 4 millj. kr. vegna uppgjörsmála sem tengjast yfirtöku á verkefnum Náttúruverndarráðs.

Þá hef ég lokið við að gera grein fyrir þeim tillögum sem meiri hluti fjárln. gerir við frv. til fjáraukalaga en auk þess vil ég nota tækifærið og mæla fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 574 ásamt hv. þm. Sturlu Böðvarssyni. Það eru breytingar á sundurliðun 2 við daggjaldastofnanir til Reykjalundar í Mosfellsbæ og í henni felst hækkun upp á 15 millj. kr. Forsendur þessarar hækkunar bárust okkur ekki fyrr en við höfðum lokið störfum við nál. Þær upplýsingar sem við fengum um stöðu Reykjalundar voru þess eðlis að óhjákvæmilegt var að leggja til þessa fjárhæð svo tryggja mætti rekstur stofnunarinnar.

Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Kristinn H. Gunnarsson.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns nema þessar brtt. um 770,1 millj. kr. en eftir 2. umr. fjárlaga er tekjujöfnuður í -4.840,9 millj. kr. Þessi upphæð bætist við þennan neikvæða tekjujöfnuð en umræða um fjáraukalögin í heild fór fram við 1. og 2. umr. Ástæður þessa neikvæða tekjujöfnuðar eru bókfærðar lífeyrisskuldbindingar og ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu í framsögu minni nú.

[11:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. formann fjárln. um brtt. sem birtist á þskj. 549. Þar segir að heimilt verði að semja við Reykjavíkurborg um yfirtöku núverandi hluta Íþróttasambands Íslands í Laugardagshöll í tengslum við niðurfellingu á 40 millj. kr. skuld sambandsins við Endurlán ríkissjóðs. Hvað er þetta?

[11:01]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Brtt. varðar samskipti Íþróttasambands Íslands og Reykjavíkurborgar í tengslum við heimsmeistarakeppnina í handknattleik á sínum tíma. Þá tók Íþróttasamband Íslands að sér að stækka Laugardagshöllina. Þessi viðskipti eru nú gerð upp. Reykjavíkurborg er að taka yfir þennan hluta hallarinnar. Það er verið að ganga frá þessum málum og brtt. hljóðar upp á að fella niður skuldir íþróttasambandsins um þessa upphæð.

[11:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að gera alvarlegar athugasemdir við það hversu frjálslega er farið með fé skattgreiðenda. Þetta eru 40 millj. kr. og það eru geysilega miklir peningar. Mér skilst að þetta hafi ekki verið rætt þegar ákveðið var að halda heimsmeistarakeppnina á Íslandi. Þá var talað um að hún mundi standa undir sér, ef ég man rétt.

Nú kemur bakreikningur mörgum árum seinna upp á 40 millj. kr. Ég verð að lýsa óánægju minni með það hvernig farið er með fé skattgreiðenda. Ég ætla að vona að Íslendingar vinni ekki aðra keppni þannig að þeir þurfi að halda heimsmeistarakeppni í öðrum greinum.

[11:03]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki neinu við þessar skýringar að bæta. Við vitum hvernig málið hefur þróast gegnum tíðina. Það hefur verið tekin um það pólitísk ákvörðun að ganga svona frá því. Ég heyri skoðanir hv. þm. og hef í raun ekki neinu við mínar skýringar að bæta. Þetta er ákvörðun sem meiri hluti fjárln. og meiri hluti stjórnarflokkanna leggur til, en ég hef heyrt skoðanir hv. þm. á þessu máli.

[11:04]

Frsm. minni hluta fjárln. (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Minni hluti fjárln. gagnrýnir harðlega þá fjármálastjórn sem lýsir sér í niðurstöðutölum þessa frumvarps. Fjárlög þessa árs voru afgreidd með 133 millj. kr. afgangi. Nú er ljóst að viðurkenndur halli nemur 5,5 milljörðum kr. Minni hlutinn telur hins vegar að þegar öll kurl eru komin til grafar sé raunverulegur halli 9–10 milljarðar kr. og er þar um að ræða vanáætlaðar lífeyrisskuldbindingar og launakostnað, ofáætlaðar tekjur af virðisaukaskatti, launakostnað og uppsafnaðan halla í heilbrigðiskerfinu.

Fjárlög fyrir 1998 voru fyrstu fjárlögin sem voru gerð upp á rekstrargrunni og eru fjáraukalögin sem við nú erum að afgreiða þau fyrstu sem gerð eru upp á þann hátt. Verður að ítreka það sem sagði í fyrra nefndaráliti að óvissuþættir eru miklir í niðurstöðutölum og er mjög á reiki hvað menn telja að t.d. lífeyrisskuldbindingar eigi að reiknast á en þar er vandinn mikill á þessu ári vegna kerfisbreytinga þar sem hluti af yfirvinnu fer inn í fastalaun.

Þegar fjárlagafrumvarpið 1998 var lagt fram þótti minni hlutanum sem tekjuáætlunin væri trúlega varlega áætluð. Er nú að koma betur og betur í ljós að minni hlutinn reyndist hafa rétt fyrir sér og höfðu tekjurnar verið vanáætlaðar um rúma 9 milljarða kr. Áætlunin nú gerir ráð fyrir að tekjur

ársins hækki um 21% en gjöld um 34% frá fyrra ári. Ríkisendurskoðun bendir þó á í umsögn sinni til fjárln. að tekjur af virðisaukaskatti gætu verið ofáætlaðar um 1,5–2 milljarða kr. Einnig bendir stofnunin á að launahækkanir gætu í reynd hafa verið meiri en áætlun fjáraukalaga gerir ráð fyrir eða um 16% milli ára. Það hefur svo aftur áhrif á lífeyrisskuldbindingar sem munu verða verulega hærri ef þetta reynist rétt vera. Þetta eru því ekki lengur hallalaus fjárlög eins og mjög var glaðst yfir þegar frumvarpið var lagt fram á síðasta ári.

Minni hluti fjárln. ítrekar það sem kom fram í nefndaráliti við 2. umr. að neysluspár hafa á undanförnum árum reynst óraunhæfar og virðist ekki vera sterkur vilji til að læra af þeirri reynslu. Í nefndarálitinu gagnrýndi minni hlutinn harðlega að ekki væri komið nægilega til móts við fjárhagsvanda stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Þrátt fyrir framlag upp á 459 millj. kr. í fjáraukatillögum ríkisstjórnarinnar leit út fyrir að þau mundu draga á eftir sér yfir áramótin rúmlega 1 milljarðs kr. uppsafnaðan halla frá fyrri árum og því ári sem nú er að líða. Minni hlutinn lagði til við 2. umr. að þessi tvö sjúkrahús fengju samtals 600 millj. kr. til að mæta þessum mikla vanda en dró þá tillögu til baka í trausti þess að meiri hlutinn væri að vinna að lausn sem munaði um. Nú mun minni hlutinn leggja fram þá tillögu aftur þar sem hún gengur lengra til lausnar á þeim vanda sem við er að glíma en tillaga meiri hlutans sem leggur til að 500 millj. kr. fari til þessara stofnana af fjáraukalögum. Að sjálfsögðu er það til bóta þó að vandinn sem eftir verður sé enn allt of stór en talið er að sjúkrahúsin geti ekki dregið með sér svo vel fari nema um mánaðarveltu. Ef tillaga meiri hlutans verður samþykkt er að mati Ríkisendurskoðunar enn óleystur vandi svo nemur meira en hálfum milljarði króna hjá þessum stofnunum.

Nú hefur það gerst á síðasta sólarhring að búið er að semja um að setja bæði þessi sjúkrahús undir eina yfirstjórn og er þess nú að vænta að dragi úr þeim óraunhæfu sparnaðarkröfum sem gerðar hafa verið til hátæknisjúkrahúsanna hér í Reykjavík á síðustu árum. Þó skal á það minnt að rekstrarvandi ýmissa stofnana í heilbrigðiskerfinu er ekki leystur með samþykkt þessara fjáraukalaga og má þar minna t.d. á Heyrnar- og talmeinastöð en þar er mikið vandamál vegna uppsafnaðs rekstrarhalla hjá lítilli stofnun og hlýtur að verða að taka á því máli með einhverjum hætti á nýju ári svo að stofnunin geti starfað eðlilega. Minni hlutinn mun nú við 3. umr. flytja breytingartillögu þess efnis að Heyrnar- og talmeinastöð verði bættur uppsafnaður rekstrarhalli.

Einnig er rétt að minna á að ekki er greiddur til aldraðra eða öryrkja sá munur sem Ríkisendurskoðun hefur sýnt fram á með útreikningum sínum að nemur 1.842 millj. kr. á síðustu fjórum árum milli þeirra sem búa við framfærslu sem ákvörðuð er með grunnlífeyri með tekjutryggingu og hinna sem hafa lægstu umsamin laun. Þótt nokkrar leiðréttingar verði gerðar hjá hluta þessa fólks á næsta ári liggur enn óbættur hjá garði sá hluti sem nú hefur verið reiknað út að það hafi misst miðað við að allrar sanngirni hafi verið gætt. Mun minni hlutinn við þessa umræðu flytja brtt. sem gerir ráð fyrir að þessum hópum verði að nokkru bættur sá skaði sem þeir hafa orðið fyrir á þessu ári miðað við meðaltalshækkun launa.

Að lokum vill svo minni hlutinn enn minna á að ekki er ætlast til samkvæmt lögum að fjárveitingavaldið sé annars staðar en hjá Alþingi þó að framkvæmdarvaldið hafi heimild til að ráðstafa fé ef sérstaklega stendur á, svo sem ef um náttúruhamfarir eða önnur ófyrirsjáanleg atvik er að ræða. Því miður virðist ríkisstjórnin umgangast þessar heimildir nokkuð frjálslega. Það sýna dæmin í þessu frv. og í þeim brtt. frá ríkisstjórn og ráðuneytum sem hér eru til afgreiðslu.

Hæstv. forseti. Það eru því miður hættumerki í góðærinu. Það eru blikur á lofti. Það er gríðarleg eyðsla umfram það sem var. Útgjöld á þessu fjárlagafrv. hafa aukist um 34% en tekjur aðeins um 21%. Þar af eru $^2/_3$ þessarar aukningar vegna viðskiptahalla. Þetta eru mjög alvarleg merki í okkar efnahagslífi. Ríkissjóður er rekinn með halla. Það er nú staðreynd. Á rekstrargrunni, því bókhaldi sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir að hún vilji sýna, er ríkissjóður rekinn með miklum halla. Þar að auki hefur kíkirinn verið settur fyrir blinda augað varðandi ýmis vandamál sjúkrahúsa bæði varðandi viðhald og uppsafnaðan rekstrarhalla. Svo er einnig varðandi skóla þar sem gerðir hafa verið kjarasamningar sem ríkið vill ekki viðurkenna nema að hluta. Það er altalað meðal skólamanna að með því fjármagninu í þessum fjáraukalögum sé aðeins bættur að hluta raunverulegur launakostnaður vegna kjarasamninga sem ríkið undirritaði við framhaldsskólakennara. Ég veit ekki hvernig á að taka á því máli í framhaldinu. Ég átta mig ekki á því. Þetta er fyrst og fremst vegna breytinga á vinnutilhögun í skólunum sem mun leiða til mikils launakostnaðar. Þarna er ég auðvitað að tala um framhaldsskólana því að grunnskólarnir eru hjá sveitarfélögunum.

Einkaneysla í landinu er helmingi meiri en spáð hafði verið. Hún hefur farið upp í 12% á þessu ári samkvæmt nýjustu tölum. Þó var aldrei spáð að það yrði meira en 5% aukning. Það er sem sagt meira en helmingsaukning.

Skuldir heimilanna hef ég áður kallað úr ræðustól þríhöfða þurs. Alltaf þegar ráðist er til atlögu við hann og höggvið af honum eitt höfuðið vaxa a.m.k. tvö í viðbót. Skuldir heimilanna hafa vaxið gríðarlega á þessu ári eða um 43 milljarða kr. Þær raunir sem margar fjölskyldur ungs fólks eru að ganga í gegnum þessa dagana eru afar miklar. Nú á síðustu tveimur vikum hafa tvær fjölskyldur haft samband við mig, ungt fólk sem vinnur myrkranna á milli til að reyna að ná endum saman en er að missa húsnæði sitt sem þó var ekkert sérstaklega mikið í lagt. Skuldirnar vaxa svo gríðarlega. Svo virðist sem í áætlunum, sem meira að segja bankar skrifuðu undir þegar þetta fólk réðst í húsnæðiskaup, hafi ekki vera gert ráð fyrir að þetta fólk þyrfti neinn framfærslukostnað. Þó að bæði þessi hjón hafi lagt nótt við dag, hafi reynt að draga úr greiðslum fyrir barnagæslu og draga úr framfærslukostnaði eins og hægt er, þá er staðan samt slík að þau verða að láta frá sér íbúðirnar. Í öðru tilfellinu verða þau að biðja sveitarfélagið um að innleysa íbúðina en það hefur þá skyldu fram til áramóta. Þegar upp er staðið hefur 1,5 millj. bæst við skuldir þeirra, þ.e. þau fá íbúðina innleysta en sitja uppi með 1,5 millj. þrátt fyrir það og þrátt fyrir að þau hafi árum saman borgað hverja krónu sem þau vinna sér inn. Einhvern veginn er aldrei tekið af nægilega mikilli alvöru á þessum málum á Alþingi. Þetta er eitthvað það ömurlegasta sem maður horfir upp á í þjóðfélaginu. Einhvern veginn sýnir Alþingi þessum málum ekki skilning. Við erum flest á þeim aldri að við fengum okkar húsnæði með öðrum kjörum en ungt fólk þarf að sæta í dag. Við höfum tilhneigingu til að sýna þessum málum ekki skilning og því fer sem fer.

Skuldir sveitarfélaganna eru annar þríhöfða þurs — það má segja að alls konar þursar séu að vaxa upp í kringum okkur — og þar hef ég mestar áhyggjur af frekar litlum sveitarfélögum úti um land sem eru bókstaflega að drukkna

í skuldum en þurfa samt að sinna lögboðnum skyldum sem hafa meira að segja bæst á þau á síðustu árum. Auðvitað má segja að það hafi komið fjármagn með en kröfurnar til þessara skóla sem eru reknir úti í sveitarfélögunum og var samið um að fjármagn fyrir rekstrinum á sínum tíma, hafa aukist svo gríðarlega að þær eru ekkert í samræmi við það fé sem lagt var til með skólunum í upphafi. Ég verð að segja að mér finnst þessum málum ekki sýndur sá skilningur á Alþingi sem þyrfti að vera. Þó að þar ætti stórt sveitarfélag í hlut fékk það vægast sagt kaldar kveðjur frá sumum ráðamönnum þjóðarinnar þegar það hækkaði útsvar sitt, innan lögboðinna marka þó, hér á dögunum. Önnur sveitarfélög í landinu hafa verið að gera það sama en það þyrfti að koma miklu mun meiri hækkun, miklu mun meira fjármagn til sveitarfélaganna svo að þau geti sinnt þeim skyldum sem ætlast er til. Hjá mörgum sveitarfélögum sem ég þekki til, þegar búið er að taka fjármagn til afborgana á skuldum og til launagreiðslna fyrir sveitarfélagið, er nánast ekkert eftir. Þetta getur ekki gengið svona til langframa. Það hlýtur með einhverjum hætti að verða að sjá fyrir þessum málum með breytingu á ráðstöfun tekjustofna.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga á dögunum virðist manni hins vegar að Sökudólgurinn með stórum staf væri fundinn, þ.e. kennarar í landinu. Mikið var talað um óraunhæfar og ósanngjarnar kröfur kennara. En ég held að okkur sem höfum staðið í forsvari fyrir kennarasamtökin á sl. áratug hafi verið ljóst þegar þessi samningur var gerður við sveitarfélögin að þarna var setið á púðurtunnu. Launum kennara hefur verið haldið fyrir neðan allt velsæmi allt of lengi og það var vitað mál að þetta spryngi. Þegar það gerist svo til viðbótar að á sama tíma er verið að einsetja skóla þannig að möguleikar á yfirvinnu stórminnka hjá þessari stétt hlaut það náttúrlega að flýta fyrir að þetta færi allt úr böndunum. Það sýnist mér vera að gerast þessa dagana og ég á satt að segja von á meiru í þeim herbúðum.

Erlendar skuldir hafa aukist á kjörtímabilinu og talið er að þær munu fara úr 45%, sem þær eru þó nú, í 49% um aldamót. Við erum nú þegar að greiða 20 milljarða á ári í vexti til útlanda og ég verð að segja að þetta eru peningar sem ég sé óskaplega eftir. Ég sé verkefni í öllum hornum sem ég mundi vilja fjármagna með 20 milljörðum frekar en vera borga þá í vexti til útlanda þó að auðvitað verði maður að horfast í augu við það að ef skuldirnar eru fyrir hendi verður að greiða af þeim. En það er mjög gott að núna sé verið að reyna af hálfu ríkisvaldsins að greiða niður erlendar skuldir. Ég styð það og auðvitað eigum við að einbeita okkur að því í góðærinu.

Viðskiptahallinn er alvarlegt hættumerki á Íslandi. Fjmrh. minnti á það í andsvörum fyrir nokkrum dögum að viðskiptahallinn hefði einu sinni verið jafnmikill eða meiri og það hefði verið í fjármálaráðherratíð hv. þm. Ragnars Arnalds. Það er eðlilegt vegna þess að bæði núna og eins þegar hv. þm. Ragnar Arnalds var fjmrh. var staðið í miklum framkvæmdum í landinu og þessi viðskiptahalli orsakast auðvitað að hluta til af miklum innflutningi til þessara framkvæmda en það er þó því miður ekki öll skýringin og þetta er alvarlegt hættumerki í efnahagslífi okkar. Gengið hefur haldist í jafnvægi og það eru auðvitað mikil undur og stórmerki en það er fyrst og fremst vegna óvanalega hagstæðs verðlags á þeim sjávarafurðum sem við höfum verið að selja erlendis en það er talið að verðlag á sjávarafurðum hafi á skömmum tíma hækkað um 20% og einnig vegna þess að við búum við langhagstæðasta olíuverð í 12 ár og fer enn lækkandi. Að þetta tvennt fari saman eru náttúrlega þvílík ytri skilyrði að maður man ekki eftir öðru eins.

Ég verð að segja það, herra forseti, að að mínum dómi eru þeir uppgangstímar sem við nú búum við ekki rétti tíminn til skattalækkana og síst á fyrirtæki, síst á nú að lækka tekjuskatt fyrirtækja. Því miður verð ég að segja að eitt af því sem mér hugnast hvað verst í efnahagslífi okkar eru þær glufur sem fyrirtæki eins og sumir bankarnir sem eru að nýta til hins ýtrasta þá möguleika sem uppsafnað tap gefur til að þurfa ekki að borga tekjuskatt, stórgróðafyrirtæki, einhver stærstu fyrirtæki í landinu. Mörg þeirra borga ekki neinn tekjuskatt vegna þess að þau eiga þvílíkar fyrningar af uppsöfnuðu tapi. Mér finnst þetta ekki gott efnahagstákn.

Hér vantar peninga til ýmissa þjóðþrifamála eins og við höfum margrætt. Það vantar meiri peninga til lífeyrisgreiðslna, það vantar meiri peninga til að við getum rekið boðlega háskóla, það vantar meiri peninga til að við getum staðið með reisn að Kennaraháskólanum og þeirri sameiningu sem þar á sér stað þessa dagana. Það stórvantar meiri peninga til að Tækniháskólinn, eða Tækniskólinn eins og hann heitir reyndar í dag, geti staðið undir nafni. Það vantar meiri peninga til málefna fatlaðra. Það vantar meiri peninga til sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana og á sama tíma er sérstaklega verið að lækka tekjuskatt á fyrirtæki. Þetta er efnahagsráðstöfun sem ég get ekki skrifað undir. Við eigum nefnilega að sækja skattfé þangað sem fé er fyrir til góðra málefna.

Hér liggja fyrir brtt. sem kallað er frá meiri hluta fjárln. Ég vildi gjarnan standa að þeim ýmsum. Hv. formaður fjárln. Jón Kristjánsson fór mjög vel yfir þessar brtt. áðan. Ég ætla aðeins að minnast á nokkrar. Lagt er til að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins verði veitt 7 millj. kr. hækkun vegna aukinna umsvifa. Ég styð þessa brtt. mjög eindregið og þó meira hefði verið. Þarna hefur verið ákveðinn flöskuháls í kerfinu þannig að fólk hefur þurft að bíða mjög lengi með börnin sín eftir að komast að í greiningu. Það hefur verið skýrt með því að Greiningarstöðin hafi ekki haft nægilegt fjármagn. Þeir hafa þó reynt að bæta aðeins í hjá sér og það hefur þá leitt til rekstrarhalla. Þarna er verið að koma til móts við það og ég styð það mjög eindregið.

Lagt er til að Ríkisspítalar og Sjúkrahús Reykjavíkur fái 500 millj. kr. fjárframlag. Að vísu er hallinn, eftir því sem Ríkisendurskoðun hefur staðfest, á annan milljarð nú um áramót þannig að þetta gerir ekki nema dekka um það bil helminginn af því en þetta er þó viðleitni og viðbót og ef ekki verður samþykkt sú brtt. okkar í minni hlutanum um að hafa þetta 600 millj. kr. munum við að sjálfsögðu styðja þessa tillögu um 500 millj.

Fjárln. leggur til að framlag til kaupa á búnaði fyrir heilsugæslustöðina í Kópavogi verði hækkað. Það hefur valdið okkur miklum áhyggjum, a.m.k. okkur nokkrum þingmönnum Reykjaness, hvernig staðið var að þessum málum, að ekki virtist vera gert ráð fyrir að keyptur væri búnaður inn í heilsugæslustöðina sem stóð þó tilbúin og mikil þörf var fyrir að taka í notkun. En nú er komið til móts við þetta og þeir fá, að ég tel, það sem þeir þurfa fyrir búnaði í þessa heilsugæslustöð og ég styð það mjög eindregið.

Ég vek athygli á 34,3 millj. kr. sem lagt er til að fari til heilbrigðisstofnana vegna launakostnaðar heilsugæslulækna. Þetta eru afleiðingar af samningum við heilsugæslulækna sem mun þó ekki hafa verið of í lagt ef marka má af aðsókn í

þau læknisumdæmi sem eru laus til umsóknar en þau munu vera um það bil 20. Það gengur illa að fá heilsugæslulækna til að sækja um þessar stöður. Fer sögum af því að reynt hafi verið að færa þetta í tal við íslenska lækna sem starfa erlendis en illa hefur gengið að fá þá til að skila sér heim þó að þessi umsömdu laun væru í boði. En auðvitað styð ég að þessi fjárveiting verði veitt.

Svo er 251,9 millj. kr. sem er framlag til að mæta nýlegum aðlögunarsamningum. Ég vek athygli á því að hugsanlega eru þarna ekki öll kurl komin til grafar. Að sjálfsögðu styð ég þetta framlag.

Auðvitað er margt annað sem er ýmislegt gott um að segja en mig langar aðeins til að minnast á rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum. Ég fagna því mjög að fjárln. hafi ákveðið að veita aukalega 4 millj. kr. til að taka á uppsöfnuðum halla. Þetta var orðið vandræðalegt mál og bæjaryfirvöld í Sandgerði höfðu lagt fram stórfé til að starfsemin gæti haldið áfram og hefði verið leitt ef ekki hefði verið hægt að koma til móts við það því að þetta er mjög merkilegt verkefni að allra dómi en hefur tekið lengri tíma en fyrst var áætlað þannig að erfitt hefur verið með fjárveitingar.

Að lokum langaði mig að lýsa stuðningi mínum við brtt. frá Jóni Kristjánssyni og Sturlu Böðvarssyni sem kom fram í dag. Ég hef nokkrum sinnum haft orð á því í hv. fjárln. að það þyrfti að taka betur á málefnum Reykjalundar. Reykjalundur hafði samkvæmt frv. 21,5 millj. í hækkun en í þessari brtt. er lagt til að þarna komi aukalega inn 15 millj. Ég tel vera mikla þörf fyrir þessa fjárveitingu og styð hana eindregið.

Að lokum þakka ég fyrir sérstaklega gott samstarf í hv. fjárln. Stundum hafa verið afskaplega langir og erfiðir fundir hjá okkur sem ég hef harðlega gagnrýnt, stundum tvöfaldir hjá meiri hlutanum sem bæði sátu einir á fundum og svo aftur með minni hlutanum. Ég tel að það séu vinnubrögð sem þyrfti að taka til endurskoðunar en samstarfið hefur verið ánægjulegt og við höfum ævinlega fengið að komast að með athugasemdir okkar.

[11:32]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykn. fyrir málefnalega ræðu en tvennt vildi ég gera að umtalsefni vegna orða hennar. Annars vegar var vakin athygli á neikvæðum tekjujöfnuði ríkissjóðs í fjárlögum ársins 1998 að gefinni afgreiðslu fjáraukalaga. Af því tilefni vil ég vekja athygli á því að á rekstrargrunni eru færðar lífeyrisskuldbindingar, eins og margsinnis hefur komið fram, upp á 9 milljarða kr. Ef við værum að fjalla um fjárlög ársins 1998 á greiðslugrunni, þá værum við hins vegar með verulegan afgang á ríkissjóði. Ég vildi vekja athygli á því, ekki vegna þess að hv. þm. hafi farið með rangt mál heldur vakti hún athygli á því sem hér stendur. Ég bendi á að munurinn er verulega mikill á rekstrargrunni og greiðslugrunni.

Hitt atriðið sem ég vildi gera að umtalsefni er að hv. þm. ræddi um vanda ungs fólks sem er að byggja eða kaupa húsnæði. Þetta hefur náttúrlega verið erfitt viðfangsefni alla tíð. Vandinn í húsnæðiskerfinu hefur verið töluverður og ekki síst það sem snýr að sveitarfélögunum. Vegna þess vil ég vekja athygli á því að í undirbúningi eru samningar við sveitarfélögin til að auðvelda þeim að komast út úr þeirri krísu sem þau hafa verið í vegna félagslega íbúðakerfisins. Gert er ráð fyrir því að á næsta ári verði gengið til samninga við sveitarfélögin til að taka á þeim vanda. Ég geri ráð fyrir að þær lausnir muni auðvelda sveitarfélögum og um leið unga fólkinu og þeim sem þurfa að kaupa eða leigja húsnæði að komast í gegnum þær þrengingar sem margir hafa lent í.

[11:35]

Frsm. minni hluta fjárln. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Tekjujöfnun er neikvæð á rekstrargrunni eins og ég dró fram í máli mínu. Þetta er það form á útreikningi fjárlaga sem ríkisstjórnin, og mér skilst raunar allur þingheimur, hefur kosið sér, rekstrargrunnur. Þar eru teknar inn allar skuldbindingar.

Ég er hins vegar ein hjáróma rödd og hef talið að það ætti að sýna stöðuna á greiðslugrunni. Mér er vel ljóst að staðan er önnur á greiðslugrunni en á rekstrargrunni og mun hagstæðari einmitt vegna lífeyrisskuldbindinga sem ég vakti máls á í ræðu minni að er svona slumpareikningur. Það er mjög erfitt að festa hendur á nákvæmum tölum í því sambandi.

Húsnæðismál ungs fólks. Við tókum mikla rispu á því í fyrravetur varðandi afgreiðslu á húsnæðislögunum. Mér er ljóst að ríkisstjórnarflokkarnir hafa haldið því fram að þessi mál verði nú leyst af sveitarfélögunum í samvinnu við ríkið. Ekki er neitt af sveitarfélögunum að hafa um þessar mundir, eins og ég tók fram í ræðu minni. Þar er ekki um auðugan garð að gresja. Þau eru flest í miklum fjárhagsvandræðum. Ég á eftir að sjá að þau taki mikið fé úr eigin vasa til að koma upp leiguhúsnæði fyrir fátækt fólk. Íbúðirnar sem ríkið ætlar að byggja á þessu ári samkvæmt fjárlagafrv. eru ekki svo margar að það taki því að nefna það miðað við vandann sem við blasir.

Hitt er annað mál að mér finnst ekki vera tekið á skuldamálum þess unga fólks sem hefur nánast verið neytt til að fara út í húsakaup langt fram yfir það sem átti nokkurn tíma að geta staðið undir og hefur fengið til þess jákvæðar umsagnir frá bönkum.

[11:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykn., Sigríði Jóhannesdóttur, fyrir ræðu hennar. Í ræðunni voru reyndar svo margir punktar sem ég hef athugasemdir við að ég þyrfti svona tíu andsvör til að svara þeim.

Hún ræddi um vandræði ungs fólks sem skuldar mikið. Enginn er fæddur með skuldir og ákveðin atriði eins og vaxtabætur t.d. hvetja menn til skulda. (**Gripið fram í:** Það eru ...) Telur hv. þm. að það sé til bóta fyrir þetta fólk að hækka á því skatta? Hún lagði til að gott væri fyrir sveitarfélögin að hækka skattana. Þegar reksturinn væri svo slæmur að endar næðu ekki saman í sveitarfélögunum, þá ætti bara að hækka skattana. Telur hv. þm. að það sé til bóta fyrir þetta fólk að skattleggja fyrirtækið sem það vinnur hjá svo það geti ekki borgað almennileg laun eða jafnvel leggist niður? Telur hv. þm. að það sé gott að skattleggja hagnað fyrirtækisins þannig að enginn vilji leggja peninga í atvinnulíf, þannig að þetta fólk verði atvinnulaust? Ég spyr.

Hv. þm. virðist líta þannig á að fyrst ákveði maður útgjöldin eins og sveitarfélögin, kaupa íþróttahús o.s.frv., og svo eigi að mæta útgjöldum með auknum tekjum. Einstaklingar eiga að gera þetta líka. Þeir eigi að kaupa sér bíl og hús og fara í ferðalög og svo eiga tekjurnar að mæta þessu.

Í gamla daga lærði ég það að þegar bóndi setur fé á vetur, þá þarf hann hey. Engum bónda dettur í hug um miðjan

vetur, þegar hann hefur sett of margt fé á, að heimta meira hey.

[11:39]

Frsm. minni hluta fjárln. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var sérkennileg ræða. Hv. þm. telur að vandi ungs fólks í húsnæðismálum og í peningamálum stafi af því að það hafi farið út í að kaupa sér húsnæði til að gera út á vaxtabæturnar. (**PHB:** Margir gera það.) Þvílíkt hugmyndaflug. Í þeim hópi ungs fólks sem ég þekki er enginn sem hefur keypt sér húsnæði til annars en að búa í því. Unga fólkið hefur þurft stað til að búa á með börnin sín. Það hefur farið í bankann sinn og látið meta tekjustöðu sína og því hefur verið sagt að það gæti keypt húsnæði sem kostaði svo og svo mikið. Reynslan hefur hins vegar orðið sú að þetta fólk hefur í mörgum tilfellum ekki getað staðið undir þessum skuldbindingum vegna þess að framfærslukostnaðurinn er meiri en reiknað er með. Þess vegna lendir það í endalausum vandræðum. Það fer að framlengja og framlengja og svo endar það með því að allt hrynur. Þá þarf fólk, eins og þessi ungu hjón sem ég var að segja frá áðan, *að fara með börnin sín þrjú út úr íbúðinni, lítilli íbúð*, eftir að hafa árum saman lagt nótt við dag og sett alla sína peninga í þetta. Þau hafa engan stað að búa á vegna þess að framfærslukostnaðurinn hefur verið miklu meiri heldur en nokkurn tíma var reiknað með í grunninum.

Hækkun skatta á fyrirtæki. Ég hef ekki áhyggjur af því þó að fyrirtæki borgi skatt af hagnaði á sama hátt og einstaklingar borga tekjuskatt. Ég tel að fyrirtæki eigi ekki að hafa sérstaka möguleika á að draga frá gamalt uppsafnað tap sem þau hafa kannski keypt einhvers staðar á uppboðum og komast þannig hjá því að borga tekjuskatt. Þessi fyrirtæki gera ekkert sérstakt við þessa peninga fyrir fólkið sem vinnur hjá fyrirtækjunum, um það þekki ég ekki dæmi.

[11:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki spurningu minni. Ég spurði: Telur hv. þm. að það sé þessu unga fólki til bóta að Reykjavíkurborg hækki útsvarið á það? Telur hv. þm. að það sé þessu fólki til bóta að Reykjavíkurborg hækki fasteignaskatta þeirra? Telur hv. þm. að það sé þessu unga fólki til bóta að auka skattlagningu á fyrirtækin sem það vinnur hjá þannig að fyrirtækin leggist af eða geti ekki borgað laun? Ég vil fá svör við þessu.

[11:42]

Frsm. minni hluta fjárln. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða verður stöðugt merkilegri. Það hlýtur að vera þeim sem treysta á það að fá húsnæði hjá Reykjavíkurborg, eins og mér heyrist að hundruð borgarbúa geri sem þar eru á biðlistum, til hagsbóta ef Reykjavíkurborg hefur möguleika á að veita fjármuni til að sjá þeim fyrir húsnæði. Mér finnst að það hangi alveg ljóslega saman.

Hvað hefur það með hagsmuni ungs fólks sem er í skuldabasli að gera að fyrirtæki sem það vinnur hjá borgi ekki skatta? (Gripið fram í.) Allir þeir skattar sem eru lagðir á í þessu landi eru vonandi til hagsbóta fyrir fólkið sem býr í landinu. Ég lít þannig á. Við erum vonandi ekki að eyða fé í eitthvað annað en það sem er til hagsbóta fyrir landsmenn. Hvorki Reykjavíkurborg né sveitarfélögin í landinu né ríkið. Ég reyni a.m.k. í vinnu minni að fjárlagagerð að hafa það að leiðarljósi að fjármagnið sé notað til hagsbóta fyrir fólkið í landinu.

[11:43]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. RG, þskj. 579; brtt. JónK og StB, þskj. 580.

[11:44]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ræða mín verður það stutt að hún hefði ugglaust getað komist fyrir í andsvari ef ég hefði valið þá leið, svona nánast því a.m.k. Ég má til með að koma upp út af þeirri umræðu sem hér fór fram áðan og út af orðaskiptum hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur og Péturs H. Blöndals. Hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði að enginn fæddist með skuldir. Ég hélt, herra forseti, að hv. þm. gerði sér staðreyndir betur ljósar en þetta. Hver einn og einasti Íslendingur sem fæðist, fæðist með skuldir vegna stöðu ríkissjóðs. Þetta veit ég að þingmaðurinn samþykkir eins og skot, enda nikkar hann til mín. Við erum sífellt að skuldbinda ófædd börn með aðgerðum okkar.

Ég vil í upphafi ræðunnar lýsa ánægju minni með að frv. sem við erum að ræða hér, fjáraukalagafrv., er til afgreiðslu áður en fjárlög 1999 koma til lokaumræðu. Sú breyting er tengd lögum um fjárreiður og það er vel. Ég og fleiri hafa lýst vilja sínum til að vinna þetta nákvæmlega svona. En þó hygg ég, herra forseti, að þegar dæmið verður endanlega gert upp þá komi í ljós að ekki sé einvörðungu um að ræða 5 milljarða halla á fjárlögum fyrir árið 1998, í stað 133 millj. kr. afgangs eða tekjujöfnunar í plús eins og fagmenn kalla það, heldur verði hallinn 8–10 milljarðar þegar ríkisreikningurinn verður lagður fram, væntanlega einhvern tímann á vordögum. Ýmsir segja: Það skiptir nú engu máli. Það eru bara lífeyrisskuldbindingar sem valda því. En þetta eru allt fjármunir sem við erum að festa, nákvæmlega eins og ég lýsti áðan. Í lífeyrisskuldbindingunum felast ákveðnar skuldbindingar til framtíðar. Ég veit að hæstv. ríkisstjórn mun ekki eiga auðvelt með að kyngja því að dæmið sé svona en þetta eru samt staðreyndir.

Ég hef áður sagt að allar fyrirliggjandi staðreyndir við fjárlagagerð eigi að koma inn í fjárlagagerðina. Þar vísa ég til þess að vitað var og minni hlutinn benti á við fjárlagagerðina fyrir 1998 að útgjöld væru vanreiknuð upp á 1,2 milljarða vegna sjúkrahúsanna eða Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna. Það liggur ljóst fyrir að nú er komið til móts við þær tillögur með fjáraukalögum upp á 500 millj. Það hefði verið miklu eðlilegra að setja þetta inn í dæmið nákvæmlega þegar okkur var ljóst hver fjárþörfin var. Það hefði verið mikið eðlilegra að taka þau útgjaldatilefni og hafa með fjárlögunum en að vinna eins og unnið var, aðeins til að þurfa ekki að stilla fjárlögum upp með halla. Þá hefði verið nær að fara að tillögu minni hlutans sem lagði á þeim tíma til hækkun á tryggingagjaldi til þess að mæta þeim fyrirsjáanlega halla sem yrði á fjárlögum.

Herra forseti. Ég hef, sem fulltrúi í fjárln., sífellt sagt að ráðuneytin hafi ónóga yfirsýn yfir útgjöld. Rétt í lokin vil ég því gera eftirfarandi orð Ríkisendurskoðunar að mínum, *með leyfi forseta*:

„Stjórnendur þurfa reglulega að ganga úr skugga um að reksturinn skili þeim árangri sem að er stefnt. Í því skyni þurfa þeir að bera raunverulegan árangur saman við fjárlög, fyrri áætlanir og árangur.“

Þetta hef ég sagt þau fjögur ár sem ég hef verið í fjárlaganefnd. Þetta er það sem á skortir í fjármunastjórn hæstv. ríkisstjórnar. Ég get ekki lokið máli mínu öðruvísi en nefna málið sem fyrst var á dagskrá í morgun, þ.e. frv. til laga um stuðning við þær breytingar sem fyrirhugaðar eru vegna tekjutenginga öryrkja og aldraðra. Ekki er hægt annað en fagna því að þetta frv. skuli liggja fyrir. Hins vegar vantar mikið á að mætt sé þeirri þörf sem fyrir liggur hjá þeim sem byggja afkomu sína á skömmtun örorkubóta og ellilífeyrisgreiðslna.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna að um 1.400 öryrkjar, einstaklingar, eru í sárri neyð. Ef menn vildu fylgjast með þá þyrfti ekki annað en fara og líta á húsnæði mæðrastyrksnefndar þar sem eru langar biðraðir fólks að leita aðstoðar. Þar eru ekki aðeins öryrkjar heldur einnig einstæðar mæður og fólk sem á í vandamálum. Það er ekki auðvelt að standa í biðröð eftir örlítilli hjálp.

Ég er ekki sáttur við niðurstöðuna úr þessum ráðstöfunum. Við fjáraukalagagerðina lagði minni hlutinn til að greiddar yrðu 148 millj. vegna þess mismunar sem er á meðaltalslaunavísitölu og þeirra bóta sem þetta fólk hefur fengið. Ekki hefur verið orðið við því og það er miður. Það hefði sannarlega átt að vera búið að greiða til þeirra vegna ársins 1998. Við fjárlagagerðina munum við því leggja til að þessu fólki verði greidd 401 millj. sem er nákvæmlega sú leiðrétting sem ætti að vera, miðað við meðaltalslaunavísitölu. Það er mismunurinn á þeim 75 millj. kr. sem fólkið fær greiddar í fjárlögum ársins 1999 og þeirra 478 millj. sem hefði átt að greiða.

Herra forseti. Ég er auðvitað að ræða dálítið um fjárlögin sem verða til umræðu á eftir. Ég sagði í upphafi að ég ætlaði að vera stuttorður. Ég tel mig hafa staðið við það og lýk hér máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárlög 1999, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 484, frhnál. 550 og 567, brtt. 536, 551, 552, 553, 554, 555, 563, 568, 569, 570, 571, 578, 579 og 580.

[11:53]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fjárln. hefur lokið vinnu við frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 og liggja fyrir frhnál. og tillögur til breytinga á frv. Nefndin hefur tekið nokkur mál til meðferðar sem eftir voru á gjaldahlið frv., farið yfir þann hluta þess sem varðar lántökuheimildir ríkissjóðs, fjallað um 7. gr. sem er heimildargrein og fjallað um B- og C-hluta þess. Þá hefur fjárln. einnig farið yfir tekjuhlið frv. og aflað umsagnar efh.- og viðskn. um hana.

Við 2. umr. fjárlaga skýrði ég frá því að fjárln. hefði nokkur atriði sérstaklega til meðferðar fyrir 3. umr. Ég mun nú gera grein fyrir niðurstöðunni um þessi mál en auk þess mun ég fjalla um heildarniðurstöðuna og áhrif hennar á stöðu ríkissjóðs og almenn áhrif á efnahagslífið í landinu áður en ég vík að skýringu þeirra brtt. sem liggja fyrir.

Fyrst ætla ég að víkja að byggðamálum. Þróun byggðamála hefur verið óhagstæð landsbyggðinni að undanförnu. Ekki er deilt um að sú þróun sé þjóðhagslega óhagkvæm. Fólksfækkun á landsbyggðinni og stöðug fjölgun á höfuðborgarsvæðinu umfram landsmeðaltal hefur þau áhrif að kalla á hraða uppbyggingu, þjónustu og mannvirkjagerð sem í mörgum tilfellum er fyrir hendi á landsbyggðinni. Ör íbúafjölgun getur einnig haft neikvæðar félagslegar hliðarverkanir.

Ekki er heldur deilt um að einhæfni atvinnulífs og hár framfærslukostnaður og aðstöðumunur í ýmsum greinum ýtir undir óhagstæða byggðaþróun. Samkvæmt byggðatillögu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að stofna eignarhaldsfélög sem geti aðstoðað við að auka fjölbreytni í atvinnulífinu á landsbyggðinni. Til þessa verkefnis eru veittar 300 millj. kr. Til að auka jöfnun í tveimur veigamiklum þáttum framfærslukostnaðar eru veittar 140 millj. kr., 100 millj. til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og 40 millj. til styrkveitinga vegna námskostnaðar. Með fjárveitingunni og hækkun fyrra árs eru námsstyrkir til framhaldsnáms í dreifbýli þar sem nám er ekki fyrir hendi í heimabyggð hækkaðir um helming.

Allir ljúka upp einum munni um að efling menntunar á landsbyggðinni sé undirstaða byggðar í landinu. Framhaldsskólarnir gegna lykilhlutverki í þessu tilliti. Einnig hefur áhugi aukist mjög á að allir landshlutar eigi virkan hlut í háskólanámi í gegnum fjarnám sem sé viðbót við þá möguleika sem fyrir eru í háskólanámi í landinu. Komið var til móts við óskir um fjarnámið við 2. umr. en við 3. umr. var ákveðið að veita 40 millj. kr. til framhaldsskólanna. Menntmrn. er falið að ráðstafa þessu fé og taka þá einkum til skoðunar fámennari framhaldsskólana og þá þætti samninga um þá sem fjalla um álag vegna kennslu.

Meiri hluti fjárln. er þeirrar skoðunar að fjárveitingar til framhaldsskólanna verði að vera á grundvelli samninga og undirstrika mikilvægi þeirra. Hins vegar telur meiri hlutinn að meta þurfi reynsluna af þessum samningum við skólakerfið í heild og áhrif þeirra á það starf sem skólunum er ætlað að vinna og þá stefnu sem þeim hefur verið mörkuð.

Með því sem ég hef rakið er stigið markvert skref í fjórum mikilvægum þáttum byggðamála, þ.e. atvinnumálum, húshitunarkostnaði, jöfnun námskostnaðar, styrkingu framhaldsskóla og þróun í fjarnámi.

Undanfarnar vikur hefur verið starfandi nefnd á vegum félmrn. sem fékk það hlutverk að skoða sérstaklega biðlista eftir búsetu og annarri þjónustu hjá svæðisskrifstofum fatlaðra. Nefndin hefur lokið störfum og lagði til að á næstu tveimur árum verði gert sérstakt átak til að leysa mál þeirra sem mesta þörf hafa fyrir búsetu hjá svæðisskrifstofum Reykjavíkur og Reykjaness. Í því skyni þarf að tryggja 46 millj. til rekstrar á árinu 1999 og 104 millj. kr. árið 2000. Stofnkostnaður er áætlaður 430 millj. kr. til byggingar eða kaupa á fimm sambýlum á hvoru svæði. Lagt er til að rekstrartalan verði tekin inn í fjárlögin en reynt að leysa úr húsnæðisþörfinni með leigusamningum í upphafi átaksins. 14 millj. kr. eru veittar til að greiða fyrir slíkum samningum.

Niðurstaða nefndarinnar var að ástandið í þessum málum í Reykjavík og ekki síður í Reykjaneskjördæmi væri þannig að átak til að leysa úr vandanum þyldi ekki bið. Það er í samræmi við þær áherslur sem bárust á borð fjárln. og komu skýrt fram hjá sveitarstjórnarmönnum í heimsókn nefndarinnar í Reykjaneskjördæmi í haust.

Milli 2. og 3. umr. fjárlaga var ákveðið að veita á fjáraukalögum, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, 500 millj. kr. til stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík til að koma til móts við uppsafnaðan vanda þeirra í árslok 1998. Þetta bætir stöðu

sjúkrahúsanna verulega. Nú hafa borist þau tíðindi að gengið hafi verið frá samkomulagi borgarstjóra, fjmrh. og heilbrrh. um yfirtöku ríkisins á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og ráðinn hafi verið einn forstjóri yfir báðar stofnanirnar, Ríkisspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur. Með þessum breytingum ætti að vera auðveldara að móta hagkvæmt samstarf og verkaskiptingu sjúkrahúsanna í framtíðinni.

Svo ég víki að hækkun bóta almannatrygginga sem kom inn við 3. umr. þá ætla ég ekki að hafa um það mörg orð. Um þann þátt málsins og lagasetninguna sem því fylgir hefur verið rætt í dag. Sú hækkun hefur í för með sér hækkun á útgjaldahlið upp á 480 millj. kr. eins og ég kem að síðar.

Fjárln. fjallaði einnig um B-hluta stofnanir. Þar komu fulltrúar Ríkisútvarpsins og Rafmagnsveitna ríkisins á fund nefndarinnar. Fram hefur komið að Ríkisútvarpið hefur styrkt afkomu sína og nýlega var leyfð hækkun afnotagjalda til að gera því enn betur fært að sinna mikilvægu hlutverki sínu. Lögð er áhersla á það hlutverk Ríkisútvarpsins, og ég vil undirstrika það sérstaklega, að koma dagskrá sinni til allra landsmanna. Þetta veldur óhjákvæmilega kostnaðarauka miðað við keppinautana. Í þessu ljósi ber að skoða þá sérstöðu sem Ríkisútvarpið hefur með innheimtu afnotagjalda. Einnig ber að líta á menningarhlutverk Ríkisútvarpsins í þessu samhengi. Það er mikilvægt öryggistæki og stofnunin hefur afar mikilvægt hlutverk í því að varðveita andblæ líðandi stundar til framtíðarinnar. Það er gert með varðveislu dagskrárefnis og vinnslu innlendrar dagskrár. Ómetanlegir dýrgripir eru í vörslu Ríkisútvarpsins frá starfi þess í nær sjö áratugi.

Afkoma Rafmagnsveitna ríkisins er erfið og það á rætur að rekja til þess sem á stofnunina er lagt, að sinna því hlutverki að byggja og reka dreifikerfi í strjálbýli sem tekjur samkvæmt gjaldskrá standa ekki undir. Stofnuninni er gert að greiða arð til ríkissjóðs sem er að hluta endurráðstafað í dreifikerfi í sveitum og til rannsókna- og þróunarverkefna. Meiri hluti fjárln. telur að taka þurfi til meðferðar hvort eðlilegt sé að krefjast arðs af fyrirtækinu óháð afkomu þess. Viðræður um þau mál munu fara fram á næstunni milli fjmrn. og iðnrn.

Fjárln. hefur haft til meðferðar margs konar verkefni sem tilheyra undirbúningi hátíðarhalda árið 2000. Þegar hafa komið ákvarðanir frá Norðmönnum um gjafir tengdar þessum hátíðarhöldum. Tvö slík mál voru til meðferðar milli 2. og 3. umr. Þarna er um að ræða Auðunarstofu á Hólum í Hjaltadal og stafkirkju sem ákveðinn hefur verið staður í Vestmannaeyjum. Norðmenn gefa efnið í þessar byggingar en viðtakendurnir, Íslendingar, sjá um uppsetningu og frágang. Veittar eru 12 millj. til Auðunarstofu og 20 millj. vegna stafkirkjunnar. Gerð hefur verið kostnaðaráætlun um þessi verk sem hljóðar upp á 32 millj. fyrir Auðunarstofu og 38 millj. fyrir stafkirkjuna. Áætlað er að ljúka þessum verkum árið 2000.

Gert er ráð fyrir að hækka framlag til að standa undir útgjöldum vegna heimildargreinar fjárlaga. Nefna má að heimild er til að gera lokauppgjör vegna skulda lítilla hitaveitna en þessi mál hafa verið í meðferð á undanförnum árum. Þau eiga rætur að rekja til söluskatts sem hitaveiturnar greiddu af aðföngum á byggingartíma sínum.

Ég mun nú víkja að afkomuhorfum ríkissjóðs eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á fjárlagafrv. í meðförum fjárln. og áformum um niðurgreiðslu skulda. Áformað er að ríkissjóður greiði niður skuldir umfram nýjar lántökur er nemur 23,8 milljörðum kr. á næsta ári. Þá verða greidd niður lán sem nema 30 milljörðum kr. árin 1998 og 1999. Til að standa undir niðurgreiðslu lána á næsta ári koma ríflega 7 milljarðar kr. af reglulegri starfsemi ríkissjóðs en um 1,4 milljarðar koma frá fjármunahreyfingum og 7 milljarðar af sjóðstöðu frá árinu 1998. Samtals eru þetta 15,5 millj. kr. Loks renna 8,3 milljarðar kr. af eignasölu til niðurgreiðslna á lánum ríkissjóðs og renna því allar tekjur ríkissjóðs af eignasölu til að greiða niður lán. Af 23,8 milljarða kr. niðurgreiðslu lána á næsta ári koma því 35% af eignasölu og 65% af annarri starfsemi ríkissjóðs. Tekjujöfnuður ríkissjóðs batnar um 600 millj. kr. frá frv. til fjárlaga og verður 2,5 milljarðar kr. samanborið við 1,9 milljarða kr. í frv. til fjárlaga. Verður það að teljast nokkur áfangi og sýnir styrka stöðu ríkisfjármálanna.

Þrátt fyrir nokkra hækkun útgjalda sem m.a. stafar af ákvörðunum um hækkun á bótum almannatrygginga, launabreytingum og auknum framlögum til byggðamála þá gerir tekjuaukningin meira en vega upp á móti því. Tekjurnar vaxa um 3,7 milljarða kr. frá því sem áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Af hækkun tekna má rekja ríflega helminginn til meiri hagvaxtar og umsvifa í efnahagsmálum en gert var ráð fyrir í frv. en um helmingur kemur af meiri hagnaði af eignasölu og auknum arðgreiðslum.

Staða efnahagsmála hér á landi undanfarin ár hefur fyrst og fremst einkennst af miklum hagvexti, stöðugleika í efnahags- og gengismálum, litlu atvinnuleysi og mikilli kaupmáttaraukningu almennings. Þannig hefur hagvöxtur verið um og yfir 5% árlega allar götur frá 1996. Verðbólga hefur verið með minnsta móti undanfarin fimm ár eða á bilinu 1,5–2,5% á ári. Kaupmáttur heimilanna hefur einnig aukist verulega, eða um 25% frá árinu 1995 og spáð er áframhaldandi 5% aukningu á næsta ári. Atvinnuleysi hefur minnkað verulega að undanförnu og er nú minna en í flestum nálægum ríkjum. Viðskiptajöfnuðurinn hefur hins vegar verið neikvæður undanfarin ár, bæði vegna mikilla og tímabundinna stóriðjuframkvæmda og mikillar aukningar neysluútgjalda. Af þessum sökum er mikilvægt að efla þjóðhagslegan sparnað á næstu árum, ekki síst með því að ríkissjóður skili afgangi og skuldir verði greiddar niður. Batnandi staða í efnahags- og atvinnumálum kemur fram í breytingu við 3. umr. fjárlaga þar sem framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs getur lækkað um 230 millj. þar sem dregið hefur úr atvinnuleysi. Vextir lækka einnig um 300 millj. kr. til viðbótar við áætlun um 900 millj. kr. lækkun í fjárlagafrv. 1999 frá fjárlagafrv. 1998.

Endurskoðuð þjóðhagsspá fyrir árið 1999 felur í sér nokkrar breytingar frá forsendum fjárlagafrv. Hagvöxtur er talinn verða tæplega 0,5% meiri en áður. Það má fyrst og fremst rekja til aukinna þjóðarútgjalda, jafnt neyslu sem fjárfestingar. Kaupmáttur heimilanna verður einnig meiri þrátt fyrir að verðbólga hækki lítils háttar frá fyrri spá. Útflutningur eykst hins vegar minna á næsta ári en áður var spáð og halli á viðskiptajöfnuði verður því heldur meiri á næsta ári. Samanlagður hallinn árin 1998 og 1999 er þó talinn verða óbreyttur frá fyrri spám.

Heildarsala eigna er áætluð 8,3 milljarðar kr. í fjárlögum næsta árs. Það er aukning um 1,3 milljarða kr. frá fjárlagafrv. Sú aukning skýrist fyrst og fremst af auknum söluhagnaði og breyttri tímasetningu á sölu eigna. Áformað er að selja hlut ríkisins í Fjárfestingarbankanum og afganginn af söluhlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum.

Nú vil ég fjalla um skýringar á breytingartillögum. Fyrst vík ég að skýringum á brtt. við 5. gr. frv.:

Lántökuheimild ríkissjóðs lækkar úr 11.600 millj. kr. í 2.000 millj. kr. í kjölfar endurmats á lánahreyfingum ríkissjóðs og vegna góðrar sjóðstöðu í árslok 1998. Einkum er þrennt sem skýrir bætta stöðu í árslok 1998. Í fyrsta lagi hefur ríkissjóður ekki greitt eins mikið niður af erlendum skammtímalánum á síðustu mánuðum og ráðgert var vegna áhrifa á gjaldeyrisstöðu. Í öðru lagi greiddi Landsvirkjun upp lán frá ríkissjóði fyrir gjalddaga að upphæð 3,5 milljarðar kr. í október. Loks hefur handbært fé frá rekstri verið nokkru meira en en áætlanir gerðu ráð fyrir á síðustu mánuðum ársins. Styrk staða ríkissjóðs í árslok gerir þannig kleift að ganga á sjóði á næsta ári auk þess sem tekjuafgangur hefur aukist frá fjárlagafrumvarpi og minnka því langtímalántökur á næsta ári.

Lögð er til ein breyting á 2. tölul., þ.e. að lántökuheimild Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 400 millj. kr. og verði 3.100 millj. kr. í stað 3.500 millj. kr. Lækkunin stafar af minni fjármagnsgjöldum og minni afborgunum sjóðsins af langtímalánum en áætlað var í frumvarpi til fjárlaga.

Lagðar eru til þrjár breytingar á 3. tölul. 5. gr.:

1. Lagt er til að lántökuheimild Íbúðalánasjóðs, húsbréfadeildar hækki um 700 millj. kr. og verði 23.320 millj. kr. Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum sjóðsins er gert ráð fyrir að útgáfa húsbréfa verði 700 millj. kr. meiri en samkvæmt fjárlagafrumvarpi.

2. Lagt er til að viðbótarlán Íbúðalánasjóðs verði 1.140 millj. kr. eða 220 millj. kr. hærri en áætlað var. Er endurskoðuð áætlun byggð á upplýsingum frá sveitarfélögunum um fjölda lána. Er nú gert ráð fyrir að lán verði veitt til 927 íbúða eða 147 íbúðum fleiri en í fyrri áætlun.

3. Lagt er til að við bætist nýr liður með heimild til handa Hitaveitu Suðurnesja til að taka allt að 1.000 millj. kr. að láni árið 1999. Er lántakan fyrst og fremst ætluð til að fjármagna endurbyggingu elsta hluta orkuversins. Nauðsynlegt er talið að ríkissjóður veiti heimild til lántökunnar þar sem ríkið á 20% eignarhlut í sameignarfélaginu og ber ábyrgð í samræmi við það.

Ef ég vík síðan að brtt. meiri hluta nefndarinnar við A-hluta fjárlaga þá er fyrst til að taka hjá æðstu stjórn ríkisins að gert er ráð fyrir framkvæmdum á Alþingisreit upp á 70 millj. kr., til byggingar á þjónustuskála við Alþingishúsið. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður 400 millj. kr.

Forsrn. Gerð er tillaga um 20 millj. kr. til byggingar stafkirkju í Vestmannaeyjum. Ég hef áður gert grein fyrir því verkefni.

Gert er ráð fyrir 300 millj. kr. framlagi til Byggðastofnunar. Ég hef jafnframt gert grein fyrir því verkefni áður. Kveðið er á um slík eignarhaldsfélög sem ætlunin er að koma á fót í reglugerð um Byggðastofnun frá 8. maí 1998 og þar eru sett tiltekin skilyrði fyrir þátttöku stofnunarinnar í þeim.

Menntmrn. Farið er fram á 7 millj. kr. fjárveitingu Háskólans á Akureyri vegna rekstrarkostnaðar við fjarkennslu.

Undir liðnum Framhaldsskólar er lagt til að framlag til stofnkostnaðar hækki um 20 millj. kr. til endurbóta á húsnæði Sjómannaskólans og 5 millj. kr. framlag til byggingarframkvæmda við Framhaldsskóla Vestfjarða.

Síðan er lagt til að almenn framlög til framhaldsskóla hækki um 40 millj. kr. Ég hef áður gert grein fyrir því.

Gert er ráð fyrir að jöfnun á námskostnaði hækki um 40 millj. kr. Þeirri upphæð verður varið til hækkaðra styrkveitinga eins og ég hef áður gert grein fyrir.

Tillaga er um að framlag til háskólabókasafnsins hækki um 10 millj. kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar.

Lögð er til 3 millj. kr. hækkun á framlagi til Listasafns Íslands vegna lægri sértekna en gert er ráð fyrir í fjárlögum.

Gerð er tillaga um nýtt viðfangsefni undir liðnum Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Framlag til Kaupangurs á Vopnafirði upp á 5 millj. kr., styrkur til viðgerða á húsinu sem er 100 ára gamalt verslunar- og íbúðarhús sem talið er hafa gildi fyrir byggingarlist í landinu og byggingartæknilega þróun.

Farið er fram á 4,7 millj. kr. hækkun á framlagi til Sinfóníuhljómsveitar Íslands til að fjölga hljóðfæraleikurum í strengjasveit.

Lagt er til að framlag til Kvikmyndasjóðs hækki um 30 millj. til að ná markmiðum samkomulags sem menntmrh. og fjmrh. fyrirhuga að gera við innlenda kvikmyndaframleiðendur um eflingu Kvikmyndasjóðs á næstu árum.

Lagt er til að framlag til óskipts viðfangsefnis, Listir, framlög, hækki um 2 millj. kr. til að auka svigrúm til styrkveitinga á þessum lið, en menntmrn. hefur annast úthlutun undir þessum lið.

Gert er ráð fyrir 3 millj. kr. hækkun undir liðnum Norræn samvinna vegna Norræna félagsins.

Gert er ráð fyrir að framlag til Ungmennafélags Íslands hækki um 5 millj. kr. vegna undirbúnings fyrir norrænt menningarmót árið 2000 og gerður verði samningur um þátttöku ríkissjóðs í verkefninu.

Lögð er til 0,3 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu Íþróttir aldraðra.

Óskað er eftir 3 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til Snorrastofu í Reykholti til fasteignakaupa.

Utanrrn. Gerð er tillaga um að hækka framlag til Útflutningsráðs um 20 millj. kr. Í fyrirhuguðum lagabreytingum er gert ráð fyrir breytingum á markaðsgjaldi og hafa þær m.a. í för með sér 20 millj. kr. hærri tekjur en áætlað var í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár. Tekjur þessar renna í ríkissjóð en samsvarandi fjárhæð er ráðstafað til Útflutningsráðs.

Hérðasskógar. Lögð er til 5 millj. kr. hækkun á fjárframlögum til að stækka skógræktarsvæðið á Fljótsdalshéraði til norðurs.

Lögð er til 3 millj. kr. hækkun til Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins vegna endurskipulagningar í rekstri og nýrrar löggjafar um sjóðinn.

Gerð er tillaga um sérstakar greiðslur í landbúnaði upp á 7,5 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til að kosta slátrun 1.600 hrossa og sporna þannig við ofbeit.

Undir dóms- og kirkjumrn. er lagt til að veitt verði 2,4 millj. kr. tímabundið framlag til rannsóknar á viðurlögum við afbrotum og þróun þeirra. Rannsóknin varðar dóma vegna líkamsmeiðinga, kynferðisafbrota og fíkniefnabrota.

Héraðsdómstólar. Lagt er til að launagjöld héraðsdómstóla verði hækkuð um 11,4 millj. kr. vegna úrskurðar Kjaradóms um laun dómstjóra og héraðsdómara sem gildir frá 1. júlí 1998. Sambærileg tillaga er gerð við 3. umr. frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1998. Jafnframt er lagt til að dómstólaráð fái 12 millj. kr. fjárveitingu til tölvubúnaðar héraðsdómstóla og upplýsingakerfis.

Gerð er tillaga um 3 millj. kr. hækkun launagjalda vegna starfs lögfræðings hjá Útlendingaeftirlitinu en verkefni hafa

aukist við undirbúning Schengen-samkomulags auk þess sem einstaklingum sem leita eftir pólitísku hæli á Íslandi hefur fjölgað.

Schengen-samstarf. Lagt er til að framlag til tækja og búnaðar verði hækkað um 72,2 millj. kr. vegna kostnaðar við upplýsingakerfi fyrir Schengen. Kostnaður Íslands við sameiginlegt útboð Norðurlanda á upplýsingakerfunum nemur 82,2 millj. kr. Að auki bætist við kostnaður innan lands vegna aðlögunar á hugbúnaði og kaupa á vélbúnaði. Er sá kostnaður metinn 40–60 millj. kr. og kemur um helmingur hans til greiðslu á næsta ári. Hér er reiknað með að 20 millj. kr. falli til á næsta ári. Á móti framangreindum kostnaðarauka koma 20 millj. kr. vegna uppsafnaðra heimilda áranna 1997–98 og á næsta ári er þegar áætlað fyrir 10 millj. kr. á þessum lið. Alls er því lögð til hækkun að fjárhæð 72,2 millj. kr.

Gerð er tillaga um 2,5 millj. kr. hækkun til sýslumannsembættisins á Blönduósi til að styrkja löggæslu í umdæminu.

Húsnæði og búnaður sýslumanna. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. hækkun á liðnum til kaupa á tækjum og búnaði.

Biskup Íslands. Gerð er tillaga um 12 millj. kr. framlag til Hólanefndar til byggingar Auðunarstofu á Hólum í Hjaltadal.

Félmrn. Þar er lögð til 1 millj. kr. hækkun til aðalskrifstofu vegna stofnunar fjölskylduráðs til viðbótar við 2 millj. kr. fjárveitingu sem áður var komin inn í fjárlagafrv.

Gerð er tillaga um 4 millj. kr. til Jafnréttisráðs vegna launakostnaðar og 2 millj. kr. vegna þáltill. um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnmálum og sérstakrar nefndar sem skipuð var í því skyni.

Barnaverndarstofa. Lagt er til að framlag til viðfangsefnisins Heimili fyrir börn og unglinga verði lækkað um 8 millj. kr. Við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1999 var veitt fé til Krossgatna. Fjárhæð þessi er nú millifærð á fjárlagalið 999 Félagsmál, ýmis starfsemi á nýtt viðfangsefni, Krossgötur. Hér er um millifærslu að ræða en ekki lækkun til verkefnisins.

Þá er gert ráð fyrir 67 millj. kr. hækkun framlags til fatlaðra. Hún er þríþætt: Í fyrsta lagi 60 millj. kr. og hef ég gert grein fyrir þeirri hækkun áður í ræðu minni.

Þá er lagt til að handverkstæðið Ásgarður, sem er verndaður vinnustaður fyrir fatlaða að Lækjarbotnum í Reykjavík, fái 5 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til að breyta húsi sem það fékk að gjöf í vor og reisa viðbyggingu fyrir starfsemi sína.

Loks er farið fram á sérstaka tímabundna fjárveitingu til viðfangsefnaliðar 1.90 Ýmis verkefni að fjárhæð 2 millj. kr. til að styrkja fjölskyldu til að annast tvö alvarlega veik börn sín.

Styrktarfélag vangefinna. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. hækkun fjárveitinga til þriggja dagvistunarstofnana. Í fyrsta lagi er lögð til 3 millj. kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.60 Dagvistun Lækjarási, í öðru lagi 3 millj. kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.61 Dagvistun Bjarkarási og loks 4 millj. kr. hækkun á framlagi til viðfangsefnisins 1.62 Dagvistun Lyngási.

Framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkar um 20 millj. kr. í kjölfar endurskoðunar á tekjum ríkissjóðs fyrir árið 1999.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1999 er í útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs gert ráð fyrir tæplega 3% atvinnuleysi. Í ljósi spár Þjóðhagsstofnunar um 2,5% atvinnuleysi á næsta ári er lagt til að útgjöld vegna atvinnuleysisbóta lækki um 230 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga var gert ráð fyrir að atvinnutryggingagjald lækkaði úr 1,15% í 1% af gjaldstofni. Nú hefur verið horfið frá því og verður gjaldið óbreytt. Þá hafa spár um stofn atvinnutryggingagjalds verið endurmetnar. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi verða því um 500 millj. kr. hærri en áætlað var í frumvarpinu og breytist tekjuáætlun fjárlaga samsvarandi. Miðað við spá um atvinnuleysi og áætlaðar tekjur af atvinnutryggingagjaldi myndast um 700 millj. kr. inneign Atvinnuleysistryggingasjóðs hjá ríkissjóði á næsta ári. Er það í samræmi við áform um að sjóðurinn byggi upp eignir þegar vel árar og gangi á þær ef atvinnuleysi eykst. Þannig mun sjóðurinn virka til jöfnunar á sveiflum í atvinnulífinu.

Félagsmál, ýmis starfsemi. Gerð er tillaga um 15,7 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til þessa liðar. Gert er ráð fyrir nýju viðfangsefni, Krossgötur, endurhæfingarheimili, eins og ég hef gert grein fyrir áður, og er millifært framlag til þeirra af fjárlagalið 400 Barnaverndarstofa.

Þá er gerð tillaga um 5 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu Ýmis framlög, og er þar um tímabundna fjárveitingu að ræða til Súðavíkurhrepps.

Í þriðja lagi er óskað eftir að meðferðarheimilið Byrgið fái 2 millj. kr. fjárveitingu til reksturs.

Að lokum er lögð til 0,7 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu Félagasamtök, styrkir og er gert ráð fyrir að framlagið renni til Landssambands aldraðra. Þá lækkar framlag til Blindrafélagsins um 1,5 millj. kr. Það er millifærsla en ekki lækkun og við það hækkar óskipt fjárhæð jafnmikið.

Heilbr.- og trmrn. Gerð er tillaga um 8 millj. kr. hækkun framlags til Tryggingastofnunar ríkisins. Er það vegna þess að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins flutti starfsemi sína frá Tryggingastofnun fyrr á þessu ári og er þetta til að mæta sameiginlegum kostnaði sem hann tók þátt í áður. Kostnaður Tryggingastofnunar vegna brotthvarfs lífeyrissjóðsins nemur 10 millj. kr. á ári.

Þá er liðurinn Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Vegna endurskoðunar á áætlun Tryggingastofnunar ríkisins byggðri á útgjöldum janúar til október 1998 og áforma um að bætur hækki um 4% í stað 3,65% frá 1. jan. 1999 eru eftirfarandi breytingar lagðar til: Framlag til umönnunarbóta hækki um 20 millj. kr., ekkju- og ekkilsbætur lækki um 10 millj. kr., heimilisuppbætur hækki um 10 millj. kr., sérstök heimilisuppbót lækki um 5 millj. kr. og uppbætur lækki um 65 millj. kr.

Gerð er tillaga um hækkun á liðnum Lífeyristryggingar sem nemur alls 360 millj. kr.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að framlag til tekjutryggingar ellilífeyrisþega hækki alls um 150 millj. kr. og eru skýringar á því af tvennum toga. Annars vegar er farið fram á 210 millj. kr. hækkun á framlögum. Er það í samræmi við áform um talsverða hækkun á frítekjumörkum ellilífeyrisþega sem ætlað er að draga úr þeim áhrifum sem tekjur maka hafa á bótagreiðslur. Þannig er ráðgert að frítekjumörk hjóna sem bæði eru ellilífeyrisþegar hækki úr 28.156 kr. á mánuði í 40.224 kr. Er þá því marki náð að frítekjumark hjóna er það sama og tveggja einhleypinga með ellilífeyri, en það er 30% lægra nú. Einnig er gert ráð fyrir að frítekjumark annars hjóna sem er ellilífeyrisþegi hækki úr 20.112 kr. á mánuði í 30.168 kr. þannig að það njóti 50% hærri frítekjumarka en einhleypur vegna hærri fjölskyldutekna. Frítekjumörk vegna tekna úr lífeyrissjóðum eru óbreytt. Með breytingunum er

stefnt að því að draga úr skerðingu bóta vegna tekna maka þannig að lífeyrisþegar haldi eftir meira af sjálfsaflatekjum sínum en áður var. Hins vegar er farið fram á 60 millj. kr. lækkun vegna endurskoðaðrar áætlunar Tryggingastofnunar ríkisins byggðri á útgjöldum janúar til október 1998 og áforma um að bætur hækki um 4% í stað 3,65% frá 1. janúar 1999.

Þá er lögð er til breyting á framlögum til tekjutryggingar sem nemur alls 170 millj. kr. og er hún einnig af tvennum toga. Annars vegar er lögð til 190 millj. kr. hækkun á framlögum og er það í samræmi við áform um mikla hækkun á frítekjumörkum örorkulífeyrisþega sem ætlað er að draga úr þeim áhrifum sem tekjur maka hafa á bótagreiðslur. Einnig er lögð til hækkun á frítekjumarki einhleypinga sem eru öryrkjar en sérstök frítekjumörk vegna tekna úr lífeyrissjóðum eru felld inn í almenn frítekjumörk örorkulífeyrisþega. Þannig hækka frítekjumörk hjóna sem bæði eru örorkulífeyrisþegar úr 14.178 kr. á mánuði í 30.168 kr. Frítekjumark einhleypinga sem eru öryrkjar hækkar úr 20.112 kr. í 30.168 kr. á mánuði. Einnig er gert ráð fyrir að frítekjumark annars hjóna sem er örorkulífeyrisþegi hækki úr 20.112 kr. á mánuði í 45.252 kr. þannig að það njóti 50% hærri frítekjumarka en einhleypur vegna hærri fjölskyldutekna. Með breytingunum er að því stefnt að lífeyrisþegar haldi eftir meira af sjálfsaflatekjum sínum en áður. Samtals er áætlað að breytingin kosti 190 millj. kr. á ári og er farið fram á aukna fjárheimild sem því nemur. Hins vegar er farið fram á 20 millj. kr. lækkun vegna endurskoðaðrar áætlunar Tryggingastofnunar ríkisins byggðrar á útgjöldum janúar til október 1998 og áforma um að bætur hækki um 4% í stað 3,65% frá 1. janúar 1999.

Til viðbótar þessu eru lagðar til nokkrar breytingar vegna endurskoðunar á áætlun Tryggingastofnunar ríkisins byggðri á útgjöldum janúar til október 1998 og áforma um að bætur hækki um 4% í stað 3,65% frá 1. janúar 1999. Þannig er lagt til að framlag til ellilífeyris hækki um 70 millj. kr., framlag til örorkustyrks lækki um 10 millj. kr., barnalífeyrir lækki um 15 millj. kr., framlag til fæðingarorlofs lækki um 15 millj. kr. og loks hækki framlag til óskipts liðar, 1.91 Annað um 10 millj. kr.

Lögð er til 11,1% hækkun á framlagi til sjúkratrygginga vegna endurskoðunar á áætlun um lækniskostnað.

Gerð er tillaga um 1,5 millj. kr. fjárveitingu til að hægt sé að ráða félagsráðgjafa við Sjónstöð Íslands. Á móti lækkar fjárveiting til Blindrafélagsins en það hefur ekki áhrif heildarfjárhæð þess liðar þar sem óskipt fjárhæð hans hækkar jafnmikið en ráðning félagsráðgjafa er undir þessum lið.

Lagt er til að veittar verði 25 millj. kr. til tækjakaupa á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Lagt er til að framlag til bygginga sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða hækki um 12 millj. kr. Fjárhæðin skiptist á eftirfarandi hátt: Til Sjúkrahúss Suðurlands eru veittar 4 millj. kr. til að gera nýtingaráætlun fyrir sjúkrahúsið og kanna hvort heppilegt sé að byggja við það álmu í stað hjúkrunarheimilisins Ljósheima og láta fara fram áætlunargerð í framhaldi af því í samræmi við lög um skipan opinberra framkvæmda. Til sjúkrahússins á Hólmavík eru veittar 4 millj. kr. til endurbóta og til Sjúkrahúss Sauðárkróks eru veittar 4 millj. kr. vegna þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við endurhæfingardeild.

Farið er fram á 305,9 millj. kr. til hækkunar á liðnum Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 251,9 millj. kr. framlag til að mæta áhrifum af nýlegum aðlögunarsamningum sem gerðir hafa verið við ýmis félög háskólamenntaðra starfsmanna á heilbrigðisstofnunum, svo sem meinatækna, röntgentækna, líffræðinga, sjúkraþjálfara o.fl., umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Sundurliðun framlagsins á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti I með breytingartillögum.

Þá er lagt til að fjárveiting liðarins verði hækkuð um 44,9 millj. kr. í kjölfar endurmats á launakostnaði heilbrigðisstofnana vegna úrskurðar kjaranefndar um laun heilsugæslulækna. Við gerð mats sem lagt var til grundvallar í fjárlagafrumvarpi 1999 lágu ekki nægilega skýrt fyrir forsendur um aukna þörf fyrir afleysingar sem leiðir af auknum rétti heilsugæslulækna til vaktafría. Þær forsendur hafa nú verið endurskoðaðar. Þá hefur kjaranefnd breytt viðmiðunum í fyrri úrskurði um einingagreiðslur með tilliti til fjölda íbúa á hvern lækni. Sundurliðun fjárveitingarinnar á einstakar stofnanir er sýnd í sérstöku yfirliti III með breytingartillögum.

Loks er gerð tillaga um 9,1 millj. kr. fjárveitingu sem skipt verði á milli hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana í samræmi við sundurliðun í sérstöku yfirliti II með breytingartillögum. Hækkunin er ætluð til að mæta endurmati á áhrifum af kjarasamningum lækna umfram það sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Aukningin samkvæmt endurmatinu er almennt minni háttar þar sem vægi launagreiðslna til lækna er fremur lágt í heildarlaunagjöldum þessara stofnana. Sambærilegar tillögur eru gerðar við 3. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1998.

Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ. Gerð er tillaga um að hækka fjárveitingu til hennar um 2 millj. til að fjölga starfsfólki í heimahjúkrun.

Þá er komið að fjmrn. Þar er gert ráð fyrir að veittar verði 5 millj. kr. til ríkisskattstjóra til að undirbúa breytingar á framtals- og álagningarkerfum sem notuð eru við skattheimtu ríkisins.

Farið er fram á 5 millj. kr. hækkun til skatta- og tollamála til að gera sérstakt þjónustuátak í skattkerfinu og ráða mann til að skipuleggja og koma á þjónustu á skattstofunum með það fyrir augum að veita skattborgurum sem bestar upplýsingar um skatta, leiðbeina þeim um rétt þeirra og veita þeim leiðsögn um málsmeðferð.

Óskað er eftir 110 millj. kr. hækkun á liðnum Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Annars vegar er lagt til að framlög vegna kostnaðar við heimildarákvæði skv. 7. gr. fjárlaga hækki um 80 millj. kr. Áformað er að framlaginu verði ráðstafað til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu á svæðum sem ekki njóta góðs af stóriðju. Hins vegar er farið er fram á 30 millj. kr. viðbótarframlag til að mæta kostnaði við ýmis tilefni til ráðstafana samkvæmt heimildarákvæðum fjárlagafrumvarpsins sem gerð er grein fyrir í 7. gr. fjárlaganna.

Gerð er tillaga um að fjárheimild liðarins Launa- og verðlagsmál verði hækkuð um 100 millj. kr. til að mæta ýmiss konar endurmati á launaútgjöldum stofnana sem eftir er að ganga frá og ýmsum ófyrirséðum breytingum sem kunna að verða á launakjörum á árinu, m.a. vegna nýrra úrskurða kjaranefndar.

Undir Vegagerðinni er lagt til að styrkir til sérleyfishafa hækki um 34 millj. kr. Hér er ekki um útgjaldaaukningu að ræða þar sem felld eru brott úr lögum um fjáröflun til vegagerðar ákvæði um endurgreiðslur til sérleyfishafa. Við

þá lagabreytingu hækka tekjur af þungaskatti um samsvarandi upphæð. Gert er ráð fyrir að Vegagerðin annist úthlutun umræddra styrkja með tilliti til aksturs og stöðu einstakra sérleiða í samgöngukerfinu.

Óskað er eftir 26,6 millj. kr. hækkun til Siglingastofnunar Íslands og er hún af þrennum toga. Að framlag hækki um 9,6 millj. kr. til samræmis við hafnaáætlun. Við vinnslu frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999 lá tillaga til þingsályktunar um hafnaáætlun ekki fyrir. Samkvæmt framlagðri áætlun sem nú liggur fyrir eiga framkvæmdir að vera 9,6 millj. kr. hærri.

Þá er gerð tillaga um 9 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til Hafnabótasjóðs vegna niðurfellingar á skuldum hafnarsjóðs Breiðdalshrepps.

Loks er farið fram á 8 millj. kr. hækkun framlaga vegna fyrirsjáanlegrar lækkunar sértekna. Þegar níu mánaða uppgjör stofnunarinnar 1998 er athugað bendir margt til þess að tekjur verði nokkru lægri en ráð var fyrir gert og virðist ástæðan einkum veruleg aukning stjórnvaldsverkefna sem fjármögnuð eru af fjárlögum og stofnunin hefur ekki tekjur af.

Flugmálastjórn. Farið er fram á að framlag til rekstrar Flugmálastjórnar hækki um 6,9 millj. kr. vegna endurmats á hækkun lífeyrisiðgjaldagreiðslna, en ég hef áður gert grein fyrir ástæðum þess við umræður um fjáraukalög, og sömuleiðis um hækkun á um 11 millj. kr. til flugvalla. Hún er af sömu ástæðum. Ég gerði grein fyrir þessu í framsögu minni um frv. til fjáraukalaga áðan.

Gerð er tillaga um að niðurgreiðsla á rafhitun hækki um 100 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að framlag til Neytendasamtakanna hækki um 2 millj. kr., en nú liggur fyrir þjónustusamningur um verkefni á sviði neytendamála og það framlag er til að standa straum af honum.

Umhverfisráðuneyti. Lögð er til 2,2 millj. kr. hækkun fjárveitingar til rannsókna á botndýrum á Íslandsmiðum.

Gerð er tillaga um að framlag til Landmælinga Íslands hækki um 2,2 millj. kr. Alls hækka útgjöld um 15 millj. kr. vegna stafrænnar kortagerðar en á móti hækka sértekjur um 12,8 millj. kr.

Farið er fram á 11,5 millj. kr. hækkun framlags til Veðurstofunnar. Annars vegar er lagt til að framlög til stofnkostnaðar hækki um 10 millj. kr. til kaupa og leigu á nýjum jarðskjálftamælum og nauðsynlegum tækjabúnaði þeim tengdum. Vegna tíðra jarðskjálfta á Suðvesturlandi nýverið þykir ástæða til að fylgjast nánar með jarðskorpunni með eflingu rannsókna. Fyrirhugað er að rannsaka spennubreytingar og hnik í jarðskorpunni á Reykjanesskaga og austur í Ölfus. Til viðbótar stofnkostnaðinum er einnig lagt til að framlag til reksturs hækki um 1,5 millj. kr. Er tillagan í samræmi við niðurstöður álitsgerðar fjögurra sérfræðinga sem tilnefndir voru af vísindamannaráði Almannavarna.

Hins vegar er lagt til að framlög til reksturs hækki um 1,5 millj. kr. vegna reksturs og úrvinnslu upplýsinga úr nýjum jarðskjálftamælum á Suðvesturlandi og í nágrenni höfuðborgarinnar.

Þá er gerð tillaga um að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki um 300 millj. kr. en greiddir vextir um 700 millj. kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um þróun þessara útgjalda.

Þá eru skýringar við brtt. við sundurliðun í B-hluta.

Framlag til Ríkisútvarpsins hækkar um 80 millj. kr. og rekstrargjöld um sömu fjárhæð vegna hækkunar afnotagjalda sem ég hef áður minnst á.

Framlag ríkisins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands var hækkað um 5,2 millj. kr. við 2. umræðu. Ég hef áður gert grein fyrir þeirri hækkun og einnig hækkun um 4,7 millj. kr. en áætlað er að þessi breyting leiði til þess að rekstrargjöld hljómsveitarinnar aukist samtals um 20,4 millj. kr. og er þá miðað við að hljómsveitin afli sjálf 2,7 millj. kr. meiri tekna og að framlag annarra rekstraraðila en ríkisins hækki um 7,8 millj. kr. á móti 9,9 millj. kr. hækkun ríkisframlagsins.

Þá er leiðrétting á framlagi til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til hækkunar um 13 millj. kr. og verður þá 146 millj. kr. Framlagið samanstendur af 91 millj. kr. frá Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og 55 millj. kr. af flugmálaáætlun á fjárlagalið 10-472-6.91 Framlag til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Lagt er til að mismuninum, 13 millj. kr., verði varið til að greiða niður lán örar en gert var ráð fyrir áður.

Áætlun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hefur verið endurskoðuð. Í endurskoðaðri áætlun, sem byggir á sölutölum fyrstu 11 mánuða líðandi árs, er gert ráð fyrir að tekjur hækki nokkuð frá fyrri áætlun eða um 446 millj. kr. eða 4,4%. Jafnframt er áætlað að rekstrargjöld hækki um 346 millj. kr. Þar af eru 309 millj. kr. vegna vörunotkunar, 15 millj. kr. vegna aukinna greiðslna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og 22 millj. kr. vegna nýrra áfengisútsala, í Mosfellsbæ, á Dalvík, á Þórshöfn og í Grindavík. Þá eykst fjárfesting um 20 millj. kr. vegna nýrra verslana og endurnýjunar á tölvukerfi. Gert er ráð fyrir að greiðslur fyrirtækisins í ríkissjóð aukist um 82 millj. kr. frá fjárlagafrumvarpi og verði 2.908 millj. kr. Þar af eru 2.647 millj. kr. magnálagning en afgangurinn, 261 millj. kr., er arður af eigin fé.

Þá er komið að Rafmagnsveitum ríkisins. Í endurskoðaðri áætlun um rekstur Rafmagnsveitna ríkisins er miðað við að ríkissjóður dragi úr samningsbundinni 194 millj. kr. arðkröfu á árinu 1999 um 44 millj. kr. til þess að auka rannsóknar- og þróunarstarf hjá fyrirtækinu, m.a. jarðhitaleit á köldum svæðum. Samkvæmt þessu verður arðgreiðsla til ríkissjóðs 150 millj. kr. og greiðir ríkissjóður fyrirtækinu sömu fjárhæð til baka. Þar af verður 139 millj. kr. ráðstafað til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 11 millj. kr. til rannsóknar- og þróunarverkefna.

Þá eru skýringar við brtt. í C-hluta. Þar er fyrst á blaði Byggðastofnun. Þar hækkar framlag um 300 millj. kr. Ég hef gert grein fyrir þeirri hækkun áður. Í reglugerð um Byggðastofnun verður kveðið á um að þátttaka Byggðastofnunar nemi mest 40% af hlutafé í viðkomandi eignarhaldsfélagi.

Áætlun Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur verið endurskoðuð. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verða fjármagnsgjöld 1.930 millj. kr. sem er 170 millj. kr. minna en gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Jafnframt er áætlað að afborganir af löngum lánum verði um 2.200 millj. kr. sem er 200 millj. kr. lækkun frá fyrri áætlun. Þetta leiðir til þess að fyrirhugaðar lántökur minnka um 400 millj. kr. og verða þá 3.100 millj. kr. á árinu 1999. Önnur rekstrargjöld sjóðsins hækka um 17 millj. kr. og verða 232 millj. kr. Breyting skýrist í fyrsta lagi af 21 millj. kr. auknum kostnaði við rekstur skrifstofu og málskotsnefnd sem er áætlaður alls 159 millj. kr. á næsta ári. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 8 millj. kr. minni útgjöldum vegna vaxtastyrks sem er áætlað að nemi samtals 50 millj. kr. og að lokum er 4 millj. kr. hækkun á

ríkisábyrgðargjaldi sem talið er nema 23 millj. kr. á næsta ári. Þá er áætlað fyrir 7 millj. kr. til viðbótar við þær 16 millj. kr. sem eru fyrir til fjárfestingar í tölvukerfi. Framangreindar breytingar hafa ekki áhrif á framlag ríkisins sem er 57,6% af áætluðum útlánum sjóðsins eða 1.810 millj. kr. á árinu 1999.

Í áætlun um rekstur Lánasjóðs landbúnaðarins eru aðrar rekstrartekjur taldar nema 157 millj. kr. Hið rétta er að sjóðurinn verður á árinu 1999 fjármagnaður með 147 millj. kr. framlagi til rekstrar úr ríkissjóði auk þess sem áætlað er að hann afli sjálfur 10 millj. kr. tekna. Áætlun um sjóðinn er leiðrétt til samræmis við þetta.

Íbúðalánasjóður, húsbréfadeild. Samkvæmt upplýsingum frá sjóðnum verða húsbréfalán 700 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir í áætlun fyrir húsbréfadeild Íbúðalánasjóðs í frv. til fjárlaga fyrir árið 1999 og verður nýjum lánveitingum mætt með því að gefa út húsbréf.

Íbúðalánasjóður, viðbótarlán. Veitt lán aukast um 120 millj. kr. frá áætlun í ljósi nýrra upplýsinga frá sveitarfélögunum að veita þurfi lán vegna 927 íbúða sem er fjölgun um 147 íbúðir frá fyrri áætlun. Áformað er að lánveitingar verði fjármagnaðar með sölu húsnæðisbréfa. Þá er áætlað að fjármunatekjur og fjármagnsgjöld aukist um 10 millj. kr. vegna aukinna lánveitinga og er gert ráð fyrir að útlánsvextir ráðist af þeim vöxtum sem standa sjóðnum til boða.

Íbúðalánasjóður, byggingarsjóðir ríkisins og verkamanna. Samkvæmt endurskoðuðum áætlunum sjóðsins verða afborganir af veittum lánum 250 millj. kr. meiri en áætlað var í frv. til fjárlaga fyrir árið 1999. Áætlað er að afborganir af teknum lánum hækki um sömu fjárhæð og hefur breytingin því ekki áhrif á greiðslustöðu sjóðsins.

Ég hef lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem fluttar eru við fjárlögin. Fyrir liggja tillögur um breytingar á 7. gr. á þskj. 555. Ég mun ekki fara yfir þær sérstaklega í framsögu minni en get komið að einstökum þáttum þeirra ef tilefni gefst til síðar. Einnig flyt ég ásamt hv. þm. Sturlu Böðvarssyni síðbúna brtt. á þskj. 580 sem varðar íbúðir í félagslega íbúðakerfinu og veitir heimild til að semja við sveitarfélög og samtök þeirra um uppgjör vegna innlausna íbúða í félagslega íbúðakerfinu. Ekki liggur fyrir hvað þetta leiðir til mikilla útgjalda en niðurstaðan varð að veita þessa heimild á 7. gr. fjárlaga.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem meiri hluti fjárln. flytur við 3. umr. fjárlaga. Ég vil að lokum endurtaka þakkir mínar við 2. umr. til meðnefndarmanna minna, bæði í minni og meiri hluta, fyrir ágætt samstarf sem engan skugga hefur borið á milli umræðna. Eins þakka ég starfsfólki því sem hefur aðstoðað okkur á allan hátt við að ganga frá þeim viðamiklu pappírum sem fylgja þessari fjárlagagerð við báðar umræður. Það er ærið verk að koma þessu öllu heim og saman og ég vil flytja því fólki innilegar þakkir.

[12:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Gjarnan hefði ég viljað sjá meiri afgang á þessum tímum góðæris og eyðslu bæði einstaklinga og sveitarfélaga 10–20 milljarða. En það varð ekki niðurstaða hv. fjárln. Ég bendi líka á uggvænlegan vöxt erlendra skulda. Þær vaxa um 140 millj. á hverjum vinnudegi. Sumir kynnu að draga þá ályktun að þjóðin ætli að hætta að vinna. Skuldirnar eru nú komnar upp í 1,1 millj. á hvern íbúa.

Þakka ber að ekki skuli lengur vera halli á ríkissjóði og að atvinnuleysi skuli vera lítið. Lántaka ríkissjóðs er minni þannig að hér er ýmislegt gott þó einnig séu áðurnefndir gallar.

Herra forseti. Ég er með spurningu til hv. formanns fjárln. Á lið 205 er tillaga um 70 millj. kr. fjárveitingu til framkvæmda á Alþingisreit þar sem heildarkostnaður er 400 millj. Ég hef einhvern tíma heyrt að heildarkostnaðurinn við allt dæmið sé 5.000 millj. Getur hv. þm. upplýst mig um það?

Þá er á bls. 3 skrýtinn liður, 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Gerð er tillaga um 7,5 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til að kosta slátrun á 1.600 hrossum og sporna þannig við ofbeit. Þetta eru 5.000 kr. hross. Hvað er þetta?

[12:52]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo ég byrji á byggingaráformum Alþingis á þetta við um þjónustuskála sem ætlunin er að byggja við hliðina á þinghúsinu. Áætlaður kostnaður við byggingu hans er 400 millj. kr. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um frekari nýbyggingar fyrir Alþingishúsið. Á okkar borði er ekkert frekar um það.

Varðandi hrossin er um beiðni frá Landssambandi hrossabænda að ræða. Ofbeit hrossa hefur verið vandamál að undanförnu og samkvæmt þeirri umsókn sem fyrir liggur er ætlunin að flytja þetta kjöt út til þróunarhjálpar eða hjálparstofnana og greiða fyrir því að hrossum verði fargað. Eins og ég sagði í framsöguræðu minni er þetta til að sporna við ofbeit hrossa.

[12:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég teldi brýnna að Alþingi gengi fram fyrir skjöldu í sparnaði í stað þess að fara út í framkvæmd sem er um 6 millj. á hvern þingmann við að byggja skála sem ég sé ekki að nein þörf sé fyrir. Starfsaðstaða þingmanna er verulega góð, ég er mjög ánægður með starfsaðstöðuna. Ekki kvarta ég.

Varðandi hrossin verð ég að spyrja: Hvernig stendur á því að það kostar 5 þúsund krónur að slátra einu hrossi? Er verið að greiða niður hrossin sjálf og er þá ekki réttara að færa þetta sem þróunarhjálp en sem niðurgreiðslu á slátrun? Eða er verið að styrkja menn sem hafa farið út í of mikla hrossarækt?

[12:55]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg verið sammála því að starfsaðstaða þingmanna hefur stórbatnað á síðustu árum. Hins vegar þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þingmönnum að húsnæði þingsins er óhagkvæmt og óhagkvæmt að reka starfsemi þingsins í öllum þeim húsum sem staðsett eru hér í Kvosinni. Það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm. Þetta hús er eitt skref til að bæta þar úr og bæta aðgengið að þinginu. Frekari byggingar hafa ekki verið ákveðnar og eru ekki á okkar borði nú um þessar mundir eins og ég tók fram áðan.

Varðandi hrossin, þá er þetta að hluta til hvati til eigenda hrossanna til að slátra þeim. Hrossakjöt hefur verið verðlítið. Hluti af þessu er sláturkostnaður og hluti greiðsla til bændanna. Það má vel vera að heppilegra hefði verið að vista þennan lið undir þróunarhjálp en þetta er vistað sem sérstakar greiðslur í landbúnaði og tillagan hljóðar þannig.

[12:56]

Útbýting þingskjala:

Fjárframlög til rannsókna á hrossaexemi, 367. mál, fsp. GE, þskj. 565.

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. minni hluta fjárln., þskj. 584, 585; brtt. ÁRJ, þskj. 586; brtt. GE, þskj. 587; brtt. JóhS o.fl., þskj. 588.

Fæðingarorlof, 369. mál, frv. GGuðbj og KH, þskj. 573.

Landmælingar og kortagerð, 370. mál, frv. meiri hluta umhvn., þskj. 581.

Útvarpslög, 371. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 582.

Vanskil hjá Byggðastofnun, 368. mál, fsp. GE, þskj. 566.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 579–580 og 584–588. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 343. mál (veiðileyfi o.fl.). — Þskj. 443.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (grásleppuveiðar). — Þskj. 444.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, StB, SvG, TIO, VS, ÞHS, ÖJ.

1 þm. (SJóh) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HG, ÍGP, JóhS, LMR, MS, MF, RA, SighB, SP, StG, SJS, SvanJ, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Siglingalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 122. mál (björgun). — Þskj. 533.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvG, TIO, VS, ÞHS, ÖJ.

29 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HG, ÍGP, JóhS, KH, LMR, MS, MF, RA, SighB, SP, StG, SJS, SvanJ, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 589).

Afnám laga um húsaleigu sem fylgir vísitölu húsnæðiskostnaðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 322. mál. — Þskj. 389.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvG, TIO, VS, ÞHS, ÖJ.

26 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HG, ÍGP, JóhS, MF, RA, SighB, SP, StG, SJS, SvanJ, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 590).

Norræni fjárfestingarbankinn, frh. 3. umr.

Stjfrv., 285. mál. — Þskj. 333.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvG, TIO, VS, ÞHS, ÖJ.

26 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HG, ÍGP, JóhS, MF, RA, SighB, SP, StG, SJS, SvanJ, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 591).

Fjáraukalög 1997, frh. 3. umr.

Stjfrv., 3. mál (niðurstöðutölur ríkissjóðs). — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, KÁ, KH, LB, RG, SJóh, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HG, ÍGP, JóhS, MF, RA, SighB, SP, StG, SJS, SvanJ, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 592).

Lögheimili, frh. 2. umr.

Stjfrv., 185. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 201, nál. 523.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Tilkynningar aðsetursskipta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 186. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 202, nál. 524.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Byggingarsamvinnufélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 332. mál. — Þskj. 414, nál. 526, brtt. 527.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Brtt. 527,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. I samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 527,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. II, svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Húsnæðissamvinnufélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 415, nál. 528, brtt. 529.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Brtt. 529 samþ. með 38 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
2.–20. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. I–II samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Fjöleignarhús, frh. 2. umr.

Stjfrv., 347. mál (þinglýst eignaskiptayfirlýsing). — Þskj. 451, nál. 530.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Vernd barna og ungmenna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 106. mál (hækkun sjálfræðisaldurs o.fl.). — Þskj. 106, nál. 520 og 521, brtt. 522.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Brtt. 522,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
2.–26. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 522,2 samþ. með 38 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 522,3 (ný 29. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
30.–33. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 522,4 samþ. með 36 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 521 felld með 38:1 atkv. og sögðu
já: PHB.
nei: ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞHS, ÖJ.
24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HG, IP, JóhS, MF, RA, SighB, SP, StG, SvanJ, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:52]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eins og ég gat um í umræðu um þetta mál tel ég réttara að sá talsmaður sem börnum er skipaður þegar kemur til forræðisdeilna eða þegar skylda á ungling til að fara inn á heimili gegn vilja hans verði skipaður af umboðsmanni barna sem er óháður málinu en ekki af barnaverndarnefnd sem er aðili að málinu og er að skylda barnið til að fara inn í viðkomandi stofnun. Frá sjónarhorni barnsins er barnaverndarnefnd yfirleitt í stöðu andstæðings barnsins en ekki sem vinur. Ég tel að mjög mikilvægt sé að sá talsmaður sem

barnið á að hafa njóti trausts barnsins og hann þurfi því að vera utanaðkomandi og ég tel eðlilegast að umboðsmaður barna tilnefni hann.

[13:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég hef borið fram fyrirspurn um það hversu oft hafi verið skipaðir talsmenn í málefnum barna samkvæmt lögunum um börn og unglinga og samkvæmt barnalögum og það er afar sjaldgæft, og ég talaði um það við 1. umr. þessa máls að það ætti e.t.v. að setja það sem skyldu að skipa börnum talsmann.

Við kölluðum á fund nefndarinnar fulltrúa frá barnaverndarnefndum og um þetta var umræða. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé tímabært miðað við þetta frv. sem er takmarkað breytingafrv. að fara í jafnítarlega breytingu og felst í því að gera að skyldu að skipa börnum talsmenn. Hins vegar er ljóst að það á að gera það þegar um forræðisdeilur er að ræða en það er breyting á barnalögum. Sú tillaga sem hér liggur fyrir, að það sé umboðsmaður barna sem skipar talsmann í þeim tilfellum sem það er gert samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna brýtur fullkomlega í bága við lög og ég er því andvíg.

[13:54]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi brtt. brýtur í bága við lögin um umboðsmann barna. Umboðsmaður barna á ekki að skipta sér af einstökum málum einstakra barna heldur að vera talsmaður barna í heild. Þess vegna gengur þessi tillaga ekki.

35.–36. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Fjárlög 1999, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 484, frhnál. 550 og 567, brtt. 536, 551, 552, 553, 554, 555, 563, 568, 569, 570, 571, 578, 579, 580, 584, 585, 586, 587 og 588.

[13:56]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Með þínu leyfi vil ég byrja á því að vitna í ljóð Sigurðar Sigurðssonar frá Arnarholti sem heitir Í dag:

Í dag er ég ríkur — í dag vil ég gefa
demanta, perlur og skínandi gull.
Gakk þú í sjóðinn og sæktu þér hnefa,
uns sál þín er mettuð og barmafull.
Það er ókeypis allt
og með ánægju falt —
og ekkert að þakka, því gullið er valt!

Herra forseti. Þetta erindi og mörg önnur úr sama kvæði datt mér í hug þegar verið var að fjalla um tillögur til fjárlaga, breytingu á fjárlögum á milli 2. og 3. umr., ég tala ekki um þegar unnt var að hækka tekjuhlið fjárlaga á þann hátt sem gert var. Fyrir viku var spurt um tekjuhliðina. Þá var því svarað til, herra forseti, að engin ástæða væri til að endurskoða tekjuhliðina, það yrði engin breyting.

Breytingin varð sú að tekjuhliðin var hækkuð um 3 milljarða og 708 millj., bara sisona. Það var ýtt á nokkra takka, þá voru til peningar. Það er eðlilegt að mér dytti í hug samlíkingin við ljóðið Í dag.

Mér dettur í hug önnur samlíking. Það mætti hugsa sér gott trog fullt af peningum sem væri þannig byggt að aðeins einstakir aðilar ættu aðgang að því. Það er raunin á að það eru sumir sem hafa fengið og aðrir ekki. Þess vegna datt mér í hug ljóðið Í dag og ég minni á að það eru fimm erindi í þessu kvæði og eitt byrjar þannig:

Í dag er ég snauður og á ekki eyri.

Annað er þannig:

Í dag er ég glaður — í dag vil ég syngja.

Það fjórða er:

Í dag er ég reiður — í dag vil ég brjóta,
drepa og brenna hér all nið'r í svörð;
hengja og skjóta' alla helvítis þrjóta.

Og fimmta hefst:

Í dag er ég gamall.

Ég tel ástæðu til að vitna í þetta dýrt kveðna kvæði Sigurðar Sigurðssonar frá Arnarholti.

Herra forseti. Ég á mér persónulegar óskir um fjárframlög til ýmissa þarfra málefna á Vesturlandi, svo sem 100–200 millj. í vegagerð og ýmis aðkallandi málefni. Athyglisvert er að velta fyrir sér hvernig gengið hefur að fara yfir fjárlagatillögurnar sem lágu fyrir hjá ríkisstjórn eins og þetta hefur unnist í hv. fjárln. Það segi ég með fullri virðingu fyrir öllum þeim sem þar sitja.

Það er ótrúlegt að söguleg hækkun skuli vera, ekki bara fjárlagatillagna á milli umræðna frá því að frv. var lagt fram þangað til í dag heldur einnig á þeim tímum að engar breytingar eru. Það eru engar breytingar sjáanlegar að sögn færustu manna. Upp á hvað hljóðaði spáin? Spáin hljóðaði upp á að það yrði óbreytt ástand. Hvað gerist? Það urðu til peningar með því að ýta á takka, 3 milljarðar 708 millj. (**Gripið fram í:** Þetta er alltaf svona.)

Herra forseti. Vegna frammíkalls um að þetta væri alltaf svona, þá er það ótrúleg að maður sem er búinn að sitja hér í 12 ár skuli láta sér þetta um munn fara.

Herra forseti. Ég ætla að gera grein fyrir minnihlutaáliti fjárln. vegna fjárlaga 1999 nú við 3. umr.

Endurskoðuð tekjuáætlun ríkissjóðs gerir ráð fyrir að tekjurnar verði 3.708 millj. kr. hærri en í fjárlagafrumvarpinu vegna endurskoðaðra forsendna. Þar af nemur aukning skatttekna um 1.828 millj. kr. og sala eigna er talin skila 1.300 millj. kr. viðbótartekjum miðað við áætlun 1. október sl. Þá er reiknað með að tekjur af virðisaukaskatti muni verða um 400 millj. kr. umfram það sem áætlað var í fjárlagafrumvarpinu. Til viðbótar þessu eru nokkrir smærri tekjuliðir.

Framangreindur tekjuauki nægir til að fjárlög sýni tekjuafgang sem nemur um 2,5–2,8 milljörðum kr. Fyrir 2. umræðu fjárlaga var rætt um að þjóðhagsspá fjárlagafrumvarpsins yrði ekki breytt fyrir þá þriðju. Nú hefur spáin hins vegar verið endurskoðuð eins og áður segir og gerir hún m.a. ráð fyrir meiri einkaneyslu og minni samdrætti í fjárfestingu á árinu 1999 en sú fyrri. Þá er aukning í innflutningi nú talin verða tæpt 1% á næsta ári en í fyrri spá var gert ráð fyrir óbreyttum innflutningi milli ára.

Tillögur um hækkun útgjalda eru í sögulegu hámarki og nema um 3,5 milljörðum kr. Við 2. umræðu fjárlaga 1999 lágu fyrir tillögur um hækkun útgjalda að fjárhæð um 1.748 millj. kr. Með tillögum meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar milli umræðna hafa bæst við ríflega 1.397,9 millj. kr. Í raun nemur þó hækkunin tæpum 1.700 millj. kr. þar sem

meiri hlutinn leyfir sér að draga 300 millj. kr. vaxtagjöld frá. Samtals eru þetta því tillögur til aukningar gjalda upp á um 3,5 milljarða kr. Það mun vera staðreynd að aldrei áður hafi útgjaldahlið fjárlagafrumvarps hækkað svo mikið í meðförum nefndar svo að hér er um sögulegan atburð að ræða.

Minni hlutinn telur að í þjóðhagsáætluninni felist vanmat á innflutningi og fjárfestingu. Í því sambandi má nefna að innflutningur er talinn munu aukast um einungis 0,9% á árinu 1999 samanborið við 23,3% vöxt á yfirstandandi ári samkvæmt síðustu áætlun. Talið er að fjárfesting dragist saman um 5% samanborið við 23% vöxt í ár. Þessir þættir geta haft talsverð áhrif á tekjuhliðina, einkum þó síðari þátturinn í tengslum við tekjur af vörugjöldum. Þá telur minni hlutinn að með tilliti til þróunar síðustu mánaða séu tekjur af virðisaukaskatti ofáætlaðar um allt að 2 milljarða kr. á þessu ári. Fyrir þessari ofáætlun virðist hins vegar vera áætlað í tekjugrunni virðisaukaskattsins samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Þrátt fyrir ábendingar minni hlutans var á hinn bóginn ekki gerð samsvarandi leiðrétting í fjáraukalögum fyrir árið 1998.

Þrátt fyrir að áætlaðar tekjur af sölu eigna séu nú taldar verða um 1.300 millj. kr. hærri en samkvæmt frumvarpinu kann þessi tekjuliður enn að vera verulega rangt áætlaður. Þannig má benda á að ef til kemur að seldur verði um 33% hlutur í Landsbanka og Búnaðarbanka gæti sú sala gefið í kringum 3 milljarða kr. í viðbótartekjur á næsta ári að því gefnu að ríkisstjórnin selji hlutabréf ríkissjóðs á markaðsverði.

Tekjur ríkissjóðs hafa aldrei verið áætlaðar hærri, en þær nema 184,8 milljörðum kr. sem er hækkun um 9% milli ára á sama tíma og gert er ráð fyrir 4,9% hagvexti. Það er mjög athyglisvert. Staðan er hins vegar þannig að útlit er fyrir tap af reglulegri starfsemi ríkissjóðs ef eignasalan er tekin frá. Það er einnig mjög athyglisvert. Minni hlutinn telur að flestar þær breytingar sem tillögur hafa verið gerðar um til hækkunar tekna hafi í rauninni legið fyrir við framlagningu frumvarpsins.

Þá er ég kominn að því, herra forseti, sem ég greindi frá í upphafi. Minni hlutinn bendir á mikilvægi þess að áætlanir um kaupmátt og þróun einkaneyslu séu byggðar á traustum forsendum, en þessir þættir eru ráðandi um tekjur af sköttum einstaklinga, virðisaukaskatti o.fl. Spár um þessa þætti hafa verið ótrúlega fjarri lagi á síðustu árum. Það er merkilegt, hæstv. fjmrh., að þessar spár skuli ekki vera aðlagaðar betur að þeim aðstæðum sem eru.

Ég vík nú að þróuninni 1998. Ljóst er að þjóðhagsforsendur fjárlagaársins 1998 hafa reynst fjarri lagi. Ef að líkum lætur mun einkaneysla aukast um 7 prósentustig umfram þjóðhagsforsendurnar, fjárfesting um tæp 22 prósentustig og innflutningur um rúm 17 prósentustig. Þá er nú spáð að ráðstöfunartekjur heimilanna aukist um tæp 4 prósentustig umfram það sem gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1998 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar um 165,8 milljarðar kr. á rekstrargrunni. Samkvæmt fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 1998 er gert ráð fyrir að tekjurnar aukist um 9,1 milljarð kr. frá áætlun fjárlaga eða sem nemur 5,5%.

Þrátt fyrir að nú stefni í að tekjur ríkissjóðs á þessu ári verði verulega umfram það sem fjárlög áætluðu hefur ríkisstjórninni ekki tekist að skila ríkissjóði með afgangi. Þannig telur minni hlutinn að miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir verði rekstrarhalli á ríkissjóði á árinu 1998 að fjárhæð 9–10 milljarðar kr.

Við vitum hvert rekja má þennan vanda. Þennan halla má að stærstum hluta rekja til rekstrarvanda stóru sjúkrahúsanna sem ekki var að fullu leystur í fjáraukalögum, aukinna launaútgjalda, vanmats á lífeyrisskuldbindingum og ofmats á virðisaukaskatti eins og áður hefur verið getið.

Þrátt fyrir góðærið í þjóðarbúskapnum og stórauknar tekjur samfara því hefur ríkisstjórnin ekki náð tökum á hallarekstri ríkissjóðs. Fyrirliggjandi fjárlagatillögur fyrir næsta ár í aðdraganda kosninga gefa alls ekki vonir um að grundvallarbreytingar verði þar á.

Minni hlutinn telur að við núverandi aðstæður í efnahagslífinu sé brýnt að styrkja tekjugrundvöll ríkissjóðs og ná þannig fram tveimur markmiðum samtímis, þ.e. að draga úr hallarekstri ríkissjóðs og minnka viðskiptahallann við útlönd. Ef fram heldur sem horfir gæti reynst óhjákvæmilegt að grípa til gengisfellingar krónunnar til að létta á þeim þrýstingi sem þrálátur viðskiptahalli setur á gengið. Þjóðin þekkir af eigin reynslu afleiðingar slíkrar handaflsaðgerðar á verðbólgu, kaupmátt og samkeppnishæfi innlendra iðngreina.

Tekjugrundvöll ríkissjóðs má styrkja með virkara skatteftirliti og sérstökum aðgerðum gegn skattsvikum. Þá bendir minni hlutinn á að í góðæri er eðlilegt að sækja aukið fé til sameiginlegra þarfa til atvinnurekstrar með auknum sköttum og ekki síst með breyttum lagaákvæðum um frádrátt einstakra útgjalda frá tekjum. Þegar verr áraði fyrir nokkrum árum var sköttum létt af fyrirtækjum og skattbyrðin flutt yfir á almenning. Nú sýnist rétti tíminn til að snúa þeirri þróun við aftur. Í framhaldsnefndaráliti minni hlutans um fjárlagafrumvarp fyrir árið 1998 var í þessu sambandi sérstaklega bent á mögulega hækkun tryggingagjalds og tekjuskatts á fyrirtæki. Þá liggur fyrir að ónotuð yfirfæranleg rekstrartöp fyrirtækja skipta milljarðatugum og verður ríkissjóður af verulegum skatttekjum vegna þessa við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðarbúskapnum. Möguleg leið í því sambandi gæti falist í því að setja þrengri tímamörk en nú gilda um nýtingu yfirfæranlegs rekstrartaps. Ég vil sérstaklega benda hæstv. fjmrh. á þessar athugasemdir í minnihlutaáliti fjárln., því að þarna liggja möguleikarnir til að greiða virkilega niður skuldir. Staða atvinnurekstrar sem var slæm á árabilinu frá 1990 til 1995 er allt önnur nú en þá enda miklum álögum af honum létt. Nú er staða fyrirtækjanna með ágætum svo sem þarf að vera og því eðlilegt að þau leggi fram fjármuni til sameiginlegra þarfa í formi skatta og með breyttum lagaákvæðum um frádrátt frá tekjum.

Minni hlutinn leggur því til að tryggingagjald verði hækkað um 0,5 prósentustig og þannig verði aflað um 1,5 milljarða kr. viðbótartekna. Enn fremur er ekki ósanngjarnt að leggja til að skatthlutfall fyrirtækja hækki í áföngum í 39%. Á næsta ári gætu komið til framkvæmda 2,5% af framangreindri hækkun. Það mundi hafa í för með sér um 500 millj. kr. viðbótartekjur í ríkissjóð. Á heildina litið mundu framangreindar tillögur því skila um 2 milljörðum kr.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að um leið og minni hlutinn leggur til 2 milljarða kr. tekjuauka í ríkissjóð þá leggur hann fram tillögur til útgjalda um langtum lægri upphæð.

Ástæða er til að ítreka fyrri ábendingar um að heimildir til notkunar rekstrartapa eru afar rúmar og þurfa endurskoðunar við. Benda má á að eftir gífurlegan gróða bankanna

síðastliðin ár hafa þeir getað nýtt sér þessar rúmu heimildir sínar til frádráttar vegna uppsafnaðra tapa.

Minni hlutinn telur ástæðu til að skattar verði lagðir á vegna sérstaks söluhagnaðs aflaheimilda þegar verið er að færa fjármagn út úr atvinnugreininni. Minni hlutinn telur einnig ríka ástæðu til að kanna hversu mikið fjármagn hefur verið flutt úr landi til varðveislu í bönkum í öðrum löndum. Mikil umræða er í þjóðfélaginu um slíka flutninga á fjármunum.

Herra forseti. Ég vek sérstaka athygli hæstv. fjmrh. á þessari setningu í minnihlutaálitinu: „Minni hlutinn telur einnig ríka ástæðu til að kanna hversu mikið fjármagn hefur verið flutt úr landi til varðveislu í bönkum í öðrum löndum, en það er mikil umræða í þjóðfélaginu um slíka flutninga á fjármunum."

Því hefur einnig verið fleygt af þekktum fjármálamönnum í Sviss að það sé ótrúlegt hve mikið fjármagn streymi frá þessu litla landi, Íslandi, inn í banka í Sviss. Það væri ástæða til þess að skoða af hverju þetta gerist og hverjir standa á bak við það. Þetta var innskot, herra forseti.

Minni hlutinn bendir á að þegar vel árar er brýnt að nota tækifærið til að byggja upp til að geta mætt þeim tíma þegar halla tekur undan fæti. Ætla má að samdráttarskeið geti verið fram undan þrátt fyrir tímabundið hátt fiskverð. Fiskbirgðir eru að safnast upp í Evrópu og Asíu og útflutningur á Bandaríkjamarkað hefur staðið í stað. Því eru blikur fram undan sem taka verður tillit til. Útgjöld ríkisins hafa vaxið í réttu hlutfalli eða því sem næst við tekjuaukningu undanfarinna ára. Það mun reynast örðugt að draga úr útgjöldum þegar þrengra verður í búi. Eina skynsamlega leiðin er sú að auka tekjur til þess að greiða niður skuldir, ekki síst á þeim tímum þegar hagvöxtur er með þeim hætti sem hér hefur ríkt og verður að líkindum — eða a.m.k. vonandi — næsta ár.

Ég vík þá að lántökum, ríkisábyrgðum og endurlánum.

Samkvæmt 5. gr. frumvarps til fjárlaga ársins 1999 var gert ráð fyrir lántökum að upphæð 11,6 milljarðar kr., en sú upphæð er lækkuð í 2 milljarða kr. við 3. umr. Það er vel.

Ástæða þessarar breyttu stöðu er að frestað hefur verið greiðslum erlendra skulda og þess vegna mun nú vera fyrir hendi um 6 milljarða kr. inneign ríkissjóðs í Seðlabankanum. Einnig má vísa til endurgreiðslu skulda Landsvirkjunar til ríkissjóðs að upphæð 3,5 milljarðar kr. Þá er gert ráð fyrir 2.825 milljarða kr. viðbótarframlagi úr ríkissjóði sem er áætlað að endurlána þannig að alls er um að ræða 4.825 milljarða kr. lánafyrirgreiðslu til einstakra stofnana á vegum ríkisins.

Stofnunum og sjóðum á vegum ríkisins eru auk þess heimilaðar lántökur að upphæð 47,6 milljarðar kr. þannig að samtals eru heimilaðar lántökur sem nema 59,2 milljörðum kr. Ástæða hefði verið til að beita öflugu aðhaldi varðandi þessar lántökur og tengja þær heimildir sölu eigna ríkisins. Áætlun um sölu eigna á árinu 1998 var 7 milljarðar kr. Sú áætlun gekk ekki eftir, heldur nam sala eigna 5 milljörðum kr. á þessu ári. Þar vantar 2 milljarða inn í áætlanir. Ítrekuð er sú skoðun að sala eigna eigi að ganga beint til greiðslu skulda. Hins vegar er ljóst að ef hagnaður af sölu eigna er nýttur þannig en ekki varið til gjalda í A-hluta verður sýnilegur halli á ríkissjóði á næsta ári.

Herra forseti. Ég vík nú að tillögu um byggðamál.

Þrátt fyrir gagnrýni minni hlutans á ýmsa þætti ríkisfjármálanna er almennur stuðningur við þau áform sem felast í tillögum um aðgerðir í byggðamálum sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi. Nauðsynlegt er að spyrna við fótum gegn þeirri þróun sem verið hefur í fólksflutningum af landsbyggðinni til þéttbýlissvæða. Margvíslegar ástæður hafa leitt til ríkjandi ástands. Þar má fyrst nefna ótrúlegt andvaraleysi ríkisstjórnar gagnvart afleiðingum af stjórnarkerfi fiskveiða sem leitt hafa til stórfelldrar tilfærslu veiðiheimilda frá einum landshluta til annars. Þessi þróun hefur haft það í för með sér að byggðir hafa bókstaflega hrunið í efnahagslegu tilliti og í kjölfar þess hefur orðið félagslegt hrun ásamt tilheyrandi lakara þjónustustigi. Þá er skortur á kennurum, læknum og hjúkrunarfólki orðinn mikið vandamál víða á landsbyggðinni. Þessu til viðbótar, og líklega veigamesti þátturinn, er mikill kostnaður við orkukaup heimilanna, en samkvæmt rannsóknum er hann ein helsta ástæða byggðaröskunar. Minni hlutinn styður tillögu um 300 millj. kr. til þátttöku í stofnun eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni sem fyrir liggur.

Minni hlutinn hefur lagt fram nákvæm gögn um mismunun gagnvart þeim sem búa við lök kjör aldraðra, öryrkja og fatlaðra, bæði einstaklingum og hjónum. Eftir ítrekaðar sanngirniskröfur um leiðréttingar hafa þeir loks öðlast nokkurn skilning sem fram kemur í lítils háttar hækkun bóta og frítekjumarks á næsta ári. Þó vantar verulega á að mætt sé þeirri sanngirniskröfu að þeir sem búa við þessi kjör fái þær hækkanir sem þeim ber með tilliti til vísitölu meðaltalslauna, hvað þá ef miðað er við umsamin lægstu laun.

Hækkun grunnlífeyris um 0,35% til þeirra sem hér um ræðir er til skammar og er langt frá því að nægja til að jafna þann mismun sem er á grunnlífeyri þessara hópa miðað við meðaltalslaunavísitölu. Þegar ríkisstjórn vísar til heimilisuppbóta og sérstakra heimilisuppbóta gleymist hversu örðugt aðgengi er að upplýsingum til viðkomandi aðila þar að lútandi. Margir vita ekki um rétt sinn til þessara greiðslna og þær fást ekki nema með ærinni fyrirhöfn. Hafa margir einfaldlega guggnað á því að ná rétti sínum til slíkra greiðslna. Minni hlutinn telur að til að rétta hlut þessa fólks verði að taka upp tryggingakerfið frá grunni. Öll frávik þarf að rannsaka nákvæmlega ef um sérstakar aðstæður er að ræða, þ.e. kostnað umfram eðlilega viðmiðun.

Herra forseti. Ég mun gera grein fyrir tillögum minni hlutans. Því miður vantar inn í álitið greinargerð um tillögur varðandi Ríkisspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur en minni hlutinn gerir tillögur um að 300 millj. kr. verði veittar til Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur, alls 600 millj. kr., til þess að rétta af slæma stöðu þeirra.

Áður var ég búinn að gera grein fyrir tillögum minni hlutans við þessa umræðu um hækkun tryggingagjalds og skatta á lögaðila. Þá leggur minni hlutinn fram tillögur um sérstakar greiðslur til hækkunar grunnlífeyris aldraðra, öryrkja og fatlaðra um 476 millj. kr. vegna mismunar á meðaltalsvísitölu launa og þess sem hefur verið greitt til þeirra. Með tillögum meiri hlutans er ljóst að aðeins er mætt hluta þessara krafna eða sem nemur 75 millj. kr. — Það er aðeins mætt með 75 millj. kr. framlagi á móti þeirri skekkju sem er 478 millj. — Því gerir minni hlutinn tillögu um að 401 millj. kr. verði varið til hækkunar grunnlífeyris til þessara aðila. Það er algjör óhæfa að ríkisstjórnin skuli ekki fara eftir þeim viðmiðunarmörkum sem hún hefur sjálf sett. — Herra forseti. Ég vek sérstaka athygli á þessari setningu: „Það er alger óhæfa að ríkisstjórnin skuli ekki fara eftir þeim viðmiðunarmörkum sem hún hefur sjálf sett."

Minni hlutinn bendir á að vegna atvinnuaukningar virðast ætla að sparast 230 millj. kr. í atvinnuleysisbótum og minni hlutinn hefur þar að auki lagt til og bent á tekjuauka sem verja má hluta af til að rétta af þá ósanngirni sem hér á sér stað. Að auki gerir minni hluti fjárlaganefndar tillögu um að 14 millj. kr. verði varið til að útrýma biðlistum heyrnarskertra sem nú sitja heima í einangrun og einmanaleika vegna miskunnarleysis, vil ég segja, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem gumar af „sólskinsfjárlögum" í „góðæri aldarinnar".

Herra forseti. Undir þetta álit ritar minni hluti fjárln. Gísli S. Einarsson og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir.

Undirritaður gerir að auki sjálfur tillögu um tvenn framlög, annars vegar til Fríkirkjunnar í Hafnarfirði um 3 millj. kr. og til Fríkirkjunnar í Reykjavík, aðrar 3 millj. kr. Hér er um að ræða gamlar, virðulegar stofnanir sem lagt hefur verið og er verið að leggja í mjög miklar breytingar á og kostnaðarsamar. Í fyrra var 3 millj. kr. veitt til endurbóta á Dómkirkjunni og sagt að það yrði aðeins gert í það eina skipti. Í ljósi þess að þar var veitt 3 millj. til viðbótar eru þessar tillögur fluttar og þetta er sanngirnismál.

Eins og ég rakti í upphafi hef ég ekki gert það að vana mínum að flytja útgjaldatillögur í nafni mínu heldur hefur það verið gert sameiginlega af minni hlutanum en í þessu sérstaka tilviki geri ég undantekningu af því að ég tel ríka ástæðu til.

Minni hlutinn mun styðja velflestar brtt. sem meiri hlutinn hefur lagt fram en mun að öðru leyti á hefðbundinn hátt sitja hjá við afgreiðslu fjárlaga. Þó eru ýmsar tillögur sem minntu mig á það ljóð eða kvæði sem ég fór með í upphafi sem var Í dag er ég ríkur, vegna þess að ég held að ýmsar kröfur eða beiðnir sem settar voru fram og orðið var við hefðu ekki fengið afgreiðslu við aðrar aðstæður. Minni ég þar á stafkirkju sem byggja á í Vestmannaeyjum og er gjöf Norðmanna til Íslendinga sem kostar Íslendinga 35 millj. Það kostar 35 millj. að taka við þessari gjöf Norðmanna. Einnig gjöf Norðmanna til Íslendinga til Auðunarstofu á Hólum í Hjaltadal, þar er allveruleg upphæð sem ég efast um að hefði verið látin í þetta við aðrar aðstæður. Það er kannski hægt að gleðjast yfir því að það skuli vera þannig að hægt er að ná í þann sjóð sem ég nefndi áðan og sækja sér hnefa.

Herra forseti. Að sjálfsögðu er ýmsu við að bæta ef því væri að skipta en ég læt lokið ræðu minni og greinargerð fyrir minnihlutaáliti um fjárlög fyrir árið 1999 með því að ég þakka samstarf við starfsmenn fjmrn., starfsmenn Ríkisendurskoðunar og starfsmenn fjárln., þau Sigurð Rúnar Sigurjónsson, ritara nefndarinnar, Ragnheiði Sumarliðadóttur og Bentínu Haraldsdóttur. Þá þakka ég fyrir góð samskipti við fulltrúa meiri hluta fjárln. og get sérstaklega um góð samskipti við hv. þm. og formann nefndarinnar, Jón Kristjánsson, og varaformann, hv. þm. Sturlu Böðvarsson. Sérstakar þakkir fyrir samvinnuna fá félagar úr minni hluta, en við höfum haft þann hátt á, herra forseti, að skipta með okkur flutningi nál. allt kjörtímabilið og þau hafa verið samin og unnin í fullri samvinnu. Fyrir það vil ég þakka og ég virði mjög góðan samstarfsvilja og samskipti við það fólk sem ég hef mest unnið með í þessu starfi.

Herra forseti. Það er aðeins eitt. Ég get ekki látið hjá líða að nefna að það eru 1.400 öryrkjar í mjög sárri neyð sem fá aðeins 0,35% lagfæringu á grunnlaunum sínum og það er alveg út úr kortinu að mínu mati. Það eru 700 manns í algerri neyð. Þeir fá heldur ekki nema 0,35%. Þetta hefur ekki verið skoðað, herra forseti, og ég segi bara, það verður einhvern veginn að koma á móti þessum hópum og ég er búinn að flytja frv. um lögbindingu lágmarkslauna ár eftir ár, er nú kominn með svar frá hæstv. forsrh. um að ég hafi margt til míns máls varðandi frv. um lágmarkslaun. Ég vona því að það mál verði skoðað alvarlega því það lýtur beint að kjörum þessa fólks sem ég er að ræða um.

Herra forseti. Ég hef lokið ræðu minni.

[14:30]

Útbýting þingskjala:

Færsla aflaheimilda, 329. mál, svar sjútvrh., þskj. 572.

Réttarstaða fólks í hjúskap og óvígðri sambúð, 372. mál, fsp. RG, þskj. 583.

[14:31]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir ljóðalestur hans og ræðu. Ég vildi bara gera athugasemd við eitt atriði sem hann kom inn á í ræðu sinni. Hann orðaði það svo að búnar hefðu verið til tekjur á milli 2. og 3. umr. upp á 3,7 milljarða. Þessar tekjur byggjast á þjóðhagsspá og endurskoðun á áætlunum um sölu eigna, miðað við það markaðsverð sem í gangi er, en hingað til hefur stjórnarandstaðan í hv. fjárln. gagnrýnt okkur fyrir að vera of varfærnir í tekjuspám okkar. Hún hefur talið tekjuhorfurnar betri en við höfum gert ráð fyrir og svo hefur verið hingað til. Ég vona að svo verði áfram, að við séum varfærnir í þessari tekjuspá og tekjurnar aukist eitthvað meira. Þetta er varfærin spá. Ég vil einnig benda á, af því að sagt er að við höfum verið of útausandi og boðið öllum að ganga í sjóðinn, að tekjuafgangur ríkissjóðs hækkar á milli umræðna sem er ekki algengt miðað við spána sem ég tel þó mjög varfærna.

[14:32]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði svar hv. formanns fjárln. en minni hlutinn hefur hvað eftir annað bent á skekkjur í áætlanagerð. Minni hlutinn benti á um 1 – 2 milljarða kr. skekkju að ræða í tekjuáætlun, en allt í einu urðu til tekjur upp á 3,7 milljarða, og það þrátt fyrir að lýst hefði verið yfir að ekki yrði gerð breyting.

Þess vegna, herra forseti, kvíði ég þeim degi að öðruvísi verður ástatt. Þá mun kannski eiga við að fara með annað erindi úr þeim kvæðabálki sem ég vitnaði til, með leyfi forseta. Þá vil ég ekki standa hér og þurfa að segja:

Í dag er ég snauður og á ekki eyri,
ölmusumaður á beiningaferð.
Einasta vonin að himnarnir heyri —
þó hanga' um mig tötrarnir, eins og þú sérð.
Gef mér aflóa fat
eða fleygðu í mig mat!
Því forðastu' að tylla þér þar sem ég sat.

Þetta gæti átt við þá sem hafa smogið fram hjá dyrum góðærisins. Það er ástæða til að hafa þetta merka ljóð í huga. Það var ótrúlegt að þingmenn, sem ættu að þekkja Sigurð Sigurðsson frá Arnarholti, skyldu ekki bregðast við öðruvísi en með miklu og breiðu brosi þegar vitnað var í þetta merka kvæði sem menn ættu að hafa í huga, sérstaklega þegar fjallað er um ástandið í þjóðfélaginu og fjárlög íslenska ríkisins.

[14:34]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. er ljóðelskur og heldur áfram upplestri. Ég vona svo sannarlega að ekki komi sá dagur að við fjárlaganefndarmenn eða þeir sem verða í fjárln. í framtíðinni þurfi að fara með erindið sem hann var að lesa núna. Ef farið er óvarlega í útgjöldum getur vel verið að sá dagur komi. Ég tel að við höfum ekki gert það nú. Ég tel að við höfum lagt fram, og ég vona að hv. þm. sé ekki að gagnrýna það, fjármagn milli umræðna og í 2. umr. upp á rúmlega 3 milljarða kr. til ýmissa þarfra verka, m.a. til að hækka tryggingabætur upp á tæpar 500 millj. Þar með er þeim hjálpað sem verst eru settir þó þar sé einungis um eitt skref að ræða. Til margra þarfra verkefna eru lagðir peningar sem ég vona að auki velsæld þjóðarinnar og hagvöxtinn þegar fram í sækir. Við höfum skilað afgangi á fjárlögum og meiri afgangi en gert var ráð fyrir við framlagningu fjárlagafrv. í haust.

Þetta er nauðsynlegt að komi skýrt fram við þessa umræðu.

[14:36]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég andmæli því ekki að fjármunir voru lagðir til margra góðra verka og ekki set ég mig á móti því. Ég hef hins vegar varað við og gerði einnig við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1998, þegar gert var ráð fyrir tekjuafgangi upp á 133 millj., að tekjurnar væru vanáætlaðar. Það kom í ljós. Tekjurnar voru vanáætlaðar um fleiri milljarða.

En hvað kemur síðan á daginn? Í ljós kemur að það er halli á árinu 1998 upp á 9 milljarða. Það eru komnar fram tölur upp á 5 milljarða. Það er þetta sem ég óttast, hv. formaður.

Ég leyfi mér hins vegar, af því að tækifæri gefst til þess, að fara með þriðja erindið og það er svona:

Í dag er ég glaður — í dag vil ég syngja,
og dansa til morguns við hverja sem er.
Við flakkarann allt eins og kóng vil ég klingja —
ég kæri mig ekkert um nafnið á þér.
Þú ert vinur minn víst
eins og veröldin snýst —
á víxla ég skrifa nú eins og þér líst.

[14:38]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um fjárlög ársins 1999 sem hér eru á dagskrá. Ég mun reyndar ekki gera það í bundnu máli eins og fyrri ræðumenn og því síður vísa til þess að skrifað sé upp á víxla framtíðarinnar með afgreiðslu fjárlaga 1999.

Við þessar umræður, herra forseti, hefur enginn borið brigður á að fjárlög og afgreiðsla fjárlaga fyrir árið 1999 mörkuðu tímamót varðandi stöðu efnahags og ríkisfjármála. Þegar við lítum hins vegar til baka og gerum okkur grein fyrir því hvað er fram undan í efnahags- og ríkisfjármálum, þá sjáum við hv. alþm. að ekki gerast þessar umbætur á einni nóttu.

Það hefur átt sér nokkurn aðdraganda að hagur okkar Íslendinga í efnahagslegu tilliti hefur batnað með markvissum aðgerðum sem koma síðan fram í bættum hag ríkissjóðs. Bættur hagur ríkissjóðs skiptir alla þegna landsins máli. En hvers vegna hefur efnahagslífið tekið kipp og hvers vegna hefur staða ríkissjóðs batnað?

Við höfum staðið fyrir lækkun skatta á atvinnulífið. Það hefur skilað sér í fleiri störfum og komið fram í bættum hag fyrirtækjanna sem hafa getað fjárfest og styrkt stöðu sína til frambúðar. Lækkun skatta á einstaklinga hefur að ég tel einnig virkað hvetjandi í atvinnulífinu og er vafalaust aðgerð sem skiptir miklu máli þegar við lítum á þetta í heild sinni.

Breytingar í ríkisrekstrinum, margs konar úrbætur og endurskipulagning á ríkiskerfinu, hafa orðið til þess að styrkja stöðu ríkisrekstrarins. Tilfinningin gagnvart starfsemi ríkisins hefur breyst og mikill vilji hjá starfsmönnum stofnana í ríkisgeiranum til að bæta reksturinn. Til lengri tíma litið merkir það að staða stofnana á vegum ríkisins styrkist, þegar vel er á málum haldið í þeim geira. (**GÁS:** 2.500 ný störf hjá ríkinu.)

Ytri aðstæður hafa auðvitað haft verulega mikla þýðingu til þess að bæta stöðu efnahagsmála og ríkisfjármála. Afli hefur aukist og verð á honum hækkað, nokkuð hátt verð á afurðum á ýmsum mörkuðum. Verð á aðföngum eins og olíu er lágt svo öllu sé til skila haldið og nýjar fjárfestingar í stóriðju hafa auðvitað virkað hvetjandi á hið íslenska efnahags- og atvinnulíf.

Í ljósi þess að afleiðingar þessa alls eru jákvæðar þá má líta til þess að hagvöxtur er um 5% á þessu ári og svipuðu er spáð á næsta ári. Verðbólgan er lág eins og fram kemur fram í öllum skýrslum. Talið er að okkur eigi að takast að halda lágri verðbólgu sem skiptir geysilega miklu máli, bæði gagnvart stöðunni innan lands og ekki síður vegna viðskipta við útlönd. Síðast en ekki síst má skoða stöðuna í ljósi þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna er talinn aukast á þessu ári um 10%. Því er spáð að hann aukist á næsta ári um 5%. Ánægjulegt er að atvinnuleysi hefur farið minnkandi og stefnir í 2,5% á næsta ári og það er talið að atvinnuþátttaka hafi aldrei verið meiri en nú. Kraftar þjóðfélagsins vinna þannig vel saman og það styrkir okkur bæði í bráð og í lengd.

Þær breytingar sem við ræðum hér við 3. umr. um fjárlög ársins 1999 eru margvíslegar og ég vil nefna nokkrar en allar byggjast brtt. okkar á því að efnahagsumhverfið hefur skapað þær aðstæður, með auknum tekjum upp á nærri 3,5 milljarða, að við getum tekist á við það viðfangsefni að bæta inn í ríkisútgjöldin þeim málum sem mikilvægast var að taka á. Ég vil nefna fimm meginþætti sem tekist er á við í afgreiðslu þessara fjárlaga.

Í fyrsta lagi ber að nefna að launaþróunin hjá ríkisstarfsmönnum hefur verið með þannig að auka þarf launaútgjöldin. Aðlögunarsamningar og breytingar á samningum við opinbera starfsmenn hafa leitt til þess að launaútgjöldin aukast. Það sést mjög rækilega í frv.

Í öðru lagi er tekið mjög á byggðamálum. Litið er til þeirrar áætlunar sem verið hefur til umfjöllunar í þinginu um stefnumótun og stefnumörkun í byggðamálum og mun ég koma nánar að því á eftir.

Í þriðja lagi er bæði í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir þetta ár tekið á vanda stóru sjúkrahúsanna sem hefur mikla þýðingu.

Í fjórða lagi eru auknar bætur elli- og örorkulífeyrisþega.

Í fimmta lagi vil ég nefna aukin framlög til málefna fatlaðra.

Í umfjöllun hv. fjárln. komu fram óskir um aukinn rekstur á sviði þjónustu við fatlaða. Á vegum félmrn. starfaði nefnd sem vann að úttekt á þeim málaflokki og hafa tillögur um aðgerðir verið kynntar. Þær tillögur voru til skoðunar og

meiri hluti fjárln. gerir þær að sínum og leggur fram brtt. sem gera ráð fyrir 77 millj. kr. auknum framlögum frá því sem er í frv. til málefna fatlaðra. Reyndar er það ekki allt saman á grundvelli tillagna þeirrar nefndar. Það skiptir mjög miklu máli í þessum málaflokki að vinna skipulega og það skiptir miklu máli að taka föstum tökum tillögur sem komu frá þeirri nefnd sem skoðaði stöðu biðlista gagnvart stofnunum fatlaðra og þess vegna vildi meiri hluti fjárln. gera þær tillögur að sínum. Þess er að vænta að mikilvægur áfangi náist á næsta ári í því að stytta biðlista fyrir fatlaða og má með sanni segja að árangur verði af starfi þeirrar nefndar sem fyrr var getið með því að við aukum fjármuni til þessa málaflokks.

Ég nefndi byggðaáætlun, en í brtt. meiri hluta fjárln. er gert ráð fyrir 300 millj. kr. til Byggðastofnunar til þess að veita inn í atvinnuþróunarfélög sem hafa sýnt sig að skipta mjög miklu máli við það mikilsverða verkefni að byggja upp atvinnulífið úti á landi. Það er sannfæring mín að ein af mörgum leiðum sem æskilegt er að fara sé að styrkja atvinnuþróunarfélögin og það er á grundvelli byggðatillögunnar sem þessi tillaga um 300 millj. er gerð.

Í fjárln. voru málefni framhaldsskólanna til sérstakrar skoðunar en framhaldsskólarnir hafa verið að byggjast upp í landinu mjög skipulega og með öflugum hætti. Á höfuðborgarsvæðinu hefur verið unnið að byggingu framhaldsskóla. Má þar nefna Borgarholtsskólann, Menntaskólann í Kópavogi, framhaldsskólana í Garðabæ og á Suðurnesjunum og sömuleiðis í öðrum landshlutum og svo merkar endurbætur á húsnæði Menntaskólans í Reykjavík. Þetta hefur mjög mikla þýðingu. En það þarf hins vegar að gera fleira en að byggja upp skólahúsnæði. Við verðum að tryggja að framhaldsskólarnir hafi fjármuni til starfsemi sinnar, til rekstrar, þannig að þeir geti sinnt því mikilsverða hlutverki sem þeim er ætlað.

Hæstv. menntmrh. hefur staðið fyrir því að koma á svokölluðum skólasamningum við framhaldsskólana og ég tel að það sé mjög mikilvæg aðgerð. Hún veitir skólunum aðhald, skapar þeim ákveðinn ramma og auðveldar ráðuneytinu að takast á við þetta verkefni sem er að hafa eftirlit með starfi skólanna, bæði varðandi fjármálahliðina og einnig hina faglegu hlið skólastarfsins.

Hins vegar hafa komið athugasemdir við þessa skólasamninga og þess vegna telur meiri hluti fjárln. nauðsynlegt að menntmrn. hafi nokkurt svigrúm, sérstaklega til þess að líta til samninganna sem snúa að litlu skólunum á landsbyggðinni, en fastur kostnaður hlýtur að vera annað hlutfall af heildarkostnaði í litlum einingum og það hlýtur að vera að hagkvæmni stærðarinnar í rekstri framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu komi fram í lægri framlögum á nemanda í stórum skólum en hinum smærri. Það þýðir þó ekki að gera eigi meiri kröfur til þeirra sem reka litlu skólana en þeirra sem reka hina stærri. En það varð niðurstaða meiri hluta fjárln. að þarna þyrfti að auka fjármuni og þess vegna eru settar 40 millj. til þess að takast á við þetta verkefni.

Þá vil ég nefna jöfnun námskostnaðar. Það er viðurkennt að aðstaða til náms skiptir mjög miklu máli. Það hefur verið niðurstaða Alþingis að draga bæri úr þessum mismun með því að veita fjármuni til framhaldsskólanemenda með beinum styrkjum og jafna þannig námsaðstöðuna því að fjölmargar fjölskyldur þurfa að senda nemendur um langan veg að heiman til náms. Frá árinu 1997 hafa þessi framlög hækkað mjög mikið og með þeirri tillögu sem hér er til umræðu frá meiri hluta fjárln. og með þeirri hækkun sem kom fram við 2. umr., samtals upp á 65 millj. kr., hefur þetta framlag til jöfnunar á námskostnaði hækkað úr 106 millj. í 253 millj. eða um nærri 140% frá árinu 1997. Ég tel að þetta sé meðal mikilvægari aðgerða til þess að auðvelda íbúum hinna dreifðu byggða að halda niðri framfærslukostnaði heimilanna og að þetta sé lóð á þá vogarskál að snúa byggðaþróuninni við.

Það er ekki mjög mikið um framlög til atvinnuveganna, sem betur fer, úr ríkissjóði. En ein er sú atvinnugrein sem er mjög vaxandi á Íslandi og það er kvikmyndagerð. Þess vegna hefur verið komið upp Kvikmyndasjóði sem veitir styrki til kvikmyndagerðar og það er talið af þeim sem best þekkja að það sé fjárfesting af hálfu ríkisins sem borgi sig. Í tillögum meiri hluta fjárln. er gert ráð fyrir að Kvikmyndasjóður fái 30 millj. til viðbótar við það sem er í frv. auk þess sem í heimildarákvæði 7. gr. er gert ráð fyrir heimild til þess að ganga til sérstakra samninga um þau efni. Ég vil draga þetta sérstaklega fram vegna þess að hér er um að ræða skýra pólitíska stefnumótun hvað varðar kvikmyndagerð á Íslandi. Hæstv. menntmrh. hefur kynnt samning sem hann hefur unnið að með samþykki ríkisstjórnarinnar og þessi tillaga um hækkun til Kvikmyndasjóðs er hluti af þeim samningi sem síðan verður að efna með sérstakri samþykkt á Alþingi um aukin framlög hverju sinni. Ég vænti þess að með þessu sé komið mjög verulega til móts við íslenska kvikmyndagerð og hún geti blómstrað og dafnað eins og öll efni eru til.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gegnir mikilvægu hlutverki. Gerð er tillaga um að framlagið til hans hækki í samræmi við það sem reglur gera ráð fyrir. En ég vil vekja sérstaka athygli á brtt. sem hér hefur komið fram og hv. þm. Jón Kristjánsson gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni. Það er nauðsynlegt að semja við sveitarfélögin vegna þeirra erfiðleika sem þau mörg hafa lent í með hinar félagslegu íbúðir. Sveitarfélögin mörg hver hafa þurft að borga með félagslega íbúðakerfinu auk þess sem lagaskylda um innkaup á íbúðum í félagslega kerfinu og kaupskylda sveitarfélaganna hefur leitt til þess að mörg sveitarfélög hafa lent í miklum vandræðum. Þess vegna er gert ráð fyrir því að fjmrh. og félmrh. gangi til samninga við sveitarfélögin um uppgjör vegna innlausna íbúða í félagslega íbúðakerfinu. Ég vænti þess að með þessu heimildarákvæði verði hægt að ganga til viðræðna við sveitarfélögin og koma þessum málum í betra horf en þau hafa verið í.

Lífeyristryggingarnar hækka samkvæmt brtt. frá meiri hluta fjárln. um 400 millj. Ég er gjörsamlega ósammála því sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., Gísla S. Einarssyni, þegar hann lét að því liggja að ekki væri komið til móts við elli- og örorkulífeyrisþega. Ég tel að með þessum framlögum og þeim lagabreytingum, sem vonandi og væntanlega verða samþykktar í þinginu, sé stigið mjög mikilvægt spor í þá átt að bæta kjör elli- og örorkulífeyrisþega. Það er skylda okkar að ganga til þess verks og ég tel að þetta sé mjög mikilvægur áfangi á þeirri leið.

Ríkisspítalarnir og Sjúkrahús Reykjavíkur, þessi tvö stærstu sjúkrahús okkar Íslendinga, gegna geysilega mikilvægu hlutverki í heilbrigðisþjónustunni, mjög mikilvægu hlutverki. Við þekkjum það öll í þinginu að við höfum á einn eða annan hátt komið að því viðfangsefni að greiða úr vanda þessara sjúkrahúsa, þ.e. rekstrarvanda, fjárhagserfiðleikum. Á þrengingartíma varð að leita allra leiða til þess að nýta fjármunina sem best og ég tel að það hafi tekist. Gerðar hafa verið heilmiklar breytingar í rekstri stóru sjúkrahúsanna

sem hafa borið árangur og ég kom sérstaklega inn á það við 2. umr. En það hefur verið mat þeirra sem best þekkja að enn megi bæta úr í rekstri stóru hátæknisjúkrahúsanna með meiri samvinnu, með meiri samræmingu og með því að reyna að koma í veg fyrir tvíverknað og tvöfalda fjárfestingu í tækjabúnaði og öðru sem lýtur að rekstrarútgjöldum.

Það hefur verið sagt að spítalarnir hafi búið við langvarandi þrengingar. Ég tel að með þeim 500 millj. sem bætt er inn í rekstur sjúkrahúsanna með fjáraukalögunum fyrir þetta ár og með þeim skipulagsbreytingum sem hafa verið boðaðar með því að ríkið yfirtaki Sjúkrahús Reykjavíkur frá Reykjavíkurborg og með þeim skipulagsbreytingum sem fylgja í kjölfarið, þá eigi að vera hægt að ná árangri, bæta reksturinn og spara. Þær hugmyndir hafa verið kynntar lítillega og ég þykist geta fullyrt að það eigi að vera hægt að ná árangri og ég vona að svo verði án þess að ég fari nánar út í þá sálma.

Útgjöld til orkumála eru meðal þeirra þátta sem fjölmargar fjölskyldur hafa mjög kvartað undan. Sem betur fer er það svo í okkar þjóðfélagi að í mesta fjölmenninu á höfuðborgarsvæðinu hefur tekist þannig til um uppbyggingu orkufyrirtækjanna að hægt er að fá keypta orku til húshitunar og til annarra nota á mjög hagstæðu verði ef orkuverðið er borið saman við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Hins vegar hefur það verið þannig að á landsbyggðinni hefur ekki alls staðar tekist jafn vel til. Að vísu hafa margar hitaveitur verið byggðar upp úti um land og það hefur tekist vel með rekstur þeirra þannig að orkuverðið er lágt þar. Þess vegna hefur í fjárlögum um nokkurn tíma verið gert ráð fyrir niðurgreiðslu á raforkuverði til húshitunar og í tillögum meiri hluta fjárln. er sú upphæð núna hækkuð um 100 millj.

Svo ég vitni aftur til þess sem segir í byggðaáætlun sem forsrh. hefur lagt fram og verður væntanlega afgreidd, þá er orkuverð meðal mjög mikilvægra þátta í útgjöldum heimila á landsbyggðinni sem skiptir miklu að lækka. Þær 100 millj. sem hér er gerð tillaga um að hækka þessi framlög um skipta því mjög miklu máli.

Annað sem kemur fram í brtt. fjárln. er að gert er ráð fyrir því að létta af Rafmagnsveitum ríkisins arðgreiðslukröfu í ríkissjóð. Sú aðgerð ein mun létta Rafmagnsveitum ríkisins mjög róðurinn í því verkefni sínu að dreifa raforku um landið til hinna dreifðu byggða sem er mjög kostnaðarsamt. Því er ástæða til þess að vekja sérstaka athygli á þessari tillögu. Hún felur í sér að Rafmagnsveiturnar fá meira svigrúm til rannsókna og til aðgerða til dreifingar í hinum dreifðu byggðum og vonandi og væntanlega til lækkunar á orkuverði á orkuveitusvæði Rariks.

Herra forseti. Ég hef farið yfir fjölmörg atriði sem mér finnst skipta miklu máli. En nú þegar komið er að lokum þessa kjörtímabils er ánægjulegt að geta gengið til þess verks að afgreiða fjárlög og gera það eins og hér er gert með verulegum afgangi. Fjárlög verða væntanlega afgreidd með afgangi upp á 2,5 milljarða. Tekjurnar aukast verulega, m.a. vegna sölu ríkiseigna. En það sem skiptir auðvitað miklu máli í því samhengi er að við erum að leggja á ráðin um aukna sölu ríkiseigna til þess að lækka skuldir. Við erum að lækka skuldir með því að selja eignir og búa þannig í haginn til framtíðar með því að greiða þar með lægri vexti. Vaxtakostnaðurinn minnkar og við getum þar með nýtt tekjurnar í framtíðinni til þess að byggja þjóðfélagið enn betur upp og standa þannig að málum að búsældarlegra verði á Íslandi.

Við skilum af okkur góðu búi í lok þessa kjörtímabils og það er vissulega fagnaðarefni. Það hefur náðst mikill árangur eins og ég hef lýst í ræðu minni og ég er þakklátur fyrir að hafa fengið að taka þátt í því starfi hér á Alþingi með hv. þingmönnum að brjótast í gegnum erfiðleikatímabilið á síðasta kjörtímabili og njóta þess að geta veitt vaxandi hagsæld út í þjóðfélagið til þess að bæta kjör almennings í landinu.

[15:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson segir að hagur ríkissjóðs sé sérlega góður og jákvæð teikn á lofti varðandi framtíðarstjórn ríkisins. En það sem rak mig í pontu var sú yfirlýsing hv. þm. að enginn hafi borið brigður á að mörkuð hafi verið tímamót í þessum efnum. Þetta er ekki rétt. Ítrekað hefur verið á það bent í fjárlagaumræðunni hve illa ríkisstjórnin hefur haldið á málum, hve mjög hún hefur klúðrað góðærinu og dregur nú upp mjög villandi mynd af ástandi mála.

Hagur ríkissjóðs er vissulega góður vegna ytri skilyrða, metafla og hagstæðs verðs á útflutningsvörum Íslendinga. En hann er ekki síst góður á kostnað sveitarfélaganna sem nú eru rekin með milljarðahalla. Hann er góður vegna mikillar þenslu í þjóðfélaginu. Það stefnir í mesta viðskiptahalla í sögu íslensku þjóðarinnar, 40 milljarða kr., og það stefnir í verstu skuldastöðu íslenskra heimila í sögunni, 400 milljarða kr. En það sem er verst er að hagur ríkissjóðs er góður á kostnað atvinnulausra, öryrkja og aldraðra sem ríkisstjórnin hefur hlunnfarið um milljarða króna.

[15:05]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur aldrei verið minna atvinnuleysi á Íslandi. Það hlýtur að benda til þess að hagur fólksins sé betri en verið hefur. Hlýtur markmið okkar ekki að vera það að reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi?

Þenslan sem hv. þm. talar um er e.t.v. gleggsta merki þess að Íslendingar hafa trú á því sem stjórnvöld eru að gera. Þeir hafa trú á stöðugleikanum og hafa trú á því að óhætt sé að fjárfesta. Það skiptir miklu máli. Þess vegna er rangt að láta að því liggja að aukin viðskipti, aukinn innflutningur, m.a. til atvinnufyrirtækjanna vegna fjárfestingarvöru og uppbyggingar sem mun síðan leiða til meiri hagsældar fyrirtækjanna og fleiri starfa séu neikvæð tákn. Þetta þarf ekki að vera neikvætt, hæstv. forseti, og þess vegna kemur mér þessi ræða þingmannsins nokkuð á óvart.

[15:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að gera grein fyrir því að sú mynd sem dregin er upp af ríkisstjórninni og talsmönnum hennar er falsmynd. Talað er um að ná niður skuldum ríkissjóðs á næstu árum úr 50% af vergri landsframleiðslu niður í 20% en í sömu spám ríkisstjórnarinnar kemur fram að heildarskuldir landsmanna verða hærri, hærra hlutfall en nú er. Þetta er gert á kostnað sveitarfélaganna í landinu vegna þess að ríkið hefur verið að færa þung verkefni yfir til þeirra og á kostnað annarra aðila sem ég gat um áðan.

En það sem mér finnst áhyggjuefni á Íslandi er ef mönnum finnst það gott og til að stæra sig af að atvinnuleysi hér í þessu góðæri verði aðeins, eins og menn orða það, 2,5%. Það eru mörg þúsund einstaklingar og mörg þúsund fjölskyldur vinnufærs fólks sem verður án atvinnu og það af völdum þessarar ríkisstjórnar sem hefur haldið afspyrnu illa á málum.

Eitt finnst mér umhugsunarvert. (Forseti hringir.) Menn tala um að búa í haginn þegar þeir eru að selja eða gefa eignir þjóðarinnar. Þá tala þeir um að verið sé að búa í haginn fyrir framtíðina. (Forseti hringir.) Við ættum að rifja þetta upp, og það geri ég á eftir, hvernig ríkisstjórnin hefur verið að gefa og sett á útsölu dýrmætar eignir íslensku þjóðarinnar.

[15:08]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var um margt merkileg ræða og væri ágætt að hv. þm. héldi þessa ræðu t.d. yfir þeim fjölmörgu Íslendingum sem hafa trú á einkavæðingaraðgerðum ríkisstjórnarinnar (**ÖJ:** Á aðalfundi Sjóvár?) og kemur fram í miklum áhuga á kaupum hlutabréfa t.d. í bönkunum.

Þingmaðurinn reyndi að draga upp ranga mynd af stöðunni með því að segja að heildarskuldir þjóðarinnar væru að aukast. (Gripið fram í.) Það er nauðsynlegt að fara yfir þetta. Við erum að fjalla um ríkisfjármálin. Staðreyndin er sú að skuldir ríkisins eru að lækka. Þær hafa lækkað á þessu ári og þær munu lækka á næsta ári, samtals á þessum tveimur árum um á fjórða tug milljarða. Þetta skiptir miklu máli upp á framtíðina að gera. (Forseti hringir.) Hins vegar er alveg hárrétt að atvinnulífið hefur ekki getað greitt út í hönd allar þær fjárfestingarvörur sem það er að leggja í til að byggja upp afkastagetu sína. (**ÖJ:** En sveitarfélögin?) (Forseti hringir.) Sveitarfélögin, t.d. höfuðborgin hefur aukið skuldir sínar en hefur marga möguleika til að bæta stöðuna.

[15:10]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem í andsvar vegna orða hv. 2. þm. Vesturl. og varaformanns fjárln. Það sem ég sagði í ræðu minni um öryrkja, fatlaða og ellilífeyrisþega var þetta: Eftir ítrekaðar sanngirniskröfur um leiðréttingar hafa þær loks öðlast nokkurn skilning sem kemur fram í hækkun grunnlífeyrisbóta, lítilli, og hækkun frítekjumarks fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja í sambúð. Þetta var það sem ég sagði og þetta er viðurkenning á þeim aðgerðum sem voru.

En ég sagði einnig: Hækkun grunnlífeyris þeirra sem hér um ræðir um 0,35% er til skammar og er langt frá því að nægja til að jafna þann mismun sem er á grunnlífeyri þessara hópa miðað við meðaltalslaunavísitölu. Þetta er það sem ég sagði og þetta er staðreynd því að ég er með þetta útreiknað og hef afhent pappíra til hv. þm. (Forseti hringir.) sem sýna að 1.842 millj. vantar á fjórum árum til þess að standa við það sem ríkisstjórnin hefur sett sér.

[15:11]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bar ekki brigður á þær tölur sem hv. þm. hafði tilgreint í ræðu sinni. Ég vakti hins vegar athygli á þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin stendur fyrir núna. Ég er alveg sammála þingmanninum um að þjóðfélagið þarf að búa þannig um hnúta að aðstæður þeirra sem lægstar tekjur hafa og þær aðstæður sem öryrkjar þurfa að búa við eiga að batna, við þurfum að sjálfsögðu að leitast við að gera allt sem hægt er til þess að bæta hag þeirra.

Ég tel að þær aðgerðir sem við stöndum fyrir og erum að ræða, hækkun upp á 400 millj., skipti miklu máli. En við getum ekki gert allt fyrir alla í einu. Það skiptir líka miklu máli fyrir þessa hópa að við lækkum útgjöldin, við lækkum verðbólguna og við reynum að koma því þannig fyrir að atvinnulífið virki vel, jafnt fyrir þá hópa sem aðra.

[15:13]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum sammála um að vissulega er stigið skref í átt til réttlætis. En það vantar svo miklu meira á. Það er viðurkennt að liðlega 70 þús. kr. lágmarkslaun nægja ekki, þau eru neðan fátæktarmarka. Þetta fólk sem um er rætt býr við laun sem eru 53–64 þús. kr. Þess vegna dugar þetta engan veginn til þess að koma verulega vel á móti. En við erum báðir búnir að skoða þessa pappíra, ég og hv. þm. Sturla Böðvarsson. Það fer því ekkert á milli mála að það eru staðreyndir sem við í minni hlutanum höfum lagt fram um þetta mál. Það fer heldur ekkert á milli mála að það er komið á móti þeim kröfum sem settar hafa verið upp, ekki bara af minni hluta fjárln. heldur fyrir hönd þeirra hópa sem þarna eiga í hlut. En það skiptir þó kannski mestu máli að komið hefur verið verulega til móts við ellilífeyrisþega í sambúð og öryrkja í sambúð en mjög lítið til móts við þá sem eru einhleypir, bæði öryrkja og aldraða.

[15:14]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil einungis í þessu andsvari vekja athygli á því að Sjálfstfl. var í samstarfi við Alþfl. um stjórn landsins á síðasta kjörtímabili og við lögðum okkur mjög fram um að standa þannig að málum að hagur landsmanna batnaði. Ég tel að árangur af mörgu því sem við gerðum þá saman, Alþfl. og Sjálfstfl., sé að koma fram í dag. Það er nauðsynlegt að halda þessu til haga. En á þeim tíma, ekki fremur í þeirri ríkisstjórn sem Alþfl. átti aðild að þar áður, tókst að gera þær breytingar á kjörum elli- og örorkulífeyrisþega sem við erum að standa að núna. Þetta skiptir miklu máli og það er rangt, finnst mér, af hv. þm. og ósanngjarnt að reyna að gera tortryggilegar þær mikilvægu aðgerðir sem við erum að gera núna í þágu öryrkja og aldraða.

[15:15]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í tilefni af því sem hv. þm. sagði um Kvikmyndasjóð og eflingu hans greina frá því að í morgun undirrituðum við fjmrh. samkomulag fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við samtök í íslenskri kvikmyndagerð, þ.e. Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Félag kvikmyndagerðarmanna, Framleiðendafélagið og Samtök höfunda kvikmyndahandrita, um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð. Sú stefnumörkun byggist m.a. á því að á næsta ári verður framlag Kvikmyndasjóðs hækkað um 40 millj. kr. frá því sem það er í ár og einnig verði sett markmið um það hvernig standa beri að því að efla Kvikmyndasjóð á næstu fjórum árum þannig að árið 2002 verði allt að 200 millj. kr. til ráðstöfunar til þess að styrkja langar, leiknar íslenskar kvikmyndir. Einnig verði stofnuð sérstök deild í Kvikmyndasjóði til að styðja við þá sem vilja gera heimildarmyndir og stuttmyndir eftir að Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur verið lagður niður. Þetta samkomulag var gert í morgun og er talið að undirritun þess marki þau tímamót að íslensk kvikmyndagerð geti gegnt eðlilegu hlutverki í íslensku menningarlífi.

[15:17]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær upplýsingar sem hér eru veittar. Ég held að sá samningur sem ráðherrann gat um skipti máli og ég fór nokkuð yfir það í ræðu minni. Hins vegar er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að allir slíkir samningar sem gerðir eru hljóta að koma til endurskoðunar og sérstakrar yfirferðar í hvert eitt sinn sem fjárlög eru afgreidd þannig að slíkir samningar eru að sjálfsögðu gerðir með fyrirvara um afgreiðslu Alþingis á fjárlögum.

[15:18]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nokkuð skondið að menn skuli nota andsvarið til að koma að fréttatilkynningum eins eins og hæstv. menntmrh. gerði en það er svo sem ekkert við því að segja.

Ég fagna vitaskuld samningnum sem slíkum en minni hins vegar á að það sem verja á til Kvikmyndasjóðs, 40 millj. kr. á næsta ári samkvæmt tillögum meiri hluta fjárln., er nákvæmlega sama tillagan og var felld frá mér við 2. umr. fjárlaga. Það gefst tækifæri til að ræða þetta betur en ég fagna því að menn taki höndum saman að efla kvikmyndagerð. Ég fagnaði því líka að hv. varaformaður fjárln. setti ofan í við hæstv. menntmrh. og minnti hann á að það er Alþingi sem fer með fjárveitingavaldið en ekki ríkisstjórnin með samningum. Því verður að fylgja eftir í næstu ríkisstjórn og enginn veit enn hver þar situr.

[15:19]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er oft skemmtilegt hvernig hugmyndaflug hv. stjórnarandstöðuþingmanna ber þá ofurliði. Hv. 11. þm. Reykn. finnur það út að ég sé að veitast að hæstv. menntmrh. (**ÁE:** Þú viðurkenndir það áðan.) í ræðu minni. Eins og hv. þm. hafa vafalaust heyrt þá var mér að sjálfsögðu fullvel kunnugt um þennan samning sem var verið að undirbúa og ég fagnaði honum alveg sérstaklega í ræðu minni. Hugmyndaflug stjórnarandstöðunnar er því með ólíkindum í málefnafátæktinni sem er svo alger í þessari umræðu að hún kemur jafnvel fram í slíkri ræðumennsku.

[15:20]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að hv. þm. hefði verið að veitast að hæstv. menntmrh. Ég sagði að hann hefði sett ofan í við hann og minnt hann á að Alþingi fari með fjárveitingavaldið og það er rétt.

Hins vegar vil ég minna hv. þm. á það að viðskiptahallinn á þessu ári verður 35 milljarðar og 30 milljarðar á næsta ári. Þetta eru 65 milljarðar á tveimur árum. Þetta er Íslandsmet. Erlendar skuldir Íslendinga munu hækka á næsta ári um 12 milljarða og hækka líka sem hlutfall af landsframleiðslu. Allar nágrannaþjóðir okkar eru að endurmeta hagvaxtarspár sínar til lækkunar. Hvað gerir íslenska ríkisstjórnin? Hún spáir aukningu hagvaxtar á næsta ári miðað við fyrri áætlanir. Þetta er loddaraleikur, tekjuáætlun ríkisstjórnarinnar við 3. umr. fjárlaga.

Ég vil að lokum, herra forseti, benda á eina mjög athyglisverða staðreynd í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Tekjuskattur einstaklinga mun hækka um 12% á næsta ári. Tekjuskattur fyrirtækja mun hækka um 7%. Það sést skýrt á þessu hvaða hagsmuni hæstv. ríkisstjórn er að verja.

[15:21]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef oft bent á það áður að ríkar ástæður eru fyrir því að heildarskuldir íslensku þjóðarinnar, þ.e. einstaklinga, fyrirtækja og ríkisins aukist vegna þess að verið er að fjárfesta og aðallega er verið að fjárfesta fyrir atvinnustarfsemina. Bent hefur verið á að á samdráttartíð áður hafði atvinnulífið dregið alla fjárfestingu mjög mikið saman og þess vegna var uppsafnaður vandi innan atvinnulífsins sem nú þegar hagur batnar brýst auðvitað út í því að það er fjárfest og keypt eru til landsins margs konar tól og tæki og taka þarf lán fyrir hluta þess.

Þetta er að hluta skýringin og ég vænti þess að hv. þm. sé þetta fullkomlega ljóst.

Hvað varðar, hæstv. forseti, þær athugasemdir um að hér sé hagvöxtur en ekki annars staðar, þá er það kannski bara vegna þess að stjórnarfarið á Íslandi er með öðrum hætti en þar sem kratarnir fara með völd í nágrannalöndum okkar.

[15:23]

Útbýting þingskjala:

Fiskveiðistjórnarkerfi og staða fiskstofna, 314. mál, svar sjútvrh., þskj. 575.

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. JónK og StB, þskj. 597.

[15:23]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hv. varaformaður fjárln. talaði nokkuð um málefnafátækt stjórnarandstöðunnar. Það er út af fyrir sig rétt hjá honum að það er kannski færra sem við höfum ástæðu til að gagnrýna nú en oft áður sem stafar auðvitað af breyttum aðstæðum og svo hinu að nú hefur meiri hlutinn tekið tillit til ýmissa ábendinga frá minni hlutanum og gert tillögur okkar sem við höfum áður flutt að sínum, enda hafa þeir þakkað mjög í ræðum sínum fyrir gott samstarf við minni hlutann. Ég vil gera hið sama og þakka kærlega fyrir gott samstarf við meiri hlutann. Það breytir hins vegar ekki því að við höfum ýmislegt enn þá við þetta heildardæmi að athuga og höfum gert það hingað til og eigum eftir að gera það áfram.

Ég ætla hins vegar ekki að hafa langt mál við umræðuna. Talsmaður okkar í minni hlutanum hefur komið sjónarmiðum okkar prýðilega á framfæri og ég þarf ekki miklu við það að bæta.

Við stöndum frammi fyrir dæmi sem búast má við að eigi eftir að breytast nokkuð í upphæðum eins og reyndar venjulega þó þær verði kannski ekki háar í hlutfalli við sjálft heildardæmið. En það hefur verið nokkuð athyglisvert að fylgjast með umfjöllun og störfum í hv. fjárln. án þess að ég ætli að fara að lýsa því með ljóðalestri. Þar hefur ríkt jólaskap og svona eins konar „allir fá þá eitthvað fallegt" andrúmsloft. Ég man satt að segja ekki eftir ástandi sem þessu en því ræður að sjálfsögðu fyrst og fremst tvennt, þ.e. ytri aðstæður sem eru óvenjuhagstæðar og má fyrst og fremst þakka hagstæðu verðlagi sjávarafurða og hagstæðu olíuverði. Auk þess hafa ráðstöfunartekjur einstaklinga óneitanlega aukist sem betur fer og var tími til kominn og það skilar sér auðvitað í meiri veltu og hærri tekjum í ríkissjóð. Þannig er núna úr meiru að spila sem kemur sér auðvitað harla vel fyrir ýmsa í aðdraganda kosninga.

Ég hlýt þó enn einu sinni að lýsa áhyggjum vegna fjárhagsstöðu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík sem við í minni hlutanum höfum ítrekað reynt að fá bætta og vissulega orðið nokkuð ágengt. Staða þessara mikilvægu þjónustustofnana er

nú betri en í því ömurlega ástandi sem ríkti t.d. við afgreiðslu fjárlaga ársins í ár og nú er kannski að skapast nýr grundvöllur með auknum samrekstri sem færir þessum stofnunum aukna möguleika til hagræðingar og færi á nýjungum. En ástand undanfarinna ára hefur verulega þrengt að æskilegri þróun á þessu sviði. Að mínu mati er einmitt nauðsynlegt með tilliti til slíkra breytinga að þessum stofnunum sé gert kleift að mæta til þess leiks með hreint borð. Þær hafa nógu lengi verið í spennitreyju ónógra fjárveitinga og þurfa að fá færi til betri möguleika og þróunar þjónustu. Jólaskap þeirra félaga í meiri hlutanum hefði mátt skila sér í tillögum af þessu tagi. En það varð ekki og niðurstaða minni hluta fjárln. varð því sú að flytja enn einu sinni tillögur um aukið fé til þessara stofnana, 300 millj. kr. til hvors sjúkrahúss til þess að ráðast að þeim rekstrarhalla sem þau eiga enn við að glíma þrátt fyrir framlög í fjáraukalögum sem væntanlega verða samþykkt hér á eftir. Sá vandi mun augljóslega aukast á næsta ári miðað við óbreytt umfang, hvað þá ef spítalarnir eiga að geta brugðist við auknum kröfum vegna nýrrar tækni og möguleika á því að stunda lækningar í framhaldi af því.

Þegar ég mælti fyrir nál. minni hlutans við 2. umr. ræddi ég það nokkuð sem við blasir, t.d. að allt of langir biðlistar eru eftir aðgerðum. Ég var með í höndunum lista yfir það og t.d. í október sl. voru nær 3 þúsund manns á biðlistum eftir aðgerð á Ríkisspítölunum. Ekki þarf að fara mörgum orðum um þá óvissu og þjáningar sem sjúklingar og aðstandendur þeirra eiga við að búa þegar svona stendur á, að vegna fjárhagsörðugleika sé ekki hægt að lina þjáningar þeirra og fara í þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru. Í raun er auðvitað verið að kasta krónunni en spara eyrinn með því að gera þeim stofnunum ekki kleift að stytta þessa biðlista. Ég vona að tekið verði tillit til þessara tillagna minni hlutans því að það mundi breyta mjög miklu í þeirri stöðu sem spítalarnir búa nú við og ljóst er að hallinn í lok næsta árs mun nema u.þ.b. 1 milljarði kr. ef ekki verður að gert miðað við óbreyttan rekstur sjúkrahúsanna. Þess vegna er í rauninni algert lágmark að samþykkja tillögur minni hlutans um 600 millj. kr. til þessara spítala, bæði til að draga úr þessum halla og gera þeim kleift að mæta nýjum aðstæðum í rekstri. Ekki meira um það.

Ég hlýt þó enn einu sinni að minna á að mjög mikill vandi er á ferðum vegna ónógs viðhalds heilbrigðisstofnana og brýnt að ráðast í það verk að gera áætlun um t.d. 4–8 ára viðhald og viðgerðir á stofnunum í heilbrigðiskerfinu. Það er enn ein aðferðin til að kasta krónunni að taka ekki á þeim vanda sem allra fyrst vegna þess að viðgerðir og viðhald verður þeim mun kostnaðarsamara því lengur sem dregið er að ráðast í það.

Minni hlutinn hefur einnig haldið uppi mikilli gagnrýni vegna ónógra framlaga til málefna fatlaðra. Ástandið í þeim efnum er algerlega óviðunandi og við höfum átalið það harðlega að lögboðinn tekjustofn til Framkvæmdasjóðs fatlaðra hefur árum saman verið skorinn niður og auk þess tekinn að hluta til rekstrar. Það er þvert á tilgang sjóðsins samkvæmt lögum. Nú í ár er sjóðurinn skorinn niður um helming. Tillaga minni hlutans um að sjóðurinn fái allt það fé sem honum ber lögum samkvæmt var felld við 2. umr. Meiri hlutinn felldi þá tillögu og ég harma það vegna þess að full þörf er fyrir allt það fé sem sjóðnum ber, þ.e. tekjur af erfðafjárskatti, til að vinna að þeim verkefnum sem sjóðnum ber að leggja fé til.

Hins vegar ber að geta þess að nú er loksins hafin markviss vinna í því efni að bæta við úrræðum í þessum málaflokki og skapa skilyrði til þess að unnt sé að standa við lög og búa fötluðum þau skilyrði til búsetu og betra lífs sem þeim ber. Sérstaklega þarf að taka verulega á í þessu efni í Reykjavík og á Reykjanesi þar sem ástandið er gersamlega óviðunandi. Þar bíða hundruð einstaklinga eftir þjónustu og er löngu mál til komið að taka verulega á í því efni. Nú er sem sagt ætlunin, og mátti þó fyrr vera, að vinna eftir markvissri áætlun að uppbyggingu þjónustu þar sem þörfin er mest. Þess sér vissulega stað í brtt. meiri hlutans sem við styðjum að sjálfsögðu þótt við teljum að ástæða hefði verið til að ganga lengra. En ég legg áherslu á að áætlunum verði fylgt fast eftir í þessu efni og hvergi slegið af því að núverandi ástand er til háborinnar skammar í þjóðfélagi sem vill kenna sig við velferð.

Herra forseti. Margar af brtt. meiri hlutans eru þarfar og góðar. Við styðjum þær allflestar og höfum tekið þátt í að móta þær þótt enn sem fyrr sé aðeins meiri hlutinn skrifaður fyrir þeim. Ég ræddi það nokkuð við 2. umr. að eðlilegra væri að setja brtt. nefndarinnar fram á þann hátt að fram kæmi á þskj. hvaða tillögur eru lagðar fram í fullu samkomulagi en það sé bara skrifað á meiri hluta nefndarinnar. Ég ítreka þá skoðun mína að taka beri það upp aftur, sem áður var venjan, að skipta tillögunum í tvennt þannig að ljóst væri hvaða tillögum minni hlutinn stendur að með meiri hlutanum. Þetta er í rauninni ranglega fram sett.

Aðrar tillögur eru svolítið sérkennilegar og tengjast gjafmildi annarra en nefndarmanna í fjárln. Það vill nú oft svo til að böggull fylgir skammrifi og þannig virðist vera með gjafir frænda vorra Norðmanna sem stundum eru að gauka að okkur einu og öðru. Í brtt. meiri hlutans kemur fram að þessi gjafmildi kostar okkur tugi milljóna króna. Stafkirkjan sem á að koma upp í Vestmannaeyjum kostar okkur í raun um 35 millj. kr. Þar af eru lagðar til 20 millj. á næsta ári. Þá er lagt til að 12 millj. kr. verði varið til þess að koma upp Auðunarstofu að Hólum í Hjaltadal en Norðmenn gefa í hana timbrið. Ég man ekki nákvæmlega hversu margar milljónir það eru sem áætlað er að þurfi til að smíða úr timbrinnu þá frægu Auðunarstofu en mig minnir að það sé u.þ.b. helmingurinn sem á að fara í þetta á næsta ári. Svona ganga hlutirnar til. Norðmenn gefa og gefa þeir enn, varð einhverjum að orði í fjárln. þegar þetta var upplýst og einhverjum datt líka í hug hvort við ættum ekki að fara að gauka einhverju að Norðmönnum svo þeir þyrftu líka að fara að leggja til fé vegna viðtöku gjafa.

Ég bendi á einn lið sem mér er a.m.k. mjög umhugsunarverður og það er liður 06-397 Schengen-samstarf. Í frv. eru 14 millj. kr. ætlaðar til reksturs vegna þessa Schengen-samstarfs og 10 millj. til tækja og búnaðar. En í brtt. er lagt til að við bætist 72,2 millj. kr. til tækja og búnaðar og virðist enginn endir á því hvað þetta samstarf á að gleypa. Ég hef áður gagnrýnt það. Búið er að leggja tugi milljóna til þessa samstarfs sem er ekki komið á og verða sjálfsagt margar milljónirnar áður en því lýkur. Ég hef, herra forseti, verulegar efasemdir um málið og tel raunar að kostnaður vegna þess og umstangið verði slíkt að fjárhagslegur ávinningur verði minni en enginn og spurning um annan ávinning.

Þó að búið sé að mæla fyrir brtt. minni hlutans vil ég sérstaklega minna á einn lið, þ.e. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Þær 14 millj. sem við leggjum þar til eru ætlaðar til að eyða biðlistum einstaklinga sem þurfa á tækjum og aðstoð að halda til þess að bæta aðstæður sínar og rjúfa

þá einangrun sem heyrnardeyfan dæmir þá í. 14 millj. kr. eru taldar þurfa til að koma til móts við þarfir þessara einstaklinga. Því miður var það ekki niðurstaðan þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar af hálfu minni hlutans og það finnst mér mjög miður. Ég vildi sérstaklega óska þess að fulltrúar meiri hlutans endurskoðuðu þá afstöðu sína og sinntu þessu erindi og samþykktu tillögu minni hlutans. Þeir hafa fundið fé til ýmissa annarra þarfa. Þeim tókst t.d. að finna 7,5 millj. kr. til slátrunar hrossa, sem vissulega eru orðin of mörg sums staðar á landinu miðað við beitarþol, en það er spurning hvort hér sé staðið eðlilega að verki og víst er að þessi tillaga kom fram á allra síðasta fundi fjárln. og ekkert ráðrúm gafst til að ræða hvernig staðið yrði að þessari aðgerð, hvar helst yrði fækkað og eftir hvaða reglum, hvað yrði gert við afurðir, hvort þær væru til einhvers nýtar á mörkuðum hérlendis þar sem við höfum langa og mikla reynslu af fjöllum úr kjöti eða hvað væri hægt að gera við þetta kjöt. Verið er að tala um slátrun 1.600 hrossa. (**Gripið fram í:** Hver ætlar að slátra þeim?) Það var óskýrt, hér var spurt úti í sal hver eigi að slátra þeim. Það var óskýrt á þeim fundi, sem var síðasti fundur í hv. fjárln. en þetta töldu menn brýnt að gera og fundu til þess 7,5 millj. kr. sem væru bráðnauðsynlegar til að fækka hrossum. Það er spurning hver ber ábyrgðina á því að hrossin eru orðin svona mörg og (Gripið fram í.) ég hefði viljað ... já, landslið hestamanna var nefnt úti í sal. Það hefði kannski verið öllu ánægjulegra að samþykkja tillögu sem lyti að því að mæta kostnaði við að koma upp landsliði hestamanna en að samþykkja tillögu um að fækka hrossum. En þetta er nú svona og ég held að ég muni það rétt að við höfðum þó náð að spyrja hvað ætti að gera við allt þetta kjöt sem er óneitanlega dágott fjall. Ef ég man rétt eru einhverjar hugmyndir á reiki um að senda þetta Rússum til að borða í matarleysi sínu.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um tekjuhliðina við þessa umræðu. Hér hafa orðið nokkrar umræður um hana og hversu traust hún er og hverjum sé að þakka allar þær tekjur sem hafa fundist síðustu daga en þar hafa aldeilis orðið umskipti og við gagnrýnum það ekki í sjálfu sér. Minni hlutinn hefur margsinnis gagnrýnt áður að tekjuhlið væri stórlega vanáætluð og raunverulega notuð til þess að halda aftur af útgjaldakröfum. Við sögðum við 2. umr. að við teldum tekjur vanáætlaðar um 1–2 milljarða miðað við forsendur. Auðvitað þurfti að finna fé til að mæta allri útgjaldaaukningunni og ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég teldi eðlilegt að veita þeim fundarlaun sem fóru í teknaleit á þessum forsendum hvort sem það væri fólgið í hlutabréfi í Búnaðarbankanum eða einhverju slíku. En við í minni hlutanum lýstum því að við teldum að tekjuforsendur mundu ekki standast og tekjur væru vanáætlaðar en forsendum hefur sáralítið verið breytt. Þess vegna setjum við spurningarmerki við það hvernig þetta er sett upp.

Það er a.m.k. hárrétt að rétt áður en þessi tekjuleit fór fram kom fulltrúi fjárlagaskrifstofunnar á fund efh.- og viðskn. sem falið er að leggja mat á tekjuhlið frv. Hann kom á fund og upplýsti nefndarmenn um að ekki væri talin ástæða til að endurskoða þjóðhagsáætlun miðað við þróunina í þjóðfélaginu og þar með tekjuhlið frv. En viku síðar var komið nýtt hljóð í strokkinn. Þá var allt í einu búið að endurskoða þetta allt saman og finna leiðir til að hækka tekjuhliðina um 3,7 milljarða. Við skulum vona að það standist því að það þarf tekjur til að standa undir öllum þeim tillögum sem hér liggja fyrir en ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta við þessa umræðu og hef lokið máli mínu.

[15:48]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þess hefur verið farið á leit við þingmenn að við reynum að stytta mál okkar til að greiða fyrir þingstörfum. Ég mun reyna að verða við því en vil gjarnan koma nokkrum atriðum að við umræðuna.

Í dag hefur verið minnst á að menn hafi orðið mjög greiðviknir á síðustu dögum fjárlagavinnunnar. Það á bæði við um ríkisstjórn og fjárln. Hækkun útgjalda við þessa umræðu er um 3,5 milljarðar kr. og töldu ýmsir að nú væru góð ráð dýr vegna þess að frést hefði að tekjuhlið frv. yrði ekki endurskoðuð við þessa umræðu. Það var gert og hinir miklu meistrar hnoðuðu tekjuáætlunina að sjálfsögðu upp úr smjöri og teygðu síðan yfir eldi þar til tókst að hækka hana um 3 milljarða og 708 millj. kr. Geri aðrir betur. Þar af nemur aukning skatttekna um 1.828 millj. kr. en sala eigna er talin skila 1.300 millj. kr. Ég hef kannski mestar áhyggjur af hinu síðarnefnda. Mér hefur eins og hv. 17. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni sem talaði á undan mér hefur mér, ofboðið þessi sala á eignum sem við landsmenn eigum öll sameiginlega. Nú eru þær seldar á ýmsum útsölum og virðist ekki eiga að draga úr því á næstunni ef marka má þessar forsendur fyrir tekjuhlið frv. á næsta ári.

Minni hlutinn telur að í þjóðhagsáætlun sem fyrir liggur liggi vanmat á innflutningi og fjárfestingu. Í því sambandi má minnast á að talið er að innflutningur muni aðeins aukast um 0,9% á árinu. Á þessu ári hefur hann vaxið um 23,3%. Að hluta til er það útskýranlegt með miklum framkvæmdum og uppbyggingu, t.d. álvers, en ég tel samt að 0,9% sé mjög varlega áætlað. Ég hef ástæðu til að óttast að sú spá muni ekki rætast. Það virðast hafa verið nokkuð erfitt að spá á undanförnum árum. Í minnihlutaáliti við 2. umr. var t.d. bent á að gríðarlegur munur er milli þess sem spáð hefur verið og þess sem orðið hefur. Okkur í minni hluta fjárln. hefur fundist að setja þyrfti á sérstaka ráðstefnu til að kanna hvernig bæta megi þessar spár. Mismunurinn er gríðarlegur og þegar maður ber þetta saman við það sem gerist hjá öðrum þjóðum virðist allt annar taktur í þessu hjá okkur.

Mikilvægt er að áætlanir um kaupmátt og þróun einkaneyslu séu byggðar á traustum forsendum. Því var t.d. spáð að einkaneyslan á árinu 1998 mundi aukast um 5% en reyndin er að síðustu tölur segja hana hafa aukist um 12%. Það er miklu meira en helmingsaukning. Það verður líka að segja að í allri þeirri þenslu sem virðist vera er ég orðin svolítið langeygð eftir þeim sparnaðarkostum sem hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin boðuðu. Að vísu er þar eitthvað gert í sambandi við séreignarsjóði en ég hafði ímyndað mér að þetta yrði í miklu ríkara mæli en í ljós hefur komið. Ég auglýsi eftir því að meira hvetjandi kostir komi fram til sparnaðar fyrir almenning.

Við óskum eftir því að tekjugrundvöllur ríkissjóðs verði styrktur m.a. með virkara skatteftirliti og sérstökum aðgerðum gegn skattsvikum. Lítið hefur farið fyrir þeim aðgerðum upp á síðkastið. Það er á allra manna vitorði að mjög mikið er um svarta atvinnustarfsemi í landinu og hefur gengið erfiðlega að fá áætlað hve mikið væri þar á ferðinni. Nú er almennt talað um að 15 milljarðar séu á sveimi í einhverju neðanjarðarhagkerfi sem aldrei koma upp á yfirborðið. Náttúrlega er mjög erfitt til þess að vita þegar sárlega vantar peninga í ríkissjóð. Auðvitað þyrfti að herða mjög eftirlitsaðgerðir frá skattyfirvöldum til að reyna að sporna við þessu.

Að auki hefur þetta þær hliðarafleiðingar að fólk sem starfar hjá þessum fyrirtækjum og gengst inn á að starfa svart tapar þar með öllum réttindum. Það á ekki svo gott með að leita þess að það fá laun sín greidd, sumir hverjir eru ekki vandari að virðingu sinni en að ætla jafnframt að svíkja þetta fólk um laun sem stundum kemur fyrir.

Í sambandi við fjáraukalög hef ég áður í dag gagnrýnt það og best að ég komi enn að því hér, þ.e. leiðum sem fyrirtæki hafa til að draga uppsafnað tap frá ágóða áður en kemur til tekjuskatts. Ég verð að segja að ég held að þetta hafi hér á landi farið út yfir öll mörk. Þau uppboð verið hafa á fyrirtækjum þegar þau eru að leggja upp laupana, þau hækka fyrst í verði því að þá er farið að rífast um að kaupa uppsafnaða tapið, hafa náttúrlega verið alveg fáránleg. Ég þekki dæmi um fyrirtæki sem hafði verið rekið á horriminni um allmörg ár en átti að loka, þá birtust allt í einu fjöldamargir kaupendur. Þeir voru á höttunum eftir uppsöfnuðu tapi í þessu fyrirtæki. Mörg dæmi munu vera um slíkt.

Minni hlutinn leggur til að tryggingagjald verði hækkað um 0,5 prósentustig og þannig aflað um 1,5 milljarða kr. viðbótartekna. Þessar viðbótartekjur mætti nota til margra góðra hluta, til málefna fatlaðra og til að styrkja heilbrigðisþjónustuna í landinu enn frekar. Ég tel enga ástæðu til að gera þetta ekki. Nú í góðærinu er einmitt færi á að taka inn þessi 0,5 prósentustig af virðisaukaskatti til góðra mála.

Við viljum einnig ítreka þá skoðun okkar að skattleggja eigi söluhagnað af aflaheimildum sem lítið skilað sér inn til skatts. Þar mundu koma peningar í ríkissjóð sem við höfum mjög mikil not fyrir. Það er mjög mikilvægt að nota tækifærið til að byggja upp þegar vel gengur svo við getum búið að því þegar halla tekur undan fæti sem alltaf gerist í þjóðfélögum eins og okkar. Við erum fiskveiðiþjóð sem er mjög háð bæði verðsveiflum erlendis, eins gæftum. Hér á landi verða alltaf tiltölulega miklar sveiflur og þess vegna þurfum við að búa vel í haginn núna þegar vel gengur svo við séum viðbúin slíku. Ég tek undir með hæstv. fjmrh. um nauðsyn þess að borga niður erlendar skuldir núna í góðærinu og styð það mjög eindregið.

Inn á borð þingmanna hefur verið lögð, rædd einu sinni og send í nefnd, þáltill. um byggðamál. Það er að mörgu leyti merkilegt skjal þó þar vantaði inn ýmislegt sem mestu máli skiptir eins og t.d. fiskveiðistjórnunina. Um hana var ekki mikið talað en samt voru í henni hinar merkustu tillögur um jöfnun á aðstöðu fólks eftir búsetu í landinu. Flestar þeirra styð ég mjög eindregið og við önnur sem sitjum í minni hlutanum á Alþingi. Það sér aðeins örla á því nú að meiningin sé að framkvæma þessar tillögur og það er gleðiefni.

Ég ætla aðeins að fara nokkrum orðum um nokkrar tillögur sem sagðar eru frá meiri hluta fjárln. Ég vil taka undir með hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og tel okkur í minni hluta fjárln. eiga töluvert í þeim tillögum mörgum hverjum, þ.e. þeim sem koma beint frá fjárln. Mig langar að fara orðum um nokkrar þeirra.

Á lið 319 Framhaldsskólar almennt, er lagt til að almenn framlög til framhaldsskóla hækki um 40 millj. kr. Menntmrn. hefur gert svonefnda skólasamninga við einstaka skóla. Með þessari fjárhæð er gert kleift að endurmeta samninga við skólana, einkum fámennari skóla á landsbyggðinni. Ég tek undir tillöguna og vona að þessar 40 millj. verði notaðar til þess sem kemur þarna fram í seinni hluta skýringargreinarinnar, að bæta stöðu fámennari skóla á landsbyggðinni. Varðandi reiknilíkön sem komið hefur verið á vegna útreikninga á framlögum til framhaldsskóla hef ég talið að fámennu skólarnir á landsbyggðinni hafi komið illa út úr því. Í líkönin vantaði meiri byggðasjónarmið og mér finnst þarna vera komið til móts við þau. Ég vil líka taka sérstaklega undir þörf þess að leggja fram 40 millj. kr. til viðbótar til jöfnunar á námskostnaði.

Þá um tillöguna við landbúnaðarráðuneyti 891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði, 7,5 millj. til að kosta slátrun 1.600 hrossa og sporna þannig við ofbeit. Þegar þessi tillaga kom fram á síðasta degi starfs nefndarinnar varð mikið fjaðrafok. Nokkrir nefndarmenn áttu hross í haga í nágrenni Reykjavíkur og óttuðust nú að þeim hestum væri hætta búin svo það gekk hálfilla að halda þeim inni á fundi. En þegar farið var að ræða málið var ýmislegt á huldu um hvar þessi hross væru sem ætti að slátra, hvort þau væru sunnan heiða eða norðan og hvernig ætti í rauninni að standa að þessu dæmi. Þá varð til inni í nefndinni mjög skemmtileg vísa sem lýsir mjög þeirri angist sem hrossaeigendur voru gripnir þarna undir umræðunni. Vísan er svona:

Í hálfa stöng hengi ég fána,
hesta sé fyrir mér dána.
Skjóni er dauður
og skorinn er Rauður.
Það næðir um Njarðvíkur-Grána.

Að lokum vil ég þakka það sérstaklega að fjárln. sá sér fært að hækka styrk til Landssambands aldraðra um 700 þús. kr. frá því sem áður hafði verið ákveðið. Ég tel að þetta ágæta samband sé mjög vel að þessum styrk komið.

[16:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér skilst raunar að um það sé eitthvert óskrifað samkomulag í þinginu um að nú skuli gera hlé á þessari umræðu, 3. umr. um fjárlög. Ég vil hins vegar hafa mína afstöðu í því algjörlega á hreinu. Mér finnst þessari umræðu engin virðing sýnd. Ég rifja það hér upp að 2. umr. um fjárlög íslenska ríkisins var sundurslitin mörgum sinnum, að vísu af öðrum ástæðum. Það var órói í þinginu þá vegna fundahalda almennt. En hér á að endurtaka þetta og ég árétta að mér finnst umræðunni engin virðing sýnd með þessum hætti og vil halda því hér til haga.

[16:03]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að haft var samráð við mig um tilhögun umræðu í dag. Ég get einnig látið það koma fram að mér finnst ekki góður kostur að slíta umræðuna svona í sundur. Ég get tekið undir það hjá hv. síðasta ræðumanni. Til þess að greiða fyrir þingstörfum féllst ég á þetta. En ég er þeirrar skoðunar að fjárlagaumræðan eigi að vera samfelld og það eigi að reyna að taka frá daga fyrir hana í 2. og 3. umr. vegna þess að hún er hryggjarstykkið í löggjöf þingsins á þessum tíma. Ég vil láta það koma fram að þessi tilhögun var gerð í samráði við mig og varaformann á fundi með forseta þingsins eftir hádegið. Annars vil ég taka undir það meginmál að mér finnst æskilegast að þinghaldi sé hagað þannig að fjárlagaumræðan geti verið samfelld.

[16:05]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill segja um þetta að það heyra það nú allir, hvað sem virðingunni líður, að hv. 2. þm. Austurl., formaður

fjárln., hefur fyrir sitt leyti fallist á að að þessu sinni verði umræðan slitin í sundur á þennan hátt því að það er stórt verkefni að ætla að ljúka störfum Alþingis fyrir jól á þeim tíma sem eftir er til miðnættis.

[16:05]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég skil vel þau viðhorf og tilfinningar sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson lætur í ljósi um þau rof sem verða á umræðunni og sem hv. þm. Jón Kristjánsson tók í rauninni undir þó hann sé aðili að þessu samkomulagi. Vegna þess að málið sem verður tekið á dagskrá á eftir varðar heilbr.- og trn., þ.e. frv. til laga um almannatryggingar, vil ég láta það koma fram að þetta er ekki gert að kröfu eða ósk heilbr.- og trn. Við höfum hins vegar fallist á þetta til þess að greiða fyrir þingstörfum. En ég segi fyrir mitt leyti að ég held að mér og nefndinni sé alveg sama um það þó að það mál mundi bíða og koma síðar á dagskrá ef það mætti verða til þess að hjálpa til í þeirri stöðu sem nú er komin upp.

[16:06]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta mál var ekki borið undir minni hluta fjárln. en að sjálfsögðu föllumst við á þessa meðferð í svona sérstöku tilviki. En ástæða er til að hafa orð á því að fjárlagaumræðan og þá sérstaklega 2. umr. þarf að fara þannig fram að óskipt athygli sé á þeirri umræðu og sama á í raun við 3. umr. Þetta er aðalmál þingsins og það á að helga því sérstakan tíma. Í þessu tilviki fellst ég á málsmeðferð og ég hygg að við gerum það öll en ég tel að ábending hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar sé hárrétt og ég þakka fyrir að hún skuli vera komin fram.

[16:07]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti biður hv. þingmenn um að virða það samkomulag sem gert hefur verið af hinum mætustu mönnum til þess að greiða fyrir þingstörfum og fjallar ekki síst um að það mál sem nú stendur til að taka til (**ÖS:** Hverjir eru hinir mætustu menn?) umræðu, 13. dagskrármálið, komist til nefndar og umfjöllunar þar miðað við þann ásetning að þingstörfum ljúki í kvöld eða nótt.

[16:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég sagði áðan að ekki ætla ég að ganga á mót óskrifuðu samkomulagi sem gert hefur verið. Ég vildi hins vegar halda því mjög ákveðið til haga að það er eðlilegt og sjálfsagt að sýna fjárlagaumræðu, hvort heldur það er 2. umr. eða 3. umr., verðugan sóma en það er auðvitað ekki gert á þennan hátt. Því vil ég kasta því fram til umhugsunar í komandi framtíð að menn festi það einfaldlega í þingsköp, tiltekna ákveðna heilaga daga í desembermánuði, hvenær 2. umr. fjárlaga eigi að fara fram og hvenær 3. umr. og því verði ekkert breytt, það verði einfaldlega bundið í lög að hugsanlega 8. desember fari fram 2. umr. og eigi síðar en 16. desember 3. umr. þannig að þessari mikilvægu umræðu verði sýndur verðugur sómi og eðlilegur eins og öll efni standa til. Meira var það nú ekki.

Umræðu frestað.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 365. mál (örorkumat, skerðing lífeyris). — Þskj. 531.

[16:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir liggur samkomulag um að afgreiða það sem mest er áríðandi varðandi almannatryggingamálið sem hér liggur fyrir þinginu þannig að elli- og örorkulífeyrisþegar fái greitt eftir nýjum reglum þegar í upphafi næsta árs. Ég vil þakka fyrir þá flýtimeðferð sem þetta mál fær væntalega í gegnum þingið.

[16:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég held að þetta sé í annað skipti sem hæstv. heilbrrh. kemur hingað til þings rétt undir lok þingsins með mál sem er mjög mikilvægt að afgreiða og biður þingið allra náðarsamlegast um að hleypa málum í gegn.

Ég rifja upp, herra forseti, að það var á síðasta þingi eða þarsíðasta undir þinglok að vori sem ég tók að mér að koma í gegn fyrir hæstv. ráðherra máli sem varðaði breytingar á umönnunarbótum og það var formaður heilbrn., stjórnarandstæðingur, sem stóð í stappi þá í heila nótt til þess að koma þessu máli í gegn. Hvers vegna? Vegna þess að það varðaði mikilvæga hagsmuni þeirra sem málið tók til en eins og í þessu máli þá kom það allt of seint.

Hér er um að ræða mál sem varðar stóran hóp manna og sem stjórnarandstaðan getur alls ekki lagst gegn. Málið er í eðli sínu gott en það er flóknara en svo að hægt sé að segja að sjálfgefið sé að það renni í gegnum þingið. Ástæðan er sú að hér er í fyrsta lagi tekið á málefnum ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega og það eitt gefur tilefni til mikillar umræðu.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að kjör þessara hópa hafa hækkað miklu minna en annarra í þjóðfélaginu. Á síðustu fimm árum, á síðasta hálfa áratug, hafa lágmarkslaun hækkað um 52%, launavísitala um 30% en örorkulífeyrir og tekjutrygging ekki nema um 17%. Þetta eitt og sér þegar við erum að ræða þessi mál gefur tilefni til þess að menn taki alvarlega umræðu um þetta.

Sömuleiðis gefur það tilefni til mikillar umræðu hvernig sú breyting sem nú er verið að leggja til er lögð fram. Þó það sé í sjálfu sér jákvætt að menn séu núna að stíga skref, eins og hæstv. ráðherra hefur orðað það, til þess að draga úr ákvæðum um að tekjur maka örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega skerði tekjutryggingu bótaþegans blasir eigi að síður við sú staðreynd að þetta er í fyrsta skipti sem ákvæði um slíka skerðingu eru fest í lög. Það er mjög erfitt fyrir okkur sem höfum haft það í huga að það þarf að varðveita mannréttindi allra, líka örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega, að samþykkja slíka breytingu. Mörg okkar eru þeirrar skoðunar að þarna sé verið að brjóta mannréttindi á þessum bótaþegum.

Herra forseti. Við vitum líka að það blasir við að Öryrkjabandalagið hefur lýst því yfir að það hyggist höfða mál gegn hæstv. heilbrrh. og því ráðuneyti sem hún stýrir vegna þessa meinta mannréttindabrots. Það er dálítið umhendis fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að taka þátt í að samþykkja þessi lög sem mér sýnist í fljótu bragði að muni styrkja málstað ráðuneytisins í komandi málaferlum. Það er viðurhlutamikið

fyrir okkur að taka þátt í því að ekki bara að samþykkja slík lög heldur að hleypa þeim í gegnum þingið.

Eins og málum er háttað varðandi örorkulífeyrisþegana er um að ræða 180 millj. kr. greiðslu sem hæstv. heilbrrh. segir að komist ekki til upphafsgreiðslna í janúar nema þetta frv. verði samþykkt. Auðvitað er hægt að segja að með þessum hætti hafi hæstv. ráðherra hálfgildings kverkatak á okkur. Það er hins vegar hluti af því samkomulagi sem hæstv. ráðherra lýsti í stuttu máli að ákveðnum parti af 2. gr. þessa frv. verður haldið eftir og tekinn til umræðu þegar þing kemur saman aftur í janúar. Þá gefst þinginu kostur á að ræða þessi mál til hlítar og taka til umræðu þau mál sem snúa að lífeyrisþegum. Það breytir því ekki að ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki til þess að samþykkja þetta frv. í því formi sem samkomulag er um vegna þess að ég get ekki samvisku minnar vegna varið það að greiða atkvæði með lagaákvæði sem ég tel að brjóti mannréttindi þeirra sem málið varðar. Ég mun hins vegar ekki leggja atkvæði mitt gegn því eða reyna að tefja þetta mál með neinum hætti því að ég tel nauðsynlegt að þessar greiðslur komist til framkvæmda. Ég átel hins vegar vinnubrögðin, herra forseti. Það gengur ekki að jafnmikilvægt mál og þetta sem hæstv. ráðherra hefur mörgum sinnum rætt um á hinu háa Alþingi að eigi að koma til afgreiðslu á þessu ári skuli bera svona að.

Málið kemur degi áður en þingi á að ljúka. Málið er tekið til afgreiðslu daginn sem þinginu á að ljúka. Þá á eftir að rannsaka málið af hálfu þingnefndarinnar og það á eftir að fara í gegnum þrjár umræður. Það liggur fyrir, herra forseti, að innan Öryrkjabandalagsins er ekki samstaða um að afgreiða málið á þennan hátt vegna þess, eins og ég gat um, að þar eru líka menn í forustu samtakanna sem telja að hér sé um að ræða mannréttindabrot.

Það liggur í hlutarins eðli að þó að viðkomandi einstaklingar vilji að sjálfsögðu hlut félaga sinna sem mestan og stærstan og hvetji þar af leiðandi ekki til þess að greiðslurnar verði stöðvaðar er ekki hægt að ætlast til að slíkir menn leggi vilyrði sitt fyrir stuðningi við frv. þegar ljóst er að það mun e.t.v. baga málflutning þeirra gegn heilbrrn. þegar kemur að því dómsmáli sem ég lýsti áðan.

Herra forseti. Ef það er rétt að þetta mál hafi verið í undirbúningi mánuðum saman í heilbrrn. þá spyr ég: Hvers vegna kom það ekki fyrr? Ég spyr líka: Hvernig stendur á því ef hæstv. heilbrrh. er svo umhugað um að koma málinu fram að ekki er búið að ganga frá því við Öryrkjabandalagið að það fylgi málinu? Hvers vegna er málið ekki í þeim búningi sem það bandalag gæti sætt sig við?

Ég er fullmeðvitaður um það, herra forseti, að ekki er hægt að krefjast þess í hvert einasta skipti að hagsmunaaðilar séu að öllu leyti sammála þeim ráðherrum sem bera fram tiltekin mál sem varða umrædda hópa. En með tilliti til tímapressunnar og hvernig málið ber að þinginu hefði óneitanlega greitt mjög fyrir afgreiðslu málsins ef hægt hefði verið að leggja málið þannig fyrir að um lágmarkssamstöðu væri að ræða hvað varðar lykilatriði í þessu frv. með Öryrkjabandalaginu.

Ég velti því líka fyrir mér, herra forseti, í fullri alvöru hve mikil þörf er á þessu frv. Hér er um að ræða frv. í þremur greinum og þar af er ein gildistökuákvæði og síðan er ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið til bráðabirgða tengist 1. gr. og þar er um að ræða breytingar á örorkumati þar sem gert er ráð fyrir læknisfræðilegu mati miklu frekar en mati á starfsskyldu viðkomandi og jafnframt að þeir sem undirgangist matið skuli gangast undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og undir starfræna endurhæfingu. Þetta er vafalaust ágætisákvæði, herra forseti, þessi grein og bráðabirgðaákvæði sem tengist henni en það blasir við að greinin á ekki að öðlast gildi samkvæmt 3. gr. frv. fyrr en 1. mars 1999. Þar af leiðir að engar nauðir reka okkur til hraðrar samþykktar í þinginu.

Þegar ég kem síðan að 2. gr. þar sem um er að ræða breytingar á frítekjumarki og skerðingar á tekjutryggingu með tilliti til tekna maka velti ég því fyrir mér hvaða þörf sé á því að lögfesta þetta. Heilbrrh. fram af heilbrrh. getur staðfest að það hefur verið viðtekin skoðun innan heilbrrn. að sérhverjar breytingar á bótum sem horfa til ívilnunar er hægt að staðfesta með reglugerð. Ég hefði talið, herra forseti, að við hefðum átt að fara þá leið að geyma þetta frv. og það hefði verið hægt í sjálfu sér að hleypa því í gegnum 1. umr. og til þingnefndar og til þess að hæstv. heilbrrh. hefði örugglega fast land undir fótum hefði verið hægt að leggja fram nál., a.m.k. meiri hluta, þannig að þingviljinn væri fullkomlega staðfestur og það lægi ljóst fyrir hver hann væri en geyma síðan málið til umræðu fram yfir hátíðar þannig að við gætum tekið gagngera umræðu.

Ég skal greina frá því, herra forseti, hvers vegna ég er þessarar skoðunar. Ég er einfaldlega orðinn afar þreyttur á þeim vinnubrögðum sem við höfum þurft að búa við í heilbr.- og trn. síðustu vikur þar sem stór mál eru tekin í gegnum nefndina ef ekki með valdbeitingu eins og í gagnagrunnsfrv. þá með tímanauð eins og núna. Mér er að vísu ekki alveg ljóst hvort það er ég sem er starfandi formaður heilbr.- og trn. eða Kári Stefánsson en það skiptir ekki máli í þessu efni vegna þess að fagnefndin hefur ekki ráðrúm til þess að skoða málið út í hörgul. Við höfum einfaldlega ekki tíma til þess að rannsaka afleiðingar málsins.

Við vitum, herra forseti, að þingið starfar eftir ákveðnum hefðum. Þessar hefðir mótast af vinnulagi, verklagi og reynslu margra áratuga. Hefðirnar miða að því að koma í veg fyrir að einhverjir ágallar séu á þeim frv. sem eru að lokum samþykkt. Þess vegna höfum við 2. umr. þegar við ræðum málið eftir að það hefur verið grandskoðað og við höfum 3. umr. til þess að hafa upp á að hlaupa ef í ljós kemur að það er eigi að síður einhvers konar ljóður á ráði mála sem kunna að vera ágæt í eðli sínu. Með öðrum orðum eru umræðurnar eftir 1. umr. til þess að bæta málið og til að koma í veg fyrir að þingið samþykki eitthvað sem kunni að vera rangt.

Hér er um að ræða mál sem er afskaplega flókið í eðli sínu og erfitt er fyrir nefndarmenn að taka ábyrgð á því nema vita hvað um er að ræða, vita hvað er verið að samþykkja, sér í lagi þegar við blasir að ekki ríkir eining um málið í hópum þeirra sem eiga að njóta afrakstursins af málinu. Við slíkar aðstæður hefði verið æskilegt að senda málið út til umsagnar og fá skriflegar umsagnir og reyna að meta málið í ljósi þeirra. Staðan sem er uppi er hins vegar sú að okkur gefst einungis ráðrúm til þess að hafa stuttan fund. Við getum e.t.v. kallað til fulltrúa Öryrkjabandalagsins, við getum fengið útskýringar á frv. frá höfundum þess eða starfsmönnum heilbrrn. en mér er til efs, herra forseti, að til að mynda ég geti fengið svar við eftirfarandi spurningu frá lögfræðingum sem eru til þess bærir að meta það: Brýtur frv. að einhverju leyti stjórnarskrárvarinn rétt öryrkja og ellilífeyrisþega? Ég held að svo sé, herra forseti. En ég er ekki sérfróður um mál af þessu tagi og ég hefði viljað geta kvatt til fundar við okkur einhverja þá lögfræðinga sem hafa sérhæft sig á þessu sviði.

Hæstv. ráðherra hefur haldið því fram þrátt fyrir ábendingar og umvandanir frá umboðsmanni Alþingis sem varða nákvæmlega þau ákvæði sem hér er verið að breyta að fyrri tilhögun mála hafi ekki falið í sér lögbrot. Ég held að ég megi segja að það sé rétt mat hjá hæstv. ráðherra að niðurstaða umboðsmanns Alþingis var á þá lund að það þyrfti að skýra lögin og gera þau nákvæmari en það væri ljóst að sú tilhögun sem hún hefði áður fylgt var að mati umboðsmanns ekki lögbrot. Það styrkir málið að mínu viti. En ef hæstv. ráðherra telur að hún hafi haft a.m.k. veikt land undir fótum, hvers vegna gat þetta mál þá ekki beðið?

Umboðsmaður Alþingis óskaði að vísu eftir skýrari lagasetningu og það er sjálfsagt að verða við því. En með tilliti til þess að hann taldi að það væri ekki um að ræða neins konar brot á lögum eða stjórnarskrá hvernig málinu var hagað áður, þá hlýt ég auðvitað að spyrja: Hvernig stendur á því að það má ekki geyma þetta fram yfir áramótin?

Í þessu frv. er líka ýmislegt að finna sem varðar öryrkja sem erfitt er að skilja fullkomlega og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra út í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.“

Herra forseti. Ég vildi gjarnan fá skýringu hæstv. ráðherra á því hvort hér sé ekki um einhvers konar misskilning að ræða, hvort hérna eigi ekki að standa: skal skerða tekjutrygginguna um 45% af helmingi þeirra tekna sem umfram eru? Eða hvort í staðinn fyrir töluna 45% eigi ekki að standa 22,5%? Ef svo er ekki, þá sé ég ekki betur en annaðhvort sé um misskilning minn að ræða eða gróflega afturför varðandi þennan hóp. (**Heilbrrh.:** Aukna skerðingu.) Ef þetta er réttur skilningur hjá mér en hæstv. ráðherra skýrir það á eftir hvort um misskilning okkar er að ræða eða hvort þetta beri að lesa saman við 1. málsl. síðustu málsgreinar í greininni og hvort nauðsynlegt sé að lesa þetta saman til þess að fá réttan skilning og ef svo er, hvort sú staðreynd að við höfum náð samkomulagi um að halda eftir þeim málslið sem fyrstur er í síðustu málsgrein 2. gr. gæti leitt til þess að samþykktir með því formi sem samkomulag hefur tekist um feli í sér réttindaskerðingu og það meira að segja talsvert mikla. Ef svo er þá eru dæmi um að einmitt vinnubrögð af þessu tagi þar sem menn ná ekki að rannsaka málin til hlítar eru ekki bara fordæmanleg heldur geta þau verið hættuleg. Vísa ég þá til fyrri ummæla minna um eðli hinna þinglegu vinnubragða og hvers vegna við höfum ekki eina umræðu og ekki tvær heldur þrjár umræður til þess að koma í veg fyrir mistök eins og hér kann að vera um að ræða.

Ég hef líka sagt að með tilliti til þess hvernig málið ber að hefði verið æskilegt að álit Öryrkjabandalagsins lægi fyrir og það lægi fyrir að aðalstjórn bandalagsins væri í öllum meginatriðum sátt við þetta. Í máli hæstv. ráðherra í morgun kom fram að einhverjir menn frá bandalaginu hafa að vísu verið á einhverjum fundum í ráðuneytinu svo mánuðum skiptir, sagði hæstv. ráðherra, en hún skaut sér undan því að svara þeirri spurningu sem ég spurði þá: Hefur Öryrkjabandalagið lagt blessun sína yfir þetta frv.? Ég held að svo sé ekki.

Ég held, herra forseti, að það sé afar viðurhlutamikið af þinginu að taka þátt í því að samþykkja frv. eins og þetta. Ég get ekki annað en sagt það heiðarlega að það er skoðun mín. Ég hef greint frá því að ég get ekki samþykkt þetta frv. eins og það er svona. Ástæðan er sú að ég tel að hér sé enn þá, þrátt fyrir þær breytingar sem við erum að fallast á að taka út í bili og láta bíða til síðari umræðu eftir áramót, fæ ég ekki betur séð í fljótu bragði en um sé að ræða tvöfalt mannréttindabrot. Þá vísa ég hér til 2. og 5. mgr. 2. gr. Þar er um það að ræða að tekjur maka örorkulífeyrisþega skerða tekjutryggingu lífeyrisþegans og spurningin er: Stenst það mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar?

Í þessu samhengi ber að rifja upp eftirfarandi: Svona tekjutengingar og svona skerðingar vegna tekna maka hafa í rauninni verið inni allar götur frá því á árinu 1936 þegar þessi lög voru upphaflega samþykkt. En hvað hefur gerst í *millitíðinni*? *Mannréttindahugtakið* hefur tekið breytingum og hefur þróast og það var staðfest með breytingum okkar á hinu háa Alþingi á jafnræðiskafla stjórnarskrárinnar fyrir þremur, fjórum árum. Við á hinu háa Alþingi verðum að fylgjast með því og vera í takt við þær breytingar sem verða á veröldinni í kringum okkur og eitt af því sem tekur hvað örustum breytingum á þessu sviði eru mannréttindin og hugtakið sem í því felst. Mannréttindin eru alltaf að þróast. Ekki er langt síðan forustumenn fatlaðra, öryrkja og eldri borgara voru eins og Jóhannes skírari, rödd hrópandans í eyðimörkinni, þegar þeir voru að tala um mannréttindi sín vegna þess að þegnarnir fundu ekki samhljóm með þeim málflutningi. Það er gerbreytt. Afstaða almennings núna hefur breyst eins og hlutirnar breytast með þróun tímans og mannréttindi þessara hópa hafa miklu dýpri skilning en áður og þau hafa t.d. verið rædd í tengslum við breytingar á stjórnarskránni fyrir nokkrum árum.

Ég held því fram, herra forseti, að jafnvel þó finna mætti, að þessu frv. samþykktu, skýra heimild til að skerða lögin um almannatryggingar mundi slík skerðingarheimild ganga gegn ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins um jafnrétti og þá á ég við 65. gr., og líka um rétt til aðstoðar vegna örorku og þar vísa ég til 76. gr. stjórnarskrárinnar. Í fyrri greininni er lýst yfir að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum og allir skuli njóta mannréttinda án nokkurrar mismununar og í greininni eru tekin nokkur dæmi en síðan er vísað til stöðu að öðru leyti. Meðal þess sem þar er vísað til er klárlega hjúskaparstaða. Með öðrum orðum, herra forseti, er ekki hægt annað en ályktа út frá þessu en mönnum verði samkvæmt þessari grein ekki *mismunað vegna hjúskaparstöðu vegna* þess að slíkt felur í sér mismunun og þar af leiðir að það er í blóra við stjórnarskrána. Á því byggi ég afstöðu mína. Ég get ekki stutt þetta frv. þó að ég ætli ekki af þeim ástæðum sem ég hef lýst að leggjast gegn því að það verði samþykkt en ég tel að klárlega sé verið að brjóta mannréttindi á öryrkjum. Mér finnst slæmt að hið háa Alþingi taki þátt í því, að órannsökuðu máli, að samþykkja þetta. Ef hið háa Alþingi væri visst í sinni sök horfði öðruvísi við. Ég er ekki viss í minni sök, herra forseti, og mér er satt að segja um megn að samþykkja mál af þessu tagi eftir að við höfum verið í þeim handarbaksvinnubrögðum sem við vorum í í gagnagrunnsfrv. Á þá að bjóða okkur upp á að samþykkja mál af þessu tagi sem getur brotið stjórnarskrána, án þess að gefa þinginu möguleika á að kalla til færustu sérfræðinga á sviði stjórnarskrárlaga til þess að spyrja þá ráða? En við höfum ekkert ráðrúm til þess. Við erum með öðrum orðum að starfa í lausu lofti og vel getur verið að hv. þingmenn meiri hlutans kjósi sökum þrýstings hæstv. ráðherra að gera þetta. En mér er um megn að taka þátt í slíkum vinnubrögðum. Ég vil að öryrkjar og ellilífeyrisþegar njóti þeirra bóta sem verið er að leggja til. En ég hef fært rök að því að það er hægt að láta þá

ná þessum bótum í gegnum reglugerð, herra forseti. Það þarf ekki þetta, og ef við samþykkjum þetta erum í fyrsta lagi að brjóta e.t.v. stjórnarskrárákvæði gagnvart þessum hópum. Í öðru lagi, herra forseti, erum við líka mögulega að tálma framgangi málssóknar þeirra gegn heilbrrn. Við erum að styrkja stöðu þess ráðuneytis í málssókn sem þeir hafa lýst yfir að verði hafin á næstu dögum.

[16:31]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. formaður heilbr.- og trn. spyr: Af hverju er verið að breyta lögum? Af hverjum er ekki nóg að setja reglugerð? Það er ekki nægilegt að setja reglugerð vegna þess að við erum að breyta frítekjumörkum og frítekjumörk eru mjög mismunandi í þessu þannig að við verðum að breyta lögum.

Hv. þm. kom einnig að því í ræðu sinni að þarna væri um aukna skerðingu að ræða. (**ÖS:** Það er spurningin.) Já, en það er það ekki. Ef hv. þm. les 1. málsl. 8. mgr. í frv., þá kemur það skýrt fram.

[16:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er einmitt mergurinn málsins að ég vísaði til þess í máli mínu hvort það bæri að lesa saman 1. málsl. 8. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 2. gr., hvort lesa ætti þetta tvennt saman. Hæstv. ráðherra kemur og segir: Jú, það ber að lesa það saman. En ég taldi að samkomulagið sem hæstv. heilbrrh. hafði forgöngu um að næðist um þetta mál fæli í sér að sú setning sem hún var að vísa til ætti að fara út að sinni. Þýðir það ekki að við erum að sinni, þangað til búið er að fullljúka frv. í janúar, að samþykkja a.m.k. tímabundið grófa skerðingu? Ef svo er, þá held ég að við þurfum að hugsa þetta samkomulag upp á nýtt.

Í annan stað varðandi það sem hæstv. ráðherra segir um nauðsyn þess að ljúka þessu máli núna, þá segi ég í fyrsta lagi að hægt hefði verið að hleypa málinu til nefndar og kalla fram nefndarálit þar sem þingviljinn lægi fyrir. Ráðherrann hefði þá land undir fótum.

Í öðru lagi hefði líka verið fært að fara þá leið að samþykkja lagabreytingu sem fæli í sér styrkingu á reglugerðarheimildinni þar sem sérstaklega væri tekið á frítekjumarkinu. Ég hygg, herra forseti, að það hefði verið langbesta leiðin. En hér er um það að ræða að hæstv. ráðherra vill ná málinu fram og það má svo sem skilja það. Hún er að reyna að efna loforð sem hún hefur gefið öryrkjum. En ég undirstrika það einnig, herra forseti, að hæstv. ráðherra hefur sagt úr þessum ræðustóli að hún ætli að afnema þetta sem hún sjálf kallaði í ræðu hjá Tryggingastofnun ríkisins mikið ranglæti. Hér er að vísu stigið skref en hæstv. ráðherra sagði að afnema ætti það allt. Auðvitað réttmætt að menn spyrji: Hvenær á að taka síðasta skrefið og öll hin skrefin?

[16:34]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef í öllum ræðum mínum sagt að ganga ætti skref í þessa átt og það erum við að gera með lögfestingu ef að lögum verður. Það er það sem ég hef alltaf sagt og ef hv. þm. flettir ræðum mínum, þá hef ég alltaf sagt að við ættum að ganga skref og þetta skref erum við að stíga. Ég stend því fullkomlega við það sem ég hef sagt.

Það er réttmæt ábending hjá hv. þm. varðandi 1. málsl. 8. mgr. En við ræddum það einmitt þegar við vorum að gera samkomulag við stjórnarandstöðuna að þetta yrði þá að koma inn í reglugerð þannig að ekki yrði skerðing.

[16:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hlaupa um allar þorpagrundir á eftir hæstv. ráðherra til að sýna fram á hvað hún hefur sagt. Það er alveg rétt að hún hefur mörgum sinnum sagt að hún ætli að stíga fyrsta skrefið. Ég hef að vísu undir höndum ræðu sem má skilja þannig að hún segi það afdráttarlaust að hún ætli sér að afnema þetta og þetta sé fyrsta skrefið, en ég ætla ekki að elta ólar við það.

Hæstv. ráðherra hefur aftur og aftur sagt að þetta sé gróft ranglæti og það þurfi að breyta því og hún sé að stíga fyrsta skrefið. Ef þetta er gróft ranglæti hvers vegna stígur hún þá ekki skrefið sem nægir til þess að svipta þessu ranglæti í burtu? Ef hún telur sig ekki hafa fjármagn til þess, sem er alveg skiljanlegt, þá er réttlætanlegt að spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær á að taka hin skrefin og hvers vegna fellst hæstv. ráðherra ekki á að þær dagsetningar verði settar inn í þetta frv.?

Í annan stað. Hæstv. ráðherra tekur undir með mér að þegar búið er að gera þær breytingar sem voru hluti af því samkomulagi — ég var ekki viðstaddur þegar það var gert sökum fundar utan þings — þá þurfi að breyta reglugerð og nú er allt í einu í lagi að breyta reglugerð, herra forseti. Ég held að hægt hefði verið að afgreiða þetta mál fram á næsta ár með einföldum reglugerðarbreytingum en það er ekki sátt um það við stjórnarliðið og ég get í sjálfu sér ekki kvartað yfir því. Meiri hlutinn ræður. En ég held að þetta hefði verið betra og miklu betra varðandi málstað öryrkja og það hefði komið í veg fyrir að þingið tæki mögulega þátt í því að brjóta stjórnarskrána gagnvart þessum hópi.

[16:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka fram að ekki er samkomulag um þetta frv. Það er ekki samkomulag á milli ríkisstjórnar eða stjórnarmeirihluta og minni hlutans á Alþingi um þetta frv. Á þetta vil ég leggja ríka áherslu. Hins vegar hefur verið um það rætt að stjórnarandstaðan mundi ekki leggja stein í götu tiltekinnar málsmeðferðar enda hefur það verið krafa stjórnarandstöðunnar að það sem er ívilnandi fyrir öryrkja í þessu frv. og í þeim breytingum sem ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir nái fram að ganga. Það hefur verið krafa okkar og við höfum lagt til tiltekna aðferð í því efni og ég ætla ekki að endurtaka það hér. Það gerði hv. þm. Össur Skarphéðinsson í ræðu sinni.

Það fyrsta sem ég vildi gagnrýna varðandi þetta frv. lýtur að vinnubrögðum. Undir lok þinghaldsins kemur fram frv. sem reyndar var boðað snemma í haust, flókið frv. sem ríkisstjórnin gerir kröfu um að verði afgreitt í snarhasti. Þetta eru ólíðandi vinnubrögð, þau eru ólýðræðisleg og óvönduð.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. snýst þetta lagafrv. um tvo meginþætti. Í fyrsta lagi kveður frv. á um breytingar á forsendum mats við ákvörðun á örorku og hvað þann þátt snertir er um flókið mál að ræða. Sérfræðingar hafa legið yfir þessu í langan tíma og ef Alþingi á að hafa vönduð vinnubrögð í lagasetningu þá hljóta alþingismenn að gera þá kröfu að þeim gefist tóm til að fara rækilega í saumana á máli á borð við þetta og það verður ekki gert á skömmum tíma. Ég vil því að þessu leyti gagnrýna vinnubrögðin.

Hitt atriðið sem frv. kveður á um varðar lífeyri til elli- og örorkulífeyrisþega að því er snertir skerðingu lífeyris, einkum vegna tekna maka. Hér erum við komin að þætti sem er vægast sagt mjög umdeilanlegur. Því hefur verið haldið fram að þetta atriði stangist á við stjórnarskrá Íslands. Eins og gefur að skilja munum við alþingismenn ekki geta samþykkt lög sem stangast á við stjórnarskrá Íslands og brjóta mannréttindi á fólki. Ég mun koma að þessu síðar í ræðu minni sem verður þó stutt.

Talað er um að með frv. eða þessum breytingum komi um 400 millj. kr. eða rúmlega það til öryrkja og mönnum finnst þetta vera dágóð summa mörgum. Síðan er um þetta rætt í prósentum og reglugerðum sem eru svo flóknar að fæstir botna upp eða niður í þessu. En um hvað snýst þetta mál? Það snýst um lífsviðurværi fólks. Öryrki getur fengið um 63 þús. kr. í sinn hlut. Þannig er það. Hann getur fengið um 63 þús. kr. í sinn hlut. Ef hann giftir sig eða fer í sambúð hrapar hann niður í 44 þús. kr. á mánuði. Ef makinn hins vegar hefur tekjur skerðist þessi lífeyrir öryrkjans enn meira. Eins og málin hafa verið fram til þessa þá er það svo að hafi makinn sem nemur um meðaltekjum einstaklings í BSRB eða ASÍ hrapar öryrkinn niður í 15 þús. kr. á mánuði. Frv. sem nú er til umræðu snýst um hve mikið eigi að skerða tekjur öryrkjans á bilinu 15–44 þús. kr. Um það snýst frv. Það snýst um hve hrikaleg kjör öryrkjum skal búin. Um það snýst þetta mál. Við erum að tala um tekjur og lífeyri sem er ekki sæmandi að bjóða nokkrum einstaklingi á Íslandi. Það sem mér finnst slæmt við þessa umræðu er hve langt frá einstaklingnum hún fer iðulega. Við erum að tala í hundruðum millj. en í reynd erum við að tala um fólk sem getur ekki séð sér farborða og þarf að leita á náðir hjálparstofnana, kirkjunnar eða Rauða krossins. Helmingur þeirra sem kemur til þessara stofnana eru öryrkjar. Það sem við erum að ræða um hér er hve mikið eigi að skerða tekjur öryrkja frá 44 þús. kr. á mánuði niður í 15 þús. Hvar eiga þessi viðmiðunarmörk að vera? Um það snýst þessi deila.

Hvað segir Öryrkjabandalagið? Hvers vegna talar Öryrkjabandalagið um mannréttindabrot, hvers vegna? Vegna þess að það segir að líta eigi á öryrkja á sama hátt og aðra þegna þjóðfélagsins, t.d. þá sem eru atvinnulausir. Ekki skerðast atvinnuleysisbætur hjá þeim einstaklingi sem giftir sig. Þær gera það ekki. Og máli sínu til stuðnings vísar Öryrkjabandalagið í stjórnarskrá Íslands. Í 76. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.

Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi."

Síðan er vísað einnig í 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Þar er vísað til hjúskaparstöðu. Öryrkjar eru teknir út úr, eru aðgreindir frá öðrum hópum í þjóðfélaginu og er mismunað með þessum hætti. Það var þess vegna sem stjórn Öryrkjabandalagsins ákvað einhuga, einróma á fundi sínum 6. október sl. að höfða mál á hendur íslensku ríkisstjórninni vegna mannréttindabrota. Það er þess vegna sem stjórnarandstaðan mun ekki geta samþykkt þessi lög. Við samþykkjum ekki lög sem byggja á mannréttindabrotum, það gerum við ekki. En það er okkar krafa að allt það sem er ívilnandi í þessum breytingum nái fram að ganga. Við erum að tala um einstaklinga, við erum að tala um fólk sem ekki getur séð sér farborða. Við skulum ekki gleyma okkur í prósentunum eða hundruðunum milljónanna. Við skulum horfa á kjör hvers og eins og þau eru ekki mönnum bjóðandi.

[16:45]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Enn á gerist það að Alþingi er boðið upp á að afgreiða viðamikið og í þokkabót mjög viðkvæmt mál á ótrúlega skömmum tíma. Frv. til laga um breytingar á almannatryggingalögum sem hér er til umræðu varðar málefni sem hafa verið til umræðu nokkuð lengi í þjóðfélaginu. Því horfir skringilega við að nú, korteri fyrir jól, skuli hæstv. heilbrrh. leggja fram frv. til að koma til móts við þá gagnrýni sem höfð hefur verið í frammi á skipan þeirra mála. Það er satt best að segja óþolandi fyrir Alþingi að búa við þetta aftur og aftur í hverju stórmálinu á fætur öðru, ekki síst í ljósi þess að við alþingismenn berum hina pólitísku ábyrgð á endanum, á því hvort frv. verða að lögum eða ekki. Við þurfum að axla þá ábyrgð að samþykkja eða synja lagafrv. sem hér liggja fyrir. Það er því algert grundvallaratriði að okkur gefist kostur á að kynna okkur til hlítar þau mál sem hér liggja fyrir. Að ég tali nú ekki um þá sjálfsögðu kröfu sem ætti að vera fylgifiskur lýðræðisins, að hægt sé að kalla til álitsgjafar fólk sem viðkomandi löggjöf varðar og að leita eftir umsögnum, að kalla megi fólk fyrir nefndir þingsins til þess að tjá sig um mál sem beinlínis varða ákveðna hópa.

Í þessu máli gerðist það að tveimur dögum fyrir áætlaða þingfrestun er þetta viðamikla mál lagt fram. Af viðbrögðum lífeyrisþega má strax ráða að þessi breyting er vægast sagt mjög umdeild. Sagt er að frv. sé ætlað að styrkja réttarstöðu lífeyrisþega og vissulega er komið örlítið til móts við kröfur þeirra en um leið felur þetta frv. í sér ákveðið misrétti sem áður var einungis kveðið á um í reglugerð. Hún hefur lengi verið mjög umdeild, m.a. á þeirri forsendu að hún eigi sér ekki næga stoð í lögum. Það misrétti sem áður átti sér stoð í þessari reglugerð er nú fest í sessi með lögum. Þetta mál síðar en svo einfalt að kljást við. Það felur í sér annars vegar ákveðna ívilnun fyrir lífeyrisþegann en hins vegar mjög mikla mannréttindaskerðingu til viðbótar við það sem þeir hafa búið við.

Á grundvelli hinnar umdeildu reglugerðar sem nú á að festa í sessi með lögum hafa fjölskyldur lífeyrisþega hafa verið festar í fátæktargildru jaðarskatta vegna tekjutengingar, bæði við þeirra eigin tekjur og tekjur maka sem skerða síðan tekjutryggingu lífeyrisþegans. Eins og hv. þm. Ögmundar Jónassonar fór ágætlega yfir áðan er þetta óþolandi óréttlæti, misréttið sem lífeyrisþegar búa við. Þeir eru negldir í gildru fátæktarinnar og þeim er ekki gert kleift að halda sinni reisn. Í staðinn búa þeir við það, ef þeir fara í sambúð, að fara nánast á framfæri makans sem er óþolandi óréttlæti.

Umboðsmaður Alþingis hefur gert athugasemdir við þetta umdeilda reglugerðarákvæði eins og hér hefur komið fram. Hann hefur komist að þeirri niðurstöðu að skerðing lífeyris vegna tekna maka, þetta tiltekna ákvæði, hafi vægast sagt ónóga lagastoð og þörf sé á að skýra lagastoðina. Þetta segir umboðsmaður. Ég er ekki sammála því að nauðsynlegt sé, til þess að koma til móts við þessa gagnrýni umboðsmanns, að festa óréttlætið og efnisákvæði reglugerðarinnar í lögum eins og hér er gert. Um þetta deila lögfræðingar, það er alveg

ljóst. En enn og aftur vil ég ítreka þá gagnrýni mína að okkur sé ekki gert kleift að fá nægilega úttekt á t.d. þessu úrlausnarefni. Það er nánast hrein og klár lögfræðitúlkun, hversu langt þurfi að ganga til þess að koma til móts við þessa gagnrýni umboðsmanns, séu menn ekki tilbúnir að taka skref til að afnema misréttið sem eðlilegast væri að gera.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þetta megi gera öðruvísi, hægt sé að skýra þessa reglugerðarheimild án þess að setja reglugerðarákvæðið sjálft inn í lög. Ég tel óviðunandi að misréttið sé fest í lög.

Þessi umdeilda gerð er hengd á breytingar á reglum um lífeyri sem hæstv. heilbrrh. talar um sem markverðasta skref í almannatryggingamálum í 60 ár. Ég mótmælti þessum fullyrðingum í andsvari við hæstv. heilbrrh. fyrr í dag, enda talar forsvarsmaður eldri borgara um þetta skref sem hænufet. Ég tel það nær lagi, herra forseti, að tala um þetta sem hænufet fremur en sem markverðasta skref í málefnum almanntrygginga í 60 ár.

Staðreyndin er sú að miðað við forsendur fjárlaga frá í haust hefur ríkisstjórnin bætt við um 400 millj. kr. sem skiptast þannig að 210 millj. fara í ellilífeyri og 190 millj. í örorkulífeyri. Af þeim 210 millj. sem fara til ellilífeyrisþega eiga um 80 millj. að fara í að hækka almennan lífeyri. Það er samkvæmt því sem forsvarsmenn eldri borgara hafa haldið fram um 0,35% frá því sem ákveðið var, ef miðað er við forsendur fjárlaga. Ég ítreka að ég hef ekki haft tækifæri, á þessum stutta tíma, til að leggjast sjálf í útreikninga hvað þetta varðar. Forsvarsmenn eldri borgara segja að þetta þýði tæplega 53 kr. hækkun grunnlauna á mánuði á mann fyrir ellilífeyrisþega. Forsvarsmenn öryrkja nefna svipaða tölu.

Í Morgunblaðinu í gær er einnig dregið fram, af hálfu forsvarsmanna, bæði Öryrkjabandalagsins og eldri borgara, það óréttlæti sem felst í tengingu við tekjur maka. Benedikt Davíðssyni, formaður Landssambands eldri borgara, segir m.a. að nýta eigi um það bil 130 millj. til að vinna svolítið á þeirri miklu mismunun sem er gagnvart fólki sem, eins og hann hefur kallað það, hefur dottið í þá ógæfu að vera gift. Hann kallar þetta hænufet og ég get ekki annað en tekið undir það, herra forseti.

Í sama viðtali er haft eftir Garðari Sverrissyni, varaformanni Öryrkjabandalags Íslands, með leyfi forseta:

„Ef öryrki tekur upp sambúð með einhverjum, sem hefur yfir 90 þúsund króna mánaðartekjur þá fara 44 þúsund krónurnar hans að skerðast. Ef öryrki getur nýtt sitt eigið frítekjumark má maki aðeins hafa 45 þúsund krónur án þess að bæturnar skerðist. Það alvarlegasta er að það er ekkert komið til móts við þá sem eru mest fatlaðir og geta enga björg sér veitt. Það er komið til móts við þá með 200 krónum og það er svo ömurlegt að ég á engin orð yfir það."

Þetta eru viðbrögð, herra forseti, þeirra hópa sem eiga að njóta eins mesta framfararspors sem hefur verið stigið í almannatryggingalöggjöfinni á 60 árum að mati hæstv. heilbrrh.

Vegna þess sem hér hefur verið sagt um meint samkomulag um þetta mál vil ég segja að efnislega er ekkert samkomulag um þetta mál. Stjórnarandstaðan hefur hins vegar staðið að ákveðnu samkomulagi um meðferð málsins í ljósi þess, herra forseti, að í dag stendur til að fresta þingi fyrir jól. Ég lít svo á að stjórnarandstaðan hafi í ekki átt neina kosti í þessari stöðu. Það sem rætt var um í dag er að umdeildustu ákvæði frv. eru tekin út og umræðu um þau frestað þar til í janúar. Þannig teljum við unnt að framkvæma þau ívilnandi ákvæði sem frv. felur í sér en umræðan um sjálf prinsippin sé eftir. Við getum tekið hana upp í janúar og með því sem til þarf og leitað álits hjá þeim sem þessi mál snúa að. Þó þessi hækkun til lífeyrissjóða sé ekki mikil fyrir tekjulægsta hópinn, sem þetta frv. fjallar um, er óásættanlegt að af þeim sé tekin sú hækkun sem í þessu kann að felast.

Ég undrast að þetta mál skuli koma fyrir þingið svona skömmu fyrir jól. Álit umboðsmanns hefur legið fyrir í töluverðan tíma og menn hefðu átt að hafa nægan tíma til þess að skoða þessi mál í ráðuneytinu. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og fleiri hafa lagt fram mál sem var frestað fyrir um það bil tveimur mánuðum í miðri umræðu, herra forseti. Það mál snerist um afnám þessarar tekjutengingar við tekjur maka. Það mál var til umræðu fyrir tveimur mánuðum síðan en var frestað í miðju kafi. Það er ekki hægt að halda því fram að hér sé eitthvað nýtt á ferðinni. Mönnum hefur lengi verið ljóst að þarna þyrfti að gera breytingar og það er mjög undarlegt að þetta skuli bera svona að. Ég tel að ekki hafi verið nauðsynlegt að gera þetta svo skömmu fyrir jól. Jafnframt held ég að ekki hafi verið nauðsynlegt að festa misréttið í sessi í lögum eins og gert er með þessu frv. Ég vil ítreka þá skoðun mína að þarna hafi verið um pólitískt mat að ræða, þegar ákveðið var að gera þetta á þennan hátt. Pólitískt mat ræður því að þetta frv. er lagt fram svo skömmu fyrir jól þannig að það gefst varla tími til að ræða það, svo ég tali nú ekki um málsmeðferðina.

[16:58]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér eru enn viðhöfð vinnubrögð sem ættu alls ekki að líðast á löggjafarsamkundunni. Að koma með svo stórt, umdeilt og flókið mál til umræðu skömmu fyrir jól er ekki boðlegt. Vissulega snýst þetta mál um fólk en það snýst líka um mannréttindi. Það hefur oft verið til umræðu og ég minni á að í þriðja sinn sem mælt var fyrir lagafrv. um lagagreinina sem hér er til umræðu úr almannatryggingalögunum var bent á hvaða misrétti er hér á ferðinni. Það var margoft rakið ítarlega í þinginu.

Ég er búin að skoða þetta mál með mörgum lögfræðingum og virtir lögfræðingar hafa bent á að þessi framkvæmd laganna, þó að hún byggi aðeins á reglugerð, brjóti í bága við a.m.k. tvær greinar í stjórnarskránni. Það hefur verið rakið í ræðum á undan mér. Þetta er líka brot á mannréttindasáttmálum sem við erum aðilar að. Ég verð að segja að það að ætla að keyra þetta mál í gegn og lögfesta þetta brot á mannréttindum gagnvart lífeyrisþegum er yfirgangsemi hjá ríkisstjórninni. Ég veit að hæstv. heilbrrh. vill vel í þessu máli. Hún lýsti því yfir á ársfundi Tryggingastofnunar í haust að hún vildi afnema þetta óréttlæti. Ég er sannfærð um að hæstv. ráðherra vill afnema þetta en ég spyr: Hverjir eru það í ríkisstjórninni sem stöðva þau góðu áform hennar? Hvernig stendur á því að ekki er komið fram með þá áfanga sem á að taka til að afnema þetta?

Hæstv. ráðherra hefur nefnt að þetta sé fyrsti áfangi og í andsvari fyrr í dag talar hæstv. ráðherra um að hún vilji ekki binda hendur næstu ríkisstjórnar. Aðrir í ríkisstjórninni víla það ekki fyrir sér. Ég veit ekki betur en ég hafi heyrt það í fréttunum í dag að verið væri að setja 130 millj. í kvikmyndasjóð til næstu fjögurra ára. Þar víluðu menn ekki fyrir sér að binda hendur ríkisstjórna í þeim efnum. Hvernig stendur á því að ekki er hægt að festa í lög hvenær á að afnema þessi mannréttindabrot?

Þessar skerðingar og hvernig að þeim er staðið vinnur gegn fjölskyldunni. Margoft hefur verið bent á það og það hefur orðið orsök margra skilnaða, og ég vil spyrja hæstv. ráðherra, sem ég vona að heyri til mín þó að hún sé ekki í sal: Hvernig er með þær reglur sem meiri hlutinn hyggst setja fyrir jól? Gilda þær ekki lengur um sambúðarfólk? Eru þetta reglur sem gilda einungis um hjón? Gilda þær ekki um sambúðarfólk? Ekkert er talað um sambúðarfólk í þessari lagasetningu en eins og menn vita sem þekkja almannatryggingarnar er þessum reglum beitt á sambúðarfólk. Þó svo sambúðarfólk hafi ekki gagnkvæma framfærsluskyldu er þessi regla engu að síður notuð þar sem tekjur sambúðaraðila eru látnar skerða greiðslur lífeyrisþega úr almannatryggingunum. Ef þetta gildir ekki um sambúðarfólk má náttúrlega búast við því að allmargir sem eru í þessari stöðu skilji og taki upp óvígða sambúð og þá verður skilnaðarhrina. Þá býst ég við að eitthvað heyrist frá prestastefnu sem hefur margoft rætt þessi mál og ályktað eins og kemur fram í fylgiskjölum með því frv. sem er enn til meðferðar í þinginu og er ekki enn komið til nefndar.

Ég verð að segja það, herra forseti, að ég get ekki sætt mig við þessa meðferð á málinu. Ég er alveg sannfærð um það eftir að hafa skoðað þetta mál í þaula að hægt hefði verið að leysa það fyrir jól með reglugerð. Við hefðum getað bætt kjör lífeyrisþega eins og hæstv. ráðherra vill með því að breyta reglugerð og allir sem hefðu grætt á því hefðu fengið hækkun sína um áramótin. Ég get ekki sætt mig við að við séum að lögfesta brot á stjórnarskránni. Erum við ekki búin að fá nóg af því að fá hæstaréttardóma um að lagasetning brjóti ákvæði í stjórnarskránni og bent hefur verið á að það eru a.m.k. tvö atriði í stjórnarskránni sem þessi lagasetning stríðir gegn. Vissulega er þörf á að bæta kjör þessa hóps. Við þekkjum það sem höfum verið að vinna með þeim hvernig ástandið er hjá mörgum fjölskyldum lífeyrisþega. Ástandið er ömurlegt og sérstaklega á þessum árstíma þegar jólin eru fram undan. Vel getur verið að hv. þm. Árni Johnsen þekki það ekki en ég þekki að víða er mjög erfitt á heimilum öryrkja og aldraðra og ég hef fengið allnokkrar hringingar þar sem fólk hefur verulegar áhyggjur af því að geta ekki haldið jól. Ég vil því ekki leggjast gegn því að ívilnandi þáttur þessa frv. komist til framkvæmda um áramótin en ég er sannfærð um að hægt hefði verið að gera það án þess að fram færi lagasetning í þá veru sem liggur fyrir okkur. Við hefðum getað gert þetta með reglugerð og með því að styrkja reglugerðarheimildina í lögunum.

Herra forseti. Samkomulag hafði verið um málsmeðferðina í þinginu og við höfðum lofað því að hafa umræðuna stutta. Ég hefði getað talað fram á nótt um þetta mál. Það er svo stórt réttlætismál að afnema þessa tekjutengingu við tekjur maka hjá lífeyrisþegum. Það er mál sem á að afnema í öllu, ekki með því að lögfesta hana. Ekki að lögfesta svona mannréttindabrot heldur afnema og ég skora á hæstv. ráðherra að koma með það í umræðuna þegar málið kemur aftur til umræðu eftir áramót að hún leggi það fram hvernig hún hyggist afnema þetta að fullu því að ég veit að til þess stendur hugur ráðherrans.

[17:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt andsvar. Hv. þm. spyr um sambúðarfólk. Sama gildir um sambúðarfólk og gifta aðila samkvæmt almannatryggingalöggjöfinni.

Mér finnst á umræðunni eins og verið sé að skerða kjör en ekki bæta kjör. En sem dæmi vil ég nefna að kjör öryrkja sem á maka, sem er úti á vinnumarkaðnum, batna a.m.k. um 140 þús. kr. á ári. Það eru kannski ekki háar tölur en það er þó skref.

Varðandi annað sem ég held að ég verði að segja hér vegna þess að hv. þm. minntist á frv. sem liggur fyrir þinginu frá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, ef það frv. yrði að lögum, mundu 272 aðilar tapa á því þannig að maki missti afnot af frítekjumarki. Þar að auki er ekkert fjallað um ellilífeyrisþega í því frv. þannig að hv. þm. er ekki alveg samkvæm sjálfri sér þegar hún talar hér.

[17:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er farin að halda að hæstv. ráðherra sé ekki læs. Brtt. í frv. mínu, sem er 19. mál í þinginu á þessum vetri, hljóðar á þann veg: „Tekjur maka hafa ekki áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega.“ Og það eru elli- og örorkulífeyrisþegar þannig að eitthvað finnst mér ráðherranum skjöplast í almannatryggingunum.

Hæstv. ráðherra talar eins og við gerum okkur ekki grein fyrir því að verið sé að bæta kjör lífeyrisþega með þessu. Það hefur komið fram í allri umræðunni og kom fram í máli mínu. Vissulega er verið að bæta kjörin en það er verið að skerða réttindin. Það er verið að taka mannréttindabrot og setja í lög. Ég get ekki sætt mig við það. Þetta hefur verið í reglugerð og það hefur verið umdeilt þar. Við eigum ekki að setja texta sem lítur út fyrir að vera stjórnarskrárbrot inn í lagatexta. Það er það sem ég er ósátt við og við það erum við auðvitað að brjóta á réttindum og skerða réttindi. En vissulega er verið að bæta kjör, það er verið að bæta kjör um áramótin. Þess vegna sættumst við á að láta meiri hlutann fara með þetta mál, eins og ráðherrann talar um, með flýtimeðferð í gegnum þingið vegna þess að við teljum löngu tímabært að þessi hópur fái einhverja kjarabót. Hann hefur vissulega setið eftir í öllu góðærinu. Þess vegna látum við okkur hafa þetta. En ég sætti mig ekki við að þetta fari inn í lög heldur að það fari í gegn sem reglugerð. Það er álit mitt.

[17:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hefur verið gert samkomulag um þetta mál. Ég mun virða það samkomulag en ég vil þó hafa nokkur orð í upphafi máls míns um vinnubrögðin sem eru alveg forkastanleg.

Það er forkastanlegt að bjóða þinginu upp á að leggja fram svona stórt mál raunverulega sama dag og áformað er að þingið fari heim eða kannski einum degi áður. Hæstv. ráðherra hefur haft þetta á borði sínu í nokkra mánuði og það er ekki samboðið virðingu Alþingis eða efni máls að bjóða upp á að við afgreiðum málið með þessum hraða í gegnum þingið. Raunverulega var ætlast til þess af hæstv. ráðherra að við afgreiddum þetta frv. í þremur umræðum á nokkrum klukkutímum gegnum þingið. Það ber að horfa á að svona er ekki boðlegt.

Hæstv. forseti. Hvernig var samráð við þá sem hagsmuna hafa að gæta í þessu máli eins og Öryrkjabandalagið, samtök aldraðra, Sjálfsbjörg? Boðað var til blaðamannafundar til að kynna þetta stærsta skref sem stigið hefur verið í sögu almannatrygginga eins og hæstv. ráðherra orðaði það en sólarhring síðar eða daginn eftir fá hagsmunasamtök þetta mál til skoðunar. Ég kannast ekki við að samráð hafi verið

með þessum hætti þegar ég var í ríkisstjórn að því er varðar þennan málaflokk eða samskipti við samtök fatlaðra. Þess heldur hefði verið ástæða til að setja þetta inn með góðum fyrirvara þannig að nefnd sú sem fær málið til skoðunar hefði getað fjallað ítarlega um málið og farið yfir það vegna þess að á því eru miklir og stórir annmarkar.

Ráðherrann segir að verið sé að bæta kjör og hæstv. ráðherra orðaði það svo að þetta sé stærsta skrefið sem stigið hafi verið í 60 ára sögu tryggingganna. Nær væri að orða þetta svo að verið sé að stíga skref í átt til þess að leiðrétta misrétti. Þetta er raunverulega ekkert annað. Formaður Landssambands eldri borgara orðar þetta svo af því að mér finnst hæstv. ráðherra líta á að þetta sé bara eitthvert nöldur í okkur í stjórnarandstöðunni og ætla ég að bera fyrir mig þá sem tala fyrir þeim sem hagsmuna hafa að gæta eins og Benedikt Davíðsson, formaður Landssambands eldri borgara. Hann talar um að þetta sé hænufet eða hænuskref, hvernig sem hann orðaði það, varðandi frítekjumark fyrir hjónafólk. Hann segir svo, með leyfi forseta, að það sem á að fara að gera sé yfirleitt eitthvað sem sé ekki þess virði að hafa orð á við upphaf árs aldraðra.

Það er ekki stjórnarandstaðan sem er að tala heldur formaður Landssambands eldri borgara.

Eftir blaðamannafund ráðherra var látið líta svo út og það var sagt hér, herra forseti, í Morgunblaðinu:

„Heilbrigðisráðherra kynnir breytingar á lögum um almannatryggingar. Bætur öryrkja og aldraðra hækka um 1,5 milljarða 1999."

Nú hafa menn kannski haldið að hér væri eitthvað splunkunýtt á ferðinni, þetta væri einhver mikil viðbót við það sem öryrkjar ættu raunverulega. Garðar Sverrisson, varaformaður Öryrkjabandalagsins, fletti alveg ofan af því hvað er raunverulega á ferðinni. Hann segir í Morgunblaðinu, með leyfi forseta, það blekkingu að tala um 1,5 milljarða króna aukningu á framlögum til öryrkja og aldraðra. Talað sé um 4% hækkun á bótum almannatrygginga en þar af svari 3,65% til þeirrar hækkunar, sem leiðir af kjarasamningum á vinnumarkaði. — Bein afleiðing af kjarasamningi á vinnumarkaði, stærsti hlutinn af þessu, og boðuð hækkun frítekjumarka, segir Garðar Sverrisson, boðuð hækkun á frítekjumarki öryrkja og aldraðra nái ekki 0,1% af þjóðartekjum. Það sem kemur í hlut öryrkja nái ekki helmingi þess sem fara á í eftirlaunasjóð sex ríkisbankastjóra.

Mér finnst þetta ágætur samanburður og mjög nauðsynlegt að draga málið fram með þessum hætti að ekki sé verið að setja einhverja sérstaka jólagjöf núna upp á 1,5 milljarða kr. til öryrkja heldur er þetta bein afleiðing af kjarasamningum. Í því sambandi skulum við hafa það líka í huga, herra forseti, að öryrkjar hafa dregist verulega aftur úr á þessu kjörtímabili og hæstv. ráðherra sem orðar þetta sem svo stórt skref fyrir öryrkja ætti líka að muna eftir því að fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar var að skera á tengsl bótafjárhæða og lágmarkslauna hjá öryrkjum. Með hvaða afleiðingum, herra forseti?

Sl. fimm ár hafa lágmarkslaun hækkað um 52%, launavísitalan um 30% og örorkulífeyrir og tekjutrygging um 17%. Hvað erum við raunverulega að gera með þessu? Við erum að skila örlitlu til baka til öryrkja af því sem tekið hefur verið af þeim í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er vissulega verið að gera það sem ráðherra benti á, það er verið að auka svigrúmið sem lífeyrisþegar mega hafa í tekjur án þess að bætur skerðist. Það er vissulega rétt. En við skulum líta á þetta mál í samhengi, yfir allt kjörtímabilið. Það er verið að skila litlum hluta aftur til öryrkja sem af þeim hefur verið tekinn á þessu kjörtímabili. (**Gripið fram í:** Svo fer þetta allt í skatta líka.) Hér er sagt að allt fari í skatta. Já, við skulum líta á það. Mér blöskrar líka hvernig farið er með öryrkja. Enn eitt dæmið um það er þessi desemberuppbót sem þeir fá. Á meðan fólk á almennum markaði fær 26 þús. kr. þá geta öryrkjarnir hæst fengið 14 þús. núna í desemberuppbót, þ.e. ef þeir eru með heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót. En ef þeir eru ekki með heimilisuppbót þá fá þeir eingöngu 8.300 kr. á mánuði í jólauppbót, af því að teknar eru 3.300 kr. í skatt. Þetta er nærri 40% skattur, þannig að öryrkjarnir halda eftir 5 þús. kr. Og ef þeir eru með 14 þús. í jólauppbót, ef þeir hafa heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót, þá eru teknar af þeim 5.500 kr. í skatt. Á meðan hafa aðrir á vinnumarkaðnum 26 þús. kr. Bæði þessi dæmi um jólauppbótina og samanburðurinn við vinnumarkaðinn og hvernig öryrkjarnir hafa dregist aftur úr á þessu kjörtímabili samanborið við launþega, verðum við að hafa með inni í myndinni þegar verið er að láta líta svo út í augum þeirra sem njóta eiga, þ.e. ellilífeyrisþega og öryrkja, að þeir séu að fá einhverja sérstaka jólagjöf frá þessari ríkisstjórn núna upp á einn og hálfan milljarð. Það er bara ekkert svoleiðis. Varaformaður Öryrkjabandalagsins sýnir mjög glögglega fram á það í viðtali í Mbl. í gær. Ég skal nú stytta mál mitt, herra forseti.

Hæstv. ráðherra verður aðeins að líta til þess að hún getur ekki farið fram á það við þingið að staðfesta misrétti þótt verið sé að draga úr því, að staðfesta það sem öryrkjar sjálfir hafa með réttu kallað brot á mannréttindum. Af hálfu forsvarsmanna öryrkja er t.d. talað um að brotin sé jafnræðisregla stjórnsýslulaga, ákvæði stjórnarskrár, mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmáli Evrópu og að framið sé skýlaust brot á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðra sem félmrh. kynnti á Alþingi fyrir réttu ári. Þetta er sexfalt brot á stjórnarskránni, lögum hér innan lands og alþjóðlegum samþykktum og lögum. Þó að verið sé að minnka þessa skerðingu, þ.e. að stíga skref í átt til þess að leiðrétta þetta misrétti — en prestastefnan lýsir yfir að þetta fyrirkomulag stofni hjónaböndum í hættu — þó að verið sé að draga úr því þá er misréttið enn til staðar. Það er ekki hægt, herra forseti, að biðja löggjafarsamkundu þjóðarinnar að staðfesta misrétti sem felur í sér sexfalt brot á stjórnarskrá og alþjóðlegum samþykktum. Það er ekki hægt að bjóða þinginu upp á það. Þess vegna skulu það vera mín lokaorð að ítreka það sem ég sagði fyrr í dag að ég tel að það geti verið til málamiðlunar í þessu máli að setja ákvæði til bráðabirgða um að lokaáfangi í að afnema þessa skerðingu verði eftir ár. Það er viðunandi lausn til að hægt sé að fallast á að standa að þessu máli sem hæstv. ráðherra leggur til. Heildarmyndin af þessu dæmi verður að liggja ljós fyrir þannig að þingið taki ákvörðun um að þessi skerðing skuli afnumin að fullu jafnvel þótt það sé gert í tveimur áföngum.

Síðan vil ég segja að ég fagna því að verulegur hluti þessa frv. verður áfram til umfjöllunar á þinginu eftir jólaleyfi þingmanna og ég geri þá ráð fyrir að það sem hæstv. ráðherra vill lögfesta núna, þ.e. meginhlutinn af 2. gr., verði þá áfram til skoðunar hjá nefndinni, þó það sé verið að lögfesta það a.m.k. til bráðabirgða núna yfir jólin.

[17:20]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hjá menningarþjóðum Vestur-Evrópu tíðkast það að taka þrjú, fjögur ár í viðamiklar breytingar á lífeyrissjóðalöggjöf, lífeyristryggingalöggjöf og skattalöggjöf, sérstaklega þegar sú löggjöf hefur víðtækar afleiðingar og mikil áhrif á fjölda manns og það þarf að skoða vandlega hvaða áhrif löggjöfin hefur á einstaklinga og hagkerfið í heild sinni. Ég held ég fari rétt með að fyrir þremur dögum hafi ég fyrst fengið að sjá þetta frv. sem hér liggur fyrir, herra forseti. Ég á sem sagt að hugsa jafnhratt á hverjum degi og menn í útlöndum hugsa á heilu ári. Mér er það gjörsamlega ómögulegt. Það getur vel verið að einhverjir hv. þm. hugsi svo hratt. Ég get það ekki og ég verð að segja eins og er sem tryggingafræðingur að ég fórnaði höndum þegar ég sá það verkefni sem fyrir mér lá. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að stjórnarandstaðan hafi gaman af þessu. Hún ætti ekki að hafa það. (**Gripið fram í:** Nei.) Þetta er ekkert spurning um stjórn eða stjórnarandstöðu.

Herra forseti. Vinnandi maður í hverju þjóðfélagi sér um framfærslu þeirra sem ekki geta unnið og aflað sér tekna sökum æsku, örorku, fötlunar eða elli. Þannig er það í grundvallaratriðum. Það er alveg sama hvernig menn snúa þessu og venda, þannig er þetta. Hinn vinnandi maður stendur undir framfærslu þeirra sem ekki vinna. Þetta er falið á ýmsan hátt með skattlagningu, virðisaukaskatt og annað slíkt, greiðsla í gegnum ríkissjóð, með niðurgreiðslu á vöxtum, húsnæði, með framlögum til barna á barnaheimilum og leikskólum o.s.frv., með framfærslu gamalmenna á elliheimilum. Gegnum lífeyrissjóðakerfið með iðgjöldum og með vöxtum. Fyrirtæki borga vexti af lífeyrissjóðalánum. Þannig er verið að borga til þeirra sem ekki eru vinnandi í þjóðfélaginu. Grundvallaratriðið er alltaf að hinn vinnandi maður greiðir framfærslu þeirra sem ekki vinna og þess vegna skiptir verulegu máli hversu mikið hinn vinnandi maður er lestaður. Hvað er hægt að lesta hinn vinnandi mann mikið. Þess vegna er grundvallaratriði í öllum slíkum kerfum að það sé ekki oftrygging, herra forseti. Ekki oftrygging, þannig að hinn vinnandi sé ekki með lakari lífskjör en sá sem hann er að styrkja.

Herra forseti. Lífeyriskerfi okkar er þannig samsett að almannatryggingar tryggja 55 til 60 þús. kr. á mánuði fyrir fólk sem aldrei hefur unnið. Það er lágmark, herra forseti. Enginn Íslendingur fær minna en 55 til 60 þús. kr. á mánuði. Lífeyrissjóðirnir hins vegar sem hafa starfað frá 1974 lofa 60–70% af launum fólks. Þegar bæði kerfin verða komin í fullan gang, sem verður eftir um það bil 20 ár, þá verðum við greinilega með oftryggingu, herra forseti. Þá munu menn fá 55–60 þús. kr. og til viðbótar góðan hluta af laununum sínum, 60–70%, sem er meira en menn þurfa, vegna þess að lífeyrisþeginn borgar ekki í lífeyrissjóð t.d. Hann sér ekki um uppeldi barna og ef hann skyldi gera það, lífeyrisþeginn, þá fær hann barnalífeyri. Hann þarf ekki að sjá um að koma sér upp húsnæði. Það er ekki ætlast til að ellilífeyrisþegar þurfi að koma sér upp húsnæði þannig að lífeyrisþeginn þarf miklu minna en hinn vinnandi maður sem borgar iðgjald og sér um uppeldi barna og er að koma sér upp húsnæði. Það er því talið eðlilegt í flestum þjóðfélögum að ellilífeyrir sé 50–60% af launum.

Ég spurðist fyrir um það á 121 þingi hvað 25 ára gamall maður með 80 þús. kr. á mánuði fengi í lífeyri ef hann yrði öryrki eftir að vera búinn að starfa í fimm ár, fengi í örorkulífeyri frá lífeyrissjóðnum sínum og frá almannatryggingum. Hann fær 85 þús. kr. og þá er tekið tillit til þess að á meðan hann var með 80 þús. kr. þá borgaði hann í lífeyrissjóð 4% og í félagsgjald 1%. Hann bætir stöðu sína um 5 þús. kr. á mánuði við það að verða öryrki. Þannig er það. (**ÁRJ:** Er hann ekki verr settur?) Og ef hann skyldi falla undir skaðabótalögin líka, þá er hann kominn upp í 143 þús. kr. á mánuði. (**BH:** Það eru bara heilmikil uppgrip í því að vera öryrki.) Já, það eru heilmikil uppgrip í því að vera öryrki. Það er staðreyndin. Maður með 80 þús. kr. sem fellur undir skaðabótalögin er með 143 þús. kr. á mánuði. Hann bætir stöðu sína um 68 þús. kr. Þetta má ekki tala um. Menn tala alltaf eins og lífeyrissjóðirnir séu ekki til. En þeir eru til og þeir eiga langt yfir 300 milljarða til þess að borga lífeyri. Þetta er alveg ótrúleg umræða.

Umræðan er furðuleg. Það eru margar skúffur. Það eru fyrirbæri eins og vaxtabætur, það eru fyrirbæri eins og húsaleigubætur, fyrirbæri eins og almannatryggingar, fyrirbæri eins og lífeyrissjóðir. Við erum með sjúkrasjóði. Við erum með félagslega hjálp sveitarfélaganna og í hverri skúffu er alltaf horft á vandamálið í þeirri skúffu eins og hinar skúffurnar séu ekki til og umræðan er þannig vegna þess að enginn hefur yfirsýn. En allt er þetta greitt af hinum vinnandi manni.

Herra forseti. Hver er stefnan? Menn tala um, og hæstv. ráðherra gerir það, þriggja stoða stefnuna. Gott og vel. Almannatryggingar: Þar er grunnurinn, tekjuóháður. Það er fyrir fólk sem er utan vinnumarkaðar. Það er til að tryggja okkar minnstu bræður sem aldrei fara á vinnumarkað. Um það bil 2–3% af mannfjöldanum fer aldrei á vinnumarkað. Það þarf virkilega að tryggja þann hóp manna verulega vel, það fólk sem aldrei er fullgilt á vinnumarkaði. Aðrir sem fara á vinnumarkaðinn eru tryggðir með lífeyrissjóðunum, meira og minna. Svo koma lífeyrissjóðirnir. Lífeyrissjóðunum vex ásmegin á hverju ári. Þeir eru með viðbót. Þeir eru með tekjuháðan lífeyri sem er mjög þokkalegur, sérstaklega fyrir öryrkja því þar er framreikningur til sjötugs eins og maðurinn hefði unnið til sjötugs. Maður sem fer á örorku núna og er búinn að vinna í þrjú ár fær lífeyri eins og hann hefði unnið til sjötugs, eða 67 ára. Hann er því fulltryggður.

Hvers vegna er mikilvægt að hafa ekki oftryggingu? Hvers vegna er mikilvægt að hafa ekki, eins og sagt er, uppgrip? Fínt, gott mál. Einhver verður öryrki og það er bara gott mál. Það er gott fyrir hann að hafa það svona gott. Það er vegna þess að einhver greiðir þetta. Og ef við lestum of mikið þann sem vinnur þá nennir hann ekki að vinna lengur og þjóðfélagið allt líður fyrir það, líka bótaþegarnir. Þeir líða líka fyrir það ef fólk hættir að nenna að vinna, heldur betur. Þessu má aldrei gleyma og í þessu frv. erum við að lesta hinn vinnandi mann. (**Gripið fram í:** Lasta hinn vinnandi mann?) Lesta hann, já. (**Gripið fram í:** Lesta hann.) Það er verið að lesta hann. Ég er ekki að lasta hann, alls ekki. Það dytti mér ekki í hug af því ég lifi á honum og þið gerið það líka, hv. þm.

Herra forseti. Ef við lítum á fyrirliggjandi frv. sem ég hef reynt að lesa milli atkvæðagreiðslna og umræðna og þátttöku í nefndarstarfi sem hefur verið mjög þungt á undanförnum dögum — það er eiginlega blánóttin sem dugar til þess — þá sýnist mér eftirfarandi: Í fyrsta lagi er þetta skilgreining á örorku og svo hækkun frítekna. (Gripið fram í.) Já. Þegar maður liggur yfir skilgreiningu á örorku, þá liggur maður yfir henni í marga mánuði og maður liggur yfir hverju orði, hverju einasta orði. Ég hef ekki getað legið yfir hverju orði.

Ég átta mig ekkert á því hvaða þýðingu þetta hefur, ekkert, hvað það þýðir að breyta þeirri skilgreiningu sem er í dag, yfir í þá skilgreiningu sem hér er lögð til. Hjá lífeyrissjóðunum er skilgreiningin yfirleitt sú að öryrki er sá sem ekki er fær um að gegna því starfi sem veitti honum aðild að viðkomandi lífeyrissjóði. Það er miklu víðari skilgreining en sú skilgreining sem hefur verið í almannatryggingakerfinu þannig að t.d. ef verkfræðingur í Lífeyrissjóði verkfræðinga missir allt í einu minnið og man ekki formúlurnar sínar og getur ekki unnið sem verkfræðingur, þá verður hann 100% öryrki hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga. En hann getur grafið skurði eða eitthvað slíkt og hann er ekki öryrki hjá almannatryggingum af því að hægt er að vísa honum í annað starf. Þetta er bara dæmi um það hve örorkuskilgreiningarnar geta verið mismunandi. Hér er verið að tala um breytingu á örorkuskilgreiningu. Ég átta mig ekki á því og ég vil gjarnan spyrja að því: Hvaða hópur manna er öryrkjar samkvæmt gömlu skilgreiningunni en ekki þeirri nýju? Og hvaða hópur manna er öryrkjar samkvæmt nýju skilgreiningunni en ekki þeirri gömlu? Þetta er mjög mikilvægt.

Örorkulífeyririnn er alltaf viðkvæmasti lífeyririnn í öllum tryggingarkerfum vegna þess að það er á hreinu að ef einhver maður verður sjötugur og á rétt á ellilífeyri þá er það nokkurn veginn á hreinu hvenær hann er sjötugur. Það er líka nokkurn veginn á hreinu hvenær einhver er dauður. Ef einhver deyr þá er það alveg á hreinu, hann er annaðhvort dauður eða lifandi, og þá kemur til makalífeyrir og barnalífeyrir. En örorkulífeyrir er þannig að einhver segir: Ég er með verk í bakinu, og þá er hann með verk í bakinu og það er ekki nokkur lífsins leið að afsanna það að maðurinn sé með verk í bakinu, herra forseti. (**ÖS:** Ert þú með verk í höfðinu?) Það getur verið að ég fái hann, já.

Örorkulífeyririnn er því mjög opinn fyrir misnotkun í öllum kerfum og þess vegna, því miður, er ekki hægt að hafa örorkulífeyrinn eins góðan og hann þyrfti að vera. Vegna þess að örorkulífeyririnn þarf að vera hærri en ellilífeyririnn í grundvallaratriðum, vegna þess að öryrkinn er í blóma lífsins, hann er að byggja sér hús, fyrirtæki, koma upp börnum o.s.frv. Ellilífeyrisþeginn á að vera búinn að þessu, yfirleitt. Örorkulífeyririnn þyrfti því að vera hærri, örorkulífeyririnn þyrfti að vera hærri en ellilífeyririnn en það er ekki hægt vegna hættu á misnotkun. Þetta er þekkt um allan heim varðandi örorkulífeyri.

Ég ætla ekki að ræða meira um þessa örorkuskilgreiningu, en kem að hækkun frítekjumarka. Hvað þýðir það? Vissulega hafa þær reglur hingað til verið hjónabandsfjandsamlegar og ég er á móti þeim af þeirri ástæðu vegna þess að ég tel að hjónabandið sé grundvöllur þjóðfélagsins og styðja eigi það og styrkja. Það er líka annað að gerast, það er vaxandi einstaklingshyggja. Þetta frv. og þær kröfur sem hafa komið fram bera vott um einstaklingshyggju. Nú á að segja: Ég á ekki að vera háður tekjum maka míns. Ég á að standa á eigin fótum. (**Gripið fram í:** Þú styður okkur í þessu.) Þetta er einstaklingshyggja, já, þannig að það er gott mál. En þetta er um leið brotthvarf frá þeirri stefnu sem við erum með með tvö lífeyriskerfi, almannatryggingar og lífeyrissjóði, vegna þess að þessi kerfi rekast á í sívaxandi mæli. Ellilífeyrisþegi sem fer á lífeyri núna í dag er með 1,5% hærri lífeyri af tekjum en sá sem fór á lífeyri á síðasta ári. Svona vex ellilífeyririnn frá lífeyrissjóðunum stöðugt. Og þrátt fyrir 45% skerðingu á milli kerfanna þá bætir hann stöðu sína um 0,8% á ári. Einhvern tíma kemur að því að það er komin oftrygging, og hún er eflaust komin í mörgum tilfellum. (**Gripið fram í:** Hjá bankastjórunum.) Já, svo maður tali nú ekki um þau ósköp.

Sú þróun sem hér á sér stað, að auka þær tekjur sem menn geta haft annars staðar frá, úr lífeyrissjóðum og annars staðar, er skref aftur á bak í því að taka á samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða. Ég vil reyndar benda á eitt, að í 3. mgr. 17. gr. núgildandi laga um almannatryggingar stendur:

„Nú sinnir maður ekki lagaskyldu um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Er þá heimilt að áætla honum tekjur sem koma til frádráttar greiðslu tekjutryggingar. (**ÖS:** Er þetta málþóf?) Setja skal reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd þessa frádráttar."

Þessi reglugerð hefur ekki komið fram og ég skil ekki af hverju. Vegna þess að þarna, ef þessu ákvæði hefði verið beitt og sagt við menn: „Þú átt að hafa verið í lífeyrissjóði frá 1980" — þá þyrfti ekki allar þessar skerðingar. Þá þyrfti ekki 45% skerðinguna vegna þess að þá tækju almannatryggingar á þessu eðlilega. Þá mundu menn hreinlega draga frá bótum almannatrygginga bætur frá lífeyrissjóðum og það er ósköp eðlilegur hlutur, vegna þess að almannatryggingar eiga að veita lágmarkslífeyri, grunnlífeyri.

Herra forseti. Það er ýmislegt í þessu sem er ágætt. Það er verið að einfalda tekjuhugtökin o.s.frv. Ég mundi gjarnan vilja skoða þætti eins og húsaleigubætur og vaxtabætur og annað slíkt, hvernig það kemur inn í þetta, en mér hefur ekki unnist tími til þess. Ég get ekki tekið neina ábyrgð á því hvernig þetta frv. kemur út í samspili við heilan tug bóta sem þyrfti að skoða, vaxtabætur, barnabætur o.s.frv., eins og ég gat um áðan, allar þær skúffur. Ég hef ekki getað kannað það. Ég verð því miður að segja að sem tryggingafræðingur get ég ekki borið neina vitræna ábyrgð á þessu frv. og ég sit hugsanlega þá hjá nema hv. nefnd takist að laga frv. svo mikið að ég geti nokkurn veginn sóma míns vegna staðið að því.

[17:35]

Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að koma hér aðeins inn í umræðuna um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem lagðar eru fram á lokastundu til að bæta stöðu lífeyrisþega.

Fyrst varðandi bæturnar. Þær hafa ekki fylgt launaþróun í landinu. Þegar lægstu laun hækkuðu mest í kjarasamningum var tengingu bóta við lágmarkslaun kippt úr sambandi og miðað var við meðalhækkanir í staðinn. Á sama tíma hafa ýmis réttindi verið skert verulega, t.d. bílakaupastyrkir frá Tryggingastofnun ríkisins. Þetta bitnar mest á mikið fötluðu fólki og varðar reisn einstaklingsins og möguleika til sjálfsbjargar. Þetta gerðist fyrir þrem árum og hefur ekki verið komið í sama horf og var þrátt fyrir sólskin um allar jarðir.

Ef við lítum yfir ferli örorkubóta síðustu fimm ár er augljóst að í tíð þessarar ríkisstjórnar, sem stjórnar í einu mesta góðæri sem gengið hefur yfir landið, hefur bilið milli kaupmáttar verkafólks og lífeyrisþega breikkað. Bilið er frá 45 þús. hjá öryrkjanum upp í 70 þús. kr., sem nú eru lágmarkslaun. Ætla má að Stöð 2 og DV hafi haft þetta nýmæli í huga þegar ríkisstjórninni voru veitt frumkvöðlaverðlaun í síðustu viku. Fyrri ríkisstjórnum hefur ekki dottið þetta nýmæli í hug.

Öryrkjar og aldraðir hafa látið mjög í sér heyra vegna ósanngirni og skorts á réttlæti sem mótað hafa aðgerðir til

dagsins í dag. Það er vissulega lofsvert að þessir fjármunir skuli loks koma en staðreyndin er hins vegar sú að með því að draga úr útgjöldum til þessa málaflokks það sem af er kjörtímabilinu er nú svigrúm rétt fyrir kosningar til að slá sér á brjóst og hækka grunnlífeyri um eina krónu og 75 aura á dag umfram forsendur fjárlaga samkvæmt útreikningum ASÍ. Þá er líka gott að minnka tekjutengingu við maka þó ekki séu þetta stórar upphæðir miðað við það sem hefur sparast við að aftengja bæturnar við lágmarkslaun, samanber skýrslu Ríkisendurskoðunar.

En er ekki verið að lögfesta mannréttindabrot eins og hér er gert með þessu frv.? Það er umhugsunarvert hvort sami leikurinn verði leikinn á næsta kjörtímabili á kostnað aldraða og öryrkja ef sömu aðilar ná að sitja í stjórn. Þetta eru þeir þjóðfélagshópar sem eiga sér fæstar varnir aðrar en kosningarréttinn. Með því að setja markið nógu lágt í málaflokknum virka allar breytingar þeim mun stórkostlegri og dýrlegri. Þetta lítur út nú rétt fyrir kosningar eins og einhver góðgerðarstarfsemi.

Í gömlu ævintýri sagði drottningin eitt sinn um þegna sína: „Mikið á fólkið gott að geta klórað sér í gegnum götin." Það er staðreynd að í velferðarsamfélagi okkar, sem erum meðal tekjuhæstu þjóða heimsins, er til fátækt og hún er hvað mest hjá öryrkjum og eldri einstæðum konum. Líf þeirrar er enginn dans á rósum.

[17:39]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Það er alveg með eindæmum hvers konar vinnubrögð tíðkast á Alþingi nú á síðasta starfsdegi þingsins, vonandi. Og þó að við stjórnarandstæðingar höfum reynt að semja um ákveðinn tíma þá eru það stjórnarsinnar sem halda hér lengstar ræður. (Gripið fram í.) Eða stjórnarsinni.

En inn er komið frv. frá hæstv. heilbrrh. þar sem okkur er uppálagt að lögfesta þá mismunun sem stunduð hefur verið á ólögmætan hátt, lögfesta mannréttindabrot sem umboðsmaður Alþingis hefur bent á að hafi tíðkast án lagastoðar í skjóli reglugerðar. Nú á sem sagt að bjóða þinginu upp á það á síðasta starfsdegi fyrir jól að lögfesta þetta mannréttindabrot. Þetta minnir mig, herra forseti, óþyrmilega á viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar við nýföllnum dómi Hæstaréttar um veiðileyfi, nema hvað þar voru lög sem stönguðust á við stjórnarskrána, við stjórnarskrárvarin mannréttindi, en nú er það reglugerð. Og þá eru viðbrögðin bara þau: Við skulum reyna að laga þetta með því að lögfesta ósómann, breyta stjórnarskránni eða breyta lögum.

Herra forseti. Með þessu umdeilda ákvæði, sem er í 8. málslið 2. gr. þessa frv., fylgir hins vegar annað ákvæði sem er skref í rétta átt til að milda þá skerðingu bóta er varðar lífeyri til elli- og örorkulífeyrisþega vegna tekna maka. Þessi breyting er að sjálfsögðu til bóta frá því sem nú er og eykur fjármuni til tekjutryggingar öryrkja og ellilífeyrisþega, þó að enn sé langt frá því að litið sé á hjón sem sjálfstæða einstaklinga, sem hlýtur að vera sjálfsögð krafa á jafnréttistímum og stefna okkar kvennalistakvenna til langs tíma.

Ég mótmæli þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð en styð að sjálfsögðu alla aukningu á tekjutryggingu örorku- og ellilífeyrisþega. Vonandi finnur hv. heilbr.- og trn. ásættanlega leið til að tryggja að afnám tekjutengingar milli hjóna minnki sem mest án þess að lögfesta réttmæti þess að samtengja tekjur hjóna almennt, hvort sem viðkomandi eru öryrkjar, ellilífeyrisþegar eða hvorugt. Hvort sem lendingin að sinni verður flýtimeðferð, eins og hæstv. heilbrrh. óskar eftir, eða reglugerðarbreyting skal ósagt látið á þessari stundu. En reglugerðarbreyting tekur styttri tíma og kemur í veg fyrir lögbindingu á stjórnarskrárbroti sem ég tel að hér sé verið að leggja til. Það má ekki lögfesta misrétti, þó að rétt sé að draga úr því misrétti sem nú hefur tíðkast án lagastoðar.

Ég endurtek, herra forseti, að þessi vinnubrögð eru ekki boðleg. Það verður að gefast ráðrúm til að fara vandlega ofan í þetta mikilvæga, viðkvæma og flókna mál. Það verður að komast upp úr þeim sporum að festa lífeyrisþega í fátæktargildru og löngu er tímabært að líta á hjón sem sjálfstæða einstaklinga tekjulega séð bæði varðandi bætur og skatta. Það síðastnefnda er reyndar önnur umræða sem ekki er tími fyrir nú en væri æskilegt að taka við tækifæri eftir jól.

[17:44]

Útbýting þingskjala:

Aðstaða þingmanna og starfsmanna í Alþingishúsinu, 374. mál, fsp. ÞHS, þskj. 600.

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. JóhS, þskj. 598.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, 321. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 596.

Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, 373. mál, fsp. GÁ, þskj. 599.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:48]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 16.–30. mál.

Fundi slitið kl. 17:48.

---

47. FUNDUR

laugardaginn 19. des.,
að loknum 46. fundi.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1998, stjfrv., 173. mál, þskj. 418, frhnál. 546 og 547, brtt. 548, 549, 556, 574 og 577. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Fjárlög 1999, stjfrv., 1. mál, þskj. 484, frhnál. 550 og 567, brtt. 536, 551, 552, 553, 554, 555, 563, 568, 569, 570, 571, 578, 579, 580, 584, 585, 586, 587, 588, 597 og 598. — Frh. 3. umr.

3. Landmælingar og kortagerð, frv., 370. mál, þskj. 581. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

4. Almannatryggingar, frv., 19. mál, þskj. 19. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Lögheimili, stjfrv., 185. mál, þskj. 201. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Tilkynningar aðsetursskipta, stjfrv., 186. mál, þskj. 202. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Byggingarsamvinnufélög, stjfrv., 332. mál, þskj. 414 (með áorðn. breyt. á þskj. 527). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Húsnæðissamvinnufélög, stjfrv., 333. mál, þskj. 415 (með áorðn. breyt. á þskj. 529). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Fjöleignarhús, stjfrv., 347. mál, þskj. 451. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Vernd barna og ungmenna, stjfrv., 106. mál, þskj. 106 (með áorðn. breyt. á þskj. 522). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Landhelgisgæsla Íslands, stjfrv., 233. mál, þskj. 262. — 3. umr.

12. Málefni fatlaðra, stjfrv., 331. mál, þskj. 413, nál. 525. — 2. umr.

13. Náttúrufræðistofnun Íslands, stjfrv., 205. mál, þskj. 223, nál. 517, brtt. 518. — 2. umr.

14. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, stjfrv., 336. mál, þskj. 423, nál. 535. — 2. umr.

15. Hafnaáætlun 1999–2002, stjtill., 291. mál, þskj. 343, nál. 541, brtt. 542 og 564. — Síðari umr.

16. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 334. mál, þskj. 416, nál. 562. — 2. umr.

17. Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999, stjtill., 296. mál, þskj. 353, nál. 540. — Síðari umr.

18. Samningur um Norræna fjárfestingarbankann, stjtill., 297. mál, þskj. 354, nál. 543. — Síðari umr.

19. Breytingar á ýmsum skattalögum, stjfrv., 150. mál, þskj. 150, nál. 502 og 539, brtt. 503. — 2. umr.

20. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, stjfrv., 321. mál, þskj. 388, nál. 519 og 596. — 2. umr.

21. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 278. mál, þskj. 318, nál. 537, brtt. 538. — 2. umr.

22. Stimpilgjald, stjfrv., 151. mál, þskj. 462. — 3. umr.

23. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, stjfrv., 229. mál, þskj. 256. — 3. umr.

24. Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 279. mál, þskj. 319, nál. 557 og 558, brtt. 559. — 2. umr.

25. Útflutningsráð Íslands, stjfrv., 340. mál, þskj. 434, nál. 545 og 576. — 2. umr.

26. Réttarstaða ríkisstarfsmanna, þáltill., 302. mál, þskj. 362. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:50]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 5.–10. dagskrármáls og útbýtingu 3. dagskrármáls og brtt. 597 og 598. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 19. mál (tekjur maka). — Þskj. 19.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:51]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Frv. vísað heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fjárlög 1999, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 484, frhnál. 550 og 567, brtt. 536, 551, 552, 553, 554, 555, 563, 568, 569, 570, 571, 578, 579, 580, 584, 585, 586, 587, 588, 597 og 598.

[17:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði það á orði fyrr í dag að mér fyndist þessari umræðu ekki nægilegur sómi sýndur. Ég vísaði til þess að þráfaldlega væri umræða um fjárlög íslenska ríkisins fyrir komandi ár klippt í sundur og samhengi hennar þar af leiðandi orðið mun minna en efni standa til. Ég vil halda þessu til haga og árétta þá hugmynd sem ég reifaði hér að ástæða væri fyrir forsn. og forustu þingsins til að skoða hvernig skapa megi umræðu um fjárlög íslenska ríkisins, sem er með stærri pólitísku ákvörðunarefnum þings hverju sinni í aðdraganda jóla og áramóta, fastan og öruggan sess í starfsskrá þingsins. Raunverulega ætti að ganga skrefinu lengra og festa það í þingsköp, í lög, hvenær 2. umr. fjárlaga fer fram á sama hátt og fest er í lög hvenær beri að dreifa fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. Sama þyrfti að gilda um 3. umr. Það er enginn bragur á því, herra forseti, að mál skuli ganga fram með þessum hætti. Mér er minnisstætt að fyrir örfáum dögum þegar 2. umr. fjárlaga átti að fara hér fram að þá teygðist hún mjög, var sundurslitin í tvígang hið minnsta. Þarna er um óvirðingu við þetta stóra mál að ræða og líka gagnvart þeim ágætu þingmönnum sem skipa fjárln. og vinna hörðum höndum við að undirbúa þau gögn. Þetta vildi ég segja og árétta mjög ákveðið í þessu sambandi.

Varðandi efni og innihald fjárlaganna vil ég árétta það sem ég nefndi við 2. umr. um þetta mál: Það er augljóst að kosningar eru í nánd. Það þarf engan ofursnilling til þess að átta sig á því að það á að veita gjafir hingað og þangað. Í því sambandi verð ég að segja litla sögu. Ég rakst hér fyrir framan þinghúsið á ágæta og hamingjusama menn sem voru að fagna því að þeir hefðu átt fund með hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. í morgun. Þar var undirritaður samningur og viljayfirlýsing þessara tveggja ráðherra um stóraukinn styrk íslenskum kvikmyndagerðarmönnum til handa. Að sönnu hygg ég að langflestir hér inni séu sammála þeirri pólitísku stefnumörkun og vilji allt, upp að vissu marki, fyrir þessa menn gera. Þeir hafa sýnt það og sannað í áranna rás að á þessum vettvangi menningar eru verulegir vaxtar- og þróunarmöguleikar. Ég er fyllilega sammála þeim gjörningi en hins vegar er athyglisvert hvernig frá þeim málum er gengið við fjárlagagerðina. Það er gert með ákaflega sérkennilegri heimildargrein þar sem orðalagið er einhvern veginn á þann veg — ég er reyndar ekki með þá pappíra við höndina — að viðkomandi ráðherra er heimilað að auka frekar stuðning við kvikmyndagerð á Íslandi á viðkomandi fjárlagaári, enda verði málum skipað í lög síðar í samræmi við þann gjörning. (**Fjmrh.:** Þetta er annað mál.) Þetta er annað mál, segir hæstv. ráðherra, og þá tek ég auðvitað mark á honum í þessu sambandi. Þarna hefur hv. þingmaður ruglað saman málum. Það breytir því hins vegar ekki að þessi heimildargrein er fullkomlega óskiljanleg og bið ég um skýringar á henni. Ég hafði einfaldlega lesið það þannig saman. Ég hlustaði eins og hver annar þingmaður hér á fréttir í hádeginu og heyrði um þessa markmiðssetningu og las síðan saman við umrædda heimildargrein sem er ákaflega óvenjuleg. Fróðlegt væri að heyra skýringar hv. þm., formanns fjárln., eða hæstv. fjmrh. þar um.

Heimildargreinar virðast mér satt að segja í auknum mæli hafa orðið þau tól og tæki sem hið háa Alþingi grípur til að beiðni framkvæmdarvaldsins til að framselja vald í hendur framkvæmdarvaldinu. Það er undrunarefni, þó að ég hafi ekki gert á því tölfræðilegan samanburð, að við 3. umr. fjölgar heimildargreinum um einhverja tugi. Heimildirnar hafa einnig sjaldan verið víðtækari en núna. Ég spyr, herra forseti, hvort það sé meðvitaður vilji stofnunarinnar, hins háa Alþingis, að fara þannig fram.

Ég minnist þess að hæstv. forsrh. hefur gumað af því við umræðu um fjárlagagerð, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þ.e. um svokallaða bandorma, að mjög hafi dregið úr vægi og umfangi bandormsins. Það er vel. Hann hefur sagt að þetta sé merki þess að menn ætli að fara að lögum og ekki að ganga á bak orða sinna með ýmiss konar skerðingarákvæðum. Á sama tíma er gengið mjög á svig við þessa hugsun þegar heimildarákvæði fjárlaga svokölluð, 7. gr. laganna, eru orðin óútfylltar ávísanir til framkvæmdarvaldsins um að fara sínu fram. Þær ekki upp á einhverja tugi milljóna heldur hugsanlega hundruð milljóna króna í einstökum málaflokkum án þess að Alþingi hafi nokkur tök eða tækifæri á að koma nærri því máli. Þetta er auðvitað fullkominn öfugsnúningur á starfsháttum Alþingis en jafnframt eftir efninu. Þetta er sumpart algjörlega í anda þess sem hér hefur gerst í störfum hins háa Alþingis á síðustu árum. Ég hef verið þeirrar skoðunar, herra forseti, að ein ástæða þessa sé m.a. að hinn stóri og öflugi þingmeirihluti sem nú er á Alþingi skapi ákveðið kæruleysi, skapi ákveðna vanvirðu við hið háa Alþingi. Ráðandi ríkisstjórn veit sem er að þó einhver kunni að fyrtast, einhver kunni að vera í andstöðu við tiltekið mál, þá séu varadekkin sem hægt er að grípa til svo mörg að það skipti í raun engu máli. Þessi yfirgangur við hið háa Alþingi, sem stjórnarliðar í þessum sal virðast láta yfir sig ganga, þegjandi og hljóðalaust með örfáum undantekningum í hverju málinu á fætur öðru, gengur líka aftur í öðrum skyldum málum.

Ég og fleiri þingmenn jafnaðarmanna gerðum að umtalsefni við 2. umr. fjárlaga að samþykkt var heimildargrein til þess að selja hér umdeilt fyrirtæki. Fyrirtækið er kannski ekki svo umdeilt en allur umbúnaður þess og kringumstæður þannig að tortryggni vakti. Hér er ég að vísa til Stofnfisks. Þingflokkur jafnaðarmanna bað um skýrslu um málefni þessa fyrirtækis. Af hverju bað þingflokkurinn um skýrslu um þetta fyrirtæki? Jú, það var vegna þess að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafði ítrekað beðið um það eftir þeim leiðum sem honum voru færar að fá upplýsingar um innri mál þessa fyrirtækis, um stöðu þess og ársreikninga, samskipti landbrn. og fyrirtækisins og aðkomu Ríkisendurskoðunar sem hafði komið opinberlega að úttekt á þessu fyrirtæki. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og þingflokkur jafnaðarmanna, sem stóð að baki honum í þessum erindisrekstri, átti eina leið eftir. Það var það að biðja Ríkisendurskoðun um að gera þinginu grein fyrir stöðu fyrirtækisins og þeim samskiptum sem átt hefðu sér stað milli landbrn. og fyrirtækisins sem að sönnu er að öllu leyti í eigu ríkissjóðs.

Skýrslan barst hv. þingmönnum í morgun. Ég vil nú ekki kveða of fast að orði, virðulegi forseti, en þessi skýrsla er fyrir neðan allar hellur. Hún er slík vanvirða við almenna þingmenn. Maður er nú vanur ýmsu en þetta tekur út yfir allt. Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í umræðu um það mál nú, ég ætla að nýta mér það tækifæri síðar. Ég vil tilkynna það hér og nú að ég mun fara efnislega yfir það. Ég vil hins vegar gera hv. þm. grein fyrir því hvernig þeir eru meðhöndlaðir af hálfu þessarar stofnunar, sem hefur jú sjálfstætt líf en heyrir beint undir Alþingi. Í samráði við landbrn., við framkvæmdarvaldið og forsvarsmenn Stofnfisks, hlutafélags í eigu ríkissjóðs, í eigu okkar allra, kom Ríkisendurskoðun að því að strika út, setja svart í ýmsar þær upplýsingar sem þessir aðilar þrír, einn þeirra eða tveir þeirra eða allir saman, töldu óæskilegt að kæmu fyrir sjónir alþingismanna. Þeir hafa þó hið stjórnarskrárbundna hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu.

Þetta er skýrsla Ríkisendurskoðunar, hér eru yfirstrikuð leyndarmál sem hv. þingmenn mega ekki sjá. Hér er heil opna, virðulegi forseti, sem ég vil sérstaklega sýna honum, þar sem þrjár, fjórar línur eru þess verðugar að alþingismenn megi lesa en að öðru leyti er þetta leyndarmál. (Gripið fram í.) Hafi hv. þm. Kristján Pálsson hirt um að fara í hólfið sitt í morgun og lesið þau gögn sem honum berast þá hefur hann vafalaust sömu skýrslu og ég. Hafi hann ekki áttað sig á því hvað ég er að tala um þá er ég að tala svonefnda skýrslu. Ég kalla þetta svonefnda skýrslu. Hún er gerð samkvæmt beiðni þingflokks jafnaðarmanna um samskipti Stofnfisks hf. og landbrn. Samskiptin eru í þessu formi, samskiptin eru svona. (**Gripið fram í:** Kolsvört.) Kolsvört, yfirstrikuð leyndarmál. Ég sagði við 2. umr. þegar þessi heimildargrein var ákveðin að óþefinn legði langar leiðir. Það var ekki ofsagt.

Virðulegi forseti. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða í samskiptum Alþingis, löggjafarsamkundunnar, sem hefur eftirlitshlutverki að gegna samkvæmt stjórnarskrá. Sumir vilja að vísu breyta því, sumir hv. forustumenn ríkisstjórnarinnar vilja gjarnan breyta því og laga að sínum eigin hugsunum og þörfum. Eins er það alvarlegt sem snýr að Ríkisendurskoðun. Ég dreg ekkert undan með það að ég velti mjög fyrir mér hver staða alþingismanna er gagnvart þessari stofnun, þessari sjálfstæðu stofnun, þegar það er orðin röksemd í inngangi ríkisendurskoðanda að vegna þess að Ríkisendurskoðun hafi komið að endurskoðunarvinnu við fyrirtækið sé stofnunin bundin ákveðnum trúnaði við fyrirtækið og geti þar af leiðandi ekki veitt umbeðnar upplýsingar til Alþingis, löggjafarsamkundunnar.

Hér er ástæða til að staldra við, herra forseti. Hér eru mál ekki í lagi. Hér eru mál satt að segja í fullkomnu ólagi. Það hlýtur að koma til þess, og ég vil láta það koma fram, að ég mun taka þetta mál sérstaklega upp í forsn. þingsins. Hér er þannig búið um hnúta að ekki verður við unað. Málið skiptir ekki lengur sköpum um afgreiðslu fjárlaga, því að Alþingi hefur nú þegar afgreitt þessa heimild, áður en þessi svarta skýrsla kom út. Hún er svört. Hún er útstrikuð með svörtu.

Hér erum við hins vegar að ræða mál sem lýtur að samskiptum þings og framkvæmdarvalds og þeirra tóla og tækja sem löggjafarsamkundan hefur til að sinna stjórnarskrárbundnu eftirliti með framkvæmdarvaldinu. Þetta eru þær vinnuaðstæður sem okkur eru boðnar, okkur eru sendar útstrikaðar blaðsíður. Ég spyr: Var það virkilega með þeim hætti að hæstv. landbrh. hafi setið á sínum á sínum kontór og strikað út upplýsingar sem hann taldi ekki æskilegt að kæmu fyrir sjónir alþingismanna?

Ríkisendurskoðandi vísar í álitsgerð um þessi efni frá Stefáni Má Stefánssyni, sem kom fyrir hið háa Alþingi á vordögum ef ég man rétt og hefur ekki verið tekin hér til almennrar umræðu. Ríkisendurskoðandi vísar til álitsgerðar Stefán Más sem einhvers konar Stóradóms í þessum efnum. Þar er niðurstaðan einfaldlega sú að þegar um sé að ræða málefni hlutafélaga í eigu ríkisins sé réttur alþingismanna

hvorki meiri né minni en almenns borgara í þessu landi og að öll erindi alþingismanna þurfi að lúta almennum upplýsingalögum. Ég hafði ekki áttað mig á því fyrr, herra forseti, að stjórnarskrárbundin skylda alþingismanna og réttur til þess að hafa eftirlit með einum af þremur grunnþáttum stjórnkerfisins, framkvæmdarvaldinu, væri jafn og hvorki meiri né minni en réttur almennings í landinu. Það er alveg ný skilgreining langt er í frá að ég sætti mig við að sé nærri lagi. Ég tel hana fullkomlega fráleita.

Ég vil árétta, herra forseti, af því að nú er það einu sinni þannig að ríkisstjórnir koma og ríkisstjórnir fara, að ég velti því fyrir mér og beini til hv. þm. í stjórnarliðinu að þeir gaumgæfi það hvort þeir vilji að lýðræðið gangi svona fram. Vilja þeir að svona sé staðið að möguleikum Alþingis til að sinna stjórnarskrárbundnu eftirlitshlutverki sínu. Ég held að þegar menn gaumgæfi þetta í eigin huga þá skynji þeir að hér er ekki allt með felldu. Hér er hlutunum snúið á hvolf. Þetta verð ég að segja við þessa umræðu, herra forseti, enda tengist það óbeint því sem við ræðum hér.

Herra forseti. Við 2. umr. málsins átti ég nokkur orðaskipti við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar í fjárln. um að á sama tíma og stórkostleg útgjaldaaukning verður af hálfu ríkissjóðs þá sjáum við fylgni við fjölda ríkisstarfsmanna. Ég vísaði þar til svars hæstv. forsrh. við fyrirspurn minni um þróun nýrra starfa á yfirstandandi kjörtímabili. Þó að ég geri ekki lítið úr gagnlegum orðaskiptum sem ég átti við hv. þm. Jón Kristjánsson, formann fjárln., og hv. þm. Sturlu Böðvarsson, varaformann þeirrar sömu nefndar, þá finnst mér mikilvægt að eiga orðastað við annan oddvita ríkisstjórnarinnar, sem kemur nú í salinn og komi hann fagnandi, Halldór Ásgrímsson utanrrh. Hann hefur öðrum fremur haldið hátt á loft og vann dágóðan sigur í síðustu kosningum út á loforðið um tólf þúsund ný störf.

Nú verð ég, herra forseti, að biðja um eyru hæstv. utanrrh. því að vangaveltur mínar lúta beint að honum. — Ég hef biðlund meðan hæstv. ráðherrar ræða saman, mér liggur ekkert á. (**Gripið fram í:** Hvar er landbrh.?) — Það sem ég vildi ræða eru tólf þúsund störfin sem Halldór Ásgrímsson lofaði þjóðinni fyrir tæpum fjórum árum. Hann hefur í þessum sama ræðustól sagt að þessi tólf þúsund störf verði ekki tólf þúsund heldur fjórtán þúsund á yfirstandandi kjörtímabili. Nú kemur auðvitað allt annað á daginn. Nú kemur á daginn að störfin eru ekki tólf þúsund, ekki fjórtán þúsund heldur rétt í kringum níu þúsund. Það sem meira er, hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. og 1. þm. Austurl. gleymdi að minnast á nokkuð í loforðalista sínum fyrir síðustu kosningar. Sá listi fólst í tvennu, annars vegar að fólk væri í fyrirrúmi og stöðva skyldi skuldasöfnun heimilanna, með þeim stórkostlega árangri eða hitt þó heldur að heimilin í landinu bæta nú við 43 milljörðum kr.

Virðulegi forseti. Ég gef þeim tækifæri að ljúka samtali sínu og síðan á ég orðastað við hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (ÓE)**:** Já, það skilur forseti. — Það er hljóð í salnum núna.)

Ég var að segja, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. lofaði tvennu fyrir síðustu kosningar, annars vegar að fólk yrði í fyrirrúmi og þar með skyldi stöðva skuldasöfnun heimilanna. Heimilin í landinu auka 43 milljörðum við skuldir sínar á yfirstandandi ári. Hitt var að búa til tólf þúsund ný störf á kjörtímabilinu. Hann hefur sagt að þessi tólf þúsund verði nú öllu fleiri, hann verði að svíkja það loforð sitt því að þau verði fjórtán þúsund. Félagi hans í ríkisstjórninni, hæstv. forsrh., sem hæstv. utanrrh. gegnir fyrir í afleysingum annað slagið, hefur svarað því til hér í þingskjali að þessi störf séu níu þúsund og sex hundruð talsins á þessu kjörtímabili. (**LB:** Í þessu góðæri.) Í þessu góðæri.

Ég sagði jafnframt að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. hafi aldrei nefnt það sérstaklega í loforðum sínum fyrir síðustu kosningar að innifalið í fjölgun nýrra starfa væru 2.500 störf hjá hinu opinbera, að það væri sérstakt markmið hans að þenja út opinbera geirann. En þannig er komið samkvæmt svari forsrh. við fyrirspurn minni. Þetta er annar meginþátturinn sem auðvitað hefur ekki gengið eftir hjá formanni Framsfl.

Þriðji þátturinn er kannski hvað athyglisverðastur. Ég minnist þess ekki sérstaklega að formaður Framsfl. hafi lofað því í heimabyggð sinni á Austurlandi að þessi tólf þúsund störf, sem eru reyndar níu þúsund, kæmu í 90% tilvika á höfuðborgarsvæðið. Og þessi aukning á höfuðborgarsvæðinu þýddi það líka að ekki yrði fjölgun um einhver hundruð störf í hans kjördæmi, Austurlandskjördæmi, heldur yrði bókstafleg fækkun starfa. Var fækkun starfa innifalin í pakkanum hjá Framsfl., að störfum fækkaði um 13 talsins á fyrstu tveimur árum valdatíma Framsfl. í þessari ríkisstjórn árin 1995 og 1996? Spáin er engu betri þó að maður sjái það ekki nákvæmlega fyrir fullt og fast hvernig þessu vindur fram á síðustu árum kjörtímabilsins. Þó er alltént algjörlega klárt og óumdeilanlegt, og hv. 2. þm. Austurl., félagi og flokksbróðir formanns Framsfl., staðfesti að ekki er nokkur von til þess að störfum fjölgi um eitt í Austurlandskjördæmi á yfirstandandi kjörtímabili. Þannig er afrekalisti formanns Framsfl. og 1. þm. Austurl. heima í héraði sá að störfum fækkar, stórfækkar í Austurlandskjördæmi, í hans heimabyggð. Það er auðvitað eftir öðru að á sama tíma og þetta gerist þá fækkar auðvitað fólki líka, það flýr af hólmi úr heimabyggð formanns Framsfl.

Þetta er flokkurinn sem hefur 45 eða 47% atkvæða í Austurlandskjördæmi. Þetta eru nú afrekin. Ég held að það hljóti að vera að formaður Framsfl. sé alveg sérstaklega hreykinn af þessari frammistöðu sinni og standi keikur eftir, nema ef vera skyldi að hann hafi haft lítinn tíma að fara heim í hérað. En það liggur algerlega ljóst fyrir að þetta er niðurstaða þessara mála, og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra og leiðtoga framsóknarmanna hér á landsvísu, og auðvitað líka fyrir austan, hvort hann sé hreykinn af þessu. Hvort þetta gangi allt eftir eins og hann hafði ráðgert, að það yrði fækkun, það yrði fækkun heima í héraði en öll aukningin, sem átti að vera tólf þúsund og varð níu þúsund — og þar af 2.500 nýir opinberir starfsmenn — hvort það hafi verið ráðgert og inni í planinu í kosningabaráttunni 1995 að fækka sérstaklega störfum á Austurlandi, fækka sérstaklega störfum á Vestfjörðum, fækka sérstaklega störfum á Norðurlandi vestra. Var einhvern tíma talað sérstaklega um það? Var það markmiðssetning Framsfl. sem aldrei var sögð á sínum tíma?

Nei, herra forseti, hér er um grafalvarlegt mál að ræða sem tengist beinlínis þeirri umræðu sem við eigum hér í. Hún tengist beinlínis því yfirklóri og þeim kattarþvotti sem er augljós í þessu frv. þegar enn og aftur er verið að búa til einhverja nýja peninga til þess að efla byggð í landinu með eignarhaldsfélögum, með einhverjum hundruðum milljóna kr. Auðvitað hef ég skilning á því að stjórnarliðar hafi samviskubit, þeir hafi vonda samvisku yfir þróun kjörtímabilsins og finni á sjálfum sér og öðrum að þeir hafi ekki staðið sig og

þeir reyni með veikum mætti að sópa þessum vandamálum undir teppið og sýna einhvern lit á síðasta sprettinum með því að setja tvö eða þrjú hundruð milljónir kr. í eignarhaldsfélög eða hvað það nú er, í einhver þróunarfélög víða úti um landið. En veruleikinn er þessi: Störfum fækkar einfaldlega. Veruleikann flýr enginn, hann er þarna.

Það er þessi veruleiki sem verður tekist á um í komandi kosningum, ekki einhver óljós fyrirheit. Framsóknarmennirnir hafa fengið tækifæri til að sýna hvað í þeim býr, þessi byggðavæni flokkur sem kallar sig stundum svo. Þetta er niðurstaðan: *Fólksflótti af landsbyggðinni, atvinnutækifærum fækkar*, uppbygging á höfuðborgarsvæðinu, ekki hvað síst í opinbera geiranum. Auðvitað er það hjóm eitt, herra forseti, og dálítið grátbroslegt til þess að hugsa að þetta litla eina sem varð nú til, að flytja pínulitla stofnun upp á Skaga, því forklúðruðu þeir líka og gátu ekki klárað með fullnægjandi hætti, sex eða sjö störf. 2.500 ný störf í opinbera geiranum og mér er skapi næst að halda, herra forseti, án þess að ég hafi um það tiltækar nákvæmar tölur, að langt innan við hundrað þeirra hafi orðið til úti á landi.

Þetta er bara hinn kaldi, napri veruleiki sem blasir við okkur og er óumflýjanlegur. Þetta verðum við að horfast í augu við, þetta horfist ég í augu við, en ég efast um að framsóknarmenn geri það.

Svo er alveg sérstakur kapítuli, ákveðinn kapítuli að á sama tíma og menn fara með himinloftum í þessum ræðustóli um það pólitíska markmið að draga úr umfangi á starfsemi ríkissjóðs leggi þeir fram fjárlög þar sem tekjurnar hækka prósentum saman milli ára, umfang og velta ríkissjóðs, þar sem störfunum fjölgar þúsundum saman á kjörtímabilinu, þá segja sjálfstæðismenn: Ja, *við erum auðvitað í anda stefnu* Sjálfstfl. að draga úr umfangi ríkisins, að auka frjálsræði á markaði og efla hið almenna atvinnulíf til dáða.

Hér er engin glóra í málum og hér hanga hlutir ekki saman í neinu réttu samhengi. Því er ekkert undarlegt, herra forseti, undir þessum formerkjum að maður aðeins staldri við og hugsi á hvaða leið við erum. Vík ég þá að öðru.

Ekki fyrir margt löngu spurði ég hæstv. fjmrh. um það hver kostnaður hefði orðið við einkavæðingu ríkisfyrirtækja, sem hefur að vísu ekki skilað meiru en því að störfum í opinbera geiranum hefur fjölgað um 2.500 talsins og af því að ég er e.t.v. ekki alveg nægilega vel læs á fjárlögin þá langar mig að spyrja — og nú vantar mig hæstv. fjmrh. til fundarins.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti gerir ráðstafanir til að biðja fjmrh. um að koma í salinn.)

Mig langaði að spyrja hæstv. fjmrh. um það, af því að það kom í ljós við uppgjör á yfirstandandi fjárlagaári að 59 milljónir vantaði til þess að borga fyrirtækjum söluþóknun sem stóðu í því að selja ríkisfyrirtæki — vel getur verið að hægt sé að finna þessar tölur í fjárlagafrv. ráðherrans og síðan nál. meiri hluta fjárln. — en ég spyr hann þráðbeint þannig að hann segir mér það þá: Hvað áformar hann að kostnaður verði *einmitt á þeim vettvangi á því ári sem í hönd* fer í því fjárlagafrv. sem við ræðum hér? Hvað telur hann að beinn kostnaður, bara við söluna á ríkisfyrirtækjum, komi til með að verða á næsta ári? Hann svaraði mér þeirri fyrirspurn að á yfirstandandi kjörtímabili væri þessi tala rétt um 100 millj. kr. Menn geta haft ýmsar skoðanir á því hvort hún sé há eða lág. Ég hef þó sagt það að mér hafi fundist dálítið kúnstugt að fylgjast með því að á sama tíma og fyrirtæki fá greiddar milljónir á milljónir ofan fyrir að standa að því að víxla með hlutabréf í eigu ríkissjóðs og koma þeim út á markað kaupi gjarnan þessi sömu fyrirtæki líka þessa sömu hluti og fái þar með hagnað úr tveimur áttum. En látum vera með það. Spurning mín er einfaldlega þessi: Hver er fórnarkostnaðurinn? Hver er kostnaður við söluþóknun á því ári sem í hönd fer? Nú ætlar fjmrh. eins og fyrri daginn að vera stórtækur í þessum efnum. Þarna eru stór fyrirtæki á ferðinni svo sem Íslenskir aðalverktakar. Þarna eru því engar smámyntir á ferðinni, og ég spyr: Hvað áformar hæstv. fjmrh. að borga fyrir það að koma þeim eignum í hendur annarra? Þetta var *mín* þráðbeina fyrirspurn um það.

Herra forseti. Ég gæti haft hér langt mál. Ég ætla hins vegar að ljúka þessari fyrstu ræðu minni við 3. umr. fjárlaga á *þann veg að gera grein fyrir brtt. sem ég og hv. þm. Rannveig* Guðmundsdóttir höfum sett fram. Hún er við 1. tölul. g-liðar, Hafnarmannvirki. Samsvarandi brtt. er raunar að finna líka frá okkur sömu þingmönnum við hafnaáætlun, sem er að sönnu á dagskrá fundarins en er ekki útséð um hvort verði samþykkt. En allt að einu eru þær efnislega samhljóða.

Brtt. sem við gerum hér við brtt. á þskj. 551 við fjárlögin, 65. lið, er einfaldlega þannig að við leggjum til að hækkuð verði framlög til Hafnarfjarðar þannig að í stað 6 millj. kr. á næsta ári til framkvæmda við Háabakka komi 16 milljónir, og síðan bætist við tveir nýir liðir sem verði svohljóðandi: Garðabær 6 milljónir og Kópavogur 10 milljónir.

Nú kunna menn að spyrja: Hvers konar yfirboð eru þetta? Er þetta nú ekki enn ein kjördæmatillagan á hefðbundnum nótum? Svarið við því er nei. Tillögu í þessa veru lagði ég fram í samgn. þingsins, þar sem ég á sæti, við umfjöllun um hafnaáætlun. Hún var felld þar. Hér er fyrst og síðast um það að ræða að jafnræðis verði gætt þegar kemur að ríkisstyrktum framkvæmdum í höfnum landsins. Það er þannig að Kópavogskaupstaður hefur aldrei notið lögbundinna framlaga *samkvæmt hafnalögum til hafnaframkvæmda* þar í bæ. Menn hafa haldið því fram með einhverjum efnisrökum að engin þörf sé á höfn í Kópavogi. Um það snýst ekki málið. Þetta snýst eingöngu um það að allir kaupstaðir og allir þegnar séu jafnir fyrir lögum.

Því geri ég það að tillögu minni að ríkissjóður komi að þeim miklu og að minni hyggju skynsamlegu framkvæmdum sem Kópavogskaupstaður hefur ráðist í á umliðnum árum eins og hann gerir alls staðar annars staðar á landinu, nema í Reykjavík vegna þess að fjárhagslega og hvað varðar umfang og starfsemi ber Reykjavík höfuð og herðar yfir aðrar hafnir á landinu.

Í Garðabæ voru á árum áður framkvæmdir í gangi við hafnargerð vegna skipaviðgerða en þar var hætt við í miðjum klíðum. Það er mjög mikilvægt að ljúka þeim framkvæmdum þannig að sú fjárfesting sem þegar hefur verið í ráðist skili sér að fullu, komi að einhverju gagni. En ég hélt satt að segja að menn hefðu áttað sig á að mjög væri mikilvægt að þegar búið er að festa ákveðna fjármuni í ákveðnum fjárfestingum þýðir ekkert og er ekkert vit í því að hætta í miðju kafi þannig að *fjárfestingin komi* að litlum og stundum engum notum. Því legg ég til að þeim dýpkunarframkvæmdum, sem þörf er á til þess að hægt sé að nýta fjárfestingar þar í atvinnurekstri *með fullu viti, verði lokið. Hér er ekki um stórar upphæðir* að ræða.

Hafnarfjarðarhækkunin stafar af einu. Hún stafar af því að ég legg til að hafnarframkvæmdir í Hafnarfirði lúti sömu lögmálum hvað varðar kostnaðarskiptingu ríkis og bæjar og hafnir alls staðar annars staðar á landinu. Ég rifja upp að í

frv. hæstv. samgrh. um hafnaáætlun var ráð fyrir því gert að nokkrar hafnir á landinu — ég held að þær hafi nú bara verið tvær, Akureyri og Vestmannaeyjar — yrðu fyrir skerðingu vegna þess að umsetning og velta þeirra hafna væri komin yfir hundrað milljónir. Frá þeirri stefnumörkun var horfið. Ég ætla ekkert að hafa orð um það hvers vegna það var. En ég segi hins vegar að Hafnarfjörður á ekkert að gjalda þess að þar er rekstur — var sérstaklega og er að sumu leyti enn þá — í prýðilegu lagi og umsetning og velta þar heilmikil. Þess vegna legg ég til að Hafnarfjörður fái 60% framlag frá ríkissjóði eins og allar aðrar hafnir á landinu. Hér er sem sagt um réttindamál að ræða, spurning um jafnræði milli sveitarfélaga. Ég hélt að menn hefðu lært það á síðustu vikum og mánuðum að menn eigi að fara sér hægt í því að taka um það meðvitaða ákvörðun að gæta ekki jafnræðis. Í því ljósi hef ég trú á því og treysti því að hv. stjórnarliðar skilji og skynji alvöru þessa máls og muni því ljá þessum brtt. brautargengi sitt. Að öðru leyti læt ég þessu lokið.

[18:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru tvö atriði í ræðu þingmannsins sem ég vildi víkja að í stuttu andsvari. Hið fyrra var spurning hans að því er varðar fyrirgreiðslu við kvikmyndafyrirtæki og þá heimild sem ráðgert er að taka inn í fjárlögin hvað varðar stuðning við kvikmyndaframleiðslu hér á landi.

Eins og kunnugt er hafa ýmsir, eða fleiri en einn erlendur aðili, sýnt því áhuga að koma hér upp kvikmyndastarfsemi. Til þess að greiða fyrir því þarf e.t.v. að setja í lög ákveðin ákvæði sem gera Ísland að samkeppnishæfu umhverfi fyrir slíka starfsemi, miðað við það sem gerist annars staðar, eins og t.d. á Írlandi. Þess vegna er þetta heimildarákvæði sett þarna inn. Það er það sem hangir á spýtunni. Þetta er hins vegar ekki beintengt þeim samningi sem gerður var í dag við íslenska aðila í kvikmyndaheiminum, kvikmyndagerðarmennina, leikstjórana og handritshöfundana og þann ágæta hóp frumkvöðla á þessu sviði hér á Íslandi, þó að auðvitað sé málið skylt og auðvitað muni þessir aðilar væntanlega hafa mikinn stuðning hver af öðrum.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna er spurning hv. þm. um kostnað af einkavæðingu á næsta ári. Ég verð því miður að svara því þannig að ég hef engar tölur handbærar um það efni eins og sakir standa. Við vitum auðvitað að það kostar sitt að sýsla með þessa hluti. Ákveðin sölulaun eru greidd þeim aðilum sem þarna fara höndum um, eins og eðlilegt er. Alveg eins og í fasteignaviðskiptum og öðru þarf að greiða fyrir þá þjónustu sem innt er af hendi í þessu efni. Ég vil hins vegar taka fram hvað varðar til að mynda Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, þá varð sölukostnaðurinn á endanum þar mun lægri en upphaflega leit út fyrir vegna þess að af hálfu ríkisins var gengið eftir því að hafa þennan kostnað sem lægstan. Það er hins vegar ekki hægt að ætlast til þess þegar um er að ræða mjög stórar upphæðir og mikil verðmæti að aðilar sem koma að því máli sinni þeirri þjónustu án þess að fá greitt fyrir hana. Hins vegar er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt að reyna að semja í hvert skipti um að hafa þá þóknun sem lægsta. En venjan er auðvitað sú að miðað er við ákveðnar prósentur af verðmætinu sem er verið að fjalla um.

[18:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin. Hvað varðar stuðning við kvikmyndagerð hérlendis vil ég eingöngu árétta það sem ég sagði áðan að ég er mjög hlynntur því og vil þakka hæstv. ráðherra hans hlut í því máli, eins og það birtist okkur í hádegisfréttum, við íslenska kvikmyndagerð. Það sem ég hins vegar vakti athygli á er að þessi heimildargrein er sumpart dálítið óvenjuleg og undir þeim formerkjum vakti ég sérstaka athygli á því, þó að málið sé mjög gott.

Varðandi hitt atriðið sem ég spurði sérstaklega um, kostnaðinn við einkavæðinguna, þ.e. kostnaðinn við söluna á þessum hlutabréfum, þá er það náttúrlega dálítið umhugsunarefni að ekki séu nokkur tök á því að áætla fyrir þeim kostnaði. Því að ég held ég muni það alveg rétt að í fjáraukalögum hafi það verið orðað þannig að sú breyting hafi nú á orðið — og hæstv. ráðherra hefur sagt það sjálfur — að nú er þetta ekki lengur einfaldlega dregið frá söluhagnaði heldur kemur þetta á útgjaldalið. Og því spyr ég: Það hlýtur að vera þannig að menn hafi reynt að áætla kostnaðinn eitthvað við þetta, og undir hvaða lið fjárlaganna er það þá? Ég hef ákveðinn skilning á því að vaflaust getur það verið háð tiltekinni óvissu hver niðurstöðutalan í þeim efnum verður. En ef hins vegar er farið eftir lögum um fjárreiður ríkisins þá ber að reyna að áætla fyrir þessum kostnaði eins og öðrum, því að breytingin hefði orðið sú að menn „nettóa" þetta ekki frá þeim tekjum sem inn koma fyrir seld hlutabréf. Ég held að þessi skilningur minn sé alveg réttur og því spyr ég og árétta spurningu mína, án þess að ég sé að heimta svar upp á punkt og prik, krónur og aura: Hvaða grófu mynd fáum við af þessu og hvar er þennan lið að finna í þeim fjárlögum sem við höndlum hér?

[18:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nú tiltækir liðir í fjárlögunum, t.d. óviss útgjöld í fjmrn., þar sem hægt væri að vista þennan kostnað þegar að því kemur. En okkur hefur ekki fundist skynsamlegt að gefa það upp fyrir fram hvað við höfum hugsað okkur að borga fyrir þetta gagnvart þeim aðilum sem þarna munu eiga í hlut, því þá gætu þeir bara sent reikning fyrir þeirri upphæð sem ráðgerð er í fjárlagafrv. Það þarf líka að passa sig á því.

Það er því ekki hægt að segja þetta með neinni vissu, eins og þingmaðurinn reyndar sagði. Það er ekki hægt. Og það væri heldur ekki mjög klókt gagnvart þeim viðskiptum sem þarna eiga sér stað.

[18:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar við hæstv. fjmrh. en ætla aðeins að fara á ská og skjön við hefðbundnar venjur og reglur og bara segja það hér að hæstv. utanrrh. þorði ekki að svara fyrirspurnum mínum áðan og ég skil það ósköp vel.

[18:37]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil í nokkrum orðum greina frá fyrirvara mínum í nál. efh.- og viðskn. um tekjugreiningu fjárlaga, en eins og venja er er þeim hluta fjárlagafrv. vísað til umsagnar efh.- og viðskn. Hér áður fyrr var reyndar öll tekjuöflunin unnin í efh.- og viðskn. en með breyttum lögum um fjárreiður ríkisins hafa vinnubrögð aðeins breyst, þó reyndar ekki í þeim mæli sem lögin raunverulega bjóða upp á.

Fyrst er að segja varðandi þennan þátt fjárlagafrv. að áætlun um breyttar tekjur frv. komu mjög seint fram og gafst ekki gott ráðrúm fyrir nefndina að kanna þær forsendur sem voru lagðar þar til grundvallar.

Breyting á útgjöldum fjárlagafrv. frá 1. til 3. umr. eru einungis 1,7%. Breyting á tekjum frv. frá því að það var lagt fyrst fram eru 2%. Menn sjá af þessu, herra forseti, að ekki eru umtalsverðar breytingar gerðar í meðförum þingsins, á bilinu 1–2%, jafnvel þó að segja megi að í þetta sinn hafi e.t.v. verið meira breytt í fjárlagafrv. heldur en oft áður.

Þetta segir okkur það, herra forseti, að meginafgreiðslan í ríkisfjármálum næsta árs hefur raunverulega verið gerð þegar í meðförum ráðuneytanna og endurspeglast í fjárlagafrv. þegar það er lagt fram á haustin. Frv. var lagt fram með 1,9 milljarða kr. hagnaði en niðurstaðan verður, eins og það verður afgreitt væntanlega frá hinu háa Alþingi, með hagnað eða tekjuafgang upp á 2,5 milljarða. Tekjuaukningin, endurmatið sem gert var milli 2. og 3. umr., er upp á 3,7 milljarða. Meiri hluti fjárln. bætti við 1,8 milljörðum milli 1. og 2. umr. og síðan u.þ.b. 1,4 milljörðum núna milli 2. og 3. umr. Fjárlagafrv. verður því afgreitt með hagnaði, umtalsverðum hagnaði.

Hins vegar eru, herra forseti, ýmis álitaefni í tengslum við þetta fjárlagafrv. Í fyrsta lagi vil ég draga fram hinn mikla viðskiptahalla sem við búum við, hann verður áætlaður 35 milljarðar á þessu ári og 30 milljarðar á hinu næsta, þetta er 65 milljarða viðskiptahalli á tveimur árum. Við höfum aldrei í Íslandssögunni upplifað svona mikinn halla á viðskiptum við útlönd. Það er hægt að skýra sumt af þessu með miklum fjárfestingum, sérstaklega á þessu ári, í orkuframkvæmdum eða í tengslum við orkuver eða iðjuver, en samt sem áður er það ekki nema hluti af skýringunni og þetta hefur verið það atriði sem bæði ég og aðrir hafa gagnrýnt mjög harðlega og haft af því áhyggjur. Sem sagt í fyrsta lagi er veikleikinn viðskiptahalli.

Í öðru lagi eru hér ýmis önnur merki þenslu, sérstaklega sem bent er á í gögnum sem voru til afgreiðslu í tengslum við fjárlagafrv. og það er mikil útlánaaukning. Ég held að Þjóðhagsstofnun hafi orðað það „gífurleg útlánaaukning" sem hefur átt sér stað núna undanfarna mánuði. Benda má á varðandi þetta atriði þá undirliggjandi þenslu sem kraumar í hagkerfinu þó svo að góður vöxtur sé í því, að þá er hægt að tiltaka viðvaranir ýmissa sérfræðinga. Það er nú svo að því miður hlustar hæstv. ríkisstjórn kannski ekki nægjanlega mikið á mig þegar ég er að fara með varnaðarorð, en það eru fleiri sem hægt er að benda á sem hafa af þessu svipaðar áhyggjur, t.d. sérfræðingar OECD sem nýlega skiluðu skýrslu um ástandið hér. Þeir drógu vitaskuld fram marga jákvæða þætti en vöruðu einmitt við því að menn yrðu að gæta sín vel varðandi þá þenslu sem undir liggur í hagkerfinu.

Sömuleiðis má benda á að Seðlabankinn hefur einnig lagt til varnaðarorð í þá umræðu en ekki hefur verið um að ræða viðbrögð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og sér þess engin merki — og jafnvel þvert á móti — varðandi þennan lið í því fjárlagafrv. sem nú á að afgreiða. Þetta er annar veikleikinn, þ.e. undirliggjandi þensla sem ekki er brugðist við.

Í þriðja lagi vil ég draga fram mikla skuldasöfnun. Þó að skuldir ríkisins séu að lækka og þó að verið sé að ræða um skuldir ríkisins þá verðum við vitaskuld að líta á hagkerfið í heild. Þar eru áhyggjuefni, t.d. að erlendar skuldir munu aukast á næsta ári sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Erlendar skuldir munu aukast um 12 milljarða á næsta ári. Það er mikið fé, jafnvel þó að fjárfestingar séu þarna að baki þá eru erlendar skuldir okkar og vaxtagreiðslur til útlanda verulegar upphæðir og ég veit að hæstv. fjmrh. er sammála mér um að það væri mjög brýnt markmið bæði til langs og skamms tíma að minnka erlendar skuldir, m.a. til að minnka vaxtagreiðslur til útlanda. Þriðji veikleikinn er skuldasöfnun, bæði erlendar skuldir og til viðbótar skuldaaukning heimilanna, sem hefur átt sér stað í miðri uppsveiflunni. Í stað þess að heimilin væru að greiða niður skuldir sínar er allt annað upp á teningnum, þ.e. heimilin hafa verið að bæta við skuldir sínar. Þetta er áhyggjuefni. Þegar það fer saman við ónógan sparnað í samfélagi okkar, sem tengist líka viðskiptahallanum, þá er hægt að benda á að þrátt fyrir uppsveiflu hér — og þá vil ég ekki vera að mála hlutina neitt svartari en þeir eru — þá tel ég samt rétt, herra forseti, að draga þessa hluti fram.

Í fjórða lagi, og það er e.t.v. alvarlegri hlutur og er má segja mat á þeirri stöðu sem er frekar en það sem ég nefndi áðan, sem eru staðreyndir og ekki umdeilanlegar sem slíkar þó svo að menn geti deilt um hversu víðtækar ályktanir menn draga af þeim staðreyndum. Í fjórða lagi hef ég nokkrar efasemdir um aðferðafræði hæstv. ríkisstjórnar hér við 3. umr. hvað varðar hagvaxtarspá. Spáin fyrir árið 1998 var endurmetin. Spáin hafði gert ráð fyrir 5,2% hagvexti en hún var endurmetin núna og lækkuð í 5,1% fyrir þetta ár, enda er þessu ári að ljúka og nokkurn veginn hægt að sjá fyrir hvernig þetta ár verður.

En hvað gerist næsta ár? Þegar fjárlagafrv. var lagt fram, herra forseti, og þjóðhagsáætlun var kynnt var gert ráð fyrir 4,6% hagvexti. Nú er hagvöxturinn endurmetinn við 3. umræðu fjárlaga og þá er hækkað úr 4,6 upp í 5%. Ríkisstjórnin telur að hagvöxtur á næsta ári verði 5%. Nú væri e.t.v. hægt að skilja þetta ef hægt væri að færa fyrir þessu sterk efnahagsleg rök en svo er ekki að mínu mati, herra forseti, vegna þess m.a. að allar ríkisstjórnir í nágrannalöndunum eru að endurmeta einmitt sína hagspá fyrir næsta ár og flestar þeirra færa hagvaxtarspá sína niður. Þetta er vegna ástandsins almennt í heiminum. Þá gerir íslenska ríkisstjórnin þveröfugt. Hún metur efnahagsástandið þannig að hagvöxtur verði meiri en hún áætlaði fyrr í haust.

Nú skulum við hafa í huga, herra forseti, að við erum að tala um miklu meiri hagvöxt en er í nágrannalöndunum. Ef ég man rétt þá er talað um 2% hagvöxt í nágrannalöndunum, en við erum að tala um 5% hér. Vitaskuld væri mjög gott ef við næðum þessum hagvexti. En það eru ekki mjög sterkar forsendur fyrir þessu. Ýmis teikn eru okkur jákvæð og hafa verið jákvæð en ég er smeykur um að þarna sé aðeins verið að seilast of langt. Þetta er fjórða atriðið, veikleikinn, þ.e. hagvaxtarspáin, því að ekki þarf að hafa um það mörg orð að aukning á hagvaxtarspá þýðir vitaskuld umtalsverða aukningu í tekjuspánni, stór hluti af þessum 3,7 milljörðum.

Í fimmta lagi er nauðsynlegt að draga fram að ríkisstjórnin áætlar að selja eignir á næsta ári fyrir 8 milljarða. Við verðum að átta okkur á því, herra forseti, að við seljum ekki eignir tvisvar. Þegar búið er að selja þær þá koma þær að hluta til inn sem tekjur hjá ríkissjóði og þær munu verða sem tekjuaukning hjá ríkissjóði á næsta ári, þ.e. sala eigna upp á 3,7 milljarða. Hagnaðurinn er 2,5 þannig að við sjáum að hagnaðurinn og meira til er allt komið til vegna sölu eigna. Við erum sem sagt að ganga á eigur okkar til að halda rekstrinum yfir núllið. Við getum alveg líkt þessu við heimili sem vill ná endum saman og þar er bílinn seldur til að ná

tekjum til að ná endum saman og komast réttum megin við núllið. Þetta er alveg sambærilegt því að ríkið selur ekki eignir sínar nema einu sinni, nákvæmlega eins og heimilið selur ekki sama bílinn nema einu sinni.

Nú er gert ráð fyrir — og það sýnir hvað það er vafasamt sem hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti fjárln. er að leggja til — og allt í einu reiknað með að sala eigna gefi 1,3 milljörðum meira í tekjur. Þetta er endurmat milli 2. og 3. umr.

Ég spurði embættismenn fjmrn. og Þjóðhagsstofnunar á fundi í hv. efh.- og viðskn.: Ja, hvað kemur til? Á að selja eitthvað núna í viðbót og hvað er það? Eða er gert ráð fyrir hærri tekjum? Af hverju er það? Ég fékk engin svör. Mér var ekki sagt að það ætti að selja neitt nýtt. Það lá nokkurn veginn fyrir hvaða heimilda ríkisstjórnin er að reyna að afla sér til sölu á næsta ári. Það liggur nokkurn veginn fyrir hvaða eignir við erum að tala um. En það er gert ráð fyrir 1,3 milljörðum í viðbót. E.t.v. eru menn að endurmeta reynsluna af sölu í bönkunum eða verði sem gefur þá meira. Ég veit það ekki. Ég fékk a.m.k. ekki svör við þessari spurningu. Mér finnst hér dálítið verið að skjóta út í loftið til að ná sér í hærri tekjutölu, ekki síst er 8 milljarða kr. sala á eignum ríkisins á einu ári umtalsverð fjárhæð.

Við þetta set ég visst spurningarmerki. Ríkisstjórnin er hins vegar mjög með það á sinni stefnuskrá að selja eignir ríkisins og ekki hefur nú allt verið framkvæmt sem ætlað var og kemur inn á þessu ári, þar á meðal Íslenskir aðalverktakar, ef ég man rétt, þannig að talan verður vafalítið umtalsverð. En mér finnst undirbygging fyrir þessa 8 milljarða kr. sölu og tekjuaukningu þar með upp á 3,7 milljarða, e.t.v. ekki mjög traustvekjandi og fannst að hluti af sölu ríkiseigna á haustdögum færi e.t.v. ekki þannig fram að til eftirbreytni væri. Þetta var fimmta atriðið sem ég vildi draga fram, þ.e. að setja spurningarmerki við sölu eigna.

Sjötta atriðið sem ég vil benda á er áhersla hæstv. ríkisstjórnar. Ég hef skoðað og embættismenn fjmrn. hafa tekið saman breytingar á þróun tekjuskatts fyrirtækja og tekjuskatts einstaklinga sem er athyglisvert. Það kemur í ljós að samkvæmt áætlun fyrir næsta ár mun tekjuskattur fyrirtækjanna í landinu hækka um u.þ.b. 7% og tekjuskattur einstaklinga um 12%. Það er umtalsvert meiri hækkun á tekjuskatti einstaklinga en á tekjuskatti fyrirtækja. Þetta er atriði sem við höfum verið að draga fram, herra forseti, í efnahagsumræðunni, ekki einungis í tengslum við fjárlög heldur almennt, þ.e. að tekjuskattur einstaklinga hefur verið að þyngjast, hefur verið að aukast umtalsvert mikið á síðustu missirum. Hluti af því er vegna tekjuaukningar og skýrist þá af því að fleiri koma inn í hærri skattþrep vegna tekjuaukningar. En samt sem áður eru tekjur ríkisins af þessum tekjustofni, tekjuskatti einstaklinga, umtalsvert meiri — þær hafa verið það — umtalsvert meiri en nemur verðlagshækkunum, þrátt fyrir lækkun, vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur verið að lækka tekjuskattinn.

Á sama tíma sjáum við að fyrirtækin eru að leggja tiltölulega lítið til ríkisvaldsins í formi tekjuskatts. Nú er það u.þ.b. 7 milljarðar hjá fyrirtækjum á meðan talan fyrir einstaklinga er yfir 23 milljarðar. Ég vil geta þess að þessar tölur eru á gamla greiðslugrunnsfyrirkomulaginu vegna samanburðar við fyrri ár. Þær gefa samt vísbendingu um hlutföllin þarna á milli. Einstaklingarnir leggja til í tekjuskatti u.þ.b. fjórum sinnum meira en hlutdeild fyrirtækjanna er.

Herra forseti. Ég hef áður bent á að við höfum búið íslenskum fyrirtækjum þægilegra skattaumhverfi en þekkist víðast í Evrópu. Þau greiða hér lægri skatta en víðast hvar og hlutdeild þeirra í tekjuöflun ríkisvaldsins er hér minnst miðað við þau ríki sem ég hef haft til samanburðar hvað þann þátt varðar. Þetta sýnis vitaskuld ákveðna stefnu, ákveðna efnahagsstefnu stjórnvalda sem ég tel ekki vera rétta. Ég tel að það væri allt í lagi í þeirri uppsveiflu sem við höfum búið við undanfarin ár að fyrirtækjaumhverfið legði meira til samneyslunnar en það gerir.

Það liggur fyrir, og ég get fellt það undir þennan lið, að Þjóðhagsstofnun telur ekki líkur á mikilli uppsveiflu á næsta ári líkt og hefur verið á þessu. Það hefur verið óvenjulega mikil uppsveifla á þessu ári. Ég vil ég alls ekki gera lítið úr henni, en dreg samt sérstaklega fram að í henni eru þættir sem þurfa frekari skoðunar við.

Það má benda á að ein af forsendunum fyrir fjárlagafrv. og þjóðhagsspánni er óbreytt verðlag á sjávarafurðum. Það er erfitt að spá um það en ýmsir telja að frekar gæti sigið á ógæfuhliðina hvað þann þátt varðar. Vitaskuld vonum við að þetta verðlag standi. Verðhækkanir á sjávarvörum sem skipta okkur verulegu máli hafa verið mjög miklar undanfarin missiri og verið kannski ein aðalorsökin fyrir þessari góðu hagsveiflu hér, fyrir utan þá auknu einkaneyslu sem hefur reyndar endurspeglast í aukinni skuldasöfnun. Þetta eru nokkrar ástæður. En af ytri ástæðum þá hefur mjög hátt verðlag á sjávarafurðum og mjög lágt olíuverð skýrt mjög stóran hluta af þessari efnahagssveiflu. Ríkisstjórnin vill alltaf þakka sinni efnahagsstjórn þennan árangur allan en það er ekki rétt. Vitaskuld getur hún þakkað sér hluta hans. Ég dreg það ekkert í efa. En ytri aðstæður hins vegar skipta vitaskuld verulega miklu máli.

Að síðustu, herra forseti, langar mig til að benda á varðandi þennan þátt að fyrir 1998 varð skekkjan í áætluninni upp á 10 milljarða um það bil á þessu ári. Það eru vitaskuld skýringar á þessu. Þetta eru umtalsverðir fjármunir, um 6% af fjárlögum. Það er hægt að segja og fullyrða: „Það er ekkert að marka þetta. Skekkjumörkin eru svo mikil, óvissumörkin eru svo mikil að þessi hagnaður upp á tvo og hálfan milljarð gæti þess vegna verið gufaður upp um mitt ár."

Ég vil nú ekki taka svo djúpt í árinni. Ég hef ekki forsendur til að segja neitt um það. Ég get hins vegar bent á að skekkjan eða óvissan á þessu ári leiddi í ljós að menn vanáætluðu tekjur og gjöld verulega. Ýmislegt bendir til þess að menn hafi betri yfirsýn yfir næsta ár en menn höfðu fyrir ári síðan yfir þetta ár. Ýmislegt í hagkerfinu bendir til þess. Við skulum nú samt hafa í huga þegar við göngum frá fjárlagafrv. að þessar tölur er ekki hægt að taka alveg bókstaflega, en þær gefa samt vísbendingar um niðurstöðu máls. Það verður að segjast samt alveg eins og er að það að skila tekjuafgangi upp á tvo og hálfan milljarð, ef það stæðist nú allt saman, þá er það náttúrlega betri árangur í ríkisfjármálum en menn hafa oft séð. Þó að ég sé nú í stjórnarandstöðu þá vil ég að það komi alveg skýrt fram að ýmislegt hefur breyst til batnaðar í ríkisfjármálum á undanförnum árum, þó svo að áherslur í mjög mikilvægum málaflokkum séu aðrar hjá mér en hjá hæstv. ríkisstjórn. En það er of langt mál að fara yfir í þá sálma.

Herra forseti. Meginatriðið í umfjöllun minni við lokaumræðu fjárlaga er að benda á ýmsar staðreyndir sem menn þyrftu að gaumgæfa betur. Ég er áhyggjufullur og hef sagt það áður í ræðustól á hinu háa Alþingi. Ég er ekki svo bjartsýnn á efnahagsástandið á næsta ári. Ég kvíði svolítið fyrir þessari þenslu sem mér finnst vera í hagkerfinu og óttast að

verðbólga gæti aftur farið að láta kræla á sér. Ég vil ekki vera með neinar heimsendaspár hvað það varðar en mér kæmi ekki á óvart þó að við mundum þurfa að glíma við alvarlegan efnahagsvanda eða efnahagsvanda sem gæti orðið alvarlegur þegar kemur fram á næsta haust og fram yfir þarnæstu áramót. Vitaskuld er von mín sú að ytri aðstæður haldi áfram að vera okkur hagstæðar. Í meginatriðum er ég samt þeirrar skoðunar að stefnan hvað varðar útgjöld í ríkisfjármálum og tilteknir þættir í tekjuöfluninni þyrfti að skoða út frá annarri hugmyndafræði, en um það snýst jú pólitíkin að reyna að draga fram mismunandi kosti hvað þá hluti áhrærir.

[18:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka síðasta ræðumanni fyrir málefnalegu ræðu og alveg prýðilega umfjöllun um fjárlagafrv. eins og það er nú statt og hans hugleiðingar um efnahagsmálin í víðara samhengi. Þar kom mjög margt fram sem ég er alveg sammála. Við þurfum að hafa áhyggjur af viðskiptahallanum eins og ég hef margsagt úr þessum ræðustóli í haust. Við vitum öll að hinar ytri stærðir þjóðarbúsins geta breyst og að við höfum ekki fullt vald yfir þeim, eins og kunnugt er. Aðalatriðið er þó að mínum dómi að nota þær meðan þær eru svona hagstæðar til þess að búa í haginn og búa sig undir að þetta geti snúist til verri vegar. Ég held að við séum einmitt á fleygiferð að gera það í ríkisbúskapnum.

Það voru tvö, þrjú atriði önnur sem ég vildi drepa á. Í fyrsta lagi varðandi þjóðhagsspána þá er hún ekki unnin af ríkisstjórninni. Hún er unnin af Þjóðhagsstofnun. Við skiptum okkur ekkert af því. Hún er bara faglega unnin og reynt að leggja þar hið besta mat á þær stærðir sem menn þekkja og spá svo fyrir um framtíðina á þeim forsendum sem sagan gefur mönnum. Auðvitað er heilmikil óvissa í öllu er varðar sjávarafla, verð á erlendum mörkuðum o.s.frv. En Þjóðhagsstofnun mat það þannig, og við höfðum ekkert með það að gera í ríkisstjórninni, að það yrði meiri hagvöxtur en áður var talið í haust. Það er fagnaðarefni. Maður vonar að það gangi eftir. Það er best fyrir hag almennings, ríkissjóðs og annarra að svo fari. En þó að annars staðar sé útlit fyrir að hagvöxtur verði minni þá held ég ekki að það þurfi endilega að spila neitt inn í þetta hjá okkur. En Þjóðhagsstofnun metur þetta og það er ekkert pólitískt inngrip inn í þá sálma.

Sama er að segja um tekjuspána sem er afleidd stærð í rauninni af þeim horfum sem Þjóðhagsstofnun metur vera fyrir næsta ár og við höfum í sjálfu sér sáralítið með það að gera.

Að því er varðar sölutekjurnar, herra forseti, sem spurt var um þá er rétt að það komi fram að við höfum endurmetið til að mynda verðmæti það sem fólgið er í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir um markaðsvirði þar. Þar er heilmikil aukning. Hitt atriðið í sambandi við sölutekjurnar er það sem þingmaðurinn nefndi, að stærsti hlutinn af Íslenskum aðalverktökum, hlutur ríkisins í þeim, verður seldur á næsta ári en ekki þessu. Þetta eru stærstu liðirnir í auknum sölutekjum.

[19:02]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans og sérstaklega að við erum með sama áhyggjuefnið, þ.e. viðskiptahallann. Það er alveg rétt að hæstv. fjmrh. hefur oft gert það að umtalsefni og þyrfti að taka á því vandamáli. Hann telur sig vera að gera það að hluta til í þessu fjárlagafrv. Auðvitað getum við haft mismunandi skoðanir á því en við greinum þetta a.m.k. sem vandamál.

Ég var ekki að halda því fram að niðurstaða Þjóðhagsstofnunar væri pöntuð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, ég veit að svo er ekki. En vitaskuld er Þjóðhagsstofnun undir forsrn. og auðvitað er samvinna manna í fjmrn. og Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka og fleiri stöðum við að leggja heildarmat á þessar staðreyndir, líka með tilliti til stefnu ríkisstjórnarinnar um aðrar aðstæður. Þetta mat er alltaf erfitt og ég veit að menn eru alltaf að reyna að leggja eins gott mat á þessa stöðu og hægt er.

Ég dró sérstaklega fram að eins og kannski vill verða í spám, menn geta verið bjartsýnni og svartsýnni eða raunsærri, er þetta allt saman mjög mikið matsatriði. Ég dró sérstaklega fram að við værum að endurmeta til hækkunar þegar aðrir væru að endurmeta til lækkunar og ég sæi ekki alveg hinar skýru, rökréttu forsendur fyrir því. Tekjuspáin er líka alltaf erfið og erfitt að spá fyrir um tekjur og hæstv. ráðherra veit það, eins og tekjur af virðisaukaskatti, jafnvel tekjuskatti, af því að það er mikil óvissa í þessu. Eins og ég nefndi sáum við mismuninn á áætlun og raunveruleika á þessu ári að oft getur skakkað verulega miklu eins og þarna er.

En ég er ekki að gera mönnum upp að búa sér til tölur í þeim efnum, ég er kannski fyrst og fremst að draga fram að ég tel að menn séu að leggja upp með of mikla bjartsýni hvað ýmsa hluti varðar. En ég hugsa að þetta sé samt alveg rétt metið að lokum hjá hæstv. ráðherra að búast má við auknum tekjum af sölu eigna ríkisins miðað við þróun núna í haust. Hvort það verða þessar tölur veit ég ekki en hvað varðar að spá auknum tekjum held ég að sé alveg rétt niðurstaða.

[19:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að mæla fyrir brtt. á þskj. 586 við fjárlagafrv. en ég leyfi mér að leggja til nokkuð hærri fjárveitingar til Barnaverndarstofu. Ástandið í þeim efnum er nokkuð erfitt. Samkvæmt nýjum lögum þurfa barnaverndaryfirvöld að bera ábyrgð á mun stærri hópi en áður í samræmi við ný lögræðislög og einnig — gott ef það varð ekki að lögum í dag — lög um vernd barna og ungmenna.

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar benti á það í bréfi til okkar þingmanna að sú fjárveiting sem ætluð er til Barnaverndarstofu væri allsendis óviðunandi. Hún dygði ekki nema til að mæta þörf fyrir vistun á sex nýjum rýmum fyrir börn og benti á að nú bíða 20 börn á vegum barnaverndarnefndar Reykjavíkur í bráðum vanda eftir meðferð hjá Barnaverndarstofu sem er sýnt að verður ekki hægt að sinna miðað við þá fjárveitingu sem ætluð er í frv. Reyndar hefur fjárln. hækkað aðeins fjárveitingu til Barnaverndarstofu en alls ekki nægilega. Fjárveitingin sem hækkað er um nemur tveimur rýmum til viðbótar sem er náttúrlega langt því frá að duga.

Ég legg til að til viðbótar fái Barnaverndarstofa 80 milljónir þannig að unnt verði að bæta við 24 rýmum til þeirra barna sem eru í bráðum vanda. Þar með væri hægt að sinna þeim sem bíða hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur og einnig nokkrum til viðbótar.

Barnarverndarnefnd Reykjavíkur minnir á að það var Alþingi sem tók þá ákvörðun að auka skyldur ríkis og sveitarfélaga um að sinna málefnum unglinga á aldrinum

16–18 ára og þess vegna er óviðunandi ef Alþingi ætlar ekki að standa við eigin skuldbindingar í þessum efnum. Ég get tekið undir það og flyt þessa brtt. til þess að koma til móts við þá miklu þörf á meðferðarúrræðum fyrir börn hjá Barnaverndarstofu.

Sömuleiðis kemur á sama þingskjali nýr liður undir lífeyristryggingarnar, þ.e. lífeyristryggingar almannatrygginga þar sem ég legg til að komi 100 millj. kr. Í dag höfum við verið að ræða ný almannatryggingalög þar sem skerðingar bóta vegna tekna maka lífeyrisþega eru minnkaðar en í þeirri umræðu hefur komið fram að stór hópur lífeyrisþega fær enga bót eða mjög litla við þessa breytingu. Þeir sem ekki eiga neinn rétt á greiðslum úr lífeyrissjóðum hækka ekki nema um 200–300 kr. við þá hækkun á bótum sem ríkisstjórnin ætlar þeim um áramótin.

Ég legg til að þessar 100 milljónir fari í að greiða kostnað sem kæmi til vegna lagafrumvarpa sem liggja fyrir þinginu og hafa legið fyrir um réttarbætur til lífeyrisþega sem eru einna verst settir í kerfinu. Þar vil ég nefna öryrkja sem búa einir en geta ekki búið með börnum sínum vegna þess að þá skerðast greiðslur þeirra um þriðjung, aðeins við það að þeir búa með börnum sínum. Það að öryrki eignast barn, við skulum segja kona, lækka greiðslur til hennar um þriðjung. Ég hef lagt til í frv. að gerð verði breyting á þessu þannig að heimilað verði að greiða heimilisuppbætur til öryrkja sem búa einir og mundi hluti af þessari fjárhæð koma til þess að mæta þeim breytingum.

Sömuleiðis hef ég lagt til að kjör öryrkja skerðist ekki við það eitt að þeir verði 67 ára, skerðist ekki við það eitt að þeir verði ellilífeyrisþegar. Það kostar ekki mikið að breyta því en ég hefði talið rétt að hluti af fjárhæðinni færi í að mæta þeirri breytingu. Enn fremur er ein breyting til viðbótar, sem ég hef margoft lagt til hér og tel að auknar fjárveitingar þyrftu að koma til, og það er að umönnunargreiðslur greiðist fleirum en maka, þ.e. greiðslur fyrir umönnun á heimili greiðist fleirum en maka sjúklings. Þær ætti að greiða þeim sem er heimilisfastur með sjúklingnum, t.d. systkinum. Þetta hef ég margoft lagt til í frumvörpum og tel fulla ástæðu til þess nú í góðærinu, nú í sólskininu, að komið verði til móts við þessa hópa, hópa sem standa hvað verst að vígi, eiga erfiðast með að berjast fyrir réttindum sínum og fá nánast enga bót hjá ríkisstjórninni í þessum fjárlögum.

Herra forseti. Ég vil einnig taka undir þá tillögu sem kemur frá minni hlutanum um að auka greiðslur til Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar. Ég veit að mikið ófremdarástand ríkir í hjálpartækjamálum heyrnarlausra og heyrnarskertra og nánast neyðarástand á sumum heimilum vegna þess að ekki hefur verið staðið við að útvega hjálpartæki gegnum Heyrnar- og talmeinastöð fyrir þessa hópa. Ég veit um nokkur dæmi sem eru algjörlega afleit og óviðunandi þar sem foreldrar geta jafnvel ekki sinnt börnum sínum vegna þess að þeir hafa lágmarkshjálpartæki til þess vegna fötlunar sinnar. Ég tek því heils hugar undir að aukafjárveiting komi til Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar.

Einnig verð ég að lýsa yfir, áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, áhyggjum vegna fjárhagsástandsins á spítölunum. Ég veit að mjög slæmt ástand er t.d. á Kópavogshælinu hvað varðar aðbúnað, húsnæði sem er nánast ekki mönnum sæmandi að bjóða sjúklingum og vistmönnum á Kópavogshælinu upp á. Ég hefði talið fulla ástæðu til þess að fjárln. færi og kannaði hvernig ástandið er þar hjá ákveðnum hópum sem enn búa á Kópavogshælinu. Auðvitað hefði þurft að sjá til þess að fjárveitingar kæmu til að laga það ástand. Ég veit að í húsakynnum þar sem aldraðir, mikið fatlaðir einstaklingar búa er ekki einu sinni hitakerfi á húsinu og hefði ég nú talið ástæðu til þess í góðærinu að menn kæmu með fjárveitingar til þess að sinna því að þarna sé a.m.k. mannsæmandi aðbúnaður fyrir þá sem þar búa. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[19:14]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Minni hluti fjárln., sem hefur skilað framhaldsnál. við lokaafgreiðslu fjárlagafrv., hefur farið ítarlega yfir þær breytingar sem orðið hafa milli 2. og 3. umr. þannig að ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð um það en vil þó minnast á örfá atriði.

Við 2. umr. fjárlaga hækkuðu útgjöldin verulega eða um 1.750 milljónir eða nálægt því þannig að lítið varð eftir af afgangnum sem var í fjárlagafrv. þegar það var lagt fyrir þingið. Einkenni frv. nú þegar það kemur til lokaafgreiðslu er að útgjöldin hækka enn þannig að í heild nemur útgjaldaaukinn frá því frv. var lagt fram, um 3,5 milljörðum kr. En það sem ég staldra aðeins við, herra forseti, er tekjuhlið þessara fjárlaga. Það verður að segja að það veldur verulegum áhyggjum hve það er oft, kannski ekki bara hjá þessari ríkisstjórn, sem miklar skekkjur eru í tekjuhlið fjárlaga hvort sem það er vísvitandi eða ekki. Stundum hefur maður grun um að það sé vísvitandi sem ekki eru settar fram allar þær tekjur sem menn geta séð fyrir sér á næsta ári. Það höfum við fyrir okkur varðandi yfirstandandi ár að þegar upp var staðið urðu tekjurnar miklu meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. þessa árs. Ef ég man töluna rétta var um að ræða 9 milljarða kr., hvorki meira né minna sem var umfram það sem Alþingi afgreiddi fjárlög með.

Þrátt fyrir útgjaldaauka við 2. og 3. umr. hjá meiri hlutanum, er engu að síður sýnd niðurstaða með tekjuafgangi upp á 2,5 til 2,8 milljarða kr. Ég velti fyrir mér hvernig hann er fenginn. Hér er 1.300 millj. kr. bætt við vegna sölu eigna. Það er auðvitað athyglisvert að ríkissjóður er réttur af að stórum hluta með sölu eigna. Eins staldra ég við skattabreytingar upp á 1.828 millj. kr. Tekjurnar af virðisaukaskatti eru hjá meiri hlutanum áætlaðar 400 millj. kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Minni hlutinn segir í nál. sínu að hann telji að tekjur af virðisaukaskatti séu ofáætlaðar um allt að 2 milljarða. Þarna ber nú heldur mikið á milli finnst mér. (**Gripið fram í:** Fjórðungur.)

Ég les hér upp úr framhaldsnál. frá minni hluta fjárln.:

„Þá telur minni hlutinn að með tilliti til þróunar síðustu mánaða séu tekjur af virðisaukaskatti ofáætlaðar um allt að 2 milljarða kr. á þessu ári.“

Ég hef ekki kannað þetta nákvæmlega, herra forseti, út af framíkalli hæstv. ráðherra, en les einfaldlega upp sem stendur hér. Ég hef ekki kynnt mér það að öðru leyti. Ég vek athygli á, herra forseti, að minni hlutinn segir að tekjurnar séu ofáætlaðar um 2 milljarða meðan meiri hlutinn gefur sér í tekjur 400 millj. af virðisaukaskatti umfram það sem er í fjárlögum. Ég vek athygli á því ósamræmi sem þarna er, án þess að ég hafi haft tækifæri til að fara ofan í þessa hluti. Ef hæstv. ráðherra getur skýrt það við þessa umræðu þá er það náttúrlega mjög gott.

Ég hefði haldið að það væri varlegt að áætla meira í virðisaukaskattinum en gert er nema því fylgi þá mjög góður rökstuðningur. Ég vitna þar t.d. í svar sem ég fékk frá fjmrh. nýlega um virðisaukaskatt. Þar kemur fram að tekjur

af virðisaukaskatti vegna innanlandsveltunnar hafa dregist verulega saman. Á fjögurra ára tímabili, frá 1993 til 1996, var samdráttur á innanlandsveltunni um 4 milljarða kr.

Það er sérmál og tengist náttúrlega ekki fjárlagaafgreiðslunni, að skoða framkvæmdina á skattinum og fá skýringu á því af hverju virðisaukaskattur af innanlandsveltunni er svona sveiflukenndur og hefur dregist verulega saman. Af svari hæstv. ráðherra við fsp. minni skilst mér að það sé mál sem ráðuneyti hans sé sérstaklega að skoða. Þessi mismunur á afstöðu meiri hlutans og minni hlutans til þess hvað virðisaukaskattur skilar vakti athygli mína. Það verður auðvitað að vera minni hlutans að skýra hvernig hann hefur fengið út þessa milljarða.

Þessir viðbótaskattar eru 1.828 millj. Það er athyglisvert sé til þess litið að skattar á fyrirtæki hafa ekki skilað, tekjuskatturinn sérstaklega, miklu í ríkissjóð á þessu kjörtímabili. Mig minnir að það hafi komið fram, hvort það var við þessa umræðu eða 2. umr., að þegar litið er á allt kjörtímabilið greiði fyrirtækin um 16 milljarða í skatt af 100 milljarða kr. tekjum en launafólk 84 milljarða. Ég spyr hæstv. ráðherra, af því hann hefur kvatt sér hér hljóðs í andsvörum, hvort þessi hlutföll sem ég nefndi séu eitthvað sem hann getur kannast við. Ef ég skil málin rétt þá eru hækkanir á fyrirtæki milli ára í þessu fjárlagafrv. minni hækkun en á einstaklinga.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að ræða meira um heildarmyndina sem við höfum af fjárlögunum. Það hlýtur náttúrlega að vera áhyggjuefni hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnarinnar hvað skuldir heimilanna hafa vaxið mikið í þessu góðæri og í tíð ríkisstjórnarinnar. Við höfum fyrir okkur að skuldir heimilanna sem eru nú á fimmta hundrað milljarð kr., einhvers staðar vel yfir 400 milljarða, hafa aukist um 73 milljarða á 24 mánuðum. Það má vel vera að á því séu haldbærar skýringar. Menn segja að þenslan sé mikil í þjóðfélaginu o.s.frv. Þetta er áhyggjuefni og hv. formaður fjárln. og flokkur hans höfðu í tíð síðustu ríkisstjórnar miklar áhyggjur af skuldum heimilanna. Ég hygg hins vegar að þær hafi vaxið hraðar ef eitthvað er í tíð þessarar ríkisstjórnar en hinnar fyrri. Þetta vildi ég nú segja, herra forseti, um fjárlög við þessa lokaafgreiðslu málsins.

Ég vildi líka fá að mæla fyrir tveimur brtt. sem ég flyt. Fyrst mæli ég fyrir brtt. á þskj. 598 um að auka fjármagn til skattrannsóknarstjóraembættisins um 5 millj. kr. Ekki er þetta há fjárhæð sem ég legg til. Hún er lág og lægri en hún þyrfti að vera. Ég hef þá bjargföstu trú, herra forseti, að öllu fjármagni sem lagt er í skattrannsóknir og til skattrannsóknarstjóra sé vel varið. Við höfum fyrir okkur nýlegar tölur sem birtust hér á síðasta þingi um árangurinn af skattrannsóknum og skatteftirliti. Það voru gífurlegar fjárhæðir. Mig minnir að á einu ári hafi skilað sér vegna skattrannsókna, um 500–600 millj. kr. Ég hygg að þessar 5 millj. kr. sem hér er lagt til að verði settar í þetta, muni fljótlega skila sér tvöfalt til baka ef ekki meira. Ég lít því á þessa tillögu sem sparnaðartillögu, herra forseti, en ekki útgjaldatillögu. Ég hefði gjarnan viljað sjá að settar væru til skattrannsókna 50 millj. en ekki 5 millj. Ég lít á þetta sem sparnaðartillögu. En ég hef hana nú ekki hærri en þetta vegna þess að ég er að vonast til þess að meiri hlutinn geti samþykkt svo lága fjárhæð til að auka við skattrannsóknir. Þetta samsvarar sennilega einu og hálfu stöðugildi og ég er sannfærð um að hv. formaður fjárln. er mér sammála um að ég mæli hér fyrir sparnaðartillögu. Ég vona að um hana geti náðst samstaða.

Seinni tillagan er útgjaldatillaga. ég neita því ekki að þar er um töluvert háar fjárhæðir að ræða. Brtt. þessa flyt ég ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni, Kristínu Halldórsdóttur, Ögmundi Jónassyni og Rannveigu Guðmundsdóttur. Tillagan snertir leiguíbúðir. Við leggjum til verulega breytingu á þeirri fjárhæð sem er í fjárlagafrv. sem er 180 millj. og á að duga til að koma á fót 120 leiguíbúðum. Við leggjum til 720 millj. kr. aukningu, þannig að um verði að ræða 900 millj. Með þeirri fjárhæð og miðað við sambærilega útreikninga og þessar 180 millj. byggja á, erum við að tala um 600 leiguíbúðir sem hægt væri að kaupa eða byggja á næsta ári ef um þessa tillögu næðist samstaða á hv. Alþingi.

Nú fyndist mér ekki óeðlilegt að hæstv. ráðherra kæmi hér í ræðustól og spyrði hvar hann eigi að taka peninga fyrir þessum 720 millj. sem þingmaðurinn er hér að mæla fyrir. Ég veit, herra forseti, að ég og hæstv. fjmrh. erum ekki sammála um hvað hægt sé að taka inn í fjármagnstekjuskatti. Ég hygg því að það þjóni kannski litlum tilgangi að tefja tíma þingsins með því að ég og hæstv. ráðherra deilum hér um skoðanir okkar á fjármagnstekjuskattinum eða hvað taka megi inn í ríkissjóð miðað við mismunandi framkvæmd á honum. Ég skal því ekki tefja tímann til að rifja það upp. Við höfum farið í gegnum það og ljóst að við erum ekki sammála. Við vorum það ekki og ég geri ekki ráð fyrir, herra forseti, að það hafi breyst á þeim mánuði eða svo, síðan við ræddum þetta hér í þingsal.

Þær 1.300 millj. sem skiluðu sér vegna fjármagnstekjuskatts á þessu ári teldi ég, herra forseti, að mundu skila 700 millj. til viðbótar, sem er mjög lágt mat og ég held það sé miklu hærri upphæð sem mundi skila sér inn í ríkissjóð, miðað við þá útfærslu sem við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til. Að auki bendi ég á að minni hlutinn leggur til að tryggingagjald verði hækkað og þannig aflað 1,5 milljarða kr. viðbótartekna. Ef ég skil málið rétt er svigrúm, a.m.k. um 500 millj. innan þeirrar tekjutillögu sem minni hlutinn mælti hér fyrir.

Herra forseti. Út af fyrir sig væri hægt að halda mjög langa ræðu um þörfina á leiguíbúðum. Við fórum í gegnum utandagskrárumræðu um það fyrir ekki löngu síðan þar sem fram kom að þörfin fyrir leiguíbúðir — og það var ítarlega rökstutt af mér og hv. þm. Ögmundi Jónassyni — væri sennilega um 1.200 íbúðir. Ég tel að þær séu nær 1.500. Þar af eru í Reykjavík um 700 fjölskyldur sem bíða eftir leiguíbúðum. Einnig kom fram að áhrifin af nýja húsnæðiskerfinu kölluðu á um 210 íbúðir í Reykjavík. Talið var ljóst að í brýnni þörf væru 470 manns hér í Reykjavík. Það er fyrir utan skort á leiguíbúðum á stærri stöðunum eins og Kópavogi, Akureyri og Hafnarfirði en þar bíða nokkur hundruð manns. Nefndur var langur biðlisti hjá Öryrkjabandalaginu, þar voru um 270 manns á biðlista og hjá Félagsstofnun stúdenta voru einhverjir tugir. Því var lýst yfir af framkvæmdastjóra Félagsbústaða að húsnæðisneyð væri í borginni. Þessu viljum við mæta. Það hefur oft verið sagt úr þessum ræðustól að við viljum mæta þörfum þeirra sem verst standa í þjóðfélaginu, þörfum þeirra tekjulægstu. Af þeim sem gerst til þekkja er vitað að þeir sem helst njóta góðs af félagslega kerfinu eru einstæðir foreldrar sérstaklega, öryrkjar, námsmenn, aldraðir og tekjulágar, barnmargar fjölskyldur.

Þess vegna tel ég, herra forseti, nauðsynlegt að bregðast við í þessu máli. Ég spyr: Hvar á þetta fólk höfði sínu að að halla eftir að nýja íbúðalánakerfið hefur tekið við og einungis er gert ráð fyrir um 120 leiguíbúðum?

Herra forseti. Það sem ég fékk hér í hendurnar í dag hefði, ef við hefðum ekki haft svona knappan tíma, kallað á mjög ítarlegar umræður af minni hálfu. Málið er það alvarlegt að ég hefði, ef við hefðum haft meira svigrúm, herra forseti, óskað eftir utandagskrárumræðu um það mál. En ég vil þess í stað nota örfáar mínútur til að segja hvað hér er á ferðinni, vekja athygli á þessu máli. Þetta er mál sem ég mun auðvitað óska eftir að verði rætt á einn eða annan hátt strax þegar þing kemur saman. Það tengist reyndar þeirri brtt. sem ég flyt um að fjölga leiguíbúðum, þ.e. það sem hæstv. félmrh. hefur gefið út núna og er til þess að byggja greiðslumat í nýja Íbúðalánasjóðnum á. Og það vekur mér skelfingu og ótta.

Hæstv. félmrh. ætlar að miða greiðslumatið við framfærslukostnað samkvæmt bráðabirgðaviðmiðunarneyslu Ráðgjafarstofu. Það höfum við fyrir framan okkur í þessari bók sem heitir Skýrsla starfshóps um nýtt greiðslumat sem var gefið út í febrúarmánuði. Þar er gefin út tafla sem miðar við meðaltekjur þeirra sem búa í félagslegum eignaríbúðum. Miðað við að 28% af tekjum fólks megi renna í húsnæðiskostnað, þá er sýnt fram á að það vantar frá 30 upp í 60 þús. kr. til að þetta fólk geti staðið undir þessari greiðslubyrði. Nú kemur hæstv. ráðherra fram með þennan framfærslukostnað, þar sem hann gengur enn lengra en hér er gert og vil ég t.d. nefna eina tölu. Einstætt foreldri með tvö börn gefur Ráðgjafarstofan út að hafi til framfærslu 77 þús. kr. sem þýðir að 61 þús. kr. vanti upp á að það standist greiðslumat miðað við 28%. Nú ætlar hæstv. ráðherra að lækka framfærslukostnað einstæðra foreldra með tvö börn þannig að hann verði ekki 85 þús. heldur 57 þús. Það lækkar hann bara sisvona, herra forseti, um 30 þús. og segir: Einstætt foreldri með tvö börn á að láta sér nægja til framfærslu 57 þús. kr. og má eyða því sem það hefur umfram það í greiðslubyrði lána. Þetta þýðir með öðrum orðum, á mannamáli, herra forseti, að það er verið að hækka greiðslumatið í nýja Íbúðalánasjóðnum að því er varðar húsbréf á almennum markaði og að því er varðar félagslega íbúðakerfið upp í 30–50% og segja við fólk: Þið megið eyða 30–50% af ykkar tekjum til að greiða niður afborganir og lán af ykkar húsnæði.

Ég vil minna á í því sambandi að þegar húsbréfakerfinu var komið á, þá fórum við fyrstu vikurnar með matið upp í 30% en það stóð aðeins yfir í nokkrar vikur af því við sáum að það mundi leiða til holskeflu gjaldþrota og fórum því með þessi 30% niður í 18%. Nú er okkur boðið upp á greiðslumat sem getur þýtt 30–50%. Hér stendur hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sem hefur unnið að undirbúningi að því að koma upp þessu nýja kerfi þannig að hún gæti upplýst okkur um það kannski hvort ég sé ekki að fara með rétt mál, að það séu 30–50% af tekjunum sem megi fara til að greiða niður lánin. Hv. þm. Ögmundur Jónasson þekkir vel Sigtúnshópinn frá 1983. En ég spái því að innan örfárra vikna, mánaða eða missira muni verða hér holskefla af gjaldþrotum ef þetta á að ganga eftir.

Og af hverju er hæstv. ráðherra að þessu, herra forseti? Hann er að nafninu til að reyna að smeygja öllum sem voru í félagslega íbúðakerfinu inn í nýja Íbúðalánasjóðinn nú rétt fyrir kosningar og það er engum greiði gerður með því vegna þess að þetta fólk mun ekki standa undir greiðslumatinu. Það þarf því auðvitað að búa sig undir stórfelld greiðsluerfiðleikalán á komandi mánuðum eða missirum ef þetta gengur eftir.

Þessu vildi ég halda til haga núna þegar við ræðum fjárlögin við lokaafgreiðslu þeirra og ítreka, herra forseti, að mér finnst hér vera stórmál á ferðinni og ef við værum ekki á lokadegi eða dögum þessa þinghalds þá mundi ég kalla eftir langri og ítarlegri umræðu um það og er auðvitað skapi næst að halda langa ræðu af því að ég hef ótakmarkaðan ræðutíma núna varðandi þennan þátt málsins. Svo alvarlegt finnst mér þetta mál vera. En málið verður tekið upp þegar þing kemur saman að loknu jólaleyfi. Látið skal hér við sitja að flytja þessa aðvörun um það sem í stefnir núna um mánaðamótin eða áramótin við þær breytingar sem verða þegar félagslega íbúðakerfið verður lagt niður og nýr Íbúðalánasjóður tekur við.

Herra forseti. Ég stóð hér upp aðallega til að mæla fyrir þessum brtt., þessari um leiguíbúðirnar og lítilli tillögu sem ég flyt um 5 millj. kr til skattrannsókna og ítreka það, herra forseti og veit að hæstv. ráðherra fjármála er mér sammála, að það er ekki hægt að kalla slíka tillögu annað en sparnaðartillögu sem mun skila sér margfalt aftur inn í ríkissjóð.

[19:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil eingöngu víkja að því sem hv. þm. nefndi í upphafi máls síns að því er varðar tekjuhlið fjárlaganna. Ég var reyndar búinn að svara því við fyrirspurn frá öðrum þingmanni hvernig breytingin hefur orðið að því er varðar áætlaðar sölutekjur. Það er vegna þess að fyrir liggja betri upplýsingar um verðmætið sem fólgið er í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og vegna þess að stærri hluti af eignarhlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum verður seldur á næsta ári og minni á þessu ári. Það er tilflutningur.

Þingmaðurinn lét þess getið að minni hlutinn í fjárln. teldi að þróun síðustu mánaða að því er varðar virðisaukaskatt benti til að hann væri ofáætlaður um 2 milljarða á þessu ári. Þetta stendur í framhaldsnál. minni hlutans. Þar stendur líka örfáum línum ofar, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn telur að í þjóðhagsáætluninni felist vanmat á innflutningi og fjárfestingu.“

Þá er verið að tala um áætlunina fyrir næsta ár. Þetta alveg óvart, hv. þm. og herra forseti, er mótsögn því ef vanmat er á innflutningi og fjárfestingu þá þýðir það að tekjurnar eru vanáætlaðar fyrir næsta ár. En svo er sagt nokkrum línum neðar að þær séu ofáætlaðar um 2 milljarða á þessu ári. Þetta hangir allt saman. Þær upplýsingar sem við höfum að því er varðar virðisaukaskattinn á þessu ári — þær nýjustu eru frá því í byrjun þessa mánaðar, skiladagur á virðisaukaskatti var 5. desember — staðfesta áætlun okkar um að innheimta virðisaukaskatt á þessu ári. Þannig að þetta tal um að virðisaukaskatturinn sé ofáætlaður á þessu ári stenst ekki. Áætlanir ráðuneytisins standast mun betur en þetta sem er nú reyndar upphaflega komið frá Ríkisendurskoðun og þaðan inn í álit minni hlutans, ef ég man þetta rétt. Þannig er nú þetta.

Auðvitað veit enginn fyrir víst hvernig þjóðhagsáætlunin rætist eða þjóðhagsspáin. En ég held ekki að í henni sé um að ræða neitt sérstakt vanmat á innflutningi og fjárfestingu. Við erum einmitt að reyna að draga úr viðskiptahallanum með ýmsum aðgerðum eins og kunnugt er þannig að það væri mjög óráðlegt að reikna með að þar væri meiri tekjur að hafa af innflutningi og fjárfestingu heldur en nú er lagt til eða áætlað af hálfu Þjóðhagsstofnunar.

[19:39]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. ber brigður á það sem stendur í framhaldsnál. að því er varðar virðisaukaskattinn sem minni hlutinn telur ofáætlaðan um allt að 2 milljarða. Nú hef ég ekki legið yfir þessu nál. eða farið ofan í þær forsendur sem minni hlutinn gefur sér í þessu sambandi. Þó vil ég benda á að ég tel að vanmat á innflutningi þurfi ekkert að stangast á við það að tekjur af virðisaukaskatti séu ofáætlaðar vegna þess að það gæti falist í því — en það væri auðvitað mikil breyting — að veltan innan lands væri svo miklu minni en hún hafi t.d. verið. Það gæti verið skýringin á því sem minni hlutinn setur hér fram. Ég skal ekki um það segja. En miðað við þá reynslu sem við höfum af virðisaukaskattinum, t.d. innan lands eins og ég kom mikið inn á, og þær sveiflur sem hafa verið á þeim skatti og það niður á við þannig að tekjurnar af innanlandsveltunni hafa verið miklu minni þó þær hafi verið meiri af innflutningnum, þá er það eitthvað sem þarf að skoða og varlegt er að gefa sér það að miklar viðbótartekjur fáist út úr virðisaukaskattinum sem meiri hlutinn gefur sér að séu 400 millj. kr.

Sú staðreynd málsins sem ég var aðallega að draga fram, herra forseti, er hvað það veldur miklum áhyggjum hvað tekjuhlið fjárlaganna er alltaf röng, að við stöndum frammi fyrir því að það sem sett er fram í fjárlögum hvers árs, stenst ekki. Það skeikaði t.d. 9 milljörðum króna hvað tekjurnar voru meiri á þessu ári. Þetta veldur áhyggjum, þ.e. hvað þessi mikilvæga spá um tekjuhlið fjárlaganna stenst illa í fjárlögunum. Það var ég að reyna að draga fram í máli mínu, herra forseti, og einnig það hvað valt er að treysta á virðisaukaskattinn, sérstaklega af veltunni innan lands.

[19:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þýðingarlítið að karpa um þessa hluti hér. Auðvitað eru þessar spár ákveðinni óvissu háðar. En ég held að þingmaðurinn sé nokkuð á villigötum með allt þetta tal um mismuninn á virðisaukaskatti á innflutningi og veltunni innan lands. Við höfum farið yfir það dálítið við annað tækifæri. Virðisaukaskattur á innflutningi kemur til frádráttar yfirleitt sem innskattur innan lands og það hvernig þetta þróast hangir þá saman við hvort aukning er í innflutningi almennt eða hvort t.d. útflutningur er að aukast. Það gefur í sjálfu sér engar vísbendingar um neina stórkostlega hluti.

Aðalatriðið er að þjóðhagsspáin hefur gefið Þjóðhagsstofnun tilefni til að endurmeta tekjurnar af virðisaukaskattinum, hækka þær um 400 millj. Hv. þm. sat sem ráðherra í sjö ár og veit hvernig þessi hlutir ganga fyrir sig. Það er ekki svo að ríkisstjórnin geti pantað einhverjar slíkar niðurstöður. En vegna þess að meiri veltubreytingar eru í þjóðhagsspánni en áður var gert ráð fyrir og hagvöxturinn er meiri, þá þýðir það bara að virðisaukaskatturinn eykst. Þetta er afleidd stærð og um það þarf ekkert að deila. Hitt er svo alveg rétt að þessar spár hitta ekki alltaf í mark, hvorki að því er varðar þennan skatt né aðra tekjuöflun hjá ríkinu. Það er eitt af þessum vandamálum sem alltaf er við að fást og ekkert sérstaklega bundið við fjárlögin núna, en allir sem að þessum málum koma eiga að reyna að endurbæta eins og hægt er. Það liggur í hlutarins eðli að þegar um er að ræða spár um stærðir af þessum toga þá er ekki hægt að gera þær með 100% nákvæmni. Þá væri orðið mjög dularfullt ástand í þjóðfélaginu. Við gætum ekki lengur talað um frjálst þjóðfélag ef hægt væri að áætla þessar tekjur og skammta þær með 100% nákvæmni ár fram í tímann eða í fjárlögum fyrir eitt ár fram í tímann eins og við erum hér að fást við. Þetta er bara hluti af þeim takmörkunum sem um er að ræða eðli málsins samkvæmt í þessu ferli og alls ekki neitt nýtt fyrirbæri.

[19:44]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1999, 1. mál, brtt. JónK, þskj. 601; brtt. fjmrh., þskj. 606.

[19:44]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að flytja langt mál um fjárlög ríkisstjórnarinnar, ég hef gert grein fyrir sjónarmiðum mínum í ræðum áður. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að við fyrri afgreiðslu í lok 2. umr. var felld tillaga sem flutt var af hálfu þingflokks óháðra um að fella niður komugjöld á heilsugæslustöðvar. Við höfðum lagt til að ríkissjóður reiddi fram 250 millj. kr. til að fella þessi gjöld niður og í annan stað var felld tillaga sem við höfðum borið fram um að rúmum 280 millj. yrði varið inn í almannatryggingakerfið til að koma til móts við aldrað fólk og öryrkja þannig að það fengi ókeypis tannlæknaþjónustu, og peningunum yrði einnig varið til að hækka aldursviðmiðunarmörk unglinga úr 15 árum í 17. Enn liggja fyrir þinginu ýmsar tillögur frá þingflokki óháðra og vil ég nefna tillögu um að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af rafbílum og öðrum farartækjum sem nýta innlenda orku. Þá er hér tillaga frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, en fyrri tillagan sem ég nefndi var einnig flutt af honum, um græna þjóðhagsreikninga. Þá eru tillögur sem við flytjum um fjárframlög til að efla rekstur þjóðgarða. Eins og heyra má er hér um að ræða tillögur sem lúta að umhverfis vernd og eru í takt við áherslur hinnar nýju vinstri hreyfingar sem gengur undir heitinu, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, og leggur áherslu á félagslegt réttlæti, jöfnuð og umhverfisvernd.

Þá vil ég vekja athygli á tillögu sem er flutt af hálfu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Svavari Gestssyni, Kristínu Halldórsdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur auk þess sem hér stendur, um stóraukið framlag til húsnæðismála. Við höfum af því þungar áhyggjur að sú upphæð sem ríkisstjórnin áformar að verja til byggingar leiguíbúða eða öllu heldur til að niðurgreiða lán sem sveitarfélögin tækju til að reisa leiguíbúðir sé óraunsæ og allt of lág. Gert var ráð fyrir því á fjárlögum að ráðist yrði í byggingu allt að 120 íbúða. Við teljum að þörfin verði margfalt á við það sem hér er boðað og hefur talan 1.000 til 1.500 íbúðir verið nefnd í því sambandi. Máli mínu til stuðnings vil ég nefna að í Reykjavík einni eru samkvæmt opinberum heimildum um 1.000 manns, einstaklingar og fjölskyldur á biðlista eftir húsnæði og einnig er mikil þörf á húsnæði í sveitarfélögunum í grenndinni, Kópavogi og Hafnarfirði. Sama gildir um Akureyri og án efa aðra staði einnig. Ég tek undir þær áhyggjur sem fram komu í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vegna breytinga sem senn ganga í gildi á húsnæðislöggjöfinni og hvaða afleiðingar það hefur fyrir tekjulágt fólk og tekjulægri hluta samfélagsins sem mun ekki rísa undir þeim vaxtaklyfjum sem verið er að setja á fólk. Það er stórt stökk að fara úr raunávöxtun sem nemur 2,5% í rúmlega 5% raunávöxtun. Og nú er áformað að breyta greiðslumati á þann veg að fólki er opnuð leið inn í þetta kerfi. Áður var greiðslumat í almenna húsbréfakerfinu

18% en það rýkur núna upp um helming og spurningin er þessi: Hversu raunsætt er það mat? Mun fólk rísa undir þessu? Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var með spádóma um að þetta mundi leiða til gjaldþrots fjölda fjölskyldna þegar fram líða stundir og kannski ekki mjög langt fram í tímann, þess sé ekki langt að bíða nema gripið verði til ráðstafana til að koma til móts við fólk. Til þeirra ráðstafana er auðvelt að grípa en til þess þarf að reisa við félagslegt húsnæðiskerfi á Íslandi. Til að svo megi verða þarf að skipta um ríkisstjórn. Íslensku þjóðinni gefst kostur á því að skipta um ríkisstjórn í landinu í kosningum eftir fáeina mánuði og ég held að það sem er að gerast í húsnæðismálum sé vitnisburður um nauðsyn á slíku.

Að lokum, hæstv. forseti, ætla ég að víkja að málefnum aldraðra og öryrkja og leggja áherslu á að í umræðu um málefni aldraðra og öryrkja vill oft gleymast að líta á einstaklinginn sjálfan og fjölskylduna sem slíka. Menn drukkna iðulega í stóru tölunum, hundruðum milljóna og prósentustigum og öðru af því tagi en staðreyndin er sú að þegar litið er til lífskjara öryrkja og aldraðra sem ekki eiga í digra lífeyrissjóði að sækja, þá eru þessi kjör gersamlega óásættanleg. Öryrki getur hæst fengið 63.500 kr. eða þar um bil og samkvæmt þeim tillögum sem liggja fyrir þinginu og verður senn gengið til atkvæða um, munu þessar upphæðir hækka um 4%. Það er því ekki að undra að forsvarsmenn öryrkja og forsvarsmenn samtaka aldraðra séu þungorðir þessa dagana í garð ríkisstjórnarinnar og má í því sambandi vísa í viðtöl sem birtust í Morgunblaðinu í gær, 18. desember, við Benedikt Davíðsson, formann Landssambands eldri borgara, annars vegar og Garðar Sverrisson, varaformann Öryrkjabandalags Íslands, hins vegar, en Benedikt Davíðsson, formaður Landssambands eldri borgara, segir að ellilífeyrisþegum sé smátt skammtað af góðærinu með áformum ríkisstjórnarinnar um breytingar á elli- og örorkulífeyri. Undir þetta tekur talsmaður Öryrkjabandalagsins einnig og ég vil gera það að mínum lokaorðum að taka undir þau sjónarmið sem fram koma hjá þessum aðilum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:56]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 601 og 606. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

[19:56]

Útbýting þingskjals:

Frestun á fundum Alþingis, 379. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 607.

[19:56]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess varðandi fundarhaldið að tveir hv. þm. eru á mælendaskrá í fjárlögum enn þá, með áreiðanlega afar stuttar ræður, og að þeim loknum verður gert fundarhlé í hálfa klukkustund og síðan haldið áfram. (**Gripið fram í:** Til hvers?)

Það var samkomulag um það, ef verið er að spyrja, að gera fundarhlé í hálfa klukkustund.

[19:57]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu um fjárlög sem hér hefur farið fram. Hún hefur verið málefnaleg og ég hef í rauninni ekki miklu við að bæta og ætla ekki að lengja hana. Erindi mitt var að mæla fyrir þrem brtt. Tvær þeirra varða ákvörðun sem kom upp á borð okkar eftir að búið var að gefa út nál. og ég flyt þær tillögur ásamt Sturlu Böðvarssyni. Sú fyrri er að við 7. gr. komi nýr liður:

„Að semja við sveitarfélög eða samtök þeirra um uppgjör vegna innlausnar íbúða í félagslega íbúðakerfinu.“

Til að standa undir þessu er lagt til á þskj. 597 að útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum hækki um 50 millj. en áður hafði verið gerð brtt. um að hækka þau um 110 millj.

Seinni brtt. er á þskj. 601, við 7. gr. komi nýr liður: „Að selja hluta lóðar Ríkisútvarpsins, Efstaleiti 1, Reykjavík.“

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landmælingar og kortagerð, 1. umr.

Frv. meiri hluta umhvn., 370. mál (aðsetur Landmælinga). — Þskj. 581.

[19:59]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Með dómi Hæstaréttar 18. desember 1998 var ákvörðun umhvrh. um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness dæmd ólögmæt, þar sem ráðherra hafði ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar frá Reykjavík til Akraness. Með þessu hefur skapast óvissa og því hafa stjórnarflokkarnir ákveðið að flutt verði frv. til að eyða þessari óvissu. Allshn. tók málið til umfjöllunar og var þar rætt hvort flytja ætti frv. sem veitti hverjum ráðherra almenna heimild með lögum til að ákveða aðsetur stofnana sem undir þann viðkomandi ráðherra heyrir. Ekki varð samkomulag í allshn. Meiri hluti nefndarinnar afgreiddi málið með þeim hætti að rita umhvn. bréf og vil ég vitna í niðurlag þess, með leyfi forseta. Í bréfi frá allshn. segir svo:

„Meiri hluti nefndarinnar telur að dómur Hæstaréttar gefi tilefni til að taka heildstætt á málinu, enda þótt ekki næðist samstaða í allsherjarnefnd um að ráðast í slíkar breytingar með ekki lengri fyrirvara. Þó er ljóst að nú þegar verður að gera sértækar breytingar vegna fyrirhugaðs flutnings Landmælinga Íslands til Akraness 1. janúar nk. Því beinir meiri hluti allsherjarnefndar því til umhverfisnefndar að hún beiti sér fyrir breytingum á lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, er staðfesti þau áform um flutning stofnunarinnar sem boðuð hafa verið.“

Í framhaldi af atbeina allshn. og bréfi hennar til umhvn. hélt umhvn. fund um málið og varð niðurstaðan sú að meiri hluti nefndarinnar flytur frv. um breyting á lögum nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð. Sá sem hér talar mælir fyrir frv. sem formaður umhvn. en frv. hljóðar svo:

„1. gr. Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimili Landmælinga Íslands er á Akranesi.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Frv. fylgir að sjálfsögðu greinargerð.

Ég vil ljúka máli mínu, virðulegi forseti, með því að leggja til að máli þessu verði vísað til 2. umr. Ég ítreka nauðsyn þess að málið verði lögfest hér á þinginu áður en hlé verður gert á þingstörfum.

[20:02]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nokkuð langt er um liðið síðan skýrt var frá því að ríkisstjórnin hefði í hyggju að flytja Landmælingar ríkisins frá Reykjavík til Akraness. Almennt var starfsfólk

stofnunarinnar mjög andvígt ráðstöfuninni. Þarna er um að ræða stofnun sem hefur í þjónustu sinni marga sérþjálfaða starfsmenn sem færðu rök fyrir máli sínu um hve óhagkvæmur þessi flutningur væri og kostnaðarsamur, auk þess sem þeir bentu á ýmis sanngirnisrök. Engu tauti varð við hæstv. ráðherra komið. „Þetta er pólitísk ákvörðun", sagði hann. Vandinn er sá að pólitík sína rak ráðherrann á lögbrotum og sannast sagna kemur það mörgum okkar sem komum að þessari umræðu á sínum tíma ekki á óvart. Ráðherranum var bent á að lagastoð skorti fyrir þessari ákvörðun.

Ég kem hér upp til að vekja athygli á þessu. Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál, það er óþarfi, það liggur í augum uppi. Þetta eru hins vegar makalaus vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég leyfi mér að fordæma þau harðlega.

[20:04]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði að það hefði skort lagastoð. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Skorti lagastoð þegar Siglingamálastofnun var flutt í Kópavog? Hafa Bændaskólinn á Hvanneyri og Bændaskólinn á Hólum um aldir verið lagastoðarlausir? Þannig mætti áfram spyrja. Jafnvel mætti spyrja hvort Litla-Hraun sjálft hafi verið ólöglega staðsett á Eyrarbakka alla þessa öld. Ég vil spyrja hv. þm. um álit hans á þessu. Það má jafnvel nefna sýslumenn og skattstofur á landsbyggðinni. (**SJS:** Sýslumanninn á Hólmavík?) (**Gripið fram í:** Hvað með hann?) Jafnvel á Húsavík líka.

[20:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það alvarlegt fyrir Alþingi Íslendinga þegar það hendir gaman að dómum Hæstaréttar. Það er reynt að gera grín að þessu máli og hártoga það. Staðreyndin er sú að ríkisstjórnin hefur verið fundin sek um lögbrot. Hún braut lög þegar hún ákvað að flytja Landmælingar ríkisins til Akraness. Það getur vel verið að mörgum finnist ástæða til að hlæja að málinu og gera grín að því en því fólki sem í hlut átti og þótti það vera beitt ofríki og yfirgangi af hálfu stjórnvalda, get ég fullvissað hv. þm. Guðna Ágústsson um, var ekki hlátur í huga. Nú er það staðreynd að dómur hefur verið kveðinn upp í þessu máli í Hæstarétti. Hann hefur komist að raun um að ríkisstjórnin braut lög og þess vegna bregst Alþingi við með þessum hætti. Mér finnst þetta ekki vera gamanmál.

[20:07]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það jaðrar við að ég verði að bera af mér sakir. Ég var ekki að henda gaman að þessu máli. (**Gripið fram í:** Þú varst að gera grín að fólkinu.) Það var langt frá því. Ég spurði hv. þm., þegar hann sagði að það hefði skort lagastoð, um aðrar undirstofnanir frá ráðuneytum, hvernig þær væru staddar og hvort þær væru ólöglega staðsettar. Ég spurði hvort Siglingamálastofnun hefði verið flutt ólöglega. (**LB:** Er hann einhver hæstiréttur? Á hann að svara því?) Nei, en mér leyfist að spyrja hv. þm. sem hér var að tala. (**Gripið fram í:** Heitir þetta andsvör?) Þetta heitir andsvör. Hv. þm. fullyrti að það vantaði lagastoð. Ég spurði um aðrar undirstofnanir sem staðsettar eru úti á landi og hvert álit hans væri á því. Ég fjallaði ekkert um fólkið og ég skil vel þær tilfinningar sem oft eru í kringum svona mál. Það þarf að standa mjög vandlega að þeim á allan hátt. Ég efast um að dómur eins og sá sem féll á dögunum standist Evrópurétt. Ég hygg að hvergi í Evrópu hafi (Gripið fram í.) ráðherrar ekki heimildir til að flytja til fyrirtæki innan landsins. (Gripið fram í.)

Ég tek fullt mark á Hæstarétti og legg mikið upp úr þrískiptingu valdsins og réttlátum dómum. Ég var aðeins að spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson, sem hefur haft hljótt um sig meðan menn kalla látlaust fram í ræðu mína, um það hvort hann teldi að þau fyrirtæki sem staðsett væru úti á landi og væru undirstofnanir ráðuneyta væru þar ólöglega sett og hvort hann teldi að Siglingamálastofnun, sem flutt var yfir í Kópavog, hefði verið ólöglega flutt. Þetta voru spurningar mínar. Ef þær mega ekki falla við þessar umræðu þá er nú þingræðið að verða skrítið. (**SvG:** Þú ert forseti.) Ég geri mér grein fyrir því að hér situr forseti sem starfar nú, ég er hér í mínum þingmannsrétti, hv. þm. Svavar Gestsson. (Gripið fram í.) Þú hefur málfrelsi þó þú sitjir í sætinu þínu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Muna eftir ákvæðum þingskapa um ávörp úr ræðustóli.)

[20:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég treysti mér ekki til að svara þessum spurningum. Ég er ekki hingað kominn til að kveða upp dóma, ég er að fjalla um dóm sem felldur hefur verið yfir ríkisstjórninni og athöfnum hennar. Það reyndist rétt sem starfsfólkið hélt fram, að þetta væri ólögmæt ráðstöfun. Það neyddist hins vegar til að sækja rétt sinn frammi fyrir dómstólum. Ég vil benda þeim þingmönnum sem ætla að hafa þetta mál í flimtingum á að það er ekki leyst. Því lýkur ekki með þeim lögum sem er í ráði að samþykkja nú, sem meiri hluti Alþingis ætlar að keyra í gegnum þingið. Allir þeir samningar sem gerðir hafa verið eru í uppnámi. Þeir byggja á lögleysu og þá þarf að taka til endurskoðunar. Ef Alþingi Íslendinga eða fulltrúar ríkisstjórnarinnar ætla að hlæja að því fólki sem missir þarna vinnuna og hefur barist gegn þessum yfirgangi og ofbeldi ríkisstjórnarinnar þá vorkenni ég þeim. Ef ætlunin er að gera gys að fólkinu, hlæja að því og koma hér á síðustu klukkustundum með lög sem eru til þess fallin að hysja upp um þessa vesölu ríkisstjórn, þá vorkenni ég henni. Ég hef í dag haft tal af fulltrúum starfsmanna og þeir hafa tjáð mér að þessu máli sé ekki lokið. Þeir ætla að skoða ýmsar lagalegar hliðar málsins. Þær umræður sem hér hafa farið fram og viðbrögð stjórnarþingmanna við þessu máli, þar sem þeir gera gys að fólkinu og ráðagerðinni allri, eru ekki til þess fallnar að lægja öldurnar.

[20:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er flutt frv. til laga um breyting á lögum um landmælingar og kortagerð. Það er greinilega vilji ríkisstjórnarinnar og meiri hluta umhvn. að þetta mál verði afgreitt í gegnum tvær umræður á einum og sama degi og gert að lögum áður en þing fer heim í jólahlé. Þetta virðist algild regla þessarar ríkisstjórnar að setja hér fram veigamikil mál, einum eða tveimur dögum fyrir þingfrestun og ætlast til þess að þingið afgreiði málið. Herra forseti. Mér finnst að með þessu sé þinginu sýnd nokkur lítilsvirðing, að ekki sé talað um málið sem er til umfjöllunar. Þinginu gefst ekki eðlilegur tími til að fjalla um það.

Þetta mál hefur verið mikið í umræðunni innan þings og utan. Um það var mikið fjallað hér í þinginu. Nú þegar við stöndum frammi fyrir dómi Hæstaréttar í þessu máli þar sem í ljós kemur að ráðherrann hafði rangt fyrir sér, en starfsfólkið hafði rétt fyrir sér og ýmsir innan þings töldu að ráðherrann hefði ekki heimild í lögum til að flytja stofnunina

til Akraness, þá hefði málið þurft meiri og lengri skoðunar við. Það hefði þurft að kalla til ýmsa aðila, t.d. starfsmenn, til að fara yfir þetta mál í heild sinni.

Það er jafnframt athyglisvert, herra forseti, að í annað sinn á mjög skömmum tíma þarf þingið að bregðast við dómi Hæstaréttar með lagabreytingu. Dómnum er hlítt með því að breyta lögum. Hið athyglisverðasta við þetta mál eitt og sér er kannski að hæstv. umhvrh. bar því ávallt fyrir sig að hér væri um pólitíska ákvörðun að ræða þegar hann var sakaður um lagabrot. Hann bar ávallt fyrir sig að hér væri aðeins um pólitíska ákvörðun að ræða. Nú þegar Hæstiréttur hefur staðfest að ráðherrann hafði enga heimild til að gera það sem hann vildi gera í nafni pólitískrar ákvörðunar, þá bara beygir þingið sig fyrir því. Á nokkrum klukkutímum á að keyra í gegnum þingið, í þremur umræðum, frv. ráðherra svo hann geti staðið við það sem hann sagði, að hér væri um pólitíska ákvörðun að ræða.

Þingið ætlar að sigla með ráðherranum í þessu efni, án þess að málið fái eðlilega umfjöllun í þinginu. Við erum hér að fjalla um úrskurð Hæstaréttar, herra forseti, sem ástæða hefði verið til að fara ítarlega yfir og kalla fyrir ýmsa aðila en allt kemur fyrir ekki. Málið skal keyrt hér í gegn. Meira að segja gekk hæstv. ríkisstjórn svo langt að á þessum stutta tíma sem þingið hefur til umfjöllunar átti að keyra í gegn altæka heimild um að ráðherrar gætu hvenær sem þeim dytti í hug flutt stofnanir þvers og kruss um landið án þess að hafa fyrir því heimild frá Alþingi. Þetta datt þeim í hug að gera á þeim tveimur dögum sem þingið hefur til ráðstöfunar. Sem betur fer var nú komið í veg fyrir það. Við stöndum hins vegar frammi fyrir þessu frv.

Það er ástæða til þess að nefna að Ragnar Hall sem fór með málið fyrir hönd starfsmanna fyrir Hæstarétt og héraðsdóm hefur látið hafa eftir sér að nú þegar þessi dómur liggur fyrir séu allir samningar sem gerðir hafa verið í tengslum við þessa ákvörðun ráðherra ógildir. Bara það út af fyrir sig ætti að kalla á að þingið skoðaði þetta mál nokkuð nánar.

Rétt áður en þingi lauk síðasta vor þá bar ég fram fsp. til umhvrh. um flutning Landmælinga Íslands. Ég spurði hæstv. ráðherra:

„Var ráðherra kunnugt um álit ríkislögmanns frá 1994 þegar hann tók ákvörðun um flutning Landmælinga til Akraness á miðju ári 1996?"

Og ég spurði hæstv. ráðherra einnig eftirfarandi spurningar, með leyfi forseta:

„Hver er skoðun ráðherra á því áliti ríkislögmanns að það þurfi samþykki Alþingis, með sérstökum lögum eða heimild í lögum, áður en tekin er ákvörðun um flutning ríkisstofnana?"

Þetta voru tvær af þremur spurningum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra sem hann svaraði ekki áður en þingi lauk. En þeim var svarað með bréfi til mín, dags. 30. júní, eftir að þing var farið heim. Undir það skrifaði Magnús Jóhannesson og þar kemur fram eftirfarandi svar við þessum spurningum:

„1. Ráðherra telur rétt að upplýsa yður um eftirfarandi: Ráðherra var kunnugt um álit ríkislögmanns, dags. 8. mars 1994, sem þér vísið væntanlega til í fyrirspurn yðar, enda er vísað til þess í minnisblaði ráðherra til starfsmanna um ákvörðun hans, dags. 3. júlí 1996.

2. Ráðherra er ósammála því áliti ríkislögmanns að sérstaka lagaheimild þurfi til að ákveða flutning ríkisstofnana. Rétt er og að vekja athygli á að Alþingi sá ekki ástæðu til að kveða sérstaklega á um aðsetur Landmælinga Íslands í lögum um landmælingar og kortagerð, sem samþykkt voru á Alþingi 13. maí 1997, þrátt fyrir að ákvörðun ráðherra lægi þá fyrir og hefði komið til umræðu við meðferð málsins á þingi."

Það er athyglisvert að ráðherra sá enga ástæðu til að fara eftir því sem ríkislögmaður sagði um þetta mál vegna þess að úrskurður ríkislögmanns var mjög skýr í þessu máli. Ég skal ekki tefja tíma þingsins með að fara ítarlega yfir þann úrskurð ríkislögmanns. Hann var mjög afdráttarlaus, mjög vel rökstuddur og öll efni stóðu til að ráðherra færi að þessu áliti ríkislögmanns. Öll efni stóðu til þess. Niðurstaða Guðrúnar Margrétar Árnadóttur og Gunnlaugs Claessens 8. mars — nei, þetta er nú eldri úrskurður. Þetta er almennt álit um hugsanlegan flutning ríkisstofnana. En álit varðandi þetta var í þá veru að það þyrfti að afla lagaheimildar til að flytja Landmælingar út á land. Þetta var mjög skýr niðurstaða um álit ríkislögmanns. Aftur á móti gekk álitsgerð Eiríks Tómassonar í aðra átt. Ekki veit ég hver kallaði eftir því áliti en ráðherrann sá frekar ástæðu til að fara eftir því. Í áliti Eiríks Tómassonar um Landmælingar Íslands segir:

„Í lögum nr. 31/1985, um Landmælingar Íslands, er ekki að finna bein fyrirmæli um það hvar stofnunin skuli vera staðsett né heldur verður neitt ráðið um vilja löggjafans í því efni af þeim lögskýringargögnum sem tiltæk eru. Samkvæmt því er það álit mitt að umhvrh. geti ákveðið að flytja stofnunina frá Reykjavík til Akraness án atbeina Alþingis, svo framarlega sem flutningurinn hafi ekki í för með sér útgjöld umfram það sem heimilað er í fjárlögum."

Þetta var álit Eiríks Tómassonar. Álit ríkislögmanns gekk í aðra átt svo sem segir, með leyfi forseta:

„Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ekki verði gerðar breytingar á aðsetri stofnana nema með lögum eða með heimild í lögum. Verði ráðherra veitt með lögum heimild til slíkrar ákvörðunartöku gilda í því tilviki reglur stjórnsýslulaga um undirbúning og gerð þeirrar ákvörðunar."

Ráðherrann, þegar hann tók þessa ákvörðun, hefur væntanlega haft fyrir framan sig þessi tvö álit. Og maður hefði talið eðlilegra að hann færi eftir áliti ríkislögmanns en áliti Eiríks Tómassonar. Nú hefur komið í ljós og Hæstiréttur hefur staðfest það að álit ríkislögmanns ber saman við dóm Hæstaréttar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ekki nýtur almennra lagafyrirmæla um heimildir framkvæmdarvaldsins til að gera breytingar á staðsetningu ríkisstofnana. Áður er um það getið að engin lagafyrirmæli séu um aðsetur Landmælinga Íslands frekar en fjölda annarra ríkisfyrirtækja."

Og síðan segir, með leyfi forseta:

„Að framangreindum sjónarmiðum virtum verður að telja ákvörðun um aðsetur ríkisstofnunar þess eðlis að um hana skuli mælt í lögum. Af því þykir leiða að ráðherra verði að leita sér skýrrar heimildar í almennum lögum fyrir flutningi stofnunar frá Reykjavík. Meðan umhverfisráðherra hefur ekki aflað sér lagaheimildar um flutning Landmælinga Íslands frá Reykjavík til Akraness verður að fallast á það með áfrýjanda að hann sé ólögmætur."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Eftir að um þetta mál hefur verið deilt lengi í þjóðfélaginu og starfsmenn, ýmsir aðilar innan þings og ýmsir löglærðir menn hafa margsagt hæstv. umhvrh. að hann væri að fremja lögbrot með þessu, þá liggur niðurstaðan fyrir. Allt kom fyrir ekki. Ráðherrann ætlaði að halda sínu striki. Nú liggur niðurstaðan fyrir og ég vil ítreka það, og skal ekki tefja umræðu um þetta mál,

að mér finnst málið þess eðlis að miklu nánar hefði þurft að fjalla um það á þingi og skoða það miklu nánar í nefndinni. Auðvitað á að sýna starfsfólkinu sem mikið hefur barist í þessu máli þá virðingu að fá koma fyrir þingið og nefndina til að ræða þetta mál og þá stöðu sem komin er upp. En það á greinilega að keyra málið í gegnum þingið. Ég mun ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt af því að mér finnst vinnubrögðin óþolandi sem höfð eru í frammi. Það hefur ekkert með það að gera hvort ég sé hlynnt því að flytja stofnanir út á land eða ekki. Það hefur með vinnubrögðin í þessu máli að gera sem voru óþolandi, afstöðu ráðherra sem barði hausnum við steininn sama hvað aðrir sögðu um að hann þyrfti að afla sér lagaheimildar í þessu og það er ástæðan fyrir því að ég mun ekki styðja frv.

[20:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil andmæla þeim fullyrðingum þingmannsins að þinginu sé lítilsvirðing sýnd með því að bregðast skjótt við dómi Hæstaréttar og minni á að það var krafa stjórnarandstöðunnar fyrir nokkrum dögum í kjölfar annars dóms að þingið brygðist skjótt við og helst fundið að því að ríkisstjórnin væri ekki nógu skjót í viðbrögðum sínum. Ef menn vilja leita að dæmi um að þinginu hafi verið sýnd lítilsvirðing, þá ætti hv. þm. að leita að öðrum dæmum en þessu frv., t.d. því að standa hér fyrir ræðuhöldum í tíu tíma samfleytt og má spyrja hverjum var helst sýnd lítilsvirðing með slíku framtaki.

Ég vil spyrja þingmanninn hvort það sé ekki rétt munað hjá mér að sá ríkislögmaður sem vitnað er til sitji nú í Hæstarétti. Ég vil einnig benda þingmanninum á að hvergi stendur í lögum að það þurfi lög frá Alþingi til að heimilaður sé flutningur stofnunar út á land. Það ákvæði er hvergi að finna í íslenskum lögum. Hæstiréttur var ekki að dæma samkvæmt einhverju slíku lagaákvæði. Hæstiréttur var að túlka lög og kom með túlkun sem ekki hefur fyrr verið uppi höfð fyrir utan álit ríkislögmanns fyrir fáeinum árum. Það er auðvitað vandi þegar Hæstiréttur landsins fer að túlka lög á þann hátt sem hann gerir í þessu tilviki því að hann leggur hluti ekki að jöfnu í sínum úrskurði. Hæstiréttur kveður upp úr með það að ekki þurfi ákvæði í lögum til að kveða á um hvar stofnun sé en að það þurfi lög til að flytja hana úr Reykjavík. Með úrskurði Hæstaréttar var Ísland smækkað verulega.

[20:25]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var skrítin ræða. Það eina sem mér fannst ekki skrítið við hana er að það er alveg ljóst af skoðunum hv. þm. að hann er mjög fljótur að samsama sig Framsfl. og skoðunum sem þar ríkja. Hann taldi ástæðu til að rifja upp nokkuð ítarlega ræðu sem ég flutti á síðasta þingi þar sem ég og fleiri vorum að verja rétt þeirra sem minnst mega sín í þessu þjóðfélagi sem var fótum troðinn. Og ég mun aldrei á minni ævi, svo lengi sem ég lifi, skammast mín fyrir þá ræðu sem þar var flutt og hversu löng hún var. Það var svona framsóknareðli sem kom upp í þessum þingmanni þegar hann mælti þessi orð.

Hann leyfði sér líka að mótmæla dómi Hæstaréttar. Það var ekki annað að heyra á hv. þm., hv. framsóknarþingmanninum. Það var ekki annað að heyra. Ég sagði að þetta væri ekki bjóðandi þinginu. Af hverju segi ég það? Það að taka þrjár umræður um svo umdeilt mál, sem var umdeilt í þjóðfélaginu, á svo skömmum tíma er ekki bjóðandi þinginu. Það er enginn sem segir að við þurfum að fara heim á þessum sólarhring. Mér er ekkert að vanbúnaði að vera hér lengur til þess að þetta mál t.d. fái ítarlega umfjöllun. Það er það sem ég er að segja. Kannski þarf hv. framsóknarþingmaðurinn að flýta sér í sitt kjördæmi. Það er þá hans mál. En mér er ekkert að vanbúnaði að vera hér lengur til þess að þetta mál fái eðlilega og þingræðislega skoðun.

Herra forseti. Starfsfólkið hefur staðið í löngu þófi við hæstv. ráðherra og svo kemur í ljós að það hafði rétt fyrir sér. Það á heimtingu á því að fá að koma fyrir þingnefnd og ræða þetta mál og þá stöðu sem hér er komin upp. Þingið á ekki að hlaupa á eftir ráðherranum til þess að orð hans megi standa. Hæstv. ráðherra sagði alltaf að þetta væri pólitísk ákvörðun, þetta væri pólitísk ákvörðun og hafði ekkert með lög að gera. En Hæstiréttur Íslands hefur rekið það ofan í kokið á honum.

(**Forseti** (ÓE): Forseti minnir á ákvæði þingskapa um ávörp úr ræðustóli.)

[20:28]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Öll verðum við að una dómum Hæstaréttar og gerum það og löggjafinn bregst við dómum Hæstaréttar með breytingum á lögum ef þörf er á. En það er engin skylda að vera sammála dómum Hæstaréttar. Ég er ósammála þessum dómi Hæstaréttar. Hann komst að þeirri niðurstöðu að engin lög þyrfti til að ákveða að allar stofnanir íslenska ríkisins skuli vera í Reykjavík. En hann komst að þeirri niðurstöðu, án þess að nokkurt ákvæði í lögum sé fyrir hendi, að það þurfi lög í hverju tilviki til að færa stofnun út fyrir umdæmi Reykjavíkurborgar. Ég er fullkomlega ósammála þessum dómi Hæstaréttar Íslands.

[20:29]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að vera mál hv. þm. og hann hefur auðvitað rétt til þess að vera ósammála dómi Hæstaréttar. En sá dómur liggur fyrir og sá dómur er mjög skýr að mínu mati. Hann segir einfaldlega þegar búið er að rökstyðja niðurstöðuna sem dómurinn kemst að: „Að framangreindum sjónarmiðum virtum verður að telja ákvörðun um aðsetur ríkisstofnunar þess eðlis að um hana skuli mælt í lögum.“ Ég tel það bara mjög gott að þessi úrskurður liggi fyrir vegna þess að vafalaust munum við í framtíðinni flytja fleiri ríkisstofnanir út á land, og þá liggur fyrir hvernig að því eigi að standa. Það er hin skýra niðurstaða. Eftir stendur engu að síður það sem ég sagði áðan, og því hefur ekki verið mótmælt þó að hv. þm. hafi reynt það í fyrri ræðu sinni — hann gerði enga tilraun til þess í seinni ræðu sinni — að þingið er lítilsvirt með þeim vinnubrögðum og málatilbúandi sem hér er uppi hafður af hv. stjórnarliðum. Ég minni á að þetta er í annað sinn á þessum degi sem við erum að fjalla um stórmál sem ríkisstjórnarflokkarnir ætlast til að við afgreiðum í gegnum þingið á einum degi í þremur umræðum. Og það er það sem ég meina, herra forseti, þegar ég er að tala um lítilsvirðingu við löggjafarsamkomuna.

[20:30]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Síðasti sólarhringur hefur verið dálítið merkilegur í lífi þessarar ríkisstjórnar því að hún hefur fengið á sig tvo hæstaréttardóma á einum sólarhring og ég held að það sé kannski langt til jafnað að ætlast til þess að fleiri ríkisstjórnir hafi náð jafnmiklum árangri.

En ég vil segja það líka að það þarf ekkert að segja mikið í sjálfu sér um stjórnsýsluna þó að niðurstaða af þessum toga sé í þessum málum, og sérstaklega í því máli sem við fjöllum um nú, sökum þess að almennt var talið, áður en þessi dómur féll, að það væri full heimild til að færa ríkisstofnanir út á land ef ekki væri kveðið á um í lögum hvar þær ætti að setja niður. Þannig að í sjálfu sér á hæstv. umhvrh. alla mína vorkunn í þessu máli.

En ég vildi koma því að í þessari umræðu að í gær var kallað til fundar í umhvn., svona undir miðnættið, þar sem það var borið undir nefndina að flytja þetta mál. Minni hlutinn tók þá ákvörðun á þeim fundi að taka ekki þátt í flutningi málsins sökum þess að hann taldi að miklum mun eðlilegra væri að hæstv. umhvrh. flytti þetta mál sjálfur. Það væri miklu eðlilegra að sá sem hefði staðið að öllu málinu, hefði unnið málið og keyrt það í gegn, flytti það en umhvn. væri ekki að taka þetta verkefni af honum. Meiri hlutinn féllst ekki á þessi viðhorf minni hlutans og niðurstaðan varð því sú að meiri hlutinn flutti málið. En í þessu viðhorfi minni hlutans kemur ekki fram að minni hlutinn hafi í sjálfu sér lagst gegn því að þetta lagafrv. yrði keyrt hér í gegn vegna þess að eins og málum er fyrir komið þá held ég að flestir viðurkenni að nauðsynlegt er að breyta lögum vegna þess að búið er að vinna mikið í þessu máli, það er búið að leggja í mikinn kostnað, ákvörðun hefur verið tekin og það er algerlega nauðsynlegt að framkvæma þetta.

En það sem ég vildi bæta við í þessari umræðu er að við lögðum á það nokkra áherslu að ef þetta færi í gegn væri nauðsynlegt að þeir sem hafa unnið það verk, ef svo má að orði komast, að keyra þetta mál í gegnum tvö dómstig, þ.e. í gegnum héraðsdóm og í gegnum Hæstarétt, kæmu á okkar fund, þ.e. að umhvn. fengi fulltrúa þeirra á sinn fund til að fjalla um þetta mál. Núna virðist mér útséð um, eins og áætlanir eru um að ljúka þinginu síðar í kvöld eða nótt, að þetta takist ekki og ég vil taka það sérstaklega fram að ég harma það. Ég held að fólk sem hefur lagt svona mikið á sig til þess að láta reyna á sinn rétt eigi skilið að fá að koma fyrir nefndina og tala sínu máli. Það er miður að þurfa að gera þetta með þessum hraða. Eins og ég sagði áðan tek ég undir að breyta þarf lögum en ég dró það í efa að það þyrfti að gera nákvæmlega á þessum tímapunkti, því að ég get vel ímyndað mér að það hefði mátt geyma eina skrifstofu í Reykjavík fram yfir áramót og klára þetta mál þannig að menn gætu komið sínum sjónarmiðum að.

Á þetta var ekki fallist og þetta er niðurstaða meiri hlutans. Ég ætla ekki að setja á langt mál út af þessu en við gerðum athugasemdir við þetta og af þeim ástæðum er minni hlutinn ekki með á þessu frv. en hins vegar segir það ekkert til um það hvernig hann mun greiða atkvæði þegar þetta mál kemur til atkvæða.

[20:34]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu og meðferðar nokkuð sérstakt mál sem er alveg ljóst að þarfnast afgreiðslu, enda sýnist mér að þingmenn í öllum flokkum hafi út af fyrir sig tekið því allvel að láta það yfir sig ganga að ljúka afgreiðslu þessa máls með þeim hætti sem okkur er nauðsynlegt að gera. Og fyrir það er vissulega ástæða til að þakka, ekki síst vegna þess að það er lítill tími hér á þessum síðasta sólarhring fyrir jólahlé.

Dómur liggur fyrir og ég sé ekki að neitt sé óeðlilegt við það að Alþingi bregðist þannig við að hægt sé að segja sem svo að gengið sé til jólahátíðar hvað þetta mál varðar þannig að þar sé hreint borð.

Ég verð þó að segja að mér finnst nokkur ósanngirni hafa komið fram. Ég skil að menn leggja sína merkingu í þetta mál og það er ekkert óeðlilegt við það. Öll sjónarmið hafa komið fram og það er nauðsynlegt. En ég lít svo á að hæstv. ráðherra umhverfismála hafi verið í góðri trú. Það er ekki óvanalegt að við alþingismenn fáum misvísandi greinargerðir frá lögmönnum. Það hefur gerst í þessu tilviki og ríkisstjórnin hefur upplifað það í þessu máli að fá í hendur misvísandi greinargerðir og það er eins og hvert annað hundsbit, ef svo mætti segja, sem verður að sætta sig við. En ég tel að hæstv. umhvrh. hafi verið í góðri trú, viljað ganga til þessa verks sem allir flokkar hafa viljað stuðla að, sem er að reyna að jafna byggðina í landinu með því að dreifa atvinnustarfseminni sem mest um landið. Ég held að í rauninni hafi allir flokkar tekið þátt í þessu með einum eða öðrum hætti, enda liggur það fyrir að búið er að flytja Skógræktina til Egilsstaða, það er búið að flytja veiðistjóraembættið norður til Akureyrar o.s.frv., þannig að við höfum verið þátttakendur í þessu. Ég held því að það sé fullkomlega eðlilegt að við ljúkum þessu þingi með því að afgreiða það frv. sem hér liggur fyrir og sem ég styð heils hugar.

[20:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Aðeins örstutt, hæstv. forseti. Í rauninni er það ekki rétt orðalag að menn úr öllum flokkum, þingmenn úr öllum flokkum séu reiðubúnir að láta þetta yfir sig ganga. Stjórnarandstaðan hefur mótmælt þessum vinnubrögðum. Okkur hefur verið gerð grein fyrir því að fyrir þessu sé meirihlutavilji á Alþingi, ríkisstjórnin og meiri hlutinn sé staðráðinn í því að keyra þetta í gegnum þingið og í ljósi þeirrar ákvörðunar og þess ásetnings höfum við metið framgang málsins.

Að öðru leyti leyfi ég mér að efast um að það sé heppileg samlíking að tala um dóm Hæstaréttar sem hundsbit og hversu langt við eigum að ganga þá áfram í þeirri samlíkingu treysti ég mér ekki til að gera. En ég vildi að þetta sjónarmið kæmi skýrt fram, að stjórnarandstaðan er andvíg þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að keyra þetta mál fram með þeim hætti sem gert er. Og ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Lúvíki Bergvinssyni að æskilegra og heppilegra og eðlilegra hefði verið að hlutaðeigandi starfsmenn hefðu komið fyrir þá nefnd sem um þetta fjallar til að gefa álit sitt á málinu og færa fram sín rök og sjónarmið.

[20:39]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég vildi segja í andsvari er ekki annað en það að hundsbitið í mínum huga eru álit lögmannanna. Þau voru misvísandi og ekki sama niðurstaða hjá öllum lögmönnum, þannig að það má ekki með nokkrum hætti tengja það við niðurstöðu eða dóm Hæstaréttar. Ég vildi að þetta kæmi fram, enda held ég nú að hv. þm. hafi skilið mig.

[20:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði síst af öllu ætlað að blanda mér í þessa umræðu, mér liggur við að segja í þessu ömurlega máli og árans klúðri öllu sem þetta er, hvort heldur litið er til forsögunnar eða þeirrar stöðu sem uppi er í málinu

á Alþingi og í þessari afgreiðslu á því, ef afgreiðslu skyldi kalla. Enn síður ætla ég, herra forseti, út í einkunnagjöf á dómum Hæstaréttar. Mætti margt um þá umræðu segja sem geisar í þjóðfélaginu þessa daga og ekki síst hér inni á þingi og þá sérstaklega af hálfu þeirra sem eru ósáttir við niðurstöðurnar. Dómar æðsta dómstóls landsins eru dómar og þeir eru endanlegir og hef ég ekki meira að segja um það mál.

En til þess að rétt sé rétt og öllu til haga haldið, af því hér var nefnt af hálfu ræðumanns samlíking við flutning annarra stofnana fyrr á tíð út um landið og þar á meðal var nefnd Skógrækt ríkisins, þá er ræðumanni málið skylt og rétt að hér komi fram að þá var einmitt það gert sem því miður var ekki gert í tilviki flutnings Landmælinga upp á Akranes, að aflað var sjálfstæðrar lagaheimildar fyrir flutningnum og nýju lögheimili stofnunarinnar áður en sú ákvörðun var tekin og henni hrint í framkvæmd. Þá var það gert sem hér skortir upp á og er nú verið að leiðrétta eftir á, að afla þessa sjálfstæða og sérstaka samþykkis löggjafans fyrir nýju heimilisfangi opinberrar stofnunar. Það er á margan hátt m.a. í því ljósi úr sögunni séð eiginlega sérkennilegt að menn skyldu ekki a.m.k., þrátt fyrir vissu sína um að þeir væru að gera rétt, sem ég dreg ekkert í efa að hafi átt við í tilviki hæstv. umhvrh., hafa haft vaðið fyrir neðan sig og aflað fyrir fram samþykkis Alþingis sem allir sjá nú í þessu dapurlega ljósi að hefðu verið heppilegri vinnubrögð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögheimili, 3. umr.

Stjfrv., 185. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 201.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynningar aðsetursskipta, 3. umr.

Stjfrv., 186. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 202.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggingarsamvinnufélög, 3. umr.

Stjfrv., 332. mál. — Þskj. 593.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðissamvinnufélög, 3. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 594.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjöleignarhús, 3. umr.

Stjfrv., 347. mál (þinglýst eignaskiptayfirlýsing). — Þskj. 451.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd barna og ungmenna, 3. umr.

Stjfrv., 106. mál (hækkun sjálfræðisaldurs o.fl.). — Þskj. 595.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landhelgisgæsla Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 233. mál (útboð). — Þskj. 262.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni fatlaðra, 2. umr.

Stjfrv., 331. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 413, nál. 525.

[20:45]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingar á lögum um málefni fatlaðra frá félmn. Undir þetta álit rita allir nefndarmenn nema hvað Rannveig Guðmundsdóttir ritar þar undir með fyrirvara.

Með frv. er lagt til að frestað verði yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem koma átti til framkvæmda 1. janúar 1999.

Með lögum nr. 161/1996, um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, var sett bráðabirgðaákvæði þar sem tekið var fram að félagsmálaráðherra skyldi gera ráðstafanir til að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Var jafnframt tekið fram í ákvæðinu að yfirfærslan kæmi til framkvæmda 1. janúar 1999, enda hefði Alþingi þá samþykkt þrenn ný lög, þ.e. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tækju til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, sérstök lög um Greiningar-

og ráðgjafarstöð ríkisins og lög um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Á yfirstandandi ári hafa félagsmálaráðuneytinu borist beiðnir frá fjölda sveitarfélaga þar sem farið er fram á að yfirfærslunni verði frestað. Er ástæðan fyrir því fyrst og fremst sú að ekki hafa náðst samningar milli ríkis og sveitarfélaga um breytingar á fjármálalegum samskiptum þeirra.

Í máli fulltrúa félagsmálaráðuneytis kom fram að markvisst er unnið að yfirfærslunni sem er mikið og vandasamt verk. Fellst nefndin á að þó að mikilvægt sé að því starfi verði lokið sem fyrst er þó aðalatriðið að þjónusta við fatlaða verði sem best tryggð til frambúðar.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hæstv. forseti. Eftir að nefndin hafði afgreitt þetta mál frá sér barst bréf frá Þroskahjálp sem varaði við að ekki væri neina tímasetningu að finna í lögunum. Einnig barst bréf frá yfirfærslunefndinni í Reykjavík sem óskaði eftir því að ákveðin dagsetning yrði sett inn í frv. Ég hef sjálf rætt þetta mál við hæstv. félmrh. sem telur óraunhæft að setja dagsetningu inn í frv. þar sem óvíst sé hvenær þessi nauðsynlegu þingfrumvörp komi fram.

Ég vil láta þá skoðun mína í ljós að mikilvægt sé ljóst verði að það er ekki um neina breytingu að ræða af hálfu ríkisins hvað varðar yfirfærslu málefna fatlaðra. Það er greinilega hik á sumum sveitarfélögum hvað þetta varðar og það ekki að ástæðulausu. Þarna er vitanlega um mjög umfangsmikla þjónustu að ræða sem vanda verður til. Það er ljóst að ekki er vilji af hálfu hæstv. félmrh. til að leggja til ákveðna dagsetningu. Engin slík tillaga hefur komið fram af hálfu félmn.

[20:48]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Frsm. félmn. og form. hefur komið inn á það í ræðu sinni að það sem við hefðum viljað sjá í þessu frv. er dagsetning þannig að flutningi á málaflokki fatlaðra hefði verið frestað um tilgreindan tíma og allir hlutaðeigandi hefðu getað treyst því að vinna ætti að því að málaflokkurinn flyttist á ákveðnum tíma.

Um það var ekki að ræða. Af hálfu ráðherrans er ekki vilji til að gera þetta og ekki sátt um það í félmn. Auk þess var okkur tjáð að menn væru ekki tilbúnir að setja niður dagsetningu af hálfu sveitarfélaganna. Ég hef fyrirvara um þetta í nál. Mér finnst afar miður að hér sé samþykkt að fresta flutningi málaflokks fatlaðra um ótilgreindan tíma.

Ég ræddi þessa stöðu við félmrh. í dag og leitaði eftir því hvort engin leið væri að fá dagsetningu inn vegna þess að einhver dagsetning væri betri en engin. A.m.k. yrði unnið út frá henni. Þá kom fram að félmrh. mundi koma með viljayfirlýsingu héðan úr þessum ræðustól. Því miður hefur það gerst, vegna þess hvað þetta mál kom seint á dagskrá í þinginu, að hann hefur ekki tök á að vera við þessa umræðu núna. Mér bárust þau boð að þar með mundi hann heldur ekki hafa tök á að koma með yfirlýsingu. Hann kvaðst mundu reyna að láta það koma fram opinberlega fljótlega að hann ætlaði að vinna að því að málaflokkurinn flyttist á ákveðnum tíma.

Þetta er mér auðvitað ekki nóg en nefni þetta þar sem mér finnst miklu máli skipta að allir sem tök hafi á sameinist um að þessi frestun hér og nú verði ekki til að menn falli í gamlan farveg láti málin óhreyfð. Það er mjög mikilvægt að vinna markvissa undirbúningsvinnu að því að málaflokkurinn flytjist.

Við hefðum getað flutt hér brtt. en það var gagnslaust eftir umræður í nefndinni. Hitt er alvarlegast að við höfum reynslu af því að þegar málaflokkur um grunnskólann var fluttur þá lentu sveitarfélögin í miklu meiri útgjöldum en þau áttu von á. Ég ætla ekki að rekja það hér. Ljóst er að dregið hefur verið úr uppbyggingu í málaflokki fatlaðra. Þess vegna eru menn skemmra komnir nú en e.t.v. var búist við á þeim tíma að ákvörðun var tekin um að flytja málaflokkinn. Og það verður erfiðara og erfiðara fyrir sveitarfélögin að taka við þessum málaflokki eftir því sem dregst að taka verulega á í uppbyggingunni. Þetta eru varnaðarorð mín til allra hlutaðeigandi þingmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 205. mál (stjórnskipulag o.fl.). — Þskj. 223, nál. 517, brtt. 518.

[20:52]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur.

Umhvn., sem stendur saman að nál. þessu og þeim breytingum sem hér koma fram, fékk á fund sinn allmarga aðila sem málið varðar og gátu frætt um málið og fjallað, auk þess sem margvíslegar umsagnir bárust.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnarfyrirkomulagi Náttúrufræðistofnunar Íslands þannig að forstjóri stofnunarinnar fari með stjórn hennar og beri þær skyldur sem stjórn stofnunarinnar hefur nú og ráði jafnframt alla starfsmenn stofnunarinnar. Nokkrar frekari breytingar eru gerðar á hlutverki forstjóra.

Með þessum brtt. teljum við að gengið sé til móts við þau sjónarmið sem nú eru ríkjandi í rekstri ríkisfyrirtækja um skýrari verkaskiptingu og ábyrgð í stjórnsýslunni.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um hugtakið náttúrugripur sem þar kemur fyrir. Lengi hefur verið glímt við að skilgreina náttúrugripi í núverandi lögum. Það verkefni leysti nefndin ekki núna og hafði það áhrif á brtt. sem gerð er grein fyrir í nál. þessu.

Brtt. sem umhvn. leggur til eru í megindráttum þær að forstöðumenn setra taki þátt í stefnumótun stofnunarinnar, að Náttúruvernd ríkisins komi meira að mati á verndargildi í náttúruverndarmálum og, eins og áður er getið, að náttúrugripir eru ekki skilgreindir og örverur eru þar með ekki taldar til náttúrugripa en 6. gr. breytist þannig að örverur og erfðaefni séu skilgreind og sérstaklega fjallað um þau í frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, 2. umr.

Stjfrv., 336. mál (réttur til styrkja). — Þskj. 423, nál. 535. [20:56]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. menntmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 23/1989 um ráðstafanir til jöfnunar á námskotnaði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á lögum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði þannig að réttur til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna komi ekki í veg fyrir að nemendur á framhaldsskólastigi geti fengið námsstyrki sem veittir eru þeim sem þurfa að stunda nám fjarri lögheimili og fjölskyldu. Þar sem úthlutunarreglur LÍN hafa verið rýmkaðar á síðustu árum hafa margir nemendur misst rétt til námsstyrks samkvæmt lögunum þótt þeir nýti ekki heimild til töku námsláns. Frumvarpið gerir því ráð fyrir bættri stöðu nemenda í framhaldsskólum að þessu leyti.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins og var einróma í þeirri afstöðu sinni.

[20:57]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í tengslum við þetta mál kom það til meðferðar í hv. menntmn hvort jafnframt ætti að afgreiða frv. til laga sem flutt var af þingmönnunum Lúðvíki Bergvinssyni og Svanfríði Jónasdóttur um hliðstætt mál. Í nefndinni var rætt um að í nál. kæmi fram eftirfarandi aukasetning: „Auk þess lítur nefndin þannig á að þessi afgreiðsla feli í sér afgreiðslu á máli þingmannanna tveggja."

Við búum við þann ótrúlega rausnarskap af hálfu meiri hlutans hér í þessari stofnun að því var neitað að láta þess getið að hv. þm. Svanfríður Jóansdóttir og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefðu flutt þetta frv. Það má ekki segja frá því í nál. Ég varð ekki var við að hv. þm. hafi nefnt það í framsöguræðu sinni og taldi því óhjákvæmilegt að koma hingað upp til að láta það koma fram að við ræddum þetta mál. Minni hluti nefndarinnar taldi að í stjórnarfrv. væri afgreiðsla á efnisatriðum úr þingmannamálinu, en við hefðum viljað nefna það jafnframt í nál. af því að þingmannamálið var flutt löngu fyrr.

Mér finnst þetta smásálarskapur, herra forseti, og vil láta það koma hér fram en ég ætla ekki að segja neitt frekar um það mál.

Í öðru lagi vil ég nefna að það að auka jöfnun á námskostnaði er gríðarlega mikilvægt atriði. Í nefnd sem ég hef átt sæti í sem heitir byggðanefnd þingflokkanna hefur verið rætt um að auka sérstaklega við þennan lið á fjárlögum. Við lögðum á það áherslu að svo yrði gert á fjárlögum ársins 1999. Því miður tókst okkur ekki að ná endanlegri niðurstöðu í þeim efnum í byggðanefndinni en við munum leggja áherslu á það nú strax eftir áramótin að sérstaklega verði tekið á þessum þætti málsins með auknum fjárveitingum til jöfnunar námskostnaðar. Þá væri hægt að taka tillit til þess þegar ákvarðanir verða teknar á næstu vikum eftir áramótin um útgreiðslu á fjármunum þessum.

Ég tel einkar mikilvægt að ná samstöðu um þetta atriði auk annarra atriða sem við erum að ræða í þessari byggðanefnd, eins og húshitunarkostnað o.fl. Ég hefði þó talið gott að fá það allt afgreitt núna en slíkt var því miður ekki unnt. Ég tel það engu að síður áfanga að ná þarna nokkurri viðbót. Hér er um að ræða mjög gamalt baráttumál sem við alþýðubandalagsmenn höfum mjög gjarnan borið fyrir brjósti á undanförnum árum. Ég hygg að þessi fjárlagaliður eigi rætur að rekja til okkar stjórnartíma fyrir allmörgum árum.

Ég tel að breytingin sem hér er um að ræða sé jákvæð en hins vegar gagnrýnivert að ekki skyldi vera hægt að geta um frv. þingmannanna tveggja. Ég nota tækifærið jafnframt til að undirstrika nauðsyn þess að á þessu máli verði tekið. Þetta er eitt stærsta byggðamálið og þarf að ganga mjög rösklega til verks í þessum efnum.

[21:00]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram að í umræðum um þessa tillögu og frv. þegar það var til 1. umr. var ítarlega rætt um tillögu þeirra hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur og Lúðvíks Bergvinssonar, og það kom fyllilega fram að það mál lá hér fyrir þinginu þegar ég flutti frv. mitt.

Þar sem hv. þm. vék að því að ekki bæri aðeins að víkka námskostnaðinn, eins og gert er í þessu frv., heldur einnig að auka greiðslur til að jafna námskostnaðinn þá gerir meiri hluti fjárln. ráð fyrir því í tillögum sínum núna fyrir 3. umr. fjárlaga að þessi liður hækki um 40 millj. Í meðförum þingsins hefur þessi liður því hækkað um 65 millj., þ.e. 25 millj. vegna þessa frv. sem hér er til umræðu og síðan hefur meiri hluti fjárln. gert tillögu um að liðurinn hækki um 40 millj. þannig að alls verði varið 228 millj. kr. til þessa verkefnis á næsta ári og hefur verið jöfn hækkun á þessum lið á undanförnum árum. Ég fagna því mjög sem menntmrh. að menn líta á þetta sérstaka viðfangsefni við afgreiðslu fjárlaganna og komi til móts við þau sjónarmið sem hv. þm. nefndi og kom einnig fram í skýrslu sem ég hef lagt fyrir þingið um þessi mál þar sem rakið er nákvæmlega hvernig þessum málum er háttað.

[21:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins fáein orð í rauninni til að taka undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar, 8. þm. Reykv., að þessi liður hefur komið til skoðunar og umræðu í sérstakri byggðanefnd sem starfar nú. Það er samdóma álit hygg ég allra þeirra sem þar starfa og hafa verið að skoða byggðamálin og byggðavandann sérstaklega að eitt allra brýnasta málið í þeim efnum til að taka á misrétti eða vega upp aðstöðumun, sem sannanlega er mikill, tengdur búsetu, sé að stórauka framlög til að jafna námskostnað eða aðstöðu fólks hvað það varðar að börn afli sér langskólamenntunar.

Það er lauslegt mat þeirra sem hafa farið ofan í saumana á þessum kostnaði, t.d. fyrir framhaldsskólanema sem sækja þurfa nám út fyrir heimabyggð sína og dvelja í heimavist eða leigja sér húsnæði að tvöfalda þyrfti þennan lið hið minnsta frá því sem hann var á síðasta ári. Þó að hér sé vissulega stigið nokkurt skref með ákveðinni raunhækkun og auk þess ákveðinni breikkun á hópnum sem þarna á rétt á stuðningi þá hrekkur það hvergi nærri til þess að mæta þeim kostnaðarmun sem úttekt sýnir að er þarna á ferðinni. Mér er t.d. kunnugt um að vönduð skoðun hefur verið gerð á þessu hvað varðar kostnað nemenda í framhaldsskóla á Norðurlandi vestra og hvað þyrfti að hækka liðinn bara á því svæði til að vega upp þennan mun og er þá, held ég, mjög varfærnislega reynt að slá máli á þennan mun og dreginn frá reikningunum talsverður kostnaður sem auðvitað fylgir framfærslu unglinga í heimahúsum, því það er að sjálfsögðu ekki ókeypis, og með sanngjörnum hætti þannig reynt að átta sig á hver þessi raunverulegi kostnaður er. Það er alveg ljóst að hann er umtalsverður og mælist í hundruðum þúsunda

króna fyrir venjulega fjölskyldu og þá geta menn auðvitað séð hverjar aðstæður barnmargra fjölskyldna í afskekktum byggðarlögum eru í þessu sambandi.

Þetta vildi ég nefna og taka undir hér að við sem erum að skoða þetta mál út frá byggðaforsendunum sérstaklega viljum sjá umtalsverða hækkun og helst a.m.k. tvöföldun á þessum lið sem allra fyrst, og er þá aðeins tekið á einum þætti af fjölmörgum sem valda miklum aðstöðumun fólks eftir búsetu. Auk þess er þetta auðvitað grundvallarréttlætismál að aðstaða fólks, mér liggur við að segja til mannréttinda af því tagi eins og þau eru í nútímasamfélagi að fá að nýta hæfileika sína til menntunar og þroska, sem ég vil ekkert síður nálgast sem grundvallarmannréttindamál en jafnréttismál út frá byggðalegu tilliti og er í raun hvort tveggja jafngilt. Hér er því á ferðinni mál sem mikil þörf er á að taka á, herra forseti.

[21:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins vekja á því athygli, af því að það kom ekki fram í máli hv. þm., að fyrir liggur skýrsla frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, sem ég hef lagt fyrir þingið, þar sem þessir útreikningar eru allir mjög nákvæmir. Þar kemur fram, ef ég man rétt, að það séu á bilinu 130–375 þúsund sem þetta getur munað eftir búsetu og eftir því hvaða nám er stundað. Ég hef því látið kanna þetta mjög ítarlega og það liggur fyrir. Hve háar fjárhæðir þarf hins vegar til að jafna þennan mun hef ég ekki í sjálfu sér lagt mat á en það eru verulegar hækkanir á þessum lið ár frá ári og það er mjög ánægjulegt að heyra að þeir sem fjalla nú sérstaklega um byggðamálin ætli að taka þetta mál sérstaklega fyrir. Ég bendi á þessa skýrslu og að menn hafi hana til hliðsjónar við mat sitt og þá tillögugerð sem þessi nefnd er sérstaklega að fjalla um.

[21:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. menntmrh. og eðlilegt að minna á þá skýrslu sem nú er komin fram. Ég hygg að hún staðfesti einmitt að þessir útreikningar, sem áður lágu fyrir og ég hafði upplýsingar um af Norðurlandi vestra, birta svipaða niðurstöðu að meðaltali. Að sjálfsögðu er þetta breytilegt en að meðaltali er ekki fjarri lagi að þessi liður þyrfti að tvöfaldast til þess að menn væru nokkuð á sléttu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 334. mál (innflutningur lifandi sjávardýra). — Þskj. 416, nál. 562.

[21:07]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Hv. sjútvn. fékk til meðferðar frv. á þskj. 416 um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Nefndin fjallaði um málið og fékk á fund sinn Kristján Skarphéðinsson, Kristínu Haraldsdóttur og Arnór Halldórsson frá sjávarútvegsráðuneyti.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði til bráðabirgða um að leitað skuli leyfis sjávarútvegsráðherra til innflutnings á lifandi sjávardýrum verði framlengt til 31. desember 1999.

Nefndin leggur til að bætt verði við frumvarpið einni grein til fyllri skýringar á því hvað teljist vera vinnsluskip samkvæmt lögunum. Samkvæmt núgildandi lagaákvæði er kveðið á um að fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting fisks um borð teljist ekki vinnsluskip án nánari afmörkunar á því hvað falli undir hugtakið frysting fisks. Það er mat nefndarinnar að undir frystingu fisks falli, í skilningi EES-reglna, heilfrysting rækju og frysting á hausskornum fiski og því sé rétt að kveða skýrt á um það í skilgreiningunni á hugtakinu vinnsluskip, þ.e. hvaða skip falli ekki undir hana. Fiskiskip sem slíka vinnslu stunda teljast því ekki vinnsluskip í skilningi laganna.

Jafnframt leggur nefndin til að samræmd sé hugtakanotkun í lögunum þannig að samheitið vinnsluskip sé notað yfir bæði verksmiðjuskip og þau frystiskip sem ekki eru sérstaklega undanskilin flokki vinnsluskipa.

Nefndin mælir með samþykkt málsins með þeim breytingum sem raktar eru á þskj. 562.

Þetta er fyrst og fremst til að tryggja óbreytta framkvæmd á innflutningi heilfrysts fisks frá Rússlandi og heilfrystrar rækju sem veidd er utan fiskveiðilögsögunnar og verður eftir þessa breytingu óbreytt framkvæmd hvað þetta varðar, þó með þeirri breytingu að frá og með 1. apríl nk. verður að landa umræddum fiski í svonefndum landamærastöðvum sem þá eiga að vera tilbúnar. Sérstaklega þarf að huga að því að koma þeim á þar sem samgöngur eru erfiðar og einkum á Vestfjörðum, Þingeyri og á Patreksfirði eða Tálknafirði eftir atvikum, og er við það miðað að þessar landamærastöðvar verði tilbúnar 1. apríl nk., þannig að framkvæmd laganna megi verða hnökralaus.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999, síðari umr.

Stjtill., 296. mál. — Þskj. 353, nál. 540.

[21:11]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1999.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Helga Ágústsson og Eið Guðnason frá utanrrn. og Kristján Skarphéðinsson frá sjútvrn. Utanrmn. óskaði eftir umsögn sjútvn. um málið og er sú umsögn meðfylgjandi nál.

Í umsögn sjútvn. kemur fram að nefndin hefur fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Arnór Halldórsson og Kristínu Halldórsdóttur frá sjútvrn. og mælir nefndin með samþykkt tillögunnar, en minni hlutinn, sem skipaður er Lúðvíki Bergvinssyni og Svanfríði Jónasdóttur, vísar jafnframt til afstöðu í umsögn sjútvn. sem send var utanrmn. vorið 1996 þegar upphaflegi samningurinn um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum var til umfjöllunar á Alþingi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska stofninum á árinu 1999 verði óbreytt frá samkomulaginu fyrir árið 1998.

Hv. þingmenn Guðný Guðbjörnsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, sem eru áheyrnarfulltrúar á fundum nefndarinnar, eru samþykk áliti þessu. Nefndin leggur til að tillagan verði

samþykkt en undir nál. skrifa Tómas Ingi Olrich, formaður og framsögumaður, Össur Skarphéðinsson, Árni Ragnar Árnason, Margrét Frímannsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson, Siv Friðleifsdóttir og Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um Norræna fjárfestingarbankann, síðari umr.

Stjtill., 297. mál. — Þskj. 354, nál. 543.

[21:14]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um fullgildingu samnings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um Norræna fjárfestingarbankann.

Utanrmn. hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Helga Ágústsson og Tómas H. Heiðar frá utanrrn.

Það er ljóst að með aukinni alþjóðavæðingu atvinnulífs á Norðurlöndum og stuðningi eigenda bankans hefur starfsemi hans orðið alþjóðlegri. Lán og ábyrgðir eru nú ekki aðeins veittar til verkefna á Norðurlöndunum heldur og utan þeirra. Í ljósi aukinnar alþjóðlegrar starfsemi bankans og þeirrar auknu áhættu sem því fylgir hefur verið talið mikilvægt að treysta með formlegum hætti alþjóðlega stöðu bankans og gengur þetta nál. og þáltill. út á það að staðfesta þennan nýja samning sem gerður hefur verið.

Guðný Guðbjörnsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon, sem eru áheyrnarfulltrúar á fundum utanrmn. eru samþykk áliti nefndarinnar.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt en undir nál. skrifa Tómas Ingi Olrich, formaður, Össur Skarphéðinsson, Árni Ragnar Árnason, Margrét Frímannsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson, Siv Friðleifsdóttir og Gunnlaugur M. Sigmundsson, *sem skrifar* undir álitið með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytingar á ýmsum skattalögum, 2. umr.

Stjfrv., 150. mál. — Þskj. 150, nál. 502 og 539, brtt. 503.

[21:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég ætla að mæla fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. og brtt. við frv. til laga um breytingar á ákvæðum ýmissa skattalaga. Þessar brtt. koma fram á þskj. 503 og snúa fyrst og fremst að því að breyta því að ekki er fyrirhugað að afgreiða núna fyrir jólin frv. til laga um innheimtulög og heldur ekki frv. til laga um sjálfseignarstofnanir. Síðan eru hér ákveðnar brtt. vegna gjaldtöku fyrir vegabréf og þær koma allar fram á þskj. 503.

[21:17]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta hv. efh.- og viðskn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstakur eignarskattur, 0,25%, sem upphaflega var lagður á til að reisa Þjóðarbókhlöðu og falla á niður um áramótin 1999/2000 verði framlengdur um fimm ár eða út árið 2004. Nú er búið að reisa Þjóðarbókhlöðuna en þessi skattur skal samt lifa áfram. Til að rifja það upp fyrir hv. þm. þá er hér um að ræða svokallaðan ekknaskatt sem mikið var til umræðu fyrir nokkrum árum og er það enn og íþyngir sérstökum hópi fólks sem hefur ekki miklar ráðstöfunartekjur.

Í alþjóðlegum samanburði eru eignarskattar með þeim hæstu hér á landi eða 1,45% sem þýðir það að ríkið tekur eignir manna umfram ákveðin mörk á 70 ára fresti. Þetta skýrir mikla söfnun eigna hjá opinberum aðilum og rýrir eignir einstaklinga sambærilega. Að sjálfsögðu þarf ekki að geta þess að allar eignir ríkis og sveitarfélaga eru undanþegnar þessum sköttum sem og öllum öðrum. Minni hlutinn leggur því til svofellda breytingu:

„2. gr. falli brott."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 388, nál. 519 og 596.

[21:19]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. vegna þess frv. sem hæstv. forseti gat um að væri á dagskrá. Nefndin leggur ekki til miklar breytingar. Við 1. gr. er gerð ákveðin brtt. um fjárhæðir sem getið er um á nál., það að í stað fjárhæðinnar 462 komi 480 sem þar er getið um. Síðan vil ég, hæstv. forseti, boða það að í brtt. við 3. umr. mun ég leggja til að í 2. gr. verði breytt ákvæðum um gildistöku þannig að gildistaka dýralæknafrv. taki gildi 1. desember 1999 í stað 1. janúar 2000.

[21:21]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. í þessu máli. Nál. er á þessa leið:

„Frumvarpið um ráðstafanir í ríkisfjármálum hefur breyst mikið frá því að hliðstæð frumvörp voru fyrst flutt. Ástæðan er ekki sú að ríkisstjórnin hafi alltaf hætt við að skerða þá tekjustofna sem þar var ætlað að skera niður. Þvert á móti hefur það gerst í sumum tilvikum að skerðingin hefur verið gerð varanleg með öðrum lögum.

Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn nokkrum greinum þessa frumvarps en sitja hjá við atkvæðagreiðslu um aðrar. Minni hlutinn mótmælir sérstaklega skerðingunni á Framkvæmdasjóði fatlaðra þar sem önnur hver króna er tekin af sjóðnum til rekstrar. Ljóst er að þessi niðurskurður hlýtur að hafa stórfelld áhrif á uppbyggingu þjónustustofnana í þágu fatlaðra á komandi árum og áratugum. Það er ábyrgðarhluti að seinka þjónustuúrræðum við fatlaða; margir þeirra eru á ungum aldri og það er fráleitt og siðlaust að skerða þjónustumöguleika við þau börn sem hér um ræðir og síst af öllum mega við aðgerðum af þessu tagi. Þar er ekki ráðist á garðinn þar sem hann er hæstur.

Minni hlutinn mun enn fremur greiða atkvæði gegn 1. gr. frumvarpsins, um skerðingu á tekjum af svokölluðum þjóðarbókhlöðuskatti.

Minni hlutinn bendir á að í tillögum ríkisstjórnarinnar og meiri hluta nefndarinnar er gert ráð fyrir því að hafa að engu álit meiri hluta landbúnaðarnefndar um breytingu á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Er álit meiri hluta landbúnaðarnefndar, á því máli sérstaklega, birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu auk þess sem birt er sem fylgiskjal bréf frá Dýralæknafélagi Íslands um sama efni.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu."

Undir þetta rita Svavar Gestsson, Ágúst Einarsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Landbn. fékk til meðferðar þann þátt álitsins sem fjallar um frestun á gildistöku lagaákvæða um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Meiri hluti landbn. sendi álit og er áliti landbn. m.a. á þessa leið:

„Meiri hluti nefndarinnar (Guðni Ágústsson, Guðjón Guðmundsson, Magnús Stefánsson og Árni M. Mathiesen) telur að í 2. gr. frumvarpsins sé gert ráð fyrir of löngum fresti á gildistöku þeirra ákvæða laga nr. 66/1998, sem þar eru rakin. Telur meiri hlutinn mikilvægt að umrædd ákvæði laganna taki gildi fyrir næstu sláturtíð. Er því að mati meiri hlutans hæfilegt að fresta gildistöku ákvæðanna til 1. júlí 1999.

Minni hluti nefndarinnar (Lúðvík Bergvinsson) hafnar því algerlega að gildistöku ákvæðanna verði frestað. Telur hann að hér sé fyrst og fremst um að ræða kjaradeilu og óeðlilegt sé að gripið sé inn í hana með þessum hætti. Þá gagnrýnir hann harðlega slæleg vinnubrögð landbúnaðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis við undirbúning og framkvæmd laga nr. 66/1998."

Í bréfi Dýralæknafélags Íslands er einnig fjallað um þessi mál sérstaklega og er bréf þeirra birt sem fskj. II með nál. minni hluta efh.- og viðskn.

Mér finnst það nokkurt umhugsunarefni, herra forseti, að meiri hluti efh.- og viðskn. hafnar umyrðalaust áliti meiri hluta landbn. Ég vil í tilefni af því vekja athygli á því hvort ekki væri hugsanlegt fyrir hv. formann landbn., ef hann losnaði af forsetastólnum, að blanda sér í þessa umræðu og hvort hann gæti þá svarað því hvort hann sætti sig við þá meðferð á meiri hluta landbn. sem meiri hluti efh.- og viðskn. beitir sér hér fyrir.

Það er bersýnilegt að hér er um að ræða allt aðra tillögu, verulega breytingu frá því sem gert var ráð fyrir í nál. meiri hluta landbn. og vil ég fara þess á leit við hv. formann landbn., ef hann á þess nokkurn kost, að hann losi sig úr forsetastólnum undir þessari umræðu þannig að hann geti svarað því hvernig hann skýrir þá stöðu sem nú virðist vera komin upp hjá stjórnarliðinu.

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna því sérstaklega að hér á undan var mælt fyrir breytingum á svoköllum þjóðarbókhlöðuskatti. Ríkisstjórnin hefur tekið um það ákvörðun undir forustu fjmrh. Sjálfstfl. að framlengja þjóðarbókhlöðuskattinn í fimm ár. Mér finnst það sérstakt fagnaðarefni og ástæðulaust að láta þann skatt dingla í lausu lofti svo lengi sem verið hefur og raun ber vitni og tel ég ástæðu til að þakka Sjálfstfl. í efh.- og viðskn. fyrir framsýni í því máli þrátt fyrir gagnrýni hv. 16. þm. Reykv., Péturs Blöndals.

Ég hef þá gert grein fyrir áliti minni hlutans í efh.- og viðskn. á þessu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

[21:25]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bara til þess að rifja upp það sem ég ræddi um í framsögunni, að á leiðinni er brtt. við 3. umr. vegna gildistöku dýralæknafrv. (**SvG:** Hvað stendur í henni?) (**Gripið fram í:** 1. des.)

[21:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það komu nýjar upplýsingar fram einmitt þegar ég var á leiðinni í ræðustólinn sem kannski væri ástæða til að fá frekari skýringar á, þ.e. hvað mun felast í brtt. meiri hlutans hvað varðar gildistökuákvæði laganna um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. (**VE:** 1. des.) Ef ég má grípa það sem sagt er hér í frammíkalli, herra forseti, þá er þar lítill munur á því að staðreyndin er sú að það sem menn leggja m.a. mikið upp úr er að þessir hlutir verði komnir í hið nýja fyrirkomulag fyrir næstu sláturtíð því þá byrjar ferli sem dýralæknar eru mjög fléttaðir inn í og ekki síst átti að taka á m.a. með þessum breytingum vegna þess að þá er vinnuálag mest á dýralækna o.s.frv.

Ég vil taka það fram fyrir mitt leyti að ég var ekki stuðningsmaður laganna um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr eins og þau voru hér úr garði gerð og það laut sérstaklega að þeim ákvæðum þeirra sem ekki er deila um að fresta, þ.e. héraðaskipaninni og vaktafyrirkomulaginu. Ég er sammála því atriði að mikilvægt sé að lögin að öðru leyti taki gildi sem fyrst og að frestun á þessum ákvæðum, úr því þau eru að lögum orðin, verði sem skemmst því að núverandi ástand er mjög bagalegt í öllu tilliti vegna þess að málin hanga í lausu lofti, kjaramál dýralækna eru í lausu lofti og það skipulag sem þarna á að reyna að koma á verða að nást samningar um. Það þarf endilega að geta tekið gildi sem fyrst þó að mín vegna mættu breytingar á héraðaskipaninni gjarnan bíða og það lengi, og þær að mörgu leyti misráðnar æfingar sem menn fóru út í í þeim efnum.

Ég skora á meiri hluta efh.- og viðskn. að fara að áliti meiri hluta landbn. og vera ekkert að stíga þar eitthvert hænufet heldur færa gildistökuákvæðin, eins og þar er lagt til, fram á mitt árið eða þar um bil — ég held ég muni það rétt að þar sé lögð til gildistaka 1. júlí 1999 — í öllu falli fyrir 1. september, áður en sláturtíð hefst.

[21:29]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Vegna þess að hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, spurði hvort landbn. og meiri hluti hennar mundi sætta sig við þá niðurstöðu að hv. efh.- og viðskn. hefði álit hennar að engu, þá hefur landbn. ekki komið saman vegna þessa atburðar, en lítur það auðvitað alvarlegum augum að svo skuli gerast. Ég vil segja það hér að ég er sammála hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, að það er vont fyrirkomulag þegar svona breytingar hanga lengi yfir og ná ekki fram að ganga. Það skapar óvissu í stétt dýralækna og það skapar líka óvissu á meðal bænda. Svo er það auðvitað hinn hlutinn sem var svo mikilvægur þegar landbn. var að afgreiða þetta mál á síðasta þingi, þ.e. þær kröfur um að þetta væri mikilvægt, ekki síst í krafti hins nýja tíma sem væri fram undan og nýrra krafna sem lægju fyrir um aðskilnað eftirlits og þjónustu á mörgum sviðum í krafti stjórnsýslulaga, samkeppnislaga, jafnvel EES-reglna o.s.frv. En því miður hefur ekki unnist tími til þess að vinna þetta mál þannig að það geti tekið gildi.

Ég er mjög ósáttur við að þetta skuli svo allt í einu flokkað hér undir kjaramál og sýndist mér að efh.- og viðskn. miðaði það við fjárlagaárið. Ég vil ekki blanda mér í kjaradeilur og tel ekki að löggjafinn eigi að gera það, þ.e. að blanda sér í kjaradeilur með því að taka lög úr sambandi. En ég get af ýmsum öðrum ástæðum vel fallist á að þessum hluta laganna verði frestað um sinn. Við teljum að vísu enn mikilvægt að það verði til 1. júlí, en nú hefur hv. 5. þm. Norðurl. v., formaður efh.- og viðskn., viðrað úr ræðustól Alþingis að hann og hans nefnd muni flytja brtt. sem miði við 1. des., ef ég heyrði rétt. Mun ég fyrir mitt leyti láta málið niður falla við það. (**SvG:** Nú er Bleik brugðið.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 278. mál (jöfnunarhlutabréf, dótturfélög o.fl.). — Þskj. 318, nál. 537, brtt. 538.

[21:32]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Brtt. koma fram á þskj. 538 og eru í einum sex liðum, við 3. gr. og 5. gr. Síðan er brtt. um nýja grein og brtt. við 6. gr., við 7. gr. og við 12. gr. Allar þessar brtt. koma fram á þskj. 538 og um þær rætt í nál. sem er á þskj. 537 og ég mun ekki gera frekari grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stimpilgjald, 3. umr.

Stjfrv., 151. mál (undanþágur frá gjaldi). — Þskj. 462.

[21:34]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er til 3. umr. frv. um stimpilgjald. Við 2. umr. þessa máls varð nokkur umræða um stimpilgjald af húsnæðislánum og það varð samkomulag um að málið kæmi aftur inn í efh.- og viðskn. til sérstakrar skoðunar. Það byggðist á því að menn vildu, eins og hv. formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, orðaði það við 2. umr., fara betur yfir tiltekinn þátt málsins með það að markmiði að menn stæðu eins eftir hvað varðar þennan tiltekna þátt þegar húsnæðiskerfinu var breytt á sínum tíma.

Í meðförum nefndarinnar fundu menn orðalag á útfærslu í sambandi við þetta mál sem naut stuðnings hv. formanns nefndarinnar, mín og félmrn. Þetta er spurning um útfærslu á þáttum sem ég ætla ekki að fara í langt mál í að reyna að útskýra en þurfa líka skoðunar við almennt við skattalög og fjármálaráðuneytisviðhorf eins og er algengt í breytingum af þessu tagi.

Segja má að staða þessa máls sé þannig að mjög brýnt sé að það liggi ótvírætt fyrir varðandi stimpilgjöld að náttúrlega er best að gera þessi tilteknu lán undanskilin stimpilgjöldum. Þetta tengist samspili stimpilgjalda og vaxtabóta og þaki á vaxtabótum. Þetta er ekki þetta svo mjög einfalda húsnæðislánakerfi sem hér er til umræðu. Þó ekki verði við 3. umr. borin formlega fram brtt. af nefndinni eða hv. formanni nefndarinnar er von til þess að málið fái samt þann farveg að hægt sé að fullyrða að meginatriðið við uppstokkun húsnæðiskerfisins, eins og ætlað var á sínum tíma, að þeir hópar sem hér um ræðir væru ekki að gjalda þess sem tengist þinglýsingu á vaxtabótum og vaxtabótaþaki.

Ég á von á því að hæstv. fjmrh., sem hefur gefið þessu máli góðan gaum, fari yfir það með embættismönnum sínum og geti þá fyrir sitt leyti kveðið skýrar að orði um hvernig unnið yrði að þessu máli í framtíðinni og hvernig það yrði tekið upp ef eitthvað kæmi í ljós sem þyrfti betri athugunar við.

[21:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vildi í örstuttu máli rifja upp hvaða mál er á ferðinni. Það frv. sem komið er til 3. umr. snýst um tvö efnisatriði, annars vegar að færa inn á einn stað í lög um stimpilgjald allar undanþágur sem viðgengist hafa í því efni. Segja má að þar sé um að ræða ákveðna tiltekt, einföldun og hreingerningu í þessu kerfi.

Hitt efnisatriðið er að tekin eru af tvímæli að því er varðar stimpilfrelsi bréfa sem leggja höft eða bönd á kaupskip sem kunna að verða skráð hér á Íslandi. Sama er að segja um loftför, sem hafa ævinlega notið sérstakrar undanþágu samkvæmt heimildum í fjárlögum. Hugmyndin er sú með því að undanþiggja kaupskipin að það mætti kannski verða til þess að þau fengjust skráð hér á landi í einhverjum mæli en eins og kunnugt er hefur það ekki verið og þróunin hefur verið sú að eigendur kaupskipa hafa skráð þau annars staðar en hér, m.a. vegna þessara stimpilgjalda. Þetta er efni þessa frv. og í sjálfu sér er ekki gríðarlega mikið mál á ferð.

Aftur á móti kom fram í umræðu um málið að kannski væri eðlilegt að taka inn í þetta efni allt annað mál sem var til umræðu í vor en varðar að vísu stimpilgjald. Þar er um að ræða það hvort fasteignaverðbréf í húsbréfaviðskiptum, sem tengjast svokölluðum viðbótarlánum, skuli verða stimpilfrjáls. Ég hef sem fjmrh. og við í ráðuneytinu lagst gegn því og bent á að stimpilgjöld eru kostnaður í hinu nýja íbúðalánasjóðskerfi sem telst til vaxtakostnaðar og er þar af leiðandi hægt að fá endurgreiddan í formi vaxtabóta.

Kerfið var þannig úr garði gert í vor að bætt var inn í það heilmiklum fjárhæðum að því er varðar vaxtabætur og talið er að það muni kosta 1.000–1.200 millj. kr. þegar fram í sækir að fjármagna þær vaxtabætur auk þess sem þeim var flýtt og þær eru greiddar samtímis en ekki í eftiráuppgjöri eins og áður var.

En það vandamál sem bent hefur verið á lýtur að þeim möguleika að kannski kunni einhverjir ekki að standa jafn vel eftir og áður var vegna þess að sú fyrirgreiðsla sem veitt var í hinu félagslega íbúðakerfi var ekki með stimpilgjöldum. Þetta var ásetningur ríkisstjórnarinnar á síðasta vori og það er þetta sem félmrh. hefur borið fyrir brjósti, þ.e. að enginn sé verr settur eftir þessa breytingu sem áður þáði fyrirgreiðslu í félagslega kerfinu en er núna inni í þessu nýja kerfi. Það er sameiginlegt markmið okkar félmrh.

En þá aðeins getur þessi staða komið upp að menn séu búnir að nýta sér að fullu vaxtabótakvóta sinn, ef svo mætti segja, og væru komnir upp í það þak sem menn geta haft í þessu tilliti. Ef slík staða kemur upp, og það er kjarni málsins, þarf að sjálfsögðu að skoða það sérstaklega og finna einhverja viðunandi lausn til að koma til móts við slíka aðila.

Við höfum ekki séð í fljótu bragði að þeir verði margir eða þetta verði eitthvert alvarlegt vandamál þannig að við höfum ekki viljað taka undanþágu inn í þessi lög vegna þess að við viljum ekki vera með tvöfalt kerfi innan húsbréfakerfisins að því er varðar þetta atriði. Auk þess er hætt við því að það mundi þá hafa aðrar hliðarverkanir, eins og þær að hvetja fólk með óeðlilegum hætti frekar til þess að leita eftir svokölluðum viðbótarlánum.

En aðalatriðið er það, hugmyndin með breytingunum á sl. vori í íbúðalánasjóðskerfinu var ekki sú að íþyngja fólki umfram það sem áður var. Ef slík dæmi koma upp þarf að skoða sérstaklega hvernig hægt er að bregðast við því, hvort lagabreytingu þarf til þess í þessum eða öðrum lögum, eða hvort hægt er að leysa slík mál með einhverjum öðrum viðunandi hætti. Þetta vildi ég láta koma fram af minni hálfu og þetta tel ég að sé kjarni málsins og ég tel að það sé þetta sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Ágúst Einarsson hafa borið fyrir brjósti. Þannig vildi ég gjarnan koma til móts við sjónarmið þeirra í málinu.

[21:43]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir yfirlýsingu hans í sambandi við þetta mál. Hann segir að hann hafi eins og aðrir það sama markmið að enginn, sem áður þáði fyrirgreiðslu í félagslega kerfinu, sé verr settur eftir breytinguna. Hann nefnir að taka verði sérstaklega á þeim vandamálum þegar fólk rekur sig upp undir þetta vaxtaþak ef við getum orðað það þannig. Hann segist e.t.v. í fljótu bragði ekki sjá lausnir á því, hvort það sé að hækka vaxtaþakið eða að gera þetta stimpilgjaldslaust og þarf að kanna hina lagalegu útfærslu í þeim efnum.

Ég skil hæstv. ráðherra þannig að hann sé búinn að taka afdráttarlaust undir það að vilja leysa þetta vandamál þegar það kemur upp gagnvart þeim einstaklingum sem svo háttar til hjá, þau dæmi munu vafalítið finnast. Ég hlýt að treysta því og hef enga ástæðu til annars en að þetta verði tekið upp í því lagaformi sem nauðsynlegt er, reynist þetta vandamál í fyrsta lagi fyrir hendi, sem ég og aðrir teljum vera, að það verði þá leyst annaðhvort með lagasetningu eða á annan hátt þannig að menn nái því markmiði fullkomlega sem var lýst í upphafi og var grundvöllur þess að málið kom aftur inn í nefndina milli 2. og 3. umr.

[21:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara taka af tvímæli. Það má vera að það hafi verið mismæli hjá hv. þm. en hann talaði í tvígang um vaxtaþak. Það á að vera vaxtabótaþak, eða vaxtabótakvóti eftir atvikum. Um það snýst málið, að menn reki sig upp undir þetta þak. Það er alveg rétt hjá honum að ég hef fullan vilja til að koma til móts við það vandamál, komi það upp. Það sjáum við ekki fyrir enn sem komið er, en við verðum þá að bregðast við því annaðhvort með breytingum á lögum eða einhverjum öðrum úrræðum sem kunna að verða fyrir hendi.

[21:45]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil staðfesta það að ég mismælti mig. Þetta er rétt, við skulum hafa þetta nákvæmt. Í svona málum er betra að það sé alveg á hreinu hvað menn hafi sagt. Við erum að tala um vaxtabótaþak. Reki menn sig upp undir — hæstv. ráðherra ítrekaði að ef slík staða kæmi upp þá fyndu menn á því lausn. Við vitum kannski ekki hver hún er einmitt í dag, en skilningurinn er ljós af beggja hálfu hvað þetta mál áhrærir.

[21:46]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 365. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 608; nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 609; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 610.

[21:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þegar málið sem hér er til umræðu var tekið til 2. umr. var vakin athygli á því sem hæstv. fjmrh. nefndi í máli sínu. Þótt þetta frv. geri ráð fyrir að skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns beri ekki stimpilgjöld stóð það eftir að húsbréf, sem verða núna verulegur hluti af lánum til þeirra sem hafa fengið félagslegt lán í kerfinu sem á að leggja niður, bera stimpilgjöld en það eru 65–70% lánsins. Að auki var vakin athygli á því að skuldbreytingalán, þ.e. fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum og lánaflokkar sem voru í Byggingarsjóði ríkisins, lán til byggingarheimila fyrir aldraða m.a. og sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir, munu einnig bera stimpilgjöld. Formaður efh.- og viðskn. tók vel í að þetta mál yrði sérstaklega skoðað milli 2. og 3. umr. málsins. Eftir því sem ég best veit var tekið undir þetta í efh.- og viðskn., raunar svo jákvætt að gerð var brtt. sem flytja átti af formanni og varaformanni efh.- og viðskn. Í þeirri brtt. var lagt til að fasteignaveðbréf, skipt fyrir húsbréf, gefin út samhliða skuldabréfi vegna viðbótarláns vegna sömu fasteignar bæru ekki stimpilgjöld. Mér virðist málið hafa hlaupið í hnút og eftir því sem ég best veit var hæstv. fjmrh. ekki sáttur við þessa niðurstöðu máls af hálfu efh.- og viðskn. Í stað þess að þessi brtt. sé flutt sameiginlega af efh.- og viðskn. kemur þessi yfirlýsing hæstv. ráðherra.

Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirri yfirlýsingu sem hæstv. ráðherra hefur flutt. Hæstv. ráðherra sagði efnislega að ef í ljós kæmi að einstaklingar sem flytjast nú yfir í nýjan Íbúðalánasjóð og voru í félagslega kerfinu yrðu ekki jafnsettir eftir sem áður í þessum nýja Íbúðalánasjóði að því er varðar kostnað við að taka lánin, yrði það skoðað sérstaklega og reynt að leita lausna á þeim málum.

Mér fannst koma fram í máli hæstv. ráðherra áðan, að ef slík tilvik kæmu upp þá yrðu þau mjög fá vegna þess að hægt væri að leysa málin þannig að fólk fengi stimpilgjöldin endurgreidd í vaxtabótakerfinu. Þetta var einmitt mál sem við fórum mjög ítarlega í gegnum í vor. Efh.- og viðskn., sem fjallaði um vaxtabæturnar var með rökum sýnt fram á að þær breytingar sem var verið að gera, þ.e. að breyta niðurgreiðslu sem var í félagslega kerfinu, hætta niðurgreiddum vöxtum og fara með vextina upp í markaðsvexti en að niðurgreiðslan kæmi eins og hjá öðrum í gegnum vaxtabótakerfið, henni var sýnt fram á að þakið sem er á vaxtabótakerfinu kæmi í veg fyrir að kostnaður vegna stimpilgjalda gæti fallið undir vaxtabótakerfið og orðið frádráttarbært.

Herra forseti. Ætli það séu ekki 6–8 raunveruleg dæmi um einstaklinga, einstæða foreldra, hjónafólk, hjón með börn, með mismunandi tekjur, mismunandi stórar eignir sem sýndu fram á hver raunveruleikinn í málinu væri. Hann er í fyrsta lagi sá, herra forseti, að sú niðurgreiðsla sem fólk fékk í gegnum félagslega íbúðakerfið og fær núna í gegnum vaxtabætur er ekki sambærileg. Fólk hefur meiri greiðslubyrði í nýja kerfinu vegna þess að það rekur sig upp undir þakið. Það er áður en kemur að stimpilgjöldunum og hér eru dæmi, raunveruleg dæmi. Við getum tekið einstakling, herra forseti.

Hámark vaxtabóta er 144 þús. kr. á ári, íbúðarverð er 6,3 millj. kr. og síðan er skoðað hvað þetta gefur að því er varðar niðurgreiðsluna í núgildandi kerfi og í vaxtabótakerfinu. Sjá má að í núgildandi kerfi, þ.e. í því kerfi sem á að leggja niður núna um áramótin, er nettógreiðslan að meðaltali 168 þús. kr. á ári fyrstu 10 árin hjá einstaklingi sem hefur í tekjur 1.500 þús. en 134 þús. hjá einstaklingi með 800 þús. Mismunurinn á niðurgreiðslunni sem var áður í félagslega kerfinu og þeirri sem verður í vaxtabótakerfinu er á bilinu 23–57 þús. kr. Það hefði því þurft að hækka þakið í vaxtabótum um á bilinu 23–57 þús. kr. fyrir einstaklinga til að þeir væru jafnsettir með niðurgreiðslu á vöxtum með vaxtabótum annars vegar og niðurgreiddum vöxtum hins vegar. Með öðrum orðum þyrfti að lyfta þakinu um 57 þús. kr. fyrir þennan einstakling til að hann yrði jafnsettur. Að auki stóðu þá stimpilgjöldin út af. Menn sjá að til að vera jafnsettur með niðurgreiðslu í formi vaxtabóta og þeirrar niðurgreiðslu sem var fyrir, þá þyrfti að lyfta þakinu verulega. Í þessu dæmi um 23–57 þús. kr.

Hjá einstaklingi með börn var þetta á bilinu 3–63 þús. sem þurfti að lyfta þakinu til að einstætt foreldri væri jafnsett á eftir. Hjá hjónum var mismunurinn á bilinu 16–28 þús. Þá er um við ekki farin að tala um stimpilgjaldið. Í engu þessara tilvika var rúm fyrir stimpilgjaldið. Viðkomandi þurfti að bera stimpilgjaldið sjálfur og það er töluvert hátt. Ég ætla að koma að því á eftir í máli mínu af því það var ekki plúss fyrir það innan vaxtabótakerfisins. Þetta eru staðreyndir sem við stóðum frammi fyrir á síðasta þingi. Þá var gerð tilraun í efh.- og viðskn. til að fá samstöðu um að lyfta þakinu svo yfirlýsing hæstv. félmrh. stæði, um að einstaklingarnir yrðu jafnsettir í nýju kerfi eins og í félagslega kerfinu sem leggja átti niður, að því er varðar bæði vaxtaniðurgreiðslu og kostnaðinn. Um það náðist ekki samstaða, herra forseti. Við stöndum því frammi fyrir því að greiðslubyrðin verður meiri í þessu nýja íbúðalánakerfi að því er varðar vaxtabyrðina.

Þá komum við að kostnaðinum, herra forseti, í formi stimpilgjalda en fólk í félagslega kerfinu þurfti ekkert stimpilgjald að borga af sínum lánum. Það var undanþegið stimpilgjaldi. Nú þarf það að borga stimpilgjald af 65% lánanna. Hvað kemur þá í ljós? Þessi dæmi lágu öll fyrir í fyrra. Það er ekkert nýtt í þessu. Þá var sýnt fram á að stimpilgjald, miðað við einstætt foreldri með eitt barn, sem kaupir íbúð á fimm og hálfa milljón og er með 960 þús. í árslaun, mánaðarlaunin eru 80 þús. Það fer allt í einu að borga stimpilgjald upp á 57 þús. kr. sem það þurfti ekki að borga áður. Hér liggur fyrir að þetta stimpilgjald kemst ekki undir vaxtabótaþakið. Þá eru til tvær leiðir. Þær eru að fella niður stimpilgjaldið alfarið og líka af húsbréfunum, eins og mér fannst að efh.- og viðskn. hefði raunverulega tekið undir, eða lyfta vaxtabótaþakinu til að stimpilgjaldið geti fallið undir vaxtabæturnar.

Því hefur þegar verið hafnað að lyfta vaxtabótaþakinu. Nú, herra forseti, á greinilega að hafna því að húsbréfin verði án stimpilgjalda. Ég hef efasemdir um þetta, miðað við þá leið sem hæstv. ráðherra nefnir, að ef þetta verði vandamál hvort þá verði fundin einhver lausn. Ég spyr ráðherrann: Ef hann er ekki tilbúinn að lyfta vaxtabótaþakinu, ekki tilbúinn að afnema stimpilgjöldin af húsbréfunum, hvaða leið hefur þá hæstv. ráðherra til að t.d. einstætt foreldri þurfi ekki allt í einu að leggja út, miðað við litla íbúð upp á 5,5 millj. kr., upp undir 60 þús. kr. sem það hefur ekki gert áður, fyrir utan það að greiðslubyrðin af vöxtunum verður meiri?

Herra forseti. Mér nægir ekki þessi yfirlýsing ráðherra af því að ég veit af þessu vandamáli. Ég þarf ekki að bíða eftir að fá einhverja reynslu í því. Ráðherrann lætur líta svo út að þetta verði ekki stórt mál, komi aðeins til með að snerta einn og einn en málið er raunverulegt og við stöndum frammi fyrir þessu vandamáli. Ég tel að það sé undansláttur í málinu, menn séu að koma sér hjá því að samþykkja þetta, vegna þess að við stöndum frammi fyrir þessu vandamáli.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir kannast við alla þessa umræðu. Hún er formaður í félmn. sem fjallaði um þessar breytingar og fór rækilega yfir stimpilgjöldin, viðbótarkostnaðinn, greiðslubyrðina hve mikil hún yrði miðað við vaxtabæturnar þar sem fólk ræki sig upp undir þakið. Eins kom í ljós hve niðurgreiðslan var hagstæðari fyrir fólk. Ég sé að hv. þm. kinkar kolli. Við fórum í gegnum þá umræðu og voru allir sammála um að svona væri þetta. Þess vegna spyr ég: Af hverju að fresta þessu vandamáli fram yfir áramót ef meiri hlutinn vill taka á málinu? Við þurfum ekki frekari sannanir. Þær liggja á borðinu.

Herra forseti. Það olli mér miklum vonbrigðum, að ekki næðist samstaða um þetta. Í brtt. efh.- og viðskn. sem ég sá, og það er að vísu hægt að kalla það tvöfalt kerfi eins og hæstv. ráðherra nefndi, vorum við jú aðeins að tala um að aflétta stimpilgjöldunum af húsbréfunum sem kæmu til viðbótar þessum viðbótarlánum. Ég hygg að við séum ekki að tala um stórar fjárhæðir, herra forseti. Stimpilgjöldin gefa ríkissjóði í dag um 2,3 milljarða. Svo var a.m.k. síðast þegar ég var að skoða þetta. Það getur þó vel verið að það sé meira á næsta ári. Þegar ég vann að tillögu sem við fluttum um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara kom þetta í ljós að þau gáfu um 2,3 milljarða kr. Þegar maður skoðar þessi mál, af því við erum að tala um tekjulægstu hópana sem allt í einu eiga að bera meiri kostnað en þeir gerðu áður, þá hefur ríkissjóður verulegar tekjur af heimilum sem raunverulega eru í neyð. Ríkisstjórnin bætti síðan um betur á síðasta þingi að því er varðar t.d. dómsmálagjöldin. Þau voru hækkuð, t.d. var hækkuð gjaldtaka vegna beiðni um nauðungarsölu. Þar var ríkið að ná sér í peninga á síðasta þingi. Þegar ég flutti málið fyrir tveimur þingum hafði ríkið verulegar tekjur af stimpilgjöldum, þinglýsingargjöldum, gjöldum af fjárnámi og nauðungarsölu auk tekna af virðisaukaskatti af gjaldtöku lögmanna hjá skuldurum í innheimtumálum.

Herra forseti. Mér finnst að í þessu góðæri sem stjórnarliðum er tamt að ræða um í þessum ræðustól, eigi að reyna að ná samstöðu um að leggja ekki auknar álögur með þessari breytingu sem ríkisstjórnin er að gera, viðbótarkostnað á það fólk sem verst er sett í þjóðfélaginu og sem naut mestrar aðstoðar af félagslega kerfinu sem nú hefur verið lagt niður. Ég er að tala um einstæða foreldra, námsmenn, aldraða og öryrkja. En það erum við að gera. Bara stimpilgjöldin ein og sér, sem geta verið 60–70 þúsund kr., eru stundum heil mánaðarlaun hjá þessu fólki.

Þess vegna gladdi það mig mjög þegar ég stóð í þeirri trú að samstaða væri um að meiri hluti efh.- og viðskn. flytti þessa brtt.

Herra forseti. Ég vil biðja forseta og þingheim að virða mér það til betri vegar þó að ég kaupi ekki alveg þessa yfirlýsingu hæstv. ráðherra, þó að ég viti að hún sé vel meint, þegar maður hefur þessar staðreyndir fyrir framan sig.

Ég skal ekki tefja þingstörfin meira. Ég vildi bara koma því skilmerkilega á framfæri sem ég hef um þetta mál að segja, vegna þess að ég veit að við erum með vandamál sem

við munum standa frammi fyrir á næsta ári en hefði verið hægt að leysa við þessa umræðu.

Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðherra, herra forseti, hvort hann geti svarað þessu: Ef þetta er jafnmikið vandamál og ég sé það fyrir mér, herra forseti — ef ég á að giska á eitthvað, herra forseti, miðað við þær úttektir sem ég hef verið að gera á einstaka hópum, þá hygg ég að við séum kannski að tala um að þrjá fjórðu hluta þeirra sem fá viðbótarlán, þ.e. þeir sem hafa verið í félagslega kerfinu og fara nú að fá viðbótarlán í nýjum Íbúðalánasjóði, lendi í því að reka sig upp undir þetta þak og bera sjálfir að fullu stimpilgjöldin sem þeir gerðu ekki áður — ef það kemur í ljós að við séum ekki bara að tala um einn og einn — ég vona að hæstv. ráðherra sé að hlýða á mál mitt — ef við erum að tala um töluvert stóran hóp, er ráðherrann þá tilbúinn að lýsa því yfir hér og nú að hann muni þá koma með frv. inn í þingið sem gerir annað tveggja, að lyfta vaxtabótaþakinu þannig að rúm skapist fyrir stimpilgjöldin eða að aflétta stimpilgjöldunum af húsbréfunum vegna viðbótarlána? Við erum náttúrlega líka að tala um skuldbreytingarlánin og við erum líka að tala um þá þrjá lánaflokka sem ég nefndi.

Við erum greinilega ekki sammála, ég er miklu sannfærðari en ráðherrann hæstv. um að þetta sé raunverulegt vandamál og við því er ekkert að gera ef ráðherrann telur þetta ekki vera stórt vandamál. Ég tel það vera vandamál. Við gætum færst nær því að finna lausn á þessu og ekki þurft að ræða þetta mikið lengur í kvöld ef ráðherrann væri tilbúinn að lýsa því svolítið skýrar yfir en hann gerði áðan, að ef þetta sýnir sig að vera raunverulegt vandamál, að við séum að tala um nokkuð stóran hóp sem rekur sig í þetta þak, þá muni hann koma inn í þingið með lagabreytingu sem leysir þetta mál, annaðhvort með því að lyfta vaxtabótaþakinu eða afnema stimpilgjöldin af lánunum. Og ef ráðherrann þekkir einhverja þriðju leið, sem ég sé ekki í hendi mér hver gæti verið, þá væri mjög gott að fá hana fram við þessa umræðu.

[22:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst þessi umræða eiginlega dálítið furðuleg því hér er verið að ræða um mál sem er ekki þingmál. Þetta atriði sem er verið að tala hér um er ekki hluti af frv. Hér er flutt sáraeinfalt og heldur ómerkilegt frv. En tækifærið er notað til að taka upp mál sem var hér til umræðu í vor og útkljáð á því stigi málsins, eins og málin stóðu þá. Hér var flutt mál af forvera mínum á sínum tíma, í vor, og þá voru þessi mál, svo langt sem þau þá náðu, útkljáð.

Hins vegar vill svo til að ég flyt hérna lítilvægt frv. um stimpilgjöld, um allt aðra hluti. Þetta er eiginlega til marks um það, herra forseti, að málum er hér drepið á dreif, þ.e. þetta litla mál sem ég hef hér flutt hefur ekki verið rætt af hv. þingmönnum í þessari umræðu. Það er verið að tala um allt annað atriði sem að vísu líka lýtur að stimpilgjaldi, lögunum um stimpilgjald. Það er það eina sem er sameiginlegt með þessum umræðum og því frv. sem á að vera hér til umræðu.

Er þingmaðurinn hlynntur frv. eða ekki? Það hefur ekki komið fram. Þingmanninum er alveg nákvæmlega sama um þetta frv., alveg nákvæmlega sama um það þó að hér sé verið að reyna að fá farskip skráð inn í landið á eðlilegum forsendum, eins og þetta mál gengur út á, eða að verið sé að tína til á einn stað í smáhreingerningu þessi undanþáguákvæði sem hafa verið á víð og dreif í lögum að því er varðar stimpilgjöld. Þingmanninum er alveg nákvæmlega sama um það. Hún orðar það ekki.

Hún tekur hér upp allt annan hlut. Ég hef gefið hér ákveðna yfirlýsingu um það mál. Hún stendur. En það er náttúrlega algjörlega óviðunandi, herra forseti, að hér sé verið með hótanir um að ef ekki verði sagt eitthvað meira, ef ekki verði gengið eitthvað lengra í áttina að því sem hv. þm. talar um, þá gerist þetta eða þá gerist hitt.

Það má segja margt um þær umræður um Íbúðalánasjóðinn sem fram fóru hér í vor og alla þá útreikninga sem því máli fylgdu. Ég hef reyndar litið aðeins á það á nýjan leik núna upp á síðkastið út af þessu máli hér. Að vísu var engin sérstök ástæða til þess vegna frv. sem ég flutti hér að gera það, en ég gerði það vegna þess að þingmaðurinn tók þetta atriði upp. Ég held að hægt sé að fullyrða að þetta nýja kerfi muni koma betur út fyrir langsamlega flesta sem verða þarna aðilar að. Alls kyns útreikningar liggja fyrir um það efni sem ég er nú ekki með hér í höndunum og sem ég satt að segja tel ekki að eigi að ræða undir þessu þingmáli. Ég tel það reyndar ekki.

Það er náttúrlega ekki hægt heldur að láta því með öllu ósvarað sem þingmaðurinn heldur fram. Auðvitað verður líka að horfa aðeins út fyrir fyrir eitt ár í þessu. Hér er um að ræða atriði sem taka breytingum og hérna er um að ræða ákveðna greiðslubyrði og ákveðið ferli sem ekki jafnar sig kannski nákvæmlega á einu ári. Stimpilgjaldið er lagt út strax. Síðan gerast hlutir á nokkrum árum með vaxtabótum og þess háttar.

Herra forseti. Ég tel að það sé óeðlilegt að teygja umræðuna um þetta mál sem nú er til umræðu inn á þessar brautir og ég ætla ekki að taka frekari þátt í því. En yfirlýsing mín frá því áðan stendur.

[22:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér fannst ræða mín áðan ekki gefa tilefni til þess að hæstv. fjmrh. skipti svona skapi í ræðustól eins og hann gerði nú. Mér fannst ég ekki gefa honum neitt tilefni til þess.

Um hvaða mál erum við að fjalla, herra forseti? Við erum að fjalla um frv. til laga um breyting á lögum um stimpilgjöld. Ég held að öll mín ræða hafi gengið út á stimpilgjöld og kostnað íbúðakaupenda vegna stimpilgjalda (Gripið fram í.) sem þeir sem hafa fengið íbúðir í félagslega kerfinu þurfa núna allt í einu að fara að greiða frá og með næstu áramótum. Það er nýtt, herra forseti, að þeir sem verið hafa í félagslega kerfinu þurfi nú, frá og með næstu áramótum, að fara að greiða stimiplgjald af húsbréfum. (**Fjmrh.:** Það er ekki í þessu frv.) Í þessu frv. er í lið 4 rætt um að skuldabréf sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns verði undanþegin stimpilgjaldi, þ.e. þeir sem voru í félagslega kerfinu þurfa nú að bera kostnað af ákveðnum hluta af láni hins nýja Íbúðalánasjóði. Herra forseti. Ég spyr um hvort að í 4. tölulið sé ekki verið að ræða um að skuldabréf sem gefin eru út af Íbúðalánasjóði vegna viðbótarlána beri ekki stimpilgjöld. (**Fjmrh.:** Þetta er ekki nýtt.)

Síðan erum við að ræða um það að um næstu áramót taka gildi lög sem fela í sér að lögð eru ný gjöld á fólk í félagslega kerfinu upp á 50–70 þúsund kr. Ég get bara ekkert að því gert, herra forseti, þó að hæstv. ráðherra sé pirraður yfir málflutningi mínum úr þessum ræðustól. Ég veit að margir sem núna þurfa að leita í þennan nýja Íbúðalánasjóð og bera þar kostnað sem skiptir tugum þúsunda sem ekki þurfti

áður, bera auðvitað kvíðboga fyrir því. (Gripið fram í.) Og núna við afgreiðslu á frv. um stimpilgjald var reynt að ná samstöðu um að húsbréfin mundu ekki bera stimpilgjöld. (**Fjmrh.:** Húsbréf eru stimpilfrjáls. Það stendur í 1. gr. frv.)

Við erum að tala um fasteignaveðbréf sem skipt er fyrir húsbréf. (**Fjmrh.:** Hvernig væri þá að hafa það bara rétt.) Mér finnst ráðherrann gefa tilefni til þess að ég fari aðeins að bretta upp ermarnar og taki fyrir nokkra umræðu um greiðslumat í félagslega íbúðakerfinu vegna þess að ég er hér með bók sem fjallar mjög ítarlega um það mál, herra forseti. Við erum að fjalla um stimpilgjöld sem fasteignaveðbréfin eiga að fara að bera núna um áramótin. Ég hef áhyggjur af því, þó að hæstv. ráðherrann hafi það ekki, að það fólk sem verst er sett í þjóðfélaginu eigi allt í einu núna frá næstu áramótum að fara að bera kostnað sem það hefur ekki borið áður, sem samsvarar kannski einum mánaðarlaunum hjá þessu fólki.

Mér finnst að ráðherrann geti alveg stillt skap sitt þótt hér sé eytt nokkrum mínútum í að ræða kostnað sem er verið að setja á fólk sem nemur einum mánaðarlaunum. Ef það væri verið að taka úr vasa ráðherrans þær 400 eða 500 þúsund krónur sem hann hefur á mánuði ... (**Fjmrh.:** Getur þingmaðurinn stillt skap sitt?) ef það væri verið að taka það af ráðherranum þá hefði hann kannski eitthvað um málið að segja. En ég er að tala um lægst launaða fólkið. Ég ætlaði mér ekki, herra forseti, að hafa mjög langt mál um þetta. Ég ætlaði mér ekki að gera það. (Gripið fram í.) Og ég tel mig í fyrri ræðu minni ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti biður um hljóð í þingsal og að hv. þm. megi tala af rólegheitum.)

Herra forseti. Ég bið um það að ekki sé snúið út úr máli mínu með frammíköllum hæstv. ráðherra, sem á nú svolítið undir því ásamt ríkisstjórninni að mál gangi fram á þessum síðustu klukkustundum og m.a. það frv. sem ráðherrann hæstv. ber hér fram. Þótt ráðherrann eigi það svo sannarlega skilið að ég standi í ræðustól drjúgan tíma enn (Gripið fram í.) til þess að ræða þetta mál, þá ætla ég ekki að láta skapvonsku ráðherrans bitna á öðrum þingmönnum sem ekkert hafa til saka unnið og vilja fara að ljúka þingstörfum með eðlilegum hætti. En það skal ég undirstrika, herra forseti, að hæstv. ráðherra á ekki skilið að þessari umræðu sé lokið. Það veit sá sem allt veit, vegna þess að ráðherrann hefur ekki hagað sér þannig við þessa umræðu að það gefi tilefni til þess, og ekki, miðað við stærðina á því máli sem við erum að ræða, gagnvart því fólki sem nú fer að bera mikinn aukakostnað vegna þeirra breytinga sem m.a. Framsfl. stendur fyrir. Hæstv. viðsk.- og iðnrh. talaði hæst fyrir síðustu kosningar um greiðsluvanda heimilanna sem hefur nú aukist verulega. Á síðustu 24 mánuðum hafa skuldir heimilanna aukist um 73 milljarða kr. Hvað ætlaði hæstv. viðskrh. að gera? Hann ætlaði að beita sér fyrir frv. um greiðsluaðlögun. Hann fór mikinn í kosningabaráttunni. Það frv. sést ekki enn þá. Það sést ekki enn þá þó að þinginu og kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar sé að ljúka.

Gott og vel, herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta frv. eða þetta mál, vegna þess að gert hefur verið ákveðið samkomulag hér. Það hefur ekki verið brotið af minni hálfu. Ef einhver hefur brotið það þá er það geðvonska hæstv. fjmrh. við þessa umræðu. Síðan skulum við sjá hvað setur eftir áramótin þegar þessi hringekja í Íbúðalánasjóðnum fer af stað. Þá skulum við sjá hvort okkar hafði rétt fyrir sér, ég eða fjmrh., um það hvort verið sé að leggja á lægst launaða fólkið í þessu landi miklu meiri greiðslubyrði bæði í vöxtum og kostnaði en það hefur áður séð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, 3. umr.

Stjfrv., 229. mál (sala hlutafjár). — Þskj. 256.

[22:15]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Frv. það sem hér er tekið til 3. umr., um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, hefur ekki verið mjög lengi í þinginu. Það er sennilega um einn mánuður síðan hæstv. viðskrh. lagði frv. fram. Ég taldi satt að segja miðað við þá reynslu sem fljótlega eftir að þetta frv. var lagt fram kom á sölu á hlutabréfum, bæði í Landsbankanum sem þá var nýafstaðið og eins varðandi Fjárfestingarbankann og síðan það sem hefur komið í ljós varðandi Búnaðarbankann, að þetta mál mundi fá mjög vandlega og ítarlega skoðun í þinginu og gögn yrðu lögð fram í efh.- og viðskn. sem sýndu fram á hvaða áhrif salan á hlutabréfunum hefur haft.

Þegar málið var tekið til 2. umr. var ítarlega farið yfir stöðuna og ég og fleiri sem töluðum við þá umræðu töldum nauðsynlegt að málið yrði skoðað milli 2. og 3. umr. í efh.- og viðskn. T.d. taldi ég nauðsynlegt, herra forseti, að fá fram hluthafaskrána sem átti að liggja frammi að því er embættismenn viðskrn. upplýstu, þ.e. hluthafaskráin í Fjárfestingarbankanum. Ég taldi nauðsynlegt að við gætum áttað okkur betur á því hversu dreifð eignaraðildin væri í þessum bönkum eftir söluna á hlutabréfunum. Alþingi hefur þegar heimilað viðskrh. sölu á 49% hlutabréfa í Fjárfestingarbankanum og nú var hæstv. ráðherra að biðja um heimild til að selja öll hlutabréfin eða 51%.

Mér sýnist málið liggja þannig, herra forseti, þegar við erum í lokaafgreiðslu þessa máls að efh.- og viðskn. hafi ekki komið saman til þess að ræða málið og ég get ekki séð, og spyr um það, að fyrir liggi ýmsar þær upplýsingar sem ég kallaði eftir og ég taldi nauðsynlegar til að hægt væri að meta áhrifin af þessu og hvernig maður mundi greiða málinu atkvæði þegar það kæmi til 3. umr. Ég taldi t.d. nauðsynlegt að fá fram niðurstöðuna hjá bankaeftirlitinu sem er að fjalla um þetta mál, hefur tekið það til sérstakrar skoðunar út af kennitölukapphlaupinu. M.a. óskaði ég sjálf eftir því við bankaeftirlitið að það yrði sérstaklega skoðað. Eins varðandi hluthafaskrána. Ég óskaði eftir því að ráðherrann beitti sér fyrir því að upplýsingar um hana lægju fyrir þannig að við sæjum hversu dreifð eignaraðildin er. Við vitum og það kom skýrt fram við 2. umr. málsins að einn aðili, Kaupþing, á orðið 9% hlutafé af þeim 49% sem seld eru í Fjárfestingarbankanum og heildaratkvæðamagn þessa aðila, Kaupþings, er 14% og Kaupþing á að því er ég best veit rétt á stjórnarsæti í bankanum.

Ég held að það liggi alveg fyrir að markmið ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild hafi mistekist, þó mönnum fyndist við 2. umr. að hæstv. viðskrh. væri búinn að skipta um skoðun, enda sagði hæstv. ráðherra um söfnun kennitalnanna fyrir nokkru síðan að þær gengju þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild.

Ég held að mjög mikilvægt sé þegar við erum að selja eignir ríkissjóðs og skattgreiðenda að þannig sé staðið að

málum þegar um er að ræða sölu í þeirri mikilvægu atvinnugrein sem er í bankakerfinu, að ekki sé stuðlað að fákeppni og að þessar eigur ríkissjóðs safnist ekki á fárra manna hendur en það er það sem ég hef óttast að mundi gerast og hefði talið að við þyrftum að átta okkur betur á áður en málið yrði endanlega afgreitt frá þinginu. Í annan stað þarf auðvitað að gæta þess vandlega að ríkissjóður og skattgreiðendur fái fullt, eðlilegt og sanngjarnt verð fyrir þær eignir sem verið er að selja. Ég held, herra forseti, að hvorugt hafi gerst. Ég held að eignir ríkissjóðs, þ.e. þessi hlutabréf, hafi verið seld á undirverði og ég tel að eignaraðildin sé ekki dreifð, þ.e. þessi markmið hafi ekki náðst. Ég hef tvö dæmi um það. Fleiri hef ég ekki og ég er að biðja um að fá að skoða málið nánar. Það er Kaupþing annars vegar með þessi 9% að því er varðar eignir í hlutabréfum og heildaratkvæðamagnið 14 og síðan verðbréfasjóður Búnaðarbankans með 5–6%. Þetta var fyrir nokkru síðan. Það mál vel vera að þetta hafi breyst. Og ég spurði um hvort hægt væri að fá upplýsingar um hve margir væru með eignaraðild yfir 1%, hve margir yfir 2%, hve margir yfir 3% o.s.frv. Ég var ekkert að biðja um að fara ofan í einhver nöfn í þessari hluthafaskrá en t.d. að hæstv. ráðherra gæfi okkur yfirlit yfir það. En það er eins og með margt annað hjá þessari ríkisstjórn að þessi virðulega stofnun virðist allt of mikið vera notuð sem stimpilstofnun fyrir hæstv. ráðherra.

Hér er heimild bara gefin til viðskrh. um að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Við höfum fyrir okkur að veruleg hætta geti verið á því að hlutabréf í þessum banka séu að safnast á fárra manna hendur. Við erum að spyrja: Er ekki ástæða til þess að Alþingi setji skorður við því og ákveði t.d. um hámarkseignaraðild, segjum 3% eða ákveðinn eignarhaldstíma sem aðilar þyrftu að eiga þessi bréf? Allt þetta opnaði hæstv. ráðherra á þegar kennitölufárið byrjaði. En svo virðist hæstv. ráðherra hafa dregið í land af því að hann var skammaður af Viðskiptablaðinu fyrir að vera að hlaupa eftir því sem ég og einhverjir aðrir segðu og hann virðist hafa alveg skipt um skoðun og meira að segja hélt hann því fram að markmiðið um dreifða eignaraðild næðist allt saman og fannst málið bara allt í einu vera í besta lagi og alveg í þeim búningi sem passaði fyrir Alþingi að afhenda í hendurnar á honum.

En ég treysti hæstv. ráðherra ekki til að fara með eignir ríkissjóðs sem á að fara að selja upp á 6 milljarða kr. án þess að ég hafi einhverja smátryggingu fyrir því að þessi verðmæti sem þjóðin á renni ekki öll á örskömmum tíma í ginið á kolkrabbanum. Mér finnst við ekki vera að tala um neitt smámál. Hvað hefur verið að gerast á undanförnum missirum? Eignir og völd eru sífellt að færast á fárra manna hendur í atvinnulífinu. Ég hef sagt að bankakerfið sé næst undir hjá þessum fjársterku aðilum og ég held, herra forseti, því miður, að ég hafi rétt fyrir mér og það muni koma í ljós þó síðar verði.

Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, og þess vegna ætla ég ekki að tala neitt lengi við þessa umræðu nema hæstv. ráðherra gefi tilefni til þess á eftir, að það sé ásetningur ríkisstjórnarinnar, hvað sem við í minni hlutanum segjum, að keyra þetta mál í gegnum þingið fyrir jólin. Ég hef fært rök fyrir því og skal ekki endurtaka þau að það hefði verið hægt að bíða þangað til eftir áramót. Með hvaða rökum sagði ég það? Því að þá mundum við fá frekari upplýsingar um reynsluna af fyrra útboði. T.d. að um miðjan janúar eða 20 janúar fengjum við að sjá hvernig þessi dreifða eignaraðild lítur út, hvernig eftirmarkaðurinn hefur virkað o.s.frv. Er nokkur goðgá að bíða með þetta mál í um þrjár vikur eða mánuð til þess að sjá það? Nei. En ráðherranum liggur svo á að fá þetta mál í hendurnar til að geta farið að bjóða út allt hlutafé ríkissjóðs í Fjárfestingarbankanum, svo mikið liggur kolkrabbanum á að fá þetta allt saman til sín að þingið má ekki fá eðlilegan umfjöllunartíma til að fjalla um málið. Það er það sem ég hef verið að gagnrýna hér.

Herra forseti. Ég gæti auðvitað haft um þetta langt mál en ætla ekki gera það. Ég vil þó endurtaka þær spurningar sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra. Hefur hann nokkuð gert í því, frá því við töluðum saman síðast um þetta mál, að afla þeirra upplýsinga sem ég og fleiri kölluðum eftir? Þó að hæstv. ráðherra telji enga ástæðu til þess, þá er þó ósk um það frá Alþingi að þessar upplýsingar liggi fyrir og mér finnst það vera skylda hæstv. ráðherra, herra forseti, að reyna það sem í hans valdi stendur að afla upplýsinga sem kallað er eftir af þinginu eða einstökum þingmönnum. Það gerir ekkert annað en greiða fyrir málinu og það er lýðræðislegur réttur minn til þess að ég geti greitt atkvæði samkvæmt bestu samvisku og yfirsýn í málinu að fá fram þessar upplýsingar. Því miður held ég að ráðherrann hafi lítið gert til þess að við fengjum þær upplýsingar sem við höfum kallað eftir.

En ég vara við því að málið sé afgreitt með þeim hætti sem hér á að gera. Minni hlutinn lagði til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar af því að það væri vanbúið til afgreiðslu á þinginu og undir það tók ég. Það hefði verið eðlilegt að tími hefði gefist til þess við 3. umr., sem ekki virðist vera, að flytja brtt. t.d. bæði um eignarhaldstímann og hámarkshlut sem hver og einn aðili og tengdir aðilar mega eiga, en það gefst ekki tími til þess, svo mikið liggur á að afgreiða þetta mál.

Ég geri mér það auðvitað að fullu ljóst að þó að ég standi hér einhvern tíma enn og reyni að sannfæra ráðherrann og stjórnarliðið, þá hygg ég að það hafi ekki hljómgrunn, því miður, herra forseti. En eigi veldur sá er varar og ég tel mig hafa gert það. Ég tel að við séum með á ferðinni mál sem mun sýna sig fyrr en seinna, herra forseti, að mun verða til þess að stuðla að því að auka frekar bilið milli ríkra og fátækra í þjóðfélaginu, styrkja það að eignir ríkisins fari á undirverði í hendur fárra fjársterkra peningamanna og í kolkrabbann, smokkfiskinn eða hvað þeir aðilar heita, og hæstv. ráðherra lætur þetta allt saman gerast fyrir framan nefið á sér án þess að hreyfa legg eða lið. Það er miður en við því verður ekki gert. Við erum í minni hluta í stjórnarliðinu að því er þetta mál varðar. En ég verð að segja að mér er nokkuð misboðið, herra forseti, með afgreiðslu á þessu máli. Mér finnst lýðræðislegur réttur minn ekki virtur til þess að fá þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þessu máli en ég hygg að í það stefni og þá verður bara svo að vera.

Ég skal ljúka máli mínu en áskil mér þá frekari rétt til að tjá mig í málinu eftir því sem umræðunni vindur áfram og óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem ég beindi til hans.

[22:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um að engin ástæða er til að afgreiða þetta mál og minni en engin. Það er í rauninni beinlínis til vansa að knýja það í gegn þegar mjög skammur tími er til að ræða það. Það er vitað að um þetta mál er mikill pólitískur ágreiningur og það er einnig áhugi á því að skoða ýmislegt í tengslum við þessa

framkvæmd burt séð frá þeim pólitíska ágreiningi sem ég held að full efnisleg rök standi til að gera. Það er alveg ljóst og það hefur hæstv. ráðherra sjálfur viðurkennt, að t.d. þau markmið stjórnvalda að reyna að stuðla að sem dreifðastri eignaraðild við þessa einkavæðingu á bönkunum eða fjármálastofnunum hafa ekki gengið eftir. Ákveðnir hlutir hafa gerst í þjóðfélaginu sem stofna þeim í hættu svo vitnað sé í óbreytt orð hæstv. ráðherra úr fjölmiðlum frá því fyrir ekki löngu síðan.

Þegar það svo bætist við að það getur náttúrlega ekki skipt nema hverfandi litlu fyrir neitt annað en þá metnað hæstv. ráðherra hvort þetta mál væri afgreitt nú rétt fyrir áramótin eða gert að lögum í janúarmánuði, þá blasir það bara við, herra forseti, að það er mikil stífni og í rauninni mikil sjálfselska og eigingirni af hæstv. ríkisstjórn að lemjast á málum af þessu tagi fyrir utan allt annað sem hér er verið að reyna að afgreiða í samkomulagi og menn hafa fullan skilning á og viðurkenna að þarf að afgreiða. Það á alls ekki við um þetta mál. Þess vegna er þetta fyrst og fremst dæmi um þrjósku og óbilgirni hæstv. ríkisstjórnar, í þessu tilviki hæstv. viðskrh.

Það er kannski ekki aðallega það sem aftrar mér í þessu máli eða gerir mig andvígan afgreiðslu þess að upplýsingar vanti, sem það að vísu gerir og mættu þær liggja gleggri fyrir. En mér nægja í rauninni alveg þær upplýsingar eða þær vísbendingar sem nú þegar liggja fyrir til þess að vita að staldra ætti við og endurskoða framkvæmdina á þessum málum. Mér fyndist að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin væru menn að meiri ef þeir viðurkenndu það einhvern tíma að sumir hlutir ganga ekki eftir eins og menn ætla sér. Og þegar játningar hæstv. ráðherra sjálfra liggja fyrir í þeim efnum þá er enginn að brjóta odd af oflæti sínu þó að menn bara hreinlega segi: Við tökum okkur þá tíma í að skoða þetta betur og átta okkur á því hvernig hugsanlega væri mögulegt að standa öðruvísi að þessu, t.d. til að tryggja þetta dreifða eignarhald, ef mönnum er þá einhver alvara með því markmiði. Ef það er í raun og veru ekki bara yfirskin að láta heita svo að reynt sé að koma þessu í hendurnar á almenningi þegar ljóst er að síðan sópast þetta saman með firnahraða á hendur fjármálaveldanna í landinu og verður bara enn ein fjölin í þessa kistu fákeppninnar og samþjöppunar pólitísks valds sem fyrir er auðvitað allt of mikil í okkar litla og lokaða fákeppnishagkerfi sem er meira og minna ráðið af fáeinum blokkum eða það jaðrar við, því miður, herra forseti, að tala verði um þetta í eintölu innan tíðar ef svo heldur sem horfir. En þetta má ekki viðurkenna og þá er bara að þráast við.

Herra forseti. Eins og málum er háttað er ég andvígur bæði afgreiðslu þessa frv. og því sjálfu og mun greiða atkvæði gegn því. En vegna aðstæðna ætla ég ekki að hafa um það fleiri orð, enda vænti ég þess að við eigum eftir að eiga þess kost, ég og hæstv. viðskrh., að eiga um þetta frekari orðastað á nýju ári og jafnvel nýjum árum sem í hönd fara.

[22:33]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyrja: Hvað liggur á? Eins og hér kom fram við 2. umr. er sala á Fjárfestingarbankanum hluti af fjárlögum ríkisins. Gert er ráð fyrir tekjum í fjárlögum ríkisins af sölu á eignarhluta ríkisins í Fjárfestingarbankanum.

Varðandi það sem hér hefur verið deilt á, að eignaraðildin eða eignarhlutirnir séu ekki nógu dreifðir, þá er ég því ekki sammála. Ég hef hins vegar sagt að kennitölufárið sem fór af stað á sínum tíma, þar sem einstakar fjármálastofnanir eða viðskiptablokkir reyndu að smala saman hópi manna eða ná undir sig tilteknum eignarhlutum í viðkomandi fyrirtækjum, gekk þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar. Nú er hins vegar reynslan fengin af árangrinum af slíku. Árangurinn af þessari söfnun er enginn, hann mistókst sem betur fer. Þess vegna fullyrði ég að markmið ríkisstjórnarinnar um dreifða eignarsölu gengur eftir. (**JóhS:** Hvernig getur ráðherrann fullyrt þetta?) Á grundvelli reynslunnar.

Nú skulum við halda okkur við Fjárfestingarbankann til þess að halda umræðunni við málið sem ætlunin er að ræða. Það væri hægt að vitna til enn skýrara dæmis sem væri Búnaðarbankinn en það ætla ég ekki að gera. Ég segi einfaldlega: Markmiðin gengu eftir hvort sem menn horfa á viðskiptabankana, Búnaðarbanka og Landsbanka eða Fjárfestingarbankann.

Það má hins vegar að einhverju leyti nota þessa reynslu þegar kemur að því að gera næstu útboðslýsingu fyrir sölu á 51%. Það er óþarfi að vera að setja í lög frá Alþingi hvernig þeirri sölu skuli háttað. Reynslan mun notuð til að undirbúa næstu sölu og setja hana inn í útboðslýsinguna.

Þegar ég fullyrði að markmiðin hafi gengið eftir þá voru upphaflega 10.700 aðilar sem skráðu sig fyrir hlut í Fjárfestingarbankanum. Lítill hluti þessa hóps skráði sig fyrir hámarksupphæðinni. Hámarksupphæðin var þá 3 millj. kr. Ég held að ef menn væru að tala um reynsluna af sölunni, þá ættu menn að hafa í huga hvort upphæðin ætti ekki að vera lægri en 3 millj. kr. þegar næsta skref verður tekið. Að endingu urðu þessar 3 millj. kr. 360 þús. kr. að nafnvirði á hvern aðila. Í dag er staðan sú, án þess að ég hafi nákvæma tölu, að hluthafar eru nálægt 7.000 í Fjárfestingarbankanum. Eins og hér hefur komið fram og kom fram við 2. umr. málsins á stærsti einstaki hluthafinn 9%. Hann hefur yfir 14% eignarhlut að ráða af því að sjóður í vörslu viðkomandi aðila er með 5% eignarhlut. (**JóhS:** Er það ekki of mikið?) Nei, ég tel að það sé ekkert of mikið og hægt sé að tryggja dreifða eignaraðild eftir sem áður.

Í öðru lagi er einn aðili með 5% til viðbótar við þetta og af því að hv. þm. taldi nauðsynlegt að fá hluthafaskrána inn í þingið, þá held ég að ekki sé ástæða til þess. Það væri dálítið óvenjulegt að ég tel. Því hef ég aflað mér frekari upplýsinga. Ef hv. þm. vill hlusta því ég veit að hv. þm. er áhugasöm um að vita hvernig hluthafaskráin lítur út, án þess að vita nákvæmlega nöfn í þeim efnum, þá eiga fjórir eða fimm aðilar á bilinu 1–2%. Sem sagt, sex, sjö eða átta eiga eignarhluti í bankanum sem eru meira en 1%. Hinir tæplega 7.000 eiga eignarhlut undir 1%. Hversu mikið þarf að rannsaka í þessum efnum? (**JóhS:** Þetta verður nú fljótt að breytast.) Ég er, hv. þm., ekki með neinar spár um það. Ég hef ekki verið beðinn að svara því, að gera spá um það hvernig þetta muni breytast. Hv. þm. gekk mjög eftir því fyrir 2. umr. málsins að ég gæfi þessar upplýsingar sem ég hef gefið núna og taldi rétt að þeim væri haldið til haga.

Ef menn þurfa að rannsaka eignarhluti sem eru undir 1%, þá er auðvitað eitthvað annað sem liggur að baki. Hvað sem hver segir og hvaða nöfnum sem menn kalla þetta, einkavinavæðingu og þar fram eftir götunum, þá eru engin rök til að halda slíku fram þar sem þúsundir manna eiga eignarhluti í fyrirtækinu sem eru undir 1%, sárafáir eiga litla hluti sem eru innan við 10% í fyrirtækinu. Að ætla halda því fram að þarna sé um samþjöppun á valdi að ræða milli viðskiptablokka, kolkrabba, smokkfisks, hvað sem menn kalla þetta,

er náttúrlega ekkert annað en blekkingaleikur í þeim eina tilgangi að reyna að gera fyrirtækið tortryggilegt.

Sé það einlægur ásetningur hv. þm. að auka verðmæti þjóðarinnar í þessu fyrirtæki eins mikið og nokkur kostur er, þá get ég sannfært hv. þm. um að leiðin er ekki sú að reyna að gera fyrirtækið tortryggilegt. Leiðin er sú að skapa frekar jákvæða umræðu um fyrirtækið þannig að verðmæti ríkisins í því aukist og þjóðin fái sem mest fyrir það. Á þá ár ættum við í sameiningu að leggjast á næstunni, að reyna að auka verðmæti þjóðarinnar í þessu fyrirtæki.

Eitt af því sem hv. þm. spurði líka um við 2. umr. málsins og ég svaraði þá, snýr að skoðun bankaeftirlitsins á málinu. Þá svaraði ég mjög skýrt. Bankaeftirlitið hefur ekki lokið við sína skýrslu. Hins vegar er ekkert sjálfsagðara en að þegar sú skýrsla liggur fyrir þá geti hv. þm. fengið hana í hendur. Hv. þm. verður að hafa í huga að bankaeftirlitið er sjálfstæð stofnun og heyrir ekki undir viðskrh. Viðskrh. segir ekki bankaeftirlitinu fyrir og leggur fyrir það verkefni. Þetta sjálfstæði verða menn að virða, ekki bara öðru hverju heldur alltaf. Það verða menn að hafa að leiðarljósi hvort sem mönnum liggur á að fá skýrslur eða ekki. Bankaeftirlitið ræður ferðinni í því en þegar skýrslan liggur fyrir, þá er ekkert því til fyrirstöðu að hv. þm. verði afhent sú skýrsla. Hv. þm. óskaði eftir því að þetta verði gert þannig að búast má við að hv. þm. fái þessa skýrslu í hendur fyrst af öllum.

[22:41]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Hér er til síðustu umræðu frv. um að heimila ríkisstjórninni að selja 51% í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Þetta hefur verið rætt töluvert í þinginu og flest sjónarmið komið fram. Þó vildi ég að lokum nefna tvö eða þrjú atriði.

Í fyrsta lagi vil ég minnast á þá fullyrðingu hæstv. viðskrh. áðan sem hefur áður heyrst, að mikilvægt væri að afgreiða þetta mál vegna þess að það tengdist fjárlagaafgreiðslunni. Þetta er ekki rétt, herra forseti. Að vísu er í fjárlagatillögunum gert ráð fyrir tekjum af sölu eignarhluta ríkisins upp á 8 milljarða á næsta ári. Það var hækkað með tillögum í dag upp á 1,3 milljarða og tekjuaukning ríkissjóðs vegna sölu eigna er 3,7 milljarðar. Hluti af því er vitaskuld vegna fyrirhugaðrar sölu á 51% í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Hins vegar er það ekki svo, herra forseti, að ef þetta frv. verði ekki afgreitt fyrir áramót, þá sé á einhvern hátt stefnt í hættu áformum ríkisstjórnarinnar um að láta fjárlagafrv. standast. Ljóst er að málið er komið til lokaafgreiðslu í þinginu. Það er meiri hluti fyrir málinu og að því leyti gætu menn, ef menn hefðu lokið hinni málefnalegu umræðu og þinglegri meðferð, vitaskuld greitt um það atkvæði og afgreitt. Menn geta hins vegar líka látið málið liggja, eins og oft vill verða með mál þegar líður að jólum. Það er ekkert í hættu varðandi þetta mál fyrir ríkisstjórnina þó að málið yrði afgreitt þegar þing kemur saman — þing á að koma saman á óvanalegum tíma, 6. janúar — eða fyrri hlutann á næsta ári. Ég bendi á að í greinargerðinni með frv. er sagt að selja eigi eignarhlutann á fyrri hluta næsta árs. Það sem við höfum gagnrýnt hvað mest í frv. er hin opna heimild til sölu á þessu 51%. Megingagnrýni okkar á þetta frv. hefur verið sú að ekki skuli gefin nákvæmari lýsing á því hvernig standa eigi að sölu þessara 51%. Það er megingagnrýnisatriði vegna þess að við höfum fyrir okkur við sölu áður, hvort sem við köllum það kennitölusöfnun eða eitthvað annað, aðferðir sem ekki hafa gengið eftir eins og menn ætluðu. Hæstv. viðskrh. sagði rétt áðan að kennitölusöfnunin gengi beinlíns gegn stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er því alveg ljóst og þarf ekki að fara um það sterkum orðum að þetta fór ekki alveg eins og menn ætluðu. Það sem við höfum lagt áherslu á í okkar málflutningi er að brýnt sé að meta reynsluna, bíða eftir upplýsingunum sem verða til staðar þegar menn hafa greitt inn, t.d. með fjölda hluthafa og annað slíkt. Það hefur þó að hluta til verið upplýst. Bankaeftirlitið er að skoða tiltekna þætti í þessu máli en jafnframt hefði mátt fara að því sem við lögðum til í minni hluta efh.- og viðskn. við 2. umr. Í nefndaráliti okkar segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að framkvæmd einkavæðingarinnar og kennitölusöfnunin eru komnar í algerar ógöngur er brýnt að endurskoða meðferð þessara mála frá grunni. Því leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar enda sýna atburðir síðustu vikna að málatilbúnaðurinn er algerlega ófullnægjandi og ekki hægt að fallast á að ríkisstjórnin fái svo víðtækt og opið umboð til þess að ráðstafa eigum almennings."

Þetta les ég beint úr áliti okkar stjórnarandstæðinga við 2. umr. málsins. Sú tillaga sem fylgdi þessu, að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar til að koma slíku ferli af stað, var felld. Það var eðlileg lýðræðisleg niðurstaða sem ekkert er við að segja. Við viljum hins vegar, þegar kemur að lokum þessarar umræðu, draga skýrt fram meginþætti andstöðu okkar. Fyrst og fremst teljum við að þetta frv. hefði átt að útbúa með skýrari reglum varðandi fyrirhugaða sölu. Það er meginatriði málsins. Það hefði formlega ekki skipt máli og ég veit að hæstv. forseti getur alveg staðfest það. Í fjölmörg ár hafa fjárlagafrumvörp verið afgreidd og síðan verið sett lög á vorþingi sem leiða annaðhvort til útgjalda eða tekjuaukningar og hafa tengst viðkomandi fjárlögum. Ekkert í fjárlagafrv., t.d. í heimildargrein 7. gr. fjallar um þennan þátt. Þess vegna hefði málið mátt bíða en aðalgalli málsins er þó sá að við fengum ekki meiri hluta fyrir því að sett yrðu skýrari fyrirmæli og leikreglur um sölu á þessu 51%.

[22:46]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson hefur oft talað um hversu mikilvægt væri að þingið vandaði sig í öllum vinnubrögðum. Ég held að það verði að teljast vönduð vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnar, ef ríkisstjórnin vill tryggja að allir þættir fjárlagafrv. séu tryggir þegar þeir eru teknir til endanlegrar afgreiðslu. Ekkert annað vakir fyrir með samþykkt frv. en að ganga úr skugga um að meiri hluti sé á Alþingi fyrir því að selja Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, svo tryggt sé að tekjuáætlun fjárlaganna standist. Ef hv. þm. er trúr fyrri málflutningi sínum í þessum efnum, um að það skuli vanda til vinnubragða og þó að einhver fordæmi sé að finna fyrir því að þetta hafi ekki alltaf verið gert, þá má hv. þm. ekki, þegar honum hentar að leggjast í þá leiðu umræðu ef ég má orða það svo, finna því allt til foráttu að ríkisstjórnin ætli að vanda sig og tryggja grundvöll fjárlaganna. Menn verða að vera samkvæmir sjálfum sér í þessum stóli.

[22:48]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nokkuð fer hæstv. ráðherra utan vega við að rökstyðja að brýnt sé að afgreiða málið fyrir áramót. Svo er ekki og hefur í sjálfu sér ekkert með vönduð vinnubrögð

að gera nema þveröfugt sé. Við biðjum um vandaðri vinnubrögð varðandi þetta mál. Við höfum bent á að ekki liggi allar upplýsingar fyrir til að setja þær leikreglur sem setja þyrfti. Meiri hlutinn hefur pólitískt vald og vilja til að hafna því.

Varðandi tekjuáætlun fjárlaga þá er hún sett upp miðað við margvíslegar forsendur og spádóma alveg eins og hæstv. viðskrh. veit. Tekjuáætlun byggist á hagvaxtarspám, spám um verðlag og annað slíkt. Við vitum allir að þær tölur getur í sjálfu sér enginn sannreynt. Menn vinna að þessu af bestu samvisku og viti.

Hið sama gildir þegar menn afla sér heimilda til sölu eigna og vonast til að fá meira fyrir eignirnar. Það hefði verið dæmi um vandaðri vinnubrögð að bíða þar til betri upplýsingar lægju fyrir, taka höndum saman með stjórnarandstöðunni og úbúa betri leikreglur. Þær mundu gilda t.d. um kennitölusöfnun þá sem ráðherrann er að mótmæla. Þetta færi þá ekki í slíkan farveg. Það hefði getað orðið miklu betri sátt í þessu máli. Það væri ágætis ráðrúm ef við kæmum saman fyrri partinn í janúar til að afgreiða þetta mál. Það hefði farið miklu betur á því. Við erum að tala um eigur almennings. Ég harma að ríkisstjórnin vilji endilega fara þá leið að knýja málið í gegn með atkvæðagreiðslu nú á síðasta degi fyrir jólahlé. Það er einfaldlega óþarfi.

[22:50]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði, að hv. þm. vildi haga málflutningnum þannig að gera kröfu um vönduð vinnubrögð þegar það hentaði honum. Hins vegar verða leikreglurnar ekki settar í lögunum. Leikreglurnar um útboðið og sölufyrirkomulagið eru settar í útboðslýsinguna og svo hefur alltaf verið gert þegar hlutafélög eru boðin til sölu. Þar verða leikreglurnar mótaðar. Reynslan sem við öðluðumst við útboðin á Landsbanka, Búnaðarbanka og svo Fjárfestingarbankanum munum við nota við mótun leikreglna við sölu á þessum 51%. Hv. þm. getur treyst því að þar mun ekki takast síður vel til en í fyrri útboðum, að koma þessum tugum þúsunda Íslendinga sem eigendum inn í þessi fyrirtæki.

[22:51]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vitaskuld er hægt að setja í lög hvernig menn vilji haga sölu á eignum ríkisins. Menn þurfa kannski ekki endilega að setja það í lög en það er hægt. Menn geta látið vilja löggjafans koma fram í nál. með frv. um lögin. Margar leiðir hafa verið farnar í því. Það er líka hægt að láta koma fram, jafnvel í greinargerð með stjfrv. Því er mjög óljóst lýst í þessu frv. Hér gætu komið fram leikreglur, kynntar af ráðherra í umræðu málsins. Það, herra forseti, væru dæmi um hin góðu vinnubrögð sem við köllum eftir. Ekkert slíkt hefur verið gert.

Hæstv. viðskrh. er þekktur fyrir annað en vönduð vinnubrögð á ráðherraferli sínum. Hann veit það ósköp vel og bæði þingheimur og almenningur veit það. Það að ásaka okkur um óvönduð vinnubrögð þegar við viljum ganga vel frá sölu á eigum almennings, eins og við leggjum hér til, ég held, herra forseti, að það lýsi ráðherranum betur en tillögum okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, 2. umr.

Stjfrv., 279. mál (gjaldskrár o.fl.). — Þskj. 319, nál. 557 og 558, brtt. 559.

[22:53]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingar á lögum um bifreiðargjald, lögum um fjáröflun til vegagerðar og frv. til laga um vörugjald af ökutækjum.

Þessi brtt. er í nokkrum liðum og allítarleg og kemur fram á þskj. 559. Nefndin hefur fjallað mikið um málið og sent frv. víða til umsagnar. Listi yfir umsagnaraðila sem komu til fundar við nefndina er á þskj. 557. Yfirlit yfir brtt. og rökstuðninginn með þeim kemur fram á þskj. 559 og 557. Ég mun ekki gera frekari grein fyrir því sem þar stendur.

[22:55]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. en auk mín standa að álitinu hv. þm. Svavar Gestsson og Steingrímur J. Sigfússon. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti minni hluta efh.- og viðskn.

Hv. formaður efh.- og viðskn. gerði grein fyrir meirihlutaáliti nefndarinnar áðan. Ég er ekki viss um að þingheimur hafi alveg áttað sig á öllum þeim brtt. sem meiri hlutinn leggur til. Það var ekki farið mjög ítarlega í það í framsögunni áðan. Það liggur hins vegar fyrir í þingskjölum.

Við í minni hlutanum leggjumst gegn þessu frv. Hér er nokkuð sérstakt mál á ferðinni. Það er verið að plástra þungaskattskerfið eina ferðina enn. Þetta er kunnuglegt verkefni í efh.- og viðskn. og hér á hinu háa Alþingi. Við teljum að þurft hefði að gera kerfisbreytingu og taka upp olíugjald. Frv. um slíkt var lagt fram á síðasta þingi en ríkisstjórnin kiknaði í að lögfesta það mál. Hún hélt áfram með þungaskattskerfið og þarf nú nokkrum mánuðum seinna að koma með nýtt frv. til að endurbæta það.

Við höfnum þessum vinnubrögðum. Við viljum að olíugjald komi í staðinn fyrir eldra kerfi. Mikil vinna var lögð í þetta á síðasta ári og má benda á að menn í greininni, bílstjórar og aðrir, styðja það sem við leggjum til. Menn hafa gefist upp á þessu gamla kerfi. Það kom mjög skýrt fram í umsögnum um þetta frv. að menn sáu mjög eftir því að hin fyrri leið skyldi ekki farin.

Ég vil í örfáum orðum rökstyðja olíugjaldið. Margvísleg rök eru fyrir því, m.a. er það liður í mengunarsköttum framtíðarinnar. Það mundi hafa þau áhrif að dregið yrði úr óhagkvæmri notkun eldsneytis og kolsýringsmengun yrði minni. Allt eru þetta þættir sem eru mjög mikilvægir og með aukinni áherslu á mengunarvæna orkugjafa. Innheimta verður einfaldari, eftirlit einnig og þetta leiðir til sparneytnari bifreiða.

Þetta væri jákvætt með tillit til umhverfismála og þess má geta að mjög margar þjóðir hafa tekið upp gjaldtöku af þessu tagi. Þetta viðhorf nýtur stuðnings fjölmargra í samfélaginu, sérstaklega í þessari atvinnugrein. Ég er þess fullviss að verði það sem meiri hlutinn leggur til að lögum þá muni ekki

líða á löngu áður en nýtt frv. um endurbætur á því verði lagt fram. Þetta kerfi er komið að fótum fram og löngu tímabært að stokka það upp.

Minni hlutinn vísar því allri ábyrgð á ríkisstjórnina og meiri hlutann. Við munum sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Við viljum að aftur verði tekin upp vinna við undirbúning að upptöku olíugjalds. Við erum reiðubúin að standa að þeirri vinnu ásamt þeim þingmönnum sem það kjósa.

[22:59]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifaði með fyrirvara undir nál. hv. efh.- og viðskn. á þskj. 557, vegna 6. liðar en fellst á aðra liði. Í 6. lið er lagt til að sérsmíðaðar keppnisbifreiðir verði undanþegnar vörugjaldi en það er nú 65%. Hér er um að ræða margra millj. kr. tæki, jafnvel tugmilljóna.

Herra forseti. Samkvæmt lögum er lagt verulega hátt vörugjald 30 og 65% á farartæki sem notuð eru í atvinnurekstri. Það íþyngir sérstaklega landsbyggðinni sem er háð landflutningum. Ekki er talið fært að lækka þessar álögur á atvinnutækin af tillitssemi við stöðu ríkissjóðs. Ég er á móti því að á sama tíma verði fellt niður vörugjald á ofsadýr leiktæki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 340. mál (tekjur, samráðsnefnd, stjórn o.fl.). — Þskj. 434, nál. 545 og 576.

[23:00]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um breyting á lögum um Útflutningsráð.

Markaðsgjald mun falla niður um áramótin ef ekki verður að gert og því mikil þörf á að taka á þessu máli um Útflutningsráð.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. sem liggur hér fyrir og fengið á sinn fund allmargra aðila sem getið er um á þskj. 545. Meiri hluti nefndarinnar gerir tillögu um ákveðna breytingu sem liggur fyrir í nál. Hún er afar einföld og gengur út á að markaðsgjald sem notað er til að fjármagna Útflutningsráð sé frádráttarbært frá tekjum fyrirtækja. Að öðru leyti skýrir frv. sig sjálft.

Nefndin gerir ekki ráð fyrir öðrum breytingum á frv. en fram koma í nál.

[23:02]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Minni hlutinn treystir sér ekki til að standa að samþykkt þessa frv. eins og málið ber að. Ég mæli fyrir áliti minni hlutans. Hann skipa ásamt mér hv. þm. Ágúst Einarsson og Svavar Gestsson.

Ljóst er, herra forseti, af því sem fyrir liggur í þessu máli að ekki hefur tekist að ná því heildarsamkomulagi um framtíðartilhögun og skipulag um starfsemi Útflutningsráðs sem tryggi að samstaða sé um framhaldið. Minni hlutinn hefði því talið eðlilegast að framlengja lögin um Útflutningsráð sem minnst breytt en ekki að fara út í þær breytingar á lögunum sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þær eru umtalsverðar, bæði hvað varðar aðild að ráðinu og einnig greiðslur til þess.

Þegar svo við bætist, herra forseti, að áform eru um að auka gjaldtökuna með því að bæta við gjaldtökuna til að mæta kostnaði við verkefni í tengslum við Fjárfestingarstofu Íslands, er enn síður skynsamlegt, í ljósi þess að verið er að tjalda til fáeinna nátta, að gera allar þessar breytingar.

Það er, herra forseti, tæpast mjög trúverðugt í ljósi forsögu málsins að leggja nú til meiri gjaldtöku sem þó er í orði kveðnu a.m.k. ætlunin að leggja af innan tveggja ára að ég hygg. Þar vísa ég í ákvæðin í frv. þannig að ekki lítur út fyrir að menn hafi náð landi með þessi mál.

Ég held einnig að nokkuð ljóst sé að fara þurfi betur yfir og reyna að ná sátt um samræmingu starfa á þessu sviði, hinnar nýju viðskiptaþjónustu utanrrn. — sem verið er að byggja upp og er góðra gjalda vert — og þess hluta starfsins sem formlega séð tilheyrir Útflutningsráði með aðild atvinnulífsins. Þarna vantar á samræminguna og einnig má setja spurningarmerki við það með hvaða hætti starfsemi fjárfestingarskrifstofunnar er tengd þessu máli.

Við, herra forseti, sem skipum minni hlutann getum því ekki mælt með samþykkt frv. og sitjum því hjá við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða ríkisstarfsmanna, fyrri umr.

Þáltill. ÞHS o.fl., 302. mál. — Þskj. 362.

[23:05]

Flm. (Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um réttarstöðu ríkisstarfsmanna samkvæmt starfsmannastefnu ríkisstjórnarinnar. Flutningsmenn eru Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja hið fyrsta fram frumvarp til laga sem jafna réttarstöðu þeirra starfsmanna sem falla undir lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo að náð verði þeim markmiðum ríkisstjórnarinnar sem sett voru fram með starfsmannastefnu sem ákveðin var 1995 og stefnt var að með setningu laga nr. 70/1996.

Þegar lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, voru í undirbúningi var það yfirlýstur megintilgangur þeirra að jafna réttarstöðu ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði, meðal annars í ljósi þeirrar þróunar sem átt hafði sér stað á vinnumarkaði frá árinu 1954 þegar eldri lög voru sett.

Nú, tveimur árum síðar, bólar ekkert á þeim lagabreytingum sem lofað var í kjölfar setningar laganna til að jafna stöðuna. Nægir hér að nefna veikindarétt, rétt til fæðingarorlofs og lífeyrisréttindi.

Í greinargerð með frumvarpinu sem lagt var fram á Alþingi 1996 sagði m.a. að ríkisstarfsmenn hefðu nú flestir fengið samnings- og verkfallsrétt auk þess sem margir þeirra væru ráðnir samkvæmt ráðningarsamningum með gagnkvæmum fresti til uppsagnar. Þrátt fyrir þetta væri enn á því byggt að lögin tækju einvörðungu til þeirra sem væru félagsmenn í félögum innan vébanda BSRB og BHMR.

Sá skilningur samrýmdist tæplega ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnrétti né heldur ákvæði 74. gr. hennar um félagafrelsi, sbr. stjórnarskipunarlög, nr. 97/1995. Frumvarpinu væri ætlað að ráða bót á þessu misrétti auk þess sem stefnt væri að því að réttindi hvers starfsmanns samsvaraði þeim skyldum sem honum væru lagðar á herðar á sama hátt og gert hefði verið á sínum tíma þegar lög nr. 38/1954 voru sett. Samkvæmt því væri í frumvarpinu gert ráð fyrir að mismunandi reglur giltu um starfsmenn ríkisins eftir því hver réttarstaða þeirra væri. Þannig væri lagt til að starfsöryggi þeirra starfsmanna er nytu hvorki samnings- né verkfallsréttar yrði tryggt nokkru betur en venja væri en aðrir starfsmenn ríkisins er nytu almennt samnings- og verkfallsréttar byggju við svipað öryggi í starfi og launþegar á almenna vinnumarkaðinum.

Þegar lögin voru sett árið 1996 þurfti að taka afstöðu til þess hvernig ætti að samræma rétt þeirra starfsmanna sem ekki hefðu notið réttar skv. lögum nr. 38/1954 og hinna sem þess réttar hefðu notið.

Í 12. gr. laganna segir að starfsmenn skuli eiga rétt til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi eftir því sem mælt sé fyrir í lögum og eftir atvikum ákveðið eða um samið á sama hátt og laun (þ.e. í kjarasamningum, Kjaradómi eða kjaranefnd).

Sú ákvörun var tekin að hrófla ekki á því stigi við réttarstöðu opinberra starfsmanna sem nutu réttar samkvæmt lögum nr. 38/1954. Í bráðabirgðaákvæði var mælt svo fyrir að þeir starfsmenn ríkisins sem skipaðir hefðu verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna héldu áunnum stjórnarskrárvörðum réttindum sínum og tekið af skarið um það að réttur til launa í veikindaforföllum og fæðingarorlofi yrði sá sami og verið hafði hjá þeim starfsmönnum sem skipaðir hefðu verið eða ráðnir í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna. Sama skyldi eiga við um þá sem ráðnir yrðu í sömu eða sambærileg störf á þessu tímabili á grundvelli þessara laga.

Með lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, var gerð sú breyting á réttarstöðu starfsmanna í almennum stéttarfélögum í störfum hjá ríkinu að þeir voru gerðir að ríkisstarfsmönnum, þ.e. lögin ná til þeirra sem og opinberra starfsmanna. Þessu fylgdu viðbótarskyldur fyrir þessa starfsmenn, svo sem varðandi trúnaðarskyldu, skyldu til að vinna yfirvinnu og skyldu til að biðja um leyfi til að gegna launuðu starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi hjá ríkinu. Í tengslum við þessa lagabreytingu var rætt um þann megintilgang laganna að bæta réttarstöðu starfsmanna sem væru ekki félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna. Þessir starfsmenn mundu jafnframt öðlast þau réttindi sem lögin fela í sér og ríkið sem atvinnurekandi mundi virða ákvæði stjórnsýslulaga um að gæta jafnræðis gagnvart starfsmönnum sínum. Lög yrðu sett um veikindarétt og fæðingarorlofsrétt eða samið við aðila þannig að jafnræði næðist.

Fjöldi félagsmanna starfsmannafélagsins Sóknar og annarra sveitarfélaga varð við þessa breytingu að ríkisstarfsmönnum. Í þeim kjarasamningaviðræðum sem Sókn hefur átt við samninganefnd ríkisins eftir að lögin tóku gildi árið 1997 hefur Sókn lagt ríka áherslu á bættan rétt félagsmanna sinna hvað þetta varðar og gert þær kröfur að viðurkenndur sé réttur þeirra til sama fæðingarorlofs og aðrir ríkisstarfsmenn fá. Því hefur alfarið verið hafnað af hálfu ríkisins. Félagið hefur líka bent á að ríkinu sé óheimilt að mismuna fólki í starfi hjá sér með vísan til mismunandi kjarasamninga. Samningamenn ríkisins hafa svarað því til að Sókn verði þá að fara með þau mál eftir venjulegum réttarfarsleiðum.

Með bréfi til umboðsmanns Alþingis 25. júlí 1997 var kvartað yfir misrétti sem kona í Sókn varð fyrir vegna greiðslna í fæðingarorlofi á Landspítalanum í Kópavogi, þar sem hún fékk greitt fæðingarorlof á grundvelli almannatryggingalaga en aðrar konur í nákvæmlega sömu störfum á sama vinnustað fá greitt samkvæmt reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi opinberra starfsmanna. Félagið hélt því fram að þessi mismunun væri skýrt brot á 11. gr. stjórnsýslulaga. Félagið vildi fá úr því skorið hvort það stæðist samkvæmt stjórnsýslurétti að ríkið sem atvinnurekandi gæti mismunað tveimur jafnsettum einstaklingum með því að greiða öðrum laun í fæðingarorlofi á grundvelli reglugerðar nr. 410/1989 en vísa hinum á bætur Tryggingastofnunar ríkisins á grundvelli laga nr. 117/1993. Umboðsmaður taldi ekki tilefni fyrir sig til afskipta af málinu þar sem ákvæði laga nr. 70/1996 hefðu eftirlátið stéttarfélögum og samtökum starfsmanna að semja um þessi réttindi.

Það er rétt að geta þess að þarna er um verulegar fjárhæðir að ræða, allt upp í það að vera 40–70 þús. kr. mismunur á mánuði auk þess sem fólk getur dreift þessum rétti á lengri tíma. Það getur dreift honum á heilt ár. Þarna er um verulegan mismun að ræða hjá sama vinnuveitanda.

Með þessari niðurstöðu virðist svo sem stéttarfélögum séu allar bjargir bannaðar. Þegar leita á leiðréttingar á grundvelli stjórnsýslulaga vísar umboðsmaður til þess að aðilar vinnumarkaðarins eigi að semja um þessa þætti. Þegar reynt er að semja um bætta stöðu í kjarasamningum er vísað til réttarúrræða. Öllum er að verða ljóst að með lagabreytingunni frá 1996 hafa þessir starfsmenn einungis tekið á sig viðbótarskyldur en ekki fengið nein viðbótarréttindi.

Lífeyrisrétturinn er hluti þessa máls. Þar sem félagsfólk í almennu stéttarfélögunum er í lífeyrissjóði viðkomandi félags er lífeyrissjóður opinberra starfsmanna ekki þess sjóður. Hins vegar er ljóslega brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að vinnuveitandi, ekki síst ríkið, mismuni starfsmönnum. Mótframlag í lífeyrissjóð er 5,5% hærra hjá starfsmanni innan stéttarfélags opinberra starfsmanna en á almenna vinnumarkaðinum. Þannig geta tveir starfsmenn á sama stað unnið með fatlað fólk, unnið nákvæmlega sömu störfin en verið hvor í sínu stéttarfélaginu og kjör þeirra þess vegna verið gerólík hvað réttindi varðar.

Þetta á einnig við um tryggingar starfsfólks og veikindaréttindi.

Jafnræði eins og stefnt var að með setningu laga nr. 70/1996 og lýst var fjálglega í greinargerð með frumvarpinu með tilvísun til stjórnarskrár er enn víðs fjarri.

Það er rétt að benda á að sá hópur sem við þetta varð ríkisstarfsmenn er á landsvísu rétt innan við 2.000 manns. Það fólk átti að axla skyldur en fékk ekki réttindi.

Það er staðföst skoðun okkar að við munum keyra þetta mál alla leið. Við munum fara með það fyrir dómstóla og við munum fara með það alla leið fyrir Evrópudómstól ef það vinnst ekki hér heima. Þetta er þvílíkt mannréttindabrot að okkar mati.

Að lokum langar mig til að þakka fyrir samstarfið við þingmenn og starfsfólk þingsins þessa tvo mánuði. Minn tími á þingi er að verða búinn. Ég hef verið hér í tvo mánuði.

Mig langar til að segja við ykkur, með leyfi forseta, að hér mættu vinnubrögð vera nútímalegri og skilvirkari. Meira

að segja við gerð kjarasamninga sem ég hef oft unnið að er skipulag til staðar og ég tala nú ekki um að maður veit yfirleitt hvað bíður manns næsta dag. Vonandi ber Alþingi gæfu til þess að skipuleggja störf sín betur í framtíðinni.

Ég óska þingmönnum gleðilegra jóla. Ég ítreka þakkir mínar. Að vera með ykkur og taka þátt í starfinu hér hefur verið ánægjulegt og mikill skóli. Ég hef lært mikið. Ég þakka fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:19]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Landmælingar og kortagerð, frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta umhvn., 370. mál (aðsetur Landmælinga). — Þskj. 581.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
3 þm. (ÁRJ, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
16 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjálmJ, HG, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Lögheimili, frh. 3. umr.

Stjfrv., 185. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:21]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
17 þm. (BH, EgJ, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, HG, JóhS, LMR, LB, MF, PP, RA, SighB, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 611).

Tilkynningar aðsetursskipta, frh. 3. umr.

Stjfrv., 186. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:21]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, MF, PP, RA, SighB, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 612).

Byggingarsamvinnufélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 332. mál. — Þskj. 593.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:22]
Frv. með áorðn.breyt. á þskj. 527 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HG, MF, PP, RA, SighB, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 613).

Húsnæðissamvinnufélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 333. mál. — Þskj. 594.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:22]
Frv. með áorðn. breyt. á þskj. 529 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HG, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 614).

Fjöleignarhús, frh. 3. umr.

Stjfrv., 347. mál (þinglýst eignaskiptayfirlýsing). — Þskj. 451.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:23]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HG, JóhS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 615).

Vernd barna og ungmenna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 106. mál (hækkun sjálfræðisaldurs o.fl.). — Þskj. 595.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:23]
Frv. með áorðn. breyt. á þskj. 522 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
11 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 616).

Landhelgisgæsla Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 233. mál (útboð). — Þskj. 262.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:24]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÞHS.
1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.
16 þm. (BH, FI, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, StG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
[Forseti gat þess að ÖJ hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; þm. ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 617).

Málefni fatlaðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 331. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 413, nál. 525.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:25]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
3 þm. (ÁRJ, GE, JóhS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (ÁRJ, GE, JóhS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (BH, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, StG, ÞHS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Náttúrufræðistofnun Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 205. mál (stjórnskipulag o.fl.). — Þskj. 223, nál. 517, brtt. 518.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:26]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 518,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 518,2 samþ. með 47 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 518,3 (ný 6. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 336. mál (réttur til styrkja). — Þskj. 423, nál. 535.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:30]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 334. mál (innflutningur lifandi sjávardýra). — Þskj. 416, nál. 562.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:31]
Brtt. 1 í nál. 562 (tvær nýjar greinar, verða 1.–2. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
1. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 562 samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Samningar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999, frh. síðari umr.

Stjtill., 296. mál. — Þskj. 353, nál. 540.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:33]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
11 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 620).

Samningur um Norræna fjárfestingarbankann, frh. síðari umr.

Stjtill., 297. mál. — Þskj. 354, nál. 543.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:34]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÞHS.
15 þm. (ÁE, BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, MF, ÓE, PP, RA, SighB, StG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 621).

Breytingar á ýmsum skattalögum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 150. mál. — Þskj. 150, nál. 502 og 539, brtt. 503.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:35]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 539 felld með 49:1 atkv. og sögðu
já: PHB.
nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 49:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
nei: PHB.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 503,1 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 503,2 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 503,3 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

5.–6. gr. (verða 6.–7. gr.)samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, RG, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
6 þm. (ÁRJ, JóhS, KÁ, PHB, SJóh, ÞHS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, frh. 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 388, nál. 519 og 596.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:41]
Brtt. í nál. 519 samþ. með 38:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, KÁ, RG, SvanJ, ÞHS, ÖJ.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
15 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, SJóh, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 35:12 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.
1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, SJóh, StG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 36:13 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.
14 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, SJóh, StG, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 36:14 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 36:14 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁRJ*.
13 þm. (ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

6. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 278. mál (jöfnunarhlutabréf, dótturfélög o.fl.). — Þskj. 318, nál. 537, brtt. 538.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:44]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 538,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 538,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 538,3 (tvær nýjar greinar, verða 6.–7. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 538,4 samþ. með 48 shlj. atkv.
6. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 538,5 (ný 7. gr., verður 9. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
8.–11. gr. (verða 10.–13. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 538,6 samþ. með 50 shlj. atkv.
12. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 151. mál (undanþágur frá gjaldi). — Þskj. 462.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:49]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (GGuðbj, JóhS, SJóh, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 625).

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 229. mál (sala hlutafjár). — Þskj. 256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:49]
Frv. samþ. með 36:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: JóhS, KÁ, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
8 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, KH, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÞHS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 626).

Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 279. mál (gjaldskrár o.fl.). — Þskj. 319, nál. 557 og 558, brtt. 559.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:50]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 559,1 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 559,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, EgJ, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 559,3 (ný 3. gr., verður 5. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 559,4 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BH, EgJ, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, RG, SighB, StG) fjarstaddir.

4. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, EgJ, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

5.–7. gr. (verða 7.–9. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BH, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 559,5 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, EgJ, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

8. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, EgJ, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 559,6.a samþ. með 33:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: GGuðbj, KÁ, KH, PHB, SJóh, SvG.
10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁ, JóhS, RG, SJS, SvanJ, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[23:55]
Pétur H. Blöndal:
Herra forseti. Hér er lagt til að sérsmíðaðar keppnisbifreiðar verði undanþegnar vörugjaldi. Eins og ég gat um áðan í umræðunni eru atvinnutæki, tæki bænda og flutningstæki sem flytja landsbyggðinni nauðsynjar með 30 og 65% vörugjaldi. Hér er lagt til að leikföng manna, sem eru að skemmta sér, upp á 5–10 millj. verði undanþegin vörugjaldi. Ég segi nei.

Brtt. 559,6.b–d samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

9. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, PHB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (BH, EgJ, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 559,7 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, EgJ, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 559,8 (ný 10. gr., verður 13. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, EgJ, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 340. mál (tekjur, samráðsnefnd, stjórn o.fl.). — Þskj. 434, nál. 545 og 576.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:58]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, KH, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 545 samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÖS.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

3.–7. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

5 þm. (GE, JóhS, SJóh, ÞHS, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 00:00]

[00:22]

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, 321. mál, brtt. VE, þskj. 629.

Fjáraukalög 1998, frh. 3. umr.

Stjfrv., 173. mál. — Þskj. 418, frhnál. 546 og 547, brtt. 548, 549, 556, 574 og 577.

[Fundarhlé. — 00:24]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [00:35]

Brtt. 548,1–7 samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 556,1 felld með 29:12 atkv. og sögðu

já: ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, HG, LB, MF, ÓE, PP, RA, SighB, SF, StG, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 577 felld með 36:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:36]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er lítil stofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki fyrir þá 25–30 þúsund einstaklinga á Íslandi sem eiga við heyrnardeyfu að stríða. Þessi stofnun hefur á undanförnum árum því miður ekki getað sinnt vel sínu lögboðna hlutverki vegna þess að hún hefur verið sliguð af uppsöfnuðum halla og gerum við í minni hluta fjárln. tillögu um að þessi halli verði greiddur upp.

Brtt. 556,2 felld með 35:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:38]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Á þskj. 556 leggjum við þrjú í minni minni hluta fjárln. til að Ríkisspítalarnir fái 300 millj. kr. til að rétta af rekstrarhalla og við leggjum líka til á þskj. 556 að Sjúkrahús Reykjavíkur fái 300 millj. Ef svo ólíklega skyldi vilja til að þessi tillaga yrði ekki samþykkt þá styðjum við að sjálfsögðu samt sem áður tillögu meiri hluta fjárln.

Brtt. 548,8 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 556,3 felld með 34:13 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (BH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HG, JóhS, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 548,9–12 og sérst. yfirlit I, II og III samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 574 samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 548,13–19 samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 549 samþ. með 45 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HG, ÍGP, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:41]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Minni hlutinn hefur hvað eftir annað í umræðu um fjáraukalög gert grein fyrir því að í stað 133 millj. kr. afgangs eins og gert var ráð fyrir í upphafi vega þegar lagt var upp með frv. til fjárlaga fyrir 1998 er fyrirsjáanlegur halli upp á 9–10 milljarða og það mun koma í ljós við uppgjör ríkisreiknings núna á vordögum að svona verður dæmið. Við teljum nauðsynlegt að menn athugi tekjuforsendur og útgjaldaforsendur betur en gert hefur verið undanfarin þrjú ár og þess vegna kem ég hér upp og geri athugasemd um leið og við lýsum því yfir, minni hlutinn, að við sitjum hjá við lokaafgreiðslu.

[00:43]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Að mati Ríkisendurskoðunar stefnir í að við séum að afgreiða frv. um fjáraukalög fyrir 1998 með 9–10 milljarða kr. halla. Þarna skeikar miklu frá áætlunum sem voru gerðar fyrir ári um hallalaus fjárlög. Ég tek ekki þátt í þessum jólabakstri og sit hjá við atkvæðagreiðsluna.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 630).

Fjárlög 1999, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 484, frhnál. 550 og 567, brtt. 536, 551, 552, 553, 554, 555, 563, 568, 569, 570, 571, 578, 579, 580, 584, 585, 586, 587, 588, 597, 598, 601 og 606.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[00:45]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram að í brtt. 584 höfðu tölur víxlast. Tekjuskattshækkunin á að vera 500 millj. kr. en hækkunin á atvinnutryggingargjaldi 1.500 millj. kr. Þannig leiðrétt verður tillagan borin upp.

Brtt. 584 (A-liður) felld með 36:13 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 552 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 551,1 samþ. með 49:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

13 þm. (ÁRJ, BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 551,2 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (ÁRJ, PHB) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, ÞHS) fjarstaddir.

Brtt. 569 felld með 35:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, ÞHS) fjarstaddir.

Brtt. 551,3 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:49]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um framlag til Byggðastofnunar til þess að hún geti tekið þátt í eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni. Þessi tillaga er í samræmi við það sem kemur fram í þáltill. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 en þar er lagt til að til þess að tryggja nauðsynlegt eigið fé í nýsköpunarverkefnum verði komið á fót eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni með aðild Byggðastofnunar og að stefnt verði að því að til þeirra verkefna verði sérstaklega varið allt að 300 millj. kr. á fjárlögum hvers árs á áætlunartímabilinu. Ég segi því að sjálfsögðu já við þessari tillögu.

Brtt. 551,4 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 570,1 felld með 36:15 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 551,5–6 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 551,7 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁJ, BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:52]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um aukið framlag til jöfnunar á námskostnaði. Sá mikli kostnaður við að senda unglinga á framhaldsskólaaldri til náms úr dreifbýli til þéttbýlis er mörgum heimilum í dreifbýlinu ofviða. Þetta kemur m.a. í ljós í þeim rannsóknum sem liggja bað baki byggðatillögu forsrh. Við þessu er nauðsynlegt að bregðast og hér er áfangi í þá átt að jafna þennan námskostnað. Ég segi að sjálfsögðu já.

Brtt. 551,8–11 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 551,12 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, FI, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:54]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Nú er verið að greiða atkvæði um aukið fé í Kvikmyndasjóð Íslands. Samtals verður 40 millj. kr. meira varið til sjóðsins en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Það sérkennilega er að nákvæmlega sama tillaga frá mér var felld við 2. umr. Ég hef á undanförnum árum lagt til aukið fé í Kvikmyndasjóð en þær tillögur hafa allar verið felldar.

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn séð ljósið og eykur fé til þessara mála og hefur jafnframt gert sérstakan samning um það mál sem ég fagna. Það er e.t.v. ekki hlutverk okkar stjórnarandstæðinga að hljóta uppskeru í atkvæðagreiðslu á Alþingi en tillaga mín er í höfn og það er meginatriðið.

Brtt. 536 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.

2 þm. (ÁRJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 551,13–17 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 570,2 felld með 34:14 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, JónK, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (ÞHS) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, SvanJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[00:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem í stólinn fyrst og fremst með það tiltölulega léttvæga erindi að biðja menn að samþykkja þessa tillögu. Ég vil leyfa mér að halda því fram að pakkhúsið á Höfn sé ekkert ómerkilegra mál heldur en önnur sem hér fá jákvæða meðhöndlun og ég auðvitað fagna. Mér er t.d. ljóst að Kaupangur á Vopnafirði er góðra gjalda verður og það er þörf tillaga hjá meiri hluta fjárln. sem þekkir vel til á Austurlandi, eins og kunnugt er, en þar sitja hv. þm. Jón Kristjánsson og Arnbjörg Sveinsdóttir ásamt fleiri góðum mönnum. Eins er það með stafakirkjuna í Vestmannaeyjum eins og mörg önnur góð mál sem fá jákvæða umfjöllun (**Samgrh.:** En gamla hesthúsið á Möðruvöllum?) og lengi mætti til tína. En pakkhúsið á Höfn ...

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vil biðja hv. þm. um að gefa ræðumanni hljóð.)

Ég vil leyfa mér að halda því fram, herra forseti, að það mundi ekki ríða fjárhag ríkissjóðs á slig eða setja allt á hvolf þó að þessi litla og sanngjarna tillaga yrði samþykkt að flutningsmanni að vísu fjarstöddum. Það hefur líka gjarnan verið venjan að samþykkja eins og eina tillögu frá minni hlutanum við fjárlagaafgreiðslu og ég er alveg sannfærður um að það að hefja endurbyggingu pakkhússins á Höfn væri alveg upplögð tillaga í því sambandi. Ég leyfi mér að biðja menn að skoða hug sinn og sýna nú kjark, bregða út af reglunni, vera frumlegir og samþykkja þetta.

Brtt. 551,18 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 551,19–21 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 551,22 samþ. með 43:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
nei: ÖS.
5 þm. (EgJ, GGuðbj, KH, PHB, SJóh) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 551,23 samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 587,a felld með 32:16 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, VS, ÞHS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
15 þm. (BH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[01:01]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég hef ekki gert mikið af því að bera fram tillögur við fjárlagagerð undanfarin ár, tillögur sem mér finnst vera ástæða til að gera sérstaklega grein fyrir, en í þessu tilviki tel ég að það sé fyllsta ástæða til þess að þingið samþykki að veita til þessarar sérstöku stofnana, Fríkirkjunnar í Hafnarfirði og Fríkirkjunnar í Reykjavík, 3 millj. kr. framlag til samræmis við það sem gert var á síðasta ári. Þá voru veittar 3 millj. til Dómkirkjunnar og það var um talað að það væri ein greiðsla. Síðan kemur erindi aftur frá Dómkirkjunni í haust og beðið um 3 millj. til breytinga og bóta og þá var sagt að menn ætluðu að skoða það og sennilega ekki verða við því og á þeirri forsendu hygg ég að hafnað hafi verið að veita Fríkirkjunni í Hafnarfirði og Fríkirkjunni í Reykjavík þessa fyrirgreiðslu. Ég tel að þetta sé óeðlilegt og ég hvet þingmenn til að hugsa sig vel um. Þessar gömlu virðulegu stofnanir eiga rétt á að fá framlag upp á 3 millj. hvor fyrir sig.

Brtt. 587,b felld með 33:15 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 551,24–25 samþ. með 46:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓE, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.
nei: ÖS.
16 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SF, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 551,26 samþ. með 41:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.
nei: SJS, ÖJ.
7 þm. (EKG, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér sér svona rétt í forsmekkinn á því sem ég trúi að sé í vændum hvað varðar útgjöld okkar vegna svonefnds Schengen-samnings en hér á að leggja til undirbúnings eða upphafs að þátttöku okkar í því verkefni litlar 82,2 millj. kr. þegar hækkun samkvæmt þessari brtt. er lögð við það sem fyrir var í fjárlagafrv. Mér segir svo hugur um, herra forseti, að við eigum eftir að sjá meira af svo góðu á næstu árum og hyggilegast væri að fara ekki út í þessa ófæru. Ég leggst því gegn því að þessi fjárveiting verði samþykkt.

Brtt. 551,27–29 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 579 felld með 34:16 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Alþingi samþykkti lög um fjölskyldustefnu fyrir tveimur árum. Það var góð stefnumótun. Jafnaðarmenn og framsóknarmenn náðu reyndar saman í því máli en síðan hefur ekkert gerst. Útfærsla hefur ekki séð dagsins ljós. Fjölskyldustefna hefur aðeins reynst falleg yfirlýsing, þar sem þau lög sem gætu endurspeglað pólitískan vilja um öfluga fjölskyldustefnu gera það ekki. Mikilvægur liður var felldur úr tillögunni á sínum tíma af stjórnarflokkunum. Það var ákvæði um fjölskyldusjóð sem standa átti fyrir rannsóknum í málum sem snúa að málefnum fjölskyldunnar.

Sagt var að fjölskylduráðið fengi það verkefni og fengi sérstakar fjárveitingar í því skyni. Í frv. er tillaga um 2 millj. kr. fjárveitingu til ráðsins. Hún er allt of lág. Ég er hófleg í tillögugerð minni. Ég legg til að fjárveitingin hækki um 3 millj., herra forseti, og verði 5 millj. Ég legg til að Alþingi samþykki þessa tillögu — og ég sé að það er á leiðinni að gera það.

Brtt. 551,30 samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 588 felld með 34:13 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, JóhS*, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. 1.200–1.500 einstaklingar og fjölskyldur eru nú á biðlista eftir leiguhúsnæði. Ástæða þess er einkum sú að ríkisstjórnin hefur lagt niður félagslega íbúðakerfið og einungis gert ráð fyrir 120 leiguíbúðum á fjárlögunum fyrir næsta ár. Þessi tillaga mun leysa úr brýnustu þörfinni og mun stuðla að því að hægt verði að koma upp 600 leiguíbúðum á næsta ári. Ég segi já.

Brtt. 551,31 samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 586,1 felld með 32:16 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LMR, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjálmJ, HG, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. 20 börn bíða í brýnni þörf eftir úrræðum Barnaverndarstofu hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Þá eru ótalin öll þau börn sem bíða annars staðar á landinu. Það er ársbið eftir þessum úrræðum. Þessi fjárveiting er til að minnka þennan alvarlega vanda en fjárveitingin sem er ætlað í þetta í fjárlögum mun á engan hátt leysa þetta alvarlega mál. Ég segi já.

Brtt. 551,32–40 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 584 (B-liður, 1) felld með 34:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 586,2 felld með 34:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hérna er gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingu til lífeyristryggingatil þess m.a. að fleiri en makar geti fengið umönnunargreiðslur fyrir lífeyrisþega á heimilum, til þess að einstæðir foreldrar geti búið með börnum sínum án þess að greiðslur til þeirra lækki við það að börnin þeirra búi hjá þeim og einnig fjárveiting til að koma í veg fyrir að greiðslur til öryrkja lækki við það að þeir verði 67 ára sem er náttúrlega fáránlegt. — Ég sé að meiri hluti þingsins hefur engan skilning á vanda þessa fólks. En ég get alveg sagt ykkur eins og er að hann er mjög brýnn. Ég segi já.

Brtt. 551,41 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 584 (B-liður, 2) felld með 34:15 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MS, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:12]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér er um að ræða töluverðan hóp fólks sem þarf að sitja heima og hefur hrökklast frá vinnu vegna heyrnarleysis og hefur ekki fengið möguleika til þess að fá hjálpartæki eða heyrnartæki. Talið er að það þurfi um það bil 14 millj. til þess að bæta úr þeim vanda sem myndar þennan biðlista og ég tel að það sé alveg fráleitt af meiri hlutanum að hafna þeirri tillögu að gefa þessu fólki möguleika á að komast út á vinnumarkaðinn aftur eða vera í sambandi við umheiminn. Þetta fólk er sambandslaust og það er miskunnarleysi að verða ekki við svona beiðni. Ég segi já, herra forseti.

Brtt. 551,42–43 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 585,1 felld með 35:15 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:14]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Einu sinni enn reynum við fulltrúar minni hlutans í fjárln. að fá meiri hluta Alþingis til að samþykkja fjárveitingar til stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík sem dugi til að tryggja þeim eðlilegan rekstrargrundvöll. Sannleikurinn er sá að ef ekki koma til aukin framlög við þessa atkvæðagreiðslu, bæði þessa og þegar við eftir stutta stund greiðum atkvæðum um jafnháa upphæð til Sjúkrahúss Reykjavíkur, þá er ljóst að þau verða komin með samanlagt meira en eins milljarðs rekstrarhalla í lok næsta árs. Það er ákaflega óviturlegt, herra forseti, og ég segi að sjálfsögðu já.

Brtt. 551,44 samþ. með 35:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:16]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að taka fjármuni, 200 millj. kr., frá Ríkisspítölunum og aðeins aftar í lið 46 eru teknar 100 millj. kr. frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur til þess að búa til nýjan lið sem við greiðum atkvæði um hér á eftir, Ýmis skipulags- og rekstrarverkefni, sem eiga að fá 300 millj. kr. En Ríkisspítölunum veitir ekkert af þessu fé til síns hefðbundna rekstrar og ég greiði því atkvæði gegn þessum lið og á sama hátt og af sömu ástæðu þegar kemur að Sjúkrahúsi Reykjavíkur.

Brtt. 551,45 samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 585,2 felld með 35:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 551,46 samþ. með 35:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 551,47–48 og sérst. yfirlit I–III samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 551,49–52 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 598 felld með 35:15 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (LB*) greiddi ekki atkv.

12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 597 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BH, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, MF, PP, RA, RG, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 551,53 kom ekki til atkv.

Brtt. 551,54 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.
3 þm. (ÁRJ, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BH, GuðjG, GHall, GÁS, HjÁ, HG, JóhS, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 606,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 551,55–58 samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 551,59 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.
13 þm. (BH, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HG, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[01:23]
Arnbjörg Sveinsdóttir:
Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um auknar niðurgreiðslur til húshitunarkostnaðar um 100 millj. Í þeim rannsóknum sem liggja að baki byggðatillögum forsrh. kemur fram mikil óánægja fólks vegna kostnaðar við húshitun. Í þáltill. um byggðamál er gert ráð fyrir að áfram verði unnið að því að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis og verð á orku til hitunar á íbúðarhúsnæði verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs. Hér er fyrsti áfangi kominn í því að lækka þennan húshitunarkostnað og ég greiði því atkvæði með þessari tillögu.

Brtt. 551,60–61 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 571 felld með 35:13 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, HG, MF, PP, RA, SighB, SF, SP, StG, SvanJ, ÞHS) fjarstaddir.

Brtt. 551,62–65.d samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 578 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.
12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[01:25]
Sigríður Jóhannesdóttir:
Hæstv. forseti. Ég sé að jólaljósin ljóma. Ég legg til með þessari tillögu að Margréti Guðnadóttur prófessor, sem nær ein og óstudd í fjölda ára hefur stundað rannsóknir á visnu og reynt að búa til bóluefni gegn visnu og hefur nú náð árangri sem lofar góðu en þarf að reyna betur, ég legg til að henni verði veitt þessi fjárhæð sem viðurkenning frá Alþingi. — Ég sé að það hefur verið samþykkt og það gleður mitt gamla hjarta.

Brtt. 551,65.e–f samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 563 felld með 36:14 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 551,65.g samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 553 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, KÁ, KH, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 554 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, ÓE, PHB, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
9 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KH, SJóh, SvG, ÞHS, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (BH, DO, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HG, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 568 felld með 33:9 atkv. og sögðu
já: GE, JóhS, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (ÁE, HjÁ, KPál) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁRJ, BH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HG, LB, MF, PP, RA, RG, SighB, SF, StG, ÞHS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 555,1 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 601 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS.

9 þm. (ÁRJ, GE, KÁ, RG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, ÍGP, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 555,2 (liður 2.34) samþ. með 36:12 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJS, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GE, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 555,2–6 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 580 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KH, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BH, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HG, ÍGP, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 606,2 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 555,7 (liður 8.13) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 555,7 (liður 8.14) samþ. með 37:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, JóhS, LB, ÞHS.

10 þm. (GGuðbj, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í lið 8.14 er tillaga um 80 millj. kr. til hæstv. iðnrh. sem hann hefur haft til sérstakrar úthlutunar í sínu ráðuneyti. Þar hefur verið mjög hæpin stjórnsýsla á ferðinni þar sem pólitískir ráðgjafar hans hafa úthlutað þessu fjármagni. Ég tel að slíkt fé eigi að úthlutast frá Byggðastofnun eða Iðntæknistofnun. Það er mjög hæpið að styrkveitingar og stjórnsýsla sem þessi standist EES-reglur. Ég segi nei.

Brtt. 555,7 (liðir 8.15–8.20) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, SJS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MF, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, MS, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:35]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Nú við lokaafgreiðslu fjárlaga vegna ársins 1999 verð ég enn einu sinni, líklega í tíunda skiptið á þessu hausti, að leggja áherslu á að ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar vill ekki sjá, vill ekki viðurkenna að öryrkjarnir, fatlaðir og gamla fólkið, eru þeir sem búa við lökustu kjörin. Þeir sem eru e.t.v. kallaðir óhreinu börnin hennar Evu.

Einn af postulum ríkisstjórnarinnar, þingmaður, telur að þau kjör sem þetta fólk býr við séu eða geti verið viðunandi. Lægstu kjör öryrkja eru 42.317 kr. á mánuði. Sumir búa við að fá greitt úr lífeyrissjóði allt að 12 þús. kr. Þetta fólk fær um 657.800 kr. á ári. Þetta er gjörsamlega óþolandi. Við þessi kjör búa meira en tvö þúsund manns á Íslandi. Þetta er minna en þriggja mánaða þingmannalaun. Af þessum ástæðum er gjörsamlega óforsvaranlegt að samþykkja þau fjárlög sem hér eru til afgreiðslu.

[01:37]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við einhver hagstæðustu ytri skilyrði í íslenskri efnahagssögu skilur ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. þá hópa sem verst standa að vígi í þjóðfélaginu eftir út undan. Þar vísa ég til öryrkja, ég vísa til aldraðra og ég vísa til atvinnulausra.

Á síðari stigum fjárlagaumræðunnar komu fram brtt. frá stjórnarmeirihlutanum um auknar fjárveitingar til almannatrygginga en þær vega engan veginn upp í það sem af lífeyrisþegum og öryrkjum hefur verið haft á undangengnum árum og nemur milljörðum króna.

Ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi hefur nú við þessa lokaatkvæðagreiðslu um fjárlagafrv. fellt tillögur frá stjórnarandstöðunni um auknar fjárveitingar til húsnæðismála og stefnir þar í alvarlegt ástand. En alvarlegast er þó fyrir þjóðina að sitja uppi með ríkisstjórn sem hefur engan skilning á kjörum hinna efnaminni í þjóðfélaginu en gengur erinda þeirra efnameiri. Því miður verður ekki breyting á þessu fyrr en að vori. Á fjárlögum sínum verður ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að bera sjálf ábyrgð. Við greiðum ekki atkvæði með þeim.

[01:39]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Nú er komið að lokaafgreiðslu svonefndra sólskinsfjárlaga og víst er að óvenjulétt hefur verið yfir fjárlaganefndarmönnum sem hafa óneitanlega haft rýmri aðstæður en oftast endranær. Þeim mun erfiðara er að sætta sig við og raunar óhugsandi að sætta sig við það að stórir hópar í þjóðfélaginu fá ekki viðunandi úrlausn sinna mála. Hér á ég fyrst og fremst við fatlaða, aldraða og öryrkja. Ég á við unga fíkniefnaneytendur og ég á við sjúka sem bíða þúsundum saman á biðlistum eftir læknisaðgerð. Fjárlög eru tæki til að gera aðstæður einstaklinga og fjölskyldna bærilegar og við núverandi aðstæður ættu þau að endurspegla skyldu stjórnvalda til að tryggja öllum landsmönnum hlut í bættum lífskjörum. Þau gera það ekki. Það er á ábyrgð meiri hlutans og því greiði ég ekki atkvæði.

[01:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér eru að verða þau tíðindi sem ég hygg að séu nær einsdæmi í íslenskri hagsögu að fjárlög eru afgreidd með meiri afgangi heldur en það fjárlagafrv. sem lagt var fram. (**ÁRJ:** Eigum við ekki að spyrja að leikslokum?) Afgangurinn af fjárlögunum hefur aukist um 600 millj. í meðförum Alþingis. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka fjárlaganefndarmönnum, bæði meiri hluta og minni hluta, fyrir ábyrg störf að undanförnu í þessu máli. Það liggur fyrir að á þessu ári og næsta munum við geta greitt niður af skuldum ríkissjóðs um það bil 32 milljarða kr. og það munar um minna.

Ísland er nú eitt af örfáum ríkjum innan OECD þar sem ríkissjóður er rekinn með afgangi, en þrátt fyrir þetta höfum við verið að leggja stórfé í ýmis þörf og góð málefni þótt auðvitað hafi ekki verið hægt að koma til móts við allar óskir. En eins og kunnugt er höfum við verið að gera sérstakt átak, nú síðast með því að setja 500 millj. kr. aukalega í almannatryggingar, með því að veita stórfé til byggðamála og taka á ýmsum öðrum vandamálum sem nauðsyn var að taka á. Ég tel að þetta séu merk tíðindi, herra forseti, og ég fagna því mjög hvað þingið hefur sýnt ábyrga afstöðu í þessari vinnu.

[01:41]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér voru í byrjun þings lögð fram góðærisfjárlög, sólskinsfjárlög voru þau kölluð, hallalaus fjárlög. Eftir því sem liðið hefur á þingið hefur gjaldahliðin farið úr böndunum og svo kom að lokum að verulega hallaðist á. Þá var tekjuhliðin tekin, hnoðuð upp úr smjöri og teygð yfir eldi og löguð til þangað til hallinn var horfinn. Mér finnast þetta ekki traustvekjandi vinnubrögð í fjárlagagerð og greiði því ekki atkvæði.

[01:42]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að afgreiða fjárlög með tekjuafgangi upp á 2.600 millj. kr. Afkoma á árinu 1998 og 1999 gerir kleift að greiða niður skuldir um 30 milljarða kr. Þetta styrkir stöðugleikann í þjóðfélaginu, þetta styrkir fjárhag ríkissjóðs. Þrátt fyrir þetta hefur verið hægt að leggja fram framlög til byggðamála. Það hefur verið hægt að leggja fram framlög til velferðarkerfisins og batnandi afkoma ríkissjóðs lækkar vaxtagreiðslur og styrkir velferðarkerfið til frambúðar og hagsmuni hinna verst settu í þjóðfélaginu. Ég tel þetta góða afgreiðslu og ég tel þetta merk tíðindi og þakka sem sem að hafa unnið.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 631).

[Fundarhlé. — 01:44]

Út af dagskrá var tekið 15. mál.

Fundi slitið kl. 01:59.

---

48. FUNDUR

sunnudaginn 20. des.,
að loknum 47. fundi.

Dagskrá:

1. Landmælingar og kortagerð, frv., 370. mál, þskj. 581. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Málefni fatlaðra, stjfrv., 331. mál, þskj. 413. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Náttúrufræðistofnun Íslands, stjfrv., 205. mál, þskj. 223 (með áorðn. breyt. á þskj. 518). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, stjfrv., 336. mál, þskj. 423. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 334. mál, þskj. 416 (með áorðn. breyt. á þskj. 562). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Breytingar á ýmsum skattalögum, stjfrv., 150. mál, þskj. 150 (með áorðn. breyt. á þskj. 503). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, stjfrv., 321. mál, þskj. 388 (með áorðn. breyt. á þskj. 519), brtt. 629. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 278. mál, þskj. 318 (með áorðn. breyt. á þskj. 538). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 279. mál, þskj. 319 (með áorðn. breyt. á þskj. 559). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Útflutningsráð Íslands, stjfrv., 340. mál, þskj. 434 (með áorðn. breyt. á þskj. 545). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Almannatryggingar, stjfrv., 365. mál, þskj. 531, nál. 608 og 609, brtt. 610. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [02:00]

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu allra dagskrármála og útbýtingu brtt. 610 og 629. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.

3 þm. (ÁRJ, JóhS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, GuðjG, GHall, GÁS, HG, ÍGP, LMR, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, SvG) fjarstaddir.

Málefni fatlaðra, 3. umr.

Stjfrv., 331. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 413.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 205. mál (stjórnskipulag o.fl.). — Þskj. 618.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, 3. umr.

Stjfrv., 336. mál (réttur til styrkja). — Þskj. 423.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 334. mál (innflutningur lifandi sjávardýra). — Þskj. 619.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytingar á ýmsum skattalögum, 3. umr.

Stjfrv., 150. mál. — Þskj. 622.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 623, brtt. 629.

[02:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Efni brtt. á þskj. 629 var kynnt við 2. umr. málsins og brtt. liggur hér fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 278. mál (jöfnunarhlutabréf, dótturfélög o.fl.). — Þskj. 624.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, 3. umr.

Stjfrv., 279. mál (gjaldskrár o.fl.). — Þskj. 627.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 340. mál (tekjur, samráðsnefnd, stjórn o.fl.). — Þskj. 628.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 365. mál (örorkumat, skerðing lífeyris). — Þskj. 531, nál. 608 og 609, brtt. 610.

[02:07]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Þórðarson, Helga Seljan og Garðar Sverrisson frá Öryrkjabandalagi Íslands, Þóri Haraldsson og Jón Sæmund Sigurjónsson frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Ragnar Aðalsteinsson hrl.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir tvenns konar breytingum á lögum um almannatryggingar sem ætlað er að styrkja réttarstöðu lífeyrisþega. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir breytingum á forsendum mats við ákvörðun á örorku þannig að mat byggist á læknisfræðilegum staðli og allir sem metnir eru 75% öryrkjar njóti tiltekinna réttinda. Þá er gert ráð fyrir að aukin áhersla verði lögð á endurhæfingu sem forsendu fyrir örorkumati. Í öðru lagi er gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum er varða skerðingu lífeyris til elli- og örorkulífeyrisþega vegna tekna, einkum vegna tekna maka, en með þessum breytingum er leitast við að draga úr skerðingu bóta vegna tekna.

Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 1. gr. sem fjallar um forsendur fyrir ákvörðun örorkulífeyris verði felld brott. Meiri hlutinn telur þá efnisbreytingu sem felst í ákvæðinu vera til bóta og telur eðlilegt að hún komi til efnislegrar umfjöllunar í byrjun næsta árs þegar meira svigrúm gefst.

2. Þá er lagt til að 1. málsl. 8. mgr. a-liðar 2. gr. verði felldur brott þar sem í þeim málsgreinum 2. gr. sem fjalla um tekjutryggingu hjóna er kveðið á um að sameiginlegar tekjur þeirra séu lagðar til grundvallar við útreikning bóta. Meiri hlutinn telur að í þeim ákvæðum felist skýr lagastoð fyrir þeirri meðferð tekna hjóna sem tíðkast hefur um áratuga skeið og að þar með sé komið til móts við álit umboðsmanns Alþingis um þetta efni. Meiri hlutinn leggur jafnframt áherslu á að í þessum breytingum felist engin efnisbreyting heldur skulu tekjur hjóna, sem bæði njóta lífeyris, metnar sameiginlega og ef aðeins annað hjóna nýtur lífeyris skal helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans.

3. Loks eru lagðar til breytingar á 3. gr. og ákvæði til bráðabirgða í samræmi við niðurfellingu 1. gr.

Undir þetta álit rita allir hv. þingmenn meiri hlutans í heilbr.- og trn.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[02:10]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Hér er um að ræða frv. sem hefur í för með sér ákveðnar ívilnanir og það er rétt að fram komi að við í stjórnarandstöðunni erum eindregið hlynnt því að þessar ívilnanir til bótaþega almannatryggingakerfisins komi til framkvæmda hið fyrsta. Við höfum hins vegar ekki treyst okkur til þess að styðja frv. vegna þess að við höfum fært rök að því í fyrri umræðum um málið að um er að ræða mannréttindabrot. Ástæða þessarar skoðunar okkar felst í því að hér er í fyrsta skipti verið að festa í lög umdeilt skerðingarákvæði þar sem tekjur maka lífeyrisþega skerða tekjutryggingu bótaþega.

Herra forseti. Mig langar til þess að lesa upp úr 76. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“

Jafnframt, herra forseti, segir í 65. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

Í þessum greinum er skýlaust lýst yfir að allir skuli jafnir fyrir lögum og allir skuli njóta mannréttinda án nokkurrar mismununar. Undir orðalag 65. gr., þar sem rætt er um „stöðu að öðru leyti“, fellur ljóslega hjúskaparstaða. Þegnum ríkisins verður því ekki mismunað vegna hjúskaparstöðu. En það er nákvæmlega það sem verið er að gera í þessu frv. í fyrsta skipti.

Við teljum þess vegna, herra forseti, að hér sé um að ræða mannréttindabrot. Hv. þm. Guðni Ágústsson sem mælti fyrir áliti meiri hluta lét vera að geta þess að sá ágæti hæstaréttarlögmaður sem kom til fundar við heilbr.- og trn., Ragnar Aðalsteinsson, tók mjög afdráttarlaust undir þessa skoðun. Sá umræddi hæstaréttarlögmaður er formaður Mannréttindaskrifstofu Íslands. Hér blasir við að meiri hlutinn er að staðfesta lög sem fela í sér mannréttindabrot. Ég tel að það sé mjög miður, herra forseti. Hæstv. heilbrrh. hefur margoft lýst því yfir að hún telji að um sé að ræða gróft ranglæti sem eigi að útrýma úr lögum og hún hefur sagt að hér sé stigið fyrsta skrefið. Það ber að fagna því.

Eins og ég sagði leggjumst við ekki gegn samþykkt þessara ívilnana. Við höfum hins vegar bent á leiðir til þess að ná þessum ívilnunum án þess að þessi lög séu samþykkt, herra forseti. Ég get þess vegna ekki tekið undir samþykkt laganna. Ég mun ekki leggjast gegn þeim. Mér þykir ágætt að hér er lagt til að til að mynda örorkulífeyrisþegar fái 180 millj. en hæstv. ráðherra hefur sagt: Það á að afnema þetta algjörlega. Við hljótum að spyrjast fyrir um það, hvenær eigi að gera það. Er um að ræða einhvers konar kosningabragð vegna þess að kosningar eru fram undan, að því er lýst yfir að það eigi að afnema þetta? Ef hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að það eigi að gera það, þá ber henni að segja þessu þingi hvenær á að gera það.

Hæstv. ráðherra hefur sagt að hún vilji ekki binda hendur annarrar ríkisstjórnar. Það er alveg ljóst, herra forseti, að þeir sem munu mynda næstu ríkisstjórn eru annað tveggja þeir flokkar sem nú eru í ríkisstjórn eða flokkar stjórnarandstöðunnar. Vilji stjórnarandstöðunnar liggur ljós fyrir í þessu máli og ef þetta er vilji ríkisstjórnarinnar sem hæstv. ráðherra hefur tjáð, er það alveg ljóst að hún er ekki að ganga á rétt neinnar ríkisstjórnar framtíðarinnar. Hún getur því komið hingað og sagt okkur hvenær hún ætlar að útrýma þessu í eitt skipti fyrir öll.

Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að hér er um að ræða 180 millj. Það er þakkarvert. En það er minna en helmingurinn af því sem sex bankastjórar fá afhent á silfurfati sem sérstakan eftirlaunarétt til þess að færa í séreignarsjóð fyrir sig.

Herra forseti. Ég verð þess vegna að segja að ég harma að hæstv. ráðherrar og meiri hlutinn skuli með þessum hætti koma og leggja þetta mál fyrir þingið þegar ljóst er að það hefði verið hægt með öðrum hætti að koma þessu fyrir án þess að binda í lög það sem við teljum að sé mannréttindabrot og það sem færasti sérfræðingur Íslands á þessu sviði hefur staðfest á fundi nefndarinnar að sé mannréttindabrot. Ef það er skoðun hæstv. ríkisstjórnar að á því ríki einhver vafi hefði þinginu borið að fara að hefðum sínum og rannsaka málið. En málið er lagt fyrir á næstsíðasta degi þingsins og ekki gefst tóm til þess að sinna þeim þinglegu skyldum sem fagnefndirnar eiga að inna af höndum, þ.e. að rannsaka málið ofan í kjölinn. Ef hv. þm. meiri hlutans eru ósammála niðurstöðu okkar og ósammála niðurstöðu Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns hefði þeim auðvitað borið að leita til annarra sérfræðinga til þess að afla sér raka til þess að geta teflt fram gegn mótbárum okkar. Það eru hinar þinglegu hefðir. Þannig ganga þær fyrir sig.

En það er með þetta mál eins og önnur mál sem varða lög sem komið hafa frá hæstv. heilbrrh. að þau koma alltaf svo seint fram alveg eins og breytingar á lögunum um umönnunarbætur sem komu fyrir tveimur árum og þurfti að afgreiða í skjóli nætur af því að þær komu fram síðasta dag þingsins. Hér er þetta mál sem er allrar athygli vert en sem er flókið og margbrotið og sem við hefðum þurft að skoða betur, hér er það lagt fram til umræðu á síðasta degi þingsins.

Hv. þm. Guðni Ágústsson greindi réttilega frá því að það er samkomulag um að fresta gildistöku 1. gr. og hv. þm. gat þess að meiri hlutinn teldi að þar væri um að ræða þarfa réttarbót. Ég get tekið undir það með hv. þm. að ég tel það líka. En ég er ekki viss um það og ég tengi auðvitað þá grein við umræður sem komið hafa fram í fjölmiðlum af hálfu til að mynda hæstv. forsrh. þar sem talað er um að fækka þurfi öryrkjum eins og öryrkjar séu einhver hópur á Íslandi sem séu eitthvað sérlega fjölmennari en í öðrum löndum.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að öryrkjar á Íslandi eru helmingi færri en í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Það kann vel að vera að það sé rétt hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni að hér sé um að ræða réttarbót, en þetta er auðvitað mál sem við þurfum að skoða. Þetta varðar hagi þúsunda manna sem eiga undir högg að sækja og við getum einfaldlega ekki leyft okkur það að kasta frv. eins og þessu fyrir þingið og afgreiða það án þess að skoða það. Okkur ber skylda til þess að rannsaka það ofan í kjölinn og það er ástæðan fyrir því að málinu er frestað, þ.e. 1. gr., að beiðni stjórnarandstöðunnar vegna þess að við viljum skoða málið. En ég vek athygli á því, herra forseti, að það þarf ekki að leiða til þess að málið komi síðar til gildistöku en gert er ráð fyrir í gildistökuákvæði frv. vegna þess að gert er ráð fyrir að það taki ekki gildi fyrr en 1. mars þannig að við höfum drjúgan tíma. Ég vil því undirstrika að með þessu er ekki verið að bregða fæti fyrir þetta ákvæði laganna, heldur viljum við einungis fara fram á að fá tækifæri til að skoða málið.

Herra forseti. Ég mun ekki greiða þessu frv. atkvæði. Ég fagna þeim ívilnunum sem þarna koma fram gagnvart bótaþegum en eins og heilbrrh. fram af heilbrrh. getur staðfest hefur það alltaf verið regla og verið talið sjálfsagt í heilbrrn. að þegar um er að ræða ívilnanir þá nægi að setja þær í reglugerðir. Þess vegna hefðum við í stjórnarandstöðunni talið að það hefði verið mögulegt að afgreiða málið einfaldlega með því að láta það ganga til nefndar og láta ganga nefndarálit þar sem skýr þingvilji kemur fram þannig að það væri alveg ljóst að hæstv. heilbrrh. hefði fast land undir fótum í þessu efni, en að þingið hefði síðan komið aftur saman í janúar eins og búið er að ákveða og tekið þetta til miklu gaumgæfilegri skoðunar.

Ég ítreka að ég tel hættulegt að fara út á þá braut aftur og aftur í endurteknum málum sem koma frá hæstv. heilbrrh. að samþykkja þau þó að fyrir liggi að afskaplega áleitinn og rökstuddur grunur er um að í samþykkt málanna felist brot á stjórnarskránni. En þó að hér sé um jákvætt mál að ræða, þá er alveg ljóst að fyrir liggur sterkur grunur, ráðleggingar sérfræðinga sem segja að að öllum líkindum sé um að ræða brot á stjórnarskrá eins og ég hef rakið í máli mínu.

Ég gæti farið nokkrum frekari orðum um þetta, hæstv. forseti, en í ljósi þess að nokkuð er liðið á nóttu þá ætla ég að geyma mér frekari umræðu um þetta mál þangað til það kemur til 3. umr.

[02:19]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hér hefur verið haldin eldheit áróðursræða um miðja nótt. Það kemur mér að vísu ekki á óvart því að ég veit að hv. þm. á hlýtt hjartaþel þó að hjarta hans sé ekki úr gulli, þá slær það með þeim sem eiga bágt og þurfa kjarabætur. En það liggur fyrir í lok þessa kjörtímabils að með batnandi þjóðarhag er stjórnarflokkunum að takast það að ganga til þess að bæta kjör ekki bara öryrkja og aldraðra heldur þjóðfélagsþegnanna í heild sinni og í dag var stigið stórt skref og ég fann það á fulltrúum Öryrkjabandalagsins að þeir voru þakklátir fyrir þann hug sem þetta frv. bar og þær kjarabætur sem í því eru fólgnar.

Það er auðvitað ljóst að verið er að stíga skref til að minnka tekjuskerðingar á þessu fólki sem ég tel mjög mikilvægt. Þess vegna, þó að ágreiningur sé um frv., þá liggur það fyrir sem er mikilvægast að hv. þm. Össur Skarhéðinsson, sem hélt þessa eldheitu ræðu, ætlar eins og sá sem hér stendur að greiða þessu frv. atkvæði sitt. Ég býst því við að hér verði mikil samstaða um þetta mál og að það verði mörgum til hjálpar og þeir skynji að það er vilji með batnandi þjóðarhag að þetta fólk njóti þess bata sem nú blasir við í íslensku þjóðfélagi. (**Gripið fram í:** Hallelúja.) (**SJS:** Amen.)

[02:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist þegar hv. þm. minnist á heimsókn fulltrúa Öryrkjabandalagsins á fund heilbr.- og trn. í kvöld. Þeir bentu einmitt á að það er þó nokkuð stór hópur sem fær nánast enga kjarabót í þessum sólskinsfjárlögum sem verið var að samþykkja í kvöld. Þeir sem eiga engan rétt í lífeyrissjóðum og þurfa að búa einungis við bætur almannatrygginga fá 200 kr. hækkun á mánuði hjá þessari örlátu ríkisstjórn, hv. þm. Guðni Ágústsson.

Það voru fleiri nefndir sem fá litlar bætur. Og þó svo að annar hópur fái þokkalega réttarbót og þokkalega kjarabót þá er þarna nokkuð stór hópur sem fær ekki nema kannski um 200 kr.

[02:23]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt sinn var uppi kvenskörungur á Íslandi sem sagði þessi fleygu orð: „Þeim var ég verst er ég unni mest.“ Alltaf koma mér þessi orð í hug þegar ég heyri hv. 18. þm. Reykv. mæla til Framsfl.

Ég vil segja, hæstv. forseti, að hér um miðja nótt nenni ég ekki að skattyrðast við fólk því ég geri mér grein fyrir að sem betur fer er verið að bæta kjör fólksins á Íslandi, ekki bara öryrkjanna og þeirra öldruðu heldur þjóðarinnar í heild með batnandi afkomu þjóðarbúsins. Ég lít ekki svo á að við séum komin í neina lokahöfn í þeim efnum heldur séum farnir í nýja vegferð þar sem við blasir ný öld með batnandi kjörum þjóðarinnar. (**SJS:** Farðu nú bara í guðfræðina.)

[02:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég frábið mér þessa útúrsnúninga. Ég er alveg sannfærð um að þeim lífeyrisþegum sem ekki fá nema tæpar 200 kr. í kjarabót er enginn hlátur í hug þó að hv. þm. sé með eitthvert skrúðmælgi um miðja nótt. Það er alvarlegt þegar stór hópur er út undan á þessum tímum þegar svona ofsalegur uppgangur er í þjóðfélaginu og allir eiga að hafa það svo gott í þessu fína góðæri. Þá er það ríkisstjórnin, ég ætla ekki að segja að það sé Framsfl. einn og sér heldur ríkisstjórnin sem ekki sinnir þessum hópi og hann er út undan hjá þessari ríkisstjórn.

[02:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla þeim fullyrðingum sem komu fram hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni áðan. Ég er áheyrnarfulltrúi í heilbr.- og trn. þingsins og var viðstaddur þegar fulltrúar Öryrkjabandalagsins komu á okkar fund í kvöld og höfðu í frammi mótmæli gegn þeim skerðingum sem öryrkjar hefðu orðið fyrir.

Það frv. sem hér er til umræðu fjallar um skerðingu á örorkubótum þeirra einstaklinga sem ganga í hjónaband. Öryrkjar geta fengið hæstar örorkubætur 63 þús. kr. Við það að ganga í hjónaband hrapa þeir niður í 44 þús. og geta farið niður í 15 þús. ef makinn hefur einhverjar tekjur að marki og það er þessum mörkum sem verið er að breyta. Öryrkjabandalagið telur að það stangist á við stjórnarskrá landsins að skerða örorkubætur hjá þeim einstaklingum sem eru í sambúð eða ganga í hjónaband og þess vegna getum við í stjórnarandstöðunni ekki samþykkt þetta frv. En ég kem fyrst og fremst upp til að mótmæla þeim rangfærslum sem hv. 2. þm. Suðurl. hafði hér í frammi.

[02:26]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það blasir við að verið er að minnka skerðingu bæði á hjónum og einstaklingum og við skulum gera okkur grein fyrir að þær skerðingar sem hér er verið að minnka hafa verið í gildi í 30 ár og allir flokkar nema Kvennalistinn sem hvergi hefur komið nálægt Stjórnarráði Íslands í sinni tíð bera ábyrgð á þessu. En nú við batnandi þjóðarhag hafa stjórnarflokkarnir sem betur fer ákveðið að minnka þessar skerðingar.

[02:27]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til meðferðar er afar seint og illa fram borið af ríkisstjórninni. Hæstv. heilbrrh. hefur farið þess á leit við stjórnarandstöðuna að við reynum að hjálpa til við að ljúka þessu máli. Ég hélt að Framsfl. hefði áhuga á að ljúka málinu. Ég hélt þess vegna að það væri ekki tími til þess núna að efna til almennra stjórnmálaumræðna. Ef það er hins vegar ósk Framsfl. að það verði gert, þá er það velkomið. Ég ætla að segja eftirfarandi um þetta frv.:

Í frv. felst leiðrétting á kjörum aldraða. Hver er hún? Hver er leiðréttingin umfram það sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv., raunveruleg leiðrétting hjá öldruðum? Hún er 1,76 kr. á dag. Ein króna og 76 aurar á dag. Úr því að hv. þm. Guðna Ágústssyni endist þessi risavaxna upphæð til að halda þessar messur aftur og aftur, hvað gæti hann þá ekki sagt ef eitthvað væri verið að gera í raun? Þetta er veruleikinn.

Í þessum efnum er ég ekki að vitna í neitt annað en tölur frá formanni Landssambands eldri borgara sem hafa birst í fjölmiðlum og hefur ekki verið mótmælt þannig að málflutningurinn í kringum þetta mál er ekki hafinn yfir gagnrýni. Ég fer fram á það að ef menn óska eftir því að þessum hlutum sé lokið með skikkanlegum hætti, þá séu menn ekki að fara með umdeildar fullyrðingar af því tagi sem hv. þm. fór með áðan vegna þess að þær standast ekki og það leysir engan vanda.

Staðreyndin er sú að í þessu frv. er að sögn Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns gert ráð fyrir því að efna til verulegra mannréttindabrota og Ragnar Aðalsteinsson fullyrðir að frv. eins og það lítur út stangist á við stjórnarskrána. Ég spyr hæstv. heilbrrh.: Er ríkisstjórnin og Alþingi ekki búið að fá nóg af því að fá hæstaréttardóma? Vilja menn endilega fleiri hæstaréttardóma? Halda menn að Hæstiréttur landsins hrífist af málflutningi eins og þeim sem hv. 2. þm. Suðurl. var með hér áðan? Ég fullyrði, hv. þm. og hæstv. forseti, að það leysi engan vanda. Ég óttast að þetta frv. sé í rauninni þannig að það sé á mörkunum gagnvart stjórnarskránni og mannréttindaákvæðum þess.

Það má gagnrýna stjórnarandstöðuna fyrir margt. En eitt á sérstaklega að gagnrýna stjórnarandstöðuna fyrir og það er að sýna ráðherranum þá linkind eftir þær trakteringar sem hafa verið bornar fyrir okkur í nótt, að leyfa málinu að fara í gegn á þessari nóttu vegna þess að auðvitað væri hægt að halda áfram að tala í málinu. En veruleikinn er sá að hið mikla vald, stóra vald 40 þingmanna er með þeim hætti að það er staðráðið í að ljúka málinu hvað sem við segjum. Þannig er það og við verðum að horfast í augu við það. En það leysir ekki vandann gagnvart Hæstarétti þegar kemur að málflutningi þar, þegar öryrkjar landsins stefna ríkisstjórninni þangað, þá leysir það ekki vandann gagnvart Hæstarétti að flytja ræður eins og þær sem hv. 2. þm. Suðurl. flutti hér áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[02:31]

Útbýting þingskjals:

Landmælingar og kortagerð, 370. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 641.

Landmælingar og kortagerð, 2. umr.

Frv. meiri hluta umhvn., 370. mál (aðsetur Landmælinga). — Þskj. 581, nál. 641.

[02:31]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umræðu var rætt við 1. umr. og vísað til nefndar sérstaklega með tilliti til þess að í Alþingishúsið komu gestir sem óskuðu eftir að hitta umhvn. Það var sjálfsagt að verða við þeim óskum og komu gestir til nefndarinnar en þeir voru frá Félagi ísl.

náttúrufræðinga auk þess sem starfsmenn Landmælinga voru þar nokkrir. Þessir ágætu gestir fluttu mál sitt, gerðu grein fyrir afstöðu sinni og settu fram mjög skeleggar og ákveðnar óskir og ábendingar til umhvn. og þingsins. Í framhaldi af heimsókn þessari ræddi nefndin málið enn frekar. Fram komu margvíslegar spurningar sem menn í nefndinni óskuðu eftir að hæstv. umhvrh. svaraði auk þess sem minni hlutinn lét í ljós andstöðu sína og áhyggjur af afgreiðslu málsins.

Síðar í nótt var boðað til annars fundar í umhvn. að frumkvæði formannsins, þess sem hér stendur. Hæstv. umhvrh. kom til þess fundar til þess að svara þeim spurningum sem minni hlutinn hafði lagt fram á fyrri fundi. Hæstv. umhvrh. svaraði þeim spurningum og gerði grein fyrir afstöðu sinni og ríkisstjórnarinnar. Niðurstaðan af þeim fundi varð sú að meiri hlutinn leggur til að frv. verði flutt óbreytt en minni hluti umhvn. leggur fram nefndarálit sem frsm. minni hluta gerir grein fyrir á eftir.

[02:34]

Frsm. minni hluta umhvn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta umhvn. í þessu máli um landmælingar og kortagerð. Álitið er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Minni hluti nefndarinnar er algerlega andvígur vinnubrögðum meiri hluta Alþingis og umhverfisráðherra eins og þau hafa birst í þessu máli. Minni hlutinn telur hættu á því að í kjölfar meðferðar þess á Alþingi geti fylgt skaðabótakröfur á hendur ríkinu. Minni hlutinn telur að gefa hefði átt lengri tíma til að fjalla um málið. Minni hlutinn lýsir allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og lýsir andstöðu við málið. Minni hlutinn á þess ekki kost að stöðva málið þar sem meiri hlutinn er staðráðinn í því að koma því í gegnum þingið strax í nótt."

Undir minnihlutaálitið rita 20. des. 1998 Svavar Gestsson, Steingrímur J. Sigfússon og Lúðvík Bergvinsson.

[02:35]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af þessu nefndaráliti og því sem þar segir um vinnubrögð meiri hluta umhvn. og umhvrh. vil ég aðeins undirstrika og láta það koma hér fram sem reyndar þingheimur veit að þessi ákvörðun var tekin með nokkuð löngum fyrirvara. Um það bil tvö og hálft ár eru liðin síðan og undirbúningur hefur staðið þennan tíma, nú seinustu mánuði við frágang húsnæðis og flutning stofnunarinnar. Nú þegar hefur verið unnið þannig að málinu að ég tel að ekki sé hægt að snúa því við eða eða hætta við flutninginn.

Hins vegar er ljóst að niðurstaða Hæstaréttar er þess eðlis að skapast hefur veruleg óvissa sem nauðsynlegt er að taka á og því hefur málið fengið þá meðferð sem hv. þm. er kunnugt um í dag. Samningar hafa verið gerðir við flestalla starfsmenn stofnunarinnar, þar af um það bil helming starfsmanna sem nú þegar búa á Akranesi eða þar í nágrenni. Þess vegna tel ég að fyrst sé hætta á óvissuástandi ef ekki verði brugðist við dómnum eins og hér er lagt til og það óvissuástand sé þess eðlis að ekki sé vitað til hvers það getur leitt og því miklu meiri hætta ef ekkert verður að gert, heldur en láta málið dragast. Þar sem þing situr er mögulegt að bregðast við og ég tel því mjög brýnt að lögfesta frv. eins og það liggur fyrir.

[02:37]

Frsm. minni hluta umhvn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið lýsir minni hlutinn yfir fullri ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna á þessu máli og fullri andstöðu við það eins og það lítur hér út. Við teljum að það hefði átt að gefa lengri tíma til að fjalla um málið. Við teljum að það hefði hlotið að vera algerlega skaðlaust að gefa kost á því að skoða málið betur milli 2. og 3. umr. þannig að við hörmum þau vinnubrögð sem meiri hlutinn beitir í málinu.

Við vorum svo heppin að okkur tókst að fá fund í hv. umhvn. með fulltrúum starfsfólks og þeirra fagfélaga sem þar koma við sögu. Það var mjög eftirminnilegur fundur vegna þess að þetta fólk hafði heyrt um þennan dóm í fréttunum í gær og bjóst við að dómur væri dómur og þar með hefði málið verið fullnað þannig að það gæti litið svo á að það fengi fullan sigur miðað við sín sjónarmið. Síðan stendur það skyndilega frammi fyrir því að Alþingi ætlar á hálfum sólarhring að afgreiða Hæstarétt. Það er það sem hér er verið að gera, herra forseti. Það er verið að afgreiða Hæstarétt. Það eru nokkur tíðindi, herra forseti.

[02:38]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðurnar, heldur aðeins undirstrika að dómurinn kveður að sjálfsögðu ekki á um það hvort flytja megi stofnanir eða ekki. Hann kveður á um að það beri að afla heimildar löggjafans til slíks flutnings. Ég hef gert grein fyrir því hvernig aðstæður eru og því að ég tel algerlega útilokað að breyta um og hætta við flutninginn. Það verður ekki gert. (Gripið fram í.) Það er ekki hægt. Þess vegna tel ég að leita verði þeirrar niðurstöðu í þinginu að það heimili eða samþykki hvar aðsetur Landmælinga Íslands á að vera, þ.e. á Akranesi eins og hér er lagt til, og það sé nauðsynlegt að létta þeirri óvissu sem við blasir eftir dóminn. Og þar sem þing situr enn þá er það mögulegt.

[02:39]

Frsm. minni hluta umhvn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér er engu við þetta að bæta öðru en því að það er harmsefni að sjá þann góða mann, hæstv. ráðherra Guðmund Bjarnason, í því hlutverki sem hann er í hér í nótt.

[02:39]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að segja að þetta eru algerlega ófullnægjandi svör frá hæstv. ráðherra. Hann segir að létta þurfi óvissuástandi. Það hefur skapast óvissuástand. Það hefur skapast fullkomið óvissuástand um framtíð Landmælinga ríkisins. Allir þeir samningar sem gerðir hafa verið við starfsfólk eru í uppnámi. Þeir byggðu á lögleysu og enginn veit hvert framhaldið verður. Mér er kunnugt um að starfsmenn íhuga málaferli og menn eru að velta því fyrir sér hver framtíð þeirra verður.

Í stuttu máli hefur komið í ljós að ríkisstjórnin braut lög á starfsmönnum Landmælinga og með lagabreytingunni nú er verið að skjóta lagastoð undir þessa ólöglegu og illa grunduðu ákvörðun að flytja Landmælingar ríkisins til Akraness. Það var gert í blóra við starfsmenn. Það var gert gegn öllum rökum og skynsemi. Það var gert með ærnum og óafsakanlegum tilkostnaði sem Alþingi hefur aldrei fengið fullnægjandi

skýringar á hver raunverulega er. Eins og ég segi þá eru núna allir samningar við starfsmenn stofnunarinnar í uppnámi og framtíð hennar mjög óljós.

Ég vil ítreka það sem ég sagði fyrr í kvöld að ég lýsi ábyrgð á hendur ríkisstjórn og meiri hluta á Alþingi vegna þessara óvönduðu vinnubragða og óþolandi valdníðslu gagnvart starfsfólki þessarar stofnunar.

Ég vil beina því til hv. alþm. sem hér eru í þann veginn að ganga til atkvæða um þetta frv. hvort þeir sjái fyrir endann á þessu máli. Framtíð Landmælinga er í óvissu og ég óska eftir því að hæstv. ráðherra komi að nýju í ræðustól og geri Alþingi grein fyrir því hver framtíð þessarar stofnunar verður. Ég vil t.d. spyrja: Hve margir starfsmenn hafa ákveðið að flytja til Akraness? Hefur ráðherrann upplýsingar um tilkostnað við þessa flutninga? Hefur ráðherrann upplýsingar um það? Hann segir okkur að ekki sé hægt að snúa þessari ákvörðun til baka. Hvers vegna ekki? Hvers vegna er ekki hægt að snúa þessari ákvörðun til baka?

Það er staðreynd að þeir starfsmenn — við erum að tala um marga sérmenntaða starfsmenn — sem gjarnan vilja starfa áfram hjá þessari stofnun eru reiðubúnir að gera það hér í Reykjavík. Þeir hafa gengið til samninga um sín kjör sem er mikil óánægja með. Það er óánægja með þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið og allt er þetta unnið á handarbakinu. Við skulum ekki gleyma því að þegar ráðist var upphaflega í þessa ráðstöfun, þá var það gert til þess að efla byggð á Akranesi. Síðan varð það skyndilega röksemd að komin væru göng undir Hvalfjörðinn og svo stutt að keyra úr Reykjavík til Akraness þannig að byggðasjónarmiðin voru látin víkja. En þessi pólitíska kredda hæstv. ráðherra varð að standa gegn öllum rökum, öllum lýðræðislegum vilja og allri skynsemi. Mér finnst hæstv. ráðherra skulda Alþingi, og hann skuldar starfsfólkinu sem hefur leitað allra ráða til að hnekkja þessari heimskulegu ráðstöfun, útskýringu á því hvernig hann sjái framtíðina nú fyrir sér.

Ég er ekki viss um að Alþingi lagi þetta mál með lagasetningu af þessu tagi. Ég er ekki viss um það. Ég er ekki viss um að það gerist. Mér finnst það vera á ábyrgð Alþingis og ábyrgð ríkisstjórnarinnar að búa svo um hnúta að starfsemi þessarar stofnunar sé tryggð, að hún verði í sem bestum farvegi. Ég ítreka það, hæstv. forseti, að ég tel að það verði ekki gert með þessum gerræðislegu vinnubrögðum.

Þá vil ég mótmæla hraðafgreiðslu þingsins á þessu máli. Ekkert kallar á að Alþingi afgreiði þessi lög núna. Ekkert kallar á það. Ákvörðun Alþingis eða öllu heldur ákvörðun ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra er jafnlöglaus í dag og hún var í gær. Það hefur ekkert breyst. Allt það sem gert hefur verið er grundvallað á lögleysu og mér finnst hæstv. ráðherra skulda Alþingi nánari svör um þetta mál. Það er ætlast til þess að hér verði gengið til atkvæða algerlega út í óvissuna. Ég ætlast til þess að hæstv. ráðherra geri nánar grein fyrir stöðu mála og hverjar hann telur vera afleiðingar þessa dóms.

[02:45]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég býst við því að önnur og betri tækifæri gefist til þess að taka ítarlega umræðu um byggðamál og er sannarlega ekki vanþörf á því eins og þau mál eru að þróast með þjóðinni þessa dagana. Þessi nýuppkveðni hæstaréttardómur er ekki mjög byggðavænn ef menn lesa í gegnum hann og þær forsendur sem dómurinn gefur sér fyrir því að komast að þeirri niðurstöðu sem hv. þm. allir þekkja væntanlega eða a.m.k. flestir sem hafa lesið dóminn og kynnt sér niðurstöðu hans.

Ég ætla ekki heldur að rekja hann frekar í stuttu andsvari heldur segja við þann hv. þm. sem beindi til mín a.m.k. tveimur fyrirspurnum m.a. um fjölda starfsmanna sem flytja með stofnuninni, að ég greindi frá því áðan að nú þegar er um helmingur starfsmanna sem munu starfa við stofnunina eftir áramótin búsettur á Akranesi eða þar í nágrenni. Ég hygg að tveir séu reyndar búsettir í Borgarnesi. Bara það eitt mun auðvitað þegar vera farið að efla byggð á því svæði. En hinn helmingurinn eða um það bil mun aka, alla vega fyrst um sinn, milli staða. Hvað framtíð ber í skauti sér skal ég ekki segja en mér býður þó í grun að það muni smám saman þróast þannig að fleiri starfsmenn verði búsettir á Akanesi en sá helmingur sem er þar nú þegar.

Varðandi kostnaðinn þá vísa ég til þess sem er að finna bæði í fjáraukalögum sem þingið hefur nýlega samþykkt og fjárlögum fyrir næsta ár þar sem kveðið er sérstaklega á um þetta auk þess sem nokkur kostnaður hefur verið við það að byggja upp nýtt tölvukerfi, símkerfi og skjalageymslu eða aðstöðu fyrir stofnunina sem auðvitað þarf að byggja upp eða vera í stofnun og endurnýjast reglubundið hvar svo sem stofnunin starfar.

[02:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil nefna það í upphafi að forstjórar Landmælinga hafa skrifstofu í Reykjavík og ekkert mælir gegn því að við búum við óbreytt lög og að stofnunin verði áfram staðsett í Reykjavík jafnvel þótt einhver hluti hennar sé á Akranesi. Ekkert mælir gegn því hinkra með þetta mál.

Í lýðræðisþjóðfélagi hafa menn ýmsar leiðir til að hafa sitt fram. Menn reyna að beita rökum og það var gert í þessu máli. Menn tefldu fram hagkvæmnisjónarmiðum og þau voru yfirgnæfandi í þá átt að halda bæri þessari starfsemi í Reykjavík. Hér var hið sérhæfða fólk búsett og vildi vera. Menn skoðuðu kostnaðarrök og þau voru líka á sama veg. Og þegar kannaður var vilji starfsmanna, vilji notenda stofnunarinnar var allt á einn veg. En ekkert var á þetta hlustað. Og þá áttu menn eina leið eftir. Hún var að leita til dómstóla. Dómstóll hefur núna kveðið upp sinn úrskurð. Hann segir: Ákvörðun ríkisstjórnarinnar var röng. Hún var lögbrot. Því finnst mér að ríkisstjórninni beri að íhuga málið að nýju. Það sem hún á að gera er að kalla starfsmenn til sín og vega það og meta hvaða afleiðingar þessi dómur hefur og hvort ástæða sé til að skoða málin í nýju ljósi. Þetta eru hin eðlilegu vinnubrögð. Mér finnst það mjög undarlegt ef meiri hlutinn á Alþingi ætlar að láta bjóða sér vinnubrögð af þessu tagi. Mér finnst það mjög undarlegt. Ég óttast að hann ætli að gera það. Mér fannst það koma fram í þeirri umræðu sem hér fór fram í dag. Menn höfðu ekki nokkurn einasta áhuga á að ljá þessu máli eyra. Og ég spyr, hæstv. forseti: Hvernig stendur á því að hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu sem fer fram um mjög alvarlegt mál, hæstaréttardóm sem er kveðinn upp yfir lögleysu sem er framkvæmd á vegum ráðherra ríkisstjórnar?

[02:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég ræddi þetta mál nokkuð við 1. umr. og get því verið stuttorð. Ég tel að full ástæða hafi verið til, eins og raunin varð á, að halda stuttan fund í umhvn. um málið. En það er hneisa eins og margt annað í þessu máli

að það hafi þurft að gerast með þeim hætti að starfsfólk og fulltrúar fagfélaga þeirra hafi þurft að koma hingað um miðja nótt til þess að biðja um þennan fund með nefndinni hálfum sólarhring eða sólarhring eftir að úrskurður var upp kveðinn í máli sem fólkið, sem hefur staðið í margra mánaða deilum við hæstv. ráðherra, hélt sig hafa haft sigur í. Það er auðvitað hneisa út af fyrir sig.

Það sem ég sagði við 1. umr. málsins er í raunverulega staðfest í nefndaráliti minni hluta, sem ég þakka fyrir, og ég held að sé mjög skýrt. En ég held að það sé alveg ljóst af viðbrögðum meiri hlutans að þingið ætlar að hlaupa til hálfum eða einum sólarhringi eftir að dómur var upp kveðinn til þess að veita þessari lögleysu hæstv. ráðherra lagastoð. Mér finnst málflutningur hæstv. ráðherra mjög sérkennilegur núna eftir að umhvn. hefur fjallað um málið. Þegar hann er beðinn um rök fyrir því af hverju ekki sé hægt að viðhafa eðlileg vinnubrögð í þessu máli á hv. Alþingi, þá segir hann að alls ekki sé hægt hætta við þennan flutning. Það má vel vera að ekki sé hægt að hætta við flutning að mati ráðherrans, en við erum að fara fram á að viðhöfð séu eðlileg vinnubrögð í málinu.

Ég spyr t.d. hæstv. ráðherra: Hefði ráðherrann ekki talið nauðsynlegt að skoða það með sínum lögfræðingum í ráðuneytinu hvort að þessum dómi gætu fylgt skaðabótakröfur? Það hefur komið fram hjá Ragnari Hall að hann telur að allir samningar sem gerðir hafa verið vegna flutnings á Landmælingum séu ógildir. Í nefndaráliti minni hlutans kemur fram að búast megi við að eftir geti fylgt skaðabótakröfur. Hefðu það ekki verið, herra forseti, vinnubrögð sem ráðherrann hefði átt að viðhafa og þingið þá líka að kanna hvort það geti verið miðað við dóminn að skaðabótakröfur á hendur ríkinu væru líklegar til fylgja í kjölfarið? Miðað við stöðu málsins hefði auðvitað átt að skoða það með tilliti til þess.

Ráðherrann hefur ekki fært rök fyrir því af hverju ekki hægt var að fresta málinu fram yfir áramót. Við erum ekki endilega að tala um að hætta við flutninginn, heldur að fresta málinu fram yfir áramót þannig að þingið geti fjallað eðlilega um málið þegar það kemur saman að loknu jólaleyfi, kallað með eðlilegum hætti til sín starfsfólkið og fulltrúa fagfélaganna sem hefði þá haft tíma til að senda inn skriflegar umsagnir um málið en ekki að þurft að koma hér sjálft að nóttu til og biðja um að fá fund með nefndinni. Mér finnst vinnubrögðin algjör hneisa. Það er upplýst núna og staðfest af Hæstarétti að starfsfólkið, sem hefur staðið í margra mánaða deilu við ráðherrann, hafði rétt fyrir sér allan tímann, það hafði lög að mæla allan tímann en ekki ráðherrann. Það er mjög sérstakt í þessu máli að ráðherrann skuli hafa farið gegn vel rökstuddu áliti ríkislögmanns með þeim afleiðingum að hann hefur þurft að fá yfir sig dóm Hæstaréttar og það sérkennilega hefur gerst, sem ég hef ekki upplifað í minni tíð sem þingmaður, að ríkisstjórn er að bregðast við tveim hæstaréttardómum í sömu vikunni.

Ég segi og skal ekki tefja þetta mál, að mér finnst þessi dómur vera staðfesting á yfirgangi hæstv. ráðherra og áfellisdómur á vinnubrögð hans og ég mótmæli vinnubrögðum hans, bæði því hvernig ráðherrann stóð að málinu gagnvart starfsfólkinu fyrir dóminn og eins vinnubrögðum hans eftir að dómurinn var upp kveðinn vegna þess að það er auðvitað ráðherrann sem er að þrýsta þessu máli á þennan óeðlilega hátt í gegnum þingið. Ráðherrann hefur ekki gefið þau svör sem ég tel vera fullnægjandi. Af hverju má ekki bíða með þetta mál í hálfan mánuð, þrjár vikur? Af hverju telur ráðherrann ekki ástæðu til þess að skoða hvort ríkissjóður geti átt yfir höfði sér skaðabótakröfur vegna niðurstöðu þessa dóms? Málið í heild sinni er hneisa frá upphafi til enda og hæstv. ráðherra ekki til sóma.

[02:56]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki miklu við að bæta en hv. þm. beindi þó til mín þeirri spurningu hvort ég hefði leitað álits lögmanna á því hvort skynsamlegra væri að bregðast við eins og ég hef nú þegar lagt til og þingheimur veit um eða að draga málið. Niðurstaða þeirra sem ég hef leitað til hefur verið sú að nauðsynlegt sé að eyða þeirri óvissu sem hér er uppi vegna þess að ekki verður horfið frá ákvörðuninni um flutninginn og að frestunin skapi meira óvissuástand sem ekki er vitað til hvers leiði með því að draga málið og því sé bæði rétt og nauðsynlegt að bregðast við eins og hér hefur verið lagt til.

Ég er ekki að draga úr því að það er auðvitað óþægilegt að þurfa að taka á svo stóru máli svo skjótt sem raun ber vitni og hefur komið fram í umræðunum. En niðurstaða þeirra sem hafa fjallað um málið með mér hefur verið sú að það sé nauðsynlegt. Ég hef reyndar látið það koma fram áður og hef engu við það að bæta.

[02:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nauðsynlegt til þess að eyða óvissu? Í hvaða óvissu hefur hæstv. ráðherra haldið starfsfólkinu í mjög langan tíma? Því hefur verið haldið í óvissu í mjög langan tíma. Mér fannst rökin engin. Af hverju var ekki hægt að bíða með málið í tvær til þrjár vikur? Hvað hefði getað gerst á þeim tíma? Ég spyr ráðherrann. Hann svaraði því alls ekki. Ég vil fá rök frá ráðherranum sem eru meira sannfærandi.

Ég skil vel að hæstv. ráðherra hafi reynt að koma sér hjá því að svara seinni spurningu minni um skaðabótakröfur. Ég spurði sérstaklega hvort þeir lögfræðingar sem ráðleggja honum að keyra málið í gegnum þingið á örfáum klukkutímum hafi líka skoðað þá hlið málsins sem snýr að skaðabótakröfum. Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari því hvort hann hafi látið skoða það sérstaklega vegna þess að innlegg hans varðandi þann þátt málsins við þessa umræðu skiptir máli.

[02:58]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað hluti af því sem ég hef verið að segja hv. þingmönnum nú ítrekað frá að niðurstaða okkar er sú að það sé bæði rétt og nauðsynlegt að bregðast við strax. Ég veit þó ekki um hugsanlegar skaðabótakröfur og gef mér ekki að þær kunni að skapast. Ég vil auðvitað heldur ekki hafna því að þær kunni að koma fram vegna þess að um það véla lögmenn meira og það er auðvitað nokkuð sem kemur í ljós. Það er líka hugsanlegt að eiga við þetta ágæta fólk viðræður á næstu dögum um málið. Ég hef aldrei haft á móti því eða hafnað því að ræða við starfsfólk og stjórnendur eða forsvarsmenn stofnunarinnar í þessu ferli öllu saman í tvö og hálft ár þannig að það getum við gert áfram. En ég tel að það væri bæði óskynsamlegt og algjörlega útilokað fyrir ráðherra að velta vöngum yfir því hvort eða hvernig skaðabótaréttur kunni að skapast og ræða það í hv. þingi á þessu stigi málsins.

[03:00]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi síðari ræða sýnir að ráðherrann gerir sér fulla grein fyrir að miðað við vinnubrögð hans í öllu þessu máli getur ríkissjóður átt yfir höfði sér skaðabótakröfur.

Hæstv. ráðherra segir að hann ætli að ræða við starfsfólkið á næstu dögum. Auðvitað gekk ég út frá því að hæstv. ráðherra mundi kalla starfsfólkið til sín í kjölfar þessa dóms og í kjölfar þessarar meðferðar málsins á þinginu þar sem enginn tími hefur unnist til að fjalla um það. En fróðlegt væri að fá það upp hjá hæstv. ráðherra þar sem því hefur verið lýst yfir af lögmanni þeim sem fór með málið fyrir Hæstarétti að allir samningar sem gerðir hafa verið vegna þessa flutnings séu ógildir. Telur hæstv. ráðherra þá að endurnýja þurfi alla þessa samninga, gera þá samninga sem tengjast þessum flutningi alla upp á nýtt? Ég spyr hæstv. ráðherra um það.

[03:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta mál er sama eðlis og það mál sem við vorum að afgreiða næst á undan, 11. dagskrármál, frv. um almannatryggingar. Bæði þessi mál eru á ábyrgð stjórnarmeirihlutans. Bæði þessi mál hafa fengið flýtimeðferð í gegnum þingið og hafa ekki fengið þá þinglegu meðferð sem við eigum að leggja metnað okkar í að þingmál fái hér. Þetta er annað málið í þessari viku sem við tökum til afgreiðslu á Alþingi sem kemur hingað inn vegna hæstaréttardóms og það ætti að vera Alþingi umhugsunarefni.

Ég kem hér til að lýsa því yfir eins og aðrir þingflokksformenn stjórnarandstöðu að við munum ekki hafa afskipti af afgreiðslu þessa máls, ekki bera ábyrgð á því, en ég mun heldur ekki tefja það með frekari ræðuhöldum.

[03:02]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að leyfa mér að óska eftir því að hæstv. forsrh. komi og verði viðstaddur þessa umræðu.

(**Forseti** (ÓE): Forseti mun gera ráðstafanir. (**ÁRJ:** Er hann í húsinu?) Hann er í húsinu, já.)

Hæstv. forseti. Ég sé að hæstv. forsrh. er kominn í þingsalinn. Hér er til umræðu frv. sem sprottið er af hæstaréttardómi sem fallið hefur um gjörðir ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh. Í ljós hefur komið að ákvörðun hæstv. umhvrh. um að flytja Landmælingar ríkisins frá Reykjavík til Akraness reynist vera lögleysa. Ríkisstjórnin vill skjóta lagastoð undir þessa ákvörðun sína og vill fá á flýtimeðferð, fá málið afgreitt á Alþingi núna. Starfsmenn stofnunarinnar telja þetta hina mestu ósvinnu og stéttarfélögin hafa einnig tekið undir það. Það gerir stjórnarandstaðan á þingi einnig. Allir þessir aðilar hafa sagt að lögfesting þessara laga eigi ekki að gerast núna heldur geti hún beðið þar til síðar, ef yfirleitt þarf af þessu að verða, og er bent á að Landmælingar ríkisins eru núna með skrifstofur í Reykjavík þannig að ekki þarf að staðfesta þessi lög af þeim sökum jafnvel þótt einhver hluti starfseminnar verði fluttur til Akraness. (**KHG:** Þú mundir nú ekki samþykkja það, Ögmundur.) Hvað segir hv. framsóknarmaður? (**KHG:** Þú mundir nú ekki samþykkja það.) Mundi ég ekki samþykkja það? Ég er að óska eftir að því lagafrv. sem hér er til umfjöllunar verði skotið á frest og ég er að reyna að færa rök fyrir því hvers vegna svo mætti verða.

Í fyrsta lagi er það eðlileg þingmeðferð að málið fái afgreiðslu í þingnefnd sem gefist færi á því að kalla til sín þá aðila sem til málsins þekkja, lögmenn, starfsmenn, stéttarfélög o.s.frv. Í ljós hefur komið að þeir samningar sem gerðir hafa verið við starfsfólkið eru í uppnámi. Það hefur verið staðfest við mig af hálfu lögmannsins sem rak málið og það hefur verið staðfest einnig af hálfu þeirra starfsmanna sem í hlut eiga. Ég hefði haldið að ef hæstv. ráðherra vildi eyða óvissu í þessu máli, eins og hann kveðst vilja gera og ég efast ekki um að er hans góði vilji, þá held ég að skynsamlegri leið í þessu máli sé að skjóta því á frest. Það er ekkert sem kallar á þessa lagabreytingu nú. Fyrir utan það að þetta eru óaðgengileg vinnubrögð fyrir Alþingi Íslendinga. Þetta er ekki sæmandi, að dómur falli einn daginn og daginn eftir sé lögum landsins breytt vegna þeirrar niðurstöðu.

Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann vilji beita sér fyrir því að þetta mál verði tekið út af dagskrá og afgreiðslu þess verði skotið á frest.

[03:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og menn vita hefur þegar verið tekin pólitísk ákvörðun um að flytja þetta fyrirtæki til Akraness og sú pólitíska afstaða hefur lýst sér m.a. í því að fjármunir hafa verið veittir til þess af hálfu Alþingis. Það var mat ýmissa lögmanna að með slíkum fjárveitingum lægi fyrir viljayfirlýsing löggjafarvaldsins.

Hæstiréttur lítur ekki svo á. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að hann telur að það eitt og sér nægi ekki. Hæstiréttur telur sem sagt að beina lagaheimild þurfi til þess að stofnunin verði flutt. Hæstiréttur er ekki að mælast til þess að hin pólitíska ákvörðun verði tekin til baka. Hæstiréttur er ekki að blanda sér í hið pólitíska deilumál. Hæstiréttur segir einungis að til þess að hin pólitíska ákvörðun megi ná fram að ganga þurfi að vera lagastoð fyrir hendi og ráðherrann og þingið bregðast við nákvæmlega til þess að koma í veg fyrir þann annmarka sem Hæstiréttur telur einan vera á málinu, þ.e. að tryggja að þessi lagastoð sé fyrir hendi.

Það er algjör misskilningur á málinu ef menn túlka dóm Hæstaréttar sem svo að með honum sé verið að kippa grundvellinum undan hinni pólitísku ákvörðun. Það stóð ekki til og það á ekki að gera. Ég tel því að það sé lagaskylda ráðherrans og nefndarinnar svo fljótt sem verða má að koma á þeirri lagastoð sem Hæstiréttur telur skorta.

Ef menn ætla að fara að túlka dóminn svo að vegna þessa skorts á lagastoð sem mætir lögmenn höfðu talið miðað við fyrri reynslu að væri nægjanlega tryggð, ef menn ætluðu að láta þau úrslit ráða því að flytja alla starfsemina til baka aftur og hætta við allt saman, þá væri sjálfsagt að vera ekki með málið hér á dagskrá og flýta því. Það dettur engum manni í hug. Þessi dómur breytir ekki hinni pólitísku ákvörðun þingsins. Sú ákvörðun stendur. Þá gerum við það eina rétta, að skjóta þessari lagastoð undir hina pólitísku ákvörðun. Starfsemin er að hefjast og ég teldi það afskaplega hæpið af hálfu þingsins ef sú ákvörðun gengi ekki fram svo fljótt sem verða mætti. Ákvörðunin er afskaplega einföld. Við erum ekki að deila um hina pólitísku ákvörðun. Sú deila hefur verið leidd til lykta. Við erum bara að koma þeirri skipan á sem Hæstiréttur telur nauðsynlega.

[03:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstiréttur er ekki að kalla eftir lagasetningu. Hæstiréttur var að kveða upp dóm og dómurinn er á þann veg að ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í málefnum

Landmælinga, flutningurinn til Akraness er ólöglegur. Þetta er mjög skýrt.

Ég er hins vegar að kalla eftir pólitík. Ég er að kalla eftir pólitískum viðbrögðum stjórnvalda. Þar sem starfsmenn hafa óskað eftir því að fá viðræður um málið, fá þessu skotið á frest, þar sem stéttarfélög hafa óskað eftir hinu sama, þar sem stjórnarandstaðan hefur sett fram samsvarandi óskir og kröfur og þar sem manni finnst skynsemi og öll góð vinnubrögð Alþingis mæla með því að við höfum þennan háttinn á, þá beini ég þeirri spurningu aftur til hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar hvort hún sé ekki tilbúin til að endurskoða afstöðu sína.

[03:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekki hvað fyrir hv. þm. vakir. Ég tel það vera skyldu okkar að skjóta lagastoð undir þann pólitíska gerning sem hefur verið ákveðinn, annað sé alveg fráleitt. Mér finnst fráleitt að efna til óvissu um málið, alveg fráleitt. Með því værum við hér og nú að segja við starfsfólkið: Löggjöfin er að velta fyrir sér að snúa til baka með allt heila málið. Það stendur ekki til, hv. þm. Hin pólitíska ákvörðun hefur verið tekin og nú erum við eingöngu að tryggja hinn lögformlega, lagalega grundvöll málsins með þeim hætti sem Hæstiréttur telur nauðsynlegt. Hæstiréttur er ekki að skipa okkur að gera svo. En Hæstiréttur er að segja okkur alveg ótvírætt að ef við ætlum að hafa þessa starfsemi á Akranesi, eins og við ætlum að gera, þá þarf lagastoð að vera fyrir hendi og það erum við að sjá um. Við erum sem sagt að bregðast við á mjög ábyrgan og kröftugan hátt eins og okkur ber að gera.

[03:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég er honum mjög ósammála. Svör hans voru hins vegar skýr og ég get ekki annað en þakkað fyrir þau en ég lýsi hins vegar fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórn hans fyrir vinnubrögð í þessu máli. Þau eru óvönduð og þau eru ólýðræðisleg.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:15]

1. gr. samþ. með 34:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

5 þm. (ÁE, RG, SvanJ, ÞHS, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, EgJ, EKG, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, SJóh, ÖJ.

8 þm. (ÁE, KH, RG, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS.

nei: ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Málefni fatlaðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 331. mál (yfirfærsla til sveitarfélaga). — Þskj. 413.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:16]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ.

3 þm. (ÁRJ, JóhS, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 632).

Náttúrufræðistofnun Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 205. mál (stjórnskipulag o.fl.). — Þskj. 618.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:17]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

15 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, JóhS, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 633).

Ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 336. mál (réttur til styrkja). — Þskj. 423.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:18]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 642).

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 334. mál (innflutningur lifandi sjávardýra). — Þskj. 619.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:18]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 634).

Breytingar á ýmsum skattalögum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 150. mál. — Þskj. 622.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:19]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, PHB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 635).

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, frh. 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 623, brtt. 629.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:20]

Brtt. 629 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 35:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 636).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 278. mál (jöfnunarhlutabréf, dótturfélög o.fl.). — Þskj. 624.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:21]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ, ÖS.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 637).

Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 279. mál (gjaldskrár o.fl.). — Þskj. 627.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:22]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 638).

Útflutningsráð Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 340. mál (tekjur, samráðsnefnd, stjórn o.fl.). — Þskj. 628.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:22]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 639).

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 365. mál (örorkumat, skerðing lífeyris). — Þskj. 531, nál. 608 og 609, brtt. 610.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:23]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er um að ræða ívilnanir sem ríkisstjórnin er að leggja til og stjórnarandstaðan leggst ekki gegn því. Hins vegar hefur það komið skýrt fram í máli okkar og við höfum fært rök fyrir því að hér er um að ræða brot á mannréttindum og þess vegna munum við ekki taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu heldur sitja hjá.

Brtt. 610,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 610,2 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, JóhS, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

2. gr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, PHB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 610,3 (ný 3. gr., verður 2. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Brtt. 610,4 (ákv. til brb. falli brott) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖJ*.

9 þm. (ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJS, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Fundi slitið kl. 03:27.

49. FUNDUR

sunnudaginn 20. des.,
að loknum 48. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2001, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. desember um Grænlandssjóð.
2. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 379. mál, þskj. 607. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
3. Landmælingar og kortagerð, frv., 370. mál, þskj. 581. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Almannatryggingar, stjfrv., 365. mál, þskj. 531 (með áorðn. breyt. á þskj. 610). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:29]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 2. dagskrármáls og 2. umr. 3.–4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 42:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞHS, ÖS.

nei: ÖJ.

7 þm. (ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KH, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2001, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. desember um Grænlandssjóð.

Einn listi barst sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Árni Johnsen alþingismaður,
Bryndís Kristjánsdóttir,
Haraldur Ólafsson prófessor,
Sigurrós Þorgrímsdóttir viðskiptafræðingur,
Þóranna Pálsdóttir veðurfræðingur.

Varamenn:
Jóhanna Vilhjálmsdóttir nemi,
Danfríður Skarphéðinsdóttir kennari,
Anna Jensdóttir kennari,
Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðingur,
Gestur Gestsson stjórnmálafræðingur.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 379. mál. — Þskj. 607.

[03:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég flyt till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 19. desember 1998 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 6. janúar 1999.“

Tillagan skýrir sig sjálf.

[03:31]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þessi tillaga er óvenjuleg miðað við frestunartillögur síðustu ára að því leytinu til að um þær hefur yfirleitt verið samstaða. Um þessa tillögu er ekki samstaða.

Ég er þeirrar skoðunar að hér séu menn að taka ákvörðun um að kalla þingið í raun og veru of snemma saman eftir hátíðar miðað við það sem ætlunin er að vinna á þingi þá, þ.e. að frv. um sjávarútvegsmál. Ég tel að ekki gefist eðlilegur tími til að vinna að því máli, hvorki tæknilega né pólitískt á þeim knappa tíma sem við höfum miðað við þennan samkomudag Alþingis. Þess vegna mun ég ekki styðja tillöguna sem hæstv. forsrh. mælti fyrir núna áðan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:32]

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 643).

Landmælingar og kortagerð, 3. umr.

Frv. meiri hluta umhvn., 370. mál (aðsetur Landmælinga). — Þskj. 581.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:33]

Frv. samþ. með 36:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

5 þm. (ÁE, RG, SvanJ, ÞHS, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 644).

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 365. mál (örorkumat, skerðing lífeyris). — Þskj. 640.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [03:34]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, PHB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞHS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, HG, LB, MF, PP, RA, SighB, SF, StG, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 645).

Jólakveðjur.

[03:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þá er komið að lokum síðasta fundar Alþingis á þessu ári. Eins og oft áður við afgreiðslu mála fyrir jólahlé hefur skorist í odda milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég vil hins vegar láta í ljós þakkir mínar til formanna þingflokka og hæstv. ráðherra og raunar þingmanna allra fyrir samstarfsvilja þeirra sem hefur þrátt fyrir allan ágreining gert okkur fært að ljúka þingstörfum fyrir jól samkvæmt starfsáætlun þingsins.

Ég hef frá því ég tók fyrst við embætti forseta Alþingis lagt á það áherslu að það væri meðal mikilvægustu verkefna forustu þingsins að koma húsnæðismálum þess í viðunandi horf þannig að skapa megi þeim sem starfa á vettvangi löggjafans nútímalega starfsaðstöðu.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári var samþykkt sérstök fjárveiting á fjárlögum til að reisa þjónustuskála vestan við Alþingishúsið. Fjárveitingin hefur á þessu ári verið notuð til að vinna að hönnun skálans.

Með afgreiðslu nýsamþykktra fjárlaga fyrir næsta ár hefur verið stigið mikilvægt skref í húsnæðismálum Alþingis.Tryggt hefur verið að hefja megi framkvæmdir við byggingu þjónustskálans á næsta ári. Áætlað er að útboð framkvæmda geti farið fram í apríl og eiginlegar framkvæmdir hafist í júnímánuði. Raunverulega hefur engin nýbygging verið reist á vegum Alþingis síðan árið 1908 þegar viðbygging var gerð við Alþingishúsið, þ.e. Kringlan.

Við fjárlagaafgreiðsluna á síðasta ári var áréttuð sú stefna að aðsetur Alþingis eigi að vera áfram um fyrirsjáanlega framtíð hér í Kvosinni í Reykjavík og að byggt yrði fyrir þingið á reitnum umhverfis Alþingishúsið sem við köllum Alþingisreit. Því er hins vegar ekki að leyna að þetta getur verið erfitt verk, m.a. vegna þess að nauðsynlegt verður að ráðast í umfangsmiklar og tímafrekar fornleifarannsóknir á Alþingisreitnum áður en byggingarframkvæmdir geta hafist. Til að bregðast við þessu varð samkomulag um að setja í 7. gr. fjárlaga heimild til handa ríkissjóði að kaupa eða leigja húsnæði í nágrenni Alþingishússins fyrir starfsaðstöðu Alþingis og taka til þess nauðsynleg lán. Ef heppilegt húsnæði fæst mun Alþingi segja upp ýmsu leiguhúsnæði og selja annað húsnæði sem ekki er eins hagkvæmt fyrir starfsemi þess.

Ég fagna því hversu vel hefur tekist um lausn húsnæðismála þingsins við fjárlagaafgreiðsluna í ár og vil færa fjárlaganefnd og þeim ráðherrum sem hlut áttu að máli sérstakar þakkir fyrir þeirra þátt í farsælli lausn málsins.

Mér hefur í dag borist svohljóðandi bréf frá hv. 2. þm. Reykv., Friðriki Sophussyni:

„Með bréfi þessu afsala ég mér þingmennsku frá og með næstu áramótum.

Ég árna Alþingi heilla í mikilvægum störfum og vænti góðs samstarfs við alþingismenn á öðrum starfsvettvangi. Jafnframt þakka ég ánægjulegt samstarf síðastliðin tuttugu ár.

Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv."

Við afsögn Friðriks Sophussonar hverfur af þingi stjórnmálamaður sem verið hefur í forustuhlutverki á þriðja áratug og hefur sem alþingismaður og ráðherra sett sterkan svip á störf Alþingis. Friðrik Sophusson hefur verið þingmaður Reykvíkinga síðan 1978, varaformaður Sjálfstæðisflokksins hefur hann verið í 15 ár og ráðherrastörfum gegndi hann frá 1987 til 1988 og síðan frá 1991 til 1998 þegar hann var fjármálaráðherra.

Við þessi þáttaskil í lífi Friðriks Sophussonar vil ég færa honum þakkir fyrir þau störf sem hann hefur unnið á vettvangi Alþingis. Ég veit að ég mæli fyrir munn allra þingmanna þegar ég þakka honum ánægjuleg kynni og gott samstarf sem skilur eftir góðar minningar. Þjóðin mun áfram njóta starfskrafta hans, reynslu og þekkingar í öðru mikilvægu starfi. Ég óska honum allra heilla í hinu nýja starfi.

Jólahátíðin er í nánd. Hv. alþingismönnum og starfsfólki Alþingis gefst nú tækifæri til að vera samvistum við sína nánustu um hátíðirnar og njóta með þeim friðsemdar jólanna eftir annasamar vikur. Ég færi alþingismönnum öllum, svo og starfsfólki Alþingis, bestu óskir um gleðilega og friðsæla jólahátíð og færi þeim bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á því ári sem nú er senn á enda.

Þeim sem eiga langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári. Landsmönnum öllum sendi ég mínar bestu jóla- og nýársóskir.

[03:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf við þingflokksformenn og þingmenn alla á þessu haustþingi. Þetta þing fór hægt af stað en hefur verið viðburðaríkt undanfarnar vikur. Menn hafa skipst á skoðunum og stundum tekist á, enda umdeild stórmál á ferðinni og tilefni ærin til rækilegrar umfjöllunar. Þrátt fyrir þetta hefur starfsáætlun staðist í stórum dráttum.

Ég þakka forseta fyrir hlý orð í garð okkar þingmanna og vil fyrir okkar hönd óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þá vil ég sérstaklega þakka starfsfólki þingsins fyrir dugnað og þolinmæði í okkar garð og óska því gleðilegra jóla.

Ég bið hv. þingmenn að taka undir góðar óskir til starfsfólks Alþingis og hæstv. forseta og fjölskyldu hans með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[03:42]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég þakka hv. 17. þm. Reykv. hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þm. fyrir að taka undir þau orð. Ég ítreka óskir mínar til þingmanna og fjölskyldna þeirra.

Þingfrestun.

[03:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands gjörir kunnugt: „Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 19. desember 1998 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 6. janúar 1999.

Gjört á Bessastöðum, 19. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég yfir því að fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Fundi slitið kl. 03:43.

50. FUNDUR

miðvikudaginn 6. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps.
Erindi frá Öryrkjabandalagi Íslands o.fl.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):
Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:
„Forseti Íslands gjörir kunnugt:
Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 6. janúar 1999 kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1998.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum, svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs og þakka hið liðna. Ég býð þá velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar alþingismanna. Jafnframt vil ég nota þetta tækifæri, nú á fyrsta fundi Alþingis á þessu ári, til þess að óska alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs.

Alþingi kemur nú saman óvenjusnemma eftir jólahlé. Ástæður þess eru öllum kunnar. Það er til að afgreiða mikilvæg þingmál um stjórn fiskveiða. Að lokinni afgreiðslu þeirra mála er ráðgert að gera á ný hlé á þingstörfum og verður ráðgast við formenn þingflokka um það mál þegar dregur að lokum þessarar fundalotu.

Breytingar í þingliði.

[13:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Á síðasta fundi Alþingis fyrir jól, 20. desember, var lesið upp bréf sem borist hafði frá hv. þm. Friðriki Sophussyni um þingmennskuafsal hans. Samkvæmt því bréfi tekur 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Katrín Fjeldsted, fast sæti á Alþingi. Hún hefur áður setið á þingi sem varamaður og kjörbréf hennar því áður verið afgreitt og býð ég hana velkomna til starfa. Katrín Fjeldsted verður 16. þm. Reykv. og samkvæmt venju breytist kosningatala annarra þingmanna Sjálfstfl. sem ofar eru á listanum til samræmis við það, þ.e. Björn Bjarnason verður 2. þm. Reykv., Geir H. Haarde 3. þm., Sólveig Pétursdóttir 4. þm., Lára Margrét Ragnarsdóttir 5. þm., Guðmundur Hallvarðsson 6. þm. og Pétur H. Blöndal 10. þm. Reykv.

Við frafall Ástu B. Þorsteinsdóttur alþm. tók Magnús Árni Magnússon sæti á Alþingi. Hann gat í fyrstu ekki setið á Alþingi sakir dvalar sinnar erlendis og hafði því varamann fyrir sig fram að jólahléi. Magnús Árni Magnússon undirritaði drengskaparheit utan þinghúss í október en tekur nú sæti aðalmanns og er boðinn velkominn til starfa.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:37]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Borist hefur svohljóðandi bréf:
„Þar sem Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl., getur ekki vegna sérstakra anna sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Austurl., Kristinn Pétursson, fiskverkandi á Bakkafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.
Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Sigríður Anna Þórðardóttir,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna."

Kristinn Pétursson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Athugasemdir um störf þingsins.

Dagskrá fundarins.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs um störf þingsins vegna þeirrar afar sérstöku stöðu sem uppi er í tengslum við boðun þessa þingfundar og upphaf þingstarfa. Það er kannski einfaldast að rökstyðja tilefni þessarar ræðu með því að lesa dagskrá þessa fundar en hún er svohljóðandi eins og forseta er vafalaust kunnugt:
„Alþingi, miðvikudaginn 6. janúar 1999, kl. 1.30 miðdegis.
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala." Punktur.
Ég leyfi mér að efast um það, herra forseti, að Alþingi hafi áður verið kvatt saman svo óvenjusnemma í janúarmánuði og fyrir því liggi dagskrá af þessu tagi. Ástæðan er kunn. Þegar til á að taka eru viðbrögð við því máli sem hér átti að taka til afgreiðslu alls ekki tilbúin. Stjórnarliðar í sjútvn. hafa ekki verið tilbúnir til efnislegrar umfjöllunar um frv. ríkisstjórnarinnar og þingið er þar af leiðandi augljóslega kvatt saman allt of snemma miðað við þá vinnu sem þar þarf að fara fram. Sjútvn. hefur að vísu lokið því að ræða við þá sem treystu sér til að koma til nefndarinnar með jafnskömmum fyrirvara og raun bar vitni en ekki aðra. Sjútvn. hefur sem slík án viðveru gesta ekki tekið frv. ríkisstjórnarinnar til efnislegrar umfjöllunar enn.
Herra forseti. Mitt mat er að það sé algert lágmark og það hafi komið enn betur í ljós en áður lá fyrir í vinnu sjútvn. að nefndin og síðan þingið fái rúman tíma til að vinna að þessu stóra máli. Ég tel viku til tíu daga í viðbót lágmark og ég vil því spyrja hæstv. forseta: Hefur forseti ekki hugleitt að

fresta fundum þingsins á nýjan leik um tiltekinn tíma sem hæfilegur þykir miðað við stöðu málsins? Hvað er fyrirhugað um fundahaldið á næstunni? Um leið vil ég nota tækifærið og mótmæli þessum vinnubrögðum.

[13:40]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill vegna þessara orða hv. þm. taka fram að það er ekkert óeðlilegt við dagskrá fundarins. Það var ljóst að hér yrði á fyrsta fundi ekki annað en útbýting þingskjala en forseti hafði að sjálfsögðu gert sér vonir um að það yrðu fleiri þingskjöl en verða lesin þegar gengið verður til dagskrár eftir þessa umræðu um störf þingsins.

Forseti mun ræða það við þingflokksformenn frekar en hann hefur þegar gert hvað verður um framhald þingstarfa en gerir sér vonir um að hv. sjútvn. ljúki umfjöllun um þessi veigamiklu mál sem allra fyrst en forseti getur ekki kveðið nánar á um það hvenær það verður en vonast að sjálfsögðu til að það verði annaðhvort í dag eða á morgun.

[13:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég er með í höndum starfsáætlun Alþingis fyrir 123. löggjafarþing og þar stendur að Alþingi muni koma saman þann 19. þessa mánaðar. Alþingi setur sér starfsáætlun en það hefur reynst útilokað að standa við hana á liðnum árum vegna þess að reynslan er sú að henni er hagrætt eftir þörfum stjórnarmeirihlutans á Alþingi.

Ein meginástæða þess að ekki er staðið við starfsáætlunina er skortur á samráði við stjórnarandstöðuna, við þingflokksformenn. Ég vil taka það fram að forseti Alþingis vill hafa samráð við þingflokksformenn. Mér sýnist, herra forseti, að það sem að er sé að hæstv. forsrh. vill ekki samráð. Hann vill stjórna bæði ríkisstjórn og Alþingi. Þannig á það ekki að vera. Alþingi á að vera sjálfstætt gagnvart framkvæmdarvaldinu. Og ég minni á að fyrir jól þegar ákveðinn var samkomudagur þingsins að loknu jólahléi, þá greiddi stjórnarandstaðan ekki atkvæði. Hvers vegna? Vegna þess að ákvörðunin um komudag Alþingis að loknu jólahléi var gerræðisleg og án samráðs. Ég harma þetta og ég blygðast mín fyrir þann vandræðagang sem sífellt birtist í störfum Alþingis sem á rætur í því samráðsleysi sem ég hef gert að umtalsefni.

Forseti vor vonar að sjútvn. takist að ljúka störfum þannig að við getum hafið störf fyrir helgi. Alþingi á að bíða, vona og sjá hvort unnt er að taka til starfa hér. Þannig á það ekki að vera.

Herra forseti. Ég legg til að fundum Alþingis verði frestað og við komum saman 19. janúar samkvæmt starfsáætlun, hefjum þá störf, bæði um sjávarútvegsmál og öll önnur mál sem bíða.

[13:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Starfsáætlun þingsins er auðvitað viðmiðunarplagg sem við öll höfum til hliðsjónar. Ég hlýt að vekja athygli á því að það tókst óvenjulega vel til með starfsáætlun þingsins fyrir jólin. Hún stóðst alveg upp á punkt og prik og man ég varla nokkur dæmi þess að starfsáætlun þingsins hafi staðist upp á punkt og prik eins og gerðist þá.

Hins vegar kom upp eitt mál sem er vitað um, bar óvænt að þinginu, bar óvænt að þjóðinni sem kallaði á lausn. Ég minnist þess sérstaklega þegar það mál var rætt í þinginu að stjórnarandstæðingar kröfðust þess að lausn yrði fundin fljótt, það væri skylda stjórnarmeirihlutans að finna fljótt lausn á því máli. Við því er auðvitað brugðist með því að þingið komi saman. Þingið er komið saman til starfa. Þingið ræðir saman víðar en hér. Þingið ræðir til að mynda saman á þingflokksfundum og í nefndum þingsins. Ekkert er óeðlilegt við það. Þingið er komið saman til þess að útkljá mikilvægt mál.

[13:45]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það sérkennilega ákvæði er enn þá í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands að forsrh. hefur sérstaklega með það að gera hvenær þing kemur saman. Ákvæði af þessu tagi var í stjórnarskrám annars staðar á Norðurlöndum, í Danmörku til ársins 1953 eða 1954. Atburðirnir í dag staðfesta að þetta ákvæði er úrelt. Eðlilegt væri að þetta ákvæði verði tekið út núna um leið og við fjöllum um breytingar á stjórnarskránni í tengslum við kosningalagabreytinguna og Alþingi sjálft og eitt og forseti Alþingis ráði því hvenær Alþingi er kallað saman, t.d. að loknu jólahléi. Mér finnst að sú niðurstaða sem núna liggur fyrir kalli á að þetta mál verði sett alfarið í hendur þingsins og ekki haft í höndum framkvæmdarvaldsins eins og nú er.

Ég held að líka sé nauðsynlegt að rifja upp að þessi samkomudagur var ákveðinn án samráðs við forustumenn þingflokkanna, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég hygg að það hafi ekki gerst um margra ára skeið að svona hafi verið haldið á málinu. Ég held að það sé líka nauðsynlegt að rifja það upp sem fram kom hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að minni hlutinn í þinginu sat hjá við afgreiðslu á frestunartillögunni sem er óvenjulegt núna um margra ára skeið.

Einnig er nauðsynlegt að rifja upp, herra forseti, að þingflokkur Alþb. óskaði eftir því að sjávarútvegsmálin fengju meðferð í sérstakri nefnd. Því var hafnað. Því var bersýnilegt að lagt var af stað í þetta hlé í fullu ósamkomulagi við stjórnarandstöðuna, ekki aðeins um efni málsins heldur líka um allan umbúnað þess eins og hann lagði sig. Í ljós hefur komið að sjútvn. hefur ekki ráðið við verkefni sitt. Hún hefur ekki ráðið við það verkefni sem henni var falið. Hún gat ekki skilað málinu hingað inn á þessum degi, á þessum klukkutíma, og þess vegna hefði verið eðlilegt að fallast á þá ábendingu, m.a. mína, að í þingfrestunartillögunni hefði staðið að þingið kæmi saman 6. janúar eða síðar eftir nánari ákvörðun en það mátti ekki heldur. Ég mótmæli þessu, herra forseti, um leið og ég tek undir óskir félaga minna úr stjórnarandstöðunni um að þessum störfum verði frestað og þingið komi á ný saman samkvæmt starfsáætlun Alþingis.

[13:47]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er viturleg tillaga að fresta þingfundinum og fara eftir áður samþykktri starfsáætlun Alþingis og gefa sjútvn. þannig tíma og aðstöðu til að vinna. Nefndin hefur ekki komið saman síðan á mánudaginn og átti mikið óunnið í þeirri tillögu sem var til umfjöllunar, hvað þá ef skoða ætti nýjar tillögur eða hugmyndir. Þó er ljóst, herra forseti, að sú vinna sem þegar hefur farið fram hefur leitt það fram að efni frv., þó það hafi ekki verið mikið að vöxtum, er flókið og hagsmunir eru miklir.

Ég ætla ekki að fara efnislega inn í málið en ég þarf ekki að segja hv. þingheimi hve stórir þeir atvinnu- og fjárhagslegu hagsmunir eru sem einlægt er verið að fjalla um þegar menn taka til meðferðar lögin um stjórn fiskveiða.

Nefndin þarf að fá svigrúm til vinnu. Fráleitt er að kasta til höndum. Ef starfsáætlun er látin standa, herra forseti, gefst slíkt svigrúm. Þess vegna er það góð tillaga sem ég mæli með að farið verði eftir.

[13:49]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur hér áðan og fleiri um starfsáætlun þingsins og þá ósk hennar að þingfundum verði frestað nú og þingið verði kallað saman aftur 19. janúar. Ég hef setið fundi sjútvn. á undanförnum dögum eða frá því 29. desember þar sem verið er að fjalla um frv. sem átti að afgreiða í dag. Það er alveg ljóst að mjög mikil vinna er eftir í því máli og algerlega óraunhæft að ætla því einn eða tvo daga í viðbót í nefndinni. Í öðru lagi er ljóst að frv. tekur engan veginn á þeim hæstaréttardómi sem því er ætlað að vera svar við og því skiptir engu máli hvort það frv. kemur hingað inn í þingið 10., 20. eða 30. janúar enda hafa engin rök komið fram í nefndinni um að það sé mikilvægt að gera þetta fyrir 10. janúar, frekar en 20. eða 30. Þess vegna vil ég eindregið taka undir þau orð að nefndin fái góðan tíma til að vinna að þessu mikilvæga máli og að þingfundum verði frestað a.m.k. til 19. janúar.

[13:50]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Út af þeirri umræðu sem fram hefur farið vil ég minna á að störf Alþingis eru annað og meira en fundir í þessum þingsal. Það eru nefndastörf og fundir þingflokka. Því er mikilvægt að þingið komi saman og þingmenn séu til taks þegar þessi mál sem sjútvn. hefur til umfjöllunar verða afgreidd frá nefndinni. Dagurinn í dag er einmitt hugsaður þannig að þingflokkar geti komið saman og fjallað um þær tillögur sem liggja fyrir um málið. Það er því ekki rétt sem hér kemur fram að við séum að bíða. Við höfum full not fyrir þann tíma sem er fram undan.

Ég undrast að hv. þingmenn telja rétt að fresta umfjöllun um þetta mál til 21. eða 19. þessa mánaðar eins og starfsáætlun hafði kveðið á um, að þing kæmi saman á þeim degi, vegna þess að efnt var til sérstakrar utandagskrárumræðu af hálfu stjórnarandstöðunnar eftir að hæstaréttardómur féll í sambandi við sjávarútvegsmálin þar sem ríkisstjórnarflokkarnir voru sérstaklega hvattir til þess að taka sem fyrst á þessu máli. Mér finnst vera komið annað hljóð í strokkinn ef stjórnarandstaðan hvetur til þess núna að því verði frestað að ljúka þessu mikilvæga máli.

[13:52]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég tel rétt að skýra frá því að áður en tekin var ákvörðun um að kalla þing saman í dag að loknu jólaleyfi ræddi ég það sérstaklega við hæstv. sjútvrh. hvort ekki væri varlegra að taka sér einhverja daga í viðbót til þess að sjútvn. gæti fengið tíma til þess að ljúka því máli sem um er að ræða áður en þing kæmi saman. Hæstv. sjútvrh. sagði að það væri ekki hægt því að svo mikið lægi við að þingið yrði að koma saman á þessum degi til þess að afgreiða frv.

Sjútvn. hefur verið að störfum milli jóla og nýárs og líka á virkum dögum að ég held, a.m.k. meiri hluti hennar, eftir nýárið. Það er því mikill misskilningur hjá hv. þm., formanni þingflokks Framsfl., að nefndir þingsins geti ekki starfað nema þingfundir standi yfir. Það er rangt.

Nú kemur í ljós að þegar þingmenn eru komnir saman til þess að afgreiða þetta mikilvæga mál sem hæstv. sjútvrh. taldi að væri nauðsynlegt að afgreitt yrði á þessum degi að engin þingskjöl eru tilbúin. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. forseta: Er þess að vænta að meðal þeirra þingskjala sem dreift verður á eftir eða síðar í dag verði tillögur og álit frá sjútvn. um afgreiðslu málsins? Ef svo er ekki, mun því verða dreift á morgun? Ef svo er ekki, hvað getur hæstv. forseti þingsins sagt okkur um framhald þingstarfa vegna þess að samkvæmt áliti ríkisstjórnarinnar er þingið kallað saman í dag aðeins til þess að afgreiða þetta frv. hæstv. sjútvrh. Sé ekki ætlunin að afgreiða það mál í dag eða á morgun sé ég ekki ástæðu til þess að hafa þingfundi á þeim tíma heldur að gefa sjútvn. þann tíma sem hún þarf til þess að geta borið sig saman við hagsmunaaðila um þær lausnir sem kunna að vera í vændum.

[13:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. að þetta mál, sú neyðarlega staða sem er komin upp, dregur auðvitað athyglina að hinu úrelta ákvæði um hlutverk forsrh. í að kveðja saman þingið. Það er hluti af víðtækri niðurlægingu löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu sem birtist í þessu úrelta ákvæði.

Að öðru leyti verð ég að segja að málsvörn stjórnarliða er náttúrlega harla bágborin. Það að stjórnarandstaðan lagði á það áherslu fyrir áramót að nauðsynlegt væri að bregðast við þessu máli er ekki sama og að það eigi að kasta til höndunum og drífa það í gegnum þingið, illa undirbúið, og ástunda handarbakavinnubrögð. Það er dapurlegt að heyra jafnvel formann þingflokks koma upp og rugla því saman að það sé nauðsynlegt að kveðja allt þingið saman með dagskrá til að nefndir geti starfað eða þingflokkar hist. Heyr á endemi. Auðvitað liggur það fyrir og það er engin vörn til á móti því að þessi dagsetning var misráðin. Hún var mislukkuð og ég held að stjórnarliðum færi best á því að viðurkenna það.

Ástæða væri til að rekja hvernig starfið hefur gengið fyrir sig eða öllu heldur ekki gengið fyrir sig í sjútvn. Þar hafa engin svör fengist um það hvaða tillögur væru væntanlegar varðandi breytingar á frv. og meiri hlutinn bað um frest og tíma til að ræða það í sínum hópi og síðan hefur enginn fundur verið boðaður. Það er staðan. Það er því tímasóun. Það er verið að sóa tíma þingmanna með þessu ráðslagi, tíma sem menn hefðu gjarnan viljað hafa til annarra pólitískra verkefna eins og venjan hefur verið að menn hafa getað gert í janúar. Það er ámælisvert og gagnrýnisvert að svona ráðslag skuli vera uppi.

Ég vil líka láta það koma fram, herra forseti, að þó að meiri hlutinn kunni að hnoða saman einhverri niðurstöðu verða það engin vinnubrögð ef ætlunin verður síðan að knýja það í gegn út úr sjútvn., kannski á einum degi og síðan í gegnum þingið á einum til tveimur sólarhringum. Það er verið að undirbyggja gersamlega ótæk viðbrögð í þessu máli.

[13:57]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill í lok umræðunnar svara fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint. Hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, spurði hvort þess væri að vænta að tillögur sjútvn. kæmu á borð þingmanna í dag. Á útbýtingarskjali forseta eru þessar tillögur ekki og því er þess ekki að vænta að þeim verði dreift í dag. Hv. þm. spurði einnig hvort svo yrði á morgun. Því getur forseti ekki svarað en vonast auðvitað til þess að svo verði.

Þá spurði hv. þm. hvort Alþingi hefði verið kvatt saman í þeim eina tilgangi að ræða frumvörpin um stjórn fiskveiða og svo er. Það hélt forseti að öllum væri ljóst. Þingið er kallað saman nú til þess að ræða þau mál og þau mál ein. Það fer því eftir því hvenær hv. sjútvn. lýkur störfum sínum hvenær 2. umr. um þessi stjórnarfrumvörp hefst. Annað getur forseti ekki sagt á þessari stundu um málið.

Um fundarstjórn.

Umræða um sjávarútvegsmál.

[13:59]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að staðfesta að þingið var kallað saman eingöngu til að ræða frv. um sjávarútvegsmál. Hann sagðist vonast til þess, virðulegi forseti, að á morgun yrði dreift nefndarálitum og tillögum frá sjútvn. Um það veit hvorki ég né hann á þessari stundu. En það sem ég vil þá ganga eftir við virðulegan forseta er að hann geti þá fullvissað þingheim um að liggi þau gögn ekki fyrir til útbýtingar á morgun verði ekki boðað til þingfundar á morgun.

Nauðsynlegt er að fá að vita það og ég ítreka það sem hæstv. forseti upplýsti að þessir fundir eru eingöngu boðaðir til þess að fjalla um niðurstöðu sjútvn. Ég les því svo í orð hans að liggi þær niðurstöður ekki fyrir sé ástæðulaust að boða til þingfundar með dagskrá. Verður þingfundur boðaður á morgun ef þetta liggur ekki fyrir?

[14:00]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þetta er réttur skilningur hjá hv. þm. Ef engin skjöl eru til útbýtingar verður ekki boðað til fundar á morgun.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[14:00]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 365. mál, þskj. 640.

Breytingar á ýmsum skattalögum, 150. mál, þskj. 622.

Byggingarsamvinnufélög, 332. mál, þskj. 593.

Húsnæðissamvinnufélög, 333. mál, þskj. 594.

Lækkun orkuverðs til íslenskrar garðyrkju, 376. mál, þáltill. ÁJ og StB, þskj. 603.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 334. mál, þskj. 619.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 205. mál, þskj. 618.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1999, 321. mál, þskj. 623.

Tekjuskattur og eignarskattur, 278. mál, þskj. 624.

Útflutningsráð Íslands, 340. mál, þskj. 628.

Úttekt á nýtingu lítilla orkuvera, 377. mál, þáltill. ÁJ, þskj. 604.

Vernd barna og ungmenna, 106. mál, þskj. 595.

Virðisaukaskattur, 375. mál, frv. ÁJ o.fl., þskj. 602.

Fundi slitið kl. 14:01.

---

51. FUNDUR

laugardaginn 9. jan.,
kl. 5 síðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[17:00]

Útbýting þingskjala:

Aukin fjölbreytni atvinnutækifæra í dreifbýli, 386. mál, þáltill. GMS, þskj. 655.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, 383. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 652.

Bifreiðagjald, fjáröflun til vegagerðar og vörugjald af ökutækjum, 279. mál, þskj. 627.

Bifreiðakaupastyrkir til fatlaðra, 304. mál, svar heilbrrh., þskj. 648.

Lífeyrir sjómanna, 353. mál, svar heilbrrh., þskj. 647.

Markaðssetning íslenska hestsins, 382. mál, fsp. GE, þskj. 651.

Rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, 378. mál, þáltill. ÁJ, þskj. 605.

Skipun nefndar um einföldun á tekjukerfi ríkissjóðs, 385. mál, þáltill. GMS, þskj. 654.

Skipun nefndar um samningu leiðbeininga um mat á hugviti og fleiru í reikningsskilum fyrirtækja, 384. mál, þáltill. GMS, þskj. 653.

Stjórn fiskveiða, 343. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 656; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 657.

Stuðningur Framleiðnisjóðs við útflutning og markaðssetningu íslenskra hrossa, 381. mál, fsp. GE, þskj. 650.

Tekjuskattur og eignarskattur, 380. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 649.

Vegtenging frá Stafnesi til Hafna, Ósabotnavegur, 269. mál, svar samgrh., þskj. 646.

Fundi slitið kl. 17:03.

---

52. FUNDUR

mánudaginn 11. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Stjórn fiskveiða, stjfrv., 343. mál, þskj. 443, nál. 656 og 660, brtt. 657. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Kristín Ástgeirsgóttir, 14. þm. Reykv.,

Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Brunatryggingar, 388. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 659.

Skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins, 387. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 658.

Stjórn fiskveiða, 343. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 660.

Athugasemdir um störf þingsins.

Vinna í sjávarútvegsnefnd að frumvarpi um stjórn fiskveiða.

[13:33]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Nú er ljóst að sá tími sem sjútvn. hafði til að vinna frumvörpin tvö var allt of skammur og sú ákvörðun að kalla þingið saman til að fjalla um þetta stóra mál strax 6. janúar var fullkomlega misráðin. Sá hraði sem hefur orðið að vera á vinnu nefndarinnar undir þessari tímapressu hefur m.a. leitt til þess að ekki hefur verið ráðrúm til að hafa samráð eða leita upplýsinga sem þarf að gera þegar stórmál þessarar gerðar er leitt til lykta.

Frv. um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, grásleppumálið svokallaða, liggur eftir í nefndinni þar sem ekki hefur verið tími til að hyggja nægjanlega að þeim álitaefnum sem hafa komið upp. Hvorki frv. ríkisstjórnarinnar né þau atriði sem fram koma í brtt. meiri hlutans hafa fengið næga skoðun og umfjöllun í nefndinni og samkomulag Landssambands smábátaeigenda og ráðherra, sem hefur mikið verið vitnað til, hefur heldur ekki verið kynnt þar né gefist ráðrúm til að fara yfir þær umsagnir sem fyrir liggja. Aðilar sem komu á fund nefndarinnar milli umræðna voru vanbúnir og af fjórum svokölluðum sérfræðingum ráðherra var einungis einn sem hafði tíma til að hitta nefndina á milli umræðna til að fara yfir þau álitaefni sem þá voru til umfjöllunar. Nú síðast kemur fram gagnrýni utan frá á spillingu innan nefndarinnar því að ekki er hægt að kalla það annað þegar sagt er, og ef það er satt, að einstöku meirihlutamenn séu með brtt. sínum að kræka fyrir mál einstakra útgerða. Ég hlýt að spyrja, herra forseti, miðað við þessi vinnubrögð vegna þess að hér eru miklir hagsmunir bæði atvinnulegir og fjárhagslegir í húfi: Vill Alþingi ekki vita hvað það er að gera?

Þegar málið, sem hér verður til umfjöllunar í dag, var tekið út úr nefndinni, bókaði ég að það væri ekki nægilega unnið og það er því miður svo. Það er Alþingi ekki sæmandi, herra forseti, að ganga svona frá málum og viturlegast væri að byrja málið aftur frá upphafi og gefa nefndinni kost á að skila vandaðri vinnu inn í þingið.

[13:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. tók upp varðandi stöðuna í þessu máli. Ég tók þetta upp á miðvikudaginn var eins og hæstv. forseti man efalaust og mælti með því við forseta út frá aðstæðum eins og þær blöstu við, m.a. í starfi sjútvn. að menn horfðust þá þegar í augu við raunveruleikann og ætluðu sér a.m.k. sjö til tíu daga til að vinna málið eðlilega í þingnefndinni fyrst og síðan í þinginu. Ég held að það sé alveg augljóst að menn hefðu betur strax á miðvikudaginn var sett sér einhverja verkáætlun af því tagi. Staðreyndin er sú að þetta ráðslag er hörmulegt upp á að horfa að hér eru þingmenn í sínu venjulega janúarhléi hafðir verklausir, ef svo má kalla, við þingið utan þeir sem afplána í sjútvn. því að að sjálfsögðu geta menn ekki skipulagt ferðalög eða fundi við þessar aðstæður úti í kjördæmum sínum þegar aldrei er vitað frá degi til dags hvenær þingið þarf að koma saman til að ræða málin að afloknu nefndarstarfinu. Það vantar mjög mikið, herra forseti, upp á það að þetta séu vinnubrögð til eftirbreytni.

Það sem verra er, þrátt fyrir þá daga sem síðan eru liðnir, er málið enn á engan hátt í góðum búningi til þess að taka það til umræðu og afgreiðslu. Það liggur fyrir að meiri hlutinn í sjútvn. hefur þegar frestað til 3. umr. umfjöllun um ýmis viðkvæm atriði. Það liggur þegar fyrir að málið verður tekið inn í nefndina vegna þess að ýmis atriði eru enn óútkljáð. Ekki hefur gefist nægur tími fyrir umsagnaraðila, aðilar sem leitað hefur verið eftir umsögnum frá hafa ekki treyst sér til að gefa þær á þessum skamma tíma og það liggur fyrir að 3. umr. verður allt eins meginefnisumræða málsins. Það er ekki góður svipur, herra forseti, á afgreiðslu flókinna mála að skilja ýmis álitamál eftir þangað til við 3. og síðustu umræðu þegar engu verður bjargað sem aflaga fer.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að gagnrýna þau vinnubrögð sem hér hafa verið ástunduð.

[13:38]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Við höfum gagnrýnt harðlega að við vorum kölluð til þings í bráðræði og án samráðs. Við höfðum líka gagnrýnt það við 1. umr. þessa máls að frv. sem slíkt mætti ekki hæstaréttardóminum sem skyldi. Það hefur síðan breyst gersamlega í nefnd. Það er orðið nýtt mál sem liggur á borðum þingmanna en því miður engu betra hvað varðar hæstaréttardóminn sem slíkan.

Nú kemur líka í ljós að ekki gafst nægilegur tími í nefndinni til að yfirfara umsagnir sem er einhver mikilvægasti þáttur í nefndarstarfi og ég gagnrýni það mjög alvarlega, herra forseti. Þetta eru vond vinnubrögð og það sem er að gerast hér er að Alþingi er að setja vonda löggjöf.

[13:39]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er óttalegur vandræðagangur á ferðinni hjá stjórnarliðum. Þing var kallað saman sl. miðvikudag og þingheimur að sjútvn. undanskilinni hefur beðið eftir því að fá þetta mál á dagskrá og hefur orðið að búa við það að fylgjast með ferli þessa máls og þessum vandræðagangi dag frá degi í fjölmiðlum. Það voru ekki beinlínis góð skilaboð fyrir virðingu þingsins í heild þegar til að mynda einn umsagnaraðila í gærkvöld eða fyrrakvöld, eða hvenær sem það var, birtist alþjóð á tröppum eins af húsum þingsins beint af fundi sjútvn., maður sem stjórnarliðar hafa mjög gjarnan haldið hátt á lofti í umræðum um sjávarútvegsmál, og hafði það að orði að sjútvn. þingsins væri að bögglast við að sinna sérskoðunum einstakra nefndarmanna og búa í haginn fyrir einstakar útgerðir sem væru einstökum nefndarmönnum stjórnarliða þóknanlegar. Það er vandræðagangur á borð við þetta, herra forseti, sem stjórnarliðar hafa auðvitað búið sjálfum sér og hafa auðvitað við engan að sakast nema sjálfa

sig. En það er ekki gott fyrir virðingu þingsins sem ég hygg að við séum öll sammála um að halda í heiðri.

Málið er auðvitað þannig að þingheimur hefði auðvitað verið fús og reiðubúinn til þess að takast á við önnur störf á þeim þremur þingdögum sem liðið hafa frá því að þing var kallað saman. Það er í nógu að snúast en hér var offorsið svo mikið að ekki mátti einu sinni líta til þess vinnulags heldur hafa menn einbeitt sér að því, sem Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, hefur kannski eitthvað til síns máls, að búa til glænýtt mál sem tekur engan veginn á þeim stóru álitamálum sem við höfum að vinna við, þ.e. að bregðast við úrskurði Hæstaréttar. Hér eru menn á allt öðru farartæki og allt annarri leið.

[13:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég er alveg viss um að það sem mun vekja mesta athygli héðan frá þingstörfunum er að stjórnarandstaðan ætlar ekkert að bregðast við úrskurði dóms Hæstaréttar. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Hún hefur algerlega látið það vera. Engar tillögur sjást frá stjórnarandstöðunni í þessu stóra og mikilvæga máli. Stjórnarandstaðan kvartar undan því að þingið sé til staðar til þess að ræða þetta stóra mál, til að bregðast við dómi Hæstaréttar eins og þeir segja og þeir nota ekki tímann, þeir bregðast ekki við, þeir koma ekki með eina einustu tillögu. Þessi óábyrga framkoma stjórnarandstöðunnar í stóru og viðamiklu hagsmunamáli mun vekja gríðarlega athygli. (**Gripið fram í:** Er þetta um störf þingsins?)

(**Forseti** (ÓE)**:** Það er spurning hvað er um störf þingsins. Forseti vill benda á að honum sýnist að flest af því sem hér hefur verið sagt eigi heima undir dagskrárliðnum en getur auðvitað ekki stöðvað það að menn biðji um orðið um störf þingsins.)

[13:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tek undir þá skoðun forseta að flest af því sem menn hafa nefnt hér ætti betur heima undir umræðunni sjálfri og vil hvetja hv. þm. til þess að stuðla að því að hún geti hafist.

Ég vil hins vegar mótmæla því sem hefur komið fram að mörg atriði séu ófrágengin í þessu máli af hálfu meiri hluta sjútvn. Það eru tvö atriði sem meiri hlutinn hefur til skoðunar og það var kynnt fyrir stjórnarandstöðunni að þau væru til skoðunar í hópi stjórnarliða og það gæti leitt til þess að fram kæmu tillögur við 3. umr. um þau atriði.

Mér þykir leitt ef sá trúnaður sem ég sýni stjórnarandstöðunni verður til þess að hún fer upp í þingsölum til að gera úlfalda úr mýflugu og gera málið tortryggilegt og halda því fram að það sé vanbúið til þess að koma til umræðu.

Í öðru lagi var því haldið fram að sjútvn. hefði haldið þinginu verklausu. Ég bendi á að þingið var kvatt saman sl. miðvikudag sem þýðir eðli máls samkvæmt að umræðan getur ekki hafist fyrr en á fimmtudag. Hún er að hefjast nú á mánudegi, einum þingdegi seinna en áætlað var eða tveimur ef við reiknum með föstudegi sem þingdegi. Það eru ekki mikil frávik frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir í svo viðamiklu máli og sérstaklega í ljósi þess að stjórnarandstaðan hafði krafist þess að málinu yrði flýtt og það unnið og það var gert. Ég vænti þess að stjórnarandstaðan haldi sig við það að greiða fyrir því að málinu verði flýtt.

[13:44]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þegar það mál sem hér á að fara að ræða var tekið til 1. umr. voru lögð fyrir Alþingi tvö frumvörp sem voru rædd saman um sama mál. Þetta frv. og frv. til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar í landhelgi Íslands er varðaði grásleppubátana. Nú er bara annað af þessum tveimur málum til umræðu og umfjöllunar við 2. umr. Því langar mig til að spyrjast fyrir um það hvernig stendur á því að bæði frv. fá ekki að verða samferða við 2. umr. í gegnum þingið. Í öðru lagi: Er þá ætlun meiri hluta sjútvn. að taka hið síðara frv. til umræðu á morgun?

Virðulegi forseti. Það er mjög eðlilegt að spurt sé að þessu, ekki síst þegar athugað er að það frv. sem á að fara að ræða er allt annað frv. en það sem kynnt var fyrir nokkrum dögum. Meginhlutinn af því frv. sem á að fara að ræða varðar með engum hætti dóm Hæstaréttar heldur allt önnur atriði auk þess sem frv. er, eins og það er nú úr garði gert, svo illskiljanlegt að jafnvel gleggstu menn geta ekki svarað ýmsum spurningum sem rísa við lestur frv. Þess vegna hefur hv. formaður sjútvn. þegar ákveðið nú áður en umræðan hefst að kalla nefndina til fundar aftur á morgun til þess að skýra þá væntanlega betur það sem felst í tillögum nefndarinnar. En ég spyr: Hvað dvelur hitt frv.? Af hverju fáum við ekki að sjá tillögur sjútvn. um afgreiðslu þess við 2. umr. um málið? Í öðru lagi: Komi ekki slík niðurstaða fram við 2. umr. málsins í dag, og ég spyr formann sjútvn. að því — hann getur svarað því hér á eftir — er þess að vænta að hið síðara frv. komi til 2. umr. á morgun?

[13:47]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseta sýnist að allt þetta geti átt heima í umræðunni sjálfri og biður hv. þm. um að geyma sér efnislega umræðu og beinar spurningar um málið. Það liggur ljóst fyrir hvað er á dagskrá fundarins í dag. Það er aðeins annað frv.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það sem skiptir máli fyrir önnumkafna menn og þar með talda þingmenn er að geta skipulagt vinnutíma sinn sæmilega. Það var það sem ég hef gert hér athugasemdir við og tengt við það hvernig mál hafa gengið fram bæði í sjútvn. og í þinginu. Ég bið hæstv. forseta að úrskurða hvort það falli ekki undir störf þingsins að ræða hvernig dagskrá hefur verið háttað hér, hvað hér hefur verið gert eða öllu heldur ekki gert í kjölfar þess að þingmenn voru kallaðir saman á miðvikudaginn.

Ég tel mig hafa rætt um störf þingsins og það er langur vegur frá því að gera athugasemdir við dagskrá og tilhögun þingstarfa og nefndarstarfa og yfir í pólitískar árásir af því tagi sem hæstv. forsrh. kom með og einhvern tíma hefði röggsamur forseti gert athugasemd af minna tilefni við mann sem þannig fór með málfrelsi í umræðum um störf þingsins. Og að vera að gera það sérstaklega að umræðuefni að stjórnarandstaðan hafi ekki komið með tillögur þegar á dagskrá átti að vera stjfrv., eða hvað? Er þetta ekki stjfrv. sem hér er á dagskrá? Er þá ekki eðlilegt að umræðan beinist að því en ekki öðrum hlutum sem ekki eru á dagskrá og ekki átti að ræða hér eins og tillögum eða frv. frá stjórnarandstöðunni?

Þingið var kvatt saman á miðvikudaginn og hæstv. sjútvrh. hafði haft um það þau orð að svo mikið lægi við og hann vildi helst að málið yrði afgreitt á tveimur dögum, þeim

degi og hinum næsta, þ.e. á sl. miðvikudegi og fimmtudegi. Nú er helgin liðin og ljóst er að við verðum hér væntanlega fram á miðvikudag. Það er helginni og fjórum virkum dögum meira en þingmenn voru látnir halda þegar þeir voru kallaðir hingað saman. Þann tíma geta menn ekki skipulagt til fundahalda eða ferðalaga í fjarlægum landshlutum. Það er það sem ég hef verið að gagnrýna, herra forseti, þ.e. þá sóun á tíma okkar þingmanna sem felst í þessum óvönduðu vinnubrögðum og ráðslagi hvað verkstjórn varðar sem við höfum hér mátt horfa upp á.

[13:49]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég skil ekki alveg þá gagnrýni sem hér kemur fram. Annars vegar koma fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna og segja að það hafi hvergi nærri verið nægur tími fyrir sjútvn. til að fjalla um málið og hins vegar að tekinn hafi verið allt of mikill tími frá störfum þingmanna úti í kjördæmum og nær hefði verið að afgreiða málið fyrir helgi. Þessi gagnrýni gengur því ekki upp. Menn verða að halda sig við einhverja eina línu í þessari gagnrýni ef hún á að halda. (**Gripið fram í:** ... mikil diplómatía.)

En hitt er auðvitað lykilatriði sem hér hefur komið fram að fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa frá því að frv. kom fyrst fram fyrir jól lýst því yfir með stórum orðum og miklum hvernig þeir túlka frv., hvernig þeir telja að það eigi að vera öðruvísi og hvað þeir telja vera að. Þeir hafa ekkert dregið af sér í þeirri umræðu þannig að ekki ber á því í umræðunni að þeir hafi þurft meiri tíma til þess að kynna sér málið. Ber að skilja það svo að þessi umræða sé sett á fót áður en efnisleg umræða hefst vegna þess að fulltrúar stjórnarandstöðunnar telji sig þurfa að fá meiri tíma, kannski til morguns, til þess að ganga frá brtt. í ljósi þeirra stóru orða sem þeir hafa viðhaft? Eru þeir að biðja um að fá einn dag í viðbót til þess að skila brtt.? Ef það er ætlunin, þá geri þeir svo vel að koma hér upp og segja frá því og þá bregðast menn auðvitað við slíkri beiðni. (**Gripið fram í:** Var búið að boða nefndarfundi?)

[13:51]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Varðandi brtt. þá geri ég ráð fyrir því að þær sjái dagsins ljós fljótlega. Það hefur ekki gefist mikill tími til að ganga frá þeim vegna þess að nefndin hefur nýlega lokið störfum þannig að við getum uppfyllt þrá ráðherranna eftir brtt. eftir skamma stund. Ég vænti þess að þær verði samþykktar á dagskrá með afbrigðum á eftir þegar þar að kemur.

Ég lít ekki á gagnrýni stjórnarandstöðunnar, þá sem hér hefur komið fram, öðruvísi en að menn séu að segja sem svo: Það hefði ekki þurft að kalla þingið saman 6. janúar, þ.e. alla 63 þingmennina. Það hefði verið nóg að kalla saman sjútvn. til þess að fara í málið. Þetta sögðum við reyndar fyrir áramót, ekki vegna þess að við vildum tefja málið — það er ósanngjarnt að setja það þannig upp — heldur vegna þess að við vildum fyrst og fremst fara betur í málið og vanda okkur við það. En veruleikinn er ekki sá að stjórnarandstaðan vilji tefja málið. Af hverju ætti hún að vilja það? Hvaða tal er þetta eiginlega? Það er alla vega ekki mjög diplómatískt eins og hér var kallað fram í áðan, herra forseti.

[13:53]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þegar þetta mál var lagt fram fyrir jól, þá voru lögð fram tvö frv. sem hæstv. sjútvrh. kynnti að nauðsynlegt væri að afgreiða sem viðbrögð við dómi Hæstaréttar og var ákveðið að leggja þau frumvörp fram saman og ræða þau saman. Nú er aðeins annað þetta frv. á dagskrá fundarins í dag til 2. umr. Þá er eðlilegt að spurt sé: Hvar er hitt frv. sem hæstv. sjútvrh. taldi nauðsynlegt að fram kæmi vegna dóms Hæstaréttar? Það er eðlilegt að hæstv. forseti, hæstv. sjútvrh. eða formaður sjútvn. séu spurðir að því þegar á að fara að hefja 2. umr. um þetta mál, hvernig standi á því að hitt frv. fylgir ekki með. Það hafa engin svör komið við því og ég ítreka spurningu mína: Hvernig stendur á þessu? Þetta er frv. sem hæstv. sjútvh. sagði nauðsynlegt að afgreiða vegna dóms Hæstaréttar. Ef það kemur ekki í dag, þá er eðlilegt að menn spyrji: Er þess þá að vænta á morgun að það frv. verði tekið til 2. umr.?

Það er mjög eðlilegt, virðulegi forseti, að spurt sé að þessu vegna þess að frv. voru rædd saman samkvæmt ákvörðun og samþykki Alþingis og vegna þess að þau voru bæði kynnt sem nauðsynleg viðbrögð við dómi Hæstaréttar og það er aðeins annað frv. sem við sjáum í dag.

Ég ítreka spurningu mína: Hvar er hitt? Hvernig stendur á því að þau eru ekki rædd saman við 2. umr. eins og gert var við 1. umr.? Er þess að vænta að hið síðara frv., fylgifrv., komi þá til 2. umr. á morgun?

[13:55]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti væntir þess að hv. formaður sjútvn. geti svarað þessari spurningu í umræðunni á eftir. Hann er fyrstur á mælendaskrá eðlilega sem frsm. meiri hluta nefndarinnar.

[13:55]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég tel að það hafi verið rétt í upphafi þessarar umræðu eða fyrir umræðuna að ræða störf þingsins og þann tíma sem sjútvn. hafði til þess að vinna frv. tvö. Það var eðlilegt í ljósi þess að einungis annað frv. er komið aftur inn í þingið. Hitt liggur eftir í nefndinni vegna þess að málin fengu ekki næga skoðun og umfjöllun — ég þarf ekki að rökstyðja það frekar hér — og í ljósi þess að ekki gafst tími til þess að fara yfir þær umsagnir sem fyrir liggja.

Með þessu er ég ekki að gagnrýna forustu nefndarinnar. Hún þurfti að vinna undir mikilli tímapressu eins og aðrir. Ég er að gagnrýna það hvernig pressað hefur verið á það að nefndin skilaði málinu hingað inn aftur án þess að hafa til þess nægilegt ráðrúm. Herra forseti. Það er ósæmandi að gera kröfu til þess að mál sem er jafnstórt og þetta sé afgreitt hingað inn aftur á þennan hátt.

Vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið um kröfu stjórnarandstöðunnar um hraða máls er rétt að það komi fram að stjórnarandstaðan vildi strax og dómur Hæstaréttar féll að gengið yrði í að vinna út frá dómi Hæstaréttar og það kom strax fram hvað stjórnarandstaðan vildi og við það stendur hún enn. Krafa stjórnarandstöðunnar hefur alltaf og allan tímann verið sú sama. Við teljum að það þurfi að fara yfir alla löggjöfina í ljósi dóms Hæstaréttar, ekki að gera það eins og gert er nú, að taka út einstök atriði, plástra, klína, klippa og klístra. Það er ekki sú aðferð sem þarf að beita þegar mál eru af þeirri stærð sem við fjöllum um núna.

[13:57]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna orða sem hér hafa fallið vill forseti taka fram að hann er áhugamaður um skynsamlegt skipulag á störfum þingsins þannig að tími þingmanna nýtist sem best. Hann

hefur heyrt gagnrýni á skipulag síðustu daga en vonast eftir góðu samstarfi við hv. þm. um framhald þessa máls þannig að umræðu og afgreiðslu þess megi ljúka sem fyrst.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 343. mál (veiðileyfi o.fl.). — Þskj. 443, nál. 656 og 660, brtt. 657.

[13:58]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Frá því að 343. máli var vísað til nefndarinnar, laust fyrir jólahlé, hefur nefndin haldið allmarga fundi, fengið fjölmarga gesti á fund sinn og enn fremur fengið send skrifleg álit margra aðila. Það fer ekki á milli mála þegar stjórn fiskveiða er til umfjöllunar að þar eru álitamálin mörg og margar skoðanir uppi um hvert þeirra. Verður seint gengið svo frá breytingum að allir ljúki þar upp einum munni.

Það tel ég mig geta fullyrt að þetta verður ekki í síðasta sinn sem gerðar verða breytingar á þessum lögum og eitthvað munu skoðanir verða skiptar áfram. Nokkuð langt er enn í land að finna upp hina fullkomnu löggjöf um stjórn fiskveiða.

Mikil vinna var lögð í athugun á umræddu þingmáli og vandað til verksins svo sem kostur var. Brýna nauðsyn bar til þess að hraða málinu svo sem kostur er þar sem Hæstiréttur hafði með dómi sínum fellt brott hin almennu ákvæði fyrir veitingu leyfa í atvinnuskyni og ekki hefur verið hægt að afgreiða umsóknir um ný leyfi síðan. Hafa borist fjölmargar umsóknir til sjútvrn. sem eðlilegt er að fái afgreiðslu hið fyrsta.

Hafa ber í huga að frv. er viðbrögð við dómi Hæstaréttar frá 3. desember sl. og því rétt að lagabreytingar umfram það sem þarf til að mæta dómnum verði í lágmarki. Meginviðfangsefni nefndarinnar var að sjálfsögðu að kynna sér dóm Hæstaréttar og fá álit færustu lögfræðinga á honum. Sérstaklega var athugað hvort dómurinn viki að 7. gr. laganna um stjórn fiskveiða en því hefur mjög verið haldið fram og þá að sjálf aflahlutdeildarúthlutunin færi í bága við umræddan dóm.

Það var samdóma álit þeirra sérfræðinga sem nefndin kallaði á sinn fund að dómurinn tæki aðeins til 5. gr. laganna. Á það var bent að svo virtist sem málið hefði einungis verið höfðað til ógildingar á ákvörðun ráðuneytisins um að synja áfrýjanda um veiðileyfi en ekki til viðurkenningar á rétti áfrýjanda til að fá tilteknar veiðiheimildir í sinn hlut. Þessu til stuðnings er rétt að fram komi að áfrýjandi hafi hvergi í málatilbúnaði sínum fyrir Hæstarétti vísað til 7. gr. laganna og beinlínis afmarkað kröfu sína við 5. gr. Því var ekki lagt í dóm Hæstaréttar ágreiningsefni sem varðaði 7. gr. laganna. Almennt gildir um dómstóla að þeir úrskurða um ágreiningsefni sem fyrir þá er lagt en ekki annað.

Ef ógilda á 7. gr. laganna verður beinlínis að tilgreina hana í dómnum. Þá hefði Hæstiréttur þurft að taka afstöðu til atvinnuréttinda þeirra sem fyrir eru og skýra stjórnarskrárvernd atvinnuréttindanna. Í þessu samhengi er rétt að undirstrika það sem fram kom í nefndinni, að dómstólar hafa aldrei vefengt að atvinnuréttindi njóti verndar. Það er afar þýðingarmikið að skýra stöðu atvinnuréttinda í sjávarútvegi, ekki síst þegar fram undan er endurskoðun laganna. Sjútvn. hefur farið þess á leit við Lagastofnun Háskóla Íslands að taka saman álitsgerð um það efni. Þess er vænst að hún verði tilbúin í næsta mánuði. Þess er farið á leit við Lagastofnunina að skýrð verði hver atvinnuréttindi útvegsmanna eru með hliðsjón af 1. mgr. 72. gr. og 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Enn fremur er óskað eftir því að stofnunin gefi álit sitt á því hvort aðrir sem starfa við sjávarútveg, t.d. sjómenn og fiskverkafólk, eigi stjórnarskrárvarinn atvinnurétt í greininni.

Að öllu samanlögðu er það ótvíræð niðurstaða meiri hluta sjútvn. að dómur Hæstaréttar raski á engan hátt 7. gr. laganna né grundvelli hennar og því séu það nægjanleg viðbrögð að gera breytingar á 5. gr. eins og frv. ríkisstjórnarinnar kveður á um. Hvað varðar 7. gr. þá má þess vænta að fyrir Hæstarétt verði lagt að kveða upp úr um gildi hennar. Þá kemur í ljós afstaða réttarins. Skal engu um það spáð hvernig sá dómur muni falla enda er dómstóla að dæma en ekki stjórnmálamanna.

Meiri hluti sjútvn. setti sér það markmið í upphafi að gera lágmarksbreytingar á gildandi lögum. Eftir viðræður við sérfræðinga sem komu á fund nefndarinnar lá fyrir að unnt væri að viðhalda sóknardagakerfi smábáta án viðamikilla breytinga, en um 320 bátar af um 800 smábátum hafa róið samkvæmt því. Var því horfið frá þeirri tillögu í frv. að fella allar veiðar smábáta inn í aflahlutdeildarkerfi og gefa þeim kost á að velja á milli þess að vera áfram í sóknardagakerfi eða fara í aflahlutdeildarkerfi. Núverandi aflamarkskerfi verður því áfram aðskilið frá krókakerfinu en það kerfi verður einfaldað og mun skiptast í tvö kerfi í stað þriggja áður. Veiðar samkvæmt krókakerfi munu áfram takmarkast við línu og handfæri og í því verða ekki heimilaðar netaveiðar.

Núverandi fiskveiðistjórnun verður í öllum aðalatriðum óbreytt þótt bæði þorskaflahámarkið og dagakerfið í krókakerfinu taki nokkrum breytingum. Í þorksaflahámarkinu hefur verið heimilt að veiða án takmarkana aðrar tegundir en þorsk. Þetta verður afnumið að loknum aðlögunartíma og þá verða veiðar þorskaflabáta í ýsu, ufsa og steinbít takmarkaðar við tiltekinn afla sem byggður er á reynslu bátsins. Þar með verða leikreglur samræmdar við aflamarkskerfið en nokkurrar óánægju hefur gætt um mismunandi reglur að þessu leyti.

Rétt er að taka fram að ekki er nauðsynlegt að gera þessa breytingu vegna dómsins. Verði þetta ákvæði óbreytt munu allir bátar minni en 6 brúttótonn, sem fá veiðileyfi hér eftir, geta skráð sig inn í þennan útgerðarflokk, útvegað sér lítils háttar kvóta í þorski og hafið veiðar á öðrum tegundum án nokkurra takmarkana. Það mun rýra rétt þeirra sem fyrir eru í þorskaflahámarkskerfinu en ganga á rétt núverandi aflamarksbáta. Óhjákvæmilegt þykir að reisa skorður við veiðum að þessu leyti.

Veiðar samkvæmt sóknardögum verða takmarkaðar við tímabilið 1. apríl til 30. september ár hvert. Þær verða bundnar við handfæri. Fram til þessa hafa slíkar veiðar haft sóknarréttindi sem ekki hafa verið aðskilin veiðileyfinu. Því hefur eina leiðin til þess að hefja veiðar í þessum flokki útgerðar verið að kaupa sér bát sem þegar er í því kerfi. Sérfræðingar okkar meta það svo að í því fyrirkomulagi sé of mikil aðgangshindrun nýrra báta inn í sóknarkerfið að ekki standist dóm Hæstaréttar. Aðgangur inn í kerfið þarf að vera svipaður og í aflamarkskerfinu. Með öðrum orðum verða

nýir aðilar að geta keypt sér réttindi líkt og í aflamarkskerfinu. Í brtt. meiri hlutans eru því sóknarréttindin skilgreind og gerð framseljanleg, þó með allnokkrum takmörkunum. Þannig verður óheimilt að framselja fleiri daga en svarar til veiðireynslu hvers báts undanfarin tvö ár. Það má búast við því að um allmarga báta gildi að þeir hafi rétt til að róa og nýta fleiri daga en þeir hafa heimild til að framselja.

Álit sérfræðinga okkar er að Hæstiréttur sé með dómi sínum að opna fiskveiðikerfið fyrir nýjum bátum og að löggjafinn verði að bregðast við því. Þannig geti bátur valið í hvaða kerfi hann er skráður en uppfylla verður almenn skilyrði um stærð og veiðarfæri. Þó er talið heimilt að setja almennar reglur til takmörkunar á fjölgun skipa í flotanum. Þær reglur verða að ná yfir alla og þar verður gæta málefnalegra sjónarmiða, jafnræðisreglunnar og að ekki sé of langt gengið í að skerða atvinnuréttindi þeirra sem fyrir eru. Þannig væri t.d., í samræmi við dóm Hæstaréttar, heimilt að setja reglur um búnað og ásigkomulag skipa. Svo dæmi sé nefnt er talið að hægt sé að setja það skilyrði að skip sem fái veiðileyfi séu yngri en þriggja ára.

Að sinni eru ekki tillögur sem miða að því að halda aftur af stærð fiskiskipaflotans. Ég leyni hins vegar ekki því sjónarmiði mínu að óhjákvæmilegt sé að stjórnvöld á hverjum tíma geti takmarkað stærð og afkastagetu flotans. Nauðsynlegt er að þau hafi úrræði til að grípa til slíkra aðgerða. Mikill fjölgun aflaheimildarlausra skipa leiðir einungis til vaxandi eftirspurnar og hækkandi verðs á aflamarki og aflahlutdeild. Ég tel ekki á það bætandi enda þeirrar skoðunar að verð á veiðiheimildum sé komið langt upp fyrir það sem eðlilegur rekstur getur borið og hafi einkennst af spákaupmennsku og óraunsæjum áætlunum. Það er mikið áhyggjuefni hversu bankakerfið virðist endalaust tilbúið að fjármagna kaup á bátum og veiðiheimildum langt upp fyrir það verð sem eðlilegt má teljast. Það er mikið athugunarefni hver þáttur bankanna hefur verið í því að spenna upp verðið á kvótanum og að hve miklu leyti sú þróun hefur þann tilgang einan að verja hagsmuni bankanna sem lánveitenda.

Þessi þróun undafarinna ára á að mínu viti mestan þátt í því að skapa óróa um núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Ég vil nefna sem dæmi að verð á varanlegum kvóta í þorskaflahámarkskerfinu er um 450 kr. á kíló en sérfræðingar Byggðastofnunar telja ekki rekstrargrundvöll fyrir því að lána meira en 250–280 kr. á kíló og er þá meðtalið verð bátsins.

Niðurstaða meiri hluta sjútvn. er að leggja til að lögin verði endurskoðuð á næstu tveimur árum og að sjútvrh. skipi nefnd á breiðum grundvelli til þeirra verka. Núgildandi lög eru að stofni til nokkuð gömul og á þeim hafa árlega verið gerðar verulegar breytingar. Er nauðsynlegt að skrifa nýjan lagatexta og gæta samræmis í einstökum ákvæðum laganna auk þess sem engin launung er á því að óánægju hefur gætt með ýmsar hliðarverkanir kerfisins. Þær tengjast einkum framsali veiðiheimilda. Þar hefur mest borið á umræðu um hagnað einstakra útvegsmanna við sölu á veiðiheimildum og afleita stöðu einstakra byggðarlaga við þær aðstæður að veiðiheimildir eru seldar burt. Er á það bent að fiskvinnslufólk og sjómenn geti staðið uppi atvinnulaust nánast fyrirvaralaust og að verðmæti eigna þess falli verulega.

Þessi sjónarmið er óhjákvæmilegt að taka til athugunar við endurskoðun laganna. Meiri hluti nefndarinnar leggur hins vegar til að þegar verði teknar frá aflaheimildir sem ráðstafað verði til byggðarlaga í samráði við sveitarstjórnir sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Ætlast er til að aflaheimildirnar verði notaðar til þess að stuðla að varanlegri lausn á vanda í atvinnumálum umræddra byggðarlaga. Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun verði falið þetta verkefni og hefur stofnunin rúmar heimildir til að móta reglur um framkvæmdina. Með þessari ákvörðun undirstrika stjórnarflokkarnir þann ásetning sinn að gera íbúum í sjávarplássum landsbyggðarinnar kleift að nýta áfram þá auðlind sem er grundvöllur byggðarinnar þótt tímabundið geti blikur verið á lofti í einstökum byggðarlögum.

Leikreglur þurfa að vera þannig að dugmiklir menn geti hafið atvinnurekstur og náð árangri og þannig geti atvinnulíf blómstrað á nýjan leik. Ég hika ekki við að segja að hér er um að ræða eina stærstu aðgerð í byggðamálum á kjörtímabilinu. Fleiri atriði þarfnast endurskoðunar og má þar nefna að samræma þarf samkeppnisskilyrði innan greinarinnar, sérstaklega hef ég í huga athugun á aðstöðu landvinnslunnar í samanburði við sjóvinnsluna, ekki síst þar sem fyrir liggur að útflutningsverðmæti frá landvinnslu er verulega hærra en frá sjóvinnslunni og getur munað um allt að 40%.

Ég vil hins vegar leggja þunga áherslu á að endurskoðun laganna er ætlað að þróa gildandi fyrirkomulag sem hefur um margt reynst vel og nægir að nefna að sjávarútvegurinn hefur á undanförnum árum niðurskurðar í þorksveiðum eftir sem áður skilað miklum verðmætum í þjóðarbúið. Mér er til efs að nokkur önnur atvinnugrein hefði náð viðlíka árangri. Stöðugleiki er nauðsynlegur í þessari atvinnugrein enda þurfa stjórnendur fyrirtækja oft að taka ákvörðun til langs tíma. Þeir þurfa að geta treyst því að löggjafinn raski ekki forsendum ákvörðunar þeirra fyrirvaralaust. Nauðsynlegt er að þróa kerfið áfram en varast byltingarkenndar breytingar.

Herra forseti. Ég vil þá víkja að nál. meiri hluta sjútvn. sem birt er á þskj. 656, en það er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ara Edwald, aðstoðarmann sjávarútvegsráðherra, og Kristján Skarphéðinsson og Árna Kolbeinsson frá sjávarútvegsráðuneyti, en Árni mætti einnig sem fulltrúi í sérfræðinganefnd sjávarútvegsráðherra. Þá komu á fund nefndarinnar Eiríkur Tómasson, Þorgeir Örlygsson og Baldur Guðlaugsson úr sérfræðinganefnd sjávarútvegsráðherra, Hólmgeir Jónsson og Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands, Ágúst H. Elíasson, Arnar Sigurmundsson og Gunnar Tómasson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Björn Jónsson og Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Hinrik Greipsson frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Einnig komu á fund nefndarinnar Benedikt Valsson og Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Hilmar Baldursson, Yngvi Harðarson, Jón Árnason og Arnar Kristjánsson frá Landssambandi útgerðarmanna kvótalítilla skipa, Sturla Erlendsson, Jón Steinn Elíasson, Kristján Guðmundsson og Óskar Þór Karlsson frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar og Árni Múli Jónasson, Þórður Ásgeirsson, Snorri Pálmason og Guðmundur Kristmundsson frá Fiskistofu. Loks komu á fund nefndarinnar Örn Pálsson og Arthur Bogason frá Landssambandi smábátaeigenda, Sigurður Líndal prófessor, Magnús Jóhannesson og Halldór Þorgeirsson frá umhverfisráðuneyti, Helgi Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands Júlíus Magnússon, Bragi Sigurðsson, Þórður Ásgeirsson og Sigurður Kristjánsson frá svæðisfélaginu Kletti, Norðurlandi eystra, Friðrik Már Baldursson og Ásgeir Daníelsson frá Þjóðhagsstofnun og Guðmundur Malmquist og Bjarki Bragason frá Byggðastofnun.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Þjóðhagsstofnun, Verslunarráði Íslands, Strandveiðifélaginu Króki, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Vinnumálasambandinu, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssamtökum útgerðarmanna kvótalítilla skipa, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Hafrannsóknastofnun, ASÍ og Landssambandi smábátaeigenda.

Í dómi Hæstaréttar 3. desember sl. í máli nr. 145/1998: Valdimar Jóhannesson gegn íslenska ríkinu var dæmd ógild sú ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins 10. desember 1996 að hafna umsókn Valdimars um almennt og sérstakt veiðileyfi. Kemur fram í forsendum dómsins að ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sé í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og þau sjónarmið um jafnræði sem gæta þarf við takmörkun á atvinnufrelsi skv. 1. mgr. 75. gr. hennar að því leyti sem leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands séu til frambúðar bundin við skip sem haldið var til veiða á ákveðnum tíma.

Í ljósi dóms þessa þótti nauðsynlegt að leggja til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd sérfræðinga sem skilaði til hans tillögum að breytingum. Í framhaldi af því lagði ríkisstjórnin fram frumvarp þetta. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með umfangsmiklum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali. Þær helstu eru eftirfarandi:

1. Meiri hlutinn leggur til að einungis verði heimilt að veita fiskiskipi eina gerð veiðileyfis, þ.e. veiðileyfi með almennu aflamarki, veiðileyfi með aflamarki sem úthlutað verði samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II (krókaaflamarki), veiðileyfi með sóknardögum eða leyfi með þorskaflahámarki, sem falla mun úr gildi að loknum aðlögunartíma 1. september 2000.

2. Meiri hlutinn leggur til að frá og með 1. september 2000 skuli bátar fá leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum að nánari skilyrðum uppfylltum. Verða þeir sem þá leið velja að tilkynna Fiskistofu um það val sitt fyrir 1. mars 1999. Heimilt verði að flytja sóknardaga innan hvers fiskveiðiárs eða varanlega milli báta sem leyfi hafa til veiða í handfærakerfi með dagatakmörkunum. Þó verði óheimilt að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts en nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998. Skuli í því sambandi miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu fiskveiðiáranna. Verði sóknardagar fluttir frá báti skuli þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn ekki vera fleiri en mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt var að flytja frá bátnum og þeirra sóknardaga sem fluttir voru, að teknu tilliti til sóknardaga sem fluttir hafa verið til bátsins. Verði sóknardagar fluttir til stærri báts í brúttótonnum talið en sá sem sóknardagar verði fluttir af skuli skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna og broti sleppt. Á sama hátt skuli skerða sóknardagafjölda báts sem er stækkaður. Þá skuli með sama hætti fjölga sóknardögum sem fluttir eru til minni báts. Í öllum tilvikum verði skylt að tilkynna Fiskistofu um flutning sóknardaganna. Þá leggur meiri hlutinn til að óheimilt verði að veita nýjum bátum sem eru 6 brúttótonn eða stærri leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum. Einnig leggur meiri hlutinn til að óheimilt verði að stækka bát sem hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmörkunum þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri. Meiri hlutinn leggur til að sameiginlegur þorskafli þessara báta verði á hverju fiskveiðiári sama hlutfall af 13,75% af heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995, auk aflaheimilda sem úthlutað skal samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II. Leyfilegur fjöldi sóknardaga slíkra báta á hverju fiskveiðiári verði ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár með því að reikna meðalþorskafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í hámarksþorskafla þessara báta á fiskveiðiárinu. Skuli sóknardögum fækka eða fjölga um heila daga og broti sleppt. Þó leggur meiri hlutinn til að sóknardögum skuli aldrei fækka meira en 25% milli fiskveiðiára. Meiri hlutinn leggur til að á yfirstandandandi fiskveiðiári og því næsta verði þeim er þessa leið velja heimilt að stunda veiðar í 23 daga, án takmarkana á heildarafla.

3. Meiri hlutinn leggur til að heimilt verði að flytja aflamark milli skipa sem nú stunda veiðar með dagatakmörkunum án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi. Þá leggur meiri hlutinn til að einungis verði heimilt að framselja aflamark báts sem er minni en 6 brl. eða brúttótonn til báts eða báta undir þeim stærðarmörkum. Ef bátur minni en 6 brl. eða brúttótonn verði stækkaður umfram þau mörk verði einungis heimilt að framselja þann hluta aflamarks bátsins sem leiddur verði af þeirri aflahlutdeild sem báturinn hafði fyrir stækkun til báta sem eru undir sömu stærðarmörkum.

4. Meiri hlutinn leggur til að þeir bátar sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum eða þorskaflahámarki, aðrir en þeir sem velja fyrir 1. mars 1999 að fara inn í nýtt dagakerfi með framseljanlegum sóknardögum, skuli fá lengri aðlögun að aflamarkskerfi en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá verði sóknardagar þeirra fleiri en frumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. 32 fyrir báta sem stunda veiðar með línu og handfærum en 40 fyrir báta sem nota handfæri eingöngu."

Gildir þessi dagafjöldi fyrir bæði fiskveiðiárin, það yfirstandandi og það næsta.

„5. Meiri hlutinn leggur til að við reikning aflahlutdeildar hvers báts sem stundar veiðar með dagatakmörkunum verði skipt milli þeirra á grundvelli aflareynslu þannig að 80% ákvarðist á grundvelli fiskveiðiáranna 1996/1997 og 1997/1998 og 20% á grundvelli reiknaðs þorskaflahámarks skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Þó skuli enginn bátur fá minni aflahlutdeild en 500 kg, miðað við óslægðan fisk.

6. Meiri hlutinn leggur til að hlutur báta sem veiða með línu og handfærum eða handfærum eingöngu verður aukinn um 601 lest af þorski eða um liðlega 20% og skiptist þessi aflahlutdeild milli þeirra sem velja veiðar með krókaaflamarki og þeirra sem velja veiðar með handfærum með dagatakmörkunum. Verður hlutdeildinni skipt milli þeirra í samræmi við aflareynslu.

7. Meiri hlutinn leggur til að á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með 2005/2006 skuli úthluta tilteknu magni aflamarks til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og eru minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorski á fiskveiðiárunum 1996/1997 eða 1997/1998. Skuli úthlutun til einstakra báta miðast við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið. Skuli við útreikning miðað við aflahlutdeildarstöðu bátanna 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, þó þannig að enginn bátur fái meira en 100% aukningu á þorskaflahámarki og enginn hærri úthlutun en 10 lestir miðað

við óslægðan fisk. Skuli heildaraflaheimildir einstakra skipa aldrei verða meiri en 450 þorskígildislestir eftir úthlutun. Meiri hlutinn leggur einnig til að óháð úthlutun samkvæmt framansögðu skuli úthlutað til aflamarksbáta minni en 6 brl. eða 6 brúttótonn, sem 1. september nk. hafa jafnháa eða hærri aflahlutdeild og 1. desember sl. og hafi landað þorskafla á fiskveiðiárunum 1996/1997 og 1997/1998, hækkun á aflahlutdeild þeirra um 15% í þorski.

8. Meiri hlutinn leggur til að á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með 2005/2006 hafi Byggðastofnun til ráðstöfunar aflaheimildir sem nemi 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarúvegi. Skuli þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Skuli umræddar aflaheimildir dragast frá leyfðum heildarafla af þeim tegundum er þar um ræðir.

9. Meiri hlutinn leggur til að sjávarútvegsráðherra skipi nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða og skuli þeirri endurskoðun lokið fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001. Gerir meiri hlutinn ráð fyrir að nefndin verði skipuð á breiðum grunni."

Undir þetta nefndarálit rita Kristinn H. Gunnarsson formaður, Árni R. Árnason, Vilhjálmur Egilsson, Einar Oddur Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson og Stefán Guðmundsson.

Að lokum vil ég víkja að spurningu sem hv. 4. þm. Vestf. beindi til mín um hitt frv. sem við höfum haft til umfjöllunar undanfarnar vikur, svonefnt grásleppufrv. Ég get tekið að mér að bera boð milli hans og fulltrúa þingflokks hans í nefndinni. Frá því var greint í nefndinni og ákveðið að bíða með afgreiðslu þess máls um nokkurra vikna skeið, enda er það öðruvísi vaxið en þetta frv. og engin knýjandi þörf talin á að afgreiða það á næstu dögum. Verður það tekið til umræðu og umfjöllunar í nefndinni að nýju þegar þing kemur saman að loknu hléi og væntanlega afgreitt úr nefndinni fljótlega þar á eftir.

[14:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. formaður sjútvn. fór ítarlega yfir brtt. sem aðallega lúta að málum smábáta í þessu frv. sem eðlilegt er, enda hefur mikill tími og orka farið í þann hluta málsins. Hins vegar fór fremur lítið fyrir umfjöllun meiri hlutans um grundvöll þessa máls sem er dómur Hæstaréttar og óhjákvæmileg áhrif dómsins á fiskveiðilöggjöfina. Þó sagði hv. þm. að mat meiri hlutans, grundvallað á áliti sérfræðinganefndar lögfróðra manna á vegum ráðuneytisins, ef ég hef tekið rétt eftir, væri að óhjákvæmilegt væri að túlka dóm Hæstaréttar þannig að hann fæli í sér fyrirmæli eða leiðsögn um að opna yrði kerfið fyrir nýjum aðilum, auðvelda þeim að koma inn.

Þá er spurningin: Er einasta úrræðið sem stjórnarflokkarnir eða meiri hlutinn sáu í því sambandi, einu viðbrögðin við þeirri túlkun á dómnum, að gera öll réttindi í kerfinu sundurgreinanleg og framseljanleg? Það fela viðbrögðin í sér. Mun það ekki leiða til hins gagnstæða, þ.e. að verð hækki og þröskuldurinn þar af leiðandi? Munu viðbrögðin ekki snúast upp í andhverfu sína? Hvað segir hv. formaður sjútvn. um það? Leiðir það ekki til þess að aðgangur nýrra aðila verður erfiðari en ekki auðveldari? Menn eru í reynd efnislega að breyta hlutunum á þannig að það gengur þvert gegn meintri túlkun á dómi Hæstaréttar. Voru virkilega engar aðrar mögulegar leiðir ræddar innan meiri hlutans eða stjórnarflokkanna, til að opna nýjum aðilum aðgang að greininni?

[14:29]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt þessum lögum er það svo að langstærstur hluti réttinda til veiða er í núverandi aflmarkskerfi eða þorskaflahámarkskerfi. Aðeins um 2.800 tonn af þorski af leyfðum heildarafla eru veidd með dagatakmörkunum. Öll önnur réttindi eru framseljanleg. Ég get því ekki fallist á að þó að réttindi sem tengjast um 1% af úthlutuðum þorskafla sé breytt í sundurgreinanleg og framseljanleg réttindi, þá leiði sú breyting ein til verulegra breytinga á verðlagi aflaheimilda. Ég er ósammála þeirri niðurstöðu þingmannsins.

Hins vegar velti ég fyrir mér, ef þingmaðurinn er þeirrar skoðunar að framseljanleg og sundurgreinanleg veiðiréttindi leiði til hærra verðs, hvort hann sé á þeirri skoðun að breyta beri réttindunum í núverandi aflamarkskerfi frá því sem nú er í takmarkaðra form.

[14:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gömul íþrótt manna sem eiga erfitt um vik að svara því sem þeir eru spurðir að að snúa svari sínu upp í spurningu til baka. Við heyrðum alveg klassískt dæmi um það hér, eða heyrði hæstv. forseti svar við spurningu minni? Nei, hann heyrði það ekki en hann heyrði hv. formann sjútvn. nota mestallan tíma sinn í að reyna að búa út spurningu á mig í staðinn og ég get svarað henni og skal gera það í ræðu minni hér og fara létt með. Staðreyndin er sú að þótt smábátasjómennskan taki ekki til mjög stórs hluta aflamagnsins sem dreginn er á Íslandsmiðum og segja megi að í dagakerfinu sé bara 1% af aflanum vitum við að það er meira en 1% af sjómönnunum þar. Ég hygg að hv. formaður sjútvn. hafi þá þekkingu á íslenskum sjávarútvegi að hann viti að uppeldi nýrra sjómanna hefur mjög gjarnan farið fram þar, þ.e. að menn byrja þar að stunda sjómennsku sína, byrja sem hásetar á eða útgerðarmenn smárra skipa og þau stækka síðan ef vel gengur. Þess vegna er eðlilegt að horfa á smábátaútgerðina og bátaútgerðina sem skóla í þessu sambandi og sem uppeldisstöð fyrir væntanlega sjómenn. Það hefur löngum verið þannig og ég held það sé farsælt að það sé þannig. Ég er auðvitað ekki að tala um þann möguleika að auðvelda nýjum aðilum aðgengi að greininni bara í gegnum krókaveiðar eða smábáta sem stunda veiðar með dagatakmörkunum. Það mátti alveg hugsa sér að opna mögulegar leiðir gegnum t.d. einhvers konar reynsluveiðar eins og nú er verið að reyna í Noregi eða fyrirkomulag af því tagi sem er mögulegt í færeyska kerfinu að menn geta unnið sig inn í kerfið. Meiri hlutinn hefur bersýnilega ekki viljað skoða nein önnur möguleg viðbrögð við dómi Hæstaréttar en þau að nota hann sem rök, sem réttlætingu, sem afsökun fyrir því að reyra síðustu leifarnar af frjálsræði í þessu kerfi inn í sundurgreind, framseljanleg réttindi. Ég segi það hér, það er pólitísk ákvörðun sem á ekkert skylt við lögfræði eða möguleg önnur úrræði í þessum efnum.

[14:33]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikil einföldun að halda því fram að verðmæti sóknarréttar séu að koma til eða munu koma til eingöngu eftir að þetta frv. verður að lögum ef svo fer. Það

vita þeir sem fylgjast með í íslenskum sjávarútvegi að kaupendur að sóknardagabátum hafa greitt fyrir þá báta verð sem nemur ekki bara verði bátsins heldur líka verði veiðiheimildarinnar. Ég hef dæmi um bát sem keyptur var á 11 millj. kr. og þar af voru greiddar 9 millj. fyrir veiðileyfið sjálft eða aðganginn að sóknardagapottinum. Það er nákvæmlega þetta sem sérfræðingar okkar í nefndinni eða sem komu fyrir nefndina eiga við þegar þeir segja að þetta er of há hindrun nýrra manna inn í sóknardagakerfið að þeir þurfi að kaupa veiðileyfi svona háu verði. Því verði að skilgreina réttindin og skipta þeim upp í smærri einingar, rétt eins og gert er í aflamarkskerfinu og ég hef ekki heyrt hv. þm. mæla mjög mikið gegn aflamarkskerfinu hingað til. Ég vil líka rifja upp að hv. þm. sat í ríkisstjórn og var ráðherra árið 1990 þegar lögum var breytt þannig að framsal var tekið upp í þeirri mynd sem það þekkist í dag og það kemur mér á óvart ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ætlar að mæla gegn því en ég fagna því ef hann hefur skipt um skoðun á því máli.

[14:35]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil ræða þetta mál almennt síðar í umræðunni en það er eitt afmarkað atriði sem ég vildi koma að í andsvari og beina um leið spurningu til hv. formanns sjútvn. Það varðar brtt. meiri hlutans, sem er tölusett 8 í nál. en mun vera bráðabirgðaákvæði, b-liður, þar sem gert er ráð fyrir því að frá og með næsta fiskveiðiári og næstu fiskveiðiár þar á eftir hafi Byggðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. „Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir", stendur hér í brtt.

Ég tel út af fyrir sig að meðan núverandi aflamarkskerfi er í gangi sé alveg brýn nauðsyn að til staðar sé ákveðinn viðlagamöguleiki, ákveðinn pottur til að bregðast við neyðartilvikum og þau hafa komið upp og munu koma upp áframhaldandi meðan þetta kerfi er við lýði og kannski þrátt fyrir það. Ég fagna því út af fyrir sig að þessi tillaga er inn komin en ég vil spyrja hv. formann nefndarinnar að því, hvernig er þessi tala fundin, þessar 1.500 lestir í þorskígildum, hvernig er það skilgreint og hvernig nefndin lítur á möguleika til að bregðast við vanda sem upp kemur þegar á þessu fiskveiðiári. Ég beindi sérstöku erindi til nefndarinnar sl. föstudag vegna þess algera neyðarástands sem upp er komið í kjördæmi mínu, í Austurlandskjördæmi, á Breiðdalsvík þar sem fiskvinnsla er algerlega strand vegna breytinga sem orðið hafa í eignarhaldi og yfirráðum yfir aflahlutdeild fyrir nokkru. Ég vildi gjarnan að hv. formaður nefndarinnar greindi frá því hvort um slík tilvik hafi verið rætt, ég veit hann þekkir þetta einnig úr kjördæmi sínu og gæti skýrt það hér.

[14:37]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var niðurstaða meiri hlutans þegar verið var að móta þessa tillögu að það kæmi til framkvæmda á næsta fiskveiðiári því það er fremur óhægt um vik að taka upp ný ákvæði af þessu tagi á miðju fiskveiðiári. Vilji hv. þm. hins vegar að breytingar verði á því má taka það til athugunar en ég get engu um það svarað. Þetta var niðurstaða okkar úr þessari vinnu á síðustu vikum. Það er alveg rétt að framsali veiðiheimilda fylgir sá ókostur að upp getur komið staða eins og gerist fyrir austan og hefur reyndar gerst áður á mörgum öðrum stöðum. Það er einmitt þess vegna sem fulltrúar stjórnarflokkanna vilja taka upp ákvæði af þessu tagi, til að geta brugðist við og lagt sitt af mörkum í því skyni að dugandi athafnamenn geti endurreist atvinnulíf á þeim stöðum þar sem svona fer.

[14:38]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið og ég las það milli orða hans, ég leyfi mér að túlka þau svo, að nefndin kunni að hafa vilja til að ræða um möguleika milli umræðna, t.d. milli 2. og 3. umr., til að finna leiðir til að bregðast við neyðarástandi sem þegar er skollið á og getur borið við fyrr en varir á þessu yfirstandandi fiskveiðiári. Ég inni hv. formann nefndarinnar eftir því hvort hann sé ekki reiðubúinn til að skoða það sérstaklega, og ég spurði að því við hvað væri miðað þegar Byggðastofnun fær 1.500 þorskígildistonn. Ég fékk ekki skýrt svar við því. Ég geri mér auðvitað ljóst að margháttaður vandi tengist úthlutun af þessum toga en sá vandi er samt smáræði hjá þeirri neyð sem við blasir í sjávarplássum sem verða fyrir verstu agnúunum af gildandi kerfi með því að stoðum er gersamlega kippt undan lífsbjörg fólks. Ég undrast það í rauninni meðan þetta kerfi blasir við að ekki sé almennur stuðningur við það að slíkur neyðarpottur sé til ráðstöfunar í sambandi við slík tilvik. Ég mun a.m.k. styðja það atriði en það þýðir ekki um leið að maður sé að styðja þetta kerfi sem slíkt með því framsali sem því fylgir en það er staðreynd eins og er og meðan ekki eru fundnar leiðir og ekki er pólitískt afl til að breyta því með öðrum hætti verða menn að hafa þennan möguleika.

[14:40]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur er ljóst að þingmenn Austurlands hafa miklar áhyggjur af því ástandi sem upp er komið á Breiðdalsvík og hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson utanrrh., hefur rætt þetta mál alveg sérstaklega við mig.

[14:40]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 343. mál, brtt. SvG o.fl., þskj. 661.

[14:41]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti sjútvn. en þann minni hluta skipar ásamt mér hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Þetta álit liggur fyrir á þskj. 660.

Herra forseti. Við erum að fjalla um 343. mál. Frv. þetta og brtt. við lög um stjórn fiskveiða eru viðbrögð ríkisstjórnar Íslands og meiri hluta sjútvn. við dómi Hæstaréttar frá 3. des. 1998 í máli Valdimars Jóhannessonar gegn íslenska ríkinu. Það er mat minni hluta nefndarinnar að viðbrögð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta sjútvn. gangi í raun þvert á dóm Hæstaréttar.

Pólitísk viðbrögð ríkisstjórnarinar og meiri hluta sjútvn. við dómi Hæstaréttar eru þau að leggja fram frv. og brtt. sem miða að því að vernda enn frekar en áður atvinnuréttindi þeirra sem fyrir eru í greininni með því að skilgreina öll veiðiréttindi niður í framseljanlegar einingar, kvóta eða sóknardaga. Það er mat minni hlutans að með því að skilgreina veiðiréttinn þannig sé Alþingi í raun að lýsa því yfir

að veiðiréttur í auðlindinni sé ríkari nú hjá þeim sem fá honum úthlutað en verið hefur. Við hljótum að spyrja, herra forseti, var það vilji Hæstaréttar? Var það það sem menn í raun og veru lásu út úr dómi Hæstaréttar?

Minni hlutinn óttast að með þessu sé verið að veikja ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um sameign þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum, auk þess að bótaréttur þeirra sem fá úthlutað aflahlutdeild í auðlindinni verði ríkari komi til þess að stjórnvöld vilji víkja frá núverandi úthlutunarkerfi og taka upp nýjar aðferðir við stjórnun á auðlindanýtingu sjávar. Það er einnig mat minni hlutans að sú spenna sem verið hefur í lögunum um stjórn fiskveiða vegna þeirrar mótsagnar sem felst í sameignarákvæði 1. gr. laganna annars vegar og nánast fullkomnum eignarrétti á veiðiheimildum hins vegar muni aukast verði tillögur ríkisstjórnar og meiri hluta sjútvn. að lögum. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, herra forseti, að það er einmitt sú spenna sem hefur orsakað þá úlfúð, og þá óánægju og það ósætti sem hefur verið um lögin um stjórn fiskveiða. Það vekur mér undrun og fleirum að nú undir þessum kringumstæðum skuli gripið til aðgerða sem auka á þessa spennu frekar en hitt.

Með þessum breytingum er því stigið skref áfram á þeirri leið að einkavæða auðlindir sjávar við Íslandsstrendur. Minni hlutinn telur að með þessum viðbrögðum sé gengið þvert á dóm Hæstaréttar og að meiri hluti Alþingis sé á miklum villigötum sem geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir þróun íslensks samfélags.

Í fyrirliggjandi frv. og brtt. felst að ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis hefur ákveðið að láta allar röksemdir Hæstaréttar í umræddum dómi frá 3. desember sl. sem vind um eyru þjóta að undanskildri þeirri sem kveður á um að 5. gr. núgildandi fiskveiðistjórnarlaga fái ekki staðist ákvæði stjórnarskrárinnar eins og hún stendur nú. Aðrar röksemdir Hæstaréttar eru álitnar hafa litla sem enga þýðingu; í besta falli óheppilegur misskilningur dómenda við Hæstarétt.

Minni hlutinn fordæmir þessi vinnubrögð og viðbrögð meiri hlutans og telur að með þeim sé ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis að gefa Hæstarétti langt nef.

Samandregin virðast viðbrögð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta Alþingis vera þessi:

1. Öll veiðiréttindi, aflahlutdeild og sóknardagar, skulu skilgreind sem framseljanleg sérréttindi þeirra sem fyrir eru í kerfinu. Þessi niðurstaða er að okkar mati þveröfug við niðurstöðu Hæstaréttar þar sem grundvallaratriðin voru jafnræði og sameignarákvæði 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða.

2. Allar endurnýjunar- og úreldingarreglur þarf að afnema nema í smábátakerfinu. Þar virðist það ekki að dómi sérfræðinga og meiri hluta sjútvn. stangast á við dóm Hæstaréttar að viðhalda endurnýjunar- og úreldingarreglum. En þar virðist vera í lagi, samkvæmt þessari sérstöku lögfræði, að viðhalda þessum reglum út þetta fiskveiðiár og það næsta.

Herra forseti. Þessi niðurstaða er í besta falli afar sérkennileg en hlýtur líka að vera lögfræðilega hæpin því að ef hægt er að finna rök fyrir því að tilteknar reglur fari í bága við niðurstöðu Hæstaréttar þegar þær eiga við sum skip ætti það sama að eiga við um hin líka.

Svo í þriðja lagi, herra forseti, þá virðast viðbrögð ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans vera þau að setja þurfi upp tímabundna millifærslusjóði. Og menn geta farið yfir álit Hæstaréttar og velt því fyrir sér hvar fram komi krafa um slíkt. Annar þessara sjóða á að vera fyrir aflamarksbáta undir 200 brúttótonnum að stærð, án tillits til þess af hverju kvóti manna er sá sem hann er. Hinn á að vera til úthlutunar hjá Byggðastofnun. Alls er um að ræða verðmæti sem nema a.m.k. 3 milljörðum kr. sem þannig verður stýrt í tiltekna farvegi árlega næstu sjö árin.

Minni hlutinn telur að engan veginn sé tryggt að jafnræðis verði gætt við þessar úthlutanir og minnir á álit sem áður hafa komið fram um „potta" af þessu tagi sem í flestum tilfellum þykja ekki hafa náð þeim tilgangi sem að var stefnt.

Herra forseti. Það er ástæða til þess að rifja það upp að í upphafi þessa kjörtímabils var komið á laggirnar Byggðastofnunarpotti númer eitt. Hann var einungis upp á fimm hundruð lestir og gekk í tvö ár. Þá þótti hann ekki brúklegur lengur. Nú er settur á nýr pottur, þrefalt stærri og sú réttlæting á tilurð þessa nýja Byggðastofnunarpotts sem fram kom í máli formanns nefndarinnar er ekki sannfærandi, herra forseti. Það er ekki boðlegt að ákvæði eins og þetta, sem gætu snúist um ákveðin grundvallaratriði, séu sett inn á þeim hraða sem það er gert á milli umræðna í þinginu.

Menn eru að tala hér um umtalsvert magn sem úthlutað yrði af hálfu Byggðastofnunar fyrir umtalsverða peninga, milljarð, og menn telja að þetta þurfi ekki frekari ígrundunar við en þeirrar að þessu sé skellt inn í brtt. og síðan bara renni það hér í gegn.

Við hljótum hins vegar að spyrja ýmissa spurninga. Og þeim spurningum fjölgar vegna þeirrar stöðu sem nú er að koma upp, verði þetta frv. og þessar brtt. að lögum. Verði frv. og brtt. að lögum þá er komin upp sú staða að menn geta fengið veiðileyfi, a.m.k. til að hengja upp á vegg heima hjá sér. En menn geta líka keypt sér skip. Og hvar eiga þeir aðilar að fá kvóta, hvar eiga þeir að fá veiðirétt?

Það er alveg ljóst að sumir þeirra munu þurfa að kaupa sér hann. Munu aðrir fá úthlutað úr þessum potti Byggðastofnunar? Og hvernig tryggjum við að jafnræðis sé þá gætt? Ef þetta á að vera liður í svona byggðaverkefnum þar sem vinnslan kemur við sögu, hvernig getum við þá tryggt eðlilegar samkeppnisaðstæður? Og af því að það er ljóst að sums staðar eru menn að berjast í því að kaupa réttindi, hvernig getum við þá réttlætt það að einhverjir aðrir þurfi ekki að gera það? Snýst þetta ekki fyrst og fremst um það að allir hafi jafnan aðgang að veiðiréttinum, frekar en því að hér sé æ ofan í æ komið á úthlutunarkerfum og að þessu sinni geðþóttaúthlutunarkerfi til viðbótar?

Herra forseti. Þetta er eitt þeirra atriða sem ég tel að þurfi að skoða mun betur en gert hefur verið. Ef menn hafa áhuga á því að koma hér upp kerfi sem við getum kallað byggðakvótakerfi þá er rétt að við skoðum það sem slíkt. Þá getum við velt því fyrir okkur hvort ekki sé eðlilegra að slíkum kvóta væri úthlutað heima fyrir. Af hverju á stjórn Byggðastofnunar að fara að úthluta veiðiheimildum? Og eftir hvaða reglum ætlar hún að gera það?

Þó það komi fram í brtt. að það eigi að gerast í samráði við sveitarstjórnir þá er ekkert um það hvað á síðan frekar að leggja til grundvallar. Jú, ef menn hafa orðið fyrir áföllum vegna kerfisins. En ætli það séu ekki býsna margir sem telja sig hafa orðið fyrir slíkum áföllum? Og eru það þá bara áföll vegna kerfisins eða eru það áföll vegna samdráttar í afla? Eru það áföll af því að einhver seldi burtu skip og veiðiheimildir eða eru það áföll af því að reksturinn hefur gengið svo brösuglega? Eru það áföll vegna þess að brestir hafa orðið á mörkuðum erlendis? Eru það áföll vegna þess að ekki hefur verið haldið nógu vel á? Eru það áföll af því að menn fá ekki að gera það sem þeir vilja gera, eins og

sveitarstjórnin í Breiðdalsvík sem vildi fá að ganga inn í kaupin en fékk ekki?

Til þess að við sem horfum á þetta gerast núna og sjáum fram á það að þetta ákvæði verði borið undir atkvæði á Alþingi, getum skoðað þetta og tekið afstöðu til þess þá þarf að svara býsna mörgum spurningum sem ekki hefur verið svarað. Og það er ekki fullnægjandi, herra forseti, að formaður nefndarinnar komi í ræðustól og segi okkur hvað honum finnst, jafnvel þó hann sitji líka í stjórn Byggðastofnunar. Það er ekki fullnægjandi. Það uppfyllir ekki þær kröfur sem við eigum að gera þegar verið er að setja ákvæði inn í lögin um stjórn fiskveiða, ákvæði um að flytja til mikil verðmæti. Við vitum ekki einu sinni hvaða kröfur á síðan að gera til þeirra sem fá þetta. Hvaða kröfur verða það? Verða þeir að sýna sínu byggðarlagi sérstakan trúnað? Verða þeir að landa aflanum á markaði? Verður að vinna aflann heima fyrir?

Herra forseti. Það væri hægt að standa hér daglangt og spyrja og velta vöngum. Það segir mér og býsna mörgum öðrum að þetta er einmitt ákvæði sem þarf að bíða og ef menn eru með hugmyndir um byggðakvóta þá skulum við skoða það í rólegheitum og við skulum gera þetta þannig að þetta verði ekki ákvæði sem kemur óorði á eitthvað sem heitir byggðastefna og landsbyggð, umfram það sem orðið er.

Það sem ég er hrædd við, herra forseti, er að menn setji vanhugsað inn í lögin ákvæði sem bera það í sér að ákvarðanir á grundvelli þeirra, af því að þau eru svo óljós og illa unnin, geti orkað tvímælis og þá er verr af stað farið en heima setið.

Gamli Byggðastofnunarpotturinn var með tiltölulega afmarkaðar reglur og þær voru ákvarðaðar hér og útfærðar nánar. En þær voru of afmarkaðar. Menn sögðu að þær væru of afmarkaðar. Þeim var ekki breytt heldur var potturinn lagður af. Þar sem sá pottur var lagður af hlýt ég líka að velta því fyrir mér af hverju þurfi þá aftur núna að taka upp nýjan pott, þrefalt stærri. Af hverju þarf að gera það núna? Það er alveg klárt að með þessum potti er verið að bregðast við þeim úthlutunarreglum sem eru í kerfinu. Af hverju er ekki frekar skoðað hvernig þessar úthlutunarreglur eru? Af hverju vilja menn fara inn í þetta skömmtunarfar sem hér er verið að leggja til?

Herra forseti. Ég held að okkur væri nær að skoða úthlutunarkerfið, reyna að leita jafnræðis í gegnum úthlutunarkerfið, gefa athafnamönnum, gefa áhugasömum, gefa kraftmiklum einstaklingum og félögum í byggðunum kost á því að fá aflaheimildir í gegnum réttlátt úthlutunarkerfi frekar en að fara í farveg sem þennan. Ég endurtek það, herra forseti, að ég tel að ef menn vilja fara í byggðakvóta af einhverju tagi þá eigi að ræða það sérstaklega sem aðferð til úthlutunar, en menn eigi ekki að koma að málinu eins og hér er gert, snara inn lítt hugsuðu ákvæði á milli umræðna og sjá síðan til hvað gerist. Það gengur ekki að mínu mati, herra forseti.

Við 1. umr. um viðbrögð ríkisstjórnarflokkanna við dómi Hæstaréttar kom strax fram það álit minni hluta sjútv. að þau frumvörp sem þá lágu fyrir svöruðu ekki dómi Hæstaréttar og væru því engan veginn fullnægjandi. Sú skoðun var þá þegar sett fram að taka bæri alla löggjöfina um stjórn fiskveiða til endurskoðunar enda til þess ærin rök að Alþingi freisti þess að setja réttlátari reglur en þær sem nú gilda um veiðiréttindi í lögsögunni og að þær breytingar þyrftu fyrst og fremst að lúta að reglum um úthlutun veiðiheimilda.

Yfirferð yfir málið í hv. sjútvn. og með þeim aðilum sem treystu sér til að setja fram ígrundað álit á þeim stutta tíma sem nefndinni var skammtaður hefur enn styrkt það álit minni hlutans að það þurfi að fara yfir alla löggjöfina og skoða úthlutunarkerfið sérstaklega. Og það verður að segjast eins og er, herra forseti, að æfingar meiri hluta sjútv. juku heldur ekki beinlínis traust á þeim aðgerðum sem grípa á til. Með viðbrögðum ríkisstjórnar og meiri hluta nefndarinnar er að mati minni hlutans ekki verið að mæta efnislegri niðurstöðu Hæstaréttar heldur velja þeir að lesa dóminn þannig að einungis sé um tiltekin og takmörkuð viðbrögð að ræða, viðbrögð sem byggjast á pólitískum viðhorfum og þeim vilja ríkisstjórnarflokkanna að einkavæða að fullu auðlindir sjávar.

Minni hlutinn bendir á að í forsendum dómsins undirstrikar Hæstiréttur ákvæði 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða þar sem kveðið er á um sameign þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum. Flestir hafa metið það svo að þannig hafi Hæstiréttur í raun styrkt sameignarákvæðið. Sér þess stað í tillögum ríkisstjórnarinnar eða meiri hlutans? Ég spyr.

Jafnframt vekur minni hlutinn athygli á þeirri staðreynd að með viðbrögðum sínum mæti meiri hlutinn hvorki því sem samkvæmt Hæstarétti, að sé lögð „fyrirfarandi tálmun við því, að drjúgur hluti landsmanna geti, að öðrum skilyrðum uppfylltum, notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi“ né hinu sem kemur í framhaldi þ.e. „sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru“.

Herra forseti. Það breytir litlu um atvinnurétt manna frá því sem verið hefur þótt þeir megi kaupa sér skip og veiðileyfi upp á vegg. Skip og veiðileyfi hafa nefnilega alla tíð verið til sölu og eru enn. Þeir sem kaupa skip og veiðileyfi þurfa eftir sem áður að kaupa aðganginn að auðlindinni, *aflamark eða sóknardaga, af þeim sem hafa fengið slíkan rétt* afhentan á grundvelli skipaeignar á tilteknu tímabili. Ekki verður séð að efnisleg breyting verði að þessu leyti á högum þeirra sem vilja njóta atvinnuréttar í sjávarútvegi og eiga að geta gert það á grundvelli jafnræðis.

Þau frumvörp sem fyrir liggja svara ekki hinni efnislegu niðurstöðu dómsins og er ekki boðlegt að halda því fram, til að slá ryki í augun á fólki, að fimm hæstaréttardómarar hafi allir í senn misskilið lögin um stjórn fiskveiða og þau lykilhugtök sem þar eru á ferðinni, veiðileyfi og veiðiheimildir. Í dóminum er talað þannig um veiðiheimildir að flestir viðurkenna að orðalagið gefi vísbendingu um hvers sé að vænta ef frekar verður látið á það reyna hvort lögin standast svo breytt. Sérstaklega varðandi 5. gr. og úreldingarreglur.

Í lögfræðiálitum sem Landssamband smábátaeigenda og Samtök fiskvinnslu án útgerðar hafa aflað er á það bent að hvergi í dóminum sé minnst á úreldingu fiskiskipa, hvergi að löggjafanum sé óheimilt að grípa til þeirrar aðgerðar að takmarka stærð fiskiskipaflotans. Í dóminum segi einungis að ekki sé rétt að binda veiðileyfi við þau skip ein sem fengu veiðileyfi á tilteknum tíma.

Því ætti, herra forseti, að endurskoða lögin í heild því að ljóst er að til að ákvæði stjórnarskrár séu virt, svo og 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, einkum í ljósi þess ákvæðis sem kveður á um sameign þjóðarinnar á fiskstofnum á Íslandsmiðum, herra forseti, þarf að endurskoða úthlutunarreglurnar. Annars verður óþolandi mismunun og óréttlæti áfram til staðar.

Minni hlutinn leggur því til, herra forseti, hið sama og verið hefur hér allt frá þeirri utandagskrárumræðu sem efnt

var til eftir að dómur réttarins féll, að Alþingi endurskoði lögin um stjórn fiskveiða í ljósi dóms Hæstaréttar og þeirra viðhorfa sem þar koma fram. Sett verði sólarlagsákvæði í gildandi lög sem taki mið af þeim tíma sem þingið þarf til að endurskoða lögin og ganga frá frv. til nýrra laga.

Auk þess sem fram kemur í rökstuðningi Hæstaréttar í máli nr. 145/1998 verði eftirtalin atriði alþingismönnum leiðarljós:

Í fyrsta lagi segir í 1. gr. gildandi laga um stjórn fiskveiða: að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar, að stuðlað verði að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og traustri atvinnu og byggð í landinu og að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

Og það er athyglisvert, herra forseti, og ástæða til þess að vekja athygli á því vegna þess hvernig þær hugmyndir sem hér er fjallað um eru settar eru fram af hálfu ríkisstjórnar og meiri hluta sjútvn. Þetta eru þau ákvæði sem eru í gildandi grein laga um stjórn fiskveiða.

Það sem í öðru lagi á að vera alþingismönnum leiðarljós við endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða, er það sem Hæstiréttur segir og nú vitna ég beint í dóminn:

„Með þessu lagaákvæði er lögð fyrirfarandi tálmun við því, að drjúgur hluti landsmanna geti, að öðrum skilyrðum uppfylltum, notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru."

Í ljósi þessa þarf nýtt úthlutunarkerfi veiðiheimilda sem stenst jafnræðisreglu og jafnar aðgengi þeirra sem eru í útgerð eða vilja hasla sér völl að þeim veiðiheimildum sem í boði eru. Í dómi Hæstaréttar er rætt um sambærilega hlutdeild í sameigininni og því verður að mæta með auðlindagjaldi sem getur myndast við uppboð veiðiheimilda eða veiðileyfagjaldi sem lagt yrði á með öðrum hætti.

Og í þriðja lagi, herra forseti, ættu þær alþjóðlegu samþykktir sem Ísland hefur skuldbundið sig til að framfylgja og varða auðlindanýtingu og sjálfbæra þróun að vera alþingismönnum leiðarljós. Hér vísa ég til Ríó-yfirlýsingarinnar en einnig loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar, en losun koltvíoxíðs vegna eldneytisnotkunar fiskiskipa var á árinu 1997 33% af heildarlosun okkar. Hömlulaus stækkun flotans samræmist því greinilega illa því markmiði að stemma stigu við auknum útblæstri gróðurhúsalofttegunda, einkanlega í ljósi þeirra markmiða sem Kyoto-bókunin leggur okkur á herðar, að hafa náð árið 2008.

Herra forseti. Ég hef lokið því að fara yfir nál. en undir það skrifar ásamt mér Lúðvík Bergvinsson. Guðný Guðbjörnsdóttir hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu. Svavar Gestsson hefur einnig setið fundi nefndarinnar. Hann er hér staddur og mun gera nánari grein fyrir viðhorfum sínum.

Herra forseti. Ég lét þess getið þegar ég kom upp í dag til að fjalla um störf þingsins að ekki hefði gefist tóm til þess í nefndinni, vegna þess hraða sem verið hefur á vinnunni, að fara yfir þau álit sem nefndinni hafa verið send. Þess hefði þó sannarlega verið þörf vegna þess að þar koma fram ýmis atriði sem hefðu getað verið gott veganesti. Sumir komu á fund nefndarinnar og fylgdu máli sínu úr hlaði, aðrir gerðu það ekki. Ég vil nefna, herra forseti, nokkur þeirra atriða sem fram hafa komið frá umsagnaraðilum sem sendu inn erindi.

Ég vil byrja á því að vísa til þess sem fram kemur í umsögn Vélstjórafélags Íslands. Það tekur undir þá breytingu sem frv. gerir ráð fyrir varðandi krókabátana. Nú er auðvitað spurning hvort það gengur eftir miðað við þær brtt. sem hér eru. Það sem máli skiptir er að Vélstjórafélagið er með fyrirvara við að heildarhlutur smábátanna verði aukinn frá því sem nú er. Rauði þráðurinn, herra forseti, í umsögnum þeirra sjómannafélaga sem komið hafa að er sá að hlutur sjómanna á aflamarksskipum verði að þessu sinni varinn en ekki á hann gengið vegna breytinga í smábátakerfinu eins og áður.

Sjómannasamband Íslands telur að frumvarpið hafi ekkert með dóminn að gera og að ekki sé tekið á þeim efnisatriðum sem dómurinn fjallar um. Sjómannasambandið bendir á að úthluta megi veiðiheimildum að nýju eftir ákveðnum reglum til þeirra skipa sem hafa verið að veiða síðustu ár. Jafnframt mætti setja inn í lögin að endurúthlutun fari fram, t.d. á fimm ára fresti. Stjórn Sjómannasambandsins varar við því að réttur smábátasjómanna verði enn aukinn á kostnað umbjóðenda sambandsins. Þetta, herra forseti, er eitt af því sem hefði mátt skoða nánar, þ.e. ábendingar um nýjar reglur við úthlutun veiðiheimilda. Menn eru í raun að biðja um aðra hugmyndafræði en þá sem unnið hefur verið eftir, að menn fái veiðiheimildum úthlutað, eins og Hæstiréttur orðar það, gagnvart veiðileyfunum sem rekja rétt sinn til skipaeignar á tilteknum tíma. Mönnum hefur fundist það óréttlátt vegna þess að þá hefur ekki skipt máli hvort menn nýta þennan rétt eða ekki. Ég hygg að samandregið megi segja að gagnrýnendur vilji sjá reglur sem miða úthlutun við að menn veiði upp í kvóta sinn, hvernig svo sem hann er fenginn, hvort sem hann er keyptur eða honum úthlutað ókeypis. Menn vilja ekki horfa upp á það að hægt sé að braska, hægt sé að versla með úthlutun veiðiheimilda ef menn ætli sér ekki að nýta þær.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands rifjar upp ábendingar sínar við setningu laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, um ósamræmi í frv. sem segja að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar á sama tíma og einstakir handhafar veiðiréttar hafi umtalsverðar tekjur af sölu á óveiddum fiski. Stjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins vitnar til nýsamþykktrar ályktunar um „að með einhliða rétti útgerða til veiðileyfis og aflakvóta væri gengið á atvinnurétt sjómanna og fólks í sjávarbyggðum um allt land sem atvinnu hefði af fiskvinnslu." Sambandsstjórnin skorar á ríkisstjórn og Alþingi að endurskoða algerlega lögin um stjórn fiskveiða.

Farmanna- og fiskimannasambandið vísar í annað sem Hafrannsóknarstofnun gerir eðlilega líka að umtalsefni, en það eru vannýttir fiskstofnar. Spurningin er auðvitað hvort hægt sé eða vilji til að takmarka sókn í þá stofna sem ekki hafi ekki tekist að veiða. Farmanna- og fiskimannasambandið minnir á vannýtta fiskstofna og telur, eins og segir í texta þeirra, „að eigi verði þessum fiskstofnum hætta búin þó jafnræði og frjáls veiðiréttur gildi með veiðileyfi og fiskveiðar í þessum fisktegundum".

Hér eru þeir að tala um, herra forseti: ýsu, skarkola, ufsa, steinbít, Íslandssíld, loðnu, humar og úthafsrækju. Dæmi svo hver fyrir sig um hvort óhætt sé að hleypa ótölulegum fjölda nýkeyptra skipa með ný veiðileyfi í þessa stofna.

Fundur sambandsstjórnar Farmanna- og fiskimannasambandsins lýsir yfir vanþóknun á framkomnu frv. og segir að það sé klætt í felubúning til þess ætlaðan að koma í kring breytingum á lögum um veiðar smábáta.

Þeir eru síðan með tilteknar ábendingar um breytingar við lögin sem varða upplýsingasöfnun Fiskistofu, sem ég sé ekki í tillögum meiri hlutans.

Hins vegar er augljóst, herra forseti, af þessu áliti að Farmanna- og fiskimannasambandið telur ekki að frv. eða þær tillögur sem hér liggja fyrir séu til að svara dómi Hæstaréttar heldur, eins og hér segir: „klætt í felubúning til þess ætlaðan að koma í kring breytingum á lögum um veiðar smábáta".

Alþýðusamband Íslands lætir sig málið varða og telur að meginatriði dóms Hæstaréttar hafi verið reglur um úthlutun leyfa til veiða í atvinnuskyni, að þær hafi falið í sér brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ranglætið er fólgið í því að aðrir aðilar en þeir sem áttu skip þegar kvótakerfið var tekið upp skuli ekki eiga kost á að fá úthlutað veiðiheimildum. ASÍ telur að frv. þetta gangi ekki að neinu leyti gegn því ástandi að útvalinn hópur útgerðarmanna haldi áfram að hafa einkarétt á nýtingu sameignar þjóðarinnar. Alþýðusambandið bendir á leiðir til að mæta jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, að úthluta fiskveiðiheimildum að nýju til þeirra skipa sem hafi verið að veiðum síðustu árin. Þá mætti úthluta viðbótarheimildum á annan hátt, segir Alþýðusambandið, t.d. dæmis með sölu eða uppboðsformi svo nýjum aðilum sé kleift að komast inn í greinina á jafnréttisgrundvelli.

Þá telur Alþýðusambandið einnig hugmynd að setja ákvæði inn í lögin um að endurúthlutun að hluta eða fullu færi fram með reglulegu millibili, t.d. á fimm ára fresti. Hér er enn á ný, herra forseti, tilraun til þess að finna leiðir til að mæta óánægju með það ástand að menn skuli fá úthlutað veiðirétti sem þeir nýta ekki en geta selt öðrum.

Landssamband smábátaeigenda sendi inn tvær umsagnir, herra forseti. Fyrst kom frá þeim umsögn sem að var mati minni hluta nefndarinnar mjög sérkennileg vegna þess að þar var landssambandið að fjalla um samkomulag sem þeir höfðu gert við hæstv. sjútvrh. um mál sín eða umbjóðenda sinna. Út frá því, herra forseti, má a.m.k. segja að stór hluti þeirra brtt. sem liggja fyrir hafa lítið sem ekkert með dóm Hæstaréttar að gera, einfaldlega vegna þess að viðræður voru komnar í gang og samkomulag lá fyrir um tilteknar breytingar á smábátahluta laganna um stjórn fiskveiða á milli landssambandsins og sjútvrh.

Rétt er að það komi fram að þetta samkomulag hefur aldrei verið kynnt í sjútvn. Enn vitum við fulltrúar minni hlutans ekkert hvað stendur í þessu samkomulagi en við höfum leitt líkur að því hvað það sé vegna þeirrar umsagnar sem við fengum frá landssambandinu og orða sem hafa verið látin falla. Það er afskaplega sérkennilegt að vera í þessari stöðu en svona er þetta. Seinni umsögn landssambandsins fjallaði einmitt um það þegar tillögur meiri hluta nefndarinnar voru komnar fram að það samkomulag sem þeir höfðu gert við hæstv. sjútvrh. væri sýnu betra fyrir umbjóðendur þeirra. Menn geta rétt ímyndað sér hvernig það er að vera í nefnd sem er að fjalla um málið og hafa þessar upplýsingar en vita ekkert um hvað samkomulagið snýst. Þetta hlýtur að vera að hluta til af tímaskorti, herra forseti, þar sem ekki var hægt að greina nefndinni frá þessu samkomulagi en það hefði vissulega þurft að gerast vegna þess að það hefur a.m.k. átt dálítinn þátt í bæði þeim vendingum sem málið hefur tekið og þeirri umfjöllun sem það hefur fengið.

Landssamband útgerðarmanna kvótalítilla skipa bendir einnig á að Hæstiréttur fjalli ekki eingöngu um hið almenna veiðileyfi heldur einnig og ekki síður um veiðiheimildir og telur hverjum manni ljóst að hið almenna veiðileyfi veiti engan aðgang að auðlindinni. Þeir telja að verð skipa muni falla eins og gerðist við afnám línutvöföldunar og að verð á aflaheimildum og hlutdeild muni hækka. Jafnframt spyrja þeir ef kvótaeigendum einum á að vera kleift að stunda veiðar við Ísland, eins og þar stendur: „Er þá víst að áhugi þeirra snúi að því að sjá landvinnslunni fyrir hráefni?" Þeir fullyrða að strandveiðiflotinn hafi staðið fyrir jafnari hráefnisöflun fyrir landvinnsluna.

Þeir telja að engum manni detti í hug í fullri alvöru að einhver geti stundað utankvótaveiðar eingöngu enda komi 2. mgr. 3. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, í veg fyrir slíkt. En þar segir, herra forseti:

„Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru."

Og þeir halda hér áfram:

„Getur Alþingi sett skorður við veiðum þar sem heildarafli sem Hafró mælir með næst ekki? Og það þess heldur að aðgangur sé takmarkaður við tiltekin skip en með því að útiloka önnur?"

Þá bendir Landssamband útgerðarmanna kvótalítilla skipa á jöfunarsjóðinn sem tæki sem mætti nota til annarra hluta en verið hefur og segjast hafa um það ákveðnar skoðanir sem tengjast landvinnslunni á landsbyggðinni en það munu m.a. vera hugmyndir um afla sem veiddur er samkvæmt úthlutun úr úr jöfnunarsjóði, þ.e. að þær veiðiheimildir verði óframseljanlegar og öllum afla landað á markað til að gera vinnslunni kleift að komast í það hráefni. Þeir telja frv. þetta og þau lög sem samþykkt verða á grundvelli þess muni koma kvótaeigendum einum til góða.

Landssamband ísl. útvegsmanna sendi umsögn sína einnig og lýsti áhyggjum af því ef skipum án veiðiheimilda fjölgaði og bentu á að kolmunnaskip í eigu útlendinga en skráð á Íslendinga ættu greiða leið inn í landið til veiða í þeim stofni. Fleiri hafa nefnt þennan ótta við að þessi opnun á skipafjölda í landhelginni gæti haft í för með sér að einhverjum erlendum aðilum þætti akkur í því að koma með skip inn í landhelgina, munstra þau á einhvern Íslending sem væri tilbúinn til leiksins og hefja síðan veiðar. Menn geta velt því fyrir sér hvort þetta á að vera mikið áhyggjuefni en ég hef orðið þess vör í umfjöllun fólks að menn telja ástæðu til að hafa áhyggjur af þessu af tveimur ástæðum. Annars vegar þeirri að auðvitað eigi ekki að vera til bakdyr inn í lögsöguna til að hefja veiðar á vannýttum stofnum eða stofnum sem aðrir hafa ekki nýtt og hins vegar sé þetta afskaplega slæmt þegar menn horfa til útblásturs eða mengunarreglna, horfa til loftslagssamningsins og þeirra skuldbindinga sem við þurfum að horfa til.

Vinnumálasamband samvinnufélaganna telur að ekki muni ætlast til þess að frv. verði metið sem almenn og langvarandi heildarúrræði í fiskveiðistjórnarmálum þjóðarinnar. Það sé greinilega bein viðbrögð við hæstaréttardómi og tekið saman undir ströngum tímatakmörkum og hljómar þetta í góðum takti við það sem aðrir hafa verið að segja.

Samtök fiskvinnslu án útgerðar sendu einnig umsögn sína til nefndarinnar. Þeir telja að forustumenn ríkisstjórnarinnar ásamt sjútvrh. hafi með yfirlýsingum sínum um dóminn og hlutverk Hæstaréttar berskjaldað pólitíska andstöðu við dómsniðurstöðuna og telja þau alvarlega ámælisverð. Frv. og grg. þess séu þessu sama marki brennd. Stjórn Samtaka

fiskvinnslu án útgerðar mótmælir harðlega framangreindum túlkunum á niðurstöðum dómsins. Að mati lögfræðinga þeirra kemur dómurinn ekki í veg fyrir að stjórnvöld geti með almennum, lögbundnum ákvæðum komið fram þeim markmiðum sem lúta að því að viðhalda jafnvægi milli afkastagetu fiskiskipaflotans og afrakstursgetu fiskstofna. Samtök fiskvinnslu án útgerðar telja að í frv. birtist það pólitíska markmið að allir skuli í kvóta og þeir lýsa harðri gagnrýni á þessar lagabreytingar.

Verslunarráðið telur að í lagafrv. felist lágmarksviðbrögð við dómi Hæstaréttar. Almennt sé fylgi við aflamarkskerfið innan raða Verslunarráðsins enda skapi það mesta hagkvæmni af þeim stjórnkerfum sem rannsökuð hafi verið. Hitt sé óumdeilt að svo lengi sem takmarka þurfi aðgang að tiltekinni auðlind verði nýtingarrétturinn að verðmæti í viðskiptum, sama hvaða aðferð sé notuð til takmörkunar.

Þjóðhagsstofnun sendi einnig inn umsögn þar sem það álit þeirra kom fram að aflamarkskerfið henti best til að stjórna veiðunum. Síðan vísa þeir á einstakar greinar frv. sem þeir telja að leiði til aukins hagræðis í fiskveiðum og m.a. leggjast þeir gegn því ákvæði frv. að búa til lokaðan smábátapott og benda á að mikilvægt sé fyrir athafnalíf einstakra byggðarlaga að val á skipakosti til að veiða þær aflaheimildir sem útgerðarmenn í byggðarlaginu ráða yfir ákvarðist af hagkvæmni og takmarkist sem minnst af sérreglum. Umsögn Þjóðhagsstofnunar laut eðlilega fyrst og fremst að því hvort frv., eins og það lá fyrir þá, væri til þess að auka hagkvæmni í veiðunum og virtist þeim svo vera. Þeir eru hins vegar ekki að taka afstöðu til viðbragða við dómi Hæstaréttar.

Hafrannsóknarstofnun heldur sig sömuleiðis við fagsvið sitt og sendir umsögn bæði varðandi það mál sem við erum nú að fjalla um og eins varðandi grásleppuna sérstaklega og hirði ég ekki um að fjalla um það frekar. En þeir vekja athygli á þeirri rökstuddu skoðun að tilhneiging til brottkasts verðminni afla sé meiri meðal kvótalítilla skipa en þeirra sem rúmar aflaheimildir hafa. Almennt telur stofnunin þó að frv. ætti ekki að ógna þeim fisktegundum sem heyra undir aflamarkskerfið þó að sóknin kunni að verða óhagkvæmari. Stofnunin telur upp svokallaðar utankvótategundir sem yrði hægt að sækja óheft í samkvæmt frv. og vísar jafnframt í árlega skýrslu stofnunarinnar um ástand og horfur þar sem fram kemur að ástand þessara stofna allra er ekki vel þekkt þó svo virðist að enginn þeirra sé það stór að hann þoli að marki meiri sókn en verið hefur.

Ástæða er til þess, herra forseti, að við geymum þessi orð í minni okkar eða huga þegar við erum að breyta lögunum um stjórn fiskveiða í þá veru að hér geti kvótalausum skipum fjölgað að miklum mun.

Fjórðungssamband Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að fara sér hægt og ígrunda vel allar leiðir áður en lagabreyting er gerð.

Strandveiðifélagið Krókur á Barðaströnd krefst þess að komi til kvótasetningar verði aflareynsla látin ráða aflaúthlutun eins og áður hefur verið gert og hver bátur fái þriggja ára veiðireynslu í utankvótategundum áður en að úthlutun þeirra kemur.

Smábátafélagið Klettur mætti á fund nefndarinnar til að tala máli aflamarksbátanna og lögðu þeir fram gögn máli sínu til stuðnings þar sem fram kemur að langur vegur er frá því að skerðing sú sem smábátar á aflamarki urðu fyrir hafi verið bætt. Og þeim sýnist af frv. að enn eigi að skerða hlut þeirra. Það hefur komið fram síðan, herra forseti, ef ég hef lesið umsagnirnar rétt, að hluti af því samkomulagi sem hæstv. sjútvrh. var búinn að gera við Landssamband smábátaeigenda gekk út að bæta þessa skerðingu, og ef ég skil rétt það sem sagt hefur verið, þá muni meiri hluti sjútvn. hafa fallist á að taka hluta af þeirri bót sem búið var að semja um og setja inn í brtt. sínar, en einungis hluta. Væri fróðlegt að heyra frekar af samkomulaginu.

Það kom fram í gögnum sem fulltrúar Smábátafélagsins Kletts lögðu fram að bátur sem var með kvóta upp á rúmlega 23 þorskígildislestir, aðallega þorsk sem var 80% veiðireynslu áranna 1988 og 1989, sem voru tvö bestu ár af þremur, fær nú úthlutað rúmlega 13 þorskígildistonnum. Þarna er gríðarlegur munur á. Neðst fór þessi bátur í rúm tíu tonn fiskveiðiárið 1992 og 1993. Ekkert hefur verið selt af þessum báti og hann fékk hlutdeild í 40% þegar línutvöföldunin var afnumin. Hann hefur hins vegar orðið fyrir skerðingum, bæði þegar krókabátunum var úthlutuð hlutdeild upp á 13,75% af heildaraflanum og einnig þegar þorskaflahámarksbátarnir hafa verið að bæta við sig í öðrum tegundum með þeim afleiðingum að aðrir hafa þá verið skertir.

Sú skerðing sem þessi bátur og aðrir sambærilegir aflamarksbátar hafa orðið fyrir þýðir að þótt heildaraflinn væri nú orðinn sá sami og var þegar hann var upphaflega kvótasettur með rúmlega 23 þorskígildistonnum nær hann aðeins 16 tonnum núna. Munurinn er nánast þriðjungur. Jöfnun úr jöfnunarpotti hefur alla tíð síðan miðast við stöðu mála 1991 þegar þessir bátar höfðu verið skertir svo stórlega sem þessi saga staðfestir í rauninni. Ástæða er til að þetta komi fram vegna stöðu málsins og vegna þess að þessir aðilar fluttu mál sitt mjög einarðlega á fundi nefndarinnar og skildu eftir mikil gögn.

Umhvrn. sendi inn umsögn eða lagði fram minnisblað þar sem farið er yfir losun gróðurhúsalofttegunda frá fiskiskipaflotanum. Það var kallað eftir þessum upplýsingum vegna ótta sem menn hafa af stórfelldri stækkun fiskiskipaflotans. Þar kom fram, eins og gerð var grein fyrir í minnihlutaáliti sjútvn., að heildarlosun koltvíoxíðs vegna eldsneytisnotkunar fiskiskipa var árið 1997 33% af heildarlosun koltvíoxíðs og hafði þá á nokkrum árum aukist um 24%. Aukin vinnsla úti á sjó er talin hafa verið til mikillar aukningar á þessu tímabili á sama tíma og aflamarkskerfið hefur hins vegar stuðlað að samdrætti. Þessa hluti þurfa menn því að fara að skoða svolítið öðruvísi en verið hefur vegna þess að þeir arðsemisútreikningar sem menn hafa verið tilbúnir til þess að líta til þegar metið hefur verið hvort borgaði sig frekar að fara í landvinnslu eða sjóvinnslu, hljóta óhjákvæmilega að skekkjast þegar útblástur gróðurhúsalofttegunda fer að spila inn. En eins og menn þekkja af þeirri umræðu þá er allt eins víst að úr möguleikum til mengunar verði gerðir framseljanlegir kvótar á milli landa, a.m.k. til að byrja með, og það er ljóst að þær þjóðir sem hafa verið að velta þessum málum fyrir sér og reyna fyrir sér með önnur úrræði en bein stjórnvaldsfyrirmæli, hafa beitt þeirri aðferð að láta menn borga eða umbuna þeim eftir því hvernig þeir standa að sínum mengunarmálum. Ég er handviss um að þetta sé atriði sem við eigum eftir að þurfa að skoða á alveg nýjan hátt á næstu árum og menn þurfa að hafa í huga bæði við afgreiðslu þessa frv. og annarra.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan á Ísafirði leggur áherslu á að ekki verði lengur gengið á atvinnurétt sinna sjómanna með millifærslum á milli aflakerfa og eru þeir þá

að tala fyrir hönd þeirra rúmlega 500 sjómanna sem eru á aflamarksskipum sem gerð eru út frá Vestfjörðum.

Smábátafélagið Farsæll í Vestmannaeyjum mótmælti því að netaveiðar yrðu almennt leyfðar á smábátum.

Útvegsmannafélag Suðurnesja fjallaði um það að ekki yrði tekið meira af aflaheimildum aflamarksskipa til að auka enn við hlut smábáta, eins og ítrekað hafi verið gert á undanförnum árum.

Síðan, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék að áðan, sendi hann erindi til nefndarinnar. Við það var heft erindi sem hafði borist frá forustu á Breiðdalsvík vegna þeirra atburða sem þar eru að gerast. Þar er fyrirtæki úr öðrum landshluta að kaupa stóran hlut í fyrirtæki sem hefur haldið uppi meginatvinnu þar á staðnum. Um það mál hef ég þegar fjallað, hef þegar komið að því lítillega a.m.k. En það er ástæða til þess að menn skoði svolítið hvernig forsvarsmenn þess sveitarfélags vilja beita sér í málinu. Ég met það svo að þeir vilji fyrst og fremst fá aðgang að veiðiheimildum, þeir séu ekki að biðja um ölmusu af neinu tagi en vilji komast inn í eðlilega úthlutun veiðiheimilda. Þeir eru að búa sig undir stofnun félags til þess, enda hefur komið fram áður að þeir voru tilbúnir til að ganga inn í þau kaup sem fram fóru.

Ég hef margsagt það í umæðum um stjórn fiskveiða þegar verið er að breyta lögum, herra forseti, að vart sé hægt að fara í kommusetningu í þessari löggjöf öðruvísi en svo að menn séu að hreyfa til tugmilljónir, jafnvel milljarða, og þess vegna, einkum nú þar sem allur veiðiréttur á að verða framseljanlegur, sé full ástæða til að menn velti fjárhagshlið þessara mála fyrir sér.

Auk þess að sitja í sjútvn. Alþingis sit ég líka í hv. menntmn. Þar eru menn að bítast um upphæðir allt niður í 300 þús. kr. vegna verkefna á landsbyggðinni m.a., verkefna sem við erum öll sannfærð um að skipta miklu máli fyrir þau lífsgæði sem í því felast að búa þar. Þar eru litlir peningar til ráðstöfunar þó svo að allir séu sammála um mikilvægið. Það er hvorki hægt að verða við öllum þeim umsóknum sem berast né öllu því sem þar er farið fram á. Það er langur vegur þar frá þó að flestir sem yfir fara geti verið sammála um að þetta séu mikilvæg verkefni og þau séu nákvæmlega langflest til þess fallin að auðga mannlífið og gera þann kost fýsilegri að starfa um allt Ísland, að búa á Íslandi öllu.

Það er síðan svolítið annað uppi á teningnum þegar við fjöllum um lögin um stjórn fiskveiða. Þar er ekki beðið um úttekt á því hversu miklir fjármunir séu undir þegar verið er að breyta lögum og ég hef það á tilfinningunni, herra forseti, að menn hafi satt að segja sáralítinn áhuga á því að vita það, og kannski er best að vita það ekki. Núna við þessa breytingu er verið að búa til nokkra potta, bæði potta til varanlegrar úthlutunar og millifærslupotta. Millifærslupottarnir tveir, þ.e. annars vegar jöfnunarpotturinn sem á að taka til báta allt að 200 lesta stærð og Byggðastofnunarpotturinn, verða með veiðiheimildir sem hægt er að meta upp á um 3 milljarða kr. Og finnst mönnum skrýtið þótt beðið sé um skýrar reglur eða ákvæði sem kalla á það að jafnræðisreglan sé virt eða samkeppnisstaða einstakra fyrirtækja?

Ég hef satt að segja aldrei skilið af hverju menn hafa verið því svo frábitnir að ræða um virði þeirra aflaheimilda sem verið er að hreyfa til þegar við erum að breyta þessum lögum. Þeir sem starfa í þessari atvinnugrein eru ekki feimnir við það að ræða hversu miklir peningar þetta eru. Þeir eru líka vanir að vinna með þessi verðmæti sem slík. Það er búið að venja þá á það, a.m.k. þá sem eru í aflamarkskerfinu, og nú stendur til að gera þá sem eru að vinna í dagakerfinu jafnvíga á það að fjalla um öll fiskveiðiréttindi sem peningamál.

Þetta hefur kerfið leitt af sér. Eftir þessu hefur verið kallað. Og það er hlægilegt, herra forseti, að Alþingi skuli þá ekki treysta sér til þess að ræða hlutina á þessum grunni. Við erum núna að loka þeim hring að gera öll fiskveiðiréttindi þeirra tegunda á Íslandsmiðum sem hámarksafli er á að framseljanlegri söluvöru. Og þá eigum við að nefna þau verðmæti við erum hér að fjalla um. Það er fullkomlega óþolandi fyrir þá sem eru jafnframt að fjalla um velferðarmálin í þinginu, hvort heldur það eru almannatryggingar, heilbrigðismálin að öðru leyti eða mennta- og menningarmál, að þegar þessir stóru hagsmunir koma til sögunnar þá skuli enginn vilja vita um hversu mikla peninga er að ræða, hversu miklir fjármunir eru hér til umfjöllunar, á meðan við erum látin bítast nánast um þúsundkallana þegar velferðarkerfið er annars vegar. Þetta er ekki forsvaranlegt, herra forseti, og ég er handviss um að þingmenn margir hverjir vilja ræða þessa hluti á öðrum grunni en verið hefur. Og þeim sem starfa í greininni er enginn greiði gerður með því að fara með þetta eins og leyndarmál. Við skulum bara tala um hlutina eins og þeir eru. Það er venjulega best.

Herra forseti. Ég fór fram á það í störfum nefndarinnar að Þjóðhagsstofnun svaraði nokkrum spurningum um tillögur meiri hluta sjútvn. um sóknardaga og millifærslusjóði. Það var reyndar svolítið erfitt. Þjóðhagsstofnun fékk sendar spurningarnar en ekki brtt. og það var hluti af þeim erfiðleikum sem við var að etja í nefndarstarfinu að brtt. voru ekki til sýnis. Eigi að síður voru þær niðurstöður sem komu úr þessum spurningum áhugaverðar. Ég ætla að fara yfir það, herra forseti, hverjar spurningarnar voru og hvaða svör bárust vegna þess að ég held að rétt sé að við séum með þetta algerlega á hreinu.

Fyrsta spurningin fjallaði um það hvað afli krókabáta ykist með fjölgun sóknardaga úr 9 í 23 miðað við meðalafla á sóknardag á síðasta fiskveiðiári. Það kom í ljós, herra forseti, að meðalafli í þessum kerfum, sóknardagakerfunum, var annars vegar 1,5 tonn og hins vegar 1,2 tonn og út frá þeim forsendum var svar þeirra það að aflinn ykist um 6 þúsund tonn á ári. Ég spurði þá í framhaldinu hvers virði það magn væri miðað við leigu innan árs og miðað við varanlega sölu á verðlagi annars vegar í flokki þorskaflahámarksbáta og hins vegar í flokki aflamarksbáta.

Í stuttu máli er hægt að segja það að hér var verið að tala um upphæðir frá 250 milljónum upp í 5 milljarða. Við erum að tala þarna um að ákveðinn bátaflokkur geti bætt við sig 6 þúsund tonnum í veiði og í varanlegri sölu, miðað við verð á varanlegum aflaheimildum, eru það 5 milljarðar.

Það getur vel verið að enginn hrökkvi við og öllum finnist þetta sjálfsagt. Nei, það er reyndar ekki þannig. Okkur finnst þetta nefnilega ekki sjálfsagt. Okkur finnst þetta ekki sjálfsagt. Við eigum að ræða það.

Ég spurði líka um aflaheimildir millifærslusjóðsins sem Byggðastofnun á að fá til úthlutunar. Þar var svarið 1 milljarður. Svo spurði ég um hvaða gangverði mætti gera ráð fyrir á framseljanlegum sóknardegi, bæði við varanlega sölu og við leigu innan ársins. Þá var vísað til úttektar í Dagblaðinu, vegna þess að auðvitað var DV eins og aðrir fjölmiðlar komið á tærnar yfir þessum málum vegna þess að þeir vita að þó að Alþingi hafi kannski ekki áhuga á að ræða þetta þá vill þjóðin fá að vita hvaða verðmætum er hér verið að deila milli aðila. Það kom fram að aðili sem þeir báðu um

að reikna skaut á það að leigudagurinn yrði ígildi 1 tonns af fiski. Ég var að segja áðan að veruleikinn hefði verið sá að það var frá 1,2 upp í 1,5 tonn. Og hann giskaði á að dagurinn mundi hugsanlega verða á 500 þús. kr. Þetta er nokkuð sem menn ættu að gera sér grein fyrir um leið og þeir breyta kerfinu. Um þetta höfum við hins vegar ekki fjallað formlega í nefndinni.

Herra forseti. Það sem hér er verið að gera, ef menn ætla að samþykkja það frv. og brtt. sem liggja fyrir, er að hvorki er verið að tryggja réttlæti né vinnufrið. Hvort tveggja er mjög alvarlegt. Ég ætla að víkja að vinnufriðnum.

Það er alveg ljóst að þeir sem vinna í sjávarútvegi hafa velflestir fengið nóg af þeim ófriði sem staðið hefur um fiskveiðistjórnarkerfið og þær úthlutunarreglur sem þar hafa verið. Það kom líka fram hjá Landssambandi smábátaeigenda í umsögn þeirra að þeirra umbjóðendur vilja fá tryggara vinnuumhverfi. Það sem hér á að gera, þær lagabreytingar sem hér eiga að fara fram, tryggja ekki vinnufrið. Þær tryggja miklu frekar að það verður um áframhaldandi dómsmál að ræða. Það verður áframhaldandi og vaxandi ólga í samfélaginu vegna þessara reglna. Þó að menn skildu þetta með framsal á fiski sem væri enn syndandi í sjónum, þá voru þeir ósáttir við það. En menn skilja ekki framsal á dögum og verða seint sáttir við það. Hér er því ekki verið að tryggja vinnufrið.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar styrkja í rauninni það sem hefur verið kallað gjafakvótakerfi. Þau auka óréttlætið og ólguna á meðan þjóðin bíður þess að sameignarákvæði 1. gr. um stjórn fiskveiða fari að virka og að jafnræðis verði gætt. Það hefur komið fram, herra forseti, að við viljum endurskoða lögin í ljósi dóms Hæstaréttar þannig að kröfunni um jafnræði og réttláta skiptingu verði svarað.

Að lokum, herra forseti. Það er merkilegur fylgifiskur þessa frv., sem er ástæða til þess að vekja athygli á, að búið er að ákveða veiðileyfagjald. Nú liggur það naglfast fyrir. En það á að renna til þeirra sem hafa fengið úthlutun ókeypis, hafa fengið gjafakvóta á forsendum sem hljóta að teljast hæpnar sé litið til dóms Hæstaréttar.

Af hverju er búið að ákveða veiðileyfagjald, herra forseti? Jú, núna er allur veiðiréttur á Íslandsmiðum framseljanlegur. Þeir aðilar sem koma nýir inn í kerfið komast hvergi að, öðruvísi en að kaupa veiðiréttinn sérstaklega. Hann á að kaupa sérstaklega, bútaðan niður í smásölueiningar, ekki hefur enn þá fengist gefið upp hversu litlar þær einingar þurfa að vera, það er eitt af því sem ekki er ljóst. Hversu litlar þurfa einingarnar að vera til að vera passlega stórar fyrir það smásölukerfi sem verið er að koma á með auðlindina í öllum tilvikum?

En það er alveg klárt, herra forseti, nú er búið að ákveða veiðileyfagjaldið, gallinn er hins vegar sá að það á ekki að renna til eigenda auðlindarinnar, það á ekki að renna til þjóðarinnar sem er samkvæmt 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða eigandi fiskstofnanna við landið. Nei, það á að renna til þeirra sem fyrir eru í kerfinu og, herra forseti, það er vond niðurstaða.

[15:46]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom ekki á óvart að hv. þm. skyldi lýsa því yfir að að hennar mati væri rétt að gera víðtækari breytingar á frv. og það væri stefna stjórnarandstöðunnar að það skyldi gera og það væri afstaða stjórnarandstöðunnar að dómur Hæstaréttar hefði þá merkingu að einnig ætti að gera breytingar á 7. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Ekkert af þessu kom á óvart.

Hitt kom mjög á óvart að í ítarlegri ræðu skyldi talsmaður stjórnarandstöðunnar í umræðunni ekki víkja einu orði að því að þessum sjónarmiðum ætti að fylgja eftir með tillöguflutningi á Alþingi þannig að þingið gæti tekið afstöðu til ólíkra kosta í þessu efni. Ég segi fyrir mitt leyti, ég væri mjög fús til þess og hefði mikinn áhuga á því að fá að ræða þá kosti sem stjórnarandstaðan segist hafa í málinu. En því miður kom ekki fram í ræðu hv. þm. að það ætti að gefa þinginu kost á að ræða þessar mismunandi útfærslur. Ég vildi því fá að spyrja hv. þm.: Hvers vegna hefur þessum málflutningi ekki verið fylgt eftir með tillöguflutningi sem Alþingi og þjóðin geta þá tekið afstöðu til?

[15:48]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að við erum að ræða stjórnarfrv. þar sem gert er ráð fyrir tilteknum viðbrögðum við dómi Hæstaréttar.

Við viljum fara allt aðra leið og henni er lýst nákvæmlega í því nál. sem liggur fyrir. Niðurstaða mín er sú að við séum kannski ekki miklu bættari með því að fella þá tillögu sem minni hlutinn vildi leggja til. Hins vegar er búið að dreifa hér tillögu sem er nokkuð í þá veru.

En, herra forseti, ég met það svo að fyrir hæstv. ráðherra ætti að vera nóg að hann lesi síðasta hluta nál. minni hlutans og þar liggur fyrir, bæði fyrir hann og aðra, mjög nákvæmlega útskrifað hvernig við viljum að farið sé í þetta. Ég veit ekki hvort það bætir okkur mikið þó við bærum fram tillögu sem væri nákvæmlega um þetta, en það getum við auðvitað gert hvenær sem er þegar við viljum fá umræðu um okkar mál en erum ekki bundin af því að ræða út frá forsendum sem ráðherrann hefur sjálfur lagt.

[15:49]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef engar forsendur lagt fyrir stjórnarandstöðuna, hún hefur fullt frelsi til þess að flytja tillögu. Hún hefur lýst því að það eigi að bregðast við með öðrum hætti og það kann vel að vera að í slíkum tillögum kæmi eitthvað nýtilegt fram. Engin útlistun eða grein hefur verið gerð fyrir því hvernig stjórnarandstaðan vill framkvæma sína hluti og ekki er hægt að taka afstöðu til þess fyrr en það liggur fyrir í þingskjölum eða tillögum.

Það kann vel að vera, ekki ætla ég að fullyrða að maður yrði á móti því öllu, ef eitthvað væri skynsamlegt í því þá yrði það að sjálfsögðu tekið til greina.

En hvers vegna fær þingið ekki að taka afstöðu til þessa? Hvers vegna fær þjóðin ekki að sjá þetta? Af hverju á að vera að pukrast með það og halda því fram að það sé eitthvað sem kemur svo aldrei fram? Þessi málflutningur hefur staðið núna í fjögur ár og nú er kjörtímabilið bráðum á enda runnið og aldrei kemur neitt fyrir þingið.

[15:50]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er ég hætt að skilja. Þessi málflutningur hefur staðið í fjögur ár, segir hæstv. ráðherra. Ég stóð í þeirri meiningu að við værum að ræða hér dagskrárefnið Stjórn fiskveiða, frv. sem hæstv. ráðherra flutti og síðan brtt. meiri hluta sjútvn. Ef það er misskilningur, herra forseti, vænti ég

þess að það verði leiðrétt hið snarasta ef umræðan í dag á að snúast um eitthvað sem er búið að bíða eftir í fjögur ár.

Hins vegar hvað þjóðina varðar er það nú svo, herra forseti, að hún skilur mætavel hvað stjórnarandstaðan er að tala um enda hefur það hvergi verið falið. Það hefur margoft komið fram og ítrekað og nú síðast í því nál. sem fyrir liggur. Hins vegar er jafnljóst að hæstv. sjútvrh. hefur hvorki kært sig um að hlusta né skilja en það er hlutur sem ég get ekki ráðið við.

[15:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að öllum hefði verið það ljóst þegar ríkisstjórnin lagði fram þetta frv. að tilgangurinn var að koma í veg fyrir að það gæti orðið svo mikil fjölgun í kvótabátunum að ekkert lífsrými yrði eftir fyrir þá sem fyrir voru. Ég hélt að öllum hefði verið ljóst að þetta var gert til þess að koma í veg fyrir að það yrði svo mikill fjöldi skipa að enginn gæti lifað á því. Þess vegna var verið að takmarka þetta, þess vegna var verið að tryggja atvinnuréttindi þeirra sem voru þar fyrir. Svo geta menn deilt um það hversu vel hafi tekist til.

En ég spyr þess vegna hv. þm.: Er hv. þm. á móti því að við takmörkum þetta? Telur hún rétt að láta þetta vera opið öllum til krókaveiðanna? Telur hún rétt að hafa það þannig bara og bíða svo og sjá þangað til að enginn getur lifað af þessu, þangað til afkoman er orðin svo léleg að enginn hefur möguleika til að lifa af þessu?

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hana: Hvaðan kemur hv. þm. það að segja í fréttum að það að Byggðastofnun hafi til ráðstöfunar aflaheimildir sé merking um spillingu? (**SvG:** Hvað segir þingmaðurinn um veiðileyfin?)

[15:53]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég hef aldrei haldið því fram að það ætti að opna öllum aðgang að miðunum á Íslandi. Það sem ég hef verið að tala um eru réttlátar reglur þannig að allir standi jafnir að því að fá aðgang að miðunum á Íslandi. Við erum áreiðanlega sammála um það, ég og hv. þm., að miðin á Íslandi þola hvorki óhefta sókn né heldur teljum við að það sé heppilegt vegna annarra atriða að hér sé óhæfilega stór fiskiskipafloti. Það er því útúrsnúningur eða misskilningur ef hv. þm. hefur lesið orð mín þannig, en ég vil réttláta úthlutun og þess vegna vil ég aðrar úthlutunarreglur.

Einmitt þess vegna óttast ég að það fylgi því spilling þegar menn fara að stýra úthlutun eftir óskýrum reglum. Það er nákvæmlega það sem verið er að bjóða upp á í svokölluðum Byggðastofnunarpotti.

[15:54]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann að vera að þær tillögur sem hér liggja fyrir frá meiri hlutanum séu ófullkomnar og ég er eiginlega á þeirri skoðun að þær séu mjög ófullkomnar. En ég sakna þess að stjórnarandstaðan hefur ekki lagt fram eina einustu tillögu um það hvernig við getum þá gert þetta betur. Ég lít þannig á, herra forseti, að útlitið fyrir mörg byggðarlög úti um landið, ég tala nú ekki um Norðurland, sem eiga allt sitt undir úthafsrækjuveiði, eins og horfir nú um það, þá sé það bara góðs viti og við þurfum á því að halda innan tíðar að Byggðastofnun eigi möguleika, vonandi þarf ekki að nota það en það sé bara af hinu betra að við hefðum slíkan möguleika. Byggðastofnun og stjórn hennar hafa að áliti mínu ekki sýnt fram á það að hún sé fyrir fram merki um spillingu. Hún hefur getað gert þetta, við þurfum á því að halda því miður, og þess vegna skulum við hafa þetta inni. Ef ekki reynir á það kemur það engum að sök, ekki skemmist veiði.

[15:55]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reifaði í ræðu minni áðan ýmis viðhorf varðandi byggðakvóta, varðandi það hvernig væri hægt að fara í þessa hluti, hvaða spurningum þyrfti að svara og hvaða álitaefni þyrfti að skoða. Ég þarf ekki að endurtaka það en ég lýsti því yfir að ef menn vildu fara slíka leið værum við tilbúin til þess en sá tími sem hefur verið gefinn er allt of skammur. Þess vegna þá er þetta vanbúið.

Það er alveg rétt sem hv. þm. segir: Á meðan úthlutunarkerfið er eins og það er getur vel verið að það þurfi alls kyns viðlagasjóði og plástra. Því miður er það svo og það er kannski skýrasta viðurkenningin sem hér liggur fyrir á því hvað úthlutunarkerfi veiðiheimilda er orðið vitlaust og óréttlátt.

Ég vil frekar breyta úthlutunarkerfinu þannig að þar sé jafnræðis gætt en að við förum með það í þann farveg að búa til pott eftir pott, nýjan og nýjan, þrengjum úthlutunarreglurnar, búum til nýjar til að krækja fyrir hver vanda. Það er kerfið sem þeir fullreyndu í Sovétríkjunum, við þurfum ekki að taka nýja æfingu hér.

[15:57]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. að hann taldi að millifærsla bæri vott um spillingu. Ég vil rifja upp að jafnaðarstefnan í heild sinni byggir á millifærslu, og velferðarkerfið sem er upp á 200 milljarða kr. er eitt allsherjar millifærslukerfi.

Mig langar að vekja athygli á því sem fram kom í máli hv. þm. að mat hans væri að það þyrfti að endurskoða lögin út frá dómnum í þá veru að taka upp nýja og réttláta úthlutunarreglu. Hins vegar kom hvergi fram í máli þingmannsins hver sú úthlutunarregla ætti að vera og hvert væri hið mikla réttlæti sem menn ættu að uppfylla. Menn geta vissulega haft þá skoðun að svona þurfi að gera en menn þurfa þá að segja nánar um hver skoðunin er. Orðin „réttlát úthlutunarregla" er bara frasi meðan ekki er útskýrt hvað átt er við með því.

[15:58]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Það er alveg merkilegt, herra forseti, þegar þingmenn Framsfl. og Sjálfstfl. tala að þeir gera engan greinarmun á atvinnulífinu og velferðarkerfinu. Það er bara enginn greinarmunur þar á. Þeim finnst það jafnsjálfsagt að vera með styrki, uppbætur, millifærslu og hvað þeir vilja kalla það í atvinnulífinu og í velferðarkerfinu.

Þarna greinir nefnilega framsóknarmenn og sjálfstæðismenn á við okkur jafnaðarmenn sem erum sannfærð um, og á því byggir meginhugsun okkar, að atvinnulífið eigi að spjara sig. Til þess gerum við kröfur vegna þess að það á að vera undirstaða þeirrar velferðar sem við viljum að fólkið búi við. Þess vegna finnst okkur líka eðlilegt og sjálfsagt að nota afraksturinn af atvinnulífinu til þess að jafna lífskjörin í landinu með því sem við höfum kallað velferðarkerfi. Þannig

er það, herra forseti, og mér þykir ótrúlegt hversu hratt hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gleymir því sem hann eitt sinn trúði á og vildi.

[15:59]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær veiðiheimildir sem Byggðastofnun er ætlað að hafa til ráðstöfunar ef á þarf að halda er ekki almenn úthlutun í atvinnulífi. Það er viðlagaákvæði til að bregðast við þar sem atvinnulíf hefur hrunið. Það verður bara að skilja milli mín og hv. þm. ef þingmaðurinn er ósammála því að fólkið í þeim byggðarlögum þar sem búið er að selja burtu kvótann eigi einhvern rétt á aðstoð frá hinu opinbera í formi veiðiheimilda. Það eru út af fyrir sig skýr skil á milli pólitískra viðhorfa.

Mig langar að vekja athygli á því að jafnaðarmenn sem allt þetta kjörtímabil hafa talað fyrir veiðileyfagjaldi og sagt: við erum með skýrar tillögur um veiðileyfagjald, að bjóða upp veiðiheimildirnar, — nefna ekki þessar tillögur í áliti sínu núna. Nú tala þeir um réttlátt úthlutunarkerfi. Ég skil það svo, herra forseti, að þingmenn jafnaðarmanna séu á harðahlaupum undan tillögum sínum um veiðileyfagjald og kjósi helst að minnast ekki á þær þegar rætt er um stjórn fiskveiða.

[16:00]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fólkið í byggðarlögunum, sem hv. þm. vísar til, á rétt á réttlátara kerfi. Það á rétt á jafnrétti. Það á ekki að þurfa að búa við úthlutunarkerfi sem byggir á mismunun og einhverju sem það sjálft hefur ekkert með að gera. Fólkið á rétt á kerfi sem byggir á jafnræði og 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða en ekki á því ákvæði laganna sem undirbyggir nánast fullkominn einkaeignarrétt á þeim veiðirétti sem er hér á Íslandsmiðum. Þarna greinir okkur sannarlega á.

Varðandi hitt, þá vil ég vekja athygli þingmannsins á þeim tillögum sem fram koma í nál.: „Það er tillaga minni hlutans að Alþingi endurskoði lögin," o.s.frv., en þar segir í IV. kafla, 2. tölul. :

„Því sem segir í dómi Hæstaréttar um sambærilega hlutdeild í sameigninni verði mætt með auðlindagjaldi sem getur myndast við uppboð veiðiheimilda eða veiðileyfagjaldi sem lagt yrði á með öðrum hætti."

Þar liggur það fyrir, herra forseti.

[16:01]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög merkilegt að heyra talsmenn minni hlutans tala fyrir máli sínu. Þegar við lítum t.d. til samtala sem nefndarmenn hafa átt við sérfræðinga, ekki aðeins lögmenn heldur sérfræðinga í lögum, fræðimenn á því sviði, hafa þeir og nánast allir sagt nefndinni að dómurinn snúist einungis um 5. gr. laganna.

Þau atriði sem hv. ræðumaður tók fram að þyrftu frekari endurskoðunar við vegna dómsins, eru ekki í þessari grein heldur í öðrum greinum laganna sem ekki eru háð ákvæðum 5. gr. Ég vænti þess, herra forseti, að við fáum nánari skýringar á þessu.

Mér finnst merkilegt að heyra hv. þm. tala sem svo að með þessu frv. og breytingum meiri hluta nefndarinnar séu réttindi til veiða á miðunum við Ísland einkavædd. Hver er breytingin, herra forseti? Það má flytja veiðidaga á milli smábáta. Það er það eina sem breytist.

En mátti ekki flytja þá á milli báta áður? Jú, herra forseti, en einungis ef þeir voru seldir.

[16:03]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að einungis 5. gr. var skotið til réttarins. Hins vegar fjallar Hæstiréttur um ýmis fleiri atriði en þau sem taka til 5. gr. Fyrir utan það geta menn síðan verið fullkomlega ósammála um hvernig túlka beri niðurstöðuna varðandi 5. gr.

Vegna þess að hér er vísað í samtöl við sérfræðinga, herra forseti, þá kemst ég ekki hjá að nefna að margs hefur verið spurt og menn hafa reynt að ná til botns í tilteknum efnisatriðum þess sem hæstv. ríkisstjórn er að reyna að gera. Það verður að segjast eins og er að þegar menn geta aldrei svarað svo skýrt að skiljist, þá fer okkur auðvitað að gruna að viðkomandi átti sig ekki sjálfir nógu vel á viðfangsefninu. Það er hættulegt. Það er hættulegt, herra forseti, þegar verið er að fjalla um jafnstórt mál og þetta að maður geti ekki einu sinni treyst því að skilningurinn sé það skýr að hægt sé að koma því frá sér svo allir skilji. Ég óttast að það eigi við í allt of mörgum atriðum þessa máls.

[16:04]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra að hv. þm. telur álit lögmanna og fræðimanna í lögum, sem við höfum fengið, ekki nægilega vel hugsuð eða skýr. Ég verð hins vegar að viðurkenna að fyrir mér er þessi skoðun þingmannsins pólitísk afstaða til þess sem fyrir liggur og getur varla talist eðlilegur mælikvarði á skilning og túlkun fræðimanna eða annarra stjórnmálamanna sem hér eru að störfum. Ég tel einfaldlega ljóst að þetta sé efnislegt atriði en ekki lagalegt, eins og hv. þm. vill halda fram.

[16:05]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei gefið mig út fyrir að vera hér á Alþingi til að stunda fræðilegar túlkanir. Ég er í pólitík og svo er einnig um hv. þm.

Hins vegar eru kallaðir til fræðingar sem eiga að vísa mönnum veginn með ákveðnum útlistunum. Okkur hlýtur í flestum tilfellum að greina á um hvernig beri að skilja, ekki síst þegar útskýringarnar eru þannig að tilfinningin segir manni að viðkomandi viti vart sjálfur um hvað hann er að tala, svo stórt sé álitaefnið. Það er alvarlegt, herra forseti. Það getur vel verið að í slíkum tilfellum geti menn vænt hver annan um skilning sem meira sé í ætt við misskilning en fyrst og síðast hlýtur pólitíkin að ráða niðurstöðunni. Það gerðist þegar hæstv. ríkisstjórn ákvað að fara þá leið sem hér er farin og einnig hjá meiri hluta nefndarinnar þegar hann ákvað að leggja fram brtt. sínar. Það er nefnilega pólitísk aðferð og niðurstaða sem hér er fjallað um en ekki fræðileg, hvað sem öllum sérfræðingum líður.

[16:06]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Til stóð að greidd yrðu atkvæði um afbrigði á þessum tíma en því miður næst það ekki fram. Því verður forseti að reikna með að eftir næstu ræðu fari fram atkvæðagreiðsla um afbrigði. Næsti ræðumaður er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og forseti verður að áætla að ræðu hans ljúki milli

klukkan hálfsex og sex. Forseti biður þingmenn um að vera í húsinu um það leyti til að taka þátt í atkvæðagreiðslu um afbrigðin.

[16:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að hafa til hliðsjónar þann ramma um ræðuhöld mín sem hæstv. forseti gaf upp, að vísu án samráðs við mig. Ég tel að mér verði ekki skotaskuld úr því að fylla upp í þennan tíma þannig að umrædd atkvæðagreiðsla um afbrigði geti farið fram einhvern tíma á milli klukkan hálfsex og sex. Ef þörf verður geri ég fúslega hlé á máli mínu til þess að hún megi fara fram, herra forseti. En að gamni slepptu þá fór forseti nálægt því að hitta naglann á höfuðið. Ég reikna með að mál mitt taki um eina til eina og hálfa klukkustund.

Fyrst, herra forseti, er ekki hægt annað en fara örfáum orðum um vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli. Það er að vísu kannski þreytandi að rifja upp það sem hér hefur orðið tilefni orðaskipta, bæði í umræðum um störf þingsins og eins fyrir jólahlé. Hins vegar liggur fyrir að öll tök hæstv. ríkisstjórnar og meiri hluta þingsins á þessu máli hafa einkennst af miklu fljótræði. Það er langt frá því að mikilvægi málsins og alvarleik sé nægjanlegur sómi sýndur.

Þingið var kallað saman í miklum flýti 6. janúar og mátti öllum ljóst vera að sá naumi tími sem þar með var gefinn til að vinna að málinu yfir hátíðarnar, var ónógur. Enda kom það á daginn, oftar en ekki, að þeir sem þingnefndin leitaði til um sérfræðiaðstoð treystu sér ekki til þess að reiða hana fram innan þessa tímaramma, með tilliti til þess að þarna var aðeins um sárafáa virka daga að ræða.

Ég held í öðru lagi, herra forseti, að sú sérkennilega ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar, sem reyndar er býsna venjuleg þar á bæ, að rjúka til og velja til að eigin geðþótta nokkra lögfræðinga, skipa þá sem sérstaka sérfræðinefnd stjórnvalda og ganga síðan út frá áliti þeirra sem algildum sannleik, orki nokkuð tvímælis. Með þessu er ég ekki að kasta rýrð á þá ágætu menn sem í þessu tilviki áttu í hlut. Ég veit að þeir reyndu að vinna sitt verk vel. Ég bendi hins vegar á að í samtölum þeirra við sjútvn. kom fram að þeim var frá byrjun settur mjög þröngur rammi um sitt verk. Ramminn var sá að túlka dóm Hæstaréttar og koma með lágmarks- eða óumflýjanleg viðbrögð við honum. Punktur. Málið var því aldrei skoðað frá víðara sjónarhorni þannig að menn veltu t.d. fyrir sér öðrum mögulegum viðbrögðum en þeim sem hér eru á dagskrá.

Í þriðja lagi, herra forseti, tel ég ljóst að hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér aldrei að gera annað en að breyta löggjöfinni þannig að menn slyppu fyrir horn að eigin mati hvað varðaði dóm Hæstaréttar. Ríkisstjórnin tók þá pólitísku ákvörðun að nota ekki tækifærið til að staldra við og velta fyrir sér, með grundvallaryfirferð í málinu, hvert menn stefndu með íslenska fiskveiðilöggjöf. Það læddust væntanlega engar efasemdir að hæstv. ríkisstjórn. Nei, tekin var pólitísk ákvörðun um að bregðast þannig við dómi Hæstaréttar að leita að smugum fyrir hornið og láta það nægja.

Nú er vandi Alþingis sá, herra forseti, við þessar aðstæður, að það er í sjálfu sér ekki einfalt að meta dóm Hæstaréttar og túlka hann. Ég hef tekið undir það og viðurkennt. Málið er ekki það ítarlega reifað og menn hafa gert nokkuð í því að lesa mismunandi hluti út úr honum. Ég held að það sé jafnhættulegt, hvort heldur að oftúlka dóminn eða vantúlka hann. Öfgarnar í báðar áttir eru að mínu mati jafnvitlausar. Það sérkennilega er að ríkisstjórnin eða meiri hluti hennar, að vísu á grundvelli álits lögfræðinganna, velur þann kost að oftúlka dóminn algjörlega á aðra hliðina en vantúlka á hina.

Hvað á ég við með þessu, herra forseti? Ég á við það að í þessu frv. felst að úreldingarreglum eða takmörkun á stærð íslenska fiskiskipastólsins er kastað algjörlega, líkt og það sé niðurstaða Hæstaréttar að hér eftir megi löggjafinn og stjórnvöld á Íslandi ekki stjórna stærð fiskiskipastólsins. Á hinn bóginn er ekki hróflað við aflamarkskerfinu. Er þetta rökrétt niðurstaða eða viðbrögð við dómi Hæstaréttar? Ég hef miklar efasemdir um það og mun fara ítarlegar yfir það á eftir. Þær efasemdir byggi ég ekki síst á því að þessar tvær takmarkanir, annars vegar rúmmálstakmarkanirnar, stærð fiskiskipastólsins, og hins vegar aflamarkstakmarkanirnar eru af sömu rót runnar. Þær eru af sömu rót og hafa verið keyrðar samsíða jafnlengi.

Hvers vegna skyldi þá önnur setja ólíðandi fyrirfarandi tálmun gagnvart nýjum aðilum en ekki hin? Hver vegna? Þarf ekki að rökstyðja svolítið betur að annað sé alls ekki hægt að gera vegna Hæstaréttar, að stjórna stærð fiskiskipastólsins, en hins vegar megi stýra sókninni í stofninn upp á kíló og grömm og binda þau sérgreindu réttindi við einstaka aðila sem sækja rétt sinn aftur í fortíðina? Þetta er ekki rökrétt, herra forseti. Ég er sammála því áliti sem komið hefur fram hjá m.a. Sigurði Gizurarsyni lögmanni og einnig, að mér skilst, frá Sigurði Líndal, þó að ég hafi það ekki undir höndum, að þetta sé fráleit túlkun.

Herra forseti. Í umræðum síðustu daga og reyndar því miður einnig hér í dag að verulegu leyti hefur athyglin beinst að öðru en aðalatriði málsins, þ.e. dómi Hæstaréttar og viðbrögðum við 5. gr. Athyglin og orkan hefur eins og venjulega, a.m.k. sl. átta ár þegar sjávarútvegsmál ber á góma á Íslandi öll farið í smábáta. Það er þannig því miður að svo til öll umræða um sjávarútvegsmál og orka í vinnu að sjávarútvegsmálum hefur í þinginu á þessu árabili farið í þennan afmarkaða þátt málsins, svo mikilvægur sem hann er að sjálfsögðu. Á því eru líka ýmsar skýringar, m.a. þær að mönnum hafa verið þar alveg sérstaklega mislagðar hendur. En það er samt dapurlegt að þegar þetta stóra grundvallaratriði kemur upp í kjölfar dóms Hæstaréttar, — þ.e.: Stenst löggjöfin, stenst sjálf grundvallarlöggjöfin sem við höfum verið að reyna að notast við til að stjórna sókn í fiskstofnana? — þá færist smátt og smátt eins og venjulega fókusinn af því og þungi umræðunnar yfir á þetta stórfellda vandamál sem er sókn minnstu bátanna á Íslandsmiðum. Það er eins og himinn og jörð séu að farast þegar þau mál ber á góma. Ég ætla þó hafandi sagt þetta, herra forseti, að hlaupa aðeins á því sem meiri hlutinn leggur til og þeim breytingum sem þar eru gerðar frá frv. en tímans vegna að fara þar hratt yfir sögu og koma aftur á síðari stigum máls míns að grundvallarmálinu sjálfu, dómi Hæstaréttar og viðbrögðum meiri hlutans við þeim dómi og breytingunum sem hér eru lagðar til fyrst og fremst á 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða og því sem ekki er lagt til í framhaldi af dómi Hæstaréttar, þ.e. breytingum á sjálfu aflamarkskerfinu.

Herra forseti. Ég ætla að nefna nokkur efnisatriði sem mér finnst standa upp úr hvað varðar brtt. sem snúa að smábátunum, fyrst og fremst brtt. við 2. gr. frv., þ.e. 6. gr. laganna um stjórn fiskveiða sem fjallar um veiðar smábáta eða krókabáta og hefur gert, 6. gr. og 6. gr. a. Þar er lögð til sú breyting að meðafli þorskaflahámarksbáta, þ.e. afli þeirra

í ýsu, ufsa og steinbít verði tekinn inn í kvóta. Nú hefur þetta kerfi verið keyrt þannig frá því það kom til sögunnar á grundvelli vals á árinu 1995, ef minni mitt svíkur ekki, að menn hafa sótt frjálst í þessar tegundir. Síðan hefur verið gert ráð fyrir þeim afla með skerðingu á úthlutuðu aflamarki í þessum tegundum áður en það kemur til skipta til þeirra sem sækja í aflamarkskerfi. Ég er að sjálfsögðu sammála því að ekki er gott til frambúðar að hafa þetta opið á þennan hátt. *Um það getur auðvitað seint orðið friður að einhver hluti* flotans geti sótt óhindrað í tegundir, verðmætar tegundir sem aðrir verða að sæta miklum takmörkunum á. En hvernig botninn er sleginn í þetta skiptir auðvitað máli. Þar kemur upp spurning um sanngirni í báðar áttir. Staðreyndin er sú að þessir bátar hafa aukið tekjur sínar að sjálfsögðu með veiðum á þessum tegundum undanfarin ár. En það er líka staðreynd að þeir eru í raun og veru að auka sitt olnbogarými á kostnað annarra því skerða verður úthlutað aflamark til annarra skipa sem nemur því sem þarna kemur varanlega til skiptanna. Þarna fyndist mér vel koma til greina að fara einhverja meðalhófsleið þannig að þessum bátum yrðu að sjálfsögðu tryggð einhver réttindi í samræmi við þá sókn sem þeir hafa ástundað. En það er ekki endilega sjálfgefið að allir og þar á meðal þeir sem hafa veitt þarna langmest fái að skapa sér að fullu varanleg réttindi á grundvelli þeirra veiða af því það skerðir hlut annarra. Og það er nú einu sinni þannig að ef einn stækkar sína sneið af fastri köku, þá minnkar sneið annars. Svo geta menn um það deilt hvort fyrir því séu fiskifræðileg eða líffræðileg rök og það er önnur saga.

Það sem meira er, herra forseti, þau réttindi sem þessi hluti hópsins fær nú verða að sjálfsögðu umsvifalaust gerð framseljanleg. Þau verða verðmæti í anda þess að viðskiptin voru einnig innreidd í þennan hóp með breytingum hér á síðustu tveimur vorum sem hafa gert þessi réttindi framseljanleg, einnig hjá krókabátum. Þá skulum við líta aðeins til baka og minnast þess að það var aldrei ætlunin eða hvað að hleypa þessu viðskiptaeðli inn í þennan þátt útgerðarinnar. *Aldeilis ekki, nei. Ætlun manna var einmitt sú, um* það hefur slagurinn staðið, að verja það frjálsræði sem þarna væri á ferðinni og að þarna yrði ekki um að ræða uppskipt sérgreind réttindi sem gengju kaupum og sölum eins og í aflamarkskerfinu almennt.

Herra forseti. Í þriðja lagi er með þessu verið að loka allt inni í einu afmörkuðu framseljanlegu kerfi. Það er alveg ljóst að í kjölfar þeirra breytinga sem nú eru lagðar til mun allur þorri þeirra báta sem sótt hafa á grundvelli handfæra- og línuleyfa eða handfæraleyfa velja að fara inn í þorskaflahámarkskerfið. Með öðrum orðum er hér á ferðinni enn eitt þvingaða valið þar sem mönnum er stillt upp frammi fyrir tveimur kostum eða þremur og þeir neyddir til þess með tiltölulega skömmum fyrirvara að velja í verulegri óvissu um það hvor kosturinn komi í fyllingu tímans til með að reynast þeim betri. Þetta er í þriðja og þó má að sumu leyti segja í fjórða skiptið sem þessi sami háttur er hafður á, að menn eru látnir við mjög óvissar aðstæður velja milli tveggja kosta sem síðar getur komið á daginn að valdi gífurlegri mismunum og færi mikla hagsmuni til eða ráði miklum hagsmunum þegar frá líður. Upphaflega þvingaða valið af þessum toga var 1990 þegar öllum smábátum var gert að velja annaðhvort aflamark eða krókaleyfi og allir þekkja þá sögu, hvernig það hefur farið. Síðan hefur mönnum verið gert í tvígang að velja á árunum 1994–1996 og hér er nú, sýnist mér, a.m.k. þriðja ef ekki fjórða þvingaða valið sett upp af þessu tagi.

Það á að heita svo að í 6. gr. laganna verði áfram, þ.e. sbr. brtt. við 2. gr. frv., útfærðar reglur um svonefnt handfæraleyfi eða handfæraveiðar með dagatakmörkunum og tekur það kerfi gildi frá og með 1. september árið 2000. Það er útfært með þeim sérkennilega hætti að sá hluti íslenska flotans má aðeins stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 30. september ár hvert. Ég verð að segja alveg eins og er að *mér finnst skorta pínulítið á rökstuðning fyrir því að* þessir bátar megi t.d. ekki veiða fyrstu dagana í október eða síðustu dagana í mars. Menn gætu kannski sæst á að fyrir því væru viss rök að takmarka þetta eitthvað umfram aðra, og þó. Hvers vegna skyldu aðrir smábátar, jafnvel minni en þeir sem kynnu að velja þetta handfærakerfi, mega sækja allt árið en ekki þessi hópur? Við lýði var í eina tíð sérstök takmörkun í mánuðunum desember og janúar og það gátu verið rök fyrir því að stýra þessari sókn af svartasta skammdeginu. En það leita á mig verulegar efasemdir um að þetta sé réttlætanlegt eða á því sé sérstök þörf að takmarka þetta svona. Ég held að þetta kerfi, herra forseti, sé fyrst og fremst fræðilegt, að sárafáir muni velja þetta. Þetta er einhver friðþæging. Þetta er skilið þarna eftir sem fræðilegur möguleiki til að einhverjum líði betur sem eru meiddir á sálinni yfir því að loka síðustu smugunum fyrir frjálsa sókn eða sókn sem ekki lýtur skömmtun aflamarkskerfisins, jafnvel á hinum minnstu skeljum.

Í fjórða lagi vil ég nefna mjög sérkennilegan frágang, herra forseti, á einu atriði þessa máls en það varðar það sem ég áður nefndi að afli þorskaflahámarksbáta í tegundunum ýsu, ufsa og steinbít verður núna færður inn í aflamarkskerfið. Það verður gert þannig að viðmiðunartímabil fyrir hlutdeild hópsins verða árin 1996, 1997 og 1998 en síðan kemur í ljós sbr. b-lið 9. tölul. brtt. við ákvæði til bráðabirgða II að hópurinn á hins vegar að slást innbyrðis um skiptinguna, einnig á nýhöfnu almanaksári. Þar leggur meiri hlutinn til að: „Í stað orðanna „framangreindum þremur árum“ í 2. málsl. 5. mgr.“ — frv. og vísað er til áranna 1996, 1997 og 1998, — „komi: árunum 1997, 1998 og 1999.“ Hvað þýðir þetta á mannamáli, herra forseti? Þetta þýðir á mannamáli að þó að búið sé að taka pottinn frá sem þarna er til skiptanna, og það tekur mið af veiði áranna 1996, 1997 og 1998, þá á innbyrðis skipting milli einstakra aðila í hópnum einnig að ráðast af því sem þeir fá í sinn hlut á árinu 1999. Þetta þýðir eitt og aðeins eitt. Þetta þýðir bullandi kapphlaup og háskalega sókn að öllum líkindum í þessar tegundir á nýhöfnu almanaksári því að sjálfsögðu munu allir hugsa sem svo að þeir reyni að bæta sína stöðu og auka sinn hlut með því að ná sem allra mestu af þessum tegundum.

Meiri hlutinn útskýrir þetta svo eða réttlætir að þetta opni möguleika fyrir báta sem nýkomnir eru inn í kerfið og hafa þar litla reynslu til að bæta sína stöðu. Í þessari hugsun er að mínu mati, herra forseti, fólginn sá grundvallarmisskilningur að halda að hinir muni láta það kyrrt liggja, að nýliðarnir einir auki sinn hlut. Nei, að sjálfsögðu munu aðrir einnig keppast við að ná sem mestu til sín og úr getur ekki orðið annað en eitt allsherjarkapphlaup. Þetta er afspyrnu háskalegur frágangur og í raun og veru brot á þeim leikreglum sem oftast hefur verið reynt að fara eftir hér, að viðmiðunartímabil af þessum toga hafa verið sótt í fortíðina til að menn geti ekki haft áhrif á skiptinguna eftir að lagabreytinganna sér stað, ósköp einfaldlega vegna þess að það hlýtur alltaf að þýða kapphlaup og fela í sér ýmsan háska. Ef ekki er um að ræða að sanngjarnt sé

að nota viðmiðunartímabil frá liðinni tíð er miklu nær, herra forseti, að búa út sanngjarna meðalhófsreglu svo sem eins og þá að menn geti þó alltaf fengið einhverja tiltekna viðmiðun sem tekur mið af meðaltalsveiðum hópsins eða eitthvað því um líkt. Það var iðulega gert hér á árunum þegar verið var að finna viðmiðanir af þessu tagi. Ég bendi t.d. á þær viðmiðanir sem nýkeyptum fiskiskipum var heimilt að velja árið 1984 þegar kvótakerfið á grundvelli aflareynslu undangenginna ára var sett á. Þá sáu menn auðvitað að nýsmíðuð skip urðu að fá einhverja úrlausn og þá var valin sú leið að þau máttu yfirleitt velja meðaltalsveiðiheimildir skipa í sambærilegum stærðarflokki. En meiri hlutanum hefur ekki dottið neitt slíkt í hug og þrátt fyrir ábendingar þar um er þetta lagt svona fram í breytingartillöguskjalinu. Ég mótmæli þessu, herra forseti. Ég tel þetta afspyrnuvitlaust og skapa miklu meiri vanda og hættu en það er líklegt til að leysa. Nærri lætur að kalla megi þetta stórhættulegan frágang á málinu.

Herra forseti. Hér hefði verið eðlilegt að ræða grásleppufrv. svonefnda ef það hefði átt að koma til afgreiðslu því það tengist þessu ákvæði smábátanna sérstaklega. Því hefur nú meiri hlutinn ákveðið að fresta eftir nokkuð lærdómsríkar umræður í sjútvn. satt best að segja. Ég leyfi mér að halda því fram að eitthvert vanhugsaðasta atriðið af öllum sem upp komu í þessari vinnu, og er þá mikið sagt, hafi verið þegar menn voru komnir með ítarlega útfærðar tillögur í hendurnar um það að gera einstaka daga á grásleppuveiðum framseljanlegar einingar. Þar með átti það að vera þannig, herra forseti, að jafnvel rétturinn til að leggja netstubb uppi í þarabeltinu við Ísland fyrir grásleppu skyldi vera sérgreindur og framseljanlegur. Það runnu auðvitað tvær grímur á menn þegar þeir fóru að velta fyrir sér ýmsu sem þessu gæti tengst. Niðurstaðan var sú að fresta málinu, þessum hryllingi, liggur mér við að segja. Ég fagna því að sjálfsögðu, en veit þó ekki hvað í vændum er ef meiri hlutinn ætlar að halda sig við þá túlkun sína á dómi Hæstaréttar að allt skuli verða sérgreint, öll réttindi skuli bútuð niður í einingar, kíló eða daga, og gerð seljanleg. Ég tók dæmi af því ef hér yrði leyft að veiða hrefnu innan skamms og tíu bátar fengju leyfi til að veiða fimm hrefnur hver. Þá yrði sjálfsagt hver hrefna að vera framseljanleg eining í þeirri sókn ef svara ætti dómi Hæstaréttar, eða hvað? Út á hvaða braut eru menn að fara? Endar þetta þannig að hver hörpudiskur og hver beitukóngur verður skilgreind, framseljanleg eining og það verði farið að selja hvert einstakt stykki þannig? Hver veit?

Herra forseti. Ég ætla aðeins að koma inn á tvennt sem lýtur að ákvæðunum til bráðabirgða og hleyp auðvitað yfir mjög margt tímans vegna. Það fyrra er sú lagfæring á stöðu smábáta og aflamarki sem hér er þó loksins reynt að gera þótt í litlu sé. Því fagna ég að sjálfsögðu enda hef ég lagt til um langt árabil, allt frá árunum 1992–1993, lagfæringar á stöðu þessa gleymda flota, smábáta á aflamarki. Staðreyndin er sú, og hún er viðurkennd loksins í tillögunum um lagfæringu á stöðu þessa hluta flotans, að enginn hluti íslenska flotans hefur farið eins illa út úr þessu kerfi og þeir smábátar sem völdu aflamark 1990. Enginn, nema vera kynni þeir rækjuútgerðarmenn fyrir Norðurlandi sem voru sviptir veiðiheimildum sínum með sérstöku ákvæði á sínum tíma, sérveiðaákvæðinu fræga á sínum tíma sem tók í sumum tilvikum mörg hundruð tonna veiðiheimildir af tilteknum hópi útgerðarmanna þar. En smábátarnir fóru þannig út úr þessu að þeir voru skertir alveg sérstaklega umfram aðra sem aflaheimildir höfðu í þorski. Það var svo bersýnilega og er ósanngjarnt vegna þess að þeir eru háðari þeim veiðum en nokkur annar hluti flotans. Ekki fóru þeir í Smuguna. Ekki fóru þeir á Reykjanesshrygg eða á Flæmska hattinn og ekki hafa þeir getað sótt í djúprækju eða aðra slíka möguleika sem stærri fiskiskip hafa notað til að mæta skerðingu í bolfiskveiðiheimildum á heimamiðum. Það gátu og geta smábátarnir ekki eðli málsins samkvæmt. En sú varð nú samt niðurstaðan, sú furðulega niðurstaða, að það var í raun farið verr með þennan hluta flotans en nokkurn annan. Þess vegna er það gott og þó meira væri, að hér er gert ráð fyrir sérstöku 15% álagi á þennan hóp miðað við aflahlutdeildarstöðu þeirra 1. desember 1998. En, herra forseti. Þar sýnist mér að mönnum hafi skotist í einu og það er mjög alvarlegt. Hér er eingöngu talað um smábáta á aflamarki undir 6 brúttólestum eða 6 brúttótonnum. En allir smábátar undir 10 tonnum fengu, það ég best veit, sambærilega meðferð hvað þetta snertir á sínum tíma og mér sýnist þar af leiðandi að ekki sé annað hægt en að taka þetta ákvæði upp og endurreikna það þannig og bæta þá við pottinn þannig að út komi sambærileg leiðrétting, að smábátar á milli 6 og 10 tonn komi þarna með líka. Þetta þarf að fara betur yfir. En ég hef ástæðu til að ætla að svona sé þetta, að þeir hafi allir verið þarna í sama hópi á sínum tíma upp að 10 tonnum enda var það sú skilgreining sem notuð var þá. Þó að bátar milli 6 og 10 tonn kæmu að vísu fyrr inn í kerfið en hinir, þá hef ég grun um að þetta standi svona. A.m.k. þarf að fara yfir þetta og það má ekki vera neinn vafi á því, herra forseti, að sambærileg leiðrétting verði þarna fyrir þá sem fengu sambærilega meðhöndlun eða sambærilega útreið, væri víst nær að segja, í þessu tilviki.

Þá er það ákvæði til bráðabirgða IV sem er um veiðiheimildir til ráðstöfunar. Ég tek það fram varðandi þennan jöfnunarpott á bolfiskveiðum sem nú er orðinn um 4 þús. tonn með ákveðnum frádrætti og skal ganga til fiskiskipa allt upp að 200 brúttótonnum og miðað við 450 þorskígildaþak og 10 tonna hámark, að þetta eru auðvitað allt saman umdeilanleg viðmiðunarmörk. Ég er þó í aðalatriðum á því að eitthvað í þessa veruna sé skynsamlegt að gera til þess að reyna að styðja við bakið á þeim hluta flotans, þ.e. dagróðrabátaflotans sem hefur mjög átt undir högg að sækja og mjög hefur gengið á á undanförnum árum. Ég er því almennt hlynntur því að ráðstafanir í þessa veru séu gerðar, enda búinn að leggja þær lengi til og studdi það ákvæði sem var undanfari þessa ákvæðis á sínum tíma og gilti fyrir nokkur undangengin fiskveiðiár.

Síðan kemur b-liður 10. tölul. brtt., þ.e. 1.500 þorskígildislestir í sérstakan viðlagapott eða byggðapott. Þar á hið sama við að ég tel það jákvætt að menn hafi veiðiheimildir til viðlagaráðstöfunar af þessu tagi, enda hef ég sömuleiðis lagt það lengi til. Ég átti þátt í því á sínum tíma, 1990 af því það hefur svo vinsamlega verið rifjað hér upp, að þá komu inn í lögin heimildir til handa Hagræðingarsjóði, sem þá hét svo, að úthluta sérstaklega og án endurgjalds veiðiheimildum til byggðarlaga í vanda. Það er þess vegna ekki þannig, eins og einhver kynni að hafa haldið fyrr í umræðunni, að ég skammist mín fyrir afstöðu mína til sjávarútvegsmála almennt á því ári. Ég gerði mitt eins og ég gat og hafði stöðu til á þeim tíma til að reyna að koma þar inn jákvæðum ákvæðum, bæði endurskoðunarákvæðum á lögunum og eins ákvæðunum um Hagræðingarsjóð sem ríkisstjórnin sem tók því miður við 1991 eyðilagði nær samstundis og mætti velta því fyrir sér hverju slíkar heimildir í Hagræðingarsjóði allan þann tíma sem síðan er liðinn hefðu getað bjargað á ýmsum

stöðum ef þær hefðu verið fyrir hendi, t.d. á sunnanverðum Vestfjörðum og víðar. En því miður var það nú ekki gert. Hér er hins vegar horfið til baka í þá átt að afleiðingar af framsali veiðiréttindanna eins og þær eru geti verið svo hrikalegar fyrir einstök byggðarlög að óhjákvæmilegt sé að grípa þar inn í og setja fætur undir útgerð á viðkomandi stöðum á nýjan leik. Mér er hins vegar nær að halda að þetta gangi of skammt og um of lítið sé að ræða í reynd, eða óttast að sú staða gæti komið upp að menn þyrftu þarna meira til.

Ég held líka að útfærslan á þessu ákvæði orki nokkuð tvímælis. Ég tel að þetta eigi fyrst og fremst að vera heimildarákvæði. Það á fyrst og fremst að vera heimilt til að grípa til ráðstafana af þessu tagi ef á þarf að halda, en ekki gera það ella. Þetta á að sjálfsögðu ekki að vera einhver sjálfvirk úthlutun og vonandi þarf sem minnst að gera af þessu tagi. En við skulum taka það dæmi sem nýjast er, þ.e. Breiðdalsvík, og ég tel vera skólabókardæmi um ókostina, hætturnar og öryggisleysi sem einstök byggðarlög búa við í þessu kerfi og hefur lengi verið einn ljótasti gallinn á því. Við þær aðstæður sem þar hafa komið upp þar sem heimamenn eru í raun varnarlausir gagnvart því sem hefur verið að gerast, a.m.k. eins og komið er vegna þess að þeir hafa misst forræðið á því fyrirtæki sem þar var áður og tryggði atvinnu — þó að það sé auðvitað ekki nýtt og hafi ekki kviknað með þessu tungli að byggðarlög verði fyrir áföllum í sjávarútvegi og þaðan flytjist skip því það gerðist fyrir daga kvótakerfisins, þá er hitt rétt sem bent er á að erfiðara er að hefja útgerð á nýjan leik eftir að kaupa þarf veiðiréttindin inn í kerfið sérstaklega — aðstæður þar sem ekki er bolmagn í byggðarlaginu til að hefja útgerð án stuðnings á nýjan leik, sérstaklega vegna þess hve dýrt er að komast inn í kerfið, þá er að mínu mati fullkomlega réttlætanlegt og verjandi út frá hvaða prinsippum sem vera skal að grípa til slíkra stuðningsaðgerða sem eru byggðapólitískar aðgerðir. Og ef menn geta það ekki með þessum hætti þá geta menn ekki framkvæmt neina byggðastefnu. Það er ósköp einfaldlega þannig. Ef ekki má hjálpa mönnum t.d. til að koma fótum undir atvinnulíf á stöðum með sértækum ráðstöfunum í fiskveiðistjórnarkerfi sem varða útdeilingu á réttindum úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, hvað mega menn þá? Ég spyr. Ríkissjóður er sameiginlegur, er það ekki? Það hlýtur að vera jafnóheimilt að beita sértækum ráðstöfunum með fjármagni úr honum eins og fiski úr sjónum því hvort tveggja er þetta sameiginlegt. Ég hlusta því ekki mikið á að það megi ekki.

Herra forseti. Ég hef mörg undanfarin ár lagt til að viðlagaheimild af þessu tagi kæmi inn í lögin um stjórn fiskveiða. Ég vil nefna að t.d. á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. þingmönnum Ragnari Arnalds og Hjörleifi Guttormssyni frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum. Þar er að finna ákvæði sambærilegt þessu. Í ákvæði til bráðabirgða III í því frv. segir, með leyfi forseta:

„Frá leyfðum heildarafla þorsks, áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar, sbr. 7. gr., er frá og með fiskveiðiárinu 1998–99 heimilt að draga allt að 7.000 lestir til ráðstöfunar í byggðarlög sem misst hafa umtalsverðan hluta veiðiheimilda sinna og þar sem fiskveiðar og fiskvinnsla eru uppistaða atvinnulífs.

Sjávarútvegsráðherra skal í samráði við Byggðastofnun setja nánari reglur um málsmeðferð. Reglurnar skulu m.a. fela í sér möguleika til að úthluta veiðiheimildum til allt að þriggja ára til að gera viðkomandi byggðarlögum kleift að efla útgerð á nýjan leik og laða til sín samstarfsaðila á því sviði.“

Herra forseti. Þetta ákvæði vil ég leyfa mér að segja að sé náttúrlega miklu betra en það sem meiri hlutinn hefur rambað á, skýrara og setur ramma um þetta mál sem væri mun vandaðri að mínu mati, m.a. með því að taka fram að heimilt sé að ráðstafa veiðiheimildunum til lengri tíma en eins árs í senn. Það getur skipt miklu máli til þess að þær aðgerðir sem Byggðastofnun og aðrir ætla að grípa til nýtist. Ég nefni aftur sem dæmi Breiðdalsvík og í anda þess ákvæði sem ég hef lagt til hér á undanförnum árum gæti Byggðastofnun nú gripið til þessa sjóðs, tekið segjum x hundruð þorskígildi og sagt við Breiðdælinga: Ef þið getið með þessum stuðningi, þ.e. að fá segjum 300 eða 500 þorskígildi í þrjú ár án endurgjalds, komið fótum undir útgerð, fengið til samstarfs við ykkur útgerðir sem vilja koma á staðinn og fara að gera út, þá er þetta í boði. Ég er alveg sannfærður um að með slíkri hvatningu og slíku starti mætti endurreisa útgerð og koma fótum undir fyrirtæki sem yrðu sjálfbjarga og gætu síðan séð um sig sjálf eftir að slíku stuðningstímabili væri lokið. Og þá gengju veiðiheimildirnar aftur inn í sjóðinn, enda kannski þá orðin þörf á þeim einhvers staðar annars staðar.

Herra forseti. Þetta eru aðgerðir sem ég held að séu óhjákvæmilegar, þ.e. ef og svo lengi sem menn ætla að keyra þetta kerfi eins og það er, óheftum flutningi veiðiréttindanna og framsali byggðarlaga á milli, nema menn vilji bara taka þeim afleiðingum án nokkurra hliðarráðstafana sem því eru samfara. Það er svo auðvitað sjónarmið út af fyrir sig.

Sem sagt: „meningen er god nok“ eins og danskurinn segir en útfærsla mætti vera vandaðri. Ég tek undir það sem frsm. minni hlutans hefur sagt að það þarf auðvitað að vanda reglur að því leyti til þegar um svona mál er að ræða. Það er ekki gott að það geti verið einhvers konar geðþóttaákvörðun og kannski breytileg eftir atvikum hvernig með þetta er farið.

Herra forseti. Þetta var um það sem snýr að frv. og brtt. meiri hlutans. Þá sný ég mér aftur að aðalatriðinu sem er dómur Hæstaréttar og 5. gr.

Í dómi Hæstaréttar er í raun og veru sagt að þótt kvótasetningin á sínum tíma, og úreldingarreglurnar, kunni að hafa verið réttlætanleg sem tímabundin aðgerð til að vernda fiskstofnana þá skorti á að nægjanlega vel hafi verið rökstutt að slík fyrirfarandi tálmun eins og felst í veiðileyfunum eða úreldingarreglunum, fái staðist um aldur og ævi, þ.e. að binda þann rétt við þá eina sem gerðu út skip á tilteknum tíma eða hafa keypt sér slík skip síðan. Þá kemur að því, herra forseti, sem ég tók aðeins upp í byrjun máls míns: Þó að málið hafi borið þannig að Hæstarétti að veiðileyfaútgáfan hafi eingöngu verið til ógildingar samkvæmt kröfu, hvað er Hæstiréttur að segja í reynd með umfjöllun sinni og reifun, vegna þess að dómsorðin sjálf eru eins og allir vita aðeins fáeinar línar? Og það er reyndar rangt sem margendurtekið hefur verið sagt að í dómsorðunum sé 5. gr. nefnd. Hún er ekki nefnd í dómsorðunum. Hún er nefnd í reifun dómsins eins og öll önnur umfjöllun sem menn hafa verið að reyna að lesa út úr. Dómsorðin eru einfaldlega svona:

„Ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins 10. desember 1996 í bréfi til áfrýjanda, Valdimars Jóhannessonar, er ógild.“ Punktur.

Þetta er dómsorðið. En framar er þessi tilvitnun í 5. gr. sem sérstaklega hefur verið nefnd.

Ég fór að athuga það, herra forseti, hver væri saga þessara tvenns konar takmarkana sem þarna hafa verið keyrðar sam-

síða allt frá árinu 1984, þ.e. annars vegar aflamarkskerfið eða að takmarka það magn sem flotinn má taka upp úr sjónum, og hins vegar þessar reglur til að reyna að halda aftur af afastagetunni í flotanum, stærð fiskiskipastólsins. Þá ætla ég, herra forseti, að líta aðeins í þá ættfræði sem dregin hefur verið saman m.a. af því tilefni. Ég held að það sé nefnilega ástæða til, herra forseti, að fara aðeins aftur í söguna og líta á hvernig þetta allt saman kom til. Hæstiréttur er í raun og veru fyrst og fremst að segja að þó að löggjafinn hafi, án þess að það bryti í bága við stjórnarskrána eða verið eitthvað sem dæmt skyldi ólögmætt, gripið til þeirra aðgerða sem hann gerði á árinu 1983 og bundið þau réttindi við tiltekinn hóp útgerðarmanna sem verið hafði við sjósókn árin þar á undan, þá fái það ekki staðist, a.m.k. ekki að því leyti hvað varðar veiðileyfin eða úreldingarreglurnar í flotanum um aldur og ævi. Þá hafa margir spurt: Ef þær eru ólöglegar sem ótímabundin og varanleg takmörkun er þá ekki sjálft aflamarkskerfið það líka? Eðlilegt er að spurt sé. Hvað er Hæstiréttur að fara? Er hann að gefa það í skyn, er hann að veita viðvörun um að einnig takmörkunin að þessu leyti í aflamarkskerfinu við þann hóp sem sótti sjó og dró afla að landi á viðmiðunarárunum sé að sama skapi óréttmæt eða fái ekki staðist nefndar greinar stjórnarskrárinnar?

Það merkilega kemur í ljós, herra forseti, þegar farið er yfir sögu þessara takmarkana að þær eiga báðar rót í sama upphafinu. Forverar þeirra beggja komu til sögunnar á árinu 1977. Árið 1977, í framhaldi af lagasetningu á árinu 1976 um fiskveiðilandhelgi Íslands og svörtum skýrslum um ástand fiskstofna, hófst takmörkun þorskveiða með svonefndu skrapdagakerfi. Síðan voru ýmsar æfingar í þeim efnum ástundaðar á næstu árum þangað til svo var komið að í desember árið 1983 voru skrapdagarnir orðnir 110. Í ljósi upplýsinga sem þá komu fram og þóttu sýna mjög alvarlegt ástand þorskstofnsins var kvótinn settur á, aflamarkskerfið innleitt. Hvernig var það gert, herra forseti? Það var gert þannig að hverju skipi stærra en 10 brúttórúmlestir var úthlutað aflamarki í sjö tegundum; þorski, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu, skarkola og steinbít. Skipunum var skipt í níu flokka og hver var grundvöllur úthlutunarinnar? Grundvöllur úthlutunarinnar var aflareynsla einstaks skips á tímabilinu 1. nóv. 1981 til 31. okt. 1983. Þetta var grundvöllurinn. Réttindin voru framreiknuð inn í kerfið út frá þeim hópi sem stundað hafði sjó og landað hafði afla í þessum tegundum á þessu tímabili. Síðan þekkja menn framhaldið. Seinna meir voru leyfð viðskipti með þennan rétt þannig að sumir hafa nú undir höndum rétt sem þeir hafa keypt af öðrum en aðrir hafa enn þá rétt sem þeir sækja til þessa viðmiðunartímabils.

Hvað þá með veiðileyfin? Hvenær komu veiðileyfin til sögunnar sem hæstaréttardómurinn dæmir af að sögn og hver er skyldleiki þeirra við takmarkanir á aflamagni? Jú, það merkilega er, herra forseti, að á sama ári, 1977, hefjast fyrstu tilraunir til að takmarka afkastagetuna í fiskiskipastólnum og þær gera það með samþykkt ríkisstjórnar sem notar að vísu tækið Fiskveiðasjóð, opinberan sjóð, til þess að reyna að koma þessum takmörkunum við því þá er samþykkt að Fiskveiðasjóður láni aðeins 50% kaupverðs keyptra skipa erlendis frá og ekki voru veitt lán frá öðrum innlendum lánastofnunum og engin erlend lán umfram það sem fælist í 50% láni Fiskveiðasjóðs enda höfðu stjórnvöld möguleika á því í sínum höndum að takmarka slík lán. Með öðrum orðum, rótin hvað afkastagetuna eða rúmmálið snertir rekur sig til sama árs, sömu ákvarðana, sömu ríkisstjórna. Annars vegar að innleiða skrapdagakerfið og hins vegar að innleiða lánareglur í Fiskveiðasjóði til að halda aftur af afkastagetu fiskiskipastólsins, eðlilega vegna þess að það hafði lítið upp á sig að vera að reyna að baksa við að fjölga skrapdögum ef flotinn fékk að stækka eins og fara gerðist þannig að eðlilegt var að ríkisstjórnin setti þessar takmarkanir samtíma og samsíðis í gang. Rótin var ein og hin sama.

Hvað svo? Hvenær breytast takmarkanir Fiskveiðasjóðs yfir í beinar rúmmálstakmarkanir eða stærðartakmarkanir í flotanum? Jú, á árinu 1984. Á sama ári og kvótinn hélt innreið sína. Þá er gefin út reglugerð nr. 44/1984, um stjórn botnfiskveiða. Þá er ákveðið að ríkisstjórnin nýti sér heimildina til að koma kvótakerfinu á og ákveðið að sérhver útgerðaraðili sem geri út fiskiskip 10 brúttólestir eða stærra til botnfiskveiða þurfi til þess almennt veiðileyfi og að öðrum en þeim sem hafa þetta almenna veiðileyfi, sem allt snýst nú um og sem dómurinn fjallaði um, sé óheimilt að stunda botnfiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eins og það var þá orðað. Hverjir fengu veiðileyfið? Skip fengu veiðileyfi þegar útgerðir þeirra höfðu stundað botnfiskveiðar á tímabilinu 1. nóv. 1982 til 31. okt. 1983. Með öðrum orðum, herra forseti, einnig að þessu leyti er rótin að takmörkuninni hin sama. Með alveg sama hætti og menn fengu úthlutað aflamarki á grundvelli þess afla sem þeir höfðu landað á viðmiðunartímabilinu á árunum 1981–1983 fengu menn veiðileyfi á grundvelli þess að hafa sótt sjóinn, að vísu á aðeins öðrum hluta þessa tímabils, þ.e. frá nóvember 1982 til 31. okt. 1983. Hver er þá orðinn munurinn? Hver er þá orðinn lagalegur munur til að aðgreina þetta tvennt þegar í ljós kemur að ættartréð rekur sig þarna saman niður á sömu rót? Síðan hafa þessar tvær takmarkanir, sem þetta eru auðvitað, annars vegar á afkastagetunni og hins vegar á magninu sem menn mega landa, verið keyrðar samsíða í gegnum alla söguna með mjög hliðstæðum reglum um framsal og annað því um líkt.

Þannig er það niðurstaða mín, herra forseti, að þessar tvær takmarkanir eru systur. Þær eru af sömu rót, þær hafa verið keyrðar samsíða í gegnum fiskveiðilöggjöfina frá jafnlengd, í ársbyrjun 1984, og mig skortir algerlega rök til þess að gera á þeim neinn þann greinarmun sem viðbrögð ríkisstjórnarinnar við dómi Hæstaréttar gera. Ég óttast að verði önnur þeirra talin setja óleyfilega fyrirfarandi tálmun fyrir nýja aðila til að komast inn í kerfið hljóti hin að teljast það einnig.

Þá erum við komin að þeirri niðurstöðu að sjálft fiskveiðistjórnarkerfið í heild sinni, ekki bara úreldingarregluhluti þess, standist ekki nema Hæstiréttur sé að segja eitthvað allt annað, nema Hæstiréttur sé kannski að nálgast þetta viðfangsefni akkúrat frá 180 gráðum og Hæstiréttur sé með þessu að festa aflamarkskerfið í sessi og segja: Óþarfi er að takmarka afköst og stærð fiskiskipaflotans vegna hins kerfisins. Það stendur hvergi. Það eru getgátur, það eru ágiskanir. Það kann að vera. En til þess að við fáum þá botn í það verður það mál að skýrast við meðferð fyrir dóminum og það gerir það sjálfsagt, samanber þau viðbrögð sem eru á ferðinni.

Ég leyfi mér, herra forseti, að taka svolítinn tíma í að fara yfir þessa sagnfræði eða ættartré þessara takmarkana vegna þess að mér hefur fundist verulega skorta á að menn reyndu að rekja sig aftur á bak til upprunans í þessu máli til að reyna að skilja það við hverju mætti búast ef prófmál yrðu síðan rekin fyrir Hæstarétti einnig hvað þetta snertir og menn létu reyna á þetta atriði.

Þá vík ég, herra forseti, að því hvað á að gera, hvað er að mínu mati eðlilegast að gera, hver væru að mínu mati eðlilegustu viðbrögðin við þessum dómi. Ég tek fram að þegar ég fer yfir þá sálma geri ég það ekki vegna frýjunarorða hæstv. forsrh., sem er auðvitað farinn héðan eins og við var að búast, eða sjútvrh., sem er einnig farinn héðan, og ekki heldur vegna formanns sjútvn., sem var með skæting og er einnig farinn héðan. Það er að segja þessar Heimdallaræfingar þeirra í málflutningi, hæstv. sjútvrh. og verðandi sendiherra í Lundúnum, og fleiri stjórnarliða sem hér hafa talað og koma upp með miklum þjósti og skamma stjórnarandstöðuna fyrir að hafa ekki lagt eitthvað til. Þetta veit á eitt og aðeins eitt, herra forseti. Þessir menn hafa vonda samvisku. (**Sjútvrh.:** Ekki skamma, bara ...) Eða spyrja. Þessir menn, herra forseti, þessir hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn vita að þeir eru með vont mál sem þeir eru að reyna að forsvara og þeir treysta sér ekki til þess. Þeir halda ekki uppi neinum vörnum fyrir sitt eigið mál heldur koma hér og biðja um tillögur frá stjórnarandstöðunni. Þó er hér stjfrv. á dagskrá og eðlilegt að umræðan snúist um dagskrármálið, þ.e. stjfrv. Það er eðlilegt að við spyrjum út úr því frv. og gagnrýnum það frv. Það vita þessir menn. Þeir eru ekki nýgræðingar á þingi en ég tek eftir málflutningi þeirra. Ég tek eftir því að þeir hafa verið að reyna að sleppa í gegnum málflutning með þessum hætti. Það er mjög athyglisvert.

Nú er það þannig, herra forseti, að stjfrv. af þessu tagi býður ekki upp á að stjórnarandstaðan lýsi endilega viðhorfum sínum. Það er t.d. þannig hvað varðar brtt. að það er út í hött, a.m.k. hvað mig snertir, að reyna að leggja fram brtt. á þessu vitlausa frv. ríkisstjórnarinnar. Ef ég vil láta áherslur mínar í sjávarútvegsmálum, þar á meðal einnig við því álitamáli sem Hæstiréttur tekur upp, koma fram í frumvarpsformi, þá flyt ég það frv. sjálfur og hef það eins uppbyggt og mér hentar, enda hef ég gert það. Ég skal sýna hæstv. sjútvrh. það, hafi hann ekki vitað það áður, að ég hef flutt slíkt frv., ítarlegt frv., bandormsfrv. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum þar sem tekið er á mörgum þeim atriðum sem ég tel að hafi farið aflaga í sjávarútvegslöggjöf okkar á undanförnum árum. Ég vísa því, a.m.k. hvað mig snertir, til föðurhúsanna ásökunum um að afstaða mín í þessum efnum liggi ekki sæmilega skýrt fyrir.

Nei, herra forseti, þetta er fyrst og fremst til marks um það að hér eru litlir karlar í vanda. Hér eru menn að reyna að olnboga þessu vandræðamáli sínu í gegnum þingið og reyna að afvegaleiða umræðuna og drepa henni á dreif. Það liggur við, herra forseti, að ég neyðist til að halda því fram að það sé viljandi sem þetta mál er allt saman látið snúast um vandræði sem þetta skapi í sambandi við fiskveiðistjórnun á smábátum af því að menn vilja forðast að grundvallarmálið sjálft sé rætt hérna og tíminn tekinn í það. Þess vegna hafa menn sjálfir kannski að einhverju leyti bakað sér þetta heimatilbúna brauð viljandi sem varðar vandræðaganginn í kringum smábátana og bundið við það vonir að málið slyppi í gegn og öll athyglin yrði á því en ekki hinu stóra atriði, dómi Hæstaréttar og hvað hann þýðir í reynd eða hvaða áhrif hann í reynd kemur til með að hafa á sjálfa fiskveiðistjórnarlöggjöfina þar sem hinir miklu yfirgnæfandi hagsmunir eru í húfi. Auðvitað, eða hvað? Ég held að það sé nefnilega þannig að allt heila móverkið titri og menn séu hræddir og þess vegna sé verið að reyna að sleppa í gegnum þetta með þessum hætti.

Ég ætla, herra forseti, að fara yfir það í nokkrum orðum, ekki vegna þess að ég sé að bregðast við frýjunarorðum rökþrota stjórnarsinna heldur vegna þess að ég vil sjálfur koma því frá mér sem ég teldi að væri réttast að gera í þessum efnum. Ég tel að Alþingi ætti fyrir það fyrsta að vanda sig mjög í því að meta og skoða dóm Hæstaréttar og reyna að forðast hvort tveggja, að oftúlka hann eða vantúlka. En ég tel að Alþingi eigi fyrst og fremst að reyna að átta sig á því sjálft hvernig vill það hafa hlutina því það er þrátt fyrir allt Alþingi sem setur lögin en ekki Hæstiréttur. Gleymum því ekki. Það var Alþingi sem setti jafnræðisákvæðið inn í stjórnarskrána. Það er Alþingi sem setur fiskveiðilögin og breytir þeim, og það má meira að segja færa fyrir því rök að Alþingi þyrfti ekki að breyta því ákvæði laganna sem Hæstiréttur fjallar um heldur gæti Alþingi tekið þá afstöðu að segja: Það er vandi dómstóla og framkvæmdarvaldsins að bregðast við dóminum. Það er hægt að hafa þá afstöðu. Það má rökstyðja hana með ýmsum lögfræðilegum rökum og er reyndar gert af sumum lögfræðingum. Ég er ekki endilega að deila þeirri skoðun. Ég tel að Alþingi eigi að fara mjög vandlega yfir málið og forðast þar hvort tveggja í senn að oftúlka eða vantúlka dóminn.

Ég tel í öðru lagi, herra forseti, að hiklaust eigi að setja skýrt sólarlagsákvæði inn í lögin. Ég tel óráð að gera það ekki. Þannig væri Hæstaréttur tekinn á orðinu og sagt: Til öryggis göngum við frá þessu tímabundið þannig ef svo færi að sú leið sem valin hefur verið reyndist hæpin, einnig hvað varðar sjálft aflamarkskerfið, þá væri þetta í öllu falli, af hálfu löggjafans, tímabundin ráðstöfun að lögum. Gildistími fiskveiðilöggjafarinnar er frá 2001 til u.þ.b. 2002. Það er ákveðin skýr aðgerð. Það sendir þau skilaboð enn frekar en ella að þarna verði á breytingar og með því undirstrikar Alþingi rétt sinn til að gera slíkar breytingar ef svo ber undir, þar með að afnema kerfið og beita einhverjum öðrum aðferðum til að takmarka sókn í fiskstofnana.

Í þriðja lagi tel ég, herra forseti, að við þessar aðstæður, og þó fyrr hefði verið, ætti Alþingi alveg tvímælalaust að nota tækifærið og stokka algerlega upp fiskveiðistjórnina varðandi smábáta og bátaflotann. Hún er ónýt. Þar er bullandi mismunun og vitleysa sem í raun og veru er óþolandi að framlengja sífellt lengur. Að mínu mati ætti að nálgast þá hluti allt öðruvísi, stokka það kerfi algerlega upp og setja allan bátaflotann undir skilgreind stærðarmörk. Það ætti að fella undir eitt samræmt kerfi sem farsælast væri að byggði á óframseljanlegum hámörkum í mikilvægustu tegundir. Það viðfangsefni mætti nálgast með því móti að menn reyndu að finna út langtímameðaltalshlutdeild, ef ekki á grundvelli reynslunnar þá á grundvelli fiskifræðinnar, sem heppilegt væri að þessi strandveiðifloti hefði. Þannig nálgast aðrar þjóðir þetta mál. Er endilega víst að við Íslendingar getum ekki lært neitt af neinum? Erum við svo sannfærð um að við séum með fullkomnasta kerfi í heimi og þurfum aldrei að líta út fyrir landsteinana? Færeyingar, Kanadamenn, Norðmenn og flestar stórar fiskveiðiþjóðir í kringum okkur nálgast þetta mál svona. Þær skilgreina eitthvað sem heitir strandveiðifloti. Þær flokka flotann og ákveða honum tiltekna hlutdeild af veiðiréttindunum.

Þarna eru menn jafnframt að svara fiskifræðilegum aðstæðum sem án nokkurs vafa eru að einhverju leyti til hér á Íslandi líka. Um það er hins vegar aldrei rætt, þ.e. um staðbundna stofna. Það er staðreynd að verulegar líkur eru á því að hjá okkur sé þorskstofninn að einhverju leyti staðbundinn eða hegðun hans a.m.k. þannig. Því skyldi ekki

þurfa að aðgreina þann hluta að einhverju leyti og taka mið af líffræðilegum staðreyndum eða aðstæðum og þó ekki væri nema líkindi, við sjálfa fiskveiðistjórnunina.

Halda menn að það séu betri vísindi að skipta rækjunni upp í innfjarðarækju og djúpfjarðarækju með því að draga línu þvert yfir Skjálfanda og þvert yfir Axarfjörð? Rækjan öðrum megin við línuna er innfjarðarrækja, algerlega óskyld hinni sem er millimetra utan við línuna á Skjálfanda. Sú heitir djúprækja og lýtur allt öðrum lögmálum í fiskveiðistjórnun. Halda menn að það séu meiri vísindi en að reyna að átta sig á hvað staðbundna hrygningin í fjörðum fyrir norðan og austan þýðir, hvaða skilaboð lífríkið er að senda og hvort ekki væri ástæða til að taka þau með í reikninginn þegar við útfærum fiskveiðistjórnina og sóknina á grunnmið næst landinu.

Það er dapurlegt, herra forseti, að menn skuli þrælast áfram í þeirri reginvitleysu að leggja allt að jöfnu í kerfinu, sókn hinna minnstu skelja upp í fjöru og verksmiðjutogara úti á ballarhafi. Þannig er það í þessu heimsins besta kerfi, eins og það sé sami hluturinn að fara með handfæri rétt út fyrir stórstraumsfjöruborðið og draga þar fisk og hitt að veiða með flottrolli eða botntrolli mörg hundruð mílur út. Ég held að menn ættu að velta því fyrir sér hvort þeir séu á réttri leið. Síðan eru kerfishagsmunirnir þvílíkir að menn ætla að færa þessi ósköp niður í grásleppuveiðina eins og ég nefndi hér áðan.

Ég hefði talið það gleðiefni ef Alþingi hefði mannað sig upp í að stokka algerlega upp þetta ónýta stjórnkerfi báta- og grunnslóðarflotans og setja þar girðingar, jafnvel tvær. Aðra t.d. við núverandi mörk, 10 eða 12 tonn og hina t.d. við 75 eða 150 tonn. Þar mætti finna út hvað væri heppilegast. Þannig mætti flokka flotann og stöðva þá óheillaþróun sem verið hefur í gangi, að sífellt saxist á vertíðarbátaflotann. Það er hættulegt og vont. Ég er sannfærður um að það er ekki í þágu lífríkisins. Það er slæmt fyrir byggðarlögin og vont fyrir landvinnsluna. Þessi floti hefur lagt henni til uppistöðuhráefni. Ekkert af þessu er hér til umfjöllunar. Nei, áfram skal haldið og það sem eftir er af smábátaflotanum keyrt inn í framseljanlegan kvóta.

Í fjórða lagi, herra forseti, varðandi stærri skipin. Ég tel að Alþingi hefði betur gert grundvallarbreytingar á því fyrirkomulagi. Það er ekki gert hér. Það er ekki vottur af viðleitni, í þessu frv. né öðrum frá hæstv. ríkisstjórn um þessar mundir, til að gera lagfæringar á aflamarkskerfinu svo líklegt sé að um það verði meiri sátt. Það er ekki tekið á braskinu svokallaða. Það er ekki tekið á gróðanum sem einstakir aðilar hirða út úr kerfinu. Menn geta skotið sér á bak við það að hér sé aðeins brugðist við dómi Hæstaréttar. Hvar eru þá hin málin? Eru þá ekki tillögur sem koma til móts við þá óánægju og gagnrýni sem að ýmsu leyti er réttmæt móti hliðarverkunum þessa kerfis.

Ég tel einfalt að gera á því þær breytingar að það verði a.m.k. miklu betra en það er. Ég hef margoft lagt þær til. Það á að banna leiguna. Það á ekki að leyfa leiguna. Það er ástæðulaust. Aðlögun í kerfinu getur orðið í gegnum viðskipti með varanlegar heimildir. Leigan innan ársins, endurtekin ár eftir ár, er og hefur alltaf verið mesta siðleysið í þessu kerfi. Það að menn fénýti afnotarétt á sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar ár eftir ár, 50% annað árið og 100% hitt, eins og þetta var, án þess að nota það sjálfir, er og hefur alltaf verið siðleysi. Það átti aldrei að leyfa. Það átti að vera og er eðli þessa réttar að hann er afnotaréttur. Menn fá rétt til að taka tiltekið magn úr sjónum sem er í aðalatriðum sá réttur sem menn eiga að hafa, ekki hitt að græða einhvern veginn á honum. Þetta kerfi var ekki sett á til að skapa einhverjum sérstaka gróðafarvegi vegna kerfisins. Þeir geta grætt og mega gjarnan græða og þurfa að græða á sínum atvinnurekstri sem slíkum, standi þeir sig vel. Þeir eiga hins vegar ekki að græða á kerfinu.

Þetta má bæta með því að setja skýrar reglur um framsalið að öðru leyti og láta viðskipti með varanlega aflahlutdeild fara fram á Kvótaþingi. Þar á að vera kvótaþing en ekki gagnvart aflamarkinu eða leigubraskinu, sem á að banna. Um það framsal má setja þær takmarkandi reglur og þær leikreglur sem menn vilja viðhafa en það kann að vera nauðsynlegt að hafa einhvern hreyfanleika, það viðurkenni ég. Þar með er líka kominn grunnur til að skattleggja gróðann. Um leið og viðskiptin fara öll gegnum opinbert viðurkennt kaupþing, þá liggja á borðinu upplýsingar um verð. Þá er hægt að skattleggja gróðann af þeim viðskiptum. Það á að gera undanbragðalaust án þess að fyrningar eða yfirfærsluréttur sé fyrir hendi. Það á að skattleggja og gera upptækan þann gróða sem í slíkum viðskiptum verður innan ársins og það er hægt að gera. Ég hef lagt fram um það tillögu.

Það er mikið búið að tala um kvótabraskið. Hafa ekki einhverjir þingmenn hér, herra forseti, heyrt um það? Er ekki mikið búið að tala um kvótagróðann? En hvar eru tillögurnar um að taka á því, þeirra sem mest hafa talað? Nú skal ég leika sjútvrh. um stund og spyrja aðra eftir þeirra tillögum. Hvað hafa þeir lagt í þessum málum, sem mest hafa hneykslast á því hvernig menn græða á kvótanum? Hvar eru tillögur Sjálfstfl.? Hvar eru tillögur Framsfl., nema ályktanir á flokksþingum? Hvar eru tillögur Alþfl.? Hvar eru tillögur Kvennalistans? Þær eru engar. Ég hef aldrei séð fluttar neinar tillögur af neinum þessara eða Þjóðvaka um hvernig taka eigi á braskinu og kvótagróðanum. Slegið hefur verið upp fyrirsögnum um veiðiheimildir eða eitthvað ... (**Sjútvrh.:** ... að hneykslast á því að sjútvrn. ...)

Ég hef lagt til, herra forseti, að inn í lög um tekju- og eignarskatt komi ákvæði sem taki á þessum viðskiptaþætti málsins svo lengi sem hann er við lýði. Þó er það ekkert óskabarn mitt að þetta framsal sé fyrir hendi. Ef ég mætti gefa upp á nýtt og byrja á byrjuninni, þá er ég ekki viss um að ég mundi leggja til að leyfð yrðu viðskipti með þessi réttindi. Menn notuðu þau eða skiluðu þeim. Það væri að mörgu leyti hreinasta kerfið. Úr því að framsalið er leyft, þetta brask viðgengst og gróðinn sem allir hneykslast á, af hverju leggur þá enginn neitt til til að taka á honum? Hvernig stendur á því? Er það kannski vegna þess að menn vilji geta hneykslast á því, gert út á það og slegið með því pólitískar keilur að þetta sé óþolandi? Er það hugsanlegt? Spyr sá sem ekki veit.

Ég hef baksað við það, herra forseti, og er ég þó ekki sérfræðingur í skattalögum, að útfæra tillögur til að taka á þessum málum. Ég lagði til í frv. í fyrra og hef áður, í mörg ár, talað fyrir þeirri leið að svo lengi sem framsal með varanleg veiðiréttindi séu leyfð, þá sé söluandvirði þeirra gert upp sem tekjur innan söluársins. Ég hef lagt til að ekki verði heimilt að fyrna það og seldar veiðiheimildir að frádregnum keyptum veiðiheimildum séu skattlagðar nánast að fullu. Þetta er hægt að gera. Ég hef átt samskipti við ýmsa sérfræðinga í skattamálum til þess að fá það á hreint hvort á þessu væru einhverjir annmarkar.

Herra forseti. Hv. þm. megja gjarnan vita að ég er hér með sex blaðsíðna greinargerð frá ríkisskattstjóra sem ég fékk fyrir jólin. Það eru svör við ítarlegum spurningum sem ég lagði fyrir ríkisskattstjóraembættið um hvernig nálgast mætti þetta mál og skattleggja söluhagnað þennan. Ég hygg að með þeirri leiðsögn sem þar er að finna sé það ekki of mikið verk fyrir þá sem vilja að setja í lögin um tekju- og eignarskatt, bæði að því er varðar lögaðila og eins um einstaklinga í útgerð, ákvæði sem ná utan um þetta mál. Einstakir aðilar hirða með sér stórfelldan söluhagnað úr sjávarútveginum ef þeir hætta og eins hagar til í innbyrðis viðskiptum ef hann fellur til. Þetta er eðlilegast að takmarka með því að láta greiða sérstakan tekjuskatt af slíkum hagnaði sem komi til útreiknings og greiðslu á undan öðru uppgjöri fyrirtækjanna. Þó væri hægt að hugsa sér að við slit á fyrirtækjum eða þegar fyrirtæki væru gerð upp mætti, þegar öðrum eignum hefði verið ráðstafað á móti skuldum, ganga á þennan hagnað þar til skuldir hefðu að fullu verið greiddar. Slík ákvæði mætti útfæra og ættu þá allir að geta skilið sæmilega sáttir við sitt. Þá tæki ríkið hagnaðinn til sín í þeim mæli sem eftir væri, í aðalatriðum allan. Þó væri, til að ýta undir betri skattskil, nauðsynlegt að leyfa þar einhver frávik og ríkið gæfi eftir af skattinum þegar fyrirtækið sem verið væri að gera upp ættu ekki fyrir skuldum með ráðstöfun annarra eigna. Hver á skattprósentan að vera? 85–90% eða eitthvað því um líkt eða 50% bráttóskattur ofan á 30% tekjuskatt fyrirtækjanna ef um hann er að ræða.

Þannig má, herra forseti, nálgast þetta mál. Með þessu væri komið til móts við þá gagnrýni sem vegur kannski hvað þyngst í óánægjunni með núverandi stjórnkerfi fiskveiða.

Hvað fleira ætti að gera, herra forseti? Jú, að mínu mati hefur lengi verið brýnt að grípa til ákveðinna aðgerða svo lengi sem aflamarkskerfið er við lýði og bæta umgengnina um auðlindina. Öllu heldur er þörf á að bregðast við þeirri hættu sem er samfara þessu kerfi umfram önnur. Það er viðurkennt.

Aflamarkskerfi. Það að mæla þann afla sem menn hafa rétt til að koma með að landi felur í sér þá hættu að menn flokki aflann og leggi verðmætasta hluta þess sem þeir hafa fengið upp á dekkið í hverri veiðiferð. Það liggur í hlutarins eðli að sú hætta er fyrirfarandi — eins og sagt er á þessu fína lögfræðimáli frá Hæstarétti — við slíkar aðstæður. Ég hef ekki almennilega áttað mig á hvað orðið þýðir. Við skulum bara segja að sú hætta sé viðvarandi. Meðan menn ætla að reyna að stýra sókninni svona ýtir það frekar undir að aflinn sem að landi kemur sé flokkaður. Ef menn hafa tiltekinn fjölda sóknardaga þá er engin ástæða til annars en reyna að bjarga öllum verðmætum í land, sem þeir á annað borð komast yfir í hverri veiðiferð, er það ekki? Hvort sem það er smár eða stór fiskur. Þetta skilja menn og við þessu er hægt að bregðast.

Aldrei hefur komist af stað, herra forseti, nein vitræn umræða um hvort ekki megi útfæra reglur um meðafla, einhvers konar meðaflaákvæði, þannig að hvatt sé til þess að koma með allt að landi, þó kvótinn sé reiknaður af tilteknum hluta aflans. Það má aldrei. Af einhverjum undarlegum ástæðum bregðast menn yfirleitt þannig við, helstu hagsmunagæsluaðilar þessa kerfis, að allar slíkar hugmyndir eru barðar niður. Það er undarlegt, herra forseti. Ef mönnum þykir vænt um kerfið og trúa að það sé besta kerfi í heimi, af hverju vilja menn þá ekki lagfæra á því ágallana? Nú held ég að enginn maður reyni að bera á móti því að aflamarkskerfið felur þessa hættu í sér umfram sóknartakmarkanir, að brottkast verði meira. Af hverju vilja menn þá ekki leita leiða til að sníða af að einhverju leyti gallana? Það er undarlegt.

Ég hef t.d. margsinnis lagt til að heimilt yrði að skilgreina innan vissra marka einhvers konar meðaflareglu þannig að þegar sótt væri á tiltekin mið í tiltekna stofna, við skulum segja sumarveiðar á ýsu á Faxaflóa, mættu menn koma með 15% af þorski og landa því sem meðafla þó þeir hefðu ekki kvóta fyrir því af því að ég hygg að það sé svo að einn og einn þorskur slæðist með ýsunni, ef ekki í land þá a.m.k. upp á dekkið. Hvað er hætt við að gerist ef menn hafa engan kvóta fyrir honum og leigukvótinn kostar svipað eða meira en kílóverðið af þorski er í landi? Þá er veruleg hætta á því að einn og einn fari í hafið aftur og sennilega dauður. Það er bara þannig, þetta vita menn. Samt eru svona veiðar stundaðar. Samt eru bátar með nánast engar þorskveiðiheimildir að berjast um á öðrum veiðum, reyna að veiða flatfisk í snurvoð og koma dag eftir dag að landi eingöngu með flatfisk. Það vita allir sem hafa verið á snurvoð að yfirleitt kemur eitthvað annað með, eitt og eitt ígulker eða einn og einn þorskur. Hvert fer hann þá ef hann kemur ekki að landi?

Ef menn mættu t.d. við slíkar veiðar landa einhverjum meðafla og þeir fengju kannski 5 kr. á kg sem næmi einhverri lítilli þóknun fyrir það að ganga frá fiskinum sem yrði síðan seldur á uppboði og Slysavarnaskóli sjómanna fengi andvirðið halda menn ekki að hann kæmi að landi. Hafa menn ekki þá trú á íslenskum sjómönnum að þeir mundu sjá til þess að Slysavarnaskóli sjómanna fengi sitt? Ég held það. Aldrei hefur mátt reyna eitthvað slíkt til þess þó ekki væri nema til reynslu að ná árangri í því að bæta umgengni um auðlindina.

Hins vegar getur ráðuneytið ákveðið einn daginn að koma megi með undirmál að landi utan kvóta. Svo ákveður það hinn daginn að banna það. Íslenska sjútvrn. hefur gert það með reglugerð. Stundum mátti koma með undirmál utan kvóta að landi en stundum ekki. Vita menn það? Nei, það er ekki víst að allir hafi áttað sig á því. Ráðuneytið tók sér vald til þess. En hið háa ráðuneyti hefur aldrei mátt heyra það. Þeir sem ráðið hafa ferðinni þar og í krafti meiri hluta farið með húsbóndavaldið í ráðuneytinu hafa ekki léð máls á því að skoða einhverjar slíkar útfærslur til að taka á þeim augljósa ágalla besta fiskveiðikerfis í heimi að það ýti undir að fiski sé hent í sjóinn við vissar aðstæður.

Ég held í fimmta lagi, herra forseti, að ef menn væru að ræða það að setja einhvern grunn, eitthvert öryggisnet, þá á ég ekki við skitin 1.500 tonn til Byggðastofnunar inn í kerfið til að bæta stöðu byggðarlaganna og draga úr því öryggisleysi sem fólk í minni byggðarlögunum býr við, einkum minni sjávarútvegsbyggðunum, þá væri það til mikilla framfara. Auðvitað blasir það við að mínu mati að það voru reginmistök að byggðatengja ekki að einhverju leyti réttindin strax í upphafi. Það var enn eitt málið sem var barið niður og var rægt í hel. Það var rægt í hel af hæstv. ráðherra Halldóri Ásgrímssyni og öðrum fylgimönnum hans sem vildu koma þessu kerfi á eins og það er. Muna menn hvað var notað til að drepa niður allar umræður um það að byggðarlögin mættu hafa nokkurn rétt í þessu? Það var spilling, misnotkun, klúður. Það yrði svo ægilegt klúður þegar sveitarstjórnirnar færu að úthluta þessu, það væri ekki hægt. Það stóð aldrei til, a.m.k. ekki í mínum huga. Það stóð aldrei til. En það dugði þessum mönnum til að rægja niður allar hugmyndir um að eitthvert öryggisnet yrði sett undir byggðarlögin í

þessum efnum. Það var mjög auðvelt að gera það. Það mátti t.d. gera það eins og tillögur Alþb. á árunum 1985–1987 gengu út á að úthluta öllum veiðiheimildunum á skip nákvæmlega eins og gert var í kerfinu. En ef þau yrðu seld yrði tiltekinn hluti veiðiréttindanna eftir í byggðarlaginu. Einfalt kerfi. Sveitarstjórnin þurfti ekkert að koma nálægt því eða kássast í því. Þessu var úthlutað nákvæmlega hlutfallslega á grundvelli aflareynslu eins og var. Eini munurinn var sá að útgerðaraðilinn hafði ekki óskoraðan rétt til þess að selja allt burt úr byggðarlaginu. Hann gat selt skipið sitt, vonandi fengið fullt verð fyrir það og hann gat jafnvel látið einhvern hluta veiðiréttindanna fylgja skipinu en restin varð eftir.

Hvað mátti gera í viðbót? Það mátti ákveða hvernig yrði farið með það sem eftir var. Hvað var einfaldast að gera? Það var að fyrir lægi sú leiðbeining í lögunum að því yrði úthlutað hlutfallslega á þá sem eftir væru í byggðarlaginu og stunduðu útgerð. Einfalt, skýrt, ekkert klúður, engin sveitarstjórn, ekkert vesen. Þetta mátti ekki. Nei.

Hvað hefði gerst á Breiðdalsvík ef nákvæmlega þessi regla hefði verið við lýði? Ætli það hafi ekki verið þar 3.000 þorskígildi fyrir ekki löngu? Einn togari og einn bátur. Segjum bara að þó það væri ekki nema þriðjungur af fiskveiðiréttindunum sem voru uppistaða atvinnulífsins á Breiðdalsvík þangað til fyrir stuttu hefðu verið tengd byggðarlaginu. Svo hefði það gerst sem síðan gerðist að togarinn væri seldur og báturinn farinn og sameinað fyrirtæki komið í hendur annarra aðila, þá væru þúsund tonn eftir á Breiðdalsvík. Þó skipin hefðu farið burt úr byggðarlaginu þá hefðu 30% orðið eftir. Þá hefðu Breiðdalsvíkingar núna þúsund tonn. Hvað gætu þeir gert við þau? Þeir gætu sett auglýsingu í Morgunblaðið og sagt: Útgerðaraðilar óskast til samstarfs við Breiðdælinga. Í boði eru þúsund tonn til að koma fótum undir nýtt útgerðarfyrirtæki á staðnum. Hver vill koma? Ég skal svo lofa ykkur því að símarnir á Breiðdalsvík yrðu svoleiðis rauðglóandi að annað eins hefði ekki þekkst í vinsælustu innhringingarþáttum útvarpsstöðvanna, hvað þá annað. Auðvitað mundu fjölmargir kvótalitlir útgerðarmenn um allt land fagna því að geta komið til samstarfs og flutt útgerð sína í byggðarlag þar sem þeir fengju stuðning af því tagi við að hefja útgerð.

Nú sé ég að formaður hv. sjútvn hristir höfuðið og það vekur mér nokkra furðu. Heldur hv. formaður sjútvn., ef ég má leyfa mér að túlka höfuðhreyfingarnar, að engir útgerðarmenn séu þannig staddir með útgerðir sínar að þeim mundi þykja spennandi að sjá svona auglýsingu í Morgunblaðinu og þó það væri Degi? Ég skal lofa ykkur því að ekki væri mikill vandi að koma fótum undir myndarlegt útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki á nýjan leik á Breiðdalsvík ef heimamenn ættu þar þúsund tonn. Ég þekki mörg dæmi um það að einmitt þetta hefur bjargað byggðarlögum og ég ætla að leyfa mér að nafngreina eitt þeirra, Grenivík. Það var lán og gæfa Grenvíkur þegar erfiðleikar dundu þar yfir núna fyrir nokkrum árum sem við þekkjum sum hér að sveitarfélagið hafði ráðist í útgerð nokkrum árum áður, keypt bát og veiðiheimildir og hélt eftir þeim veiðiheimildum þegar illa fór og hefur síðan getað notað þær í samningum við aðra aðila til að halda uppi fiskvinnslu á staðnum. Þar erum við að tala um minni veiðiheimildir en ég hef verið að nefna. Það dugði samt vegna þess að auðvitað er mikil beita að hafa þær veiðiheimildir, jafnverðmæt og þessi réttindi eru því miður orðin í kerfinu.

Svona ætti að mínu mati að reyna að tryggja stöðu byggðarlaganna í þessu kerfi. Það er einfalt og auðvelt. Ef menn hafa áhyggjur af byggð í Grímsey er ein aðgerð öllum öðrum fremri til þess að tryggja að hún haldist. Hver er hún? Það er að festa einhverjar myndarlegar veiðiheimildir við eyna og segja bara: Það er bara hlutdeild Grímseyinga og hún er hér. Svo lengi sem menn vilja koma og róa frá Grímsey og gera þar út, leggja þar upp, hafa þeir hlutfallslegan aðgang að þessum veiðiheimildum. Þetta regúlerar sig sjálft því að eftir því sem mönnum mundi fækka, þeim mun meira kemur í hlut hvers og eins og þá verður aftur spennandi að koma á staðinn. Ég býst við því að minni staðir sem eru algerlega háðir trilluútgerð og bátaútgerð mundu blómgast. Staðir eins og Grímsey, Borgarfjörður eystri, Bakkafjörður, Norðurfjörður á Ströndum, hvað þeir heita, ef þeir hefðu 200, 300–400 tonn hver í fastan grunnkvóta. Það þarf ekki meira.

Reyndar er þetta ekki ný hugsun. Það er t.d. þannig að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. samgrh. Halldór Blöndal fóru í heimsókn til Grímseyjar, og mér er sagt að þeir hafi ekki talið það mikið mál að taka tillit til sérstöðu Grímseyjar og láta þá hafa veiðiheimildir. Ég hafði verið þar á ferð skömmu áður og ég hafði sagt að þó að ég teldi rökin vera fyrir hendi, samanber það sem ég hef verið að segja, hefði ég því miður efasemdir um að fyrir því yrði unnt að skapa meiri hluta að festa sérstaklega veiðiheimildir við Grímsey. Var ég þó ekki að tala um einhvern Seljavallapott heldur varanlegan grunn fyrir útgerð og byggð á staðnum til að standa á. En hæstv. forsrh. og hæstv. samgrh. lofuðu þessu úti í Grímsey og væri fróðlegt að þeir kæmu til umræðunnar og útskýrðu fyrir mér og öðrum hvort þetta er á leiðinni. Er þetta á leiðinni? Það var hringt utan af sjó í Þjóðarsálina og þeim var hrósað, hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni og hæstv. samgrh. Halldóri Blöndal, fyrir gjafmildina sem þeir hugðust sýna Grímseyingum. Ég hef reyndar ekki frétt af þessum kvóta enn. Ég var skammaður í sama símtali fyrir að hafa verið með efasemdir og það væri einhver munur að fá svona höfðingja í heimsókn eins og forsrh. og samgrh. og varð ekki mikið um það, glöðum á góðri stund, að lofa Grímseyingum kvóta. Hann er að vísu ekki kominn enn þá. Það er það sama með jarðgöngin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar sem þeir munu hafa lofað á þeim bæjum að væru á næsta leiti. En þetta væri það sem ætti að gera, herra forseti.

Af því að hæstv. sjútvrh. munar mjög í tillögur og það er skiljanlegt af því að hann hefur lítið af þeim sjálfur og nýjum eða frumlegum hugsunum í þessum efnum, þá skal ég koma með eina í viðbót handa honum. Ég tel að gáfulegra væri að ráðstafa aukningu í þorski en þær hugmyndir sem í gangi hafa verið að bjóða þær upp. Vilji menn gera eitthvað fyrir sjávarútvegsbyggðarlögin og þá sérstaklega þau byggðarlög sem standa höllustum fæti, minni sjávarútvegsbyggðirnar sem eru algerlega háðar þorskveiðum og báta- og smábátaútgerð, ættu menn við næstu aukningu í þorskveiðiheimildum að taka einhvern hluta frá og nota það til að setja inn á staðina einhvern svona grunn. Það eru full rök fyrir að gera það. Það lætur nærri að við séum að fara upp í veiðiheimildir í þorski sem nema meðaltalsafla, meðaltalsjafnstöðuafla á öllu kvótatímabilinu. Það er ekki fjarri lagi að við séum að nálgast það um þessar mundir, 250–270, 300 þús. tonn sem er í sjónmáli og þá er að mínu mati ekkert að því að Alþingi ákveði að við tökum einhvern hluta aukningarinnar frá og setjum þó seint sé inn á byggðarlögin eða inn í pott sem lýtur í aðalatriðum þessum lögmálum sem ég hef verið að fara yfir. Ég spái því að þá mundu menn þurfa minna fyrir því að

hafa á næstu árum að vera með í höndunum vanda þessara sjávarútvegsbyggðarlaga vegna afleiðinga kerfisins.

Hin hugsunin að bjóða þessa viðbót upp vegna þess að menn langar svo í auðlindagjald er a.m.k. ekki heppileg hvað það varðar að bæta stöðu hinna minni byggða því að ólíklegt er að einmitt þeir sem hafa misst frá sér veiðiheimildir af því að þar er allt í kaldakoli, stæðu best að vígi að borga hæsta verðið fyrir það sem yrði boðið upp, eða hvað? Gengur þetta ekki þannig fyrir sig samkvæmt lögmálum framboðs og eftirspurnar? Ég er hræddur um það. Þar yrðu auðvitað þeir peningasterkustu sem hefðu besta hlutinn.

Herra forseti. Í allra síðasta lagi, svo rædd séu hér nokkur atriði sem gaman hefði verið að Alþingi hefði verið að fást við er staða fiskvinnslunnar, við værum að velta því fyrir okkur hvernig við eigum að tryggja að hún fái hráefni í land á komandi árum. Hefur enginn áhyggjur nema ræðumaður af því sem er raunverulega að gerast að íslenska fiskvinnslan á í sífellt harðari baráttu við að fá ferskt hráefni til vinnslu? Hún er ekki bara að kaupa það frá Rússlandi. Hún er að kaupa það frá Kanada og Alaska og guð má vita hvaðan. Í Ólafsfirði er rekið myndarlegt fiskvinnslufyrirtæki sem saltar fisk og þurrkar fisk til útflutnings á Suður-Ameríku, hefur verið þar í landvinningum og hefur algerlega bjargað atvinnulífi á Ólafsfirði því þar er nú ekki tittur af kvóta Ólafsfirðinga sem áður var unninn í landi, ekki einn einasti tittur. Hvaðan fær þetta fyrirtæki hráefni? Frá Alaska og Kanada og Rússlandi. Þannig er komið að staðir sem á pappírnum eiga mörg þúsund þorskígildi af kvóta, að vísu í sameign með öðrum, nálægu byggðarlagi, verða að kaupa hvern einasta sporð sem þar er unninn úr fjarlægum heimsálfum. Það gengur sífellt á þann hlut af fersku hráefni sem er landað inn í vinnsluna og hún á í vaxandi mæli í erfiðleikum, ekki bara að borga fyrir hráefnið það háa verð sem heimtað er, heldur að fá það. Það hefur enginn áhyggjur af þessu. Það er ekki verið að bregðast við þessu hér. Er það? Kerfið er þannig að eftir fimm ár gæti hver einasti sporður á Íslandi verið kominn á 70 frystitogara. Það er opið fyrir það, allt nema þá það sem væri lokað undir girðingunni á sex tonna bátum. Enginn hefur áhyggjur af því að keyra svona áfram, er það? Bátaflotinn gæti þess vegna þurrkast upp og hætt að landa yfir höfuð fersku hráefni til vinnslu í landi. Þetta er þannig.

Ef fjallað er um stöðu fiskvinnslunnar í þessu sambandi, menn velta fyrir sér þeirri þróun sem þar hefur verið í gangi og spá í hana, er þar þá eitthvað vitlaust gefið? Eru samkeppnisskilyrðin þarna ósanngjörn? Eða eigum við jafnvel að gera það sem reyndar flestar aðrar þjóðir gera, að leggja einhverjar kvaðir eða skilyrði á þá sem fá veiðiréttinn til þess að vinnsla haldist í landi? Það væri eitthvað sem hefði verið áhugavert, herra forseti, að ræða um. En það er ekki hér á ferðinni og hefur ekki verið og hefur þó hæstv. núv. sjútvrh. haft sjö ár til þess að reyna að koma einhverjum slíkum hlutum fram og rúmlega það. Hann getur ekki beinlínis borið fyrir sig tímaskorti, eða hvað?

Herra forseti. Ég verð að segja það að oft hefur mér þótt umræðan um sjávarútvegsmál á Íslandi furðuleg. Ég ætla tímans vegna ekki að fara að rekja það, sem þó hefði verið gaman, þ.e. það sem ýmsir félagar mínir og starfssystkin hafa sagt um þau efni, sérstaklega fyrir kosningar, í ljósi þess hver viðbrögðin hafa síðan verið eftir þær, ef t.d. þeir hinir sömu menn hafa ratað í þá ógæfu að flokkar þeirra hafa síðan gerst aðilar að ríkisstjórnum. Það er satt best að segja harla skrautlegt. Ég minni stundum á auglýsinguna í Bæjarins besta eða hvað það hét, blaðið á Ísafirði, (**KHG:** Vestfirska fréttablaðið.) Vestfirska fréttablaðið, þar sem ónefndir menn lofuðu því að fyrr skyldu þeir dauðir liggja en styðja nokkra þá ríkisstjórn sem framlengdi kvótakerfið. Síðan gerðust sömu menn stuðningsmenn ríkisstjórna í heil átta ár sem festu kvótakerfið í sessi í þeirri endanlegu mynd sem það er nú. (**KHG:** Það er óhætt að nefna þá.)

Stundum hefur líka verið minnt á sérstaka sjávarútvegsstefnu ónefndra flokka á Suðurnesjum eða í Grundarfirði svo dæmi séu tekin. En allt skiptir þetta kannski litlu máli borið saman við hitt, sem er aðalatriðið, að menn reyni að nálgast þessi mál og ræða þau efnislega. Ég held að umræðan á Íslandi hafi aðallega goldið fyrir þá sérkennilegu áráttu Íslendinga sem nóbelsskáldið lýsti reyndar vel á sinn hátt og ég er ekki fær um að gera eða endurtaka einu sinni, en ég gæti reynt að segja að væri þessi mikla árátta til að ræða alla hluti í svart/hvítu, að hlutirnir séu annaðhvort alvondir eða algóðir. Er það ekki sérkennilegt, herra forseti, að einhverjar algengustu fullyrðingar sem við heyrum um íslenska fiskveiðistjórnarkerfið eru þessar tvær, að þetta sé algerlega óverjandi og óþolandi ástand og menn ganga svo langt að segja að þeir ætli í heilagt stríð gegn kerfinu. Og hin fullyrðingin sem er sennilega næstalgengust, hver er hún? Að þetta sé besta kerfi í heimi. Það er pínulítið bil þarna á milli, er það ekki? En svona hefur umræðan verið. Einu mennirnir sem hafa fengið á sig skammir og skot úr öllum áttum eru þeir sem ekki hafa tekið þátt í þessu. Það eru þeir sem hafa verið að reyna að segja kost og löst á hlutunum eins og þeir koma þeim fyrir sjónir. Ég tel mig vera í þeim hópi. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég sé að kvarta undan gagnrýninni eða einhverjum skotum sem maður hefur fengið á sig. Ég held áfram mínum málflutningi þrátt fyrir það. En ég held að þetta sé svona, herra forseti. Ef menn hefðu í meira mæli fengist til að róa umræðuna aðeins niður og vera ekki endilega að nálgast viðfangsefnið út frá því að þetta sé annaðhvort gersamlega algerlega alvont eða þá besta kerfi í heimi, þá hefðu menn hugsanlega náð eitthvað meiri árangri og umræðan orðið aðeins vitrænni.

Herra forseti. Ég fór í sögulega upprifjun eins og ég vék aðeins að í byrjun, m.a. vegna þess að ég var að reyna að átta mig á því, ef það mætti hugsanlega verða til þess að skýra málið fyrir einhverjum öðrum, hverjar rætur þessa kerfis sem við erum að fjalla um væru, aflamarkskerfisins annars vegar og veiðileyfanna hins vegar. Og ég komst að því að þær væru einar og hinar sömu. Þetta er runnið upp af sömu rót. Viðmiðunin er sótt til þeirra sem sóttu sjó á árunum 1981–1983 og sækir viðmiðunin annars vegar til afla þeirra og hins vegar til skipastólsins eins og hann var þá samansettur.

Ég fór líka að skoða hvað menn voru að segja og hvað menn lögðu til á árunum þegar kvótakerfið var upp tekið. Ég hef heilmikið velt því fyrir mér hvernig málin hefðu getað þróast ef menn hefðu staðið öðruvísi að málum t.d. 1983. Það er náttúrlega enginn vafi á því, herra forseti, við verðum að horfast í augu við það, að þær ákvarðanir sem þá voru teknar á Alþingi hafa reynst alveg gífurlega afdrifaríkar og var það þó sagt sett á til bráðabirgða í eitt ár. Hérna uppi í henni efri deild sálugu fóru menn í svardaga og réttlættu stuðning sinn við málið með því að þetta væri bráðabirgðaráðstöfun til eins árs, þetta væri að sönnu alveg skelfilegt kerfi og ómögulegt og þeir mundu aldrei styðja það sem frambúðarkerfi, en ætluðu að styðja það í þetta sinn af því

að þetta væri bráðabirgðaráðstöfun í eitt ár. Var það ekki? (Gripið fram í.) Það kom annað á daginn. Kerfið er búið að lifa góðu lífi síðan, eða hvað við eigum að kalla það.

Ég ætla þess vegna að leyfa mér, herra forseti, a.m.k. að rifja upp hvað ég lagði til og er þá enn að leggja í það púkk að menn geri grein fyrir sínum sjónarmiðum og sínum tillögum. Ég flutti ásamt tveimur öðrum hv. þingmönnum, Geir Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni, brtt. við frv. ríkisstjórnarinnar í neðri deild í desember 1983 og það væri gaman að velta því fyrir sér hvernig málin hefðu getað þróast ef þær hefðu allar verið samþykktar. Þá hefði Alþingi í grundvallaratriðum valið aðra leið þó það hefði sett á takmarkanir, því við vorum ekki andstæðingar þess að grípa þyrfti til aðgerða vegna alvarlegs ástands í fiskstofnunum.

Einhverjir hafa kannski gaman af því, herra forseti, að það sé rifjað upp að fyrsta brtt. sem ég var fyrsti flutningsmaður að, var um sameign þjóðarinnar á auðlindunum. Hún var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðilandhelgi Íslands og auðlindirnar innan hennar eru þjóðareign, sameign allra Íslendinga."

Þetta var fellt. Það var fellt þá. En þetta er sannarlega, herra forseti, fyrsta tillagan sem flutt var um að sameignarákvæði á auðlindunum kæmi inn í lögin um stjórn fiskveiða. Ég hef að vísu tekið eftir því að síðan hafa ýmsir menn gjarnan viljað eiga höfundarréttinn að þessu og ég hef heyrt menn í fjölmiðlum eigna sér af því allan heiður að þeir hafi (**Gripið fram í:** Og fá það samþykkt.) komið þessari hugsun á blað. Jæja, fá það samþykkt. Það er rétt að það var síðan samþykkt nokkrum árum seinna og þeir menn eiga vissulega heiður skilið sem áttu hlut að því máli. Þarna kom *sameignarákvæðið í fyrsta skipti til atkvæðagreiðslu á* Alþingi í þessum búningi. Hugsuninni hafði verið hreyft í fyrri frumvörpum, m.a. stjórnarskrárfrumvörpum. Bæði hv. þm. Ragnar Arnalds og eins hv. þm. Bragi Sigurjónsson höfðu verið með málflutning uppi sem gekk í sömu átt. En þarna var það í fyrsta skipti flutt sem lagatexti og fellt. Menn gerðu m.a. grein fyrir atkvæði sínu. Það gerði hæstv. núv. forseti þingsins og einhver hefur kannski gaman af að rifja það upp, þ.e. ekki sá sem nú situr í stóli heldur hv. þm. Ólafur G. Einarsson. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Íslendingar hafa þegar helgað sér landgrunnið allt með gögnum þess og gæðum. Tillaga þessi er því óþörf og ég segi nei."

En hún var engu að síður samþykkt nokkrum árum síðar og hefur heldur betur reynst afdrifarík eða hvað? Er það ekki til hennar sem Hæstiréttur einmitt vísar?

En við lögðum fleira til, herra forseti, sem gaman væri að vita hvaða afleiðingar hefði haft ef það hefði verið samþykkt. Þó það sé kannski hálfgerð leikfimi að ræða þessa hluti í þáskildagatíð, þ.e. ef þetta og þá hitt, þá er það nú samt þannig að maður veltir því stundum fyrir sér, og það er allt í lagi, hvort menn hefðu kannski sloppið við ýmis óþægindi ef menn hefðu staðið öðruvísi að málum. Við lögðum til að fiskveiðistefnan yrði árlega mótuð af Alþingi með þál., hún yrði ekki sjálfvirk formúla í höndum sjútvrh. eins og því miður varð heldur yrði Alþingi sjálft látið staðfesta rammann um fiskveiðistjórnina með þál. árlega. Við lögðum til að grundvöllur þeirrar afgreiðslu Alþingis yrði þríþættur, þ.e. að tryggja að atvinna yrði sem samfelldust, að sem mest hagkvæmni fáist við nýtingu fiskstofna og að þess sé gætt að ekki verði gengið á stofnana. Ég held að það hefði ekki verið slæmt ef menn hefðu strax á árinu 1983, fyrir 15 árum síðan, ákveðið að leggja þessa þrjá meginþætti til grundvallar, atvinnuþáttinn í landi, hagkvæmnina við veiðarnar og sjálfbæra nýtingu stofnanna. Þá var það hugtak að vísu ekki þekkt, a.m.k. ekki í þeim skilningi og nafnið ekki orðið til, en þarna er hugsunin.

Við lögðum til í þriðja lagi að ráðherra skipaði nefnd til að eiga aðild að þessum málum þannig að fulltrúar fiskverkenda, útgerðarmanna, sjómanna og verkafólks í fiskvinnslu kæmu að þessu í samstarfsnefnd með stjórnvöldum í stað þess að niðurstaðan varð sú að einum aðila var úthlutað öllum réttindunum, þ.e. útgerðinni. Þarna hefði gjarnan mátt bæta við byggðarlögunum.

Við lögðum til í fjórða lagi að nefndin sem fengi tiltekið stjórnsýsluhlutverk gæti heimilað tilflutning aflaleyfa en óheimilt væri að selja aflaleyfi. Strax 1983, í desember það ár, stóðu heitar umræður um það á Alþingi að þegar þessi takmörkun yrði á sett væru líkur á að hún yrði smátt og smátt verðmæt, hún yrði verðmæti í höndum manna, aðgangurinn að miðunum. Og ætti þá að leyfa sölu á þeim aðgangi? Menn hefðu betur svarað þeirri spurningu strax og fengið botn í það mál áður en lagt var af stað heldur en láta það þróast smátt og smátt eftir því sem málinu var olnbogað áfram.

Við lögðum í síðasta lagi til, herra forseti, af því sem ég nefni til sögunnar eftirfarandi:

„Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein sem verði 12. gr. og orðist svo:

Ekki verður með stoð í lögum þessum ákveðið aflamark á handfæra- eða línubáta. Þó er heimilt að ákveða heildarmark fyrir línuveiðiskip."

Hvað vorum við að leggja þarna til, sem talsvert hefur *verið rætt um síðan? Við vorum að leggja til frjálsar handfæraveiðar* og heildartakmörkun á línuveiðar. Menn hefðu kannski sloppið við mikla þrautagöngu ef þeir hefðu gert þetta og þá um leið það sem var sjálfsagður hlutur, stöðvað sjálfvirka fjölgun í þessum hluta flotans sem síðan var skilinn eftir sem gat og óx og óx og skapaði þau endalausu vandræði sem menn hafa síðan verið með í höndunum hvað varðar fiskveiðistjórn á smábátum. Ég held það, herra forseti. Stór hluti af þeirri ógæfu sem fiskveiðistjórnin hefur á ýmsan hátt, því miður, ratað í rekur sig aftur til þess að undirbúningur málsins var allur í skötulíki. Þessu var olnbogað í gegnum þingið á næturfundum í kringum jólin, í desember 1983, og það var réttlætt með því að um væri að ræða bráðabirgðaráðstöfun til eins árs. Það hefur heldur betur reynst bráðabirgðaráðstöfun eða hvað? Í raun og veru vantaði allar skilgreiningar, alla útfærslu og svör við öllum þeim áleitnu spurningum sem þó kviknuðu eða hlutu í framhaldinu að kvikna. Og hvað hafa menn síðan verið að gera? Menn hafa verið að prjóna flíkina. Ég hef einu sinni á fundi, og það má alveg fara inn í þingtíðindin, líkt þessu við það, af því að ég sé hérna fallega peysu úti í salnum, að þetta væri ekki ólíkt því sem mundi gerast ef tekinn væri hringprjónn og fitjað upp á peysu utan um mann og svo væri peysan prjónuð á manninum. Það er í raun og veru það sem gerðist með kvótakerfið. Flíkin var prjónuð á manninum. Það var bara fitjað upp þarna 1983 í hasti til bráðabirgða. Svo komu náttúrlega alls konar hlutir í ljós, það kom handleggur hér og öxl þar og þá var bara prjónað í allar áttir og kerfið varð þannig til sem alls konar reddingar, útúrdúrar og vandræðagangur. Það er nú þannig.

Að mínu mati er alvarlegasta meinsemdin — og þá er ég kominn aftur að upphafinu, þessu með 5. gr. og réttindin — að menn skilgreindu ekki réttindin nákvæmlega og lögfræðilega strax í byrjun. Það er meginógæfan. Ef menn hefðu strax 1983 sagt: Þessi réttur er afnotaréttur af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar og hann verður þannig útfærður og í reynd meðhöndlaður þannig að hann sé afnotaréttur, þá hefðu menn getað sparað sér margan krókinn og mikið af keldum að mínu mati. En því miður var þetta ekki gert. Í kjölfarið hafa siglt deilur um það hvað þetta væri, hvort þetta væri í raun eignarréttur eða ígildi hans o.s.frv.

Vissulega urðu þær breytingar sem gerðar voru á lögunum um stjórn fiskveiða, þ.e. 1. gr. 1987 ef ég man rétt og síðan aftur 1990, til mikilla bóta þegar sameignarákvæðið kom inn en þó var kannski enn þá mikilvægari viðbótin sem kom inn 1990 og útskýrði í raun betur hvaða tilgangi sameignarákvæðið í lögunum ætti að þjóna því að viðbótarsetningin gerir það. Hún útlistar að sameignarákvæðið feli í sér að úthlutun réttindanna geti aldrei falið í sér eignarréttarmyndun eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila. Aðalgildi þeirrar setningar er að með því er réttur Alþingis eða löggjafans til þess að breyta leikreglunum varinn. Það er og hefur alltaf verið að mínu mati aðalatriði málsins. Ekki hitt að leggja einhvern einkaeignarréttarlegan skilning í þetta orðalag að fiskimiðin séu sameign þjóðarinnar.

Ég hef oft sagt að aðalmisskilningurinn í þessu máli sé sá að menn halda að fiskimiðin séu hlutafélag og hver Íslendingur eigi $^{1}/_{275000}$ af hlutabréfunum. Það er ekki þannig. Þetta er ekki þannig mál. Þetta er félagsleg sameign þjóðarinnar. Hvað þýðir það? Það þýðir að þetta er sameign sem Alþingi fer með forræðið á fyrir hönd þjóðarinnar, setur leikreglur um nýtingu á í þágu þjóðarheildarinnar. En þetta þýðir ekki að Íslendingur, sem flytji til útlanda, labbi niður í sjútvrn. og fái hlutabréf sitt í miðunum og fari með það upp í Kauphöll og selji það. Þetta er ekki þannig. Þetta er ekki hlutafélag. Menn mega ekki leggja einkaeignarréttarlegan skilning í orðalag 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Þetta er félagsleg sameign. Þannig eiga menn líka að nálgast þetta mál hvað sem líður dómi Hæstaréttar og túlkunum á honum fram og til baka.

Herra forseti. Ég held að viðbrögð manna við málinu séu á villigötum. Ég er nokkuð sannfærður um að á það mun reyna á næstu mánuðum, kannski hefði það alltaf gerst hvernig sem Alþingi hefði brugðist við, hvort þessi þrönga túlkun og skilgreining á dómnum stenst og jafnvel þó að svo verði, þó að menn sleppi fyrir horn eins og ég hef orðað það, leysir það ekki Alþingi undan þeirri skyldu að reyna að finna efnislegar lausnir sem einhver friður geti orðið um. Það verkefni stendur eftir jafnóleyst, eða hvað? Halda menn að þjóðin muni öll sofna vært og bara varpa andanum léttar og segja: Þetta er í lagi, þetta sleppur fyrir horn með dómi Hæstaréttar, og þar með séu allir hamingjusamir og öllu réttlæti fullnægt? Ég held að það verði ekki þannig.

Reyndar hef ég, herra forseti, af því nokkrar áhyggjur að umræðan um sjávarútvegsmál eigi eftir að breytast á næstu mánuðum eða missirum og þá í átt sem ég er ekki viss um að allir velti mikið fyrir sér núna því að aðalvandamálið hefur að ýmissa sögn verið gróðinn, ekki satt, og hvernig eigi að skipta honum. Ég hef því miður þá tilfinningu nokkuð ónotalega, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að við séum komin yfir mesta góðæristoppinn í sjávarútveginum og nú liggi leiðin heldur niður á við hvað varðar heildarafkomu greinarinnar að breyttu breytanda. Þar er að sjálfsögðu um mismunandi aðstæður að ræða, en það er alveg ljóst að ýmsar greinar sjávarútvegsins eiga aftur við lakari afkomu að stríða. Allir þekkja hvernig ástand mála er hjá rækjuiðnaðinum en það hefur einnig gengið erfiðleika bæði á loðnu og síldveiðum. Þar er lækkandi afurðaverð og það er ansi hætt við því að aukinn þorskafli á næstu árum kunni að verða veginn upp eða öllu heldur mínusaður sem nemur minni veiðum í öðrum stofnum sem standa mun lakar, stofnum eins og karfa, grálúðu og fleirum.

Það liggur fyrir samkvæmt nýjum upplýsingum frá hlutabréfamarkaðnum að arðsemi í sjávarútvegsfyrirtækjum er minni en í öðrum atvinnugreinum og virðist það ekki benda til þess að meginvandamálið sé að ekki skuli hafa tekist að koma sértækum skatti umfram aðrar greinar á þau fyrirtæki.

Svo mættu menn líka hugleiða, herra forseti, hvaða skilaboð eru út úr þessari höfuðatvinnugrein þjóðarinnar að hún er að verulegu leyti, a.m.k. hvað landvinnsluna snertir, mönnuð með erlendu farandverkafólki, væntanlega vegna þess að íslenskt verkafólk fæst ekki til starfa í þessari atvinnugrein. Kjörin og starfsaðstæður eru þannig. Er það ekki áhyggjuefni? Finnst öllum að það sé bara framtíðarsýn sem sé allt í góðu lagi með að þessi atvinnugrein sem vinnuveitandi, eða a.m.k. að þessum hlutanum til, sé ekki meira aðlaðandi en svo að Íslendingar fáist þar ekki til starfa?

Herra forseti. Sjálfsagt er ekki mikill áhugi á því að fara aðeins yfir í almennar hugleiðingar um stöðu greinarinnar þó margt leiti á hugann í tengslum við umfjöllun um þetta mál og ekki víst að við höfum ýkja mörg tækifæri sambærileg eða betri til þess að ræða um hlutina almennt. Þess vegna hef ég tekið mér það bessaleyfi að gera það nokkuð í tengslum við það að lýsa viðbrögðum mínum eða viðhorfum til þessa frv. og brtt. meiri hlutans og nálgunar hæstv. ríkisstjórnar á því og segi það að lokum að ég spái því að við eða þeir sem á Alþingi munu sitja á komandi árum séum ekki búin að sjá það síðasta af þessu máli.

[17:52]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. þm. fyrir ítarlega og málefnalega ræðu. Það er vissulega svo að alveg öndvert við málflutning annarra talsmanna stjórnarandstöðuflokkanna var lýst mjög umfangsmiklum hugmyndum um breytingar. Þó þær séu um margt umdeilanlegar var þeim vissulega lýst og ber að þakka það þó að þær hafi ekki verið lagðar fram skriflega. Það er kannski vegna þess að svo er að maður hefur ekki náð að grípa þær allar.

Ég skildi hv. þm. svo að hann hefði verið að lýsa því að vilji hans stæði til þess að banna með öllu framsal á veiðirétti smábáta og strandveiðiflota sem yrði skilgreindur nánar. Ég er ekki alveg viss um að ég hafi skilið þetta rétt. Þess vegna langar mig til þess að spyrja hvort það sé réttur skilningur hjá mér að hugmynd hans hafi verið sú að banna allt framsal á veiðirétti smábáta og strandveiðibáta og innkalla veiðiréttinn þegar veiðiréttarhafi hættir veiðiskap og deila út aftur, bara til þess að fá það á hreint hvort þetta hafi verið réttur eða rangur skilningur.

[17:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að svara því. Það er í aðalatriðum réttur skilningur. Ég held að framsal á veiðiréttindum smábáta, ef það eru réttindi sem eru í einhverju eðlilegu samræmi við afköst og eðli þeirrar útgerðar, sé tóm vitleysa

og það eigi ekkert að leyfa það og þess þurfi ekki. Ég held t.d. að gömlu hugmyndirnar um einhvers konar reglu sem þýddi 10 tonn á tonn eða eitthvað þannig í stærð bátsins væri miklu heppilegri.

En aðalatriðið er þó það að veiðiheimildir þeirra smábáta sem stunda þá útgerð og þeirra manna sem hafa það að aðalatvinnu þurfa að vera í einhverju sæmilegu samræmi við það að menn geti skapað sér góða afkomu og búið. Það á ekkert að vera öðruvísi. Þetta er atvinna þessara manna, þetta eru einyrkjar og þetta er rétt eins og með bóndann að hann þarf að hafa sæmilegan framleiðslurétt til þess að geta haft þokkalega afkomu fyrir sig og fjölskyldu sína. Þetta á ekkert að vera meira. Það er eðli þessarar útgerðar. Þannig vil ég sjá hana. Ég vil frekar sjá smábátana, 20–30% fleiri og hvern fyrir sig, hafa bara hóflegar veiðiheimildir fyrir einn útgerðaraðila eða eina fjölskyldu til að komast vel af en sjá kannski 20–30 þeirra vera í óskaplegri kraftútgerð með margfaldar veiðiheimildir á við það sem aðrir hafa og þörf er á. Það er ekki draumakerfi mitt í þessu. Ef hólfin væru tvö, sem ég held að væri heppilegast, annars vegar smábátar, bátar undir 10–12 tonnum og hins vegar bátar af miðlungsstærð, dagróðra- og grunnslóðaflotinn þar sem stærðarmörkin, ég viðurkenni að það er svolítið erfitt að setja þumalinn á eitthvað visst, ég hef stundum sagt að 75–150 tonn væru í öðru hólfi, þá mundi ég segja: Ekkert framsal í neðri hópnum en hugsanlega einhverjar mjög takmarkaðar framsalsheimildir í þeim efri, engin leiga. Og jöfn skipti, ef því væri að skipta. Allt í lagi þótt hámark væri á fleiri en einni tegund en reyna að hlífa þessu kerfi við viðskiptaeðli hins kerfisins.

[17:56]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka skýr svör. En framsalið er einmitt til þess að mæta mjög margbreytilegum tilvikum, bæði í rekstri og mannlífinu sjálfu. Þær aðstæður geta til að mynda komið upp að handhafi veiðiréttar sem gerir út smábát gangi á fund feðra sinna og hvað á þá að gera? Á ríkisvaldið að taka veiðiréttinn til sín og úthluta honum aftur og skilja eftirlifandi maka eftir með skuldirnar? Eða eigum við að búa við kerfi eins og við gerum í dag að eftirlifandi maki geti selt bátinn með veiðirétti og þannig komist hjá gjaldþroti? Ég vara mjög sterklega við hugmyndum af þessu tagi því að ég held að það geti leitt menn í miklar ógöngur. Þetta er bara eitt dæmi af mörgum um það hvað fjölbreytileikinn í daglegu lífi kallar á að það séu framsalstakmarkanir þannig að menn og fjölskyldur lendi ekki í miklum fjárhagslegum erfiðleikum vegna takmarkana af þessu tagi.

[17:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig fóru ekkjurnar að fyrir 1983? Aumingja ekkjurnar. Þær sátu bara uppi með skuldirnar, höfðu engan kvóta til að selja. Hæstv. sjútvrh. fellur í þá gömlu gryfju að hann dæmir alla hluti út frá því að núverandi ástand sé óumflýjanlegt og óumbreytanlegt. Hvernig fóru ekkjurnar að fyrir 1983? Þá var bátur, þá var aðstaða, kannski einhver rekstur, kannski netaúthald og eitthvað til þess að selja upp í skuldirnar og þá voru skuldirnar gjarnan ekki meiri en það. Kvótinn hefur gerbreytt þessari mynd og það er hægt að reyna að negla menn svona og segja: Þetta gengur ekki því ef maður fellur frá, þá eru svo miklar skuldir á bátnum að það verður að mega selja kvótann líka. Auðvitað. Ef skuldirnar eru skrúfaðar upp miðað við að þorsktonnið sé á 450 þús. kr. hvert eða hvað það nú er, þá er það auðvitað í þannig aðstæðum sem menn eru, þá mundum við væntanlega reyna að snúa ofan af því með aðlögunartíma o.s.frv. En það eru ekki rök fyrir því að þessir hlutir þurfi að vera óumbreytanlegir um aldur og ævi.

Er það ekki þrátt fyrir allt þannig að það er heilbrigðast að hin eiginlegu efnislegu verðmæti séu það sem menn hafa í höndunum, tækin, búnaðurinn, reksturinn og það sem honum fylgir en ekki tilbúin reikningsleg verðmæti eins og kvótinn er auðvitað af því að hann er reikningsleg verðmæti? Hann er ekki efnislegur. Mér leiðist að menn skuli aldrei geta hafið sig upp úr því að ræða þetta eins og að framseljanlegur aflakvóti verði um aldur og ævi óumflýjanleg staðreynd í þessum efnum, jafnvel í smábátaútgerð.

Ég skal mæta sjútvrh. á miðri leið og bjóða 10 ára aðlögun ef við gætum bakkað út úr þessum ósköpum þannig að framsalsrétturinn minnkaði og maður gæti þrepað skuldirnar niður í leiðinni. Er það ekki líka kvótinn sem er bannað að veðsetja, er það ekki þannig? Var ekki hæstv. sjútvrh. að tala um hann? Það rekur sig eitt á annars horn ef út í það er farið.

Nei, það er ekki vegna þess að ég vilji fara illa með ekkjur smábátasjómanna sem kunna að falla frá á komandi árum sem ég vil ekki kyngja því að þetta þurfi að vera svona um aldur og ævi frekar en væntanlega t.d. hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, flokksbróðir sjútvrh.

[18:00]

Útbýting þingskjals:

Alþjóðleg viðskiptafélög, 414. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 687.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 661. — Afbrigði samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKG, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

nei: ÖS*.

31 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, FI, GHH, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, MF, PP, RA, SAÞ, SF, StG, VS, ÖJ) fjarstaddur.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

[18:04]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að fara fram á mér verði gefið smáhljóð. Ég vil síðan þakka fyrir umræðuna sem hefur farið fram í dag. Hún hefur staðið í fjóra klukkutíma þar sem talað hafa þrír fyrrv. alþýðubandalagsmenn hver öðrum betri. Ég get vissulega verið stoltur af því að hafa haft þetta fólk í pólitískri samfylgd nokkuð lengi. Þó að það hafi kosið að dreifa sér á þrjá stjórnmálaflokka mátti heyra í gegnum ræðurnar hjá þessu fólki að það er í grófum dráttum sammála um það sem skiptir máli. Ég tel ástæðu til að þakka fyrir það og lýsa því yfir hve ég er stoltur af að hafa átt með því pólitíska samfylgd. Ég hef nú fengið að hlusta á ræðumenn í fjóra klukkutíma halda hér skínandi ræður. Um leið vil ég, herra forseti, láta koma fram að þetta gefur mér möguleika á að stytta mjög verulega ræðu mína vegna þess að samfylgd

okkar hefur að sjálfsögðu haft það í för með sér að ég hef að ýmsu leyti, ekki öllu, góð áhrif á þetta fólk. Það hefur stutt ýmislegt af því sem ég hef flutt í gegnum tíðina og ég er þakklátur fyrir það.

Ég vil sérstaklega þakka fyrir þær tillögur Alþb. sem hv. síðasti ræðumaður greindi frá áðan, tillögur Alþb. frá 1983. Það voru tillögur flokksins sem hér voru fluttar í neðri deild árið 1983 af hv. þingmönnum Steingrími J. Sigfússyni, Geir Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni. Það stóð mjög sérkennilega á í sambandi við þessar tillögur, herra forseti. Fulltrúi okkar í sjútvn. neðri deildar studdi kvótakerfið og tillögurnar um það, hv. þm. Garðar Sigurðsson, þingmaður Suðurlands á þeim tíma. Á þeim tíma var niðurstaða okkar sem stjórnmálaflokks að flytja sérstakar tillögur sem voru undirbúnar á flokksvettvangi og fluttar eins og greint var frá hér áðan af hv. 4. þm. Norðurl. e. Hann var 1. flutningsmaður þessara tillagna í þessum sal, en ég hygg að það hafi aðrir komið við sögu þegar sömu tillögur eða svipaðar voru fluttar í hv. efri deild.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að þetta kerfi var tekið upp er augljóst að Alþb. hefur verið gagnrýnna á það en aðrir flokkar. Það er útilokað að halda því fram að Alþb. sem slíkt, sem flokkur, hafi borið ábyrgð á þessu kerfi. Það er algerlega fráleitt. Ég heyri t.d. að hæstv. sjútvrh. hélt því fram í sambandi við dóm Hæstaréttar að dómurinn byggðist á stefnu Alþb. Af því að hæstv. sjútvrh. er alltaf svo orðvar þá orðaði hann þetta nánast svona. Að sjálfsögðu er það þannig að við stóðum að þeim breytingum sem gerðar voru á lögunum árið 1990. Ég studdi þær í efri deild þingsins á þeim tíma sem þingmaður stjórnarliðsins. Þær voru niðurstaða af málamiðlun sem við vorum auðvitað ekki öll sátt við. Sumir í þingflokknum voru reyndar á móti og ég hygg að hann hafi verið afar skiptur í því máli að ég segi nú ekki meira. Ég man ekki nákvæmlega hvernig hann skiptist en ég og fleiri studdum þessa málamiðlun, m.a. með hliðsjón af því að við vorum aðilar að ríkisstjórninni og studdum hana.

Ég ætla, herra forseti, ekki að fara yfir þessa sögu því að það hefur verið gert prýðilega í ítarlegum yfirlitum. Ég ætla hins vegar að nefna það að alls konar brtt. hafa verið fluttar við þetta kerfi á undanförnum árum. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti margar slíkar tillögur sem þingmaður Alþb., t.d. tillögu um að afnema kerfið í fyrra eða hittiðfyrra. Ég man ekki betur en ég hafi verið flutningsmaður með honum ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Ég minnist þess einnig að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti sérstakar tillögur varðandi rétt 60 ára sjómanna og eldri til að komast inn í kerfið. Þar er því margt gott að finna í sambandi við þessi mál.

Ég ætla ekki að fara frekar í þetta en mér finnst leiðinlegt að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skuli ekki vera hér í salnum. Ég ætlaði að lýsa því yfir hvað mér finnst hann vera ötull að tileinka sér nýja siði og benda kannski á það í leiðinni að fullmikið hafi verið gert úr því að hann hafi farið með vitið úr húsinu þegar hann fór úr stjórnarandstöðunni og þar sé engin glóra eftir lengur. Þetta séu heldur vitlausar tillögur sem við leggjum fram ef við erum þá með nokkrar tillögur. En það er ekki þannig. Þó að hann sé vænn og tillögugóður að flestu leyti eins og allir vita, þá er ekki svo ekkert vit sé eftir í stjórnarandstöðunni þó að hann sé fluttur um set. Einn og einn maður í stjórnarandstöðunni getur örugglega verið með glóru í sjávarútvegsmálum, að ég hygg, og hæstv. sjútvrh. veit það mætavel eins og allir aðrir góðir og sanngjarnir menn í þessum sal.

Ég vil síðan, herra forseti, víkja almennt að dómnum sem er upphaf þessa máls. Ég tel að það sé jákvætt í sjálfu sér, burt séð frá efni málsins, að Hæstiréttur hafi sjálfstæða skoðun og dæmi í máli, ef hann telur það rétt, eins og hann gerði. Ég tel það ekki ámælisvert. Mér finnst gagnrýnin á Hæstarétt að mörgu leyti hafa verið ósanngjarna en aðalatriðið finnst mér vera, og ég vil undirstrika það, að mér finnst ég búa í frjálsu samfélagi þegar Hæstiréttur landsins kemst að niðurstöðu sem er á skjön við önnur stjórnvöld landsins. Það finnst mér vert að tala um og þakka fyrir.

Hins vegar er það nýtt í málinu og hefur valdið því að margir talsmenn stjórnarflokkanna hafa kippst við út af dómnum, að Hæstiréttur ákveður að það sé úrlausnarefni dómstóla að kveða á um hvernig takmarka megi svokallað atvinnufrelsi og svokallaðan fullveldisrétt Alþingis, sem til þessa hefur litið á sig sem fullvalda í þessu máli, megi takmarka. Það er nýtt. Ég hef tekið eftir því, m.a. í málflutningi hæstv. forsrh., að mönnum bregður nokkuð við þessi tíðindi. Þetta er hins vegar veruleikinn og þetta er nýtt. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að líta á hæstaréttardóminn frá víðara sjónarhorni en sérfræðinganefndin gerir. Ég er óánægður með niðurstöðu sérfræðinganefndarinnar að einu leyti. Ég tel að hún hafi rétt fyrir í því að dómur Hæstaréttar sem slíkur tekur eingöngu á 5. gr. og afleiðingum hennar í þrengsta samhengi. Ég held að við verðum um leið að líta þannig á að dómur Hæstaréttar í þessu máli sé stefnumarkandi, þ.e. hafi víðari skírskotun en eingöngu til 5. gr.

Eru til fordæmi fyrir stefnumarkandi dómum Hæstaréttar? Já, þau eru til. Ég hef satt að segja ekki haft tíma eða aðstöðu til að fletta upp hversu mörg þau eru. Ég hef hins vegar heyrt um eitt og flett því upp. Ég hef athugað eitt dæmi þar sem Hæstiréttur kvað upp stefnumarkandi dóm sem hafði áhrif. Það var dómur í svokölluðu þungaskattsmáli sem var kveðinn upp af Hæstarétti á árinu 1980. Með öðru orðum, burt séð frá því hvort það er rétt eða rangt sem ríkisstjórnin leggur til í málinu, held ég að þurft hefði að skoða málið víðar af því að Hæstiréttur segir í dómnum sjálfum að dómurinn sé almennur og stefnumarkandi. Þar er ég sérstaklega að hugsa um þær setningar í reifun dómsins um stjórnarskrárákvæðin sjálf.

Þetta tel ég mikið umhugsunarefni og mér finnst mjög slæmt að menn hafi ekki fengist til að tala um þetta. Ég ber mikla virðingu fyrir þeim lögfræðingum sem voru kallaðir til sögunnar og komu á vettvang sjútvn. Mér fannst þeir gera ágæta grein fyrir máli sínu að svo miklu leyti sem þeir gátu það, miðað við þann þrönga bás sem þeir höfðu markað sér. Ég held að ég rjúfi engan trúnað þó að ég skýri frá því að þeir viðurkenndu að ekki væri víst að þessi dómur væri síðasti dómurinn sem Hæstiréttur mundi kveða upp með hliðsjón af ákvæðum laganna um stjórn fiskveiða og stjórnarskrárákvæðum um jafnrétti og atvinnurétt. Þeir viðurkenndu að ekki væri fráleitt að ætla að einhverjir slíkir dómar um hliðstæða og náskylda hluti gætu fallið.

Hvað er ég að segja með þessu? Ég er að segja að ég tel að túlkun meiri hluta sjútvn. og ríkisstjórnarinnar í þessu máli sé of þröng, hefði þurft að vera víðari og tæmi ekki málið. Ég tel að þetta tæmi ekki málið og hef engin rök heyrt fyrir því að sú aðferð sem þarna er verið að beita tæmi málið.

Áður en ég kem síðan að efni dómsins og viðbrögðunum við því ætla ég að segja eitt orð um Hæstarétt. Það eru stór tíðindi, eins og ég sagði áðan, að Hæstiréttur skuli blanda sér í

umræður um það hvernig má takmarka atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar af því að samkvæmt öllum bókum, bæði Ólafs Jóhannessonar og Bjarna Benediktssonar, er það alveg skýrt að þeir hafa litið þannig á að Alþingi hefði fullnaðarvald í málum af þessu tagi. Það þýðir með öðrum orðum að Hæstiréttur Íslands er orðinn þátttakandi í umræðu um þessi mál. Þá er ég ekki að segja að Hæstiréttur sé pólitískur í þeim skilningi að hann sé að blanda sér í flokkspólitíska umræðu. Það væri ósanngjarnt að setja það upp þannig. En það er alveg augljóst að þarna er Hæstiréttur landsins á pólitísku sviði og alla vega nýju sviði að því er þetta varðar.

Þá ætla ég að rifja það upp, herra forseti, að fyrir þremur, fjórum árum flutti ég frv. til laga um breytingu á lögum um Hæstarétt. Það þótti nokkuð fjarstæðukennt á þeim tíma. Ég var reyndar ekki eini flutningsmaðurinn. Ég held að einir tveir lögfræðingar hafi skrifað upp á þetta með mér og einhverjir fleiri hér. Frv. gekk út á það að Alþingi ætti að staðfesta tillögu dómsmrh. um skipan hæstaréttardómara. Af hverju flutti ég þessa tillögu á sínum tíma? Ég flutti hana vegna þess að mér fannst að menn væru að útdeila þessum mikilvægu embættum á of flokkspólitískum forsendum. Ef þetta mál væri hins vegar tekið upp núna, sem ég hef út af fyrir sig búið mig undir að gera og nefni þess vegna í þessari umræðu, þá væri það á öðrum forsendum, þ.e. þeim að ekkert sé óeðlilegt við það að löggjafarvaldið og dómstólavaldið sé að einhverju leyti gagnvirkt eins og það heitir og gerist í sumum löndum eins og t.d. í Bandaríkjunum, þó að ég sé ekki með neina tillögu um að ganga eins langt eins og þar er gert.

Þetta vil ég nefna, herra forseti, til umhugsunar vegna þess að ég held að þetta sé raunverulegt viðfangsefni með hliðsjón af dómi Hæstaréttar og viðbrögðum hæstv. ríkisstjórnar og ég harma það að umræðan skuli ekki að neinu leyti hafa náð að snúast um þetta atriði heldur.

Ég hef þá nefnt þrjú atriði almennt varðandi dóminn. Það er í fyrsta lagi það að ég tel jákvætt að Hæstiréttur Íslands sýni að hann hafi sjálfstæða afstöðu, hafi frelsi til að kveða hana upp burt séð frá viðhorfum stjórnvalda á hverjum tíma. Í öðru lagi það að í dómnum felist víðtæk stefnumótun en ekki bara þröng túlkun á 5. gr. Ég er þá ekkert að segja að 7. gr. dygði í málinu. Ég er ekkert endilega að segja það. Ég er bara að segja að í dómnum felist mjög víðtæk stefnumótun, eins og hann er núna, liggur fyrir. Og í þriðja lagi nefndi ég að það gæti verið hugsanlegt að breyta lögum um Hæstarétt þannig að hæstaréttardómarar eða útnefning og skipun þeirra ætti viðkomu með einhverjum hætti í þessari stofnun.

Herra forseti. Ég kem þá þessu næst að efni dómsins. Ég ætla í fyrsta lagi að koma að því sem lýtur að 5. gr. og viðbrögðum ríkisstjórnarinnar og frv. við henni. Þá ætla ég að segja að mér finnst eins og að verið sé að reyna að plata niðurstöðuna með frv. ríkisstjórnarinnar. Mín rök eru þau að það væri alveg eins hægt að segja við fátækan mann: Þú færð ekki peninga en þú færð mynd af peningum sem þú getur hengt upp í stofunni hjá þér. Eða segja við fólk: Þið fáið ekki tiltekin verðmæti af hvaða tagi sem er en þið fáið mynd af þeim. Menn geta fengið þessar heimildir ofan úr ráðuneyti en það er ekkert á bak við þær. Menn geta hengt af þeim myndir upp í stofunni hjá sér en það er ekkert á bak við þær. Mér finnst, herra forseti — en ég er alveg viss um að það er ekki þannig og ég er alveg viss um að hæstv. ríkisstjórn meinar allt ærlega í þessu máli — en mér finnst eins og menn séu einhvern veginn að reyna að plata sig í gegnum þetta mál.

Auðvitað er ríkisstjórninni mikill vandi á höndum, efnislegur vandi en líka pólitískur af því að það er mjög stutt í kosningar og það er þess vegna sem liggur svona mikið á að rótast með málið hér í gegn því að menn vilja auðvitað ljúka því sem fyrst fyrir kosningar þannig að það hafi fennt í sporin eins og mögulegt er. En ég held satt að segja, herra forseti, að viðbragðið sem slíkt sé ekki nógu gott af því að menn séu að fara öðruvísi í hlutina en eðlilegt væri að ætla að Hæstiréttur ætlaðist til og ég ætla að koma að aðeins seinna.

Í öðru lagi er spurningin sú varðandi efni málsins: Hefði átt að taka 7. gr. þrátt fyrir ákvæði dómsins og þrátt fyrir afstöðu sérfræðinganna? Hefðu stjórnarsinnar átt að taka 7. gr. með í þeim tillögum sem þeir eru hér að gera? Ég hallast að því að betra hefði verið að taka sviðið allt en ég viðurkenni að tíminn til þess er stuttur. Hann er mjög stuttur. En ég hygg að það að takmarka þetta við 5. gr. og geyma hitt muni þýða að málið komi í hausinn á okkur síðar.

Var þá, eins og ég spurði áðan, hægt að gera þetta einhvern veginn öðruvísi? Voru aðrar leiðir færar? Um það ætla ég að segja bara þetta í örstuttu máli. Ég tel að það sé hægt og ég tel að það liggi fyrir sannanir í þeim efnum. Mér var í dag bent á umsögn Sigurðar Gizurarsonar, fyrrv. sýslumanns, sem ég hugsa að sé kannski ekki alveg dagleg lesning hæstv. sjútvrh. af vissum ástæðum sem ég ætla ekki að fara nánar yfir. En það kemur nokkuð athyglisvert fram í umsögn hans sem ég bið menn um að skoða í allri vinsemd burt séð frá því hvaða skoðun menn hafa á þessum ágæta fyrrv. sýslumanni. Hann kemst að þeirri niðurstöðu í greinargerð sinni sem er unnin fyrir beiðni Samtaka fiskvinnslu án útgerðar að svigrúm löggjafans til lagasetningar að gengnum dómi Hæstaréttar 3. desember sl. sé þó nokkuð víðtæk. Hann kemst að þeirri niðurstöðu. Hann segir í lok álitsgerðar sinnar, með leyfi forseta:

„Að því athuguðu sem hér hefur verið sagt að framan sýnist mega telja fráleitt að Alþingi hafi ekki eftir dóm Hæstaréttar frá 3. desember 1998 — alveg eins og áður — vald til að setja lögbundin ákvæði er takmarki stærð fiskiskipaflotans."

Hann segir þetta algerlega fullum fetum. Hann segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta.

„Raunar má leiða að því skynsamleg rök að í kjölfar dóms Hæstaréttar beri Alþingi" — ekki bara geti Alþingi heldur — „beri Alþingi að setja slíkar lögbundnar reglur, enda séu þær vel skilgreindar. Reglur þessar þyrftu að lúta því meginmarkmiði að stærð fiskiskipaflotans sé á hverjum tíma í sem bestu samræmi við afrakstursgetu fiskstofna."

Og hann lýkur umsögn sinni með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Ekki er hér ætlunin að leggja pólitískar línur í því efni [varðandi breytingarnar hugsanlegu], en þó má minna á að lögbinda mætti reglur um skiptingu fiskimiðanna milli stærri og minni skipa (innra og ytra belti) byggðakvóta, gjald fyrir veiðileyfi o.s.frv. Fjölbreytni í úthlutun veiðiheimilda mundi vitaskuld gefa fleiri þegnum landsins tækifæri til að njóta afraksturs fiskimiðanna en nú er og þar með jafnræði og réttlæti aukið."

Mér finnst full ástæða til þess að óska eftir því að hæstv. sjútvrh. fari nokkrum orðum um það af hverju ekki er hlustað á þetta eða aðrar leiðir skoðaðar en hér eru. Ég held að ég verði að fara fram á það. Ég ætlast ekki til þess í einhverjum andsvörum. En ég hefði gjarnan viljað heyra ítarlegan

rökstuðning fyrir því af hverju ekki er tekið mark á þeim ábendingum að stjórnvöld hafi þrátt fyrir dóm Hæstaréttar býsna mikið svigrúm og raunar meira en það, að Alþingi beri vegna dóms Hæstaréttar að setja reglur um takmörkun fiskiskipaflotans. Það er ekkert smávegis.

Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi líka vísa til greinar sem birtist í Morgunblaðinu 15. desember sl. eftir Jóhann Halldórsson héraðsdómslögmann. Hann fer nokkuð ítarlega yfir dóminn og gerir það satt að segja ákaflega vel. Hann segir t.d., með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi er rétt að geta þess strax í upphafi að hugtakið veiðiheimild er til í lögum um stjórn fiskveiða eins og sjá má í 7. gr. og 6. mgr. 11. gr. laganna og er því ekki tilbúningur Hæstaréttar í þessu einstaka máli" — eins og látið hefur verið í veðri vaka af ýmsum stjórnmálamönnum. — „Hefur hugtakið almennt verið skýrt svo að með því sé átt við hvorutveggja, bæði aflahlutdeild og aflamark. Hefur Hæstiréttur áður notað þetta hugtak í dómum sínum ..."

Það finnst mér eiginlega umhugsunarverðasta, með hliðsjón af ummælunum um að Hæstiréttur botni ekkert í því sem hann er að tala um, að hann segir hér, þessi héraðsdómslögmaður, að Hæstiréttur hafi áður notað þetta hugtak, veiðiheimild, í dómum sínum, eða eins og segir í grein héraðsdómslögmanns:

„Hefur Hæstiréttur áður notað þetta hugtak í dómum sínum og nægir þar að vísa til dóms réttarins í máli nr. 233/1996 frá 20. febrúar 1997."

Það er því ekki rétt að hugtakið veiðiheimild í því samhengi sem hér er um að ræða sé einhver tilbúningur eða misskilningur Hæstaréttar. Hæstiréttur hefur áður notað þetta hugtak á sama hátt og hann gerir hér, eins og bent er á í þessari grein í Morgunblaðinu 15. desember 1998. Síðan segir þessi héraðsdómslögmaður, með leyfi forseta:

„Í mínum huga er alveg ljóst að dómarar Hæstaréttar Íslands hafa ígrundað forsendur og texta umrædds dóms gaumgæfilega áður en dómur var felldur í svo þýðingarmiklu máli."

Í lok greinarinnar segir héraðsdómslögmaðurinn, með leyfi forseta:

„Samkvæmt framangreindu tel ég óvarlegt að halda því fram að smávægilegar breytingar á 5. gr. laga um stjórn fiskveiða fullnægi þeim kröfum sem Hæstiréttur gerir eða að réttinum hafi orðið á mistök við samningu dómsins. Umræddur dómur er þvert á móti stefnumarkandi" — það var það sem ég var að reyna að segja hér áðan — „um það hvaða sjónarmiðum ber að fylgja og hvaða skorður 65. gr. og 75. gr. stjórnarskrárinnar setja löggjafanum við endurskoðun á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða."

Herra forseti. Ég tel að ég hafi leitt fram rökstuðning tveggja málsmetandi lögmanna á þessu sviði til þess að undirstrika það að bæði er hægt að grípa til annarra aðgerða — það er meira svigrúm til en ríkisstjórnin vill vera láta — og að sú aðferð sem hér er gerð tillaga um er fullþröng.

Herra forseti. Hvað er þá aðalatriðið í þessum dómi? Það eru auðvitað stjórnarskrárákvæðin og allt það. En hvað er það sem Hæstiréttur sjálfur tínir fram, mér liggur við að segja, í smáatriðum aftur og aftur í þessum annars stutta dómi og stuttu greinargerð? Ef ég á að gagnrýna Hæstarétt fyrir eitthvað þá finnst mér að greinargerðin og reifunin hefðu mátt vera ítarlegri. Ég hefði t.d. viljað sjá reifun á því hvað sé drjúgur hluti þjóðarinnar. Ég vil sjá svoleiðis hluti nákvæmar útlistaða en þarna er gert þannig að huglægt mat hvers og eins þurfi ekki að liggja til grundvallar því hvað sé drjúgur hluti og hvað ódrjúgur í þessu sambandi. En það er alveg ljóst að í þessum knappa texta eru nokkur atriði sem Hæstiréttur er alveg sérstaklega að draga fram. Nú ætla ég að lesa það sem ég kalla aðalatriði dómsins, herra forseti. Það er undir IV í dómnum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og að framan greinir hefur sú regla verið við lýði frá setningu laga nr. 82/1983, að leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands væru bundin við skip, sem haldið hefði verið til veiða á ákveðnum tíma. Réttur þeirra, sem slík skip hafa átt, hefur frá öndverðu verið annar en hinna, sem ekki hafa haft yfir skipum af þessu tagi að ráða. Fram að setningu laga nr. 38/1990 var tilhögun úthlutunar veiðiheimilda ákveðin til eins eða tveggja ára í senn og hafði löggjafinn málefni þessi þannig til reglubundins endurmats um árabil. Í málflutningi áfrýjanda hefur verið fallist á, að ekki hafi verið óeðlilegt í upphafi að binda veiðar í fiskveiðilögsögunni við skip með tiltekna veiðireynslu, þegar nauðsyn þótti bera til að takmarka veiðarnar. Slíkt bráðabirgðafyrirkomulag hafi þó ekki mátt festa í sessi, eins og nú hafi verið gert."

Í þessum kafla, örstutta kafla, eru þrjár viðvaranir um það að varanleg langtímaúthlutun veiðiheimildanna sé það sem varast skal í þessu efni. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Eins og áður getur taldi löggjafinn brýnt að grípa til sérstakra úrræða á árinu 1983 vegna þverrandi fiskstofna við Ísland. Var skipting hámarksafla þá felld í þann farveg, sem hún hefur síðan verið í, að úthlutun veiðiheimilda yrði bundin við skip. Er óhjákvæmilegt að líta svo á, að þessi tilhögun feli í sér mismunun milli þeirra, sem leiða rétt sinn til veiðiheimilda til eignarhalds á skipum á tilteknum tíma, og hinna, sem hafa ekki átt og eiga þess ekki kost að komast í slíka aðstöðu. Þótt tímabundnar aðgerðir af þessu tagi til varnar hruni fiskstofna kunni að hafa verið réttlætanlegar, en um það er ekki dæmt í málinu, verður ekki séð, að rökbundin nauðsyn hnígi til þess að lögbinda um ókomna tíð þá mismunun ..."

Á þremur öðrum stöðum í þessum eina kafla nefnir Hæstiréttur þennan tímaþátt sem aðalvanda málsins. Það liggur við, ef það er hægt að nota það óvirðulegt orð um jafnvirðulega stofnun og Hæstarétt, að Hæstiréttur Íslands tönnlist á því í dómnum að það sé hinn varanlegi frágangur málsins sem sé það sem er vafasamt. (**Gripið fram í:** Ég mundi segja að hann ítreki.) Ítreki, ég get gert það fyrir hv. þm., takk fyrir ábendinguna. (**Gripið fram í:** Ítreki enn og aftur.) Nema ég geri það, takk fyrir. Með öðrum orðum tel ég að þurft hefði að athuga miklu betur hvort brtt. eins og sú sem við höfum sýnt hér, þrír þingmenn Alþb., hefði ekki dugað í þessu efni. Nú spurði ég sérfræðinganefndina á fundum aftur og aftur í nefndinni um það, í tvö skipti, hvort það dygði að setja þarna inn sólarlagsákvæði. Þeir sögðu það ekki vera og rök þeirra voru fyrst og fremst þau að Hæstiréttur gerði kröfu um að kerfinu væri breytt strax. Við því ætla ég að segja þetta: Ég fellst ekki á þau rök og ég tel að Alþingi þurfi ekki að fallast á þau rök. Ég tel að Alþingi ætti í þessu máli að taka sér þann fullveldisrétt að segja: Setjum í lögin ákveðið sólarlagsákvæði og setjum í gang vinnu við að endurskoða þau. Það er neyðarréttur Alþingis að gera þetta í staðinn fyrir að þvinga fram ákvæði sem við erum öll í vafa um að dugi.

Af þessum ástæðum liggur tillaga fyrir, herra forseti, og er á þskj. 661 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

Að í stað 10. töluliðar c-liðar brtt. meiri hlutans komi:

„Lög um stjórn fiskveiða falla úr gildi 31. desember 2002. Fyrir Alþingi það sem hefst haustið 2001 verði lögð tillaga um nýja skipan fiskveiðimála er taki mið af 1. gr. laganna, fenginni reynslu og fyrirliggjandi dómum Hæstaréttar.

Til að undirbúa tillöguna kýs Alþingi níu manna nefnd hlutfallskosningu þegar að loknum næstu alþingiskosningum. Nefndin starfar á ábyrgð og á kostnað Alþingis en hefur sérstaka samvinnu við sjávarútvegsráðuneytið sem leggur til sérfræðiþekkingu og aðstoð eftir því sem nefndin óskar eftir. Nefndin hafi samráð við alla aðila málsins í störfum sínum. Nefndin kýs sér sjálf formann."

Ég geri engar kröfur til þess, herra forseti, að hafa réttar skoðanir á því hvort þarna á að vera ártalið 2002 eða eitthvað annað. Ég geri heldur engar kröfur til þess að hafa réttar skoðanir á því hvernig nefndin verður til, ég ætla mér það ekki. Við skrifuðum þetta þannig niður að svona hefðum við viljað hafa þetta en ef aðrir vilja hafa það öðruvísi finnst mér að það ætti að ræða.

En ég tel að eftir að hafa blaðað dálítið í þessu máli, og ég viðurkenni það að ég er enginn sérfræðingur í fiskveiðimálum sem slíkum á borð við marga ágæta þingmenn sem hér eru. Ég er ekki góður í þessum síðari hluta málsins, þ.e. sem snertir handfærabátana, ég er það ekki. Ég gæti trúað að mjög margir væri miklu betri en ég og satt að segja vona ég það fyrir hönd þingsins að það séu margir betri en ég í þeim fræðum. En ég held þó, herra forseti, að þetta sé að mörgu leyti lykill málsins sem við erum hérna með — við erum að bregðast við þessum dómi — og þess vegna vil ég biðja menn í allri vinsemd að velta því fyrir sér hvort ekki er hægt að hugsa sér að koma til móts við þau sjónarmið sem hér eru uppi.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er flókið mál að falla frá öllum málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar eftir það sem á undan er gengið og ætla sér að fara einhverja allt aðra leið eða svipaða leið og hér er um að ræða, ég geri mér alveg grein fyrir því og menn mundu telja að þeir væru niðurlægðir pólitískt eða eitthvað þess háttar ef eitthvað slíkt yrði gert og ég ætlast ekki til neins af því taginu. Ég vil að menn haldi virðingu sinni í þessu máli eins og öðrum. En mér finnst samt sem áður nauðsynlegt að það liggi a.m.k. fyrir í þessari stofnun og á einum stað í þingtíðindum, og helst víðar, að ég tel að þessi leið hafi verið fær og sé fær og ég bið um að hún verði skoðuð rækilega. Með hliðsjón af því ætla ég að lýsa því yfir fyrir hönd okkar flutningamanna að við munum ekki óska eftir því að þessi tillaga fari til atkvæða við 2. umr. Við förum fram á að stjórnarmeirihlutinn velti þessari tillögu mjög vandlega fyrir sér ef nokkur kostur er, en hún komi þá til meðferðar við 3. umr. málsins.

Þetta var, herra forseti, varðandi dóminn og efni hans og hvað á að gera. Ég ætla ekki í framhaldi af þeim ræðum sem hafa verið fluttar á undan mér að fara yfir umsagnir um málið, það hefur verið gert mjög vel og skilmerkilega og ég þakka fyrir það. Það á að segja frá umsögnum, sýna þeim sem sinna málinu vel með því að senda myndarlegar umsagnir að við metum það að fólk sinni Alþingi og málatilbúnaðinum hér í því sambandi, þannig að ég ætla ekki að fara að endurtaka það. Ég ætla kannski aðeins að víkja að einu atriði sem er ekki stórmál í þessu dæmi og í tillögunum og það lýtur að byggðaþættinum. Ég hef tekið eftir orðaskiptum um það mál. Ég er byggðarsinni, sveitamaður, eins og flestir þingmenn Reykvíkinga hafa alltaf verið, en ég fer fram á það við alla aðila, líka Byggðastofnun, sem á að fá þetta mikla vald, að menn komi þessu í búning sem verður þannig að niðurstaðan verði hafin yfir tortryggni. Ég er alveg viss um að menn vita um hvað ég er að tala. Ég er ekki í sjálfu sér með neina uppskrift að þessu en ég gæti hugsað mér t.d. að tekin yrði um það ákvörðun, því yrði lýst yfir af ráðherra sjávarútvegsmála eða ráðherra Byggðastofnunar eftir atvikum að leitað yrði eftir einhverju faglegu áliti, eftir einhverjum föstum reglum um þessi mál. En ég held að það sé vont fyrir þá sem eru í stjórn Byggðastofnunar, sem hafa oftast verið stjórnmálamenn, að þeim verði ætlað að þeir séu að úthluta þessu fyrir sig og kjósendur sína. Ég er alveg viss um það að þeir ágætu menn sem hér eru inni í dag, það ágæta fólk sem er hér í dag, vill ekki svoleiðis, það hefur enginn áhuga á því. Það er bara eitthvað sem við höfum lesið um og reyndar séð fyrr á árum en ég held að það væri hægt að búa aðeins betur um þetta. Ég skildi t.d. gagnrýni hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur þannig að hún væri eiginlega að auglýsa eftir einhverju slíku, faglegri nálgun á þessu máli frekar en að ég skildi mál hennar að neinu leyti þannig að hún væri neikvæð gagnvart þeirri almennu hugsun sem felst í þessu ákvæði.

Að lokum, herra forseti, ætla ég að segja að ég óttast, ef málið fer svona í gegn eins og það liggur hér fyrir — ja, ég óttast það ekki, ég er alveg viss um það að því er ekki lokið. Ég er alveg viss um að þetta kemur hér aftur inn, ég er alveg viss um að það verður að fara í lögin strax. Ég heyri að ætlunin er að gera það og ég held að rétt væri að ákveða að það yrði gert strax eftir kosningar þegar fyrir lægi hvernig mál skipuðust í þeim vegna þess að tíminn núna fram að kosningum er stuttur og viðkvæmur.

Ég held að í frv. sé því miður eins og er engin lausn á þeim vanda sem Hæstiréttur var að benda okkur á. Hún sé a.m.k. takmörkuð og dugi ákaflega lítið. Að allra síðustu ætla ég að segja að mér finnst líka umhugsunarvert hvert við erum komin í sambandi við smábátana. Við erum að reyna að framkvæma þarna millimetralýðræði, við erum að ganga ofboðslega langt í þeim efnum. Við erum komin niður í eitt tonn, það er nú reyndar tilviljun sem veldur því að á einum stað er talan 601 tonn og á öðrum stað eru reyndar 500 kíló. Þó að við séum alls góðs makleg og flest fullkomin, eða viljum a.m.k. vera það, er ég alveg viss um að það er ekki gott kerfi sem er þannig að Alþingi finni sig knúið til að setja millimetramálsreglur af þessu tagi. Ég er ekkert að segja að það sé hægt að gera annað í þeirri stöðu sem er núna. En ég segi alveg eins og er, ég held að umhverfi greinar sem kallar á aðferðir af þessu tagi sé ekki gott umhverfi. Ef þessi lög verða endurskoðuð, sem ég ætla sannarlega að vona að verði, leyfi ég mér að láta þá sérstöku ósk í ljósi að þar reyni menn að koma við almennum reglum, t.d. alveg sérstaklega í sambandi við smábátana þannig að menn þurfi ekki helst að vera minnst doktorar í kjarneðlisfræði, liggur mér við að segja, til að skilja textana. Ég er viss um að allir eru sammála mér að það þyrfti að gera þetta öðruvísi.

Í trausti þess að það sé þannig læt ég máli mínu lokið, herra forseti.

[18:44]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér gerðust þau tíðindi að hv. 8. þm. Reykv. lýsti tillögum af hálfu stjórnarandstöðunnar um viðbrögð við dómi Hæstaréttar. Nú er það svo, svo ég rifji það mál aðeins upp, að Hæstiréttur taldi að 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna bryti í bága við stjórnarskrána. Það er nauðsynlegt að Alþingi

setji nýjar reglur því að ráðuneytið getur ekki af sinni hálfu sett nýjar efnisreglur. Þess vegna verður Alþingi að koma til skjalanna í þeim efnum. En í hverju er tillaga stjórnarandstöðunnar fólgin? *Hún er fólgin í því að fresta því í fjögur ár* að bregðast við dómi Hæstaréttar, lögfesta það að ekki verði brugðist við dómi Hæstaréttar fyrr en eftir fjögur ár.

Nú langar mig til þess að leggja spurningu fyrir hv. 8. þm. Reykv.: Er ástæðan fyrir því að stjórnarandstaðan leggur til að ekki verði brugðist við dómi Hæstaréttar fyrr en eftir fjögur ár sú að stjórnarandstaðan vilji gefa Hæstarétti langt nef og hunsa dóminn þannig að Alþingi virði ekki niðurstöðu réttarins fyrr en eftir fjögur ár? Er skýringin kannski sú að hin nýja samfylking treysti sér ekki til að segja Alþingi eða fólkinu í landinu hvað hún vilji í þessum efnum fyrr en eftir fjögur ár, það muni taka hana fjögur ár að komast að niðurstöðu um hvernig bregðast eigi við?

Ég sé ekki nema þessa tvo skýringarkosti á þessari makalausu tillögu. Ég vildi gjarnan fá að heyra hjá hv. þm. hvor kosturinn er sá rétti.

[18:46]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kosturinn við hæstv. sjútvrh. er sá að hann getur alltaf farið í Heimdall þegar hann vill. Með þessa miklu stjórnmálareynslu og hið virðulega fas hans þá smellir hann sér í Heimdall þegar minnst varir. Það er gott þegar menn á virðulegum aldri eins og ég og hann geta smellt sér svona í æskulýðshreyfingar stjórnmálaflokkanna. En það leysir nú engan vanda.

Í fyrsta lagi, varðandi það að fresta því að taka á málinu, þá orðaði ég það þannig: Já, ég tel að Alþingi eigi að taka sér þann tíma fullveldisrétt að endurskoða málið til að finna öruggari viðbrögð við dómi Hæstaréttar en þau sem hér er gerð tillaga um. Ég tel að þau viðbrögð sem ætlunin er að sýna séu ekki nægilega örugg. Ég treysti þeim ekki. Það er ekki vegna þess að ég vilji ekki að menn sýni á spilin eða neitt því um líkt. Ég held hins vegar að það eigi við alla og líka hæstv. ríkisstjórn að menn séu ekki algerlega sannfærðir um að lausnir þeirra haldi í gegn 100%.

Í öðru lagi, herra forseti, er Hæstiréttur þýðingarmikið og virðulegt stjórnvald. Það þýðir ekki að Alþingi eigi alltaf að bregðast við nákvæmlega eins og Hæstiréttur krefst. Ég segi: Ég tel að þær stundir geti komið í málum sem þessum — segjum að Hæstiréttur hefði dæmt ógilda 7. greinina — að Alþingi gæti neyðst til þess að taka sér þann neyðarrétt fyrir hönd þjóðarinnar, að fresta niðurstöðu um breytt kerfi um tvo eða þrjá mánuði og frysta óbreytt ástand þangað til.

Að árin eru fjögur en ekki þrjú, það er hrein tilviljun, herra forseti. Ég er ekki með neinn refsskap í þeim efnum. Ef hæstv. ráðherra vill koma til móts við okkur flutningsmenn með því að segja tvö ár þá er það hans mál, það væri gaman ef hann vildi gera það.

[18:48]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir að staðfesta þann skilning að stjórnarandstaðan vilji gefa Hæstarétti langt nef. Mér býður þó í grun að hin rétta skýring sé sú að stjórnarandstaðan treysti sér ekki til að segja hvernig hún vill að brugðist verði við dómi Hæstaréttar.

Seinni hlutinn í þessari tillögu er þó enn merkilegri en sá fyrri. Þar er flutt vantraust á komandi sjútvrh. Sá sem gegnir því embætti í dag mun hætta á vori komanda. Hér er lagt til að framkvæmdarvaldið á þessu sviði verði flutt frá ráðuneytinu til Alþingis eftir næstu kosningar. Þar er lýst yfir vantrausti á þann sem tekur við.

Ég geri ekki ráð fyrir því að stjórnarandstaðan vilji lýsa *yfir vantrausti á eigin ráðherra. Í reynd er þetta því yfirlýsing* um að stjórnarandstaðan ætli ekki einu sinni að keppa að því að komast til valda að loknum næstu kosningum. Það er afar athyglivert að sjá það, ekki bara í ræðu heldur í skriflegu þingskjali sem lagt hefur verið fram.

[18:49]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var sýnd mynd í sjónvarpinu um daginn. Það var nú ekki verulega mikið listaverk, hún hét Æi. Það var nú eiginlega eina orðið sem mér datt í hug undir þessari ræðu hæstv. sjútvrh. Æi. Það voru nú ekki mikil tíðindi í ræðu hans.

Það sem þarna er lagt til er að Alþingi vinni verkið. Í þessu máli, sem Hæstiréttur kveður upp dóm í, tel ég að ábyrgð Alþingis, að ég segi ekki sök þess, mjög mikla. Ég tel að þarna sé jafnt tekið, jafnvel frekar, á handaverkum Alþingis heldur en ríkisstjórnar endilega. Þess vegna skulum við ekki tala svona. Við skulum muna að Alþingi hefur fullveldisrétt yfir ráðherrunum og getur sett þá af er því sýnist. Málflutningur af þessu tagi er því ekki góður og miðað við að ég reyndi að vanda ræðu mína og flytja eins málefnalega ræðu og ég hafði vit til, þá varð ég fyrir vonbrigðum með ræðu og viðbrögð hæstv. sjútvrh. Ég held að hann meini ekki það sem hann sagði, ég held að hann hafi dottið óvart í Heimdallargírinn af gömlum vana.

[18:51]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er ósköp eðlilegt að hæstv. ráðherra skreppi nú mjög títt í Heimdallargírinn því sá tími styttist sem hann hefur til ráðstöfunar til að geta það. Það er ekki víst að sá vinnustaður sem hann flyst á þegar hann fer úr þessum sal taki því mjög vel að menn skreppi í slíka gíra.

Hæstv. ráðherra sagði það að stjórnarandstaðan væri að gefa Hæstarétti langt nef. (**Sjútvrh.:** Ég sagði ...) Hvað kallar hæstv. ráðherra þau ummæli sem hann viðhafði sjálfur gegn 105 prófessorum sem létu í ljós álit sitt á málsmeðferð hans, er hann sagði að það sem fyrir þeim vekti væri að komast í heimilispeninga grásleppukarla? Kallar hann það ekki að gefa 105 prófessorum við Háskóla Íslands langt nef, ellegar þá Hæstarétti sjálfum? Sé þetta niðurstaða hæstv. ráðherra um afstöðu 105 prófessora, að það sem fyrir þeim vaki sé fyrst og fremst að komast í heimilispeninga grásleppukarla, *réð þá ekki sama afstaða dómi fimm hæstaréttardómara*? (Gripið fram í.) Maður skyldi nú halda það. Hver gefur þá hverjum langt nef?

Hæstv. ráðherra sagði að stjórnarandstaðan hefði engin þingmál flutt varðandi þau mál sem hér eru til umræðu. Ég lét í snarheitum taka saman fyrir mig hér frammi hvað stjórnarandstaðan hefur flutt mörg þingmál er varða þessi mál á kjörtímabilinu sem er að líða. Hún hefur flutt 18 þingmál. Flestöll frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Meginþemað í þessum 18 þingmálum hefur verið:

Í fyrsta lagi að taka undir það sjónarmið sem Hæstiréttur setti fram um að auka atvinnufrelsi þeirra sem vilja stunda sjó. Annar meginþátturinn í þessum 18 þingmálum stjórnarandstöðunnar er að auka atvinnuréttindi manna til sjósóknar eins og Hæstiréttur talar um að þurfi að gera.

Hinn meginþátturinn í þessum frumvörpum er að reyna að tryggja það sem Hæstiréttur orðar á þá leið að lögin eins og þau eru úr garði gerð núna komi í veg fyrir að drjúgur hluti landsmanna njóti sambærilegs hagræðis af nýtingu sameiginlegrar auðlindar og aukið atvinnufrelsi mundi leiða til.

Stjórnarandstaðan hefur því á þessu kjörtímabili lagt fram 18 þingmál sem varða þau atriði sem Hæstiréttur gerir að umfjöllunarefni í dómi sínum. Svo kemur hæstv. sjútvrh. og segir: Stjórnarandstaðan hefur ekkert til málanna að leggja.

En það eru fleiri en bara stjórnarandstæðingar sem hafa flutt mál til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða í þessa átt. Hans eigin flokksmenn hafa gert það líka. Tveir hv. þm., þeir Guðjón Guðmundsson og Guðmundur Hallvarðsson, hafa flutt frumvörp hér á Alþingi um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Þeir hafa viljað koma í veg fyrir það sem menn hafa kallað óeðlilegt brask með aflaheimildir sem menn þiggja úr hendi hæstv. ráðherra án endurgjalds. Það að halda því fram að hér liggi engar tillögur fyrir er algjörlega út í hött.

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að ræða þessi mál hér og nú. Ég hef gert það áður. Flestum sjónarmiðum mínum, m.a. um hvernig túlka beri úrskurð Hæstaréttar, hefur þegar verið hreyft í þessari umræðu og gerð viðhlítandi skil. Ég vil minnast á nokkur atriði sem mér finnast fyrst og fremst athugaverð við frv. sem við eigum að afgreiða nú.

Í fyrsta lagi hefur frv. breytt um eðli og inntak frá því að það var lagt fram á Alþingi fyrir jólin, ásamt fylgifrv. sem enginn hefur séð hvernig eigi að afgreiða. Þá var sagt: Þetta eru viðbrögð við dómi Hæstaréttar, þau tvö frumvörp sem fram voru lögð á Alþingi. Það frv. sem nú kemur til 2. umræðu er ekki lengur viðbrögð við dómi Hæstaréttar fyrst og fremst. Meginefni þess varðar allt annað en dóm Hæstaréttar. Meginefni þess frv. er til að lappa upp á og plástra aflamarkskerfið án þess að taka það til heildarendurskoðunar. Allir þessir plástrar og uppálappanir, t.d. fjórir jöfnunarpottar sem búa á til, eiga ekkert skylt við niðurstöðu Hæstaréttar. Frv. hefur verið breytt frá því sem það upphaflega var í allt annað frv. sem þjónar öðru en að bregðast við dómi Hæstaréttar.

Í öðru lagi ætla ég að taka undir það sem hv. 6. þm. Norðurl. e., Svanfríður Jónasdóttir, sagði áðan. Ég bendi mönnum á að með þessu á að afnema síðustu leifarnar af frjálsum fiskveiðum á Íslandi og slá í gadda að enginn fái framar aðgang að fiskveiðum á Íslandi nema kaupa sér þann rétt. Enginn nýr aðili getur hafið fiskveiðar á Íslandi upp frá þessu nema hann kaupi sér réttinn til þess. Enginn í þessu kerfi getur aukið afla sinn nema að kaupa það fullu verði. Það verð sem menn eru að tala um í þessu sambandi er um eða yfir 90 kr. í leigu fyrir hvert þorskkíló innan ársins og yfir 800 kr. fyrir hvert kíló í varanlegum kvóta.

Virðuleği forseti. Þetta er veiðileyfagjald sem festa á í lögum. Enginn kemst inn í þetta kerfi framar nema hann sé annaðhvort reiðubúinn til þess að leigja sér aflaheimildir fyrir 92 kr. á kíló, eða kaupa þær varanlega fyrir 800 kr. á kíló. Allir þeir sem ekki eru reiðubúnir að hefja veiðar við þessa skilmála hafa verið útilokaðir. Með öðrum orðum er búið að lögfesta veiðileyfagjald í sjávarútvegi sem þeir einir njóta sem fengið hafa þessar aflaheimildir án endurgjalds. Þetta veiðileyfagjald þarf hver og ein ný kynslóð að greiða vilji hún stunda sjó eða eiga hlutdeild í útgerðarfyrirtæki. Hver kynslóð mun gera kröfu til þess, hún og erfingjar hennar, að fá fullt veiðileyfagjald fyrir þá eign sem hún telur sér í formi ókeypis aflaheimilda sem úthlutað hefur verið til afa, langafa eða langalangafa hennar. Hver ný kynslóð einstaklinga sem vill hefja sjósókn eða eignast hlutdeild í sjávarútvegsfyrirtæki verður eftirleiðis að greiða slíkar fjárhæðir, fyrir aðgang að auðlindinni, til þeirrar kynslóðar sem annaðhvort selur hlut sinn í fyrirtækjunum eða fær eign í sjávarútvegsfyrirtækjum í arf.

Það er því búið að lögleiða veiðileyfagjald af þessri stærð, það liggur fyrir. En það hefur verið ákveðið að þeir einir skuli fá að njóta þess veiðileyfagjalds sem fengu aflahlutdeildina til sín án endurgjalds. Þeir einir skulu fá að njóta verðmætisaukans sem kann að verða, þ.e. hækkananna frá því gjaldi sem nú er greitt fyrir aflaheimildir, þeir einir skuli fá að njóta verðmætisaukans sem eiga eða hafa átt aflaheimildir sem þeir hafa fengið að erfðum frá þeim sem þær fengu á sínum tíma án þess að greiða fyrir.

Það er því ekkert um það að ræða lengur að menn séu að rífast hvort eigi að lögleiða veiðileyfagjald eða ekki. Það er búið að því. Síðustu frjálsu veiðunum á Íslandi hefur verið útrýmt og í staðinn sett inn gjald sem menn verða að greiða sem er svo hátt eins og hér um ræðir.

Í þriðja lagi er með frv. verið að búa til alveg nýja söluvöru sem enginn okkar hefur þekkt fyrr. Ekki er lengur stefnt að því að hægt sé að selja óveiddan fisk í sjónum, selja aflaheimildir, heimildir til þess að veiða óveiddan fisk í sjónum. Gert er ráð fyrir því að einnig sé hægt að selja daga sem verið er á sjó, þ.e. þeir aðilar sem hafa verið og verða í sóknarmarkskerfinu geta nú hafið sölu á leyfum til þess að vera úti á sjó í tiltekið marga daga. Talað er um það og hefur verið reiknað út af vísum mönnum að leyfi til að vera einn dag á sjó verði hægt að selja á 500 þús. kr. eftir að þetta frv. hefur verið afgreitt. Nú er ekki lengur verið að selja aflaheimildirnar, fiskinn í sjónum, nú er verið að selja leyfi til að halda úr höfn og til hafnar aftur, hvort sem menn veiða eitthvað á þeim dögum eða ekki. Gert er ráð fyrir því að það sem menn borgi fyrir dagana, dagpeningarnir sem gangi kaupum og sölum, séu af þessari stærðargráðu, 500 þús. kr. á dag.

Það er væntanlega fleira sem menn eru að selja. Ætli a.m.k. mjög margir af þessum einstaklingum njóti ekki sjómannafrádráttar í skattkerfinu? Það er eitt af því sem er verið að selja með þessum hætti vegna þess að sjómannafrádrátturinn fæst miðað við hve marga daga viðkomandi einstaklingur er lögskráður á sjó. Það er því ekki aðeins verið að opna möguleika fyrir því að selja heimild til þess að halda úr höfn og til hafnar. Það er líka verið að opna möguleika á því að selja skattalegt hagræði sem Alþingi hefur veitt þessari stétt. Hvaða einstaklingur, virðulegi forseti, hefur efni á því, sem horfir fram á það að þessu frv. afgreiddu, að tvísýnt er um hvort hann geti séð um mat og húsnæði fyrir sig og sína með þeim heimildum sem honum eru ætlaðar í þessu frv., hvaða einstaklingur mun geta staðist þá freistingu að selja sig út úr kerfinu ef hann fær 500 þús. kr. fyrir hvern dag sem honum er ætlaður þegar dagarnir sem honum eru ætlaðir eru í mesta lagi 23 og geta farið niður í lítinn hluta af þeirri lengd?

Í fjórða lagi er tekið upp kerfi sem er með ólíkindum. Hv. formaður sjútvn. leggur til að honum og sex öðrum félögum hans verði afhentar 1.500 lestir af þorski til þess að úthluta á einstaka aðila í byggðum hringinn í kringum landið. Með öðrum orðum leggur hann til, formaðurinn sem

líka á sæti í stjórn Byggðastofnunar, að stjórn Byggðastofnunar, sem að mestum hluta er skipuð þingmönnum og að ég held sex stjórnarþingmönnum af sjö, séu fengin verðmæti upp á rúman 1 milljarð kr. sem þeir fái síðan að úthluta til einstaklinga sem eru þeim þóknanlegir með þeim aðferðum sem þeir kjósa sjálfir. Ekkert er sagt um í þessari afgreiðslu hvaða jafnræðisreglu eigi að gæta í því sambandi. Mönnum sem eru í erfiðleikum í sambandi við skort á aflaheimildum er einfaldlega vísað á að sækja til formanns sjútvn. og félaga hans um það sem þeir telja að sig vanti til að geta fleytt fram lífinu. Síðan er þeim tilkynnt að þessir ágætu menn ætli að afgreiða umsóknirnar eftir kosningar.

Ég segi, virðulegi forseti: Hvernig getur flokkur eins og Sjálfstfl. staðið að svona afgreiðslu? Hvernig getur flokkur sem kennir sig við frjálsan markaðsbúskap og jafnræði og frjálsa samkeppni staðið að því að afhenda sjö stjórnmálamönnum 1.500 tonn af þorski til frjálsrar úthlutunar til aðila sem þeim eru þóknanlegir? Hvernig halda menn, virðulegi forseti, að svona samfélag sem ætlar sér að starfa með þessum hætti, hvaða dóm það hlýtur að fá hjá öllum hugsandi mönnum, hjá öllum þeim sem trúa því að frjálsræði í atvinnulífi, frjáls samskipti og eðlilegt frjálsræði í atvinnurekstri sé lykillinn að leyndarmálinu?

Seljavallakvótinn var mikið umtalaður á sínum tíma, 500 tonn. Honum var úthlutað, og ætli sé ekki búið að selja hann nú að mestu leyti. Hér er talað um þrefalt stærri kvóta. Engin trygging er veitt fyrir því vegna þess að samkvæmt lögum er ekki hægt að úthluta byggðum kvóta heldur verður að úthluta veiðiheimildum til eigenda fiskiskipa. Hver er kominn til með að segja að sú pólitíska úthlutun sem stefnt er að gagnist viðkomandi byggðarlagi um nokkurn skapaðan hlut? Ja, hver getur veitt tryggingu fyrir því að nokkrum vikum eftir að þessum byggðakvóta hafi verið úthlutað sjái menn kostina besta í því einfaldlega að selja hann öðrum og þar með burt af viðkomandi stað?

Það er engin smá fjárhæð sem þarna er verið að úthluta. Einn milljarður króna, þrefaldur Seljavallakvótinn. Hv. formaður sjútvn. þykir hlýða að gera tillögu um að honum sjálfum verði falið að standa í þessari úthlutun. Þetta er nú, virðulegi forseti, ekki eitthvað sem hægt er að kenna við stefnu Tony Blair eða að færa sig inn á miðjuna eða haga sér eins og Schröder. Ekki aldeilis. Þetta er aðferðafræðin sem þeir notuðu í Sovétríkjunum í eina tíð, löngu áður en Tony Blair og Gerhard Schröder komu til sögunnar, þ.e. að fela ákveðnum valdsmönnum, pólitískum valdsmönnum, að úthluta þannig lífsgæðum.

Nokkur atriði í þessu frv. eru varhugaverð. Varhugaverðast finnst mér ákvæði b-liðar 7. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að þessir litlu bátar á aflamarki hefji nú um hávetur enn frekara kapphlaup í sókn eftir meðafla til að ávinna sér aflareynslu að loknu árinu 1999 sem muni geta nýst þeim þegar kemur að því að kvótasetja þær tegundir líka. Ég veit að hv. þm., formaður sjútvn., veit í hvaða lífshættu sjómenn á smábátum, ekki síst á Vestfjörðum, eru nú að stofna sér með kapphlaupinu um að afla sér veiðireynslu í þessum meðafla. Mér er kunnugt um að einn af helstu stuðningsmönnum hans kom að landi fyrir nokkrum dögum með rúmlega 10 sentimetra fríborð á bát sínum, sem hefði þýtt að ef eitthvað hefði verið að sjó, jafnvel þó ekki hefði verið annað en að þessi ágæti sjómaður hefði þurft að mæta stórum togara á siglingu, að öldurótið frá honum hefði stefnt lífi hans í mikla hættu.

Svona atburðir eru nú að gerast hringinn í kringum landið. Menn eru að fara á sjóinn um hávetur á þessum litlu bátum í kapphlaupi við dauðann til þess að reyna að ná sér í meðaflareynslu upp á framtíðina þegar kemur að því að meðafla verði úthlutað í kvóta. Og í b-lið 7. brtt. hv. sjútvn. er verið að magna þetta kapphlaup enn frekar. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég hef miklar áhyggjur af þessu og þakka guði fyrir það að þetta kapphlaup, sem okkur öllum þingmönnum úr sjávarbyggðunum á að vera kunnugt um, skuli ekki hafa leitt til alvarlegra slysa. Sú aðferð sem á að taka upp er hættuleg. Það er hættulegt að stefna þessum duglegu mönnum út í það kapphlaup sem fyrirsjáanlegt er að verður á næstu vikum og mánuðum um hávetur á Íslandi og það er eitt af því sem þetta stjórnkerfi fiskveiða hefur haft í för með sér að færa öryggismál sjómanna mjög víða í kringum landið 30 ár aftur í tímann. Menn eru að sækja á bátum sem sáust ekki fyrir tíu, fimmtán árum að væru gerðir út yfir háveturinn. Skipin sem menn voru að reyna að afla sér til þess að auka öryggi á sjó, stærri bátarnir, eru horfin. Í staðinn eru menn að reyna að bjarga sér á þessum litlu hornum sem eru stórháskaleg á þessum tíma árs. Og sjútvn. er að hvetja þetta kapphlaup enn frekar.

Þá væri líka ástæða fyrir hv. sjútvn. að huga að öðrum sambærilegum málum, þ.e. hvernig er háttað tryggingu þeirra sjómanna sem starfa við þennan bátaflota sem margir hverjir, beitingamenn á verktakasamningi og sjómenn án lögskráningar, voru látnir standa undir tryggingaráhættu sjálfir að öllu leyti. Ég held að ástæða væri fyrir sjútvn. að skoða þau mál sérstaklega um leið og hún skoðar þá auknu slysahættu sem hún er að stuðla að nú með þessum tillögum sínum.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi að ég ætlaði ekki að tala langt mál að þessu sinni. En sú löggjöf sem við erum að sjá er þess eðlis að það er sjáanlegt að menn eru að reyna að leysa vanda einstakra aðila, jafnvel einstakra einstaklinga með því að burðast við að setja almennar reglur. Niðurstaðan er sú að þessi lagasetning er orðin svo flókin og illskiljanleg og svo mikið skæklatog og millimetrastríð, eins og hv. þm. Svavar Gestsson minntist á hér áðan, að það er ekki á færi kjarneðlisfræðinga að skilja þetta. Það er ekki einu sinni á færi forráðamanna LS sem eru þó allra kjarneðlisfræðinga gleggstir í því að skilja það sem fjallað er um smábátasjómenn. Það er ekki heldur á færi þeirra að átta sig á hvað þessi lagasetning þýðir nema með mikilli yfirlegu.

Eins og lagasetningin er núna úr garði gerð minnir hún mig um margt á þær lagasetningar sem afgreiddar voru á Alþingi á árunum eftir seinni heimsstyrjöldina, þ.e. þegar öllu atvinnulífi landsmanna var miðstýrt með flóknum lagasetningum þar sem ákveðið var nánast fyrir hvert fyrirtæki og hvern einstakling hvað menn mættu gera og hvað menn mættu ekki gera. Það voru skammtanir, það voru höft, það var ófrelsi, það voru miðstýringaraðferðir af því sem er löngu búið að leggja niður í öllum öðrum atvinnugreinum en ekki þessari einu, sjávarútvegi.

Sú aðferð sem menn eru farnir að nota og sem þessi lagasetning mun festa í sessi er stjórnunaraðferð sem hefur ekki verið til á Íslandi hvað varðar aðrar atvinnugreinar svo áratugum skiptir. Lögin eru orðin svo mikil flækja að ómögulegt er að greiða úr þeim. Síðan eru menn að reyna að lappa upp á þau þegar menn reka sig á vanda einstakra fyrirtækja hér og annarra fyrirtækja þar með því að búa til plástra af því tagi sem þessir jöfnunarsjóðir eru og annað af

því sem er meginefni þeirrar lagasetningar sem ætlast er til að við afgreiðum nú.

Þess vegna segi ég: Er ekki ástæða til þess á síðasta ári aldarinnar að sjávarútvegurinn fái sambærilega meðferð í íslenskri löggjöf og aðrar atvinnugreinar, þ.e. að sjávarútvegurinn fái leyfi til þess og þeir sem sjávarútveg stunda að nýta sama og sambærilegt atvinnufrelsi og menn fá í öðrum atvinnugreinum, hvort sem það heitir iðnaður eða þjónusta? Þetta skömmtunarkerfi hefur verið afnumið hvað varðar allar aðrar atvinnugreinar. Menn þurfa ekki lengur að sækja til einhverra sjö þingmanna um leyfi til þess að flytja inn. Menn þurfa ekki lengur að sækja til einhvers eins pólitísks ráðherra um leyfi til þess að kaupa eða selja gjaldeyri. Menn þurfa ekki lengur að leita til þingmannsins síns með beiðni um það að hann reyni að útvega honum lán í banka. Þessar þvinganir og hömlur sem við þekktum hér á áratugunum áður í öllum atvinnugreinum hafa allar verið afnumdar nema þessi. Enn er það svo að sjávarútveginum á að stjórna annaðhvort úr ræðustóli á Alþingi með ákvörðunum sjútvrh. uppi í ráðuneyti eða með úthlutun sjö pólitískra fulltrúa í stjórn Byggðastofnunar á verðmætum sem nema eitt þúsund milljónum króna.

Það er umhugsunarvert fyrir einstakling eins og hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, sem kennir sinnaskipti sín við sinnaskipti breska verkamannaflokksins og þýska sósíaldemókrataflokksins, að haldreipi hans í þessari umræðu og í þessari afgreiðslu skuli vera það að gera tillögu um að honum sjálfum og öðrum félögum hans verði fenginn réttur til þess að úthluta einum milljarði króna til þeirra einstaklinga í útgerð sem honum og félögum hans eru þóknanlegir. Ég er alveg sannfærður um ef þessi hv. þm. hefði sótt um inngöngu í verkamannaflokk Tony Blairs eða sósíaldemókrataflokk Gerhards Schröders hefði hann ekki fengið þar inngöngu því að það hefði enginn fengist til þess að mæla með þeirri inntökubeiðni.

[19:21]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessari ræðu mátti sjá gamalkunnugt andlit þingmanns sem fyrir hartnær 23 árum réðst á formann Framsfl. og þáv. forsrh. með dylgjum og óhróðri sem voru með þvílíkum endemum að þingmaðurinn hefur ætíð skammast sín fyrir það og ekki viljað kannast við ræðu sína.

Ég vil segja um fáein efnisatriði í því sem fram kom hjá þingmanninum að það er einfaldlega rangt að það verði hlutverk núverandi stjórnar Byggðastofnunar að annast úthlutun eða ráðstöfun þeirra aflaheimilda sem hér er lagt til. Þetta ákvæði tekur gildi 1. sept. nk. en kjörtímabili núverandi stjórnar lýkur 8. maí. Enginn veit hvernig ný stjórn Byggðastofnunar verður kosin. En ég hlýt að skilja þetta sem vantraust á fulltrúa Alþfl. í stjórn Byggðastofnunar, Sigbjörn Gunnarsson, fyrrv. alþingismann, sem keppir við hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um sæti á Alþingi fyrir Norðurl. e.

Í öðru lagi eru það ómakleg ummæli frá hv. þm. að verið sé að stuðla að aukinni slysahættu. Þvert á móti er að finna í þessum tillögum ákvæði sem eiga að draga úr áhættu við að sækja sjóinn á litlum bátum á erfiðum tíma árs. Handfærakerfið er þannig byggt upp að þessir litlu bátar eigi aðeins að róa á þeim tíma árs þegar skárri veður eru, þ.e. frá 1. apríl til 30. sept. Það er þvert á móti verið að girða fyrir að menn sæki sjóinn yfir svartasta skammdegið á þessum litlu bátum.

[19:23]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég hef borið sama andlit frá því að ég fæddist. Ég er ekki umskiptingur, hv. þm. Ég mæti ekki hér með nýtt andlit eða nýtt forrit.

Virðulegi forseti. Það er rétt að þegar til langs tíma er litið er verið að breyta veiði handfærabáta í sportveiðar yfir sumartímann. Ekki lýsir það miklu áliti á landsbyggðinni og þeim stöðum sem eiga afkomu sína undir þeirri útgerð. En það var ekki það sem ég var að ræða um. Það sem ég var að ræða um er að með því að stefna, eins og gert er í afgreiðslu sjútvn., að því að þeir bátar sem fara á aflamark geti sótt sér aflaviðmiðun á árinu 1999 á meðafla til þess að auka rétt sinn í kvótasetningu, er verið að stefna þessum sjómönnum í hættu. Það er verið að hvetja þá til þess að sækja undir líf og blóð yfir háveturinn til að auka aflareynslu sína í meðafla. Hv. þm. veit þetta vel og ef hann veit það ekki enn þá ætti hann að afla upplýsinga hjá því fólki sem hann þekkir vel í eigin byggðarlagi um mat á þessu ákvæði.

Verið er að stefna sjómönnum í háska og undan því fær hv. þm. ekki vikist. Hann ber ásamt öðrum ábyrgð á því.

[19:25]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er undir minni forustu sem sjútvn. leggur til að takmarka svigrúm smábátasjómanna á handfærum til að róa yfir svartasta skammdegið. Ég minnist þess ekki að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi nokkurn tíma lagt fram tillögu í þá veru.

Í öðru lagi vil ég nefna varðandi þorskaflahámarksbátana að með þessari lagasetningu er líka verið að opna leið fyrir þá til að stækka báta sína og róa yfir vetrartímann á stærri bátum en þeir hafa mátt búa við fram til þessa undir núverandi löggjöf.

Hins vegar er rétt að gert er ráð fyrir því að þorskaflahámarksbátar geti sótt sér aflareynslu á árinu 1999. Það er mjög einföld skýring á því. Stjórnvöld hafa á undanförnum árum hvatt sem flesta til að fara úr dagakerfinu yfir í þorskaflahámarkskerfið og reynt að gera það aðlaðandi fyrir þá til þess að draga úr veiðum þess hluta flotans sem rær á dögum. Mjög margir bátar hafa á undanförnum árum farið úr dagakerfinu yfir í þorskaflahámarkskerfið, jafnvel þótt þeir hafi lágan kvóta í þorski vegna þess að þeir sáu sér tekjuvon í að róa á aukategundir, ýsu, steinbít og ufsa. Ef lokað er fyrir þessa tekjuvon án þess að nokkuð annað komi á móti hafa þessir menn verið narraðir úr einu kerfinu yfir í annað á fölskum forsendum. Það kemur ekki til greina að mínu viti.

Hins vegar get ég upplýst það, sem hv. þm. á auðvitað að vera kunnugt um, þó hann láti eins og hann viti ekki af því, að þetta er annað af þeim tveimur atriðum sem ég greindi frá á fundi í sjútvn. að meiri hlutinn væri að ræða sín í milli og gæti leitt til þess að fram kæmi brtt. frá honum fyrir 3. umr. málsins. Hv. þm. hefði því getað sparað sér stóru orðin.

[19:27]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn fer hv. þm. rangt með. Í tíð ríkisstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl. — á meðan smábátasjómenn áttu málsvara innan þeirrar ríkisstjórnar sem þeir eiga ekki innan núv. ríkisstjórnar — átti ég hlut að því að gert var samkomulag við sjútvrh. um málefni smábáta sem kvað m.a. á um

að þeir yrðu ekki látnir sækja sjó á þessum litlu bátum yfir hörðustu vetrarmánuðina. Það geta forustumenn LS staðfest hvenær svo sem hv. þm. leitar eftir því, hvenær sem hann vill.

Það er líka rétt hjá hv. þm. að það hefur verið verk þeirrar ríkisstjórnar sem hann gekk til liðs við að reyna að afnema frjálsar krókaveiðar og ýta smábátamönnum inn í aflamarkskerfið. Enn er verið að gera það. Og hann á hlut að því. Það er verið að gera það með því að hvetja sjómenn á þessum litlu bátum til þess að róa undir líf og blóð yfir hörðustu vetrarmánuðina og taka þar áhættu sem ég er sannfærður um að þessir sjómenn mundu ekki taka ef ekki væri verið að veifa þessari gulrót um aflareynsluöflunina fyrir framan nefið á þeim. Hv. þm. er einn af þeim sem ætla að bera ábyrgð á því.

Vissulega vona ég að þau viðvörunarorð sem ég hef reynt að koma á framfæri verði til þess, eins og hann raunar var að ýja að sjálfur, að sjútvn. muni skoða þessi alvarlegu mál á milli 2. og 3. umr.

[19:30]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú má öllum vera ljóst að okkur er mikill vandi á höndum varðandi lífsrými það sem smábátunum er úthlutað og möguleika þeirra til rekstrarafkomu. Við höfum verið að reyna af fremsta megni að finna þann grundvöll sem gæti orðið til þess að þeir fengju haldið velli. Eins og hv. þm. veit þá hefur það verið okkar baráttumál og við höfum talið það réttmætt og mjög nauðsynlegt að reyna að viðhalda sóknarmarkinu, krókaleyfinu, áfram inni í íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu. Við höfum gert allt sem í okkar valdi hefur staðið til þess að svo mætti verða.

Þess vegna vil ég spyrja hv. þm.: Hvað er það sem honum finnst að við hefðum getað gert betur eða hvernig vildi hann sjá þetta gert? Telur hann að við höfum brugðist að einhverju leyti? Er einhver önnur útfærsla sem hann ætlar að mundi vera bátasjómönnum betri?

Mér er það fullkomlega ljóst að mjög mörgum þeirra sem gera út smábáta finnst enginn þessara kosta góður og ég er þeim alveg sammála. Þetta eru mjög rýrir kostir, mjög rýrir. En ég vil fá að vita það frá hv. þm. hvaða möguleika taldi hann að við, sem vorum að reyna að vinna í þessum málum, hefðum átt en nýttum okkur ekki?

[19:31]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal fúslega viðurkenna að það er mitt mat að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sé fullur af velvilja í garð smábátasjómanna og hafi viljað vernda kerfið um frjálsar veiðar. Hann gat það hins vegar ekki vegna þess að í flokki hans eru önnur viðhorf sem réðu. Hann réð ekki við málið. Ég skal fúslega viðurkenna að ég tel að hann hafi viljað gera betur.

Í öðru lagi tel ég að þessi lausn sem hann og félagar hans hafa fundið hér, geri ekkert til þess að hjálpa þessu fólki. Ég tel að mjög margir þeirra sem hafa fjárfest á undanförnum tveimur árum í smábátum í þeirri trú að þeir yrðu varðir, miðað við það kerfi sem gilt hefur fram til þessa, stefni nú í gjaldþrot. Þeir munu ekki geta staðið við þær kvaðir sem þeir hafa tekið á sig vegna kaupa á bátum sínum og þó þeir selji allt sem þeir geta selt, bátinn og aflamöguleikana, þá mun þá vanta fleiri milljónir upp á að geta staðið undir þeim skuldbindingum sem þeir tóku á sig í þeirri trú að þetta kerfi yrði varið.

Í þriðja lagi höfum við stjórnarandstæðingar sagt það hér að við teljum að með dómi Hæstaréttar hafi verið hrundið þeirri aðferð sem notuð hefur verið til þess að úthluta ekki bara veiðileyfum heldur líka veiðiheimildum. Hæstiréttur bendir á tvær aðferðir til þess að takast á við það vandamál, annars vegar með því að auka atvinnurétt fólks sem vill stunda sjóinn og hins vegar með því að tryggja að þorri landsmanna geti haft sambærilegar nytjar á sameiginlegri auðlindi. Þetta eru þær tillögur sem við vildum að yrðu skoðaðar, en ekki að látið yrði staðar numið við þá brotalausn sem hv. meiri hluti sjútvn. hefur lagt hér fyrir okkur.

[19:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við spurningum mínum. Ég spurði: Hvað getur smábátasjómönnum og útgerðarmönnum orðið að gagni umfram það sem við höfum reynt að gera? Ég get ekki fengið það nokkuð heim og saman hvernig aukin atvinnuréttindi áttu að koma þeim að gagni. Við vorum einmitt að berjast fyrir því að reyna að vernda atvinnuréttindi þeirra.

Er það virkilega meining þingmannsins að það hefði orðið þeim að gagni að mikill fjöldi annarra hefði komið inn í þetta sama sóknarmark? Ég taldi það vera alveg öfugt, að okkur bæri skylda til þess að verja þá til þess að forða því að einhver ótölulegur fjöldi báta kæmi og færi að keppa um þetta sama. Við vorum að reyna að verja þá.

Ég hef ekki enn þá getað skilið og ekki fengið svar við spurningu minni: Hvað var það sem við gátum gert betur? Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að þessir kostir eru ekkert góðir. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að mjög margir þeirra sem upp á síðkastið eða hin síðustu missiri og síðustu mánuði hafa verið að fjárfesta í þessu kerfi í þeirri von og þeirri vissu að það mundi haldast óbreytt munu standa frammi fyrir miklum erfiðleikum. Það vissi ég allt fyrir, þurfti ekki upplýsingar um það frá hv. þm.

En ég spyr enn og aftur, vegna þess að hv. þm. veit að við vorum að reyna að gera allt sem í okkar valdi stóð til þess að gera þetta þó bærilegt: Hefur hann eða einhver stjórnarandstöðuþingmaður nokkra efnislega tillögu í sínum fórum eða í sinni vitund sem getur komið að gagni og hver er hún þá?

[19:35]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef menn lesa dóm Hæstaréttar, eins og hér hefur verið gert fyrir hv. þm. og fleiri, þá bendir Hæstiréttur m.a. á tvær leiðir. Annars vegar að breyta úthlutunarreglunum þannig að drjúgur hluti landsmanna njóti atvinnufrelsis og hins vegar að breyta reglunum þannig að drjúgur hluti landsmanna geti fengið sambærilega aðild að þeim arði sem af sameiginlegri auðlind stafar. (**EOK:** Vildirðu þá að allir fengju ...) Aðeins um fyrra atriðið.

Þegar aflahlutdeild var úthlutað á sínum tíma var aðeins miðað við þá sem áttu skip annars vegar og hins vegar þrjá sjómenn sem fengu að njóta sambærilegrar úthlutunar og þeir sem skip áttu. Einn af þessum sjómönnum hefur nýtt sína aflahlutdeild sem hann fékk þannig til þess að byggja upp öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi. Og ég spyr: Ef aðrir sjómenn hefðu fengið að njóta aflareynslu sinnar með sambærilegum hætti, skyldu þeir ekki hafa getað skilað svipuðum árangri líka?

Auðvitað er mögulegt og rétt að taka úthlutunarkerfið í heild til endurskoðunar og þar kemur m.a. vel til greina að fara þá leið sem hv. formaður sjútvn. lagði til á meðan hann var í Alþb., að endurúthluta með sérstöku tilliti til þess flota sem stundar sjávarútveg á grunnslóð. Það kemur fyllilega til greina. Hann lagði það til sjálfur á meðan hann var í Alþb. (Gripið fram í.) og ég hefði verið reiðubúinn til þess að styðja slíka tillögu ef hún hefði komið fram. (Gripið fram í.)

Eins og ég segi, virðulegi forseti, þá eru menn búnir að setja upp nýtt andlit og hafa yfirgefið allar sínar fyrri tillögur að því er virðist. (**EOK:** Hvað leggur þú til?)

[19:37]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það hefur verið forvitnilegt að hlusta hér á ræðuskylmingar þingmanna Vestfirðinga. Þó verð ég að viðurkenna að þegar þeir og stundum fleiri þingmenn tala um strandveiðiflotann og virðast telja það tæmandi orð yfir það hugtak að skip stundi veiðar eingöngu á grunnslóð þá verð ég að segja rétt eins og er að ég held að við hin vitum öll að þessir bátar sem við teljum sex brúttólestir eða minni eru ekki nema lítið brot af þeim flota. Allir hinir hafa margoft lýst því yfir og margir þingmenn hafa tekið undir það, að þessir hinir séu gleymdi flotinn, það séu þau skip sem hafi jafnvel verið lengur í útgerð og að jafnvel fleiri eigi lifibrauð sitt undir útgerð hvers og eins þeirra heldur en hinna smáu vegna þess að það eru jafnvel fleiri menn á sama bát. Fleiri fjölskyldur hafa störf af því að vinna bæði við veiðina og vinnsluna. Þeir hafa orðið fyrir skerðingum umfram hina sem hér rétt eins og oftast áður hafa fengið athyglina í umræðunni. Það er skiljanlegt að þeir kalli sig gleymda flotann.

Herra forseti. Það á við um þetta eins og fleira sem gerst hefur á háu Alþingi, þegar það ræðir sjávarútveg og fiskveiðar frá Íslandi sérstaklega, að menn vilja af einhverjum ástæðum koma sér hjá því að ræða málið út frá nokkurri heildarsýn. Ég get svo sem unnt mörgum að vilja draga fram málstað hinna smæstu sem starfa í smáum einingum. Satt að segja tel ég að einhverjir hv. þm. hafi leyft sér það í þessari umræðu og að líkindum oftar að bera fram sjónarmið sem sennilega eru sett fram undir einhvers konar áhrifum af rómantík.

Herra forseti. Ég held að það sé hreinræktuð rómantík að tala um menn á þessum smáu bátum sem trillukarla sem hafi litla kosti því að fjölmargir þeirra eru á svo öflugum bátum að hinir, á skipum allt upp í 12 tonn, sem teljast vera tvöfalt stærri og eru búnir að vinna langa ævi við fiskveiðar, horfa á eftir þessum hraðbátum, sem fara miklu lengra til fiskveiða, miklu lengra á haf út og eru miklu fljótari að því og taka þess vegna ár eftir ár miklu meiri afla og flestir þeirra höfðu aldrei haft fyrir því að ávinna sér þau réttindi eftir eðlilegum leiðum. Ég segi eftir eðlilegum leiðum vegna þess að við lifum hér við þá staðreynd að við höfum ekki ótæmandi auðlind.

En víkjum að dómnum, herra forseti. Það er það mál sem við stöndum frammi fyrir. Þó svo að hv. þingmenn hafi vikið hér að afleiðingum hans með þeim orðum að frv. og brtt. meiri hluta sjútvn. við frv. gangi hvergi nærri, eins og einhver orðaði það, til móts við dóminn eða þvert á dóminn, eins og einhver annar hv. þm. orðaði það, þá verð ég að viðurkenna að ég er ekki sammála þeim sjónarmiðum og ég tel þau ekki byggð á umræðu um lögfræðileg mál eða réttarfarslegar afleiðingar heldur einungis á pólitískri lífssýn. Og það er allt í lagi með það. Við skulum þá bara ræða það á þeim forsendum. En vegna þess að að þessu máli hefur verið vikið á hinni forsendunni, þ.e. hver sé hin réttarfarslega staða eftir að slíkur dómur er genginn, þá er ljóst að dómurinn segir að ein tiltekin lagagrein í tilteknum lagabálki standist ekki stjórnarskrá. Ég er handviss um það, herra forseti, og ég byggi það á viðræðum mínum við lögmenn, við fræðimenn í lögum og af reynslu minni á þeim skamma tíma sem ég hef setið á háu Alþingi og áður í öðrum störfum af því að umgangast lög og dóma, að það er ljóst mál að þegar Hæstiréttur fellir slíkan dóm. Þá er ekki til setunnar boðið á háu Alþingi né heldur í hæstv. ríkisstjórn. Ráðherra í málinu ber skylda til að leggja fram frv. til að bæta úr þessum ágalla laganna sem Hæstiréttur hefur kveðið upp úr um. Þeim dómi verður ekkert áfrýjað. Og háu Alþingi ber skylda til að afgreiða frv. með niðurstöðu, hvort sem það er óbreytt eða breytt. Það er skylda Alþingis í öllum slíkum málum. Að bíða, eins og þrír hv. þingmenn hins nýja Alþb. skulum við segja, því það er ekki svipur hjá sjón hvorki að breidd né stærð miðað við það sem áður var, sú tillaga að draga það að skapa nýtt réttarástand sem eigi að taka við af hinu sem dugir ekki, tel ég að standist engan veginn þær kvaðir og skyldur sem við berum sem löggjafarvald. Það er að víkja sér undan viðfangsefninu.

Það á ekkert erindi inn í umræðuna hvort taka beri hægari, yfirvegaðri umræðu um endurskoðun laganna í heild sinni sem þyrfti þá lengri tíma. Það á einfaldlega ekkert skylt við það. Það er annað viðfangsefni. Dómurinn krefst viðbragða sem markast við efni og innihald dómsins.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að dómurinn segir 5. gr. laganna sem fjallar um útgáfu veiðileyfa ekki standast stjórnarskrá og því verðum við að líta á afleiðingar þessa dóms. Margir hv. þm. telja að það varði úthlutun aflaréttinda í aflamarkskerfinu en mér sýnist alveg ljóst að ákvæði laganna um aflamarkskerfið, um aflahlutdeild, um aflamark séu öll í síðari greinum laganna og engin þeirra er byggð þannig upp að hún sé leidd af 5. greininni. Þannig að ég, herra forseti, get ekki litið svo á að dómurinn beri í sér að við hljótum að endurskoða fleiri ákvæði laganna en hina umræddu 5. gr. Það er eina grein laganna sem er minnst á í dómnum. Hún er umrædd í kröfu áfrýjanda, sem var upphaflega stefnandi, og hún ein er umrædd í dómnum.

Hins vegar er það ljóst að aflaréttindi krókabátanna, sem við köllum svo, eru í lögunum, eins og þau voru fyrir dóminn, beinlínis leidd af réttindum þeirra með veiðileyfi samkvæmt 5. gr. Til þess að þeir hafi sambærilega möguleika og aðrir bátar og aðrir sjómenn í því ástandi sem þá þarf að skapa verður að greina á milli þeirra réttinda þeirra og veiðileyfis bátanna og það er viðfangsefni þessa frv. að stórum hluta.

Það er svo, herra forseti, að réttindi þeirra hafa til þessa verið framseljanleg en einungis bundið því að skip kom í stað skips eða bátur í stað báts. Það er meginmunur á réttindum þeirra til þess að flytja þau gagnvart því sem á við um skip í aflamarkskerfinu, þau má flytja milli skipa brot af heildarréttindunum. Lögmenn, sem hafa fjallað um afleiðingar dómsins, telja óyggjandi að með því að aðilar — sem verði nú ekki skyldir til að kaupa skip úr veiðum — eigi rétt á veiðileyfum fyrir skip sem fullnægja öryggisákvæðum og öðrum sambærilegum skilyrðum um skipaskráningu og skoðun skipa, hljóti að fá rétt til að kaupa aflaréttindin sjálf en þurfi ekki að gangast undir það að þurfa að kaupa þau í heild sinni af einhverjum öðrum sem fyrir er í greininni. Þess vegna, herra forseti, er það nauðsyn þeirra vegna og

hinna sem fyrir eru að réttindi smábátamannanna, eins og hinna á stærri skipunum, séu aðgreinanleg frá veiðileyfinu og heimilt verði að flytja þau á milli í viðskiptum eða öðrum tilvikum í minna mæli en allt í senn.

Tillögur okkar stjórnarliða um breytingar á frv. liggja nú fyrir og voru kynntar í byrjun umræðunnar. Með þeim er ráðgert að eftir aðlögunartíma, sem ljúki með næsta fiskveiðiári, fyrir alla þá sem hafa stundað veiðar í dagakerfinu, hvort sem þeir velja af ráðnum hug að gangast undir ákvæði þess aftur eða að flytjast inn í aflamarkskerfið, þá gildi um þá jafnlangur aðlögunartími. Hann er misjafn að réttindum sem byggist á því að þeir hafa að hluta misjöfn réttindi í dag og þeir munu þá hafa valið sér misjöfn réttindi.

Fyrir 1. mars næstkomandi geta eigendur sóknardagabáta valið um þessa kosti. Rétt er að geta þess að þeir sem velja sér sóknardaga eftirleiðis hljóta að gera það vitandi um að þeir bera í sér þrengri kosti en hinn möguleikinn. Þeir verða eingöngu sóttir að sumri og verða eingöngu sóttir með handfærum. Þetta hvort tveggja gefur mun slakari möguleika til afla en verið hefur en það sama á ekki við um þá krókaveiðibáta sem flytjast yfir í aflamarkskerfið. Það eina sem kemur skár út fyrir sóknarmennina er að þeir geta framselt daga sín í milli en um það gilda sérstök ákvæði sem varða mat á sóknargetu hvers og eins báts. Þessa skoðun mína hlýt ég að láta í ljós ásamt því sem mér hefur lengi sýnst um þessi ólíku stjórnkerfi í fiskveiðum að því fyrr sem þau renna saman í eitt og samfellt kerfi, þeim mun fyrr muni sjómenn og útvegsmenn sem stunda fiskveiðar á Íslandsmiðum sitja við sama borð, starfa við sömu réttindi, ábyrgð og skyldur gagnvart því hvernig þeir umgangast og nýta auðlindina.

Það getur skipt máli, herra forseti, vegna þess að við hin, sem stundum ekki þennan atvinnuveg eigum líka afkomu okkar undir því hvernig þeim tekst til. Ég segi þetta vegna þess að ég tel alrangt að líta svo á, sem hér hefur verið gert í umræðum og oftar, að þeir skili ekki framlagi sínu til þjóðarbúsins. Það tel ég alrangt, ég tel þá gera það fyllilega. Sá skerfur kemur fram í þeim viðskiptum sem þeir eiga við fyrirtæki og einstaklinga með kaupum sínum á aðföngum og öðrum vörum.

Besta lýsingin, herra forseti, er af litlu þorpi úti á landi þar sem af liðlega 100 störfum eru tæplega 40 störf beinlínis við sjávarútveg. Hverfi þessi 40 verða hin óþörf. Þau eru öll afleidd af þörfum smáu fyrirtækjanna sem stunda sjávarútveg. Segið okkur svo að sá sjávarútvegur hafi ekki lagt sitt til í þjóðarbúið.

Ég er auk þess, herra forseti, þeirrar skoðunar að farsælla sé fyrir þá menn sem hingað til hafa valið að stunda krókaveiðar eftir dagatakmörkunum, eins og það heitir, að flytja sig yfir í aflamarkskerfið. Það verður þeim frjálsara og þess vegna hentugra að bregðast við þeim þrengingum sem eru fram undan.

Lítum nú á þá umræðu sem fór fram áðan af hv. síðasta ræðumanni og þeim sem veittu honum andsvör. Hún snerist um það hvað þeir eða einhver þeirra hefði gert til þess að verja núverandi dagakerfi. Skoðum hvaða áhrif það hefði haft fyrir þessa menn. Það er alveg ljóst hver ákvæði laganna eru, það er vitað hver var afli þeirra á síðasta fiskveiðiári og það er líka vitað hvað þeir höfðu marga sóknardaga samkvæmt því. Þeir voru heilir níu. Þá var þar einungis gert ráð fyrir sömu viðmiðunum um afla, miðað við aflaheimildir, en vegna þess að þeir hafa farið fram úr — sem aðrir í flotanum mega ekki — hlaut sóknardögunum að fækka.

Hvað merkti þá að verja þetta kerfi? Jú, það merkti að þeir hefðu orðið að róa við færri sóknardaga, minni aflamöguleika en það sem þeim er boðið með þessu frv.

Það er spá mín, herra forseti, að ákvæðin um veiðar sóknarbátanna muni leiða til þess áður en langt líður að þeir munu allir sækja eftir því að fá að starfa samkvæmt almennum ákvæðum laganna um stjórn fiskveiða á Íslandi inni í aflamarkskerfi vegna þessa sem ég hef nefnt. Þeir munu telja sjálfir að það henti þeim betur. Ég tel að það hafi komið skýrt fram í máli þeirra sameiginlegu hagsmunasamtaka og væntanlega hefði það mátt koma fyrr fram.

Við höfum litið á annað atriði í ljósi þessa dóms. Um það hefur verið fjallað í þessari umræðu með ólíkum hætti. Ég var í hópi sem taldi rétt, vegna þess sem dómurinn bæri með sér, að líta ekki svo á að ljóst væri að öllum byggðarlögum við sjávarsíðuna væri tryggð framtíð um næstu missiri og ár, hversu stór eða smá þau væru, í gegnum hvers konar breytingar þau hefðu gengið í sjávarútvegi. Ég hygg raunar, herra forseti, að við höfum nú þegar þau tíðindi af sjávarútvegi í þessum byggðum á síðustu mánuðum að rétt væri að eiga einhver ráð ef til þyrfti að taka.

Þess vegna hef ég fallist á í starfi okkar stjórnarliða að þessu máli að við tökum til hliðar aflaheimildir sem væri hægt í samstarfi við Byggðastofnun að beita til þess að endurreisa atvinnulíf sem hefur orðið fyrir hnekki í þeim sveitarfélögum sem á því þurfa að halda eða þar sem atvinnan hefur hreinlega flust í burtu.

Ég hlýt líka að viðurkenna að aðgerðir af þessu tagi geta hvenær sem er gengið of langt og ég vil eingöngu vara við því og tel að við eigum að gæta þess að þetta verði gert í samhengi við aðrar aðgerðir í byggðamálum og vísa til þess að við höfum til umfjöllunar á hinu háu Alþingi till. til þál. um stefnu í byggðamálum á næstu árum. Mér þykir ljóst að við verðum að sameina og samræma aðgerðir okkar, en við getum ekki litið svo á að mínu viti að hagur þessara byggðarlaga sé örugglega tryggður, burt séð frá afleiðingum eða áhrifum af þessum dómi.

Ég velti því talsvert fyrir mér, herra forseti, meðan umræðan hefur gengið að þó svo að stjórnarandstæðingar hafi ekki gert grein fyrir mörgum hugmyndum um það hvernig bregðast mætti við í ljósi dómsins eða hvernig þeir telja að við hefðum átt að haga stjórn fiskveiða að öðru leyti þá er mér ljóst að þeir hafa nú lagt fram hugmyndir, sumar hverjar endurteknar frá fyrri árum. Merkilegast er þó að upplifa þetta í dag þegar líður að aldamótum, fullur áratugur er liðinn frá falli þess múrs sem greindi að miðstýrð ríki og frjáls Vesturlönd þar sem fólk, bæði einstaklingar og fyrirtæki þeirra, gat ráðið málum sínum, t.d. hagsmunum í atvinnustarfi, með eigin ákvörðunum um það hvort það vildi halda eða selja t.d. réttindi sem eru afar lík þeim sem við höfum í sjávarútvegi. Þar er einfaldlega átt við gæði t.d. í landbúnaði eða námarekstri þar sem menn nýta land og þær auðlindir sem þar finnast.

Hinum megin við múrinn bjó fólk við það fyrirkomulag að það mátti engar slíkar ákvarðanir taka sjálft en beið ávallt eftir úthlutun sem var í ljósi breytilegra forsendna á hverjum tíma. Og meira að segja breytilegra þó talað væri hástemmdum orðum um að unnið væri eftir fimm ára áætlun, tíu ára áætlun eða guð má vita hvað. Þeir höfðu að vísu ekki guði þar, sögðu þeir.

Herra forseti. En á hinu háa Alþingi Íslendinga í dag er talað um að nauðsynlegt sé að skoða nýjar leiðir til að út-

hluta veiðiheimildum á Íslandsmiðum, ekki í ljósi áunninna atvinnuréttinda, ekki í ljósi framtaks einstaklinga, stjórnenda og þeirra starfsmanna að eigin frumkvæði. Nei, í ljósi nýrra forsendna. Það er sem sé að úthluta alltaf af og til. Ég verð að viðurkenna að ég varð mjög hugsi undir ræðum af þessu tagi.

Auðvitað er ljóst að við verðum að ræða þessi mál út frá mörgum breytum sem hafa áhrif. En ég tel stórlega varasamar endurúthlutanir án tillits til þeirra sem hafa lagt í áhættu og eiga undir starfsvali og fjárfestingum bæði afkomu sína og fleiri. Varasamast af því öllu eru tvö atriði: Að gera verðlaus þau réttindi og þær fjárfestingar sem í hefur verið lagt — sem er ekki eingöngu gert með fjármunum heldur líka með fyrirhöfn og starfi og þekkingu — og að kippa fótunum undan því sem við höfum talað um á Íslandi að sé einhver mesti ávinningur síðari tíma vegna aukins frjálsræðis í fjárfestingum og slíkum ráðstöfunum. Það er stöðugleiki. Efnahagslegur stöðugleiki er hvergi til í veröldinni við slíkt kerfi sem hefur ekki markaðslausnir.

[19:57]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Afskaplega varð ég undrandi á því hvernig þingmaðurinn Árni R. Árnason skilgreindi eign og frelsi. Ég geri mér grein fyrir því að ekki er mikil von til þess að stjórnarmeirihlutinn skilji hvað við erum að tala um ef þetta er ríkjandi hugsun hjá stjórnarmeirihlutanum.

Það er nefnilega þannig að við erum að tala um að mönnum hefur verið úthlutað auðlindinni ókeypis og nú er svo komið að verið er að selja auðlindina af þeim sem fengu henni úthlutað ókeypis. Ekki er bara verið að úthluta auðlindinni, kvótanum eða magninu heldur á líka núna að úthluta dögum, heimila að selja daga sem menn hafa fengið úthlutaða. Og að líta á þetta sem eign er eitthvað sem við flest á Alþingi höfum litið á með skelfingu. Við höfum ekki verið sammála því að það sé rétt að slík „eign" erfist. Meira að segja þeir sem tilheyra stjórnarmeirihlutanum hafa lýst áhyggjum yfir þessari eignarhugsun.

En nú heyri ég ekki betur en að þingmaðurinn flytji mál sitt einmitt á þeim grunni að frelsið felist í því að fá úthlutað ókeypis þjóðarauðlind og mega síðan selja hana að vild. Þannig upplifi ég ekki eign og þannig upplifi ég ekki frelsi. Það er grundvallarhugsanamunur þarna á milli.

En það er nú einu sinni þannig að það fólk sem í dag talar um réttlæti og sanngirni varðandi þjóðarauðlindir okkar lítur heldur ekki á þetta á sama hátt og þingmaðurinn.

[20:00]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði þau sjónarmið sem fram komu í máli hv. þm. Hún gerir grein fyrir því að við höfum ólíka grundvallarafstöðu til þess sem hún vildi færa í umræðuna. Hún gengst við því að við séum ekki endilega sammála.

Mín sjónarmið eru þau að þegar þessum verðmætum var úthlutað, og ég hygg að hv. þm. geti rifjað það upp líka, þá var niðurstaðan sú að auðlindin væri fullnýtt og ekki væri aðgangur fyrir aðra, nema með því að ganga á atvinnuréttindi þeirra sem fyrir voru. Á atvinnuréttindunum höfðu einstaklingar og fyrirtæki grundvallað verulegar fjárfestingar, og það ástand sem ríkti fram að því, stjórnlaus starfsemi í ofnýttri auðlind, hafði orðið til þess að fyrirtækin voru í stórfelldum vandræðum. Langt fram yfir þann tíma áttu þessir menn engan kost, hvort sem menn voru einkaeigendur eða í félagi með öðrum, að fá full verðmæti út úr réttindunum. Það varð ekki fyrr en nú á síðustu árum.

Ég er ekki þeirrar skoðunar, herra forseti, að það gefi okkur neina heimild. Ég er alls kostar sannfærður um að það muni ekki heimilt nema þá gegn bótum á eignarréttarvörðum réttindum. Ég er ekki að tala um eign heldur um verðmæti, því að þessi réttindi hafa reynst í hendi allra vera verðmæt. Vöxtur verðmætanna, vel að merkja — ég hygg við eigum að viðurkenna það — hefur ekki byggst á að auðlindin hafi farið vaxandi. Aukning verðmætanna hefur mun fremur verið vegna aukins árangurs í rekstri þessara fyrirtækja.

[20:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í öllum flokkum er hugsandi fólk sem gerir sér grein fyrir því hversu alvarlegt er að leiðin sem farin var þegar ákveðið var að takmarka um stundarsakir aðgang að auðlindinni, varð sú sem raun ber vitni. Hún varð að eignarréttartengdum réttindum. Ef Alþingi hefði þá, ég átti þá ekki sæti hér, farið þá leið að úthluta innan ársins með leigu eða öðrum hætti og gengið þannig frá að hverju sinni hefði verið skilað inn kvóta þegar menn sæju að þeir mundu ekki nýta hann, þá hefðum við aldrei lent í þeirri stöðu sem við erum í í dag.

Ég geri mér grein fyrir því að þýðir ekkert að koma með „ef" og „hefði" í þeirri stöðu sem Alþingi hefur komið á, að aðgangur að auðlindinni, óveiddur fiskurinn í sjónum, erfist og einhver geti setið heima í sófa og ráðskast með auðlindina. Það er ekki nokkur maður á Íslandi sem telur það réttlátt, þvert á móti. Þetta finnst mér vera grundvallaratriði.

Hitt er að þegar til þess kemur að stjórn fiskveiða verður breytt varanlega þá verður það að gerast á einhverju árabili þannig að hægt sé að komast út úr þessum eignarréttartengdu málum. Þau eru vandinn í dag. Í stað þess að reyna það tímanlega þá hafa menn bætt og stagbætt kerfið og gert það verra og verra, þar til örfáar fjölskyldur munu eiga óveidda fiskinn í sjónum.

[20:05]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau sjónarmið sem hv. þm. endurtók breyta ekki þeim veruleika sem við búum við. Það kann að vera að framtíðarsýn hv. þm. sé að þessu kerfi verði gjörbreytt frá grunni. Ég verð að viðurkenna að ef það verður gert þá stöndum við frammi fyrir tveimur slæmum möguleikum. Verði farið eins að og þingmaðurinn nefnir er ljóst að veiðiréttindin verða aðeins til úthlutunar í skamman tíma í senn. Það býður upp á talsverða óvissu, efnahagslega óvissu, skamma framtíð fyrir fyrirtækin hverju sinni og þar með lakari afkomu þeirra og þeirra sem við þau starfa. Það býður líka upp á nánast hrun í endursöluverði þeirra fjárfestinga sem í liggja. Ég er ekki að tala um veiðiréttarverðmætin sjálf.

Hinn möguleikann tel ég sýnu verri fyrir okkur Íslendinga í ljósi þess að við erum eina þjóðin sem hefur fiskveiðar í svo miklum mæli að undirstöðu fyrir efnahagslífið. Fiskveiðar eru undirstaðan sem heldur uppi velferðarþjóðfélagi, fullburðugu efnahagslega, sem er að verða sambærilegt að lífskjörum við grannþjóðirnar sem við töldum lengi að stæðu okkur framar á því sviði. Ég tel ljóst að afleiðingar af versnandi afkomu í sjávarútvegi muni draga mjög úr efnahagslegum burðum okkar sem þjóðfélags, þ.e. þess sem við köllum þjóðarbú. Sameiginlegur efnahagur okkar er að mestu leyti reistur á mikilli og góðri afkomu í sjávarútvegi.

Hann er að stórum hluta byggður á stöðugleika til nokkuð langs tíma.

Ég hygg að við mundum verða sammála um þetta ef við skoðuðum málin í því ljósi, fengjum gögnin í hendurnar. Þá mundum við vilja viðhalda stöðugleika til frambúðar. Spurningin er hvernig við förum að.

[20:07]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi efnahag og sjávarútveg, vegna þess sem hv. þm. sagði hér síðast, er rétt að vísa enn og aftur í álit Þjóðhagsstofnunar. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því að með þeim tillögum sem hér er fjallað um er í raun boðið upp á lakari stöðu í sjávarútvegi en verið hefur. Menn eiga að hafa það í huga.

Þannig er, herra forseti, að austur í Rússlandi og víðar í fyrrum ríkjum Sovétríkjanna er nú verið að einkavæða. Þeir eru að einkavæða þjóðareignir. Það gerist gjarnan þannig að forstjórar sem hafa atvinnureynslu í greininni eru eftir ýmsum leiðum að eignast fyrirtækin. Þeir geta síðan selt öðrum hluti í þessum fyrrverandi sameignum þjóðarinnar. Sér ekki hv. þm. einhver líkindi þessa kerfis og þess kerfis sem við höfum hér? Að mínu mati eru líkindin ógnvænleg og segja okkur að horfa á það sem Hæstiréttur segir. Hann bendir á að jafnræði þurfi að ríkja. Það gengur ekki að hafa úthlutunarkerfið eins og það er, allra síst ef menn vilja horfa til markaðslausna. Ef menn ætla að horfa til markaðslausna þá geta menn ekki byrjað á því að gefa vitlaust. Menn verða að horfa annað en hingað til, það getum við þó a.m.k. lesið úr dómi Hæstaréttar. Þau vinnubrögð við uppálöppun sem hér eru viðhöfð eru ekki til þess fallin að auka veg markaðslausna í kerfinu, hvað svo sem menn gera hér. Upphafið var þannig að menn geta aldrei orðið sammála um markaðslausnir, byggðar á því réttlæti sem þarf að vera til að samkomulag geti orðið.

[20:09]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess að hv. þm. tilgreindi umsögn Þjóðhagsstofnunar til nefndarinnar verð ég að viðurkenna að ekki er hægt að lesa úr þeirri umsögn það álit að frv. í heild sinni eða tillögur meiri hluta nefndarinnar muni leiða til lakari afkomu eða óhagkvæmni í sjávarútvegi.

Vegna samanburðar á úthlutun þessara réttinda hér á Íslandi við upphaf þessa stjórnkerfis og því sem við tók þegar Sovétríkin hrundu, þ.e. samanburðarins á yfirtöku sovétforstjóranna á fyrirtækjunum við úthlutun veiðiheimilda á Íslandsmiðum, verð ég að viðurkenna að ég sé nánast ekkert líkt með þessu tvennu. Yfirtaka forstjóranna var auðvitað gerð eins og við teljum okkur vita, samkvæmt fréttum og eftir greiningu stjórnmálamanna og hagvísinda, meðan upplausnarástand ríkti á þessum slóðum og hver greip það sem hann náði í. Þessir menn höfðu betri færi en aðrir til að grípa þessi fyrirtæki. Þannig er nú staða þeirra í dag til orðin.

Það var ekki svo með aflaréttindi á Íslandsmiðum. Þar voru allir í áhættu. Eins og ég hef áður nefnt var á þeim tíma undantekning ef fyrirtæki í sjávarútvegi bar sæmilegan arð. Það var undantekning að finna fyrirtæki sem töldu sig geta starfað jafnlengi og þeir þóttust sjá. Í fyrsta lagi vegna sífelldra afskipta stjórnmálamanna. Ég tel að það sé eitt meginatriðið sem við ættum að forðast. Ég tel að úthlutanir á fárra ára bili, ég tala nú ekki um með uppboði árlega eða svo, líkist fremur slíku ástandi.

[20:11]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að verjast brosi þegar fulltrúar Sjálfstfl. ræða um afskipti stjórnmálamanna af atvinnulífinu, einkum þegar sjávarútvegur er til umfjöllunar. Við þurfum ekkert að líta mjög langt aftur í tímann eða leita mjög lengi til að sjá af hverju það er hlægilegt. Við þurfum ekki annað en horfa á þá löggjöf sem við höfum nú fyrir framan okkur til að sjá af hverju það er hlægilegt. Af hverju setja menn ekki almennar reglur sem byggja á markaðslausnum? Af hverju krækja menn fyrir nánast hverja útgerð í landinu með svo sértækum aðgerðum að það vantar einungis heiti á sumar þeirra inn í lögin? Herra forseti. Afskipti stjórnmálamanna af sjávarútvegi hafa verið of mikil og þau eru of mikil, líka undir stjórn Sjálfstfl.

Vegna þess sem hv. þm. sagði um veiðirétt til skamms tíma, þá er það svo að jafnvel þó að farið yrði í að bjóða út veiðiréttinn þá eru til ýmsar aðferðir við það. Ég veit að hv. þm. þekkir að hagfræðingar eru ekki á einu máli um hversu hættulegt sé að bjóða veiðiréttinn út til skamms tíma. Menn segja líka: Það er enginn vandi að bjóða veiðiréttinn út til langs tíma, jafnvel mjög langs tíma. Þannig eru til á þessu allir varíantar, ef svo má orða, og ýmsar skoðanir um aðlögunartíma, tíma úthlutunar, hversu langan tíma þarf o.s.frv. Það er hins vegar alveg ljóst, herra forseti, að sú aðferð að bjóða upp veiðiréttinn er nær jafnræðisreglunni sem Hæstiréttur fjallar um en sú stífa úthlutun, stranga regla og kalda krumla stjórnmálanna sem hvílir á lögunum um stjórn fiskveiða í dag.

[20:13]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú fagna ég orðum hv. andmælanda míns í þessari umræðu. Við erum nákvæmlega sammála um það sem hún nefndi nú. Það væri hentast þjóðfélaginu öllu, líka þeim sem á undanförnum missirum hafa talið sig standa utan við arðinn af fiskveiðum, sem ég að vísu tel þá misskilja. En það hentar okkur öllum að úthlutanir, í hvaða formi sem þær eru, standi til langs tíma. Það er meginatriði í sameiginlegum efnahagshagsmunum Íslendinga.

Hitt hef ég oft orðað í þessum stól og víðar og á við um þetta stjórnkerfi eins og önnur í landinu að einungis almennar reglur eiga að gilda. Öðruvísi verða engar reglur gagnsæjar, öðruvísi getur enginn vitað hvað við tekur að skömmum tíma liðnum. Ég er þeirrar skoðunar að við séum heldur á leið þangað en hitt. Ég verð að viðurkenna að dagakerfið, sem var í stjórnkerfinu fram að þessum dómi og fram að því að menn áttuðu sig á áhrifum af dómnum, var sérfyrirbrigði. Það var ekki almenn regla. Almenna reglan var að heimildir mættu menn færa á milli sín eftir því sem þeir sáu sér hagkvæmast. Þannig skilar kerfið meiri árangri fyrir þjóðarbúið.

[20:15]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það frv. sem hér um ræðir er viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar og hv. Alþingis við dómi Hæstaréttar. Það er nauðsynlegt að hafa þetta í huga vegna þess að sú skipan mála sem þar kemur fram er ekki sú sem þessir aðilar töldu heppilegasta í þessum málaflokki. Sá dómur sem hér um ræðir er þannig orðaður að menn telja sig geta túlkað hann hver á sinn hátt og oftast gera þeir það í samræmi við

sína fyrir fram gerðu skoðun á því hvernig standa eigi að fiskveiðistjórn.

Dómurinn er hins vegar einungis skýr að því er varðar 5. gr. Ef Hæstiréttur telur að fleiri atriði standist ekki stjórnarskrána í fiskveiðilöggjöfinni þá þarf hann að tala jafnskýrt um þau atriði og hann talaði um 5. gr. ef það á að vera réttlætanlegt fyrir Alþingi að taka upp löggjöfina og gera á henni breytingar vegna dómsins.

Þær breytingar sem nauðsynlegast hefur reynst að gera hafa meiri áhrif á smábátakerfið en á hið almenna aflamarkskerfi. Og það gæti hugsanlega haft áhrif sérstaklega á þær byggðir sem byggja á smábátaútgerð umfram aðrar byggðir í landinu.

Ég ætla ekki að fara yfir frv. í heilu lagi hér. Það hefur verið gert af hálfu framsögumanna meiri hluta nefndarinnar og það skýrt í smáatriðum. Ég tel mér hins vegar skylt að fara yfir nokkur atriði sem ég tel að séu afar mikilvæg fyrir umræðuna og rétt að halda til haga.

Í fyrsta lagi er það sú breyting á smábátakerfinu sem gerir það að verkum að til verður sóknardagakerfi þar sem sóknardagar verða framseljanlegir. Ég hefði vissulega kosið að hægt hefði verið að gera þá breytingu á smábátakerfinu að allir smábátarnir væru inni í sama kerfinu og að það væri aflamarkskerfi. Það hefði verið betra að vera með eitt kerfi í gangi fyrir smábátana en tvö kerfi. Það er hins vegar enginn grundvallarmunur á því hvort um er að ræða sóknardagakerfi eða kvótakerfi. Það er vissulega munur á því en ekki grundvallarmunur. Það er enginn grundvallarmunur á því hvort sóknardagar séu framseljanlegir eða hvort kíló í kvóta séu framseljanleg.

Ég geri mér grein fyrir því að framsalið er mjög gagnrýnt. En það er grundvöllur þess kerfis sem við búum við í dag og grundvöllur þess árangurs sem við höfum náð. Ég treysti mér hins vegar til þess að styðja það sóknardagakerfi sem lagt er til í frv. vegna þess að stór hluti þeirra sem starfa í greinni og störfuðu í hinu eldra sóknarkerfi, ef svo má að orði komast, hafði gert ráðstafanir á þeim grundvelli að þeir væru að starfa innan sóknardagakerfis og að það kerfi sem hér er verið að búa til er líkara því umhverfi sem þeir bjuggu við fyrir dóminn. Ég tel því ástæðulaust að raska þeirra starfsumhverfi meira en nauðsynlegt er og tel ásættanlegt að þeir sem eru í smábátakerfinu geti valið um að fara inn í hið nýja sóknardagakerfi eða að fara inn í króka/aflamarkskerfið.

Í öðru lagi vil ég nefna hvernig standa á að því að reikna út aflareynslu vegna aukategunda í þorskaflahámarkskerfinu. Það er nýjung í því tilfelli að aflareynslan á að reiknast á tíma sem ekki er liðinn, þ.e. árið 1999 á að leggjast til grundvallar þegar aflareynsla í aukategundum eins og ýsu og steinbít verður reiknuð út. Ég tel að þetta sé varhugavert. Það er sérstaklega varhugavert út frá öryggi sjómanna því að þetta hvetur til óheftrar sóknar, hvetur til þess að menn sæki sjóinn þegar það jafnvel væri ekki skynsamlegt vegna þess ávinnings sem felst í því að afla sér mikillar reynslu. Ég tel líka að aflareynsla sem vinnst á þennan hátt geti leitt til ranglátra breytinga á þeirri reynslu sem bátarnir hafa þegar öðlast, þ.e. ef marka á heildarkvótann eins og hann er þegar orðinn í dag en skiptinguna á reynslu þess sem óliðið er af þessu ári þá þýðir það að þeir sem jafnvel tóku ekkert þátt í því að afla reynslunnar sem heildarkvótinn byggist á, geta náð til sín stærri hluta af kvótanum sem byggist á aflareynslu þess árs sem ekki er liðið.

Ég fagna því hins vegar að sjútvn. hefur ákveðið að fjalla sérstaklega og frekar um þetta mál á milli 2. og 3. umræðu og ég treysti því að hún komist að ásættanlegri niðurstöðu sem forðar okkur frá þessari sókn, setur henni einhverjar hömlur og kemur í veg fyrir að um verði að ræða ranglátar breytingar á skiptingu heildaraflans sem þegar er ljós.

Í þriðja lagi vil ég nefna þau 1.500 tonn sem ætlað er að úthluta til Byggðastofnunar. Þetta er gert í samræmi við það að menn höfðu áhyggjur af því að ýmsar byggðir landsins gætu orðið fyrir áföllum vegna þeirra breytinga sem hæstaréttardómurinn kallar á. Ég er ekki viss um að ýkja mikið tilefni sé til þess að setja stóran hluta af kvótanum í pott sem þennan. Ég er heldur ekki viss um að það sé rétta leiðin út úr vandanum að Byggðastofnun hafi kvóta til þess að rétta mönnum sem eru í vanda. Sjái menn fram á það að geta fengið ókeypis kvóta hjá Byggðastofnun til þess að leysa vanda sinn þá munu þeir síður leita lausna á vandanum sjálfir.

Ég sé líka ýmis vandkvæði á því að úthluta úr pottinum þessum 1.500 tonnum. Hvað ætla menn að leggja til grundvallar? Jú, það er talað um að þetta eigi að fara til byggða sem eru í vandræðum vegna þess að kvóti hefur horfið í byggðarlaginu. Á þá að úthluta úr þessum potti til þeirra sem áður höfðu selt frá sér kvótann? Hvernig á að marka það hvort byggðarlagið sé í vandræðum vegna flutningsins á kvótanum úr byggðarlaginu? Er það atvinnuleysi? Er það hátt hlutfall erlendra verkamanna í fiskvinnslu? Eða hvað er það annað sem að gagni má koma til þess að marka erfiðleika sveitarfélagsins?

Ég held að þetta sé hættulegt fordæmi því að jafnvel þó að 1.500 tonn séu ekki ýkja mikið af heildarkvótanum þá gætu 1.500 tonnin orðið að mun stærri potti í framtíðinni ef menn héldu áfram á sömu braut.

Ég tel hins vegar ekki, eins og ég sagði, að þetta sé svo ýkja stórt hlutfall af heildarkvótanum að það þurfi að vera okkur til stórskaða, sérstaklega ekki ef Byggðastofnun heldur vel á og skynsamlega og úthlutar réttlátlega úr pottinum og gætir þess að rýra ekki vilja manna til þess að leysa vanda sinn sjálfir með því að vera of reiðubúin að rétta fram hjálparhönd áður en það er nauðsynlegt. Ég ætla því ekki að gera þennan pott að úrslitaatriði við stuðning minn við þetta frv.

Síðan vil ég nefna þau 3.000 tonn sem ætlað er að úthluta hinum svokölluðu vertíðarbátum. Þetta er hinn gleymdi floti sem verst hefur farið út úr kvótakerfinu og ég fagna því að honum sé rétt hjálparhönd þótt vissulega væri ánægjulegt ef um hærri hlutdeild gæti verið að ræða. En á það verður ekki kosið að þessu sinni. Vonandi mun það nýtast einhverjum til þess að viðhalda þessum flota því hann er mikilvægur fyrir okkur og hefur verið það um langan tíma og mun væntanlega verða það áfram.

Að lokum, herra forseti, þá er ekki hægt að láta hjá líða að minnast á afstöðu stjórnarandstöðunnar í þessu máli. **(Gripið fram í:** Hvaða afstöðu?) Hvaða afstöðu, spyr hv. þm. og það er von að hann spyrji. Afstaða stjórnarandstöðunnar var í upphafi sú að hraða ætti afgreiðslu málsins vegna dóms Hæstaréttar. (Gripið fram í.) Síðan kvartar stjórnarandstaðan mest yfir því hvað hún hafi stuttan tíma til þess að vinna í málinu, hversu hratt sé unnið í hv. sjútvn. En ekki kemur stjórnarandstaðan með tillögur.

Þegar langt var liðið á umræðuna voru veitt afbrigði í sérstakri atkvæðagreiðslu fyrir því að leggja mætti fram tillögu stjórnarandstöðunnar og þá var tillaga stjórnarandstöðunnar sú að fresta málinu um fjögur ár.

Upphaflega var krafan sú að það ætti að hraða afgreiðslu málsins vegna þess að dómurinn án viðbragða skapi óvissu. En hversu mikla óvissu skapar ekki frestun í fjögur ár? Tilgangur þessa frv. er að eyða óvissunni. Hún mun hverfa þegar frv. hefur verið samþykkt, a.m.k. hvað varðar þá þætti sem tekið er á í frv. Hvað framtíðin síðan ber í skauti sér er ekki gott að segja. En að svo stöddu er ekki tilefni til frekari aðgerða af hálfu hv. Alþingis.

[20:28]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Enn spretta upp deilur um fiskveiðistjórn og sjávarútveg hér á Íslandi. Að þessu sinni vekur Hæstiréttur umræðuna sem leiðir svo eins og einatt til deilna úti í samfélaginu og þau skoðanaskipti og þær deilur berast síðan hingað inn í sali hv. Alþingis.

Líklega eru þau fá þingin á síðustu árum sem hafa liðið án þess að einhverjar breytingar hafi verið gerðar á lögum um stjórn fiskveiða. Í sjálfu sér er það ekkert óeðlilegt. Menn hafa leitast við að þróa fiskveiðistjórnarkerfi sem að mörgu leyti og flestu leyti virðist hafa út frá þjóðhagslegum hagsmunum gefist vel. En einatt reyna menn þó að bæta augljósa ágalla.

Enn einu sinni erum við hér að ræða breytingar á lögum, frv. til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða. Ég hygg að í þessu sambandi sé rétt að setja sig í spor þeirra þúsunda einstaklinga sem hafa atvinnu af sjávarútvegi. Á ég þar bæði við þá einstaklinga sem stýra fyrirtækjum, hvort heldur er í fiskvinnslu eða útgerð, sem og þau þúsund sem starfa ýmist við fiskvinnslu eða á sjó. Þá er rétt að við spyrjum okkur: Hvert ætli sé rekstraröryggi þessara aðila sem beinlínis starfa við fiskvinnslu og fiskveiðar? Hvaða rekstraröryggi og hvaða festa er til staðar? Það er óhætt að segja að hún er lítil sem engin og er þó rekstraröryggi, öryggi í rekstrarlegu umhverfi, ein aðalforsendan fyrir eðlilegum framförum í sérhverri atvinnugrein. Mér kunnugt um það, herra forseti, að fyrirtæki þar sem starfa um og yfir 100 einstaklingar ákvað fyrir tveimur árum að laga sig að þeim lögum sem þá voru í gildi um stjórn fiskveiða og gerði áætlun til 12 ára til þess að skapa þessum rúmlega 100 einstaklingum og stjórnendum fyrirtækisins einhverja festu og einhverja áætlun til þess að vinna eftir.

Með dómi Hæstaréttar, aðeins tveimur árum eftir að áætlun þessa fyrirtækis var fram lögð með veðsetningum til hins ýtrasta, má segja að stoðunum sé að mörgu leyti kippt undan þessum áætlunum. Þá er eðlilegt að spyrja: Hvert er öryggi þeirra sem fyrirtækinu stýra og þeirra sem hjá því starfa? Vissulega eru fjölmörg önnur slík dæmi. Þannig er ég sannfærður um það að á síðustu mánuðum og missirum hafa hundruð millj. kr. farið í góðri trú stjórnenda fyrirtækja til þess að kaupa sér úreldingu eins og kallað hefur verið, en með dómi Hæstaréttar kemur í ljós að þau kaup voru óþörf. Þetta er ekki tryggt umhverfi sem þannig er skapað þeim sem í greininni starfa og ekki bæta úr skák hinar eilífu upphrópanir um sægreifa og gjafakvóta, en sýnt hefur ítrekað verið fram á bæði í þingsölum og fræðilega að hugtakið gjafakvóti stenst alls ekki. Sægreifatalið hefur svo leitt til þess að hinir heiðarlegustu menn í greininni veigra sér orðið við að umgangast fólk vegna þess að á þá er litið sem allt að því glæpamenn.

Okkur eru ljósar þær deilur sem sprottið hafa á síðustu árum um fjölda daga í svokölluðu dagakerfi krókabátanna þar sem eigendur þeirra og fjölskyldur búa við stöðuga óvissu um það hversu marga róðrardaga þeir fái þetta og þetta fiskveiðiárið.

Það snart mig mjög, herra forseti, bréf sem mér barst í tölvupósti frá eiginkonu trillusjómanns úti á landi. Í því bréfi hvatti hún í rauninni mjög til þess að þingheimur setti „allt undir kvóta“ eins og hún orðar það í bréfinu en tekur jafnframt skýrt fram að hún hafi ávallt og alla tíð haft efasemdir um „blessað kvótakerfið“ eins og það er orðað í bréfinu. En hún notar hugtak sem ég hef reyndar ekki heyrt áður. Hún telur að óvissa sóknardagakerfisins skapi ekki bara óöryggi fyrir fjölskylduna heldur líka ótta um líf og limi eiginmannsins sem böðlast við að sækja sjó hvernig sem viðrar á þeim fáu dögum sem honum var úthlutað. Hún talar einmitt um að kvótakerfið sé fjölskylduvænna heldur en óvissa sóknardagakerfisins.

Þá leyfi ég mér, herra forseti, að vitna til eins sögulegasta plaggs sem ég hef séð lengi. Það er bréf sem hv. nefndarmenn sjútvn. fengu boðsent frá framkvæmdastjóra og formanni Landssambands smábátaeigenda, með í rauninni hvatningu um að setja smábáta á kvóta. Það er sögulegt vegna þess að talsmenn Landssambands smábátaeigenda hafa einatt verið mjög kröftugir og ötulir talsmenn gegn kvótasetningu. En þetta bréf og þessi hvatning til hv. þingmanna segir e.t.v. sína sögu.

Þau dæmi sem ég hef rakið hér segja okkur í rauninni að þeir sem í greininni starfa telja óvissuna óþolandi og undir það sjónarmið hljóta menn að taka. Í rauninni fela þessi dæmi sem ég hef nefnt í sér beiðni um festu og sátt um fiskveiðistjórnarkerfi þannig að þeir sem stunda þessa atvinnugrein, sjávarútveg, geti fengið tryggt rekstrarumhverfi, getið fengið atvinnuöryggi og stundað sína atvinnu við að skapa verðmæti fyrir þjóðarbúið.

Nú má segja að hæstaréttardómurinn frá því í desember setji hlutina í uppnám og þau viðbrögð sem urðu við honum af hálfu hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnar og síðan meiri hluta hv. sjútvn. eru einmitt til þess fallin að skapa þá festu sem um er beðið, þjóðfélagið þarf á að halda og ekki síst þeir sem í greininni starfa. Það er verið að bregðast við dómi Hæstaréttar um 5. gr., jafnræðisregluna svonefndu, og það er sannfæring okkar að þau viðbrögð sem birtast í frv. dugi til þess. En það er líka vert að leggja áherslu á það, herra forseti, að hér er einnig verið að leggja þunga áherslu á verndun atvinnuréttinda þeirra sem greinina hafa stundað.

Það munu vera komnar u.þ.b. 3.000 umsóknir á borð hæstv. sjútvrh. þar sem óskað er eftir veiðileyfi. Ætti að verða við öllum óskum sem þar koma fram, þá væri um að ræða yfir 1 millj. tonna af þorskígildum. Með því að aðhafast ekkert eins og sumir hv. stjórnarandstæðingar hafa í raun lagt til, þá er verið að bjóða þessum 3.000 einstaklingum sem hafa sótt um veiðileyfi frjálsan aðgang að annars takmarkaðri auðlind og menn geta rétt spurt sjálfa sig hverjar yrðu afleiðingar þessa. Við þessu er hv. sjútvn. einmitt að bregðast. Hún telur sig með því vera að vernda þjóðhagslega hagsmuni, vernda takmarkaða auðlind og ekki síður að vernda mikilvæg atvinnuréttindi þeirra sem sjósókn hafa stundað um árabil og áratugabil. Það hlýtur að vera skylda hv. alþingismanna að vernda þetta hvort tveggja.

Með þessum efnislegu tökum er sem sagt verið að bregðast við dómi. Það er verið að bregðast við dómi án þess að valda kollsteypu í samfélaginu. Ég nefni kollsteypu því að af málflutningi sumra hv. stjórnarandstæðinga mætti skilja að þeir vildu bregðast þannig við að aðhafast lítið eða ekkert

og valda á þann hátt kollsteypu í sjávarútvegi og þar með efnahagslífi landsmanna.

Það sem líklega er þó mikilvægast og að mínu mati e.t.v. merkilegast í frv. því sem hér er til umræðu er í rauninni sú grein sem minnsta umfjöllun hefur fengið, bæði á hv. Alþingi sem og í fjölmiðlum, en það er ákvæðið um úttekt á kostum og göllum þess fiskveiðistjórnarkerfis sem við höfum búið við frá 1983. Það tel ég vera mikilvægt vegna þess að þar er gert ráð fyrir því að menn fari yfir þetta fyrirkomulag faglega og hlutlaust eftir kosningar og láti ekki það sem kalla má fyrirtíðarspennu kosningaskjálftans raska ró sinni við vandlega yfirferð á afskaplega viðkvæmu máli. Það væri ábyrgðarleysi að grípa til einhverra skyndiaðgerða, kasta kerfinu fyrir róða án þess að hafa einhverja heildstæða lausn til þess að taka við. Á þá lausn hefur ekki verið bent, síst af hv. stjórnarandstæðingum þrátt fyrir að þeir hafi margfaldlega verið um hana spurðir. Við megum ekki hleypa efnahagslífi okkar í uppnám, ógna atvinnu og þjóðarhagsmunum. Þess vegna vil ég segja að stærsta málið frv. er einmitt sú úttekt sem á að vera lokið fyrir árið 2000.

Við skulum jafnframt hafa það í huga að á meðan sú úttekt fer fram, þá búa rekstraraðilar í sjávarútvegi áfram við óvissu. Áfram eiga þeir yfir höfði sér að nú kunni enn að verða mikil breyting á lögum um stjórn fiskveiða sem eiga að skapa rekstraröryggi þessara aðila. Engu að síður er það áhætta sem menn verða að taka því að það ríður á að ná á breiðum grunni aukinni sátt um það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við og ætlum þó fyrst og fremst að búa við.

Herra forseti. Ég ætla ekki efnislega að fjalla meira um þetta frv. Ég tel að viðbrögð hv. meiri hluta sjútvn. hafi verið afskaplega efnisleg og ég vil mótmæla því sem fram hefur komið hjá sumum hv. stjórnarandstæðingum að hér sé kastað til höndunum. Ég leyfi mér að fullyrða að meiri hluti sjútvn. hefur lagt gífurlega mikla vinnu í þetta, eytt til þess miklum tíma og notið ráðgjafar fjölmargra sérfróðra aðila. Auðvitað má endalaust deila um hvort þetta sé hin eina rétta niðurstaða. Ég gæti sem og flestir aðrir bent á einhverjar áherslur sem mættu vera öðruvísi en það er sannfæring okkar í meiri hlutanum, og við gerum þetta í bestu trú, að þarna sé verið að bregðast eins vel og hægt er við dómi Hæstaréttar, hafandi í huga fólkið sem starfar í sjávarútvegi hvort heldur er á landi eða á sjó og með bestu trú um að hér sé þjóðhagslegra hagsmuna gætt.

Ég leyfi mér, herra forseti, að benda á ákveðna stefnumörkun sem fram kemur í frv. og það er úthlutun á um það bil 3.000 tonnum sem fara til báta allt að 200 tonna eða brúttólesta að stærð. Þar er stefnumörkun sem lengi hefur verið kallað eftir og hygg ég að margir muni fagna, þ.e. verið er að bæta aflamarksbátum og svonefndum gleymdum flota, hinum hefðbundna vertíðarflota, þá skerðingu sem sá floti hefur orðið fyrir umfram aðra á liðnum árum. Það er löngu tímabær ákvörðun og er þess vegna merkileg stefnumörkun.

Stærri mál þurfa hins vegar að bíða frekari umfjöllunar. Eins og ég nefndi áðan þá þarf að fjalla um þau yfirvegað og málefnalega og það er gert samkvæmt frv., tillögu um nefnd á breiðum grunni, eins og fram kemur í nál. hv. meiri hluta sjútvn. þar sem menn fara yfirvegað yfir hin stórpólitísku mál fiskveiðistjórnar. Það er í rauninni sama hugmynd og áður hefur verið samþykkt, ef ég man rétt, einróma á hv. Alþingi með svonefndri auðlindagjaldsnefnd þar sem þverpólitísk nefnd er skipuð til þess að fjalla þverpólitískt um þetta viðkvæma mál, auðlindagjald, og menn gefa sér til þess góðan tíma þannig að umræðan verði ekki full af upphrópunum eða fyrirsögnum eins og oft vill bera við þegar auðlindagjald ber á góma og hefur svo skýrlega komið fram í umræðum hjá hv. stjórnarandstæðingum í dag, einkum úr þingflokki jafnaðarmanna. Í rauninni býr hér sama hugmynd að baki, að þverpólitísk nefnd, nefnd á breiðum grunni, fjalli yfirvegað um málið og ljúki störfum fyrir árið 2000 og hún hlýtur þá auðvitað að taka jafnframt mið af því sem fram kemur hjá auðlindagjaldsnefndinni. Vissulega er af mörgu að taka hvað auðlindagjaldið varðar, umræðuna um gjafakvóta og þar fram eftir götunum og ætla ég ekki að fara út í þá umræðu hér að svo stöddu.

Annað sem hlýtur að verða fjallað um í þessari nefnd eru vinnsluskipin. Á síðustu árum hefur stöðugt hærra hlutfall af aflaheimildum færst yfir á vinnsluskipin og þess vegna má segja að að mörgu leyti skjóti það skökku við hversu mikil umræða fer fram um veiðar smábáta á sama tíma og stöðugt meiri afli, hærra hlutfall heildaraflaheimildanna, færist yfir til vinnsluskipanna. Nú hefur ítrekað komið fram hörð gagnrýni á nýtingarstuðla vinnsluskipanna. Það hefur jafnframt verið mjög sterklega fullyrt að afla vinnsluskipa sé að miklu leyti varpað í sjóinn aftur. Sumir fullyrða allt upp í 50%. Þó ekki væri nema 20% þá er það mikið. Vinnsluskipin koma ekki með allt hráefnið að landi svo sem hausa og annað því um líkt sem vissulega er mikil þörf fyrir eins og mörg dæmi sanna. Ég nefni ýmis fyrirtæki sem hafa verið að vinna bæði úr hausum og slógi.

Ég lýsi því hér með, herra forseti, að mér eru mikil vonbrigði að ekki skuli hafa verið lagt fram frv. með endurskoðun á nýtingarstuðlum og rekstrarumhverfi vinnsluskipa. Ég batt miklar vonir við það og taldi að a.m.k. á þessu kjörtímabili kæmi slíkt frv. fram að lokinni vandlegri vinnu en það hefur ekki litið dagsins ljós og mun ekki gera. Ég hlýt því að trúa því að í þeirri endurskoðunarnefnd sem er til umræðu hljóti þessi þáttur að vega nokkuð þungt.

Ég nefni jafnframt sem viðfangsefni nefndarinnar brottkast sjávarafla í svonefndu kvótakerfi. Þar hafa verið viðraðar ýmsar hugmyndir og ég gæti tekið undir þau sjónarmið sem hafa komið fram í umræðunni í dag að í rauninni er tiltölulega einfalt að koma með lausn á því og ég harma að menn skuli a.m.k. ekki hafa lagt út í þær tilraunir. Þannig má áfram telja en ljóst er að hin stóru mál varðandi sjávarútveginn verða rædd í þeirri úttektarnefnd sem frv. gerir ráð fyrir og á að skila fyrir lok ársins 2000. Hver veit þá nema árið 2000 verði stóra árið í fiskveiðistjórnun þar sem menn hafa vonandi komist að betri niðurstöðu og aukinni sátt um það mikilvæga hagstjórnartæki okkar sem heitir fiskveiðistjórnun.

Rétt að lokum, herra forseti. Það sem mér finnst líklega merkilegast við þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag og mun líklega fara fram á morgun áfram um þetta frv. er sú staðreynd að í rauninni hafa fáar beinar tillögur komið frá stjórnarandstöðunni um það hvernig skuli bregðast við dómi Hæstaréttar. Þó má ef grannt er skoðað sjá ýmsar vísbendingar. Ég nefni í fyrsta lagi það sem hefur verið bent á, misvísandi óskir einstakra hv. þm. stjórnarandstöðu. Þannig skrifar hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir 7. desember sl. undir fyrirsögninni „Kvótadómurinn, endurskoðun strax“ — og ég endurtek, „endurskoðun strax“. Sama rödd heyrðist hjá nokkrum hv. þm. stjórnarandstöðunnar fljótlega eftir að dómur hafði verið kveðinn upp að ríkisstjórn bæri að hraða viðbrögðum við dómi Hæstaréttar.

En hver hefur svo verið rödd hv. stjórnarandstæðinga í dag? Hún hefur verið sú að ríkisstjórn og meiri hluti hv. sjútvn. hafi unnið málið of hratt og jafnvel hafa einstaka hv. stjórnarandstæðingar gengið svo langt að leggja til að ekkert verði að gert næstu fjögur árin sem þýðir að þeir 3.000 aðilar sem bíða eftir að fá veiðileyfi afgreidd á þeim fjórum árum gætu vaðið um fiskveiðilandhelgi okkar og stefnt allri auðlindinni í voða. Þetta eru misvísandi skilaboð frá hv. stjórnarandstöðu og ekki mjög vænleg þegar einn daginn er ætlast til þess að málið sé unnið hratt og næsta dag sé það unnið til nokkurra ára.

Annað sem fram hefur komið hjá hv. stjórnarandstöðu er m.a. að einfaldasta aðgerðin við að svara dómi Hæstaréttar sé að bjóða allar aflaheimildir upp. Það hefur ítrekað komið til umræðu og fyrir því er til allrar hamingju einfaldlega ekki meiri hluti því að þrátt fyrir jafnaðaryfirbragð hv. stjórnarandstæðinga felur slíkt uppboð eingöngu eitt í sér, það að þar sem peningarnir eru fyrir þar munu aflaheimildir að lokum lenda. Það mundi í rauninni umbylta allri byggð á Íslandi og fækka sjávarútvegsfyrirtækjum niður í líklega 10–12. Þetta er þó ákveðin stefna sem einstaka hv. stjórnarandstæðingar boða og er rétt að halda til haga.

Ég nefni í þriðja lagi, herra forseti, það sem ég reyni að rýna út einhverja stefnu frá hv. stjórnarandstæðingum, það var þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hvorki meira né minna en formaður Alþfl., boðaði banndagakerfið. Ég ítreka að formaður Alþfl. boðar banndagakerfi sem lausn á vanda smábátasjómanna. Í ræðu hans fyrr í kvöld sagði hann frá því að í síðustu ríkisstjórn hefðu smábátamenn átt málsvara sem væru alþýðuflokksmenn en ættu engan slíkan í núv. ríkisstjórn.

Þá er rétt að rifja upp, herra forseti, hvert var viðhorf smábátasjómanna til banndagakerfisins, skilgetins afkvæmis Alþfl. úr síðustu ríkisstjórn, og hvernig ástandið var hjá smábátasjómönnum í upphafi þessa kjörtímabils. Rétt er að rifja það upp því að þá var þingið í umsátursástandi, trillukarlar af landinu öllu í hundraða tali héldu til umhverfis Alþingi dögum saman til að kveða niður banndagakerfið sem Alþfl. barðist fyrir í síðustu ríkisstjórn og kallar sig síðan talsmann smábátasjómanna. Þetta er ein stefna sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa boðað í umræðunni og er líka rétt að halda til haga.

Í þriðja lagi nefni ég, herra forseti, að varðandi svonefndan byggðapott í frv. hefur hv. frsm. stjórnarandstöðu, Svanfríður Jónasdóttir, brugðist við með því að kalla það spillingu. Einnig er rétt að halda því til haga að hún telur spillingu að grípa til aðgerða til að styrkja veikar byggðir landsins, eins og Breiðdalsvík svo að nærtækt dæmi sé tekið.

Að lokum, herra forseti, það sem mér þykir merkilegast úr umræðu og úr stefnu hv. stjórnarandstæðinga er að hér hafa hv. þm. jafnaðarmanna boðað ríkisútgerð og ekkert annað. Þeir hafa með öðrum orðum seilst til stefnu Alþfl. frá því á árunum 1930–1940 þar sem Alþfl. boðaði ríkisútgerð. Ekki er hægt að lesa annað út úr ræðum hv. stjórnarandstæðinga þar sem þeir gagnrýna mjög það ákvæði frv. að einkavæða aflaheimildir eins og þeir hafa kallað það.

Herra forseti. Íslendingar eiga landið og Íslendingar eiga miðin í kringum það. Það er síðan fullveldisréttur stjórnvalda hverju sinni hvernig þessi verðmæti lands og miða eru nýtt og þar eru aðeins tvær leiðir færar. Annars vegar er sovétleiðin, þ.e. að ríkið annist slíkan rekstur með ríkisútgerð ellegar þá að einstaklingum verði treyst fyrir því að skapa verðmæti úr auðlindinni með þjóðarhagsmuni í huga. Það er sú leið sem við höfum áratuga og jafnvel aldagamla reynslu af, það er sú leið sem er farin víðast hvar út um heim og þess vegna er merkilegt að heyra það núna í lok 20. aldar að þingmenn jafnaðarmanna skuli boða ríkisútgerð á Íslandi sem lausn á dómi Hæstaréttar.

Að þessum atriðum töldum, einum fimm atriðum sem eru að vísu misvísandi, hlýtur það endanlega að sannfæra mig um gildi hlutlausrar, fræðilegrar og yfirvegaðrar úttektar á fiskveiðistjórnarkerfinu frekar en að grípa til þeirra ráðstafana sem þó hafa verið kynntar af hálfu stjórnarandstöðunnar.

[20:54]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því að hv. þm. ætlar að halda því til haga hvaða skoðanir og álitaefni ég hef sett fram varðandi Byggðastofnunarkvótann. Ég vil þá spyrja þingmanninn: Finnst þingmanninum sú aðferð að búa þennan pott til á milli umræðna sé rétta aðferðin til þess að vinna að leiðum svo hægt sé að mæta þeim aðstæðum sem geta komið upp víða úti á landi og jafnvel í Reykjavík og jafnvel annars staðar þar sem atvinnuörðugleikar skapast vegna breytinga í umhverfinu? Þessi hugmynd fer aldrei út til umsagnar, hún er lítt útfærð en hefur þó aðeins tekið breytingum vegna gagnrýni stjórnarandstöðunnar. Er hugmyndin sú að finna upp aðferð — bingó!— á milli umræðna í þinginu þar sem menn vinna undir tímapressu og ekki gefst tími til útfærslna né heldur til þess að skrifa nákvæmlega út hvernig menn ætla að mæta þeirri reglu eða þeirri kröfu sem menn gerðu um jafnræði að, ég tala ekki um þeirri samkeppnisstöðu, sem ég held að við séum sammála um að verði að ríkja á milli fyrirtækja í landinu.

[20:56]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ugglaust má deila um tímasetningar hvenær hugmynd um svonefndan byggðapott kom upp en þetta er ekkert ný hugmynd. Hún hefur margsinnis verið rædd úr þessum ræðustóli. Það sem skiptir máli eru markmiðin, markmiðin með Byggðasjóði. Það er að stjórnvöld geti hverju sinni gripið til svo ég nefndi dæmi eins og Breiðdalsvík eins og ég vísaði til áðan. Ekki er rétt að enginn hafi verið fenginn til umsagnar. Ég bendi á umsögn forstjóra Byggðastofnunar, Guðmundar Malmquist, sem kom til nefndarinnar og lýsti þessu ef að lögum verður sem einu mesta framtaki til byggðaþróunar til þess að verja byggðir landsins.

Herra forseti. Vegna þess að hv. þm. gat þess að ég vildi halda þessari skoðun hv. þm. á byggðapottinum til haga ítreka ég að ég tel þetta vera gæfuspor sem verið er að stíga. Gæfuspor fyrir það fólk sem á eftir að lenda í ógöngum eða vandræðum, m.a. vegna þess að veiðiheimildir hafa horfið úr byggðarlaginu og fólk situr jafnvel í átthagafjötrum. Ég nefni enn og aftur dæmi eins og Breiðdalsvík. Ég er sannfærður um að hefði Byggðastofnun haft í dag slíkan byggðapott hefði mátt lina þjáningar þess fólks sem þarf vissulega að líða þjáningar á Breiðdalsvík í dag.

En ég nefndi að það sem mér hefði þótt merkilegast í rökum og málflutningi hv. stjórnarandstöðu væri að boða annars vegar banndagakerfi, að endurreisa það, og hins vegar ríkisútgerð. Það þótti mér athyglisverðast í leit minni að stefnu hv. stjórnarandstöðu í þessu viðkvæma máli.

[20:58]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem betur fer má ekki lesa annað af blaðaskrifum en það að forusta þeirra í Breiðdalsvík vilji gjarnan bregðast við málum eins og byggðarlög hafa hingað til brugðist við, þ.e. að efla framtak heima fyrir. Þeir vildu ganga inn í þau kaup sem var verið að gera á hlut Breiðdælinga í því fyrirtæki sem um ræðir þannig að þeir hafa sýnt að þeir hafi fullan hug á að bjarga sér.

Þetta er ekki ný hugmynd, segir hv. þm., og það er kannski það versta við hana, þetta er ekki ný hugmynd. Þetta er ekki bara gömul hugmynd heldur er hún illa útfærð og það eru ekki nema tvö ár síðan við lögðum niður byggðapott og hann var þá tveggja ára gamall. Ég verð því að segja það, herra forseti, að þingmanninum hefur ekki tekist að sannfæra þá sem hér stendur um ágæti þess að fara svona í hlutina. Það á að gera það öðruvísi, alls ekki svona.

Síðan langar mig rétt vegna þess að hv. þm. hefur verið að tala um banndagakerfi og ríkisútgerð af því að ég var talsmaður minnihlutaálits hv. sjútvn. þar sem viðhorf stjórnarandstöðunnar voru viðruð, þá kannast ég hvorki við banndaga né ríkisútgerð úr því nál. Ef það er að finna þar, vil ég gjarnan að mér verði bent á hvar það er vegna þess að ég get ekki sem talsmaður stjórnarandstöðunnar sætt mig við það að henni séu eignuð viðhorf sem hafa ekki komið fram.

[21:00]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að seint muni ég sannfæra hv. þm. um byggðapott eða aðgerðir á því sviði. Hins vegar kom fram hjá hv. þm. að fyrir tveimur árum hefði 500 tonna byggðapottur verið lagður niður. Það er rétt en þó er sá munur á þessum potti og þeim gamla að hann var skilgreindur miklu þrengra. Hann var eingöngu ætlaður sérstökum krókabátum en hér er um miklu almennari aðgerðir að ræða í byggðarlögum sem hafa orðið fyrir skakkaföllum í sjávarútvegi, hvort sem eru krókabátar, rækjubátar eða aðrar tegundir veiðiskipa.

Hvað útfærsluna snertir kemur fram, eins og hv. þm. veit, að stjórn Byggðastofnunar er ætlað að útfæra þetta. Ég hygg að stjórn Byggðastofnunar sé vel til þess treystandi og bendi auk þess á að hv. Alþingi hefur alla burði til að fylgjast með því hvernig sú úthlutun fer fram, hvaða leikreglur eru settar með skýrslu Byggðastofnunar og með fyrirspurnum eins og einatt er gripið til hér á hv. Alþingi.

Að lokum, herra forseti, hvað varðar banndagana, þá kom fram — ég hygg að hv. þm. hafi aðeins brugðið sér frá úr þingsalnum — að formaður Alþfl. lýsti sig talsmann smábátaeigenda úr síðustu ríkisstjórn og þar með hefðu talsmenn smábátaeigenda úr ríkisstjórn horfið. Í raun lofaði hann og prísaði verk Alþfl. í síðustu ríkisstjórn, að berja í gegn hina óvinsælu banndaga. Þetta lofaði og prísaði hv. formaður Alþfl. áðan og ekki hægt að túlka það öðruvísi en hann boði banndaga sem lausn.

Hvað ríkisútgerðina varðar þá færði ég rök fyrir því áðan. Þar sem hv. þm. hefur m.a. talið fáránlegt að fela einstaklingum að sjá um aflaheimildir eftir smábátakerfinu þá er ekki nema ein leið eftir. Það er ríkisútgerð.

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hv. 6. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[21:03]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það er ekki hægt að sitja undir því án þess að svara fyrir sig, að maður standi hér og boði ríkisútgerð. Það hef ég aldrei gert og ekki einu sinni flogið það í hug. Ef hv. þm. vill halda því fram þá eru það einkaskoðanir hans og fullkomnir útúrsnúningar. Ég vil að það liggi ljóst fyrir eftir þessa umræðu, herra forseti. Ekki hitt sem hann heldur fram, fullkomin ósannindi og ósanngjörn.

[21:03]

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. 75. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess."

Þessi grein stjórnarskrárinnar er tilefni þeirra umræðna sem hér eru nú. Á sínum tíma, þegar ég var hér á Alþingi árin 1988–1991, vann Lagastofnun Háskóla Íslands álitsgerð fyrir sjávarútvegsnefndir Alþingis þar sem fram kom að útgerðarmenn ættu tiltekin atvinnuréttindi. Þegar þessar spurningar voru sendar til Lagastofnunar var því miður ekki spurt um atvinnuréttindi fiskverkafólks og sjómanna.

Þar sem hér er um að ræða löggjöf fyrir mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar er nauðsynlegt að þessum spurningum verði svarað. Ég ætla ekki endilega að halda því fram að þeir sem ekki hefur verið fjallað um, t.d. sjómenn, fiskverkendur og fiskvinnslufólk, eigi sérstök atvinnuréttindi. Kjarni málsins er sá að löggjöf í mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar verður að vera hafin yfir allan vafa. Þess vegna þarf álitsgerð frá Lagastofnun Háskóla Íslands eða frá hópi virtra lögmanna um þessi atriði. Ég reyndi mikið að berjast fyrir þessu á sínum tíma og hafði m.a. hóað saman þremur valinkunnum lögmönnum sem ég ætla ekki að nefna. Þá var hins vegar enginn hljómgrunnur fyrir því í sjútvn. að halda áfram vinnunni, enda allt komið í tímahrak.

Því miður er það þannig með þessi lög að ég held að þau hafi upphaflega verið samin í tímahraki. Oftast þegar lögunum hefur verið breytt, þá hefur það einnig verið gert í tímahraki. Þar af leiðandi tel ég að stór hluti löggjafarinnar sé hálfgert fúsk og ekki Alþingi sæmandi að vanda ekki löggjöf í mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar. Þeim sem varað hafa við því að löggjöfin stæðist ekki stjórnarskrá, mér og fleirum, er alla vega ekki um að kenna þegar uppákomur, eins og fyrir nokkrum vikum síðan, verða.

Það er talað um potta, einhver tonn hingað og þangað, 1,2% þarna og 500 tonn þangað (Gripið fram í.) eða jafnvel 500 kg. Mér finnst þessi umræða á svo lágu plani að ég ætla ekki að taka þátt í henni. Ég ætla að halda mig við fagleg aðalatriði. Það er auðvitað alvarlegt fyrir Alþingi Íslendinga þegar eitt byggðarlag stendur skyndilega uppi með engan kvóta. Markmið laganna hjá ráðherrum og Alþingi þjóðarinnar, því að Alþingi samþykkti lögin, ekki ráðherrarnir, var að auka svokallaða hagræðingu. Ég verð að viðurkenna það að ég fæ óbragð í munninn þegar ég nefni þetta orð eða heyri það. Markmið laganna voru uppákomur eins og á Breiðdalsvík, það hlýtur að vera. Ef hagræðing á að fara fram þannig að byggðarlög sláist um kvóta þá hljóta einhverjir að lenda undir. Menn þurfa því ekki að vera voðalega hissa þegar slíkt gerist.

Stór hluti aflans hefur flust frá fiskverkuninni út á sjó. Hæstv. sjútvrh. lét semja álitsgerð, varðandi það að setja allan fisk á markað, fyrir ári síðan. Að henni stóð Viðar Már

Matthíasson, prófessor í lögum, og hún birtist 15. desember 1997. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Komist er að þeirri niðurstöðu að um sé að ræða tvenns konar eignarréttindi sem njóti verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. eignarréttindi sem tengjast lausafé og fasteignum, sem nýtt hafa verið til vinnslu sjávarafla, og atvinnuréttindi, þ.e. rétturinn til þess að nýta þessar fjárfestingar. Talið er að lög um söluskyldu skerði þessi réttindi með þeim hætti að það farið í bága við síðastnefnt stjórnarskrárákvæði."

Ég tel að þessi álitsgerð gefi sterklega til kynna að fiskvinnslan hafi alltaf átt tiltekin atvinnuréttindi en þau hafa því miður aldrei verið skilgreind. Til þess að ég eða aðrir þingmenn geti haft skoðun á því hvort fiskvinnslan eigi tiltekin atvinnuréttindi þarf að láta vinna slíka álitsgerð. Það er einn þátturinn í þeirri fagvinnu sem fram þarf fara svo löggjöf í mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar sé ekki afgreidd á nokkrum klukkutímum. Sé það gert eins og oft hefur verið gert, þá kalla ég það fúsk.

Ég átti þess kost að kynnast þessu málefni þegar ég var á Alþingi 1988–1991. Ég komst að því mér til mikillar furðu að til voru tvær kenningar um hvernig ná ætti hámarksafrakstri í fiskstofnum. Við vitum hver kenning Hafrannsóknastofnunar er. Það er að friða fiskinn til þess að auka afraksturinn. Það hefur gengið frekar illa. Ég varð því forvitinn um hina kenninguna og fór að kynna mér hana. Ég hef kynnt mér þetta mál og stöðuna í Norður-Atlantshafi í 10 ár og niðurstaðan er ekki mjög fögur. Það lítur út fyrir að friðun á fiskstofni geti í sumum tilfellum verið hættuleg. Margt bendir til þess að algert þorskleysi við Kanada og Grænland eigi rætur sínar að rekja til of mikillar friðunar á fiski.

Eins og ég sagði áðan þá varðar þetta stjórnarskrá lýðveldisins. Almannaheill þarf að vera í húfi til að takmarka megi þá atvinnu sem menn kjósa. „Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum," segir í 75. gr., „enda krefjist almannahagsmunir þess." Skilgreiningin „almannahagsmunir" á ekki við, t.d. á Breiðdalsvík. Ég tel að almannahagsmunum á Breiðdalsvík stafi frekar hætta af þessum lögum en að almannaheill njóti þar verndar. Svo er um mörg byggðarlög úti á landi. Þess vegna þarf að vinna þetta allt upp á nýtt og ég vona að Alþingi beri gæfu til að láta þá vinnu fara faglega fram og sem minnst verði um flokkspólitískt hnútukast í þeirri vinnu.

Varðandi afla þorsks í Norður-Atlantshafi, þá hefur hann minnkað um $^2/_3$ síðan friðun hófst. Ég get ekki kallað það árangur. Í upphafi var ætlunin að ná meiri árangri. Þróunin hefur öll orðið aftur á bak og ég kem nánar að því á eftir.

Ég tel hins vegar að rannsóknastarfsemi Hafrannsóknastofnunar sé þokkalega góð. Eftir sem áður væri rétt að alþingismenn íhuguðu að fleiri fengju leyfi til þess að stunda hafrannsóknir og túlka niðurstöður þannig að samkeppni kæmi í þessa grein eins og ýmsar fleiri. Til dæmis hefur fiskifræðingurinn Jón Kristjánsson sótt um leyfi til að fá að stunda hafrannsóknir. Sjútvrn. heimilaði honum að hefja rannsóknir með slíkum afarkostum að Jón túlkaði það sem synjun. Ég tel fráleitt að Hafrannsóknastofnun hafi faglegt lögregluhlutverk og geti einokað rannsóknir og túlkun rannsóknargagna. Þannig virðist mér það vera í dag. Við sjáum hvað samkeppni í tölvuiðnaði og símafyrirtækjum upp á síðkastið hefur flýtt fyrir framþróun. Samkeppni í rannsóknum og túlkun rannsóknargagna getur flýtt þróun þar jafnhratt. Raunar hefur eðlileg gagnrýni á veiðiráðgjöf verið nánast útilokuð og alltaf kæfð í fæðingu. Þeir sem gagnrýna eru því alltaf á byrjunarreit. Hafrannsóknastofnun rannsakar hafið, dæmir rannsóknirnar og kemst að niðurstöðu. Síðan spyrjum við út í niðurstöðurnar og þá skýrir hún sjálf skekkjurnar með röksemdum sem ég tel að standist ekki. Þar við situr, hvað eftir annað.

Ég verð að segja að reynsla mín af þessari gagnrýni er ekki mjög fögur. Maður hefur eilíft hlaupið á veggi með gagnrýnina en ég veit að málið er mikilvægt og mér dettur ekki í hug að hætta að tala um það jafnvel þó erfitt sé í umræðum. Ég ætla að vitna í grein sem Magnús Jónsson veðurfræðingur skrifaði í Morgunblaðið í haust, í nóvember. Hann segir m.a. að á árunum upp úr 1980 hafi farið fram miklar umræður og skoðanaskipti um rannsóknaraðferðir, áhrif veiða, áreiðanleika stofnmælinga, nýliðun og fleira. Síðan segir Magnús orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar síðan aflamarkskerfið var tekið upp má segja að smám saman hafi myndast „skoðanamúr" í kring um Hafrannsóknastofnun, múr sem nánast hefur verið óvinnandi eftir að frjálsa framsalið var sett á og stjórnvöld og útgerðarmenn sameinuðust í hagsmunagæslunni um fiskveiðistjórnunarkerfið. Engu er líkara en að allt í einu hafi vísindin verið orðin svo þróuð, að öll vafaatriðin sem menn ræddu áður séu ekki lengur til staðar, þegar um fiskifræðina er að ræða. Er nú svo komið að flestar efasemdarraddir eru þagnaðar enda menn úthrópaðir sem sérvitringar, falsspámenn eða jafnvel ábyrgðarlausir óvinir þjóðarinnar. Margir náttúrufræðingar og fleiri sem gagnrýnt hafa forsendur fiskveiðistjórnunarkerfisins eru hættir að þora að láta skoðanir sínar í ljósi þar sem þeir eiga á hættu að missa vinnuna eða verða fyrir öðrum beinum eða óbeinum óþægindum eða jafnvel mannorðsmissi."

Svona skrifar veðurstofustjóri Íslendinga um þá upplifun sem hann hefur orðið fyrir vegna þess að hann er einn af þeim sem hafa leyft sér að gagnrýna þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar því að friða þorska.

Ég verð að segja að ég hef upplifað þetta á svipaðan hátt. Sem dæmi get ég nefnt að fyrir fjórum árum var ég í prófkjöri Sjálfstfl. á Austurlandi og kvöldið fyrir prófkjörið var með fyrstu fréttum á Stöð 2 í beinni útsendingu að ég ætti engan séns í prófkjörinu því að ég hefði málað mig út í horn með gagnrýni minni á fiskifræðinga. Tilteknir voru aðrir menn sem þættu frambærilegir og í orðunum fólst að ég væri náttúrlega ekki frambærilegur þegar ég vogaði mér að hafa sjálfstæðar skoðanir á verkum fiskifræðinga. Svona fagleg vinnubrögð við fréttamennsku finnst mér náttúrlega fyrir neðan allar hellur og það er mjög alvarlega komið í þjóðfélaginu þegar menn sem koma með heilbrigða og vel rökstudda gagnrýni eru afhausaðir í beinni útsendingu ef svo má segja. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að ég ætla ekki að gefa kost á mér aftur í pólitík.

En það eru margar ástæður fyrir því að ég ætla ekki að gefa kost á mér að svo stöddu, ég veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér, það kemur í ljós síðar.

Ég ætla aðeins að fara yfir þessa gagnrýni frá 1975. Þá ætla ég að byrja á að nefna að mjög hátt veiðiálag var á þorskstofninum 1972–1975 eða 43% af stofnstærð þorsks og ég er alltaf að miða við tölu Hafrannsóknastofnunar því ég er ekki að búa til neinar tölur um þetta. Ég hef alltaf notað gögnin þeirra þegar ég kafa ofan í það hvað þeir hafa ráðlagt og hvað svo reyndist rétt. Veiðiálag var 43% að meðaltali þessi fjögur ár.

Hvað gerist síðan í kjölfarið? Svarta skýrslan kom út 1975, seinast á þessum árum. Hún hlaut ekki nafnið svarta skýrslan fyrir annað en að hún var talin kolsvört. Þorskstofninn var talinn vera að hrynja samkvæmt skilgreiningu ráðgjafa. Ég hef verið að grúska í þessum gögnum og ég ætla að sýna þeim fáu hv. alþm. sem eru hér hver spáin var. Í skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins, sem kom út mánuði eftir að svarta skýrslan kom, er rauð lína teiknuð beint niður sem sýnir hvernig þorskstofninn átti að hrynja ef ekki yrði farið eftir tillögum stofnunarinnar. Hæstv. forseti má gjarnan sjá þetta líka.

(**Forseti** (ÓE)**:** Ég sé þetta.)

En gula línan sýnir það sem gerðist þó haldið væri áfram að veiða þar sem þeir sögðu að mætti ekki veiða. Það var haldið áfram að veiða 330–370 þús. tonn á ári og þorskstofninn stækkaði og stækkaði og stækkaði. Hvernig gat það gerst? Þorkstofninn var 890 þús. tonn 1975. Mér sýnist að hann hafi verið kannski 200 þús. tonnum minni en hann er í dag og við vorum að veiða 370 þús. tonn. Er það eitthvað hættulegt? Nei. Árið eftir stækkaði þorskstofninn í 950 þús. tonn og við veiðum 350 þús. tonn 1976. Síðan höldum við áfram að veiða. 1977 veiðum við 340 þús. tonn og þorskstofninn stækkar alveg upp í 1.214 þús. tonn, heljarstökk upp á við, við ofveiðina. Hvernig getur svona gerst?

Árið 1978 er sama sagan. Við veiðum 330 þús. tonn, stofninn stendur í stað. 1979 veiðum við 370 þús. tonn og stofninn er kominn í 1.300 þús. tonn. Svo kemur árið 1980. Þá veiðum við 434 þús. tonn og þorskstofninn er kominn í 1.600 þús. Eru þetta áreiðanleg vísindi, hæstv. forseti?

Er það ekki frekar hæpin löggjöf sem er sett til að vernda almannaheill þar sem forsendurnar standast svona vel? Ég er ekki að vara við þessu af tilefnislausu vegna þess að aðrar þjóðir standa uppi þorsklausar með enga veiði eins og í Kanada og við Grænland eftir að hafa farið eftir tillögu ráðgjafa upp á punkt og prik í mörg ár og um það hef ég áreiðanleg gögn. Ráðgjöfin leiddi til þess að við 600 þús. tonna ofveiði á fimm árum, miðað við skýrsluna 1975, stækkaði stofninn í 700 þús. tonn og því er þetta reikningsskekkja upp á 1,3 milljónir tonna af þorski á fimm árum. Þetta er ekki voðalega flókinn reikningur. En ef menn vilja draga þessar tölur í efa, eins og stundum er reynt að gera, þá á ég það nefnilega til góða að stofninn hrundi ekki neitt. Þar eru 800 þús. tonn til viðbótar.

Þremur árum eftir að þorskstofninn hefur náð tæplega 1.600 þús. tonna stærð setur Alþingi lög á mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar vegna meintrar ofveiði. Þrjú ár liðu og þorskstofninn var tæp 1.600 þús. tonn. Þá voru þau lög sett sem við stjórnum eftir í dag. Hvað gerðist þá þessi ár? 1982 vantaði 70 þús. tonn upp á við næðum að veiða samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. 1983 vantaði 50 þús. tonn upp á að við næðum að veiða samkvæmt ráðgjöfinni. Þá fóru allir á taugum og hrópuðu: Ofveiði. Þannig varð þessi löggjöf til á forsendum meintrar ofveiði. Ég áttaði mig ekki fyllilega á öllum þeim mótsögnum sem eru í skýrslu Hafrannsóknastofnunar fyrr en um það leyti sem ég var að hætta á Alþingi 1991. Skýringa á rangri veiðiráðgjöf 1983 er að leita í ónothæfu reiknilíkani sem byggir á svokallaðri stærðfræðilegri fiskifræði. Stærðfræðileg fiskifræði telur að það sé ofveiði þegar fiskstofn minnkar af náttúrulegum ástæðum, þ.e. þegar vaxtarhraði dettur niður vegna versnandi umhverfisskilyrða og minnkandi fæðuvals. Þá er flotanum kennt um að hann hafi veitt það sem vantar í bókhaldið hjá Hafrannsóknastofnun.

Þessu til rökstuðnings get ég bent á að árin 1980–1983, akkúrat á þeim árum sem það skrýtna gerðist, fellur vaxtarhraði í þorskstofninum yfir 30%, í sumum tilfellum allt að 50%. Þessi staðreynd er í algerri mótsögn við að það hafi verið ofveiði. Fæðuframboð minnkaði, loðnan átti í erfiðleikum á þessum árum og ég held að þetta hafi bara verið eðlileg náttúrusveifla eins og alltaf hefur verið í öllum fiskstofnum alls staðar í Norður-Atlantshafi. Ofveiði og minnkandi vaxtarhraða getur ekki farið saman samkvæmt grundvallaratriðum í fiskilíffræði eins og hún er kennd í líffræðideildum háskóla út um allan heim. Reiknilíkanið gefur því falskar upplýsingar um að flotinn hafi drepið fiskinn sem vantar í bókhaldið þegar náttúruleg sveifla verður niður á við. Þannig verður til kenningin um of stóran flota.

Þetta reiknilíkan er með þeim ósköpum gert að það gerir ráð fyrir föstu fæðuframboði í sjónum sem allir vita að er alls ekki og það gerir líka ráð fyrir föstum náttúrulegum dánarstuðlum. Þegar fæðuframboð minnkar, þá hækkar eðlilega náttúrulegur dánarstuðull. Þannig margfalda skekkjurnar hver aðra upp í tölvunni og útkoman verður náttúrlega tóm vitleysa. Þá koma rosalega fínir ráðgjafar og segja: Við höfum ofmetið stofninn. Og við eigum að trúa því. En þegar sveiflan verður í hina áttina höfum við vanmetið stofninn. Þetta er textinn og punktur. Í staðinn fyrir að segja sannleikann að reiknilíkanið sé afskaplega vafasamt og að það taki ekki tillit til náttúrusveiflna í umhverfisskilyrðum.

Ég tel því að í réttarríki, eins og við teljum að við séum í, gangi alls ekki að löggöf í mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar sé sett á forsendum ágiskana sem standast ekki eins og ég hef rifjað upp. Slík löggjöf er á mjög hálum ís hvað varðar takmörkun á atvinnufrelsi.

Ég ætla aðeins að koma inn á að vegna þess að ég var kannski ekki alveg viss þegar ég var að skoða þessi gögn 1991–1993 þá ákvað ég að skoða gögn annars staðar í Norður-Atlantshafinu til þess að sjá hver þróunin hafi verið og bera það saman við það sem hér var að gerast.

Ég vil koma með tilvitnun varðandi Kanada frá árinu 1989. Þar er um að ræða viðtal við Jakob Jakobsson, fyrrv. forstjóra Hafrannsóknastofnunar, sem var formaður Alþjóðahafrannsóknaráðsins í 20 ár og viðtalið tekið við hann sem formann Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Fyrirsögnin er „Skálmöld í Norðursjó, hrun í Barentshafi“ og þá átti hann við hrun í Barentshafi. Hér er lína tekin einmitt beint niður í Barentshafi en þar sem línan endar, þá er komið mokfiskerí í Barentshafinu svo að hver er áreiðanleikinn í þessari spá? Ég ætla að lesa aðeins upp úr þessu viðtali:

„Vestan megin í Norður-Atlantshafinu. Í lögsögu Kanada er betur á málum haldið, segir Jakob. Þó áætlanir Kanadamanna um uppbyggingu þorskstofnsins hafi ekki gengið eftir er staðreyndin þó sú að sóknin í þorskstofninn við Labrador er helmingi vægari en sóknin í íslenska stofninn. Niðurstaða mín er því sú, segir Jakob, að við vestanvert Atlantshaf sé mjög ábyrg fiskveiðistjórn sem versnar þegar austar dregur í Atlantshafinu.“

Síðar segir í þessu viðtali um þorskinn við Kanada: „Þorskaflinn var 1 milljón tonna árið 1970.“ Við Kanada, ekkert smáræði. „En var kominn niður í 400 þús. tonn þegar fiskveiðilögsagan var færð út 1978. Kanadíska stjórnin mótaði ákveðna fiskveiðistefnu sem miðaðist við að fiskstofnarnir skyldu nýttir við svokallaða kjörsókn, með öðrum

orðum að aflinn yrði um eða innan við 20% af stofnstærð og tekinn á sem hagkvæmastan hátt. Í langtímaspá var gert ráð fyrir að þorskaflinn ykist jafnt og þétt og yrði kominn í 1 millj. tonna árið 1990."

Árið 1990 var Labradorsvæðinu lokað vegna meintrar ofveiði. Ég náði mér í gögn um vaxtarhraða þorskstofna á þessu svæði og það er nóg að ég sýni ykkur þessa mynd frá Grænlandi. Hún er svipuð frá Kanada. Hér sjáið þið hrunið í vexti þorskstofnanna, það var ekki til nema sjö ára gamall fiskur árið 1992 við Grænland. Þetta er svipað svæði hinum megin við hafið. Þróunin var sú sama á báðum stöðum en við Kanada var þyngsti þorskurinn sem fannst í togararalli Kanadamanna, ég er með gögnin hérna, 830 grömm og það var hrygningarstofninn, sjö ára gamall. Allir eldri árgangar drápust árið 1992 og hurfu út úr töflunum. Rannsókn á gögnunum þeirra sem ég er með hérna og ég er ekkert að búa þetta til þó að þetta sé ótrúleg saga.

Ég ætla að vitna örstutt í upplýsingar um Barentshafið, með leyfi hæstv. forseta. Hérna sjáum við sveiflurnar í vaxtarhraðanum þar og síðustu árin, þetta nær nú ekki nema til 1995, var húrrandi niðurleið á vaxtarhraða fisks í Barentshafi. Strax 1996 benti ég á þetta á fundum og það yrðu allar líkur á að þetta færi eins og fór síðast í Barentshafinu því vaxtarhraði sex ára fisks hafði hrunið t.d. um 46% á fjórum árum.

Þá komum við að öðru sem við erum einmitt vitni að í dag. Ég er hérna einhvers staðar með ljósrit úr Dagblaðinu frá því í síðustu viku. Það er allur þessi smáfiskur sem er verið að landa fyrir vestan og allir eru að hneykslast á. Hvað er þetta gamall fiskur? (**Gripið fram í:** Í Barentshafinu.) Þetta er fiskur úr Barentshafinu. Ég er náttúrlega ekki með tölurnar frá því í fyrra en ég með töluna frá því í hittiðfyrra. Sambærilegur þungi þorsks hér við land er frá 2–2,8 kg með haus og hala en fiskurinn þarna samkvæmt gögnum sem ég hef fengið þaðan er 500 grömm til 1 kg, jafngamall fiskur. Því dreg ég í efa að skilgreining um ofveiði standist í Barentshafinu. Ég dreg það mjög í efa.

Ég nefndi áðan fjölmiðla. Frétt í Dagblaðinu í síðustu viku: rányrkja — smáfiskadráp. Þó að þeir hafi ekki notað orðið þá liggur það náttúrlega í augum uppi, glæpamenn, er það ekki? Eru þetta ekki glæpamenn? (Gripið fram í.) Svona stilla fjölmiðlar þessu öllu saman upp. Stundum er talað um að valdið í landinu eigi að vera þrískipt. Svo er það haft í flimtingum að fjórða valdið sé fjölmiðlarnir. Ég held að fjölmiðlar eigi mikinn þátt í því hvernig komið er fyrir þorskstofninum í Norður-Atlantshafi. Það er tíska að friða þorsk eins og það er tíska í Bandaríkjunum að friða hval. Þið vitið að það er ekki mikið hlustað á þá sem vilja leyfa hvalveiðar í Bandaríkjunum. Það er ekki mikið hlustað á þá. Það er álíka mikið hlustað á þá og mig hér á Íslandi. Þegar ég segi að veiða megi meiri þorsk þá er ekkert hlustað á það. Maður er afgreiddur eins og einhver sérvitringur þó að maður komi með fullt af gögnum og sýni fram á að heilmikið sé til af þorski. Ég ætla ekkert að fullyrða um hvort ég fari með rétt mál en gögnin eru ískyggileg, hæstv. forseti.

Ég ætla ekki að horfa þegjandi á að þorskstofninum á Íslandi verði slátrað eða fórnað á altari einhvers reiknilíkans eins og ég tel að hafi gerst við Kanada og Grænland. Á það mun ég ekki horfa þegjandi. Ef hv. alþingismenn vilja alls ekki fjalla sjálfir um þetta efnislega, kynna sér það nákvæmlega og mynda sér sjálfstæðar skoðanir á því, þá er illa farið. Ég trúi því ekki.

Ég velti því fyrir hvort auglýsingasamkeppni fjölmiðla og auglýsingaskrumið allt, nútíminn, Ísland í dag eða hvað á að kalla það, sé svo mikið að engu máli skipti hvort heilbrigð og vel rökstudd gagnrýni er afhausuð þegar jafnmikilvægt mál og þetta er rætt. Ég ætla að leyfa mér að líkja þessu saman við það að það eru ekki nema 300 ár síðan menn héldu því fram að jörðin væri flöt, það er ekki lengra síðan. Af hverju drógu menn þá ályktun að jörðin væri flöt? Af bestu ríkjandi vísindalega þekkingu sem þá var til. Ekki rétt? Segja menn ekki í dag að friðunarkenning Hafrannsóknastofnunar sé besta vísindalega þekking sem til er, þó svo gagnrýni komi frá sérvitringum eins og þeim sem hér talar? Ég er hins vegar ekki hræddur við að vera kallaður sérvitringur. Mér er alveg sama. En þorskstofninn skal ekki verða fórnarlamb þessara kenninga.

Mér er sagt að það sé skilti uppi í Háskóla Íslands með sama texta og er hérna í hornsteini Alþingishússins og hann er: „Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa." Það er slæmt ef hvorki háskólinn né Alþingi Íslendinga vilja komast að því hver sannleikurinn í þessari gagnrýni er. Þá er málið ekki gott.

Eftir 10 ára athuganir mínir á þorskstofninum í Norður-Atlantshafi er niðurstaðan sú að umhverfisskilyrði séu ráðandi þáttur í starfi og afrakstursgetu þorskstofna og veiði úr stofnunum hafi sáralítil áhrif, miklu minni áhrif en talið *hefur verið. Auðvitað hefur veiðin einhver áhrif.*

Einnig eru til dæmi um að veiðar örvi vöxt, samanber árin 1975–1980, eins og ég rakti áðan. Þá ætla ég að leyfa mér að vitna í vísindatímarit frá Hollandi frá árinu 1992. Þar kemur fram að vísindamenn þar hafi fengið upplýsingar um kolastofna í heiminum frá 20 löndum. Þeir settu upplýsingarnar í einn pott og hver var niðurstaðan? Hér í fyrirsögninni stendur: „Veiðar geta leitt til aukins vaxtarhraða og betri nýliðunar." Þetta var niðurstaða vísindamanna frá 20 ríkjum úr rannsóknum á kola. Af hverju er þá kvóti á kolanum á Íslandi? spyr maður. Ég ætla ekki að fara nánar út í það.

Við höfum nýlegt dæmi um nýja skekkju hjá Hafrannsóknastofnun frá 1995. Í skýrslu frá 1995 segir: „Ef veidd verða 190 þús. tonn af þorski árin 1996 og 1997 mun veiðistofn sem nú er nær í sögulegu lágmarki vaxa í 760 þús. tonn árið 1998. Hrygningarstofninn mun hins vegar minnka úr 300 þús. tonnum 1995 í 280 þús. tonn 1998."

Hver var svo hrygningarstofninn í skýrslunni sem kom út í ár? Þar er hrygningarstofninn orðinn 560 þús. tonn en ekki 280 þús. tonn. Ég spyr hvort rignt hafi 280 þús. tonnum af hrygningarfiski. Miðað við skýrslurnar hefur það væntanlega gerst. Svo slá menn sér á brjóst og segja: Nú er uppbyggingin að skila árangri. Er það svo þegar aðeins þriggja ára gömul skýrsla er í ósamræmi við það sem er að gerast í dag? Er þetta ekki bara sams konar uppsveifla og var 1975–1980? Það er miklu líklegri skýring.

Við sjáum t.d. hvernig er að fara fyrir ræjkuveiðum. Er sniðugt að safna þorski í hafið, láta hann háma í sig rækju og tvístra henni út um allt svo rækjuveiðar eru ekki orðnar sáralitlar. Hvað með alla þá sem keyptu sér rækjukvóta og seldu þorskkvótann og sitja nú uppi með að hafa keypt köttinn í sekknum og veiðiskyldu á 50% af rækjukvótanum? Ef þeir veiða ekki 50% hvað þá? Þá missa þeir allan kvótann. Þannig eru reglurnar. Það verða víðar vandamál en á Breiðdalsvík, eins og lítur út í dag.

Ef ég fer lauslega yfir Atlantshafið þá er engin veiði í Kanada. Þar hafa engar veiðar verið stundaðar í 10 ár og síð-

ast þegar þeir friðuðu, til að byggja upp stofninn, hurfu milli áranna 1992–1993 500 þús. tonn af svæðinu við Labrador þótt enginn væri að veiða. Ef menn spyrja reiknilíkanið hvað hafi gerst, þá er það ofveiði. Hvar var þessum fiski landað ef þetta var ofveiði? Var honum landað einhvers staðar? Samkvæmt reynslunni getur áhættan af því að veiða ekki, þegar náttúran gefur fisk, verið meiri en áhættan af því að veiða. Ef nota á reynsluna sem einhverja vitneskju, spyr ég þá: Er reynslan bara úti í hafsauga? Má hún fara út í hafsauga? Kaldar tölulegar staðreyndir úr gögnum Hafrannsóknastofnunar, um það hvað gerðist, á það allt að vera fyrir bí? Eiga menn bara að róa eftir tískunni í fjölmiðlum?

Nei. Hæstv. forseti. Það kemur bara ekki til greina að þessu verði haldið áfram, ekki án athugasemda. Veiðin hér er ekki nema helmingur af því sem hún var. Það er áratuga reynsla fyrir því að frjálsar veiðar hér gerðu þorskstofninum ekkert ógagn. Það er áratuga reynsla fyrir því. Meðan veiðar voru frjálsar í Norður-Atlantshafi fór allur Evrópuflotinn og fiskaði þar sem fiskurinn var. Ég er ekkert að segja að það eigi að hafa veiðar stjórnlausar, ég hef ekki látið það út úr mér. Ég ætla að láta þeim það eftir sem eru alltaf að snúa út úr orðum mínum. Það er mikið af sérfræðingum í útúrsnúningi í þessum bransa. Ég segi hins vegar að Evrópuflotinn veiddi, í Barentshafi, á Íslandsmiðum, við Labrador, við Færeyjar og út um allt hér í Norður-Atlantshafi, í takt við það sem náttúran gaf. Þá var allt í lagi. Eftir að við fórum að stjórna veiðum til að friða smáfisk, til þess að byggja upp stofninn, þá hættu fiskarnir að vaxa og ráðgjafarnir sögðu það flotanum að kenna. Hvernig getur það verið flotanum að kenna ef dregur úr vaxtarhraða fiska, kannski um helming eftir aldri? Voru þá fiskarnir svona hræddir við skipin? Hvernig er þetta rökstutt?

Ég sagði einhvern tíma í gríni að þeir hefðu sennilega áttað sig á hvað fiskihagfræðingarnir ætluðu að gera við þá og ákveðið að hætta að stækka. Þetta er hins vegar ekkert grínmál. Ef við veiðum ekki meira þá getur núverandi stefna leitt þess að þorskstofninn, næst þegar kemur sveifla niður á við, — við vitum ekkert hvenær, við vitum bara að hún kemur eins og alltaf hefur gerst, brestur kemur í loðnuna og umhverfisskilyrði hér við land — þá sitjum við uppi með stóran þorskstofn og ráðum ekki við að veiða hann. Hvað gerir hann þá? Þegar hann er búinn að éta rækjuna í forrétt, þá ræðst hann á minni meðbræður sína og hefur þá í aðalrétt. Þá heitir það ofveiði samkvæmt reiknilíkaninu. Svona eru þessi fræði snjöll.

Ég er hérna með frétt úr Dagblaðinu frá 27. nóvember: Afrakstur á Íslandsmiðum. Afraksturinn er fimm botnlægir fiskstofnar, hæstv. forseti. Þetta er árangurinn af fiskveiðistjórninni. Afrakstur af hinum fimm botnlægu fiskstofnum hefur minnkað hér um bil um helming. Hvernig geta menn grobbað sig af einhverjum árangri? Þetta eru pottþéttar tölur sem ég er að nefna hér. Ég tel að árangur sjávarútvegsfyrirtækja síðan 1993 sé vegna þess að yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabanka var afnuminn og hætt að prenta falska seðla niðri í Seðlabanka. Hér komst á stöðugt verðlag og sjávarútvegurinn þurfti ekki lengur að búa við að skipta alltaf á röngu gengi meðan verið var að prenta seðla inn í ketilinn eins og alltaf var gert hér áður. Þetta er aðalástæðan fyrir því hve sjávarútvegurinn hefur gengið vel undanfarin ár, ekki fiskveiðistjórnin.

Ég held, miðað við það sem ég hef sagt hér, að Alþingi verði að taka þetta mál og fara ofan í það upp á nýtt. Ég ætlast ekki til að það verði gert á morgun. Það er löng vinna sem þarf að vera fagleg vinna og ætti að vera þverpólitísk. Alþingismenn verða að vita hið sanna í þessu máli.

Ég held að það sé mjög vel hægt að stjórna fiskveiðum á Íslandi með almennum takmörkunum eins og er alltaf verið að segja að sé það eina sem standist. Með almennum takmörkunum á ég við að krókaveiðar geti verið nánast frjálsar nema með dagatakmörkunum. Hver ætlar að halda því fram að frjálsar krókaveiðar geti útrýmt þorskstofni á Íslandsmiðum? Ætlar einhver að halda því fram? Ef ekki er hægt að sýna fram á þó ekki væri nema fáein rök, þá stenst ekki að takmarka krókaveiðarnar eins og gert er. Það er bara svo einfalt.

Menn eru ekki settir í fangelsi út á ágiskanir. Atvinnufrelsi er grundvallarmannréttindi. Þess vegna verður atvinnufrelsi ekki takmarkað nema sannanir liggi fyrir nauðsyn þess. Atvinnufrelsi má ekki takmarka eftir ágiskun og allra síst ágiskunum sem ekki standast sögulega reynslu eins og ég hef hér lýst. Þetta er ekki flókið mál. Þetta er aðalatriði þessarar fiskveiðistjórnar og ég sakna þess hve umræðan er lítil um þetta vegna þess að þetta er grundvallaratriðið í stjórnuninni. Eins og ég sagði í upphafi eru menn svo að deila um 500 kg eða guð má vita hvað það er, ég nenni ekki einu sinni að tala um það.

Ég held að fiskifræðingar, fiskihagfræðingar sérstaklega, skuldi þjóðinni afsökunarbeiðni miðað við þá sögu sem ég hef rakið. Ég held að þeim fyrirgefist frekar komi þeir sem fyrst út úr skápnum áður en fórnlarlömb dellunnar verða fleiri en þegar er orðið. Ég held að Háskóli Íslands, ef hann ætlar að standa undir nafni, og yfirvöld menntamála verði að grípa inn í. Mér finnst alvörumál að kenna fiskihagfræði hér við háskóla þegar reynslan er sú sem ég hef greint frá. Er það bara allt í lagi að vera að kenna eitthvert bull? Nei, það er ekki í lagi, hæstv. forseti. Það sem kennt er í háskóla verður að hafa einhvern bakgrunn, a.m.k. í læknisfræði. Þar er ekki skorið upp eftir ágiskunum. Eitthvað yrði nú sagt ef það yrði gert.

Ég ætla að minna á að landhelgi okkar, 200 mílurnar, er 750 þús. ferkílómetrar. Þar með deilast 3 ferkílómetrar á mannsbarn á Íslandi og það er býsna mikið hafsvæði. Fiskimiðin okkar eru einhver þau bestu í heimi og við eigum að mínu mati bestu sjómenn og útgerðarmenn í heimi. Ég tel að þessir menn verði að geta stundað sína vinnu með sem mestu frjálsræði. Allt annað drepur niður framleiðni og framfarir.

Hvað veldur því að Íslendingar standa svona framarlega í sjávarútvegi? Áratugafrelsi, athafnafrelsi duglegra manna, fyrirtækja og duglegra sjómanna. Ekkert annað en frelsi til sjósóknar hefur gert Ísland að því sterka ríki sem það er með mikilli velmegun.

Í allri þessari nákvæmni ætla ég aðeins að minnast á hve miklu er hent í sjóinn. Ræðum aðeins um faglegu vinnu. Ég tel að það sé einn af stærstu ágöllum núverandi stjórnkerfis hve miklu er hent. Ég lét SKÁÍS gera skoðanakönnun um þetta árið 1989. Í haust á sú skoðanakönnun 10 ára afmæli. Þegar ég lét gera þá skoðanakönnun fékk ég SKÁÍS til að skrifa bréf til 900 sjómanna, 300 til bátasjómanna, 300 til togarasjómanna og 300 til trillukarla og skrifleg svör voru milli 70 og 80% sem er einhver besta svörun í skriflegri skoðanakönnun hérlendis. Í raun og veru er þetta eina marktæka skoðanakönnunin sem til er um hve miklu er hent í sjóinn. En enginn hefur viljað vita af henni eða að hún væri til. Það var ráðist á mig þegar ég gerði þessa könnun og sagt

að ég væri að ná mér niðri á kvótakerfinu. Hagfræðingur LÍÚ gerði það daginn eftir að þetta birtist í Morgunblaðinu. Ég var að ná mér niðri á kvótakerfinu með því að vinna þetta faglega í Alþingi og ég borgaði þetta sjálfur. Það kostaði 180 þús. kr. Ég safnaði síðan fyrir því löngu eftir á en ekki öllu.

Hæstv. sjútvrh., sem er því miður ekki staddur hérna, er búinn að skipa þrjár nefndir í sambandi við það sem hent er í sjóinn. Hvað las ég í fyrsta paragrafi? Fara bara eftir tillögum fiskifræðinga um aflahámark. Þá las ég ekki lengra og henti skýrslunni. Ekkert hefur verið tekið á því hve miklu er hent í sjóinn. Ef 50 þús. tonnum er hent árlega af þorski sem ég tel að sé kannski ekki fjarri lagi, sumir skipstjórar segja 100 þús. tonn og meira, er veiðistofn Hafrannsóknastofnunar líka skakkt reiknaður um 200 þús. tonn vegna þess að þetta kemur ekki inn í aflabókhaldið hjá þessari stofnun. Þeir sögðu að 7 þús. tonnum væri hent síðast þegar ég talaði við þá. Þeir eru enn þá fastir þar. Það vita náttúrlega allir að það er miklu meira.

Ef ég réði einhverju um þetta í dag mundi ég auka þorskkvótann um 50 þús. tonn strax til að minnka spennuna í kringum þetta því að það er spennan sem veldur því hve miklu er hent. Menn eiga engan þorskkvóta og þá er ekki um annað að ræða en henda eða svindla því í land. Hvort er betra? Eða kaupa þorskkvótann á 96 kall. Hvaða vit er í því? Af hverju er verðið á þorskkvóta 96 kr.? Af því að menn eru að kaupa sig frá sekt. Menn eru að kaupa sér aðgöngumiða að öðrum fisktegundum sem finnast ekki. Þú verður að hafa þorsk til að komast að öðrum tegundum, meðafla eins og hann er kallaður. Þess vegna neyðast menn til að kaupa á þessu verði sem er sama verð og hægt er að greiða fyrir fiskinn með húð og hári, með öllu saman, það er reyndar ekkert hár á honum.

Ekkert er fjallað efnislega um það hjá alþingismönnum hvernig það getur gengið að hægt sé að leigja þorskkvóta á 96 kr.? Um það ætti að fjalla því það er bara stórskrýtið. Hver er tilbúinn til að borga það? Hvernig stendur á að einhver getur borgað það? Það er bara eftirspurn. (Gripið fram í.) Eftirspurnin er vegna neyðar manna og það er ekki góð eftirspurn. Sjútvrh. hefur því miður lítið gert í þessu en hann hundskammaði fulltrúa á fiskiþingi haustið 1996 og sagði að íslenskir sjómenn væru að svíkja þjóðina með því að henda fiski. Þá var mér öllum lokið. Íslenskir sjómenn eru ekki að svíkja þjóðina. Íslenskir sjómenn hafa alltaf staðið sig vel. Þeir eiga hins vegar erfitt með að vinna eftir þessum leikreglum, ég þekki það af samtölum við þessa menn.

Aðeins um málefni fiskvinnslunnar. Ég vitnaði í upphafi í mál Viðars Más Matthíassonar um réttindi eigenda fiskvinnsluhúsa. Um það þarf Alþingi að láta vinna álitsgerð. Sjútvn. Alþingis gæti átt frumkvæði að því að vinna þá faglegu vinnu sem vantar til þess að löggjöfin standist dómstóla. Fiskvinnslan hefur streymt stjórnlaust út á sjó þrátt fyrir að þarna séu kannski einhver eignarréttindi. Þetta hefur gerst nánast stjórnlaust. Það er ekki þeim sjómönnum eða útgerðarmönnum að kenna sem eru að gera út frystiskip. Ég mundi aldrei taka mér það orð í munn að þetta væri þeim að kenna, þeir væru vondir menn ef einhver mundi reyna að snúa út úr því. Þetta eru duglegir menn sem eru að reyna að vinna og reka fyrirtæki sín með hagnaði eftir þeim leikreglum sem Alþingi hefur sett.

Nú ætla ég aðeins að minnast á svokallaða 1. gr. laga um fiskveiðistjórnun. En ég ætla að sleppa því að tala um það sem búið er að ræða mikið og ræða frekar það sem ekki hefur verið rætt um í þessari grein. „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar." Þetta hefur mikið verið rætt og ég ætla ekki að eyða tíma í það. Síðan kemur:

„Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Þetta er helsta markmið laga um stjórn fiskveiða, að treysta byggð í landinu. Ég tel að þessi setning leggi stjórnvöldum ríkar skyldur á herðar varðandi hagkvæma nýtingu fiskstofna samkvæmt bestu fáanlegu upplýsingum og það er ekki endilega að friða fiska. Til að koma í veg fyrir misskilning þá er ég ekkert að segja að veiðar eigi að vera stjórnlausar. Ég er fyrst og fremst að fjalla um að það megi veiða meiri þorsk. Niðurstaða mín er sú að það mundi engu máli skipta þó menn mundu auka þorskkvótann um 100 þús. tonn frá því sem hann er í dag. Það kæmi þá fram. Ef það væri dagakerfi algerlega í staðinn fyrir aflamark, þá er sjálfvirkt togararall alltaf í gangi, þá er hafið alltaf að segja hvað er mikið til, afli á sóknareiningu. Afli á sóknareiningu er ein af þeim skekkjum, þorskafli á sóknareiningu er notaður sem hluti af aðferð við að reikna út stærð þorskstofna. Þegar menn hafa í vaxandi mæli forðast þorsk ár eftir ár en reynt að veiða eitthvað annað er vafasamt að fara að nota þorskafla á sóknareiningu í einhverri fastri stærð sem viðmiðun í stærðarmati á stofninum. Það verður auðvitað kolvitlaust mat. Það er eins og að brjóta bút af tommustokknum á hverju ári en halda að menn séu alltaf með 100 sm.

Ég ætla að fara að ljúka þessari ræðu. Markmiðið með lögum um stjórn fiskveiða er að nýta fiskstofna á sem hagkvæmastan hátt, ég undirstrika það, og treysta byggð í landinu. Ég vona að Alþingi Íslendinga beri gæfu til að fara ofan í það grundvallaratriði sem ég hef rætt um. Ég tel að Alþingi sé skylt að láta endurskoða áhættumat við fiskveiðar og þá muni koma nýjar áherslur.

[21:53]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að þakka hv. þm. fyrir þessa ræðu vegna þess að ég held að það sé upphaf alls þess sem getur orðið til góðs að menn þori og vilji og ætli sér að reyna að hugsa nýjar hugsanir. Að stunda rannsóknir með opnum huga var einhvern tíma sagt að væri eini grunnurinn til þess að menn gætu náð einhverjum árangri. Ég hef ekki stöðu eða getu til þess að segja til um hvort allar skoðanir eða einhverjar af skoðunum hv. þm. séu nákvæmlega réttar eða rangar, ég ætla ekki að dæma um það. En ég held að á hinu háa Alþingi komi menn og reyni að ræða hinar ýmsu víddir þessa máls opnum huga, það sé forsenda þess að við eigum í framtíðinni möguleika á því að reyna að endurskoða, reyna að bæta og reyna að ná árangri. Þess vegna vil ég ítreka þakkir mínar til þingmannsins fyrir að ræða þessa hluti frá svo óvenjulegum sjónarhornum.

Ég vil líka taka undir með honum þegar hann segir frá því hvernig fjölmiðlar fara með eina umræðu. Mér kæmi ekki á óvart þó að niðurstaðan verði sú eftir þessa kvöldfundi að þessarar ræðu hans yrði hvergi getið í neinum fjölmiðli. Það væri þá í líkingu við margt annað sem við höfum séð til þeirra.

Í þriðja lagi langar mig líka til að spyrja hv. þm. hvort ekki geti verið rétt að einmitt við þær aðstæður sem eru núna eins og ég þekki t.d. til vestur á fjörðum að við erum með mjög fallandi nýtingu í fiski. Nýtingin fellur frá því á sama tíma í fyrra um leið og rækjan er að hverfa og ég hef lesið skrif frú

Unnar Skúladóttur um þetta. Gæti kannski ekki verið að það sé rétt sem margir sjómenn halda fram að við séum komnir yfir stóru bunguna, yfir vöxtinn og nú taki við hjá okkur það sem við þekkjum, að náttúran rís og náttúran hnígur?

[21:56]

Kristinn Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vestf. fyrir þessi orð. Ég held að það séu tvö ár síðan mér varð fyrst kunnugt um það að meðalvigt í þorski var farin að falla fyrir Vestfjörðum. Af því að ég rek fiskverkun keypti ég fimm kör af fiski núna í nóvember frá Vestfjörðum og ég hef ekki séð horaðri fisk í langan tíma. En ég get staðfest að ég deili þessum áhyggjum með honum.

Það er annað sem ég vil minnast á af því að ég er að svara þessu. Það er margt sem bendir til þess að það séu margir þorskstofnar á Íslandsmiðum. En þeim rannsóknum hefur ekkert verið sinnt. Í Kanada var vitað 1943 að þar væru a.m.k. sjö stofnar. Það var fiskifræðingur sem var Skoti sem hét Harald Thompson sem rannsakaði og merkti fiska við Kanada í 10 ár frá 1930–1940 og skilaði Government of Newfoundland skýrslu 1943, sem ég á, og 43% af öllum merktum fiski á 10 ára tímabili veiddist innan 10 mílna radíus frá merkingarstað. 93% veiddust innan 100 mílna radíus frá merkingarstað. Allar síðari rannsóknir á þessu sviði og DNA-greiningar hafa staðfest þessar rannsóknir. Þar er um staðbundinn þorskstofn að ræða. Því skyldi þorskstofninn hér ekki vera staðbundinn líka að einhverju leyti þó þeir flakki eitthvað á milli? Ef svo er, hæstv. forseti, að fiskstofnar séu staðbundnir, þorskstofnar séu margir hér, af hverju skyldi þá vera rétt að selja kvótann milli landshluta? Þetta er eitt af því sem þarf að athuga. Það þarf að setja meira fjármagn og ég mundi vilja einkavæða þessar rannsóknir meira, svo þetta sé ekki einhver lokaður klúbbur þriggja, fjögurra manna sem segja okkur alltaf allt en enginn þorir að gera neina athugasemd við. Yrði þetta frjálst og við tækjum upp frjálsar rannsóknir og frjálsar túlkanir hef ég trú á því að okkur mundi bera hratt fram á veginn í þessum málum.

[21:58]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í framhaldi af þessu vil ég benda á að það er ekkert auðvelt að koma á fót nýjum rannsóknarstofum og ég hef trú á því að Hafrannsóknastofnun Íslands sé í sjálfu sér mjög mikið og öflugt rannsóknartæki, hafi mikil tækifæri og ég trúi því varla að við getum skipt kröftunum svo.

Mig langar til í framhaldi af ummælum hv. þm. að skjóta fram þeirri hugmynd hvort það sé ekki þá kannski fyrsta skrefið að sú mikla og öfluga rannsóknastofnun sem við höfum fái óháða vísindanefnd við hliðina á sér til þess einmitt að horfa á það þeim augum sem þeir einir geta horft sem eru fagmenn á þessu sviði hvernig þeir bera sig að og hvernig við stöndum faglega vísindalega að því sem við erum að gera. Ætli það geti ekki verið leiðin til þess þó að ekki sé verið að karpa um það eða efast um að þessir menn og þetta fólk sé í sjálfu sér hið ágætasta, hvort það þurfi ekki að fá til að tryggja það sem ég sé sums staðar í ræðum og ritum líka efasemdir um að verið sé að rannsaka opnum huga. Menn hræðast fasisma hvergi meira en í vísindum. Hann getur getur hvergi verið hættulegri. Ég skal ekki segja hvort menn hafi rétt fyrir sér í þessu en ég skýt því fram hvort ekki sé hugsanlegt að okkur liggi mest á því núna að fá vísindanefnd til að starfa með Hafrannsóknastofnun til að fara yfir, leiðbeina og ráðleggja um starfssvið þeirra og vinnubrögð.

[22:00]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mig langar aðeins vegna þeirra orða sem fallið hafa hér frá hv. þm. Kristni Péturssyni og Einari Oddi Kristjánssyni um Hafrannsóknastofnun og rannsóknir á Íslandsmiðum að mótmæla orðfæri eins og hv. þm. Kristinn Pétursson notar hér um fiskifræðinga er hann talar um bull og að þeir séu ónothæfir til kennslu við Háskóla Íslands vegna þess að fræði þeirra séu bull. Hv. þm. sagði einnig í ræðustóli Alþingis að fiskifræðingar ættu að biðjast afsökunar vegna þess að þeirra fræðistörf og þeirra rannsóknir væru út úr kortinu.

Mér finnst þetta mjög stór orð um þá stétt vísindamanna sem hafa þróað hér upp einhverja virtustu vísindastofnun á sínu sviði í heiminum. Þeir eru viðurkenndir um allan heim fyrir nákvæmar, góðar og vel ígrundaðar vísindaniðurstöður og rannsóknir. Ég ætla ekki að gera lítið úr dugnaði og getu íslenskra sjómanna um allt land til þess að skapa hér hagsæld, en ég ætla bara að minna á það sem gamall sjómaður og útgerðarmaður að ég man hvernig ofveiðin var að ganga að Íslandsmiðum dauðum og menn neyddust til þess að fara úr skrapdagakerfi yfir í kvótakerfi. Ég man líka að það var af hreinni og klárri neyð þegar við fórum yfir í fiskveiðistjórnarkerfið 1990. Þá var búin að vera í gangi bæði sóknarstýring og aflamarksstýring samhliða í mörg ár og hafði bara ekki gengið upp.

Við sáum fram á algjört hrun í okkar helsta fiskstofni, þorskinum, og þá var gripið til þess neyðarúrræðis að skera niður aflaheimildirnar ár eftir ár þangað til að við vorum að veiða helmingi minna fyrir rest en við höfðum gert nokkrum árum áður.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom hér með frábæra hugmynd, að honum fannst, um óháða vísindanefnd einhverra manna sem ættu að vera Hafrannsóknastofnun til ráðuneytis. Ég vil minna á að Hafrannsóknastofnun hefur haft samráð við helstu fiskimenn þjóðarinnar og haldið samráðsfundi til að ræða útkomu ársins og hvernig fiskiráðgjöf sé best háttað þannig að sú „vísindanefnd" hefur þegar verið sett á laggirnar.

Aðferðir fiskifræðinga við það að finna út magn í sjó hafa verið viðurkenndar og teknar upp annars staðar í heiminum, t.d. togararall, netarall, samráðsfundir, aflaskýrslur sem berast frá hverju einasta skipi, dagbækur og leiðangrar sem skip Hafrannsóknastofnunar fara um öll mið og rek seiða hefur verið kannað.

Hv. þm. sagði að stofnarnir væru staðbundnir og það er eins og þetta sé einhver kenning sem aldrei hafi nokkurn tíma komið upp áður. Það er búið að merkja fleiri þúsund seiði og þorska. Við vitum vel að seiðin rekur, í miklum seiðaárum t.d. getur þau rekið allt til Grænlands frá hrygningarstöðvunum fyrir sunnan land. Þau getur rekið allt til Grænlands og þessi fiskur kemur til baka aftur mörgum árum seinna, fimm til sjö árum síðar. Við vitum jafnframt að fiskar sem hafa verið merktir, til að mynda á Selvogsbanka, hafa nánast haldið sig innan sama radíuss. Það hefur verið kannað. Einn og einn fiskur hefur fundist austur við Færeyjar, við Austurland og eitthvað aðeins lengra, en það er sáralítið hlutfall. Það er því löngu komið fram að fiskurinn er staðbundinn. Eftir að hann er kominn á hrygningarslóð aftur fer hann ekkert svo

mjög víða. Þessi kenning um að stofnarnir séu staðbundnir er því til staðar.

Ég ætla ekki að fara meira út í það, herra forseti, hvernig hv. þm. Kristinn Pétursson ræðst hér að Hafrannsóknastofnun. Ég ber fullt traust til hans að öðru leyti sem fiskverkanda og veit að hann hefur starfrækt gott fyrirtæki austur á Bakkafirði og margt í málflutningi hans er athyglivert. En svona málflutningur dæmir sig sjálfur og ég a.m.k. læt það ekki fara fram á þinginu óátalið að svona sé rætt um þessa virtu vísindastofnun.

Herra forseti. Um það mál sem hér er á dagskrá, frv. til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, má segja að frv. hæstv. sjútvrh. sem lagt var fram hafi verið breytt gríðarlega mikið og ljóst að þeim sem eru að koma að þessu eftir umfjöllun í sjútvn. sýnist við lestur frv. að búið sé að gera mjög einfalt mál flókið. Ef við lítum á 1. gr. frv. eða breytingartillögur sjútvn., þá er nú gert ráð fyrir því að við lýði verði a.m.k. fjórar aðferðir við að stýra sókn trillubátana í þau 13,75% sem þeir hafa af heildarmagninu. Þegar maður horfir á þetta til að byrja með þá finnst manni því að verið sé að búa þarna til skrímsli úr einföldu máli. Til þess að ná alvörustjórn á fiskveiðunum þá hef ég alltaf álitið að það eigi að hafa einfalt kerfi sem gangi upp frá báðum hliðum. Þá meina ég bæði gagnvart stóru og litlu skipunum. Þess vegna fannst mér þegar ég leit á þetta að við værum að leita langt yfir skammt. Þó verður að segjast, þegar maður les þetta, að ekki er allt sem sýnist að því leytinu til að með kerfinu, þrátt fyrir að búið sé að blanda þarna saman bæði aflamarkskerfi og sóknarmarkskerfi, sjáum við fram á að breytingarnar munu leiða til þess að innan ekki mjög langs tíma mun þessi breyting verða til þess að engir bátar verða eftir í sóknardagakerfi, nema í kerfi sem verður með seljanlegum sóknardögum. Ég held að við getum því sagt að þegar á heildina er litið þá muni þetta kerfi verða einfaldara í sniðum ef við lítum fram hjá þessum tveimur árum sem á að nota til þess að sýna fram á reynslu og breytingar á kerfinu. En það á þá eftir að koma í ljós hverjar þær verða innan kerfisins sjálfs.

Það eru náttúrlega nokkrir augljósir ókostir við þetta sem ég tel nauðsynlegt að laga. Fyrst og fremst er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hve sóknardagar innan kerfisins verða flóknir við afgreiðslu. Útfærslan sem slík mun ekki einungis miðast við fjölda báta í kerfinu heldur mun verða farið eftir því hvað einstakir bátar eru stórir og hvað einstakir bátar hafa sótt mikið. Það eina sem virtist vanta var hvað einstakir bátar hafa stórar vélar. Framseljanlegir sóknardagar í þessu kerfi eru í mínum huga dálítið flókið fyrirbrigði og gefa slæma ímynd. Ekki er þar með sagt að ekki sé hægt að ráða fram úr þessu. En ég held að þegar menn fara að rýna í þetta kerfi þá treysti sér fáir til þess að fara í sóknardagana þar sem eingöngu má stunda handfæri. Því hugga ég mig við það að sú einföldun sem ég tel að verði með kerfinu komi á lengri tíma en ég hafði gert mér vonir um.

Ég veit af kynnum mínum við trillukarla sem núna eru á sóknardagakerfi að þeir vilja helst komast út úr því með einhverjum ráðum og hefðu helst viljað fá meiri breytingar á heildaraflamagni er þessu fylgir. En þau 20% sem koma til verða að teljast þó einhver leiðrétting svo flutningur þessara skipa yfir í kerfið sé með meiri sóma en annars hefði verið.

Eitt atriði sem lýtur að sóknninni sjálfri verðum við að leiðrétta í þessu sóknarkerfi en samkvæmt þessu kerfi er leyfilegt að kaupa daga umfram þá 23 sem koma til með að verða til úthlutunar, reyndar eftir þessu flókna kerfi. Þarna eru bátar sem eru ekkert minni en bátar sem eru undir aflamarki eða undir þorskaflahámarki og það er óeðlilegt að þeir séu á öðru sóknarmunstri innan ársins en önnur sambærilega stór skip. Þess vegna mundi ég telja eðlilegt að taka út það ákvæði sem takmarkar sókn þessara báta, þessara handfærabáta sem verða á sóknardagakerfi, við tímabilið frá apríl til september. Bátar í hvoru tveggja kerfinu eru í raun með sambærilega burðargetu og sambærilegt flot þannig að ástæðulaust er að vera með mismunandi sóknarstýringu eða sóknarleiðbeiningar fyrir þá.

Mér finnst að í frv. sé komið inn á jákvæðar leiðréttingar eins og t.d. þær að aflamarksbátar í stóra kerfinu fái 15% viðbót við sinn afla. Mér finnst að hv. sjútvn. komi fram með breytingartillögu sem gerir ráð fyrir því að bátar undir 10 tonnum í því kerfi fái leiðréttingu. Þegar flokkur báta undir 10 tonnum varð til þá var hið svokallaða krókakerfi ekki til. Það er ekki fyrr en eftir 1990 að krókakerfið verður til með bátum undir 6 tonnum en hinir bátarnir eru komnir inn í stóra kerfið og flokkast undir stóra kerfið þó þeir séu undir 6 tonnum. Þeir hafa verið meðhöndlaðir í þeim flokki og fengið skerðingar samkvæmt því. Því er náttúrlega eðlilegt að tekið sé á öllum bátum sem flokkuðust eins fyrir 1990, þ.e. bátum 9,9 tonn tonn og minni. Ég tel eðlilegt að hv. sjútvn. taki sérstaklega á þessu máli.

Önnur ágæt leiðrétting sem orðið hefur með þessu breytingafrv. sjútvn. er til aflamarksbáta undir 200 tonnum. Þar er gert ráð fyrir því að landróðrabátar fái um 3.500 lestir af þorski, sem allir eru nú sammála um að geti virkað mjög jákvætt, einnig fyrir landvinnsluna, en hún hefur orðið mjög illa úti í þeirri þróun sem orðið hefur í fiskveiðiflotanum. Það er ekki beinlínis hægt að segja að það sé kerfið, heldur séu þetta spurningar um hvernig menn geti hámarkað arðinn. Hann hefur verið mestur í fullvinnsluskipum.

Í brtt. nefndarinnar er, herra forseti, talað um sérstakan pott hjá Byggðastofnun upp á 1.500 tonn. Ég tel slæmt að hafa slíkan pott, fyrst og fremst vegna reynslunnar sem við höfum haft af útdeilingum hjá Byggðastofnun. Byggðastofnun hafði undir höndum 500 tonna pott í tvö ár, — ég er ekki að halda því fram að hann hafi verið misnotaður. Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun varð að hætta úthlutun úr pottinum vegna þess að engir féllu undir reglurnar. Því var pottinum dreift milli þeirra fáu skipa sem höfðu reyndar fengið úthlutun en stærstur hluti hans fór inn í kerfið í heild sinni, þannig að potturinn sjálfur nýttist ekki. Ég held að þarna hljóti frekar að verða um einhvern varasjóð að ræða og tek fyllilega undir það sem komið hefur fram, að ástand eins og á Breiðdalsvík fyrir austan, væri hugsanlega hægt að laga tímabundið með slíkri aðgerð, og færa aflaheimildir þangað úr slíkum potti. Ég er samt ekki endilega viss um að það takist. Kannski má þó segja að það sé tilraunarinnar virði. Ég geri því ekki neinar alvarlegar athugasemdir við þetta þó ég hræðist yfirleitt mikil afskipti af þróun sem markaður og viðskipti eiga að ráða. Sem landsbyggðarmaður tel ég þó nauðsynlegt að Byggðastofnun og Alþingi bregðist við þegar alvarleg byggðaröskun gæti átt sér stað og þá áður en byggðaröskunin er orðin.

Herra forseti. Af mörgu er að taka í málinu og búið að segja margt og flest erum við að endurtaka hér. Í þessu plaggi frá hæstv. sjútvn. er m.a. rætt um endurskoðun á fiskveiðistjórninni almennt. Þar virðist allt geta komið til, ekki einungis fiskveiðistjórnin heldur afleiðingar hennar. Sala á

varanlegum aflaheimildum hefur leitt til þess, það er ekkert launungarmál, að hundruð milljóna hafa safnast á fárra manna hendur án þess að hægt hafi verið að sjá í rekstrartölum viðkomandi fyrirtækis að slíkur ofsagróði hefði átt að skapast. Þetta hefur sem eðlilegt er farið mjög fyrir brjóstið á þjóðinni.

Auðvitað viljum við, sem þekkjum útgerð og þá erfiðleika sem verið hafa samfara rekstri útgerða á Íslandi á undanförnum árum, að hægt sé að reka fyrirtækin með hagnaði. Við viljum að þeir sem fara út úr þessum rekstri geti farið þaðan með beint bak, borið höfuðið hátt og skapað sér nýja framtíð annars staðar. Auðvitað er það eðlilegt og löngu tímabært. Það er svo aftur annað mál hvort þetta sé ekki nokkuð langt gengið. Þessi gróði hefur ekki síst skapast vegna þess að við skattleggjum þetta hófsamlega. Skattlagningin hefur miðast við það að jafnvel sé hægt að komast niður í 10%. Mér fyndist eðlilegt að um slíka 10% skattlagningu á hagnaði af sölu, þá ekki einungis úr sölu sjávarútvegsfyrirtækja heldur af sölu alls staðar, hagnaði af Hagkaupum, apótekum eða öðru, ættu að gilda þær reglur að þegar gróðinn er orðinn svo umfangsmikill gildi almennar skattareglur eins og þær voru, þ.e. að 40 til 50%. Þar með mættum við þeirri óánægju og réttlátu reiði sem ríkt hefur meðal þjóðarinnar vegna þess hve mikill auður hefur safnast á hendur fárra útgerðarmanna sem hafa farið út úr greininni þar sem þeir gátu selt kvóta á uppsprengdu verði.

Annað sem ég vildi koma inn á varðandi endurskoðun á þeim málum sem snúa að fiskveiðistjórnuninni almennt er umgengnin um fiskimiðin og lögin um nytjastofna sjávar. Við sem höfum verið hér á þingi síðustu fjögur árin vitum að lögunum sem varða frystiskipin og meðferð á afla um borð hefur verið breytt verulega. M.a. var samþykkt hér á Alþingi fyrir tveimur árum síðan að það væri í valdi skipstjóranna sjálfra að meta hvaða afli væri verðmæti. Afla sem ekki teldist verðmætur, mætti henda fyrir borð. Ég mótmælti þessu á sínum tíma, enda vitum við að það hefur verið afskaplega afstætt í gegnum árin hvað er verðmætt og hvað einskis virði eins og við þekkjum. Grálúðan var einu sinni einskis virði en er nú mjög verðmæt. Sama má segja um tindabykkju, keilu og fleiri tegundir, skötusel og ýmsar sérstakar skepnur úr sjónum sem í dag teljast mjög verðmætar, þó áður hafi þær verið taldar ónýtar.

Fullvinnsluskip hafa farið mjög illa með afla. Nýtingin um borð í þessum skipum er hörmuleg eftir því sem maður fær fréttir af. Ef maður miðar við nýtingu í frystihúsum eða vinnslustöðvum sem þurfa að kaupa fiskinn á markaði, þá er skafið svo að hryggnum að hægt er að lesa Morgunblaðið í gegn. Aftur á móti er mér sagt að hryggurinn, í venjulegu fullvinnsluskipi sé alveg kringlóttur og menn höggvi framan og aftan af eins og þá lystir. Þetta er afskaplega alvarlegt og þær sögur sem maður heyrir eru þess eðlis að maður gerir ekki ráð fyrir að þær séu rangar, enda var lagt mjög mikið upp úr því að fá þessum lögum breytt. Illu heilli var það samþykkt hér í þinginu. Jafnframt var samþykkt að ákvæði um að öll fullvinnsluskip hefðu mjölvinnslur um borð, sem lengi hafði verið í lögunum, var einnig fellt út. Nú þurfa þessi skip ekki að hafa mjölvinnslu og þurfa ekki að hirða nema þann afla sem þau vinna. Ég held að þetta verðum við að endurskoða og skylda öll skip til að koma með allan þann afla sem kemur inn fyrir borðstokkinn að landi. Við vitum að það hefur verið heilmikill markaður, sem er enn að styrkjast, fyrir meltu og fyrir fóður í loðdýrarækt, eins fyrir lífefnaiðnað. Við erum því að henda miklum verðmætum vitandi vits. Þetta er einnig mjög slæmt fyrir ímynd okkar út á við. Þarna er því verk að vinna. Einnig er nauðsynlegt að um borð í venjulegum fullvinnsluskipum verði vigtun og eftirlit betra en verið hefur fram að þessu.

Herra forseti. Það sem ég tel einnig þurfa að skoða þegar við lítum á nýtingu og aðgang að fiskinum, er að stíga það skref að auka þann afla sem fer til landvinnslunnar. Það getum við að mínu viti ekki gert öðruvísi en að auka það magn sem fer í gegnum fiskmarkaðina. Ég tel að við verðum að gera það með því móti að skylda útgerðir til að setja a.m.k. 20--50% af öllum afla á fiskmarkað. A.m.k. verður að gera það í einhverjum skrefum. Það eru að sjálfsögðu einhverjir erfiðleikar við að snúa þróunini við, en við getum ekki látið fiskmarkaðina veslast upp eins og þeir eru því miður að gera núna. Sífellt fer minna magn á fiskmarkaðina, einfaldlega vegna þess að minna af fiski kemur til litlu bátanna en verið hefur. Leigumarkaðurinn er lélegri en hann var. Öll skip verða í dag að veiða a.m.k. helminginn af því sem þau fá úthlutað árlega í stað helmings annað hvort ár. Það hefur einfaldlega orðið til þess að leigumarkaðurinn varð miklu minni. Leiguverðið varð um leið hærra þannig að minni skip, sem hafa fóðrað fiskmarkaðina og landvinnsluna, hafa minna hráefni, minni afla.

Þetta tengist svo aftur þessu blessaða Kvótaþingi sem ég segi að sé hin allra versta miðstýring sem við höfum samþykkt hér. Þar gengur allt á afturfótunum og er ótrúlega dýrt. Þeir sem bjóða þarna í segja mér að í hvert skipti sem sett er inn tilboð þurfi að borga nokkur þúsund krónur, þótt þú fáir ekki neitt. Það skiptir engu máli hvort þú færð eitthvað eða ekki. Alltaf þarf að borga og setja sérstakar tryggingar til að fá að vera með, nákvæmlega eins og á fiskmörkuðum. Kvótaþingið hefur einungis aukið miðstýringu, sem er óeðlileg í þessu kerfi, og aukið kostnað þeirra sem átt hafa viðskipti á þessu sviði. Það hefur svo komið niður á fiskmörkuðum og þeim sem með miklu harðfylgi hafa getað aflað sér markaða í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan, fyrir ótrúlega verðmætar fisktegundir. Það er hreint með ólíkindum hvað menn hafa náð að afla sér markaða fyrir fisk sem hefur verið keyptur fyrir óheyrilegt verð á mörkuðum, allt upp undir 200 kr. fyrir kílóið af þorski. Fyrir tveimur, þremur árum hefði enginn látið sér detta það í hug að þetta væri hægt. Þetta hafa menn hins vegar gert, hvernig sem þeir hafa farið að því.

Annað sem endurskoða þarf að nýju, í framhaldi af því sem ég hef sagt hér áður, er framsal aflaheimilda í stóra kerfinu. Þar hefur frjálsræðið verið takmarkað gríðarlega með Kvótaþinginu. Það verður að endurskoða ákvæðið um að veiða helminginn á hverju ári. Það er allt of mikið til að eðlilegur leigumarkaður nái að þróast. Eins og þetta var, virtist markaðurinn geta þróast vel. Við sáum það á Suðurnesjum, þar sem keypt voru nærri 20 þús. tonn á ári, það skapaði ekki atvinnuleysi á Vestfjörðum eða Norðurlandi eystra eða Norðurlandi vestra, þaðan sem megin hlutinn af þessu kom. Aftur á móti skapaði það mikla möguleika fyrir þá sem höfðu litlar aflaheimildir eins og á Suðurnesjum. Það fyrirkomulag skapaði mikla vinnu í landi og mikil umsvif á mörkuðum. Ég held að til að auka frjálsræðið í framsalinu verði að minnka veiðiskylduna að nýju, og fella út Kvótaþingið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala öllu lengur í þessu máli. Þótt hægt sé að halda mjög langar ræður um sjávarútvegsmál eru takmörk fyrir því hvað á að eyða miklum tíma fyrir þjóðinni í þessari umferð. Það sem vakir fyrir mér er fyrst

og fremst að styrkja og einfalda það stjórnkerfi sem fiskveiðarnar búa við. Í mínum huga er það þjóðarnauðsyn enda heldur ekkert annað en fiskveiðar uppi velferð í þessu landi og það hvernig á þeim er haldið. Við eigum að sjálfsögðu að læra af öðrum þjóðum. Ég hef heyrt það hér á ræðum manna, m.a. hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að honum finnst að við eigum að læra af öðrum þjóðum sem fari aðrar leiðir en við, og sérstaklega hafði hann áhyggjur af framsalinu. Ég tek undir það að við eigum að læra af öðrum þjóðum en fram að þessu hafa aðrar þjóðir verið að læra af okkur. Við megum samt aldrei gleyma því að hlutur sjávarútvegs í hagkerfi þeirra ríkja sem við miðum okkur helst við er brot úr prósenti á meðan hér skiptir hann öllu máli. Hér er 75% veruútflutnings sjávarafurðir en bara brot úr prósenti hjá öðrum þjóðum þannig að hjá þeim skiptir engu máli í sjálfu sér hvernig þessi stýring er. Þar getur það allt verið á tilraunastigi eins lengi og þeim sýnist. Hjá okkur skiptir þetta öllu máli og þess vegna getum við hvorki leikið okkur né tekið kollsteypur í tilraunaskyni eins og aðrir geta leyft sér. Vil ég ljúka máli mínu á því að minna á forsendur fyrir velferð þessarar þjóðar. Þær eru hagkvæm nýting fiskstofna og eðlileg stýring veiðanna.

[22:32]

Kristinn Pétursson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þau orð sem ég viðhafði um fiskifræði, eða öllu heldur fiskihagfræði, stærðfræðilega fiskifræði, vil ég taka fram ef það kom ekki nógu skýrt fram hjá mér að ég hef notað gögn Hafrannsóknastofnunar til að nálgast þær niðurstöður sem ég hef komist að. Ég hef því gefið þeim háa einkunn fyrir allar rannsóknir og öll rannsóknagögn. Hins vegar nota þeir ekki þessi gögn til að velta fyrir sér hvað hafi gerst í hafinu, heldur er reiknilíkanið alltaf spurt án þess að nokkur sé að hugsa hvað hafi gerst. Ég var að útskýra það í ræðunni áðan, hæstv. forseti, að þegar vaxtarhraði fellur þá túlkar reiknilíkanið það svo að veiðiskipin hafi drepið fiskana sem vantar í aflabókhaldið. Þetta er búið að gerast hvað eftir annað. Þetta gerðist hvað eftir annað við Kanada og þeir stigu alltaf eitt skref aftur á bak til að byggja upp stofninn og það endaði með því að stofninn hrundi. Í Kanada var keyrt vísindalega með 20% veiðistefnu eins og ég rakti hér úr viðtali við Jakob Jakobsson upp á punkt og prik. Eftir á komu menn og sögðu: Við höfum ofmetið stofninn. Svo komu þeir aftur þegar stofninn minnkaði. Þeir höfðu aftur ofmetið stofninn. Það var svo mikill smáfiskur á svæðinu við Kanada 1986 og 1987 að menn voru að sprengja trollin eftir að hafa togað í fimm mínútur. Þeir urðu að setja sérstakan leggglugga á trollin til að geta stundað veiðar án þess að sprengja trollin. Svo mikill smáfiskur var á ferðinni og það var alltaf verið að friða hann. Það mátti ekki veiða hann. Það var alltaf verið að bíða eftir að hann stækkaði. En hann hafði bara engan mat og þess vegna gekk dæmið ekki upp. Ég tel því að núverandi veiðiráðgjöf, miðað við reynsluna frá Kanada og Grænlandi, geti verið rússnesk rúlletta og að við getum alveg eins verið á stórhættulegri braut miðað við reynsluna. Ég er að tala um að hv. alþingismenn eigi að skoða hvað var sagt á hverjum tíma og hvað reyndist rétt. Það er jafnmikilvægt að aðskilja rannsóknir og veiðiráðgjöf eins og aðskilja dómsvald og umboðsvald, því að slíkir gífurlegir fjármunir eru hér á ferðinni varðandi það hvað veiða má mikinn þorsk að fyllsta ástæða er til að skilja á milli rannsókna og veiðiráðgjafar.

[22:35]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. Kristinn Pétursson hefur haft samráð og samstarf við Hafrannsóknastofnun um ýmis konar gögn og ég veit að hann hefur átt löng samtöl og langa fundi með þeim um þær kenningar sem hann hefur haldið á lofti um það hvernig veiðiráðgjöfin og rannsóknirnar hafa farið fram við Íslandsstrendur. Það sem mér mislíkaði í því sem hv. þm. sagði áðan er þegar verið er að gera lítið úr íslenskum vísindamönnum sem ég veit að hafa haft orð á sér á alþjóðavísu fyrir vönduð og nákvæm vinnubrögð sem hafa verið notuð sem grunnur annars staðar til rannsóknastarfa á sama sviði. Ég ætla í sjálfu sér ekkert að segja um helstu niðurstöðurnar sem hv. þm. fær úr sínum rannsóknum. Hann á eflaust hrós skilið fyrir að hafa eytt öllum þessum tíma og peningum til að halda til streitu sínum hugmyndum. En þær geta ekki byggst á því að gera lítið úr öðrum eða dylgjum og gífuryrðum sem eiga ekki erindi inn í umræðuna.

Varðandi það að aðskilja rannsóknir og veiðiráðgjöf, þá þekkjum við að t.d. er það á höndum, eða var á höndum sjútvrh. að ákveða veiðina. Hann notaði að sjálfsögðu ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. En á síðasta áratug og áratugnum þar á undan, fóru ráðherrar aldrei eftir ráðgjöf fiskifræðinga. Þeir fóru alltaf eftir eigin geðþótta enda var alltaf fiskað miklu meira en ráðgjöfin gerði nokkurn tímann ráð fyrir.

[22:37]

Kristinn Pétursson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 10. þm. Reykn. hefur eitthvað misskilið það sem ég sagði því ég hef ekki verið að rekja neinar kenningar sem ég er með. Ég er að rekja sögulegar staðreyndir, hvað veiðiráðgjafar sögðu og hvað gerðist. Það eru ekki kenningar, hæstv. forseti. Það er upprifjun á sögulegum staðreyndum. Og það er ekki óábyrgt, hæstv. forseti, að segja sannleikann. Það eru ekki dylgjur og það eru ekki gífuryrði.

[22:38]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að segja það bull sem fiskifræðingar fara með í háskólanum kalla ég gífuryrði, hvað sem hv. þm. vill segja um það.

Í framhaldi af því sem sagt hefur verið um þetta mál get ég alveg af eigin reynslu staðfest að fiskifræðingar hafa ekki alltaf rétt fyrir sér. Við munum það vel sem vorum á síld á sjöunda áratugnum þegar síldin hvarf þrátt fyrir að virtustu fiskifræðingar teldu menn á að halda bara áfram því hún væri einhvers staðar. Staðreyndin var sú að þeir höfðu ekki rétt fyrir sér. Hún var ofveidd, hún var búin. Það er því alveg hárrétt að fiskifræðingar hafa ekki alltaf haft rétt fyrir sér og munu aldrei hafa alltaf rétt fyrir sér. Það er hreint útilokað. En engir aðrir geta þó komist nær því að hafa rétt fyrir sér en einmitt þeir. Það fannst mér koma mjög vel fram þegar hæstv. ráðherrar ríkisstjórna hér á árum áður tóku að sér fiskveiðiráðgjöfina, eða veiðiráðgjöfina skulum við segja, og hentu ráðgjöf fiskifræðinganna bara í ruslakörfuna. Afleiðingarnar urðu augljósar. Það var ofveiði. Ég man þá tíð að menn voru í miklum vandræðum með að ná þeim afla sem þeir fengu úthlutað. (**KrP:** Þetta er tómt bull.) Þetta er staðreynd og ég get alveg fært tölur fyrir því, nákvæmlega eins hv. þm. (Gripið fram í.) Ég er ekki með það hér í stólnum en ég þekki jafn vel hv. þm. hvað menn gengu langt á fiskstofna vegna vankunnáttu.

[22:40]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er ræðum við sjávarútvegsmálin núna í ljósi þess dóms sem féll í Hæstarétti í upphafi desembermánaðar og leiddi til þess að hæstv. ríkisstjórn lagði fram frv. til að eyða þeirri óvissu sem skapaðist í kjölfar dómsins.

Það sem greinilega hefur komið fram í þeirri umfjöllun sem átt hefur sér stað frá því frv. hæstv. ríkisstjórnar var lagt fram er að dómurinn fjallaði um 5. gr. laganna. Það hygg ég sé ótvírætt niðurstaða af þeirri efnislegu umfjöllun sem málið hefur fengið, m.a. í hv. sjútvn. Alþingis. Ég átti þess kost að sitja þar fund eina dagstund og er alveg sannfærður eftir að hafa farið ofan í þau mál í framhaldi af því að um það fjallaði í raun og veru hin efnislega niðurstaða dómsins. Ég vek athygli á því að í lok dómsins segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Með hliðsjón af framansögðu verður ekki talið, að sjávarútvegsráðuneytinu hafi verið rétt að hafna umsókn áfrýjanda um almennt og sérstakt veiðileyfi á þeim forsendum, sem lagðar voru til grundvallar í bréfi þess 10. desember 1996. Verður synjun ráðuneytisins því felld úr gildi.“ Síðan kemur setningin: „Hins vegar er ekki í þessu dómsmáli tekin afstaða til þess, hvort ráðuneytinu hafi að svo búnu borið að verða við umsókn áfrýjanda, en málið er einungis höfðað til ógildingar á ákvörðun ráðuneytisins en ekki til viðurkenningar á rétti áfrýjanda til að fá tilteknar veiðiheimildir í sinn hlut.“

Mér sýnist þetta mál vera afar skýrt. Það er í raun og veru í dómsniðurstöðunni verið að fjalla um 5. gr. og það er kjarni þessa máls. Að vísu er það svo þegar maður les í gegnum dóminn, aðfararorðin, rökstuðninginn og þá efnislegu umfjöllun sem þar fer á undan, að hægt er að velta fyrir sér hvað ýmislegt í þeim orðum muni þýða og hvort þar sé skírskotun til annarra greina laganna, svo sem 7. gr. Það verður hins vegar ekki skorið úr um það hvað afstöðu Hæstaréttar áhrærir nema með sjálfstæðu dómsmáli en við erum auðvitað fyrst og fremst og eingöngu hér að bregðast við hinni raunverulegu, *efnislegu niðurstöðu hæstaréttardómsins. Á það vil ég leggja* áherslu vegna þess að þetta skiptir það sem á eftir kemur mjög miklu máli. Menn hafi verið að tala um að þetta sé þröng túlkun, en ég hafna því. Ég held þetta sé hvorki þröng túlkun né víð túlkun, þetta er almenn túlkun. Þetta er bara niðurstaða af því að fara yfir efnisatriði dóms Hæstaréttar.

Þrátt fyrir að ýmsir hafi látið í veðri vaka að það feli ekki í sér mjög róttæka ákvörðun að taka til endurskoðunar sérstaklega 5. gr. laganna þá er það nú svo engu að síður vegna þess að 5. gr. er í raun og veru sú grein sem hugtakið „veiðileyfi“ *hvílir á. Það er efnisleg niðurstaða þeirra sérfræðinga sem* hæstv. ríkisstjórn kvaddi til, m.a. tveggja háskólakennara á þessu sviði. Niðurstaða þeirra er sú að þetta leiði til þess að útgáfa veiðileyfa verði að vera með allt öðrum hætti og þar með sé ekki hægt að takmarka stærð flotans með þeim aðferðum a.m.k. sem við höfum tíðkað. Þetta er auðvitað gríðarleg breyting, m.a. vegna þess að ef við skoðum þetta í löndunum í kringum okkur þá er ástandið allt öðruvísi þar. Ég var t.d. fyrir nokkrum dögum að lesa mjög athyglisverða samantekt eftir ungan mann á sjávarútvegsstefnu *Evrópusambandsins þar sem greinilega kom fram að eitt af* því sem þeir töldu þar vera stóra verkefnið varðandi mótun sjávarútvegsstefnunnar til lengri tíma var að ná utan um flotastærðina, tryggja að flotinn minnkaði en stækkaði ekki. Sóknarmáttur hans yrði minni á morgun en hann var í gær. Þar var út af fyrir sig engin efnisleg umræða um það hvort þetta væri heimilt, hvort þetta leiddi til einhverrar mismununar eða eitthvað svoleiðis, heldur var umræðan eingöngu um að þetta væri það sem þyrfti að gera af nauðsynlegum ástæðum sem tilgreindar voru og menn nánast gáfu sér. Þetta finnst mér vera athyglisvert og nauðsynlegt að við vekjum athygli á.

Ljóst er að niðurstaða dómsins og sú túlkun sem menn hafa kallað þrönga setti stöðu smábátaútgerðarinnar í mikið uppnám. Smábátaútgerðinni hefur að verulegu leyti verið stjórnað með allt öðru fyrirkomulagi en hjá þeim hluta flotans, stærsta hluta flotans, sem lotið hefur aflamarkskerfinu. Það er ljóst að túlkun dómsins og niðurstaða setti stöðu þessara báta í mikið uppnám.

Þetta er grafalvarlegt mál vegna þess að við erum að fjalla um gríðarlega hagsmuni. Við erum ekki aðeins að tala um atvinnuhagsmuni einstakra útgerðarmanna, sem þó eru mjög ríkir. Um það bil þúsund útgerðarmenn eiga smábáta sem falla undir þetta kerfi. Bara af þeim ástæðum er um gríðarlega mikla hagsmuni að ræða. Við erum sem sagt ekki aðeins að ræða um atvinnuhagsmuni þessa fjölmenna hóps heldur einnig um lífshagsmuni heilla byggðarlaga. Það er kannski stóra málið í þessu sambandi. Hvernig við ætlum að verja til frambúðar byggðarlög sem hafa byggt sig upp í kringum það atvinnu- og athafnafrelsi og svigrúm sem fiskveiðistjórn smábátakerfisins hefur búið við.

Það gekk ekki þrautalaust að koma því á en eins og ég sýndi fram á við 1. umr. þessa máls hefur kerfið skapað gríðarlega mikla viðspyrnu víða um byggðir landsins. Við skulum ekki gleyma að þegar við komum þessu á var það gert í mikilli andstöðu við sterk öfl í þjóðfélaginu, öfl sem vildu hrópa þetta niður, töldu þetta einskis vert og til lítils. Þau töldu fyrirkomulagið á skjön við allt sem þyrfti að gera í þessu þjóðfélagi. Reynslan segir okkur hins vegar að þetta var bráðnauðsynlegt og skapaði vörn fyrir byggðarlög sem ella hefðu staðið mjög illa.

Í ljósi þeirrar umræðu er sérkennilegt að hlusta á dylgjur *svo áhrifamikils manns sem formaður Landssambands* ísl. útvegsmanna er, en þær höfum við heyrt í fjölmiðlum undanfarna sólarhringa. Fyrst kemur formaður Landssambands ísl. útvegsmanna og lætur í veðri vaka, án þess að nefna nein nöfn, án þess að nefna beinlínis hvað átt sé við, að mikil óheilindi séu á bak við starfsemi meiri hluta sjútvn. Starf nefndarinnar hafi miðað að því að skara eld að tiltekinni köku sem þessum einstöku nefndarmönnum átti að vera þóknanleg, og eitthvað í þessum dúr. Í dag upplýsti sami maður að hér væri átt við að þær breytingar sem meiri *hluti hv. sjútvn. væri að gera væru sérstaklega þóknanlegar* ótilteknum útgerðum í útgerðarplássinu Bolungarvík.

Nú skulum við velta fyrir okkur hverju er verið að ýja að. Í framhaldi af þeim miklu vandræðum sem dunið hafa yfir sjávarútveg á Vestfjörðum, m.a. í Bolungarvík, hefur verið reynt að bregðast við með þeim aðferðum sem mönnum hafa helst verið tiltækar, þ.e. að fara í veiðistjórnunarkerfi sem hefur verið ódýrara og auðveldara að komast inn í, veiðistjórnunarkerfi smábátanna. Vegna þess að þar var skapað tiltekið svigrúm, möguleikar sem nýttust sérstaklega þeim *byggðarlögum sem best lágu við þorskveiðimiðunum*, þá gátu þessi byggðarlög þrátt fyrir vandræði sín snúist til varnar og skapað sér ný sóknarfæri. Menn fjárfestu í dagabátum og þorskaflahámarksbátum. Niðurstaðan varð sú að mönnum tókst að auka að nýju landaðan afla á þessum stöð-

um, m.a. í Bolungarvík, sem formaður Landssambands ísl. útvegsmanna var að reyna að gera tortryggilegt í fjölmiðlum.

Þegar við veltum þessari umræðu fyrir okkur er ástæða til að geta þess að formaður Landssambands ísl. útvegsmanna ólmaðist gegn fiskveiðistjórninni, sem búin var til í kringum smábátana, af sérstakri heift og önuglyndi á sínum tíma. Hann fann þessu kerfi allt til foráttu. Hefðu hann og hans nótar fengið sínu framgengt þá væru mikil vandræði og mikil vá í byggðum landsins, ekki síst á Vestfjörðum.

Hversu mikill sannleikur getur verið í þessum efnum? Ég hef undir höndum lista yfir þá báta sem hafa svokallað þorskaflahámark. Þeir eru rétt um 400. Þó sæmileg fjölgun hafi orðið á bátum á Vestfjörðum og sæmileg fjölgun á bátum í heimabyggð minni þá veit ég að þeir eru ekki 400, þorskaflahámarksbátarnir. Það sem formaður Landssambands ísl. útvegsmanna lét í veðri vaka í fjölmiðlunum í kvöld, að sérstaklega væri hyglað tilteknum útgerðum í tilteknu sjávarplássi með tillögum meiri hluta sjútvn., er auðvitað eins og hver önnur firra.

Sem betur fer var vilji meiri hluta sjútvn. að verja sem best rekstrargrundvöll smábátaútgerðarinnar í heild, tryggja að hún ætti sér áframhaldandi lífsmöguleika, ekki síst til þess að standa undir þeirri mikilvægu atvinnustarfsemi sem hún hefur staðið undir á síðustu missirum. Það er vissulega lofsvert að að því verki var unnið.

Það væri alvarlegt ástand víða í byggðum landsins, ekki síst á Vestfjörðum, ef ekki tækist að skapa þessum mikilvæga útgerðarflokki traustan rekstrargrundvöll. Auðvitað má deila endalaust um hvernig skynsamlegast sé að fara í þetta mál. Við blasir að hagsmunir manna í þessu kerfi eru ákaflega margvíslegir. Menn eru mjög misjafnlega staddir hverju sinni er lögum er breytt í sjávarútveginum. Menn hafa aflað sér reynslu, unnið eftir ákveðnum forsendum, án þess að fyrir lægi að þær forsendur hefðu í för með sér afleiðingar sem löggjöfin þyrfti síðan að breyta. Því er ekkert óeðlilegt að í fyrsta lagi sé reynt gera breytingar sem eru á valdi hagsmunaaðilanna sjálfra, starfandi útgerðarmanna og sjómanna, að velja þær leiðir sem þeir telja skynsamlegastar og hagkvæmastar. Í öðru lagi á að reyna að búa til umþóttunartíma, aðdraganda sem menn geta farið inn í og búið sig undir breyttar aðstæður. Þetta atriði lagði ég höfuðáherslu á í ræðu minni við 1. umr. þessa máls. Þessir margvíslegu hagsmunir eru auðvitað að koma í ljós. Þær viðræður sem ég hef átt við fjöldann allan af smáútgerðarmönnum, trillukörlum, upp á síðkastið, hafa sannfært mig um að eina leiðin sé sú að hafa sem flesta valkosti opna sem menn geti þá leitað í og leiði til tiltekins ástands. Mér sýnist að meiri hluti hv. sjútvn. hafi reynt að gera það. Menn gera sér grein fyrir því að afar flókið er að beina öllum inn í einn og sama farveginn, þrátt fyrir að það sé reynt með bestu manna yfirsýn og vandað eins vel og mögulegt er.

Ég fullyrði, á grundvelli þessara samtala, að um þessa niðurstöðu eigi að vera hægt að skapa viðunandi sátt. Ég býst ekki við því að allir verði sammála. Það held ég að gerist aldrei í þessum efnum. Þó held ég að hægt sé að komast nálægt því að vera bærilega sáttur. Mér sýnist að ekki sé um að ræða þann grundvallarágreining, til að mynda við samtök smábátaeigenda, að nokkur setji sig í stellingar gegn þeirri niðurstöðu sem meiri hluti sjútvn. hefur komist að.

Mig langar í lokin að koma að einu atriði sem nokkuð hefur verið til umfjöllunar. Það er spurningin um að deila út 1.500 tonnum árlega til sérstakra byggðaaðgerða. Auðvitað gætum við ímyndað okkur að til þess ætti ekki að þurfa að koma, í besta heimi allra heima, að deila út 1.500 tonnum með þessum hætti. Skelfing væri gaman að upplifa þá stund að geta fullyrt að til þess muni ekki þurfa að koma og þau vandræði ekki skapast í sjávarútvegsbyggðum landsins, að bregðast þurfi við erfiðum aðstæðum. En því miður hræða sporin. Við höfum afar sára reynslu frá vissum stöðum, sem ekki þarf sérstaklega að tína hér til, sem gríðarlegar hremmingar hafa dunið yfir, m.a. vegna þess að á grundvelli núverandi löggjafar hefur sífellt verið aukið á kröfuna um meiri hagræðingu og lægri tilkostnað. Fyrirtæki hafa verið sameinuð til að draga úr kostnaði og aflaheimildir sameinaðar. Það hefur leitt til þess að á endanum hefur það bitnað á einhverjum og í ýmsum tilvikum á smáum og veikum sjávarútvegsbyggðum. Við þekkjum bara allt of vel dæmin af þessu.

Auðvitað hefur það reddast að lokum, eitthvað gerst sem hefur leitt til þess að menn hafa kraflað sig áfram. En ég fullyrði, út frá mjög sárri og biturri reynslu af svæði sem ég þekki afar vel, að það hefði verið gott á sínum tíma að geta hraðað viðreisn atvinnulífsins í þessum byggðum með því að hafa til að dreifa aflaheimildum sem hægt hefði verið að nýta sem afl til að snúa við neikvæðri þróun.

Ég fullyrði það og þekki af eigin reynslu að tiltekin byggðarlög í landinu sem hafa orðið fyrir gríðarlegu áfalli vegna þess að aflaheimildirnar hafa horfið þaðan, m.a. í kjölfar meintrar hagræðingar í sjávarútvegi, hafa orðið fyrir slíku höggi. Þó að allt líti þokkalega út á yfirborðinu þá hafa þessi byggðarlög ekki borið þess bætur. Þess vegna segi ég: Það er mjög eðlilegt við slíkar aðstæður, sem við höfum því miður dæmi um, að menn reyni að hafa einhvern viðbúnað.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á till. til þál. um stefnu í byggðamálum sem nú er til umfjöllunar í allshn. Alþingis. Hún var rædd fyrr á þessu þingi. Þar er sérstaklega vikið að aðstæðum sem þessum. Í 4. tölul. þessarar þáltill. er m.a. sagt svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Sköpuð verði skilyrði til þess að styðja sérstaklega aðgerðir á afmörkuðum svæðum þar sem veruleg röskun verður á atvinnuháttum og búsetu. Sérstaklega verði hugað að aðgerðum í byggðum þar sem atvinnulíf er fábreytt og útgerð á í vök að verjast."

Hér er þeirri almennu stefnumótun sem þarna var sett fram svarað á vissan hátt. Það er ekkert óeðlilegt að ríkisvaldið hafi tiltæk úrræði til þess að bregðast við með skipulegum hætti þegar vá skellur yfir í einstökum byggðarlögum. Þá er þjóðfélagslega mjög dýrt að þurfa að standa hjá án þess að geta sig hrært. Ég tel því mjög eðlilegt að hafa úrræði af þessu tagi.

Við höfum dálitla reynslu af þessu frá því settur var upp svokallaður Byggðastofnunarpottur, 500 tonn. Það er rangt sem hér var haldið fram áðan, að hann hafi ekki reynst vel. Hann reyndist prýðilega og kom að mjög góðum notum í þeim byggðarlögum orðið höfðu fyrir mestri skerðingu. Byggðastofnun mótaði afmarkaðar og vel skilgreindar reglur. Miðað við að þar var deilt út 500 tonnum var ótrúlega mikil sátt um það mál. Þau tilvik sem menn fundu að voru miklu færri en ég hafði a.m.k. látið mér detta í hug.

Ástæðan fyrir því að við tókum þá ákvörðun að leggja þetta niður var að menn höfðu náð vopnum sínum í þorskaflahámarkinu. Það kerfi var miðað við að styðja og efla þorskaflahámarksbáta. Við höfðum náð vopnum okkar í þorskaflahámarkinu þannig að tilefnið til að deila þessum

aflaheimildum út var ekki til staðar. Þá varð niðurstaða Alþingis sú að deila aflaheimildunum varanlega til þeirra báta sem höfðu að nokkru notið þessa áður en einnig til báta — og nú nauðsynlegt að leggja áherslu á það — undir 6 tonnum að stærð sem fiskað höfðu á aflamarki. Þar var líka reynt að koma til móts við báta sem allir virðast vera sammála um, ég er a.m.k. einn þeirra, að hafi orðið mjög illa úti í fiskveiðistjórnarkerfinu sem við höfum búið við undanfarin ár.

Virðulegi forseti. Auðvitað er út af fyrir sig hægt að hafa uppi miklar umræður um þetta mál. Það er þess eðlis að það gefur tilefni til langrar umræðu í sjálfu sér. Þetta er grundvallarmál, þetta snertir mikilvægustu atvinnugrein okkar, þetta snertir stöðu landsbyggðarinnar og mun hafa mikil áhrif á lífskjör okkar í framtíðinni hvernig við skipuleggjum sjávarútveg okkar.

Lögin um stjórn fiskveiða eru auðvitað mjög umdeilanleg, svo ekki sé meira sagt, og við erum mörg sem höfum uppi miklar efasemdir um mjög marga hluti í þeim lögum þótt á mismunandi forsendum sé eins og gengur og hefur auðvitað komið glögglega fram. Þess vegna vil ég segja að lokum að ég fagna sérstaklega þeirri niðurstöðu meiri hluta sjútvn. að styrkja ákvæðið um endurskoðun laganna sem ýjað var að, getum við sagt, í frv. sem hæstv. sjútvrh. lagði fram. Ég tel að sú niðurstaða sem hv. meiri hluti sjútvn. leggur til geri það að verkum að nú fari af stað ferli, vinna við það að endurskoða þessi lög, skoða þau frá grunni, líta sérstaklega á öll þau álitamál sem við þekkjum og mjög mörg hefur borið á góma með einum eða öðrum hætti í umræðunni í dag og í kvöld. Ég tel það sé raunhæft markmið sem hér er sett fram, að þessi nefnd ljúki störfum sínum fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001. Kannski finnst einhverjum að þetta sé langur tími, ég er ekki sammála því. Ég held að þessi vinna sé þess eðlis að hún þurfi mikillar vandvirkni við og tíminn er fljótur að líða eins og við vitum og það er að mörgu að hyggja. Ég held þess vegna að við sem höfum haft sitthvað við framkvæmd núverandi kerfis að athuga hljótum að fagna þessari niðurstöðu og ég held að fyrir sjávarútveginn í heild sé þetta ákaflega mikilvægt vegna þess að sjávarútvegurinn hefur af ýmsum ástæðum, m.a. og ekki síst vegna þeirrar almennu óánægju sem er með marga þætti stjórnkerfisins, búið við ákveðna óvissu sem nauðsynlegt er að draga úr vegna hagsmuna sjávarútvegsins sjálfs og þjóðarinnar. Þess vegna er mikilvægt að mínu mati að setja skipulega af stað endurskoðun laganna og ég tek fram að ég vænti mikils af þeirri endurskoðun.

[23:02]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fjöldamargar spurningar vakna þegar hlýtt er á mál hv. þm. og væri gaman að fara yfir þær en ég verð að takmarka mig við það sem er kannski athyglisverðast að fá svör við nú. Í fyrsta lagi ræddi þingmaðurinn nokkuð um það blómlega atvinnulíf og athafnalíf sem hafi skapast í kringum það atvinnufrelsi sem verið hefur og var þar að vísa til þorskaflahámarksbátanna og þeirrar stöðu sem þeir hafa haft. Er það þá skoðun hv. þm. að það sem verið er að gera núna sé skerðing á atvinnufrelsinu? Þetta er fyrri spurningin. Seinni spurningin er þessi: Telur þingmaðurinn að meiri hluti sjútvn. sé líklegri til að verja hagsmuni trillukarla en landssamband þeirra sjálfra? Þessarar spurningar spyr ég vegna þess hversu lofsamlegum orðum hv. þm. fór um tillögur meiri hluta sjútvn. en það liggur hins vegar fyrir að Landssamband smábátaeigenda taldi sig hafa náð ásættanlegra samkomulagi við hæstv. sjútvrh., samkomulag sem þeir töldu að væri betra fyrir umbjóðendur sína. Þess vegna langar mig til að vita einmitt þetta: Telur hv. þm. að meiri hluti sjútvn. sé betri en landssamband trillukarlanna sjálfra?

[23:04]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að svara þessum tveimur spurningum í þeim símskeytastíl sem andsvörin bjóða upp á. Í fyrsta lagi varðandi athafnafrelsið og það hvort ég teldi að með tillögum meiri hluta sjútvn. væri verið að skerða það frelsi. Nei, ég tel miðað við þær aðstæður sem sköpuðust við dóm Hæstaréttar og þá niðurstöðu sem menn komust að varðandi þann dóm að hér sé gengið eins langt í þá átt og hægt er að teikna upp fyrirkomulag sem festir í sessi, skulum við segja, þá reynslu sem veiðistjórnun smábáta hafði verið að búa til.

Það er alveg ljóst mál að talsverð breyting verður á stöðu smábáta við þá lagasetningu sem er núna í farvatninu. Það er augljóst mál og það þorskaflahámarkskerfi sem við höfum byggt upp verður ekki við lýði. Ég get alveg viðurkennt að mér er mikil eftirsjá að því en hins vegar er ljóst að miðað við stöðu mála er ekki hægt að verja það kerfi óbreytt. Sama er að segja um dagakerfið. Það var heldur ekki hægt að verja það óbreytt. Þetta mun því hafa í för með sér röskun en þetta mun hins vegar ekki gera að verkum að þessir smáútgerðarmenn hafi ekki athafnafrelsi til að stunda vinnu sína.

Hitt var það hvort meiri hluti sjútvn. væri betur til þess fallinn en Landssamband smábátaeigenda að verja hagsmuni þess hóps. Þá vil ég vekja athygli á því að í tillögum meiri hluta sjútvn., og það var einmitt það sem ég lagði mikla áherslu á, er boðið upp á valkosti og einn valkosturinn er sá að fara í meginatriðum inn í þann farveg sem Landssamband smábátaeigenda hafði komist að niðurstöðu um með hæstv. sjútvrh. Ég tel langeðlilegast og skynsamlegast að það sé í valdi sjómanna og útgerðarmannanna sjálfra að velja þær leiðir að tilteknum áfangastað sem þeir telja sjálfir skynsamlegastan.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 23:07.

---

53. FUNDUR

þriðjudaginn 12. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Stjórn fiskveiða, stjfrv., 343. mál, þskj. 443, nál. 656 og 660, brtt. 657 og 661. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Páll Pétursson félmrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 343. mál (veiðileyfi o.fl.). — Þskj. 443, nál. 656 og 660, brtt. 657 og 661.

[10:32]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ætli það sé ekki vel við hæfi að nýr þingmaður hefji upp raust sína í fyrsta sinn í þessum sal í umræðum um sjávarútvegsmál miðað við fyrirferð þeirrar atvinnugreinar í sögu þessa unga lýðveldis. Ég vona þó að hv. þingmenn fyrirgefi að ég mun ekki tala klukkutímum saman í fyrstu atrennu.

Það verða að teljast grafalvarleg tíðindi þegar Hæstiréttur landsins úrskurðar að lög um jafnmikilvægan hlut og stjórn sóknar í okkar helstu auðlind stangist á við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Það er því eðlilegt að þingið hafi brugðist skjótt við þessum dómi. Á hinn bóginn vil ég draga í efa að sú lausn sem hér stefnir í sé fullnægjandi.

Að baki þessari umræðu er í sjálfu sér afar einfalt mál. Það er hvort stjórnvöld á hverjum tíma eigi að hafa rétt til þess að gefa lögbundnar sameignir þjóðarinnar og hennar helstu auðlindir fáeinum einstaklingum sem voru á réttum stað á réttum tíma. Það má auðvitað færa fyrir því rök að í krafti meiri hluta á Alþingi hafi þjóðin með lýðræðislegum hætti fengið stjórnvöldum þetta vald en þá er líka mikilvægt að hún geri sér grein fyrir afleiðingum gerða meiri hlutans. Og hlutverk þeirra sem eru á öndverðri skoðun við hann er að benda á það sem betur mætti fara.

Þetta er og hlutverk dómstóla og hefur það nú gerst að Hæstiréttur Íslands hefur dæmt að ákvæði laga um fiskveiðistjórn brjóti í bága við stjórnarskrá. Fyrstu viðbrögð framkvæmdarvaldsins voru því miður þau að gera lítið úr þessum úrskurði æðsta dómstóls Íslendinga og önnur viðbrögðin virðast vera þau að reyna með bellibrögðum að komast hjá því að framfylgja úrskurðinum. Lagatextanum sem slíkum skal breytt til að gerningurinn geti haldið áfram óbreyttur. Anda dómsins er hafnað. Áfram skal haldið að hygla fáum á kostnað margra.

Í skjóli ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. er því fram haldið af kappi að ákveðnum mönnum hafi endurgjaldslaust verið fengin auðlind sem í orði kveðnu er sameign íslensku þjóðarinnar til eigin nota. Þeir ráðstafa henni svo að vild og framleigja nytjaréttinn til annarra sem greiða hinum heppnu lénsherrum kvótans fyrir hann miklar fjárhæðir. Úthlutun ókeypis aflaheimilda er í raun niðurgreiðslur til einnar atvinnugreinar á kostnað annarrar. Þar er haldið áfram á þeirri braut að gera sjávarútvegi hærra undir höfði en öðrum atvinnugreinum á Íslandi. Það er ekki eins og þetta sé í fyrsta skipti sem það er gert. Strax upp úr seinna stríði tókst okkur að eyða gjaldeyrisforða sem nam um helmingi þjóðarframleiðslunnar í fjárfestingu í sjávarútvegi og það á tveimur árum. Á sjötta áratugnum var sérstök gengisskráning fyrir sjávarútveginn þar sem hann átti kost á ódýrari gjaldeyri en aðrar atvinnugreinar. Svokallað fjárhagsráð sá um að ekki væru veitt lán til fjárfestinga í öðrum atvinnugreinum en í sjávarútvegi.

Á áttunda áratugnum í olíukreppunni svokölluðu var olía til sjávarútvegs niðurgreidd. Gengisfellingar til að rétta hag sjávarútvegsins voru nánast daglegt brauð. Hið íslenska ríkisvald hefur litið á það sem heilaga skyldu sína að hafa full afskipti af íslensku atvinnulífi. Hefur það í því skyni beitt fjármálastofnunum sínum, ríkisbönkum og sjóðakerfi og lánað myndarlega til vonlausra fyrirtækja. Þannig hafa þeir sem einhvern dug hafa haft verið skattlagðir sérstaklega svo skussarnir gætu haldið áfram taprekstri, oft í nafni byggðastefnu.

Stjórnmálamönnum hættir til að líta á þjóðir eins og fyrirtæki í samkeppni við aðrar þjóðir á einhvers konar alheimsmarkaði. Í stórum dráttum hafa þeir þar rangt fyrir sér. Eina raunverulega samkeppnin á markaði er á milli einstakra fyrirtækja og þegar ríkisvaldið velur að styðja eina atvinnugrein umfram aðrar og þar með ákveðin fyrirtæki umfram önnur, þá er það að koma í veg fyrir hagkvæmustu dreifingu fjármagns í þjóðfélaginu og sóa fjármunum sem annars hefðu án nokkurs minnsta efa nýst betur annars staðar.

Í raun standa hægri menn á Íslandi nú eins og alltaf fyrir þá meginstefnu að hygla vinum sínum og skjólstæðingum á kostnað viðskiptafrelsis, hagkvæmni og hagsmuna þorra Íslendinga. Það er von mín, herra forseti, að einhvern tíma takist okkur að opna augu þeirra landsmanna sem í blindni ljá hægri mönnum atkvæði sitt í þeirri trú að þar sé að finna málsvara frelsisins, fyrir þessari staðreynd.

Ég hef ekki í hyggju um að tjá mig í smáatriðum um þær brtt. á lögum um stjórn fiskveiða sem liggja fyrir í dag. Þær eru fyrst og fremst til að slá ryki í augu fólks, til að tefja málið fram yfir kosningar í vor. Mesta athygli fjölmiðla undanfarna daga hafa vakið ákvæði sem snerta útgerðir smábáta. Þar sýnist sitt hverjum og svo virðist sem tekist hafi að drekkja umræðunni í umfjöllun um einstakar útfærslur og þar með týndist skógurinn í trjánum.

Sagt hefur verið um Íslendinga að þeir hafi gaman af að karpa um lögfræðileg álitamál en vilji týna sér í því og missa sjónar á aðalatriðinu. Þetta sýnist mér því miður muni verða helsta hættan í þessari umræðu þar sem dansað er á barmi hins siðferðilega vafasama og óhagkvæma og augunum er lokað fyrir því að við búum í dag í flestum atvinnugreinum við markaðsbúskap þar sem framboð og eftirspurn ræður verði á aðföngum sem fullunninni vöru.

Þegar aðföng einnar atvinnugreinar, verðmæti upp á hundruð milljóna, eru gefin fáeinum einstaklingum er ríkisvaldið að skekkja allan aðbúnað atvinnulífsins í landinu og bjóða heim spillingu og rentusækni eins og verst þekkist í þeim löndum sem við viljum síður bera okkur saman við. Brýnt er að þeir sem aðgang hafa að helstu auðlind Íslendinga kaupi þann aðgang af eigendunum, þjóðinni sjálfri.

Skelfilegast þykir mér þó að sjá í þessum brtt. gert ráð fyrir svokölluðum byggðakvóta. Það er auðvelt að sjá fyrir sér kjördæmapotið og spillinguna sem gæti viðgengist í tengslum við hann. Hann einn ætti að nægja til þess að allar viðvörunarbjöllur ættu að fara af stað gagnvart þessum brtt. En þarna sjá eflaust ýmsir sér leik á borði þar sem sé tækifærið til að útdeila jólagjöfum í skiptum fyrir stuðning á þing.

Herra forseti. Þjóðin bíður. Þjóðin bíður eftir réttlæti í þessu máli. Þjóðin bíður eftir því að geðþóttaákvörðunum og rentusókn linni. Þjóðin bíður eftir því að allir sitji við sama

borð þegar kemur að sókn í sameiginlega auðlind hennar, að sumir geti ekki fengið ókeypis það sem aðrir þurfa að greiða fyrir fullu verði. Ef sömu menn halda um stjórnartaumana eftir kosningarnar í vor gæti hún þurft að bíða lengi enn.

[10:39]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Vegna ákalls hæstv. forsrh. um tillögur frá stjórnarandstöðunni um breytingar á lögum nr. 38/1990 vil ég segja þetta: Ég hef flutt tillögur bæði í ræðu og í þingsályktunarformi, auk frumvarpa til laga um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Eina tillagan sem komið hefur verið til móts við í þeim efnum er um rannsókn á áhrifum dragnótar og trolls á lífríki hafsins í Faxaflóa. En þegar sú tillaga hafði verið samþykkt og fengið fjárveitingu varð ekkert úr framkvæmdum. Slík vinnubrögð eru ekki til þess fallin að menn leggi sig í framkróka með tillöguflutning sem síðan er bara stungið undir stól.

Herra forseti. Þær tillögur sem fyrir liggja í þessu frv. eru flóknar, illskiljanlegar og ég sé ekki að með þeim hafi verið brugðist við dómi Hæstaréttar í máli Valdimars Jóhannessonar gegn ríkinu. Þess vegna finnst mér, herra forseti, það hörmulega sem var að gerast í tengslum við lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða vera að hugtakið frjáls maður er ekki lengur til.

Skyldu hv. alþm. gera sér grein fyrir því hvað frjáls maður er? Það er kannski ekki svo að fólk geri sér almennt grein fyrir því hvað frjáls maður er. Jú, það er sá sem er frjáls gerða sinna. Frjáls maður er sá sem á kosta völ. Það þýðir að það sem hann gerir á að vera í sátt við samvisku hans og siðferðisvitund á hverjum tíma þegar hann tekur ákvörðun. Maður sem verður að vinna eftir kostum sem framkvæmd íslenska fiskveiðistjórnarkerfisins býður upp á er ekki lengur frjáls. Maður sem verður að henda veiddum afla í sjóinn aftur vegna kerfisins sem hann býr við er ekki lengur frjáls. Maður sem býr við þann kost að hann verður að leigja til sín þorskkvóta á 90 kr. kg er ekki frjáls því að hann verður að henda öllum afla í sjó aftur sem ekki skilar arði þó svo að bannað sé að henda veiddum afla fyrir borð. Sá sem býr við þessi skilyrði er ekki frjáls. Sá sem verður að reikna 90 kr. í kostnað við veiðar á hverju þorskkílói skilar ekki tekjum til ríkisins. Hann skilar tekjum til sægreifans hver svo sem hann er. Maður sem hefur gert það sem stríðir gegn samvisku hans, eins og hér er lýst, er ekki frjáls.

Í þessum viðjum eru fjölmargir og allt of margir og nærri allir íslenskir sjómenn í dag. Vegna hvers? Vegna framkvæmdar fiskveiðistjórnarkerfisins, vegna framkvæmdar. Ekki vegna kerfisins heldur vegna framkvæmdarinnar. Ég vil meina að í engu máli sem fyrir þinginu hefur legið sé meiri þörf á vönduðum vinnubrögðum og varfærni. En menn hafa ekki gefið sér þann tíma sem til þarf til að gera það sem best.

Fyrir liggur að enn verður að gera breytingar miðað við það búsetuástand sem er í landinu. Það verður að haga málum öðruvísi. Ég ætla í mínu máli, herra forseti, að reyna að fara nokkrum orðum um það sem mér finnst að blasi við að þurfi að lagfæra. En ég geri mér að sjálfsögðu ljóst að lítil von er til annars en að það taki nokkuð langan tíma.

Herra forseti. Enn einu sinni á að grípa til einhvers konar pottagaldurs í íslenska stjórnkerfinu. Menn muna sennilega nokkuð vel pottagaldurinn í heilbrigðiskerfinu svo maður nefni dæmi. Það ber að hafa áhyggjur af því hvernig úthlutunin úr pottunum á að fara fram. Það ber að hafa áhyggjur af því hverjir úthluta og það ber að hafa áhyggjur af því hverjum er ætlað meira en öðrum, hvernig eigi að mismuna í kerfinu, því að þessir pottar hljóða upp á einhvers konar mismunun, alveg sama hvernig við reynum að nálgast þá.

Það viðgengst eins og fram hefur komið og menn vita að til er kvótamarkaður þar sem leiguliðarnir greiða um það bil 90 kr. fyrir hvert kíló af þorski í þeim tilvikum sem menn leigja til sín heimild. Ef menn leigja til sín heimild á þessu verði má reikna með að a.m.k. jafnmörgum þorskum sé hent dauðum í sjóinn aftur og hinir sem eru hirtir til að skila inn á markað. Ef menn vilja skoða hversu miklu er hent þá má athuga hversu mikið magn fer í gegnum Kvótaþing og áætla brottkast út frá því. Óhætt er að gera það nákvæmlega út frá þeirri reglu sem ég var að lýsa að það fer a.m.k. annar hver fiskur í sjóinn dauður af því að það er sá verðmismunur á milli flokka að það er 8 kg fiskur og þyngri sem getur skilað veiðimanninum einhverjum tekjum ef hann þarf að leigja til sín afla á 90 kr. Það er nákvæmlega svona sem þessir hlutir eru.

Veiðimaður sem leigir til sín afla á 90 kr. má reikna þann kostnað við útgerð hjá sér og ríkið fær ekki krónu í skatt af þessum veidda afla — nema frá hverjum? Frá sægreifanum sem fær til sín leigutekjurnar. Ég held að nær væri að fara einhverja aðra leið en gert er ráð fyrir í því frv. sem við erum að ræða nú, fara einhverja aðra leið með þau 6.000 tonn sem á að setja í pottagaldra. Ástæða er til að velta því fyrir sér hvort ekki væri réttara að fara á einhvern annan hátt með þetta magn.

Ég vil velta upp þeirri hugmynd að sú viðbótarauknin sem er áætlað að bæta við í heildarheimildum verði öll ásamt þessum 6.000 tonnum send inn og í gegnum kvótamarkaðinn þannig að í stað þess að fjármunir renni til svonefndra sægreifa renni þeir fjármunir sem koma af leigugjaldi til stoðgreina sjávarútvegsins eða í ríkissjóð til eflingar sjómannamenntun og fiskvinnslumenntun. Með þessu væri örugglega hægt að ná miklu betri sáttaleið og á tiltölulega skömmum tíma en hér er farin með þeim pottagaldratillögum sem liggja fyrir frá hæstv. ríkisstjórn.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns er búið að rukka eftir tillögum frá stjórnarandstöðunni af hálfu stjórnarliða í þessari umræðu og sagt er um leið að við gagnrýnum aðeins en leggjum ekkert til. Kannski er rétt að velta þessu aðeins fyrir sér. Herra forseti. Ég tek ekki stórt upp í mig þegar ég segi: Þessi orð sem hafa verið sögð hér af hálfu stjórnarliða eru slík haugalygi að engu tali tekur.

Heildartillögur liggja fyrir um breytingu á úthlutunarkerfinu í heild sinni og einnig í einstökum tilvikum. Ekki er áhugi á skoðun á þeim tillögum. Það er ástæða til þess, herra forseti, þar sem ég sé formann hv. sjútvn. sitja brosandi út að eyrum, að ræða við hæstv. utanrrh., sem er aðalhöfundur og kannski hluthafi í því kerfi sem við erum að ræða um, og minna á að hv. formaður sjútvn. flutti tillögu um að aflaheimildir skyldu renna til sjómanna í hlutfalli við starfsaldur á sjó. Hvar sér þess stað í þeim tillögum sem liggja nú fyrir að þær hafi verið skoðaðar? Hvergi. Það er ekki stafkrókur um það.

Ég minni á þær tillögur sem ég hef flutt sem lúta að því að þeim sem hafa lent í verðhruni og aflaleysi við veiðar ákveðinna tegunda verði úthlutaðar aflaheimildir tímabundið og yrði aðeins bundið við þá menn og báta sem þeir hafa haft undir höndum. Á þetta er ekki hlustað. Það er verið

að rukka eftir tillögum, hæstv. utanrrh. Þess vegna er ég að fara yfir þessi mál. Þó svo að þeir sem bera upp sakir á stjórnarandstöðuna séu ekki viðstaddir.

Ég minni á tillögur mínar, hv. formaður sjútvn., það er ágætt að taka aðeins til máls um það. Ég minni á tillögu mína um verðmætakvóta á hvern bát og ég minni á tillögu um afla á stærðartonn báta skipt eftir stærðarflokkum. Þessa og aðrar tillögur get ég tínt til í langan tíma ef menn vilja. En ég veit að staðreyndin er sú að ekkert verður gert með þær frekar en, herra forseti, að litið verði á þær umsagnir sem hafa komið frá ýmsum aðilum í þjóðfélaginu sem voru beðnir um að gefa umsögn um það frumvarp sem við erum að ræða, það var ekki litið á umsagnirnar. Þess vegna liggja ekki fyrir tillögur varðandi þessi mál nákvæmlega í útfærslu frá stjórnarandstöðunni frekar en ég hef gert grein fyrir nú.

Hvaða atriði eru það sem ég hef vikið að þegar ég hef verið að ræða um fiskveiðistjórnina? Hvað er það sem bæði ég og aðrir höfum verið að reyna að ná fram? Hvað er það sem hefur ekki verið hlustað á, alveg sama í hvaða formi það hefur verið sett fram? Við höfum verið að ræða um að nýting verði skynsamlegri á fiskstofnum í fiskveiðilögsögunni og á aðlægum miðum. Þetta er númer eitt. Við höfum verið að ræða um að tryggð verði búseta í landinu á þann hátt að afli skipa okkar verði unninn í landi og gert eins mikið úr þeim verðmætum og auðlindin getur gefið af sér. Þar með höfum við verið að ræða um að allur afli, dreginn um borð í skip, skuli koma að landi. Hér hafa meira að segja talsmenn stjórnarliða viðurkennt að ekki sé hent fyrir milljónir, ekki fyrir tugi milljóna, ekki fyrir hundruð milljóna heldur fyrir milljarða. Hent er í sjóinn verðmætum sem hafa verið dregin um borð í skipin, það er hent verðmætum sem nema milljörðum. Samt erum við með viðurkennt kerfi. Það er sem sagt framkvæmdin á kerfinu sem er eitthvað að. Það er þar sem við þurfum að laga.

Við höfum sagt að allan afla sem kemur úr sjó eigi að nýta. Það sem ég á við er slóg, ég á við hausa og ég á við hryggi. Ég hef sagt að meðalafli eigi ekki að skerða fiskveiðiheimildir skipa en samt sem áður á heimild um meðafla ekki að leiða til misnotkunar. Ég tel að kerfið sem lýtur að stjórn fiskveiða eigi ekki að leiða til kjaraskerðingar sjómanna á þann hátt sem það hefur gert með því leyfilega kvótabraski sem er innan kerfisins. Það er leyft. Ég tel að kerfið eigi að leiða til aukins frelsis við fiskveiðar þannig að sjómenn og útgerðarmenn geti nýtt veiðigleðina sem hefur ávallt verið aðall íslenskra sjómanna.

Herra forseti. Af því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er kominn í salinn er ástæða til að velta því upp enn og aftur hvort hv. alþm. geri sér grein fyrir því hvað er frjáls maður. Frjáls maður er sá sem er frjáls gerða sinna. Frjáls maður er sá sem á kosta völ. Það eru ekki frjálsir menn sem þurfa að lúta því fiskveiðikerfi sem íslenskir sjómenn verða að vinna eftir. Það eru ekki frjálsir menn og ég hef rakið á hvern hátt þeir eru ekki frjálsir. Það eru ekki lengur til frjálsir menn við fiskveiðar á Íslandi vegna þeirra aðgerða sem Alþingi Íslendinga hefur leitt yfir íslenska sjómenn.

Ég hef lagt fram tillögur þess eðlis að stjórn fiskveiða eigi að leiða til bættrar umgengni við auðlindina. Til dæmis að ekki séu skilin eftir veiðarfæri í sjó þannig að þau haldi eilíflega áfram að veiða, drepa fisk til óþurftar. Þetta hefur lagast og það er rétt. Þetta hefur lagast á undanförnum árum. Menn láta net liggja skemmri tíma í sjó en þó er það svo að það kemur ekki lengur dauðblóðgaður fiskur að landi, aldrei, vegna þess að verðið er svo lítið fyrir dauðblóðgaðan fisk að honum er hent í sjóinn aftur. Þetta er það sem menn þurfa að taka á. Þetta þurfa menn að laga. Hvað halda menn að það séu mörg net á sjó í Faxaflóa í dag í vestanbriminu sem verða ekki dregin? Hvað halda menn að margir fiskar komi úr þeim netum frá deginum í dag eða frá því í nótt? Þegar verður vitjað um net mun ekki koma einn einasti fiskur nema lifandi blóðgaður í land. Vegna hvers? Vegna þess kerfis sem við látum sjómenn búa við.

Herra forseti. Það kerfi sem við erum að fjalla um krefst brottkasts fisks eins og ég hef verið að lýsa.

Ég minnist þess að hafa rætt við einn af aðaltalsmönnum fiskveiðistjórnarkerfisins. Hann telur að það geti verið um að ræða 5–10% brottkast af öllum heildarafla aftur í sjóinn og það dauðum fiski. Það er um að ræða milljarða verðmæti sem er hent í sjóinn. Þetta er kerfið sem við erum að verja. Þetta er kerfið sem við erum að reyna að bæta með þeim plástrum sem við erum nú að fjalla um. En halda menn að pottagaldrarnir bæti þetta ástand? Nei, þeir bæta ekki þetta ástand. Það getur verið og verður svo að í einstökum tilvikum muni þeir létta róðurinn fyrir ákveðna aðila. En hvernig á að deila út? Hverjir eiga að deila út? Eftir hvaða reglum? Það liggur fyrir í sumum tilvikum en varðandi 1.500 tonna byggðakvótann, sem á að verða til jöfnunar, liggur ekki fyrir hverjir eiga að deila út eða hvernig á að deila út. Það liggur ekki fyrir. Skipstjórar eru ekki virtir viðlits varðandi þessi frumvörp. Ekki talað við þá eitt einasta orð um það hver sé vilji sjómannanna, til þess að bæta það kerfi sem þeir búa við. Ekkert. Ekki er einu sinni litið nema mjög takmarkað á þær umsagnir sem fyrir liggja í hv. sjútvn.

Ég hef verið að ræða örlítið um ágalla kerfisins, örlítið. Þetta er brot af því sem ég veit um. Þessa galla þarf að sníða af. Það hefur verið nefnt eins og ég sagði áðan að Íslendingar búi við besta fiskveiðistjórnarkerfi í heimi. Ég ætla ekki að fara í deilur um það en framkvæmdina á stjórninni er ég að gagnrýna. Ég er að gagnrýna framkvæmdina á stjórninni. Hún er ekki sú besta í heimi. Ég fullyrði það. Það vantar mikið á. Það virðist gleymast sem miður fer.

Á starfstíma kerfisins sem er ættað frá sjávarútvegsráðherratíð hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar og hefur verið haldið við af Kristjáni Ragnarssyni og hæstv. sjútvrh. Þorsteini Pálssyni, hefur margt komið í ljós. Það hafa komið fram kostir. Það hafa komið fram áberandi gallar. Ég hef verið að ræða gallana. Það er kannski ástæða til þess að nefna niðurstöður að einhverju leyti.

Einn af þessum stóru göllum er t.d. að grálúðustofninn, einhver verðmætasti stofn sem við eigum við Ísland, er upp veiddur, nánast upp veiddur. Það mun taka, herra forseti, a.m.k. 15 ár að byggja þann stofn upp aftur. Það mun ekki taka skemmri tíma en til ársins 2014 að byggja þann stofn upp aftur þangað til hann verður kominn í sæmilega stöðu. Það verður að sjálfsögðu að gera í samráði við þá aðra aðila sem veiða úr stofninum ef hann á að verða sambærilegur við það sem hann var þegar ástandið var best. Það mun taka 10–15 ár, 10 ár a.m.k., að byggja upp ufsastofninn. Í ufsastofninn var sótt á fullri ferð meðan verið var að hlífa þorskinum. Úr ufsastofninum hefur verið sífellt minnkandi afli. Þetta er niðurstaðan.

Hvernig er ástandið í lúðunni? Smálúða sem var verulegur hluti af afla veiðimanna, t.d. við Faxaflóa, sést ekki lengur í afla. Af hverju? Vegna þess að leyfðar hafa verið veiðiaðferðir sem eyða stofninum. Ég skora á menn sem

treysta sér til þess að hrekja þessa umsögn mína að koma hér og hrekja hana.

Það er kannski rétt að rifja upp ástandið í karfastofninum. Hvernig er farið að við þær veiðar? Það er sótt í karfann á gottímanum og togararnir eru bókstaflega löðrandi í seiðum. Akkúrat á gottímanum þegar verið er að sækja í þennan fiskstofn, þá eru togararnir löðrandi í seiðum aftur úr og fram úr, fljótandi út um allan sjó. Við þessu er ekkert gert. Það er bara haldið áfram að sækja.

Hvað er gert á eðlunartíma þessa fisks? Þá er sótt í stofninn af fullum afköstum með flottrollum og afleiðingin er sú að karfastofninn er sífellt að minnka og áhyggjur skipstjórar í flotanum hafa miklar áhyggjur af því hvernig ástandið er. Hvað er gert við því? Ekkert. Nákvæmlega ekki neitt.

Það er kannski rétt í lokin að rifja upp hvernig ástandið er á ýsustofninum. Sífellt minnkar sá afli sem kemur í land af ýsu. Það hefur ekki náðst að veiða úthlutaðar heimildir af ýsu. Ég held að rétt sé að rifja upp að menn greinir á um hvort margar tegundir af ýsu séu við Ísland. Vita menn að ýsan sem fæst núna inni í Hvalfirði er hnöttótt af fitu en stærðin er ekki nema eins og þrískær fiskur eins og kallað er. Það er níu ára gamall fiskur. Hann verður bara ekki stærri. En menn ætla að fara að vernda þennan fisk.

Hvað með ýsuna við Stafnesið? Það er allt önnur tegund en fæst inni í Hvalfirði. Hvað með ýsuna við Eyrarbakka? Það segja sjómenn að sé allt önnur tegund. Alla vega er mikill stærðarmunur á þessum fiski miðað við aldur eftir því á hvaða svæðum hann er veiddur. Jafnvel getur Eyrarbakkaýsan verið grindhoruð þó hún sé allt að helmingi stærri en ýsan sem fæst inni í Hvalfirði. Þetta fer auðvitað eftir árstíma og ástandi.

Það hlýtur að vera alvarlegur ágalli á veiðistjórnarkerfi sem hefur leitt þetta af sér sem ég hef verið að rekja og ég skora á hv. þm. sem sitja í sjútvn. að koma og hrekja það sem ég hef verið að rekja varðandi grálúðustofninn, varðandi ufsann, varðandi blálönguna, varðandi ýsuna, varðandi smálúðuna og varðandi karfann. Ég skora á hv. þm. í sjútvn. að gera grein fyrir því til hvaða aðgerða hefur verið gripið til verndunar þessara stofna.

Herra forseti. Það mætti segja mér að enginn yrði til að svara þeim spurningum sem ég hef sett fram sérstaklega varðandi þá ágalla sem ég hef rakið hér.

Það sem er að gerast í dag, eins og ég rakti áðan, er að ef einhver talar þá hvorki heyra stjórnvöld né sjá. Það er enginn fiskur hirtur á netavertíð nema 8 kg og þaðan af þyngri eða stærri. Það má heita. Ég fór ásamt fleirum í ferð til Suðurnesja í hittiðfyrra og ég hef gert mér það erindi að fara í heimsókn í fiskverkanir víða um land. Það sést varla fiskur af annarri stærð í húsunum frá svonefndum vertíðarbátum en 8 kg og stærri. Það er svolítið annað mál þegar við ræðum um krókabátana. Þeir koma almennt með þann afla að landi sem þeir draga upp. Það er vegna þess kerfis sem þeir búa við.

En bara rétt til þess, herra forseti, að fara yfir hvernig er með þennan veiðiskap þegar menn halda því fram að ekki komi annar fiskur í netin en 8 kg og stærri, þá er ég hér með mér til að sýna virðulegum forseta að hér er um að ræða 9,5 tommu möskva. Það er verið með allt upp í 12 tommu möskva á þorskveiðum í Faxaflóa. Það er verið með net sem eru felld að 60% þannig að möskvinn er aðeins opinn um 40%. Og halda menn svo að það komi bara 8 kg fiskur og stærri í þessi net. Það koma nefnilega allar gerðir af fiski í þessi net. Ég þekki þetta, virðulegur forseti. Ég hef stundað þorskveiðar. Ég gerði það fyrir 25 árum síðan og ég veit um hvað þetta mál snýst. Ég hef stundað veiðar með 10,5 tommu grásleppunet og í þau kemur þorskur sem er ekki stærri en eitt fet. Hann flækist þar í ekkert síður en í þorskanetin. Hvað verður um þann smáfisk undir 8 kg sem kemur í net sem er 10,5 tommur? Honum er öllum hent í sjóinn aftur.

Það er staðreynd að vegna fiskveiðistjórnarkerfisins sem býður upp á þetta leiguframsal þá neyðast sjómenn til að henda öllum verðminni fiski sem hér er um rætt dauðum og lifandi í sjóinn. Það er þess vegna, herra forseti, sem ég segi: Íslenskir sjómenn eru ekki lengur frjálsir menn. Þeir eiga nefnilega ekki val. Frjáls maður á val. Þessir menn neyðast til þess að henda í sjóinn öllum afla sem ekki skilar arði. Það er ágallinn á þessu fiskveiðikerfi.

Það er ástæða til þess að nefna að á þeim tíma sem menn voru að skera niður þorskveiðikvótann þá átti sér mikil tæknibylting stað. Skipin hafa stækkað. Vélarafl hefur aukist margfalt í sumum tilvikum. Veiðarfæri eru margfalt stærri en á árunum t.d. milli 1960 og 1975. Mælabúnaður, fiskleitartæki eru ótrúlega nákvæm og ótrúlega fullkomin. Í dag er með þeim hægt að telja fiskana sem koma í veiðarfærin.

Ég vil segja að stærð flottrollanna sem verið er að nota nú er óhugnanleg. Þau eru svo margfalt stærri en veiðarfærin voru áður og skipin eru orðin svo öflug að þau geta dregið tvö troll hraðar en síðutogararnir drógu smávasaklút á eftir sér hér á árunum. Svo telja menn sig hafa verið að byggja upp og auka fiskvernd. Ég get ekki séð það. Ég get ekki séð að menn hafi verið að auka fiskvernd með vísun til þess sem ég lýsti áðan varðandi karfann, varðandi lúðuna, varðandi blálönguna sem er horfin og varðandi ýsuna. Ég get haldið lengi áfram að telja því að af mörgu er að taka.

Það er ástæða til þess sérstaklega vegna þeirra sem eru í þingsal að rifja upp hver áhrif afnáms línutvöföldunar eru. Hver eru þau áhrif? Það eru fjögur ár síðan Alþingi Íslendinga afnam þær reglur eða lög sem giltu um tvöföldun línuafla á ákveðnu tímabili sem var frá hausti og fram á vetrarvertíð.

Án þess að rifja það sérstaklega upp að einstökum aðilum var færður í hendur veiðiréttur með þessari aðgerð sem nemur tugum og jafnvel hundruðum milljóna, einstökum aðilum, þá stefndu þessir sömu aðilar að því leynt og ljóst að ná sér í veiðiheimildir og afla sér veiðiheimilda vegna þess að þeir vissu að línutvöföldunin yrði aflögð. Hverjir voru það sem náðu sér í þessar heimildir? Það voru þeir sem gerðu út marga báta á línu og færðu síðan heimildirnar á milli skipa. Það voru þeir sem gerðu út útileguskip með beitningavélar, allt upp í fimm báta, sama útgerðin. Hvað gerðist svo? Í ljósi þeirrar reynslu sem þeir höfðu fengið voru aflaheimildirnar á þessum fimm bátum færðar yfir á tvo báta. Þetta heitir hagkvæmni. Það er rétt. En yfir hverja gengur þetta? Þetta gekk yfir litlu karlana. Þetta gekk yfir þá sem er verið að plástra kerfið fyrir núna. Þeir fengu á sínum tíma að nýta sér tvöföldunarréttinn. Það voru menn sem voru á 5 og upp í 10 tonna bátum og voru með hóp af fólki í landi við beitningu og fleira, sem ekki er orðið til í landinu. Við erum búin að eyða þeirri þekkingu á línubeitningu sem var til staðar og leggja af þau störf og ugglaust geta ýmsir sem fylgjast með þeim umræðum sem hér eiga sér stað verið hreyknir af því, ef þeir rifja upp hvernig þetta var gert. Allt hefur þetta verið gert í nafni hagræðingar. Ugglaust hefur náðst árangur. Ég neita því ekki að árangur hefur náðst. Það er minni til-

kostnaður við fiskveiðar. Það er sennilega sem nemur allt að 10% minni tilkostnaður. En þetta hefur gengið yfir marga, margar fjölskyldur og marga einstaklinga. Margir hafa orðið að blæða og borga fyrir hagræðinguna.

Munum við eftir fólkinu í fiskvinnslunni? Fiskvinnsla er meira en að taka fisk og hreinsa, raða í pakkningar eða flaka. Hluti af fiskvinnslunni er auðvitað beitningin sem ég var að ræða um áðan. Sömu trillukarlar og slegist er fyrir núna og menn eru að búa til pottagaldra fyrir stunduðu fiskveiðar á smábátum að sumrinu og voru sáttir og glaðir. Hvað gerðu þeir að vetrinum? Þeir unnu við beitningu. Að stórum hluta unnu þeir við beitningu. Það er búið nú. Þess vegna geta þeir ekki sætt sig við að skammta eigi þeim ákveðinn tíma til að sækja þann fisk sem þeir hafa með einhverjum ráðum komið sér upp réttindum til að ná í.

Rétt er að rifja upp að þeir sem stunduðu fiskveiðar með línu, reru úr landi með beitta línu á hefðbundinn máta, hafa goldið fyrir það vegna aðgerðarinnar sem ég lýsti áðan og hafa miklu minna úr að spila. Fjölmargar smærri fiskvinnslur sem keypt hafa línufisk sitja uppi með að húsin eru vannýtt. Þær hafa færra fólk í vinnu, fá minna af fiski til vinnslu, eru sumar komnar á hausinn og aðrar standar tæpt. Þá er ég að tala um fiskvinnslu án útgerðar. Þetta er eitt dæmið um mistök í fiskveiðistjórnarkerfinu sem við búum við. Ég segi: Það er framkvæmd fiskveiðistjórnarkerfisins sem er stórgölluð.

Ég tel að hægt sé að lagfæra þessi mistök. Ég hef flutt um það tillögur og minni á, herra forseti, að í upphafi máls míns fór ég yfir a.m.k. tíu liði í tillögum sem ég hef lagt fram ásamt með félögum mínum. Ég minni á tillögu hv. formanns sjútvn. sem vill að sjómenn njóti þess að hafa stundað sjómennsku í mörg ár, verið að veiða fisk fyrir útgerðarmennina sem hafa veiðiréttinn. Ég leyfi mér að minna á þessa tillögu og vildi gjarnan sjá hennar stað einhvers staðar. Ég hef mælt með þeirri tillögu. Ég minni á það.

Ég held að möguleiki sé á að lagfæra. Þeir sem áður höfðu rétt til að nýta sér línutvöföldunina og stunduðu landróðra án beitningarvéla ættu að fá þann rétt aftur. Þetta er hægt að gera á 3–5 árum og það er sanngjarnt. Á sama tíma á auðvitað að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu algjörlega eins og við jafnaðarmenn höfum sagt.

Aflinn sem barst á land fyrir nokkrum árum var mestallur dreginn á línu. Það var mjög góður fiskur. Hið sama má segja um fiskinn sem kemur á land í dag, það er góður fiskur. Það er af því að búið er að henda öllum dauðum fiski í sjóinn aftur. Það er af því að öllum smáfiski hefur aftur verið hent í sjóinn, hjá þeim sem eru kvótasettir. Það er út af verðmætunum eins og ég er margbúinn að koma inn á í máli mínu.

Ég hef hlustað á sjómenn segja að þeir hefðu aldrei trúað því á sjálfan sig að þeir yrðu svo ófrjálsir menn að neyðast til að henda í sjóinn aftur, jafnvel línufiski, henda í sjóinn öllum smáfiski, öllum fiski undir 8 kg að stærð. (**EOK:** 7 kíló.) Það breytir engu hvort þú talar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, um 7 kg fisk eða 8 kg fisk. Þetta snýst um það að fiskurinn sé í hæsta verðflokki. Þegar sjómaðurinn þarf að leigja til sín kílóið á 90 kr., verður hann að hafa a.m.k. 50–60 kr. í arð. Það getur hann gert með því að taka umræddan fisk, slægja hann um borð og skila honum slægðum í land. Þannig fær hann mest út úr þeim fiski sem hann aflar sér til lífsviðurværis.

Það er mögulegt að skipta um kerfi. Það er möguleiki að fara út í verðmætaúthlutun þannig að hver bátur fyrir sig megi afla fyrir ákveðin verðmæti. Ef miðað er við verðmæti mun allur afli koma að landi. Ef miðað er við verðmæti á skip. Það getum við gert miðað við þorskígildisheimildir. Ef mönnum er gert að koma með allan afla á land þá kemur sjómaðurinn jafnt með 2 kílóa fiskinn og 8 kílóa fiskinn, sé miðað við verðmæti. Þetta er hægt. Ég beini þeim orðum, herra forseti, til sjútvn. að menn leggi einu sinni vinnu í að skoða þá möguleika sem felast í úthlutun verðmætakvóta miðað við þorskígildi á hvern einasta bát í landinu. Það mundi leiða til þess að allur afli kæmi í land. Það leiddi til þess að Hafró hefði möguleika á að meta hvað tekið er af fiskveiðistofnunum. (**Gripið fram í:** Vill þingmaðurinn útskýra hugmyndina betur fyrir mér?)

Það er hægt að útfæra þessa hugmynd alveg nákvæmlega. Bátur með 10 þorskígildistonn, við skulum bara miða við eitthvað einfalt, t.d. meðaltalsverðið 100 kr. á kg., má landa afla fyrir 1 millj., ef við gerum þetta í snarheitum í huganum. Þó að meðalverðið færi niður í 70 kr., vegna þess að svo mikið væri af smáafla og meðafla, þá hefði hann samt aflaheimild upp á 1 millj. Auðvitað yrðu að vera einhver takmörk á því hvað yrði dregið af svona meðafla. Eins og ég lýsti áðan, þegar ég dró fram bút af þorskaneti og sýndi hvernig hann liggur í sjónum miðað við fellingu, kemur alls konar smáfiskur í netin. Honum er í dag hent í sjóinn en kæmi í land ef miðað væri við verðmætaúthlutun. Ég vona að þessi stutta útskýring sé nægjanleg. Ég skal með glöðu geði útfæra hvar mörkin þyrftu að vera. Það væri einhvers staðar á bilinu 15–20% sem menn mættu koma með af meðafla, með aflanum sem þeim hefur verið úthlutað.

Það er rétt að minna á að smáfisk vantar í vinnsluna. Það vantar alvarlega smáfisk í vinnsluna þar sem menn koma ekki með þennan smáfisk að landi, vegna verðsins.

Ég undirstrika, herra forseti, vegna þess sem margsinnis hefur komið fram og m.a. í 1. umr. um þetta mál þegar hæstv. sjútvrh. sagði mér að þeir sjómenn sem ég bæri mest fyrir brjósti yrðu fyrir alvarlegustum áföllum varðandi þessi lög. Ég ber engan sérstakan útgerðarflokk fyrir brjósti. Ég tel að öll útgerðarmynstur eigi rétt á sér í íslenskum sjávarútvegi í dag. Það eina sem ég er verulega ósáttur við eru reglur um endurnýjun skipa. Ég vil að útgerðirnar fái að ráða hvers konar skip þær gera út til að koma með sem mest aflaverðmæti að landi. Ég vil að sjómenn eða útgerðarmenn sem eiga loðnuskip geti endurnýjað þannig að þeir komi sér upp skipum með kælitanka. Þá kæmu þeir að landi með bestu hugsanlegu vöru sem völ er í stað þess að gera út 30–50 ára gömul skip og koma með grútinn að landi eftir bræluferð í fjóra eða fimm daga.

Ég vil, herra forseti, að allur afli fái viðurkenningu og vottun fyrir góða umgengni allt frá veiðum að veisluborði. Ég tel ástæðu til, herra forseti, að vitna til upphafsræðu minnar um þetta mál. Hvers vegna? Vegna þess að í henni kom fram að ég taldi að meiri tíma þyrfti til að ræða þetta mál. 18. desember var skoðun mín sú að a.m.k. sex vikur þyrfti til að málið gæti fengið eðlilega umfjöllun. Með tilvitnun í ræðu mína, með leyfi forseta, þá sagði ég:

„Ég tel að við verðum að gefa okkur tíma til að afgreiða þetta mál. Það gengur ekki að mínu mati að afgreiða málið eins og það var lagt fyrir í þeim frumvörpum eins og þau lágu þá fyrir til afgreiðslu.“ Ég sagði þá að ef þinginu væri ætlað að klára þetta mál á einni viku, frá 5.–12. janúar, þá

óttaðist ég að niðurstaðan gæti orðið slæm. Þess vegna bað ég um að málið fengi góða umfjöllun.

Herra forseti. Að mínu mati hefur hv. sjútvn., jafnvel þó að hún sé öll af vilja gerð, ekki gefist sá tími sem til þarf. Staðreyndin er sú að ekkert liggur á. Þess vegna skil ég ekki þetta ráðslag hæstv. ríkisstjórnar. Þeirri málsmeðferð sem ég gæti sætt mig við eins og nú er komið er að málinu verði einfaldlega frestað og kallaðir til þeir sem hagsmuna eiga að gæta, þá á ég við sjómenn, skipstjórar og fulltrúa fiskvinnslu án útgerða. Þessa aðila á að kalla til og ræða við þá. Menn verða að gefa sér tíma til að hlusta á sjónarmið þeirra. Á þeim skamma tíma sem málið hefur verið til umfjöllunar hefur ekki verið tími til að ræða við þá. Ég tel að nægjanlegt sé, miðað við það sem fyrir liggur, að ljúka þessari afgreiðslu fyrir 20. febrúar. Það er nægur tími. Það má fresta málinu sem þessu nemur án nokkurs skaða. Það liggur ekkert á vegna þess að byggðapottinum á ekki að úthluta núna. Það á að úthluta byggðapottinum á næsta fiskveiðiári. Þess vegna liggur ekkert á með hann.

Varðandi 3.400 tonnin liggur heldur ekkert á, þeim á að úhtluta til báta sem eru allt að 200 tonn að stærð, í þeim útgerðarflokki. Það liggur heldur ekkert á með 601 tonnið. Þar liggur ekkert á. Það liggur aðeins á vegna þess að menn þurfa að velja á milli kerfa. Það má fresta því sem þessu nemur til 20. febrúar. Málinu yrði öllu frestað í umræðu eins og stendur vegna þess að það er gífurleg ósátt um þetta mál í öllu þjóðfélaginu. Ég veit að það er ósátt innan stjórnarliða í sjútvn. Það er ekki samkomulag. Þar ríkir einhvers konar neyðarástand.

Ég hygg að best væri ef við gætum haft samráð við sjómenn og útgerðarmenn varðandi það sem við erum að ræða í dag, að allir smábátar undir 6 tonnum lendi í sama veiðistjórnarkerfinu. Þrátt fyrir það tel ég að miðað við núverandi framkvæmd séu menn ekki lengur frjálsir. Ég held að þessir aðilar eigi að vera í sama veiðikerfi, þ.e. krókaveiðikerfi. Dagakerfi er e.t.v. líklegt til að tryggja viðunandi afkomu en ég held að aflamark sé besti kosturinn. Það kemur í veg fyrir áhættusama og óskynsamlega sjósókn. Þegar ég tala um óskynsamlega sjósókn, á ég við sjósókn á þeim tíma að veður eru hvað viðsjárverðust, þ.e. frá janúar og fram í mars eða apríl. Það er hættulegur tími. Sjómenn mundu sannarlega, eins og þeir gerðu áður, velja annan tíma til að sækja sjó ef þeim gæfist kostur á því.

Ég ætla að ljúka máli mínu, herra forseti, með því að rifja enn upp hvað frjáls maður er. Hvað er frjáls maður? Ég held að menn geri sér ekki grein fyrir því að enginn sjómaður er lengur frjáls. Frjáls maður er frjáls gerða sinna. Frjáls maður á kosta völ. Það þýðir að það sem hann gerir á að vera í sátt við samvisku hans og siðferðisvitund á hverjum tíma. Maður sem verður að vinna eftir þeim kostum sem framkvæmd íslenska fiskveiðistjórnarkerfisins býður upp á er ekki frjáls. Maður sem verður að henda afla, lifandi og dauðum, í sjóinn vegna kerfis sem hann býr við er ekki lengur frjáls maður. Maður sem býr við að þurfa að leigja til sín þorskkvóta á 90 kr. kílóið er ekki frjáls. Hann verður að henda öllum afla fyrir borð aftur sem ekki skilar honum arði — þó það sé óheimilt.

Herra forseti. Ég hef áður sagt og ítreka að í engu máli sem legið hefur fyrir þinginu er meiri þörf á vönduðum vinnubrögðum og varfærni. Ég tel að menn hafi ekki gefið sér þann tíma sem til þarf. Í þessu felst ekki ásökun á hendur hv. nefndarmanna í sjútvn. Ég treysti því að þeir hafi gert eins og þeir gátu. Ég veit að það er ekki af neinum slæmum hvötum eða illum vilja að dæmið liggur fyrir eins og það er. Ég reikna með að menn hafi gert það sem þeir telja skást miðað við aðstæður.

[11:35]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða þingmannsins um athugun á rétti launþega í sjávarútvegi vil ég rifja upp að sjútvn. hefur ákveðið að fara þess á leit við Lagastofnun Háskóla Íslands að gera álitsgerð um hver atvinnuréttindi útvegsmanna eru, með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar, og enn fremur að stofnunin gefi álit sitt á því hvort aðrir sem starfa við sjávarútveg, þ.e. sjómenn og fiskverkunarfólk, eigi stjórnarskrárvarinn atvinnurétt í greininni.

Ég hygg að þetta muni varpa ljósi á stöðu réttinda þessa fólks og vænti þess að ekki séu deilur uppi á hinu háa Alþingi um að sjútvn. hafi frumkvæði að því að afla álitsgerðar af þessu tagi.

Ég vil einnig segja, vegna þess sem fram kom í ræðu þingmannsins um ýmsa ágalla á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, **(Gripið fram í:** Framkvæmd.) að hann er ekki einn um þá skoðun að ýmir ágallar séu á þessu kerfi. Þá skoðun er að finna meðal þingmanna í öllum flokkum og þá skoðun er einnig að finna meðal ýmissa sem hafa kynnt sér kerfið hérlendis. Ég minni á heimsókn skoskra sjómanna á sl. sumri sem kynntu sér kerfið og höfðu ýmislegt gott um það að segja enda hefur margt reynst vel í því. En þeir bentu á að að þeirra mati væru á því gallar sem væru alvarlegastir þeir að kerfið leiddi til brottkasts á fiski og byggðaröskunar. Við hljótum að taka alvarlega álit annarra manna á þessu kerfi okkar og íhuga það.

Ég minni á að stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að bregðast við sjónarmiðum af þessu tagi með því að skipa nefnd til að endurskoða lögin í heild sinni. Sú nefnd mun starfa á breiðum grundvelli þannig að það mun örugglega verða að þau sjónarmið sem hér voru reifuð eigi hljómgrunn eða aðgang að starfi nefndarinnar.

[11:37]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni sjútvn. fyrir svör hans. Ég vissi um að menn höfðu gert ráðstafanir og ætla sér að gera ráðstafanir til að gera úttekt á því kerfi sem við búum við. En það er svo sárt að hafa staðið síðan 1993, a.m.k. þrisvar til fjórum sinnum á hverjum vetri, og óskað eftir því að farið yrði út í svona úttekt, einhvers konar aðgerð sem sýndi rétt, sem sýndi fram á að fleiri eiga rétt en bara ákveðnir útgerðarmenn sem hafa fengið réttinn til að veiða fiskinn. Það er líka fólkið í landi. Það eru líka þeir sem stunduðu beitningu á sínum tíma.

Ég lýsi ánægju minni með að þetta skuli loksins vera komið í framkvæmd. En á hvaða tíma gerist það? Það gerist þegar kosningar eru á næsta leiti. Það er líka varðandi þessa potta sem ég var að ræða um áðan, það gerist ekkert varðandi þá annað en að þeir sem hafa umráð yfir þeim eins og er geta beitt þeim fyrir sig í kosningabaráttu. Þeir geta beitt þeim fyrir sig í kosningabaráttu. Það er svo sannanlegt. Og af því hef ég áhyggjur varðandi þessa potta.

Að öðru leyti veit ég að skoðanir okkar hv. formanns sjútvn. fara saman að mjög mörgu leyti enda þekkjum við sennilega báðir allnokkuð til útgerðar eins og hún er rekin bæði í dag og fyrr á árum.

[11:39]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tillögur stjórnarliða um byggðakvóta eru viðbragð við ákveðnum afleiðingum af kerfinu. Mér finnst mjög ósanngjarnt af þingmönnum jafnaðarmanna að gagnrýna þessa tillögu okkar svo mjög sem raun ber vitni án þess að þeir hafi sjálfir neinar aðrar tillögur fram að færa um það hvernig þeir vilja bregðast við þessari afleiðingu af kvótakerfinu.

Af því að það kom fram í máli hv. ræðumanns að ekki væri samkomulag milli stjórnarliða í sjútvn. vil ég bera það til baka. Fullt samkomulag er um afgreiðslu málsins og hefur verið mjög gott samstarf milli þingmanna stjórnarflokkanna í þessu máli.

Ég vil svo segja að lokum, af því það kom fram hjá hv. þm. að verið væri að hvetja til óskynsamlegrar sjósóknar í svartasta skammdeginu á tiltölulega litlum bátum, að það er í raun og veru þvert á móti það sem felst í tillögu nefndarinnar. Nefndin er einmitt að leggja fram tillögur um að beina sjósókninni frá þessum árstíma og upp úr þessum litlu bátum. Annars vegar með því að setja það skilyrði fyrir sóknardagakerfi að á því sé einungis róið á tímabilinu 1. apríl til til 30. sept. og þar með að stöðva veiðar þessara smáu báta yfir háveturinn sem hafa verið leyfðar hingað til og sem merkilegt nokk hefur verið gagnrýnt að við skyldum leggja til að takmarka sóknina á þessum tíma, bæði á Alþingi og af fulltrúum Landssambands smábátaeigenda. Það er dálítið merkileg afstaða, herra forseti.

Í öðru lagi felst í tillögu meiri hluta sjútvn. að heimilt verður að stækka þorskaflahámarksbáta að loknum aðlögunartíma upp úr sex tonnum. Með því erum við að beina sjósókninni á þessum bátum úr þeirri stærð sem hún er í í dag yfir í stærri og öruggari báta.

[11:41]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi í ræðu minni áðan að allur sá viðbótarafli, þau 6 þúsund tonn sem er verið að ræða um núna í pottagöldrunum, færi gegnum kvótamarkað með ákveðnum skilyrðum. Eru það engar tillögur? Það er nákvæmlega sama, herra forseti, hvaða tillögum við stjórnarandstæðingar höfum lýst í þessum ræðustóli, það er alveg sama hvaða tillögur við höfum komið með og hvað við höfum sagt, það eru engar tillögur. Það er nákvæmlega það sama sem hefur gerst í gegnum tíðina frá 1993. Hver einasta tillaga sem undirritaður hefur flutt hefur annaðhvort ekki verið hlustað á eða verið felld, önnur en sú að ég flutti till. til þál. um að könnuð yrðu áhrif veiðarfæra, dragnótar og trolls, sem var samþykkt. Og hvað var gert með hana? Hvað var gert með þessa tillögu? Búið var að úthluta fjármunum til að útfæra tillöguna. Það var ekkert gert. Ekki neitt. Ekki handtak. Þetta er árangurinn.

Ég hef áhyggjur af því, þegar ég nefndi sjósókn í skammdeginu, hvað menn ætla að fara að gera núna, t.d. í minni gömlu heimabyggð þar sem ættmenni mín eru og umbjóðendur hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Þeir verða núna að fara að stunda sjósókn yfir þennan tíma til að sækja sér réttindi í meðafla. Er það ekki rétt? Er það rangt?

Varðandi sátt í nefndinni vil ég segja þetta: Fyrsta blað sem ég sá eftir helgi var Dagblaðið. Á baksíðu þar var þvert yfir síðuna viðtal við hv. þm. Guðmund Hallvarðsson. Hann sagði, með mínum orðum, að hann hefði samþykkt þetta með hundshaus. Er það slík sátt sem ríkir í nefndinni?

[11:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef oft veitt því athygli að hv. þm. hefur mikinn áhuga á útgerð og útgerðarháttum, sérstaklega strandhéraðanna, og hefur oft komið með mjög góðar og þarfar ábendingar og tillögur þar um. Ég reyndi að hlusta á ræðu hans og reyndi að leggja mig fram. Hann fór á mjög athyglisverðan hátt yfir vandamálin sem við stöndum frammi fyrir gagnvart aflakvótakerfinu, gagnvart brottkastinu og gagnvart þeirri gífurlegu sóun sem við vitum að á sér stað við fiskveiðarnar.

En ég gat ekki heyrt, ég gat ekki áttað mig á því hvað það er sem hann leggur til. Við höfum verið að takast á um hvernig við eigum að standa að útgerð smábátanna, hvernig það geti gagnast þeim best, hvernig það geti gagnast þjóðfélaginu best, hvernig við gerum það best. Við höfum verið að deila um þetta, við erum búin að deila lengi um þetta. Nú stöndum við frammi fyrir þeim vanda sem þessi dómur hefur í för með sér og við erum að reyna að tryggja atvinnuréttindi þessara útgerða og þessara manna og menn deila um hvernig eigi helst að gera það. En ég gat ekki áttað mig á því hver var afstaða hv. þm.

[11:45]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir með ólíkindum ef hv. þm. og ágætur félagi, Einar Oddur Kristjánsson, hefur ekki heyrt það sem ég sagði. Það er ugglaust vegna þess að hann hefur verið upptekinn af að skrifa eigin ræðu eða ræða um einhver mál í nefndinni sem eru efst á baugi í sjútvn. í dag.

Ég lagði það til og hef lagt það til áður að í stað úthlutunarkerfisins, sem er í dag, verði tekið upp verðmætaúthlutunarkerfi miðað við þorskígildi. Ég fór yfir það mál í örfáum orðum og get gert það aftur á hvern hátt það gerist. Það þýðir varðandi þau úthlutuðu verðmæti í þorski eða aflahlutdeild í þorski, að það verður gert þannig að þetta verður reiknað út í verðmætum og hverjum báti verði heimilt að koma með þau verðmæti að landi í öllum tegundum. Það þýðir að brottkast hættir. Það þýðir nánast að brottkast fisks hverfur. Allur fiskur kemur í land.

Ég hélt að þetta væri svo einfalt að það væri hægt að skilja orð mín. Ég fór yfir þetta í ræðu minni áðan og ég má til með að segja rétt einu sinni enn: Íslenskir sjómenn eru ekki lengur frjálsir menn. Vegna hvers eru íslenskir sjómenn ekki frjálsir menn? Vegna þess að þeir eiga ekkert val. Frjáls maður á val. Í mjög mörgum tilvikum á íslenskur sjómaður ekki val. Hann verður að henda þeim afla í sjóinn aftur sem skilar ekki arði. Ég veit að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er mér sammála um að mjög margir íslenskir sjómenn eru ekki lengur frjálsir. Ég tel mig kunna túlkun á því hvað er frjáls maður, a.m.k. út frá siðferðisvitundinni og líka út frá lögum. Þegar lögin gera mönnum að mega ekki henda í sjóinn en þeir verða að gera það til að komast af, eru menn ekki lengur frjálsir.

[11:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði þennan hluta ræðunnar um verðmætakvótann. Að vísu hafði ég aldrei heyrt það fyrr og það er út af fyrir sig ágætt og gott og þakkarvert þegar menn koma með nýjar hugmyndir og reyna að horfa á nýja fleti og nýjar víddir í því vandamáli sem við erum að fást við.

En ég held að hv. þm. verði að gera sér grein fyrir því að við höldum náttúrlega áfram að tala um sjávarútvegsmál. Í þessu frv. og þessum brtt. er gert ráð fyrir því að á næstu tveim árum ætlum við að endurskoða það allt frá grunni. Það er hið ágætasta mál að menn komi með sem flestar tillögur og sem margbreytilegastar.

En ég var að spyrja eftir því hver afstaða hans væri til þeirra deilna og þeirra átaka sem hafa átt sér stað núna í æðimörg ár eða allan þennan áratug og reyndar hluta af þeim fyrri, hvort menn vildu setja alla þessa smábáta inn í aflamarkskerfið og hafa þá fasta þar, eða hvort menn vildu leyfa þeim að viðhalda því sóknarkerfi sem hefur þó verið þeim drýgst og komið þeim best og orsakað að þessi útgerð er þó enn þá til að mínum dómi. Ég er alveg viss um að hún væri horfin fyrir löngu hefðu þeir fengið að ráða sem vildu setja hana inn í hið almenna aflakerfi. Um þetta höfum við verið að takast á alveg fram á þennan dag. Um þetta var spurning mín.

[11:49]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þessarar spurningar má ég til með að fara yfir það enn þá einu sinni að ég sagði hér í lokaorðum mínum, herra forseti: Það er skoðun mín og margra annarra — ég er ekki að lýsa flokksskoðun — að allir smábátar undir 6 tonnum eigi að vera undir sama veiðistjórnarkerfinu, þ.e. krókaveiðikerfinu.

Það er skoðun mín að dagakerfi, sem er líklegt til að tryggja viðunandi afkomu, ef það væri þannig, eða aflamarkið, sem hefði það sama að markmiði, geti dugað. Ég held að aflamark sé besta kerfið vegna þess að það kemur í veg fyrir óskynsamlega og áhættusama sjósókn á þeim tímum sem ég var að rekja áðan.

Herra forseti. Ég get ekki útskýrt orð mín betur. Ég er búinn að fara með þau þrisvar.

Varðandi tillöguna um verðmætaúthlutun á báta er ég búinn að reifa þessa tillögu í fimm ár, í hvert einasta skipti sem þessi mál hafa verið til umræðu á Alþingi. Í hverri einustu grein sem ég hef skrifað um sjávarútvegsmál er getið um þennan möguleika. Þær greinar eru ekki margar, þær eru svona tvær til þrjár á ári, það eru sennilega sjö til átta greinar sem liggja eftir undirritaðan um þessi mál. Þetta er í fyrsta skipti sem einhver tekur undir að það felist hugsanlega eitthvað nýtt í þessum hugmyndum.

[11:51]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 415. mál, frv. ÁE og GE, þskj. 688.

Framkvæmd 12. gr. jafnréttislaga, 413. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 686.

Fyrirkomulag innheimtu hjá tollstjóranum í Reykjavík, 419. mál, fsp. GHall, þskj. 692.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 390. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 663.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 392. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 665.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 395. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 668.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 398. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 671.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 402. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 675.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 403. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 676.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 407. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 680.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 409. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 682.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 411. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 684.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 389. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 662.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 391. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 664.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 393. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 666.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 394. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 667.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 396. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 669.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 397. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 670.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 400. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 673.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 401. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 674.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 405. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 678.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 406. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 679.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 408. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 681.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 410. mál, fsp. GE o.fl., þskj. 683.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 412. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 685.

Rekstrarhagræðing, 399. mál, fsp. SJóh o.fl., þskj. 672.

Rekstrarhagræðing, 404. mál, fsp. KH o.fl., þskj. 677.

Skattframtöl, 418. mál, fsp. GÁS, þskj. 691.

Skipun stjórnar Íbúðalánasjóðs, 417. mál, fsp. GÁS, þskj. 690.

[11:55]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. og þær brtt. sem hér liggja fyrir frá meiri hluta sjútvn. fjalla um gamalt vandamál. Fjalla fyrst og fremst um það hvernig staðið skuli að veiðum smábáta. Það er og margbúið að fara yfir það hver var orsök þess að þessi mál voru tekin hér upp nú og ástæðulaust að fara yfir það náið aftur. Það þekkja allir. Það var þessi frægi dómur Hæstaréttar sem gerði það að verkum að hjá því var ekki komist að taka málið upp og tryggja að ekki færi svo að allir sem vildu gætu fengið veiðileyfi í þessum krókaflokki þannig að rýmið fyrir þá sem fyrir voru yrði náttúrlega ekkert á svipstundu. Það þarf ekkert að fara yfir þetta, það þekkja þetta allir.

Þess vegna var ég ákaflega ósáttur við tillögur ríkisstjórnarinnar í upphafi því að þá var gert ráð fyrir því að allir þessir bátar færu inn í hið stóra aflamark og yrðu þar eftir tvö ár. Ég er sannfærður um, herra forseti, að gangi svo fram að þeir fari allir inn í hið stóra aflamark verði þeir þar í mjög skamman tíma. Þessi útgerðarhópur og þessi útgerðarflokkur mundi hverfa mjög fljótlega. En hann hefur haft gríðarlega þýðingu á mörgum sviðum. Hann hefur haft þýðingu félagslega, hann hefur því haft efnahagslega þýðingu því að hann er mjög hagkvæmur og hann hefur haft gríðarlega þýðingu fyrir strandbyggðirnar og fyrir fiskvinnsluna, landvinnsluna á Íslandi.

Þessi flokkur veiðimanna hefur orðið fyrir mjög miklu aðkasti vegna þess að þeir hafa reynt að ástunda og reynt að halda því að löggjafanum og barist fyrir því að fá að veiða í sóknarkvótum, fá að veiða eftir ákveðnum tímabilum og ákveðnum dögum og átt í heilmiklum átökum um þann tilverurétt sinn mjög lengi.

Ég er sannfærður um að sóknarkvótinn er mjög æskilegt form fyrir þessar strandveiðar. Hann er mjög æskilegt form. Ég hef haldið því fram alveg frá því að umræður um stjórn fiskveiða hófust opinberlega 1983 að það ætti að horfa til þess af mikilli alvöru að þetta væri það stjórnunarform sem við ættum að nota og skyldum nota.

Það er að vísu alveg rétt sem hefur komið fram hjá mjög mörgum sem hafa gagnrýnt þetta að sóknarkvótar, án þess að mjög sterk og nákvæm flotastýring fylgi, leiða til mikils ófarnaðar. Það verður að vera mjög sterk flotastýring og það verður að passa ákaflega vel upp á það að afkastageta flotans vaxi ekki upp úr öllu þannig að lífsrými þeirra og afkoma sem stunda greinina verði að engu. Til eru nokkur dæmi, sérstaklega frá Bandaríkjunum um svoleiðis ólympískar veiðar sem hafa náttúrlega leitt til hlægilegrar niðurstöðu. Til eru dæmi um ákveðnar skeljategundir í Bandaríkjunum sem eru veiddar á undir tíu klukkutímum á ári. En þetta eru náttúrlega dæmi sem menn segja sem hryllingssögu. Auðvitað er hægt að stjórna flotanum, ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í því sambandi. Það liggur fyrir, t.d. frá tæknideild Fiskifélags Íslands, viðamikil úttekt á því hvernig megi reikna út afkastagetu skipa.

En umræðan hér hefur bara fjallað um þessi 6 tonna skip og hvernig þau geta komist af. Ég er sannfærður um að þau hafa náð mjög miklum árangri. Vandræðin hafa fyrst og fremst verið þau að menn eiga ákaflega erfitt með að skilja þegar verið er að tala um sóknarkvóta, hvað þeir þýða. Menn verða að horfa til þess og vita að útgerðarsaga Íslands gengur öll út á það að afli rís og hnígur, sjórinn gefur mismunandi mikið. Þannig hefur sagan sýnt okkur í mörg hundruð ár að þetta er misjafnt frá ári til árs og við verðum að líta á þetta tímabil í lengra samhengi. Við verðum að horfa á fimm eða tíu ár í einu, þá sjáum við þetta. Því miður hefur það verið þannig að sá mikli afli sem hefur verið á söknareiningu á þessum bátum síðustu þrjú ár hefur orðið til þess að menn í stjórnkerfinu hafa trúað því að þetta sé bein leið upp á við og þetta sveiflist ekki. Þetta eru náttúrlega óskaplega barnaleg sjónarmið en samt mjög erfitt við að eiga þegar verið er að reyna að breyta og koma löggjöfinni þannig fyrir að þessi skip eigi sér rekstrarmöguleika.

Það er alveg sama með aflamarkið sjálft. Menn hafa viljað meina, og ég held að það sé heilmikill meiri hluti fyrir því í dag á Alþingi og hafi verið nokkuð lengi, að aflamarkið sé hið rétta form. Mjög margir eru því sammála. En þá verða þeir líka að vera viðbúnir því að horfa á það og viðurkenna það sem eru gallar þess kerfis. Öðruvísi getum við aldrei lagfært það.

Hv. þm. Gísli Einarsson, sem talaði á undan mér, fór að mörgu leyti mjög glöggt yfir þetta. Hann lýsti því ástandi sem er á miðunum. Þó að ég hafi í sjálfu sér ekki neina ákveðna, fastbundna skoðun á því hversu mikil sóunin er þá veit ég fyrir víst að hún er gríðarleg. Hún er svo gríðarleg að við svo búið má ekki standa. Hvort það eru 50 þúsund tonn sem við hendum eða 60 eða 70 eða 100 þúsund tonn, ég hef líka heyrt töluna 200 þús. tonn sem ég legg ekki trú á, það er sama. Það liggur fyrir að þetta er svo gríðarleg sóun að við komumst ekki hjá því að horfast í augu við það. En því miður hefur afstaða þeirra sem harðast hafa barist fyrir þessu kerfi verið sú að ekki má tala um þetta. Þeir neita að viðurkenna að þessi galli sé til staðar.

Í gærkvöld fór einn hv. þm. yfir það að fyrir 7–8 árum hefði birst opinber skoðanakönnun sem gerð hefði verið meðal sjómanna. Þá voru viðbrögðin þessi: „Þetta er ekki satt, þetta er bara rógur gegn kvótakerfinu.“ Svona megum við ekki láta þetta ganga fyrir sig. Ef við ætlum að endurskoða, sem ég vona að verði samþykkt eins og lagt er til í brtt., þetta fiskveiðistjórnarkerfi á næstu tveimur árum þá komumst við ekki hjá því að fara í gegnum galla og kosti kerfanna. Þá komumst við ekki hjá því að sjá hver sóunin er og reyna að finna hvort einhver leið er til þess að komast hjá henni. Ég er viss um að aflakvótakerfið í einsleitum tegundum gengur mjög vel, t.d. í loðnuveiðum og í síldveiðum. Það gengur mjög vel. Dæmið gengur alveg upp. Þegar við komum hins vegar að fjölstofnaveiðum, þá rekst hvað á annars horn. Það er ekki vegna þess að útgerðarmenn séu vondir menn og sóðar. Það er ekki vegna þess að sjómenn séu vondir menn. Það er vegna þess að hagsmunirnir eru þessir: Menn reyna að bjarga sér, reyna að lifa af við það umhverfi sem þeim er boðið. Þessi skepna, maðurinn, hefur alltaf reynt að bjarga sér og ef hann hefði ekki gert það væri hann fyrir löngu útdauður. Þetta eru bara eðlileg viðbrögð manna. Þeir verða að lifa af í þessu kerfi. Það er því ekki við útgerðarmenn eða sjómenn að sakast.

Ég trúi því að ef menn skoða þessi kerfi, hvort sem það eru aflakvótar eða sóknarkvótar, opnum huga og fordómalaust, skoða án fordóma hvernig það geti helst orðið okkur að liði, muni þeir komast að því að við getum notað bæði þessi kerfi. Ég tel að þau geti bæði hentað okkur mjög vel. Sóknarkvótarnir við strandveiðarnar. Þeir hafa þann kost að þar er ekki hagur neins að henda. Menn hafa hagnað af því að hirða allt og það er tiltölulega einfalt að fylgjast með, áætla og reikna út, sóknargetu skipa sem stunda strandveiðar. Það er mjög einfalt og auðvelt í framkvæmd. Ef menn vildu skoða þetta í alvöru þá sæju þeir það. Þeir hafa bara fordæmt þetta og ekki viljað horfa á það hlutlægt.

Þegar ég lít á þessar brtt. er ég viss um að flestum þeim sem hafa verið að vinna á smábátunum þykja þessir kostir allir heldur rýrir. Ég skil það mætavel. Þeir eru allir heldur rýrir. Við hefðum svo gjarnan viljað koma með tillögur sem gæfu þeim meira olnbogarými. Til þess var hins vegar ekki pólitískur vilji og um það var ekki hægt að ná sátt. Ég lít þó þannig á að um varnarsigur sé að ræða. Það tókst að koma í veg fyrir það að sóknarkvótar væru afnumdir fyrir fullt og allt. Hefði það verið gert, þá efast ég um að tekist hefði að koma þeim á fæturna aftur vegna þess að það er sterkur pólitískur vilji til að setja allt í eitt kerfi, kerfi þar sem ég veit að smábátarnir mundu fljótlega gufa upp og hverfa, okkur til mjög mikils tjóns.

Ég bendi á að gefnu tilefni að í þessum tillögum er gert ráð fyrir að sóknardagarnir verði framseljanlegir. Ég tel það mjög mikið framfaraspor. Menn verða að horfa til þess í fullri alvöru að hvaða stjórnarkerfi sem við höfum, hvort sem það er aflakvótakerfi eða sóknarkvótakerfi, getur aldrei orðið að liði eða gert það gagn sem við ætlumst til sem hagstjórnartæki nema einingarnar séu framseljanlegar og helst alveg framseljanlegar. Mjög margir hafa verið á móti þessu. Menn hafa kallað það brask, sem er náttúrlega bara vanvirðingarorð yfir verslun. En þessi verslun getur ekki gert annað en að færa okkur nær því sem við viljum, nær meiri hagkvæmni í sjávarútvegi.

Ég tel það rangt af sjómannasamtökunum að leggjast svo eindregið gegn framsali eins og oft hefur komið fram í ræðum þeirra og kröfum. Sjómenn verða að gera sér grein fyrir því að framsal aflaheimilda eða söknareininga er nauðsynlegt.

Þeir ættu því að snúa sér að því að semja um þá hluti við útgerðir sínar. Auðvitað er hægt að semja um þá hluti. Það ber að hafa samninga og virða þá, um þetta má semja eins og allt annað. Það þarf ekki að koma sjómönnum á nokkurn hátt í koll gagnvart afkomu þeirra. Það er mjög nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að þannig verður þetta að vera.

Ég hefði viljað að framsalið hefði byrjað fyrr. Sóknarbátunum er skorinn of þröngur stakkur. Það hefði verið nauðsynlegt að byrja framsalið fyrr til að tryggja að þeir sem ætluðu að stunda þessa atvinnu í alvöru treystu sér til að ná sem mestum árangri og ættu á því möguleika. Því fyrr, því betra.

Því miður hefur mörgum tekist að rægja þetta sóknarkerfi smábátanna með verulegum árangri. Haldið hefur verið uppi stanslausum rógburði um að sú mikla aflaaukning sem orðið hefur á undanförnum árum hafi ekki átt sér stað í raun, heldur sé hún tilkomin vegna svindls og svínarís. Það er náttúrlega úr lausu lofti gripið. Það hefur verið óvenjugott árferði, óvenjumikil fiskgengd á grunnslóð. Þetta eru því áður óþekkt aflabrögð. Ég hef enga trú á að slíkt ástand geti staðið lengi. Ég er viss um að í framtíðinni muni koma í ljós, eins og hefur alltaf gerst í Íslandssögunni og við þekkjum af veiðunum í gegnum mörg hundruð ár, að aflinn rís og hnígur. Þessi mikla og glæsilega afkoma sem menn hafa náð á undanförnum árum, ég hef því miður enga von um að hún geti haldist.

Ég vil einnig hafa nokkur orð um gagnrýni á að við værum að setja inn um 1.500 þorskígildi til Byggðastofnunar. Ég get alveg tekið undir með sumum ræðumönnum um að auðvitað þarf að fara varlega þegar slíkar stofnanir fá svo miklar aflaheimildir. Það verður að gæta þess mjög vel að varlega verði haldið á. Margt í sögu Byggðastofnunar hræðir. Þeir fóru ákaflega illa að ráði sínu, margir sem þar voru við stjórnvöl.

Ég vil hins vegar minna á, herra forseti, að undir öruggri stjórn núverandi formanns, hv. þm. Egils Jónssonar, hefur Byggðastofnun breyst verulega mikið. Hún hefur tekið ákaflega raunhæft á þeim vandamálum sem þeir hafa glímt við og ég tel að vinnubrögð þeirra og hvernig þeir hafa snúið sér að þessu á undanförnum árum sýni að þeir séu traustsins verðir. Við verðum að horfa til þess með stjórnarkerfi sjávarútvegs, hvort sem það er aflakvótakerfi eða sóknarkvótakerfi, að tilgangurinn er að knýja fram hagræðingu í greininni. Það er mikil viðurkenning að fá þetta inn í lögin. Það er mikil pólitísk viðurkenning á því að til eigi að vera slíkir björgunarhringir, tæki sem geti komið byggðunum til aðstoðar, verði menn fyrir verulegum skakkaföllum. Við eigum að reikna dæmið til enda. Við eigum að hugsa um hinn endanlega fórnarkostnað ef illa fer fyrir ákveðnum byggðum. Við eigum að sýna að við þorum og viljum koma til aðstoðar ef slys verða eins og alltaf getur átt sér stað í byggðum sem byggja afkomu sína á mjög áhættusömum atvinnugreinum eins og sjávarútvegi.

Að lokum vildi ég gera að umtalsefni það sem ég hef reyndar mestar áhyggjur af í sambandi við þetta frv. og þá stöðu sem við erum í varðandi þennan dóm. Í frv. er gert ráð fyrir að engin takmörkun verði lengur á stærð flotans og samsetningu hans. Gert er ráð fyrir að öllum verði leyfilegt að koma með skip af hvaða stærð, gerð, aldri eða útliti sem menn vilja. Þeir eiga rétt á því að sækja um leyfi til fiskveiða við Ísland.

Ég held, herra forseti, að í þessu felist mikið bráðræði. Ég held að þetta sé rangt þrátt fyrir að lögspekingar hafi túlkað dóminn þannig að ekki verði undan því komist að hafa það alveg galopið. Ég hef rætt það við félaga mína í sjútvn. að við ættum að freista þess að setja upp takmarkanir. Ég vona að við munum koma saman milli 2. og 3. umr. og þá hefði ég fullan hug á að setja fram, þó ekki væri nema heimildarákvæði til ríkisstjórnarinnar til næstu þriggja eða sex mánaða til að setja reglugerðir sem væru almenns eðlis og gætu orðið til að koma í veg fyrir að allir drullukoppar Norður-Evrópu hrúguðust hér inn undir íslenska fánanum. Ég held að það væri hroðalegt ef við misstum niður alla þá viðleitni og vinnu sem við höfum lagt í það á öllum síðasta áratug að hemja stærð flotans.

Ég vil að lokum segja að ég hef miklar áhyggjur af strandbyggðinni almennt. Ýmis viðleitni er í þessum tillögum til að efla hana og koma henni til góða. Ég er alveg viss um að þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir, hvernig hallar á íslenskar byggðir gagnvart þéttbýlissvæðinu eigi ekki hvað síst þá orsök að bæði strandveiðar og fiskvinnsla í landi standa höllum fæti. Þetta eru atriði sem við eigum fyrst og fremst að gaumgæfa ef við meinum eitthvað með því að við viljum rétta byggðunum hjálparhönd. Ef við meinum eitthvað með því að stuðla eigi að jafnvægi í byggðunum og reyna að viðhalda jafnvægi sem við vitum að er þjóðhagslega nauðsynlegt í byggðunum, þá er náttúrlega fyrst og fremst að gæta þess að undirstaðan sé rétt bundin. Þessar byggðir eiga flestar allt sitt undir sjávarútvegi og ef þær fá ekki að njóta samkeppnisstöðu sinnar, fá ekki að njóta land- og sjávargæða sinna, þá er hætt við að öll önnur viðleitni verði til lítils.

[12:14]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir almenna umfjöllun hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um veiðistjórnina og veiðistjórnarkerfið. Ég vil taka að það hefur orðið hagræðing í kerfinu en það er þvinguð hagræðing. Sú hagræðing nemur sennilega 10%. Það eru engir smáfjármunir sem þar eru í húfi.

Það má vel vera að sóknarkvóti eigi vel við þetta útgerðarmynstur. Ég er ekki frá því að það geti verið. Til þess þarf hins vegar gífurlega sterka og aðhaldssama flotastjórnun. Það tengist máli sem hv. þm. nefndi undir lok ræðu sinnar, að ekki eigi að vera möguleiki á að flytja inn hvers konar skip sem er. Ég get tekið undir það. Mér fyndist það bara vitlaust.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann hafi myndað sér skoðun á frv. sem ég óskaði eftir að tekið yrði til umfjöllunar varðandi grásleppu sem meðafla og aðgerðir vegna þess ástands sem ríkir hjá 1.500 manns sem eiga að verulegu leyti afkomu sína undir grásleppuveiðum. Hefur hv. þm. eitthvað skoðað þau mál?

Síðan vildi ég, herra forseti, gjarnan spyrja hvort hv. þm. telji að þær aðgerðir sem liggja fyrir núna í frv. geti gilt sem svar við hæstaréttardóminum sem felldur var í máli Valdimars Jóhannessonar.

Að lokum spyr ég: Er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sammála mér um það að stór hópur íslenskra sjómanna sé ekki lengur frjáls vegna þess kerfis sem þeir búa við?

[12:16]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þyrfti að halda aðra ræðu til að svara fyrirspyrjanda. Ég spyr hann aftur í staðinn: Var það rétt tekið eftir að hann telur það vitlausa tillögu hjá mér að reyna að standa gegn stækkun flotans? (**GE:** ... sammála.) Nú, varstu sammála? Ágætt, það er gott að vita það. Ég trúði ekki hinu.

Ég lít þannig á og tók undir þær aðfinnslur og kvartanir sem komu fram í sjútvn., að við þyrftum lengri tíma til að fara í gegnum grásleppumálið, þar væru hlutir sem orkuðu mjög tvímælis og ekki sú knýjandi þörf, ekki sú nauð sem ræki okkur til þess að afgreiða það einmitt núna. Við ákváðum það sameiginlega að gefa okkur betri tíma til að reyna að höndla það hvernig við gætum helst orðið þeim að liði.

Ég lít þannig á, herra forseti, að ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar hafi gert hárrétt, með því að grípa til þeirra ráðstafana að tryggja atvinnuréttindi og afkomu þeirra báta sem höfðu veiðileyfi skv. 5. gr. með því að flytja þau yfir í þá 6. og tryggja þannig að ekki færi saman veiðileyfi og veiðiheimild. Okkur ber skylda til þess og þetta áttum við að gera. Við viljum sýna íslenskri útgerð fram á að við, ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar, viljum standa vörð um atvinnuréttindi allra í útgerð. Við viljum ekki hafa nein vafaatriði þar um. Við teljum það nauðsynlegt, annars værum við að vinna efnahagslífinu gríðarlegt tjón. Svo koma hér menn og segja: Þetta var ekki nóg. Það er kannski væntanlegur einhver annar dómur, einhver annar skilningur. Það er nokkuð, herra forseti, sem við á Alþingi getum ekki tekið til umræðu og rætt. Ef slíkt gerist munum við að sjálfsögðu taka það þeim tökum sem efnið gefur tilefni til.

[12:19]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt að ég skuli stilla spurningum þannig upp að heila ræðu þurfi til að svara þeim. Það var ekki ætlunin. Ég spurði um afstöðuna gagnvart frv. sem ég lagði fram um breytingu á stjórn fiskveiða sem lýtur að grásleppu sem meðafla. Núna í dag — það er ekki farið að veita eitt einasta leyfi til grásleppuveiða — er farið að landa grásleppu sem meðafla. Ekki þarf annað en kíkja í blað allra landsmanna, sem kallað er, Morgunblaðið, til að sjá að farið er að landa grásleppu sem meðafla. Þetta frv. lýtur að því að grásleppu verði sleppt í sjóinn aftur. Það er samdóma skoðun sjómanna að grásleppa geti lifað, jafnvel þótt hún sé dregin af miklu dýpi, ég tala nú ekki um af grunnsævi, með því að sleppa henni í sjóinn aftur. Það er varla að hrogn séu í dag orðin nógu þroskuð til að taka þau til vinnslu. Það er þó gert. Þess vegna spurði ég um þetta. Ég veit að ekki bráðliggur á, en það þarf að gera það.

Síðan spurði ég um annað atriði sem mér finnst mikilvægt að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson svari. Telur hann að fjölmargir sjómenn sem stunda fiskveiðar við Ísland séu siðferðislega frjálsir menn, meðan þeir þurfa að henda afla í sjóinn aftur sem þeir geta ekki fengið arð af?

[12:20]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið nú hv. þm. afsökunar. Ég hef tekið rangt eftir. Ég hélt hann væri að spyrja um grásleppufrv. ríkisstjórnarinnar. Hann er sjálfsagt að spyrja um meðaflafrv. sitt um grásleppu. Ég get svarað því strax. Að sjálfsögðu styð ég það. Ég veit að það er alveg hárrétt sem hann heldur fram þar.

Það er erfitt, herra forseti, að svara hvort sjómenn séu siðferðilega frjálsir. Hins vegar hef ég haldið því fram, alveg frá því við hófum umræðu um fiskveiðistjórnina, að menn yrðu að horfast í augu við aðalgalla aflamarkskerfisins, sem er brottkast. Við verðum að horfast í augu við það og tala um það opinskátt því ef við viðurkennum ekki vandamálið þá er engin von til að tekið verði á því. Það að viðurkenna vandamálið er fyrsta skrefið. Ég veit að brottkastið er mjög mismunandi mikið. Það er mjög mismunandi mikið á skipunum vegna þess að þau standa mjög misjafnlega að veiðum. Þau standa mjög misjafnlega að vígi til að stunda útgerðina og menn eru misjafnir eins og við þekkjum.

Ég veit að brottkastið í þessu kerfi er meira en við getum staðið undir. Við verðum að fá breytingar á þessu. Ég hef viðrað nokkrar slíkar breytingar. Ég hef talað um það hér við 1. umr. að við skyldum skoða það að öllu leyti. Ég held t.d., herra forseti, að til greina kæmi að gera tilraunir, t.d. með því að láta ákveðin skip fá svona ruslakvóta og gá hvað gerðist. Ég veit að Hafrannsóknarstofnun hefur rannsakað þetta. Ég veit að uppi í háskóla hafa menn rannsakað og tölurnar sem þeir fá út eru skelfilegar. Við getum ekki lifað við þetta áfram. Ég veit um mjög marga sjómenn sem hafa sagt sínar farir ekki sléttar í þessu og ég skil það mætavel. Það sem þeir segja mér er svo sem misjafnt og misvísandi en ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að við getum ekki látið við svo búið standa. Það verður að grípa til aðgerða.

[12:23]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Málið sem þingið fjallar um þessa dagana, frv. ríkisstjórnarinnar um breyting á lögum um stjórn fiskveiða, er gífurlega þýðingarmikið, ekki síst í ljósi þess að frv. er tilkomið vegna dóms frá æðsta dómstóli landsins, sem þykir mjög nýstárlegur og grípur mjög ákveðið inn í lagaframkvæmd í vissum atriðum. Þó er ekki að öllu leyti fullljóst hvert dómurinn er að fara varðandi einstaka þætti, a.m.k. ef marka má umræðuna sem síðan hefur farið fram. Þar koma fram mjög ólík sjónarmið. Ég ætla við 2. umr. málsins að víkja að því sem snýr að Alþingi varðandi meðferð flókinna mála eins og þeirra sem hér eru, samspili þessara mála og þingsins sem stofnunar við stjórnkerfið að öðru leyti, þar á meðal við dómskerfið eða þá sem yfir lögfræðilegri þekkingu búa.

Ég held að þau viðbrögð sem hér birtast við dómi Hæstaréttar í tillögum ríkisstjórnarinnar og meiri hluta sjútvn. séu afar ófullnægjandi. Þau eru mjög takmörkuð og spurning hvort þau taka á þeim þáttum sem Hæstiréttur vísar til í dómsniðurstöðu sinni. Dómur Hæstaréttar er tilkominn vegna tiltekins máls og málshöfðunar sem kunnugt er og Hæstiréttur hafði auðvitað ekki tilefni til að fara yfir allt sviðið eða leggja mat á fiskveiðistjórnarlögin í heild sinni. Álit réttarins fór a.m.k. að verulegu leyti eftir því hvernig þetta tiltekna mál var fyrir lagt. Samt má lesa margt út úr dómi réttarins sem vísar til þess að ekki sé eingöngu verið að fjalla um atvinnuréttindin, þá þætti sem ríkisstjórnin er að bregst við með frv. sínu og meiri hluti sjútvn. Þar virðist vísað í fleira, til jafnræðisviðhorfa sem tengst geta því kerfi sem nú er lögfest og hugmyndin er að lögfesta áfram með þessu frv.

Það er auðvitað ekki hlutverk dómstóla að útfæra forsendur t.d. í stjórnarskrá. Það er Alþingis að setja reglurnar. En dómstólar hafa eðlilega rétt og skyldur til að kveða á

um skilning og túlkun á forsendum, í þessu tilviki varðandi stjórnarskrá lýðveldisins og á því byggir Hæstiréttur dómsorð sitt. Það er túlkun á tilteknum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Virðulegur forseti. Það er mikið umhugsunarefni í hversu afar veikri stöðu Alþingi er til að taka á málum af þessum toga og hversu illa og ófullkomlega er búið um samspil Alþingis sem löggjafarvalds við upplýsingabrunna í samfélaginu, til þess að leita ráðgjafar, ekki síst varðandi möguleika á því að fá túlkanir á forsendum eins og hér um ræðir, þ.e. forsendum stjórnarskrárinnar. Mér verður æ meir hugsað til þess, virðulegur forseti, hve knýjandi er orðið að styrkja Alþingi sem stofnun, langtum meira en tekist hefur þrátt fyrir ágæta viðleitni í þá veru á undanförnum árum. Sú viðleitni er þó afar langt frá því að geta talist fullnægjandi. Mér finnst málið sem við ræðum hér og aðrir þeir dómar sem fallið hafa og byggja á túlkun stjórnarskrár og þar með á afgreiðslu Alþingis eða forsendum löggjafar sem Alþingi hefur sett, kalla á að þingið athugi sinn gang af fullri alvöru og fjalli um hvernig við getum styrkt stöðu þingsins þannig að það rísi undir þeim kröfum sem nútímasamfélag og réttarþróun gerir. Í tengslum við það þyrfti jafnframt að skoða samskipti Íslendinga í alþjóðasamfélaginu, varðandi alþjóðasáttmála sem við höfum gerst aðilar að í sívaxandi mæli. Í mörgum tilvikum er það sjálfsagt og eðlilegt þó að önnur atriði á því sviði séu álitaefni sem kunnugt er. Þetta leiðir hugann að því. Mér finnst umræðan sem hér hefur fram farið um þetta mál — þá vísa ég til 1. umr. sem ég tók ekki þátt í m.a. vegna þess hve tíminn fyrir jólin var knappur til þingstarfa og umræðu um þetta efni — hafa of lítið beinst að þessum þætti og þess vegna leyfi ég mér að fjalla um þetta við 2. umr.

Þegar við ræðum í dóm Hæstaréttar, sem er forsenda fyrir tillögum ríkisstjórnarinnar þótt ég sé ekki sáttur við það hvernig lesið er í málið, þurfum við að átta okkur á því að sjónarmið innan réttarins og meðal löglærðra manna eru mismunandi. Innan Hæstaréttar ríkja vafalítið mismunandi viðhorf til mála sem þessara. Því er réttmætt að menn velti fyrir sér hvort líklegt sé að niðurstaða dómstólsins hefði orðið önnur ef sjö hefðu verið í dómi í stað fimm, eins og stóðu að þeim dómi sem hér var uppkveðinn. Ég er ekki að ræða það út frá því sjónarhorni að skylt hefði verið að hafa sjö dómara í dómi, að það hefði verið nauðsynlegt eða eðlilegt, heldur út frá því að ástæða er til að ætla að allólík viðhorf geti verið til þróunar mála og einnig til réttarþróunar. Þar á meðal geta viðhorfin til tengsla við alþjóðasáttmála sem við erum aðilar að verið ólík.

Mér sýnist að sá dómur sem um ræðir sé meira í anda þróunar dómshefða eins og við höfum orðið vör við að þær þróist á meginlandinu, innan ríkja Evrópusambandsins og einnig þegar litið er til sjálfs Evrópudómstólsins. Þetta er því ekki þröngur dómur, það er ekki bókstafstúlkun sem liggur að baki heldur víðari sjónarmið sem verið er að taka tillit til og ákveðin lykilatriði í stjórnarskrá okkar sem verið er að gefa nýtt inntak og þá alveg sérstaklega hugtakinu jafnræði.

Það er nokkuð ljóst að dómur af þeim toga sem hér hefur verið felldur af Hæstarétti hefði tæpast fallið fyrir nokkrum árum, segjum 5–10 árum. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hér endurspeglast þróun í dómskerfinu sem trúlegt er að áframhald verði á og sem við þurfum að átta okkur á, einnig á Alþingi og búa okkur undir að líta á málin með hliðsjón af þeirri þróun sem er að verða innan dómskerfisins. Auðvitað er afleitt, virðulegur forseti, ef það á að gerast trekk í trekk — og það má búast við að við eigum eftir að fá í framhaldi af afgreiðslu þessa máls aðra dóma sem Alþingi getur þurft að taka tillit til og sem geta kannski orðið okkur áminning um það eftir á en of seint að það hefði þurft að spá betur í þau spil sem við erum að ræða en raun ber vitni og taka sér til þess eitthvað rýmri tíma til þess að ná niðurstöðu.

Spurningin er þá, virðulegur forseti: Til hvaða ráða ætti þingið að grípa? Ég hef engar úthugsaðar tillögur fram að færa hér og nú um það efni en ég vil leyfa mér að vísa til þess sem gerist í þróuðum ríkjum réttarfarslega sem er sjálfsagt að líta til í þessum efnum. Ég nefni í því sambandi þýska stjórnlagadómstólinn sem er beinlínis til þess settur að kveða á um gildi lagasetningar með tilliti til stjórnarskrár. Ég er ekki að segja að aðstæður á Íslandi þurfi að vera hliðstæðar að öllu leyti, það er auðvitað atriði sem þarf að skoða vel. En sá dómstóll er beinlínis kosinn af stjórnmálaflokkunum, kosið er í stjórnlagadómstólinn af stjórnmálaflokkunum. Niðurstöður hans eru bindandi og þinginu gjarnan gefinn ákveðinn tímafrestur til þess að leysa úr árekstrum milli settrar löggjafar og stjórnarskrár.

Í Frakklandi er sérstakt stjórnlagaráð starfandi og þingmenn, einnig þingmenn í minni hluta, geta skotið settum lögum, ekki aðeins frumvörpum heldur lögum sem þingið hefur sett til stjórnlagaráðsins til þess að fá viðbrögð, til að fá um það úrskurð hvort viðkomandi lög standist stjórnarskrá. Þá eru það ekki einhver tiltekin atriði sem þar eru undir heldur geta það verið lögin í heild sem stjórnlagaráðið kveður upp úr um hvort fái staðist. Menn ættu að bera saman aðstöðu okkar á Alþingi Íslendinga við þær aðstæður sem nú ríkja og þá möguleika sem væru ef við værum með stjórnlagadómstól í einhverju formi til þess að prófa á — og ég gleðst yfir, virðulegur forseti, að hæstv. dómsmrh. og sjútvrh. er kominn, en ég er að ræða um þætti sem falla ekkert síður undir dómsmrh. en sjútvrh. sem stendur bak þessu frv. — og hvernig við værum í allt annarri stöðu til að taka á málum og gildir það bæði um stjórn og stjórnarandstöðu, um þingið almennt ef það væri til staðar á vegum þingsins eða tengt þinginu stofnun sem hægt væri að skjóta frumvörpum til eða settum lögum og fá um það niðurstöðu hvort viðkomandi lög standist stjórnarskrá lýðveldisins eða ekki.

Ég held að í ljósi þess sem hefur verið að gerast sé knýjandi fyrir Alþingi Íslendinga að taka á þessu máli alveg sérstaklega, hvort ekki sé rétt og nauðsynlegt fyrir þingið að stuðla að því að hér komi stofnun, nefnd eða ráð eða sérdómstóll, hvað menn vilja kalla það, sem þingið getur notað sér til halds og trausts í sambandi við mat á málum og sem tengist áliti á réttarþróun.

Mér finnst að umræðan um þetta mál eigi ekki síst að snúast um þetta. Auðvitað er hægt að ræða endalaust um þær tillögur sem fyrir liggja, m.a. að reyna að einfalda stjórnkerfið að því er varðar smábáta sem er það fyrirferðarmesta í þessu frv. Það er allt saman stórt mál út af fyrir sig og þýðingarmikið fyrir þá sem eiga í hlut og almennt fyrir þróun sjávarútvegs hvernig á þeim málum er haldið og sannarlega fátt sem vísar meira á þörfina á einföldun og skilvirkni í lagasetningu en sá frumskógur réttarheimilda eða lagaheimilda sem hefur þróast síðan 1984 varðandi smábátaflotann, sem er það flókið að það er ekki fyrir nema vel lesna og helst útlærða sem hafa tekið sér langan tíma í að fjalla um það að botna nokkurn skapaðan hlut í þeim efnum og eðlilegt að þeir sem ekki eiga beinna hagsmuna að gæta villist fljótt í þeim skógi öllum saman.

Virðulegur forseti. Við þurfum að nota þetta tilefni og tilefni sem hafa komið fram nú að undanförnu — verið var að dæma af Hæstarétti ólöglegan flutning tiltekinnar stofnunar af því það rækist á við almenn ákvæði, stjórnarskrárákvæði, að flytja hana út fyrir Reykjavík. Það er auðvitað allt annað mál og miklu stærra sem við erum að fjalla um hér, en þetta tengist.

Virðulegur forseti. Ég nefndi þýska stjórnlagadómstólinn og franska stjórnlagaráðið. Ég held að leita megi til Norðurlanda að úrræðum þar sem menn hafa leitast við að draga hæstarétt með einhverjum hætti inn í mat á löggjöf og lagasetningu, t.d. í Svíþjóð. Ég á eftir að kanna það nánar en ég hygg að þannig hátti til hjá Svíum að sænska þingið hafi tryggt sér slíka möguleika.

Ég vil nefna svona rétt til umhugsunar hvort ekki væri athugandi fyrir Alþingi að koma á fót fastri ráðgefandi nefnd löglærðra manna þar sem um gæti verið að ræða tilnefningar frá Hæstarétti inn í slíka nefnd, tilnefningar frá lagadeild Háskóla Íslands. Ég legg áherslu á að ég segi lagadeild Háskóla Íslands — ekki Lagastofnun, og eftir atvikum frá félögum lögmanna sem gætu átt erindi inn í Lögmannafélagið eða einhverjir slíkir sem gætu átt erindi inn í slíka nefnd, til þess að vera fastur ráðgjafi fyrir Alþingi í málefnum af þessum toga.

Við stöndum hér höndum uppi á Alþingi Íslendinga þegar spurningin er um að leita álits fyrir þingið. Menn eru endalaust að rugla saman reytunum við framkvæmdarvaldið sem er yfirleitt búið að múlbinda þessar stofnanir — fyrirgefið, virðulegur forseti, ég biðst velvirðingar, það er kannski ekki rétt að segja að múlbinda — en sem búið er að nýta sér þá möguleika til ráðgjafar sem helstir eru fyrir þingið, búnir að leita álits hjá þeim sem þingið er svo aftur að leita álits hjá og þar er búið að binda menn fyrir fram, hugsanlega með álitsgerðum.

Ég leyfi mér að ítreka það sem hefur komið fram hjá mér áður í sambandi við ýmis mál, þar á meðal varðandi frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði, að umræðan um Lagastofnun Háskóla Íslands sem álitsgjafa er komin út á hreinar villigötur. Ég heyrði það hjá formanni sjútvn., í framsögu formanns sjútvn., að einmitt væri leitað álits þangað og ætti kannski að leita frekara álits. Hvað er Lagastofnun Háskóla Íslands? Hagsmunafyrirtæki starfsmanna háskólans. Það er engin stofnun til þess að veita hlutlæga löggjöf. Þar eru skoðanirnar jafnmargar starfsmönnunum. Svo eru menn að flagga álitsgerðum einstakra starfsmanna Lagastofnunar Háskóla Íslands á Alþingi Íslendinga og almenningur utan þings heldur eðlilega að menn séu að tala um hlutlæg lögfræðiálit. Þetta er ekki lagadeildin sem þyrfti að fjalla um viðkomandi mál. Þetta er á ábyrgð þeirra sem veita álitið og fá borgað fyrir það.

Það er náttúrlega hneyksli fyrir þingið hvernig bar að í sambandi við gagnagrunn á heilbrigðissviði þar sem eitt aðalmálið sem lá fyrir, reitt fram inn í umræðuna var álit Lagastofnunar Háskóla Íslands. Þrír tilteknir ágætir menn stóðu að því áliti sem lá fyrir þinginu sem hafði verið pantað frá aðalhagsmunaaðila í málinu, Íslenskri erfðagreiningu, og borgað fyrir. Engin gagnsókn, enginn til þess að prófa viðkomandi lögfræðinga, starfsmenn háskólans. Engin gagnsókn var í málinu þannig að þeir væru að svara krítískum spurningum. Þeir voru að svara spurningum frá aðalhagsmunaaðilanum sem var að sækja á um einkaleyfi.

Ég nefni þetta, virðulegur forseti, til þess að vekja athygli á því öngstræti sem við erum stödd í á Alþingi að því er þetta snertir, ósjálfstæði þingsins og vandræði að fá bærar álitsgerðir sem einhver veigur er í. Við eigum að nota það mál sem um ræðir til þess að taka okkur tak í þeim efnum.

Jafnframt, virðulegur forseti, eigum við að styrkja þingið að öðru leyti eins og forusta þingsins hefur verið að leitast við að gera, m.a. með tilstyrk hæstv. forseta á undanförnum árum að því er varðar gagnaöflun og annað af því tagi. Þegar kemur að þessu, spurningunni um álitsgerðir varðandi sjálfa stjórnarskrána og túlkun hennar, erum við náttúrlega með svo stórt mál á ferðinni að það kallar á það að mínu mati að sköpuð verði festa með fastanefnd eða sérstökum dómstól eða ráði sem yrði þar til kvatt. Réttarþróunin öll kallar á þetta. Hvað sem menn vilja segja um óhæfi dómstóla er það auðvitað svo, virðulegur forseti, að dómstólar þurfa í vaxandi mæli að svara spurningum sem eru stórpólitískar í eðli sínu. Ég er ekki að segja flokkspólitískar en almennt séð pólitískar. Það er það sem er að gerast í réttarþróun á meginlandinu sem farin er að grípa inn í okkar mál í sívaxandi mæli í gegnum EES-samninginn og Evrópudómstólinn, sbr. 6. gr. EES-samningsins þar sem okkur ber að taka tillit til réttarþróunar og niðurstöðu Evrópudómstólsins. Þessi dómstóll er í rauninni farinn að kveða upp hápólitíska dóma, frumkvæðisdóma er hafa síðan áhrif á réttarþróun.

Virðulegur forseti. Mér þætti gott ef hæstv. sjútvrh. og dómsmrh. léti uppi sjónarmið sín varðandi það sem ég hef nefnt. Mér finnst þetta það þýðingarmikið í samhengi við málið sem hér um ræðir. Jafnhliða vil ég beina þessu máli til hæstv. forseta til umhugsunar. Ég veit að hæstv. forseti hlýðir á mál mitt en mér finnst þetta viðfangsefni sem forsætisnefnd þingsins og forusta þurfi að gefa gaum að. Við gætum lent í brotsjóum áður en varir í samhengi við stjórn fiskveiða. Að því kemur að kveðnir verða upp dómar um þá niðurstöðu sem hér er fjallað um og það sem ekki er lagt til hér en sumir lesa út úr dómi Hæstaréttar að dómurinn hafi verið að fara. Á það getur reynt fyrr en varir. Væri ekki gott að þingið væri betur í stakk búið, hefði einhvert björgunarbelti, þegar menn lentu í þeim brimgarði? Hann getur verið skemmra undan en margan grunar.

Í lögunum um stjórn fiskveiða erum við, virðulegur forseti, með gífurlega snúin álitaefni sem eru vegna samspils 1. gr. við útfærsluna. Það er þess eðlis að knýjandi er að kafa í það til að átta sig á raunverulegu inntaki sameignarákvæðisins varðandi nytjastofna á Íslandsmiðum. Sá sem hér talar ber nokkra ábyrgð á því að það ákvæði var tekið inn, vakti athygli á því árið 1983 í umræðu um fyrstu löggjöfina um þetta efni, að taka bæri þetta viðhorf, sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum, inn í löggjöfina sem síðan var gert 1987. Það hefur verið þróað síðan og settir inn ýmsir varnaglar við 1. gr. eins og þar kemur fram.

Við stöndum frammi fyrir spurningum, virðulegur forseti, um hversu langt jafnræðiskrafan geti leitt. Hver er sú sérstaða útgerðaraðila sem taka ber tillit til varðandi atvinnuréttindi? Hver er hún? Hvar eru mörk hennar? Hver er réttur byggðanna í landinu sem hefur skapað í rauninni grunninn fyrir úthlutun eins og hún var gerð og rækilega og eðlilega hefur verið gagnrýnt að gerðist án þess að nokkurt gjald kæmi fyrir? Síðan geta menn gengið út úr kerfinu með stórar upphæðir. Það sker allra mest í augu við núverandi stjórnkerfi fiskveiða og er hvað mest gagnrýnt. Hver er réttur fólksins og sjávarbyggðanna sem skapa þennan auð á hverjum tíma?

Ég ætla, virðulegur forseti, tímans vegna ekki að fara lengra út í hugleiðingar um þetta. Ég vildi aðeins koma þessu viðhorfi á framfæri en síðan fjalla um fáeina aðra þætti sem snerta frv. og talsvert hefur verið rætt um. Annars vegar er það spurningin um breytingar á núverandi löggjöf sem hugsanlega væru til bóta og það sem ekki hefur verið tekið inn. Mér finnst að það gildi um mikið af því sem rætt er um í sambandi við þetta að það skortir á fótfestu. Það vantar ansi mikið í grunninn, bæði í gagnrýni en líka í sambandi við útfærslur. Ég tel að þetta eigi við þingið almennt. Í rauninni geta allir á þingi tekið það að nokkru leyti til sín að við höfum á liðnum árum ekki fjallað nógu rækilega um grundvallarþætti þessa máls, ekki þá bara lögfræðilega heldur samhengið við nýtingu auðlindarinnar. Það þarf auðvitað að skoða út frá mælikvarða sjálfbærrar þróunar. Í þeim efnum höfum við fengið gott orð utan úr heimi upp á síðkastið. Við huggum okkur gjarnan með því. Það getur út af fyrir sig verið gott að líta til þess sem jákvætt er um okkur sagt utan að. En ég tel að veikleikarnir hjá okkur við meðferð þessara mála séu gífurlega margir.

Eitt atriði hefur verið rætt og gagnrýnt harðlega m.a. af minni hluta sjútvn. Það er kallað byggðapotturinn. Fleiri hugtök komu við sögu, pottagaldrar held ég, hjá málsnjöllum manni úr þingflokki jafnaðarmanna. Hann talaði um pottagaldra í sambandi við þá viðleitni sem fram kemur í þessu frv. og hefur auðvitað borið á áður. Menn hafa reynt að tjasla upp á þetta kerfi og berjast við afleiðingar þess, taka til hliðar ákveðið magn aflaheimilda til að bregðast við sértækum vandamálum. Menn höfðu 500 tonn vegna smábáta fyrir nokkrum árum. Það var síðan afnumið. Nú eru menn með tillögu um 1.500 tonn til þess að bregðast við vá í tilteknum byggðarlögum.

Ég sagði fyrr í umræðunni, í andsvörum við formann sjútvn., að ég er við núverandi aðstæður, á þessari stund, eindreginn stuðningsmaður þess að hafa slíka neyðarútgöngu eða slíkt viðlagaákvæði í lögunum. Ég hefði gjarnan kosið að þarna væri um að ræða stærri pott til þess að bregðast við afleiðingum kerfisins á meðan við finnum okkur ekki aðra leið sem ásættanleg er af meiri hluta þingsins til að skipta um kerfi. Ég tilfærði nýlega sláandi dæmi um aðstæður í sjávarplássi á Austurlandi sem eru eins og einhver orðaði það réttilega, skólabókardæmi um aðstæður sem verður að bregðast við og í rauninni er óhjákvæmilegt að bregðast við því. Það snertir réttlætiskennd manna. Það snertir hag það margra að ekki verður fram hjá gengið. Þær aðstæður gætu komið upp í hvaða kjördæmi landsins sem er og hvenær sem er, þinginu að óvöru, vegna þess að kerfið felur í sér að hægt er að kippa grunninum undan atvinnu manna og lífsafkomu með því að flytja aflaheimildir burtu eða ráðstafa öðruvísi en gerst hefur.

Það hefur komið fram áður, bæði hjá mér og enn frekar af hálfu fyrrv. formanns sjútvn., hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem ítrekað hefur flutt tillögur í þinginu til að bregðast við vandamálum sem skapast af núverandi kerfi. Það var síðast á síðasta þingi með þingmáli 263, um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum. Þar eru ítarleg atriði sem snerta marga augljósa ágalla kvótakerfisins. Þar var m.a. gert ráð fyrir því, og ég var meðflutningsmaður að því máli, að settur yrði viðlagapottur upp á 7 þúsund lestir til ráðstöfunar í byggðarlög sem misst hafa umtalsverðan hluta veiðiheimilda sinna, þar sem fiskveiðar og fiskvinnsla eru uppistaða atvinnulífs. Þetta var heimild sem gert var ráð fyrir að yrði virk á fiskveiðiárinu 1998/1999, 7 þúsund tonn. Ég held að menn taki þarna of lítið undir með þessum 1.500 tonnum. Síðan er sá ágalli á málinu að því er varðar aðsteðjandi vanda nú á þessari stundu að þetta verður ekki virkt fyrr en á næsta fiskveiðiári samkvæmt tillögu meiri hlutans og kannski ekki útfært fyrr en í byrjun næsta árs, ársins 2000. Það kemur til ný stjórn Byggðastofnunar eins og minnt hefur verið á sem væntanlega verður ætlað að útfæra málið þó hugsanlegt sé að núverandi stjórn móti tillögur. Ég geri kröfu til þess, í sambandi við þetta mál, að þannig verði um hnúta búið að hægt verði að grípa á vandamálum af þeim toga sem ég nefndi. Þau geta dunið yfir sjávarbyggðirnar fyrirvaralaust. Þannig stæðu menn ekki tómhentir án þeirra tækja sem til þarf.

Um leið vil ég leyfa mér, virðulegur forseti, að gagnrýna þá röksemdafærslu sem fram hefur komið hjá minni hluta sjútvn. og tekið er undir af hverjum alþýðuflokksmanninum á fætur öðrum, eða jafnaðarmanninum, hvað sem menn vilja kalla sig. Þeir hafa lagst í víking gegn sértækum aðgerðum til að bregðast við ágöllum núverandi kerfis. Þetta er ein aðaluppistaðan í málflutningnum. Það kemur ekki svo mjög á óvart hjá þeim sem vilja láta markaðinn um að leysa sem flesta hluti, ef ég hef lesið rétt í málflutninginn, að það eigi að vera sjálfvirkar, sjálfgengar reglur út frá óskilgreindum hugmyndum um jafnræði sem leysa eigi allan vanda. Ef vandinn er það stór að menn nái ekki saman um hann á Íslandi, þá á að færa þetta undir Evrópuréttinn. Það er mat þingflokks jafnaðarmanna sem vill koma Íslendingum inn í Evrópusambandið hið fyrsta og fá nú óvæntan stuðning frá utanrrh. landsins. Hann hefur nýverið lýst áhuga á því að koma Íslendingum í gættina a.m.k. með því að kanna til þrautar sjávarútvegsþátt málsins. Þingflokkur jafnaðarmanna hefur því fengið liðsstyrk í forustu Framsfl. í þessu mikla hugðarefni, að færa Íslendinga undir Evrópuréttinn í allri grein með aðild að Evrópusambandinu.

Ég heyrði þetta, virðulegur forseti — ég ætla ekki að ræða það sérstaklega — í jómfrúrræðu hjá ungum þingmanni sem er nýkominn í þingið og túlkaði þetta mjög ákveðið í umræðunni í morgun. Ég las reyndar í blaðagrein í Morgunblaðinu eftir sama hv. þm. Þar mátti sjá viðhorf hinna ungu jafnaðarmanna, alþýðuflokksmanna, til byggðarmálanna. Nefndur hv. þm. er því miður ekki hér viðlátin, hv. 15. þm. Reykv., sem skrifaði í Morgunblaðið 7. janúar 1999 undir fyrirsögninni „Byggðamál og borgarsvæði". Það væri vert fyrir menn að lesa sér svolítið til í þeim fræðum til að átta sig á því hvert hin vaska sveit jafnaðarmanna stefnir í sambandi við byggð í landinu og tillögugerð þar að lútandi.

Virðulegur forseti. Ég sé fulla ástæðu til þess að nefna þetta. Það hlýtur að vera mönnum mikil spurning hvert sú fylking sem hefur verið að reyna að koma undir sig fótunum að undanförnu stefni, hvert inntak þeirrar stefnu er. Það skiptir kannski ekki öllu máli hvaða höfuð verða á henni ef málafylgjan er af þeim toga sem margar greinar benda til.

Virðulegi forseti. Litið til einstakra efnisþátta er af mörgu að taka í sambandi við málið. Ég hef látið það koma fram. Ég tel að í þessu frv. hafi menn stytt sér leiðina og ekki kafað djúpt í forsendur sem ég tel að lesa megi út úr dómi Hæstaréttar. Verði niðurstaðan sú að frv. verði lögfest með þeim breytingum sem fyrir liggja þá sýnist mér að til þess komi fyrr en síðar að nýir dómar falli og þingið þarf þá að bregðast við. Meginatriðið í máli mínu hér er að þingið búi sig til að geta lesið betur í málin en verið hefur, efli sig til að

fást við forsendur lagasmíðar þannig að eðlilegra réttarviðhorfa sé gætt og eðlilegt tillit tekið til stjórnarskrárvarinna ákvæða varðandi lagasetningu og lagasmíð.

Það væri mikið fengið, virðulegur forseti, ef þessi atburður, svo leiður sem hann verður að teljast fyrir Alþingi Íslendinga, dómurinn sem ég met almennt séð jákvæðan, verður til að þingið taki sér tak og verði sér úti um tæki til að slíkir atburðir verði ekki árvisst brauð, hvað þá daglegt.

[13:03]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. vék að mjög áhugaverðu atriði sem lýtur að undirbúningi löggjafar bæði af hálfu framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins, sérstaklega með tilliti til stjórnarskrárinnar. Ég er alveg sannfærður um að bæði framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið þurfa að huga að þessum þáttum í miklu ríkari mæli á komandi árum. Það er mjög ör réttarþróun í gangi í Evrópu. Við sjáum það til að mynda á úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu, það kemur einnig upp hjá Evrópudómstólnum og þetta hefur áhrif á réttarþróun á Íslandi.

Víða er sérstaklega hugað að þessum efnum. Í Danmörku til að mynda fær sérstök deild í dómsmálaráðuneytinu öll frumvörp til umsagnar út frá lagatæknilegum sjónarmiðum hliðstætt því að fjármálaráðuneytið fær öll stjórnarfrumvörp til umsagnar út frá fjármálalegum sjónarmiðum og gefur umsögn. Ég held að mikilvægt sé, og tek undir það með hv. þm., að menn hugi að úrlausnum í þessu efni til þess að vanda löggjafarstarfið. Þar koma auðvitað fjölmörg álitaefni til greina, bæði á vegum framkvæmdarvaldsins varðandi undirbúning að frumvörpum og eins ráðgefandi álit. Hér þarf líka að huga að því hvort ástæða er til að koma á fót sérstökum dómstóli til þess að úrskurða um stjórnarskrármálefni. Það er gífurlega mikil ákvörðun að úrskurða að lög sem Alþingi, þjóðþingið sjálft, hefur sett standist ekki stjórnarskrá og allt eru þetta atriði sem ég tel að full ástæða sé til að hugsa og leggja nokkra vinnu í. Ég ætla ekki að kveða upp neina dóma um það hér nákvæmlega með hvaða hætti en ég tek undir að mikilvægt er að þetta verði gert til þess að auka festu og öryggi í löggjafarstarfi og stjórnsýslu í landinu.

[13:05]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna ummælum hæstv. sjútvrh. og dómsmrh. um þetta efni og þeim undirtektum sem hann veitir við þeim hugmyndum, vissulega ekki útfærðum, sem ég var að reifa í máli mínu. Við erum greinilega alveg sammála um að leita þurfi nýrra úrræða fyrir þingið og ríkisvaldið einnig eftir atvikum til að atburðir af þeim toga sem þessi stofnun á undanförnum mánuðum hefur ítrekað verið að reyna endurtaki sig ekki, verði ekki margir því greinilegt er að verulega skortir á að skilningur hafi verið nógu vel ígrundaður, að forsendur hafi verið nægilega vel kannaðar í sambandi við lagasetningu og þingið þarf að gefa meiri gaum að réttarþróuninni og hvert hún er að leiða okkur vegna lagasetningar.

Virðulegur forseti. Ég hefði talið að það þyrfti að koma þessu máli hið fyrsta í formlegan farveg af hálfu þingsins því að það er auðvitað þingið sem hér á í hlut og ríkisvaldið, ríkisstjórn og framkvæmdarvaldið, hefur haft sín úrræði og eins og ég gat um, sumpart þurrausið þá brunna sem helst er fyrir þingið að leita í. Við þurfum að gæta þess að það séu viskubrunnar sem við höfum í að leita í sambandi við þessi mál og að tekið sé af framsýni og víðsýni á málum við lagasetningu og ákvarðanir sem miklu varða fyrir þjóðarheildina.

[13:08]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mikilvægt íhugunarefni en það er engan veginn víst að menn leysi öll vandamál af þessu tagi jafnvel þó að þingið eigi kost á ráðgjafaráliti frá færustu sérfræðingum. Ég er t.d. nokkuð sannfærður um að ef slík ráðgjöf hefði verið fyrir hendi og gefin fyrir 15 árum þegar löggjöfin var sett í upphafi, þá hefði hún ekki verið á þann veg sem dómur Hæstaréttar varð nú um 5. gr. og það sem ýmsir vilja halda fram að dómurinn sé að segja um 7. gr. vegna þess að þá voru aðrar hugmyndir uppi í þessum efnum. Það á sér stað ákveðin réttarþróun og engan veginn er víst að álit sem gefið er á einum tíma standist fyrir dómstóli áratugum síðar. En eigi að síður breytir það ekki þeirri skoðun minni að þetta þarf að íhuga og það þarf að leggja meiri rækt við spurningar sem lúta að stjórnarskránni þegar við erum að setja okkar löggjöf og ekki síst í ljósi þess að ýmsir ytri þættir eru farnir að hafa mjög mikil áhrif á lagasetninguna. Réttarþróunin í Evrópu hefur eðlilega mikil áhrif hér og við þurfum að huga að þeim þáttum öllum og reyna líka að átta okkur á því hvert réttarþróunin er að stefna að þessu leyti.

Síðan er það alveg sjálfstætt íhugunarefni hvort sjálfstæður stjórnlagadómstóll á að koma til skjalanna en við skulum gera okkur fulla grein fyrir því að við leysum ekki málin í eitt skipti fyrir öll. Jafnvel þó að við finnum farveg fyrir svona vinnubrögð, þá getur það alltaf komið upp síðar að lög verða talin stangast á við stjórnarskrá samkvæmt nýjum hugmyndum.

[13:10]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er enginn ágreiningur af minni hálfu við það sjónarmið sem hér kom fram hjá hæstv. ráðherra. Það er auðvitað alveg ljóst og ég sagði það í ræðu minni að dómur af þeim toga sem við stöndum nú frammi fyrir frá Hæstarétti hefði ólíklega fallið fyrir einum fimm, hvað þá tíu árum síðan svo ekki séu nefnd 15 ár vegna þess að ég held að réttarþróunin og skilningur hafi breyst það mikið á þessum tíma m.a. varðandi grundvallarhugtök eins og jafnræði og réttarheimildir sem tengjast því hugtaki.

Sem betur fer verða mál ekki leyst í eitt skipti fyrir öll. Ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðherra um það, og ég segi sem betur fer, vegna þess að þá værum við komnir í alkulið væntanlega ef svo væri. Aðalatriðið er að tryggja flæði hugmynda og endurnýjun hugmynda og að hugmyndir þeirra sem löggjöf setja séu ekki mjög fjarri þeim hugmyndum sem eru í réttarfarskerfinu eða dómstólakerfinu. Þess vegna held ég að t.d. nefnd eða dómstóll eða hvað við viljum kalla það þar sem um væri að ræða tilnefningar frá Hæstarétti og frá lærðum mönnum í Háskóla Íslands, frá lagadeild Háskóla Íslands sem var dæmið sem ég tók, sem mundi tryggja á vissan hátt að þarna yrði um að ræða flæði hugmynda á milli og menn hefðu það sæmilega tryggt að ekki skapaðist tómarúm eða hindranir á slíkri reynslu, slíku streymi sem æskilegt er og nauðsynlegt er að reyna að tryggja. Í framhaldi af þessu finnst mér það tæknilegt úrlausnarefni hvernig hrundið yrði úr vör mótun tillagna til þess að ná því landi sem við hæstv. ráðherra erum alveg sammála um að þurfi að ná í framhaldi af þessum stóru atburðum.

[13:12]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka mjög undir þær hugrenningar sem hér hafa átt sér stað milli hv. þm. og hæstv. ráðherra varðandi gildi þess að leggja í vinnu til að fylgja eftir réttarþróun í landinu. Fyrir því er, eins og þeir hafa fært rök fyrir, full og rík ástæða. Ekki er síður ástæða til þess að leggja í einhverja vinnu til að styrkja stöðu þingsins og það leiðir einmitt hugann að þessari gullnu jafnvægisreglu á milli þeirra þriggja þátta sem menn einatt tala um varðandi þrískiptingu valdsins, þ.e. dómstóla, framkvæmdarvaldsins og löggjafarsamkomunnar. Ég held að með rökum megi halda því fram að dálítið hafi hallað á jafnvægi í þrískiptingu valdsins. Ég tek sem sagt undir þær hugrenningar.

Hins vegar lýsi ég furðu minni á þeirri falleinkunn sem hv. þm. gaf Lagastofnun Háskóla Íslands og hafi ég tekið rétt eftir rökstuddi hv. þm. þá falleinkunn á Lagastofnun háskóla annars vegar með því að hér væri bara um hagsmunasamtök að ræða og hins vegar væru skoðanir skiptar meðal prófessora innan Lagastofnunar.

Mér þykir rétt, herra forseti, að vekja athygli á því að hér er ekki bara um einhverja stofnun að ræða. Hér er um Lagastofnun Háskóla Íslands að ræða, stofnun sem starfar í nafni Háskóla Íslands og þarf þar af leiðandi að uppfylla ákveðin skilyrði. Akademían stendur fyrir ákveðin fræði eins og hv. þm. veit og þess vegna get ég ekki fallist á þá einkunn sem hv. þm. gaf stofnuninni.

Þau rök sem hv. þm. færði gilda í raun um hvaða stofnun sem er. Meira að segja innan Hæstaréttar eru oft og tíðum skiptar skoðanir, hvað þá hér í sölum Alþingis þannig að með þeirri röksemdafærslu sem hér var flutt má segja að á sama hátt séu þessar stofnanir ómarktækar og hygg ég að það sé ekki meining hv. þm.

[13:14]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað nauðsynlegt þegar rætt er um þetta álitaefni, stofnanir háskólans sem hafa vaxið upp til hliðar við deildir háskólans á undanförnum árum — ég hef fylgst með þessari þróun því að þetta var ekki til fyrir nokkrum árum, ég tala nú ekki um þegar ég kom fyrst inn á þing. Þá vorum við á Alþingi að leita til Háskóla Íslands, til deildarmanna eða beindum erindum til Háskóla Íslands og þá veigruðu menn sér við því þegar þessum erindum fjölgaði að sinna þessum störfum og fá ekkert fyrir. Þá þróast það eðlilega og er svo sem ósköp tengt ýmissi annarri þróun í samfélaginu að þessi fyrirtæki eru stofnuð til að skapa farveg fyrir útsölu á vinnu þeirra sem taka að sér verkefni. Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga. Það sem er við að athuga og ég hef gert athugasemdir við, er að menn leggi annan skilning í eðli þessara fyrirtækja starfsmanna við Háskóla Íslands í einstökum deildum, að menn leggi einhvern annan skilning í það heldur en ber. Þetta eru fyrirtæki sem eru að selja út hugmyndir sem einstakir tilgreindir aðilar þar standa ábyrgir fyrir. Þetta eru ekki fræðilegar álitsgerðir sem deildir háskólans standa að heldur eru þetta sjónarmið og niðurstöður tilgreindra ágætra heiðursmanna sem skrifa undir það. Því miður er það svo að verið er að fara með þetta þannig að það er verið að eyðileggja þetta. Ég nefndi álitsgerð sem tengdist gagnagrunni á heilbrigðissviði. Hún átti að vera eitthvert þungavigtarplagg í því samhengi og var þannig farið með hana í þeirri umræðu að það ætti að vekja athygli alþjóðar á því. Ég sem sagt hef verulega annan skilning á þessu máli en mér heyrist hv. þm. hafa og tel að hann þurfi að skoða betur innviði þessara stofnana og tengsl við það sem við köllum Háskóla Íslands.

[13:17]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvort það kunni að vera að afstaða hv. þm. til þessarar stofnunar byggi á því að í gagnagrunnsmálinu svokallaða hafi komið álitsgerð sem hv. þm. er ekki að skapi. En ég ítreka það sem ég nefndi áðan að þessar stofnanir starfa í nafni Háskóla Íslands og til þeirra eru gerðar ákveðnar akademískar kröfur. Þar starfa jafnframt fróðustu menn á sínu sviði sem hafa þá meginreglu að starfa hlutlægt. Ég tel það í rauninni alvarlega ásökun á stofnanir háskólans að ráðast á þær eins og hv. þm. gerði án þess að geta nefnt dæmi um það að því valdi sem fylgir að starfa undir merkjum Háskóla Íslands hafi verið misbeitt. Ég veit ekki dæmi þess og bið þá þingmanninn að nefna slík dæmi. Ég ítreka að hér eru fróðustu menn á sínu sviði sem starfa undir merkjum Háskóla Íslands, starfa undir merkjum akademíunnar með þeirri merkingu sem felst í akademíu.

[13:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að bregðast við þessu máli vegna þess að nauðsynlegt er að ræða það og nauðsynlegt fyrir þingið að öðlast sæmilegan skilning á vegna þess að þessi viðskipti fara í vaxandi mæli fram milli þingnefnda á hv. Alþingi og stofnana Háskóla Íslands þar sem menn eru að panta álitsgerðir. Hér kemur þingmaðurinn og talar um ákveðnar akademískar kröfur. Ég held það sé alveg nauðsynlegt fyrir Alþingi, kannski fyrir háskólann, ég veit það ekki, að kanna hvort menn séu þarna að fá álitsgerðir frá Háskóla Íslands. Eru menn að fá álitsgerðir frá Háskóla Íslands, undir fræðilegum kröfum þeirrar stofnunar? Er Háskóli Íslands að samsama sig með þeim álitsgerðum sem þaðan koma? (**HjÁ:** Lána nafn sitt.) Lána nafn sitt, það er nefnilega það sem er kannski hið alvarlega í málinu en ekki það að þetta mál er tekið upp í því samhengi sem ég reiði það fram. Ég er ekki að gera nokkra einustu athugasemd við það að menn sem eru starfandi við Háskóla Íslands veiti álit og taki fyrir það sanngjarna þóknun. Ég er ekki að gera neina athugasemd við það. Ég er að gera athugasemd við að farið er að ræða þessi efni eins og verið sé að reiða fram fræðilegar niðurstöður úr viskubrunni Háskóla Íslands. Það er það ekki. Að mínu mati er rangtúlkun að líta á að svo sé. Ég held að hv. þm. eigi að skoða þessi mál miklu betur og að full þörf sé á því fyrir þingið að átta sig á þessum þáttum. Þetta hefur færst mjög í vöxt. Álitsgerðirnar um Evrópusambandið og inngöngu í það voru eitt af því sem utanrrn. notfærði sér á sínum tíma. Álitsgerðir í þykkum doðröntum liggja fyrir en þær höfðu ekkert með viðhorf Háskóla Íslands að gera heldur var þetta seld vinna þeirra manna sem lögðu nafn sitt við.

[Fundarhlé. — 13:21]

[13:43]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Lögin um stjórn fiskveiða eru til meðferðar rétt eina ferðina og nú vegna dóms Hæstaréttar sem vissulega er ekki venjulegt. Eins og við var að búast hefur umræðan um grundvallarbreytingar á lögunum um stjórn fiskveiða blossað upp eftir að dómur Hæstaréttar var kveðinn upp.

Umræður um kvótakerfið eru svo logandi í þjóðfélaginu að ekki var við öðru að búast en breytingar á lögunum kölluðu á hugleiðingar manna úr öllum áttum um hvort hagfelldar breytingar mætti gera sem sátt gæti orðið um. Þegar umræðan er komin af stað í þinginu bendir hins vegar fátt til þess að svo geti orðið ef marka má umræðuna hér og þá miklu umfjöllun sem jafnan fer fram í fjölmiðlum um lögin um stjórn fiskveiða og allt sem lýtur að nýtingu auðlinda sjávar.

Af hálfu stjórnarflokkanna var ekki gert ráð fyrir því að taka upp lögin um stjórn fiskveiða á þessu stigi. Hæstaréttardómurinn kom hins vegar mörgum á óvart og eins og eðlilegt og nauðsynlegt var af hálfu ríkisstjórnarinnar var brugðist strax við og leitað leiða til þess að skýra stöðuna, koma í veg fyrir óvissu og standa þannig að málum að þrátt fyrir dóm Hæstaréttar yrði ekki nein viðvarandi óvissa um þennan mikilvæga atvinnuveg okkar, sjávarútveginn. Eftir skoðun málsins varð það niðurstaðan að rétt væri að bregðast við dómi Hæstaréttar með því að leggja til að breytingar yrðu gerðar á 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og öðrum ákvæðum laga sem tengjast aðgangi að veiðileyfum en ekki væri efni til þess að leggja til breytingar á 7. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Þetta er sá útgangspunktur sem valinn var og við höfum verið að vinna á grundvelli hans síðustu dagana í þinginu.

Í dómi Hæstaréttar er hvergi vikið að því að ástæða sé til að bregðast við með öðrum hætti en þeim sem ríkisstjórnin gerir í frv. sínu, þ.e. að taka til við breytingar á 5. gr. Eins og oft vill verða fer umræðan um víðan völl og það hefur heyrst að menn hafa talið að einnig þyrfti að gera breytingar á 7. gr. en niðurstaðan er hins vegar sú sem hér er til umfjöllunar, breytingar á 5. gr., og breytingar sem leiða af henni og varða fyrst og fremst smábátaútgerðina.

Að mínu mati voru viðbrögð ríkisstjórnarinnar hárrétt að því er varðar breytingar á 5. gr. laganna og engra annarra kosta var völ en að ganga mjög hratt til verks að þessu leyti og sjá til þess að allri óvissu væri eytt sem fyrst. Í dómi Hæstaréttar kemur fram það sjónarmið að eðlilegt sé og full heimild til að bregðast við og forða ofveiði á fiskstofnunum. Í dómnum segir m.a., með leyfi forseta, ég vildi aðeins árétta það sem þar kemur fram:

„Löggjafanum er rétt að takmarka fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ef uggvænt þykir, að fiskstofnar séu í hættu. Byggist það á almennum valdheimildum handhafa löggjafarvaldsins og fullveldisrétti ríkisins, sbr. 2.–4. gr. laga nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Ákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar standa því ekki í vegi að í lögum sé mælt fyrir um slíkar takmarkanir, enda sé almannahagsmunum fyrir að fara. Af forsögu núgildandi fiskveiðistjórnarlaga er ljóst, að löggjafinn hefur talið að almannaheill ræki til takmörkunar veiðanna. Ekki eru efni til þess að því mati verði haggað af dómstólum."

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að undirstrika alveg sérstaklega það sem kemur fram í dómi Hæstaréttar því að sumir hafa efast um heimildir til að takmarka aðganginn að auðlindum sjávar og atgangur sá, sem ýmsir hafa staðið fyrir og hefur helgast af því að reyna að fá aðgang að auðlindinni, hefur verið miðaður við að stjórnvöldum væri ekki heimilt að takmarka aðganginn.

Að mínu mati hefur kvótakerfið sem slíkt sannað gildi sitt sem sóknarstýringaraðferð. Vandinn og deilurnar hafa hins vegar staðið um útdeilingu á aflahlutdeild og þar með aflamarki á hvert skip og ekki síst hinu ótrúlega verði á aflaheimildum sem ganga kaupum og sölum á milli útgerða. Ég lít svo á að það fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum búið við hafi sannað gildi sitt að langmestu leyti en þetta sé stærsti og erfiðasti gallinn á því sem er hins vegar í rauninni ekki galli á löggjöfinni heldur er framkvæmdaratriði og snýr að útvegsmönnum sem kaupa og eru tilbúnir til að kaupa aflaheimildir á svo háu verði sem raun ber vitni. Ég tel því að það sé fyrst og fremst vandi útgerðarmannanna sjálfra sem hafi skapað það háa markaðsverð sem ógnar e.t.v. kerfinu sem slíku.

Spurt er hvort kvótakerfið sé í hættu eftir dóm Hæstaréttar. Ég tel að svo sé alls ekki. Með þeim breytingum sem við erum að fjalla um á 5. gr. er komið til móts við það sem dómurinn fjallar um og þá niðurstöðu sem hann gefur en eftir sem áður á að vera hægt að halda þessu kerfi. Hins vegar þurfum við auðvitað að gæta þess að gera á því endurbætur eins og við höfum verið að gera á undanförnum árum. Þann tíma sem ég hef verið á þingi höfum við staðið fyrir mjög umfangsmiklum lagfæringum á lögunum um stjórn fiskveiða sem ég tel að hafi allar verið til mikilla bóta og við þurfum að þróa kerfið og færa það til betri vegar. Ég vil sérstaklega vekja athygli á þeim breytingum sem við höfum gert, hvort sem um er að ræða takmörkun á framsali, reglum um skattalega meðferð, sem varðar að vísu ekki lögin um stjórn fiskveiða, sem var afar mikilvægt að gera breytingar á. Í þriðja lagi má nefna ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða um hámarkseign einstakra útgerðaraðila. Fleira mætti nefna af breytingum sem við höfum verið að gera á lögunum um stjórn fiskveiða og allar miða að því að gera kerfið skilvirkara og betra sem grundvöll fyrir sjávarútveg á Íslandi.

Ég nefndi áðan að verðið á aflaheimildum sem ganga í kaupum og sölum, bæði leiguverð og sala á varanlegum aflaheimildum, er allt of hátt. Í rauninni er óskiljanlegt hvernig það hefur verið að þróast og ég vil að það komi fram að ég tel að útgerðarmenn beri á þessu mjög mikla ábyrgð og það sé svo komið að slík verðlagning á aflaheimildum sé sá partur af þessu öllu saman sem ógnar einna helst lögunum um stjórn fiskveiða og í raun öllu fiskveiðistjórnarkerfinu.

En hvaða leiðir eru til að bæta þessa stöðu, bæta hér úr? Við höfum kosið til verka svokallaða auðlindanefnd. Hún er að störfum og henni er ætlað að skoða hvernig við getum nýtt auðlindir okkar sem best og hvernig við tökum á gjaldtöku gagnvart auðlindunum. Starf nefndarinnar er að því er ég best veit komið nokkuð á veg en engar niðurstöður liggja fyrir eða eru mér vitanlega uppi á borðinu. Ég bind mjög miklar vonir við starf þessarar nefndar. Í nefndina voru kjörnir fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna og við verðum að binda miklar vonir við starf nefndarinnar og að hún geti orðið til þess að leggja fram tillögur sem mætti fjalla um á Alþingi og gætu leitt til meiri sáttar um nýtingu auðlinda, bæði auðlinda hafsins og auðlinda í jörðu og nýtingu þeirra.

Hvað varðar nýtingu auðlinda sjávar og hið svokallaða kvótakerfi hafa menn gagnrýnt annars vegar að nota þetta aflamarkskerfi sem ég tel að hafi sannað gildi sitt. Menn hafa síðan gagnrýnt það og krafist þess að tekið yrði upp veiðileyfagjald, settur skattur á sjávarútveginn og þannig yrðu þeir sem hefðu veiðiheimildir knúnir til að greiða aflaeða veiðigjald eða auðlindagjald í ríkissjóð.

Ein leiðin sem menn hafa nefnt til að komast út úr þessu kerfi, brjóta kerfið upp er uppboðsleiðin, þ.e. að notuð yrði sama aðferð og menn nota við sölu laxveiðileyfa í ám og

vötnum. Auðvitað þarf að skoða þá hugmynd eins og allt annað í þessu sambandi en ég hef ekki séð hvaða möguleikar væru á því að bjóða upp aflaheimildir og skapa þá miklu óvissu sem mundi fylgja því. Sala á aðgangi, sala á veiðileyfum fyrir íslenskan sjávarútveg verður að vera þannig að það sé stöðugleiki. Það sé ekki algerlega hendingu háð hvaða heimildir útvegsmenn og þar af leiðandi hvaða möguleika fiskvinnslan í landi hefur til þess að vinna og selja síðan afurðir. Ég get ekki séð að sú leið, sem ýmsir „ábyrgir aðilar" — við skulum hafa þetta innan gæsalappa — hafa nefnt, sem er uppboð á veiðiheimildum, sé fær nema settar séu mjög miklar girðingar, mjög harðar og háar girðingar eins og er nú í tísku að tala um á vinstri væng stjórnmála a.m.k., til þess að tryggja að á einni nóttu færu ekki allar veiðiheimildir úr einstöku byggðarlögum.

Í annan stað má nefna að það mætti skoða, og það hlýtur að verða skoðað í náinni framtíð, hærra aðgangsgjald að auðlindinni. Við þekkjum það í dag að innheimt er veiðileyfagjald af útgerðinni sem er viss krónutala á tonn. Það er ekki há upphæð en það er vafalaust eitt af því sem verður skoðað í framtíðinni að teknu tilliti til þess kostnaðar sem ríkissjóður hefur af rannsóknum á auðlindum hafsins og eftirliti með veiðum o.s.frv. Ég tel að eðlilegt sé að það gjald sem greitt er fyrir veiðileyfi standi undir þeim kostnaði sem tengist beint útveginum. Ég hef hins vegar ekki getað fallist á að tilefni væri til að efna til sérstakrar skattlagningar á sjávarútveginn sem hluta af stjórnkerfi í sjávarútvegi.

Þá vil ég nefna hér sem eitt af því sem hefur verið rætt og ég tel að þurfi að ræða um, að vísu er ekki sérstök ástæða til þess við þessa umræðu að eyða miklum tíma í það því hér er um svo þröngt og afmarkað svið þessarar löggjafar að ræða en það er skattlagning söluhagnaðar þegar útgerðarmenn ganga út úr rekstri í sjávarútvegi. Það getur hins vegar ekki verið partur af lögum um stjórn fiskveiða, það hlýtur að verða að taka öðruvísi á því en það er alveg ljóst að hið háa verð veiðiheimilda, sem verið er að greiða fyrir, kallar á umræðu um það hvernig megi ná til baka, þá í þágu almennings, þeim mikla hagnaði sem verður í einhverjum tilvikum af sölu á réttindum í sjávarútvegi.

Umræðurnar um það frv. sem hér er til meðferðar hafa hins vegar fyrst og fremst snúist um smábátana. Menn hafa að því er virðist verið nokkuð sammála um, þrátt fyrir minni háttar efasemdir af hálfu stjórnarandstöðunnar, að gera þessar breytingar á 5. gr. Umræðan hefur fyrst og fremst snúist um þær breytingar sem jafnframt er verið að gera á því skipulagi sem snýr að smábátaútgerðinni.

Sú gagnrýni sem fram hefur komið af hálfu stjórnarandstöðunnar gæti bent til þess að stjórnarandstaðan hefði hreinlega ekki áttað sig á því hvaða hætta er á ferðinni ef ekkert verður að gert til að verja smábátaútgerðina. Mikilvægasta viðfangsefni okkar er að setja lög um stjórn fiskveiða sem fjalla um heildarhagsmuni. Hins vegar fer ekki hjá því að við verðum að líta til einstakra útgerðarhópa þegar verið er að setja lög. Hér er það gert með því að fara sérstaklega í þá þætti sem snúa að smábátaútgerðinni. Mér sýnist að hér hafi meiri hluti hv. sjútvn. náð býsna góðri lendingu.

Það er afar mikilvægt, ekki síst fyrir hinar dreifðu byggðir, að tryggja að útgerð smábáta geti verið bærilega eðlileg. Smábátaútgerðin þróast mjög mikið og með tilkomu fiskihraðbáta og betri báta almennt hefur bátum fjölgað mjög mikið eins og allir þekkja. Með þessu frv. og brtt. hv. sjútvn. er leitast við að verja smábátaútgerðina og tryggja að smábátaútgerðin geti sinnt því mikilvæga hlutverki sem hún hefur tekist á hendur í síauknum mæli.

Ég hefði hins vegar talið heppilegra að við hefðum í þessum áfanga, af því nú er farið ofan í þessa löggjöf, getað einfaldað kerfið. Niðurstaðan er hins vegar sú að halda áfram með svokallað dagakerfi sem ýmsir leggja mjög mikla áherslu á og ég hef lagt áherslu á að væri nauðsynlegt. Niðurstaðan er sem sagt sú sem við höfum hér fyrir framan okkur. Ég geri engar athugasemdir við breytingartillögur meiri hluta sjútvn. Mér sýnist að þar hafi náðst lending sem við getum verið bærilega ásátt um, miðað við aðstæður.

Gagnrýnt hefur verið að Byggðastofnun skuli ætlað að hafa til ráðstöfunar tiltekin tonn sem nýta mætti til að koma til móts við byggðarlög sem lenda í hremmingum. Stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt þetta og reynt að gera tortryggilegt. Ég tel þetta mjög mikilvægan hluta löggjafarinnar og algerlega óhjákvæmilegan, ekki síst vegna þeirrar óvissu sem hæstaréttardómurinn hefur valdið. Fyrir vikið er nauðsynlegt að Byggðastofnun geti, eins og hér er gert ráð fyrir, komið til móts við byggðir sem lenda illa úti. Þá er gert ráð fyrir að koma til móts við minni aflamarksbáta. Ég tel það einnig hafa verið nauðsynlegt.

Á heildina litið sýnist mér hv. sjútvn., meiri hluti hennar, hafa unnið býsna gott starf, komist að niðurstöðu sem ástæða er til að vekja athygli á að styrkir smábátaútgerðina. Ég vænti þess að breytingarnar geti orðið til að festa kerfið í sessi.

Ég ítreka að auðvitað þurfum við að vera á verði. Við þurfum að hafa fiskveiðistjórnarkerfið í stöðugri endurskoðun, ekki til þess að valda óvissu heldur til þess að bregðast við breyttum aðstæðum. Þar á ég við breyttar aðstæður í útgerðinni og ekki síður breyttar aðstæður almennt, en stöðugleikinn er það allra mikilvægasta fyrir sjávarútveginn.

Fyrir liggur að álag á auðlindir jarðarinnar hefur vaxið mjög mikið. Maðurinn er laginn við að finna leiðir til að nýta auðlindir. Það er afar mikilvægt fyrir okkur hér á Íslandi, í þessu stóra landi, fyrir fámenna þjóð sem byggir á auðlindum hafsins að ganga þannig um land og haf að ekki sé tjaldað til einnar nætur. Ég vil því nefna það sérstaklega að við eigum að standa þannig að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða að umfram allt skuli þess gætt að það tryggt sé að við ráðum við sóknina, að ekki verði brestur á stjórn fiskveiða á Íslandsmiðum. Sá var nú tilgangurinn með lögunum um stjórn fiskveiða, að stjórna aðgangi að fiskimiðunum án þess að búa við sérstakt lögregluríki hvað það varðar.

[14:08]

Magnús Árni Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. lýsti áðan kostum og göllum kvótakerfisins. Hann taldi að helsti galli kerfisins væri að verðið á kvótanum væri of hátt. Samkvæmt þeim kokkabókum sem ég hef lesið hingað til greiða menn yfirleitt það verð sem þeir sjá sér hag í að greiða. Ef verðið er of hátt þá kaupa þeir ekki eða kaupa eitthvað annað. Ef verðið er hátt þá þýðir það að aflaheimildir eru mikils virði fyrir þá sem kaupa þær. Hvers vegna ekki að láta þá fjármuni sem menn eru til í að borga fyrir slíkar heimildir renna til eigenda auðlindarinnar frekar en þeirra einstaklinga sem voru á réttum stað á réttum tíma í byrjun síðasta áratugar?

Mig langar einnig að spyrja hv. 2. þm. Vesturl.: Hvað vill hann gera við þessu háa verði? Á að setja á verðstýringu og koma á verðlagsráði? Hvar er trú sjálfstæðismanna á hinn frjálsa markað?

[14:11]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að fá viðbrögð frá hv. þm. um þetta atriði, ekki síst með tilliti til ræðunnar sem hann flutti í morgun. Ég vakti sérstaka athygli á því að verðið væri ótrúlega hátt. Ég tel að það sé of hátt, bæði verð á leigukvóta og varanlegum aflaheimildum. Ég tel út af fyrir sig ekkert fyrir löggjafann að gera í þessu, ég tók það sérstaklega fram. Engu að síður tel ég ástæðu til að vekja athygli á þessu. Með því kapphlaupi og háa verði sem hefur viðgengist eru útgerðarmenn að ógna kerfinu. Þeir ógna kerfinu að ég tel og það er ekki í þágu útgerðarinnar og alls ekki í þágu fiskvinnslunnar sem endanlega verður að taka á sig hluta af verðinu. Auðvitað kemur það fram í fiskverðinu.

Fyrst og fremst eru þetta varnaðarorð af minni hálfu. Mér er hins vegar mjög vel ljóst að stjórnvöld hafa afskaplega lítið um það að segja hvað útgerðarmenn eru tilbúnir til þess að greiða fyrir aflaheimildir. Þannig er nú bara hinn frjálsi markaður.

[14:11]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veiti því athygli að hv. þm. Sturla Böðvarsson er að tipla í kringum gjaldtöku í sjávarútvegi. Hann nefndi að e.t.v. væri ráðlegt að skattleggja þar sérstaklega söluhagnað. Ég vænti þess að hv. þm. hafi velt þessum málum eitthvað fyrir sér áður en hann varpar þessari hugmynd fram. Ég vil því gjarnan fá svör við nokkrum spurningum sem hljóta að leita á mann þegar hugmyndin er reifuð.

Í fyrsta lagi: Finnst þingmanninum eðlilegt að skattleggja söluhagnað í sjávarútvegi umfram söluhagnað í öðrum atvinnugreinum? Nú höfum við heyrt um mjög háar fjárhæðir þegar menn eru að selja fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum. Telur hann að það eigi að vera sérákvæði í skattalögum gagnvart sjávarútvegi þegar um söluhagnað er að ræða? Hvernig sér hann það fyrir sér? Á þetta að gerast við sölu hlutabréfa í fyrirtækjunum og þá hlutabréfum allra, bæði einstaklinga, fyrirtækja, lífeyrissjóða — allra? Hvernig telur hann að hægt sé að fara með það sem kallað er óbein eignaraðild í sjávarútvegi, ef beita ætti þeirri aðferð?

Ég hef velt þessu fyrir mér sjálf. Mér finnst þetta vera afskaplega flókið og hef ekki alveg náð til lands þegar þessi aðferð er skoðuð. Þess vegna væri áhugavert að fá að heyra hvaða skoðanir eða niðurstöður hv. þm. hefur fundið í vangaveltum sínum um þetta mál.

[14:13]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var eðlileg spurning hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. Spurningin er vissulega flókin og ekki einfalt að svara því hvernig setja eigi sérstakar reglur um skattlagningu á hagnaði í sjávarútvegi umfram aðrar atvinnugreinar. Það tel ég í rauninni ekki hægt.

Varðandi það að ég hafi tiplað í kringum gjaldtöku þá sagði ég hreint út að ég tel að skoða þurfi hvort ekki sé eðlilegt að útvegurinn greiði kostnað við eftirlit og megnið af hafrannsóknum, eftirlit með veiðum og þvílíka hluti. Það mundi leiða til þess að þessi gjaldtaka yrði hækkuð.

Ég hef hins vegar tekið það skýrt fram að ég er á móti því að við nýtum sjávarútveginn sem sérstaka auðlind, skattauðlind, þar sem við mundum, eins og ýmsir jafnaðarmenn og jafnvel breiðfylkingarmenn á vinstri vængnum hafa talað um, ná inn miklum tekjum fyrir ríkissjóð. Ég get ekki fallist á það.

Niðurstaða mín er því sú að eðlilegt sé að skoða hvort útvegurinn eigi að greiða hærra gjald fyrir veiðileyfin til að standa undir kostnaði vegna sjávarútvegsins, sem ríkissjóður hefur í dag, en ekki séu efni til neinnar sérstakrar skattlagningar.

[14:15]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig grunaði að niðurstaða þingmannsins yrði sú að þetta væri mjög flókið af því að fyrirtæki í sjávarútvegi eru ýmislegt fleira en kvóti og staða þeirra fer ekki endilega eftir kvótastöðu, þ.e. rekstrarleg staða og söluandvirði fyrirtækisins eða hlutabréfanna.

En af því að þingmaðurinn vék aftur að fyrri ræðu sinni þar sem hann var að ræða um gjaldtöku í sjávarútvegi finnst mér ástæða til að komi fram vegna orða hans að jafnaðarmenn hafa talað um það að menn ættu að greiða fyrir aðganginn að auðlindinni. Nú er það svo að eftir að stjórnarmeirihlutinn hefur samþykkt fyrirliggjandi frv. og brtt. við það verður allur veiðiréttur á Íslandsmiðum orðinn söluvara og útvegsmenn eru að selja hver öðrum þennan rétt. Við höfum eðlilega spurt eins og þjóðin: Af hverju fá þeir að selja hver öðrum aðgang að auðlindinni þegar eigandi auðlindarinnar fær ekkert í sinn hlut? Þetta er sú grundvallarspurning sem menn verða að svara.

Þó svo að hið sjálfsagða gerist, sem þingmaðurinn vék að, að sjávarútvegurinn færi að borga sjálfur fyrir ýmsa þá þjónustu sem hann nýtur og færi þar með út af fjárlögum með ýmsa hluti stendur hitt þó eftir að Alþingi er búið að ákveða að veiðirétturinn sé söluvara og við það hljóta menn að setja spurningarmerki. Það hafa jafnaðarmenn gert og telja óeðlilegt að viðskipti með veiðiréttinn fari fram eins og þau gera í dag.

[14:17]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þingmaðurinn kom inn á ákvæði, sem fjallað er um í frv. og breytingartillögum hv. sjútvn., sem varðar heimildir til þess að selja þá veiðidaga sem viðkomandi smábátaútgerðir hafa.

Það er mat manna að hæstaréttardómurinn kalli á þessa heimild. Það verði að vera möguleiki á því að selja allar heimildir, hvort sem einingin er dagur eða tonn. Sú varð niðurstaðan enda er eðlilegt að sömu reglur gildi um allan útveginn. Þetta vildi ég að kæmi sérstaklega fram hér.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi og ég talaði um, skattlagningu á hagnaði af sölu, var ég fyrst og fremst og einungis að tala um þegar aðilar hætta útgerð, fara út úr greininni og selja veiðiheimildir sínar. En ég tók sérstaklega fram að þetta er ekki einfalt mál. Það verða að gilda sömu reglur. Engu að síður tel ég að vegna þess m.a. að það er sérstakt ákvæði um endurskoðun á lögunum að ákveðnum tíma liðnum þurfum við að skoða þetta þannig að fólkið í landinu átti sig á því að við erum að skoða kerfið í heild sinni, einnig kosti þess og galla. Það er því afar mikilvægt að þessi þáttur sé skoðaður eins og allt annað.

Ég vil bara endurtaka það sem ég sagði mjög skýrt í ræðu minni að ég tel að við þurfum að halda þannig á málum að lögin um stjórn fiskveiða séu í stöðugri endurskoðun, ekki til þess að rústa grundvöll sjávarútvegsins heldur til þess að bæta löggjöfina eins og best verður hverju sinni.

[14:20]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þessi umræða hefur staðið nokkuð lengi í dag og fer nú að ljúka. Fjölmörg atriði hafa komið fram sem talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa gert skýra grein fyrir og ég sé ekki sérstaka ástæðu til að fara yfir þau. Ég vil hins vegar freista þess í nokkrum orðum að draga fram þætti sem ég tel vera meginatriði í málinu.

Herra forseti. Þetta mál snýst um pólitíska grundvallarágreining. Það gerði það þegar við 1. umr. og núna í 2. umr. Við skoðun breytingartillagna frá meiri hlutanum og nál. bæði meiri hluta og minni hluta er alveg ljóst að um grundvallarágreining er að ræða. Þetta hefur gleymst svolítið í tæknilegri umræðu um útfærslu smábátakerfisins sem er vitaskuld mikilvægur þáttur í fiskveiðistjórninni en hæstv. ríkisstjórn hefur notað þennan þátt til að draga umræðuna frá hinum pólitíska ágreiningi.

Það sem okkur stjórnmálamönnum ber skylda til að gera hér er að bregðast við dómi Hæstaréttar. Það var tilefnið til að breyta löggjöf. Nú hafa allir flokkarnir á hinu háa Alþingi stefnu í sjávarútvegsmálum, mismunandi vel útfærða. Ýmsir af flokkunum eru að undirbúa stefnu sína fyrir komandi kosningar, og vitaskuld er umræða sem þessi tækifæri til að draga fram helstu þætti í slíkri stefnumótun. Hins vegar er tilefnið annað, það er dómur Hæstaréttar sem við þurfum að bregðast við.

Það er ljóst um hvað dómurinn fjallar því að hann segir það beinlínis sjálfur. Hann dæmir ólöglega úthlutun veiðileyfa. Það kemur alveg skýrt fram í dómnum. En Hæstiréttur gerir annað. Hann setur ramma um stjórn fiskveiða og hann tengir þennan ramma þremur lagaákvæðum. Það eru þessi tvö ákvæði stjórnarskrárinnar sem voru skoðuð út frá þeim málavöxtum sem lágu fyrir dómnum, þ.e. jafnréttisákvæðið og atvinnufrelsisákvæðið. Þriðja stoðin í þessu uppleggi Hæstaréttar er 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Oft hefur verið vitnað til 1. málsliðar þessarar greinar, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar."

Þetta er 1. málsliður. En greinin í heild hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Þetta er mjög skýrt í lögum. Það er ekki einungis að nytjastofnarnir séu sameign heldur verður fiskveiðistjórnarlöggjöf að stuðla að verndun og hagkvæmni í nýtingu fiskstofna. Það er beinlínis krafa löggjafans við lagasetningu að hér sé hagkvæmt fiskveiðistjórnarkerfi. Það er líka sagt hvað þetta fiskveiðistjórnarkerfi á að gera. Það á ekki bara að vera hagkvæmt, það á að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Því eru sett ströng skilyrði í lögum um stjórn fiskveiða hvað útfærslu löggjafarinnar varðar.

Síðan er kveðið á um það í þessari grein að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Við höfum hins vegar séð það gerast á þeim tíma sem liðið hefur frá því að fyrst var sett löggjöf um núverandi kvótakerfi.

Ríkisstjórnin túlkar dóm Hæstaréttar þannig að einungis sé verið að tala um veiðileyfi vegna þess að dómurinn tók einungis afstöðu til þess hvort heimilt væri að synja Valdimar Jóhannessyni um veiðileyfi á grundvelli bréfs hans eins og hann lagði það upp á sínum tíma. Niðurstaða Hæstaréttar var að ráðuneytinu væri ekki heimilt að synja honum um veiðileyfi vegna þess að úthlutun veiðileyfa er tiltölulega einföld. Hún byggir á því að sá einn geti fengið veiðileyfi sem átti skip á árunum 1981–1983, og það er þessi viðmiðunarregla sem Hæstiréttur segir að brjóti í bága við ákvæði þeirra laga sem ég vísaði til. Hann færir fyrir því rök að menn hafi mátt setja þessi lög í upphafi þegar mikil hætta vofði yfir fiskstofnum og af því að þetta var gert tímabundið en síðan breyttist form löggjafar. Þessa umræðu þekkjum við.

Við eigum sömuleiðis að þekkja það sem segir í lögum um stjórn fiskveiða, að við úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum, þ.e. kvóta, komi einnig einungis þeir til greina sem áttu skip á árunum 1981–1983. Það er alveg ljóst í lögunum um stjórn fiskveiða.

Það er þess vegna, herra forseti, sem við höfum sagt í þessu máli: Þetta er stærra mál en svo að hægt sé að reyna að leysa einungis spurninguna um hverjir eigi að fá veiðileyfið. Við stjórnarandstæðingar höfum sagt: Þessi dómur felur í sér að menn verða einnig að skoða úthlutun veiðiheimilda, þ.e. kvótans, vegna þess að sama regla er lögð til grundvallar við úthlutun veiðiheimilda. Þessu hafnar ríkisstjórnin alfarið. Það er í þessu, herra forseti, sem hinn pólitíski ágreiningur liggur milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þess vegna framsetningin sem stjórnarandstæðingar hafa komið með í þessu máli allt önnur. Ríkisstjórnin skoðar einungis 5. gr., túlkar hana reyndar á nokkuð sérkennilegan máta vegna þess að hún tekur upp stjórnkerfi um smábáta og breytir því í veigamiklum atriðum, fyrst í frv. og síðan enn og aftur og reyndar mun meira í brtt. sem eru til umræðu og koma til atkvæðagreiðslu að lokinni 2. umr.

Herra forseti. Það var hægt að taka upp veiðistýringu smábáta án dóms Hæstaréttar. Ef menn kusu að gera breytingar, hvort sem menn kusu að gera þær í átt við það sem meiri hluti sjútvn. leggur til í brtt. sínum eða í einhverja aðra átt, þá þurftu menn ekki dóm Hæstaréttar til að gera þessar breytingar. Ekkert í dómi Hæstaréttar kveður á um að útfærslan skuli vera með þeim hætti sem meiri hluti sjútvn. hefur lagt upp með.

Við erum að takast á um hugtakið „gjafakvótakerfi". Við höfum lýst þessu fiskveiðistjórnarkerfi þannig að eitt aðaleinkenni þess sé að kvótum er úthlutað ókeypis, nær ókeypis því það er reyndar greitt smávægilegt þróunarsjóðsgjald fyrir veiðileyfin eða fyrir kvótann. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa lagst hatrammlega gegn þessu sjónarmiði. Þeir hafa að vísu hörfað smátt og smátt aðeins í áttina að þeim málflutningi sem við höfum talað fyrir, nú síðast í ræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, sem sagði: Það er sanngjarnt að greitt sé fyrir veiðileyfi eða veiðiheimildir þannig að sá kostnaður sem ríkisvaldið verður fyrir vegna sjávarútvegs sé þá borinn upp af handhöfum kvótans. Þetta er ein af skoðunum sem heyrst hefur í sambandi við veiðileyfagjald, að fara þá leið að stilla gjaldtökuna þannig að hún verði ekki hærri en sem nemur kostnaði við sjávarútveginn, hvort sem það er eftirlit, menntun eða ýmsir aðrir þættir sem tengjast sjávarútvegi, sem eru nokkrir milljarðar, þrír, fjórir, fimm milljarðar í dag, það fer eftir því hvernig menn reikna það dæmi.

Aðrir segja, þar á meðal við jafnaðarmenn, að þetta

snúist um sameiginlega auðlind og þá sanngirniskröfu að almenningur fái réttláta hlutdeild í afrakstri auðlindarinnar þannig að gjaldtaka geti þegar fram líða stundir orðið meiri en nemur kostnaði hins opinbera við sjávarútveginn, þegar fiskstofnar hafa náð að braggast og fyrirtækin geta unnið við slík skilyrði.

Um þetta hefur ríkt pólitískur ágreiningur um nokkra hríð í íslensku samfélagi. Hann kemur einnig fram í þessu máli þó við ættum að reyna að einskorða okkur við rammann sem Hæstiréttur setur okkur. Meginþátturinn er sá að okkar mati að taka verður úthlutunarkerfið, úthlutunarregluna til endurskoðunar vegna þess að hún brýtur í bága við þessar lagagreinar nákvæmlega eins og veiðileyfareglan, því þetta er sama reglan.

Nú liggja fyrir í sjútvrn. að ég held um 3.000 umsóknir frá einstaklingum sem sækja um veiðileyfi eða kvóta, misjafnt hvernig menn hafa orðað það í bréfum sínum. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa bréf sem hæstv. sjútvrh. var sent. Ég hef fengið leyfi bréfritara til að kynna bréfið hér á hinu háa Alþingi. Bréfið sem er skrifað í Kópavogi 6. jan. 1999. Sá sem skrifar það er ekki alveg ókunnugur hér í þingsölum. Það er Jón Ármann Héðinsson, fyrrv. alþingismaður, sem þekkir vel til íslensks sjávarútvegs. Bréfið er svona, með leyfi forseta, og ég ítreka að ég hef leyfi Jóns Ármanns Héðinssonar til að lesa bréfið:

„Umsókn um veiðileyfi og aflamark, 6. des. 1998.

Ég sendi þetta bréf þar sem mér hefur enn ekki verið svarað þótt 30 dagar séu liðnir og er það alls ekki í samræmi við góða stjórnsýslu og vinnubrögð í hæstv. ráðuneyti þínu. Ég krefst þess án undanbragða að fá jákvætt svar við beiðni minni. Til upplýsingar, þótt ég viti að þér sé kunnugt um mikilvægan þátt minn í íslenskum sjávarútvegi, vil ég minna á eftirfarandi:

Ég kom með hugmyndina að flokkunarvél fyrir síld árið 1962 og greiddi tilraunir og gerð fyrstu vélarinnar. Þetta skapaði aukalega hundruð milljóna króna næstu árin fyrir afla í síldinni þar sem síldin var á næstu árum mjög blönduð og stundum algjörlega óvinnandi nema í gegnum flokkun. Nú er loðna flokkuð í mjög stórum stíl með sömu aðferð og geysileg verðmætasköpun vegna þessa í stað gúanóvinnslu.

Árið 1966 komum við bræðurnir með nýtt skip og það stærsta sinnar tegundar fyrir síld og loðnu. Í ms. Héðni ÞÁ 57 voru eftirtalin atriði heimsnýjung þá: Tvær þverskrúfur, sjókælitankur og sogdæla fyrir síld og fleira. Nokkur ár tók fyrir aðra að koma með slík skip og var upplýsingasöfnun og vinna við smíðina algjörlega mitt verk sem tók nærri tvö ár og víða farið til viðræðna og samninga um lausn á verkinu. Þetta var upphafið að þeirri veiðigetu sem hringnótaskipin sýndu síðar og gaf þjóðarbúinu ómælda milljarða kr.

Vegna aldurs hætti ég beinni vinnu við útgerð, fiskvinnslu og sölu eftir nær 40 ára starf. Heilsan er mjög góð og ég á smábát á Húsavík núna og vil fá að veiða á heimaslóðum eins og áður. Þetta er minn réttur samkvæmt stjórnarskránni" segir í bréfi Jóns Ármanns.

Og hann heldur áfram:

„Mér er mætavel kunnugt um þróun fiskveiðistjórnunar samkvæmt íslenskri löggjöf. Ég var fyrsti formaður fyrstu nefndarinnar í um þrjú ár sem kom með ný lög um fiskveiðar við landið árið 1970. Einnig var ég í fleiri nefndum og sat lengi á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Ég met þig mjög mikils fyrir skoðun þína á friðun vissra svæða til lengri tíma og þrengingu á togveiðarfærum. Ég hef enga sérstaka löngun til þess að standa í deilum við ráðherra eða ráðuneytið þar sem ég vann nærri fimm ár hér áður fyrr. Ég vil fá þetta einfalda leyfi. Það skaðar alls engan einstakling og ég þvælist hvergi fyrir neinum.

Með mikilli virðingu, Jón Ármann Héðinsson, Birkigrund 59, Kópavogi."

Þetta, herra forseti, er bréf til hæstv. sjútvrh., Þorsteins Pálssonar.

Jón Ármann hafði jafnframt sent stutt bréf 6. des. þar sem hann sagði, með leyfi forseta:

„Umsókn um veiðileyfi og aflamark. Með þessu bréfi sækir undirritaður um fullt veiðileyfi innan íslensku fiskveiðilögsögunnar og aflamark, samanber lög um stjórn fiskveiða, nr. 38. Aflamarkið sem undirritaður óskar eftir að fá í hlutdeild sína er eftirfarandi: Tólf tonn af þorski, fimm tonn af ýsu, eitt tonn af steinbít, hálft tonn af hlýra, hálft tonn af lúðu, hálft tonn af keilu og hálft tonn af karfa. Samtals 20 þúsund kíló eða 20 tonn.

Ég á smábát og mun fullnægja öllum reglum um búnað til veiða og sjósóknar. Ég byrjaði árið 1942 sem háseti og hef gert út og verkað fisk frá árinu 1956, en átti ekki skip einmitt þegar viðmiðunarmörkin voru sett og missti því formlega af gjafaaflamarkinu. Nú þegar dómur frá Hæstarétti liggur fyrir tel ég augljóst að ég hafi jafnræðisrétt til veiða, samanber 1. mgr. 1. gr. laga sem vitnað er í hér að ofan. Þetta verður fullkomlega vistvæn veiði og skilar úrvalshráefni.

Virðingarfyllst, Jón Ármann Héðinsson."

Aftur las ég úr bréfi til hæstv. sjútvrh.

Ég les þessi bréf, herra forseti, vegna þess að þau eru hluti af Íslandssögunni. Jón Ármann Héðinsson er í bréfi sínu að lýsa mjög merkilegri þróun. Þeir sem starfað hafa í sjávarútvegi þurfa ekki að vera mjög gamlir til að þekkja vel þessa sögu. Þeir muna vel eftir Héðni er hann kom með fyrstu sjókælinguna. Menn þekkja þá Húsvíkinga sem stóðu að útgerð þessa skips. Nú er Jón Ármann 71 árs gamall, heilsuhraustur og vill fá að sækja sjóinn, sem hefur verið hans aðalatvinna alla tíð fyrir utan þann tíma sem hann sat sem fulltrúi almennings í þessum sal. Af hverju, herra forseti, fær slíkur maður ekki veiðileyfi? Af hverju fær hann ekki smávægilegan kvóta til að fiska á efri árum eins og hann óskar eftir? Hvers á hann að gjalda og hvers eiga aðrir að gjalda í þessu kerfi, sem hefur sýnt sig að er óréttlátt að miklu leyti og ósanngjarnt? Það hefur jafnframt verið dæmt ólöglegt.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar svarar í engu bréfi Jóns Ármanns Héðinssonar. Verði frv. ríkisstjórnarinnar og brtt. lögfestar á eftir eða á morgun, þá getur Jón Ármann fengið veiðileyfi en engar veiðiheimildir. Hann verður að kaupa þessar veiðiheimildir á frjálsum markaði. Vitaskuld munu margir af þessum þremur þúsundum sem sóttu um veiðiheimildir fara í mál aftur. Það þarf ekki endilega að vera Valdimar Jóhannesson. Þeir verða margir Valdimararnir sem fara munu í mál. Þeir munu krefjast þess á grundvelli fyrri dóms Hæstaréttar að þeim verði úthlutað veiðiheimildum. Þeir munu krefjast þess að fá úthlutað kvóta vegna þess að Hæstiréttur sagði í dómi sínum að veiðiúthlutunarkerfið væri byggt á sömu reglu og úthlutun veiðileyfa.

Ríkisstjórnin er því með mjög einfalda hugsun í þessu máli. Hún ætlar að knýja þetta frv. í gegn. Hún veit mætavel að málið mun rekið fyrir dómstólum. Hún veit það mætavel. Hún veit líka að það verður ekki búið að dæma í því máli fyrir kosningar í vor. Um það snýst allt málið.

Í dómnum eru gefnar ákveðnar leiðbeiningar fyrir löggjafann varðandi fiskveiðistjórnarkerfið og sanngjarna hlutdeild. Í dómnum er rifjuð upp aðferðin, þrengingin, að einungis þeir sem áttu skip á árunum 1981–1983 hafi komið til greina við úthlutun veiðileyfa og veiðiheimilda. Þegar búið er að lýsa því að sú regla brjóti í bága við stjórnarskrá segir í dómnum, með leyfi forseta:

„Með þessu lagaákvæði er lögð fyrirfarandi tálmun við því að drjúgur hluti landsmanna geti, að öðrum skilyrðum uppfylltum, notið sama atvinnuréttar í sjávarútvegi eða sambærilegrar hlutdeildar í þeirri sameign, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru, og þeir tiltölulega fáu einstaklingar eða lögaðilar sem höfðu yfir að ráða skipum við veiðar í upphafi umræddra takmarkana á fiskveiðum."

Hæstiréttur er einfaldlega að segja: Annaðhvort verða menn að fá sama atvinnurétt í sjávarútvegi eða njóta sambærilegrar hlutdeildar í sameigninni. Ef menn njóta ekki sambærilegrar hlutdeildar verða menn að geta sótt um veiðileyfi og veiðiheimildir á jafnréttisgrundvelli. Auðvitað þurfa að vera reglur, það er beinlínis sagt í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna að fiskveiðistjórnarkerfið verði að vera hagkvæmt. Auðvitað þurfa að vera úthlutunarreglur. Það er enginn að tala um að leggja eigi niður allar úthlutunarreglur. Það verður ekki gert, vitaskuld ekki, en það þarf að breyta reglunum. Úthlutunarreglur sem taka einungis mið af þeim sem áttu skip á árunum 1981–1983, brjóta í bága við stjórnarskrá.

Hæstiréttur segir: Annaðhvort verða allir Íslendingar að fá sambærilegan möguleika á því að stunda sjóinn eða þeir verða að fá sambærilega hlutdeild í sameigninni. Hvernig geta menn fengið sambærilega hlutdeild í sameigninni? Jú, t.d. með veiðileyfagjaldi. Ef almenningur fær sanngjarna hlutdeild í fiskveiðiarðinum, þeim arði sem auðlindin skilar í íslenskt þjóðarbú, þeim arði sem nú rennur til útgerðarfyrirtækja, þá er þessi krafa Hæstaréttar líka uppfyllt.

Það er því nokkuð merkilegt, og e.t.v. hefur þessi þáttur í dómi Hæstaréttar ekki verið dreginn nógu skýrt fram, að ein af þeim lausnum sem til greina koma til að mæta dómi Hæstaréttar er að leggja á veiðileyfagjald í íslenskum sjávarútvegi. Það getur verið ein af lausnunum. Þær geta verið fleiri en þetta er ein af þeim leiðum sem Hæstiréttur bendir á.

Hins vegar er alveg ljóst í mínum huga, herra forseti, að hið nýja smábátastjórnkerfi sem hér er lagt upp með hefur nær ekkert með dóm Hæstaréttar að gera. Það bregst á engan hátt við þeirri meginkröfu dómsins að taka upp úthlutunarkerfi.

Þess vegna, herra forseti, er aðkoma stjórnarinnar ólík aðkomu stjórnarandstöðunnar. Stjórnin leggur þetta upp með því að segja: Við ætlum bara að breyta 5. gr. Við ætlum líka að taka upp allt sem viðkemur smábátunum og setja nýtt kerfi þar. Þeir hafa talað fyrir þessu og segjast ekki ætla að gera neinar aðrar breytingar. Við í stjórnarandstöðunni höfum sagt, herra forseti: Þetta mál er miklu stærra í sniðum en ríkisstjórnin vill vera láta. Það mun ljóst verða þegar Hæstaréttur fellir dóm í næsta máli af þessu tagi.

Nú mundu menn segja: „Gott og vel, eins og spurt hefur verið í þessari umræðu, þið eruð annarrar skoðunar en stjórnin. En hvar eru tillögurnar? Hvar eru lausnir ykkar á þessum vanda?"

Ég hef verið að reyna að lýsa aðkomunni að þessu máli eins og við stjórnarandstæðingar sjáum það. Við segjum: Þetta er miklu stærra mál en svo að nóg sé að gera breytingu á 5. gr. og taka upp tiltekna þætti í stjórn smábáta. Það verður að skoða málið í stærra samhengi. Þá er mjög gott fyrir okkur í stjórnarandstöðunni að vísa til þeirra ákvæða í málefnaskrá samfylkingarinnar sem fjalla um sjávarútvegsmál. Þetta var stefnumörkun sem var ákveðin í sumar og á eftir að útfæra og kynna nánar en þar segir að sameign þjóðarinnar á nytjastofnum skuli vera bundin í stjórnarskrá. Þar segir að tekið skuli sanngjarnt gjald fyrir afnot af auðlindum í þjóðareign til lands og sjávar sem verði m.a. notað til að standa straum af þeim kostnaði sem þjóðin ber af nýtingu þeirra og stuðla að réttlátri skiptingu á afrakstri auðlindanna. — Þarna er tekin afdráttarlaus afstaða í mjög umdeildu stefnumáli, vitaskuld í því samhengi að við erum að tala um auðlindir, miklu fleiri auðlindir en bara fiskimiðin.

En við segjum líka að stjórnkerfi fiskveiða verði gerbreytt fyrir árið 2002. Það verður að stokka þetta kerfi upp og dómur Hæstaréttar, sem kemur eftir að þessi orð eru skrifuð, staðfesta það að þessi stefnumörkun, þ.e. að endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið frá grunni, var rétt. Þar eru mörkuð hjá okkur, eins og komið hefur fram í málflutningi stjórnarandstæðinga hér og eru hluti af stefnumörkun samfylkingarinnar, þau áhersluatriði að einstakir aðilar hafi ekki tekjur af ráðstöfun veiðiréttinda. Við höfnum því gjafakvótakerfi sem er við lýði. Við viljum að fiskveiðistefnan tryggi vernd og skynsamlega nýtingu. Við viljum að aðild nýliða að greininni verði auðvelduð. Við viljum efla fiskmarkaði og stuðla að því að verðmyndun afla miðist í auknum mæli við markaðsverð. Sum okkar hafa lagt fram tillögu um það að allur fiskur fari á markað en það er reyndar í samræmi við skoðanir flestra sjómanna.

Við í stjórnarandstöðunni höfum því yfirgripsmikla og róttæka stefnu í sjávarútvegsmálum. Við svörum dómi Hæstaréttar með því að segja: Hefjumst handa við þessa vinnu, við það að móta hina nýju stefnu sem felur í sér ekki einungis uppstokkun á reglum um úthlutun veiðileyfa heldur einnig uppstokkun á reglum um úthlutun kvóta. Við höfum rakið í þingræðum, bæði í þessari umræðu og í 1. umr. fjölmargar leiðir sem í sjálfu sér koma þar til greina og hægt væri að hafa um langt mál. Ég ætla ekki að gera það nú vegna þess að ég hef verið að reyna að freista þess í umræðunni að draga skýrt fram að það er pólitískur ágreiningur um efnið. Við skulum þá ekki tapa okkur í tæknilegri útfærslu á einstökum lausnum.

Við erum ekki að leita að sátt við ríkisstjórnina um hvernig bregðast eigi við dómi Hæstaréttar. Við erum ekki að leita að neinni sátt við ríkisstjórnina um það efni. Ríkisstjórnin hefur komið skýrt fram með skoðun sína. Við erum ósammála henni. Við erum ósammála mati ríkisstjórnarinnar og við leggjum til allt aðra leið. Við erum á móti þessu frv. Við erum á móti þessum viðbrögðum við dómi Hæstaréttar. Ríkisstjórnin hefur sömuleiðis þann rétt að hafna sjónarmiðum okkar. Vitaskuld hefur hún rétt til þess. Að nokkru leyti hafa stjórnarsinnar þó, aldrei þessu vant, tekist nokkuð á við okkur í málefnalegri umræðu.

Hér skilur milli stjórnar og stjórnarandstöðu og pólitík snýst um það, herra forseti. Ekki hvað síst þegar dregur að kosningum er mjög mikilvægt fyrir almenning í landinu að átta sig á því að Sjálfstfl. og Framsfl. verja núverandi gjafakvótakerfi fram í rauðan dauðann, það sama kerfi sem við viljum afnema. Þess vegna, herra forseti, er langeðlilegast og hreinlegast að kjósa um þessar mismunandi pólitísku áherslur í vor.

[14:51]

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Í sambandi við það mál sem hér er til umfjöllunar, löggjöf í mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar, ætla ég að undirstrika að enn er ósvarað mörgum grundvallarspurningum til þess að menn geti myndað sér skoðun í smáatriðum hvernig eigi að útfæra stjórn fiskveiða betur en gert er í dag.

Árið 1992 bað ég Sigurð Líndal lagaprófessor að gera álitsgerð um hvort 3. gr. fiskveiðistjórnarlaganna stæðist ákvæði stjórnarskrár. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa þrjár línur úr álitsgerðinni:

„Í 3. gr. laga um stjórn fiskveiða er ákvörðunarvald um að leggja bönd á atvinnufrelsi manna, framselt sjútvrh., og verður ekki séð að það samrýmist 69. gr. stjórnarskrárinnar svo sem Hæstiréttur hefur túlkað hana."

Þessa álitsgerð sendi ég ríkisstjórninni og ég veit að hún var send tvíhöfða nefndinni sem þá var að störfum í sjávarútvegsmálum og síðan veit ég ekkert hvað varð um hana. Þess vegna hef ég lagt fram skriflega fyrirspurn á hv. Alþingi til sjútvrh. um hvað hafi orðið um þessa álitsgerð og hvers vegna hafi ekki verið tekið mið af henni.

Meining mín er sú að ef Alþingi ákveður aflahámark, eins og ég tel að skylt sé að gera, þá fer fram umræða í löggjafarsamkomu þjóðarinnar um hversu mikið má veiða af einstökum tegundum og þannig geta þingmenn sett sig inn í það og er það til mikilla bóta. Takmörkun á atvinnufrelsi í mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar á ekki að fara fram í einhverjum lokuðum klúbbi eða jafnvel bara í einhverri tölvu úti í bæ. Það er aldeilis ófært. Án nokkurrar umræðu. Allra síst ef miðað er við reynsluna sem ég rifjaði upp í gærkvöldi.

En aðeins í sambandi við atvinnuréttindin. Það hefur verið skilgreint að útgerðarmenn ættu tiltekin atvinnuréttindi, þ.e. eignarréttindi í formi atvinnuréttinda. En ekki hefur verið spurt um atvinnuréttindi fiskvinnslu í landi, atvinnuréttindi fiskverkafólks og atvinnuréttindi sjómanna. Þessum grundvallarspurningum verður að fá svar við því að Alþingi getur ekki markað vandaða löggjöf nema fá svar við þessum spurningum. Ég ætla ekki að fullyrða að þessir aðilar eigi einhver sérstök atvinnuréttindi en löggjöfin verður að vera hafin yfir allan vafa og þess vegna á að fá svar við þessum grundvallarspurningum, lögfræðilega skilgreiningu á þessum atvinnuréttindum.

Ef ég leyfi mér aðeins að láta hugann fljúga, t.d. hvort atvinnuréttindi sjómanna eru fyrir hendi, þá getur vel verið að ef kvóti er leigður af bát eigi hluti af leigutekjunum að koma til skipta samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Þar væri kannski um að ræða atvinnuréttindi sjómanna á viðkomandi bát. Ég ætla ekki að fullyrða að svo sé en mér finnst samt líklegt að sjómenn eigi einhver atvinnuréttindi eins og aðrir ríkisborgarar.

Fiskvinnsla hlýtur líka að eiga einhver atvinnuréttindi. Ég rifjaði það upp í gær að til er lögfræðiálit Viðars Más Matthíassonar, lagaprófessors uppi í háskóla, sem unnið var fyrir ári þar sem hann kemst að því að fiskvinnsla eigi tiltekin atvinnuréttindi, þ.e. fasteignir og fjárfestingar í landi. En á meðan hv. Alþingi hefur ekki látið fara fram slíka grundvallarvinnu er mjög erfitt fyrir þingmenn að mynda sér skoðun eða semja vandaða löggjöf, og ég tala ekki um ef þetta er unnið í tímahraki. Ég vildi því undirstrika að allir alþingismenn, þingmenn í öllum flokkum eiga að sameinast um að vinna þessa grundvallarvinnu til að menn geti síðan markað sínar pólitísku stefnur í framhaldi af þeirri vinnu.

Mig langar aðeins að vitna í margumræddan hæstaréttardóm, með leyfi hæstv. forseta:

„Löggjafanum er rétt að takmarka fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ef uggvænt þykir að fiskstofnar séu í hættu."

Ég undirstrika þetta. Ef uggvænlegt þykir að fiskstofnar séu í hættu þá er heimilt að takmarka fiskveiðar. Þessi setning segir að ef það er ekki neitt uggvænlegt með einhvern fiskstofn er vafasamt að það megi beita róttækum takmörkunum, frekar að það mætti beita almennum takmörkunum en á því er mikill munur.

En síðar segir í hæstaréttardómnum:

„Þær skorður, sem atvinnufrelsi á sviði fiskveiða við strendur Íslands eru þannig reistar með lögum, verða á hinn bóginn að samrýmast grundvallarreglum stjórnarskrárinnar. Dómstólar eiga úrskurðarvald um það, hvort löggjafinn hafi að því leyti gætt réttra sjónarmiða."

Ég dreg þessa löggjöf í efa þó ekki væri nema vegna þess að veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar, eins og ég rifjaði upp í gær, hefur aldrei reynst rétt. Aflasveiflur hafa alltaf verið á Íslandsmiðum. Ég ætla að minna á greinargerð sem Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, vann. Hann var með samanburð á hitastigi og aflahlutum aftur til ársins 1600, þ.e. í nærri 400 ár. Hann bar saman hitastig í Stykkishólmi og aflasveiflur á Íslandsmiðum og í ljós kom að afli jókst um 40% við hverja gráðu sem hiti hækkaði í Stykkishólmi. Aflasveiflur og veðurfarssveiflur hafa því alltaf fylgst að í þessi 400 ár. Þessi 400 ára reynsla er því ekki lítið innlegg í umræðuna.

Ég ætla líka að minna á að líffræðideild Háskóla Íslands og prófessorar þar vöruðu við því þegar kvótakerfið var sett á að ekki væri verið að beita réttri nýtingarstefnu þar sem vaxtarhraði hafði fallið í þorskstofninum um 30% árin 1980–1983. Margir aðrir náttúrufræðingar, sjálfstætt starfandi fiskifræðingar og leikmenn hafa gagnrýnt forsendur fyrir þeirri friðunarstefnu sem er rekin í Norður-Atlantshafi. Ég rifjaði það upp í gær, hæstv. forseti, að þorskafli í Norður-Atlantshafi er einungis orðinn einn þriðji af því sem hann var meðan veiðar voru frjálsar og það getur ekki talist merkilegur árangur.

Á Íslandi var samin svokölluð svört skýrsla 1975 og sagt að ef ekki væri farið að tillögum Hafrannsóknastofnunar mundi þorskstofninn hrynja. Ekki var farið eftir þessum tillögum og þorskstofninn blómstraði beinlínis við meinta ofveiði, þ.e. hann var 830 þús. tonn 1975 og það var haldið áfram að veiða 360 þús. tonn að meðaltali næstu fimm árin og þorskstofninn stækkaði um helming eftir ofveiði um 600 þús. tonn.

Mér finnst mjög margt benda til að sams konar uppsveifla sé í sjávarskilyrðum við Ísland í dag. Enda kom út bók Hafrannsóknastofnunar um nytjastofna á Íslandsmiðum 1995 þar sem sagði að þorskstofninn á þessu ári, ef fylgt væri tillögum þeirra, mundi verða 780 þús. tonn en hrygningarstofninn mundi minnka niður í 280 þús. tonn. Síðan kemur út skýrsla þeirra núna í ár og þá er hrygningarstofninn allt í einu orðinn 560 þús. tonn, og ég orðaði það sem svo að það hefði rignt 280 þús. tonnum af hrygningarfiski óvænt ofan í miðin. En auðvitað var um að ræða uppsveiflu sjávarskilyrða eins og 1975–1980.

Varðandi flotastærð á Íslandsmiðum verð ég að taka undir það að ég held að strandveiðiflotann þurfi að takmarka. Reyndar er nægilegt að takmarka hann með dagatakmörkunum að mínu mati, miðað við þá reynslu sem við höfum af veiðum. En t.d. í veiðum á kolmunna eigum við engin skip þannig að ekkert væri því til fyrirstöðu að breyta eitthvað reglunum, t.d. hvað varðar kolmunna. Við eigum engin nógu stór skip til að stunda þær veiðar þannig að arðsemi sé tryggð. Það þarf mjög stór og þung skip til að draga þau veiðarfæri sem kolmunninn veiðist í. Þó að það sé kannski hægt að gera það á minni skipum er það ekki eins öruggt og ekki eins arðsamt.

Við eigum túnfisk sem við erum lítið byrjuð að veiða bæði utan við landhelgina og í landhelginni, búra og margar fleiri fisktegundir sem við erum ekkert farin að nýta. Ég spyr bara: Hvaða floti er afgangs í þetta? Er hann einhver? Ég veit ekki til þess að nein stór skip séu nokkurn tímann verkefnalaus. Ég ætla að minna á að loðnuveiðar hafa ekki náðst í mörg, mörg ár. Það hefur alltaf gengið af kvótanum 100–200 þús. tonn og gerir það sjálfsagt enn þá í ár. Er þá flotinn of stór ef við erum að tapa af kannski milljarði á ári vegna þess að við náum ekki að veiða það sem sérfræðingar segja að við megum veiða? Þá er önnur spurning: Þurfum við að takmarka veiðar þegar við náum ekki að veiða það sem við megum veiða? Það er a.m.k. rétt að spurt sé.

Mér virðist að þetta málefni, stjórn fiskveiða, og hvernig fjölmiðlar koma inn í það — það er orðið það mikið í tísku, eins og ég sagði í gærkvöldi, að friða þorsk í Norður-Atlantshafi, að við erum eiginlega komin á sömu braut og Bandaríkjamenn með hvalafriðun. Við Íslendingar höfum orðið að þola að mega ekki veiða hval fyrir tískuþrýsting í gegnum fjölmiðla. Það er aðalmálið. Menn hafa ekki haft bein í nefinu til þess að leyfa hvalveiðar á Íslandi og spyrna á móti þessari tísku. Það finnst mér mjög miður. Enn meira miður þykir mér ef fara á sömu braut með þorskinn. Ég ítreka að þorskveiðar eru orðnar einn þriðji af því sem þær voru. Það eru engar þorskveiðar við Grænland og engar þorskveiðar við Kanada. Þorskurinn hætti að vaxa þegar hann var friðaður og ég rakti það í gærkvöldi og ég ætla ekki að gera það aftur nú, þannig að þyngsti fiskurinn á svæðinu var kominn í um 800 grömm 1993 í Kanada, og það var hrygningarstofninn, sem dó svo að lokinni hrygningu.

Aðeins hefur verið rætt um brottkast afla, hæstv. forseti, og hvað eigi að gera í því sambandi. Ég hef í sjálfu sér enga patentlausn á því. En það fyrsta sem á að gera er að auka aflaheimildir í þorski um 50 þús. tonn til að minnka þá spennu sem er um þorskveiðar. Kvótaleiga í dag á 96 kr. sýnir að menn eru að kaupa þetta í nauðvörn. Menn eru að leigja aflaheimildir í nauðvörn til þess að fá að komast að öðrum fisktegundum sem þeir hafa heimildir til að veiða, til þess að geta gert út. Þeir eru að kaupa sér aðgöngumiða að þorski, aðgöngumiða að öðrum fisktegundum með því að kaupa þorskveiðiheimildir á 96 kr. því að getur enginn keypt þorskveiðiheimild á 96 kr. til þess að hafa arð af því, því að menn fá ekki nema 90–96 kr. að meðaltali fyrir fiskinn þegar hann kemur í land. Það má kannski líkja þessu við sjúkling með 96 stiga hita þegar hann ætti vera með 37, því það væri eðlilegt að segja að verðið gæti verið 37 kr. þannig að einhver glóra væri í því.

Ég hef þá lausn á þessu máli að auka framboð á aflaheimildum. Þá minnkar borttkastið um leið og þá lækkar verð á veiðiheimildum og kvótakerfið fer kannski að virka eins og það átti að gera. Þorskstofninn er nefnilega miklu stærri en sérfræðingar segja og það er miklu meira af þorski því að hann er alltaf að þvælast fyrir mönnum. Þess vegna eru þeir að neyðast til þess að kaupa þessar heimildir á svona háu verði. Það er bara að menn vilja ekki skilja þetta. Það má ekki tala um að reiknilíkan veiðiráðgjafa sé ónýtt.

Alla rannsóknarstarfsemi Hafrannsóknastofnunar tel ég vera með ágætum, þó ég vildi reyndar fá samkeppni á því sviði. En ég tel að túlkun þeirra á rannsóknargögnum sé algjörlega út í hött. Ég sagði í gær að fiskifræðingar og fiskihagfræðingar uppi í háskóla ættu að biðja þjóðina afsökunar á öllu því bulli sem þeir hafa látið frá sér fara. Ég ætla að ítreka það nú. Það kemur að því að þeir verða að gera það vegna þess að þetta bull í kringum ofveiði á þorski í Norður-Atlantshafi er að verða hneyksli að mínu mati eins og Watergate-hneykslið í Bandaríkjunum á sínum tíma. En fjölmiðlar á Íslandi eru svo slappir að þeir þora ekki að kynna sér þetta af því það er ekki í tísku. Maður selur kannski enga auglýsingu á eftir umfjöllun um eitthvert mál sem er ekki í tísku. Það verður að vera í tískunni til þess að geta selt auglýsingarnar, og fjalla bara um umhverfismál, friða hval, friða þorsk, friða, friða. Vera í tískunni. Friða gelda gæs hjá Eyjabökkum, friða alls staðar. Það er tískan. Svo dansa menn eftir tískunni og stjórnmálamenn á eftir. Þannig halda þeir að þeir verði vinsælir.

En við skulum ekki gleyma því að þessi saga verður öll skráð. Þegar upp verður staðið verða þeir ekkert vinsælir sem feyktust með í vitleysunni. Auðvitað snýst þetta ekki um vinsældir. Þetta snýst um skyldur, skyldur hv. alþingismanna að vita hvað er rétt í því sem verið er að halda fram. Er það rétt sem ég er að segja að það sé engin ofveiði á þorski? Ég er búinn að kynna mér þetta sem leikmaður í tíu ár, bæði hér á Íslandsmiðum og annars staðar í Norður-Atlantshafinu. Niðurstaðan er sú að þessi veiðiráðgjöf sé alltaf röng. Mönnum datt í hug að búa til reiknilíkan fyrir 30 árum sem hefur aldrei staðist. Þetta reiknilíkan virðist vera svo heilagt að ekki má tala um að það sé ekki nothæft. Það er heldur ekki í tísku að tala um það. Við skulum ekki gleyma því.

Ég tel sem sagt að hv. alþingismenn í öllum flokkum eigi að afla sér svara við grundvallarspurningunni um atvinnuréttindi allra í sjávarútvegi. Það er númer eitt. Síðan eiga þeir að kynna sér hvað er hæft í þeirri gagnrýni sem ég og margir fleiri, vísindamenn, náttúrufræðingar, veðurfræðingar, líffræðingar, margir uppi í háskóla sem þora ekki að láta á sér kræla því að það er jafnvel mannorðsmissir að tala um þetta. Allir þessir gagnrýnendur eiga skilið að Alþingi Íslendinga hlusti á það hvað þeir hafa fram að færa þó þeir séu minnihlutahópur. Þegar upp verður staðið skráir sagan það alveg eins og þegar menn héldu því fram að jörðin væri flöt. Á hvaða forsendum héldu menn því fram þá? Ég rifjaði það upp í gærkvöldi. Samkvæmt bestu ríkjandi vísindalegu þekkingu sem þá var til. Nákvæmlega sami frasinn og í dag. 300 ár í mannkynssögunni eru ekki langur tími.

Þegar hv. alþingismenn hafa fengið svör við grundvallarspurningum um atvinnufrelsi, atvinnuréttindi, hvort framsal er í núverandi stjórnarskrá, hvort framsal er í núverandi fiskveiðistjórnarlögum og hvort jafnréttisákvæðum er fullnægt geta þeir farið að smíða vandaða löggjöf í þessari mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar. Ég harma að sú vinna skuli ekki hafa verið unnin fyrr en betra er seint en aldrei.

[Fundarhlé. — 15:09]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:33]

Svanfríður Jónasdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Samandregin eru viðbrögð ríkisstjórnarinnar við dómi Hæstaréttar þessi: Að öll veiðiréttindi, aflahlutdeild og sóknardagar skuli verða framseljanleg sérréttindi þeirra sem eru fyrir í kerfinu. Að endurnýjunar- og úreldingarreglur þurfi að afnema strax, þó ekki nema í hluta flotans. Og að setja þurfi upp tímabundna millifærslusjóði, þar af einn til úthlutunar hjá stjórn Byggðastofnunar.

Þingflokkur jafnaðarmanna telur að þessi viðbrögð ríkisstjórnarinnar gangi ýmist þvert á eða hafi ekkert með dóm Hæstaréttar að gera. Þessi viðbrögð, herra forseti, tryggja hvorki réttlæti né vinnufrið í greininni. Rétt er að ríkisstjórnarflokkarnir beri einir ábyrgð á viðbrögðum sínum. Við munum því sitja hjá við afgreiðslu frv. og brtt. meiri hluta sjútvn.

[15:34]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er gott að búa í landi þar sem Hæstiréttur er frjáls í ákvörðunum sínum burt séð frá afstöðu stjórnvalda á hverjum tíma. Sá dómur Hæstaréttar, sem við höfum rætt hér, kallar hins vegar á tvenns konar viðbrögð. Annars vegar eiga viðbrögðin að varða stöðu Hæstaréttar sjálfs. Ég tel að nú eigi að ræða hvort fjalla eigi um skipan hæstaréttardómara á Alþingi framvegis í stað þess að hafa það mál einvörðungu á snærum framkvæmdarvaldsins eins og nú er. Í því sambandi minni ég á frv. mitt í þeim efnum sem flutt var fyrir fáeinum árum og ég mun endurflytja nú næstu daga.

Í annan stað kallar dómur Hæstaréttar á breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða sem við höfum rætt hér. Viðbrögð stjórnvalda með þessu frv. eru tvímælalaust of þröng, í raun og veru hættulega þröng, og ég hef leitt skýr rök að því í þessum umræðum, rök sem hefur ekki verið mótmælt. Eðlilegra hefði verið að takmarka gildistíma laganna með því að samþykkja nú sólarlagsákvæði eins og við alþýðubandalagsmenn gerum tillögu um. Jafnframt hefði átt að setja í gang vinnu við að gera tillögur um nýtt fiskveiðistjórnarkerfi sem stenst grunvallarkröfur stjórnarskrárinnar.

Við alþýðubandalagsmenn drögum tillögu okkar nú til baka til 3. umr. en viljum ekki greiða atkvæði um málið sjálft að sinni. Við teljum að málið sé gallað, bæði í heild og í einstökum atriðum, til þess að við viljum bera ábyrgð á því að einu eða neinu leyti og vísum því að öllu leyti á ábyrgð stjórnarflokkanna. Við sitjum því hjá við afgreiðslu málsins við þessa umræðu.

Brtt. 657,1 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessari grein, 1. gr. frv., koma fram efnislega meginviðbrögð hæstv. ríkisstjórnar við dómi Hæstaréttar. Ríkisstjórnin og meiri hluti hennar hafa valið þá sérkennilegu leið að flytja með breytingu þessari á 5. gr. laganna þá stefnu fram að afnema skuli alla stýringu á stærð eða afkastagetu íslenska fiskiskipaflotans, samanber þessa útgáfu af nýrri 5. gr. laganna.

Hins vegar er hvergi hróflað við hinu megintakmörkunarkerfi stjórnkerfisins, þ.e. aflamarkinu eða aflahlutdeildarkerfinu, þvert á móti er það fest enn betur í sessi með aðgreindum og framseljanlegum sérréttindum þeirra aðila sem eru fyrir í kerfinu. Þessi viðbrögð við dómi Hæstaréttar orka mjög tvímælis, herra forseti, og við munum ekki greiða þeim atkvæði. Hins vegar eru ekki efni til að greiða atkvæði gegn ákvæðum þessarar greinar sérstaklega. Við þingmenn óháðra munum í aðalatriðum sitja hjá við meginefni frv. en þó reyndar greiða atkvæði gegn og í öðrum tilvikum með nokkrum völdum ákvæðum frv.

Brtt. 657,2 (ný 2. gr., inngmgr. og 1. mgr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 657,2 (ný 2. gr., 1. málsl. 2. mgr.) samþ. með 32:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: HG, KH, SJS.

11 þm. (ÁE, GE, GÁS, JóhS, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög sérstakt ákvæði. Samkvæmt breytingartillögum meiri hluta sjútvn., á þeim eina hópi í íslenska flotanum sem kynni að velja það að stunda veiðar með handfærum á samkvæmt þessu ákvæði að vera meinað að stunda atvinnu sína og sækja sjó utan tímabilsins 1. apríl til 30. sept. ár hvert.

Fyrir því standa engin rök að meina þessum bátum eða þessum hluta flotans frekar að sækja sjó utan þessa tímabils

en öðrum sambærilegum smábátum eða jafnvel minni smábátum sem kjósa að stunda sjósókn í öðrum kerfum. Þetta er bersýnilega óréttlátt ákvæði, til þess fallið að hræða menn frá því að velja þá tilhögun sem á að nafninu til að vera í boði áfram, að sækja sjó á sóknartakmörkunum og án þess að fara inn í kvótakerfið. Ástæða er til að vekja athygli á þessu ákvæði sérstaklega og mótmæla því og ég greiði atkvæði gegn því.

Brtt. 657,2 (ný 2. gr., 2.–3. málsl. 2. mgr. og 3.–6. mgr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 657,3 (ný 3. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 657,4 (ný 4. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 657,5 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 657,6 (ný 6. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 657,7 (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, JóhS, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 657,8 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I, svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, GE, GuðjG, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 657,9.a samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 657,9.b samþ. með 32:5 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: HG, KH, SighB, SJóh, SJS.

9 þm. (ÁE, GE, GÁS, JóhS, MagnM, PHB, RG, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er lögð til ákaflega hæpin breyting af hálfu meiri hlutans á sjálfu stjórnarfrv. og var það þó ekki gott fyrir í ýmsum greinum. En hér er tvímælalaust lögð til breyting til hins verra. Hún lýtur að því að í stað þess að við útreikning á aflareynslu þorskaflahámarksbáta í aukategundum, ufsa, ýsu og steinbít á árunum 1996 til og með árinu 1998, þá verði horfið að því ráði að láta bátana keppa einnig á nýbyrjuðu almanaksári innbyrðis um aflareynslu sín í milli. Þetta er ávísun á gegndarlaust kapphlaup og háskalega sókn þessara báta og getur ekki verið annað. Þetta er í raun og veru bæði ranglát og stórkostlega varhugaverð útfærsla á þessu ákvæði og breyting frá frv. til hins verra. Vilji menn breyta þá væru margar leiðir farsælli en sú að stofna til slíks kapphlaups með þeirri hættu sem af því getur hlotist.

Ég vara við þessu ákvæði, herra forseti, og hvet þingmenn til að hugsa sinn gang og greiða atkvæði gegn því.

Brtt. 657,9.c samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, SvG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II, svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 657,10.a (nýtt ákv. til brb. III, inngmgr. og 1. mgr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁE, GE, GÁS, JóhS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef ýmsa fyrirvara við útfærslu þessa ákvæðis. En hér er þó sú hugsun á ferð að reyna að beina nokkrum veiðiheimildum í þorski til vertíðarbátaflotans eða bátaflotans upp að 200 tonnum og koma þar með til móts við þá skerðingu og þá miklu erfiðleika sem skertar veiðiheimildir í þorski hafa á umliðnum árum valdið þessari útgerð sérstaklega, einkum vegna þess að hún hefur haft minni möguleika en aðrir hlutar flotans og stærri skip til að bæta sér upp skertar bolfiskveiðiheimildir með veiðum á öðrum tegundum og á fjarlægum miðum.

Með þeim fyrirvara, herra forseti, sem ég hef á um útfærsluna tel ég þetta ákvæði þó ganga til réttrar áttar, eða eins og danskurinn mundi segja, meningen er god nok, og ég styð því ákvæðið að höfðum þessum fyrirvara.

Brtt. 657,10.a (nýtt ákv. til brb. III, 2. mgr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁE, GE, GÁS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, JóhS, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni sérstök leiðrétting á stöðu smábáta undir sex brúttórúmlestum sem róa á aflamarki, löngu tímabær og langþráð viðurkenning á því að þessi hluti flotans — að vísu aðeins stærri hluti, þ.e. allir smábátar undir tíu tonnum sem völdu aflamark árið 1990 — hefur á umliðnum árum fengið verri útreið vegna skertra veiðiheimilda í þorski en nokkur annar hluti flotans. Ég fagna þessari leiðréttingu þó í litlu sé og seint sé.

Ég vek athygli á því að það þarf að athuga betur útfærslu ákvæðisins og ég vona að í sjútvn. verði það gert milli umræðna, þ.e. hvort stærðarmörkin eigi ekki að vera tíu brúttórúmlestir í staðinn fyrir sex.

Brtt. 657,10.a (nýtt ákv. til brb. III, 3. mgr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GE, GÁS, HG, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, JóhS, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 657,10.b (nýtt ákv. til brb. IV) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, SF, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁE, GE, GÁS, KH, MagnM, PHB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, JóhS, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 661 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 657,10.c (nýtt ákv. til brb. V) samþ. með 35:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SF, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: SvG*.
8 þm. (GE, GÁS, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BBj, BH, GGuðbj, HÁs, IP, JóhS, KÁ, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SAÞ, StG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 15:55.

54. FUNDUR

miðvikudaginn 13. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
Stjórn fiskveiða, stjfrv., 343. mál, þskj. 698, brtt. 661. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Páll Pétursson félmrh.,
Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[11:00]

Útbýting þingskjala:
Álitsgerð Sigurðar Líndals um 3. gr. laga um stjórn fiskveiða, 423. mál, fsp. KrP, þskj. 696.
Fjöldi útlendinga með atvinnuleyfi hér á landi, 427. mál, fsp. SvG, þskj. 701.
Kennsla í íslensku, 416. mál, fsp. SvG, þskj. 689.
Mannréttindi, 424. mál, fsp. RG, þskj. 697.
Menningarhús, 420. mál, fsp. SvanJ, þskj. 693.
Sjálfvirkur sleppibúnaður á skipum, 422. mál, fsp. HjÁ, þskj. 695.
Skipan heilbrigðismála á Austurlandi, 421. mál, fsp. HG, þskj. 694.
Skipun hæstaréttardómara, 426. mál, fsp. SvG, þskj. 700.
Stjórn fiskveiða, 343. mál, þskj. 698; frhnál. meiri hluta sjútvn., þskj. 702; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 703.

[Fundarhlé. — 10:31]

Út af dagskrá var tekið eina dagskrármálið.

Fundi slitið kl. 11:02.

55. FUNDUR

miðvikudaginn 13. jan.,
að loknum 54. fundi.

Dagskrá:
Stjórn fiskveiða, stjfrv., 343. mál, þskj. 698, frhnál. 702, brtt. 661 og 703. — 3. umr.

Athugasemdir um störf þingsins.
Afgreiðsla sjávarútvegsnefndar á frumvarpi um stjórn fiskveiða.

[11:03]

Svanfríður Jónasdóttir:
Herra forseti. Mér finnst ástæða til þess að vekja athygli hv. Alþingis á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru við afgreiðslu þessa stóra máls. Í gærkvöldi lauk hv. sjútvn. formlega vinnu sinni við frv., málið var tekið út úr nefndinni með andmælum minni hlutans sem taldi að það þyldi svo sannarlega betri og meiri skoðun. Málið var hins vegar tekið út. En, herra forseti, þegar ég horfði á 11-fréttir heima hjá mér skömmu síðar var mér ljóst að það mál sem hv. formaður nefndarinnar var að kynna þar var allt annað mál en það sem hann hafði þvingað út úr nefndinni skömmu áður. Tvö ákvæði voru fallin brott og málið þess vegna orðið annað.
Nú geta þingmenn auðvitað flutt brtt. og hefði verið hægt að flytja brtt. á þessum fundi en hér er komið frhnál. þar sem ekki er hægt að sjá annað en að menn hafi litið svo á að það væri niðurstaða nefndarinnar á fundi að þetta væri hluti af því máli sem tekið var út.
Herra forseti. Þetta eru afleit vinnubrögð en þau eru því miður dæmigerð. Í framhaldi af því kom ekki á óvart að kl. 10.30 í morgun þegar þingfundur átti að hefjast voru brtt. ekki tilbúnar. Menn höfðu áfram þurft að breyta, laga og bæta eftir að fundi nefndarinnar var lokið, eftir að búið var að breyta þeim ákvæðum sem ég hef nú gert að umtalsefni og guð veit, herra forseti, hversu mörg ákvæði eru enn í frv. sem þyrftu lagfæringar við. Því miður hefur ekki gefist tími til að fara yfir það nægjanlega. En, herra forseti, ég verð að lýsa því yfir að miðað við þau vinnubrögð sem hér hafa átt sér stað finnst mér að meiri hluti sjútvn. og þar með meiri hluti Alþingis hafi sýnt því máli sem hér er til umfjöllunar fullkomna vanvirðu og ég hef áhyggjur af því hvert þessi niðurstaða muni leiða.

[11:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að vekja athygli hv. þm. og hæstv. forseta á því hvernig aðstæður eru í kringum afgreiðslu þessa máls. Ég held að nauðsynlegt sé að hv. þm. átti sig á því hvað á að fara að bjóða þeim upp á að ræða og síðan afgreiða síðar í dag, væntanlega við þriðju og síðustu afgreiðslu. Við erum vitni að vinnubrögðum sem eru einfaldlega ekki í lagi, herra forseti. Þessi mál eru tæknilega tiltölulega flókin fyrir utan að í þeim eru auðvitað fjölmörg viðkvæm pólitísk og hagsmunatengd ákvörðunaratriði. Það skiptir miklu máli og færir til mikla hagsmuni t.d. hvernig viðmiðunarmörk eru valin þegar stærðir báta, þök, prósentur, tonnatölur og annað slíkt er sett inn í lagatextann því það færir til verðmæt réttindi og hagsmuni sem nemur hundruðum þúsunda og milljónum hjá einyrkjum í þessari stétt smábáta.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ég á að giska á að skekkjurnar, vitleysurnar og mistökin sem munu koma í ljós á næstu mánuðum verði tvær, þrjár eða fjórar. Ég spái því að þær verði af þeirri stærðargráðu. Ég hef reynt að leggja mitt af mörkum í starfi sjútvn. til þess að benda á atriði sem athuga þyrfti og lagfæra þyrfti og það hefur borið nokkurn árangur þrátt fyrir að ég hafi sjaldan kynnst leiðinlegra andrúmslofti en í nefndinni hvað það varðar að menn reyni að leggja gott til mála af því tagi. Það er óvenjulegt.

Samt er það þannig að eftir að málið er tekið út úr nefnd í gærkvöldi hefur meiri hlutinn greinilega ákveðið að gera frekari breytingar á frv. Það eru auðvitað afar slæm vinnubrögð, herra forseti, að ekki skuli liggja fyrir endanlegar ákvarðanir um efnistök þegar nefndir ljúka störfum, ég tala ekki um við seinni umfjöllun milli 2. og 3. umr. Það dæmir sig eiginlega sjálft, herra forseti, í ljósi þeirra þingskjala sem liggja nú fyrir og að þau voru svo seint fram komin að fresta varð upphafi fundar til þess að hægt væri að dreifa þeim.

Ég mótmæli þessum vinnubrögðum, herra forseti, og ég vara þingmenn við því að blessa þau með atkvæði sínu síðar í dag.

[11:08]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um vinnubrögðin á Alþingi. En því miður, þrátt fyrir gagnrýni okkar á vinnubrögð í þessu máli, halda þau áfram að vera vond. Við þingmennirnir erum ekki einu sinni undrandi þegar við mætum til þings kl. 10.30 á þessum morgni eins og boðað er og fáum að vita að þingfundi sé frestað til kl. 11.00 af því að stjórnarmeirihlutinn í sjútvn. hefur ekki enn lokið þófi sínu. Við erum ekki einu sinni undrandi.

Ég vil, herra forseti, vekja athygli á því að í dag er 13. janúar og Alþingi var kallað saman 6. janúar í bráðræði og í raun og veru í ósætti af því að það átti að ljúka málinu svo hratt og nefndarmenn voru látnir sitja við vinnu milli jóla og nýárs og strax eftir áramót. Núna fyrir 3. umr. er verið að breyta því sem fyrir lá þrátt fyrir að við 2. umr. hafi eiginlega legið fyrir alveg nýtt frv. Þetta nýja frv. var rætt við 2. umr. og nú koma enn nýjar ákvarðanir, ákvarðanir sem voru ekki hluti af niðurstöðu formlegs nefndarstarfs í gærkvöld eins og upplýst er.

Herra forseti. Ég tek undir þau orð hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að þessi vinnubrögð eru fullkomin vanvirða við málið en þau eru líka fullkomin vanvirða við Alþingi.

[11:10]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það var í desembermánuði að hæstv. ríkisstjórn flutti frv. til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða og lagði á það mikla áherslu að það yrði helst bara drifið í gegn, afgreitt. Samt vildi hún klára gagnagrunnsmálið fyrst og ég held Fjárfestingarbanka atvinnulífsins þannig að þetta stórmál lenti í útideyfu sem betur fer vegna þess að það hefur komið í ljós að ýmislegt hefur þurft að gera málinu til góða síðan.

Í framhaldi af því voru svo haldnir fundir í hv. sjútvn. á milli jóla og nýárs, þann 29. desember, og svo aftur strax eftir áramót, mjög óvenjulegur tími. Þar kom fram að nauðsynlegt var að gera á frv. mjög víðtækar breytingar, lagfæringar vegna þess að málið er flókið, að ekki sé meira sagt, af því að við erum komin þarna út í að úthluta mönnum alveg niður í 100 kg af þorski. Við erum komin eins langt út í millimetraréttlætið og hægt er að hugsa sér í þessari stofnun. Það er flókið og eðlilegt að það sé flókið, liggur mér við að segja, og síðan var málið tekið til 2. umr. og það var afgreitt og býsnast alveg óskaplega mikið yfir því að stjórnarandstaðan hefði engar tillögur. Hæstv. sjútvrh. flutti 30 ræður um að stjórnarandstaðan hefði engar tillögur og það var í raun eina framlag ráðherrans til umræðunnar að stjórnarandstaðan hefði enga tillögu. Er ástæða til að þakka honum fyrir það að hann skuli allt í einu hafa áhuga á tillögum stjórnarandstöðunnar og er kominn tími til.

Málið var tekið fyrir í nefndinni á nýjan leik milli 2. og 3. umr. og sú fyrirtekt hófst í gær. Svo var málið tekið út úr nefndinni og svo fréttu glöggir þingmenn sem hlustuðu á fréttir kl. 11 og töldu sig hafa heyrt að allt annað mál hefði verið tekið út úr nefndinni kl. 11 samkvæmt fréttunum en hafði verið tekið út úr nefndinni kl. 9.

Svo heyrðu þeir sem voru árrisulir í morgun þann ágæta hv. formann sjútvn. segja frá því að málið hefði verið tekið út úr nefndinni með ýmsum breytingum í morgun sem ekki voru að öllu leyti með í gærkvöldi en svo sjáum við þingskjalið hér og þar er greinilega enn annað mál sem hefur verið tekið út úr nefndinni. Það er því bersýnilegt að full ástæða er til þess að taka sér enn lengra hlé vegna þess að það er alltaf hægt að bæta þetta mál og spurning hvort stjórnarliðið vill ekki taka sér eins og einn, tvo eða þrjá daga í viðbót vegna þess að það er greinilegt að málið er svo flókið að það verður að eyða meiri tíma í það.

En aðalgallinn við málið er sá að allar þær brtt. sem verið er að fjalla um t.d. í dag koma ekkert við dómi Hæstaréttar sem er þó upphaf málsins. Þær fjalla um allt aðra hluti, um úthlutun á millimetraréttlæti ríkisstjórnarinnar.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 343. mál (veiðileyfi o.fl.). — Þskj. 698, frhnál. 702, brtt. 661 og 703.

[11:14]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Eftir að 2. umr. um málið lauk í gær hittist sjútvn. á fundi og fjallaði um málið og varð niðurstaðan að gera á því fáeinar breytingar eins og greint er frá í frhnál. á þskj. 702. Það álit meiri hluta sjútvn. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umræðu. Hefur nefndin fengið á sinn fund Ara Edwald, aðstoðarmann sjávarútvegsráðherra, Árna Múla Jónasson og Guðmund Kristmundsson frá Fiskistofu, Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Kristján Ragnarsson og Björn Jónsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Árna Kolbeinsson úr sérfræðinganefnd sjávarútvegsráðherra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að sú takmörkun á framsali aflamarks og aflahlutdeildar báta undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu verði þrengd á þann veg að hún nái einungis til krókaaflahlutdeildar og krókaaflamarks.

2. Lagt er til að horfið verði frá því að láta árið 1999 gilda við útreikning á innbyrðis hlutdeild krókabáta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki í ýsu, ufsa og steinbít. Til að koma til móts við þá sem nýlega hafa skipt yfir í veiðar með þorskaflahámarki verði hins vegar afli ársins 1998 tvöfaldaður áður en til samanburðar við árin 1996 og 1997 kemur.

3. Lagt er til að þær breytingar verði á úthlutun skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III að úthlutað verði til báta undir 10 brl. eða 10 brúttótonnum og að þorskaflahlutdeild þeirra verði aukin um 5% í stað 15%."

Undir þetta nefndarálit rita allir fulltrúar í meiri hluta sjútvn.

Í stuttu máli hafa breytingar á frv. frá 2. umr. sem gerðar hafa verið miðað að því að mæta sjónarmiðum sem fram komu við 2. umr. og frá aðilum sem hafa látið málið til sín taka. Í fyrsta lagi hefur verið gerð breyting á viðmiðun til reynslu hjá þorskaflahámarksbátum. Það hefur verið gagnrýnt bæði af fulltrúum stjórnarandstöðu og hagsmunasamtaka og gerð var grein fyrir því af hálfu meiri hluta sjútvn. við upphaf umræðu að það mál væri til skoðunar í meiri hlutanum og með þeirri niðurstöðu sem nú er kynnt.

Í öðru lagi er ákveðið að falla frá því að gera sérstaka hindrun eða draga sérstaka hindrun innan aflamarkskerfisins á milli báta sem eru minni en sex tonn og þeirra sem eru stærri en sex tonn og hafa það óbreytt eins og nú er. Fallið er frá því að setja þarna sérstaka girðingu sem hafði verið í upphaflega frv. og er það í samræmi við sjónarmið meiri hluta nefndarinnar um að gera sem minnstar breytingar á gildandi fyrirkomulagi vegna viðbragða Alþingis við hæstaréttardómnum.

Í þriðja lagi er ákvörðun meiri hluta nefndarinnar að koma til móts við sjónarmið sem hafa heyrst mjög ákveðið frá útvegsmönnum og m.a. stjórnarandstöðunni að bæta þurfi ákveðnum hluta flotans upp skerðingar sem hann hafi orðið fyrir umfram aðra og er því breytt þannig að þær bætur sem kynntar voru við 2. umr. til báta sem eru minni en sex brúttótonn eru færðar til báta upp í tíu brúttótonn. Ég hygg því að viðbrögð meiri hluta sjútvn., ef þau eru skoðuð af sanngirni, séu þannig að þau mæti þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið þó að menn hafi með nokkurri ólund verið að gefa sjútvn. eða nefndarmönnum einhverjar einkunnir í samstarfi. Ég verð að segja að það hryggir mig að fyrrv. formaður sjútvn. skuli grípa til þess orðfæris sem hann gerði fyrr á fundinum og vænti ég þess að lund hans léttist nokkuð við þessar brtt. (Gripið fram í.)

Ef við lítum á málið í heild sinni og reynum að meta það nú þegar komið er að lokum þess er ljóst að málið hefur þær breytingar í för með sér að í fyrsta lagi er brugðist við dómi Hæstaréttar sem var hið nauðsynlega viðbragð Alþingis.

Í öðru lagi er miðað við að viðbragð Alþingis við dómnum hafi sem minnst áhrif á löggjöfina að öðru leyti, sem minnst áhrif á skipan mála í sjávarútvegi að öðru leyti og ég hygg að menn geti verið sammála um að eftir meðferð þingsins á þessu máli sé það niðurstaðan að mjög litlu er breytt í raun og veru.

Í þriðja lagi má segja að í málinu eru gerðar breytingar til jöfnunar til að styrkja stöðu minni útgerða. Með ákvæðum um jöfnun aflaheimilda og með ákvæðum um byggðakvóta er meiri hluti Alþingis, fulltrúar stjórnarflokkanna, að leitast við að styrkja stöðu minni flotans í landinu og styrkja stöðu byggðarlaganna eða sjávarplássanna um landið.

Í fjórða lagi, og það er atriði sem ég held að menn megi ekki gera lítið úr, þá miða brtt. meiri hlutans að því að auka öryggi sjómanna á smábátum. Ég legg ríka áherslu á að með breytingunum er verið að auka öryggi sjómanna á þessum litlu bátum, með því að banna veiðar smábáta yfir svartasta skammdegið á tímabilinu frá október og fram í marslok. Þrátt fyrir það hafa einstakir fulltrúar stjórnarandstöðunnar gagnrýnt það að menn hafi í öryggisskyni ákveðið að takmarka veiðar smábáta við þann tíma ársins sem betra er að róa þeim en yfir svartasta skammdegið. Ég undrast að þau sjónarmið skuli vera uppi nú undir lok 20. aldarinnar að það eigi að berjast fyrir því með lagasetningu að smábátum sé haldið til veiða í desember eins og heyrst hefur í þessum þingsal.

Annað atriði sem er líka til þess að auka öryggi sjómanna á smábátum er það ákvæði frv. að smábátum undir sex brúttótonnum sem veiða í krókaaflamarkinu er heimilt að stækka upp fyrir sex tonn og það er gert einmitt vegna þess að við vitum að ekki er æskilegt að menn sæki á svo stórum flota og litlum bátum til frambúðar. Það þarf að fara að ýta þessum flota upp í stærri skip og fyrir það er opnað í þessu frv.

Svo er það að lokum niðurstaða meiri hluta sjútvn. og stjórnarflokkanna að hrinda af stað endurskoðun laganna sem ég hygg að eigi eftir að verða það mál sem miklu skiptir þegar frá líður. Öllum er ljóst að ýmsu er áfátt og hefur ávallt verið í löggjöf um stjórn fiskveiða sem menn þurfa að viðurkenna og menn þurfa að vera tilbúnir til að fara skipulega yfir það mál og af yfirvegun. Af þeim ástæðum er talið rétt að hrinda af stað endurskoðun laganna og lagt til að hún fari fram á næstu tveimur árum.

Ég bind nokkrar vonir við að sú umræða muni greiða úr þeirri flækju sem umræðan um íslenskan sjávarútveg hefur oft verið í að undanförnu þannig að mönnum takist að komast að skynsamlegri niðurstöðu sem byggir á þeim grunni sem við höfum í í dag og nái að lagfæra agnúana á því kerfi sem við búum við og er mönnum ljóst og ég hef t.d. ítrekað látið koma fram í máli mínu.

[11:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lét áðan falla orð um að það hefði verið leiðinlegt andrúmsloft í sjútvn. hvað varðaði vinnu að þessu máli. Ég stend við þau orð og ég skal fara út í ítarlegar útlistanir á því hvernig það birtist í nefndinni án þess að það sé kannski sérstaklega venjan að tíunda það í þingsal ef eftir því er óskað af formanni nefndarinnar. Ég stend við þau orð.

Það er iðulega þannig, herra forseti, í þingnefndum að jafnvel þó að mál séu umdeild og um þau sé pólitískur ágreiningur tekst eftir sem áður vel að halda þeim pólitíska ágreiningi aðgreindum frá vinnu við málið að öðru leyti tæknilega og menn sameinast um, eins og þeir hafa vit til í nefndinni, að reyna að leggja gott til og lagfæra galla sem menn sjá í málinu þó að þeir verði kannski að lokum ósammála um niðurstöðuna pólitískt. Það tókst ekki í þetta sinn. Ég fullyrði að með betra vinnuandrúmslofti og betri kringumstæðum um þetta mál hefði mátt gera málið miklu betur úr garði efnislega og tæknilega hvað sem líður pólitískum ágreiningi. Hv. formaður sjútvn. verður bara að bíta í það súra epli að menn hafa rétt til að gagnrýna störf hans og meiri hlutans og framgöngu ríkisstjórnarinnar þó að þetta allt saman sé orðið formanni sjútvn. mjög kært eins og komið hefur fram í umræðum að undanförnu og eru fá dæmi um þvílíkar ástir sem tekist hafa á síðustu vikum með áður óskyldum aðilum eins og hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og meiri hlutanum.

Hitt hrökk ég öllu meira við, herra forseti, þegar hv. þm. ætlaði að fara að ráðast á okkur, þá sem höfum gagnrýnt sérstakar takmarkanir á sóknarrétti handfærahópsins sem eiga eingöngu að mega róa frá 1. apríl til 30. september að við vildum ýta þessum bátum út í hættulega sókn í svartasta skammdeginu. Það voru þung orð. En hv. þm. nefndi ekki 5,9 tonna bát á handfærum sem á að banna að róa þennan hluta ársins. Það eru engar sambærilegar takmarkanir settar á tveggja tonna trillu á þorskaflahámarki. Hvar er þá öryggið? Ég nota þá sams konar málflutning og spyr hv. formann sjútvn.: Er meiri hlutinn með því að ýta þessum trillum út í sókn í svarta skammdeginu af því að hann takmarkar þær ekki sérstaklega? Þetta er málflutningur langt fyrir neðan virðingu þingmannsins.

[11:27]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það frv. sem lagt var fram í upphafi fyrir áramót var kynnt sem nauðsynlegt viðbragð við dómi Hæstaréttar. Það frv. sem á nú að fara að afgreiða er allt annað frv. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að kalla eftir því hjá formanni sjútvn. fyrir hönd meiri hlutans:

1. Hvaða efnisatriði í þeirri afgreiðslu sem á nú að fara fram telur hann að séu óhjákvæmileg viðbrögð við dómi Hæstaréttar og hvaða efnisatriði eru alls óskyldir hlutir?

2. Getur hv. formaður sjútvn. fullyrt fyrir sig og félaga sína að með þeirri afgreiðslu sem á að fara fram telji hann víst að úthlutunarreglur stjórnkerfis fiskveiða standist ákvæði jafnréttis og atvinnufrelsis í stjórnarskrá og 1. mgr. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um sameign þjóðarinnar á auðlindinni? Getur hann fullyrt hér og nú að hann telji að með þeirri afgreiðslu sem nú á að fara fram sé búið að tryggja að þetta kerfi standist og að búið sé að fullnægja þeirri kröfu sem Hæstiréttur gerði?

[11:28]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við athugun málsins í nefndinni komu engin rök fyrir öðru en því að hæstaréttardómurinn snerti einvörðungu 5. gr. laganna. Það kom fram alveg skýrt og sannfærandi að mínu viti. Ekki komu fram nein efnisleg rök sem bentu til þess að hæstaréttardómurinn lyti að 7. gr. laganna eins og mjög hefur verið haldið fram af fulltrúum stjórnarandstöðunnar. Þeir sem halda því fram hafa engin rök í höndunum því til stuðnings. Þvert á móti leiddi umfjöllun nefndarinnar það óyggjandi í ljós að dómurinn sem við erum að bregðast við lýtur einvörðungu að 5. gr. laganna.

Hvort við getum síðan fullyrt eitthvað um síðari dóma Hæstaréttar í öðrum málum, þá getur það enginn, hvorki Alþingi né nokkur annar og það verður bara að koma í ljós. Hæstiréttur fellir dóma sína án þess að fá um það álit frá einstökum þingmönnum hvað hann eigi að gera eða hvað hann muni gera. Ég ætla engu að spá um það. En það úrlausnaratriði sem var lagt fyrir okkur að athuga var þetta: Hvað snerti dómur Hæstaréttar? Niðurstaða okkar í meiri hluta sjútvn. er alveg ótvíræð: Einvörðungu 5. gr. laganna og annað ekki.

[11:30]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki skilið ummæli hv. þm. öðruvísi en svo að hann telji að með þeirri afgreiðslu sem nú á að fara fram sé fullvíst að úthlutunarkerfið eins og það verður úr garði gert muni standast þau ákvæði um jafnrétti og atvinnufrelsi sem finna má í stjórnarskrá Íslands og þau ákvæði sem finna má í 1. mgr. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um sameign þjóðarinnar á auðlindinni. Ég get ekki skilið orð hans öðruvísi en svo að hann telji og fullyrði að þessum ákvæðum sé hér með fullnægt.

Hann svaraði hins vegar ekki fyrri spurningu minni, þ.e. hvaða atriði í þeirri afgreiðslu sem hér á að fara fram hann telji að tengist óhjákvæmilega dómi Hæstaréttar, þ.e. séu bráðnauðsynleg viðbrögð við hæstaréttardómnum og hvaða efnisatriði hann telji að séu óskyld þeim ákvörðunaratriðum sem þurfa að fylgja í kjölfar hæstaréttardómsins.

[11:31]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir eins og margoft hefur komið fram að það er ásetningur meiri hluta sjútvn. að gera sem minnstar breytingar á stjórnkerfi fiskveiða umfram það sem dómur Hæstaréttar kveður á um eða leiðir af sér. Hins vegar veit hv. þm. eins og fleiri að viðræður hafa verið milli ráðuneytisins og Landssambands smábátaeigenda um ákveðin atriði sem tengjast hagsmunamálum þeirra og nokkur atriði í frv. eru tekin samhliða þessu frv. sem viðbragð við hæstaréttardómnum. Það er ekkert nýtt. Það hefur legið fyrir allan tímann.

[11:32]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég held að nú sé nauðsynlegt við upphaf 3. og síðustu umræðu þessa máls að fara yfir í fyrsta lagi þá stöðu sem nú er í málinu og í öðru lagi hvernig það hefur gengið fyrir sig.

Eins og fram kom við upphaf þingfundar þegar við ræddum um störf þingsins var málið tekið út úr sjútvn. í gærkvöldi þannig að það voru tvö efnisatriði sem orðin var niðurstaða um að ætti að breyta. Það var samt þannig strax rúmum klukkutíma síðar að nýtt efnisatriði virtist vera komið inn og, herra forseti, það birtist í nefndaráliti í morgun. En annað þeirra tveggja sem afgreidd voru út úr nefndinni sást hins vegar hvergi. Þannig má segja að það mál sem tekið var út úr nefndinni í gær hafi að þessu leytinu til tekið miklum stakkaskiptum.

Herra forseti. Auk þess sem annað af þeim álitamálum sem meiri hluti nefndarinnar ætlaði að líta á var það kynnt

sem niðurstaða að aðferðum til að stemma stigu við stækkun flotans yrði beint inn í siglingalög. Þetta er sannarlega merkileg niðurstaða og merkilegur endir á nefndarstörfum sem áttu að snúast um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við dómi Hæstaréttar.

Herra forseti. Það er augljóst að ríkisstjórnin er komin á hratt undanhald hvað varðar túlkun á dómi Hæstaréttar og þau viðbrögð sem hér voru strax sett fram. Það er líka augljóst að enginn sannfæringarkraftur er fyrir því lengur að hér sé verið að gera rétta hluti. Ríkisstjórnin er byrjuð að hrekjast undan í málinu vegna þess að með því að segja að það sé verið að leita leiða til þess að takmarka öðruvísi stækkun fiskiskipaflotans, þá eru menn í rauninni að segja: Það þurfti ekki að afnema alla 5. gr. Það var bara misskilningur, einn af þeim mörgu sem fram hafa komið í þessu máli.

Hingað til hafa stjórnarliðar varið það að afnema þyrfti 5. gr. með því að segja okkur að Hæstiréttur vildi það eða með upphafi setninga á þá leið að „sérfræðingar segi". Þess vegna, herra forseti, hlýtur maður að undrast nú þegar ákveðið er að leita leiða til að komast fram hjá því sem áður var sagt að Hæstiréttur bæði um eða sérfræðingar teldu. Nú á að leita leiða til að komast fram hjá því að breyta úreldingar- eða endurnýjunarreglum. Það á að reyna að stemma stigu við stækkun flotans, ekki með því þó að láta greinina standa óbreytta í lögunum um stjórn fiskveiða eða þennan hlut hennar. Nei. Það á að leita leiða í siglingalögunum, herra forseti. Maður veltir því fyrir sér: Halda menn að Hæstiréttur nái bara til laganna um stjórn fiskveiða? Nær Hæstiréttur ekki líka til siglingalaganna? Eða hvernig er þetta hugsað? Geta menn eftir allt saman takmarkað stærð flotans? Var Hæstiréttur kannski aldrei eftir allt saman að biðja um afnám 5. gr.? Nú, þegar umfjöllun málsins á að fara að ljúka þá situr þingið og þjóðin eftir með þessa spurningu einfaldlega vegna þess að það sem lagt var upp með segja menn okkur núna að þurfi ekki að standa, það eigi bara að leita annarra leiða.

Herra forseti. Við í minni hlutanum höfum vissulega bent á þetta, að það ætti að leita leiða til þess að gera ekki það sem verið er að gera hér. En svörin hafa hingað til verið á þá lund að Hæstiréttur krefjist eða sérfræðingar segi. Þess vegna hljótum við að vera dálítið undrandi á því sem nú er að gerast.

Það er merkilegt þegar við erum að fjalla um þetta stóra mál að það frv. sem ríkisstjórnin lagði upphaflega fram er efnislega meira og minna orðið breytt og hugmyndir eru komnar fram um enn frekari breytingar — þær eiga reyndar að gerast í annarri löggjöf — en þær sem þegar hafa orðið. Þó voru menn býsna öruggir þegar frv. var kynnt um að nú væri verið að gera það sem Hæstiréttur væri að krefjast, nú væri verið að gera það sem sérfræðingarnir segðu. En, herra forseti, þetta sýnist mér að sé því miður fyrst og fremst staðfesting á því sem við höfum verið að segja: Þessi viðbrögð eru alls ófullnægjandi. Þessi viðbrögð mæta ekki dómi Hæstaréttar og þingið hefði þurft að taka sér annan tíma og betri í að fara yfir þessi mál.

Þær eru margar og langar ræðurnar sem hafa verið haldnar á Alþingi Íslendinga um stjórn fiskveiða á undanförnum árum. Það má segja að í þeim hafi verið fastur undirtónn sem fluttur var inn, má segja, á þeirri bylgju réttlætistilfinningar sem almenningur í landinu hefur gagnvart því hvernig eigi að úthluta veiðiheimildum eða umgangast sameiginlega auðlind þjóðarinnar.

Þegar grunnurinn að því fiskveiðistjórnarkerfi sem við nú búum við var tekinn upp árið 1984 var það gert undir þeim formerkjum að við værum að vernda fiskstofnana. Og af því að þjóðin hefur alla tíð látið sér annt um auðlindir sínar þá var þessi ráðstöfun ekki mikið gagnrýnd. Menn treystu sérfræðingum sínum, menn treystu stjórnmálamönnum sínum og ágreiningurinn sem varð um málið varð ekki meiri en svo að það var ákveðið á Alþingi að fara út í nýja stjórn á veiðum, stjórn sem síðan hefur verið kölluð kvótakerfi. Menn áttuðu sig ekki á því í upphafi, a.m.k. ekki allir og ég hygg að þeir hafi verið tiltölulega fáir og þeir fóru vel með það, hvaða afleiðingar þetta kerfi mundi hafa í efnahagslegum skilningi. Ég veit líka að býsna margir töldu að kerfið mundi hafa jákvæðar afleiðingar hvað það varðaði að byggja upp fiskstofnana. En menn eru fyrir löngu hættir að trúa því að það hafi verið hin raunverulega ástæða. Hin raunverulega ástæða reyndist vera og var staðfest árið 1990, að koma hér upp ákveðnu hagfræðimódeli, ákveðinni festu í efnahagsstjórn okkar og það er út af fyrir sig allt í lagi. Það er út af fyrir sig sjálfsagt að þegar við erum að fjalla um nýtingu okkar undirstöðuatvinnugreinar, þá skoðum við virkilega hvernig nýtingin má vera sem hagkvæmust og setjum upp kerfi sem ekki hvað síst tekur mið af því. En kannski vegna þess hvert upphafið var, þá hafa staðið linnulausar deilur um þetta kerfi meira og minna síðan.

Herra forseti. Þessar deilur hafa magnast á síðari árum frekar en hitt. Og hvað er það þá sem hefur magnað þessar deilur? Hvað er það sem hefur vakið reiði fólksins í landinu? Hvað er það sem hefur komið þannig við réttlætiskennd þess að það hefur mætt á fjöldafundi og verið tilbúið til að tjá sig og hafa skoðun hvar og hvenær sem er? Jú, herra forseti. Það er sú staðreynd að aðgangi af auðlindinni er úthlutað á sögulegum grunni. Aðgangi að auðlindinni er ekki úthlutað í hlutfalli við það hvað menn vilja veiða eða hverjir ætla að fara til veiða. Aðganginum að auðlindinni hefur verið úthlutað á sögulegum grunni án tillits til þess. Síðan hafa þeir sem hafa fengið aflaheimildunum úthlutað séð um það sín í milli að jafna þannig að hver gæti sótt það sem honum þótti réttast, best eða hagkvæmast. Þannig hefur orðið til það kerfi sem menn hafa svo mjög fordæmt, að veiðiheimildirnar gangi kaupum og sölum á milli þeirra sem fengu þeim úthlutað ókeypis.

Herra forseti. Þetta er grunnur þeirrar óánægju sem verið hefur. Ég hygg að meiri hluti þjóðarinnar hafi lesið dóm Hæstaréttar og skilið hann upphaflega á þann veg að verið væri að taka á þessu óréttlæti, að verið væri að taka á úthlutuninni. Það er sú merking sem meiri hluti þjóðarinnar leggur enn þann dag í dag í niðurstöðu Hæstaréttar. Hins vegar er ljóst að hæstv. ríkisstjórn kaus strax að leggja annan skilning í þetta mál, skilning sem það eitt stendur eftir af að allir þurfi að geta fengið veiðileyfi. Það stendur í sjálfu sér ekkert annað eftir vegna þess að það að allir verði að geta keypt sér skip stenst ekki í smábátakerfinu. Því verður ekki breytt þar á næstunni. Og svo á að komast fram hjá því að aðrir geti keypt sér skip með ákvæðum í siglingalögum. Herra forseti. Þannig stendur orðið lítið eftir og það hversu hratt undanhaldið hefur verið hlýtur að ýta undir þann ugg sem menn hafa borið í brjósti gagnvart því hvernig brugðist var við og hvernig á málum hefur verið haldið.

Stjórnarandstaðan á Alþingi hefur haldið uppi öflugum málflutningi í sjávarútvegsmálum á þessu kjörtímabili. Stjórnarandstaðan hefur lagt fram tillögur um að sett yrði á

laggirnar nefnd, að ákveðið yrði að taka upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi og sett yrði upp nefnd til þess að taka ákvörðun um með hvaða hætti það yrði gert. Stjórnarandstaðan hefur flutt frumvörp um að veiðiskylda á úthlutuðum aflaheimildum yrði aukin. Hún hefur líka flutt frumvörp um það hvernig ætti að fara með meðafla til þess að minnka brottkast sem menn hafa sagt okkur undanfarna daga héðan úr þessum ræðustóli að væri geigvænlegt. Stjórnarandstaðan hefur líka flutt tillögur um að heimilt verði að fram færi uppboð á norsk-íslenska síldarstofninum vegna þess að þar var ekki veiðireynsla fyrir hendi. Það átti það enginn, eins og þar stendur. Stjórnarandstaðan hefur flutt tillögur um að afli yrði seldur yfir fiskmarkaði. Stjórnarandstaðan hefur flutt ákvæði um að það yrðu sett sólarlagsákvæði í lögin til að tryggja að þau yrðu endurskoðuð frá grunni. Þetta er bara brot af þeim málum sem stjórnarandstaðan hefur flutt. En auk þeirra mála sem flutt hafa verið hafa menn verið ötulir við að benda á leiðir til þess að bæta þá stöðu sem hér er, til þess að þróa nýtt kerfi sem gæti orðið meiri sátt um og sem í mörgum tilfellum gæti verið vel til þess fallið að styðja við jákvæða og eðlilega byggðaþróun í landinu.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að stjórnarmeirihlutinn hefur ekki sýnt þessum málum stjórnarandstöðunnar mikinn áhuga. Við höfum stundum fengið að tala hvert við annað, stundum hefur ráðherra verið viðstaddur ef málin okkar hafa verið hengd aftan í einhver mála hans, en umræður hafa orðið mismiklar og áhuginn mismikill. Það er þess vegna sérkennilegt, herra forseti, nú þegar ríkisstjórnin er í raun búin að klúðra öllu, búin að stefna öllu í óefni, hún hefur ekki viljað hlusta á stjórnarandstöðuna og ekki viljað líta á tillögur hennar, tillögur sem ég er sannfærð um að hefðu, ef þær hefðu verið samþykktar, getað haft áhrif á gang mála á þann veg að e.t.v. stæðum við ekki frammi fyrir þessum dómi Hæstaréttar, að þá skuli fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna koma hér og rífast yfir því að stjórnarandstaðan skuli ekki koma með tillögur um það nú hvernig þeir geti leyst sitt eigið klúður. Það er mjög merkilegt að sitja undir þessum málflutningi en þetta er í rauninni það sem a.m.k. hæstv. sjútvrh. hefur aðallega lagt til umræðunnar, þ.e. að skammast yfir því að stjórnarandstaðan skuli eftir allt sem á undan er gengið ekki koma með reddingar handa honum í sínu eigin klúðri. Það er líka ljóst, herra forseti, að málflutningur sem þessi dæmir sig sjálfur og hefur alltaf gert það.

Það er fróðlegt nú þegar þetta mál er að verða unnið hér til enda, ekki til fullnustu en til enda að mati meiri hluta sjútvn., að velta fyrir sér hvernig hin fyrstu viðbrögð voru við dómi Hæstaréttar. Lögmenn, af því að það eru til fleiri lögmenn en sérfræðingar hæstv. ráðherra, eins og Davíð Þór Björgvinsson létu hafa það eftir sér og því var slegið upp í fyrirsögnum að þetta væru mikil tíðindi og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson skrifaði grein í Morgunblaðið undir fyrirsögninni „Dómur aldarinnar." Svo stórt þótti mönnum þetta mál, svolítið stærra en hæstv. ríkisstjórn — eða hvað? — sem nú er einungis með það eftir sem viðbrögð við dómi Hæstaréttar að allir eigi að geta fengið veiðileyfi.

Viðbrögð almennings voru á svipaða lund og það að ráðuneytinu væri ekki stætt á að neita einstaklingi um kvóta var fyrsta fyrirsögn Morgunblaðsins eftir birtingu dómsins. Menn gátu lesið viðbrögð fjölmargra af því hversu ótt og títt umsóknir um veiðileyfi og umsóknir um veiðiheimildir streymdu inn í ráðuneytið en það bárust reglulega fréttir af því hvernig faxtæki og sími höfðu hreinlega ekki undan á þeim bæ. Lesendabréf voru skrifuð, hringt inn, greinaskrif í blöðum og margir þeirra sem gáfu umsögn sína um frumvarp ríkisstjórnarinnar, herra forseti, eftir að það var komið fram, töldu að ekki væri verið að bregðast við dómi Hæstaréttar og þeir voru ýmsir sem héldu því fram að verið væri að nota tækifærið til að gera eitthvað allt annað en það sem dómurinn kallaði á.

Ég gat þess, herra forseti, að lögmenn hefðu blandað sér í umræðuna um þetta mál opinberlega og í umfjöllun um dóminn var reifað að þessi dómur Hæstaréttar væri í raun sömu ættar og dómar frá t.d. þýska stjórnlagadómstólnum og Mannréttindadómstóli Evrópu þar sem því er lýst yfir að tiltekið fyrirkomulag löggjafar standist ekki stjórnarskrá eða aðrar grunnreglur. Löggjafanum er hins vegar gefinn frestur til að bregðast við. Hann hefur frelsi um leiðir til að bregðast við en markmiðin um jafnræði og atvinnufrelsi verða að nást auk ákvarðana um hagkvæmni og sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum.

Vegna þess að hv. formaður nefndarinnar sagði úr ræðustóli Alþingis að það væru einungis fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem hefðu talað á ákveðinn veg, þá vil ég, herra forseti, gjarnan vitna í það sem virtir lögmenn hafa sagt um þetta efni. Ég ætla þar fyrst að vitna í Ragnar Aðalsteinsson sem sagði í Morgunblaðinu 5. desember sl. að með dómi Hæstaréttar hafi verið stigið merkt skref í stjórnskipunarsögu Íslands og stórt skref í átt til þess sem kallað hefði verið stjórnarskrárríkið sem mikið hefði verið til umræðu á undanförnum árum um heim allan meðal lögfræðinga, stjórnmálafræðinga, heimspekinga og fleiri. Og Ragnar segir:

„Ég tel að dómurinn hafi aukið gildi stjórnarskrárinnar fyrir allan almenning í landinu. Þrískipting valdsins verður gleggri með þessum hætti og aukið jafnvægi milli valdaþátt-anna og ég tel að þarna birtist áhrif þróunar sem hefur verið í alþjóðlegri og evrópskri umræðu á undanförnum árum og áratugum um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið. Ég tel að Hæstiréttur sé á réttri leið."

Og Ragnar heldur áfram og segir að þessi þróun komi sér ekki á óvart. Það hefði verið tímaspursmál hvenær svona dómur gengi í Hæstarétti. „Þetta gerir auðvitað auknar kröfur til stjórnmálamanna, einkum þeirra sem sitja á Alþingi, um að virða þær takmarkanir sem löggjafarvaldinu eru settar með stjórnarskránni, eins og hún er túlkuð með framsæknum hætti."

Menn geta svo velt því fyrir sér í ljósi þessara orða hvernig stjórnmálamenn á Alþingi hafa brugðist við. Ég er hrædd um að þau viðbrögð eigi ekki eftir að fá merkilegar einkunnir í framtíðinni, herra forseti. Ég óttast það reyndar.

En það voru fleiri en Ragnar Aðalsteinsson sem tjáðu sig í þessa veru. Jóhann Halldórsson héraðsdómslögmaður skrifar grein í Morgunblaðið hinn 15. desember þar sem hann segir, eftir að hann hefur reifað innihald dómsins, með leyfi forseta:

„Samkvæmt framangreindu tel ég óvarlegt að halda því fram að smávægilegar breytingar á 5. gr. laga um stjórn fiskveiða fullnægi þeim kröfum sem Hæstiréttur gerir eða að réttinum hafi orðið á mistök við samningu dómsins. Umræddur dómur er þvert á móti stefnumarkandi um það hvaða sjónarmiðum ber að fylgja og hvaða skorður 65. gr. og 75. gr. stjórnarskrárinnar setja löggjafanum við endurskoðun á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Þessir menn voru, a.m.k. ekki svo að við vissum, með formlegum hætti fulltrúar stjórnarandstöðunnar og ég met það svo, herra forseti, að það væri að mörgu leyti ágætt ef meiri hlutinn hér á Alþingi áttaði sig á því að stjórnarandstaðan er ekki að tala fyrir sjálfa sig. Hún er að tala fyrir hönd stórs hluta þjóðarinnar sem er þeirrar skoðunar að viðbrögð ríkisstjórarinnar mæti engan veginn þeim dómi sem felldur var í Hæstarétti vegna þess, herra forseti, að ríkisstjórnin kaus að líta fram hjá þeim skilaboðum sem felast í orðalagi dómsins. Hún kaus að líta fram hjá því álitì að dómurinn gæti verið stefnumarkandi og hún kaus að horfa heldur þannig á að dómarar Hæstaréttar hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera, þeir hafi bara ruglast á hugtökum allir fimm í senn.

Ég ætla, herra forseti, að vitna í fleiri lögmenn sem hafa tjáð sig um þetta mál opinberlega. Davíð Þór Björgvinsson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, sagði í viðtali við Dagblaðið 5. desember sl. að ekki liggi alveg í augum uppi hvaða ályktanir eigi að draga af dómnum en þó sé ljóst að hann kalli á „að löggjafinn endurskoði lögin að verulegu leyti, ekki aðeins reglur um úthlutun veiðileyfanna sem slíkra, heldur einnig forsendur fyrir úthlutun veiðiheimildanna, þ.e. kvótans. Reglur um veitingu veiðileyfa eru taldar fara gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og atvinnufrelsisákvæði hennar. Að svo miklu leyti sem forsendur fyrir úthlutun kvótans eru þær sömu eða sambærilegar og veiðileyfa verður að skoða þær forsendur einnig. Löggjafinn verður því að endurskoða að verulegu leyti grundvöll þessa kerfis og tryggja það að jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og atvinnufrelsisákvæðinu sé betur fullnægt, bæði að því er varðar úthlutun veiðileyfa og veiðiheimilda.“ Hann heldur áfram og segir:

„Það er rétt að í málinu var eingöngu deilt um veitingu veiðileyfisins sem slíks. Það virðist þó vera rökrétt ályktun af forsendum dómsins að gera ráð fyrir því að þau sjónarmið sem Hæstiréttur leggur til grundvallar eigi ekki bara við um útgáfu á veiðileyfi, heldur eigi sambærileg sjónarmið við um úthlutun á aflaheimildunum sjálfum. Þau gætu komið til sjálfstæðrar skoðunar ef sá sem hefur fengið veiðileyfi óskar í framhaldi af því eftir heimildum til að veiða tegundir sem bundnar eru við kvóta. Úthlutun aflaheimilda er reist á því að skip hafi áður fengið veiðileyfi og ef það er ekki hægt að mismuna mönnum við útgáfu veiðileyfisins á þeim forsendum sem gert var er nærtæk sú ályktun að sambærileg sjónarmið eigi við um úthlutun veiðiheimilda.“

Þetta var tilvitnun í Davíð Þór Björgvinsson, háskólaprófessor í lögum.

Herra forseti. Til upplýsingar fyrir þá sem ekki hafa verið fúsir að kynna sér önnur viðhorf en þau að rétt væri að bregðast við dómi Hæstaréttar eins og hæstv. ríkisstjórn kaus að gera, þá vil ég vitna áfram í skrif sem hafa orðið. Eins og ég gat um áðan höfðu menn uppi stór orð þegar dómurinn hafði fallið. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður kallaði dóminn „dóm aldarinnar“ í grein í Morgunblaðinu, en þar segir hann, herra forseti:

„Um dóminn sjálfan þarf ekki að hafa mörg orð. Hann er mjög skýr. Það samrýmist ekki ákvæðum stjórnarskrár að mismuna mönnum sem sækja um veiðileyfi eftir því hvort þeir hafa áður átt skip á tilteknu árabili eða ekki.

Á sama hátt má draga þá ályktun af dómnum að það samræmist heldur ekki stjórnarskránni að mismuna mönnum sem sækja um aflahlutdeild (kvóta) eftir því hvort þeir hafa áður notið slíkra réttinda eða ekki. Skilyrðin fyrir úthlutun þessara réttinda verða að vera þannig að landsmenn standi þar jafnt að vígi.“

Herra forseti. Mér fannst nauðsynlegt að vitna í þessa lögmenn vegna þess að ég held að full ástæða sé til þess að hér komi fram þau mismunandi álit sem fram hafa verið sett í tilefni af dómi Hæstaréttar og vegna viðbragða ríkisstjórnarinnar.

Það má segja, herra forseti, að eftir að dómur Hæstaréttar féll hafi stjórnmálamenn skipst í flokka, nánast eftir því hversu mikilvægt þeim þótti að verja óbreytt ástand. Við jafnaðarmenn sögðum strax að endurskoða ætti alla löggjöfina í ljósi þessa dóms. Það hefur ekki breyst. Við erum enn á þeirri skoðun að nauðsyn beri til að endurskoða alla þessa löggjöf. Það er mat afskaplega margra, og það sem ég hef verið að lesa og vitna undirstrikar það auðvitað, að þessi dómur sé stefnumarkandi að því leyti að þó að aðeins hafi verið dæmt um 5. gr., enda einungis beðið um það, þá hafi dómurinn í raun verið að senda Alþingi skilaboð, sem okkur finnst að verði vart misskilin, um það að taka fleira upp en einungis 5. gr. Þess vegna og líka vegna þess að það er ekki sæmandi fyrir Alþingi að hrekjast undan dómum, þá teljum við að Alþingi hefði strax átt að vinda sér í að endurskoða löggjöfina. Ekki að flýta sér og vera með flumbrugang við að reyna að bjarga sér frá málinu með þeim hætti sem hér er verið að gera.

Ég tek eftir því að fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa til þess að útskýra þann hraða sem er á þeim við verkið gjarnan vísað til þess að það væri stjórnarandstaðan sem vildi flýta sér svona mikið. Það er mikill misskilningur sem ástæða er til að leiðrétta einu sinni enn. Það var aldrei beðið um þennan hraða á afgreiðslu málsins. Okkur fannst hins vegar og töldum sjálfsagt að menn færu strax í það að endurskoða löggjöfina í heild sinni.

Það frv. sem ríkisstjórnin lagði fram og var rætt fyrir jólahlé var ekki mikið að vöxtum hvað varðaði lagagreinar, en í því voru nokkur bráðabirgðaákvæði, m.a. til að komast hjá því að mæta dómnum með samfelldum sannfærandi hætti í samræmi við það sem sagt var. Menn björguðu sér undan með bráðabirgðaákvæðum eins og t.d. því að úreldingarreglur í smábátaflotanum þyrfti að afnema strax. Og þegar við horfum núna á þetta frv. er ljóst að það er ekki svipur hjá sjón. Eins og ég sagði áðan, herra forseti, eru þau ákvæði 1. gr. sem lutu að endurnýjunarreglum horfin út úr textanum en einhverju sambærilegu eða einhverju sem getur hamlað gegn stækkun flotans á að koma inn í aðra löggjöf. 5. gr. frv. og það efni sem þar var er allt farið, hluti af 6. gr., bráðabirgðaákvæðin hafa tekið miklum breytingum, sum horfið og önnur komið í staðinn. Þessi vinnubrögð eru ekki traustvekjandi og þau sannfæra engan um það að menn hafi vitað hvað þeir voru að gera þegar þetta frv. var lagt fram. Þess vegna, herra forseti, er það að líkindum rétt sem menn segja að fljótlega muni ganga annar dómur, dómur sem lýtur að 7. gr. laganna eða úthlutunarreglunni sem menn hafa notað við að deila út veiðiréttinum.

Þeir sem hafa verið að velta vöngum yfir dómi Hæstaréttar og verið að skoða viðbrögð ríkisstjórnarinnar og jafnvel þeir sem hafa tekið þátt í að móta viðbrögð ríkisstjórnarinnar horfa auðvitað á það þannig, enda ekki hægt annað, að ýmislegt í orðalagi dómsins sé þó a.m.k. þannig vaxið að menn treysta sér ekki til þess að segja fyrir um hver sú niðurstaða

gæti orðið þó að býsna margir eins og þeir sem ég hef vitnað til telji að hún sé óyggjandi.

Þessu máli, sem kynnt var hér fyrir jólin, var eðlilega vísað inn í þann farveg sem lagafrv. fara hér. Því var vísað til nefndar sem byrjaði að vinna með málið á milli jóla og nýárs og síðan aftur strax eftir áramótin. En það var sá galli á þeirri vinnu frá upphafi, herra forseti, að henni höfðu verið sett tímamörk þannig að þó að hv. sjútvn. vildi vinna málið vel, og þá er ég bæði að tala um meiri hluta og minni hluta, þá var það svigrúm ekki gefið til þess sem þurfti. Það var einfaldlega ekki tóm til þess að ígrunda nægjanlega það sem verið var að gera innan þeirra þröngu tímamarka sem meiri hlutinn á Alþingi ákvað fyrir jól að þessi vinna fengi. Þeirri vinnu átti að ljúka fyrir 6. janúar og þingmenn voru kallaðir til þings til að fjalla um þetta mál á þeim degi. Þá var nefndin ekki nema rétt komin á veg með vinnu sína og ljóst mátti vera að hún þyrfti einhverja daga til viðbótar. Við vorum nokkur sem lögðum þá til að það væru ekki einungis einstakir dagar sem nefndin fengi heldur fengi hún vikur, og við töldum ekki af veita, og það er mitt mat og áreiðanlega fleiri í dag, herra forseti, að betur hefði nefndinni þá gefist tími til þess að skoða málið. Betur hefði það ráðrúm verið gefið að þing hefði komið saman á eðlilegum tíma miðað við þá áætlun sem búið var að leggja. Þá hefðum við hugsanlega komist hjá bæði því klúðri sem þegar hefur orðið í störfum nefndarinnar og hugsanlega tryggt það betur að Alþingi væri að setja frá sér löggjöf sem því gæti verið nokkur sómi að.

Það verður því miður að segjast eins og er, herra forseti, að í þeim þrönga tímaramma sem nefndinni var settur þróaðist það fljótlega þannig að meiri hluti nefndarmanna hvolfdi sér yfir tillögur um breytingar á veiðum smábáta. Það var tillaga ríkisstjórnarinnar og í frv. hennar þegar það kom inn að allur smábátaflotinn yrði settur inn í aflamarkskerfi, en meiri hluti nefndarinnar gekk til þess verks að bera það til baka og kom með viðamiklar brtt. við það mál sem hér voru til umræðu og umfjöllunar við 2. umr. málsins og afgreiðslu í gær.

Við sem tókum þátt í þessari vinnu og önnur sem höfum fylgst með hér, höfum auðvitað undrast það af hve miklu offorsi menn hafa gengið fram varðandi breytingar á kerfi smábáta. Það er ljóst að í gangi voru viðræður á milli ráðuneytisins og Landssambands smábátaeigenda og það voru tillögur um ýmsar breytingar á starfsumhverfi þeirra, og gátu út af fyrir sig verið sjálfstætt þingskjal. En það er miður, herra forseti, að þeirri umfjöllun sem hér hefði þurft að fara fram um dóm Hæstaréttar og viðbrögð við honum var eiginlega drekkt í umfjöllun um smábáta og tæknilegum útfærslum varðandi það hvernig frá þeim málum yrði gengið. Við þekkjum það sem höfum tekið þátt í umræðu hér á Alþingi um þau mál og umfjöllun í nefnd, að þar eru ýmsir kimar. Þau mál eru svo flókin, og verða enn flóknari með því sem hér á að lögfesta, að jafnvel þeir sem við eiga að búa hafa ekki enn skilið hvað hér er á ferðinni. Það er hörmulegt, herra forseti, þegar forusta Landssambands smábátaeigenda, þeir sem eru að reyna að gæta hagsmuna þeirra aðila sem hér er verið að fjalla um með öllum þessum breytingum á smábátakerfinu, fær varla að koma sínum athugasemdum að, hvað þá að á hana sé nægilega hlustað eða tillit tekið til ábendinga.

Það vakti mér bæði furðu og olli mér áhyggjum að á milli umræðna var það minni hluti nefndarinnar sem þurfti að óska eftir því að þeir aðilar sem best gátu upplýst okkur um hvernig þessi ákvæði mundu virka og þurfti minni hluti nefndarinnar æ ofan í æ að kalla þá til fundar við nefndina. Það virtist, herra forseti, sem meiri hluti nefndarinnar mæti það svo að tímaþröngin væri slík að þess ætti vart að gefast kostur og betra væri að sleppa því. Þetta er auðvitað fráleitt þegar verið er að fjalla um mál af þessu tagi sem eru afskaplega viðkvæm, bæði atvinnulega og fjárhagslega fyrir stóra hópa og það er fráleitt líka, herra forseti, í ljósi þess að því miður hefur það gerst æ ofan í æ að sjávarútvegsmálin hafa verið afgreidd þannig hér á þingi að Alþingi hefur verið að fá þau aftur í hausinn, ef má orða það þannig, vegna þess að orðið hafa eftir það sem menn kalla göt eða veilur sem eru þess efnis að Alþingi hefur þurft að bregðast við og bæta eitt gatið enn. Og það má segja, herra forseti, að þessi löggjöf lítur nú út eins og tötrar, stagbætt flík, og því er ekki að undra að menn telji tímabært að þessum mikilvæga atvinnuvegi okkar verði komið upp nýjum búningi.

Rétt aðeins innskot í þetta, herra forseti, þetta er því miður ekki eina málið í vetur sem hefur verið afgreitt í gegnum þingið á þennan hátt. Það er atriði sem við alþingismenn og þeir sem vilja veg þingsins nokkurn ættum að hafa verulegar áhyggjur af. Rétt fyrir jólin var gagnagrunnsmálið svokallaða keyrt í gegn af miklu offorsi og hraða. Þá töldu nefndarmenn einnig að ekki hefði verið nægilega hlustað á þá sem gátu komið með gagnlegar ábendingar um málið en ríkisstjórnin var svo viss í sinni sök að ekki þurfti að hlusta á aðila og allra síst þurfti að hlusta á ábendingar stjórnarandstöðunnar.

Hvað sem því líður, herra forseti, þá met ég það svo þegar ég horfi til þess að hér á að fara að ljúka þessu máli að ýmis þau atriði sem voru í tillögum ráðherrans, í brtt. meiri hlutans, hafi tekið breytingum til bóta vegna þeirrar þrákelkni stjórnarandstöðunnar að kalla inn aðila sem gátu gefið góð ráð, að koma með ábendingar sem gátu fært hluti til betri vegar og að leggja þó í þá vinnu að setja sig vel inn í málið til að geta unnið að því af heilindum í nefndinni. Það eru ýmis ákvæði, herra forseti, sem voru í svo hörmulegum búningi þegar þau komu á borð nefndarinnar að slíkt var auðvitað ekki boðlegt og minni hlutinn hefur að mínu mati unnið þrekvirki í því að hafa þó haft áhrif á þann texta sem nú liggur fyrir þó að við séum ekki í öllu sátt við hann sakir þess hvernig til hans er stofnað og vegna þess að ekki hefur verið gefið nægjanlegt tóm til að vinna málið, til að hlýða á og fara eftir og til að ígrunda þær ábendingar sem fram hafa komið, bæði hjá þeim sem komið hafa á fund nefndarinnar og í þeim fjölmörgu álitum sem nefndin hefur fengið.

Herra forseti. Ég vil t.d. geta þess að Landssamband smábátaeigenda hefur sent nefndinni þrjú skrifleg álit auk þess að koma þrisvar á fund nefndarinnar og þeir eru ekki sáttir enn. Þeir eru satt að segja mjög uggandi um hag sinna umbjóðenda.

Fleiri hafa sent inn fleiri en eitt álit, m.a. Samtök kvótalítilla útgerða sem hafa bæði sent inn álit og bréf til þess að reyna að koma með ábendingar um það hvað þeir telji að betur megi fara.

Herra forseti. Ýmsir hafa því verið viljugir til þess að aðstoða nefndina í störfum hennar og gjarnan hefði ég og við í minni hlutanum viljað þiggja þá aðstoð og getað haft tíma til þess að skoða málið frá sjónarhóli þeirra fjölmörgu sem telja sig hafa á því þær skoðanir eða þá þekkingu sem að gagni mætti koma. Til þess gafst því miður ekki tóm. En ég óttast, herra forseti, að sú niðurstaða sem hér stendur til að afgreiða leiði til þess að við munum áður en varir, innan

einhverra mánaða, þurfa að leita aftur til þessara aðila og biðja þá um aðstoð til þess að skera Alþingi úr þeirri snöru sem það þá kann að hafa hengt sig í, ekki bara vegna nýs dóms Hæstaréttar heldur kannski ekki síður vegna þess að þá hafi komið í ljós þær veilur í þessari löggjöf að skjótt þurfi að bregðast við til þess að staga í eitt gatið enn.

Herra forseti. Við 2. umr. birti minni hluti sjútvn. sitt nefndarálit og þar með niðurstöðu sína í þessu máli. Minni hlutinn setti fram þá skoðun að viðbrögð ríkisstjórnarinnar, sem eru pólitísk viðbrögð, herra forseti, gengju þvert á dóm Hæstaréttar að svo miklu leyti sem þau yfir höfuð hefðu nokkuð með dóminn að gera. Minni hlutinn óttast að verið sé að veikja ákvæði 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, það ákvæði sem fjallar um sameign þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum. Það var kannski einna athyglisverðast við dóm Hæstaréttar að rétturinn tók og lyfti sameignarákvæði 1. gr. sérstaklega. Hann sagði þjóðinni: Það er nákvæmlega til þessa sem á að líta þegar verið er að skoða að öðru leyti löggjöfina um stjórn fiskveiða. Það er kannski nákvæmlega þarna, herra forseti, sem steytir vegna þess að sem viðbragð við þessari niðurstöðu Hæstaréttar gengur ríkisstjórn Íslands og meiri hlutinn á Alþingi til þess verks að lögfesta ákvæði sem við óttumst að muni veikja ákvæði 1. gr. vegna þess, herra forseti, að meginniðurstaða þess sem verið er að gera hér er sú að það er verið að einkavæða allan veiðirétt á Íslandsmiðum og gera hann að framseljanlegum sérréttindum þeirra sem fyrir eru í greininni. Í stað þess að jafnræðisreglan sé látin gilda, að horft sé til 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða hvað varðar sameign þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum, þá er gengið til þess verks að hækka enn múrinn í kringum veiðiheimildirnar, þær veiðiheimildir sem eru í höndum þeirra sem þær hafa fengið á grundvelli sögulegrar reynslu.

Herra forseti. Þetta er eins langt frá dómi Hæstaréttar og hægt var að komast að mínu mati og það er ekki bara mitt mat, herra forseti. Ég hygg að stór meiri hluti þjóðarinnar hafi nákvæmlega þessa sömu tilfinningu gagnvart þeirri niðurstöðu sem ríkisstjórnin býður okkur upp á. Þetta er dapurleg niðurstaða. Minni hlutinn hefur fordæmt þessi viðbrögð meiri hlutans og telur að með þeim sé ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis að gefa Hæstarétti langt nef. Það er dapurlegt, herra forseti. Það er dapurleg niðurstaða að þegar Alþingi hefur verið að fást við stórmál, við mál sem menn hafa kallað dóm aldarinnar og merkt mikil tíðindi, þá skuli niðurstaðan vera sú sem hér liggur fyrir.

[Fundarhlé. — 12:22]

[13:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er spurning hvort forseti vildi ekki gera virðingarmönnum aðvart um að umræðan sé að hefjast þannig að þeir hæstv. sjútvrh., hv. formaður sjútvn. og aðrir slíkir frömuðir megi koma til umræðunnar.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti gerir ráðstafanir.)

Herra forseti. Komið er að 3. og síðustu umræðu um þetta margnefnda frv. hæstv. ríkisstjórnar um breyting á lögum um stjórn fiskveiða sem hefur verið tengt við dóm Hæstaréttar í máli Valdimars Jóhannessonar þegar hann sótti um veiðileyfi og reyndar einnig aflahlutdeild til sjútvrn. og fékk ekki, var synjað um hvort tveggja og skaut síðan til dómstóla þeim hluta málsins sem laut að veiðileyfasynjuninni og var sú synjun ráðuneytisins dæmd ógild. Rétt er að rifja þetta aðeins upp, herra forseti, til að menn hafi það í huga hver aðdragandi málsins er vegna þess að umræðurnar hafa upp á síðkastið fyrst og fremst snúist um málefni smábáta og menn kynnu að lenda í þeim misskilningi að halda að þetta væri hið árlega klúðursfrumvarp um málefni smábátanna. En það vita þeir sem setið hafa á Alþingi um nokkurt árabil að sjaldan hefur liðið svo þingvetur að ekki hafi á einhverjum tíma þingsins, oft á vorin, verið til meðferðar neyðarfrumvarp vegna hinna miklu vandamála sem tengjast því að stjórna sókn þessa minnsta hluta íslenska fiskiskipaflotans og satt best að segja hefur ekki lítil orka farið í það mál, herra forseti.

Ég ætla aðeins að byrja á því að nefna nokkur atriði sem tengjast brtt. meiri hluta sjútvn. sem eru nú fluttar hér við 3. umr. Ég verð að lýsa nokkrum áhyggjum, herra forseti, yfir því að ekki skuli vera fleiri umræður um málið því að mér sýnist að með sama áframhaldi mundi þetta kannski að lokum verða brúklegt, a.m.k. tæknilega, ef umræðurnar væru t.d. fimm þannig að sjútvn. gæti haldið uppteknum hætti og tekið málið til nefndar milli 3. og 4. umr. og 4. og 5. umr. og gert á því umtalsverðar breytingar í hvert sinn. Það er afar ólíklegt, þó að ekki sé nú notað neitt annað en bara stærðfræðin og líkindareikningurinn til að styðjast við en að ekki yrðu umtalsverðar breytingar á málinu t.d. milli 3. og 4. umr. ef hún væri fyrir hendi samkvæmt þingsköpum. Það liggur eiginlega alveg í hlutarins eðli. En svo er ekki. Eða er einhver í salnum sem treystir sér til að koma upp og taka á því fullnaðarábyrgð að málið sé algjörlega orðið fullkomið og gallalaust og skothelt eftir vinnu sjútvn. eða meiri hlutans?

Það er, herra forseti, óhjákvæmilegt að fara aðeins yfir það hvernig þetta hefur gengið til. Ég verð að segja alveg eins og er að auðvitað er það margt sem fer í taugarnar á mönnum og manni leiðist í þessu starfi. Það fer ekki hjá því þó að það eigi sér sínar björtu hliðar og líka oft mjög gaman. En með árunum fer eitt í vaxandi mæli í taugarnar á mér, það skal játað hér. (Gripið fram í.) Og sennilega er það viðvörun um að tími sé kominn til að hætta. En það fer þó í taugarnar á mér og það gerir það vegna þess að það er ástæðulaust, það ætti ekki að þurfa að gerast endurtekið að Alþingi kasti þannig til höndunum við afgreiðslu mála að alltaf sé verið að reka ofan í það vitleysur. Staðreyndin er sú að þessi vinna, sérstaklega hvað varðar málefni smábátanna á undanförnum árum, hefur verið þessu marki brennd mjög mikið. Endurtekið hefur þurft að taka upp mál vegna þess að þau hafa ekki verið nógu vel unnin.

Ekki er langt síðan t.d. að það datt út ártal. Það varð að taka inn frumvarp til að leiðrétta að það datt út ártal í vinnu við einhverjar breytingar eða endurskoðun á fiskveiðilöggjöfinni. Fyrir einu ári skildu menn eftir gat við frágang mála varðandi smábáta. Það voru tillögur, sem urðu til með mjög svipuðum hætti og þessar, að meiri hlutinn lokaði sig af á næturfundum, kom svo með tillögur með stuðningi ráðuneytisins og þær voru keyrðar í gegn. Hvað kom í ljós? Menn höfðu skilið eftir gat í kerfinu þannig að bátar gátu selt réttindi sín í einu kerfi og fært sig yfir í annað. Þetta gerðu milli tíu og tuttugu bátar sem voru nógu snöggir að átta sig á því hvað hafði gerst. Mistök í lagasetningunni kostuðu vandræði og opnuðu smugur fyrir tiltekinn hóp sem færði þeim umtalsverða hagsmuni á kostnað annarra í raun og veru. Ég gæti nefnt mörg fleiri dæmi, herra forseti. Ég

held þó að ég hlífi mönnum við því, en því miður kann ég þau býsna mörg.

Ég segi alveg eins og er að þetta fer í taugarnar á mér. Það fer í taugarnar á mér að þurfa að verða áhorfandi að því og að einhverju leyti píndur til að vera þátttakandi í því að standa að svona vinnubrögðum. Mér finnst ömurlegt að menn skuli ekki geta reynt að hafa aðeins meiri metnað fyrir hönd löggjafarvaldsins en raun ber vitni.

Ég sagði það áðan, herra forseti, í umræðum um störf þingsins, áður en þessi umræða hófst, að ég væri algjörlega sannfærður um að í þeim málum sem er verið að afgreiða leynist einhverjar vitleysur, leynist einhver mistök og eitthvað sem mönnum hefur yfirsést sem á eftir að koma mönnum í koll. Ég skal hundur heita ef næsta þing verður ekki með þetta mál í höndunum vegna þess að þá reynist óhjákvæmilegt að gera á því einhverjar breytingar. Ég gæti nefnt dæmi um hluti sem eru svo vitlausir að þeim mun verða breytt strax á næsta þingi. Ég hef enga trú á því að menn verði svo forhertir að þeir láti þvælur standa af því tagi sem tengjast t.d. sérstökum takmörkunum handfærabátanna hvað varðar sóknarrétt eingöngu á tímabilinu 1. apríl til 30. sept.

Herra forseti. Þetta er mjög miður. Ég hef áður við hliðstæðar aðstæður nefnt til sögunnar eftirsjá mína eftir deildaskiptingu Alþingis þegar svona mál eru til umfjöllunar. Ég er alveg sannfærður um að þetta er dæmi um mál og aðstæður í máli sem hefði haft mjög gott af deildaskiptu Alþingi, sem hefði haft mjög gott af því að efri deild tæki t.d. við af þeirri umfjöllun sem hefur hér átt sér stað. Ætli menn minnist þess ekki frá þeirri tíð að Alþingi starfaði í deildum að það voru ófáar vitleysurnar sem menn uppgötvuðu og lagfærðu í meðförum seinni þingdeildar? Hér er ekki slíku til að dreifa og þeim mun alvarlegra er að menn vinni málin eins sem raun ber vitni.

Það er auðvitað sönnun þess þegar gera þarf fjölmargar breytingar, sumar hreins tæknilegs eðlis, milli 2. og 3. umr. máls að ekki er nógu vel unnið. Það er sönnun þess. Það er ekkert annað. Þegar menn fresta jafnvel vísvitandi vandamálum af því að það liggur svo mikið á að drífa málið til 2. umr. að það er hálfkarað þegar það er rifið út úr nefnd með valdi og sett í gegnum 2. umr. og það er sagt, það er notað sem afsökun: „Já, en við lítum á þetta við 3. umr. Við ætlum að reyna að bjarga þessu einhvern veginn við 3. umr. en við höfum ekki tíma til þess að laga það núna.“

Þetta eru vinnubrögðin, herra forseti, sem Alþingi er að fella sjálft sig með. Ekki er hægt að heimta að borin sé virðing fyrir löggjafarsamkomunni og tekið mark á því sem þaðan kemur ef þingið sjálft skýtur sig svo í lappirnar með því að allir horfa upp á vinnubrögð eins og raun ber vitni. Þau dæmi sem hér hafa verið rakin voru m.a. tekin fyrir hér fyrir upphaf umræðunnar. Þegar það svo bætist við að í raun og veru er hin efnislega vinna unnin að hluta til utan þingnefndarinnar, þ.e. málið er tekið út úr nefnd eftir umfjöllun á milli 2. og 3. umr. og síðan eru gerðar á því breytingar og þær brtt. sem lenda svo á borðum þingmanna við upphaf umræðunnar eru í veigamiklum atriðum frábrugðnar því sem nefndarmenn í sjútvn. höfðu nokkurn tíma séð eða heyrt um talað, þá er þetta engin hemja. Það er engin hemja að vinna svona að hlutunum. Þetta er auðvitað brot á þingsköpunum, það er enginn vafi á því. Enginn vafi er á því að þingsköpin gera ráð fyrir því að efnislegar forsendur fyrir afgreiðslu máls liggi allar fyrir þegar nefnd lýkur endanlega vinnu sinni. Það er til skammar að menn skuli reyna að verja þetta hér og jafnvel með skætingi, eins og formaður sjútvn., sem er að vísu fjarstaddur um þessar mundir, hefur gert, í staðinn fyrir það að biðjast velvirðingar á því að hlutirnir skuli vera með þessum hætti. Menn geta auðvitað hlaupið í einhverja nauðungarvörn, að málinu verði að ljúka, brýna hagsmuni beri til að klára það og eitthvað þannig, og reyna frekar að afsaka sig, ef svo má að orði komast, með einhverju slíku. En að reyna að halda því fram að hér sé unnið að hlutunum með þeim hætti sem eigi að gera við löggjafarsetningu er ekki hægt. Það er ekki hægt að taka hið minnsta mark á slíkum málflutningi.

Herra forseti. Ég tel að vísu, þó að ég hafi haft um þessar brtt. og vinnubrögðin nokkuð hörð orð, að sumt í þeim sé til lagfæringar. Ég vil sérstaklega nefna að ég fagna því að meiri hluti sjútvn. hefur náð áttum og hætt við að etja mönnum út í það kapphlaup á nýbyrjuðu almanaksári sem stóð til að gera og var látið ganga til atkvæða eftir 2. umr. Ég mótmælti því ákvæði og ég varaði menn við því og ég sé núna að menn hafa tekið mark á því og öðrum rökum sem aðrir hafa flutt fram í málinu og valið þann kost að henda árinu 1999 út en tvöfalda í staðinn reynslu báta á árinu 1998, borið saman við önnur ár. Fyrir því eru þau rök að bátar, sem eru nýlega komnir inn í þetta kerfi, fá þá meira út úr aflareynslu sinni í aukategundum þetta eina ár sem þeir hafa haft til þess.

Þetta er í sjálfu sér ein af mörgum leiðum sem koma til greina. Ég benti á aðra möguleika sem ég gæti vel trúað að hefðu verið heppilegri, þ.e. þeir að aflareynslulitlir eða aflareynslulausir bátar í þessum hópi, hvað aukategundirnar snertir, hefðu mátt fá eitthvert tiltekið hlutfall af meðaltalsaflanum, t.d. 30% eða 33,34%, sem næmi þá eins og eins árs hlutdeild úr slíkum potti. Það hefði verið önnur leið og sjálfsagt komið betur út fyrir einhverja en lakar út fyrir aðra. Að vísu má segja að jafnan sé æskilegt að reyna að lesa út úr reynslunni skiptinguna því að hún segir ákveðna sögu um það hversu duglegir fiskimenn menn hafa verið og hvernig menn hafa sótt en það má auðvitað líka hugsa sér og finna ýmsar aðrar viðmiðanir og það hefur iðulega verið gert.

Herra forseti. Ég notaði m.a. öryggissjónarmiðin sem rök. Kapphlaup af þessu tagi ýtir óhjákvæmilega undir að menn sæki jafnvel meira af kappi en forsjá. Þegar miklir hagsmunir eru í húfi og menn vita að þeir eru að ávinna sér varanleg réttindi og hafa til þess takmarkaðan tíma, eitt ár eða hvað það nú er, er það auðvitað ávísun á slíkt kapphlaup. Þess vegna var dálítið kostulegt að fá svo upp í pontuna formann sjútvn. Hvað gerði formaður sjútvn.? Hann réðst á minni hlutann og þá sérstaklega þann sem hér stendur því að ég hygg að ég hafi verið sá þingmanna sem tók aðallega upp og gagnrýndi þær sérstöku takmarkanir á sóknarrétti handfærahópsins, sem á að innleiða í löggjöfina varanlega með nýrri 6. gr. Hvað gerði hv. formaður sjútvn.? Jú, hann réðst á þá sem hefðu verið uppi með slíkan málflutning, að þeir væru að hvetja til þess að þessir bátar væru að stunda sjó í vondum veðrum í svartasta skammdeginu, væru að ýta undir slíkt. Það væri ekki mikil ábyrgð fólgin í slíku.

Þetta er sami formaður sjútvn. og rúmum sólarhring áður mælti fyrir tillögum meiri hlutans um að hafa þorskaflahámarksbáta í brjáluðu kapphlaupi við að skapa sér aflareynslu í ýsu, ufsa og steinbít á þessu almanaksári. Hann hefur að vísu séð sig um hönd. En það stóð ekki í honum í gær að leggja til að etja mönnum út í þetta kapphlaup. Meiri hlutinn samþykkti það hér, en ætlar svo að skipta um skoðun auðvitað eins og formaður sjútvn. Og hvar er eintakið, herra

forseti, hv. formaður sjútvn.? Ég óska eftir því að hann sé hér viðstaddur umræðuna.

Ég tek því þunglega, herra forseti, að vera sakaður um að etja sjómönnum á smábátum út í lífsháska. Ég tek því þunglega. Ég hef ekki verið sérstakur talsmaður samkeppniskvóta eða þess að mönnum væri att út í brjálaða sjósókn í svartasta skammdeginu. Málflutningur formanns sjútvn. að þessu leyti og ásakanir í minn garð og annarra þingmanna stjórnarandstöðunnar er auðvitað neðan við allar hellur og ég skal fletta ofan af því hversu fátæklegur málatilbúnaðurinn er.

Það sem ég er að gagnrýna, herra forseti, er að með þessu ákvæði á að velja út úr einn lítinn hóp af smábátum, þá sem kunna að velja að stunda veiðar á grundvelli sóknartakmarkana í tiltekinn dagafjölda á ári frá og með árinu 2000 og veiða með handfærum. Þeir, einir af fiskiskipum í íslenska flotanum, eiga ekki að mega stunda sína atvinnu, sækja sjó, utan tímans frá 1. apríl til 30. september. En aðrir smábátar mega róa allt árið. Er þá formaður sjútvn. og meiri hlutinn að segja að það sé hættulegra að t.d. vel búinn 5,9 tonna bátur sem kynni að velja handfæraleyfi, fái að róa utan þessa tíma, en að tveggja tonna trilla á þorskaflahámarki megi sækja í desember og janúar? Hvar liggur þá ábyrgðin á þeirri sjósókn ef það er svona háskalegt að leyfa þeim sem kynnu að velja handfæraveiðina eina að róa á þessum árstíma?

Nei, auðvitað er hér verið að rugla saman óskyldum hlutum, enda er ég viss um að það voru ekki öryggismál sem vöktu fyrir mönnum þegar þeir settu inn þessar dagsetningar. Það voru alls ekki öryggismál. Þetta er aðgerð til þess að takmarka enn og þrengja kost þessa hóps. Og þá er verið að segja: Við ætlum að beina sókninni inn á afmarkaðan tíma ársins og við þrengjum að þessum hópi á þennan hátt. (**Sjútvrh.:** Þeir fá fleiri daga en ella.) Og fá fleiri daga en ella, segir ráðherrann. En þessi hugsun gengur heldur ekki upp. Hún er líka vitlaus. Þarna lenda menn umsvifalaust í mótsögn við sjálfa sig. Vegna hvers, herra forseti? Vegna þess að dagarnir eiga að vera framseljanlegir. Dagarnir eiga að vera framseljanlegir innan hópsins. Hvað er verið að bjóða upp á með því? Jú, það er verið að bjóða upp á það að einhver hluti bátanna kaupi daga af öðrum og fjölgi sínum sóknardögum. Það eru engin efri mörk sett á það. Bátur gæti fræðilega keypt svo marga sóknardaga til sín að þeir væru orðnir fleiri en eru á dagatalinu á tímabilinu 1. apríl til 30. september. Og hvað ætla menn að gera þá? Eiga þeir þá að verða ónýtir?

Ég skal nefna annað dæmi um það hversu arfavitlaust þetta ákvæði er og bersýnilega ósanngjarnt. Og verði það meiri hlutanum lengi til háðungar að samþykkja það, og þar með talið t.d. hv. þm. Kristni Pétursyni ef hann ætlar að gera það, sem ég dreg nú mjög í efa. Við skulum hugsa okkur að vel búinn 5,9 tonna bátur sem hefur litla aflareynslu velji að fara inn í þetta kerfi. Hann ákveður að bæta síðan stöðu sína í þessu kerfi með því að kaupa sér fleiri sóknardaga. Þessi bátur er jafnframt með grásleppuleyfi og hann er gerður út frá Norðausturlandi eða Austfjörðum. Á hvaða tíma ársins er grásleppuvertíðin þar? Jú, hún er á vorin. Hann byrjar kannski í lok mars eða rétt áður en tímabilið hefst og fyrstu tveir til tveir og hálfur mánuðirnir af handfæratímanum fara í grásleppuveiðina. Þá á hann að sitja uppi með skerðingu á sínum sóknarmöguleikum umfram aðra sem af þessu leiðir. Það er kominn júní þegar hann hefur lokið sinni grásleppuveiði. Þá er auðvitað búið að skerða þannig möguleika hans til sjósóknar að það er í engu samræmi við þær aðstæður sem öðrum eru skapaðar. Það er hlægilegt að bera þetta á borð fyrir menn.

Pólitíski tilgangurinn sem hér er á ferðinni, markmiðið, er greinilega það að hrekja menn frá því að velja þetta form. Þetta er bara fræðilegt form vegna þess að meiri hlutinn er svolítið viðkvæmur, hörundssár fyrir þeirri gagnrýni að verið sé að reka síðustu leifarnar af smábátum inn í kvótakerfi. En það er það sem er verið að gera. Það má bara ekki segja það og þess vegna er farið út í svona fjallabaksleiðir til þess að hrekja menn frá því að velja þetta kerfi. Það er auðvitað alveg með ólíkindum að menn skuli reyna að byggja málflutning sinn á slíkum hlutum.

Herra forseti. Ég hef reyndar ekki svo mjög miklar áhyggjur af þessu vegna þess að þetta er svo vitlaust að því verður örugglega breytt strax á næsta þingi. Það er eiginlega alveg öruggt mál. Þetta er svo vitlaust og ósanngjarnt að þegar menn fara að velta þessu fyrir sér og skoða það í samhengi við þá stöðu sem öðrum er búin í þessu þá sjá menn auðvitað að þetta getur ekki gengið svona. En menn ætla að gera það samt. Menn láta sig væntanlega hafa það að hafa þetta svona engu að síður.

Það verður gaman þegar grásleppufrumvarpið kemur svo til umræðu. Það var svo vitlaust og meiri hlutinn var kominn út í þvílíkar ógöngur, svoleiðis gjörsamlega úti í mýri í því máli, að þeir völdu þann kost að gefast upp í sjútvn. og fresta málinu. Það hvarf af dagskrá þingsins, þetta brýna mál sem ég man eftir að talsmenn stjórnarliðsins töldu að væri alveg sérstakt vandamál sem komið væri upp vegna dóms Hæstaréttar, þ.e. þær hremmingar sem Hæstiréttur hefði dæmt ofan í hausinn á grásleppukörlum, og þess vegna yrði að fara fram með frv. hér og setja grásleppuna niður í sóknardaga sem væru framseljanlegir per stykki. Ég sakna þess mest að þeir skyldu ekki verða framseljanlegir per net líka þannig að hægt væri að framselja réttinn til að leggja eitt net á hverjum sólarhring. Það hefði verið enn betra og enn fullkomnara. (**SvanJ:** Viðráðanlegar einingar.) Viðráðanlegar einingar. Ef hvert grásleppunet væri framseljanlegt per dag. Þá hefði t.d. hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem er eins og kunnugt er mikill stuðningsmaður þess að þessi réttindi séu almennt sem framseljanlegust og viðráðanlegust, ekki satt, getað fengið sér rétt til að leggja einn netstubb hérna við Ægissíðuna. Hann gæti keypt sér horn og síðan boðið í réttinn til að fá að leggja eitt grásleppunet í einn dag t.d. í aprílmánuði árið 2000 við Ægissíðuna. (**SvG:** Fyrir aldraða sjómenn.) Já, svo hefði hann getað hóað í félaga sína á DAS og fengið þá með sér til þess að draga netið. (Gripið fram í.) Þetta hefði orðið allt saman mjög skemmtilegt. Nei, herra forseti, þetta eru alveg kostuleg vinnubrögð svo ekki sé meira sagt.

Þá vík ég aðeins að öðrum atriðum brtt. Meiri hlutinn hefur valið þann kost, einnig á undanhaldi undan gagnrýni sem sett hefur verið fram á fyrri breytingarhugmyndir, að hætta við að setja girðingu ofan við framsalsmöguleika smábáta undir sex tonnum á aflamarki. Það var sem kunnugt er þannig að samkvæmt frv. áttu frá og með gildistöku laganna allar aflaheimildir í þeim hópi að lokast af í sérstöku boxi, bundnar við þann hóp eingöngu.

Í gær tilkynnti meiri hluti sjútvn. að hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að leggja til frestun á gildistöku þessa ákvæðis, með öðrum orðum aðlögunartíma til 1. september nk. Ég giska á að sú afstaða meiri hlutans hafi staðið í fjórar klukkustundir, að meiri hluti sjútvn. undir forustu formanns-

ins hafi verið þeirrar skoðunar í fjórar klukkustundir að það væri rétt að veita aðlögunartíma að þessu ákvæði fram til 1. september 1999. Ég veit ekki nákvæmlega, herra forseti, hvað klukkan var þegar meiri hlutinn skipti um skoðun. Hún gæti hafa verið eitthvað rétt að verða tíu í gærkvöldi, því að í 11-fréttunum mátti greina á máli formanns sjútvn., sem hafði þá náð því að ganga frá þessari niðurstöðu með félögum sínum og komast í fjölmiðlana, að nefndin hefði einu sinni enn skipt um skoðun.

Vilja menn fara aðeins yfir hringlið í þessu máli? Finnst mönnum það ekki stórbrotið hvernig þetta hefur verið? Fyrir utan þá upprunalegu útgáfu frumvarpsins að allir smábátar við landið skyldu fara inn í aflamark með tilteknum hætti, þá kom önnur útgáfa. Hún var þannig að þessir bátar skyldu fá 15% álag á úthlutaðar veiðiheimildir sínar miðað við tiltekna stöðu, en frá og með gildistöku laganna skyldu þeir lokast af í sjálfstæðu boxi og gætu eingöngu framselt réttinn eftir það innan síns hóps.

Þessi afstaða meiri hlutans, örugglega studd af hæstv. sjútvrh., því að meiri hlutinn gerir væntanlega ekki svona hluti nema í samráði við ráðherrann, stóð trúlega í einhverja sólarhringa. Ég hugsa að þetta hafi verið eitthvert lengsta samfellda tímabil einnar skoðunar sem meiri hluti sjútvn. hafi haft í þessu máli. (**SvG:** Hvað ætli það hafi verið langt?) Ja, það gætu hafa verið þrír, fjórir sólarhringar sem meiri hlutinn var þeirrar skoðunar að best væri að hafa þetta svona. (**SvG:** Athyglisvert.) (**SvanJ:** Hæstiréttur kallaði á það.) Já, að það yrði að túlka dóm Hæstaréttar þannig að smábátar undir sex tonnum á aflamarki skyldu eingöngu mega selja réttinn sín í milli en fá 15% álag.

Svo kemur þessi skoðun í gær að það sé að vísu rétt að hafa þetta svona box og lokað og allt það, en það sé best að veita mönnum aðlögunartíma að þessu til 1. september nk. Svo breytist það á ellefta tímanum í gærkvöldi og fer yfir í það að hætta alveg við þessa takmörkun. Allt í einu er hún bara tekin í burtu og öll rök sem af miklum þrótti höfðu verið flutt fyrir því að þetta væri óhjákvæmilegt samræmisins vegna, þ.e. að gilda yrðu samræmdar reglur fyrir alla báta undir sex tonnum hvort sem þeir sæktu á aflamarki, þorskaflahámarki eða dagatakmörkunum, gufuðu bara allt í einu upp. Og meiri hlutinn leggur nú til að engu verði breytt í þessu. (**SvG:** Er hann ekki búinn að skipta um skoðun aftur?)

Síðan kemst meiri hlutinn að þeirri miklu vísdómsniðurstöðu að það sé óþarfi að hafa leiðréttinguna til hópsins 15%, nú sé nægjanlegt að hún sé 5%. Að vísu er það tengt þeirri ákvörðun að taka báta milli sex og tíu tonn inn í hópinn, sem augljós rök voru fyrir allan tímann og ég var margbúinn að benda á að það gengi ekki að mismuna mönnum eins og til stóð. En réttlætið er sem sagt relatíft hjá ríkisstjórninni í þessu. Það var 15% í gær og 5% í dag. Og leiðréttingin sem var nauðsynlegt að gera vegna þess að smábátar hefðu fengið skerðingu umfram aðra frá og með árinu 1990, hún hrundi, gengisféll á einni nóttu úr 15% ofan í 5%. Það var mikið gengisfall á réttlætinu í nótt hjá ríkisstjórninni eða meiri hlutanum. (**SvG:** Hvar er meiri hlutinn núna? Ætli hann sé að skipta um skoðun?) Ja, maður fer að velta því fyrir sér hvort hann sé niðri á klósetti að skipta um skoðun, herra forseti. Það væri eftir öðru. Hann er a.m.k. ekki hér í þingsalnum og hefur kannski ekki mikinn áhuga á því að verja framgöngu sína í þessu máli og skiljanlega.

Herra forseti. Eftir stendur að þarna er lítils háttar lagfæring á ferðinni þó seint sé og í litlu sé, eins og ég hef áður sagt, hvað varðar þá smábáta sem völdu aflamarkið 1990 og eru án nokkurs vafa sá hluti íslenska fiskveiðiflotans sem á þessu tímabili hefur farið hvað verst út úr hlutunum.

Ég mótmæli því hins vegar að einhver rök hafi komið fram fyrir því að lækka þetta hlutfall úr 15% og niður í 5%. Þó að jafnsettir bátar milli sex og tíu tonn hafi verið teknir með, sú leiðrétting hafi verið gerð, þá eru það ekki rök út af fyrir sig til þess að lækka hlutfallið úr 15 niður í 5. Það hefði a.m.k. mátt skoða aðrar útfærslur eins og þær að setja frekar eitthvert þak á magnið til þeirra báta sem besta stöðu höfðu, eða skoða þetta einhvern veginn öðruvísi. Þarna hefur auðvitað orðið um tiltölulega litla breytingu að ræða, sérstaklega af því að hún er hlutfallsleg og þetta mun þar af leiðandi ekki bæta stöðu þeirra sem eru lakar settir, eru á lakari endanum hvað aflaheimildir snertir að miklum mun. Að vísu fá þessir bátar jafnframt úthlutun úr jöfnunarpotti samkvæmt ákvæði til bráðabirgða, sennilega ákvæði til bráðabirgða III núna, og það lagar stöðu þeirra. En eftir stendur að þarna er nokkuð langt í land með að menn hafi gripið til þeirra lagfæringa sem til stóð og þörf væri á.

Það er auðvelt að sýna fram á dæmi um báta sem voru við upphaf þessa tímabils með kannski 20 tonna heimildir og skertust alveg niður undir tíu tonn. Núna er heildaraflinn í þorski að nálgast sömu mörk. Hann er einmitt að gera það um þessar mundir. Hann er að nálgast sömu mörk, þ.e. 300 þús. tonn, og hann var þegar bátarnir voru knúnir til þess að velja í kringum 1990. Þar af leiðandi ættu þeir, ef ekkert annað hefði gerst en bara einföld skerðing á úthlutuðu heildarmagni í þorski, að vera að nálgast sömu mörk aftur — er það ekki? — þegar þorskaflinn er aftur að komast upp í 300 þús. tonn.

En það gerist ekki af því að þessir bátar hafa sætt skerðingum af ýmsum ástæðum vegna aðgerða sem hefur verið gripið til gagnvart öðrum. Þar má nefna t.d. að þegar tekið var fyrir línutvöföldunina og henni síðan úthlutað varanlega til þeirra skipa sem þá sókn höfðu stundað, þá var það auðvitað á kostnað annarra. Fleiri dæmi af þeim toga er hægt að tína til. Það var ekki nema þegar þessir bátar voru sjálfir í þeim hópi að þeir náðu til sín hlut úr þeim aðgerðum.

Herra forseti. Það er margt sem ég hefði gjarnan viljað gera athugasemdir við. Ég hef velt því fyrir mér hvort maður ætti að fara út í að leggja til breytingartillögur við þetta mál, til að mynda ákvæðið með 1. apríl til 30. sept. Ég hef eiginlega horfið frá því. Það gildir í raun það sama um þetta og gildir um stjórnarfrumvarpið í heild að varla er hægt að ætlast til þess að við stjórnarandstæðingar förum að reyna að fara eitthvað inn í þetta mál með efnislegum tillöguflutningi eins og það er úr garði gert, uppbyggt og að því hefur verið unnið. Því held ég að okkur sé tæpast boðið upp á annað en að lýsa afstöðu okkar til málsins efnislega í ræðum og taka síðan afstöðu til þess í atkvæðagreiðslum. Það er í raun tæplega gerlegt að fara inn í þetta mál með einhverjum breytingartillöguflutningi eins og það er úr garði gert.

Þetta kraðak, breyting á lögunum varanlega annars vegar, aðlögunarákvæða og ákvæða til bráðabirgða hins vegar, er þvílíkt móverk að ekki er nokkur leið að reyna að laga það til, það er þannig. Og þessi löggjöf, herra forseti, og hæstv. sjútvrh. ætti nú aðeins að velta því fyrir sér, er orðin þvílíkur bastarður hvað uppbyggingu snertir að það hálfa væri nóg. Hafa menn flett upp lögunum um stjórn fiskveiða í tölvunni sinni, þar sem þau eru uppfærð, og skoðað öll bráðabirgðaákvæðin, bæði núgildandi, tilvonandi og þegar

úrelt bráðabirgðaákvæði sem hanga þarna inni? Þau skipta tugum frá umliðnum árum. Þvílíkt bótasaumsverk hefur þessi lagasetning orðið í höndunum á okkur þingmönnum og framkvæmdarvaldinu.

Varðandi t.d. smábátana er það þannig að segja má mjög svipað um smábátana og almannatryggingalöggjöfina. Þetta er orðinn slíkur bótasaumur og uppbyggingin er orðin þannig á þessum ákvæðum að það dugar ekkert annað en heildarendurskoðun og algjörlega ný uppbygging löggjafarinnar frá grunni.

Ég held t.d. að taka verði þessi lög og kaflaskipta þeim upp á nýtt. Ef lögin hefðu frá byrjun verið þannig uppbyggð t.d. að ákvæðin um smábátana hefðu verið alveg sjálfstæður kafli þá hefðu menn ekki þurft að fara út í þessi endalausu bráðabirgðaákvæði. Þá hefðu menn getað breytt einstökum efnisatriðum í þeim köflum. 6. gr. og 6. gr. a í lögunum, varð náttúrlega fræg að endemum því að hún var svo löng að hún tók stundum yfir á þriðju blaðsíðu ef ég man rétt, a.m.k. upp undir tvær, og var ekki beint til þess fallin, eins og hún var saman sett, að auka skilning manna á þessum hlutum. Enda leyfi ég mér að segja að ég óttast að sárafáir menn í landinu hafi sæmilega heildaryfirsýn yfir þetta og kunni þetta til hlítar. Ég held að þeir séu ekki mjög margir. Ég held að þar á meðal hafi sjútvrn. verið að missa tvo þeirra í burtu frá sér einmitt þessa dagana. Jú, hjá Landssambandi smábátaeigenda eru menn sem kunna þetta sæmilega og kannski einhverjir örfáir sérstakir áhugamenn um þessi fræði í viðbót, en þar fyrir utan eru þeir ekki mjög margir.

Ég dauðvorkenni þingmönnum sem ekki hafa afplánað í sjútvn. eða af einhverjum sögulegum ástæðum hafa alveg sérstaklega þurft að setja sig inn í þetta, að eiga svo að bera ábyrgð á þessum ósköpum með atkvæðum sínum. Það er ekkert áhlaupsverk að botna í þessu nema menn hafi svo að segja meira og minna hrærst í þessu allan tímann, eins og þessi þvæla er með margföldu stjórnkerfi og flokkum og hópum og hugtökum sem eru á fullri ferð og eru að breytast. Hafa t.d. hv. þm. allir áttað sig á nýja hugtakinu sem er að koma hérna inn? Það er að koma eitt nýtt hugtak hingað inn, krókaaflamark. Vita menn hvað það er? Krókaaflamark, það er nýjasta hugtakið í þessu. Og það er ekki út í loftið að menn eru að reyna að skýra það vegna þess að þar er á ferðinni enn einn efnislegi þátturinn, eitt elementið sem þarf að hafa eitthvert nafn til aðgreiningar frá öðru. En eru allir með það á hreinu hvað þetta er? Aflamark, aflahlutdeild, þorskaflahámark, krókaaflamark? (Gripið fram í.) Sóknardagar, línuflokkur, línu- og handfæraflokkur o.s.frv.? Þvílík ósköp, herra forseti, sem okkur hefur tekist að láta þetta vefja upp á sig og gerast flókið.

Í staðinn fyrir að í raun ætti að hafa stjórnkerfið fyrir þessi minnstu skip í flotanum mjög einfalt. Og rökin fyrir því að hafa það mjög einfalt eru auðvitað þau að engar líkur eru á því að sókn þessa flota sé fiskstofnunum svo hættuleg að allt þetta ofboðslega regluverk þurfi til að stjórna henni. Það er í hrópandi mótsögn við hinar líffræðilegu og efnislegu aðstæður í málinu, að ákvæðin um smábáta, tveggja, þriggja, fjögurra tonna trillur, sem róa á handfærum, skuli vera miklu ítarlegri og flóknari í lögunum heldur en ákvæðin sem gilda um þúsund tonna frystitogara sem getur auðveldlega tekið tíu þúsund tonn af þorski á ári ef honum býður svo við að horfa. Það er þannig. En trillan á handfærunum, sem er að fá þetta 20, 30, 50 tonn kannski, það er þvílíkt regluverk um hana að ég veit að þeir yrðu bara stoltir af slíkri smíði í Brussel, og er þá langt til jafnað. Þykja þeir þó liðtækir við að semja flókna hluti, eins og breska lávarðadeildin hérna um árið dáðist sem mest að þegar hún ræddi heilan dag um niðurskolunarprófið. Þá rakst einn lávarðanna á reglugerð frá Evrópusambandinu um sérstakt próf sem klósett yrðu að standast til þess að vera tekin gild í Evrópusambandinu, þ.e. hvernig skolaðist niður úr þeim þegar sturtað væri niður. (**SvG:** Hvernig er það?) Ja, það er nú einfaldlega þannig að það er tekið svona blað, A4, því er hnoðað saman og það sett í klósettið og svo er sturtað niður. Og í tvö skipti af þremur verður kúlan að fara niður, annars fellur klósettið á prófinu. (**SvG:** Hvar heyrðirðu þetta?) Og þetta fannst lávörðunum nú skemmtilegt og merkilegt og þeir ræddu þetta í heilan dag í bresku lávarðadeildinni. En ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst við vera að lenda inn á svipað spor með reglusetninguna hvað varðar smábátaveiðar hér uppi á Íslandi. Þarf þá ekki Brussel til eða bresku lávarðadeildina.

Ég lýsti þeim sjónarmiðum mínum hér, og ég ætla að gera það einu sinni enn til þess að það liggi fyrir, að það hefði átt að nota þetta tækifæri eða eitthvert annað jafngott til að taka málefni þessara smábáta og þess vegna bátaflotans almennt sem sækir á grunnslóðina og stokka þau upp í heild sinni. Þetta er tóm vitleysa eins og þetta er. Við erum komin út í algjörar ógöngur með þetta. Þetta endurtekna þvingaða val og mismunandi flokkar hafa leitt af sér mismunun, illindi og leiðindi meðal manna innan plássa og innan hagsmunasamtaka þeirra og er í raun og veru sorgarsaga. Menn hafa farið svo mismunandi út úr þessu að góðir vinir geta á köflum varla orðið heilsast á götu í sjávarplássunum, kannski af því að annar valdi aflamark en hinn krók árið 1990. Og svo standa þeir uppi með gjörólíka stöðu og mismunandi hagsmuni svo nemur jafnvel tugum milljóna að það er engu lagi líkt. Þetta er auðvitað ein hreinasta hörmung. Eitthvert einfalt, hreinlegt óframseljanlegt kerfi með þeim takmörkunum á sókn eða heildarmagni sem menn teldu nauðsynlegt að setja fyrir þennan hóp í heild sinni, minnstu bátana og þá sem stunda veiðarnar á grunnslóðinni, er auðvitað eina fyrirkomulagið sem eitthvert vit er í til framtíðar litið.

Ég hlusta ekki á röksemdir eins og komu fram í gær frá hæstv. sjútvrh., að óhjákvæmilegt væri að hafa áfram framseljanlegan kvóta á trillum vegna þess að það hendi sjómenn eins og aðra menn að falla frá og þá yrðu ekkjurnar að geta selt kvótann til að borga skuldirnar. Eiga það að vera helstu rökin fyrir því að framlengja þessa ófreskju um aldur og ævi inn í framtíðina og bæta heldur í með því að gera m.a.s. grásleppuveiðarnar framseljanlegar með þessum hætti? Það er dapurlegt ef menn eru komnir út í slíkar ógöngur.

Það eru allt önnur rök sem eiga við þegar komið er upp í veiðiheimildir á stærri skipum og sú sókn er annars eðlis. Það eru önnur líffræðileg og fiskifræðileg rök og það eru auðvitað líka önnur rekstrarleg rök. Það eru önnur rekstrarleg rök þegar komið er upp í stórrekstur fyrirtækja þar sem tugir manna hafa atvinnu sína o.s.frv. Auðvitað er það til í dæminu í smábátaútgerðinni að einhverjar fjölskyldur t.d. hafi afkomu sína af einum báti þegar um kraftmikla línuútgerð er kannski að ræða. En almenna reglan eða venjan er sú að þetta sé einyrkjastarfsemi, fjölskylduútgerð og þá eiga þær leikreglur alls ekki við sem geta verið rök fyrir þegar stærri skipin eiga í hlut.

Herra forseti. Ætli ég láti þetta ekki nægja um smábátana. Það er aðeins eitt að lokum sem ég ætlaði að koma hérna inn á til umhugsunar fyrir menn. Ég á ekki von á að það breyti

neinu og neinn muni kippa sér upp við það t.d. úr meiri hlutanum, sem er að mestu leyti fjarstaddur eins og áður hefur komið fram í umræðunni, þó að ég taki það upp hér. En ég ætla að gera það samt því ég hygg að enginn hafi nefnt það enn þá. Það er að nú er að mörgu leyti verið að stilla þeim bátum sem sótt hafa undanfarið eða á árunum 1996 og til og með dags dató á sóknartakmörkunum, þ.e. handfæri og línu og handfærahópinn, upp með sambærilegum hætti og krókabátunum var stillt upp árið 1994. Báðir hóparnir eiga það sameiginlegt að þeir hafa undanfarin ár sótt í tiltölulega frjálsu kerfi háð dagtakmörkunum.

Við skulum aðeins rifja það upp, herra forseti, hvernig kjör krókabátunum buðust á sínum tíma 1994 í ljósi lagaumgjarðarinnar eins og hún hafði verið. Hvernig var það? Þegar þeir völdu árið 1990 krókana en ekki aflamark, var sagt við þá: Þið eigið að slást um hlutdeildina í — hvað voru það, tæp þrjú þús. tonn? Ég man þetta nú ekki alveg lengur, 2.400 eða hvað það nú var. Það eru ýmsir viðstaddir sem gætu hjálpað manni, en segjum að það hafi verið á milli 2.000 og 3.000 tonn. — Þið eigið að slást um hlutdeildina í 2.000–3.000 tonnum og að viðmiðunartímabilinu liðnu þá verður því skipt. Þetta var sagt við þá. En hvað gerðist 1994? Hvað gerðist? Hvaða ákvörðun tók Alþingi? Alþingi tók þá ákvörðun að þetta skyldu ekki verða þessi 2.000–3.000 tonn heldur 21 þús. tonn. Sá pottur, sem þessir bátar fengu til skipta á grundvelli aflareynslu sinnar á viðmiðunarárunum fjórum, var margfaldaður og þeir gátu valið það með sér yfir í þorskaflamarkið. Gott og vel. Fyrir því voru rök því að menn höfðu treyst á þessa útgerð og haft af henni afkomu. Og að sjálfsögðu gat Alþingi tekið þessa ákvörðun.

En hvað ætlar Alþingi að gera núna við tiltölulega svipað settan hóp? Þá sem hafa róið undanfarin ár á grundvelli dagatakmarkana með alveg sama hætti og krókabátarnir reru á grundvelli dagatakmarkana á árunum 1990 til 1994. Á að bæta svona við pottinn þeirra núna þannig að þeir fái hlutfallslega, miðað við aflareynslu sína undanfarin ár, sams konar meðhöndlun og krókabátarnir fengu 1994? Nei, það er nú aldeilis ekki. Það á að setja pínulitlar mútur til þeirra, pínulitlar, 605 tonn eða hvað það nú er. (**Gripið fram í:** 601 lest.) 601 lest, já, það er rétt að ofgera þessu ekki. Það munar nú aldeilis um þessi fjögur tonn. Og það er líklega um 20% aukning. En ekki margföldun eins og krókahópurinn fékk 1994.

Ef við færum yfir það hvaða hlutfall krókahópurinn fékk af sinni veiði undangengin ár, hann hafði að vísu farið aðeins fram úr 21 þúsund lestunum, en ekki þau ósköp sem handfærahópurinn og handfæra- og línuhópurinn hefur undanfarið farið fram úr sínum takmörkunum, samanber hvernig 80 dagar áttu að verða að ekki neinu. Níu, var það ekki? Þannig að miðað við þann líkindareikning hafa þeir farið margfalt fram úr.

Herra forseti. Hér er með öðrum orðum, svo maður reyni nú að einfalda þetta og tala mannamál, verið að leggja til þvílíka mismunun hvað varðar meðhöndlun á svipað settum hópum smábátasjómanna, handfærahópsins og handfæra- og línuhópsins núna, borið saman við það sem krókahópurinn fékk að leitun er að öðru eins. Hvar er núna jafnræðisreglan? Hvar er núna jafnræðisregla stjórnarskrárinnar og svona bara almenn réttlætis- og sanngirnisrök og meðalhófsreglan? Eiga ekki stjórnvöld að styðjast við meðalhófsregluna? Og á ekki að vera eitthvert samræmi í ákvörðunum, einhver sanngirni sýnd, þannig að mönnum sé ekki alveg bersýnilega mismunað við tiltölulega sambærilegar aðstæður?

Ég óska eftir því að menn tjái sig aðeins um þetta. Hæstv. sjútvrh. hefur ekki lagt mikið merkilegt til umræðunnar. Hann gæti kannski komið hérna og rætt þetta eina atriði efnislega eins og maður. Hefur hæstv. ráðherra, sem ber ábyrgð á báðum málunum, bar pólitíska ábyrgð á málinu sem leiddi til lykta stöðu krókabátanna á árunum 1990–1994, farið yfir þetta mál, hvernig samanburðurinn verður í sögunni á meðhöndlun þessara tveggja hópa á tveimur tímabilum í stjórn fiskveiðilöggjafarinnar? Og ætti vandinn ekki að vera meiri að gera sambærilega við hópana núna þegar þorkstofninn hefur verið á uppleið og það er verið að úthluta auknum veiðum í stofninum. Nei, ég hef ekki séð að menn hafi haft miklar áhyggjur af þessu.

Herra forseti. Ég veit að staða fjölmargra sem hafa sótt á þessum kjörum undanfarin ár verður mjög erfið. Það er nánast óhjákvæmilegt að einhverjir sem hafa nýlega fjárfest í dýrum bátum, verið að reyna að sækja í þessu kerfi og hafa í sjálfu sér haft ástæðu til að ætla að miðað við reynsluna þar sem jafnan hefur verið bætt við dögum og gerðar einhverjar lagfæringar þannig að menn kæmust af, hafi getað haft ástæðu til að ætla að með svipuðum hætti yrði þeim gert kleift að starfa og ráða við sínar skuldbindingar á komandi árum. Þeim eru hér settir mjög þröngir kostir. Þeir eiga kannski um það að velja að fara inn í þennan sláturdilk, sem þeir kalla víst svo nú orðið, sem er aðlögunartíminn með 30 tonna þakinu. Við skulum átta okkur á því að hér er kannski um að ræða fyrirtæki eða rekstur þar sem skuldsetningin hleypur jafnvel á tugum milljóna kr. Það er ekkert óalgengt að menn séu með fjárfestingar á bakinu upp á einar 10–15 millj. í þessum rekstri, nýlega keypta báta með dýru úthaldi og þau leyfi sem þar hafa fylgt með. Þeir gætu kannski núna staðið frammi fyrir því að velja annaðhvort dagana, sem síðan má reikna með að fari úr 23 niður í 18, svo 14, svo 11 o.s.frv., ef þeim fækkar um 25% á ári eins og reglan gerir ráð fyrir, eða taka með sér yfir í þorskaflahámarkið 12, 14, 16, 18 tonn eða eitthvað þannig sem þeir betur settu úr hópnum komi til með að fá. Ég efast um að það verði mikið meira sem þeir sem hvað harðast hafa sótt fá í sinn hlut úr þessum litla potti. Það hrekkur skammt þegar fjárfestingin er af þeim toga sem ég er að nefna, enda hafa menn gjarnan orðað það þannig við mig að þetta sé spurningin um að velja það hvort þeir verði hengdir eða skotnir. Það er nú þannig. Ég verð að segja að vegna þess hvernig menn hafa á fyrri tíð brugðist við í sambærilegum tilvikum, þá finnst mér að ástæða væri til að skoða hvort þarna sé á sanngjarnan hátt verið að koma til móts við menn.

Ég á mér þann draum, herra forseti, að einhvern tíma verði ungur og áhugasamur sagnfræðinemi við Háskóla Íslands eða einhver annar sambærilega settur eða maður í löngu doktorsnámi svo kjarkaður að hann leggi í það að skrifa sögu fiskveiðistjórnar smábáta á Íslandsmiðum á árabilinu 1986 til og með 1999/2000. Kannski þarf að fara til 2001 þegar þessu skeiði verður lokið sem hér er verið að setja upp. Það verður hrikaleg saga. Ég spái því að sú saga verði síðar notuð, ef hún verður skrifuð — og er þá farið að ræða þetta í miklum ef-setningum — sem kennslubók í Háskóla Íslands um það hvernig ekki eigi að gera hlutina, hvernig rétturinn eigi ekki að þróast og hvernig eigi ekki að standa að málum.

Það versta í þessu, herra forseti, er náttúrlega mismununin. Hún er svo svakaleg. Menn gleyma því oft þegar þeir eru

að fjalla um þessa hluti að þeir eru með viðkvæma hagsmuni einstaklinga í höndunum.

Herra forseti. Ég ætlaði í lokin lítillega að hverfa að aðalefni málsins sem því miður hefur svo oft viljað gleymast, þ.e. breytingunum á 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða og viðbrögðum ríkisstjórnarinnar við dómi Hæstaréttar. Orkan hefur eins og kunnugt er farið mjög mikið í að ræða þetta smábátamál. Það er kannski að einhverju leyti meðvitað að meiri hlutinn hefur valið sér þann kost að láta sem böndin berist að því því að þeim mun minni verður þá umræðan um stóra málið sjálft, þ.e. um það hvað dómur Hæstaréttar um grundvöll laganna um stjórn fiskveiða þýði. Tekur hann bara til 5. gr.? Tekur hann einnig til 7. gr.? Hefur hann almennt stefnumarkandi gildi? Er Hæstiréttur að gefa Alþingi sterka aðvörun, o.s.frv.?

Ríkisstjórnin hefur valið þann kost að hafna allri túlkun á dómnum annarri en þeirri að bókstafurinn blífi hvað varðar 5. gr. og fella hana úr gildi eða breyta henni í grundvallaratriðum en taka ekkert á eða velta fyrir sér öðrum hugsanlegum afleiðingum dómsins. Við þessu höfum við varað. Við höfum reynt að fá í gang vinnu, skoðun og umræður um hið víðara samhengi málsins, en það hefur komið fyrir ekki.

Ég er þeirrar skoðunar að verulegar líkur séu á því að komi það til kasta Hæstaréttar á komandi árum að fjalla meira um þessi mál og/eða skera úr um þau gæti það líka orðið niðurstaða Alþingis á breyttum tímum að menn hefðu valið alveg röng viðbrögð í þessu tilviki, að í raun og veru hafi engin sérstök ástæða verið til þess að hrófla við 5. gr. laganna en þeim mun meiri ástæða til að velta því fyrir sér hvort 7. gr. og aflamarks- og aflahlutdeildarkerfið á grundvelli reynslu aftan úr fortíðinni væri ekki þannig fyrirfarandi tálmun í óbreyttri mynd sinni að því yrði að breyta. Og að menn gætu alveg eins átt eftir að standa frammi fyrir því að Hæstiréttur og/eða Alþingi á síðari tímum kæmist að þeirri niðurstöðu að til þess að auðvelda nýjum aðilum aðgang að greininni væri miklu mikilvægara að gera breytingar á þeim hlutum löggjafarinnar heldur en jafnvel 5. gr. Það væri líka rökréttara vegna þess að efnislega er mjög skrýtið ef ekki má hafa nokkurn hemil á stærð fiskiskipaflotans út af fyrir sig og stýra og hólfa og flokka fiskiskipaflotann við landið. Ég held að þegar maður fer að velta því betur fyrir sér, þá geti það ekki staðist. Það hlýtur að vera algjör þvæla að ekki megi setja leikreglur um það. Nú er ég ekki að segja að þær hafi endilega átt að vera í sinni óbreyttu mynd, enda var ég ekki og hef ekki verið sérstakur stuðningsmaður þeirra úreldingarreglna sem slíkra. En fyrr má aldeilis rota en dauðrota að snúa málinu þannig algjörlega við, hafandi ríghaldið í þessar úreldingarreglur, allt of stífar úreldingarreglur á undanförnum árum og koma svo allt í einu upp með það að henda þeim algjörlega og að beinlínis megi ekki hafa þarna neinn hemil á. Ég held að þetta sé mjög svo umdeilanleg túlkun svo ekki sé meira sagt.

Varðandi aðgengi nýrra aðila að greininni sem er túlkun lögfræðingaspekingahópsins, vitringanna þriggja, þeir eru að vísu ekki frá Austurlöndum í þessu tilviki heldur ofan úr háskóla aðallega en það er sami fjöldi og var forðum að þvælast í Austurlöndum, þrír vitringar, þá snýst þetta með veiðileyfin og úreldingarreglurnar í reynd um þá tálmun sem í þeim er fólgin gagnvart nýjum aðilum að koma inn í greinina. Ekki satt? Þeir eru þeirrar skoðunar og rekja það reyndar á bls. 4 og 5 í grg. með frv. að það sé kannski ekki endilega svo að Alþingi geti ekki sett um þetta einhverjar reglur en það sé bara svo erfitt að finna hverjar þær eigi að vera og hvernig þær gætu orðið, að gefist er upp við það og ákveðið að henda þeim eins og þær leggja sig og treysta þá í raun og veru eingöngu á aflamarkskerfið og aflahlutdeildarkerfið til að stýra sókninni í fiskimiðin. Hverjar eru líklegar að verði síðan afleiðingarnar af þessu? Að vísu reikna ég með að áfram verði einhverjar reglur um veiðarfæri, búnað og annað því um líkt. Jú, afleiðingarnar verða mjög líklega þær að kvótinn hækkar í verði. Við höfum stundum orðað það þannig, a.m.k. í umræðum í sjútvn., að þetta snúist um það að þarna hafi áður verið tvær girðingar, önnur var úreldingarreglurnar og hin var aflatakmarkanirnar, og núna séu menn að fella aðra en hækka hina. Eru þá nýju aðilarnir nokkuð betur staddir? Halda menn að það sé auðveldara að komast yfir eina fjögurra metra háa girðingu heldur en yfir tvær tveggja metra? Nei. Ef menn eru sæmilegir í hástökki, þá er kannski möguleiki að stökkva yfir tvær tveggja metra girðingar. En ég þekki fáa menn sem komast hjálparlaust yfir fjögurra metra háa girðingu nema þá með stöng.

Ég held nefnilega að það kostulega sé að gerast að menn taka dóm Hæstaréttar, túlka hann og segja: Dómurinn þýðir að það verður að greiða götu nýrra aðila inn í greinina. Þetta er of mikil tálmun. Það eru of mikil forréttindi þeirra sem fyrir voru í kerfinu að viðhalda þessum úreldingarreglum. Það er það sem Hæstiréttur er að segja. En efnislegu áhrifin af breytingunum sem menn gera verða hins vegar þau að það verður enn erfiðara eftir þær fyrir nýja aðila að komast inn þannig að afleiðingarnar eða áhrifin af breytingunum verða algjörlega öfugar á við það sem menn í orði kveðnu ætla að gera með viðbrögðum sínum við dómnum.

Herra forseti. Ég held því miður að einn gallinn af mörgum á vinnunni í þessu máli sé sá að engin umræða hefur fengist í gang um það hvernig mætti hugsanlega bregðast öðruvísi við dómi Hæstaréttar einmitt hvað þetta snertir. Þetta er reyndar mál sem ég a.m.k. hef hugsað heilmikið um á undanförnum árum vegna þess að það er alveg ljóst að nýliðun, endurnýjun, kynslóðaskipti og uppeldi í sjávarútvegi er í hættu í þeim skilningi sem maður a.m.k. áður lagði í það orð, í því takmörkunarkerfi sem hér er á komið, í þessu kvótakerfi. Það er ekkert nýtt og það er ekki bara bundið við sjávarútveg. Menn standa frammi fyrir að mörgu leyti mjög hliðstæðum vanda í landbúnaði. Þessi vandi fylgir öllum skömmtunar- og takmörkunarkerfum af þessum toga af því að þau loka réttindin af í einhverjum tilteknum hópi þeirra sem fyrir eru. Ætli það séu ekki einhverjir hérna og þar á meðal virðulegur forseti sem hafi stundum verið að velta því fyrir sér hvernig þetta fari t.d. í landbúnaðinum ef m.a. kvótakerfið þar reisir þröskulda fyrir því að eðlileg kynslóðaskipti og endurnýjun geti orðið í greininni. En það gerir það kerfi ásamt að vísu öðru að sjálfsögðu, erfiðleikum í greininni o.s.frv.

Ég hef hugsað heilmikið um og m.a. reynt að kynna mér það, löngu fyrir dóm Hæstaréttar, hvernig þetta er hjá öðrum þjóðum, herra forseti, hvernig væri mögulega hægt að byggja inn í þetta fiskveiðistjórnarkerfi eða eitthvert breytt kerfi, einhverjar aðferðir, einhverjar leiðir fyrir nýja aðila, búa út einhverjar uppeldisstöðvar fyrir nýja sjómenn og gefa nýjum aðilum einhvern veginn kost á því að spreyta sig og sanna sig og verða svo að dugandi sjómönnum og útgerðarmönnum ef þeir eru efnivið í það, svipað og menn gátu áður fyrir daga þessa kerfis og geta kannski fræðilega enn en þurfa til þess mikla peninga. Ég held að það væri tilraunarinnar

virði að fara yfir það hvernig slíkt mætti gerast. Og værum við þá ekki um leið að svara Hæstarétti? Værum við þá ekki um leið að koma til móts við þá merkingu sem menn lesa út úr dómnum að núverandi úreldingarreglur setji of mikla tálmun gagnvart nýjum aðilum og það sé ekki réttlætanlegt?

Herra forseti. Ég held t.d. að þarna mætti skoða möguleika eins og þá að setja upp einhvers konar reynslukerfi á smábátum eða minni fiskiskipum. Ég held að erfitt yrði að koma því við og ekki kannski sama ástæða til að gera það gagnvart stórum skipum. En það er mjög auðvelt að hugsa sér að það gæti gerst varðandi minni skip. Það væri fjandakornið a.m.k. ekki hættulegt að gera tilraun með það. Það dræpi menn ekki og ekki heldur þorskinn í stórum stíl, held ég, þó að gerð væri einhver tilraun í þá átt. Menn eru með reynslusveitarfélög og alls konar æfingar í þeim efnum, gera tilraunir með að flytja verkefni til sveitarfélaga sem er svolítið nýmæli í framkvæmd af þessu tagi. Af hverju setjum við ekki upp reynsluverkefni þar sem menn geta sótt um það eða einhvern veginn komið inn í það að reyna á gæfu sína eða atgervi sitt til veiða á smábátum, fengið einhvern tilskilin skilgreind leyfi og haft innan vissra marka rétt til þess að sýna fram á það hvort þeir gætu orðið dugandi sjómenn? Fyrir þá sem reynast vel og eru ekki bara einhverjir vindbelgir sem ekkert er á bak við og sýna með reynslunni fram á það, t.d. þrjú sumur í röð, að þeir ná árangri, kemur til sögunnar ákveðinn farvegur sem færir þá einhvern veginn inn í kerfið þó í litlu sé, skapar þeim einhvern pínulítinn grunn til að byggja á og hefja sína starfsemi þar innan kerfisins. Er eitthvað að þessu? Er þetta ekki í samræmi við það sem gert er mjög víða? Hvernig er með iðnnema? Fara þeir ekki á samning og vinna þeir ekki á lágu kaupi í fjögur ár eða þrjú eða hvað það er áður en þeir öðlast tiltekin réttindi, lögvernduð starfsréttindi í sinni stétt? Jú, það er þannig. Það er nefnilega nákvæmlega þannig.

Hvernig er það með leigubílstjóra? Þurfa þeir ekki að hafa reynslu af því að aka fólki, hafa harkað á markaðnum í Reykjavík eða keyrt fólksflutningabíla í ákveðinn tíma? Þá geta þeir sótt um að koma inn á listann og bíða eftir því að fá bílaleiguleyfi sem losna. Það er nákvæmlega þannig sem það gerist vegna þess að þar er takmörkun, takmarkaður fjöldi. Þar er ekki pláss fyrir alla og því búa menn til tiltekinn skilgreindan reynslufarveg inn í hópinn fyrir nýja aðila. Það er ekki þannig að leigubílaréttindin í Reykjavík séu boðin upp og seld hæstbjóðanda. Það er ekki þannig að hver einstakur dagur í almanaksárinu til að keyra leigubíl í Reykjavík sé framseljanlegur. En það er það sem á að fara út í hér. Það á að verða aðferðin til að hleypa nýjum aðilum inn. Það væri algerlega sambærilegt og ef menn kæmust að þeirri niðurstöðu að það yrði að gera þessi réttindi í leigubílaakstri í Reykjavík framseljanleg, veiðileyfi á kúnnana hér, fulla Reykvíkinga þegar þeir eru að koma heim af börunum um helgar — þeir eru stærsti kúnnahópurinn (**Gripið fram í:** Utanbæjarmenn.) og einstöku utanbæjarmenn auðvitað — og það væru framseljanleg réttindi per dag að mega keyra þarna.

Herra forseti. Ég held t.d. að það verði áhugavert að fylgjast með því hvernig þeim tilraunum eða umræðum sem verið hafa í Noregi um að reyna svona kerfi reiðir af. Færeyingar hafa mikið skoðað sambærilega hluti og víða úti um heim er það þannig að uppeldið er í gegnum þessa sókn á smærri skipunum. Þar læra menn gjarnan vinnubrögðin, handtökin og komast inn í greinina.

Ég ætla að nefna annan möguleika, herra forseti, sem væri líka vel hugsanlegur og ég hef oft velt fyrir mér. Hann er hreinlega sá að taka frá út úr kerfinu einhverjar tilteknar veiðiheimildir sem nýir aðilar geti sótt um og prófað að nýta á grundvelli skilgreindra leikreglna. Við getum t.d. hugsað okkur að það væri gert með reglu sem ég hef lengi haft áhuga á að reyna að koma inn í þetta kerfi og ég hef kallað fyrningarreglu. Hvað væri fyrningarregla í þessu tilviki? Hún væri fyrning á þeim veiðiréttindum, þeim afnotarétti sem handhafarnir hafa en nota ekki sjálfir. Við skulum segja að þetta væri 10% fyrning og þá virkaði það þannig að aðili sem leigði frá sér 100 tonn í þorski fengi á næsta ári ekki nema 90 til baka. 10% færu í sérstakan pott og mynduðu stofn til reynsluúthlutunar handa nýjum aðilum. Það er ekkert að því að gera eitthvað svona. Í viðskiptum með veiðiheimildir t.d., hvort heldur er varanlegar eða þess vegna leigukvóta á markaði, mætti skerða réttindin sem skipta um hendur um eitthvert tiltekið hlutfall og taka þannig til baka til ríkisins einhvern tiltekinn stokk veiðiheimilda og nota í svona lagað. Það er ekkert að því. Af hverju væri að mínu mati eðlilegast að gera þetta með þessari fyrningarreglu? Það er af því að hún er sanngjörn. Hún væri sanngjörn vegna þess að þetta er afnotaréttur. Ég sæi ekkert eftir því þó að 10% af þeim veiðiheimildum sem hafa verið úthlutaðar gengju þannig til baka ef þeir sem fengu þær notuðu þær ekki sjálfir, enda var í aðalatriðum aldrei til annars ætlast þegar menn fengu þennan rétt en að þeir nýttu hann sjálfir.

Það mætti í þriðja lagi nefna möguleika sem oft hefur verið nefndur í öðru samhengi. Það mætti hugsa sér að leiðin fyrir nýja aðila inn í greinina gerðist við þær aðstæður að aukinn hlutur væri til skipta eins og núna í þorskinum. Það mætti hugsa sér að við hefðum þá reglu, jafnvel í hverri stöðugri kvótabundinni tegund, að þegar aflinn, úthlutaður heildarafli, færi upp fyrir t.d. meðaltalsjafnstöðuafla á einhverju árabili, við skulum segja færi upp fyrir 275 þúsund tonn í þorski, þá byrjaði farvegur inn í hluta af aukningunni fyrir nýja aðila, uppeldið inn í greinina kæmi þannig til sögunnar. Sjálfsagt rjúka menn upp og segja að með því væri verið að skerða hlut þeirra sem fyrir eru og svarið er auðvitað já, að sjálfsögðu. Þeir fengju þá ekki prósentvís um aldur og ævi, sömu prósentu úr stofninum, hversu stór sem hann yrði, enda er það kerfi della. Það er della. Segjum sem svo fræðilega að það gerðist að þorskkvótinn á Íslandsmiðum færi upp í 600 þúsund tonn. Segjum það. Til þess að vera aðeins nær veruleikanum þá skulum við segja 500 þúsund tonn því að það hafa komið toppar í veiðinni sem hafa nálgast þau mörk. Í einhver skipti hefur aflinn a.m.k. orðið á bilinu 400–500 þúsund tonn. Ætla menn þá að halda áfram prósentuúthlutun? Á hlutdeildin að ganga upp úr endalaust? Er það endilega sjálfgefið?

Hvað með það t.d. þegar úthlutaðar veiðiheimildir í þorski fara upp fyrir það magn sem var veitt á viðmiðunarárunum 1981–1983? Ætla menn að halda áfram að úthluta hlutfallslega þegar þeir sem eftir eru eða þeir sem hafa keypt réttindi af þeim eru farnir að fá jafnmikið eða meira í sinn hlut en þeir fengu fyrir daga kvótakerfisins? Það er eðlilegt að spurt sé því að þau mörk gætu verið í nánd, guði sé lof. Nei, þá væri ekkert að því, herra forseti, að hafa þetta þannig að við tækjum t.d. 30–40% veiðiheimildanna sem bætt væri við slíkt hlutfall af aukningunni og segðum: Nú er meira til skiptanna. Nú er lag. Nú árar vel og nú búum við til farveg fyrir nýja aðila inn í greinina með tilteknum, skilgreindum

og hóflegum hætti. Þeir fá vissan grunn til að standa á en eftir það verða þeir svo auðvitað að spjara sig í kerfinu eins og hverjir aðrir. Þetta væri ein aðferð. Þetta er þriðja mögulega útfærslan, leiðin fyrir nýja aðila sem er að mínu mati miklu skárri heldur en þessi kaupleið, viðskiptaleið.

Fjórða mögulega leiðin er sú sem er lögð til í umsögn Sjómannasambandsins og er sömuleiðis vel þekkt hugsun, að þetta sé gert í gegnum sívirka endurúthlutun réttindanna. Það er tiltölulega einföld, sjálfvirk formúla. Hvernig mundi það gerast, herra forseti? Það mundi einfaldlega gerast þannig að t.d. núna á árinu 1999, eða þess vegna á næsta fiskveiðiári, yrði úthlutun aflamarksins eða aflahlutdeildarinnar í þorski meðaltal af reynslunni, þ.e. af veiðunum eins og þær voru hjá hverjum og einum aðila segjum árin 1995–1998, að meðaltali á árabilinu 1995–1998. Hvað gerist þá? Þá fá þeir sem veiddu en ekki endilega þeir sem voru skráðir fyrir kvótanum úthlutunina í þeim mæli sem það var. Er það ekki sanngjarnt? Er það óréttlátt í sjálfu sér? Við skulum hugsa okkur að bátar sem veiddu öll þessi fjögur ár að hluta til kvóta sem hafði verið úthlutaður í fyrndinni einhverjum öðrum — þeir höfðu fyrir því. Það voru þeir sem fóru á sjóinn. Það voru þeir sem svitnuðu. Það voru þeir sem lögðu líf sitt í hættu — og þær útgerðir sem að því stóðu, fái þá úthlutunina. Þannig verði þetta jafnt og sígandi leiðrétt og fært að hinni raunverulegu veiðireynslu hvers undangengis þriggja til fjögurra ára tímabils. Árið 2000 yrði þá úthlutað miðað við þá sem raunverulega veiddu árin 1996–1999 o.s.frv. Þessar hugmyndir er Sjómannasambandið að reifa í umsögn sinni og þær eru einmitt enn ein leið, önnur og miklu sanngjarnari, fyrir nýja aðila inn í kerfið en sú sem ríkisstjórnin leggur til, þ.e. leið peninganna, að menn verði að kaupa sig inn með því að kaupa út réttindi þeirra sem fyrir eru.

Þessi fjórði og síðasti möguleiki sem ég nefni til þess að menn tyggi það ekki einu sinni enn að enginn hafi nefnt neinar aðrar hugmyndir en þær sem koma frá ríkisstjórninni, er að vísu þeim annmarka háður, sem mér geðjast ekkert sérstaklega að, að hann virkar ekki nema leigumarkaður sé til staðar. Það er forsenda hans að réttindin séu að skipta um hendur á leigu og að þær leikreglur og kjör séu í kerfinu að leiguliðar eigi einhvern möguleika. Ég er ekki hrifinn af því. Ég er á móti þessu leigubraski og ég tel að það þurfi ekki og að aldrei hefði átt að leyfa það. Það sem átti að leyfa voru jöfn skipti og rúmar heimildir til geymslu ónýttra réttinda og framúrtöku og þá síðan einhverjar reglur um varanlegt framsal.

En svona væri hægt að gera þetta. Margar aðferðir af þessu tagi og örugglega margar í viðbót mætti skoða en ekki hefur fengist nokkur viðræða um það að prófa að mæta frekar kröfum Hæstaréttar — ég býð formann sjútvn. hjartanlega velkominn til umræðunnar — að mæta frekar því sem menn lesa út úr dómi Hæstaréttar með slíkum aðferðum. Nei, þvert á móti á að setja síðustu réttindin í þessu kerfi svo gott sem inn í sundurgreindar og framseljanlegar einingar og síðan á væntanlega að benda mönnum á það að þeir verði veskú að kaupa sig inn í kerfið.

Það er eitt atriði enn, herra forseti, sem ég ætla að koma svolítið inn á og tengist þessu máli þó að það geri það ekki beint í þeim skilningi að verið sé að leggja til breytingar á því ákvæði. Það eru þau áhrif sem mér finnst líklegt að dómur Hæstaréttar hafi á 3. gr. laganna um stjórn fiskveiða og svigrúm sjútvrh. til að kvótasetja einstakar tegundir. Það hefur lítið verið rætt um það hér. En staðreyndin er náttúrlega sú að þar liggur valdið. Þar í liggur mjög mikið og afgerandi vald sem sjútvrh. hefur skv. 3. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Í 3. gr. laganna um stjórn fiskveiða eru þau ákvæði sem sjútvrh. grípur til þegar hann ákveður að kvótasetja tegund. Ef hann kvótasetur tegundina ekki, hvað gerist þá?

Þá er enn einn hv. þm. úr stjórnarliðinu velkominn í salinn, Einar Oddur Kristjánsson, hv. 3. þm. Vestf. Fer nú bara að verða vel mætt af meiri hlutanum og væri fróðlegt að fá að vita í hvaða málum meiri hlutinn hefur skipt um skoðun í hádegishléinu. (**EOK:** Ég hef aldrei skipt um skoðun á ævi minni.) Það hljóta nú að hafa orðið einhver skoðanaskipti í hádeginu.

Herra forseti. Aftur að þessu atriði málsins, 3. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skal, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.“

Ég vek athygli á þessu orðalagi „sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.“ (**Gripið fram í:** Hvar stendur þetta?) Þetta stendur í 3. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Með öðrum orðum á ekki að kvótasetja tegundir nema nauðsynlegt sé talið að takmarka sóknina sérstaklega í þær. Og af hverju er það? Það er af því að þegar menn settu þessi lög, þá áttuðu menn sig á því að með þessari grein, nákvæmlega þessu ákvæði laganna, er sjútvrh. fært gífurlega afgerandi vald. Það var tekist á um það á sínum tíma, 1983, hvort þetta vald ætti að liggja hjá sjútvrh. eða vera hjá þinginu og við þingmenn Alþb. fluttum um það brtt. þá að þetta vald ætti í aðalatriðum að vera hjá þinginu, að þingið setti rammann með þingsályktun á hverju ári og síðan útfærði sjútvrh. hann.

Nú gerist það að Hæstiréttur fellir dóm og túlkun lögfræðinga meiri hlutans og meiri hlutans sjálfs á þeim dómi er sú að það verði að hætta að takmarka stærð og afkastagetu fiskiskipaflotans. Allir sem kaupa sér skip, sem fullnægja skráningarkröfum inn í íslenska flotann, eiga að fá veiðileyfi ef þeir sækja um þau, borga eitthvert tiltekið gjald, 10 þúsund kall. Þá eru verndartækin sem eftir eru fyrst og fremst fólgin í þeirri ákvörðun, ef hún er tekin, að kvótasetja tegundina, færa hana undir aflamarks- eða aflahlutdeildarkerfið og vald ráðherra verður enn þá meira afgerandi í ljósi þessara breytinga því að áður hefur þó hin takmörkunin jafnframt verið fyrir hendi að sóknin gat ekki aukist óheft í tegundir sem voru utan kvóta.

Nú eru það rök Hæstaréttar eða menn lesa það út úr dómnum að úreldingarreglurnar eða veiðileyfin standist ekki vegna þess að þau takmarki um of aðgang nýrra aðila inn í greinina. En hvað gerist þegar sjútvrh. kvótasetur tegund? Hann takmarkar um leið aðgang nýrra aðila. Þá kemur hin virka takmörkun og eftir dóm Hæstaréttar er það þannig, og það kunna einmitt að vera rökin fyrir því að dómur Hæstaréttar er eins og hann er, að Hæstiréttur hafi meðvitað hugsað sem svo: Úreldingarreglurnar svona úr garði gerðar standast ekki m.a. vegna þess að þær takmarka möguleika manna til að sækja í tegundir sem hafa verið kvótasettar óeðlilega því að það er eðlilegt að allir séu frjálsir í að sækja í þær svo lengi sem ekki þarf að grípa til ráðstafana skv. 3. gr.

Hver er þá orðin niðurstaðan af þessari reifun, herra forseti? Að hvaða niðurstöðu kemst ég um 3. gr.? Ég kemst að þeirri niðurstöðu að sjútvrh. hljóti hér eftir að þurfa að

rökstyðja mun betur en hann hefur hingað til gert hverja einstaka ákvörðun um kvótasetningu tegunda. Ekki nægir að vísa í, eins og stundum hefur verið gert, tiltölulega óljósa leiðsögn Hafrannsóknastofnunar. En menn hafa látið sig hafa að það að kvótasetja tegundir og búa til verðmæt framseljanleg réttindi í tegundum sem voru mjög hæpnar fiskifræðilegar forsendur fyrir að gera og ég ætla að nefna dæmi um það.

Hæstv. sjútvrh. rauk til og setti steinbít í kvóta. Var það ekki á árinu 1996? Nú þori ég ekki alveg nákvæmlega að fara með það hvort það tók gildi 1. september 1996 frekar en 1. september 1995, það var snemma á þessu kjörtímabili og hefur líklega verið við lýði í ein tvö fiskveiðiár. Hvers vegna var rokið til og settur kvóti á steinbít? Var það vegna þess að eindregin tilmæli kæmu um það frá Hafrannsóknastofnun? Nei. Það var ekki þannig, sagði hæstv. sjútvrh. Hafrannsóknastofnun lýsti áhyggjum yfir því að nokkrar líkur væru á því að sóknin í steinbít hefði á vissum árum farið umfram það sem væri æskilegt miðað við hámarksafrakstursgetu stofnsins. Það voru engin stórfelld hættumerki á ferð. Það hlálega var að þegar kvótinn var svo settur á í kringum 1996 var steinbítsstofninn aftur á uppleið og hafði verið í nokkur ár miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir í skýrslum Hafró um nýliðun í stofninum.

Kannski er ástæða til að rifja þetta aðeins upp, herra forseti, vegna þess að eru menn vissir um að sú ákvörðun sjútvrh. að kvótasetja steinbít standist, að skilyrðunum um nauðsyn í 3. gr. laganna sé fullnægt? Enn frekar er ástæða til að velta því fyrir sér hvort þessi ákvörðun stenst nú í kjölfar dóms Hæstaréttar. Hvað gerist ef einhver lætur á það reyna og næsta mál sem ráðuneytið og dómstólar fá í hausinn verður mál sem einhver höfðar sem vill fá að sækja í steinbít af því að engin ástæða sé til að hafa hann í kvóta, sóknin sé vel innan þeirra marka að teknu tilliti til óvissu og alls sem eðlilegt er að horfa til?

Ég ætla að leyfa mér að lesa upp úr síðustu skýrslu Hafrannsóknastofnunar um steinbít, með leyfi forseta. Þar er verið að ræða um að á árunum 1985–1988 hafi steinbítsaflinn vaxið úr um það bil 10 þús. tonnum eða tæplega 10 þús. tonnum, sem hann hafði þá lengi verið, í yfir 14 þús. tonn og mestur var steinbítsaflinn 18 þúsund tonn árið 1991. Síðan minnkaði hann í tæp 13 þúsund tonn á þriggja ára tímabili, 1993–1995. Hvaða tímabil er það? Það eru árin áður en sjútvrn. rauk til og setti steinbítinn í kvóta. Þá minnkaði aflinn niður fyrir 13 þús. tonn. Hvað er Hafrannsóknastofnun að leggja til núna? 13 þús. tonn. Hvað segir í framhaldinu?

„Vísitala veiðistofns í stofnmælingum hefur í stórum dráttum farið minnkandi síðan árið 1985 og árið 1995 var hún aðeins um 43% af vísitölunni 10 árum áður. Á árunum 1995–1998 hefur vísitala veiðistofns hins vegar farið hækkandi á ný.“ — Hún var farin að hækka þegar ráðherrann rauk til og setti steinbít í kvóta. Það merkilega er að vísitala ungviðis, sem er auðvitað mælikvarðinn á framtíðina, var miklu jákvæðari en þetta. „Vísitala ungviðis bendir til vaxandi nýliðunar í veiðistofni.“ — Samkvæmt grafi á bls. 49 í skýrslunni, ef ég man rétt, er þetta sýnt þannig að allt frá árunum upp úr 1990 hefur vísitala nýliðunar verið mjög góð. Síðan segir Hafró að vísu í þessum texta:

„Talið er að aflinn síðasta áratug [þ.e. á níunda áratugnum] hafi verið meiri en nemur langtímaafrakstri stofnsins.“ — Talið er. Það er ekki fullyrt mikið, það er talið. Og með orðunum „meiri“ getur ekki verið átt við miklu meiri, nei, vegna þess að þegar við skoðum þessar tölur þá er þetta rétt við þessi mörk sem Hafró er núna að leggja til 13 þús. tonn. „Hafrannsóknastofnunin leggur því til að steinbítsaflinn á fiskveiðiárinu 1998/99 fari ekki yfir 13 þús. tonn.“ Hafró leggur það samt til.

Þá er komið að spurningunni: Er einhver ástæða til að ætla að steinbítsaflinn færi mikið yfir 13 þús. tonn þó veiðin væri frjáls? Svarið er nei. Það er eiginlega engin ástæða til þess vegna þess að þrátt fyrir kerfi sem hefur verið hvetjandi og ýtt mönnum í steinbít alveg sérstaklega undanfarin ár hefur aflinn ekki orðið meiri en þetta.

Vita hv. þm. hver steinbítsaflinn var 1997? Var hann hættulega mikill? Nei, hann var 12 þús. tonn. Hann var þúsund tonnum minni en útgefin ráðgjöf Hafró. Hann var þúsund tonnum minni. Eru þá rökin fyrir hendi, brýn nauðsyn að kvótasetja þessa tegund? Hvernig er farið með valdið hér? Er sú tálmun sem nýjum aðilum er reist inn í landhelgina með því að kvótasetja steinbít frekar verjanleg en almennar reglur um takmörkun á stærð fiskiskipastólsins voru? Spyr sá sem ekki veit. Því lætur ekki einhver reyna á þetta?

Á bls. 50 í þessari skýrslu Hafró segir: „Sóknarþungi í stofninn virðist hafa náð hámarki árin 1991–1993 þegar aflinn var mestur en hefur verið nokkru minni síðustu fjögur ár.“ Þá var farið að draga úr sóknarþunganum í stofninn. Vísitala nýliðunar var góð og veiðistofninn var á uppleið þegar ráðuneytið rauk til og setti kvóta. Hvers vegna? Ég held að ráðuneytið skuldi okkur svör, rökstuðning og þó að það gripi til þess að setja kvóta 1996, af hverju heldur það honum þá áfram? Af hverju var kvótinn ekki felldur niður 1997 þegar í ljós kom að ekki veiddust nema 12 þús. tonn þrátt fyrir útgefna ráðgjöf Hafró upp á meira og sóknin er minnkandi? (Gripið fram í.) Ég gæti farið yfir fleiri stofna og ég gæti rakið mörg dæmi frá umliðnum árum, hv. þm. Við gætum spurt okkur að nákvæmnisvísundunum í kvótaúthlutunum á úthafsrækju þegar menn gripu t.d. til þess ráðs að stórauka kvótann þegar langt var liðið á vertíðina vegna þess að einstakir aðilar voru að verða búnir með sinn hlut og svoleiðis æfingar áttu sér stað. En menn gáfu veiðarnar ekki frjálsar af því að kvótinn var orðinn aðalatriðið. Kerfisforsendurnar réðu. Þannig er það. Það er alveg ljóst.

Herra forseti. Ég spái því að margt fleira af þessu tagi komi menn til með að þurfa að rökstyðja betur og vanda sig meira við á komandi árum en menn hafa, mér liggur við að segja, komist upp með hingað til. Ég hef gert 3. gr. að umræðuefni, herra forseti, vegna þess að ég leyfi mér að halda því fram að hún sé að komast í allt annað samhengi og miklu afdrifaríkara nú í kjölfar dóms Hæstaréttar og í kjölfar viðbragða meiri hlutans við þeim dómi, sem sagt þeirra viðbragða að fella allar úreldingarreglur og veiðileyfatakmarkanir úr gildi vegna þess að auðvitað er mjög líklegt að aðilar sem þá sæta lagi, kaupa sér fiskiskip, skrá það inn í flotann án þess að hafa þar veiðiheimildir í kvótabundnum tegundum láti á þetta reyna, láti ráðuneytið hafa fyrir því að sanna í hverju einstöku tilviki, jafnvel fyrir dómi, þar sem það er umdeilanlegt að það séu rök og ástæður til að reyra viðkomandi tegund fasta í kvóta sem tryggir þeim forgang og verndar þá sem fyrir eru í hópnum. Ef menn telja að þetta mál snúist öðrum þræði um aðgengi nýrra aðila hljóta menn auðvitað að fara að líta á þessa hluti.

Herra forseti. Ég reikna svo sem ekki með að það hafi mikið upp á sig að ræða þetta meira. Þó er margt sem leitar á hugann og gaman væri að fjalla um. Auðvitað á ekkert að

hlífast við því úr því að mönnum er haldið í þessari vitleysu dögum og sólarhringum saman eins og gert hefur verið að undanförnu, þingið kallað saman í offorsi sl. miðvikudag og nú er runninn upp annar miðvikudagur. Þá er okkur svo sem ekki vandara um en öðrum en taka einhvern tíma í umræður um þetta mál og þetta er að mörgu leyti mjög stórt mál.

Ég hef dregið inn í þetta sérstaklega tvennt sem mér fannst ástæða til á lokaspretti málsins vegna þess hvernig umræðan um þessa hluti hefur þróast, þ.e. annars vegar mögulegt aðgengi nýrra aðila inn í greinina og aðrar aðferðir til að búa til farveg fyrir slíkt, opna nýjum aðilum möguleika, gefa þeim séns eins og sagt er á gullaldaríslensku og hæstv. forsrh. gæti átt til að missa það úr sér, gefa mönnum séns. (Gripið fram í.) Hins vegar er það sem lýtur að rökstuðningi ráðuneytisins hvað það varðar að kvótasetja tegundir. Þar tók ég tímans vegna aðeins eitt dæmi en þau gætu verið mörg, bæði í núinu og ekki síður frá umliðnum árum.

Síðan óska ég, herra forseti, meiri hlutanum til hamingju með að vera að koma þessu óskabarni sínu í höfn, þeim bastarði sem þetta mál hlýtur að kallast, en votta um leið þeim hv. alþm. samúð mína, hverjir sem það nú verða sem koma til með að fá þetta aftur í hausinn á næsta þingi.

[14:28]

Kristinn Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili áhyggjum hv. 4. þm. Norðurl. e. af því að löggjöfin sé frekar stirð í framkvæmd en varðandi þær breytingar sem eru til umræðu sé ég ekki að menn græði neitt á því að fella þær tillögur því að það er kannski aðeins skárra en að gera ekki neitt. Af því að hv. þm. var að velta því fyrir sér hvort ég ætlaði að greiða þessu atkvæði gæti ég vel hugsað mér að greiða svona lagfæringu atkvæði þó að ég greiði ekki fiskveiðistjórnarlögunum atkvæði sem heild vegna þess að það er ekki í umræðunni.

En ég vil spyrja hv. þm. af því að hann var svo vinsamlegur að nefna mig í þessu sambandi. Ég hef safnað gögnum um veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar í tíu ár og ég ætla í hv. Alþingi að bjóða honum aðgang að þessum gögnum. Hann situr í sjútvn. og hann getur fengið fullan aðgang að þessum gögnum ef hann hefur áhuga á því að kynna sér þá sagnfræði sem hann var að tala um. Hann sagði að einhverjir doktorar í sagnfræði ættu eflaust eftir að skrifa þessa sögu. Ég vil benda hv. þm. á að það þarf engan doktor til að skrifa þessa sögu, það getur hver sem er gert það. *Ég hef verið að kynna mér þessa sögu og sumir hafa verið að segja að ég væri með einhverjar kenningar í sambandi við Hafrannsóknastofnun. Það eru ekki neinar kenningar, hæstv. forseti. Það eru fyrst og fremst sögulegar staðreyndir að veiðiráðgjöfin hefur aldrei staðist.*

Til dæmis bara á viðmiðunarákvæðunum svokölluðu þegar kvótakerfið var sett á minnkaði þorskstofninn um 900 þús. tonn þótt 120 þús. tonn vantaði upp á að veiða þar sem Hafró sagði að mætti veiða. Það var nú allur sannleikurinn.

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þóttist vita það fyrir að ég og hv. þm. Kristinn Pétursson værum sammála um það að löggjöfin væri orðin brotakennd og stirð í framkvæmd og það held ég að hver einasti maður verði að viðurkenna sem hana les.

Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. þm. að þó að menn séu ekki hrifnir af henni sem slíkri, þá eiga menn að taka efnislega afstöðu til þeirra breytinga sem verið er að leggja til á hverjum tíma og það var einmitt þannig afstaða sem ég lýsti við 2. umr. málsins í gær og ég hygg að við þingmenn óháðra höfum skorið okkur þar úr sumpart öðrum þingmönnum stjórnarandstöðunnar að við studdum sum ákvæði tillagnanna, þ.e. þau sem við töldum bersýnilega vera til verulegra bóta frá því sem áður var. Ég nefni þar t.d. bæði ákvæði til bráðabirgða III og IV af því að ég vil taka afstöðu til mála þannig að ég skoði kost og löst á hverjum hlut burt séð að öðru leyti frá almennu samhengi málsins. Sumt í þessum tillögum er til bóta og eru lagfæringar, það er alveg rétt þó að samhengi málsins sé þetta og annað sé slæmt.

Þegar ég talaði um að fá áhugasaman sagnfræðistúdent eða mann í doktorsnámi sem sennilega þyrfti til til að skrifa söguna, þá er ég að tala um sögu löggjafarinnar eða sögu lagasetningarinnar og reglustýringarinnar, ekki í sjálfu sér fiskveiðiráðgjöfina. Ég veit að hv. þm. er vel lesinn í þeim efnum og ég hef oft fengið gögn frá hv. þm. og þeim hefur verið fullur sómi sýndur, a.m.k. af minni hálfu, og á sínum tíma í sjútvn. voru slík gögn iðulega í möppum manna og voru þar til umræðu eins og ég veit að menn hér inni geta staðfest. Þannig reyndum við á okkar tíma að kynna okkur það sem menn eins og hv. þm. Kristinn Pétursson, fiskverkandi á Bakkafirði, Sveinbjörn Jónsson, og var ég næstum búinn að segja háttvirtur, trillusjómaður á Vestfjörðum, Jón Kristjánsson fiskifræðingur og aðrir slíkir hafa sett fram og hefur á köflum verið hörð gagnrýni á ráðgjöf Hafró. Það er hollt og gott að fá mismunandi sjónarmið fram og skoða þau þannig að ég tek að sjálfsögðu undir það með hv. þm. að það á ekkert að vera heilagt í þessum efnum.

[14:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. þm. þar sem hann fór mjög yfir sviðið og ræddi ákaflega mikið um fiskifræðina og þá fiskveiðiráðgjöf sem við höfum fylgt á undanförnum árum, þá finnst mér ástæða til að undirstrika það að frá mínum sjónarhóli er stjórn fiskveiða, og í reyndinni hefur hún verið það, fyrst og síðast hagstjórnartæki. Ég hef aldrei komið auga á það þrátt fyrir að margir vilji láta svo að hún sé til þess að friða fisk. Ég hef aldrei trúað því að nein fiskfriðun hafi komið út úr þessari stjórnun, aldrei. Og ef við ætlum að fara um víðan völl, fara aftur í tímann og fara yfir ráðgjöfina um fiskveiðarnar, *fiskveiðiráðgjöfina, þá vil ég taka það fram* fyrir hv. þm. að ég er honum að mörgu leyti sammála því að ég hef sjaldnast séð nokkra heila brú í því. Og þegar maður hefur bent á það að flest af þessu gangi þvert á reynsluheim þeirra sjómanna sem ég þekki og hef umgengist, þá hefur aldrei verið tekið tillit til þess þannig að ég held, herra forseti, að við megum ekki rugla saman hagstjórnartækinu, þ.e. lögunum um stjórn fiskveiða, og í hvaða klemmu við erum gagnvart fiskveiðiráðgjöfinni.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru mjög athyglisverð sjónarmið og hressileg og það þarf nokkurn kjark til að segja þá hluti sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði. Hann hefur að vísu áður gert það, a.m.k. í mín eyru, en þar með er verið að segja að menn séu í dulbúningi, það sé verið að dulbúa hagstjórnartæki og stýritæki sem fiskverndunaraðgerð.

Lagastoðin er 3. gr. laga um stjórn fiskveiða sem ég las upp áðan, það er lagastoðin sem allt heila móverkið byggir á.

En ef svo er sem ég get tekið undir, a.m.k. í vissum tilvikum virðist manni það vera svo að kvótanum sé viðhaldið kvótans vegna eða hann sé jafnvel settur á kvótans vegna. Það sé settur kvóti á tegundir til þess að menn fái kvóta og geti svo farið að versla með hann, þá er það auðvitað mjög ljótur leikur vegna þess að lagastoðin er orðalag 3. gr. laganna um stjórn fiskveiða að það á ekki að setja tegundir í kvóta, það á að vera á þeim frjáls sókn innan almennra marka, þ.e. að menn eigi íslensk skip o.s.frv., nema nauðsyn beri til af fiskifræðilegum ástæðum að takmarka sóknina og setja kvóta.

Um fiskveiðiráðgjöfina að öðru leyti ætla ég ekki að segja margt. Það er alveg ljóst að það eru ekki nákvæmnisvísindi. Ég hef verið hallur undir þá skoðun að við verðum að taka mið af því skársta sem við höfum og vitum um þessa hluti en hafa það í huga að það eru engin nákvæmnisvísindi, enda heldur því svo sem enginn fram. En þess þá heldur þurfa menn að fara varlega ef menn eru meðvitaðir um þetta, t.d. gagnvart ákvörðunum eins og þeim að kvótasetja steinbít vegna þess að það er ljóst að þar er þá kannski óvissan meiri sem því nemur. Menn geta að vísu haft það viðhorf að náttúran eigi að njóta vafans og ganga fram með einhver varúðarsjónarmið að leiðarljósi en það hefur yfirleitt ekki verið gert, og slíkar ákvarðanir hafa ekki verið rökstuddar þannig sérstaklega.

[14:37]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil líka taka það fram að ég tel ákaflega brýnt að það sé haft í heiðri og menn horfi á þá staðreynd, sem ég tel grundvallarstaðreynd fyrir efnahagslífið, að veiðar á Íslandsmiðum og íslenski fiskiskipaflotinn verði ekki sundur skilinn. Þetta var það sem menn litu alltaf á þegar við vorum að berjast fyrir íslenskri landhelgi, það var að fá einir leyfi til þess að nýta Íslandsmið. Þetta held ég að sé grundvallaratriðið, þ.e. atvinnuleyfið, atvinnuréttindi íslenska fiskiskipaflotans. Með hvaða móti við tryggjum það svo getum við deilt um. Það eru ýmsar aðferðir til við það en þetta er grundvallaratriðið og ég tel að þetta grundvallaratriði eigi menn að hafa í heiðri. Það megi ekki víkja út frá því.

Svo get ég alveg tekið undir það, herra forseti, með hv. þm. að það kann að vera að ýmsir menn séu kannski með einhverja hræsni í sambandi við þetta. Ég ítreka það að ég hef aldrei litið á þetta sem fiskfriðunartæki. Þetta er hagstjórnartæki, og á að vera það til að tryggja réttindi íslenska fiskveiðiflotans til þess að stunda og nýta Íslandsmið, enda mundi það koma Íslendingum öllum til góða.

[14:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef menn vilja ganga í lið með hv. 3. þm. Vestf. og nálgast þessi mál út frá því hugarfari að þetta eigi að vera hagstjórnartæki, þá er auðvitað nauðsynlegt að fara í umtalsverða endurskoðun á lögum. Þá á ekki að dulbúa slíkt kerfi inni í fiskveiðilöggjöf sem fiskverndaraðgerð. Þá á þetta alveg eins að vera í lögum um efnahagsmál eins og í slíkum lögum.

Ég er reyndar sammála hv. þm. um það að ég held að mjög mikilvægt sé að tengslin milli íslenska fiskiskipaflotans, útgerðar og sjómanna, rofni ekki við réttinn. En ég hef einmitt áhyggjur af því sem ríkisstjórnin er núna að gera í því sambandi vegna þess að það er þróun í þá átt að þessi réttindi séu aðgreind og framseljanleg og ekki tengd skipunum með þeim hætti sem áður var. Það er nákvæmlega út á þá braut sem menn eru m.a. að lenda núna í viðbrögðum sínum við dómi Hæstaréttar. Þess vegna held ég að hv. þm., eftir að hafa lýst þessum viðhorfum sínum, hljóti að vera nokkuð órótt.

Ég hef m.a. áhyggjur af því að til framtíðar litið bjóði þetta upp á hættur. Það mun verða þrýstingur á það í framtíðinni að hver sem er geti átt réttinn, ekki bara þeir sem hafa skip, heldur að braskarar og kaupmangarar geti átt þennan veiðirétt og þá er bara næsti bær við að hann geti þess vegna alveg eins verið í höndum útlendinga og innlendra aðila. Þannig leynast hér hættur við hvert fótmál. Ég einmitt lýsti því við 1. umr. þessa máls að ég velti fyrir mér út á hvaða almenna spor þróunin í þessum málum er að lenda gegnum m.a. viðbrögð ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans nú við dómi Hæstaréttar. Ég hef áhyggjur af því. Ég verð að segja það, eins og einhvern tíma hefur verið sagt úr þessum ræðustóli.

[14:41]

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 430. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 706.

Staða náttúrufræði í íslensku skólakerfi, 425. mál, fsp. SvG, þskj. 699.

[14:41]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ætla fyrst að víkja almennt að meðferð málsins í þinginu en vil kannski koma áður að einu atriði sem ég óska eftir að hæstv. sjútvrh. skýri nánar eða formaður sjútvn. eða báðir, en það lýtur að því að í brtt. 4 á þskj. 703 segir svo, með leyfi forseta:

„Í flokki báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki skal hlutdeild af ýsu, ufsa og steinbít skiptast í hlutfalli við veiðar hvers báts um sig á þessum árum og skal í þeim samanburði miðað við tvö bestu ár hvers báts af árunum 1996, 1997 og 1998. Við útreikning þennan skal afli árið 1998 margfaldaður með tveimur."

Í frhnál. meiri hluta sjútvn. á þskj. 702 segir svo í 2. tölul., með leyfi forseta:

„Lagt er til að horfið verði frá því að láta árið 1999 gilda við útreikning á innbyrðis hlutdeild krókabáta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki í ýsu, ufsa og steinbít. Til að koma til móts við þá sem nýlega hafa skipt yfir í veiðar með þorskaflahámarki verði hins vegar afli ársins 1998 tvöfaldaður áður en til samanburðar við árin 1996 og 1997 kemur."

Það er alveg ljóst að í frhnál. er efni greinarinnar ekki tíundað að fullu og ég hef aðeins orðið var við það að þeir sem hafa bara lesið frhnál. höfðu samband við mig fyrr í dag og sögðu: Þetta er eitthvað sérkennilegt, en áttuðu sig síðan á málinu þegar ég útskýrði það þannig, eins og fram kemur í brtt. sjálfri, að það ætti að miða við tvö bestu ár hvers báts á árunum 1996, 1997 og 1998. Ég hefði viljað fara fram á það að hæstv. ráðherra eða hv. formaður nefndarinnar fari nokkrum orðum um þetta til þess að taka þar alveg af allan vafa um við hvað er átt og hvernig á að skilja þetta ákvæði af því að ég tel að textinn í frhnál. sé ekki nægilega ítarlegur í þessu efni, en það er eins gott að hafa þessa hluti ítarlega vegna þess að allt þetta mál byggist ekki síst á því að það sé nákvæmlega með alla hluti farið.

Í öðru lagi ætla ég að víkja að meðferð málsins í þinginu og segja að við meðferð málsins er greinilegt að reynt hefur verið talsvert mikið á alla aðila og þanþol þingskapanna. Ég

hef satt að segja ekki fyrr velt því fyrir mér að setja þyrfti í þingsköpin ákvæði um það hvað telst fullnaðarafgreiðsla í nefnd. Ég held að það þyrfti að vera skýrt og ég held að það þyrfti að vera ósköp einfaldlega þannig að segja sem svo: Það mál telst til fullnaðar afgreitt í nefnd og þær brtt. teljast hafa komið fram í nefnd og teljast hafa getað verið fluttar af viðkomandi nefndarhluta eða nefnd í heild sem komið hafa fram áður en síðasta fundi nefndarinnar lýkur. Á þær brtt. sem koma fram eftir að síðasta fundi nefndarinnar lýkur ber að líta sem brtt. frá einstökum þingmönnum. Mér finnst óeðlilegt að tillögur, sem ekki hafa legið fyrir þegar nefndin stendur upp frá síðasta fundi sínum, séu kallaðar breytingartillögur, meiri hluta eða minni hluta eftir atvikum. Menn geta talið að þetta sé smámál en þetta er nokkuð mikilvægt fyrirkomulagsatriði til þess að hlutirnir séu algerlega skýrir í þessari stofnun. Þetta nefni ég m.a. með hliðsjón af því að núna er verið að endurskoða þingsköpin, hefur því miður gengið nokkuð illa en vonandi verður því haldið áfram á næsta kjörtímabili og þá hefði ég viljað að það sæist alveg skýrt við hvað er átt í þessum efnum, hvað telst til fullnaðar afgreitt í nefnd og hvað ekki og hvernig á að fara með brtt. sem koma fram í nefndarafgreiðslu og hvernig á að fara með brtt. sem koma fram eftir að nefndin hefur lokið störfum.

Ég tel líka að eitt atriði sem við þurfum kannski að skoða betur sé mikilvægt í störfum nefnda. Ég er ekkert sérstaklega að ræða það út af þessari nefnd heldur bara almennt. Ég held að það verði líka að vera nokkuð skýrt hvað á að bóka í nefnd og hvað ekki og hvenær og hvernig. Það er ekki skýrt. Í raun og veru eru engar reglur í þingsköpunum um bókanir í nefndum, hvað á að bóka þar og hvernig. Ég held að það eigi að vera í þingsköpunum vegna þess að bókanir í nefndum eru svo mikilvægur þáttur þingstarfanna, eins og við sem hér erum þekkjum.

Í þriðja lagi ætlaði ég að víkja aðeins að brtt. Alþb. sem við fluttum við 2. umr. og kölluðum til 3. umr. Brtt. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Lög um stjórn fiskveiða falla úr gildi 31. desember 2002. Fyrir Alþingi það sem hefst haustið 2001 verði lögð tillaga um nýja skipan fiskveiðimála er taki mið af 1. gr. laganna, fenginni reynslu og fyrirliggjandi dómum Hæstaréttar.

Til að undirbúa tillöguna kýs Alþingi níu manna nefnd hlutfallskosningu þegar að loknum næstu alþingiskosningum. Nefndin starfar á ábyrgð og á kostnað Alþingis en hefur sérstaka samvinnu við sjávarútvegsráðuneytið sem leggur til sérfræðiþekkingu og aðstoð eftir því sem nefndin óskar eftir.

Nefndin hafi samráð við alla aðila málsins í störfum sínum. Nefndin kýs sér sjálf formann."

Ég ætla fyrst að fara nokkrum orðum um efni tillögunnar og segja að fyrri hluti hennar lýtur að því að koma til móts við dóm Hæstaréttar að því leytinu til að Alþingi viðurkenni að lögin séu meingölluð og hluti þeirra gjörsamlega ófullkominn. Alþingi viðurkenni það með því að ákveða að fella lögin úr gildi á tilteknum tíma.

Nú eru engin sérstök vísindi á bak við dagsetninguna 31. desember 2002 af okkar hálfu frekar en aðrar slíkar sem oft sjást í þingmálum. Ég man ekki nákvæmlega hvernig þessi dagsetning er til komin í þessum texta af minni hálfu, en ég skrifaði hana. Ég tók eftir því að menn voru að gantast með það að þetta væri upp úr tillögum formanns sjútvn. meðan hann var í Alþb., en þá hafi hann flutt hliðstæða tillögu í þessari virðulegu stofnun ásamt mér og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Þó að svo vilji til að þetta sé sama ártalið, þá er ekkert samhengi þarna á milli. Ég hafði engan hug á því að vera sérstaklega að gantast við hv. formann sjútvn. með þessa dagsetningu eða þetta ártal. Það breytir engu og er að mínu mati útúrsnúningur og tilraun til þess að gefa lýðræðislegri umræðu langt nef, svo að ég noti orðalag sem var notað hér um daginn, að vera að gera mikið úr þessu atriði hvaða dagsetning er valin. Það er fullkomið smámál. En ég er þeirrar skoðunar, m.a. vegna ítrekaðs orðalags í dómi Hæstaréttar, að aðalatriði dómsins sé það að veiðiheimildirnar megi ekki binda varanlega. Það sé aðalatriðið. Annað sé í raun og veru leitt af því frekar en hitt. Þess vegna hefði ég talið að sólarlagsákvæði eins og þetta, sem Alþb. gerir tillögu um, væri fullgilt svar við dómi Hæstaréttar, enda verði um leið, herra forseti, tekin um það ákvörðun að setja málið í endurskoðun eins og við gerum líka tillögu um og um það ætla ég líka að fara nokkrum orðum.

Þar er það ekki þannig, herra forseti, að við séum að leggja það til að gera á einn eða neinn hátt lítið úr sjútvrh. hver sem hann er. Það stendur ekki til, a.m.k. ekki af minni hálfu. Ég tel að málið snúist ekki um það. Ég tel að veruleikinn sé sá að í lögunum um stjórn fiskveiða sem slíkum, uppsetningu þeirra og vinnubrögðum, þurfi Alþingi að standa sig betur en það hefur gert. Ég tel að dómur Hæstaréttar beinist ekki bara að sjútvrh. og hvernig hann afgreiddi einhverja tiltekna umsókn frá Valdimar Jóhannessyni. Það er ekki aðalatriðið í mínum huga. Aðalatriðið í mínum huga er það að dómurinn gagnrýnir niðurstöðu Alþingis í þessu máli að því er varðar lög af því að hún stangist á við þann vilja sem stjórnarskrárgjafinn birtir í stjórnarskránni sjálfri. Þess vegna finnst mér eðlilegt að Alþingi geri svo að segja hreint fyrir sínum dyrum, komi til dyranna eins og það er klætt og gangi sjálft í þetta verk. Það er ekkert annað sem fyrir mér vakir og okkur með þeirri tillögu sem hér var flutt við 2. umr. málsins. Það er fjarri mér að hafa haft það í huga að það ætti að gera að neinu leyti lítið úr starfandi eða væntanlegum sjútvrh. í þeim efnum. Það er ekkert slíkt uppi.

Hitt er alveg ljóst að til þess að losa sig út úr þessum lögum þarf auðvitað að grípa til annarra ráðstafana um leið. Í þeim efnum hafa alþýðubandalagsmenn, þar á meðal formaður Alþb. nýlega í áramótagrein sinni, bent á þá leið að menn þrepi sig út úr þessu kerfi stig af stigi, t.d. á fimm ára tíma þannig að tiltekinn hluti af aflaheimildunum fari á uppboð eða losað verði um þær með öðrum hætti, skipulega og á ákveðnu árabili og þannig losi þingið þjóðina út úr þessu kerfi hægt og bítandi áður en nýtt kerfi tekur við. Mér er það algjörlega ljóst, og ef einhver hefur haft þau orð um tillögu okkar eða málflutning að öðru leyti þá vil ég segja, að ég teldi það alveg fráleitt að setja bara sólarlagsákvæði en taka ekki mjög fljótlega — kannski ekki strax í dag — ákvörðun um það hvernig eigi að losa sig út úr kerfinu. Það verður líka að taka einhverja slíka ákvörðun og um það tel ég að menn eigi að leita sátta innan þessarar stofnunar vegna þess að ég held að í rauninni séum við ekki aðeins að fjalla um stjórn fiskveiða heldur séum við í tiltekinni vörn fyrir virðingu Alþingis og þess vegna skiptir það mjög miklu að við náum samstöðu í máli af því tagi sem hér er um að ræða. En á meðan endurskoðunin stæði yfir og á meðan við værum að trappa okkur út úr þessu kerfi að öðru leyti, þá ættu menn, eins og við alþýðubandalagsmenn höfum bent á í okkar málflutningi, að frysta að hluta til núverandi ástand óbreytt að nokkru leyti, að vísu með vissum lagfæringum sem hafa verið í gildi að því er varðar smærri bátana. En í

rauninni væru menn að setja af stað ferli sem beindist að því að losa þjóðina hægt og bítandi út úr þessu fiskveiðistjórnarkerfi af því að það samrýmist ekki grundvallarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Auðvitað gætu menn síðan komist að þeirri niðurstöðu að þeir vildu breyta stjórnarskránni eins og heyrst hefur talað um og þá er það sjálfstætt pólitískt úrlausnarefni sem ég er alla vega ekki tilbúinn til að ræða um í þessu samhengi vegna þess að það yrði óþarflega löng ræða miðað við allar aðstæður.

Þessi tillaga okkar liggur fyrir frá 2. umr. og það er alveg greinilegt af undirtektum hæstv. sjútvrh. að hann mun beita sér fyrir því að tillagan verði felld. Það er alveg greinilegt. Ég hef ákveðið, og við flutningsmenn, að við ætlum ekki að láta það gerast. Við ætlum að draga tillöguna til baka. Við teljum að það væri vont að Alþingi felldi svona tillögu, vont fyrir efni málsins og við teljum skynsamlegra að vísa þessu til kosninga, skynsamlegra að vísa því til þjóðarinnar heldur en að láta meiri hlutann á Alþingi beita valdi á síðustu vikunum áður en kjörtímabilið rennur út. Það er miklu eðlilegra og hreinlegra að þjóðin fái sjálf að kveða upp úr með það hvernig hún vill haga þessum málum frekar en að láta meiri hluta á Alþingi sem er kominn að fótum fram þó hann gæti orðið endurreistur — ég veit ekkert um það. Hann er alla vega kominn að fótum fram stjórnskipulega séð — ég vil ekki láta hann eyðileggja þessa hugmynd strax sem hann mundi gera ef þessi tillaga yrði felld.

Auk þess er það svo, herra forseti, að mér er það fulljóst að fjöldinn allur af ágætum þingmönnum í stjórnarflokkunum er í raun og veru hlynntur þeim sjónarmiðum sem hér eru sett fram en mundi í nafni tryggðar og meiri hlutans, sem hér er þrátt fyrir allt enn þá þó að skammt sé eftir af kjörtímabilinu, vafalaust fylgja stjórnarliðinu í því að hafna tillögunni eins og hún lítur út. Ég ætla með öðrum orðum ekki að gera það fyrir stjórnarflokkana að hjálpa þeim að fella þessi sjónarmið. Við ætlum ekki að flytja tillöguna við 3. umr. Við höfum kynnt hana, fengið ónotalegar undirtektir og látum það nægja að sinni.

Varðandi síðan efni málsins að öðru leyti get ég út af fyrir sig vísað í ágætar ræður sem hér hafa verið fluttar á undan minni ræðu. Ég ætla bara að bæta því við að ég hef aðeins reynt að fara yfir það í morgun og í gærkvöldi reyndi ég að fletta því upp, þ.e. ég reyndi að svara eftirfarandi spurningu: Eru mörg dæmi um hliðstæða dóma Hæstaréttar? Án þess að ég hafi að sjálfsögðu gert á því neina tæmandi leit, þá er bráðabirgðasvar mitt við spurningunni nei. Ég hef ekki fundið dæmi um nákvæmlega hliðstæðan dóm. Í þessu sambandi er það auðvitað samt sem áður þannig að Hæstiréttur hefur aftur og aftur verið að fjalla um löggjöf og það hvernig hún samrýmdist stjórnarskránni og m.a. um það hvernig dómar samrýmast mannréttindasáttmálum sem við höfum orðið aðilar að eins og í máli Jóns Kristinssonar á Akureyri og frægt varð.

Ég nefndi við 2. umr. þungaskattsdóminn sem var þannig að Alþingi heimilaði álagningu þungaskatts en tilgreindi ekki nein efri mörk skattlagningarinnar í lagasetningunni og Hæstiréttur komst að sjálfsögðu að þeirri niðurstöðu að þetta væri gegn því ákvæði stjórnarskrárinnar að engir skattar eru á lagðir nema með samþykki Alþingis.

Það er athyglisvert að þegar þessi dómur var felldur árið 1980 þá gerði Magnús Thoroddsen, þáverandi hæstaréttardómari, grein fyrir sératkvæði sínu í nokkuð ítarlegri og skemmtilegri greinargerð þar sem hann fullyrðir að ríkið ætti að endurgreiða alla þá skatta sem innheimtir hefðu verið umfram þau mörk sem Alþingi sjálft hefur sett samkvæmt lögunum um þungaskatt eins og þau voru í gildi til ársins 1980. Í rauninni má segja að með breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt fyrir tveimur til þremur árum þegar það var ákveðið að menn skyldu endurgreiða það sem oftekið væri af einstaklingunum, hafi verið komið til móts við þetta sératkvæði Magnúsar Thoroddsens í þessu fræga þungaskattsmáli.

Þingmenn þekkja líka vafalaust flestir Veiðivatnamálin sem snerust um eignarrétt á afréttum í landinu þar sem Hæstiréttur tók þá ákvörðun að allt land ofan eignarlanda og byggða væri í eigu ríkisins. Hér var um að ræða gríðarlega merkilegan dóm. Og það var ekki fyrr en í fyrra þegar Alþingi samþykkti þjóðlendulögin að komið var til móts við þessa dóma, marga dóma sem snerust um eignarhald og nýtingarrétt á auðlindum hálendisins. Auk þess er til, mér liggur við að segja fullt af skattamáladómum sem eru af svipuðu tagi þar sem Hæstiréttur er með tilliti til stjórnarskrárinnar að berja á puttana á Alþingi og telur að þar hafi verið rangt að hlutunum staðið.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. vitnaði fyrr í dag í tvo lögmenn og sérfræðinga á sviði laga sem hafa fjallað um þennan dóm sérstaklega og ætla ég ekki að endurtaka umfjöllun hennar að neinu leyti. En í þessu sambandi vil ég þó taka undir þau ályktunarorð sem hún hafði uppi í framhaldi af tilvitnun í viðtal við Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmann sem birtist í Morgunblaðinu 5. desember 1998 og í framhaldi af tilvitnun í viðtal við Davíð Björgvinsson prófessor sem birtist í Degi 5. desember 1998. Í þessu sambandi má auðvitað einnig vitna til greinar eftir Vilhjálm H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmann sem birtist í Morgunblaðinu 8. desember 1998. Með öðrum orðum er algerlega ljóst — og það ætla ég að láta verða mín orð í þessu án þess að vitna neitt í þessa menn frekar, þó að ég gæti út af fyrir sig gert það hér því ýmsu mætti halda frekar til haga í ummælum þeirra en gert hefur verið — ég tel alveg ljóst að mikill ágreiningur sé meðal lögmanna um það hvort sé rétt að hlutunum staðið að því er varðar 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna í því frv. sem hér liggur fyrir. Ég er yfirleitt að tala um þá grein. Ég er ekki að tala um trillugreinarnar sérstaklega.

Ég er algerlega sannfærður um að við erum á gráu svæði og ég óttast að þau viðbrögð sem hér eru höfð í frammi séu ófullnægjandi og í því sambandi ætla ég að síðustu í þessum hluta ræðu minnar að vísa til ágætrar greinargerðar Sigurðar Gizurarsonar sem bendir á að ekki einasta sé Alþingi rétt að takmarka stærð fiskiskipaflotans heldur skylt að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Herra forseti. Ég held þess vegna að við hljótum í þessu sambandi að velta því þessu næst fyrir okkur hvað við gerðum ef 7. gr. yrði á sama hátt dæmd ógild. Hver væri þá staða okkar? Ég er nokkuð sannfærður um að við mundum þá grípa til hugmyndar eins og þeirrar sem birst hefur í tillögu okkar alþýðubandalagsmanna.

Ég ætla þessu næst að víkja að tveimur efnisatriðum í niðurstöðum málsins eins og það liggur fyrir núna og ekki bæta neinu við það sem áður hefur komið fram hjá fulltrúum minni hlutans. Það eru tvö atriði sem ég ætla að nefna. Fyrst er það þetta Byggðastofnunarmál. Ég hefði viljað að annaðhvort formaður nefndarinnar eða sjútvrh. hefðu einhver orð uppi um það að þeir mundu a.m.k. leitast við af fremsta megni,

svo ég segi nú ekki meira, að tryggja það að meðferðin á þessum peningum sé fagleg og traust. Mér finnst eiginlega ekki hægt að fara fram á minna. Hér er um að ræða þannig mál að það er vont fyrir málið, vont fyrir byggðarlögin og sérstaklega fólkið sem býr þar, ef það er hjúpað tortryggni þegar af stað er farið. Ég vil því taka undir þau sjónarmið sem hafa komið fram, m.a. frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og fleirum, að betur þarf að búa um þessa grein en gert er og ég teldi það til bóta ef eitthvað er ef slíkar yfirlýsingar kæmu frá þeim sem tala aðallega fyrir málinu.

Annað atriði sem ég ætla að gera að umtalsefni í þessari stuttu ræðu minni er svo það að vísa stærð flotans í siglingalögin. Það finnst mér ekki alveg ríma. Siglingalög eru eitt, fiskveiðistjórnarlög eru annað. Lögin um stjórn fiskveiða eru um það hvernig á að stjórna aðgangi að fiskimiðunum. Ég er ekki alveg sammála því að þau séu bara um efnahagsmál eins og hér kom fram áðan. Þau eru það auðvitað að miklu leyti en þau eru ekki bara um efnahagsmál. Þau eru um vísindalega vernd fiskimiðanna, fiskstofnanna eins og það heitir. En áður en ég vík að stærð flotans ætla ég að vísa í þskj. 575. Ég vona að hv. þm. hafi séð það. Það er svar hæstv. sjútvrh. við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um fiskveiðistjórnarkerfi og stöðu fiskstofna. Það er fjarska fróðlegt þingskjal þar sem farið er yfir það lið fyrir lið hver veiðistofn þorsks var árið 1983 og hver hann er nú. Hver var veiðistofn ýsu árið 1983? Hann var 155 þús. tonn. Hver ætli hann sé í ársbyrjun 1999? Hann er 155 þús. tonn. Árið 1983 var veiðistofn ufsa metinn 256 þús. tonn. Síðan fór stofninn hratt minnkandi eftir 1988, að hluta vegna veiðiálags en fyrst og fremst vegna lélegrar nýliðunar og er veiðistofninn kominn í sögulegt lágmark, tæp 140 þús. tonn árið 1996. Ég vísa á það sem þarna er sagt um karfann, um grálúðuna, um skarkolann. Og um leið og ég tek undir þær efasemdir sem hér komu fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um kvótasetningaheimildir ráðherra yfirleitt, þá ætla ég bara að segja að það er ekki bara út af hæstaréttardómi sem þarf að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða. Það er eitt. Það er líka vegna þess hvernig lögin virðast hafa reynst að því er varðar þróun fiskstofnanna sjálfra. Það er mjög mikið umhugsunarefni. Og þó að sennilega sé hægt að halda því fram að að mörgu leyti hafi lögin skilað árangri að því er varðar ýmsa þætti efnahagsmála og kostnaðar, þá er hitt ljóst að áhrifin af framkvæmd laganna á þær skepnur sem synda í sjónum og við byggjum þessa starfsemi á eru a.m.k. afar tvíbent að ekki sé meira sagt og kalla að mínu mati á sérstaka skoðun á málinu vegna þess að í rauninni er engin óyggjandi vissa um að sú vísindalega stjórn á þessum málum sem beitt hefur verið hafi skilað árangri, að ég segi ekki meira. Ég ætla ekki að gera það. Ég ætla ekki að vera að taka stórt upp í mig um það að þeir menn sem vinna hjá Hafrannsóknastofnun hafi unnið illa. Það er ekki skoðun mín. Ég veit að þeir vanda sig.

Ég ætla að víkja aðeins að öðru atriði en Byggðastofnunarmálinu í frv. eins og það lítur út núna og það er að vísa stærð flotans í siglingalög. Ég spyr: Hafa menn velt því fyrir sér hvort það yrði ekki talið það sem kallað er tæknilegar hindranir vegna þess að siglingalög eru eitt, siglingalög eru öryggi. Fiskveiðistjórnarlög eru annað, þau eru um fisk. Ég skil því ekki hvernig hægt sé að beita fiskveiðilegum takmörkunum á stærð fiskiskipaflotans í siglingalögum. Mér þætti vænt um ef hv. talsmenn málsins af hálfu stjórnarflokkanna mundu vilja útskýra það nánar fyrir mér.

Ég viðurkenni það hins vegar að það er út af fyrir sig hugsanlegt að glíma við þetta mál aðeins lengur, þetta takmörkunarmál, og velta því aðeins lengur fyrir sér. Ég væri a.m.k. til í að brjóta heilann aðeins lengur um það. Mér finnst að röksemdir sérfræðinganefndarinnar að því er varðar það að gera alla báta, hvaða nafni sem þeir nefnast, jafnsetta í þessu efni, séu kannski ekki að öllu leyti nægilega traustar. En ég get ekki sætt mig við það að vísa þessu máli í siglingalögin vegna þess að siglingalögin fjalla um algerlega óskylt svið. Ég hefði a.m.k. viljað auglýsa eftir nánari rökum í því máli. Ég er út af fyrir sig alveg tilbúinn til að fallast á þau rök, ef þau eru til, að siglingalögin geti leyst þetta. En ég sé ekki að það geti verið. (**Gripið fram í:** Þannig var það.) Að því er varðar veiðiheimildirnar þá hefur það verið þannig en ekki að því er varðar stærð hins virka fiskiskipaflota, og það er það sem menn eru að tala um.

Ég vil að síðustu segja það af minni hálfu og okkar, herra forseti, að við teljum að málið sé ófullkomið af hendi stjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Við teljum í fyrsta lagi að dómur Hæstaréttar sé stefnumarkandi dómur og að hann snúist ekki eins þröngt um 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna og gefið hefur verið í skyn og túlkað er af meiri hlutanum.

Í öðru lagi teljum við að fyrir liggi álit sem verði að taka mark á sem sýna fram á að það sé ekki aðeins unnt heldur skylt að takmarka stærð flotans. Við teljum því að það sé uppgjöf að fara í málið eins og hér er gerð tillaga um og að með tillögunni eins og hún liggur fyrir sé verið að gera tilraun til að plata Hæstarétt sem muni ekki takast. Það munu menn sjá þegar hann verður að fella sinn dóm næst á þessu sviði.

Í þriðja lagi tel ég að yfirvofandi hætta sé á réttaróvissu áfram í allri lagalegri umgjörð þessa máls.

Í fjórða lagi tel ég að krukkið í þau mál sem snúa að smábátunum geti verið stórháskalegt. Breytingarnar sem menn hafa orðið að gera á svo að segja klukkutíma fresti á síðustu dægrum benda til þess að við vitum ekki að öllu leyti hvað við erum að gera í því sambandi. Í því máli ætla ég bara að segja það að mér finnst að Alþingi sé að mörgu leyti að fjalla um mál að því er varðar smábátana sem ættu að vera á sviði framkvæmdarvaldsins. Alþingi á að setja almennar reglur sem víðast. Það er ráðuneytanna að útfæra þær reglur og mér finnst að í þeim tillögum sem hér liggja fyrir frá meiri hlutanum sé verið að láta Alþingi samþykkja reglur sem eru í rauninni þannig að þær ættu ekki að vera á borðum þingmanna. Það er í raun hættulegt að setja hlutina upp eins og hér er að gerast, að Alþingi sé sem slíkt að fara svo að segja í hvert einasta smáatriði, hverja einustu sameind, frumeind, atóm í þessu máli vegna þess að það er ljóst að Alþingi getur það ekki og Alþingi er heldur ekki, sem betur fer, svo sveigjanleg stofnun að við getum lagað hlutina til frá degi til dags. Alþingi er ætlað að setja almenn lög, almennar reglur. Alþingi er ekki ætlað að kveða á um framkvæmdaratriði frá degi til dags eða frá klukkutíma til klukkutíma.

Af þessum ástæðum öllum, herra forseti, er það svo með okkur þingmenn Alþb. að við munum ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um þetta mál þegar hún kann að fara fram.

[15:12]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hér hafa farið fram ágætar umræður í dag um þetta efni. Eftir að hv. formaður sjútvn. hafði gert

grein fyrir viðbótarbrtt. nefndarinnar hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar lýst í ítarlegu máli og málefnalega þeim sjónarmiðum sem þeir hafa viljað koma fram í umræðunni. Ég ætla að víkja að örfáum atriðum sem mér finnst að þessi umræða gefi tilefni til.

Í fyrsta lagi er rétt að minna á að það frv. sem hér liggur fyrir og er til umfjöllunar felur ekki í sér afrakstur af heildarendurskoðun á löggjöf um stjórn fiskveiða. Það felur í sér afmörkuð viðbrögð við dómi Hæstaréttar sem hér hefur verið til umfjöllunar. En það er mikill misskilningur að það hafi verið tilgangur eða markmið með þessu frv. að ljúka einhverri heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Það er verkefni sem stöðugt þarf að vinna að. Löggjöf af þessu tagi verður aldrei alfullkomin. Það þarf stöðugt að laga hana að nýjum og breyttum aðstæðum þannig að það er verkefni er stöðugt og verður ævarandi. Því verður aldrei lokið í eitt skipti fyrir öll. En það er mjög mikilvægt fyrir atvinnugreinina og efnahagslíf landsins að um þessi efni gildi skýrar leikreglur og að þeir sem í atvinnugreininni starfa geti treyst því að ekki sé verið að breyta þeim í grundvallaratriðum frá einu ári til annars og geti til lengri tíma skipulagt atvinnustarfsemina, ekki bara út frá eigin hagsmunum heldur fyrst og fremst út frá heildarhagsmunum þjóðarinnar sem byggir verðmætasköpunina á starfsemi sjávarútvegsins.

Það má segja að það hafi verið rauði þráðurinn í ræðum talsmanna stjórnarandstöðuflokkanna að a.m.k. á þessu stigi væri óþarfi að bregðast við dómi Hæstaréttar. Ég trúi því ekki að þeir talsmenn sem hér hafa talað misskilji niðurstöðu dóms Hæstaréttar eins og má ætla af slíkum ummælum. Ég hygg að þeir geri sér fulla grein fyrir niðurstöðu dómsins en kjósi að segja þetta vegna þess að það er forsenda fyrir öðrum málflutningi af þeirra hálfu.

En hvað felur dómur Hæstaréttar í sér? Það er rétt sem hér hefur komið fram að sérfræðingar í lögvísindum hafa sett fram mismunandi skoðanir í þeim efnum. Það er alveg rétt og getur enginn á móti mælt, það liggur fyrir í álitum þeirra. Allir eru þó sammála um að greina á milli niðurstöðunnar í dómnum og almennra hugleiðinga sem menn skilja svo á mismunandi veg. Niðurstaðan er alveg í samræmi við þá málsástæðu og kröfu sem höfð var uppi í málinu sem snerist bara um það hvort 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna stæðist stjórnarskrána eða ekki. Það var kröfugerðin í málinu og niðurstaðan í dómi Hæstaréttar snýst um hana og ekki annað. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að þessi grein samræmdist ekki lengur jafnréttisákvæði í stjórnarskrá landsins. Nú ætla ég ekki að ræða á þessu stigi um lögfræðilegan rökstuðning í dómi Hæstaréttar, þetta er alveg klár og skýr niðurstaða sem ég hef ekki orðið var við að menn greini á um.

Nú geta aðstæður verið mismunandi þegar Hæstiréttur kemst að niðurstöðu um að tiltekin lagagrein stangist á við stjórnarskrá. Í sumum tilvikum þarf ekki að bregðast við. Réttarregla hefur verið felld úr gildi og ekki er þörf á að setja nýja í staðinn. En hér eru aðstæður þannig að óhjákvæmilegt er að skipa málum á nýjan veg með nýrri réttarreglu. Ekki er hægt að skilja mál eftir í lausu lofti án þess að setja nýjar réttarreglur í staðinn fyrir þau ákvæði í 5. gr. sem hafa verið felld úr gildi.

Ég minni á þær þrjú þúsund umsóknir frá aðilum sem vilja gerast nýir þátttakendur í sjávarútvegi. Þeim þarf að svara á grundvelli laga og Hæstiréttur hefur ekki sett nein lög enda er það ekki hlutverkhans. Það er Alþingi sem þarf að setja þau. Það eru ekki bara nýir aðilar sem bíða eftir því, það eru líka aðilar sem hafa lengi tekið þátt í útgerð, hafa til að mynda verið að skipta um skip, höfðu ekki fengið veiðileyfi á nýtt skip áður en dómur Hæstaréttar féll. Þeir bíða líka eftir nýrri niðurstöðu. Komi ekki ný réttarregla er verið að stöðva alla framþróun og framrás í atvinnugreininni þangað til slík réttarregla er sett. Ég trúi því ekki að það sé ætlan talsmanna stjórnarandstöðunnar að stöðva slíka framþróun. Ég ætla ekki að halda því fram að þeir viti ekki að þetta er veruleikinn sem þarf að bregðast við. Þeir kjósa hins vegar að segja: Það þarf ekkert að gera. Það þarf ekki að setja nýja réttarreglu og við getum tekið okkur öll þau ár sem við þurfum til þess að bregðast við Hæstarétti. Af hverju segja þeir þetta? Jú, vegna þess að þeir vilja ekki á þessu stigi, svo skömmu fyrir kosningar, segja fólkinu í landinu hvað þeir ætla að gera vegna þess að þeir óttast að ekki verði hrópað húrra fyrir þeim úti um byggðir landsins þegar þar að kemur.

Þeir fluttu við 2. umr. einhverja makalausustu tillögu sem ég hef séð flutta í þinginu. Hún gekk út á að gefa Hæstarétti langt nef, svo langt nef að Alþingi ætlaði að ákveða með lögum að það þyrfti ekki að bregðast við dómi Hæstaréttar fyrr en eftir fjögur ár. Þeir ætluðu að lögfesta það. Það átti að lögfesta það að Alþingi þyrfti ekki að hafa skoðun á málinu í fjögur ár. Auðvitað var hlegið að þessu úti um allt land að stjórnarandstaðan treysti sér ekki til þess að lýsa skoðunum sínum fyrr en eftir fjögur ár. Þeir lýstu því yfir í seinni hluta tillögunnar að það ætti að taka forræði þessara mála úr höndum sjútvrh. og fela Alþingi, flytja framkvæmdarvaldið til Alþingis með beinu fyrirmælavaldi Alþingis varðandi sjútvrn.

Þegar þeim var bent á að í tillögunni væri gert ráð fyrir því að þetta kæmi til framkvæmda eftir næstu kosningar og það mundi lúta að nýjum ráðherra og að þeir væru varla að lýsa fyrir fram yfir vantrausti á ráðherra úr eigin röðum segði þetta lítið annað en þeir væru fyrir fram að gefast upp og ætluðu ekki einu sinni að hafa það markmið í kosningum að komast til valda að þeim loknum.

Nú heyri ég, eftir að hafa hlýtt á mál hv. 8. þm. Reykv., að þeir hafa tekið þau rök góð og gild gegn tillögunni sem ég setti fram við 2. umr. málsins og hef farið yfir að nýju. Þeir hafa heyrt að úti í þjóðfélaginu var hlegið að því að þeir treystu sér ekki til þess að hafa skoðun á slíkum málum í fjögur ár. Mér finnst þeir vera menn að meiri, herra forseti, að bregðast þannig við málefnalegri gagnrýni, taka málefnalegum rökum og ákveða að draga tillöguna til baka. Það var til þess vitnað sérstaklega í ræðu hv. 8. þm. Reykv. að viðbrögð mín við tillögunni hafi leitt til þess að hún var kölluð til baka og viðbrögð mín voru rökstudd með þeim hætti sem ég hef nú farið yfir, og mér finnst fulltrúar stjórnarandstöðunnar vera menn að meiri fyrir það að hafa tekið mark á þeim málefnalegu röksemdum.

En aðstaðan er sú, og menn verða að gera sér grein fyrir því og það er ekkert hægt að breiða yfir það, að það verður að setja nýjar efnisreglur í staðinn fyrir þá efnisreglu sem verið hefur í 5. gr. fiskveiðistjórnarlaganna ef hér á ekki að vera stöðvun á framþróun í atvinnugreininni. Þó að menn treysti sér ekki til að hafa skoðanir á málinu er alveg ástæðulaust að breiða yfir þá staðreynd að þetta verður að gera. Það er miklu einfaldara og heiðarlegra að segja við fólkið í landinu: „Við þurfum lengri tíma til að hugsa þetta mál.“ Það hefði mér fundist að talsmenn stjórnarandstöðunnar hefðu getað gert og segja það bara satt. En að vera að halda því fram að dómurinn kalli ekki á tafarlaus viðbrögð að þessu leyti er

auðvitað rangt og ég veit að þeim er það ljóst, þeir hafa ekki staðið í misskilningi um þetta efni.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar voru einfaldlega þau að bregðast við því að setja þarna ný efnisákvæði. Þau hafa óveruleg áhrif á langsamlega stærsta hluta fiskiskipaflotans. Eftir þessa breytingu geta allir fengið veiðileyfi og það felur í sér þau réttindi að þeir geta keypt til sín aflahlutdeild frá öðrum og þeir geta veitt í tegundum sem eru ókvótabundnar.

Hins vegar lá ljóst fyrir að málið var flóknara varðandi smábátana vegna þess að báðir flokkar smábátanna voru að fiska í opnum kerfum. Ef ekkert hefði frekar verið að gert í þeim efnum hefðu nýir aðilar getað lagt í rúst þann veiðirétt sem þeir hafa haft sem þar hafa verið fyrir og eyðilagt lífsafkomu þeirra í einu auga lifandi bragði. Þess vegna fór stærri hluti frv. í að finna lausnir gagnvart þessum aðilum þar sem brottfall 5. gr. með dómi Hæstaréttar hafði meiri áhrif á þennan hluta fiskiskipaflotans.

Í frv. ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir tiltölulega einfaldri breytingu í þessu efni sem hefði einfaldað það skipulag sem verið hefur á veiðum krókabátanna. Hins vegar þótti meiri hluta sjútvn. eðlilegra að viðhalda þeirri skiptingu sem verið hefur í þessum efnum en þó með þeirri breytingu að öll réttindin yrðu einstaklingsbundin þannig að sóknardagarnir yrðu einstaklingsbundnir en ekki hópveiðikerfi eins og verið hefur. Þar á er ekki grundvallarmunur í þessu efni en það gerir útfærsluna flóknari og skýrir að það hefur tekið aðeins lengri tíma í hv. sjútvn. að fjalla um málið en ella hefði þurft að vera.

Hér hefur svo verið á það minnst að ekki gangi að ætla að setja takmörk á stærð fiskiskipastólsins í siglingalögum. Út af fyrir sig er ég alveg sammála því. Ég held að dómur Hæstaréttar feli það skýrt í sér að ekki er hægt að takmarka stærð fiskiskipastólsins, hvorki í lögum um stjórn fiskveiða né öðrum lögum. Dómur Hæstaréttar kann að fela það í sér að atvinnuréttindi á ýmsum öðrum sviðum verði ekki takmörkuð, ég nefni leigubíla og fjöldamörg önnur atriði, ef samræmi á að vera í dómsniðurstöðum Hæstaréttar. En ég hygg að það sem verið er að vísa til í þessu efni lúti að hinu sem var regla áður fyrr að í lögum um skrásetningu skipa var að ég hygg tekið fram að ekki væri hægt að flytja inn til landsins skip sem voru yfir ákveðnum aldri. Ég tel vel koma til álita að einhver slík almenn regla sé sett í löggjöf á því sviði. Hún getur hins vegar ekki falið í sér reglu sem halda má fram að feli í sér takmörkun á aðgangi að flotanum. En á sínum tíma voru slíkar reglur fyrst og fremst vegna þess að menn vildu tryggja að ný skip sem kæmu til landsins væru ekki það gömul að þau fullnægðu ekki nútímakröfum og öryggi og aðbúnað sjómanna og þar fram eftir götunum. Síðan ákváðu menn að fella slíkt niður fyrst og fremst til þess að auðvelda útgerðum að kaupa eldri skip á hagkvæmara verði. En alltaf var umdeilt hvort réttlætanlegt væri að stíga slík skref með hliðsjón af þeim markmiðum sem lágu að baki gömlu reglunni, þ.e. öryggishagsmunir og aðbúnaður sjómanna. Því tel ég fullkomlega eðlilegt að menn hugi að einhverju slíku en tek alveg undir þau sjónarmið að ekki er hægt að setja þar neinar reglur sem takmarka aðganginn.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. talaði á nokkuð annan veg en talsmenn samfylkingarinnar, sem ekki er óeðlilegt, og taldi að það væri hægt, þrátt fyrir dóm Hæstaréttar, að takmarka fjölda fiskiskipa og setja fiskiskip í fleiri flokka og hópa og miðstýra kerfinu og þróuninni, ef ég hef skilið hugleiðingar hans rétt. Ég held að það sé ljóst og menn verði að gera sér grein fyrir því að það er enginn vegur eftir dóm Hæstaréttar að takmarka fjölda fiskiskipa. Ekki er hægt að hafa almenn lokuð kerfi sem ákveðinn tiltekinn hópur á rétt á að veiða í og aðrir komast ekki inn í eins og ýmsar þjóðir hafa. Það er útilokað að minni hyggju eftir þennan dóm.

Mér finnst nokkuð hafa á það skort í þessari umræðu — af því að ýmsir hafa beint umræðunni í víðari farveg af því að þeir hafa litið svo á að dómur Hæstaréttar hafi sett fram kröfu um meiri uppstokkun á þessu stigi á löggjöfinni um stjórn fiskveiða — mér finnst menn gleyma í því sambandi að ræða það af hverju við erum með fiskveiðistjórn. Hver eru markmiðin með því að stjórna fiskveiðum hér við land? Lítillega var komið inn á þetta í ræðum hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 3. þm. Vestf.

Að minni hyggju eru tvö höfuðmarkmið sem við þurfum að hafa. Þau eru annars vegar að fiskveiðistjórnarkerfið sé nógu sterkt til þess að við náum þeim líffræðilegu markmiðum sem við setjum okkur. Hins vegar að það stuðli að því að við náum þeim efnahagslegu markmiðum sem við viljum ná. Þegar við horfum á þessi tvenns konar markmið þá verður ekki á móti því mælt að við höfum á grundvelli aflahlutdeildarkerfisins náð mjög góðum líffræðilegum árangri og við höfum náð mjög góðum efnahagslegum árangri. Okkar kerfi hefur til að mynda á vettvangi OECD verið borið saman að þessu leyti við önnur fiskveiðistjórnarkerfi. Og ýmiss konar athuganir sem hafa verið gerðar víðs vegar af fræðimönnum benda allar í þá átt að önnur kerfi hafi ekki skilað betri árangri varðandi þessi tvö atriði.

Okkur hefur tekist að byggja upp verðmætasta fiskstofninn, sem er þorkstofninn, með því að beita þessu kerfi. Allir aðrir stofnar sem eru í kerfinu og lúta okkar eigin stjórn eru í allgóðu ástandi. Það var vitað að rækjustofninn mundi minnka þegar þorskstofninn yxi. Það hefur oft verið bent á það í umræðum að við stöndum frammi fyrir erfiðleikum varðandi grálúðu og djúpkarfa. Það eru þau dæmi sem gjarnan eru tekin. Og þau eru einmitt mjög góð og mjög gott að taka þau inn í umræðuna vegna þess að þar er um að ræða stofna sem eru sameiginlegir með öðrum þjóðum og við ráðum því miður ekki yfir. Við höfum verið að vinna að því á undanförnum árum að ná samkomulagi við nágrannaþjóðir okkar um heildarstjórn á þessum stofnum en það hefur því miður ekki tekist. Ég tel að þetta sé mjög gott dæmi um að þarna eru stofnar þar sem þarf að beita virkri veiðistýringu og þar sem henni hefur ekki verið beitt, þar stöndum við frammi fyrir erfiðleikum.

Hvaða árangri höfum við náð efnahagslega? Ég veit að ég þarf ekki að rifja hér upp það ástand sem var áður en menn tóku upp markvissa stjórn í þessum efnum. Þegar nánast hvert einasta fyrirtæki í landinu stóð á brauðfótum. Það þurfti að gera ráðstafanir á þriggja mánaða fresti til að halda fyrirtækjunum gangandi. Það þurfti að taka peningana frá almenningi með gengislækkun og gengissigi á hverjum einasta degi. Það þurfti að flytja peninga frá almenningi yfir til útgerðarinnar. Síðan þurfti að koma upp ýmiss konar ríkisábyrgðum til þess að niðurgreiða vaxtakjör á lánum. Öllu þessu hefur verið breytt með þessu kerfi. Við höfum í dag sjávarútveg sem stendur á eigin fótum. Á síðustu átta árum hefur sóknin minnkað um 50% þó að við séum að veiða jafnmikið magn í heild og þá. Og veiði á sóknareiningu hefur aukist um 70% í netaveiðum og línuveiðum og um 40% í togveiðum. Við höfum með öðrum orðum verið að draga úr kostnaðinum við veiðarnar og með því móti skapað

fjárhagslega sterka undirstöðu undir rekstri fyrirtækjanna. Aðrar þjóðir hafa verið með mikil styrkjakerfi ekki bara í rekstri heldur líka til þess að ná tökum á því vandamáli sem er talið vera stærsta vandamál í sjávarútveginum í dag, sem er of stór fiskiskipafloti. Þar er verið að leggja skatta á almenning til þess að kaupa skip af útgerðarmönnum í þeim tilgangi að fækka skipunum.

Við höfum notað markaðslögmálið til að ná þessum árangri og við höfum náð betri árangri að þessu leyti en flestar aðrar þjóðir sem hafa verið að styðjast við miðstýringarsjóði og fyrirgreiðslusjóði af ýmsu tagi til að ná árangri.

Efnahagslega hefur þetta þýtt að við búum við stöðugt gengi. Okkur hefur tekist að auka kaupmátt launa í landinu hraðar en aðrar þjóðir hafa gert á undanförnum árum. Og þegar menn koma hér og segja: Við viljum fara allt aðrar leiðir við að stjórna fiskveiðum, þá hljóta þeir að þurfa að svara þeirri spurningu: Eru menn tilbúnir til þess að fórna þessum efnahagslega árangri á kostnað þeirra óska? Og menn þurfa að fara yfir það og meta hvort þær leiðir skili sama efnahagslega árangri.

En enginn hefur komið hér upp og sýnt fram á það að aðrar leiðir skili meiri og betri efnahagslegum árangri en sú sem við höfum verið að fara. Og það er kannski einmitt þess vegna sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar hika við það að leggja fram útfærðar tillögur en vísa bara í óljósar hugmyndir vegna þess að þeir vita að þegar búið er að leggja fram útfærðar hugmyndir þá er hægt að fara að bera efnahagslegan árangur af því saman við það sem við höfum verið að gera á undanförnum árum. Og það vilja þeir ekki að þjóðin sjái af því að þeir ætla auðvitað ekki að gerast boðberar þess að þeirra stefna leiði til lakari lífskjara í landinu. Ég ætla þeim ekki að vilja það. Þeir gera sér grein fyrir þessari hættu og þess vegna vilja þeir ekki setja fram útfærðar tillögur sem leggja má fyrir Þjóðhagsstofnun eða aðra aðila og fá fram mat á því hver efnahagslegur árangur yrði.

Það hefur verið minnst á það hér í umræðunni að nokkuð hafi skort á að menn hafi fengist til að ræða aðrar leiðir eftir dóm Hæstaréttar. Það er alrangt. Við 1. umr. málsins var öðrum kostum velt upp. Ég gerði það í ræðu minni við 1. umr. að velta upp öðrum kostum sem mögulegir eru eftir að dómur Hæstaréttar liggur fyrir. Dómur Hæstaréttar hefur útilokað ýmsar leiðir við stjórn fiskveiða sem sumir hafa haft áhuga á, sem sumar aðrar þjóðir fara þar sem sjávarútvegur er ekki uppistaða í efnahagslífi heldur aukabúgrein þjóða sem búa við ríkidæmi af öðrum ástæðum og geta leyft sér að styrkja sjávarútveg. En eftir dóm Hæstaréttar eru leiðirnar ekkert mjög margar. Það var farið yfir þær í umræðunni. Ein er sú að hafa frjálsa sókn í opnu kerfi því að nú er ekki hægt að hafa sóknarkerfi í lokuðum klúbbi. Það er fræðilega hægt að segja: Við setjum heildaraflamark. Það er öllum heimilt að koma inn sem nýir þátttakendur og svo stoppum við veiðarnar þegar heildaraflanum er náð. — Allir vita að þetta gengur ekki upp efnahagslega enda hefur enginn lagt það til. Önnur leið væri sú að setja allar aflaheimildir á uppboð annaðhvort í einu lagi eða kannski fimm ára tímabili eins og sumir hafa nefnt hér, án þess að vilja útfæra það nákvæmlega hvernig þeir vilja gera það. Og þriðja leiðin er heimsendingarkerfið, að deila veiðiheimildunum upp á hverju ári og senda hverjum Íslendingi sinn skerf og leyfa svo mönnum að veiða eða selja eftir atvikum. Þetta eru þær þrjár leiðir. Ég hef lagt í það talsverða hugsun að reyna að finna það út en ég hef ekki heyrt menn nefna fleiri grundvallarleiðir í þessu efni. Ég hefði talið það mjög áhugavert að menn ræddu þessar mismunandi leiðir og afleiðingar af þeim samanborið við þann kost við höfum í dag.

Ég geri ráð fyrir því að menn vilji ekki eyða miklu púðri í frjálsa sókn í opnu kerfi af því að það þýðir bara efnahagslegt hrun. Uppboð á veiðiheimildum gæti í sjálfu sér gengið efnahagslega. Ég held að það sé alveg ljóst, a.m.k. ef menn væru að byrja alveg frá grunni, engin byggðasaga eða fjárfestingarsaga að baki. Þá væri það alveg hægt. Munurinn þar á er sá að úthlutun heimilda í núverandi kerfi byggðist á aflareynslu, sögulegum grunni í myndun byggða í landinu og fjárfestingar. Hinn kosturinn felst í því að segja: Þeir sem eiga mesta peninga, þeir fá aflaheimildirnar. Það er út af fyrir sig mjög athyglivert að það eru talsmenn jafnaðarmanna sem segja: Burt með hinn sögulega þátt, burt með byggðaþróunarbakgrunninn. Bara þeir sem eiga mesta peninga fá veiðiheimildirnar í sínar hendur.

Ég er hins vegar ansi smeykur um það að ef við færum þessa leið þá mundu ýmsir kippast við. Hvernig ætli samkeppnisstaða trillukarlsins yrði til að halda veiðiheimildum sínum þegar hann þyrfti að fara að bjóða í þær á móti Samherja, Eimskipafélaginu eða Íslenskri erfðagreiningu eða hverjum sem er sem dytti í hug að bjóða í fiskveiðiheimildirnar? Hvernig halda hv. þm. að aðstaðan yrði á mörgu sjómannsheimilinu sem átt hefur lífsafkomu sína undir trilluútgerðunni þegar trillukarlinn kæmi heim og segði: Það var uppboð fyrir þetta árið. Eimskip keypti aflaheimildirnar. Nú skulum við bara bíða róleg, það getur vel verið að ég nái aflaheimildunum frá Eimskip á næsta ári.

Þetta er það sem jafnaðarmenn segja að sé hið nýja réttlæti. Má vel vera að einhverjum sýnist að svo sé. Ég dreg hins vegar í efa að í þessu felist mikið réttlæti. (Gripið fram í.) Ég segi líka að þetta mun ekki bara hafa áhrif á aðstöðu trillukarla. Þetta mun hafa áhrif á stöðu ýmissa minni fyrirtækja í sjávarútvegi. Í minni sjávarplássum eru víða fyrirtæki sem í dag byggja ekki á mjög sterkum fjárhagslegum grunni. Þetta veikir samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja og þessara byggða. Ef við værum að byrja alveg frá grunni og hefðum enga slíka fortíð, þá væri þetta vissulega hægt efnahagslega. En ég er alveg kristalklár á því að ástæðan fyrir því að jafnaðarmenn leggja ekki fram útfærðar tillögur um þetta efni er sú að um leið og það væri gert og þær væru sendar til umsagnar út um þjóðfélagið þá fengju þeir mjög heiftarleg viðbrögð einmitt af því tagi sem ég er að lýsa hér. Það vilja þeir auðvitað ekki og þess vegna hlaupa þeir undan í felur og segja: Það er óþarfi að gera nokkurn skapaðan hlut fyrr en eftir fjögur ár. Þetta er það sem þeir ætla að segja fólkinu í kosningunum í vor: Við erum klárir á því að þetta þarf allt saman að vera öðruvísi. Við erum alveg klárir á því að þetta þarf að byggjast á réttlæti. En við ætlum að geyma það í fjögur ár að segja ykkur hvernig það á að útfærast. Það er boðskapurinn sem þessir hv. þm. ætla að fara með í kosningarnar og verði þeim svo sem að góðu, ég er ekki að gráta það.

Vissulega er það kerfi sem við búum við í dag markaðskerfi og það hefur haft ákveðin áhrif í þá veru að aflaheimildir hafa færst saman. Það eru færri aðilar sem gera út og þar fram eftir götunum. En lykilatriðið er hitt að ef menn tækju ákvörðun um það í dag að taka veiðiréttinn af þeim sem eru að veiða núna og fara að bjóða hann upp þá mundu menn skilja mörg fyrirtæki eftir í rústum, mörg byggðarlög eftir í rústum og kollvarpa hér félagslegri og byggðalegri þróun

í landinu. Þetta vita talsmenn jafnaðarmanna og þess vegna vilja þeir ekki setja fram útfærðar tillögur af þessu tagi sem kláran valkost.

Hitt er svo allt annað mál hvaða gjöld eigi að leggja á sjávarútveginn. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að eðlilegt væri að sjávarútvegurinn, eftir því sem þetta kerfi skilaði betri árangri, greiddi fyrir kostnað sem ríkisvaldið hefur af stjórn og ýmsum öðrum þáttum. Þannig var það að þegar kerfið fór af stað á sínum tíma var ákveðið að leggja gjald á aflaheimildirnar sem stóðu undir helmingnum af eftirlitskostnaðinum. Þetta hefur svo smám saman verið aukið eftir því sem kerfið hefur leitt til meiri og betri efnahagslegs árangurs. Núna hefur það til að mynda verið svo í nokkur ár að lagt er gjald á aflaheimildirnar sem stendur undir öllum eftirlitskostnaði og síðan kostnaðinum við Þróunarsjóðinn. Þetta jafngildir því að verið sé að greiða fyrir eftirlit og vísindarannsóknir. Ég tel þetta vera mjög eðlilega skipan og þegar verið er að ræða um gjaldtöku af sjávarútveginum að þá sé rétt og eðlilegt að horfa á þennan kostnað og að útgerðin greiði hann.

Enn sem komið er eru aðstæður þó slíkar í íslenskum sjávarútvegi að hagnaður greinarinnar er minni en í öðrum atvinnugreinum. Þó setja menn á þessar stóru tölur um mestu eignatilfærslu aldarinnar og ég veit ekki hvað og hvað. Enn er það samt svo, þrátt fyrir þessi verulegu efnahagslegu umskipti, að hagnaðurinn er minni. Og þó að eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi hafi batnað til mikilla muna þá er hún enn lægri að meðaltali en í öðrum atvinnugreinum.

Er nú ekki mjög mikilvægt að menn hugsi svolítið um samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs áður en þeir setja fram hugmyndir af því tagi að henda hér öllu á uppboð eða að leggja á nýja og mikla skatta? Ég held að full ástæða sé til að gera það því að efnahagur þjóðarinnar er undir því kominn að sjávarútvegurinn hafi sterka samkeppnisstöðu.

Herra forseti. Þessar leiðir eru fyrir hendi og það hefur ekki staðið á nokkrum manni að taka þátt í umræðum um þessa mismunandi kosti. Ég gerði það í ræðu minni við 1. umr. og ég er að benda á þessa kosti hér og nú. En ég vek athygli á því að þeir sem tala utan að því að fara þessar leiðir vilja ekki útfæra þær, þeir vilja ekki leggja þær fram, af augljósum ástæðum sem ég skil og ég veit að almenningur í landinu skilur einnig.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þá farið yfir þau atriði sem mér finnst að umræðan hér í dag hafi gefið tilefni til. Frv., eins og það er lagt fram, er viðbrögð við dómi Hæstaréttar. Það felur ekki í sér heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Þau þurfa að vera í stöðugri endurskoðun, aðlögun að nýjum aðstæðum. Við erum að fást við duttlungafulla náttúru og löggjöfin hlýtur alltaf að taka mið af því. Löggjöfin hefur verið í stöðugri endurskoðun og við höfum verið að bæta hana eftir því sem hlutunum hefur undið fram. Ég vona að á komandi árum muni það einnig gerast með ábyrgum og markvissum hætti.

Það er mjög mikilvægt og þýðingarmikið fyrir þjóðarbúskapinn á Íslandi að við höfum meginmarkmiðin í huga, að við verðum að standa skynsamlega og með ábyrgð að vernd og uppbyggingu fiskstofnanna. Við verðum að nota kerfi sem tryggir það að við náum þeim markmiðum sem við setjum okkur í þeim efnum og við verðum að nota skipulag sem gerir það að verkum að við njótum trúnaðar og trausts í alþjóðlegu samfélagi að þessu leyti vegna þess að við erum skuldbundin til þess og markaðirnir eru í auknum mæli að gera kröfur til þess að við sýnum fram á það, eins og aðrar fiskveiðiþjóðir, að við stöndum með ábyrgum hætti að okkar fiskveiðum.

Að hinu leytinu verður kerfið að skila þeim efnahagslegu markmiðum sem við setjum okkur. Við þurfum um langa framtíð að byggja afkomu okkar að langmestum hluta til á sjávarútvegi og þess vegna verðum við að minni hyggju að styðja við markaðskerfi sem skilar hámarksafrakstri til þjóðarbúsins eins og gerst hefur á undanförnum árum. Ef við getum þróað stjórn fiskveiðanna og þessi mál á komandi árum á þann hátt mun okkur vel farnast.

En hitt er alveg ljóst að við erum að fjalla um takmarkaða auðlind og það verður alltaf mikil hagsmunatogstreita um málefni sjávarútvegsins. Menn munu aldrei setja löggjöf þannig að menn geti sagt að þeir hafi leyst málefni sjávarútvegsins í eitt skipti fyrir öll eða gert alla sátta í eitt skipti fyrir öll af því að hér eru miklir hagsmunir, af því að hér er takmörkuð auðlind og það verður aldrei þannig að allir geti nýtt hana á sama tíma. Þann aðgang verður að takmarka af náttúrulegum ástæðum. En ég tel að við höfum verið að þróa skynsamlegt kerfi í þessu efni og er sannfærður um að okkur muni takast það á komandi árum.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru kaflar í þessari ræðu hæstv. ráðherra sem voru efnislegir og allt í góðu lagi með. En á öðrum köflum féll hæstv. ráðherra því miður eins og stundum áður, og e.t.v. ekki í síðasta sinn heldur, ofan í stráksskap og útúrsnúninga. Skyldi það nú fara svo að þetta yrði síðasta stórræðan sem hæstv. ráðherra flytur um sjávarútvegsmál á sínum ferli þá verður þetta ekki nógu rismikill bautasteinn um hans feril eða fallegur svanasöngur.

Að það hafi verið rauður þráður í málflutningi stjórnarandstöðunnar að ekkert eigi að gera gagnvart dómi Hæstaréttar í fjögur ár er svo mikið kjaftæði að það er varla svaravert. Hæstv. ráðherra getur ekki verið að þessu, að vera að reyna að snúa svona út úr. Það er fráleitt að halda þessu fram. Við höfum þvert á móti kallað eftir viðbrögðum, en við höfum viljað að þau viðbrögð væru vönduð. Við höfum lýst efasemdum um að menn hafi þar hitt á rétta leið, eða a.m.k. viljað ræða að ýmislegt annað þyrfti að skoða og að hlutirnir þurfa að vera í samhengi. Það er langur vegur þarna á milli og hins að reyna að halda því fram að við viljum ekkert gera í fjögur ár.

[15:53]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég var að vitna til þess að stjórnarandstaðan hefði lýst því yfir að hún teldi óþarft að gera hér nokkuð í fjögur ár þá var ég að vitna til tillögu sem hv. 8. þm. Reykv. mælti fyrir í gær en dró svo til baka með málefnalegum og skýrum rökum í dag. En það stendur að það sjónarmið sem kemur fram í tillögunni hefur verið rauði þráðurinn í málflutningi flestra talsmanna stjórnarandstöðunnar. Það kann vel að vera að hv. 4. þm. Norðurl. e. sé á öðru máli. En aðrir talsmenn hafa sagt að það sé engin þörf á að gera neitt strax og menn eigi að hugsa sig um, og þessi tillaga lá fyrir um að menn ætluðu að hugsa sig um í fjögur ár.

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Tillögumaður er reyndar á mælendaskrá og er fullfær um að verja sig sjálfur, eins og menn þekkja sem

kunna af hans störfum að segja hér á þinginu. En ég hygg að þetta sé útúrsnúningur og heldur ómerkilegur útúrsnúningur og jafnvel ekki samboðinn hæstv. sjútvrh. og er hann þó þaulvanur Heimdellingur, eins og kunnugt er. Þessi tillaga var að sjálfsögðu í samhengi við endurskoðun og mögulegar miklu víðtækari breytingar á lögunum beint í kjölfarið, e.t.v. strax í vor eða næsta haust, heldur en þessi lágmarksviðbrögð ríkisstjórnarinnar. Það stendur síst á hæstv. sjútvrh. að vera með þessa útúrsnúninga, sem er að reyna að taka þátt í því að læða hér lágmarksviðbrögðum í gegn, þannig að menn sleppi fyrir horn með dóm Hæstaréttar. Það er jú það sem ríkisstjórnin er að reyna.

Að vera svo að ráðast á stjórnarandstöðuna úr þessari átt og setja þar alla undir sömu sök, það er enginn málflutningur. Auðvitað kallar þessi ræða hæstv. sjútvrh., eða hefði getað gert það, á miklar umræður, herra forseti. Ég veit að hæstv. forseta er það ljóst, því hæstv. ráðherra gaf heldur betur upp boltann.

[15:55]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað fagnaðarefni ef hv. 4. þm. Norðurl. e., sem er leiðtogi eins stjórnarandstöðuflokkanna, lýsir því yfir að hann sé ekki sammála því að það eigi að geyma það að bregðast við dómi Hæstarétar og menn hafi nægan tíma til þess að skoða þau mál. Þá er það fagnaðarefni. En það kemur auðvitað fyrst og fremst niður á öðrum félögum hans í stjórnarandstöðunni sem hafa verið að lýsa öðrum sjónarmiðum hér.

[15:56]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því þegar hæstv. ráðherra var að fara yfir möguleg viðbrögð við dómi Hæstaréttar að hann gat um þá aðferð að setja allar aflaheimildir á uppboð. Þetta segir mér, herra forseti, að ráðherrann er ekki að gera það sem hann telur að sé réttast vegna þess að hann er augljóslega að tala um það sem möguleg viðbrögð við dómi Hæstaréttar að taka upp nýtt úthlutunarkerfi, þ.e. að það það eigi að taka á 7. gr.

Það er fróðlegt í ljósi þess sem gerst hefur að þau skuli nú vera orðin viðhorf Þorsteins Pálssonar að það sem verið er að gera sé orðið öldungis rangt vegna þess að það að setja allar aflaheimildir á uppboð séu möguleg viðbrögð við dómi Hæstaréttar, eins og hann sagði hér áðan. Og þar með liggur hér fyrir að mínu viti viðurkenning hæstv. ráðherra á því að dómur Hæstaréttar snúist um ýmislegt fleira en nefnda 5. gr., sem hann hefur þó hingað til reynt að halda sig við.

[15:57]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru barnalegir útúrsnúningar. Ég hef lýst því alveg skýrt að ríkisstjórnin telur að það séu rétt og eðlileg viðbrögð við dómi Hæstaréttar að breyta 5. gr. á þann veg sem verið er að gera með þessu lagafrv. Ég hef hins vegar sagt: Það eru aðrir kostir færir sem samrýmast dómi Hæstaréttar. Hæstiréttur hefur útilokað ákveðna kosti sem aðrar þjóðir nota við fiskveiðistjórn. En það eru aðrir kostir færir samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar sem hægt er að fara við fiskveiðistjórn, og ég var að fara yfir þá hér. Ef það hefur farið fram hjá hv. þm. þá hafði ég verulegar efasemdir um ágæti þeirra leiða. En þær eru samkvæmt stjórnarskipunarlögum landsins færar. Og fyrr væri nú ef menn væru ekki reiðubúnir að viðurkenna það að stjórnarskipunarlög landsins leyfa fleiri möguleika í þessum efnum.

Ég hef alltaf sagt það hér að ég er tilbúinn að rökræða þá kosti sem menn standa frammi fyrir. En mér hefur fundist að á það skorti að þingmenn stjórnarandstöðunnar væru reiðubúnir að rökræða og útfæra þær hugmyndir sem þeir hafa verið með.

[15:59]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók einmitt eftir því að hæstv. ráðherra hafði ákveðnar efasemdir um þessa aðferð, einkum vegna þess að þá færi markaðskerfið að vinna og það gæti verið svo slæmt, t.d. gæti Eimskipafélagið farið að kaupa veiðiheimildir. Því vildi ég spyrja hæstv. ráðherrann: Er honum kunnugt um hvað Burðarás, eignarhaldsfélag Eimskipafélags Íslands, á stóran hlut í mörgum fyrirtækjum og hversu stórum hluta aflaheimilda á Íslandsmiðum þessi fyrirtæki síðan hafa yfirráð yfir? Mér sýnist að úlfurinn sem ráðherra var hér að siga sé þegar byrjaður að stanga úr tönnunum.

[16:00]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Það er alveg kórrétt og ég tók það fram í ræðu minni að það kerfi sem við búum við í dag er markaðskerfi. Það hefur leitt til þess að breytingar hafa orðið á eignaraðild. Það eru færri fyrirtæki sem starfa í dag. Það eru hins vegar mörgum sinnum, þúsund sinnum fleiri eigendur að þeim fyrirtækjum en áður. Miklar og ánægjulegar breytingar. En það sem ég var að benda á var hitt að ef setja á veiðiheimildirnar á uppboð, taka veiðiréttinn af þeim sem eru með hann í dag, þarf að taka hann af trillukörlunum, þá þarf að setja hann á uppboð og þá geta þessir stóru aðilar náð þessum veiðirétti til sín. Ákveðin vörn er í því í dag fyrir þá sem fengu þennan veiðirétt á grundvelli reynslu að þeir geta haldið honum áfram. Þeir þurfa ekki að sækja hann á uppboði gagnvart fjársterkustu aðilunum á hverju einasta ári. Mér finnst svolítið réttlæti í því að setja lífsafkomu þeirra ekki á uppboð á hverju einasta ári. Mér finnst vera svolítið réttlæti í því, a.m.k. pínulítið.

[16:01]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tilbreyting að heyra hæstv. ráðherra lýsa því yfir að hann sé reiðubúinn að rökræða þá kosti aðra sem eru í boði varðandi stjórn fiskveiða en þá sem við höfum búið við. Það er nákvæmlega það sem við alþýðubandalagsmenn höfum verið að fara fram á að verði gert. Það séu ekki alltaf allar hugmyndir sem koma fram afgreiddar með frösum eins og hrun byggða, efnahagslegt hrun o.s.frv. Eðlilegt er að við veigrum okkur við því að flytja formlegar tillögur sem okkur sýnist miðað við þá framkomu sem hefur verið sýnd að verði bara felldar jafnóðum. Menn eru ekki tilbúnir að ræða þær, menn mæta ekki einu sinni í salinn til að hlusta. En það er aðeins eitt sem mig langaði til að benda hæstv. ráðherra á þegar hann hafði áhyggjur af trillukarlinum sem kæmi heim og segði konu sinni: Eimskip keypti allar veiðiheimildirnar, við höfðum ekki neitt. Ætli líðan hans gæti ekki verið mjög svipuð og þeirra 328 sem reka fyrirtæki sem var ætlað að lifa af 9 tonnum hefðu fyrstu tillögur sjútvrh. hæstv. og meiri hlutans fengið að ráða hér? Ég sá ekki að þessi umhyggja væri þá til staðar.

[16:02]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Veiðirétturinn er takmarkaður og það var alltaf ljóst varðandi þetta sóknardagakerfi þar sem menn voru að veiða í sameiningu og einn gat aukið veiði sína á kostnað annars að það mundi leiða til fækkunar daga. Við höfum átt í löngum viðræðum í vetur um að lengja aðlögun smábátaflotans að þessari bitru staðreynd. Þeir sem velja þessa leið inn í sóknardagakerfið eftir nýju reglunum sem verið er að fjalla um munu lenda í sömu gildrunni. En hitt er aðalatriðið að ég tel að svolítið sé réttlæti í því að þessi réttur sé ekki tekinn af mönnum og settur á uppboð. Ég er ekkert að segja að þetta sé óskaplega mikið réttlæti en mér finnst þetta vera svona pínulítið réttlæti og ég á óskaplega erfitt með að skilja hvernig talsmenn jafnaðarmanna henda því algjörlega út um gluggann og halda því fram að trillukarlarnir verði að sækja rétt sinn á móti stórfyrirtækjunum í uppboði á hverju einasta ári.

[16:04]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Trillukarlar eða smábátaeigendur hafa á hverju einasta ári orðið að sækja rétt sinn gegn þeim stóru og það gerðist nákvæmlega núna þegar hæstv. ríkisstjórn lagði fram þetta frv. að það er enginn réttur sem einstaklingur sem gerir út smábát fær með því að heimila 9 tonna veiði. Það er náttúrlega nákvæmlega sama og að skera fyrirtækið af. Það er bara nákvæmlega það sama. Sú umhyggja sem felst í umræðunni núna um smábátaeigendur er góð. Hún er af hinu góða. En hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutinn hefur ekki sýnt það. Mér skildist á fréttinni að meira að segja erindum frá smábátaeigendum hefði verið stungið undir stól, þau beinlínis falin fyrir nefndinni þannig að ekki væri hægt að ræða sjónarmið þeirra á eðlilegan hátt. Svo geta menn komið hér og sagt: Við viljum passa sérstaklega upp á þennan atvinnuveg. Þetta eru bestu veiðarnar sem stundaðar eru og það er löngu kominn tími til að tekið sé meira tillit til vistvænna sjónarmiða en áður hefur verið gert og að stærri hlutur af þeim afla sem leyfilegt er að veiða á hverju ári fari til þessa hlutar.

[16:05]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt er að minna á að yfir 90% af veiðum smábátanna hafa nú verið í þorskaflahámarkinu og ég held um 8% á sóknardögunum. (Gripið fram í.) En, hv. þm., það sem málsvarar jafnaðarmanna eru að leggja til er að taka þennan rétt, jafnvel 9 tonnin. Það á jafnvel að ganga að þeim fáu trillukörlum sem hefðu ekki fengið nema 9 tonn. Það á jafnvel að ganga að þeim og taka þau í burtu (**MF:** Hefðu þeir lifað af því?) og setja á uppboð. Jafnvel þau. Þetta lýsir hugulseminni og jafnaðarmennskunni betur en nokkuð annað.

[16:06]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að útdeila framseljanlegum einstaklingsbundnum kvótum, hvort sem það eru sóknarkvótar eða aflakvótar, stækkar efnahagsreikninginn af því þetta eru sérréttindi sem hafa eignarréttarígildi. Um þetta erum við hæstv. sjútvrh. sammála. Þetta er af hinu góða. En ég held við séum ekki sammála um nokkurn skapaðan hlut þar fyrir utan því ég hef stórlega efast um það allan tímann að tekjuhlið rekstrarreikningsins hafi aukist. Ég tel það fráleitt að á undanförnum árum höfum við hámarkað arðinn af sjávarútvegi. Ég er viss um að það er langt í frá að svo hafi verið vegna þess ég veit það að hefði okkur ekki tekist að stoppa verðbólguna væri sjávarútvegurinn nú í sömu klessu og hann var fyrir tíu árum. Hefði okkur ekki tekist að halda svo um ríkisfjármálin að hér hefur verið jafnvægi í efnhagsmálum, væri sjávarútvegurinn í sömu klessu og hann var fyrir tíu árum og hefði okkur ekki tekist að hverfa frá verðlagsráðunum og gefa frjálsa verðmyndun væri sjávarútvegurinn í sömu klessu og hann var fyrir tíu árum.

[16:07]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg kórrétt hjá hv. 3. þm. Vestf. að okkur hefur ekki tekist að hámarka afraksturinn af sjávarútveginum. Við eigum eftir að gera miklu betur í því efni en til þess þurfum við markaðskerfi. Við munum ekki hámarka afraksturinn með millifærslukerfi af ýmsum toga. Við þurfum að bæta okkur vegna alþjóðlegra skuldbindinga, til að mynda bara um útblástur, að ná meira af fiski með minni sókn. Varðandi verðbólguna skulum við alveg gera okkur grein fyrir því að við höldum henni ekki í skefjum og við höldum ekki stöðugu gengi nema við búum við fiskveiðistjórnarkerfi sem skilar fyrirtækjunum efnahagslegum árangri. Annars er það algjörlega vonlaust. Það er engin tilviljun að þær alþjóðlegu stofnanir, sem hafa verið að gefa út einkunnir til bankastofnana um lánshæfi Íslendinga hafa bent á fiskveiðistjórnarkerfið sem lykilinn að stöðugleikanum á undanförnum árum og hvernig staðið hefur verið að fiskveiðistjórninni. Við megum því ekki kippa þessu lykilatriði í burtu ef okkur á að takast að viðhalda stöðugleikanum í efnahagslífinu. En um það er ég alveg sammála hv. 3. þm. Vestf. að það er algjör forsenda fyrir því að við getum haldið áfram að byggja skynsamlega upp efnahagsstarfsemi og félags- og menningarstarfsemi í landinu sem stenst samjöfnuð við aðrar þjóðir. Um það þurfum við ekki að þrátta.

[16:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þess vegna sem við stöndum saman að því að reyna að varðveita réttindi útgerðarinnar, jafnt stórra sem smárra. En við verðum jafnframt að hafa í huga að við verðum, til þess að svara kröfum þjóðarinnar um arð af þessum sjávarútvegi, um auknar tekjur og aukna betri afkomu, verðum við að gera betur í stjórn fiskveiða en við höfum gert á umliðnum árum. Sóunin í þessu kerfi eins og það er núna er svo gríðarleg að við verðum að horfa til þess að hér eru milljarðaverðmæti sem eru því miður að fara í hafið í staðinn fyrir að koma inn til vinnslu og útflutnings. Það getum við með því að breyta kerfinu og við eigum að horfa til þess. Það er hægt að breyta því og við ætlum að breyta því — án þess að hverfa frá því prinsippi að útgerðin á Íslandi, stór og smá, og Íslandsmið er eitt og hið sama.

[16:10]

Útbýting þingskjala:

Náttúrugripasafn Íslands, 429. mál, fsp. ÁE, þskj. 705.

Reglugerð um losunar- og sjósetningarbúnað gúmbjörgunarbáta, 428. mál, fsp. GHall, þskj. 704.

Úrskurður Kjaradóms um laun æðstu embættismanna ríkisins, 431. mál, fsp. SighB, þskj. 707.

[16:11]

Kristinn Pétursson:

Hæstv. forseti. Það eru nokkuð fróðlegar umræður sem hér hafa farið fram. Ég held ég hafi skilið hæstv. sjútvrh. rétt hér áðan að aflaaukning í söknareiningu í þorski hefði vaxið um 70%. Var það ekki rétt skilið, hæstv. ráðherra? (**Gripið fram í:** Sagði það.) Sagði það. Þetta eru nýjar upplýsingar og gefa tilefni til að draga af því ályktanir vegna þess að miðað við gömlu mælingaraðferðina í stofnstærð þorsks þá er þorskstofninn í dag 70% stærri en hann var á því tímabili sem hæstv. ráðherra er að miða við. Það var beint samband á milli veiða og afla á söknareiningu miðað við eldri mælingaraðferðir. Þar með höfum við aðeins nálgast, ég og hæstv. ráðherra, um að það sé meiri þorskur í sjónum en hann hefur viljað viðurkenna.

Varðandi áreiðanleika veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar, og hæstv. ráðherra var að segja að OECD og fleiri erlendir aðilar hefðu verið að hæla Íslendingum fyrir góða fiskveiðistjórn, þá hljóta náttúrlega tilteknar niðurstöður að vera í samræmi við þær upplýsingar sem þessi fyrirtæki fá. Ef þeir hafa fengið falskar upplýsingar verður niðurstaðan náttúrlega í samræmi við það.

Ég ætla að rifja aðeins upp aftur söguna í þorskveiðum, í ráðgjöf og hver var niðurstaðan, því það tel ég vera grundvallaratriði fyrir hæstv. Alþingi hvort þessi ráðgjöf stenst eða ekki. Hv. þm. verða að kynna sér, þó ekki nema 20 ára sögu þessarar ráðgjafar, til að taka afstöðu til sögunnar.

Árið 1975 kom út svokölluð svarta skýrslan og þorskstofninn átti að vera að hrynja. Það var haldið áfram að veiða 120 þús. tonn umfram ráðgjöf árlega og stofninn næstum því tvöfaldaði stærð sína á fimm árum. Árið 1980 hafði hann náð 1.547 þús. tonna stærð eftir ofveiði um 600 tonn miðað við ráðgjöf í svörtu skýrslu. Stofninn hafði stækkað um 700 þús. tonn eftir ofveiði um 600 þús. tonn og ég taldi þetta vera reikningsskekkju upp á 1.300 þús. tonn. Þá áttum við það til góða og stofninn hrundi ekki ef einhver færi að bera brigður á þessa útreikninga. En, hæstv. forseti, hvað gerðist svo frá 1980 til 1983? Hvað gerðist á þessum árum sem eru kölluð viðmiðunarár? Rifjum það nú upp. Við veiðum samkvæmt ráðgjöf árið 1981 um 468 þús. tonn. Þorskstofninn minnkaði um 300 þús. tonn samkvæmt bókhaldi Hafrannsóknastofnunar. Árið 1982 náum við ekki að veiða samkvæmt ráðgjöf. Það vantaði 50 þús. tonn upp á og þorskstofninn minnkaði enn um 300 þús. tonn. Árið 1983 vantaði enn 70 þús. tonn upp á að við veiddum samkvæmt ráðgjöf og enn þá minnkaði stofninn um 200 þús. tonn. Þetta er alveg furðuleg saga því ekki náðist að veiða, hæstv. forseti, það sem ráðgjafar lögðu til að yrði veitt og svo komu þeir og sögðu að það væri ofveiði. Hvernig getur það passað?

Stofninn minnkaði um 752 þús. tonn á þessum árum, frá 1980 til 1983 og það náðist ekki að veiða 120 þús. tonn. Því segi ég að þarna er um að ræða skekkju aftur í mínus um 900 þús. tonn. Þarna eru fiskveiðistjórnarlögin sett á á forsendum ofveiði. Þá kemur stóra spurningin, var ofveiðikenning Hafrannsóknastofnunar rétt eða var hún ekki rétt? Það sem liggur fyrir samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunar er að vaxtarhraði í þorskstofninum hérlendis féll um 30% á þessum árum og allar kennslubækur í fiskilíffræði sem hægt er að finna í háskólum úti um allan heim segja að aldrei fari saman ofveiði og minnkandi vaxtarhraði. Það getur ekki gerst enda segir heilbrigð skynsemi að svo geti ekki verið. Við getum t.d. hugsað okkur bónda sem fækkaði í fjárhúsunum hjá. Það hyrfu kindur og þær legðu allar af og dræpust og svo kæmi einhver sérfræðingur til hans og segði að hann hefði lagt allt of mikið inn í sláturhúsið. Hver mundi trúa slíkum ráðgjafa? Ef 900 þús. tonn af þorski hverfa á þremur árum út úr bókhaldi Hafrannsóknastofnunar sem hvergi koma fram, þá hlyti þessum afla að hafa verið landað einhvers staðar ef þetta hefði verið ofveiði. Skýringin á þessu er sú að þarna er um reikningslega ofveiði að ræða. Tölfræðin sem notuð er í reiknilíkani Hafrannsóknastofnunar gerir nefnilega ráð fyrir því að fiskiskipaflotinn drepi fiskana sem vantar í bókhaldið þegar fiskarnir hætta að vaxa vegna þess að fæðu vantar í hafið og þess vegna var löggjöfin sett á forsendum sem ekki standast.

Hvað gerðist síðan í beinu framhaldi af því að löggjöfin var sett á? Aftur þegar hættuástand er talið, eins og 1975, fáum við tvo sterka árganga í þorskinum, 1983 og 1984. Nú átti aldeilis að byggja upp stofninn með þessum tveimur árgöngum. Það er rétt að geta þess að í haustleiðangri Hafrannsóknastofnunar árið 1985 var það mælt að þorskstofninn át undan sér, hæstv. forseti, 30 þús. tonn á einum mánuði. Ef hann gerir það allt árið étur hann undan sér 360 þús. tonn á ári. Þarna var aðeins um einn mánuð að ræða en hver veit það, hæstv. forseti, hvenær þorskstofninn ræðst næst í að éta sjálfan sig niður og hvers vegna á þá að vera að geyma hann í sjónum? Næst þegar niðursveifla kemur í umhverfisskilyrði hér við land, sem enginn veit hvenær verður, þá er það jafnljóst og tvisvar tveir eru fjórir að vaxtarhraði fellur og þorskurinn fer að éta undan sér. Þar af leiðandi stenst núverandi veiðiráðgjöf ekki og ég tel að eðlilegra væri að veiða meira. Líka til að minnka spennuna í kringum kvótaleigu og hversu miklu er hent í hafið aftur.

Höldum aðeins áfram. Árið 1990 kom gífurlegt magn af hrygningarfiski inn á firði og flóa fyrir Norður- og Austurlandi sem var allt saman smáfiskur. Smáfiskur að hrygna, allir voru hissa. Þetta var mikið magn. Þetta reyndist vera sjö ára gamall smáfiskur að hrygna grindhoraður. Til samanburðar var meðalvigt sjö ára þorsks sem ólst upp á köldu hafísárunum tæp 6 kíló. Haustið 1990 kom dálítið skrýtin fréttatilkynning frá Hafrannsóknastofnun. Það tók mig mörg ár að skilja þessa fréttatilkynningu. Hún var á þessa leið, eftir minni, hæstv. forseti: Vegna þess að Grænlandsgangan kom ári fyrr en stofnunin hafði ætlað verður að draga úr veiði. Og þetta stóð í mér. Ég hugsaði aftur og aftur: Vegna þess að við fengum þorska syndandi inn í lögsöguna, ári á undan áætlun, þurfti að draga úr veiði. Hvernig gat þetta gengið upp? (**Gripið fram í:** Þetta er sovéskt kerfi.) Ég ætlaði aldrei að ná þessu, ég verð að viðurkenna það. En þegar ég fór að skoða gögn frá Alþjóðahafrannsóknarráðinu um vaxtarhraða þorksins við Grænland þá allt í einu áttaði ég mig á hvers vegna fréttatilkynningin var send svona út. Þorskurinn hafði gengið á Íslandsmið ári á undan áætlun og komið hér og hrygnt og sennilega drepist vorið 1990. Þess vegna voru allir firðir og flóar fullir af þessu rusli. En Grænlandsgangan sem átti að koma, kom hingað, eins og hálfs kílóa þungur fiskur, eða tveggja kílóa þungur, hrygndi og dó. Kom þar af leiðandi aldrei inn í stofninn. Þannig var skýringin á því. Af því að Grænlandsgangan kom ári fyrr þá urðum við að draga úr veiði. Punktur. Þarna var Hafrannsóknastofnun að segja hálfsannleika, svo maður segi nú ekki meira, eins og þeir hafa oft gert og gera oft.

Hæstv. forseti. Ég var búinn að sýna ykkur vaxtarhraða þorskstofnsins við Grænland, en ég ætla að endurtaka það.

Hér sjáum við hvernig vöxturinn í þorskinum við Grænland hrundi.

(**Forseti** (ÓE)**:** Þetta kom nú allt fram í fyrrakvöld, vill forseti benda á.)

Að gefnu tilefni tel ég rétt að rifja þetta upp, hæstv. forseti. Það er talað um að uppbyggingin sé að skila árangri. Ég er að lýsa hér staðreyndum og pottþéttum gögnum. Hæstv. sjútvrh. var að hæla sér af fiskveiðistjórninni, hvað hún hefur gengið vel og það er m.a.s. í Morgunblaðinu í dag verið að tala um árangurinn og reiknað með góðum vexti þorskstofnsins og ég er að rifja það upp. Þetta nær því miður ekki nema til 1983 þegar stofninn mældist 795 þús. tonn og þremur árum áður, hæstv. forseti, mældist stofninn 1.600 þús. tonn. Þá var ekki einu sinni veitt samkvæmt ráðgjöf, samt minnkaði stofninn. Niðurstaðan er sú að þetta séu náttúrusveiflur, hæstv. forseti, og veiði hafi miklu minni áhrif en talið hefur verið.

Aðeins varðandi rækjuna sem talað er um í þessu. Þetta er svar ráðherra við fyrirspurn frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Í texta um rækjuna segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Afli á sóknareiningu hefur á árinu 1997 og á þessu ári minnkað verulega. Það tengist m.a. aukinni þorskgengd á Norðurmiðum, sérstaklega í ár, sem hefur leitt til aukins afráns þorsks á rækju og enn fremur má ætla að þorskurinn hafi að einhverju leyti tvístrað rækjunni."

Nú ætla ég að spyrja, hæstv. forseti, er það skynsamlegt að þorskur á 100 kr. éti rækju fyrir 700 kr. til að hækka að verðgildi úr 100 kr. upp í 200 kr.? Fiskur sem þarf að éta sjö sinnum þyngd sína á ári og étur tóma rækju, sem dæmi, þá étur þessi tiltekni fiskur fyrir 700 kr. til að aukast í verðgildi um 100 kr. Ég sé nú ekki skynsemina í þessu en svona er þetta allt saman.

Árið 1992, hæstv. forseti, árið eftir að Grænlandsgangan sem átti að koma kom ekki, þá kom Alþjóðahafrannsóknaráðið og ruddist hér inn í febrúarmánuði með rosalegum fjölmiðlaflugeldasýningum og stillti stjórmálamönnum og Íslendingum gjörsamlega upp við vegg og hér voru fjölmiðlar fullir af því í heila viku að við værum að drepa þorskstofninn. Það væri eitthvað rosalega hættulegt að gerast. Þá er fyrsta spurningin, hæstv. forseti: Hver bað Alþjóðahafrannsóknaráðið að ryðjast inn í íslensk innanríkismál og hafa á því skoðun? Mér er a.m.k. kunnugt um að sumir ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn þá höfðu ekki hugmynd um þetta því þetta kom eins og köld vatnsgusa yfir þjóðina. Ég m.a.s. veit ekki hvort hæstv. sjútvrh. hefur verið kunnugt um það þegar þetta yfirþjóðlega vald óð hér inn og skelfdi þjóðina í heila viku með stanslausum fréttatilkynningum um að nú værum við að drepa síðasta þorskinn. Nákvæmlega sama uppskriftin og Norðmenn máttu þola fyrir nokkrum mánuðum síðan, takið eftir þessu. Nákvæmlega sama uppskriftin. Þegar vaxtarhraðinn hrundi í Barentshafinu um helming, meira en gerðist hér á þessum árum þá ruddist Alþjóðahafrannsóknaráðið inn í norsk innanríkismál og ég spyr, hæstv. forseti, hver bað um það þar á bæ? Ég vildi gjarnan fá að vita það. Fullveldi þjóðarinnar er ógnað ef einhverjar alþjóðlegar stofnanir, alveg sama hvað þær heita, eru að ryðjast hér inn og hræða stjórnmálamenn til hlýðni við eitthvað sem þeir halda. Þeim koma þessi mál ekkert við. Þetta eru íslensk innanríkismál.

Ef við víkjum aðeins að hliðstæðu dæmi sem er allt annars eðlis, hæstv. forseti, frá árinu 1996 þá lagði vísindanefnd NAFO til að rækjuveiðar yrðu stöðvaðar á Flæmska hattinum eða a.m.k. skornar algjörlega niður vegna ofveiði á rækju. Hafrannsóknastofnunin íslenska kópíeraði hugmyndirnar frá NAFO og íslenskir stjórnmálamenn, alþingismenn, settu lög sem takmörkuðu veiðar íslenskra fiskiskipa á Flæmska hattinum verulega. Ég taldi þá og tel enn í dag að sú löggjöf hafi verið á hæpnum forsendum. Síðan kom 1997 og enn þá voru þeir hjá NAFO að halda því fram að rækjan á Flæmska hattinum væri ofveidd. Svo kom 1998 og þá komu þessir herrar, þessir reiknimeistarar, hálflúpulegir og lögðu til að veiðikvótinn yrði hækkaður úr 60 þús. tonnum í 70 þús. tonn. Hvað var nú að marka þetta allt saman? Þegar lögin voru sett 1996 sem takmörkuðu veiðar íslenskra fiskiskipa á Flæmska hattinum, hafði afli á sólarhring verið stöðugur 200–300 kíló á togtíma í langan tíma og það voru engar fyrirliggjandi upplýsingar um að þessi stofn væri eitthvað illa settur. Þetta var bara einhver hugarsmíð hjá skólakrökkum í tölvu hjá NAFO. Það er hastarlegt að þurfa að standa frammi fyrir því að einhverjar yfirþjóðlegar stofnanir, hvort sem þær heita NAFO eða Alþjóðahafrannsóknarráðið, skuli geta vaðið inn í íslensk innanríkismál og bókstaflega stillt íslenskum stjórnmálamönnum upp við vegg í gegnum fjölmiðla og látið þá hlýða sér í nánast einu og öllu.

Ég held að ætla megi að tap íslenskra útgerða vegna þessarar vitlausu lagasetningar 1996 geti verið 20 þús. tonn af rækju á ári, varlega áætlað, og það er aflaverðmæti upp á 3 milljarða.

Það er einhvers konar friðunartíska á sjávardýrum sem tröllríður hér í sambandi við svokallaða umhverfisumræðu í heiminum og ég held að íslensku þjóðinni stafi stórhætta af þessum umræðum. Það eru umhverfisverndarsamtök og náttúruverndarsamtök í Bandaríkjunum sem hafa það að markmiði sínu að friða 20% heimshafanna fyrir árið 2020. Mér finnst að þeim gangi það nokkuð vel og hafi gengið það nokkuð vel síðustu ár að hræða stjórnmálamenn til hlýðni með einum eða öðrum hætti. Ráðherrar og alþingismenn voru hræddir til hlýðni við að stöðva hvalveiðar hér um árið. Síðan voru menn hræddir til að gera þetta, svo voru menn hræddir til að gera hitt og við erum alltaf að stíga lengra og lengra aftur á bak. Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að draga í efa að það sé rétta aðferðin þegar verið er að ryðjast hér inn á vettvang íslenskra innanríkismála að vera alltaf í bakkgír. Ég er ekki viss um að það sé rétta stefnan.

Ég vil því leggja til, hæstv. forseti, að alþingismenn í öllum flokkum sem bera ábyrgð á þessari lagasetningu, allir nema Kvennalistinn vegna þess að allir hafa setið í ríkisstjórnum og greitt þessu atkvæði nema Kvennalistinn og þar af leiðandi hljóta allir stjórnmálaflokkar að bera ábyrgð á þessari lagasetningu nema Kvennalistinn, þeir ættu að sameinast í því að fara í endurmat, og það stendur til samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru að endurskoða þessi mál.

Það þarf að byrja á því að endurskoða veiðiráðgjöf og áhættumat við veiðar. Númer tvö þarf að aðskilja rannsóknarstarfsemi og veiðiráðgjöf, alveg eins og dómsvald og umboðsvald í héraði var aðskilið hér fyrir nokkrum árum. Það gengur ekki að sömu aðilar séu að rannsaka og dæma í svona stóru máli. Við erum að tala um allt of marga milljarða. Síðan eiga þessir sömu aðilar að gefa umsögn ef eitthvað fer úrskeiðis. Og þær umsagnir eru eins og ég hef verið að lýsa.

Ég hef verið að benda hæstv. sjútvrh. á að hægt væri að auka veiðar á þorski núna um 20 þús. tonn sem dæmi. En hann hefur ekki tekið neitt undir það. Ég taldi mig fara rosalega varlega í það að leggja til 20 þús. tonna aukningu. Ég hefði talið að það væri allt í lagi að auka veiðar um 50 þús. tonn. Og það er sama með það og afla á sóknareiningu sem

hefur vaxið um 70%, að veiðileiga, leiga á þorskveiðikílói er 96 kr. vegna þess að menn eru að kaupa sig frá sekt eða að kaupa sér aðgöngumiða að öðrum fisktegundum. Menn eru ekki að kaupa sér þorsk á 96 kr. til að landa honum á 96 kr. Þetta segir raunverulega að þorskstofninn sé miklu stærri en Hafrannsóknastofnun viðurkennir.

Ég held að rétta aðferðin til þess að koma í veg fyrir brottkast sé að minnka spennuna með því að auka veiði. Það veitir líka ekkert af auknum peningum, hæstv. forseti. Það er farið að tala hér um aukna verðbólgu. Hvers vegna m.a. skyldi vera aukin verðbólga? Það er vegna viðskiptahalla. Ef við aukum þorskveiðar um 50 þús. tonn þá fáum við 4,5 milljarða, sem réttir af viðskiptahallann. Ef við mundum leyfa veiðar á 20 þús. tonnum við Flæmska hattinn þá fáum við 3 milljarða. Þá erum við komin með 7,5 milljarða upp í viðskiptahallann.

Ég horfi ekki á það neitt hlýjum augum að verðbólga sé hér að fara af stað aftur. Ég skil ekki þá hagfræði, hæstv. forseti, þegar sumir hagfræðingar reikna það út að aukin veiði þýði aukna verðbólgu. Ég held að þeir hljóti að hafa sofið í hagfræðitímunum vegna þess að ef þetta væri rétt, að aukinn afli þýddi aukna verðbólgu, af hverju í ósköpunum vorum við þá að reisa álver á þeim forsendum að það þyrfti að auka þjóðartekjur? Hefði þá ekki verið rétt að sleppa því? Væri þá ekki líka rétt að draga bara úr veiði til þess að reyna að koma í veg fyrir verðbólgu? Þessi rök detta dauð um sjálf sig.

Það er allt annað mál hvort þensla stafar af eyðslu. Þensla kemur ekki af aukinni framleiðslu vegna þess að aukin framleiðsla og auknar tekjur auka framboð á peningum og lækka þannig vexti með auknu framboði á fjármagni. Ég vildi koma þessu að.

Hæstv. forseti. Ég vil að síðustu óska þess að hv. alþm. beri gæfu til þess að endurskoða þessa löggjöf þannig að hún standist án efa stjórnarskrá lýðveldisins og verði þjóðinni til gæfu.

[16:34]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlustað af athygli á ræðu hv. þm. Kristins Pétursonar sem ég veit að hefur kynnt sér sjávarútvegsmál mjög vel. Hann sér þau að vísu út frá örlítið öðru sjónarhorni en mörg okkar hinna. Ég skil hann þannig að hann styðji þetta aflamarkskerfi sem við búum við, þegar hann talar um nauðsyn þess að endurskoða kerfið þá sé hann ekki að tala um að kollvarpa því.

Ástæðan þess að ég stend hér upp eru orð hv. þm. þegar hann ræddi um þá hagfræði eða skort á hagfræðilegri þekkingu sem í því sé fólgin að veiða þorsk sem gefi af sér 90 eða 100 kr. kílóið en fóðra þennan sama þorsk til að vaxa með rækju sem hægt væri að selja fyrir 700 kr. Ef ég skildi hv. þm. rétt var hann að meina það að auka ætti sóknina í þorskinn, auka veiðina til þess að hlífa rækjunni þannig að hægt væri að sækja meira í þann stofn.

En hvaða hagfræði er á bak við það þegar við stöndum frammi fyrir stöðu eins og núna að bæði er verðfall á rækjunni og aflasamdráttur í rækju? Og af því að hér var minnst á hagfræði og fiskihagfræði í sömu andrá þá væri nú fróðlegt að heyra skýringar hv. þm. á þessu. En ég vildi líka gjarnan fá að heyra það skýrt og skorinort: Er það ekki rétt skilið að hann styður aflamarkskerfið, grundvöllinn á bak við, þó hann vilji sjá breytingar á því hverjir ákveða og hvernig ákveðið sé hvaða afla megi taka úr hafinu á hverju ári?

[16:36]

Kristinn Pétursson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á sumum sviðum í veiðistjórn okkar Íslendinga tel ég henta ágætlega að hafa aflamarkskerfið. En ég tel að í strandveiðiflotanum væri mun heppilegra að vera með dagakerfi og almennar takmarkanir. Og af því að hv. þm. spurði að þessu þá held ég að núverandi löggjöf sé orðin allt of torveld. Ég held að hægt væri að einfalda hana.

Ég vil minna á grundvallarforsenduna. Veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar var forsendan fyrir því þegar aflamarkskerfið var sett á. Og ef forsendan fyrir öllu saman stenst ekki, hæstv. forseti, hvar stöndum við þá? Það er 70 ára reynsla á Íslandsmiðum. Þegar Íslendingar og erlendar þjóðir veiddu hér frjálst, þá veiddu þeir í takt við náttúruna án þess að nokkuð hættulegt gerðist. Og það er út af fyrir sig svar við því að það er ekkert víst að það verði neitt hættulegt að hafa veiðar á Íslandi frjálsar með þeim flota sem við höfum hér, þ.e. með almennum takmörkunum.

Stærri flotinn, úthafsveiðiflotinn, gæti verið á einhvers konar aflamarki en strandveiðiflotinn á dögum. Þetta mundi ég helst vilja sjá miðað við þær upplýsingar sem ég hef. En það þarf að fara fram grunnvinna, hæstv. forseti. Ég hef minnst á það hér áður. Það vantar faglegar upplýsingar um atvinnuréttindi sjómanna, atvinnuréttindi fiskverkunar og atvinnuréttindi fiskverkunarfólks, þ.e. þeirra sem starfa við sjávarútveg. Þegar sú vinna hefur verið kláruð og kemur til hv. alþm. þá er hægt að skoða þetta allt saman nánar. En þessar upplýsingar hefur alltaf skort, hæstv. forseti, til þess að hægt sé að leggja formlega fram tillögur sem mundu standast á grundvelli upplýsinga um atvinnuréttindi þessara aðila.

Löggjöfinni í dag stafar raunverulega ekki nein ógnun af öðru en því að hroðvirknislega hefur verið unnið við þessa löggjöf og menn hafa dregið lappirnar í að laga það sem út af hefur staðið. Við stöndum hér í dag eftir tiltekinn hæstaréttardóm vegna þess að hv. þm. hafa ekki vandað sig nægilega mikið.

[16:39]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er eðlilegt að hér hafi verið mikið og ítarlega fjallað um lögin um stjórn fiskveiða svo mikilvæg sem þau eru þjóðinni og þjóðarbúinu. Ég ætla ekki að teygja lopa lengi í þeirri umræðu sem hér fer fram.

Hér hafa menn talað um það m.a. að nauðsynlegt væri að finna hina endanlegu lausn á lögum um stjórn fiskveiða. Í sjálfu sér er ég nokkuð hissa á því, því öllum hlýtur að vera ljóst að endanleg lausn verður aldrei nema í alræðislandi þar sem einræði ríkir, vegna þess að það mun aldrei gerast í lýðræðisríki að hin endanlega lausn verði fundin á neinum lögum, hvað þá heldur að hægt verði að setja hin endanlegu lög um stjórn fiskveiða.

Það er kannski rétt sem einn lögfræðingur sagði um allt kerfið, að það er mátulega stjórnlaust og flókið. Og þannig þarf það kannski að vera þegar vel er að gáð.

Í umræðunni um málið gat ég þess um helgina að það væri óásættanlegt. Þó nokkrar breytingar hafa orðið og meðferð málsins hefur styrkt stöðu smábátaútgerðar frá því að ég lét þessa skoðun mína í ljós. Ég hef þar af leiðandi breytt afstöðu minni. Hér var líka til umræðu lagatexti sem var reyndar kominn og gekk út á óskir LÍÚ um það að veiði-

skyldu yrði aflétt af rækjuveiðiskipum vegna þess að ekki veiddist eða fyrirsjáanlegt var að sá kvóti sem úthlutað var mundi ekki veiðast. En frá þessum texta var fallið og það breytti líka miklu.

Hér var aðeins komið inn á innflutning skipa og hvort það væri eðlilegt og rétt að takmarka aðgang að miðunum með breytingu á siglingalögum hvað áhrærir skipakost. Það eru ekki mörg ár síðan að þessum reglum var breytt, það var 8. mars 1995. Með leyfi forseta, þá sagði svo, í lögum:

„Skip, sem keypt er eða leigt frá útlöndum til skráningar hér á landi, skal hafa verið smíðað í samræmi við reglur viðurkennds flokkunarfélags um flokkuð skip eða sambærilegar reglur. Einnig skal slíkt skip fullnægja íslenskum lögum og reglum um styrkleika, búnað og haffæri. Skal skoðun fara fram áður en það er flutt inn. Að skoðun lokinni kveður siglingamálastjóri á um hvort hann mælir með innflutningi skips eða ekki."

Þessi lagatexti sem ég var að lesa var breyting á eldri lögum frá 1993, þar sem var gengið var út frá því að ekki mætti flytja inn eldri skip en 15 ára. Þessi regla var afnumin. Þegar þetta mál var til umræðu, og á væntanlega eftir að koma upp aftur, þá spurði ég sjálfan mig: Er það Alþingis að setja útgerðinni nokkrar skorður um það á hvers konar skipum menn vilja stunda veiðar? Og er það Alþingis að hafa nokkur áhrif á það yfir höfuð hvort skip er kannski of stórt til ákveðinnar, tiltekinnar veiðiaðferðar eða of lítið? Það er ekki Alþingis að setja skorður við því að mínu áliti. Eðlilega á útgerðin að ráða því sjálf að teknu tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru um aðbúnað og öryggismál.

Ég tel hins vegar eðlilegt að líta til annarra átta varðandi innflutning á notuðum skipum, eðlilegt að reglur séu endurskoðaðar þegar skip eru skoðuð af Siglingastofnun og að eðlilegt væri að skoða þá líka hvernig það gengur fyrir sig í nágrannalöndum þegar eldri skip eru keypt þangað og skráð undir fána, t.d. Danmerkur. Það tel ég að sé eðlilegt, en ekki að setja boð og bönn um innflutning notaðra skipa. Ég nefni sem dæmi Júpíter. Það er nýuppbyggt skip en skrokkurinn er líklega síðan 1956. Nefna má Örn frá Keflavík, síldveiðiskip frá 1962. Aðeins eru eftir eitt eða tvö prósent af skrokki þess en skipið er allt nýendurbyggt vegna afbakaðra reglna sem þá voru í gildi. Um daginn var að koma skip á Austfirði sem var smíðað 1972 en það er tvisvar sinnum búið að endurbyggja það o.s.frv.

Öll umræðan um stjórn fiskveiða hefur leitt til þess að markmið laganna hefur farið fyrir ofan garð og neðan. Það hefur skyggt á það sem þarf að gera í tiltektum laga um stjórn fiskveiða sem ákvæði þessarar lagasetningar gerir ráð fyrir, og ég styð heils hugar, þ.e. að endurskoðun skuli lokið fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001.

Herra forseti. Í samræmi við það sem ég hef hér sagt í örstuttu máli þá mun ég styðja þetta frv., því að eins og ég sagði áðan þá mun sú breyting sem fram kom í hv. sjútvn. verða til þess að styrkja smábátaútgerð í landinu og það er auðvitað öllum mjög í mun að gera með tilliti til atvinnuöryggis hinna dreifðu byggða.

[16:45]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég mun flytja stutta ræðu. Ræða mín verður ekki miklu lengri en átta mínútur. Eins og ég hef áður sagt við virðulegan forseta sé ég engan tilgang í löngum ræðum almennt. Það getur þó komið fyrir að tilefni gefist til að halda langar ræður.

Herra forseti. Fiskimenn á smábátum eru búnir að fá nóg af því að vita aldrei frá ári til árs við hvaða skilyrði þeir eiga að búa. Það er í raun ærið nóg fyrir þessa sjómenn að berjast við náttúruöflin, þeir vilja vera lausir við baráttuna við hæstv. ríkisstjórn. Þeir vilja vera lausir við baráttuna við hæstv. ríkisstjórn ár eftir ár eftir ár.

Ég sagði í upphafi máls míns að ég ætlaði ekki að flytja langa ræðu enda breytir það kannski núna út af fyrir sig litlu þó að ég færi að lýsa öllum þeim tillögum sem liggja fyrir á síðustu þingum frá stjórnarandstöðunni, hvaða áhrif þær hefðu og að ég færi að túlka áhrif þeirra. En það er ástæða til, vegna sífelldra og endurtekinna árása hæstv. ráðherra forsætis- og sjávarútvegsmála, að nefna að það liggja fyrir, eins og ég sagði áðan, tveir tugir tillagna frá stjórnarandstöðunni um breytingar á lögum nr. 38/1990. Að auki liggur fyrir tillaga um breytingar á þessum sömu lögum frá hv. formanni sjútvn. á þskj. 191, 189. mál frá síðasta þingi.

Ég vil segja það, herra forseti, að ekki hefur verið hlustað á eina einustu tillögu af þeim sem fyrir liggja frá stjórnarandstöðunni og því er það til skammar fyrir þessa ráðherra að vera ekki viðstaddir við lok umræðunnar, það er til skammar fyrir hæstv. ráðherra að gerast tillögurukkarar eins og þeir hafa gert í sjónleikjum sínum í þessum umræðum og ekki var síður harmleikaþáttur hæstv. sjútvrh. rétt áðan.

Ég ætla aðeins, herra forseti, að árétta skoðun mína á því hvernig á að fara með þá báta sem frv. sem við erum að afgreiða snýst aðallega um. Ég tel að allir bátar við núverandi aðstæður að sex tonnum eigi að vera í krókaveiðikerfinu. — Ég þakka hæstv. sjútvrh. að koma hér, ég var að skammast yfir ræðu hans rétt áðan. En ég er að árétta skoðun mína á þessum málum varðandi sex tonna bátana.

Ég tel að dagakerfi, sem tryggði viðunandi afkomu, eða aflamarkskerfi með sama grundvallarsjónarmiði væri það kerfi sem hentar þessu útgerðarmynstri eða þessum bátaflota. Aflamarkskerfið er að mínu viti öruggasta kerfið til að koma í veg fyrir óskynsamlega og glæfralega sjósókn. Þetta segi ég alveg hikstalaust og hef sagt hér áður en grundvöllurinn verður að vera fyrir afkomu fólksins sem er með þessa báta.

Ég vil enn þá, ekki síst fyrir það að hæstv. sjútvrh. er í salnum, ítreka að stór hluti sjómanna er ekki frjálsir menn. Frjáls maður er sá maður sem er frjáls gerða sinn. Frjáls maður er sá sem á kosta völ. Það þýðir að það sem hann gerir er í sátt við samvisku hans og siðferðisvitund á hverjum tíma sem hann tekur ákvörðun. Maður sem verður að vinna eftir þeim kostum sem framkvæmd íslenska fiskveiðistjórnarkerfisins býður upp á er ekki lengur frjáls. Maður sem verður að henda veiddum afla, dauðum aftur í sjóinn vegna kerfisins sem hann býr við, er ekki frjáls maður. Maður sem býr við þann kost að hann verður að leigja til sín þorskkvóta á 96 kr. kílóið er ekki frjáls því að hann verður að henda öllum afla í sjóinn aftur sem gefur ekki arð. Sá sem býr við þessi skilyrði, herra forseti, er ekki frjáls. Sá sem verður að reikna 90 eða 96 kr. í kostnað við veiðar á hverju þorskkílói skilar ekki tekjum til ríkisins, hann skilar tekjum til sægreifans, hver sem hann er í hverju tilviki fyrir sig.

Í þessum viðjum eru fjölmargir sjómenn í dag vegna framkvæmdar fiskveiðistjórnarkerfisins. Ég segi vegna framkvæmdar fiskveiðistjórnarkerfisins. Ekki vegna kerfisins.

Herra forseti. Ég bað aðallega um orðið til að bera fram spurningar til hæstv. formanns sjútvn. og ég fagna því að hann er viðstaddur og vona að hann gefi sér tíma til að svara

þessum spurningum. Þær lúta að hugmyndinni um 1.500 tonna byggðakvóta sem gert er ráð fyrir að unnt verði að úthluta á næsta fiskveiðiári. Ég tel að þau svör sem koma við þeim spurningum sem ég ber hér fram skipti mjög miklu máli.

1. Verður úthlutað aflaheimild til þeirra sem hafa selt eða leigt frá skipum sínum veiðiheimildir úr þessum kvóta?

2. Hvernig er úthlutunin hugsuð? Er um að ræða varanlega úthlutun eða er um að ræða úthlutun innan fiskveiðiársins þegar úthlutun fer fram?

3. Á hvern hátt er samráð við sveitarstjórnir hugsað? Munu sveitarstjórnir hafa eitthvað um það að segja hverjum verður úthlutuð veiðiheimild?

4. Verður það skilyrt að úthlutuð heimild skuli unnin í viðkomandi sveitarfélagi eða á að landa viðkomandi úthlutun í gegnum markað þannig að fiskurinn verði alveg rétt eins fluttur frá viðkomandi sveitarfélagi eftir markaðssölu?

Þetta eru spurningarnar, herra forseti, sem ég bið hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, formann sjútvn., að reyna að gefa svör við. Ég ber þessar spurningar fram, herra forseti, vegna þess að það eru viðsjár á lofti varðandi afkomu sjávarbyggða víða í landinu. Það má t.d. bara nefna þær byggðir sem eru háðar rækjuvinnslu. Ég er ekki búinn að gera upp við mig hvort ég get stutt þessa tillögu. En svar skiptir mig miklu máli varðandi túlkun til þeirra sem nauðsyn getur orðið á að veita slíka byggðaaðstoð, sem gæti orðið um að ræða og eru líkur á að verði.

Að lokum lýsi ég þungum áhyggjum af þeim vanda sem krókabátakarlar standa frammi fyrir varðandi val á kerfi eftir einn og hálfan mánuð héðan í frá. Þeir geta lent í að kalla yfir sig gjaldþrot vegna valsins. Þess vegna hef ég áhyggjur af þessari lagasetningu. Ég lýk máli mínu með því að segja: Þeir sem eiga völina í þessu tilviki eiga svo sannarlega einnig kvölina.

[16:54]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði því miður aðeins síðari hluta ræðu hv. þm. þar sem hann var að lýsa hugmyndum sínum um hvernig ætti að stjórna veiðum krókabáta. Er það þá rétt skilið, eins og ég heyrði hv. þm. lýsa skoðunum sínum að hann sé algjörlega andvígur þeim sjónarmiðum sem fram koma í nál. jafnaðarmanna með þessu máli, að það eigi að taka veiðiréttinn af trillukörlunum og setja hann á uppboð?

[16:54]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ákaflega stutt svar við þessu. Ég er ekki á móti þeim hugmyndum sem við erum að fjalla um. Þær tillögur sem hafa verið settar fram af jafnaðarmönnum eru jafnt tillögur mínar sem þeirra. En ég sagði: Miðað við núverandi kerfi, miðað við núverandi aðstæður teldi ég best að þessir bátar væru allir í sama kerfinu, krókaveiðikerfinu, og helst á aflahámarki þannig að þeir gætu hagað sjósókn sinni við að sækja þennan afla við bestu aðstæður að þeirra vali. Þetta sagði ég, og þetta er miðað við það kerfi sem við búum við og höfum ekki haft nokkur tök á að breyta því að ekki hefur verið hlustað á eina einustu tillögu, utan þá sem ég man eftir núna í augnablikinu, það var hlustað á þá tillögu mína að það ætti að rannsaka áhrif veiðarfæra í Faxaflóa, þ.e. dragnótar og trolls, á lífríkið. Veittir voru í það fjármunir á síðasta ári en framkvæmdin varð engin. Framkvæmdin varð engin.

[16:56]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. skýr svör. Ég skil það svo að þrátt fyrir hugmyndir hans sé það meginstefna hv. þm. að það eigi að taka veiðiréttinn af trillukörlunum og bjóða hann upp og ég þakka hv. þm. fyrir að hafa lýst því svo skýrt sem hann gerði.

[16:56]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Óhætt er að segja að að mörgu leyti hefur stjórnmálaumræða batnað á Íslandi á undanförnum árum. Að mörgu leyti reyna menn að tala saman með rökum og reyna jafnvel að setja sig í spor pólitískra andstæðinga, velta því fyrir sér af hverju þeir segi þetta eða geri tillögu um annað. Hinn gamli útúrsnúningastíll, sem tíðkaðist um áratuga skeið og var aðallega upprunninn í flokksblöðunum, heyrist minna í þessari stofnun en hann gerði mjög lengi. Ég held að ástæða sé til þess að fagna því að umræðan er að mörgu leyti orðin þroskaðri og menn reyna að setja sig inn í málin, ekki aðeins þau sem þeir eru sjálfir með heldur líka þann málflutning sem andstæðingar þeirra eru með.

Nú er orðið „andstæðingur" vandmeðfarið í þessu máli, einnig fyrir stjórnarflokkana. Það er líka vandmeðfarið fyrir okkur sem erum í stjórnarandstöðunni vegna þess að það þýðir ekki endilega það að við séum á móti öllu sem hinir eru með og það þýðir væntanlega ekki að stjórnarliðar séu á móti öllu sem við erum með. Það getur eiginlega ekki verið þannig vegna þess að þegar allt kemur til alls erum við í þessari stofnun í grófum dráttum til að láta gott af okkur leiða. Og ég held að það sé enginn maður hér í stofnuninni sem hefur ekki það markmið æðst í öllum verkum sínum þó okkur kunni að greina á um það hvernig það tekst á hverjum tíma.

Þetta segi ég vegna ummæla sjútvrh. í dag sem mér finnst fjarska ósanngjörn í okkar garð. Í rauninni finnst mér líka að við eigum þau ekki skilin vegna þess að ég held að við höfum reynt að vanda okkur, a.m.k. reyndi ég það eins og ég hafði vitsmuni til í ræðu minni í dag. Ég hafði ekki hugsað mér að snúa út úr einu eða neinu. Ég hafði heldur ekki hugsað mér að lýsa því yfir að allt sem stjórnin segði í þessu máli væri vitleysa þó að ég viðurkenni vissulega að margt af því er þannig að ég gæti hugsað mér að hafa þetta talsvert mikið öðruvísi.

Mér finnst t.d. ekki sanngjarnt að segja að ég hafi haldið því fram að óþarfi væri að bregðast við dómi Hæstaréttar. Það er ekki sanngjarnt. Það er alveg eins og ef ég segði að hæstv. sjútvrh. teldi að ekki ætti að bregaðst við dómi Hæstaréttar af því að frv. hans sé ónýtt í því skyni. Ég tel alveg ljóst að hann telur nauðsynlegt að bregðast við dómi Hæstaréttar og það teljum við öll hér í salnum.

M.a. af þeirri ástæðu var það sem enginn stjórnarandstæðingur greiddi atkvæði gegn frv. við 2. umr., af því að samstaða er um það í stofnuninni að það verði að bregðast við dómi Hæstaréttar. Það er ósanngjarn málflutningur, og hann er ekki sæmilegur heldur, að gefa í skyn að einhver hér inni sé svo skyni skroppinn og/eða forhertur, nema hvort tveggja sé, að menn vilji ekki bregðast við dómi Hæstaréttar. Það hefur enginn maður sagt. Ég ætla að biðja hæstv. sjútvrh. að nefna einn einasta þingmann sem hefur haldið því fram að ekki ætti að bregðast við dómi Hæstaréttar, einn einasta þingmann. Ef hann hefur skilið orð mín þannig er ég þess fullviss að hann hefur ekki hlustað nógu vel vegna þess að

ég hagaði orðum mínum ekki þannig. Ég frábið mér þá uppsetningu mála sem hann hafði hér frammi, sem er fyrir neðan virðingu þess ágæta manns sem gegnir nú starfi sjútvrh.

Ég vil líka segja, herra forseti, að það er ekki meiningin af okkar hálfu með þeirri tillögu sem við alþýðubandalagsmenn fluttum við 2. umr. að gefa Hæstarétti langt nef. Svo er ekki. Við erum þeirrar skoðunar að tillaga okkar sé myndugt viðbragð við dómi Hæstaréttar. Þess vegna flytjum við hana, ekki af neinu öðru. Myndugt viðbragð við dómi Hæstaréttar.

Ég ætla ekkert að fara að rekja það í ræðu minni hver afstaða einstakra manna hér í þessum sal er í samtölum við mig, en ég ætla bara að segja það alveg eins og er, í tilefni af ummælum hæstv. ráðherra og því hvernig hann kom að málinu gagnvart okkur: Það er fjöldinn allur af þingmönnum stjórnarflokkanna sem á afar erfitt með að standa að afgreiðslu *málsins eins og ríkisstjórnin* gerir tillögu um, á mjög erfitt með það. Og fjöldinn allur af þessum mönnum telur að það hefði alveg getað komið til greina að bregðast við til bráðabirgða með svipuðum hætti og við alþýðubandalagsmenn gerum tillögu um.

Ég segi það líka að *ég* tel að í því efni höfum við — þetta er skoðun mín, ég viðurkenni að hún er umdeilanleg — lögfræðina okkar megin. Og ég tel að sú lögfræði sem við höfum okkar megin í þessum efnum sé ekkert verri en sú lögfræði sem hæstv. ríkisstjórn hefur sín megin. Ég tel að okkar lögfræðingar séu ekki óalandi og óferjandi, þeir sem við vitnum til, þó svo að þeir séu ekki á sama máli og þeir lögfræðingar sem stjórnarliðið kallaði til.

Ég ætla hins vegar í ræðu minni núna ekkert að fara yfir það hverjir þessir lögfræðingar eru því að það hefur verið gert áður. En ég ætla þó að nefna einn lögfræðing sem talaði úr þessum stóli í utandagskrárumræðu um viðbragð við dómi Hæstaréttar strax í upphafi. Það er maður sem ég met mjög mikils og ég veit að mjög margir þingmenn meta mjög mikils. Það er lögfræðingurinn og alþingismaðurinn Ragnar Arnalds, sem sagði það með allskýrum rökstuðningi að ekki væri hægt að treysta því að viðbragð sem eingöngu byggðist á viðbragði við 5. gr. málinu dygði sem svar við dómi Hæstaréttar.

Það er það sem við höfum verið að segja. Við höfum ekki verið að segja að það eigi ekki að bregðast við. Við höfum bara verið að segja að viðbragðið sé kannski ekki nægilega gott og við höfum leitt að því alls konar rök sem ég hef engan tíma til að endurtaka núna vegna þess að hæstv. forseti Alþingis boðaði atkvæðagreiðslu hér klukkan þrjú í dag, sem hefur svo dregist á langinn af því að sjútvrh. taldi ástæðu til að setja hér á almenna umræðu um sjávarútvegsmál, sem er fagnaðarefni.

Allir þingmenn hér telja sem sagt að það verði að bregðast við í þessu máli. Við alþýðubandalagsmenn höfum sagt sem svo: Það á að setja inn ákvæði um að lögin gangi úr gildi. Og það er reyndar hugmynd sem við höfum verið með í gangi hér í mörg ár, m.a. í þingmáli sem við höfum flutt, ég og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, ég held að við höfum flutt það tvisvar. Í öðru lagi höfum við sagt: Jafnframt verður að setja í gang endurskoðun á lögunum í því skyni að nýtt kerfi taki gildi um leið og þetta sólarlagsákvæði kemur til framkvæmda.

Höfum við skrifað það nákvæmlega niður hvað þá á að taka gildi? Við höfum nefnt ýmsa möguleika, eins og t.d. uppboð á hluta veiðiheimilda í áföngum og þannig niðurtalningu þessa kerfis í nokkur ár. Ég geri ráð fyrir því að við séum opin fyrir ýmsum öðrum hugmyndum vegna þess, herra forseti, að það er bara eitt ljóst í málinu og það er að núverandi kerfi, sem hæstv. sjútvrh. hefur varið með kjafti og klóm í átta ár er ólöglegt að mati Hæstaréttar Íslands. Mér finnst að honum farist ekki að vega að okkur jafnómálefnalega og hann gerði hér, maðurinn með hæstaréttardóm á bakinu, eftir að hafa reynt að berja þann skilning inn í þingið og þjóðina á undanförnum árum að hann sé með fullkomnasta kerfi í heimi.

Ég held að hann ætti líka að líta í eigin barm og velta því fyrir sér hvort hann hafi kannski að einhverju leyti verið á villigötum og hvort Hæstiréttur hafi þar með verið að segja: Ráðherrann hafði rangt fyrir sér. Ráðherrann fékk dóm frá Hæstarétti fyrir þær áherslur sem hann hefur haft í sjávarútvegsmálum. Það finnst mér að hann megi skoða í þessari stöðu. Það eru auðvitað býsna mikil tíðindi að staðan sé þannig, þó að það sé auðvitað líka þannig að margir aðrir hafi komið að þessu máli með margvíslegum hætti á undanförnum árum. En fremstur meðal jafningja í þeim hópi er tvímælalaust hæstv. sjútvrh. Það er ekki nokkur leið að neita því. *Ég tel að hann hafi í málflutningi sínum ekki bent á* neinar aðrar færar leiðir.

Mig langar að velta því upp, herra forseti, og ég veit að enginn getur svarað því, en ég velti þeirri spurningu fyrir mér eins og við öll: Hvað gerðist ef í sumar, þegar þingið er ekki að störfum, félli dómur í Hæstarétti sem felldi úr gildi hrygglengjuna í málinu, þ.e. 7. gr.? Hvað gerist þá? Er ekki skynsamlegt að búa sig undir það og fara í það núna, dagfari og náttfari, ef mögulegt er, að mynda um það samkomulag?

Það veit auðvitað enginn hver annan grefur í kosningum nú frekar en áður. En það er augljóst mál að með tilliti til þess hve málið er alvarlegt og viðurhlutamikið og hvað það snertir mikil grundvallaratriði í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar, þá væri skynsamlegt að reyna að laða fram samstöðu hér í þessum sal hjá þeim flokkum sem ætla má að verði hér á vettvangi eftir kosningar a.m.k., um þá lendingu sem verður í þessum fiskveiðistjórnarmálum.

Ég mundi þess vegna ekki telja það skynsamlegt í sporum sjútvrh. að berja frá mér stjórnarandstöðuna með þeim hætti *sem mér finnst að hann hafi gert*, þó að hann kunni kannski sem einstaklingur að komast létt frá henni þegar kemur inn á næsta kjörtímabil, þá munu aðrir þurfa að eiga við það að glíma að ræða við fulltrúa ýmissa stjórnmálaflokka í þessum sal og ómögulegt að segja hver myndar hér stjórn eftir næstu kosningar.

Ég tel með öðrum orðum, herra forseti, að því miður sé það þannig að viðbrögð hæstv. ráðherra hafi ekki verið nógu málefnaleg og það er harmsefni, það er leitt til þess að vita. Mér finnst það ánægjulegt að hann hefur lýst því yfir að ekki sé hægt að takmarka stærð fiskiskipaflotans sem slíks bara með breytingum á siglingarlögum, það þurfi að gera á einhvern annan hátt, án þess að það liggi fyrir. Og ég krefst þess ekkert að hann svari því nákvæmlega hvernig það ætti að gera.

Hæstv. sjútvrh. talar eins og hann hafi allt valdið og allt vitið í þessu máli. Við þekkjum undirskriftir gömlu dönsku einvaldskonunganna þar sem textinn var „Vi alene vider", vér vitum einir. Mér finnst stundum örla á því eins og hæstv. sjútvrh. telji sig vera með fullkomið kerfi, þó svo að hann hafi, eins og aðrir, fengið á sig þennan svakalega dóm.

Ég held hins vegar að það væri fróðlegt að velta því fyrir sér í þessu máli: Hversu sterk og traust er sú bygging sem

hæstv. sjútvrh. talar úr í þessu máli? Það skyldi þó ekki vera glerhús þegar allt kemur til alls? Það skyldi þó ekki vera þannig að efasemdir séu í kringum hann eins og okkur hin? Eitthvað heyrðist mér að síðustu ræðumenn hér, fyrir utan hv. þm. Gísla Einarsson, væru ekki alveg þeirrar skoðunar að kerfið væri fullkomið. Eitthvað heyrðist mér að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson væri efins um að kerfið væri alveg fullkomið. Ég heyrði hann ekki mæra þetta kerfi. Ég heyrði hann þvert á móti segja að hann væri þeirrar skoðunar að hann væri ósammála sjútvrh. um allt nema eitt tiltekið atriði varðandi fiskveiðistjórnarkerfið. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er kosinn á þing af Sjálfstfl. Hann er fulltrúi Sjálfstfl. á Vestfjörðum. Og það er greinilegt að þeir eru í grundvallaratriðum ósammála um þetta kerfi. Það er alveg augljóst mál.

Og hvað með næsta ræðumann, næsta talsmann Sjálfstfl., hv. þm. Kristin Pétursson, fiskverkanda á Bakkafirði, sem hér hefur setið á Alþingi áður og þekkir gjörla til þessara mála og talar af mikilli alvöru um þau? Jú, hann var kosinn fyrir Sjálfstfl., að ég best man, á Austfjörðum, varamaður hv. þm. Egils Jónssonar og hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur. Mætur maður sem hér hefur verið lengi og ég vil hlusta á. Hann er ósammála hæstv. sjútvrh.

Það kemur með öðrum orðum í ljós að það eru a.m.k. tveir í ranni hæstv. sjútvrh. sem hreyfa spurningarmerkjum í þessu máli, það eru a.m.k. tveir. Kannski eru þeir fleiri? Kannski eru einhverjir sem hafa þagað í umræðunni og hefðu e.t.v. getað hugsað sér að leggja orð í belg með fleiri spurningarmerkjum? Talaði ekki hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson? Er hann ekki 6. þm. Reykv.? Er hann ekki kosinn af Sjálfstfl.? Hefur hann ekki um árabil verið formaður Sjómannafélags Reykjavíkur? Hann hefur verið í sjútvn. lengi, nýtur tiltrúar og stuðnings kjósenda í mínu kjördæmi, Reykjavík, og kosinn fyrir Sjálfstfl. Hreyfir hann ekki efasemdum í þessum sjávarútvegsmálum, þessum fiskveiðistjórnarmálum? Ja, ég heyri ekki betur.

Þá hef ég talið upp, herra forseti, alla þá sem talað hafa fyrir Sjálfstfl. í þessum umræðum fyrir utan hæstv. ráðherra. Það kemur í ljós að þeir eru allir á móti honum. Þeir eru allir á móti honum. Væri þá ekki skynsamlegra með hliðsjón af því að draga af sér í skömmunum á okkur hin þegar menn hafa staðið sig jafnilla í því að treysta stöðuna í eigin ranni?

Ég held, herra forseti, að það hafi komið mjög skýrt í ljós að hæstv. sjútvrh. skilar ekki þessari umræðu með þeim hætti sem a.m.k. ég vildi að hann gerði. Ég vildi heyra sjútvrh. viðurkenna það að málið sé flókið. Ég vildi heyra sjútvrh. viðurkenna það að stjórnarandstaðan teldi að bregðast þyrfti við dómnum. Ég vildi heyra sjútvrh. viðurkenna það að afstaða stjórnarandstöðunnar væri að vísu ekki fullkomin, en það væri þó verið að reyna að koma til móts við alvarleika stöðunnar með ýmsum hætti. Og ég hefði viljað heyra sjútvrh. viðurkenna að það verði að endurskoða þessi mál og fjalla um þau á ný á breiðum grundvelli. Ég hefði með öðrum orðum viljað að hæstv. sjútvrh. sýndi þinginu og þjóðinni sanngirni í því máli sem hér er uppi.

Ég hóf mál mitt á því, herra forseti, að segja frá því að ég teldi að stjórnmálaumræða á Íslandi hefði breyst. Hún hefur breyst. Hún hefur þroskast. Hún er málefnalegri. (**SighB:** Sjálfstfl. hefur nú ekki þroskast.) Jú, það er nú margt sem bendir til þess, það hefur nú margt lagast þar líka, m.a. síðustu þrjá ræður, hv. þm. Þannig að það er nú eins og gengur þar eins og annars staðar að það er allt á réttri leið og það er ekki allt ýmist hvítt eða svart, heldur eru hlutirnir oft einhvers staðar þar á milli.

Ég tel að stjórnmálaumræðan hafi þroskast, ekki síst vegna þess að menn eru komnir upp úr þessum gömlu skotgröfum flokksblaðanna, eins og þau voru hörðust hér áður, þó að ég verði að játa það að stundum sakna ég þeirra vegna þess að þá gengu menn nokkuð hreint til verks í pólitískri orrustu og þorðu að takast á eins og menn. En að sumu leyti fylgdu þeim alls konar leiðindi og skítkast sem er ósæmilegt fyrir viti bornar verur. (**SighB:** Góðir ritstjórar ...) Sumir höfðu góða ritsjóra, a.m.k. Alþýðublaðið. Önnur blöð eru mér of skyld til að ég segi margt um það. Vísir hafði jafnvel góðan ritstjóra um tíma. Mér dettur það í hug þegar ég lít hér mér á vinstri hönd. En það að slá allan málflutning stjórnarandstöðunnar út af borðinu með því að hún hafi ekki viljað bregðast við dómi Hæstaréttar, hún hafi viljað gefa Hæstarétti langt nef og slíkt, þetta er ekki málefnalegt. Svo mikið er víst, herra forseti, og gæti ég rökstutt það í ítarlegra máli ef hæstv. ráðherra kýs að halda þessari umræðu áfram sem ég þakka honum fyrir að hefja með jafnafgerandi hætti og hann gerði fyrr í dag.

[17:15]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er svolítill kækur upp á síðkastið sem mér finnst vera nýlunda, var a.m.k. ekki svo þegar ég kom hér fyrst inn á þing, að stjórnarandstaðan bregður gjarnan á það ráð þegar henni er mætt með rökum í umræðum að koma upp og halda því fram að nú sé bara verið með útúrsnúninga og ómálefnalegar upphrópanir. Ég man eiginlega ekki eftir upp á síðkastið að stjórnarandstaðan hafi mætt málefnalegum rökum með öðrum hætti en þessum og satt best að segja finnst mér það ekki vera mikil framför í umræðu í þinginu.

Ræða hv. 8. þm. Reykv. var um margt athyglisverð. Hann hélt því til að mynda fram sem dæmi um ómálefnaleg viðbrögð af minni hálfu að ég hafi haldið því fram í ræðu minni að stjórnarandstaðan vildi ekki bregðast við dómi Hæstaréttar. Það sem ég benti á var einungis það sem hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa sagt í ræðum sínum og með tillöguflutningi að óþarfi væri að bregðast við dómi Hæstaréttar fyrr en eftir fjögur ár. Ég ætla ekki að endurtaka röksemdir mínar gegn tillögu þeirra. En það var ekki annað sem fólst í ummælum mínum. Ég get ekki séð að stjórnarandstaðan né flm. tillögunnar geti hlaupið frá því að hugmyndir þeirra hafa verið þær að ekki þurfi að bregðast við þessu fyrr en eftir fjögur ár. Mér finnst í því vera fólgið að verið sé að gefa Hæstarétti langt nef. Stjórnarandstaðan getur auðvitað haft á því aðrar skoðanir. Henni er það frjálst en það er mitt mat að svo sé. En annað fólst ekki í orðum mínum og er ekki málefnalegt að koma upp og segja annað.

Ég var hins vegar ekki að gagnrýna stjórnarandstöðuna fyrir að hafa dregið brtt. til baka. Það er mikill misskilningur og hv. þm. stjórnarandstöðunnar mega ekki vera hörundsárir út af því vegna þess að ég var þvert á móti að hæla þeim fyrir að hafa dregið tillöguna til baka. Ég taldi það bera vott um að þeir hafi tekið mark á málefnalegri gagnrýni á tillöguna og mér fannst og finnst enn að þeir séu menn að meiri fyrir að hafa dregið hana til baka. Það er sjaldan sem þeir standa upp og kveinka sér undan hrósi. Ég man eiginlega varla eftir að menn hafi kvartað undan hrósi fyrr en hv. 8. þm. Reykv. gerir það nú.

Hv. 8. þm. sagði svo að stjórnarandstaðan hefði lögfræðina sín megin. Það má vel vera en ég sé engin lögfræðirök í

fjögurra ára frestun. Það eru engin lögfræðirök á bak við það að fresta því að taka ákvörðun. Það eru einhver allt önnur rök. Ég ætla ekki að lengja umræðuna með vangaveltum um það en ég get alveg fullyrt að frestun á því að taka ákvörðun, það er engin lögfræði fólgin í því.

Hv. þm. sagði svo að ekki væri víst að breytingar á 5. gr. einar og sér dygðu til að mæta kröfum Hæstaréttar. Ég skal ekkert fara að lengja umræðuna í deilur um það en ég er alveg klár á því að frestun á því að taka ákvörðun dugar ekki til að mæta kröfum Hæstaréttar.

Það er óþarfi að fara í orðaskak út af því hverjir bera ábyrgð á þessum lögum. Ekki ætla ég að víkja mér undan þeirri ábyrgð. Að vísu stóð svo á að ég greiddi þeim ekki atkvæði á sínum tíma vegna þess að ég og flokkur minn vorum þá ósáttir við það sjóðakerfi sem búið var til í kringum lögin en efnislega var ég fylgjandi því meginstjórnkerfi sem komið var á fót og hef síðan bæði varið það og tekið þrátt í að þróa það. En mér finnst svolítið öfugsnúið þegar einn af þeim hv. þm. sem greiddu þó atkvæði með frv. segir að aðrir sem gerðu það ekki beri dóminn á bakinu og ýjar að því að Hæstiréttur hafi verið að fella dóm yfir ummælum þeirra eða framgöngu sem hafa verið að verja kerfið en ekki lögunum sjálfum sem voru samþykkt með atkvæðum tilgreindra þingmanna á sínum tíma, heldur hafi verið að fella dóm yfir — ja, ég skildi það helst svo — ræðum þeirra sem hafa verið að verja fiskveiðistjórnarkerfið. Vel má vera að þetta hafi verið misskilningur en mér fannst það ekki ýkja málefnalegt af hv. þm. sem greiddi þessum lögum atkvæði á sínum tíma að lýsa því yfir að þeir sem ekki greiddu þeim atkvæði bæru hæstaréttardóminn á bakinu öðrum fremur. En finnist hv. þm. þetta málefnalegt framlag í umræðuna á hann það auðvitað við sjálfan sig.

Herra forseti, ég vildi aðeins gera þessar örfáu athugasemdir vegna ræðu hv. 8. þm. Reykv., en aðalatriðið er þó það að tilefni þessara ummæla var að ég var að hæla stjórnarandstöðunni og hrósa henni fyrir að hafa dregið tillöguna til baka.

[17:22]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er ánægjulegt hvað sjálfstæðismenn þurfa að tjá sig mikið um þetta mál því þeir hafa haldið uppi umræðum í mestallan dag og það sem er ánægjulegast við að veita athygli í þeirri umræðu er að þeir eru aldeilis ekki sammála. Mér er jafnvel til efs að hæstv. sjútvrh. sé mjög sáttur við þær tillögur sem hann ætlar að fara að greiða atkvæði um á eftir þó svo það kunni að vera að hann greiði atkvæði með þeim.

Hæstv. sjútvrh. segir að stjórnarandstaðan hafi engar tillögur flutt í málinu. Á þessu kjörtímabili hafa 18 þingmál legið fyrir Alþingi, flutt af stjórnarandstöðunni, sem varða efni þess máls sem hér er verið að afgreiða, annars vegar tillögur um að auka atvinnufrelsi og hins vegar að gera það sem Hæstiréttur bendir á, að tryggja að drjúgur hluti þjóðarinnar geti notið arðsins af sameiginlegri auðlind. Flestöll þessi mál ganga út á nákvæmlega það þannig að fjölmargar tillögur liggja fyrir frá stjórnarandstöðunni um það hvernig hægt væri að taka á þessu máli.

Hæstv. dómsmrh. viðurkenndi það nánast í máli sínu áðan að stjórnarandstaðan hefði lögfræðina með sér í afstöðu sinni til þessa máls, og það er ánægjulegt, en stjórnarandstaðan hefur ekki bara lögfræðina með sér. Stjórnarandstaðan hefur réttlætið með sér og samkvæmt skoðanakönnun DV í dag hefur stjórnarandstaðan þorra þjóðarinnar með sér líka í afstöðu sinni til þessa frv. þar sem yfir 70% lýsa yfir stuðningi við þann málflutning stjórnarandstöðunnar að sú aðgerð sem ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir sé ekki aðgerð til að fullnægja niðurstöðu dóms Hæstaréttar. Það er ánægjulegt að hafa ekki bara lögfræðina heldur líka réttlætið og þorra þjóðarinnar með sér.

[17:24]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nýtt að lögfræðin felist í því að fresta ákvörðunum og það er alveg nýtt fyrir mér að réttlætið sé fólgið í því að fresta ákvörðunum, en þeir uni glaðir við sitt sem líta svo á.

[17:24]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Hvorki réttlætið né lögfræðin eru fólgin í því, virðulegi forseti, að fresta ákvörðunum, heldur að framkvæma þær tillögur sem stjórnarandstaðan hefur flutt og varða það efni málsins, þ.e. aukið atvinnufrelsi annars vegar og hins vegar að tryggja drjúgum hluta þjóðarinnar arðshlutdeild í hinni sameiginlegu auðlind. Þetta er réttlætið, virðulegi forseti, sem hæstv. sjútvrh. hefði verið nær að taka sér til fyrirmyndar og sem yfir 70% þjóðarinnar og mikill meiri hluti fylgismanna hans eigin flokks telur að eigi að fullnægja. Hæstv. sjútvrh. og félagar hans eru hvorki að fullnægja réttlætinu, lögfræðinni né vilja meginþorra þjóðarinnar með þeirri afgreiðslu sem á að fara fram. Þeim væri nær að gera það.

[17:25]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla bara að minna hv. þm. á að flokkur hans hefur ekki flutt neinar tillögur í umræðunni og af hálfu stjórnarandstöðunnar hefur engin önnur tillaga verið flutt en að fresta afgreiðslu málsins eða fresta því að taka afstöðu til málsins í fjögur ár og talsmenn flokks hans hafa margsinnis lýst því yfir að þeir hafi ekki mikið annað fram að færa en að fresta því að taka þessa afstöðu í þennan tíma.

[17:26]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska hæstv. sjútvrh. til hamingju með þá sterku sannfæringu sem hann hefur í málinu. Það hefur minnkað í seinni tíð að menn flytji mál sitt af jafnmikilli sannfæringu og hann gerir. Það er eins og hann hafi fundið hinn endanlega sannleika. Það var mjög algengt hér fyrr á öldinni að menn töldu sig hafa uppi hinn endanlega sannleika. Hann er eiginlega fyrsti maðurinn í þessum ræðustóli í mjög langan tíma sem telur sig greinilega vera með algerlega fullkomið mál sem er yfir alla gagnrýni hafið og ég hlýt að óska honum allra heilla með þá sannfæringu hans vegna þess að meira get ég ekki sagt því það er alveg sama hvað er sagt við þennan ráðherra, hann hlustar ekki á það. Ég ætla þó að bæta hinu við, herra forseti, að gallinn við viðbrögð ríkisstjórnarinnar í málinu er aðallega sá að hann er ekki viðbragð. Að mínu mati er þetta ekkert viðbragð og að mínu mati felst í frv. ríkisstjórnarinnar frestun á því að taka á málinu. Þeim mun verri frestun en sú tillaga sem ég flutti því að frestunartillaga ríkisstjórnarinnar, sem hér á að lögfesta, gengur út á það að fresta þessu vandamáli um ótiltekinn tíma þangað til Hæstiréttur lemur þá aftur í hausinn.

[17:27]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg kórrétt hjá hv. 8. þm. Reykv. að ég hef haft býsna mikla sannfæringu fyrir því að þetta kerfi þjónaði okkur best til að ná tveimur höfuðmarkmiðum fiskveiðistjórnar á Íslandi, að vernda og byggja upp fiskstofnana og ná góðum efnahagslegum árangri. Allar reynslutölur á báðum sviðum sýna það. Ég hef hins vegar sagt æ ofan í æ og það líka í þessari umræðu: Ef einhverjir sýna mér fram á að hægt sé að ná þessum markmiðum betur með öðrum leiðum þá er ég mjög fús til að ræða það, en það hefur enginn gert í þessari umræðu og ekki heldur hv. 8. þm. Reykv.

[17:28]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég verð að fagna þessari yfirlýsingu alveg sérstaklega því að hæstv. sjútvrh. viðurkennir að hugsanlegt sé að kerfið sé ekki alveg fullkomið. Nú hefur hann haft átta ár til að rannsaka kerfið. Hæstiréttur er að vísu búinn að dæma af honum kerfið. Hann heldur samt áfram að berja höfðinu við stein Hæstaréttar. Ég ætla því að spyrja hann núna: Hvað er það helst í kerfinu sem hann teldi tímabært að breyta? Af hverju gerir hann ekki tillögu um að breyta kerfinu þannig frekar en gera tillögu um að vandanum sé frestað um ótiltekinn tíma? Hvað er það sem hann vill breyta í kerfinu?

[17:29]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Lengi hefur verið ljóst að kerfi eins og þetta og öll önnur kerfi þarf að þróa, menn þurfa að laga það að aðstæðum á hverjum tíma og það höfum við verið að gera og það eiga menn eftir að gera. Ég tel að ýmislegt mætti bæta. Ég tel til að mynda að framsalstakmarkanir í núgildandi löggjöf séu of miklar. Ég held að þar megi gera á breytingar til að bæta raunverulega og efla markaðsleg áhrif kerfisins. Það er ýmislegt af því tagi sem ég held að menn þurfi að huga að, en aðalatriðið er það að ég er sannfærður um að þetta kerfi hefur skilað góðum árangri. Allar reynslutölur sýna það. Mat erlendra stofnana sem hafa borið saman árangurinn af þessu kerfi og öðrum kerfum sýna það. Mat sérfræðistofnana háskólamanna sýna að þetta kerfi hefur skilað miklum efnahagslegum árangri. Mat erlendra lánastofnana sem hafa verið að meta lánshæfi Íslands hefur verið það að þetta hafi verið forsendan fyrir stöðugleikanum í íslensku efnahagslífi og ég held að við Íslendingar getum verið býsna stoltir yfir þeim árangri sem kerfið hefur skilað.

[17:30]

Útbýting þingskjals:

Úrskurður Kjaradóms um laun æðstu embættismanna ríkisins, 431. mál, svar forsrh., þskj. 708.

[17:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti getur ekki stillt sig um að vekja athygli á því að það er um ein og hálf klukkustund síðan fyrirspurninni var útbýtt og nú er svarið komið. Hæstv. ráðherrar eru oft gagnrýndir fyrir að vera seinir til svars og þess vegna er ástæða til að þakka fyrir nú þegar svar berst samdægurs.

[17:31]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að full ástæða sé til að þakka hæstv. forsrh. og hæstv. forseta fyrir það hversu skjótt þeir hafa brugðist við báðir tveir til þess að veita upplýsingar um það sem ég spurðist fyrir um fyrir einni og hálfri klukkustund síðan. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á þessu svari því að þar kemur í ljós að þær upplýsingar sem gefnar voru nú nýverið um heildarlaun æðstu embættismanna ríkisins, föst mánaðarlaun, segja ekki nema hálfa söguna. Þorri þeirra er með miklu hærri föst mánaðarlaun heldur en fram kom í þeim upplýsingum vegna þess að stærstur hluti þeirra er með fasta yfirvinnu greidda mánaðarlega fyrir utan sín grunnlaun.

Ég tel ástæðu til að þakka fyrir þessar upplýsingar og vekja athygli á því að ráðherrar eru með lægst launuðu opinberu embættismönnum af þeim embættismönnum sem Kjaradómur fjallar um svo að maður tali nú ekki um vesalingana sem hér sitja á fundi.

[17:32]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Umræður sem hér hafa farið fram í dag hafa um margt verið athyglisverðar og málefnalegar að mínu viti og ég sé í sjálfu sér ekki eftir þeim tíma sem varið hefur verið til umræðunnar.

Til mín hefur verið beint fáeinum spurningum sem ég vil leitast við að svara af fremsta megni. Fyrst er fyrirspurn frá hv. 8. þm. Reykv. um skilning á ákvæðum í brtt. sem varða viðmiðun þorskaflahámarksbáta til úthlutunar á aflahlutdeild í aukategundum. Skilningurinn er á þann veg að velja á tvö bestu ár bátanna af árunum 1996, 1997 og 1998 og þau tvö bestu eru síðan grundvöllurinn að hlutdeild bátsins eftir þeim reglum sem gilt hafa um það hingað til og munu gilda áfram. En áður en valdar eru tvær bestu tölurnar eru aflatölur fyrir árið 1998 tvöfaldaðar og þannig breytt talan fyrir árið 1998 ásamt hinum tveimur eru þær þrjár tölur sem valdar eru tvær úr.

Í öðru lagi beindi hv. 8. þm. Reykv. til mín tilmælum um nánari útlistun á fyrirkomulagi varðandi ráðstöfun aflaheimilda sem Byggðastofnun eru faldar og enn fremur komu fram beinar spurningar frá hv. 5. þm. Vesturl. um það efni sem ég vil reyna að svara.

Í fyrsta lagi spurði þingmaðurinn hvort úthlutað yrði aflaheimild til þeirra sem selt hafa eða leigt frá sínum eigin veiðiheimildum, hvort útvegsmenn þeirra skipa ættu kost á að fá aflamark til veiða á yfirstandandi fiskveiðiári. Það er ekki útilokað. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni. Eins og við höfum lagt málin upp í sjútvn. gerum við ráð fyrir að þessar aflaheimildir séu til ráðstöfunar til að bregðast við tilteknum aðstæðum. Við gerum ráð fyrir að einkum sé leitast við að búa til áætlun sem sé líkleg til varanlegrar lausnar, að svo miklu leyti sem unnt er að skilgreina það í bráð og lengd, fremur en að menn grípi til tímabundinna aðgerða sem auðvitað er þó ekki hægt að útiloka að geti komið til.

Við gerum ráð fyrir því að Byggðastofnun í samráði við sveitarstjórnir hafi forgöngu um að búa til áætlun til lausnar þeim vanda sem menn hafa skilgreint að er til og að um þá áætlun sem niðurstaða verður um að hrinda í framkvæmd verði gerður samningur milli aðila sem eru þá framkvæmdamenn í viðkomandi sveitarfélagi, þ.e. útvegsmenn, fiskverkendur eða aðrir sem gefa sig fram til þess að vera í forsvari fyrir atvinnulífinu, samningsaðilar sem þeir fá til sín til þess að skjóta stoðum undir þeirra áform og síðan Byggðastofnun. Við gerum ráð fyrir að allt verkefnið sé skilgreint nákvæmlega og um það gerður samningur þannig að menn séu bundnir af því að hafa lofað að gera ákveðna hluti og geti þá þurft að sæta ábyrgð ef um samningsrof verður að ræða. Þess vegna getum við ekki útilokað að þáttur í lausn

málsins á einhverjum stað verði útvegsmaður sem eigi bát sem hann hafi leigt veiðiheimildir af það ár.

Í öðru lagi er spurt: Hvernig er úthlutun hugsuð? Er um að ræða varanlega úthlutun eða er um að ræða úthlutun innan fiskveiðiársins þegar úthlutun fer fram? Svarið er að eingöngu er um að ræða aflamark sem er til ráðstöfunar, þ.e. það sem kallað er ársúthlutun, en samningur sem gerður kann að vera getur orðið til lengri tíma en eins árs. Ef það er niðurstaða manna að til þess að koma fótunum undir viðkomandi atvinnufyrirtæki þurfi kannski aðstoð í tvö ár, þá er það mögulegt.

Í þriðja lagi: Á hvern hátt er samráð við sveitarstjórnir hugsað og munu sveitarstjórnir hafa eitthvað um það að segja hverjum verði úthlutað veiðiheimildum? Svarið er já. Þær munu hafa áhrif á það. Það verður hlustað mjög vandlega á sveitarstjórnir en við viljum ekki binda hendur Byggðastofnunar í því. Við teljum rétt að hún fái frjálsar hendur um að móta reglurnar. Vera kann að menn setji það upp að sveitarstjórnir verði að eiga frumkvæði að málinu og það kemur til álita að mínu viti. En ekki þykir rétt að festa það fyrir fram í lagatexta.

Í fjórða lagi: Verður það skilyrt að úthlutuð heimild skuli unnin í viðkomandi sveitarfélagi eða á að landa viðkomandi úthlutun í gegnum markað þannig að fiskurinn verði alveg eins fluttur frá sveitarfélagi eftir markaðssölu? Þarna er ekki alveg ótvírætt svar en við hugsum málið þannig að það verði meginverkefnið að efla atvinnuna í viðkomandi byggðarlagi þannig að menn hljóta að miða að því að fiskurinn verði veiddur og unninn af fólki úr viðkomandi byggðarlagi af fyrirtækjum sem þar eru. Það kann að vera í einhverjum litlum byggðarlögum að ástæða þyki til að styrkja tiltekna atvinnustarfsemi þó að þar sé engin fiskvinnsla á bak við.

Herra forseti. Ég vona að mér hafi tekist að gera bæði hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 8. þm. Reykv. skýrari grein fyrir þessum áformum. Ég vek athygli á því að verði þetta samþykkt mun Byggðastofnun fara í að undirbyggja almennar reglur í þessu sambandi og sú stjórn sem nú situr mun væntanlega móta það að svo miklu leyti sem hægt er á næstu mánuðum. Síðan verður kosin ný stjórn að afloknum næstu alþingiskosningum og það verður þá verkefni nýrrar stjórnar að taka við því, fullklára og hefja framkvæmd málsins á nýju fiskveiðiári.

Ég vil víkja að einu atriði enn sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Suðurl. þar sem því var haldið fram að skriflegu erindi frá smábátasjómönnum hefði verið stungið undir stól á fundi sjútvn. og þeim aðilum meinað að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ég vil bera til baka þessa fullyrðingu þingmannsins og þykir miður að hún hafi verið sett fram að óathugðu máli. Staðreyndin er sú að bréfum er ekki dreift samstundis að jafnaði heldur einfaldlega sett í möppur nefndarmanna þar sem þau eru aðgengileg þeim þegar þeir kjósa svo sjálfir. Í þessu tilviki var bréfið einungis staðfesting á þeim sjónarmiðum sem bréfritarar höfðu komið á framfæri á fundi nefndarinnar fyrr um daginn og því ekkert nýtt í bréfinu sem nefndarmönnum var ókunnugt. Það hafði því engin áhrif á umræðuna í nefndinni hvort menn fengu bréfið í hendurnar einhverjum mínútunum fyrr eða seinna. Ég vildi, herra forseti, leiðrétta þessa fullyrðingu og vænti þess að ekki verði um að ræða misskilning af þessum toga eftirleiðis.

Herra forseti. Þar sem umræðunni er að ljúka vil ég árétta eitt sem mér finnst standa upp úr eftir alla þessa umræðu. Það er auðvitað margt í okkar sjávarútvegi með þeim hætti að ekki eru allir sammála um hlutina. Um sum atriðin er meira ósamkomulag en önnur. En eitt held ég að menn verði að hafa í huga og það er að umræðunni, sem auðvitað er nauðsynleg til að leiða menn áfram frá einu ágreiningsefni til lausnar þess þannig að hægt sé að glíma við annað, getur aldrei lokið. Sjávarútvegurinn er svo stór þáttur í íslensku þjóðfélagi að það verða alltaf uppi álitaefni og um hann verða alltaf skiptar skoðanir. Svo er það nú, þannig hefur það verið og það mun verða svo áfram. Menn mega ekki vænta þess að sú umræða sem menn eru í núna og þær aðgerðir eða tillögur sem menn eru að biðja um eða viðhorf sem menn eru að lýsa leiði til þess að þeir finni hina endanlegu niðurstöðu í þessum efnum.

Ég vil segja um upphaf þeirrar umræðu sem fram hefur farið í þinginu undanfarnar vikur eða síðan í byrjun desember, þ.e. hæstaréttardóminn, að burt séð frá afstöðu manna til dómsins sjálfs, þá finnst mér að hann hafi leitt eitt af sér sem er mjög jákvætt. Það er að menn verða að fara að hugsa þessi mál. Menn geta ekki lengur litið svo á að við búum í óumbreytanlegum veruleika. Allt sviðið er undir sem eðlilegt er. Dómurinn ýtir við mönnum og menn verða því að fara að hugsa hlutina og brjóta heilann um hvaða tillögur þeir vilja leggja fram eða hvaða efnisatriði menn eru ósáttir um. Ég vænti þess að með þeirri tillögu sem stjórnarmeirihlutinn leggur til, að hefja endurskoðun laganna, þá höfum við einmitt mætt óskum um umræðu um sjávarútvegsmál á breiðum grundvelli um þá þætti málsins sem menn kjósa að taka upp.

Ég ætla ekki að lýsa viðhorfum mínum til málsins í einstökum atriðum eða löggjafarinnar. Ég hef oft gert það og þau eru öllum mönnum kunnug sem um þau vilja vita. En ég vænti þess að endurskoðun laganna á næstu tveimur árum leiði til einhverrar niðurstöðu. Það myndast einhver pólitískur meiri hluti á bak við tiltekna niðurstöðu að þeirri endurskoðun lokinni. Kannski felast í þeirri niðurstöðu litlar breytingar. Kannski felast í þeirri niðurstöðu meiri breytingar.

Ég legg áherslu á það að lokum, herra forseti, að þegar menn eru búnir að ákveða hvernig þeir vilja hafa hlutina í náinni framtíð, þá þurfa þeir að breyta því sem þeir hafa yfir í það sem þeir vilja og það verður að gerast hægt og rólega því að við erum með mikla hagsmuni undir og við getum ekki leyft okkur að fara ógætilega í þeim efnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er hyldýpisgjá á milli stjórnar og stjórnarandstöðu í þessu máli. Brtt. stjórnarmeirihlutans við 3. umr. hafa ekki bætt þar úr. Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hafa vikist undan dómi Hæstaréttar í stað þess að bregðast við honum. Lögin sem Alþingi er hér að setja festa betur í sessi yfirráð fárra yfir auðlindinni og auka möguleika þeirra sem fengið hafa ókeypis úthlutun veiðiheimilda til að selja aðgang að fiskimiðunum nú með heimild til að selja sóknardaga. Þetta er alfarið mál stjórnarmeirihlutans eins og það hefur verið unnið. Þess vegna mun þingflokkur jafnaðarmanna sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

[17:49]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar eins og fram hefur komið í umræðum að viðbragð ríkisstjórnarinnar við frv. sem hér er til meðferðar sé ófullnægjandi. Ég tel reyndar að verið sé að skjóta vandanum á frest um ótiltekinn tíma og þannig megi segja, eins og hæstv. sjútvrh. hefur orðað það í öðru samhengi, að stjórnarmeirihlutinn vilji gefa Hæstarétti langt nef með þeirri afgreiðslu sem hér er uppi. Ég tel það ekki við hæfi, tel eðlilegast að ríkisstjórnin beri ein ábyrgð á þessu máli og við alþýðubandalagsmenn munum ekki greiða atkvæði í þeirri atkvæðagreiðslu sem hér fer fram á eftir.

Brtt. 703,1 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, SF, SP, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁE, GE, KÁ, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, JóhS, LB, MF, PP, PHB, RA, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 703,2 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, SF, SP, StB, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁE, GE, KÁ, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, JóhS, LB, MF, PP, PHB, RA, SAÞ, StG, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 703,3 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, SF, SP, StB, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁE, GE, KÁ, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, JóhS, LB, MF, PP, PHB, RA, SAÞ, StG, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 703,4 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, SF, SP, StB, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁE, GE, KÁ, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, JóhS, LB, MF, PP, PHB, RA, SAÞ, StG, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 703,5 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, SF, SP, StB, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁE, GE, KÁ, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HG, JóhS, LB, MF, PP, PHB, RA, SAÞ, StG, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 661 kölluð aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, SF, SP, StB, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GE, HG, KÁ, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, JóhS, LB, MF, PP, PHB, RA, SAÞ, StG, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þegar þetta frv. kemur til lokaafgreiðslu hlýt ég að lýsa bæði vonbrigðum og miklum efasemdum um viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar og meiri hlutans í máli þessu. Túlkunin á dómi Hæstaréttar sem lögð er til grundvallar er hæpin. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar orka mjög tvímælis og vinnubrögðin í þessu máli hafa verið óvönduð, ruglingsleg og einkennst af óvenjulegum hringlandahætti. Það mun eiga eftir að koma mönnum í koll.

Ég harma að menn skuli ekki hafa notað tækifærið og stokkað spilin upp, notað dóm Hæstaréttar sem tilefni til þess að reyna að breyta löggjöf um stjórn fiskveiða þannig að skárra samkomulag væri um þau mál.

Við 2. umr., herra forseti, greiddum við þingmenn þingflokks óháðra atkvæði gegn vissum ákvæðum frv. og brtt., við studdum önnur en sátum hjá við meginefni málsins. Ég gagnrýni, herra forseti, þá niðurstöðu sem hér er að verða, lýsi allri ábyrgð af slökum og slælegum vinnubrögðum á hendur ríkisstjórninni og greiði þessu frv. ekki atkvæði.

[17:53]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Ég er eindreginn stuðningsmaður þess að nota aflamark sem fiskveiðistjórnarkerfi. Hins vegar er það svo að flestar þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögunum frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, hafa að mínu mati verið heldur til hins verra, flestar þeirra. Svo er um þessar brtt. sem við erum að fjalla um núna. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þessi sérstaki dómur Hæstaréttar, þar sem Hæstiréttur er farinn út í það að vinna eins og gerist í sumum öðrum löndum en hefur ekki verið venja hér, að túlka lögin eftir þeim straumum sem eru í þjóðfélaginu, kallar á það að menn bregðist við og þess vegna styð ég þessar brtt. þó að ég telji þær ekki til bóta fyrir fiskveiðistjórnarkerfið í heild.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 709).

Fundi slitið kl. 17:55.

56. FUNDUR

miðvikudaginn 13. jan.,
að loknum 55. fundi.

Dagskrá:

Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 430. mál, þskj. 706. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]

Of skammt var liðið frá útbýtingu dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, fyrri umr.

Stjtill., 430. mál. — Þskj. 706.

[17:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 13. janúar 1999 til 2. febrúar 1999.“

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:57]

Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KrP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, SF, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (ÁE, GE, HG, KÁ, KH, MagnM, SighB, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, JóhS, LB, MF, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, StG, SJS, TIO, VS, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 710).

Þingfrestun.

[17:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands gjörir kunnugt: „Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 13. janúar 1999 til 2. febrúar 1999.

Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 17:59.

57. FUNDUR

þriðjudaginn 2. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 352. mál, þskj. 475. — 1. umr.
3. Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
4. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
5. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 83. mál, þskj. 83. — Fyrri umr.
6. Náttúruvernd, frv., 84. mál, þskj. 84. — 1. umr.
7. Flutningur ríkisstofnana, þáltill., 91. mál, þskj. 91. — Fyrri umr.
8. Landgræðsla, frv., 111. mál, þskj. 111. — 1. umr.
9. Sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, þáltill., 140. mál, þskj. 140. — Fyrri umr.
10. Almannatryggingar, frv., 161. mál, þskj. 163. — 1. umr.
11. Félagsleg aðstoð, frv., 162. mál, þskj. 164. — 1. umr.
12. Hjálmanotkun hestamanna, frv., 171. mál, þskj. 174. — 1. umr.
13. Orka fallvatna og nýting hennar, frv., 181. mál, þskj. 197. — 1. umr.
14. Lífsiðfræðiráð, þáltill., 182. mál, þskj. 198. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.

Fjarvistarleyfi:
Geir H. Haarde, fjmrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Í fjarveru forsrh. les ég svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsrh., að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 2. febrúar 1999 kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík 22. janúar, 1999.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Ég býð hæstv. forseta, hv. alþingismenn og starfsmenn Alþingis velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir góðar óskir og býð þingmenn velkomna til þingfunda að nýju.

Samkvæmt forsetabréfi sem hæstv. utanrrh. hefur lesið hefjast fundir Alþingis nú að nýju.

Minning Bjarna Guðbjörnssonar.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Bjarni Guðbjörnsson, fyrrverandi bankastjóri og alþingismaður, andaðist síðastliðinn föstudag, 29. janúar. Hann var 86 ára að aldri.

Bjarni Guðbjörnsson var fæddur 29. nóvember 1912 í Reykjavík. Foreldrar hans voru hjónin Guðbjörn Guðbrandsson bókbandsmeistari og Jensína Jensdóttir húsmóðir. Hann lauk gagnfræðaprófi í Reykjavík árið 1930 og kennaraprófi í Kennaraskólanum 1941. Árið 1946 var hann við starfsnám í banka í Kaupmannahöfn og 1946–1947 í banka í Stokkhólmi.

Bjarni Guðbjörnsson var bifreiðastjóri í Reykjavík á árunum 1933–1939. Starfsmaður Útvegsbankans í Reykjavík var hann 1941–1950, útibússtjóri bankans á Ísafirði 1950–1973, útibússtjóri bankans í Kópavogi 1974–1975 og bankastjóri Útvegsbankans í Reykjavík 1975–1983. Hann var norskur vararæðismaður á Ísafirði 1952–1974. Í bæjarstjórn Ísafjarðar var hann 1955–1970, forseti bæjarstjórnar 1962–1966. Í alþingiskosningunum 1959 og 1963 var hann kjörinn varaþingmaður Framsóknarflokksins í Vestfjarðakjördæmi og tók sæti um tíma á Alþingi 1960 og 1966. Alþingismaður Vestfirðinga var hann 1967–1974, sat á níu þingum alls. Hann var í stjórn Þingmannasamtaka Norður-Atlantshafsríkjanna 1971–1974, í stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands 1975–1977 og í stjórn Iðnþróunarsjóðs 1979–1980.

Bjarni Guðbjörnsson ólst upp í Reykjavík og tók á unglingsárum og fram eftir aldri þátt í félagsstörfum um íþróttir og í kappleikjum. Á fullorðinsárunum varð hann bankastarfsmaður, aflaði sér þar þekkingar og reynslu. Þeim störfum gegndi hann rúma fjóra áratugi og fékk þar traust til æðstu ábyrgðarstarfa. Í þeim störfum og í störfum að bæjarmálum á Ísafirði hlaut hann náin kynni af atvinnumálum landsmanna og þau voru honum jafnan ofarlega í huga, ekki síst málefni sjávarútvegs. Hann kom ríkur að reynslu til Alþingis, sinnti þingstörfum af alúð, var vandvirkur í öllum störfum sínum, samstarfsfús, drenglyndur og hófsamur.

Ég bið hv. alþingismenn að minnast Bjarna Guðbjörnssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

[13:38]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 20. janúar sl.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda 24. janúar í embættiserindum og get því ekki sótt fundi Alþingis frá þeim tíma til 11. febrúar mun Magnús L. Sveinsson, formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur og 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík, taka sæti mitt í þeirri fjarveru.

Davíð Oddsson."

Kjörbréf Magnúsar L. Sveinssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Magnús L. Sveinsson, 1. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:39]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Magnús L. Sveinsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[13:39]

Útbýting þingskjala:

Áhrif breytinga á lögum um gjöld af bifreiðum, 434. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 713.

Ættleiðingar, 433. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 712.

Tilkynning um dagskrá.

[13:40]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið verður til dagskrár fara fram tvær utandagskrárumræður. Í fyrsta lagi um heilbrigðisþjónustu í Hafnarfirði. Málshefjandi er Guðmundur Árni Stefánsson og hæstv. heilbrrh. verður til andsvara. Í öðru lagi fer fram umræða utan dagskrár um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Málshefjandi er Svanfríður Jónasdóttur og hæstv. félmrh. verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í allt að hálfa klukkustund hvor.

Umræður utan dagskrár.

Heilbrigðisþjónusta í Hafnarfirði.

[13:40]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég óska eftir því að eiga orðastað við heilbrrh. vegna nýrra tíðinda sem bárust öllum að óvörum sl. föstudag um fyrirkomulag og framtíðarskipan heilbrigðisþjónustu í Hafnarfirði og nágrannabyggðum, þjónustu sem meira en 20 þúsund manns njóta og þurfa að treysta á.

Hér er ég að vísa til svokallaðrar viljayfirlýsingar sem heilbrrh. og fjmrh. undirrituðu fyrir hönd ríkisins og bæjarstjórinn í Hafnarfirði umboðslaus, fyrir hönd bæjaryfirvalda. Þessi yfirlýsing kom öllum á óvart, m.a. starfsmönnum þeirra þriggja stofnana sem hér um ræðir, þ.e. heilsugæslunnar, Sólvangs og St. Jósefsspítala sem skipta hundruðum, stjórnum viðkomandi stofnana og enn fremur stórum hluta kjörinna bæjarfulltrúa í Hafnarfirði. Slík vinnubrögð í eins stóru máli og hér um ræðir eru auðvitað með öllu óþolandi og bæjarfulltrúar minnihlutaflokkanna í bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafa í dag óskað eftir sérstökum bæjarstjórnarfundi vegna þessara mála.

Spurningin er: Hvað þurfti að fela? Hvers vegna var umræðan ekki einfaldlega opnuð á faglegum grundvelli og síðan tekin yfirveguð skref? Það er því nauðsynlegt að fá skýr svör heilbrrh. við áleitnum álitamálum vegna þessara atburða því þingið — ekki frekar en aðrir — hefur hvergi komið hér nærri.

Þær heilbrigðisstofnanir sem um er að ræða eiga sér langa og merka sögu í heilbrigðisþjónustu á Hafnarfjarðarsvæðinu. Sólvangur var byggður á fyrri hluta aldarinnar að frumkvæði þáv. bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og hefur allar götur síðan gegnt mikilvægu hlutverki með miklum sóma, í seinni tíð sem hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Rekstur hefur þar ætíð verið til mikillar fyrirmyndar, ráðdeild og sparnaður.

St. Jósefsspítali var byggður á samnefndri reglu og hefur um áratuga skeið verið mikilvægur þáttur í heilbrigðisþjónustu fyrir Hafnfirðinga og raunar miklu fleiri íbúa höfuðborgarsvæðisins. Þar er deildaskipt sjúkrahús á ferðinni og hefur í seinni tíð verið lögð aukin áhersla á ferliverk. Áður hefur verið reynt af hálfu ríkisins að draga úr þjónustu þar á bæ og breyta eðli sjúkrahússins og breyta í langlegudeild fyrir aldraða en bæjarbúar snerust þá til varnar og komu í veg fyrir þær fyrirætlanir.

Heilsugæslan í Hafnarfirði hefur um margt verið til fyrirmyndar öðrum heilsugæslustöðvum hvað varðar faglegan metnað og góða þjónustu. Á seinni árum hefur hins vegar þröngbýli og fjárskortur hamlað eðlilegri þjónustu og bæjarbúar með réttu kvartað yfir ástandinu. Nú horfir hins vegar til betri tíðar með stækkun húsnæðis og fjölgun lækna. Í bréfi allra starfsmanna heilsugæslunnar, 40 talsins, til ráðherra nýlega er hann beðinn um að gefinn verði friður og eytt verði óvissu og glundroða sem sífelldar fréttir af yfirtöku, breytingum eða sameiningu við aðrar stofnanir hafa orsakað. M.a. hefur því hefur verið fleygt að hluti stofnunarinnar verði fluttur í miðbæ Hafnarfjarðar. Að mínu áliti er ofur eðlilegt að ræða það að auka enn þjónustuumfang heilsugæslunnar og bæta þjónustuna með því að opna nýtt útibú og auka þann veg enn á þá mikilvægu þjónustu. Þau mál og önnur þarf hins vegar að ræða hispurslaust og fyrir opnum tjöldum. Þá kem ég að kjarna málsins, herra forseti.

Ég vil ekki sjá annars góðri heilbrigðisþjónustu á Hafnarfjarðarsvæðinu stefnt í voða með lítt hugsuðum og byltingarkenndum breytingum. Sameining þessara þriggja stofnana sem um margt eru eðlisólíkar er alls ekki sjálfgefin. Samstarf hefur verið gott á milli þeirra þegar það á við og engin vandamál verið á ferð. Hvers vegna þá að rugga bátnum?

Í öðru lagi er alveg ný stefna heilbrrm. að gera jafnviðamikla þjónustusamninga við sveitarfélag um rekstur sjúkrahúss, hjúkrunarheimilis og heilsugæslustöðvar og hér um ræðir. Er það ný stefna af hálfu ráðuneytisins? Er stefnt að hinu sama t.d. á Akureyri? Er skynsamlegt að steypa saman jafnstórum einingum á vettvangi heilsugæslu og annarrar þjónustu og hér um ræðir? Þetta eru lykilspurningar sem svara þarf.

Ég er talsmaður þess að flytja verkefni heim í hérað, vil t.d. að heilsugæslan verði flutt til sveitarfélaga í heilu lagi að afloknum nauðsynlegum undirbúningi og viðræðum við forsvarsmenn sveitarfélaga. En það á ekki að rjúka í þessa hluti með látum. Það eru vond vinnubrögð. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það alveg klárt og niðurnjörvað að engin eðlisbreyting verði á rekstri þessara stofnana og að þær fái nægilegt fjármagn til að bæta þjónustu í stað þess að draga úr henni? Árétta skal að allar þessar stofnanir hafa verið afskaplega vel reknar.

Hvað með réttarstöðu hundruða starfsmanna í þessum efnum? Hafnfirðingar vilja að lítt hugsuð tilraunastarfsemi af þessu tagi verði ekki til að skerða þjónustu. Það er grundvallaratriði. Fagleg og opin umræða er allt annar hlutur. Því spyr ég hæstv. ráðherra eftirfarandi spurninga:

Hvaða markmiðum er verið að ná fram með sameiningu heilsustofnana í Hafnarfirði?

Er tryggt að hin veitta þjónusta verði eigi minni og engin eðlisbreyting verði gerð á þjónustu viðkomandi stofnana, svo sem St. Jósefsspítala?

Er við það miðað að auka fjármagn til heilbrigðisþjónustu í Hafnarfirði og bæta þjónustu með þessari sameiningu?

Hvað með uppbyggingaráform eins og stækkun Sólvangs sem lengi hefur verið í undirbúningi?

Hvers vegna var undirbúningi þessa máls haldið leyndum bæði af hálfu meiri hluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar sem og heilbrrn. í stað þess að gefa kost á opinni og faglegri umræðu?

[13:46]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. er heilbrigðisþjónusta í Hafnarfirði til fyrirmyndar á mörgum sviðum. Er þá alveg sama hvort við tölum um Sólvang, St. Jósefsspítala eða heilsugæsluna. Heilsugæslan hefur verið í fararbroddi með ýmislegt á faglega sviðinu og eftir því hefur verið tekið.

Það var í kringum mitt sumar 1998 sem bera fór á löngum biðlistum í heilsugæslunni í Hafnarfirði. Það var tekið sérstaklega á því í heilbrrn. og eftir mikla umfjöllun var ákveðið að ráða tvo nýja heilsugæslulækna. 1. okt. 1998 byrjaði fyrsti heilsugæslulæknirinn, til viðbótar við þá sem fyrir eru. 15. febrúar hefur næsti læknir störf og auk þess hefur svokallaður námslæknir tekið til starfa í Hafnarfirði. Þetta kallar á aukin húsakynni. Þegar hefur verið innréttað húsanæði sem verður vígt nú í febrúar, rúmlega 300 fermetrar. Það er búið að kaupa og er verið að kaupa innanstokksmuni í það. Við erum því enn að styrkja og efla heilbrigðisþjónustuna í Hafnarfirði. Nýlega var yfirlæknir ráðinn. Um það stóð nokkur styr en það mál er nú alveg á hreinu.

Varðandi það sem hv. þm. gerir hér að umtalsefni, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafi í upphafi beðið um að verða svokallað reynslusveitarfélag á heilbrigðissviði. Það mál var kannað á liðnu ári en ríkið hafnaði því. Við töldum það ekki hagkvæman kost en bærinn hefur haft frumkvæði um að efla heilbrigðisþjónustuna í Hafnarfirði. Um það erum við sammála. Þar af leiðandi var gefin viljayfirlýsing sem felur í sér það eitt að kanna hvort hagkvæmt kunni að vera að þjónustan verði öll undir einni stjórn.

Þessi viljayfirlýsing er yfirlýsing um það sem við ætlum að kanna. Hér er ekki rokið í hlutina, eins og hv. þm. sagði, heldur er yfirvegað kannað hvort hagkvæmt sé að þessi þjónusta öll sé undir einni stjórn. Að því máli kemur auðvitað bæjarstjórn og stjórnendur heilbrigðisþjónustunnar í Hafnarfirði auk bæjaryfirvalda. Ég held að okkur sé það öllum sameiginlegt að vilja efla þjónustuna með þessu.

Hv. þm. spyr mig fimm spurninga. Það er eiginlega hægt að svara öllum spurningunum með því að biðja menn að lesa þá viljayfirlýsingu sem fyrir liggur. Í henni er stefnt að því að auka þjónustuna.

Hv. þm. spyr hvort auka eigi fjármagn til heilbrigðismála í Hafnarfirði. Það hefur þegar verið gert, eins og ég sagði áðan, með auknu húsnæði og auknum mannafla. Hv. þm. spyr líka hvers vegna öllum undirbúningi sé haldið leyndum. Málið er þannig vaxið að við erum að hefja þessa könnun. Við hefjum könnunina eftir yfirlýsinguna. Því hefur engu verið haldið leyndu. Ég svara náttúrlega ekki fyrir bæjaryfirvöld í Hafnarfirði enda veit ég að hv. þm. Guðmundur Árni skilur það vel, sem fyrrverandi bæjarstjóri og fyrrverandi heilbrrh. Ég vona að ég hafi svarað fyrirspyrjanda.

[13:50]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Eftir að hafa hlustað á ræðu hv. málshefjanda er ekki annað hægt en að spyrja: Hverju er hv. þm. á móti? Hvað kom hv. þm. á óvart?

Það hafa verið vandamál í heilbrigðisþjónustu í Hafnarfirði og lausna á þeim vanda hefur verið leitað. Einn þáttur í lausnum á þeim vanda hefur verið frumkvæði bæjarins til að leggja fram hugmyndir um að Hafnarfjörður yrði reynslusveitarfélag á heilbrigðissviðinu. Eins og nú hefur komið fram hefur verið undirrituð viljayfirlýsing. Þar er um betri leið að ræða til að finna hagkvæma lausn á málefnum heilbrigðisþjónustunnar í Hafnarfirði en þá að gerast reynslusveitarfélag.

Ég verð eiginlega að spyrja hv. þm.: Hverju er hann á móti? Er hann á móti því að Hafnarfjörður hafi ríkari áhrif á stjórn heilbrigðismála í bænum? Er hann á móti því að Hafnfirðingar hafi meira um stjórn Sólvangs, stjórn heilsugæslunnar og stjórn St. Jósefsspítala að segja? Er hann á móti því að þeir sem eiga að njóta þjónustunnar hafi meiri áhrif á það hvernig henni er stýrt og hvernig hún er veitt en þeir hafa í dag? Um það snýst þetta mál. Það snýst ekki um það að hv. þm. er í prófkjöri, ég ætla að biðja ykkur að muna það. Það snýst um að heilsugæslan og heilbrigðisþjónustan í Hafnarfirði skiptir máli.

Varðandi það að bæjarstjórinn hafi verið umboðslaus þegar hann skrifaði undir viljayfirlýsingu — ja, það má sjálfsagt deila um allt og toga allt saman. Ég ætla að minna hv. þingheim á það að samningur um yfirfærslu Sjúkrahúss Reykjavíkur frá Reykjavíkurborg til ríkisins, sem borgarstjórinn í Reykjavík undirritaði, hefur ekki enn þá verið tekinn fyrir í borgarráði eða borgarstjórn. (**GÁS:** Er það betra?)

[13:52]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Nú er það komið fram í dagsljósið sem greinilega hefur verið pukrast með um nokkurn tíma hjá helstu hugmyndafræðingum Sjálfstfl. Ekki má gleyma að Framsfl. á þar líka hlut að því að gefa viljayfirlýsingu um sameiningu heilbrigðisstofnana í Hafnarfirði.

Í tvígang hefur starfsfólk heilbrigðisstofnana í Hafnarfirði risið upp til varnar vegna leynimakks bæjaryfirvalda um framtíð heilbrigðisþjónustunnar í bænum. Bæjaryfirvöld virðast ekkert hafa lært um nauðsyn opinnar umræðu áður en svona ákvarðanir eru teknar. Ætlunin er að gera þjónustusamning um rekstur heilbrigðisþjónustu til allt að fimm ára. Í því sambandi eru tilfærð háleit markmið. Það væri allt gott og blessað ef maður óttaðist ekki að fleira hængi á spýtunni. Í sjálfu sér er sameining stofnananna ekki skilyrði fyrir að slík markmið sem þarna eru tilgreind megi nást.

Einkum veldur ein setning í þessum drögum, sem ég hef undir höndum, mér áhyggjum. Þar segir að kannað verði hvort önnur rekstrarform komi til greina við heilsustofnanirnar. Þar er m.a. um að ræða heilsugæsluna í Hafnarfirði. Er e.t.v. verið að reyna að fara bakdyramegin að því að einkavæða grunnþjónustu við íbúana í Hafnarfirði? Ef svo er lýsi ég yfir algjörri andstöðu minni við málið. Það má aldrei gerast að slík þjónusta verði einkavædd eða gerð að akkorðsvinnu.

St. Jósefsspítalinn hefur oft átt í vök að verjast þegar heilbrigðisyfirvöldum hefur dottið í hug að spara eyrinn en kasta krónunni. Síðasta haust varð fjárveitingavaldið að koma Sólvangi til hjálpar og eins og allir vita hefur ráðdeild ætíð verið höfð í fyrirrúmi þar. Ég legg til að ef halda á áfram með þessi áform þá verði a.m.k. viðhöfð lýðræðisleg skoðanaskipti um tilgang þeirra en dýrmætustu stofnanir almennings ekki gerðar að skiptimynt í einkavæðingaráformum bak við luktar dyr.

[13:55]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil benda á allt það jákvæða sem á sér stað í Hafnarfirði í málefnum heilsugæslunnar, þar sem hv. fyrirspyrjandi vakti aðallega máls á því neikvæða og dró þá stofnun niður, sem hún á ekki skilið. Stofnunin veitir afar góða þjónustu og hún verður enn betri núna vegna þess að bætt hefur verið við læknum. Einnig er verið að stækka húsnæði stöðvarinnar um rúma 300 fermetra og verkið klárað í lok febrúar.

Það er alrangt, sem hér hefur verið haldið fram, að bæjaryfirvöld hafi staðið í leynimakki og hafi rokið til. Það er alrangt. Samráð var haft um málið við starfsfólk og yfirstjórnendur heilsugæslunnar í Hafnarfirði, líka á Sólvangi og St. Jósefsspítala um þessi mál. Það er því ekki rétt að hér sé eitthvað leynimakk á ferðinni.

Varðandi umræðuna eins og hv. fyrirspyrjandi lagði hana upp verð ég að taka undir með þeim sem átta sig ekki á henni og þeim spurningum sem hér voru lagðar fram. Spurningarnar bera vott um að þyrla eigi upp pólitísku moldviðri sem á sér ekki neina forsendu.

Ætlunin er að kanna möguleikana á að sameina heilbrigðisstofnanir Hafnarfjarðar í eina sterka stofnun svo Hafnfirðingar geti náð enn betri tök á þróun þessara mála. Hér er látið að því liggja að St. jósefsspítali sé í hættu, heilsugæslan sé í hættu og hjúkrunarheimilið Sólvangur sé í hættu. Það er alrangt. Það er einmitt verið að sameina stofnanirnar, skoða möguleikana á því hvort og hvernig sé hægt að styrkja þessar stofnanir og hlúa enn betur að heilsugæslumálum Hafnfirðinga í framtíðinni. Ég vísa því algjörlega á bug þeim dylgjum sem hér hafa komið fram, um að jafnvel eigi einkavæða þjónustuna og gera þessum stofnunum erfiðara fyrir. Það er alrangt.

[13:57]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hv. málshefjandi, Guðmundur Árni Stefánsson, kemur með mál á dagskrá, á fyrsta fundi eftir nokkurt hlé, sem er alveg ótrúlega illa undirbúið. Það er til þess eins, eins og komið hefur fram, að ala á tortryggni gagnvart aðgerðum bæjaryfirvalda í málefnum sjúkrastofnana í Hafnarfirði. Það er hreint með ólíkindum að menn skuli leyfa sér að blanda prófkjöri samfylkingarinnar inn inn í svona mál og gera það tortryggilegt sem allir sem um þessi mál fjalla á vegum bæjarins eru sammála um. Það að hv. þm. skuli leyfa sér svona framkomu er hvorki honum né samfylkingunni sjálfri til framdráttar og hefur ekkert með heilbrigðismál á svæðinu að gera.

Ég mundi segja að hv. þm. ætti að draga þetta til baka og ræða við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði um það sem er að gerast. Að efast um að bæjarstjórinn hafi heimild til þess að ræða um rekstur opinberra stofnana við ríkisvaldið er náttúrlega fyrir neðan allar hellur.

[13:59]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er ákaflega merkilegt að heyra viðbrögð hv. þingmanna stjórnarliða úr Reykjaneskjördæmi, þingmannsins Sivjar Friðleifsdóttur, Kristjáns Pálssonar og Árna Mathiesens. Þeim finnst það augljóslega óþarft mál og fyrir neðan virðingu Alþingis að ræða um framtíðarskipan heilsugæslumála í Hafnarfirði. Það er bara smámál sem kemur okkur ekkert við og til komið vegna prófkjörs einhvers staðar.

Það skiptir engu þó 400 manns heyri í útvarpi að þeir eigi að vinna hjá annarri stofnun innan tíðar. Það skiptir engu máli þó ábyrgir aðilar ræði að hugsanlega eigi að einkavæða hluta stofnunarinnar, það eigi hugsanlega að breyta eðli hennar. Nei, þetta er bara smámál sem kemur okkur ekki við. Þetta segir margt, herra forseti, um þá ágætu stjórnarliða og segir margt um stöðu kjördæmisins, Reykjaneskjördæmis í heild, að þessi mál skuli vera í þeirra höndum.

Ég vind mér að kjarna málsins sem er þessi: Er það framtíðarstefna heilbrrn. og heilbrrh. að fara þá leið að slá saman stórum stofnunum, eðlisólíkum, eins og hér um ræðir, og gera við þær opna þjónustusamninga þannig að sveitarfélög eða hugsanlega aðrir aðilar geti farið með þann rekstur eins og þeir vilja? Ég hef dálitlar efasemdir um það og vil hafa frekari tryggingar í hendi. Og ég árétta að þótt sumpart hafi verið illa að málum staðið af hálfu heilbrrn. gagnvart þessum sjúkrastofnunum í Hafnarfirði og víðar vegna fjárskorts þá er rekstur þar og hefur verið til mikillar fyrirmyndar. Hafnfirðingar hafa kallað eftir friði. Þeir vilja frið um þessar góðu stofnanir sínar, og það árétta ég, en vilja ræða nýjar leiðir fyrir opnum tjöldum en ekki bak við luktar dyr. Það er kjarni málsins. Því segi ég, virðulegi forseti, og það skulu verða mín lokaorð: Ég skil þessa umræðu þannig að hæstv. heilbrrh. hafi gefið vilyrði og fyrirheit um að þessar breytingar, þessi þjónustusamningur, þýði aukið fjármagn í þessa þjónustu á þessu tiltekna svæði, Hafnarfjarðarsvæðinu. Hafi ég skilið það rangt þá verð ég leiðréttur. En meðan svo er ekki þá er það minn skilningur og niðurstaða þessarar umræðu. Og fyrir það er ég þakklátur.

[14:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir að hann er sammála mér um að það er góð þjónusta í Hafnarfirði. Það er góð þjónusta í Hafnarfirði og við viljum gera góða þjónustu enn þá betri. Ég kom að því í máli mínu áðan að við höfum aukið fjármagn til Hafnarfjarðar til að gera góða þjónustu betri.

Hv. þm. sagði að hann væri hlynntur því að fara nýjar leiðir fyrir opnum tjöldum. Það er nákvæmlega það sem við erum að gera. Við erum að skoða nútímafyrirkomulag fyrir opnum tjöldum. Ef hann les viljayfirlýsinguna þá sér hann nákvæmlega hvað verið er að hugsa og það sjá allir sem hana lesa. Hún er stutt og það ætti ekki að vera nokkrum manni ofviða að lesa hana þótt hann sé í prófkjöri. Ég vil bara að endingu óska hv. þm. velgengni í því prófkjöri sem nú er fram undan.

Umræður utan dagskrár.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar við fjárhagsvanda sveitarfélaganna.

[14:03]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Er hækkun útsvars, skattahækkanir og frestun á einsetningu grunnskólans sá boðskapur sem ríkisstjórnin flytur nú sveitarfélögunum, kennurum og nemendum, fólkinu í landinu? Svo virðist miðað við ummæli hæstv. félmrh. Það var hagfræðingur VSÍ sem tók það að sér í fjölmiðlunum í liðinni viku að tugta sveitarfélögin til fyrir skuldasöfnun og hóta þeim fyrir hönd stjórnvalda ef þau brygðust meintu hagstjórnarhlutverki sínu. En sveitarfélögin í landinu hafa mörg mikilvæg hlutverk. Eitt af þeim er að eiga hlut að hagstjórninni. Fjárhagsstaða sveitarfélaganna ræðst ekki bara af ráðdeild og útsjónarsemi kjörinna fulltrúa heldur af sambandinu milli þeirra verkefna sem ríkið felur þeim og þeirra tekjustofna sem með fylgja því stærstan hluta tekna sinna þiggja sveitarfélögin frá ríkinu samkvæmt lögum sem Alþingi setur og sömuleiðis stærstu verkefni. En hagfræðingurinn tekur sérstaklega til aukin útgjöld til skólamála, að með aukningu þeirra hafi sveitarfélögin einkum brugðist. Það vita þó allir að skólakerfið íslenska hefur verið fjársvelt á undanförnum árum og á engan hátt undir það búið fjárhagslega að taka við breyttu hlutverki við nýjar kröfur.

Átök við kennara og erfiðleikar í skólahaldi er ekki sú ímynd sem sveitarfélögin vilja eða þola. Þjónusta við fjölskylduna er að mestu komin á þeirra hendur og það er krafa fólksins að þjónustan sé bætt, að fjölskyldan sé í fyrirrúmi. Þar liggja hinar nýju pólitísku áherslur. Hefur það hvarflað að ráðherra eða ríkisstjórn að tekjuskiptingin milli ríkis og sveitarfélaga sé einfaldlega orðin röng nú þegar sveitarfélögin fara með mest af þjónustu við fjölskylduna, krafan stendur á þau um meiri og betri þjónustu? Getur verið að tekjuskiptingin sé byggð á gömlum hugmyndum sem eru langt frá þeim kröfum sem gerðar eru í dag?

Ef ríkisvaldið vill styrkja byggðina í landinu og gera sveitarfélögunum kleift að rækja hlutverk sitt þá þarf að bregðast við. Og hver er þá stefna ríkisstjórnarinnar? Það liggur ljóst fyrir að þau viðhorf sem hæstv. félmrh. hefur viðrað um útsvarshækkanir eru í beinni andstöðu við viðhorf sem fram komu hjá hæstv. forsrh. hér í haust þegar sveitarfélög eins og Reykjavík og Vestmannaeyjar ákváðu að nýta svigrúm sitt. Það eru ýmsar áleitnar spurningar, herra forseti, sem snúa hér að ríkisvaldinu. Ég hef því óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum.

Fyrsta: Er hækkað útsvar og frestun á einsetningu grunnskólans raunverulegt úrræði skuldugra og aðkrepptra sveitarfélaga? Langflest sveitarfélögin hafa þegar gert ráðstafanir til að einsetja sinn skóla.

Og hvað með hækkun útsvarsins? Í öðru lagi spyr ég nefnilega: Þar sem mörg skuldugustu sveitarfélögin eru nú þegar með útsvarsprósentuna í toppi, verður þá hámarkinu lyft fyrir þau sérstaklega eða stendur til af hálfu ríkisstjórnarinnar að leggja til á Alþingi að leyfð verði almenn hækkun á útsvari í landinu og þar með almenn skattahækkun?

Í þriðja lagi, herra forseti: Hefur verið farið yfir það af hálfu ríkisstjórnarinnar hvort tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga sé einfaldlega orðin röng miðað við verkefni sveitarfélaganna og aukna áherslu á þjónustu við fjölskylduna?

[14:07]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir að hefja þessa umræðu. Full ástæða er til að ræða tekjuskiptingu sveitarfélaga og ríkis og líka er ástæða til að ræða fjárhagsstöðu sveitarfélaganna í landinu. Nokkur sveitarfélög eru í verulegum vanda, en flest eru þau sem betur fer í góðum málum. Það er mikilvægt að sveitarstjórnarmenn sýni ábyrga fjármálastjórn. Hámarksútsvarsprósenta sveitarfélaganna er 12,04%. Lágmarksútsvar er 11,24%. Á þessu ári hefur 71 sveitarfélag eða rúmur helmingur sveitarfélaga ákveðið að nýta sér hámarksútsvar, þ.e. rúmlega helmingur sveitarfélaganna og í þeim hópi eru t.d. Hafnarfjarðarkaupstaður, Akranesskaupstaður og sveitarfélagið Árborg. Þrjú sveitarfélög hafa ákveðið útsvarsprósentuna á bilinu 12–12,02%. 11 sveitarfélög eru með 11,99%, t.d. Reykjavík og Kópavogsbær. 17 sveitarfélög eru með útsvarsprósentu á bilinu 11,79–11,86% og fimm sveitarfélög eru með lágmarksútsvar. Mörg sveitarfélög hafa því ákveðið svigrúm til að hækka útsvarsprósentuna innan gildandi laga til að mæta auknum útgjöldum, t.d. í grunnskólamálum. Í þeim sveitarfélögum — og nú bið ég hv. þm. að taka eftir — í þeim sveitarfélögum sem hafa borð fyrir báru búa 200 þúsund manns. Það eru einungis 76 þúsund manns sem búa í sveitarfélögunum sem nú þegar hafa fullnýtt útsvarið.

Sveitarfélögin hafa í allmörg ár haft skólabyggingar á sinni könnu og gerður var samningur við sveitarfélögin um að ráðast í átak í einsetningu grunnskólans á tilteknu tímabili. Til þess að létta undir með sveitarfélögunum við það verkefni leggur ríkið til allt að 20% af normkostnaði við skólabyggingar í sveitarfélögum með fleiri en 2 þúsund íbúa, sem er þá í raun viðbótarframlag ríkisins til þessa verkefnis sveitarfélaga. Minni sveitarfélög hafa fengið framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til grunnskólabygginga og það breytist ekki nema að því leyti að grunnskólabyggingar njóta nú forgangs við úthlutun stofnframlaga úr sjóðnum. Sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins, einkum minni sveitarfélögin, eru yfirleitt lengra komin í einsetningunni en stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu þótt mikil skref hafi verið stigin á þessu svæði til einsetningar.

Ef hróflað verður við þessum áformum þarf líka að taka tillit til þeirra sem búin eru að gera áætlanir sínar um einsetninguna og vilja standa við þau tímamörk. Það eru til sveitarfélög sem hafa spurt hvernig þau verði meðhöndluð ef til lengri tíma kemur, þ.e. sveitarfélög sem hafa lagt fram sínar framkvæmdaáætlanir miðað við gefnar forsendur. Það gæti komið einhverjum sveitarfélögum til góða að lengja í einsetningartímabilinu en þó er nauðsynlegt að taka tillit til þeirra sveitarfélaga sem vilja standa við fyrirliggjandi áform. Þetta er ekki alveg einfalt mál því sum sveitarfélögin hafa aukið kennslu þannig að svo gæti farið ef farið yrði að tvísetja að það yrði að hafa krakkana til klukkan sex, eða seinna hollið til klukkan sex, og býst ég við að mönnum þyki það nokkuð langt. En a.m.k. eitt sveitarfélag, þ.e. Hafnarfjörður, hefur óskað eftir umræðum um frestun á einsetningarkröfunni.

Í félmrn. hefur verið ákveðið að skipa nefnd til að athuga tekjustofna sveitarfélaga. Þetta er gert að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í þessari nefnd munu eiga sæti fulltrúar ráðuneyta og fulltrúar þingflokka stjórnarflokkanna.

Menn hafa mikið rætt um að grunnskólinn hafi reynst sveitarfélögunum dýr. Ég er hér með í höndum yfirlit frá

Sambandi íslenskra sveitarfélaga, gert á síðustu dögum. Inn í það eru tekin áhrifin af kjarasamningum kennara, þ.e. þessi 33% hækkun sem kennararnir fengu meðan í samflotinu var 17% hækkun og hjá ASÍ 19% hækkun. Sveitarfélögin eiga á þessu fjögurra ára tímabili að eiga 1 milljarð í afgang fram yfir gefnar forsendur og 33% hækkun til kennara.

[14:12]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir að hefja máls á þessu mikilvæga málefni sem er fjárhagsvandi sveitarfélaganna. Ég hef sem fulltrúi í fjárln. átt viðræður við sveitarstjórnarmenn úr flestum sveitarfélögum á Íslandi nú í haust og í vetur. Segja má að niðurstaðan af þeirra máli sé í flestum eða nær öllum tilvikum sú að krafa er af hálfu sveitarfélaga um aukna hlutdeild í skatttekjum til að geta staðið undir einsetningu grunnskólanna, ásamt þeim mikla kostnaði sem fylgir launahækkunum og útgjöldum vegna skólamála. Staðan er þannig í mörgum sveitarfélögum, eins og komið hefur fram í greinum og öðru frá sveitarstjórnarmönnum, að það horfir til þess að þeir verði að óska eftir því að fresta ákvæðum um tvö ár a.m.k. til að geta staðið við það sem þeir hafa skrifað sjálfir undir. Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að skoða í þessu sambandi hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þessa og vegna þess að svo mjög mismunandi aðstæður eru milli sveitarfélaganna. Því spyr ég hæstv. félmrh. um aðgerðir vegna séraðstæðna í sveitarfélögum. Þær eru mjög mismunandi en það er aðeins miðað við ákveðna höfðatölu í þeim reglum sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga vinnur eftir. Það þarf að skoða þessi einstöku sveitarfélög mjög nákvæmlega.

[14:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er hreyft við mjög stóru máli sem reyndar var lítillega rætt fyrir jólaleyfi í tengslum við það að ákveðin sveitarfélög eins og Vestmannaeyjar og Reykjavík breyttu lítillega sinni útsvarsprósentu. Eins bar þetta á góma í umræðum um fjárlagafrv. Sá sem hér stendur a.m.k. reifaði þessa hluti þar.

Ég er þeirrar skoðunar að óhjákvæmilegt sé að taka fjármálaleg samskipti ríkisins og sveitarfélaganna til gagngerðrar endurskoðunar. Það er enginn vafi á því að flutningur grunnskólans og jafnvel fleiri verkefni sem þarna hafa verið að færast til á undanförnum árum hafa reynst sveitarfélögunum dýrari og þyngri í skauti en áætlanir stóðu til.

Eðli tekjustofna þessara aðila er ólíkt og það hefur þýtt að í eyðslu- eða þenslugóðæri af því tagi sem við höfum upplifað að undanförnu hagnast ríkissjóður umfram sveitarsjóðina. Ég held einnig, herra forseti, að fara eigi í þessi mál með það að leiðarljósi að sveitarfélögin verði að öðlast aukið tekjulegt sjálfstæði. Þessi samskipti, að ríkisvaldið skammti með prósentum eða ákvörðunum að ofan og bindi í raun hendur sveitarfélaganna að verlegu leyti, ganga ekki upp eigi verkefnatilflutningurinn að ná tilgangi sínum. Ég held að athuga þurfi að sveitarfélögin fái tekjustofna, t.d. tekjustofna tengda atvinnulífinu. Ég nefni þar sem möguleika hlutdeild í tryggingagjaldi og ég nefni umhverfisgjald af ýmsum toga sem ætti að mínu mati vel heima hjá sveitarfélögunum.

Ég vil að lokum, herra forseti, leyfa mér að leggja það til við hæstv. félmrh. í ljósi stöðu þessara mála og með tilliti til þess hvernig stendur á kjörtímabili, að hæstv. ráðherra skipi nefnd með fulltrúum ráðuneyta, sveitarfélaganna og allra þingflokka sem fái það verkefni að standa fyrir endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og skila áliti um það mál á hausti komanda þannig að nýtt Alþingi á nýju kjörtímabili hafi grundvöll til að byggja á ákvarðanir um framtíðarsamskipti þessara aðila á þessu sviði.

[14:17]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það fer ekki fram hjá neinum sem hér situr að af þessari umræðu og þeirri sem fór fram fyrr í dag leggur höfga angan af nálægum prófkjörum næstu helgar. Það gerir hins vegar ekkert lítið úr þeirri umræðu sem hér fer fram, þeirri efnislegu umræðu sem vissulega er (**Gripið fram í:** Stórmál.) tilefni til að eigi sér stað. Hér er um að ræða stórmál sem sjálfsagt er að ræða efnislega á þessum vettvangi.

Einn þáttur þessa máls hefur ekki komið til umræðu og það er sá mikli herkostnaður þéttbýlismyndunarinnar sem við erum að verða áskynja einmitt núna um þessar mundir. Það var dregið fram fyrr í vetur á Alþingi að kostnaður við þessa búferlaflutninga gæti numið sjálfsagt nokkrum milljörðum kr. á ári hverju fyrir þau sveitarfélög sem væru að taka við þessari búseturöskun og auðvitað er þetta farið að koma niður á fjárhag sveitarfélaganna, m.a. á höfuðborgarsvæðinu. Það liggur fyrir samkvæmt úttekt sem hæstv. forsrh. vitnaði til hér fyrr í vetur að kostnaðurinn við það að koma hverjum nýjum íbúa fyrir í þessum sveitarfélögum liggur á bilinu 3–5 millj. kr. og þegar búferlaflutningarnir nema eitthvað á annað þúsund manns á þessu ári og síðasta ári, þá hefur það vitaskuld áhrif.

En þetta er þó ekki nema hluti af vandanum. Miklu alvarlegra vandamál blasir að sjálfsögðu við í þeim sveitarfélögum þar sem þannig háttar til að fólkinu fer fækkandi því að menn verða að hafa það í huga að tekjur sveitarfélaga eru íbúatengdar og eftir því sem íbúunum fækkar minnka tekjur sveitarfélaganna, tekjustofnarnir verða ódrýgri og menn standa frammi fyrir því í ýmsum sveitarfélögum að fjárhagsáætlanirnar ganga ekki upp vegna þess að búseturöskunin er svo alvarleg. Menn standa sem sagt uppi með fastar fjárhagslegar skuldbindingar í þessum sveitarfélögum en minni tekjustofna. Þetta er auðvitað kjarni þess vanda sem menn standa frammi fyrir og er það vandamál sem við verðum fyrst og fremst að reyna að beina sjónum okkar að.

Hitt sem menn hafa verið að ræða, t.d. yfirfærsla grunnskólans er að mínu mati vissulega stórt og mikið vandamál og stórt og mikið viðfangsefni en það er þó ekki nema lítið brot af þeim vanda sem við er að glíma almennt í þjóðfélaginu vegna búseturöskunarinnar.

[14:19]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram en það hefur ekki komið fram að sá stöðugleiki sem ríkir í fjármálum ríkisins kemur öllum vel. Lág verðbólga, lágir vextir og aukinn kaupmáttur kemur sér vel fyrir fjölskyldurnar í landinu, kemur sér vel fyrir fyrirtækin, kemur sér vel fyrir sveitarfélögin og svo auðvitað ríkið. (Gripið fram í.)

Það er ákveðin krafa um aukna þjónustu í öllum sveitarfélögum landsins og það fer æ stærra hlutfall af skattpeningum sveitarfélaganna í rekstur. En tekjustofnar sveitarfélaga eru býsna óréttlátir. Fasteignaskatturinn er óréttlátur skattur, m.a.

vegna þess á hvaða grunni hann er byggður. Þjónustugjöldin eru til þess að gera eðlileg. Það er eðlilegt að borga vatnsskatt þegar fólkið fær vatn inn í húsin sín. Það er eðlilegt að borga holræsagjald þó að sumum hafi þótt nóg um það á höfuðborgarsvæðinu. Auðvitað er sjálfsagt að borga þessi þjónustugjöld og auðvitað er sjálfsagt að borga líka sorpeyðingargjald.

En vítt og breitt um landið er til fólk sem aldrei borgar þessa fasteignaskatta, aldrei. Það eru ýmsir embættismenn sem búa í embættisbústöðum. Ríkið borgar fyrir þá. Það eru til skólastjórar og kennarar sem borga jafnvel aldrei þessa skatta til þess sveitarfélags sem þeir búa í. Þessir tekjustofnar sveitarfélaganna eru því óréttlátir og við þurfum að finna nýja tekjustofna.

Það er nauðsynlegt að endurskoða verkaskiptalögin eins og komið hefur fram hjá hæstv. félmrh. og það starfar einmitt nefnd að því. Ég tel að mikið gæfuspor hafi verið að flytja skólana yfir til sveitarfélaganna frá ríkinu. Sveitarfélög úti á landsbyggðinni eru í mörgum tilfellum miklu lengra komin með einsetningu grunnskólans en á höfuðborgarsvæðinu og það sýnir líka hvernig sveitarfélögin hafa stillt upp og forgangsraðað þeim málefnum sem þau eru að berjast fyrir. Ég þakka þessa umræðu.

[14:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Tilflutningur grunnskólanna á hendur sveitarfélaganna hefur leitt til þess að sveitarfélögin hvert af öðru hafa kvartað yfir því að sá samningur sem þá var gerður hafi ekki skilað sveitarfélögunum nægilegu fjármagni. Sá ég það síðast fyrir örfáum dögum að sveitarstjóri í einu stóru sveitarfélagi talaði um að gefa yrði upp á nýtt og má íhuga það. Að vísu hefur sá hinn sami sveitarstjóri eða bæjarstjóri nú nýlega undirritað viljayfirlýsingu um að fá fleiri verkefni þannig að hann er ekki banginn. Það er önnur saga.

Það liggur í augum uppi að við þurfum að endurskoða tekjustofnalögin frá grunni. Ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar að við ættum sem mest að víkja frá skömmtunarstefnunni, víkja frá því að sveitarfélögin þurfi að sækja fjárframlög til ríkissjóðs heldur sé þeim gert kleift að afla fjár upp á eigin spýtur, með öðrum orðum hafa sjálfstæða sveigjanlega tekjustofna. Ég var til að mynda þeirrar skoðunar á sínum tíma, þó að ég hafi verið samþykkur afnámi aðstöðugjaldsins sem slíks, að það væri sumpart skref aftur á bak að sveitarfélög hefðu engan hag af því hvort mikil eða lítil atvinnustarfsemi væri í viðkomandi sveitarfélagi. Það er eitt atriða sem rétt er að skoða og tryggingagjaldið í því sambandi.

Enn fremur hef ég stundum velt því upp að ábyrgð sveitarstjórnarmanna eigi að vera svo mikil að engin sérstök þörf sé á að setja topp eða þak á útsvarsprósentu og að það sé pólitísk ábyrgð sveitarstjórnarmanna á hverjum stað að taka um það sjálfstæða ákvörðun. Jafnframt verðum við að gæta að jöfnuði og styrkja Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er mér meðvitað. En hér eru grafalvarleg mál á ferðinni vegna þess að við megum ekki láta þessa ágætu yfirfærslu sem var skynsamleg leiða til þess að menn verði hræddir, tortryggnir og hiki við þegar um næstu skref verður að ræða hvort sem þau verða á vettvangi málefna fatlaðra, heilsugæslunnar eða annarra málaflokka. Hér eru stór mál á ferðinni. Því fagna ég þeirri yfirlýsingu ráðherra að hann ætli að setja alvarlega vinnu í gang um heildarendurskoðun tekjustofnalaga.

[14:24]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það fór ekkert fram hjá okkur sem sitjum í fjárln. þingsins hversu mikið vandinn brennur á sveitarfélögunum í landinu. Því hefur áður verið lýst í umræðunni að við sátum í nærfellt tvo mánuði í haust og hlustuðum á sveitarstjórnarmenn og það var undantekning ef ekki voru meiri háttar fjárhagsvandræði á ferð.

Svo gerast þau undur og stórmerki að sveitarfélag sem ekki hafði nýtt sína útsvarsprósentu hækkar hana og þá rís upp sjálfur forsrh. þjóðarinnar og hneykslast alveg ofan í tær á þvílíku framferði. Ég verð að segja að mér finnst það fyrst og fremst hneykslanlegt þegar sveitarfélög fara að safna stórfelldum skuldum án þess að nýta löglega tekjustofna. Það er fyrst og fremst hneykslanlegt.

Það var vandræðamál fyrir nokkrum árum þegar aðstöðugjöldin voru afnumin án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Það verður að finna upp einhverja nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin, eitthvað annað en þjónustugjöld. Þvert ofan í það sem áður hefur verið sagt í umræðunni þá er ég ekki mjög hrifin af þjónustugjöldum sem skattstofni. En ég held að það verði að finna upp nýja tekjustofna.

Og svo að lokum af því að ég sé að tími minn er að verða búinn. Grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaganna með alls ónógum fjárframlögum. Það var reiknað út á mjög hagstæðum tíma fyrir ríkið, óhagstæðum fyrir sveitarfélögin, hversu mikið ætti að fylgja með. Kennaralaun voru t.d. í sögulegu lágmarki og allar kröfur til grunnskólans hafa breyst mjög síðan þessir samningar voru undirritaðir. Það er því knýjandi nauðsyn að þeir verði endurskoðaðir strax.

[14:26]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í umræðunni áðan var sagt að búseturöskunin dýpkaði þann vanda sem hér er við að eiga og það er mikið rétt. Það er nefnilega svo að það nægir ekki, ef á að bæta þá stöðu sem menn hafa áhyggjur af, að þau sveitarfélög sem hafa svigrúm nýti sér það svigrúm vegna þess að það eru ekki bara þau sveitarfélög sem svigrúmið hafa sem hafa þörf fyrir meiri tekjur. Það er þvert á móti, herra forseti, að mörg þau sveitarfélög sem nú þegar hafa fullnýtt útsvarsprósentu sína eru í mestum vandræðum af ýmsum ástæðum, sum hver vegna þess að við höfum leyft að sveitarfélögin á Íslandi nánast veðsetji velferðarkerfið sem þau eiga að reka til að halda atvinnulífinu gangandi. Það er kannski atriði sem við þyrftum að ræða líka í tengslum við stöðu sveitarfélaganna í landinu.

Grunnskólinn hefur auðvitað tekið til sín mun meira fjármagn en reiknað var með. Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir útskýrði ágætlega áðan hvernig á því stendur. Árið 1995 þegar þessir samningar eru frágengnir er launaþáttur grunnskólanna 5,6 milljarðar. Hann stefnir í að verða 9,5 milljaðar á næsta ári. Þetta er enginn smámunur, herra forseti. Það munar a.m.k. um minna. En þetta segir ákveðna sögu. Byggðaþróunin í landinu hvílir beinlínis á því að sveitarfélögin geti mætt óskum og þörfum íbúanna og þess vegna hafa sveitarfélögin gert sitt ýtrasta til að mæta þörfum fólks fyrir bætta þjónustu. Nýjar áherslur eru uppi og við þeim verður að bregðast og ég vænti þess að þær nefndir sem hér hefur verið vitnað til, m.a. til að endurskoða tekjustofna — ég vona að ég hafi skilið það rétt, hæstv. ráðherra — taki á þessum vanda sem fyrst og skoði þetta mál með hliðsjón af

nýjum áherslum og breyttum kröfum í samfélaginu.

[14:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson spurði um aðgerðir vegna sérástæðna í sveitarfélögum. Farið er yfir útkomu hvers sveitarfélags eða hvers skóla að ári loknu um útkomuna á grunnskólanum og leiðrétt vegna frávika miðað við gefnar forsendur. En það er engin sjálfsafgreiðsla á hverjum einstökum skóla. Það verða að vera rök fyrir því að einhver tilvik hafi komið upp sem séu afbrigðileg.

Ég er að skipa nefnd eins og ég sagði áðan til að endurskoða lögin um tekjustofna sveitarfélaga og stjórnarandstaðan fær aðild að þeirri nefnd. Það á að endurskoða grunnskólasamninginn árið 2000. Það er bundið í lögum.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson nefndi herkostnað við töku sveitarfélaganna, þ.e. þeirra sveitarfélaga þar sem fólksfjölgunin er mest, og þar á ofan bætist við, sem betur fer, að fæðingartíðni er enn þá hærri hjá Íslendingum en hjá flestum öðrum vel megandi þjóðum. Mannfjöldaspá frá 1986 gerði ráð fyrir því að árið 2020 yrðu Íslendingar orðnir 276 þúsund og þeim mundi ekkert fjölga eftir það. Við erum orðnir 276 þúsund í dag, þurftum ekki að bíða þessi 20 ár sem þó var spáð fyrir 13 árum.

Það er rangt að sveitarfélögin hafi ekki fengið fullt meðlag með grunnskólanum. Þau hafa fengið með honum 1 milljarð til viðbótar við það sem um var samið. Hins vegar hefur kröfuharka kennara í sumum tilfellum keyrt um þverbak. Þó eru þeir búnir að fá upp í 43% hækkun meðan ASÍ er með innan við 20%. Kröfuharkan hefur náttúrlega keyrt um þverbak og sveitarfélögunum er skapaður vandi með fjöldauppsögnum.

Síðan vil ég nefna það sem kannski hefur farið fram hjá hv. málshefjanda að í sveitarstjórnarlögunum sem samþykkt voru í vor með miklum umræðum er lagt bann við að sveitarfélög gangi í ábyrgð fyrir þriðja aðila. (**Gripið fram í:** ... Þau setja peninga í hlutafélög.)

Skipulags- og byggingarlög, 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 475.

[14:32]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, samanber lög nr. 135/1997, sem flutt er á þskj. 475 og er mál nr. 352.

Frv. þetta er unnið í umhvrn. í samráði við félmrn. Á undanförnum mánuðum hefur átt sér stað mikil umræða um skipulag miðhálendisins, einkum það hvaða aðilar eigi að koma að skipulagi þess. Um það fjallar þetta frv. fyrst og fremst. Sérstök samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins var skipuð í lok árs 1993 samkvæmt lögum nr. 73/1993, um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964. Í þeirri nefnd áttu sæti 13 fulltrúar og voru 12 þeirra fulltrúar þeirra héraðsnefnda sem áttu stjórnsýslu inn til miðhálendisins en ráðherra skipaði formann nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar var að skila tillögum um skipulag miðhálendisins eins og það var skýrt í áðurnefndum lögum sem hún og gerði í nóvember sl. og eru þær nú til meðferðar hjá Skipulagsstofnun lögum samkvæmt. Þar með hefur samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins í raun lokið störfum sínum.

Megintilgangurinn með frv. þessu er að mæta fram kominni gagnrýni á það hverjir hafi með skipulagsmál á hálendinu að gera. Því er gert ráð fyrir að ný nefnd, samvinnunefnd miðhálendisins, komi í stað samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins og verði hún skipuð fulltrúum bæði þeirra kjördæma sem eiga land að miðhálendinu sem og annarra kjördæma. Þannig eiga önnur sveitarfélög, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Vestfjörðum, fulltrúa í nefndinni enda er miðhálendið að stórum hluta ekki í einstaklingseign heldur þjóðlendur sem skipta alla landsmenn máli.

Í athugasemdum með frv. er gerð grein fyrir forsögunni, frv. því sem lagt var fram í fyrra og vísa ég nánar til þess sem þar kemur fram. Það frv. sem ég legg hér fram er að miklu leyti samhljóða frv. sem lagt var fram á Alþingi í vor. Sú breyting sem orðið hefur á frv. frá þeim tíma varðar einkum 2. mgr. 2. gr. þar sem fjallað er um samsetningu og tilnefningu í nefnd um skipulag miðhálendisins. Samkvæmt frv. þessu er lagt til að sú nefnd beri heitið samvinnunefnd miðhálendisins. Talið er æskilegt að láta nefndina fá nýtt nafn til aðgreiningar frá þeirri nefnd sem áður hefur starfað, samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins, enda er hér um að ræða nýja nefnd með aðra samsetningu og sem er ætlað að starfa til frambúðar.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að fulltrúar í nefndinni verði 11 í stað 13 sem voru í fyrri nefndinni eins og áður hefur komið fram og í stað 18 sem ráðgert var í frv. frá því í fyrra. Skal ráðherra velja níu án tilnefningar, þar af formann nefndarinnar, en átta skal ráðherra velja úr öllum kjördæmum landsins í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Auk þess tilnefnir félmrh., sem fer með yfirstjórn sveitarstjórnarmála, einn og samtök um útivist einn en talið er nauðsynlegt að þessir aðilar geti komið sjónarmiðum sínum að sem fyrst, enda búa þeir yfir mikilli þekkingu á þessu sviði.

Ég mun þá rekja önnur efnisatriði frv. Þar er fyrst að nefna að lagt er til að gerð verði breyting á 12. gr. skipulags- og byggingarlaga þar sem fjallað er um samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags. Gerð er tillaga um að í ákvæðinu sé vísað til 12. gr. a þar sem fjallað er um samvinnunefnd miðhálendisins. Breytingin er lögð til svo að skýrt sé að aðrar samvinnunefndir um gerð svæðisskipulags hafi ekki það hlutverk að fjalla um þau verkefni sem samvinnunefnd miðhálendisins er falið og þannig sé ekki um að ræða skörun á verksviði þessara tveggja nefnda.

Í öðru lagi er lögð til breyting á 17. gr. laganna sem fjallar um kynningu á aðalskipulagstillögum en samkvæmt því ákvæði í gildandi lögum skal tillaga að aðalskipulagi eða veruleg breyting á því kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt og skal kynningin auglýst á áberandi hátt. Einnig eiga tillögur að vera kynntar sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga. Hér er á hinn bóginn lagt til að aðalskipulagstillagan sem nær til miðhálendisins skuli auk ofangreindrar kynningar vera auglýst í Lögbirtingablaðinu og liggja frammi hjá Skipulagsstofnun. Þetta er gert til þess að ekki aðeins íbúar hlutaðeigandi sveitarfélags og sveitarstjórnir aðliggjandi sveitarfélaga geti komið að athugasemdum þegar aðalskipulagstillaga sem snertir miðhálendið er til kynningar heldur hafi í raun allir landsmenn þennan möguleika.

Að lokum er lagt til að við ákvæði til bráðabirgða verði bætt nýju ákvæði þar sem gerð er sú tillaga að Skipulagsstofnun leiti álits samvinnunefndar miðhálendisins, þeirrar nýju ef frv. verður lögfest, áður en stofnunin gerir tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu fyrirliggjandi tillagna um svæðisskipulag miðhálendisins. Þannig er gert ráð fyrir að samvinnunefnd miðhálendisins, sem lagt er til að lögfest verði með frv. þessu, fái tækifæri til að fjalla um tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins sem nú liggur fyrir hjá Skipulagsstofnun.

Samvinnunefnd miðhálendisins fengi það sem sitt fyrsta verkefni að gefa umsögn um fyrirliggjandi tillögu. Samkvæmt frv. þessu, sem lagt var fyrir Alþingi í desember á síðasta ári og gerði ráð fyrir gildistöku laganna um nýliðin áramót, er gert ráð fyrir að umsögn samvinnunefndar miðhálendisins muni liggja fyrir eigi síðar en 1. febrúar 1999, þ.e. í gær. Þar sem ekki tókst að mæla fyrir frv. fyrir þinghlé Alþingis í desember legg ég til að frv. verði breytt og er reyndar nauðsynlegt að breyta því í meðförum umhvn. hvað varðar gildistökuákvæðið og þann tímafrest sem nefndinni er ætlaður. Það ræðst auðvitað nokkuð af því hversu fljótt hv. Alþingi telur fært að lögfesta frv. en miðað er við það að ráðherra skipi samvinnunefnd miðhálendisins strax og frv. er orðið að lögum. Nefndin þarf síðan einhvern tíma að skoða fyrirliggjandi tillögu, þrjár til fjórar vikur e.t.v. eins og gert er ráð fyrir í frv. sem hér er til umræðu hefðu tímasetningarnar þar staðist, en endanleg dagsetning, sem gæti þá verið hugsanlega í aprílbyrjun eða um miðjan apríl, verður hins vegar að ráðast af því hversu fljótt hv. Alþingi lögfestir frv.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir þær breytingar sem koma fram í frv. þessu. Þar sem frv. gerir ráð fyrir að ný nefnd, samvinnunefnd miðhálendisins, taki við af samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins sem þegar hefur lokið störfum er afar brýnt að frv. þetta nái fram að ganga sem allra fyrst, enda er lagt til að hin nýja nefnd gefi umsögn um fyrirliggjandi tillögur að svæðisskipulagi miðhálendisins eins og ég hef áður gert grein fyrir.

Að sjálfsögðu væri hægt að fara fleiri orðum um aðdraganda málsins og tilurð frv. en ég tel ekki ástæðu til þess. Það er hv. þm. allt vel ljóst, m.a. vegna ítarlegar umfjöllunar um málið á Alþingi sl. vor. Ég vænti þess á hinn bóginn að frv. þetta eigi vísan stuðning meðal hv. þm. og samstaða sé um að koma þessu fyrirkomulagi á hvað varðar skipulagsmál miðhálendisins. Ég leyfi mér því að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[14:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hæstv. umhvrh. hefur mælt fyrir um breytingu á skipulags- og byggingarlögum lætur ekki mikið yfir sér hvað lengd snertir eða fyrirferð en hér er hins vegar á ferðinni afar mikilvægt málefni sem miklu skiptir hvaða niðurstaða verður á. Þarf ekki annað en vísa til þeirrar miklu umræðu sem varð um þessi efni í tengslum við frv. til sveitarstjórnarlaga á síðasta þingi. Reyndar má einnig vísa til umfjöllunar sem tengdist frv. til skipulagslaga á þinginu 1996–1997 en þá um vorið voru skipulagslög þau sem hér er verið að leggja til breytingar við afgreidd á þinginu samhljóða að tillögu umhvn.

Við þá vinnu að skipulagslögum ræddi ég það ítrekað í umhvn. að æskilegt væri að kveða með skýrari hætti á um svæðisskipulag miðhálendisins sérstaklega en gert var og gildir samkvæmt núverandi löggjöf vegna séreðlis þessa svæðis. Til þess var þá vísað af meiri hluta í umhvn. á þeim tíma að í 12. gr. væri heimild til skipunar nefndar til þess að fjalla um svæðisskipulag sem færi ekki endilega að sveitarfélagamörkum og byggt á því þannig að hugmyndir mínar fengu þá ekki stuðning. Þetta mál kom síðan til mikillar umræðu eins og hæstv. ráðherra minnti á og þingheimi er í fersku minni vegna frv. til sveitarstjórnarlaga tengt stjórnsýslu á miðhálendinu og ákvörðunum um mörk sveitarfélaga inn til landsins.

Ég ætla ekki að fara yfir þá umræðu en fram kom við afgreiðslu þess frv. af hálfu þáv. talsmanna Alþb. í nefndinni, nú formanns þingflokks óháðra, Ögmundar Jónassonar, og hv. þm. utan flokka, Kristínar Ástgeirsdóttur sem leiddi þingnefndina á þessum tíma gegnum þetta flókna mál, að þau gerðu þar fyrirvara sem ég held að sé rétt að ég hafi yfir þó viðkomandi þingmenn muni eflaust rifja það upp og gera grein fyrir viðhorfum sínum því það tengist sannarlega því sem hér er. En þau skrifuðu með fyrirvara undir álit meiri hluta nefndarinnar og þar segir í lokin, með leyfi forseta:

„Kristín Ástgeirsdóttir og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara sem m.a. lýtur að því að gera þurfi breytingu á skipulags- og byggingarlögum samhliða afgreiðslu þessa frumvarps eigi skipulag hálendis Íslands að vera með ásættanlegum hætti. Þær breytingar verði að fela í sér á afdráttarlausan hátt að miðhálendið verði skipulagt sem heild og að fleiri komi að þeirri vinnu og ákvarðanatöku en aðliggjandi sveitarfélög. Er þar átt við fulltrúa tilnefnda af ríkinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd þjóðarinnar allrar."

Þetta er niðurlagið í nefndaráliti og segir nokkuð um þann fyrirvara sem þingmennirnir túlkuðu síðan í umræðu um málið enn frekar. Segja má að það sem þá kom fram í formi frv. og sýnt var hér, mjög umdeild framlagning á máli sem var aðeins til sýnis en ekki einu sinni tekið til umræðu og urðu um það snarpar deilur í þinginu, að þá var til þess að verða við fyrirheitum sem fram höfðu komið í félmn. um málið sýnt í hvaða stefnu ríkisstjórnin hygðist beina þessu máli.

Frv. sem hér liggur fyrir og við ræðum nú er að nokkru annars efnis, þó stofninn sé kannski svipaður. Hvað snertir samsetningu nefndarinnar sem hér er kölluð samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags er um ólíkan búning að ræða og líka að því er varðar verkefni hennar og ég mun vekja athygli á því.

Ég vil taka fram, virðulegur forseti, í sambandi við þetta mál sem ég hef fylgst með hér á liðnum árum, að ég tel afar þýðingarmikið að skipulag komist á málefni miðhálendisins. Ég hef lagt ríka áherslu á þá verndarstefnu sem við í þingflokki óháðra viljum sjá sem græna þráðinn í málinu, þ.e. að tillit verði tekið til umhverfis- og náttúruverndar. Svæðisskipulagið, sem tillaga lá fyrir um í fyrra og hefur nú verið sent til Skipulagsstofnunar og á aðeins eftir að staðfesta af ráðherra, með því innskoti sem hér er í formi frv., endurspeglar að mörgu leyti góðar verndarhugmyndir sem við höfum leyft okkur að útfæra enn frekar með því að gera í þinginu tillögu um stofnun stórra þjóðgarða á miðhálendinu. Þeir tækju í aðalatriðum mið af verndarstefnu þeirri sem fram kemur í svæðisskipulagstillögunni, en að þar yrði hnýtt upp á með náttúruverndarlöggjöf og friðun samkvæmt náttúruverndarlögum.

Ef þannig væri um hnútana búið og þetta mál fengi ásættanlega umfjöllun og niðurstöðu, þá held ég að menn hefðu stigið jákvætt skref miðað við núverandi stöðu. Ég hef eins og áður verulegan hug á því að hlúa að ásættanlegri niðurstöðu þessa máls. Ég hef margt við það að athuga sem gerðist í sambandi við sveitarstjórnarlögin sem samþykkt voru í fyrravor, þá stefnu sem þau og fleiri þættir sem snerta þetta mál tóku en ég tel afar þýðingarmikið fyrir þjóðina í heild sinni og þjóðarhagsmuni að ná sátt um málefni miðhálendisins. Þar þarf allur umbúnaður, lagarammi og skipulag að tryggja víðtæka náttúruvernd. Það er hins vegar ljóst að um þau efni eru deildar meiningar og afar sterk öfl sem vilja sjá málið fara í annan farveg.

Þá ætla ég, virðulegur forseti, að koma að frv. sem hér er til umræðu, koma fram með spurningar og benda á ákveðna veikleika í málinu. Þar er fyrst til að taka 2. gr. — ég ætla ekki að fjalla um 1. gr. frv. sem er bara tilvísun á milli lagagreina. Í þessu frv. segir, eins og í tillögunni sem ríkisstjórnin sýndi í fyrravor:

„Miðhálendið, sem markast af línu sem dregin er milli heimalanda og afrétta, skal svæðisskipulagt sem ein heild."

„Skal svæðisskipulagt sem ein heild." Þetta er gott ákvæði og býsna skýrt eins og það hljóðar. En hvernig er staða þessarar línu? Ég spyr hæstv. umhvrh. að því og bið hann að gera grein fyrir því hér: Er sú lína, sem hér er gengið út frá og miðað var við í vinnu að svæðisskipulagi miðhálendisins, þannig frágengin að hér og nú sé hægt að lögfesta þetta mál í trausti þess að ekki verði í ágreiningi við þá sem mótuðu svæðisskipulagstillöguna, sem nú hefur verið afgreidd af samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins?

Ég nefni þetta vegna þess að eins og málið var unnið var gert ráð fyrir að þessi lína hyrfi. Þeir sem tilnefndu fulltrúa í héraðsnefndir, í þessa samvinnunefnd, hugsuðu hana og skilgreindu sem vinnulína, sem vinnumörk sem gengið yrði út frá við gerð svæðisskipulagsins en síðan félli það svæðisskipulag að svæðisskipulagsáætlunum landshlutanna, sem gerðar yrðu í framhaldinu. Þannig skildi ég málið á þeim tíma.

Nú er málið hins vegar sett mun afdráttarlausar og ég tel jákvætt ef þetta stenst, út frá þeim sjónarmiðum sem þingflokkur óháðra hefur talað út frá í þessu máli og aðilar tengdir honum, en um það efast ég. Ég vísa til þess að upp af Borgarfirði og innan Norðausturlands, sem hæstv. ráðherra þekkir, kunna að vera vandkvæði á að fá skýra niðurstöðu í þetta mál. Hér á að miða við mörk afrétta og heimalanda. En var það gert í öllum tilvikum þegar þessi lína var dregin, vinnulínan í svæðisskipulagi miðhálendisins? Ég held ekki. Ég held að vikið hafi verið frá þeim mörkum og hér geti verið um formlega erfiðleika að ræða. Þetta þarf að skýrast við umræðuna áður en málið fer til nefndar.

Nú ætla ég fjalla um 3. málslið en gera nefndina að umræðuefni síðar. Þar segir:

„Samvinnunefnd miðhálendis gerir tillögur til Skipulagsstofnunar um svæðisskipulag á miðhálendinu og gætir þess að samræmi sé með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga innbyrðis og að þær samræmist svæðisskipulagi miðhálendisins."

Þetta er annað orðalag en í tillögunum frá því í fyrra. Ég ætla út af fyrir sig ekki að kveða upp dóm um það en á fyrra þingi var ekki talað um að samvinnunefndin „gerði tillögur" heldur „fjallaði um" svæðisskipulag miðhálendisins og gæfi Skipulagsstofnun umsögn um tillöguna.

Virðulegur forseti. Ég bið hæstv. umhvrh. að bregðast við ef það er ekki hans skilningur, að segja okkur hvort það sé rétt þegar ég fullyrði að verið sé að búa til ný stjórnsýslumörk í skipulagsmálum, í skilningi skipulagsmála. Það hróflar ekki við því sem samþykkt var í lögunum um sveitarstjórnir, að hin almenna stjórnsýsla, löggæsla o.fl., er í höndum sveitarfélaganna en í skipulagslegu tilliti er verið að búa til sjálfstæða stjórnsýslueiningu. Málið er flókið að því leyti.

Síðan kemur að aðalskipulagi sveitarfélaga. Því er ætlað að ná yfir allt umráðasvæði sveitarfélagsins, alveg upp í vatnaskil. Í aðalskipulagssamhengi fjalla sveitarfélögin um allt sitt land. Þeim ber hins vegar að taka tillit til svæðisskipulagsins sem fjallað er um alveg sjálfstætt. Vitanlega væri fótfesta í þessu ef hægt er að ganga þannig frá málunum að svæðisskipulagið sé forsendan, sé ákvarðandi og aðalskipulaginu beri að taka tillit til þess. Þannig er hugmyndin væntanlega að tryggja að þarna sé um heildstæð málstök að ræða, þ.e. á svæðisskipulagsstiginu.

Þetta er auðvitað nokkuð flókið gagnvart sveitarfélögunum og við skulum vona að þetta sé fær leið. Hún er hins vegar nokkuð flókin og þarf góðan skilning á málum og vilja til þess að þetta nái saman. Í báðum tilvikum er um stórar nefndir að ræða, bæði þá sem hér er gert ráð fyrir samkvæmt frv. og eins þá sem fjallar um aðalskipulag, þannig að vanda þarf til verka.

Í framhaldi af þessu: Eftir hvaða lagagrein skipulagslaga ætlar hæstv. ráðherra að láta málið ganga að því er varðar málsmeðferðina, þ.e. skipulagsmeðferðina? Er það 13. gr. eða 15. gr. sem þarna er vísað til? Í frv. eða athugasemdum gat ég ekki séð neitt um það og því nauðsynlegt að fá svör við þessu. Mér sýnist þetta hljóta að eiga að falla undir 15. gr. skipulagslaga um sérstaka svæðisskipulagsmeðferð, efni málsins samkvæmt.

Síðan er það val á fulltrúum í þessa nefnd. Segja má að hér sé orðið við þeirri kröfu sem var mjög almenn, að landsmenn allir eða fulltrúar allra hluta landsins, þar á meðal höfuðborgarsvæðisins, kæmu að málinu. Hér er reynt að koma til móts við það. En ósköp er þetta flókið eins og fyrir er lagt, þ.e. það eiga að vera ellefu fulltrúar og ráðherra á að velja níu án tilnefningar, þar af formann nefndarinnar. Átta skulu valdir úr öllum kjördæmum landsins í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Hverjir eiga að koma að þessu sem fulltrúar kjördæma landsins, búa hugmynd í hendur ráðherra, sem á síðan að velja viðkomandi? Hér er ekki um tilnefningar að ræða heldur á hann að velja fulltrúana. Þetta er afskaplega óskýrt. Svo á hæstv. félmrh. að koma með einn og félagasamtök um útivist einn. Það er auðvitað álitamál hvernig velja á úr hinum stóra hópi áhugafélaga. Ég skal ekkert um það segja að lítt athuguðu máli en það er vitanlega hið besta mál að fulltrúar notenda, ef svo má segja, komi að þessu máli. Við verðum auðvitað að treysta því að umhverfissjónarmiðin og samtök um umhverfisvernd fái aðgang að þessu máli. Það er ekki alltaf svo að áhugafélög um útivist tryggi þau sjónarmið. Því þarf að gaumgæfa hvernig aðgengi áhugasamtaka skuli vera.

Ríkisstjórnin og reyndar fleiri ónefndir stefna að því að fækka kjördæmum landsins niður í jafnvel sex talsins, ef ég hef skilið tillögur rétt. Þá breytist kannski það sem hér er á ferðinni. Ég bendi nefndinni, sem ég á raunar sæti í, á að skynsamlegt væri að koma tilvísunarsetningum fyrir með svolítið lögulegri hætti en gert er í þessum tillögutexta

þar sem „sem“ vísar til sveitarstjórnarkosninga en ekki til samvinnunefndar miðhálendis, eins og þetta er sett fram í tillögu hæstv. ráðherra. Hins vegar er ekki óalgengt að tilvísunarsetningar fari á flot.

Kjördæmin eiga að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga. Ég er ekki sannfærður. Fram kom hugmynd um að Samband ísl. sveitarfélaga eða stjórn þess tilnefndi fulltrúa. Hvað er Samband ísl. sveitarfélaga? Jú, það er heilmikil stofnun með sér stjórn. Hver á þarna að koma að máli? Er það stjórnin? Hver er fulltrúi kjördæmanna, sem á að hvísla í eyra ráðherra áður en hæstv. ráðherra, án tilnefningar, velur níu í þessa nefnd?

Hér er margt uppi sem ég hefði þurft að ræða frekar og síðan er það afgreiðslan. Ég hygg að hæstv. ráðherra hefði kosið að ganga frá þessum málum á starfstíma sínum sem ráðherra, þ.e. fyrir 1. mars eða 15. mars, ég man nú ekki hvort er. En af máli hans áðan mátti ráða að hann gerði ekki ráð fyrir að svo gæti orðið tímans vegna. Þetta er alveg hroðalegt. Hvers vegna í ósköpunum — ég á við miðað við ásetning hæstv. ráðherra — hvers vegna í ósköpunum var þetta mál ekki lagt fyrir í byrjun þings í haust? Komin voru drög að tillögu. Það var búið að sýna tillögu í frumvarpsformi í fyrravor og síðan er það rétt fyrir jólahlé þingsins að smeygt er inn tillögu sem kemur fyrst til umræðu núna. (Forseti hringir.) Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð. Það er alveg óskiljanlegt með öllu að það skuli vefjast fyrir hæstv. ríkisstjórn að ganga frá þessu máli, geta ekki komið því í boðlegan búning í upphafi þings, virðulegur forseti.

Þetta er stórt mál. Það þarf að vanda afgreiðslu þess og það þarf að vera reist á traustum grunni. (Forseti hringir.) Aðalatriðið er heildstætt skipulag fyrir miðhálendi Íslands með verndarsjónarmið við hún.

[15:01]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekkert að rifja upp hver var í hvaða þingflokki eða flokki þegar þetta mál var til umræðu í vor en ég er aðili að þessu máli með nokkuð sérstökum hætti eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni. Eins og þingmenn eflaust muna urðu gífurlegar umræður og deilur um frv. til sveitarstjórnarlaga og í rauninni var þar verið að blanda saman málum sem hefði kannski þurft að ræða aðskilin, þ.e. annars vegar skipulagsmál sveitarfélaganna og yfirráð yfir hálendinu og svo hins vegar allt það sem snýr að starfi, skipulagi og stjórn sveitarfélaganna í landinu. Ég get rifjað það upp enn og aftur að ég held að sú hlið málanna, það sem snýr að stjórn sveitarfélaganna, hefði mátt fá meiri umræðu. En hin alvarlegu og mjög mikilvægu hálendismál fengu að sjálfsögðu mesta umfjöllun og það ekki að ástæðulausu.

Ég vil rifja það upp líka að þegar ég kom fyrst að þessum málum, þegar umræðan hófst um frv. til sveitarstjórnarlaga, var ég á sömu skoðun og Alþýðuflokksmenn og fleiri að það ætti að skipuleggja hálendið sem eina stjórnsýslueiningu. En ég komst að þeirri niðurstöðu við umfjöllun um málið og alla þá gríðarlegu yfirferð sem því fylgdi, lögfræðiálit, greinargerðir, bréf frá löglærðum mönnum sem og öðrum, að sú leið væri ekki fær að gera hálendið að einni stjórnsýslueiningu nema með eignarnámi og með endalausum málaferlum. Það er leið sem hefði þá þurft að hafa mjög langan og ítarlegan aðdraganda, ef við hefðum átt að fara hana og hún er mjög illfær, einfaldlega á grunni íslensku stjórnarskrárinnar og þeirra hefða sem hér hafa skapast sem við getum svo auðvitað deilt um. Öllu þessu er hægt að breyta en það tekur langan tíma. Því var það að umræðan þróaðist á þann veg að það sem skipti mestu máli í mínum huga sem og ýmissa annarra voru skipulagsmálin, skipulag hálendisins, að tryggt yrði að hálendið yrði skipulagt sem ein heild hvað sem liði eignarmörkum. Með því að skipuleggja hálendið sem eina heild er hægt að komast hjá ýmiss konar mistökum og mismunandi áherslum sveitarfélaganna sem við höfum orðið mjög mikið vör við í umræðunni í sumar og haust þar sem verulega er tekist á m.a. um vilja sveitarfélaga á Austurlandi sérstaklega til að virkja og þar með að skipuleggja það hálendissvæði sem undir þau heyrir allt öðruvísi en meiri hluti íslensku þjóðarinnar virðist vilja. Þetta er dæmi um eitt slíkt deilumál sem menn verða í framtíðinni að leysa og reyndar liggur fyrir tillaga um það hvernig hálendið skuli skipulagt. Í ljósi þessa gerðum við tveir þingmenn í félmn. ákveðið samkomulag við meiri hlutann. Við skrifuðum með fyrirvara undir álit meiri hluta félmn. við frv. til sveitarstjórnarlaga þar sem við skilyrtum stuðning okkar — þetta var sú sem hér stendur og hv. þm. Ögmundur Jónasson — við skilyrtum stuðning okkar við það að samhliða yrði afgreidd breyting á skipulags- og byggingarlögum sem við yrðum sátt við og höfðum ekki ástæðu til annars en halda að við því yrði orðið. Eins og fram kom áðan var viðkomandi frv. kynnt, þ.e. frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Gerðar voru ítrekaðar kröfur um að frv. yrði í það minnsta rætt og því komið til nefndar og það sent til umsagnar en meiri hlutinn treysti sér ekki til að verða við þeirri kröfu. Því fór sem fór að málið dróst og er loksins nú komið til umræðu.

Ég harma það hversu seint þetta mál kemur hér inn í umræðuna þótt reyndar sé það á fyrsta degi þingsins. Ég vona að hv. umhvn. hafi tíma til að vinna málið og setja það í forgang hjá sér því ég tel mjög brýnt að við afgreiðum þetta mál. Ég tel það mjög brýnt þannig að hægt sé að vinna að skipulagi hálendisins með samræmdum og ásættanlegum hætti.

Varðandi frv. sjálft má varpa fram ýmsum spurningum eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði áðan. Það þarf að vera algerlega ljóst um hvaða svæði er verið að ræða, hvaða svæði á að skipuleggja og það þurfa menn að skýra og skilgreina. Maður getur spurt sig hvort 1. mgr. 2. gr., þ.e. við breytingu á 12. gr. laganna, dugi. Hún er nokkuð ákveðin og er auðvitað kjarni málsins, þ.e. að miðhálendið, hvernig sem það verður nákvæmlega skilgreint, skal svæðisskipulagt sem ein heild. Það skal svæðisskipulagt. Ég vil leggja á þetta mikla áherslu. Þetta er kjarni málsins. Það sem málið snýst um er að það sem við skilgreinum sem miðhálendi verði skipulagt sem ein heild og að menn komi sér saman um þá stefnu sem þar skuli ríkja.

Annað mikilvægt atriði í þessu máli er það sem mikil krafa og sterk kom fram um, að við lítum á miðhálendið sem sameign þjóðarinnar. Þetta er svæði sem við eigum öll og sem kemur okkur öllum við. Við erum að ræða um helstu náttúruperlur þjóðarinnar og þó viðkomandi sveitarfélögum sé falin umsjá og stjórnsýsla á svæðunum eftir því sem skipting milli ríkis og sveitarfélaga gerir ráð fyrir, þá er þetta eftir sem áður svæði sem tilheyrir okkur öllum. Því er einnig mjög mikilvægt að nú koma fulltrúar allra landsmanna að þessum málum, allra landshluta, þar með sá hluti landsins þar sem mikill meiri hluti þjóðarinnar býr. Þegar ég nefni þetta vil ég fagna því, hæstv. forseti, hvílík vakning hefur orðið hér varðandi þessi mál, hve gríðarlega mikil og góð umræða hefur orðið um skipulagsmál, um hálendið, um nátt-

úruperlurnar, um það hvernig við eigum að nýta landið og svo framvegis. Það er gríðarlega mikilvægt. En við getum deilt um þetta skipulag, þessa skipan, 11 manns eða fleiri eða færri. Ættu þarna að vera fleiri fulltrúar þeirra sem nýta landið eða félagasamtaka eða hvað? Ég ætla ekki að gera það að miklu ágreiningsefni. Mér finnst mikilvægt að málið verði afgreitt og fellst því á þessa tillögu um 11 manna nefnd. Henni má breyta. Ef einhverjar breytingar munu eiga sér stað eins og fækkun kjördæma eða eitthvað slíkt, þá vildi ég frekar fjölga í nefndinni þannig að fulltrúar hinna ýmsu svæða yrðu fleiri og fulltrúar almannasamtaka yrðu jafnvel fleiri. En það mun væntanlega skýrast hvernig staðið verður að skipan í þessa nefnd. Það er rétt sem fram hefur komið að það er ekki mjög ljóst. Ráðherra skipar samvinnunefndina og hefur samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ég hef skilið það þannig að sambandið gerði tillögur um einhverja einstaklinga frá hinum ýmsu landshlutum og það yrðu þá einhverjir sem viðkomandi sveitarfélög gætu sætt sig þokkalega við þó það þurfi í sjálfu sér ekkert að vera. Þetta eiga auðvitað að vera fulltrúar sem eru færir til að takast á við þetta verkefni og sem vonandi hugsa út frá umhverfissjónarmiðum og heildarhagsmunum þjóðarinnar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að sinni, hæstv. forseti. Ég var farin að óttast mjög að þetta mál mundi ekki komast að og ekki ná fram að ganga. En ég ítreka þau orð mín að ég vona svo sannarlega að hv. umhvn. gefi þessu máli forgang. Það var ákveðin niðurstaða í vor að vinna málið svona þó það hafi dregist svo lengi sem raun ber vitni. Ég ímynda mér ekki að fullkomin sátt verði um þessa leið. Þarna var um grundvallarágreining að ræða um það hvernig þessu skipulagi skyldi háttað, hvort skipta ætti miðhálendinu niður á milli sveitarfélaganna eða skipuleggja það sem eina heild og væntanlega verða þau sjónarmið rifjuð upp í þessari umræðu. En við stöndum frammi fyrir því að niðurstaðan varð sú að skipta miðhálendinu á milli sveitarfélaganna og því er afar brýnt að það frv. sem hér er til umræðu fylgi með, verði staðfest og verði að lögum sem allra fyrst.

[15:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. síðasta þingmanns fól í sér mjög skilyrðislítinn stuðning við þetta frv. Hv. þm. fagnar því sér í lagi í lokum ræðu sinnar að frv. hafi komið fram og segir mjög brýnt að það fari í gegn. Ég get ekki skilið ræðu hv. þm. öðruvísi en svo að hún sé sammála meginefni tillögunnar. Hún gerði lítið úr því þó ágreiningur kynni að verða uppi um skipan í nefndina, þarna væru 11 manns og það kynnu að vera skiptar skoðanir á því. En hún virtist í grundvallaratriðum sammála þessu. Það kemur mér talsvert á óvart, sér í lagi vegna þess að hv. þm. rifjar það upp að gríðarleg vakning hefur orðið varðandi hálendið. Hvar hefur sú vakning fyrst og fremst orðið? Hún hefur orðið hér á þéttbýlissvæðunum þar sem 67% þjóðarinnar búa í tveimur kjördæmum. Samkvæmt þeirri tillögu sem hv. þm. fagnar svona þá eiga þessi 67% að hafa tvo fulltrúa af 11 og allir fulltrúarnir 11 eiga að vera skipaðir af ráðherrum, eiga að vera skipaðir af ráðherrum sem núna eru í sama stjórnmálaflokki. Ég segi fyrir sjálfan mig að mér þykir þetta gríðarlegur galli á nefndinni.

Ég tek líka undir það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði áðan að það er vægast sagt loðið hvernig tilnefning t.d. Sambands íslenskra sveitarfélaga á að fara fram. Þess vegna spyr ég hv. þm. hvort henni finnist ekki að hagsmunir þess kjördæmis sem hún er fulltrúi fyrir séu fyrir borð bornir og hvort hún sé virkilega komin í þá pólitísku stöðu að henni finnist það allt í lagi að ráðherrarnir skipi alla 11 fulltrúana. Finnst henni líka í lagi að þarna sé loðið orðalag um að fulltrúar útvistarsamtaka fái einn fulltrúa af 11 og finnst henni í lagi að náttúruverndarsamtök, sem er ekki beinlínis hægt að fella undir útivistarsamtök, hafi engan fulltrúa?

[15:15]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að ég gæti vel hugsað mér betra fyrirkomulag á þessu. Leiðirnar eru margar. Ég nefndi það áðan að verði einhverjar breytingar t.d. á kjördæmaskipan þá liggur í augum uppi að breyta þurfi þessari nefnd. Það má lengi um það deila og leita að betra jafnvægi. Þó hefur náðst fram viðurkenning á því að suðvesturhornið eigi fulltrúa í nefndinni. Reyndar lá það fyrir í tillögunni sem lögð var fram sl. vor en það hefur ekki verið öruggt alla tíð. En ef fram koma tillögur um að auka vægi suðvesturhornsins, þá styð ég það. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan: Þetta er aðferð sem nefndin þarf að skoða gaumgæfilega frá öllum sjónarhornum. Mér finnst svo mikilvægt að niðurstaða náist í þessu máli að ég ætla að sætta mig við þetta. Komi hins vegar fram betri tillaga þá styð ég hana.

[15:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki fyllilega rétt hjá hv. þm. að fulltrúar Reykjavíkur og Reyknesinga hafi ekki átt setu í nefndinni samkvæmt fyrra frumvarpinu. Frv. sem lagt var fram í fyrra var þannig að Samband íslenskra sveitarfélaga átti að tilnefna fjóra fulltrúa, tveir áttu að vera búsettir í Reykjavík og einn á Reykjanesi. Munurinn er ekki svo ýkja mikill. Okkur þótti það allt of rýr hlutur í fyrra. Þar voru að vísu þrír af átján, hérna eru þeir tveir af ellefu. Hver er munurinn? Staðan er hlutfallslega verri.

Ég fagna auðvitað því að hv. þm. segir að hún mundi fylgja tillögu sem gengi lengra. Ég fagna því. Þá finnst mér líka að hv. þm. ætti ekki, þrátt fyrir mikilvægi málsins, að lýsa yfir fögnuði með tillöguna eins og hún liggur fyrir meðan hún fellst á að tillagan gangi ekki nógu langt.

Ég er sammála hv. þm. um að málið þurfi að leiða farsællega til lykta, en ég held að þingið megi ekki fyrir fram afsala sér réttinum til að gera róttækar breytingar á þessu. Ég held það þurfi að skoða þetta verulega vandlega. Til að mynda tel ég að með tilliti til þeirra átaka sem hafa verið milli mismunandi sjónarmiða varðandi hálendið og mér þykir kristallast að nokkru í átökum milli landsbyggðar og þéttbýlis, það eru klárlega mismunandi viðhorf, sé nauðsynlegt að reyna að ryðja brautina fyrir raddir þeirra sem hafa verið að tala máli náttúruverndar. Mér finnst það fráleitt tryggt hérna. Svo er alls ekki á meðan hver einasti fulltrúi er skipaður án tilnefningar af ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Það er í rauninni enginn, ekki einu sinni Samband íslenskra sveitarfélaga, sem hefur lögskipaðan rétt annan en að hafa skuli samráð við þá. Við vitum hins vegar bæði, herra forseti, ég og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, hvað hægt er að teygja og túlka orðið samráð.

[15:18]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Ég veit ekki hvernig þingmaðurinn getur túlkað ræðu mína hér áðan þannig að ég hafi verið alveg hoppandi glöð yfir tillögunum, þótt ég lýsi yfir ... (Gripið fram í.) Já, hv. þm., við erum sammála um að brýnt sé að fá niðurstöðu í

þessu máli. Það er ekki þar með sagt að sú niðurstaða sé óbreytt frv. frá því sem hér er. Verði það niðurstaðan þá mundi ég sætta mig við hana vegna þess að mér finnst svo brýnt að þetta mál nái fram að ganga. En ég get tekið undir hvert orð þingmannsins varðandi breytingar á þessu efni. Ég vildi gjarnan sjá meira vægi bæði náttúruverndarsamtaka, útivistarfólks og suðvesturhornsins. Þingmaðurinn minnist þess kannski að áður en tillagan kom endanlega fram, og mátti ekki ræða hér í vor, voru miklar deilur um skipan nefndarinnar þar sem m.a. hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson kom við sögu. Þar stóð nú ekki aldeilis til að gera útivistarsamtökum eða suðvesturhorninu hátt undir höfði.

Í grundvallaratriðum er ég sammála hv. þm. Miðhálendi Íslands er sameign og á að vera sameign íslensku þjóðarinnar og þar á meiri hluti þjóðarinnar að sjálfsögðu að hafa mikið um það að segja hvernig málum verði háttað. En auðvitað verður þar að virða sjónarmið annarra líka.

[15:20]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Stærsta átakamál síðasta löggjafarþings var án alls efa sá hluti frv. til sveitarstjórnarlaga sem laut að stjórnsýslu miðhálendis Íslands. Þar var gjörvallt miðhálendið sneitt niður og skipt á milli aðliggjandi sveitarfélaga. Um það stóðu heitar umræður dögum saman hér í þingsalnum en ekki aðeins hér heldur einnig utan hússins. Það kom berlega í ljós, sem hefur verið að gerast á undanförnum árum, að almenningi er hreint ekki sama um miðhálendið sem hann lítur á sem sameign þjóðarinnar allrar, líka þeirra sem ekki eiga land að svæðinu sem kallað er miðhálendi.

Það eru ekki ýkja mörg ár síðan þetta svæði var landið gleymda, eða jafnvel forsmáða í hugum meiri hluta landsmanna. Það voru ekki allt of margir landsmenn sem létu sig það einhverju varða hvernig með það var farið. Afleiðingarnar af þessu skeytingarleysi eru augljósar hverjum þeim sem það vilja skoða. Á þessu svæði hefur verið níðst áratugum og öldum saman. Þar ægir saman línum, lónum og skálum af ýmsum stærðum og gerðum. Skálarnir eru um 400 talsins ef ég man rétt og stór hluti þeirra reistur í óleyfi. Þar eru vegslóðar sem engin kort ná yfir og annað eftir því. Sumt af þessu raski verður aldrei lagfært en annað má lagfæra eins og gengur. Óhjákvæmilegt hefur verið að koma lagi á óreiðuna, koma á heildarskipulagi og tryggja umsjón og eftirlit með gangi mála.

Niðurstaðan er okkur öllum kunn. Hér á Alþingi reyndist meiri hluti fyrir að skipta þessu svæði milli aðliggjandi sveitarfélaga, 40 talsins, muni ég rétt. Það þjónar auðvitað engum tilgangi að rifja upp málafylgju okkar sem lentum í minni hluta við afgreiðslu málsins eftir kröftuga baráttu. Baráttan naut mikils stuðnings, ég fullyrði það, stórra hópa í samfélaginu. Sú barátta og þær miklu umræður sem urðu um þetta mál utan þings sem innan hafa hins vegar haldið áfram. Baráttunni er alls ekki lokið þótt einn þáttur hennar hafi tapast. Henni er haldið áfram með fundahöldum, umræðum, greinaskrifum og jafnvel ljóðalestri hér úti á Austurvelli, sem er haldið þar úti með aðdáunarverðri þrautseigju í hvaða veðri sem er. Það er okkur til stöðugrar áminningar um ábyrgðina sem að okkur snýr. Ég minni á að hér var haldinn mjög merkilegur fundur, baráttufundur til verndar miðhálendinu, í lok nóvember sl. og öllum sem sóttu þennan baráttufund svokallaðs hálendishóps í Háskólabíói verður sú reynsla ógleymanleg. Stemmningin, samkenndin og baráttugleðin var slík að ekki verður með orðum lýst. Hinn sterki vilji til að varðveita og vernda þá auðlind sem býr í miðhálendinu verður ekki sniðgenginn. Ég segi það bara að sú manneskja er tilfinningasnauð sem ekki skynjar vilja þjóðarsálarinnar í þessu máli, sterkar meiningar, afstöðu og tilfinningar fólksins til þessa svæðis.

Vegna þess að málin hafa þróast svona, herra forseti, þá er ég ekki jafnhrikalega ósátt við niðurstöðuna úr afgreiðslu sveitarstjórnarlaganna á liðnu vori eins og áður. Ég trúi því að ekki verði hægt að líta fram hjá baráttunni og þeim sterka vilja sem kristallast hefur í henni varðandi skipulag og ráðstöfun einstakra svæða á miðhálendinu. Ég taldi óráð að búta þetta landsvæði niður. Ég hef ekki skipt um skoðun í því efni. Ég hefði viljað hafa svæðið eina heild og alla yfirstjórn á hendi eins aðila, yfirstjórn, byggingar- og skipulagsmál. Aftur á móti hefði síðan mátt fela aðliggjandi sveitarfélögum afmörkuð verkefni eins og löggæslu, heilbrigðiseftirlit og fleira. Ég var hins vegar í tapliðinu og er ansi hrædd um að langt sé í að þeirri niðurstöðu verði breytt ef henni verður nokkurn tímann breytt. Eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns þá yrði til þess að fara í gang flókið ferli og úr því þessi niðurstaða varð á sl. vori, þá er ólíklegt að hægt verði að breyta henni.

Frv. sem hér er til umræðu er afkvæmi þeirrar umræðu og togstreitu sem varð um þetta mál á síðasta löggjafarþingi. Ég tek undir það að í raun er óskiljanlegt að við séum einungis í 1. umr. en ekki 2. umr. eða 3. umr. um þetta frv. Því var lofað strax á haustdögum og eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra bera ýmsar tímasetningar í því með sér að frumvarpshöfundar hafi reiknað með því að það yrði lagt fram fyrr. Eflaust verður erfitt að fá skýringar á því hvað tafði framlagningu frv. Það er með hátt málanúmer þannig að ekki er hægt að kenna því um að umræður hér á þingi hafi tafið að það kæmi til umfjöllunar. Maður hlýtur að spyrja sig hvers vegna þessi töf hafi orðið, hvað hafi reynst svona flókið við að koma frv. hingað inn í þingið. Um hvað þurfti að semja?

Ég ætla ekki að spá illu um framkvæmd þessa máls en það verður fróðlegt að heyra af umfjöllun um það í hv. umhvn., sem ég sit því miður ekki lengur í og sakna þess. Það verður fróðlegt að heyra hvað umsagnaraðilar hafa um frv. að segja, um hlutverk nefndarinnar og samsetningu hennar. Það er ákaflega litla leiðsögn að hafa af frumvarpstextanum sjálfum og grg. Ég velti því sannarlega fyrir mér hvernig farið verði að því að velja í þessa nefnd. Um það eru engar upplýsingar. Mér segir nú svo hugur að býsna flókið geti orðið fyrir félagasamtök um útivist með ákaflega misjafnar forsendur og hagsmuni að koma sér saman um einn fulltrúa. Eitt stykki fulltrúa fyrir öll þau mörgu og ólíku félög og félagasamtök.

Um aðra fulltrúa er það eitt vitað að þeir eiga að vera fulltrúar sinna kjördæma en um faglega þekkingu eða aðra verðleika segir ekki neitt. Og hlutverk og verkefni hæstv. ráðherra eru ekki beinlínis öfundsverð. Honum er mikill vandi á höndum og ég leyfi mér að efast um að auðvelt verði fyrir hæstv. ráðherra að reyna t.d. að tvinna saman kjördæmasjónarmið og sjónarmið hinna ýmsu útivistarmanna. Ég get varla ímyndað mér að hann fari að reyna að finna fulltrúa jeppamanna í einu kjördæmi og fulltrúa vélsleðamanna í öðru og veiðimanna í því þriðja og hestamanna í því fjórða o.s.frv. En hvernig í ósköpunum eiga þessi útivistarsamtök að geta komið sér saman um fulltrúa sinn þar sem svo geysilega mismunandi sjónarmið eru þarna á ferðinni?

En eitt er víst, herra forseti, að þessi nefnd, hvernig sem hún verður skipuð, verður undir smásjá þeirra sem vilja að hálendi Íslands fái frið og vernd eftir ára- og aldalanga ánauð.

[15:31]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég fagna framlagningu þessa frv. enda nauðsynlegt að það kæmi fram og nauðsynlegt að það fái afgreiðslu í ljósi þeirrar umræðu sem hér fór fram í þinginu á vordögum í reyndar mjög löngu máli.

Frv. gengur út á það að breyta heimild sem ráðherra hefur í 12. gr. skipulags- og byggingarlaga, reyndar er réttara að orða það þannig að verið er að útfæra frekar heimild sem er í 12. gr. (**Gripið fram í:** Hver átti þessa hugmynd?) yfir á það að gera ráðherra skylt að skipa sérstaka svæðisskipulagsnefnd fyrir miðhálendið. Sú hugmynd sem hér kemur fram er mér mjög að skapi. Hún tryggir aðkomu íbúa allra kjördæma landsins, hún tryggir tengsl við sveitarstjórnarstigið, sem að öllu jöfnu fer með skipulagsmálin, og hún gerir möguleg og reyndar tryggir tengsl við þá sem nýta og njóta hálendisins og að sjónarmið þeirra komist að borðinu þegar þessi mál eru rædd.

Eins og komið hefur fram í umræðunni er þetta auðvitað flókið mál. Það eru margir og ríkir hagsmunir og mjög mörg sjónarmið sem koma fram þegar hálendið er skipulagt. Ég hef í nokkuð langan tíma velt þessum málum mikið fyrir mér og hvernig hægt væri að leysa þau með einfaldri formúlu um það hverja ætti að tilnefna eða skipa í nefnd. En hagsmunirnir eru einfaldlega svo margir og sjónarmiðin svo mörg að ekki er hægt á auðveldan hátt að taka tillit til þeirra allra. Þess vegna tel ég að nauðsynlegt hafi verið að finna lausn sem er á þessum nótum og gera það þannig að fulltrúi sem skipaður er í nefndina geti verið fulltrúi fyrir fleiri en eitt og jafnvel fleiri en tvö sjónarmið. Við megum ekki alltaf gera ráð fyrir því að menn hafi ekki möguleika til þess að hugsa út frá nema einu sjónarmiði á hverjum tíma. Í þeirri formúlu sem hér er hefur ráðherrann mikla möguleika til að gæta þess að öll sjónarmið og allir hagsmunir eigi að geta komið að því að skipuleggja hálendið.

Það eitt út af fyrir sig að fækka úr 18 í 11 gerir það að verkum að vinna nefndarinnar verður miklu auðveldari og ef við gerum ráð fyrir því að svo hæfir einstaklingar finnist í þjóðfélaginu að þeir geti tekið tillit til fleiri en eins sjónarmiðs þá á þessi nefnd að geta unnið farsællega úr þeim sjónarmiðum og hagsmunum sem hér um ræðir.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að tilvist aðalskipulagsins og hvernig aðalskipulagið tengist svæðisskipulaginu og þá sérstaklega hvernig það tengist svæðisskipulaginu á miðhálendinu gerði málið enn þá flóknara. Það má að vissu leyti til sanns vegar færa en það gerir málið líka að vissu leyti einfaldara. Það undirstrikar einn þann helsta kost sem ég tel vera við þessa tillögu en hann er sá að málið er á forræði umhvrh. Og umhvrh. ber ekki ábyrgð gagnvart einhverjum einum hagsmunahópi, einu sjónarmiði eða einu kjördæmi heldur ber hann ábyrgð gagnvart heildinni, gagnvart þjóðinni allri. Hann fer með þennan málaflokk í umboði þjóðarinnar allrar.

Það er einmitt tilfellið með aðalskipulagið og svæðisskipulagið og líka með sérstaka svæðisskipulagið, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist á, að ráðherra þarf að staðfesta öll þessi skipulög. Það á því ekki að þurfa að fara fram hjá neinum sem um þau fjallar að þau eiga að vera samkvæmt lögunum í innbyrðis samræmi. Sá ráðherra sem staðfestir aðalskipulag og svæðisskipulag eða sérstakt svæðisskipulag sem ekki eru í samræmi hvort við annað er ekki að uppfylla lögin um að skipulagsstigin skuli vera í innbyrðis samræmi. En það er ráðherra sem er endanlegi staðfestingaraðilinn í þessum efnum.

Ég tel því að með þessari breytingu og með þeim greinum sem að öðru leyti fjalla um forræði ráðherrans og innbyrðis samræmi skipulagsstiganna sé það tryggt að öll sjónarmið og allir hagsmunir eigi að geta komið að því að skipuleggja miðhálendið en þó allt undir forræði umhvrh. í þessum efnum, sem er fyrir hönd allrar þjóðarinnar en ekki fyrir hönd einstakra hagsmuna eða einstakra sjónarmiða.

[15:37]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er von að hv. þm. Árni M. Mathiesen sé ánægður með þessa tillögu því að það liggur við að hann hafi skrifað hana sjálfur. Í frv. eru nákvæmlega þær hugmyndir sem hv. þm. lagði fram í umræðunni sem varð í fyrra þegar hæstv. umhvrh. kastaði sínu fyrra frv., sem var nú allmiklu verra en þetta sem við höfum nú til umræðu, eins og handsprengju inn í umræðurnar sem þá voru hér uppi. Það verður hluti af arfleifð þessarar ríkisstjórnar, sem að öllum líkindum situr ekki nema nokkra mánuði í viðbót, að hún hefur vakið upp átök og deilur um hálendið. Hálendið var alltaf í ímynd þjóðarinnar sameign hennar allrar. En þessi ríkisstjórn hefur vakið upp stríð með því, eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sagði áðan, að búta hálendið niður.

Hálendið hefur alltaf verið sameign þjóðarinnar. Menn hafa litið á það sem slíkt. Ekki var farið að nýta það að nokkru ráði fyrr en á allra síðustu áratugum og menn hafa nýtt það sem sameign og ekki hefur verið litið á það sem eign einstakra sveitarfélaga. Með hinni umdeildu grein í frv. til laga um sveitarstjórnarlög, sem var gert að lögum í fyrra, var horfið frá þessu. Það var gert með þeim hætti að öllu hálendinu var skipt upp eftir sveitarfélögum og ég held að hægt sé að benda á bletti, litla bletti á landinu sem má sennilega segja að séu undir forræði 12–14 sveitarfélaga, t.d. í Kverkfjöllum.

Það skiptir kannski ekki máli núna. Ég segi eins og hv. þingmenn hafa nefnt hér í dag að þetta er orðið að lögum og við breytum því a.m.k. ekki á þessu þingi. Hér eru hins vegar hreytur þessa máls og mér sýnist ekki að frv. sem nú liggur fyrir dugi til þess að setja niður þær deilur sem ríkisstjórnin vakti upp í fyrra.

Átökin sem síðan hafa magnast og staðið linnulítið frá því að þetta frv. kom fram í fyrra hafa speglað ólíka hagsmuni. Þau hafa speglað hagsmuni þeirra sem vilja nýta miðhálendið til að virkja og sökkva jafnvel einstökum náttúruperlum undir vatn til að framleiða orku, til þess að standa gegn Kyoto-samningnum o.s.frv. Hagsmunir þeirra sem vilja nýta náttúruna til annarra hluta, líka til þess að framleiða peninga, hafa mótast af allt öðrum viðhorfum. Þeir sem vilja njóta landsins eins og það er í dag óbreytt og vilja nota það til ferðaþjónustu hafa haft uppi allt önnur viðhorf en hafa speglast í málum ríkisstjórnarinnar.

Ég held einmitt að vegna þessara átaka sé nauðsynlegt að fara að því, sem til að mynda hv. þm. Kristján Pálsson ítrekaði mörgum sinnum í umræðum í fyrra, að leyfa raust útivistarmanna og náttúruverndarsamtaka að heyrast í ríkum mæli. Það er ekki gengið nógu langt í þeim efnum. Hv. þm. Kristján Pálsson nefndi, ef ég man rétt ræður hans í fyrra,

ein þrenn samtök sem má kalla að falli undir útivistarsamtök sem hann taldi að ættu með einhverjum hætti að koma að þessu máli. Í dag er það þannig að verið er að búa til samvinnunefnd sem skipuð er 11 manns. Þar er einn fulltrúi útivistarmanna. Hvað segir til að mynda hinn ágæti hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sem hefur beitt sér með lofsverðum hætti í þessu máli? Er hann sáttur við það? Ég ímynda mér, ef hann er sáttur við þetta frv., að þá hafi hann komið með einhverjum hætti a.m.k. að afgreiðslu þess í endanlegu formi og mig langar að spyrja þá þingmenn sem hér eru og hafa beitt sér í þessum málum og eru þeir hérna a.m.k. þrír, hv. þingmenn Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson og Árni M. Mathiesen: Telja þeir að nóg sé að gert varðandi einmitt þau samtök sem vilja nýta landið til útivistar og vilja vernda náttúruna? Eru þeir sammála þessu? Geta þeir fallist á þetta? Ég spyr þá líka og eftir atvikum hæstv. umhvrh., ef hann hefur tök á að svara: Með hvaða hætti á að velja fulltrúa útivistarsamtakanna? Það er ekki hægt að svara því. Það kemur ekki fram í grg., það kom ekki fram í ræðu hæstv. umhvrh. og ekki kom það fram í máli hugmyndafræðingsins, hv. þm. Árna M. Mathiesens. Málið er hálfkarað, herra forseti. Málið hefur einfaldlega ekki verið lagt niður með þeim hætti að viðunandi sé.

Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað að þetta frv. er stór framför frá því herfilega frv. sem var lagt fram í fyrra. Það er alveg ljóst. Með því að fara þá leið að hafa fulltrúa kjördæma í stað fulltrúa sveitarfélaga sem eru aðlæg miðhálendinu, þá er alveg ljóst, eins og við bentum á í fyrra, að með því er a.m.k. hægt að segja að enginn íbúi á landinu fari varhluta af einhverjum áhrifum á skipulag miðhálendisins. Það er stórt framfaraspor. Það er í mínum huga mannréttindamál. Mér finnst einfaldlega, eins og það hugtak hefur þróast, að það séu réttindi mín sem íbúa að hafa áhrif á það hvernig farið er með sameign þjóðarinnar. En þetta mál hefur allt einhvern veginn skrumskælst í meðförum ríkisstjórnarinnar.

Við samþykktum fínt frv. í fyrra um þjóðlendur þar sem við vorum í rauninni, eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson orðaði svo *snilldarlega í grein í Morgunblaðinu*, að ljúka endanlega landnámi Íslands með því að slá eign þjóðarinnar á miðhálendið. Fallega mælt, vel mælt.

Síðan gerist það að Framsfl. nær því í gegnum ríkisstjórnina að þetta vonda frv. eða hið vonda ákvæði um sveitarstjórnarlög er samþykkt, sem fer allt aðra leið, bútar í rauninni miðhálendið niður. Allt í lagi. Menn eru að reyna að bæta einhvern veginn fyrir það. Menn eru að reyna að leyfa öllum að koma að málinu og það hefur tekist að nokkru leyti. Ég get fallist á að þetta er miklu betra frv. en í fyrra.

Ég held hins vegar að viðhorfin séu breytt frá því í fyrra. Ég held einmitt að styrjöldin sem vaknaði og hefur verið að malla allar götur síðan um yfirráðin og nýtingu miðhálendisins hafi skapað ný viðhorf sem eru þess eðlis að nauðsynlegt er að raust þeirra sem vilja vernda náttúruna fái að heyrast miklu betur. Ég tel að ekki sé með nokkru móti hægt, herra forseti, að samþykkja þetta frv., jafnvel þó að það sé nauðvörn, eins og mér fannst að mætti skilja á máli hv. þingmanna Kristínar Halldórsdóttur og Kristínar Ástgeirsdóttur, sökum þeirra aðstæðna sem komið hafa upp nema hlutur þeirra sem hægt er að kalla náttúruverndarsamtök eða útivistarsamtök sé stórlega bættur. Í mínum málskilningi eru útivistarsamtök og náttúruverndarsamtök ekki eitt og hið sama, alls ekki.

Ég tel að hlutur náttúruverndarsamtaka, eins og ég vil skilgreina þau, sé algerlega fyrir borð borinn. Í framtíðinni gæti farið svo að sanngjarn ráðherra fari þá leið að skipa úr hópi þeirra níu fulltrúa sem t.d. umhvrh. má skipa, ég veit það ekki. Það er engin trygging fyrir mér þó svo gæti farið. Ég vil sjá þetta njörvað í lög. Þess vegna segi ég: Ég get með engu móti fallist á þessa skipan eins og hún er núna.

Í fyrra urðu miklar umræður um lýðræðið. Það var bent á að þarna var um að ræða 43% af flæmi landsins sem fara undir skipulagsvald nefndar sem í fyrra var skipuð 18 mönnum. Þar áttu þau tvö kjördæmi sem hafa innan sinna vébanda 67% þjóðarinnar hygg ég, Reykjavík og Reykjanes, þrjá fulltrúa. Hlutfallið er örlítið betra, við höfum tvo af 11. Það er ekki nóg fyrir mig. Hvers vegna? Ég held að átakalínurnar séu svo miklu skarpari, svo miklu ljósara sé orðið og hafi komið vel fram í umræðu sumarsins að hagsmunirnir eru ólíkir. Hagsmunir þeirra úr mínu kjördæmi sem njóta miðhálendisins eru aðrir en hagsmunir þeirra sem eru í forustu í Austurlandskjördæmi. Það hefur komið mjög skýrt fram. Ég er náttúruverndarsinni og vil að rödd mín og þeirra sem eru sömu skoðunar fái að heyrast. Hún mun ekki að heyrast í þessari nefnd samkvæmt þessu. Mér finnst a.m.k. ekki góð áferð á því að 67% þjóðarinnar fái tvo af 11 fulltrúum.

Ég get eigi að síður tekið undir að þetta er ákveðin aðferð og þó alla vega tryggt að öll kjördæmin komi þarna að. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar hafa allir, í gegnum fulltrúa sína, einhverja formlega aðild að málinu. Svo sjáum við hins vegar hvernig frv. gerir ráð fyrir að þessir fulltrúar eru valdir. Hvernig eru þeir valdir, herra forseti? Getur einhver svarað því í þessum sal? Getur ráðherrann svarað því? Hann getur ekki svarað því. Hann ætlar að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga. Hvers konar samráð er það? Hvað þýðir það samráð? Ætlar hann að skipa þá fulltrúa sem þeir benda honum á? Þeir hafa ekki einu sinni tilnefningarrétt. Ég er ekki viss um að þetta sé góð aðferð. Ég held að jafnvel þó að þessi 11 manna nefnd sé betri en það sem gert var ráð fyrir í frv. í fyrra, þá sé frv. ekki fullgert. Það þarf að liggja fyrir hvernig skipa eigi þessa menn. Mér finnst ansi hart að tveir ráðherrar skuli ráða öllum fulltrúunum án þess að nokkur aðili hafi rétt til tilnefningar fyrir utan félagasamtök um útivist sem mega tilnefna einn. Hvernig eiga þau að gera það? Hvað eru félagasamtök um útivist? Það er ekki hlaupið að því að skilgreina það. Það er ekki gert í þessu frv.

Ég dreg þá ályktun að heimavinnan hafi ekki verið unnin. Ég átti von á því eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir að þegar þing kæmi saman eftir þau heiftúðugu átök sem urðu í fyrra, að menn mundu nota sumarið til þess að komast að *sæmilegri niðurstöðu. Tillagan sem hér liggur fyrir er tillaga* sem hv. þm. Árni M. Mathiesen lagði fram í ræðum sínum í fyrra, þó ekki eins mótuð og hún er núna. Ég sagði þá að hún væri þó betri heldur en það afskræmi sem þá lá fyrir. Það er hins vegar eins og menn hafi ekki undirbúið þetta og lagt niður fyrir sér hvernig eigi að gera þetta. Þetta fyrirkomulag er vel til þess fallið að skapa frekari deilur. Ég get fullyrt, herra forseti, að það eiga eftir að verða miklar deilur um þetta frv. Í því er ekki staðið við þær væntingar sem fram komu í málflutningi andófsmanna úr hópi stjórnarliða á síðasta vori. *Þeir lögðu til að sjónarmið þeirra sem vilja vernda náttúruna* og stunda útivist yrðu miklu sterkari.

Útivistarsamtök, einn af 11, er ekki nóg. Fyrir náttúruverndarsamtök, enginn af 11, er fráleitt. Það er bara ekki hægt að samþykkja það, herra forseti.

Ég skal viðurkenna, herra forseti, að ég hef ekki haft tök á því að lesa þetta frv. til hlítar. Ég bíð því kannski með ítarlega greiningu á viðhorfum mínum til einstakra hluta en ég velti fyrir mér: Hvert er hið raunverulega starfssvið samvinnunefndarinnar samkvæmt 2. gr. frv.? Hún gerir tillögur til Skipulagsstofnunar um svæðisskipulag á miðhálendinu og gætir þess að samræmi sé með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga innbyrðis og það samræmist svæðisskipulagi miðhálendisins. Mér er ekki alveg ljóst, hvað felst í þessu.

Hvert er vald samvinnunefndarinnar? Samkvæmt þessu hygg ég að hún hafi ekki vald til að hlutast til um aðalskipulag. Nú kemur að því sem mig kann að greina á um við marga aðra. Ég er þeirrar skoðunar að ég eigi miðhálendið eins og aðrir landsmenn. Ég er þeirrar skoðunar að ég hafi rétt til að hafa skoðun á skipulagningu þess niður í smæstu smáatriði. Ég tel það rétt minn að hafa a.m.k. rétt til athugasemda, umkvartana og tillagna um deiliskipulag í Herðubreiðarlindum vegna þess að það er náttúruperla sem ég á jafnmikið í og allir aðrir. Ég hef meiri rétt til þess að hafa áhrif þar á en einhver sveitarfélög.

Samkvæmt þessu hefur samvinnunefndin einungis, eins og ég hef skilið þetta, rétt til að gera tillögur sem lúta að svæðisskipulaginu. Þetta viðhorf mitt kom líka fram í umræðunum í fyrra. Ég tel að það þurfi að gefa mönnum kost á að koma skipulagi sameignarinnar niður í smæstu smáatriði. Þetta kann að hljóma öfgakennt og ég get vel fallist á að það sé dálítið öfgakennt. Þetta er eigi að síður sjónarmið mitt. Ég byggi það á þeirri ríku tilfinningu minni að miðhálendið sé mín eign eins og hvers annars borgara. Þetta er sameignarkenndin gagnvart þessu svæði. Hún gerir það að verkum að ég vil a.m.k. að fulltrúar mínir í þessari nefnd, þó þeir séu fáir og smáir og hafi lítil áhrif, geti hlutast til um þetta. Ég spyr af því að hæstv. umhvrh. hefur líklega brugðið sér frá sem er allt í lagi: Hvaða viðhorf hefur hv. þm. Árni Mathiesen sem hugmyndafræðingurinn á bak við þetta til þessarar hugmyndar minnar? Hvað finnst honum um þetta?

Í öðru lagi, herra forseti, finnst mér vanta inn í frv. ákvæði um að auglýsa eigi rækilega skipulagstillögur, ekki bara svæðisskipulagstillögur heldur líka aðalskipulagstillögur og deiliskipulagstillögur. Ég vil fá að koma að því. Ég lít á það sem rétt minn sem þegns hins íslenska lýðveldis.

Að lokum, herra forseti. Þegar ég les 4. gr., þar sem verið er að skeyta nýju ákvæði við bráðabirgðaákvæði sem er í lögunum, er ég ekki alveg viss um gildi þess. Það er talað um að Skipulagsstofnun skuli leita álits samvinnunefndar, hinnar nýju samvinnunefndar sem verður skipuð samkvæmt þessu, á þeim tillögum sem hafa orðið til í vinnu nefndarinnar sem fyrri ríkisstjórn skipaði held ég 1993. Hvað þýðir það? Hvað felst í því að leita álits? Hvað ef hin nýja samvinnunefnd er á allt öðru máli? Hún mundi gefa það álit en mundi það skipta einhverju máli? Punktur minn varðandi þessa grein er þá þessi: Skiptir þessi grein, 4. gr., einhverju máli eða er ég e.t.v. að misskilja einhvað mikilvægt?

Herra forseti. Ljóst er að þetta frv. gengur lengra og er betra en frv. sem skapaði miklar deilur í fyrra en það er langt í frá nógu gott. Það er ekki nóg að fulltrúar útivistarsamtaka fái einn fulltrúa og alls ekki ásættanlegt að náttúruverndarsamtök fái engan fulltrúa. Ég segi, sem þingmaður í þessu fjölmennasta kjördæmi landsins: Það er ekki nóg fyrir mig að hafa einn fulltrúa á móti tíu eða átta. Það er ekki nóg fyrir mig. Ég geri mér í dag betri grein fyrir því en í fyrra hverjar átakalínurnar eru. Ég geri mér líka grein fyrir því að þau viðhorf sem eru landlæg í þéttbýliskjördæmum eru allt önnur en úti á landi. Þess vegna tel ég hagstætt fyrir vernd náttúrunnar á miðhálendinu að rödd okkar sem erum í þessum tveimur stóru kjördæmum verði styrkari heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv. Það væri líka meira í anda lýðræðis og mannréttinda.

[15:55]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef mæta ætti sjónarmiðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um hvaða aðilar ættu að koma að því að vinna að svæðisskipulaginu, þá mundi 63 manna samkoma ekki duga til að ná lýðræðislegri dreifingu fulltrúanna til viðbótar við alla þá sérhagsmuni og öll þau sjónarmið einstakra hópa sem fram munu koma. Þess vegna er nauðsynlegt að nefndin sé fámennari og þeir sem starfi í nefndinni hafi víðsýni til að vinna út frá fleirum en einu sjónarmiði eða einum hagsmunum.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um möguleika til þess að hafa áhrif, til afskipta og til þess að gera athugasemdir við skipulag, hvort sem það er svæðis-, aðal- eða deiliskipulag, þá er ég sammála honum um að það eigi að kynna skipulagstillögur eins ítarlega og mögulegt er á öllum stigum svo allir geti gert við þær athugasemdir. Það verður síðan að koma í ljós hvort skipulagsyfirvöldin taka tillit til athugasemda sem fram koma. Ef þingmaðurinn les skipulagslög grannt mun hann sjá að samkvæmt skipulags- og byggingarlögum á hverjum þeim sem vill fylgjast með skipulagsmálum hvar sem er á landinu að vera tiltölulega auðvelt að koma athugasemdum sínum um fyrirliggjandi tillögur á framfæri áður en málin eru afgreidd.

[15:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gleðst yfir því að hv. þm. tekur að hluta til undir þau viðhorf sem ég hef gagnvart kynningu á skipulagstillögum sem varða miðhálendið. Sem þegn þessa ríkis get ég hins vegar ekki haft áhrif á tillögur nema ég viti að þær hafi komið fram. Ég legg því áherslu á að allar skipulagstillögur varðandi miðhálendið verði kynntar þannig að ég geti haft aðgang að þeim og viti að þær séu fram komnar eða komnar í eindaga varðandi athugasemdir.

Hins vegar er rangt hjá hv. þm. að ég hafi talað máli sérhagsmunahópa og vilji að fulltrúar þeirra eigi sæti í þessari nefnd. Ég lít ekki á náttúruverndarsamtök sem sérhagsmunahópa, það er bara fjarri því. Ég lít svo á að þar sé um heildarhagsmunahóp að ræða. Ég lít svo á að fulltrúi útivistarsamtaka sé ekki fulltrúi sérhagsmunahópa. Hann er fulltrúi okkar, fólksins sem nýtir miðhálendið til útivistar.

Herra forseti. Ég vísa því algerlega á bug athugasemd hv. þm. Árna M. Mathiesen um þetta. Ég gæti fallist á það til samkomulags að þetta yrði til helminga, að þarna væri 16 manna nefnd þar sem átta fulltrúar kjördæmanna og fjórir fulltrúar náttúruverndarsamtaka og fjórir fulltrúar útivistarsamtaka. Það væri skipting sem ég gæti fallist á og tillaga um það mun væntanlega koma fram á einhverju stigi þessa máls.

Að öðru leyti er ég hissa á því, herra forseti, að hv. þm. Árni M. Mathiesen, sem verður væntanlega 1. þm. Reykn., skuli láta bjóða sér og kjósendum sínum í þessu næstfjölmennasta kjördæmi landsins aðeins einn fulltrúa til að vernda hagsmuni sem klárlega kom fram í fyrra að fólkið, kjósendur

þessa hv. þm., vilja að séu verndaðir betur en núverandi ríkisstjórn hefur gert.

[15:59]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt því reyndar ekki fram að hv. þm. hefði farið fram á að sérhagsmunahópar ættu að hafa sérstök áhrif. Hann taldi hins að það þyrftu miklu fleiri að koma að og stærri nefnd til að vinna að tillögunni svo öll sjónarmiðin kæmust að. Ég sagði einungis að ekki væri hægt að vinna á þann hátt. Það fæst aldrei niðurstaða úr slíku og við verðum einfaldlega að beygja okkur fyrir raunveruleikanum og skipa vinnunefndina eftir því verkefni sem henni er ætlað að vinna.

Kjósendur mínir vilja ekki að búin séu til óþarflega stór og óskilvirk bákn. Ég er sannfærður um að þeir munu fallast á þær röksemdir mínar að skynsamlegt sé að hafa 11 manna nefnd þar sem gert sé ráð fyrir að þeir sem þar starfi geti tekið tillit til fleiri en eins sjónarmiðs.

Ég tel að ef hv. þm. vill fylgjast með skipulagsmálum alls staðar á landinu, hvort sem það er á deiliskipulagsstigi eða aðalskipulagsstigi, þá eigi hann tiltölulega auðvelt með að nálgast þær upplýsingar. Þær ber að kynna innan sveitarfélaganna fyrir íbúunum, svo augljóst sé og skýrt. Jafnframt ber að kynna slíkar tillögur fyrir nágrannasveitarfélögunum.

Með nútímatækni er hægt að víkka kynninguna út enn þá frekar og gera þá kröfu að allar þessar tillögur séu settar inn á netið þannig að þær séu öllum aðgengilegar. Það er sjálfsagt að við tökum það til athugunar í framtíðinni í umhvn. að skoða slíkar breytingar. Eins og staðan er í dag á ekki að vera nokkur hindrun fyrir því að sá sem vill fylgjast með skipulagstillögum hvar sem er á landinu geti það ekki og geti ekki lagt fram athugasemdir í tíma.

[16:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er a.m.k. sammála mér um að nauðsynlegt sé að menn hafi aðgang að því að koma athugasemdum að. En hann hlýtur að vera mér sammála um að til þess að það sé hægt þá þurfi menn að vita af tilvist viðkomandi tillagna.

Í fyrra frv. var ákveði um að auglýsa ætti tillögur rækilega, að vísu bara svæðisskipulagstillögur, held ég. En ég er að segja að ég held að inn í lögin eigi að koma skilyrðislaust og fortakslaust ákvæði um að koma eigi kynningarmálum í þann farveg að t.d. einhver Reykvíkingur geti gengið að því á vísum stað og vitað af því að í gangi sé jafnvel skipulag á hinum smæstu skipulagseiningum eða -stigum.

Ég er hins vegar, herra forseti, ekki sammála hv. þm. um að kjósendur hans muni sætta sig svo greiðlega við þessa tillögu. Ég held að hann ætti að fara út á akurinn og kanna hljóðið, finna ilminn úr grasinu. Ég held að hann fyndi þá að viðhorfin eru önnur en þau voru í fyrra, m.a. vegna þess að menn hafa vaknað upp við vondan draum þar sem er atlaga þessarar ríkisstjórnar að miðhálendinu í ýmsum formum og gerðum.

Ég spyr hins vegar hv. þm., sem gaf sér ekki tíma til að kynna viðhorf sín til hugmyndar minnar um hvernig væri hægt að fallast á skipan þessarar nefndar. Ég sagði að fyrir mitt leyti gæti ég fallist á nefnd sem væri 16 manns þar sem væru fulltrúar átta kjördæma og síðan væru fjórir fulltrúar útivistarsamtaka og fjórir fulltrúar náttúruverndarasamtaka. Er hv. þm. tilbúinn til að velta fyrir sér einhvers konar breytingu sem varðar þetta, breytingu sem mundi gera rödd þeirra sem vilja vernda náttúruna og vilja nota hana með öðrum hætti en t.d. ríkisstjórnin virðist vilja, gera hana sterkari?

Hv. þm. er búinn með sinn ræðutíma, en hann er ræðuskörungur og hann getur haldið hér fleiri ræður í dag. Hann er ekki búinn með allan þann rétt sinn. Það væri mjög fróðlegt að heyra viðhorf hugmyndafræðingsins á bak við þetta frv. til nákvæmlega þessa atriðis.

[16:03]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem nú þegar hafa farið fram um málið. Ég veit að þeim er ekki lokið, það eru fleiri hér á mælendaskrá, en mér þótti rétt að koma aðeins inn í umræðuna og gera grein fyrir viðhorfum mínum til nokkurra atriða sem hafa komið fram og til spurninga sem til mín hefur verið beint. Ég vil láta það koma fram strax í máli mínu að ég þarf því miður að víkja af þessum fundi áður en honum lýkur vegna áætlaðrar ferðar norður í land og er bundinn af flugi. En mér þætti auðvitað gott ef umræðunni gæti lokið þrátt fyrir það en ég geri náttúrlega ekki kröfu til þess ef hv. þingmönnum finnst það ófært að ráðherra fjarstöddum.

Ég vil fyrst segja að ég tel það nokkuð ofmælt, að ekki sé meira sagt, hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, síðasta hv. ræðumanni, þegar hann talar um að ríkisstjórnin hafi farið með miklu offorsi gegn hálendinu og þeim viðhorfum sem í dag ríkja í þjóðfélaginu til umhverfismála og miðhálendisins. Hann kallar þetta atlögu ríkisstjórnarinnar að málinu. Ég mótmæli því.

Það sem hér er verið að gera er að tekið verður á málum með þeim hætti að störfum nefndar sem líklega hefur á sínum tíma verið skipuð af hv. þm., páv. hæstv. umhvrh., í samræmi við lög eða breytingu á skipulagslögum sem forveri hans í stóli umhvrh. beitti sér fyrir, verði fylgt eftir og að ný nefnd taki við af þeirri sem varanleg umsjónarnefnd með skipulagi á miðhálendinu. Mér fannst þess vegna dálítið einkennilegt hvernig hann talar um þann málatilbúnað sem hér er á ferðinni. En nóg um það.

Skiptar skoðanir geta verið um það hvernig staðið er að málum og hvort rétt sé fram farið eins og hér er lagt til eða hvort þetta ætti að gera öðruvísi. Rætt hefur verið um það áður og skiptar skoðanir komið fram á því hvernig með skipulagsmál eigi að fara. Ég hef verið eindregið fylgjandi því að skipulagsmálin á miðhálendinu eigi að falla að öðrum skipulagsmálum í landinu, þ.e. þau séu verkefni sveitarfélaga, og ekki er gert ráð fyrir því með þessu frv. að það lögskipaða verkefni sveitarfélaga sé tekið af þeim. Ég kem nánar að því í sambandi við fyrirspurn frá hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifi Guttormssyni, og sný mér þá að því sem hann spurði um. Aðrir hv. þingmenn hafa nokkuð komið inn á sumt af því og svara ég þeim í leiðinni.

Hv. þm. spurði fyrst um þá viðmiðunarlínu sem getið er um í 1. efnisgrein 2. gr. frv., þar sem segir að miðhálendið markist af línu sem dregin sé milli heimalanda og afrétta. Hér er viðhöfð sama aðferð og hin fyrri nefnd lagði til og þau mörk dregin á sama hátt og þar var gert. Um það náðist ég leyfi mér að segja gott samkomulag. Það getur vel verið að einhver ágreiningur hafi verið uppi um tíma í störfum nefndarinnar. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið þegar leið á nefndarstarfið og á þeim fundum sem ég sat með þeirri nefnd, þ.e. nefndinni um svæðisskipulag miðhálendisins, kom aldrei fram að ágreiningur væri um þessa línu. Hins vegar var vitað um ágreining um mörk milli einstakra sveitar-

félaga. Sérstök nefnd var sett til að reyna að ná samkomulagi um það. Það leystust tvö eða þrjú mál sem ágreiningur hafði verið um en því miður ekki alveg öll. Það eru því enn þá óuppgerð mál um landamerki milli sveitarfélaga. Það segir okkur auðvitað að svona mál eru öll nokkuð viðkvæm. Við vitum að oft er deilt um landamerki milli jarða, svo dæmi sé tekið, og vafalaust gæti komið upp einhver ágreiningur um þetta mál á síðari stigum, en það er ekki eins og er. Ég hef því talið að auðvelt væri að miða þetta við sömu mörk eins og unnið hefur verið eftir og skipulagstillagan, sem nú liggur fyrir, kveður alveg skýrt á um. Þar eru þessi mörk dregin og ég vænti þess og leyfi mér að fullyrða að þau eigi að geta staðið áfram og sé þá áréttað í frv. og væntanlegum lögum sama vinnuaðferð og viðhöfð var við þá skipulagsvinnu sem nú er um það bil að ljúka.

Hv. þm. fjallaði í öðru lagi um mismun á texta frá frv. sem lagt var fram í vor um verkefni nefndarinnar þar sem annars vegar var sagt að samvinnunefndin skyldi fjalla um svæðisskipulag. Hér er hins vegar sagt að samvinnunefndin skuli gera tillögur. Hér er því fyrst og fremst verið að árétta og skýra frekar verkefni og verksvið hennar. Ég álít að með þessu sé verið að mæta þeim sjónarmiðum sem fram komu í umræðum hjá hv. þingmönnum á sl. vori þegar menn töluðu um óljós verkefni nefndarinnar, að hún skyldi fjalla um svæðisskipulagið. Hér er skýrt tekið fram að hún skal gera um það tillögur. En tillögugerðin í þessu tilviki tekur ekki af — eins og mér fannst vaka í spurningu eða vangaveltum hv. þm. — hinn lögskipaða rétt sveitarfélaganna til að fara með skipulagsmálin. Þau gera það auðvitað áfram. Nefndin vinnur tillögurnar og þær fara síðan í ákveðinn farveg eins og hér er gert ráð fyrir.

Hér er því fyrst og fremst verið enn þá frekar en áður að styrkja hlutverk nefndarinnar. Ég vona og vænti þess að þetta frv. verði öllu betra en það sem var til umræðu og meðhöndlunar í fyrra og fékk misjafnar undirtektir.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. um skipulagsmálsmeðferðina í framhaldi af þessu, hvernig fara skyldi með tillögur nefndarinnar, og hvort þær skyldu fara eftir 13. eða 15. gr. byggingar- og skipulagslaga, en þar er annars vegar verið að fjalla almennt um kynningu, auglýsingu, samþykkt og staðfestingu svæðisskipulags, eins og segir í yfirskrift 13. gr., og hvernig slíkt svæðisskipulag skuli meðhöndla og hvaða meðferð það fái. Hins vegar er í 15. gr. verið að fjalla um sérstaka svæðisskipulagsmeðferð.

Ef við lesum aðeins 1. mgr. í 15. gr. þá segir svo, með leyfi forseta:

„Sérstakri svæðisskipulagsmeðferð er heimilt að beita vegna fyrirhugaðra mannvirkja, svo sem þjóðvega, orkumannvirkja eða fjarskiptalína, eða áætlana um slíka mannvirkjagerð."

Ég hef litið svo á, og það er þá svar mitt við spurningu hv. þm., að málsmeðferð þessara tillagana færi eftir 13. gr. en ekki eftir 15. gr. Við erum að tala um almennt heildsætt svæðisskipulag yfir ákveðið landsvæði en ekki um einstakar aðgerðir, framkvæmdir eða einstök mannvirki eins og talað er um í 15. gr.

Ég sé nú ekki að það sé mikill munur á efnislegri málsmeðferð þessara tillagna. Þó er það aðeins ef 13. og 15. gr. eru lesnar orðrétt saman. Ég get auðvitað mjög vel fallist á það að hv. umhvn. skoði þetta mál frekar og meti hvort ástæða er til að kveða hér skýrar á eða taka það beinlínis fram hvernig skuli með fara. En svar mitt er sem sagt það að farið er eftir 13. gr.

Hv. þm. spurði einnig, og það hafa fleiri hv. þingmenn gert, hvernig eigi að fara með þessi tilnefningarmál. Menn telja þau óljós og flókin og erfitt verði að ná þessari nefnd saman. Þessu er ég algjörlega ósammála og tel ástæðulaust að hafa af því áhyggjur því að það er skýrt á um það kveðið þó að menn hafi viljað draga annað upp hér.

Mig langar fyrst aðeins að fjalla um útivistarsamtökin. Gert er ráð fyrir því, eins og segir hér, að einn fulltrúi skuli tilnefndur af félagasamtökum um útivist. Útivistarsamtök, ég hygg 12–14 samtök í landinu hafa nú þegar myndað með sér ákveðinn samvinnuhóp, sem ég man nú ekki hvort heitir Samtök útivistarfólks eða útivistarfélaga. En ég taldi ekki rétt að setja þau félagasamtök sérstaklega merkt inn í frv. þar sem þau eru ný, þau eru ung og gætu átt eftir að breytast. Ég vil einnig vitna til reynslu af því að hafa í lögum ákvæði um að annar ákveðinn félagsskapur, Dýraverndarsamtök Íslands, skuli tilnefna í ákveðnar nefndir sem starfa á vegum ráðuneytisins lögum samkvæmt, að það hefur verið erfitt að fá þau samtök til þess að koma sér saman um tilnefningu. Reyndar er álitamál uppi um hvort samtökin kunni jafnvel að vera tvenn. Þar sem kveðið er skýrt á um slíkt hefur það ekki alltaf leyst málið. Hins vegar höfum við í nokkrum tilvikum í umhvrn. leitað til umhverfis- og náttúruverndarsamtaka um að tilnefna fulltrúa, bæði til samstarfs við okkur í nefndum og til að taka þátt í þingum og ráðstefnum á alþjóðlegum vettvangi og það hefur ekki reynst erfitt. Það hefur gengið alveg ágætlega að fá þá til að koma sér saman um fulltrúa og þeir hafa tilnefnt einstaklinga til slíks samstarfs við ráðuneytið. Þannig að ég kvíði því ekki.

Í öðru lagi voru uppi deilur um það hvernig tilnefnt var í hina fyrri nefnd sem nú hefur lokið störfum um svæðisskipulag miðhálendisins, þ.e. að það væru fulltrúar héraðsnefndanna. Það þótti mönnum ótækt vegna þess að það væri of þröngur hópur. Við höfum rætt um, eins og var í frv. sem lagt var fram í fyrravor, að það væru sveitarfélög sem liggja að miðhálendinu. Það var talað um að það væri flókið og erfitt að fá öll þau sveitarfélög til að tilnefna 12 fulltrúa eins og gert var ráð fyrir í því frv. Það hefur komið til tals að landshlutasamtök sveitarfélaganna tilnefndu. Þau eru ekki talin hafa nægjanlega skýra lögformlega stöðu þannig að það varð niðurstaðan að ekki væri rétt að láta þau tilnefna í þessa nefnd. Niðurstaðan varð sem sagt sú að í stað þess að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga að stinga upp á eða gera tillögur um, í þessu tilfelli, átta fulltrúa í nefndina, þá væri eðlilegt að það væri á valdi ráðherra eins og mörg önnur slík verkefni eru að ráðherrar þurfa að leita að fólki til að starfa í nefndum á vegum ráðuneytanna eða sem vinna að málefnum sem undir ráðuneytin falla og til að það væri nú ekki alfarið á valdi ráðherra eins, þá skyldi leitað samráðs um það við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ég kvíði því ekki heldur því að sá sem hér stendur hefur a.m.k. átt gott samstarf við stjórn og forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga þegar við höfum þurft að tilnefna eða leita eftir tilnefningum eða leita samráðs við sambandið um það að fá menn til að skipa nefndir á vegum ráðuneytisins og það hefur líka gengið vel. Ég tel því að þetta sé auðvelt verk og að þetta sé besta aðferðin við að ná fram þessum hópi. Þeir geta hugsanlega haft einhver áhrif á það hvernig hann er samansettur og að það komi ekki tilnefningar úr einstökum landshlutum án þess að neitt sé við það ráðið hverjir eða hvernig skipast í þá

sveit. Hægt er að hafa áhrif á það að menn með mismunandi þekkingu eða bakgrunn komi að nefndarstarfinu. Ég tel að hér sé vel að málinu staðið og skynsamlega og hef ekki áhyggjur af því að það sé flókið eða erfitt að koma saman þessari nefnd.

Auðvitað má segja að málið sé seint fram komið og of seint. Á því eru ýmsar skýringar sem er ekki tilefni til að telja upp hér. Það hefði verið æskilegt að fá þetta fyrr inn. Ég minni á það að þó að ég hefði haft áhuga á því og hafi lýst því úr þessum ræðustóli áður, að geta staðfest þá svæðisskipulagstillögu sem nú liggur fyrir hjá Skipulagsstofnun en eru nú litlar líkur á miðað við tímasetningar sem hér blasa við okkur, þá hef ég líka heyrt þau sjónarmið, mig minnir af fjölmennum fundi, ráðstefnu eða baráttufundi, sem haldinn var í Háskólabíói og hefur verið vitnað til hér áður í umræðunni, að það væri eitt aðaláhyggjuefni þess hóps að núverandi umhvrh. mundi líklega hafa það í hendi sér að staðfesta þetta svæðisskipulag miðhálendisins. Þeim hlýtur að létta mjög sem fjölluðu um það á sínum tíma, að það verður trúlega hlutverk annars umhvrh. að undirrita það eða staðfesta það svæðisskipulag. Ekki veit ég hvaða sjónarmið menn hafa verið að hugsa til þar að kynnu þá að ráða ferðinni, en verði þetta frv. hins vegar ekki samþykkt og takist okkur ekki að gera það að lögum er rétt að minna á að þá má búast við að Skipulagsstofnun sendi ráðherra skipulagstillögu sína, þegar búið verður að ljúka athugun og yfirferð á tillögunni sem þar liggur nú fyrir, og þá er það í hendi ráðherra hvort eða hvenær hann vill undirrita það svæðisskipulag án þess að aðrir komi þar frekar að.

Aðeins að lokum, hæstv. forseti, af því að ég sé hv. þm. Össur Skarphéðinsson hér í dyragættinni. Hann spurði hver væri í raun þörf fyrir 4. gr. í frv., þ.e. að þessi nýja nefnd skuli koma að málinu. Það var reyndar eitt af því sem kom mjög ákveðið fram í umræðunum í fyrra. Menn töldu að það væri eðlilegt og nauðsynlegt og ég var mikið spurður um það hver ætti að vera aðkoma nefndarinnar að þessu. Ég hef talið að það væri nauðsynlegt að hún fengi svigrúm og möguleika til þess. Ef við settum á nýja nefnd án ákvarðana um aðkomu að málinu nú, kæmi hún ekki að því í raun fyrr en kannski eftir fjögur ár eða hefði lítið um það að segja að koma með nýjar skipulagstillögur fyrr en að einhverjum tíma liðnum. Því var talið eðlilegt að hún hefði umsagnarrétt og athugasemdarétt við þá tillögu sem nú liggur fyrir og þess vegna er 4. gr. hér inni, sem er ákveði til bráðabirgða um hlutverk þessarar nýju nefndar. Það er þá hennar fyrsta verk að fara yfir þá tillögu sem nú liggur fyrir og koma þeim athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun sem síðan er þá á hennar valdi hvort hún gerir þær að sínum tillögum og þá aftur að tillögu til ráðherra.

[16:20]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér sýnist að málið sé í raun óljósara, einnig í huga hæstv. ráðherra, en ég hafði jafnvel gert ráð fyrir þrátt fyrir athugasemdir mínar í ræðu hér áðan. Og þá fyrst varðandi línuna. Það virðist hafa farið fram hjá hæstv. ráðherra sá skilningur sem margítrekaður var í vinnu að svæðisskipulagi miðhálendisins, að af hálfu þeirra sem völdu fulltrúa í nefndina var þessi lína ekki hugsuð sem varanleg, heldur sem viðmiðunarlína, sem vinnuaðferð og síðan rynni svæðisskipulagið saman við svæðisskipulag neðan línunnar, byggðarmegin við línuna, þegar slíkt svæðisskipulag yrði unnið. Þetta var það sem ég þekki til og þess vegna sýnist mér að málið sé allt vandasamara en kemur fram í svari hæstv. ráðherra, og ég segi því miður. Ég hefði kosið að þessi grunnur væri traustari en raun ber vitni eins og ég les í málið. Ekki meira um það nú.

Í öðru lagi varðandi verkefni nefndarinnar. — Virðulegur forseti. Ég óska eftir að dregið verði frá tíma mínum hér því hæstv. ráðherra er truflaður hér ítrekað. Varðandi annan þáttinn, þ.e. verkefni nefndarinnar. Hér er um allt annað orðalag að ræða en áður og það er alveg ljóst að þessari samvinnunefnd er ætlað samkvæmt frv. að gera tillögu um svæðisskipulag. Þannig er svæðið innan markalínunnar, þ.e. miðhálendi Íslands, orðið sérstök stjórnsýsluein ing í samhenginu svæðisskipulag, orðið sérstök, sjálfstæð stjórnsýsluein ing í því samhengi og það er allt annað en hæstv. ráðherra er að tala fyrir. Hann er hér með í graut, því miður, hugmyndina frá í fyrra og það frv. sem hann leggur hér fyrir. Þetta er afar ótraust, virðulegur forseti.

Í þriðja lagi, virðulegur forseti, hvernig með skuli fara, eftir 13. eða 15. gr. skipulagslaganna, og hæstv. ráðherra svarar 13. Ég er aldeilis hissa miðað við þær tillögur sem fyrir liggja og efni og orðalag 12. gr. þrátt fyrir þó það innskot sem kemur fram í 1. gr. þessa frv.

[16:23]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sambandi við viðmiðunarlínuna er það út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. að í upphafi og kannski framan af vinnutíma nefndarinnar að svæðisskipulagi þá leit hún á þetta sem viðmiðunarlínu. Ég veit ekki hvað hv. þm. á við með því að segja að línan skuli síðan upphefjast því að svæðisskipulagið er kortlagt, ákveðið merkt svæði. Það sem við gerum hér er að taka aðeins sömu viðmiðun. Á þessu stigi hefur ekki verið leitað samþykkis allra sveitarstjórna sem hlut eiga að máli um hvort þau fallist á þá línu sem hér er lögð til. Það hefur ekki verið gert, það er rétt að það komi fram. Hins vegar hefur þetta frv. verið rætt hjá samvinnunefndinni sem var að ljúka störfum, á fundum sem ég sat með henni, bæði í fyrravor og aftur nú þegar hún lauk störfum. Þar var farið yfir efni frv. og gert ráð fyrir að þessi viðmiðun yrði áfram í hinum nýju lögum. Það var athugasemdalaust af nefndarmönnum, jafnt sveitarstjórnarmönnum sem öðrum. Samþykkis hefur ekki verið leitað við þessu einstaka atriði.

Varðandi verkefni nefndarinnar þá sé ég ekki að mikið beri í milli okkar hv. þm. um þau. Það er skýrt að hlutverk nefndarinnar er styrkt. Hún á hér að gera tillögur. Hún var ekki þannig hugsuð í hinu fyrra frv. Það er gert til að árétta verkefni hennar og gera það skýrara. Svæðið sem hún skal vinna á er líka skýrt í frv. eins og við töluðum um áðan. Hins vegar er ekki tekin af sveitarfélögunum, eins og ég sagði áðan, sú ábyrgð að fara með skipulagsmálin. Þessi sérstaka nefnd fær ekki það hlutverk að vera hinn lögskipaði aðili. Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði um 13. eða 15. gr. áðan, hæstv. forseti, það var skýrt.

[16:25]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Málið verður því miður æ óljósara og vandasamara eftir því sem hæstv. ráðherra kemur oftar í stólinn. Ég heyrði ekki betur en hæstv. ráðherra staðfesti þá óvissu sem tengist þessari línu. Í lok svarsins kemur síðan í ljós að sveitarfélögin hafi áfram skipulagsvald. Þau hafa skipulagsvaldið að því er varðar tillögugerð um aðalskipulag.

Virðulegur forseti. Hér erum við í andsvörum og það er sífellt verið að trufla hæstv. ráðherra sem ég beini máli mínu til. Ég tel að það verði að verja hæstv. ráðherra fyrir ágangi manna meðan andsvör fara fram. Ég tel að hér sé um slíkt grundvallaratriði að ræða að að sjálfsögðu sé ekki hægt að ljúka þessari umræðu án þess að hafa á hreinu hvað um sé að ræða, hvert þetta frv. beinist. Erum við ekki samkvæmt frv. — það les ég út úr textanum — að búa til sérstaka stjórnsýslueiningu í samhenginu svæðisskipulag fyrir miðhálendi Íslands, innan ákveðinnar markalínu? Þar hafa sveitarfélögin ekkert um að véla heldur sú nefnd, sem ég vil kalla stofnun, sem hæstv. ráðherra er að setja á fót til að vinna og gera tillögu að svæðisskipulagi miðhálendis Íslands í framtíðinni. Það er það sem um er að ræða. Fulltrúar sveitarfélaganna koma ekki neitt að við þá svæðisskipulagsgerð. Samkvæmt þessu frv. hafa þeir ekkert slíkt vald. Síðan mega þeir hins vegar gera tillögur um aðalskipulag en það verður að lúta vilja þessarar nýju nefndar, þessarar stofnunar sem hæstv. ráðherra er að koma á fót. Sú stofnun, sem á að móta tillögur um svæðisskipulag miðhálendis Íslands í framtíðinni, mun kosta eitthvað meira en 600 þús.

Virðulegur forseti. Auðvitað hefði ég þurft að ræða margt fleira við hæstv. ráðherra en þetta mál er í slíkri þoku, eins og hæstv. ráðherra túlkar það hér, að við getum ekki lokið 1. umr. án þess að það skýrist.

[16:28]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get að sjálfsögðu fallist á að umræðunni sé frestað af því ég þarf að víkja af fundi, ef hv. þm. óska þess. Ég nefndi áðan að það yrði að hafa sinn gang. Ég hefði talið gott ef umræðunni hefði lokið til að flýta málsmeðferðinni svo frv. kæmist til eðlilegrar umfjöllunar í viðkomandi nefnd. En hitt er sjálfsagt að við höldum áfram umræðu um málið, að 1. umr. verði ekki lokið þar sem ég þarf, og biðst nú afsökunar á því aftur, að víkja af fundinum og get ekki klárað umræðuna núna.

Ég verð að árétta þá skoðun mína sem virðist ekki fara saman við viðhorf eða skoðun hv. þm., að hér er verið að setja á laggirnar sérstaka nefnd sem ekki er tilnefnd beint af þeim sveitarfélögum sem fara með skipulagshlutverkið lögum samkvæmt og þar með talið skipulagshlutverkið á hálendinu heldur er hér gerð tillaga um nefnd sem sett yrði saman með öðrum hætti og yrði að mestu skipuð fulltrúum kjördæma og landshluta í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Sveitarfélögin koma þannig óbeint að málinu en verði frv. að lögum er ekki gert ráð fyrir að skipulagshlutverkið sé tekið af sveitarfélögunum. Um það fer eins og segir í 13. gr. Því miður hef ég ekki tíma til að lesa það aftur. Þar er gert ráð fyrir að tillögur þessarar nefndar, ef þær fara samkvæmt því sem þar er gert ráð fyrir, fari til sveitarfélaganna og sveitarfélögin komi að málinu með eðlilegum hætti eins og þeim ber að gera og síðan fer tillagan til Skipulagsstofnunar. Frá Skipulagsstofnun fer hún síðan til ráðherra þannig að hinu lögformlega ferli sem skipulagið á að fara er viðhaldið og það hlutverk ekki tekið af sveitarfélögunum með þessu.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Fjarvera ráðherra.

[16:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er auðvitað sjálfgert að umræðu sé frestað þegar hæstv. ráðherra þarf að fara af fundi og er auðvitað mjög miður að þessi umræða skuli ekki fá lyktir í dag því hún er afar þýðingarmikil. Hér hafa komið fram atriði sem þingnefnd þarf auðvitað að fá svör við frá hæstv. ráðherra, skýr svör þannig að ljóst sé á hvaða forsendum framkvæmdarvaldið ber málið fram. Ég geri ekki athugasemdir við þessa frestun.

Það sem fékk mig til að ræða um fundarstjórn, virðulegur forseti, er það að dagskrá þessa fundar er að hluta til uppbyggð þannig að hér eru mörg mál sem eru á verksviði hæstv. umhvrh., ég held ein fimm mál sem sá sem hér talar er 1. flutningsmaður að. Ég hafði sannarlega vonað að hæstv. ráðherra yrði viðstaddur þegar umræða um þau færi fram. Ég hafði ekki gert kröfu um það og geri ekki kröfu um það vegna þess að ég átta mig á að það er oft og tíðum erfitt að koma málum á dagskrá þannig að ráðherra sé alltaf örugglega við. En vegna þess að ráðherrann var sjálfur með mál þá hafði ég reiknað með að hann yrði viðstaddur og ætlaði mér að spyrja hæstv. ráðherra um ákveðna þætti sem snerta þau mál sem ég mæli fyrir síðar á fundinum.

Ég vildi að þetta kæmi fram. Mér finnst vera slæmt að svona skuli hátta til. Ég ætla hins vegar ekki að óska eftir að ég mæli ekki fyrir málunum. Ég met það meira að koma málunum til nefndar en þeim verði frestað en hitt hefði sannarlega verið betra og ég kemst ekki hjá því, virðulegur forseti, að víkja að framkvæmdarvaldinu á sviði umhverfismála í tengslum við nokkur þau atriði sem hér ber við á fundinum síðar í þeim málum sem er á dagskrá. Og þá þykir mér alltaf miður að viðkomandi ráðherra sé ekki til andsvara í sambandi við það.

[16:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti skilur vel þessa athugasemd hv. þm. og vill láta þess getið að forseta var ókunnugt um að hæstv. umhvrh. væri tímabundinn í dag.

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 9. mál. — Þskj. 9.

[16:34]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Þetta er 9. mál þingsins og er á þskj. 9.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og Ragnar Arnalds. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka undir forustu formanns, sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar, til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Stefnt skal að niðurstöðu áður

en gildandi samkomulag við bandarísk stjórnvöld um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út. Nefndin skal að undangenginni athugun og könnunarviðræðum við bandarísk stjórnvöld skila áfangaskýrslu til Alþingis eigi síðar en í árslok 1999 þannig að tími gefist til samninga um málið áður en uppsagnarákvæði núgildandi bókunar um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli verður virkt eða rennur út.“

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að bandarísk stjórnvöld hafa með ýmsum hætti á undanförnum árum sýnt áhuga sinn á því að draga úr umfangi rekstrar í herstöðinni í Keflavík og þetta hefur reyndar að nokkru leyti komið til framkvæmda. Samdrátturinn er umtalsverður og má í því sambandi vísa í fylgiskjal IV. með þáltill. þessari þar sem fram koma upplýsingar um fjölda hermanna og fjölda óbreyttra borgaralegra starfsmanna á vegum varnarliðsins. Í báðum tilvikum er um umtalsverða fækkun á síðustu 6–8 árum að ræða.

Í reynd er það þannig, herra forseti, að eins og málið hafa þróast þá hafa það fremur verið íslensk yfirvöld utanríkismála en bandarísk sem þrýst hafa á um að hér væru tiltekin umsvif. Þannig liggur það fyrir að í viðræðum íslenskra stjórnvalda við bandarísk í aðdraganda að núgildandi og reyndar einnig síðastgildandi samkomulagi eða bókunum um umsvifin hér, þá voru það Íslendingar sem fóru fram á t.d. áframhaldandi staðsetningu orrustuflugvéla hér á landi. Staðsetningu orrustuflugvélanna tengist ýmis annar viðbúnaður, svo sem björgunarsveitin og fleira og umfang umsvifanna ræðst því að þó nokkru leyti af því hvort hér er að staðaldri staðsett orrustuflugsveit eða ekki.

Þessi þróun er að sjálfsögðu tengd aðstæðum í alþjóðastjórnmálum og öryggismálum í okkar heimshluta og alþjóðlega og því ber að fagna að áhugi er nú á því að draga úr vígbúnaði og þeim miklu útgjöldum sem honum eru samfara. Hið dapurlega er hins vegar ef það verða örlög okkar Íslendinga að gangast sjálfir fyrir því að hér verði erlendur her í landinu, jafnvel þegar forsvarsmenn þess hins sama erlenda hers eru tilbúnir til eða vilja beinlínis draga hann í burtu. Mér finnst það ekki rismikill metnaður, herra forseti, fyrir hönd okkar að setja hlutina í þær stellingar, hvaða orð sem menn kunna svo sem um það að hafa og sendiferðir íslenskra ráðamanna vestur til Washington í þessu sambandi. Mætti í því sambandi t.d. vitna í nýlega útgefna ævisögu fyrrv. formanns Framsfl. og fyrrv. forsrh. og utanrrh., Steingríms Hermannssonar, en hann hefur um þetta nokkur orð í nýútkominni bók, fyrra bindi endurminninga nefnds manns.

Að mínu mati, herra forseti, er nokkuð ljóst af því sem hér hefur verið sagt og af öllum aðstæðum sem fyrir liggja í þessu máli að verulegar líkur eru á því að ná mætti um það samkomulagi sem báðir aðilar ættu að geta unað vel við að erlendur her og beinn vígbúnaður eða viðbúnaður af vígbúnaðartagi hyrfi héðan úr landi en einhver tiltekin aðstaða yrði e.t.v. eftir og höfð tiltæk samkvæmt nánara samkomulagi. Þetta byggist þó að sjálfsögðu á því að til þess standi vilji íslenskra stjórnvalda að svo verði.

Herra forseti. Um áratuga skeið hefur afstaðan til veru erlends hers í Keflavík verið eitt stærsta deilumál sem hér hefur verið uppi í þjóðmálum og í raun lengst af skipt þjóðinni í tvær fylkingar. Löngum voru þær svipaðar að stærð. Um það vitna bæði kosningar og skoðanakannanir og má færa fleiri rök fyrir því.

Lengst af var það svo að í þessum deilum öllum og samkvæmt formlegri og yfirlýstri stefnu íslenskra stjórnmálaflokka var um það samstaða a.m.k. í orði kveðnu að hér skyldi ekki vera erlendur her á friðartímum. Það var stefna þeirra flokka sem stóðu að því að hann kom á sínum tíma og yfirlýst að vilji væri til þess að hann hyrfi úr landi á nýjan leik eða væri ekki hér á friðartímum. Þessir friðartímar, herra forseti, hafa hins vegar látið á sér standa og stundum var það svo að jafnvel átök í fjarlægum heimsálfum voru notuð til þess að réttlæta það að hér þyrfti að vera erlendur her.

Nú hlýtur hins vegar, herra forseti, að teljast erfitt að halda öðru fram en að uppi séu friðartímar eða friðvænlegar horfi a.m.k. í okkar heimshluta en áður gerði eftir að þeirri spennu sem fylgdi vígbúnaðarkapphlaupi stórveldanna á kaldastríðstímanum er lokið. Ég held að því megi segja, herra forseti, að óumdeilanlega hafi skapast þær aðstæður að unnt ætti að vera að ná sáttum með þjóðinni í þessu viðkvæma og langstæða deilumáli. Það hlyti að mínu mati að teljast gleðilegt, herra forseti, ef slíku mætti ná. Ég segi það fyrir mitt leyti að vil ég leggja mitt af mörkum til þess að slík sátt geti náðst og geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að til þess getur þurft einhverja málamiðlanir, að menn mætist einhvers staðar á þeirri leið. Það sem mér finnst blasa við í þeim efnum er það sem hér er lagt til, að góður grundvöllur eigi að geta verið til samkomulags og sátta um þetta mál að erlendur her hverfi úr landinu sem slíkur og beinn vígbúnaður verði ekki hér til staðar. Við getum þar af leiðandi með réttu og í sann staðið undir því að vera vopnlaus smáþjóð og þurfum ekki að lúta þeirri niðurlægingu að hafa erlenda hermenn í okkar landi sem flestum öðrum þjóðum a.m.k. þykir ekki æskilegt, hvernig sem Íslendingum er farið, en gæti eftir sem áður orðið með einhverjum hætti hluti af því skipulagi öryggisgæslu eða viðbúnaði og skipulagi sem væri við lýði í okkar heimshluta. Ég hef að vísu mínar meiningar um það að sjálfsögðu, herra forseti, en reikna kannski ekki með að á allt yrði fallist í þeim efnum sem ég tala fyrir en teldi það stórfelldan árangur og mikilvægan áfanga ef því takmarki yrði náð að um beina erlenda hersetu yrði ekki að ræða.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar, herra forseti, og skýt því inn og er ekki einn um þá skoðun heldur deili henni með vaxandi fjölda þeirra sem um þessi mál fjalla, t.d. á alþjóðavettvangi, að það sé sú skipan mála sem beri að stefna að í alþjóðasamfélaginu yfirleitt, þ.e. að grundvallarreglan verði sú að engin þjóð haldi her í landi annarrar, slíkur viðbúnaður sé eingöngu innan landamæra hvers ríkis fyrir sig.

Hins vegar er það ljóst, herra forseti, að hin langa herseta hefur markað margvísleg spor, bæði efnahagsleg og hvað varðar atvinnu og hagsmuni á viðkomandi svæðum og þar af leiðandi er alveg ljóst að um það þarf að takast sæmilegt samkomulag hvernig staðið verður að — eins og ég vil leyfa mér að orða það því ég trúi því að þessar breytingar verði fyrr eða síðar — þeim breytingum sem fylgja brotthvarfi hersins af Miðnesheiðinni. Ég held að það sé augljóst mál að báðir aðilar, þ.e. íslensk stjórnvöld og bandarísk hermálayfirvöld og bandarísk stjórnvöld bera mikla ábyrgð á þeim aðstæðum sem þarna eru fyrir hendi og þurfa að leggja sitt af mörkum til þess að þær breytingar geti gengið fyrir sig þannig að sem minnst röskun hljótist af.

Herra forseti. Með vísan til þess að núgildandi samkomulag, bókun milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda, rennur út í aprílmánuði árið 2001 og er reyndar með uppsagnarákvæði ári fyrr, þ.e. í apríl á næsta ári, árið 2000, er að mínu

mati tímabært, og þó fyrr hefði verið, að hefja formlegar viðræður við bandarísk stjórnvöld um það sem við tekur og það á að vera eins og hér er lagt til með hvaða hætti erlendur her og eiginlegur vígbúnaður getur horfið úr landi. Það þarf að sjálfsögðu að gera áætlun um átak til atvinnuuppbyggingar og þróunar fyrir svæðið samhliða því sem unnið er að samkomulagi við Bandaríkjamenn um hvernig þessar breytingar fara fram og hvernig sú aðstaða, húsakostur og annað slíkt sem þarna er til staðar nýtist í þessu sambandi. Það er enginn vafi á því að í tengslum við alþjóðaflugvöllinn er slík aðstaða nýtanleg á ýmsan hátt og miklir möguleikar á því að unnt sé að standa þannig að þessum breytingum að af því hljótist ekki veruleg röskun fyrir byggð á viðkomandi svæði. Það hefur árað betur í atvinnumálum á Suðurnesjum sem betur fer á síðustu árum. Þar var fyrir nokkrum árum eitt mesta atvinnuleysi á landinu en nú er því öfugt farið. Þvert á móti hefur atvinnulíf verið að blómgast á Suðurnesjum og er nú minna atvinnuleysi þar en víða annars staðar og er ástæða til að ætla að með aðgerðum af því tagi sem hér er fjallað um megi halda áfram að styrkja þá þróun.

Rétt er að hafa í huga að umtalsverður fjöldi íbúa af höfuðborgarsvæðinu stundar vinnu á Suðurnesjum. Þessir hagsmunir dreifast þannig á stærra svæði og eru ekki eingöngu bundnir við Suðurnesin. Með tilteknum tilflutningi fólks í störfum og ákveðnu aðlögunartímabili ætti að vera hægt að standa þannig að þessum málum að ekki yrði af því mikil röskun. Enda eru hér á ferðinni, herra forseti, ekki stærri tölur en við sjáum víða annars staðar í þjóðarbúskap okkar. Í því sambandi minni ég á að tekjur af varnarliðsviðskiptunum eða gjaldeyristekjur afleiddar af veru varnarliðsins hér hafa farið hratt minnkandi á síðustu árum. Þær voru á bilinu 2,5% upp í rúm 3% af vergri landsframleiðslu á ákveðnu árabili þegar mestar fjárfestingar og framkvæmdir voru á þessu svæði en eru nú 1–2%. Ég hef ekki nákvæmar tölur yfir allra síðustu ár en á árinu 1995 hafði þessi tala á fáeinum árum fallið úr um 3% eins og hún var á fyrri hluta 9. áratugarins niður í 1,9% á árinu 1995. Hún hefur síðan haldið áfram að lækka. Því valda auknar þjóðartekjur og vaxandi mikilvægi atvinnugreina eins og ferðaþjónustu í gjaldeyrisöflun o.s.frv.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, með hliðsjón af mikilvægi málsins og því hve mikið væri í húfi ef ná mætti samstöðu um meðferð þessara mála í innlendum stjórnmálum, að í þetta verkefni verði skipuð þverpólitísk nefnd undir forsæti utanrrn. Hún mundi hafa það verkefni með höndum að fara í þessar viðræður og taka á þessu máli. Samhliða þessu, í framhaldi af samkomulagi um brottför erlends hers úr landinu, skapast gerbreyttar aðstæður til að móta sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu, stefnu sem grundvallast á vopnleysi, friðlýsingu og sjálfstæði, óháði stöðu landsins utan hernaðarbandalaga sem aflað yrði alþjóðlegrar viðurkenningar. Ég nefni sem fordæmi í því sambandi fyrirkomulagið á sjálfstjórnarsvæðinu á Álandseyjum, þá samstöðu sem þar ríkir um vopnleysi og friðarstefnu ásamt uppbyggingu friðarstofnunar Álandseyja. Þar er að mínu mati á ferðinni mjög áhugavert fordæmi sem aðrar smáþjóðir geta litið til.

Ég leyfi mér að vona, herra forseti, með hliðsjón af nálægð komandi alþingiskosninga, að í þessari umræðu fáum við að heyra viðbrögð ekki bara hæstv. utanrrh. sem heiðrar okkur með nærveru sinni heldur einnig í talsmönnum annarra flokka eða væntanlegra framboða. Mér finnst skipta máli að við þau tímamót sem fram undan eru, samanber tímabundinn gildistíma samkomulags um þessa hluti, liggi afstaða manna nokkuð ljós fyrir í þessum efnum. Ljóst þarf að vera hvort vilji er til þess og möguleiki á því að ná um þessi mál samstöðu eins og ég hef kallað eftir. Það væri dapurlegt, herra forseti, á tímum sem bjóða upp á að dregið sé úr vígbúnaði og trú á friðvænlegri framtíð eykst, ef við sætum uppi með að biðja sjálf um áframhaldandi hersetu og vígbúnað í landi okkar.

Að lokinni umræðu, herra forseti, leyfi ég mér svo að leggja til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

[16:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í sambandi við þessa tillögu er mikilvægt að gera sér ljóst að hér er ekki aðeins talað um brotthvarf hersins frá Keflavíkurflugvelli heldur er einnig rætt um að skapa aðstæður til að Ísland geti staðið utan hernaðarbandalaga eins og það heitir á máli Alþb. Á mæltu máli: að segja sig úr NATO. Þegar það er sagt í tillögunni og í framsögu hv. þm. að hægt sé að skapa þjóðarsátt um þetta mál, þá held ég að menn verði að gera sér betri grein fyrir því um hvað málið snýst.

Í athugasemdum við þessa þáltill. segir að þjóðin hafi skipst í tvær fylkingar, löngum svipaðar að stærð. Hið rétta er að mikill meiri hluti hefur lengst af verið hlynntur varnarsamstarfinu við Bandaríkin svo ekki sé minnst á aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon heldur að hægt sé að skapa einhverja sátt um það að hans frumkvæði að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu og bregðast öllum skyldum við Atlantshafsbandalagið á sama tíma og það er að breytast, þá held ég að það sé mikill misskilningur.

Gallinn við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon er að hann talar eins og ekkert hafi breyst í þessum heimi, að NATO séu bara sömu samtökin og þau voru fyrir áratugum síðan. Svo er ekki.

Ég vil leiðrétta það sem fullyrt er hér í athugasemdum að til hafi staðið að taka Ísland út úr herstjórnarskipulagi NATO. Það er ekki rétt, þetta er alrangt. Það komu fram hugmyndir um að færa Ísland neðar í herstjórnarskipulaginu en frá því var horfið við nánari skoðun vegna þess mikilvæga hlutverks sem Ísland hefur í vörnum Atlantshafsbandalagsins á Norður-Atlantshafi.

Hv. þm. fullyrti og sagði að það væri dapurlegt að fyrst og fremst Íslendingar væru að krefjast þess að hafa viðbúnað á Íslandi. Ætli það geti ekki verið að nauðsynlegt sé fyrir Íslendinga að það sé einhver viðbúnaður á Íslandi? Það er rangt að Bandaríkjamenn telji að færa eigi þessa starfsemi algerlega frá Íslandi. Íslensk og bandarísk stjórnvöld eru einhuga um að halda varnarsamstarfinu áfram. Þar hefur engin breyting orðið á. Það er rangt að halda því fram að krafa bandarískra stjórnvalda sé að þar verði gerð breyting en Íslendingar grátbiðji þá um að halda samstarfinu áfram. Ég óska eftir því að hv. þm. færi einhver rök fyrir því að þetta hafi gerst.

Það liggur fyrir að tvíhliða varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna og aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu eru hornsteinar varnarstefnu Íslands. Það er ekki hægt að aðskilja þessa hluti eins og þingmaðurinn segir í tillögu sinni. Það sem hann vill í reynd er að leggja niður allt starf á Keflavíkurflugvelli og að Íslendingar taki flugvöllinn yfir. Hann vill síðan væntanlega hækka skatta á flugumferð til landsins sem hann gerir ekki neina grein fyrir. Við þurfum algerlega

að standa undir rekstri flugvallarins með þeim afleiðingum sem það hefur í för með sér. Hann telur ekki rétt að gera almenningi grein fyrir því. Það er ljóst að veigamesta framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins í gegnum tíðina, og er enn, er sú aðstaða sem Ísland veitir vegna sameiginlegra varna.

Atlantshafsbandalagið hefur tekið afar miklum breytingum og þrátt fyrir það að Ísland sé ekki með neinn herafla, þá gerir þessi aðild okkur kleift að taka þátt í að móta nýtt öryggiskerfi fyrir Evrópu, nokkuð sem þau ríki sem standa utan bandalagsins eiga ekki kost á í sama mæli. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er lífshagsmunamál Íslendinga sem fámennrar þjóðar að eiga aðild að ýmsum alþjóðlegum stofnunum svo við getum tryggt hagsmuni okkar á alþjóðavettvangi. Atlantshafsbandalagið er ein slík stofnun og skiptir miklu máli fyrir framtíð og sjálfstæði þjóðarinnar, enda sú langöflugasta á sínu sviði í heiminum. Að ætla sér að fara af stað með nýjan stjórnmálaflokk á grundvelli þeirrar gömlu klisju að skapa sátt í samfélaginu um að setja Ísland alveg út af kortinu. Ég hélt að það heyrði fortíðinni til en svo virðist ekki vera. Ég heyri að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vill mana forustumenn samfylkingarinnar til þess að fylgja sér á þessum vitlausa vegi. Ég vona að það fari enginn með honum yfir þann mórauða læk.

[16:55]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vil í upphafi taka fram að hv. þm. Tómas Ingi Olrich átti ekki heimangengt að norðan í dag til þess að taka þátt í þessari umræðu.

Hins vegar er athyglisvert fyrir okkur í dag á vettvangi stjórnmálanna að sjá hvernig andstæðingar NATO eru enn við sama heygarðshornið. Þeir flytja enn tillögur og tala fyrir því að varnarliðið hverfi úr landi og Íslandi segi sig úr NATO. Nú er það í því skálkaskjóli að endurskoðun og endurskipulagning innan NATO og hjá Bandaríkjaher hafi leitt í ljós að vera varnarliðsins sé ekki nauðsynleg. Þetta er fráleitt eins og komið hefur fram í umræðunni.

Þeir tímar sem við nú lifum eru okkur sennilega öruggari en síðustu áratugir hafa verið en þó eru enn róstur víða í heiminum og víða í Evrópu. Þess vegna stendur NATO, sem eina heildstæða öryggisstofnunin, frammi fyrir nýjum verkefnum. Henni er ætlað það hlutverk að tryggja jafnvægi í heiminum. Eins og dæmin sanna þá er NATO að verða eina skjól þeirra sem minna mega sín þar sem ófriður er. Það er merkilegt að á meðan aðrar þjóðir sækjast eftir því að ganga í Atlantshafsbandalagið skuli vinstri menn á Íslandi enn berjast fyrir því að herinn fari, að Ísland gangi úr NATO og við afsölum okkur rétti og þeim möguleika að hafa áhrif á gang öryggismála í Evrópu og í heiminum öllum.

Í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar kom fram að ætlunin hafi verið að erlendur her væri ekki á Íslandi á friðartímum. Það var sjálfsagt hugmyndin þegar gengið var til aðildar að NATO og vera hersins hér á landi samþykkt. En hversu mikið hefur ekki heimurinn breyst á þessum tíma og hvernig ætla menn að skilgreina friðartíma í ljósi þess sem mögulegt er í dag með nútímahernaðartækni? Hversu fljótt geta ekki friðartímar breyst í ófriðartíma? Hlutverk varnarliðsins hefur einmitt verið að fylgjast með því sem er að gerast og geta gefið merki ef eitthvað kemur upp á og hætta steðjar að svo að hægt sé að grípa í taumana og forða því að úr verði stórslys.

Ég er langt frá því að telja að varnarliðið eigi að hverfa á brott frá Íslandi, hvað þá að það geti orðið árið 2001 eins og hugmyndin er hjá hv. flm. Ég held að við verðum að halda áfram mjög góðu og nánu samstarfi við samstarfsþjóðir okkar í NATO, sérstaklega Bandaríkjamenn og hafa um það samráð hversu mikill viðbúnaður eigi að vera hér á landi. Auk þess eigum við að taka eins mikinn þátt og okkur er mögulegt í starfi NATO í Brussel og í því sem NATO aðhefst annars staðar, í takt við þær breytingar sem eru að verða á bandalaginu.

Hins vegar er áhyggjuefni að horfa yfir vinstri hlið íslenskra stjórnmála og sjá hvernig forustumenn þar hafa talað á undanförnum missirum og mánuðum. Út af fyrir sig kemur málflutningur hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar ekki á óvart en hugmyndir samfylkingarinnar um að varnarliðið hverfi á brott og Ísland verði ekki aðili að varnarbandalagi Atlantshafsbandalagsins koma hins vegar á óvart og valda óróa. Þess vegna tek ég undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann hvetur fulltrúa þessara flokka til að taka þátt í umræðunni og lýsa sjónarmiðum sínum. Ég sakna þess reyndar að sjá ekki Jóhönnu Sigurðardóttur, foringja samfylkingarinnar í Reykjavík, hér í salnum til að taka þátt í umræðunni. Ég sakna þess einnig að sjá ekki hv. þm. Sighvat Björgvinsson, foringja samfylkingarinnar á Vestfjörðum, í salnum. Í salnum er hins vegar hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, foringi samfylkingarinnar á Suðurlandi. Ég vænti þess að hv. þm. fái að heyra sjónarmið hennar varðandi varnarliðið og ekki síður sjónarmið hennar og samfylkingarinnar varðandi framtíð Atlantshafsbandalagsins á þeim nýjum tímum. Mér þætti forvitnilegt að heyra skoðanir samfylkingarinnar á þeim nýju verkefnum sem Atlantshafsbandalagið stendur frammi fyrir.

[17:02]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þessi tillaga kemur greinilega við kviku einstaklinga innan stjórnarflokkanna og væri gagnlegt að heyra í fulltrúum fleiri stjórnmálaafla, þ.e. samfylkingarinnar svokölluðu og kannski fáum við að heyra í þeim áður en þessi fundur er úti. En ég vil aðeins segja að það hlýtur að vera okkur umhugsunarefni að stór hluti íslensku þjóðarinnar býr ekki að þeirri reynslu að hafa búið í herlausu landi. Stór hluti þessarar friðsömu þjóðar sem aldrei hefur farið með vopn, aldrei borið vopn á aðrar þjóðir, þekkir ekki annað en bólfestu erlends hers í landi okkar. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki víkingunum.) Árum saman var tekist á um þetta efni. Menn töluðu sig heita með og á móti og fólk lagði ýmislegt á sig fyrir málstaðinn, safnaði jafnvel undirskriftum með hersetu í dálitla kistu fyrir her í landi meðan aðrir gengu ár eftir ár tugi kílómetra gegn her í landi og hvort sem við getum metið fylkingarnar á einhverri mælistiku eins og hér hefur verið reynt, þá er það staðreynd að mikil átök voru um þetta mál lengi vel. Minna hefur borið á slíku að undanförnu. Gamlar baráttuaðferðir virðast ekki eiga upp á pallborðið og allt of margir yppta öxlum, láta sér standa á sama um veru erlends hers, nenna ekki að hugsa um eða ræða þá staðreynd hvort hún er nauðsynleg, hvort hún þjóni einhverjum tilgangi og þá hvaða tilgangi eða hvort þær aðstæður hafi skapast í heiminum að breytingar séu eðlilegar.

Staðreyndin er auðvitað sú sem ég ýjaði að í upphafi að sá hluti þjóðarinnar stækkar ört sem þekkir ekki annað fyrirkomulag. Það er einnig ljóst að hinn erlendi her er ekki lengur jafnsýnilegur. Hann er ekki jafnsýnilegur og áður

eftir að Flugstöð Leifs Eiríkssonar var tekin í notkun. Nú erum við ekki minnt á hersetuna í hvert einasta sinn sem við förum um flugvöllinn í Keflavík. Við þurfum ekki lengur að fara í gegnum hliðið sem einu sinni var setið og staðið af erlendum hermönnum með byssu um öxl. Þetta hefur allt sín áhrif. Vera hersins truflar ekki Íslendinginn á sama hátt og áður. Það er helst þegar heræfingar fara fram með tilheyrandi undarlegum jeppaferðum og gönguferðum manna í felubúningum, svo ekki sé minnst á lágflug herþotna yfir landinu án tillits til manna og dýra sem eru ekki slíku áreiti vön, þá hrökkva menn stundum við og það verður tilefni umræðna.

Mér finnst ástæða til að minna á að ýmsir fylgjendur hersetunnar hafa ítrekað sagt að hún væri að sjálfsögðu aðeins neyðarráðstöfun og herinn ætti að fara þegar friðvænlegt væri orðið í heiminum. Ég minnist þess að hafa oftar en einu sinni fengið þessar yfirlýsingar frá mönnum, t.d. í kosningabaráttu þegar hentar að nota slíkar yfirlýsingar en við það vilja menn greinilega helst ekki kannast. Kannski var það líka bara aðferð til að selja hugmyndina um nauðsyn hersetunnar. En það er greinilegt að margir eru í rauninni ekki tilbúnir til að taka þá umræðu og skilgreina og staðfesta hvernig og hvenær slíku marki er náð, þ.e. að nægilega friðvænlegt sé í heiminum til þess að við þurfum ekki að búa við erlenda hersetu. Hæstv. utanrrh. var greinilega ekki tilbúinn til þess. Hann fjallaði, fannst mér, í sínu máli fyrst og fremst um efnahagsleg atriði þessa máls. Hv. síðasti ræðumaður gekk hreint til verks og sagði að heimurinn hefði breyst svo mikið síðan herinn kom hingað fyrst og auðvitað hefur hann breyst og satt að segja hélt ég í barnaskap mínum að hann væri orðinn aðeins friðvænlegri en hann hefur löngum verið. Ég verð að segja það, herra forseti, að ef við ætlum að bíða þess að hvergi nokkurs staðar á byggðu bóli sé tekist á með vopnavaldi, þá verður auðvitað her á Miðnesheiðinni svo lengi sem einhver þjóð er til þess búin að hafa þar herlið. Það liggur auðvitað í augum uppi og ég er ansi hrædd um að það verði margir sem ekki eru tilbúnir að fallast á það að nokkurn tíma verði orðið nógu friðvænlegt í heiminum. En það er ekki mín skoðun og aðstæður núna kalla að mínu mati á endurskoðun sem aldrei fyrr.

Nú frekar en nokkru sinni er tímabært að ræða þessi mál og reyna að komast að niðurstöðu og í mínum huga er ekki síst um grundvallarspurningu að ræða en auk þess eru aðstæður sérlega hagstæðar og rökin yfirgnæfandi fyrir því að taka málið upp. Þessi rök koma fram í greinargerð með tillögunni og þau komu fram í máli hv. 1. flm. áðan og ég held að ég bæti ekki um betur í því efni.

[17:09]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er þáltill. um að viðræður fari fram við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslands á rekstri Keflavíkurflugvallar. Þetta er gamalkunnugt mál sem verið hefur á dagskrá svo lengi sem herinn hefur verið hér á landi, með ýmsu sniði og voru farnar göngur frá Reykjavík til vallarsvæðisins á Miðnesheiði til þess að mótmæla hersetunni eða við skulum segja varnarliðinu og þótti mönnum illa farið fyrir íslensku sjálfstæði að þurfa að treysta á her í landi.

Það er náttúrlega slæmt til þess að vita að enn skuli slíkar tillögur sem þessar hanga yfir Íslendingum þegar löngu, löngu er ljóst og komið hefur fram að meira að segja þær þjóðir sem þessir hv. flutningsmenn, sem kenna sig við Vinstri hreyfingu – grænt framboð í dag, hafa helst miðað sig við og töldust til austantjaldslandanna áður fyrr eru núna í stórum stíl að biðja um að komast inn í NATO og gerast aðilar að því bandalagi. Það eru einmitt þær þjóðir sem hv. þingmenn hafa helst litið til sem viðmiðun í sínu pólitíska lífi og dálítið sérstakt að enn skuli vera til aðilar hér á landi sem hafa þó mjög góða reynslu af samveru við herinn og starf innan Atlantshafsbandalagsins skuli ekki sjá villur síns vegar að þessu leyti. En það er náttúrlega ekkert við því að gera. Þessi málatilbúnaður verður að ganga í gegnum lýðræðislegt kerfi eins og okkar og við verðum að lúta því.

Ég held að af hálfu Suðurnesjamanna, sem hafa verið næstir þessum samningi getum við sagt með varnarliðið á því svæði, hafi ekkert það komið upp sem hrekja ætti Íslendinga út í þá óvissu að vilja hrófla við þessu samstarfi. Og það er ekkert sem hefur komið fram í samkomulagi og samningum sem átt hafa sér stað milli varnarliðsins og sveitarfélaga á Suðurnesjum sem bendir til þess að það samstarf sé í hættu eða að herinn sé að fara vegna þess að hann eigi erfitt með að ná samstöðu með sveitarfélögum og Íslendingum á þessu svæði.

Ég minni á að ekki er mjög langt síðan, reyndar bara nokkrir mánuðir, að Suðurnesjamenn og Reykjanesbær gerðu samkomulag til næstu 10 ára um uppbyggingu á holræsakerfi og útrásahreinsun á öllu skolpi frá varnarliðinu og því svæði sem snýr að þeim, sem er þá alfarið á kostnað varnarliðsins að sjálfsögðu en gert í samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu. Í þessu tilfelli var það Njarðvíkursvæðið. Sá samningur var unninn á þeim tíma þegar einhverjar hugmyndir voru uppi um að herinn mundi fara og yfirgefa landið vegna þess að staða Íslands væri ekki jafnmikilvæg í þessu varnarsamstarfi innan NATO og áður.

Undir stjórn núv. utanrrh. og ríkisstjórnar Íslands hefur náðst mjög góð uppbygging, sem betur fer, segi ég, og gott samkomulag og traust milli aðila þannig að ég held að þetta samstarf sé að styrkjast enn frekar umfram það sem verið hefur og að ég hygg báðum aðilum mjög til góðs. Þeir samningar sem ég nefndi áðan eru til vitnis um það. Ég held að við þurfum ekki í sjálfu sér að efast neitt um að starf NATO eða Atlantshafsbandalagsins og þeirra ríkja sem styðja þessi samtök að öðru leyti hefur breyst alveg gríðarlega mikið á undanförnum áratugum. Í dag erum við ekkert að horfa á NATO í raun sem árásarbandalag eða varnarbandalag, sem gerir árás á aðrar þjóðir ef á þarf að halda, heldur erum við fyrst og fremst að tala um bandalag þjóða sem verndar minnihlutahópa, meira að segja í Evrópu eins og á Kosovosvæðinu sem við þekkjum úr fréttum í dag. Það eru engir aðrir en NATO sem geta tekið á því máli og hafa dug og kjark til þess. Það segir okkur náttúrlega ýmislegt um þá þróun sem orðið hefur á samstarfi NATO-ríkjanna að þar er ekki árásarbandalag á ferðinni heldur friðarbandalag. Þetta hefur sem betur fer kristallast í þeirri þróun sem átt hefur sér stað í samstarfi okkar og NATO. Við erum að senda fólk til friðarstarfa sem tengjast aðild okkar að NATO og er þá annar þátturinn í því hlutverki okkar, skulum við segja, að vera fullgildir aðilar að NATO og sýna þann vilja að gera eitthvað meira en að skaffa land, þ.e. að útvega fólk og senda það til friðargæslustarfa eða annarra starfa sem skipta máli á þessum vettvangi. Að þessu leyti hefur starf okkar innan NATO þróast í enn víðtækari skilningi með því að starfa með þessum þjóðum en ekki einungis að leggja til land sem ég hef hingað til talið vera sjálfsagt hlutverk okkar. Um leið erum við að fá tekjur sem er svo annars eðlis. Þetta

varnarsamstarf hefur komið okkur vel tekjulega séð og hvað varðar atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum, en ég lít ekki svo á að það sé aðalatriði þessa máls. Aðalatriðið er að við erum að þróa áfram með öðrum NATO-ríkjum sérstaklega farsælt bandalag sem nú stuðlar að friði í öllum heiminum.

[17:17]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mjög athyglisvert að heyra málflutning síðasta hv. þm. sem áður var mjög gagnrýninn á Atlantshafsbandalagið og veru hers í landinu. Gott ef hann tók ekki þátt í Keflavíkurgöngum á dögum kalda stríðsins til að andmæla veru hers í landinu. En nú, þegar kalda stríðinu er lokið að flestra mati, er hv. þm. kominn í allt aðrar stellingar að því er varðar mat á þessu varnarbandalagi, sem áskilur sér og rígheldur í réttinn til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði, og dásamar það og prísar, einnig sem vörn og skjól fyrir minnihlutahópa. Ég ætla ekki að ræða það samhengi út af fyrir sig en allt er það mjög vandasamt og varðar inngrip Atlantshafsbandalagsins í málefni einstakra þjóðríkja, einkum ef slíkar aðgerðir byggja ekki á skýrum samþykktum Sameinuðu þjóðanna. Þar vitum við að menn hafa teflt á tæpt vað og eru í raun að rífa sig úr því samhengi með því að taka sér sjálfstæðan rétt fram hjá Sameinuðu þjóðunum.

Núna þegar 50 ára afmæli Atlantshafsbandalagsins nálgast er eitt ágreiningsefnið innan þess, vegna þess að þar ólgar allt undir niðri, spurningin um það sem forusta Bandaríkjanna hefur sett fram að undanförnu, að færa verksvið þessa hernaðarbandalags langt út fyrir það svæði sem það hefur markað sér með þátttökuríkjunum og gera það að eins konar heimslögreglu sem áskilur sér rétt til hernaðaríhlutunar hvar sem er í heiminum. Það er dálítið athyglisvert þegar hv. þm., virðulegur forseti, ræddi um þetta varnarbandalag sem gerði árásir. Það er stundum erfitt að koma heim og saman hugtökunum.

[17:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða frekar um hártoganir hv. þm. um árásir varnarbandalagsins. Ég sagði að árásir Atlantshafsbandalagsins fælust náttúrlega í að ef á NATO-þjóð yrði ráðist, þá hefði NATO að sjálfsögðu gert samkomulag um það að verja sameiginlega aðildarþjóðir NATO.

Ég get upplýst hv. þm. um það að ég hef aldrei farið í Keflavíkurgöngu. Hvaðan hann fær upplýsingar um það veit ég ekki en hann fær að vita það héðan úr ræðustólnum að svo er ekki.

Ég veit ekki hvað hann á við með að ég hafi gagnrýnt varnarliðið en aftur á móti held ég að almennt hafi viðhorf Íslendinga til varnarliðsins breyst á síðustu áratugum. Fólk skiptist ekki í eins miklar fylkingar og var fyrir 10 árum, varðandi varnarliðið sjálft. Ég held því að sáttin um þetta samstarf sé meiri og almennari en áður og þess vegna er afstaða hv. þingmanna í núverandi græningjaflokki óskiljanleg. Ég er mjög hissa á þessum ágætu þingmönnum að halda þessu máli til streitu þegar meira að segja helstu lærimeistarar þeirra í austrinu biðja um að komast í klúbbinn. Með hliðsjón af því held ég að þeir hafi dagað uppi og ekki áttað sig á þeim breytingum sem hafa átt sér stað. NATO heldur að sjálfsögðu í þann rétt að nýta þau vopn sem til eru, sem fælingarvopn en ekki sem árásarvopn.

[17:22]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. kom síðast að því atriði sem er hvað harðast deilt um einnig innan Atlantshafsbandalagsins. Þar nægir að vitna til Þýskalands þar sem fram hefur komið, hjá nýjum utanríkisráðherra í Þýskalandi, eindreginn vilji til að breytt verði um grundvallarsamning Atlantshafsbandalagsins varðandi réttinn sem það áskilur sér til að beita kjarnorkuvopnum, ekki sem fælingu heldur að fyrra bragði. Það er, þrátt fyrir þær breytingar sem orðið hafa í heimsmálum, grundvallaratriði hjá þessu hernaðarbandalagi, kjarnorkuhernaðarstefna. Það er ekki von til þess að mál þróist til friðvænlegrar áttar í heiminum meðan þeir sem styrkastir eru í þessum efnum, hernaðarlega og efnahagslega, ríghalda í prinsippin sem þar er um að ræða.

Það mál sem hér er til umræðu, þ.e. tilvist og stefna Atlantshafsbandalagsins, er slíkt stórmál að það er ekki hægt að ræða það nema út frá meginviðhorfum. Þegar fyrir liggur að Bandaríkin eru að þreifa fyrir sér með að nýta þetta tæki, ekki aðeins innan svæðis heldur í víðtæku alþjóðlegu samhengi, til að grípa í eigin nafni inn í með hernaði, fram hjá Sameinuðu þjóðunum, eins og einnig á að reyna að komast upp með, þá eru menn sannarlega staddir á mikilli hættuslóð. Ég held að Íslendingar þurfi í samskiptum við þetta bandalag, bæði á meðan við erum þar aðilar og í sambandi við spurninguna um að losna úr hernaðarbandalögum svo Íslendingar sem vopnlaus þjóð haldi sig frá slíku, að gæta þess hvaða eldur það er sem þarna logar.

[17:24]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að vera okkar í Atlantshafsbandalaginu og samskipti við Bandaríkjamenn með aðsetur á Miðnesheiði hafi sýnt að hægt sé að treysta þessum þjóðum fyrir því að hafa undir höndum kjarnorkuvopn sem í sjálfu sér eru alltaf hættuleg. Allir gera sér grein fyrir því að það að nýta slík vopn í hernaði mundi ekki þýða annað en að leggja þessa jörð í rúst. Þetta vita allar þær þjóðir sem byggt hafa upp slíkan hernað. Ég óttast alls ekki að þessi vopn séu undir höndum herja NATO, enda hafa þær þjóðir sýnt að til þess að gæta friðar og jafnvægis í heiminum hafa þær ekki þurft á slíku að halda, sem betur fer. Allir vona að svo verði aldrei. Þetta hefur því alla tíð verið notað sem fæling og það hefur dugað (**Gripið fram í:** Hiroshima.) enda hafa aðrar þjóðir vegna valds þessa bandalags, viljað draga úr fælingarmætti NATO og afvopna vesturveldin kjarnorkuvopnum en hafa samt ekki sjálf viljað gangast undir að banna t.d. tilraunir með kjarnorkuvopn eða eftirlit með þeim. Það er því ýmislegt sem ætti að segja okkur með hverjum við eigum að geta unnið og þar eru Bandaríkjamenn og Vestur-Evrópubúar að sjálfsögðu í fararbroddi.

[17:27]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þá tillögu sem hér er lögð fram af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Reyndar er kominn tími til að hún sé tekin á dagskrá. Þetta er 9. mál þingsins sem lagt var fram á allra fyrstu dögum og sérkennilegt, í ljósi þess að við höfum rætt skýrslu utanrrh., að málið skuli ekki hafa verið tekið á dagskrá fyrr þannig að nefnd mætti fjalla um það.

Í mínum huga er þessi tillaga fyrst og fremst til þess fallin, eins og kom fram í ræðu hv. flutningsmanns, að sátt náist

um þetta mikilvæga mál og þá stefnu sem íslensk stjórnvöld og Íslendingar allir stæðu að varðandi utanríkismál okkar.

Það kom fram áðan hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að gamlar baráttuaðferðir dygðu ekki lengur, menn tækju ekki þátt í gömlum baráttuaðferðum, t.d. eins og Keflavíkurgöngu, að halda á lofti kröfuspjöldum og fleiru sem við munum. Þó er ekki svo langt síðan þeim aðferðum var beitt. Það er auðvitað eðlilegt. Tímarnir hafa breyst mikið og umræðan og þær aðferðir sem menn nota til að vekja athygli á skoðunum sínum hafa þurft að taka mið af breyttum aðstæðum. Umræðan hér hefur hins vegar ekki gert það.

Hér liggur fyrir tillaga sem felur í sér að fulltrúar allra þingflokka setjist niður, skoði þetta mál, skili Alþingi skýrslu og Alþingi meti þá skýrslu og framhaldið. Þá koma hér upp hv. þingmenn og gera eitthvað allt annað úr tillögunni en hún raunverulega fjallar um. Ég tek heils hugar undir það að nauðsynlegt sé að fara yfir þessi mál í heild sinni miðað við breyttar aðstæður. Ég tel mikilvægt að skoða stöðu Íslands og móta síðan heildstæða stefnu í öryggis- og friðarmálum sem sem allra mest sátt gæti náðst um. Menn tala um að ekki sé lengur hægt að færa sömu rök og flutt voru á tímum kalda stríðsins en okkur er ekki sæmandi að ræða ekki málefnalega þá stöðu sem við erum í, um þróunina innan NATO. Sumir lýsa NATO sem friðarbandalagi en aðrir sem hernaðarlögreglu sem beitt sé til að kúga til hlýðni og hafi leyfi til að nota kjarnorkuvopn að fyrra bragði. Ég aðhyllist frekar þá skýringu en að NATO hafi í dag áunnið sér sess sem friðarbandalag. Því miður tel ég það langt í frá.

Þá er spurningin hvort við, eða Alþingi Íslendinga, séum ekki tilbúin til þess að fara í málefnalega umræðu um þessa stöðu, um þá þróun sem á sér stað, hvert við viljum stefna, og mynda um það sem allra mesta sátt í þjóðfélaginu, ekki bara innan þeirra flokka sem starfa í ríkisstjórn á hverjum tíma heldur þannig að sem allra mest sátt verði meðal þjóðarinnar. Að því viljum við stuðla og ég tel að sú tillaga sem hér er lögð fram sé spor í þá átt og þess vegna er ég henni hlynnt.

Það var spurt alveg sérstaklega um stefnu samfylkingarinnar í þessum efnum, en hún hefur gert með sér samstarfssamning til næstu fjögurra ára og er að ganga frá sinni kosningastefnuskrá og verkefnaskrá til næstu fjögurra ára. Þar er að hluta tekið undir þessa tillögu, þ.e. að við segjum, þó að með öðrum orðum sé, að teknar verði upp viðræður við Bandaríkjastjórn um varnarsamninginn og samkomulag honum tengt sem gert var árið 1994 þar sem ráðgerður gildistími samkomulagsins er til 2001 og endurskoðunarákvæðin sem taka gildi árið 2000. Við viljum að farið sé í þessa vinnu, við viljum fá umræðu og að lagt sé mat á þá varnarþörf sem ævinlega er talað um þegar Ísland á í hlut.

Hér var líka spurt: Eru í samningum samfylkingarinnar hugmyndir um að segja upp eða yfirgefa NATO, þ.e. breytingar á aðild Íslands að NATO á þessu tímabili sem samningurinn nær til, næstu fjögur ár? Nei, svo er ekki. Það eru ekki ráðgerðar breytingar á aðild Íslands að NATO og það er hægt að svara því alveg skýrt. En við viljum að þessi undirbúningur, að þessar viðræður eigi sér stað og raunverulegt mat á stöðu okkar innan NATO og í öryggis- og friðarmálum og síðan verði teknar ákvarðanir af hálfu Alþingis um framhaldið og þá náttúrlega í sem allra mestri sátt. Menn gera sér líka grein fyrir því að við þurfum að skoða mjög marga þætti. Reyndar kom hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon inn á það t.d. hvað þetta þýddi fyrir atvinnulíf á Suðurnesjum sem væri með töluverðum blóma nú um stundir. Við vitum hins vegar að brottför hersins hefði fyrirsjáanlega veruleg áhrif á efnahags- og atvinnulíf í landinu og ekki síst á Suðurnesjum, þannig að alla þessa þætti þarf að skoða og ræða. Í málefnasamningi okkar, verkefnaskrá okkar til fjögurra ára, mun verða farið mjög ítarlega yfir þetta.

Það vöknuðu nokkrar spurningar þegar hæstv. utanrrh. var að tala, sem ég vildi gjarnan beina til hans. Ég ætlaði reyndar í andsvar en hafði sjálfsagt ekki nógu hátt til þess að vekja athygli á mér. Mig langaði til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort þær skipulagsbreytingar sem ráðherrann talaði um að ættu sér stað innan NATO muni hafa einhver áhrif á umfang starfsins hér, og þá kannski sérstaklega hvað varðar veru eða starfsemi hersins, og hvort einhverjar raunverulegar viðræður eigi sér stað í ljósi þeirrar þróunar sem hefur orðið innan Evrópu og þeirrar samvinnu sem er milli Evrópuþjóðanna um uppbyggingu öryggiskerfis Evrópu án þessarar sterku íhlutunar Bandaríkjanna eða annarra sem standa utan Evrópu. Sérstaklega heyrir maður minnst á þetta innan Evrópuráðsins öðru hvoru, ekki bara uppbyggingu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, heldur kemur þar oft fram í máli þingmanna vilji til þess að komið sé upp sérstöku öryggiskerfi Evrópu án þessarar sterku íhlutunar þjóða utan Evrópu. Mig langar til að beina sérstaklega þessum tveimur spurningum til hæstv. ráðherra.

[17:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þær spurningar sem komu fram hjá hv. þm. þá er það alveg ljóst að skipulagsbreytingar innan Atlantshafsbandalagsins geta að sjálfsögðu haft áhrif hér á landi. Þessar skipulagsbreytingar hafa þegar haft hér áhrif og vitna ég þar til þeirra breytinga sem hafa orðið á uppbyggingu hernaðarkerfis og varnarkerfis NATO. Hins vegar er aðstaðan hér mjög mikilvægur hlekkur í þessu varnarkerfi og það verður að horfa á þetta allt saman í ljósi aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu.

Hvað með öryggiskerfi án Bandaríkjanna í Evrópu? Margar Evrópuþjóðir halda því fram — ekki margar en nokkrar — að það eigi að reyna að byggja upp sjálfstætt öryggiskerfi Evrópu. Við Íslendingar og núverandi ríkisstjórn erum algjörlega andvíg því. Við teljum að það sé óhugsandi að byggja upp gott öryggiskerfi í Evrópu án aðildar Kanada og Bandaríkjamanna. Og út á það gengur þetta allt saman.

Hv. þm. segir: Við skulum setja niður nefnd til að skapa sátt. Verðum við ekki að hafa einhverja stefnu þegar við göngum inn í það starf? Ég botna því miður ekkert í stefnu samfylkingarinnar í þessu máli, annað en það að samfylkingin hefur það á stefnuskrá sinni að ganga ekki úr NATO næstu fjögur árin, hugsanlega eftir fjögur ár, og að skapa þurfi sátt um málið. Hún vill hins vegar ganga til samstarfs á grundvelli þessarar þáltill. sem gerir ráð fyrir brotthvarfi Bandaríkjamanna héðan af landi og að Ísland standi utan hernaðarbandalaga í framtíðinni, þ.e. standi utan NATO. Ef samfylkingin vill ganga til umræðna á þessum grundvelli þá er það stefna út af fyrir sig en ég get fullyrt að það liggur alveg ljóst fyrir að Framsfl. er ekki tilbúinn til þess.

[17:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir tók heils hugar undir þessa tillögu sem fyrrverandi félagar hennar hafa

lagt fram ásamt hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og er mjög sammála tillögunni.

Ég vil því spyrja hv. þm. hvort það sé þá stefna samfylkingarinnar að hún vilji að fyrra bragði að varnarliðið fari á braut, og ég segi að ástæðulausu. Ekkert bendir til þess að varnarliðið þurfi að fara héðan nema við krefjumst þess. Ekkert bendir til þess innan NATO og ekkert bendir í sjálfu sér til annars en að Atlantshafsbandalagið og störf okkar innan þess séu þess virði að við eigum að vera áfram fullgildir meðlimir innan Atlantshafsbandalagsins.

Ég spyr þá: Er það þá stefna samfylkingarinnar að hún vilji að fyrra bragði segja upp þeim þúsundum starfsmanna sem núna starfa hjá varnarliðinu? Tvö þúsund starfsmenn vinna þarna fyrir utan aðra afleidda starfsemi af veru og störfum í kringum varnarliðið. Þúsundir manna mundu missa störf sín. Það er þá stefna samfylkingarinnar að byrja á því væntanlega eftir kosningar að senda þessu fólki uppsagnarbréf. Þetta er þá væntanlega yfirlýst stefna þess flokks sem er í prófkjörum þessa dagana. Það er mjög gott að fá að heyra þetta á þessari stundu af því að prófkjör verður væntanlega um næstu helgi á Suðurnesjum og í Reykjaneskjördæmi fyrir samfylkinguna. Þeir fulltrúar sem þar standa í fylkingarbrjósti geta því sagt kjósendum á Suðurnesjum sérstaklega hvað þeir hyggjast gera eftir kosningar.

[17:39]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var afar erfitt að skilja hv. þm. Kristján Pálsson í fyrri ræðu hans og ekki fannst mér það auðveldara núna. Ég skil ekki þennan málflutning: „... ekkert sem bendir til að herinn þurfi að fara". Þeir eru væntanlega ekki hér í einhverjum sumarleyfisbúðum. Það hlýtur að vera ákvörðun sem tekin er út frá einhverri skilgreindri varnarþörf, öryggis- og varnarþörf innan Evrópu. Þetta er mjög sérkennilegt orðalag: „... ekkert sem bendir til þess að herinn þurfi að fara".

Hvað varðar uppsagnir tvö þúsund starfsmanna þá er hv. þm. alveg sérdeilis laginn við það að toga og teygja það sem sagt er. Ég sagði: Við viljum að teknar verði upp viðræður við Bandaríkjastjórn um varnarsamninginn og samkomulag sem honum er tengt. Það er ljóst að gildistími þessa samkomulags er að renna út. Er þá ekki eðlilegt að mati hv. þm. að það sé rætt hvert framhaldið verður, hvað skuli koma í staðinn og hvernig skuli brugðist við?

Það sem við erum að segja hér fyrir hönd samfylkingarinnar er í svipaða veru og tillaga hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur og hv. þm. Ragnars Arnalds sem enn er í Alþb. Ég skil vel að hv. þm. sé kannski farinn að ruglast svolítið í því. Það er nú það eina sem ég skildi í hans málflutningi. Hann er í Alþb. Þetta eru ekki „fyrrverandi" félagar mínir, heldur fyrrverandi félagi minn, í eintölu.

Hvað skal koma í staðinn og hvernig geta Íslendingar yfirtekið þennan rekstur? Hvorki í tillögu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar né því sem ég sagði kemur nokkuð fram um að það eigi að henda út tvö þúsund starfsmönnum. Það er ekkert um það að ræða. Það er bara rangtúlkun og ekki hv. þm. sæmandi.

[17:42]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að taka upp samninga við varnarliðið eða Bandaríkjamenn réttara sagt að fyrra bragði um veru þeirra hér til þess að þeir fari — það er meiningin með þessu frv., þ.e. að varnarliðið fari héðan — hlýtur að leiða til þess að starfsemin sem þarna er verði allt önnur en hún er núna. Starfsemi varnarliðsins verður ekki nein í rauninni eftir að þeir fara því að við höfum engan her til að taka við. Við höfum hvorki starfsemi, flugvélar, eftirlit né annað sem fylgir slíku varnarsamstarfi til þess að taka við af Bandaríkjamönnum. Með þessu er samfylkingin náttúrlega að boða að öll sú starfsemi sem í kringum bandaríska herinn er verði lögð niður í þeirri mynd sem hún er í dag. Það kemur ekkert fram í máli hv. þm. hvað eigi að koma í staðinn annað en að það eigi að semja. Semja um hvað? Það á að semja um það að Íslendingar taki við. Taki við hverju? Væntanlega því að reka flugvöllinn. Það er sem sagt alþjóðlega flugið sem við rekum að hluta til í dag með því að vera með Leifsstöð. Við hljótum þá að taka við því, en það eru nokkrir slökkviliðsmenn sem sjá um ruðning og viðhald á brautunum.

Ég held að það fari ekkert á milli mála og það er ekki nema von að hv. þm. sé óróleg yfir þessari umræðu því það kemur skýrt fram hér á mjög viðkvæmum tíma að samfylkingin stefnir að því að fara eftir kosningar í viðræður við varnarliðið og Bandaríkjamenn um að þeir fari héðan á næstu fjórum árum, ef þeir skyldu komast í þá aðstöðu að stjórna slíkum samningum. Og það er mjög nauðsynlegt að Suðurnesjamenn viti af þessu.

[17:44]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að lesa þessar setningar upp rétt eina ferðina enn fyrir hv. þm. Ef hv. þm. er svo tregur að hann nær ekki rétt niður þremur setningum þá býð ég ekki í málflutning hans að öðru leyti.

Það leggst lítið fyrir kappann að telja það okkur helst til lasts að Íslendingar skuli vilja hafa stolt til að bera til að taka upp viðræður að fyrra bragði. Eiga það að vera Bandaríkjamenn eða aðrar þjóðir sem stjórna því hvenær rædd er framtíð öryggismála á Íslandi og hvaða stefnu við höfum? Það er ekki sæmandi hv. þingmönnum að tala á þennan hátt. Auðvitað ráðum við og eigum að ráða ferðinni. Auðvitað erum það við sem viljum taka upp viðræður. Þetta er okkar land. Við erum íslensk þjóð. Þetta er hluti af sjálfstæði þjóðarinnar. Það er mjög sérkennilegt, virðulegi forseti, að hlusta á það hér þegar hv. þm. segir að það sé afar slæmt að eitthvert stjórnmálaafl skuli ætla að taka upp viðræður að fyrra bragði og leggur alveg sérstaka áherslu á það, að fyrra bragði. Við höfum stolt til að bera, hv. þm. Kristján Pálsson, fyrir íslenska þjóð. Ég er alveg sannfærð um að hæstv. utanrrh. finnst eðlilegt að hann hefji og stýri viðræðum sem varða framtíð íslensku þjóðarinnar. En það ætla ég rétt að vona að hv. þm. Kristján Pálsson komist aldrei í þá aðstöðu að eiga að bera ábyrgð á þeim viðræðum ef lítillætið er eins og fram kom hér áðan.

[17:46]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir þakkar hv. flm. fyrir að flytja þessa tillögu og hún segir: „Samfylkingin getur tekið undir þessa tillögu í flestum atriðum. Hún ráðgerir ekki breytingar á aðild að NATO næstu fjögur árin en ætlar að athuga málið." En hvað kemur fram í tillögunni? Það kemur fram í tillögunni að markmið nefndarinnar, markmið þess starfs sem nefndin á að vinna, er að ganga úr NATO og að herinn fari.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir segir líka að samfylkingin vilji móta heildstæða stefnu í öryggismálum þjóðarinnar.

Við höfum heildstæða stefnu í öryggismálum þjóðarinnar og hún er að varnarliðið sé kyrrt. Hún er að við séum aðilar að NATO og hún er að við tökum þátt í þeim breytingum sem nú eiga sér stað á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Undir þessa stefnu taka forustumenn jafnaðarmannaflokkanna í Evrópu, þeir sem svo títt er vitnað til, Schröder og Blair.

En mig langar að spyrja hv. þm. Margréti Frímannsdóttur: Ef Jóhanna Sigurðardóttir, leiðtogi samfylkingarinnar í Reykjavík, og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, leiðtogi samfylkingarinnar á Vestfjörðum, væru stödd í þessum sal mundu þau þá tala á sama hátt? Væri sú stefna sem þau boðuðu sama stefnan og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, leiðtogi samfylkingarinnar á Suðurlandi, boðar? Ef svo er ekki, ef hinir leiðtogarnir boða aðra stefnu, þá hefur samfylkingin ekki stefnu í öryggismálum íslensku þjóðarinnar og það er hættulegt.

[17:49]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þakklát fyrir þessa þáltill. Já, ég er það. Hvers vegna? Vegna þess að mér finnst fagnaðarefni hver sú tillaga sem fram kemur hér sem gæti ýtt við því að fram fari ítarleg og hreinskiptin umræða, málefnaleg umræða um Ísland hvað varðar öryggis- og friðarmál. Það er mjög nauðsynlegt að á Alþingi Íslendinga eigi sér stað málefnaleg umræða og það er allt of lítið um það. Meira að segja í þeim tilvikum þegar hæstv. utanrrh. kemur hér og flytur sínar ítarlegu skýrslur um utanríkismál þá vill umræðan oftar en ekki snúast í höndum þingmanna þannig að farið er aftur á tíma kalda stríðsins. Ég fagna því þegar hér er lögð fram tillaga sem getur vakið upp umræðu um það hvert við stefnum. Stefnan er klár í dag. Við ætlum að vera í NATO og herinn á að vera. Það er bara þannig, segja hv. stjórnarliðar. En ef það er stefnan þá er kominn tími til að hv. stjórnarliðar flytji fyrir því rök, fari yfir það, ræði þær breytingar sem eru að eiga sér stað innan NATO, hvert við viljum þá stefna innan NATO. Við erum aðilar að samningum og í okkar samningi innan samfylkingarinnar stendur: Við eigum að taka upp viðræður við Bandaríkjastjórn um varnarsamninginn og samkomulag honum tengt sem gert var árið 1994 og endurskoðað 1996. Ráðgerður gildistími samkomulagsins er til ársins 2001 og endurskoðunarákvæði þess telst taka gildi árið 2000. Þar sem endurskoðunarákvæðin taka þarna gildi þá verðum við að taka upp þessar viðræður og við viljum að við eigum frumkvæðið að þeim viðræðum. (Gripið fram í.) Ég er að því, hv. þm. Hins vegar veit ég að hv. þm. þarf að láta segja sér þrisvar sinnum sama svarið til að skilja það. Því miður er ekki tími til þess.

Þegar við höfum rætt og mótað þá stefnu sem við viljum þá á að taka afstöðu til þess hvernig við viljum annaðhvort (Forseti hringir.) vinna með NATO eða vera utan þess. Það hlýtur að vera framtíðarstefna okkar að vera utan hernaðarbandalaga. Hér hefur komið fram í máli ræðumanna að (Forseti hringir.) NATO stefni að því að vera eitthvað annað en hernaðarbandalag, jafnvel friðarbandalag, held ég að hv. þm. Kristján Pálsson hafi kallað það.

[17:52]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er góðra gjalda vert að fagna hverri tillögu sem vekur umræðu og vonandi verður umræðan til þess að málin skýrist eitthvað hjá samfylkingunni. Sennilega er málið alveg skýrt hjá öðrum þeim sem hér hafa talað. Ég verð samt að spyrja hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Þegar hún orðaði það svo í ræðu sinni áðan, ég held að ég fari rétt með, að stefnan er að vera í NATO og að herinn veri. Er það stefna samfylkingarinnar að vera í NATO og að herinn veri? Er það stefna samfylkingarinnar bara í fjögur ár eða er það stefna samfylkingarinnar?

[17:52]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það samkomulag sem ég fór yfir er samkomulag allra þeirra sem standa að samfylkingunni. Þar er fyrst og fremst um það að ræða að taka upp viðræður um þau ákvæði samningsins sem nú eru að falla úr gildi og samfylkingin er samstarf þessara þriggja aðila til fjögurra ára. Við göngum frá okkar markmiðum og okkar verkefnaskrá til næstu fjögurra ára. Á þeim tíma er ekki áformað að segja sig úr NATO. Það er mjög skýrt í okkar plöggum. Þó að ég sjálf hafi verið hlynnt því og sé hlynnt því að Ísland eigi að standa utan hernaðarbandalaga, þá er þetta samkomulag sem við höfum gert. Við það munum við að sjálfsögðu standa okkar á milli. Af hverju segjum við þetta? Vegna þess að við teljum að næstu fjögur ár eigi að nota til að fara yfir þessi mál öll og marka skýra stefnu um það hvert við viljum fara í framtíðinni í öryggis- og friðarmálum Íslands.

[17:54]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þá tillögu til þál. sem hér er til umræðu og fjallar um að gengið verði til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Ég er því eindregið fylgjandi að Ísland verði herlaust land og eigi ekki aðild að hernaðarbandalögum.

Í þáltill. segir um þær viðræður sem lagt er til að gengið verði til:

„Stefnt skal að niðurstöðu áður en gildandi samkomulag við bandarísk stjórnvöld um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út. Nefndin skal að undangenginni athugun og könnunarviðræðum við bandarísk stjórnvöld skila áfangaskýrslu til Alþingis eigi síðar en í árslok 1999 þannig að tími gefist til samninga um málið áður en uppsagnarákvæði núgildandi bókunar um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli verður virkt eða rennur út.“ Það mun vera árið 2001.

Það sem ég vildi vekja athygli á í þessari umræðu er hve mjög hún hefur breyst á undanförnum árum, að ekki sé talað um áratugi. Þegar samningurinn var gerður á sínum tíma um herstöðina á Íslandi og veru erlends hers í okkar landi þá litu flestir ef ekki allir svo á að hér væri um tímabundna ráðstöfun að ræða. Hér skyldi vera her á ófriðartímum en þegar friðvænlegar horfði skyldi hann hverfa á braut. Þetta var almennt álit í þjóðfélaginu. Nú hins vegar er öldin önnur. Nú tala menn á þann veg að NATO-herstöðin á Íslandi sé og eigi að vera hluti af varanlegu öryggis- og hernaðarkerfi heimsins alls og ég verð að segja, hæstv. forseti, að mig undrar hve langt menn ganga í yfirlýsingum sínum og hernaðarhyggju. Hvað hafa hv. þm. sagt? Hv. þm. Kristján Pálsson og hv. þm. Árni Mathiesen hafa skilgreint NATO og réttinn til að nýta vopn sem það bandalag hefur undir höndum. Þessir hv. þm. vísuðu m.a. til þess að NATO væri skjól þeirra sem minnst mega sín á alþjóðavettvangi. Það var talað um NATO sem bandalag þjóða sem vernduðu minnihlutahópa. Það væri fróðlegt að fá nánari útlistun á því hvort hér var átt við Kúrda í Tyrklandi t.d. sem eru hundeltir,

myrtir, ofsóttir af stjórnvöldum í sínu landi meðan hernaðarbandalagið NATO, verndari minnihlutahópanna, setur kíkinn fyrir blinda augað, á sama tíma og sett eru upp sérstök verndarsvæði Kúrda í Írak. Það væri fróðlegt að fá nánari útlistun á þessu hlutverki NATO gagnvart minnihlutahópum og tilraunum bandalagsins til að vernda þá.

Hv. þm. Kristján Pálsson sagði að hann treysti þessum þjóðum, og vísaði þar til NATO-ríkjanna, til að hafa undir höndum þau vopn sem til eru. Væntanlega er vísað þar til kjarnavopna. Hann sagði enn fremur að þau hefðu rétt til að nýta þau vopn sem til eru, að þau vildu halda í þann rétt að nýta þau vopn sem til eru. Nú vil ég spyrja talsmenn Sjálfstfl., og það væri fróðlegt að heyra álit hæstv. utanrrh. á þessu efni einnig: Er það álit íslensku ríkisstjórnarinnar að NATO eða þau ríki sem eru innan vébanda þess bandalags hafi rétt til að nota kjarnorkuvopn? Er mönnum kunnugt um það að Alþjóðadómstóllinn í Haag hefur úrskurðað kjarnorkuvopn og tilvist kjarnorkuvopna ólöglega vegna þess að þau ógna öryggi mannkyns? Það er ekki hægt að nýta þessi vopn á annan hátt en að svo verði. Það er ekki hægt. Og hvað skyldu menn í Nagasaki og Hiroshima segja um þá röksemdafærslu að kjarnorkuvopn séu til í þeim tilgangi einum að nota þau til fælingar? Þessi vopn hafa verið notuð til að deyða fólk. Síðan þegar vísað er til NATO-þjóðanna, til NATO sem friðarbandalags ekki árásarbandalags, og vísað sérstaklega til þeirra þjóða sem þar eru innan borðs, þá vek ég athygli á því að á dagskrá þessa fundar er tillaga frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um endurskoðun á viðskiptabanni á Írak. Þar hafa menn ekki látið sitja við það eitt að ofsækja þá þjóð með viðskiptabanni heldur hafa einnig verið gerðar árásir, af hálfu þessara friðelskandi þjóða væntanlega, sem valdið hafa dauða fjölda fólks, fjölda saklausra borgara.

Það væri fróðlegt og æskilegt að fá útlistanir talsmanna ríkisstjórnarinnar á þeim alvarlegu ummælum sem hér hafa komið fram um að ríki hafi rétt til þess, að það sé eðlilegt að þau hafi rétt til að nota kjarnorkuvopn. Er þetta virkilega meining manna? Er þetta afstaða og stefna íslenskra stjórnvalda? Ég óska eftir skýringum.

[18:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum eru mjög mismunandi skoðanir á því hvernig rétt sé að standa að því að útrýma kjarnorkuvopnum. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur gerst talsmaður þess að NATO leggi einhliða niður sín kjarnorkuvopn án tillits til þess hvað gerist annars staðar. Sannleikurinn er sá að síðan kalda stríðinu lauk, eða síðan 1991, hefur kjarnorkuvopnum NATO-ríkjanna fækkað um 80%. Það hefur verið stefna vesturveldanna að fækka kjarnavopnum smátt og smátt með samningum. Fyrst með START I samningnum, síðan START II samningnum þar sem reiknað er með að fækka kjarnorkuvopnum enn meir. Síðan er byrjað að undirbúa Start III samninginn þar sem gert er ráð fyrir því að kjarnaoddum Rússa og Bandaríkjamanna verði fækkað í 2.500, en áður voru þeir 6.000, þ.e. áður en START I samningurinn komst á. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvernig þetta skuli gert en ég hef enga trú á því að það gerist með því að vesturveldin lýsi þessu einhliða yfir meðan menn eins og Saddam Hussein, sem hv. þm. vill helst ekki taka á, eru að koma sér upp kjarnavopnum. Hv. þm. vill að hann hafi frið til þess, eins og ég skil hans málflutning, og ýmsar aðrar þjóðir. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að halda þeim í skefjum, m.a. með viðskiptabanni á vegum Sameinuðu þjóðanna sem er hið alþjóðlega öryggiskerfi sem menn eru að reyna að byggja upp. En mér skilst að hv. þm. þessa nýja flokks vilji ekki einu sinni styðja þetta alþjóðaöryggiskerfi. Ég get út af fyrir sig skilið að þeir vilji ekki styðja NATO. En það kemur á óvart að þeir vilji ekki einu sinni styðja alþjóðlegt öryggiskerfi.

[18:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. utanrrh. að við í hinni nýju Vinstri hreyfingu – grænu framboði viljum ekki stuðla að friði í heiminum eða öryggiskerfi sem heldur í heiminum. Við viljum að það öryggiskerfi byggi á réttlæti, það byggi á réttlæti og virði lýðræði. Hæstv. utanrrh. til upplýsingar þá er það rétt að ég er talsmaður þess að kjarnorkuvopnum verði útrýmt, þau verði lögð til hliðar einhliða eða alhliða og farið að kröfu og úrskurði Alþjóðadómstólsins sem hefur dæmt tilvist þeirra ólöglega, og að farið verði jafnframt að — ja, hvað eigum við að segja — heilbrigðri skynsemi og við tökum höndum saman um að hamra á þessari kröfu.

Það sem ég vil hins vegar að hæstv. utanrrh. upplýsi er hvort hann sé sammála þeirri staðhæfingu sem hér kom fram áðan að NATO-ríkjunum og NATO beri réttur til að nota kjarnorkuvopn. Lítur hæstv. utanrrh. svo á að eitthvert ríki hafi rétt, lagalegan eða siðferðilegan rétt, til þess að nýta kjarnorkuvopn? Síðan skulum við ræða Saddam Hussein og hvað verið er að gera saklausu fólki í Írak og hverjir koma þar við sögu. Það skulum við ræða enda er það á dagskrá hér síðar á þessum fundi. Hitt vil ég ítreka að hæstv. utanrrh. svari því hvort hann líti svo á að eitthvert ríki innan NATO eða annars staðar hafi rétt til þess að nýta kjarnorkuvopn.

[18:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að NATO hefur áskilið sér þann rétt að beita kjarnorkuvopnum og NATO-ríkin hafa ekki horfið frá því. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir í mínum huga að NATO-ríkin munu aldrei beita kjarnorkuvopnum til árása að fyrra bragði. NATO-ríkin telja ekki skynsamlegt að leggja þessi vopn af einhliða meðan það ástand sem ríkir í heiminum í dag er til staðar. Svo einfalt er það mál. Því miður vinna ýmis ríki að því að koma sér upp kjarnorkuvopnum, t.d. Pakistan, Indland og einnig ríki fyrir botni Miðjarðarhafsins. Þetta er mjög hættuleg þróun og það er afar mikilvægt að stöðva þessa þróun og koma í veg fyrir að fleiri ríki komi sér upp kjarnorkuvopnum í þeirri von að þau sem hafa kjarnorkuvopn í dag geti smátt og smátt samið um það að eyða þessum vopnum. Það er skoðun mín að stefna eigi að því. Ég er hins vegar mjög ósammála hv. þingmönnum græns framboðs hvernig þessum markmiðum skuli náð, eins og ég er afar ósammála þeim í þeim málflutningi sem þeir hafa haft í frammi á Alþingi áður að því er varðar málefni Íraks. Ég er mjög ósammála þeim og tel að þeir séu í reynd með málflutningi sínum á Alþingi að styðja við þá stefnu sem Saddam Hussein hefur í frammi og ég skal færa rök fyrir því síðar. Þessi mál verða því miður ekki leyst í gegnum Frið 2000, hv. þm.

[18:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, er fullkunnugt um að hæstv. utanrrh., Halldór Ás-

grímsson, er okkur ósammála um margt í utanríkismálum. Hann er ósammála okkur í Evrópumálum. Hann er ósammála okkur gagnvart NATO og hann er ósammála okkur í málefnum Íraks. Hann er hins vegar sammála því að beita loftárásum gegn því ríki sem hafa valdið dauða fjölda saklausra borgara og hann er sammála þeirri stefnu að beita þá þjóð viðskiptaþvingunum sem hafa leitt til þess að hátt á aðra milljón saklausra borgara hefur látið lífið. Við vitum að við erum ósammála um allt þetta, en hitt er ekki spurning um að vera sammála eða ósammála þegar kemur að kjarnorkuvopnum. Þar segir hæstv. utanrrh. að NATO hafi áskilið sér rétt til að beita þeim vopnum og hann er sammála þeirri afstöðu en hnýtir því við að hann sé sannfærður um að þeim verði ekki beitt. Eitthvað í þá veru orðaði hann það. Hér er ég kominn að því sem ég vildi segja að er ekki spurning um að vera sammála eða ósammála, heldur snýr að staðreyndum. Staðreyndin er sú að kjarnorkuvopnum hefur verið beitt af hálfu þessara ríkja í árásarskyni, í Nagasaki og Hiroshima. Nú er hæstv. utanrrh. fyrir hönd íslensku ríkisstjórnarinnar væntanlega að árétta að það sé réttur þjóða, það sé réttur réttra þjóða væntanlega, að beita þessum vopnum. Mér finnst þetta vera mjög alvarlegt mál sem kallar í raun á miklu lengri og ítarlegri umræðu. En fleiri dagskrármál tengjast þessu hér í dag, öll að frumkvæði okkar í þingflokki óháðra sem eigum aðild að hinni nýju Vinstri hreyfingu – grænu framboði. Ég verð að segja eitt, hæstv. forseti: Það er greinilega þörf á slíkri hreyfingu til að halda þessum gildum á lofti.

[18:11]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að mér þykir það með dálitlum ólíkindum að í dag, þ.e. í upphafi árs 1999, skuli menn vilja helst vinna sér það til frama í stjórnmálum að reyna að gera þetta bandalag, Norður-Atlantshafsbandalagið sem við Íslendingar svo farsællega höfum verið þátttakendur í frá upphafi, tortryggilegt. Mér finnst flest annað vera nær en að gera það tortryggilegt.

Ég minnist þess og man það vel á dögum kalda stríðsins þegar menn hér á Íslandi margir hverjir notuðu hvert tækifæri til að ófrægja þetta bandalag, ófrægja Bandaríkin, okkar bestu vinaþjóð og reyna að gera það að öllu leyti tortryggilegt að við skyldum hafa gengið í þetta bandalag. Ég er sjálfur sannfærður um að sagan mun bara á einn hátt dæma þetta: Við Íslendingar vorum miklir gæfumenn, mjög miklir gæfumenn þegar við skipuðum okkur í sveit með Atlantshafsbandalaginu 1949. Við erum miklir gæfumenn og margar þjóðir munu öfunda okkur af því hlutskipti sem við nutum á þessum árum. Það voru önnur örlög sem við hlutum en þjóðir Austur-Evrópu. Það er ömurlegt til þess að vita hvernig þar fór. En menn gleyma því hvað við vorum miklir gæfumenn.

Það er að vísu rétt að í upphafi sjálfstæðis okkar 1918 þegar hugsjónamenn Evrópu sáu í hillingum þá draumsýn að það vitlausa stríð sem þá var rétt að ljúka væri stríð sem yrði til að binda endi á aðrar styrjaldir. Það hefur komið í ljós að varla var vitlausari hugsun hugsuð. En einmitt á þessum tímum var þetta unga sjálfstæða ríki að heita því að verða hlutlaust. Það gerðu Íslendingar. Ég vona sannarlega að Íslendingar rati aldrei í þá barnalegu gryfju að halda að í þessum heimi verði menn hlutlausir. Aldrei. Við tókum okkur stöðu með vestrænum ríkjum í upphafi og við ætlum að standa þar.

Ég hef ekki lagt dóm á það hversu herfræðilega mikilvægt er að hafa þennan herflugvöll í Keflavík. Ég ætla þó að vona að það fari eftir mati þeirra manna sem gerst þekkja hversu mikill hernaðarmáttur þarf að vera hér. Kannski þarf engan hernaðarmátt. Þá verður hann lagður niður. En ég vona samt innilega að það verði áfram þannig að okkar besta vinaþjóð, Bandaríki Norður-Ameríku, verði ætíð tilbúin til að lýsa því yfir að hún ætli að standa vörð um sjálfstæði og frelsi þjóðarinnar.

Ég minnist þess líka að á dögum kalda stríðsins kom hingað mjög þekktur bandarískur stjórnmálamaður, öldungadeildarþingmaðurinn Fulbright. Hann var þekktur á þeim tíma fyrir að hafa dálítið frjálslyndar og sérstakar skoðanir á utanríkismálum. Hann hélt hér erindi og meginþema þess erindis var að sannarlega segði sagan okkur að saga allra stórvelda væri þakin mörgum glæpum og svo væri líklega sannarlega um hans eigið land, Bandaríkin, þeir hefðu gert margt sem þeir betur hefðu látið ógert. En hann væri samt stoltur af því sem Bandaríkjamaður og bandarískur öldungadeildarþingmaður að á sögu og samskipti þessa stærsta lýðræðisríkis og mesta herveldis heimsins, og hins minnsta lýðræðisríkis heimsins, Íslands, hefði aldrei fallið blettur. Ég hef oft hugsað um þessi ummæli, fundist þau þess virði að rifja þau upp alltaf öðru hverju, einmitt til að minnast þess hversu hamingjusamir við vorum, hversu mikið við eigum að þakka þeim sem sáu til þess að við rötuðum þann veg sem við göngum í dag. Við eigum ekki að hvika frá honum. Við eigum að standa með vestrænum þjóðum. Við eigum ekki að taka undir það að NATO sé eitthvert totryggilegt árásahernaðarbandalag. Það er ekki rétt að NATO hafi ráðist á Japan. Það er ekki rétt. Það voru Bandaríkin sem tóku þá ákvörðun 1945, fjórum árum áður en NATO var stofnað þannig að hér var farið frjálslega með sannleikann. Síðan má ræða það hvort Truman Bandaríkjaforseti hafi þá tekið rétta eða ranga afstöðu, um það skal ég ekki segja. (**ÖJ:** Það var vísað í aðildarríki NATO.) Það þýðir ekkert að vísa í aðildarríki NATO. NATO var stofnað 1949 sem varnarbandalag vestrænna ríkja og það er það enn þá og það stendur vörð um þau. Því miður er heimurinn þannig fyrir hvern þann sem vill hlusta og sjá að engin ástæða er til að fyllast þeirri bjartsýni að nú sé að koma einhver sá fróðafriður að hægt sé að beygja og grafa öll vopn.

Það er sannarlega rétt að íslenska ríkisstjórnin hefur alltaf tekið þátt í starfi NATO og alltaf staðið við hlið þess og sú stefna sem NATO fylgir í því að reyna að minnka og helst að láta þau hverfa, kjarnorkuvopnin, er stefna sem við þurfum að standa vörð um og án forustu NATO hef ég enga trú á því að nokkurn tíma takist að ná utan um þetta nú þegar við vitum að hvert ríkið á fætur öðru er einmitt að koma sér upp kjarnorkuvopnum og öfriðurinn blasir við hvert sem litið er.

Þess vegna vona ég það að herstöðin á Keflavíkurflugveli verði hér áfram sem tákn um hið mikla samstarf Íslands og Bandaríkjanna svo lengi sem nokkur þörf er talin á því að hún sé hér.

[18:17]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hér fyrir þessa umræðu og viðveru manna í henni þó að ég neiti ekki hinu að ég sakna pínulítið talsmanna ákveðinna flokka sem af einhverjum ástæðum hafa ekki séð sér fært að vera hér í dag. Það á t.d. við um þingmenn Alþfl. eða þingflokks jafnaðarmanna.

Ég verð að segja, herra forseti, að ósköp finnst mér það alltaf dapurlegt þegar menn eru farnir að færa fram sem rök máli sínu til stuðnings að málflutningur andstæðinga þeirra sé gamaldags, eins og hæstv. utanrrh. gerði og hv. þm. Kristján Pálsson. Mér finnst þetta ámóta hallærislegt og það að ég kæmi hér upp og reyndi að gera lítið úr skoðunum hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar með þeim rökum að hann gengi með grátt bindi eða með þeim rökum að honum þættu góðir tómatar. Þetta er svona álíka mikið út í loftið. Ég er ekki viðkvæmur fyrir nafngiftum af þessu tagi og ég segi í fullri einlægni að ég tel mig hafa fylgst nokkuð vel með umræðum um utanríkismál. Eins og t.d. hæstv. utanrrh. ætti að vita hef ég verið virkur þátttakandi í öllum umræðum og allri umfjöllun um utanríkismál á vettvangi Norðurlandaráðs sl. þrjú ár. Ég hef gjarnan verið talsmaður míns flokkahóps í Norðurlandaráði um þau mál og ég tel mig alveg þokkalega lesinn í umræðum um evrópsk utanríkismál.

Ég fullyrði úr þessum ræðustól: Það sem er gamaldags í þessum umræðum hér uppi á Íslandi og það sem er gamaldags á síðum Morgunblaðsins eru tilraunir til að lemja niður öll skoðanaskipti um þessi mál, það eru tilraunir til rétttrúnaðar á óskeikulleika NATO og bandarískra hernaðarhagsmuna. Það er bannað að færa fram önnur sjónarmið inn í umræðuna. Þá eru þau gamaldags eða eiga ekki rétt á sér o.s.frv.

Umræður um þessi mál eru af allt öðrum toga núna t.d. á meginlandi Evrópu og að verulegu leyti á hinum Norðurlöndunum. Að undanskildu kannski Bretlandi má segja að umræður hafi opnast og séu allt aðrar. Menn ræða þar hispurslaust fram og til baka t.d. um hlutverk NATO og hvort það eigi að vera til. Um það eru vissulega skiptar skoðanir og hæstv. utanrrh. á sér vissulega skoðanabræður. En að láta sér detta í hug að fyrir því séu ekki rök að ræða þessa hluti opið, eins og gert er og má gera alls staðar annars staðar en á Íslandi, það er dapurlegt. Svo taka menn það sem sérstaka sönnun þess að NATO sé fullkomið, óskeikult, og að búið sé að byggja þúsundáraríkið í NATO, það verði eldra en Rómaveldi, ef marka má hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, að Austur-Evrópuþjóðir séu að reyna að komast inn í það, koma sér inn undir kjarnorkuhlíf NATO. Það skilur hver maður sem þekkir til ástandsins á þeim slóðum og spennunnar á þessum náttúrulegu og menningarlegu landamærum milli austurs og vesturs sem liggja um miðja og austanverða Evrópu. Í sögulegu ljósi séð og allt þar fram eftir götunum þá skilja það allir. Það er fullkomlega eðlilegt að þessi ríki reyni að koma sér inn í NATO.

En þýðir það að þau séu blind? Hvað sagði Vaclav Havel um NATO, sem á sama tíma var að reyna að fá þjóð sína, fá Tékkland inn í NATO? Hann sagði: Hættan við NATO er að það dagi uppi sem klúbbur fhaldssamra hershöfðingja sem eru að reyna að skapa sér framhaldslíf og tilgang í ljósi breyttra aðstæðna þar sem óvinurinn er horfinn. Þetta sagði Vaclav Havel á sama tíma og hann var að tala fyrir inngöngu Tékka í NATO. Þar fór ekki blindur maður. Þar fór ekki maður sem talar um NATO eins og óskeikult fyrirbæri. Það var ekki svo.

Ég held að hæstv. utanrrh. gerði betur í því en að reyna að afgreiða málflutning manna sem ekki eru honum sammála með því einu að hann sé gamaldags, að ræða efnislega við okkur t.d. um stöðu NATO, ef við erum að taka það upp á annað borð. Um stækkunina, um útvíkkun valdsviðs NATO, að NATO verði ekki bara svæðisbundið bandalag þeirra þjóða, innan landamæra þeirra þjóða, sem að því standa heldur alheimshernaðarsamtök sem áskilji sér rétt til íhlutunar í fjarlægum heimsálfum. Ég held að hæstv. utanrrh. ætti að ræða við okkur um hugmyndir Bandaríkjamanna um að NATO fái þjóðréttarlega stöðu til þess að grípa til aðgerða án undangengins samþykkis Sameinuðu þjóðanna eða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það væru efnisleg skoðanaskipti sem akkur væri í en ekki málflutningur af þessu tagi.

Ég held að það væri gaman ef hæstv. utanrrh. kæmi hér með stefnu íslensku ríkisstjórnarinnar gagnvart núverandi áherslum utanríkisráðherra Þýskalands um að NATO breyti um afstöðu og hætti að áskilja sér rétt til þess að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Það reifaði Joschka Fischer, utanríkisráðherra Þýskalands, á fundi NATO í desember. Hver var afstaða Íslands þá? Hefur Ísland tekið afstöðu í því máli? Er ríkisstjórn Íslands með eða á móti afstöðu þýska utanríkisráðherrans? Þetta væru hlutir sem skiptu máli í umræðunni og að við ræddum um efnislega hluti en ekki á þeim nótum sem mér fannst hæstv. utanrrh. falla í að gera hér áðan.

Tillagan hér er um það að skipuð verði viðræðunefnd til þess að fara í viðræður við Bandaríkjamenn um brottför hersins. Það er algjörlega ljóst að mati okkar sem stöndum að tillögunni hvert á að vera samningsmarkmið í þeim efnum. Og þegar ég tala um samkomulag eða lið í því að sætta meira andstæður um utanríkismál en nú er þá er ég að tala um þetta atriði, að sá fleinn í holdi þjóðarinnar sem erlend herseta hefur verið og mun verða, hann verði þó a.m.k. í burtu. Ég geri mér alveg grein fyrir því að áfram mun menn sjálfsagt greina á um ýmislegt í utanríkismálum. Og ég er ekki að segja að með slíku yrðu menn allir á einni nóttu sammála. Það verður sjálfsagt aldrei. En að a.m.k. yrði sá fleinn í holdi þjóðarinnar sem erlend herseta er, hefur verið og mun verða, þá í burtu.

Satt best að segja, herra forseti, finnst mér dapurlegt að heyra hversu viðhorf eru orðin hér breytt. Látum nú vera viðhorf talsmanna Sjálfstfl. því mér er ljóst að fyrir allmörgum árum síðan hurfu þeir frá þeirri stefnu sinna fyrrum foringja, Bjarna Ben. og Ólafs Thors, að hér ætti ekki að vera her á friðartímum. Hver talaði dyggilegar fyrir þeirri stefnu en Ólafur Thors hér á fimmta og sjötta áratugnum? Það var hann. Það er nokkuð síðan Sjálfstfl. lagði þennan málflutning til hliðar. En ég held að það sé nýtt að formaður Framsfl. afgreiði þá stefnu alveg út af borðinu. Og ég vil spyrja hæstv. utanrrh. og formann Framsfl.: Er það orðin flokksleg stefna Framsfl. að hér eigi að vera erlendur her til frambúðar hvort heldur er á friðartímum eða ófriðartímum? Er það orðin flokksleg stefna Framsfl.? Ef það kæmi í hlut hæstv. utanrrh. að stýra viðræðum við Bandaríkjamenn um áframhald samskipta okkar mun það verða samningsmarkmið hans að halda hernum hér í landinu hvað sem friðartímum eða ekki líður?

Svo geta menn haft þessa dapurlegu heimsmynd fyrir sér sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði um, þ.e. að ófriðarhætturnar blasi við hvert sem litið er, eins og hv. þm. sagði og var dapurlegt að heyra því ég, eins og fleiri þingmenn sem hér hafa talað, hélt satt best að segja að menn væru frekar á hinu að friðvænegar horfði, þó að vissulega, því miður, hafi þjóðir eins og Indland og Pakistan verið að sýna klærnar hvað kjarnorkuvopn varðar og allir viti, þó að hæstv. utanrrh. kæmi sér hjá því að nefna það, að í Miðausturlöndum er eitt kjarnorkuveldi, þ.e. Ísrael. Það er ekki Írak.

Írak hefur enga getu til þess að koma sér upp þeim vopnum lengur enda er búið að sprengja landið aftur á steinaldarstig. En það vita jú allir sem það vilja vita að Ísrael á um eitt hundrað kjarnorkusprengjur.

Og svo ég svari þá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni í leiðinni: Ég er ekki að leggja til að Ísland segi sig úr Vesturlöndum. Það er misskilningur hjá hv. þm. Ég er ekki að leggja til að Ísland segi sig úr Vesturlöndum. Það er annað en hitt að éta gagnrýnislaust upp allt hrátt sem kemur frá Bandaríkjunum, sem auðvitað leiða ferlið. Ég er að leggja til að við látum erlendan her hverfa úr landinu og að við stöndum undir nafni sem friðelskandi og vopnlaus smáþjóð. Ég nefndi t.d. fordæmið Álandseyjar í þeim efnum. Ég gerði það nú.

Hv. þm. Árni Mathiesen virðist hafa misskilið mál mitt þegar hann gaf sér að ég væri að tala um að herinn hyrfi úr landinu á árinu 2000 eða 2001. Það sem við erum að tala um í þessari tillögu er að fyrir þann tíma liggi fyrir samkomulag um hvernig þessar breytingar gerist og þar með talið þá á hvaða tíma þær gerist því að sjálfsögðu sættir maður sig við að þarna þurfi að koma til eitthvert samningsferli og eitthvert tímabil sem þessar breytingar eiga sér stað á. Auðvitað vonum við að það verði sem styst, en aðalatriðið er að samningsmarkmiðin séu þessi og að menn fari í þessar viðræður.

Það fór hrollur um hv. þm., ef ég má leyfa mér að túlka það svo, Kristján Pálsson, þegar hann lýsti því að það væri rosalegt að svona tillögur skyldu hanga yfir þjóðinni, svona skelfilegar tillögur um það að herinn færi. Hv. þm. eiginlega alveg hryllti sig yfir að sjónarmið manna af mínu tagi skyldu yfirleitt vera til. En þau eru til og þau verða til. Og ég skal alveg lofa hv. þingmönnum því, hvaða nafngiftir sem þeir kjósa að gefa afstöðu af því tagi sem ég hef til þessara mála, að þá verður hún áfram til. Vegna þess að ég trúi því og ég veit að áfram verða til menn sem eru á móti vígbúnaðarbrölti, vilja afvopnun og vilja annars konar lausnir í öryggismálum og samskiptum þjóða heldur en vígbúnað og ógnarjafnvægi, og þar með talda hótun um beitingu kjarnorkuvopna. Það er þannig. Ef menn opna gluggana og fylgjast með umræðum um þessi mál t.d. í Evrópu, Ástralíu og yfirleitt flestum öðrum heimsálfum en í Bandaríkjunum — þar er reyndar þessi umræða vissulega til þó að hún nái ekki mikið inn í stóru fjölmiðlana — þá er þetta allt öðruvísi. Úti um allan heim er friðarsinnað fólk að reyna að berjast fyrir draumum sínum um afvopnun og um friðsamlegri heim þar sem sú ógnun vofir ekki alltaf yfir mannkyninu að vopnin verði notuð. Og það er ógnunin, hv. þm. Kristján Pálsson, ekki hugmyndir manna.

Ógnunin, hin efnislega ógn er gereyðingarvopnin og verður á meðan þau eru til. Þess vegna má ekki gefast upp í baráttunni fyrir afvopnun og fyrir alþjóðasamningum t.d. um reglur um vopnaviðskipti. Það þarf að kippa tönnunum úr vígbúnaðar- og hergagnaiðnaðinum sem er hættulegasta ógnunin við heimsfriðinn og skapar sér markaði á einn eða annan hátt eins og dæmin sanna og er drjúgur við. Auðvitað á að reyna að koma á þeirri skipan mála í þessum heimi að öryggisgæslan verði á grundvelli lýðræðislega kjörinna og samansettra alþjóðastofnana en ekki í krafti hernaðarlegra yfirburða einstakra aðila. Það fyrirkomulag mun alltaf valda ójafnvægi og spennu því að þegar einn hefur vopnin og hernaðarlega yfirburði þá byrjar einhver annar annars staðar í heiminum að reyna að verða jafningi hans. Það er alltaf það sem gerist og mun gerast í þessu kerfi.

Þess vegna er engin framtíðarlausn fólgin í því né hugsuninni um hernaðarbandalög og ógnarjafnvægi og gereyðingarvopn. Það verður aldrei. Það geta komið tímabil þar sem alþjóðastjórnmál þróast þannig að þetta lítur betur út á einum tíma en öðrum. En það er þannig, það liggur í eðlinu að þetta kerfi er glatað. Það þarf ekki annað en að spyrja sig að því hvernig mannleg samskipti ganga fyrir sig almennt í smærra eða stærra umhverfi, að svona á þetta ekki að vera. Svona á þetta ekki að vera.

Hvers vegna er spennan milli Indlands og Pakistans? Það er af því að hvort land um sig er að tryggja að það sé jafnoki hins. Fyrst var það landherinn. Annar var talinn eiga fleiri skriðdreka en hinn og þá rauk hinn til og keypti fleiri skriðdreka. Síðan eignuðust menn öflugar orrustuþotur. Annar varð á undan að kaupa þær. Þá þurfti hinn orrustuþotur. Svo fréttu Pakistanar af því að Indverjar væru að gera tilraunir neðan jarðar með kjarnorkuvopn og þeir ruku til og fóru að undirbúa það að koma sér upp kjarnorkuvopnum o.s.frv. Við þekkjum þennan vítahring og stigmögnunareðli vígbúnaðarkapphlaupsins mætavel. Það þarf ekki lengra aftur en á kaldastríðsárin til að muna það.

Vilja menn halda þessu svona áfram? Er það framtíðarsýnin? Geta menn ekki nært í brjóstum sínum drauma um eitthvað fallegra og betra ástand en það að friðarins verði að gæta með ógnun við hann sjálfan, þ.e. vopnum? Ég held að það væri illa komið, herra forseti, ef svo færi a.m.k. í íslenskum stjórnmálum að engir þyrðu að vera talsmenn annarra hluta en þeirra sem hér hafa verið fluttir fram af hálfu hæstv. utanrrh. og þeirra sem lagt hafa honum lið úr stjórnarliðinu. Það fannst mér satt best að segja ekki merkilegt.

Að allra síðustu, herra forseti, hnaut ég illilega um eina setningu eða ein ummæli hæstv. utanrrh. Mér þótti verra og lakara að heyra þau úr þeirri átt. Ég kippi mér ekki upp við það þó að þingmenn Sjálfstfl. tali um tekjurnar af varnarliðinu en ég hnaut um það þegar hæstv. utanrrh. spurði mig hvort ég væri þá að leggja til, ef við hættum að hafa tekjurnar af hernum, að við yrðum að hækka lendingargjöld og taka á okkur útgjöld vegna reksturs Keflavíkurflugvallar. Þá spyr ég hæstv. utanrrh. og formann Framsfl. á móti: Er það þá orðið þannig að einnig af hálfu Framsfl. séu tekjurnar af herliðinu hér sjálfstætt tilefni til að hafa hann áfram í landinu? Var það það sem hæstv. utanrrh. var að segja? Það er til sérnafn á íslensku yfir það.

[18:33]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni er að sjálfsögðu frjálst að koma með hvaða tillögur inn í þingið sem honum sýnist. Það sem ég meinti áðan með þeim orðum mínum að það væri skelfilegt að þetta skyldi þurfa að koma fram aftur og aftur er að augu skynsamra manna eins og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar skuli aldrei ætla að opnast fyrir því að vera okkar í NATO og tilvera varnarbandalagsins NATO hefur orðið til þess að friðvænlegra er í heiminum núna en nokkru sinni fyrr. Ástæða þess að friðvænlegt er er einmitt sú að þjóðir heims sem stóðu að stofnun NATO skuli hafa borið gæfu til þess að fara út í slíka samvinnu.

Það er með ólíkindum, eftir að hafa séð fyrrverandi ríki Varsjárbandalagsins, sem voru að reyna, eins og hv. þm. var að segja — að sumu leyti réttilega og annars vegar voru það kannski bollaleggingar — að ríki væru sífellt að reyna að ná þeim yfirburðum gagnvart öðrum að að endingu hlyti þetta

að springa. En þau ríki sem mynduðu Varsjárbandalagið eru flest hver búin að biðja um að komast í NATO, þessa skelfingu sem hv. þm. er að tala um.

Auðvitað vilja allir, herra forseti, að friður sé í heiminum og að enginn reyni að ógna öðrum. En heimurinn er bara ekki svona. Hann er ekki svona hvítur. Það eru bara bláeygðir sakleysingjar sem halda að ekki þurfi stefnu um að verja sína þjóð. Það er andvaraleysi ef menn halda að hægt (Forseti hringir.) sé að lifa hér án þess að gá nokkurn tíma í kringum sig.

[18:35]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á Vesturlöndum veður mjög uppi sjálfbirgingslegur eða hrokakenndur málflutningur af þessu tagi, að vegna þess að flokkseinræðiskerfin í Austur-Evrópu hrundu að lokum innan frá þá hafi réttmæti kjarnorkuvígbúnaðarstefnunnar og tilvistar NATO sannast. Það er eiginlega verið að segja við okkur að ástandið á kaldastríðstímanum hafi verið gott og heilbrigt og ágætt, er það ekki?

Í raun og veru finnst mér þetta alveg furðulegur málflutningur, fyrir nú utan það að aldrei er hægt að ræða um atburði mannkynssögunnar í þáskildagatíð af neinu viti. Hver getur sagt að heimurinn væri ekki friðvænlegri og betri, lífskjörin betri og jafnari og margt öðruvísi ef t.d. þjóðir heims hefðu valið sér aðrar leiðir eftir seinni heimsstyrjöldina en þær að eyða þessari gífurlegu orku í vígbúnaðarkapphlaup? Gætu t.d. ekki lífskjör þriðja heimsins verið betri ef þó ekki væri nema brot af þeim óhemjulegu verðmætum sem hefur verið sóað í vígbúnað á þessum áratugum hefði gengið til þess að byggja upp og þróa lífskjör og bæta mannlíf í þeim löndum? Hvernig geta menn talað svona? Þó maður seilist nú ekki svo langt um hurð til lokunnar að nota það sem röksemdafærslu að spyrja, sem auðvitað er vel hægt að gera: Hvað munaði litlu t.d. nokkrum sinnum á kaldastríðstímanum að illa færi? Og mundu menn tala svona í dag ef eitt af þeim þrem, fjórum tilvikum sem viðurkennt er að heimurinn stóð á barmi kjarnorkustyrjaldar hefði endað illa en ekki vel?

Ég held að menn eigi að forðast að ræða um hlutina með þessum hætti, með þessum sjálfbirgingslega, hrokakennda hætti sem mér fannst bera á í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar, einhvers konar rétttrúnaðarstíl í rökræðum, eins og eitthvað hafi sannast og annað afsannast í þessum efnum. Mannkynið stendur því miður enn frammi fyrir því að heimurinn er fullur af gereyðingarvopnum og það er skelfileg tilhugsun að þurfa að sofna út frá því á kvöldin og vakna til þess á morgnana.

[18:38]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu falleg hugsun að ímynda sér að allir geti verið vinir í heiminum og unnið saman, og við vonum svo sannarlega að það verði einhvern tímann, og að vígbúnaðarkapphlaupið þurfi ekki að verða til þess að börn þurfi að svelta annars staðar á jörðinni. En meðan svo er ekki og við höfum ekki á okkur andvara þá getum við búist við því að menn eins og Saddam Hussein yfirtaki stjórnina í bandalögum, eins og ég veit að hv. þm. þekkir, því hann hefur fullan hug á því að ná völdum og hefur reynt ítrekað að leggja undir sig nærliggjandi þjóðir. Þar hefur verið gripið inn í, ekki að fyrra bragði heldur eftir að sá einræðisherra réðst á nágrannaríki sín, til þess að stöðva náttúrlega frekari útrás þessa einræðisherra. Slíkir einræðisherrar hafa alla tíð verið til.

Það er einmitt málið, herra forseti, að enginn veit svo sem hversu litlu munaði að þessi tvö hernaðarbandalög færu í stríð en eitthvað réð því þó að Varsjárbandalagið, sem ég taldi nú alltaf líklegra til þess að fara í stríð við Vesturveldin, þorði ekki eða hafði alla vega ekki getu til þess, ef það hafði á annað borð einhvern tíma álitið sig geta gert eitthvað eða talið sig hafa ástæðu til að fara í stríð. Það var einfaldlega vegna þess að Vesturveldin höfðu byggt upp þann mátt að enginn þorði að ráðast á þau. Þannig verður það að vera áfram.

Ég get svo tekið undir þessa eðlilegu lífssýn sem hv. þm. boðar hér, að allir eigi að una glaðir við sitt og vera sáttir. Þar til það gerist verðum við að halda uppi eðlilegum vörnum landsins.

[18:40]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að fallegasta hugsunin í þessu er auðvitað að allir verði vinir í skóginum og svo friðelskandi að alls ekki þurfi á neinum vopnum að halda. En jafnvel ég er þó ekki svo bjartsýnn eða trúaður á að það gerist einn, tveir, þrír, enda geng ég ekki út frá því hér.

En það er reginmunur annars vegar t.d. á öryggisgæslu og eðlilegum varnarviðbúnaði ríkja innan sinna eigin landamæra, sem væri hluti af viðurkenndum öryggisaðstæðum í heiminum og hinu, því gereyðingarvopnaða ógnarjafnvægi sem í raun er meira og minna fyrirkomulagið í dag og tilvist NATO byggir á. Það er himinn og haf á milli þess að hvert og eitt ríki hefði innan sinna eigin landamæra einhvern öryggisviðbúnað og því ástandi sem við búum við í dag.

Það sem ég óttast, herra forseti, er að það verði alltaf einhver Hussein, einhver Gaddafi, einhver rússagrýla sem menn nota til afsökunar fyrir vígbúnaðinum og sem hentar hergagnaiðnaðinum vel sem keyrir þessa vél áfram að skjóta sér á bak við. Hvaðan komu vopnin sem Hussein notaði í Flóastríðinu, það litla sem hann hafði af vopnum sem náðu máli á móti tækniundrum Vesturlanda? Hvaðan komu þau? Þau voru svona 75% bandarísk. Vita menn hvaðan efnavopnin komu sem Hussein notaði á Kúrdana? Þau voru úr bandarískri efnavopnaframleiðslu sem Bandaríkjamenn hjálpuðu Írökum til að koma sér upp og ætluðust til að þeir notuðu á Írani. Og þá var allt í lagi að koma upp efnavopnum. En svo vitum við hversu vond þau hafa reynst síðan, ekki satt?

Ég tala fyrir skipulagsbundinni afvopnun. Ég tala fyrir alþjóðasamningum um vopnaviðskipti, m.a. til þess að Husseinarnir og Gaddafiarnir geti ekki keypt sér vopn frá Vesturlöndum á meðan þeir eru vinir Vesturlanda. Og svo snýst taflið við. Svo til öll þau vopn sem menn hafa verið að kljást við á þeim óróasvæðum heimsins sem mestum áhyggjum hafa valdið á undanförnum árum hafa verið frá Vesturlöndum. Þau hafa verið þaðan. Hugsum um það.

[18:43]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að taka það fram að þegar Sjálfstfl. var stofnaður þá fylgdi hann hlutleysi eins og allir stjórnmálaflokkar á Íslandi gerðu þá. Það var ekki fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld að Sjálfstfl. hvarf frá því hlutleysi. Hann gerði það nokkuð á sama tíma og aðrir lýðræðisflokkar á Íslandi, Framsfl. og Alþfl., þó að einstakir menn væru kannski ekki alveg samstiga.

Það viðhorf var uppi að við vildum ekki hafa her hér nema slíkur væri ófriðurinn að við yrðum að hafa hann. Þetta sjónarmið er enn þá ríkjandi. Það vill enginn fara með hernaði nema telja þörf á því. Við höfum gengið í NATO og erum samstarfsmenn þeirra. Herstöðin í Keflavík mun ekki standa hér mínútu lengur en herfræðingar telja nauðsyn á. Það liggur alveg fyrir. Það eru engin önnur sjónarmið á bak við þá herstöð.

Ég vil ítreka fyrri ummæli mín um það að ég ætla að vona að okkar besta vinaríki, Bandaríki Norður-Ameríku, haldi áfram að lýsa því yfir að þeir séu tilbúnir að verja þetta litla lýðveldi hér í Norður-Atlantshafi, verja frelsi þess og fullveldi, jafnvel. Sá tími getur komið að herstöðin verði lögð niður og það skiptir öllu máli.

Auðvitað vilja allir frið. Auðvitað vilja allir stefna að afvopnun. En menn hafa gert það undir mismunandi skinhelgi. Ég veit ekki betur en að eini stóri vopnaframleiðandinn í Skandinavíu heiti Bofors og að þar megi kaupa vopn til skæruhernaðar um allan heim. Ég veit ekki betur en að það liggi fyrir að yfir 20 styrjaldir séu opinberlega taldar háðar í heiminum. Og hv. flm. þáltill. hefur ekki heyrt getið um þetta. Hann virðist ekki vita, herra forseti, að heil heimsálfa, Afríka, logar í ófriði, logar í ófriði hvert sem litið er og ekki er til orð yfir hörmungarnar. Þannig er um heiminn, það eru styrjaldir og styrjaldavá alls staðar og þess vegna skulum við fara hægt fram. Við skulum treysta því sem vel hefur reynst og við skulum halda áfram hinu farsæla samstarfi við Bandaríki Norður-Ameríku.

[18:45]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru áhugaverðar upplýsingar frá hv. þm. og sjálfsagt einhverjum kunnar. Það er hárrétt að viðhorfin hafa breyst mikið frá 1918 og síðan aftur frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Það kom að vísu ekki fram tímasetning á því hvenær Sjálfstfl. tók að breyta um áherslur hvað það varðar að hér skyldi ekki vera her á friðartímum. Nema hv. þm. hafi verið að segja að einhvers staðar djúpt niðri sé stefna Sjálfstfl. enn óbreytt og það séu bara þessar tuttugu styrjaldir hér og þar sem valdi því að Sjálfstfl. telji ekki tímabært að herinn fari, einkum átökin í Afríku, hin sorglegu innanríkisátök þar sem yfirleitt eru borgarastyrjaldir milli ættbálka.

Og hverjir skyldu nú bera pínulitla ábyrgð á þeim aðrir en nýlenduríkin sem drógu landamæri eins og raun ber vitni? Hvaðan skyldu vopnin koma í Afríku, herra forseti? Jú, það gæti verið eitthvað pínulítið af sænskum vopnum. Það er ævinlega gripið til að benda á að Svíar selji líka vopn. En þá ættu menn líka að leyfa Svíum að njóta sannmælis og viðurkenna að Svíar hafa sett sér strangari reglur en nokkur önnur þjóð hefur gert hvað það varðar að selja ekki vopn inn á átakasvæði. Svíar hafa verið helstu talsmenn þess í heiminum að það komist á alþjóðlegur bindandi samningur um leikreglur á þessum sviðum. Hann vantar því að einhvers staðar frá koma öll þessi þróuðu vopn. Ég held að við verðum líka að horfast í augu við það að Vesturlöndin bera einnig að því leyti til mjög mikla ábyrgð.

Síðan bendi ég hv. þm. á að hægt er að vera í NATO án þess að það þurfi að þýða ávísun á erlendan her í landinu. Það er ekki erlendur her í Noregi og það er ekki erlendur her að staðaldri í Danmörku. (**EOK:** Þeir hafa her.) Og Danir segja að ekki kæmi til greina að hafa þar erlendan her.

Ef bandarísk yfirvöld eða hermálasérfræðingar sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vitnar oft í kæmust t.d. að þeirri niðurstöðu að hér þyrftu ekki að vera orrustuþotur og að nægjanlegt væri að þær væru tiltækar í Skotlandi og í Bandaríkjunum, vill þá ekki hv. þm. að þær fari? (Gripið fram í.) Já. Það var nákvæmlega það sem bandarísk stjórnvöld bentu á, þ.e. að ekki væri lengur þörf fyrir varanlega staðsetningu orrustuflugsveitar hér. En það voru íslensk stjórnvöld sem báðu um að a.m.k. fjórar yrðu áfram.

[18:47]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Herstöðin var reist á Ísland vegna þess að Ísland hafði hernaðarlega mikla þýðingu og við töldum það skyldu okkar, þáverandi stjórnvöld á Íslandi og forustumenn lýðræðisaflanna, flokkanna þriggja, að taka þátt í þessu. Við bærum sameiginlega ábyrgð á því og ættum þess vegna að taka þátt í störfum NATO og ættum þess vegna að gera þennan samning við Bandaríkin um að hafa hér herstöð.

Engum dettur í hug að stórveldi, hversu rík sem þau eru, byggi herstöðvar að gamni sínu. Nei, herstöðvar eru þar sem þörf er á þeim. Þess vegna tók ég það fram, herra forseti, að ef sá tími kæmi, sem getur vel komið, að herfræðilega verði ekki talin þörf á herstöðinni þá ætlaði ég að vona að okkar besta vinaþjóð, Bandaríkin, mundu samt lýsa því yfir að hún væri reiðubúin að verja frelsi og sjálfstæði Íslands hér eftir sem hingað til. Þetta var inntakið í því sem ég var að segja. Þetta var inntakið í því.

Við störfum með Norður-Atlantshafsbandalaginu. Við höfum heitið því að vera þar og við ættum að líta á sameiginlega hagsmuni Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku við mat á því hvort við ættum að leggja niður þetta bandalag. Við ætlum ekki einir að fara út úr því af því að við teljum okkur þau blómabörn hér norður í hafi að okkur komi ekkert við hvað er að gerast í heiminum. Við ætlum að standa með NATO og okkar samstarfsríkjum og þannig verður það. Engin önnur sjónarmið hafa nokkurn tíma verið uppi af hálfu íslenskra stjórnvalda en þau að taka sameiginlega afstöðu með okkar bræðraþjóðum, með þeim þjóðum sem ástunda lýðræði. Og það er baráttan fyrir lýðræði sem skiptir öllu máli, herra forseti.

Við skulum rifja það upp að í tugum ríkja í heiminum eru hreinir glæpamenn við völd. Það er hið hörmulega sem við horfumst í augu við og því skulum við ekki gleyma. Því er aðalmálið fyrir okkur og aðalbaráttumálið, ef við getum lagt því lið, að berjast fyrir lýðræði í þessum heimi.

[18:50]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sönnu rétt, því miður, að misjafn sauður er í mörgu fé í hópi ráðamanna heimsins og við gætum út af fyrir sig farið yfir það við tækifæri, ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, hverra bandamenn þeir eru eða hafa verið í gegnum tíðina. Þá kæmi margt dapurlegt í ljós óttast ég. Þeir hafa átt það til vinirnir, Bandaríkjamenn, sem hv. þm. mærir hér mjög, að söðla um og vinir þeirra í dag eru stundum orðnir óvinir þeirra á morgun. Ærið oft hefur bandarísk heimsvaldastefna mætt eigin vopnum sem hún var búin að byggja upp þegar nýir vindar hafa blásið í alþjóðastjórnmálum. Nægir þar að vitna aftur í dæmið um Írak og Saddam Hussein sem naut stuðnings Bandaríkjamanna á meðan þeir áttu í styrjöld við Íran og marghátt aðrar aðstoðar

við að byggja upp sína hernaðarmaskínu sem Bandaríkjamenn mættu síðan sjálfir nokkrum árum síðar.

Það sem mér finnst á skorta til þess að menn ræði þetta eins og ég tel alveg einboðið að gera, þ.e. út frá stöðu Íslands sem sjálfstæðs og fullvalda ríkis — eða hvað? — það er að við getum rætt um hlutina hvern fyrir sig. Við erum hluti Vesturlanda og við liggjum á ákveðnu landfræðilegu svæði og þess vegna í öryggislegu samhengi. En það er hægt að ræða um spurninguna um veru erlends hers hér í landinu sjálfstætt án þess að það sé allt saman bara einn keppur. Það gera aðrar þjóðir. Þær ræða alveg sjálfstætt spurninguna um NATO-aðild, samskipti við sína nágranna og svo spurninguna um erlendan eða ekki erlendan her. Ég sakna þess, eða öllu heldur gagnrýni tilraunir manna hér til að draga þetta alltaf allt saman í eitt atriði eins og það sé algjörlega sjálfkrafa bara eitt og hið sama hvort við höfum afstöðu til þess að hér sé erlendur her, hvort við séum í NATO eða ekki í NATO, eða hvort við séum yfirleitt hluti af Vesturlöndum eða ekki hluti af Vesturlöndum. Þetta er sitt hvað. Mér finnst að það eigi að vera hægt að ræða um hlutina eins og þeir eru í því ljósi.

[18:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. flm. Steingrímur J. Sigfússon kveinkar sér mjög undan þeirri gagnrýni sem hann verður fyrir út af þessum tillöguflutningi og ég verð að minna hann á að við erum að ræða þáltill. sem hv. þm. flytur og við erum að ræða efnisþætti hennar. Aðalefni hennar er að það verði ekki lengur viðbúnaður á Keflavíkurflugvelli, það verði gengið til samninga við Bandaríkjamenn um það og langtímamarkmiðið sé að standa utan Atlantshafsbandalagsins.

Síðan segir hann: „Við viljum fá að ræða þetta hvern lið fyrir sig.“ Við segjum aftur: Við verðum að hafa eitthvert heildarsamhengi í málunum. Hann talar um stefnu Framsfl. fyrr á tímum. Ég bendi honum á að lesa stefnu Framsfl. sem við samþykktum á síðasta flokksþingi. Við höfum endurmetið okkar stefnu í utanríkismálum. Mér finnst hins vegar að hann og það sem eftir er af Alþb. og þeir sem störfuðu þar um langan tíma hafi á alls ekki endurmetið sína stefnu. Þeir eru að tala um nákvæmlega sömu hlutina og þegar kalda stríðið stóð sem hæst, þ.e. að það eigi að leggja Atlantshafsbandalagið niður. Á sama tíma og allar þjóðir Evrópu hvetja til þess að Atlantshafsbandalagið verði eflt og margar þjóðir sem standa utan þess hafa gengið til samstarfs við það, m.a. Rússar, Úkraína, á meðan lönd eins og jafnvel Sviss og Austurríki, Finnland og Svíþjóð hafa tekið upp náið samstarf við Atlantshafsbandalagið, þá segir hv. þm.: „Ísland á að fara úr þessum samtökum.“

Og hann vill ræða þetta án samhengis. (**SJS:** Án samhengis?) Þú sagðir sem svo. „Ja, menn geta náttúrlega rætt það að enginn viðbúnaður verði hér á landi og við verðum samt í Atlantshafsbandalaginu.“ Þetta er því miður mikið óraunsæi, hv. þm. Heldur t.d. hv. þm. að líklegt sé að þau ríki sem ætla að ganga í Atlantshafsbandalagið í Washington á næsta fundi geti lýst því yfir að þau leggi niður heri sína, þau taki ekki þátt í sameiginlegum vörnum Atlantshafsbandalagsins? Heldur hv. þm. að það sé skynsamlegt af Íslendingum að segja: Við tökum ekki lengur þátt í sameiginlegum vörnum Atlantshafsbandalagsins og ætlum ekki að leggja neitt af mörkum í því samhengi?

Við verðum að meta þessa stöðu í ljósi breyttra tíma og í ljósi þeirrar staðreyndar að við höfum verið í þessu öfluga lýðræðisbandalagi í Evrópu. Við ætlum okkur að halda áfram að vera í því og leggja það að mörkum sem þarf til þess að viðhalda þessu góða samstarfi.

Auðvitað geta orðið þar einhverjar breytingar á og þær ber ekki að útiloka. Það geta orðið breytingar á Keflavíkurstöðinni. En það er alveg ljóst að nauðsynlegt er að hafa einhvern viðbúnað á Norður-Atlantshafi, ekki aðeins vegna Íslands heldur líka vegna ríkjanna í kringum okkur, vegna þess að við höfum heitið því að við skulum standa sameinaðir í þessu starfi. Það er íslenskri þjóð til framdráttar að halda því áfram.

Þess vegna notaði ég orðið „gamaldags“. Ég get alveg eins sagt að þetta sé algjörlega úr (**ÖJ:** Skoðanalaus.) takti við tímann. Nei nei, ekkert skoðanalaust. (**ÖJ:** Leiðitamur?) Ég tel að þetta sé alveg úr takt við tímann. (**SJS:** Óánægður með Bandaríkin.) (**EOK:** Já.) Hv. þm. geta hrópað svona á mig, haldið áfram að gera það í frammíköllum í hinum ýmsu málum. Það er allt í lagi mín vegna og geta gert það á hverjum degi, hvort sem það varðar Saddam Hussein eða aðra. En aðalatriðið er að við verðum að sjá þetta í einhverju heildarsamhengi og endurmeta stöðuna í ljósi breyttra viðhorfa. Og það er það sem við erum að gera í Atlantshafsbandalaginu í dag. Atlantshafsbandalagið mun samþykkja nýja stefnu á fundinum í Washington og það er nauðsynlegt að ræða þá nýju stefnu á Alþingi.

Ég hef ekki ráðrúm til þess að gera það hér. En það er alrangt sem hv. þm. hefur sagt og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði líka, að stefnt væri að því að NATO yrði eitthvert alheimshernaðarbandalag og ætlunin væri að NATO gæti gripið til aðgerða hvar sem er í heiminum og Bandaríkjamenn væru að biðja um það. Utanrrh. Bandaríkjanna staðfesti það á síðasta fundi Atlantshafsbandalagsins í desember að svo væri alls ekki. Og eitt af því sem verið er að ræða í hinni nýju stefnu bandalagsins er: Hvar eru þessi landamæri? Getur og á bandalagið að grípa inn í hluti sem ekki tilheyra svæðinu?

Það er samstaða um að rétt sé að Atlantshafsbandalagið komi inn í mál á Balkanskaga og það hefur bandalagið gert og það hefur verið ítrekuð ósk fólksins þar að bandalagið hjálpaði til í þeirri lýðræðisþróun sem þar þarf að eiga sér stað. Ég held að óhugsandi sé að ná þar árangri án þess að það haldi áfram.

Hv. þm. var mjög viðkvæmur fyrir því að ég hefði spurt hann um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Það stendur í þáltill. að þetta sé þáltill. um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. (**SJS:** Rétt.) Er það ósanngjörn spurning að hann geri grein fyrir því hvernig hann hugsar sér að það eigi sér stað? Þarf hann að koma svona önugur upp í ræðustól og spyrja að því hvort Framsfl. vilji líka hafa sérstakar tekjur af varnarliðinu? (Gripið fram í.) Hvers konar óskapleg önugheit eru þetta? Ég er að biðja þingmanninn um að gera grein fyrir sínu máli í þinginu, í máli sem hann flytur hér. Ég hef heyrt hann halda hér margra klukkutíma ræður þar sem hann biður ríkisstjórnina að gera grein fyrir afstöðu sinni vegna mála sem ríkisstjórnin er að flytja. Er það ósanngjarnt að hann sé kurteislega beðinn um að gera grein fyrir því? Þarf hann að snúa því upp í þessi önugheit?

Að lokum, herra forseti. Það er verið að undirbúa viðræður við Bandaríkjamenn vegna þess að bókun sem stendur í dag rennur út árið 2001. Undirbúningurinn er þegar hafinn.

Við erum að skilgreina okkar samningsmarkmið. En ég get fullvisað hv. þm. um að þau samningsmarkmið sem koma fram í hans málflutningi og hans tillögu rúmast ekki inni í þeim ramma. Mér þykir afar leitt að heyra að samfylkingin hefur hugsað sér að taka undir þessa tillögu, en ég býst við *því að það gleðji hv. þm.*

[19:00]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal svara utanrrh. alveg í hvelli. Ég vil að Íslendingar reki sinn millilandaflugvöll sjálfir. Já, ég vil það. Okkur á ekki að vera það ofverk frekar en öðrum sjálfstæðum þjóðum. Ég trúi því að bæði sé hægt að nýta þá aðstöðu sem þar mundi losna þegar herinn færi og hafa af henni tekjur og við gætum ráðið fram úr því.

Ég leyfi mér hins vegar að spyrja á móti út í afstöðu Framsfl. til aronskunnar af því að ég hnaut um þessi ummæli hæstv. ráðherra. Ekki var hægt að skilja hæstv. ráðherra öðruvísi en þannig að hann teldi tekjurnar sem við hefðum af herliðinu sjálfstætt tilefni til þess að hafa herinn hér áfram. Það heitir aronska á mannamáli og greinilegt að hæstv. ráðherra vill fara eitthvert annað í skóginn heldur en að svara þeim spurningum.

Ég kveinka mér ekki undan gagnrýni. Ég fagna efnislegum skoðanaskiptum um utanríkismál og öryggismál þjóðarinnar. Ég bið um efnislega umfjöllun. Mér finnst það ekki mjög efnislegt eða ákaflega rökfast að ætla að afgreiða skoðanir manna sem eru á öðru máli en maður sjálfur með því einu að segja að þær séu gamaldags. Ég leyfði mér að segja að það væri álíka hallærislegt eins og að ég færði það fram sem rök fyrir því að málstaður hæstv. utanrrh. væri vondur að hann gengi með grátt bindi, eða að ekkert mark væri takandi á hv. þm. Kristjáni Pálssyni af því að honum þættu tómatar góðir. Þetta er ámóta merkilegur málflutningur, þ.e. að ætla að reyna að gefa gagnstæðum eða andstæðum sjónarmiðum þeim sem maður hefur sjálfur svona einkunnir og afgreiða þau þannig út af borðinu.

Ég ætla þá bara að segja að að mínu mati er það hin skilyrðislausa fylgispekt við bandaríska utanríkisstefnu og bandaríska hernaðarhagsmuni sem er gamaldags. En hún er auðvitað meira en gamaldags. Hún er lítilmótleg. Og það er því miður þannig að umræður um þessi mál á Íslandi, á Alþingi og víðar, hafa alveg dapurlega tilhneigingu til að fara ofan í þetta far. Það er eins og ekki sé hægt að opna í þeim neina glugga í þeim efnum.

Að lokum, herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að fara í viðræður við bandarísk stjórnvöld um að herinn fari. Það er rétt að í greinargerð tillögunnar — ég vek athygli á því að í greinargerð tillögunnar kemur fram samhengi við okkar afstöðu um það að við eigum einnig að stefna á að ganga úr NATO eða standa utan hernaðarbandalaga. En hæstv. ráðherra hefur tekið þann kost í umræðunni að leggja algjörlega að jöfnu það sem sagt er í tillögugreininni sjálfri og það sem fjallað er um í greinargerðinni og það er hans mál.

[19:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek mark á því sem segir í greinargerðinni. Ég á e.t.v. ekki að gera það. Þingmaðurinn kvartar mjög yfir því að ég telji þennan tillöguflutning gamaldags og hann telur að það sé það eina sem ég hef haft hér fram að færa. Svo bætir hann við og gefur í skyn að við séum hangandi aftan í Bandaríkjamönnum og handbendi þeirra í öllum málum, sem hann segir að sé ekki bara gamaldags heldur lítilmótlegt. Svo er hv. þm. að kvarta undan málflutningi okkar. Ég held að hann ætti stundum að gæta orða sinna þegar hann afgreiðir málflutning annarra. Ég veit ekki betur en að við höfum tekið efnislega þátt í þessari umræðu þótt að hv. þm. líki það ekki.

Ég vil segja eitt í sambandi við málflutning hv. þm. þegar hann talar um Álandseyjar og telur að þetta ætti að vera eins á Íslandi og á Álandseyjum. Ég vænti þess að hv. þm. viti að Finnar fara með utanríkismál eyjanna. Finnar eiga 30 þúsund manna fastaher, flugher og flota og þar er á hættutímum hægt að vígbúa hálfa milljón manna. Er það eðlilegt, hv. þm., að leggja þetta að jöfnu? Er það málefnalegur málflutningur að víkja að Álandseyjum sem svipuðu dæmi og Íslandi í þessu sambandi?

Að öðru leyti vænti ég þess að þessi umræða haldi áfram þegar utanríkismál verða rædd hér vegna skýrslu sem mun koma frá utanrrn. Þar munum við að sjálfsögðu gera skilmerkilega grein fyrir afstöðu okkar til Atlantshafsbandalagsins, framtíðarhlutverks þess og stefnu Atlantshafsbandalagsins þannig að það gefst aftur tækifæri til þess að ræða þessi mál.

[19:05]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst með Álandseyjar. Að sjálfsögðu er staða Íslands og Álandseyja ekki hin sama. Ég var ekki að segja að þetta væru algjörlega sambærilegir hlutir. Ég var hins vegar að vísa til þeirrar stefnu sem stjórnvöld á Álandseyjum hafa, þ.e. að sjálfstjórnarsvæðið Álandseyjar er í fyrsta lagi hlutlaust, sjálfstjórnarsvæðið Álandseyjar leyfir í öðru lagi ekki vígbúnað á sínu landi og sjálfstjórnarsvæðið Álandseyjar hefur í þriðja lagi tekið upp virka friðarstefnu á því formi að þar starfar friðarstofnun og starfsemi hennar er styrkt á ýmsan hátt. Þangað er t.d. boðið til námskeiðahalds og til ráðgjafar talsmönnum minnihlutahópa, svæða og héraða sem eru að velta fyrir sér að taka upp sjálfstæðari stöðu, t.d. innan einhverra ríkjasambanda. Mér er kunnugt um að mörg svæði hafa þegið ráðgjöf af þessum toga frá friðarstofnun Álandseyja á undanförnum árum. Það eru hlutir af þessu tagi og staða sjálfstjórnarsvæðisins Álandseyja sem vopnlausrar smáþjóðar sem ég var að vísa til. Að því leyti vildi ég að við hefðum það að fyrirmynd.

Ég fagna þeim skoðanaskiptum og efnislegu umræðum sem hér hafa farið fram. Mér er ljóst að við erum ósammála og þó það nú væri. Það er ekki það sem er vandinn í þessari umræðu. En ég leyfði mér að gera athugasemdir við þennan málflutning í fyrstu ræðu hæstv. utanrrh. og reyndar einnig í ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar, þegar það voru orðin sjálfstæð rök sem þeir beittu í umræðunni að þeir tækju sér vald til þess að ákveða hvað væri gamaldags og hvað ekki. Auk þess sem spurningin er náttúrlega: Er það eitthvað verra? Geta ekki gamaldags viðhorf verið mjög góð og rétt, eða hvað? Er það sönnun þess að eitthvað sé rangt og vitlaust að það sé gamaldags? (**Gripið fram í:** Íhaldssemi.) Eru þá t.d. skoðanir eldra fólks yfirleitt verri en skoðanir yngra fólks eða hvað er þetta?

Það sem ég var að segja, herra forseti, hvað þennan afmarkaða þátt málsins varðaði, og ég var ekki að kvarta eða kveina, var að þetta er enginn málflutningur.

[19:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. virðist vera mjög viðkvæmur fyrir þessu orðinu gamaldags. Ég get huggað hann með því að

sá flokkur sem ég hef starfað í svo lengi sem ég hef verið í stjórnmálum hefur oft verið talinn gamaldags og ég býst við því að Alþb., samfylkingin og Alþfl. og allt þetta kraðak hafi oft notað þetta orð um Framsfl., kallað okkur sveitamenn og sagt að af okkur væri fjósalykt og ég veit ekki hvað og hvað. (**SJS:** Finnst þér þetta merkilegur málflutningur?) Mér finnst þetta í sjálfu sér ekkert merkilegur málflutningur en ég kippi mér hins vegar ekkert upp við hann.

En ég endurtek, hvort sem þingmanninum líkar þetta orð eða ekki, að mér finnst málflutningur hans og í reynd vinstri hreyfinga almennt á Norðurlöndunum vera algjörlega úr takti við tímann. Ég skil hann ekki vegna þess að mér finnst þeir tala um þessi mál eins og ekkert hafi gerst og að NATO sé ekki að ganga í gegnum þetta mikla umbreytingarskeið. Ég hvet hv. þm. að fara til aðalstöðva Atlantshafsbandalagsins í Brussel og kynna sér þessi mál og ég skal með gleði greiða fyrir því. Ég sé ekki neina skömm að því að fara þangað og fara yfir þessi mál.

Um það hvort þingmaðurinn skiptir um skoðun eða ekki skal ég ekki fullyrða. Fyrrverandi formaður Alþb., núverandi forseti Íslands, hafði hafið mikla athugun á því hvað var að gerast innan Atlantshafsbandalagsins og ég hvet hv. þm. til þess að halda áfram því starfi. (**SJS:** Ég fylgist mjög vel með ...)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–14. mál.

Fundi slitið kl. 19:10.

---

58. FUNDUR

miðvikudaginn 3. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Dvalarrými fyrir aldraða, fsp. SvG, 139. mál, þskj. 139.
2. Ferðakostnaður aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda, fsp. MF, 175. mál, þskj. 180.
3. Reglur um endurgreiðslu á ferðakostnaði sjúklinga, fsp. SJS, 257. mál, þskj. 295.
4. Málefni aldraðra, fsp. ÞHS, 306. mál, þskj. 366.
5. Rannsóknir Margrétar Guðnadóttur, fsp. SvG, 312. mál, þskj. 377.
6. Starfsmannavandi sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu, fsp. ÞHS, 330. mál, þskj. 408.
7. Sjúkraflutningar, fsp. MF, 337. mál, þskj. 428.

Til menntamálaráðherra:

8. Fjarnám og fjarkennsla, fsp. MS, 268. mál, þskj. 306.
9. Námskrárgerð, fsp. SvanJ, 318. mál, þskj. 385.
10. Náttúrufræðikennsla, fsp. SvanJ, 357. mál, þskj. 489.
11. Kennsla í íslensku, fsp. SvG, 416. mál, þskj. 689.
12. Menningarhús, fsp. SvanJ, 420. mál, þskj. 693.
13. Staða náttúrufræði í íslensku skólakerfi, fsp. SvG, 425. mál, þskj. 699.

Til landbúnaðarráðherra:

14. Lausaganga búfjár, fsp. RG, 287. mál, þskj. 338.

Til umhverfisráðherra:

15. Rannsóknir á rjúpnastofninum á Suðvesturlandi, fsp. KPál, 307. mál, þskj. 367.
16. Mengunaráhrif af notkun nagladekkja og harðkornadekkja, fsp. GHall, 325. mál, þskj. 393.

Til fjármálaráðherra:

17. Fæðingarorlof karla í ríkisþjónustu, fsp. ÖJ, 349. mál, þskj. 465.

Til félagsmálaráðherra:

18. Fjöldi útlendinga með atvinnuleyfi hér á landi, fsp. SvG, 427. mál, þskj. 701.

Fjarvistarleyfi:

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með ferðaskrifstofum, 432. mál, fsp. GHall, þskj. 711.

Ferða- og dvalarkostnaður, 456. mál, fsp. SvanJ, þskj. 754.

Fjárframlög til rannsókna á hrossaexemi, 367. mál, svar landbrh., þskj. 722.

Fjöldi erlendra ferðamanna, 453. mál, fsp. ÍGP, þskj. 751.

Forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu, 452. mál, fsp. KÁ, þskj. 750.

Framboð gistirýma, 454. mál, fsp. ÍGP, þskj. 752.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 438. mál, fsp. KÁ, þskj. 736.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 439. mál, fsp. KÁ, þskj. 737.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 440. mál, fsp. KÁ, þskj. 738.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 442. mál, fsp. KÁ, þskj. 740.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 443. mál, fsp. KÁ, þskj. 741.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 444. mál, fsp. KÁ, þskj. 742.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 445. mál, fsp. KÁ, þskj. 743.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 446. mál, fsp. KÁ, þskj. 744.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 447. mál, fsp. KÁ, þskj. 745.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 448. mál, fsp. KÁ, þskj. 746.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 449. mál, fsp. KÁ, þskj. 747.

Heiðurslaun listamanna, 436. mál, þáltill. SvG, þskj. 734.

Launakjör opinberra starfsmanna erlendis, 272. mál, svar fjmrh., þskj. 716.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 394. mál, svar landbrh., þskj. 720.

Rekstrartap fyrirtækja, 235. mál, svar fjmrh., þskj. 729.

Stuðningur Framleiðnisjóðs við útflutning og markaðssetningu íslenskra hrossa, 381. mál, svar landbrh., þskj. 727.

Svæðisskipulag fyrir miðhálendið, 358. mál, svar umhvrh., þskj. 719.

Útlán Byggingarsjóðs verkamanna, 455. mál, fsp. EKG, þskj. 753.

Tilhögun þingfundar.

[13:32]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess áður en gengið verður til dagskrár að vegna þess hversu mörg dagskrármálin eru er gert ráð fyrir fundi eftir kl. sex að loknum þingflokksfundum.

Dvalarrými fyrir aldraða.

Fsp. SvG, 139. mál. — Þskj. 139.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það var snemma á þessu þingi sem ég lagði fram fyrirspurn á þskj. 139 til hæstv. heilbrrh. um dvalarrými fyrir aldraða. Fyrirspurnin er á þessa leið, með leyfi forseta:

„1. Hve mörg dvalarrými fyrir aldraða í „mjög brýnni þörf" verða tekin í notkun á næsta ári [þ.e. á árinu 1999] miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins?

2. Hvar eru þessi dvalarrými og hve mörg rými eru á hverjum stað?

3. Hve margir aldraðir eru í „mjög brýnni þörf" fyrir hjúkrunarrými í landinu nú? Hvar eru þeir? Hve margir munu samkvæmt spám bætast við á þessu ári?"

Frá því að þessi fyrirspurn var flutt hefur mjög margt komið fram opinberlega sem í raun svarar efni hennar. Það er í fyrsta lagi ljóst að gert er ráð fyrir því að boðið verði út í byrjun þessa árs, eins og við höfum rætt hér fyrir nokkru, hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Reykjavík með 60 rúmum og átti ég frumkvæði að umræðu um það mál utan dagskrár, þ.e. rekstrarformið, þar sem gert var ráð fyrir því að bjóða út í heilu lagi þjónustu við 60 aldraða. Það gagnrýndi ég þá og fleiri hv. þingmenn. Í öðru lagi hefur verið gengið frá samningum við Garðbæinga um rekstur hjúkrunarheimilis þar sem áður var klaustur í Garðabæ. Í þriðja lagi hefur verið tekið í notkun hjúkrunarrými fyrir aldraða í Ási í Hveragerði. Í fjórða lagi er inni í þessari mynd hjúkrunardeild á Víðinesi og síðan er gert ráð fyrir því að hjúkrunarrýmum verði fjölgað með því að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými.

Allt er þetta hið besta mál en vandinn er hins vegar risavaxinn engu að síður og nauðsynlegt er að reyna að átta sig á því hvernig þróunin verður í þessum málum á næstu árum því að þrátt fyrir það sem þegar hefur verið ákveðið er augljóst mál að mjög verulega vantar á hjúkrunarrými fyrir aldraða, aðallega hér á þéttbýlissvæðinu og það eigi síðar en tafarlaust.

Mér sýnist á þeim tölum sem ég hef skoðað í þessu sambandi að í rauninni muni enn þá vanta á næsta ári um það bil 100 rými fyrir aldraða í mjög brýnni þörf. Þó að tekið hafi verið tillit til þeirra nýju rýma sem tekin hafa verið í notkun þá bætist alltaf ákveðinn fjöldi af fólki við þannig að mér sýnist það augljóst mál að við séum ekki að sjá fyrir endann á því hvernig á þessum vanda verður tekið. Þess vegna á fyrirspurnin við þó hún hafi verið flutt snemma í haust og ég legg á það áherslu sem aðalatriði málsins að nú, á ári aldraðra verði teknar ákvarðanir um aðgerðir í þessum efnum sem hafa það í för með sér að gömlu fólki verði ekki boðið upp á það að þurfa að liggja heima við hraklegar aðstæður oft árum saman án þess að sjá lausn á sínum málum. Þess vegna er þessi fyrirspurn flutt, herra forseti, og ég vænti góðra svara frá hæstv. heilbr.- og trmrh.

[13:36]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda er nokkuð langt síðan þessi fyrirspurn var fram lögð og mörgu af því sem hér er spurt um hefur þegar verið svarað, svarað í verki ef svo má segja. Mér finnst þó rétt að fara betur yfir nokkur atriði, en starfshópur heilbr.- og trmrn. og Reykjavíkurborgar kom með tillögur um úrræði í hjúkrunarþjónustu við aldraða í Reykjavík og skilaði áliti í maí sl.

Starfshópurinn gekk út frá því að bið eftir hjúkrunarrými væri ekki lengri en 90 dagar frá því að brýn þörf fyrir hjúkrunarrými er metin. Það er samdóma álit hópsins að hámarksbið eftir hjúkrunarrými sé 90 dagar.

Allar tillögur sem hér liggja fyrir eru í beinu framhaldi af þessari úttekt. Það er ljóst að 176 einstaklingar á Reykjavíkursvæðinu eru í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými. Á landinu öllu eru 222 á biðlista.

Á þessu ári er áformað að taka í notkun 130 ný hjúkrunarrými í Reykjavík og einnig er verið að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými. Eins og fram hefur komið er áætlað að byggja í Reykjavík 60 rýma hjúkrunarheimili og er ætlað á fjárlögum 72 millj. kr. til þess verkefnis.

1. desember voru tekin í notkun í Ási í Hveragerði 26 ný rúm og léttir það mjög á Grund, en þessir einstaklingar hefðu annars farið á Grund. 25 ný rúm verða tekin í notkun í Garðabæ nú fljótlega og í Víðinesi verður pláss fyrir 40 hjúkrunarsjúklinga innan skamms en áætlað er nú alveg á næstu mánuðum að opna þar 19 rúm. Auk þess er í undirbúningi að koma upp deild fyrir 12 einstaklinga með heilabilun.

Hv. þm. sagði réttilega að þrátt fyrir allar þær aðgerðir sem hér er talað um, væri vandinn enn þá stór. Þegar við höfum komist fyrir mesta vandann sem verður árið 2000, þá þurfum við a.m.k. tíu ný rúm á hverju ári samkvæmt þeim áætlunum sem liggja fyrir.

[13:40]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er full ástæða til þess að hefja umræðu um ástandið í málefnum aldraðra, þ.e. hjúkrunarrýmin, nú á ári aldraðra. Það hefur auðvitað oft verið rætt í þinginu og vissulega hefur verið reynt að bæta úr ástandinu en því miður eru 177 í mjög brýnni þörf í Reykjavík og bíða eftir hjúkrunarrýmum. Miðað við að þeir séu 222 á öllu landinu þá er þetta mjög stór vandi bara hér á höfuðborgarsvæðinu. Það að komin séu rými í Ási í Hveragerði, þ.e. 26 ný rúm, tel ég ekki leysa vandann í Reykjavík því að ég tel óeðlilegt að Reykvíkingar séu fluttir hreppaflutningum í hjúkrunarrými til sveita. Ég vil því leggja áherslu á að við leysum þennan

vanda innan Reykjavíkur og í nágrannabyggðum Reykjavíkur en flytjum ekki fólk þetta langt. Við þekkjum það að margir eiga erfitt með að heimsækja sína nánustu langar leiðir og þess vegna vil ég leggja áherslu á að þessi vandi verði leystur á höfuðborgarsvæðinu.

[13:41]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Nokkuð greinir menn á um það hver þörfin sé fyrir hjúkrunarrými fyrir aldraða til framtíðar litið. Menn líta svo á að með breyttri líðan þeirra öldruðu muni þörfin í framtíðinni ekki verða jafnbrýn og nú, þ.e. þegar talað er um að það þurfi tíu ný rúm á ári þá sýnist mönnum sitt hvað þar um.

Ég hjó eftir öðru hjá ráðherra og vil fá svör við. Heyrði ég rétt að ætlaðar væru 72 millj. vegna þessa hjúkrunarheimilis sem nú á að fara í útboð? Það lætur nærri að það sé þá um einn þriðji eða einn fjórði af heildarkostnaði verksins. Getur það verið að 72 millj. fari í að undirbúa útboð vegna þessa hjúkrunarrýmis? Ég vona að ég hafi misheyrt þessar tölur. Mér þykja þær nokkuð ógnvænlegar. Hefði kannski verið rétt að standa öðruvísi að verki?

Ég tel hins vegar eins og hér hefur komið fram að full ástæða sé til þess að bæta um betur varðandi hjúkrunarrými fyrir Reykvíkinga, þó það sé ekki endilega í Reykjavík sjálfri, þá á höfuðborgarsvæðinu, í Garðabæ eða í Hafnarfirði.

[13:43]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Ég átta mig satt að segja ekki alveg á því hvernig þetta kemur út. Það er talað um að nú séu 177 á Reykjavíkursvæði í mjög brýnni þörf. Hvaða svæði er það? Það er væntanlega Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes. Á þessu svæði eru 177 og síðan er gert ráð fyrir því að tekin verði í notkun á þessu ári — eða er það ekki rétt hjá mér? — 77 rými á þessu sama svæði, þ.e. 25 í Garðabæ, 40 í Víðinesi, innan skamms eins og hæstv. ráðherra orðaði það, og síðan verði tekin í notkun 12 rúma deild fyrir heilabilaða aldraða einstaklinga. (**GHall:** 60 á þar næsta ári.) Á þar næsta ári? Mér sýnist með öðrum orðum, herra forseti, að það þurfi að skýra aðeins betur hvað hér er um að ræða. Mér sýnist að veruleikinn sé hvað sem öllu líður sá að í lok ársins 1999, hins mikla velferðarárs, góðærisárs, kosningaársins 1999, verði hér um 100 manns á þessu svæði enn þá í mjög brýnni þörf fyrir þjónustu. Ég spyr hæstv. ráðherra í fyrsta lagi: Er þetta ekki rétt hjá mér? Í öðru lagi vil ég segja að mér finnst að það eigi að nota ár aldraða til að taka ákvarðanir um að þessi, mér liggur við að segja, blettur á velferðarkerfinu verði þurrkaður út. Það verður að ganga þannig frá þessum málum að hjúkrunarrými fyrir aldraða verði boðleg. Ég bendi á að á síðasta ári aldraðra settum við okkur svona markmið og gerðum áætlanir um Framkvæmdasjóð aldraðra sem því miður voru síðan brotnar niður og peningarnir þaðan, sem áttu fara til að byggja upp þjónustu hér á þéttbýlissvæðinu, voru teknir til þess að byggja upp þjónustu annars staðar þar sem þörfin var þó miklu minni. Og nú er enn þá einu sinni sagt við okkur Reykvíkinga: Nú er röðin komin að Reykjavík. Það er búið að segja þetta mjög oft, herra forseti, í heilbrigðismálum á Íslandi.

[13:45]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það er ljóst af þeim upplýsingum sem komu fram frá heilbrrh. áðan að mikið er verið að gera í þessum málaflokki og er það vel því þörfin er mikil. Maður sá fyrir sér fyrir nokkrum árum að þetta væri eins og hvert annað óleysanlegt verkefni en það hillir undir að hægt verði að mæta mestu þörfinni á allra næstu missirum. Þegar maður hefur unnið, eins og ég, sem læknir með gömlu fólki þá þekkir maður hvað það þýðir þegar talað er um að þörfin sé brýn og maður þekkir líka hvað það þýðir að hún sé mjög brýn. Það er erfitt fyrir roskinn einstakling sem þarfnast hjúkrunar að þurfa að bíða og má segja að hver dagur sé erfiður. Það er líka erfitt fyrir aðstandendur. En það sem mig langaði að bæta inn í þessa umræðu er möguleikinn sem var nefndur með útboð. Ég tel að sá möguleiki sé vannýttur að einstaklingar sem hafa til þess menntun og þekkingu taki að sér lítinn hóp aldraðra, kannski þrjá, fjóra eða fimm sjúklinga ef faglegum kröfum er fullnægt. Ég held að það sé mjög æskilegur kostur sem megi athuga til viðbótar.

[13:47]

Magnús L. Sveinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekkert ofsagt sem kom fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar þegar hann sagði áðan að vandinn væri risavaxinn. Risavaxinn vandi, sagði hv. þm. og ég tek undir það. Ég held við deilum ekki um það. Það kom reyndar fram hjá hæstv. ráðherra að verið er að vinna að þessum málum. Ég verð að segja það sem mína skoðun að mér hefur fundist það vera blettur, vondur blettur á þjóðfélaginu hversu löng bið er eftir hjúkrunarplássi fyrir það fólk sem er í brýnni þörf. Og hvað þýðir brýn þörf? Það er meira en að fólkið sé í þörf. Það er brýn þörf, það þarf nauðsynlega að fá aðstöðu og það er mjög þýðingarmikið að við notum það velferðarþjóðfélag sem við búum nú í til að taka á þessu máli. Það er mjög brýnt.

[13:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi taldi saman rúmin og ég vil segja honum að á árunum 1998 og 1999 fjölgar hjúkrunarrúmum um 171 á höfuðborgarsvæðinu. Það bætir auðvitað úr þeirri brýnu þörf sem menn eru sammála um að er til staðar. Það er mikill vandi. Það markmið að aldrei verði lengri bið en 90 dagar er ásættanleg bið. Og með því að taka þennan stóra pakka núna eins og við erum að gera, t.d. með því að byggja upp 60 rúma stofnun sem er þegar í forvali og af því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom inn á það áðan að 72 millj. væru ætlaðar til þess verks, þá erum við að tala um reksturinn, við ætlum að setja það í reksturinn á þessu ári. Það er því verið að gera verulega mikla bragarbót.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir sagði áðan að um hreppaflutninga væri að ræða þegar við opnuðum í Ási í Hveragerði. Í Ási í Hveragerði er dvalarheimili og þeir einstaklingar sem eru að fara núna yfir á hjúkrunarheimili hafa yfirleitt verið á dvalarheimilinu en venjan hefur verið að dvalarsjúklingar þar hafi flust til Reykjavíkur. Það gerist ekki nú. Þeir fá að búa áfram þar sem þeir hafa búið undanfarin ár og það tel ég mikið til bóta. En það er sem sagt ekki aðalatriðið hversu margir eru á biðlista heldur hversu biðin er löng. Það að biðin verði ekki lengri en 90 dagar er markmið sem við meira en stefnum að, það er markmið sem við ætlum að uppfylla.

Ferðakostnaður aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda.

Fsp. MF, 175. mál. — Þskj. 180.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er orðið nokkuð langt síðan þessi fyrirspurn var lögð fram. Það er kunnara en frá þurfi að segja og við höfum tekið það fyrir nokkrum sinnum á hv. Alþingi að fíkniefnaneysla ungs fólks, unglinga og jafnvel barna er orðið verulegt vandamál. Neyslan hefur aukist og aldurinn færst neðar. Foreldrar verða oft og tíðum að sinna erfiðu umönnunarhlutverki á heimili áður en pláss fæst á sjúkraeða meðferðarstofnun og ég veit mörg dæmi þess að annað foreldri, jafnvel bæði, hafi þurft um tíma að segja upp vinnu til að sinna ungum, fársjúkum fíkniefnaneytanda heima hjá sér. Heimilið, fjölskyldan, foreldrarnir og systkini eru undirlögð vegna þess að einstaklingur innan fjölskyldunnar hefur ánetjast fíkniefnum. Þess vegna má segja að þegar unglingurinn eða barnið fær loks pláss á meðferðarheimili er öll fjölskyldan, foreldrarnir og systkinin í þörf fyrir hjálp til að vinna úr vandanum. Það hefur verið lögð rík áhersla á nauðsyn þess í meðferðarstarfi að foreldrar og systkini taki þátt í meðferðarstarfinu. Það hefur hins vegar verið þannig að meðferðarheimili fyrir unglinga og börn í fíkniefnaneyslu eru oftar en ekki staðsett langan veg frá heimabyggð viðkomandi einstaklings og þá kannski sérstaklega ef horft er til höfuðborgarinnar þar sem fjöldi þeirra ungu einstaklinga sem eru í eiturlyfjum er hvað mestur. Ef foreldrar ætla að taka virkan þátt í meðferðarstarfinu þurfa þeir að leggja í verulegan kostnað vegna ferðalaga, jafnvel gistingar og þetta reynist mjög mörgum erfitt vegna bágs fjárhags, þar sem tekjur heimilisins minnka verulega þegar annað foreldrið hefur þurft að segja upp vinnu utan heimilisins og stunda þennan veika einstakling. Það er mjög brýnt að foreldrarnir taki virkan þátt í meðferðarstarfinu vegna barnsins og unglingsins en það er líka brýnt vegna foreldranna sjálfra og systkina viðkomandi. Það er nauðsynlegt að gera þeim kleift að taka þátt í þessu starfi og auðvelda það, m.a. með greiðslu ferðakostnaðar vegna meðferðarstarfsins þar sem fíkniefnaneysla hefur verið viðurkennd sem sjúkdómur og ætti þá að falla undir sömu reglur og ferðakostnaður vegna annarra sjúkdóma.

Á þskj. 180 beini ég eftirfarandi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

Í fyrsta lagi. Hvaða reglur gilda um þátttöku almannatryggingakerfisins í ferðakostnaði foreldra eða aðstandenda ungra fíkniefnaneytenda sem eru á meðferðarheimilum fjarri heimabyggð? Ef um hlutdeild almannatrygginga er að ræða í þessum kostnaði, hver er hún, og ef ekki, mun ráðherra þá beita sér fyrir breytingum á viðkomandi reglum?

Í öðru lagi. Hver er áætlaður heildarferðakostnaður foreldra eða aðstandenda vegna þátttöku þeirra í meðferðarstarfi á heimilum fyrir unga fíkniefnaneytendur?

[13:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda að þarna er um sjúkdóm að ræða sem hefur áhrif á alla fjölskylduna. Hv. þm. spyr mig mjög afmarkaðra spurninga varðandi ferðakostnað. Til að byrja með er rétt að athuga reglur tryggingaráðs nr. 185 frá 28. mars 1996 settar samkvæmt j-lið 36. gr. almannatryggingalaga en þær fjalla um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands. Í 3. mgr. 3. gr. reglnanna segir svo:

„Sjúkratryggingar endurgreiða með sömu skilyrðum og getið er í 1. mgr. þeirrar greinar, [þ.e. vegalengd sem a.m.k. er 15 km. milli staða] nauðsynlegar ferðir foreldris eða nánasta aðstandanda til að vitja sjúklings 16 ára og yngri. Endurgreiðsla slíkra ferða takmarkast við eina vitjun á viku til sjúklings."

Þessi aldursmörk hafa nú verið rýmkuð samkvæmt úrskurði tryggingaráðs og er miðað við breyttan sjálfræðisaldur, þ.e. 18 ár.

Sjúkratryggingar almannatrygginga endurgreiða $^2/_3$ hluta kostnaðar af raunverulegu fargjaldi með venjulegri áætlunarferð eða af reiknuðu fargjaldi með áætlunarbifreið á hverjum tíma af eigin bíl ef notaður er. Skilyrði endurgreiðslu sjúkratrygginga er að sjúklingur sé til meðferðar eða óhjákvæmilegs eftirlits hjá lækni, tannlækni eða í sjúkrahúsi eða til þess að njóta óhjákvæmilegrar meðferðar samkvæmt tilvísun læknis eða hjá heilbrigðisstéttum sem sjúkratryggingar hafa samið við. Skilyrt er að endurgreiðslan einskorðist við skilgreinda, alvarlega sjúkdóma. Í dag er ekki gert ráð fyrir að endurgreiðslur eigi við vegna áfengis- eða fíkniefnaneyslu eða vegna aðstandenda þeirra. Ungir fíkniefnaneytendur sem fá meðferð hjá heilbrigðiskerfinu eru almennt flestir sendir á Vog eða til SÁÁ. Þar er fyrst í stað um skammtímaafeitrun að ræða og er yfirleitt ekki gert ráð fyrir heimsóknum á þær stofnanir meðan á afeitrun stendur. Flestir ungir fíkniefnaneytendur fá síðan meðferð sína utan heilbrigðisstofnana og það er einna helst á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu víðs vegar um land. Þessum meðferðum hefur fjölgað eins og hv. þm. kom inn á í ræðu sinni áðan. Það er orðið mjög algengt að byggja upp slík heimili úti á landi og telja menn að það séu fleiri kostir við það en færri og er að mati fagmanna mjög góður árangur af þeirri meðferð sem yfirleitt er veitt þar.

En til að svara hv. þm. um kostnaðarreglur er ljóst að ekki hefur verið greitt fyrir þá aðila sem hafa verið undir verndarvæng Barnaverndarstofu en um nokkurt skeið hafa þessar greiðslur, ferðakostnaðarreglur verið til endurskoðunar. Tryggingaráð hefur nú skilað tillögum til heilbrrn. og þessar tillögur eru nú bæði til faglegrar og fjárhagslegrar meðferðar í ráðuneytinu.

Varðandi síðustu spurningu hv. þm. um hve mikill ferðakostnaður það er fyrir einstaklinga eða foreldra barna sem eiga við þennan vanda að stríða, þá hefur það ekki verið tekið saman, enda mjög mismunandi kostnaður hjá foreldrum vegna meðferðar.

[13:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir vekur hér máls á ferðakostnaðarreglum almannatrygginga sem er full ástæða til að vekja athygli á. Þær koma mjög illa niður á mörgum fjölskyldum sem eiga við þann vanda að etja að eiga börn sem eru sjúk eða hafa lent í vímuefnavanda eins og hv. þm. benti á. Og ég vil, herra forseti, spyrja hæstv. ráðherra: Hyggst hún breyta þessum reglum? Þær eru mjög ósanngjarnar og þetta er mjög þungur baggi á þeim sem þurfa að fara á milli landshluta til að fá þjónustu fyrir þessi börn eða unglinga. Vitjun einu sinni í viku er auðvitað fyrir neðan allar hellur og að greitt sé fyrir vitjun einu sinni í viku, eins og kom fram í umræðunni t.d. bara um fæðingarorlofsgreiðslurnar og fyrirburana, er ekki forsvaranlegt.

Að greiða foreldri einu sinni í viku fyrir að vitja barns á spítala ef það þarf að fara lengri leið en fimmtán kílómetra er náttúrlega ekki forsvaranlegt og fyllilega komin ástæða til að endurskoða þessar reglur.

Og ég spyr, herra forseti, hæstv. ráðherra: Hyggst hún ekki taka þessar reglur til endurskoðunar og breyta þeim í réttlætisátt?

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í máli hæstv. ráðherra kom fram að fíkniefnaneyslan er viðurkennd sem alvarlegur sjúkdómur. Við horfum fram á þá staðreynd að fíkniefnaneysla hefur aukist verulega meðal barna og ungmenna og að allir fræðimenn, sem hafa fjallað um þetta, ég tala nú ekki um þá foreldra, sem eiga börn sem hafa ánetjast fíkniefnum, leggja áherslu á þá miklu nauðsyn sem er á því að foreldrar og systkini taki þátt í meðferðarstarfinu.

Enn og aftur erum við að reka okkur á það að annars vegar er um að ræða kerfi innan heilbrigðisgeirans og hins vegar innan félagsmálageirans. Þegar meðferðarheimili fyrir börn og ungmenni, sem eru flest staðsett úti á landi, eru rekin af félagsmálageiranum er ekki um það að ræða að foreldrar fái greidda þátttöku í ferðakostnaði, hvað þá gistingu, en eðlilega er þó ætlast til þess að þau mæti og taki þátt í meðferðarstarfinu. Þau þurfa líka mjög mikið á því að halda. Það er ljótur blettur á starfi okkar innan heilbrigðis- og félagsmálageirans að við skulum ekki hafa tekið á þessu vegna þess að það er mjög stór þáttur í því að meðferðin takist vel og virki eftir að einstaklingurinn er kominn heim að foreldrarnir taki þátt í starfinu.

Ég beini því til hæstv. ráðherra þeirri spurningu sem ég lagði fram í fyrri lið í fyrirspurninni þar sem segir: Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að þessum reglum verði breytt? Hvað með foreldra sem eiga börn í meðferð úti á landi? Ég veit um dæmi þess að þátttaka foreldra í meðferðarstarfi hefur kostað tugi þúsunda og jafnvel að foreldrar hafi þurft að taka bankalán til þess að geta tekið þátt í meðferðarstarfinu. Vegna bágs fjárhags hafa þeir þurft að leita eftir lánafyrirgreiðslu til að geta tekið þátt í þessu starfi. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum?

[14:03]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Í allflestum tilvikum er mjög mikilvægt að foreldrar taki þátt í meðferð barnsins. Það er þó mat fagmanna oft á tíðum að barnið þurfi einhvern tíma að fá að vera í vissri einangrun, en í allflestum tilvikum þurfa foreldrar að koma þar að og það er það langæskilegasta. Það er langæskilegast að heimilislífið sé þannig að það sé hægt og það sé gert mögulegt.

En það kom fram í fyrra svari mínu og ég endurtek að þessar reglur hafa verið til endurskoðunar og tryggingaráð hefur þegar komið með tillögur inn í heilbrrn. sem eru núna í faglegri og fjárhagslegri skoðun. Miklar breytingartillögur eru gerðar í þeim tillögum sem fyrir liggja. Að vísu taka þær fyrst og fremst á heilbrigðismálunum, ekki félagsmálunum. (Gripið fram í.) Það skal sagt hér eins og ég sagði áðan, hv. þm., af því að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kallar fram í, þá er þetta bæði heilbrigðis- og félagsmál. Eins og hv. þm. veit er hluti af þessari starfsemi sem félmrn. hefur alfarið á hendi sinni, og ég veit að hv. þm. veit það. Mjög mikilvægt er að samræma þær reglugerðir sem gilda innan heilbrigðisþjónustunnar og félagsmálaþjónustunnar.

Reglur um endurgreiðslu á ferðakostnaði sjúklinga.

Fsp. SJS, 257. mál. — Þskj. 295.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrir hæstv. heilbrrh. fyrirspurn sem varðar reglur um endurgreiðslu ferðakostnaðar sjúklinga. Fyrirspurn er reyndar komin fram fyrir allnokkru en dregist hefur að svara henni eða öllu heldur að tækifæri gæfist til þess að við, ég og hæstv. heilbrrh. gætum átt orðaskipti um þetta mál.

Þannig háttar til að núverandi reglur eða ástand um þessar endurgreiðslur eru að mínu mati gjörsamlega ófullnægjandi og í raun og veru óréttlátar vegna þess að þær eru alls ekki þannig úr garði gerðar að eitthvert eðlilegt samræmi sé í aðstöðu fólks eftir því annars vegar hvar það er búsett og eftir því hvaða sjúkdómar hrjá það. Þessar reglur eru settar á grundvelli heimildar í 36. gr. almannatryggingalaganna og síðan gefur Tryggingastofnun út reglur um þetta efni. Í þeim reglum segir m.a.:

Þurfi sjúklingur að ferðast ítrekað innan lands til meðferðar eða óhjákvæmilegs eftirlits hjá lækni, tannlækni eða á sjúkrahúsi (með eða án innlagnar) eða til þess að njóta óhjákvæmilegrar meðferðar samkvæmt tilvísun læknis hjá heilbrigðisstéttum, sem sjúkratryggingar hafa samið við, taka sjúkratryggingar þátt í ferðakostnaði samkvæmt neðangreindum reglum. Sjúkratryggingar taka þátt í ferðakostnaði vegna tiltekinna alvarlegra sjúkdóma svo sem illkynja sjúkdóma, nýrnabilunar, alvarlegra augnsjúkdóma, brýnna lýtalækninga, bæklunarlækninga barna, tannréttinga barna vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna, alvarlegra vandamála í meðgöngu eða annarra sambærilegra sjúkdóma.

Þetta þýðir með öðrum orðum, herra forseti, á mannamáli að ýmsir alvarlegir og mjög algengir sjúkdómar, sem fólk verður að leita sér læknishjálpar við, falla utan þessa ramma. Ég get nefnt sem dæmi einn algengasta sjúkdóm eða vandamál sem aldrað fólk stríðir við, þvagfærasjúkdóma. Ég hef undir höndum dæmi um sjúklinga, sem hrjást einmitt af þessum kvilla eða sjúkdómi, og hafa mátt fara af Austfjörðum til Reykjavíkur og Akureyrar upp í fjórum sinnum á ári með ærnum tilkostnaði, 15 til 20 og upp í 25 þúsund kr. ferðakostnaði í hvert sinn, ef farið er með flugi t.d. frá norðausturhorni landsins. Vegna þess að þessi sjúkdómur fellur ekki undir þessa flokkun fær það þennan kostnað ekki endurgreiddan.

Ég hef því leyft mér að leggja svohljóðandi spurningar fyrir hæstv. heilbrrh.:

1. Hvað veldur því að ferðakostnaður sjúklinga sem þurfa að leita sér lækninga fjarri heimabyggð vegna ýmissa algengra sjúkdóma, t.d. þvagfærasjúkdóma sem oft hrjá aldrað fólk, er ekki endurgreiddur af Tryggingastofnun ríkisins?

2. Á hvaða forsendum, læknisfræðilegum, félagslegum o.s.frv., byggist mat á því hvort kostnaður af tilteknum sjúkdómi er endurgreiddur eða ekki?

3. Er fyrirhuguð endurskoðun á þessum reglum?

[14:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef nú þegar á þessum fundi farið yfir þær reglur sem eru í gildi um ferðakostnað. Varðandi fyrirspurnir hv. þm. um hvað valdi því að ferðakostnaður vegna ýmissa algengra sjúkdóma er ekki endurgreiddur er því til að svara að veruleg uppbygging læknisþjónustu hefur átt sér stað úti um allt land og stefnt er að því að auka hana. Þar að auki hafa sérfræðingaferðir verið skipulagðar út um land en það er nokkuð sem færst hefur mjög í vöxt á undanförnum árum með það fyrir augum að færa þjónustuna til fólksins frekar en að fólkið þurfi að bera sig eftir þjónustunni.

Það er þó auðvitað í mörgum tilvikum svo að hvorki heilbrigðisstofnun né sérfræðingur á ferð fái ráðið við vandann á staðnum þannig að sjúklingur komist ekki hjá því að taka á sig ferðalag til að leita lækninga. Í þeim tilvikum koma sjúkratryggingar til móts við sjúklingana og endurgreiða hluta ferðakostnaðar ef um er að ræða illkynja sjúkdóma, nýrnabilun, alvarlega augnsjúkdóma, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna og tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna. Enn fremur er það falið læknum Tryggingastofnunar að meta að hve miklu leyti aðrir sjúkdómar eða sambærilegir þessum alvarlegu sjúkdómum, sem reglurnar taka til, því heimild er til að greiða fyrir aðra sambærilega sjúkdóma eða alvarleg vandamál í meðgöngu. Það sama gildir einnig fyrir ferðir vegna bráðatilvika sem farnar eru samkvæmt ákvörðun læknis og er ekki hægt að sinna í heimabyggð svo og heimferð, t.d. að loknu sjúkraflugi.

Af þessari upptalningu má sjá að enda þótt illkynja alvarlegir sjúkdómar kunni að vera tiltölulega algengir leiðir ekki af þessari upptalningu að ætlunin sé með þessum reglum að koma til móts við sjúklinga með algenga sjúkdóma eins og fyrirspyrjandi leitar eftir. Í skipulagi heilbrigðiskerfis okkar er reynt að mæta þörfum sjúklinganna sem næst heimabyggð.

Þá er spurt í öðru lagi að því á hvaða forsendum það byggist að ferð vegna tiltekins sjúkdóms sé endurgreidd eða ekki. Eins og fram hefur komið taka reglurnar einungis til alvarlegra bráðatilvika eða alvarlegra sjúkdóma. Matið á því hvort ferðakostnaður vegna tiltekinna sjúkdóma er greiddur byggir þannig fyrst og fremst á læknisfræðilegum forsendum. Eins og ég kom að áðan hafa þessar reglur verið í endurskoðun, þær hafa ekki þótt að öllu leyti réttlátar og tryggingaráð hefur farið vandlega yfir þessi mál og það er í bígerð að breyta töluvert í þá átt að ívilna meira en gert er í dag.

[14:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því, eins og fram hefur komið á þessum fundi, að hæstv. ráðherra er að endurskoða ferðareglur því að þær eru á margan hátt mjög ósanngjarnar. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hefur hann að leiðarljósi niðurstöðu nefndar um forgangsröðun í heilbrigðismálum, sem skilaði af sér fyrir u.þ.b. ári og hélt 40 fundi en í niðurstöðu nefndarinnar kemur mjög skýrt fram að ekki megi mismuna fólki gagnvart læknisþjónustu eða heilbrigðisþjónustu eftir því hvar það búi á landinu? Sú leið að greiða ferðakostnað fólks sem á við sjúkdóma að stríða, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi, er auðvitað hluti af því að jafna aðgengi að þjónustunni.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Verður vinna forgangsröðunarnefndarinnar notuð við endurskoðunina því að ég tel mjög mikilvægt að þeirrar stefnumörkunar sem kom fram hjá nefndinni í vetur sjái einhvers staðar stað í stefnu hæstv. ráðherra?

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég verð þó að segja að ég hef nokkra fyrirvara á um það að ég geti tekið undir með hæstv. ráðherra að í öllum tilvikum hafi verið í gangi uppbygging og útfærsla þjónustunnar og sérfræðiþjónustu úti um landið. Við höfum því miður, herra forseti, dæmin um hið gagnstæða. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra kannist við ýmiss konar sparnaðaraðgerðir, niðurskurð í heilbrigðisþjónustunni á undanförnum árum og því miður er auðvelt að rekja dæmin um að þjónusta hefur lagst af og fólk hefur orðið að fara að leita sér ýmiss konar þjónustu eða sækja aðgerðir annað en áður var. Þetta er því á ýmsa vegu, þó vissulega sé það af hinu góða sem gert hefur verið, að reyna að flytja sérfræðiþjónustu út í byggðarlögin.

Ég held, herra forseti, að það liggi fyrir að fyrirkomulagið sem nú gildir sé ekki boðlegt, þessi sortering sjúkdóma þar sem sumir eru viðurkenndir og ferðakostnaður vegna þeirra fæst endurgreiddur en annarra ekki. Það er ekki hægt að færa fyrir henni nein rök. Að lagt sé í mat læknis hvað séu sambærilegir sjúkdómar finnst mér ekki vera góð lausn. Ég hef dæmi um langvarandi eða króníska alvarlega sjúkdóma sem kalla á endurteknar ferðir til sérfræðinga og menn hafa fengið synjun. Menn hafa fengið neitun við umsóknum um endurgreiðslu ferðakostnaðar í slíkum tilvikum. Að reglurnar eigi ekki að taka til algengra sjúkdóma en aðeins vegna sjaldgæfra sjúkdóma mundi teljast að snúa hlutunum á haus. Það er augljóslega ódýrara að endurgreiða bara kostnað vegna sjaldgæfra sjúkdóma en ekki vegna algengra sjúkdóma. En það eru algengu sjúkdómarnir sem skapa þörfina. Þar eru tilvikin fleiri. Menn þurfa oftast að leita læknis vegna þeirra, er það ekki, herra forseti? Þess vegna teljast þeir algengir. Þess vegna er það að snúa hlutunum algerlega á haus að segja að reglunum sé ekki ætlað að taka til algengra sjúkdóma.

Ég fagna því þó að reglurnar skuli vera í endurskoðun. Ég treysti því að við þá endurskoðun verði það haft að leiðarljósi að jafna aðstöðu manna með tilliti til búsetu og einnig þannig að mönnum sé ekki mismunað eftir því hversu „heppnir“ eða „óheppnir“ þeir eru með sjúkdóm í hverju einu tilviki.

[14:16]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Þegar ég talaði um algenga sjúkdóma áðan, þá talaði ég út frá þeim reglum sem eru í gildi í dag. Við höfum ekki tekið þær til endurskoðunar nema vegna þess að okkur finnst þær ekki réttlátar í öllum tilvikum.

Vegna þess að hv. þm. sagði að sérfræðiþjónusta hefði lagst af úti á landi víða vil ég taka fram að það ekki rétt. Við höfum aukið sérfræðiþjónustu víðast úti á landi, sent sérfræðinga á sjúkrahúsin úti á landi. Það er einmitt til að létta þá byrði að sjúklingar þurfi ekki að leita til Reykjavíkur í stórum stíl.

Aftur á móti vildi ég nefna að víða á sjúkrahúsum úti á landi hefur fæðingum fækkað verulega vegna þess að erfitt hefur verið að manna þessi sjúkrahús með ljósmæðrum og læknum. Þær kröfur sem gerðar eru í dag gera það að verkum að fæðingar hafa sums staðar lagst af, því miður.

Ég held að ég hafi svarað þeim spurningum sem fyrir mig voru lagðar og þakka hv. þm. fyrir þessar spurningar.

Rannsóknir Margrétar Guðnadóttur.

Fsp. SvG, 312. mál. — Þskj. 377.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á undanförnum árum hafa borist fréttir af því að ungir íslenskir vísindamenn væru að vinna afrek á sínu sviði. Það sem kannski hefur vakið einna mesta athygli í seinni tíð eru vísindaafrek Margrétar Guðnadóttur prófessors. Þau hafa meira að segja orðið til þess að Morgunblaðið hefur gefið út um hana sérstakt aukablað en því hefði hún ekki spáð fyrir 10 árum að yrði nokkurn tíma á ævi sinni.

Margrét Guðnadóttir var eins og kunnugt er borgarfulltrúi fyrir Alþb. í Reykjavík. Milli Morgunblaðsins og hennar var ekki nein sérstök vinátta á þeirri tíð.

Margrét Guðnadóttir hefur búið til bóluefni gegn visnu eða mæðiveiki í sauðfé. Margrét Guðnadóttir hefur skýrt frá þessu í blaðaviðtölum. Við höfum reyndar fjallað um það aðeins á Alþingi vegna þess að hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir flutti litla brtt. við fjárlagafrv. núna í desember. Það var eina tillagan sem var samþykkt frá stjórnarandstöðunni um lítils háttar upphæðir til þess að kom til móts við þau tíðindi sem birst hafa í þessum blaðafregnum um afrek Margrétar Guðnadóttur.

Margrét Guðnadóttir hefur verið spurð að því í fjölmiðlum hvað hún þurfi til að halda áfram þessum mikilvægu rannsóknum á risnu og mæðiveiki í sauðfé. Þær gætu haft verulega þýðingu í baráttunni við eyðni og hún hefur sagt að hún þurfi fjárhús. Ég geri ráð fyrir því að sjaldan hafi menn verið hógværari í kröfum sínum en Margrét Guðnadóttir miðað við þau afrek sem hún hefur unnið. Hún biður um fjárhús. Kannski hefði ég átt að bera þessa spurningu fyrir hæstv. landbrh. eða hæstv. menntmrh. sem er ráðherra Keldna. Ég taldi engu að síður rétt að bera þetta fram við hæstv. heilbr.- og trmrh. og fyrirspurnin er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Hvað hyggst ráðuneytið gera til að tryggja að Margrét Guðnadóttir prófessor geti áfram unnið að visnurannsóknum, en hún virðist hafa náð tímamótaáfanga í baráttunni við hægfara veirusýkingar?"

Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort hún hyggist gera ráðstafanir til þess að Margrét Guðnadóttir prófessor geti eignast fjárhús.

[14:21]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Vísindaafrek Margrétar Guðnadóttur eru mér kunn og kær. Hún hefur staðið fyrir vísindarannsóknum á ýmsum sviðum og vakið heimsathygli.

Hv. þm. svaraði því sjálfur að sumu leyti og veit að ekkert hef ég fjárhúsið. Á fjárlögum þessa árs eru áætlaðar 2 millj. kr. til að hún geti haldið áfram visnurannsóknum sínum en þar að auki hafa ýmsir hefðbundnir vísindasjóðir á Íslandi styrkt rannsóknir hennar eftir því sem ég best veit. Án efa verður framhald á því.

Hitt vil ég segja að heilbr.- og trmrn. hefur ákveðið að styrkja hana um 2,5 millj. varðandi þær rannsóknir sem hún hefur gert á rauðum hundum. Í nóvember var ákveðið að hún fengi á árinu 1999 2,5 millj. því að þær uppgötvanir sem hún hefur gert og rannsóknir á rauðum hundum eru ekki síður merkilegar en hinar fyrri. Heilbrrn. mun því halda áfram að styðja hana við þær rannsóknir. Ég vona að landbrn. muni einnig halda áfram að styðja hana varðandi fjárhúsreksturinn.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þetta er í alvöru talað spurning um fjárhagslega getu stofnunarinnar að Keldum sem heyrir að vísu undir menntmrn. Auðvitað ætti að ræða þetta við hæstv. menntmrh. en ég tel þó mikilvægt að heilbrrn. sinni þessum málum sérstaklega. Margrét var eins og kunnugt er lengi starfsmaður heilbrrn. sem starfsmaður Ríkisspítalanna eins og kunnugt. Ég tel því að þetta sé mál heilbrrn. líka.

Mér finnst reyndar að það að samþykkja þessa tillögu upp á 2 millj. kr. sé bæði göfugt og þakkarvert en væri ekki tilefni til að reisa sig aðeins meira þegar kemur að svo stórfelldum tíðindum eins og þessum rannsóknum Margrétar Guðnadóttur? Væri ekki skynsamlegt að ráðuneyti heilbrigðismála og menntamála tækju sig saman um að gera sérstakt átak í því að tryggja það að hún geti áfram stundað rannsóknir sínar myndarlega? Ég skora á hæstv. heilbrrh. að beita sér fyrir því. Svo getur fjárhúsið fylgt með ef hlutirnir þróast þannig en það er nauðsynlegt líka í þessu sambandi. Það er eins og kunnugt er orðið lítið um fjárhús í mínu kjördæmi, Reykjavík, en vafalaust má bæta úr því. Ég held að við eigum að sýna þá reisn og myndarskap þegar svona tíðindi verða að taka glæsilega á móti þeim. Þetta eru mál sem geta gagnast mannkyni öllu og umheiminum ekkert síður en okkur sjálfum.

[14:24]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka undir það að þær merkilegu rannsóknir sem prófessor Margrét hefur gert á dýrum munu án efa eftir eiga eftir að gagnast mannkyninu líka. Það er ekki nokkur spurning. Spurningin er bara hvenær. Því er mikilvægt að þannig sé búið að slíkum vísindamönnum að þeir geti haldið áfram að þróa starfsemi sína. Ég er alveg viss um að vísindasjóðir munu taka myndarlega til hendinni eins og þeir hafa oft gert áður. Það snýr ekki beint að heilbrrn. en við höfum þó fylgst með af mikilli athygli. Eins og fram kom í fyrra svari mínu, þá tel ég mjög mikilvægt, þrátt fyrir það að hún fylli nú 70 ára aldurinn mjög bráðlega, að hún haldi áfram vinnu sinni. Þess vegna tókum við það sérstaklega upp að styrkja störf hennar fjárhagslega þó ekki væri til visnurannsókna heldur til rannsókna á rauðum hundum.

Sjúkraflutningar.

Fsp. MF, 337. mál. — Þskj. 428.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir rúmu ári eða jafnvel lengri tíma var tekin sú ákvörðun að semja við Rauða kross Íslands um sjúkraflutninga á öllum heilsugæslusvæðum landsins. Áður voru þessi mál í mörgum tilvikum í höndum mismunandi aðila, t.d. lögreglu eða björgunarsveita.

Lítið hefur heyrst af því sem gerðir samningar við Rauða kross Íslands hafa skilað, hvorki hvað varðar fjárhagslega útkomu né veitta þjónustu. Í einhverjum tilvikum var um að ræða megna óánægju þeirra sem málið snertir, þ.e. íbúa viðkomandi heilsugæslusvæðis, úti á landi sérstaklega, og yfirmanna heilsugæslu og þeirra sem áður höfðu séð um sjúkraflutninga. Ég minnist þess að þingmenn Sunnlendinga fengu slíkt kvörtunarbréf frá einu heilsugæslusvæðinu í kjördæminu og einnig hafa birst fréttir í dagblöðum um óánægju og samráðsleysi við heimamenn og aðra sem hlut eiga að máli.

Á þskj. 428 beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„Hefur verið gengið frá samningum við Rauða kross Íslands um sjúkraflutninga á öllum heilsugæslusvæðum landsins? Ef ekki, um hvaða svæði er að ræða þar sem samið hefur verið við aðra aðila?

Eru einhver tilvik þar sem þetta verkefni var tekið frá aðilum á viðkomandi heilsugæslusvæði án samkomulags við þá aðila eða heimamenn? Ef svo er, um hvaða svæði er að ræða og hver er ástæða þess að það var gert?"

Einnig væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hvort þeim aðilum sem misstu sjúkraflutningana úr sínum höndum hafi í einhverjum tilvikum verið greiddar bætur, t.d. til björgunarsveita eða hvort fram hafi komið krafa um slíkt.

[14:28]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Með samningi ráðuneytis og Rauða kross Íslands, sem undirritaður var 31. desember 1997, tók Rauði krossinn að sér að sjá um endurnýjun sjúkrabifreiða, búnaðar- og rekstrarkostnað.

Jafnframt fólst í samningnum að Rauði krossinn hættir að bera ábyrgð á launakostnaði og ber heilbrigðisþjónustan nú ábyrgð á launagreiðslum. Í flestum tilvikum sjá starfsmenn viðkomandi heilsugæslustöðva um sjúkraflutninga og hefur verið unnið að því að semja við þá einstaklinga sem hingað til hafa sinnt þessari þjónustu, um að verða starfsmenn viðkomandi stofnunar að þessu leyti. Áhersla hefur verið lögð á að leita eftir því að sömu aðilar sinni þessum störfum áfram. Þannig fáum við notið reynslu þeirra og þekkingar. Hins vegar er heimild til þess að ráða verktaka til þessara starfa og á ákveðnum landsvæðum eru í gildi aðrir samningar. Sem dæmi um það má nefna samning við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ um þjónustu slökkviliðs og við lögregluna í Árnessýslu. Þessi heimild er að sjálfsögðu opin fyrir hverja stofnun eftir almennum reglum.

Hv. þm. spyr einnig hvort þetta verkefni hafi verið tekið frá aðilum á viðkomandi heilsugæslusvæði án samkomulags við þá eða heimamenn. „Ef svo er, um hvaða svæði er að ræða og hver er ástæða þess að það var gert?"

Eins og kom fram í fyrra svari mínu er það á valdi stjórnenda stofnananna hvernig þessu er háttað. Heimamenn þekkja best til til að tryggja öryggi sjúkraflutninga.

Björgunarsveitin Kyndill á Kirkjubæjarklaustri á og rekur eina sjúkrabifreið. Í samningi ráðuneytis og Rauða krossins er heimildarákvæði um undirverktaka. Ráðuneytið hefur lagt áherslu á það við Rauða krossinn að samið verði við björgunarsveitina um að sinna áfram óbreyttu hlutverki í sjúkraflutningum, enda hafi þeir mikla reynslu og heimamenn séu ánægðir með þjónustuna. Þannig er reyndar víða á landinu. Björgunarsveitir hafa hlaupið undir bagga þegar mikið liggur við og í þeim tilvikum sem þær hafa séð um þessa þjónustu leggur ráðuneytið áherslu á að ekki verði breyting á. Ef um neyðartilvik er að ræða, t.d. vegna veðurs eða ófærðar verður heilbrigðisþjónustan eins og aðrir landsmenn að treysta björgunarsveitum og öðrum sérþjálfuðum aðilum til að koma til hjálpar.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hennar. Mér finnst hins vegar dálítið merkilegt að heyra að nú rúmu ári eftir að samningurinn er undirritaður eigi enn eftir að ganga frá samningum um sjúkraflutninga á einhverjum stöðum. Eins og hæstv. ráðherra nefndi barst bréf frá heilsugæslusvæðinu á Kirkjubæjarklaustri fyrir nokkuð löngu þar sem athygli okkar var vakin á því að þar hefði ekki verið gengið frá samningum, þeir væru enn í lausu lofti. Mér lék forvitni á að vita hvort það væru fleiri tilvik þar sem enn hefur ekki verið samið, um hversu mörg heilsugæslusvæði er að ræða í þeim tilvikum og við hverja er verið að semja og eins hvort einhverjir hafi farið fram á bætur vegna þess að þeir hafa ekki haldið þeirri þjónustu sem þeir hafa veitt í mörg ár.

Einnig væri fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvernig stendur á því að mismunandi kostnaður sjúkraflutninga, sem í mörgum tilvikum eru vegna þess að verið er að flytja eldri borgara af dvalarheimilum aldraðra, er ekki tekinn inn í rekstrargrunn stofnana. Ég nefni t.d. dvalarheimili aldraðra á Klaustri. Okkur hefur iðulega verið bent á að þar sé mjög hár kostnaður vegna sjúkraflutninga sem hafi ekki fengist tekinn inn í rekstrargrunn heimilisins.

[14:33]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þessum samningi var gefið ár til aðlögunar. En það sem hv. þm. ýjar að eru fyrst og fremst kjaramál. Það hefur verið uppi kjaradeila sem hefur ekki verið leyst á öllum stöðum vegna þess að hluti sjúkraflutningamanna vill vera í samfloti með Landssambandi slökkviliðsmanna. Það er ekki á hendi heilbrrn., heldur fjmrn., þannig að ég get ekki svarað neinu um það og ætla ekki að reyna það. Um það eru aðaldeilurnar sem hafa verið uppi og þess vegna höfum við lent í nokkrum vandamálum vegna þessara kjaramála. Það er náttúrlega ekki bara í þessum geira heldur í svo mörgum öðrum og verður sennilega aldrei hægt að loka þeim hring.

Hv. þm. spurði af hverju ekki væri gert ráð fyrir sjúkraflutningskostnaði innan reksturs hjúkrunarheimila og dvalarheimila almennt. Auðvitað er gert ráð fyrir ýmsum kostnaðarliðum þó þeir séu kannski ekki eyrnamerktir sjúkraflutningum sérstaklega. Ég veit að þetta hefur verið þungur baggi á mörgum dvalarheimilum því að ef við tökum Klaustur sem dæmi þá býst ég við að það kosti 80–100 þús. kr. að flytja sjúkling frá Klaustri til Reykjavíkur og sá kostnaður leggst á heimilið.

Fjarnám og fjarkennsla.

Fsp. MS, 268. mál. — Þskj. 306.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Undanfarin missiri og ár hefur verið mikil umræða í þjóðfélaginu um þá miklu möguleika sem hafa

skapast samhliða þeirri fjarskiptabyltingu sem verið hefur. Ljóst er að þessi þróun er mjög ör og við eigum eftir að sjá margvísleg tækifæri skapast til alls kyns samskipta og upplýsingamiðlunar í fjarskiptum um netið.

Nú þegar hafa möguleikar til fjarnáms og fjarkennslu verið hagnýttir af mörgum aðilum og það hefur skapað mörgum einstaklingum tækifæri til mennta og atvinnusköpunar víða um landið. Þannig hefur fjarskiptatæknin að mörgu leyti gert vegalengdir að engu og því má segja að um byltingu sé að ræða, byltingu sem vekur okkur m.a. vonir um að hagnýta megi þessa tækni með það að markmiði að snúa við þeirri ógnvænlegu þróun sem verið hefur varðandi búsetu í landinu því að auknir möguleikar til menntunar og margvísleg ný atvinnutækifæri skipta þar miklu máli.

Í ljósi alls þessa hlýtur okkur að vera ljóst mikilvægi þess að mótuð sé stefna í þessum efnum sem tekur mið af því að hagnýta þá möguleika sem fjarskiptatæknin gefur til þess að auka menntastig þjóðarinnar og gefa sem flestum tækifæri til að styrkja stöðu sína í þjóðfélaginu með aukinni menntun og auknum atvinnutækifærum.

Í því skyni að halda uppi umræðum um þetta áhugaverða efni á hv. Alþingi og að ræða stefnumótun í málaflokknum hef ég lagt fram eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh. Fsp. er á þskj. 306 og hljóðar svo:

„Hver er stefna menntamálaráðuneytisins varðandi eflingu og uppbyggingu fjarnáms og fjarkennslu á Íslandi?

Hver er stefna ráðuneytisins varðandi uppbyggingu og skipulag símenntunar á Íslandi?"

Herra forseti. Töluverður tími er liðinn síðan þessi fsp. var lögð fram í Alþingi en það var síðla á haustþingi. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hefur ýmislegt komið fram er varðar stefnumótun og þróun þessara mála. Engu að síður tel ég mikilvægt að taka þetta mál upp til umræðu hér, efnið er áhugavert og margt er að gerast á þessu sviði sem áhugavert er að ræða við hæstv. menntmrh.

[14:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að í þessum málum eru breytingarnar mjög örar og aðstaðan hefur að ýmsu leyti breyst frá því að hann lagði fram fsp. sína í nóv. sl. og spurði þá einkum um tvö atriði einkum, þ.e. fjarnám, fjarkennslu annars vegar og símenntun hins vegar.

Afgreiðsla hv. fjárln. á fjárlagafrv. og síðan fjárlögin núna endurspegla þær áherslur sem alþingismenn leggja á þennan málaflokk. Menntmrn. er nú að vinna að því verkefni að sjá til þess að þetta fé nýtist sem best til fjarkennslu annars vegar og símenntunar hins vegar. Sérstök nefnd er starfandi innan ráðuneytisins, þverfagleg nefnd, ef þannig má orða það, til þess að vinna að þeirri undirbúningsvinnu sem er nauðsynleg til þess að þau markmið náist sem fjárlögin marka og einnig þau markmið sem ráðuneytið hefur sett sér í þessu efni. En segja má að stefna ráðuneytisins hafi verið mótuð snemma árs 1996 þegar út kom ritið Í krafti upplýsinga — tillögur menntamálaráðuneytisins um menntun, menningu og upplýsingatækni. Þar segir m.a. um markmið varðandi fjarkennslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Kostir fjarkennslu verði nýttir markvisst til að jafna aðstöðu til náms jafnt innan lands sem erlendis frá.

Menntastofnanir hafi aðgang að gagnabanka sem sérstaklega er settur upp með þarfir fjarkennslu og rafrænna samskipta í huga.

Innviðir rafræna samskiptakerfisins hér á landi verði styrktir og þróaðir þannig að ætíð sé kostur á því besta sem tækni á þessu sviði býður.

Samband Íslands við umheiminn verði eflt og treyst svo að einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki geti notið fulls öryggis í notkun rafrænnar samskiptatækni í samskiptum við önnur lönd."

Þessum markmiðum hefur í mörgu tilliti verið náð því að komið hefur verið á laggirnar öflugu rafrænu samskiptakerfi, bæði með tölvum og einnig með fjarfundabúnaði sem hefur m.a. verið styrktur af Byggðastofnun þannig að menntastofnanir eru nú betur í stakk búnar að veita fjarnám en nokkru sinni fyrr og við sjáum aukið samstarf á milli háskóla annars vegar og framhaldsskóla hins vegar að þessu leyti og þróunin er mjög ör og mun halda áfram. Einnig hafa tækifæri hvað varðar notkun tölvutækninnar til fjarkennslu og fjarnáms margfaldast. Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur verið miðstöð þeirrar þróunar. Því tilraunatímabili er nú lokið og fleiri framhaldsskólar sækja um að geta boðið fjarkennslu og þróunin verður vafalaust sú að hún verður víða í boði.

Ég hef einnig lagt áherslu á að menn hugi að því að sá hugbúnaður sem notaður er til fjarkennslu verði samræmdur þannig að hér á landi verði einn hugbúnaður notaður eins og frekast er kostur til þess að veita tækifæri til fjarnáms og það er ákvörðun sem ráðuneytið er nú að vinna að.

Varðandi símenntunarmálin og símenntunarþáttinn, þótt þetta sé nátengt, er rétt að rifja upp að í sumar skilaði nefnd skýrslu til ríkisstjórnarinnar um símenntun og unnið hefur verið að framkvæmd þeirrar skýrslu eða þeirra tillagna síðan. Verkefnisstjórn um símenntun, fimm ára átak í símenntun, tók nýlega til starfa undir formennsku Þóris Hrafnssonar, sem menntmrh. skipaði formann í þessari verkefnisstjórn með sex fulltrúum sem skipaðir eru af Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og félmrn., Hinu íslenska kennarafélagi og fræðsluaðilum á almennum markaði. Þessi verkefnisstjórn er að hefja störf og hún mun vinna að framkvæmd þeirra tillagna sem fram komu í skýrslunni Símenntun, afl á nýrri öld, sem fjallað var um á síðasta ári.

Á þessu sviði er einnig er verið að vinna samkvæmt skýrt mótaðri stefnu og markmiðin eru skýr bæði varðandi fjarnámið, fjarkennsluna og símenntunina. Á þessu ári er aukið svigrúm til þess að veita bætta þjónustu á þessum sviðum og markmiðið er að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru nýtist sem best.

[14:43]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Mig langar að þakka fyrir þessa fsp. og það að hv. fyrirspyrjandi skuli vekja máls á þessu og einnig svör hæstv. menntmrh., sem hefur sýnt málinu mikinn áhuga og sett það í farveg, eins og fram er komið, samkvæmt skýrt mótaðri stefnu.

Það er gífurlega stórt hagsmunamál fyrir landsbyggðina að vel spilist úr þessu. Hv. fjárln. gerði tillögu sem svo var samþykkt við afgreiðslu fjárlaga þessa yfirstandandi árs um fjárveitingu í öll kjördæmi landsins. Nú er verið að móta þessa hluti og það að fjárveitingin nýtist vel og upphefji fjarlægðir og hægt sé að hefja fjarnám hvarvetna um landið og við þurfum ekki að keyra langar leiðir heldur getum talast við gegnum þessa tækni.

[14:44]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Það er mjög ánægjulegt að þessi fsp. skuli hafa komið fram og mjög ánægjulegt að þessi umræða skuli vera að fara hér fram. Þetta er afskaplega mikilvægt mál eins og hefur komið fram í máli þeirra sem hafa talað í dag.

Menntmrh. hefur með eigin tölvunotkun sýnt að hann hefur mikinn skilning á málefnum netsins. Íslendingar eru í dag ein netvæddasta þjóð í heimi þar sem um 60% Íslendinga hafa aðgang að þessum miðli. Næstnetvæddustu þjóðir Evrópu eru Finnar og Írar en þar eru einungis um 40% sem hafa aðgang að netinu. Aðrar Evrópuþjóðir eru þar langt að baki. Ég veit til þess að Írar ætla sér að vera í fararbroddi í því að nýta þennan miðil í sókn á nýja markaði á næstu öld. Við höfum einnig möguleika á því að vera þar og verðum að líta til þeirrar vinnu sem unnin hefur verið á Írlandi og í Bandaríkjunum til að marka stefnu stjórnvalda í þeim málaflokki. Ég bjó í Bandaríkjunum undanfarið eitt og hálft ár og veit að það var mikil lyftistöng fyrir notkun netsins að bjóða þar upp á fast símgjald fyrir ótakmarkaða símnotkun. Ég vona að slíkt verði í boði hér á landi einnig. Það er mjög mikilvægt til að fólk geti verið tengt eins lengi og hægt er við netið og geti nýtt sér möguleika fjarkennslu og sóknar á nýja markaði með miðlinum.

[14:46]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Magnúsar Árna Magnússonar varðandi þá möguleika sem við Íslendingar eigum og getum átt á þessu sviði. Ég tók eftir því í máli hæstv. ráðherra hér áðan að hann nefndi að Verkmenntaskólinn á Akureyri hefði verið brautryðjandi í fjarkennslu hér á landi en nú væri því tilraunatímabili að ljúka og þróunin yrði sú að skólar sem skipulegðu eða sæju um fjarkennslu á framhaldsskólastigi yrðu fleiri. Fróðlegt væri að heyra aðeins meira um þetta, hvað það er sem ráðherrann er að tala um. Telur hann að það sé þörf fyrir fleiri, að samkeppni þurfi í þessum málum? Hversu margir þurfa þessir skólar þá að vera? Eins og hér hefur margoft komið fram er fjarlægðin upphafin af þessari tækni og þess vegna kannski ekki nauðsynlegt að vera með húsin mjög víða. Einnig væri áhugavert að vita, vegna þess að þetta er auðvitað stórkostlegt tæki til að jafna aðstöðu til náms, hvort í alvöru hafi verið hugað að þeim grunnskólum sem gætu tekið að sér að vera miðstöðvar fyrir fjarkennslu á því stigi.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans við þeirri fyrirspurn sem ég bar fram. Það er rétt sem kom fram í máli hæstv. ráðherra og hv. þm. þekkja, að í fjárlögum kemur einmitt fram sú áhersla sem stjórnarflokkarnir og Alþingi leggja á þennan málaflokk. Þar kom til sérstök fjárveiting til þess að hagnýta þessa möguleika. Einnig liggur fyrir að hér er mótuð stefna í þessum málum sem hæstv. ráðherra kynnti og sannarlega hefur verið unnið eftir henni eins og fram kom. Víða í þjóðfélaginu er mikill áhugi hjá fjölmörgum aðilum til að hagnýta þá tækni sem við erum hér að ræða um og þá möguleika sem eru sífellt að opnast. Nánast daglega opnast nýir möguleikar á þessu sviði. Fjölmargir skólar, t.d. á háskólastigi hafa nýtt sér þessa möguleika og bjóða upp á fjarnám nú þegar. Það kemur auðvitað til góða þeim fjölda sem hefur áhuga og þörf fyrir að stunda nám því ekki eiga allir þess kost að setjast á skólabekk eins og við þekkjum. Við verðum að hafa vakandi auga með þeim möguleikum sem sífellt eru að opnast og hagnýta þá. Ég legg áherslu á hlut landsbyggðarinnar í þessum efnum. Það er ljóst að þessi málaflokkur skiptir gífurlega miklu máli fyrir fólk úti um allt land og auðvitað ánægjulegt að þessir möguleikar skuli vera fyrir hendi. Ég vil að lokum hvetja hæstv. ráðherra til dáða í þessum efnum. Hann er eins og þjóðin veit mikill áhugamaður um netmál og ég þykist vita að hann muni ekki láta sitt eftir liggja í þeim efnum.

[14:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi Verkmenntaskólann á Akureyri, þá er rétt að tilraunastarfi hans á þessu sviði er lokið. Ég sagði að fleiri skólar sæktust nú eftir að fá heimild til að bjóða fjarkennslu og þau mál eru til athugunar. Það mun verða haldin ráðstefna á vegum menntmrn. og Skýrslutæknifélags Íslands um upplýsingatækni og skólastarf í lok þessa mánaðar. Þar munu öll þessi sjónarmið verða kynnt. Það er gífurlegur áhugi á þessari ráðstefnu og ljóst að þar verður dregið fram það nýjasta og besta sem við höfum yfir að ráða á þessu sviði. Þar munu menn fá tækifæri til að bera saman bækur sínar og kynnast einnig því sem við blasir í nánustu framtíð. Ég vona að okkur takist að stilla þannig saman strengina að kraftarnir nýtist sem best og það er einnig markmiðið með markáætlun um rannsóknir í upplýsingatækni og umhverfismálum sem var kynnt í gær. Þar er veitt fé til að efla rannsóknir, þróun og vísindi á sviði upplýsingatækni sem er nauðsynlegt til að ná markmiðum okkar. Einn hv. ræðumaður nefndi réttilega að við ættum að hafa þau bestu og háleitustu markmið sem menn settu sér á heimsmælikvarða miðað við þá útbreiðslu sem tölvur hafa hér og þá þekkingu sem fyrir hendi er í landinu varðandi nýtingu tölvutækninnar.

Spurt var um grunnskólann og hvað gert væri á því sviði. Það sem menntmrn. hefur gert varðandi grunnskólann er í fyrsta lagi að veita styrk til að gera tilraunir með fjarnám á grunnskólastigi. Þær fara fram í skólum á Ströndum og einnig hefur ráðuneytið veitt fé til þriggja grunnskóla sem eiga að vera þróunarskólar við nýtingu upplýsingatækninnar og þriggja framhaldsskóla sem gegna eiga sama hlutverki. Ég lít þannig á að þessir skólar muni ekki aðeins þróa nýtingu tækninnar innan dyra í skólanum heldur einnig nýtingu tækninnar við fjarnám og fjarkennslu þegar fram líða stundir.

Námskrárgerð.

Fsp. SvanJ, 318. mál. — Þskj. 385.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Á undanförnum árum hafa verið endurskoðaðar námskrár bæði fyrir framhaldsskóla og grunnskóla og nýjar námskrár áttu að liggja fyrir á árinu 1998. Ég hygg að þær séu ekki fram komnar enn þó komið sé árið 1999. Ég legg því fyrir ráðherra svohljóðandi spurningu:

„Hvernig miðar gerð nýrra námskráa fyrir framhaldsskóla og hvenær er gert ráð fyrir að þær taki gildi?"

Í öðru lagi hefur í tengslum við námskrárgerðina og í umræðum um skólamál á liðnum árum einnig komið fram að

rétt væri að stytta framhaldsskólann í þrjú ár. Um það virðist vera breið pólitísk samstaða. Ég hef því beint eftirfarandi spurningu til hæstv. menntmrh.:

„Er miðað við styttingu framhaldsskólans í þrjú ár við gerð nýrra námskráa?"

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvort lagt hafi verið mat á hvernig kostnaður við rekstur framhaldsskóla breyttist við styttingu skólans í þrjú ár og ef búið væri að leggja slíkt mat, hver væri þá meginniðurstaðan. Það er ljóst að fjárhagsstaða framhaldsskólanna hlýtur að breytast töluvert ef þeir verða styttir sem þessu nemur. Kennurum hlýtur að fækka og öll staða skólanna gæti auðvitað gjörbreyst, ekki síst ef skólarnir fengju að nýta það svigrúm sem þannig myndaðist til að bæta skólastarfið, t.d. til að efla starfsnám og símenntun, þar sem skórinn virðist helst kreppa. Það mætti líka hugsa sér að nýta hluta þessa fjármagns til að auka jafnrétti á ýmsum sviðum náms.

Auðvitað hljótum við öll að spyrja hvort sá sparnaður sem hlytist af styttingu skólans fengi að nýtast íslenska framhaldsskólanum áfram eða hvort hann færi út úr framhaldsskólanum. Þessar spurningar um námskrárgerð eru búnar að liggja fyrir frá því fyrir áramót og ég vænti þess að ráðherra geti upplýst okkur um námskrárgerð fyrir framhaldsskóla, um hvenær þær eigi að liggja fyrir og um þetta stóra atriði sem þar skiptir miklu.

[14:54]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Endurskoðun aðalnámskráa er nú á síðasta verkþrepi. Ritun námskráa fyrir einstakar greinar grunn- og framhaldsskóla lauk í byrjun desember en nú er unnið að samræmingu, frágangi, hönnun og prentun á námskrám beggja skólastiga. Formlegt útgáfuferli námskránna beggja hófst í raun 1. janúar sl. Um 35 vinnuhópar, um 70 einstaklingar, störfuðu að námskrárrituninni á síðustu stigum hennar og hafa nær allir lokið störfum. Samtök kennara gengust fyrir tilnefningum í vinnuhópana í vor og gekk vel að leysa það umfangsmikla og flókna verkefni. Formlegir umsagnaraðilar í námskrárvinnunni hafa sent inn viðbrögð sín við nýrri skólastefnu sem ég kynnti síðasta vor en á henni byggir endanlegur frágangur námskránna.

Óhætt er að segja að hinni nýju stefnu hafi verið jafn vel tekið af umsagnaraðilum og flestum öðrum. Í grundvallaratriðum lýsa umsagnaraðilar yfir stuðningi við skólastefnuna en leggja jafnframt fram ábendingar um einstök atriði stefnunnar eða gera tillögur um nánari útfærslu hennar. Í þessu sambandi má m.a. nefna ábendingar um viðmiðunarskrá og valfrelsi nemenda í grunnskóla; aðlögun náms að lokatakmarki; skipulag á kjörsviðum bóknámsbrauta, einkum vegna fjölda eininga í stærðfræði; inntökuskilyrði í framhaldsskóla og skipulag starfsnáms.

Sérstök samráðsnefnd sem skipuð var til að fylgja námskrárvinnunni til verkloka hefur tekið þátt í lokafrágangi verksins og hefur hún lokið störfum en í henni sátu fulltrúar Hins íslenska kennarafélags, Kennarasambands Íslands, Skólastjórafélags Íslands, Skólameistarafélags Íslands auk fulltrúa sveitarfélaga, foreldra og nemenda. Ætlunin er að námskrár beggja skólastiga taki formlega gildi fyrir upphaf næsta skólaárs, 1999–2000, en komi til fullra framkvæmda á þriggja til fjögurra ára tímabili.

Varðandi aðra spurningu hv. þm. vil ég segja að í nýrri námskrá framhaldsskóla miðast kennslumagn og uppbygging bóknámsbrauta við fjögurra ára nám eins og áður. Á hinn bóginn opnar ný skólastefna fyrir möguleika einstakra framhaldsskóla til að bjóða upp á sama nám á þremur árum. Þegar hafa nokkrir skólar lýst áhuga á að taka upp slíka námsskipan.

Að því er þriðju spurninguna varðar er ljóst að stytting á námi til stúdentsprófs er afar flókið viðfangsefni sem getur haft mikil áhrif á inntak og rekstur skólakerfisins. Þar sem ekki liggur fyrir að nám á bóknámsbrautum verði almennt stytt í þrjú ár, hefur menntmrn. enn sem komið er ekki rannsakað til hlítar mögulegar breytingar á rekstrarkostnaði framhaldsskóla. Taki einstakir skólar upp þriggja ára nám til stúdentsprófs, en á því eru líkur eins og fram hefur komið, mun ráðuneytið óska eftir að fá að fylgjast grannt með framvindu mála, bæði með tilliti til faglegra þátta, gæða kennslunnar og reksturs viðkomandi skóla. Þegar hin nýja skólastefna var kynnt á sl. vori var tekið fram að ekki væri ætlunin að hrinda samtímis í framkvæmd nýjum námskrám fyrir grunnskólann og framhaldsskólann og stytta framhaldsskólann úr fjórum árum í þrjú ár, heldur ættu menn fyrst að ljúka námskrárgerðinni, taka mið af því stefnumarki við gerð hennar að framhaldsskólinn yrði þrjú ár þegar fram liðu stundir. Ætlunin var ekki að gera þessar breytingar samtímis, þ.e. að hrinda nýjum námskrám í framkvæmd og stytta framhaldsskólann úr fjórum árum í þrjú.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Þetta ferli við styttingu framhaldsskólans kemur nokkuð á óvart. Þegar stytta á framhaldsskólann um eitt ár hljóta menn einnig að gæta að því hvernig náminu verði háttað, ekki síst í elstu bekkjum grunnskólans. Því hefði verið tilvalið við gerð nýrrar námskrár að miða hana við það að skólarnir samræmdu störf sín, annars vegar grunnskólinn á síðustu stigum og hins vegar fyrstu ár framhaldsskólans. Ég átta mig ekki á því hvernig þetta á að gerast. Fróðlegt væri að heyra ráðherra ræða frekar um hvað eigi að gerast þegar fram líða stundir, hvað þetta varðar. Hafa menn sett sér markmið í þessu og þá bæði fyrir grunnskólann og framhaldsskólann? Hvernig sér hann fyrir sér að það verði þegar einhverjir skólar bjóða upp á þriggja ára nám en aðrir bara fjögur? Hvernig á námskráin að nýtast þeim báðum? Hver á þáttur grunnskólans að vera í því ferli?

[14:59]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir þessu á síðasta þingi þegar nýja skólastefnan var til umræðu því þar var það einmitt lagt til grundvallar að ekki yrði gengið til þess verks samtímis að setja nýju námskrárnar og stytta framhaldsskólann úr fjórum árum í þrjú ár. En það hefur verið haft sem markmið við alla námskrárgerðina að þetta sé unnt og námskrárnar taka mið af því að unnt sé að laga þær að þessum kröfum. Námskrárnar verða þannig uppbyggðar að markmiðin og árangurskröfurnar verða skýrari en nú er þannig að ég dreg ekki í efa að unnt verði að gera þetta á grundvelli nýju námskránna án þess að inntakið í náminu raskist eða breytist. Þetta er fyrst og fremst skipulagsatriði sem menn þurfa að gefa sér góðan tíma til að undirbúa og átta sig á einstökum þáttum í málinu, eins og hv. þm. fjallaði um.

Að því er grunnskólann varðar þá sé ég nú ekki að það breyti í sjálfu sér námskrá grunnskólanna að menn setji sér það markmið varðandi framhaldsskólann. Það hefur einnig, eins og við vitum, verið samfella í námskrárvinnunni frá

grunnskóla upp í framhaldsskóla þannig að allir hafa vitað af því að þetta væri eitt af markmiðunum sem bæri að hafa að leiðarljósi þegar námskráin er endurskoðuð.

En þetta mál verður vafalaust rætt á hv. Alþingi síðar og menn þurfa að taka afstöðu til þess. Nú þegar útskrifa sumir skólar að sjálfsögðu nemendur með stúdentspróf á þremur árum og þeim mun fjölga. Menntmrn. hefur t.d. þegar gefið Menntaskólanum við Hamrahlíð heimild til að útskrifa nemendur með svokallað IB-próf, stúdentspróf sem er þriggja ára nám. Það er því unnt að ljúka stúdentsprófi hér á þremur árum. Duglegir nemendur geta gert það á svo skömmum tíma en einnig er námið skipulagt þannig, t.d. í Menntaskólanum við Hamrahlíð þegar menn líta á IB-námið þar.

Náttúrufræðikennsla.

Fsp. SvanJ, 357. mál. — Þskj. 489.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Menn hafa löngum haft af því nokkrar áhyggjur að raungreinakennsla væri ekki eins mikil eða góð og skyldi. Og eitt af því sem nefnd um mótun menntastefnu lagði til á sínum tíma var að náttúrufræðikennsla í grunnskólum yrði skilgreind að nýju og efld. Þetta var fyrir daga TIMSS-kannana. En eftir að niðurstöður komu úr þeirri könnun hafa ýmis stór orð verið látin falla og flestir undirstrikað mikilvægi þess að efla náttúrufræðigreinar í skólum landsins. Að því héldum við öll að væri verið að vinna.

Það kom því á óvart, herra forseti, að ýmist málsmetandi fólk af raungreinasviðinu, 362 aðilar alls, meðal þeirra fyrrverandi og núverandi rektorar háskólastofnana, prófessorar og fjöldi kennara, m.a. úr Félagi náttúrufræðikennara á grunnskólastigi og Félagi raungreinakennara, sendi þingmönnum erindi hinn 2. desember sl. þar sem þessir aðilar lýstu í fyrsta lagi yfir þungum áhyggjum vegna stöðu náttúrufræðinnar í íslensku skólakerfi. En það sem kom meira á óvart var að þeir lýstu líka yfir áhyggjum vegna stöðu greinarinnar eins og hún birtist í viðmiðunarstundaskrá fyrir grunnskóla og var þar vísað í bæklinginn Enn betri skóli, þar sem verið er að fjalla um nýja skólastefnu.

Þeir telja að þeim metnaðarfullu markmiðum sem fram koma í metnaðarfullri námskrá í náttúrufræðum fyrir grunnskóla verði ekki náð með þeim tímafjölda sem viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Í ljósi þeirrar stöðu sem hefur verið og nýrra áherslna er talið óviðunandi að auka ekki tímafjölda í greininni. Í drögum sem þá voru að nýrri námskrá fyrir framhaldsskóla var gert ráð fyrir 50–70% niðurskurði í sérgreinum á náttúrufræðibrautum og að kjarnanám í náttúrufræðum til framhaldsskóla virtist stefna í að verða minna en 5% af námi til stúdentsprófs.

Herra forseti. Þær staðreyndir sem hér hafa verið raktar um þróun náms í náttúrufræðum ganga þvert á það sem menn hafa verið að tíunda sem mikilvægi og langt frá áherslum sem fram hafa komið, m.a. á hv. Alþingi. Ég hef því beint eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Telur ráðherra að áætlanir um tímafjölda til kennslu í náttúrufræðigreinum sem fram koma í bæklingnum „Enn betri skóli“ og í drögum að nýrri námskrá fyrir framhaldsskóla samrýmist aukinni áherslu á náttúrufræðigreinar sem fram kom í kjölfar niðurstaðna TIMSS-könnunarinnar? Ef svo er ekki, hvernig hyggst ráðherra bregðast við?“

[15:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Mér er nokkur vandi á höndum vegna þess að þessi fsp. er í raun sama eðlis og fsp. á þskj. 699 um náttúrufræði frá hv. þm. Svavari Gestssyni, og verður svarið við báðum fsp. í raun og veru hið sama af minni hálfu. Þannig er að við settum þetta fram í bæklingnum Enn betri skóli og kynntum þetta til þess að kalla fram viðbrögð og fá fram umsagnir og álit við nýju skólastefnuna sem við mundum síðan taka mið af þegar tillögur okkar um viðmiðunarstundaskrá og annað yrðu fullmótaðar.

Menntmrn. bárust einnig erindi frá Félagi náttúrufræðikennara í grunnskólum og ýmsum öðrum áhugamönnum um náttúrufræðikennslu í grunn- og framhaldsskólum. Viðræður fóru fram við fulltrúa þessara aðila og verkefnisstjórn um endurskoðun aðalnámskrár átti fund með talsmönnum hópsins og fór yfir málið. Menn skiptust á skoðunum og ráðuneytið hefur lagt verulega vinnu í að meta stöðuna á þessu sviði eins og öllum öðrum sem varða framkvæmd skólastefnunnar.

Að vandlega athuguðu máli ákvað verkefnisstjórnin að leggja það til við mig, og ég hef fallist á þær tillögur, að auka tíma í náttúrufræðikennslu í grunnskóla frá því sem áætlað var um eina vikustund í 7. og 8. bekk, og hefur náttúrufræðikennsla í grunnskólum þar með verið aukin úr 16–18 stundum á viku, samtals í 26 stundir á viku í 1.–10. bekk samkvæmt nýrri aðalnámskrá. Í framhaldsskólum var ákveðið að auka hlut náttúrufræða í kjarna úr sex einingum í níu einingar á málabraut og félagsfræðibraut með því að færa þrjár einingar af kjörsviði yfir í kjarna.

Í þessum breytingum sem við höfum gert, annars vegar á viðmiðunarstundaskránni og einnig á skipan kjarna á málabraut og félagsfræðibraut, höfum við tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu frá Félagi náttúrufræðikennara og öðrum um hlut náttúrufræðinnar og ég held að enginn geti dregið í efa að komið sé til móts við þau sjónarmið. Einnig liggur alveg ljóst fyrir að hlutur þessara námsgreina er aukinn frá því sem áður var bæði í grunnskólum og framhaldsskólum.

[15:08]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli um fyrirkomulag náttúrufræðikennslu í kjölfar TIMSS-könnunarinnar. Það er ánægjulegt að heyra að til stendur að auka hlut náttúrufræðikennslu bæði í grunnskólum og framhaldsskólum miðað við svar hæstv. ráðherra.

Mig langar í framhaldi af þessu að spyrja hæstv. ráðherra hvenær þessi aukning taki gildi. Verður það á þessu skólaári eða næsta, eða hvenær? Það er óskaplega mikilvægt að ekki sé bara talað um hlutina, það verði að gera eitthvað í kjölfar TIMSS-könnunarinnar, en síðan er allt óbreytt. Þess vegna tel ég ákaflega mikilvægt að fá það skýrt fram hvenær þessar breytingar taka gildi.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil fyrst gera að umræðuefni þau vinnubrögð sem hæstv. ráðherra lýsti áðan, þ.e. að þessi ákvæði, eins og þau voru kynnt í drögum að nýrri námskrá fyrir framhaldsskóla og í pappírnum Enn betri skóli, að það hafi

bara verið til að kalla fram viðbrögð og álit. Maður hlýtur þá að velta því fyrir sér: Var svo með fleiri greinar? Voru þessi plögg sett fram til að kalla fram viðbrögð og álit? Og er síðan búið að hræra í fleiru en þessu? Mér finnst þetta mjög sérkennileg viðbrögð en ég vil þó fagna því að ákveðið var að mæta þeim viðbrögðum og þeim álitum sem fram komu varðandi nákvæmlega þessa grein.

Mér finnst gott að hér skuli koma fram að ákveðið hafi verið að fjölga í 7. og 8. bekk grunnskóla um eina vikustund í náttúrufræðigreinum og sömuleiðis að kjarni í máladeild og félagsfræðideild framhaldsskóla skuli stækka úr sex í níu einingar. Ég held að þetta skipti máli og ég er viss um að þessi niðurstaða er miklu frekar í takt við þá umræðu og þær áherslur sem fram hafa komið um mikilvægi náttúrufræðigreinanna í dag.

[15:11]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það kemur mér á óvart að vera gagnrýndur fyrir að leggja fram stefnu til kynningar á síðasta vetri og óska eftir því að menn geri athugasemdir eða komi með skoðanir sínar fram við þá stefnu og síðan sé tekið mið af því sem menn vekja máls á þegar málið er fullunnið. Þannig var nú að þessari skólastefnu staðið og mótun hennar. Eins og hv. fyrirspyrjandi man e.t.v. eftir voru sendir bæklingar inn á hvert heimili í landinu. Síðan efndi ég til funda um landið allt og ræddi málið og hlustaði þar á skoðanir fundarmanna og síðan var einnig óskað eftir skriflegum umsögnum og athugasemdum. Það er það ferli sem hefur verið varðandi gerð námskránna á sama tíma og menn hafa síðan verið að skrifa námskrár fyrir einstakar greinar. Það er rétt ár síðan við kynntum þetta ferli og því er að ljúka núna. Ég held að það hafi almennt mælst vel fyrir nema hjá hv. ræðumanni að menn færu þá leið, að kynna fyrst og taka síðan mið af þeim athugasemdum sem fram hafa komið og leggja mat á það og taka ákvarðanir. Svo verður þetta kynnt núna með námskránum sem munu koma út á næstunni.

Hvað lýtur að spurningu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um hvenær þessu verði hrundið í framkvæmd, þá verður núna þegar málið er komið á þetta stig einnig haft samband við Námsgagnastofnun. Það verður hafin útgáfa og gerð á nýju námsefni í samræmi við nýju námskrárnar og náttúrufræðin er þar í forgangi. En ég hef alltaf sagt að það tæki a.m.k. þrjú ár að koma námskránum í framkvæmd en náttúrufræðin er eitt af forgangsverkefnunum.

Kennsla í íslensku.

Fsp. SvG, 416. mál. — Þskj. 689.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja fsp. til hæstv. menntmrh. sem er á þessa leið:

„Hvaða ráðstafanir gerir menntamálaráðuneytið til að tryggja erlendu verkafólki hér á landi kennslu í íslensku?"

Ástæðan fyrir þessari fsp. liggur í augum uppi. Það þekkja allir þingmenn sem hafa fylgst með þróun atvinnulífs á Íslandi í seinni tíð að vaxandi fjöldi fólks sem starfar í fiskvinnslu hér á landi er af erlendum uppruna. Fyrir liggur fsp. sem kemur fyrir síðar á fundinum þar sem beðið er um upplýsingar um fjölda þessa fólks. Hér er um að ræða vaxandi fjölda fólks og það fer ekkert á milli mála að þetta fólk, þessir mikilvægu starfsmenn íslenska atvinnulífsins búa við önnur og lakari mannréttindi að mörgu leyti en aðrir mundu nokkurn tíma sætta sig við. Aðstaðan sem þessu fólki er búin, t.d. í verbúðum, að því er varðar húsnæði er allt önnur en annað verkafólk í fiskvinnslu t.d. mundi sætta sig við. Þegar við komum í heimsóknir í fiskvinnslufyrirtæki víðs vegar á landinu þá tökum við eftir því að í kaffitímum og matartímum er þetta fólk sér, það blandar ekki geði við aðra vegna þess m.a. að það skortir færni í tungumálum. Í raun og veru hefur sorglega lítið verið gert í þessu efni. Sveitarfélögin hefðu auðvitað sums staðar gjarnan mátt grípa til einhverra ráðstafana, en þau hafa ekki gert það. Stundum hefur verið gripið til þess að einstaklingar hafa í sjálfboðavinnu efnt til kennslu í íslensku fyrir þetta fólk. Á Tálknafirði kynntist ég því t.d. fyrir nokkrum mánuðum að fullorðin kona á staðnum, Þórunn Magnúsdóttir, tók sig til og reyndi að kenna þessu fólki íslensku. En það skorti allt sem til þurfti, m.a. nauðsynlegar orðabækur og kennslubækur, þó að loksins liggi fyrir orðabók í pólsku sem er mikilvægt hjálpartæki í þessu sambandi.

Mér er alveg ljóst að málið er flókið og viðamikið en ég tel að eins og staðan er í dag sé ekki hægt að segja að þessu fólki séu tryggð lágmarksmannréttindi á Íslandi. Fólk verður að geta tjáð sig og tekið þátt í umhverfi sínu, m.a. til þess að fara yfir kjör sín, forsendur kaups og kjarasamninga og fleira. Þetta fólk getur það ekki eins og staðan er í dag.

Þess vegna hef ég leyft mér að koma þessu máli inn í þingið með því að bera fram þessa litlu fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um leið og mér er ljóst að aðrar stofnanir og önnur ráðuneyti en menntmrn. hljóta einnig að koma að þessu máli.

[15:16]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í sjálfu sér hvílir engin lagaskylda á menntmrn. í þessu efni en ráðuneytið hefur frá árinu 1993 veitt styrki til fræðsluaðila til að halda námskeið í íslensku fyrir útlendinga frá ákveðnum málsvæðum. Einkum er lögð áhersla á önnur málsvæði en germönsk.

Að jafnaði hefur verið miðað við að styrkurinn nemi um $^2/_3$ hluta kostnaðar. Flest námskeiðin eru 40–70 stunda löng. Þau lengri eru blanda af íslenskukennslu og verklegri kennslu með áherslu á hugtök og talþjálfun.

Á árunum 1993–1997 hafa hátt í 1.500 útlendingar notið slíkrar kennslu með styrk frá ráðuneytinu. Námskeiðin eru fyrst og fremst ætluð þeim útlendingum sem hafa fengið dvalarleyfi á Íslandi til eins árs eða lengur og er erlent verkafólk nokkuð stór hluti þessa hóps, einkum Pólverjar. Einnig hefur erlent verkafólk sem hefur dvalið styttri tíma í landinu tekið þátt í námskeiðunum, einkum ef atvinnurekendur hafa einnig veitt styrki.

Í júní 1997 skilaði nefnd sem ég skipaði í september 1995 um málefni útlendinga álitsgerð um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi. Í álitsgerðinni er gerð sú tillaga að útlendingum sem hafa fengið dvalarleyfi á Íslandi til eins árs eða lengur með varanlega búsetu í huga standi til boða allt að 500 stunda kennsla í íslensku með ívafi af fræðslu um íslenskt samfélag, réttindi og skyldur. Einnig verði verklegum þáttum vafið inn í kennsluna eftir því sem þurfa þykir.

Þá er í álitsgerðinni gerð sú tillaga að hlutaðeigandi stjórnvöld athugi hvort skylda eigi atvinnurekendur til að greiða kostnað vegna íslenskunámskeiða fyrir útlendinga sem þeir ráða tímabundið til starfa sbr. 6. gr. laga nr. 133/1994. Þessi álitsgerð ásamt skýrslunni „Aðlögun Íslendinga af erlendum uppruna og stefnumótun í málefnum þeirra", sem kom út á árinu 1997, var til athugunar hjá starfshópi sem félmrh. skipaði haustið 1997 í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um það efni. Sá starfshópur hefur skilað skýrslu til félmrh.

Í menntmrn. er unnið að námskrá í íslensku fyrir útlendinga á fullorðinsaldri og mun þessi námskrá verða gefin út á næstunni.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég er eftir atvikum sáttur við þessi svör. Það er greinilega verið að þoka þessum málum áleiðis. Það er auðvitað í samræmi við stjórnarskrárákvæðin um mannréttindi eins og segir í 65. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi forseta:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Ég tel að það sé mjög mikilvægt að unnið sé rösklega að þessu máli. Það er alveg ljóst að hugmyndir eru uppi um hvernig á að fara í málin. En það hefur ekki náðst samkomulag um það enn þá hverjir eiga að bera kostnaðinn. Ég held að þar séu aðilar eins og þeir sem hér hafa aðeins verið nefndir. Það eru t.d. atvinnurekendur sem eru í raun að leita eftir atvinnuleyfum fyrir margt af þessu fólki. En auðvitað er það líka ríkið og sveitarfélögin. Ég tel að það sé kannski næsta verkefni að setjast yfir það hverjir það verða sem bera kostnaðinn af því að þessu fólki verði kennd íslenska þannig að það geti á virkan hátt tekið þátt í íslenska þjóðfélaginu.

Það eru liðlega 50 ár síðan mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og ég tel hægt að halda því fram að brotalöm sé á framkvæmd mannréttindayfirlýsingarinnar á Íslandi meðan þessi mál eru ekki í almennilegu lagi að því er varðar íslenskukennslu fyrir erlent verkafólk hér á landi. Þess vegna taldi ég ástæðu til að koma þessu máli hér á dagskrá og þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. En það er greinilegt að á fleiri sviðum þarf að knýja á um að málinu verði fylgt eftir og að reynt verði að taka sameiginlega á í nokkrum ráðuneytum. Ég tel að það væri rakið verkefni fyrir þingið t.d. að samþykkja að kosin yrði sérstök nefnd til að fara yfir réttindi útlendinga og skyldur okkar við þá við þær aðstæður sem þeir búa við hér á landi.

[15:21]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil aðeins árétta það að ég tel að það sem við höfum verið að gera sýni fullan vilja til þess að sinna þessum málum. Af hálfu menntmrn. hefur margt verið gert eins og ég rakti, bæði veittur fjárhagslegur stuðningur og einnig hefur verið gerð úttekt og samin skýrsla um málið. Loks er ráðuneytið að semja námskrá fyrir útlendinga á fullorðinsaldri. Allt eru þetta tæki sem þarf til þess að ná þeim markmiðum sem við stefnum að svo þessir ágætu íbúar í landi okkar njóti fyllstu réttinda. Ég held að of fast sé að orði kveðið að segja að við höfum staðið þannig að málum að brotið hafi verið á mannréttindum þessa fólks. En betur má gera og að því stefnum við að. Ég tel að þegar liggi fyrir hugmyndir um það hvernig unnt er að ná enn betri árangri á þessu sviði.

Menningarhús.

Fsp. SvanJ, 420. mál. — Þskj. 693.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Þau lífsgæði sem við köllum menningu finnum við um allt land. Óbilandi áhugi og vilji er drifkraftur mikils fjölda fólks sem tekur þátt í söng og leikstarfi, leikur á hljóðfæri, skapar og sinnir söfnum og sýningum. Það sem helst háir starfi þessa stóra hóps er fjárskortur og heltast því iðulega öflugir einstaklingar, listamenn, úr hópnum þar sem fjárhagsleg umbun eru oft lítil og stundum engin. Þessi starfsemi fer fram í hinum ýmsu menningarhúsum landsbyggðarinnar, félagsheimilum, leikhúsum, kirkjum, húsum verkalýðsfélaga, ungmennafélaga og áfram mætti telja.

Frá ríkinu hefur ekki fengist nema brot af því fjármagni sem beðið hefur verið um undanfarin ár til að styrkja og efla þá menningu sem nú þegar fer fram í þessum menningarhúsum landsbyggðarinnar. Meiri hlutinn á Alþingi ákvað meira að segja nú fyrir jólin að ekki mætti lengur skylda ríkið til að styðja fjárhagslega eina atvinnuleikhúsið á landsbyggðinni.

Það er líka verið að gera upp fjölda menningarhúsa. Gömul sögufræg hús eru að fá nýtt hlutverk en það hefur verið harðsótt að fá framlög frá ríkinu, hvað þá framlög sem munar um til þeirra framkvæmda. Það fannst þess vegna fleirum en mér holur hljómur í hinni miðstýrðu pakkalausn ríkisstjórnarinnar fyrir landsbyggðina, menningarhús á fimm staði, sameiginleg verkefni ríkis, sveitarfélaga og einstaklinga.

Vissulega væri frábært, herra forseti, að eiga enn glæsilegri og fullkomnari hús. En við hljótum að spyrja: Vantar okkur einmitt hús og hvað með innihaldið, starfsemina sjálfa? Þar vantar svo sannarlega fjármuni. Ætti ekki frumkvæðið að koma frá sveitarfélögunum eða íbúunum sjálfum, þeim sem þekkja þarfirnar og hafa metnaðinn? Ég hef þess vegna lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. menntmrh.:

„1. Hversu stór á hlutur ríkisins í byggingu menningarhúsa að verða, eða endurgerð eldri húsa ef sú leið verður valin? Hve miklu fé ætlar ríkið að verja til þessara framkvæmda og á hvaða tíma?

2. Hver er forgangsröðun framkvæmdanna?

3. Hver á að verða rekstraraðili menningarhúsanna og hversu mikinn þátt mun ríkið taka í rekstri þeirra?"

[15:25]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hinn 7. janúar sl. kynnti ríkisstjórnin að hún ætlaði að leggja sitt af mörkum til þess að byggja upp svokölluð menningarhús utan höfuðborgarsvæðisins og byggði þar á því að ríkið kom að því á sínum tíma að byggja upp félagsheimili víðs vegar um land. Ríkissjóður veitti á sínum tíma styrki til smíði slíkra húsa. En síðan 1989 hefur það alfarið verið á verksviði sveitarstjórna að veita byggingarstyrki til félagsheimila.

Í þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem var kynnt hinn 7. janúar kemur fram að ætlunin er að nefnd fari yfir lögin um félagsheimili frá 1970 og fjalli þá einnig um hvernig ríkið geti komið að því að reisa eða stuðla að því að menningarhús

rísi um landið og eru fimm staðir nefndir til sögunnar í þessari fréttatilkynningu og ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Í henni og ákvörðun ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta:

„Í sumum tilvikum yrði um endurnýjun á gömlum húsum að ræða. Annars staðar yrði að ráðast í nýjar framkvæmdir. Um yrði að ræða sameiginlegt verkefni ríkis, sveitarfélaga og einstaklinga enda ættu fulltrúar þessara aðila sæti í stjórn húsanna."

Á blaðamannafundinum þegar þetta var kynnt var spurt svipaðra spurninga og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir gerir nú á hinu á Alþingi. Þar kom fram að skiptingin ætti að vera þannig að 60% kæmu í hlut ríkisins af kostnaði og 40% í hlut sveitarfélaganna. Það kom einnig fram að ekki hefði verið forgangsraðað við framkvæmdirnar. Það var forgangsraðað má segja með því að velja fimm staði og nefna þá en ákvarðanir hafa ekki verið teknar af ríkisstjórninni um það hvernig þeim stöðum sem nefnir eru verður forgangsraðað, enda fer það eftir viðræðum við hvern stað og fer eftir því hvernig miðar í vinnu þeirrar nefndar sem verður komið á laggirnar.

Þá er spurt: Hver á að verða rekstraraðili menningarhúsanna og hversu mikinn þátt mun ríkið taka í rekstri þeirra? Eins og segir í ákvörðuninni og tilkynningunni yrði um að ræða sameiginlegt verkefni ríkis, sveitarfélaga og einstaklinga, enda ættu fulltrúar þessara aðila sæti í stjórn húsanna. Þarna kemur fram að mínu mati það viðhorf að aðilar standi saman að því að stjórna húsunum og kæmu þar með að því að taka ákvarðanir um rekstur þeirra. Hvernig því verður háttað ætla ég ekki að slá föstu á þessu stigi. Ég vil aðeins, herra forseti, árétta það sem ég hef sagt víða þegar þetta mál hefur borið á góma að það ber fyrst og fremst að líta á þetta sem mikilvæga stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnarinnar um þátttöku í uppbyggingu á menningarstarfi út um land fjarri höfuðborgarsvæðinu til að byrja með því að í þessu felst viðleitni af hálfu ríkisvaldsins til að skapa aðstæður til þess að stunda menningarlegt starf á hinum ýmsu stöðum á landinu. Að mínu mati á ekki að leggja höfuðáherslu á orðið hús í þessu heldur menningu og þá viðleitni sem fram kemur í þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja sitt af mörkum til þess að efla menningarstarf út um landsbyggðina. Ef menn eru með aðrar hugmyndir á einstökum stöðum en ráðast í nýbyggingar — ríkisstjórnin hefur ekki gert neinar kröfur um það hvers konar hús þetta ætti að vera — og eru með hugmyndir um uppbyggingu sem tekur mið af öðru en því að reist verði ný hús þá er það að sjálfsögðu mál sem kæmi til álita og skoðunar því aðalatriðið er að skapa almennt betri aðstöðu til þess að stunda menningarlegt starf á landsbyggðinni. Og í þessari ákvörðun felst vilji ríkisvaldsins til að leggja sitt af mörkum til að skapa betri aðstæður.

[15:29]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hugmyndin um uppbyggingu menningarhúsa á landsbyggðinni er góð. Mikilvægt er að efla menningarlíf á landsbyggðinni í því skyni að bæta þar búsetuskilyrði. Þegar áform ríkisstjórnarinnar um byggingu menningarhúsa voru kynnt í byrjun ársins vakti strax athygli að Vesturland var eitt landsbyggðarkjördæma ekki inni í myndinni varðandi byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni, a.m.k. ekki í fyrsta áfanga. Skýringin virðist vera sú að Vesturland er of nálægt höfuðborgarsvæðinu. Á þessa skýringu get ég ekki fallist, enda má benda á að fólk í Borgarfirði, á Snæfellsnesi og í Dölum býr ekki í þeirri nálægð við höfuðborgarsvæðið að það geti daglega sótt suður til þess að njóta menningar og listviðburða.

Menntmrh. mun skipa sérstaka nefnd til að útfæra þessar hugmyndir frekar. Það er út af fyrir sig gott mál og vil ég óska eftir því að þessi nefnd fái þau skilaboð varðandi Vesturland sem ég hef hér komið á framfæri. Það er óásættanlegt að Vestlendingar verði settir hjá á þennan hátt.

Víða eru myndarleg félagsheimili og önnur menningarhús á landsbyggðinni og þá ekki síst á Vesturlandi. Ég hvet væntanlega nefnd til að beina sjónum að því að hagnýta þá aðstöðu sem fyrir hendi er og að hún verði notuð til að efla og styrkja menningarlíf. Full þörf er á því eins og fram hefur komið.

[15:31]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég fagna alveg sérstaklega þessum hugmyndum og tillögum hæstv. ríkisstjórnar og frumkvæði hæstv. menntmrh. í því að koma nú eftir tíu ára hlé af hálfu ríkisins til skjalanna og ætla að styðja kröftuglega við uppbyggingu menningarhúsa á landsbyggðinni með áherslu á menningunni, menningu sem er að sjálfsögðu fyrir hendi.

Við þekkjum það afar vel í fjárln. hversu litlar fjárhæðir geta skipt miklu máli til stuðnings því félags- og menningarlífi sem nú á sér stað. Félagsheimilin eru mörg og þau eru menningarhús og menningarmiðstöðvar út um landið. Þar vantar kannski svolítið upp á stuðning til rekstrar. Sums staðar vantar t.d. hljóðkerfi. Það vantar ljósabúnað. Það vantar ýmislegt sem gæti komið þessum húsum afar vel til að uppfylla hlutverk sitt, þ.e. félags- og menningarlíf vítt og breitt um landið.

[15:32]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til þess að fagna samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 7. janúar sl. um menningarhús á landsbyggðinni. Þessi hugmynd tengist á vissan hátt þeirri ágætu tillögu ríkisstjórnarinnar um stefnu í byggðamálum sem nú er til meðferðar í þingnefnd. Ég vil taka það fram og taka undir þau orð sem hæstv. menntmrh. sagði að hér er um mikla stefnumörkun að ræða. Ég vona að menn átti sig á því. Ég vil líka taka það fram að hér þarf að vanda sig. Það þarf að vanda sig í þeirri smíð sem hér er að nokkru leyti verið að leggja grunn að. Ég óttast ekki að það náist ekki sátt um það samstarf sem hér er stofnað til milli ríkis og sveitarfélaga um að standa að þessum mannvirkjum.

Ég kem líka upp til þess að þakka hæstv. menntmrh. sérstaklega fyrir framgang hans í þessu máli. Ég er sannfærður um að hér er stigið gæfuspor í byggðamálum.

[15:34]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir að taka þetta upp vegna þess að ég held að full þörf hafi verið á því. Það er sérstakt að hlusta á þennan mikla fögnuð þeirra hv. þm. sem hér hafa talað, stjórnarliða, yfir því að nú eigi að reisa fimm menningarhús á landinu.

Ég vil hins vegar taka undir þau orð hv. fyrirspyrjanda þar sem minnt er á það mikla menningarstarf sem er alls staðar um landið og býr við afar bág kjör og litla styrki frá ríkisvaldinu. Það vill svo til að einmitt á meðan verið er að ræða þessa fyrirspurn, þá var lagt á borð hv. þingmanna svar menntmrh. við fyrirspurn hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur, Gísla S. Einarssonar og Kristínar Halldórsdóttur um ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum sem snúa akkúrat að þessu,

þ.e. framlög til safna, til leiklistar og ýmissar listastarfsemi vítt og breitt um landið. Ég bið hv. þingmenn um að skoða þessar tölur og velta því svo fyrir sér hvort sérstök þörf sé á nýjum húsum eða menningarhöllum og hvort ekki væri nær að styðja við þá starfsemi sem fyrir er.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Fyrst þegar ég heyrði af menningarhúsunum á landsbyggðinni, þessum fimm, þá fannst mér endilega að ég hefði heyrt þessa hugmynd áður og það rann fljótlega upp fyrir mér ljós hvar það hafði verið. Það var í Atómstöðinni eftir Halldór Laxness. Þetta voru reyndar kallaðar hallir þar, eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gerði áðan. Þær voru taldar helsta hagsmunamál alþýðu og ræddar í sellunum og að sjálfsögðu átti að vera miðstýrð ákvörðun um þetta eins og hér hefur orðið raunin á. Þannig séð er þessi ákvörðun menntmrh. dálítið skemmtileg og það má hrósa honum fyrir frumlegheitin.

Herra forseti. Hins vegar get ég ekki hætt að velta því fyrir mér af hverju ríkið styður ekki betur við þá starfsemi sem þegar er úti á landi, við þá endurgerð húsa og uppbyggingu sem þegar er í gangi og verið er að sækja um fjármuni fyrir til ríkisins á hverju einasta ári. (**Gripið fram í:** Og samþykkt.) Ef þetta á að vera stefnumótun, hvernig eigum við þá að trúa því að hér verði um einhvern veruleika að ræða umfram þann sem við þekkjum af verkum þessarar ríkisstjórnar vegna þess að það er alrangt sem hér var gripið fram í áðan. Þetta hefur því miður ekki verið samþykkt í nægjanlegum mæli. Ef svo væri, þá þyrfti ekki að kvarta, hv. þm. En það hefur verið þörf á því að kvarta vegna þess að því miður hefur ekki nægjanlegur skilningur komið fram í umfjöllun og ákvörðunum á Alþingi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar á því starfi sem fram fer og kallast menningarstarf og er það úti um allt land og þyrfti svo sannarlega á því að halda að að því væri myndarlegar hlúð og öðruvísi en verið hefur.

Herra forseti. Þess vegna stend ég við það sem ég sagði áðan. Það er holur hljómur í þessari miðstýrðu pakkalausn. Ég á eftir að sjá að hún breyti miklu, en ég óttast hins vegar að ef menn ætla að fara að leggja áhersluna þarna þá verði jafnvel enn minna til skiptanna til hinnar raunverulegu starfsemi, þess sem skiptir máli.

[15:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi nálgast öll viðfangsefni, sama hvaða mál það eru sem við ræðum hér, á svo neikvæðan hátt að ekki er við því að búast að unnt verði að koma til móts við neitt af því sem hún segir, sama hvað sagt er, því ef eitt er sagt þá er bara fundið að því líka með einhverjum öðrum rökum sem eru jafnmikið út í hött kannski og upphaflegu rökin. Ég ætla því ekki að elta ólar við þennan skrýtna málflutning sem ég botna ekki almennilega í því að staðreyndin er að framlög til lista og menningarstarfsemi úti um landsbyggðina hafa verið að aukast og jafnframt framlög til endurgerðar á gömlum húsum víðs vegar um landið. Að standa hér og gefa það til kynna að þessum málum hafi ekkert verið sinnt eða menn hugi ekki að þeim samhliða því sem þeir huga að nýmælum og leggja á ráðin um það hvað gera þurfi til þess að styrkja menningarstarf úti á landi enn frekar er náttúrlega algerlega út í hött. Að sjálfsögðu höfum við hugað að þeim málum. En á þeim sviðum eins og flestum öðrum má gera betur og nauðsynlegt er að gera það. En það er alrangt að standa hér og lýsa því yfir að ekkert sé að gert og menn séu bara að bæta einhverju við sem þeir ætli ekki að gera neitt með heldur.

Það er út í hött að tala svona, herra forseti. Ég leyfi mér að fullyrða það því að hér hefur verið tekin ákvörðun, eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson vakti réttilega máls á, sem tengist byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar og því starfi sem verið er að vinna á þeim vettvangi. Í ályktuninni er m.a. vísað til þess að rannsóknir á þróun byggðar og búsetu í landinu leiði í ljós að aðstaða til menningarstarfsemi og þróttmikið starf í menningu og listum ráði miklu um afstöðu fólks til þess hvar það kýs að búa. Það ber því að skoða þetta sem lið í framlagi ríkisstjórnarinnar til þess að stuðla að traustari forsendum byggðar og búsetu í landinu öllu.

Staða náttúrufræði í íslensku skólakerfi.

Fsp. SvG, 425. mál. — Þskj. 699.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það mál sem ég tala fyrir kom til umræðu áðan undir annarri fyrirspurn, fyrirspurn hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, þannig að út af fyrir sig er sú umræða sem nú hefst að nokkru leyti framhald þeirrar umræðu sem hún hóf áðan. Hæstv. menntmrh. tók þátt í henni og svaraði spurningu þingmannsins. Í fyrirspurn minni er þetta orðað svo:

„Hvað hyggst ráðherra gera til að koma til móts við erindi frá Félagi náttúrufræðinga o.fl., dags. 2. desember 1998, um stöðu náttúrufræði í íslensku skólakerfi?“

Tilefni fyrirspurnarinnar er bréf frá Félagi náttúrufræðinga og fleirum, dagsett 2. desember, sem okkur barst þar sem tekið er á þessum vandamálum og lögð áhersla á það eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Við undirrituð, sem erum í forsvari fyrir menntun nemenda í náttúrufræðum á öllum skólastigum og/eða látum okkur varða stöðu náttúrufræðinnar í íslensku skólakerfi, lýsum þungum áhyggjum yfir stöðu náttúrufræðigreinanna eins og hún birtist í viðmiðunarstundaskrá fyrir grunnskóla, samanber bæklingurinn „Enn betri skóli“, og drögum að nýrri námskrá fyrir framhaldsskóla þar sem gert er ráð fyrir 50–70% niðurskurði á tímafjölda í kjarna og niðurskurði í sérgreinum náttúrufræðibrauta.“

Síðar í þessu sama bréfi segir, með leyfi forseta:

„Stefna yfirvalda menntamála er því óskiljanleg eins og hún birtist í því tímamagni sem ætlað er greininni í kjarna í grunn- og framhaldsskólum. Hún er óskiljanleg í ljósi niðurstöðu TIMSS-rannsóknarinnar á stöðu íslenskra nemenda miðað við aðrar þjóðir. Kjarnanám í náttúrufræðum í framhaldsskólum virðist stefna í að verða minna en 5% af námi til stúdentsprófs.“

Þessu bréfi sem okkur barst núna fyrir áramótin fylgdi líka afrit af bréfi frá Félagi náttúrufræðikennara á grunnskólastigi og frá kennurum í þessari grein við Kennaraháskóla Íslands.

Nú hefur það hins vegar verið upplýst að menntmrn. hefur ákveðið að tímafjöldi til náttúrufræðikennslu á grunn- og framhaldsskólastigi verði ekki eins lítill og þessir aðilar óttuðust. Mér virðist að málið liggi þannig að tekin hafi verið ákvörðun um að bæta við einum tíma í 7. og 8. bekk, þ.e. fara úr tveimur tímum á viku í þrjá tíma á viku frá því sem

gert hafði verið ráð fyrir, en undirbúningshópur þessara mála af hálfu kennaranna lagði áherslu á að ef það ætti að búa sæmilega að náttúrufræðinni í grunnskóla þá yrði tímafjöldinn að vera fjórir tímar á viku.

Í öðru lagi sýnist mér að það hafi átt að minnka náttúrufræði í kjarna í framhaldsskólum úr tólf í sex einingar en þær verði níu samkvæmt þeim breytingum sem nú virðist vera gert ráð fyrir.

Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. menntmrh.: Á hvaða greinar er gengið með þeirri ákvörðun sem verið er að taka hér um breytingar á viðmiðunarstundaskrá? Í öðru lagi vil ég spyrja hann: Hvenær var þessi ákvörðun tekin? Var hún tekin í gær eða fyrradag? Er tilefnið kannski fyrirspurnirnar sem verið er að ræða hér? Og í þriðja lagi vil ég biðja hann að meta það með mér hvernig á því standi að ákvörðun um þetta lítinn hlut náttúrufræðigreinanna verði til. Hvaða sambandsleysi veldur því að hlutirnir eru eins og þeir birtust m.a. Félagi raungreinakennara og ég hef hér gert grein fyrir?

[15:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi síðustu spurninguna, þá hefur þetta verið ferli þar sem menn hafa verið að skiptast á skoðunum og fara yfir málin. En öllu ferli verður að ljúka. Það verður að taka ákvarðanir og þær voru teknar eins og ég hef lýst áður og hv. þm. nefndi, með því að fjölga um eina stund á viku í 7. og 8. bekk og einnig að fjölga einingum í kjarna.

Við gengum ekki á annað en svokallaðan frjálsan tíma í 7. og 8. bekk. Við skertum ekki tíma neinna annarra greina með þessari ákvörðun. Á hinu sviðinu er stærri hluti bundinn þannig að þrjár einingar eru færðar af kjörsviði yfir í kjarna þannig að svigrúm nemenda til þess að velja sjálfir er skert í framhaldsskólanum. Þetta eru þeir meginþættir sem liggja til grundvallar þegar við skoðum umfang þessarar ákvörðunar.

Spurt var hvenær hún hafi verið tekin. Það eru nokkrir dagar síðan. Ég skýrði samráðshópi um málið frá þessu á fundi fyrir réttri viku þannig að það var síðasti samráðsfundurinn. Það var sá vettvangur sem ég vildi nota til þess að skýra frá öllum meginákvörðunum okkar varðandi inntakið í námskránum og viðmiðunarstundaskránni og fara yfir alla þá þætti sem málið varða og það var gert á þeim fundi sem haldinn var fyrir viku.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að ákvörðun hafi verið tekin um að koma til móts við þau sjónarmið sem hér eru uppi. Ég tel einnig að mikilvægt að undirstrika að stórefla verður þátt raungreina í skólakerfi okkar. Ég er sannfærður, eftir að hafa fylgst aðeins með þessum málum um nokkurt skeið, um að þar er einn veikasti hlekkurinn í skólakerfi okkar varðandi það að bæta lífskjör í framtíðinni, m.a. með því að byggja upp rannsóknarsamfélag á hagnýtum sviðum. Ég tel að þar sé nauðsynlegt að taka myndarlega á.

Fyrir mitt leyti geri ég engar athugasemdir við að gengið sé á svokallaðar valgreinar í þessu efni. Ég held að í þeim efni þurfi kannski að fara öðruvísi að en gerst hefur. Ég tel það skipta verulegu máli að raungreinarnar séu alls ekki minni þáttur af lokaprófi í framhaldsskólum en nú er gert ráð fyrir. Fólk sem kemst hjá því að kynna sér raungreinar eins og hér var til skamms tíma nær oft og tíðum ekki sambandi við það samfélag sem við búum í, þær gífurlegu tæknisviptingar sem eiga munu sér stað á næstu árum og áratugum.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, um leið og ég þakka fyrir þau svör sem hér hafa verið veitt.

Lausaganga búfjár.

Fsp. RG, 287. mál. — Þskj. 338.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Síðasta sumar bárust enn fréttir um alvarleg slys vegna lausagöngu búfjár. Þá var sett á laggirnar nefnd til að gera tillögur til úrbóta. Henni var ætlað að ljúka störfum 1. október. Síðan hefur ekkert heyrst um þessi mál.

Hvað þessi mál varðar eru öryggismálin í fullkomnum ólestri. Árekstrar við búfé eru að meðaltali 140–150 á ári. Það er fáránlegt ef lausnin á að felast í að girða af alla þjóðvegi landsins, sem mundi þýða þúsundir km girðinga beggja vegna vega.

Við erum að laða að erlenda ferðamenn. Þeir eru því allsendis óviðbúnir þegar búfé hleypur fyrirvaralaust út á vegina. Lausaganga þekkist ekki í Evrópu. Langflestar þjóðir hafa tekið á þessum málum. Þetta er ekki síður stórmál fyrir landsmenn. Ferðamennska fer sívaxandi. Vegirnir eru betri, bílarnir betri og meiri hraði. Búfé á vegum skapar því alvarlega hættu.

Mikilvægur þáttur en annars eðlis er uppgræðsla landsins. Meðan tilburðirnir eru að girða fólkið af á vegunum en sauðfé og hross gengur laust dregur verulega úr endurreisn gróðurs í landinu. Lausagangan takmarkar þær aðgerðir sem mestu geta skilað, svo sem skógrækt og uppgræðslu. Við verðum að endurheimta landgæði. Fræðimenn gera sér grein fyrir hversu gróðurfar landsins er bágborið og eru þeirrar skoðunar að beitarstjórnun sem m.a. felst í heftingu lausagöngu búfjár sé besta og ódýrasta leiðin til að stöðva eyðingu og græða landið að nýju.

Herra forseti. Lausaganga búfjár á snauðu landi og við þjóðvegi skapar slæma ímynd í huga almennings. Hagsmunir bænda og landsmanna verða að fara saman. Nú er lag að gera úrbætur vegna þess að sauðfé hefur fækkað. Þá væri líka hægt að taka við aukningunni þegar hún kemur. Það er ljóst að fólkið í þéttbýlinu gerir kröfur fyrir sig. Það sættir sig ekki við að búfé gangi laust og valdi alvarlegum slysum á hverju ári. Þess vegna hef ég, herra forseti, borið fram þessar spurningar til hæstv. landbrh.:

„Hverjar eru tillögur nefndar sem skipuð var í sumar í þeim tilgangi að gera tillögur til úrbóta vegna lausagöngu búfjár og ætlað var að ljúka störfum 1. október sl.?

Hyggst ráðherra leggja fyrir yfirstandandi þing frumvarp til laga um lausagöngu búfjár í landinu?“

Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að síðari spurningin er kannski að verða úrelt miðað við hversu lítið stendur eftir af þinghaldinu í vetur.

[15:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Þessi fyrirspurn er mjög eðlileg í ljósi frétta af atburðum sem eru, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um í upphafi máls síns, ástæðan fyrir skipun nefndar um málið. Nefndin sem hér um ræðir hefur það hlutverk að fjalla um leiðir til að halda búfé frá helstu þjóðvegum landsins. Í samráði við ráðherra hefur nefndin nú skilað áfangaskýrslu

sem mér barst fyrir nokkrum dögum. Þar er greint er frá stöðu mála og settar fram 16 tillögur til úrbóta.

Þar sem skýrslan er of efnismikil til þess að unnt sé að gera fullnægjandi grein fyrir öllum tillögunum og greinargerðum með þeim í stuttum fyrirspurnatíma hef ég látið dreifa áfangaskýrslunni til þingmanna. Jafnframt hef ég sent hana fjölmiðlum og öðrum sem málið varðar.

Tveir nefndarmenn skiluðu séráliti sem lýtur einkum að tveimur tillögum. Annars vegar tillögum um hver bera skuli kostnað við viðhald veggirðingar og hins vegar um algert bann við lausagöngu stórgripa. Um þau atriði náði nefndin ekki saman að svo stöddu en varð þrátt fyrir það sammála um að skila áfangaáliti þannig að vinna mætti að framgangi annarra tillagna sem er forsenda frekara starfs nefndarinnar.

Nefndin óskar eftir því að unnið verði eftir tillögum hennar næstu mánuði. Þegar reynsla verður komin á framkvæmd þeirra mun nefndin aftur setjast að verkinu, meta árangur og skila endanlegum tillögum. Nefndin er sammála um að ekki sé mögulegt að leggja til lögfestingu á algeru banni við lausagöngu búfjár á Íslandi. Það mundi hafa veruleg áhrif á hefðbundinn búskap, valda mörgum bændum verulegum erfiðleikum og í reynd gera sumum ókleift að stunda búskap. Það gæti einnig valdið mikilli byggðaröskun sem vart er á bætandi.

Nefndin leggur til aðgerðir til að draga eins og kostur er úr þeirri hættu sem lausaganga búfjár á vegsvæðum skapar og telur að helsta leiðin að því marki sé að setja upp samfelldar girðingar með helstu þjóðvegum landsins. Þær mundu teljist hluti af vegamannvirkjum. Of langt mál yrði að kynna ítarlega allar tillögur nefndarinnar. Ég mun greina frá því helsta sem nefndin leggur til að framkvæmt verði eftir því sem tími minn leyfir.

Nefndin leggur til að Vegagerðin og sveitarfélög geri úttekt á á hvaða vegum slys vegna ákeyrslu á búfé eru tíðust og hvar alvarlegustu slysin hafa orðið. Jafnframt meti þessir aðilar þörf og ástand þeirra girðinga sem nú er gagngert ætlað að halda búfé frá þjóðvegum landsins. Verkefnið lúti forustu Vegagerðarinnar og verði lokið fyrir 1. júlí nk. Enn fremur er lagt til að metinn verði kostnaður við uppsetningu nýrra girðinga og endurbætur þeirra eldri og gerð áætlun þar að lútandi. Stefnt skal að því að ljúka framkvæmdum innan þriggja ára en til að það megi takast verður að koma til sérstök fjárveiting frá Alþingi.

Í greinargerð með þessari tillögu segir að nefndin telji heppilegast að sveitarfélögin og Vegagerðin annist þetta verk þar sem þessir aðilar hafi besta þekkingu á því hvar slysatíðni er mest og til hvaða aðgerða sé heppilegast að grípa. Nefndin leggur áherslu á að undirbúningur verksins hefjist sem fyrst og niðurstöður liggi fyrir á miðju sumri þannig að unnt verði að gera ráð fyrir kostnaði vegna framkvæmda fyrir afgreiðslu fjárlaga á næsta ári náist samstaða um tillögurnar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að Vegagerðin kosti og sjái um að girða og annast viðhald veggirðinga sem gagngert eru reistar til að friða vegsvæði þjóðvega fyrir ágangi búfjár. Uppsetningu og viðhald girðinga fjarri vegi í þeim tilgangi að gera lokuð hólf og friða þannig svæði í nágrenni vega fyrir ágangi búfjár verði hins vegar á hendi sveitarfélaga nema um annað sé samið. Við nýframkvæmdir vega verði þörf fyrir veggirðingar metin og teljist þörf á þeim skal kostnaður vegna þeirra talinn til stofnkostnaðar vegarins.

Nefndarmenn eru sammála um að uppsetning og viðhald girðinga sem reistar eru meðfram þjóðvegum í þeim tilgangi að friða vegsvæði fyrir búfé verði á einni hendi. Nefndin var ekki sammála um hver ætti að bera kostnaðinn. Telur meiri hlutinn eðlilegast að hann sé greiddur af hinu opinbera með fjárveitingu til Vegagerðarinnar í ljósi slæmrar reynslu af því fyrirkomulagi sem nú gildir. Ekki þykir fært að leggja kostnaðinn á landeigendur eina m.a. vegna þess að eignaraðild á jörðum er oft dreifð og aðstaða jarðareigenda mjög mismunandi.

Þar sem svo háttar til að girt er fjarri vegi, m.a. til að friða stór landsvæði en girðingin þjónar jafnframt því hlutverki að halda búfé frá vegi, verði heimilt að skipta kostnaði og viðhaldi á milli fleiri aðila, enda sé gerður um það ákveðinn samningur. Hér gæti t.d. verið um að ræða landgræðslu- og skógræktargirðingar, varnarlínur og/eða landamerkjagirðingar. Sveitarfélögum verði gert skylt með lögum að setja sérsamþykktir um búfjárhald. Í því sambandi skal litið til búskaparhátta og aðstæðna á hverjum stað, sjónarmiða um landgræðslu, landvernd og fleiri atriða auk umferðaröryggissjónarmiða.

Nokkrar fleiri hugmyndir ætlaði ég að nefna en þarf tíma til að svara seinni lið fyrirspurnarinnar. Ég mun reyna að koma að því á eftir. Þar er spurt hvort ráðherra hyggist leggja fram frv. á yfirstandandi þingi. Því hefur að nokkru verið svarað en í álitinu kemur fram að algert bann við lausagöngu búfjár er að dómi þeirra sem best til þekkja vart framkvæmanlegt. Þeir telja að það mundi kalla á verulegar breytingar á hefðbundnum búskap í landinu og byggðaröskun. Í tillögum nefndarinnar er þó gert ráð fyrir lagabreytingum, jafnvel banni við lausagöngu búfjár á vissum stöðum. Eðlilegt er að sjá til hvernig tillögum nefndarinnar miðar í vor og sumar. Í framhaldi af lokaskýrslu nefndarinnar sem ætla má að liggi fyrir seinni hluta ársins yrðu þá teknar ákvarðanir um lagasetningu.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Það eru margar vikur síðan ég lagði fram þessa fyrirspurn. Það er frekar slæmt að heyra, úr því að svo víðtækar tillögur eru komnar að svar ráðherrans sé svo takmarkað og tillögunum verði dreift til þingmanna í dag. Ég hef ekki séð þær.

Það sem ráðherrann segir finnst mér alveg hrikalegt. Mér finnst þetta vondar fréttir. Ráðherrann segir að það sem eigi að gera sé að girða þjóðvegi enn frekar en þegar er, það eigi að girða af viðkvæm svæði, girða af skógræktarsvæði. Það eina sem ekki á að girða af er sauðfé og hross. Þetta er nákvæmlega það sem verið hefur að hjá okkur. Það er verið að girða mannfólkið af, girða þjóðvegina af og nú verður að girða af skógræktina og viðkvæm svæði af því að annars staðar á sauðfé að ganga laust.

Ég hef staðið að tillögum um að takmarka lausagöngu hrossa og flutt ítrekað tillögur um að lausaganga verði bönnuð í landnámi Ingólfs. Afgreiðsla hefur ekki fengist á þessum málum á hv. Alþingi. Á þessum árum hafa hins vegar sveitarstjórnir t.d. hér í landnáminu og þá sérstaklega á Reykjanesi næstum allar gengið þannig frá málum að lausaganga hefur verið afnumin með örfáum undantekningum. Ég trúði því að þannig mundum við vinna okkur fram eftir byrjun aldarinnar og ákveðin svæði yrðu tekin fyrir. Svæðin á landinu eru ólík, það er rétt. Ég geri mér grein fyrir því að við byrjum ekki á því að lögfesta algert bann. Þetta er vinna og aftur vinna. Sauðfé hefur fækkað og við eigum að taka á núna og gera

breytingar sem standa svo þegar fé fjölgar aftur og búskapur dafnar.

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir að tíma mínum er lokið. Ég hef ferðast mikið um landið undanfarin ár og það er skelfileg tilhugsun þegar ég lít til þess hvernig landið er girt af í allar áttir, hvar sem maður keyrir, ef tillögur nefndarinnar eru að girðingum verði frekar fjölgað en taka ekki á málunum. Það þarf að taka á þessum málum með nýjum aðferðum.

[15:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Rétt er það hjá hv. fyrirspyrjanda. Þessi fyrirspurn hefur legið hér síðan fyrir jól. Þetta áfangaálit sem ég var að vitna til frá umræddri nefnd barst mér fyrir nokkrum dögum, kannski viku eða svo og mér fannst tilhlýðilegt að dreifa því um leið og þessi umræða færi fram, til frekari kynningar fyrir hv. fyrirspyrjanda, þingmenn og fjölmiðla.

Varðandi veggirðingar almennt er auðvitað nauðsynlegt, verði horfið að þeirri aðferð, þá sé það gert svo tryggilega að menn séu nokkuð öruggir þar sem slíkar girðingar eru. Girðingarnar mega ekki vera gildra sem halda fé á vegi sem því miður þekkist. Það þarf að standa að þessu með skipulögðum og vönduðum hætti.

Við þekkjum, af því að hv. fyrirspyrjandi vitnaði til aðstæðna erlendis, að það er algengt að þar séu vegir afgirtir, bæði vegna búfjár og villtra dýra í nágrenni þjóðvega. Annars staðar sjáum við að sett eru upp skilti og það er reyndar önnur tillaga úr þessu áliti. Ég nefndi hana ekki hér áðan. Lagt er til að setja upp skilti sem gera mönnum grein fyrir því ef um lausagöngu búfjár er að ræða eða hættu af skepnum á vegi. Slíkt sjáum við víða erlendis þannig að hér er reynt að feta leið, ekki ólíka þeirri sem víða er farin þó vafalaust séu misjafnar aðstæður og reglur gildandi í nágrannalöndum okkar.

Það er rétt hjá hv. þm. að sauðfé hefur fækkað en það auðveldar ekki málið. Það þýðir einungis að færri bændur eru að glíma með fé sitt á stórum svæðum. Það er heilmikill kostnaður og fyrirhöfn fyrir þá að þurfa einir að girða af sitt fé ef sú skylda er lögð á þá eingöngu.

Við hv. fyrirspyrjandi höfum áður fundað um möguleika þess að banna lausagöngu á Reykjanesi. En því miður hefur það reynst svo, þó að maður teldi að það ætti að vera auðvelt, að ekki hefur tekist að ná samkomulagi um að ganga frá því endanlega svo sómi sé að.

Rannsóknir á rjúpnastofninum á Suðvesturlandi.

Fsp. KPál, 307. mál. — Þskj. 367.

[16:01]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Árið 1994 setti páv. umhvrh., Össur Skarphéðinsson, það ákvæði í lög í góðu samráði við veiðimenn að innheimta mætti sérstakt veiðikortagjald af veiðimönnum villtra fugla og dýra í landinu. Þeim tekjum sem mynduðust af innheimtu þessa gjalds átti að verja til rannsókna á villtum fuglum og dýrum og til að standa straum af kostnaði við innheimtu veiðkortagjaldsins. Tekjur af þessu gjaldi hafa numið árlega frá 1995 um 17 millj. kr. og hafa þær í grófum dráttum skipst þannig að 4,5 millj. kr. renna til að reka innheimtukerfið og afgangurinn fer til rannsókna, m.a. til að greiða laun fuglafræðings Náttúrufræðistofnunar, um 2 millj. kr. á ári.

Við setningu villidýralaganna var gert það munnlega samkomulag við veiðimenn að umhvrn. legði á móti veiðikortagjaldinu 4–5 millj. kr., sem áttu að renna til rannsókna á rjúpnastofninum. Við þetta samkomulag hefur ekki verið staðið og eru afleiðingarnar þær að til rjúpnarannsókna einna rennur óveruleg upphæð, eða 4,5 millj. kr., og er þá eftir að taka tillit til launa fuglafræðings Náttúrufræðistofnunar sem tekin eru af framlagi Veiðikortasjóðsins til rjúpnarannsóknanna.

Herra forseti. Það hefur komið fram á þeim tveim árum sem rjúpnastofninn hefur verið rannsakaður á Suðvesturlandi að hann er undir miklu veiðiálagi og þrátt fyrir að hann fari vaxandi á Norður- og Austurlandi þá fækkar í stofninum á Suðvesturlandi. Þau sjónarmið hafa því komið fram að banna eða draga verulega úr rjúpnaveiði á Suðvesturlandi. Þessi sjónarmið eru eðlileg og verða alltaf uppi á meðan rannsóknir eru ekki meiri en raun ber vitni og tilfinningar frekar en vísindaleg rök munu því ráða ferðinni um veiðar í stofna villtra fugla og dýra.

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið sýna á óyggjandi hátt að rjúpan er mjög staðbundinn fugl. Rannsóknir á Suðvesturlandi hafa einnig sýnt að afföll rjúpu í Úlfarsfelli við Mosfellsbæ eru of mikil. Sambærileg afföll eru þó einnig á stað eins og á Kvískerjum í Öræfum á Suðausturlandi, þar sem algjör friðun rjúpunnar hefur þó ríkt í háa herrans tíð. En þó svo að um ofveiði sé að ræða í Úlfarsfelli þá er ekki þar með sagt að ofveiði sé á öllu Suðvesturlandi enda talning aðeins á tveim stöðum á öllu svæðinu, þ.e. í Úlfarsfelli og á Lyngdalsheiði.

Til að tryggja eðlilegt eftirlit og ráðgjöf með rjúpnastofninum er nauðsynlegt að grípa til viðameiri rannsókna er nú eru stundaðar á rjúpnastofninum um landið. Það sem brýnast er að gera er m.a. að fjölga talningarstöðum á Suðvesturlandi. Slíkri talningu ber einnig að koma upp á Vestfjörðum. Það vantar einnig samanburðarrannsóknir með radíósendum á Eyjafjarðarsvæðinu, samanborið við t.d. Úlfarsfell, til að geta áttað sig nákvæmar en hingað til á því hve veiðar eru stór þáttur í afföllum víðar um landið.

Einnig ber að kanna hvers vegna afföllin eru svo mikil í Kvískerjum þrátt fyrir algjöra friðun miðað við t.d. Úlfarsfell. Það eru því mörg verkefni sem þarf að grípa til nú þegar, herra forseti, og telja kunnugir að ekki þurfi minna en 6 millj. kr. til þess að ljúka þeim verkefnum. Þess vegna hef ég lagt fram þær fsp. sem hér liggja frammi til hæstv. umhvrh.

[16:05]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Svarið við fyrsta lið fsp., um hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að rjúpnastofninn á Suðvesturlandi verði rannsakaður sérstaklega, er á þá leið að það er hlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands að beita sér fyrir rannsóknum á rjúpnastofninum, en samkvæmt 4. gr. laga um stofnunina skal stofnunin stunda undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og annast skipulega heimildasöfnun um náttúru landsins.

Að undanförnu hefur farið fram viðamikil rannsókn á rjúpnastofninum og hafa niðurstöður rannsóknanna leitt í ljós að rjúpu hefur fækkað á Suðvesturlandi. Rétt fyrir upphaf síðasta rjúpnaveiðitímabils komu fram óskir frá Nátt-

úrufræðistofnun um svæðisbundna friðun rjúpu á því svæði, sérstaklega í nágrenni Reykjavíkur. Að vel íhuguðu máli var ekki talið rétt að svo stöddu að grípa til slíkra ráðstafana, enda mælti veiðistjóri gegn því þar sem hann taldi þurfa frekari rannsóknir. Ráðuneytið hefur því lagt á það áherslu við Náttúrufræðistofnun Íslands að rjúpnastofninn á Suðvesturlandi í nágrenni Reykjavíkur og norður í Borgarfjörð verði rannsakaður sérstaklega á næstu mánuðum og að niðurstöður liggi það tímanlega fyrir fyrir næsta veiðitímabil að hægt verði að grípa til svæðisbundinna friðunaraðgerða og tilkynna þær með góðum fyrirvara, verði það talið nauðsynlegt í kjölfar þeirra rannsókna.

Í öðru lagi spyr hv. fyrirspyrjandi hvort fyrirhugað sé að verja fé til rannsókna á villtum fuglum umfram það sem hið árlega veiðikortagjald gerir ráð fyrir. Tekjur Veiðikortasjóðs, sem starfar samkvæmt 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, hefur numið á bilinu 16–19 millj. kr. á ári undanfarin fimm ár. Fastur kostnaður á vegum sjóðsins, svo sem vegna útgáfu veiðikorta og umsýslustarfa, hefur hins vegar verið nokkuð hár, numið allt að 6 millj. kr. á ári að meðaltali ef frá eru talin árin 1995 og 1996. Þá var hann hærri, enda var þá ráðist í fjárfestingar vegna útgáfu kortanna og upphafsvinnu við að koma þessu kerfi á. Til úthlutunar úr Veiðikortasjóði til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra hefur því verið varið frá 9–12 millj. kr. á ári frá 1995.

Á vegum umhvrn. hefur ekki verið gerð tillaga um frekari fjárveitingar til rannsókna á villtum fuglum en leyft er að veiða umfram það sem er til ráðstöfunar úr Veiðikortasjóði. Í áætlunum gerir ráðuneytið því ráð fyrir að árlegt úthlutunarfé úr Veiðikortasjóði sé um 10–12 millj. kr., og á árinu 1995 var varið til rjúpnarannsókna 4,5 millj. kr., 1996 5 millj., 1997 4,6 millj. og sömu upphæð á sl. ári. Þannig að verulegur hluti af ráðstöfunarfé sjóðsins hefur farið til rjúpnarannsóknanna og 4–5 millj. kr. finnst mér nú varla hægt að kalla óverulega upphæð þó að vafalaust væri hægt að nýta miklu hærri upphæð til þessara rannsókna ef fé væri ótakmarkað.

Þriðji liður fsp. var um hvaða rannsóknir færu nú fram eða séu fyrirhugaðar á þeim dýrum sem leyft er að veiða. Rannsóknir sem nú eru í gangi á fuglum og spendýrum sem leyfilegt er að veiða og styrktar voru úr Veiðikortasjóði 1998 og verða styrktar á þessu ári miða að því að kanna áhrif veiða á viðkomandi tegundir, auk rannsókna á rjúpu, öndum og gæsum og rannsóknir á hreindýrastofninum. Þá er nýlokið rannóknum á áhrifum veiða á hrafnastofn, áhrifum á lundastofn í Stórhöfða og fugladauða af völdum neta í Mývatni. Þar að auki styrkir sjóðurinn nú fleiri rannsóknir sem þó miða ekki beint við að kanna áhrif veiða á viðkomandi tegundir eða stofn, en geta að einhverju leyti nýst við slíkt mat. Þetta eru t.d. rannsóknir á ferðum melrakka á fyrsta vetri, rannsóknir á íslenska villiminknum, rannsóknir á félagskerfi gráanda að vetrarlagi og rannsóknir á fugladauða af völdum raflína.

Auk þess stundar Náttúrufræðistofnun Íslands og aðrar rannsóknastofnanir fjölda rannsókna og vöktunarverkefni sem ekki miða að því að kanna áhrif veiða á stofna veiðidýra en geta nýst til þess að leggja mat á slík áhrif. Hér má t.d. nefna áralangar rannsóknir á teistustofninum, talningu á súlu, kortlagning sjófuglabyggða, vöktun á sjófuglastofninum og fæðuval svartfugla og athuganir á uppsöfnun eiturefna í þeim.

Að lokum er rétt að geta þess að við Háskóla Íslands er sérstakt prófessorsembætti sem kostað er að hluta til af umhvrn. í þeim tilgangi að annast rannsóknir á villtum spendýrum landsins og á vegum þess eru stundaðar rannsóknir á stærð refastofnsins, útbreiðslu og frjósemi ásamt vöktun hans.

Á yfirstandandi ári er reiknað með að Veiðikortasjóður gefi af sér um 11 millj. kr. og verður því fé m.a. varið til áframhaldandi rannsókna á rjúpu, öndum og gæsum, refum, minkum og hreindýrum. Við þetta er að bæta að vöktun hreindýrastofnsins er greidd af leyfisgjöldum vegna hreindýraveiða og þar er um að ræða upphæð á bilinu 600–800 þús. kr. árlega til viðbótar því sem áður er talið.

[16:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær fsp. sem hér hafa komið fram og þær fróðlegu upplýsingar sem hæstv. ráðherra veitti. Það sló mig í svari hæstv. ráðherra þegar hann talaði um það fjármagn sem á að veita til rannsókna á rjúpu, að gert er ráð fyrir því að í Veiðikortasjóð renni einungis 11 millj. á næsta ári. Þær hafa hins vegar verið allt að 17 millj., taldi ég. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvað veldur því að svo miklu minna fé rennur í sjóðinn en áður og hvaða áhrif mun það hafa á þær rjúpnarannsóknir sem standa nú yfir? Í máli hæstv. ráðherra kom fram að veittar eru u.þ.b. 4,5–6 millj. kr. í slíkar rannsóknir. Þegar sjóðurinn var settur upp á sínum tíma var það samkomulag millum mín, sem þá var umhvrh., og rjúpnaveiðimanna að ráðist yrði í tilteknar rannsóknir, sem síðan var ýtt úr vör. En nú sýnist mér miðað við þetta að fjármagnið sem eigi að fara í framhald þessara rannsókna hrökkvi ekki til, og ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hann bregðast við?

[16:11]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Það er mat manna að mjög nauðsynlegt sé að auka rannsóknir sérstaklega á Suðvesturlandi vegna þess mikla veiðiálags sem þar er og þess fjölda veiðimanna sem kemur frá því svæði. Það hlýtur því að teljast óviðunandi þegar einungis er gert ráð fyrir að 4,5 millj. kr. renni úr Veiðikortasjóði þegar það var handsalað á milli veiðimanna og umhvrn. á sínum tíma að þegar veiðikortagjaldið yrði lagt á þá mundi ráðuneytið leggja til viðbótar við Veiðikortasjóðinn 4–5 millj. kr. sem rynnu sérstaklega til rannsókna á rjúpa, fyrir utan það sem kæmi úr Veiðikortasjóðnum sjálfum til þessara rannsókna.

Þær 4,5 millj. sem koma úr Veiðikortasjóðnum í dag renna að hluta til að greiða laun fuglafræðings Náttúrufræðistofnunar Íslands þannig að eftir standa einungis 2 millj. eða svo til rjúpnarannasóknanna sjálfra. Þess vegna getum við ekki sagt að varið sé verulegu fé af þessari upphæð. Sú upphæð er sífellt að dreifast á fleiri og fleiri verkefni.

Ég vil bara minna á það, hæstv. ráðherra, að veiðimenn hafa með mjög ábyrgum hætti tekið á þessum málum, þ.e. rannsóknum og veiðum á villtum fuglum og dýrum, og vilja ganga um þetta með varkárni. Þess vegna hef ég orðið fyrir vonbrigðum með að uppgötva það að af hálfu ráðuneytisins hefur ekki verið staðið við það sem um var talað. Það eru náttúrlega margar ráðstafanir sem má gera til þess að draga úr veiði aðrar en beinlínis að banna veiðar. M.a. er hægt að banna sölu t.d. á villtum fuglum í verslunum, og draga þar með úr veiðinni. Við vitum, herra forseti, að 50% af allri

veiðinni er einungis af völdum 10% veiðimanna. Það er því hægt að grípa til margra ráðstafana.

[16:14]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka undir það með hv. fyrirspyrjanda og undirstrika það að veiðimenn og félagar í Skotveiðifélagi Íslands hafa sýnt mikinn áhuga á þessum málum og góða samvinnu við ráðuneytið og umhverfisyfirvöld. Ég vil nota tækifærið og þakka fyrir það góða samstarf sem ég hef átt við þann hóp manna sem hafa sýnt ábyrgð í framgöngu og mikinn vilja til þess að standa vel að málum.

Kannski var það aðeins óljóst í svari mínu áðan, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á, að ég sagði í lokin að Veiðikortasjóður gæfi af sér um 11 millj. kr. Það er nettótalan sem færi til úthlutunar til rannsókna. En heildarinnheimtan, eins og kom fram áður, er 16–17 millj. kr., fór hæst í 19. Kostnaður hefur hins vegar verið mikill við umsýslu og útgáfu veiðikortanna og innheimtu og allt það umstang, 5–6 millj. kr. á ári. Ég hef gert athugasemdir við það og beðið um að skoðað yrði hvort hægt væri að vinna þetta á hagkvæmari eða ódýrari hátt. Jafnvel hafa verið uppi hugmyndir um að bjóða þetta verkefni hreinlega út. Það er í dag á verkefnasviði veiðistjóra að annast þessa framkvæmd en þau mál má skoða frekar.

Ég verð að játa að ég man ekki eftir að mér hafi verið gerð grein fyrir því að gert hafi verið eitthvert sérstakt samkomulag um viðbótarfé sem gæti numið kannski allt að sömu upphæð og kemur úr sjóðnum, allt að 4–5 millj. króna til að leggja í þessar rannsóknir. En eins og ég sagði áðan væri ábyggilega æskilegt að fjármunirnir væru hærri en þeir sem koma úr sjóðnum. Ég minni aftur á að rjúpnarannsóknirnar hafa fengið verulegan hluta af þessu fjármagni, 4–5 millj. af 11–12 millj. kr. í þessar rannsóknir sérstaklega, og ráðuneytið hefur beint því til Náttúrufræðistofnunar núna að sérstaklega verði rannsóknum beint að þessu svæði sem hv. fyrirspyrjandi hefur talað um og áleitnar fyrirspurnir komu einmitt upp um í haust og nauðsynlegt að gera það sem hægt er til að fylgja því eftir.

Mengunaráhrif af notkun nagladekkja og harðkornadekkja.

Fsp. GHall, 325. mál. — Þskj. 393.

[16:16]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 393 hef ég leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um mengunaráhrif af notkun nagladekkja og harðkornadekkja. Við þekkjum það í höfuðborginni að á góðviðrisdögum á veturna í miklum stillum verður loft mjög mengað. Nú hafa menn rætt um og nokkuð er farið að nota svokölluð harðkornadekk, auk nagladekkja. Ég óttast að þessi harðkornadekk muni leiða til þess að þau verði meira og minna í notkun allt árið. Því má búast við því að ef eitthvað er þá muni mengun vegna notkunar þessara dekkja aukast hér í borginni. Ekki þarf að hafa fleiri orð um þessar hugrenningar, þ.e. hvers vegna þessi fyrirspurn er fram komin. En ég vil, eins og fram kemur í fyrirspurninni, spyrja hæstv. umhvrh. hvort farið hafi fram á vegum umhverfisráðuneytis eða annarra aðila athugun á áhrifum notkunar nagladekkja og/eða harðkornadekkja með tilliti til mengunar í andrúmslofti.

[16:18]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Sem svar við þessari fyrirspurn er rétt að taka fram og játa það að á vegum umhvrn., Hollustuverndar ríkisins eða annarra aðila hér á landi hefur ekki svo okkur sé kunnugt um farið fram sérstök úttekt á áhrifum nagladekkja eða harðkornadekkja með tilliti til loftmengunar. Loftmengunarmælingar í Reykjavík á vegum Hollustuverndar ríkisins benda þó til þess að áhrifin af völdum nagladekkja séu veruleg. Loftgæði í Reykjavík eru þannig að allt útlit er fyrir að farið verði yfir ný mörk fyrir ryk í andrúmslofti sem Evrópusambandið hefur gert tillögur um og væntanlega verður endanlega samþykkt á næstunni, en niðurstöður mælinga í dag eru talsvert yfir þessum nýju mörkum. Þessi umhverfismörk eru sett með stoð í rammatilskipuninni um loftgæði sem nú er orðin hluti af EES-samningnum og við þar með aðilar að.

Hollustuvernd ríkisins er þeirrar skoðunar að ein meginástæða þess að loftgæði í Reykjavík uppfylli ekki þessi nýju mörk sé almenn notkun nagladekkja að vetrarlagi. Aldrei hefur þó verið metið hversu stór hluti rykmengunarinnar er til kominn vegna nagladekkja þannig að þessi skoðun styðst ekki við tölulegar upplýsingar heldur aðeins hugmyndir og álit. Með hliðsjón af ofansögðu hlýtur það að verða eitt af forgangsverkefnum næstu ára að meta hve mikill hluti rykmengunar er til kominn vegna nagladekkja. Ef skoðun Hollustuverndar reynist rétt verður í framhaldi af því að leita leiða til að draga úr rykmengun af þessum völdum.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort áhrif harðkornadekkja á loftmengun séu minni en hefðbundinna nagladekkja. Fullyrt hefur verið að þau slíti götum mun minna og valdi þar af leiðandi minni loftmengun. Hollustuverndin hefur ekki tölulegar upplýsingar sem styðja þessa fullyrðingu en út frá mismunandi gerð dekkja er ekki óeðlilegt að álykta í þessa átt. Spurningar vakna hins vegar um áhrif harðkornadekkjanna sjálfra þegar þau eru losuð út í umhverfið og enn fremur hvort harðkornin í dekkjunum auki slit þeirra og umhverfisáhrif þess vegna, þ.e. vegna meiri losunar úr dekkjunum sjálfum. Einnig vakna hugmyndir eins og sú sem kom fram í þeirri athugasemd sem hv. fyrirspyrjandi beindi til mín um að slík dekk yrðu e.t.v. í notkun allt árið. Það er e.t.v erfiðara að fylgjast með því en nagladekkjunum.

Hér skal ekki fullyrt neitt um að þessi þættir valdi neikvæðum umhverfisáhrifum, einungis að þörf sé á að kanna málin. Að framansögðu er ljóst að mikilvægt er að gera verður átak í að kanna aðra kosti sem komið geti í stað nagladekkja og valda minni loftmengun. Í því sambandi skal bent á að fleira þarf þó að kanna en hefðbundin nagladekk og harðkornadekk, svo sem loftbóludekk sem hafa verið nefnd og nagladekk sem eru ekki með hefðbundnum nöglum heldur fjaðrandi eða úr veikari málmi.

Það má skjóta því hér inn að ráðuneytið hefur, þótt í smáum stíl sé, stutt nokkuð við rannsóknir og tilraunir á því sviði. Einn ákveðinn einstaklingur, Einar Einarsson að nafni, hefur farið fram með miklu kappi og miklum áhuga við að rannsaka þessi mál og gera tilraunir í þessu efni. Ráðuneytið hefur örlítið reynt að styðja við bakið á þeim athugunum.

Hollustuvernd ríkisins hefur málið nú til skoðunar. Hins vegar er ljóst að eigi að fara fram sérstök athugun á þessu þá kallar það á viðbótarfjármuni sem hvorki eru til í ráðuneytinu

né í Hollustuvernd ríkisins. Fram að þessu hefur verið fullhart að sækja þær fjárveitingar sem nauðsynlegar hafa verið til að Hollustuverndin geti uppfyllt þau verkefni öll sem á hana hafa hlaðist á undanförnum árum, m.a. í tengslum við EES-samninginn. Hér gæti vissulega verið eitt verkefnið enn sem Hollustuvernd ber að fylgja eftir og sjá um og auðvitað er nauðsynlegt að reyna að tryggja að hún hafi möguleika til að framfylgja þessu eftirlitshlutverki sínu.

[16:22]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir hans greinargóðu svör og þær hugmyndir sem fram koma í svari hans um hvað framtíðin ber í skauti sér. Síðustu vetur hefur ekki verið snjóþungt í höfuðborginni. Það leiðir hugann að því hvort nagladekkjanotkun sé í nokkru samræmi við aðstæður á aðalakstursleiðum borgarinnar. Yfirleitt er almennt búið að salta allar þær götur sem strætisvagnar aka mjög snemma á morgnanana og ef fólk er ekki á förum út úr borginni um helgar eða að kvöldi til þá er það orðið umhugsunarefni hve mikil nagladekkjanotkunin er orðin hér. Eitt er hins vegar áhyggjuefni í þessu og það eru ákvæði tryggingafélaganna sem nánast gera þá kröfu að allir bílar skuli vera á negldum dekkjum eða harðkornadekkjum. Ef bifreiðar án þessa búnaðar lenda í tjóni hafa tryggingafélögin talið að þau væru ekki skaðabótaskyld heldur eigandi bifreiðarinnar sem þá væri vanbúinn til vetraraksturs og þá giltu ekki almennar tryggingar um þetta mál. Það er mjög umhugsunarvert hvort ekki þurfi að skoða þessa samverkandi þætti sem eiginlega hvetja til þess að fólk setji nagladekkin undir kannski allt of snemma og fyrr en þurfa þykir og aki svo á þeim allan veturinn þar sem lítill sem enginn snjór er eða hefur verið. Þetta er ábending til hæstv. ráðherra um að skoða málið frekar.

Fæðingarorlof karla í ríkisþjónustu.

Fsp. ÖJ, 349. mál. — Þskj. 465.

[16:24]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. fjmrh. er eftirfarandi:

„Hvers vegna er körlum í ríkisþjónustu mismunað hvað varðar greiðslu launa í fæðingarorlofi eftir því hvar konur þeirra starfa?"

Hjá ríkinu gilda almennt eftirfarandi reglur um fæðingarorlof starfsmanna á kjarasamningum opinberra starfsmanna: Kona sem starfað hefur samfellt sex mánuði fyrir barnsburð hjá ríkinu á rétt til dagvinnulauna í barnsburðarleyfi í sex mánuði. Fyrstu þrjá mánuðina og í framlengdu leyfi er auk mánaðarlauna greitt meðaltal yfirvinnu og vaktaálag síðustu 12 mánaða fyrir barnsburð. Sé um fleirburafæðingu að ræða framlengist barnsburðarleyfið um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt. Greiðslur Tryggingastofnunar eru þrír mánuðir fyrir hvert barn umfram eitt og getur foreldri með styttri rétt sótt um greiðslur til Tryggingastofnunar vegna þess tímabils sem á vantar. Karl sem kvæntur er konu sem einnig er ríkisstarfsmaður getur tekið hluta af barnsburðarleyfinu og þá með sömu skilmálum, þ.e. heldur sínum launagreiðslum. Ef konan er í fæðingarorlofi á greiðslum frá Tryggingastofnun, sem sagt ekki ríkisstarfsmaður, fær karlinn ekki barnsburðarleyfi á sínum launum heldur fæðingardagpeninga frá Tryggingastofnun.

Ég held að allir séu sammála um að stuðla að því að foreldrar nýti sér rétt til fæðingarorlofs. Það á við bæði um mæður og feður ekki síður. Forsenda þess að foreldrar nýti sér þennan rétt er í mörgum tilvikum sú að þeir verði ekki fyrir tekjuskerðingu meðan á fæðingarorlofi stendur. Nú er það svo að fólk býr við mismunandi réttindi eftir því hvort það starfar hjá ríkinu eða á almennum vinnumarkaði. Ég vildi sjá þá framtíð og hef staðið að tillögugerð í þá veru að réttur allra foreldra á Íslandi verði jafnaður þannig að allt fólk, allir foreldrar, hvort sem þeir starfa hjá opinberum aðilum eða á almennum vinnumarkaði, búi við sams konar kjör hvað þetta snertir og að kjörin skerðist ekki meðan á fæðingarorlofi stendur.

Í þessu tilviki ætti það að vera hægur vandinn fyrir hæstv. fjmrh. að leysa úr þessu máli. Síðan þegar ráðist verður í endurskoðun á fæðingarorlofinu í heild sinni þá er ég því eindregið fylgjandi að kjör allra foreldra á Íslandi verði jöfnuð, en að jafnað verði upp á við.

[16:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt er hér um að ræða býsna snúið vandamál og margflókið í rauninni sem lýtur bæði að rétti mæðra og feðra en hefur hins vegar líka markast af þeim réttindamismun sem verið hefur fyrir hendi að því er varðar annars vegar opinbera starfsmenn og hins vegar starfsmenn á hinum almenna vinnumarkaði.

Ég tek undir það með fyrirspyrjanda að þetta mál þarf að reyna að leysa heildstætt. Það er auðvitað bara hluti af nútímanum og að maður tali nú ekki um framtíðinni á Íslandi að koma þessum málum ekki bara í skiljanlegt horf — því þetta eru nú óskiljanlegar reglur fólki flestu svona a.m.k. við fyrstu sýn þó að hv. þm. hafi sett sig vel inn í þær — heldur er þetta líka spurning um að gæta viss jafnræðis gagnvart foreldrum, óháð vinnuveitendum og fleiri slíkum atriðum. Eitt af því sem kemur til álita í því efni er sérstakt foreldraorlof sem mikið hefur verið rætt.

Að því er varðar þá spurningu sem fyrirspyrjandi beinir til mín, hvers vegna körlum í ríkisþjónustu sé mismunað hvað varðar greiðslu launa í fæðingarorlofi eftir því hvar konur þeirra starfa, þá kann ég ekki að svara henni. Ég bara veit það ekki. Ég er hins vegar ekki viss um að eins og spurningin er orðuð, þá sé hún nákvæmlega rétt. Ég er ekki viss um að munur sé á því hvernig farið er með karla í ríkisþjónustu að því er varðar laun. Ég hef grun um að menn missi öll laun en að rétturinn til bóta hjá Tryggingastofnun sé mismunandi, þ.e. að réttur til fæðingardagpeninganna sé ólíkur. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki jafnmikill sérfræðingur í þessu og ég ætti kannski að vera og ekki jafnmikill sérfræðingur og hv. þm. En ég geri mér grein fyrir því að þetta er angi af stærra máli sem er alveg nauðsynlegt að líta á í samhengi.

Fallið hefur hæstaréttardómur um skylt málefni, þar sem spurt var um réttindi karls gagnvart konu en ekki karls gagnvart öðrum karli eins fyrirspurn þingmannsins lýtur að. Málið hefur hins vegar ekki einfaldast í kjölfar þessa dóms og uppi er mismunandi réttarstaða. Við í fjmrn. höfum ekki treyst okkur til að taka af skarið að því er varðar niðurstöðu þess dóms á almennum grundvelli vegna þess að þar var um að ræða konu og karl sem bæði voru ríkisstarfsmenn. Og þar er önnur réttarstaða uppi.

Ég held að nauðsynlegt sé að horfa á þetta opnum huga og reyna að leiða hér í lög almennar reglur sem gildi fyrir alla. Ég held að það sé fyrst og fremst málefni sem lýtur að almannatryggingalöggjöfinni og lúti þar með að verksviði heilbr.- og trmrh., en sé síður kjarasamningamál sem mundi vera á verksviði fjmrh. Þetta er mín niðurstaða og svar við þessari stuttu spurningu sem reyndar kallar á miklu stærri og meiri umfjöllun en hún virðist gera, þessi eina og hálfa lína sem spurningin er. Þetta er gríðarlega flókið og umfangsmikið málefni.

[16:32]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir þessa fsp. um fæðingarorlof karla í ríkisþjónustu. Satt að segja voru svör hæstv. fjmrh. ekki mjög bitastæð. Hann virtist alls ekki átta sig á hvers vegna þetta misræmi er. En ég skal skýra það út fyrir honum svolítið betur en hann gerði sjálfur.

Ástæðan er sú að þessi réttur feðra er leiddur af rétti mæðra. Þ.e. réttindi mæðra ráða rétti föðurins. Það er auðvitað mjög mikilvægt baráttumál að feður fái sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Nú hafa þeir eingöngu tvær vikur en þeir þurfa að geta haft sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Ég vil vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur frv. mitt og okkar kvennalistakvenna um tólf mánaða fæðingarorlof þar sem feður geta tekið þrjá til sex mánuði og fá þrjá mánuði eyrnamerkta alveg fyrir sig. Þetta mál er auðvitað þvílík hneisa að það verður að lagfæra. Þetta er ekki bara spurning um almennu tryggingalöggjöfina heldur þarf að stofna sérstakan fæðingarorlofssjóð þannig að allir fái fæðingarorlof á fullum launum, mæður jafnt sem feður.

[16:33]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. Þetta mál þarf að taka heildstætt til skoðunar. Hins vegar er ég á því að það atriði sem ég nefndi sé hægt að leiðrétta þegar í stað.

Málið snýst um þetta: Ef faðir sem er kvæntur konu sem einnig er ríkisstarfsmaður fer í fæðingarorlof, þá glatar hann ekki launum sínum. Þá býr hann við sömu kjör og konan hvað þetta snertir. Ef eiginkonan er hins vegar starfandi á almennum vinnumarkaði þá verður hann fyrir tekjuskerðingu, fær greiðslur frá Tryggingastofnun eins og gerist á almennum vinnumarkaði. Þetta eru hlutir sem ég tel að hægt sé að laga.

Ég mjög ríka áherslu á að þessi löggjöf og þeir samningar sem gilda um þetta, ég legg áherslu á samninga í því sambandi, verði teknir til heildstæðrar skoðunar. Þar er ég á sama máli og hv. þm. sem talaði hér á undan mér. Lausnin hlýtur að vera sú að við myndum sjóð sem allir launagreiðendur greiði í, sem fjármagni síðan greiðslur í fæðingarorlofi. Þar væri byggt á þeirri meginhugsun að foreldrar verði ekki fyrir tekjuskerðingu meðan á fæðingarorlofi stendur.

[16:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er nú kannski ekki miklu við þessa umræðu að bæta. Hér hafa komið fram flest meginsjónarmið sem hægt er að flytja á þessum vettvangi við þetta knappa umræðuform. Niðurstaða mín er sú að ég er sammála því að taka þurfi heildstætt á þessu máli. Það þarf að samræma ákveðin atriði. Það er óeðlilegt að hafa í gangi mörg mismunandi réttindakerfi varðandi þætti eins og þennan, sem fólk gengst undir, lendir í eða verður fyrir, hvernig sem það er orðað, óháð því hvort það er í vinnu hjá ríkinu eða einhverjum öðrum. Sem betur fer eignast menn börn óháð starfi sínu eða vinnuveitanda. Aðalatriðið er auðvitað að búa þannig að foreldrum í landinu að þeir geti orðið þeirrar ánægju aðnjótandi að skipta með sér því að ala önn fyrir börnum sínum meðan þau eru á þessum viðkvæma aldri. Það er auðvitað kjarni málsins.

Ég er ekki tilbúinn að kveða upp úr um leiðir í því sambandi, þær eru eflaust margar til. Aðalatriðið held ég að sé að reyna að ná fram almennri samræmingu á öllum vinnumarkaðnum, hvort sem það er gert með samningum eða í gegnum tryggingakerfið eins og ég tel nú eðlilegra.

Fjöldi útlendinga með atvinnuleyfi hér á landi.

Fsp. SvG, 427. mál. — Þskj. 701.

[16:37]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. félmrh. um fjölda útlendinga með atvinnuleyfi hér á landi. Hún er svona, með leyfi forseta:

„1. Hve margir útlendingar hafa nú, í janúar 1999, atvinnuleyfi hér á landi?

2. Hvernig skiptist fjöldi þeirra eftir kjördæmum?

3. Hve stór hluti þeirra starfar við sjávarútveg og hvar starfa þeir (10–15 fjölmennustu staðirnir óskast tilgreindir)?

4. Hve hátt er hlutfall útlendinga meðal starfsfólks í sjávarútvegi og fiskvinnslu?

5. Hvaða ráðstafanir eru gerðar almennt og/eða í hverju tilviki til að veita þeim kennslu í íslensku?"

Varðandi 5. tölul. þá má segja að hann hafi verið ræddur hér áður að nokkru leyti vegna fsp. til hæstv. menntmrh. sem var á dagskrá fyrr í dag.

Tilefni fsp. er það sem allir í raun og veru þekkja, að útlendingar eru víða uppistaðan í starfsliði í fiskvinnslu víðs vegar um landið. Maður kemur vart svo í fiskvinnsluhús að maður rekist ekki á fjöldann allan af þessu prýðilega fólki, sem er ásamt íslenskum félögum sínum að framleiða undirstöðuverðmæti fyrir þjóðarbúið.

Þegar þetta fólk fer í kaffi og í mat þá er það ekki með íslenskum félögum sínum, það er sér. Þegar það fer heim til sín á kvöldin að þá fer það ekki í íbúðir sínar eða hús, eins og Íslendingarnir eru gjarnan að gera, heldur í verbúðir sem engir Íslendingar mundu nokkurn tíma sætta sig við. Það er alveg augljóst að mál innflytjenda og fjölskyldna þeirra á Íslandi eru að mörgu leyti í ólestri. Þeir eru nauðbeygðir, beygðir undir undir léleg lög um erlent vinnuafl.

Í greinum hefur verið fjallað um þessi mál og því m.a. haldið fram að fólkið sem hér er um að njóti ekki almennra mannréttinda á Íslandi og mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1948 væri brotin. Það ætla ég ekki að segja, herra forseti. En ég tel mjög brýnt að sett verði heildarlög um réttindi þessa fólks hér á landi. Þá er ég ekki að gera lítið úr þeim myndarlegu móttökum sem hópar útlendinga hafa fengið hér og hæstv. félmrh. hefur beitt sér mjög myndarlega fyrir. Ég geri engan veginn lítið úr því. Ég tel að í þessum efnum verði að halda mikið betur á hlutunum

og ber þessa fsp. fram til hæstv. félmrh. til að koma málinu á dagskrá.

[16:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Samkvæmt upplýsingum frá útlendingaeftirlitinu voru 1. jan. 1999 2.089 útlendingar með gildandi atvinnuleyfi hér á landi. Þeir skiptast eftir kjördæmum svo sem hér segir: Í Reykjavík 33%, á Reykjanesi 19%, á Vesturlandi 8%, á Vestfjörðum 18%, á Norðurlandi vestra 2%, á Norðurlandi eystra 5%, 8% þeirra eru á Austurlandi og 8% á Suðurlandi.

Samkvæmt skrám útlendingaeftirlitsins voru 858 atvinnuleyfi í gildi í fiskvinnslu. Útlendingaeftirlitið tók fram að þó að óbundin atvinnuleyfi hafi verið gefin út til fiskverkafólks þá sé ekki endilega víst að það sé enn í fiskvinnslu. Það getur verið komið í önnur störf. Það má ekki taka þessar tölur alveg bókstaflega því að það getur verið hreyfing á fólki með óbundin atvinnuleyfi. Einnig er þar fyrirvari um að hugsanlega sé vinnustaðurinn í öðru sveitarfélagi en búsetustaðurinn. En miðað við búsetu eru fjölmennustu staðirnir þessir:

Í Reykjavík búa 99, á Ísafirði 68, í Garði 45, á Flateyri 43, í Neskaupstað 41, Þorlákshöfn 35, Reykjanesbæ 31, Bolungarvík 30, og Stykkishólmi 28, á Suðureyri 28, Hellissandi 26 og Patreksfirði 24, í Grundarfirði 23 og í Ólafsvík 23.

Varðandi fjórðu spurninguna um hve hátt hlutfall útlendinga sé meðal starfsfólks í sjávarútvegi og fiskvinnslu, þá er erfitt að svara henni nákvæmlega vegna þess hve lítið við vitum um fólk af Evrópska efnahagssvæðinu sem er hér í fiskvinnslu eða vinnur í sjávarútvegi. Eins og kunnugt er þurfa íbúar á Evrópska efnahagssvæðinu ekki atvinnuleyfi hér á landi og hafa sama rétt og innfæddir og því engar tölur til um það efni. Ef teknir eru eingöngu þeir sem eru með atvinnuleyfi, en þeir eru fyrst og fremst tengdir fiskiðnaði en ekki fiskveiðum, þá er hlutfall þeirra af starfandi fólki í sjávarútvegi liðlega 6% en tæplega 11% af þeim sem eru í fiskiðnaði á Íslandi eru útlendingar, þ.e. að frátöldum þeim sem koma af Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta eru tölur sem ég vona að gefi sæmilega mynd af stöðunni.

Íslenskukennslan kom, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, til umræðu í svari menntmrh., þ.e. hvað gert er í íslenskukennslu. Ég vil hins vegar aðeins bæta þar við. Ég vil minna á Námsflokkana. Ég nefni flóttamannahópana, þá sem koma hér sem flóttamenn. Þeir fá íslenskukennslu og það er lagt mjög ríkt á að þeir sinni henni. Við höfum þá skyldu að kenna þeim íslensku. Varðandi verkamenn eða þá sem koma hingað tímabundið til að vinna, þá er ekki víst að þeir kæri sig um að leggja það á sig. Jafnvel þó gott sé fyrir fólkið að læra íslensku er ekki víst að það sé fúst til að gera það nema að litlu leyti, helst þeir sem ætla að setjast hér að. Námsflokkarnir sinna þessu fólki hér í Reykjavík að einhverju leyti.

Við í félmrn. höfum gefið út bæklinga á ýmsum þjóðtungum um þjóðfélagið, þær upplýsingar sem við lítum svo á að séu nauðsynlegar fyrir útlendinga. Við höfum bæklinga á serbókróatísku, rússnesku, pólsku og ensku. Þeir eru á sjö tungum og við er að bætast spænska og eitt norðurlandamál. Við höfum gert kröfu um aðbúnað þessa fólks, að það sé í sómasamlegum verbúðum og höfum látið fylgjast með því og eins því að réttindi þess séu tryggð.

[16:46]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa frumkvæði að þessu máli og hæstv. ráðherra fyrir afar greinargóð svör. Hér er vissulega hreyft við mjög stóru máli því staðan er sú að býsna hátt hlutfall starfsfólks í til að mynda fiskvinnslu er af erlendu bergi brotið og það er farið að setja verulegt mark sitt, bæði á atvinnugreinina og ekki síður á stöðuna í ýmsum byggðarlögum þar sem svo háttar til. Nú vil ég taka alveg sérstaklega fram að ég tel að þetta fólk sé afar velkomið og að koma þess hafi mjög verið af hinu góða. Hins vegar er ljóst að bregðast verður við þessari stöðu. Það verður að auðvelda þessu fólki aðlögun að íslensku þjóðfélagi og tryggja að aðlögunin gangi sem best fyrir sig. Þannig hefur það að vísu verið en það er að mínu mati orðið meira knýjandi núna að gera það en nokkru sinni fyrr. Þess vegna vil ég í þessu sambandi sérstaklega vekja athygli á því að nú rétt í þessu var verið að dreifa till. til þál. sem við þingmenn Vestfirðinga flytjum um stofnun sérstakrar nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum sem á einmitt að hafa það hlutverk að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi. Í þessu sambandi hlýt ég að vekja athygli á því að samkvæmt nýjustu tiltækum tölum frá Hagstofu Íslands, þá eru um 5% íbúa á Vestfjörðum með erlent ríkisfang. Við sjáum því af þessu að hér er um að ræða mál sem við þurfum eðlilega að taka föstum tökum til að auðvelda þessa aðlögun og gera því góða fólki sem hingað hefur flutt sem auðveldast að aðlaga sig íslenskum aðstæðum.

[16:48]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég tek undir þakkir til fyrirspyrjanda. Þannig var að sjútvn. var á ferð um Vestfirði skömmu fyrir jól. Þá varð hún einmitt áþreifanlega vör við þennan vanda sem við blasir í samskiptum milli Íslendinga og þess erlenda verkafólks sem hingað er komið til að vinna í fiski. Ég veit ekki hvort þáltill. sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson gat um gengur út á það að kenna erlendum verkamönnum íslensku, en það er alveg ljóst að mikil nauðsyn er á því. Ég teldi ekki óeðlilegt þótt þrír aðilar kæmu að því verki. Í fyrsta lagi væri það ríkisvaldið, í öðru lagi atvinnurekandinn og í þriðja lagi sveitarfélagið þannig að ákveðinn hluti vinnutímans færi í að læra íslensku því það kom fram í viðtölum við fólk að það hefði hvorki tíma né getu síðla kvölds eftir langan vinnudag til að læra íslensku. Menn hefðu þá ekki mikinn hug á því. En hér er verk að vinna og vandi á ferð sem lausn verður að finna á.

[16:49]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir greinargóð svör og hv. þingmönnum fyrir góðar undirtektir. Mér sýnist á þeim tölum sem hæstv. ráðherra las hér upp að á Vestfjörðum séu um 380 útlendingar með atvinnuleyfi að störfum, þ.e. 18% af 2.089 gildum atvinnuleyfum. Það kom fram í ræðu hans að um 11% af störfum í fiskiðnaði á Íslandi væru unnin af útlendingum, þ.e. rúmlega tíunda hvert starf er í höndum útlendinga. Margar athyglisverðar tölur komu fram hjá honum eins og t.d. þær að á Snæfellsnesi, þ.e. samanlagt í Stykkishólmi, Hellissandi, Grundarfirði og Ólafsvík, eru yfir 100 útlendingar starfandi í fiskvinnslu væntanlega og t.d. á

Suðureyri einni, ekki stærra byggðarlagi og fjölmennara en hún er, eru 28 atvinnuleyfi í gangi. Þetta finnst mér segja að það verður að reyna að taka heildstætt á þessu. Mér finnst hugmynd hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og fleiri góð. Það er spurning hvort það mætti hugsa sér að á Vestfjörðum væri gerð tilraun með ákveðið skipulag með miðstöð eins og þar er gerð tillaga um og það verði bara gengið í það mál á þann hátt sem hv. þm. leggur til. Mér finnst það góð hugmynd. Það er a.m.k. allt betra en stöðnun í þessu máli. Ég er ekki að segja að hún hafi verið, en við þurfum að taka heildstætt á því.

Ég vil að lokum skora á hæstv. félmrh. að velta því fyrir sér hvort ekki sé hugsanlegt að félmrn. beiti sér fyrir heildstæðum aðgerðum í þessu máli, þ.e. að skipaður verði starfshópur núna fljótlega með verkalýðshreyfingunni, atvinnurekendum, þingmönnum og sveitarfélögum og tekið heildstætt á þessum málum. Aðbúnaður þessa fólks, menningarlega og félagslega, er ekki nógu góður hjá okkur.

[16:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér kom fram að þetta er geysilega mikilvægur hópur á íslenskum vinnumarkaði. Eftir að vinnuaflsskortur fór að gera vart við sig þá erum við upp á þetta vinnuafl komin til þess að þjóðfélagið gangi. Við höfum reynt að fylgjast með því eins vel og við getum í félmrn. að sæmilega sé komið fram við þetta fólk. Við gerum kröfu um sómasamlegan aðbúnað. Við gerum kröfu um að því sé borgað eftir íslenskum kjarasamningum og að atvinnurekandi ábyrgist að kosta ferðir, bæði hingað til lands og eins til heimalands aftur.

Í undirbúningi er miðstöð nýbúa sem yrði á landsvísu. Í Reykjavík er rekinn vísir að slíkri starfsemi en við viljum að hún verði á landsvísu.

Alþýðusamband Vestfjarða sýndi það framtak að láta þýða kjarasamningana á pólsku og sótti um styrk til ráðuneytisins til að borga helming kostnaðar og við verðum við því, enda verði þessum samningi dreift til verkalýðsfélaganna þannig að þar sem Pólverjar eru í vinnu þá eigi þeir kost á að lesa samningana á sínu móðurmáli.

Jöfnunarsjóður greiðir núorðið framlög vegna nýbúabarna, bæði í leikskólum og grunnskólum. Þess má geta að tvítyngd börn eru býsna mörg í skólakerfinu, t.d. í Laugarbakkaskóla í Miðfirði. Þar eru 10% krakkanna tvítyngd og þurfa náttúrlega umönnun og kennslu sem því nemur.

Og til gamans vil ég geta þess úr því ég er hér staddur, herra forseti, að einn af flóttamönnunum á Höfn í Hornafirði ásamt konu á Hornafirði hefur lagt í það stórvirki að búa til orðabók á serbókróatísku og við komum væntanlega að útgáfu þeirrar bókar þegar hún er tilbúin.

[16:55]

Útbýting þingskjala:

Álitsgerð Sigurðar Líndals um 3. gr. laga um stjórn fiskveiða, 423. mál, svar sjútvrh., þskj. 731.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 437. mál, fsp. KÁ, þskj. 735.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 441. mál, fsp. KÁ, þskj. 739.

Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, 435. mál, frv. KH og GGuðbj, þskj. 733.

Kyngreindar upplýsingar Hagstofunnar, 451. mál, fsp. KÁ, þskj. 749.

Peking-áætlunin, 450. mál, fsp. KÁ, þskj. 748.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 392. mál, svar menntmrh., þskj. 718.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 395. mál, svar landbrh., þskj. 721.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 391. mál, svar menntmrh., þskj. 717.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 396. mál, svar sjútvrh., þskj. 724.

Rekstrarhagræðing, 404. mál, svar fjmrh., þskj. 726.

Stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum, 457. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 755.

Tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum, 458. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 756.

Vanskil hjá Byggðastofnun, 368. mál, svar forsrh., þskj. 730.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 6. mál.

Fundi slitið kl. 16:56.

---

59. FUNDUR

fimmtudaginn 4. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Útvarpslög, stjfrv., 371. mál, þskj. 582. — 1. umr.
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 351. mál, þskj. 474. — 1. umr.
4. Fangelsi og fangavist, stjfrv., 350. mál, þskj. 473. — 1. umr.
5. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 354. mál, þskj. 482. — 1. umr.
6. Ættleiðingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 712. — 1. umr.
7. Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, þáltill., 65. mál, þskj. 65. — Fyrri umr.
8. Náttúruvernd, frv., 84. mál, þskj. 84. — 1. umr.
9. Flutningur ríkisstofnana, þáltill., 91. mál, þskj. 91. — Fyrri umr.
10. Landgræðsla, frv., 111. mál, þskj. 111. — 1. umr.
11. Sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, þáltill., 140. mál, þskj. 140. — Fyrri umr.
12. Einkahlutafélög, frv., 147. mál, þskj. 147. — 1. umr.
13. Hjálmanotkun hestamanna, frv., 171. mál, þskj. 174. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Aðstaða fyrir ferðafólk í skóglendum ríkisins, 461. mál, fsp. MF, þskj. 760.

Eftirlit með almennri heilsu tiltekinna aldurshópa, 460. mál, fsp. HjÁ, þskj. 758.

Túlkun stjórnmálaumræðna í Ríkisútvarpinu fyrir heyrnarlausa, 459. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 757.

Tilhögun þingfundar.

[10:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Það skal tekið fram að ekki er gert ráð fyrir að greidd verði atkvæði í dag og er fyrsta mál á dagskrá tekið út af dagskránni.

Athugasemdir um störf þingsins.

Vinnubrögð í iðnaðarnefnd.

[10:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég sé ástæðu til þess að gefnu tilefni að vekja athygli hæstv. forseta á því að verið er að reyna að ýta fram málum í þinginu með þeim hætti að ég tel að það gangi á svig við þingsköp. Ég var að koma af fundi áðan í iðnn. þingsins sem kölluð var sérstaklega saman til þess að fjalla um þrjú mál, þrjú frv. frá hæstv. iðnrh. sem formaður nefndarinnar upplýsti að væntanleg væru til Alþingis á næstunni, þrjú tilgreind frv. sem ég hef ekki séð meðal þingmála og var það hugmynd formanns nefndarinnar og tilmæli til nefndarinnar að þau yrðu send út til umsagnar í nafni nefndarinnar. Rætt var við mig í gær af formanni nefndarinnar um að halda aukafund um málið í þessum tilgangi. Ég tjáði honum að ég teldi það ekki rétt að stefna að því að senda út mál á vegum þingnefnda sem ekki væru komin til Alþingis og lýsti þar með fyrirvara af minni hálfu varðandi þetta fundarboð. En eftir sem áður er fundur boðaður í iðnn. kl. 10 og honum var að ljúka. Þar vakti ég athygli á 23. gr. þingskapa þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Til fastanefnda getur þingið vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd íhugi. Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu."

Síðan segir í 2. mgr. þessarar sömu greinar þingskapalaga:

„Áður en 1. umr. fer fram um stjórnarfrumvörp eða fyrri umræða um tillögur frá ríkisstjórninni getur forseti heimilað, ef ósk berst um það frá níu þingmönnum, að nefnd athugi mál í því skyni að afla frekari upplýsinga um það eða skýringa á efni þess. Slíkt er og heimilt að gera að lokinni framsöguræðu um málið. Forseti ákveður hve lengi athugun nefndarinnar má standa.

Nefnd, sem fengið hefur mál til athugunar, skal heimilt að vísa því til annarrar fastanefndar" o.s.frv.

Þetta er úr 23. gr. þingskapa Alþingis og ég fæ ekki skilið, virðulegur forseti, hvernig formönnum þingnefnda dettur það í hug að kveðja til nefndarfunda til þess að vísa málum til umsagna sem ekki eru komin inn til þingmanna, hvað þá að leyfi forseta og tilskilin ósk níu þingmanna liggi fyrir um að afbrigða sé leitað varðandi umfjöllun nefndar. Mér finnst að Alþingi þurfi að gæta sín í þessum efnum, að framkvæmdarvaldið fari ekki algerlega offari í máli sem þessu og vildi vekja athygli virðulegs forseta á þessu máli.

[10:37]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir hv. þm. og mun taka þær til skoðunar.

Útvarpslög, 1. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 582.

[10:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt á þskj. 582 frv. til útvarpslaga. Frumvarp þetta er samið á vegum menntmrn. Drög að því voru send 30 aðilum til umsagnar. Umsagnir bárust frá sex aðilum og gerðu umsagnaraðilar allmargar athugasemdir við frumvarpsdrögin í umsögnum sínum, og hefur við endanlega samningu frumvarpsins verið höfð hliðsjón af mörgum ábendingum þeirra um atriði sem betur máttu fara.

Í frv. er sú leið farin að leggja fram frumvarp til nýrra útvarpslaga í stað breytinga á einstökum ákvæðum. Þykir það skýrara af ýmsum ástæðum. Um er að ræða nokkuð margar breytingar, þótt misþýðingarmiklar séu, lagðar eru til breytingar á lagagreinum sem áður hefur verið breytt og gert er ráð fyrir nokkurri breytingu á tæknilegri skipulagningu laganna.

Að stofni til byggist frumvarp þetta á núgildandi útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

Með frv. er ætlunin að mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði hljóðvarp og sjónvarp. Ekki er gert ráð fyrir að í rammalöggjöf um útvarpsstarfsemi verði að finna sérákvæði um Ríkisútvarpið heldur er miðað við að um Ríkisútvarpið gildi sérlög og það er ekki hróflað við þeim ákvæðum í núgildandi útvarpslögum sem snerta Ríkisútvarpið sérstaklega. En almenn ákvæði í þessari nýju rammalöggjöf um útvarpsstarfsemi munu þó gilda um Ríkisútvarpið nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum um Ríkisútvarpið.

Með endurskoðun útvarpslaganna sem fram fór síðast á árinu 1993 var að mestu leyti tekið tillit til fyrirmæla í tilskipun Evrópusambandsins um samræmdar reglur um sjónvarpsþjónustu samkvæmt tilskipun frá árinu 1989. Nú hefur verið gerð breyting á þeirri tilskipun með samþykkt sérstakrar tilskipunar á árinu 1997.

Einn megintilgangur frv. er að færa íslenska löggjöf til samræmis við hinar nýju reglur Evrópusambandsins og var hin nýja breytingatilskipun birt hinn 30. júlí 1997 í stjórnartíðindum Evrópusambandsins og átti að koma til framkvæmda í öllum aðildarríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eigi síðar en 30. desember sl. Þegar síðast var spurst fyrir um það var þó ekki búið að samþykkja tilskipunina í sameiginlegu EES-nefndinni en gert er ráð fyrir að það verði gert á næstunni.

Framangreindar tilskipanir taka samkvæmt efni sínu aðeins til sjónvarpsmála en ekki þeirra þátta sem varða hljóðvarp. Í frv. því sem hér er mælt fyrir er þó gert ráð fyrir að það gildi um sjónvarp og hljóðvarp eftir því sem það

á við. Vegna aðlögunar íslenskrar útvarpslöggjafar að reglum Evrópusambandsins eru í frv. þessu lagðar til eftirtaldar breytingar á einstökum ákvæðum útvarpslaga.

Í fyrsta lagi er um að ræða skýrari ákvæði um lögsögu íslenskra útvarpslaga. Í frv. er lagt til að sett verði skýr ákvæði um það til hvaða sjónvarpssendinga íslensk lögsaga nær samanber 2. gr. frv. Ákvæði um þetta efni eru ekki í núgildandi útvarpslögum. Við gerð lögsögureglnanna hefur verið tekið mið af niðurstöðum dómsmála sem risið hafa innan ESB um túlkun lögsögu og reglna ESB. Byggt er á tveimur grundvallarsjónarmiðum:

1. Sjónvarpsstöðvar innan hvers aðildarríkis EES eigi að hafa frelsi til þess að sjónvarpa til allra annarra aðildarríkja.

2. Sjónvarpsútsendingar skulu vera heimilar um allt Evrópska efnahagssvæðið svo framarlega sem útsendingar eru í samræmi við löggjöf útsendingar ríkisins.

Í öðru lagi er almenningi tryggður aðgangur að dagskrá um þýðingarmikla atburði. Það nýmæli breytingartilskipunar ESB frá árinu 1997 sem hvað mesta athygli hefur vakið er ákvæði er veitir heimild fyrir hvert aðildarríki EES til þess að gera skrá um tiltekna þýðingarmikla viðburði sem senda skuli út í dagskrá sem meginhluti almennings hefur aðgang að þrátt fyrir að sjónvarpsstöð sem selur sérstaklega aðgang að efni sínu hafi keypt einkarétt til sýningar frá þessum viðburðum. Í reynd mun heimild þessi a.m.k. að sinni fyrst og fremst geta átt við meiri háttar íþróttaviðburði, innlenda og fjölþjóðlega, svo sem landskeppni, Ólympíuleika, heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni í knattspyrnu og handknattleik.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir að ákveðið verði með lögum til hvaða viðburða heimild þessi tekur heldur er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um þetta efni samanber 23. gr. frv. Rétt er að árétta það sem kemur fram í athugasemdum við frv. að gert er ráð fyrir því að sjónvarpsstöð uppfylli það skilyrði að hún nái til meginhluta þjóðarinnar ef hin tiltekna útsending nær til a.m.k. 90% allra landsmanna. Gerir þetta að verkum að allar þrjár helstu sjónvarpsstöðvar landsins uppfylla þetta skilyrði, svo framarlega sem útsendingar þeirra eru opnar. Með þessu móti eru afskipti af samkeppni á sjónvarpsmarkaði í lágmarki. Auk þess verða það tiltölulega fáir viðburðir sem skráin um viðburðina getur náð til. Íslenska ríkinu er ekki skylt samkvæmt tilskipuninni að nýta þessa heimild, en rétt þykir að tryggður sé í lögum möguleikinn á að gera það vegna hins mikla áhuga sem ríkir hér á landi á sjónvarpsefni frá meiri háttar íþróttaviðburðum.

Í þriðja lagi er markmiðið að efla framleiðslu evrópsks dagskrárefnis. Lagt er til að tekin verði upp regla þess efnis að sjónvarpsstöðvar skuli eftir því sem unnt er sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til gerðar evrópskra verka, þar á meðal íslenskra verka sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Þetta ákvæði er fyrst um sinn aðallega stefnuyfirlýsing en með því að Menningarsjóður útvarpsstöðva verður lagður niður samkvæmt frv. verður sjónvarpsstöðvum gert auðveldara að fara eftir þessu ákvæði.

Þá eru settar skýrari reglur um auglýsingar og kostun. Lagt er til að reglur um auglýsingar og kostun verði gerðar nokkru skýrari en verið hefur. Auk þess er bætt inn ákvæðum um fjarsölu og fjarsöluinnskot, og gilda í meginatriðum sömu reglur um þessi efni og gilda um auglýsingar.

Loks er tekið inn í frv. samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins ákvæði um vernd barna. Lagt er til að tekin verði upp ákvæði um vernd barna gegn óheimilu efni. Eiga ákvæðin að styrkja gildandi íslensk lög um það efni, sem og um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum, og er þeim ákvæðum ætlað að vera til fyllingar ákvæðum samkeppnislaga.

Þetta eru þau ákvæði, herra forseti, sem sérstaklega lúta að tilskipun Evrópusambandsins og taka mið af henni og ég sé ástæðu til að tíunda hér. Í frv. er einnig að finna önnur atriði sem ég nefni ekki í þessari framsöguræðu minni en snerta þennan þátt málsins einnig.

Þá ætla ég að rekja nokkur atriði sem eru í útvarpslagafrv. án þess að þau séu í sjálfu sér hluti af hinum evrópska rétti sem okkur ber að taka tillit til við setningu laga af þessum toga.

Það er í fyrsta lagi undirbúningur að stafrænu útvarpi. Það nýmæli er í frv. að lagt er til að menntmrh. verði heimilað að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi. Stafrænt útvarp, sjónvarp og hljóðvarp, er nú hafið í nágrannalöndunum eða er u.þ.b. að hefjast, a.m.k. á tilraunastigi. *Hin stafræna tækni gefur mikla möguleika til* betri nýtingar tíðnisviðsins en nú og er þannig m.a. meginforsenda þess að fleiri eigi þess kost að hefja raunverulega samkeppni, sérstaklega í sjónvarpi, auk víðtækari nota af tíðnisviðinu. Þar sem öll nýting VHF-tíðnisviðsins er nú í raun og veru aðeins í höndum tveggja aðila, Ríkisútvarpsins og Íslenska útvarpsfélagsins hf., komast fleiri aðilar ekki að þar. Auk betri nýtingar á tíðnisviðinu mun sá kostur fylgja stafrænu útvarpi að gæði útsendinga aukast til mikilla muna auk fjölmargra annarra kosta, svo sem að skapa möguleika á þáttasölusjónvarpi og kvikmyndapöntun. Hin stafræna tækni er forsenda hins svokallaða samruna sjónvarps, fjarskipta og tölvutækni í eitt svið með óljósum landamærum eða án landamæra. Þessi þróun er ekki aðeins tæknilegs eðlis heldur snertir hún alla þætti sjónvarpsþjónustu, þar með talin ný efnistök við gerð dagskrárefnis, innra skipulag stofnana eða fyrirtækja sem framleiða og dreifa sjónvarpsefni og breytt áhorf sjónvarpsnotenda með möguleikum á gagnvirkum samskiptum. Þannig snertir þróunin bæði menningarlega og iðnaðarlega hagsmuni. Gera verður ráð fyrir að það taki nokkurn tíma að taka hina stafrænu tækni í notkun, a.m.k. nokkur ár og hafi í för með sér verulegan stofnkostnað.

Þá eru í frv. einnig fyllri ákvæði en áður um útgáfu útvarpsleyfa til einkaaðila. Í frv. er gert ráð fyrir að ákvæðin um leyfi til útvarps séu gerð fyllri í lögunum en þau hafa verið. Eru tekin upp í frv. ýmis ákvæði um þetta efni sem verið hafa í reglugerð en réttara þykir að mæla fyrir um í lögum. Jafnframt er lagt til að hlutverk útvarpsréttarnefndar verði aukið frá því sem verið hefur. Skal útvarpsréttarnefnd fylgjast með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt, eins og verið hefur, og hafa að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpssendingum er lúta íslenskri lögsögu, þar með talið Ríkisútvarpsins. Er það breyting frá því sem verið hefur.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir að leyfi útvarpsréttarnefndar þurfi til endurvarps frá erlendum sjónvarpsstöðvum, heldur verði það Póst- og fjarskiptastofnun sem úthlutar rásum fyrir endurvarp. Er þetta enn fremur breyting frá því sem gilt hefur.

Þá er fjallað um aðgang útvarpsstöðva að fjarskiptanetum. Lagt er til að tekið verði upp ákvæði í útvarpslög sem tryggir

útvarpsstöðvum aðgang að almennum fjarskiptanetum sem hagnýtt eru til útvarpssendinga. Hefur þótt skorta ákvæði í útvarpslög um rétt útvarpsstöðva til aðgangs að kapalkerfum, og er úr því bætt með þessu ákvæði. Meðal annars er ætlunin að tryggja útvarpsstöðvum aðgang að breiðbandi Landssímans. Með þessu ákvæði er útvarpsstöðvum veitt sama staða og rekstrarleyfishöfum samkvæmt fjarskiptalögum. Um aðgang útvarpsstöðva að fjarskiptanetum fer að öðru leyti samkvæmt fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, þar á meðal um ákvörðun endurgjalds fyrir aðganginn.

Þá er í frv. lagt til að það verði gerð skýrari skil milli útvarpslaga og fjarskiptalaga. Lagt er til að felld verði brott úr útvarpslögum nokkur ákvæði er varða tengsl útvarpslaga og fjarskiptalaga. Er hér m.a. um að ræða ákvæði er varðar lagningu og not þráðar til útvarps, móttöku útvarpsdagskrár um gervitungl og heimild útvarpsstöðva til að reisa sendistöðvar o.fl. Með hliðsjón af fjarskiptalögum frá 1996 þykja þessi ákvæði nú óþörf í útvarpslögum, enda fjalla þau fyrst og fremst um málefni sem heyra undir fjarskiptayfirvöld.

Loks er lagt til, herra forseti, að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður. Sjóðurinn hefur verið mjög umdeildur, sérstaklega fjármögnun sjóðsins og ráðstöfun á fé hans, en hún hefur í raun og veru aðeins falist í því að færa fé á milli útvarpsstöðva. Þar sem í gildandi ákvæðum um Menningarsjóðinn er gert ráð fyrir að hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands greiðist af framlagi Ríkisútvarpsins til sjóðsins þarf að huga sérstaklega að fjáröflun til rekstrar hljómsveitarinnar í tengslum við rekstur Ríkisútvarpsins og hafa þegar farið fram umræður og viðræður á milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins um það málefni.

Varðandi stuðning við kvikmyndagerð og þá þætti sem Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur sinnt þá minni ég á að hinn 19. des. sl. rituðum við fjmrh. undir tvíþættan samning við samtök kvikmyndagerðarmanna. Annars vegar er hann um að efla hina almennu deild Kvikmyndasjóðs, ef ég má orða það svo, og koma á laggirnar sérstakri deild innan sjóðsins til að styrkja gerð heimildarmynda og stuttmynda og að taka að sér það verkefni sem nú er í höndum Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Ég tel að þannig hafi verið búið um hnúta að með niðurlagningu Menningarsjóðs útvarpsstöðva verði ekki stefnt í voða þeirri starfsemi sem hann hefur styrkt. Auk þess fá sjónvarps- og útvarpsstöðvar aukið fé til ráðstöfunar þegar hætt verður að taka af þeim það 10% gjald sem runnið hefur til Menningarsjóðs útvarpsstöðva.

Þetta eru, herra forseti, helstu atriðin sem ég vildi rekja við upphaf umræðunnar. Ég vil ítreka það sem ég sagði að með þessu frv. er ekki hróflað við stöðu Ríkisútvarpsins, skipulagi þess er ekki breytt með nokkru móti með frv. Það verður að taka til sjálfstæðrar athugunar hvernig staða þess verði þegar fram líða stundir og hvaða breytingar er nauðsynlegt að gera til að laga þá stofnun að nýjum kröfum á sviði útvarpsrekstrar.

Það er ástæða til þess, herra forseti, að vekja athygli á og skýra hv. þingmönnum frá því að samkeppnismáladeild framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sendi sl. haust frá sér svokallað umræðuskjal um beitingu ákvæða í sáttmálanum um stofnun Evrópubandalagsins um samkeppni og ríkisstuðning í útvarpsgeiranum, eins og það er orðað. Ljóst er að samkeppnismáladeild framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hefur hafið afskipti af ríkisrekstri á sviði sjónvarps og útvarps.

Á undanförnum árum hafa framkvæmdastjórn Evrópusambandsins borist margar kærur frá einkareknum sjónvarpsstöðvum í ríkjum sambandsins um óréttmæta samkeppni af hálfu ríkisrekinna sjónvarpsstöðva og óhæfilegan stuðning ríkjanna við slíkar stöðvar sem geri einkareknum sjónvarpsstöðvum erfitt fyrir. Svo virðist sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sé að búa sig undir að taka á þessum málum en í framangreindu umræðuskjali samkeppnismáladeildar sambandsins er viðurkennt, fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, að ríkjunum sé heimilt að reka útvarpsstöðvar í almannaþágu og heimilt að ákvarða slíkri starfsemi eðlilegar tekjur. Hins vegar er ljóst að samkeppnismáladeildin hneigist að því að skilgreina almannaþáguhlutverk slíkra fjölmiðla innan nokkuð þröngra marka og gera strangar kröfur um að fjárframlög til þeirra séu hæfileg miðað við tilgang þeirra þannig að þau hafi sem minnst áhrif á samkeppnisstöðu á markaði. Samkeppnismáladeildin virðist þess jafnvel hvetjandi að útvarpsstöðvar, sem reknar eru í almannaþágu, taki þátt í samkeppni á markaði en samkeppnisþátturinn sé þá aðskilinn frá almannaþágurekstrinum.

Þessu vildi ég skýra frá. Eins og fram kom í máli mínu er í frv. tekið mið af því sem gerst hefur í Evrópuréttinum á undanförnum árum og útvarpsstarfsemi hér á landi skilgreind í samræmi við hann. Auk þess er tekið á málum sem hafa verið til umræðu frá því að útvarpslögin voru sett 1985.

Ég tel, herra forseti, að huga beri að stöðu Ríkisútvarpsins í ljósi þeirra krafna sem fram koma og eru sífellt að verða háværari, um að ríkisvaldið skilgreini að nýju hlut sinn á þessu sviði. Ég vil geta þess að í byrjun desember sl. var efnt til fundar menningarmálaráðherra Norðurlandanna í Kaupmannahöfn. Þangað komu útvarpsstjórar ríkisstöðvanna á öllum Norðurlöndunum og gerðu ráðherrunum grein fyrir því að þeir teldu að starfsumhverfi stöðvanna væri að taka miklum breytingum, svo miklum breytingum að menn yrðu að finna út hvernig best yrði staðið að því að þær héldu sinni stöðu ef menn vildu það á annað borð.

Ég vil einnig vekja athygli á því að annars staðar á Norðurlöndunum hafa verið stigin skref í þessa átt, til þess að styrkja stöðu hinna ríkisreknu fjölmiðla með breytingum á skipulagi þeirra. Þeim hefur verið breytt í hlutafélög eða aðrar ráðstafanir gerðar til að þessar stöðvar væru betur í stakk búnar til þess að takast á við verkefni sín við nýjar aðstæður.

Í þessu frv. er engum slíkum ákvæðum til að dreifa og ekki hróflað við stöðu Ríkisútvarpsins nema að því leyti að eftirlitshlutverk útvarpsréttarnefndar nær til þess eins og allra annarra útvarpsstöðva. Ég tel að ekki sé unnt að skilgreina útvarpsrekstur af hálfu ríkisins þannig að hann eigi ekki að lúta almennum leikreglum eins og þeim sem mælt er fyrir um í þessu frv. Að öðru leyti er ekki fjallað um Ríkisútvarpið.

Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[10:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntrh. fyrir frv. sem hann leggur hér fram. Það er að mörgu leyti ágætt og tekur á mörgum vandamálum sem upp hafa komið í útvarps- og sjónvarpsrekstri undangenginna ára. Hins vegar sakna ég þess að ekki skuli tekið á vandamálum Ríkisútvarpsins

sem hefur rekið opinbera menningarstarfsemi hér í landinu í nærfellt 70 ár, sýnist mér. Þar finnst mér mál að linni.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði undanskilið þessum lögum. Í 13. gr. er gert ráð fyrir því að útvarpsstöðvum sé skylt að láta lesa endurgjaldslaust tilkynningar frá Almannavörnum. Öryggismálum, sem mikið hefur verið hampað sem nauðsyn þess að ríkið reki útvarp er vel komið fyrir í þessu frv. Ríkisvaldið og Almannavarnir geta nýtt sér útvarpsstöðvarnar, ef þetta frv. verður að lögum, til þess að lesa tilkynningar.

Því er það spurning mín til hæstv. menntmrh.: Hver eru rökin fyrir því að selja ekki Ríkisútvarpið? Ég hef oft heyrt að öryggismálin séu einu rökin sem eftir standa til að halda því í ríkiseign. Ég spyr jafnframt hvort fyrir liggi tímaáætlun, í menntmrn. eða hjá menntmrh. sjálfum, um að stíga það skref að selja Ríkisútvarpið.

[11:00]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á mínum vegum hefur ekki verið unnið að neinum undirbúningi þess að selja Ríkisútvarpið. Hins vegar hef ég látið fjalla um það í tengslum við þetta mál hvernig best væri að laga starfsemi ríkisins á þessu sviði að þeim breyttu kröfum sem uppi eru og ég rakti m.a. í framsöguræðu minni. Ég tel það skyldu mína að láta skoða slíka hluti en ég hef ekki flutt frv. um það og mun ekki gera það. Þetta mál tel ég að sé þess eðlis að það verði að fá afstöðu Alþingis til þessarar almennu löggjafar sem hér er verið að boða og síðan verði menn í ljósi þeirrar niðurstöðu sem fæst í þessu máli á hinu háa Alþingi að taka afstöðu til framtíðar Ríkisútvarpsins og hvernig beri að laga skipan þess að nýjum kröfum, m.a. þeirri þróun sem er að verða í Evrópuréttinum og ég rakti í máli mínu og útvarpsstjórar Norðurlandanna gerðu menningarmálaráðherrum Norðurlandanna grein fyrir á fundi okkar með þeim í byrjun desember. Ég hef ekki látið vinna annað á mínum vegum en hugmyndir um það hvernig hægt væri að nálgast þetta viðfangsefni til þess að Ríkisútvarpið svaraði þeim kröfum sem gera ber til þess. Ég hef ekki lagt neina vinnu í það að selja það fyrirtæki og mun ekki gera.

[11:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir aðilar sem starfa á þessum markaði eða þessu sviði, þ.e. í því að útvarpa menningu til þjóðarinnar, starfa við vonlaus samkeppnisskilyrði. Einn aðili á markaðnum getur skuldbundið alla til að greiða til sín afnotagjöld, þ.e. Ríkisútvarpið og ríkissjónvarpið, á meðan aðrir aðilar njóta ekki þessa forgangs. Það er meira að segja svo að vilji einhver kaupa sér sjónvarpstæki til þess að horfa á einhverjar þessara einkastöðva, þá verður hann að greiða til Ríkisútvarpsins jafnframt. Svona einokun gengur náttúrlega ekki upp í samkeppnisþjóðfélagi eða hjá þeim sem vilja frjálsa samkeppni og frjálst framtak, fyrir utan það að þetta slævir að sjálfsögðu aðhald að rekstri sjónvarpsins þannig að það sé rekið eins vel og unnt er. Það þarf þess ekki. Það fær sína peninga á silfurfati hvernig sem rekstrinum er hagað. Ég spyr því hæstv. ráðherra enn einu sinni: Telur hann eðlilegt að á þessum samkeppnismarkaði njóti einn aðilinn slíks forgangs?

[11:03]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst og það er rétt hjá hv. þm. og fyrirspyrjanda að þessar umræður sem fara fram um stöðu ríkisrekinna fjölmiðla lúta einmitt að þeim atriðum sem hv. þm. vék að og það er þetta sem við höfum verið að skoða: Hvernig er staða Ríkisútvarpsins í þessu ljósi miðað við hertar samkeppniskröfur bæði innan lands og á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessum athugunum, þ.e. hinum evrópsku athugunum, skilgreina menn líka hlut ríkisfjölmiðla eins og okkar, sem bæði hafa rétt til þess að innheimta auglýsingatekjur og einnig afnotagjöld. Þar hafa komið fram hugmyndir um að skilgreina rétt þeirra til þess að senda út efni mjög þröngt þannig að þær megi t.d. ekki senda út íþróttir, þær megi ekki senda út það sem kallað er skemmtiefni eða hvernig sem menn skilgreina það o.s.frv., þ.e. að sú leið verði farin. Þetta eru hlutir sem við þurfum að velta fyrir okkur. En eins og ég segi og margtók fram í ræðu minni þá legg ég ekki fram tillögur um breytingar á stöðu Ríkisútvarpsins þannig að hv. þm. er í raun og veru að fjalla um annað mál en þetta frv. snýst um því það snýst um hinar almennu leikreglur fyrir allar útvarpsstöðvar. En það er sérstakt álitamál hvernig á síðan að taka á málefnum Ríkisútvarpsins í ljósi þessara almennu reglna og einnig í ljósi þeirrar þróunar sem er að verða alls staðar í Evrópu og við hljótum að þurfa að taka mið af þegar fram líða stundir.

[11:04]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á, ég vil segja, einhvers konar villu sem ég sá hérna og gerir það að verkum að skýringar eða athugasemdir við 14. gr. frv. eru í raun og veru óskiljanlegar.

14. gr. fjallar um vernd barna gegn óheimilu efni og ég held að það sé mjög tímabært að það sé hert á þeim ákvæðum sem takmarka það hvaða efni megi senda út á þeim tíma sem börn eru að hlusta á útvarp eða horfa á sjónvarp.

Á bls. 28 í greinargerðinni er fjallað um tilskipun Evrópusambandsins sem þetta ákvæði byggir m.a. á og þar segir um 2. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar, með leyfi forseta:

„Lagaskyldur í þessu efni eru uppfylltar með ákvæði 233. gr. a í almennum hegningarlögum, ... Í þessu tilvitnaða ákvæði segir að sá skuli sæta nánar tiltekinni refsingu sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis ekki að öðru jöfnu heyra eða sjá slíkar útsendingar."

Ég held að þarna hafi hugsanlega eitthvað fallið niður í vinnslu á þessum texta og vildi bara benda á þetta auk þess sem ég átta mig ekki heldur á því að þetta ákvæði hegningarlaganna eigi við um þessa tilskipun. Þetta er svona til ábendingar fyrir þá sem munu vinna úr þessu í hv. menntmn.

[11:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að komið er fram nýtt frv. til útvarpslaga. Þetta er eins og hæstv. ráðherra sagði svona almennar leikreglur í útvarpsrekstri og vissulega þurfa lög sem snúa að rekstri útvarps og sjónvarps að vera í sífelldri endurskoðun og þróun vegna tækniframfara og tækniþróunar. Þess er vegna tímabært að lögin frá 1985 séu endurskoðuð.

Áður en ég geri nokkrar athugasemdir og spyr hæstv. ráðherra um nokkur atriði í frv. þá vil ég fagna því að hann hefur ekki í hyggju að selja Ríkisútvarpið eins og sjálfstæðismenn hafa oft verið að ræða því að ég tel það vera fásinnu. En ég tel að nauðsynlegt sé að ræða stöðu Ríkisútvarpsins sérstaklega og ég tek undir það.

Vegna 10. gr. þar sem fram kemur að minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verkefna sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum, þá vil ég fagna því að þarna er tekin þessi ákvörðun. En ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til umræðu að hafa sérstakt hlutfall af dagskrárfénu til íslenskrar framleiðslu þar sem við búum í litlu málsamfélagi og ákveðin tungumál hafa haft mikil áhrif, t.d. engilsaxnesk áhrif, á okkar málsamfélag. Er því ekki ástæða til þess að setja þarna inn ákveðið hlutfall af framleiðslu á íslensku efni sérstaklega? Það er virðingarvert að þarna skuli tekin afstaða til evrópsks efnis. En ég hefði haldið að við þyrftum að setja þarna inn ákveðið hlutfall af íslensku efni.

Andsvarsrétturinn er náttúrlega tryggður í lögunum en ég velti því fyrir mér hvernig menn bera sig að ef hann væri ekki virtur, hvort menn hafi einhverja ákveðna leið til þess að leita þess réttar síns samkvæmt 11. gr.

Ég vil einnig fagna því að sérstaklega skuli vera tekið inn ákvæði um vernd barna. Það hefur verið heilmikið í umræðunni og það þarf að taka þau mál föstum tökum.

Varðandi auglýsingar, og það sem kemur fram í 17. gr., þá var samkvæmt fyrri lögum, a.m.k. í Ríkisútvarpinu, séð til þess að auglýsingatímar kæmu ekki inn í dagskrárliði. Hér er tekið á því að auglýsingatímar séu á milli dagskrárliða. Þeirri reglu hefur ekki verið haldið og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki ástæðu til þess að halda þeirri reglu að hafa auglýsingatímana á milli dagskrárliða. Það er mjög virðingarvert í Ríkisútvarpinu hvernig auglýsingatímum hefur verið haldið fyrir utan dagskrárliði.

Þetta frv. byggir mjög á evrópskum tilskipunum eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra og er eðlilegt að tekið sé tillit til þeirra. Ég fagna því að hafinn skuli vera undirbúningur að stafrænu útvarpi til að nýta betur tíðnisviðin. Það er fyrir löngu orðið tímabært og það þarf að fara út í það. En sérstaklega vil ég fagna þeim sinnaskiptum hjá hæstv. ráðherra og stjórnvöldum að leggja það til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður. Það er mál sem ég hef talað fyrir lengi bæði á síðasta kjörtímabili og þessu kjörtímabili og lagt þetta til. Það hafði þá ekki hljómgrunn hjá menntmráðherrum Sjálfstfl. En greinilega hafa þeir séð að full ástæða var til þess að taka á málefnum þessa sjóðs og leggja hann niður því eins og stendur í skýringum með þessu frv. þá hefur sjóðurinn verið mjög umdeildur, sérstaklega fjármögnun sjóðsins og ráðstöfun á fé hans og er þarna vægt til orða tekið, herra forseti.

Sjóðurinn gekk út á það að taka auglýsingafé frá stóru stöðvunum, frá Ríkisútvarpinu, Stöð 2 og Bylgjunni, þ.e. Íslenska útvarpsfélaginu, og flytja það til annarra stöðva. Það var náttúrlega fáránlegt. Það er fullkomlega eðlilegt að útvarpsstöðvarnar og sjónvarpsstöðvarnar haldi sínu auglýsingafé og ráðstafi því til dagskrárgerðar eins og þær telja réttast og best þeim sjálfum til hagsbóta.

Ég hefði gjarnan viljað fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst sjá til þess að Sinfóníuhljómsveit Íslands hafi rekstrarfé. Hvaða hugmyndir eru uppi um það? Mun rekstrarkostnaðurinn verða greiddur úr ríkissjóði beint eða eru einhverjar hugmyndir uppi um það hvernig standa skuli að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands? Það er fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt að Íslendingar eigi sína sinfóníuhljómsveit og standi að rekstri hennar. En að Ríkisútvarpið eða útvarpsstöðvar standi undir þeim rekstri er ekki rétt að mínu mati. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að það komi hér fram hvernig hæstv. ráðherra hyggst standa að rekstri sinfóníuhljómsveitarinnar.

Varðandi ummæli hæstv. ráðherra um það að breyta Ríkisútvarpinu jafnvel í hlutafélag og þær vangaveltur sem hafa verið í Evrópu um þau málefni, þá breyta menn ekki fyrirtæki í hlutafélag nema þeir ætli að selja það þannig að ég tel að það þurfi að skoða aðrar leiðir. Málefni Ríkisútvarpsins þarf að skoða. Þau þurfa að vera í sífelldri endurskoðun en ég held að gera þurfi aðrar ráðstafanir en að breyta því í hlutafélag. A.m.k. þarf að fá gild rök fyrir því hvers vegna þurfi að breyta því í hlutafélag.

Ég fagna því að aðgangur að breiðbandinu eigi að vera fyrir alla. Það er mál sem ég hef oft rætt á Alþingi. Reyndar velti ég því fyrir mér hvort uppbygging breiðbandsins sé hagkvæmasta leiðin í því að dreifa útvarpsefni um landið. Það eru vangaveltur sem ég tel að eigi ekki endilega að koma inn í þessa umræðu. En ég hefði gjarnan viljað fá svör, herra forseti, við þessum spurningum sem vöknuðu hjá mér við að skoða þetta frv. til útvarpslaga.

Þetta mál fer náttúrlega til menntmn. og hlýtur að koma aftur inn í þingið og þá verður sjálfsagt mun meiri umræða um frv.

[11:16]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði varðandi þetta frv. sem ég vil koma á framfæri athugasemdum við og það er í fyrsta lagi þeir þættir sem lúta að almennri íslenskri menningarþróun og eflingu íslenskrar tungu.

Í 7. gr. frv. eru ákvæði um dagskrárframboð en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Þó skal heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku."

Ég hefði viljað inna hæstv. ráðherra eftir því hvað það þýðir „ef sérstaklega stendur á" vegna þess að það er mjög mikilvægt að þegar Alþingi afgreiðir þetta mál, hvort sem það verður nú eða síðar, þá liggi það fyrir löggjafanum hvert ráðuneytið mundi fara með heimild af þessu tagi. Það kann út af fyrir sig að vera rétt hjá hæstv. menntmrh. að skynsamlegra sé að orða þetta með þessum beina ákvæða hætti en hafa þetta sem undantekningarákvæði og nálgast það þar með allt öðruvísi vegna þess að við vitum að það getur staðið þannig sérstaklega á að það sé ekkert annað að gera en opna fyrir það að sjónvarps- og útvarpsefni fari út á öðrum málum en íslensku.

Nú er það hins vegar þannig eins og við þekkjum að þess eru mörg dæmi að þetta hafi gerst án þess að það sé í raun heimilt ef grannt er skoðað. Ég held að nauðsynlegt sé að draga úr þeirri lagaóvissu sem verið hefur í þessum efnum þar sem veruleikinn hefur sett aðra nálgun á dagskrá en stundum hefur staðið í lögunum. Ég tel því að nauðsynlegt sé að taka á þessu máli. Það getur verið erfitt fyrir stjórnvöld að standa frammi fyrir málum eins og t.d. þeim þegar sent er út á erlendum málum vegna atburða sem eiga sér stað úti í heimi og lýst er jafnharðan og ekki er hægt að koma við textum eða þýðingum. Slík dæmi eru mörg.

Þess eru hins vegar líka dæmi að íslenskar útvarpsstöðvar sendi út fréttir á erlendum málum sem eru þá endurvarp frá öðrum stöðvum. Það eru væntanlega slík afmörkuð einstök tilvik sem þarna er átt við í þessari grein frv., eða hvað? Um það vil ég spyrja hæstv. menntmrh.

Ég vil líka víkja að því ákvæði í þessari grein þar sem stendur í 2. tölul.:

„Sjónvarpsstöðvar skulu kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu."

Gerð er grein fyrir þessu í grg. sjálfri og mér finnst að við séum þarna dálítið í þeim sporum að reyna að taka á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir af því að við erum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Vandi okkar er ekki sá að við þurfum endilega að hafa í okkar útvarps- og sjónvarpsstöðvum miklu meira efni frá öllum ríkjum Evrópu eða öllum málsvæðum Evrópu. Okkar menningarlegi vandi stafar fyrst og fremst af því að yfirþyrmandi engilsaxneskt efni er í miðlum okkar og það er til verulegra bóta að vera með efni frá öðrum menningarsvæðum í Evrópu. Það gerir menningarlífið hér fjölbreytilegra og dýpra en í rauninni er hægt að uppfylla þetta ákvæði frv. með því að vera með stóraukið efni t.d. frá breskum framleiðendum. Ég held í rauninni að það sé þó ekki það sem er sérstaklega eftirsóknarvert fyrir okkur með fullri virðingu fyrir þeim. Á bls. 14 í grg. frv. er aðeins tekið á þessu máli og þar segir, með leyfi forseta:

„Tekin er upp regla þess efnis að sjónvarpsstöðvar skuli, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til gerðar evrópskra verka, þar á meðal íslenskra verka, sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum (10. gr. frumvarpsins)."

Ég spyr því, herra forseti, hvort nauðsynlegt sé að nálgast þetta svona, hvort ekki sé hægt að líta þannig á að þrátt fyrir þau ákvæði í þessum evrópsku samningum og frv., ef það yrði að lögum, væri hægt að leggja þær kvaðir á sjónvarps- og útvarpsstöðvar að það væri enn þá meira og enn þá hærra hlutfall af efninu íslenskt en hér er gert ráð fyrir. Er nokkuð sem mælir á móti því að slík almenn regla væri sett inn? Við vitum að franskar sjónvarpsstöðvar eru með miklu hærri kröfuþröskuld í þessu efni en hér er gert ráð fyrir og ég spyr: Er ekki hugsanlegt að um leið og þetta mál yrði afgreitt á Alþingi verði skyldur af þessu tagi lögfestar enn þá ákveðnar en hér er gert ráð fyrir?

Mér finnst líka, herra forseti, spurning og spyr hæstv. menntmrh. líka að því hvort ekki kæmi til greina að leyfi til útvarps á Íslandi væri að einhverju leyti bundið íslenskum menningarskilyrðum en ekki bara tæknilegum skilyrðum eins og gert er í 6. gr. frv., tölul. 4. Ég held að nálgast eigi málið þannig að við gerum býsna miklar kröfur til slíkra stofnana í þágu íslenskrar menningar og göngum mjög langt í þeim efnum. Ég tel að við eigum að ganga eins langt og ýtrast er hugsanlegt að ganga miðað við þá alþjóðasamninga sem við erum aðilar að. Ég vil inna hæstv. menntmrh. eftir því hvort ekki mætti hugsa sér að setja slík menningarleg skilyrði inn í 6. gr. og taka líka fram að hlutfallið megi vera meira en 10%.

Í því skilyrði sem ég las upp úr grg., herra forseti, er það í raun þannig að það mætti hugsa sér að 10% af útsendingartíma fari í evrópskt efni, þar á meðal íslenskt og þá verði 9,9% utan Íslands en 0,1% íslenskt efni, eins og þetta er nálgast hér. Það finnst mér ekki þægileg tilhugsun og spyr því hvort ekki sé hægt að velta því aðeins fyrir sér.

Í þriðja lagi vil ég víkja aðeins að Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það er óhjákvæmilegt að það komi fram hvernig hæstv. ríkisstjórn hugsar sér að taka á því máli. Það er ekki hægt að velta þessu yfir á Ríkisútvarpið og það er ekki ofsögum sagt af því í umsögn um málið frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Tvö ákvæði frumvarpsins hafa helst áhrif á kostnað ríkissjóðs. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður, en hann veitir fjárframlög til innlendrar dagskrárgerðar. Sjóðurinn hefur tekjur af 10% gjaldi sem leggst á allar auglýsingar í útvarpi sem áætlað er að nemi 130 millj. kr. á árinu 1999, þar af um 70 millj. kr. frá Ríkisútvarpinu. Samkvæmt gildandi útvarpslögum greiðir sjóðurinn 25% hlut Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er greiðslan áætluð 62 millj. kr. á árinu 1999. Þá má ætla, með hliðsjón af reynslu fyrri ára, að Ríkisútvarpið fái nokkurn styrk til dagskrárgerðar úr sjóðnum á árinu 1999 starfi hann þá samkvæmt gildandi lögum. Árið 1997 fékk Ríkisútvarpið 5,7 millj. kr. framlag úr sjóðnum. Verði frumvarpið að lögum fellur það í hlut Ríkisútvarpsins að greiða lögbundinn hlut sinn í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar. Standist þessar áætlanir munu framangreindar breytingar hafa óveruleg áhrif á afkomu Ríkisútvarpsins."

Þetta sjá menn, ef sú leið verður farin sem gert er ráð fyrir, með því að skoða annars vegar 70 millj. kr. framlagið til Menningarsjóðsins og hins vegar 67,7 millj. kr. framlagið að því er varðar Sinfóníuna og styrkinn til dagskrárgerðar. En veruleikinn er engu að síður sá að óeðlilegt er að hengja þetta á Ríkisútvarpið. Og ég vil spyrja hvort ekki sé hugsanlegt að halda þannig á þessu máli, ef það verður afgreitt núna eða hvenær sem það verður, að um leið verði tekið á fjárhagsmálum Sinfóníuhljómsveitar Íslands því að þessi sambúð milli Sinfóníunnar og Ríkisútvarpsins er í raun og veru barn síns tíma, úrelt og væri betra ef hægt væri að laga það.

Ég vil að lokum fagna því að ekki er ætlunin að hrófla við starfsemi Ríkisútvarpsins. Ég tel að mjög mikilvægt sé að sú yfirlýsing liggi fyrir frá hæstv. menntmrh. vegna þess að vofað hefur yfir að jafnvel yrði efnt til þess að breyta Ríkisútvarpinu í grundvallaratriðum. Flokkssamþykktir frá Sjálfstfl. hafa bent til þess að menn væru áhugasamir þar um að selja hluta af Ríkisútvarpinu og það er fagnaðarefni að ekki er bryddað upp á neinu slíku.

Ég held hins vegar að kerfislegur vandi Ríkisútvarpsins — sem ég leyfi mér að koma aðeins inn á, þó ekki sé beinlínis verið að fjalla um það sérstaklega hér — liggi fyrst og fremst í þessu afnotagjaldamáli. Að gera ráð fyrir að afnotagjöldin séu bundin við tæki sem síðan er lokað ef menn ekki borga afnotagjaldið, sem þýðir það að menn fá ekki efni frá öðrum stöðvum, er í raun og veru kerfi sem verður að fara öðruvísi í. Ég held að um það séu allir sammála. Ég vil láta mín lokaorð í þessum athugasemdum verða þau að ég tel að afnotagjaldakerfið eins og það er gangi ekki til lengdar og gæti orðið til þess að menn misstu Ríkisútvarpið eins og það hefur verið af því að svo mikil óánægja er með þetta afnotagjaldakerfi, sem er kannski óskylt þeirri hugsun sem er á bak við Ríkisútvarpið að öðru leyti.

Þetta vil ég láta koma fram sem mitt sjónarmið þó að ríkisútvarpsmálið sé ekki á dagskrá að öðru leyti. En meginatriðið í athugasemd minni er það hvort ekki sé hægt að gera ítarlegri og ákveðnari kröfur í þágu íslenskrar menningar en frv. gerir ráð fyrir.

[11:28]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til útvarpslaga og ég vil fagna framlagningu þess og þeirri umræðu sem á sér stað um þessa mikilvægu rammalöggjöf á tímum mikillar fjölmiðlamenningar hér á landi sem annars staðar í nágrannaríkjum.

Ég vil einnig fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu hæstv. menntmrh., sem hann gaf í framsögu sinni, að með þessu frv. sé ekki hróflað við sjálfstæði Ríkisútvarpsins sem og að ekki væri í bígerð að efna til sölu á Ríkisútvarpinu. Ég fagna því sérstaklega. Eins og bent var á er Ríkisútvarpið ekki sérstaklega til umræðu hér heldur er um rammalöggjöf að ræða en í tilefni af því að hv. þm. Pétur Blöndal gerði Ríkisútvarpið sérstaklega að umræðuefni leyfi ég mér þó að segja að aldrei hefur verið mikilvægara en nú, á tímum hinnar fjölþjóðlegu menningar sem streymir til okkar á öldum ljósvaknas, að ráða yfir öflugum íslenskum fjölmiðli sem þjónar íslenskri menningu að þeirri forsendu gefinni að við teljum íslenska menningu einhvers virði.

Að auki nefni ég öryggisþáttinn, sem var reyndar getið um í umræðunni, en þessir tveir þættir, menningarlegt hlutverk og öryggisþátturinn, eru í raun meginforsendan fyrir rekstri Ríkisútvarpsins sem samnefnara íslenskrar menningar. Það er sú stofnun sem getur sinnt ýmsum menningarlegum þáttum sem líklega verður aldrei markaðslegur grundvöllur fyrir en samanlagðir mynda þeir í íslensku Ríkisútvarpi, hvort heldur er hljóðvarpi eða sjónvarpi, eina samfellu sem kalla mætti íslenska menningu sem er mikilvæg á tímum fjölþjóðlegrar menningar. Þetta er sú leið sem Bretar hafa farið með BBC, þeir hafa slegið skjaldborg utan um þá stofnun með sömu rökum.

Hitt er annað mál að rekstrarskilyrði og ekki síður stjórnunarvandi Ríkisútvarpsins hefur verið töluvert til umræðu. Ég tel afskaplega brýnt að skerpa á stjórnunarstrúktúr Ríkisútvarpsins svo það fái að starfa eftir eðlilegum stjórnunarleiðum og hafi eðlilegan rekstrargrundvöll. Ég tek undir þau sjónarmið að innheimtukerfið, sem notað hefur verið, megi gagnrýna. Bæði er það dýrt og að sumu leyti óskilvirkt. Ég teldi t.d. koma vel til greina að setja upp sérstakan nefskatt á Íslendinga 18 ára og eldri. Hann þyrfti að mér skilst ekki að vera hærri og jafnvel innan við 1.000 kr. á ári til að tryggja eðlilega starfsemi þessa merka miðils.

Þetta var útúrdúr um Ríkisútvarpið sérstaklega. Hér er til umræðu rammalöggjöf um útvarp almennt. Ég fagna þessari yfirlýsingu um sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Það er mikilvægt að hafa hér öflugt ríkisútvarp en jafnmikilvægt að Ríkisútvarpið fái harða og eðlilega samkeppni frá öðrum útvarps- og sjónvarpsstöðvum. Ég hygg að tilkoma t.d. Hins íslenska útvarpsfélags og síðar annarra útvarpsstöða hafi haft mjög jákvæð áhrif á starfsemi Ríkisútvarpsins. Sú samkeppni hefur verið til góðs og með þessari rammalöggjöf er leitast við að treysta samkeppnisgrundvöll ólíkra útvarps- og sjónvarpsstöðva.

Ég hlýt að taka undir þau sjónarmið sem hafa verið kynnt varðandi stafrænt útvarp og öll þau gífurlegu sóknarfæri sem því fylgja fyrir áhorfendur og hlustendur einstakra útvarpsstöðva. Í stafrænu útvarpi felast gífurlegir möguleikar til fræðslu, skemmtunar og upplýsingar, að ekki sé talað um gæðin.

Í þriðja lagi vil ég sérstaklega fagna þeim vopnum sem í þessu frv. eru til varnar börnum, þ.e. heimild til að grípa í taumana ef í óefni er komið með útvarps- eða sjónvarpsefni sem kann að skaða börn. Það hefur komið til umræðu á þessum vettvangi sem og í fjölmiðlum að á stundum hefur keyrt úr hófi hvernig sjónvarpsefni, jafnvel á daginn, á því sem kalla má eðlilegum vökutíma barna hefur verið uppfullt af ofbeldi. Ýmsir hafa haft af því miklar áhyggjur. Með 14. gr. og 20. gr. er möguleiki á að verja börnin, má segja, þar sem hægt á að vera að grípa inn í, þá væntanlega útvarpsréttarnefnd, ef einhver brýtur gegn þessu ákvæði. Þá er sérstaklega átt við ofbeldi, klámfengnar myndir og ekki síður ofbeldisfull atriði í auglýsingum á besta áhorfstíma fyrir börn. Ég fagna því sérstaklega 14. og 20. gr.

Í fjórða lagi hlýt ég að fagna almennu ákvæði til allra útvarpsstöðva sem eru skyldur vegna almannaheilla, að vera skylt að kostnaðarlausu að birta auglýsingar sem snerta almannaheill. Þar eru öryggismál þjóðarinnar lögð til grundvallar og er í raun sjálfsagt.

Ég tek undir sjónarmið sem hér hafa verið nefnd, bæði hjá hæstv. ráðherra og hv. þingmönnum sem til máls hafa tekið, um að Menningarsjóður útvarpsstöðva hafi verið úr sér genginn en jafnframt er mikilvægt að fjármögnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði tryggð á annan hátt. Ég efast um að sambýlið við útvarpið sé rétt og tel að tryggja þurfi fjármögnun Sinfóníuhljómsveitar Íslands öðruvísi. Ég þykist vita að hæstv. ráðherra sé áhugamaður um slíkt enda mikill menningarsinni.

Í sjötta lagi fagna ég ákvæðum 7. og 8. gr. þar sem sérstaklega er fjallað um íslenskt menningarefni og framleiðslu í sjónvarps- og útvarpsstöðvunum. Þau eru ekki síður um skyldurnar til að setja tal og texta á íslensku. Væntanlega hefur fátt jafnmikil áhrif á málvitund og málmótun ungra barna og sjónvarp, þar sem þau virðast horfa afskaplega mikið á sjónvarp. Talsetning á barnamyndum er afskaplega mikilvæg sem og textun, eins og m.a. hefur verið gert í Þýskalandi og Frakklandi með menningarlegum rökum. Ég fagna þessu ákvæði sérstaklega. Líkt og með ákvæðið um verndun barna er þarna ákveðið vopn fyrir útvarpsréttarnefnd til þess að grípa til ef á þarf að halda vegna íslenskrar menningar og íslenskrar tungu.

Ég vil gera að sérstöku umtalsefni 9. gr. þar sem er talað um lýðræðislegar grundvallarreglur. Það er mjög vandmeðfarið efni og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum“ o.s.frv.

Herra forseti. Ég er mikill unnandi frjálsrar fjölmiðlunar og frelsis orðsins. En frelsinu fylgir líka ábyrgð. Hafandi í huga t.d. nýafstaðið prófkjör hér á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavík sérstaklega, finnst mér fjölmiðlar margir hverjir hafa brugðist þessari skyldu sinni og þeirri ábyrgð sem fylgir frelsinu með því að gæta lýðræðislegra grundvallarreglna þar sem óneitanlega, hugsanlega í gegnum kunningjatengsl í litlu samfélagi, einstökum frambjóðendum er hampað sérstaklega en öðrum sjónarmiðum er ekki gefinn jafn möguleiki. Þetta finnst mér gilda nánast um flesta fjölmiðla og er mikið áhyggjuefni, einfaldlega út frá lýðræðissjónarmiðum. Hinu frjálsa orði og frjálsri fjölmiðlun hlýtur að fylgja einmitt sú ábyrgð að tryggja að ólík sjónarmið skuli komast að. Það tel ég að hafi almennt ekki gerst. Nú segi ég ekki að það sé meðvituð stefna einstakra útvarpsstöðva að hampa einum frekar en öðrum, t.d. í prófkjöri. Hins vegar virðast einstak-

ir dagskrárgerðarmenn, líklega vegna kunningjatengsla eða vegna pólitískra skoðana, falla í þessa gryfju. Þess vegna er auðvitað mikilvægt að hafa slíkt atriði eins og er hér í 9. gr. en það er vandmeðfarið og fæ ég raunar ekki séð hvernig útvarpsréttarnefnd getur tekið á slíku. Ég tel hins vegar ástæðu til að nefna þetta. Málið snýst um lýðræðisleg grundvallarréttindi og það að ábyrgð fylgi frelsi í fjölmiðlun.

Herra forseti. Hér eru þrjú atriði sem ég vil nefna sérstaklega til viðbótar. Fyrst er að nefna 21. gr., um kostun. Ég hef rætt nokkuð ítarlega við nokkra lögmenn um ástæður þeirra ákvæða sem um er getið bæði í 21. og 23. gr., m.a. lögmenn sem tengst hafa Brussel vegna EES-ákvæða. Þeir fræða mig m.a. á því varðandi 2. tölul. 21. gr., þar sem segir að óheimilt sé að kosta fréttaútsendingar og fréttatengt efni, svo sem veðurfréttir og íþróttafréttir, að fyrir þessu sé engin stoð hjá ESB-verkinu enda fær maður ekki séð hvaða rök geta verið fyrir því að banna kostun á íþróttaþáttum og veðurfréttum. Ég veit ekki betur en alls staðar í Evrópu, þar sem maður hefur séð sjónvarp, kosti ýmsir veðurfréttir eða íþróttafréttir, líkt og við þekkjum hér, eins og hjá Stöð 2 þar sem Tal kostar veðurfréttir. Við þekkjum Nissan-deildina í handbolta og þannig má áfram telja. Ég sé ekki hvaða hagsmunir eru í hættu með þessu. Þar sem lögmenn segja mér að fyrir þessu sé ekki fótur þá lýsi ég mjög miklum efasemdum um þetta ákvæði og mun beita mér fyrir því að því verði breytt í meðförum hv. menntmn.

Svipað er mér sagt af mætum lögmönnum varðandi 23. gr. Þar er kveðið á um skyldu allra sjónvarpsstöðva til að opna dagskrá við sérstök skilyrði. Þar eru nefndir sérstaklega mikilvægir atburðir sem kunna að snerta þjóðarheill svo sem ýmsir íþróttaatburðir. Þarna mun vera byggt á 3. gr. í tilskipun Evrópusambandsins nr. 36 frá 1997 þar sem kveðið er á um heimild einstakra stjórnvalda innan ríkja EES eða ESB til þess að beita þessu ákvæði. Mér er sagt að þar sé aðeins um heimildarákvæði að ræða en ekki skyldu. Spurningin er hvort við séum ekki að ganga mun lengra en tíðkast hjá öðrum þjóðum, hvort við séum ekki í þessu tilviki, eins og stundum vill brenna við þegar við túlkum ákvæði ESB-reglna, að túlka þau of þröngt. Þetta vekur líka spurningar um eignarrétt. Þegar sjónvarpsstöð hefur keypt sér eignarrétt, t.d. Íslenska útvarpsfélagið sem hefur keypt sér eignarréttinn að ensku knattspyrnunni, sem margir eru áhugasamir um, og sinnir því með miklum sóma. Hver á að túlka hvort um almannaheill eða þjóðarhagsmuni sé að ræða eða ekki? Ég hef miklar efasemdir um það og tel jafnframt mjög varhugavert að leggja þær skyldur á einstaka ráðherra, óháð því hverjir skipa þá stöðu, að skipa sjónvarpsstöð að opna dagskrá sína samkvæmt reglugerð. Ef menn ætla að túlka þetta svona teldi ég skynsamlegra að beina því til útvarpsréttarnefndar en lýsi fyrirvara við að ganga jafnlangt í að túlka þetta og gert er í 23. gr. frv.

Í framhaldinu vakna spurningar um rekstrargrundvöll fyrir þær sjónvarpsstöðvar sem vilja veita ríkissjónvarpinu eðlilega og nauðsynlega samkeppni.

Að lokum vil ég nefna ákvæði sem varða stafrænt útvarp og stafrænar útsendingar, sem er gífurlega dýrt fyrirbrigði. Ég teldi mjög eðlilegt að hagsmunaaðilar, þ.e. fulltrúar þeirra fyrirtækja sem standa í útvarps- og sjónvarpsrekstri á Íslandi, kæmu að undirbúningi þess, m.a. til þess að tryggja að ákvörðun um að leggja út í slíkt af hálfu ríkisins leiddi ekki til að einkastöðvarnar drægjust aftur úr. Ég trúi því að hæstv. ráðherra vilji tryggja eðlilega samkeppni á sjónvarpsmarkaði en ekki láta Ríkisútvarpið eitt sigla fram úr, sem fræðilega væri hægt samkvæmt þessu frv. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort ekki sé eðlilegt að fulltrúar sjónvarpsstöðva, bæði Ríkissjónvarps og þá einkastöðvanna, komi að útfærslu á slíku til að tryggja samkeppni stöðvanna.

Ég læt þetta nægja, herra forseti. Ég tel að þetta frv. sé á heildina litið afskaplega nauðsynlegt og muni bæta möguleika og skilyrði sjónvarps- og útvarpsstöðva á Íslandi, jafnt Ríkisútvarpsins og einkarekinna stöðva.

[11:46]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Eins og kom skýrt fram í máli hæstv. menntmrh. þá er hér um að ræða að mestu leyti aðlögun að tilskipunum Evrópusambandsins. Engu að síður er að finna í frv. nýmæli sem hafa þýðingu, sum hver mikla þýðingu. Vil ég þar nefna sérstaklega heimild til menntmrh. að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi. Slík heimild er mjög mikilvæg og mikils virði. Stafrænt útvarp, sjónvarp og hljóðvarp, markar mikil framfaraspor í tæknilegu tilliti og opnar möguleika á nýjungum í fjölmiðlun og ýmiss konar samþættingu sem án þessarar tækni er ekki möguleg. Því er afar mikilvægt að marka þetta spor í frv. og vil ég lýsa sérstakri ánægju minni yfir því að það skuli hér komið inn. Ég vil einnig taka fram að það er mikilvægt að tryggja réttarstöðu útvarpsstöðva og sjónvarpsstöðva gagnvart breiðbandi og kapalkerfum, en frv. tekur á því einnig. Rétt er í þessu sambandi að taka fram að þótt réttarstaðan skipti miklu máli þá er einnig afar brýnt að þau flutningskerfi sem við höfum komið okkur upp og þá á ég einkum og sér í lagi við ljósleiðarann, verði nýtt sem best í þágu almennings, en enn sem komið er hefur ekki tekist að nýta þessi flutningskerfi eins og æskilegt væri. Vil ég þar sérstaklega geta þess að umferð sjónvarpsefnis á breiðbandinu er til þess að gera lítil og markast það að hluta til af verðlagningunni á þessari þjónustu sem er mjög há. Þess vegna þyrfti einhvern veginn að ýta undir betri nýtingu á breiðbandinu, þ.e. með breyttri verðlagningu. Aukin umferð á breiðbandinu er forsenda þess að verðlagningin geti breyst. En það er eins og þetta mál hafi ekki fengið eðlilegan framgang vegna þess að erfitt virðist vera að taka á því hvar eigi að hefja málið.

Eins og menn minnast kannski þá var, þegar sá sem hér stendur stýrði vinnu við frv. til útvarpslaga fyrir nokkrum árum, lögð fram skýrsla, nokkuð vönduð og ítarleg skýrsla, um endurnýjun dreifikerfis Ríkisútvarpsins og hvað það myndi þýða ef Ríkisútvarpið nýtti sér ljósleiðara. Í ljós kom að í fjárfestingum var hægt að spara um 400 millj. ef Ríkisútvarpið hyrfi frá þeim áformum sínum að endurnýja örbylgjukerfi sitt en nýtti sér þess í stað ljósleiðarakerfið. Ljósleiðarakerfið er enn þá mjög dýrt í notkun fyrir sjónvarpsefni og enn hefur ekki sú umferð sjónvarpsefnis um þetta kerfi sem æskileg er, komist á. Þetta er því viðfangsefni sem þyrfti nauðsynlega að reyna að ýta undir. Það er ekki einungis að það þurfi að ræða það mál við Ríkisútvarpið, heldur skiptir miklu máli að verðlagningin á dreifingu um ljósleiðarann verði endurskoðuð.

Hér hafa orðið nokkrar umræður um samkeppni í fjölmiðlun, þar á meðal stöðu Ríkisútvarpsins, þótt ekki sé í þessu frv. rætt um stöðu þess, né eigi að verða þar nokkur breyting á samkvæmt frv. Í því sambandi hafa menn talað um viðskiptalega stöðu samkeppnisaðila ríkisfjölmiðla og stöðu ríkisfjölmiðla gagnvart samkeppnisyfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu. Það er rétt að hugleiða það í þessu sam-

bandi að starfsemi sjónvarps og útvarps er að sjálfsögðu öðrum þræði viðskiptastarfsemi en einnig menningarstarfsemi. Þó að samkeppnisyfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu hafi seilst til aukinna áhrifa á útvarpsmál, þá er engin breyting á því að hluti af þeirri starfsemi sem þessar stofnanir allar annast er mjög mikilvæg menningarstarfsemi. Því er afar brýnt að tryggja sem sterkasta stöðu þjóðlegrar menningar innan þessara fjölmiðla eftir því sem kostur er.

Það er ljóst að Evrópuríkin hafa talið gagnlegt að setja ákveðna hlutfallstölu evrópsks efnis sem viðmiðun í þessum efnum. Ég hef í sjálfu sér ekkert út á það að setja þótt ég hafi efasemdir um að slíkar viðmiðanir séu mjög gagnlegar því það skiptir ekki öllu máli að dagskrárefni sé upprunnið í einhverju ákveðnu landi, heldur skiptir meginmáli að dagskrárefnið sé vandað. Ég hef ekki trú á því að það mundi þjóna miklu hlutverki fyrir okkur Íslendinga að setja það í lög að ákveðið hlutfall sjónvarpsefnis væri íslenskt. Það eru til mjög margar aðferðir til að fara fram hjá slíkum ákvæðum, eða gera sér auðvelt að uppfylla slík ákvæði og segir í raun og veru ekkert um gildi og verðmæti þess efnis sem um er að ræða. Það sem skiptir máli er að á Íslandi sé framleitt íslenskt dagskrárefni sem er mikið að gæðum og hefur menningarlegt gildi. Ég held það verði ekki gert með ákvæðum um hlutfallstölur í dagskrárgerð. Hins vegar er afar mikilvægt að við Íslendingar styðjum einhvern veginn við dagskrárgerð, ekki bara í Ríkisútvarpi og sjónvarpi heldur líka í hinum einkareknu stöðvum.

Í raun felst í frv. ákveðið framlag til dagskrárgerðar, því sú tillaga að leggja Menningarsjóð útvarpsstöðva niður eykur svigrúm stöðvanna til að vinna að dagskrárgerð. Þess ber að geta að Menningarsjóður útvarpsstöðva hefur virkað hamlandi á dagskrárgerð, ekki síst vegna þess að það sem í hann hefur verið lagt af hálfu útvarpsstöðvanna hefur ekki skilað sér til baka af eðlilegum ástæðum þar sem hluti af þessu framlagi sjónvarpsstöðvanna fer til rekstrar sinfóníuhljómsveitarinnar. Því má segja að þegar lagt er til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður þá aukist svigrúmið sem því nemur til dagskrárgerðar.

Ég vil hins vegar að það komi skýrt fram hér að ég er enn þeirrar skoðunar sem ég var fyrir nokkrum árum þegar lagt var fram frv. til laga um breytingu á útvarpslögum að æskilegt sé og nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að reka dagskrárgerðarsjóð þar sem reynt væri að ýta undir framleiðslu íslensks dagskrárefnis, vandaðs efnis og þá ekki bara hjá ríkissjónvarpinu heldur hjá öllum stöðvum sem framleiða útvarps- og sjónvarpsefni. Ekki er tekið á því í þessu frv. að öðru leyti en því að Menningarsjóður útvarpsstöðva er lagður niður, en ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að íhuga það og ígrunda mjög rækilega. Við megum ekki gleyma því að gerð sjónvarpsefnis sérstaklega er afar dýr en markaðurinn á Íslandi er mjög smár og af þeim sökum er ekki erfitt að ímynda sér að erfitt sé að standa að gerð vandaðs íslensks dagskrárefnis fyrir svo smáan markað.

Hér urðu nokkrar umræður um afnotagjaldið og er ljóst að það hefur ýmsa annmarka. Hins vegar er rétt að benda á að afnotagjaldið hefur markast m.a. af því hlutverki sem Ríkisútvarpið hafði gagnvart sinfóníuhljómsveitinni. Gjaldið hefur tekið mið af því þannig að ef þessi mál verða endurskoðuð nú í kjölfar þessa máls, þá er eðlilegt að taka það til athugunar einnig.

Ég vil að lokum taka fram að ég held að frv. sé gagnlegt og nauðsynlegt. Ég fagna því sem þar kemur fram um stafrænt útvarp og undirbúning að því að hefja slíkt útvarp hér og tel að það marki mikilvæg skref í umræðunni og málefnum fjölmiðlunar.

[11:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vildi fá tækifæri til að svara nokkrum spurningum sem fram komu í meðferð málsins. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir málefnalegar umræður um þetta mál. Öll þau atriði sem hv. þingmenn hafa nefnt í umræðunum eru að sjálfsögðu álitaefni og spurning er hvernig á að taka á þegar löggjöf af þessu tagi er til umræðu. Tillögur okkar eru skýrar og ég tel að rök séu fyrir þeim öllum, þó að sjálfsögðu megi nálgast málið á mismunandi hátt eins og hv. þm. Svavar Gestsson vakti sérstaklega máls á varðandi 7. gr. og það sem þar stendur um skipulag á dagskrárefni, samanber það sem segir í 2. tölul. hennar, með leyfi forseta:

„Sjónvarpsstöðvar skulu kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu."

Þarna er sett ákveðið markmið um að menn verji meiri hluta útsendingartíma til að sinna íslensku dagskrárefni og síðan öðru dagskrárefni frá Evrópu, en áherslan er lögð á hið íslenska efni. Ég er þeirrar skoðunar að aukin alþjóðleg samkeppni á þessu sviði muni leiða til þess að íslenskar stöðvar munu höfða til íslenskra notenda með því að hafa meira og meira íslenskt efni. Það er þróun alls staðar í heiminum að stöðvar hasla sér völl og höfða til sinna viðskiptavina með því að framleiða efni sem er næst þessum viðskiptavinum og á Íslandi er það að sjálfsögðu íslenskt efni. Galdurinn er hins vegar að búa þannig um hnútana að unnt sé að starfrækja hér öflugar stöðvar sem geta sinnt hinum íslenska markaði með íslensku efni.

Ég vil benda á og svara þar með líka fyrirspurn hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur um 10. gr. og hvernig eigi að skilgreina hana — þar er sett lágmark 10% af útsendingartíma, eða að 10% af árlegu dagskrárfé skuli varið til evrópskra verka — að menn eiga að lesa þessa grein með 2. tölul. 7. gr. og skilgreina síðan áherslurnar sem í frv. eru settar í því ljósi. Hins vegar er ég alveg sammála því sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði, að það er ekki á valdi löggjafans eða stjórnvalda að ákveða dagskrá fjölmiðla, hvorki ritmiðla né talmiðla, að unnt sé á hinu háa Alþingi eða í Stjórnarráðinu að taka ákvörðun um það hvernig þessi dagskrá skuli uppbyggð. En það er unnt að setja ákveðin markmið og það er gert í 10. gr. frv. og síðan einnig í 7. gr.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði einnig um 1. tölul. 7. gr. frv. þar sem segir:

„Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu." — Þetta er meginmarkmiðið. Þarna er þetta einnig sett sem höfuðmarkmið og ber að lesa allar greinar frv. um dagskrárefni frá þessum útgangspunkti, ef ég má orða það svo. En síðan segir: — „Þó skal heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku."

Þarna er ekki um það að ræða að veita heimildir til þess að vera með beinar útsendingar í einstökum tilvikum frá atburðum þannig að ekki sé allt efni viðstöðulaust þýtt á íslensku heldur er þarna eins og segir í greinargerð um þessa grein, ef ég má lesa, með leyfi virðulegs forseta:

„Hér er nú lagt til að bætt verði við ákvæði um að þó skuli vera heimilt að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku ef sérstaklega stendur á. Er ákvæði þetta sett til

þess að unnt sé að sinna þörfum útlendinga sem hér kunna að dveljast um lengri eða skemmri tíma, og er þá hljóðvarp fyrst og fremst haft í huga. Þykir rétt vegna jafnréttis og tjáningarfrelsis að orða þessa heimild berum orðum í lögum þó að ekki sé gert ráð fyrir ásókn í að reka hér á landi stöðvar til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku. Frá sjónarmiði málverndar er auðvitað aðalatriðið að starfsmenn þeirra útvarpsstöðva sem útvarpa á íslensku tali rétt og vandað mál."

Það sem er um að ræða er að gefa mönnum t.d. færi á því að þjóna ferðamönnum með því að hafa sérstaka útvarpstíma á ensku eða annað slíkt. Jafnframt er komið inn á það svið sem við hv. þm. ræddum í gær þegar hann varpaði til mín fyrirspurn um íslenskukennslu til útlendinga sem hér dveljast, að verið er að velta fyrir sér að það kunni að vera skynsamlegt að geta haft heimildir til þess að veita leyfi til að senda út á tungumálum nýbúa hér eða annarra sem vinna hér eða eru um skamman tíma til að koma til móts við það sem við ræddum í gær og draga úr líkum á einangrun þessa fólks í íslensku samfélagi. Það eru slíkar heimildir sem við erum að tala um þarna en ekki það að við ætlum almennt að fara að veita leyfi til þess að útvarpsstöðvar hér séu að senda út efni sitt á erlendum tungumálum. Hins vegar er rétt að árétta þá skoðun mína, sem ég setti m.a. fram á málræktarþingi sem haldið var í tengslum við dag íslenskrar tungu í haust, 16. nóvember, sem Íslensk málnefnd stóð fyrir um málfar í fjölmiðlum. Fram kom að full ástæða er til þess að hafa áhyggjur af málfari í fjölmiðlum þó að menn tali þar íslensku og séu að flytja mál sitt á íslensku þó að við séum ekki að auka á vanda hlustenda með því að hafa síðan líka erlendar stöðvar starfandi hér. En við erum með þessu frv. að leggja til að menn hafi heimildir til að koma til móts við þá hópa sem við ræddum hér sérstaklega í gær og eru hér í landinu og við viljum ekki að einangrist í landi okkar heldur getum miðlað til þeirra upplýsingum og fróðleik og jafnframt gefið þeim tækifæri til að njóta þess sem útvarp flytur þótt þeir séu búsettir hér á landi. Slík ákvæði hafa að vísu minna gildi nú en fyrr því að allir sem þekkja til tækninnar vita að mjög auðvelt er að nálgast efni á hvaða tungumáli sem er hvar sem menn eru staddir í heiminum og íslenskt útvarp er raunverulega alheimsútvarp ef menn líta á netið og þau tækifæri sem það gefur til þess að miðla útvarpsefni eins og öðru efni.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, og tel að ég hafi þá svarað fyrirspurnum frá hv. þm. Svavari Gestssyni um þau atriði sem hann lagði höfuðáherslu á í máli sínu að það eru hinar menningarlegu skyldur útvarpsstöðvanna og ég er honum sammála um það. Ég tel hins vegar að hæpið sé að ganga lengra í löggjöf af þessu tagi en hér er gert. Þegar fjallað er um Ríkisútvarpið og skyldur þess og þegar málefni því tengd koma til umræðu, sem er nauðsynlegt að mínu mati, er að sjálfsögðu unnt að gera ríkari kröfur til þeirrar stofnunar en gera á í slíkum almennum lagatexta sem hér er um að ræða.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurði um hvaða áhrif það hefði varðandi 11. gr. ef menn nýttu andsvarsrétt sinn og hvernig á því yrði tekið ef ekki yrði orðið við, þá bendi ég á 30. gr. þar sem segir:

„Fari útvarpsstöð ekki að fyrirmælum 9. og 11. gr. og VI. kafla um auglýsingar, fjarsölu og kostun" o.s.frv. þá er um brot að ræða og síðan er hægt að beita stjórnvaldssektum ef þær sinna ekki þeim skyldum sem á þær eru lagðar.

Varðandi það sem til umræðu kom um kostun, m.a. hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni og einnig um auglýsingar hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, er það sem við erum að gera varðandi kostunina í raun og veru ekki, eins og fram kom réttilega hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni, að við séum ekki að taka þar upp ákvæði úr evrópskri löggjöf heldur erum við að halda áfram í gildi ákvæðum sem eru nú þegar í lögum. Það er náttúrlega spurning, eins og hv. þm. vék að, hvernig staðið er að framkvæmd þeirra laga ef mál eru með þeim hætti sem hann lýsti. Þetta hlýtur að verða álitamál þegar nefndin fjallar um þetta, hvort ástæða sé til að hafa slík ákvæði varðandi kostun á fréttum, íþróttafréttum eða veðurfréttum, en við höfum þetta hér, ekki vegna þess að það séu einhverjir afarkostir frá Evrópusambandinu heldur vegna þess að þetta er í landslögum núna eins og kemur fram í greinargerðinni og þar segir: „Óheimilt er að kosta fréttaútsendingar og fréttatengt efni, svo sem veðurfréttir og íþróttafréttir." Það er þá spurning um það hvernig menn framfylgja þeim lögum eða hafa framfylgt því til þessa miðað við það sem hv. þm. sagði áðan um þetta efni.

Varðandi auglýsingar og auglýsingarof og annað slíkt þá er ítarlega fjallað um það í 17. gr. frv. og hef ég í sjálfu sér ekkert við það að bæta, en að sjálfsögðu, eins og ég sagði, geta menn haft ólíkar skoðanir á þeim málum og mörg viðhorf eru uppi.

Ég vil að því er varðar rekstrarkostnað sinfóníuhljómsveitarinnar við niðurlagningu Menningarsjóðs útvarpsstöðva aðeins taka það fram þannig að menn átti sig á því að sinfóníuhljómsveitin var upphaflega hluti af Ríkisútvarpinu. Hún verður 50 ára á næsta ári þannig að í fimm áratugi hefur það verið svo að afnotagjöld Ríkisútvarpsins taka mið af því að Ríkisútvarpið standi að verulegu leyti undir kostnaði við rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ef þingmenn telja að það beri að breyta þessu, að Ríkisútvarpið hætti að koma að sem einn rekstraraðili sinfóníuhljómsveitarinnar og hverfi þar úr þeim hópi, þá er það breyting varðandi hlutverk Ríkisútvarpsins sem hefur verið í gildi í tæplega 50 ár og þá verða menn einnig að skoða tekjustofna Ríkisútvarpsins með það í huga og þá væntanlega að rýra þá tekjustofna til þess að tryggja sinfóníuhljómsveitinni tekjur, ef sama fyrirkomulag á að vera og þá verða menn að líta til þess. Þess vegna tel ég skynsamlegast fyrir Ríkisútvarpið og hlutverk þess sem menningarstofnunar hér á landi að það eigi áfram aðild að sinfóníuhljómsveitinni og að þeirri reglu verði fylgt áfram meðan ekki er þá gjörbreyting á stöðu Ríkisútvarpsins og afnotagjöldunum að þá renni hluti afnotagjaldanna til að standa undir kostnaði við Sinfóníuhljómsveit Íslands enda tryggi samningar hennar og Ríkisútvarpsins útvarpinu efni bæði í hljóðvarp og sjónvarp. Það hefur verið rætt áður að það sé undarlegt að Ríkisútvarpið, sjónvarp skuli ekki nýta sér betur þau tækifæri sem það hefur til þess að senda frá Sinfóníuhljómsveit Íslands með mjög hagkvæmum kjörum en reynslan sýnir, ef litið er til sjónvarpsáhorfs víða um lönd, að þá eru einmitt tónleikar af því tagi ekki talið síðra sjónvarpsefni en margt annað. Ég vil því ekki taka undir þau orð manna hér að það sé með öllu óeðlilegt að Ríkisútvarpið standi að rekstri sinfóníuhljómsveitarinnar, þannig hefur það verið í hálfa öld og það hefur einnig legið til grundvallar þegar menn ákveða afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Þetta held ég að séu þau aðalatriði sem menn hreyfðu í ágætum ræðum sínum og ætla ég ekki í sjálfu sér að lengja umræðurnar. Ég vil aðeins taka fram varðandi stafræna út-

varpið að þessi heimild er sett inn vegna þess að þess hefur ekki orðið vart, hvorki hjá einkaaðilum né hjá Ríkisútvarpinu, að menn séu mikið að hreyfa sig til þess að tileinka sér þessa nýju tækni. Eins og ég gaf til kynna í ræðu minni er kannski ástæða til að ætla að bæði Ríkisútvarpið og Íslenska útvarpsfélagið, sem sitja að VHF-tíðnisviðinu núna, hafi í sjálfu sér kannski ekki mikinn áhuga á því að hrófla við þeirri skipan. Þess vegna taldi ég nauðsynlegt að menntmrh. fengi þessa heimild til að stuðla að því að þessi þróun ætti sér stað hér eins og annars staðar og að sjálfsögðu verður haft samráð við aðila um framvindu málsins. Ég er alveg sannfærður um að þegar hreyfing kemst á málið munu fleiri koma fram og bjóða sig fram og bjóða fram krafta sína en þeir sem nú eru starfandi.

Varðandi ljósleiðarann og breiðbandið sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich vakti máls á vil ég aðeins geta þess að það er ekki síður breyting að verða varðandi gervihnattasendingar og hér má nú þegar ná stafrænum gervihnattasendingum. Ég hef ritað útvarpsstjóra bréf og farið þess á leit við hann að Ríkisútvarpið láti kanna hvernig það geti nýtt sér gervihnattatæknina miðað við þær aðstæður sem nú eru, til þess að hefja útsendingar, bæði hljóðvarps og sjónvarps, þannig að sendingarnar nái betur til sjómanna á hafi úti og einnig nái þær betur til þeirra svæða á landinu sem ekki njóta t.d. sjónvarpssendinga núna, láti kanna hvaða kostnaður er þessu samfara og hvaða tæknileg atriði við þurfum að uppfylla til að þessu markmiði verði náð. En ég tel að þetta sé skynsamlegasta leiðin, m.a. til þess að tryggja sjómönnum á hafi úti sem bestan aðgang að sjónvarps- og útvarpssendingum okkar.

[12:12]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er fyllilega sáttur við útskýringu hæstv. ráðherra á 7. gr. og mér finnst mjög mikilvægt að það hefur komið hér fram, og ég tel að það væri mjög mikilvægt að sérstaklega yrði fjallað um það mál í hv. menntmn. hvort menn eru þar sammála þeirri útskýringu á sérstöku erlendu útvarpi í 7. gr. sem hæstv. ráðherra gaf hér og fram kemur í greinargerð frv.

Í öðru lagi vil ég segja það, af því að mér láðist það hér áðan, að ég sé eftir Menningarsjóði útvarpsstöðva. Það getur vel verið að einhverjir séu þeirrar skoðunar að hann sé slæmur og hann sé flókinn og hann hafi ekki þjónað tilgangi sínum en það er þá bara vegna þess að það hefur verið farið illa með hann. Ég er alveg sannfærður um það að að mörgu leyti hefur þessi sjóður gert gagn. Sérstaklega sé ég eftir honum þegar á sama tíma er engin tillaga um neitt annað í staðinn. Það er alveg ljóst að veruleikinn er sá að Ríkisútvarpið hefur verið að borga í þennan sjóð samkvæmt greinargerð frv. um 70 millj. kr. en hefur fengið 5,7 milljónir. Aðrir hafa samkvæmt þessu þá verið að borga um 60 milljónir en þeir hafa þá fengið það sem eftir er eða 124,3 milljónir. Það er því augljóst mál að veiku stöðvarnar, þær stöðvar sem hafa kannski síður verið með fjármuni í innlendri efnisgerð hafa fengið eitthvað út úr þessum sjóði þegar upp er staðið. Ég vil láta það koma fram sem sjónarmið mitt af því að ég gat ekki komið því að í ræðu minni áðan að ég tel að eftirsjá sé að sjóðnum og engin rök séu fyrir því að fella hann niður nema menn séu með einhvern annan dagskrárgerðarsjóð í staðinn.

Sérstaklega með hliðsjón af því, ef menn ætla sér að fella þennan sjóð niður, þá finnst mér að markmiðin varðandi íslenska menningu eigi að vera myndarlegar orðuð í þessu frv. en þar er gert. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um það að prósentur geti ekki njörvað þessa hluti endanlega niður en ég held að markmiðin eigi að vera miklu öflugri og það eigi að leggja beinar menningarlegar skyldur á þessar stofnanir sem fá þessi mikilsverðu leyfi sem er að senda út efni á öldum ljósvakans.

[12:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki neinu við þetta að bæta öðru en því að ég vildi láta það koma fram að þegar við unnum að gerð frv. var hugað að því hvort hafa ætti í frv. ákvæði um sérstakan dagskrárgerðarsjóð og þannig var málið kynnt fyrir þessum umsagnaraðilum. Eins og kom fram sendum við þetta til umsagnar hjá 30 aðilum og enginn þeirra mælti með því að þessi sjóður yrði starfræktur. En þeir kusu allir að hafa þá skipan sem við erum með hér, að stöðvarnar hafi þetta til frjálsrar ráðstöfunar, að ekki verði tekið fé af þeim inn í sérstakan sjóð eða staðið að því með öðrum hætti. Ég held því að þarna sé um að ræða hugmyndir í frv. sem komi til móts við þau sjónarmið sem eru uppi í þessari grein. En auðvitað er það áhyggjuefni ef þróunin verður sú að menn leggja minni rækt en áður við gerð íslensks efnis og raunar má sú alúð sem menn hafa sýnt alls ekki minnka á því sviði heldur verður að reyna að stuðla að því að auka hana ef kostur er.

[12:16]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Mér láðist að spyrja um eitt atriði sem snertir 23. gr. en hún fjallar um hugsanlega heimild, eins og skilja má textann, til að opna dagskrárefni ef þjóðarheill er í húfi. Það má skilja textann þannig að í vissum tilvikum, svo sem eins og við Ólympíuleika, sé skylt að opna læsta sjónvarpsdagskrá, eins og t.d. hjá Íslenska útvarpsfélaginu. Þannig skil ég a.m.k. textann. En hins vegar finnst mér málið túlkað með öðrum hætti í greinargerð sem fylgir þessari grein, og mér finnst frumvarpstextinn í rauninni að nokkru leyti á skjön við greinargerðina en í henni segir, með leyfi forseta, en þar er verið að skilgreina hugtakið „free television":

„Í fyrrnefndri skýringargrein er hugtakið „free television" skýrt á þá leið að með því sé átt við sjónvarp á opnum („public") eða læstum („commercial") sjónvarpsrásum, sem eru aðgengilegar fyrir almenning án greiðslu umfram þá gjaldtöku fyrir sjónvarp sem almennt er beitt í sérhverju aðildarríki (svo sem afnotagjald og/eða áskriftargjald fyrir kapalsjónvarp). Þær sjónvarpsstöðvar, sem nú eru reknar hér á landi, falla undir þessa skilgreiningu."

Þarna finnst mér greinargerðin segja að þær sjónvarpsstöðvar, Sýn, Stöð 2 og ríkissjónvarpið, geti starfað óbreytt verði þetta að lögum. Opnunarákvæðið í frumvarpstextanum stangast því að nokkru leyti á við þetta. Er hæstv. ráðherra sammála þessari skýringu?

[12:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er um heimildarákvæði að ræða eins og segir í 23. gr., að heimilt er að ákveða þetta í reglugerð, það er ekki skylda að gera það. En við vildum hafa þessa heimild lögfesta þannig að það færi ekkert á milli mála að við gætum gert þetta ef svo sýndist.

Hitt er rétt, og ég taldi það koma vel fram í framsöguræðu minni, að bæði Stöð 2 og Sýn uppfylla þessi skilyrði. Það sem þær þyrftu að gera til að ná þessu markmiði væri að

hafa þetta í opinni útsendingu. Það er það sem um er að ræða. Þær þyrftu að opna svo allir, þótt menn hafi ekki myndlykla, gætu séð slíkar sendingar. Ég sé ekki að það ætti að skaða stöðvarnar með neinu móti og þær fullnægja því að ná til 90% þjóðarinnar þannig að ekki er, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, verið að setja neinum stöðvum, sem hér starfa og þetta getur átt við, neinar nýjar skorður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:19]

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 351. mál (reynslulausn o.fl.). — Þskj. 474.

[13:32]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, þar sem lagðar eru til ýmsar breytingar á ákvæðum um reynslulausn í V. kafla laganna og ákvæðum um skilorðsbundna dóma í VI. kafla laganna. Tillögur frv. eru af ýmsu tagi og tilefni þeirra er mismunandi, eins og ég mun nú rekja í helstu atriðum.

Með frv. er í fyrsta lagi lagt til að fellt verði niður það skilyrði í 3. mgr. 40. gr. laganna, að reynslulausn verði ekki veitt ef eftirstöðvar refsitímans eru skemmri en 30 dagar. Þetta skilyrði er reist á því, að ástæðulaust sé að veita reynslulausn ef refsitími er mjög stuttur. Við afnám varðhaldsrefsingar með lögum, sem tóku gildi 1. október sl., hækkaði lágmark refsivistar úr fimm daga varðhaldi í 30 daga fangelsi. Með hliðsjón af því er ekki jafnríkt tilefni og áður fyrir þessu skilyrði reynslulausnar. Þá leiðir þetta skilyrði reynslulausnar til mismununar gagnvart föngum eftir tímalengd fangelsisrefsingar.

Í öðru lagi er með frv. lagt til að tekið verði fram í hegningarlögum, að reynslulausn verði ekki veitt ef hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn. Litið hefur verið svo á að reynslulausn verði ekki veitt við þessar aðstæður og á sú framkvæmd sér stoð í reglugerð frá árinu 1993 um fullnustu refsidóma. Rétt þykir þó að kveða á um þetta afdráttarlaust í lögum. Að baki þessu búa þær röksemdir að með skilorðsdómi hafi dómari þegar ákveðið að hvaða marki refsing kemur til fullnustu.

Í þriðja lagi er í frv. að finna tillögu um að tekið verði fram í hegningarlögum að reynslulausn verði ekki veitt ef vararefsing fésektar er afplánuð. Í framkvæmd hefur verið litið svo á að þessi heimild sé ekki fyrir hendi. Á þessa túlkun laganna reyndi nýlega í álitum umboðsmanns Alþingis og telur umboðsmaður rök hníga að því, að sérstaklega hefði þurft með skýru og ótvíræðu lagaákvæði að takmarka að þessu leyti réttindi fanga, sem afplána vararefsingu. Með hliðsjón af þessu er ljóst að vafi leikur á túlkun hegningarlaganna að þessu leyti og er brýnt að úr þeirri réttaróvissu verði leyst með lagasetningu. Eins og nánar er rökstutt í frv. þykja ýmis vandkvæði samfara því að veita eftirgjöf á vararefsingu með reynslulausn. Þá verður að hafa hliðsjón af því að tiltekinn hluti vararefsingar svarar til ákveðins hluta sektarinnar. Það fæli því í sér ákveðna mismunun að veita eftirgjöf á vararefsingu gagnvart þeim sem greiðir sekt sína af skilvísi án þess að eiga kost á nokkurri eftirgjöf. Að þessu virtu þykja rök mæla gegn því að reynslulausn verði veitt þegar vararefsing fésektar er afplánuð. Því er lagt til að sú regla verði lögfest.

Þótt hér sé lagt til að reynslulausn verði ekki veitt af vararefsingu verður á hinn bóginn að hafa hliðsjón af því að sekt er vægasta tegund refsingar og því afar þungbært fyrir sektarþola að þurfa að þola fullnustu sektar með vararefsingu í fangelsi. Það á eins við þótt unnt væri með takmörkuðum hætti að ívilna sektarþola með því að veita honum reynslulausn. Í stað þess þykir nær að sektarþola verði með öðru móti en skerðingu á frjálsræði sínu gert kleift að þola fullnustu refsingar, þegar hann getur ekki greitt sekt.

Árið 1994 var lögfest heimild til að afplána óskilorðsbundna refsivist með ólaunaðri samfélagsþjónustu. Þessi heimild hefur hvorki tekið til fésektar né vararefsingar hennar. Með frv. til laga um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, sem flutt er samhliða þessu frumvarpi, er lögð til sú breyting að unnt verði að fullnusta vararefsingu með samfélagsþjónustu. Með því gefst sektarþola kostur á að komast með öllu hjá því að afplána vararefsingu í fangelsi. Slík fullnusta refsingar er mun sanngjarnari fyrir sektarþola í stað þess að þurfa að þola fangelsisrefsingu af þeim sökum einum að geta ekki greitt sekt. Þó verður áfram að gera ráð fyrir fullnustu vararefsingar með fangelsi þegar sektarþoli fullnægir ekki skilyrðum fyrir samfélagsþjónustu enda yrði að öðrum kosti dregið verulega úr varnaðaráhrifum refsinga.

Í fjórða lagi er með frv. lagt til að felld verði niður heimild stjórnvalda í 2. mgr. 42. gr. hegningarlaga til að ákveða að fangi skuli afplána eftirstöðvar refsingar vegna nýs afbrots á reynslutíma. Tillöguna má rekja til álits umboðsmanns Alþingis frá árinu 1995. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að ekki fengi samrýmst 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að fella niður reynslulausn með þeim rökstuðningi að fangi hefði gerst sekur um ótvírætt hegningarlagabrot sem ekki hafði gengið dómur um. Í kjölfar þessa álits hefur reynslulausn ekki verið felld niður á þessum grundvelli. Sú framkvæmd hefur ekki leitt til teljandi vandkvæða.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frumvarpsins og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fangelsi og fangavist, 1. umr.

Stjfrv., 350. mál. — Þskj. 473.

[13:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, en frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til laga um breyting á reynslulausnarákvæðum almennra hegningarlaga sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Megintillaga frumvarpsins er að mæla fyrir um heimild til að fullnusta vararefsingu fésektar með samfélagsþjónustu, en það úrræði hefur verið bundið við óskilorðsbundna fangelsisrefsingu frá því það var lögfest árið 1994.

Samkvæmt 54. gr. almennra hegningarlaga verður vararefsing ekki ákveðin í lengri tíma en eitt ár. Í frv. er gert ráð

fyrir því að hámarksvararefsing verði fullnustuð með samfélagsþjónustu. Þetta er rýmri heimild en á við um fullnustu fangelsisdóma með samfélagsþjónustu sem bundin er við að refsing sé ekki þyngri en sex mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Það er út af fyrir sig álitamál hvort heimild til fullnustu vararefsingar eigi að vera rýmri að þessu leyti, eins og hér er lagt til, en með því mæla þau rök að sekt er ávallt vægari refsing en dómur um óskilorðsbundið fangelsi.

Í frv. er einnig lögð til sú breyting að í stað ráðherra skipi forstjóri Fangelsismálastofnunar fangaverði. Þetta er hliðstætt við lögreglulögin, eins og þeim var breytt fyrr á þessu ári en samkvæmt þeim skipar ríkislögreglustjóri lögreglumenn.

Þá er með frv. lögð til breyting á 11. gr. laganna til að skjóta ótvíræðri lagastoð undir heimild til að leyfa föngum að ljúka afplánun á áfangaheimili en sú tilhögun hefur gefið góða raun.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 354. mál (réttarstaða brotaþola, endurupptaka mála o.fl.). — Þskj. 482.

[13:40]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála. Með frv. eru lagðar til ýmsar breytingar á lögunum en megintilgangur þess er þó að styrkja réttarstöðu brotaþola og á það einkum við um þá brotaþola sem beittir hafa verið ofbeldi í einhverri mynd. Fyrirhugað er að innan skamms verði lögin um meðferð opinberra mála tekin til heildarendurskoðunar. Það vandasama verk mun eðlilega taka nokkurn tíma. Því þótti ástæða til að taka saman frv. þetta og leggja til þær breytingar sem síður þola bið eftir heildarendurskoðun laganna. Frv. er samið af réttarfarsnefnd en þó lét dómsmrh. gera á því ákveðna breytingu sem ég mun víkja að síðar.

Í opinberu réttarfari, bæði hér og víðast hvar annars staðar, gildir sú rótgróna meginregla að ákæruvaldið höfðar mál til refsingar vegna brota á hendur sakborningi. Sá sem er þolandi afbrots er því ekki beinn aðili málsins í sama skilningi og ákæruvaldið og sakborningur. Réttarfarslög hafa tekið mið af þessu með ítarlegum ákvæðum um réttarstöðu sakbornings meðan brotaþoli hefur verið í aukahlutverki. Af þessu tilefni hefur því verið haldið fram að vegna réttarstöðu sinnar verði brotaþoli á ný fórnarlamb við meðferð sakamálsins. Þetta hefur leitt til umræðu á alþjóðavettvangi um hvernig bæta megi réttarstöðu brotaþola við meðferð mála innan réttarkerfisins í þeim tilgangi að draga úr skaðlegum áhrifum brots og málsmeðferðar á brotaþola.

Tillögur frv. um bætta réttarstöðu brotaþola eiga sér nokkurn aðdraganda sem ég sé ástæðu til að rekja í helstu atriðum.

Í árslok 1993 skipaði dómsmrh. nefnd sem m.a. hafði það hlutverk að athuga réttarstöðu brotaþola og gera tillögur til úrbóta. Í upphafi miðaði starf nefndarinnar að því að taka saman frv. til laga um greiðslu ríkissjóðs af bótum vegna afbrota. Frv. þess efnis var afgreitt sem lög frá Alþingi árið 1995. Nefndin skilaði síðan ráðuneytinu skýrslu í febrúar 1998 og var hún lögð fram á Alþingi þá um vorið. Í skýrslu nefndarinnar er að finna ýmsar tillögur um úrbætur til að styrkja réttarstöðu brotaþola.

Í mars 1997 mælti dómsmrh. á Alþingi fyrir skýrslu um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Í framhaldi af því var ákveðið að skipa nefndir m.a. til að kanna meðferð heimilisofbeldismála hjá lögreglu og í dómskerfinu. Skiluðu nefndir þessar skýrslum sem lagðar voru fram á Alþingi sl. vor. Þar er að finna ýmsar tillögur um úrbætur í þessum efnum, m.a. á réttarfarslöggjöf.

Þá vil ég geta þess að með bréfi umboðsmanns barna til dómsmrh. frá 15. september 1997 eru lagðar til ýmsar breytingar á lögunum um meðferð opinberra mála sem miða að því að styrkja réttarstöðu barna sem þurft hafa að þola kynferðisafbrot. Umboðsmaður leggur til breytingar sem lúta að skýrslutöku af börnum sem þolað hafa slíkt ofbeldi og kveðið verði á um rétt þeirra til að njóta lögmannsaðstoðar við meðferð máls. Við samningu þeirra ákvæða frv. sem varðar réttarstöðu brotaþola hefur verið höfð hliðsjón af þeim gögnum sem ég hef nú rakið en einnig hefur verið litið til hliðstæðra ákvæða í norrænum réttarfarslögum, einkum í Danmörku og Noregi.

Herra forseti. Ég mun nú í helstu atriðum rekja efni frv. og víkja fyrst að þeim atriðum sem varða brotaþola en síðan gera grein fyrir öðrum tillögum sem frv. hefur að geyma.

Meginbreytingin á réttarstöðu brotaþola sem lögð er til í 14. gr. frv. er sú að mælt verði fyrir um skyldu til að tilnefna eða skipa brotaþola réttargæslumann til að gæta hagsmuna hans í opinberu máli ef hann hefur verið beittur ofbeldi, hafi orðið fyrir verulegu tjóni af þess völdum og þurfi á sérstakri aðstoð slíks málsvara að halda. Ef um börn er að ræða, yngri en 18 ára þegar rannsókn hefst, og grunur leikur á að þau hafi orðið fyrir kynferðisbroti er gengið lengra og lagt til að skylt verði að skipa þeim réttargæslumann í öllum tilvikum. Þegar þessi skilyrði eru ekki fyrir hendi til að skipa brotaþola réttargæslumann gerir frv. ráð fyrir því að brotaþola sé heimilt að ráða á sinn kostnað lögmann til að gæta hagsmuna sinna í málinu sem talsmaður.

Í frv. er að finna ítarleg ákvæði um störf réttargæslumanns brotaþola en þar segir að honum beri að gæta hagsmuna brotaþola og veita honum aðstoð í málinu, þar á meðal við að setja fram bótakröfur. Meðan á rannsókn stendur er réttargæslumanni ætíð heimilt að vera viðstaddur þegar skýrsla er tekin af brotaþola og getur hann beint því til lögreglu að spyrja brotaþola um tiltekin atriði. Einnig er réttargæslumanni rétt að vera viðstaddur öll þinghöld í máli og er honum heimilt að óska eftir því að dómari eða ákærandi beini spurningum til ákærða, brotaþola eða vitna.

Af öðrum tillögum í frv. til styrktar réttarstöðu brotaþola má nefna breytingu á reglum um lokuð þinghöld þannig að brotaþoli geti krafist þess að réttarhöld fari fram fyrir luktum dyrum og hann geti síðan skotið ákvörðun dómara til Hæstaréttar felli hann sig ekki við hana. Einnig er ástæða til að nefna að frv. gerir ráð fyrir að þess verði betur gætt að upplýsingum um persónulega hagi brotaþola verði haldið leyndum.

Þá er það mikilvæga nýmæli lagt til að lögreglu beri að leita atbeina dómara til að taka skýrslu af brotaþola þegar

rannsókn beinist að kynferðisbroti og brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri. Einnig er gert ráð fyrir því að barn þurfi ekki að koma aftur fyrir dóm á síðari stigum málsmeðferðar nema dómari telji sérstaka ástæðu til þess. Að baki þessu búa sjónarmið um að raska ekki ró barna frekar en nauðsynlegt er. Í frv. eru síðan nánari reglur um hvernig staðið skuli að skýrslutöku af barni. Lagt er til að dómari geti kvatt sér til aðstoðar kunnáttumann við skýrslutöku, t.d. sálfræðing eða sérþjálfaðan lögreglumann, og vil ég leggja ríka áherslu á að þessari heimild verði beitt þegar tilefni er til svo að börn verði meðhöndluð af nærgætni og rannsókn þessara mála verði sem vönduðust.

Enn fremur er lagt til að ákærandi, ákærði og verjandi hans eigi ekki rétt á að vera viðstaddir í dómssal eða annars staðar þar sem dómþing er háð ef dómari telur að nærvera þeirra geti orðið brotaþola sérstaklega íþyngjandi eða haft áhrif á framburð hans. Í því tilviki skal dómari sjá til þess að málsaðilar geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram og er honum rétt að leggja fyrir brotaþola þær spurningar sem þeir óska.

Þær tillögur sem ég hef rakið eru meginefni frv. en þar er að auki að finna fleiri tillögur sem miða að úrbótum í opinberu réttarfari og mun ég nú í helstu atriðum gera grein fyrir þessum tillögum.

Í frv. er lögð til breyting á reglum um aðgang verjanda að gögnum sakamáls og um heimildir hans til að kynna sakborningi málsgögn. Samkvæmt gildandi lögum skal verjandi fá til afnota afrit af gögnum máls en honum er óheimilt að afhenda sakborningi gögnin eða kynna honum efni þeirra nema dómari eða rannsóknari samþykki.

Þetta hefur verið harðlega gagnrýnt með þeim rökum að ekki samrýmist hlutverki verjanda að halda einhverju leyndu fyrir skjólstæðingi sínum. Af þeim sökum er lagt til í 12. gr. frv. að verjandi geti óhindrað kynnt gögn og efni þeirra fyrir sakborningi. Á hinn bóginn er lagt til að lögregla geti um skamman tíma neitað verjanda aðgang að gögnum málsins ef hún telur að slíkt geti skaðað rannsókn málsins. Á þeim tíma er gert ráð fyrir að lögregla geti óskað eftir því að tekin verði skýrsla af sakborningi eða vitnum fyrir dómi í því skyni að upplýsa mál áður en sakborningur fær tækifæri til að bera sig saman við aðra og um þetta er rætt í 23. gr. frv.

Í 20. gr. frv. er að finna nýmæli en þar er lagt til að ríkissaksóknari geti mælt fyrir um rannsókn, hvort ætla mætti að refsingu verði ekki við komið svo sem vegna þess að sök er fyrnd, ef sérstaklega stendur á og ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með. Við ákveðnar aðstæður geti verið tilefni til að rannsókn af þessu tagi fari fram en fyrir því þurfa að vera mjög ríkar ástæður.

Þá vil ég geta þess að í 42. og 43. gr. frv. er lagt til að fellt verði úr lögunum það skilyrði fyrir bótum til manns sem sætt hefur refsivist eða þvingunarráðstöfunum á borð við gæsluvarðhald og ekki verið sakfelldur fyrir refsiverða háttsemi að fremur megi telja hann líklegan til að vera saklausan en sekan af háttseminni. Þessi breyting er lögð til með hliðsjón af reglunni um að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, svo og reglunni um að hver maður sem sviptur hefur verið frelsi að ósekju skuli eiga rétt til skaðabóta, sbr. 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Loks vil ég nefna að lagt er til í 45. gr. að heimild til endurupptöku dæmdra mála verði rýmkuð þannig að mál verði einnig endurupptekið í því skyni að leggja nýtt mat á sönnunargögn sem færð voru fyrir dóm þegar mál var upphaflega til meðferðar. Heimild af þessu tagi á sér m.a. fyrirmynd í norskum og dönskum lögum en með henni er leitast við að treysta réttaröryggið við mjög sérstakar aðstæður. Gert er ráð fyrir að við skýringu og beitingu þessarar heimildar komi svipuð sjónarmið til álita og eiga við í fyrrgreindum nágrannalöndum okkar.

Herra forseti. Ég hef nú í grófum dráttum rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ættleiðingar, 1. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 712.

[13:51]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Frv. til nýrra ættleiðingarlaga sem ég mæli fyrir var samið af sifjalaganefnd en í sifjalaganefnd áttu sæti dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, sem var formaður nefndarinnar, Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari og Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumrn. Ritari nefndarinnar var Margrét Hauksdóttir, deildarstjóri í sama ráðuneyti.

Mikilvægur þáttur frv. varðar ákvæði sem þörf er á sem grundvelli að fyrirhugaðri fullgildingu Íslands á Haagsamningnum frá 29. maí 1993, um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa. Samningnum er ætlað að samræma þau skilyrði sem sett eru af hálfu stjórnvalda aðildarríkja hans svo að ættleiðingar milli landa megi fara fram með hagsmuni barna í fyrirrúmi.

Tilgangur samningsins er að við ættleiðingar milli landa séu grundvallarmannréttindi barna virt og að komið sé í veg fyrir brottnám barna og verslun með börn og að tryggja að samningsríki viðurkenni ættleiðingar sem fara fram í samræmi við samninginn. Í tengslum við samningu frv. fór fram víðtæk könnun á framkvæmd gildandi ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, og einnig var höfð hliðsjón af þróun ættleiðingarlöggjafar á Norðurlöndum og víðar. Að þessu leyti er lagt til í frv. að ýmis nýmæli um ættleiðingar verði lögfest auk þess sem ég gat um áður um nauðsynleg ákvæði sem setja þarf sem grundvöll fyrir fyrirhugaða fullgildingu á Haagsamningnum. Þá eru í frv. ýmis ákvæði um sama efni og gildandi ættleiðingarlög fjalla um en þau eru gerð fyllri og ítarlegri en í þeim lögum.

Efnisskipun í frv. sem ég mæli fyrir er á þann veg að það skiptist í átta kafla. Meðal mikilvægustu nýmæla í I. kafla er það að karl og kona sem verið hafa í óvígðri sambúð í a.m.k. 5 ár hafa sömu heimildir til ættleiðingar og hjón, enn fremur heimild til handa einhleypum manni til að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta. Heimild einhleypra einstaklinga til ættleiðingar hefur ekki verið áður lögskráð en einhleypum einstaklingum hefur nokkrum sinnum verið veitt ættleiðingarleyfi. Styðst sú framkvæmd við stjórnsýsluhefð og þykir réttmætt að leggja til að þessi markaða stefna verði lögfest að þeim skilyrðum uppfylltum sem í frv. greinir.

Í gildandi ættleiðingarlögum eru ekki samfelld ákvæði um meðferð og úrlausn ættleiðingarmála og raunar er lítt fjallað um þessa hlið málsins. Þessar reglur hafa mótast af stjórnsýsluvenjum og verklagsreglum ráðuneytisins og við meðferð þessara mála gilda nú ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Rök þykja þó bera til þess að festa ýmsar grunnreglur um þetta efni í ættleiðingarlögum og er lagt til að svo verði gert með ákvæðum II. kafla. Gefur það borgurunum gleggri innsýn í gangverk þess ferils sem liggur að baki útgáfu ættleiðingarleyfis. Lagasetning hlýtur þó að miðast við meginreglur um þetta og til fyllingar koma svo ýmsar stjórnvaldsreglur. Með ákvæðum þessa kafla er að því stefnt að treysta undirbúning að úrlausn ættleiðingarmála. Má einkum nefna nýmæli 17. gr. sem heimilar ráðherra að skipa þriggja manna sérfræðinganefnd er veiti faglega umsögn um einstakar umsóknir sem ráðuneytið æskir álits hennar um. Sú umsögn er þá til viðbótar við umsögn barnaverndarnefndar skv. 16. gr. Verulegt gagn gæti orðið að slíkri álitsgerð í ættleiðingarmálum þegar vafi leikur á hvort veita skuli leyfi til ættleiðingar.

Í III. kafla frv. er í 22. gr. ákvæði um dómsmál vegna ákvörðunar dómsmrh. um veitingu ættleiðingarleyfis þótt samþykki lögbærra manna liggi ekki fyrir, sbr. 19. gr. frv. Í tengslum við það eru svo ákvæði 23. og 24. gr. varðandi réttarfar o.fl.

IV. kafli frv. er einungis ein grein, 25. gr., sem fjallar um réttaráhrif ættleiðingar. Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi ættleiðingarlögum.

Ákvæði V. kafla frv. eru nýmæli í ættleiðingarlögum. Þar er kveðið á um að kjörforeldrar skuli skýra kjörbarni frá því að það sé ættleitt og það skuli að jafnaði gert eigi síðar en þegar barn verður sex ára. Enn fremur er lagt til að kjörbarn sem orðið er 18 ára eigi rétt á að fá tiltækar upplýsingar um það frá dómsmrn. hverjir séu kynforeldrar þess eða fyrri kjörforeldrar.

VI. kafli frv. geymir ákvæði um ættleiðingar barna erlendis og eru þau nýmæli í ættleiðingarlögum. Almenn ákvæði ættleiðingarlaga eiga vitaskuld við um ættleiðingar sem fram fara á erlendum börnum hér á landi, bæði um það hver leysi úr ættleiðingarumsóknum, um almenn og sérgreind skilyrði ættleiðinga, umsóknir um þær og reglur um meðferð og úrlausn máls, réttaráhrif ættleiðinga o.s.frv. Við ættleiðingar milli landa reynir þó á ýmis sérstæð vandamál sem hafa m.a. orðið efni til Haag-samningsins frá 29. maí 1993. Ákvæði kaflans eru í tengslum við Haag-samninginn. Í 28. gr. frv. er kveðið á um framkvæmd samningsins verði hann fullgiltur. Hér eru fyrirmæli um að dómsmrh. hafi yfirumsjón með framkvæmd Haag-samningsins hér á landi.

Við 29. gr. er mælt fyrir um heimild manna búsettra hér til að ættleiða barn erlendis. Þarf dómsmrh. að samþykkja það fyrir fram með útgáfu forsamþykkis. Í frv. þessu er notað orðið forsamþykki yfir það skjal sem hingað til hefur verið kallað vilyrði.

30. gr. fjallar um umsókn um forsamþykki. Væntanlegir kjörforeldrar erlendra barna sem koma oft úr framandi umhverfi þurfa að búa sig undir uppeldishlutverk sitt að nokkru með öðrum hætti en þegar þeir taka að sér íslenskt barn til ættleiðingar. Er æskilegt að þeir njóti sérstakrar fræðslu í þessu sambandi.

Í 2. mgr. 30. gr. frv. er lagt til að dómsmrh. geti mælt fyrir um að umsækjendum um ættleiðingar erlendra barna sé skylt að sækja námskeið til undirbúnings fyrir ættleiðinguna og er gert er ráð fyrir að reglugerð verði sett um tilhögun þess.

Víða um lönd þykir tryggilegast að stjórnvöld og löggild ættleiðingarfélög annist milligöngu um ættleiðingar milli landa. Á síðustu árum hefur Íslensk ættleiðing, sem viðurkennd er af dómsmrn., séð um slíka milligöngu og m.a. komið á sambandi milli væntanlegra ættleiðenda og stjórnvalda eða ættleiðingarfélaga í heimaríki barns. Segja má að Haag-samningurinn stefni að því að löggild ættleiðingarfélög eða stjórnvöld annist þessa milligöngu.

Í 34. og 35. gr. frv. eru ákvæði um ættleiðingarfélög og milligöngu um ættleiðingar. Er dómsmrh. heimilað að löggilda slík félög og setja reglugerð um þau, sbr. 34. gr. Getur ráðherra mælt svo fyrir að þeim er ættleiða vilja barn erlendis sé skylt að leita aðstoðar við ættleiðinguna hjá löggiltu ættleiðingarfélagi. Jafnframt er svo mælt fyrir í 35. gr. að slík félög ein hafi milligöngu um ættleiðingar.

Ákvæði VII. kafla frv. eru að verulegu leyti nýmæli að því er varðar lögskráðar reglur.

Loks er í VIII. kafla frv. ákvæði um stjórnvaldsreglur, gildistöku, brottfallin lög ásamt ákvæðum um lagaskil.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir meginefni þessa lagafrv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

[13:59]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég byrja á því að fagna fram komnu frv. til laga um ættleiðingar. Það felur í sér töluvert miklar breytingar. Reglurnar um ættleiðingar eru færðar verulega í átt til þess sem eðlilegt er að séu hafðar um það samfélag sem við búum við í dag þótt vissulega sé það svo að það mætti ganga lengra að mínu mati í þeim efnum og mun ég koma nánar inn á það síðar.

Eldri lög um ættleiðingar voru að stofni til frá 1978 og segja má að þau hafi að mörgu leyti verið orðin úr sér gengin. Eins og rakið var í framsögu hæstv. starfandi dómsmrh. var það svo að samkvæmt laganna eða orðanna hljóðan var einungis miðað við það að hjón gætu ættleitt, ekki þeir sem voru í sambúð. Það var líka þannig samkvæmt texta laganna að einstaklingar gátu ekki ættleitt barn en í framkvæmd hefur verið vikið svolítið frá þessum reglum enda sýnir það sig í mörgum tilvikum að að sjálfsögðu geta þeir sem eru í sambúð verið jafnhæfir til þess að sinna uppeldishlutverki gagnvart börnum eins og þeir sem eru giftir auk þess sem það getur líka verið svo að einhleypingar geta verið jafn vel til þess fallnir að rækja uppeldishlutverkið og þeir sem eru í sambúð eða eru hjón, tveir einstaklingar.

Ég tel eðlilegt að þegar fólk óskar eftir leyfi til ættleiðingar þá fari fram ákveðin félagsleg úttekt eins og verið hefur. Þá ættu að mínu mati þeir sem sækja um að eiga sama rétt í grundvallaratriðum. Síðan yrði þessi félagslega úttekt, sem er að nokkru leyti bæði sálfræðileg og félagsleg, að skera úr um hverjir fái leyfi til að ættleiða barn.

Miklar breytingar hafa orðið á þeim fjölskyldugerðum sem við lýði eru. Þær sýna að fólk velur sér ýmis sambúðarform. Nú nýverið tóku gildi lög um staðfesta samvist sem leyfa að fólk af sama kyni staðfesti samvist sína. Ég hefði talið eðlilegt að í frv. væri einnig heimild fyrir þá einstaklinga, sambúðarfólk af sama kyni, að óska eftir ættleiðingu. A.m.k. tel ég að lögin ættu ekki að hindra að fólk í staðfestri samvist geti sótt um ættleiðingu.

Nú liggur fyrir í allshn. frv. frá hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni. Þar er mælt með stjúpættleiðingu fólks í staðfestri samvist og ég vona að allshn. taki það til skoðunar við meðferð þessa frv. hvort ekki væri eðlilegt að stíga þarna skrefið til fulls þannig að fólki sé ekki mismunað eftir sambúðarformi, þó um sé að ræða einstaklinga af sama kyni. Ég tel það reyndar ekki aðeins eiga við um stjúpættleiðingarnar heldur líka um frumættleiðingar. Oft er barninu fyrir bestu að slík ættleiðing sé leyfð. Það hlýtur að vera það grundvallarsjónarmið sem alltaf er í heiðri haft. Eins og reyndar kemur fram í athugasemdum með frv. þá er frv. sniðið að velferð barnsins. Það hlýtur alltaf að vera leiðarljósið án tillits til sambúðarformsins.

Ég tel að breytingarnar sem að öðru leyti felast í frv. séu mjög til bóta, geri reglurnar mun eðlilegri og færi nær framkvæmdinni, sem er eðlileg og hefur verið viðhöfð að nokkru leyti.

Ég vil sérstaklega fagna V. kafla laganna sem er um upplýsingaskyldu kjörforeldra og aðgang kjörbarns að upplýsingum. Ég tel það mikilvæga réttarbót og nauðsynlegt að fest sé í lög vegna þess að því miður eru til dæmi þess, eins og reyndar er dregið fram í greinargerð með lögunum, að börn hafi komist að því, jafnvel utan úr bæ eða frá öðrum en foreldrum sínum, að þau hafi verið ættleidd. Í sumum tilvikum er þetta viðkvæmnismál. Ég tel það mikilvægan rétt hvers einstaklings að fá að vita um uppruna sinn. Réttur barnsins er að fá að vita að það er ættleitt og síðan, eins og kveðið er á um í 27. gr., þegar barnið hefur náð tilteknum aldri, hér er miðað við 18 ára aldur, eigi það rétt á að fá tiltækar upplýsingar um það frá dómsmrn. hverjir séu kynforeldrar þess eða fyrri kjörforeldrar, ef því er að skipta. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði, bæði 26. gr., um upplýsingaskyldu kjörforeldra gagnvart barninu og eins um aðgang kjörbarns að upplýsingum í 27. gr.

Það sem kemur fram í 2. mgr. 26. gr. er einnig mikilvægt, þ.e. að kjörforeldrar eigi rétt á að fá ráðgjöf viðkomandi barnaverndarnefndar við upplýsingagjöf gagnvart barni sínu. Þetta getur verið mjög viðkvæmt mál og erfitt fyrir marga. Það er ekki sama hvernig þetta er framkvæmt eða hvernig upplýsingunum er komið á framfæri. Gert er ráð fyrir því í 26. gr. að kjörforeldrar skuli skýra kjörbarni sínu frá því að það sé ættleitt jafnskjótt og barnið hefur þroska til. Það skal að jafnaði gert eigi síðar en barn nær sex ára aldri. Við erum að tala um mjög ung börn og því er á engan hátt sama hvernig staðið er að slíkri upplýsingagjöf. Ég tel mikilvægt að þessi réttur sé tvímælalaus í lögunum þannig að þau slys gerist ekki að fólk heyri slíkt utan að sér og jafnvel á fullorðinsárum.

Í athugasemdum með 26. gr. frv. er tekið fram að í rannsóknum sálfræðinga, uppeldisfræðinga og fleiri sérfræðinga komi glögglega í ljós að miklu varði fyrir velferð kjörbarns að alast upp með vitneskju um að það sé kjörbarn, að það eigi einnig aðra foreldra en kjörforeldrana og kjörforeldrarnir skýri barninu frá því. Hér eru rakin hörmuleg dæmi um að aðrir hafi greint barni frá þessu. Við það geta skapast mjög sárar kringumstæður og erfiðar. Barnið eða sá einstaklingur sem fyrir verður getur verið lengi að ná sér eftir slíkt áfall. Hér er lagt til að þetta sé gert sem fyrst, að það sé sjálfsagður og eðlilegur hluti af lífi barnsins frá því að það fyrst man eftir sér að það sé kjörbarn. Þannig er ekki farið í grafgötur með sambandið við kjörforeldrana. Þetta má gera þannig að þetta sé eðlilegt fyrir barninu. Fyrir lagaákvæðum sem þessum eru fordæmi í lögum annarra Norðurlanda. Þar hefur þetta reynst vel og því held ég að þetta frv. sé skref í rétta átt.

Í athugasemdum með frv. er jafnframt tekið á því að erfitt geti verið að fylgja eftir svona lagaákvæði. Auðvitað er það svo með alla löggjöf sem tengist sifjaréttinum. Það getur verið erfitt að fylgja henni eftir en eigi að síður er mikilvægt að meginreglur og skyldur fólks komi fram í lagatextanum þannig að þessi upplýsingagjöf sé ekki einkamál hvers og eins.

Við ræddum fyrir skömmu síðan í þinginu, fyrir tveimur árum ef ég man rétt, frv. um tæknifrjóvganir sem varð að lögum. Þar var mikið rætt um rétt barna sem getin eru við tæknifrjóvgun með gjafasæði að vita um uppruna sinn. Ég var ein þeirra sem taldi að ekki ætti að vera nafnleynd í slíkum tilvikum. Ég hefði viljað ganga alla leið þó að það hafi ekki orðið niðurstaða þess frv. Hér tel ég tvímælalaust stigið skref í rétta átt, með þessum V. kafla laganna, með skyldunni til að upplýsa barnið og eins um rétt þess til að fá að vita hverjir kynforeldrar þess séu.

Ég hvet til þess að vandlega verði tekið til endurskoðunar hvort ekki sé hægt að koma meira til móts við fólk í staðfestri samvist. Við höfum verið í fararbroddi fyrir réttarbótum til handa samkynhneigðu fólki hvað varðar staðfesta samvist. Ég tel að við ættum að stíga skrefið til fulls og mismuna ekki fólki eftir sambúðarformi, ekki heldur þeim sem eru í staðfestri samvist og heimila þeim ættleiðingar.

Að öðru leyti tel ég frv. mjög til bóta frá því sem verið hefur og skref í rétta átt.

[14:10]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér er flutt frv. um ættleiðingar. Það sannast á þessu frv. að nákvæma og stranga löggjöf þarf um þessi mikilvægu mál. Þau snerta bæði hagsmuni fjölmargra foreldra og barna í landinu, ekki aðeins fjárhagslega hagsmuni heldur tilfinningalega hagsmuni líka. Um ættleiðingar gilda ströng skilyrði og ég tel að svo eigi að vera.

Ég kem þó í ræðustól fyrst og fremst til þess að ræða einn þátt þessa máls. Það er í raun og veru sá þáttur sem vantar í þetta frv. og felur í sér mismunun meðal þegna þessa lands. Í þessu frv. er ekki gætt að réttindum eins hóps. Hver er sá hópur? Það eru börn sem alast upp í staðfestri samvist en staðfest samvist er eins og menn vita lögleg samvist samkynhneigðra. Á Alþingi höfum við leitt í lög sambúðarformið staðfesta samvist og það nýtur allra þeirra réttinda sem annað sambúðarform hefur. Meðal þeirra réttinda er forræði barna að öllu leyti, sameiginlegur fjárhagur og annað sem við teljum til sjálfsagðra réttinda í sambúð.

Eitt atriði er þó undanskilið. Samkynhneigðir mega ekki ættleiða börn. Þetta er fyrst og fremst mismunun gagnvart börnunum. Börn sem alast upp við þessar aðstæður njóta ekki erfðaréttinda á við önnur börn. Þannig getur barn sem elst upp hjá samkynhneigðum í staðfestri samvist, frá tveggja ára aldri til 18 ára aldurs, verið svipt erfðarétti. Önnur börn sama kynforeldris sem ekki alast upp við þetta samband geta hins vegar fengið allan arf. Ég er ekki að segja að hin síðarnefndu eigi ekki arf skilið en þau hafa alist upp fjarri því sambandi sem um er að ræða í þessu tilfelli. Þetta tel ég að sé ljóður á þessu frv. Ég tel að þetta sé ljóður á viðhorfum okkar gagnvart þegnunum, gagnvart því megingrundvallaratriði mannréttinda og stjórnarskrár sem segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum og jafnrétti skuli ríkja.

Við höfum viðurkennt staðfesta samvist og því eigum við ekki að undanskilja þetta.

Annar þáttur þessa máls tengist réttindabaráttu samkynhneigðra. Þó að sú réttindabarátta sé mörgum framandi, þá er þetta engu að síður viðurkennd staðreynd í samfélagi okkar. Við eigum ekki að mismuna fólki eftir kynhneigð.

Réttindabarátta samkynhneigðra er mannréttindabarátta. Hún er barátta þjóðarinnar við eigin samvisku. Við eigum að auka forskotið sem síðasti ræðumaður gat um að við hefðum. Við Íslendingar eigum að auka þetta forskot með því að stíga þetta skref og breyta þessu frv. í meðferð nefndar á þann veg að í staðfestri samvist sé heimilt að ættleiða börn.

Eins og þingheimi er kunnugt hafa þingmenn úr öllum flokkum lagt fram frv. um ættleiðingu barna í staðfestri samvist. Það frv. kom fram á síðasta þingi og sá sem hér stendur var 1. flm. þess frv. Auk hans eru þingmenn úr öðrum flokkum eins og ég gat um. Mér væri það afar ljúft ef málsmeðferð gæti orðið sú í hv. Alþingi að stjúpættleiðing yrði lögtekin í meðferð nefndarinnar á þessu frv. og í framhaldsmeðferð þingsins. Á sama tíma mundum við sem vorum flutningsmenn að fyrrgreindu frv. draga það til baka þannig að hér þyrfti ekki að takast á um málið frekar en orðið er.

Virðulegi forseti. Ég beini þeim tilmælum til hv. allshn. að hún taki ábendingar mínar og annarra sem hafa talað í sömu átt til málefnalegrar, fordómalausrar meðferðar og við ljúkum lagasetningunni með því að viðurkenna að allir þegnar, hvort sem þeir tilheyra minnihlutahópum eða ekki, skuli vera jafnir og jafnréttháir og öll börn þessa lands skuli jöfn fyrir lögunum.

[14:17]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil eins og fleiri fagna þessu nýja frv. um ættleiðingar sem vissulega er mjög tímabært þar sem eldri löggjöf er frá árinu 1978. Ég vil taka undir orð hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur áðan um að frv. sé verulega til bóta og ég treysti því að það fái vandlega meðferð í allshn. og verði jafnvel samþykkt á þessu ári. En ástæðan fyrir því að ég stíg í pontu er fyrst og fremst sú að ég vil láta í ljósi vonbrigði mín yfir því að ekki er tekið á mikilvægum mannréttindamálum sem hér hafa komið fram í máli fleiri aðila, þ.e. ættleiðingarmöguleikum para í staðfestri samvist.

Ég er meðflutningsmaður frv. hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar um breytingu á lögum um staðfesta samvist þar sem lagt er til að samkynhneigðir í staðfestri samvist fái að ættleiða börn maka síns en ég tel það mjög miður að svo virðist sem slíkt eigi ekki að heimila samkvæmt þessu þó ágæta frv. Þetta er mjög mikilvægt mannréttindamál fyrir börn sem búa í slíkri samvist og ég hef kynnt mér sérstaklega rannsóknir á börnum sem búa við þessar aðstæður og það er ekkert sem bendir til að það sé skaðlegt fyrir börn að alast upp við þessar aðstæður og ástæðan virðist fyrst og fremst vera sú að þar eru samskipti yfirleitt mjög opin og börnin eru mjög vel undir það búin að takast á við hugsanlegt einelti eða áreiti utan frá.

Það er auðvitað mjög mikilvægt réttindamál, t.d. ef viðkomandi foreldri fellur frá, að þarna sé um ættleiðingarmöguleika að ræða. Á nýlegum fundi í Háskóla Íslands voru þessi mál sérstaklega til umræðu og þar var einmitt rætt um möguleika þess að heimila almennt í lögum að pör í staðfestri samvist fengju að ættleiða börn en færu svo nákvæmlega undir sama stranga eftirlit og mat eins og allir aðrir sem ættleiða börn. Ég velti því fyrir mér hvort taka eigi þetta skref í einum eða tveimur áföngum, þ.e. byrja á að heimila stjúpættleiðingar eins og frv. Ólafs Arnar Haraldssonar leggur til eða bara almennt að heimila þetta í lögum og síðan verði hvert tilvik metið fyrir sig. Ég tel að það sé álitamál hvor aðferðin eða hvor leiðin er farin en mæli alveg eindregið með því að þetta atriði verði sérstaklega athugað og skoðað fordómalaust í allshn. og það komi breyting á frv. áður en það kemur til 2. umr. Þetta er mjög mikilvægt mannréttindamál fyrir þennan hóp sem auðvitað gengur misvel í veröldinni að ná fram, en ég er alveg sannfærð um að það er bara tímaspursmál hvenær en ekki hvort samfélagið er tilbúið að heimila þetta og að mínu mati er ekki eftir neinu að bíða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 65. mál. — Þskj. 65.

[14:22]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt á hávaða- og hljóðmengun. Með mér flytja málið eftirtaldir hv. þm.: Lára Margrét Ragnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Ragnar Arnalds. Tillögutextinn er stuttur og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram víðtæka úttekt á hávaða- og hljóðmengun hérlendis og leggja fyrir næsta þing niðurstöður hennar og tillögur til úrbóta."

Í greinargerð með tillögunni er málið rökstutt og bent á að hávaði og hljóðmengun af margvíslegu tagi fer vaxandi ár frá ári í samfélaginu. Vitnað er til upplýsinga frá Hollustuvernd ríkisins um að aldrei hafi verið gerð heildarúttekt á hávaða á Íslandi en talið er víst að hérlendis búi margir við hávaða sem er langt yfir settum viðmiðunarmörkum. Telja verður mjög brýnt að gerð verði úttekt á hávaða þannig að unnt sé að leggja grunn að úrbótum. Þar við bætist þörfin á að settar verði reglur til að vernda fólk fyrir hávaða á almannafæri, en í því skyni getur einnig verið þörf á könnun á ríkjandi aðstæðum.

Talið er að allt að 1.700 íbúðir í Reykjavík séu þannig staðsettar að hávaði við húsvegg sé óleyfilegur og dæmi eru um svo mikinn hávaða í íbúðarhúsnæði að heilu fjölskyldurnar sofa ekki á nóttunni nema með því að taka sterkar svefntöflur. Þetta eru skilyrði sem eru auðvitað ekki mannsæmandi.

Flutt hafa verið þingmál um það efni fyrr á þingi. Á 110. þingi var samþykkt till. til þál. um „að skora á ríkisstjórnina að láta semja frumvarp til laga um varnir gegn hávaða- og hljóðmengun". En þegar gengið var eftir efndum á þessari ályktun þingsins kom það fram að talið væri að lagaheimildir út af fyrir sig væru til staðar til að gera viðeigandi ráðstafanir og því ekki þörf á sérstakri lagasetningu. Sá sem hér talar hefði talið eftir sem áður fulla þörf á því að setja í eina heildarlöggjöf þau mörgu fyrirmæli sem eru til staðar á dreif í lögum hérlendis og reglum sem settar eru með þeim og vísa ég í því sambandi til fylgiskjals I með tillögunni, þar sem er að finna yfirlit yfir helstu reglur sem settar hafa verið um þetta efni á grundvelli fyrirliggjandi lagaheimilda. En

miðað við það að ekki sé talið að lagaheimildir skorti, þá er að mati okkar flutningsmanna nauðsynlegt að aflað verði glöggra upplýsinga um ástand þessara mála hér á landi til að undirbúa aðgerðir og réttarbætur til að verjast óæskilegri og sívaxandi hávaða- og hljóðmengun á almannafæri.

Þessi tillaga hefur verið flutt áður í þinginu en ekki hlotið fullnaðarmeðferð í umhvn. þingins sem þó fjallaði um málið má segja á tveimur síðustu þingum og ræddi það nokkuð.

Þau sjónarmið hafa verið uppi og komið fram varðandi þessa tillögu að hér sé öðru fremur um að ræða verkefni sveitarfélaga og heilbrigðisyfirvalda á vegum sveitarfélaga en ekki þörf á því að gera af hálfu hins opinbera, þ.e. ríkisins og þá Hollustuverndar ríkisins fyrir hönd þess, þá úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir. Ég er ósammála þessu viðhorfi. Ég tel að það sé mjög brýn þörf og hafi hún ekki verið talin brýn á liðnum tíma þá sé það nú mjög knýjandi að á vegum stofnana ríkisins fari fram sú víðtæka úttekt á hávaða- og hljóðmengun sem hér er gert ráð fyrir til þess að leitt verði í ljós ástand mála og gripið síðan til viðeigandi ráðstafana til þess að verja fólk gegn því gífurlega angri sem óhóflegur hávaði og hljóðmengun verður að teljast. Ég get staðhæft og leitt að því rök og upplýsingar að annars staðar á Norðurlöndum er litið á viðbrögð og varnir gegn hávaða sem verkefni ríkisvaldsins í samvinnu við yfirvöld sveitarstjórna og hollustuyfirvöld.

Ég kynnti mér stöðu þessa máls á sínum tíma fyrir nokkrum árum í Danmörku og lagði fram upplýsingar í umhvn. um hvernig á því er tekið og tillögur stjórnskipaðrar nefndar þar í landi varðandi þessi mál. Ég kynnti mér það einnig í norska umhverfisráðuneytinu í september sl. og þar í landi er litið á það sem eðlilegt og sjálfsagt forustuverkefni á vegum ríkisins og norska umhverfisráðuneytisins að tryggja það að til staðar séu bæði upplýsingar um stöðu þessara mála en einnig að ríkisvaldið og löggjafinn beiti sér fyrir nauðsynlegum úrbótum.

Ég veit að mál það sem hér er flutt á ríkan stuðning í samfélaginu. Þessi mál eru í algerlega óviðunandi ástandi víða á landinu, í höfuðborg landsins eins og kunnugt er af umræðum en einnig mjög víða annars staðar, og þess vegna m.a. er þörf á að yfir málið sé farið og sú úttekt gerð sem tillagan gerir ráð fyrir.

Ég vek athygli, virðulegur forseti, á fylgiskjölum sem bætt var í þetta mál nú þegar það var endurflutt á þessu þingi, sem er fylgiskjal II og fylgiskjal III. Fylgiskjal II hefur að geyma grein sem birtist í Morgunblaðinu 9. ágúst sl. eftir Kristínu Marju Baldursdóttur undir fyrirsögninni Enginn friður. Þetta er úttekt blaðamannsins og er greinin mjög fróðleg og dregur fram með skörpum hætti stöðu þessara mála. Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, aðeins að vitna til ummæla umræddrs blaðamanns. Þar segir m.a.:

„Sumarið er stutt á Íslandi. Flesta langar því til að njóta þess sem best og vera úti í góða veðrinu, ganga í guðsgrænni náttúrunni, fara upp í sumarbústað, grilla í garðinum sínum eða spóka sig í bænum. En einmitt á þessum dýrmæta árstíma þegar allt er í blóma og menn ættu að njóta fegurðar og fuglasöngs fara Íslendingar í gang og hefja hávaðasamar framkvæmdir. Byggja hús, leggja vegi, rífa upp götur, grafa skurði, berja, bora, saga, steypa og hamast á loftpressum þar til allt kvikt í kringum þá hefur lagt á flótta.

En þeir sem reyna að flýja til fjalla í von um að finna þögn og frið verða oft fyrir vonbrigðum, því um hálendið þeysa fjallabílar búnir kraftmiklum vélum og yfir fljúga þotur með þrumugný."

Þetta er örlítið sýnishorn úr þessari ágætu samantekt Kristínar Marju Baldursdóttur. Þar er líka lífsreynslusaga sem er sett á blað undir fyrirsögninni Tónleikar allan daginn og ég held ég leyfi mér, með leyfi forseta, að láta hana einnig fylgja í þessari ræðu minni þegar ég mæli fyrir þessu máli:

„Íslendingar hljóta að vera mjög tónelsk þjóð, því hvar sem þeir koma er verið að leika tónlist og gildir þá einu hvort þeir eru að skemmta sér eða vinna sín daglegu störf.

Dagur í lífi ungrar konu sem til að mynda vinnur í tískuverslun, gæti verið með eftirfarandi hætti. Tónleikahaldið byrjar strax í strætisvagninum að morgni til þegar hún heldur til vinnu sinnar. Í strætisvögnum er útvarp oft hátt stillt og verða menn þá að hlusta hvort sem þeim líkar betur eða verr. Þegar konan kemur til vinnu sinnar tekur vinnustaðasöngurinn við. Í tískuverslunum, einkum þeim sem ætlaðar eru ungu fólki, er það oftast reglan að skemmta mönnum með poppmúsik. Hvort það er til að örva kaupgleði viðskiptavina skal látið ósagt. Að vinnudegi loknum fer hún í líkamsræktina til að auka styrk sinn og þol og þá fer nú að hitna í kolunum. Á þeim stöðum hreyfa menn sig nær eingöngu í takt við kraftmikla músik. Líklega er tilgangurinn sá að gera menn ofurlítið árásargjarna og þá um leið ósérhlífna í æfingunum.

Eftir púlið langar ungu konuna til að slaka á og fer með vinkonu sinni í bíó. Þær sjá hasarmynd með Harrison Ford og að sjálfsögðu er hljómburðurinn í góðu lagi enda til þess ætlast að skerandi tónlistin auki spennuna.

Ungfrúrnar eru upptjúnaðar eftir bíóferðina svo þær ákveða að fara á kaffihús og rabba saman yfir bjórkollu. Á íslenskum kaffihúsum er hins vegar ekki ætlast til þess að menn spjalli saman eftir klukkan ellefu. Vegna tónlistar sem getur mælst milli 80 og 90 desibel, verða menn að öskra hver á annan vilji þeir tjá sig. Hins vegar er ætlast til að menn drekki ört og mikið og mun það vera tilgangurinn með hávaðanum. Bjórkollurnar kalla að sjálfsögðu á leigubíl og hugsanlega gætu þær lent á leigubílstjóra sem vill endilega skemmta farþegum sínum með léttri sveiflu frá útvarpsstöð, en það er ekki óalgengt hér á landi.

Ekki er víst að tónleikum dagsins ljúki eftir miðnætti þegar unga konan er komin heim og undir sæng. Vel má vera að maðurinn á efri hæðinni sé í banastuði og leiki tónlist sem tilheyri því ástandi. Undir morgun festir unga konan kannski svefn, en þá er líka stutt í nýjan vinnudag. Með áframhaldandi tónleikum."

Margt fleira, einmitt mjög upplýsandi, er að finna í þeim reynslusögum sem settar eru á blað hér og eru áreiðanlega ekki nein uppfinning eða skáldskapur þó að auðvitað sé verið að undirstrika hér alvöru málsins í framsetningu.

Virðulegur forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég leyfa mér einnig að vitna til leiðara í Morgunblaðinu 11. ágúst 1998 þar sem segir:

„Hávaði og hljóðmengun er vaxandi vandamál víða um heim, eins og fram kom í umfjöllun Morgunblaðsins í fyrradag." — Þar mun m.a. vitnað til umræddrar greinar. — „Umhverfisstofnun Evrópu telur að um 113 milljónir Evrópubúa verði fyrir ónæði af völdum hávaða sem mælist yfir 65 desibel, sem orsakað getur háan blóðþrýsting. Þar af verða um 10 milljónir fyrir hávaða, sem mælist yfir 75 desibel, en hávaði af þeirri gráðu getur aukið hjartslátt, valdið mikilli streitu og skert heyrn. Hljóðmengun af þessu tagi stafar eink-

um frá umferð, atvinnurekstri, veitinga- og samkomuhúsum, verslunum og hátölurum á almannafæri.

Hér á landi hefur hljóðmengun vaxið ár frá ári, einkum frá umferð. Í októbermánuði sl. var lögð fram tillaga til þingsályktunar um víðtæka úttekt á hávaða- og hljóðmengun. Í greinargerð segir m.a.:" — það er tilvitnun í greinargerð þessa þingmáls sem reyndar hefur þegar verið tilvitnað — „„Talið er að allt að 1.700 íbúðir í Reykjavík séu þannig staðsettar að hávaði við húsvegg [frá umferð] sé óleyfilegur og dæmi eru um svo mikinn hávaða í íbúðarhúsnæði að heilu fjölskyldurnar sofa ekki á nóttunni nema með því að taka svefntöflur... Samkvæmt upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins hefur aldrei verið gerð heildarúttekt á hávaða á Íslandi, en talið er víst að hérlendis búi margir við hávaða sem er langt yfir viðmiðunarmörkum."

Staðreynd er að hljóðmengun yfir ákveðnum mörkum getur verið heilsuspillandi, valdið skemmd á heyrn, auk truflunar á friðhelgi heimila og andlegrar vanlíðunar þeirra er fyrir verða. Það er meir en tímabært, eins og lagt er til í umræddri þingsályktunartillögu, að gerð verði úttekt á hljóðmengun hér á landi, einkum í þéttbýli, svo unnt verði að leggja grunn að úrbótum. Mikilvægt er að af hálfu hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, sé unnið skipulega og markvisst gegn óþörfum og truflandi hávaða „til verndar heilsu manna og til að tryggja rétt einstaklingsins til ómengaðs umhverfis"."

Lokaorðin eru tilvitnun í greinargerð með þessari tillögu. Þessi stuðningur frá fjöllesnasta blaði landsins er vissulega mjög vel þeginn fyrir okkur flutningsmenn þessa máls og þó að þessi tillaga, sem er 65. mál þingsins og fram komin í októbermánuði, sé fyrst á dagskrá nú til fyrri umr., virðulegur forseti — og segir það nokkuð um stöðu okkar þingmanna í stjórnarandstöðu að mæla fyrir máli og eru hér reyndar fleiri en stjórnarandstöðuþingmenn meðal flutningsmanna, vel að merkja — þá verð ég að vænta þess, þar sem tillagan hefur verið rædd mikið í hv. umhvn., að hún fái verðuga afgreiðslu í nefndinni og komi aftur til þingsins áður en við ljúkum störfum. Ég legg til að málið fari að lokinni umræðu til hv. umhvn.

[14:38]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem hér er flutt hefur komið til kasta umhvn. og verið rædd þar ítarlega. Það er rétt sem hv. flm. gat um að meiri hluta nefndarinnar hefur þótt að þarna væri um verksvið sveitarfélaganna að ræða um leið og umræður í hv. umhvn. hafa fallið á þann veg að full ástæða væri að hvetja sveitarfélög til að taka á þessu verkefni. Sérstaklega hafa menn þá beint sjónum sínum að hinum fjölmennari sveitarfélögum, þ.e. höfuðborginni og næsta nágrenni. Hv. umhvn. mun að sjálfsögðu taka þetta til skoðunar þegar þingmálið berst til nefndarinnar.

[14:39]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. formanni umhvn. fyrir að taka hér til máls og staðfesta það sem ég lét koma fram að málið hefur ekki fengist afgreitt frá hv. þingnefnd á tveimur fyrri þingum. Ég sé ástæðu til að vekja sérstaka athygli á þessu. Ég er alveg sannfærður um að fjöldi manns í landinu, ég mundi halda meiri hluti fólks, telur nauðsynlegt að ríkisvaldið haldi vöku sinni og gæti þess að almenningur fái þá vernd sem nauðsynleg verður að teljast gegn sívaxandi vandamáli hávaða- og hljóðmengunar sem er staðreynd í okkar samfélagi og fyllsta þörf á því að sveitarfélögin í landinu fái aðhald í þessum efnum frá ríkisvaldinu eins og gert er á öðrum Norðurlöndum. Það er talið brýnt verkefni í Danmörku og Noregi, næstu grannlöndum okkar fyrir utan Færeyjar austan hafsins. Hví skyldi okkur vera vandara um í þeim efnum? Ekki er vandamálið minna hér og hér er ekki gengið harðar fram en svo að leggja til að gerð verði úttekt á vandanum, úttekt á vandamálinu til að við höfum upplýsingar í höndunum til að meta nauðsynleg viðbrögð við þeim hremmingum sem fylgja ágangi gagnvart almenningi í tíma og ótíma með hávaða sem er langt yfir eðlilegum mörkum og oft og tíðum gersamlega þarflaus. Borgararnir eiga að njóta slíkra almannareglna. Þær þarf að setja og þar ber okkur að sýna gott fordæmi, a.m.k. átta okkur á hvert vandamálið sé.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:41]

Útbýting þingskjals:

Seðlabanki Íslands, 465. mál, frv. ÁRJ, þskj. 767.

Náttúruvernd, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 84. mál (landslagsvernd). — Þskj. 84.

[14:42]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það mun hafa verið á 110. löggjafarþingi, að mig minnir — nei, það er nú ekki rétt — það mun hafa verið á þinginu 1995 að sú tillaga sem hér er flutt og mælt fyrir kom fram, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nú lög nr. 93/1996. Þetta frv. hefur í aðalatriðum verið óbreytt frá því að það fyrst var lagt fram og aflað um það umsagna á vegum þingnefndar, hv. umhvn.

Frv. er efnislega um tvo meginþætti. Það fjallar um að aukið verði í lög um náttúruvernd nýjum kafla um landslagsvernd þar sem sett verði almenn ákvæði um verndun landslags með tilteknum sjö nýjum greinum sem þar verði bætt við, þ.e. sett ákvæði um að tilteknar landslagsgerðir njóti almennrar verndar og ekki megi raska þeim nema samkvæmt ákvörðun skipulagsyfirvalda og að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins. Síðan er að finna í frv. þessu ítarleg ákvæði um efnistöku og jarðrask þar sem í náttúruverndarlögum eru enn í dag sömu úreltu ákvæðin og sett voru í lög 1971 og hafa leitt til algerlega óviðunandi ástands í sambandi við jarðrask og efnistöku í landinu. Um það liggja fyrir skýrar upplýsingar sem lesa má um í greinargerð með þessu máli.

Meginreglan sem sett er fram í frv. kemur fram í b-lið 1. gr., með leyfi forseta:

„Óheimilt er að breyta landslagi varanlega með jarðraski, efnistöku, mannvirkjagerð eða á annan hátt nema í samræmi við staðfest skipulag og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993.

Ekki skal heimila efnistöku ef hætta er á að hún raski svipmóti lands, merkum náttúruminjum eða vistkerfum. Þá má efnistakan hvorki ganga í berhögg við ákvæði laga þessara um friðlýsingu náttúruminja né staðfesta skipulagsáætlun."

Síðan er að finna ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að í landi í einkaeign sé eiganda, að teknu tilliti til ákvæða 22. gr. náttúruverndarlaga, heimil efnistaka, hafi sveitarstjórn samþykkt áætlun um hana, að fenginni jákvæðri umsögn

viðkomandi náttúruverndarnefndar og skipulagsstjóra ríkisins. Í sömu grein er jafnframt er gert ráð fyrir því að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sé landeiganda heimil lítils háttar efnistaka á landi sínu til eigin nota enda sé gætt ákvæða 2. mgr. 22. gr. svo og 26. gr. um frágang.

Ég ætla ekki að fara yfir einstök efnisákvæði frv. að öðru leyti en nefni þó ákvæði til bráðabirgða sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðuneyti skal vegna frágangs eftir efnistöku og jarðrask, sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laga þessara, láta gera áætlun um úrbætur í samvinnu við sveitarstjórnir. Í því skyni fari fram skipuleg könnun og flokkun á efnistökustöðum og öðru áberandi jarðraski vegna mannvirkjagerðar og fylgi tillögur um hversu frá skuli gengið og hverjir skuli bera kostnað af viðhlítandi frágangi."

Þetta er ákvæði til bráðabirgða og beinist að því að bæta úr því sem raskað hefur verið með efnistöku og öðru jarðraski.

Virðulegur forseti. Frv. fylgir grg. og nokkur fylgiskjöl. Það varðar afmörkuð atriði á sviði náttúruverndar sem brýnt er að kveða á um í lögum, mun skýrar en verið hefur. Þar er um að ræða víðtæk almenn ákvæði um landslagsvernd og frekari skorður við efnistöku og jarðraski en settar eru í gildandi löggjöf. Með frv. er sú leið valin að fella nýjan kafla inn í gildandi lög um náttúruvernd, undir heitinu landslagsvernd, setja inn nýmæli og breytt ákvæði um efnistöku en þau er að finna í gildandi lögum um náttúruvernd undir kaflaheitinu Aðgangur almennings að náttúru landsins, umgengni, framkvæmdir o.fl.

Frv. þetta var fyrst lagt fram til kynningar á 119. löggjafarþingi. Þá sendi flm. það nokkrum aðilum til umsagna með ósk um að þeir gæfu ábendingar sem hafa mætti til hliðsjónar við endurflutning. Margir brugðust vel við og sögðu álit sitt, þar á meðal Bændasamtök Íslands, Landgræðsla ríkisins og Náttúruverndarráð, sem þá fór með svipað hlutverk og Náttúruvernd ríkisins hefur nú. Tekið var tillit til margra af þeim ábendingum sem þessir aðilar gáfu. Eftir að málið fór til þingnefndar var leitað formlegra umsagna um frv. Þær umsagnir, frá síðasta þingi og þingum þar á undan, liggja fyrir í hv. umhvn. sem enn og aftur er lagt til að fái mál þetta til umfjöllunar.

Umsagnirnar eru yfirleitt jákvæðar, raunar mjög jákvæðar. Það hefði einhvern tíma þótt teljast til tíðinda að Bændasamtök Íslands tækju almennt jákvætt undir efni tillögu af þessu tagi, en það er staðreynd, án þess að þau skrifi upp á allt það sem í frv. kemur fram. Það sýnir mjög breyttan og jákvæðan skilning á því að vernda þurfi landið gegn þarflausu raski og ganga sem best um náttúruna. Það hefur samt ekki nægt til þess að þingið tæki efnislega á málinu eða að meiri hluti umhvn. hafi afgreitt málið til þingsins til að tryggja nauðsynlegar lagabætur í þessum efnum.

Hverju hafa menn, virðulegur forseti, borið við? Bæði hæstv. umhvrh. og aðrir talsmenn meiri hlutans hafa að allt frá árinu 1995, þegar frv. fyrst kemur fram, vísað til þess að til standi að endurskoða löggjöf um náttúruvernd og þegar það verk liggi fyrir muni tekið tillit til ákvæða í þessu frv. Það hefur ekki mátt nota þingmannafrv. sem ég tel vandlega unnið, m.a. í samráði við almannasamtök og stofnanir ríkisins, til að setja inn lagabætur sem enginn efnislegur ágreiningur virðist um að gera þurfi. Nei, ár eftir ár er málinu ýtt út af borðinu af meiri hluta í umhvn. þingsins, með tilstyrk hæstv. umhvrh. vegna þess að heildarendurskoðunar á löggjöf um náttúruvernd sé að vænta, lögum nr. 93/1996.

Hvernig standa málin varðandi endurskoðun þá sem hæstv. umhvrh., sá er nú situr, fullyrti, þegar deilt var um endurskoðun náttúruverndarlaga 1996, að lokið yrði á kjörtímabilinu? Hann sagði að unnið yrði ötullega að endurskoðun löggjafarinnar og tryggt að við það yrði staðið. Þar var ekki minna tekið upp í sig en svo að í sérstöku bráðabirgðaákvæði með löggjöfinni um náttúruvernd frá 1996 er sérstakt ákvæði sem hefur lagagildi. Þar segir, með leyfi forseta, í 44. gr. gildandi laga um náttúruvernd:

„Lög þessi skal endurskoða í heild sinni innan tveggja ára frá gildistöku."

Hvenær er gildistakan? 1. janúar 1997. 1. janúar 1999 skyldi endurskoðun laganna lokið og ný lög um náttúruvernd verið sett á grundvelli þeirrar endurskoðunar. Þetta er lagaleg skuldbinding sem ekki hefur verið staðið við af framkvæmdarvaldinu. Nýtt frv. hefur ekki einu sinni verið sýnt hér í þinginu. Endurskoðuð löggjöf um náttúruvernd hefur ekki komið fram og engar líkur til að það mál fái framgang, þótt sýnt yrði hér í þinginu, þá fáu daga sem eftir eru af starfstíma þingsins, þegar um er að ræða víðtækt og vandasamt mál eins og endurskoðun náttúruverndarlaga.

Þetta er, virðulegur forseti, bæði hörmulegt og ámælisvert. Skýr lagafyrirmæli lágu fyrir þegar lög voru sett um náttúruvernd vorið 1996, í verulegum ágreiningi varðandi þýðingarmikil atriði. Þau voru réttlætt með því að aðeins væri um mjög takmarkaða endurskoðun á löggjöfinni að ræða og ötullega yrði unnið að því að tryggja fullnaðarendurskoðun á lögunum í ljósi nútímalegra viðhorfa. Við það hefur ekki verið við staðið þrátt fyrir lagafyrirmæli í gildandi löggjöf.

Ég hlýt að harma þetta, virðulegur forseti, um leið og ég legg til að þetta knýjandi mál sem hér er líklega í fjórða sinn mælt fyrir í þinginu, gangi til hv. umhvn. til efnislegrar umfjöllunar en nefndin þekkir málið. Flestir eru þar hinir sömu og hafa setið yfir því á liðnum þingum þessa kjörtímabils. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þau kunnuglegu ákvæði sem þarna eru vandlega undirbúin verði felld að gildandi löggjöf þannig að a.m.k. þeir þættir sem hér er tekið á, sem auðvitað eru aðeins hluti af viðfangsefninu varðandi heildarendurskoðun á náttúruverndarlöggjöfinni, fái sinn stað í lagasafni Íslands fyrir lok kjörtímabilsins.

[14:55]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er flutt horfir til bóta að mörgu leyti. Þær tillögur sem fram eru settar taka á brýnu viðfangsefni. Það er afar sérandi að sjá hvernig efnistaka og jarðrask hefur leikið margar landslagsgerðir hér á Íslandi hin síðari ár og þá óreiðu sem ríkt hefur vegna skorts á góðum lögum. Það er því nauðsynlegt að koma lögum yfir þetta atriði. Því hefur hæstv. umhvrh. látið vinna mjög ítarlegt frv. um náttúruvernd en þar er tekið á þeim tveimur meginþáttum sem hér eru gerð að tillöguefni hjá hv. flm. Hjörleifi Guttormssyni. Þar er annars vegar fjallað um landslagsvernd og hins vegar um efnistöku og jarðrask.

Umrædd nefnd hefur sent frá sér frv. til ráðherra. Hæstv. umhvrh. hefur lagt það fram í ríkisstjórn þar sem það er til umfjöllunar. Ég vænti þess að það frv. líti dagsins ljós á hinu háa Alþingi og tekið verði á þeim mikilvægu efnum sem hér um ræðir.

Að því sögðu vil ég þakka flm. fyrir frv. sem hann leggur hér fram að nýju og þær hugmyndir sem þar hafa komið

fram. Þær hafa ýtt við þörfu máli og orðið til góðs við þá tillögugerð sem nú liggur fyrir í væntanlegu náttúruverndarfrv.

[14:57]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég efast ekkert um góðan hug hv. þm., Ólafs Arnar Haraldssonar, formanns umhvn., varðandi málið. Hitt stendur eftir að þrátt fyrir þá endurskoðun á lögum um náttúruvernd sem komin er í hendur ríkisstjórnar þá hefur það frv. ekki orðið að lögum í þinginu. Hvað sem líður góðum hug okkar sem í umhvn. sitjum þá blasir við að endurskoðun á mjög veigamiklum þáttum löggjafarinnar um náttúruvernd verður ekki gerð svo vel sé á örfáum dögum. Nú er það innan við mánuður, kannski þrjár vikur í starfsdögum, sem þingið á eftir að starfa og sinna þýðingarmiklum málum. Um endurskoðun á lögum um náttúruvernd þarf auðvitað að verða samráð við aðila utan þings, eins og venja er um þýðingarmikil mál, í formi skoðanaskipta þar sem umsagna yrði leitað.

Mér sýnist því að við stöndum í þeim dapurlegu sporum að kjörtímabilinu ætli að ljúka án þess að bætt sé úr jafnbrýnum málum og hér er um að ræða. Þó heyrist mér á hv. formanni umhvn. að um þau sé samstaða. Málið er dapurlegt og ég er ekki að kenna hv. þm. um þetta. Ráðuneytið hét þessu og því bar að skila hér inn tillögum í þingið í tæka tíð svo unnt væri að ljúka nýrri lagasetningu fyrir lok síðasta árs eins og lögin kveða á um. Þessa stöðu ber að harma. Ég hvet enn og aftur til þess að tekið verði á afmörkuðum þáttum í núgildandi löggjöf með lagabreytingu þar sem samstaða gæti tekist um á grundvelli þessa frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur ríkisstofnana, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 91. mál. — Þskj. 91.

[15:00]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana, 91. mál þingsins, framkominni hér í þinginu snemma í októbermánuði, án þess ég hafi dagsetninguna hér fyrir framan mig og er um að ræða endurflutning á máli sem flutt var fyrst á 120. löggjafarþingi og kemur þannig hér fram í fjórða sinn á þingi. Ég hygg, virðulegur forseti, að ýmsir þeir sem þekkja til málsins, og það eru auðvitað hv. þm. en einnig margir utan þings, hefðu kosið að mál þetta hefði fengið aðra meðferð en raun ber vitni á liðnum þingum. Það segi ég m.a. vegna þess atburðar sem varð hér í desember, skömmu fyrir jólahlé þingsins, þegar Hæstiréttur dæmdi ómerkan flutning tiltekinnar ríkisstofnunar, Landmælinga Íslands, upp á Akranes samkvæmt boði hæstv. umhvrh. þar sem Hæstiréttur taldi að lagaheimild skorti varðandi málið. En þetta þingmál er flutt af mörgum hv. þm. auk mín. Meðflm. eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson og Ögmundur Jónasson. Efni tillögunnar kemur fram í eftirfarandi texta, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta reglur um málsmeðferð við flutning ríkisstofnana milli landshluta. Taki þær reglur m.a. á eftirfarandi þáttum:

a. aðstöðu stofnunar í nýju umhverfi,

b. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem flytja með stofnuninni,

c. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem ekki kjósa að flytja,

d. málsmeðferð gagnvart Alþingi áður en ákvörðun er tekin.

Haft verði samráð við samtök opinberra starfsmanna og önnur stéttarsamtök, eftir því sem við á, um mótun reglnanna. Niðurstöður verði kynntar Alþingi eigi síðar en á haustþingi 1999 ásamt tillögum um lagabreytingar sem þörf er talin á."

Þetta er efni tillögunnar. Eins og hér kemur fram er þarna vísað til mjög knýjandi aðgerða og undirbúnings sem þarf að liggja fyrir áður en svo veigamikil ákvörðun er tekin að flytja ríkisstofnun úr umhverfi sínu yfir í nýtt umhverfi.

Í grg. með tillögunni kemur fram að flm. telja að það sé eðlilegt markmið að dreifa þjónustu hins opinbera með skipulegum hætti um landið, þannig að henni verði í senn sem best fyrir komið gagnvart notendum þjónustunnar og einnig með það markmið í huga að styrkja byggð og æskilega byggðaþróun í landinu. Um þetta segir m.a. í grg.:

„Stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu og dreifingu opinberrar stjórnsýslu hefur lengst af verið afar óskýr og vöntun á svonefndu þriðja stjórnsýslustigi sem er til staðar annars staðar á Norðurlöndum hefur gert málstök erfiðari en ella.

Miklu skiptir fyrir byggðaþróun að dreifa um landið þeim verkefnum sem til falla á vegum ríkisins. Því fylgja m.a. störf fyrir sérhæft fólk sem kemst þá í snertingu við mannlíf og viðfangsefni í byggðum víða um landið. Að mati flutningsmanna tillögunnar hefur of mikill kraftur farið í skeggræður um að flytja stórar og grónar ríkisstofnanir frá höfuðstaðnum út á land í stað þess að byggja með samræmdum hætti upp þjónustu við íbúana í hverju kjördæmi á helstu umsýslusviðum ríkisins.

Mikilvægt er að þessi mál verði tekin öðrum og ákveðnari tökum en hingað til með það að markmiði að færa þjónustu ríkisins með samræmdum hætti nær fólkinu og styrkja svæðisbundna umsýslu. Þannig má stuðla að betri stjórnsýslu, treysta stöðu landsbyggðar með fjölgun starfa og draga úr miðstýringu."

Virðulegur forseti. Í grg. með málinu er síðan fjallað um það sem snýr að starfsmönnum og þau sjálfsögðu viðhorf sem ber að hafa í heiðri að ganga fram með eðlilega umgengni við starfsfólk í huga og réttarstöðu þess og að tryggja að undirbúningur sé þannig að það komi mönnum hvorki í opna skjöldu né að ekki gefist eðlilegur aðlögunartími en jafnframt að þeir hinir sömu, sem starfa við þá þjónustu sem hugmyndin er að færa til, fái eðlilega málsmeðferð og viti glöggt að hverju þeir ganga, hvort sem þeir kjósa að flytja sig um set eða ekki. Á þetta hefur átakanlega skort í sambandi við margt af því sem aðhafst hefur verið á þessu sviði, þó ekki alltaf. Ég vil nefna þar eitt dæmi sem er ljóst og sýnir að hægt er að taka á málum þannig að í senn sé með eðlilegum hætti fylgt stjórnarskrá og lögum og tekið tillit til eðlilegrar aðlögunar. Það var þegar aðalstöðvar Skógræktar ríkisins voru fluttar frá höfuðstaðnum austur á Fljótsdalshérað. Þá var það gert í fyrsta lagi með því að í upphafi var samþykkt þáltill. á Alþingi þar sem vilji þingsins kom fram og síðan tók framkvæmdarvaldið við, þ.e. landbrn., sem Skógræktin heyrir undir, sem undirbjó flutninginn m.a. með því að afla

sérstakrar lagaheimildar á Alþingi fyrir flutningi þessarar stofnunar. Hann var ekkert sársaukalaus gagnvart starfsfólki sem þá vann við þessa þó tiltölulega fáliðuðu stofnun, en það var þó farið að stjórnarskrárákvæðum í þessu efni og aflað var nauðsynlegra heimilda frá þinginu í formi almenns álits og síðan laga. Þetta mega teljast vera eðlileg vinnubrögð en þarna lágu samt ekki fyrir þær samræmdu reglur varðandi réttarstöðu starfsfólksins sem nauðsynlegt er að settar verði.

Ég kynnti mér m.a. aðdraganda að undirbúningi þessa máls, hvernig nágrannar okkar í Noregi standa að málum en þeir hafa færst talsvert í fang við að flytja opinbera þjónustu frá höfuðstaðnum, Ósló, út um landið en eiga hægara um vik að dreifa þjónustu, m.a. vegna þess að þar eru fylki til að taka við þjónustu af hálfu ríkisins. Þar eru einingar, raunar allstórar einingar sem eru undir það búnar, þar sem reglur og öll aðstaða er til staðar til að taka við þjónustu ríkisins og dreifa henni til einstakra landsvæða. Eitt dæmi sem ég kynnti mér sérstaklega vegna þess að ég var að vinna að tillögugerð varðandi eina tiltekna nýja ríkisstofnun sem reyndar var lögfest hér á Alþingi, þ.e. heimskautastofnunar, sem hlaut nafnið Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, á Akureyri. Af því tilefni kynnti ég mér hvernig staðið hefði verið að málum í Noregi, þar sem um er að ræða fjölmenna stofnun, Norsk Polarinstitutt sem sinnir heimskautamálefnum fyrir hönd norska ríkisins og sú stofnun hefur verið flutt frá Ósló til Tromsö. Þá kom það upp úr dúrnum að þarna hafði verið unnið mjög vandað verk með um fimm ára aðlögunartíma, þar sem um er að ræða samkomulag við viðkomandi starfsmannafélög um réttindamál starfsmanna og allt var undirbúið með þeim hætti að mönnum var ljóst hvernig standa ætti að málum með löngum fyrirvara. Þetta færði mér heim sanninn um að það er hægt að móta með eðlilegum hætti reglur þótt alltaf verði síðan álitamál hvað eigi að flytja, hvernig eigi að standa að málum og hvaða markmiðum menn eru að sinna í þeim efnum.

Ég mæli kannski ekki endilega fyrir munn allra flm., án þess að hafa kannað það nokkuð sérstaklega, þegar ég segi að viðfangsefnið í þessu sambandi á númer eitt að vera það að dreifa þjónustu ríkisins almennt til einstakra svæða, einstakra kjördæma í landinu en ekki að vera að glíma við það sem aðalviðfangsefni að kippa upp einstökum stofnunum héðan úr höfuðstaðnum og flytja þær í heilu lagi eða skáka þeim til annarra landshluta, eins og því miður hefur verið að því er virðist meginviðfangsefnið í þau fáu skipti sem gripið hefur verið til raunverulegra aðgerða í þeim efnum. Það er ekki það sem skilar raunverulegum árangri, hvorki fyrir stjórnkerfið í heild sinni eða leysir þann vanda sem við er að fást í byggðaþróun í landinu. Þess vegna hef ég ætíð verið hvatamaður þess að menn taki á málinu út frá almennum forsendum, að dreifa þjónustu ríkisins, draga niður í starfsmannahaldi á höfuðborgarsvæðinu en koma þjónustuþáttunum fyrir í landshlutunum úti í kjördæmunum. Það er slík dreifing á opinberri þjónustu sem einhverju skilar í raun. En menn þurfa jafnframt að gæta þess að vernda kosti höfuðborgar og miðlægrar þjónustu sem alls ekki er víst að gert sé í rauninni, ef menn ekki gæta sín, þannig að heildarhagsmuna sé gætt.

Virðulegur forseti. Þessi tillaga er ekki ný af nálinni. Hún hefur verið til meðferðar og það liggja fyrir umsagnir og nokkrar þeirra eru birtar sem fskj. með tillögunni. Þar kemur fram stuðningur úr ýmsum áttum, t.d. frá Vinnuveitendasambandi Íslands, sem að vísu tekur ekki eindregið undir efni tillögunnar en telur þó að móta þurfi reglur um hvernig standa beri að slíkum flutningi, en er almennt gagnrýnið á slíkan flutning. En miðstjórn Alþýðusambandsins mælir með samþykkt tillögunnar og fjórðungssambönd úr einstökum landshlutum eru jákvæð gagnvart málinu, mörg hver, þannig að víða er að finna skilning á þessu. Ég er sannfærður um að skilningurinn á þessu fer vaxandi um land allt að settar séu skilmerkilegar reglur til að menn komist út úr þeim hremmingum sem því miður hafa einkennt þá viðleitni til að dreifa þjónustu ríkisins og þá einkum að flytja einstakar stofnanir eða starfsþætti frá höfuðstaðnum út um land.

Síðan eru það nýmæli í þjónustu ríkisins, nýjar stofnanir þar sem auðvitað geta verið efnisleg rök fyrir því vegna starfsemi viðkomandi stofnunar að koma fyrir á stöðum utan höfuðborgarinnar eða höfuðborgarsvæðisins og dæmi eru um það. Ég nefndi áðan Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sem heimskautastofnun sem auðvitað er vel sett á Norðurlandi, í höfuðstað Norðurlands svo dæmi sé tekið. Ég get líka vísað til margra vel heppnaðra aðgerða sem sá sem hér talar hefur átt nokkurn þátt í. Það var lagasetningin um iðnráðgjafa sem varð fyrsti vísirinn að þeirri atvinnuþróunarstarfsemi sem vaxið hefur upp í öllum kjördæmum landsins. Það voru sett lög um þetta 1980. Það var kannski einn fyrsti skipulegi vísirinn að því að taka þannig ákveðna þætti og dreifa þeim kerfisbundið. Ég get vísað til setra Náttúrufræðistofnunar Íslands, eða náttúrustofa. Það er einnig aðferðafræði sem var hugsuð þannig að dreifa markvisst þjónustu hins opinbera, rannsóknarstarfsemi öðru fremur út í kjördæmi landsins og hefur skotið rótum með mjög jákvæðum hætti. Ég held að það sé flestra mat. Það eru vönduð vinnubrögð og vel hugsuð í þessum efnum sem ég hvet til að verði ástunduð. Þannig munu menn ná árangri í senn til að efla byggð sem víðast í landinu sem réttmætt er og að dreifa þjónustu ríkisins þannig að hún sé sem næst viðfangsefnum og fólkinu sem hennar á að njóta.

Ég legg til að að lokinni umræðu fari tillaga þessi enn og aftur til hv. allshn. til meðferðar og hefði ég kosið að það væri skilningur á málinu nú og við eigum eftir að sjá málið aftur fyrir lok þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landgræðsla, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 111. mál (innfluttar plöntur). — Þskj. 111. [15:16]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér erum við með mál sem líklega kom einnig fram í október sl. inn í þingið en kemur nú fyrst á dagskrá. Ég er auðvitað ánægður og segi betra er seint en aldrei. Hér er einnig um að ræða mál sem áður hefur komið við sögu í þinginu því að frv. til laga um breyting á lögum um landgræðslu hefur sést áður. Flutningsmenn nú að málinu ásamt þeim sem hér talar eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Kristín Halldórsdóttir. Þetta er kunnuglegt fyrir þá þingmenn sem gefið hafa þessu máli gaum á undanförnum þingum.

Lögð er til breyting á markmiðsgrein laganna um landgræðslu í 1. gr. sem ég vísa til en síðan er 2. gr. frv. kannski það sem efnislega er kjarni málsins. Þó ætla ég að fara yfir 1. gr., með leyfi forseta, það er umorðun:

„Tilgangur laga þessara er þríþættur: að stuðla að jarðvegs- og gróðurvernd, að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs og að græða upp örfoka og lítt gróið land.

Við framkvæmd laganna skal byggt á vistfræðilegri þekkingu og varúðarreglu. Við það skal miðað að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri landsins."

Hér er um að ræða nokkrar breytingar varðandi 1. gr. Meginefnisbreytingin sem lögð er til í fyrri málsgrein greinarinnar er að bætt er við þriðja markmiðinu, þ.e. að stuðla skuli að jarðvegs- og gróðurvernd. Með því er átt við að eitt af meginmarkmiðum með lögunum um landgræðslu verði að hlúa að þeim jarðvegi og gróðri sem fyrir er og vernda gegn ofnýtingu.

Í síðari málsgrein er lagt til að við markmiðsgrein laganna verði bætt nýrri málsgrein þar sem fram koma þau grundvallaratriði sem hafa ber að leiðarljósi við framkvæmd laganna. Annars vegar er lagt til að kveðið verði á um að áður en ráðist verði í framkvæmdir skuli liggja fyrir vistfræðileg þekking og að aðgerðir skuli að öðru leyti byggjast á varúðarreglu sem er m.a. skilgreind í formála alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni. Sá samningur öðlaðist þjóðréttarlegt gildi með samþykki Alþingis 6. maí 1994 og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„.... þar sem hætta er á umtalsverðri rýrnun eða tjóni á líffræðilegri fjölbreytni ætti ekki að nota ónóga vísindalega þekkingu sem tilefni þess að fresta aðgerðum til að forðast eða draga eins mikið úr þeirri hættu og mögulegt er".

Hins vegar er lagt til að aðgerðir skuli miða að því að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegum gróðri og er það í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist, samanber m.a. samninginn um líffræðilega fjölbreytni.

Síðan er 2. gr. laganna og sú sem mest hefur verið rætt um á liðnum þingum og hefur tekið nokkrum breytingum frá því að málið fyrst var lagt fram. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Því aðeins skal taka til notkunar í landgræðslu innflutta plöntutegund að óhætt sé talið að mati Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, með hliðsjón af umsögnum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Sé nauðsyn talin á skal Rannsóknastofnun landbúnaðarins beita sér fyrir rannsóknum á viðkomandi tegund, einkum með tilliti til þess hvort hætta sé á að hún valdi röskun á lífríkinu þannig að vegið sé að fjölbreytni þess og náttúrulegum gróðursamfélögum.

Landbúnaðarráðherra skal að höfðu samráði við umhverfisráðherra setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd skv. 1. mgr."

Þetta er eins og ég gat um kannski kjarnabreytingin fyrir utan 1. gr. um breytt markmið varðandi landgræðslu. Ég nefni það í sambandi við 2. gr. að umhvn. þingsins hefur fjallað um þetta mál að beiðni landbn. og afgreiddi umsögn um málið 14. maí 1996. Hún er birt með frv. sem fskj. III. En síðan þessi umsögn var gefin hefur orðalagi verið breytt í 2. gr. Þá lét umhvn. þingsins svohljóðandi umsögn ganga til hv. landbn., með leyfi forseta:

„Umhverfisnefnd hefur, að beiðni landbúnaðarnefndar, fjallað um frumvarp til laga um landgræðslu, 93. mál. Nefndin er hlynnt því að settar verði reglur um notkun innfluttra plantna í landgræðslu svipað og lagt er til í frumvarpinu. Mikilvægt er að notkun innfluttra plantna við landgræðslu falli að stefnumörkun um gróðurvernd og alþjóðlegum skuldbindingum um líffræðilega fjölbreytni.

Þó verður að gæta þess að ekki séu settar óeðlilegar hömlur á innflutning erlendra tegunda. Nefndin vill því gera athugasemdir við ákvæði 2. gr. frumvarpsins er snýr að því hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að taka megi innfluttar plöntutegundir til notkunar í landgræðslu. Í frumvarpinu" — þ.e. eins og það lá þá fyrir — „er gert ráð fyrir að slíkt sé aðeins heimilt ef fyrir liggi jákvæðar umsagnir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Þykja þetta fullströng skilyrði og leggur nefndin til að slakað verði á þeim þannig að enginn þessara aðila hafi neitunarvald."

Þetta er umsögn nefndarinnar á þeim tíma. Í ljósi þessarar ábendingar var tillögugreininni breytt og nú er Rannsóknastofnun landbúnaðarins sá aðili sem leggur mat á þetta mál með hliðsjón af umsögnum nokkurra upptalinna stofnana. Forræðið er því sett í hendur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og þar með komið til móts við ábendingu frá umhvn.

Hér er um að ræða að mínu mati, og margra annarra án efa, mjög tímabært atriði og brýnt til þess að tryggja að innflutningur tegunda til notkunar í landgræðslu lúti þeim skilyrðum sem eðlilegt er að setja og þannig verði komið í veg fyrir að menn flytji til landsins og taki til notkunar í landgræðslu tegundir sem verði að plágum. Það er staðreynd sem er þekkt víða um lönd og í vaxandi mæli að farið hefur verið mjög ógætilega að í þessum efnum. Fjölmörg dæmi eru rakin í greinargerð með tillögunni um mikil vandkvæði sem upp hafa komið vegna innflutnings og notkunar tegunda sem fluttar hafa verið í nýtt umhverfi og hafa gerst mjög aðgangsharðar gagnvart landi og gróðri sem fyrir er þannig að úr hafa orðið sannarlegar plágur.

Hér var haldin ráðstefna árið 1997 að frumkvæði Félags garðyrkjumanna um innflutning plantna. Þar voru haldin mörg ágæt erindi og þar kom fram mjög víðtæk samstaða hjá þeim sem þar voru málshefjendur, a.m.k. flestra, og í ályktunum frá þessari ráðstefnu, um að tekið yrði á þessum vanda.

Í Morgunblaðinu þann 10. apríl 1997 birtist grein eftir Guðríði Helgadóttur sem var þá ritari í stjórn Félags garðyrkjumanna og kenndi við Garðyrkjuskóla ríkisins, og gerir það e.t.v. enn, þar sem rakið var það helsta sem fram kom á þessari merku ráðstefnu sem ég átti kost á að sitja. Ég leyfi mér aðeins að grípa inn í grein hennar, með leyfi forseta, þar sem segir:

„Plöntur hafa mismikla aðlögunarhæfileika. Það kemur í ljós þegar þær eru fluttar úr sínu upprunalega umhverfi og í rysjótt veðurfar eins og á Íslandi. Miklir aðlögunarhæfileikar eru hins vegar ekki alltaf af hinu góða. Misjafn er sauður í mörgu fé og við Íslendingar sleppum ekki við svörtu sauðina frekar en aðrar þjóðir. Kynnt var þumalfingursregla [þ.e. á ráðstefnunni] sem segir að af 10.000 plöntutegundum og yrkjum í landinu geti 10 hugsanlega farið úr böndunum og orðið að plágu. Við ættum að læra af reynslu annarra þjóða í þessum efnum en margar þjóðir hafa komið sér upp listum yfir hættulegar tegundir og takmarka dreifingu þeirra í löndum sínum." — Síðan eru rakin dæmi um það og segir m.a.: „Á Íslandi eru nú þegar nokkrar tegundir sem hugsanlega gætu orðið að vandamáli í framtíðinni. Okkur ber því að

sýna aðgát og fyrirhyggju við innflutning og dreifingu nýrra plantna."

Um niðurstöðu segir höfundur, með leyfi forseta:

„Niðurstaða þessarar ráðstefnu hlýtur því að vera sú, að nauðsynlegt er að samræma landnýtingaráætlanir hinna ýmsu aðila, svo sem landgræðslu, skógræktar, landbúnaðar, o.s.frv. Áður en lagt er af stað í þessar framkvæmdir á skilyrðislaust að fara fram umhverfismat. Verður það að teljast eðlileg krafa þar sem aukin gróðursetning og innflutningur plantna koma til með að breyta umhverfi okkar og hafa áhrif á það gróður- og dýralíf sem fyrir er í landinu. Stjórnvöld þurfa að setja fram langtímastefnu í grænu málunum svokölluðu og þar þurfa fagaðilar og áhugamenn að geta komið sínum sjónarmiðum að."

Þetta læt ég nægja sem tilvitnun í þessa ágætu yfirlitsgrein um merka ráðstefnu um það efni sem frv. sem hér er mælt fyrir lýtur að. Með frv. eru ákvæði til bráðabirgða til þess að aðlaga framkvæmd að núverandi stöðu og bæta úr málum eftir föngum.

Í greinargerð með frv., virðulegur forseti, er síðan fjallað um heildarendurskoðun laga um landgræðslu, það mikla nauðsynjamál sem búið er að vera á dagskrá hæstv. landbrh., sem jafnframt er umhvrh., frá því að viðkomandi hæstv. ráðherra tók við starfi að ég man best og frá því að við bárum okkur saman um þessi mál einmitt á grundvelli þessa frv. fyrir líklega fjórum árum síðan bráðum. Alltaf var heildarendurskoðun landgræðslulaga ef ekki hafin þá alveg á næsta leiti að fara af stað.

Nú vill svo vel til að hæstv. landbrh. er viðstaddur umræðuna og því vænti ég þess að við fáum í senn upplýsingar um stöðu þess máls sem að frv. lýtur sérstaklega, þ.e. varðandi innflutning plantna, því ég hef heyrt og séð að eitthvað hefur verið í undirbúningi þar að lútandi. Kannski er að nálgast að eitthvað komi fram í formi tillagna af hálfu framkvæmdarvaldsins eða stjórnvalda. Og í öðru lagi: Hvað líður því brýna verkefni að endurskoða frá grunni, vil ég segja, löngu úrelta löggjöf um landgræðslu og gróðurvernd eða lögin nr. 17/1965? Þau lög kunna að hafa verið ágæt þegar þau voru sett en eru náttúrlega sem eðlilegt er gersamlega úr takt við tímann og þarf engan að undra eins mikið og viðhorf hafa breyst og þekking manna hefur aukist. Auk þess hefur Ísland tekið á sig alþjóðlegar skuldbindingar og þá ekki síst að því er varðar verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

Virðulegi forseti. Ég geri tillögu um að máli þessu verði vísað til hv. landbn. Ég hafði reyndar vænst þess að formaður þeirrar nefndar yrði hér viðstaddur. Hann hafði á liðnum þingum allgóð orð um það að jafnvel afgreiða þetta mál, ég vil samt ekki fullyrða of mikið, en að taka jákvætt á málinu enda hefur verið reynt við nýja framlagningu málsins að breyta ákveðnum þáttum þess þannig að sniðnir væru af þeir vankantar sem bent hefur verið á af þeim sem um hafa fjallað.

Virðulegur forseti. Í efni þessa máls og því sem bætt er við og lögð áhersla á, þ.e. endurskoðun laga um landgræðslu og gróðurvernd, er um að ræða afar knýjandi mál. Við erum með plágur í landinu nú þegar sem erfitt verður að koma böndum á. Við megum ekki auka þar við með áframhaldandi gáleysi í innflutningi plantna sem nýttar eru í það nauðsynjamál að bæta úr því sem verst hefur farið í sambandi við jarðveg og gróður í landinu. En þar þarf alltaf að fara að með gát þegar aðferðir eru ákveðnar, bæði við val á tegundum og annað sem að þessu lýtur og að því er stefnt með þessu frv.

[15:32]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kom í framsöguræðu hv. þm., 1. flm. þessa frv. að við höfum áður rætt nokkuð um innihald þess í þingsölum og skipst á skoðunum um efni þess. Ég held að ég geti sagt svipað og áður að ég tel að hér sé um margt hreyft mikilvægu máli. Hér er annars vegar, eins og frv. ber með sér, fjallað um jarðvegs- og gróðurvernd í víðum skilningi og að koma í veg fyrir gróðureyðingu, það er efni laga um landgræðslu og áréttaður er tilgangur laganna sem hv. flutningsmenn vilja leggja áherslu á. Ég tel að tímabært sé að horfa til þess sem hér er undirstrikað og hv. flm. hefur rækilega rökstutt í málflutningi sínum.

Hitt atriði frv., sem er um innfluttar plöntutegundir og nýtingu þeirra eða notkun í landinu og til notkunar við landgræðslu, er líka mál sem við höfum rætt og hefur verið til umfjöllunar, bæði hér í þingsölum og í landbrn.

Það sem ég vildi fyrst og fremst koma á framfæri og gera grein fyrir er það sem hv. þm. velti fyrir sér um hvað hafi verið að gerast í þessum málum á undanförnum missirum af hálfu ráðherra og landbrn. Umfjöllun hefur verið um bæði þessi atriði, þ.e. annars vegar um lögin í heild, um endurskoðun laganna. Við höfum verið að fjalla um og undirbúa þá vinnu. Hins vegar höfum við í ráðuneytinu um nokkurn tíma einnig verið að fjalla um reglur um innflutning plantna og nýtingu á svokölluðum innfluttum plöntutegundum.

Varðandi endurskoðunarvinnuna, þá er það rétt sem kom fram í máli hv. frsm. að það mál hefur dregist og dróst úr hömlu að koma stefnumótunarvinnu af stað. Reyndar hefur ýmislegt verið að gerast og verið í gangi á vegum Landgræðslunnar og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem fjallar um þessi mál. Ég vil nefna þá miklu vinnu sem endaði með skýrslugerð og mikilli úttekt sem hefur gengið undir heitinu jarðvegsvernd og var mikil úttekt á ástandi gróðurs og jarðvegs í landinu. Þetta var mikið til umfjöllunar á seinasta ári og endaði með því að fá viðurkenningu af hálfu Norðurlandaráðs, svokölluð umhverfisverðlaun sem var auðvitað afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga og þá aðila, einstaklinga og stofnanir sem höfðu unnið að því viðamikla og vandaða verki að fá slíka viðurkenningu. Það hefur gefið þeim, bæði einstaklingunum, stofnununum og ráðuneytinu stöðu til þess að halda áfram þessu verki og fá hljómgrunn fyrir því að setja viðbótarfjárveitingar í málið og hefja næsta áfanga sem aðstandendur þess verks hafa kosið að kalla eða vinna að undir heitinu nytjaland, sem er líka mikilvæg úttekt á ástandi þess lands sem við erum að nytja til landbúnaðar og annarra athafna í landinu í framhaldi af úttektinni á gróðurástandinu.

Í haust var síðan sett af stað stefnumótunarvinna með nefndarskipun sem var gefinn skammur tími til vinnu og var þess reyndar vænst að því verkefni lyki um áramótin. En ég hef fengið drög að skýrslu nefndarinnar þannig að ég veit að vinnan er langt komin. Henni er hins vegar ekki alveg lokið en ég vonast til þess, eftir að hafa rætt við einstaka nefndarmenn og formann þeirrar nefndar sem vinnur að stefnumótuninni, að því verki ljúki alveg á næstu vikum. Það mun auðvitað samt þýða það að frv. til nýrra laga um landgræðslu verður varla lagt fyrir þetta þing. Ég skal þó ekki útiloka að það geti gerst að það verði niðurstaða nefndarstarfsins. En fyrst og fremst hef ég lagt áherslu á að

nefndin ynni skipulega og ítarlega stefnumótunarvinnu og það sem ég hef séð af störfum nefndarinnar lofar góðu í því efni. Það mun verða unnið gott verk til þess að byggja síðan á breytingar á lögum eða endurskoðun laganna í heild sinni. Það er hugsanlegt að það takist á næstu vikum, en þar sem allir vita og hv. þm. er öllum ljóst að þetta þing verður ekki langt, þá er svo sem ekki hægt að lofa því eða gefa fyrirheit um að hægt verði að koma frv. inn á þingið og þó það tækist í lok þingsins, þá er alla vega nokkuð ljóst að það mun ekki verða afgreitt á þessu þingi.

Ég sný mér þá aðeins að því að gera grein fyrir því starfi sem hefur verið unnið í sambandi við innflutning plantna eða nýtingu á innfluttum plöntutegundum. Um nokkurt skeið hefur verið að störfum nefnd á vegum landbrh. til þess að fjalla um það mál undir forustu starfsmanns Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og það sem ég hef nýjast frétt af því nefndarstarfi er að komið er líka að lokum í þeirri vinnu en það hefur tekið lengri tíma en menn álitu í upphafi og sýnir að það verk er ekki einfalt, kannski fyrir það að um málið eru nokkuð skiptar skoðanir og taka þarf tillit til sjónarmiða, kannski að einhverju leyti misvísandi sjónarmiða eða áherslna. Auðvitað má minna á að við erum nú með fjölmargar innfluttar plöntur sem eru nytjaplöntur í íslenskum landbúnaði í dag og kannski er ekki ágreiningur um það heldur fremur um það hvað kunni að gerast með aðrar tegundir sem við höfum ekki flutt til landsins og jafnvel einstakar tegundir sem við höfum nú þegar flutt til landsins en ágreiningur er um nýtingu eða notkun á. Það er því margt sem þarf að huga að í þessu sambandi, en ég vænti þess að því nefndarstarfi sé einnig alveg að ljúka, en eins og ég hef hér sagt, og þá er það áréttíng á því sem kom fram hjá hv. frsm., þá hefur þetta starf gengið hægar en til stóð í upphafi af minni hálfu en ég vonast þó til þess að bæði þessi verkefni séu að klárast, þ.e. stefnumótunarvinnan fyrir Landgræðsluna og þetta nefndarstarf um innflutning plantna.

Að lokum vil ég segja, hæstv. forseti, að ég fagna þeirri breytingu sem gerð er á 2. gr. þessa frv. — og ég hygg að ég hafi einnig gagnrýnt það þegar málið var til umfjöllunar á seinasta þingi — að hér væru margar stofnanir sem ættu að fjalla um þetta og gætu haft neitunarvald ef svo má að orði komast eða sett fram skilyrði hver og ein án þess að samræmis væri endilega gætt milli þeirra. En hér er tekið á því eins og hv. frsm. réttilega gat um og vitnaði m.a. til álits umhvn. í því efni sem er prentað með sem fskj. frá hinu fyrra frv. Ég er efnislega sammála þessari breytingu, enda hef ég gert við það athugasemd áður og tel að hér sé orðið við því með þeim hætti að það gæti verið vel ásættanlegt.

[15:41]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má ekki minna vera en við hæstv. ráðherra notum tækifærið tveir saman með hæstv. forseta að skiptast á skoðunum frekar um málið, ekki síst í ljósi þess að við höfum hér uppvaxandi kynslóð ungra Íslendinga á áheyrendapöllum sem eru í heimsókn hjá okkur.

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar sem hann hefur veitt. Því miður eru þær staðfesting á því sem áður hefur komið fram að allt of seint gengur í sambandi við úrvinnslu, bæði varðandi lagabætur og nýsmíði í löggjöf og eins varðandi það að móta og festa reglur um það mál sem frv. þetta öðru fremur fjallar um. Ég ætla ekki að vera með nein stóryrði um það. Ég er sannfærður um að það gengur nærri hæstv. ráðherra að geta ekki lokið þessum verkum sem hann hefur ítrekað lýst vilja sínum til að mættu ganga fram. Ég býst við að hann taki það ekkert síður nærri sér en sá sem hér talar hversu seint hefur gengið.

Hér er líka dæmi um það svipað og með lögin um breytingu á náttúruverndarlöggjöfinni að þingið gerir ekki nóg af því að grípa á brýnum málum, þótt frá þingmönnum komi í formi tillagna, til þess að taka við slíku opnum huga og fella það inn í gildandi löggjöf. Menn eru alltaf að bíða eftir stóra vinningnum, alltaf að bíða eftir heildarendurskoðuninni sem er allt saman góðra gjalda vert. En við gerum of lítið af því að breyta lögum og taka á afmörkuðum þáttum sem líklegt er að samstaða geti tekist um ef menn bara leggja í það vinnu. Þess vegna vona ég að þetta frv., með jákvæðum undirtektum hæstv. ráðherra, fái kannski þrátt fyrir allt jákvæða niðurstöðu í landbn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:43]

Útbýting þingskjala:

Laun grunnskólakennara og fjármál sveitarfélaga, 467. mál, fsp. SJS, þskj. 772.

Slys á Reykjanesbraut, 469. mál, fsp. KPál og KF, þskj. 774.

Sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, fyrri umr.

Þáltill. HG, 140. mál. — Þskj. 140.

[15:44]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Sú till. til þál. sem hér hefur verið kynnt á dagskrá, um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni, er flutt af þeim sem hér talar og efni hennar kemur fram í tillögutexta sem ég leyfi mér að hafa hér uppi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra og Hafrannsóknastofnuninni að nota lagaheimildir, fyrirliggjandi þekkingu og rannsóknaniðurstöður á lífríki hafsbotnsins innan íslenskrar efnahagslögsögu til að friða án tafar í varúðarskyni, að minnsta kosti fyrir botnlægum eða hreyfanlegum veiðarfærum, þau svæði á hafsbotni sem brýnt er talið að vernda til að koma í veg fyrir frekara tjón á lífríki og uppvaxtarskilyrðum nytjafiska en orðið er.

Leitað verði samvinnu við umhverfisráðherra, Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Fiskifélag Íslands og samtök sjómanna og útvegsmanna við undirbúning og meðferð málsins.

Jafnframt verði hafinn undirbúningur víðtækari aðgerða til að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á hafsbotni innan efnahagslögsögunnar. Skorti á lagaheimildir til æskilegra verndaraðgerða og sjálfbærrar nýtingar hafsbotnsins verði lagðar tillögur fyrir næsta löggjafarþing þar að lútandi, sem og skýrsla um framvindu verndaraðgerða."

Þetta er efni tillögunnar, virðulegur forseti. Sjálf tillögugreinin er allítarleg, en ástæða var talin til þess að hafa hana svona. Eins og hér kemur fram er viðfangsefnið tvíþætt má segja, þ.e. að grípa þegar í stað til aðgerða til þess að koma í veg fyrir spjöll og jafnframt að hefja undirbúning að víðtækari aðgerðum til að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á hafsbotninum.

Mál þetta tengist öðru máli sem var samþykkt á síðasta þingi og sem sá sem hér talar var 1. flm. að, en fjallaði um rannóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins. Sú tillaga, sem gerð var að ályktun Alþingis, leiddi til þeirra ángæjulegu tíðinda að veitt var nokkur upphæð á fjárlögum yfirstandandi árs til þess að gera Hafrannsóknastofnun kleift að hefja átak í rannsóknum á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins á Íslandsmiðum. Það er mál sem hefur verið í umræðu um alllangt skeið, m.a. hafa sjómenn fyrir löngu gert sér ljóst að þörf væri að taka á því og hafa gert sér ljósar þær róttæku breytingar sem nýting Íslandsmiða með veiðarfærum sem snerta hafsbotninn og dregin eru um hafsbotninn veldur. Þetta rannsóknarátak er upphafið. 15 millj. kr. voru veittar að tilstuðlan hv. fjárln., því þaðan kom tillagan um upphæðina. Þar er í aðalatriðum fylgt forsögn samþykktar þingsins en jafnframt gert ráð fyrir því að framhald verði á. Mér segir svo hugur um að menn séu hér að leggja inn á rannsóknarsvið sem ekki ljúki á þremur árum, eins og upphaflega var gert ráð fyrir í áætlun heldur taki til lengri tíma, vegna þess að þörfin á að fylgja fyrstu yfirlitsrannsóknum eftir er áreiðanlega brýn. Eitt mun spretta þar af öðru og nýjar spurningar vakna jafnhliða þeim sem verður svarað.

Þessi tillaga um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera er til þess að bregðast við augljósri vá í þessum efnum. Það má segja að kveikjan að því að leggja til það sem hér er á ferðinni hafi verið upplýsingar sem sjónvarpið íslenska dró fram og flutti okkur í formi mynda af kórallasamfélögum á hafsbotni við Noreg og hvaða áhrif ógætilegar veiðar við botn þar sem slík samfélög er að finna hafa raunverulega á lífríkið og þau vistkerfi sem þar er um að ræða, en þau vistkerfi geta haft geysilega mikla þýðingu í sambandi við uppvaxtarskilyrði lífvera, þar á meðal nytjafiska.

Vísað er til þess í greinargerð með tillögunni að það falli undir markmið Hafrannsóknastofnunar að sinna rannsóknum af þessu tagi. Þar segir m.a., þegar vitnað er til markmiða Hafrannsóknastofnunar, með leyfi forseta:

„Að afla alhliða þekkingar um hafið og lífríki þess, einkum til að meta hvernig hagkvæmt og skynsamlegt sé að nýta auðlindir þess.

Að afla þekkingar um lögun, gerð og jarðfræðilega eiginleika landgrunnsins, einkum með tilliti til fiskveiða.

Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti sjávargróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna.

Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar."

Síðan er nánar um þetta fjallað í greinargerð og tillögunni fylgir yfirlitsuppdráttur þar sem sýnd eru þau svæði landsins þar sem talið er að sé að finna verðmætustu samfélög kóralla en tillagan beinist m.a. að því að tryggja vernd og viðgang slíkra samfélaga.

Meginefnið er sem sagt það að fela Hafrannsóknastofnun að friða án tafar í varúðarskyni, a.m.k. fyrir botnlægum hreyfanlegum veiðarfærum, þau svæði sem brýnt er talið að vernda.

Virðulegur forseti. Það er mjög athyglisvert hvað menn hafa gengið blindandi til verka í sambandi við hafsbotninn. Hann er auðvitað ekki daglega fyrir augum okkar og ekki heldur þeirra sem sjóinn stunda og það er kannski meginskýringin á því að menn horfa fram hjá eða hafa ekki gefið gaum svo sem vert væri þeim áhrifum sem veiðar með botnlægum veiðarfærum hafa á hafsbotninn. Allt er það auðvitað í hrópandi mótsögn við þá miklu umræðu sem er í gangi um áhrif aðgerða mannlegra athafna á landi þar sem afleiðingarnar blasa við. Við þurfum því að nota nútímatækni og rannsóknarmöguleika til þess að átta okkur á þessum áhrifum um leið og verðmætustu samfélögin eru kortlögð og gripið er til nauðsynlegra verndaraðgerða, til friðunar, varanlega eða tímabundið eftir því sem við á.

Virðulegur forseti. Ég tel eðlilegt að þessi tillaga fari til hv. sjútvn. þingsins, þó æskilegt væri jafnframt að sjútvn. hefði samráð við umhvn. áður en tillagan yrði afgreidd eða endanleg afstaða tekin til hennar þar sem þetta eru mál sem varða auðvitað umhvn. eins og vikið er að í sjálfum tillögutextanum. Ég vænti þess að tilefnið sé svo ljóst fyrir mönnum og þörfin á að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða verði metin svo brýn að það ætti ekki að vefjast fyrir mönnum að taka afstöðu til málsins. Hér er hins vegar, eins og ég hef þegar látið fram koma, um mjög stórt mál að ræða til framtíðar litið, sem verður auðvitað að byggja á rannsóknum og upplýsingaöflun og víðtæku mati þó að við beitum varúðarreglunni til að tapa ekki meiru en orðið er miðað við þekkingu okkar og yfirsýn á þessari stundu.

[15:54]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski einkennilegt að kalla þetta andsvar. Ég ætla í raun ekki að andmæla heldur að nota þennan stutta tíma til þess að lýsa því yfir að ég tel að hér sé velt upp máli sem nauðsynlegt sé að taka á. Eins og reyndar er vikið að í tillögugreininni sjálfri þá er þetta mál sem varðar umhverfissjónarmið og náttúruverndarsjónarmið. Þó að við höfum hingað til fjallað mest um umhverfismál og náttúruvernd á landi, þá held ég að fyllilega sé tímabært að menn hugi að því að það getur líka verið að með ýmsum mannanna verkum og manngerðum tækjabúnaði séum við að skemma eða vinna tjón á náttúruverðmætum í hafi eða á hafsbotni og það þarf vissulega að huga að því.

Þó að tillögunni sé fyrst og fremst beint til hæstv. sjútvrh. og Hafrannsóknastofnunar þá vildi ég láta þetta sjónarmið mitt koma hér fram og geta þess að ég tel bæði rétt og eðlilegt að taka einnig á þessum málum í lögum um náttúruvernd og að lög um náttúruvernd nái a.m.k. að einhverju leyti til þessara þátta og þar með þá til íslenskrar efnahagslögsögu en ekki bara til umhverfismála og náttúruverndar á landi. Það er sjálfsagt að þetta sé allt saman unnið í samráði við hæstv. sjútvrh. en ég vildi láta viðhorf mitt koma fram og nota andsvararétt minn til þess.

[15:56]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir mjög jákvæðar undirtektir við tillöguna og markmið hennar og alveg sérstaklega taka undir það sjónarmið sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að eðlilegt sé að lög um náttúruvernd taki einnig til hafsins, hafsbotnsins. Þau hafa verið sniðin að landinu fyrst og fremst og auðvitað er mörgu ósvarað að því er snertir meginhluta íslenskrar efnahagslögsögu, þ.e. hafið, hafsbotninn sem er eign ríkisins eftir að við slógum eign okkar ótvírætt á hann með löggjöf 1990, þar sem kveðið er á um að hafsbotninn með því sem er í honum og á — þ.e. annað en lífverur — sé eign íslenska ríkisins. Íslenska ríkið

ber því mjög víðtækar skyldur varðandi verndun á þessum hluta efnahagslögsögunnar.

Ég ítreka þakkir til hæstv. ráðherra fyrir undirtektir. Það er nauðsynlegt að sjútvrn. og umhvrn. sem framkvæmdarvald taki saman á málum sem að þessu lúta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkahlutafélög, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 147. mál (slit á félagi og innlausn hluta). — Þskj. 147.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjálmanotkun hestamanna, 1. umr.

Frv. KH o.fl., 171. mál. — Þskj. 174.

[15:58]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um hjálmanotkun hestamanna, sem er 171. mál þessa þings og er á þskj. 174. Flutningsmenn auk mín eru hv. þingmenn Guðmundur Árni Stefánsson, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Sigríður Jóhannesdóttir.

Þetta er ekki viðurhlutamikið frv. Það er fáort, einfalt og auðskilið en fjöldi orða og frumvarpsgreina segir ekkert um stærð og mikilvægi mála og ég leyfi mér að halda því fram að þetta frv., verði það að lögum, geti skipt sköpum í hreinni og tærri merkingu þess orðtaks. Ef til vill hefur frv. og umræðan sem það hefur skapað þegar skipt sköpum þar sem það hefur, eftir því sem ýmsir segja mér og sem ég þykist reyndar hafa séð sjálf, haft nokkur áhrif til aukningar á notkun hlífðarhjálma í hestamennsku.

Frv. var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt þótt það sé hvorki flókið né torskilið og hafi fengið afar góðar viðtökur umsagnaraðila eins og vikið er að í grg. Frv. var t.d. til umfjöllunar í Umferðarráði og voru ráðsmenn hlynntir lögfestingu þess. Í umsögn ráðsins kom fram að hjálmaskylda hestamanna styrkti almenna umræðu um gagnsemi hjálma í umferðinni og mikilvægi þeirra sem forvarnar gegn höfuðmeiðslum og það held ég að sé hárrétt athugað.

Slysavarnafélag Íslands lýsti fullum stuðningi við frumvarpið og skýrði frá því að það hefur undanfarin ár sent bréf til félagasamtaka í hestamennsku og hvatt þau til að koma á almennri notkun hlífðarhjálma meðal félagsmanna. Í umsögn Slysavarnafélagsins er m.a. bent á það að ef þær upplýsingar sem fram koma úr Skagafirði, og koma fram aðeins fyrr í greinargerðinni, væru yfirfærðar prósentuvís yfir landið væri hægt að gera sér í hugarlund hversu ástandið er alvarlegt á landsvísu varðandi slysatíðni tengdri hestamennsku. Hér er vísað til upplýsinga frá Skagafirði sem sagt er frá í greinargerðinni, en Óskar Jónsson, læknir á Sjúkrahúsi Sauðárkróks, gerði yfirlit og samanburð á umferðarslysum og slysum í tengslum við hestamennsku á ákveðnu árabili, frá 1984–1990, þar sem fram kom að fleiri leita til sjúkrahússins vegna hestaslysa en umferðarslysa. Á þessu árabili leituðu 238 læknis vegna hestaslysa en 215 vegna umferðarslysa. Eðli áverkanna var nokkuð svipað en þetta eru upplýsingar sem vekja talsverða athygli.

Vegna fyrirspurna þegar við vorum að undirbúa þetta frv. fór Óskar einnig yfir slysasbók sjúkrahússins á Sauðárkróki árin 1992–1996 og þá kom í ljós að enn hafði slysunum fjölgað. Á þessu fimm ára tímabili leituðu 329 manns til sjúkrahússins eftir umferðarslys og 387 eftir slys sem tengdust hestamennsku. Á þessum árum leituðu því að jafnaði tæplega 80 manns á hverju ári til sjúkrahússins vegna hestaslysa en um 66 vegna umferðarslysa. Það þarf því ekki að undra þótt læknaráð við heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki, sem gaf umsögn um frv., lýsti yfir stuðningi við það og léti í ljósi það álit að hjálmanotkun væri til þess fallin að draga úr alvarlegum höfuðáverkum hestamanna.

Loks skal vitnað orðrétt í umsögn Ólafs Ólafssonar, fyrrverandi landlæknis, sem segir, með leyfi forseta: „Hjálmanotkun hestamanna er skynsamlegt ráð. Helstu mótrökin eru að hjálmanotkun hefti frelsi manna. Ég veit engin dæmi þess að hjálmanotkun hestamanna hafi skert frelsi manna eða dregið úr baráttu fyrir frjálsræði í þjóðfélaginu. En dæmi veit ég um að hjálmanotkun hafi skilað mönnum heilum hildi frá og þá væntanlega betur í stakk búnum til þess að berjast fyrir frelsi og mannréttindum en ella.“

Þetta frv. hefur líka fengið stuðning víða þótt ekki hafi verið beinlínis eftir leitað. Ég nefni sérstaklega leiðara í tímaritinu Eiðfaxa, 9. tbl. síðasta árs, sem ég hlýt að telja góðan stuðning. Leiðarahöfundur, Ragnheiður Davíðsdóttir, vitnar þar að mestu í greinargerð þessa frv. og samtal sem hún átti við mig en hún segir einnig frá sjálfri sér, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir ábyrgir hestamenn hljóta að fagna þessu frv. Kristínar sem vonandi verður að lögum á þessu þingi. Ástæðan er einföld, slys á hestamönnum eru allt of tíð og þeim fer fjölgandi.“

Einnig ræðir hún um þær tölur sem birtast í greinargerðinni, sem ég mun aðeins víkja að á eftir, og segir að þær sanni svo ekki verður um villst „að full þörf sé á víðtækri þjóðarsátt meðal hestamanna um almenna notkun reiðhjálma við útreiðar“. Að lokum lýsir hún þeirri von sinni „að þingmenn löggjafarsamkomunnar beri gæfu til þess að samþykkja einróma frumvarp Kristínar enda hlýtur það að vera hagsmunamál þeirra sem okkar allra að koma í veg fyrir slys“.

Ég vek athygli hv. þingmanna á fylgiskjali með frv. þar sem fram koma upplýsingar um komur á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna hrossaslysa en þar hefur nýlega verið tekin upp kerfisbundin skráning slíkra slysa. Upplýsingarnar eru frá einu ári, þ.e. frá október 1997 til september 1998. Þar eru fróðlegar upplýsingar um fjölda eftir aldri og kyni og einnig um staðsetningu áverka. Fjöldinn er 148, 83 konur og 65 karlar. Ýmislegt forvitnilegt má lesa út úr þessum tölum þó að þessar upplýsingar séu auðvitað takmarkaðar þar sem aðeins er um eitt einasta ár að ræða. En gaman er að skyggnast á bak við þessar tölur og sem dæmi má nefna að í hópi þeirra 36 einstaklinga sem leita til slysadeildarinnar á aldrinum 5–19 ára eru reyndar þrefalt fleiri kvenkyns en karlkyns og í heildina eru konur fleiri í hópi slasaðra. Kann ég nú ekki að skýra þennan mun nema hér komi fram afleiðing af mismunandi líkamsburðum kynjanna. Það er a.m.k.

ekki geðfellt þeirri sem hér stendur að skýra það með því að konur séu verri reiðmenn. Ég trúi því ekki.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta þingmál, það skýrir sig að öllu leyti sjálft. Það er einfaldlega liður í slysavörnum og er kannski hollt að minnast þess að slys af ýmsu tagi eru talin kosta þjóðfélagið gríðarlega mikla fjármuni í heildina litið — talað er um 10–12 milljarða kr. árlega — og þyrfti í raun að verja miklu meiri orku og hugmyndavinnu og fjármunum til slysavarna. Framkvæmd þessarar tillögu kostar ríkið að vísu ekki neitt. Það getur hins vegar sparað samfélaginu mikla fjármuni.

En mest er þó um vert að þetta einfalda og sjálfsagða öryggistæki, hlífðarhjálmur á höfuðið, getur sparað mikil óþægindi, kostnað og vinnutap fyrir einstaklingana og það getur komið í veg fyrir varanleg meiðsl, örkuml eða jafnvel dauða. Ég trúi því að allir vilji frekar vera heilir heilsu en örkumla eða jafnvel lífvana.

Að lokinni umræðunni legg ég til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:08]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég kem hingað upp til þess að lýsa ánægju minni með það frv. sem hér liggur fyrir um að hestamenn skuli bera viðurkenndan hlífðarhjálm á höfði. Ég er ekki mikill hestamaður sjálfur en hef þó stundum farið í skipulagðar ferðir í fylgd vanra hestamanna, með misvönum hópum. Það hefur vakið athygli mína að þó svo að yfirleitt séu þeir hafðir með hjálma sem eru í þessum hópum og eru að kaupa sér þjónustu þeirra sem sjá um þessar ferðir, og hjálmar séu til taks fyrir þá, sem er náttúrlega hið besta mál, þá eru þeir oftar en ekki hjálmalausir sem eru með hópana. Nú er ég ekki að segja að þetta sé almenn regla hjá þeim sem sjá um slíka hópa en þetta hefur vakið athygli mína og virðist benda til þess að full þörf sé á því að setja þessar reglur. Það hefur oft verið notað sem rök gegn öryggistækjum, m.a. öryggisbeltum í bifreiðum, að þar með væri verið að skerða rétt manna — þá væntanlega til þess að skaða sjálfa sig. En ég vona að hestamenn á Íslandi og þeir sem nota hesta taki þessu frv. fagnandi og noti almennt hjálma og að þingheimur beri gæfu til þess að samþykkja frv.

[16:10]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. 15. þm. Reykv. fyrir að taka undir efni þessa frv. Reyndar hefur það vakið mér mikla ánægju hversu margir hafa tekið vel undir frv., og ekki bara innan þings heldur einnig úti í þjóðfélaginu. En það er óneitanlega hárrétt hjá hv. þm. að ekki eru allir jafnjákvæðir og m.a.s., eins og reyndar kemur fram í greinargerðinni, er vikið að nákvæmlega þessu sama og hv. þm. nefndi, að ýmsir atvinnumenn í hestamennsku sem setja jafnvel reglur um notkun hjálma á námskeiðum og í skipulögðum hestaferðum og benda viðskiptavinum sínum á það að þeir séu betur settir með hjálma fara síðan ekki sjálfir eftir eigin reglum og það skapar hættulegt fordæmi.

Það er því miður enn of algengt viðhorf að notkun hlífðarhjálms eða almennt notkun öryggistækja sé veikleikamerki og ekki við hæfi þeirra sem eiga að kunna að bjarga sér. Það sé til marks um öryggi og hæfni og þor að þurfa ekki á slíku að halda. En þetta er auðvitað ábyrgðarleysi og sérstaklega þegar menn eiga að gefa öðrum fordæmi. Það var hárrétt tilvitnun hv. þm. til notkunar bílbelta sem er einhver stórkostlegasta slysavörn sem leidd hefur verið í lög hér á landi og engin spurning að notkun bílbelta hefur bjargað mannslífum og komið í veg fyrir örkuml. Sama má segja um hjálmanotkun þeirra sem aka vélhjólum, það er lögleitt. Það er lögboðið að hafa hjálma á vélhjólum og ég hef ekki orðið vör við annað en að því sé fylgt mjög vel eftir, bæði af ökumönnunum sjálfum og lögreglu þannig að maður hlýtur að trúa því að ekki væri neitt flóknara að fylgja eftir ákvæði eins og því sem hér er lagt til.

Því er ekki að neita að ég hef heyrt þær raddir að þetta sé fáranleg skerðing á frelsi manna, hvernig menn ætli eiginlega framkvæma þetta, hvort lögreglan eigi að vera að elta bændur í göngur o.s.frv. En þetta finnst mér ekki haldbær rök. Það á ekki að vera neitt flóknara að fylgja þessu ákvæði eftir en að sjá til þess að menn fari að lögum almennt.

Ég vildi aðeins þakka hv. þm. fyrir að taka undir efni frv. og vonast svo sannarlega til þess að ekki muni vefjast fyrir okkur að lögleiða frv. á þeim örstutta tíma sem eftir er af þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 16:14.

60. FUNDUR

mánudaginn 8. febr.,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fangelsi og fangavist, stjfrv., 350. mál, þskj. 473. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Almenn hegningarlög, stjfrv., 351. mál, þskj. 474. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 354. mál, þskj. 482. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Útvarpslög, stjfrv., 371. mál, þskj. 582. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ættleiðingar, stjfrv., 433. mál, þskj. 712. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, þáltill., 65. mál, þskj. 65. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Náttúruvernd, frv., 84. mál, þskj. 84. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Flutningur ríkisstofnana, þáltill., 91. mál, þskj. 91. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Landgræðsla, frv., 111. mál, þskj. 111. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, þáltill., 140. mál, þskj. 140. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Einkahlutafélög, frv., 147. mál, þskj. 147. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Hjálmanotkun hestamanna, frv., 171. mál, þskj. 174. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Hafnaáætlun 1999–2002, stjtill., 291. mál, þskj. 343, nál. 541, brtt. 542 og 564. — Síðari umr.
15. Skipulag ferðamála, stjfrv., 361. mál, þskj. 497. — 1. umr.
16. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 352. mál, þskj. 475. — Frh. 1. umr.
17. Starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi, þáltill., 179. mál, þskj. 191. — Fyrri umr.
18. Orka fallvatna og nýting hennar, frv., 181. mál, þskj. 197. — 1. umr.
19. Lífsiðfræðiráð, þáltill., 182. mál, þskj. 198. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

[16:01]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Þorvaldur T. Jónsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingibjörg Pálmadóttir, 1. þm. Vesturl."

Þorvaldur T. Jónsson hefur áður setið á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Mannabreytingar í nefndum.

[16:02]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hefur bréf frá þingflokki sjálfstæðismanna, svohljóðandi:

„Reykjavík, 2. febrúar 1999.

Breytingar á skipan alþingismanna í þingnefndir.

Það tilkynnist hér með að eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á skipan alþingismanna Sjálfstfl. í þingnefndir:

Félagsmálanefnd: Í stað Kristjáns Pálssonar tekur sæti í nefndinni Katrín Fjeldsted.

Iðnaðarnefnd: Í stað Árna Ragnars Árnasonar tekur sæti í nefndinni Katrín Fjeldsted.

Landbúnaðarnefnd: Í stað Árna M. Mathiesens tekur sæti í nefndinni Katrín Fjeldsted.

Sérnefnd um stjórnarskrármál: Sólveig Pétursdóttir tekur sæti Friðriks Sophussonar.

Virðingarfyllst,

Sigríður Anna Þórðardóttir."

[16:02]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðaumferð og losun gróðurhúsalofts á Reykjanesbraut, 273. mál, svar umhvrh., þskj. 759.

Egilsstaðaflugvöllur sem varaflugvöllur í millilandaflugi, 468. mál, fsp. HG, þskj. 773.

Iðnaðarlög, 472. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 777.

Kennarar og leiðbeinendur, 26. mál, svar menntmrh., þskj. 728.

Orkunýtnikröfur, 473. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 778.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 398. mál, svar félmrh., þskj. 764.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 393. mál, svar utanrrh., þskj. 723.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 400. mál, svar félmrh., þskj. 766.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 406. mál, svar samgrh., þskj. 725.

Ríkislögmaður, 476. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 781.

Stjórnarráð Íslands, 475. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 780.

Styrktarsjóður námsmanna, 464. mál, frv. HjÁ o.fl., þskj. 763.

Fangelsi og fangavist, frh. 1. umr.

Stjfrv., 350. mál. — Þskj. 473.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 351. mál (reynslulausn o.fl.). — Þskj. 474.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 354. mál (réttarstaða brotaþola, endurupptaka mála o.fl.). — Þskj. 482.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 582.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Ættleiðingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 433. mál (heildarlög). — Þskj. 712.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 9. mál. — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:17]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, MS, MLS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SP, StG, SJS, SvG, TIO, ÞorstP, ÞJ, ÖJ.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, GE, GÁS, GÁ, HjÁ, ÍGP, JóhS, LMR*, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

[Forseti gat þess að GE hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; þm. ætlaði að segja já.]

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:09]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég tel raunar ástæðulaust að vísa þessu máli til nefndar. Það er þess eðlis að hér inni eiga allir að hafa afstöðu til þess, hvort hér eigi að vera varnarlið og hvort Ísland eigi að vera í NATO. Ég tel að með því að eyða miklum tíma í að fjalla um þetta mál í þinginu gefum við röng skilaboð um hvað við teljum nauðsynlegast að gera á vettvangi NATO. NATO stendur á tímamótum. Það eru miklar breytingar fram undan. Að fjalla um hvort við eigum að vera í NATO eða ekki eru röng skilaboð þegar við erum að aðstoða aðrar þjóðir við að ganga í NATO.

Hins vegar, með virðingu fyrir þeirri hefð sem ríkir í þinginu um að öll mál fari til nefndar, mun ég greiða atkvæði með því að málinu verði vísað til hv. utanrmn. og treysti því að málið verði afgreitt bæði fljótt og vel frá nefndinni.

[16:10]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Því er ekki að leyna að ég er algerlega ósammála innihaldi þessarar tillögu. Ég hef ávallt talið eðlilegt að þingmál fái umfjöllun og athugun í þingnefndum. Ég er hins vegar sannfærður um að eftir þá athugun sem fara mun fram í hv. utanrmn. Alþingis muni koma í ljós að örfáir þingmenn fylgi tillögunni efnislega. Ég er sannfærður um að í ljós muni koma að sú litla umræða sem er um þetta mál með þjóðinni í dag felur það í sér að í landinu ríkir sátt um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og þátttöku í varnarsamstarfinu.

[16:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér sýnist reyndar óþarft að hafa uppi rökstuðning fyrir því að þessi tillaga fái þinglega meðferð eins og aðrar. Það virðast allir vera sammála um, jafnt stuðningsmenn tillögunnar sem andstæðingar innihalds hennar. Ég tek þar af leiðandi undir orð hv. 2. þm. Reykn. Ég tel æskilegt að þessi tillaga fái skjóta meðhöndlun og komi til efnislegrar afgreiðslu sem allra fyrst. Úr því svo vel ber í veiði að bæði andstæðingar og stuðningsmenn tillögunnar eru sammála um þetta atriði, tek ég undir tilmæli hv. þm. Árna M. Mathiesens til utanrmn. um að hún hraði störfum og gangi til afgreiðslu og atkvæðagreiðslu um tillöguna. Ég er eindreginn stuðningsmaður þess og fagna því ef svo verður, ekki síst vegna þess að ekki nýttu allir sér möguleikana til að tjá efnislega afstöðu sína til tillögunnar við fyrri umr. Það er einmitt mjög æskilegt að afstaða manna liggi fyrir sem skýrust sem fyrst. Það gæti orðið við efnislega afgreiðslu tillögunnar við síðari umr.

[16:13]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Herra forseti. Ekkert hefur komið fram um að bandarískt herinn hafi áhuga á að flytja frá Íslandi og Íslendingar taki alfarið yfir rekstur Keflavíkurflugvallar þrátt fyrir að Bandaríkjamenn hafi af ýmsum ástæðum, sérstaklega tæknilegum, dregið að nokkru úr umsvifum sem Íslendingar hafa síðan tekið að sér. Ég tel hins vegar rétt að taka þetta mál til umfjöllunar í nefnd. Þá fáum við hreinar línur um hverjir hér í þinginu styðja svona tillögu. Mér finnst hún ekki sýna vilja meiri hluta þingsins eins og hann hefur verið að undanförnu og legg því til að þáltill. verði tekið til umfjöllunar í nefnd.

[16:14]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Í greinargerð með tillögu þessari er lagt til að Ísland móti sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu sem m.a. á að grundvallast á vopnleysi og veru utan hernaðarbandalaga. Ég minni á að um álfuna alla og þótt víðar væri leitað er horft til Atlantshafsbandalagsins til þess að tryggja frið og stöðugleika. Friður án vopna er fögur framtíðarsýn en því miður ekki raunsæ í þeim heimi sem við búum í.

Aðstaða varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli er mikilvægasta framlag okkar til starfsemi bandalagsins. Virðulegi forseti. Ég styð að tillögunni verði vísað til nefndar en undirstrika andstöðu mína við efni hennar.

[16:15]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það er ljóst að vinstri menn á Íslandi vaða enn í villu kalda stríðsins: „Ísland úr NATO, herinn burt.“ Öllum öðrum er ljós sú breyting sem orðið hefur á NATO og stöðu okkar í því nema hv. flutningsmönnum þessarar tillögu og fulltrúum samfylkingarinnar sem lýstu því yfir í umræðu hér fyrir nokkrum dögum að þeir væru sammála því að herinn færi úr landi og Ísland úr NATO innan nokkurra ára. Það er því mjög nauðsynlegt að kjósendur eigi kost á því að fylgjast með umræðum á Alþingi nógu lengi til að það komist inn í höfuðið á sem flestum hver stefna vinstri manna og samfylkingarinnar er í þessu máli. Þess vegna styð ég að málið fari til nefndar, þó svo að öðru leyti hefði það átt að vera óþarfi.

[16:16]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli forseta á þeirri nýbreytni sem hér hefur verið innleidd, sem er til fyrirmyndar. Það er að hefja efnisumræðu um mál alveg tafarlaust og væri best í framhaldi af þessari umræðu að greiða atkvæði um málið. Ég teldi eðlilegast að þeir sem eru nú að endurskoða þingsköpin taki upp þetta mál þannig að hægt verði að fara í stuttar og snarpar umræður þar sem þingmenn lýsa viðhorfum sínum hver á fætur öðrum og síðan verði greidd atkvæði um málið samstundis en ekki verið að gaufa með þetta í nefndum fram eftir öllum vetrum og kannski sofnar málið þar og fæst ekki afgreitt. Ég kvaddi mér hljóðs, herra forseti, til að segja að ég tel að þetta sé til fyrirmyndar og þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir það leiðtoga- og brautryðjendahlutverk sem hann hefur tekið að sér á þessu sviði.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 65. mál. — Þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 84. mál (landslagsvernd). — Þskj. 84.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Flutningur ríkisstofnana, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 91. mál. — Þskj. 91.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Landgræðsla, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 111. mál (innfluttar plöntur). — Þskj. 111.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 140. mál. — Þskj. 140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Einkahlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 147. mál (slit á félagi og innlausn hluta). — Þskj. 147.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hjálmanotkun hestamanna, frh. 1. umr.

Frv. KH o.fl., 171. mál. — Þskj. 174.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Hafnaáætlun 1999–2002, síðari umr.

Stjtill., 291. mál. — Þskj. 343, nál. 541, brtt. 542 og 564. [16:23]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um hafnaáætlun fyrir árin 1999–2002 ásamt brtt. sem fylgja með á sjálfstæðu skjali. Nefndin fór yfir þetta mál, kallaði til sín nokkra aðila, og er gerð grein fyrir þeim, en áður hafði það fengið verulega umfjöllun, verið m.a. sent til umsagnar sveitarstjórna vítt og breitt um landið sem höfðu þar með tækifæri til að tjá hug sinn til málsins og fara yfir það eins og gert er ráð fyrir í lögum um hafnaáætlun og hv. þm. að sjálfsögðu þekkja.

Samkvæmt 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, með síðari breytingum, skal Siglingastofnun Íslands gera sérstaka fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir á tveggja ára fresti. Við áætlunargerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild og ber Siglingastofnun við áætlunargerðina að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn í einstökum sveitarfélögum eða þá Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð. Áætlunina skal síðan leggja fyrir Alþingi til samþykktar í formi þáltill., eins og hér hefur verið gert.

Það sem gerir þessa þáltill. dálítið sérstaka er að við gerð hafnaáætlunar var höfð hliðsjón af niðurstöðum reiknilíkans sem Siglingastofnun hefur útbúið. Í stórum dráttum er aðferð stofnunarinnar sú að skipta höfnum landsins í flokka og hverjum flokki er sniðinn stakkur eftir vexti þannig að ekki er samþykkt að taka inn framkvæmd nema hún sé í samræmi við stærðarflokk hafnarinnar. Líkanið sem þarna er stuðst við byggir á því að reiknaðar eru tvær megineinkunnir. Annars vegar svokölluð umsvifaeinkunn, sem tekur tillit til umferðar, aflamagns og aflaverðmætis í höfninni, en líka er tekið tillit til kostnaðar við viðkomandi framkvæmd og mikilvægis útvegs og fiskvinnslu fyrir byggðarlagið. Þannig hlýtur ódýr framkvæmd hærri einkunn en dýr í sömu höfn. Hins vegar er tekið tillit til áhrifa af framkvæmdinni. Þá er reiknað út hversu mikið hún bætir aðstöðu í höfninni. Ef framkvæmdin hefur áhrif umfram viðmiðunarmörk Siglingastofnunar fær hún ekki einkunn. Þannig fær bryggja ekki einkunn ef þarfir fyrir viðlegu og löndun eru þegar uppfylltar í viðkomandi höfn. Þessar tvær einkunnir fyrir umsvif og hafnarbætur sem hver framkvæmd fær eru að lokum margfaldaðar saman. Þetta þýðir að jafnvel þótt mikil umsvif séu í höfninni þessa stundina þá dugir það ekki til að framkvæmdin komist ofarlega á lista.

Þetta líkan hefur verið í undirbúningi og þróun talsvert lengi og hefur verið beðið eftir því vegna þess að þarna er þó a.m.k. gerð tilraun til að setja fram ákveðna þarfagreiningu til að styðjast við og byggja framkvæmdir hafnanna á. Er þetta mikið til stuðnings fyrir sveitarfélögin en einnig fyrir Alþingi að átta sig á mikilvægi einstakra framkvæmda. En mannanna verk þurfa stöðugrar endurskoðunar við og þetta þarf þess líka. En auðvitað er ýmislegt sem má segja að geti orkað tvímælis þegar verið er að leggja upp forsendur fyrir líkanagerð af þessu tagi. Að öllu samanlögðu telur samgn. hins vegar að þetta líkan sé mjög mikilvægur grundvallarþáttur að byggja á en við teljum jafnframt að þróa þurfi líkanið frekar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila og sérfræðinga sem að málinu hafa komið.

Sú hafnaáætlun sem núna er í gildi er hin fyrsta sem Alþingi samþykkti og ég tel að það hafi verið mjög mikilvæg og merk tímamót þegar það gerðist. Þegar þetta mál var undirbúið á sínum tíma í samgn. Alþingis var lögð mikil áhersla á að marka tilteknar verklagsreglur til að vinna eftir enda er það svo að þegar samþykkt er í fyrsta skipti plagg af því tagi sem hafnaáætlun er, þá er auðvitað mjög mikilvægt að menn viti í grundvallaratriðum hvernig hægt er að vinna með það plagg í framtíðinni. Þess vegna var það þannig að samgn. ákvað og mótaði sérstakar verklagsreglur, sem við gerðum ítarlega grein fyrir í nál. á þeim tíma, fyrir hafnaáætlunina sem gildir fyrir árin 1997–2000. Þessi hafnaáætlun, sem við fjöllum um nú, er að nokkru leyti endurskoðun á þeirri hafnaáætlun eins og eðlilegt er. Það er ekki ástæða til að fara yfir þær ábendingar eða verklags- og meginreglur sem samgn. mótaði á sínum tíma og var almennt vel tekið í þinginu, enda stóðu að henni allir þingmenn sem sátu í samgn. á þeim tíma og sitja raunar enn, en eðlilegt að vísa eingöngu til umfjöllunar í nál. frá 121. löggjafarþingi, þskj. 1177, þar sem þessi mál eru útskýrð. Það er hins vegar þannig að reynslan af þessum verklags- og meginreglum hefur verið góð, sérstaklega að mati sveitarstjórnarmanna á hafnasambandsþingi sveitarfélaganna fyrir nokkrum árum eftir að þetta mál var orðið þinglegt skjal. Þá kom einmitt fram mikil ánægja með það hvernig að þessu hefði verið staðið á sínum tíma og er það mjög mikill stuðningur fyrir framkvæmd málsins.

Samgn. telur mjög mikilvægt að verklagsreglurnar sem við mótuðum fyrir tveimur árum verði áfram hafðar í heiðri til að skapa vissa festu við framkvæmd á samþykktum Alþingis. Það hefur þegar komið fram að þessi verklagsaðferð hefur skapað festu. T.d. er ljóst og kemur greinilega fram í till. til þál. um hafnaáætlunina að dregið hefur úr skuldasöfnun ríkisins við sveitarfélögin m.a. vegna þess að þetta er allt í fastari skorðum en áður. Hins vegar breytast aðstæður mjög hratt í landinu eins og við þekkjum í einstökum höfnum, útgerðarhættir breytast, þarfirnar eru misjafnar og þess vegna þurfum við að hafa tiltekna sveigju til að bregðast við í einstökum málum og það var einmitt það sem nefndin lagði mikla áherslu á þegar málin voru afgreidd á sínum tíma.

Samgn. mælir með samþykkt till. með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Breytingarnar taka allar mið af því að heildarframlag ríkisins til hafnarframkvæmda verði hið sama og tillagan gerir ráð fyrir, en um nokkrar tilfærslur verkefna er að ræða, fyrst og fremst innan sveitarfélaga. Það hefur verið reynt að taka tillit til athugasemda hafnarstjórna þar sem það hefur verið hægt. Breytingarnar eru raktar í nál. en engin ástæða er til að telja þær upp í einstökum liðum. Ég vil einungis segja að býsna góð samstaða var um málið í hv. samgn. Hv. þm. Stefán Guðmundsson var fjarverandi afgreiðslu málsins en aðrir sem undir þetta

þingskjal rita eru formaður og framsögumaður, Einar K. Guðfinnsson, hv. þm. Egill Jónsson, Árni Johnsen, Magnús Stefánsson og Kristján Pálsson. Aðrir hv. þm., Guðmundur Árni Stefánsson, Ragnar Arnalds og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, skrifa undir nál. með fyrirvara.

Umræðu frestað.

Skipulag ferðamála, 1. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 497.

[16:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er kjarni þessa frv. að lagt er til að fella Ferðamálaráð niður í núverandi mynd. Samkvæmt lögum nr. 117/1994 sitja nú 23 fulltrúar í Ferðamálaráði og eru sjö þeirra í sérstakri framkvæmdastjórn. Hér er gert ráð fyrir að þetta sérstaka Ferðamálaráð 23 fulltrúa verði verði fellt niður en í stað þess sitji Ferðamálaráð sjö menn sem samgrh. skipi og skuli jafnmargir vera til vara. Skipunartími skuli vera fjögur ár en skipunartími ráðherraskipaðra fulltrúa þó takmarkaður við embættistíma þess ráðherra sem skipar þá. Tveir skulu skipaðir án tilnefningar og annar skal þeirra vera formaður ráðsins en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipi ráðherra eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Samtaka ferðaþjónustunnar, sem tilnefna tvo menn, Sambands ísl. sveitarfélaga sem tilnefnir tvo og Ferðamálasamtaka Íslands sem tilnefna einn. Þá er kveðið á um að Ferðamálaráði skuli heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum og að heimilt sé að skipa menn sem ekki eiga sæti í Ferðamálaráði. Loks er í 4. gr. lagt til að í 7. gr. laganna skuli fjölgað um einn lið þar sem skilgreind eru verkefni Ferðamálaráðs og tekinn inn liðurinn: Rannsóknir og kannanir á sviði ferðamála.

Frv. er flutt vegna óska frá Samtökum ferðaþjónustunnar sem þótti hið gamla Ferðamálaráð of þungt í vöfum. Með þessari breytingu er að sjálfsögðu áfram gert ráð fyrir því að þing þeirra sem vinna að ferðaþjónustu skuli haldið einu sinni á ári til þess að fyrirtækjum í ferðaþjónustu og því fólki sem vinnur að slíkum störfum eða er við nám í ferðaþjónustu gefist tækifæri til að bera saman bækur sínar.

Eins og ég sagði lögðu hin nýju samtök ríka áherslu á að frv. væri flutt. Mér var ljúft að verða við því og tel eðlilegt að Alþingi taki málið til meðferðar og ræði það við Ferðamálasamtök Íslands og aðra sem koma að þessum málum. Ég legg áherslu á að hér er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin komi mjög sterklega inn með tvo fulltrúa enda eru þau í vaxandi mæli að leggja fram fé til ferðamála og æ fleiri gera sér grein fyrir því hversu ríkan þátt ferðaþjónustan á í atvinnuuppbyggingu úti á landi, í því að skapa fólki úti á landi vinnu, og er jákvætt í því sambandi að ferðamönnum utan hins skamma og nauma tíma, annatímans yfir sumarið, fer mjög fjölgandi þannig að við því er að búast að ferðaþjónustan í heild sinni geti horft með bjartsýni fram á veg.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti. Ég mælist til þess við samgn. að hún fari yfir frv., kynni sér þau sjónarmið sem liggja til grundvallar hjá Samtökum ferðaþjónustunnar og ég vonast til þess að það takist að afgreiða frv. nú á þessu þingi. Það er þó í mínum huga ekki neitt úrslitaefni. Hér er um óvenjulegt frv. að ræða að því leyti að gert er ráð fyrir því að minnka báknið í stað þess að stækka það. Það á að draga úr ríkisafskiptum, sem ég tel jákvætt, í þeim tilgangi að auka skilvirkni í greininni. En til hliðar og jafnframt þessu er í undirbúningi að koma til móts við þarfir ferðaþjónustunnar með markvissara markaðsstarfi en verið hefur og líka með því að beina frekari fjármunum en verið hefur til rannsókna á sviði ferðaþjónustu og með því að leggja meiri áherslu en áður á umhverfisþætti ferðaþjónustunnar. Allt þetta lítur að því að koma til móts við þau nútímalegu sjónarmið sem óhjákvæmileg eru í ferðaþjónustunni svo hún geti haldið velli.

Ég legg til að að lokinni umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og samgn.

[16:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég leyfi mér að óska hæstv. samgrh. til hamingju með þetta merka frv. Það er eins og mig rámi eitthvað í að hæstv. ráðherra hafi af og til á undanförnum átta árum gert atrennur að því að breyta lögunum um skipan ferðamála og gengið alla veganna. En hér er sem sagt á áttunda ári hæstv. ráðherra í embætti enn lögð til breyting á skipan Ferðamálaráðs a.m.k. Man ég satt best að segja ekki hvort ráðherra hefur komið einhverju fram áður en þó dreg ég það í efa og leyfi mér nú að spyrja hæstv. ráðherra svona í framhjáhlaupi hvar þetta mál standi í samhengi við heildarendurskoðun laga um skipulag ferðamála sem einu sinni var a.m.k. fyrirhuguð. Tæpast getur þetta litla frv. í fáeinum greinum, sem aðallega snýst þó um breytingu á 4. gr. laganna, talist heildarendurskoðun.

Það er þó ástæða til að óska hæstv. ráðherra til hamingju með að vera kominn þetta langt með þessa uppskeru eftir átta ár.

Ég hafði ekki áttað mig á því að það fækka í Ferðamálaráði væri jafnframt hluti af einkavæðingarpakka ríkisstjórnarinnar og liður í því að minnka ríkisumsvif, báknið burt og allt það. Það er sjálfsagt ein aðferð við að líta á hlutina með svona jákvæðu hugarfari að það sé verulegt framlag til einkavæðingar í landinu að fækka fulltrúum greinarinnar sem koma saman í Ferðamálaráði og gera í aðalatriðum núverandi framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs að Ferðamálaráði. Það er aðferð út af fyrir sig.

Herra forseti. Ég leyfi mér þó að lýsa vissum efasemdum um þetta út frá þeim sjónarhóli að það sé að öllu leyti jákvætt ef ekkert annað kemur í staðinn. Nú getur vel verið að sjö manna Ferðamálaráð verði virkara sem slíkt og leysi prýðilega af hendi það hlutverk sem framkvæmdastjórnin áður var með og menn hætti þá að reyna að kalla saman stærra batterí, sem var fullskipað Ferðamálaráð með 23 fulltrúum. En það hafði þó þann kost að þar komu saman mjög margir hagsmunaaðilar úr greininni. Ég er þá ekki að tjá mig um hina pólitísku hlið og það hvort hæstv. ráðherra skorar prik hjá þeim sem eru að mæla ágæti t.d. ráðherra Sjálfstfl. og afrek á sviði einkavæðingar. E.t.v. bindur hæstv. ráðherra, samanber þessa framsöguræðu, vonir við að fá aftur bikarinn frá Heimdalli, verða aftur þingmaður ársins fyrir vasklega frammistöðu í einkavæðingu. En eins og kunnugt er fékk hæstv. samgrh. þennan farandbikar einu sinni að verðlaunum fyrir vasklega frammistöðu þegar hæstv. ráðherra lagði niður Ríkisskip.

Nei, ég er fyrst og fremst að hugsa um það, herra forseti, gamanlaust að það skiptir miklu máli að ferðaþjónustan sem atvinnugrein eigi sér vettvang þar sem hún kemur saman.

Einu sinni voru ræddar hugmyndir um það, einmitt í tengslum við breytta skipan Ferðamálaráðs, að á móti e.t.v. fækkun í því og öðruvísi samsetningu þess kæmi einhvers konar þing, ferðaþing, þar sem ferðaþjónustan kæmi saman í heild sinni, sem fengi lögverndaða stöðu eða fengi hlutverk sem væri að einhverju leyti vísað í í lögum um ferðaþjónustu eða skipan ferðamála. Að sjálfsögðu halda ferðaþjónustuaðilar sín þing og sína fundi eins og frjáls félagasamtök gera og hafa alla stöðu í því sambandi. En spurningin væri t.d. hvort einhvers konar ferðaþing ættu að koma inn í lögin eða vísan til þeirra. Það gæti að mínu mati vel komið til álita.

Að lokum, herra forseti, fagna ég að sjálfsögðu stofnun Samtaka ferðaþjónustunnar og mér finnst eðlilegt að hæstv. ráðherra taki mið af tilmælum hinna nýju samtaka. Það var alveg tvímælalaust framfaraspor og ánægjulegt að ferðaþjónustan náði loks saman í einum slíkum heildarsamtökum. Ég óska þeim að sjálfsögðu alls góðs og gæfu og gengis í sínum hagsmunastörfum fyrir ferðaþjónustuna sem mikilvæga og vaxandi atvinnugrein. Það er eðlilegt að tilkoma þessara samtaka leiði til endurskoðunar m.a. á því hvernig greinin tengist inn í hina opinberu stjórnsýslu ferðaþjónustunnar og inn í Ferðamálaráð og frv. gerir einmitt ráð fyrir því að Samtök ferðaþjónustunnar fái þarna tilnefningarvald á tveimur fulltrúum inn í hið nýja sjö manna Ferðamálaráð.

Herra forseti. Þetta voru mínar hugleiðingar við 1. umræðu um þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 475. [16:43]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Breyting á skipulags- og byggingarlögum er nú komin fram í framhaldi af umræðu sem fór fram á síðasta þingi um að nauðsynlegt væri að breyta skipulagslögunum til að fleiri gætu komið að skipulagi miðhálendisins og meiri sátt næðist um stjórnina á því svæði en virtist geta orðið með þeim lögum sem í gildi eru. Í mínum huga var þó ekki nauðsynlegt að breyta þessum lögum þar sem allar heimildir voru til staðar, en með þessu er verið að njörva niður frekar þær sömu hugmyndir og voru uppi þannig að ráðherra einn geti ekki ráðið því hvernig niðurstaðan verður heldur ákveður löggjafinn fyrir fram hvernig skipun í nefndir á þessu svæði verður háttað.

Það er fagnaðarefni að náðst hafi nokkur samstaða um þetta mál og þar með búið að gera hálendið að einu skipulagsskyldu svæði sem nær yfir mörg sveitarfélög sem munu verða að taka tillit til þessa skipulags sem verður þannig að aðalskipulag sveitarfélaganna verður að taka mið af svæðaskipulagi hálendisins þar sem sveitarfélögin liggja inn á hálendið sjálft.

Á því er einnig tekið með afgerandi hætti að sveitarfélögin geta ekki gengið fram hjá þeim skipulagslegu samþykktum sem gerðar hafa verið að svæðaskipulaginu. Þar með má segja að sú tortryggni sem verið hefur í garð sveitarfélaganna — sem ég taldi reyndar alla tíð ástæðulausa — er óþörf enda búið að negla svo niður í lög að einstök sveitarfélög koma ekki til með að breyta neinu í aðalskipulagi sínu frá því sem ákveðið hefur verið af samvinnunefnd miðhálendisins. Þetta lýtur allt að því að eyða þeirri tortryggni sem fram kom á síðasta þingi og eyða óvissu útivistar- og náttúruverndarfólks vegna þessa máls. Við sem höfðum áhuga á að sátt ríki fögnum að sjálfsögðu því plaggi sem hér kemur fram af hálfu hæstv. umhvrh.

Margt hefur verið sagt um þetta mál á undanförnum mánuðum, flest að ég hygg á misskilningi byggt. Ég vona að með aðferðum ríkisstjórnarinnar, útgáfu bæklings sem sendur var inn á hvert heimili, náist að leiðrétta þann misskilning sem varð vegna þeirra frumvarpa um breytingar á sveitarstjórnarlögum og tvö önnur frv. sem sneru að miðhálendinu og nýtingu auðlinda í jörðu. Með bæklingnum hefur verið svarað mörgum af þeim spurningum sem heyrðust meðal almennings og að mörgu leyti voru þær mistúlkaðar í pólitískri umræðu á hinu háa Alþingi.

Það kom fram í umræðunni í síðustu viku hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að 67% þjóðarinnar hefðu ekki fulltrúa í samvinnunefndinni sem skipa á samkvæmt þessum lögum. Það eimir dálítið af þeirri ónákvæmu umræðu frá síðasta þingi varðandi skipulag á þessu svæði í orðum hv. þm. Samkvæmt þessum frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir að fulltrúar í nefndinni séu frá öllum kjördæmum landsins þannig að segja má að búið sé að dekka nánast allt landið með því einu. Síðan eru tilnefndir fulltrúar frá félagasamtökum og þá hefur ráðherra tilnefningarrétt. Segja má að þarna sé búið að ná yfir alla flóruna. Ég hef þó verið þeirrar skoðunar að gera mætti útivistar- og náttúruverndarsamtökum hærra undir höfði þannig að þau hefðu fleiri en einn fulltrúa. Ég hafði sá fyrir mér að einn til tveir fulltrúar umhverfis-, náttúruverndar- og útivistarsamtaka hefðu þarna setu. Mér fyndist koma til álita að þeir hefðu áheyrnarfulltrúa ef um það næðist frekara samkomulag. Mér finnst að þessi samtök í ferðamennsku, útivist og náttúruvernd eigi a.m.k. að hafa möguleika á að fylgjast með skipulagsbreytingum á þessu svæði frá fyrstu hendi.

Ég hugsa að það væri best vegna þess einnig að gagnvart þessu er nokkur tortryggni og ástæðulaust að láta hana svífa yfir vötnunum þegar horft er á að tryggt er að allt hálendið er í raun skipulagt. Sveitarfélögin, heilbrigðisfulltrúar og sýslumenn landsins hafa þar eftirlitsskyldu þannig að í dag ríkir ekki stjórnleysi á hálendinu heldur var, með lögum sem samþykkt voru í fyrra, komið skikk á þessi mál í fyrsta skipti og er það vel.

Ég ætla ekki að hafa um þetta lengra mál, herra forseti, en þegar frv. kemur til umhvn. sem væntanlega tekur við því eftir þessa umræðu, þá mun ég reifa þessar hugmyndir mínar um fjölgun í nefndinni. Að öðru leyti lýsi ég yfir mikilli ánægju með þetta.

[16:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, frv. sem lengi hefur verið beðið eftir. Á síðasta vori, þegar samþykkt voru á Alþingi ný sveitarstjórnarlög, var því heitið að þetta frv. yrði jafnframt lagt fram, frv. um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Þau fyrirheit voru hins vegar svikin og langar mig fyrst að gera í örstuttu máli grein fyrir tengslum á milli þessara tveggja frumvarpa.

Í sveitarstjórnarlögunum sem samþykkt voru sl. vor segir í 1. gr.:

„Landið skiptist í staðbundin sveitarfélög sem ráða sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Sveitarfélög eru lögaðilar.

Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili."

Hér skiptir þessi fyrsta setning mestu máli, að landið skiptist í staðbundin sveitarfélög. Hér er átt við að landinu öllu sé skipt upp og þar með hálendinu. Þessari lagagrein var harðlega mótmælt og komu mótmælin úr tveimur áttum.

Annars vegar komu mótmælin frá umhverfisverndarfólki og útivistarsamtökum sem sögðu: Það er óhyggilegt að skipta landinu upp með þessum hætti og fela sveitarfélögum sjálfræði í skipulagsmálum alls landsins, þar með hálendisins. Þau gætu ráðist í framkvæmdir sem stríða gegn umhverfisverndarsjónarmiðum og kynnu auk þess að setja útvistarsamtökum stólinn fyrir dyrnar. Einnig kom gagnrýni úr annarri átt, frá orku- og iðnaðargeiranum sem sagði: Það er slæmt að skipta landinu öllu upp með tilliti til virkjana og framkvæmda. Heppilegra er að hafa yfirstjórnina og skipulagsvaldið á einni hendi og æskilegt að það heyri algerlega undir ríkisvaldið.

Með öðrum orðum: Gagnrýnin kom úr tveimur áttum. En þessi gagnrýni átti það sammerkt að þar var óskað eftir því að miðhálendið yrði eitt skipulagssvæði. Til að mæta þessari gagnrýni lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún hygðist gera breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Það er frv. sem við ræðum hér.

Mörg okkar voru þeirrar skoðunar að heppilegasta leiðin í deilunni væri sú að gera miðhálendið að einni stjórnsýslueiningu sem heyrði undir ríkið. Sum okkar sáu hins vegar ýmsa annmarka á því fyrirkomulagi og þá fyrst og fremst praktíska annmarka. Þannig er að draga þarf línu á milli heimalanda og afrétta. Ljóst var að um þá línu mundu rísa miklar deilur milli sveitarfélaga, ríkisvalds og hugsanlega einnig á milli sveitarfélaga innbyrðis. Við sem sáum þessa annmarka á málinu óttuðumst að niðurstaðan mundi dragast á langinn, ásættanlegar lyktir fengjust ekki í málinu. Þá mundi verða framhald af því ástandi sem við búum við í dag, skipulagsleysi. Víða á hálendinu rísa mannvirki án þess að nokkur fái rönd við reist, án þess að ábyrgðin sé skilgreind, án þess að ljóst sé hvar skipulagsvaldið liggur.

Þau okkar sem voru á þessari skoðun töldu hyggilegt að gera breytingar á skipulagslögunum í þeim anda sem hér er lagt til. Hugsunin var sú að tryggja að skipulagsvaldið væri á einni hendi án þess að gengið væri alla leið og miðhálendið gert að einni stjórnsýslueiningu sem tæki til allra þátta stjórnsýslunnar. Það sem skipti okkur mestu máli var að tryggja að miðhálendið yrði ein skipulagsheild. Um þetta var samstaða meðal stjórnarandstöðunnar sl. vor.

En áherslurnar voru mismunandi. Við sem nú erum í þingflokki óháðra og kennum okkur við hina ungu vinstri hreyfingu, grænt framboð, lögðum þá sem nú fyrst og fremst áherslu á umhverfisverndina. Við vildum tryggja að landið yrði ein stjórnsýslueining hvað varðaði skipulagið og að sú stjórnsýslueining heyrði undir umhvrn. þegar kæmi að ríkisvaldinu.

Aðrir stjórnarandstöðuþingmenn, þá sérstaklega úr Alþfl., lögðu áherslu á að landið yrði ein stjórnsýslueining í öllum skilningi þess hugtaks. Þeir vildu að þessi stjórnsýslueining yrði, auk þess að vera sett undir umhvrn., undir samgöngu- og iðnrn. Með öðrum orðum: Þar var sjónum beint að iðnrn. og þeim hagsmunum sem iðnrn. á að standa vörð um. Þarna var því áherslumunur. Munurinn var annars vegar á sjónarmiðum okkar sem stöndum að hinni ungu vinstri hreyfingu, grænu framboði. Við vildum leggja áherslu á umhverfisverndina. Aðrir í stjórnarandstöðunni vildu horfa til iðnaðarhagsmuna og þarna var því áherslumunur á ferðinni.

Nú er þetta frv. fram komið og þá er að rýna í hvað það hefur upp á að bjóða. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra skipar samvinnunefnd miðhálendis til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum sem vinnur að svæðisskipulagi miðhálendisins. Í nefndinni skulu sitja 11 fulltrúar og skal ráðherra velja níu án tilnefningar, þar af formann nefndarinnar. Átta skulu valdir úr öllum kjördæmum landsins í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Félagsmálaráðherra tilnefnir einn fulltrúa og félagasamtök um útivist einn.

Samvinnunefnd miðhálendis gerir tillögur til Skipulagsstofnunar um svæðisskipulag á miðhálendinu og gætir þess að samræmi sé með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga innbyrðis og að þær samræmist svæðisskipulagi miðhálendisins."

Hér skiptir öllu máli að skýrt sé kveðið á um valdsvið þessarar nefndar í lögum og reglugerðum, í hvaða greinar skipulags- og byggingarlaga sé vísað. Er vísað í 13. gr. laganna eða er vísað í 15. gr. laganna, sem hlýtur að vera ef mönnum er alvara að tryggja það að nefndin hafi endanlegt vald í skipulagsmálum. Í 15. gr. skipulags- og byggingarlaga segir m.a., með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun auglýsir tillögu að sérstöku svæðisskipulagi í Lögbirtingablaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og er tillagan höfð þar til sýnis ásamt fylgigögnum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna.

Íbúum og öðrum, sem hagsmuna eiga að gæta á viðkomandi svæði, skal veittur sex vikna frestur frá birtingu auglýsingar til að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna til Skipulagsstofnunar. Stofnunin tekur að þeim fresti liðnum afstöðu til athugasemda í samráði við framkvæmdaraðila og sendir innan sex vikna hlutaðeigandi sveitarstjórnum tillögu sína að slíku svæðisskipulagi ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn Skipulagsstofnunar um þær. Sveitarstjórnir skulu innan sex vikna taka afstöðu til tillögunnar en tjái þær sig ekki innan þess frests teljast þær hafa samþykkt hana.

Skipulagsstofnun gerir síðan tillögu til ráðherra um lokaafgreiðslu á slíku svæðisskipulagi.

Ráðherra staðfestir sérstakt svæðisskipulag og skal það auglýst í B-deild Stjórnartíðinda."

Þetta er nokkuð skýrt. Hér er kveðið á um form, með hvaða hætti tillögurnar skuli auglýstar og hverjum skuli gefið færi á að koma athugasemdum á framfæri. Það væri því alveg ljóst hver hefði ákvörðunarvaldið á hendi ef vísað væri til þessarar greinar en í máli hæstv. umhvrh. á fyrri stigum umræðunnar var helst að skilja að ekki væri vísað til þessarar greinar skipulagslaga heldur 13. gr. þar sem valdsvið sveitarstjórnanna er áréttað. Ekki gengur að ljúka þessari umræðu fyrr en það liggur ljóst fyrir hvað hæstv. umhvrh. meinar með frv., hver tilgangurinn er.

Ef ásetningur ráðherra og ríkisstjórnar með þessari lagasmíð er ekki að tryggja að skipulagsvaldið sé á einni hendi og heyri undir umhvrn., þá hefur Alþingi verið blekkt. Það hefur allan tímann verið gengið út frá því að þetta væri markmið

laganna. Síðasta vor var okkur sagt að þessi lagabreyting ætti að tryggja þetta. Við stóðum í þeirri trú að gera ætti breytingar á skipulagslögum til að tryggja að skipulag miðhálendisins yrði á einni hendi, að fleiri en þeir sem kveðið var á um í fyrri hugmyndum kæmu að því og þetta heyrði undir umhvrn.

Þarna eru jafnframt ýmsir þættir sem þarf að skýra, t.d. er í lagagreininni vísað til félagasamtaka um útivist. Ég tel að skýrar þurfi að kveða á um hvernig sá aðili skuli valinn. Þar koma ýmsir til greina, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd eða aðrir. Ég tel að þarna þurfi að kveða skýrar á um málin.

Að lokum vil ég segja þetta: Við hljótum að ætlast til að hæstv. umhvrh. geri okkur skýra grein fyrir því til hvaða greinar skipulagslaga er vísað um meðhöndlun þessa máls.

[17:04]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af niðurlagsorðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar vil ég endurtaka það sem ég hef áður sagt í þessari umræðu, ekki bara í fyrri hluta 1. umr. um frv. heldur einnig í umræðunni sem fór fram á sl. vori. Ásetningur minn er að skipulagsvaldið verði ekki tekið af sveitarfélögunum. Það er ekki ætlun mín og hefur ekki verið. Ég tók það alveg skýrt fram í umræðunum í fyrra. Ég hef því ekki blekkt nokkurn mann í því. Út af því að hv. þm. sagði að þar hefðu verið blekkingar, þá er ljóst að ég margtók fram að meiningin er ekki að taka skipulagshlutverkið, samkvæmt lögum um skipulags- og byggingarmál, af sveitarfélögunum. Þess vegna vísaði ég í umræðunni um daginn, hæstv. forseti, til 13. gr. en ekki þeirrar 15. Nefndin hefur það hlutverk að gera tillögur um svæðisskipulag. Það fer síðan skv. 13. gr. til sveitarfélaganna. Þau hafa það hlutverk að annast og sjá um skipulag þannig að það fer til viðkomandi sveitarfélaga. Á engu stigi hef ég blekkt nokkurn í þeirri umræðu, hæstv. forseti. Ég vildi aðallega undirstrika það.

Varðandi hin frjálsu félagasamtök vil ég árétta það sem ég nefndi seinast þegar málið var á dagskrá, að það hefur ekki skapað umhvrn. vandamál að leita til félagasamtaka á þessum vettvangi til að tilnefna menn í nefndir, sendinefndir eða starfsnefndir. Ég gef mér að hægt verði að hafa þann háttinn á áfram. Hins vegar hafa komið upp vandamál þar sem einu ákveðnu sambandi félagasamtaka hefur verið ætlað að skipa í nefnd. Ég nefndi það líka í umræðunum um daginn og þarf ekki að árétta það. Ég kvíði því ekki þessari skipan sem lögð er til í frv.

[17:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sakna þess að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, Siv Friðleifsdóttir og fleiri úr stjórnarliðinu sem tóku þátt í umræðunni síðastliðið vor skuli ekki vera viðstödd þessa umræðu. Ég held að þau hafi haft nákvæmlega sama skilning á þeim fyrirheitum sem þá voru gefin og ég, að tryggt yrði að skipulag miðhálendisins yrði á einni hendi. Deilt var um hvaða aðilar kæmu að nefndinni sem átti að annast þetta, hvernig hún ætti að vera samansett. Hér er hæstv. umhvrh. að skýra okkur frá því að aldrei hafi staðið til að svipta sveitarfélögin skipulagsvaldinu.

Hver er tilgangur þessara laga? Ég spyr. Er verið að setja á fót eins konar ráðgjafarnefnd fyrir sveitarfélögin? Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ef þetta er aðeins misskilningur minn þá er ég harla undrandi. Ég auglýsi eftir því að fleiri þingmenn sem hafa tjáð sig um þessi mál, t.d. hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, hafi sama skilning og hæstv. ráðherra á þessum málum. Mér finnst komin upp allt önnur staða en var þegar umræða um þessi mál hófst fyrir fáeinum dögum.

[17:08]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er rætt mál sem verið hefur töluvert deilumál um nokkra hríð, þ.e. um skipulags- og byggingarmál og fyrst og fremst um hvernig skipulagsmálum hálendisins skuli háttað. Á síðasta þingi var þetta mál mjög til umræðu og blandaðist fyrst og fremst inn í umræðu um frv. til sveitarstjórnarlaga sem var til afgreiðslu sl. vor. Mér fannst umræðan um frv. um sveitarstjórnarlög á tíðum nánast eingöngu vera um efnið sem hér er til umræðu. Mér fannst það mjög miður á þeim tíma vegna þess að þá vorum að ræða um grundvallarlöggjöf sveitarstjórnarstigsins sem er auðvitað mjög mikilvægt mál. Umræða um skipulagsmál eins og hér fer fram tók mikið rúm á síðasta þingi.

Út af fyrir sig er ég ekki að setja út á að þessi mál séu rædd. Þetta er auðvitað stórt og mikið mál sem mikilvægt er að hafa í góðu lagi en í tengslum við þetta frv. sem ég nefndi, sveitarstjórnarlagafrv., fannst mér umræðan taka heldur mikinn tíma.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að ekki hafi verið sérstök ástæða til að gera breytingar á skipulags- og byggingarlögum hvað þetta varðar. Í gildandi lögum eru ákvæði um þá framkvæmd en vegna deilna í þjóðfélaginu og á Alþingi þótti mönnum rétt að reyna að sætta sjónarmiðin. Þar horfðu menn til þess að gera breytingar á þeim lögum sem hér eru til umfjöllunar.

Deilurnar hafa fyrst og fremst snúist um hver ætti að hafa valdið, hvort vera ætti eitt sérstakt sveitarfélag á hálendinu eða skipa þyrfti svæðisskipulagsnefnd og hverjir ættu þá að koma að henni. Ég vildi á síðasta þingi taka þátt í að finna lausn á þessu deilumáli. Ég er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé fyrir þjóðina alla og raunar hvern sem er að sem mest sátt sé um þessi mál. Við þurfum ekki að standa í deilum um hverjir eigi að hafa skipulagsvald og hverjir eigi að koma að þessum málum árum saman. Ég tel að engum sé til hagsbóta að hafa slíkar deilur logandi til lengdar.

Eftir miklar umræður um þessi mál er komið fram stjfrv. sem er afrakstur af viðræðum um hvernig þessum málum skuli háttað. Eins og ég sagði áðan hefur fyrst og fremst verið tekist á um hverjir eigi að tilnefna fulltrúa í samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins, hve margir fulltrúar ættu að vera í þeirri nefnd og frá hverjum þeir ættu að koma. Hér er komin tillaga um framkvæmdina.

Í 2. gr. frv. segir að í þessari nefnd skuli vera 11 fulltrúar og að umhvrh. velji níu án tilnefningar og þar af formann. Átta af þessum níu fulltrúum skulu valdir úr átta kjördæmum landsins í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Síðan tilnefnir félmrh. einn og félagasamtök um útivist einn. Samkvæmt þessum tillögum fær umhvrh. vald til að skipa níu fulltrúa fyrir hönd sveitarfélaganna í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Þarna er um töluvert mikla breytingu að ræða vegna þess að í gildandi lögum er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin sjálf eða héraðsnefndir skipi fulltrúana. Varðandi þessa tillögu virðist mér merkilegast að félagssamtökum er gert töluvert hátt undir höfði miðað við hlut sveitarfélaganna. Viðkomandi félagasamtökum er samkvæmt þessu gert

að tilnefna fulltrúa sinn beint. Þetta vil ég láta koma fram og tel spurningu hvort rétt sé að hafa það svona en vísa því til umfjöllunar í hv. nefnd. Ég hef ekki sérstakar tillögur um það hér. Þarna er gert ráð fyrir því að félagasamtök, sem reyndar er ekki skilgreint hvaða samtök eru, eigi að koma sér saman um að tilnefna einn fulltrúa í nefndina.

Í umræðum um þessi mál hefur mér þótt fara mest fyrir umræðum um hagsmuni annarra en sveitarfélaga og þeirra sem komið hafa að því að starfa við hálendið eða hafa eitthvað um þau mál að segja. Hávaðinn hefur fyrst og fremst verið af hálfu þeirra sem vilja koma að þessum málum, þá kannski aðallega í þéttbýlinu. Ýmsir, svo sem félagasamtök umhverfissinna og aðrir hafa krafist þess að miðstýra svæðinu, væntanlega héðan úr höfuðborginni. Minna hefur farið fyrir röddum þeirra sem aðra hagsmuni eiga í þessum málum.

Ég vil leyfa mér að segja, herra forseti, að mér hefur á köflum fundist, þó umræðan hafi verið málefnaleg að mestu leyti, bera örlítið á leiðinlegri umræðu. Það er ekki laust við að ákveðis hroka hafi gætt gagnvart sveitarstjórnarmönnum á landsbyggðinni og fólkinu sem þar lifir og starfar. Það hefur farið dálítið í taugarnar á mér og fleirum hvernig það hefur verið. Ég vil hins vegar taka fram að umræðan hefur að langmestu leyti verið málefnaleg. Það er auðvitað gott þegar um svo stórt mál er að ræða.

Herra forseti. Ég vil að endingu beina því til fulltrúa í hæstv. umhvn. að þegar málið kemur þar til umfjöllunar verði þeim aðilum sem hafa komið að þessum málum gefinn kostur á að veita sínar umsagnir og tjá hug sinn til frv. og að tryggður verði eins og kostur er hlutur þeirra aðila við tilnefningu fulltrúa í þessa samvinnunefnd. Ég vil að lokum beina því til umhvn. að huga sérstaklega að því að kalla eftir sjónarmiðum þessara aðila í umfjöllun nefndarinnar um frv.

[17:16]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bið um orðið í andsvari við ræðu hv. þm. Magnúsar Stefánssonar vegna þess að mér finnst að hv. þm., auk hæstv. umhvrh., lesi í málið, eins og þetta stjórnarfrv. liggur hér fyrir, með nokkuð öðrum hætti en ég geri út frá texta frv. Því vildi ég heyra skilning hv. þm. á því. Það sem ég er að vísa til er sú staðreynd að í 2. gr. stjórnarfrv. sem við ræðum hér segir, með leyfi forseta:

„Samvinnunefnd miðhálendis gerir tillögur til Skipulagsstofnunar um svæðisskipulag á miðhálendinu og gætir þess að samræmi sé með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga innbyrðis og að þær samræmist svæðisskipulagi miðhálendisins."

Í efnisgreininni á undan er ákveðið um ráðherraskipaða samvinnunefnd miðhálendisins til fjögurra ára með tilteknum móti. Þar eru ekki fulltrúar sveitarfélaga. Þar eru fulltrúar tilnefndir af hæstv. ráðherra og átta fulltrúar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga er enginn lögaðili í sambandi við skipulagsmál. Það er þessi formgalli á frv. ríkisstjórnarinnar, sem ég er nú aldeilis steinhissa á að skuli vera lagt hér fram með svona augljósum formgalla, sem veldur mér áhyggjum. Ég er sammála því markmiði að miðhálendið skuli skipulagt hvað svæðisskipulag varðar sem ein heild og sé að því leyti sérstök stjórnsýslueining í samhenginu svæðisskipulag.

[17:19]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég velkist ekki í vafa um það sem kemur fram í 2. gr., hvert hlutverk þessarar nefndar er. Það er auðvitað að gera tillögur um svæðisskipulagið og á venjubundinn hátt að gæta þess að samræmi sé með því og aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Það er minn skilningur á þessu. En hvað varðar hins vegar skipan í nefndina og að leitað skuli samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga um tilnefningu fulltrúa úr kjördæmunum í nefndina, þá get ég sagt það sem ég hef sagt áður að ég hefði talið að sveitarfélögin ættu sjálf að tilnefna beint í nefndina. En sú leið er valin að gera tillögu um að ráðherrann skipi þessa fulltrúa í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ég er hins vegar sammála hv. þm. um þá spurningu hver sé status Sambands íslenskra sveitarfélaga í þessum efnum. Ég get bara endurtekið þá skoðun mína að ég hefði talið eðlilegt að sveitarfélögin hefðu með einhverju móti komið beint að því að tilnefna í þessa nefnd.

[17:20]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er í rauninni ekki að kalla eftir skoðun, en það er að sjálfsögðu á sínum stað að hv. þm. lýsi annarri skoðun en frv. ber með sér og er þar með í andstöðu við efnisákvæði frv. Hitt er það sem ég er að benda á og er í rauninni að fá samlestur með hv. þm. á túlkun á frv., þ.e. að hér er sérstök nefnd sem ekki er nefnd fulltrúa sveitarfélaga, hvorki aðliggjandi né annarra heldur sérstök ráðherraskipuð nefnd sem á að gera tillögur samkvæmt skipulagslögum um þetta tiltekna svæði innan tiltekinnar línu. Það er auðvitað dagljóst, virðulegur forseti, að það er ekki nefnd sveitarfélaga í samhengi skipulagslaga og það er út af fyrir sig allt í lagi. Sveitarfélögunum ber síðan í aðalskipulagi sínu, sem nær inn á þetta svæði samkvæmt sveitarfélagamörkum, að taka tillit til þess svæðisskipulags sem þannig hefur verið mótað. Þarna er komið til móts við þá gagnrýni en formið og þar með tilvísunin í 13. gr. — en hæstv. ráðherra hefur ítrekað vísað til að eigi að fara eftir þeirri grein — þ.e. áframhaldandi vinnuferli, fær einfaldlega ekki staðist. Það er mikið áhyggjuefni að mínu mati að hæstv. umhvrh. og ráðuneyti umhverfismála skuli geta sett slíka tillögu fram í þinginu, sem þeir eru búnir að liggja yfir allt of lengi, átti auðvitað að koma hér í byrjun þings þannig að svigrúm gæfist til að fjalla um málið og skapa grundvöll m.a. til að hæstv. umhvrh., sá er nú situr, gæti staðfest fyrirliggjandi tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins sem unnið hefur verið að lengi svo að einhver niðurstaða lægi þó fyrir í þeim efnum. Þetta er nú málið sem hér er verið að ræða og mínar áhyggjur í sambandi við það.

[17:23]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði tekið svo eftir að hér væri annar hv. þm. á mælendaskrá. Þannig var það skráð á tölvuskjá þingsins fyrir skömmu.

(**Forseti** (RA): Hann féll frá orðinu.)

Sá hefur fallið frá orðinu, þannig skýrist þetta. Ég þakka fyrir að fá orðið nú um málið og get þá komið svolítið ítarlegar að því efni sem ég tel mjög þýðingarmikið að verði sem ljósast hér áður en 1. umr. um málið lýkur og málið gengur til nefndar og hafi ég ekki talað nógu skýrt þannig að t.d. hæstv. umhvrh. hafi skilið fyllilega áhyggjur mínar. Ég er ekki að gera því skóna að ríkja þurfi grundvallarefniságrein-

ingur varðandi málið, en þó mætti ætla það samkvæmt túlkun hæstv. ráðherra á eigin frv. og viðbrögðum við framkomnum athugasemdum.

Virðulegur forseti. Það er nokkurt kjarnaatriði sem kom hér fram í orðaskiptum mínum við hv. 3. þm. Vesturlands áðan. Það er að sú nefnd sem þarna verður til samkvæmt 2. gr. þessa frv. er ekki skipuð fulltrúum sveitarfélaga. Hún er skipuð fulltrúum ráðherra, af 11 eru átta skipaðir af ráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og það liggur ljóst fyrir að ráðherra er ekkert skuldbundinn af því samráði. Hann hefur skipulagsvaldið og Samband íslenskra sveitarfélaga er ekki lögaðili í samhengi skipulagslaga. Af þessu leiðir að sú tillaga sem til verður, ef þetta ferli á að vinnast á þennan hátt, er tillaga nefndar sem er þannig samsett og hefur ekki tengsl við viðkomandi sveitarfélög. Enda er það augljóst að þegar talað er um að velja einn fulltrúa úr hverju kjördæmi landsins má segja að kylfa ráði kasti úr hvaða sveitarfélagi viðkomandi fulltrúi kemur og hann er augljóslega ekki fulltrúi sveitarstjórnar. Ég hélt það væri ætlun ríkisstjórnarinnar að svo væri heldur ekki, heldur sé einfaldlega um landfræðilega dreifingu að ræða á þeim fulltrúum sem koma í nefndina, en tengsl við sveitarfélög, sveitarstjórnir eru ekki til staðar að formi til. Af því leiðir, virðulegur forseti, að hér er verið að setja upp sérstaka svæðisskipulagsmeðferð innan nefndrar línu á mörkum afréttar og heimalanda.

Ég hef áður í þessu máli vakið athygli á að sú lína á mér vitanlega enga formlega stoð í tilverunni sem stendur og spurning mín til ráðherra fyrr í umræðunni var sú, og ég leyfi mér að ítreka hana: Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin eða framkvæmdarvaldið festa þessa línu? Ef farið er algerlega í fótspor þeirrar vinnunefndar að svæðisskipulagi miðhálendisins sem áður starfaði og gerði tillögur að svæðisskipulagi miðhálendisins, þá er ekki hægt að vísa til þess. Vegna þess að í störfum þeirrar nefndar var vikið frá mörkum afrétta og heimalanda og verulegur sveigjanleiki á vissum stigum sem skapaðist m.a. vegna þess að sú vinna var byggð á þeirri forsendu svæðisskipulagsnefndar að línan hyrfi í framhaldinu og skipulagsforræðið yrði einnig í svæðisskipulagslegu tilliti á vegum sveitarfélaganna. Ef hins vegar hefur tekist eitthvert nýtt samkomulag og tryggilega hefur verið gengið frá málum um þessa línu, þá er það vel. Það er gott ef það er búið en ég fékk það ekki frá hæstv. ráðherra fyrr í umræðunni að svo væri og við fengum harla loðin svör varðandi þessa línu, hver staða hennar væri.

Og vegna þess að hér er verið að búa til sérstaka svæðisskipulagsmeðferð, sérstakt stjórnsýslustig í samhenginu svæðisskipulag miðhálendisins, þá þarf líka að vera alveg skýrt markað hvernig verður á vinnunni haldið til þess að leita endanlegrar staðfestingar og afgreiðslu á slíkri tillögu. En það er allt í brotum eins og það kemur hér frá hæstv. ráðherra, því miður. Mér finnst það til mikils ætlast, virðulegur forseti, af hæstv. ráðherra að leggja það í hendur umhvn. þingsins á þessum stutta starfstíma sem fram undan er, að finna út úr þeim grundvallaratriðum sem eru óljós samkvæmt frv. ríkisstjórnarinnar. Þetta eru mínar áhyggjur, virðulegur forseti. Það er auðvitað afskaplega losaralega að máli staðið að ekki skuli liggja fyrir tilvísun til þess hvort framhaldsmeðferð málsins færi eftir 13. eða 15. gr. skipulagslaga, og að það skuli ekki vera skýrt, ef ekki í sjálfum frumvarpstextanum eins og eðlilegt hefði verið, þá a.m.k. í greinargerð.

Mér sýnist, því miður, að ríkisstjórnin sé með þessu að kasta fram á elleftu stundu, miðað við möguleika á afgreiðslu þessa máls, hugmynd, tillögu sem eigi að friða og koma til móts við gagnrýni, eins og hæstv. ráðherra réttilega sagði, en sem fullnægir ekki þeim grundvallarskilyrðum að falla skýrt inn í skipulagslöggjöfina þannig að ekki þurfi að rísa af því deilur. Maður hafði kannski ímyndað sér að þessi óhóflegi dráttur af hálfu ríkisstjórnarinnar á að leggja málið fyrir á þessu þingi hafi komið til vegna þess að ríkisstjórnin hafi verið að vinna heimavinnuna í baklandinu, m.a. í samráði við sveitarfélög landsins o.s.frv., að væri ástæðan, en það verður ekki séð af því sem komið hefur fram af hálfu hæstv. ráðherra.

Virðulegur forseti. Ég ætla mér ekki að gerast neinn dómari í þessu máli. Ég hef enga stöðu til þess. En ég tel mig vera bærilega læsan á skipulagslögin sem sett voru 1997 vegna þess að ég vann að gerð þeirra og ég hef leitað álits hjá mönnum sem eiga að vera mun betur læsir en ég á þetta og eru að fást við skipulagsmál í reynd. Og ég hef numið það svo að þeir hinir sömu hefðu þær áhyggjur sem ég er að viðra hér við þessa umræðu. Auðvitað væri ég mjög þakklátur ef hæstv. ráðherra leysti ljósar úr þessum málum en gerst hefur áður í umræðunni. Ég væri mjög ánægður með það og treysti því að hæstv. ráðherra komi hér og upplýsi mig, vantrúaðan, á ágæti málsins og leysi úr þeim spurningum sem hér hafa ítrekað verið reistar í sambandi við málið.

Virðulegur forseti. Ég vil að endingu aðeins segja af því að hér kom fram hjá einum stjórnarliða að með nýlega útgefnum bæklingi um miðhálendi Íslands væri búið að leysa einhvern mikinn vanda og eyða miklum misskilningi. Það var hv. þm. Kristján Pálsson sem sagði það. Betur að satt væri. En ég hef ætlað mér að fá það mál til umræðu í þinginu sérstaklega, þ.e. gerð þessa bæklings sem gefinn er út á ábyrgð sjálfrar ríkisstjórnarinnar með alveg sérstakri uppáskrift eða fylgt úr hlaði af fjórum hæstv. ráðherrum. En það er önnur saga, virðulegur forseti.

[17:34]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki miklu við það að bæta sem áður hefur komið fram í þessari umræðu. Ég vil þó ítreka það að hefðum við verið þeirrar skoðunar í fyrra, fyrir tæpu ári síðan, þegar verið var að ræða um sveitarstjórnarlögin að landinu skyldi ekki skipt upp í sveitarfélög á miðhálendinu heldur skyldi miðhálendinu haldið utan við sem sérstakri stjórnsýslueiningu, þá hefðum við auðvitað heldur ekkert verið með þetta mál hér til umræðu núna og hefðum ekkert þurft að vera að deila um það. En það var ekki svo. Það var ákveðið að skipta landinu öllu upp í sveitarfélög og þar með þeim stjórnsýsluverkefnum sem sveitarfélögunum ber að framfylgja. Þeim skyldi þá framfylgt á miðhálendinu einnig. Um miðhálendið skyldi hins vegar sett sérstök nefnd, það fengi sérstaka málsmeðferð og sérstaka meðhöndlun, sem verið er að gera með þessu frv. eins og það er hér sett fram, án þess að taka þetta vald af sveitarfélögunum. Ég heyrði það í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar áðan að hann vildi skipta þessu hlutverki upp, þ.e. að löggjafarhlutverk, heilbrigðishlutverk og fleiri þættir gætu heyrt undir sveitarfélögin eins og ber samkvæmt lögum, en skipulagshlutverkið hvað varðar miðhálendið hefði átt að taka af þeim.

Á það hef ég ekki fallist. Ég ítrekaði það í fyrra í umræðunum á seinasta þingi, gerði það um daginn líka í seinustu viku, og endurtek það einnig hér að ég tel að það geti ekki

verið svo heldur eigi að fela, eins og hér er verið að gera, sérstakri nefnd að gera tillögurnar og þær fara síðan til sveitarfélaganna eins og kveðið er á um í 13. gr. og það sé hin eðlilega málsmeðferð.

Hæstv. forseti. Varðandi markalínuna þá er það líka rétt eins og fram kom hjá hv. þm., að það var hugmyndin í upphafi að síðan tæki aðalskipulag sveitarfélaganna við og þá væri ekki lengur um að ræða sérstakt afmarkað miðhálendi, eins og gert var ráð fyrir í lögunum nr. 73/1993. Nú er hins vegar hugmyndin sú að viðhalda þessu svæðisskipulagi fyrir miðhálendið með sérstakri nefnd, með sérstöku starfi, sérstakri samvinnunefnd um það hlutverk og þá gildi áfram sú lína og þau mörk sem þá voru ákveðin.

[17:36]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vandi málsins sem við stöndum frammi fyrir er sá að hæstv. ráðherra hefur uppi túlkanir sem ganga gegn þeim texta sem fyrir liggur og er hér ræddur í formi stjórnarfrv. Það er vandi málsins og af því spretta þær spurningar sem hér um ræðir.

Það deilir enginn um það við hæstv. ráðherra eða aðra að landinu var skipt með löggjöf upp milli sveitarfélaga á síðasta ári. Um það deilir enginn. En það útilokar ekki þá málsmeðferð sem hæstv. ráðherra er hér að gera tillögu um. Hæstv. ráðherra les ekki sinn eigin texta rétt inn í samhengi löggjafarinnar. Hér er gert ráð fyrir að umrædd samvinnunefnd miðhálendis geri tillögu að svæðisskipulagi. Þetta er ekki nefnd sveitarfélaga. Þessi aðili er hinn ábyrgi tillöguaðili samkvæmt þessu frv., ef lögfest verður, og heldur á málinu sem slíkur. Og þar með er hæstv. ráðherra búinn að gera miðhálendið innan umræddrar markalínu sem ég heyri að hæstv. ráðherra ætlar að lögfesta — hina sömu og var viðmiðunarlínan í gerð svæðisskipulags miðhálendisins — búinn að búa til sjálfstæða stjórnsýslu í samhengi skipulagslaga, þ.e. þess hluta sem við köllum svæðisskipulag, innan marka þessarar línu. Hann er búinn að taka það vald. Nú geta sveitarstjórnirnar eingöngu samkvæmt því sem hæstv. ráðherra segir — og það er enginn að taka það af þeim — gert athugasemdir eins og hver annar, allir sveitarstjórnarmenn, en þeir gera það ekki sem neinn valdaaðili í sambandi við þetta svæðisskipulag, ekki sem sérstakur valdaaðili. Það er búið að taka svæðisskipulagsvaldið undan sveitarstjórnunum með þessu frv. ríkisstjórnarinnar og þær verða að nálgast málið öðruvísi. Svona liggur þetta.

En það væri fróðlegt að heyra aðeins nánar um línuna. Hver er undirbúningurinn að þessari lögfestingu? Er samkomulag um þetta fyrirliggjandi?

[17:39]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki mikið meira um nefndina og hlutverk hennar. Ég held að ég hafi skýrt það út eins og ég hugsa það og eins og þetta er lagt hér fyrir. Hún hefur ákveðið hlutverk. Hún skal gera tillögur. Hún er sett saman á annan hátt en aðrar svæðisskipulagsnefndir sem gilda samkvæmt lögunum. Við hefðum svo sem ekki þurft að setja sérákvæði um þessa nefnd, þetta sérstaka svæði, miðhálendið, ef við hefðum ekki verið flest, hélt ég, sammála um að það ætti að taka það með öðrum hætti en almennt gerist og setja það skilyrði að til væri slík nefnd. Hitt var þá alfarið hlutverk sveitarfélaganna, að setja saman svæðisnefnd, ef þau svo vildu, um ákveðin svæði. Þau geta gert það og gera það auðvitað. Hér er verið að setja þá kvöð að slík nefnd verði til. Hún er sett saman með ákveðnum hætti eins hér er kveðið á um. Það þarf ekki að endurtaka það. En að öðru leyti fer málsmeðferðin eins og lögin kveða á um.

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð enn frekar um línuna. Þegar þetta miðhálendisskipulag sem nú er í burðarliðnum verður staðfest, sem ég vona sannarlega að verði þó að kannski þeim umhvrh. sem nú situr vinnist ekki tími til þess — en ég vona að það komi að því — þá höfum við ákveðna línu sem hefur verið dregin með samkomulagi. Hún hefur vonandi þá verið staðfest eða verður væntanlega staðfest af umhvrh. og þar með hefur það svæði verið afmarkað. Það er sú afmörkun sem við hyggjumst nota samkvæmt frv. eins og það liggur hér fyrir. Eins og kemur fram í frv. er það unnið af umhvrn. í samstarfi og samráði við félmrn. Félmrn. hefur haft samvinnu um málið við Samband ísl. sveitarfélaga. (Forseti hringir.) Ég veit ekki nákvæmlega hvernig, en það hefur átt samstarf við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga, forsvarsmenn þess, til þess að ná endanlegu samkomulagi um frv. eins og það liggur hér fyrir. Það er samráðið sem hefur verið haft að frumkvæði félmrh. Umhvrn. eða umhvrh. hafa ekki átt sérstaka fundi um þessa línu með fulltrúum sveitarfélaganna.

[17:42]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því út af fyrir sig að hæstv. ráðherra fullyrðir í þessari umræðu að traustur grunnur sé undir þeirri markalínu sem hér er verið að draga, þótt fram hafi komið að ráðuneyti umhverfismála hafi ekki tekið sérstaklega á því máli en flokksbróðir hæstv. umhvrh. eða ráðuneyti sem undir hann heyrir, þ.e. hæstv. félmrh., hafi gengið frá málinu þannig að tryggilegt sé. Við skulum bara vona að þetta sé rétt og standist því að ég hef sannarlega ekkert á móti því. Ég fagna því einfaldlega að þessi niðurstaða liggur fyrir og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því.

Virðulegur forseti. Hitt blasir við að höfundur frumvarpsins annars vegar og ég sem þingmaður hér sem viðtakandi þessa stjórnarfrv. lesum þetta frv. ekki eins. Það skýrist væntanlega í hv. þingnefnd hvernig málið liggur og hugsanlega hvor hafi rétt fyrir sér í sambandi við þetta þótt það sé ekkert kappsmál mitt. Mitt kappsmál í þessu máli er að hægt verði að ganga frá þessu þannig að á verði byggjandi og að samkomulag ríki um þann lagagrunn sem settur verður og að það megi ná honum fram í ásættanlegum friði á Alþingi Íslendinga. Og náttúrlega umfram allt að sú vinna sem síðan fer fram endurspegli það sjónarmið að gæta beri ríkulega verndarhagsmuna á miðhálendi Íslands. Það er auðvitað undirstöðuatriði.

Um hverjir komi, t.d. frá frjálsum félagasamtökum, að mótun þessarar vinnu, þarf hv. umhvn. að fjalla. Mér finnst allt of þröngur stakkur skorinn um það í frv. ef menn á annað borð ætla að taka frjáls félagasamtök með í þessa vinnu sem ég tel hið besta mál. En þá verða menn að vanda það. Það eru ekki bara útivistarhagsmunir, það eru náttúruverndarhagsmunirnir sem þurfa að hafa góðan aðgang að þessu verki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:45]

Útbýting þingskjala:

Aðstaða þingmanna og starfsmanna í Alþingishúsinu, 374. mál, svar félmrh., þskj. 732.

Raforkuver, 471. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 776.

Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, 462. mál, þáltill. ÍGP og HjÁ, þskj. 761.

Starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. KH og GGuðbj, 179. mál. — Þskj. 191.

[17:45]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. sem er 179. mál þessa þings og er á þingskjali 191. Tillagan er um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi. Flm. auk mín er hv. þingkona Guðný Guðbjörnsdóttir. Tillagar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að láta gera áætlun um bætt starfsumhverfi kvennahreyfingarinnar og annarra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi. Í því skyni verði gert ráð fyrir fjárveitingu samkvæmt fjárlögum til þess að styrkja kvennapólitískt starf hér á landi og til þátttöku í alþjóðlegu kvennapólitísku starfi. Einnig verði tryggðar greiðar boðleiðir á milli félaga og hópa annars vegar og stjórnvalda hins vegar með samstarfs- og upplýsingafundum um innlent og alþjóðlegt starf sem beinist að því að jafna stöðu kynjanna."

Þannig hljóðar þessi tillaga, herra forseti, og eins og segir í upphafsorðum greinargerðarinnar er starfsemi frjálsra félagasamtaka einn af hornsteinum lýðræðisins og þyrfti í raun að vera miklu meiri skilningur ríkjandi á þeirri staðreynd. Ég held að óhætt sé að fullyrða að einmitt í slíkum samtökum og jafnvel bara í mjög litlum hópum sem hafa ekkert sérlega vel skilgreint formlegt skipulag eða hlutverk, eiga oft upphaf sitt umbætur sem skipta gríðarlega miklu máli í samfélagi okkar.

Víða erlendis er skilningur á mikilvægi slíkra hópa eða samtaka mikill og á það erum við iðulega minnt í gögnum og niðurstöðum, ályktunum frá ráðstefnum og fundum þar sem aðkoma frjálsra félagasamtaka er tryggð. Þau hafa þar gjarnan seturétt og málfrelsi og hafa oft mikil áhrif á gang mála. Frjáls félagasamtök starfa oft í beinum tengslum við grasrótina og eru í mun betri aðstöðu en stjórnvöld til að bregðast vafningalaust við nýjum aðstæðum og skilgreina þarfir og skoðanir hins almenna borgara. Þau koma á framfæri sjónarmiðum og ábendingum sem koma stjórnvöldum að gagni og verka þannig sem mótvægi við stjórnkerfið sem er oft óneitanlega þungt og seinvirkt. Þetta á auðvitað við um mjög marga málaflokka, t.d. umhverfis- og náttúruverndarmál og mannréttindamál af öllu tagi.

Sú tillaga sem hér er til umræðu lýtur að einum þætti mannréttindamála, þ.e. kvennabaráttunni. Á alþjóðavettvangi hefur á undanförnum árum skapast verulega aukinn skilningur á mikilvægi og hlutverki kvennahreyfingarinnar. Hefur sá aukni skilningur haft í för með sér bætt starfsskilyrði sem hafa leitt til þess að starfsemi kvennahreyfingarinnar hefur eflst og vísa ég þar til starfs á vettvangi Evrópuráðsins, Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna. Þess er skemmst að minnast að Evrópusambandið hefur ákveðið að veita fé að jafngildi 2 milljarða íslenskra króna til frjálsra félagasamtaka sem vinna gegn ofbeldi á konum og börnum. Þetta var ákveðið á síðari hluta síðasta árs, þ.e. framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ákvað að auka framlög til svokallaðs Daphne-frumkvæðis en það gengur út á að styrkja frjáls félagasamtök sem berjast gegn ofbeldi gagnvart konum og börnum. Gerð verður sérstök áætlun sem ber nafnið Daphne og Evrópusambandið hyggst leggja um 2 milljarða kr. til hennar á árunum 2000–2004. Ástæðan til þess að þetta skref er stigið er sú að félagasamtök beita oft árangursríkari aðferðum en hið opinbera til að ná til almennings og til þeirra sem eru í áhættuhópum, svo vitnað sé til orða Anitu Gradin sem fer m.a. með dómsmál hjá Evrópusambandinu. Þetta hlutverk félagasamtaka þarf einnig að meta að verðleikum hér á landi og skapa svigrúm fyrir nýja hópa með nýjar hugmyndir og sérstaklega þarf að huga að og veita brautargengi góðum hugmyndum sem hafa keðjuverkandi áhrif í þá átt að leiðrétta kynjamisrétti á Íslandi, jafnvel þótt hugmyndirnar komi frá litlum og lítt skilgreindum hópum og/eða þá einstaklingum.

Að vissu marki koma íslensk stjórnvöld til móts við rótgróin félagasamtök eins og ungmennahreyfinguna, íþróttahreyfinguna, skáta og fleiri samtök með hefðbundið skipulag og uppbyggingu en á meðal félagasamtaka hefur kvennahreyfingin mikla sérstöðu. Það er eðli hreyfingarinnar að innan hennar hafa oft myndast litlir óformlegir hópar sem hafa ekki neinar félagaskrár og finnast hvergi á skrám yfir formleg félagasamtök. Þessir hópar hafa brugðist skjótt við nýjum aðstæðum og hafa starfað að afmörkuðum verkefnum í stuttan tíma. Þannig stigu Samtök um kvennaathvarf, Kvennaráðgjöf, Stígamót og fleiri fyrstu skref sín svo bara séu nefnd þau kvennasamtök sem allir ættu að þekkja en einnig má nefna hópa eins og Konur gegn klámi, Áhugahóp um aðgerðir til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir unglingsstúlkna og fleiri slíka hópa sem hafa starfað tímabundið á undanförnum árum. Svo er nefnt hér dæmi um nýja hópa af þessu tagi sem starfa á kvennapólitískum forsendum. Það mætti nefna hóp ungra kvenna sem hafa mikinn áhuga á femínisma og nefnist Bríet. Um þessar mundir er sá hópur að vinna að gerð útvarpsþátta um jafnréttismál eða var a.m.k. þegar þessi tillaga var undirbúin, nú veit ég ekki hvernig það starf hefur gengið eða hvort þeir þættir eru komnir í loftið. Nefna má ný samtök sem nefnast Kynjaverur, það er ungt fólk sem vill skoða sjálft og skilgreina kynjabaráttuna, kvennakirkjuna þekkja margir. Hún nýtur æ meiri vinsælda og er ekki vanþörf á kvenfrelsisstarfi innan þjóðkirkjunnar og að hlúa að slíku starfi. Samstaða gegn kynferðisofbeldi kallast líka nýstofnuð samtök sem vonandi eiga eftir að láta að sér kveða í framtíðinni.

Það hvarflar ekki að mér að peningar séu upphaf og endir alls þegar um slíkt starf er að ræða en það er ljóst að lífslíkur og árangur þessara hópa mundu aukast til mikilla muna ef hægt væri að sækja um fjárveitingar til að koma í verk einhverjum af þeim hugmyndum sem félagsfólk hefur. Þessum hópum og einstaklingum þyrfti að gefa tækifæri til að sækja um styrki til pólitískra verkefna, svo fremi að þau geti rökstutt þörfina og sýnt fram á almennt gildi starfsins fyrir samfélagið og ég vil leggja áherslu á þetta atriði. Það er alls ekki ætlan okkar sem flytjum þessa tillögu að hér verði til sjóður til að ganga í eða reka einhverja óskilgreinda starfsemi en auðvitað ekki heldur að reglur og skilyrði verði svo ströng og stíf að það hefti frumkvæði og kraft stórra og smárra hópa þótt e.t.v. skorti eitthvað á formið og skipulagið.

Aukið samstarf á alþjóðavettvangi er ein hlið þessarar starfsemi sem við erum að leggja til að verði stutt við en slíkt samstarf snertir jafnt kvennapólitískt starf og aðra

þætti samfélagsins. Reynslan hefur sýnt að á Íslandi er mjög mikill áhugi á þátttöku í alþjóðlegu kvennapólitísku starfi og þarf ekki annað en minna á þátttöku íslenskra kvenna í Nordisk Forum, í Peking-ráðstefnunni og ráðstefnu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Valmiera í ágúst 1997. Íslensk stjórnvöld studdu ferðir íslenskra kvenna á ráðstefnurnar og tryggði sá stuðningur mikla þátttöku og virkni fyrir og meðan á ráðstefnunum stóð. En ráðstefnuferðir eru lítils virði ef ekki eru tök á að fylgja þeim eftir og á þessum ráðstefnum mynduðu Íslendingar tengsl sem síðan reyndist erfitt að rækta áfram vegna fjárskorts.

Rétt er að geta þess að hugmyndin að þessari tillögu til þál. kemur frá norskri stjórnsýslu. Barna- og fjölskyldumálaráðuneytið norska auglýsir árlega styrki til kvennapólitískrar upplýsingastarfsemi og einnig styrki til kvennapólitísks alþjóðastarfs. Styrkirnir hafa tryggt þann jarðveg sem er nauðsynlegur fyrir frjótt starf. Þar í landi er farvegur fyrir samráð og gagnkvæmt upplýsingaflæði á milli stjórnvalda og kvennahreyfingarinnar og með tilliti til þess leggjum við til að með markvissri áætlun verði tryggðar greiðar boðleiðir milli félaga og hópa annars vegar og stjórnvalda hins vegar með samstarfs- og upplýsingafundum.

Það er tæpra tveggja áratuga hefð fyrir slíkum samráðsfundum í norska barna- og fjölskyldumálaráðuneytinu og gagnkvæmu upplýsingaflæði milli ráðuneytis, stofnana, frjálsra félagasamtaka og baráttuhópa sem getur komið að góðu gagni fyrir alla aðila. Sem dæmi um hver áhrif það gæti haft ef komið væri á greiðari boðleiðum þarna á milli má nefna að ráðuneytin tryggja að kvennasamtökin, norska kvennahreyfingin, viti hvað er að gerast úti í heimi og hjá þessum alþjóðasamtökum sem vísað var til í upphafi. T.d. má minna á fund sem haldinn var í kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna í New York á síðasta ári sem Íslendingar vissu ekki einu sinni um og fengu auðvitað engan stuðning til að taka þar þátt. Frá Noregi fóru sjö fulltrúar kvennahreyfingarinnar, bæði opinberir fulltrúar og fulltrúar kvennahópa þar sem rætt var í seminörum og pallborðsumræðum um Peking-áætlunina og hvernig ætti að vinna henni framgang. Þetta er svona dæmi um að hvaða gagni aukið samráð og upplýsingaflæði gæti komið. Einnig má nefna að íslensk stjórnvöld þurfa að bera hugmyndir sínar undir félagasamtök þegar um er að ræða ákvarðanir sem varða áhuga- og baráttumál þeirra. Það er auðvitað gert að sumu leyti en kannski ekki nógu markvisst. Það er engin spurning að fengur er í því fyrir íslenska stjórnsýslu að nýta reynslu og þekkingu sem safnast hefur saman innan kvennahreyfingarinnar. Í mörgum tilvikum er þar um sérfræðikunnáttu að ræða sem er nauðsynlegt fyrir opinbera aðila að hafa aðgang að. Einnig ætti að kappkosta að kynna kvennahreyfingunni hugmyndir og fyrirætlanir sem opinberir aðilar vinna að og hafa um þær samráð vegna þess, eins og segir í niðurlagi þessarar greinargerðar:

„Ef lögð er rækt við að fanga góðar hugmyndir eins og lýst er hér að framan má skapa umhverfið sem þarf til þess að kvennahreyfing og stjórnvöld í sameiningu geti í raun jafnað stöðu kynjanna."

Ég ætla þá ekki að fara fleiri orðum um tillöguna, herra forseti, en legg til að að lokinni umræðunni verði henni vísað til síðari umr. og hv. félmn.

[17:59]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir efni tillögunnar. Mér finnst þetta mjög gott mál. Mig langar til að fara nokkrum orðum um efni hennar og það sem tengist henni.

Fyrir það fyrsta hefði ég kosið og hefði frekar farið þá leið að tala um kvennahreyfingar í fleirtölu því að þó að segja megi sem svo að til sé fyrirbæri sem heiti kvennahreyfing, ekki síst í sögulegum skilningi ef umræður og barátta kvenna er skoðuð í ljósi sögunnar, hefur mér sýnst að á seinni árum séu bæði fræðimenn og aðrir sem fjalla um kvennabaráttu farnir að nota fleirtöluna miklu meira til að undirstrika að þessar hreyfingar eru af ýmsum toga og með ýmsar stefnur og ýmsar hugmyndir. Það að nota fleirtöluna undirstrikar það. Stundum eiga þessar hreyfingar eða félög nánast ekkert sameiginlegt annað en að þar eru konur í meiri hluta meðal félagsmanna eða þetta eru félög kvenna.

Ef við lítum yfir vettvanginn á Íslandi þá höfum við stórt samband eins og Kvenfélagasamband Íslands sem er samsett af tugum kvenfélaga úr ýmsum áttum, kirkjufélögum og héraðsbundnum kvennafélögum og fleiri slíkum, verkakvennafélögum. Hinum síðastnefndu hefur reyndar fækka mjög verulega ef nokkurt er orðið eftir. Síðan eru hreyfingar eins og Bandalag kvenna í Reykjavík, sem reyndar er hluti af Kvenfélagasambandinu, Kvenréttindafélag Íslands o.s.frv., fyrir utan ýmsa hópa sem minnst er á í greinargerð þessarar tillögu. Sem betur fer hafa sprottið upp nýir og nýir hópar sem síðan hafa lognast út af eftir því sem málefnunum vindur fram eða þeir detta upp fyrir af einhverjum ástæðum. Þetta er síbreytileg flóra.

Ég hef orðið vör við það í starfi mínu á Alþingi að ásókn félagasamtaka í styrki frá Alþingi er gríðarleg. Því miður hefur ekki með nokkru móti verið unnt að koma til móts við allar þær beiðnir. Mér finnst það mjög slæmt því að alls staðar þar sem ég þekki til, m.a. hjá Sameinuðu þjóðunum, er það yfirlýst stefna að styðja við félagasamtök. Þar er reynt að draga hvers kyns félagasamtök inn í umræðuna og gefa þeim kost á að fylgjast með, þannig að umræðan berist sem víðast og almenningur og þeir sem vinna að ákveðnum málefnum eigi kost á að taka þátt og koma skoðunum sínum á framfæri.

Af því að hv. 1. flm. nefndi fund sem haldinn var um Peking-áætlunina vil ég benda á að slíkir fundir eru haldnir reglulega. Sameinuðu þjóðirnar reyna að fylgjast með því hvernig sáttmálum þeirra er fylgt eftir. Ekki alls fyrir löngu var haldinn stór fundur í Argentínu til að fara yfir samþykktir Ríó-ráðstefnunnar, eða hvort ráðstefnan var í Brasilíu eða einhvers staðar á þeim slóðum. Næsta sumar er einmitt fyrirhuguð ráðstefna í tilefni af því að þá verða fimm ár liðin frá samþykkt Kaíró-ráðstefnunnar. Það er mál sem kemur konum ekki lítið við. Mér hefur gefist kostur á að fylgjast aðeins með því. Stjórnvöld hér voru steinsofandi yfir bæði undirbúningsfundi sem fram fer í þessum mánuði og síðan þessari ráðstefnu í sumar. Ýmsum þeim sem unnið hafa að málefnum sem snerta takmörkun barneigna og slíkt var gert viðvart. Eftir því sem ég best veit fara nokkrar konur á þennan undirbúningsfund nú í febrúar. Það er auðvitað afar brýnt að stjórnvöld styðji starfsemi af þessu tagi.

Félagastarfsemi er gríðarlega mikil hér á landi og ekki síst meðal kvenna. Þar er vettvangur fyrir þjóðfélagsumræðuna og fyrir ýmiss konar velferðar- og áhugamál.

Horfi ég á kvennabaráttuna sérstaklega þá er skoðun mín sú að nú sé afar brýnt að reyna að ýta undir öflugar kvennahreyfingar, þ.e. að stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að auðvelda slíkt starf. Þegar litið er til baráttu kvenna hér á landi þá hefur hún beint sjónum að fulltrúahlutverki kvenna,

beinst að því að fjölga konum á Alþingi, í sveitarstjórnum, í nefndum og ráðum og víðar þar sem ákvarðanir eru teknar. Það hefur allt verið nauðsynlegt. En þegar ég horfi yfir sviðið nú finnst mér að sú hugsun hafi skilað sér að konur eigi að vera alls staðar sem fulltrúar. Það litla sem við heyrum og sjáum af umræðum er nánast allt komið inn á hinn opinbera vettvang, í sölum Alþingis, eitthvað aðeins í sveitarstjórnum, hjá Jafnréttisráði og félmrn. Hin lifandi umræða og hin lifandi baráttuhreyfing kvenna sem hér starfaði fyrir nokkrum árum, liggur í roti. Umræðan er sáralítil og þá er ég að tala um lifandi umræðu í þjóðfélaginu.

Því miður finnst mér að þau átök sem áttu sér stað í hinni merku kvennahreyfingu, Kvennalistanum, með þeim ömurlega eftirleik sem við höfum orðið vitni að á undanförnum vikum og mánuðum, hafi haft mjög slæm áhrif á kvennabaráttuna hér á landi. Það mun taka langan tíma fyrir hana að jafna sig og finna sér nýjan farveg. Ef ekki er lifandi umræða um kvennabaráttu og lifandi hreyfing í samfélaginu þá hafa þeir fulltrúar sem konur velja sér, ogýta á að komist að, ekkert bakland. Þeir hafa engan stuðning og það held ég að skipti mjög miklu máli. Þó að fulltrúarnir séu til staðar og sinni pólitísku starfi þá þarf samt lifandi hreyfingu og lifandi umræðu. Ég vona sannarlega að hún líti dagsins ljós á næstu mánuðum eða árum. Það hefur nú verið eðli kvennahreyfingarinnar eða kvennahreyfinga að rísa upp aftur og aftur. Mér er eins og 1. flm. mjög tamt að tala um kvennahreyfinguna og er að reyna að breyta þessu.

Erindi mitt hingað í ræðustól var að taka undir efni tillögunnar. Íslenskum stjórnvöldum ber skylda til að styðja við félagasamtök, það er yfirlýst stefna Sameinuðu þjóðanna. Svo er gert í öllum þeim lýðræðisríkjum sem við viljum bera okkur saman við. Þar þurfum við að taka okkur verulegt tak, hæstv. forseti.

[18:08]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir að taka undir efni þessarar tillögu og ræða hana að nokkru. Það er mikils virði að hv. formaður félmn. lýsi viðhorfum sínum í þessari umræðu. Ég vona svo sannarlega að tími gefist til að ræða hana í nefndinni og taka formlega afstöðu til hennar.

Ég tek svo sannarlega undir með hv. þm., að mest sé um vert að fram fari lifandi umræða og að lifandi starf sé í gangi í þjóðfélaginu. Hvort sem við tölum um kvennahreyfingu eða kvennahreyfingar þá er mikilvægast að líf sé í starfinu. Það skiptir meira máli en peningarnir sem hér eru þó til umræðu. Þeir eru fyrst og fremst til þess að styðja og styrkja það sem sprettur upp í grasrótinni og er mjög mikils virði ef starfið er frjótt.

Ég er innilega sammála hv. þm. um að við þurfum að huga að þessu, ekki bara í sambandi við kvennahreyfinguna eins og ég kom reyndar að í máli mínu, heldur varðandi margs konar grasrótarstarfsemi og starfsemi frjálsra félagasamtaka og hópa í þjóðfélaginu, hvert sem umfjöllunarefni þeirra er. Mér hefur oft runnið til rifja hve fjárveitingavaldið hefur skammtað naumt í þeim efnum. Við sem eigum að halda utan um þessa peninga og ákveða hvert þeir renna höfum haft skelfilega lítið á milli handanna til að deila á milli hinna fjölmörgu hópa sem bæði eru skapandi og frjóir en einnig þeirra sem vinna afskaplega gagnleg störf og leggja samfélaginu lið. Ég vil minna á þá fjölmörgu sem vinna að velferð ýmissa sjúklingahópa, að ekki sé minnst á hlut góðgerðarfélaga og kvenfélaga sem styrkt hafa alls konar starfsemi, keypt tæki fyrir milljónatugi og lagt til sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Þannig hafa slík samtök og félög sparað þjóðfélaginu stórfé. Hið sama má segja um hvers kyns önnur frjáls félagasamtök. Framlag þeirra er þegar allt kemur til alls miklu meira en það sem þjóðfélagið leggur til þeirra. Það verður ekki metið til fjár.

Ég held að það væri mikils virði ef mótuð væri stefna í þessu efni og gerð áætlun, eins og lagt er til í þessari tillögu. Þannig mundu menn vinna markvisst að því að stuðningurinn komi að gagni og samfélaginu nýtist það sem slíkir hópar og félagasamtök hafa fram að færa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orka fallvatna og nýting hennar, 1. umr.

Frv. HG, 181. mál. — Þskj. 197.

[18:14]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um orku fallvatna. Hér er um að ræða mál sem oft hefur komið fyrir Alþingi. Eins og fram kemur í greinargerð er frv. um sama efni og frv. sem flutt var á 107. þingi. Það hefur síðan verið flutt sjö sinnum á Alþingi en ekki verið útrætt. Hér er þó um að ræða mikilvægt mál sem varðar orku fallvatna og nýtingu hennar þar sem sett er fram sú stefna að orka fallvatna landsins sé eign íslenska ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingar hennar. Þetta er óljóst í íslenskri löggjöf. Ekkert hliðstætt ákvæði er í íslenskri löggjöf en um fallvötn og rennandi vatn er fjallað í vatnalögum, nr. 15/1923, sem enn eru í gildi.

Meginstefna frv. kemur fram í 1. gr. þess, en í 2. gr. er að finna vissar undantekningar frá reglu að því er varðar heimild til þeirra sem hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum og að heimildir haldist, heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna samkvæmt því sem þar greinir, en þar er um að ræða eingöngu smáar virkjanir til raforkuframleiðslu miðað við 200 kw. og síðan eldri leyfi. Það er tekið fram að heimildir þeirra rétthafa eða aðila sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan tíu ára frá gildistöku laganna haldist og ef framkvæmdir tefjast við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum þá lengist fresturinn sem þeirri töf nemur.

Virðulegur forseti. Þetta er meginefni málsins. Meginefni frv. hefur verið rakið á fyrri þingum og rætt með þátttöku þingmanna og ráðherra. Komið hafa fram mörg fyrirheit frá framkvæmdarvaldinu um að það ætlaði sér að vinna úr þessu máli, en þá einhvern veginn öðruvísi en fram kemur í þessu frv. M.a. hefur núverandi ríkisstjórn lýst því yfir og hæstv. iðnrh. núverandi ríkisstjórnar að í undirbúningi væri að flytja frv. til laga um hliðstætt efni, þ.e. sem varðar orku fallvatna, en slíkt frv. hefur enn ekki komið fram þannig að mér sýnist alveg einboðið eða augljóst að ríkisstjórnin ætlar sér ekki að koma með eigið frv. á þessu sviði, a.m.k. ekki til lögfestingar á þessu þingi.

Þessi mál voru nokkuð rædd í tengslum við mál sem fékk ítarlega umfjöllun á síðasta þingi og var mjög umdeilt, þ.e. frv. til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu sem lögfest var á síðasta þingi. Þar er undanskilin orka fallvatna. Hún er ekki hluti af þeim ákvæðum sem í því frv. voru og því tel ég einsýnt að þetta frv. geti fengið

lögfestingu óháð þeim samþykktum sem gerðar voru á fyrra þingi varðandi eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu og annað það sem kveðið er á um í því máli sem lögfest var síðla á síðasta þingi.

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins að geta þess að upphaflega er þetta frv. samið af stjórnskipaðri nefnd. Raunar átti sá er hér talar frumkvæði að því að hefja undirbúning þessa máls og það var lagt fram upphaflega sem frv. af hálfu ríkisstjórnar sem starfaði 1980–1983. Einstök ákvæði málsins og rökstuðningur eru þau nefndarálit sem fyrir lágu og komu frá umræddri nefnd, þar á meðal minnihlutaálit þar sem lýst er annarri stefnu en felst í meginefni frv.

Virðulegur forseti. Þetta mál hefur gengið til iðnaðarnefnda þingsins á einum átta þingum en ekki fengið efnislega afgreiðslu. Það með öðru sýnir að mínu mati veikleika í störfum Alþingis að svona stórt mál, svona ákvarðandi málefni um stóra hagsmuni, skuli geta verið að velkjast fyrir þinginu án þess að fá efnislega niðurstöðu svo lengi sem raun ber vitni og að framkvæmdarvaldið skuli þrátt fyrir þá ögrun sem felst í þessu frv. ekki hafa komið fram með sína stefnu á sama tíma. Þetta er ekki forsvaranlegt, virðulegur forseti, að mínu mati og mjög óheppilegt. Það er nokkuð sérstakt að þegar fjallað var um mál sem varða brýna hagsmuni og að mörgu leyti skyld málefni, sem voru til umræðu á síðasta þingi, þá er þetta efni sem við ræðum hér undanskilið.

Ég legg til, virðulegur forseti, að að lokinni umræðu um málið verði frv. vísað til hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífsiðfræðiráð, fyrri umr.

Þáltill. HG, 182. mál. — Þskj. 198.

[18:21]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni 182. mál þessa þings. Það er till. til þál. um að stofna lífsiðfræðiráð. Málið hefur áður komið fyrir þingið, 121. og 122. löggjafarþing, og er hér endurflutt óbreytt frá því sem það lá fyrir á síðasta þingi. Ég sé ástæðu til þess, virðulegur forseti, að fylgja tillögunni úr hlaði með nokkrum orðum um leið og ég fer yfir meginefni hennar, sem er svofellt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma hið fyrsta á fót lífsiðfræðiráði til að fjalla um siðfræðileg álitaefni sem tengjast erfðabreytingum á lífverum og einræktun og afla til þess nauðsynlegra heimilda á Alþingi. Ráðinu verði ætlað að fylgjast með þróun í líftækni innan lands og erlendis, veita stjórnvöldum ráðgjöf og miðla fræðslu til almennings. Um leið verði endurskoðað núverandi kerfi ráðgefandi nefnda hjá hinu opinbera á þessu sviði og stefnt að einföldun þess og samræmingu.

Einnig verði hið fyrsta komið á fót samstarfsnefnd ráðuneyta sem fari með mál er snerta líftækni og rannsóknir á því sviði, hvort sem um er að ræða menn, dýr, plöntur eða örverur. Nefndin verði m.a. tengiliður lífsiðfræðiráðs við einstök ráðuneyti."

Þetta er efni tillögunnar. Í grg. með tillögunni er rakin þróun þessara mála, í rauninni tilrauna með erfðaefni sem hófust fyrir 24 árum eða fyrir þeim aldarfjórðungi sem liðinn er frá því að erfðavísar voru fyrst fluttir milli örvera. Lengri er nú ekki þessi saga en þróunin hefur verið gífurlega ör og því afar þýðingarmikið að af opinberri hálfu sé þannig búið um hnúta að yfirsýn sé til staðar og góð samvinna á milli aðila framkvæmdarvaldsins sem þessi efni falla undir. Að því markmiði miðar þessi tillaga sem hér er flutt.

Ekki eru nema þrjú ár síðan fyrsta löggjöfin hérlendis var sett um erfðabreyttar lífverur. Síðan hefur lögum og ákvæðum fjölgað og settar á fót á ýmsum sviðum nefndir sem ætlað er að fylgjast með og veita aðhald eftir atvikum á hinum ýmsu sviðum. Ég held að það mætti vísa til a.m.k. sex laga sem sett hafa verið þar sem um er að ræða nefndir sem m.a. eiga að taka á siðfræðilegum álitaefnum, fyrir utan siðanefndir sem starfa án sérstakrar löggjafar á vegum einstakra fagfélaga og á vegum jafnvel stofnana eins og sjúkrahúsa auk siðaráðs landlæknis sem starfar á vegum landlæknisembættisins.

Í sambandi við mótun þessarar tillögu þá var litið til nágrannalanda þar sem starfandi eru sérstök lífsiðfræðiráð eða líftæknifndir til að fylgjast með þróun, veita stjórnvöldum ráðgjöf og er ætlað að taka heildstætt á málum, þar á meðal á siðferðilegum þáttum líftækni. Þessi tillaga er að mínu mati afar brýn og ég harma að þetta mál skuli ekki hafa komið fyrr til umræðu á þinginu. Það var lagt fram fyrir mánuðum. En þannig vinnst þetta hér hjá okkur að þingmál frá stjórnarandstöðu bíða ansi lengi eftir að fá umræðu.

Við opnum varla svo málgögn, tímarit sem fjalla um alvarleg efni, ef svo má segja, að ekki beri við eitt eða annað sem snertir efni af þeim toga sem fjallað er um í þessari tillögu. Ég hef fyrir framan mig, af því að það barst í hendur mér nýlega, grein í virðulegu blaði sem heitir Le Monde diplomatique, sem farið er að gefa út á enskri tungu. Það er mjög lofsvert framtak að veita þeim sem eru kannski rétt stautandi í frönsku en ekki mikið meira aðgang að fróðlegu efni sem þar er fram reitt. Þar er að finna í síðustu útgáfu, janúar 1999, ágætt yfirlit yfir í rauninni þá ógn sem felst í því sem kallað er í fyrirsögn „The Genetic-Industrial Complex", þ.e. erfðabreytingaiðnaðarkerfið, lauslega þýtt, og dregin fram sú ógnvænlega þróun sem er í gangi á þessu sviði. Ég segi ógnvænlega vegna þess að það er svo langt frá því að menn horfi fram fyrir tærnar á sér í þessum efnum og þarna eru það fjárhagslegir hagsmunir, virðulegur forseti, sem ráða ferðinni. Gífurlegar fjárhæðir eru veittar til þess að hafa áhrif á þá sem ættu að stýra þessari þróun eða hafa eftirlit með henni. Það er kallað lobbíismi eða greiðslur, sem auðvitað má með réttu flokka undir mútur, sem beitt er af framleiðendum til þess að ryðja þessari þróun braut þar sem sem gróðafíknin ræður ferðinni.

Og eins og segir í undirfyrirsögn þeirrar greinar sem ég var að nefna þá er niðurstaðan af aðgerðum líftæknifyrirtækjanna, hinna stóru, sú að fjölþjóðafyrirtækjunum sem eru ráðandi í þessu erfðabreytingaiðnaðarveldi, hafa verið gefin í rauninni frískpil til þess að hafa áhrif eða „manipulate", eins og það er orðað hér, og jafnvel að gera lífverur varanlega ófrjóar til þess að ná markmiðum sínum.

Ég held að það sé mikil ástæða fyrir okkur Íslendinga að bregðast við. Þó að ég nefni hér þetta stóra svið sérstaklega þá er ekki síður ástæða til þess á hinu mannlega sviði, á sviði læknisfræðinnar og á sviði upplýsingatækninnar eins og hún grípur þar inn í — og er þar skammt að minnast frv. sem lögfest var 17. desember á Alþingi um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði — að átta sig á hvað hér er á ferðinni og hversu víðtækt þetta svið er.

Í stað þess að byggja eingöngu á nefndum sem eiga að líta eftir takmörkuðum hluta af þessu stóra sviði þá þurfum við að hafa samtengjandi ráð, líftækniráð, til þess að halda yfirsýninni og hagræða síðan nefndakerfi og eftirlitskerfi út frá þeirri forsendu að menn hafi slíka yfirsýn. Tillagan gerir ráð fyrir því að leitað verði einföldunar á núverandi kerfi þannig að menn séu ekki að stofna til óþarfs kostnaðar, en jafnframt að setja á fót þá samstarfsnefnd sem hér er gert ráð fyrir.

Virðulegur forseti. Mér láðist að nefna að tillaga mín er að þessu máli verði vísað til hv. umhvn.

[18:30]

Útbýting þingskjala:

Framtíðarstaða almannatryggingakerfisins, 497. mál, þáltill. MLS o.fl., þskj. 807.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 397. mál, svar dómsmrh., þskj. 714.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:31.

---

61. FUNDUR

þriðjudaginn 9. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Skipulag ferðamála, stjfrv., 361. mál, þskj. 497. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 352. mál, þskj. 475. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi, þáltill., 179. mál, þskj. 191. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Orka fallvatna og nýting hennar, frv., 181. mál, þskj. 197. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lífsiðfræðiráð, þáltill., 182. mál, þskj. 198. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 223. mál, þskj. 250. — 1. umr.
7. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 224. mál, þskj. 251. — 1. umr.
8. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 226. mál, þskj. 253. — 1. umr.
9. Lausafjárkaup, stjfrv., 227. mál, þskj. 254. — 1. umr.
10. Brunatryggingar, stjfrv., 388. mál, þskj. 659. — 1. umr.
11. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 414. mál, þskj. 687. — 1. umr.
12. Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 359. mál, þskj. 495. — 1. umr.
13. Ábyrgðarmenn, frv., 149. mál, þskj. 149. — 1. umr.
14. Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, þáltill., 160. mál, þskj. 160. — Fyrri umr.
15. Almannatryggingar, frv., 161. mál, þskj. 163. — 1. umr.
16. Félagsleg aðstoð, frv., 162. mál, þskj. 164. — 1. umr.
17. Stuðningur við konur í Bosníu, þáltill., 213. mál, þskj. 235. — Fyrri umr.
18. Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv., 252. mál, þskj. 285. — 1. umr.
19. Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frv., 253. mál, þskj. 286. — 1. umr.
20. Uppbyggður vegur yfir Kjöl, þáltill., 255. mál, þskj. 292. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 487. mál, frv. GE, þskj. 797.

Fast mánaðargjald fyrir símnotkun, 494. mál, fsp. MagnM, þskj. 804.

Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, 470. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 775.

Kosningar til Alþingis, 466. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 768.

Menntun þeirra sem hafa leyfi til fornleifarannsókna, 463. mál, fsp. ÁMM, þskj. 762.

Rannsóknir á sjóslysum m.s. Víkartinds og m.s. Dísarfells, 492. mál, fsp. GHall, þskj. 802.

Skortur á hjúkrunarfræðingum, 491. mál, fsp. GHall, þskj. 801.

Tóbaksvarnir á vinnustöðum, 493. mál, fsp. MagnM, þskj. 803.

Skipulag ferðamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 361. mál. — Þskj. 497.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 352. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 475.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. KH og GGuðbj, 179. mál. — Þskj. 191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Orka fallvatna og nýting hennar, frh. 1. umr.

Frv. HG, 181. mál. — Þskj. 197.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Lífsiðfræðiráð, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 182. mál. — Þskj. 198.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 1. umr.

Stjfrv., 223. mál (vöruþróunar- og markaðsdeild). — Þskj. 250.

[13:38]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum. Frv. þetta er á þskj. 250 og er 223. mál þingsins.

Þrátt fyrir að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hafi enn ekki starfað nema í eitt ár er talsverð reynsla komin á starfsemi hans. Hún er að mestu góð en þó hafa skoðanir manna þróast á þá lund að ástæða er til að breyta frá fyrri áformum um framtíð vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs.

Í upphafi var áformað að fjármagni sem innheimt hafði verið með iðnlánasjóðsgjaldi um margra ára skeið og varðveitt var í vöruþróunar- og markaðsdeild Iðnlánasjóðs yrði varið í sérstök framlög til vöruþróunar og markaðsaðgerða samkvæmt ákveðnum reglum. Gert var ráð fyrir að á fyrstu þremur starfsárum Nýsköpunarsjóðs yrði þessum eignum deildarinnar ráðstafað. Að þeim tíma liðnum yrði deildin lögð niður og óráðstafaðar eignir lagðar til almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðs.

Sú reynsla sem fengin er af starfsemi Nýsköpunarsjóðs og vöruþróunar- og markaðsdeildar hans sérstaklega hefur sýnt að unnt er að nýta þá fjármuni á markvissari hátt á lengri tíma þrátt fyrir að þörfin fyrir framlög til vöruþróunar og markaðsaðgerða sé engu minni nú en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Brýnt er að það fjármagn sé tiltækt til slíkra verkefna í lengri tíma en þrjú ár, sem lög um Nýsköpunarsjóð miðuðu við í upphafi.

Eins og staðan er nú er fjármögnun þessara verkefna ekki tryggð að þessum þremur árum liðnum. Í raun má segja að ástæða sé til að efla enn frekar en núverandi geta Nýsköpunarsjóðs leyfir þann hluta opinberra stuðningsaðgerða sem lýtur að stuðningi við hagnýtar rannsóknir, frumstig vöruþróunar og forkönnun markaðssetningar. Hlutverk vöruþróunar- og markaðsdeildar Nýsköpunarsjóðs á frumstigi nýsköpunar er því mjög mikilvægt. Reynslan hefur sýnt að slíkar stuðningsaðgerðir hafa einkum reynst vel þegar þær hafa beinst að sérhæfðum verkefnum sem hafa skýr markmið og verklagsreglur. Dæmi um þetta eru ýmis verkefni sem rekin eru af Iðntæknistofnun, voru þróuð og fjármögnuð að verulegu leyti í samvinnu við iðnaðarsjóðina gömlu en eru nú rekin með samningi við Nýsköpunarsjóð.

Verkefni af þessu tagi eru þess eðlis að ekki er að vænta af þeim beins arðs eða endurgreiðslu fjármagns þó ætla megi að þau leiði til arðsamari fjárfestinga eða framleiðslu síðar meir. Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að horfið verði frá fyrri áformum um að ráðstafa eigin fé vöruþróunar- og markaðsdeildar á þremur árum. Þess í stað verði miðað við að um óákveðinn tíma verði höfuðstóll deildarinnar ávaxtaður með hámarksávöxtun. Árlegt ráðstöfunarfé deildarinnar verði fyrst og fremst arður af höfuðstól hennar en auk þess hluti höfuðstólsins sem verkefnisstjórn deildarinnar og stjórn sjóðsins ákveði á hverjum tíma að verja til sérstakra stuðningsaðgerða fyrir atvinnulífið.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um ótímabundið hlutverk vöruþróunar- og markaðsdeildar og veitt heimild til að ganga á höfuðstól deildarinnar samkvæmt ákvörðun verkefnisstjórnar og stjórnar Nýsköpunarsjóðs.

Í 2. gr. frv. er 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða felld brott en það stendur að öðru leyti óbreytt. Í þessu felst að horfið er frá því að eignum deildarinnar verði ráðstafað í þrjú ár og deildin lögð niður að þeim tíma liðnum.

Ég tel ástæðu til að geta þess að um frv. þetta hefur verið rætt, bæði innan vébanda iðnaðar og einnig sjávarútvegs og um það ríkir full sátt. Frv. er einfalt í sniðum og þarfnast ekki ítarlegra skýringa. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla nánar um það að svo komnu máli. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[13:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef marglýst þeirri skoðun minni að nýsköpun opinberra aðila sé hvorki sérstaklega gæfurík né gefi mikinn árangur. Ég held að opinberir starfsmenn eigi að sinna öðru en nýsköpun. Ég tel betra að búa til umhverfi fyrir nýsköpun í þjóðfélaginu. Það væri líklegra til að menn næðu árangri, þ.e. að einstaklingar stundi nýsköpun sjálfir og taki áhættu.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að viðhalda ákveðinni deild áfram, viðhalda einu batteríinu lengur en til stóð. Spurning mín til hæstv. iðnrh. er eftirfarandi: Hve mikið fé er í þessari deild? Af hverju má ekki nýta það fé innan Nýsköpunarsjóðsins eins og til stóð?

[13:44]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé hárrétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að það er mjög mikilvægt að búa nýsköpun skynsamlegt umhverfi í atvinnulífinu. Stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins var hluti af þeim starfsskilyrðum sem áttu að stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Ég tel ekki nokkurn vafa leika á að starfsemi Nýsköpunarsjóðs hefur nú þegar skilað talsvert góðum árangri og mun skila enn betri árangri þegar fram líða stundir.

Þegar Nýsköpunarsjóður var stofnaður með lögum frá Alþingi fyrir rúmu ári var áætlað að kringum 750 millj. kr. væru til ráðstöfunar í þessari deild. Þeim fjármunum átti að ráðstafa á þremur árum. Að öðrum kosti skyldu eftirstöðvarnar leggjast við stofnsjóð Nýsköpunarsjóðs. Ég þori ekki að fullyrða nákvæmlega um upphæðina sem ráðstafað hefur verið út úr þessari deild sjóðsins á liðnu starfsári en ef ég man rétt held ég að stofnsjóðsframlagið standi eftir vegna þess að viðbótartekjurnar og ávöxtunin á árinu 1998 hafa staðið nokkurn veginn undir þeim framlögum sem ráðstafað var á því ári. Við erum því enn að tala um að í þessari deild sjóðsins geti verið í kringum 700 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að hægt sé að ráðstafa til styrkja, lána, til vöruþróunar og markaðsaðgerða í komandi framtíð.

[13:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo skemmtilegt að vextir af þessu fé, 700 millj., gætu verið nokkurn veginn 50 millj. Það eru akkúrat þeir skattar sem lagðir eru á nýsköpun, þ.e. það kostar 75 þús. kr. að stofna nýtt fyrirtæki. Hefur hæstv. iðnrh. látið sér detta í hug að fella niður eða lækka verulega gjöld á stofnun nýrra fyrirtækja til að örva nýsköpun og nota til þess vexti af þessu fé? Vaxtatekjum sjóðsins er nú stýrt til atvinnulífsins í sérstök verkefni í stað þess styrkja það almennt og liðka um fyrir nýsköpun með því að gera stofnun nýrra fyrirtækja auðveldari.

[13:46]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvort ég hafi velt því fyrir mér hvort skynsamlegt væri að lækka gjald fyrir stofnun hlutafélaga. Ég hef gert það og það veit hv. þm. vegna þess að við lögðumst þar saman á árar árið 1996. Í því ágæta samstarfi komum við því til leiðar að stofnkostnaður við einkahlutafélög lækkaði úr 100 þús. kr. niður í 75 þús. kr., sem var allnokkuð gott. Við munum í sameiningu halda áfram þeirri baráttu. Ég tel skynsamlegt að fara þá leið að draga úr kostnaði við stofnun hlutafélaga.

[13:47]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Frv. sem hæstv. viðskrh. mælti fyrir lætur e.t.v. ekki mikið yfir sér. Í því eru samt fólgnar verulegar breytingar frá því sem var þegar sjóðurinn var settur á laggirnar. Ég vil fyrst taka fram að pólitískur ágreiningur var um stofnun Nýsköpunarsjóðs á hinu háa Alþingi. Lögin voru afgreidd hér fyrir rúmu ári þannig að ekki er komin mikil reynsla á starfsemi sjóðsins.

Ég og fleiri þingmenn héldum því fram að það að búa til sérstakan sjóð til að efla nýsköpun í atvinnulífinu væri röng stefna, nær væri að huga að almennum aðgerðum sem hjálpað gætu til við nýsköpun. Hægt er að nefna nokkra þætti í þeim efnum, til að mynda á sviði skattamála, að þróun og rannsóknarstarfsemi njóti sérstakra skattaívilnana með sérstakri áherslu á menntamál, það væri ekki hvað síst hægt í gegnum tekjuskattskerfið. Hér er ekki úr vegi að nefna að ég hef einmitt lagt fram tillögu um að lækka tekjuskatt smærri fyrirtækja úr 30% niður í 20%. Það er hægt, herra forseti, að efla nýsköpun í samfélaginu með almennum aðgerðum.

Það var hins vegar ekki uppleggið með Nýsköpunarsjóði. Nýsköpunarsjóður tengist sömu aðferðum og ríkisstjórnin beitti þegar Fiskveiðisjóður Íslands, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður voru stokkaðir upp. Þá var búinn til Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og hluta af eigin fé sjóðanna var varið til að setja á laggirnar Nýsköpunarsjóð.

Miklar deilur risu, herra forseti, þegar þessir sjóðir voru stofnaðir m.a. við samtök atvinnurekenda. Þau höfðu greitt inn í þessa sjóði, bæði Fiskveiðasjóð og Iðnlánasjóð og þeim deilum lauk með samkomulagi um að þessi samtök færu með alla stjórn í viðkomandi sjóðum meira og minna. Deilur um eignarhald t.d. á Fiskveiðisjóði hafa hins vegar staðið mjög lengi.

Deilan var við samtök iðnrekenda um iðnlánasjóðsgjald. Þeir töldu sig eiga það framlag og var það leyst þannig að sett var á laggirnar deildin sem við erum að ræða hér um, deild í Nýsköpunarsjóði, vöruþróunar- og markaðsdeild. Öll þau mál einkenndust af hrossakaupum milli ríkisstjórnarinnar og forsvarsmanna atvinnulífsins, þau tengdust ekki verkalýðshreyfingunni á nokkurn máta. Hún kom hvergi að þessu máli en fyrst og fremst samtök vinnuveitenda innan Vinnuveitendasambandsins, samtök iðnrekenda og Landssamband ísl. útvegsmanna auk þess sem Verslunarráðið og Kaupmannasamtökin áttu þar aðild.

Forsagan er hv. alþm. kunn. Ég lagði mikla áherslu á að ég teldi aðferðirnar ekki réttar. Við þekkjum frekar slaka sögu Byggðasjóðs, stofnun Byggðasjóðs og eflingu hans. Þar var reynd sama hugmyndafræði og bjó á bak við stofnun Nýsköpunarsjóðs.

Í þingsölum minnast menn þess að læsa þurfti saman meiri hlutann, sem var ekki alveg nógu hrifinn af þessum ætlunum, með því að taka einn milljarð af eigin fé Fjárfestingarbankans og eyrnamerkja sérstaklega starfsemi á landsbyggðinni. Það dugði til að nokkrir landsbyggðarþingmenn styddu þær hugmyndir og afgreiddu sem lög frá Alþingi.

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að rifja forsöguna upp til að sýna að þetta hefur verið álitamál, að pólitískur ágreiningur hefur verið um þetta efni. Það er broslegt að hlusta á orðaskipti hv. þm. Péturs H. Blöndals og hæstv. viðskrh. um þetta mál, en hv. þm. talar eina ferðina enn líkt og hann eigi ekki aðild að þessari ríkisstjórn. Frv. er stjórnarfrv., hefur verið afgreitt í þingflokki Sjálfstfl., ég geri fastlega ráð fyrir því. Ég spyr ekki einu sinni hæstv. ráðherra hvort þetta njóti stuðnings ríkisstjórnarflokkanna. Ég veit það, þrátt fyrir að hv. þm. Pétur H. Blöndal sjái sig öðru hverju knúinn til að koma upp og slá sig til riddara með því að leggjast gegn málum sinnar eigin ríkisstjórnar en fylgir því síðan aldrei eftir í atkvæðagreiðslum. Það er hins vegar ekki mitt vandamál, hann er bundinn af sannfæringu sinni og hefur vitaskuld rétt til að haga málflutningi sínum eins og hann vill. Það snertir hins vegar ekki málið sem við ræðum hér.

Ég tel frv. ekki nauðsynlegt þó ég sé á móti Nýsköpunarsjóðnum en það eru lög og ég virði vitaskuld vilja meiri hluta og vinn eftir þeim lögum. Ég tel hins vegar ekki komna nægjanlega reynslu á þennan sjóð. Ég hef ekki séð þessa jákvæðu reynslu sem hæstv. ráðherra talar um. Ég tel ekki tímabært að dæma um það á þessu stigi málsins, hvað sem

seinna verður. Ég vil benda á að vöruþróunar- og markaðsdeildin á samkvæmt núgildandi lögum að starfa í þrjú ár. Að vísu er í lögunum gert ráð fyrir að eyða öllu fé deildarinnar á þeim þremur árum. Hin raunverulega efnisbreyting sem gerð er í þessu frv. er að segja: Við viðhöldum deildinni og göngum ekki á stofnfé sjóðsins. Reyndar er veitt heimild til þess í frv. En meginupplegg frv. er, og hæstv. viðskrh. rökstuddi það, að menn telja að góð reynsla sé af þessari sérstöku deild og vilja ekki eyða fé deildarinnar á þremur árum eins og upphaflega var ákveðið heldur gera deildina varanlega í starfsemi sjóðsins.

Ég tel ekki tímabært að kveða upp úr um það, einfaldlega vegna þess að við þurfum að fá betri upplýsingar um málið. Ég bendi á að það sem þessi deild hefur gert, þ.e. þróunarverkefni, kynningarverkefni og forathuganir — hún hefur afmarkað starfssvið með styrkveitingum og öðru slíku — getur Nýsköpunarsjóður fellt undir almenna starfsemi sína. Ekkert gerir það að verkum að starfseminnar vegna þurfi að reka þessa sérstöku deild.

Hluti af starfsemi deildarinnar og reyndar sjóðsins eru styrkveitingar. Ég held að í lögum sé ekki kveðið á um birtingu upplýsinga um styrkveitingar úr sjóðnum. Það yrði að skoða betur í nefndarstarfinu. Við munum að opinber umræða hefur átt sér stað um styrkveitingar sem tengdust þessu sjóðaumhverfi, reyndar ekki Nýsköpunarsjóðnum heldur frá fyrri tíma. Auðvitað er mjög mikilvægt að þess sé gætt í lögum að allar upplýsingar liggi fyrir og tortryggni skapist ekki varðandi styrkveitingar úr slíkum sjóði.

Ég teldi eins koma til greina að leggja deildina niður og fella fé hennar inn í sjóðinn ef menn vilja fara þá leið, ef menn vilja ekki eyða öllum peningunum, eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Ég tel ekki tímabært á þessu stigi málsins, herra forseti, að lögfesta starfsemi slíkrar deildar á fyrsta ári sjóðsins. Það breytir ekki þeirri grundvallarafstöðu minni að það mat að Nýsköpunarsjóður sé til styrktar íslensku atvinnulífi er rangt. Hægt væri að fara fjölmargar aðrar leiðir sem mundu styrkja betur nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Það er vissulega nauðsynlegt og ég hef gert ýmsar tillögur í þá átt, án þess að ástæða sé til að fara lengra í það á þessu stigi málsins.

[13:57]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma að hv. þm. Ágústi Einarssyni hafi snúist svona hugur gagnvart Nýsköpunarsjóðnum. Hv. þm. þóttist reyndar vita flest um sjóðakerfið þegar það var til umræðu á sínum tíma. Hann var þá með spekingslegan svip yfir því hvernig þetta ætti allt saman að þróast. Hann greiddi síðan atkvæði með Nýsköpunarsjóðnum. Nú held ég að hann hafi staðið undir væntingum og rúmlega það, hann er allt í einu á móti.

Það þarf í sjálfu sér, herra forseti, ekki að koma mjög á óvart að svo sé. Hv. þm. skiptir mikið um flokka og þarf ekki að koma á óvart þó hann skipti líka um skoðanir.

[13:58]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hér misminni hæstv. ráðherra eitthvað varðandi þetta efni. Ég hef rætt ítarlega á hinu háa Alþingi um endurskipulagningu á sjóðakerfinu á sínum tíma, þegar umræddir sjóðir voru stokkaðir eins og ég nefndi í ræðu minni. Ég benti á það, þegar Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóður og allt þetta var stokkað upp, og rakti það skilmerkilega. Ég sé ekki ástæðu til að fara yfir þá umræðu. Ég vildi samt biðja hæstv. ráðherra um að halda sig við staðreyndir í skoðanaskiptum og vera málefnalegur.

[13:59]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Gleggstu heimildir um afstöðu hv. þm. til þessa máls á sínum tíma eru Alþingistíðindi og atkvæðagreiðslan þegar málið var afgreitt. Þar hef ég gengið úr skugga um að hv. þm. greiddi atkvæði með Nýsköpunarsjóðnum við lokaafgreiðslu þess máls. Þess vegna kom það mér nokkuð á óvart, en kannski ekki í ljósi sögunnar, að hv. þm. hefði skipt um skoðun.

[13:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég má til með að leiðrétta nokkur atriði sem hv. þm. hafði um mína persónu áðan. Hann sagði að ég fylgdi aldrei skoðunum mínum eftir í atkvæðagreiðslum á hinu háa Alþingi. Ég væri á móti málum til að slá mig til riddara en fylgdi þeim svo ekki eftir. Ég tel einmitt að ég hafi mjög oft fylgt mínum málum eftir til enda, verið á móti málum og stjórnarfrv. Þetta er því ekki rétt fullyrðing hjá hv. þm.

Varðandi það hvort ég sé stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, þá er ég það vegna þess að þetta er ekki eina málið sem ríkisstjórnin flytur og þau mál sem ég hef verið á móti hafa ekki verið einu málin sem ríkisstjórnin flytur. Ég er mjög ánægður með störf ríkisstjórnarinnar. Ég er mjög ánægður með að tekist hefur að ná niður verðbólgu. Ég er mjög ánægður með að tekist hefur að halda genginu stöðugu. Ég er mjög ánægður með að umhverfi fyrirtækja hefur batnað þannig að laun hafa stórhækkað sem aldrei fyrr og að atvinnuleysið er horfið. Ég er mjög ánægður með þessi störf ríkisstjórnarinnar og styð hana heils hugar í þeim efnum, en það er ekki þar með sagt að ég fylgi henni í einu og öllu. Í þessu máli hvað varðar Nýsköpunarsjóðinn þá var ég á móti því að hann yrði stofnaður og ég man ekki betur — ég þyrfti nú að fletta því upp — en að ég hafi greitt atkvæði gegn því að stofna Nýsköpunarsjóðinn.

[14:01]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að staðfesta það sem hv. þm. sagði. Það hefur oft komið fyrir að hann hafi greitt atkvæði á móti. Ég held ég hafi sagt að hann gerði það aldrei. Hann gerir það oftast að styðja ríkisstjórnina þrátt fyrir að hann mótmæli stefnu hennar í einstökum atriðum en það hefur komið fyrir í einstaka tilvikum að hann hafi fylgt sinni sannfæringu til enda í atkvæðagreiðslum en það hefur hins vegar ekki verið mjög oft.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfasjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (innlendir sjóðir). — Þskj. 251.

[14:02]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum. Frv. þetta er á þskj. 251 og er 224. mál þingsins.

Verðbréfasjóðum hefur vaxið fiskur um hrygg hér á landi á undanförum árum. Nú eru starfandi átta verðbréfasjóðir í 34 deildum. Eignir þeirra voru um 50 milljarðar kr. um mitt ár 1998 og höfðu vaxið um 40 milljarða kr. á fimm árum. Verðbréfasjóðir eru orðnir mjög mikilvægt form fyrir sparnað heimila eins og víðast hvar í vestrænum ríkjum. Reynsla erlendis frá bendir til að mikilvægi verðbréfasjóða muni enn aukast í framtíðinni. Mjög mikilvægt er því að löggjöf um verðbréfasjóði hérlendis standist fyllilega samjöfnuð við það besta sem þekkist erlendis. Að öðrum kosti er hætt við að við missum verðbréfasjóðina úr landi og að erlendir verðbréfasjóðir íslenskra fyrirtækja verði markaðssettir hér á landi.

Íslenskir verðbréfasjóðir uppfylla allir skilyrði til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu, enda er ekki gert ráð fyrir í lögum um verðbréfasjóði að unnt sé að stofna aðra verðbréfasjóði en þá sem uppfylla ákvæði verðbréfasjóðatilskipunarinnar. Íslenskir verðbréfasjóðir hafa hins vegar fyrst og fremst markaðssett sjóðina hér á landi og því ekki nýtt sér heimild til að markaðssetja þá innan EES. Íslensk fjármálafyrirtæki hafa þó að undanförnu verið að hasla sér völl erlendis með stofnun fyrirtækja sem bjóða m.a. upp á verðbréfasjóði.

Í flestum ríkjum EES er í löggjöf kveðið á um að heimilt sé að stofna annars konar verðbréfasjóði en sjóði sem uppfylla ákvæði verðbréfasjóðatilskipunar ESB. Slíka sjóði, sem yfirleitt hafa meira svigrúm til fjárfestinga en felast í hinum ströngu ákvæðum verðbréfasjóðatilskipunarinnar, er aðeins hægt að markaðssetja innan heimalandsins. Fyrir skemmstu voru samþykkt ný lög í Danmörku þar sem veitt er leyfi fyrir slíka sjóði til að starfa í Danmörku.

Evrópusambandið hefur um nokkurra ára skeið reynt að ná samstöðu meðal aðildarríkja um útvíkkun verðbréfasjóðatilskipunarinnar til að endurspegla betur þá miklu þróun sem átt hefur sér stað á verðbréfasjóðum í aðildarlöndum frá samþykkt hennar árið 1985 og koma á skilvirkari innri markaði fyrir verðbréfasjóði. Í júlí síðastliðnum lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að tilskipun um breytingar á verðbréfasjóðatilskipuninni og er hún nú til meðferðar í Evrópuþinginu og Evrópuráðinu. Í tillögunni er m.a. gert ráð fyrir að fleiri tegundir verðbréfasjóða falli undir verðbréfasjóðatilskipunina.

Í gildandi lögum um verðbréfasjóði er íslenskum verðbréfasjóðum að þessu leyti sniðinn þrengri stakkur en víðast hvar gildir. Frv. er ætlað að taka á þessu. Í frv. er gert ráð fyrir að heimilt verði að stofna annars konar verðbréfasjóði en þá sem heimild hafa til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu. Breytingarnar lúta aðeins að fjárfestingarstefnu sjóðanna. Ekki er talin ástæða til að gera minni kröfur til verðbréfasjóða sem eingöngu er heimilt að markaðssetja hér á landi hvað varðar stjórn, skipulag, eftirlit og aðgreiningu reksturs og vörslu. Við samningu frv. var m.a. tekið mið af áðurnefndum tillögum framkvæmdastjórnar ESB. Þeir sjóðir sem stofnaðir verða hér á landi á grundvelli frv. munu því falla undir verðbréfasjóðatilskipun ESB ef þær tillögur sem þar eru til meðferðar ná fram að ganga.

Mikilvægustu ákvæði frv. eru í 4. gr. Þar er kveðið á um heimildir sjóðsins til að stofna verðbréfasjóði sem eingöngu verði markaðssettir hér á landi. Þeir fá samkvæmt 4. gr. heimild til að fjárfesta í öðrum verðbréfasjóðum, innlánum og framvirkum samningum og valréttarsamningum til viðbótar við þær heimildir sem verðbréfasjóðirnir með Evrópupassa hafa. Sú nýskipan sem hér er lögð til hefur í för með sér breytta notkun hugtaka samkvæmt íslenskum rétti.

Í lögum nr. 10/1993 hefur hingað til verið litið svo á að verðbréfasjóður sé sá einn sem uppfyllir skilyrði verðbréfatilskipunar ESB. Hér er lagt til að skilgreining á hugtakinu verðbréfasjóðir verði víðari og taki einnig til annarra sjóða sem uppfylla ákvæði laganna. Þetta er í samræmi við þá almennu málvenju að verðbréfasjóður sé sjóður sameiginlegrar fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum algerlega án tillits til þess hvort sjóðurinn hafi heimild til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Herra forseti. Ég mælist til þess að efh.- og viðskn. fái málið til umfjöllunar að lokinni þessari umræðu og frv. verður afgreitt á þessu þingi.

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hv. 11. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[14:07]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég sé mig tilneyddan til að kveðja mér hljóðs og nýta mér þann rétt í þingsköpum til að bera af mér sakir. Það er vegna þeirra ummæla sem féllu áðan af hálfu hæstv. viðskrh. í umræðu um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Þar hélt hann því fram að ég hefði greitt atkvæði með því frv. Ég rifjaði upp í þeirri umræðu hvernig afstaða mín hefði verið á sínum tíma og ég sé mig því tilknúinn að benda á staðreyndir í því máli og vekja athygli á því að hæstv. ráðherra fór með ósannindi.

Við 2. umr. málsins var ég aðili að minnihlutaáliti sem kom til atkvæða um að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Það var fellt m.a. með atkvæðum hæstv. viðskrh. En þegar málið kom til lokaafgreiðslu í þinginu, 3. umr., sem hæstv. ráðherra væntanlega vísar til, þá sögðu stjórnarliðar já við frv. Fjölmargir stjórnarandstæðingar sátu hjá og þar á meðal ég. Hæstv. viðskrh. fór því með ósannindi áðan í umræðunni og var þar að auki ósmekklegur gagnvart mér persónulega í þeim málflutningi, eins og menn sáu, en það lýsir honum betur. En ég get ekki, herra forseti, búið við það að hæstv. ráðherra fari með ósannindi um afstöðu mína.

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. viðskrh. óskar að bera af sér sakir.

[14:08]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Áður en ég fullyrti það í þessum ræðustóli áðan hvernig hv. þm. hefði greitt atkvæði, þá leitaði ég álits hjá skrifstofu þingsins og fékk þær upplýsingar að hv. þm. hefði greitt atkvæði með frv. Það munu ekki hafa verið réttar upplýsingar því hv. þm. mun hafa setið hjá og var meiningin alls ekki sú af minni hálfu að hafa hv. þm. fyrir rangri sök í þessum efnum. Ég vildi út af umræðum áðan ganga úr skugga um það hvernig hv. þm. hefði greitt atkvæði og gerði það með þessum hætti.

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hv. 11. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[14:09]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hið rétta hefur komið fram í málinu, að hæstv. ráðherra hefur fengið rangar upplýsingar um afstöðu mína. Ég ætla ekki að elta meira ólar í sambandi við það. Hann hefði hins vegar verið maður að meiri ef hann hefði

beðist afsökunar á þeim ummælum sem hann lét hér falla.

[14:12]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem við erum að ræða, um breytingu á lögum um verðbréfasjóði, tengist heildarlöggjöf um sjóðina sem var afgreidd 1993. Við breyttum þeirri löggjöf 1996. Hér þarf að hafa í huga að löggjöf um verðbréfasjóði og reyndar öll okkar löggjöf eða flestallir þættir í löggjöf okkar á viðskiptasviði eru vegna EES-samningsins. Þess vegna má segja að sú löggjöf sé á margan hátt betri, vandaðri og nútímalegri en ýmsir aðrir lagaþættir hjá okkur.

Það er brýnt, herra forseti, að huga að breytingum á þessum lögum eins og gert er í þessu frv. einfaldlega vegna þess að verðbréfasjóðir og þeir þættir sem tengjast fjármagnsmarkaðnum hafa eflst það mikið á undanförnum árum að mjög brýnt er að við höfum sem vandaðasta löggjöf. Í frv. kemur m.a. fram að verðbréfasjóðir eru að verða meiri uppspretta sparnaðar, sem er mikil nauðsyn í samfélagi okkar, og að 50 milljarðar eru nú þegar í þessum sjóðum. Það hefur aukist og mun aukast verulega.

Þessi starfsemi verðbréfasjóðanna er vaxandi, hún er alþjóðleg og hún er vettvangur ungs fólks. Sóknarfæri eru fólgin í starfsemi á þessu sviði. Breytingin sem gerð er í frv. er sú að heimila starfrækslu sjóða sem starfa einungis í heimalandi en hafa meira svigrúm til fjárfestinga en einungis í verðbréfum. Hér er verið að laga löggjöf okkar að þeim rýmri heimildum sem ríkja á EES-svæðinu og ég tel það vera jákvætt.

Ég vek hins vegar sérstaka athygli á 4. gr. frv. þar sem rætt er um takmarkanir á því hvað sjóðirnir mega fjárfesta á einstökum sviðum. Til dæmis má ekki fjárfesta meira en 35% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Þetta þak var áður 10%. Vitaskuld þarf að skoða í nefnd hvort hér séu veittar of rúmar heimildir. Í sömu grein er einnig talað um að fjárfestingar í öðrum verðbréfasjóðum megi ekki vera meiri en 35% bundið því að fjárfest sé í fimm sjóðum. Þessi takmörk voru áður 5%. Ég er ekki að gera þessi atriði í sjálfu sér að umtalsefni heldur einungis að benda á að þessi þök verða vitaskuld að koma til vandlegrar skoðunar eins og venja er í þingnefnd.

Sömuleiðis er kveðið á um þátttöku í afleiðuviðskiptum sem eru nýbreytni í fjármálaheiminum á síðustu árum, þar sem gerðir eru samningar sem tengjast verðbreytingum annarra þátta eða eigna. Umtalsverð viðskipti hafa átt sér stað með þetta í heiminum eins og menn þekkja. Stundum hafa menn ekki gætt sín í þessu nýja umhverfi peningamála og við þekkjum fjölmörg dæmi um það að menn hafi reist sér hurðarás um öxl, eins og gjaldþrotið í Singapúr sýndi á sínum tíma. Það er ljóst, herra forseti, að við erum komin inn á nýtt atvinnusvæði fjármagnsins sem er geysilega öflugt og sterkt. Það má líkja þessu við það að við séum komin inn á sambærilegt svið í uppsprettu framleiðsluþátta eins og kolin voru á sínum tíma. Það er kannski ekki svo fráleitur samanburður, því vöxturinn á þessu sviði í alþjóðlegum fjármálaviðskiptum hefur verið gífurlega mikill. Við sjáum að alls konar skrýtnir hlutir geta gerst í verðbréfaviðskiptum og mér finnst þau tvö dæmi sem þekkt eru úr alþjóðaviðskiptum nokkuð skemmtileg þegar verðbréfasalarnir í tveimur tilvikum, annars vegar í Frakklandi og hins vegar í Bretlandi, ráku sig í tölvuna og gáfu þannig fyrirmæli um tafarlausa sölu sem leiddi til smávægilegs verðfalls. En þessi dæmi sýna meira á gamansaman hátt í hvernig umhverfi þessi viðskipti eru komin, hvað hraðinn og umfangið er mikið.

Meginafstaða mín gagnvart þessu frv. er að styðja það. Ég tel það vera jákvætt að rýmka starfsheimildir verðbréfasjóða eins og lagt er til í frv. Það þarf að skoða ýmsa þætti í því og það verður gert í þeirri nefnd sem fær það til umfjöllunar, og ég á sæti í. Við höfum lagt okkur fram í efh.- og viðskn. Alþingis að fylgjast vel með þeim breytingum sem eru að gerast í verðbréfaviðskiptum og alþjóðlegum verðbréfamarkaði og ég tel að þetta frv. hjálpi til við að búa til eins nýtískulega umgjörð og hægt er.

[14:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem varð hér áðan um stuðning við ríkisstjórnina, þá er þetta mál einmitt eitt af þeim málum sem veldur því að ég styð ríkisstjórnina. Þetta er hið besta mál og þetta er mjög gott mál. Hér er verið að auka frelsi og auka mjög mikilvægan þátt í fjármagnsmarkaðnum og ég er mjög ánægður með að hæstv. iðn.- og viðskrh. leggur þetta frv. fram. Hér er verið að auka enn frekar svigrúm verðbréfasjóða og það gleður mig sérstaklega vegna þess ég átti þátt í að stofna fyrsta verðbréfasjóðinn á Íslandi og hef alltaf verið mjög mikill áhugamaður um vöxt þeirrar greinar atvinnulífsins.

Í verðbréfasjóði nýtur eigandinn ávöxtunarinnar öndvert við það sem gerist þegar hann leggur inn peninga til ávöxtunar í banka og þar af leiðandi er miklu meiri krafa um arðsemi í verðbréfasjóði en í bankainnlánum sem aftur veldur því að miklu meiri krafa er um arðsemi til fyrirtækja sem taka þessi lán og ég tel að arðsemiskrafa í atvinnulífinu sé af hinu góða.

Varðandi það sem kom fram áðan um 4. gr., að heimilt sé að kaupa allt að 35% í einstökum verðbréfasjóðum, þá gætti þar ákveðins misskilnings vegna þess að það má fjárfesta allt að 35% í verðbréfasjóði en verðbréfasjóður hlítir aftur á móti þessum sömu lögum um áhættudreifingu. Það er því ekki mikil áhætta fólgin í því að kaupa 35% í einum verðbréfasjóði sem aftur er með mikla áhættudreifingu. En þetta þarf að sjálfsögðu að skoða í hv. efh.- og viðskn. sem fær málið til umfjöllunar, og þar á ég sæti og mun væntanlega skoða þetta atriði sem hér kom fram áðan um áhættudreifingu. En það er afar mikilvægt að þeir aðilar sem starfa á fjármagnsmarkaði gæti vel að áhættudreifingu og ég er þeirrar skoðunar að hver einstök áhætta í slíkum sjóðum ætti aldrei að fara upp fyrir segjum 2–3%.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 1. umr.

Stjfrv., 226. mál (gjaldsvið o.fl.). — Þskj. 253.

[14:19]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti. Frv. þetta er á þskj. 253 og er 226. mál þingsins.

Ísland hefur verið aðili að samstarfi 26 OECD-ríkja um aðgerðir gegn peningaþvætti, svonefndum FATF-ríkjahópi, frá upphafi þess samstarfs árið 1989. Á vettvangi þessa samstarfshóps hafa verið samþykkt 40 tilmæli til aðildarríkjanna um þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar til að koma

í veg fyrir að fjármálakerfi landanna verði notað til peningaþvættis. Vegna þess samstarfs sem átt hefur sér stað á undanförnum árum hefur betur komið í ljós að fyrir hendi er hætta á að fleiri aðilar kunni að vera notaðir til peningaþvættis en þeir aðilar sem starfa á grundvelli starfsleyfis sem fjármálastofnun. Dæmi um slíkt má t.d. nefna lögmenn, endurskoðendur, happdrætti og aðra aðila sem geta lent í þeirri aðstöðu við framkvæmd sinna starfa að þurfa að sýsla með fjármuni viðskiptavina sinna með einum eða öðrum hætti.

Ég vil, með leyfi forseta, víkja að einstökum greinum frv. Í 1. gr. frv. er að finna breytingar á 1. gr. gildandi laga um aðgerðir gegn peningaþvætti. Hér er lagt til að í stað þess að telja upp þær fjármálastofnanir sem lögunum er ætlað að taka til verði talin upp sú starfsemi þar sem framvegis verði skylt að framfylgja ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti.

Eins og ég gat um áðan hefur á undanförnum árum komið betur í ljós að unnt er að nota aðra aðila en fjármálastofnanir til að þvætta fjármuni sem er afrakstur af refsiverðum brotum. Með hliðsjón af því þykir eðlilegra að í 1. gr. sé tilgreind sú starfsemi þar sem sérstakrar aðgæslu er þörf í samræmi við ákvæði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti fremur en að hafa tæmandi upptalningu á þeim stofnunum sem lögunum er ætlað að taka til eins og gert er í núgildandi lögum. Auk þess er lagt til að gildissvið laganna verði rýmkað nokkuð frá því sem nú er.

Samkvæmt frv. er í 1. gr. tekið fram að ef í þjónustu sem einstaklingar eða lögaðilar veita felist einhver sú starfsemi sem fellur undir einn eða fleiri þeirra 14 liða sem taldir eru upp í 1. gr. þá beri þeim að fylgja tilmælum laganna. Framvegis ber því ýmsum aðilum sem ekki hafa hingað til þurft að hlíta ákvæðum þessara laga að krefja viðskiptamann um skilríki og tilkynna til lögreglu ef viðskipti eru grunsamleg. Í 7. tölul. 1. gr. segir að ef í þjónustu sem veitt er felist að eiga viðskipti fyrir eigin reikning eða reikning viðskiptamanns með peninga, verðbréf eða gjaldeyri, þá skuli ákvæði laganna um aðgæslu laganna ná til slíkra aðila. Undir þetta ákvæði mundu því falla ýmis tilvik, t.d. má nefna þegar í þjónustu lögmanns felst að taka við fjármunum frá skjólstæðingi sínum til varðveislu um lengri eða skemmri tíma í tengslum við lögmannsstörf í hans þágu, svo sem búskipti, móttöku fjármuna vegna tjónauppgjörs o.s.frv. Einnig geta aðrir aðilar fallið undir þessi ákvæði frv., svo sem endurskoðendur, fasteignasalar eða aðrir ráðgjafar sem vegna sinna starfa eru í sams konar aðstöðu og kunna að veita þjónustu af því tagi sem talin er upp í einu eða fleirum hinna nefndu 14 töluliða í 1. gr. frv.

Að öðru leyti en því sem ég hef lýst hér að framan má segja að gildissvið laganna sé í megindráttum sambærilegt við það sem hingað til hefur verið, þ.e. undir ákvæði laganna fellur starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða, verðbréfafyrirtækja, líftryggingarfélaga auk svonefndra gjaldeyrisviðskiptastöðva og þar fram eftir götunum.

Í 2. gr. frv. er að finna breytingar sem taka mið af því að árið 1997 voru samþykktar á Alþingi breytingar á almennum hegningarlögum og ýmsum sérlögum, svo sem tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni, lyfja- og áfengislögum svo nokkur dæmi séu nefnd. Breytingar þessar voru nauðsynlegar vegna staðfestingar Íslands á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni, skynvilluefni og samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum. Með þeirri breytingu á almennum hegningarlögum, sem þá var samþykkt, var þvættisbrot gert að sjálfstæðu broti. Nú er því orðið skýrara en áður var í lögum hvað telst falla undir þvættisbrot og miðast því breytingarnar sem lagðar eru til í 2. gr. frv. að því að skýra betur en nú er gert hvað felst í hugtakinu peningaþvætti.

Í 3. gr. frv. er að finna ákvæði þar sem markmiðið er að skýra og gera fyllra ákvæði gildandi laga um aðgerðir gegn peningaþvætti með því að setja nánari reglur um hvenær skylt sé að krefjast persónuskilríkja og hvaða skilríki teljist gild í því sambandi. Eins og kunnugt er gildir sú meginregla í öllu viðskiptalífinu hér á landi að notuð er kennitala til að auðkenna viðskiptamenn fyrirtækja og stofnana og gildir það jafnt um innlenda sem erlenda aðila en Hagstofa Íslands hefur umsjón með þeim málum svo sem kunnugt er. Eðlilegt er að í lögunum komi því skýrt fram að einungis sé unnt að taka sem fullgild persónuskilríki í skilningi þessara laga þau skilríki sem gefin eru út í samræmi við þær kröfur sem Hagstofa Íslands gerir í því sambandi en dæmi um slík skilríki er ökuskírteini og vegabréf.

Í 4.–6. gr. er að finna ýmsar breytingar sem telja má að falli undir tæknilegar breytingar á orðalagi nokkurra greina laganna sem óþarfi er að gera hér sérstaklega grein fyrir enda skýra þær sig sjálfar.

Í 7. gr. frv. er lagt til að í stað þess að tilkynningar um grunsamleg viðskipti skuli sendar til ríkissaksóknara skuli þær framvegis sendar til embættis ríkislögreglustjóra og er það í samræmi við ákvæði nýrra lögreglulaga.

Í 8. gr. er lagt til að við lögin bætist ný grein þar sem skýr ákvæði eru sett um tilkynningar sem gerðar eru til lögreglu á grundvelli laganna og að lögreglu sé skylt að gera tafarlaust viðvart sé ekki talin þörf á hindrun viðskipta.

Í 9.–15. gr. frv. eru að öðru leyti aðeins breytingar sem nauðsynlegar eru af lagatæknilegum ástæðum og lagðar til vegna þeirra breytinga sem felast í frv. og ég hef áður gert hér grein fyrir.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir ákvæðum þessa frv. en vil, með leyfi forseta, leggja til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[14:26]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Örstutt. Ég styð þetta frv. Hér er verið að koma í veg fyrir það að glæpamenn og aðrir sem stunda ólöglega starfsemi geti þvegið peninga sína, þ.e. breytt þeim úr ólöglega fengnum peningum yfir í peninga sem sýnast vera löglega fengnir og er mjög mikilvægt að komið sé í veg fyrir slíkt. Alþjóðleg samstaða er í gangi um að hindra slíka starfsemi. Aukið peningaþvætti stafar að sjálfsögðu af því að með stórauknum alþjóðlegum samskiptum og frelsi í flutningum á fjármagni með miklum vexti óefnislegra eigna, þ.e. hugbúnaðar- og framtíðarhagnaðarfyrirtækja, hafa möguleikar manna aukist, sem hafa óhreint mjöl í pokahorninu, að komast yfir peninga ólöglega. Til að geta nýtt þá peninga þurfa þeir aðilar að breyta þeim í löglega fengna peninga eða peninga sem sýnast vera löglega fengnir og þess vegna nota þeir peningaþvætti.

Allt þetta miðar að því að auka heiðarleika og gott siðferði í þjóðfélaginu en ég tel að heiðarleiki og gott siðferði í atvinnulífi, sem og meðal fólks almennt, sé verðmæti sem sé þjóðfélaginu mjög mikils virði og sennilega ein dýrmætasta auðlind hverrar þjóðar að hafa gott siðferði. Menn skyldu ekki gleyma því að í þeim löndum sem vegnar illa í dag er

yfirleitt og má segja alltaf slæmt siðferði. Við skulum bara setja okkur í þau spor, herra forseti, að við ætlum að gera samninga og við treystum gagnaðilanum 100%. Þá verður samningagerðin ákaflega einföld og allur kostnaður við það að hindra að verið sé að svíkja og pretta fellur niður, ef við getum treyst gagnaðilanum 100%. Það er einmitt dæmi um gott siðferði að menn geti 100% treyst gagnaðilanum sem þeir eiga viðskipti við og þess vegna er heiðarleiki og gott siðferði ein verðmætasta auðlind hverrar þjóðar og þetta frv. stuðlar að því að gott siðferði haldist við og aukist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lausafjárkaup, 1. umr.

Stjfrv., 227. mál (heildarlög). — Þskj. 254.

[14:28]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lausafjárkaup sem er á þskj. 254 og er 227. mál þingsins, en frv. þessu er, ef að lögum verður, ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um það efni sem eru nr. 39/1922.

Aðdragandi að samningu þessa frv. er orðinn nokkuð langur og má rekja hann allt aftur til ársins 1992 þegar þáverandi viðskrh. fól Magnúsi Þ. Torfasyni, fyrrverandi hæstaréttardómara, að endurskoða lög um lausafjárkaup. Skyldi endurskoðun laganna hafa það að markmiði að færa ákvæði þeirra til samnorræns horfs, en Íslendingar tóku um skeið, eins og síðar verður nánar rakið, þátt í störfum norræns vinnuhóps sem fékk það verkefni að endurskoða norrænu kaupalögin frá fyrri hluta þessarar aldar, og skilaði vinnuhópurinn áliti sínu á árinu 1984.

Einnig skyldi Magnús kanna hvort og þá hvernig lögfestar yrðu hér á landi alþjóðlegar reglur um lausafjárkaup sem samdar voru að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna árið 1980. Magnús Þ. Torfason lést á árinu 1993 og var endurskoðun hans á lögum nr. 39/1922 þá skammt á veg komin.

Þá fól iðnaðar- og viðskiptaráðherra þeim Stefáni Má Stefánssyni og Þorgeiri Örlygssyni, prófessorum við lagadeild Háskóla Íslands, að vinna að endurskoðun laga nr. 39/1922 í þeim anda sem að framan var lýst. Nánar segir í erindisbréfi þeirra að þeir skuli semja fyrir ráðuneytið frumvarp til laga um lausafjárkaup, sem leysi af hólmi gildandi lög um það efni, nr. 39/1922. Skal frumvarpið hafa að fyrirmynd samnorrænt nefndarálit um sama efni frá árinu 1984. Þá kemur fram í erindisbréfinu að í þeim tilvikum er nýleg löggjöf í Skandinavíu um lausafjárkaup sé ólík um einstök efnisatriði skuli frumvarpshöfundar meta, í samráði við ráðuneytið, hvaða leið sé heppilegast að fara í lagasetningu hér á landi. Einnig segir í erindisbréfinu, að samhliða samningu frumvarps til nýrra kaupalaga skuli höfundar gera athugun á því hvort æskilegt sé að Ísland gerist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um lausafjárkaup frá 1980 með tilliti til fullgildingar samningsins og lögleiðingar hans. Þeir áttu einnig að kanna áhrif EES-samningsins á þá endurskoðun. Að höfðu samráði við utanrrn. er gert ráð fyrir að utanrrh. leggi fram till. til þál. um öflun heimildar til að staðfesta samning Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlega samninga í lausafjárkaupum.

Frv. það til laga um lausafjárkaup sem hér liggur fyrir byggir í meginatriðum á þeim tillögum til nýrra norrænna kaupalaga sem norræni vinnuhópurinn kom fram með á árinu 1984. Rétt er að hafa í huga að í ýmsum greinum er reynt að taka tillit til séríslenskra aðstæðna. Þá leiðir það af ákvæðum frv. sem síðar verður rakið að lagt er til að ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um sölu á vörum milli ríkja frá 1980 verði leidd í lög hér á landi með svokallaðri aðlögun. Í því felst að einstakar efnisgreinar frv. sem eins og fyrr segir byggja að meginstefnu til á norræna nefndarálitinu frá 1984 hafi verið aðlagaðar að Sameinuðu þjóða samningnum.

Með gildistöku laga nr. 39/1922 má segja að komist hafi á réttareining milli Íslands og annarra þjóða á Norðurlöndum á sviði kauparéttar. Hélst svo allt þar til gerðar voru breytingar á kaupalögum Dana, Svía og Norðmanna á árunum 1973–1979, í átt til aukinnar neytendaverndar. Í kjölfar þess kom setning nýrra kaupalaga í Finnlandi árið 1987, Noregi 1988 og Svíþjóð 1989 svo sem hér hefur að einhverju leyti verið rakið.

Óhætt er að segja að þjóðfélagsaðstæður hér á landi hafi breyst mjög mikið á þeim tæpu 80 árum sem liðin eru frá því að gildandi lög um lausafjárkaup voru staðfest. Auk þess sem þjóðfélagsumgjörðin hefur öll breyst hafa hinar miklu framfarir á tæknisviði einnig haft umtalsverð áhrif á verslun og viðskipti manna í milli.

Segja má að gildandi kaupalög hafi að ákveðnu marki lagað sig að þeirri samfélagsþróun sem hér var lýst, m.a. vegna þess hve lögin eru sveigjanleg í uppbyggingu sinni. Þá eru lögin frávíkjanleg, en það hefur aftur leitt til þess að venjur hafa myndast á ákveðnum sviðum viðskipta, og hefur þannig verið vikið frá ýmsum ákvæðum laganna í framkvæmd þeirra. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft að samningur Sameinuðu þjóðanna hefur tvímælalaust aukið þörfina fyrir endurskoðun laganna. EES-samningurinn hefur haft álíka áhrif og reyndar einnig samningarnir um ESB. Þá verður einnig að telja að ný samnorræn kaupalög einfaldi mjög verslunarviðskipti milli ríkja á Norðurlöndum og að þau séu jafnframt til þess fallin að stuðla að því að gera Norðurlöndin að einsleitu markaðssvæði innan Evrópubandalagsins og hins Evrópska efnahagssvæðis. Mikilvægur þáttur í endurskoðun íslenskra kaupalaga hlýtur jafnan að vera að varðveita norræna réttareiningu á þessu mikilvæga sviði réttarins, en fyrir slíkri réttareiningu er löng hefð.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í desember 1966 ályktun þess efnis að sett skyldi á laggirnar sérstök nefnd á vegum samtakanna sem hafa skyldi það hlutverk að efla og styrkja samræmingu alþjóðlegrar viðskiptalöggjafar.

Nefndin tók til starfa skömmu síðar.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna til alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var vorið 1980 í Vínarborg í Austurríki þar sem saman komu fulltrúar 62 ríkja og átta alþjóðastofnana. Á ráðstefnunni var gengið frá nýjum samningi um alþjóðleg lausafjárkaup.

Eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg lausafjárkaup var samþykktur 11. apríl 1980 varð um það sammæli meðal norrænna ríkja að hefja skyldi á nýjan leik endurskoðun norrænu kaupalaganna. Á fundi norrænna dómsmálaráðherra sem haldinn var í Helsinki 10. júní 1980 var komið á laggirnar samnorrænum vinnuhópi sem fékk það verkefni að kanna möguleika þess að setja samræmd kaupalög fyrir öll Norðurlöndin.

Vinnuhópurinn hélt síðan fund sinn í Helsinki í október 1984. Árangurinn varð sá að í Finnlandi voru almenn kaupalög lögtekin á þessum grundvelli árið 1987 eins og áður er rakið. Í tillögum sínum byggði norræni vinnuhópurinn, sem skipaður var árið 1980, að hluta til á samningi Sameinuðu þjóðanna og þeim tillögum til nýrra norrænna kaupalaga sem settar höfðu verið fram árið 1976. Eftir fremsta megni var reynt að ná samræmi í löggjöf þeirra ríkja sem aðild áttu að vinnuhópnum. Frv. það sem hér liggur fyrir byggir í meginatriðum á þeim tillögum til nýrra norrænna kaupalaga sem birtar voru í hinu samnorræna nefndaráliti. Það felur í sér einkum tvennt:

Í fyrsta lagi eru ákvæði um neytendavernd í kaupalögunum sjálfum en ekki í sjálfstæðum lögum um það efni. Í öðru lagi felst í þessu að almennar kauparéttarreglur, byggðar á hinum samnorræna grundvelli, hafa verið aðlagaðar ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna eftir því sem kostur er þótt einnig sé að finna í frumvarpinu sérákvæði sem eingöngu eiga að gilda í alþjóðlegum kaupum.

Neytendaréttur hefur verið í örri þróun á síðustu árum jafnt á Íslandi sem í öðrum ríkjum á Norðurlöndum. Eins og ég gat um áður voru gerðar lagabreytingar í öðrum ríkjum á Norðurlöndum á áttunda áratugnum í þá átt að auka vernd neytenda, ýmist með setningu sérstakra laga um neytendakaup eða með því að gera ýmis ákvæði í kaupalögum þessara ríkja ófrávíkjanleg. Á Íslandi varð niðurstaðan hins vegar sú að bíða átekta með lagasetningu á þessu réttarsviði, enda var þá þegar hafin umræða um nauðsyn þess að endurskoða gildandi lög um lausafjárkaup frá 1922.

Á undanförnum árum hefur mikil áhersla verið lögð á aukna vernd fyrir neytendur á öllum sviðum og hefur umfang neytendaverndar vaxið ört hér á landi.

Ný lagafyrirmæli hafa verið sett til þess að fullnægja framangreindum samningsskyldum Íslands og gerðar nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum til þess að innleiða ákvæði tilskipananna. Frá gildistöku samningsins hafa því verið sett lög um vernd neytenda gegn villandi auglýsingum, lög um húsgöngu- og fjarsölu, lög um neytendalán, reglur settar um verðmerkingar og ótvírætt einingaverð á vöru, lög um alferðir, lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis svo dæmi séu nefnd af þessu réttarsviði.

Jafnframt því að efnisréttur hér á landi hefur þróast samkvæmt framansögðu að mestu leyti til samræmis við efnisrétt annarra ríkja á Norðurlöndum hefur einnig verið lögð áhersla á annars konar samstarf um málefni neytenda.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er sem fyrr segir að finna margvísleg ákvæði um neytendakaup sem verða nýmæli í íslenskri löggjöf ef frumvarpið verður að lögum. Horfa ákvæði þessi öll tvímælalaust í þá átt að styrkja mjög og efla réttarstöðu neytenda. Lögfesting slíkra reglna mun því samkvæmt framansögðu fylla inn í þá eyðu sem myndast hefur hér á landi í annars heildstæðri löggjöf á sviði neytendaverndar. Vernd neytenda á Íslandi verður þá orðin sambærileg að lögum og tíðkast í nágrannaríkjum okkar. Framvegis mun því verða unnt að leggja áherslu á að innlend löggjöf fylgi réttarþróun í grannríkjum okkar og á fjölþjóðlegum vettvangi. Auk þess mun áherslan í framtíðinni beinast að ýmsum atriðum sem varða framkvæmd neytendaverndar hér á landi.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. þessu verði vísað til efh.- og viðskn. til frekari meðferðar.

[14:39]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér hefur verið lagt fram, þ.e. ný heildarlöggjöf um lausafjárkaup, er mjög merk lagasetning.

Eins og hæstv. ráðherra vék að á málið sér langan aðdraganda. Útlínur þess voru upphaflega dregnar af prófessor Magnúsi Torfasyni og síðan héldu prófessorarnir Stefán Már Stefánsson og Þorgeir Örlygsson áfram þeirri vinnu. Niðurstaðan liggur fyrir í vönduðu þskj. sem hér er til umræðu.

Ef borið er saman við löggjöfina frá 1922, sem er orðin býsna gömul, þá er hið nýja frv. tvöfalt meira að umfangi þó vitaskuld sé það ekki gildur mælikvarði. Samt sem áður sýnir það að þessir þættir hafa breyst mjög á síðustu árum og áratugum.

Eins og fram kemur í frv. er það fyrst og fremst norræn kaupalöggjöf sem er lögð til grundvallar við samningu þessa frv. en jafnframt er tekið mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um lausafjárkaup sem öðlaðist gildi 1988. Vitaskuld þurfum við sem fáumst við að setja löggjöfina fyrst að svara þeirri spurningu hvort nauðsynlegt sé að setja ný lög. Hvað er það sem gerir það að verkum að hin eldri löggjöf dugar ekki sem rammi um þá starfsemi sem til staðar er? Hægt væri að nefna fjögur atriði sem kalla á ný lög um lausafjárkaup.

Það eru í fyrsta lagi aukin viðskipti. Viðskipti hafa margfaldast á síðustu áratugum. Í öðru lagi hefur ný tækni komið fram og viðskipti því orðin flóknari. Í þriðja lagi er aukin áhætta í viðskiptum sem tengist m.a. hinu aukna umfangi og í fjórða lagi þarf að kveða skýrt á um aukna ábyrgð í nútímalöggjöf.

Í frv. er farið vel yfir sögu málsins og bent á þau ákvæði sem eru í Grágás en einnig ítarlegri ákvæði í Jónsbók og Járnsíðu. Við á hinu háa Alþingi sjáum af þessu að stofnunin hefur áður hugsað fyrir ýmsu því sem við erum nú að fjalla um.

Heiti frv. ber reyndar með sér að þar sé ekkert fjallað um fasteignaviðskipti. Svo er heldur ekki í núgildandi löggjöf en eitt hið markverðasta í frv. er neytendaverndin. Hún kemur skýrt fram í þessu frv. Reyndar er álitamál hvort neytendamál og neytendavernd eigi að fella inn í lög af þessu tagi eins og hér er gert. Sum Norðurlandanna, t.d. Danmörk og Noregur, hafa farið þá leið en önnur, eins og Svíþjóð, hafa sett sérstök lög í þeim efnum. Í frv. er sérstaklega er bent á að tengslin við neytendamál og almenn kaupalög þurfi að skoða nánar. Það er þá framhaldsverkefni ef af lögfestingu þessa mikla máls verður.

Benda má á ýmis nýmæli sem fylgja í þessu frv. Þau koma m.a. fram vegna þess hve viðskipti eru orðin flóknari. Ítarlega er kveðið á um ábyrgð vegna aukaskyldna í viðskiptum, vegna galla eða dráttar á afhendingu eða greiðsludráttar. Þetta eru allt hugtök sem við þekkjum ágætlega í daglegum viðskiptum. Hérna er kveðið á um hvernig með skuli fara og réttarstaða afmörkuð. Sömuleiðis er kveðið á um viðbótarfresti svo nefnd séu örfá atriði sem ekki eru beinlínis ákvæði um í núgildandi lögum.

Ég nefndi neytendalögin en þetta eru að hluta til neytendalög vegna þess hvernig þetta er fellt inn í löggjöfina. Mörg ákvæði um neytendavernd eru þó einnig í öðrum lögum. Flutningsmenn meta það hins vegar svo, og ég er sammála því, að þetta frv. styrki og efli réttarstöðu neytenda. Ég tel mikilvægt við lagasetningu af þessum toga að skoða út frá hvaða sjónarmiðum lagaramminn er settur. Mér finnst það

mjög góð nálgun og í samræmi við nútímaleg viðhorf að skoða málin mjög vel út frá neytendum.

Ég tel, herra forseti, að frv. sé vel gert. Það er efnismikið en skýrt í framsetningu í greinargerð, enda höfundar vel færir til að fjalla um og koma frá sér skýrum texta, hvort sem er í greinargerð eða einstökum lagafrumvarpsgreinum. Að því leyti má segja að þetta frv. sé með þeim vandaðri sem ég man eftir að hafa fengið til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. Ber að virða það og hrósa þeim sem að verkinu hafa staðið.

Málið verður vitaskuld til skoðunar í nefnd. Eina atriðið sem ég nefni sérstaklega, af því að það er mér hugleikið, er að neytendaþátturinn verði kannaður sérstaklega, hvort hann sé eins vel úr garði gerður og eins vel frá honum gengið og hægt er. Ég ætla ekki að leggja neitt mat á það á þessu stigi málsins en ég tel að þetta frv. þurfi ítarlegrar skoðunar við. Meginatriðið er að ég tel lögfestingu þess í meginatriðum vera mikilvæga réttarbót.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 388. mál (lækkun brunabótamats van- eða óný́ttra húseigna o.fl.). — Þskj. 659.

[14:48]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 659 sem er 388. mál þingsins, um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum.

Að undanförnu hefur orðið vart gagnrýni á lög um brunatryggingar og framkvæmd þeirra. Einkum hefur þeirrar gagnrýni orðið vart hjá Bændasamtökum Íslands. Telja þau að framkvæmd þeirra komi sérstaklega hart niður á bændum þar sem nokkuð kveði að van- eða ónýttum húseignum á jörðum vegna breyttra búskaparhátta og að dæmi séu um að húseignir til sveita hafi að undanförnu verið endurmetnar með tilheyrandi hækkunum brunatryggingariðgjalda og þeirra skatta og gjalda sem taka mið af brunabótamati.

Af þessu tilefni og einnig vegna ábendinga um að huga þurfi að endurskoðun gildandi ákvæða um tilhögun brunabótamats skipaði ég nefnd til þess að gera tillögur um endurskoðun á lögunum.

Vegna gagnrýni Bændasamtakanna ákvað nefndin að rita hagsmunaaðilum og tilteknum opinberum aðilum og óska eftir viðbrögðum þeirra við þeirri hugmynd að breyta eða afnema skyldu húseigenda til þess að hafa húseignir brunatryggðar. Nánar er hér um að ræða tvær hugmyndir. Annars vegar að aðilum í atvinnurekstri verði það í sjálfsvald sett hvort þeir hafi brunatryggðar þær húseignir í eigu þeirra sem nýttar eru í atvinnurekstrinum. Hins vegar að eigendur atvinnurekstrarhúsnæðis geti óskað eftir undanþágu frá brunatryggingarskyldu og að undanþágan verði háð samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og veðhafa, ef einhverjir eru.

Rétt er að fram komi að hugsanlegar breytingar á skyldutryggingu húseigna hafa áhrif á fleira en iðgjöld brunatrygginga og bætur vegna bruna. Þau iðgjöld, gjöld og skattar sem reiknuð eru sem hlutfall af vátryggingarfjárhæðum og vátryggingafélögunum er gert að innheimta eru brunavarnagjald, umsýslugjald, iðgjöld viðlagatryggingar, svo og gjald til Ofanflóðasjóðs. Raunar er það svo að þessir skattar og gjöld til opinberra aðila vega mun þyngra en sjálft brunatryggingariðgjaldið. Má reikna með að þessi viðbótargjöld nemi um 80–85% af meðalinnheimtu á því gjaldi sem lagt er á meðalhúseign. Afnám skyldubrunatryggingar mundi því þýða tekjutap bæði fyrir Viðlagatryggingu Íslands og Ofanflóðasjóð nema til kæmu nýir tekjustofnar.

Þeir hagsmunaaðilar og opinberir aðilar sem gerðu nefndinni grein fyrir áliti sínu á framangreindum hugmyndum voru Vátryggingaeftirlitið, Samtök iðnaðarins, Samband íslenskra viðskiptabanka, Bændasamtök Íslands, Viðlagatrygging Íslands, Vinnumálasambandið, Samband íslenskra sparisjóða, Samband íslenskra tryggingafélaga, umhverfisráðuneytið, Fasteignamat ríkisins, Brunamálastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Aðeins Bændasamtökin lýstu sig fylgjandi því að aðilum í atvinnurekstri ætti að vera það í sjálfsvald sett hvort þeir brunatryggðu húseignir sem notaðar eru í atvinnurekstri. Aðrir vildu viðhalda óbreyttu fyrirkomulagi.

Frv. þetta gerir engu síður ráð fyrir þeim möguleika að lækka megi brunabótamat tiltekinna húseigna umfram það sem matið hefði ella orðið að uppfylltum skilyrðum. Vart verður með sanngirni litið fram hjá þeim breytingum sem átt hafa sér stað hin seinni ár vegna samdráttar í hefðbundnum landbúnaði sem og vegna breyttra búhátta sem einkum snerta bændur.

Herra forseti. Mun ég nú fjalla stuttlega um helstu nýmæli í frv.

Um 2. gr. Til þess að tryggja einsleitni við mat á húseignum, hvort sem er við fasteignamat eða við brunabótamat, er talið nauðsynlegt að einn aðili hafi matsgerðina með höndum. Því er lagt til í frv. að Fasteignamat ríkisins sjái eitt um þessar matsgerðir. Hjá stofnuninni eru fyrir hendi þær upplýsingar, verklagsreglur og sérþekking sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja einsleitni og að mat verði unnið samkvæmt faglegum kröfum. Í þessu sambandi er vert að vekja sérstaka athygli á að bæði brunabótamat og fasteignamat eru grundvöllur skattlagningar. Auk þeirra skatta sem áður hefur verið gerð grein fyrir og reiknast af brunabótamati má hér nefna skipulagsgjald. Sömu matsmenn meta eignir bæði til fasteignamats og brunabótamats og almennt er miðað við að samtímis sé unnið að þeim. Hefur það og orðið svo í reynd að Fasteignamat ríkisins hefur metið langflestar eignir til brunabótamats eftir gildistöku laga nr. 48/1994, en ekki dómkvaddir matsmenn.

Grein þessi gerir einnig ráð fyrir því að stofnuninni sé heimilt að meta húseignir á grundvelli upplýsinga sem fyrir hendi eru. Ekki þurfi að meta á grundvelli skoðunar á staðnum ef að mati stofnunarinnar liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar. Á þetta við bæði um fyrsta mat og endurmat.

Greinin gerir einnig ráð fyrir því að Fasteignamati ríkisins sé heimilt að lækka brunabótamat frá því sem það ella hefði orðið ef húseign er í mjög lélegu ástandi eða hefur verið tekin úr notkun. Er ákvæði þetta einkum tilkomið vegna gagnrýni Bændasamtaka Íslands á að ekki skuli hægt samkvæmt gildandi lögum að taka tillit til búháttarbreytinga og samdráttar í hefðbundnum landbúnaði við mat á útihúsum á jörðum eins og þegar hefur komið fram hér að framan. Ekki þykir rétt að einskorða möguleika til sveigjanlegs mats við bújarðir heldur sé miðað við að heimild þessi sé almenn. Þá gerir frv. ráð fyrir að heimildin verði ekki nýtt nema að fengnu samþykki sveitarstjórnar þar sem viðkomandi húseign er

staðsett. Fasteignamati ríkisins er einnig gert að tilkynna vátryggingafélagi sem hefur verið með viðkomandi húseign í brunatryggingu og veðhöfum um lækkun brunabótamatsins. Ekki er gert ráð fyrir að afla þurfi samþykkis félags eða veðhafa en þeim er í sjálfsvald sett að meta hvort lækkun brunabótamats gefur tilefni til aðgerða af þeirra hálfu.

Um 3. gr. Efnislega lýtur breyting á greininni að því að skilgreina hvert skjóta megi ágreiningi sem upp kann að rísa, annars vegar um bótafjárhæð, í þeim tilvikum þegar ekki er um endurbyggingu húseignar í upprunalegt horf að ræða, og hins vegar þegar sveitarstjórn leysir til sín húseign vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum.

Ágreiningi um bótafjárhæð í öðrum tilvikum en þeim sem fjallað er um í 2. og 3. mgr. gerir frv. ráð fyrir að vísað sé til dómstóla.

Varðandi 7. gr. Óvissa er um túlkun ákvæða gildandi laga um yfirmat. Sú leið hefur verið farin að í 11. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna er kveðið á um að skjóta megi málum til gerðardóms rísi ágreiningur um brunabótamat eða um bótafjárhæð.

Greinin gerir ráð fyrir að yfirfasteignamatsnefnd taki til úrskurðar ágreining sem upp kann að koma um brunabótamat. Slíkt horfir til einföldunar og er til þess fallið að stuðla að nauðsynlegri samræmingu við framkvæmd laganna.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til efh.- og viðskn.

[14:56]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta er dálítið skrýtið frv. sem við ræðum hér. Það kemur til vegna þess að Bændasamtökin eru óánægð með hvernig brunatryggingum er háttað í sveitum á húsum sem komin eru að falli, og vildu fá sérlöggjöf um þann þátt, töluðu beinlínis um að aðilum í atvinnurekstri ætti að vera í sjálfsvald sett hvort þeir brunatryggðu húseignir sem notaðar eru í atvinnurekstri. Það er alveg fráleitt, herra forseti, ef það á að vera mönnum í sjálfsvald sett hvort þeir brunatryggja húseignir eða ekki. Enda var lagst gegn þessu af öllum öðrum aðilum varðandi þetta mál. Hins vegar er frv. lagt fram og gert ráð fyrir því í 2. gr. frv. að heimilt sé að færa niður vátryggingarfjárhæðir húseigna af Fasteignamati ríkisins og er þá áskilið samþykki sveitarstjórnar o.s.frv. Þetta miðar allt við það að búa til sérreglu gagnvart bændum hvað varðar brunatryggingar.

Ég tel þetta vera ranga stefnu, herra forseti. Við erum með almenna löggjöf um brunatryggingar, sem hefur reynst nokkuð vel, og ef þarf að endurskoða hana þá eigum við að endurskoða hana almennt. Við eigum ekki að búa til sérreglur gagnvart einstökum atvinnugreinum eins og gert er í þessu frv.

Ég geri mér fulla grein fyrir að aðstæður í sveitum eru oft þannig að víða eru niðurnídd hús sem e.t.v. væri betra að hyrfu alveg af fasteignaskrá frekar en að verið sé að greiða af þeim gjöld, því að það er ekki einungis tryggingagjaldið heldur einnig gjöld til Ofanflóðasjóðs og iðgjöld Viðlagatryggingar, umsýslugjöld og brunavarnagjöld sem falla inn í vátryggingargjaldið. Það breytir því ekki, herra forseti, þó að landbúnaður njóti vissrar sérstöðu í samfélaginu, að við eigum ekki að auka á þá sérstöðu með löggjöf af þessu tagi eins og hér er lögð fram.

Ég lýsi mig reiðubúinn til að standa að frv. og aðgerðum sem gerir rekstrarumhverfi bænda betra en nú er, en þá tel ég að það eigi að gera með almennum hætti en ekki með þessum sérstaka hætti eins og hér er í reynd lagt upp með, því þó svo að orðuð sé í 2. gr. almenn heimild Fasteignamatsins að lækka þá kemur alveg skýrt fram í greinargerð að það er gert til að mæta óskum Bændasamtakanna gagnvart bændum. Það er ekki rétt leið, herra forseti, af hálfu Bændasamtakanna og bænda yfirleitt að biðja um sérstakar ívilnanir í löggjöf eins og hér er lagt til, og ég teldi rétt að þetta frv. fengi það vandaða skoðun í nefnd að við værum ekki að huga að lögfestingu þess á þessu þingi.

[15:00]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér breytingu á lögum um brunatryggingar, sem er eins og kunnugt er, skyldutrygging hér á landi. Þróun skyldutrygginga hefur verið í þá átt að hafa vit fyrir fólki, hafa vit fyrir borgurunum. Skyldutrygging felst í því að maður sem á eign er skyldugur til að gæta hagsmuna sinna ef eignin skyldi brenna hjá honum eða skemmast á annan hátt. Haft er vit fyrir honum, að hann glati ekki eign sinni. Það er þannig, herra forseti, að eigi maður eign, þá er einn þáttur af ráðstöfunarrétti hans yfir eigninni einmitt að mega glata henni ef hann kærir sig um. En í lögum sem hafa verið í gildi hingað til er gert ráð fyrir að hann megi það ekki. Menn þurfa því að velta fyrir sér þessari forsjárhyggju, að hafa vit fyrir fólki, sem er fjárráða og fullorðið, fram eftir öllum aldri. Ég set því spurningarmerki við slíka skyldutryggingu og alveg sérstaklega í atvinnurekstri þar sem menn stofna fyrirtæki og leggja fram ákveðið framlag, hlutafé eða eitthvað slíkt og kaupa fyrir það eignir, að þá skuli verið að skylda menn til að mega ekki tapa þessum eignum. Af hverju er ekki sama hugsun í gangi varðandi t.d. hlutafjárkaupin sjálf? Það ætti að skylda menn til að tryggja hlutabréfin sín, að þeir tapi ekki á atvinnurekstri. Það er nákvæmlega sama. Það sem gæti hugsanlega búið að baki væri að sveitarfélagið þar sem eignin er staðsett þurfi ekki að lenda í kostnaði við að ryðja rústirnar þannig að menn séu tryggðir fyrir því að eiga fé til að rýma rústirnar. Ég sé enga ástæðu til að vera með brunatryggingu í atvinnurekstri að öðru leyti, nema til að gæta hagsmuna þeirra sem lána, taka veð í viðkomandi eignum en þeir geta að sjálfsögðu sett það sem skilyrði fyrir lánveitingunni að viðkomandi eign sé tryggð og gera það yfirleitt alltaf. Það er því óþarfi að vera með skyldutryggingu í atvinnurekstri yfirleitt. Sveitarfélagið gæti gert kröfu um að þær byggingar sem reistar verða á svæði þess séu tryggðar þannig að hægt sé að ryðja rústunum burt og veita einhverjum öðrum lóðina. Ég sé enga ástæðu til að hafa endalaust vit fyrir fólki sem er orðið fullorðið, eins og ég gat um. Ég styð því þessa litlu breytingu sem hér er verið að gera, þ.e. að bændum sé ekki gert skylt að tryggja húsnæði sem er löngu orðið ónýtt og til einskis nýtt.

Herra forseti. Hitt er svo annað mál að ríkisvaldið setur sig í þau spor að meta eignir fyrir brunabótamat og fasteignamat sem jafnframt er skattstofn fyrir þetta sama ríkisvald, þ.e. skattheimtuaðilinn ákveður sjálfur einhliða hvað á að borga í skatt. Komið hafa upp dæmi þar sem matið hefur verið mjög óraunhæft og hátt á eignum sem á að borga eignarskatt af eða fasteignagjöld eða annað slíkt, og borgarinn er gjörsamlega óvarinn fyrir slíku mati. Ég hef reyndar lagt fram frv. á Alþingi um eignarskatt þar sem gert er ráð fyrir að borgarinn geti gert kröfu til þess að ríkisvaldið kaupi eignina á því mati sem það metur hana á, reyndar 85% af matinu, til að vernda borgarann fyrir gerræði af hendi ríkisvaldsins sem getur komið fram þegar sá sem hirðir skattinn getur líka metið

og búið til skattstofninn, eins og dæmi eru um í fasteignamati og í brunabótamati, sérstaklega í fasteignamatinu sem er grundvöllur eignarskatts og grundvöllur fasteignagjalda og margra annarra skatta og gjalda sem borgarinn þarf að greiða.

Hér er sem sagt verið að stíga örlítið skref til baka frá þessari óskaplegu forsjárhyggju og ég styð að sjálfsögðu það skref en ég mundi gjarnan vilja að hv. efh.- og viðskn. skoðaði hvort ekki mætti slaka almennilega á skyldutryggingum þeirra fasteigna sem eru í atvinnurekstri og ég sé enga ástæðu til að tryggja frekar en hlutaféð sjálft eða áhættuféð sem menn setja í atvinnureksturinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg viðskiptafélög, 1. umr.

Stjfrv., 414. mál. — Þskj. 687.

[15:06]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 687 sem er 414. mál þingsins, um alþjóðleg viðskiptafélög.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. byggir það að meginefni til á starfi og tillögum verkefnisstjórnar sem forsrh. skipaði hinn 11. mars 1997 til að vinna að athugun á möguleikum þess að efna til sérhæfðrar alþjóðlegrar viðskiptastarfsemi utan lögsögu Íslands. Tel ég rétt, herra forseti, að rekja aðeins aðdraganda að þessu frv. sem hér er nú lagt fram.

Um alllangt skeið hafa menn velt fyrir sér þeim möguleika að Ísland kynni að eiga sóknarfæri í starfsemi sem færi fram utan lögsögu Íslands. Var síðasta alvarlega athugunin á þeim möguleika gerð árið 1992 og þá á möguleikum Íslendinga til að hasla sér völl á sviði alþjóðlegrar fjármálastarfsemi. Þá var niðurstaðan sú að Íslendingar ættu litla sem enga möguleika á því að komast inn í slíka starfsemi, m.a. vegna mikillar samkeppni og ýmissa annarra annmarka.

Snemma árs 1996 hóf Verslunarráð Íslands forathugun á möguleikum Íslands sem vettvangs fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi og naut til þess tilstyrks Iðnþróunarsjóðs, Fjárfestingarskrifstofu viðskiptaráðuneytis og Útflutningsráðs og Seðlabankans. Niðurstaða þeirrar forathugunar var að Íslendingar þyrftu að nálgast þessi mál á annan hátt ef árangur ætti að nást. Flestar alþjóðlegar fjármálamiðstöðvar byggja tilveru sína annaðhvort á grundvelli mikillar þekkingar og mannauðs sem byggður hefur verið upp á viðkomandi sviði eða á þeirri staðreynd að skattlagning á starfsemina er nánast engin og jafnvel sérstakt skattumhverfi fyrir þá aðfluttu einstaklinga sem vinna við þessa starfsemi.

Möguleikar Íslendinga væru því helstir að einbeita sér að því að byggja upp slíka alþjóðlega viðskiptastarfsemi á sviðum þar sem þeir hefðu eitthvað það fram að færa sem skapaði þeim sérstöðu. Sérstaða og möguleikar Íslendinga í alþjóðlegum viðskiptum með sjávarfang er augljós og það svið hefur enn fremur þann meginkost að engin önnur þjóð hefur reynt að marka sér sérstöðu á því sviði.

Verslunarráðið kynnti forsætisráðherra og hlutaðeigandi ráðherrum framangreindar niðurstöður og í framhaldi af því var ráðist í það verkefni að kanna til hlítar möguleika Íslands á sviði alþjóðlegrar viðskiptastarfsemi með áherslu á viðskipti með sjávarfang.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa haslað sér völl í sjávarútvegi erlendis og íslensk markaðsfyrirtæki á sviði sjávarútvegs hafa starfað erlendis áratugum saman.

Til skamms tíma þurfti ekki að hafa áhyggjur af því að arður af starfsemi markaðsfyrirtækjanna skilaði sér ekki til Íslands vegna þess að þau voru svo beint tengd við íslenska framleiðendur sjávarafurða.

Nú hefur hins vegar orðið sú þróun að eignarhald á stærstu íslensku fyrirtækjunum er að breytast og þau eru sífellt að öðlast meira sjálfstæði frá framleiðendunum. Þau eru enn fremur að byggja sig meira og meira upp með alþjóðlegri markaðsstarfsemi á sviði viðskipta með sjávarfang. Ekki er því sjálfgefið að þessi fyrirtæki muni í framtíðinni flytja arð af starfsemi sinni til Íslands eins og hingað til eða byggja starfsemi sína að miklu leyti upp hér á landi.

Þessi fyrirtæki eru í harðri alþjóðlegri samkeppni og munu þurfa að gæta ýtrustu hagsýni við uppbyggingu sína til að vera samkeppnishæf.

Fjölmörg minni fyrirtæki á sviði viðskipta með sjávarvörur hafa náð verulegum árangri á undanförnum árum og hafa í æ ríkari mæli tekið að sér verkefni sem ekki tengjast Íslandi á nokkurn hátt. Þessi fyrirtæki eiga líka í harðri alþjóðlegri samkeppni og munu byggja upp rekstur sinn þar sem það er hagstæðast.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að fyrst var farið að huga að möguleikum Íslands í alþjóðlegri fjármálastarfsemi í byrjun þessa áratugar hefur löggjöf um íslenskan fjármagnsmarkað nánast verið alveg endurnýjuð, m.a. með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þannig eru gjaldeyrisviðskipti við útlönd nú alveg frjáls og fjárfestingar milli landa heimilaðar að litlum takmörkunum. Traustur fjármagnsmarkaður er nú opinn í öllum grundvallaratriðum. Bankalöggjöf hefur verið endurnýjuð, sömuleiðis löggjöf um verðbréfamarkaði og búið hefur verið í haginn fyrir víðtæka einkavæðingu fjármálafyrirtækja og fyrstu skrefin stigin á þeirri braut. Því er ljóst að margt af því sem blasti við í upphafi á ekki lengur við og þróunin hefur einnig orðið önnur en spáð var. Þannig hafa alþjóðleg fjármálafrísvæði vaxið hröðum skrefum og ný svæði sem starfa með miklum blóma komið til sögunnar.

Hins vegar eru önnur atriði sem gera það að verkum að Íslendingar ættu fremur að reyna að byggja upp alþjóðleg viðskiptafélög á afmörkuðum sviðum en fjármálafrísvæði.

Hugtakið alþjóðleg fjármálamiðstöð er vel þekkt og byggir ýmist á mikilli þekkingu, mannauði og öðrum nauðsynlegum innviðum, svo sem efnahags- og lagalegum stöðugleika og hefðum, eða á afar lágri skattlagningu og hér eru þær fjármálamiðstöðvar sem byggjast á lágri skattlagningu nefndar fjármálafrísvæði.

Ef Íslendingar tækju þá ákvörðun að búa til hið lagalega umhverfi sem þarf til þess að hefja starfsemi alþjóðlegs fjármálafrísvæðis hér á landi er ljóst að uppbygging þess tæki töluverðan tíma og alls óvíst um árangur af því að þá værum við Íslendingar að fara inn á svið sem við höfum ekki sérþekkingu á.

Þess vegna er uppbygging alþjóðlegra viðskiptafélaga á afmörkuðum sviðum, ekki síst á sviði sjávarútvegs, mun rökréttara skref fyrir Ísland. Íslendingar hafa ekki eins mikla þekkingu á neinu sviði viðskipta eins og sjávarútvegi og starfsemin gæti því byggst upp í kringum íslenska þekkingu og þann mannauð sem þegar er til staðar. Tiltölulega litlar

breytingar þarf að gera á íslenskum lögum til að starfsemi af þessum toga geti farið af stað og t.d. er ekki nauðsynlegt að skapa sérstakt skattalegt umhverfi fyrir þá einstaklinga sem hugsanlega mundu vilja flytja til Íslands erlendis frá til að stunda þessi viðskipti hér.

Í kringum starfsemi slíkra félaga kunna að skapast tækifæri fyrir aðra aðila til þjónustu af ýmsum toga, svo sem sölu á vélum og tækjum, hugbúnaði, flutningum, vátryggingum og ýmiss konar fjármálaþjónustu sem alþjóðlegu viðskiptafélögin munu þurfa á að halda áfram í rekstri sínum.

Helsta tillaga verkefnisstjórnarinnar var að skapa skilyrði á Íslandi fyrir alþjóðleg viðskiptafélög fyrir þriðju landa viðskipti með sjávarafurðir. Frumvarp þetta er þó mun almennara og gerir einnig ráð fyrir því að alþjóðleg viðskiptafélög geti annast milligöngu um viðskipti með þjónustu milli aðila erlendis. Þá er gert ráð fyrir möguleikum á starfsemi eignarhaldsfélaga sem eingöngu eigi, fjárfesti og njóti arðs af eignarhlutum í atvinnufyrirtækjum erlendis eða í eignar- eða notkunarréttindum á óhlutlægum réttindum sem skráð eru opinberri skráningu erlendis og í útgáfuréttindum erlendis eða eigi eða hafi umráð yfir og skrái hér á landi flugvélar og skip, önnur en fiskiskip, enda sinni slíkar flugvélar og skip einungis verkefnum sem alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að annast.

Uppbygging starfsemi af þessum toga kallar á umfangsmikla markaðs- og kynningarstarfsemi sem reiknað er með að skili mestum árangri á sviði verslunar með sjávarafurðir, a.m.k. til að byrja með.

Raunverulegur árangur af markaðsstarfi til kynningar á alþjóðlegum viðskiptafélögum hér á landi kemur þó ekki í ljós fyrr en eftir 5–10 ár sem er sá lágmarkstími sem þarf til að sannfæra þá sem hugsanlega hafa áhuga á að koma erlendis frá og setja upp alþjóðleg viðskiptafélög hér á landi um að þau búi við lagalegan stöðugleika hér og geti náð viðunandi árangri í rekstri. Markviss kynning á möguleikum alþjóðlegra viðskiptafélaga á Íslandi er lykilatriði til þess að besti mögulegur árangur náist og þarf hún að fara fram bæði innan lands og erlendis.

Mat á kostnaði við kynningarstarfsemina, með hliðsjón af starfsemi Útflutningsráðs, Fjárfestingarskrifstofu viðskiptaráðuneytis og Útflutningsráðs og Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytis og Landsvirkjunar, bendir til þess að óvarlegt væri að gera ráð fyrir minna en 20–30 millj. kr. í árlegan kynningarkostnað af hálfu ríkisins til að byrja með.

Taldi verkefnisstjórnin að innlendur kostnaður alþjóðlegra viðskiptafélaga sem skapaði aftur tekjur hjá starfsfólki og þjónustuaðilum og skattgreiðslur af þeim tekjum mundi gera meira en vega upp þau útgjöld.

Þessu frv. fylgir frv. til laga um breytingar á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga sem miðar að því að skapa alþjóðlegum viðskiptafélögum samkvæmt þessu frv. það skattalega umhverfi sem nauðsynlegt er talið og að afla tekna vegna veitinga starfsleyfa og eftirlits með starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga. Í því frv. er gert ráð fyrir að alþjóðleg viðskiptafélög greiði 5% tekjuskatt af tekjum sínum, enn fremur að þau verði undanþegin stimpilgjöldum og eignarskatti. Að öðru leyti eiga alþjóðleg viðskiptafélög að falla undir íslenskt skattumhverfi. Mun ég nú, herra forseti, víkja að frv. sjálfu.

Í I. kafla er kveðið á um gildissvið laganna, skilgreiningu á alþjóðlegum viðskiptafélögum og um auðkenni á slíkum félögum. Þá er einnig fjallað um skilgreiningu hugtaka sem fyrir koma víða í frv.

Alþjóðlegt viðskiptafélag skal vera íslenskt félag, þ.e. félag sem innlendir eða erlendir aðilar stofna og skrásetja hér á landi, sem stundar viðskipti sem kveðið er á um í III. kafla en þar er nánar lýst þeirri starfsemi sem alþjóðlegum viðskiptafélögum er heimilt að stunda.

Í II. kafla er kveðið á um stofnun og starfsleyfi alþjóðlegra viðskiptafélaga, umsóknir um og skilyrði fyrir starfsleyfum og sérstaka starfsleyfisnefnd sem gert er ráð fyrir að veiti starfsleyfi, tilkynningar um starfsleyfi, skrá yfir alþjóðleg viðskiptafélög og gjald fyrir starfsleyfi. Þótt félag sé formlega stofnað í þeim tilgangi að starfa sem alþjóðlegt viðskiptafélag og skráð í hlutafélagaskrá er því engu að síður óheimilt að hefja starfsemi sem alþjóðlegt viðskiptafélag nema fyrir liggi starfsleyfi. Frv. gerir ráð fyrir sérstakri nefnd sem veitir starfsleyfi, fer með eftirlit með starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga og afturkallar starfsleyfi. Viðskrh. skipar nefndina en að auki tilnefna dómsmrh., samgrh., sjútvrh. og utanrrh. sinn manninn hver.

Eðlilegt þykir að matskenndar ákvarðanir af því tagi sem kveðið er á um, sem heyra samtímis undir sérsvið fleiri ráðuneyta, séu teknar af fjölskipuðu stjórnvaldi sem þessu. Ákveði nefndin að synja umsækjanda starfsleyfis sætir sú ákvörðun ekki stjórnsýslukæru. Hún verður hins vegar borin undir dómstóla eftir almennum reglum. Þeir sem hljóta starfsleyfi skulu greiða ríkissjóði gjald til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu starfsleyfis. Samkvæmt fylgifrv. með frv. þessu er gert ráð fyrir að gjald þetta verði 100 þús. kr.

Í III. kafla er lýst þeirri starfsemi sem alþjóðlegum viðskiptafélögum er heimil. Efni þessa kafla endurspeglar megintilganginn með setningu laganna, þ.e. að laða hingað starfsemi sem er í eðli sínu Íslandi óviðkomandi þannig að um verði að ræða hreina viðbót við þá starfsemi sem fyrir er í landinu. Segja má að III. kaflinn sé þungamiðjan í frv. Tel ég því rétt, herra forseti, að fjalla nokkuð um einstakar greinar hans.

Í 7. gr. er kveðið á um þá meginafmörkun starfsemisheimilda alþjóðlegra viðskiptafélaga að þau megi stunda viðskipti, hvort heldur er í eigin nafni eða sem milligönguaðili, við erlenda aðila utan Íslands með vörur sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tekur ekki til og ekki eiga uppruna sinn hér á landi, en ekki með aðrar vörur. Sérstaklega er kveðið á um að félögin megi ekki eiga viðskipti með vörur við aðila hér á landi eða við innlenda aðila utan Íslands, vinna vöru eða að hluta eða öllu leyti hér á landi eða eiga þátt í útflutningi vara sem eiga uppruna sinn hér á landi.

Í 8. gr. er kveðið á um heimildir alþjóðlegra viðskiptafélaga til að stunda milligöngu um viðskipti með þjónustu milli erlendra aðila utan íslenskrar lögsögu. Það er skilyrði samkvæmt þessari grein að bæði kaupandi og seljandi þeirrar þjónustu sem alþjóðlegt viðskiptafélag hefur milligöngu um að koma á viðskiptum með séu erlendir aðilar utan íslenskrar lögsögu.

Í 9. gr. er kveðið á um heimild alþjóðlegra viðskiptafélaga til að eiga eignarhluti og verðmæti sem lið í starfi sínu.

Í 10. gr. er veitt heimild til að flytja vörur um Ísland vegna umflutnings varanna milli svæða utan íslenskrar lögsögu. Með þessu ákvæði er opnuð heimild til að íslenskir flutningsaðilar geti komið að alþjóðlegum vöruviðskiptum á

vegum alþjóðlegra viðskiptafélaga. Tekið er fram að vinnsla sem breytir uppruna slíkra vara sé óheimil hér á landi.

Í 11. gr. er kveðið á um rétt alþjóðlegs viðskiptafélags til að eiga eða hafa umráð yfir og skrá hér á landi flugvélar og skip, önnur en fiskiskip, til notkunar í verkefnum sem alþjóðlegu viðskiptafélagi er heimilt að annast samkvæmt 7. gr., þ.e. vegna flutnings á tilteknum vörum utan Íslands, þó með heimild til viðkomu hér á landi vegna innflutnings. Þá er alþjóðlegu viðskiptafélagi heimilt að eiga eða hafa umráð yfir og skrá hér á landi flugvélar og skip, önnur en fiskiskip, í því skyni að leigja eða framleigja þau erlendum aðilum til flutninga utan íslenskrar lögsögu, hvort heldur vöru- eða farþegaflutninga.

Í IV. kafla er kveðið á um nokkrar meginreglur sem miða að því að rekstur alþjóðlegs viðskiptafélags verði óháður rekstri annarra aðila. Öll viðskipti alþjóðlegra viðskiptafélaga við aðila þeim tengda skulu gerð á grundvelli kjara og venja í viðskiptum óskyldra aðila.

Í V. kafla er kveðið á um heimild fjmrh. til að leyfa alþjóðlegu viðskiptafélagi að færa bókhald sitt og ársreikninga í erlendri mynt, auk þess sem sett eru sérákvæði um endurskoðun alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Í VI. kafla er kveðið á um eftirlit með starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga sem verður einkum í höndum starfsleyfisnefndar.

Í VII. kafla er kveðið á um afturköllun starfsleyfis, hvenær til afturköllunar getur komið, hvernig standa ber að henni og hverju það varðar viðkomandi félag.

Í VIII. kafla er kveðið á um hvaða lög gilda um alþjóðleg viðskiptafélög og um lagaframkvæmd og reglugerðarheimild viðskrh.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, 1. umr.

Stjfrv., 359. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 495.

[15:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga. Frv. þetta er fylgifrv. með því máli sem hér var mælt fyrir fyrir nokkrum mínútum og á að sjálfsögðu ekki erindi í lagasafnið nema hið fyrra mál nái fram að ganga.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að staðfesta þau skattalegu starfskjör sem gert er ráð fyrir í hinu fyrra frv. en til þess að þau áform nái fram að ganga þarf að breyta skattalögum í samræmi við þær tillögur sem fram koma í þessu frv.

Í frv. um alþjóðleg viðskiptafélög er ætlunin að skapa félögum sem sérstaklega eru stofnuð og starfrækt samkvæmt starfsleyfi hér á landi í því skyni að stunda viðskipti utan íslenskrar lögsögu samkeppnishæf skattaleg skilyrði samanborið við það sem annars staðar býðst. Í því frv. er nánar lýst hvernig þeirri starfsemi sem slík félög mega stunda verður hagað og er kveðið á um skilyrði fyrir starfsleyfi fyrir slíkri starfsemi. Rekstur alþjóðlegs viðskiptafélags skal vera fjárhagslega óháður og aðskilinn rekstri annarra aðila.

Samkvæmt því frv. sem ég mæli fyrir er gert ráð fyrir breytingum á ýmsum lögum að því er varðar tekjuskatt og eignarskatt, lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga og lögum um stimpilgjald en samkvæmt þessum ákvæðum er gert ráð fyrir því að alþjóðleg viðskiptafélög greiði einungis 5% tekjuskatt en verði undanþegin eignarskatti og sérstökum eignarskatti og skjöl sem tengjast lögheimilli starfsemi þeirra verði stimpilfrjáls. Það skilyrði er ávallt sett að viðkomandi félag hafi starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags lögum samkvæmt.

Í frv. er einnig í sérstökum kafla kveðið á um breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir sérstöku skráningargjaldi alþjóðlegs viðskiptafélags með sérstöku árlegu gjaldi til að standa straum af kostnaði við eftirlit starfsleyfisnefndar. Gert er ráð fyrir að hvort gjaldið um sig verði 100 þús. kr. á ári.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta frv. sem eins og ég sagði er lagt fram samhliða hinu fyrra máli en legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:25]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Segja má að við séum að ræða tvö frv. samtímis því að hæstv. viðskrh. gerði grein fyrir frv. um lagaramma um alþjóðleg viðskiptafélög en raunverulega var hæstv. fjmrh. að draga fram aðalatriði málsins sem er skattaívilnanir til handa alþjóðlegum viðskiptafélögum. Frv. sem var lagt fram áðan fjallaði meira og minna um skilgreiningar á alþjóðlegum viðskiptafélögum. Alþjóðleg viðskiptafélög eru að stunda viðskipti á alþjóðavettvangi. Það getur vitaskuld hvaða félag sem er gert. Í sjálfu sér þarf ekki neina sérstaka löggjöf um það. Hins vegar er nauðsynlegt að setja þann lagaramma þar sem á að veita þessum félögum sérstakar skattaívilnanir þannig að hin lógíska uppbygging í frv. er fyrir hendi. E.t.v. hefði mátt fella inn í frv. hæstv. fjmrh. nákvæmari skilgreiningu á því hvað átt er við með alþjóðlegum viðskiptafélögum og vera ekki með sérstaka löggjöf um félögin vegna þess að þau eru náttúrlega að stunda eðlileg og hefðbundin viðskipti. Það verður skoðað í hv. efh.- og viðskn. hvort rétt sé að finna þessu annan lagaramma. Ég er ekkert viss um að það sé en mér finnst koma fyllilega til greina að skoða það.

Það sem hér er lagt upp með er skemmtileg hugmyndafræði, þ.e. að nýta skattalöggjöfina til að búa til nýja starfsemi. Fyrir mig er þetta alveg sérstaklega ánægjulegt því að ég hef lagt fram hugmyndir um þetta efni. Fyrir þinginu liggur einmitt frv. sem er dálítið svipað þessu, þ.e. sú aðferðafræði að nýta skattalöggjöfina til að örva starfsemi. Þar á ég við það frv. mitt að heimila fyrirtækjum sem leggja til menningar-, vísinda- og kvikmyndastarfsemi að draga frá tekjum tvöfalt það framlag. Hér er hugmyndin að nota skattalögin til að örva tiltekna starfsemi. Það frv. hefur því miður ekki náð fram að ganga en það hefði verið sérstaklega gaman að reyna slíka löggjöf alveg eins og hér er verið að leggja upp með raunverulega tilraun með þessi alþjóðlegu viðskiptafélög en hæstv. ríkisstjórn hefur því miður ekki séð ljósið í þeim efnum hvað frv. mitt varðar. Er það miður, sérstaklega vegna kvikmyndagerðarinnar.

Önnur hugmynd sem ég hef nýlega varpað fram er einmitt að nota skattalöggjöfina til að örva starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, fyrirtækja þar sem starfa frá tveim til tíu manns, og lækka tekjuskattsprósentu þar úr 30% niður

í 20%. Þetta er mjög athyglisverð hugmynd. Það eru 5.000 fyrirtæki og félög sem falla undir þessa skilgreiningu hérlendis og mundi efla einmitt starfsemi smærri fyrirtækja. Hugmyndin hefur vakið athygli. Ég setti hana reyndar einnig fram í tengslum við breytingu á tekjuskatti einstaklinga, um lækkun tekjuskatts einstaklinga úr 40% niður í 25%.

Ég nefni þetta, herra forseti, til að sýna, að hægt er að nota skattkerfið til að örva ýmiss konar starfsemi ef menn hafa hugmyndir og menn þurfa einnig vald til að ná fram þeirri löggjöf sem nauðsynleg er. Það má e.t.v. segja um mig að ég hafi hugmyndirnar en mig skortir enn þá valdið til að geta fylgt þeim fram. (**Gripið fram í:** Það stendur til bóta.) Það stendur til bóta, kallar hv. þm. fram í, og við skulum vona að það verði spádómsorð.

Alþjóðleg fjármálalöggjöf, þetta frv. og þessi hugmyndafræði er vitaskuld liður í því, er í nokkuð góðu lagi hjá okkur. Nú er það ekki vegna þess að við höfum verið svo frjó í hugsun í fjmrn. og viðskrn. og við þingmenn eða ríkisstjórn, heldur miklu frekar vegna þess að þetta er EES-löggjöf sem við styðjumst við í meginatriðum og lögfestum þær breytingar sem koma frá Evrópusambandinu. Þar er náttúrlega búið að leggja í mjög mikla hugsun og vinnu hvernig útfæra eigi löggjöf á viðskiptasviði.

Í þessum frumvörpum, ég kýs að tala um frumvörp, þ.e. bæði skilgreiningin á alþjóðlegum viðskiptafélögum og skattaívilnanafrv., sem hæstv. fjmrh. talaði hér fyrir, er fyrst og fremst rætt um að reyna að freista þess að búa til viðskiptafélög um sjávarafurðir. Það sé svið sem við kunnum vel á og gætum haslað okkur völl á. Það er alveg laukrétt að þar kunnum við vel til verka. Við stundum nú þegar umtalsverð alþjóðaviðskipti með sjávarafurðir. Sjávarviðskipti í heiminum eru nú u.þ.b. 50 milljarðar Bandaríkjadala á ári. Hlutur okkar er um 1,3 milljarðar dala, eða um 100 millj. kr. þannig að markaðshlutdeild okkar í sjávarviðskiptum heimsins er u.þ.b. 2–3%. Það er, herra forseti, eini vettvangurinn í alþjóðaviðskiptum þar sem við mælumst, það er í viðskiptum með sjávarvörur.

Hins vegar er athyglisvert að velta því fyrir sér að þessi viðskipti hafa aukist mjög mikið á síðustu árum og áratugum og er sífellt verslað með meira af heimsaflanum milli landa. Margt bendir til þess að veruleg aukning verði á þessu sviði á næstu árum, m.a. vegna þess að fiskeldi er nú þegar fjórðungur af heimsaflanum og vaxandi. Þungamiðja í sjávarfangi og verslun með sjávarfang er að færast til Asíu. Þar eru sóknarfærin. Hins vegar búum við Íslendingar yfir mjög verðmætri auðlind á sviði sjávarútvegs sem er markaðskerfi okkar á Vesturlöndum.

Ef við spáum því að alþjóðaviðskipti með sjávarfang mundi hækka úr 50 milljörðum Bandaríkjadala í 70 milljarða Bandaríkjadala, og það eru til spádómar um að það muni gerast innan nokkurra ára, og ef við vildum halda okkar hlut, segjum að við vildum vera með um 3% af þessum viðskiptum og meira og minna halda markaðshlutdeild okkar, yrði framleiðsla okkar að vera u.þ.b. 2 milljarðar Bandaríkjadala. Það er alveg ljóst að Íslandsmið geta ekki gefið af sér slíkt verðmæti. Þó svo að fiskstofnar séu nú aðeins að braggast og markaðssókn að aukast og við séum að ná betri tökum á þessu öllu saman. Þá eru því samt viss takmörk sett hvað við náum út úr miðunum umhverfis Ísland. Þess vegna eru sóknarfærin fólgin í því að fara út í heim og nýta okkur það sem við höfum fram yfir aðrar þjóðir. Þar höfum við eitt í sambandi við sjávarútveg, það er fyrst og fremst sölukerfið, það er markaðsþekkingin. Icelandic, vörumerki Sölumiðstöðvarinnar í Bandaríkjunum, er ekki einungis þekktasta vörumerki Íslendinga heldur þekktasta vörumerki í frystum fiski í Bandaríkjunum. Bacalao Islandia, þ.e. íslenski saltfiskurinn á Spáni, er hugtak sem hefur verið þekkt þar um áratuga skeið.

Menn segja oft að við búum yfir mjög mikilli sérþekkingu í veiðum og vinnslu og öðru slíku. Jú, við kunnum sæmilega vel til verka þar. En það kunna aðrar þjóðir líka mjög vel. Við getum að vísu kennt nokkuð en sérstaðan sem aðrar þjóðir hafa ekki er þetta sölukerfi. Það eru söluleiðirnar inn á dýrustu markaði í heimi, hvort sem er í Bandaríkjunum, Evrópu eða Japan. Það er svo mikilvægt vegna þess að framtíðarviðskipti með sjávarfang munu byggjast á fiski frá ódýrum löndum, þ.e. frá Asíulöndum, m.a. fiskeldi, og vitaskuld vilja þessar þjóðir selja á dýrustu mörkuðunum. Þar höfum við tækifæri til að ná góðri sneið af þeirri köku, stækkandi köku sem viðskipti með sjávarfang eru. Í því ljósi, herra forseti, skoða ég þetta frv. þó svo að það sé útfært hér almennt. Að sjálfsögðu væri hægt að versla með fleira en fisk og á að gera, en við erum ekki að einblína sérstaklega á einhver fjármálaumsvif, þau eru heimil samkvæmt núgildandi löggjöf, en við erum að gefa fyrirtækjum sem vilja höndla á alþjóðlegum vettvangi ákveðið forskot og sérstaklega þar sem við höfum eitthvað að bjóða fram yfir aðra. Það er grundvallaratriði í öllum viðskiptum og viðskiptafræðum, að menn eru í samkeppni og sá sem hefur ekki eitthvert forskot fram yfir annan á einhverju sviði mun einfaldlega dragast aftur úr og tapa í þeirri samkeppni.

Þetta byggist á því að styrkja stöðu menntunar, við gætum gert það á næstu árum, hvort sem er á sviði tæknikunnáttu eða í viðskiptum eða menntun almennt. Þar höfum við reyndar dregist aftur úr en ef þessari hugmyndafræði fylgir sókn á því sviði sé ég það fram undan að hér gæti orðið umtalsverð verðmætasköpun á næstu árum. Heimurinn allur er að verða eitt markaðssvæði, landamæri skipta engu máli núorðið, menntun er alþjóðleg, tæknin er að verða alþjóðleg og það skilur orðið sífellt minna milli einstakra þjóða. Það sem við höfum hins vegar sérstaklega upp á að bjóða er þessi markaðsþekking og menn mega ekki gleyma því að markaðsþekking í íslenskum sjávarútvegi er næstum því aldargömul. Við byrjuðum að selja saltfisk í verulegum mæli í byrjun þessarar aldar. Það eru yfir 50 ár síðan við hófum sókn okkar í frystingu þannig að við erum að tala um svið sem við höfum áratuga reynslu í og við eigum að nýta okkur til sóknar.

Það sem ríkisstjórnin leggur upp með er að hún segir: Gott og vel, þetta er góð hugmyndafræði. Sköpum umgjörð um þessi félög, látum þau greiða 5% tekjuskatt og vera eignarskattslaus og stimpilgjaldslaus. Eiginlega má segja að þeim sé veitt skattfrelsi meðan þau starfa á þessu sviði.

Þetta er róttæk hugmynd. Mér finnst hún hins vegar mjög áhugaverð. Ég styð hana vegna þess að ég held að það sé nauðsynlegt að við gerum líka útrás og svona tilraun. Það kemur þá í ljós hvort þessi hugmyndafræði heppnast. Ég veit að fyrirtæki eru starfandi hér á landi sem hafa milligöngu um fisksölu milli þjóða. Fiskur frá Noregi fer kannski til Þýskalands án þess nokkurn tíma að koma við á Íslandi en er seldur í gegnum íslenska síma og íslenska tölvu og verðmætasköpun verður að hluta til hér á landi. Þessi viðskipti eiga sér þegar stað. Við, Íslendingar, seljum fisk frá Suður-Ameríku á Spáni, frá Suður-Afríku til Bandaríkjanna

án þess að fiskurinn komi til Íslands. Stundum gerir hann það en stundum gerir hann það ekki. En hér erum við að búa til umgjörð til að starfa á sviði sem ég nefndi að er vaxandi, fer úr 50 milljörðum sem ég nefndi áðan og getur þess vegna tvöfaldast á nokkrum árum. Mikil sókn er í sjávarútvegi í heiminum, einkum í Asíu og einkum í fiskeldi.

Sá sem tekur ekki þátt í þessu verður einfaldlega út undan. Þetta er eins og önnur alþjóðleg viðskipti ef menn grípa ekki gæsina þegar hún gefst þá grípa menn hana alls ekki. Hvenær eiga menn að grípa gæsina nema einmitt þegar hún er í færi? Ég held þess vegna, herra forseti, að það sé gott að lögfesta þetta mál, skoða það að sjálfsögðu í nefnd en gera þetta, sjá til hvort ekki verði um nýsköpun og framsækni að ræða í kjölfar þessa. Ef ekki, þá endurmeta menn bara löggjöfina, þá hafa menn í sjálfu sér ekki tapað neinu. En meginatriðið er þó það að menn nýti skattalöggjöfina til sóknar og ég bendi enn og aftur á hugmyndir mínar í þeim efnum þó svo að þær hafi ekki enn þá náð fram að ganga.

Vitaskuld verður einn þáttur í þessu að gera greinarmun milli félaga þannig að ekki verði um misnotkun að ræða. Nefndin mun fara vel yfir þann þátt málsins þannig að fyrirtæki flýi ekki inn í þetta alþjóðlega viðskiptafélagaumhverfi án þess að hafa til þess unnið. Það verður aðalvandamálið hjá okkur að ganga frá löggjöfinni á þann hátt. Við þekkjum það vandamál, öll ívilnun skapar viss vandkvæði hvað slíka hluti varðar. En ég efast ekki um að efh.- og viðskn. getur leyst það á farsælan hátt.

[15:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir jákvæða undirtekt við þetta mál og stuðning við frv. Ég er þess fullviss að málið fær ítarlega og efnislega umfjöllun í efh.- og viðskn. eins og önnur góð mál sem þangað er vísað. Það er rétt sem hann sagði að verið er að fara inn á þá braut að hagnýta skattkerfið til þess að reyna að örva efnahagslífið, kalla fram nýjungar og nýsköpun. En þó ekki síst til þess að kalla inn í landið starfsemi sem nú fer þar ekki fram, reyna að laða til landsins viðskipti og atvinnustarfsemi sem fer nú fram einhvers staðar annars staðar. Að því leyti til er ekki verið að kosta neinu til þó að skattprósentan sé höfð þetta lítil. Hún á að virka sem segull og aðdráttarafl fyrir þessa starfsemi. En ekki er þar með sagt að ríkið sé að afsala sér þeim mismun sem er á þessari prósentu og hinni hefðbundnu tekjuskattsprósentu því ella væri þessi starfsemi alls ekki hér í landinu.

Það er reyndar munurinn á þessu fyrirbæri og svo aftur skattafslætti í takt við það sem hv. þm. nefndi og hann hefur sjálfur lagt til, að þar er um að ræða beinan tilkostnað af hálfu ríkisins. Það getur vissulega í einhverjum tilfellum átt rétt á sér, eins og við höfum talið að gerði í þessum málum vegna þess að menn geta nú fengið upphæðina frádregna sem lögð er fram til styrktar menningarmálum og listum og reyndar stjórnmálaflokkum en þó ekki tvöfalda eins og þingmaðurinn leggur til en þar með er ríkið beinlínis að leggja fram fé á móti. Það er ekki með þessu frv. heldur er hérna verið að nota skattkerfið sem segul til að laða starfsemi inn í landið sem ella væri þar ekki og fer fram annars staðar eins og nú standa sakir.

[15:42]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er laukrétt hjá hæstv. fjmrh. að ein afleiðing þessa frv. getur verið sú að kalla inn í landið starfsemi sem færi fram annars staðar en ég benti sérstaklega á að hún getur örvað sóknarfæri á sviðum þar sem við kunnum vel til verka og ég nefndi sérstaklega sjávarútveginn.

Af því að hann nefndi sérstaklega skattatillögur mínar um tvöföldun frádráttar til menningar, lista og kvikmynda þá veit ég að hæstv. ráðherra veit að einnig á bak við þá hugmynd er ekki tekjutap ríkissjóðs heldur getur komið þar til aukning tekna, m.a. í kjölfar aukinna umsvifa. Það er sambærileg aðferðafræði og við erum að leggja upp með í þessu frv., við erum að laða að fyrirtæki með því að veita þeim skattaívilnanir. Vitaskuld munu önnur fyrirtæki segja: Ef hægt er að gera það við þessi fyrirtæki jafnvel þó þau komi annars staðar frá, af hverju má þá ekki gera það við einhverja aðra nýsköpun sem mundi fara fram erlendis? Við vitum að þessi umræða mun fara í gang, að menn munu segja: Ég vil líka fá svona ívilnanir, annars fer ég með starfsemi mína til Írlands eða hvert sem er. Það er bara góð umræða og við þurfum náttúrlega alltaf að vera vakandi fyrir því og ég veit að hæstv. fjmrh. er vakandi fyrir því að beita skattalöggjöfinni þannig að hún sé sanngjörn en skattalöggjöfin á að örva starfsemi og framtak einstaklingsins. Hægt að hafa mörg orð um skattkerfið almennt en um þessi atriði, meginatriði í tengslum við þetta frv. sýnist mér að við hæstv. fjmrh. séum býsna sammála.

[15:44]

Útbýting þingskjala:

Rannsóknir á ofbeldi gegn börnum, 496. mál, þáltill. KÁ, þskj. 806.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 403. mál, svar fjmrh., þskj. 769.

Réttindi heyrnarlausra, 488. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 798.

Réttindi heyrnarlausra, 489. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 799.

Réttindi heyrnarlausra, 490. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 800.

Störf Norrænu ráðherranefndarinnar 1998, 481. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 786.

[15:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Fyrirliggjandi frv. sem við ræðum hér og einnig það frv. sem flutt var rétt áðan, er angi af samkeppni ríkja um fyrirtæki, fólk og fé. Nú á dögum tölvualdar og geysimikilla og auðveldari alþjóðlegra samskipta færist það í vöxt að fyrirtæki velji sér staðsetningu í löndum með hliðsjón af skattalegu umhverfi, sem og öðru umhverfi, lagalegu og reglugerðarumhverfi. Þau geta valið sér mörg lönd í þessu tilliti. Það eru sérstaklega fyrirtæki í óefnislegri framleiðslu, þ.e. fyrirtæki sem framleiða hugbúnað eða fjármálafyrirtæki sem leita að slíkum tækifærum, sem hér er verið að bjóða upp á. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að slík fyrirtæki greiði 5% tekjuskatt í staðinn fyrir 30%, og það gladdi hjarta mitt áðan að heyra hv. þm. Ágúst Einarsson geta þess að lækkun á skattprósentu kynni að auka veltuna, sem var nú rætt mikið hér í fyrra varðandi þessi 30% sem ég vildi lækka niður í 27% en fékkst ekki fram, það var fellt fyrir mér hér á Alþingi. Þessi fyrirtæki borga 0% eignarskatt í staðinn fyrir 1,45% og þau borga 0% stimpilgjald í staðinn fyrir 1,5% sem almennt er lagt á og er ákaflega íþyngjandi fyrir atvinnulífið.

Með frv. þessu er verið að ívilna fyrirtækjum sem ekki starfa hér á landi og maður spyr: Hvers eiga innlend fyrirtæki að gjalda? Það mætti hugsa sér að t.d. Singapúr færi sömu leið og setti nákvæmlega sömu lög og við erum að ræða hér í dag, þ.e. þessi tvö frv. Síðan færi Eimskip til Singapúr og yrði skráð í Singapúr með starfsemi á Íslandi og borgaði 5% tekjuskatt og 0% eignarskatt og 0% stimpilgjald. Og öll

fyrirtæki í Singapúr kæmu til Íslands og borguðu hér 5% tekjuskatt og enga aðra skatta. Hvað gerðist þá?

Í þessu sambandi vil ég geta þess að á netinu um daginn þar sem ég var að vafra rakst ég á ríki sem er verið að stofna í Karabíahafinu, heilt samfélag sem stefnir að lágmarksríki. Þetta er fyrirbæri sem reist er úti í miðju hafi og stendur á stöplum og þetta á að verða sjálfstætt ríki með lágmarkssamfélag. Lágmarksríki með náttúrlega mjög lága skattprósentu og annað slíkt. Það er því að koma til sögunnar mjög öflug samkeppni á þessu sviði, þ.e. fyrirtækjum og fólki eru boðin góð skilyrði bæði í skattalegu tilliti og reglugerðartilliti o.s.frv.

En þá kemur hinn endinn, herra forseti. Hvað verður um velferðarkerfið okkar sem sumir hv. þm. sem hér sitja í salnum eru mjög áhugasamir um? Hver á að standa undir velferðarkerfinu? Það er nefnilega dæmi sem við þurfum líka að horfa á þegar við ræðum svo mikla breytingu eins og hér er verið að tala um. Mín skoðun er sú að breyta þurfi fjármögnun velferðarkerfisins og alveg sérstaklega þurfi að gera velferðarkerfið skilvirkara og skattheimtuna skilvirkari, ódýrari og einfaldari þannig að skattheimtan verði ódýrari og lægri og mildari á fyrirtækin en gefi samt sem áður þær tekjur til þess að standa undir því velferðarkerfi sem ég hygg að velflestir hv. þm. vilji sjá blómstra.

Hugmyndin á bak við bæði þessi frv. er að laða til landsins fyrirtæki sem ekki hafa starfað hér áður og það er mjög gott mál, en það er alveg á hreinu að þessi fyrirtæki verða tekin frá einhverjum öðrum ríkjum. Við skulum hafa það alveg á hreinu. Þau hefja starfsemi hérna og fara frá því ríki þar sem þau störfuðu áður og þau ríki kynnu að grípa til gagnráðstafana og lækka hjá sér skatta fyrir þau fyrirtæki sem eru starfandi hér á landi. Menn þurfa að búa sig undir slíka samkeppni.

Mér finnst að við hv. þingmenn og hæstv. ríkisstjórn þurfum að skoða dæmið enn ítarlegar. Getur ekki verið að við gætum búið til lagaumhverfi fyrir t.d. fjármálafyrirtæki sem væri þeim að skapi? Ég er ekki að tala um einhvers konar svikakerfi heldur kerfi sem er gott, öruggt og ódýrt í rekstri, þ.e. rökrétt kerfi. Það hefur verið aðalgallinn á flestum kerfum sem fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki hafa starfað undir, og þá ekki síður skattkerfum sem öðrum kerfum, að þau eru órökrétt. Gott dæmi um það er eignarskatturinn hér á landi, sem menn geta komist hjá að borga með því að kaupa spariskírteini, sem er alger rökleysa eins og þau eru meðhöndluð í skattkerfinu. Ef við hygðum að því að búa til lagaumhverfi t.d. í sambandi við fjármálafyrirtæki sem væri rökrétt, einfalt, öruggt og ódýrt í rekstri, þá gætum við ásamt með þessu frv. fengið hingað til landsins starfandi fjármálafyrirtæki úr öllum heiminum og þar þarf ekki að verða mikil álagning til að Ísland geti hagnast verulega á því.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að Ísland er eina landið í heiminum sem getur talað við restina af heiminum á skrifstofutíma. Við getum talað við Japan á morgnana og Bandaríkin á kvöldin. Þetta er eini staðurinn á jörðinni þar sem hægt er að tala við allan heiminn á skrifstofutíma, auk þess sem Ísland er staðsett með einhvers konar aðild að Evrópu, en þó ekki aðild og það eru líka mjög náin tengsl við Ameríku og stutt yfir pólinn til Asíu. Við ættum því að hugleiða að nýta okkur þá kosti líka.

Ég er hlynntur þessu frv. Mér finnst þetta mjög merkileg tilraun sem verið er að gera. Þetta er tilraun til að taka þátt í þeirri samkeppni ríkja um fyrirtæki, fólk og fé, sem stendur fyrir dyrum og fer sívaxandi.

[15:52]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega undirstrika það sem hv. þm. sagði, þetta er tilraun. Vegna þess að hann gat um tillögur mínar í skattamálum, þá vil ég draga það fram að tekjuskattur fyrirtækja er einungis að skila um þriðjungi af þeim greiðslum til samneyslunnar, til opinberra aðila, miðað við OECD-ríkin. Það er alveg eins með laun og tryggingagjöld fyrirtækja hérlendis, þau eru einungis að skila u.þ.b. þriðjungi af því sem gerist erlendis. Íslensk fyrirtæki búa þannig við mjög óvanalegar skattaívilnanir eða getuleysi eins og kannski tekjuskatturinn sýnir, miðað við fyrirtæki í nágrannalöndunum. Þess vegna er e.t.v. sérkennilegt að ég skuli tala fyrir lækkun tekjuskatts, eins og gert er í þessu tilfelli en ég geri það vegna þess að ég tel rétt að gera þessa tilraun sem lagt er hér upp með. Það breytir því ekki að í grundvallaratriðum er tekjuskattskerfi okkar, bæði hvað viðvíkur fyrirtækjum og einstaklingum, meingallað.

[15:53]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að taka undir með þeim þingmönnum sem fagna framkomu þessara tveggja frv. sem hér hafa verið rædd, það sem nú er til umræðu og hið fyrra mál, sem rætt var fyrr á þessum fundi, um alþjóðleg viðskiptafélög og skattlagningu þeirra. Mér sýnist að aðdragandinn hafi verið alllangur og kannski er þess vegna enn frekar ástæða til að fagna því að komin er niðurstaða í umræðu sem átt hefur sér stað innan stjórnkerfisins, bæði með þátttöku embættismanna, stjórnmálamanna og fjölmargra annarra á grundvelli hugmynda sem komu fram í upphafi þessa áratugar og var ætlað af þeim sem létu þær í ljósi að þær gætu leitt til þess að Ísland tæki ný og stór skref í nýsköpun, í aukinni fjölbreytni í atvinnustarfsemi með því að skapa hér það lagaumhverfi að erlend fyrirtæki, alþjóðleg fyrirtæki gætu starfað á Íslandi og ekki síst að nýta þá aðstöðu sem menn hafa þóst sjá í landfræðilegri stöðu Íslands milli meginlandanna. Ég hef hug á, herra forseti, að láta það koma fram að ég tel að með þessu sé ekki einungis skapaður sérstakur möguleiki og tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki sem markaðssetja afurðir sínar og vörur á alþjóðlegum mörkuðum, heldur einnig fyrir fyrirtæki erlendra aðila sem nú eða fram að þessu starfa öðrum megin úthafsins, til að mynda utan evrópska efnahagssvæðisins, en hyggja á markaðssetningu afurða sinna eða hvers konar viðskipta innan þess eða öfugt. Mér er kunnugt um að meðal aðila sem hafa fylgst með þessum hugmyndum hér á landi og hafa grannt fylgst með gerð þessara frumvarpa síðustu mánuði er að finna erlenda aðila sem hyggjast nýta sér landfræðilega stöðu Íslands, þennan lagagrundvöll sem með þessu kann að verða lagður og þá möguleika sem fólgnir eru í viðskiptum með stoð tölvunetsins sem er orðið alþjóðlegt fyrir alllöngu og Íslendingar eru sjálfir orðnir ágætir þátttakendur í að nýta. Þessir aðilar hyggjast nýta sér frumkvæði og hugkvæmni Íslendinga auk sinna eigin landsmanna til að koma viðskiptum á yfir miklar fjarlægðir og nýta sér ágæta aðstöðu hér við flugvelli og það sem þeir segja, tiltölulega frjálslynda löggjöf. Ég hygg að ástæða sé til fyrir okkur að íhuga þetta síðasta atriði, því við höfum oft rætt það hér í okkar hópi að löggjöf okkar sé alls ekki frjálslynd, hún sé jafnvel full mið-

stýringarkennd og skapi ekki mörg eða fjölbreytt tækifæri. En mér sýnist að með þessu sé horft til nýrrar áttar og ættu að skapast nýir og áður ókannaðir möguleikar.

Ég vil að lokum, herra forseti, nefna að mér sýnist að með þessu kynnum við að fá niðurstöðu í umræðu sem við höfum með því að skoða sérstaklega það sem við þá nefndum frísvæði. En fyrir þó nokkrum árum voru gerðir alþjóðlegir samningar sem við áttum aðild að með fleiri ríkjum sem virtust koma í veg fyrir mikla fjölgun frísvæða og raunar setja að öðru leyti þrengingar eða fækka möguleikum til að útfæra þau. Upp úr því sáum við og fulltrúar okkar í samningum við önnur ríki að þeim möguleikum fór fækkandi. En ég vænti þess að þessi tvö frumvörp skapi okkur ný færi að þessu leyti til að hefja nýja starfsemi, ekki aðeins okkur Íslendingum heldur öðrum aðilum til að hefja starfsemi frá Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðarmenn, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 149. mál. — Þskj. 149.

[15:58]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ábyrgðarmenn en ásamt mér eru flm. hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Ágúst Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Gísli Einarsson, Kristín Halldórsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Pétur Blöndal, Einar Oddur Kristjánsson, Magnús Stefánsson, Svavar Gestsson, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Ögmundur Jónasson og Ragnar Arnalds.

Virðulegi forseti. Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi en er nú endurflutt með nokkrum breytingum.

Í núgildandi lögum er hvergi að finna almennar reglur um ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga eða hvernig staðið skuli að slíkri samningsgerð. Bankar og aðrar fjármálastofnanir hafa því að mestu mótað eigin reglur um samskipti sín og ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga.

Samkvæmt skýrslu nefndar frá því í nóvember 1996, sem viðskiptaráðherra skipaði til að fara yfir framkvæmd ábyrgðarveitinga, kemur fram að gera má ráð fyrir að um 90 þús. einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum þriðja aðila. Það eru um það bil 45–50% allra Íslendinga á þessum aldri.

Flest bendir til þess að ábyrgðarskuldbindingar séu mun algengari hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eða í Vestur-Evrópu. Þannig kemur fram í áðurnefndri skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Ábyrgðarmenn fjárskuldbindinga, að höfundur norrænnar skýrslu um ábyrgðarveitingar telur að á 10% heimila á Norðurlöndum megi finna einstaklinga sem eru í ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Ef aðeins er tekið mið af upplýsingum sem fram koma í skýrslunni er ekki óvarlegt að ætla að á 60–80% heimila hér á landi megi finna einstaklinga yfir 18 ára aldri sem eru í persónulegri ábyrgð fyrir fjárskuldbindingum annarra. Því má fullyrða að þróun ábyrgðarskuldbindinga hér á landi hefur orðið með öðrum hætti en annars staðar á Norðurlöndum.

Markmiðið með framlagningu þessa frumvarps, sem skiptist í sex kafla, er að lögfesta almennar reglur um stofnun, form og efni ábyrgðarsamninga, samskipti ábyrgðarmanna og kröfuhafa, upplýsingaskyldu kröfuhafa og ógildingarástæður, auk samskiptareglna milli ábyrgðarmanna og lánveitanda. Ýmsir möguleikar voru kannaðir í því sambandi en niðurstaðan varð sú að leggja til að reglurnar nái til allra samninga og viðskiptabréfa sem nema að fjárhæð 150.000 kr. að nafnvirði eða hærri þar sem einstaklingar skuldbinda sig persónulega til að tryggja efndir peningakröfu á hendur aðalskuldara. Reglunum er því ætlað að gilda um samninga þar sem einstaklingar takast á hendur persónulega ábyrgð eða ábyrgð fyrir hönd einkafirma síns og aðalskylda skuldara er greiðsla peninga.

Frumvarpið byggist að miklu leyti á sjónarmiðum um neytendavernd. Nauðsyn hennar birtist meðal annars í aðstöðumun sem jafnan er á stöðu ábyrgðarmanna annars vegar og viðsemjenda þeirra, lánastofnana, hins vegar. Í flestum tilvikum er öll sérfræðiþekking í lánsviðskiptum hjá lánveitanda, kröfuhafa, auk þess sem ábyrgðarmaður sjálfur hefur sjaldnast nokkurn hag af samningum. Þá er þess að geta að ástæður einstaklinga fyrir því að gangast í ábyrgð eru oftar en ekki krafa lánastofnana eða annarra stórfyrirtækja um auknar tryggingar, auk þrýstings frá fjölskyldumeðlimum, vinum og kunningjum sem erfitt getur verið að standast þar sem afkoma og afdrif einstaklinga geta verið undir því komin að umbeðin fyrirgreiðsla fáist.

Hér á landi virðist hafa verið lögð ríkari áhersla á að þriðji maður ábyrgist efndir aðalskuldara en þekkist í nágrannalöndunum. Minni áhersla hefur verið lögð á að lánveitandi láti fara fram faglegt mat á greiðslugetu lántakenda eins og skýrslan sem vitnað er til hér að framan ber með sér. Lánastofnanir virðast því hafa lagt mun meiri áherslu á að reyna þess í stað að tryggja sér ábyrgð þriðja manns í því skyni að takmarka áhættu sína. Markmiðið með framlagningu frumvarpsins er því öðrum þræði að reyna að breyta vinnubrögðum lánastofnana frá því sem nú tíðkast í allt of ríkum mæli.

Enn fremur er eitt af markmiðum frumvarpsins að tryggja að upplýsingar um áhættu ábyrgðarmanns liggi fyrir þegar ábyrgðarsamningur er undirritaður. Þessi upplýsingagjöf kröfuhafa er forsenda samningsins og liggi upplýsingar ekki nægjanlega skýrt fyrir við samningsgerð getur það leitt til þess að samning megi ógilda á grundvelli reglna frumvarpsins og almennra reglna um brostnar forsendur í samningum, sbr. III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Finna má þess mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi að forsenda þess að samningar tókust var að þriðji aðili, einstaklingur, tókst á herðar ábyrgð á efndum. Mýmörg dæmi eru um tilvik þar sem samningsaðilum sjálfum var ljóst að aðalskuldari gæti aldrei efnt samning, en hann komist á þrátt fyrir það, án þess að ábyrgðarmanni væri þessi vitneskja tiltæk. Þetta hefur oft og tíðum leitt til þess að ábyrgðarmenn hafa misst heimili sín og þannig verið kippt stoðum undan fjárhagslegu og félagslegu öryggi heilu fjölskyldnanna, án þess að ábyrgðarmenn hafi nokkurn tíma haft af því hagsmuni að samningi væri komið á. Afleiðingarnar hafa oft verið mjög alvarlegar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Róttækustu breytingarnar sem frumvarpið felur í sér er að finna í 4. gr. Þar er í fyrsta lagi kveðið á um að ábyrgðarsamningar skuli vera skriflegir. Það er formskilyrði fyrir gildi þeirra. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau að sönnunaraðstaða um efni ábyrgðarsamnings væri annars mjög erfið.

Í reynd er það svo að flestir ábyrgðarsamningar eru skriflegir og því mun þessi breyting ekki hafa mikla praktíska breytingu í för með sér frá því sem nú er. Í 2. mgr. er kveðið á um að ábyrgðarsamningar, þar sem ekki er kveðið skýrt á um höfuðstól kröfu á hendur aðalskuldara, séu ógildir. Þá er þar kveðið á um að óheimilt sé að afhenda viðskiptabréf með ábyrgðarmönnum til að tryggja kröfu sem kann að stofnast síðar. Sú regla leiddi meðal annars til þess að afhending svokallaðra tryggingavíxla, sem er sér íslenskt fyrirbæri, yrði ekki lengur heimil.

Enn fremur er að finna róttækar breytingar í 9. gr. frumvarpsins en þar er efni ábyrgðarloforðs þrengt frá því sem nú er. Í fyrsta lagi er kveðið á um að ef veðréttur hefur stofnast með aðfaragerð í fasteign þar sem ábyrgðarmaður eða fjölskylda hans býr, vegna kröfu sem á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, kemur ekki til úthlutunar upp í þá kröfu af andvirði fasteignarinnar nema af því andvirði hennar á nauðungarsölu sem er umfram 10 millj. kr. Sama á við þegar fasteign er til meðferðar við gjaldþrotaskipti. Sú fjárhæð, 10 millj. kr., er verðtryggð frá þeim tíma sem lögin taka gildi. Auk þess er kveðið á um það í þessari grein að ekki verði gerð krafa um gjaldþrotaskipti á búi ábyrgðarmanns ef krafa á rót sína að rekja til ábyrgðarloforðs, nema kröfuhafi geri það sennilegt að ábyrgðarmaður hafi skotið undan eignum. Héraðsdómarar meta hvort slíkar ásakanir séu sennilegar þegar þeir taka afstöðu til þess hvort taka skuli viðkomandi bú til gjaldþrotaskipta eða ekki.

Það er mat flutningsmanna að með framlagningu frumvarpsins sé á engan hátt vegið að eðlilegu samningsfrelsi í landinu. Samningsfrelsi er og verður ein af grundvallarreglum samfélagsins þótt sú regla verði að sæta eðlilegum undantekningum sem finna má ýmis dæmi um í löggjöfinni. Í frumvarpinu er að finna skýrar reglur um hvernig standa skuli að samningsgerð þegar þriðji maður gengst í ábyrgð á efndum aðalskuldara vegna fjárskuldbindinga, án þess að lagt sé bann við nokkru sem nú er sérstaklega heimilað.

Rökin að baki þeim reglum sem hér er lagt til að lögfestar verði er markmiðið um vernd einstaklingsins sökum þeirrar yfirburðastöðu sem lánveitendur hafa jafnan við samningsgerð. Það er einnig mat flutningsmanna að sú þróun sem átt hefur sér stað hér á landi hvað varðar fjölda ábyrgðarmanna sé óásættanleg, eins og áðurnefnd skýrsla iðnaðar- og viðskiptaráðherra ber með sér.

Eins og áður hefur komið fram er frumvarp þetta lagt fram öðru sinni þar sem það varð ekki útrætt á síðasta þingi. Helstu breytingar sem gerðar hafa verið á því eru í fyrsta lagi þær að nú er reglunum ætlað að gilda um tékka og víxla og teljast þeir ábyrgðarmenn í skilningi frumvarpsins sem ekki hafa beina fjárhagslega hagsmuni af útgáfu víxils eða tékka. Í umsögnum um frumvarpið á síðasta þingi komu fram sterk rök fyrir því að markmiði frumvarpsins yrði ekki náð nema reglurnar tækju einnig til tékka og víxla. Í öðru lagi er reglunum ekki ætlað að gilda um fjárskuldbindingar sem ekki ná 150 þús. kr. að nafnvirði. Ástæða þessa er sú að mat flm., einkum þess sem hér stendur, er að annað gæti torveldað viðskipti þar sem um lágar fjárhæðir er að ræða. Í þriðja lagi er fellt brott ákvæði um að ekki verði gert fjárnám í heimili ábyrgðarmanns. Þess í stað er lagt til að heimili ábyrgðarmanns verði varið, ef svo má að orði komast, þannig að ekki komi til úthlutunar upp í slíka kröfu nema andvirði fasteignar nemi meira en 10 millj. kr. Í fjórða lagi er sett inn nýtt ákvæði sem leggur kröfuhöfum þær skyldur á herðar að senda um hver áramót tilkynningu til ábyrgðarmanna með upplýsingum um ábyrgðir sem þeir eru í og hvort þær séu í vanskilum og þá hversu mikil þau vanskil eru. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að haldið sé vel utanum þetta því að eins og ábyrgðarmannakerfið hefur þróast hér á landi er óvíst að allir hafi nákvæmt yfirlit yfir í hvaða ábyrgðum þeir eru. Má í því sambandi benda á Lánasjóð íslenskra námsmanna, en það hefur löngum tíðkast að samstúdentar skrifi upp á hver fyrir annan án þess oft og tíðum að hafa næga yfirsýn yfir þær ábyrgðir sem þeir hafa skrifað upp á.

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að fara nánar í einstakar greinar þessa frv. en langar, áður en ég lýk máli mínu, að fjalla örlítið um þær umsagnir sem um frv. bárust í fyrra. Áður en að því kemur, virðulegi forseti, vil ég taka fram að sú endurskoðun sem fram hefur farið á frv. frá því í fyrra hefur að hluta verið gerð í samstarfi við Neytendasamtökin. Ég vil sérstaklega þakka það samstarf sem hefur verið einkar ánægjulegt og margar mjög góðar ábendingar sem komu þaðan.

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, vitna ég til umsagnar frá Seðlabanka Íslands en undir hana rita fyrrv. aðalbankastjóri, Steingrímur Hermannsson, og Eiríkur Guðnason. Meginniðurstaða Seðlabankans, sem gerði nokkrar tæknilegar athugasemdir við frv. frá því í fyrra, er þessi, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn telur að lögfesting frv. sé almennt til bóta og til þess fallin að draga úr hinni miklu notkun ábyrgða einstaklinga hér á landi við lánveitingar og hvetja lánastofnanir um leið til þess að leggja faglegt mat á greiðslugetu lántakenda. Er bankinn meðmæltur lögfestingu þess."

Vátryggingaeftirlitið er sama sinnis. Þó ekki taki það beina afstöðu til efnis málsins, þá segir hér: „Eftirlitið telur ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við frv." Það er bein tilvitnun í þá umsögn.

Neytendasamtökin gerðu nokkrar athugasemdir við frv. í fyrra. Frv. sem hér liggur fyrir hefur verið unnið í samstarfi og samráði við samtökin, enda standa þau að fullu með lögfestingu þess. Þeir einir sem leggjast gegn lögfestingu þessa frv. eru viðskiptabankar og sparisjóðir auk þess sem Vátryggingafélag Íslands hefur gert athugasemd við að það verði lögfest.

Ekki er hægt, herra forseti, að gera til þess kröfu að allir séu sammála þeim málum sem hér eru flutt. Mig langar að lesa örlítinn kafla úr umsögn Sambands ísl. sparisjóða um frv. Maður áttar sig þó ekki fyllilega á því hvert þeir eru að fara þá rætt er um jafnmikið réttlætismál og að koma böndum á samskipti lánveitenda og ábyrgðarmanna. Ég ætla að lesa örstuttan kafla úr umsögn Sambands ísl. sparisjóða um frv. til laga um ábyrgðarmenn frá því í fyrra. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Samband sparisjóða telur að samkomulagið muni gerbreyta þeim forsendum sem liggja til grundvallar flutningi þessa frv., sbr. greinargerð með því, og að frjálsir samningar séu mun heilladrýgri en lögþvingun í samningum manna á meðal. Í því sambandi er óhjákvæmilegt að vekja athygli á röksemdafærslunni í greinargerð með frv. þessu um inngrip í samningsfrelsi sem að breyttu breytanda minnir óþyrmilega á réttlætingu á meiri háttar slysum í mannréttindasögu síðustu alda og ára. Um það má hafa mörg orð, sem ekki skulu rakin hér."

Ég verð að segja alveg eins og er að umsagnir sem svona eru settar fram eru þeim sem þær gefa á engan hátt til framdráttar og til lítils sóma auk þess sem það er á engan hátt

rökstutt neitt frekar. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að vitaskuld er hér um mikið hagsmunamál að ræða. Það er mikið hagsmunamál fyrir bankana og viðskipta- og lánastofnanir almennt að geta haldið áfram að krefjast ábyrgðarmanna til að tryggja efndir á þeim lánum sem þeir veita í stað þess að vinna faglega að þeim lánveitingum sem þeir standa í.

Ég held að sú hugsun sem hér birtist sé einungis til þess fallin að draga úr eðlilegri þróun og koma í veg fyrir að á næstu árum verði sambærileg þróun og átt hefur sér stað víðast hvar erlendis. Þar er gengið út frá því að menn vinni faglega og vel að þeim lánveitingum sem þeir inna af hendi í stað þess að treysta alfarið á að þriðji aðili ábyrgist lánveitingar og þær skuldbindingar sem lánastofnanir takast á herðar.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

[16:15]

Útbýting þingskjals:

Jafnréttislög, 498. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 810.

[16:15]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu mikilvægt og merkilegt mál sem flutt er af fjölmörgum hv. þm. úr öllum flokkum að mér sýnist. Ég hef fyrir löngu áttað mig á því að staða ábyrgðarmanna er um margt mjög erfið. Eins er margt merkileg varðandi það hvernig staðið hefur verið að vali ábyrgðarmanna. Þessu áttaði ég mig fljótlega á eftir að ég byrjaði sem viðskrh. Því var eitt af mínum fyrstu verkum í því starfi að láta fara fram mat á því hversu víðtækar ábyrgðarveitingar væru á Íslandi. Ég setti á fót nefnd í samvinnu við banka, sparisjóði og neytendasamtök og í samvinnu við félmrh. lét ég fara fram slíka könnun. Það merkilega var, þegar kanna átti hversu víðtækar þessar sjálfskuldarábyrgðarveitingar þriðja aðila væru, að ekki var hægt að fá nein svör við því. Það var ekki hægt að fá nákvæmar upplýsingar um hversu margir Íslendingar væru í sjálfskuldarábyrgðum. Því var ekki um annað að ræða en að gera könnun, fá fyrirtæki til þess að kanna hvernig þessu væri háttað. Niðurstaða úr þeirri könnun, eins og hér hefur verið rakið, er að um 90 þúsund einstaklingar yfir 18 ára aldri séu í ábyrgð fyrir skuldbindingu þriðja aðila. Það er í kringum 47% allra Íslendinga á þessum aldri.

Þá er auðvitað eðlilegt að menn spyrji: Hvernig er þessu þá háttað annars staðar? Er þetta sambærilegt við það sem gerist annars staðar? Nei, niðurstaðan er sú að í kringum 10% heimila á Norðurlöndunum eru í slíkum ábyrgðum. Með öðrum orðum eru sjálfskuldarábyrgðir hér á landi miklu víðtækari og almennari en annars staðar.

Það er líka merkilegt að skoða það kom úr könnuninni. Talið er að um 80% ábyrgðarmanna ábyrgist bankalán. Minna í námslánum, greiðslukortum, bílalánum og lífeyrissjóðalánum. Langflestir ábyrgðarmenn hafa gengið í ábyrgðir vegna þess að börnin þeirra hafa beðið um það eða einhverjir nánir venslamenn.

Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir og reyndar fleiri upplýsingar, kom í ljós að gríðarlega margir höfðu lent í að greiða fjárhæðir upp á tugi ef ekki hundruð þúsunda króna, þ.e. þurft að greiða skuldir sem menn gengust í ábyrgð fyrir.

Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir fannst mér að menn stæðu frammi fyrir tvennu: Annars vegar að taka ákvörðun um það að banna ábyrgðarveitingar þriðja aðila eða að setja þær í einhverjar skorður með almennri lagasetningu. Þriðja leiðin, sem síðan varð ofan á, kom einnig til greina. Hún var sú að leita samkomulags um að draga úr þessu og nota í hófi. Niðurstaðan af því að banna ábyrgðarveitingar af þessu tagi hefði getað orðið til að skapa fleiri vandamál en það leysti. Einstaklingar sem þyrftu lán gætu ekki fengið þau nema geta sýnt fram á að þeir hefðu tryggingar. Tilgangurinn er auðvitað ekki að koma í veg fyrir, hvort sem það er í atvinnurekstri, í rekstri heimila eða hverju sem er, að menn geti farið í banka til að fá lán. Slíkt bann hefði leitt til slíkra hluta. Oft og tíðum eru þeir einstaklingar, sem eru tilbúnir til að ganga í ábyrgð gagnvart þriðja aðila, einnig tilbúnir til að axla þá ábyrgð sem því er samfara að þurfa hugsanlega að greiða viðkomandi skuld upp.

Hin leiðin, sem farin er í þessu frv. sem margt gott er um að segja og mér finnst athyglisverð fyrir margra hluta sakir eins og ég sagði í upphafi, er að setja skýrar reglur um þessa hluti, almennar og skýrar reglur.

Ljóst var að lánastofnunum, bönkum og sparisjóðum var kunnugt um hve alvarlegir hlutir væru þarna á ferðinni og gera yrði bragarbót á. Niðurstaðan varð sú að við gengum frá samkomulagi milli Sambands ísl. viðskiptabanka, Sambands ísl. sparisjóða, Kreditkorta hf., Greiðslumiðlunar hf., Neytendasamtakanna, viðskrh. og félmrh. um að draga úr notkun sjálfskuldarábyrgðar í lánveitingum. Markmiðið var að draga úr ábyrgðunum með því að leggja mat á greiðslugetu lántakenda og veita almennari upplýsingar en gefnar hafa verið til verndar ábyrgðarmönnum. Fjármálafyrirtækjum er gert skylt að leggja mat á greiðslugetu greiðenda ef ábyrgðarmaður óskar eftir því og ef skuldbindingin fer yfir 1 millj. kr. Ábyrgðarmanni skulu kynntar niðurstöður greiðslumatsins, hvaða möguleika viðkomandi lántaki hafi til þess að greiða svo ábyrgðarmanni sé ljóst hvaða ábyrgð hann muni taka. Fjármálafyrirtækjunum ber að upplýsa um vankanta á greiðslugetu viðkomandi greiðanda, þ.e. fyrirtæki er kannski tilbúið til að lána og ljóst að ábyrgðarmaðurinn getur staðið undir greiðslugetunni en kannski ekki viðkomandi lántaki. Þá er fjármálafyrirtækinu skylt að upplýsa ábyrgðarmanninn um slíkt.

Ég held að fullyrða megi að eftir að þetta samkomulag var gert, þá hefur dregið úr sjálfskuldarábyrgðum. Ég er með bréf frá Sambandi ísl. viðskiptabanka, sem þeir skrifa okkur 11. desember 1997 þegar samkomulagið er eins árs gamalt, sem sýnir ótvírætt fram á að strax sé farið að draga úr ábyrgðunum. Það er ekki mikið en hefur þó breyst til batnaðar. Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Hjálagt fylgja upplýsingar frá Reiknistofu bankanna um útbreiðslu sjálfskuldarábyrgða einstaklinga á lánum annarra einstaklinga í bankakerfinu. Sambærilegar upplýsingar voru sendar inn fyrir rúmlega ári síðan eða 25. nóvember 1996."

Með samanburði á þessum gögnum má sjá að dregið hefur úr sjálfskuldarábyrgðum á þessum tíma, úr 67% af öllum víxlum, skuldabréfum og tryggingbréfum í 64%; úr 68% í 66 sé eingöngu er litið til víxla og skuldabréfa. Þetta gerist raunar áður en samkomulagið sem gert var hafði að fullu tekið gildi, því það hefur smátt og smátt verið að taka gildi á árinu 1998.

Ástæða þess að ég var tilbúinn að fara þessa leið en ekki að setja almenn lög um málið var sú að ég vildi fyrst láta reyna á hvort viðkomandi fjármálafyrirtæki væru tilbúin að breyta vinnubrögðum sínum. Ég tel að það hafi gerst. Ég tel að menn hafi séð, m.a. í upplýsingagjöf til sjálfskuldarábyrgðaraðila, að vinnubrögðin hafa breyst. Menn

eru aðvaraðir með öðrum hætti, fá leiðbeiningar í hendur, upplýsingar um hvað þeir eru að takast á hendur ef þeir gerast sjálfskuldarábyrgðaraðilar og þar fram eftir götunum. Ég vil láta á þetta samkomulag reyna. Ég hef sagt, og gerði það þegar við gengum frá þessu samkomulagi, að við skyldum síðan endurmeta stöðuna að ákveðnum tíma liðnum og bera saman. Höfum við náð árangri á þessu sviði? Ef við höfum ekki náð árangri, og ég undirstrika það, ef við náum ekki árangri í því að draga úr þessum ábyrgðum og verðum ekki nokkurn veginn komin í sambærilegt horf og á hinum Norðurlöndunum þá tel ég fyllilega koma til greina og að setja lög um sjálfskuldarábyrgðir. Það yrði að gerast, hvort sem fjármálafyrirtækjunum líkaði betur eða verr, enda ekki hægt að búa við þetta ástand.

[16:25]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta miklu við um frv. þetta. Ég fjallaði um það áður, þegar það var lagt fram á síðasta þingi. Einu sinni í viku að meðaltali hringir í mig kjósandi sem hefur lent í að þurfa að greiða kröfu sem hann ábyrgðist. Þar er ekki um tíuþúsundkalla eða hundraðþúsundkalla að ræða heldur oft og tíðum milljónir. Þetta hefur valdið persónulegum harmleikjum, alveg óskaplegum harmleikjum. Fólk hefur skrifað undir vegna sálfræðilegs og félagslegs þrýstings frá maka sínum, sem síðan hefur fallið frá. Börn sem hafa haft gott samband t.d. við afa og ömmu eða eitthvað slíkt fá þau til að skrifa undir. Menn verða fyrir þrýstingi frá vinum sínum og félögum. Það er þrýst á að leysa vandamálin með því að skrifa undir lítið og ómerkilegt plagg.

Hið sorglega við öll þessi dæmi er að fólkið hefur ekki einu sinni eytt peningunum sem það verður að greiða. Það er, held ég, skárra að standa í vanskilum með peninga sem menn hafa þó eytt og notið en að þurfa að borga hundruð þúsunda eða milljónir sem fólkið sjálft hefur ekki eytt, hefur ekki farið í ferðalag fyrir, keypt jeppa fyrir eða nokkurn skapaðan hlut heldur eingöngu skrifað undir. Það er mjög sorglegt.

Öll lagasetning í þessa veru er forsjárhyggja. Með henni segjum við: Maðurinn á ekki að standa við það sem hann skrifar undir. Hann er ekki fjárráða. Ég held samt sem áður, vegna þess hve þetta er algengt og mikið notað, að það sé nauðsynlegt.

Einhver gæti spurt: Af hverju þetta er svona? Af hverju er fjármálamarkaðurinn eins og fram kom hjá hæstv. viðskrh.? Af hverju er þetta svo mikið notað hér á landi? Ég held að það sé vegna þess að fjármálamarkaðurinn hefur verið á framfæri hins opinbera. Hann hann hefur ekki verið rekinn eins og annars staðar þar sem fyrirtæki eða fjármálastofnanir skoða rekstur fyrirtækja fremur en veð. Hér hafa menn einblínt á veð, steinsteypu og ábyrgðarmenn. Það er óeðlilegt.

Nokkrar leiðir eru til þess að vinna bug á þessum vanda. Ein er bann, að banna ábyrgðir einstaklinga. Það væri hið sama og að taka fjárráðin af þjóðinni og gengur engan veginn upp. Svo má gera annað, sem hér er lagt til, að skylda fjármálastofnanir til að upplýsa þann sem skrifar upp á um afleiðingar þess. Jafnframt yrði stofnuninni gert að veita upplýsingar um stöðu skuldarans og því er ég mjög hlynntur.

Ýmislegt í þessu frv. er ég ekki alveg sáttur við og áskil mér rétt til að skoða það mjög nákvæmlega þar sem ég sit í þeirri hv. nefnd sem um þetta mál mun fjalla. Í nefndinni mun ég einnig óska þess að kannað verði hvaða áhrif það samkomulag sem hæstv. viðskrh. gat um hefur haft á þessi mál. Ef reyndin er sú að þetta hafi lagast, þá tel ég ekki ástæðu til að setja lög um þetta. En mér segir svo hugur að ástandið hafi ekki lagast nægilega mikið og því þurfi að setja um þetta einhvers konar lög. Ég held að með hliðsjón af þeim óskaplegu harmleikjum sem ég hef heyrt af, þar sem fólk hefur misst íbúðir sínar, hjónabönd hafa rofnað og fólk farið á vonarvöl vegna óráðsíu annarra sé brýnt að taka upp einhvers konar lagasetningu og upplýsa fólk um þær afleiðingar sem slíkir uppáskriftir geta haft. Ég tel eðlilegt að hafa þannig vit fyrir fólki, að það sé upplýst í stað þess að banna því að gangast í ábyrgð. Ég styð frv. og mun skoða það mjög nákvæmlega í nefndinni. Ég mun leggja til að gerðar verði á því þær breytingar sem nauðsynlegar eru og sérstaklega verði skoðað hvernig samkomulagið, milli fjármálastofnana og ráðuneytisins um að sporna við þessu, hefur gengið. Ef það hefur breytt einhverju, þá er þetta frv. hugsanlega óþarft.

[16:31]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. og hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að taka til máls og ræða það frv. sem hér er á dagskránni. Ég held að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi kannski orðað þetta best þegar hann sagði að núverandi skipan væri einhver besta uppskrift að harmleikjum sem nú eiga sér stað í íslensku samfélagi, á ég við þá peningalegu fjölskylduharmleiki sem tengjast því að menn skrifa upp á fyrir aðra.

Þegar við skrifum upp á, hvort sem það er sá sem hér stendur eða aðrir, þá er það aldrei ætlunin að borga. Fyrst og fremst er hugsunin sú að gera einhverjum manni greiða, þ.e. aðstoða hann við að fá ákveðnar lánveitingar sem hann telur nauðsynlegt að fá. Það er einmitt sú hugsun, held ég, sem er kannski rótin að því að ástandið í þessum málum er eins og það er. Þegar við skrifum undir þá ætlum við ekki endilega að greiða það sem við skrifum undir heldur fyrst og fremst að gera einhverjum sem við þekkjum greiða og hjálpum honum að fá þær fjárveitingar sem hann sækist eftir.

Hæstv. viðskrh. nefndi það áðan í ræðu sinni að í þeirri stöðu sem nú er uppi væru þrjár leiðir færar. Í fyrsta lagi væri sú leið að banna uppáskriftir þriðja manns á fjárskuldbindingum annarra. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að sú leið er algerlega fráleit. Vegna þess að engin ástæða er til að banna þá hluti sem við ræðum hér. Hins vegar held ég að nauðsynlegt sé að við setjum um þetta almennar reglur, almennar reglur um samskipti ábyrgðarmanna og lánveitenda vegna þess að í samskiptum þessara aðila er langt frá því að um nokkurt jafnræði sé að ræða.

Yfirleitt er það þannig að lánveitendur, bankar og sparisjóðir og aðrar slíkar stofnanir hafa yfir að ráða her manna sem vinnur við það að útbúa skjöl af þessum toga og tryggja það að réttur og réttindi viðkomandi lánastofnunar sé tryggður í samskiptum við þetta fólk. Hins vegar er um að ræða ábyrgðarmenn eða einstaklinga sem nálgast verkefnið með þeim huga að gera fjölskyldum sínum, vinum og kunningjum þann greiða að gangast tímabundið í ábyrgð án þess nokkru sinni að hafa hugsað sér að greiða þá ábyrgð ef hún félli til. Hér er því um að ræða grundvallarmisræmi milli þeirra aðila sem hér eigast við. Í því samhengi held ég, virðulegi forseti, að algerlega nauðsynlegt sé að við tryggjum vernd þess sem minna má sín í þessu tilviki, tryggja að hann hafi, þegar hann undirritar slíka ábyrgð, allar tiltækar upplýsingar til þess að

geta metið það hvort hann eigi að skrifa undir eður ei. Það eru mýmargar upplýsingar sem sjaldnast eða aldrei liggja fyrir, til að mynda hverjar heildarskuldir viðkomandi einstaklings eru í tiltekinni lánastofnun. Það er mjög sjaldgæft að það liggi fyrir. Enn fremur hvert mat þessarar lánastofnunar er á því að þær hugmyndir sem lánað er út á muni ganga eftir o.s.frv. Það eru mýmargar upplýsingar af þessum toga sem eru algerlega nauðsynlegar til að menn geti lagt mat á þá áhættu sem þeir undirgangast með því að skrifa undir.

Þetta er eitt af því sem er kjarni málsins. Því er það mín skoðun og flutningsmanna væntanlega sem með mér standa að miklum mun vænlegra sé að fara þá leið sem hér er lögð til, þ.e. að setja almennar reglur sem kveða á um þessa upplýsingaskyldu heldur en þá leið sem hæstv. iðnrh. ákvað að fara og hann gerði grein fyrir áðan, þ.e. samkomulag milli tiltekinna fjármálastofnana, því að það er langt frá því að það séu allar fjármálastofnanir í þessu, og tiltekinna ráðuneyta, þ.e. viðskrn. og félmrn.

Við skulum ekki gleyma því að þetta samkomulag er fyrst og fremst einhliða yfirlýsing þeirra sem að því standa og þar af leiðandi er ólíklegt að einstaklingar eða aðrir geti borið fyrir sig efni þess samkomulags ef til þess kæmi í einhvers konar málaferlum. Í mínum huga er þetta samkomulag reyndar skref fram á við. En miðað við þær aðstæður sem við búum við og það ástand sem er í þessum málum, þá er það skoðun þess sem hér stendur að það sé miklum mun vænlegra að takast á við þetta vandamál með því að setja almenna löggjöf. Ég held að miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi sé það skylda löggjafans að taka á þessu máli af miklu meiri festu en gert er í því samkomulagi sem hæstv. viðskrh. vitnaði til áðan. Enda kom það á daginn þegar hann las upp úr bréfum þar sem tiltekin voru hugsanleg áhrif af því samkomulagi, að þær breytingar sem átt hafa sér stað eru líklega innan skekkjumarka milli ára hvað varðar lánveitingar þar sem einstaklingar gangast í ábyrgð fyrir þriðja aðila. Þær tölur sem hæstv. viðskrh. vitnaði til áðan, þ.e. að þeim hafi annars vegar fækkað úr 68% í 66 í skuldabréfalánum, ef ég man þetta rétt, og úr 64% í 61% í öðrum lánum eru að mínu mati innan skekkjumarka sem kunna að vera í lánveitingum bankastofnana og annarra slíkra frá ári til árs. Þrátt fyrir að ég viðurkenni og fagni því samkomulagi sem gert var, þá tel ég að miklum mun æskilegra hefði verið að fara þá leið sem hér er lögð til, enda er það leið sem menn gætu byggt á í lögskiptum sínum við þessar bankastofnanir en þyrftu ekki að treysta því að einhliða yfirlýsingar tiltekinna stofnana gætu orðið grundvöllur að samskiptavenjum.

Að lokum langar mig, virðulegi forseti, aðeins að velta þeirri hugmynd upp sem hér var varpað fram áðan, að á ferðinni væri einhvers konar forsjárhyggja. Ég tel, virðulegi forseti, ekki að svo sé og byggi það á því að aðstaða þeirra aðila sem eigast við þegar menn gangast í ábyrgð fyrir þriðja aðila, þ.e. annars vegar einstaklingar og hins vegar lánastofnanir, sé það ójöfn að koma þurfi til almennar reglur sem kveða á um upplýsingaskyldu þessara aðila til þess að við getum talað um að aðilar séu nokkurn veginn jafnsettir þegar þeir ganga að samningaborði. Ég vil taka skýrt fram, virðulegi forseti, að með því frv. sem hér liggur fyrir er ekki lagt til að nokkuð sé bannað af því sem nú er framkvæmt að undanskildu því að verði þetta frv. að lögum, þá er lagt bann við að áfram verði viðhaldið þeirri sérislensku hefð að notast við svokallaða tryggingarvíxla, sem er ákveðið form þar sem tilteknir einstaklingar eða lögaðilar eftir því sem verkast vill gangist í ábyrgð fyrir efndum og skuldbindingum sem kunni að stofnast í framtíðinni. Líklega er þetta fyrirbæri, ef við skoðum það í samhengi, stærsti áhrifavaldur þeirra harmleikja sem vitnað var til í umræðunni áðan, og held ég að við flest ef ekki öll þekkjum til slíkra harmleikja úr einhverri þeirra fjölskyldna sem við höfum umgengist, þekkjum eða erum skyld.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að bæta neinu við í þessari umræðu en vonast til þess að hv. efh.- og viðskn. skoði þetta mál fljótlega og taki afstöðu til þess. Ég held að hér sé á ferðinni brýnt framfaramál og ég tel einnig að verði þetta frv. að lögum, sem ég vonast til, verði það í raun og veru viðskiptalífinu til framdráttar. Það muni innleiða mun faglegri vinnubrögð við lánveitingar en hingað til hafa tíðkast og það er mín bjargfasta trú þó að viðskiptabankar og sparisjóðir hafi lýst andstöðu við frv., a.m.k. að svo stöddu, að verði frv. að lögum muni það verða þeim sjálfum og starfsemi þeirra til mikilla bóta þegar fram líða stundir.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka þakkir til þeirra þingmanna sem tóku þátt í þessari umræðu og vonast til þess að efh.- og viðskn. taki þetta mál fljótlega til afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, fyrri umr.

Þáltill. StG og EOK, 160. mál. — Þskj. 160.

[16:41]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis. Meðflutningsmaður minn er Einar Oddur Kristjánsson. Tillgr. er þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að leita samstarfs við Bændasamtök Íslands, Landssamtök sláturleyfishafa, Íslenskar sjávarafurðir hf., Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf. og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda um gerð þriggja ára markaðs- og söluátaks á íslensku dilkakjöti erlendis.“

Í greinargerðinni segir:

Við Íslendingar eigum því láni að fagna að samtök okkar í sjávarútvegi hafa komið sér upp sölufyrirtækjum sem hafa náð miklum og góðum árangri á erlendum vettvangi. Þar hefur á undanförnum áratugum safnast saman mikil þekking sem hiklaust á að nýta í öðrum útflutningsviðskiptum, sérstaklega á sviði matvæla. Flutningsmenn tillögunnar telja einsýnt að besta leiðin til að markaðssetja íslenskt dilkakjöt fyrir kröfuharða erlenda neytendur sé að nota þau kerfi í sölu- og markaðsmálum sem útflutningsfyrirtækin í sjávarútvegi hafa byggt upp.

Sú sölustarfsemi sem unnið hefur verið að erlendis fram til þessa sýnir að gæði íslenska kjötsins eru fyllilega sambærileg við þær afurðir sem á þessum mörkuðum bjóðast. Jafnframt því að ná ásættanlegu skilaverði til framleiðenda þarf að koma til skila á markaðnum mikilvægum upplýsingum um ferskleika kjötsins og heilbrigðisvottun, sem og að skurður og önnur meðferð kjötsins standist kröfur neytenda. Náist þetta fram er miklum áfanga náð til öflugrar markaðssóknar.

Til að atvinnugrein geti orðið grundvöllur farsællar búsetu þarf hún að búa þeim sem við hana starfa viðunandi lífsviðurværi. Framtíð þeirra sem að landbúnaði starfa byggist öðru fremur á því starfsumhverfi sem greininni er gert að búa við. Sauðfjárbúin hér á landi eru flest svo lítil og markaður smár að þau skapa þeim sem við þau starfa hvorki ásættanlegar tekjur né atvinnu.

Á árunum 1986–1997 fækkaði lögbýlum með sauðfé um 1.532 og þar af var á 931 lögbýli eingöngu búið með sauðfé. Á síðastliðnum 20 árum hefur sauðfjárframleiðslan dregist saman um 53%, úr 896 þús. fjár í um 477 þús. Á árunum 1983–1997 töpuðust í innanlandssölu um 308 tonn að meðaltali á hverju ári, og á síðustu sjö árum hefur dilkakjötsframleiðslan dregist saman um 1.300 tonn. Á árunum 1991–1996 hækkuðu ráðstöfunartekjur einstaklinga á landinu öllu um 5,5% en á sama tímabili lækkuðu launagreiðslur sauðfjárbúa um hvorki meira né minna en 35%.

Ef svo heldur fram sem horfir er veruleg vá fyrir dyrum þar sem markaðshlutdeild dilkakjöts innan lands gagnvart öðrum kjöttegundum minnkar stöðugt, m.a. vegna breyttra neysluhátta. Því er ljóst að sóknarfærin í þessari grein byggjast á því að ná fótfestu á erlendum mörkuðum. Á síðustu árum hafa nokkur fyrirtæki reynt fyrir sér í sölumálum erlendis fyrir unnar kjötvörur. Þannig voru á árunum 1991–1996 flutt út um 200–400 tonn á ári. Nokkur þekking hefur því fengist á ákveðnum þáttum útflutnings þótt útflutt magn sé vissulega mjög lítið.

Þegar markaðsstaðan erlendis er metin er nauðsynlegt að gera sér fulla grein fyrir verðmyndunarþættinum, að hann sé öllum augljós og skýr. Forsenda þess sem hér er stefnt að er að skilaverð til framleiðanda verði þannig að afkoma bænda og umhverfi verði ásættanlegt. Sú skoðun flutningsmanna skal því ítrekuð að við núverandi aðstæður er öflugt sölu- og markaðsstarf erlendis, sem skilar framleiðendum ásættanlegu skilaverði, forsenda aukinnar framleiðslu sauðfjárafurða.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til landbn.

Sú tillaga sem ég hef talað fyrir er nú endurflutt frá síðasta þingi en þar náði hún ekki afgreiðslu, því miður. Umsagnir um tillöguna bárust landbn. en þær voru allar á einn veg og þá jákvæðar. Ég vil aðeins víkja að einni umsögn sem segir nánast allt, en hún er frá Bændasamtökum Íslands, en þar segir m.a.:

„Stjórnin fagnar þeim eindregna stuðningi við sauðfjárbændur og útflutningsátak á dilkakjöti sem tillagan felur í sér og mælir með samþykkt hennar.“

Virðulegi forseti. Ég beini orðum mínum til landbn. og vænti þess að henni takist að afgreiða þetta mál fyrir lok þessa þings. Ég trúi því að það væri íslenskum landbúnaði til mikils framdráttar í annars býsna þröngri stöðu.

[16:49]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson gat um mælti hann fyrir þessari tillögu á síðasta þingi og hún fór þá til landbn., fékk ekki lokaafgreiðslu þar og er endurflutt núna.

Ég vil í fáum orðum taka undir efni tillögunnar. Mér finnst hún skynsamleg og ég held að ef við ætlum að ná árangri í útflutningi á dilkakjöti sé þetta besta leiðin sem hér er lögð til, þ.e. að semja við þau öflugu sölufyrirtæki sem framsögumaður taldi upp, eins og Íslenskar sjávarafurðir, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Þessi fyrirtæki hafa óneitanlega komið sér upp mikilli þekkingu á mörkuðunum og náð á margan hátt mjög góðum árangri og ég er sannfærður um að þetta er vænlegasta leiðin til þess að ná árangri í útflutningi á dilkakjöti.

Ég minnist þess að ég kom í Kaupfélagið á Hornafirði fyrir tveimur eða þremur árum þar sem fjöldi manns var að pakka dilkakjöti til neyslu á Belgíumarkað. Forsvarsmenn þess fyrirtækis sögðu okkur frá því að sú sala hefði orðið þannig til að það barst í tal við sölustjóra hjá Íslenskum sjávarafurðum í Belgíu, sem var að selja fyrir þá fisk, að það þyrfti að koma kjötinu á markað. Það var hann sem tók að sér að eigin frumkvæði að markaðssetja þetta kjöt með þeim árangri að verulegur útflutningur hefur verið á þessu ágæta kjöti á Belgíumarkað síðan. Þess vegna finnst mér og hef trú á því að þetta sé besta leiðin ef við ætlum á annað borð að huga að útflutningi á dilkakjöti.

Það kemur fram í greinargerð og kom fram í ágætri ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar að mikill samdráttur hefur orðið hjá sauðfjárbændum á undanförnum árum. Eins og hann nefndi hefur dilkakjötsframleiðslan dregist saman um 1.300 tonn á síðustu sjö árum. Á árunum 1991–1996 lækkuðu launagreiðslur sauðfjárbúa um heil 35% á sama tíma og ráðstöfunartekjur einstaklinga á landinu öllu voru að hækka um 5%. Þetta er óneitanlega sú stétt sem hefur átt hvað erfiðast í landinu á undanförnum árum. Gríðarlegur samdráttur hefur orðið í sölu á kjötinu sem hér er vitnað til og menn hafa horft til útflutnings sem lausnar á þessu vandamáli en því miður ekki náð viðunandi árangri á því sviði vegna þess kannski fyrst og fremst að það þarf gríðarlegt fjármagn í auglýsingar og markaðsstarfsemi ef við ætlum að ná árangri í sölu á erlendum mörkuðum. Við höfum einfaldlega ekki yfir þessu fé að ráða. Þess vegna er ég sammála flutningsmönnum í því að vænlegasta leiðin til þess að reyna að ná árangri í útflutningi á dilkakjöti er sú sem hér er lögð til og styð því þessa tillögu.

[16:52]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér flytja þeir á ný tillögu sína, þeir hv. þm. Stefán Guðmundsson og Einar Oddur Kristjánsson. Því miður tókst landbn. ekki að afgreiða tillöguna á síðasta þingi en hún var send út og fær góðan hljómgrunn.

Ég tek undir með framsögumanni að það sem hér er lagt til gæti skipt landbúnaðinn mjög miklu máli, sauðfjárræktina og þá í leiðinni þá atvinnugrein sem mestu mun ráða um byggð á Íslandi. Sauðfjárræktin er auðvitað sú atvinnugrein sem hefur í gegnum aldir haldið landinu í byggð og sauðkindin hefur verið atvinnuskapandi í dreifbýlinu.

Það er ljóst að 1995, þegar við komum að ríkisstjórn, voru mörg mál þessarar atvinnugreinar og reyndar landbúnaðarins í heild strand. Það var því eitt af fyrstu verkum núv. landbrh. þeirrar ríkisstjórnar sem nú starfar og stjórnarflokka að höggva á marga mikilvæga hnúta. Þar í var nýr sauðfjársamningur sem var tekinn upp fyrir tímann og gerð á honum bragarbót sem skipti sauðfjárræktina mjög miklu máli. Ég minnist þess að þegar verið var að gera þennan samning og hann fór í gegnum þingið var hann gagnrýndur mjög og þegar hann var kynntur spáðu sumir að hann yrði til ills eins. Sem betur fer gengu meginmarkmið hans upp. Birgðirnar voru afsettar og í rauninni hófst nýtt tímabil í sauðfjárræktinni sem hefur verið að bæta stöðu sína síðan.

Því ég tek undir það að nú er mikilvægt að fylgja þeirri sókn eftir með ýmsum aðgerðum.

Ég hef jafnan sagt að eigi sauðfjárræktin að halda stöðu sinni og ég tala nú ekki um að vaxa að einhverju leyti, sem er mjög mikilvægt, þá er útflutningur það frelsi sem gefur landbúnaðinum og sauðfjárbændum nýja von. Sem betur fer hefur á þessum síðustu árum verið mjög vel hugsað um nýja markaði með nýjum hætti á sterkum afurðastöðvum bænda. Þar hafa farið fyrir Austur-Skaftfellingar, Húsvíkingar, Sláturfélag Suðurlands, Kjötumboðið o.s.frv. og hafa verið að ná þokkalegu verði. Ég nefni Sláturfélag Suðurlands sem hefur verið að fá svipað verð og gerist hér á Íslandi. Heimurinn vill hreinar afurðir og dilkakjöt okkar kemur frá slíku landi þannig að þarna eigum við möguleika.

Ég tek undir efni þessarar tillögu og tel hana merka og þau samtök sem hér eru nefnd hafa ekki komið nálægt landbúnaðargeiranum að neinu sem heitir. Þar eru Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda en þau hafa þó stundum sýnt því áhuga. Þau búa yfir sölumennskunni, mikilli verkþekkingu þannig að ég held að það sé mjög mikilvægt að þessi tillaga nái fram. Það er spurning hvort landbrh. ætti að skipa nefnd (**EgJ:** Í guðs bænum ekki.) til þess að vinna málið og gera tillögur. Stundum þarf að vinna málið þannig. Ég ætla ekkert að fullyrða það að set það hér fram sem hugmynd og biður þá hv. þm. Egill Jónsson guð almáttugan að hjálpa sér sem mér finnst nú tímabært. Þegar slíkur skörungur ætlar að hverfa af þingi þá verður skarð fyrir skildi á landsbyggðinni og fyrir okkur aðdáendur sauðkindarinnar að missa slíkan búhöld og baráttumann.

Ég vil líka taka undir það að um leið og menn ganga þessa leið að leita markaðanna með nýjum hætti þurfa menn líka að hugsa um innanlandsmarkaðinn. Sannleikurinn er auðvitað sá að mér finnst það skaði að innanlandsrétturinn eða beingreiðslurnar skuli fastar, að menn geti ekki styrkt sig og tekið við þeim rétti sem ýmsir vilja í dag láta af hendi af því að þeir hverfa til annarra atvinnustarfa, eiga aðra möguleika o.s.frv. Ég oft rætt það við Bændasamtökin að menn þurfi að skoða í fyllstu alvöru hvort ekki sé hægt að hreyfa þann rétt á milli.

Ég lofa hv. flm. því að þetta mál mun fá góða umfjöllun og vonandi skjóta í landbn. þó stuttur tími sé til þingloka.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[16:58]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka ágætar undirtektir við tillöguna. Það kemur mér ekki á óvart að þeir sem hafa kvatt sér hljóðs tali á þessum nótum. Þetta eru báðir menn sem hafa velt þessum málum lengi fyrir sér og vita hvað þeir eru að fjalla um.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni að það hefur verið vinna í gangi til að efla útflutning á dilkakjöti og fyrir það ber vissulega að þakka. Ég þarf ekki að telja upp aftur þau fyrirtæki sem þar hafa verið í forustu. Þau hafa unnið frábærlega gott starf við erfiðar aðstæður.

Ég get sagt frá því að ég fór að velta þessu máli fyrir mér vegna þess að í sjálfu sér fannst mér miða hægt að afla okkur markaðar erlendis. Ég gerði mér grein fyrir því að það er hægra sagt en gert að brjótast inn á markað úti í hinum stóra heimi með lítt þekkta vöru. Því fór ég í smiðju til eins af forstjórum útflutningsfyrirtækja í sjávarútvegi og ræddi við hann um þetta mál, hvernig viðbrögð þess fyrirtækis mundu verða ef slík tillaga eins og hér er verið að tala fyrir yrði samþykkt á Alþingi. Hann tjáði mér að því máli yrði fagnað og tekið vel í því fyrirtæki sem hann er forstjóri fyrir. Ég get alveg sagt það hér við hvern ég var að tala. Það var fyrrverandi forstjóra Íslenskra sjávarafurða, Benedikt Sveinsson, sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á þessu máli. Hann sagði mér ýmislegt fróðlegt um markaðsmálin og hvernig væri hægt að koma þessu fyrir í samstarfi við þessi stóru markaðs- og sölufyrirtæki erlendis.

Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að sóknarfæri okkar í því að byggja upp sauðfjárbúskap á Íslandi felast í því að við getum aflað okkur nýrra og betri markaða. En grundvöllur þess er auðvitað sá að hann skili bændum því verði sem ásættanlegt er. Það er grundvallarmál í dag að sá markaður sem við horfum til og ætlum okkur að vinna geti skilað þeirri afkomu að fólk geti búið við mannsæmandi lífskjör.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það voru um þetta á síðasta þingi miklar og ágætar umræður. Nú er að taka til hendi og ljúka afgreiðslu málsins hér á þingi og ég fagna því sem formaður landbn., hv. þm. Guðni Ágústsson, sagði að hann mundi beita sér mjög fyrir því að málið yrði tekið fyrir í landbn. strax og þá er ég sannfærður um að það tekst að ljúka því nú fyrir þinglok og fyrir það mun ég þakka.

[17:03]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hefur komið fram um þakklæti til flutningsmanna tillögunnar og minni á að fyrir tæpu ári fluttu sömu hv. þingmenn tillögu um þetta sama efni sem var ekki síður jákvæð í garð sauðfjárræktarinnar en þessi. Þessi tillöguflutningur er afskaplega mikilvægur og fari svo að þessi tillaga fái sams konar stuðning og sú hin fyrri er nokkurt blað brotið í sögu þessarar búgreinar í landi okkar.

Mér finnst mikil ástæða til þess, og á nú reyndar auðvelt með að koma því á framfæri við hv. formann landbn., að við meðferð málsins verði leitað eftir umsögn frá Byggðastofnun og þá á ég við sérstaklega þróunarsviðinu, eða jafnvel leitað eftir því að fá sérfræðinga þaðan til viðtals við nefndina, því að nú hefur verið unnið mikið starf í því að greina gildi sauðfjárræktarinnar og gildi landbúnaðarins fyrir búsetuna í landinu. Ég hygg að núna séu fyrir hendi skýrari niðurstöður um þau efni en áður hafa legið fyrir. Ég hygg að mörgum muni hnykkja nokkuð við þegar þær upplýsingar verða lagðar á borðið, hugmyndir um það hverju þurfi að breyta og hverju sé hægt að breyta til þess að líf geti þróast eðlilega áfram á stórum hlutum landsins og að menn sjái þá nokkuð skýrt hvaða áhrif það hefur á búskaparhætti og dreifingu byggðar í landinu að hægt sé að stunda þar landbúnað áfram.

Ég hygg líka að þá muni margur sjá að gengið hefur verið háskalega fram í því að þrengja kosti bænda landsins á undanförnum árum. Þessar tillögur báðar eru að þessu leyti afar jákvæðar og ekki vafi á því að í þeim efnum fylgir hugur máli enda báðir flutningsmenn vel að sér í búskaparháttum þjóðarinnar og vita mætavel hvaða gildi landbúnaðurinn hefur.

Hins vegar liggur miklu skýrar fyrir um þessar mundir en áður hvern hlut landbúnaðurinn á í byggðinni og búsetunni og er miklu auðveldara núna en áður hefur verið að gera upp við sig hvort landbúnaðurinn á að hafa möguleika til þess að rækja bærilega hlut sinn í þeim efnum eða þá að öðrum kosti að byggðirnar á stórum svæðum muni halda áfram að

veikjast og kannski að lokum yrði niðurstaðan sú að búsetan mundi halda áfram að færast saman enn meira en verið hefur.

Ég held að þessar tillögur báðar, og þá sérstaklega með tilliti til þess sem ég hef nú nokkuð rakið hvað þessi mál liggja núna miklu greinilegar fyrir en áður hefur verið, gætu orðið til þess að hér yrði breyting á og þær ásamt öðrum nauðsynlegum aðgerðum gætu þannig orðið til þess að leggja einhverja lífsþræði inn í sveitir landsins frá því sem nú er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:09]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, 499. mál, fsp. HG, þskj. 811.

Greiðslur frá rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði, 500. mál, fsp. HG, þskj. 812.

Meðferð upplýsinga úr sjúkraskrám og gagnagrunn á heilbrigðissviði, 502. mál, fsp. HG, þskj. 814.

Rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði, 503. mál, fsp. HG, þskj. 815.

Rekstraröryggi gagnagrunns á heilbrigðissviði, 501. mál, fsp. HG, þskj. 813.

Skuldbinding B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna aukins hluts dagvinnulauna, 164. mál, svar fjmrh., þskj. 794.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MF, 161. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 163.

[17:10]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að nefna að það er einkar sérstakt að það mál, sem var verið að ræða áðan, 14. mál á dagskránni í dag, 15. mál og 16. mál, voru lögð fram á haustdögum. Síðasta mál sem var rætt er 160. mál eða þskj. 160. Það er þskj. 163 sem hér er til umræðu og næst á eftir er mál sem er þskj. 164.

Ég verð að segja að það kemur manni alltaf og ævinlega á óvart að það skuli ár eftir ár endurtaka sig að mál sem hv. þingmenn leggja fram skuli mörg hver bíða afgreiðslu vikum og mánuðum saman án þess að komast til umræðu í nefndum þingsins.

Ástæða þess að ég tek þetta upp er m.a. sú, virðulegi forseti, að verið er að ræða breytingu á þingsköpum og mér þætti eðlilegt að þar væru settar inn, miðað við þá reynslu sem ég hef af tæplega tólf ára starfi, einhverjar reglur um það hver væri lágmarks- eða hámarkstími þar til mál væri tekið á dagskrá og afgreitt til nefndar.

Það er einnig umhugsunarvert að mál sem ég er að fara að mæla fyrir, sem er frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar, hefur legið hér m.a. svo lengi vegna þess að ég vænti þess að þegar það yrði rætt yrði hæstv. heilbr.- og trmrh. við. En nú er mér kunnugt um að ráðherrann hæstv. er í leyfi í u.þ.b. hálfan mánuð þannig að ég sá mér ekki fært annað en að þiggja það að málið væri sett á dagskrá í dag þó að ég sé afar ósátt við það að hæstv. ráðherra skuli ekki vera viðstaddur mál sem mér finnst mjög brýnt að umræða eigi sér stað um á þinginu. Út af fyrir sig er umhugsunarvert að hv. þingmenn skuli ekki vera tilbúnir til þess að taka þátt í umræðum miðað við fjarvistir en reyndar er langt liðið á vinnudaginn.

En þetta frv. sem er á þskj. 163, 161. mál, er frv. til laga um breytingar á lögum nr. 117 síðan 1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Frv. sama efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreitt frá heilbr.- og trn. Nefndinni barst fjöldi umsagna og frumvarpið lagt fram á 122. löggjafarþingi með nokkrum breytingum sem gerðar voru með hliðsjón af ábendingum sem þar komu fram. Nú er það lagt fram í þriðja sinn óbreytt frá síðasta þingi.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á löggjöf um almannatryggingar að sérfræðiþjónusta fyrir börn og ungmenni utan sjúkrastofnana og skólakerfisins á sviði sálfræði og félagsráðgjafar verði að hluta greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Gert er ráð fyrir því að þiggjendur þjónustunnar greiði fyrir ákveðinn hluta hennar, t.d. fasta upphæð fyrir hvert viðtal. Hér er einungis átt við viðurkennda sérfræðiþjónustu. Gert er ráð fyrir að einungis verði greitt fyrir þjónustu réttindafólks á sviði félagsráðgjafar og sálfræði, sbr. lög nr. 40/1976 og lög nr. 95/1990. Einnig verður að gera þá kröfu að einungis verði greitt fyrir þjónustu þeirra sem hafa ákveðna lágmarksreynslu á þessu sviði og má þá m.a. horfa til reglna um veitingu sérfræðileyfa í sálfræði og setja skilyrði um framhaldsmenntun.

Ýmislegt bendir til þess að vaxandi þörf sé fyrir slíka sérfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni. Hún er og á að vera fastur liður í starfsemi skólanna. Börn og ungmenni sem dvelja á sjúkrastofnunum geta átt kost á sérfræðiþjónustu án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Hins vegar skortir mikið á að nægjanlegur fjöldi sérfræðinga á sviði sálfræði- og félagsráðgjafar starfi á heilbrigðisstofnunum svo hægt sé að sinna þessari þjónustu eins og þyrfti. Við breytingu á grunnskólalögum var dregið verulega úr þessari sérfræðiþjónustu innan skólanna. Hlutverk sérfræðinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar við skóla er nú að mestu leyti greiningarstarf en börnum er síðan vísað annað til meðferðar og því er staðreynd að fjöldi barna og ungmenna þarf á þessari sérfræðiþjónustu að halda utan skóla og sjúkrastofnana.

Komið hafa fram ábendingar frá skólaskrifstofum víða um land um að við breytingu sem gerð var á grunnskólalögunum sé ekki lengur gert ráð fyrir að veita meðferðarþjónustu innan skólakerfisins. Með þessu er verið að færa hana út fyrir skólakerfið og kostnaðinn yfir á foreldra. Þá er einnig ljóst að á landsbyggðinni er þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa ekki til staðar utan skólakerfisins eða sjúkrastofnana nema í undantekningartilvikum. Kostnaðurinn sem leggst á fjölskyldu getur því verið mjög mikill þegar við bætist ferðakostnaður. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að börnum, sem lengi hafa átt við erfiða líkamlega sjúkdóma að stríða, standi til boða sérfræðiþjónusta sem greidd verði að fullu eða að hluta úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Félagið hefur einnig bent á að ekki aðeins barnið eða unglingurinn, sem hefur átt við alvarleg veikindi að stríða, þurfi á sérfræðiþjónustu að halda heldur einnig og ekki síður fjölskylda barnsins. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur ráðið sálfræðing til þess að sinna þessari þjónustu og margar fjölskyldur krabbameinsveikra barna nýta sér hana. Félagið hefur þannig reynt að bregðast við vanda þessara fjölskyldna. Til lengri tíma litið getur félagið þó ekki staðið alfarið undir þjónustunni, enda verður ekki séð að þjóðfélagið geti velt þessu verkefni yfir á félagasamtök.

Börn og ungmenni, sem hafa mátt þola hvers konar ofbeldi, þurfa oft um langan tíma á þjónustu sérfræðinga að halda, sem og þau börn og ungmenni sem hafa leiðst út í neyslu fíkniefna. Fleiri ástæður mætti að sjálfsögðu nefna, þörfin fyrir sérfræðiþjónustu við börn og ungmenni eykst stöðugt.

Í reglugerð skv. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins skal eins og unnt er skilgreina þá sem rétt skulu eiga á þessari þjónustu. Einnig skal í reglugerðinni kveða á um hvernig staðið verði að umsóknum um hana. Þjónusta sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa utan skóla eða heilbrigðisstofnana skal aðeins greidd af Tryggingastofnun ríkisins ef sjúklingur framvísar sérstakri umsókn heilsugæslulæknis eða sérfræðings á sviði sálfræði eða félagsráðgjafar sem starfar innan skólakerfisins.

Sveitarfélög hafa í ákveðnum tilvikum tekið þátt í kostnaði við sérfræðiþjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa fyrir börn og ungmenni en fá sveitarfélög veita fullkomna þjónustu að þessu leyti. Mjög margar fjölskyldur búa við svo bágan efnahag að þær geta ekki mætt kostnaðinum sem fylgir því að fjölskyldumeðlimur þurfi í lengri eða skemmri tíma að ganga til sálfræðings eða félagsráðgjafa. Við slíkt verður ekki unað, sérstaklega ekki þegar um er að ræða börn eða ungmenni, og því er þetta frumvarp flutt.

Virðulegi forseti. Fyrir tveimur árum, þegar frv. svipaðrar gerðar var fyrst lagt fram, komu fjöldamargar umsagnir um það til heilbr.- og trn. Þær voru allar jákvæðar. Alls staðar var talað um að mikil þörf væri á því að koma þessu í fastan farveg, sérstaklega hvað varðar þjónustu við börn upp að 18 ára aldri. Mönnum þótti heldur stórt skref að taka þjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa inn í heilbrigðiskerfið að fullu og í gegnum tryggingakerfið fyrir alla þjóðfélagsþegna. Þess í stað vildu menn einskorða fyrsta skrefið í þessa átt við meðferð barna og ungmenna.

Þrátt fyrir fjölmargar jákvæðar umsagnir og vilja flutningsmanns til að breyta frv. í þá veru sem hér er gert, í fullu samræmi við umsagnirnar, þá var meiri hluti hv. heilbr.- og trn. ekki tilbúinn til að afgreiða málið. Þar var talið að frv. fylgdi kostnaður sem legðist á samfélagið sem ekki væri gert ráð fyrir á fjárlögum. Hins vegar var vilji til að binda kostnaðinn við tilraunaverkefni þar sem um væri að ræða 40–50 millj. kr. framlag á ári á meðan við værum að meta þá þörf sem er fyrir hendi því hún er alls ekki þekkt. Innan heilbrigðiskerfisins og heilbrrn. vantar skrár um hversu mikil þörf er fyrir sálfræðiþjónustu og þjónustu félagsráðgjafa fyrir börn og ungmenni, hvað þá yfir alla þá þjóðfélagsþegna sem þurfa á þessari þjónustu að halda.

Á undanförnum vikum hafa verið sendar út ávísanir á mjög dýr verkefni, rétt eftir að fjárlög voru samþykkt. Ríkisstjórnin hefur undirritað samninga eða viljayfirlýsingar til að fara í ákveðin verkefni sem kosta ekki tugi milljóna heldur jafnvel milljarða króna, eins og til að reisa fimm menningarhús vítt og breitt um landið. Í pólitískri umræðu hef ég oft sagt að útdeiling fjármagns ríkisins sé fyrst og fremst spurning um forgangsröðun. Við höfum á undanförnum árum æðioft tekið fyrir á Alþingi vandamál barna og ungmenna, vandamál fjölskyldna þeirra barna sem hafa orðið fyrir einelti, barna sem hafa orðið fyrir ofbeldi hvers konar og þá kannski fyrst og fremst kynferðisofbeldi. Við höfum einnig fjallað um vanda þeirra barna sem ánetjast hafa fíkniefnum en sá vandi hefur vaxið verulega á undanförnum árum. Í ríkissjónvarpinu í gær eða fyrradag var sagt frá biðlistum vegna meðferðar fyrir börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi þar sem um miklu fleiri börn væri að ræða en menn höfðu áður reiknað með að þyrftu aðstoð vegna þess.

Í dag er í flestum tilvikum um ákveðna þjónustu að ræða fyrir börn í hverjum grunnskóla þar sem alvarlegustu tilvikin eru tekin og meðhöndluð innan skólakerfisins. Í öðrum tilvikum, þar sem aðeins er um greiningu að ræða, er vandanum vísað til sérfræðinga sem starfa í heilbrigðiskerfinu. Kostnaður við hvern tíma hjá sálfræðingi eða félagsráðgjafa getur numið allt að 3–4 þús. kr. Þessi sérfræðiþjónusta er sjaldnast til staðar í því magni sem hún þyrfti að vera á landsbyggðinni.

Ég verð að segja að meðan lögð er áhersla á uppbyggingu menningarhúsa sem hluta af byggðaráðstöfunum til að efla búsetu fólks vítt og breitt um landið, er ekki síður nauðsynlegt að til staðar sé öflug heilbrigðisþjónusta og þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa, ekki síst fyrir börn og ungmenni. Eins og ég nefndi áðan höfum við rætt mikið um þann mikla vanda sem fylgt hefur aukinni neyslu vímuefna og því að aldur þeirra sem neyta vímuefna færist stöðugt neðar. Vandamálið er kannski stærst og mest í Reykjavík, enda er hér mesti fjöldinn. Samkvæmt skýrslum sem við höfum séð á undanförnum tveimur árum er þó vart til sá þéttbýliskjarni á landinu að ekki hafi þurft, einu sinni eða oftar, að taka á vegna neyslu vímuefna þar sem börn eða ungmenni eiga hlut að máli.

Fyrir örfáum dögum síðan var ég með fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. þar sem ég spurði spurði hvort ríkisstjórnin stefndi að því að tekinn yrði eðlilegur þáttur í ferðakostnaði foreldra sem færu að heimsækja börn og ungmenni sem væru í meðferð vegna vímuefnavanda. Þá komu þau svör frá hæstv. ráðherra, sem auðvitað var viðbúið, að þetta væri ekki heilbrigðisvandamál. Hún taldi barn sem hefur ánetjast fíkniefnum heyra undir félmrn. og barnaverndaryfirvöld. Í öðru orðinu viðurkennum við aukna vímuefnaneyslu sem heilbrigðisvandamál, dvelji menn á stofnun vegna þess telst það heilbrigðisvandamál, en um leið og barn er komið í áframhaldandi meðferð á stofnunum, sem flestar eru staðsettar úti á landi og um langvarandi meðferð að ræða þar sem oft er óskað eftir þátttöku foreldra, þá er ekki lengur um heilbrigðismál að ræða heldur félagslegt og foreldrar fá þá ekki styrk vegna ferða.

Þegar meðferð á slíku heimili lýkur, eftir mánuði eða jafnvel lengri tíma, kemur ungmennið heim. Þá er ljóst að oftar en ekki þarf það, foreldrar þess og systkini á áframhaldandi aðstoð félagsráðgjafa eða sálfræðings að halda til að vinna sig út úr þeim mikla vanda sem skapaðist á meðan unglingurinn var í neyslu. En þá kemur aftur upp þetta vandamál, þ.e. að þessi þjónusta er ekki greidd í gegnum tryggingakerfið. Þetta er mjög dýr þjónusta. Sveitarfélögin veita hugsanlega aðstoð varðandi fyrstu tíu tímana en ekki lengur. Margir foreldrar sem ég hef unnið með og eiga börn í fíkniefnaneyslu hafa sagt mér að þetta hafi hreinlega orðið fjölskyldunni ofviða ásamt ýmsum öðrum kostnaði sem fylgir því að eiga barn sem á við svo alvarleg veikindi að stríða.

Hið sama gildir um börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi eða einelti. Þau þurfa oftar en ekki langtímameðferð, ekki tíu eða tuttugu tíma, heldur eins til tveggja ára meðferð og jafnframt foreldrar og systkini. Meðferðinni hefur gjarnan verið hætt þegar mönnum er vísað frá þeim stofnunum sem bjóða þjónustu án gjaldtöku og hefur það komið í veg fyrir að fullur bati náist. Þetta á ekki síst við þau börn sem hafa

orðið fyrir kynferðisofbeldi. Þar tekur meðferð tvö eða þrjú ár og jafnvel lengri tíma.

Það er með ólíkindum, miðað við hina miklu umræðu á undanförnum árum, um þessi vandamál sem snerta börn og ungmenni, okkur öll og framtíð þessara einstaklinga, hvort þeim tekst að komast út í þjóðfélagið aftur, stunda eðlilega vinnu og öðlast eðlilegt heimilis- og fjölskyldulíf seinna á ævinni, að skulum við enn vera í þeim sporum að stórir þættir í meðferð og uppbyggingu þeirra sem orðið hafa fyrir jafnhrikalegri lífsreynslu skuli vera í þeim lamasessi sem raun ber vitni.

Ég hef stundum minnst á að eitt sveitarfélag hafi haft sérstöðu að þessu leyti og ég býst við að svo sé enn, þ.e. hafi verið með starfandi félagsráðgjafa og sálfræðing sem tóku á móti börnunum án þess að þeim væri vísað þangað. Þau gátu sjálf leitað sér aðstoðar með því að koma á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og óska eftir viðtali. Á Sauðárkróki voru starfandi, alla vega um tíma, bæði félagsráðgjafi og sálfræðingur. Börn og unglingar gátu komið þar inn án tilvísunar, jafnvel án þess að foreldrar hefðu frumkvæðið, og leitað sér aðstoðar. Ég er sannfærð um það, eftir þau samtöl sem ég átti við starfsmenn þessa sveitarfélags, að þarna náðist verulegur árangur. Þar var jafnvel hægt að taka á vandamáli strax í upphafi og koma þá í veg fyrir að það yrði eins alvarlegt og oft vill verða í þessum tilvikum, hvort sem um er að ræða einelti, ofbeldi eða vímuefnaneyslu.

Hér áðan voru hv. flutningsmenn tillögu sem verið var að mæla fyrir, um markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, svo heppnir að hv. formaður nefndarinnar sem fjallar um markaðsátakið var staddur í salnum. Sá hét því að þó stuttur tími væri til þingloka mundi hann beita sér fyrir skjótri afgreiðslu þess máls. Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis er vissulega verðugt verkefni og þess virði að ræða það hér. Hins vegar, virðulegi forseti, tel ég ekki síður mikils virði að taka á málefnum sem snerta börn okkar, mál sem geta varðað framtíð þeirra og átt stóran þátt í að hjálpa þeim sem í dag eiga um sárt að binda til að komast aftur á réttan kjöl og takast á við lífið. Þess vegna, virðulegi forseti, hef ég í þriðja sinn lagt fram frv. um breytingar á lögum um almannatryggingar. Með þeim breytingum yrði sérfræðiþjónusta við börn og unglinga, 18 ára og yngri, á sviði sálfræði og félagsráðgjafar sem veitt er utan sjúkrastofnana og skólakerfis greidd af sjúkratryggingum samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra mundi setja að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Ég óska þess, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. sent til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. MF, 162. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 164. [17:30]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, er á vissan hátt tengt því frv. sem ég mælti fyrir áðan og er eins og það mál búið að liggja inni á hv. þingi frá því á haustdögum. Þar er einnig fjallað um aðbúnað eða kjör sem foreldrum og fjölskyldum ungra fíkniefnaneytenda er boðið upp á. Það segir í greinargerð með frv., með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Sérstaklega á þetta við hvað varðar meðferðarheimili fyrir börn og ungmenni. Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökum Vímulausrar æsku hafa ítrekað bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Ekki er aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir þessa ungu einstaklinga og stuðningsfjölskyldu þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar til vandamálið verður ljóst og síðan getur biðtími orðið langur þar til pláss fæst á meðferðarheimili. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðarheimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda sem þurfa á stöðugri umönnun og eftirfylgni að halda ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut á lífinu. Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn urðu viðurkennd sem sjúkdómur og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þeim sjúkdómi. Mikið vantar þó á að nægjanlega vel sé að verki staðið, sérstaklega hvað varðar úrræði fyrir yngstu sjúklingana. Því þarf oft að annast þá í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem ánetjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi."

Lagt er til að ráðherra setji í reglugerð nánari útfærslu á framkvæmd þessa ákvæðis.

Virðulegi forseti. Eins og ég kom inn á áðan beindi ég þeirri fsp. til hæstv. ráðherra fyrir nokkrum dögum hvort ríkið eða hæstv. ráðherra væri tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að þeir foreldrar ungra fíkniefnaneytenda, sem væru í meðferð á heimili langt frá heimabyggð sinni, sem tækju þátt í meðferð barnsins fengju greiðslu ferðastyrks. Hæstv. ráðherra tók ekki undir það að öðru leyti en því að hún sagði að þessar reglur væru í endurskoðun en þarna væri ekki um heilbrigðisvandamál að ræða heldur félagslegt vandamál.

Hér er um að ræða frv. til laga sem gerir ráð fyrir því að foreldrar ungra fíkniefnaneytenda eigi rétt á svokölluðum umönnunargreiðslum ef foreldri eða framfærandi barns stundar umönnun barns í heimahúsi. Eins og fram kemur í greinargerðinni er það mjög oft þannig að foreldrar sem

verða fyrir því að barn þeirra fer að neyta fíkniefna þurfa mjög oft, og oftar en ekki, að hætta í vinnu og dvelja heima með barnið sitt í langan tíma áður en það fær pláss á meðferðarstofnun. Biðlistar hafa að undanförnu verið að lengjast verulega á meðferðarstofnunum fyrir börn og ungmenni og þetta vandamál er sýnu alvarlegra þar sem ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu meðferðarheimila fyrir börn á aldrinum 16–18 ára. Þar er þörfin hvað mest. Á meðan barn fær hvergi inni á meðferðarheimili eða hjúkrunarstofnun til þess að fást við veikindi sín hlúa foreldrar að barninu í heimahúsi.

Það er einnig þannig, eins og við þekkjum, að þeir foreldrar sem eiga börn í vímuefnaneyslu vita oft ekki langtímum saman hvar barnið er statt, hvort það er á götunni eða hvað hefur orðið um það og foreldrar bíða heima milli vonar og ótta og verður ekki svefnsamt. Þetta hefur áhrif á alla fjölskylduna meira og minna, hvort sem um er að ræða foreldra eða systkini, þegar unglingur eða barn ánetjast fíkniefnum.

Það líf sem þessar fjölskyldur búa við er með öllu ólýsanlegt. Ekki er hægt, virðulegi forseti, að gera í ræðustól á Alþingi grein fyrir þeim erfiðleikum og álagi sem fjölskyldur þessara einstaklinga eiga við að etja á meðan á neyslunni stendur, en jafnvel ekki síður eftir að meðferð lýkur, meðan á meðferð stendur og þegar meðferð lýkur og einstaklingurinn kemur heim og það þarf að fara að byggja upp. Ekki bara einstaklinginn sem var í neyslu heldur alla fjölskylduna.

En þó svo að við segjum gjarnan á hátíðlegum stundum að við höfum fyrir nokkuð löngu viðurkennt áfengis- og vímuefnaneyslu sem heilbrigðisvandamál og veikindi er það í tilviki eins og því sem ég nefndi áðan í orði en ekki á borði. Þeir foreldar, sem verða að dveljast langtímum á heimili sínu án vinnu vegna þess að þeir þurfa að hugsa um fársjúkan einstakling, eiga ekki rétt á greiðslu umönnunarbóta eins og foreldrar eða framfærendur barna sem eiga við önnur alvarleg, langvarandi veikindi að stríða.

Ég tel þetta mikið réttindamál og nauðsynlega breytingu sem getur auðveldað foreldrum og aðstandendum ungra barna, unglinga og ungmenna sem ánetjast fíkniefnum, eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða, að fást við þetta vandamál, ekki bara með einstaklingnum heldur öðrum fjölskyldumeðlimum. Það kom mér satt að segja á óvart þegar ég uppgötvaði að um þessa fyrirgreiðslu væri ekki að ræða til foreldra ungra fíkniefnaneytenda frekar en aðra fyrirgreiðslu sem ég hef nefnt og tekið upp á undanförnum dögum.

Virðulegi forseti. Ég reikna með því að þessu frv. eigi að vísa til félmn. þar sem um lög um félagslega aðstoð er að ræða en ég óska jafnframt eftir því að þessi tvö frumvörp, annars vegar breytingar á lögum um almannatryggingar og hins vegar breytingar á lögum um félagslega aðstoð, verði engu að síður tekin og skoðuð saman. Þarna er í báðum tilvikum um réttindamál að ræða fyrir ungmenni sem eiga við alvarleg og langvarandi veikindi að stríða. Í þessum tilvikum eru það veikindi sem teljast e.t.v. ekki líkamleg heldur fyrst og fremst andleg en eru engu að síður jafnalvarleg og geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá einstaklinga sem hlut eiga að máli og fjölskyldur þeirra. Ég óska eftir því, virðulegur forseti, að málin verði skoðuð í samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stuðningur við konur í Bosníu, fyrri umr.

Þáltill. KÁ og DH, 213. mál. — Þskj. 235.

[17:40]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um stuðning við konur í Bosníu en flm. ásamt mér er Drífa Hjartardóttir. Þessi tillaga gengur út á það að Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að beina hluta þeirrar fjárhagsaðstoðar sem ætluð er til uppbyggingar í Bosníu á komandi árum til kvenna þar í landi í samvinnu við kvennasamtök. Verði aðstoðin notuð til að styrkja uppbyggingu kvennahúss í Sarajevó og til annarra brýnna verkefna sem konur í Bosníu fást við.

Í grg. þessarar tillögu er skýrt rækilega frá aðdraganda þessa máls en þar er skemmst frá að segja, hæstv. forseti, að íslensk kona, Vilborg Ísleifsdóttir sagnfræðingur, sem búsett er í Þýskalandi, hefur beitt sér mjög í þessu máli. Þegar styrjöldin hófst í Bosníu streymdi mikill fjöldi flóttamanna til Þýskalands og vinkona Vilborgar, sem er læknir, fékk margar þessara kvenna í meðferð til sín. Varð henni þá ljóst að mjög mikil þörf var á sérstakri aðstoð við konur í Bosníu.

Eins og menn eflaust minnast var styrjöldin sem ríkti í Bosníu, og náði reyndar að hluta til inn í Króatíu og víðar, hræðileg styrjöld og það var einkum tvennt sem einkenndi hana. Það var annars vegar það að einkum Serbar reyndu að útrýma minnihlutahópum á þeim svæðum sem þeir réðu yfir, minnihlutahópum eða þjóðabrotum eða hvað maður á nú að kalla þetta, þetta er allt meira og minna sama fólkið en það eru trúarbrögð sem greina einkum þarna á milli. Serbar myrtu karlmenn í stórum stíl og tóku upp á því, sem er hitt sérkenni þessarar styrjaldar, að safna konum saman í búðir og nauðga þeim. Ég held að önnur eins dæmi um hópnauðganir séu ekki til úr nokkurri styrjöld. Þetta gerðu Serbar fyrst og fremst til þess að brjóta þessar konur gjörsamlega niður líkamlega og andlega. Því eru margar þeirra ákaflega illa farnar eftir þessa styrjöld en þar sem þær eru múslimar eiga þær mjög erfitt með að leita sér hjálpar, þær eiga mjög erfitt með að viðurkenna þá hræðilegu niðurlægingu sem þær urðu fyrir enda hefur ekki víða verið hægt að leita hjálpar.

Alþjóðasamtök, Evrópusambandið og kvennasamtök hafa verið að vinna að hjálparstarfi og svokölluð BISER-kvennasamtök hafa unnið að því að koma upp kvennahúsum, annars vegar í Túsla — og eflaust minnast margir þess bæjar úr fréttum frá styrjöldinni — og hins vegar í Sarajevó. Tekist hefur að safna peningum fyrir kaupum á húsi sem er alveg að verða tilbúið. Það segir mikið um ástandið að þegar konurnar komu að húsinu sem þær höfðu keypt stóð eiginlega ekkert uppi annað en veggirnir og þakið. Búið var að stela öllu steini léttara úr húsinu, draga út rafleiðslur, hirða alla vaska og allt sem í húsinu var. Talið er að þetta hafi verið gert til þess að selja þessa hluti á svarta markaðnum. Því hefur nánast orðið að byggja húsið algjörlega upp frá grunni. Nú síðast kom í ljós að þakið var verr farið en leit út í fyrstu. Það kom í ljós þegar ákveðið var að lyfta þakinu og búa til þriðju hæðina í húsinu til þess að hægt væri að nýta það enn þá betur.

Fyrirhugað er að halda námskeið í þessu húsi í saumaskap, lestri, og ýmsu því sem gæti hjálpað þessum konum til þess að leita sér menntunar eða til þess að byggja þær upp þannig að þær geti fengið vinnu og þar með séð sér og sínum farborða því að það er gríðarlega mikið af ekkjum í Bosníu. En jafnframt námskeiðum á að bjóða upp á viðtöl við

sálfræðinga og lækna og það er ágætt yfirskin fyrir konurnar að fara á námskeið en nota tækifærið í leiðinni og ræða við lækni eða sálfræðing. Þá þarf enginn að vita af því að þær eru að sækja sér slíka þjónustu sem virðist vera svona gríðarlega viðkvæmt mál.

Þegar Vilborg Ísleifsdóttir kom hingað heim, ég hygg að það hafi verið í nóvember, var haldinn fundur á vegum Kvenréttindafélagsins, Kvenfélagasambands Íslands og Bandalags kvenna í Reykjavík þar sem hún greindi frá ástandinu í Bosníu og aðdraganda þess, lýsti því sem þar hefur verið á ferðinni og þeim verkefnum sem konurnar hafa verið að vinna að. Samkvæmt því sem fram kom hjá henni eru konur nú um 68% íbúa Bosníu, þær eru tveir þriðju hlutar íbúanna vegna þess að karlmenn hurfu þar í stórum stíl. Meðal þessara kvenna er mikið ólæsi, það er ótrúlegt að í þessu Evrópuríki er gríðarlegt ólæsi, en það á sér ýmsar skýringar í siðvenjum múslima og því skipulagi sem tíðkaðist í Bosníu fyrir styrjöldina. Af þessu leiðir að mjög fáar konur hafa einhverja menntun en þær eru þó til, bæði læknar og sálfræðingar og verkfræðingar og konur með ýmsa aðra menntun. En það eru líka ýmsar siðvenjur sem standa þessum konum fyrir þrifum. Í greinargerðinni er greint frá dæmi sem Vilborg sagði okkur frá. Nokkrar múslimakonur frá Bosníu sem voru í Þýskalandi fengu þá hugmynd að opna kaffihús í Sarajevó en þær komust að þeirri niðurstöðu að þær gætu það alls ekki, það samræmdist ekki þeirra siðvenjum og konur sem ynnu á veitingastöðum yrðu einfaldlega álitnar lauslætisdrósir. Þetta þýðir að möguleikar þeirra til að vinna fyrir sér, til að stofna fyrirtæki eða gera eitthvað af sjálfsdáðum eru takmarkaðir vegna þessara sterku hefða. Þetta tíðkast innan Evrópu, hæstv. forseti.

Megintilgangur tillögunnar er að vekja athygli íslenskra stjórnvalda á þeim brýnu verkefnum sem eru í Bosníu og snerta konur sérstaklega, ekki síst í ljósi þess sem ég nefndi hér áðan, að þær eru tveir þriðju hlutar íbúanna. Ákveðin upphæð á fjárlögum er ætluð aðstoð við Bosníu. Sérstök Bosníunefnd starfar og leggur til hvað gert skuli til aðstoðar Bosníumönnum. Tilgangurinn með þessari tillögu er að fá hæstv. utanrrh. og Bosníunefndina til að beina sjónum að konum í Bosníu.

Á síðasta ári fengu BISER-samtökin 400 þús. kr. frá utanrrn. sem kom sér gríðarlega vel og nú er verið að biðja um meira. Það er brýn þörf því að það liggur mjög mikið á að hefja starfsemina og ýmis loforð um framlög byggjast á því að starfsemin fari af stað. Því er mjög brýnt að reyna að styðja við bak þessara samtaka og annarra sem eru að vinna í þágu kvenna.

Þau íslensku kvennasamtök sem ég nefndi áðan ákváðu á fyrrnefndum fundi að efna til fjársöfnunar í þágu kvenna í Sarajevó og opnaður var bankareikningur. Söfnunin hefur ekki farið almennilega af stað. Eftir því sem ég best veit þarf að undirbúa það betur. Eftir því sem ég best veit hefur Bandalag kvenna í Reykjavík þegar keypt nokkrar saumavélar sem það ætlar að gefa til hússins í Sarajevó. Þarna eru ákveðin framlög á ferð en betur má ef duga skal og svo mikið er víst, hæstv. forseti, að gríðarleg þörf er á því að aðstoða þessar konur, sem margar hverjar hafa börn á framfæri sínu. Þær búa mjög margar við það að vita ekkert hvað varð af eiginmönnum, sonum, bræðrum eða öðrum skyldmennum og það er mikið álag fyrir fjölskyldur að búa við slíkt.

Við höfum heyrt af því í fréttum að íslensk kona, sem er pólsk að uppruna, Eva Klonowski, hefur verið að fást við það verkefni að greina lík í Bosníu, grafa upp fjöldagrafir og greina lík. Hún sagði mér að þetta lægi eins og mara á fólkinu þarna og það væri óskaplegur léttir einfaldlega að fá það staðfest að mennirnir hafi verið drepnir. Það er hræðileg tilfinning að vita ekki hvað varð af skyldmennunum, bera einhverja von í brjósti um að einhvers staðar séu kannski enn þá fangabúðir eða eitthvað slíkt. Þetta starf er því af ýmsu tagi sem kemur fólki til góða.

Íslenska ríkisstjórnin hefur ákveðið að styðja starf Evu Klonowski og hér er um það að ræða að styðja annað slíkt verkefni þar sem Íslendingar koma við sögu. Ég ætla að láta það verða mín síðustu orð, hæstv. forseti, að Vilborg Ísleifsdóttir, sagnfræðingur og doktor, hefur verið gríðarlega dugleg að vinna í þessu. Hún hefur verið mikið í Bosníu og kom þaðan í þarsíðustu viku. Þá talaði ég við hana og hún greindi mér frá stöðu mála á því augnabliki, og enn einu sinni nefndi hún hversu gríðarlega brýna þörf þær hefðu fyrir framlög og að þar munaði um allt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 252. mál (peningavinningar). — Þskj. 285.

og

Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 253. mál (peningavinningar). — Þskj. 286.

[17:54]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tveimur frumvörpum, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum nr. 16/1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 18/1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga. Meðflm. með mér á þessum báðum frumvörpum eru hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Árni M. Mathiesen, Árni Ragnar Árnason og Sigríður Anna Þórðardóttir.

1. gr. frv. til laga um um breytingu á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna er svohljóðandi:

„Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimilt skal Dvalarheimili aldraðra sjómanna að starfrækja happdrætti með peningavinningum. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slíkt happdrætti og hefur að öðru leyti eftirlit með starfsemi þess.“

1. gr. frv. um breytingu á lögum nr. 18/1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga er svohljóðandi:

„Á eftir 1. gr. laganna kemur ný grein sem verður 2. gr. og orðast svo:

Heimilt skal Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga að reka happdrætti með peningavinningum. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um slíkt happdrætti og hefur að öðru leyti eftirlit með starfsemi þess.“

Og efnismgr. 2. gr. sama frv. er svohljóðandi:

„Vinningar í happdrættinu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.“

Í greinargerðum með frv. segir að frumvörpin feli í sér heimild fyrir Dvalarheimili aldraðra sjómanna og Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga til að reka happdrætti með peningavinningum. Gert er ráð fyrir að ágóði af slíkum happdrættum renni til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannasamtakanna í Reykjavík og enn fremur fyrir happdrætti eins og fyrir er um mælt í lögum nr. 18/1959, um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

En eins og segir í grg. með frv. til laga um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna er gert ráð fyrir því „að ágóði af slíku happdrætti renni til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Ráðgert er að heimild til reksturs slíks happdrættis verði bundin sömu tímamörkum og mælt er fyrir um í lögunum, þ.e. til ársloka 2007, og mælt verði nánar fyrir um starfsemi happdrættisins í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur.

Samkvæmt núgildandi lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna er því einungis heimilt að greiða andvirði vinninga út í vörum. Frá þeim tíma er heimild til reksturs slíks happdrættis var veitt hafa starfsskilyrði happdrætta breyst mikið og samkeppni þeirra aukist gríðarlega, einkum í kjölfar aukins framboðs happdrætta þar sem vinningar eru greiddir út í peningum. Samkeppnin hefur bitnað mjög á happdrættum SÍBS og DAS sem einungis hafa haft heimild til að greiða andvirði vinninga út í vörum. Í nágrannalöndum okkar hefur orðið svipuð þróun og er nú svo komið að vöruhappdrætti í þeirri mynd sem þekkist hér á landi heyra sögunni til og af þeim sökum hefur íslenskum vöruhappdrættum verið ómögulegt að tengjast erlendum happdrættum.“

Sama á við um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga. Þessi tvö happdrætti eru bundin lögum um það að enn skuli þau afhenda vinninga í vörum, og má þar t.d. nefna búvélar og búpening, svo eitthvað sé nefnt, og segir kannski nokkuð um þá sögu og þá þróun sem orðið hefur hér á happdrættismarkaðnum. Á sama tíma, herra forseti, og þessi lög eru í gildi um hin þröngu takmörk þessara tveggja happdrætta, sem þó hafa staðið að mikilli uppbyggingu, bæði fyrir aldraða og fyrir þá sem hafa lent í slysum og hafa notið góðrar og mikillar umönnunar á Reykjalundi, og tekjur þeirra hafa þá byggst mest á þessum happdrættum bæði hvað snertir aldraða og þá sem hafa lent í slysum, þá eru þeim settar það þröngar skorður að mega ekki greiða út vinninga með öðrum hætti en í vörum.

Á sama tíma er flóra þessa happdrættismarkaðar orðin allsérkennileg. Þau happdrætti sem eru á markaðnum á þessu herrans ári 1999 og hafa leyfi til að greiða vinninga í peningum eru: Happdrætti Háskóla Íslands, þ.e. flokkahappdrætti, skafmiðahappdrætti og spilakassar, Íslensk getspá, þ.e. Lottó 5/38, Víkingalottó og Jóker, Íslenskar getraunir, þ.e. Lengjan og Getraunir. Og síðan íslenskir söfnunarkassar, Rauði kross Íslands, Landsbjörg, Slysavarnafélag Íslands og SÁÁ.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt langt enda tel ég ekki ástæðu til þess því að sagan segir allt um þann þrönga kost sem þessi tvö ágætu happdrætti hafa átt við að búa við annars ágætt markmið sem þau bæði hafa stuðlað að og eins lagt ríkulegan skerf fram til þjóðfélagsins til þess bæði að aðstoða þá sem eftir slys eða mikil veikindi hafa þurft á endurhæfingu að halda eins og þeirri sem happdrætti SÍBS hefur stuðlað að á Reykjalundi svo og líka þeim öldruðu sem njóta dvalar á Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Því er afar brýnt að veita þessum tveimur happdrættum heimild til að starfa við hlið þeirra happdrætta sem hafa verið heimiluð frá 1980 svo þau geti áfram verið sá fjárhagslegur stuðningur við þá uppbyggingu sem þau hafa staðið fyrir í hálfa öld.

Herra forseti. Eins og okkur fór í milli ætla ég ekki að hafa langa framsögu um þessi mál en ég held að allir geri sér fulla grein fyrir því að við það umhverfi sem hér ríkir má ekki lengur una og að þessi tvö happdrætti geti stutt við þau ágætu mál sem þau hafa gert nú um langan tíma.

Ég legg til, herra forseti, að lokinni 1. umr. verði þessum málum vísað til allshn.

[18:01]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þau tvö frumvörp sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson mælti fyrir lúta að miklu sanngirnismáli að mínum dómi. Það er sanngirnismál að þeir sem á annað borð hafa leyfi til að reka happdrætti á Íslandi sitji við sama borð. Það er einu sinni svo að þessi tvö happdrætti ein þurfa að búa við það að greiða vinninga sína í vöruúttektum og það sjá auðvitað allir að þau sitja ekki við sama borð og þau happdrætti sem geta greitt vinningana í peningum. Fólk vill fá vinninga sína í beinhörðum peningum, ég tala ekki um ef það eru stórir vinningar. Það er óþægilegt fyrir fólk að þurfa að vera að koma stórum vinningum í vörukaup og þetta hefur valdið þessum happdrættum verulegum óþægindum. Það sést á veltu þessara tveggja happdrætta annars vegar og svo Háskólahappdrættisins og allra lotteríanna hins vegar, að þessi tvö happdrætti eru algjörlega út undan í sölunni.

Ég er með í höndunum svar dómsmrh. við fyrirspurn sem ég lagði fyrir hann um heildarsölu happdrættanna á árunum 1995 og 1996. Sjálfsagt hafa þessar tölur eitthvað breyst síðan en þetta svar segir þó allt sem segja þarf um þær stærðir sem um er að ræða. Þar kemur fram að þessi tvö vöruhappdrætti, þ.e. SÍBS og DAS, hafa haft í heildarveltu tæpan hálfan milljarð. Vöruhappdrætti SÍBS seldi á því ári fyrir 225 milljónir og skilaði 32 milljónum í hagnað. Happdrætti DAS seldi fyrir 210 milljónir og skilaði 24 milljónum í hagnað. Samtals eru þetta um 450 milljónir í veltu. Ef við kíkjum svo á þau happdrætti sem máttu greiða vinninga sína í peningum sjáum við að heildarsala Happdrættis Háskóla Íslands var einn milljarður 810 þús. kr., og þar var hagnaður um 320 milljónir. Íslenskar getraunir seldu fyrir 417 milljónir og skiluðu 6 milljónum í hagnað. Íslensk getspá seldi fyrir einn milljarð 162 þús. kr. og skilaði 357 milljónum í hagnað. Af þessu sést að þessi peningahappdrætti og getraunir hafa velt um 4,5 milljörðum á þessu ári, en vöruhappdrættin innan við hálfum milljarði. Við þetta bætist svo að söfnunarkassarnir hafa verið með gríðarlega veltu. Mér sýnist á þessu svari að kassarnir hafi velt milli 9 og 10 milljörðum. Að vísu fóru 90% af því í vinninga en það sem kom inn eftir að vinningar höfðu verið greiddir út voru 993 milljónir kr. Kassarnir skiluðu 640 milljónum í tekjur.

Það er því augljóst að fólk tekur frekar þátt í þeim happ-

drættum þar sem hægt er að fá vinningana í beinhörðum peningum. Mér finnst alveg út í hött að þessi tvö happdrætti skuli þurfa að búa við þessi gömlu lög um að þurfa að greiða vinninga sína út með öðrum hætti. Og náttúrlega ekki síst vegna þess að þessi happdrætti eru bæði rekin til merkra mannúðarmála, annars vegar DAS með sína öflugu starfsemi í áratugi fyrir aldraða og þá ekki síður SÍBS, sem hefur um áratuga skeið haldið uppi starfsemi fyrir fólk sem á við veikindi að stríða, starfsemi sem er til mikillar fyrirmyndar og við eigum auðvitað að reyna að styðja við á allan mögulegan hátt. Það er til fyrirmyndar þegar slík samtök reka jafnöfluga starfsemi upp á eigin spýtur og happdrættið gerir það að verkum að samfélagið þarf ekki að leggja í þetta eins mikið og ella þyrfti. Þess vegna held ég að við eigum að greiða fyrir því að þessi ágætu happdrætti sitji við sama borð og aðrir. Ég trúi því að þegar þetta mál kemur til efh.- og viðskn. muni það fá þar greiða framgöngu og ég vona að það geti orðið að lögum fyrir þinglok. Að vísu er stutt til stefnu en mér sýnist þetta vera það augljóst mál að það eigi ekki að þurfa langa meðferð í nefnd.

Það kemur fram í greinargerðinni að óheimilt sé án sérstakrar lagaheimildar að setja á stofn peningahappdrætti eða önnur þvílík happaspil — þetta eru lög sem eru orðin yfir 70 ára gömul — og það þurfi sérstaka lagasetningu ef menn ætla að reka slík happdrætti. Út á það ganga þessi ágætu frumvörp og ég er þeim mjög meðmæltur og vona að þau fái góðan og skjótan framgang.

[18:06]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar við þetta mál og vil aðeins bæta við vegna þess að hann kom inn á tölur, að hvað önnur happdrætti varðar, þá er ég hér með tölur t.d. fyrir íslensku söfnunarkassana árið 1995. Það lætur nærri að heildarveltan þar hafi verið 9 milljarðar. Önnur þau happdrætti sem hann gat um eru með ámóta tölur, t.d. í þessum spilakössum, þannig að hér er ekkert smámál á ferðinni. Það er rétt sem áðan kom fram að þau mál sem eru til umfjöllunar, þau líknarmál sem hér er unnið að eru þess eðlis að ef ekki nyti þessara happdrætta við, er ljóst að það yrði að sækja fjármuni frekar í vasa skattborgaranna.

En aðalatriðið er þó það að lausn þessara mála gangi fljótt og vel fyrir sig og ég vænti þess að hv. allshn. ljúki þessu máli svo að fyrir þinglok megi sú breyting verða á að þessi ágætu happdrætti fái að njóta sannmælis og standa jafnfætis við aðra þá aðila sem hafa fengið óvenjulega aðstöðu og mikið olnbogarými í þó annars þeim þrengingum sem þessi tvö happdrætti hafa mátt búa við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppbyggður vegur yfir Kjöl, fyrri umr.

Þáltill. GÁ og HjálmJ, 255. mál. — Þskj. 292.

[18:09]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. um uppbyggðan veg yfir Kjöl. Flm. ásamt þeim sem hér stendur er Hjálmar Jónsson.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerðina gera athugun á vegstæði, kostnaði og þýðingu þess fyrir byggðaþróun og umferð milli landshluta að gera uppbyggðan veg með slitlagi um Kjöl."

Sunnanmaður og norðanmaður takast hönd í hönd til þess að leggja til að samskipti á milli þessara sterku byggðarlaga megi verða betri í framtíðinni og hafa stórfelld áhrif á gang þjóðmála og búa landsbyggðinni þar með betri hag. Við segjum í greinargerð:

„Engin ein framkvæmd í samgöngumálum hefur jafnbyltingarkennd áhrif á samgöngur og mannlíf í landinu og Hvalfjarðargöng. Allar vegalengdir frá Norður- og Vesturlandi til Reykjavíkur hafa styst sem nemur klukkustundarakstri og erfiður vetrarvegur um Hvalfjörð er úr leik.

Eðlilegt er að spurt sé hvort einhverjar aðrar samgöngubætur geti valdið álíka byltingu og um leið styrkt byggðir og mannlíf.

Til forna völdu forfeður okkar miðhálendið sem ferðaleið á milli fjórðunga, það var hagkvæmast. Hvaða áhrif hefði uppbyggður og breiður vegur með slitlagi yfir Kjöl á mannlíf á Suður- og Norðurlandi? Mundi slíkur vegur hafa álíka áhrif og Hvalfjarðargöng?

Frá Gullfossi að Blönduvirkjun eru um 156 km, þar af er nú þegar rúmlega 60 km uppbyggður vegur. Leiðin milli byggða yrði innan við 200 km, 168 km frá Geysi að Blönduvirkjun og um 180 km frá Geysi að Svínvetningabraut.

Vegalengdir milli Selfoss og staða norðan lands eru eftirfarandi, vegalengdir um hringveg sýndar til samanburðar:"

Frá Selfossi í Varmahlíð eru í dag um hringveg 338 km, en eru 268 km um Kjöl, Blöndudal og Vatnsskarð.

Frá Selfossi á Sauðárkrók eru í dag um hringveg 362 km, yrðu um Kjöl, Blöndudal og Vatnsskarð 294 km.

Milli Selfoss og Akureyrar eru um hringveg í dag 432 km en yrðu um Kjöl, Blöndudal og Vatnsskarð 363 km.

„Kanna þarf ýmsar áhugaverðar tengingar út frá núverandi Kjalvegi sem mundu stytta verulega allar leiðir norður og austur um, t.d. um Blöndustíflu og niður Mælifellsdal eða Gilhagadal í Skagafirði. Síðan má hugsa sér að Héraðsvötn verði brúuð í sambandi við virkjunarframkvæmdir við Villinganes í Skagafirði. Trúlega yrði Kjölur torfarinn yfir háveturinn en ekki endilega verri en margir aðrir fjallvegir í landinu. Ný tækni býður upp á allt aðrar upplýsingar á veðurfari ferðamönnum til glöggvunar en áður var.

Í huga flutningsmanna er uppbyggður vegur yfir Kjöl heillandi verkefni sem á að taka til skoðunar sem fyrst. Ætla má að þessi vegagerð mundi kosta innan við einn milljarð króna. Byggðaáhrifin yrðu nýtt ævintýri og hagræðing mikil fyrir landsmenn alla."

Svo hljóðar sú greinargerð sem þessari þáltill. fylgir. Ég hef litlu við hana að bæta. Auðvitað koma fleiri leiðir til greina yfir hálendið. Menn eiga að skoða það, eins og með Ódáðahraun. Ég vil segja um þetta að ég held að það mundi breyta miklu að þessi fjallvegur yrði byggður upp með varanlegu slitlagi, þar yrði ekki ryk og ófærur á eftir þannig að þetta yrði mjög spennandi ferðamannaleið á milli jöklanna.

Ég er sannfærður um að verði þetta að veruleika, sem ég trúi að verði fljótlega á næstu öld, þá mun þessi vegagerð hafa mikil áhrif á líf og frelsi fólks í okkar landi og byggðaáhrif sem munu þýða það að landsbyggðin verður sterkari eftir en áður.

Að lokum legg ég til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og hæstv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:15.

---

62. FUNDUR

miðvikudaginn 10. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 223. mál, þskj. 250. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 224. mál, þskj. 251. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 226. mál, þskj. 253. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lausafjárkaup, stjfrv., 227. mál, þskj. 254. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Brunatryggingar, stjfrv., 388. mál, þskj. 659. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 414. mál, þskj. 687. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 359. mál, þskj. 495. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Ábyrgðarmenn, frv., 149. mál, þskj. 149. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, þáltill., 160. mál, þskj. 160. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Almannatryggingar, frv., 161. mál, þskj. 163. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Félagsleg aðstoð, frv., 162. mál, þskj. 164. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Stuðningur við konur í Bosníu, þáltill., 213. mál, þskj. 235. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv., 252. mál, þskj. 285. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frv., 253. mál, þskj. 286. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Uppbyggður vegur yfir Kjöl, þáltill., 255. mál, þskj. 292. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Lágmarkslaun, 486. mál, frv. GE o.fl., þskj. 796.

Markaðssetning íslenska hestsins, 382. mál, svar landbrh., þskj. 771.

Samkeppnisrekstur Landssímans, 239. mál, svar samgrh., þskj. 715.

Skuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins o.fl., 163. mál, svar fjmrh., þskj. 793.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna um utandagskrárumræðu. Hún fer fram um kl. 15.30 í dag og er um húsnæðismál Leiklistarskóla Íslands. Málshefjandi er Steingrímur J. Sigfússon og menntmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í allt að hálfa klukkustund.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 223. mál (vöruþróunar- og markaðsdeild). — Þskj. 250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Verðbréfasjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (innlendir sjóðir). — Þskj. 251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 226. mál (gjaldsvið o.fl.). — Þskj. 253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lausafjárkaup, frh. 1. umr.

Stjfrv., 227. mál (heildarlög). — Þskj. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Brunatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 388. mál (lækkun brunabótamats van- eða óný́ttra húseigna o.fl.). — Þskj. 659.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Alþjóðleg viðskiptafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 414. mál. — Þskj. 687.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 359. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ábyrgðarmenn, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 149. mál. — Þskj. 149.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG og EOK, 160. mál. — Þskj. 160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MF, 161. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 163.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Frv. MF, 162. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Stuðningur við konur í Bosníu, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ og DH, 213. mál. — Þskj. 235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 252. mál (peningavinningar). — Þskj. 285.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

[13:41]

Guðmundur Hallvarðsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það háttar svo til með þessi tvö mál, 13. og 14. dagskrármál, sem ekki hefur að vísu verið greitt atkvæði um enn þá, að þau eru efnahagslegs og viðskiptalegs eðlis og vildi ég gera það að tillögu minni, ef það er ekki í andstöðu við þinglega meðferð málsins og málanna tveggja, 13. og 14. dagskrármáls, að þau fari til efh.- og viðskn.

[13:42]

Árni R. Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég hef veitt því athygli að mál sem varða reglur um happdrætti, hvers konar happdrætti sem það kunna að vera, eru öll á verksviði dómsmrn. Þau eru talin varða réttarreglur en ekki efnahags- og viðskiptamál, enda hygg ég að efnahagslegt vægi þessara atriða sé tiltölulega lítið og skipti kannski meira máli að þar séu leikreglur sem séu í lagi fyrir alla þátttakendur.

[13:42]

Hjálmar Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta mál snýst um siðferði en ekki bisness og ætti þá eðlilega að fara til allshn.

[13:42]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hér eru komnar tvær tillögur. Forseti vill spyrja hvort ekki geti orðið samkomulag um það að málið fari til allshn. en leitað verði umsagnar efh.- og viðskn. Forseti spyr

tillögumann, annars er sjálfsagt að greiða atkvæði. (Gripið fram í.) Hv. 10. þm. Reykv. fellst á það.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 253. mál (peningavinningar). — Þskj. 286.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Uppbyggður vegur yfir Kjöl, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÁ og HjálmJ, 255. mál. — Þskj. 292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:44.

---

63. FUNDUR

miðvikudaginn 10. febr.,
að loknum 62. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Útboð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, fsp. EKG, 313. mál, þskj. 378.

Til félagsmálaráðherra:

2. Peking-áætlunin, fsp. KÁ, 450. mál, þskj. 748.

3. Laun grunnskólakennara og fjármál sveitarfélaga, fsp. SJS, 467. mál, þskj. 772.

Til landbúnaðarráðherra:

4. Aðstaða fyrir ferðafólk í skóglendum ríkisins, fsp. MF, 461. mál, þskj. 760.

Til umhverfisráðherra:

5. Náttúrugripasafn Íslands, fsp. ÁE, 429. mál, þskj. 705.

6. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, fsp. KÁ, 448. mál, þskj. 746.

Til menntamálaráðherra:

7. Jöfnun á aðstöðu til náms, fsp. KJB, 275. mál, þskj. 313.

8. Fjölbreyttara nám á Vestfjörðum, fsp. KJB, 276. mál, þskj. 314.

Til dómsmálaráðherra:

9. Takmarkanir á notkun nagladekkja, fsp. HjÁ, 288. mál, þskj. 339.

10. Þjónusta Neyðarlínunnar hf., fsp. LB, 295. mál, þskj. 352.

11. Einangrunar- og gæsluvarðhaldsvistun, fsp. MF, 338. mál, þskj. 429.

Til sjávarútvegsráðherra:

12. Tilraunaveiðar á túnfiski, fsp. KPál, 305. mál, þskj. 365.

Útboð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Fsp. EKG, 313. mál. — Þskj. 378.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Á árinu 1997 fór fram vinna þar sem leitast var við að endurskoða ýmsa þætti í rekstri og fjárhag Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Niðurstaða þeirrar vinnu var að bjóða út ýmsa rekstrarþætti flugstöðvarinnar í því skyni að auka tekjumöguleika hennar og tryggja fjárhagslegan grundvöll stöðvarinnar.

Skemmst er frá því að segja að þetta heppnaðist ákaflega vel gagnstætt hrakspám, svo sem úr þessum ræðustóli, ýmissa þingmanna, m.a. þingmanna Alþfl. Gagnstætt þessum hrakspám fjölgaði störfum, í kjölfar þessa útboðs og vegna breytts rekstrarfyrirkomulags, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og jafnframt batnaði tekjugrundvöllur stöðvarinnar. Þannig kemur fram í svari hæstv. utanrrh. við tveimur fyrirspurnum hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og Hjálmars Árnasonar að bæði hafi tekjur aukist verulega, um 245 milljónir kr. á fyrstu níu mánuðum ársins 1998 eða 70% milli ára, og störfum í flugstöðinni fjölgað um 108.

Með öðrum orðum er augljóst að þetta hefur tekist afskaplega vel og breytingin á rekstrarfyrirkomulaginu hefur leitt til þess að starfsemin hefur aukist og vaxið. Í sjálfu sér þarf engum að koma það á óvart. Viðskiptum og verslun er einfaldlega betur komið fyrir í höndum einstaklinga en ríkisins. Því er eðlilegt að svo sé á þessu sviði eins og á öðrum sviðum þjóðfélagsins.

Þegar þessi ákvörðun var tekin var hins vegar einnig ákveðið að undanskilja tiltekna þætti innan flugstöðvarinnar frá því að vera boðnir út. Þar á meðal er bankastarfsemi, sem Landsbankinn sér um í flugstöðinni. Enn fremur gilti það um annað, t.d. um starfsemi Fríhafnarinnar sem áfram er í höndum ríkisins. Í vinnunni sem fram fór á árinu 1997 var hins vegar hvatt mjög til að lengra yrði gengið í þessum efnum. Í ljósi hinnar góðu reynslu af einkavæðingu starfseminnar er ekki óeðlilegt að spurningar vakni um hvort ekki sé eðlilegt að ganga lengra í að nýta kosti einkarekstursins, til þess að tryggja betur starfsemi flugstöðvarinnar, fjölga störfum í landinu og bæta rekstrarlegan og fjárhagslegan grundvöll flugstöðvarinnar.

Á sínum tíma var m.a. ákveðið að bjóða ekki út bankastarfsemina á þeim grundvelli, eins og þá kom fram í viðtali við forsvarsmenn flugstöðvarinnar í Morgunblaðinu, að í gildi væru leigusamningar við Landsbankann sem rynnu út um áramótin 1997/1998. Þess vegna var ekki talið tilefni til þess að bjóða þetta út. Nú eru aðstæðurnar aðrar og þess vegna hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að leggja eftirfarandi fsp. til hæstv. utanrrh. á þskj. 378:

„Er ætlunin að bjóða út fleiri hluta starfseminnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, svo sem bankaþjónustu og rekstrarþætti Fríhafnarinnar, í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur

af breytingum á rekstri verslunar og þjónustu í flugstöðinni?"

[13:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með ítarlegri útboðslýsingu fór fram opinbert útboð í júlí 1997 á verslunar-, banka- og veitingarekstri og langtímabílastæðum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Með útboðinu var einokun ríkisins á þessum verslunarrekstri rofin og einkafyrirtækjum boðin þátttaka í verslunarrekstrinum í fyrsta skipti. Í framhaldi af þessu útboði var gengið frá 14 leigusamningum við níu aðila. Þeir eru: Íslenskur markaður hf., Leonard ehf., Óson ehf., Artica ehf., Change Group ehf., Kristall ehf., Gleraugnaverslun Keflavíkur ehf., Flugleiðir hf. og Securitas ehf. Allir þessir leigu- og starfssamningar eru gerðir til fimm ára, frá og með 1. jan. 1998 til 31. des. 2002. Á þeim tíma er ekki mögulegt að breyta rekstrarumhverfi leigutaka með nýjum útboðum eða breytingum á rekstrarformi ríkisrekinnar fríhafnar.

Vegna þess sem hv. fyrirspyrjandi sagði um Landsbankann þá er það rétt aðstaða Landsbanka Íslands á annarri hæð var ekki boðin út. Hins vegar vil ég benda á að fjármálafyrirtækið Change Group hefur fengið aðstöðu í flugstöðinni samkvæmt útboði. Rétt er að benda á að með stækkun flugstöðvarinnar mun bætast við þá starfsemi sem fram fer í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Íslandsbanki hefur m.a. óskað eftir aðstöðu í flugstöðinni. Þau mál eru nú til athugunar og ekki komin niðurstaða í þau. Á meðan þessir leigusamningar gilda verður engin breyting á en það er ákvörðun utanrrh. þegar þar að kemur hvort lengra skuli gengið í sambandi við útboð.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, að þetta hafi gefist mjög vel. Það var reynt að fara varlega af stað en í ljósi reynslunnar finnst mér ekkert því til fyrirstöðu að halda áfram á sömu braut og auka fremur það rými sem boðið er út, þannig að jafnræðis sé gætt í öllum atriðum. Þetta hefur bæði orðið til þess að fjölga störfum og í fyrsta skipti sjáum við fram á að hægt sé að greiða niður þær miklu skuldir sem hvíla á flugstöðinni. Þess vegna tek ég undir það með hv. fyrirspyrjanda að þessi ráðstöfun hefur verið mjög til góðs.

[13:52]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir orð utanrrh. Ég tel að í máli eins og þessu sé skynsamlegt að fara varlega af stað. Hins vegar kem ég í ræðustól vegna hinnar undarlegu ræðu fyrirspyrjanda. Ég hef tilefni til þess. Nýlega heimsótti ég þá sem starfa í flugstöðinni og ræddi við fólk, nánast í öllum geirum þess samfélags sem þar er að finna. Þar var sú athugasemd gerð við umræddа fyrirspurn og svarið við henni, að full ástæða væri til að biðja um sundurliðun varðandi aukið umfang, veltu og fjölgun starfa. Ég mun bera fram þá fyrirspurn til fróðleiks fyrir okkur til að vita hvar aukningin er. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur í öllum skrefum fram undan að hafa réttar upplýsingar og staðhæfa ekki eitthvað sem ekki er. Þá er ég að vísa til þess að í bæði Fríhöfn og víðar hafi velta og umfang aukist verulega.

[13:53]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir það að vel hafi tekist með útboðsleiðina sem valin var. Í rauninni þarf ekki að kanna það frekar. Nú þegar liggur fyrir hve mörg störf hafa þar orðið til. Það vekur líka athygli að í fyrsta sinn hefur verið gengið frá fjármögnun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. og fyrirspyrjandi, Einar K. Guðfinnsson, nefndi þegar hann vakti athygli á framgöngu hv. þingmanna jafnaðarmanna þegar útboðið átti sér stað. Þá kom hver á fætur öðrum og gekk jafnvel inn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og boðaði að þar með yrði atvinnuleysi, fólk mundi missa störf sín og þar fram eftir götunum. En eins og spáð var þá hefur annað komið á daginn. Störfum hefur fjölgað og rekstrargrunnur stöðvarinnar er treystur.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst það stór spurning hvort ástæða sé til að hæla sér af því, eftir um tíu ára hrakfallasögu, að loks hafi verið reynt að taka fjármálunum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þau vanskil og sá langi hali sem þar hefur myndast og verið dreginn er ekki til eftirbreytni. Mér finnst það í sjálfu sér ekki tilefni til sérstakra gleðifunda að loksins skuli tekið á þeim málum. Auðvitað má segja að betra sé seint en ekki og hæstv. utanrrh. eigi nokkurt hrós skilið, borið saman við það sem á undan var gengið. Til dæmis komust þessi mál hvorki lönd né strönd í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Hitt verð ég að segja, herra forseti, að ég held að hér eigi við eins og stundum áður, að skynsamlegra sé að lofa ekki dag fyrr en að kveldi. Eigum við ekki að láta nokkra reynslu komast á reksturinn sem þarna er að komast af stað? Leigutekjurnar líta vel út á pappírnum svona á fyrsta árinu. Ég hef áhyggjur af því að veikar forsendur séu fyrir sumum af rekstrinum sem þarna er. Þó maður óski því alls góðs er ótímabært að gefa sér að menn hafi hér höndlað hamingjuna um ókomin ár og enginn skuggi muni þar á falla. Við skulum ræða þessi mál og skoða stöðuna eftir svona tvö til þrjú ár.

[13:56]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mér fannst ræða hv. 4. þm. Norðurl. e. nokkuð dæmigerð. Hann er með hrakspár varðandi mál sem hefur verið leyst ákaflega farsællega. Hann talaði um að engin ástæða væri til þess að hæla neinum þó loksins hafi verið tekið á málefnum flugstöðvarinnar. Framsfl. hefur hefur hins vegar ekki farið með málefni flugstöðvarinnar í þau tíu ár sem hv. þm. taldi að þessi mál hefðu verið í ólestri. Þetta er dæmigert fyrir þetta ríkisstjórnarsamstarf og þá ríkisstjórn sem nú situr. Málum er komið í lag.

[13:57]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri fyrirspurn sem hér er lögð fram. Hæstv. utanrrh. hefur svarað og leitt fram staðreyndir málsins, sem eru að þær endurbætur sem gerðar voru á rekstrinum horfa mjög til góðs.

Mér er minnisstæð, vegna þess að ég var formaður í nefndinni sem vann að málinu, andstaðan gegn þessu meðal embættismanna, manna í viðskiptalífinu og ekki síst meðal stjórnmálamanna. Mér er minnisstætt að stjórnarandstaðan, hv. þingmenn Alþfl., komu hér og spáðu þessu öllu illu. Þær hrakspár hafa ekki ræst og ég mun fagna því er lagðar verða fram tölur því til staðfestingar.

Ég vona að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi ekki ætlað að fara út í slíkar hrakspár í ræðu sinni hér áðan.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. 5. þm. Reykn. vil ég að sjálfsögðu taka fram að ekkert var undarlegt við ræðu mína annað en að ég hafði fyrir því að rifja aðeins upp orð þingmanna Alþfl. frá umræðunni sem fram fór fyrir einu eða tveimur árum. Þá var mikið rætt um vanda flugstöðvarinnar og þær tillögur sem þá voru á borðinu. Ég skil út af fyrir sig að ákveðinnar viðkvæmni skuli gæta fyrir þeirri upprifjun og mun því ekki gera það aftur hér í ræðustólnum. Þeim sem hafa áhuga á að lesa þetta í þingtíðindum bendi ég hins vegar á að gera það og eins er hægt að nálgast þetta á netinu. Þar kemur þetta allt fram og er til vitnis um að menn hafa stundum rangt fyrir sér og þannig er lífið.

Aðalatriðið varðandi þetta mál er að rekstrarformi hefur verið breytt í talsverðu af starfseminni innan veggja Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Sú breyting hefur tekist mjög vel. Hún hefur leitt til þess að störfum hefur fjölgað, tekjugrundvöllur flugstöðvarinnar batnað og fjárhagsleg staða einnig.

Hvað lærum við af því, hvaða lærdóm drögum við af þessu? Auðvitað að reyna að halda áfram á sömu braut til að bæta enn reksturinn, fjölga störfum og tryggja fjárhagslega stöðu stöðvarinnar. Ég var sérstaklega að leita eftir því í máli mínu áðan, með fyrirspurninni til hæstv. ráðherra. Þess vegna fagna ég þeim orðum hæstv. ráðherra að hann teldi ekkert því til fyrirstöðu að halda áfram á sömu braut.

Hér hefur komið fram að flugstöðin er nú í þeirri stöðu að geta greitt upp eldri vanskilavexti og staðið skil á gjaldföllnum vöxtum. Öll lán flugstöðvarinnar eru í skilum. Vandi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hefur falist í að hún fékk ekki að njóta þeirra tekna sem hún aflaði. Í því lá vandinn. Það var hin pólitíska ákvörðun fyrri tíma. Nú er staða hennar hins vegar góð, ekki síst vegna þess að pólitísk samstaða hefur tekist um að breyta rekstrarforminu, nýta kostina sem felast í einkavæðingu starfseminnar. Það var sjálfsögð ráðstöfun sem hefur sannarlega haft gott í för með sér.

[14:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins ítreka að gerðir hafa verið samningar um þessi mál til fimm ára og að sjálfsögðu verður ekki hróflað við þeim samningum hvort sem það er í gegnum útboð eða með beinum samningum.

Eins og ég sagði áðan var ákveðið að fara varlega í sakirnar, m.a. til þess að raska sem minnst starfsumhverfi þeirra sem höfðu starfað þarna í langan tíma, eins og Fríhafnarinnar. Það á líka við um Landsbankann sem taldi sig hafa verið mikinn frumkvöðul í þessu og tekið á leigu mjög dýrt húsnæði í upphafi. Allt þetta þarf að koma til endurmats að þessum tíma loknum. Engin ástæða er til þess að fullyrða neitt um það í dag. Rétt er að meta það þegar nær líður og ég vil ekki gefa neina vísbendingu um neitt annað, enda er það ekki á mínu færi. Það verður utanrrh. á þeim tíma þegar þar að kemur að taka ákvörðun um.

Hins vegar er rétt að benda á að vonandi verður viðbygging risin og þá nýtt húsnæði sem er til ráðstöfunar og mér þykir líklegt að það verði boðið út með einum eða öðrum hætti. Ég ætla ekki að fara að ræða um það sem áður hefur verið sagt í þessu en ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að hægt er að lesa í þingtíðindum umræður utan dagskrár á Alþingi um þetta mál. Ef ég man rétt lá utanrrh. sem hér stendur undir mjög miklum ámælum í þeim umræðum svo ekki sé meira sagt og ætla ég ekki að nafngreina þá sem höfðu uppi mjög stór orð í þeim umræðum. En það væri kannski rétt fyrir þá sem vilja kynna sér málið betur að lesa þetta allt saman í þingtíðindum og mín vegna má lesa það upphátt kvölds og morgna suður í flugstöð.

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hv. 4. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[14:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég neyðist til þess að mótmæla því og bera af mér þær sakir að ég hafi verið með hrakspár í garð nýrra rekstraraðila í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég tel það sakaráburð að tala um að maður hafi haft uppi hrakspár, samanber hið fornkveðna að falin sé í illspá hverri ósk um hrakför sýnu verri. Það er ekki þannig að ég óski þeim sem þarna eru að reyna fyrir sér með rekstur ekki alls góðs. Ég hef verið talsmaður þess og hvatt til þess að menn nýttu þá tekjumöguleika sem flugstöðin gæfi og hafa reyndar ekki gert það á undanförnum árum.

Við skulum hafa hitt í huga að þarna eru menn að borga einhverja hæstu húsaleigu á landinu og þarna er nýtingartími húsnæðisins afar stuttur. Það þarf því mjög miklar tekjur sem verða að koma til á afar skömmum tíma sólarhringsins til að standa undir því dýra rekstrarumhverfi sem þarna er. Ég hvet þá þingmenn sem vilja kynna sér málin að ræða t.d. við einstaka rekstraraðila og ég spái því að þá fái þeir að heyra áhyggjur af því að þessi dýra húsaleiga, þetta dýra starfsumhverfi og stutti nýtingartími muni reynast mönnum erfiður þannig að það eru raunverulegar áhyggjur uppi hjá þessum aðilum gagnvart því hvort þeir geti skilað þessu.

Ég neyddist, herra forseti, að biðja um orðið undir þessum lið til að skýra afstöðu mína því að ég sæti því ekki þegjandi að á mig sé borið að ég sé með hrakspár í garð þessara aðila af þessu tagi.

(**Forseti** (ÓE)**:** Efnisumræðunni um fyrirspurnina er lokið.)

Já, en er það ekki sakaráburður að kalla að maður sé uppi með hrakspár að órökstuddu máli?

(**Forseti** (ÓE)**:** Jú, jú. Það má til sanns vegar færa.)

Peking-áætlunin.

Fsp. KÁ, 450. mál. — Þskj. 748.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Árið 1995 var haldin fjórða kvennaráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Peking í Kína. Í lok hennar var samþykkt viðamikil framkvæmdaáætlun sem öllum þjóðum ber að standa við eftir því sem við á á hverjum stað. Í bæklingi sem félmrn. gaf út segir í formála hæstv. félmrh., Páls Péturssonar:

„Íslensk stjórnvöld stóðu að þessari samþykkt og hafa með því einsett sér að framfylgja áætluninni fyrir sitt leyti. Þessi bæklingur var unninn af fulltrúum allra ráðuneyta en sú nefnd var skipuð af hæstv. félmrh. Hún fór yfir framkvæmdaáætlunina og dró saman þau atriði sem snerta okkur Íslendinga sérstaklega."

Jafnréttismál eru á ábyrgð hæstv. félmrh. og því vil ég spyrja hann:

„Hvað hefur ráðherra gert til að fylgja Peking-áætluninni eftir, þ.e. framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna frá árinu 1995, sbr. útdrátt unninn af fulltrúum allra ráðuneyta sem kom út í apríl 1998?“

[14:07]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Íslensk stjórnvöld samþykktu fyrir sitt leyti eins og fram hefur komið framkvæmdaáætlun ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna frá Peking um málefni kvenna. En Peking-áætlunin hefur ekki stöðu alþjóðasáttmála eða samnings heldur hefur hún stöðu yfirlýsingar. Með samþykkt hennar lítur ríkisstjórnin svo á að hún hafi einsett sér að framfylgja áætluninni. Á það hefur verið lögð áhersla allt frá samþykkt áætlunarinnar.

Margt er að finna í þessari áætlun sem getur komið að gagni í jafnréttis- og kvenfrelsisbaráttu um allan heim. Leiðarljósið er að sjónarmið jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumörkunar, ákvarðana og aðgerða og rík áhersla er lögð á að konur fái notið mannréttinda í hvívetna sem fullgildir samfélagsþegar. Bent er á það að jafnrétti verði ekki náð með stjórnvaldsaðgerðum einum saman en þó séu líkur á því að slíkar aðgerðir séu nauðsynleg forsenda fyrir jöfnum rétti og jafnri stöðu kynjanna. Nauðsynlegt er að allir leggist á eitt til þess að jafnrétti geti orðið að veruleika.

Sett eru markmið í áætluninni og verkefni skilgreind og lagðar til aðgerðir til úrbóta. Í hverju tilviki eru tilgreindir þeir aðilar sem að aðgerðunum þurfi að koma.

Félmrn. hefur talið það eitt mikilvægasta verkefni sitt að kynna framkvæmdaáætlunina sem flestum. Efnt var til samstarfs á milli allra ráðuneyta og Jafnréttisráðs að velja þær greinar út áætluninni sem helst áttu við hér á landi. Nefnd ráðuneytanna kallaði síðan eftir aðstoð hagsmunasamtaka sem höfðu látið sig varða undirbúning Peking-ráðstefnunnar um val á greinum í íslensku útgáfuna og felldi inn í hana allar greinar áætlunarinnar sem óskað var eftir af þessum áætlunum.

Eins og sást hjá hv. fyrirspyrjanda gáfum við áætlunina út í þessu formi, í 2.000 einstökum og dreifðum henni. Einungis eru eftir innan við 50 eintök í ráðuneytinu svo að hún hefur farið töluvert víða og við reynum að flétta hana inn í annað sem við erum að gera eins og í framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Hún tekur mið af mörgum þeim atriðum sem þarna er getið um. Eins er frv. til jafnréttislaga sem er vonandi að koma á borð þingmanna markað af þessum hugsanagangi.

Þrátt fyrir allar hrakspár fjölmiðla um ráðstefnuna að hún mundi ekki skila konum neinu og það væri því ekki ráð að íslensk stjórnvöld væru að leggja fé og mannafla til að tala þar sínu máli hafa þær kenningar afsannast þó vissulega sé ekki búið að framfylgja áætluninni í hvívetna enda er þetta langtímaverkefni. Íslensk stjórnvöld höfðu nefnilega ásamt stjórnvöldum annars staðar á Norðurlöndum mjög mikil áhrif á endanlega stöðu ráðstefnunnar. E.t.v. Ísland og Noregur mest því að aðrar Norðurlandaþjóðir voru bundnar af samstarfi sínu innan Evrópubandalagsins og höfðu þau ekki frjálsar hendur eins og við Íslendingar og Norðmenn. Þessi áætlun kemur íslenskum konum og íslensku samfélagi auðsjáanlega vel að notum og sú hugsun sem liggur á bak við áætlunina og þau atriði sem þar eru tilgreind.

Ég vænti þess að sú hugsun sem þar er sett fram eigi eftir að marka störf okkar í framtíðinni.

[14:12]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn og hæstv. félmrh. fyrir svörin. Það er einu sinni þannig að það þarf verulegan stuðning frá stjórnvöldum til þess að eitthvað gerist í þessum málum. Því miður verð ég að segja að það hefur ekki verið reyndin í þessu máli. Ég vil sérstaklega nefna í því sambandi framhald af kvennaráðstefnu í Valmiera þar sem tilfinnanlega skorti á fjármuni til þess að geta fylgt þeim tengslum eftir. Í framhaldi af því hefur hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og ég flutt tillögu um stuðning við kvennahreyfinguna til frjálsra félagasamtaka til þess að vinna að samstarfsverkefnum á þessu sviði.

Það er einkum eitt atriði í svari hæstv. ráðherra sem ég vil gera að umræðuefni. Það er að samningurinn um Peking-áætlunina hafi stöðu yfirlýsingar en ekki þjóðréttarsamnings. Í því sambandi vil ég geta þess að ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum þegar ég var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og fann fyrir því að þar sem var verið að vinna að framkvæmd áætlunarinnar voru Íslendingar ekki einu sinni með í þeirri nefnd. Ég get því ekki séð að íslensk stjórnvöld hafi unnið að því, þar sem þau hafa möguleika eins og hjá Sameinuðu þjóðunum, að koma áætluninni í framkvæmd.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu er mikilvægt að Íslendingar komi að þessum málum þar sem þeir geta og styðji ekki síst fátækar þjóðir til þess að koma framkvæmdaáætluninni í gagnið. Það skiptir ekki síður máli og kannski mestu máli að við fylgjum henni eftir því að fordæmin sem til eru í heiminum, þau ríki sem ganga á undan með góðu fordæmi og sýna hvað er hægt, skipta mjög miklu máli. Við þekkjum það vel frá Norðurlöndunum hvað þau eru og hafa verið mikils virði sem fordæmi, t.d. hvað varðar velferðarkerfið.

Ég skildi svar hæstv. félmrh. þannig að fyrst og fremst hefði verið unnið að kynningu á framkvæmdaáætluninni. En það er þannig vaxið að það þurfa miklu fleiri en félmrn. eitt að koma að því að hrinda áætluninni í framkvæmd. Þar þurfa öll ráðuneytin að koma að, fjölmiðlar, félagasamtök og fleiri að fylgja þessari áætlun eftir svo ég minnist ekki á vinnumarkaðinn því að það er margt sem að honum snýr.

Ég vil sérstaklega nefna það og finnst ástæða til að við ræðum það nánar þegar frv. til jafnréttislaga kemur til umræðu en það er hlutverk íslenskra fjölmiðla. Mér finnst að menn séu ofur viðkvæmir fyrir því að gagnrýna fjölmiðla og gera til þeirra kröfur. Það er kafli um þá í þessari framkvæmdaráætlun en eftir því sem ég best fæ séð er ekkert vikið að þeim í frv. til jafnréttislaga. Ég ætla ekki að fara að ræða það hér en vil taka undir það sem kom fram hjá hæstv. félmrh. að því miður er rödd Norðurlandanna orðin miklu veikari í þessum málum sem ýmsum öðrum. Mér fannst sjálfri nöturlegt í Kína að upplifa að rödd Svíþjóðar hafði þagnað, rödd sem hefur verið ákaflega sterk í jafnréttisumræðunni, þar talaði bara Evrópusambandið. En sem betur fer tóku Norðmenn og Íslendingar þar hlutverk sitt mjög alvarlega að tala fyrir hönd hins norræna módels ef svo má segja.

[14:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. þm. átti ekki að koma það á óvart þó að rödd Svíþjóðar yrði að þagna. Þeir eru komnir í annan

selskap. Þeir eru komnir í þann selskap að nú er það Evrópusambandið sem talar fyrir þá á alþjóðavettvangi, ekki á sænsku. Þetta er bara afleiðing af þeirra vali að gerast aðilar að Evrópusambandinu.

Ég tel að stuðningur íslenskra stjórnvalda við Peking-áætlunina sé mjög umtalsverður. Við viljum virkilega vinna samkvæmt áætluninni. Hitt er svo annað mál að það er náttúrlega alltaf hægt að hugsa sér það að verja meiri peningum til framkvæmdar á einstökum verkefnum eða þátttöku í alþjóðasamstarfi. En við verðum að skera okkur stakk eftir vexti því við höfum ekki ótakmarkað fjármagn. Því til sönnunar, að ríkisstjórnin sé viljug að vinna eftir framkvæmdaáætluninni, þá vil ég geta þess að í framkvæmdaáætlun um jafnréttismál sem við afgreiddum í fyrravor, góðu heilli, er í hverju einasta atriði hjá hverju ráðuneyti ráðherrann fús til að beita sér fyrir að verða við því sem þar er lagt fyrir. Ég tel að í félmrn. sé unnið í framhaldi af Valmiera-ráðstefnunni af fullum krafti. Mér er ekki kunnugt um hvernig það er hjá Sameinuðu þjóðunum. Það getur vel verið að við höfum ekki haft mannafla hjá Sameinuðu þjóðunum eða fjármuni til að taka þátt í öllu því starfi sem unnið er á vegum þeirra.

[14:18]

Útbýting þingskjala:

Háskóli Íslands, 509. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 821.

Háskólinn á Akureyri, 510. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 822.

Kennaraháskóli Íslands, 511. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 823.

Laun grunnskólakennara og fjármál sveitarfélaga.

Fsp. SJS, 467. mál. — Þskj. 772.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Í tilviki sveitarfélaganna hefur upp á síðkastið verið afar erfitt að gera landsfeðrunum til hæfis. Það er þannig að hæstv. félmrh. hefur opinberlega skammað sveitarfélögin fyrir ábyrgðarleysi í fjármálum og fyrir að gefa eftir gagnvart kröfum kennara og má þar benda á ummæli hans bæði á Alþingi og í sjónvarpsþætti 2. febrúar sl. Einnig hefur ráðherra bent á að sveitarfélögin hafi ekki fullnýtt tekjustofna sína eins og útsvar. Á sama tíma ætlar hæstv. forsrh. af göflunum að ganga þegar nokkur sveitarfélög, og þar með talin Reykjavík og Vestmannaeyjar, hækkuðu lítillega útsvarsprósentu sína. Talsmenn atvinnurekenda hafa tekið undir þennan kór að sveitarfélögin þurfi að rifa seglin í fjármálunum.

Ummæli hæstv. félmrh. sem ráðherra sveitarstjórnarmála koma náttúrlega sérstaklega á óvart í þessu sambandi. Hæstv. ráðherra sagði á Alþingi m.a.:

„Hins vegar hefur kröfuharka kennara í sumum tilfellum keyrt um þverbak. Þó eru þeir búnir að fá upp í 43% hækkun meðan ASÍ er með innan við 20%. Kröfuharkan hefur náttúrlega keyrt um þverbak og sveitarfélögunum er skapaður vandi með fjöldauppsögnum."

Í Deiglupætti að kvöldi 2. febrúar sl. lét hæstv. félmrh. einnig mörg athyglisverð ummæli falla. Þar sagði hæstv. ráðherra m.a:

„Sveitarfélögin verða náttúrlega að gá að sér. Það þýðir ekkert fyrir sveitarfélögin að reka sig svona áfram, framkvæma og hækka laun starfsmanna sinna án þess að hafa tekjur. Ríkisstjórnin kom lagi á ríkisfjármálin, stóð af sér þrýsting. Þetta er spurning um siðferðisþrek. Það þýðir ekki að láta undan. Það er óseðjandi hít. Menn verða að bíta á jaxlinn" sagði hæstv. félmrh. í þessu sambandi oft, í öllum tilvikum um sveitarfélögin. Hæstv. ráðherra sagði einnig: „Samkvæmt vinnulöggjöfinni eru hópuppsagnir ekki heimilar og gæti þetta ekki gerst á almennum vinnumarkaði. Má segja að það standi upp á Alþingi að setja lagaramma sem heldur."

Fleira mætti vitna í, herra forseti. Nú getur það verið skoðun hæstv. ráðherra að almennt launafólk þyrfti meiri kauphækkanir og deili ég að sjálfsögðu ekki við hann um það. En það er sérkennilegt að heyra ráðherra sveitarstjórnarmála ræða þessi mál eins og honum sé með öllu ókunnugt um þann vanda sem verið hefur uppi í grunnskólahaldi í landinu undanfarin ár hvað varðar að manna stöður og fá réttindafólk til starfa ekki síst út um landið. Hefur hæstv. ráðherra ekki heyrt af fólksflótta úr þessari grein?

Öll þessi ummæli, herra forseti, gefa tilefni til að spyrja hæstv. ráðherra, því við verðum að ætla að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar séu ábyrgir orða sinna, hvort sem um er að ræða félmrh. eða forsrh., og þeir blaðri ekki út í loftið um þessi mál ábyrgðarlaust. Ég spyr því hæstv. félmrh.: Telur ráðherra, samanber ummæli hans í umræðum á Alþingi þriðjudaginn 2. febr. sl. og ummæli í umræðuþætti í ríkissjónvarpinu að kvöldi sama dags, að laun grunnskólakennara séu of há? Ef svo er, hvað teldi ráðherra vera hæfileg laun fyrir grunnskólakennslu?

Í öðru lagi: Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir breytingum á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eða lögum um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla til að takmarka réttindi kennara eða annarra á sambærilegra hópa? Hvað þyddu ummæli ráðherra í því sambandi?

Í þriðja lagi: Telur ráðherra að sveitarfélögunum sé ekki treystandi til að vera viðsemjandi grunnskólakennara eða til að fara með samningsrétt yfirleitt?

[14:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það hvort laun grunnskólakennara séu of há, of lág eða mátuleg. Ég veit hins vegar að gengið er út frá því í samningum ríkis og sveitarfélaga að launapakki sveitarfélaganna sem ríkið viðurkennir er 7,8 milljarðar. Ef við gerum ráð fyrir því að um 20% af honum fari í launatengd gjöld og annað og grunnskólakennararnir og skólastjórnendur í landinu séu 3.300, þá er þetta um 2 millj. á haus ef jafnt væri skipt. Ég tek það fram að inni í þessari tölu eru líklega einir 200 eða hátt í 200 grunnskólastjórar. Þessi meðaltalstala eru ekki kennaralaun eingöngu. Þetta gerir þá 163 þús. kr. að meðaltali á haus. Fyrir utan þetta kemur staðaruppbót og sérkjarasamningar í einstökum sveitarfélögum.

Ég vakti athygli á því að launabreytingar hjá grunnskólakennurum hafa verið allt aðrar en á almennum markaði. Grunnskólakennararnir segjast hafa verið sveltir hjá ríkinu. Ég athugaði það líka hver launaþróun þeirra hefði verið miðað við aðra opinbera starfsmenn allt frá 1990. Frá 1990 og fram til yfirfærslunnar 1. ágúst 1996 hækkuðu laun grunnskólakennara 1% minna en var að meðaltali hjá opinberum

starfsmönnum. En vel að merkja, þeir höfðu í farteskinu umsamda launahækkun frá verkfallinu 1995 sem ekki var komið til framkvæmda þá.

Frá yfirfærslunni og til næstu áramóta munu grunnskólakennarar hækka samkvæmt almennum kjarasamningi um 33%. Á meðan hækkar ASÍ um 19%, leikskólakennarar um 27%. Þetta eru allt saman frjálsir samningar og ekki er ástæða til að gagnrýna þá. En hitt finnst mér gagnrýni vert þegar gerðir samningar eru ekki haldnir. Í sumum sveitarfélögum hafa kennarar beitt hópuppsögnum til knýja fram meiri hækkanir en samið hafði verið um og það var það sem ég var að gagnrýna. Þannig hafa kennarar í mörgum sveitarfélögum fengið 10% eða þar yfir til viðbótar við 33% sem um var samið. Grunnskólakennarar eru svo sem ekkert einir um þessar vinnuaðferðir, sem ég tel vera mjög ámælisverðar því gerða samninga eiga menn að halda og það veit ég að hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, formaður hins heiðarlega græna vinstra framboðs, er mér sammála um.

Samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eru hópuppsagnir til að knýja fram kjarabreytingar á samningstíma óheimilar. Í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru ekki jafnafdráttarlaus ákvæði um hópuppsagnir. Þau lög heyra undir hæstv. fjmrh. og fyrirspyrjandi ætti að beina spurningu til hans um breytingar á þeim lögum. Ég hef ekki forustu um það.

Samkvæmt beiðni kennaranna var samið á einu bretti við grunnskólakennara af launanefnd sveitarfélaga. Það var ósk kennarasamtakanna að svo yrði gert og þeir samningar tókust og voru samþykktir af báðum aðilum. Ég tel að þessi samstaða hafi riðlast núna og sum sveitarfélög hafi verið knúið til yfirborgana sem sum þeirra ráða við en önnur ekki.

[14:27]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég tel algerlega út í hött að saka kennara um eða gefa í skyn að kennarar séu að setja sveitarfélög á hausinn. Ég tel það út í hött í fyrsta lagi vegna þess að menn hafa verið og eru vonandi enn sammála um að menntun skiptir máli fyrir framfarir í landinu. Það er í öðru lagi út í hött vegna þess að eftir að sveitarfélög tóku við grunnskólunum fengu þau uppsafnaðan launavanda þar sem ríkið hafði í áratugi lítið sinnt launamálum kennara og skilið þá eftir sem láglaunastétt. Ég tel það í þriðja lagi út í hött vegna þess að þó að prósenta sé há gefur há prósenta af litlu lága upphæð. Á sama tíma hafa sveitarfélög fjárfest í steinsteypu. Á sama tíma hafa aðrir hópar siglt fram úr og þannig má áfram telja. Spurningin er því einfaldlega sú hvort menn meina eitthvað með því að menntun eigi að skipa fyrirrúm og hafa forgang, hvort menn meina eitthvað með því. Ef menn meina eitthvað með því á ekki að veitast að kennurum heldur að styðja við þá vegna sveitarfélaga, vegna fjölskyldna og vegna barna okkar.

[14:28]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Sem fjárlaganefndarmanneskja átti ég þess kost í haust að sitja fjárhagsráðstefnu sveitarfélaga. Kom mér þar mest á óvart á þeirri ráðstefnu að þar virtist vera fundinn sökudólgur með stórum staf að fjárhagsvandræðum sveitarfélaga yfirleitt. Kom þar hver stórhöfðinginn eftir annan og lýsti því yfir að það væru kennarar og samningamenn kennara sem væru að ríða sveitarfélögunum á slig. Mér kom þetta vægast sagt á óvart því að ég þekki það hvað kennarar hafa í laun. Ég þekki það að eftir allar þær prósentuhækkanir sem hæstv. félmrh. er búinn að draga hér saman, þá eru grunnskólakennarar eftir þriggja ára háskólanám með rúm 100 þúsund í laun, ef engin eftirvinna er sem víða er núna. Það er engin eftirvinna lengur eftir að skólar voru einsettir. Þetta gengur ekki svona ef við ætlum að gera góðan skóla betri á Íslandi.

[14:29]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta er umræða sem við ættum að taka öðruvísi á en í andateppustíl. Vegna orða ráðherrans ætla ég að leyfa mér að segja að það vita allir hvers vegna það gerist að heilar starfsstéttir segja upp, hvort heldur er í skólunum eða á sjúkrahúsunum eða í erfiðum umönnunarstörfum. Launamálin og ekki síst launamál kvenna eru stærstu verkefni sem við blasa núna og það eru þau mál sem helst er lögð áhersla á þegar stjórnmálamenn fara um sveitir og ræða við fólk almennt um stöðuna í landinu.

Það er alvarlegt að hlusta á þessar setningar sem málshefjandi hafði eftir ráðherranum, að bíta á jaxlinn gagnvart kröfum, vegna þess að mjög erfitt er að manna skólana með réttindafólki og það er líka afskaplega erfitt að manna leikskólana með réttindafólki og er alvarleg staða uppi þar. Á sama tíma segja allir flokkar og hv. Alþingi Íslendinga að menntamál eigi að hafa forgang og höfuðáhersla eigi að vera á menntaða kennara til að mennta börnin okkar.

[14:31]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að taka þetta mál upp í fyrirspurn. Tilvitnuð ummæli hæstv. félmrh. um kröfuhörku kennara voru ekki aðeins óskynsamleg og ósmekkleg heldur fyrst og fremst ósanngjörn og lítilsvirðandi í garð kennara vegna þess að þau gáfu það svo sannarlega til kynna að honum þættu kröfur kennara langt umfram tilefni.

Það er að sönnu hárrétt að kennarar hafa verið einarðir í kjarabaráttu sinni en það mátti öllum vera ljóst að þeir mundu halda áfram að sækja rétt sinn til sómasamlegra launa af fullri hörku í trausti þess að forsvarsmenn sveitarfélaga hefðu ríkari skilning en ríkisvaldið hefur sýnt á réttmæti þess að viðurkenna í verki mikilvægi kennarastarfsins og að þau mundu sýna skilning á breyttum aðstæðum þar sem kennarar hafa nú miklum mun minni möguleika til þess að auka heildarlaun sín en þeir höfðu áður. Það skiptir mjög miklu máli í þessu samhengi. Hæstv. félmrh. væri maður að meiri ef hann bæðist hreinlega afsökunar á ummælum sínum, sem ég veit að hafa komið mjög illa við kennara og reitt þá til reiði.

[14:32]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn sem sannarlega er þörf á að ræða í kjölfar umræðu utan dagskrár um daginn um fjármál sveitarfélaga. Því miður gat ég ekki tekið þátt í þeirri umræðu en hef lesið hana og kynnt mér m.a. ummæli hæstv. félmrh. í umræddum Deigluþætti.

Það er alveg ljóst fyrir mér og held ég fyrir flestum landsmönnum að sveitarfélögin þurfa meira fé til að hækka laun kennara hvort sem það verður gert með viðurkenningu á því að koma þurfi viðbótarfé frá ríki í kjölfar yfirfærslu grunnskólans eða með því að auka möguleika sveitarfélaga til aukinna tekna. Ég fagna því að flutningur grunnskólans til sveitarfélaga hefur opnað nýja möguleika fyrir kennara í

kjarabaráttu sinni. Það er eðlilega samkeppni á milli sveitarfélaga um kennara og ég held að þetta hafi vakið foreldra og alla landsmenn til umhugsunar um hvílík undirstaða það er að hvert sveitarfélag hafi góða kennara. Ég er mjög ánægð með að samningar eru hjá sveitarfélögunum. Þar eru mikil sóknarfæri og nauðsynleg fyrir kennara í þeirri stöðu sem mál þeirra eru nú vegna þess að yfirvinnumöguleikar eru mun minni.

Ég segi eins og fleiri hér, menntamál eru undirstaðan og þar eru laun og góð grunnmenntun algert grundvallaratriði.

[14:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það alvarlega í þessu máli er að menn stóðu ekki við kjarasamninga en það kann að snúast við og það ættu menn að hafa í huga. Það kann að snúast við þegar atvinnuástandið versnar og sveitarfélögin fara að segja fólki upp og ráða svo annað fólk á lægri launum. Það er hið alvarlega í málinu.

Svo má ekki gleyma því sem alltaf gleymist að opinberir starfsmenn njóta sérstakra lífeyriskjara sem svara til einum mánaðarlaunum á ári alla starfsævina. (**SJS:** Af hverju flýja þeir þá úr störfum?) Það er enn þá fullt af opinberum starfsmönnum í starfi. Ég veit ekki betur.

En það sem er verst er að kennarar sjá enga umbun fyrir sitt starf. Mjög margir kennarar eru mjög metnaðarfullir og vinna gott starf en það sést hvergi. Þessu þarf að breyta. Það þarf að breyta því þannig að það starf sjáist sem góðir kennarar inna af hendi og við þurfum ásamt með kennurum að vinna að því að ná fram meiri menntun fyrir börnin okkar, því ég hef grun um að hún sé ekkert sérstaklega góð. Meiri menntun fyrir sömu peninga.

[14:35]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er alltaf viðkvæmt að ræða launamál heilla stétta og sér í lagi þegar auðvelt er að benda á að vissulega þyldu þeir sem launin fá að fá hærri laun. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst töluverður tvískinnungur í þessari umræðu af hálfu sumra stjórnarandstæðinga. Ég vil nefna tvo sem sérstaklega hafa látið gamminn geysa og það eru hv. fyrirspyrjandi Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sem bæði hafa verið ráðherrar á undanförnum átta árum, annað í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar frá 1988–1991 og hitt ráðherra í síðustu ríkisstjórn. Alþfl. var í ríkisstjórn í átta ár samfleytt, frá 1987–1995. Eftir það stjórnartímabil eru launin eins og þau eru og menn geta haft sína skoðun á því hvort þau eru góð eða slæm. En ég hlýt að snúa spurningu hv. fyrirspyrjanda við og spyrja: Er þetta þá til marks um það að dómi þessara tveggja fyrrv. ráðherra, að launin hafi þá verið hæfileg? Ber að skilja ummæli þeirra þannig að það sem þeir skildu við hafi verið hæfilegt?

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er nú ekki ónýtt fyrir ráðherrann í Framsfl. að vera búinn að fá þennan fótgönguliða frá Vestfjörðum.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en ég verð að segja að mér fundust þau rýr í roðinu. Hæstv. ráðherra fjallaði um launapakka sveitarfélaganna eða til grunnskólakennslunnar brúttó og deildi svo í með höfðatölunni og verð ég að segja, herra forseti, að það eru ekki beinlínis nákvæmnisvísindi. Ég held að hæstv. ráðherra verði að reyna að gera betur ef hann ætlar að láta taka mark á sér.

Auðvitað eru laun almenns verkafólks á Íslandi óþolandi lág og það er til skammar hversu seint hefur gengið í þessu ríka þjóðfélagi að lyfta þeim. En það breytir ekki hinu að það þekkja allir þær aðstæður sem verið hafa í skólahaldi í landinu, flótta kennara úr greininni og ómannaðar stöður í tugum og hundruðum talið út um allt land. Það er ekki hægt að fjalla um þessa hluti eins og menn hafi verið á tunglinu og viti ekkert af þessum aðstæðum. Menn hljóta að þurfa að skoða kjarabaráttu grunnskólakennara í þessu ljósi. Annað er ekki raunhæft. Hún er náttúrlega nátengd baráttu fjölmargra umönnunar- og uppeldisstétta sem á undanförnum missirum og árum hafa reynt að bæta kjör sín þar sem flótti hefur verið úr viðkomandi greinum, stöður hafa verið ómannaðar o.s.frv. Menn verða að horfa á það eins og það er að kennarar verða ekki neyddir til starfa. Þeir hafa þann rétt að segja upp störfum sínum og hverfa til annarra og þeir gera það örugglega ekki að gamni sínu að fara í önnur störf en þau sem þeir hafa menntað sig til. Höfum það í hyggju.

Það liggur líka fyrir að miklar væntingar voru byggðar inn í flutning grunnskólans til sveitarfélaganna um bætt kjör kennara og efasemdarmenn um þann flutning voru barðir niður með því að þetta væri aðferð til þess að bæta kjör kennara.

Hæstv. ráðherra svaraði engu spurningu minni um hvað varðar stöðu sveitarfélaganna og samningsréttinn og það sem mátti skilja í máli hans að væri skortur á siðferðisþreki hjá sveitarfélögunum til að standa af sér þrýsting. Ég vona að hæstv. ráðherra svari því þá í seinni umferð.

Niðurstaðan er sú, herra forseti, að hæstv. ráðherrar tala í kross, skamma sveitarfélögin fyrir ábyrgðarleysi í fjármálum og fyrir að láta undan kröfum kennara í öðru orðinu en benda svo á að þau fullnýta ekki tekjustofna sína í hinu. Hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. hafa talað algerlega út og suður. Mér finnst, herra forseti, að hæstv. ráðherrar og forsvarsmenn ríkisstjórnar eigi ekki að komast upp með það að gera út með þessum hætti á hlutina eins og ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa gert og ég minni þar á ræðuhöld bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. á ráðstefnu sveitarfélaganna um fjármál, í nefndum sjónvarpsþáttum og hér í umræðum á Alþingi og svo skæting hæstv. forsrh. í garð sömu aðila.

[14:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það vill svo til að grunnskólinn er einn stærsti útgjaldaliður sveitarfélaganna. Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir upplýsti um skoðanir sveitarstjórnarmanna sem komu rækilega fram á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna. Það er ekki ég sem finn það upp að sveitarfélögin eigi erfitt með launakröfur kennara. Það eru sveitarstjórnarmennirnir sem kvarta við mig og þeir kvarta við hv. þm. Þær áhyggjur sem sveitarstjórnarmenn hafa af þessum samskiptum komu greinilega fram, eins og hún réttilega sagði frá.

Byrjendalaun í kennslu eru 110 þús. ef ég veit rétt, ef það eru margir sem ekkert hafa annað en það, þá eru sumir sem hafa töluvert meira þegar meðaltekjur meðalkennarans á landinu eru um 2 millj. Þá eru ýmsir sem eru töluvert hátt yfir 110 þús. Ég sagði í þessum sjónvarpsþætti, og var þá ekki bara að tala um kennara, fjarri því, ég var að tala um aðra útgjaldapósta líka og framkvæmdagleði sveitarfélaga, að menn yrðu að bíta á jaxlinn og harka af sér kröfur um

launahækkanir, um framkvæmdir og útgjöld. Það er rangt að standa ekki við gerða kjarasamninga og það er ekki hægt að bera á móti því að hér hefur verið um skipulagðar hópuppsagnir að ræða í ýmsum tilvikum. Það eru reyndar fleiri en kennarar sem hafa beitt því. Það eru meira að segja virðulegar heilbrigðisstéttir sem líka hafa gert það.

Sveitarfélögin reka grunnskólann yfirleitt af miklum metnaði og ég tel að það hafi verið rétt skref að færa grunnskólann til sveitarfélaganna. Sum þeirra hafa efni á því. Sum þeirra hafa möguleika á að auka tekjur sínar, eins og þau sem ekki hafa útsvar í toppi og það er allt í lagi með það meðan þau hafa efni á því. En þegar sveitarfélög eru komin í fjárþröng, þá verða þau að gæta sín og af þeim ber okkur að hafa áhyggjur.

Aðstaða fyrir ferðafólk í skóglendum ríkisins.

Fsp. MF, 461. mál. — Þskj. 760.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru fékk ég í hendur bréf þar sem fjallað er um stefnu og markmið Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal. Bréf þetta er dagsett á Egilsstöðum 16. nóvember 1998 og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Markmið Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal sem annars staðar eru:

að vernda það skóglendi sem fyrir er,

að auka umfang skóglendis með nytjaskógrækt í ýmsum tilgangi, svo sem til uppgræðslu og jarðvegsverndar, til viðarframleiðslu og til bindingar koltvísýrings,

að hirða um skóginn til að hann gefi af sér verðmætar afurðir,

að auðvelda almenningi aðgang að skóglendum, m.a. með því að skapa aðstöðu fyrir ferðafólk,

að stunda skógræktarrannsóknir."

Síðan segir í niðurlagi bréfsins:

„Þessi markmið fara oft vel saman og því tölum við um fjölnytjaskógrækt. Ekki liggur fyrir nákvæm langtímaáætlun um hvar skuli gera hvað og hvenær í löndum Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal en öll ofangreind markmið eiga þar við. Það er stefna Skógræktar ríkisins að halda áfram að vinna að þessum markmiðum eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum."

Virðulegi forseti. Það er einkum fjórða atriði þessara markmiðslýsinga Skógræktar ríkisins í Þjórsárdal sem ég vildi gera að umtalsefni þar sem þessi markmiðslýsing er í fullu samræmi við það sem gerist annars staðar eins og kemur fram í upphafi bréfsins en það er „að auðvelda almenningi aðgang að skóglendum, m.a. með því að skapa aðstöðu fyrir ferðafólk."

Ekkert kemur fram í bréfinu sem bendir til þess að Skógrækt ríkisins muni hafa samráð við heimamenn, við bændur eða þá aðila sem stunda ferðaþjónustu til að ná fram þessum markmiðum sínum þannig að Skógrækt ríkisins sé til sóma og til að auðvelda aðgang almennings en ekki síður til að skapa öflugt samstarf þeirra sem hafa verið að skipuleggja ferðaþjónustu í nágrenni við skóglendur ríkisins.

Verulega hefur færst í aukana að bændur, sem áður stunduðu hefðbundinn búskap, stundi nú vel skipulagða þjónustu við ferðamenn. Og nágrenni slíkrar þjónustu við skóglendi ríkisins eykur vissulega aðsókn almennings. Bændur njóta þess því jafnframt. Hins vegar virðist skorta á að Skógrækt ríkisins hafi samráð við þá aðila sem stunda ferðaþjónustu í tengslum við þessa uppbyggingu. Þess vegna hef ég leyft mér að bera upp eftirfarandi fsp. til hæstv. ráðherra:

„Um hvers konar aðstöðu er að ræða í markmiðslýsingu Skógræktar ríkisins um skóglendur í Þjórsárdal, sem og annars staðar, þar sem segir „að auðvelda eigi almenningi aðgang að skóglendum, m.a. með því að skapa aðstöðu fyrir ferðafólk" og hver mun sjá um viðhald og rekstur, ef einhver er?

Er um að ræða að Skógrækt ríkisins eigi og reki þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn? Ef svo er, þá hvar og hver er kostnaðurinn við reksturinn?

Er um að ræða samninga við einkaaðila um þjónustu við ferðamenn í skóglendum á vegum ríkisins? Ef svo er, í hve mörgum tilvikum og hvar hafa slíkir samningar verið gerðir og við hverja?"

Síðan er hér fjórða spurningin á þskj. Þetta er frekar ítarlegt og kannski ekki nægjanlegt tillit tekið til þess tíma sem hæstv. ráðherra hefur til að svara.

[14:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í lokaorðum hv. fyrirspyrjanda þá er fsp. nokkuð ítarleg og jafnvel margar spurningar undir hverjum tölulið.

Varðandi kveikjuna að fyrirspurninni sem hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir í upphafi síns máls, um aðstöðu Skógræktarinnar í Þjórsárdal, hef ég kannski ekki sérstök svör, heldur er þetta almennt svar við því sem hér er spurt um, um starfsemi og rekstur Skógræktarinnar og þjónustu við ferðamenn. Við komum að hinu aðeins síðar.

Fyrst er spurt um hvernig Skógræktinni gangi að standa við markmiðslýsingu sína um að auðvelda almenningi aðgang að skóglendum. Af hálfu Skógræktarinnar er þar einkum um að ræða gerð göngustíga í skógum, merkingar í skógum, við vegi og bílastæði. Starfsmenn Skógræktar ríkisins viðhalda stígum og merkingum en samstarf er við Vegagerðina um bílastæði.

Tjaldsvæði eru í fimm skóglendum ríkisins eða þjóðskógum, eins og við höfum kosið að kalla þessar skóglendur. Við erum að reyna að koma því nafni á. Það er í Selskógi í Skorradal, Vaglaskógi í Ásbyrgi, Hallormsstaðaskógi og í Þjórsárdal. Heimamenn á viðkomandi svæðum vinna við rekstur og viðhald tjaldsvæðanna, ýmist sem starfsmenn Skógræktar ríkisins eða samkvæmt samningi við Skógræktina. Hv. fyrirspyrjandi er kannski að velta því fyrir sér, þ.e. hvernig heimamenn koma að verkefnum Skógræktarinnar. Þar er reynt að eiga sem best samstarf. Ég kem hins vegar betur að því síðar í tengslum við að starfsemi og hlutverk Skógræktarinnar hefur breyst nokkuð á undanförnum árum.

Önnur spurningin var um hvort Skógræktin eigi eða reki þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn, en svo er ekki. Skógrækt ríkisins rekur ekki þjónustumiðstöðvar. Skógarverðir verða þó tilfinnanlega varir við að ferðamenn gera sífellt meiri kröfur. Rætt hefur verið um nauðsyn þess að setja upp þjónustumiðstöðvar en engar ákvarðanir verið teknar um það né um hver mundi reka þær ef af yrði.

Þá er spurt um samning við einkaaðila um þjónustu við ferðamenn í skóglendum ríkisins, eða þjóðskógum. Samningar við einkaaðila um þjónustu við ferðamenn í þjóðskógum hafa alloft verið gerðir. T.d. eru tvö hótel rekin í Hallormsstaðaskógi. Þar er einnig greiðasala og bensínstöð sem

og í Ásbyrgi. Eitt sinn var einnig hótel í Vaglaskógi en þar hefur greiðasala verið rekin um langt árabil af mismunandi aðilum. Í Ásbyrgi er útisamkomustaður sem Ungmennasambandið á svæðinu sér um og tjaldsvæði sem Náttúruvernd ríkisins rekur. Á þessu sést að þetta er mjög mismunandi eftir einstökum stöðum.

Undanfarin ár hefur verið rekstur á bátaleigu og hestaleigu í Hallormsstaðaskógi og hafa nokkrir aðilar komið að því. Tjaldsvæðin í Selskógi og Vaglaskógi eru rekin af heimamönnum. Þá hafa alloft verið útihátíðir í þjóðskógunum, einkum í Þjórsárdal, Atlavík og Vaglaskógi. Allt er þetta samkvæmt samningum einkaaðila við Skógrækt ríkisins. Af augljósum ástæðum eru þessir samningar flestir í fjölsóttustu þjóðskógunum, þ.e. á Hallormsstað, í Vaglaskógi og Ásbyrgi, sem jafnframt er hluti þjóðgarðs.

Árið 1998 stóð Skógrækt ríkisins að samningum við eftirtalda aðila um þjónustu við ferðamenn: Samningur var við tvo aðila í Hallormsstaðaskógi, við Fosshótel og skólanefnd hússtjórnarskólans í Hallormsstað. Samið var við Ungmennasamband Norður-Þingeyinga um aðstöðu í Ásbyrgi og við eina ríkisstofnun, þ.e. Náttúruvernd ríkisins um aðstöðuna í Ásbyrgi eins og áður var getið. Þá voru gerðir samningar við fimm einstaklinga um tjaldsvæði, greiðasölur og bensínstöðvarekstur, hestaleigu og bátaleigu á eftirtöldum stöðum: Í Selskógi, í Vaglaskógi, í Ásbyrgi og á Hallormsstað.

Miklu máli skiptir við hvaða einstaklinga er samið um að reka þjónustu við ferðafólk í þjóðskógunum þar sem viðkomandi verður um leið nokkurs konar andlit Skógræktarinnar, málsvari hennar gagnvart ferðafólki.

Síðasti liður fsp. var um hvort aðstaða fyrir ferðafólk í skóglendunum væri byggð upp í samráði við heimamenn. Þetta er nokkuð misjafnt. Göngustígar eru yfirleitt ekki gerðir í samráði við heimamenn, aðra en skógarverði sem gjarnan eru búsettir á svæðinu, né er haft samráð um merkingar. Tjaldsvæðin eru gömul og urðu þau í Atlavík, Ásbyrgi, Vaglaskógi og Þjórsárdal upphaflega til vegna útisamkoma heimamanna og annarra. Þau hafa síðan þróast í að vera opin fyrir ferðamenn allt sumarið. Tjaldsvæði er skipulagsskyld aðstaða þannig að sveitarstjórnir á viðkomandi svæðum koma að skipulagningu þeirra og öllum breytingum á þeim. Skógarverðir hafa unnið með skipulagsarkitektum að gerð skipulagsáætlana þar sem um lönd Skógræktar ríkisins er að ræða. Skógarverðir hafa verið í virku samstarfi við ferðamálafélög á sínum svæðum. Mest tengsl eru þó við nágranna viðkomandi skóglendna.

Í öllum þjóðskógum, þar sem einhver starfsemi er rekin, er gömul hefð fyrir því að fólk í viðkomandi sveitum vinni í skógunum. Hér er bæði um sumarstörf unglinga að ræða og heilsársstörf. Þetta hefur skipt miklu, bæði fyrir atvinnulíf og byggð á þessum svæðum. Því miður hefur, með breyttum áherslum í skógrækt, þ.e. aukinni áherslu á styrki beint til bænda og minni áherslu á skógrækt á vegum Skógræktar ríkisins, dregið úr þessum störfum síðustu áratugina og þau færst frá stofnuninni yfir til bændanna sjálfra. Út af fyrir sig er það góð þróun en breytir hins vegar nokkuð hlutverki Skógræktarinnar.

Því miður, hæstv. forseti, svarar þetta kannski ekki nákvæmlega því sem hv. fyrirspyrjandi var að velta fyrir sér. Ég reyndi þó að svara af bestu samvisku miðað við það hve viðamikil fyrirspurnin er.

[14:53]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Skógrækt ríkisins, Náttúruvernd og Náttúruverndarráð, sem nú er Náttúruvernd ríkisins, hafa á liðnum áratugum haft forgöngu um uppbyggingu og aðstöðu fyrir ferðafólk á lendum sínum og gefið gott fordæmi eftir því sem fjárráð hafa leyft. Þau hafa vissulega verið allt of knöpp, ekki síst til að reka aðstöðu fyrir ferðafólk. Samvinna við heimaaðila er auðvitað nauðsynleg og réttmæt en mér finnst ekki sjálfgefið að það sé allt sett í hendur einkaaðila, allur rekstur á lendum bæði Skógræktar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins. Það er álitaefni hvort ekki beri að standa sem myndarlegast að uppbyggingu ferðaþjónustu á vegum hins opinbera í samvinnu við einkaaðila, eftir atvikum. Mér finnst anda óþarflega köldu í garð þessa rekstrar. Mér finnst það vaka að baki þessari fsp. að einhverju leyti. Ég bíð nú eiginlega eftir því að fram komi tillögur um að selja ríkisskógana til þess að spara í ríkiskassanum.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá þeim hv. þm. sem hér talaði síðast að það andaði köldu frá þessari fsp. Hér er aðeins verið að spyrja um samráð Skógræktarinnar við heimamenn. Þetta er því óþarfa útúrsnúningur, virðulegur forseti.

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og biðjast jafnframt afsökunar á því hve fsp. var viðamikil, miðað við að farið var fram á munnleg svör en ekki skrifleg. Ég vil ekki hafa það á samviskunni að sprengja hæstv. ráðherra á þessum stutta tíma sem hann hefur til svara.

Hins vegar er það alveg rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að hann kom ekki beinlínis inn á það sem var kveikjan að þessari fsp., en það er m.a. skipulag og framkvæmdir vegna ferðaþjónustu eða aðgengi almennings í skóglendum í Þjórsárdal og öðrum þjóðskógum. Skóglendur þær sem nú eru í eigu og umsjá ríkisins verka aðlaðandi fyrir ferðamenn. Við höfum hvatt bændur og aðra til að auka ferðaþjónustuna. Bændur hafa tekið hana upp í auknum mæli, m.a. vegna þess niðurskurðar sem hefur verið í hefðbundnum búgreinum. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann væri tilbúinn að skoða hvort stofna ætti samstarfsráð heimamanna og fulltrúa Skógræktar ríkisins og reyndar annarra sem vinna í ferðaþjónustunni svo sátt megi ríkja um framkvæmdir eins og göngustígamerkingar, bílastæði, tjaldsvæði og annað. Þær þurfa að vera í fullu samræmi við það sem heimamenn eru að vinna, ýmist einir og sér eða á vegum sveitarfélaga.

[14:57]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Út af hlutverki Skógræktar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins í sambandi við ferðaþjónustuna, sem hv. 4. þm. Austurl. kom inn á, vildi ég taka fram að ég tel mikilvægt að þessar stofnanir eigi gott samstarf við ferðamálayfirvöld og ferðaþjónustuna almennt til að aðgengi ferðafólks sé sem best að þessum svæðum. Ég veit að forráðamenn þessara stofnana vilja það. Skógrækt ríkisins hefur lagt á það áherslu að opna skógana. Þeir hafa beinlínis gert átak til að auðvelda þar aðgengi.

Í sambandi við uppbyggingu á þessum svæðum, eins og hv. 4. þm. Austurl. sagði hér, að standa ætti myndarlega að uppbyggingunni, þá hafa fjármunir til þessara stofnana verið það takmarkaðir að þurft hefur að forgangsraða verkefnun-

um. Auðvitað þarf að spyrja hver aðkoma ferðamálayfirvalda að þessum málum ætti að vera. Á það aðeins að vera hlutverk landbrn., umhvrn. og yfirvalda á því sviði? Hér þyrfti að samræma sjónarmiðin.

Varðandi spurningar hv. fyrirspyrjanda, hv. 5. þm. Suðurl., um samstarf við heimaaðila, ítreka ég það sem ég tæpti á í svari mínu áðan, að mikilvægt sé að Skógræktin sé í góðu samstarfi við heimaaðila eftir því sem mögulegt er. Það hefur verið mikið. Ég þekki það vel, t.d. norður í Fnjóskadal, á Vaglaskógarsvæðinu, hve þýðingarmikið það hefur verið fyrir atvinnulíf og byggð þar.

Áherslurnar hafa færst mjög í þá átt, sem ég gerði einnig grein fyrir, að hlutverk Skógræktar ríkisins er að breytast. Hún er að verða meiri ráðgjafar-, leiðbeiningar- og þjónustustofnun en framkvæmdaraðili. Verkefnin sjálf eru síður á vegum Skógræktarinnar.

Varðandi þá hugmynd að komið verði á samstarfsráði, vil ég benda á að í dag eða á morgun verður dreift frv. um þessi mál, þ.e. um lög um skógrækt og skógvernd, eins og það heitir. Þá er kjörið tækifæri til að skoða hvernig þetta gæti verið, ef menn vilja finna slíku lagastoð.

[14:59]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að bæta tengsl atvinnulífs og einkalífs, 495. mál, þáltill. KÁ, þskj. 805.

Löggæslumenn í Kópavogi, 506. mál, fsp. MagnM, þskj. 818.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 390. mál, svar forsrh., þskj. 808.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 389. mál, svar forsrh., þskj. 809.

Útflutningur á íslenskri dægurlagatónlist, 505. mál, þáltill. MagnM, þskj. 817.

Náttúrugripasafn Íslands.

Fsp. ÁE, 429. mál. — Þskj. 705.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um Náttúrugripasafn Íslands.

Það er, herra forseti, til vansa hvernig staðið hefur verið að málum Náttúrugripasafnsins. Það þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um það að myndarlegt náttúrugripasafn er hlutur sem tilheyrir sérhverri menningarþjóð og þjóð sem getur ekki haft þessa hluti í góðu lagi getur vart talist slík.

Náttúrugripasafnið er mjög merkileg stofnun og má rekja sögu þess yfir 100 ár og allt til Kaupmannahafnar í upphafi náttúruvísinda hérlendis með formlegum hætti, m.a. með stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Safnið sjálft hefur verið á hrakhólum í áratugi og má nefna að árið 1960 var safninu lokað, pakkað í kassa og geymt þannig í sjö ár. Síðan var því komið fyrir í bráðabirgðahúsnæði við Hlemm 1967 og hefur verið þar síðan og í óbreyttu ástandi frá 1989.

Á 100 ára afmæli Hins íslenska náttúrufræðifélags kom fram stefnumörkun frá þáv. menntmrh., Svavari Gestssyni, þar sem kynntar voru áætlanir um að hafist yrði handa um að reisa myndarlegt náttúrugripasafn og það yrði sameign Náttúrufræðistofnunar, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Lítið hefur bólað á efndum en ýmsir þingmenn hafa lagt mjög af mörkum til að knýja á um þetta mál og er ekki hallað á neinn þó að nafn hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sé sérstaklega dregið fram en hann hefur barist mjög fyrir þessu máli. Ég hef því leyft mér að bera fram þá fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort úrbóta sé að vænta, og þá hverra og hvenær, í húsnæðismálum Náttúrugripasafnsins en það hefur verið í bráðabirgðahúsnæði. Ég spyr einnig um hvort fyrirhugaðar séu breytingar á starfsemi safnsins, svo sem lagabreytingar, aukning umsvifa eða ráðning aðila til að bera ábyrgð á daglegum rekstri þess. Í þriðja lagi hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að reist verði myndarlegt náttúrugripa- og fiskasafn sem nýtist sem vísinda- og sýningarsafn. Og í fjórða lagi hvort ráðherra sé reiðubúinn að beita sér fyrir úttekt á áhrifum veglegs náttúrugripasafns sem hluta af ferðaþjónustu.

Allir þessir þættir eru mjög mikilvægir og ég tel brýnt að við reisum hið fyrsta myndarlegt náttúrugripasafn sem er samhliða sædýrasafni og áhrif þess bæði á ferðamannastraum og til vísinda og rannsókna eru hafin yfir allan vafa. Það hefur verið mjög slæmt hvernig þessum málum hefur verið fyrir komið og menn hafa ekki sinnt þeirri skyldu sinni gagnvart náttúruvísindum hérlendis að standa almennilega að safnamálum.

[15:04]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, hv. 11. þm. Reykn., eins og hann hóf mál sitt, að það er vissulega til vansa hvernig staðið er að húsnæðismálum þessa mikilvæga safns. Ég hef gert nokkrar atlögur að því máli þann tíma sem ég hef setið í stóli umhvrh. og leitað eftir tillögum og hugmyndum og reynt að bera þær á borð þar sem ég hef talið að þær ættu heima og leitað eftir stuðningi, bæði um að fá eldra húsnæði fyrir safnið og hugmyndir um nýbyggingu fyrir það. Ég veit að forverar mínir, eins og var vitnað til í fyrirspurninni, hafa margir hverjir einnig lagt á þetta áherslu, bæði meðan málin heyrðu undir menntmrh., eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi, og sjálfsagt einnig forverar mínir í stóli umhvrh. og ég veit reyndar að ákveðin hugmynd var nokkuð langt komin í tíð fyrri ríkisstjórnar um samstarf við háskólann og Reykjavíkurborg en það samstarf brotnaði upp að ég hygg að segja megi vegna ósamkomulags milli fulltrúa stjórnarliðsins sem þá fóru með málið en rek ekki þá sögu hér frekar.

Ég hef sem sagt talið brýnt að reyna að leysa úr húsnæðismálum Náttúrugripasafnsins. Í upphafi síðasta árs, og það er það síðasta sem hefur verið unnið að á undanförnum mánuðum, lagði ég tillögu fyrir ríkisstjórnina um að gerð yrði tímasett áætlun og tekin ákvörðun um varanlega lausn á húsnæðisvanda safnsins, annaðhvort með byggingu nýs húsnæðis fyrir safnið eða á endurbótum á hentugra og eldra húsnæði. Ríkisstjórnin ákvað að málið yrði kannað betur af ráðuneytisstjórum þriggja ráðuneyta, umhvrn., menntmrn. og fjmrn., og að þeir gerðu tillögu um framgang þess. Ráðuneytisstjórar umhvrn. og fjmrn. lögðu síðan til í september sl. að lög um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga yrðu endurskoðuð og það svigrúm sem væntanlega skapaðist við að lögin féllu úr gildi 31. desember 1999 yrði notað til þess að afla fjár til byggingar nýs náttúrugripasafns. Tillagan gerði jafnframt ráð fyrir að fljótlega yrði hafist handa við undirbúning og að ný bygging gæti verið tilbúin og safnið tekið til starfa í nýju húsnæði á árunum 2004–2005. Eftir nánari athugun málsins og viðræður við menntmrh., sem fer

með umrædd lög, kom í ljós að þau verkefni sem nú blasa við að taka þurfi á vegna endurbóta á menningarbyggingum voru svo umfangsmikil að tekjustofn sem lögin mynduðu gerði vart meira en að duga til þeirra á næstu árum og hv. þingmenn þekkja síðan breytingar sem gerðar voru á þeim lögum í vetur.

Í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á síðasta ári um ráðuneytisstjóranefndina og samkvæmt tillögu nefndarinnar mun ég taka málið upp aftur í ríkisstjórninni nú á næstu dögum með nýjum tillögum um framgang málsins, en það er skammt síðan ég átti fund með menntmrh. um þau mál.

Þess má geta að samkvæmt áætlun um byggingu nýs húss undir náttúrugripasafn er kostnaður við bygginguna talinn geta orðið á bilinu 700–900 millj. kr. þannig að hér er um verulegt átak að ræða sem vissulega þarf að gera því að sýna þarf þessu safni fullan sóma.

Sem svar við annarri spurningu hv. fyrirspyrjanda verður að segja að ekki eru ákveðnar neinar breytingar á starfsemi safnsins eða hlutverki þess í sambandi við hugmyndir um lagabreytingar. Safnið er í umsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands en þess ber þó að geta að ríkisstjórnin hefur nýlega ákveðið að skipa nefnd til að undirbúa rammalöggjöf um safnamál að frumkvæði menntmrh. Verði tekin ákvörðun á næstunni um að bæta húsnæðisvanda safnsins og jafnframt sett rammalöggjöf um safnamál er óhjákvæmilegt að einhverjar breytingar verði á starfsemi, umsvifum og rekstri þess.

Þá er spurt um hvort ráðherra muni beita sér fyrir að reist verði myndarlegt náttúrugripa- og fiskasafn sem nýtist sem vísinda- og sýningasafn. Sem svar við þeim lið fyrirspurnarinnar hef ég og mun áfram vinna að því að reist verði náttúrugripasafn sem hýsi alla þætti íslenskrar náttúru, þar með talda fiska. En þar með er ég þó ekki að segja að þar verði komið upp safni lifandi fiska, eins og t.d. í Vestmannaeyjum, ég veit ekki hvort beinlínis er nauðsynlegt að setja upp slíkt safn á tveimur stöðum. En þá er líka verið að ræða um umfangsmeiri og vandasamari rekstur en hingað til hefur verið rætt um í tengslum við Náttúrugripasafnið. Þetta er þó auðvitað sjálfsagt til skoðunar eins og fleira við hugmyndir um framtíðarfyrirkomulag.

Náttúrugripasafn í hefðbundinni merkingu þess orðs er fyrst og fremst hugsað sem sýningar- og fræðslusafn sem höfðar til almennings en síður sem vísindasafn. Náttúrufræðistofnun Íslands er samkvæmt lögum gert skylt að byggja upp vísindasafn og eðli málsins samkvæmt verður vísindasafn alltaf nauðsynlegur bakhjarl fyrir sýningarsafn og því er nauðsynlegt að huga vel að því hvernig tengsl eigi að vera milli þessara tveggja sýningarþátta.

Að lokum spyr hv. fyrirspyrjandi um samstarf við ferðaþjónustu. Þar er svarið að megintilgangur Náttúrugripasafnsins er að veita fræðslu um náttúru landsins og samskipti manns við náttúruna. Augljóst er hins vegar að tilvist veglegs náttúrugripasafns með góðri sýningaraðstöðu mun draga að sér ferðamenn í ríkum mæli, um það eru allir sammála sem fjallað hafa um gildi Náttúrugripasafnsins. Ég tel því eðlilegt að í tengslum við gerð náttúrugripasafns verði gerð könnun á áhrifum slíks safns á þessa atvinnugrein. Ég tel þó eðlilegra að aðilar í ferðaþjónustu skoði þetta út frá áhrifum á greinina eða ferðaþjónustuna í samstarfi og samráði við umhvrn. Mér er reyndar ekki kunnugt um að hve miklu leyti þau sjónarmið hafa verið til hliðsjónar eða verið uppi við vinnslu þeirra hugmynda sem hingað til hefur verið unnið eftir.

[15:10]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn. Hún er sannarlega tímabær til að hreyfa enn og aftur við þessu máli. Hér var á sínum tíma, um vorið 1985, flutt tillaga af tíu þingmönnum úr öllum flokkum sem kom hreyfingu á þessi mál sem leiddi til þess að vönduðum undirbúningi undir náttúruhús í Reykjavík var lokið 1991–1992 með mikilli vinnu nefnda, fleiri en einnar. Ég var formaður í einni þessara nefnda sem skilaði af sér 1990. Víðtækt samkomulag hafði tekist milli Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands ásamt ríkinu að standa að slíku náttúruhúsi. Fé var komið inn á fjárlög ríkisstjórnarinnar 1991–1992, minnir mig, en þá gerðist sá hörmulegi atburður að einn hv. þm. sem sæti átti í fjárveitinganefnd, Gunnlaugur Stefánsson, þm. Alþfl., barðist um á hæl og hnakka þangað til þessi fjárveiting var tekin út og málið var kveðið niður og kom ekki aftur á dagskrá þeirrar ríkisstjórnar þrátt fyrir eftirrekstur.

Á umhverfisþingi 1996 var 9. nóvember samþykkt tillaga sem ég flutti um að taka þráðinn upp að nýju og hæstv. umhvrh. tók mjög undir það. Það er sannarlega rétt skelfilegt til að vita hvernig að þessum málum hefur verið staðið á undanförnum árum og hefur ekki enn rofað til, ef marka má svör hæstv. ráðherra.

[15:11]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn og mér finnt mjög gott að þessu máli sé hreyft. Sú saga sem hér hefur komið fram er mikil hörmungarsaga því að það er alveg ljóst að þegar hugsað er um kennslu í náttúrufræðum og það að auka skilning barna og fullorðinna á hinni merku náttúru Íslands er fátt betur til þess fallið en gott náttúrugripasafn.

Það voru orð hæstv. ráðherra um fiskasafnið sem kveiktu í mér. Mér finnst að menn megi ekki láta það aftra sér að koma upp lifandi fiskasafni hér þó að hið merka fiskasafn sé til í Vestmannaeyjum heldur frekar að læra af reynslunni þar og hvað það hefur verið stórkostleg lyftistöng fyrir náttúrufræðikennslu, ég tala nú ekki um fyrir ferðaþjónustuna því safnið er auðvitað eitt það merkilegasta sem er að sjá í Vestmannaeyjum. Ég vil því hvetja til þess þegar farið verður að huga að þessum málum fyrir alvöru, sem vonandi verður sem allra fyrst, þá hafi menn það með í dæminu að koma upp lifandi fiskasafni. Það er auðvitað dýrt og kallar á ákveðna sérfræðiþekkingu og fleira slíkt en það er held ég með því besta sem hægt er að gera hér og til að minna Íslendinga á það á hverju við lifum og hvað er í vötnum og í sjónum kringum Ísland.

[15:13]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli en verð þó að geta að í fyrstu spurningunni sýnist mér vera fullyrðing sem ekki stenst, sem er kannski prentvilla, þar sem stendur: „... m.a. frá árinu 1992 þegar Náttúrugripasafnið (sýningarsafn) var gert að sameign Náttúrufræðistofnunar Íslands, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands.“ Það var aldrei samþykkt.

Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort rætt hafi verið um frekara samstarf vegna þess að nú verður Reykjavík menningarborg Evrópu á næstunni og þar á að leggja sérstaka áherslu á menningu og náttúru og er erfitt að sjá hvernig það verður gert án þess að tekið verði sérstaklega á þessum málum. Það eru engir sérstakir fjármunir

settir í Náttúrugripasafn Íslands á fjárlögum. Það er bara innan ramma sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur á meðan það eru framlög til náttúrugripasafna sem staðsett eru úti á landsbyggðinni, sem var einmitt ástæða þess að hv. þáv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, barðist á sínum tíma á móti þessu. Hann vildi að safnið yrði staðsett úti á landi.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Því miður get ég ekki gert mikið með svör hæstv. ráðherra. Segja má um þetta safn eins og stundum hefur verið haft á orði að þetta sé safnið sem gleymdist. Fjögur söfn voru í Safnahúsinu, þetta er eina safnið sem hefur verið á hrakhólum í áratugi. Verður það áfram?

Engin stefnumörkun kom fram af hálfu ráðherra. Ég hvet hann til þess, þar sem ráðherratímabili hans er nú að ljúka, að gera gangskör að þeim tillöguflutningi og tryggja fjármagn til að leysa vanda Náttúrugripasafnsins.

Vitaskuld á að vera hér náttúrugripasafn og fiskasafn þótt fiskasafn sé í Vestmannaeyjum og þarf ekki að hafa mörg orð um það. Margir ferðamenn koma einmitt til Íslands vegna náttúru landsins. Og að þeir geti ekki séð náttúrgripasafn, veglegt náttúrugripasafn með öllu því sem fylgir íslenskri náttúru er ekki einungis til vansa heldur erum við að hafa af því fjárhagslegt tjón.

Ég skildi svar hæstv. ráðherra þannig að hann vilji beita sér fyrir að gerð verði úttekt á áhrifum safnsins á ferðamálaþjónsutu. Ég fagna því að það verði gert. Ég vil líka benda á að hann sagði ekkert um að hann vildi breyta lagaumgjörðinni. Ég tel miður að ekki hafi náðst sú samstaða sem stefnt var að 1992 með háskólanum og Reykjavíkurborg sem ég vitnaði til áðan. Það þurfa e.t.v. fleiri aðilar að koma að málinu. En frumkvæðið og þorið verður vitaskuld að vera hjá hæstv. ráðherra.

Ég vænti þess og vona að þessi umræða geti orðið hvati að því að menn taki höndum saman og búi þessu safni, sem á svo merkilega sögu í samfélagi okkar, verðuga umgjörð og væri ekki úr vegi að miða við aldamótaárið og vera þá búin að leysa vandamál náttúrugripasafnsins til frambúðar.

[15:17]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil einnig þakka fyrir umræðuna og þær brýningar sem ég hef fengið í ræðustól frá hv. þm. Reyndar held ég að fleiri hefðu þurft að hlusta á þær brýningar því að þegar hv. fyrirspyrjandi segir að þetta sé safnið sem gleymdist get ég að hluta til tekið undir það en vil þó segja við hann að það er ekki gleymt í umhvrn., ég hef ekki gleymt þessu safni. Ég hef margsinnis verið með það til umfjöllunar á þeim vettvangi þar, eins og ég sagði reyndar í upphafi máls míns áðan, sem ég hef talið nauðsynlegt að reyna að koma því á framfæri og minna á það. En ég verð þá að játa á mig um leið að vera ekki nógu mikill baráttumaður til þess að það frumkvæði hafi leitt til nægjanlegs árangurs og það er auðvitað rétt.

Hins vegar vil ég aftur minna á að um er að ræða stórt verkefni, verkefni sem kostar kannski upp undir einn milljarð kr. og við erum auðvitað að glíma við ýmis stór verkefni þannig að það þarf að forgangsraða. Umhvrn. hefur á undanförnum árum tekið til sín sífellt meiri og meiri fjármuni, þó að ekki veitti af. Sumir hafa jafnvel sagt að það þyrfti að vera enn meira og auðvitað má segja það um ýmsa málaflokka. Þá verður líka að segja að sumum hefur vaxið í augum hve miklir fjármunir hafa smám saman verið að renna til þessa málaflokks. En auðvitað sjá menn að það er brýn þörf og hefði í mörgum tilvikum þurft að vera enn meira eða enn betra.

Ég vildi aðeins undirstrika enn frekar að ég mun halda áfram að glíma við þetta mál á þeim tíma sem ég á eftir í stóli umhvrh. Varðandi hugsanlega samninga við t.d. Reykjavíkurborg, sem spurt hefur verið um, er það rétt að á sínum tíma var komið þetta samkomulag við Reykjavíkurborg og háskólann. Það var hins vegar ekki svo naglfest að það væri orðin sameign þessara stofnana og þær væru áfram tilbúnar til þess að vinna að verkefninu. Eftir að slitnaði upp úr því á árinu 1992, eða hvenær það nú var, hefur ekki tekist að endurnýja það. Ég hef hins vegar átt í þessari glímu minni m.a. fundi með borgarstjóra, sem hefur sýnt málinu áhuga þannig að ég vona að hægt verði að koma þessu í einhvern farveg á næstu dögum eða vikum. En við vitum þó að við erum með nýlega afgreidd fjárlög sem gera ekki ráð fyrir fjárveitingu í þetta þannig að það er þá verkefni þeirra sem glíma við næstu fjárlög að reyna að koma þessu máli þar inn þannig að það sé varanlegt og til einhvers gagns.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Fsp. KÁ, 448. mál. — Þskj. 746.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Undir lok síðasta þings var samþykkt ný framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ég vil geta þess að ég hef lagt fram fyrirspurnir til allra ráðherra ríkisstjórnarinnar um það hvernig gengur að framfylgja áætluninni.

Kaflinn um umhvrn. er býsna rýr en þó var að finna í þeirri tillögu sem kom upphaflega fram lið þess efnis að stofnuð yrði jafnréttisnefnd í ráðuneytinu og stofnunum þess. Rétt er að geta þess að þessi tillaga varð félmn. fyrirmynd og tillögu sama efnis, en svolítið öðruvísi orðaðri, var bætt við inn í alla kafla, þ.e. inn í kafla allra ráðuneytanna.

Nú er tæplega ár liðið frá því að framkvæmdaáætlunin var samþykkt og því finnst mér orðið tímabært að spyrja hvernig gengur að framfylgja henni. Því spyr ég hæstv. umhvrh.:

„Hvað líður störfum jafnréttisnefndar ráðuneytisins, hverjir skipa hana og við hvaða verkefni hefur hún fengist, sbr. lið 12.1 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna?“

[15:22]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda er verið að spyrjast fyrir um aðgerðir í einstökum ráðuneytum því að eins og hv. þingmenn vita þá fer umhvrh. ekki með jafnréttismálin í ríkisstjórninni en þarf auðvitað að fjalla um það sem heyrir undir ráðuneyti hans. Og fsp. er beint til mín munnlegri en öðrum fsp. held ég flestum skriflega. Ég hef m.a. nýlega gengið frá skriflegu svari til hv. fyrirspyrjanda fyrir hönd landbrn.

Hér er sérstaklega spurt um er hvernig hafi gengið að framkvæma þessi mál og hvert sé hlutverk jafnréttisnefndar umhvrn. Þá er rétt að undirstrika að ráðuneytið skipaði þriggja manna jafnréttisnefnd til þess að vinna að þessum

málum. Því miður hafa orðið nýlega tvær mannabreytingar í nefndinni þar sem tveir af þeim fulltrúum sem upphaflega voru tilnefndir hafa látið af störfum í ráðuneytinu og vinnan því kannski ekki verið nægjanlega samfelld eða af jafnmiklum krafti eins og ella hefði orðið. En nú eiga sæti í nefndinni Danfríður Skarphéðinsdóttir, Ingibjörg Ólafsdóttir og Hugi Ólafsson.

Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi varðandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem gildir fyrir tímabilið 1998–2002 samkvæmt áætluninni eins og hún liggur fyrir og því sem beint er til umhvrn.:

Að sjá til þess að gerðar verði starfsmannaáætlanir fyrir stofnanir ráðuneytisins sem miði að því að jafna stöðu kvenna og karla.

Að halda uppi umræðum og fræðslu um jafnréttismál.

Að safna upplýsingum um stöðu jafnréttismála í stofnunum.

Að koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti.

Að koma af stað átaki til þess að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum þar sem stefnumótun varðandi framtíð umhverfismála á sér stað og ákvarðanir eru teknar.

Nokkuð hefur verið unnið að upplýsingaöflun á undanförnu ári í kjölfar þessarar þáltill. og þessarar áætlanagerðar. Áfram er haldið við vinnu að framangreindum liðum framkvæmdaáætlunarinnar. Reynt verður í framhaldinu að hvetja stofnanir ráðuneytis enn frekar en hingað til til þess að taka tillit til þeirra atriða sem að þeim snúa í þessari framkvæmdaáætlun. Þannig að verkið er í gangi, nefndin er að störfum.

Varðandi annars vegar mannaráðningar og hins vegar nefndastörf er rétt að taka fram að af sex nýjum starfsmönnum, sem ráðnir hafa verið á undanförnum árum á aðalskrifstofu ráðuneytisins, þ.e. á þeim tíma sem ég hef setið þar, er aðeins einn karlmaður en fimm konur sem hafa verið ráðnar til starfa. Fjórar af þeim fimm nýju konum sem ráðnar hafa verið til starfa í ráðuneytinu eru háskólamenntaðir starfsmenn þannig að ég hygg að þar hafi nokkuð skipt um hvað varðar samsetningu starfsfólks. Varðandi nefndirnar sem koma að stefnumótuninni, eins og greint er frá í framkvæmdaáætluninni, er því til að svara hvað varðar átak til að fjölga konum í stjórnum, nefndum og ráðum, að alls voru 34 konur í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum umhvrn. í lok árs 1996, en á tveimur árum eða í lok árs 1998 hafði þeim fjölgað svo að það voru alls 88 konur í stjórnum, nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins. Hér tel ég að hafi orðið veruleg breyting á hvað þetta varðar, hvort sem þakka má það þessari framkvæmdaáætlun sérstaklega eða þeim viðhorfsbreytingum sem eru vissulega í þjóðfélaginu. Vil ég undirstrika að við vinnum að þessari framkvæmdaáætlun og það ágæta fólk sem skipar nefndina vinnur að málinu.

[15:26]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir þessi svör. Ég get ekki sagt annað en að ég er býsna ánægð með að heyra að bæði hefur konum fjölgað verulega í nefndum — ég hefði náttúrlega þurft að fá fjölda karlmannanna þarna á móti til þess að átta mig á hlutfallinu. Þarna er greinilega um mikla fjölgun að ræða og jafnframt það að konur hafa verið ráðnar til starfa í ráðuneytinu sem er líka mjög gott mál. Síðan sé ég að nefndin sem búið er að skipa er í afar góðum höndum. Þarna eru konur sem þekkja ágætlega til þessara mála.

Ég get því ekki annað en lýst ánægju minni með það að greinilega hefur verið tekið nokkuð á málum í umhvrn. og veitti líklega ekki af. Umhverfismál eru að verða æ mikilvægari málaflokkur í samfélagi okkar eins og flestum samfélögum. Það má minna á að það eru konur sem stjórna innkaupum heimila og þar með neyslunni mun meira en karlmenn. Þær geta því haft mjög mikil áhrif á umhverfismál í samfélaginu almennt, bæði hvað varðar umhverfisvænar vörur og fleira slíkt, og því er mjög mikilvægt að beina til þeirra upplýsingum. Ég treysti því að því fleiri konur sem koma að störfum ráðuneytisins því meiri líkur eru á því að sjónum sé beint að konum úti í samfélaginu.

En það er rétt sem fram kom hjá ráðherranum að sem betur fer er hugarfarið að breytast og sú umræða sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna hefur haft sín áhrif og dropinn holar steininn. Ég ítreka og segi enn að mér þykja þetta vera góð svör sem komu frá umhvrn.

[15:28]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er aðeins örstutt og ekki miklu við að bæta. Það var aðallega það að því miður hef ég ekki upplýsingar um fjölda einstaklinga eða manna í stjórnum og nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins þannig að ég hef ekki fyrir mér hvað þetta hlutfall sé hátt en það er greinilega umtalsverð breyting á tveimur árum, að konum hafi fjölgað úr 34 í 88. En auðvitað kann nefndunum að hafa fjölgað líka þannig að það segir ekki að þetta sé hlutfallsleg aukning, gæti verið eitthvað minna í hlutfalli en það virðist svona í tölum talið.

Af því að hv. fyrirspyrjandi sagði að sannarlega hefði ekki veitt af því að taka til hendinni í umhvrn. þá veit ég ekki hvort hún meinti það vegna þeirra breytinga sem hér hafa orðið á. En ég hygg að kannski sé ástæða til þess að taka meira til hendinni í sumum öðrum ráðuneytum en einmitt í umhvrn. Ég held að þar hafi verið nokkuð vel að þessum málum staðið frá því að það ráðuneyti var stofnað, enda ráðuneytið ungt og þessi viðhorf verið að þróast á undanförnum árum. En gæti verið í eldri og grónari ráðuneytum og eldri og grónari málaflokkum að þar væri þetta eitthvað öðruvísi.

Ég gæti til gaman skotið því inn í í lok umræðunnar að ég sat í dag fund forstöðumanna stofnana landbrn. Ætli þar hafi ekki setið 20 karlar á bekk eða svo en engin einasta kona. Þar er vissulega líka unnið að breytingum eins og ég vænti að komi fram í svari mínu sem kemur skriflegt til hv. þm. að beiðni hv. fyrirspyrjanda á næstu dögum.

Umræður utan dagskrár.

Húsnæðismál Leiklistarskóla Íslands.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár og beina máli mínu til hæstv. menntmrh. vegna þess vandræðaástands sem hefur blasað við að óbreyttu í húsnæðismálum Nemendaleikhússins eða Leiklistarskóla Íslands. Eins og kunnugt er hefur sú starfsemi verið til húsa í Lindarbæ um langt skeið. Það húsnæði var áður leigt af fyrri eigendum sem voru stéttarfélög en var fyrir nokkru

síðan keypt af ríkinu og hefur nú verið ákveðið að ráðstafa því til annarra þarfa. Þar með hefur legið fyrir um nokkurt skeið að leiklistarskólinn yrði að rýma þetta húsnæði en af hálfu stjórnenda þar hefur að sjálfsögðu verið gerður sá fyrirvari að fullnægjandi úrlausn yrði að fást í húsnæðismálum Nemendaleikhússins.

Það hefur hins vegar gengið seint að fá botn í þau mál og sjálfsagt ýmislegt sem komið hefur til. Þar á meðal hefur lengi staðið til að stefna yrði mótuð eða ákvarðanir teknar um uppbyggingu listaháskóla og hér er á ferðinni ein af þeim stofnunum sem væntanlega yrði þar til húsa eða hluti af þeirri starfsemi.

Þegar hinir nýju eigendur eða hinir væntanleg nýju notendur fóru að hefjast handa um að breyta húsnæðinu var farið að huga að því hvar Nemendaleikhúsið gæti fengið inni en engin niðurstaða hafði þó fengist í því þegar hafist var handa um framkvæmdir og farið var að skerða þá aðstöðu sem er til starfsemi í Lindarbæ, taka frá hluta af aðstöðu baksviðs o.s.frv. Í bígerð var að leysa a.m.k. tímabundið húsnæðisvanda Nemendaleikhússins með því að innrétta kjallara í Landssmiðjuhúsinu svokallaða þar sem skólinn að öðru leyti er til húsa en í ljós kom að þær framkvæmdir munu taka mun lengri tíma en áætlað var og kæmu ekki til með að leysa úr húsnæðisþörf Nemendaleikhússins á þessum vetri. Engu að síður hafa framkvæmdir haldið áfram og er nú svo komið að að óbreyttu yrði aðstaðan í Lindarbæ ónothæf til þeirrar starfsemi sem þar hefur farið fram á vegum Nemendaleikússins og er því skjótrar úrlausnar þörf.

Það er mjög bagalegt, herra forseti, þegar slíkar aðstæður koma upp á miðju skólaári og röskun verður á skólastarfi af þeim sökum og vekur nokkra undrun að þeir hlutir geti gerst að Nemendaleikhúsið sé skyndilega á götunni ef svo má að orði komast á miðju skólaári. Hljóta yfirvöld þessara mála, bæði skólastjórnendur og menntmrn., en á ábyrgð þess er þessi starfsemi, að þurfa að svara fyrir það ástand sem þannig er að skapast. Á mannamáli, herra forseti, held ég að ekki sé annað hægt en að kalla þetta klúður. Ég hef því leyft mér að leggja ákveðnar spurningar fyrir hæstv. menntmrh. í þessu sambandi sem ég sendi honum í gær eftir að ég hafði óskað eftir umræðu þessari um málið. Spurningarnar eru þessar:

Hvaða skýringar eru á þeim vanda sem upp er kominn í húsnæðismálum Nemendaleikhússins?

Er mögulegt að semja um frestun á afhendingu Lindarbæjar til nýrra afnota þannig að leiklistarskólinn geti lokið skólaárinu í húsnæðinu?

Hvaða önnur úrræði koma til greina í húsnæðismálum Nemendaleikhússins svo ljúka megi skólaárinu að mati ráðuneytisins?

Herra forseti. Þetta eru spurningar mínar til hæstv. menntmrh. Það verður fróðlegt að heyra svör hans og ekki væri verra ef í ljós kæmi að hæstv. ráðherra hefði brett upp ermar og gengið í að leysa málið.

[15:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á stöðu Nemendaleikhússins hér í Alþingi. Mér er ljúft að svara fyrirspurnum hans um þetta mál. Það er svo að til hefur staðið allt frá því fjmrn. keypti Lindargötu 9 á miðju árinu 1996 að framtíð Nemendaleikhússins á þeim stað yrði ekki til frambúðar og það yrði að gera ráðstafanir til að leysa úr húsnæðismálum þess með öðrum hætti. Síðan var tekin ákvörðun um að innrétta aðstöðu fyrir Nemendaleikhúsið í kjallara Sölvhólsgötu 13 þar sem leiklistarskólinn er til húsa og standa áformin um það óhögguð og framkvæmdum verður haldið áfram við innréttingu á húsnæðinu þar fyrir Nemendaleikhúsið.

Hins vegar er ljóst að vegna ýmissa aðstæðna er ekki unnt að halda þannig á málum að þessi aðstaða verði fyrir hendi núna í vor þegar Nemendaleikhúsið efnir til sýningar sinnar. Þegar þetta mál kom upp í síðustu viku var ég á leið til útlanda og kom á mánudagskvöldið og kallaði fulltrúa nemenda til viðræðna við mig um málið á fundi í ráðuneytinu í gær. Þar voru sjónarmið þeirra skýrð og farið yfir málið. Síðan ræddi ég við hagstofustjóra sem hefur umsjón með húsnæðinu að Lindargötu með þeim hætti að Hagstofan á að fá þetta húsnæði til ráðstöfunar fyrir sig. Í morgun var gengið frá samkomulagi um bráðabirgðalausn á húsnæðisvanda Leiklistarskóla ríkisins þannig að hann verður áfram að Lindargötu 9 fram til 15. maí nk. Þetta samkomulag er undirritað af hagstofustjóra, fulltrúa rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga, skólastjóra leiklistarskólans, fulltrúum leiklistarnema og einnig af mér. Samkvæmt því er málum nú þannig háttað að leiklistarskólinn heldur aðstöðu sinni í þessu húsnæði fram til 15. maí nk. og ég tel að hann geti þá lokið starfsvetrinum og sett upp það leikrit sem ætlunin er að Nemendaleikhúsið sýni á vordögum og ljúki þannig skólaárinu með viðunandi hætti að Lindargötu 9. Síðan verði áfram unnið að því að skapa Nemendaleikhúsinu aðstöðu að Sölvhólsgötu 13 og er það einnig í góðri sátt allra aðila. Ég sé því ekki betur en að þetta mál sé leyst á farsælan hátt.

[15:38]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að einhvers konar lausn virðist fundin á þessu máli en ég get ekki annað en lýst furðu minni á þessum vinnubrögðum. Að það skuli koma upp á miðjum vetri að nemendur Leiklistarskóla Íslands séu að missa það húsnæði sem þeir hafa haft um alllangt skeið, gott ef ekki áratugi undir sitt leikhús. Þetta er auðvitað röskun á skólastarfi og hlýtur að hafa valdið nemendum og aðstandendum skólans miklu hugarangri eins og við höfum orðið vör við. Auðvitað getur maður ekki séð annað en að hægt hefði verið að fresta því að koma upp skjalasafni Hagstofunnar um nokkurra mánaða skeið þannig að skólinn fengi einfaldlega að ljúka sínu starfsári á eðlilegan hátt.

Ég hlýt að spyrja um það fyrirkomulag sem fram undan er. Er sú aðstaða sem hægt er að koma upp í kjallara Landssmiðjunnar sambærileg við þá aðstöðu sem er í Lindarbæ? Hvað kostar að koma upp þokkalegu leikhúsi þar og síðast en ekki síst, dugar það leikhúsinu að hafa ekki aðstöðu nema til 15. maí? Ég veit ekki betur en sumar sýningar Nemendaleikhússins hafi náð miklum vinsældum, enda hafa þær oft verið með merkustu og skemmtilegustu leiksýningum ársins og sem betur fer oft fengið mjög góða aðsókn. Ég man ekki betur en þær sýningar hafi stundum staðið fram í júní. Ég spyr því hvort þetta dugi eða ætla menn einfaldlega að láta það duga til að geta komið upp síðustu sýningu vetrarins?

Mér finnst þetta vera vond vinnubrögð sem þarna hafa verið viðhöfð en fagna því jafnframt að tekist hefur að finna einhverja lausn á þessu þannig að skólaárinu ljúki sæmilega.

[15:40]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Listaháskóli Íslands er sameiginlegt markmið okkar sem viljum veg lista og menningar sem mestan hér á landi og teljum að það hve leikhúsáhugi t.d. er mikill hér á landi sé sérstakt aðalsmerki íslensku þjóðarinnar. Sérstakt tákn um hversu sterkar stoðir standa að íslenskri þjóðmenningu. Fyrir um tveimur árum hélt ég að hæstv. menntmrh. ætlaði að gera stofnun listaskóla á háskólastigi að markmiði sem hann vildi berjast fyrir þar og nú. En einhvern veginn hefur sú umræða sem þá var uppi runnið út í sandinn. Fyrir nokkrum dögum var svo komið fyrir okkar virta leiklistarskóla að henda átti honum út úr húsnæði því sem hann hefur haft undir nemendaleikhús svo að hægt væri að koma þar fyrir skjölum frá Hagstofunni. Nú hefur því máli verið bjargað fyrir horn korteri fyrir utandagskrárumræðu og hún var þá ekki til einskis. Mun leiklistarskólinn fá að halda aðstöðunni næstu þrjá mánuði þangað til honum verður komið fyrir til bráðabirgða í næsta kjallara.

Má ég nú biðja yfirvöld menntamála að taka aftur upp merki listaháskólans góða og halda því hátt á loft þar til sá draumur verður að veruleika. Fyrr er að mínu mati ekki komin sæmandi lausn í þessum málum.

[15:42]

Magnús Árni Magnússon:

Herra forseti. Það kom óþægilega við mig að heyra að nú væri verið að tæta í sundur hið sögufræga leikhús Lindarbæ til að nota það fyrir skjalageymslur Hagstofunnar. Það eru einnig forkastanleg vinnubrögð að það skuli hafið án þess að nein önnur viðunandi lausn sé í sjónmáli fyrir útskriftarárgang Leiklistarskóla Íslands, Nemendaleikhúsið.

Nám það sem nemendur eiga að baki og eru að ljúka nú er gríðarlega krefjandi og erfitt og þeir eiga annað og betra skilið en að vera á hrakhólum með húsnæði síðustu mánuði námsins. Þessar sýningar Nemendaleikhússins skipta sköpum um hvort nýir leikarar ná fótfestu í harðri samkeppni íslensks leikhússlífs. Með því að valda þeim þessum vandræðum er verið að vanvirða starf þeirra sem listamanna og trufla það þegar þeir þurfa á allri sinni einbeitingu að halda í aðra hluti en að berjast við múrbrjót og borvélar Hagstofunnar. Hefðin fyrir því að sýningar Nemendaleikhússins fari fram í Lindarbæ er löng og hefur það unnið sér nafn sem leikhús með afbragðs skemmtilegar leiksýningar.

Lindarbæ eru tengdar óteljandi dýrmætar minningar íslenskra leikara, leikhúsfólks og leiklistarunnenda. Það hefði verið skemmtilegra, fyrst sú ákvörðun hefur verið tekin að leggja húsið undir skjalageymslur, að láta hann það leikhúsævi sinni með sóma og stolti í vor í stað þess að brjóta það niður fyrir augunum á þeim sem unna því mest og enda ævi sína með viðunandi hætti, svo að notuð séu orð hæstv. ráðherra.

Kominn er tími til að húsnæðisvandi Leiklistarskóla Íslands verði leystur í eitt skipti fyrir öll með myndarbrag. Það hefur dregist úr hófi fram. Húsnæðið í Landssmiðjuhúsinu hefur aldrei verið fullnægjandi og í sjálfu sér merkilegt að aðstandendum skólans skuli hafa tekist að halda úti starfi í því húsnæði í öll þessi ár.

[15:44]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa utandagskrárumræðu sem líklega hefur þegar haft tilætluð áhrif, eins og hér hefur komið fram. Umræðan sjálf og það frumkvæði sem nemar leiklistarskólans áttu til þess að vekja athygli á málinu tel ég að hafi þegar leyst málið til bráðabirgða a.m.k.

Margt má segja um ástandið í menntakerfinu almennt en að taka húsnæði af nemum á miðju skólaári, nauðsynlegt þjálfunarhúsnæði fyrir leiklistarnema, er fáheyrt og vonandi einsdæmi í íslensku skólakerfi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk í morgun liggur fyrir bráðabirgðarlausn á málinu og það kom einnig fram í svari hæstv. ráðherra, þ.e. að nemar eiga nú að geta verið áfram í því húsnæði sem þeir eru í að Lindargötu 9 þó Hagstofan sé þegar farin að flytja inn sín skjöl. Þá er ætlunin að nota annað húsnæði á þessu svæði í haust.

Þó að leiklistarskólinn fari væntanlega inn í nýja listaháskólann þegar þar að kemur má ætla að þetta húsnæði sem á að taka til notkunar í haust muni nýtast Þjóðleikhúsinu síðar. Ég vil því, herra forseti, fagna því að lausn er fundin á þessu dæmalausa máli en vil að lokum nota tækifærið og spyrja hvenær líklegt er að mati hæstv. menntmrh. að leiklistarskólinn flytji inn í listaháskólann. Hvenær mun flaggskip listanna hér á landi, verðandi listaháskóli, sjá dagsins ljós að mati hæstv. ráðherra?

[15:46]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég held að meginatriðið í þessu máli sé að velta því fyrir sér af hverju það kom upp, af hverju mönnum datt í hug að hægt væri að setja heilan skóla út á götu. Ástæðan er einföld. Menn bera ekki nægilega mikla virðingu fyrir þessu námi. Ég held að það sé alvarlegt vandamál vegna þess að nemar í leiklist eru jafngildir nemendum annars staðar í skólakerfinu. Undarlegt er að menn skyldu láta sér detta í hug að ganga svona á rétt þeirra, þó búið sé að leysa þetta til bráðabirgða. Menn eru síðan að þakka fyrir það. Það er ekkert að þakka, það voru mótmæli nemendanna sem urðu til að lausn fannst í bili en ekki utandagskrárumræðan þó að hún sé þörf og góð. Mótmæli nemendanna urðu til þess að Hagstofan rýmir að hluta það húsnæði sem henni var úthlutað. Ég bendi hins vegar á að ekki verður öllu skilað aftur, t.d. búningsaðstöðu og kaffiaðstöðu, og tíminn til 15. maí mun ekki nægja, en látum það vera.

Þetta mál ætti að sýna okkur að við þurfum að efla umræðu um listmenntun hér á landi, auka veg lista í samfélaginu og virðingu fyrir ungu fólki í listnámi. Því er ábótavant eins og best sést á þessu máli.

[15:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og auðvitað einnig fyrir að hafa gengið í málin. Ég vona að lausnin sem hæstv. ráðherra kynnti hér, sem felst í ákveðnum samningi um takmörkuð afnot Nemendaleikhússins áfram að Lindarbæ til 15. maí, gangi upp. Þó er ljóst að sú aðstaða sem þarna var áður til leiklistarstarfsemi hefur verið skert og má deila um hve heppileg hún var.

Ég held að sú niðurstaða að láta skjölin bíða í kössunum, þótt manntalsskrár og önnur gögn Hagstofunnar séu hinir merkustu pappírar, sé góð. Ég að þau hljóti að mega við því að bíða í kössunum í nokkra mánuði og að listin fái aðstöðuna í bili.

Eins og hér hefur komið fram þá ættu mál af þessu tagi ekki að þurfa að koma upp. Það er auðvitað ámælisvert að röskun skuli verða á högum nemenda og á skólastarfi á miðju starfsári eins og þetta mál hefur auðvitað leitt til. Listin ætti

auðvitað ekki að þurfa að vera á þeim hrakhólum sem raun ber vitni.

Að lokum tek ég undir það, herra forseti, sem aðrir ræðumenn hafa nefnt að í þessu samhengi væri fróðlegt að heyra frá hæstv. menntmrh. Hvaða áform eru eða eru ekki um listaháskóla og til hve langs tíma er ætlunin að búa um starfsemi Nemendaleikhússins í kjallara Landssmiðjuhússins?

[15:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og hér kom fram var ekki rætt við mig um þetta mál fyrr en í gær. Það leystist í gærkvöldi og samkomulag var undirritað í morgun. Ég held að á því hafi verið tekið um leið og við blasti hvernig í því lá. Þegar nemendur höfðu rætt við mig og við höfðum farið yfir málið var það leyst og ber að sjálfsögðu ekki að líta á málið sem virðingarleysi við listina eða listnám í landinu. Þetta er ákveðið úrlausnarefni sem við stóðum frammi fyrir og höfum nú fundið viðunandi lausn á með samkomulagi allra aðila. Ég hefði í sporum ýmissa þingmanna breytt ræðum mínum með hliðsjón af því sem hér kom fram í umræðunum, en það er annað mál. Það er þeirra mál en ekki mitt.

Varðandi það að þetta hafi staðið til lengi þá var það árið 1996 sem ríkissjóður eða fjmrn. keypti þetta húsnæði af Dagsbrún og Sjómannafélagi Reykjavíkur. Þá þegar lá ljóst fyrir að þarna yrði breyting á högum Nemendaleikhússins. Þingmenn hafa því haft mörg tækifæri til þess að ræða þetta mál ef þeir hefðu haft áhuga á því fyrr en nú eftir að nemendur vöktu þá af værum blundi.

Hvað kostar að innrétta hið nýja húsnæði? Það er talið að það muni kosta um 5 millj. kr. að innrétta húsnæðið við Sölvhólsgötu þannig að þar verði aðstaða sem hentar Nemendaleikhúsinu. Þeir sem farið hafa í leikhúsið við Lindargötu vita að aðstaðan þar er ekki til sérstakrar fyrirmyndar þó hún nýtist Nemendaleikhúsinu vel. Ég vona að aðstaðan að Sölvhólsgötu muni einnig nýtast vel þeim sem þar eiga eftir að starfa.

Listaháskóli Íslands hefur verið stofnaður. Rektor hans, Hjálmar H. Ragnarsson, hefur verið ráðinn og menntmrn. hefur gert samning við stjórn Listaháskólans og rektorinn um fjárstuðning á þessu ári til að vinna að undirbúningi skólans. Markvisst er unnið að því að skólinn geti hafið störf sem fyrst en það mál er í höndum rektorsins og stjórnar skólans. Ráðuneytið hefur ákveðið að veita fjármuni til þess að undirbúningurinn taki markvissa stefnu þannig að starfsemi hefjist eins fljótt og unnt er í Listaháskóla Íslands.

[Fundarhlé. — 15:52]

Þjónusta Neyðarlínunnar hf.

Fsp. LB, 295. mál. — Þskj. 352.

[18:03]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum árum, þremur eða fjórum árum, fór fram í sölum Alþingis og víðar talsverð umræða um Neyðarlínuna sem þá var verið að koma á fót og var talsvert tekist á um það mál. Grundvallarágreiningurinn lá í því hvort starfsemi eins og sú sem Neyðarlínan innir af hendi ætti að vera á herðum ríkisins, þ.e. sú neyðarþjónusta og símsvörun og önnur vinna sem Neyðarlínan sinnir, eða hvort þessi þjónusta eða þessi vinna ætti að vera á herðum einkaaðila. Hæstv. dómsmrh. tók þá ákvörðun að gera samning við einkaaðila í þessu máli og var það m.a. sá er hér stendur og fleiri sem gagnrýndu það í umræðu um þau mál fyrir nokkrum árum.

Virðulegi forseti. Í þeirri umræðu lagði hæstv. dómsmrh. fram skýrslu um starfsemi Neyðarlínunnar og í henni kemur fram m.a., með leyfi forseta, að dómsmrh. hafi gert samning við Neyðarlínuna 2. okt. 1995 um að sinna Neyðarsímsvörun á grundvelli áðurnefndra laga, þ.e. laga um neyðarsímsvörun. Samningurinn væri til átta ára og skuldbindi ríki og sveitarfélög til að greiða á því tímabili samtals 296,5 millj. kr. eða u.þ.b. 37,1 millj. kr. að meðaltali á ári fyrir þjónustu frá vaktstöðinni o.s.frv.

Virðulegi forseti. Ég hef núna kannað hvernig framlög hafa verið þessi fjögur ár frá því að Neyðarlínan hóf starfsemi sína. Sú könnun leiðir í ljós að það meðaltal sem fram kemur í skýrslu dómsmrh., um 37,1 milljón, sem var m.a. notuð til þess að rökstyðja það að fara þá leið sem ákveðið var að fara, hefur ekki gengið eftir. Samkvæmt upplýsingum mínum voru árið 1996 a.m.k. 29 milljónir sem fram kom að fóru úr ríkissjóði í þennan málaflokk, 1997 50 milljónir, 1998 52,7 milljónir og 1999 56 milljónir, sem eru vitaskuld miklum mun hærri fjárhæðir en fram kom í þeirri skýrslu sem hæstv. dómsmrh. lagði fyrir þingið.

Virðulegi forseti. Af þessu tilefni og til þess að reyna að fá skýringu á þessu legg ég eftirfarandi spurningu fyrir hæstv. dómsmrh. því að fyrir utan þær upplýsingar sem ég hef skilst mér að frekari framlög hafi verið lögð fram. Því spyr ég:

„Hvaða fjárhæð hefur ríkissjóður lagt fram á hverju ári þau ár sem þjónustusamningur milli Neyðarlínunnar hf. og dómsmálaráðherra um neyðarþjónustu hefur verið í gildi? Hvernig sér ráðherra fyrir sér framhald samstarfs ríkisins og Neyðarlínunnar hf.“?

[18:06]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Rétt er að taka það fram í byrjun vegna ummæla hv. fyrirspyrjanda að Neyðarlínan var stofnuð samkvæmt sérstökum lögum sem samþykkt voru á Alþingi. Frumvarp um það mál var flutt af þáv. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. sem var á einu máli um — og reyndar þingið allt því að frv. var samþykkt á Alþingi samhljóða án ágreinings. Alþingi var með öðrum orðum sammála um að fara þá leið sem frv. gerði ráð fyrir og Framkvæmdasýsla ríkisins bauð þetta verk síðan út og gekk frá samningum við bjóðendur í samræmi við þá skilmála sem settir voru þar um.

Fyrirspyrjandi spurði um framlög ríkissjóðs á undanförnum árum og þau eru samkvæmt framreikningi, miðað við launavísitölu í júlí 1995: árið 1996 26,8 milljónir, árið 1997 55,6 milljónir og að auki á því ári framlög sem voru vegna skuldbindinga frá árinu 1995 upp á 5 milljónir og vegna skuldbindinga frá árinu 1996 upp á 4,5 milljónir og árinu 1998 64,7 millj. kr.

Síðan er rétt að taka það fram að á síðasta ári óskaði stjórn Neyðarlínunnar hf. eftir því við dómsmrh. að verksamningur yrði framlengdur um fjögur ár, þ.e. til ársins 2007. Tilefni beiðninnar var að fá stofnlán Neyðarlínunnar hf. framlengd um fjögur ár en ástæður þess voru m.a. að stofnkostnaður

varð meiri en gert var ráð fyrir í upphafi og afborganir lána og fjármagnskostnaður því meiri. Þegar samið var við Neyðarlínuna hf. um neyðarsímsvörun fyrir allt landið byggði samningurinn á áætlun um stofn- og rekstrarkostnað. Ástæður þess að stofnkostnaður varð hærri eru aðallega þær að lítill tími var til stefnu að byrja svörun þannig að grípa varð til kostnaðarsamra bráðabirgðaráðstafana. Sérhæfður tækjabúnaður reyndist dýrari en gert var ráð fyrir og mun meiri vinna fór í að afla gagna um viðbragðsaðila en áætlað hafði verið. Að fenginni umsögn fjmrn. var Neyðarlínunni tilkynnt með bréfi dómsmrn., dags. 11. júní sl., að fallist væri á framangreinda beiðni um framlengingu. Einnig var þess óskað af hálfu Neyðarlínunnar að hækkun yrði á árlegri greiðslu dómsmrn. Því til stuðnings var vísað til 1. mgr. 9. gr. samningsins sem mælir fyrir um að árlegar greiðslur ráðist m.a. af rekstrar- og stofnkostnaði skv. 6. gr. og 7. mgr. 9. gr. þar sem gerður er sá fyrirvari að árlegar greiðslur sem og heildarfjárhæð geti breyst vegna breytinga sem kunna að verða gerðar á verkinu.

Ráðuneytið hefur fallist á að þjónusta Neyðarlínunnar er meiri en upphaflega var gert ráð fyrir í samningnum. Neyðarlínan hefur aflað upplýsinga um björgunarsveitir í landinu sem lágu ekki fyrir við gerð samningsins og ekki var í samningnum mælt fyrir um skyldu Neyðarlínunnar að afla þeirra. Samningurinn felur í sér svörun og boðun viðbragðsaðila. Þjónusta í útkalli eykst stöðugt, sérstaklega við lögreglu. Þá hefur þjónusta vegna lækna víðs vegar um landið aukist án þess að slíkt sé skilgreint í samningnum.

Samkomulag var gert við Neyðarlínuna 30. des. 1998 um breytingu á samningnum sem felur í sér hækkun árlegrar greiðslu dómsmrn. um rúmar 1,5 millj. kr. og framlengingu á samningstímanum um fjögur ár. Í dag er komin nokkur reynsla á það fyrirkomulag sem sett var á varðandi samræmda neyðarsímsvörun og því eðlilegt að horft sé til þess hvernig til hafi tekist og hvað megi jafnvel færa til betri vegar í framkvæmdinni. Embætti ríkislögreglustjóra hefur sýnt áhuga á því að skoða hvernig lögreglan geti komið meir að þessum málum en embættið gerðist hluthafi í Neyðarlínunni í apríl 1997 og hefur nýtt þjónustu vaktmiðstöðva Neyðarlínunnar um kvöld og helgar.

Ég hygg að segja megi að þegar horft er fram á við sé nokkuð ljóst að sú þjónusta sem Neyðarlínan hefur veitt hefur verið góð og talsverðar líkur eru á því að hægt verði að færa hana út og að ýmsir aðilar, sem hafa ekki nýtt sér hana til þessa, geti gert það til þess bæði að auka hagræðingu og að auka öryggi borgaranna í landinu.

[18:12]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir skýr og greinargóð svör. Ég vil þó í fyrsta lagi taka það fram að þau lög sem hæstv. dómsmrh. vitnaði til kveða alls ekkert á um það að sú leið skuli farin sem hæstv. dómsmrh. ákvað að fara, þ.e. að fela einkaaðilum að sjá um þessa neyðarsímsvörun.

Hins vegar var það gagnrýnt mjög fyrir þremur árum eða svo, rúmlega kannski, hversu ónægur undirbúningur væri fyrir stofnun Neyðarlínunnar áður en hún fór af stað. Mér virðist af þeim tölum sem hér hafa komið fram og tek þá mið af þeirri skýrslu sem hæstv. dómsmrh. lagði fram sjálfur, að á fyrstu þremur árunum hafa framlög til Neyðarlínunnar verið u.þ.b. 50 millj. kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir þegar lagt var af stað. Það er vitaskuld alveg gríðarlega há fjárhæð og u.þ.b. 50% hækkun frá því sem til stóð í upphafi. Og það, virðulegi forseti, segir mér að áður en lagt var af stað í þetta mál hefði mátt vinna það miklum mun betur. Í sjálfu sér, þó kannski sé erfitt að fullyrða um það, er það a.m.k. skoðun mín að þetta mál hefði verið miklu betur unnið þannig að ríkið hefði séð um þessa þjónustu, eins og það hafði gert hingað til, því að vitaskuld er sú hætta þegar þjónusta eins og sú sem hér um ræðir þar sem tekist er á við verkefni sem upp kunna að koma og neyð sem upp kann að koma í samfélaginu, að erfitt sé að sjá það fyrir og því eðlilegast að þjónusta sem þessi og vinna sem þessi sé á herðum ríkisins. Þó að við getum deilt um hvað ríkið eigi að gera í flestum málum held ég að við getum verið sammála um að löggæsla og neyðarþjónusta við borgarana sé eitt af því sem eigi að vera á herðum ríkisins.

[18:14]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt, vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið, að minna á að frá því að haldið var af stað með Neyðarlínuna í samstarfi við sveitarfélögin í landinu eða á þann veg að sveitarfélögin borguðu hluta kostnaðarins á móti ríkinu að þá varð sú breyting að í samningum ríkisins við sveitarfélögin var ákveðið að ríkið tæki yfir þær skuldbindingar sem lögin gerðu ráð fyrir í upphafi að hvíldu á sveitarfélögunum.

Auðvitað er það líka svo að þarna hafa komið til meiri fjárfestingar en ráð var fyrir gert, fyrst og fremst vegna þess að þegar á hólminn var komið vildu menn veita meiri og betri þjónustu eins og menn sáu að kostur var á að gera, miðað við þann tæknibúnað sem hægt var að fá.

Þá er auðvitað eftir þetta almenna deiluefni hvaða rekstrarform á að vera á fyrirtækjum eins og þessum. Þetta var samdóma álit manna á sínum tíma og var boðið út eftir þeim reglum sem um þau gilda á vegum Ríkiskaupa. Á þeim tíma var Alþfl. þessarar skoðunar en út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt við að menn breyti um skoðun eftir því sem tímar líða. En aðalatriðið er þó hitt að ég held að allir sem til þekkja og þessa þjónustu nota viðurkenni að hún hefur verið mjög góð og öflug og hún hefur mjög leitt til aukins öryggis borgaranna í landinu og aukinnar hagræðingar í þessari þjónustu og það er auðvitað það sem mestu máli skiptir í þessu efni, þannig að mjög vel hefur tekist til í þessum efnum.

Takmarkanir á notkun nagladekkja.

Fsp. HjÁ, 288. mál. — Þskj. 339.

[18:17]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég beini til hæstv. dómsmrh. fyrirspurn sem varðar akstur í vetrarfærð.

Lengi var það svo að í snjó og að vetri skelltu bílstjórar keðjum undir bíla sína til að tryggja sig í umferð og komast áfram. En keðjur þóttu heldur erfiðar í akstri og varð því mikill fögnuður þegar ný tækni ruddi sér til rúms með svokölluðum nagladekkjum og hafa þau nú verið notuð um árabil mönnum til mikillar ánægju.

En það eru ýmsar hliðar á þessu með nagladekkin. Það má segja að hagkvæmnin sé tvíbent. Annars vegar slíta þau afskaplega mikið varanlegt slitlag, slíta vegi afskaplega mikið og má segja að kostnaður þjóðfélagsins skipti jafnvel

hundruðum milljóna árlega vegna slits á vegum sem rekja má til notkunar á nöglum. Þar að auki mynda þau rásir í vegum sem skapa slysahættu. Hávaði af nöglum er afskaplega mikill bæði fyrir bílstjóra og ekki síður íbúa við fjölfarnar umferðargötur. Af þeim er mikil loftmengun þar sem agnir berast út í loftið og valda mengun sem og sjónmengun. Allir bílstjórar þekkja hvernig tjara og annar óþverri, sem naglar hafa rifið upp, berst á rúður og á bíla.

Kostnaður einstaklinga af þessum völdum er mikill. Tíðan tjöruþvott og hreinsun á bílum sem má rekja til þessa. Og síðast en ekki síst vil ég nefna, herra forseti, að margir telja að nagladekk veiti það sem kalla má falskt öryggi, að menn telji sig færa í flestan sjó með því að aka á nöglum en í mörgum tilvikum sé gripið ekki eins mikið og margir vilja ætla.

Nú hefur rutt sér til rúms ný tækni, svokölluð harðkornadekk, sem er að flestu leyti íslenskt hugvit. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið virðast þessi svokölluðu harðkornadekk veita sambærilega festu og nagladekk. Það hefur verið reynt í sænskri stofnun og þýsk prófun bendir til þess að um sé að ræða 93% minna slit á vegum en með nagladekkjum. Þau eru hávaðalaus. Þau spara vegi. Þau eru mengunarlaus o.s.frv. Með öðrum orðum er hér um að ræða má segja þjóðhagslega hagsmuni ásamt því að hér getur verið um mikinn sparnað fyrir einstaklinga að ræða, en harðkornadekk geta að auki þjónað sem svonefnd heilsársdekk.

Í tilefni þessa spyr ég hæstv. dómsmrh. hvort hann hafi í hyggju að beita sér fyrir takmörkunum á notkun nagladekkja á bifreiðum.

[18:20]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í þessu sambandi má geta þess að á stjórnarfundi í Umferðarráði í desember 1997 var sú hugmynd rædd að á veturna frá fyrsta til síðasta dags vetrar skyldi hafa grófmynstraða hjólbarða með vetrarmynstri á hjólum bifreiða með eða án nagla. Sömuleiðis að keðjur eða neglda hjólbarða megi ekki nota á sumrin frá fyrsta til síðasta dags sumars, nema þess sé þörf vegna sérstakra akstursaðstæðna, í stað tímabilsins frá 15. apríl til og með 31. október.

Ráðuneytið lét færa hugmyndir af þessu tagi í reglugerðarbúning og sendi til umsagnar. Það kom hins vegar í ljós að ýmsir af hagsmunaaðilum sem tengjast þessum málum voru mjög á öndverðum meiði um það hvernig taka ætti á þessum málum og því var ákveðið að láta málið bíða um sinn. En í ráðuneytinu eru nú uppi áform um að koma á fót sérstökum starfshópi með fulltrúum frá Vegagerð, gatnamálastjóranum í Reykjavík og dómsmrn. til þess að fara yfir þessi mál á nýjan leik og skoða þá nýju möguleika sem hugsanlega kunna að vera fyrir hendi. Að því er stefnt að slíkur hópur geti skilað tillögum í sumar þannig að ef samstaða tekst geti þau sjónarmið náð fram að ganga fyrir næsta vetur.

[18:22]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og fagna því sérstaklega að í bígerð skuli vera að skipa nefnd til þess að taka á þessu máli og móta tillögur. Ég trúi ekki öðru en að samstaða muni nást um þetta.

Ráðherra hæstv. gat þess að auk fulltrúa ráðuneytis yrðu þar fulltrúar Vegagerðar og gatnamálastjóra. Ég teldi eðlilegt og æskilegt að fulltrúar bifreiðaeigenda, þ.e. neytendur sjálfir, ættu sæti í slíkri nefnd til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Bifreiðaeigendur starfa í skipulögðum samtökum sem hafa látið umferðarmál og mál bifreiðaeigenda afskaplega mikið til sín taka.

Ég fagna sem sé skipan þessarar nefndar og ítreka það sem ég sagði um harðkornadekkin, að í þeim gæti verið mikill þjóðhagslegur sparnaður, aukið öryggi jafnvel og sparnaður fyrir einstaklinga. Þess vegna hlýtur að vera full ástæða til þess að líta til þessarar nýju tækni og ekki spillir að hér er um íslenska framleiðslu og íslenskt hugvit að ræða.

[18:23]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þeirra ummæla hv. fyrirspyrjanda að eðlilegt geti verið að fulltrúar bifreiðaeigenda eða félagasamtaka þeirra komi að athugun mála á þessu sviði þá get ég alveg tekið undir þá ágætu ábendingu og mun beita mér fyrir því að þeir komi að þessari vinnu.

Einangrunar- og gæsluvarðhaldsvistun.

Fsp. MF, 338. mál. — Þskj. 429.

[18:24]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. 10. mars, fyrir um það bil ári síðan, var ungur maður dæmdur í gæsluvarðhald og einangrun vegna gruns um aðild að afbroti sem vissulega er alvarlegt. Þó var ekki um ofbeldisafbrot að ræða, líkamlegt ofbeldi eða neitt slíkt. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald og einangrun. Einangrun þýðir innilokun 23 tíma af hverjum 24 stundum sólarhringsins. Og hann var úrskurðaður í einangrun til 25. mars.

Um 25. mars var einangrunarúrskurðurinn eða gæsluvarðhaldsúrskurðurinn framlengdur og framlengingin var til 7. apríl. 7. apríl var aftur um framlengingu að ræða og þá var framlengt til 17. apríl. 17. apríl var tekin önnur ákvörðun um að framlengja enn einangrun og gæsluvarðhald og þá til 29. apríl. Allt var þetta gert í þágu rannsóknarhagsmuna þó að þessi ungi maður hafi aðeins á meðan á þessari einangrunarvist stóð verið yfirheyrður af lögreglu tvisvar eða þrisvar sinnum og svokölluð lokaskýrsla hafi verið tekin í kringum 25. mars. Ekki var því um að ræða yfirheyrslur yfir einstaklingnum allt til 17. apríl þegar hann losnar úr gæsluvarðhaldi og einangrun vegna þess að þegar ný framlenging var kveðin upp þá brotnaði hann niður andlega og var fluttur á bráðamóttöku geðdeildar þar sem hann dvaldist þar til hann var aftur fluttur í gæsluvarðhald í Reykjavík.

Þetta er ekki eina dæmið um að mönnum sé haldið mjög lengi í gæsluvarðhaldi og einangrun í íslenskum fangelsum. Skemmst er að minnast þess í svokölluðu Guðmundar- og Geirfinnsmáli þar sem saklausir menn sátu í einangrun í yfir 100 daga. Hins vegar er ástæða til þess að velta því fyrir sér þegar ljóst er að þegar t.d. þessi umræddi einstaklingur sem þarna á hlut að máli og sat í yfir 40 daga í einangrun á liðnu ári, var fluttur til Reykjavíkur og á bráðamóttöku þá var niðurstaða læknis sú að hann ætti við mjög alvarleg veikindi að stríða eftir einangrunarvist, að hann mundi eiga mjög erfitt með að ná sér og að það væri bein afleiðing þeirrar einangrunar sem hann hafði dvalið í yfir 40 daga. Og í læknisvottorði sem gefið var út eftir að þessi einstaklingur kom til vistunar í fangelsi í Reykjavík segir: „Frekari einangrun

mundi að mínum dómi stríða gegn mannréttindaákvæðinu um vistun fanga."

Þetta leiðir hugann að því hvort núgildandi reglur um einangrunar- og gæsluvarðhaldsvist fanga brjóti í bága við alþjóðlega samninga sem við höfum undirgengist og því hef ég beint fyrirspurnum á þskj. 429 til hæstv. dómsmrh. Þær eru í fjórum liðum og ég bið hann um svör við þeim.

[18:28]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt að taka það fram vegna ræðu hv. fyrirspyrjanda að ég hef ekki undir höndum nein gögn um það einstaka dæmi sem hv. fyrirspyrjandi kom hér með og get því alls ekki svarað því. En ég skal svara þeim almennu fyrirspurnum sem fram voru bornar á þskj.

Um það er að segja að um gæsluvarðhald gilda ákvæði laga um meðferð opinberra mál og samkvæmt 105. gr. þeirra laga er það dómari sem kveður upp úrskurð um gæsluvarðhaldsvist sakaðs manns hafi komið um það krafa frá rannsóknaraðila opinbers máls.

Í 2. mgr. þeirrar greinar segir, með leyfi forseta:

„Gæsluvarðhaldi skal markaður ákveðinn tími. Sá sem krafist hefur gæsluvarðhalds skal láta sakborning lausan þegar ástæður til gæslu eru ekki lengur fyrir hendi. Gæsluvarðhald verður ekki framlengt nema til komi nýr dómsúrskurður."

Í 108. gr. laganna segir:

„Gæslufangar skulu því aðeins látnir vera í einrúmi að rannsóknarnauðsynjar krefji, en þó skulu þeir ekki gegn vilja sínum hafðir með öðrum föngum."

Og í 30. gr. laga um fangelsi er fjallað um skilyrði þess að fanga megi einangra frá öðrum föngum. Ákvörðun um slíka einangrun er tekin af viðkomandi forstöðumanni fangelsis. Samþykki Fangelsismálastofnunar þarf til að halda fanga í einangrun samkvæmt þeirri grein lengur en í 30 daga.

Um tilhögun gæsluvarðhaldsvistar er fjallað í 3. kafla reglugerðar um gæsluvarðhaldsvist. Þar segir að sá sem rannsókn stýri ákveði hvort gæsluvarðhaldsfangi skuli hafður í einangrun vegna rannsóknarhagsmuna. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar getur gæsluvarðhaldsfangi borið undir dómara ákvörðun um slíka einangrun. Í 17. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að forstöðumaður fangelsis geti í öðrum tilfellum en kveðið er á um í 16. gr. ákveðið að einangra gæsluvarðhaldsfanga. Skilyrði slíkrar ákvörðunar eru talin upp í stafliðum a–f í sömu grein. Eftir því sem fram kemur í 18.–23. gr. reglugerðarinnar skal kynna gæsluvarðhaldsfanga gögn málsins og gefa honum kost á að koma að sjónarmiðum sínum. Ákvörðun forstöðumanns skal vera skrifleg og hún rökstudd. Hana skal birta fanganum með sannanlegum hætti og honum skýrt frá því að heimilt sé að kæra ákvörðunina til dóms- og kirkjumrn. Endurskoða skal ákvörðun um einangrun vikulega og slík einangrun verður ekki framlengd umfram 30 daga nema að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar.

Meðal þeirra agaviðurlaga sem heimilt er beita gæsluvarðhaldsfanga samkvæmt reglugerðinni er einangrun í allt að 30 daga. Heimilt er að beita agaviðurlögum fyrir brot á reglugerðinni, reglum fangelsisins, brot á sérstökum reglum sem forstöðumaður hefur sett eða óhlýðni við fyrirmæli sem gefin eru samkvæmt þeim svo og vegna stroks og tilrauna til þess. Fyrir brot á reglum fangelsins má beita agaviðurlögum, m.a. einangrun, allt að 30 daga. Forstöðumaður skal áður en ákvörðun er tekin ganga úr skugga um hvernig broti var háttað með því að yfirheyra fanga og með annarri rannsókn eftir aðstæðum. Ákvörðun um agaviðurlög skal vera skrifleg, rökstudd og birt fanganum með sannanlegum hætti. Greina skal fanganum frá möguleika á því að kæra ákvörðun til dómsmrn. sem skal taka ákvörðun innan tveggja sólarhringa frá því að kæra barst ella fellur ákvörðunin úr gildi.

Sjaldgæft er að fangi sé einangraður vegna brota á reglum fangelsisins. Ef um slíka einangrun er að ræða varir hún almennt ekki lengur en í 4–7 daga.

Varðandi 3. fyrirspurnina er það að segja að í reglugerð um gæsluvarðhaldsvist er fjallað um læknisþjónustu og þar er kveðið á um að fangelsislæknir sinni almennri læknisþjónustu fyrir gæsluvarðhaldsfanga. Skal fangelsislæknir skoða gæsluvarðhaldsfanga sem fyrst eftir komu í fangelsið. Ef fangi er sjúkur við komu eða þarf að öðru leyti á læknishjálp að halda skal fangelsislæknir kallaður til án ástæðulauss dráttar. Þá getur gæsluvarðhaldsfangi óskað eftir því að heimilislæknir hans eða annar tiltekinn læknir sinni læknisþjónustu að því er hann varðar í gæsluvarðhaldi. Fjallað er um skilyrði til að verða við þeirri ósk í tilteknum greinum reglugerðarinnar.

Í framkvæmd er það þannig að fljótlega eftir að fangi kemur í gæsluvarðhald er hann skoðaður af heilsugæslulækni eða að jafnaði innan sólarhrings. Sjálfstætt mat á geðrænu ástandi fer ekki fram en ef tilefni gefst til vísar heilsugæslulæknir fanganum til geðlæknis. Einnig eru dæmi um að upplýsingar um heilsufar fylgi fanganum við upphaf gæsluvarðhalds. Að öðru leyti er ekki um að ræða reglubundið eftirlit. Starfsmenn fangelsa hafa samband við lækni, geðlækni eða sálfræðing ef tilefni gefst til.

Að því er 4. lið fsp. varðar er það að segja að að mínu mati samrýmast þau lög sem vitnað hefur verið til til þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að svo og evrópskum fangelsisreglum varðandi almennar lágmarksreglur um meðferð fanga.

Heildarendurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála er fyrirhuguð. Við þá endurskoðun munu ákvæði laganna um þetta efni sem og önnur ákvæði þeirra verða tekin til ítarlegrar athugunar og skoðunar. Á þessu stigi er ekki unnt að segja til um hvort sú endurskoðun muni leiða til breytinga á reglum um gæsluvarðhald og/eða einangrun fanga.

[18:33]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Aðgát skal höfð í nærveru sálar, það á alls staðar við. Ég ætla ekki að skipta mér af rannsókn lögreglumála eða draga úr mikilvægi þess að ráðist sé af hörku gegn meintum innflutningi fíkniefna. Lögreglan er oft í erfiðri stöðu og nýtur ekki alltaf skilnings eða sannmælis og fangaverðir ekki heldur. En persónulega þekki ég það mál sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gerði hér að umtalsefni og þekki þann unga mann sem hún ræddi um og hafður var lengi í einangrunarvist.

Mér er til efs að þeim reglum hafi verið fylgt hvað varðar læknisþjónustu sem hæstv. dómsmrh. var að lýsa hér áðan. Að vísu er það lagt í mat þeirra sem gæta fangans, „ef tilefni gefast til" eða „ef ástæða þykir til" segir þar, en mér er til efs að þar hafi nægileg aðgát verið höfð í nærveru sálar.

Þetta mál hefur nú verið til ákærumeðferðar í ótrúlega langan tíma án þess að nokkuð hafi komið út úr því og því er ástæða til að ítreka það að menn hafi fulla aðgát á. Hörmuleg

dæmi eru vissulega til um það að ósveigjanleiki og harðræði hafi spillt fyrir rannsókn mála og það megum við ekki láta henda.

[18:35]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég tók upp þetta einstaka mál var ekki sú að ég væri að krefja hæstv. ráðherra svara í því tilviki sérstaklega heldur bara að benda á að þess eru dæmi að einstaklingar hafa verið það lengi í einangrunarvistun að þeir hafa beðið varanlegt tjón af. Ég get svo sem bent á það líka að þrátt fyrir það að þessi tiltekni einstaklingur hafi setið í 40 daga einangrun vegna þess að svokallaðir rannsóknarhagsmunir kröfðust þess, þó að þau gögn sem beðið væri eftir kæmu ekki vikum saman, að miðað við úrskurð lögfræðings þessa einstaklings, þá taldi hann að þannig væri staðið að málum að ekki hefði verið ástæða til þess að halda honum þetta lengi inni.

Enn þann dag í dag er ekki farið að leggja fram ákæru í þessu tiltekna máli. Og maður hlýtur að velta fyrir sér, þó að vissulega séu dæmi þess og nauðsyn að hafa vistunarúrræði eins og einangrun og gæsluvarðhaldsvist, að þá er einangrun dauðans alvarlegur hlutur, þar sem einstaklingur er geymdur inni í algjörri einangrun í 23 tíma af hverjum 24, og getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sálarlíf þeirra einstaklinga sem hlut eiga að máli, eins og gerðist reyndar í þessu tilviki. Ég dreg í efa, eftir að hafa skoðað þær reglur sem gilda um einangrunarvistun hjá þeim þjóðum sem við berum okkur gjarnan saman við, að þær reglur sem við förum eftir hér brjóti ekki í bága við þá mannréttindasamninga og aðra samninga sem við erum aðilar að.

Ég vil ítreka það og beina því til hæstv. ráðherra að um þetta verði settar sérstakar reglur, sérstaklega hvað varðar einangrunarvistun, þannig að aldrei sé heilsu einstaklings sem úrskurðaður er í einangrun stefnt í voða, eins og þarna gerist og önnur dæmi eru um, svo maður rifji upp þau mál sem hafa verið töluvert í umræðunni eins og Guðmundar- og Geirfinnsmálin.

[18:37]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það að ég tel að eðlilegra hefði verið að í þeirri fyrirspurn sem hér var borin fram, fyrst hún snerist í raun um mál tiltekins einstaklings, hefði það verið tekið fram í fyrirspurninni þannig að allar upplýsingar um málið í heild sinni hefðu getað legið fyrir og þingið tekið afstöðu til málsins í því ljósi. En fyrirspurnirnar voru bornar fram um þær almennu reglur sem gilda og þess vegna liggja ekki hér fyrir og ég hef ekki með mér neinar upplýsingar til að ræða það efni sem hv. fyrirspyrjandi var í raun og veru að ræða. Ég hefði talið það miklu eðlilegra í ljósi þess um hvað hv. fyrirspyrjandi var í raun að ræða að málið hefði verið lagt fyrir með öðrum hætti þannig að unnt hefði verið að ræða það eins og fyrirspyrjandi lagði fyrir í sinni framsöguræðu.

Að öðru leyti vil ég ítreka að hingað koma eftirlitsnefndir frá Evrópuráðinu reglulega sem fylgjast með hér eins og alls staðar annars staðar í aðildarríkjum Evrópuráðsins þeim reglum sem gilda um fangelsi og fangavist og framkvæmd þeirra. Við höfum fengið ágætan dóm, ekki síst eftir að við höfum endurbætur í fangelsismálum, frá þessum eftirlitsnefndum og hvergi verið gerðar athugasemdir við þær reglur og framkvæmd þeirra að þessu leyti af hálfu nefndarinnar.

Tilraunaveiðar á túnfiski.

Fsp. KPál, 305. mál. — Þskj. 365.

[18:40]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Tilraunaveiðar á túnfiski hafa nú staðið í þrjú ár með þremur til fimm japönskum og tævönskum túnfiskveiðiskipum og hefur árangur verið góður. Hægt hefur gengið þó að fá íslenska útgerðarmenn til að fara út í túnfiskveiðar enda um dýr skip að ræða og dýran búnað svo að árangur eigi að vera góður og áhætta því mikil.

Þau gleðilegu tíðindi bárust sl. ár að ein útgerð hefur lagt í þá fjárfestingu að geta veitt og unnið túnfisk en þessi útgerð er Byr í Vestmannaeyjum. Vegna tafa við breytingar náðu þeir ekki síðustu túnfiskveiðivertíð hér við land en þeir fyrirhuga að senda skipið til Las Palmas og gera út á þær slóðir í vetur og fylgja síðan túnfisknum norður eftir að Íslandsströndum. Það má því segja að fyrsta íslenska túnfiskveiðiskipið sé komið af stað. Vitað er um tvo aðra útgerðarmenn sem hugsa sér til hreyfings með nýsmíði og mun það skýrast á næstu vikum.

Með þeim tilraunaveiðum sem við höfum stundað síðustu árin hefur verið sýnt fram á að þessar veiðar geta gengið vel hér við land ef útbúnaður er réttur. Ýmislegt þarf þó að gera svo slík útgerð verði fýsileg fyrir íslenska útgerðarmenn. Þar vil ég nefna að lengja veiðitímabilið með gagnkvæmum samningum um veiðar á túnfiski í lögsögu Færeyinga og Íslendinga. Það þarf einnig að auðvelda lánafyrirgreiðslu úr Nýsköpunarsjóði til þessara veiða. Ég veit að útgerð Byrs VE sótti um lán hjá Nýsköpunarsjóði og fékk aðeins brot af því sem beðið var um og það með 15% vöxtum. Maður getur skilið að Nýsköpunarsjóður þurfi sitt en er þetta ekki nokkuð langt gengið þegar um nýsköpun er að ræða eins og veiðar íslenskra skipa á túnfiski?

Ég tel, herra forseti, að nauðsynlegt sé að efla þessa útgerð og auka veiðar íslenskra skipa og þar þurfi ríkisvaldið að koma nærri. Ég vil því beina þeirri hugmynd til hæstv. sjútvrh. að sett verði á laggirnar nefnd til að marka stefnuna í þessum málum til framtíðar, t.d. með spurningum um áframhaldandi tilraunaveiðar á túnfiski, meiri en orðið er. Það er mikil vinna fram undan við að rannsaka t.d. öll þau sýni sem tekin hafa verið úr túnfiski sl. ár og eru enn órannsökuð. Það þarf að kanna möguleika okkar til útflutnings á ferskum jafnt sem frosnum túnfiski og einnig fjármögnunarleiðir vegna nýsköpunar á þessu sviði. Ég tel því eðlilegt, herra forseti, að slík nefnd yrði skipuð sem fyrst af sjútvrh. og að hún skili af sér á sumarmánuðum.

Þess vegna hef ég borið fram fsp. sem koma fram á þskj. 365.

[18:42]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrirspurnum á þskj. 365 er það að segja að árangur til tilraunaveiða á síðasta ári var allgóður þótt ekki hafi veiði á hvern úthaldsdag verið jafngóð og á árinu 1997. Árangurinn var eigi að síður vel viðunandi þar sem hvert skip veiddi að meðaltali um 520 kg á úthaldsdag. Árið 1997 veiddust um 950 kg á úthaldsdag. Heildarveiðin 1997 var tæpar 186 lestir en 244 lestir 1998, enda úthaldsdagar mun fleiri.

Ástæður þess að ekki veiddist jafn vel á hvern úthaldsdag 1998 og 1997 geta verið margar. Að sjálfsögðu getur ástand

í hafinu umhverfis Ísland og ástand bláuggatúnfiskstofnsins skipt miklu máli án þess að hægt sé að leyfa sér að fullyrða nokkuð um það á þessari stundu.

Að auki skal þess getið að í samningi Hafrannsóknastofnunar við japönsku aðilana sem standa að þessum veiðum eru ákvæði sem skylda japönsku skipin til þess að leita að túnfiski m.a. á öðrum svæðum en þeim sem veiðin beindist að árið áður. Þessi nýju svæði gáfu ekki eins vel af sér og þau svæði sem þá var veitt á. Það að veiðitímabilið hófst fyrr á árinu 1998 en það gerði 1997 kann líka að skýra lakari árangur á úthaldsdag. Veiðin fyrstu vikurnar 1998 er áberandi lakari en meðaltalið.

Varðandi 2. fyrirspurnina er það að segja að frá því hún var lögð fram hafa, eins og kunnugt er, verið gerðar breytingar á gildandi lögum þannig að endurnýjunarreglur eru ekki lengur hluti af löggjöf um fiskveiðistjórnun.

Um 3. fyrirspurn er það að segja að á fundi sem haldinn var með sjútvrh. Færeyinga hér á landi í byrjun þessa árs tók ég þetta mál upp. Það má í sjálfu sér segja að á því sé ekki mikill þrýstingur því eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda hafa íslenskir útvegsmenn kannski ekki sýnt nægjanlegan áhuga á að fara í þessar veiðar, enda mikil fjárfesting sem liggur þar að baki. Það varð engin niðurstaða af umfjöllun um þetta á fundi með sjútvrh. Færeyja en hann tók það til umhugsunar og ég geri ráð fyrir að þeim umræðum verði haldið áfram á reglulegum samráðsfundum sjútvrh. Íslands og Færeyja. En eins og menn vita hefur verið mjög gott samstarf við nágranna okkar um þessi efni og mörg önnur í sjávarútvegsmálum á undanförnum árum.

Varðandi 4. fyrirspurnina má taka fram að engar viðræður hafa farið farið um aðild Íslands að Alþjóðatúnfiskráðinu við aðildarríki þess. Hins vegar hefur innan sjútvrn. verið gerð könnun á því hvort æskilegt sé að gerast aðili að ráðinu. Sú könnun benti til þess að í ljósi samþykktar ráðsins, sem einungis hefur viljað viðurkenna veiðar þeirra sem stunduðu þær á árunum 1993–1994, geti verið óráðlegt fyrir Ísland að gerast aðili, a.m.k. að svo stöddu. Á þetta atriði hafa áheyrnarfulltrúar Íslands bent á fundum stofnunarinnar allt frá því að Ísland tók þar fyrst sæti sem áheyrnaraðili árið 1995. Að okkar mati er hér um að ræða brot á rétti strandríkja samkvæmt þjóðarétti.

Á fundi stofnunarinnar, sem haldinn var í lok nóvember á síðasta ári, komu fram vísbendingar um að breytingar kunni að vera í vændum á afstöðu innan stofnunarinnar varðandi þetta atriði. Sérstakur vinnuhópur hefur verið stofnaður til þess að ræða mögulegar viðmiðunarreglur varðandi úthlutun veiðiheimilda. Ríki utan stofnunarinnar munu fá aðgang að þessum vinnuhópi. Að sjálfsögðu mun Ísland nýta sér þennan vettvang til að koma að skoðunum sínum og reyna þannig að hafa áhrif á niðurstöðuna. Má gera ráð fyrir að svo verði um fleiri ríki sem ekki eru enn aðilar að stofnuninni.

[18:47]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir skýr og greinargóð svör. Ekki er hægt að segja annað en að hann hafi kannað mjög marga þætti þessa máls í góðu samráði við Alþjóðatúnfiskráðið. Kannað hefur verið hvort eðlilegt og þá hvenær væri rétt að ganga í ráðið. Auðvitað væri það tvíeggjað að sækjast eftir inngöngu ef miðað verður við kvóta síðustu ára, þ.e. áranna 1993–1994 t.d., þar sem við eigum engan kvóta frá þeim árum. Skoðun mín hefur alltaf verið sú að við ættum að ýta á þessar veiðar eins og kostur er til þess að auka möguleika okkar til einhvers kvóta frá ráðinu þegar þar að kemur.

Þá komum við að því sama og ég minntist á áðan, þ.e. hvernig ríkisvaldið getur aðstoðað útgerðarmenn við að koma veiðunum af stað. Og það eru þó einhverjar leiðir til þess. Í upphafsræðu minni nefndi ég að t.d. Nýsköpunarsjóður lánar til þessara skipakaupa, eða breytinga á skipum til túnfiskveiða, en lánin hafa reynst miklu lægri heldur en á hefur þurft að halda og vaxtakjör þeirra eru ótrúlega há, miðað við það að hér er um nýsköpun að ræða.

Ég vil ítreka ósk mína um skipun nefndar til þess að fara rækilega í þessi mál þannig að hægt verði að meta þessa stöðu dálítið vel og frá mörgum sjónarhornum svo komist verði að niðurstöðu um það í sumar.

[18:49]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að afar þýðingarmikið er að íslenskir útgerðarmenn og íslensk skip reyni fyrir sér í þessum veiðum. Það skiptir auðvitað sköpum um réttarstöðu okkar og hlutdeild í stofnunum þegar til framtíðar er litið.

Hins vegar er alltaf álitamál með hvort stjórnvöld eiga að ýta slíkum málum fram eða hvernig þau eiga að koma þar að. Ég lít svo á að almennar reglur eigi að gilda sem mest í þessum efnum. Við höfum sett á fót Nýsköpunarsjóð til að stuðla að nýsköpunarverkefnum í íslensku atvinnulífi. Við höfum reynt að hverfa frá sértækum aðgerðum innan einstakra atvinnugreina og beint þeim í almennan farveg, þ.e. þann farveg að ákvarðanir um lánveitingar og fyrirgreiðslu séu teknar á markaðslegum forsendum. Ég held að mikilvægt sé, bæði fyrir sjávarútveginn og aðrar atvinnugreinar, að við höldum okkur við þá almennu stefnu.

En hitt er kórrétt hjá hv. fyrirspyrjanda. Það er brýnt að vekja meiri áhuga útvegsmanna á að reyna fyrir sér í þessum efnum til að tryggja enn betur réttindi okkar til veiða úr þessum stofni.

Út af dagskrá voru tekin 7.–8. mál.

Fundi slitið kl. 18:52.

---

64. FUNDUR

fimmtudaginn 11. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 254. mál, þskj. 288, nál. 561, brtt. 560. — 2. umr.

2. Ríkislögmaður, stjfrv., 476. mál, þskj. 781. — 1. umr.

3. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 475. mál, þskj. 780. — 1. umr.

4. Hafnaáætlun 1999–2002, stjtill., 291. mál, þskj. 343, nál. 541, brtt. 542 og 564. — Frh. síðari umr.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá forseta þingsins í Litháen.

Fjarvistarleyfi:
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.
[10:31]

Útbýting þingskjala:
Almenn hegningarlög, 514. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 826.
Eftirlit með útlendingum, 512. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 824.
Fornleifauppgröftur í Skálholti, 515. mál, þáltill. KÁ, þskj. 829.
Greiðsla ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 513. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 825.
Tengsl heilbrigðisstétta við rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði, 508. mál, fsp. HG, þskj. 820.
Vísindasiðanefnd, 507. mál, fsp. HG, þskj. 819.

Stjórnarskipunarlög, 2. umr.

Frv. DO o.fl., 254. mál, kjördæmaskipan. — Þskj. 288, nál. 561, brtt. 560.
[10:32]

Frsm. stjórnarskrárn. (Valgerður Sverrisdóttir):
Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti stjórnarskrárnefndar um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, á þskj. 561 og brtt. á þskj. 560.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til fundar við sig þá Eirík Tómasson prófessor og Ólaf Þ. Harðarson dósent, en einnig voru þeir Kristján Andri Stefánsson og Helgi Bernódusson nefndinni til ráðgjafar. Nefndin leitaði álits hjá landshlutasamtökum sveitarfélaga, héraðsnefndum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, alls 26 aðilum. Umsagnir bárust frá níu aðilum auk erinda frá öðrum en þeim sem leitað var álits hjá.

Hinn 8. september 1997 skipaði forsrh. nefnd til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin var skipuð samkvæmt tilnefningu allra þingflokka er þá voru á Alþingi og skilaði hún skýrslu 6. október sl. Skýrslan er prentuð á þskj. 141.

Þau meginmarkmið sem nefnd forsrh. hafði að leiðarljósi voru í fyrsta lagi að gera kosningakerfið í senn einfalt og auðskiljanlegt, í öðru lagi að draga úr misvægi atkvæða þannig að hlutfall kjósenda að baki hverju þingsæti, þar sem munurinn er mestur milli kjördæma, verði sem næst 1:1,5 til 1:1,8, í þriðja lagi að gera þingsætafjölda allra kjördæma sem jafnastan, í fjórða lagi að viðhalda jöfnuði á milli stjórnmálasamtaka á landsvísu þannig að fjöldi þingsæta hvers flokks verði í sem bestu hlutfalli við atkvæðafylgi flokkanna og í fimmta lagi að halda óbreyttri tölu þingmanna. Lagt var til grundvallar að beitt yrði svonefndri d'Hondt-reglu bæði við úthlutun kjördæmasæta og jöfnunarsæta enda verði fjöldi þingsæta allra kjördæma svipaður. Beiting þessarar reglu byggist á því að kjördæmasæti séu fimm eða fleiri en samkvæmt brtt. nefndarinnar á þskj. 560 er lagt til að kjördæmasæti verði a.m.k. sex.

Fumvarpið er grundvöllur nauðsynlegra breytinga á kosningalöggjöfinni svo að markmiðum verði náð. Þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á stjórnarskránni miða að því að gera nýtt kosningakerfi sveigjanlegra en verið hefur. Í því skyni er í frumvarpinu lagt til að stjórnarskráin geymi færri og almennari ákvæði um kjördæmaskiptingu landsins í megindráttum og tilhögun kosninga til Alþingis. Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir því að almenna löggjafanum verði falið að útfæra nánar kjördæmaskipan og tilhögun kosninga í lögum með auknum meiri hluta atkvæða, þ.e. tveimur þriðju hlutum atkvæða á Alþingi. Gert er ráð fyrir því að stjórnarskráin geymi ákvæði um heildarfjölda þingsæta, lágmarksfjölda kjördæmasæta, lengd kjörtíma og fjölda kjördæma.

Þá er gert ráð fyrir því að stjórnarskráin kveði á um tilhögun kosninga í megindráttum, þ.e. að kosningar skuli vera leynilegar og hlutbundnar. Jafnframt er lagt til að horfið verði frá núgildandi reglu um úthlutun jöfnunarsæta. Eins og reglurnar eru í dag er grundvöllur fyrir jöfnunarsæti að stjórnmálasamtök hafi fengið kjördæmakjörinn mann. Þess í stað er lagt til að í stjórnarskrána verði sett ákvæði um að þau samtök ein sem hlotið hafa meira en 5% atkvæða á landsvísu geti fengið úthlutað jöfnunarsæti, jafnvel þó þau hafi ekki fengið þingsæti í kjördæmi. Kjördæmissæti verði því ekki lengur skilyrði fyrir því að fá jöfnunarsæti.

Að lokum er lagt til að stjórnarskráin geymi ákvæði um að ef misvægi á milli atkvæða kjósenda að baki hverju þingsæti í einstökum kjördæmum fer fram úr 1:2 að loknum alþingiskosningum skuli landskjörstjórn færa þingsæti á milli þeirra kjördæma þar sem munurinn er mestur til að draga úr misvæginu. Þetta ákvæði kemur ekki til framkvæmda fyrr en eftir alþingiskosningarnar árið 2003, samanber breytingu á þskj. 560 ef samþykkt verður.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fela almenna löggjafanum að ákveða fjölda þingsæta í hverju kjördæmi, þó þannig að hvert kjördæmi hafi minnst fimm kjördæmasæti. Brtt. nefndarinnar á þskj. 560 gerir hins vegar ráð fyrir því að kjördæmasæti verði minnst sex.

Þá er lagt til að almenni löggjafinn setji nánari fyrirmæli um kjördæmaskipan og fyrirkomulag kosninga, þar á meðal um mörk kjördæma utan Reykjavíkur og nágrennis auk reglna um úthlutun þingsæta. Tilgangurinn með að eftirláta almenna löggjafanum að útfæra rammaákvæði stjórnarskrárinnar er einkum að auðveldara er að láta kjördæmaskipun fylgja búsetuþróun án þess að breyta þurfi stjórnarskránni. Til að breyta kjördæmamörkum og tilhögun við úthlutun þingsæta er áskilinn aukinn meiri hluti á Alþingi, þ.e. tveir þriðju hlutar atkvæða. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að samkvæmt bráðabirgðaákvæði í 2. mgr. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því að einfaldur meiri hluti á Alþingi nægi til að gera breytingar á kosningalögum til samræmis við þessar breytingar á stjórnarskránni. Þegar kosningalögunum hefur verið breytt til samræmis við stjórnarskrárbreytingarnar fellur ákvæðið um einfaldan meiri hluta úr gildi.

Þær breytingar sem nefndin leggur til að verði gerðar á frv. eru:

1. Lagt er til að kjördæmi geti fæst verið sex en flest sjö. Á þennan hátt getur almenni lögjafinn breytt fjölda kjördæma innan ákveðinna marka sem stjórnarskráin leyfir. Með þessari breytingu eru ákvæði stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipulag og kosningafyrirkomulag gerð sveigjanlegri.

Til að fjölda kjördæma verði breytt innan þessara marka þarf tvo þriðju hluta atkvæða á Alþingi samkvæmt 6. efnismgr. 1. gr. frv., samanber einnig 2. efnismgr. 2. gr. sem er bráðabirgðaákvæði um einfaldan meiri hluta.

2. Lögð er til sú breyting að fjöldi kjördæmissæta í hverju kjördæmi verði ekki færri en sex.

3. Þá er lagt til að ákvæði til bráðabirgða í 1. efnismgr. 2. gr. frv. verði fellt brott, en þar er kveðið á um að ákvæði 5. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, sem ætlað er að koma í veg fyrir að misvægi atkvæða fari fram úr 1:2 milli einstakra kjördæma, verði virkt um áramótin 2000–2001, en upp frá því reynir á það á mest fjögurra ára fresti. Gengið er út frá því að kosið verði eftir nýrri tilhögun við næstu kosningar eftir að stjórnarskipunarlögin öðlast gildi, sem verða í síðasta lagi árið 2003. Tilgangurinn með breytingunni er að ákvæði 5. efnismgr. 1. gr. komi ekki til framkvæmda í fyrstu kosningum eftir stjórnarskrárbreytinguna.

4. Loks leggur nefndin til að stjórnarskipunarlögin öðlast þegar gildi um leið og skilyrði eru til þess, en með gildistökuákvæðinu er tekið af tvímæli um hvenær lögin skuli taka gildi.

Undir nefndarálitið skrifa Friðrik Sophusson, Valgerður Sverrisdóttir, Svavar Gestsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Jón Kristjánsson, Steingrímur J. Sigfússon, Sturla Böðvarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Hjálmar Árnason, Árni Johnsen og Guðný Guðbjörnsdóttir. Rétt er að geta þess að Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir álitið með fyrirvara.

[10:42]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Að minni hyggju eru að gerast stórtíðindi í íslenskri pólitík með þeirri þverpólitísku sátt og þeirri niðurstöðu sem hér er að finna í hinu margnefnda kjördæmamáli. Ég var fulltrúi jafnaðarmanna í þeirri kjördæmanefnd sem skipuð var af hæstv. forsrh. og hef einnig setið í stjórnarskrárnefnd þingsins við meðhöndlun málsins.

Ljóst er að jafnaðarmenn hafa haft skýra afstöðu í kjördæmamálinu nú um langt skeið og verið þeirrar skoðunar að landið skuli gert allt að einu kjördæmi. Hins vegar lá ljóst fyrir strax í upphafi þessarar vinnu og hefur raunar legið lengi fyrir að um þá leið er ekki sátt á hinu háa Alþingi. Þess vegna varð það strax ákvörðun sem tekin var af hálfu jafnaðarmanna að við mundum freista þess eins og kostur væri að ná sátt um leið sem viðunandi væri. Ég hygg að sú sáttargjörð liggi hér frammi og eigi að vera þannig úr garði gerð að allir stjórnmálaflokkar geti sæmilega vel við unað. Enda kemur í ljós að flutningsmenn frv. eru formenn stjórnmálaflokkanna og að stjórnarskrárnefndin sem hér skilar af sér til 2. umr. hefur náð sátt sín á milli og skilar málinu heillegu inn til Alþingis. Lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á frv. eins og það kom fyrir sjónir hv. alþm. fyrir áramót. Þær eru hins vegar ekki af þeirri stærðargráðu að þær breyti neitt eðli máls eða innihaldi og meginkjarna þessarar tillögu.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara lið fyrir lið yfir þau helstu efnisatriði sem finna má í þeim tillögum sem hér eru til umræðu. Það gerði ég við 1. umr. málsins. Engu að síður er ljóst að hér er tekið verulegt skref til réttarbótar til jöfnunar atkvæðisréttar frá því sem verið hefur. Það er meginkjarni málsins og mikilvægasti þáttur þeirrar tillögu sem er til umfjöllunar.

Um langt skeið hefur verið ljóst að engin sátt er í samfélaginu um það mikla misvægi atkvæða sem íslenskir kjósendur hafa búið við nú um langt árabil og því brýnt og mikilvægt að draga þarf verulega úr. Það gert í þessu frv.

Í annan stað hygg ég það vera mikilvægt að sama skapi að með þessari nýskipan mála verða þingmannahópar á hinu háa Alþingi tiltölulega jafnstórir, jafnfjölmennir. Það tel ég mikilvægt af mörgum ástæðum. Ójafnvægi í þeim efnum hefur oft og tíðum valdið ákveðnum vandamálum. Við búum við það núna að þingmannahópar einstakra kjördæma geta verið frá 19 og niður í fimm og það sér auðvitað hver maður að það getur og hefur veldið erfiðleikum og vandamálum.

Hitt er ég meðvitaður um eins og velflestir hv. þm. aðrir að stærð þessara landsbyggðakjördæma sem talsvert hefur verið umrædd hefur valdið áhyggjum margra. Umfang þeirra er gríðarlegt. En á hitt ber að líta og rifja upp að þeim sömu áhyggjum deildu menn í þessum ræðustóli árið 1959 þegar kjördæmaskipaninni var breytt í þá daga. Þá voru áhyggjurnar þær að þau kjördæmi sem við búum við í dag væru of víðfeðm og stór. En á þeim áratugum sem liðnir eru hafa orðið byltingarkenndar breytingar í samgöngumálum þjóðarinnar. Þó að ég geti ekki fullyrt um það frekar en nokkur annar þá er það mitt mat að fljótlega venjist menn á þetta nýja fyrirkomulag, að þau praktísku vandamál sem hugsanlega skapast vegna þessara stóru landflæma verði ekki jafnstór og mikil í sniðum og menn vilja vera láta.

Ég vil einnig vekja á því athygli að um það hefur verið rætt opinberlega og allgóð sátt er í þá veruna að með þessari stækkun kjördæmanna verði freistað að skapa alþingismönnum betri aðstöðu til vinnunnar, m.a. með aðstoðarfólki, með ákveðnum miðstöðvum úti í héraði o.s.frv.

Hitt er jafnljóst að menn geta skipst á skoðunum um það hvar kjördæmamörk nákvæmlega skuli vera. Menn geta haft á því mismunandi skoðun og ég ætla ekki að hætta mér út í þá umræðu. En þetta var niðurstaða máls og ég hygg að um hana geti orðið allgóð sátt.

Það er líka rétt að vekja athygli á því sem hv. talsmaður stjórnarskrárnefndarinnar kom inn á og menn hafa nefnt 5% regluna, þ.e. að flokkar þurfi að ná 5% atkvæða til þess að fá mann kjörinn á Alþingi. Það er þrenging að vissu marki. En að sama skapi er af tekin sú regla sem við höfum búið við um langt árabil að enginn flokkur eða stjórnmálasamtök geti fengið mann kjörinn á Alþingi nema hann náist einhvers staðar kjördæmakjörinn. Þetta tvennt jafnast því út og niðurstaðan held ég að sé fullkomlega ásættanleg.

Það er rétt að vekja líka á því athygli, þó að vafalaust hefði mátt ganga lengra í þeim efnum, að í frv. eru stigin skref í þá veruna að auka áhrif kjósenda hvað einstaklingskjör varðar og dregið nokkuð úr þeim stífu reglum sem hafa verið í gildi í því sambandi. Það er þó fyrirliggjandi að sumir stjórnmálaflokkar hafa viljað ganga lengra í þessa veru en aðrir. Ég hef verið í þeim hópi sem vill ganga alllangt í að auka möguleika kjósenda til þess að hafa áhrif á kjör þeirra einstaklinga sem í framboði eru. Sumir hafa nefnt í því sambandi hið svokallaða kjörbúðarfyrirkomulag þar sem kjósandi hefur í raun tvö atkvæði, annars vegar atkvæði sem hann getur varið til þess að velja flokk og hins vegar einhvern fjölda einstaklinga úr öllum flokkum, eða jafnmörgum og kjósandinn vill. Þetta er hins vegar framtíðarmarkmið að minni hyggju og tilfinning mín er sú að fyrr en síðar taki menn enn stærri og veigameiri skref í þessa veruna en nú er gert.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að teygja þessa umræðu. Ég árétta að hér er um stórpólitísk tíðindi að ræða. Ég

hef gjarnan orðað það svo að versta niðurstaðan í kjördæmamálinu í gegnum tíðina hafi verið sú að ekkert hafi gerst. Það hefði orðið jafnvond niðurstaða nú og oft áður þannig að það er mér mikið fagnaðarefni að nú skuli sjást til sólar, að nú skuli sjást til lands í þessu stóra máli og að allgóð, víðtæk og breið sátt geti tekist um þetta stóra mál.

[10:50]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er hafin umræða um stórt og mikið mál sem lengi hefur verið í umræðu en ekki komið fyrr en núna til kasta Alþingis í alvöru. Sá hv. þm. sem hér talaði talaði um stórpólitísk tíðindi og stórtíðindi á Alþingi og þverpólitíska sátt þar sem jöfnun atkvæðisréttar væri meginkjarni málsins. Sem sagt það að draga úr misvægi atkvæða, en að engin sátt væri um hið mikla misvægi atkvæða sem landsmenn hefðu þurft að búa við. Efnislega kom þetta fram í máli hans.

Nú vil ég vekja athygli á því að fyrir stuttu síðan voru viðhöfð prófkjör hjá svokallaðri samfylkingu í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi og ekki var annað að sjá en að allir samfylkingarmenn væru sáttir við það misvægi atkvæða sem þeir sköpuðu sjálfir með þeim reglum sem þeir settu fyrir sínu prófkjöri, en þær kölluðu fram um fimmfaldan mun á atkvæðum, á atkvæðavæginu. Þeir bjuggu til hólf þannig að misvægi atkvæða varð miklu meira en nokkurn tíma hefur átt sér stað í kosningum til Alþingis. Því vil ég gjarnan spyrja hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson hvort einhver munur sé á þessu, þ.e. að búa til misvægi atkvæða með þessum hætti og að menn geti unað við það, en ekki í kosningum til Alþingis.

[10:52]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort þetta sé mjög merkilegt innlegg í þessa umræðu hjá hv. þm. Ég vek athygli á því að annars vegar er um að ræða reglur sem stjórnmálaflokkarnir sjálfir setja sér. Þær eru með ýmsu móti. Hins vegar erum við að ræða hér stjórnarskipunarlög, hvernig tryggja megi jafnan rétt þegna landsins í þessu stóra máli. Það er auðvitað kjarni málsins. Ég held ég hafi ekki neina nennu til þess, herra forseti, að vera í einhverjum útúrsnúningum og smámálum þegar jafnstórt og viðamikið og stórpólitískt mál er á ferðinni og hér um ræðir.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að það var nú ekki sá sem hér stendur sem fann upp þetta slagorð, þessa fyrirsögn um að stórpólitískt mál væri á ferðinni. Ég held að það hafi verið hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., þess flokks sem hv. þm. er í.

[10:53]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta sýnir bara hvað menn geta sagt og síðan hvað þeir geta gert. Það fer ekki saman það sem menn segja og vilja gera hér og síðan hvað þeir gera í reynd þegar til stykkisins kemur heima í kjördæminu.

[10:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kom í hug í þessari umræðu hvers konar hólfafyrirkomulag væri hjá þeim sjálfstæðismönnum í Reykjavík. Þar er bara eitt hólf og einn maður sem ræður. Það er kannski svoleiðis fyrirkomulag sem hv. þm. er að kalla eftir? (**HjálmJ**: Nú næ ég ekki að svara þér.)

[10:54]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er eitt stærsta og merkilegasta mál sem við höfum haft til umfjöllunar á þessu kjörtímabili. Það er ljóst að umræðan um jöfnun atkvæða hefur staðið lengi, og þá að sjálfsögðu kjördæmaskipanin, og kröfur hafa verið mjög ríkar um breytingar á núverandi kjördæmaskipan.

Það er síðan ekki fyrr en fyrir um einu og hálfu ári síðan sem hreyfing komst á þetta mál með þeirri nefndarskipan sem forsrh. kom á í september 1997. Það hefur gerst nú að samstaða er um það í öllum flokkum að breytinga sé þörf, en hér á árum áður var það ekki svo. Þá voru ekki aðstæður til þess að gera breytingar.

Einkenni núverandi kerfis er mikið misvægi atkvæða eftir kjördæmum. Þar að auki er kerfið mjög flókið og erfitt fyrir kjósendur að átta sig á því hvernig það virkar. Öll könnumst við t.d. við það þegar atkvæði hafa verið talin að loknum kosningum hversu flókið það kerfi er og hversu erfitt það er fyrir alla, líka okkur þingmenn, að átta sig á því hvernig það virkar jafnvel þegar úrslitin liggja fyrir. Alveg fram á síðustu stund geta verið alls konar undarlegar breytingar, svo ekki sé meira sagt, eins og við þekkjum öll.

Það er hins vegar mjög mikilvægt að mjög víðtæk samstaða hefur náðst hér á þingi um meginefni frv. þó að auðvitað séu skiptar skoðanir um einstök atriði þess, eins og eðlilegt er. Auðvitað er það líka svo að allt kann að orka tvímælis sem gert er. En aðalatriðið í þessu stóra máli er auðvitað vilji allra stjórnmálaflokkanna á Alþingi til að ná sameiginlegri niðurstöðu. Og því ber svo sannarlega að fagna að það skuli hafa tekist.

Markmiðið sem menn settu sér og náðu saman um er að gera kosningakerfið einfalt og auðskiljanlegt, að draga úr misvægi atkvæða, að þingmannafjöldi í hverju kjördæmi verði sem jafnastur og að áfram verði jöfnuður á milli stjórnmálasamtaka á landsvísu til að fjöldi þingsæta hvers flokks sé í sem bestu hlutfalli við kjósendatöluna, og svo að síðustu að þingmenn verði áfram 63 eins og nú er.

Þeir sem gagnrýna frv. færa einkum fram þau rök að landsbyggðarkjördæmin verði allt of stór, það verði erfitt fyrir þingmenn að sinna skyldum sínum og vera í nægilega góðu sambandi við kjósendur sína. En því er til að svara að með því að þingmannahópur hvers kjördæmis sé 10–11 þingmenn þá ætti að vera hægt að jafna betur álagið og þingmannahópurinn sem slíkur er sterkari með því að vera af þessari stærð. Það er líka ótvíræður kostur að svipaður fjöldi þingmanna sé í öllum kjördæmum.

Það hefur einnig verið rætt um að þingmenn úr hinum landfræðilega stærri kjördæmum fái aukna aðstoð í formi styrks til að njóta liðsinnis starfsmanns eða annars konar aðstoðar og það tel ég mjög mikilvægt í þessu sambandi. Þannig væri hægt að koma til móts við gagnrýni af þessu tagi sem vissulega er skiljanleg og á rétt á sér.

Herra forseti. Ég vil gera að sérstöku umtalsefni markmiðið um að misvægi atkvæða verði aldrei meira en 1:2, eins og gert er ráð fyrir í frv. Í þessu efni hefði ég viljað ganga lengra til jöfnunar. Ég bendi á að annars staðar á Norðurlöndum er langtum minna atkvæðamisvægi en gert er ráð fyrir að verði hér á landi eftir þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir. Þar eru aðstæður að ýmsu leyti víða svipaðar og hér, þ.e. strjálbýli og stór kjördæmi, t.d. í Noregi. Í Noregi er mesta misvægi milli kjördæma 1:1,6 en misvægi

milli flestra kjördæma þar er minna en 1:1,2. Í Danmörku er mesta misvægi milli kjördæma 1:2 en þess ber að gæta þar að misvægið er yfirleitt 1:1,3. Í Finnlandi er mesta misvægi milli kjördæma 1:1,17 og í Svíþjóð er mesta misvægi milli kjördæma sem er þá vegna jöfnunarmanna 1:1,4 en misvægi er annars staðar aðeins 1:1,04.

Að þessu sinni náðu menn ekki lengra en að setja mörkin við 1:2. Við því er ekkert að segja. Menn náðu saman um þá niðurstöðu en mér hefði þótt eðlilegt að miðað væri við 1:1,5.

Ég vil einnig nefna jafnréttismál í tengslum við þessar breytingar. Í skýrslu nefndarinnar kemur fram í viðræðum sem nefndin hefur átt við fræðimenn um það mál að rannsóknir sýna talsverða jákvæða fylgni milli ákveðinna þátta kosningaskipulags og fjölda kvenna á þingi og er þar þá aðallega um að ræða hlutfallskosningar og stór kjördæmi. Það er niðurstaða nefndarinnar að þær breytingar á kjördæmaskipan og kosningakerfi sem hún gerir tillögur um skapi ekki síðri skilyrði fyrir stjórnmálaþátttöku kvenna en nú eru. Skiptir það mestu máli að kjördæmin eru almennt stækkuð, og þá sérstaklega landsbyggðarkjördæmin, en á móti kemur að stærsta kjördæminu, Reykjavík, er skipt í tvennt, en fyrir því eru aðrar ástæður.

Ég tel að þetta sé ágætis innlegg í jafnréttisumræðuna sem hefur verið mjög öflug upp á síðkastið. Ég held að við hér á Alþingi séum öll sammála um að það sé markmið í sjálfu sér að sem mest jafnræði verði milli karla og kvenna á þinginu og ég tel að það sé mikilvægt að þessi mál séu skoðuð í tengslum við svo stórar breytingar eins og hér er verið að gera tillögur um á kjördæmaskipaninni.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta veigamikla mál en hlýt að lýsa ánægju með það samstarf sem þingflokkarnir á Alþingi hafa átt við umfjöllun þess.

[11:03]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka það samstarf sem tókst um þetta mál í stjórnarskrárnefndinni upphaflegu, kosningalaganefndinni. Þó að það sé kannski skrýtið að flytja slíkar þakkir út fyrir þennan sal þá ætla ég samt að gera það og nefna nafn Friðriks Sophussonar, sem var formaður í þeirri nefnd, og það er ástæða til að nefna hann vegna þess að þetta er ekki einfalt mál. Ég hygg að enginn hefði spáð því fyrir tveimur árum að jafnvíðtæk samstaða tækist og fyrir liggur í máli af þessu tagi. Ég tel að það eitt út af fyrir sig sé ánægjuefni, að náðst skuli hafa jafnvíðtæk samstaða og raun ber vitni um með fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem hér hafa átt þingmenn.

Ég vil einnig byrja á að rifja málið aðeins upp og geta þess að í upphafi kjörtímabilsins var það ákveði sett inn í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að breyta ætti kosningalögunum. Ég fyrir mitt leyti var mjög gagnrýninn á það ákvæði í stjórnarsáttmála vegna þess að ég tel þetta ekki mál ríkisstjórnar, ég tel þetta mál flokka. Þannig hefur það alltaf verið og ég hafði áhyggjur af því að Framsfl. og Sjálfstfl. ætluðu að taka þetta mál til sín. Vegna þess að þeir hafa haft sjónarmið sem við í Alþb. höfum alltaf verið andvígir, þ.e. þau sjónarmið að breyta reglunum þannig að kjördæmamörkin yrðu óbreytt en fækkað yrði í litlu kjördæmunum úti á landi og fjölgað í þéttbýlinu, sem hefði getað haft það í för með sér að misjöfn fulltrúatala flokkanna eftir byggðarlögum yrði enn þá skýrari en hún er nú. Ég tel að það sé slæmt kerfi sem kallar á það að flokkar séu annaðhvort til í þéttbýli eða dreifbýli. Ég vil hafa kerfi sem er þannig að flokkarnir hafi svipaða aðstöðu til þess að koma málefnum sínum og áherslum á framfæri, burt séð frá því hvort það er í þéttbýli eða dreifbýli, enda hafi þeir til þess svipaðan fylgisstyrk.

Þannig er það ekki núna. Þeir flokkar sem hafa verið minni í fjögurra flokka kerfinu um áratuga skeið hafa að jafnaði átt síðri möguleika á því að fá þingmenn kjörna í litlu kjördæmunum úti á landi en stærri flokkarnir, og það er óheppilegt fyrirkomulag.

Þess vegna var það mikið ánægjuefni að mati okkar alþýðubandalagsmanna að ríkisstjórnarflokkarnir féllust á að stofna til samstarfs allra flokka um málið. Við höfðum talið, og ég lét það koma fram á sínum tíma sem mín sjónarmið, að eðlilegra væri að þessi ákvörðun væri á vegum Alþingis eins en að ekki væri skipuð nefnd úr Stjórnarráðinu til að sinna þessu verki. En það var ósk stjórnarflokkanna að fara svona í málið og fallist var á þetta til samkomulags undir athugasemdum, aðallega frá mér.

Það er tvennt sem Alþb. lagði áherslu á í upphafi þessarar vinnu sem sýnir flokkspólitíska afstöðu. Það var í fyrsta lagi það að áfram yrði tryggt, þrátt fyrir breytingar, ef gerðar yrðu, að jöfnuður væri á milli flokka, jöfnuður á milli pólitískra sjónarmiða. Og reynt yrði við slíkar breytingar að ná lengra en tekist hefur til að tryggja og stuðla að meira vægi persónanna, þ.e. persónukjör vægi þyngra en nú er, þar sem það vegur ekkert í raun og veru í sjálfum kosningunum.

Niðurstaðan er sú að jöfnuður á milli flokka næst í þessum tillögum sem hér liggja fyrir. Jöfnuður á milli pólitískra sjónarmiða næst í þessum tillögum. Vandinn er hins vegar sá að lítill árangur náðist að því er varðar persónukjör. Það er að mínu mati slæmt, en veruleikinn er sá að ýmsir hér í þessari stofnun hafa talið, m.a. í flokkssamþykktum sínum, að óheppilegt sé að færa átökin á milli einstaklinga inn í sjálfar alþingiskosningarnar, og það eru rök út af fyrir sig. Þess vegna gjalda þeir, og ég að nokkru leyti líka, varhug við þeim sjónarmiðum að færa t.d. prófkjörin inn í alþingiskosningarnar vegna þess að þá yrðu þau átök sem yrðu á milli einstaklinga færð inn í alþingiskosningarnar sem eiga auðvitað að snúast um málefni númer eitt, tvö og þrjú.

Við alþýðubandalagsmenn höfum aldrei verið þeirrar skoðunar, eða a.m.k. mjög fáir í okkar hópi, að núverandi kerfi væri mjög slæmt í sjálfu sér. Ég hef t.d. ekki tekið undir það að núverandi kerfi væri sérstaklega flókið. Ég hef átt mjög erfitt með að taka undir þann söng. Kannski er það vegna þess að ég átti dálítinn þátt í því að koma þessu kerfi á blöð, sem nú er notað, með breytingunum 1983. En það var alveg ljóst að gera varð breytingar á kerfinu. Af hverju? Af því að það var ekki pólitísk samstaða um að hafa það óbreytt og þess vegna hlaut það að verða hlutskipti okkar í málinu að reyna að ná sátt um kerfi sem væri eins gott og kostur væri eða eins lítið vont og kostur væri, eftir því frá hvaða sjónarmiði maður nálgast verkið. Það er auðvitað oft hlutskipti manna í stjórnmálum að þurfa að nálgast málin á þann hátt og það held ég að við höfum gert eða reynt að gera a.m.k.

Ég ætla ekki að bæta í sjálfu sér miklu við þær ræður sem hér hafa verið fluttar en það eru þó örfá atriði sem ég vil undirstrika. Það er í fyrsta lagi það að um leið og við í þingflokki Alþb. og óháðra, sem ég stýrði þá, samþykktum að taka þátt í þessu starfi — en nú hafa menn talið að efni væru til þess að hafa þennan þingflokk í tveimur flokkum,

eins og kunnugt er í þessari stofnun — þá lögðum við áherslu sérstaklega á eitt atriði sem yrði að fylgja. Ég vænti þess engu að síður að menn séu sammála um þetta grundvallaratriði, og það er að jafnframt breytingunni yrðu teknar ákvarðanir sem snerta byggðaþróun í landinu og yrðu til þess að það væri eins auðvelt og mögulegt er að rækja þingstörfin þrátt fyrir miklu stærri kjördæmi.

Þessi áhersla og krafa náði góðum stuðningi í stjórnarskrárnefndinni og ég hygg að allt í lagi sé að segja frá því að við lögðum talsverða áherslu á að þetta yrði svona, og þeir sem í nefndinni störfuðu tóku ágætlega undir þessi sjónarmið.

Ég tel hins vegar að mikilvægt sé að niðurstaða byggðanefndar þingflokkanna liggi fyrir áður en þetta mál verður að lögum. Ég tel mjög mikilvægt að halda þannig á málinu. Það er úrslitamál í mínum huga að þannig verði að hlutunum staðið og ég veit ekki betur en að um það sé fullt samkomulag að þannig verði röðin á verkunum sem við erum hér að tala um.

Í þessum tillögum, herra forseti, er gert ráð fyrir margvíslegum breytingum á kosningakerfinu sem hafa verið raktar, en ég ætla að nefna nokkrar aðeins ítarlegar. Það eru fyrst þær breytingar sem gert er ráð fyrir að gera á jöfnunarkerfinu. Eitt af því allra flóknasta við að setja saman reglur af þessu tagi er að finna aðferðir til að tryggja þessa jöfnun á milli flokka. Ef kjördæmin eru mjög misjafnlega stór, ef eitt kjördæmið er t.d. fjögurra þingmanna og annað kjördæmi 25 manna, svo ég nefni dæmi, þá er mjög erfitt að ná þessu marki nema með mjög mörgum jöfnunarsætum. Og gallinn við jöfnunarsætin er sá að úthlutun þeirra gerir kosningakerfið ógagnsætt. Það verður erfiðara að átta sig á því hvar menn eiga að koma til skjalanna, hvar menn eiga að verða kosnir og hvar ekki.

Kosturinn við kerfið, eins og þessi tillaga fjallar um, er sá að kjördæmin eru svipað fjölmenn að þingmannafjölda sem gerir það að verkum að ekki þarf eins mörg jöfnunarsæti og ella væri. Hér er sem sagt gert ráð fyrir að skipta jöfnunarsætunum eftir landsfylgi flokkanna, þ.e. þegar kosningaúrslitin liggja fyrir þá er jöfnun í kjördæmunum, jöfnunarsætunum skipt á milli flokkanna miðað við heildaratkvæðatölu, en áður en útreikningurinn hefst koma til frádráttar þau sæti sem menn hafa fengið eða flokkarnir í hverju kjördæmi fyrir sig. Og talnalegar athuganir, sem nefndin lét gera, sýna að 9–10 jöfnunarsæti nægja til að tryggja sæmilega vel jöfnuð milli flokka á landsvísu þegar landinu er skipt í sex kjördæmi eins og hér er gert ráð fyrir, enda séu þau áþekk að stærð.

Í þessum tillögum er lagt til að jöfnunarsætunum verði úthlutað til þeirra frambjóðenda hvers flokks sem hafa hæst hlutfall atkvæða í sínu kjördæmi. Með því næst talsverð einföldun á því kerfi sem jöfnunarsætum er úthlutað eftir frá því sem er samkvæmt gildandi lögum og ég ætla aðeins að fara yfir hvernig þetta er gert. Það er gert þannig að þegar búið er að áætla hvað flokkur á að fá mörg þingsæti yfir landið þá kemur í ljós hversu mörg sæti vantar til að hann fái fulla þingmannatölu miðað við atkvæðastyrk sinn. Síðan er þessum sætum úthlutað til flokkanna. Og hvernig er þeim úthlutað? Þeim er úthlutað þannig að fyrsta jöfnunarsætið fer til þess flokks sem vantar flesta þingmenn upp á að fá fulla úthlutun, og það fer til þess manns sem hefur hæsta prósentutölu. (**EgJ:** Eins og gerist nú í dag.) Nei, það er öðruvísi vegna þess að nú er um það að ræða að miðað er við kjördæmatölu. Hún er reiknuð út og síðan er það stærsta leið sem ræður því hvar jöfnunarsætin koma inn. En þetta er mjög mikilvæg ábending vegna þess að þetta kerfi á að vera gagnsærra og einfaldara en nú er af því að þetta raðast bara upp eftir hlutföllum, eftir prósentum. Og menn muna það sem eru komnir á virðulegan aldur, eins og ég og hv. þm. Egill Jónsson, að fyrr á öldinni var þetta þannig að fyrst kom jöfnunarmaður á tölu og svo á prósentu og svo á tölu og svo á prósentu. En hér er gert ráð fyrir því að allir jöfnunarmenn fari úr á prósentum og það á að gera kerfið miklu einfaldara og gagnsærra en það er núna.

Auðvitað getur þetta þýtt að jaðartilvik komi upp og virki sérkennileg. Ég vil hins vegar leggja áherslu á að reynt hefur verið að laga þetta frá því sem nú er.

Í öðru lagi vildi ég nefna persónukjörið, það var farið yfir það. Þar tókst okkur ekki mjög vel upp, ég viðurkenni það alveg. Í gögnum og skýrslum nefndarinnar er þó lagt til að það verði ekki útfært fyrr en í kosningalögunum sjálfum. Lagt er til að tekin verði upp regla sem gilti fram að breytingu á kosningalögunum 1959, þ.e. fram til þess að núgildandi kosningalög voru sett. Það er svokölluð Bordaregla. Til að mörkin verði þó ekki óeðlilega lág er lagt til að reglunni verði aðeins beitt á þá frambjóðendur á lista sem ná aðaleða varamannssæti, þó aldrei færri en þrjá. Þykja með því móti mynduð hófleg mörk fyrir breytingar á framboðslistum. Fái listi sem dæmi 4.000 atkvæði og tvo menn kjörna eru fjórum efstu mönnum listans reiknuð atkvæði og ef engar breytingar hafa verið gerðar á kjörseðlum, með útstrikun eða umröðun, hefur fyrsti maður 4.000 atkvæði; annar maður þrjá fjórðu, eða 3.000 atkvæði; þriðji maður tvo fjórðu eða 2.000 atkvæði og fjórði maður einn fjórða, eða 1.000 atkvæði. Í þessu dæmi þyrfti meira en 800 útstrikanir hjá einum frambjóðanda, ef engar aðrar breytingar væru gerðar á kjörseðlum, til að hreyfa hann milli sæta.

Hér er í raun talið líklegra að áhrif náist með breytingum á seðlum en nú er, þar sem engar breytingar nást eins og menn sáu í síðustu sveitarstjórnarkosningum og menn í þessum sal muna vafalaust eftir.

Með frv. um breytingar á stjórnarskránni eru í fylgiskjali drög að frv. til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Þar ætla ég að nefna nokkur atriði sem mér finnst að við þurfum að ræða af því að þau skipta máli.

Fyrsta atriðið er að lagt er til að landskjörstjórn verði heimilt að ákveða mörkin milli kjördæmanna tveggja í Reykjavík um hver áramót þannig að kjósendur að baki hverju þingsæti í hvoru þeirra um sig verði nokkurn veginn jafnmargir auk þess sem hvort kjördæmi verði sem samfelldust heild.

Hvaða rök eru fyrir því að skipta Reykjavík í tvö kjördæmi? Rökin eru í fyrsta lagi þau að betra sé fyrir þingmennina að sinna kjördæminu en nú er. Það er afar erfitt verk fyrir þingmennina að sinna jafnstóru kjördæmi og fjölmennu og Reykjavík. Ég hef verið þingmaður Reykvíkinga í 20 ár og veit hve erfitt það getur verið og að það er dýrt vegna þess að menn leysa oft það sem á eigin getu vantar með öðrum hætti, útgáfustarfsemi eða auglýsingum. Þess vegna tel ég það að hafa kjördæmið eins gríðarlega stórt og fjölmennt og það er núna afar erfitt.

Í öðru lagi, sem er kannski aðalatriðið í málinu, er betra fyrir kjósendur í Reykjavík að hafa þetta svona. Það er auðveldara að ná til þeirra og auðveldara fyrir þá að ná til þingmanna. Ég efast um að að Reykvíkingar, kjósendur í Reykjavík, geri sér ljóst hverjir þingmenn kjördæmisins eru. Ég tel það slæmt af því að við erum fulltrúar Reykvíkinga og

landsmanna allra. En við, fulltrúar Reykvíkinga, eigum auðvitað að vinna sem þingmenn Reykjavíkur líka. Vissulega hefur það verið þannig með þingmenn Reykvíkinga, ekki síður en þingmenn annarra kjördæma, að þeir hafa reynt að horfa til landsins alls. Veruleikinn er hins vegar sá að þeir sem eru kosnir í Reykjavík eru kosnir af því fólki sem hér býr. Það er nauðsynlegt fyrir þingmenn að ná til kjósenda og fyrir fólkið að geta náð sambandi við þá.

Þriðji kosturinn við að skipta Reykjavík, raunar er það óhjákvæmilegt, er að það er forsenda þess að allt þetta kerfi gangi upp. Þá þarf færri jöfnunarsæti en ella væri, eins og þetta kerfi er sett upp. Með þessari niðurstöðu yrðu þingmannahóparnir hér inni jafnframt af svipaðri stærð. Ég tel það einnig kost að Reykvíkingarnir hafi ekki allt aðra stöðu en allir aðrir. Þeir ættu að ganga fram eins og aðrir kjördæmaþingmenn í þessari stofnun.

Þess vegna verð ég að segja, sem þingmaður Reykvíkinga til margra ára, að þetta er ekki slæmur kostur. Ég skil vel að menn skuli vilja ræða málið og auðvitað verða kjördæmamörkin í Reykjavík ekki ákveðin öðruvísi en borgarstjórn Reykjavíkur komi að því máli. Það segir sig sjálft. Þannig hlýtur það að vera og þannig er það t.d. í öðrum löndum þar sem kjördæmamörk eru færð til í þéttbýli á milli kosninga, eins og gert er t.d. í London og víðar.

Að lokum, herra forseti, vildi ég víkja að því að á frv. eru einnig gallar. Aðalgallinn er hve dreifbýliskjördæmin verða stór. Það verður erfiðara að sinna þeim. Það er ljóst en þá er að taka á því og gera allt sem hægt er til að auðvelda mönnum að gegna því starfi. Um það efni eru uppi tillögur, m.a. í byggðanefnd þingflokkanna þar sem fjallað er um hvernig komið verði til móts við þingmenn landsbyggðarinnar. Ég tel mjög mikilvægt að svo verði gert og það myndarlega, þannig að starfsmenn þingmannanna verði ekki allir hér við Austurvöll heldur einnig í öðrum byggðarlögum. Mér finnst mikilvægt að halda því til haga í þessari umræðu.

Reyndar eru tvö atriði að lokum, herra forseti, sem ég gleymdi og finnst ég þurfa að nefna núna. Annað er breytingar á kjördæmamörkum. Með frv. verður gífurleg breyting, verði það að lögum og stjórnarskrá. Gert er ráð fyrir að hægt sé að breyta kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta. Það er hægt að breyta þessu með samþykkt á Alþingi án þess að þurfa að fara stjórnarskrárferilinn í gegnum tvennar kosningar. Ef íbúar Siglufjarðar vildu t.d. vera í öðru kjördæmi en hér er lagt til og óskuðu eftir því í atkvæðagreiðslu eða með undirskriftum, þá gæti Alþingi fallist á það, án þess að til kæmu tvennar kosningar. Mikilvægt er að hægt sé að bregðast við slíkum óskum ef þær koma upp og það er lýðræðislegt að mínu mati.

Í öðru lagi breytist úthlutun uppbótarsæta. Ég bendi á það sem segir í stjórnarskrárákvæðinu, með leyfi forseta:

„Þau stjórnmálasamtök koma þó ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa minnst fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu."

Þetta er breyting frá því sem nú er og þýðir, ef við skoðum þetta aftur í tímann, að ýmis þau samtök sem hér hafa haft fulltrúa hefðu ekki náð því. Það á t.d. við um Kvennalistann í síðustu kosningum. Um þetta mál voru skiptar skoðanir í nefndinni. Heilmikið var rætt um hvort hægt væri að finna aðra leið. En þetta er niðurstaðan og að henni stend ég en viðurkenni um leið að hún felur í sér í miklar breytingar frá því sem verið hefur að því er varðar möguleika flokkanna til að fá aðgang að jöfnunarsætunum.

Ég lýk þá máli mínu, herra forseti, og endurtek þakkir fyrir samstarfið til þeirra sem hlut áttu að máli í undirbúningsnefndinni og í sérnefndinni á þinginu.

[11:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. stjórnarskrárnefndar með fyrirvara og mun hér gera grein fyrir ástæðum þess. Ég gerði þær reyndar að umtalsefni þegar við 1. umræðu málsins og get að mestu leyti vísað til þeirra. Þó má segja að a.m.k. að einu leyti sé komið nokkuð til móts við sjónarmið mín með þeim brtt. sem fluttar eru af stjórnarskrárnefnd. Þá á ég fyrst og fremst við þann sveigjanleika sem a-liður 1. tölul. brtt. skapar, þ.e. að fastbinda ekki lengur með öllu fjölda kjördæma heldur bjóða upp á þann sveigjanleika að þau geti orðið sex eða sjö. Ég vísa einnig til gagnrýni og fyrirvara sem ég setti fram varðandi afmörkun kjördæma og birt eru í fskj. með frv. sem drög að breytingum á kosningalögum.

Að öðru leyti, herra forseti, lúta fyrirvarar mínir við þetta mál fyrst og fremst að ákveðnum útfærsluatriðum kosningalöggjafarinnar og kjördæmaskipunarinnar á grundvelli þeirra. Að hluta til er ramminn um þær breytingar markaður í frv. um breytingar á stjórnarskipunarlögum. Að því leyti sem þeir hlutir hanga saman þá beinast fyrirvarar mínir einnig að þessu frv., þó hér sé valin sú leið sem ég andmæli ekki út af fyrir sig. Ætlunin er að reyna að hafa sjálfan stjórnarskrárrammann einfaldan í sniðum og bjóða upp á ákveðinn sveigjanleika í útfærslu og mögulegar breytingar í kosningalögum, þá með tveimur þriðju atkvæða, þ.e. auknum meiri hluta til að samþykkja slíkar breytingar.

Það fyrsta af þessu tagi það er einfaldlega útfærslan á kjördæmamörkunum og það er ramminn sem settur er hér í frv. og sá rammi sem nefnd fulltrúa þingflokkanna setti sér í störfum sínum. Ég sagði við 1. umræðu að ég teldi að sá rammi hefði verið of þröngur og ég er enn sömu skoðunar. Ég held, þó að ég skilji að mörgu leyti þau sjónarmið að reyna að miða við að útkoman verði nokkurn veginn jafnstór kjördæmi hvað þingmannafjölda snertir, að menn hafi þar gengið of langt. Menn hafi látið þetta markmið, um jafnan þingmannafjölda í kjördæmum, verða um of ríkjandi á kostnað annarra. Þá á ég fyrst og fremst við að svo hafi orðið á kostnað þess að útkoman þarf að vera sæmilega skynsamleg landfræðileg eining. Ég hef bent á aðalgallana við hinn þrönga ramma nefndarinnar og frv., að þingmannafjöldinn í hverju kjördæmi skuli nánast alltaf vera sá sami, þ.e. 9 plús 1 eða 9 plús 2. Útkoman af þessu er annars vegar hin geysilega stóru landsbyggðarkjördæmi og hins vegar skipting Reykjavíkur í tvö kjördæmi, skipting eins sveitarfélags í tvö kjördæmi sem óneitanlega er nokkur stílbrjótur miðað við önnur kjördæmi.

Nú er mér alveg ljóst að ef menn hefðu valið þá leið að bjóða upp á nokkuð mismunandi þingmannafjölda í kjördæmum, eitthvað í átt við það sem nú er og þó að sá mismunur hefði verið eitthvað minni, þá hefði að sjálfsögðu þurft að leggja reikningsdæmin öðruvísi upp hvað varðar jöfnun milli flokka og fjölda jöfnunarsæta. Að sjálfsögðu eru engir einfaldir kostir í boði í þeim efnum ef ekki á t.d. að missa fyrir borð það grundvallarmarkmið að að endingu náist að nokkru leyti fullnægjandi jöfnuður milli flokka sem ég tel að sjálfsögðu vera afar mikilvægt atriði og náðist fram með breytingunum 1983 og ber að sjálfsögðu að varðveita.

Vel kann að vera að slík umræða hefði leitt menn inn á það spor að til jöfnunar þyrfti að lokum að setja upp landslista eða grípa til einhverra annarra sambærilegra aðferða til þess að ná slíkum fullum jöfnuði að lokum og þá það. Ég sé í sjálfu sér ekki að það hefði þurft að vera verri kostur en margir aðrir sem menn hafa skoðað í þessu efni.

Herra forseti. Kannski er ástæða til þess að ræða líka aðeins um hvers vegna stöndum við í þessum sporum og höfum endurtekið gert á þessari öld að þurfa að vera að taka upp kosningalög og stjórnarskrá til þess að gera breytingar á því fyrirkomulagi sem þjóðin notar til þess að velja sér fulltrúa á löggjafarsamkomuna. Hvers vegna höfum við þurft endurtekið að taka þetta upp? Jú, ástæðan er fyrst og fremst ein. Hún er sú geigvænlega byggðaröskun og þeir miklu búferlaflutningar innan lands og það mikla ójafnvægi í fólksfjölguninni í landinu, hvar hún kemur fram, sem við höfum búið við meira og minna þessa öld og alveg einkum og sér í lagi núna síðustu tvo til þrjá áratugi. Af þessum sökum hafa gildandi lög og stjórnarskrárákvæði gengið undraskjótt úr sér þannig að á 20–30 ára fresti eða hvað það nú er, jafnvel skemur, ef litið er til þess að kosið var í fyrsta sinn eftir núgildandi kosningalöggjöf 1987 og hún er þegar orðin úrelt. Um það er í sjálfu sér ekki deilt að óhjákæmilegt sé að gera ákveðnar breytingar vegna þess að búseturöskunin og fólksflutningarnir innan lands hafa verið svo geigvænlegir að lögin hafa ekki haldið eða það hefur ekki verið pólitískur stuðningur við það eða vilji til þess að láta þau gilda nema mjög skamman tíma í senn.

Breytingin 1983 sem kosið var eftir í fyrsta sinn 1987 var í raun og veru úrelt nánast samstundis. Það var t.d. þannig að þau jöfnunarsæti sem þá voru og gátu flust milli kjördæma í takt við fólksfjöldabreytingar fóru í botn strax að loknu einu kjörtímabili og Norðurlandskjördæmi eystra missti sinn sjöunda þingmann á Reykjanes vegna breytinga í hlutföllum á milli þessara tveggja kjördæma strax eftir fyrsta kjörtímabilið sem lögin giltu eða voru notuð. Við alþingiskosningarnar 1991 fluttust því þingsæti af Norðurl. e. til Reykjaness í samræmi við þá innbyggðu formúlu sem byggð var í lögin og síðan hefur reyndar Norðurl. e. borið verulega skarðan hlut frá borði ef út í það væri farið vegna þess að í hugum manna hefur umræðan um misvægi atkvæða fyrst og fremst beinst að suðvesturhorni landsins og kjördæmunum við Faxaflóa, Reykjavík og Reykjaneskjördæminu. Þá má benda á að eftir þessa breytingu hefur í raun og veru hallað einnig verulega á hlut Norðurl. e. sem er þriðja stærsta kjördæmi landsins.

Þess vegna, herra forseti, er ekki nema eðlilegt og þó ekkert annað kæmi til en það að ástæður þess að menn eru endurtekið með kosningalöggjöfina og stjórnarskrána í höndunum, ef svo má segja, með 10–20 ára millibili er þessi gífurlega byggðaröskun, þá leiðir af sjálfu að menn hljóta að taka það mál inn í umræðu um þetta. Þar af leiðandi er ég kominn að því í öðru lagi, herra forseti, að mér finnst að í tengslum við þessar breytingar sé algerlega óhjákvæmilegt að gera þá í leiðinni stórátak til þess að jafna misvægi í byggðaþróun og jafna aðstæður manna með tilliti til búsetu og reyna þá að taka þannig á í þeim málum að þessi breyting endist eitthvað og menn standi ekki frammi fyrir því aftur að 10–15 árum liðnum að þurfa að taka þetta upp. Auðvitað á það ekki að vera þannig að þjóðin sé með kosningalöggjöf sína og stjórnarskrá sína stanslaust í uppnámi af slíkum ástæðum.

Ég hlýt því, herra forseti, að lýsa eftir því og vekja athygli á því að því miður eru ekki enn komnar fram tillögur sérstakrar nefndar sem nú hefur verið að störfum og tengist málinu sem lúta að jöfnunaraðgerðum í byggðamálum og lúta að bættum starfsaðstæðum þingmanna en það er hér einnig undir og tengist að sjálfsögðu því starfsumhverfi sem þingmenn eiga að sinna skyldum sínum í að afloknum þessum breytingum og þegar þær verða komnar til framkvæmda. Ég leyfi mér að láta það álit mitt í ljós, herra forseti, að ekki sé æskilegt að umræðunni ljúki nema þá að liggi skýrt fyrir í formi yfirlýsingar frá hæstv. forsrh., eða með einhverjum öðrum hætti, hvernig þessir hlutir verði tengdir saman og hvenær niðurstöður liggi fyrir um það hvað raunverulega er vilji til að gera í þessum jöfnunaraðgerðum í byggðamálum.

Svo að maður nefni aðeins eitt dæmi í því samhengi þá tek ég samgöngurnar. Auðvitað er ljóst að eigi hin risavöxnu kjördæmi að geta á einhvern hátt virkað sem einingar þarf að gera stórátak í mörgum tilvikum til að bæta samgöngur innan þeirra og er svo sem nógu bágborið ástandið í dag þar sem við erum með kjördæmi sem er algerlega aðskilið t.d. yfir vetrarmánuðina hvað varðar samgöngur á landi og ég nefni Vestfirði sem dæmi. En ég hygg t.d., herra forseti, að bæði Norðvesturkjördæmið og Norðausturkjördæmið, sem verður mikill meiri hluti landsins ef þetta nær fram að ganga, líklega um þrír fjórðu ef ekki fjórðir fimmtu hlutar landsins, til þess að þessi gífurlega stóru umdæmi geti þá farið að mynda eina heild þarf að gera mikið átak í samgöngumálum innan þeirra. Þess vegna þó ekkert annað kæmi til en það og þau beinu tengsl við þessa breytingu sem samgöngurnar hljóta að hafa eðli málsins samkvæmt ætli menn að gera eitthvað með kjördæmin sem slík á annað borð og eigi þau á einhvern hátt að verða eining sem líklegt er að þau verði. Ég minni á hvernig kjördæmabreytingin frá 1959 hefur þrátt fyrir allt á sínum 40 árum smátt og smátt verið að festast í sessi sem eining af margvíslegum toga hvað varðar samstarf á vettvangi sveitarstjórna, hvað varðar skipulag og stjórnun á mörgum mikilvægum sviðum opinberrar þjónustu o.s.frv. Þessa einingu á nú reyndar að brjóta upp með þessum breytingum og ættu menn kannski að huga dálítið að því hvort það er að öllu leyti þess virði í raun og veru að kasta fyrir róða þó því sem þróast hefur á grundvelli þessarar kjördæmaskipunar á 40 árum.

Herra forseti. Ég lýsi í öðru lagi eftir beinhörðum aðgerðum í byggðamálum. Ég tek fram að ég er ekki að tala þar um eitthvert blaður eða falleg orð á blaði. Það er gersamlega einskis virði að fá slíkt fram. Ég er að tala um beinharðar ákvarðanir, um efnislegar aðgerðir. Ég er að tala um fjármuni og ég er að tala um hluti sem verði geirnegldir niður með lagasetningu og ákvörðunum eins og nokkur kostur er á þessu þingi og áður en stjórnarskrárfrv. sjálft verður afgreitt. En eðli málsins samkvæmt verður það væntanlega síðasta frv. sem þetta þing afgreiðir þannig að þeir hlutir komi strax til framkvæmda, framkvæmdir á grundvelli þeirra og aðgerðir hefjist á þessu ári og með því síðan að um það verði pólitísk samstaða sem ég vona að sé og væri ástæða til að talsmenn flokka lýstu hug sínum til, síðan verði ekki kosið á nýjan leik á grundvelli nýrrar kjördæmaskipunar fyrr en í lok næsta kjörtímabils, þ.e. árið 2003 nema óvæntar pólitískar aðstæður kalli á kosningar. En að lögfesting stjórnarskrárbreytinganna í hið seinna sinni verði ekki fyrr en í lok þings á næsta kjörtímabili, á síðasta þingi næsta kjörtímabils. Þá hafa menn þau fjögur ár til þess að láta á það reyna, láta það sýna sig hvað verður úr þeim aðgerðum sem þessum breytingum

eiga að tengjst. Það er alger forsenda, herra forseti, af minni hálfu að þannig verði að hlutunum staðið því ég ætla ekki að kaupa köttinn í sekknum hvað varðar það sem menn tala um að gera til mótvægisaðgerða hvað byggðaþróun snertir.

Um kjördæmamörkin að öðru leyti, herra forseti, fyrir utan stærðina sem þarna kemur til og ég geri ráð fyrir að eigi eftir að verða nokkuð til umræðu, neyðist ég til að endurtaka óánægju mína með það hvernig kjördæmamörkin eru dregin hvað Norðurland varðar. Ég tel mjög miður að menn skuli ekki hafa í þessari útfærslu með einhverjum hætti náð því fram að um það bil Norðlendingafjórðungur hinn gamli hefði orðið kjördæmi. Fyrir því færi ég þau rök að þar er um landfræðilega tiltölulega mjög eðlilega einingu að ræða. Þar er í öðru lagi um að ræða svæði sem á ýmsan hátt hefur unnið saman. Þar er um að ræða svæði sem með Akureyri sem langstærsta þéttbýlisstaðinn á svæðinu og á landsbyggðinni sem eðlilegan miðpunkt er nú þegar að ýmsu leyti eðlileg heild. Ég nefni sem dæmi að þar er í grófum dráttum á ferðinni upptökusvæði stóru sérhæfðu stofnananna á Akureyri eins og Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar, háskólans þar og fleiri stofnanir mætti nefna.

Ég held að sem mótvægi við og viðspyrna í byggðamálum hefði Akureyri sem miðjan í stóru kjördæmi til beggja handa nýst best og ég tel óskynsamlegt í byggðamálum og óheppilegt að setja þennan langstærsta og öflugasta stað landsbyggðarinnar út í jaðar á kjördæminu en það er það sem er gert með því að draga mörk Norðausturkjördæmsins þannig að þau séu um Tröllaskaga í vestri að vísu að meðtöldum Siglufirði og nái síðan alla leið austur í Hornafjörð. Eins og ég hef áður bent á, herra forseti, er hin landfræðilega miðja, hin landfræðilega höfuðborg í því kjördæmi Möðrudalur á Fjöllum. Það er auðvitað vel á sinn hátt og í sögulegu samhengi skemmtilegt en það er ekki mjög heppilegt eða skynsamlegt út frá búsetudeifingunni eins og hún er í kjördæminu um þessar mundir. Það er það ekki.

Nú vænti ég þess að vísu að menn muni áfram eiga góð samskipti og viðskipti þvert á þessi kjördæmamörk svo sem menn hafa gert og það á að sjálfsögðu ekki að gera of mikið úr slíkum línum á blaði. En segjum svo að í kjölfar þessarar kjördæmabreytingar hefjist þróun svipuð þeirri sem hófst í kjölfar breytingarinnar 1959 og hin nýju kjördæmi verði smátt og smátt í vaxandi mæli að stjórnsýslu- og samskiptaeiningum sem skilgreini sig sem slíkar, þá eru þetta ekki gáfulega dregin mörk að mínu mati, ekki heppileg. Sjálfsagt má segja um alla slíka hluti að það sé erfitt að finna þessi mörk og það séu á því kostur og galli hvar sem menn ber niður. Það má t.d. líka til sanns vegar færa þó að Norðlendingafjórðungur hinn gamli yrði að kjördæmi og ýmsir hafa bent á að það séu ekki endilega rökræn mörk sem réðust kannski af því hversu vel biskupar voru ríðandi til forna eða hversu gestrisnir íbúar landshlutanna voru að Hólabiskup tafðist meir sökum gestrisni Norðlendinga á ferðum sínum en öðrum biskupum og þar af leiðandi komst hann yfir minna svæði eða svo segja gamlar sagnir. Aðrir telja, sem hlýtur náttúrlega að vera hin mesta vitleysa, að Skagfirðingar hafi verið svo illa ríðandi að þeim hafi miðað svona seint. Ekki trúi ég því.

Af einhverjum ástæðum urðu fjórðungarnir til eins og þeir urðu og ég hygg að færa megi fyrir því ýmis rök, m.a. landfræðileg, enn þann dag í dag. Hvað samgöngur snertir að Norðurlandið væri eðlileg eining í þessu sambandi. Ég vísa einnig til þeirra byggðapólitísku raka sem ég hér nefndi.

Staðreyndin er einnig sú að á norðaustursvæðinu er mikil eyða í byggðakeðjuna nema rétt við ströndina og þar af leiðandi er inni í miðju hinu stóra Norðausturkjördæmi, í því er stór eyða í byggð sem í grófum dráttum nær frá Mývatnssveit og austur á Jökuldal, að slepptum fáeinum bæjum á Fjöllum ef farin er efri leiðin. Einnig má segja að finna megi landfræðilega eðlilega skiptingu út við ströndina hvort heldur þar væri valið Langanes eða þar sem landfræðilega hefði verð heppilegra að skipta fjórðungum eða kjördæmum, um Smjörvatnsheiði sem í raun er hinn eðlilegi þröskuldur samgangna milli Norðausturlands og Austfjarða.

Herra forseti. Ekki fleira um þetta. Að öðru leyti get ég vísað í það sem ég hafði áður uppi um þetta mál.

Þá vil ég koma að einu atriði enn, herra forseti, sem ég hef allan fyrirvara á og get ekki stutt óbreytt eins og það er í þessu frv. og það er ákvæðið um þröskuld til að koma til greina við úthlutun jöfnunarsæta. Ég tel að vísu að það ákvæði sem þarna er sett inn sé að mörgu leyti réttlátt og hefði átt að bætast við þau ákvæði sem fyrir hafa verið um að til þess að jöfnunarsæti komi til úthlutunar þurfi framboð að ná a.m.k. einum kjördæmakosnum þingmanni.

Því til viðbótar held ég að regla af þessu tagi um eitthvert tiltekið hlutfall atkvæða í landinu sé sanngjörn. En ég tel að þetta hefði átt að vera annað tveggja. Ég held að það geti verið bersýnilega ósanngjarnt að svipta framboð á landsvísu sem nær kjördæmakosnum þingmanni í einu kjördæmi en fær ekki nema 4,9% atkvæða, tveimur jöfnunarþingmönnum. Það er bersýnilega ósanngjarnt. Ég nefni dæmið um Kvennalistann í síðustu kosningum. Segjum sem svo að í hinu nýja kerfi verði einhver hreyfing í sambærilegri stöðu og Kvennalistinn var síðast hvað það snertir að ná í einu kjördæmi kjördæmakosnum þingmanni en fá ekki nema 4,9% atkvæða að meðaltali yfir landið. Hvað gerist þá samkvæmt þessu frv.? Jú, þá missir það framboð réttinn til jöfnunarsæta af því að það uppfyllir ekki 5% ákvæðið og verður af tveimur þingmönnum. Er það mjög réttlátt? Er það sanngirni í samanburði við annað sem hér er lagt til grundvallar að það skuli nást fram fullur jöfnuður milli flokka og atkvæði nýtast hverju framboði í aðalatriðum í samræmi við styrk þess í landinu? Ég segi nei. Ég skil því ekki af hverju menn féllust ekki á að það væri nóg að uppfylla aðra hvora forsenduna, að fá móðurskip eða yfirstíga 5% þröskuldinn. Ef menn vilja bara hafa annaðhvort, þ.e. bara þröskuldinn, þá á hann að vera lægri því að annað er ólýðræðislegt. Ef hann er 3% eða 4% þá er lítil hætta á því að atkvæði séu gerð dauð hjá framboði með slíkum þröskuldum vegna þess að á bak við fyrsta þingmanninn koma þá að jafnaði 2–3% og um leið og hann er kominn inn þá væri minna af slíku framboði tekið.

Auk þess finnst mér, herra forseti, að það þurfi að rökstyðja það að hafa þennan þröskuld hærri hér en víðast hvar annars staðar. Hann er gjarnan 2–3% í mesta lagi 4%. Þó að dæmi kunni að finnast um þetta þá finnst mér ekki farið fram af fullri sanngirni þarna.

Herra forseti. Ég vil einnig gera aðeins að umtalsefni mál sem ég tók einnig upp við 1. umr. og varðar ýmsar aðrar breytingar sem ég hefði viljað sjá a.m.k. að væru ræddar og gerð tilraun til að koma inn í okkar kosningafyrirkomulag. Þá væri það sennilega frekar viðfangsefni kosningalaga en stjórnarskrárbreytinga, og þó. Til greina kæmi að hvort tveggja væri. Ég nefni þar einfaldlega persónukjör, útstrikunarregur eða aðra slíka hluti sem hafa áhrif á uppröðun á lista. Og það er nærtækt, herra forseti, að nefna þetta

í samhengi við þær prófkjörsæfingar sem við höfum séð ganga yfir þjóðfélagið á undanförnum vikum og mánuðum og standa yfir enn.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég hef verið mjög hugsi yfir ýmsu sem manni sýnist vera að gerast í þessum efnum að undanförnu Ég held að það sé ekki í þágu lýðræðisins og málefnabundinna stjórnmála að menn missi stjórn á hlutunum eins og veruleg hætta sýnist á að sé að gerast í núverandi fyrirkomulagi. Ég held að það væri miklu lýðræðislegra að skoða það að færa þessa þátttöku kjósendanna í því að raða á framboðslistana inn í kosningafyrirkomulagið sjálft með lögbundnum forkosningum eða með reglum um óraðaða framboðslista og tiltölulega auðveldar aðferðir fyrir þátttakendur í kosningunum til að hafa áhrif á uppröðun listanna. Ég hallast að því að besta fyrirkomulagið sé óraðaðir framboðslistar þannig að kjósendurnir sjálfir beint og milliliðalaust velji sér það fólk af listunum sem það vill láta skipa sætin. Þannig færast prófkjörin í reynd inn í kosningarnar og breyta um eðli í leiðinni.

Menn hafa helst fært fram sem mótbárur við því fyrirkomulagi að þá flytjist prófkjörsbaráttan inn í kosningarnar. Það er ekki reyndin annars staðar. Í nálægum löndum kannast menn ekki við það vandamál að þó teflt sé fram óröðuðum listum, og menn séu með vissum hætti keppinautar hvað það snertir innbyrðis í sínum flokkum í kosningunum, þá leiði það til þess að menn fari að berjast opinberlega hver við annan í kosningabaráttunni. Auðvitað ekki vegna þess að þar með mundu menn skaða sig og sitt framboð í leiðinni þannig að menn neyðast til þess vegna hagsmuna framboðsins í kosningunum að stilla því öllu mjög í hóf. Útkoman er yfirleitt sú í nálægum löndum þar sem sambærilegt fyrirkomulag er að þetta hefur gefist vel. Þetta er hollt og gott fyrir lýðræðið. Þetta þýðir að menn fá sjálfkrafa og alltaf á sig ákveðna mælingu, að forustumenn í stjórnmálum, jafnvel þó að listanum sé raðað en síðan sé um persónuleg atkvæði að ræða, fá þá mælingu og aðvörun ef þeir standa sig ekki sem skyldi.

Herra forseti. Ég held líka að menn ættu að hugleiða út á hvaða spor menn geta lent og eru í raun þegar lentir að nokkru leyti í þessum prófkjörum, samanber taumlausan fjáraustur í þau eins og við höfum séð fyrir okkur að undanförnu. Er það framför í lýðræðislegu tilliti ef í það stefnir að efnahagslegir burðir eða bakhjarlar manna fari að ráða mestu um það hvar þeir skipa sæti á framboðslistum? Það held ég varla. Og væri þá ekki öllum fyrir bestu að reyna að taka á því máli áður en þeir missa það út í tóma vitleysu? Ég sakna þess því mjög, herra forseti, að þessi þáttur málsins skyldi ekki vera meira skoðaður, ekki síst nú í ljósi þess sem maður hefur horft upp á að undanförnu.

Ég tel að það eigi afar lítið skylt við lýðræði ef svo er komið að þessi prófkjör séu að verða eins og hálfgerður kappleikur þar sem menn smala mönnum til þátttöku á ýmiss konar grundvelli. Þetta er eiginlega líkara Vesturbænum á móti Austurbænum eða Val á móti KR en að snúast um lýðræðið. Ég held að forustumenn í öllum stjórnmálaflokkum ættu líka að velta því fyrir sér hvort margt grafi nú meira undan virkri þátttöku í stjórnmálastarfinu sjálfu en einmitt þetta. Hvaða gildi hefur það fyrir menn að vera í stjórnmálaflokki og leggja honum lið með kröftum sínum og störfum ef einhverjir aðrir koma svo bara og ráða því algjörlega hverjir skipa forustusætin fyrir þann flokk í kosningum og það hættir í raun og veru að hafa gildi að leggja krafta sína fram með einum frekar en öðrum í þessum skilningi séð? Auðvitað getur það áfram haft gildi vegna málefnanna og á að hafa. En ég óttast, herra forseti, að þetta grafi undan tilvist stjórnmálaflokkanna sem skipulagðra eininga í hinu lýðræðislega kerfi og það er hættulegt. Það er ekki í þágu lýðræðisins að veikja stjórnmálaflokkana sem heilbrigðar stofnanir. Þeir eru mikilvægir. Þeir eru einmitt hornsteinar í þessu kerfi og eiga að vera það. Þess vegna verða menn að gæta sín ef sú þróun læðist aftan að mönnum að þeir kunni að telja þetta heppilegt. Það getur vel verið að einhverjir græði á því að hafa mikil prófkjör með mikilli þátttöku þó að ég sé að vísu ekki viss um að það sé endilega ávísun á gott gengi í næstu kosningum. Ég minnist þess úr mínu kjördæmi þegar ónefndur flokkur þar — fyrsti stafurinn í nafninu er Alþfl. — hélt geysilegt prófkjör fyrir alllöngu síðan. Þar tókust feiknarlega á tveir foringjar flokksins. Þeir fengu mikla þátttöku í prófkjörinu og voru kampakátir mjög að nú væri bara nánast í höfn alveg stórsigur Alþfl. í Norðurl. e. Mig minnir að þátttakan hafi farið eitthvað á 19. hundraðið. En ætli flokkurinn hafi slefað í 1.500 atkvæði? Ég held varla. Í kosningunum tveimur eða þremur mánuðum síðar misstu þeir mann. Þannig fór nú það. Kannski hélt hann honum í þeim kosningum en tapaði honum í næstu. Þeir fuglar eru því ekki alltaf í hendi, herra forseti, sem fljúga upp í prófkjörunum.

Herra forseti. Ég hallast að því að næst á eftir því sem ég hefði helst viljað sjá í þessum efnum, þ.e. óröðuðum listum sem ég tel að séu lýðræðislegastir, þá hefði ég kosið að sett yrði inn í kosningalögin ákvæði um persónuleg atkvæði, þ.e. að réttur kjósandans væri annars vegar að kjósa flokk og hins vegar að greiða einum frambjóðanda á listanum sitt persónulega atkvæði. Það væri valkvæður möguleiki. Menn sem sagt gætu sleppt því en menn gætu líka gert það ef þeir vilja sérstaklega undirstrika stuðning sinn við einn tiltekinn frambjóðanda. Það er það fyrirkomulag sem víða er við lýði og má kallast á íslensku persónuleg atkvæði. Þá er það þannig að einhver tiltekin viðmiðunarmörk þarf að setja inn í lögin sem fjöldi persónulegra atkvæða þarf að yfirstíga til þess að hafa áhrif á röðina. Í Svíþjóð er það t.d. þannig að ef 8% kjósenda eða meira hjá einu tilteknu framboði nýtir rétt sinn til að greiða frambjóðanda persónulegt atkvæði þá er komið upp fyrir þau mörk sem þarf til að hafa áhrif á röðun listans. Þá er skoðað hverjir hafa fengið persónuleg atkvæði og hve mörg. Ef t.d. maður í öðru sæti eða þriðja sæti hefur fengið 14% persónulegra atkvæða en sá maður sem viðkomandi flokkur setti efstan hefur ekki fengið nema 12%, þá breytist röðin. Hafi hins vegar maðurinn sem settur var efstur fengið flest persónuleg atkvæði þá heldur hann að sjálfsögðu sínu sæti. Þetta er ágætt fyrirkomulag. Eiginlega er eini gallinn við það sá að endanleg úrslit kosninganna liggja stundum ekki fyrir fyrr en eftir tvo til þrjá sólarhringa því það þarf að reikna út í hverju einstöku tilviki hvort breytingar hafa orðið á röð listans. Á þennan hátt færast að meðaltali til 10–20 þingmenn í Svíþjóð, þ.e. að 10–20 menn sem hefur verið raðað það neðarlega á lista sinna flokka og hefðu ekki að óbreyttri röðun náð sæti, vinna sig upp í þingsæti á grundvelli sinna persónulegu vinsælda. Og aðrir sem að sama skapi standa sig ekki vel þrátt fyrir að hafa verið settir efstir af sínum flokkum falla niður.

Til er þriðja útgáfan af þessu fyrirkomulagi. Hún er sú að flokkarnir ráða því sjálfir hvort þeir setja fram raðaðan eða óraðaðan framboðslista. Þeir geta sem sagt ákveðið það

sjálfir hvort þeir nýta sér rétt sinn til að raða frambjóðendum upp samkvæmt einhverri röð sem ákveðin er af viðkomandi flokki með einhverjum hætti eða segja: Gerið þið svo vel, kjósendur góðir. Hér er sá hópur sem við bjóðum ykkur upp á að velja úr og þið raðið. Það er þá í raun valkostur við þetta fyrirkomulag að hafa óraðaða lista.

Herra forseti. Mér er ljóst að það er ekki endilega víst að breytingar þessu tengdar hefðu þurft að koma eða þurfi að koma inn í sjálf stjórnarskipunarlögin en ég hlýt að sjálfsögðu að ræða þetta hér eins og annað sem tengist efni þessa máls, enda er frv. til laga um breytingar á kosningalögunum fylgiskjal með þessu máli og er í órjúfanlegu samhengi við þann ramma sem hér er verið að leggja til lögfestingu á.

Herra forseti. Fleira mætti að sjálfsögðu taka til af þessu tagi. Hér voru nokkuð ræddar við 1. umr. breytingar á svonefndum útstrikunarreglum sem kosningalagafrv. felur í sér og ég vísa til þeirrar umræðu. Það má í sjálfu sér margt um það að segja. Núgildandi reglur eru ekki mjög skilvirkar og í sjálfu sér hefur það orðið niðurstaðan að menn nenna yfirleitt ekki að standa í því að láta álit sitt í ljós nema þá við alveg sérstakar aðstæður þegar um óvenjulega óánægju er að ræða af einhverjum toga og því miður er megingallinn á öllum slíkum aðferðum sá að þær ganga í raun og veru út frá neikvæðum forsendum. Þær eru fyrst og fremst réttur til þess að láta óánægju í ljós. Kosturinn við óraðaða lista og persónuleg atkvæði er að þau nálgast málið frá gagnstæðum sjónarhóli. Þau eru tækifæri til að lýsa yfir stuðningi við frambjóðanda en ekki fyrst og fremst tækifæri til að láta í ljós óánægju eins og núgildandi fyrirkomulag er og á að verða áfram, þ.e. að strika yfir menn eða annað því um líkt.

Herra forseti. Mig langar örlítið undir lokin bæði að víkja að nokkrum atriðum sem fram koma í umsögnum og eins að starfsaðstæðum þingmanna sem meiningin er að taka til skoðunar samhliða breytingunum af þessu tagi. Þær skipta þarna að sjálfsögðu miklu máli því að starfsumhverfið hefur áhrif á möguleika þingmanna til að rækja skyldur sínar, vera í sambandi við kjósendur sína og þar fram eftir götunum. Í mörgum umsögnum sem komu um þetta frv., sérstaklega þó ákveðnum umsögnum sem borist hafa af landsbyggðinni, t.d. frá samtökum sveitarstjórnarmanna á landsbyggðinni, er hvort tveggja í senn varað við hinum stóru kjördæmum en þó kannski enn þá frekar hamrað á mikilvægi þess að staðið verði við fyrirheit um jöfnunaraðgerðir í byggðamálum. Ég held, herra forseti, að ekki sé löngun til þess af hálfu manna á landsbyggðinni að viðhalda einhverju svokölluðu misvægi atkvæða. Það er ekki svo. Það er ekki eitthvert fyrirkomulag sem menn vilja halda í. Hvers vegna ættu menn líka að gera það því ekki hefur það reynst þeim mjög vel? Er það ekki þannig að sá landshluti sem í mestum erfiðleikum hefur átt, Vestfirðir, hefur einmitt tapað flestu fólki þrátt fyrir það að hafa þetta margrómaða aukna vægi atkvæða? Ef maður nálgast málið þannig þá hefur það ekki orðið mönnum til mikillar blessunar.

Hins vegar vilja menn að um leið og þetta er jafnað sé tekið á öðrum þáttum í leiðinni, af því að það hlýtur að vera alveg jafnsjálfsögð og eðlileg krafa og það er út af fyrir sig að jafna vægi atkvæða, ef það er úr hófi misjafnt, að tekið sé þá á öðrum þáttum þar sem um óverjandi misvægi er að ræða. Það er auðvitað þannig í fjölmörgum atriðum sem snúa að landsbyggðinni. Á þetta er bent í mörgum umsögnum og ég tek undir þau orð og geri þau að mínum.

Og þá að síðustu, herra forseti, þetta með starfskjör og starfsaðstæður þingmanna, sem lengi hafa verið bágbornar. Ég held að í því tilliti verði menn einnig að taka mjög myndarlega á og það snýr bæði að starfsaðstæðum þingmanna hér á þingstaðnum og líka að aðstöðu þeirra og möguleikum til að vera í sambandi við kjósendur sína í kjördæmunum. Ég held að færa þurfi meira af þeim stuðningi sem við þingstörfin er, bæði hér á þingstað og að sjálfsögðu þegar til slíks kemur í kjördæmunum, yfir í persónulegan stuðning við viðkomandi þingmann en ekki við þingflokkana eða stjórnmálaflokkana. Vegna þess að þrátt fyrir allt eru menn kjörnir sem slíkir og við skulum ekki gleyma því að það er og verður sjálfsagt áfram hlutskipti margra þingmanna að vera einyrkjar í sínu kjördæmi. Ég skýt því að í leiðinni að mér finnst það ærið oft gleymast þegar menn ræða um framtíðina í hinum stóru kjördæmum og segja sem svo að þá verði þingmennirnir fleiri og geti skipt með sér verkum. Það getur komið til með að eiga við um einhverja flokka sem fá marga þingmenn í viðkomandi kjördæmi, en eftir sem áður verður það væntanlega svo að í mörgum tilvikum verða menn einyrkjar á sínum akri. Það er erfitt starf og verður auðvitað enn erfiðara eftir því sem kjördæmin verða stærri og víðáttumeiri yfirferðar.

Ég held að það sé þar af leiðandi algjörlega lífsnauðsynlegt að til sögunnar komi stuðningur við þingmenn í kjördæmunum í formi möguleika á að hafa umboðsmenn eða skrifstofur og einhverja starfsemi af því tagi sem geti orðið tengiliður þeirra við kjördæmið og tengiliður íbúa kjördæmisins við þá. Enda er það þannig víðast hvar að menn hafa einhverja slíka aðstöðu og fjárveitingar til slíks.

Hér þurfa einnig að verða breytingar sem lúta að þessu sama, að auðvelda einstökum þingmönnum að rækja sitt starf sem slíkum. Og í leiðinni, herra forseti, þarf að sjálfsögðu að styrkja þingið sjálft. Málið snýst einfaldlega um það að stórauka við þá þjónustu og þann stuðning af þessum toga sem hér er fyrir hendi. Í leiðinni munu menn styrkja þingræðið því að eitt af því sem hefur veikt þingræðið og valdið því að Alþingi er oft á tíðum nánast á hnjánum gagnvart framkvæmdarvaldinu, ráðuneytunum og embættiskerfinu er einfaldlega sú veika staða sem hér hefur verið til sjálfstæðrar efnissöfnunar og vinnslu. Það væri nú fróðlegt fyrir menn að fara yfir það hver aðstaða óbreyttra þingmanna er í stjórnarandstöðu t.d. til að semja flókin lagafrumvörp. Hvert eiga þeir að leita? Hvaða möguleika hafa þeir aðra en að gera það sjálfir á nóttunni? Þeir eru nú ekki miklir. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. veit líklega í hvað hún fer, væntanlega hjá Framsfl. eins og fleiri flokkum. Við skulum bara ræða þá hluti eins og þeir eru að fjárstuðningurinn við stjórnmálastarfsemina hefur farið í rekstur stjórnmálaflokkanna og það gildir um bæði það sem merkt er sérstaklega þingflokkum eða útgáfumálum á vegum stjórnmálaflokka. Aðstoðin við þingmenn sem slíka, hvern og einn, er hverfandi. Þá er auðvitað aðstaða stjórnarandstöðuþingmannanna sýnu verri því ekki hafa þeir aðgang að eða á bak við sig þá möguleika sem geta falist í stjórnarþátttöku og möguleikum á að njóta góðs af vinnu sem er í gangi á vegum ríkisstjórna og ráðuneyta.

Þarna þarf að verða mikil breyting á, herra forseti, og sú breyting á að koma til framkvæmda fljótt þannig að á næsta kjörtímabili geti þeir sem þá verða hér að störfum og verða augljóslega í þeim stellingum, ef þessar breytingar verða, að undirbúa sig undir hina nýju framtíð, að þeir geti gert það með slíkan stuðning sér við hlið. Það er mjög mikilvægt. Þess vegna á að leggja þetta þannig upp að þessar breytingar

komi, a.m.k. í einhverjum áföngum, strax til framkvæmda í upphafi næsta kjörtímabils.

Herra forseti. Eins og af þessu má ráða hef ég ákveðna fyrirvara á um efni þessa máls, mikla fyrirvara, neyðist ég til að segja, hvað varðar útfærsluna á kjördæmamörkunum í frv. að kosningalögum en einnig í vissum tilvikum efnislega fyrirvara við ákveðna þætti í stjórnarskrárfrv. og mun ég, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur, ekki treysta mér til að styðja ákveðin atriði sem hér eru á ferðinni og ég fór yfir áðan þó að ég geti að öðru leyti sætt mig við þann ramma sem hér er upp dreginn.

[12:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess sem hv. þm. spurði um og laut að því hvort efnt yrði til tvennra kosninga í tilefni af væntanlegri samþykkt þessa frv. þá var það rætt á milli manna hvort gera ætti slíkt samkomulag. Slíkt samkomulag var ekki gert um að tengja ætti aðrar kosningar við samþykkt þessa frv. Hins vegar getur náttúrlega ekkert okkar sagt, því við höfum ekki vald á því, að kjörtímabilið skuli vera örugglega fjögur ár því að það lýtur öðrum lögmálum, stjórnmálalegum lögmálum sem við þekkjum og upp geta komið atburðir sem leiða til þess að þing verður þá rofið. En það yrði ekki af þessu tilefni a.m.k. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að gera það og formaður hins stjórnarflokksins hefur lýst sömu skoðun og þess vegna er niðurstaðan sú að ekki eigi að tengja tvennar kosningar við samþykkt þessa máls, enda tel ég að það sé nauðsynlegt að láta eins langan frest líða og mögulegt er fyrir flokkana og framboðsaðila til að undirbúa nýjar kosningar eftir hinu nýja kerfi. Það væri óðs manns æði að ganga of hratt til annarra kosninga.

Ég tel nauðsynlegt að tillögur um ráðstafanir í byggðamálum á tímabilinu og í framhaldinu, liggi fyrir, hvort sem við náum að samþykkja þær eða ekki, og fyrir liggi að þær hafi víðtækan stuðning áður en þetta mál gengur fram hér. Ég held að menn vilji hafa þá mynd.

Ég tel líka nauðsynlegt, eins og hv. þm. nefndi, að starfsaðstaða þingmanna í kjördæmum sé í áföngum bætt. Ég tel reyndar að það þurfi að gera jafnvel þó að við værum ekki að stíga þetta skref en þetta skref ýtir mjög undir það.

Það eru eitt eða tvö atriði sem ég vildi nefna í viðbót en fæ kannski að gera það í seinna andsvari.

[12:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og fyrir að koma hér til umræðunnar. Ég var í aðalatriðum mjög sáttur við þau. Ég er sömu skoðunar hvað varðar tvennar kosningar og tel að það eigi einmitt að horfa á þessar breytingar þannig að þær gangi yfir á þessu tímabili og þá sé hvort tveggja í senn hægt að láta koma til framkvæmda þær hliðaraðgerðir sem þessu máli eru samfara, auk þess hafa menn þá tíma til að búa sig undir að starfa í hinu nýja fyrirkomulagi.

Ég held hins vegar að nauðsynlegt sé að þær efnislegu aðgerðir, þær fjárveitingar og þeir hlutir sem lúta beint að byggðaaðgerðum verði samþykktar á þessu þingi í þeim skilningi að a.m.k. upphaf slíkra aðgerða verði markað með samþykktum og afgreiðslu áður en stjórnarskrárfrv. verði afgreitt.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að binda hendur komandi kjörtímabils, það er okkur öllum ljóst, hvorki hvað varðar áframhald slíkra aðgerða, fjárveitinga eða slíkra hluta, né heldur getum við gengið frá því nú að ekki verði kosið til Alþingis aftur fyrr en að fjórum árum liðnum. Þær aðstæður geta að sjálfsögðu komið upp og nýtt Alþingi hefur valdið í þeim efnum. En að fyrir liggi með formlegum og frágengnum hætti vilji núverandi Alþingis, eftir því sem samstaða er, tel ég mjög mikilvægt. Ég hvet því eindregið til þess að þessi mál verði unnin samsíða og að byggðaaðgerðir og það sem lýtur að starfsumhverfi þingmanna verði með einhverju móti fest í sessi áður en breytingarnar ná fram að ganga.

[12:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst óvarlegt af minni hálfu að kveða upp úr um það að slíkar tillögur hefðu hlotið samþykki, tillögur sem við höfum ekki séð, áður en kjördæmamálið yrði samþykkt sem við formenn stjórnmálaflokkanna og talsmenn höfum ákveðið að skuli ná fram að ganga á þessu þingi, þá finnst mér það óvarlegt að skilyrða það. En tillögurnar þurfa að hafa komið fyrir augu manna hér og það þarf að liggja fyrir að við þær sé víðtækur stuðningur.

Mig langar að nefna eitt atriði og ég vona að ég efni nú ekki til illinda með því vegna þess að við erum að tala um jöfnun atkvæðisréttar. Ég vek athygli á því að stjórnmálaflokkar sem hafa það nú mjög ofarlega á sínu blaði að þegar þeir sjálfir efna til prófkjöra þá búa þeir til hólf og girðingar sem gera það að verkum að atkvæði sem greitt er tilteknum frambjóðanda vegur allt að sex- til áttfalt á við atkvæði sem greitt er tilteknum öðrum frambjóðanda. Þannig að við erum nú kannski ekki eins heilög í þessu eins og við viljum vera láta.

[12:12]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Sú stund er runnin upp að við ræðum þetta mikla mál, frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins, sem er gríðarlega stórt og mikilsvert mál. Í sjálfu sér er það alltaf mjög mikilvægt þegar verið er að ræða um grundvallarþætti eins og stjórnarskipunarlögin sjálf sem lúta að stjórnskipuninni og stjórnarskránni. En einnig vegna þess að í þessu frv. alveg sérstaklega háttar svo til að þar er gert ráð fyrir því að gera talsvert miklar breytingar, ekki bara á spurningunni um vægi atkvæða og kjördæmaskipan og þess háttar, heldur líka vegna þess að jafnframt er verið að gera grundvallarbreytingar að öðru leyti.

Eins og fram kemur er horfið frá tilteknu fyrirkomulagi um skipan kjördæmanna og í staðinn sett inn ákvæði um kjördæmamörk og úthlutun þingsæta sem eru miklu almennari. Það eru búnar til meginlínur, en síðan er það í valdi Alþingis, löggjafans, að útfæra þessi lög frekar með sjálfstæðri ákvörðun í þinginu án þess að það kalli á stjórnarskrárbreytingu. Þetta er í sjálfu sér veruleg breyting frá því sem við höfum hingað til tíðkað og ég held að mikilvægt sé að menn átti sig á því að einnig að þessu leytinu er verið að stíga stórt skref. Það er að vísu orðað mjög snyrtilega í nál. frá stjórnarskrárnefnd þar sem talað er um að nýtt kosningakerfi sé gert sveigjanlegra, en það er rétt að menn átti sig bara á því hvað það þýðir á mannamáli. Það þýðir að þetta verður ekki með sama hætti stjórnarskrárvarin ákvörðun heldur er hér verið að búa til möguleika á því að breyta án þess að þetta fari eins og verið hefur alveg frá stofnun lýðveldisins, fyrir ákvörðunarvald almennings í landinu. (**Gripið fram í:** Aukið handafl meiri hlutans.) Aukið handafl meiri hlutans,

er kallað hér fram í. Ég held að mjög mikilvægt sé að menn átti sig á því, því að öðrum þræði gengur umræðan um breytingar á kjördæmaskipaninni mjög mikið út á að það sé nauðsynlegt að breyta henni til að treysta stoðir lýðræðisins, efla hlut almennings og gera það að verkum að ákvarðanir Alþingis endurspegli sem best almannaviljann í landinu. Það er mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að menn átti sig á því að með þessari breytingu núna er verið að stíga þetta mikilvæga skref, breyta grundvellinum hvað kosningalögin áhrærir að þessu leytinu. Hitt er svo annað mál að það sem auðvitað skiptir hér mestu máli, er að verið er að stíga mikið skref til jöfnunar á vægi atkvæða.

Ég fór nokkuð ítarlega yfir þetta mál við 1. umr. og gagnrýndi harkalega þá áráttu að breyta þessu vægi atkvæða með þeim hætti sem hér er verið að leggja til. Ég hafna því að það sé þvílíkt grundvallaratriði lýðræðisins, og jafnvel mannréttinda eins og sagt var úr þessum ræðustóli við 1. umr. málsins, að stíga þessi skref til jöfnunar á vægi atkvæða. Ég vakti einmitt þvert á móti athygli á því að víða úti um lönd og álfur, þar sem menn hafa talið sig vera með sæmilega burðugt lýðræði, hafa menn ekkert endilega verið að horfa á þennan þátt málsins. Ýmsir aðrir þættir eru líka taldir skipta máli þegar menn eru að teikna upp stjórnarskrárfyrirkomulag, kjördæmaskipan og kosningalög í þessum löndum. Skemmst er frá því að segja að sjálf vagga þingræðisins, Bretland, hefur búið við það kosningafyrirkomulag öldum saman að þar hafa verið einmenningskjördæmi. Ekki þarf mikinn speking til að átta sig á því að það er gjörsamlega ósamrýmanlegt að vera með einmenningskjördæmi og vera síðan uppi með kröfuna um tiltekið vægi atkvæða milli einstaklinga, því þetta er ekki spurning um kjördæmi heldur einstaklinga. Ég á ekki von á að menn hafi talið að öldum saman hafi mannréttindi af þessum ástæðum verið brotin í Bretlandi. (Gripið fram í.) Ég á ekki von á að menn telji að Tony Blair hafi ekki hlotið lögmæta kosningu þó að hann hafi ekki fengið hinn raunverulega meiri hluta á bak við sig. Það er ekki það sem menn hafa verið að segja. Þess vegna verð ég að segja að ég vara mjög við umræðum af því tagi að þetta sé spurning um mannréttindi. Okkur getur hins vegar greint á um það hvernig við eigum að koma fyrir kosningalöggjöfinni í landinu, kjördæmaskipaninni, en það er ekki spurning um mannréttindi og á því verða menn að átta sig. Ég held það sé gáleysisleg orðanotkun og hugtakanotkun, kæruleysisleg hugtakanotkun og hættuleg hugtakanotkun ef menn láta sér detta það í hug að taka sér þessi orð í munn. Mjög athyglisverð ritgerð eftir Atla Harðarson heimspeking birtist um þetta mál í Skírni fyrir nokkru þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu og bendir einmitt á þetta, að það er mjög hættulegt fyrir lýðræðisríki eins og Ísland að þar sé verið að flagga og veifa orðaleppum af þessu taginu án þess að fullkomin ástæða sé til, vegna þess að þá er um leið verið að draga upp þá mynd að staða máls í lýðræðisríkinu Íslandi sé á einhvern hátt sambærileg við það sem gerist í harkalegum einræðisríkjum þar sem mannréttindi eru fótum troðin.

Ég nefndi Bretland hérna áðan og það er mjög gott dæmi að mörgu leyti, líka vegna þess að í Bretlandi hefur farið fram mjög frjó og athyglisverð umræða um breytingar á kosningafyrirkomulaginu. Þar hafa sannarlega verið uppi kröfur um að jafna vægi atkvæða og fyrir því flutt margs konar rök. En það sem gerir umræðuna þar töluvert öðruvísi en hjá okkur er það að menn þar í landi gera sér mjög vel grein fyrir því að þegar þeir fara að búa til nýtt kosningafyrirkomulag, kjördæmaskipan, þá verða menn að hyggja að ýmsum öðrum þáttum jafnframt. Þar er ekki þessi fyrstabekkjarumræða úr lagadeild sem einkennir svo mikið umræðuna hér á landi. Það er miklu frekar reynt að horfa til annarra þátta líka.

Í skýrslu Jenkins lávarðar, sem er krati, sem lögð hefur verið til grundvallar umræðunni um þessi mál í Bretlandi er reynt að horfa til þeirra þátta sem talið er að skipti máli. Í fyrsta lagi er nefnt að nauðsynlegt sé að kjördæma- eða kosningafyrirkomulagið endurspegli vilja kjósenda að einhverju leyti og þar er auðvitað verið að segja sem svo, að horfa þurfi til þessarar spurningar um vægi atkvæða. Í öðru lagi er lögð mikil áhersla á það sem hefur verið grundvallarþáttur í breskri stjórnskipan og það er að tryggja stöðugleika ríkisstjórna og auðvelda stjórnarmyndun, búa til skýra stjórnarmyndunarkosti. Í þriðja lagi er varpað upp spurningunni um persónuval sem var líka gert í þeirri nefnd sem starfaði og undirbjó þetta mál sem við höfum til umræðu. Í fjórða lagi — og það er mjög mikilvægt að menn átti sig á því í umræðunni hér — var lögð mikil áhersla á það af hálfu þessarar bresku nefndar að reynt væri að tryggja tengsl kjósenda og þingmanna sem álitið var að væri snar og mikilvægur þáttur í því lýðræðislega fyrirkomulagi sem við viljum varðveita á Vesturlöndum og höfum alltaf barist fyrir, og ég tel að sé almenn sátt um.

Ég vil því, virðulegi forseti, án þess ég ætli að fara að ræða þetta mál miklu ítarlegar, bara vekja athygli á því að þegar við erum að fjalla um þessi mál þá ber okkur að horfa til fleiri þátta. Ég tel að það hafi verið megingallinn við undirbúning þessa máls, eins og ævinlega þegar efnt er til umræðna um þessa kjördæmaskipan, að menn hafa ekki horft nógu víða um. Menn hafa ekki reynt að átta sig á því hversu flókið og margslungið fyrirbrigði það er að búa til kjördæmaskipan og kosningalagafyrirkomulag í einu landi.

Í tengslum við þessa breytingu hefur mikið verið rætt um ýmsa þætti málsins. Því er ekkert að neita að mjög margir á landsbyggðinni eru mjög kvíðnir yfir því að stækka eigi kjördæmin. Nú síðast gerðist það að borgastjórn Reykjavíkur komst að þeirri samhljóða niðurstöðu eftir því sem ég best man að óæskilegt væri að skipta höfuðborginni upp í tvö kjördæmi. Að mínu mati er þessi umræða að því leytinu til kannski á dálitlum villigötum að þetta tvennt, það að skipta Reykjavík og það að stækka kjördæmin, er afleiðing af þeirri pólitísku ákvörðun sem tekin var í nefndinni um að ganga svona langt til jöfnunar á vægi atkvæða. Ég er þeirrar skoðunar að um leið og menn tóku þá ákvörðun að vægi atkvæða ætti að vera 1:1,7 eða 1:2 eða þar um bil þá hafi í raun og veru verið búið að taka ákvörðun um það í fyrsta lagi að ekki væri hægt að hafa óbreytta kjördæmaskipan úti um landið vegna þess að allir sjá það að slík kjördæmaskipan mundi leiða til þess að minnstu kjördæmin væru svo óskaplega fámenn að þau væru hvorki fugl né fiskur að mínu mati. Þriggja manna kjördæmi væru allt of rýr í roðinu, væru það veik í samanburði við þau stóru kjördæmi sem yrðu þá til á suðvesturhorninu að það væri augljóst mál að það fyrirkomulag hefði ekki gengið. Það er líka ljóst að skipting höfuðborgarinnar, Reykjavíkur, í tvö kjördæmi leiðir af þessu vegna þess að þegar menn taka þá pólitísku ákvörðun að flytja þingmannahóp af landsbyggðinni til Reykjavíkur, skipa honum þar inn í kjördæmi, þá er um leið búið að fjölga svo mikið þar að það gefur augaleið að það kjördæmi óskipt í samanburði við önnur kjördæmi væri einfaldlega allt of stórt. Ég vil því segja að afleiðingin af þeirri áráttu að ganga svona

langt til jöfnunar á vægi atkvæða er þetta tvennt: Stækkun kjördæma á landsbyggðinni og einnig skipting höfuðborgarinnar og á því held ég menn verði að átta sig. Menn verða að átta sig á þessu. Þess vegna held ég að sú niðurstaða hafi verið ákaflega illa til fundin sem nefndin komst að og ég gagnrýndi mjög harkalega á sínum tíma við 1. umr. málsins og reyndar strax og þessi mál voru kynnt í fyrsta skipti.

Ég hafði, virðulegi forseti, borið veika von til þess að kannski yrði litið á sanngjarnar kröfur um að reyna að skoða þessi mál upp á nýtt. Mér varð hins vegar ljóst þegar ég sá í hvað stefndi með skipan þeirrar nefndar sem fór yfir þetta, stjórnarskrárnefndina í þinginu, að ekki væri mikils að vænta í þeim efnum í rauninni. Hér er að sjálfsögðu um að ræða fyrirmyndarfólk, prýðilegt fólk, en hins vegar er það þannig að þegar maður les yfir þennan lista kemur einfaldlega í ljós að meiri hluti hópsins er skipaður einstaklingum sem sátu í nefndinni sem undirbjó málið þannig að nefndin var komin í þá sérkennilegu stöðu að vera að endurskoða sín eigin handarverk og út af fyrir sig er það bara mannlegt, virðulegi forseti, að reyna að verja í meginatriðum það sem menn hafa lagt mikla vinnu í og gert sér grein fyrir að væri einhver niðurstaða. Þegar þetta kom í ljós var auðvitað ljóst í hvað stefndi enda sjáum við að í raun og veru er því miður ekki um neinar stórkostlegar efnisbreytingar að ræða í þeim brtt. sem liggja núna fyrir um breytingu á stjórnarskipunarlögunum. Að vísu, og það er mjög til bóta, er gert ráð fyrir að gildistakan á einu ákvæðinu verði strax virk, þ.e. um ráðstafanir fari misvægi atkvæða fram úr 1:2 á milli einstakra kjördæma. Það er búið að breyta því þannig að ekki verður látið á það reyna fyrr en eftir kosningarnar 2003. Þetta er að vísu dálítil efnisbreyting, það ber að játa, en þetta er, má segja, frestun á máli sem ella hefði getað komið til væntanlega fyrr. Ég tel því að þó að þetta litla skref sé stigið breyti það engu um efnislega afstöðu mína í málinu. Niðurstaðan er sú að við munum standa uppi með mun veikari dreifbýliskjördæmi og það á alveg sérstaklega við raunar um Norðvesturkjördæmið, sem svo hefur verið kallað, Vesturland, Vestfirði og Norðurland vestra. Ef við leggjum einfaldlega saman þingmannahópinn núna, þá eru það 15 þingmenn. Eftir breytingarnar verða þeir tíu og með þeim framreikningum sem gerðir hafa verið á íbúaþróun horfir í það mjög fljótlega að þeim muni fækka aftur. Enda þótt við öll vonum að sú breyting verði með öðrum hætti og fólki fari þar aftur að fjölga þá er það engu að síður svo að eins og staðan er í dag horfir þetta þannig að þetta svæði sérstaklega muni tala veikari röddu á þjóðþinginu en það hefur gert. Norðausturkjördæmið verður að vísu sterkara, þar verða tíu menn í stað 11 núna, en þar er þetta hins vegar þannig að við getum gefið okkur að austurhluti þess kjördæmis verði veikari þegar fram líða stundir eins og íbúaþróunin hefur verið. (**KÁ:** Það þarf bara kröftuga þingmenn.) Já, það þarf áfram kröftuga þingmenn, það er alveg rétt. En það breytir hins vegar ekki því að rödd þessa svæðis mun auðvitað heyrast miklu veikar — fyrir nú utan auðvitað allt hitt sem hefur margoft komið fram að möguleikar þingmanna til að eiga þetta milliliðalausa samband við kjósendur sína rýrna allir og þá er rétt að vekja athygli á því og rifja upp það sem ég sagði áðan um þýðingu þess að menn hafi það líka í huga þegar verið er að búa til nýja kjördæmaskipan og ný kosningalög í landinu.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta mál að öðru leyti. Ég hefði svo sem getað haft gaman af að fjalla um aðra þætti málsins, t.d. spurninguna um persónubundið kjör. Ég hef að vísu verið heldur andsnúinn því, tel að það sé ekki góð hugmynd, það veiki stjórnmálaflokkana, geri hina pólitísku kosti óskýrari þegar fram í sækir. Ég tel sjálfur að stjórnmálaflokkarnir hafi svo þýðingarmiklu hlutverki að gegna að ekki sé ástæða til að veikja þá. Það er t.d. mikið áhyggjuefni í því mikla lýðræðisríki, Bandaríkjunum, að sjá hversu stjórnmálaflokkarnir þar eru veikir og kostirnir sem þar eru í boði fyrir allan almenning í því landi eru þess vegna þeim mun óskýrari og menn taka hinar pólitísku ákvarðanir á kjördag á allt öðrum grundvelli. Enda hefur það leitt til þess að kosningaþátttaka er þar komin innan við helming sem er náttúrulega orðið stórkostlega hættulegt hverju lýðræðislegu þjóðfélagi. Ég er því, virðulegi forseti, almennt þeirrar skoðunar að við eigum ekki að ganga mjög mikið í þá átt að auka hið persónubundna val. Ég tel að þetta eigi að gerast með öðrum hætti.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég ítreka að ég tel að hér sé verið að stíga afar slæmt skref sem við sjáum alls ekkert fyrir endann á. Margir aðrir þættir lúta líka að þessu máli. Sjálfur hefði ég talið eðlilegt, eins og ég rakti reyndar í 1. umr. málsins, að þetta mál væri nálgast með þeim hætti að við reyndum að verja í grundvallaratriðum núverandi kjördæmaskipan. Tekin væri sú ákvörðun að fækka þingmönnum í þessum kjördæmum, að undanskildu Norðurl. e., um einn, fækka þingmönnum í einstökum landsbyggðarkjördæmum um einn. Færa þennan hóp á suðvesturhornið til þess að styrkja aðeins stöðuna þar en að öðru leyti verja óbreytta kjördæmaskipan. Kannski hefði þurft að fjölga þingmönnum um einn eða tvo, sem hefði náttúrlega verið bitamunur en ekki fjár, en það hefði leitt til þess í meginatriðum að hægt hefði verið að tryggja vægið um um það bil 1:2,5 og út af fyrir sig hefði það náttúrlega engu máli skipt hvort við værum með vægi sem væri eitthvað 1:2,5 eða 1:1,8, eða 1:2. Það hefur auðvitað ekkert með spurningu um lýðræði að gera. Þetta væri hins vegar tilraun til þess að skapa að mínu mati meiri sátt og tryggja ýmis önnur markmið með kosningalögunum, sem við eigum líka að horfa til, eins og að treysta tengsl kjósenda og þingmanns og skapa ákveðinn pólitískan stöðugleika í landinu.

Virðulegi forseti. Þetta langaði mig til að koma inn á í umræðunni. Ég geri mér grein fyrir því að þetta mál mun sigla hægt og bítandi í gegnum þingið. Málið er stutt af forustumönnum stjórnmálaflokkanna og hefur fengið býsna mikla umræðu þannig að mér sýnist að þrátt fyrir að reynt sé að færa fyrir því efnisleg rök, sem ég hef verið að reyna að gera í þessum umræðum báðum, að það sé óheillaskref sem menn séu að stíga, muni ekki vera mikið á það hlustað og meiri hlutinn muni, eins og eðlilegt er, fá sínu framgengt og þessu máli verði róið til heillar hafnar í vor. Það tel ég af hinu illa og óttast mjög afleiðingar þess.

[12:32]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að lýsa því að ég er afar ósáttur við málflutning 1. þm. Vestf. þegar hann víkur að þætti mannréttinda í því að breyta og rétta af vægi atkvæða eftir búsetu.

Hann vísar sérstaklega til stöðunnar í Bretlandi í málflutningi sínum en það vill einmitt þannig til að í Bretlandi er mjög flókið kerfi sem byggt er upp til þess að tryggja sem jafnast vægi atkvæða en með reglulegu millibili er kjördæmaskipaninni þar breytt til þess að hafa fjölda kjósenda í

kjördæmunum sem jafnastan. Líka er rétt að benda á að eitt af kosningaloforðum núverandi ríkisstjórnar Verkamannaflokksins í Bretlandi var að gera breytingar á kosningalöggjöfinni þar í samræmi við það sem frjálslyndir demókratar þar hafa í gegnum árin verið að leggja til, þ.e. hlutfallskosningar, og ég á ekki von á öðru en að ríkisstjórnin sú virði það kosningaloforð, það loforð sem þeir gerðu í samvinnu við frjálslynda.

Ég er algjörlega ósammála því að við eigum að leysa byggðavandamál eða vandamál á einstökum svæðum eða tæknileg vandamál vegna búsetu með kosningalöggjöf og kjördæmaskipan. Við verðum að leita lausna á þessum málum á annan hátt — ef á annað borð er hægt að leysa þau vandamál. En það verður ekkert auðveldara eftir því sem fleiri koma saman.

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson telur að við höfum gengið of langt í því að breyta vægi atkvæðanna. Ég held að við höfum gengið of skammt í þá átt. En við höfum gert það af virðingu við sjónarmið hv. þingmanns að fara ekki lengra og ég tel að hann eigi að virða það, sýna skilning á því, enda er það í samræmi við vilja meiri hluta kjósenda.

[12:34]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. A.m.k. til að fyrirbyggja allan misskilning vil ég taka það strax fram að ég átti ekki von á því að hv. 2. þm. Reykn. gengi um með húrrahrópum eftir ræðu mína áðan enda var ekki sérstaklega til hennar stofnað í þeim tilgangi, svo því sé nú öllu saman til haga haldið.

En varðandi Bretland, þá fór ég aðeins yfir það hvernig þeir fara að því að tryggja það sem hv. þm. kallaði „sem jafnast vægi kjósenda". Það er nefnilega ekkert verið að því í Bretlandi, það er ekkert verið að tryggja neitt jafnt vægi kjósenda. Hins vegar er verið að reyna að tryggja það að kjördæmin séu álíka stór, en það út af fyrir sig hefur ekkert með þetta vægi einstakra kjósenda að gera þegar við horfum á málin aðeins öðruvísi.

Ef við lítum á t.d. kjósendahópinn sem kýs Frjálslynda flokkinn og kjósendahópinn sem kýs stóru flokkana er náttúrlega ólíku saman þar að jafna. Það er auðvitað það sem menn hafa svo sem verið að gagnrýna í Bretlandi. Þess vegna segi ég að það er ekki alveg svona einfalt að líta á þetta eins og hv. 2. þm. Reykn. gerði vegna þess að þegar við erum að tala um einmenningskjördæmi, jafnvel einmenningskjördæmi eins og í Bretlandi þar sem kjördæmamörkunum er breytt til þess að endurspegla sem jafnasta stærð kjördæmanna, þá verðum við líka að horfa á hina hlið málsins. Svo vil ég líka vekja athygli á því að í Bretlandi hefur sá háttur líka verið hafður á, þrátt fyrir þetta, að taka út fyrir sviga allra afskekktustu kjördæmin, til að mynda nyrsta hluta Skotlands og eyjarnar. Joe Grimmond, einn frægasti stjórnmálamaður Bretlands, var áratugum saman þingmaður fyrir Orkneyjar og Hjaltlandseyjar. Sú eining er auðvitað miklu minni en gengur og gerist í kjördæmunum að öðru leyti. En engum dettur í hug annað en að varðveita þetta sem eina einingu, þetta er landfræðileg eining, alveg burt séð frá íbúafjöldanum, og þannig er það.

Það er rétt sem hv. þm. sagði að það er verið að skoða þessi mál í Bretlandi. En eins og ég margítrekaði í ræðu minni er munurinn sá á þeirri skoðun og skoðuninni hér, að þar er reynt að horfa til aðeins fleiri átta, skyggnast aðeins víðar um, og það er megingallinn á tillögunum hér, að sjónarhornið er of þröngt.

[12:37]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Verið er að ræða um tvö vandamál í sambandi við kjördæmaskipan. Annars vegar það að vægi atkvæðanna sé sem jafnast og hins vegar hvernig þingmannatala flokkanna er ákvörðuð í samræmi við fylgi þeirra.

Á Íslandi hefur okkur tekist að koma á fót kerfi þar sem þingmannafjöldi flokkanna er nánast í réttu hlutfalli við fylgi þeirra meðal kjósenda. Við erum núna að reyna að laga vægi atkvæðanna. Í Bretlandi hefur þeim tekist að ná nánast jafnvægi á milli vægis atkvæða í öllum kjördæmunum með því fyrirkomulagi sem þeir eru með þar og við erum ekki ósammála um það, ég og hv. 1. þm. Vestf. Þeir eru síðan núna að gera breytingar á þeim hluta sem við erum þegar búin að breyta og að koma upp kerfi þannig að þingfylgi flokkanna sé í sem mestu samræmi við fylgi flokkanna meðal þjóðarinnar.

Það er rétt hjá hv. þm. að víða er tekið tillit til fámennustu byggðanna. Það erum við einmitt að gera líka hjá okkur. Það er af virðingu við sjónarmið þingmannsins að við viljum taka tillit til þeirra byggða sem eru strjálbýlastar. En ég tel að við göngum ekki nægjanlega langt í því að jafna vægi atkvæðanna og ástæðan fyrir því er sú, og ég endurtek það, að við erum að sýna byggðunum tillitssemi og sýna sjónarmiðum hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar tillitssemi. Mér finnst hann ekki gjalda líku líkt í að sýna sjónarmiðum okkar þéttbýlisþingmannanna sömu tillitssemi og við sýnum sjónarmiði hans.

[12:39]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég virði að sjálfsögðu ólík sjónarmið í þessum efnum. En ég tel einfaldlega að gengið sé allt of langt í því að jafna vægi atkvæða og þess vegna get ég ekki fellt mig við þessa niðurstöðu. Flóknara er þetta mál ekki en það.

Ég ítreka eingöngu að það sem menn hafa verið að gera annars staðar, í öðrum löndum þar sem menn hafa verið að fara í þessa hluti, er að skoða ýmsa fleiri þætti. T.d. spurninguna um tengsl kjósenda og þingmanns, spurninguna um það hvernig við getum tryggt sem mestan stöðugleika í ríkisstjórnarmyndun o.s.frv. Ekkert af þessu er verið að horfa á hérna hjá okkur. Einungis er verið að horfa á spurninguna um vægi atkvæða og menn einblína á það.

Sem dæmi um þann hugsunarhátt sem ég hef verið afar ósáttur við í þessari vinnu er það, og ég vakti athygli á því bæði í meðförum málsins og eins við 1. umr., að gert er ráð fyrir því í þeim kosningalögum sem við munum síðan væntanlega taka afstöðu til í framhaldinu, og kannski raunar hér líka, að þegar til þess komi að vægi atkvæða fari yfir 1:2, leiði það til þess að kjördæmið þar sem þannig háttar til missi frá sér þingmann.

Ef svo ólíklega vildi nú til, sem ég veit þó að allur þingheimur vonar, að íbúaþróunin yrði öðruvísi og þetta kjördæmi kæmist í þá stöðu að vægið yrði ekki lengur 1:2, heldur 1:1,5 eða eitthvað svoleiðis, þá mundi þessi þingmaður ekki skila sér til baka. Það er einstefnuloki á þessu sem tryggir að þingmennirnir streyma út úr þeim kjördæmum þar sem íbúaþróunin er á verri veginn en kjördæmin hafa ekki þennan sama möguleika á því að endurheimta þingmannatölu sína að nýju þó svo að íbúaþróunin verði á annan veg. Ég tel, hv. þm., að þetta sé ekki tilraun til þess að koma til móts við sjónarmið okkar í dreifbýlinu né að taka tillit til

sjónarmiða okkar. Þvert á móti finnst mér að þarna sé verið að troða ofan í kokið á okkur.

[12:41]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál gerði ég ítarlega grein fyrir afstöðu minni til þess en ég ætla samt að bæta nokkru við og er það af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er um stórkostlega mikilvægt mál að ræða sem þó er meingallað. Í öðru lagi hafa verið gerðar breytingar á frv. með tillögum nefndarinnar sem hefur fjallað um það og ég tel að þær tillögur séu sannarlega þess virði að þær séu nefndar í umræðunni en á því hefur ekki mikið borið.

Sagt hefur verið að um málið sé þverpólitísk samstaða. Það hefur verið sagt að um tillögur kosningalaganefndarinnar, sem var að störfum á síðasta ári og skilaði af sér tillögum sínum í haust um stjórnarskrárfrv. og nýja kjördæmaskipan, sé almenn, víðtæk og breið samstaða. En staðreyndin er sú að það er líka fyrir hendi mikil andstaða gegn þessu frv. og ég vil segja að sú andstaða sé þverpólitísk líka og nái inn í alla flokka.

Ef við lítum á þau átta kjördæmi sem fyrir eru í landinu nú er óhætt að fullyrða að í fjórum þessara átta kjördæmi er óánægjan svo megn með þær tillögur sem hér er verið að leggja fram og hugsanlega samþykkja að varla er hægt að finna einn einasta mann sem mælir þeim bót í þessum kjördæmum. Þar á ég við Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, Norðurland vestra og Austfjarðakjördæmi. Það er nánast sama við hvern maður talar í þessum fjórum kjördæmum, alls staðar mætir manni mjög neikvæð afstaða gagnvart þessum tillögum og menn gagnrýna þær óspart. Þetta hygg ég að hafi komið mjög greinilega fram í þeim umsögnum sem sendar voru nefndinni. En ég tek eftir því að þegar gerð er grein fyrir málinu í þinginu og það er rætt af þeim sem um það fjölluðu í nefnd er ekki gerð nein tilraun til þess að rifja upp og benda á hverjir voru að gagnrýna frv. og með hvaða rökum það var gert. Það er kannski nefnt í einni eða tveimur setningum en að öðru leyti látið kyrrt liggja.

En staðreyndin er sú að hvort heldur við lítum á kjósendur þessara fjögurra kjördæma, sveitarfélögin í kjördæmunum, sveitarstjórnirnar eða landshlutasamtökin að þar er almennt að finna mjög megna og víðtæka andstöðu við þær tillögur sem hér er verið að fjalla um. Megingagnrýnin frá þeim sem láta í ljós óánægju sína með þá nýskipan, sem við erum að ræða hér um, er einfaldlega sú að kjördæmin verði allt of stór. Menn óttast að þegar komið er kjördæmi sem á að ná úr Hvalfjarðarbotni um Vesturland, Breiðafjörð, Vestfirði, Norðurland vestra alla leið til Siglufjarðar og síðan annað kjördæmi það an um Norðurland, Norðausturland, Austurland og alla leið á Skeiðarársand, sé þar um að ræða þess háttar einingar sem verði meira eða minna óviðráðanlegar fyrir þá þingmenn sem eiga að sinna þeim. Tengsl þingmanna við kjósendur í þessum kjördæmum munu slitna, verða allt önnur en þau eru í dag, og það verður illgerlegt ef ekki ógerlegt fyrir þingmenn þessara væntanlegu kjördæma að fylgjast með þeim vandamálum sem uppi eru þar á hverjum tíma.

Ég nefni það bara sem dæmi að við höfum á hverju hausti gefið þingmönnum kost á því með hléi í þinginu að ferðast um kjördæmi sín og hitta sveitarstjórnir að máli og þetta höfum við nefnt kjördæmaviku. Hún hefur verið notuð í þeim tilgangi að halda fundi á flestum þéttbýlisstöðum ásamt því að funda með héraðsnefndum og öðrum þeim sveitarfélögum sem sérstaklega hafa óskað eftir fundum með þingmannahópunum. Ég tel að það sé stórkostlega mikilvægt fyrir lýðræðið í landinu að þingmenn eyði nokkrum tíma, allir saman á hverjum stað, til að ræða vandamál viðkomandi byggða og vandamál fólksins sem þar býr. Mér er algjörlega ljóst að eftir að þessi stóru kjördæmi eru orðin til verður þetta óframkvæmanlegt og mun falla niður. Það verður a.m.k. ekki mögulegt að tengja þetta afgreiðslu fjárlaganna eins og við höfum gert. Við höfum farið í þessar ferðir eftir að fjárlagafrv. hefur verið lagt fram og við höfum rætt innihald fjárlagafrv. og væntanlegar brtt. fjárln. við frv. við kjósendur okkar og við sveitarstjórnarmenn í hverju kjördæmi og heyrt álit þeirra á væntanlegu fjárlagafrv. en að eiga að halda slíka fundi á öllu svæðinu, t.d. um Vesturland, Breiðafjörð, Vestfirði og Norðurland vestra, er auðvitað slíkt verkefni að það verður gjörsamlega óframkvæmanlegt og þess er ekki að vænta að því verði haldið uppi eftir að þessi breyting hefur átt sér stað.

En er þá öruggt að kjördæmaskipanin verði með þeim hætti sem hér er þó gerð tillaga um af hálfu kosningalaganefndarinnar sem starfaði á seinasta ári? Nú er það svo að við erum að fjalla um breytingu á stjórnarskránni og þar er ákveðið hver eigi að vera fjöldi þingmanna og hver eigi að vera fjöldi kjördæma, hver eigi að vera fjöldi kjördæmasæta í hverju kjördæmi, hvert eigi að vera það lágmarksfylgi sem flokkur þurfi að hafa til að fá jöfnunarsæti eða eiga rétt á jöfnunarsætum og loks hver eigi að vera fjöldi kjósenda bak við hvern þingmann í hverju kjördæmi fyrir sig. Þetta eru þær fimm meginreglur sem verið er að ákveða í stjórnarskrárfrv. sem við erum núna að fjalla um en kjördæmamörkin sjálf eru ekki í stjórnarskrárfrv. Þau verða ekki til umfjöllunar fyrr en á næsta þingi, á næsta kjörtímabili eftir að stjórnarskrárbreytingin hefur verið samþykkt. Þá verður lagt fyrir þingið frv. til kosningalaga og þar verða kjördæmamörkin ákveðin. Ég tel að það sé afar athyglisvert að í nefnd sem fjallaði um þetta mál í þinginu var ákveðið að gera tillögu um að fjöldi kjördæma gæti orðið sjö í stað sex sem áður hafði verið gerð tillaga um og að fjöldi kjördæmasæta yrði sex, lágmarksfjöldi kjördæmasæta yrði sex í stað fimm eins og áður hafði verið gerð tillaga um. Að öðru leyti er efni frv. að mestu óbreytt. Áfram er gert ráð fyrir að þingmenn séu 63, áfram er gert ráð fyrir að fjöldi kjósenda á þingmann í einu kjördæmi megi ekki vera meiri en tvöfalt meiri en hann er í því kjördæmi þar sem fjöldinn er minnstur á hvern þingmann. Áfram er gert ráð fyrir að flokkur þurfi 5% fylgi á landinu öllu til að eiga rétt á jöfnunarsætum. En sú breyting sem gerð er tillaga um, þ.e. að fjöldi kjördæmanna megi verða sjö í stað sex áður, opnar að sjálfsögðu fyrir þann möguleika að kjördæmaskiptingin verði með allt öðrum hætti en áður hafði verið gerð tillaga um þar sem gert var ráð fyrir að um yrði að ræða þrjú þéttbýliskjördæmi við Faxaflóann og þrjú kjördæmi úti á landi. Nú er sem sagt opnað fyrir það að kjördæmin geti verið einu fleiri og þegar það er haft í huga að því verður ekki slegið föstu fyrr en á næsta kjörtímabili hvort það verður eitt eða tvö kjördæmi í Reykjavík er möguleiki á því að kjördæmin utan Reykjavíkur og nágrannabyggða Reykjavíkur geti hugsanlega orðið fimm í staðinn fyrir þrjú áður.

Ég legg áherslu á það í máli mínu að nýtt Alþingi sem kemur saman eftir næstu kosningar er algerlega með óbundnar hendur hvað varðar skiptingu landsins í kjördæmi. Við fáum vafalaust mikinn fjölda nýrra þingmanna, við fáum

nýja þingflokka, og þessir nýju þingmenn, nýju þingflokkar og reyndar þingheimur allur er algerlega óbundinn af því hvernig hann ákveður að skipta landinu í kjördæmi. Ég mun ekki sitja á þessu væntanlega þingi, það er ljóst. Ég mun ekki bjóða mig fram í næstu kosningum og ég mun ekki eiga kost á því að taka þátt í að ákveða hversu mörg kjördæmin verða og hvernig landinu verður skipt í kjördæmi en ég vil nota tækifærið til að mæla eindregið með því við þá sem sitja á komandi þingi á næsta kjörtímabili að huga vandlega að allt öðrum og skynsamlegri lausnum en áður hefur verið rætt um í sambandi við kjördæmaskiptinguna. Ég tel að Norðurland eigi að vera eitt kjördæmi, Norðurland vestra og Norðurland eystra eigi að vera eitt kjördæmi. Þetta svæði er mjög samstætt svæði og þótt þar búi mikill fjöldi fólks eru þar greiðar samgöngur og tiltölulega auðvelt fyrir þingmenn að sinna því öllu og líta á það sem eina heild og allt annað við að eiga en að sinna kjördæmi sem nær yfir Vesturland, Vestfirði og Norðurland vestra. Ég tel að eðlilegast sé, miðað við það sem hér liggur fyrir, að Vesturland og Vestfirðir verði eitt kjördæmi, að Norðurland verði annað kjördæmi og síðan verði þriðja og fjórða kjördæmið myndað úr núverandi Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Hvernig sú skipting á að vera skal ég ekkert um segja. Þar kemur margt til greina. Ég vek athygli á því að það er enginn sjálfgefinn hlutur að Vestmannaeyjar eigi endilega að fylgja því landi sem næst liggur Vestmannaeyjum. Ekki eru margar hafnir á söndunum á Suðurlandi og vel má hugsa sér að samgöngur við Vestmannaeyjar séu nú meiri jafnvel frá öðrum stöðum en þeim sem næst liggja á Suðurlandssöndum þannig að Vestmannaeyjar gætu alveg eins verið hluti af kjördæmi sem tengdist Austfjörðum eða þá Reykjanesi, sem aftur á móti býður upp á marga möguleika á að skipta þessu svæði í kjördæmi. Ég þekki það hins vegar kannski minna en margir aðrir sem þar hafa verið búsettir og ætla því ekki að blanda mér nákvæmlega í það spursmál. Ég tel hins vegar kjördæmaskiptingu sem byggð væri upp eins og ég hef nú lýst, að Vesturland og Vestfirðir séu eitt kjördæmi, að Norðurland sé annað kjördæmi og síðan séu þriðja og fjórða kjördæmið byggð á núverandi Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi, langskynsamlegustu niðurstöðuna og hvet því eindregið til að hún sé tekin til athugunar og ítreka það sem ég sagði við 1. umr. málsins. Ég tel að tillögurnar um að Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra séu eitt kjördæmi og síðan Norðurland eystra og Austurland annað kjördæmi, séu tillögur um kjördæmaskipun sem er að mínu viti er hreinn óskapnaður og ekkert annað. Mikil mistök að slík tillaga skyldi verða ofan á en enn er tími til að leiðrétta þau mistök og ég vona svo sannarlega að það verði gert.

Ég gagnrýni einnig harðlega að menn skuli hafa látið sér detta í hug að setja inn í stjórnarskrárfrv. þennan 5% þröskuld sem hindrar flokka í að fá jöfnunarsæti ef þeir ná ekki 5% atkvæða. Ég tel að þetta sé afar ósanngjarnt skilyrði.

Hvað eru 5% margir kjósendur? Jú, kjósendur verða senn nærri 200 þús. og 5% eru því 10 þús. manns. Hér er sem sagt verið að gera tillögu um það að ef 10 þús. manns koma sér saman um að styðja ákveðið framboð eigi að svipta það þeim mannréttindum að eiga rétt á jöfnunarsætum eins og aðrir flokkar. Þetta er auðvitað slíkt himinhrópandi ranglæti að ég á eiginlega ekki orð yfir að hér komi svo hver maðurinn á fætur öðrum og segi að náðst hafi mjög víðtæk og breið samstaða, þverpólitísk samstaða um þessa tillögu þegar öllum ætti að vera ljóst að hér er um meingallaðar tillögur að ræða sem standast ekki neitt mál.

Hvernig er þessu hagað í öðrum löndum? Ég hef því miður ekki kynnt mér það svo nákvæmlega hvernig þetta er í öllum nálægum löndum en ég veit þó hitt að í mörgum nálægum löndum eru til þröskuldar af þessu tagi en þeir eru allir lægri. Í Danmörku er þessi þröskuldur 2%, í Svíþjóð er þessi þröskuldur 4% og ég hygg að svipað sé upp á teningnum í mörgum öðrum nálægum löndum. Auðvitað munar mjög mikið um hvert prósentustigið og tilfinning mín er sú að t.d. 3% hefðu þó verið miklu nær sanngjarnri niðurstöðu en að vera með 5%. Auðvitað verður að miða við eitthvert lágmark, það er óhjákvæmilegt að einhvers staðar sé þarna þröskuldur en lýðræðisins vegna má hann ekki vera svona hár. Ég tel að lýðræðið í Bretlandi sé stórlega gallað vegna þess að þar tíðkast að flokkar fá meiri hluta á þingi þótt þeir fái ekki nema 35 til 40% atkvæða. Ég vil ekki sjá á Íslandi þröskuld sem er svo hár að hann útiloki 10 þús. kjósendur frá því að ná rétti sínum.

Þriðji stórfelldi gallinn á þessum málatilbúnaði er auðvitað sá að nefndin sem undirbjó málið á seinasta ári hafði ekki fyrir því að reyna að ná tökum á þeim vanda sem búið er að ræða á Íslandi í fjöldamörg ár en það er að auka persónukjör í almennum kosningum. Menn hafa mjög gagnrýnt það og þá á ég við fólk úr öllum stjórnmálaflokkum. Það hefur gagnrýnt að sá sem er kominn ofarlega á framboðslista hjá stórum flokki er öruggur með sæti sitt og honum verður ekki haggað. Kjósendur eiga engan kost á að hafa áhrif á það í mjög mörgum tilvikum hvaða persónur eru kjörnar á þing. Flokkarnir ráða því. Að vísu hafa flokkarnir farið út í að leita liðsinnis kjósenda við að raða í flokka sína með svokölluðum prófkjörum en við vitum öll að þessi prófkjör eru meingölluð og eru auðvitað komin út í algjörar ógöngur á Íslandi.

Það er alkunnugt og þarf ekkert að fjölyrða um að það tíðkast í stórum stíl að fólk sem ætlar ekki að kjósa viðkomandi lista, lætur ekki hvarfla að sér að styðja viðkomandi flokk, tekur samt sem áður þátt í prófkjöri á vegum viðkomandi flokks og tekur þátt í að ákveða hverjir skuli vera frambjóðendur hans og ræður oft og tíðum úrslitum um hverjir eru valdir til framboðs. Þetta er fyrirkomulag sem ég veit að mörgum útlendingum finnst afar sérkennilegt og ég get upplýst að ég var í þingmannasendinefnd á vegum forsn. í danska þinginu ekki alls fyrir löngu og þá var oft og tíðum rætt um undirbúning að komandi kosningum hér á Íslandi og við þingmenn spurðir að því hvernig gengi að stilla upp á lista. Við sögðum frá hvað hér væri helst í gangi, þ.e. að hér væru í gangi þessi stóru prófkjör með mikilli þátttöku þar sem þátttakan væri í mörgum tilvikum miklu meiri en næmi kjósendafylgi eða kjörfylgi flokkanna á viðkomandi stöðum eða svæðum. Skemmst er frá að segja að þeir sem ég ræddi við og gerði tilraun til að útskýra hvernig þessum málum væri háttað á Íslandi gekk afar illa að skilja hvers vegna í ósköpunum við á Íslandi hefðum svo sérstætt fyrirkomulag. Þeir höfðu ekki heyrt um slíkt fyrirkomulag áður og töldu auðvitað að þetta væri mikil afskræming á eðlilegu lýðræði.

Það er stórkostlegt vandamál hjá okkur að við höfum neyðst til að fara út í þessi stóru prófkjör þar sem fólk er að taka þátt í að velja menn á lista hjá mörgum flokkum, gengur bara á röðina, kýs fyrst hjá Framsfl., svo hjá Sjálfstfl., svo hjá samfylkingunni og ræður kannski úrslitum í mörgum tilvikum hjá þeim öllum. Þetta er auðvitað þess háttar fyrirkomulag að við ættum að skammast okkar fyrir það og við

ættum auðvitað að leita leiða til að gefa kjósendum kost á að hafa áhrif á það hverjir eru valdir af hverjum lista fyrir sig eftir öðrum leiðum en þessum.

Til eru margar leiðir, m.a. leiðir sem eru mjög þekktar í öðrum löndum. Þar má t.d. nefna danska kerfið sem er í því fólgið að hverju kjördæmi er skipt upp í kjördeildir og í hverri kjördeild er mönnum síðan stillt upp og kjósendur hafa ýmsa möguleika á að merkja við persónur á listum og síðan er talið saman eftir flóknum reglum og sá valinn sem mest persónufylgi hefur. Önnur leið er sú að vera með óraðaða lista þar sem kjósandinn raðar sjálfur í hvaða röð hann vill að menn gangi til þings af hverjum lista. Sem sagt, möguleikarnir eru fjöldamargir, ég ætla ekki að orðlengja þá hér, en ég tel að kosningalaganefndin sem undirbjó þetta mál hafi illilega brugðist þegar hún lét þennan vanda fara algerlega fram hjá sér og hefur ekki undirbúið neinar tillögur til úrbóta á þessu sviði.

Ég ítreka það sem ég hef þegar sagt að málið í heild er meingallað og hefði þurft að undirbúa það miklu betur en gert var.

[13:10]

Frsm. stjórnarskrárn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði í lok ræðu sinnar að málið væri meingallað og taldi möguleikana fjölmarga hafa verið á því að skila málinu frá sér í öðru formi en gert var af nefnd sem skipuð var af hæstv. forsrh. og hafði það hlutverk að gera tillögurnar. Mér fannst eftir að ég hafði hlustað á ræðu hans að hann hefði komið inn á mjög marga þætti málsins sem voru hvað mest til umfjöllunar í nefndinni. Það var nú ekki þannig að nefndin hefði ekki farið yfir málið á mjög breiðum grundvelli. Hins vegar, eftir þessa yfirferð og eftir að hafa hlustað á sjónarmið og reynt að stilla saman strengina, varð þetta niðurstaða nefndarinnar. Hins vegar er það svo að það er bara eitt af þeim atriðum sem hv. þm. nefndi og taldi vera stærstu gallana á málinu, það er bara eitt af þeim atriðum sem er í raun bundið í stjórnarskrá og við erum að taka afstöðu til núna en það eru fimm prósentin. Mér fannst hálfpartinn eins og hann segði, eða ég skildi mál hans þannig, að hann væri að tala um að það þyrfti 5% til að fá mann kjörinn. Nú er það ekki þannig. Það er verið að tala um 5% til að eiga möguleika á jöfnunarmanni þannig að það er ekki sambærilegt þegar hann er að miða þetta við önnur lönd. Niðurstaðan varð að hafa 5% þröskuld til að eiga möguleika á jöfnunarsætum en hins vegar geta flokkar fengið mann kjörinn og ég tala ekki um ef boðið er fram í einu kjördæmi án þess að fá 5% atkvæða á landsvísu.

[13:12]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held það hafi verið misheyrn hjá hv. þm. að ég hafi verið að tala um að flokkarnir væru útilokaðir, ég sagði það alveg skýrt að spurningin væri um hvort þeir ættu rétt á jöfnunarsætum og það er það sem er óréttlætið í þessu, að þingflokkur sem kannski fær 9 þús. atkvæði, fær mann kjörinn í einu kjördæmi, á ekki rétt á nema þessu eina þingsæti sem hann hefur fengið kjör í þótt ljóst sé að hann ætti hlutfallslega séð rétt á fleiri mönnum, sennilega þremur sætum, þannig að það er verið að svipta hann þeim rétti, þeim mannréttindum sem ég tel að þeir sem bera fram þann lista, ættu að njóta, að fá þingmenn í réttu hlutfalli við fylgi sitt, það er einfaldlega verið að svipta hann þeim rétti. Sá sem fær 9 þús. atkvæði á sennilega rétt á þremur þingmönnum en fær bara einn.

Ég vil svo spyrja hv. þm. um það af því hann sagði að margt hefði verið skoðað í þessari nefnd, hvort nefndin hafi kynnt sér þá gríðarlega miklu umfjöllun sem stjórnarskrárnefndin sem hér sat og var lögð niður fyrir nokkrum árum gerði um persónubundið kjör. Þetta mál var viðfangsefni nefndarinnar í tvö til þrjú ár. Skrifaðar voru vandaðar og miklar skýrslur um þá möguleika og satt að segja unnið býsna vel á því sviði því nefndin leit á þetta sem eitt sitt helsta verkefni en fróðlegt væri að vita hvort nefndin hafi síðan skoðað það sem þarna var fjallað um.

[13:14]

Frsm. stjórnarskrárn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, nefndin fór yfir þessi gögn, að vísu ekki á mörgum fundum en hins vegar hver með sjálfum sér. Við fengum öll þessi gögn og við fórum líka yfir persónukjör eins og það er framkvæmt í ýmsum öðrum löndum og reyndum að átta okkur á því hvort eitthvað af því gæti hentað fyrir okkur á Íslandi. En það náðist ekki samstaða um að gera þetta á annan veg en raun ber vitni og kemur fram í því þingskjali sem er til umfjöllunar.

Hv. þm. talaði um að svipta mannréttindum. Mér varð dálítið illt við því ég vil helst ekki tala um þetta mál út frá mannréttindum. Eins hefur mér mislíkað þegar talað hefur verið um mismunandi vægi atkvæða eftir kjördæmum að tala í hinu orðinu um að það séu mannréttindi að jafna vægið. Ég lít ekki þannig á. Hins vegar féllst ég á að taka þennan áfanga núna að misvægið verði ekki meira en 1:2.

Hv. þm. talar um að kjördæmaskiptingin sé aldeilis fráleit, eins og ég skildi mál hans, og telur að landsbyggðarkjördæmin eigi helst að vera fjögur ef ekki fimm. Við fórum líka yfir það í nefndinni og ein af tillögum okkar eða hugmyndum sem sýnd er í skýrslunni, tafla 11, gengur út á það að það séu fjögur landsbyggðarkjördæmi. Þá hefur sú tillaga þann galla í för með sér að það þarf miklu fleiri jöfnunarmenn vegna þess að fjöldi kjósenda í kjördæmunum er svo mismunandi mikill. Þá þurfa jöfnunarþingmennirnir að vera 13 til þess að jöfnuður náist milli flokka, sem Alþb. lagði mikla áherslu á að yrði hér eftir sem hingað til. Formaður þingflokks Alþb. fór mjög nákvæmlega yfir þetta atriði í ræðu sinni áðan og skýrði það sem eitt aðalatriðið í málflutningi Alþb. að hafa fáa jöfnunarþingmenn. Hv. þm. talaði því algjörlega gegn þeim málflutningi.

[13:17]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er tími til að fara ítarlega inn í þetta mál. En ég held að nefndin hafi strax í upphafi ferils síns lent á villigötum með því að gefa sér á margan hátt rangar forsendur til að vinna út frá. Ein af þessum röngu forsendum, sem nefndin gaf sér, var að kjördæmi þyrftu endilega að vera með nákvæmlega jafnmarga þingmenn eða því sem næst jafnmarga þingmenn. Það voru villigötur og þaðan má rekja ýmsar ógöngur sem nefndin lenti síðan í.

Hvað varðar persónubundið kjör er gott að það hefur fengist upplýst að nefndin fékk í hendur þau miklu gögn sem gamla stjórnarskrárnefndin hafði viðað að sér um það mál. Það er þá kannski einungis hægt að segja það nú að æskilegt væri að menn flýttu sér ekki um of þegar kosningalögin verða síðan samin, litu ekki þannig á að málið sé fullfrágengið og það sé bara að flytja málið eins og það var undirbúið af hálfu

kosningalaganefndarinnar heldur taki málið í heild upp að nýju. Það er það sem ég er að skora á komandi þing að gera með þessum orðum mínum, að taka málið upp að nýju, bæði kjördæmaskiptinguna og sérstaklega líka persónukjörið. Og flýta sér ekki um of heldur reyna að finna þar lausn sem er betur ásættanleg en það kerfi sem við búum nú við.

[Fundarhlé. — 13:21]

[13:49]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að framsögumaður nefndar þessa máls, sem hefur fjallað um málið, verði fljótlega viðstödd umræðuna.

Við ræðum frv. til stjórnarskipunarlaga sem felur í sér breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins okkar. Það er stórmál og er afar mikilsvert hvaða afgreiðslu það fær. Fá mál á Alþingi skipta jafnmiklu eins og breytingar á stjórnarskrá, þar á meðal þeir þættir stjórnarskrár okkar eða grundvallarlaga sem verið er að breyta með þessu frv.

Ég er í hópi þeirra alþingismanna sem hafa gagnrýnt þetta frv., gerði það við 1. umr. málsins, og mun fara yfir nokkra þætti þess til að koma sjónarmiðum mínum á framfæri. Ég tel mjög alvarlegt hvernig til hefur tekist við mótun tillagna um breytingu á stjórnarskránni, þeim atriðum sem hér er fjallað um. Verið er að gjörbreyta kjördæmaskipan í landinu með þessu frv. eða stefnt að því, og að setja grunn varðandi fjölda kjördæmanna sem leiðir af sér breytingar þó að um það efni í einstökum atriðum eigi að fjalla á næsta þingi. Verið er að festa aðra ákveðna þætti sem setja mönnum skorður í sambandi við það sem á eftir kemur og því eru þau ákvæði sem hér eru til umræðu afar afdrifarík og þýðingarmikil.

Frv. felur það í sér að verið er að festa fjölda kjördæma miðað við sex eða sjö kjördæmi og þó að hér hafi verið gerð sú breyting með tillögum frá nefndinni að skapa smávegis sveigjanleika í málið með því að kjördæmi skuli vera fæst sex en flest sjö eins og segir í brtt. er það ekki mikið svigrúm sem það veitir og bindingin felst einnig í öðru ákvæði málsins þar sem er fjöldi þingmanna, kjördæmissæta í hverju kjördæmi sem samkvæmt tillögu nefndarinnar skal vera sex. Það er hækkun um einn frá því sem var í frv. sjálfu sem kvað á um fimm kjördæmissæti hið minnsta.

Virðulegur forseti. Ég kalla eftir því hvort hv. frsm. nefndarinnar er ekki í þinginu þannig að ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að kalla eftir hv. þm.)

Ég vænti þess að þingmaðurinn og framsögumaður nefndarinnar hafi áhuga á að heyra sjónarmið og bregðast við þeim eftir atvikum.

Ég hef ekki farið dult með skoðun mína frá því að þetta mál fyrst kom til umræðu á mótunarstigi. Þá sat ég í þingflokki Alþb. og þar voru kynntar hugmyndir um þetta mál, og ég setti þá þegar fram gagnrýni á þær hugmyndir og ítrekaði þær áður en ég kvaddi þann þingflokk. Ég get því með mjög góðri samvisku gagnrýnt það sem hér liggur fyrir sem afurð frá nefndinni sem fjallaði um málið og þeim sem eru flutningsmenn málsins eða hafa átt þátt í að móta það með tengslum við þingflokka. Sá þingflokkur sem ég sit nú í, þingflokkur óháðra, átti ekki aðild að þeirri nefnd sem mótaði málið í upphafi og stóð ekki að flutningi frv. en kom að vissri yfirferð síðar að því er varðaði ákvæði sem snerta byggðaþátt málsins sem ég kem að síðar.

Ég hlýt að undrast, virðulegi forseti, að af jafnágætum hópi og þeim sem stendur fyrir flutningi frv. skuli koma þær tillögur sem við höfum fyrir framan okkur, sem eru svo meingallaðar í mörgum greinum að ekki er að undra þó að fólk víða um land sé steinhissa á því að á Alþingi skuli haldið á málum með þeim hætti sem um ræðir. Ég held að þeir sem mótuðu málið hafi snemma fallið í gildrur sem bundu hendur manna. Þótt látið sé að því liggja að farið hafi verið yfir málið opnum huga og ýmsir kostir athugaðir sýnist mér að tillögumenn hafi fljótlega fest sig í forsendum sem a.m.k. ég tel ótækar í máli sem þessu. Eins og hér hefur komið fram, m.a. hjá þeim sem síðast talaði í málinu, hv. þm. Ragnari Arnalds, er ein af þessum fráleitu forsendum, að mínu mati, í málinu sú að binda sig við að þingmannafjöldi í hverju kjördæmi verði sem jafnastur. Það er þessi viðmiðun sem öðru fremur hefur leitt til þeirrar niðurstöðu varðandi hugmyndir um stærð kjördæma og kjördæmamörk sem liggja fyrir í tillöguformi, þó að þau séu ekki beint til afgreiðslu, að fara að gera þetta sem einn af hornsteinum þessa máls.

Þetta leiðir til þess að menn eru komnir með hugmyndir um sex kjördæmi í landinu þó að opnað sé fyrir möguleika á endurskoðun þannig að þau yrðu sjö, sem eru eins ólík að landfræðilegri stærð og frekast má vera, sem leiðir menn út í þau ósköp að ætla að gera landfræðilegan helming Íslands að einu kjördæmi. Allur austurhelmingur landsins, ef við skiptum því niður eftir lengdarbaug, er gerður að einu kjördæmi, svæði frá Siglufirði austur um að Skeiðarársandi. Þó það væri ekki nema bara þessi staðreynd, sem blasir auðvitað við og ekki er hægt að stinga í felur, ætti það að vera nóg til þess að hverfa frá þeim grunni sem hér er fram borinn. Ég hef oft spurt mig í sambandi við þetta mál, virðulegur forseti, hvað geti leitt menn inn á svona brautir.

Nú er meðal tillögumanna frv., þeirra sem bera ábyrgð á frv., fólk sem ætti að gjörþekkja til en hitt er auðvitað ljóst að kannski skortir eitthvað á tilfinningu í þingmannanefndinni sem mótaði málið, einhverja tilfinningu fyrir hvernig Ísland er í laginu. (Gripið fram í.) Maður hneigist til að orða þetta svona í ljósi þess þegar tillögur af þessum toga koma hér fram. Þarna er það forsendan um þingmannafjöldann sem leiðir fólk á þessar villigötur, að við erum með tillögur sem hafa það að forsendu að búa til þrjú landsbyggðarkjördæmi þar sem þetta Norðausturkjördæmi, sem svo er kallað í vinnuheiti — það eitt út af fyrir sig er alveg furðulegt heiti — kjördæmi sem tekur til þess sem við höfum kennt við suðausturhluta landsins er í Norðausturkjördæmi, (Gripið fram í.) og mér finnst það styrkja, virðulegur forseti, mál mitt, og það segi ég vegna þessarar frammítöku í mál mitt, að það skorti eitthvað á tilfinningu fyrir landafræðinni að menn skuli leggja slíkt fram hér.

Og með þessari tillögu, sem hefur verið endurskoðuð, þ.e. baktillögunni varðandi kjördæmi og kjördæmamörk, sem er fylgiskjal með þessu máli og er auðvitað hægt að taka upp til skoðunar en innan þeirra ströngu marka sem verið er að draga og á að binda í stjórnarskrá. Afleiðingin verður þessi sem við blasir: Þrjú risastór landsbyggðarkjördæmi, Reykjavík, höfuðstað landsins skipt í tvö kjördæmi, sem er annar fáránleikinn frá í þessu máli, og kemur einnig til af sömu forsendunni, svipuðum þingmannafjölda í kjördæmi. Við heyrum reynda þingmenn Reykvíkinga tala í málinu til þess að lofa og prísa tillöguna vegna þess að það sé svo erfitt um vik að halda sambandi við fólk í kjördæminu þá sé það

knýjandi nauðsyn að skipta höfuðstað landsins upp í tvennt sem kjördæmi. Það sé svo kostnaðarsamt að ná sambandi við fólk að ekki sé hægt annað en bregða á þetta ráð til að módelið gangi upp.

Ég er svo undrandi, virðulegur forseti, yfir því að menn skuli ekki hafa sett á eitthvert annað ráð við meðferð nefndarinnar á málinu og skilað málinu í eitthvað skárra formi inn í þingið að þessu leyti þegar það kemur til 2. umr.

Það er ekki aðeins að það skorti á tilfinningu fyrir hvernig Ísland er í laginu og íslenskri landafræði í þessum tillögum heldur eru menn líka að ganga gegn því sem ég tel að ætti að vera ákveðið grundvallarsjónarmið varðandi félagslegt kerfi í landinu. Það er nefnilega ekki hægt, virðulegur forseti, að skoða þetta mál eitt og óbundið og óháð því hvernig háttað er öðrum þáttum í félagslegri uppbyggingu í landinu á hinu stjórnsýslustiginu, þ.e. sveitarfélagsstiginu, og hvernig það hefur þróast. En þær dæmalausu tillögur sem liggja fyrir ganga þvert á það sem þar hefur verið að þróast á undanförnum áratugum. Og ekki bara á undanförnum áratugum heldur um langt skeið í sögu Íslands.

Frá því á 10. öld að fyrst er farið að skipta upp landinu í einingar í tengslum við stjórnsýslu, dóma og fleiri þætti hefur verið ákveðin afmörkun milli landshluta sem hafa gengið undir heitinu fjórðungar í gegnum aldir, Norðlendingafjórðungur og Austfirðingafjórðungur. Eins og kjördæmaskipanin hefur verið undanfarna áratugi hefur þrátt fyrir allt, þótt hún fylgi ekkert slíkri deilingu, verið tekið tillit til hennar með ákveðnum hætti þannig að kjördæmamörkin fylgdu að verulegu leyti fjórðungamörkum, þó að einstökum fjórðungum hafi verið skipt í tvö kjördæmi í a.m.k. tveimur tilvikum og reyndar fleiri.

Ég tel mjög alvarlegt, virðulegur forseti, að við séum að breyta nú kjördæmaskipan landsins sem leiðir af sér ákveðna riðlun á samstarfsgrundvelli sveitarfélaga í landinu eins og hann hefur verið að þróast á undanförnum áratugum. Nóg er nú um öryggisleysið á landsbyggðinni þó ekki sé verið að bæta við uppsetningu af þessum toga sem leiðir til þess að tengsl sem hafa þróast á milli þingmanna og sveitarstjórnarmanna víða um landið á grundvelli samstarfs sveitarfélaga innan kjördæma, að verið sé að ganga gegn þeim með þeim grófa hætti sem þessar tillögur endurspegla. Því það er ekkert tillit tekið til þessa þáttar í meðferð málsins og ekkert rætt af þeim sem bera tillögurnar fram hvaða áhrif þetta hafi.

Virðulegur forseti. Ég held að menn hefðu þurft að skoða þann þátt sem einn af grundvallarþáttum málsins, samhliða því að litið er á stöðu landsbyggðarinnar alveg sérstaklega, eins og eru orð fyrir að gert verði. En þá yrði jafnhliða horft á félagslega uppbyggingu, samstarf sveitarfélaganna í landinu.

Virðulegur forseti. Ég vil vegna þess að ég vék að fjórðungaskipan landsins og ætla að tengja það aðeins við í framhaldinu, að leyfa mér aðeins að vitna í ágætt rit sem dregur það mál aðeins fram því að ég tel fulla þörf á því að það komi fram í umræðunni. Þar vitna ég til samantektar í ritinu Íslandssaga eftir Einar Laxness, gefið út af Vöku-Helgafelli, sem alfræðibók. Þar segir, með leyfi forseta, um fjórðunga, — ég tel að þetta sé góð samantekt, hnitmiðuð. Hún er stutt, með leyfi forseta:

„Fjórðungur, nafn á fjórum hlutum, sem Ísland skiptist í til dómsagnar og framfærslu við fjórðungaskiptingu um 965, en þar komu landfræðileg mörk fyrst við sögu íslenskrar stjórnskipunar: Norðlendingafjórðungur (Eyfirðingafjórðungur) náði frá Hrútafjarðará að Helkunduheiði og Skoruvíkurbjargi á Langanesi, Austfirðingafjórðungur þaðan að Jökulsá á Sólheimasandi, Sunnlendingafjórðungur (Rangæingafjórðungur) þaðan að Hvítá í Borgarfirði, Vestfirðingafjórðungur (Breiðfirðingafjórðungur) þaðan að Hrútafjarðará.

Fjórðungamörkin um Hvítá fluttust til Botnsár í Hvalfirði á 13. öld; mörk Austfirðingafjórðungs og Sunnlendingafjórðungs virðast ekki hafa breyst fyrr en 1783 þegar Skaftafellssýslur voru látnar fylgja Suðuramti með Lónsheiði sem fjórðungamörk. Árið 1893 var ákveðið að Austur-Skaftafellssýsla fylgdi Austuramti; þar með myndaði Skeiðará mörk þau er síðan hafa verið milli Austfirðingafjórðungs og Sunnlendingafjórðungs

Á mörkum Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungs, sem voru ógreinileg, var settur upp Þórshamar að fornu, samkvæmt kirknaskrá um 1200.

Mál skyldu upphaflega sótt á þingi næst vettvangi, en það gat reynst erfitt ef sækjendur voru úr öðru þingi svo að það ráð var tekið að skipta landinu í fjórðunga til dómsagnar. Fjórðungsþingum og fjórðungsdómum var komið á, en sakaraðilar skyldu ætíð vera samþinga, eiga sama sóknarþing, en væri hvor úr sínum fjórðungi skyldu mál sótt á Alþingi.

Í hverjum fjórðungi urðu þrjú vorþing nema fjögur í Norðlendingafjórðungi þar sem þeir urðu ekki á annað sáttir. Í hverju þingi voru þrír goðar. Var þeim bannað að eiga þingmenn utan fjórðunga nema með leyfi Lögréttu. Menn máttu þó færa sig yfir Hrútafjörð án þess skipt væri um þingfesti. Miðaði fjórðungaskipting m.a. að því að halda deilumálum innan héraða eins og unnt var.

Eftir 1271 var fjórðungur ekki lengur framfærslusvæði en hélst sem dómsagnarumdæmi; lögmenn voru skipaðir af konungi yfir hvern fjórðung, einn sunnan og austan og annar norðan og vestan, en síðar kosnir af fulltrúum fjórðunga á Alþingi. Jarðeigendum bar að hafa umboðsmenn í fjórðungum ættu þeir þar fasteignir en byggju þar ekki sjálfir.

Gagnvart konungsvaldinu komu fjórðungar stundum fram sem stjórnskipunarheildir, t.d. í deilum við norska konungsvaldið 1304–06, sbr. Skálholtssamþykkt (Árnesingaskrá) árið 1375. Hólabiskupsdæmi (stofnað 1106) tók yfir Norðlendingafjórðung, en Skálholtsbiskupsdæmi yfir alla hina þrjá. Fjórðungar urðu sérstök læknisumdæmi á síðari hluta 18. aldar. Á 20. öld hafa verið stofnuð sérstök landshlutasamtök kaupstaða, kauptúna og sveitarfélaga sem kenna sig við fjórðunga. Kjördæmi eru öðrum þræði miðuð við fjórðungaskiptingu (með lögum frá árinu 1959)."

Þetta er tilvitnun í Íslandssögu Einars Laxness. Ég held að gild ástæða sé til að rifja þetta upp hér.

Ég hefði, virðulegur forseti, lagt það til — og nefndi það í 1. umræðu málsins — að menn hefðu farið yfir þessi efni og m.a. skoðað hvort ekki væri réttmætt að halda fjórðungsmörkunum sem kjördæmamörkum. Stæði til að fækka kjördæmum að skoða þann möguleika að fjórðungarnir mynduðu í aðalatriðum grunninn í slíkum kjördæmum sem hér er talað um sem landsbyggðarkjördæmi. Þannig hefði verið tryggt í aðalatriðum að ekki væri gengið gegn þeim félagseiningum sem byggst hafa upp innan kjördæma en hægt væri sameina samtök eins og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi hefði verið á það ráð brugðið að miða kjördæmi við Norðlendingafjórðung svipað og þau mörk voru, hin gömlu fjórðungamörk Norðlendingafjórðungs.

Ég hefði líka skoðað, virðulegur forseti, að festa þessa skipan í sessi, þessa skipan sem í aðalatriðum byggði á

þessum gömlu sögulegu mörkum sem eiga sér gild rök og festa það sem nýtt stjórnsýslustig í landinu, sem fylki, sem fastan vettvang í samskiptum m.a. ríkis og sveitarfélaga og byggja þar upp lýðræðislegt heimavald. Þá hefðu menn verið að skapa festu í staðinn fyrir þá sundrungu og upplausn sem verið er að bjóða upp á með þessu máli sem við ræðum hér og þeim tillögum sem því fylgja.

Ég hef gengið lengra í hugsun minni, virðulegur forseti. Á þessum grunni, hefðu menn komist að því að réttmætt væri að taka upp þriðja stjórnsýslustigið, þá hefði ég verið tilbúinn til að skoða þá hugmynd af alvöru að gera landið allt að einu kjördæmi til Alþingis. Þá hefðu menn haft fjórðungsþing eða fylkisþing sem lýðræðislega kjörinn vettvang en Alþingi sem færi með málefni landsins alls. Ég held að það hefði verið lánlegra en það óbermi sem við fjöllum um sem grunn að þessum tillögum. Ég hef orðið var við það í umræðu fólks, m.a. á Austurlandi en einnig víðar, að menn hefðu verið opnir fyrir tillögum af þessu tagi og átt mun betra með að skilja rökrænt samhengi í slíkum tillögum en í því sem hér liggur fyrir.

Rökleysan að baki forsendunum í þessu máli, í forsendum eins og þeim að það sé eitthvert markmið í sjálfu sér að þingmannafjöldi sé svipaður í öllum kjördæmunum. Röksemdafærslan er nánast engin, þetta er sett svona fram „af því bara". Sagt er að það módel sem hér er fram lagt leiði til þess að jöfnunarsæti geti verið einhverju færri, ætli ekki svona fjórum færri en ella. Hvaða rök eru það í máli sem þessu? Það eru gervirök að mínu mati, virðulegur forseti. Í stað þess að búta Ísland niður í kjördæmi eins og hér er um að ræða hefðum við staðið með fastan grunn sem tryggði samstarfsgrundvöll fyrir sveitarfélögin, gæfi möguleika á að festa fylkjaskipan í landinu þó að ekki hefðu verið skilyrði og síðan hefðum við haft landið allt sem eitt kjördæmi og losnað við þetta eilífðarþras um vægi atkvæða að baki þingmanni sem er endalaus olía á eld umræðunnar, sjónarmið sem hafa að mínu mati ekki verið gild eins og málið hefur verið vaxið þó að ég sé stuðningsmaður þess að gæta hófs í misvægi í sambandi við vægi atkvæða til þess að koma til móts við sjónarmið sem eru gild á sinn hátt. Á þá forsendu endurskoðunarinnar gat ég fallist og hef tekið undir eða ekki hafnað að menn leituðust við að draga úr því misvægi sem þar hefur þróast í kjölfar búferlaflutninga í landinu.

Virðulegur forseti. Ég tel að þessi grundvallarviðhorf af minni hálfu eigi að vera komin til skila en ég vil draga það aðeins betur fram að það sem verið er að festa með þessari stjórnarskrárbreytingu er fjöldi kjördæmanna og það er lágmarksfjöldi kjördæmasæta, sem svo eru kölluð, miðað við sex og það er þessi binding sem bindur hendur Alþingis og dregur úr möguleika á sveigjanleika við endurskoðun kosningalaga á næsta þingi. Þess vegna er málið mjög afdrifaríkt hvað framhaldið snertir. Það verður greinilega á þessum grunni hvernig sem sjónarmið verða á næsta þingi, ef menn ætla að byggja á þeim stjórnarskrárákvæðum sem hér er stefnt að að lögfesta, þá eru menn bundnir af þessum forsendum. Þá geta menn ekki brugðið á það ráð, sem ég gæti trúað að ýmsir vildu sem halda á málum á næsta þingi, að miða kjördæmin við hóflegri landfræðilegar einingar en hér er um að ræða, t.d. að hafa Austurland ekki stærra en hinn forna Austfirðingafjórðung sem við vorum að rifja upp áðan að náði frá Helkunduheiði við Langanes og frá Langanesi að Jölulsá á Sólheimasandi, en það er útfærsla á núverandi Austurlandskjördæmi sem ég hef verið opinn fyrir og hef talið að gæti komið til greina. En það svæði gefur ekki sex þingmenn og mun ekki gera miðað við þær forsendur sem menn eru að setja um vægi atkvæða. Það gefur ekki sex þingmenn og þar með eru menn að útiloka slíka endurskoðun með því að binda þetta í stjórnarskrá. Ég hef ekki reiknað það nákvæmlega en mér sýnist að það mundi gefa fjóra og ég segi: Það er ekkert við það að athuga. Ég sé ekki nokkurn skapaða hlut við það að athuga að þingmenn á eystri hluta landsins, í Austfirðingafjórðungi, Austurlandskjördæmi, væru fjórir en ekki níu eða ellefu eða hvað það nú er sem þessi heilaga forsenda tekur mið af, jafna skiptingu. Ég andmælti þessum viðhorfum og benti á þessi rök í þingflokki Alþb. á sínum tíma en ekki var mikið á það hlustað. En ég var ekki einn um það að gagnrýna þessar forsendur. Það mátti heyra á máli síðasta ræðumanns sem situr enn í þingflokki Alþb. Hann gagnrýndi hliðstæð atriði og mörg önnur sem ég tek í raun undir og get gert að mínum í sambandi við persónukjör þar sem nefndin skilar alveg auðu í sambandi við það stóra mál og ætlar mönnum að búa við þau ósköp sem rædd hafa verið í umræðunni og menn hafa verið að upplifa á síðustu mánuðum einn ganginn enn í formi prófkjöra í alls konar útgáfum *þar sem verið er að raða mönnum á garðann, ef svo má segja,* eftir leikreglum sem ekki verða taldar hálýðræðislegar út frá þeim forsendum sem menn eru að ræða kjördæmamál að öðru leyti. Á þetta hefur verið réttilega minnt í umræðunni.

Annað atriði sem hefur verið gagnrýnt, alveg réttilega að mínu mati, er sá þröskuldur sem verið er að setja og sá réttur sem þar með er verið að taka af allt að 10 þúsund manns í landinu, eitthvað nálægt þeirri tölu, að eiga það sæmilega öruggt að geta eignast fulltrúa á Alþingi Íslendinga og skiptir þá engu hver í hlut á. Dæmin eru ljós úr fortíðinni hvað þarna er á ferðinni og hversu fráleitt er að ætla að setja inn svo háa þröskulda í sambandi við möguleika fólks til að eiga fulltrúa sinna sjónarmiða inni á Alþingi Íslendinga. Þetta mundi blasa skýrar við ef niðurstaðan hefði orðið sú að landið allt yrði eitt kjördæmi. Þá hefði þessi staðreynd blasað ljósar við og kannski verið erfiðara um vik að knýja fram ákvarðanir af þeim toga sem stefnt er að í þessum efnum.

Síðan er það, virðulegur forseti, sem eru tengslin við byggðamálin. Ég vil segja alveg hreint út að ég hef ekki verið meðmæltur þeirri hugsun að menn væru að ræða þetta stóra mál, um stjórnskipun landsins, með þann þátt málsins á bakinu eða sem tengdan við þetta mál. Þá er ég ekki að draga úr þörfinni á að taka á byggðamálum og þeim hrikalega vanda sem þar blasir við en er í rauninni allt of lítið í umræðu og hvað þá þegar litið er til aðgerða. Mér finnst ekki farsælt að vefja þann þátt málsins eða reyna að koma honum í einhvern búning og hengja aftan í þennan vagn sem er í rauninni allt annars eðlis þó að röksamhengið, þ.e. á milli fulltrúakjörsins úti á svæðunum og möguleikana til að hafa áhrif á stjórnsýsluna og stjórnarathafnir á höfuðborgarsvæðinu, það er hægt að hlusta á þau rök en mér finnst þau ekki mjög gild inn í þessa umræðu.

Ekki ætti að þurfa einhverja sérstaka meðgjöf eða tengsl af þessum toga til þess að tekið sé á byggðamálum af stjórnvöldum í landinu og Alþingi Íslendinga. Ég held að það *viðfangsefni ætti að standa alveg fyrir sínu og sú brýna þörf* sem þar er að taka á málum ekki að dyljast nokkrum manni í landinu. Ég er ekki þar með að hafna því að það verði gert ef ekki er annað í boði en að reyna að binda þessa þætti í einn pakka en mér sýnist að þau bönd ætli að verða harla ótraust eins og málið liggur fyrir. Hér eru engar tillögur sem hægt

er að taka afstöðu til þegar málið verður afgreitt eftir 2. umr. Í raun er einnig skilað auðu í því máli. Þar er ástandið hins vegar þannig að Alþingi ætti ekki að vera af neinu meira upptekið þessa mánuðina en að fjalla um það skelfilega ástand sem blasir við víða á Íslandi í sambandi við aðstöðu fólks og viðbrögð fólks við þeirri gífurlegu mismunun sem fólkinu í landinu er búin af landsstjórninni og Alþingi Íslendinga með ákvörðunum sem það tekur.

Þetta er svo alvarlegt mál, virðulegur forseti, að við megum engan tíma missa til þess að bregðast við með þeim ráðum sem við höfum í höndum okkar á Alþingi og sem ríkisvaldið ræður yfir. Að bregðast við þeirri mismunun sem felst í grundvallaraðstöðu fólks til þess að lifa lífinu í landinu þannig að ekki blasi við ókjörin sem fólki víða um land eru búin varðandi grundvallarþætti í opinberri þjónustu, í tilkostnaði, við grunnþætti eins og upphitun híbýla sinna og annað af þeim toga sem hrópar í himininn. Þetta er orðið svo brothætt að það þolir enga bið að á þessu sé tekið.

Þessi vandi verður ekki leystur með patentráðum, með því að vísa á fólk úti í heimi og segja: Komið hingað og byggið upp álbræðslu eða eitthvað þess háttar eins og fært hefur verið í umræðuna í kjördæmi mínu og á allan vanda að leysa og allt hangir á bláþræði á sama tíma og menn sitja í ríkisstjórn og hafast lítið að til þess að leysa þann vanda sem nærtækur er, á sama tíma og hugmyndin um lausn á atvinnumálum utan úr heimi fjarlægist með hverjum deginum sem líður. Það á að líta á vanda byggðanna í landinu, vanda misvægisins í landinu og óréttlætisins í landinu út frá almennum forsendum en ekki út frá töfralausnum eða kraftaverkum sem við Íslendingar höfum í rauninni engin tök á að gera að veruleika. Von er að ýmsir í stjórnarliðinu fórni höndum yfir þeim tálsýnum sem þar er verið að byggja upp af stjórnvöldum. Hvað þegar tálsýnin hverfur, hver eru þá skilaboðin? Þau eru væntanlega þessi: Takið til fótanna, því það var þetta sem átti að leysa málið.

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að nefna þessi atriði í tengslum við þennan þátt sem verið er að tengja inn í þetta mál stjórnskipunar á Íslandi, að mínu mati ekki með skýrum rökum. Þetta er í rauninni kvalastillingarlyf sem verið er að reiða fram. Það er verið að reyna að draga úr áhyggjum fólks yfir afkomu sinni og stöðu (**HjálmJ:** Ópíum fyrir Austfirðinga.) með slíkum inngjöfum. Ópíum fyrir Austfirðinga, segir geistlega lærður fulltrúi í þinginu úr stjórnarliði. Það má alveg kalla það það. En þetta ópíum hefur verið reitt fram víðar. Norðlendingar hafa fengið skammt af því og eru reynslunni ríkari. (Gripið fram í.)

Virðulegur forseti. Við erum að ræða mjög alvarlegt mál sem er frv. til stjórnarskipunarlaga þar sem það er lagt í vald almenna löggjafans eins og segir í nál. að ákveða hlutina. Við erum víst þessi almenni löggjafi. Ég veit ekki hvar hinn löggjafinn er en kannski finnst hann. Ég tel að þetta mál sé ekki þroskað til ákvörðunar eins og hér er stefnt að. Ég tel að fæturnir undir þessu máli séu ekki traustir og ég hef orðið var við það á mörgum undanförnum mánuðum að fólk hefur þungar áhyggjur af þeim ákvörðunum sem eru í aðsigi á Alþingi Íslendinga. Ég hef eitt dæmi fyrir framan mig sem ég ætla að leyfa mér að vitna til, sem er ályktun frá bæjarstjórn Hornafjarðar, eftirfarandi bókun, samþykkt 5. nóv. 1998 með 11 samhljóða atkvæðum:

„Bæjarstjórn Hornafjarðar hvetur Alþingi Íslendinga til að leita umsagnar sveitarfélaga og íbúa í landinu áður en breytt kjördæmaskipan er fest í sessi."

Þetta er undirritað af þáv. bæjarstjóra Sturlaugi Þorsteinssyni sem kemur þessu sjónarmiði á framfæri við þingmenn, Alþingi allt og ríkisstjórn. Mér sýnist að það hefði verið og sé enn full þörf á því að hlusta á fólk utan þings í þessu máli. Ég sé ekki að sá meiri hluti sem virðist vera að baki þessu frv. hafi náð skynsamlegum áttum í þessu grundvallarmáli sem varðar stjórnarskrá lýðveldisins og félagslegar leikreglur í samfélaginu í sambandi við Alþingi og einnig í sambandi við samskiptin við fólkið og sveitarfélögin í landinu.

Því er það viðhorf mitt, virðulegur forseti, að ég get ekki stutt þær meginuppistöður sem hér er meiningin að lögfesta vegna þess að þær eru rangar. Þær eru ekki traustar til framtíðar og ekki til heilla og mitt ráð er það, virðulegur forseti, að Alþingi hrapi ekki að því að lögfesta þessar breytingar á stjórnarskrá sem binda hendur komandi þings og komandi kjörtímabils með þeim hætti sem hér er að stefnt.

[14:32]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt atriði í ræðu hv. 4. þm. Austurl. sem ég vildi koma örlítið inn á í andsvari. Hann sagði að stóriðja á Austurlandi ætti öllu að bjarga í byggðamálum en ekkert yrði af þeim áformum og menn mændu á atvinnuuppbyggingu frá útlöndum.

Ég kem upp í andsvari vegna þess að þetta er hlutur sem maður hefur heyrt mjög mikið á Austurlandi, frómar óskir hv. þm. og fleiri um að það verði ekkert af þessu. En ég spyr: Á aldrei að athuga slíka möguleika? Eigum við ekki að vera menn til þess að skoða slíkt, vinna að því að koma upp fleiri stoðum undir atvinnulífið á Austurlandi? Er það mest um vert nú að þau áform sem hafa verið uppi á Reyðarfirði verði ekki að veruleika? Á þá ekki að skoða neitt í framhaldi af því? Sannleikurinn er sá að engin breyting hefur orðið á því viðræðuferli en hins vegar er aldrei hægt að segja neitt um þetta fyrr en búið er að skrifa undir viljayfirlýsingar um að fara í framkvæmdir. Það hefur alltaf legið fyrir. En spurningin er hvort það er skoðun hv. þm. að aldrei eigi að skoða atvinnuuppbyggingu sem kemur frá útlöndum eða í samvinnu við útlendinga.

[14:34]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að mikil þörf sé á því að treysta atvinnulíf um land allt, mikil þörf á því og ég hafna því ekki að menn geti átt samvinnu við útlendinga um einstaka þætti í atvinnuuppbyggingu. En ég trúi ekki á töfralausnir og ég hefði aldrei lagt það til eða látið mér detta það í hug að ætla að fara að setja niður álbræðsluhlussu á Austurlandi með 500 þúsund tonna framleiðslugetu, eins og er ramminn um þá hugmynd sem hv. þm. var að nefna og ber auðvitað ábyrgð á með öðrum stjórnarliðum sem hafa tekið þar ákvarðanir og kannski sem þingmaður í kjördæminu ekki síst. Ég hefði aldrei brugðið á slík ráð vegna þess að ég tel að það skapi fleiri vandamál heldur en það leysir ef það væri í boði. En menn tóku kannski eftir því hvernig hv. þm. orðaði horfurnar í þeim efnum. Það væri ekkert brugðið út af því viðræðuferli sem ákveðið hafi verið. Þetta er platan sem er spiluð á Austurlandi og víðar og á að hugga Austfirðinga til að viðhalda þeirri blekkingu að einhver alvara sé að baki fjárfestingaráformum í þessu efni.

Auðvitað heldur Norsk Hydro áfram við ákveðna rannsóknarþætti sem bundið var fastmælum. Hver er að draga það í efa? Það vita allir sem vilja vita að engar líkur eru á

því að einhver fjárfesting komi í kjölfarið af þeirra hálfu í sambandi við þetta mál. En það er búið að gera þetta að því ópíum sem við nefndum áðan að erfitt er að taka það frá fólkinu rétt fyrir kosningar.

[14:36]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. talaði um að hann hefði ekki staðið að því að setja álbræðsluhlussu niður á Austurlandi (**HG:** Af þessari stærð.) af þessari stærð. Hann stóð nú einu sinni að því að reyna að koma kísilmálmverksmiðjuhlussu á Reyðarfjörð en það endaði með vegarspotta út í mýri. En hvaða plata er spiluð á Austurlandi í þessu efni, þá hefur sú plata verið spiluð að það hafi aldrei verið nein alvara í þessum viðræðum. Þessar viðræður hafa staðið yfir og standa yfir og við verðum að vera menn til þess að leiða þetta mál til lykta með jákvæðum hætti. Það vita náttúrlega allir um þær deilur sem uppi hafa verið í þjóðfélaginu um þetta mál og þetta hefur verið mjög rangfært og m.a. með því að tala um 500 þúsund tonna álbræðslu sem er 120 þúsund tonn, sem verið er að tala um.

Erindi mitt upp í þennan ræðustól var að undirstrika mikilvægi þess að horfa til allra átta varðandi atvinnulíf landsbyggðarinnar, en ég hef aldrei gefið yfirlýsingar um það, aldrei, að álbræðsla á Reyðarfirði mundi leysa öll byggðamál á Austurlandi í eitt skipti fyrir öll. Það væri mikilvægur þáttur inn í atvinnulífið á Austurlandi og mundi styrkja annað atvinnulíf í landsfjórðungnum, það er mín skoðun. En að það leysi öll byggðamál á einu bretti á austurhluta landsins, ég hef aldrei haldið því fram. Ég er á mælendaskrá í þessu máli á eftir og kem að byggðamálunum almennt í tengslum við ræðu mína sem ég ætla að flytja síðar.

[14:38]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er dálítið þungur myllusteinn sem þingmenn Framsfl. hafa bundið um háls sér í þessu efni og ég skil ósköp vel að svolítið erfitt sé að bera hann. Þegar verið er að mótmæla því að lagt hafi verið upp með 500 þúsund tonna álbræðslu þá er erfitt að hrekja það. Það var ekki aðeins 500 þúsund tonn sem þar voru framreidd heldur 720 þúsund tonn, sem voru hugmyndir viðræðuaðilans, en fastmælum var bundið að fyrst um sinn yrði ekki miðað við meira en 480 þúsund tonn, en 700 þúsund tonn svara til allrar álbræðslu í Noregi og framleiðslu af þessum toga á að draga inn í örsamfélag á Íslandi. Það er ekki verið að horfa mikið til reynslunnar í nágrannalöndunum. Þegar það síðan bætist við, sem er á allra vitorði sem hafa augun opin, að þetta er viðræðuferli og skoðun mála sem opnar upplýsingar fyrir Norsk Hydro varðandi íslenskan orkubúskap sem þeir kunna að notfæra sér einhvern tíma í framtíðinni ef þeir eiga þá völ á því og eru auðvitað ósköp hressir með það að hér er allt bókhaldið opnað. Gjörið þið svo vel. En hv. þm. reynir auðvitað að bera sig vel að þessu leyti og halda uppi þessu álbræðslumerki, merkinu fyrir þessa álbræðsluhlussu sem þeir framsóknarmenn hafa tekið trú á og settu á svið með hæstv. iðnrh. sínum fyrir tveimur árum þegar öllum ofbauð það sem var verið að gera á vegum ríkisstjórnarinnar og Framsfl. með stóriðjuuppbyggingu við Faxaflóa, þá var þessi hugmynd búin til til þess að hressa við landsliðið fram að kosningum.

[14:41]

Frsm. stjórnarskrárn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samkvæmt ræðu hv. þm. kann nefndin ekki landafræði og veit ekki hvernig Ísland er í laginu. Hann talaði um mikið vandamál sem er uppi um þróun byggðar. Það er rétt, þar er ég honum sammála, en samt þarf landsbyggðin ekki meðgjöf og lausn á atvinnumálum á ekki að koma utan úr heimi. Þetta er mikil ekki-ræða.

Síðan talaði hann um stóriðjuhlussu sem kvalastillingarlyf, ef ég skildi hann rétt. Hann vill ekki aðgerðir í byggðamálum tengt afgreiðslu þessa máls sem við erum að fjalla um. Þar er hann algerlega ósammála formanni síns flokks því að eitt megininntakið í ræðu hans var hvað það væri mikilvægt að gripið yrði til aðgerða í byggðamálum tengt afgreiðslu þessa máls og hann setti það sem algert skilyrði, ekki kannski að hann styddi málið en skilyrði þannig að málið ætti ekki að fá afgreiðslu á þessu þingi nema af þessu yrði.

Mig langar að spyrja hv. þm. eftir ræðu hans hér, sem mér fannst að mörgu leyti nokkuð neikvæð, hvort hann geti nefnt mér í fljótu bragði eitthvert mál — af því mér skilst að hann ætli að ljúka störfum á þingi og muni ekki verða í framboði til Alþingis í þeim kosningum sem eru fram undan — sem hefur komið til umfjöllunar á hv. Alþingi á þessu kjörtímabili sem hann telur að hafi verið þjóðfélaginu til framdráttar og hafi verið gott mál.

[14:42]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vek athygli á að hér var að bregðast við ræðu minni frsm. nefndarinnar sem hefur fjallað um málið og vék ekki einu orði að gagnrýni minni á frv. sem nú er til umræðu nema svona í þessum almenna hneykslunartón, hafði ekkert fram að færa til að svara þeirri gagnrýni sem ég hafði uppi á þær tillögur sem hér liggja fyrir um grundvallarþætti í stjórnskipun Íslands eða í stjórnarskránni varðandi kjördæmaskipan í landinu og forsendur hennar. Í staðinn er komið hér upp og flutt það sem menn heyrðu um neikvæðni mína, að ég vildi ekki taka við neinu til leiðréttingar fyrir landsbyggðina, ég gerði ekkert með það o.s.frv. Hv. þm. hefur ekki haft fyrir því að hlusta.

Mál mitt var það að ég taldi og tel það ekki skynsamlega málafylgju að þegar við erum að ræða um grunnþátt í stjórnskipun Íslands séu menn að binda það við einhverjar aðgerðir í byggðamálum sem slíkar. Þá er ég að tala um grundvöll málsins. Það á ekki að þurfa að kaupa stuðning við fráleitar breytingar á stjórnskipun landsins með einhverri dúsu í byggðamálum sem er ekki merkilegri en svo að hér liggur ekkert fyrir til samþykktar. Ég tók það sérstaklega fram en hv. þm. kaus að heyra það ekki, að það væri auðvitað allt saman vel þegið, það væri betra en ekkert en það þyrfti þá að vera þannig að hægt væri að taka afstöðu til þess. En það er þessi aðferð, sem jafnvel þó að hv. þm. hefði komið annars staðar frá hefði sagt að bæri einkenni Framsfl. og forustu hans nú um stundir, að koma með dúsur af þessum toga inn í mál sem er annars eðlis inn í grundvallarþátt sem við erum að ræða í sambandi við stjórnarskrárbeytingu.

[14:45]

Frsm. stjórnarskrárn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. getur kallað þetta dúsur eða hvað sem hann kýs. En ég held að það hljóti að vera jákvætt og

til bóta að grípa til aðgerða til eflingar byggð, hvort sem það tengist þessu máli eða ekki. Það vill svo til að formaður þingflokks hans lagði mikla áherslu á það í nefndinni sem mótaði þessar tillögur að farið yrði í þessar aðgerðir í tengslum við þetta mál og var að sjálfsögðu orðið við því. Ég er reyndar ekki sannfærð um að hann hafi endilega komið með þær tillögur í nefndina en alla vega varð það niðurstaðan og ég er ákaflega hreykin af því að svo varð.

Ég tók eftir því að hv. þm. svaraði ekki þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hann vegna þess að mér fannst hann vera neikvæður í ræðu sinni. Þegar hann talar um fjórðunga í sambandi við kjördæmaskiptinguna hljómar það í sjálfu sér ágætlega en með tilliti til íbúafjöldans í fjórðungunum gengur sú tillaga ekki upp. Hún hljóðar upp á það að Austurland hefði þrjá þingmenn, Reykjavík — sem ég heyri að hann vill ekki skipta — hefði 22 o.s.frv. Þessi tillaga, ef hún yrði sett fram og reiknuð út, mundi hafa það í för með sér að uppbótarþingmenn eða jöfnunarþingmenn þyrftu að vera mjög margir, og það er alveg gjörsamlega á skjön við þau skilaboð sem við fengum í nefndina frá þingflokki Alþb. og óháðra þar sem hv. þm. sat þegar þessar tillögur voru allar í undirbúningi. Og ef hann er ekki einu sinni sammála formanni síns nýja flokks þá veit ég eiginlega ekki hvar hans meðbræður eru.

[14:47]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. endurtók forsendur að þessari smíð sem hv. þm. ber ábyrgð á í sambandi við kjördæmaskipan í landinu. Um hana erum við algerlega ósammála. Ég tel að sú forsenda sé röng sem nefndin gaf sér og setur sér um sama fjölda þingmanna sem leiðir út í þá ófæru sem hér blasir við varðandi m.a. stærð kjördæma. Hvort það eru þrír þingmenn á Austurlandi — ég býst við að við ættum inni fyrir fjórum ef miðað yrði við hin gömlu fjórðungamörk og Vestur-Skaftafellssýsla sem svo er kölluð, vestursýslan, yrði lögð til Austurlandskjördæmis, að það væru þá fjórir. Og það tel ég alveg ásættanlegt, alveg áættanlega niðurstöðu.

En að hrekjast út í þann óskapnað sem hér liggur fyrir í hugmyndum um kjördæmi og kljúfa í leiðinni upp Norðlendingafjórðung, eins og gert er ráð fyrir, tel ég vera miklu ófæru sem verið er að stefna í.

Um byggðamálin er ekkert annað að segja en það að mér finnst að þau viðfangsefni sem þar blasa við tali nógu skýru máli til að Alþingi Íslendinga ætti að sjá ástæðu til að taka á honum stóra sínum til að bregðast við því sem þar stefnir í og er einhver stærsta hætta sem blasir við íslensku þjóðfélagi þessi missiri og þolir ekki mikla bið.

[14:49]

Magnús Árni Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta verður örstutt hjá mér. Ég ætla einungis að vekja athygli á skemmtilegri og athyglisverðri tillögu sem kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar áðan um þriðja stjórnsýslustigið svokallaða sem yrði byggt á þessum fjórðungum, hinum fornu fjórðungum. Þetta yrði vissulega, tel ég, nokkuð stór framför í byggðamálum í landinu. Þetta yrði eins konar „subsidiaritet" eða dreifræði, eins og það hefur verið kallað í Evrópusambandinu. Og þarna fengju byggðirnar tækifæri til að standa betur á eigin fótum, fengju víðtækara umboð til skattheimtu og að reka eigin þjónustu og í leiðinni yrði landið gert að einu kjördæmi.

Ég vona að ég sé ekkert að guðlasta þegar ég segi að þá gæti verið vert að skoða þá hugmynd að færa Alþingi aftur á Þingvelli í framhaldi af því.

[14:50]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég gleðst yfir að heyra þær undirtektir sem komu fram hjá hv. þm., ungum þingmanni sem nýlega hefur tekið hér sæti. Ég hef haft mjög lengi sterka sannfæringu fyrir því að eitt af því besta sem við gerðum í byggðamálum á Íslandi væri að festa fylkjaskipan í sessi til þess að hafa grunn til aðgerða og að veita fólkinu á viðkomandi svæðum, gjarnan í fjórðungunum — ég held að það séu nokkurn veginn þau mörk sem við ættum að tala um núna í því sambandi — möguleika á að taka á sínum málum samstætt. Þetta væri lýðræðislegt stjórnsýslustig sem kosið væri til og að þeirri forsendu gefinni hef ég sagt og stend við það að þá væri ég reiðubúinn að kjósa á Íslandi sameinuðu til Alþingis Íslendinga.

[14:51]

Útbýting þingskjala:

Landshlutabundin skógræktarverkefni, 484. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 791.

Skógrækt og skógvernd, 483. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 790.

[14:51]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Sjaldan hef ég verið eins sammála hv. síðasta ræðumanni og ég hef verið núna undanfarið korter eða hálftíma og þakka fyrir ágæta ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar.

En hins vegar: „Þetta, sem helst nú varast vann, varð þó að koma yfir hann." Hann fór að tala um byggðamálin töluvert mikið í tengslum við stjórnarskipunarlögin og það frv. sem hér liggur fyrir, og ég hygg að erfitt sé að komast hjá því. Varðandi svör og andsvör þeirra félaga á Austurlandi þá býst ég við að þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson dregur tjaldhæla sína úr jörð komist hann að því að þeir eru einmitt úr áli. En það er nú önnur saga. (**HG:** Það er ekki víst.) Það er ekki víst, en yfirleitt eru tjaldhælar nú orðið úr áli, nema tjaldhælar hv. þm. séu svo gamlir að þeir séu síðan fyrir ál.

Herra forseti. Ég var ánægður með þessa ræðu og þennan málflutning og fleiri þeirra sem talað hafa hér í dag vegna þess að ég er lítið hrifinn af þessu frv. (**Gripið fram í:** Mínir tjaldhælar eru úr tré.) Þar kemur einn Skagfirðingurinn sem segir að sínir tjaldhælar séu úr tré, austfirskum eðalskógi.

Herra forseti. Þetta er ekki gamanmál, öðru nær. Mikil alvara er hér á ferðum en ég held að það sé sama hversu lengi við þæfum þetta mál, kjördæmamálið á Alþingi, meiri hlutinn mun koma því fram. Ekki meiri hluti samkvæmt flokkum heldur meiri hluti úr flestum stjórnmálaflokkunum en minni hluti úr öllum stjórnmálaflokkunum er óánægður með hverju fram vindur.

Vafalaust má kalla þetta frv. stór tíðindi, og frv., verði það samþykkt, stórpólitísk tíðindi eins og sumir hv. þingmenn hafa sagt í dag. En hvort það verða góð tíðindi eða ótíðindi fer eftir útfærslunni. Ég get einnig tekið undir það að afar lítið er gert með umsagnir þeirra sem leitað var til. Það kemur ekki fram í umræðunni að afar margir umsagnaraðilar frv. leggjast gegn því, sérstaklega sveitarstjórnarmenn, sveitarstjórnir sem hafa skilað áliti og héraðsstjórnir vegna þess að tillaga um nýja kjördæmaskipan gangi þvert á félagslega uppbyggingu og stjórnarskipan á því stjórnsýslustigi sem er í sveitarstjórnun landsins.

Ástæðan fyrir því að ég er andvígur frv. í allmörgum liðum þess er sú að það flýtir fyrir þeirri þróun að byggðir leggist í eyði, og finnst mörgum sú þróun alveg nógu hröð. Kosningalaganefndin gerði í tillögum sínum ráð fyrir sérstökum hliðarráðstöfunum samhliða þeim miklu breytingum á kjördæmaskipaninni sem hér eru gerðar tillögur um. Ég leyfi mér að vitna orðrétt í frv. til stjórnskipunarlaga, með leyfi forseta. Þar segir:

„Með því að breytingar þessar miða að því að draga úr misvægi atkvæða milli landshluta leiða þær óhjákvæmilega til þess að nokkur þingsæti færast frá landsbyggðinni til þéttbýlisins á suðvesturhorni landsins.“ — Síðan segir: — „Eðlilegt er að slík breyting leiði til umræðna um vanda landsbyggðarinnar. Í skýrslu nefndarinnar sagði m.a. svo um þessi atriði: „Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á skipun kjördæma og úthlutun þingsæta, gefa tilefni til að fjallað verði um hvort ástæða sé til að grípa til aðgerða til að styðja og styrkja búsetu á landsbyggðinni. Í því efni má nefna samgöngu- og vegamál, til að mynda örari endurbætur á vegtengingum einstakra byggða við aðalvegakerfi landsins, fjarskiptamál, húshitunarkostnað á hinum svonefndu köldu svæðum, námskostnað vegna framhaldsnáms o.fl.““

Við verðum að treysta því að sú jöfnun aðstöðu sem gefin eru fyrirheit um nái fram að ganga, og á fjárlögum þessa árs eru jöfnunaraðgerðir varðandi námskostnað og orkukostnað komnar fram að hluta til og vil ég með ánægju minnast á það. En miklu meira þarf þó til að koma. Um leið og atkvæðavægið verður jafnað þarf að jafna aðra aðstöðu landsmanna. Ég er þeirra skoðunar að ef fólk sæti við sama borð og væri ekki mismunað eftir búsetu væri allt í lagi að jafna atkvæðavægið til fulls.

Ég hef áður minnst á atkvæðamisvægið sem samfylkingin setti inn í prófkjörin sín í stóru kjördæmunum tveimur hér syðra, þar sem hægri höndin virðist ekki vita hvað sú vinstri gerir. Fólk sem hrópar á jöfnun atkvæðavægis, setur reglur með hólfum og girðingum sem gerir misvægi atkvæða miklu meira en endurspeglast í kosningum til Alþingis. Þetta er því auðvitað frjálst en eftir þessu hljóta menn að taka.

Herra forseti. Þrátt fyrir gáleysistal oft og einatt telja flestir að þingið og þingmennirnir geri nokkurt gagn og starf þingmanna skipti þjóðina miklu máli. Þegar fyrir liggur að þingmönnum af landsbyggðinni muni fækka verulega þá telja margir að misvægið vaxi og aðstöðumunur landsmanna verði meiri. Sú hætta er vissulega fyrir hendi. Þess vegna er þetta svona nátengt byggðamálum eins og hér hefur komið fram í umræðunni í dag. Við verðum því jafnframt að tryggja aðra jöfnun og sé það gert má mín vegna jafna atkvæðavægið til fulls.

Hvað varðar kjördæmaskipanina hef ég verið þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar að eðlilegra væri að fara meira eftir fjórðungunum, Vesturland/Vestfirðir, Norðurland allt, og síðan þrjú kjördæmi, Austurland, Suðurland og Reykjanes, eftir þeim skiptingum sem menn teldu þar eðlilegar.

Eins og sá glöggi og gamalreyndi þingmaður, Ragnar Arnalds, sagði fyrr í dag þá er enn tími til að breyta þessu. Og ég skora á sérnefndina að taka málið aftur inn til skoðunar, fara betur yfir umsagnir umsagnaraðilanna og bregðast við þeim með réttari og sanngjarnari hætti en mér virðist að gert hafi verið eftir því sem kemur fram hér við 2. umr.

[15:01]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Mér sýnist á öllu að komið sé að lokasennu í þessu stóra máli. Raunar hefur verið afar athyglisvert að fylgjast með framgangi þess og undirbúningi. Þetta mál hefur ekki þróast á stjórnmálaflokka vísu, það hefur að sjálfsögðu verið kynnt í stjórnmálaflokkunum en í raun hefur ekki verið tekið mið af því sem þar hefur komið fram í umræðunni.

Menn hafa sem sagt valið þann kostinn að ná pólitískri samstöðu og það er sú braut sem málið hefur rakið sig eftir. Eins og kom reyndar skýrt fram í umræðunni fyrr í dag, einkum hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, byggist þessi pólitíska niðurstaða á því að samhliða því að fækka alþingismönnum úti á landi sé jafnframt séð fyrir því að stjórnmálaflokkarnir eigi eftir sem áður möguleika á því að fá alþingismenn kjörna á landsbyggðinni. Til þess að það sé hægt þarf tala þeirra að vera af ákveðinni stærð, sex til tíu manns, svo að minnstu flokkarnir eigi sæmilega trausta möguleika á því að fá þingmenn kjörna. Þetta er grundvöllurinn að þeim ásetningi sem felst í þessari tillögugerð.

Nú er það raunar þannig að stjórnmálaflokkar hafa sameinast og vinstri hluti stjórnmálaflokkanna er þannig kominn væntanlega í einn og sama flokk að mestu leyti. Þá er orðið vandséð hver er tilgangurinn með þessum tillöguflutningi. Helst væri hægt að túlka það þannig að þetta eigi að vera eins konar varaskeifa fyrir stjórnmálaflokka sem eiga von á því að koma skyndilega inn í stjórnmálin með möguleikum eitthvað í kringum 10% greiddra atkvæða og að athvarf þeirra geti þannig orðið bærilega tryggt. Í þessu felst þessi pólitíska sátt.

Það sem menn eru að tala um í sambandi við reikningskúnstir af þessum toga og að ekki sé hægt að ná jöfnuði nema með því að stækka kjördæmin og fjölga þingmönnunum er það gríðarlega mikill misskilningur. Hvergi hefur verið sýnt fram á það, og ég hef sjálfur gengið í gegnum þá umræðu að það eru leiðir sem menn hafa til þess að finna jöfnuð með öðrum hætti. Þetta er hins vegar stóra ákvörðunin og fyrir þetta er svo fórnað gömlu kjördæmunum með þann grundvöll sem þau byggja á og þróast hefur núna um áratuga skeið. Ég held að það hljóti að vera öllum sæmilega sanngjörnum mönnum ljóst að farið er fram á ystu nöf og kannski reyndar lengra ef betur er að gáð.

Það sem er líka athyglisvert við þessi mál er að meginmarkmiðið er jöfnun atkvæða. Þess hefur ekki orðið vart að um það væri sérstakur ágreiningur. Þess hefur bara ekki orðið vart. Það er afskaplega óskynsamlegt að setja þennan vítæka ágreining inn í umræðuna þegar verið er að taka ákvörðun eins og með jöfnun atkvæða vegna þess að sú ákvörðun hlýtur auðvitað að blandast umræðunni um þessar ógætilegu ákvarðanir um breytingar á kjördæmaskipuninni.

Upp hafa komið raddir og verið á kreiki um það að hafa allt landið í einu kjördæmi. Sú tillaga hefur ekki fengið hljómgrunn en ég sé ekki mikinn mun á því hvort hálft landið er haft í einu kjördæmi eða allt landið. Mér er alveg ómögulegt að sjá nokkurn sérstakan mun á því. Þessi mörk eru orðin að þeirri stærð að kjósendur í þessum víðfeðmu kjördæmum hafa engin sérstök áhrif á þróun mála innan þeirra. Ekki hefur verið bent á það í þessum efnum hvaða munur sé á þessu tvenns konar fyrirkomulagi að því er varðar stærðarmörkin.

Ég held að alveg sé ljóst að slíku skipulagi fylgi hætta fyrir dreifðari byggðir landsins í þessu tilviki eins og öðrum þar sem einingarnar eru stækkaðar. Ég held að hægt sé að rökstyðja þetta og raunar sanna.

Byggðastofnun hefur tekið sér það fyrir hendur í samvinnu við Háskólann á Akureyri að meta t.d. sameiningu sveitarfélaga, samþjöppun valdsins þar, meta þau áhrif á þróun byggðarinnar og greiningu fjármagnsins eftir að þær breytingar hafa verið gerðar. Ég sé fyrir mér að í þessum efnum hefur hlutur hinna dreifðari byggða veikst. Ég er sannfærður um að það mun koma út úr rannsókninni sem Byggðastofnun hefur hafið undirbúning að í samvinnu við Háskólann á Akureyri.

Þetta gildir alveg eins um þessar stóru byggðir að þar verður þingmannsstarfið miklu veikara en það var áður. Það kemur auðvitað niður á veikari byggðunum, það þarf ekkert um það að spyrja. Menn starfa auðvitað á þeim svæðum þar sem helst er hægt að skila árangri og það er í stærri byggðunum.

Reyndar er athyglisvert við umræðuna alla saman hve viðhorf þingmanna á Alþingi taka mikið mið af landfræðilegri staðsetningu þeirra að þessu leyti. Ég held að það væri góður kostur þegar afstaða manna liggur fyrir og fróðlegur að setja það inn á kort hvar þingmennirnir, sem hafa efasemdir í þessum efnum, eiga kjördæmi og hvar þeir eiga skyldum að gegna. Þá held ég að það skýrist að það eru þingmennirnir í þéttbýlinu, norður á Akureyri og í kringum Reykjavík, sem fyrst og fremst styðja þessar aðgerðir. Í framhaldi af því er fullkomlega eðlilegt að álykta að viðhorfin verði kannski ekkert mjög ólík þegar farið verður að vinna eftir hinni nýju skipan þessara mála.

Vitnað hefur verið til þess, reyndar um langa tíð, sem sérstökum áherslum hjá þeim mönnum sem kallaðir eru ræktunarmenn, þekkja landið sitt og gróður þess og vandamál, að þeir hefji gjarnan störf á jöðrunum þar sem land er í hættu eða eyðing þess á sér stað. Það gera þeir til þess að hindra að eyðingaröflin nái inn á ný svæði og grandi þar því lífi sem fyrir er. Meira að segja er mjög auðvelt að sanna það og það liggja fyrir tölur um það að þar sem byggð fer að gisna á jöðrunum kemur þessi vandi fram síðar þar sem betur er gróið.

Það er t.d. athyglisvert sem kemur fram í athugun sem Byggðastofnun hefur látið gera í þessum efnum að sumir öflugustu kaupstaðirnir sem hafa verið um langa tíð, eins og Höfn í Hornafirði, Egilsstaðir, Húsavík, Sauðárkrókur og Selfoss, sem staðið hafa með miklum blóma, hafa átt frekar í vök að verjast eftir að sveitirnar í kringum þá komust í þann vanda sem allir þekkja. Þannig er sú breyting sem hér er háskaleg í sambandi við byggðamálin í landinu. Hvernig svo þetta púsluspil á sér stað skiptir mig þess vegna ekki neinu sérstöku máli.

Ég var t.d. spurður að því, svo að ég nefni dæmi, hvar ég teldi að vista ætti Austur-Skaftafellssýslu í þessu samhengi. Ef um væri að ræða eitthvert málefni sem væri hægt að taka alvarlega, þá væri auðvitað eðlilegasti kosturinn að Austur-Skaftafellssýsla yrði vistuð í Suðurlandskjördæmi, eins og ég held að það muni heita. En mitt svar var einfaldlega það að fyrir mig skiptir það ekki neinu máli. Það skiptir mig meira að segja engu máli þótt hún væri vistuð með Hornströndum. Þessi kjördæmaskipan er aðferð til þess að koma saman framboðslistum. Í því felst gildi hennar. Stjórnsýslulega hefur hún ekki nokkur minnstu áhrif og geta menn reyndar lagt það niður fyrir sér með því að bera saman aðstæður norður á Siglufirði og svo aftur í Austur-Skaftafellssýslu, t.d. í Öræfum svo að dæmi sé nefnt. Það sér náttúrlega hver heilvita maður að sem einhver stjórnsýslueining getur þetta ekki gengið upp. Ég held að það sé svo að segja sama vegalengd hvora leiðina menn mundu aka, austur um land eða suður, vestur og norður um land til Siglufjarðar. Ég held að það sé svo að segja sama vegalengd.

Þá er að koma að því sem skiptir miklu máli inn í þessa umræðu og er frá mínum bæjardyrum séð langalvarlegasti þáttur hennar. Það vekur reyndar athygli að ekki ber mikið á því í þingsalnum að forræðismenn þeirra tillagna sem eru í vinnslu í byggðamálum fylgist með þessari umræðu. Það stendur þannig á að hæstv. forsrh. á tillögu sem er í umfjöllun í allshn. Alþingis. Svo á forsrh. aðra tillögu sem er í umfjöllun í sérstakri nefnd sem ég held að sé kölluð byggðanefnd forsrh. Þetta er allt nokkuð sérstakt og lítið hefur heyrst af þessari tillögugerð.

Byggðatillaga forsrh. var unnin af stjórn Byggðastofnunar fyrir hans atbeina. Til hennar hefur mikið verið vitnað enda eru þar afar skýr fyrirheit, skýr stefna og skýr fyrirheit. Einhvern veginn er það nokkuð undarlegt að þessi tillaga skuli ekki vera komin fram frá allshn. Og svo er það tillaga forsrh. sem er að því er manni virðist sett fram í tilefni af þessari kjördæmabreytingu. Þessar tillögur verða auðvitað ræddar hér og þá verður auðvelt að fá svör við ýmsum spurningum.

Það vekur satt að segja nokkra athygli að ekki hefur mikið verið leitað eftir upplýsingum frá þróunarsviði Byggðastofnunar í sambandi við þá vinnu sem fer fram um þessi efni. En í framhaldi af eflingu þeirrar starfsemi Byggðastofnunar og í framhaldi af margháttuðum ábendingum sem komu fram við undirbúning og vinnslu byggðatillögu forsrh., þá vöknuðu spurningar sem ekki voru efni til að svara þá.

Nú hefur ýmislegt af því skýrst betur og þar af leiðandi teldi maður ástæðu til þess, m.a. vegna þess að verið er að leitast við að greina ástæðurnar fyrir veikri stöðu byggðanna, að sérstaklega væri farið yfir það sem þar hefur komið fram síðan. Ef á annað borð á að tengja byggðamálin á einn eða annan hátt við kjördæmabreytinguna, þá verður auðvitað ekki komist hjá því að hér verði gefnar skýringar á því hvernig eigi að bregðast við þeim vanda. Annað er alveg útilokað. Í þeim efnum sýnist mér að menn þurfi að taka nokkuð á ef þessi tillögugerð á ekki að vera orðin tóm.

Byggðastofnun mun skýra frá því á morgun t.d. hvernig þróun ríkisútgjaldanna hefur verið á síðustu árum. Það hefur reyndar ekki verið unnið fyrr en fyrir einu ári síðan og nú hefur sams konar skýrsla verið gefin út eða verður gefin út á morgun. Í henni felst nokkur vitnisburður um það hvernig fjármagninu er dreift um landið og þá að sjálfsögðu fyrir atbeina Alþingis og ríkisstjórnar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að um það hefur gjarnan verið talað að landsbyggðin væri þung á fóðrum á ríkiskassanum. Það hefur æðimikið verið um það talað. En þegar betur er að gáð þá fara um það bil 70% af ríkisútgjöldunum hingað í þessi tvö kjördæmi en 30% fara í hin sex kjördæmin. Ég hygg að menn hafi ekki gert sér þessar tölur sérlega vel ljósar fyrr en yfir þær hefur verið farið með afar skilvirkum hætti. Það sem hlýtur þó að vekja enn þá meiri athygli er að þessar áherslur eru stórlega að breytast þannig að ef tekin eru síðustu árin og aukning ríkisútgjaldanna á síðustu árum, í þessu tilviki síðustu fjórum árum, þá fer

1/10 af þessari aukningu í landsbyggðakjördæmin sex. Það verður auðvitað ekki sagt að þingmennirnir utan af landi sem stundum eru kenndir við kjördæmapot hafi verið stórtækir í þessum efnum hin síðari ár. 9/10 af aukningunni í ríkisútgjöldunum á fjórum síðustu árum hafa farið til Reykjavíkur og Reykjaness og 1/10 út á landsbyggðina þannig að auðvitað er að ýmsu að hyggja í þessum efnum.

Þetta á sér auðvitað eðlilegar skýringar og þær skýringar eru að fólkið er að flyja búsetu sína til í landinu. Það kostar fjármuni að flytja búsetuna til í landinu. Við hverjum megum við búast í þeim efnum á næstu árum?

Þróunarsvið Byggðastofnunar hefur gert nokkra greiningu á því hver staða og horfur í byggðamálum eru í hinum einstöku landshlutum og hefur í þeim efnum skipt þeim hluta landsins sem Byggðastofnun starfar á í þrjú svæði. Starfssvæði Byggðastofnunar nær yfir um 40% af íbúum landsins og það kemur í ljós að á því svæði sem er talið vera í sæmilega traustu horfi eru 27,8% af íbúum landsins. Á hinum svæðunum tveim, svæði eitt og svæði tvö, búa um það bil 12% þjóðarinnar. En þessir íbúar eru hins vegar dreifðir yfir stóran hluta landsins þegar litið er á það landfræðilega, líklega 70–80%. Þarna á byggðin í vök að verjast.

Þar sem menn eru núna að taka ákvarðanir inn í nýja pólitíska framtíð, breytta kjördæmaskipan með stórlega miklu minna vægi þeirra sem búa á þessum landsvæðum og þar sem fyrirheit liggja hér jafnframt fyrir um hvernig eigi með nýjum áherslum í byggðamálum að tryggja framtíð þeirra, þá verður auðvitað ekki nokkur leið að komast hjá því að fram komi svör um hvað eigi að gera. Annað er ekki mögulegt. Ég minni á að einhverjir af höfundum þeirrar tillögu sem hér liggur frammi, hafa verið að láta að því liggja — ég held að ég muni rétt að það hafi verið hv. þm. Svavar Gestsson — að engin leið væri að láta láta tillöguna um kjördæmaskipan ganga fram án þess að þessi mál væru skýrð. Og það vantar auðvitað inn í þessa umræðu. Fyrst þetta er tengt saman á þennan hátt, þ.e. styrking byggðarinnar, aðgerðir til að styrkja byggðirnar og til að breyta kjördæmunum, þá er ekki annað hægt en að það verði skýrt og ákveðið hvað eigi að gera til að þau áform nái fram að ganga. Frá mínum bæjardyrum séð er það það sem út af stendur í þessari umræðu og það er augljóst mál að menn ætla að grípa til aðgerða sem eiga að skila meiru en byggðatillaga forsrh., sem ég kalla svo, og ríkisstjórnin hefur fallist á svo sem kunnugt er. Ég teldi það vera slæman kost. Það hefur jafnvel heyrst hér í umræðunni í dag að forsendan fyrir því að menn gætu stutt tillöguna um breytingar á kjördæmunum væri sú að þessi mál yrðu hvorki skýrð né um þau tekin bærilega trúverðug ákvörðun.

[15:32]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til stjórnarskipunarlaga ásamt nál. og brtt. sem fyrir liggja sem eru afrakstur þeirrar vinnu sem stjórnarskrárnefndin hefur innt af hendi. Nú þegar hafa farið fram nokkrar umræður um þetta mál eins og vænta mátti. Við 1. umr. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til málsins en ég hef setið í þeirri nefnd sem hefur fjallað um málið á milli 1. og 2. umr., svokallaðri stjórnarskrárnefnd, þannig að ég hef haft tækifæri til að fara mjög vandlega og rækilega yfir alla þætti þess. Umræður um málið hafa að sjálfsögðu orðið mjög verulegar og sérstaklega hafa menn rætt um breytingarnar á stærð kjördæmanna, um mismunandi vægi atkvæða og deilt nokkuð um það. Í nágrannalöndum okkar er viðurkennt, eins og hefur verið hér og er samkvæmt þeim tillögum sem fyrir liggja og nál., að sami fjöldi þingmanna geti ekki verið í öllum kjördæmum. Þrátt fyrir mismunandi fjölda íbúa og mismunandi landsstærð kjördæmanna þá verði að líta til þeirra aðstæðna. Þess vegna verður nokkurt misvægi atkvæða. Þetta er viðurkennt og í þessu frv. er það gert.

Hins vegar er augljóst að breytingar á kjördæmaskipaninni hljóta að vera nátengdar því viðfangsefni að skipa málum stjórnsýslunnar þannig að hún gagnist landsmönnum öllum sem best, og að þingmenn kjördæmanna, hvar sem þeir eru, geti unnið að hagsmunamálum kjördæma sinna og þeim sé gert það sem léttast.

Við 1. umr. málsins lýsti ég verulegum efasemdum um þær tillögur sem nefndin sem vann að málinu hafði lagt fram og ég gerði margvíslegar athugasemdir við þær tillögur. Ég lýsti þeirri skoðun minni að ég teldi mjög vafasamt að hafa kjördæmin svo stór, með því væri starf þingmanna gert óeðlilega erfitt. Ég taldi og tel enn að of mikið hafi verið gert úr hinu svokallaða misvægi atkvæða. Ég hef í þessum umræðum öllum lagt á það megináherslu og geri það hér enn, herra forseti, að aðalatriði við skipan laga um kosningar og kjördæmaskipan er að á Alþingi endurspegli fjöldi þingmanna hvers flokks það fylgi sem hann hefur í kosningum. Allt gengur þetta jú út á það að hér á Alþingi sé málum fylgt fram á grundvelli hugmyndafræði, á grundvelli sjónarmiða sem flokkarnir og einstaklingar innan flokkanna endurspegla og forustumenn flokkanna eru höfuðtalsmenn fyrir. Þess vegna hef ég lagt mikla áherslu á það grundvallaratriði sem er það að á þinginu endurspegli fjöldi þingmanna hvers flokks það fylgi sem hann fær í kosningum.

Ég gerði mér strax grein fyrir því þegar málið var flutt hér í þinginu að mikill meiri hluti var fyrir því hér að þær breytingar yrðu gerðar sem eru til umfjöllunar á grundvelli frv. Forustumenn flokkanna fluttu frv. og það var ljóst frá upphafi að þeir höfðu til þess mikinn og öflugan stuðning. Þegar ég tók sæti í stjórnarskrárnefndinni gerði ég mér því grein fyrir að meginverkefni mitt í nefndinni yrði að gera þær breytingar sem ég taldi að væru mikilvægar. En ég gerði mér jafnframt grein fyrir því að mér mundi ekki takast að breyta frv. í neinum grundvallaratriðum þannig að ég hef gengið út frá því sem staðreynd að ekki væri um það að ræða að gerðar yrðu grundvallarbreytingar heldur væri mikilvægasta verkefni stjórnarskrárnefndarinnar að lagfæra frv. Sérnefndin fór mjög vandlega yfir frv. eins og það lá fyrir og gerð hefur verið grein fyrir þeim tillögum sem nefndin gerir í nál. og í ræðu framsögumanns fyrir nál.

Þær breytingar sem hér eru gerðar tel ég hins vegar mjög mikilvægar. Þær eru eins og hér hefur komið fram og gerð hefur verið grein fyrir í fyrsta lagi sú breyting að tillögu nefndarinnar að kjördæmin verði flest sjö, þ.e. að hægt sé að fjölga kjördæmum úr sex í sjö. Ég tel að þetta sé afar mikilvæg brtt. sem hér er lögð fram. Og hvers vegna er það? Jú, það er vegna þess að með því að hafa þessa opnun, að fjölga kjördæmum, getum við gert breytingu ef reynslan sýnir okkur að kjördæmin séu of stór, þau séu of umfangsmikil til að hægt sé með góðu móti að vinna fyrir þau og því tel ég að þessi breyting sé afar mikilvæg og sé opnun sem skapi möguleika. Ég óttast raunar að í ljós komi að breytingin verði ekki hagstæð hinum dreifðu byggðum. Hins vegar lít ég svo á að auðvitað þurfi að gera allt sem hægt er til að breytingin nái fram að ganga og það er ekki nein ávísun á andstöðu eða

tilraunir af minni hálfu til að gera þetta skipulag verra en það er þó að ég leggi svo mikla áherslu á að þessi breyting nái fram að ganga.

Gerð er tillaga um að í hverju hinna sex kjördæma verði að lágmarki sex þingmenn kjörnir auk jöfnunarmanns í staðinn fyrir fimm eins og frv. og tillögurnar gerðu ráð fyrir. Þetta tel ég að sé mikilvæg breyting og fagna því að sátt skyldi hafa náðst um hana. Hún er mikilvæg og ég tel að það sé kannski merki um hversu langt menn hafa þrátt fyrir allt viljað seilast til samkomulags að þetta skuli hafa náð fram að ganga.

Einnig vil ég draga sérstaklega fram og það skiptir mjög miklu máli, þ.e. að bráðabirgðaákvæðið sem frv. gerði ráð fyrir er fellt brott þannig að kosið verður eftir óbreyttum reglum um fjölda þingmanna í kjördæmum þrátt fyrir að byggðaþróun yrði önnur en við skulum vona að verði. Árið 2003 verður því kosið eftir því kerfi sem við erum að fjalla hér um hvað varðar fjölda þingmanna í einstökum kjördæmum. Ég tel að þetta skipti líka mjög miklu máli því að þessar breytingar taka auðvitað tíma. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að nokkur ár þarf til að taka þessum breytingum og endurskipuleggja alla hluti í samræmi við þær. Ég tel því að þetta sé eðlileg breyting og fagna því einnig að samkomulag skuli hafa náðst um hana.

Í tillögum þeirrar nefndar sem vann þessar breytingar sem liggja til grundvallar frv. sem forustumenn flokkanna hafa flutt er gert ráð fyrir tilteknum hliðarráðstöfunum, þ.e. hliðarráðstöfunum sem ganga út á það að bæta stöðu byggðanna í félagslegu tilliti m.a. Ég tel að það sé út af fyrir sig mjög mikilsverð yfirlýsing sem felst í því en ég hef hins vegar sagt sem svo að við þurfum að ganga frá skipulagi kjördæmanna og koma á lögum um kosningar án þess að spyrða það algerlega saman við nauðsynlegar hliðarráðstafanir til að bregðast við þróun í byggð landsins. Við megum ekki spyrða það saman og gera að aðalatriði. Hins vegar tel ég að það sé mjög mikilvægt einmitt núna, samhliða þessum breytingum á kjördæmaskipaninni og kosningalögunum, að ganga fram á grundvelli þeirrar byggðaáætlunar sem hér liggur fyrir sem tillaga og við höfum auðvitað gert ráð fyrir að unnið yrði eftir, en einnig að ganga fram til þess að tryggja það að spá hinna svartsýnustu manna um þróun byggðar í landinu sem gæti leitt til þess að þingmönnum fækkaði í hinum einstöku kjördæmum á landinu, gangi ekki eftir, að snúið verði vörn í sókn. Ég tel að þær aðgerðir á sviði byggðamála sem forsrh. hefur undirbúið og lagt áherslu á eigi að geta orðið svo öflugar að þær dugi til þess að koma í veg fyrir að þessar breytingar á fjölda þingmanna vegna byggðaþróunar verði nokkurn tíma að veruleika. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu.

Í þeim hliðarráðstöfunum sem rætt er um hefur verið talað um að starfsaðstæður þingmanna þurfi að batna. Út af fyrir sig er það rétt og ég get tekið undir það og ber að fagna því ef á því verður tekið. En ég legg áherslu á að þó að það sé mikilvægt og nauðsynlegt þá getur það aldrei orðið neitt aðalatriði eða ráðið neinum úrslitum um það hvort við breytum kjördæmaskipaninni eða ekki. Ég fagna hins vegar þeim hugmyndum sem þar eru uppi.

Herra forseti. Að lokum vil ég aðeins gera að umtalsefni það sem hefur komið fram bæði í bréfi til þingsins og einnig í fjölmiðlum. Það hafa komið mjög sterkar athugasemdir frá Reykjavíkurborg. Borgarstjórinn hefur skrifað bréf þar sem hún lýsir áhyggjum sínum og telur að brýnasta réttindamál þjóðarinnar um þessar mundir sé að draga úr misvægi atkvæða. Síðan hefur komið fram að fulltrúar Reykjavíkurborgar leggjast gegn því að skipta Reykjavíkurborg upp í tvö kjördæmi.

Út af fyrir sig eru þetta skiljanlegar athugasemdir en ég vil bara að það komi fram hér af minni hálfu að ef fallið verður frá því að Reykjavíkurborg, höfuðborgarsvæðið, verði tvö kjördæmi þá er auðvitað í grundvallaratriðum fallið frá þeim sjónarmiðum sem allt verkið hefur gengið út á, þ.e. að fjöldi þingmanna í kjördæmum verði sem jafnastur. Þær hugmyndir sem koma frá forustufólki Reykjavíkurborgar eru því tillögur um að breyta þessu í grundvallaratriðum og koma í veg fyrir þær breytingar sem frv. felur í sér. Ég hlýt að láta þetta koma fram og lýsa andstöðu við þær kröfur og þær tillögur sem hafa komið fram frá borginni um þetta efni.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka fyrir samstarf við fulltrúa í stjórnarskrárnefndinni og þakka fyrir að þær breytingar skuli hafa náðst fram sem ég gerði hér að umtalsefni. Þær bæta þetta mál en þær leysa ekki úr öllum göllum þess. Aðalatriðið hlýtur að vera að við vinnum þannig að við reynum að sjá til þess að þessi kerfisbreyting auðveldi okkur það erfiða og vandasama viðfangsefni sem er að vinna að hagsmunamálum landsmanna allra og ekki síst að vinna gegn óæskilegri þróun í byggðamálum.

[15:48]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það stóra mál sem við erum að fjalla um, frv. til stjórnarskipunarlaga, kemur til með að hafa mikil áhrif á stöðu landsbyggðarinnar í framtíðinni. Því er rétt að við skoðum þetta frv. sérstaklega í ljósi þess að á sama tíma og þessar breytingar á stjórnarskipunarlögum liggja hér fyrir þinginu steðjar að landsbyggðinni verulegur vandi sem nauðsynlegt er að glíma við, vandi sem hefur orðið tilefni til sérstakrar þáltill. þar sem saman er kominn besti upplýsingagrunnur um eðli þess vanda sem settur hefur verið saman hér og settar fram margar athyglisverðar hugmyndir um það hvernig glímt verði við þennan vanda.

Það er ljóst að hjá því var ekki komist að jafna vægi atkvæða. Það var orðið brýnt að stíga skref í þá átt og því er það viðfangsefni, sem leyst hefur verið með þeim hætti sem í þessu frv. til stjórnarskipunarlaga er að finna, lausn á vanda sem var löngu orðið tímabært að taka á. Ég vil því lýsa því yfir í upphafi að ég er í hópi þeirra sem telja að þarna hafi verið brýnt úrlausnarefni og ekki hafi verið hægt að fresta því að taka á því. Hinu er ekki að neita að nokkrar af þeim forsendum sem fram komu í þeirri nefnd sem fjallaði um þetta sérstaka verkefni undir forustu Friðriks Sophussonar, fyrrv. fjmrh. og varaformanns Sjálfstfl., eru ekki fyllilega þannig að ég hafi sætt mig við þær né heldur talið þær vinna málinu framgang.

Meðal þeirra markmiða sem nefndin setti sér var að gera kosningakerfið einfalt og auðskiljanlegt. Ég er þeirrar skoðunar að niðurstaðan í málinu sé sú að kosningakerfið verði einfaldara og í raun auðskiljanlegra. Það hefur einnig tekist að draga úr misvægi atkvæða. Hitt er svo annað mál að nefndin setti sér sem sérstakt markmið að þingsætafjöldi í hverju kjördæmi yrði sem jafnastur. Ég hef ekki séð jafnsterk rök fyrir þessu markmiði og nefndin taldi sig hafa og er þeirrar skoðunar að þetta markmið hafi á margan hátt verið afdrifaríkt í tillögum nefndarinnar og leitt til ákveðinna ágalla á tillögunum sem ég mun minnast á hér á eftir.

Nefndin setti sér einnig það markmið að áfram verði jöfnuður milli stjórnmálasamtaka á landsvísu og ég tel að það sé nokkuð tryggt í þessu frv. Að lokum var það markmiðið að þingmönnum yrði hvorki fjölgað né fækkað og er ég sáttur við það í sjálfu sér.

Að því er varðar vægi atkvæða þá var ljóst og hefur verið ljóst lengi að mjög mismunandi var hversu margir kjósendur voru að baki hverjum þingmanni og ástandið orðið óviðunandi í þeim efnum. Ég vil hins vegar aðeins rifja það upp að stundum hafa verið farnar sérkennilegar leiðir til þess að leiðrétta þetta misvægi. Má geta þess sérstaklega að þegar gerð var tilraun til þess að jafna þetta með því að flytja þingmann til höfuðborgarsvæðisins þá gerðist það nú einu sinni þannig að þingsæti var flutt úr Norðurlandskjördæmi eystra, sem þá var á pari, til þess að jafna mismuninn milli Vesturlands og Austurlands og höfuðborgarsvæðisins. Það var mjög sérkennileg aðgerð. Þeir sem nú sitja á þingi verða hins vegar ekki dregnir til ábyrgðar á þeirri sérkennilegu aðgerð því að drög voru lögð að því á síðasta áratug. En svona gerast nú hlutirnir stundum með mjög athyglisverðum og öfugsnúnum hætti.

Það verður oft svo þegar breyting er gerð á vægi atkvæða að kjördæmi sem eru í senn dreifbýliskjördæmi og þéttbýliskjördæmi — og á það t.d. mjög vel við um Norðurl. e. — verða á milli vita í þessum efnum. Nú er ljóst að þær hugmyndir sem menn hafa um vægi atkvæða nú og koma fram í þessu frv. leiða til þess að vægi atkvæða á Vestfjörðum verður meira en t.d. í Norðurl. e. Engu að síður er ástandið þannig að stór svæði á Norðurl. e. búa við nákvæmlega sömu vandamál og t.d. Vestfirðir. Þar eru mikil dreifbýlissvæði sem hafa kynnst sama vanda og glíma við sömu erfiðleika og Vestfirðir.

Eftir kjördæmabreytinguna og sameiningu Norðurl. e. og Austurlands er ljóst að ekki verður við minni dreifbýlisvandamál að glíma í því stóra kjördæmi heldur en t.d. í Norðvesturkjördæminu. Engu að síður er niðurstaðan sú að vægi atkvæða í Norðvesturkjördæminu er mun meira en í Norðausturkjördæminu.

Þess vegna vekur þetta spurningar um það hvort ekki hefði mátt leita leiða til þess að sama vægi væri á bak við hvern þingmann í öllum þremur landsbyggðarkjördæmunum. Niðurstaðan hefur hins vegar ekki orðið sú og byggist það m.a. á því hversu stíft var sótt á það að þingsætafjöldi í hverju kjördæmi væri sem jafnastur. Þess vegna tel ég að þetta markmið hafi verið keypt æðidýru verði. Þegar talað var um kjördæmamörkin þá rákust þau strax á þetta markmið. Með ýmsu móti má segja að það hefði verið afar eðlilegt að sameina Norðurlandskjördæmin í eitt kjördæmi. Flestir innan þessara kjördæma voru þeirrar skoðunar að það hefði verið æskilegt. Það er t.d. af landfræðilegum ástæðum. Segja má sem svo að þau kjördæmamörk sem hafa verið um Tröllaskagann hafi í raun gengið þvert á hefðir og sögu þessa landshluta. Því miður er það nú þannig, hvort sem menn vilja viðurkenna það eða ekki, að kjördæmamörkin búa til ákveðna tegund af menningarlegri heild. Þau hafa mikil áhrif á það hvernig menn hugsa um hag síns héraðs. Kjördæmin verða hagsmunaheildir þar sem menn hugsa t.d. með ákveðnum hætti um samgöngumál, um menntamál og heilbrigðismál. Og þau skil sem hafa verið um Tröllaskagann hafa í raun dregið úr samstarfi þeirra sem búa í Norðurl. v. og þeirra sem búa í Norðurl. e. langt umfram það sem eðlilegt er, því að þarna er um að ræða mjög stuttar vegalengdir og frá sjónarmiði sögunnar og hefðarinnar er hefð fyrir því að þessi héruð starfi mjög vel saman. Ég nefni sérstaklega Hólastól. Hólastóll var að sjálfsögðu lengi trúarlegt setur Norðurlands alls og Austurlands en einnig skólasetur fyrir þennan fjórðung allan og sameiginlegt menntasetur Norðurlands. Ég hefði talið mjög æskilegt að nota þetta tækifæri til þess að sameina þessi kjördæmi í eitt.

En þá stangast fljótlega á við þetta þau viðhorf að þingmannafjöldinn í hverju kjördæmi þurfi að vera sem jafnastur. Upphaflegu hugmyndirnar sem nefndin lagði af stað með, um að hluti af Norðurl. v. sameinaðist Norðurl. e. auk Austurlands, tel ég að hafi verið skynsamlegar hugmyndir þegar menn líta einungis á þetta frá því sjónarmiði hvað geti talist eðlileg samstarfsheild innan kjördæmisins. Ég held að sameiginlegir hagsmunir á sviði samgöngumála, menntamála, heilbrigðismála og atvinnumála hefðu gert þetta kjördæmi að mjög æskilegri einingu. Hins vegar var unnið gegn þessum hugmyndum. Þegar upp er staðið þá hygg ég að niðurstaðan sé verri kostur en sá sem nefndin fór upphaflega fram með um hið stærra kjördæmi. Og ég held að það hefði ekki verið ókostur hvað þetta kjördæmi hefði orðið stórt. Það hefði náð frá Vatnsskarði alveg austur að Hornafirði. Það hefði orðið sterkt landsbyggðarkjördæmi. Það hefði af sjálfu sér orðið enn kröftugra mótvægi við höfuðborgarsvæðið en nú er hægt að bjóða upp á og þar hefðu margs konar hagsmunir farið saman. Þetta hefði orðið til þess að styrkja stöðu landsbyggðarinnar í þeirri erfiðu stöðu sem hún er í núna og á allan hátt verið ákjósanlegri kostur en nú er boðið upp á.

Sameining Norðurl. e. og Austurlands er, eins og ég sagði áðan, vænn kostur, en það hefði verið betra að þetta kjördæmi hefði verið stærra. Ég held að það hefði ekki skaðað þessar hugmyndir þótt þingmannafjöldinn í þessu stóra kjördæmi hefði þá verið í samræmi við þann mannfjölda sem þar býr.

Þetta er einn af stærri ágöllunum sem ég sé á þessu máli. Málið er hins vegar þannig vaxið að óhjákvæmilegt er annað en að leita víðtækrar samstöðu um það á Alþingi milli allra flokka. Ég harma það að ekki hafi náðst samstaða um kjördæmamörk. Það er hins vegar svo að þessu verður ekki breytt. Við getum ekki jafnað atkvæðismuninn öðruvísi en að skapa breiða samstöðu um málið og því mun ég fylgja þeim hugmyndum sem hér er að finna í frv. þó að ég hefði sjálfur kosið að mörk kjördæmanna hefðu orðið önnur og að vægi atkvæða í landsbyggðarkjördæmunum öllum hefði verið það sama, vegna þess að ég held að öll landsbyggðarkjördæmin glími við sambærileg vandamál og það séu því engin sérstök rök fyrir því að hafa vægi þingsætanna, þ.e. þann styrk atkvæða sem á bak við hvert þingsæti er, mismunandi eftir landsbyggðarkjördæmunum.

[16:00]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með það frv. sem hér er til umræðu. Hér er um að ræða mál sem pólitísk samstaða hefur náðst um og unnið hefur verið af fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi. Þá ber að þakka hæstv. forsrh. fyrir frumkvæði hans í þessu máli.

Ég hygg að það komi mjög skýrt fram í frv. og nál. um hvað þetta mál snýst þannig að ég sé ekki ástæðu til að halda langa ræðu um það hér og nú. Mig langar þó til að víkja nokkuð að þeim meginmarkmiðum sem frv. byggir á.

Síðast var gerð róttæk breyting á kjördæmaskipan og kosningareglum með stjórnarskipunarlögum, nr. 65/1984,

sem breyttu 31., 33., og 34. gr. stjórnarskrárinnar í núverandi horf, og með breytingu á kosningalögum, nr. 66/1984. Tvær meginástæður lágu að baki þessum breytingum. Misvægi atkvæða eftir búsetu kjósenda hafði aukist allmikið frá því kjördæmabreytingin mikla var gerð árið 1959 og einnig skorti á að jöfnuði milli atkvæðavægis stjórnmálaflokka væri náð. Fyrst var kosið eftir þessum nýju reglum árið 1987, síðan 1991 og þá 1995.

Í b-lið 2. mgr. 31. gr. stjórnarskrár er gert ráð fyrir að átta þingsætum sé ráðstafað fyrir hverjar kosningar til kjördæma og er það gert til að jafna vægi atkvæða eftir búsetu. Þessi regla er svo nánar útfærð í 5. gr. kosningalaga. Eins er að finna heimild í c-lið 2. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar til að ráðstafa einu þingsæti til viðbótar til jöfnunar atkvæðavægis, það er svonefndur flakkari. Eftir að þetta 9. þingsæti, sem ætlað var til að draga úr misvægi atkvæða eftir búsetu, hafði tvívegis, árið 1987 og 1991, lent í fámennustu kjördæmunum, var þingsætið í raun fest í Reykjavík með kosningalagabreytingunni árið 1995. Einu sinni hefur reynt á þá reiknireglu sem núverandi kosningalög gera ráð fyrir að dragi úr misvægi atkvæða eftir búsetu, þ.e. þegar eitt þingsæti fluttist fyrir síðustu kosningar frá Norðurlandi eystra til Reykjaness. Er það óbreytt í næstu kosningum. En ég vek athygli á þessu atriði við umræðuna því að regla stjórnarskrár og kosningalaga um jöfnun á vægi atkvæða eftir búsetu virkar í raun bara á milli stærstu kjördæmanna. Hún er ákaflega máttlaus, enda segir Þorkell Helgason, stærðfræðingur og helsti ráðgjafi við undirbúning núverandi kosningalöggjafar, í grein sem birtist í Morgunblaðinu þann 23. október 1994, með leyfi forseta:

„Nokkuð var dregið úr þessu misvægi með breytingunni 1959 en síðan leiddu frekari fólksflutningar á ný til aukins misvægis. Með seinustu endurskoðun stjórnarskrárákvæðanna var stefnt að því að vinda ofan af misvæginu þannig að það yrði a.m.k. ekki meira en það var 1959. Á hinn bóginn var ekki stefnt að fullum jöfnuði. Búferlaflutningar undanfarin ár hafa nú raskað ástandinu enn á ný. Að vísu eru veikburða ákvæði í nýju kosningalögunum sem gera kleift að viðhalda vissu innbyrðis samræmi milli stærstu kjördæmanna þriggja í afli atkvæða."

Því má segja að ekki hafi verið tekið á því vandamáli sem misvægi atkvæða eftir búsetu er þótt nokkuð hafi verið reynt að lappa upp á reglurnar. Þetta var þó eitt meginmarkmið með breytingunni sem samþykkt var 1984.

Mesta misvægi atkvæða milli einstakra kjördæma er í dag 1:3,55. Ég tel það misvægi allt of mikið og það er réttlætismál að atkvæði allra landsmanna hafi jafnt eða svipað vægi. Óvíða er mismunur meiri en hér á landi í þeim ríkjum sem búa við hlutfallskosningar en ég tel ekki rétt að blanda hér inn í umræðu um einmenningskjördæmi. Það stendur ekki til að taka þau upp hér. Ég hlýt því að fagna þeim tillögum sem nú hafa verið settar fram og svo víðtæk samstaða er um. Með þeim eru sett almenn ákvæði í stjórnarskrá um jöfnun atkvæðavægis milli kjördæma, þannig að atkvæðamunur verði ekki meiri en 1:2. Jafnframt er samstaða um að fela landskjörstjórn að breyta fjölda þingsæta í kjördæmum ef munur milli einstakra kjördæma er meiri en áðurgreint hlutfall. Það er því raunverulega breyting í átt til jöfnunar atkvæða eftir búsetu. Þannig er gert ráð fyrir að kosningalög sjái fyrir að breyting kunni að verða á búsetu í einstökum kjördæmum. Slíkar breytingar hafa ekki áhrif á það almenna markmið stjórnarskrár að misvægi atkvæða eftir búsetu sé sem minnst, og ekki meira en 1:2. Þetta er mjög mikilvægt. Ef hins vegar er vilji til að breyta ákvæðum kosningalaga um kjördæmamörk, eða tilhögun á úthlutun þingsæta, þarf samþykki tveggja þriðju hluta atkvæða á Alþingi.

Markmið stjórnarskrár um að draga úr misvægi atkvæða einstakra kjósenda er réttlætismál eins og ég hef sagt hér áður. En það er líka pólitískt markmið að draga úr þeirri röskun á búsetu sem hefur átt sér stað og ýmsir hv. þm. hafa einmitt rætt það mál sérstaklega. Allshn. hefur nú til umfjöllunar 230. mál þingsins, sem er þáltill. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 og er að vinna í því máli og gefst væntanlega tími til þess síðar á þessu þingi að ræða um það mál, en það er einmitt mjög mikilvægt í þessu sambandi.

Nokkuð hefur borið á gagnrýni á þau áform er samþykkt frv. gerir ráð fyrir, að skipta Reykjavík í tvö kjördæmi og hefur athugasemd við það nýlega borist frá borgarráði Reykjavíkur. Ég hef sem þingmaður Reykvíkinga einnig velt þessu fyrir mér og hafði í upphafi ákveðnar efasemdir um þessa tilhögun. Meginmarkmið frv., eins og ég hef áður bent á, er að draga úr þeim mun sem verið hefur á vægi atkvæða kjósenda milli kjördæma. Meginmarkmið frv. fer þannig saman við það brýnasta réttindamál okkar Reykvíkinga og þingmanna Reykjavíkur að auka vægi atkvæða kjósenda okkar. Samþykkt frv. færir okkur þannig nær því marki að veita vali kjósenda í Reykjavík þau áhrif sem þeim ber að hafa með tilliti til fjölda þeirra annars vegar og fjölda og hlutfalls þingmanna Reykjavíkur af þingmannahópnum hins vegar.

Forsenda þess að þessi markmið nái fram að ganga er að þingsætafjöldi í hverju kjördæmi sé sem jafnastur og að kjördæmin séu nokkurn veginn jafnstór, með tilliti til fjölda kjósenda í hverju þeirra. Enda þótt þær forsendur kosti að Reykjavík verði skipt í tvö kjördæmi er það mat mitt að aukið vægi atkvæða Reykvíkinga verði ekki of dýru verði keypt með því móti.

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt að láta þessi sjónarmið koma fram. Ég ítreka að ég fagna því að þetta mikilvæga mál er hér til umræðu og vænti þess að víðtæk pólitísk samstaða náist um það.

[16:09]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég átti sæti bæði í kjördæmanefndinni sem samdi þetta frv. og í stjórnarskrárnefnd þeirri sem fékk málið til umfjöllunar eftir 1. umr. og hef því fylgst með gangi málsins frá upphafi. Ég flutti ítarlega ræðu við 1. umr. og hef í sjálfu sér ekki mjög miklu við hana að bæta. Það eru þó örfá atriði sem mér finnst hafa komið fram í umræðunni í dag sem valda því að ég velti fyrir mér þessari leið, að þingið sjálft skuli breyta kjördæmaskipaninni. Ég nefndi það í ræðu minni við 1. umr. að sums staðar annars staðar mundi þetta vera gert með einhvers konar stjórnlagaþingi en ég teldi að þar sem við hefðum ekki slíkt, væri þetta líklega eina leiðin ef málið ætti að fara í gegnum Alþingi, að það væru stjórnmálaflokkarnir sem sjálfir kæmu sér saman um niðurstöðu. Ég tel að tekið hafi verið mjög mikilvægt skref í rétta átt, ekki síst í þá átt að jafna vægi atkvæða, þó að ég sé þeirrar skoðunar að ekki hafi verið gengið nægilega langt í þessum efnum.

Það hefur verið mjög fróðlegt að heyra sjónarmið þeirra sem eru andstæðir þessu frv. Einkum hafa það verið þingmenn landsbyggðarinnar sem telja að ekki sé hugað nægilega

vel að landfræðilegum aðstæðum með því að hafa kjördæmin svona stór og tala um dúsu í byggðamálum og annað slíkt. Ég var samþykk því að gerðar væru hliðarráðstafanir í tengslum við samþykkt breyttrar kjördæmaskipunar og þá vildi ég einkum leggja áherslu á aðgerðir í vegamálum og aðstöðu þingmanna. Mér finnst mun umdeilanlegra hvort aðrar aðgerðir, svo sem í skólamálum o.fl., eigi að tengja við frv. af þessu tagi. Ég fagna vissulega, eftir samþykktina sem var gerð í nefndinni, þeirri tillögu sem er nú til meðferðar í hv. allshn. og vona að við sjáum hana afgreidda fyrir þinglok eins og um var samið þegar gengið var frá þessu frv.

En ég verð að segja að ég er ekki alveg sannfærð um að þessar landfræðilegu aðstæður komi í veg fyrir að þingmannahópar geti unnið saman. Ég held að það geti verið styrkur fyrir þingmenn úr hinum dreifðu byggðum að vera margir saman sem hópur þótt úr stóru kjördæmi sé og þá væntanlega að þeir fái þá þjónustu sem samræmist því.

Hinn kosturinn sem við í nefndinni stóðum frammi fyrir, eins og margoft hefur komið fram, var að hafa minni landsbyggðarkjördæmi en þá yrðu þingmennirnir mjög fáir úr viðkomandi kjördæmum. Ég tel að þessi lending hafi verið tilraunarinnar virði og vonandi meira en það, ég vona að þetta verði mjög farsæl lausn þótt vel megi vera eins og kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að æskilegra væri að hafa annað form á þessu. Hann nefndi þar hugmyndir um eitt kjördæmi og þriðja stjórnsýslustigið.

Ég vil taka fram að ég er sátt við þær brtt. sem voru gerðar í nefndinni, enda stend ég að þeim, þ.e. að það er aðeins innbyggður sveigjanleiki að kjördæmin geti verið sex eða sjö. Ég sé ekki alveg skýr rök fyrir þessu en þetta getur virkað í báðar áttir, bæði að fjölga kjördæmum á höfuðborgarsvæðinu, ef byggðaþróunin verður í þá átt, eða hugsanlega að skipta upp einhverju hinna kjördæmanna ef ómögulegt reynist að hafa þetta í því formi sem hér er lagt til.

Mig langar að koma nánar inn á nokkur atriði sem komu fram í ræðum manna og ég hafði einnig aðeins tæpt á í fyrri ræðu minni um þetta mál. Þar er í fyrsta lagi þröskuldurinn, 5% þröskuldurinn sem er fyrir því að flokkur fái úthlutað uppbótarsæti. Ég get alveg verið sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að þetta geti komið óréttlátlega niður á litlum flokki sem fær kjördæmakjörinn mann á einum stað og nær ekki þessu marki. Ég vil ítreka að þetta var málamiðlun í nefndinni sem ég sætti mig við en hefði sjálf kosið að þessi þröskuldur væri neðar. Bent er réttilega á að víða eru þessir þröskuldar einungis 2 eða 3%. Mér finnst það réttlát rök að kannski sé eðlilegt að nota annaðhvort viðmiðunina að hafa kjördæmakjörinn mann, þ.e. móðurskip eins og stundum er kallað, eða að fá 5% atkvæða á landsvísu en það varð ekki niðurstaðan hér og reynslan verður að skera úr um hvort þetta reynist farsælt. Því miður er ég hrædd um að þetta geri minni flokkum erfiðara um vik. Ég tel lýðræðislegra að litlir flokkar eigi möguleika á að koma fólki að á Alþingi, hvað svo sem aðrir segja um að það sé sterkara að hafa færri flokka og stóra, sem eru vissulega ákveðin rök.

Þá vil ég í öðru lagi ítreka að það voru mér líka ákveðin vonbrigði hvað við komumst stutt í nefndinni varðandi umræðuna um persónukjör. Í raun og veru lentum við kannski í, ég veit ekki hvort það var tímahrak eða viljaleysi, a.m.k. fannst mér sú umræða ekki nást nægilega vel á flug í nefndinni. Ég get vel tekið undir það eftir þá reynslu sem við höfum af prófkjörum að undanförnu að það væri að mörgu leyti æskilegra að auka möguleika fólks á að hafa áhrif á röðun lista. Mér finnst sú hugmynd sem nefnd var áðan af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, um að bera fram óraðaða lista, athyglisverð og ég er ekki alveg tilbúin að kaupa þau rök að það mundi þýða að fólk væri innbyrðis í baráttu alveg fram á kjördag. Það er náttúrlega ljóst að viðkomandi flokkur yrði að standa saman í kosningabaráttunni og það ætti að halda aftur af fólki að fara í hörð átök hvert við annað. Mér finnst því sú leið vera vel athugandi í framtíðinni. Ég er ekki að leggja til breytingar hér. Við höfum náð lendingu sem ég er sátt við í bili. Hin leiðin sem hefur nýlega verið nefnd í Morgunblaðsgrein, minnir mig, að hafa jafnvel tvennar kosningar með stuttu millibili þar sem fyrst væri kosið um menn og síðan um flokka, eitthvert afbrigði af þessu tagi, finnst mér vel koma til greina. Kosturinn við það fyrirkomulag er sá að þá ráða kjósendur viðkomandi flokka fólkinu og raða því. Mér finnst einmitt ókostur við núverandi form á prófkjörum sem víða tíðkast að listanum er raðað upp ekki síður af pólitískum andstæðingum en hinum. Ég tel hitt lýðræðislegra og betra líka að því leyti að þátttaka er ekki bundin við flokksstofnanir eða bara við flokksbundna einstaklinga eins og sums staðar tíðkast heldur nær valdið til að raða einstaklingum til allra kjósenda viðkomandi flokks sem ég tel lýðræðislegri og betri leið.

Að lokum, herra forseti, langaði mig að koma að einu atriði sem varðar að skipta Reykjavík upp í tvö kjördæmi. Ég reifaði það mál í fyrri ræðu minni í 1. umr. málsins og leiddi rök að því að meginástæðan fyrir því að það er lagt til hér, er þetta heildarmódel sem lagt er til grundvallar þessari breytingu, er að út komi sex kjördæmi sem hafi öll álíka marga þingmenn.

Ég get vel tekið undir með hv. þm. Svavari Gestssyni hér áðan, að jafnvel geti verið betra fyrir þingmenn Reykjavíkur að þurfa ekki að sinna eins stóru eða mannmörgu kjördæmi. Ég get líka séð að það geti verið betra fyrir kjósandann. Þeir vita betur hverjir eru þingmenn þeirra og hverjir eru þingmenn hinna, fyrir utan það að þingmannahópar kjördæmanna allra verða þá álíka stórir.

Borgarráð hefur ályktað nýlega um þessi mál og taldi að efnisleg rök vanti fyrir þessari breytingu, þ.e. talað er um að það geti verið óheppilegt að þessi breyting eigi sér stað og varar við að skipting Reykjavíkur í tvö kjördæmi leiði til togstreitu eða hagsmunaátaka innan borgarinnar. Þetta er sjónarmið sem mér finnst alveg þess virði að hlusta á og þess vegna er mælt með því að teknar séu upp viðræður við borgaryfirvöld áður en breytingin verður gerð á kosningalögunum. Það þýðir strangt til tekið ekki fyrr en á næsta kjörtímabili þegar kosningalögunum verður breytt en í raun er verið að samþykkja grundvallarmódelið, þ.e. að hugmyndin er að öll kjördæmin séu jafnstór. Þess vegna tel ég rétt að stjórnarskrárnefnd taki upp viðræður við borgaryfirvöld núna á milli 2. og 3. umr. og gefi borgaryfirvöldum tækifæri til að koma þessum sjónarmiðum sínum á framfæri við Alþingi.

Hitt atriðið sem ég hef nefnt í sambandi við ókostina, meginókostina sem ég sé við það að skipta borginni upp í tvö kjördæmi, er að þá verða færri þingmenn í hvoru fyrir sig. Í nefndinni fórum við vandlega yfir hvaða forsendur þyrftu að vera til staðar til að auka líkur á að konur og karlar stæðu jöfnum fótum og þar eru ein rökin að hafa kjördæmin sem stærst, eða sem fjölmennust. Við erum vissulega að stækka landsbyggðarkjördæmin og erum að því leyti að stíga í rétta átt frá sjónarmiði jafnréttis kynjanna en við

erum jafnframt að minnka fjölmennu kjördæmin, Reykjavík og Reykjanes, þ.e. fækka þingmönnum í þeim. Sú breyting getur hugsanlega vegið upp áhrif breytingarinnar sem verður með stækkun hinna kjördæmanna, þó vissulega lofi þau prófkjör sem hafa verið nú að undanförnu góðu varðandi gengi kvenna og möguleika þeirra í stjórnmálum almennt. Ég vona svo sannarlega að sá tími sé að koma að meira jafnræði verði með kynjunum í stjórnmálum á Íslandi.

Það er ekki mikið fleira, herra forseti, sem ég vildi koma á framfæri núna. Ég vil eins og aðrir sem hafa starfað í þessum nefndum þakka samstarfið sem var mjög gott og sérstaklega formanni nefndarinnar, Friðriki Sophussyni. Ég tel að þau rök sem hafa komið fram gegn þessum breytingum séu ekki nægjanlega sterk til að hætta við þær. Ég vona svo sannarlega að þessar breytingar verði gerðar núna. Deila má um hvort þetta séu nægjanlega miklar breytingar, ég tel að það hefði mátt ganga lengra í jöfnun atkvæða en ég tel þetta ásættanlegt skref og einnig mjög til bóta og ítreka að það er innbyggð sjálfkrafa breyting inn í stjórnarskrána ef byggðaröskun verður meiri en nú er orðið. En ég vona svo sannarlega að þær spár rætist ekki að þessi breyting verði til þess að ýta undir frekari byggðaröskun, þ.e. að meiri flutningar verði hingað á höfuðborgarsvæðið. Ég er alls ekkert sannfærð um að það verði. Ég tel hins vegar að það sé mjög mikilvægt lýðræðislegt atriði að vægi atkvæða verði jafnara en nú er.

[16:25]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mjög athyglisvert að heyra sjónarmið þingmanns sem er nú einn af helstu forustumönnum hins nýja rísandi stjórnmálaafls. Það kom skýrt fram hjá hv. þm. að ekki væri um að ræða samkomulag til lengri tíma sem menn eru að reyna að gera um skipan þessara mála heldur lýsti þingmaðurinn því rækilega yfir að aðeins væri um að ræða áfanga til þess að draga enn frekar úr áhrifum landsbyggðarinnar á Alþingi og fagnaði því sérstaklega að nú yrði léttara að draga úr höndum landsbyggðarmanna áhrifin með þessu frv. því ekki þyrfti stjórnarskrárbreytingu hér eftir, heldur nægðu breytingar á lögum. Þetta er viðhorf sem er rétt að menn taki eftir að eru uppi af hálfu forustumanna hins nýja stjórnmálaafls, að samkomulagið er ekki samkomulag. Það er aðeins áfangi til að geta svo strax og búið er að fullnusta þetta og gera að lögum, hafið næstu lotu til að rýra enn frekar hlut landsbyggðarinnar. Það er rétt að mönnum sé þetta ljóst.

Í öðru lagi vil ég spyrja hv. þm. hvort hann styðji að Reykjavík verði tvö kjördæmi eða eitt kjördæmi. Ég áttaði mig ekki á því í ræðu þingmannsins hvora skoðunina þingmaðurinn hefur þótt hann eigi að heita einn af flm. nál. og tillögu um að samþykkja frv. Ef þingmaðurinn er þeirrar skoðunar að Reykjavík eigi að vera tvö kjördæmi er auðvitað fallin brott meginforsenda þess að breyta kjördæmamörkum að öðru leyti.

[16:27]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er að mínu mati mjög mikilvægur áfangi sem er samþykktur núna og ég tel að að stíga þurfi stærri skref síðar og þá er ég einkum og sér í lagi að ræða um persónukjörið. Ég tel að það geti breyst og það er líka mál kosningalaganna þannig að hægt er að taka það síðar. En stjórnarskrárbreytingin sjálf er mikilvægur áfangi, það er mér mikilvægast að atkvæðisréttur sé sem jafnastur, það er mjög mikilvægt lýðræðisatriði. Það er ekki spurning að mínu mati um að draga tennur úr landsbyggðinni. Ég tók það sérstaklega fram, þess vegna er þetta útúrsnúningur á máli mínu af hálfu þingmannsins.

Varðandi það hvort ég styðji að Reykjavík sé eitt kjördæmi eða tvö, þá stend ég heils hugar að þessari tillögu. Ég reifaði rök með og á móti því að skipta borginni í tvennt og ég vil bæta því við sem kom fram á fundi nefndarinnar með fulltrúum Reykjavíkurborgar að það gæti verið óæskilegt að skipta borginni í vestur/austur. Betra væri að skipta henni í norður/suður, vegna þess að vaxtarmöguleikar borgarinnar eru aðallega í eina átt, þannig að það gæti þá verið nokkuð fast í hvaða kjördæmi fólk er. Ég tel t.d. að þetta þurfi að athuga þegar kemur að kosningalagabreytingunni. Ég stend heils hugar að þeim tillögum sem hér eru en reifaði í nefndinni ókosti við það að skipta Reykjavík í tvö kjördæmi en þetta var málamiðlun sem ég sætti mig við.

[16:29]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur þá fyrir að þegar málið verður reifað í nefndinni og fulltrúar Reykjavíkurborgar gera grein fyrir sínum óskum um að nefndin breyti frv. í þá veru að Reykjavík verði aðeins eitt kjördæmi, að þingmaðurinn mun segja, ég er á móti þeirri tillögu. Eða mun þingmaðurinn segja eitthvað annað? Það er það sem mér finnst enn ekki vera alveg ljóst, af tveim ræðum hv. þm., þar sem hann segir í öðru orðinu að hann standi að tillögunum sem eru fluttar en í hinu orðinu segir hann að hann taki undir sjónarmiða fulltrúa Reykjavíkurborgar og leggi til að þau verði rædd í nefndinni.

Til hvers á að ræða sjónarmiðin ef þingmaðurinn er þeirrar skoðunar að ekki eigi að breyta frv.? Ég get því ekki annað en fengið það út að þingmaðurinn er að leggja áherslu á að tekið verði meira tillit til sjónarmiða fulltrúa Reykjavíkurborgar, sem sé þeirra að Reykjavíkurkjördæmið verði eitt en ekki tvö.

Það er gott og vel, ég skal ekki hafa neina skoðun á því. En ég segi að ef það er gert fellur brott sú forsenda sem menn hafa haft til þess að breyta kjördæmamörkum að öðru leyti. Ég vek athygli á því, sem ekki kemur fram í nál. stjórnlaganefndarinnar að enginn á Vestfjörðum hefur beðið um þessar tillögur. Ég veit ekki um neinn sem styður þær. Samt eru þær fluttar.

Fyrir hvern er þessi nefnd að vinna? Ekki fyrir Vestfirðinga, svo mikið er víst. Vestfirðingar gera sér nefnilega grein fyrir því að verið er að rýra áhrif þeirra á Alþingi án þess að færa þeim einhvern hluta af valdsviði Alþingis heim í hérað sem væri hin eðlilega breyting samhliða rýrnandi aðstöðu þeirra inni á þessum vettvangi. Hins vegar er bara gert annað, að minnka áhrif þeirra á Alþingi en ekki breytt stöðu Alþingis að öðru leyti.

Þess vegna eru þessar tillögur algjörlega óásættanlegar fyrir fulltrúa í minni kjördæmum landsins.

[16:31]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru ekki bara Vestfirðingar sem eru á móti þessari tillögu, það eru líka Reykvíkingar, Reyknesingar o.fl. Þetta er viðleitni til þess að gera kosningalagakerfið þannig að atkvæðisréttur sé jafnari og að gerðar séu aðrar þær breytingar sem tíndar eru fram í markmiðunum með frv. Þar sem ósk Reykjavíkurborgar hefur komið mjög skýrt

fram núna og fyrst og fremst er verið að skírskota til kosningalaganna þá finnst mér rétt að hlusta á þessi sjónarmið, en ég mun að öllum líkindum styðja frv. eins og það er núna. Til dæmis ábendinguna um skiptingu í norður/suður í staðinn fyrir austur/vestur. Það eru sjónarmið sem mér finnst fyllilega rétt að við hlustum á. Það getur vel verið að ef opnað verður á viðræður við borgaryfirvöld að þá komi fleiri með erindi og þá verði að hlusta á landsbyggðarsjónarmið líka. En það verður þá bara að koma í ljós. Ég veit ekki til þess að nokkur hafi óskað eftir að tala við nefndina og því hafi verið hafnað.

[16:33]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ræddi um viðbrögð borgaryfirvalda í Reykjavík við þessum tillögum og þau viðbrögð eru þekkt. Mér fannst á máli hv. þm. að hún teldi eðlilegt að gefa fulltrúum borgarinnar tækifæri til að hitta nefndina og út af fyrir sig er það gott mál og eðlilegt. En ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. hvort hún sé tilbúin að fallast á það og jafnvel beita sér fyrir því að fulltrúar annarra sveitarfélaga á landinu, og jafnvel aðrir aðilar, fái að hitta nefndina til að fjalla um þessi mál því að eins og fram hefur komið er mjög mikil andstaða við þessa tillögu víða um land. Og eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði hefur ekki borið á jákvæðum röddum gagnvart þessum tillögum. Ég vil því af þessu tilefni spyrja hv. þm. hvort hún telji það eðlilegt og hvort hún sé ekki tilbúin að beita sér fyrir því að kalla fleiri aðila en fulltrúa Reykjavíkurborgar til að ræða þessi mál, fulltrúa sem hafa lýst verulegri andstöðu við tillöguna.

[16:34]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég rétt að nefndir Alþingis verði við því þegar aðilar biðja um að koma á fund þeirra. Mér vitanlega hafa ekki aðrir beðið um það. Ef það væri staðreyndin tel ég að sjálfsögðu rétt að ræða við fleiri aðila. Það var farið út um allt land til þess að kynna frv. Ég taldi samt eða það var minn skilningur að sæmileg sátt væri orðin um málið. Ákveðin ósk liggur fyrir frá Reykjavíkurborg og þess vegna tel ég rétt að verða við henni.

Meginmálið í þessu öllu saman er þó það að hvort sem rætt verður við Reykjavíkurborg eða einhverja fleiri aðila á milli 2. og 3. umr. verði það ekki til þess að fresta afgreiðslu frv. Þetta mál er svo mikilvægt, mikilvæg réttarbót finnst mér, fyrir fólkið í landinu í lýðræðisátt. Aðalatriðið er að þessu máli verði lokið og það samþykkt áður en þinginu lýkur.

[16:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að fara örfáum orðum um afstöðu mína í þessu máli og þá kannski fyrst og fremst að ítreka sjónarmið sem ég gerði grein fyrir við fyrri umræðu málsins. Þegar á heildina er litið tel ég þetta vera vanhugsaðar hugmyndir sem hér eru settar fram, en okkur er sagt að þær byggi á pólitískum þrýstingi sem verði að láta undan. Þar er efst á blaði umræðan um misvægi atkvæða sem svo er nefnt, og hafa menn bent á í því sambandi að þar sem misvægið er mest á milli suðvesturhornsins annars vegar og Vestf. og Norðurl. v. hins vegar sé misvægi atkvæða 1:4.

En það er til annars konar misvægi í pólitíkinni, misvægi aðstöðunnar. Fólk á landsbyggðinni hefur lakari stöðu og erfiðari gagnvart stjórnsýslunni og hinu pólitíska valdi en þeir sem búa á þéttbýlissvæðinu. Og það má segja að í núverandi kjördæmaskiptingu sé reynt að vega þetta misvægi upp að nokkru leyti.

Nú er það svo að stjórnmálamenn í ýmsum kjördæmum fjarri Reykjavík hafa haft þverpólitískt samstarf sín í milli til að beita sér fyrir hagsmunamálum í sínu kjördæmi og finnst mér það oft hafa verið til góðs, mér finnst það vera jákvætt. Það er stundum talað um slíkt samstarf á niðrandi hátt, talað um kjördæmapot í því samhengi, og það kann vel að vera að stundum sé um slíkt að ræða en þegar á heildina er litið tel ég það gott að þingmenn í kjördæmum fjarri Reykjavík hafi samstarf sín í milli hvað þetta snertir.

Það er annað sem hefur líka hjálpað kjördæmum fjarri Reykjavík, það er sú staðreynd að það sjónarmið hefur verið ríkjandi til skamms tíma hjá mörgum þingmönnum Reykjavíkur að líta fyrst og fremst á sig sem þingmenn landsins alls, þjóðarinnar allrar, og það er ekki fyrr en nú á allra síðustu árum að breyting hefur orðið á þessu og menn eru að rækta það viðhorf með sér að þeir séu sérstaklega kjörnir sem þingmenn Reykjavíkur. Það er þetta tvennt sem er að gerast, annars vegar sá þrýstingur að dregið verði úr misvægi atkvæða og síðan hitt að hér á suðvesturhorninu er afstaða manna að breytast, að einnig þeir vilja vera kjördæmaþingmenn og líta á sig sem slíka. Og þá vilja menn breyta.

Hér eru til umræðu þær tillögur sem liggja fyrir. Þær gera ráð fyrir því að dregið verði úr misvægi atkvæða og kjördæmin verði stækkuð verulega. Ég tel að með því að stækka kjördæmin glatist margt af því jákvæða sem tengist núverandi fyrirkomulagi. Tengslin við kjósendur, t.d. í kjördæmum eins og Vestfjörðum, verði ekki eins sterk og þau voru áður þegar allt Vesturland heyrir kjördæminu til. Þessi tengsl milli þingmanna og kjósenda verða ekki eins mikil og áður var.

Þá er spurningin hvort ekki þurfi að huga að einhverjum öðrum leiðum til að skapa þessi tengsl eða stuðla að því að menn sitji við sama pólitíska borð í landinu öllu. Ég er fylgjandi þeirri hugmynd sem fram hefur verið sett og m.a. talað hefur verið fyrir af hálfu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, að landið allt verði gert að einu kjördæmi. Að skrefið verði stigið til fulls og landið verði gert allt að einu kjördæmi en samfara þeirri breytingu eigi sér stað aðrar í stjórnkerfinu og komið verði á eins konar fylkjafyrirkomulagi sem færi vald og áhrif og ráðstöfun fjármuna til einstakra landshluta. Þetta er afstaða mín í grófum dráttum, að ef á annað borð á að ráðast í breytingar á kosningafyrirkomulaginu þá eigi að stíga miklu stærri skref og ráðast í róttækari breytingar en hér er gert ráð fyrir, gera landið að einu kjördæmi og innræta öllum alþingismönnum þá hugsun að þeir séu þingmenn fyrir Ísland allt, alla landsmenn, en jafnframt verði gerðar stjórnkerfisbreytingar sem tryggi aukin áhrif heim í héruð.

Tvennt annað vil ég minnast á. Það er sú tillaga að skipta Reykjavík í tvö kjördæmi sem mér finnst aldeilis fráleit hugmynd. Menn hafa verið að reyna að réttlæta hana á reikningsfræðilegum forsendum, það má vel vera að það sé hægt, til að skýra reikningsmódelið eða undirstöðu þess, en pólitískt er þetta gjörsamlega óskiljanlegt. Og þegar menn segja að með því móti geti þeir sinnt kjósendum sínum betur, þá spyr ég: Á hvern hátt sinna menn kjósendum sínum? Menn fara væntanlega á vinnustaði, er það ekki það sem menn gera? Ekki fara menn heim til fólksins? Menn fara á vinnustaði. Og fólk sem vinnur á Sjúkrahúsi Reykjavíkur eða Rafmagnsveitunum eða hjá Eimskipafélaginu eða í

Hagkaup, svo nokkrir vinnustaðir séu taldir upp, býr úti um allan þennan bæ og reyndar í grannbyggðunum einnig. (Gripið fram í.) Ég skil því eiginlega ekki hvaða rök búa að baki þessari hugsun, að menn geti sinnt betur sínu kjördæmi. Ég skil það þegar um er að ræða kjördæmi sem eru fjarri Reykjavík, að þar þurfi að sinna kjördæminu, almennum hagsmunum þar, en þegar komið er inn fyrir borgarmúrana þá er þetta óskiljanleg ráðstöfun og mjög heimskuleg og fráleit.

Það er að lokum eitt atriði sem mér finnst alvarlegt og ástæða til að skoða rækilega og það er sú staðreynd að með þessum lagabreytingum er reistur stór þröskuldur við aðaldyrnar að Alþingishúsinu. Enginn flokkur sem fær undir 5% atkvæða mun fá fulltrúa kjörinn á þing. Ég spyr nú þá sem eru svo uppfullir af áhyggjum yfir misvægi atkvæða, yfir því að atkvæði vegi ekki jafnþungt alls staðar í landinu: Hvers eiga þeir 9.500 kjósendur að gjalda sem vega ekki neitt, ekkert?

Það eru um 195 þúsund kjósendur hér á kjörskrá. Flokkur sem fengi tæplega 9.500 atkvæði, hann fengi engan mann kjörinn á þing. Hafa menn engar áhyggjur af þessu misvægi? *Eða skiptir þetta fólk engu máli?*

Á Vestfjörðum eru nú um sex til sjö þúsund kjósendur, um sex þúsund kjósendur sennilega. Ég man ekki töluna. Þeir eru miklu færri en þeim sem nú verður vísað út í kuldann. Mér finnst þetta vera mjög vanhugsað.

Ég er vægast sagt mjög hissa á því, fyrst á annað borð er verið að ráðast í breytingar á kjördæmaskipan, að menn skuli gera þetta með þeirri hálfvelgju sem hér er á ferðinni. Ef menn ætla að breyta þá á að stíga miklu stærri skref en hér er gert, gera landið að einu kjördæmi og færa vald út til einstakra landshluta.

Hins vegar mun ég sofa alveg rólega þótt við búum áfram við það fyrirkomulag sem við búum við nú. Þótt einhvers staðar kunni að leynast eitthvert misvægi atkvæða þá er að finna slíkt misvægi í aðstöðu fólks eftir því hvar það býr á landinu að þar er að mínum dómi á ferðinni miklu alvarlegra mál en hitt.

Að lokum þetta: Mér finnst það algerlega óásættanlegt að Alþingi vísi 9.500 kjósendum á dyr.

[16:47]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er stórt og mikið mál til umræðu, mál sem varðar grundvöll lýðræðis okkar. Og það er ljóst að framvinda þessara mála mun hafa mikil áhrif á mjög mörgum sviðum til framtíðar litið.

Stjórnmálaflokkarnir sem og núverandi ríkisstjórn hafa stefnt að því að gera breytingar á kosningalöggjöfinni með það að markmiði að draga úr misvægi atkvæða milli dreifbýlli landsvæða og þéttbýlisins hér á suðvesturhorninu. Þær tillögur sem hér eru ræddar, þau frumvörp sem hér eru rædd, eru til komnar vegna þessa.

Sú nefnd sem hefur starfað að þessu máli og unnið þær tillögur sem hér liggja fyrir hefur unnið mikið starf og ég tel ástæðu til að þakka nefndinni fyrir það enda liggja fyrir ýmis gögn og upplýsingar úr starfi hennar sem eru um margt fróðlegar og upplýsandi. *En það er ljóst að þegar gera á* breytingar á þessum grundvallaratriðum verður seint mögulegt að ná fullri sátt meðal þjóðarinnar og stjórnmálamanna um þær. En hins vegar þarf að ná niðurstöðu í málinu og nú stefnir í að henni verði náð því að ljóst er að tekist hefur að ná breiðri samstöðu um þessa tillögu meðal þingmanna.

Ég hef verið sammála því að ráðist verði í beytingar á kosningalöggjöf þannig að draga megi úr því misvægi atkvæða sem nú hefur myndast miðað við það fyrirkomulag sem við höfum búið við, en til þess eru ýmsar leiðir eins og fram hefur komið.

Herra forseti. Þótt þetta mál sé það margþætt og mikilvægt að ástæða væri til að ræða einstaka þætti þess ítarlega ætla ég fyrst og fremst í máli mínu að ræða þær tillögur sem fjalla um breytingar á kjördæmaskipaninni vegna þess að ég hef kannski fyrst og fremst athugasemdir við þann þátt málsins.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir grundvallaruppstokkun á skipan kjördæma. Landsbyggðarkjördæmunum verður fækkað með því að slá þeim saman á einn eða annan veg. Með þessu er verið að mynda mjög stórar og víðfeðmar einingar sem ná yfir nánast hálft landið svo vísað sé til kjördæmisins sem myndað verður með sameiningu Norðurl. e. og Austurlandskjördæmis ásamt Siglufirði.

Ég geri ráð fyrir því að t.d. þingmenn Austurlandskjördæmis geti lýst því hvaða erfiðleikar felast í að komast yfir að sinna því kjördæmi eins og það er nú og halda nauðsynlegum tengslum við kjósendur þar. *En nú er lagt til að* stækka Austurlandskjördæmi enn frekar og ég væri ekki undrandi þótt þingmönnum Austurlands fallist hendur við tilhugsunina um að sinna því kjördæmi eins og þyrfti að vera allt frá Öræfum norður til Siglufjarðar.

En í þessum tillögum felst einnig að Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi og Norðurl. v., að Siglufirði undanskildum, verði sameinuð í eitt kjördæmi. Af þeirri reynslu sem ég hef fengið á þessu kjörtímabili af því að vinna að fjölmörgum hagsmunamálum fólks og aðila í Vesturlandskjördæmi og að halda uppi tengslum við kjósendur þá hef ég ekki áttað mig á því hvernig slíkt á að vera mögulegt í hinu nýja sameinaða kjördæmi svo að vel sé. Það er ljóst í mínum huga að nauðsynleg tengsl þingmanna og kjósenda í slíku kjördæmi munu rofna að miklu leyti miðað við það sem nú er. Það er slæmt því að þingmenn eru jú fulltrúar fólksins í kjördæminu hér á Alþingi og því hlýtur að vera mikilvægt að þeir geti með sæmilegu móti haldið uppi tengslum við kjósendurna, en með nýrri skipan kjördæma tel ég að það verði mjög erfitt.

Núverandi kjördæmaskipan leggur grunn að skipulagi veigamikilla þátta stjórnsýslunnar og opinberrar starfsemi. Það sama á við um starfsemi og samstarf sveitarfélaganna í landinu og einnig má nefna að innan núverandi kjördæma hafa myndast félagslegar heildir í ýmsum skilningi. Með breyttri kjördæmaskipan má gera ráð fyrir að verulegar breytingar verði á þessum þáttum þegar fram í sækir. Um það hefur lítið sem ekkert verið fjallað og algjör óvissa ríkir um þessa þætti að mínu viti. Þetta hlýtur að skapa töluverða óvissu í hugum landsbyggðarfólks því víða skiptir opinber stjórnsýsla og opinber starfsemi miklu máli í atvinnulegu og byggðalegu tilliti. Ég tel þá óvissu sem skapast hefur vegna þessara breytinga ekki gott innlegg í þá umræðu sem uppi hefur verið varðandi málefni landsbyggðarinnar og þá búsetuþróun sem þar hefur verið.

Þá er það mín skoðun að ekki liggi landfræðileg rök að baki þessum tillögum. Einnig vil ég nefna að eins og samgöngum á landi er háttað þá hlýtur að þurfa að taka mikið á við að byggja upp vegasamgöngur innan nýrra kjördæma þannig að íbúarnir innan þeirra sem heildar geti ferðast um sæmilega vegi. Það er kannski rétt að nefna það sem reyndar

hefur komið fram í þessari umræðu, að samhliða tillögum nefndarinnar sem lauk sínum störfum sl. haust, var lagt til að unnið yrði að tillögum um svokallaðar hliðarráðstafanir, þ.e. til hliðar við þetta mál. Þar er m.a. fjallað um vegamál þannig að ég vænti þess að fyrr en síðar komi fram tillögur um að tekið verði á í þessum efnum.

Fleira mætti nefna varðandi þær tillögur sem fyrir liggja um breytta kjördæmaskipan. Ég hef verið þeirrar skoðunar að núverandi kjördæmaskipan ætti að vera óbreytt. En til þess að ná fram markmiðunum um að draga úr misvægi atkvæða ætti frekar að fækka þingmönnunum í núverandi kjördæmum á landsbyggðinni, fyrir utan Norðurl. e., sem ég tel að ætti að vera óbreytt. Það ætti að fækka þingmönnunum um einn og færa þá til kjördæmanna í þéttbýlinu á suðvesturhorninu. Kjördæmin eins og þau eru nú tel ég mun eðlilegri og viðráðanlegri einingar að öllu leyti en þau kjördæmi sem tillögurnar gera ráð fyrir.

Herra forseti. Ég hef rætt þessi mál við fjölmarga aðila í Vesturlandskjördæmi og það hafa komið fram ályktanir úr kjördæminu um þessar tillögur. Ég hef ekki heyrt þær raddir sem sætta sig við þessa tillögur. Þvert á móti dreg ég þá einföldu ályktun að almenn andstaða sé meðal Vestlendinga gegn þessum tillögum um breytingar á kjördæmaskipan. En þessari umræðu og mótun afstöðunnar til þessara tillagna tengist auðvitað umræðan um byggðamál almennt og um hin mismunandi búsetuskilyrði sem fólkið í landinu býr við eftir landsvæðum.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að lesa ályktun sem hefur borist frá héraðsnefnd Snæfellinga frá því í nóvember sl. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aðalfundur héraðsnefndar Snæfellinga, haldinn í Stykkishólmi sunnudaginn 15. nóvember 1998, mótmælir fram komnum tillögum að breyttri kjördæmaskipan sem settar hafa verið fram af nefnd um endurskoðun kjördæmaskipunar og tilhögun kosninga til Alþingis. Aðalfundurinn telur að landsbyggðarkjördæmin verði of stórar einingar landfræðilega.

Aðalfundur héraðsnefndar Snæfellinga telur að mannréttindi felist í fleiri þáttum en jöfnun atkvæðisréttar. Aðalfundurinn lýsir undrun á þeirri einhæfu áherslu sem nú er lögð á jöfnun atkvæðisréttar og telur að ekki megi líta fram hjá öðrum aðstöðumun sem landsmenn búa við.

Aðalfundur telur að tillögur um jöfnun atkvæðisréttar og breytingu á kjördæmaskipun verði að skoða í ljósi annarra ráðstafana til að styðja og styrkja búsetu á landsbyggðinni. Aðalfundurinn skorar á stjórnvöld að jafna aðra þætti samhliða jöfnun atkvæðisréttar, svo sem aðgengi til náms, kostnað við framhaldsskóla- og háskólanám, samgöngur, húshitunarkostnað, aðgengi að opinberri og almennri þjónustu, flutningskostnað og fleira.

Aðalfundur héraðsnefndar Snæfellinga telur jöfnun á aðstöðumun landsmanna í þessum efnum skilyrði fyrir jöfnun atkvæðisréttar."

Undir þessa ályktun skrifar formaður héraðsnefndar Snæfellinga, Ásbjörn Óttarsson.

Herra forseti. Ég taldi rétt að koma þessari skoðun Snæfellinga á framfæri í þessari umræðu því að hún endurspeglar kannski frekar en annað þær áhyggjur sem sveitarstjórnarmenn úti á landsbyggðinni hafa af byggðamálunum sem tengjast óneitanlega þessari umræðu.

Ég ætla líka, með leyfi forseta, að vitna í ályktun sem ég las í Morgunblaðinu í dag frá Félagi sjálfstæðismanna í Borgarfjarðarsýslu. Þó svo að ég ætti nú kannski ekki að taka að mér að koma því á framfæri þá ætla ég samt að leyfa mér að lesa kafla úr þessari ályktun sem varðar þetta mál. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Almennur félagsfundur í Félagi sjálfstæðismanna í Borgarfjarðarsýslu mótmælir harðlega fyrirhugaðri kjördæmabreytingu og skorar á þingmenn kjördæmisins að neyta allra leiða til að koma í veg fyrir það slys sem slík kjördæmabreyting er."

Herra forseti. Þetta eru svona sýnishorn af þeim ályktunum og álitum sem fram hafa komið frá aðilum úti um landið og er auðvitað nauðsynlegt að hv. þingmenn komi á framfæri í þessari umræðu.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli landsbyggðarfólks sérstaklega á því að talsmenn krata og samfylkingar, t.d. formaður Alþfl. og aðrir forustumenn samfylkingar, hafa sagt að þessar tillögur sem hér liggja fyrir um fækkun kjördæma séu góðar að því leyti að verið sé að stíga skref að því að gera landið allt að einu kjördæmi. Mín skoðun er sú að ef sú kratale ið verði farin þá muni alvarlega syrta í álinn fyrir landsbyggðina. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hvernig hlutirnir mundu þróast við slíkar aðstæður því ljóst er að flestir þingmenn kæmu frá fjölmennustu svæðunum og hinar dreifðari byggðir mundu smám saman verða tengslalausar við fulltrúana á löggjafarsamkundunni. Í stuttu máli tel ég því að í þeirri tillögu felist mikil hætta fyrir landsbyggðarfólk að þessu leyti.

Skoðanir samfylkingarinnar um að tillögur um fækkun kjördæma séu skref í áttina að því að gera landið allt að einu kjördæmi gefa tilefni til þess að óttast að ef þessi öfl komast einhvern tíma til verulegra áhrifa verði málið tekið upp aftur og reynt að stíga skrefið til fulls.

Herra forseti. Af því sem ég hef hér sagt má marka að ég sé ekki yfir mig hrifinn af þeirri tillögu sem hér liggur fyrir um breytingar á kjördæmaskipan enda er það svo að ég tel að með þessu sé verið að stíga vont skref sem ekki sér fyrir endann á. Ég hefði viljað fara aðrar leiðir í þessu máli, nefnilega að verja núverandi kjördæmaskipan. En það er ljóst að uppi eru mjög mismunandi sjónarmið í málinu og mér virðast þau skiptast meira og minna eftir landsbyggðinni annars vegar og þéttbýlinu á suðvesturhorninu hins vegar.

Þótt svo að almennt sé sú skoðun uppi að draga beri úr misvægi atkvæða þá er ljóst að mjög skiptar skoðanir eru um það hvaða breytingar á að gera varðandi kjördæmaskipan og hvort nokkrar breytingar eigi að gera að því leyti. En mér er fullljóst að þær tillögur sem hér liggja fyrir njóta það mikils stuðnings í þinginu að þær munu að öllum líkindum verða samþykktar fyrir lok þessa þings. Og þeir tiltölulega fáu þingmenn sem hafa aðrar skoðanir mega sín lítils gagnvart því og fá því vart hnikað.

Í ljósi þess að málið mun ná fram að ganga liggur fyrir að leita verður allra leiða til þess að treysta sem best tengsl þingmanna og kjósenda í sameinuðum og stækkuðum kjördæmum. Það er mjög mikilvægt og ég tel það reyndar eitt af grundvallaratriðum málsins. Þegar þetta mál hefur náð fram að ganga, og ég geri ráð fyrir að það verði samþykkt, verður náttúrlega hlutverk þingmanna og stjórnmálaaflanna að laga hlutina að breyttum aðstæðum. Það verður mikilvægt verkefni sem ég veit að allir þeir sem hlut eiga að máli munu taka þátt í að leysa þjóðinni til hagsbóta.

[17:01]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég var einn af þeim sem voru ekki yfir sig hrifnir af þeim tillögum sem lágu fyrir í kjördæmamálum þegar þær voru lagðar fram og sú hrifning mín og álit mitt á þeim hefur ekki breyst ýkja mikið. Eigi að síður vil ég taka fram að ég hef gengið til þessa leiks og reynt að hafa áhrif á tillögurnar og þær hafa verið lagaðar í veigamiklum atriðum, sem ég tel mikilvægar, og m.a. þau atriði sem voru áherslumál á Austurlandi, að skipta ekki kjördæminu, það hefur verið tekið tillit til þeirra.

Í flokki mínum eins og öðrum hafa kjördæmamálin verið mjög umrædd og fyrir okkur lá það verkefni að ná samkomulagi um þetta mál og jafna vægi atkvæða, við höfum flokksþingssamþykktir um að gera það, og mikil áhersla hefur verið lögð á það. Það nál. sem hér liggur fyrir er niðurstaða og það er samkomulag og ég tel þetta samkomulag það ásættanlegt að ég skrifaði undir nál. þótt ánægjan sé auðvitað blandin. Út úr þessu koma afar stór kjördæmi eins og hér hefur verið rakið og mér finnst þeir sem hafa hrópað húrra fyrir því í umræðunni vanmeta nokkuð hvernig hægt er að sinna þeim kjördæmum sem eru landfræðilega svona stór. Kannski er hægt að virða fólki til vorkunnar þó að menn átti sig ekki á því. Sem dæmi um hvernig þingið lítur á þetta samgöngulega séð hefur það verið hefð í mörg ár að gera þinghlé í janúar og ætla þingmönnum að fara þá í kjördæmi sín til fundarhalda á þeim tíma sem veður eru vályndust og oft er erfiðast að ferðast um. Ég ætla ekki að rekja það hér en áreiðanlega kunna margir þingmenn í stærstu kjördæmunum ýmsar sögur af erfiðleikum á ferðum sínum.

Rætt hefur verið um að vægi atkvæða sé jafnara hér en í nágrannalöndunum. Það er alveg ljóst að svo er víða þó að hægt sé að halda langa ræðu um fyrirkomulag þessara mála og algjör jöfnuður atkvæða sé alls ekki reglan, síður en svo. Það hagar nefnilega þannig til í þessu landi að höfuðborgarsvæðið er miklu fjölmennara og höfuðborgin er miklu fjölmennari hlutfallslega en í nokkru öðru landi sem við berum okkur saman við. Þess vegna stöndum við í þessum vanda. Aðalatriðið er að reyna að snúa þessari þróun við. Ef hún snýst ekki við þá verður náttúrlega það verk hérna, sem verið er að timbra upp núna í hv. Alþingi, að byggja einhverja skúra við það innan tíðar. Þá hættir ekki þessi umræða um jöfnun atkvæða.

Ég tel eðlilegt að upp komi umræða um byggðamál í tengslum við þetta mál. Það er nokkur byggðamálaumræða í hv. Alþingi og það er ekki að ófyrirsynju, hún þarf að vera. Það er ekki nóg að tala, aðgerðir þurfa að fylgja þeim ræðuhöldum.

Í allshn. er núna unnið að till. til þál. um aðgerðir í byggðamálum. Þar eru mörg góð markmið í þeim málum. Þegar hefur verið lagt fjármagn til sumra þeirra markmiða sem þar eru talin, eins og jöfnunar húshitunarkostnaðar og námskostnaðar og framlög til atvinnulífsins. En betur má ef duga skal. Það er því ekki óeðlilegt að áður en umræðunni um þessi mál lýkur að fyrir liggi afgreidd tillaga í byggðamálum, sú sem er til meðferðar í allshn., og fyrir liggi tillögur þeirrar nefndar þingflokkanna sem skipuð var í tengslum við þetta mál. Ég endurtek að ekki er óeðlilegt að þingmönnum landsbyggðarinnar séu byggðamál hugstæð því að ef sú þróun heldur áfram, t.d. næsta áratug, sem verið hefur síðasta áratug þá blossar umræðan um vægi atkvæða upp áfram og þetta verk verður ekki eins langlíft eins og annars yrði.

Nokkur umræða hefur komið upp um að óráð sé að skipta Reykjavík upp í tvö kjördæmi. Ein af forsendunum sem nefndin, sem vann að þessu upphaflega, gaf sér var að reyna að hafa kjördæmin svipuð að fólksfjölda. Ég tel að það sé nú orðið of seint að fara að breyta því þegar málið er komið á þetta stig. En ég vil segja það að varðandi ræðu hv. 17. þm. Reykv., sem vildi ekki sjá á vinnustaðafundum sínum fólk utan kjördæmanna, að við höfum yfirleitt ekki verið að velta því fyrir okkur, jafnvel þingmenn landsbyggðarinnar í hinum stóru landsbyggðarkjördæmum, hvort eitthvert fólk utan kjördæmisins hafi slæðst inn á vinnustaðafundi. Á fjölmennum vinnustöðum gæti verið eitthvað töluvert af fólki úr Reykjaneskjördæmi og ég held að það þurfi ekki í sjálfu sér að trufla. En ég tel það of seint að fara að rugga þeim bát núna með viðræðum um að hafa Reykjavík eitt kjördæmi. Það samkomulag sem hefur skapast byggist á þeirri tillögu sem nú er til umræðu.

Ég endurtek það og það er í rauninni aðalerindi mitt að leggja inn í umræðuna, 2. umr. málsins, að ég hef gengið til þessa leiks, gengið til samkomulags vegna ákveðinna breytinga sem gerðar voru á málinu og mun styðja það, þó að ég væri ekki hrifinn af því í upphafi. Ég tók frekar þann pól í hæðina, ef svo má segja, að reyna að hafa áhrif og einangra mig ekki í því að hafa þau ekki. Ég vil hvetja til þess að mótaðar tillögur í byggðamálum af þeim vettvangi sem þau eru til umræðu núna á vegum Alþingis, á vegum allshn. og þingflokkanna, verði mótaðar áður en við slítum Alþingi í næsta mánuði í síðasta skipti á þessu kjörtímabili.

[17:11]

Útbýting þingskjals:

Rekstrarhagræðing, 399. mál, svar félmrh., þskj. 765.

[17:11]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég stíg í þennan stól í dag til að lýsa því yfir að ég er í megindráttum sátt við þetta mál og mun styðja það þó að vissulega megi ræða ýmis atriði þeirrar skipunar sem hér á að taka upp. Það má velta fyrir sér mörkum kjördæma, það má velta fyrir sér skiptingu Reykjavíkur, það má velta fyrir sér þeim mörkum sem framboðsaðilar þurfa að ná til þess að komast inn á Alþingi og ég mun koma að því nokkuð síðar.

Ég vil segja það í fyrstu — ég hef fylgst nokkuð grannt með umræðunni í dag — að viðbrögð sumra þingmanna minna mig á Kópavogsfundinn árið 1662. Menn skrifa grátandi undir þetta frv. og ætla að styðja það þó að þeim þyki það heldur leitt og séu í grundvallaratriðum andvígir því sem hér er verið að gera. En ég er viss um að þau andmæli sem margir þingmenn hafa uppi og þeir erfiðleikar sem þeir sjá fyrir sér vegna stækkunar kjördæma eiga eftir að jafna sig því að ég held að menn þurfi einfaldlega, þingmenn framtíðarinnar, þegar þetta kerfi kemst á, að hugsa störf sín og hlutverk svolítið upp á nýtt. Menn verða að endurskipuleggja starfið, menn verða að nýta sér bættar samgöngur og nýja tækni eins og internetið o.fl. til þess að halda sambandi við kjósendur og má minna á (Gripið fram í.) já, maður talar nú ekki um að Alþingi veiti þingmönnum þyrluþjónustu. Það á eflaust margt eftir að gerast í því en ég segi þetta vegna þess að menn verða að átta sig á því að samskipti og boðskipti manna í milli, áróðursherferðir, upplýsingaherferðir og fleira slíkt fara núorðið að miklu leyti fram í gegnum internetið þótt

auðvitað þurfi að leggja mjög mikla áherslu á bein samskipti við kjósendur. Það sem ég er að reyna að segja með þessu er að menn þurfa auðvitað að hugsa vinnu sína svolítið upp á nýtt í ljósi þessara miklu breytinga.

Líka er vert að velta því fyrir sér í þessu samhengi að ef ég hef talið rétt þá er búið að gera þrettán sinnum breytingar á kjördæmaskipan eða skiptingu þingsæta frá því að tilskipun konungs frá 1843 gekk í gildi. Menn hafa því nokkuð oft gert breytingar á kosningakerfi okkar.

Ein allra stærsta breytingin sem gerð var átti sér stað árið 1959 þegar kjördæmunum fækkaði úr 27 í átta. Það væri nú fróðlegt að fletta upp í þeim umræðum sem þá urðu, hvort þingmönnum hafi ekki óað mjög sú stækkun sem þá varð á kjördæmum. Þá hafa Vestfirðir allir líklega verið nokkuð erfiðir við að eiga, svo ekki sé talað um Austfirði, sem hv. þm. Jón Kristjánsson upplýsti mig um áðan að var skipt í fjögur kjördæmi, Austfjörðum var skipt í fjögur kjördæmi. (**KHG:** Vestfjörðum í fimm.) Vestfjörðum í fimm, upplýsir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Menn verða að gera sér grein fyrir því að mjög miklar breytingar hafa orðið.

Hér er verið að stíga enn eitt skrefið í þá veru að stækka kjördæmin og að jafna tölu þingmanna út frá þeirri grundvallarreglu að sem jöfnust tala kjósenda sé á bak við hvern þingmann. Ég verð að lýsa nokkurri furðu á þeirri umræðu sem hér hefur orðið í dag um jöfnun atkvæða og þá umræðu hvort um mannréttindi er að ræða eða ekki. Í mínum huga er kosningarréttur mannréttindi. Ég vil bara minna á að það tók konur áratugi að öðlast þennan rétt. Í sumum hlutum heimsins hafa konur í dag ekki einu sinni kosningarrétt. Ég held að enginn mundi segja að konur í þeim löndum njóti fullra mannréttinda.

Auðvitað er kosningarréttur mannréttindi. Þetta er spurningin um að geta haft áhrif á samfélagið. (**KHG:** Hvað með Sameinuðu þjóðirnar?) Vissulega eru til ýmiss konar kerfi, kosningakerfi. Það er ekki hægt að líkja saman stofnun þar sem allar þjóðir heims koma saman eða því hvaða kerfi er í notkun í einu litlu landi með örfáa íbúa. Þetta er spurningin um að fólk kjósi sér fulltrúa. Við kjósum ekki fulltrúa til Sameinuðu þjóðanna, þar eru engir kosnir fulltrúar. Við erum að tala um það að fólk kjósi sér fulltrúa, og það er fólk sem er að kjósa fólk en ekki fulltrúa fjalla eða dala eða flóa eða fjarða. Við erum að kjósa okkur fulltrúa og þar á að ríkja sem mestur jöfnuður. Það er ákaflega erfitt að ná þeim jöfnuði fullkomlega. Eins og hér hefur verið rakið ríkir líklegast hvergi í heiminum fullur jöfnuður nema þar sem lönd eru eitt kjördæmi, eins og t.d. í Hollandi og Ísrael, þar er landið allt eitt kjördæmi og er nú ekki — (**KHG:** En í Kína?) Ég ætla að biðja hv. þm. að hafa nokkuð hljótt um sig og vera ekki að blanda inn ríkjum þar sem ekki ríkir lýðræði og kosningarréttur er nánast óþekkt fyrirbæri. Ég veit ekki til þess að mikið sé um kosningar í alþýðulýðveldinu Kína, ég kannast ekki við það. Ég ætla að biðja þingmanninn að halda sig við málefnin. Við erum að tala um fyrirkomulag í landi með 275 þúsund íbúa og það hlýtur að liggja í augum uppi að það er okkur affarasælast að það kerfi sé sem einfaldast og skýrast og að réttur þegnanna sé sem jafnastur.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst menn líka vera að blanda saman byggðaþróun í landinu — sem ég skil vel og það er kannski ekki að ástæðulausu — og að hún standi og falli með því hvernig kjördæmaskipanin er. Þetta tel ég ekki vera rétta framsetningu. Vald Alþingis er ekki það mikið að það geti snúið þessari þróun við eða að Alþingi með lagasetningu sinni ráði því hvernig byggðaþróun er í landinu. Það væri fróðlegt fyrir þingmenn að fletta upp í nýútkominni Sögu Reykjavíkur, fyrra bindinu, eftir Eggert Þór Bernharðsson, þar sem er að finna grafíska mynd af byggðaþróun sl. 100 ár. Sú mynd er ákaflega sláandi. Hún sýnir það sem við vitum að fækkun íbúa á landsbyggðinni hefur verið jöfn og þétt í 100 ár og fjölgunin jafnmikil, sérstaklega í Reykjavík. Þar stendur súlan nánast beint upp í loftið. Það er gríðarleg breyting. (**GÁ:** Er það ekki mannréttindabrot?) Að mega flytja til Reykjavíkur eða — (**GÁ:** Að yfirgefa eignir sínar og ...) Ég veit ekki hvort íbúum Jökulfjarðanna fannst það vera mikið mannréttindabrot að komast í burtu frá ákaflega erfiðum lífsskilyrðum. Fólk stendur frammi fyrir því í lífinu að þurfa að velja og hafna.

En það sem ég er að reyna að segja er að við erum að horfa á miklu lengri þróun en það sem við höfum horft upp á undanfarin 10–20 ár hvað varðar byggðaþróun. Ég held að þó að við snerum aftur til þess fyrirkomulags að gera landið að 27 kjördæmum þá mundi það engu breyta um byggðaþróun, ég held að það mundi engu breyta. Það eru einfaldlega aðrir þættir sem þar valda.

Í mínum huga skiptir það mestu máli að réttur þegnanna sé sem jafnastur og að við erum að kjósa okkur fulltrúa og þar á að vera sem minnstur munur á. Þó að ég sjái það fyrir mér að ef við höldum í þessa kjördæmaskipan eða eitthvað svipað, þá verður að vera ákveðið lágmark þingmanna. Það gefur auga leið að til þess að þeir geti þjónað hlutverki sínu, hvert sem það verður og hvernig sem það verður skilgreint, þá þarf auðvitað ákveðinn lágmarksfjölda svo framarlega sem kjördæmin fari hreinlega ekki í eyði.

En jafnframt því að þessi breyting á kjördæmunum verður gerð tek ég undir það að stórbæta þarf aðstæður þingmanna, sérstaklega í landsbyggðakjördæmunum. Og kem ég þá aftur inn á það sem ég nefndi hér fyrst, að menn þurfa að hugsa málin upp á nýtt. Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum, þegar ég fékk tækifæri til þess að ferðast um Bandaríkin, heimsótti ég skrifstofu þingmanns í fulltrúadeildinni, repúblikana, og ef ég man rétt var hann með 12 manna starfslið. Hann var fulltrúi fyrir kjördæmi í útborg Los Angeles og hann hafði 12 manna skrifstofu fyrir þetta tiltölulega, litla kjördæmi. Hann hafði síðan starfsmenn líka í Washington. Það er auðvitað misjafnlega búið að þingmönnum í hinum ýmsu löndum og væri fróðlegt að kynna sér það hvernig þeim málum er háttað á Norðurlöndunum, t.d. í Noregi þar sem eru mjög stór kjördæmi. Þetta er nokkuð sem þarf að bæta stórlega, aðstæður þingmanna til þess að sinna störfum sínum.

Það má vissulega segja hið sama um þingmenn Reykjavíkur. Það hefur verið svo gegnum árin að þeir hafa sinnt ýmsu því sem snýr að borginni fremur lítið og við höfum fengið að heyra það töluvert mikið á undanförnum árum að Reykjavík eigi enga þingmenn. Það sé ekkert hugsað um hagsmuni Reykjavíkur, t.d. í vegamálum. Það var mikið kvartað hér fyrir jólin um stöðuna í málefnum fatlaðra í Reykjavík. Grunnskólar í Reykjavík hafa verið yfirfullir af börnum. Hér hefur verið og er skortur á dagvistun fyrir börn o.s.frv. Hér er hærra hlutfall aldraðra en meðaltalið á landinu, hærra hlutfall fatlaðra og hér er stór hópur fólks sem þarf félagslega aðstoð. Við fáum að heyra það, þingmenn Reykjavíkur, að við sinnum ekki kjördæminu. Og það er eitthvað sem þingmenn Reykjavíkur í framtíðinni þurfa að skoða.

Hvort skipting Reykjavíkur upp í tvö kjördæmi er einhver bót þar á, um það hef ég vissar efasemdir. Fyrst og fremst er það kannski svo skrýtin hugsun að þurfa að venjast því að Reykjavík verði skipt í tvö kjördæmi. Það verður fróðlegt að sjá hvernig það mun þróast. En það er auðvitað til þess að þjóna þessari meginhugmynd að sem jafnastur fjöldi kjósenda sé á bak við ákveðna tölu þingmanna. Það má margt um það segja, hvort einhver lógík er á bak við það að skipta höfuðborginni svona upp. Þetta er ekki það stór eining. En á okkar mælikvarða er Reykjavík stórt kjördæmi. Þetta er þekkt frá öðrum löndum að borgum er skipt upp í mörg kjördæmi, líklega þó töluvert fjölmennari en hér er um að ræða. Ef ég man rétt er reglan sú í Bretlandi að ef íbúatala kjördæmis fer undir 50 þúsund þá er það lagt niður og sameinað næsta kjördæmi.

Við fengum einmitt heimsókn hingað, líkalega fyrir tveim, þrem árum af hópi breskra þingmanna. Einn þeirra var frá Skotlandi og hann stóð frammi fyrir því að kjördæmi hans var að hverfa og hann þurfti að fara að bjóða sig fram í öðru kjördæmi. Það eru því ýmsar reglur til í þessu.

Varðandi 5% þröskuldinn þá er það þannig í raun að framboðsöfl, flokkar eða hreyfingar eða hverjir þeir sem bjóða sig fram þurfa að ná ákveðinni prósentutölu til þess að komast inn. Hún getur verið mismunandi eftir kjördæmum og það má vissulega um það deila hvort regla af þessu tagi sé réttlát og rétt yfir höfuð eða hvort þessi tala sé of há. Þetta er með ýmsu móti. Það sem ég hef séð erlendis frá er á bilinu frá 4% og upp í 6%, þar sem ég veit um slíkar reglur t.d. í Þýskalandi. Ég þori bara ekki að fara með það hver talan er. (**Gripið fram í:** Hún er 2% í Danmörku.) Já, 2% í Danmörku. Það má vissulega velta því fyrir sér hvort einhver slíkur þröskuldur eigi að vera í lögum eða hvort einfaldlega hlutfall kjósenda og það hvernig þingsætin skiptast á að ráða eða hvort einhvern slíkan þröskuld á hafa. Það er alltaf ákveðin tilhneiging hjá hinum stærri flokkum að reyna að fækka flokkum á þingi og að einfalda kerfið. Þó höfum við ekki komist upp í ef ég man rétt, nema svona sex flokka, sex til sjö flokka á Alþingi. Það þykir þeim nú ekki mikið í Danmörku og víðar þar sem flokkaflóran hefur stundum verið býsna skrautleg.

Það má margt segja um þetta mikilvæga mál. Ég er þeirrar skoðunar að tímabært hafi verið að stíga skref í þá átt að jafna vægi atkvæða í landinu. Það hefur verið gríðarleg óánægja á suðvesturhorninu með það fyrirkomulag sem ríkt hefur um allnokkurt skeið og mörgum finnst þetta ekki réttlátt. Hér er því verið að stíga að mörgu leyti merkilegt skref í þá veru.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, fjalla um þann þátt sem mér finnst ekki síst vera mikilvægur í þessu og það er að ég tel að stækkun kjördæmanna og stækkun þingmannahópanna fyrir kjördæmin miðað við það sem nú er muni auðvelda konum á landsbyggðinni að komast á þing.

Það er nú þannig að þegar fjórir og fimm stjórnmálaflokkar eru að slást um fjögur, fimm, sex sæti þá eru möguleikarnir harla litlir eins og ástandið hefur verið. Við erum reyndar að sjá mjög merkilegar breytingar núna þar sem sífellt fleiri konur leiða lista, en reynslan alls staðar að úr heiminum þar sem slíkar rannsóknir hafa farið fram og þar sem sæmilega lýðræðisleg kosningakerfi eru, sýnir að hlutfallskosning og stærri kjördæmi auðvelda konum að komast að. Því vona ég að þessi breyting verði til þess að auðvelda konum á landsbyggðinni að bjóða sig fram og að komast að, en vissulega skipta þar máli aðrir þættir eins og aðstæður á heimilum, fjölskylduaðstæður, vinna maka og fleira slíkt því að það virðist enn þá vera meira mál fyrir konur að taka sig upp með sínar fjölskyldur en það er fyrir karlana. Ég vona því að þessi breyting verði til þess að auðvelda þeim að komast að.

Hæstv. forseti. Að þessu sögðu ítreka ég stuðning minn við þetta frv. í megindráttum þó að, eins og ég hef rakið, velta megi vöngum yfir ýmsu, stærð kjördæmanna og mörkunum á milli þeirra, þeim aðstæðum sem þingmenn munu búa við í framtíðinni, skiptingu Reykjavíkur í tvö kjördæmi og þessum þröskuldi. Allt eru þetta atriði sem má vega og meta. En ég segi það hér að ég skrifa ekki grátandi undir þetta, eins og mér virðist sumir gera hér. Þeir verða þá bara að taka upp klútana og þurrka tárin þegar þar að kemur.

[17:32]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 14. þm. Reykv. talar um grát þingmanna. Hvað mig varðar þá hef ég gengið til samkomulags um þetta mál og það er ekki í fyrsta skipti sem ég geng til samkomulags um mál í hv. Alþingi sem mér hefur ekki verið að skapi upphaflega. Ég hef unnið þannig hér og mér er ekkert grátgjarnt. Það er því allt í lagi með mig þannig.

Hins vegar fer annað svolítið í taugarnar á mér. Ég verð að viðurkenna það. Það er þetta mannréttindatal í sambandi við jöfnun atkvæða. Ég vil benda hv. þm. á að lesa mjög góða grein um þetta mál eftir Atla Harðarson heimspeking sem hefur birst í Skírni þar sem hann varar við því að fletja út mannréttindahugtakið yfir allt. Það séu altæk réttindi, réttindi til lífs, réttindi til að hafa skoðanir, trúfrelsi og skoðanir á stjórnmálum, að vera ekki pyndaður eða niðurlægður, og að þetta eigi við allar þjóðir.

Ég get alveg fallist á það að kosningarréttur sé mannréttindi. En ef misvægi atkvæða er mannréttindabrot þá hafa nú æði margir framið slík brot. Hefur þá samfylkingin framið mannréttindabrot með því að hafa tífalt vægi atkvæða fyrir Kvennalistann í síðasta prófkjöri? Er það mannréttindabrot, svo að ég nefni eitt nærtækt dæmi?

Ég við biðja hv. þingmenn að leggja af þetta tal um mannréttindabrot í sambandi við vægi atkvæða. Það er ekki verjandi að fletja út mannréttindahugtakið á þann hátt.

[17:34]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var einmitt undir ræðu hv. þm. sem Kópavogsfundurinn rifjaðist upp fyrir mér því að mér fannst þingmaðurinn dapur. En ég veit að hann er sáttfús og gengur hér til sátta í þessu máli.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að við eigum að fara varlega með mannréttindahugtakið. Það má auðvitað kalla allt mannréttindi. Ég man það þegar deilurnar stóðu hér um bjórinn á sínum tíma að þá taldi einn útvarpsmaður það til mannréttinda að fá að drekka bjór. Það er hægt að teygja þetta hugtak í allar áttir. En í mínum huga er kosningarréttur mannréttindi, eins og ég rakti hér áðan og rétturinn til að kjósa sér fulltrúa er mannréttindi. Þetta hangir því saman. Eins og þetta var hér áður fyrr þá fengu mjög takmarkaðir hópar manna að kjósa sér fulltrúa. Spurningin er svo, þegar við veltum þessu fyrir okkur, á fólk sem býr í ákveðnum landshluta að hafa fleiri fulltrúa inni á þingi en aðrir? Á þingið að endurspegla samsetningu þjóðarinnar og það að meiri hluti íbúanna kjósi meiri hluta þingmanna eða á það að vera einhvern veginn öðruvísi?

Ég held að ég hafi ekki notað orðið mannréttindabrot. Ég tek undir það að við þurfum að fara varlega með þessi hugtök. En ég tengi þetta saman. Mér finnst að meiri hlutinn eigi einfaldlega að eiga meiri hluta fulltrúanna. Þetta eru fulltrúar fólks, ekki landsvæða.

[17:36]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það að kosningarréttur er mannréttindi. En það er bara alls ekkert innlegg í það mál sem hér er til umræðu. Íslendingar hafa kosningarrétt og það er ekkert innlegg í málið. Það er verið að tala um vægi atkvæða.

Vægi atkvæða er víða ójafnt og það hefur verið haft þannig til þess að tryggja ákveðnum hópum fulltrúa og til þess að tryggja ákveðnum landsvæðum fulltrúa. Ég held t.d. að kosningafyrirkomulagið í öldungadeild Bandaríkjaþings sé þannig vegna þess að verið er að tryggja fylkjunum í Bandaríkjunum það að þau hafi örugglega fulltrúa á löggjafarþinginu.

En við skulum vera sammála um það að kosningarréttur er mannréttindi og kosningarréttur allra hópa er mannréttindi. Það er ekkert innlegg í það mál sem hér er til umræðu.

[17:38]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alltaf erfitt að bera saman kosningakerfið í hinum mismunandi löndum. Í Bandaríkjunum er fulltrúadeildinni skipt niður eftir fjölda, þ.e. þar fer fjöldi þingmanna kjördæmis eftir íbúatölu og breytist það mjög eftir því hvernig íbúaþróun er. Í öldungadeildinni er hins vegar hvert fylki með tvo fulltrúa og öldungadeildin hefur um margt annað hlutverk. Þetta eru auðvitað leifar af því kerfi sem var við lýði víða þar sem var eins konar landsþing, þ.e. þessi efri deildar hugsun þar sem þessi hluti þingsins átti að geta stöðvað eitt og annað. Við sjáum það einmitt núna þessa dagana hvaða hlutverk öldungadeildin leikur í Bandaríkjunum. Hún er eins konar hæstiréttur í Bandaríkjunum, þ.e. í ákveðnum málum. Þessi samanburður er því ákaflega erfiður.

[17:39]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. er búinn að benda hér rækilega á það að kosningarréttur sem slíkur er mannréttindi og þau eru tryggð og það er ekki verið að fjalla um það mál í því máli sem hér er rætt. Staðreyndin er sú að svonefnt misvægi atkvæða er alls staðar til í flestum þjóðríkjum, þó ekki alveg öllum en flestum, og á margvíslegum alþjóðlegum vettvangi og þykir ekki bera vott um skort á vilja manna til að hugsa um mannréttindi.

Hér á landi er það sem menn eru að bregðast við, þ.e. misvægið, auðvitað fyrir hendi og fyrir því eru sjónarmið að það þurfi að breytast og að til séu ákveðin mörk sem menn telja viðunandi að misvægið sé innan en stundum telja menn það óviðunandi ef misvægið fer yfir tiltekin mörk.

En vandamálið í íslensku þjóðfélagi er ekki misvægi atkvæða. Það eru engin vandamál hér á þessu svæði sem talin eru orsakast af minna vægi atkvæða. Meðaltekjur eru hærri en á landsvæðinu utan höfuðborgarsvæðisins, það er fjölbreyttari atvinna, það er fólksfjölgun o.s.frv. Það knýja því engin efnahagsleg vandamál á um breytingar og engin vandamál leiða af þessu svokallaða misvægi sem hægt er að nota til að færa rök fyrir breytingum.

Hins vegar er margvíslegt óhagræði, efnahgslegt og annað, sem fólk líður fyrir á landsbyggðinni vegna þeirra leikreglna sem menn hafa sett og knýja á um að sé breytt. En til þess að það sé gert á ekki að rýra hlut manna á löggjafarþinginu eða veikja stöðu þeirra til að sækja á um breytingar. Menn eru því að bregðast við hlut sem ekki er vandamál en láta kyrrt liggja það atriði sem er vandamál.

[17:41]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú finnst mér þingmaðurinn gera einmitt það sem ég var að nefna í ræðu minni áðan, þ.e. blanda saman tveimur málum sem eru auðvitað ekki óskyld en þurfa ekki að hafa áhrif hvort á annað. Mér finnst hann vera að gera allt of mikið úr hlutverki þingsins. Þó að þingið hafi ákveðin áhrif og setji lög þá ræður það ekki öllu um mótun samfélagsins. Þingið stjórnar ekki atvinnulífinu í landinu. (**Gripið fram í:** Þingið setur lög.) Það er ekki þingið sem ákeður tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, þó það geti reyndar haft ákveðin áhrif á hana.

Það er verið að blanda saman tveimur hlutum, annars vegar þeirri þjóðfélagsþróun sem er að eiga sér stað og m.a. felst í því að fólk flytur úr dreifbýli í þéttbýli, og hins vegar því hvernig fólk velur sér fulltrúa. Það er alveg skýrt í mínum huga að meiri hluti þjóðarinnar á að velja sér meiri hluta fulltrúanna. Þetta er spurning um það að fólk velji sér fulltrúa.

Mér finnst hv. þingmenn hafa mikla ofurtrú á því hvað Alþingi geti gert til þess að breyta þeirri þjóðfélagsþróun sem á sér stað og hefur átt sér stað gríðarlega lengi, eins og ég benti á í ræðu minni áðan. Við erum að tala um áratuga breytingar, breytingar á byggðaþróun sem eiga sér miklu dýpri rætur og hafa meira að gera með tæknibreytingar og þróun atvinnulífsins en nokkrar þær ákvarðanir sem teknar hafa verið á Alþingi. Enda má segja að ef við horfum aftur til tíma Jónasar frá Hriflu t.d. þegar menn voru að reyna að stöðva þróunina þá, að það er alveg sama hvað hefur verið gert, ekkert hefur getað stöðvað þessa þróun. Það hefur kannski tekist að hægja á henni, ég þori ekki að fullyrða það, en löggjafarvaldið ræður sáralitlu um þessa þróun.

[17:44]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna liggur einmitt meginágreiningurinn. Löggjafinn hefur mikil áhrif á þessa þróun, bæði löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið. Það er reynsla manna erlendis og það er líka reynsla manna hérlendis því allan þann tíma sem menn hafa verið að byggja upp íslenskt stjórnkerfi frá 1904 hafa menn byggt upp miðstýrt kerfi sem dregið hefur alla þætti til sín. Alþingi leikur lykilhlutverk í því að setja leikreglurnar í íslensku þjóðfélagi. Menn hafa skapað það þjóðfélag að meira að segja Hæstiréttur, sem á að vera hæstiréttur allra Íslendinga, leyfir sér að komast að þeirri niðurstöðu að það megi ekki flytja opinberar stofnanir út fyrir sveitarfélagið Reykjavík þó að engin lög séu til í Lagasafni Íslands sem Hæstiréttur getur stuðst við til að komast að þeirri niðurstöðu. Þessi dómur Hæstaréttar endurspeglar það viðhorf sem ríkir í embættismannageiranum og honum opinbera geira í Reykjavík og það er þetta sem við erum að glíma við. Þróunin er ekkert náttúrulögmál. Þetta er afleiðing af mannanna verkum.

[17:45]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað rétt hjá þingmanninum. Þetta eru mannanna verk og stjórnskipan okkar og þjóðfélag eru auðvitað fyrst og fremst mannanna verk og þess vegna er hægt að breyta því. En ég held að það sé ekki löggjöfin og framkvæmdarvaldið sem veldur þar mestu um. Ég hugsa að t.d. tilkoma véla í báta í byrjun aldarinnar hafi breytt miklu meiru en nokkur einasta löggjöf sem sett hefur verið á Alþingi, jafnvel tryggingalöggjöfin, sem er nú með því merkasta sem hefur verið tekið upp.

Mér finnst því að hv. þm. séu að gera allt of mikið úr hlutverki löggjafarvaldsins og hlutverki þingmanna enda eins og ég nefndi þá halda þessar breytingar áfram hvað sem menn hafa verið að reyna að gera. Hæstiréttur felldi þann dóm að ráðherra hefði ekki lagaheimild til þess að flytja þessa ákveðnu stofnun og auðvitað endurspeglar það einhver ákveðin viðhorf í Hæstarétti. En menn mega passa sig á þessum alhæfingum.

[17:46]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnast þau viðbrögð eðlileg sem hafa komið fram á landsbyggðinni í þessu máli, þ.e. að tengja umræðuna um misvægi atkvæða við hin mismunandi búsetuskilyrði í landinu. Ég vil leyfa mér að hafa þá skoðun að skilja þau viðbrögð fólks á landsbyggðinni.

Hv. þm. sagði áðan eitthvað á þá leið að löggjafarvaldið hefði ekki vald á byggðaþróuninni með lagasetningu. Að miklu leyti er þetta rétt. En að hinu leytinu vil ég halda því fram að lagasetning Alþingis geti auðvitað skipt mjög miklu máli varðandi byggðaþróun, þó svo að það sé fjarri því að það sé kannski afgerandi þáttur eða skipti mestu máli. En t.d. setning fjárlaga hlýtur að skipta máli og fjölmargra annarra laga sem Alþingi samþykkir og getur haft vítæk áhrif á byggðaþróun. Það er skoðun mín. Hins vegar tek ég fram að auðvitað eru fjölmargir aðrir samverkandi þættir sem hafa þarna mikil áhrif og ég held að við séum sammála um það.

En ég vildi koma inn í umræðuna með því að leggja áherslu á þá skoðun mína að lagasetning á Alþingi getur skipt miklu máli í þessum efnum. Alþingi á auðvitað að skapa almenn skilyrði líkt og — af því það er tekið hér dæmi af atvinnulífinu — þá á auðvitað að skapa almenn skilyrði þó svo að hið opinbera eigi kannski ekki að vera að standa mikið í atvinnustarfsemi beint. En það sama gildir í þessu. Ég tel að löggjafinn eigi að tryggja eins og hægt er að fólk alls staðar á landinu búi við svipaðar búsetuaðstæður.

[17:48]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er hjartanlega sammála þingmanninum um að það er auðvitað hlutverk löggjafans að tryggja sem jafnasta stöðu allra íbúa landsins og ég get tekið undir það að lagasetning getur haft mjög mikið að segja. Ég nefndi áðan almannatryggingarnar. Það hefur verið svo í samfélagi okkar að samgöngur hafa að mestu leyti verið á höndum hins opinbera. Þær hafa mikið að segja fyrir búsetuskilyrði og við getum eflaust nefnt fleiri slíka þætti.

En það sem ég er fyrst og fremst að reyna að segja er að mér finnst að menn séu að blanda þeirri byggðaþróun, sem hefur hér átt sér stað og á sér að mínum dómi miklu dýpri rætur í þjóðfélagsbreytingum og tæknibreytingum en flestu öðru, saman við rétt fólks til að kjósa sér fulltrúa. Menn virðast trúa því að ef landsbyggðin heldur einhverjum ákveðnum fjölda þingmanna eða ef þeim fækkar ekki eða þeir verði ekki færðir til eða eitthvað slíkt bæti það að einhverju leyti aðstöðu landsbyggðarinnar til þess að breyta þessari þróun. Ég er ekki sammála því.

Ég vísa þar til áratugareynslu. Ég nefndi áðan Jónas frá Hriflu og aðgerðir stjórnar hans. Stofnaðir voru sjóðir og nýbýlastyrkir og skólar voru byggðir úti um allt land. Síðasta áratug var stofnuð Framkvæmdastofnun og við höfum Byggðastofnun og við getum talið endalaust upp aðgerðir sem menn hafa reynt að grípa til hér á landi. Þegar horft er á línuritið yfir byggðaþróunina er þetta bara jafnt og þétt, sama hvað gert er. Kannski hefur verið hægt að hægja eitthvað á, erfitt er að fullyrða um það, kannski hefur eitthvað verið hægt á. En það sem ég er að reyna að segja er að þarna eru bara aðrir þættir sem eru sterkari í þessari þróun og skipta meira máli en aðgerðir löggjafans.

[17:51]

Útbýting þingskjals:

Utanhússviðgerðir á Sjómannaskólahúsinu í Reykjavík, 517. mál, fsp. GHall, þskj. 831.

[17:51]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þegar komið er að lokum 2. umr. um þetta stærsta mál þessa vetrar, sem mun hafa mjög mikil áhrif á margt í landinu vil ég segja örfá orð. Auðvitað er maður ekki fullkomlega sáttur við það mál sem fyrir liggur. Ég geri mér þó grein fyrir því að hér er samkomulag sem hefur náðst á milli stjórnmálaflokkanna sem verður í litlu breytt þó það kunni svo að fara eftir næstu alþingiskosningar að menn muni skoða þetta mál frekar.

Hér hefur það verið svo, á milli þess sem mikið hefur verið rætt í umræðu höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar, að það hefur verið orðin nokkuð jöfn skipting á milli þingmanna eða 31 kosinn í Reykjavík og Reykjanesi en 32 úti á landi. Þess vegna er það nú kannski svo, þegar ég lít til baka yfir þá vinnu sem hér hefur farið fram, að mér finnst að þar höfum við, þeir sem hafa viljað halda fram hag landsbyggðarinnar, ekki gáð nógu vel að sér vegna þeirrar nefndar sem skipuð var. Hún er að mestu skipuð fólki sem býr hér á þessu svæði og hefur verið kjörið hér árum saman.

Ég nefni þetta fólk, þar fór fyrir liði Friðrik Sophusson og þar hafa setið í nefndinni hv. þm. Geir H. Haarde, Valgerður Sverrisdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Svavar Gestsson, Guðný Guðbjörnsdóttir. Allir þessir þingmenn koma af þessu svæði nema hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Þarna hefði þurft að vera jafnari skipting á milli þeirra átaka sem hafa verið ljósust í umræðunni um málið þannig að sterkari sjónarmið hefðu þurft að koma fram.

Hér hefur því verið velt fyrir sér: Hvað er lýðræði, hvað eru lýðréttindi? Er það bara lýðræði að jafna kosningarrétt? Er það eini lýðræðisrétturinn sem fólk á að jafna kosningarrétt? Ég geri mér grein fyrir því að menn urðu að stíga skref í þessu efni en við getum velt fyrir okkur hvað er lýðræði, hvað er lýðræðisréttur.

Í orðabók segir að lýðræðisréttindi séu réttindi almennings, almenn þegnréttindi. „Lýðræði, stjórnarfar þar sem almenningur getur með (leynilegum) kosningum haft úrslitavald í stjórnarfarsefnum; réttur og aðstaða einstaklinga og hópa til að láta í ljós vilja sinn og hafa áhrif á öll samfélagsleg málefni.“ Við skulum velta því fyrir okkur smástund:

Eru allir Íslendingar jafnir gagnvart þessum miklu réttindum? Stöndum við jafnt að vígi hvað þau varðar? Ég spyr: Eru það lýðréttindi, eru það mannréttindi að geta á einu korteri skotist niður í Alþingishús og hitt þar flesta ráðamenn þessarar þjóða, haft áhrif á þá, kostað ekki krónu til? Eru það lýðréttindi að geta á einu korteri skroppið niður í háskóla, stundað þar nám eða hitt fólkið sem er þar? Eru það lýðréttindi að geta á einu korteri farið í hvert einasta ráðuneyti þar sem völdin liggja, þar sem sterkustu völdin liggja?

Ég vil vekja athygli á því að Alþingi Íslendinga kostar ekki fjárhagslega meira en svo að það er jafndýrt í rekstri og yngsta ráðuneytið, umhvrn. sjálft. Það eru ekki meiri peningar lagðir í það mikla lýðræði sem Alþingi á að fylgja en sem nemur umhvrn. einu.

Eru það lýðréttindi og mannréttindi að geta á einu korteri skroppið niður á Borgarspítala eða Landspítala og þannig má áfram telja?

Auðvitað er það svo að þeir sem búa hér búa við mikil mannréttindi, mikil lýðréttindi, þeir geta haft mikil áhrif á þá menn sem með mest völd fara. Og ég segi hér úr þessum ræðustól, sem betur fer þá er það svo að það eru margir fleiri menn og þeir skipta hundruðum sem fara með miklu meiri völd en alþingismaðurinn. Það eru margir valdamenn á þessum bletti hér á höfuðborgarsvæðinu. Þeir hafa verið staðsettir af mannavöldum, hugsun þeirra hefur í mörgum tilfellum í seinni tíð miðast við Ártúnsbrekkur, teygjast núna kannski aðeins í Kjósina, teygjast núna kannski aðeins upp í Kjós. (**Gripið fram í:** En útgerðarmennirnir í Vestmannaeyjum og á Akureyri?) Auðvitað eigum við sem betur fer sterka útgerðarmenn og við eigum sterka valdamenn á landsbyggðinni í gegnum atvinnulífið.

En við búum við þá aðstöðu þar að við verðum að velta fyrir okkur við þessar miklu breytingar hvaða áhrif hefur sú kjördæmaskipan sem við erum nú að festa í sessi, á mannréttindi, á aðstöðu manna til að þekkja og hafa náin kynni af þeim mönnum sem munu sitja hér í framtíðinni. Erum við að taka þau mannréttindi af alþingismönnum með þessari breytingu að þeir geti sinnt starfi sínu sem þeir hafa tamið sér margir hverjir og þeim ber að gera? Þessu öllu velti ég fyrir mér og ég sé að við erum með landfræðilega geggjun í stærð kjördæmanna.

Allir sjá það á þessari mynd að Norðausturkjördæmið er slík landfræðileg stærð að mjög erfitt verður að sinna þeim mannlegu tengslum sem flestir þeir núverandi þingmenn sem þar hafa starfað hafa tamið sér. Sama má segja um Norðvesturkjördæmið. Ég segi Suðvesturkjördæmið, sem ég kem úr og bætist við Suðurnesin, að það raskar ekki svo mjög stöðu okkar. En ég býst við því að þessari breytingu muni t.d. fylgja að það komi samgöngubót, suðurstrandarvegur, sem mun hafa áhrif til bóta hvað þetta varðar. Þó ég líti ekki á hann sem þingmannaveg er hann vegur til þess að sinna því mikilvæga hlutverki sem kjördæmin hafa haft og hér hefur komið fram í dag og hefur verið sagt af fleirum en mér, að þau hafa auðvitað byggt sig upp í félagslegum tilgangi, þau hafa haft samvinnu um mörg málefni og á 40 árum hafa þau þróast í ákveðna átt og eru nokkurs konar hagsældarumdæmi.

Ég vil líka vekja athygli á því að löngu er búið að jafna atkvæðavægi á milli flokka. Það er t.d. ljóst að á þessu kjörtímabili eru flest atkvæði á bak við hvern þingmann Framsfl. Hvað þetta varðar hefði hann átt næsta mann inni í síðustu kosningum ef ég man rétt.

Ég tel að inn á Alþingi Íslendinga séum við að kjósa menn til að sinna ákveðnum skyldum, skyldum við fólk, ég tek undir það. Þær eru ekki bara við fjöll og dali, þær eru við fólk, frá þingmanni til fólks og að hann sé það lýðræðislega og félagslega sinnaður að hann komist ekki upp með að verða eins og blóm í glugga sem þróast í eina átt sé því ekki snúið. Sem enginn hefur áhuga á að hafa samband við og hann hefur ekki áhuga á því að hafa samband við neinn. Því miður óttast ég samt að þróunin geti orðið sú að hér verði þverslaufumenn í vaxandi mæli sem telja sig búna til þess að hafa vit á öllum hlutum án þess að þurfa að sækja vald eða umboð til eins eða neins.

Ég óttast líka að sú stund fylgi breytingunni að það verði svo að peningar og auglýsingaskrum og jafnvel auglýsingastofur muni héðan í frá ráða meiru um það hverjir sitji á þingi í framtíðinni. Við sjáum þessa þróun fyrir okkur í stóru kjördæmunum. Þessi stóru landsbyggðakjördæmi verða þessu lík, það verða peningar, það verða auglýsingastofur sem munu hafa meiri áhrif héðan í frá.

Hér hafa menn rætt mikið um lýðræði. Menn samfylkingarinnar, sem telja sig orðið einn flokk, hafa farið fremstir í fylkingu og talið að vægi atkvæða sé hið brennandi mál. Hvernig hafa þeir farið að í prófkjörunum sínum? Er það lýðræði eða jafnt vægi atkvæða? Þeir hafa setið mánuðum saman á ryðbrunnum stólum við að finna út hvernig eigi að setja girðingar, hvernig eigi að búa til hólf, hvernig eigi að taka mannréttindi af einum og bæta öðrum þau upp. Síðan hafa þessar kosningar farið þannig að maðurinn sem lenti í tíunda sæti er kominn upp í þriðja og maðurinn sem lenti í þriðja er kominn í fimmta og þannig hefur þessi lýðræðislega fylking útdeilt réttlætinu og látið sig lítt varða vægi atkvæða en þykist svo vera einn flokkur þegar upp er staðið. (Gripið fram í.) Þannig hefur þetta þróast í þessum nýju samtökum samfylkingarinnar sem segist bjóða fram sterkasta afl í næstu kosningum. Þetta var lýðræði þeirra prófkjara og þannig skiptu þeir með sér þessum miklu mannréttindum sem þeir tala um að þurfi að viðhafa.

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvað ég á að lengja mál mitt. Við hefðum auðvitað getað átt ýmsa aðra möguleika. Hér hafa hv. þingmenn minnst á landið sem eitt kjördæmi. Ég er ávallt hræddur við eitt vald og flokksræðið hefur reynst illa í hvaða landi sem það hefur fengið að þróast og dafna. Flokksræðið má aldrei ríða lýðræðinu að fullu. Það er nú svo að með landið sem eitt kjördæmi óttast ég að það verði vald flokksræðisins að ákveða hverjir sitja á Alþingi Íslendinga. Þess vegna sé ég ekki landið fyrir mér sem eitt kjördæmi.

Auðvitað tek ég undir það með mörgum hv. þingmönnum að mér finnst að hægt hefði verið að skoða marga möguleika til viðbótar og þeir verða auðvitað skoðaðir í framtíðinni og það eru þeir möguleikar sem margar lýðræðisþjóðir hafa farið að fólk eigi ekki bara þess kost að kjósa flokk heldur geti það jafnframt kosið menn og kosið sér menn af öðrum lista en þeir velja sér flokk þannig að það eru margar leiðir sem hefði verið hægt að fara í þessum efnum. Svo hefðum við líka getað velt þeirri leið fyrir okkur að að kjósa einhvern hluta þingmanna af landslista, aðra úr kjördæmum o.s.frv. Við hefðum líka getað velt því fyrir okkur hvort réttara væri að skipta málstofunni aftur upp í tvær. Ég þekkti gömlu efri deild. Ég man eftir hagræðingartalinu og hinum markvissu vinnubrögðum sem áttu að fylgja Alþingi í einni

deild. Þegar ég með framsóknarminni mínu hugsa aftur í tímann finnst mér stundum síðan þessi breyting varð séu færri alþingismenn að störfum í þessu húsi en áður var.

Mér finnst líka stundum þegar ég hugsa til baka að ráðherravaldið, framkvæmdarvaldið, að hæstv. ráðherrar hafi sterkari tök til að ryðja málum sínum áfram eftir að þingið varð ein málstofa. Enginn vafi er að það var oft svo að síðari deildin fann ýmislegt í málum sem hafði yfirsést í hinni deildinni o.s.frv. Þetta var því ekki alls kostar slæmt lýðræði. En ég geri mér grein fyrir því að eftir breytinguna hefur þingið verið að þróast og ég er sannfærður um að með breytingum á þingsköpum sem rætt er um í frv., ef það nær fram að ganga, á það eftir að styrkja Alþingi eins og það er og ég tel mjög mikilvægt að það verði gert.

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að við erum að komast að leiðarlokum í þessu máli og hér liggur fyrir ákveðin pólitísk niðurstaða. Mér finnst að vísu að hún sé ekki fullhugsuð, hún sé lest á leið sem er ekki gott að segja hvar endar en ég geri mér grein fyrir því að á þessu munu verða breytingar á næstu árum. Ég mun auðvitað styðja þetta mál eins og það stendur hér en hef vakið máls á því að ég hefði viljað sjá þessa vinnu fara dálítið öðruvísi fram, að fleiri sjónarmið fengju að koma fram og að við höfum ekki grandskoðað í þessari vinnu mikilvægar lýðræðisleiðir sem margar aðrar þjóðir, sem við ættum að taka okkur til fyrirmyndar, hafa farið. Ég trúi því að ný kynslóð alþingismanna muni taka þetta mál upp og skoða það með nýjum hætti.

[18:08]

Útbýting þingskjals:

Ofbeldi gegn gömlu fólki, 518. mál, fsp. KÁ, þskj. 832.

[18:09]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú umræða sem hefur átt sér stað í dag hefur að mörgu leyti verið býsna gagnleg en að öðru leyti dálítið sérkennileg eins og fram kom í ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar áðan. Ætla mætti af málflutningi hans að það væri samfylking jafnaðarmanna sem bæri þetta mál inn á hið háa Alþingi en ekki að fyrstu tveir flutningsmenn frv. væru annars vegar hæstv. forsrh. og hins vegar hæstv. utanrrh., sem hv. þm. styður til stjórnarsetu, og þingflokksformaður Framsfl. sem væri talsmaður þessa máls. Þetta segi ég bara til ábendingar.

Það er líka dálítið merkilegt að heyra þær athugasemdir og gagnrýnisraddir sem fram hafa komið í dag og þá sérstaklega af hálfu stjórnarþingmanna þar sem þeir hafa fundið þessu frv. ýmislegt til foráttu. Minna hefur farið fyrir því að fram kæmu hjá þeim uppbyggilegar ábendingar og tillögur um aðrar og skynsamlegri leiðir. Það er nákvæmlega það sem hefur vantað inn í umræðuna.

Ég sagði í morgun að vissulega væru þarna inni atriði sem gætu verið skiptar skoðanir um þvert á flokka og stjórnmálasamtök en hins vegar kallaði ég þá eftir öðrum skynsamlegri leiðum því að kjarni málsins er sá og það hygg ég að allir séu sammála um að við það misvægi atkvæða sem við búum núna verður ekki búið að óbreyttu. Hvort menn vilja kalla það mannréttindabrot eða eitthvað allt annað, þá er það bara veruleiki málsins.

Síðan hafa ýmsir stjórnarþingmenn eins og gripið guð í fótinn þegar þeir ræða um prófkjör samfylkingar og rætt þar mikið um hólfun og mismunun af hálfu frambjóðenda þar á bæ. Það kann vel að vera. Lengi má böl bæta með því að benda á annað verra en ég lýsi hins vegar þeirri skoðun minni að það er auðvitað ekki skynsamleg leið en hún er þó miklum mun skárri og eitthvað veigaþyngri þegar lýðræði er annars vegar en það að nokkrir framsóknarmenn á Selfossi hittist og skipi mönnum sínum í réttar raðir eins og gerðist í heimasveit hv. þm. Guðna Ágústssonar.

[18:11]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil segja við hv. 9. þm. Reykn. að ég velti vöngum yfir mörgum málefnalegum leiðum sem ég saknaði að hefðu ekki verið skoðaðar og taldi mér trú um að kynslóð nýrra þingmanna mundi íhuga verulega. Ég minntist að vísu á lýðræði samfylkingarinnar. Ég gerði grein fyrir því í upphafi að hér væri pólitísk niðurstaða sem allir flokkar stæðu að þannig að ég var ekki að eigna einum eða neinum þetta mál enda mun ég styðja málið. Ég var fyrst og fremst að minnast á hvernig lýðræðið þróaðist hjá þessum nýja stjórnmálaflokki þegar færi fram prófkjör. Prófkjör er auðvitað aðferð. Ég vil segja um það sem hv. þm. sagði um val framsóknarmanna á Suðurlandi, þeir eiga sér lýðræði, þeir eiga sér fulltrúa, þeir halda kjördæmisþing sitt, við kölluðum saman aðal- og varafulltrúa til þingsins og þeir ákváðu með lýðræðislegum hætti hvernig framboðslistinn yrði skipaður. Það var ekkert þröng klíka.

Ég minnti á það áðan að peningar ráða miklu í prófkjörum og mér býður í grun að hv. 9. þm. Reykn., jafnhæfur og hann er, sæti kannski ofar á listanum ef hann ætti aðeins meiri peninga.

[18:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi almenna umræða um prófkjör sem leið eða aðferð til þess að velja á framboðslista. Prófkjör er vitaskuld ekki allra meina bót og á þeim eru stórir gallar, ýmsir sem þegar hefur verið bent á og enn aðrir sem hafa hér legið í þagnargildi. En á meðan menn hafa ekki orðið sammála um að grípa til annarra sambærilegra leiða og þá meðal þeirra sem voru skoðaðir í þessum nefndum sem um þetta mál hafa fjallað, að fara með prófkjörin að miklu eða litlu leyti inn í kjörklefann sjálfan er þetta samt sem áður vafalaust skásta leiðin. Og með fullri virðingu fyrir tugum eða jafnvel hundruðum framsóknarmanna á Suðurlandi, vil ég minna á að þrátt fyrir allt voru þetta á bilinu 10–12 þúsund stuðningsmenn samfylkingar annars vegar í Reykjavík og hins vegar á Reykjanesi sem komu að skipan þessa lista. Auðvitað er það styrkur í sjálfu sér, styrkur sem endurspeglast síðan í snarhasti og um leið í stórauknu fylgi þessarar sömu samfylkingar og ætli það sé ekki meginástæðan fyrir þeim pirringi sem maður verður svo áþreifanlega var við í umræðunni.

Hins vegar gengst ég við því og geri það beinn í baki að jafnaðarmenn standa heils hugar einfaldlega að baki þessari tillögu, þessari réttarbót í kjördæmamálinu og eru ekkert á flótta hingað og þangað í því máli og munu, alveg eins og þeir hafa gert í upphafi þessarar vinnu, standa pligt sína og ljúka þessu máli á farsælan og viðunandi hátt. Það er kannski spurning hvort aðrir stjórnmálaflokkar mættu ekki hugsa sinn gang í þeim efnum og hætta þessu flökti fram og til baka og standa pligt sína hér eins og samkomulag hafði náðst um.

[18:15]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég minntist talsvert í minni ræðu áðan á það lýðræði að fólk fengi að kjósa sér flokk og fólk fengi í lýðræðislegum kosningum að velja sér frambjóðendur, jafnvel úr öðrum flokkum, í kjörklefa. Ég hef alltaf verið hrifinn af því fyrirkomulagi.

Hv. 9. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, sagði að þúsundir stuðningsmanna samfylkingarinnar hefðu flykkst til þess að velja sér fulltrúa. Ég ætla nú ekki að leggja höfuðið að veði en mér býður í grun að stór hópur þessa fólks sé jafnvel úr öðrum flokkum.

Ég kannast við gamlar konur og gamla menn og unglinga sem eru að fá kosningarrétt sem höfðu ekki nokkurn frið. Ég kom í hús hérna á Reykjavíkursvæðinu þegar þessar óskapa náttúruhamfarir geisuðu. Það var hringt í einn ungling fimm sinnum meðan ég var staddur þar og hann beðinn um að taka þátt í þessu. Ég ætla því að þegar upp verður staðið og til kosninga kemur þá hafi bæði Framsfl. og Sjálfstfl. átt verulega hópa sem töldu það réttindi sín að fara í þetta prófkjör og fengu ekki frið til annars, voru hreinlega bara með áróðri dregin á kjörstað.

Og sannleikurinn er nú sá að þessi prófkjör, opnu prófkjör, hafa verið að þróast þannig að margir telja það hluta af sínum mannréttindum að fara og velja sinn þingmann fyrir þessa fylkingu. Þetta er auðvitað gat í lýðræðinu líka því að hvers vegna eiga framsóknarmenn og sjálfstæðismenn að ráða úrslitum í prófkjöri samfylkingarinnar á Reykjanesi eða Reykjavík? Það er óásættanlegt brot á lýðræði þegar flokksbundnir menn og menn sem ætla ekkert að styðja þessa fylkingu eru í rauninni píndir þangað, bæði með auglýsingaskrumi (Gripið fram í.) og ekki síður (Gripið fram í.) með áróðri sem gengur.

Hæstv. forseti. Margir sem fóru og tóku þátt í prófkjöri samfylkingarinnar og skoðanakönnun munu kjósa hina gömlu, góðu og traustu flokka.

[18:17]

Frsm. stjórnarskrárn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að segja örfá orð í lok umræðunnar sem frsm. nál. og þakka þessa umræðu sem hefur verið málefnaleg. Ég hef alltaf gert mér góða grein fyrir því að þetta mál er ekki hafið yfir gagnrýni. Ég vil hins vegar vara menn svolítið við því að halda því fram að málið hefði litið einhvern veginn allt öðruvísi út en raun ber vitni ef aðrir hefðu setið í nefndinni. Ég vil a.m.k. fá að fullyrða það hérna að nefndarmenn lögðu sig mjög fram um að ná samkomulagi um tillögu sem ætti möguleika á að verða samþykkt á hv. Alþingi.

Þingflokkar fengu að fylgjast með málinu eins og mögulegt var og þess vegna átti engum að koma á óvart hver niðurstaðan varð. Það sem þingmönnum þykir erfiðast að sætta sig við, eða ég met umræðuna þannig, eru breytingarnar á kjördæmamörkunum og stækkun landsbyggðarkjördæmanna og jafnvel einnig það að Reykjavík verði tvö kjördæmi. Austurlandskjördæmið hefur ekki síst verið til umræðu hvað þetta varðar og hversu stórt það verður landfræðilega. En það er þó þannig að þingmenn nýja Norðausturkjördæmisins verða jafnmargir og þingmenn Norðurl. e. og Austurlands þannig að að því leyti til get ég ekki alveg fallist á það að eins mikil breyting verði og margir vilja vera láta. Ég segi fyrir mig, sem kem úr Norðurl. e., að ég bókstaflega hlakka til þess að fá að takast á við verkefni á Austurlandi líka, ef ég sit þá á Alþingi þegar þar að kemur.

Það hefur verið talað um að það þurfi að mæta aukinni ábyrgð og aukinni vinnu þingmanna í landsbyggðarkjördæmunum með aðstoð við þá og því er ég eindregið fylgjandi. Ég vil einnig minnast á það sem hefur verið nefnt hér af hv. þm., að hugsanleg breyting á þingskapalögum og betri skipulagning á störfum hér á hv. Alþingi ætti að geta hjálpað okkur hvað þetta varðar þannig að þingmenn hafi meiri tíma í sínum kjördæmum. Það held ég að sé algjört grundvallaratriði.

Umræður um breytingar sem urðu á kjördæmaskipan árið 1959 voru mjög miklar og það var mikil harka í þeim umræðum og fróðlegt er að lesa þær umræður, enda var sú breyting mjög róttæk þar sem breytt var úr 27 í átta kjördæmi. Ég vil taka undir það sem hefur komið hér fram að auðvitað eiga þingmenn að líta á sig sem þingmenn landsins alls. En það sem gerir það mikilvægt að mínu mati að halda áfram með kjördæmi en fara ekki yfir í það fyrirkomulag sem sumir hafa talað fyrir, að landið verði eitt kjördæmi, er að með því móti hafa þingmenn tækifæri til þess að þekkja betur til en ella væri. Og eins það að kjördæmin eru sjálfstæð hvað varðar t.d. uppstillingu á lista og þar er virkt lýðræði sem ræður því hvernig skipast á listana. Auðvitað má deila um það hvaða aðferðir eru bestar og það hefur komið hér mjög inn í umræðuna að ekki eru allir hrifnir af prófkjörum eins og þau hafa verið framkvæmd. Það er réttur hvers flokks fyrir sig og hvers kjördæmis fyrir sig að ákveða hvaða aðferð er viðhöfð við uppröðun.

En hvers vegna erum við svo að þessu öllu saman? Ástæðan hlýtur að vera sú m.a. að stjórnmálaflokkarnir hafa ályktað um að þeir vilji breyta kosningalögum og eru þær ályktanir í sjálfu sér svolítið mismunandi milli flokkanna. En almennt ályktar flokkarnir í þá átt að vilja minnka þetta misvægi. Það varð kveikjan að því að farið var út í breytingarnar sem síðan leiddu það af sér að það að ná niður misvæginu, þýddi að okkar mati að ekki var önnur leið fær en að stækka kjördæmin, miðað við það að þingmenn væru það margir í landsbyggðarkjördæmunum að allir flokkar, við skulum segja u.þ.b. 15% flokkar, ættu möguleika á að fá þingmenn kjörna.

Byggðaþróun hefur mjög komið inn í þessa umræðu og ég get í sjálfu sér tekið undir það að ekki er hægt að fullyrða um það að ef kjördæmin væru öðruvísi, ef aldrei hefði átt sér stað þessi breyting árið 1959 o.s.frv., að þá hefði byggðaþróun orðið önnur en raun ber vitni. Enginn veit neitt um það. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hægt sé að hafa áhrif á byggðaþróun, einhver áhrif með fjármagni. Og það höfum við lagt okkur fram um í þessu ríkisstjórnarsamstarfi að auka fjármagn t.d. vegna námskostnaðar ungs fólks á landsbyggðinni og eins að hækka styrki vegna húshitunarkostnaðar. Þetta er viðleitni í þá átt að gera búsetu á landsbyggðinni betri og gera hana þannig að fólk flytji síður hingað á suðvesturhornið.

Mér finnst að við þurfum að vara okkur dálítið þegar við tölum um aðstæður á landsbyggðinni að mála ekki hlutina of sterkum litum. Mér finnst varhugavert að tala um þetta eins og allir hafi það afleitt á landsbyggðinni því að svo er alls ekki, þó að þar mætti margt betur fara. Mér finnst líka að við verðum að gæta þess að tala ekki þannig um landsbyggðina og landsbyggðarkjördæmin að þar séu fyrst og fremst vandamál að fást við. Það er margt sem gengur

mjög vel og margir eru ákaflega hamingjusamir sem þar búa og geta alls ekki hugsað sér að flytja í fjölmenni.

Þess vegna vil ég hafa það mín síðustu orð að mér finnst það nokkuð mikil ábyrgð að tala þannig um landsbyggðina og aðstæður manna þar eins og þær séu mjög slæmar, því að það er alls ekki þannig. Mjög margt jákvætt hefur verið að gerast þar. Ég vil kannski sérstaklega nefna heilsugæsluna, hvernig hún hefur verið byggð myndarlega upp um allt land. Það var pólitísk ákvörðun á sínum tíma og skipti miklu máli. Síðan er það annað mál að það hefur ekki tekist nægilega vel að fá lækna. Ég ætla ekki að fara nánar út í það. Eins held ég að því megi halda því fram að skólakerfið almennt sé gott og það fari batnandi með hverjum áratug og hverju ári sem líður.

Ég þakka þessa ágætu umræðu og þakka þeim sem störfuðu með mér í nefndinni. Þó að við séum ekki að gera málið að lögum núna þá er mestu af vinnunni lokið og ég vil þakka kærlega fyrir ákaflega gott samstarf í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkislögmaður, 1. umr.

Stjfrv., 476. mál (yfirstjórn). — Þskj. 781.

[18:26]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann, er rétt þykir að flytja í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að færa yfirstjórn embættis ríkislögmanns frá fjmrn. til forsrn.

Embætti ríkislögmanns var formlega stofnað með lögum nr. 51 frá 24. júní 1985. Samkvæmt þeim er hlutverk embættisins þríþætt. Í fyrsta lagi að reka einkamál fyrir dómstólum. Í öðru lagi að fjalla um bótakröfur á hendur ríkissjóði og í þriðja lagi að semja álitsgerðir og veita aðstoð við vandasama samningsgerð eftir ósk einstakra ráðherra.

Að því er rekstur dómsmála varðar fer eftir atvikum hverju sinni, hvaða ráðherra eða ráðherrar eru í fyrirsvari fyrir ríkisvaldið í einstökum málum. Embætti ríkislögmanns sækir fyrirmæli um rekstur máls til þess ráðherra, sem hverju sinni er í fyrirsvari fyrir ríkisvaldið. Með sama hætti er embættinu skylt að semja álitsgerð fyrir hvern þann ráðherra, sem hverju sinni óskar lögfræðilegrar álitsgerðar um tiltekið mál sem undir hann heyrir.

Samkvæmt þessu má ljóst vera, að embætti ríkislögmanns er lögmannsskrifstofa í einkamálum fyrir Stjórnarráð Íslands í heild. Það er þannig í raun þjónustustofnun allra ráðuneytanna. Með vísan til þessa er eðlilegt að embættið heyri undir forsætisráðherra og beri undir forsætisráðuneyti, sem fer með mál er varða Stjórnarráð Íslands í heild, en vistun embættisins hjá fjármálaráðuneyti á sér fyrst og fremst þær sögulegu skýringar, að málarekstur æðstu stjórnar ríkisins í einkamálum hafði um árabil verið að stórum hluta falinn sérstökum málflutningsmönnum, sem störfuðu innan fjármálaráðuneytis.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn.

[18:27]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hér sé um mjög eðlilega breytingu að ræða og tek undir þau rök sem hæstv. forsrh. flutti fyrir máli sínu. Mig langaði bara til að spyrja: Hvaða skýring er á því að embætti ríkislögmanns var á sínum tíma sett undir fjmrn.? Er hæstv. forsrh. kunnugt um hvort það lá eitthvert ákveðið mál að baki eða hvaða skýring er á þessu?

[18:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi nú aðeins hinar sögulegu skýringar áðan, að það kom í hlut lögfræðinga er störfuðu flestir innan fjmrn. að taka að sér málatilbúnað af hálfu ríkisvaldsins, og þróuðust málin þannig að lögfræðingar sem sáu um lögfræðilega samningagerð og þess háttar, fjármálalega samningagerð fyrir fjmrn., nýttust til þessara hluta áður en umsvifin jukust. En þegar fram í sótti varð ljóst að fleiri ráðuneyti komu að málum heldur en fjmrn. eitt. Það er jafnan svo þegar um fjárskuldbindingar er að ræða eða skaðabótakröfur eða þess háttar að þá er fjmrh. jafnan stefnt þó einnig sé stefnt þeim ráðuneytum sem í hlut eiga. En við þær aðstæður fer samráð ríkislögmannsins fram við það ráðuneyti sem í hlut á en ekki fjmrn. sérstaklega. Þannig hefur þessi þróun orðið og því þykir ríkisstjórninni rétt að færa þetta til með breyttu og vaxandi hlutverki ríkislögmanns fyrir Stjórnarráðið í heild.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 475. mál (aðsetur ríkisstofnana). — Þskj. 780.

[18:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og fleiri lögum. Frv. þetta er samið í tilefni af dómi Hæstaréttar frá 18. desember sl. þar sem ákvörðun umhvrh. um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness var dæmd ólögmæt meðan ráðherrann hafði ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar frá Reykjavík til Akraness. Í dómi þessum sagði að þótt ekki væru bein fyrirmæli í lögum um að ríkisstofnun skyldi hafa aðsetur í Reykjavík yrði ekki talið að það eitt gæfi ráðherra frjálst val um það hvar hún skyldi vera. Síðan sagði svo, með leyfi forseta:

„Vöntun á ákvæðum um þetta í lögum má helst skýra með því að fyrirmæli eru í stjórnarskrá um staðsetningu ráðuneyta. Hafi það verið talið svo sjálfsagt fram á hin síðari ár að stofnanir, sem undir þau heyrðu, hefðu einnig aðsetur í höfuðborginni, að ekki þyrfti að taka það fram í lögum."

Uppruna þess ákvæðis stjórnarskrárinnar sem hinn sérkennilegi rökstuðningur réttarins vísar til má rekja til þeirra breytinga sem gerðar voru á stjórnarskránni um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874 með stjórnarskipunarlögum, nr. 16 frá 1903. Þær breytingar höfðu tvennt að markmiði. Annars vegar að koma á þingræði í landinu þannig að ráðherra Íslands bæri ábyrgð gagnvart Alþingi Íslendinga. Hins vegar að færa aðsetur ráðherrans til Íslands frá Danmörku þannig að þegar sagt er að ráðuneyti skuli eiga stað í Reykjavík, þá er verið að taka fram að það eigi

ekki að vera í Kaupmannahöfn. Til að sú breyting gæti orðið, sem ég nefndi áðan, meðan landið var enn hluti af danska konungsríkinu bar nauðsyn til að færa þau orð í ákvæði hennar að ráðherrann skyldi hafa aðsetur í Reykjavík, en ekki á öðrum stað í ríkinu. Þetta ákvæði hélst óbreytt við breytingar á sömu stjórnarskrá árið 1915 og í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 1920 með því orðalagi, er síðan hefur haldist, en þá var tekið upp orðið ráðuneyti í stað ráðherra, enda voru þeir þá orðnir fleiri en einn, og tiltekið sem fyrr að það hefði aðsetur í Reykjavík.

Þegar virt er tilurð og tilgangur þessa ákvæðis sem Hæstiréttur byggði niðurstöðu sína á vekur nokkra undrun að rétturinn hafi treyst sér til að draga af því svo víðtæka ályktun sem í dóminum greinir. Þvert á móti hefur það sem Hæstiréttur nefnir, með leyfi forseta, „vöntun á ákvæðum í lögum" almennt verið túlkað þannig að löggjafinn eftirláti með því stjórnvöldum að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir um framkvæmdaratriði og innri málefni stjórnsýslunnar sem eru forsenda þess að unnt sé að hrinda lögum í framkvæmd. Þetta hefur verið hin viðtekna meginregla í þessum fræðum, jafnt í okkar réttarkerfi sem og þeim sem það telur helst til skyldleika við svo sem annars staðar á Norðurlöndum. Í samræmi við þessa meginreglu hefur þannig verið talið að það væri á valdi viðkomandi ráðherra að ákveða aðsetur eða staðsetningu stofnunar ef Alþingi hefði ekki tekið sérstaka afstöðu til þess.

Út af fyrir sig vil ég nefna þótt deila megi og deila eigi um dómsniðurstöður ef þær gefa tilefni til þess, þá stendur auðvitað dómurinn og við honum þarf að bregðast. Fordæmisgildi hans má draga saman í tvær setningar: Þegar Alþingi kveður ekki á um aðsetur ríkisstofnana í lögum ber að líta svo á að stofnunin eigi að hafa aðsetur í Reykjavík. Þrátt fyrir að ekki sé kveðið á um aðsetur stofnana í lögum getur ráðherra að óbreyttum lögum ekki tekið ákvörðun um að flytja aðsetur hennar frá Reykjavík. Enda þótt stofnunum ríkisins hafi oftast verið valinn staður í Reykjavík fer margvísleg starfsemi og þjónusta á vegum þess fram utan Reykjavíkur. Dæmi um það eru nefnd í athugasemdum við frv. þetta og auk þeirra má vísa til greinargerðar um staðbundna stjórnsýslu og þjónustu á vegum ríkisins í fylgiskjali með skýrslu þeirri sem ég hef lagt fyrir hið háa Alþingi fyrr á yfirstandandi þingi um kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis.

Í ljósi þeirra fordæmisáhrifa sem ég hef þegar gert grein fyrir tel ég alveg nauðsynlegt að tekinn verði af allur vafi um heimildir ráðherra til að starfrækja ríkisstofnanir utan Reykjavíkur jafnvel þó að ekki væri nema vegna þeirra stofnana sem þegar eru staðsettar utan borgarmarkanna án þess að styðjast við beina heimild í lögum að þessu leyti.

Með frv. þessu er lagt til að í lög verði tekin heimild fyrir ráðherra að ákveða aðsetur ríkisstofnana sem undir ráðuneyti hans heyrir. Ég legg áherslu á að heimild þessi tekur þá einvörðungu til þeirra ríkisstofnana sem Alþingi hefur ekki mælt fyrir um í lögum hvar skuli hafa aðsetur en í opinberri umræðu hefur verið gefið til kynna að til stæði að afnema lagafyrirmæli sem beinlínis kveða á um að stofnun skuli staðsetjast í Reykjavík.

Jafnframt er ástæða til að árétta hér — þetta kemur fram í athugasemdum við 1. gr. frv. — að með stofnun í skilningi ákvæðisins er átt við öll stjórnvöld ríkisins, þ.e. alla þá aðila sem taldir eru til framkvæmdarvalds ríkisins, svo sem ríkisstofnanir, embætti, stjórnsýslunefndir, sjóði, ríkisfyrirtæki o.fl. Jafnframt felst í ákvæðinu í senn heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða að flytja stofnun um set og einnig það sem minna er, að flytja til ákveðnar deildir eða skrifstofur stofnunar. Á hinn bóginn tekur þessi heimild eðlilega ekki til þeirra fyrirtækja í eigu ríkisins sem rekin eru í einkaréttarlegu rekstrarumhverfi, svo sem hlutafélaga og sameignarfélaga.

Þá er í 2. gr. frv. lagt til að fest verði í viðeigandi lög ákvæði um aðsetur þeirra stofnana sem þegar eru starfræktar utan Reykjavíkur án þess að styðjast við beina heimild í lögum. Í samræmi við meginreglu 1. gr. frv. er þó lagt til að ákvörðunarvald um aðsetur þeirra verði eftir sem áður á hendi ráðherra.

Eins og fram hefur komið í máli mínu hér að framan er ekki með þessu frv. gert annað og meira en að færa réttarástand aftur í það horf sem ríkjandi stjórnarfar hefur miðast við og byggist á viðteknum meginreglum í stjórnskipun vorri. Engin áform eða yfirlýsingar fylgja hins vegar frv. þessu um frekari flutning ríkisstofnana. Þess vegna vænti ég þess, herra forseti, að breið samstaða geti tekist á hinu háa Alþingi um framgang þessa máls.

Að svo mæltu legg ég til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[18:36]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu lætur e.t.v. ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn en hér er um stórpólitískt ákvörðunarefni að ræða sem lýtur ekki eingöngu að álitamálum sem upp vöknuðu við nýfallinn dóm Hæstaréttar heldur líka hvernig hið háa Alþingi vill haga samskiptum sínum við framkvæmdarvaldið. Með öðrum orðum hversu langt á að ganga með framsal valds Alþingis til framkvæmdarvaldsins.

Þróunin hefur óneitanlega orðið sú í seinni tíð að Alþingi hefur framselt þetta vald sitt í ríkari mæli en áður. Nægir í þeim efnum að rifja upp hlutafélagavæðingu stórra ríkisfyrirtækja sem hefur að sönnu leitt til þess að aðkoma Alþingis að þeim sömu fyrirtækjum hefur verið miklum mun minni en áður var eðli máls samkvæmt. Raunar hefur verið gengið svo langt samkvæmt áliti lögmanna að aðkoma Alþingis hvað varðar upplýsingar sé líka mjög takmörkunum háð og hefur byggst á því að við hlutafélagavæðingu fyrirtækja á borð við Póst og síma eða Búnaðarbanka eða Landsbanka, þá teldust þessi sömu stórfyrirtæki ekki lengur opinberir aðilar í þeirri skilgreiningu.

Ég hef lýst miklum efasemdum með þessa skilgreiningu og þessa túlkun og ég hygg að þó að það eigi ekki beinlínis við það sem við ræðum hér, þá kemur það óbeint inn á þessi samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og því er mikilvægt að við ræðum mjög hispurslaust einmitt þá skýrslu sem hæstv. forsrh. lét taka saman, fyrir hálfu öðru ári hygg ég að það hafi verið, um þessi samskipti en ekki hefur gefist tóm eða tækifæri til að fá hana hér rædda. Ég held að það sé brýnt að það gerist.

Taka má undir þá niðurstöðu sem Hæstiréttur kemst að og þann rökstuðning sem Hæstiréttur ber fyrir sig hvað varðar flutninga á ríkisfyrirtækjum frá Reykjavík upp á Skaga, þ.e. að Hæstiréttur gefi sér að sé ekki mælt öðruvísi fyrir í lögum þá beri ríkisstofnun að hafa sína heimastöð í Reykjavík. Þetta er nýtt af nálinni um margt og kemur á óvart. Spurningin er hins vegar sú hvernig rétt sé að bregðast við. Hæstv. ríkisstjórn grípur til þess ráðs að gera það að hinni almennu reglu að ráðherrum sé í sjálfsvald sett að taka ákvörðun um það hvar ríkisstofnanir verði vistaðar og það sama gildir raunar

um nýjar stofnanir og þær stofnanir sem ekki er kveðið á um núna fyrir fullt og fast í gildandi lögum hvar skuli vera.

Þetta er álitamál og má velta því upp hvort það þætti of þung og erfið leið að láta slíkar ákvarðanir fara um hendur Alþingis. Það getur vel verið. Það rifjast hins vegar upp fyrir manni að ákvarðanir sem byggðar eru af hálfu framkvæmdarvaldsins, einstakra ráðherra um tilflutning stofnana hafa oft og tíðum orsakað miklar deilur, deilur milli ráðherranna, ráðuneytanna við viðkomandi starfsmenn. Maður veltir því oft fyrir sér hvort í sumum tilfellum a.m.k. hefði ekki verið málunum til styrktar að Alþingi kvæði upp úr með þetta og tæki af öll tvímæli í þá veru þannig að hæstv. ráðherra og embættismenn hans þyrftu ekki að eiga við slík mál í návígi sem auðvitað eru oft og tíðum mjög viðkvæm og viðkvæmari en ella þegar ákvarðanir af þessum toga fá lítinn aðlögunartíma. Það er spurning sem ég hygg að við ættum að velta fyrir okkur og hv. allshn. ætti að fara yfir hvernig þessu verður best fyrir komið því að ég hygg, eins og segir í greinargerð með frv., að það sé allgóð almenn sátt um að freista þess að flytja ríkisstofnanir úr Reykjavík út um landið eins og nokkur kostur er. Þetta finnst mér vera álitamál sem rétt er að skoða.

Síðan er annað sem óhjákvæmilegt er að nefna því að í frv. eru tekin af tvímæli þess að heimild til handa ráðherrum um að ákvarða um aðsetur stofnunar eigi ekki við um þær ríkisstofnanir sem Alþingi hefur þegar mælt fyrir um hvar skuli hafa aðsetur. Því hlýtur það að vera dálítið undarlegt að í 2. gr. frv. eru í raun þessi orð tekin aftur því þar er í öðru orðinu niðurnjörvað í lagatexta hvar þessar tilgreindu ríkisstofnanir skuli hafa aðsetur en í sömu setningu hins vegar í raun aftur tekið og heimild til handa ráðherra til að gera þar breytingar á undirstrikuð. Mér þætti eðlilegra að menn færu aðra hvora leiðina en ekki báðar eins og þarna er gert og virkar dálítið undarlegt í lagatexta að Alþingi ákvarði en ráðherra geti síðan ráðið. Það er í raun það sem þetta þýðir. Þegar Alþingi Íslendinga festir það í lög að aðsetur Blindrabókasafns Íslands skuli vera í Kópavogi þá er náttúrlega fullkomlega óeðlilegt að jafnframt samþykki Alþingi Íslendinga að ráðherra geti þó breytt þeirri löggjöf. Það er orðanna hljóðan samkvæmt frv. og kemur mér spánskt fyrir sjónir. Það getur vel verið að eðlilegar skýringar séu á þessu en ég fæ það ekki séð í fljótu bragði en vissulega væri ágætt að heyra viðhorf hæstv. forsrh. til þessa atriðis alveg sérstaklega.

Ég sé hins vegar ekki ástæðu til að lengja 1. umr. málsins. Hér er stórmál á ferðinni og ég held að allgóð sátt sé um þau meginmarkmið sem hér liggja að baki, þ.e. að dreifa þjónustu og styrkja þar með dreifðari byggðir í landinu. Spurning er hins vegar hvort við höfum hitt á rétta leið til þess. Um það þurfum við að ræða og skoða og ég vænti þess að allshn. inni þá vinnu af hendi.

[18:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru einfaldar skýringar á þessu atriði sem hv. þm. nefndi. Þarna er um að ræða þær stofnanir sem fluttar hafa verið „í óleyfi“ samkvæmt túlkun á dóminum í Hæstarétti varðandi það tiltekna fyrirtæki sem flutt var til Akraness. En það er nauðsynlegt, til þess að ekki ríki óvissa um staðsetningu þeirrar stofnunar sérstaklega, að veita sérstaka afturvirka heimild gagnvart þeim stofnunum, en jafnframt þykir ekki rökbundin ástæða til að Blindrabókasafnið til að mynda, af því að það var nefnt, sé endilega í Kópavogi umfram aðra staði. Það er engin rökbundin nauðsyn til þess. Það gæti alveg eins verið í Hafnarfirði eða Reykjavík, það þarf ekki að binda það í lög. En stundum eru aðstæður hins vegar þær að nauðsynlegt þyki að binda það í lög, þá er það gert og þá hefur ráðherrann ekki heimild til þess einn og sjálfur að færa stofnunina til.

Við erum eingöngu með þessari reglu að lögfesta það sem menn töldu vera viðtekna meginreglu í öllum réttarkerfum Norðurlanda. Við erum að lögfesta þá reglu sem kennd er í háskólanum, í lagadeildinni til að mynda. En dómur Hæstaréttar gengur af einhverjum ástæðum þvert á þetta og því miður virðast þeir hafa, þeir vitru menn í Hæstarétti, talið að þegar ráðherrann er fluttur heim frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur, þá þýddi það þar með að ekki mætti setja stofnanir á laggirnar úti um land. Þetta er bara einhver reginmisskilningur sem getur komið upp í jafngóðum stofnunum og Hæstarétti og öðrum stofnunum.

Aðeins vegna þess sem hv. þm. nefndi að alltaf væri verið að flytja vald frá þinginu til framkvæmdarvaldsins. Þessu er akkúrat öfugt farið því að vegna margvíslegra dóma og sérstaklega vegna starfsemi umboðsmanns Alþingis hafa verið sett lög um fjölda hluta sem ráðherra fór áður með. Ég vek sérstaklega athygli á því að fjmrh., hver sem hann var, hafði ótæpilegt vald til að úthluta einn og sjálfur fjármunum upp á milljarða kr., milljarða og aftur milljarða eftir að búið var að loka fjárlögunum. Þeir gerðu það allt árið, allir fjármálaráðherrar. Nú er gersamlega búið að taka fyrir slíka hluti.

[18:45]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. forsrh. að leikreglur hafa skýrst á ýmsan veg í samskiptum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og í þeim efnum ber til að mynda að fagna upplýsingalögum. Ég hef sagt það opinberlega að ég tel hins vegar fljótlega tímabært að endurskoða þau lög í ljósi reynslu þessara fyrstu ára en það breytir því ekki og sérstaklega er það í ljósi þess sem ég sagði áðan að hlutafélagavæðingin, sem hefur heppnast í sumum tilfellum ágætlega og öðrum ekki, leiðir til þess að bein afskipti Alþingis af þessum stóru fyrirtækjum eru auðvitað hverfandi og minnkandi.

Það sem ég vakti hins vegar alveg sérstaklega athygli á varðandi þetta frv. er sá veruleiki sem blasir við okkur að það eru í rauninni þrjár meginreglur sem munu gilda um þessi efni.

Í fyrsta lagi eins og 1. gr. hljóðar um að það sé algerlega á valdi ráðherrans að ákvarða aðsetur stofnunar.

Í öðru lagi, eins og 2. gr. hljóðar, að það sé löggjafarvaldið sem ætli nú að negla það niður til að taka af öll tvímæli hvar tilteknar stofnanir skulu vera en jafnframt hafi ráðherrann heimild til þess að breyta þeirri ákvörðun Alþingis.

Síðan er það þriðja reglan sem kveðið er á um í greinargerð, þ.e. hinar eldri ákvarðanir Alþingis munu standa og heimildir ráðherra til að breyta þeim ekki til staðar. Það er kannski þetta sem ég er að draga upp og velta fyrir mér hvort sé skynsamlegt að hafa þessar þrjár meginreglur í gildi um sömu hlutina. Ég hef miklar efasemdir um það þegar menn eru sérstaklega að reyna að skýra stöðu mála og gildandi lög gagnvart Hæstarétti og dómsvaldinu og þá velti ég því fyrir mér hvort menn séu kannski ekki alveg á réttu róli.

[18:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig á því af hverju hv. þm. misskilur þetta. Það er út af fyrir sig eðlilegt. Við erum raunverulega bara með tvær reglur. Þriðja reglan sem hv. þm. nefnir vísar til þess að þarna er um að ræða stofnanir sem Alþingi hafði ekki talið ástæðu til þess að binda í lögum hvar væru staðsettar. Þær lytu því þeim lögmálum sem stofnanir gera almennt, sem Alþingi hefur ekki tekið ákvörðun um hvar skuli staðsettar. En við neyðumst til vegna dóms Hæstaréttar að tryggja staðsetningu þeirra en við vitum að Alþingi hafði ekki ætlað sér það og þess vegna látum við gilda þá reglu eins og gildir almennt um þær stofnanir sem Alþingi ákveður ekki sérstaklega hvar skuli vera.

Alþingi getur hvenær sem er ákveðið hvar stofnun skuli vera, ný stofnun sem gömul stofnun ef Alþingi kýs það. Hins vegar er litið á það samkvæmt þessum lögum sem ótvíræða vísbendingu ef stofnað er til stofnunar eða embættis eða þess háttar á Alþingi og þingið telur ekki við nákvæma skoðun ástæðu til þess að ákveða sjálft til frambúðar hvar stofnunin skuli vera, þá sé mönnum frjálst að flytja hana og það er reglan. Þetta er sú regla sem menn héldu að væri í gildi þar til Hæstiréttur kvað upp þennan sérkennilega dóm. Við erum ekki að gera neitt annað en færa hlutina í það horf sem menn töldu almennt að væri í gildi.

[18:49]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hygg að mörgum þingmönnum eigi eftir að koma á óvart að þetta mál skuli hafa verið rætt hér undir kvöld. Á fundi með þingflokksformönnum í gær var því mótmælt að þessi umræða yrði. Hér eru menn því fjarri góðu gamni og ég hygg að það þýði einfaldlega að meiri umræða verði um þetta mál við 2. umr. því að það er alveg ljóst að menn vilja velta þessu máli mjög rækilega fyrir sér, og þá sérstaklega 1. gr., sem kveður á um vald ráðherra til þess að kveða á um aðsetur stofnunar sem heyrir undir hann nema á annan veg sé mælt í lögum eins og segir í 1. gr., með leyfi forseta.

Varðandi 2. gr. sýnist mér að menn séu að bregðast við ákveðinni óvissu sem dómur Hæstaréttar skapaði og það er áreiðanlega betra fyrir þessar stofnanir að ljóst sé hvar þær eiga að vera lögum samkvæmt og menn þurfi þá að taka ákvörðun um breytingu og koma með hana inn á Alþingi ef vilji er til þess.

Ég vil aðeins ræða þetta mál almennt. Reynslan hefur leitt í ljós að flutningur ríkisstofnunar er ekkert einfalt mál. Það hefur verið mjög fast í kerfi okkar að staðsetja þær í Reykjavík jafnvel þó að manni finnist stundum að það væri miklu eðlilegra að þær væru annars staðar. Ég átti sjálf sæti í nefnd sem hæstv. forsrh. skipaði á sínum tíma um flutning ríkisstofnana og þar var farið mjög rækilega í gegnum þetta. Þar varð sú niðurstaða að leggja til að kannaður yrði flutningur á ákveðnum ríkisstofnunum. Ég var reyndar ekki alveg sátt við þá niðurstöðu en það er annað mál. Hins vegar var alltaf gengið út frá því þar að flutningur ríkisstofnana mætti ekki verða ef það raskaði mjög mikið högum stofnunarinnar og störfum hennar, þ.e. að stór hluti starfsmanna flytti ekki með og að stofnunin gæti haldið nokkurn veginn eðlilega áfram störfum. Þetta segi ég til að rifja upp það sem leiðir til þess að þetta lagafrv. er komið fram en það var málsókn starfsmanna Landmælinga Íslands gegn umhvrh. vegna þess að hann ákvað einhliða að flytja Landmælingarnar upp á Akranes.

Ég get tekið undir það að sú niðurstaða í dómi Hæstaréttar að ganga út frá því að stofnanir eigi að vera í Reykjavík ef ekki er kveðið á um annað er býsna sérkennileg vegna þess að aðstæður og hlutverk þessara stofnana hljóta að ráða því hvar þær eru staðsettar. En mér finnst að ráðherrar á undanförnum árum hafi verið býsna tregir til þess að nota tækifærin sem gefist hafa til þess að a.m.k. skoða hvort stofnanir ættu ekki frekar heima úti á landi. Þá er ég fyrst og fremst að hugsa um nýjar stofnanir eða þegar hefur verið um að ræða útibú því að það er miklu auðveldari leið.

Það sem er meginmálið í þessu frv. er að mínum dómi 1. gr. og sú spurning hvort ráðherra eigi að hafa þá heimild sem um er að ræða. Það er þá væntanlega varðandi nýjar stofnanir og þær stofnanir sem eru staðsettar í Reykjavík og ekki er kveðið sérstaklega á um í lögum að skuli vera þar.

Ég man að þegar fyrra frv. kom fram fyrir jólin var ég að fletta í lagasafninu og sá þá að varðandi þær stofnanir sem eru úti á landi er það nánast undantekningarlaust kveðið á um hvar þær skuli staðsettar. Það er Garðyrkjuskólinn á Reykjum, það er Bændaskólinn á Hólum, Bændaskólinn á Hvanneyri, víðast hvar er kveðið á um það í lögum að þessir skólar séu á þessum ákveðnu stöðum. Það hafa menn ekki haft í huga þegar stofnanir hafa t.d. verið fluttar í Kópavog.

Eins og ég segi er stóra spurningin í þessu varðandi 1. gr. og það hvaða vald er verið að færa ráðherra með henni. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en áskil mér allan rétt til þess að skoða þetta mál betur og reyna að átta mig betur á því hversu víðtækt vald ráðherrar munu hafa.

Það má velta því fyrir sér hvort eðlilegt sé að ávallt sé kveðið á um það í lögum hvar stofnun skuli staðsett. Skiptir það einhverju máli upp á heimili, varnarþing og slíkt að það sé alveg ljóst eða er það óþarfi? Ég átta mig ekki á því almennt talað hvernig því skuli háttað en a.m.k. var dómur Hæstaréttar með þeim hætti að ekki var annað hægt en bregðast við honum. En spurningin er hvort það eigi um leið að veita ráðherra það vald sem hér er verið að gera ráð fyrir í 1. gr. frv.

[18:55]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að eingöngu er verið að veita ráðherra það vald sem almennt var talið að hann hefði haft í áratugi og almennt er talið við svipuð skilyrði, svipuð réttarkerfi að ráðherra hafi, ekkert annað. Það er bara verið að leysa þann vanda sem kom upp eftir að Hæstiréttur byggði á þessu ákvæði sem hefur ekki verið athugað að gekk út á það að hægt væri að flytja ráðherra Íslands heim frá Kaupmannahöfn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnaáætlun 1999–2002, frh. síðari umr.

Stjtill., 291. mál. — Þskj. 343, nál. 541, brtt. 542 og 564.

[18:56]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er örstutt um þessi mál. Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara og það er fyrst og síðast vegna þess að ég hafði lýst þeim viðhorfum mínum við fyrri umræðu máls að það reiknilíkan sem Siglingastofnun hefur

útbúið og byggt er á að verulegu leyti þykir mér þannig úr garði gert að óvarlegt sé að taka allt of mikið mið af því. Það er auðvitað í þróun enn þá og margt sem bendir til þess að það þurfi að vinnast og þróa miklu betur. Enda kemur á daginn við umfjöllun nefndarinnar að vikið hefur verið frá þessu reiknilíkani í nokkrum tilfellum eftir að samráð og samband hafði verið haft við heimamenn um forgangsröðun verkefna innan einstakra kjördæma. Það undirstrikar að þó menn finni upp hjólið eða einhverja aðferðafræði til þess að skipta fjármunum eins og menn þekkja af lengri reynslu í vegamálunum er það ekki alltaf upp á punkt og prik.

Í annan stað vek ég einnig athygli á því að fallið hefur verið frá því upphaflega markmiði að lækka kostnaðarhlutdeild ríkisins gagnvart höfnum sem veltu yfir meira en 100 millj. kr. ef ég man þá tölu rétt, það voru ein tvö hafnasambönd sem þar höfðu þá lent í skerðingu. Frá því hefur verið vikið. Um það má hafa ýmis sjónarmið uppi en ég ætla ekki að hafa langt mál um það. Ég vek aðeins athygli á því sérstaklega.

Í þriðja lagi vil ég nefna til sögunnar það sem vegur kannski hvað þyngst, að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og ég höfum flutt brtt. við þessa hafnaáætlun. Hún lýtur að þremur höfnum, en tvær þeirra eru satt að segja ekki með á blaði þegar hafnaáætlun er annars vegar. Þar er um að ræða höfnina í Kópavogi annars vegar og höfnina í Garðabæ hins vegar. Það er auðvitað fullkomlega óásættanlegt. Mér þykir mjög varhugavert og get ekki samþykkt það að þessar tvær hafnir séu teknar út úr með þeim hætti sem hér er gert og því borið við að þessar litlu hafnir séu í einhverri stórsamkeppni við höfuðborgarhöfnina, Reykjavík. Það er fjarri öllu lagi og ekki nokkur rökstuðningur í þessu máli. Þær eru eðlisólíkar með öllu svo að ég tali ekki um stærðarmuninn. Við áðurnefndir þingmenn höfum því leyft okkur að leggja til breytingar við hafnaáætlun sem skýra sig fyllilega sjálfar.

Við höfum einnig lagt til að framlag til Hafnarfjarðarhafnar verði nær þeim veruleika sem heimamenn þar hafa óskað eftir og einnig lýtur það að hlutdeild ríkissjóðs í því framlagi. Sumpart gildir það sama um Hafnarfjarðarhöfn og ég gat um varðandi hinar tvær hafnirnar. Í fyrstu tillögu var ekki gert ráð fyrir því að Hafnarfjörður yrði með á blaði. Nú hefur hins vegar þingmeirihlutinn aðeins dregið úr og hefur a.m.k. skákað einhverjum fjármunum þangað en ekkert í neinu samhengi við þær óskir sem þaðan hafa komið. Þetta þykir mér ekki búandi við og hef því lagt þessa brtt. fram. Að vísu ber að vekja á því sérstaka athygli að við erum að ræða þessa hafnaáætlun við dálítið sérkennilegar aðstæður. Hún kom seint fram á síðasta hausti, svo seint að ekki náðist að ljúka afgreiðslu hennar fyrir jólaleyfi þingmanna sem hefði verið hinn eðlilegi framgangsmáti. Þess í stað er í gildi hafnaáætlun yfirstandandi árs sem byggir á samþykkt við afgreiðslu fjárlaga. Það er með öðrum orðum öfugt að verki staðið eins og allir sjá. Þetta er hins vegar liðin tíð og við þessu er ákaflega lítið að gera.

Ég tel að óhætt sé að fullyrða að þokkaleg sátt sé um þær tillögur sem er að finna í þessari hafnaáætlun. Ég gat þess að þingmannahóparnir komu að þessu verki vítt og breitt um landið og allt fékk þetta svona þegar almennt er talað viðunandi niðurstöðu. Það eru því fyrst og síðast þessi örfáu atriði sem ég hef nefnt til sögu sem gera það að verkum að fyrirvari minn stendur og einnig kemur til þess að þingheimur þarf að taka afstöðu til þeirra breytingartillagna sem hafa verið kynntar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:02.

65. FUNDUR

mánudaginn 15. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 475. mál, þskj. 780. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Ríkislögmaður, stjfrv., 476. mál, þskj. 781. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Stofnun endurhæfingarmiðstöðvar, þáltill., 178. mál, þskj. 188. — Fyrri umr.
5. Internetsamvinna skóla á Vestur-Norðurlöndum, þáltill., 195. mál, þskj. 212. — Fyrri umr.
6. Íþróttasamstarf milli Vestur-Norðurlanda, þáltill., 196. mál, þskj. 213. — Fyrri umr.
7. Stofnun vestnorræns menningarsjóðs, þáltill., 197. mál, þskj. 214. — Fyrri umr.
8. Aðskilnaður rannsóknastofnana, hagsmunasamtaka og ríkisvalds, þáltill., 218. mál, þskj. 241. — Fyrri umr.
9. Kræklingarækt, þáltill., 241. mál, þskj. 272. — Fyrri umr.
10. Ofbeldisatriði í sjónvarpi, þáltill., 245. mál, þskj. 277. — Fyrri umr.
11. Laun forseta Íslands, frv., 246. mál, þskj. 278. — 1. umr.
12. Arðsemismat, þáltill., 247. mál, þskj. 279. — Fyrri umr.
13. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 262. mál, þskj. 300. — 1. umr.
14. Kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar, þáltill., 298. mál, þskj. 358. — Fyrri umr.
15. Vistvæn ökutæki, þáltill., 299. mál, þskj. 359. — Fyrri umr.
16. Almannavarnir, frv., 300. mál, þskj. 360. — 1. umr.
17. Skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins, þáltill., 387. mál, þskj. 658. — Fyrri umr.
18. Styrktarsjóður námsmanna, frv., 464. mál, þskj. 763. — 1. umr.
19. Fjarvinnslustörf á landsbyggðinni, þáltill., 270. mál, þskj. 308. — Fyrri umr.
20. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 317. mál, þskj. 384. — 1. umr.
21. Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, þáltill., 364. mál, þskj. 507. — Fyrri umr.
22. Stjórn fiskveiða, frv., 326. mál, þskj. 394. — 1. umr.
23. Rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu, þáltill., 341. mál, þskj. 437. — Fyrri umr.
24. Landslið hestamanna, þáltill., 342. mál, þskj. 440. — Fyrri umr.
25. Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, þáltill., 356. mál, þskj. 488. — Fyrri umr.
26. Virðisaukaskattur, frv., 375. mál, þskj. 602. — 1. umr.
27. Lækkun orkuverðs til íslenskrar garðyrkju, þáltill., 376. mál, þskj. 603. — Fyrri umr.
28. Úttekt á nýtingu lítilla orkuvera, þáltill., 377. mál, þskj. 604. — Fyrri umr.
29. Rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, þáltill., 378. mál, þskj. 605. — Fyrri umr.
30. Skipun nefndar um samningu leiðbeininga um mat á hugviti og fleiru í reikningsskilum fyrirtækja, þáltill., 384. mál, þskj. 653. — Fyrri umr.
31. Skipun nefndar um einföldun á tekjukerfi ríkissjóðs, þáltill., 385. mál, þskj. 654. — Fyrri umr.
32. Aukin fjölbreytni atvinnutækifæra í dreifbýli, þáltill., 386. mál, þskj. 655. — Fyrri umr.
33. Kosningar til Alþingis, frv., 466. mál, þskj. 768. — 1. umr.
34. Stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum, þáltill., 457. mál, þskj. 755. — Fyrri umr.
35. Tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum, þáltill., 458. mál, þskj. 756. — Fyrri umr.
36. Framtíðarstaða almannatryggingakerfisins, þáltill., 497. mál, þskj. 807. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 520. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 834.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 521. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 835.

Lagaskil á sviði samningsréttar, 522. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 836.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 405. mál, svar fjmrh., þskj. 770.

Stuðningur við íbúa Austur-Tímor, 516. mál, þáltill. KÁ og SJS, þskj. 830.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Að undanförnu hefur verið mikil umræða um afkomu sveitarfélaganna og skiptingu á tekjum ríkis og sveitarfélaga. Ýmis ummæli ráðherra í þessu sambandi hafa orðið fræg, svo ekki sé nú sagt fræg að endemum. En það er önnur saga.

Í orðaskiptum milli mín og hæstv. félmrh. á dögunum kom fram að hæstv. félmrh. hygðist skipa nefnd til að endurskoða m.a. lög um tekjustofna sveitarfélaga og, ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt, fara yfir fjármálaleg samskipti ríkisins og sveitarfélaganna um þessar mundir, m.a. í tengslum við svonefndan verkefnatilflutning á milli þessara aðila.

Ég hvatti hæstv. ráðherra eindregið til að skipa þverpólitískt í þessa nefnd og hafa þar með fulltrúa stjórnarandstöðunnar. En svör hæstv. ráðherra voru óljós, a.m.k. á því stigi málsins. Mér er kunnugt um að hæstv. ráðherra hefur hafið undirbúning að þessari nefndarskipan og óskað eftir tilnefningum fulltrúa frá hagsmunaaðilum eins og sveitarfélögunum, sem eðlilegt er. Ég hef hins vegar ekki orðið var

við að sambærileg tilmæli bærust til þingflokka eða stjórnmálaflokka í stjórnarandstöðu. Ég vil því nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra, nú þegar hæstv. ráðherra hefur haft tíma til að hugsa málið:

Mun hæstv. ráðherra leita eftir tilnefningum frá þingflokkum stjórnarandstöðunnar í þessa mikilvægu nefnd? Ég tel að hér sé um afar mikilsvert mál að ræða, að fara yfir þessi samskipti og endurskoða þau. Í ljósi aðstæðna væri óskynsamlegt annað en að þarna yrði um þverpólitískt starf að ræða. Stefnumótandi atriði sem lúta að samskiptum þessara aðila á tekjusviðinu þurfa á komandi árum að taka mið af þessari vinnu. Á þessu stigi málsins veit enginn hverjir koma til með annast framkvæmd þeirra hluta að afloknum kosningum.

Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra og vonast til að fá skýr svör.

[15:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Seinast þegar lög um tekjustofna sveitarfélaga voru endurskoðuð, líklega skömmu fyrir 1990, voru hinir pólitísku fulltrúar eingöngu frá stjórnarflokkunum. Svo langt gekk það að meðan nefndin var að störfum voru stjórnarskipti og hv. þm. Halldór Blöndal, sem sæti átti í nefndinni af hálfu Sjálfstfl., líklega frá 1987 til haustsins 1988, hvarf úr nefndinni og í nefndina kom fulltrúi frá stjórnarflokki.

Hugmynd mín er að fara aðra leið og hafa einn fulltrúa frá stjórnarandstöðunni í þessari nefnd. Ég get svarað því að ég mun óska eftir því að þarna verði einn stjórnarandstæðingur. Út af fyrir sig hefði verið gaman að hafa fulltrúa frá öllum stjórnarandstöðuflokkum. Hitt er svo annað mál að það hefur verið mikið los á stjórnarandstöðunni um þessar mundir og maður veit nú ekki vel hverjir verða með hverjum. Hv. þm. getur verið rólegur yfir því að rödd stjórnarandstöðunnar á þessu kjörtímabili mun heyrast í þessari nefnd.

[15:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru náttúrlega ekki nein rök að vísa í hvernig þessir hlutir hafi áður verið, sérstaklega ekki þegar óskynsamlega hefur verið að þeim staðið, eins og greinilega hefur verið gert á árunum fyrir 1990. Ég fagna þrátt fyrir allt að hæstv. ráðherra skuli upplýsa að hann muni leita eftir fulltrúa frá stjórnarandstöðunni. Ég hefði kosið að um fleiri fulltrúa væri að ræða, að fleiri gætu átt aðild að starfinu úr því að ráðherra fer inn á þetta spor á annað borð. Eðlilegast væri að fulltrúar þingflokka kæmu við sögu á jafnræðisgrundvelli eins og gjarnan var gert á árum áður. Stundum var meira að segja gengið svo langt að Sjálfstfl. átti tvo menn í slíkum nefndum þegar hann var í stjórnarandstöðu, stærðar sinnar vegna.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra í leiðinni hvernig hann hafi hugsað sér að standa að valinu á þessum eina stjórnarandstæðingi, þ.e. verður stjórnarandstaðan beðin um að koma sér saman um einn fulltrúa? Hver er hugmynd hæstv. ráðherra í þessu sambandi?

[15:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hugmynd mín er ekki fullmótuð í þessu sambandi. Mér fyndist mjög freistandi að biðja stjórnarandstöðuna, eins og hún er nú saman sett, að koma sér saman um einn fulltrúa. Mér fyndist það virkilega freistandi í upphafi kosningabaráttunnar. Ég er hins vegar ekki búinn að taka endanlega ákvörðun um það.

Ég tók það fram að ég ætlaði ekki að hafa sömu vinnubrögð og viðhöfð voru seinast þegar lögin um tekjustofna sveitarfélaga voru endurskoðuð. Að því starfi komu eingöngu stjórnarsinnar af þingsins hálfu. Ég ætla ekki að gera það heldur hafa einnig stjórnarandstæðing í nefndinni. Ég mun reyna að hlutast til um að það verði þingmaður sem hefur frambúðarsetu á þinginu eða hér um bil örugga frambúðarsetu en það dansa nú ekki allir á kirkjugarðsballinu í haust sem ætluðu þangað í vor, eins og þar segir.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér finnst ekkert að því þó hæstv. ráðherra vilji velta aðeins betur fyrir sér hvernig hann muni ganga í verkið. Við úr stjórnarandstöðunni þökkum gott boð og munum örugglega leysa það farsællega að koma okkur saman um fulltrúa. En að sjálfsögðu hefði það skapað meira svigrúm ef þeir hefðu mátt vera t.d. tveir eða þrír.

Ég bendi hæstv. ráðherra einnig á þann möguleika að hrinda verkefninu af stað og setja nefnd til starfa nú í vetur, sem ég held að sé mjög mikilvægt, en gera ráð fyrir þeim möguleika að bæta í nefndina fulltrúum þeirra þingflokka sem hér verða á þingi eftir kosningar, ef þeir eiga þá ekki aðild að henni fyrir.

[15:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég væri nú hræddari við að sumir þeir sem ég mundi skipa í nefndina núna ættu ekki afturkvæmt á þingið eftir kosningar. Ég er hræddari um það en nýju þingflokkana. Ég er ekki svo hræddur um að þeir komi til með að eiga mikla viðdvöl á næsta kjörtímabili.

Á það er einnig að líta að þessi nefnd verður með fulltrúa frá sveitarfélögunum. Ég geri ráð fyrir því að þar verði breidd í pólitísku sjónarmiðum. Sveitarstjórnarmennirnir eru líka stjórnmálamenn þó þeir séu ekki á Alþingi. Ég teldi hins vegar óheppilegt að hafa þessa nefnd mjög fjölmenna.

Endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

[15:12]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Eins og kunnugt er af fréttum eiga eigendur kvótalítilla og kvótalausra skipa nú í miklum erfiðleikum, m.a. vegna þess að verð á kvótamörkuðum hefur hækkað upp úr öllu valdi. Það kom nokkuð á óvart en þó gleðilega á óvart að formaður sjútvn. lýsti því nýlega yfir í sjónvarpsfréttum að hann væri fyrir sitt leyti reiðubúinn til að opna á ný lögin um stjórn fiskveiða og taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið frá þessum útgerðum. Hann hvatti útgerðarmenn þessara skipa til að skila til sín og nefndarinnar tillögum um breytingar til að tryggja kvótalitlum eða kvótalausum skipum viðbótarkvóta svo að þeir geti stundað veiðar.

Þetta hlýtur að sjálfsögðu að hafa verið rætt við hæstv. sjútvrh. Ég ætla að spyrja hvort hann sé ekki reiðubúinn að staðfesta það að af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna sé opinn möguleiki til að taka fiskveiðistjórnarlögin til endurskoðunar og taka þá tillit til sjónarmiða þeirra manna, sem hefur svo vel verið tekið af hv. formanni sjútvn.

[15:13]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar er rétt að taka fram að ríkisstjórnin hefur ekki rætt um að flytja aflaheimildir frá einum hópi fiskiskipa yfir til annarra. Sá hópur fiskibáta, sem hér var sérstaklega vitnað til og hefur litlar aflaheimildir, hefur möguleika á að kaupa aflaheimildir ef þær fást við eðlilegu verði. Þar verða lögmál markaðarins einfaldlega að ráða.

Ég vara við hugmyndum um að handstýra þróun sjávarútvegsins með geðþóttaákvörðunum. Þeir sem keypt hafa báta með litlar aflaheimildir og hinir sem hafa selt frá sér aflaheimildir verða sjálfir að bera ábyrgð á þeim fjárfestingum sínum og ráðstöfunum sínum á aflaheimildum. Þar getur ríkisvaldið ekki komið eftir á og bætt úr, hafi menn sjálfir tekið ákvarðanir sem síðan leiða þá í erfiðleika og ógöngur. Ég held að þessi sjónarmið séu afskaplega skýr. Ég tel ljóst að af hálfu ríkisstjórnarinnar hafi ekki verið uppi áform um að færa aflaheimildir þannig á milli aðila, að refsa þeim sem hafa staðið sig vel og tekið skynsamlegar ákvarðanir í fjárfestingum til að hjálpa hinum sem hafa tekið óskynsamlegar ákvarðanir.

[15:15]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þessi sjónarmið hæstv. sjútvrh. koma mér ekki á óvart, ég hef heyrt þau áður. En ég hélt satt að segja að búast mætti við að einhverjar breytingar væru í farvatninu. Það liggur fyrir í fyrsta lagi að verð á kvóta sem hægt er að fá núna á kvótamarkaði er svo hátt að það ræður enginn útgerðarmaður lengur við að afla sér heimilda með þeim hætti.

Í öðru lagi hefur komið fram í fréttum, í viðtali við formann sjútvn., að hann óskaði eftir því að þessir útgerðaraðilar kæmu til sín sem formanns nefndarinnar hugmyndum um breytingar og óskir og að nefndin mundi opna málið fyrir þinglok á ný. Ég átti því satt að segja von á að fá önnur svör frá hæstv. sjútvrh. en að ekkert hafi verið rætt við hann um málið.

Ég spyr hann því hvort hann muni ekki gera ráðstafanir til þess að ræða málið við formann sjútvn. svo að oddvitar ríkisstjórnarinnar í þessu máli, formaður nefndarinnar og hæstv. sjútvrh., séu ekki að tala annar í vestur og hinn í austur, annar að gefa vonir og væntingar sem hinn segir að séu falskar.

[15:17]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég hef þegar gert grein fyrir þeirri afstöðu sem liggur fyrir af hálfu sjútvrn. og er í sjálfu sér ekki meira um það að segja. Einstakir þingmenn hafa auðvitað málfrelsi til að segja sínar skoðanir og það frelsi verður ekki af neinum tekið.

Það lá alveg ljóst fyrir að þær breytingar á löggjöf sem ákveðnar voru á síðasta þingi til að leysa deilur sjómanna og útvegsmanna mundu hafa afleiðingar í för með sér fyrir þau skip sem hafa haft litlar aflaheimildir og voru að leigja til sín. Löggjöfin miðaði að því að þrengja kosti þeirra og stöðu, þannig að það á ekki að þurfa að koma neinum á óvart að þessi staða sé uppi og að þær ráðstafanir sem þá voru gerðar til þess að koma til móts við sjónarmið sjómanna mundu hafa í för með sér hækkun á leiguverði á aflaheimildum.

[15:18]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Formaður sjútvn. Alþingis er ekki bara einhver þingmaður. Hann er málsvari stjórnarflokkanna á Alþingi í sjávarútvegsmálum. Og nú hefur hæstv. sjútvrh. upplýst að hann er að fara með fals. Hann er að gefa sjómönnum og útgerðarmönnum kvótalítilla skipa falskar vonir og væntingar um fyrirgreiðslu og aðstoð hér á Alþingi, sem ekkert stendur á bak við. Það finnst mér mjög ámælisverð tíðindi frá forustumanni stjórnarflokkanna í sjávarútvegsmálum á Alþingi nú rétt fyrir þinglok.

Símalínur og tengibúnaður Landssímans á landsbyggðinni.

[15:19]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég beini fsp. minni til hæstv. samgrh. Fjarvinnsla og tölvunotkun fer vaxandi um allt land. Tölvan telst nú til sjálfsagðra heimilistækja. Símalínur og flutningsleiðir fyrir tölvur og símtæki eru víða í ólestri í dreifbýli og anna ekki þeirri umferð sem um þær fer. Líkja má flutningaleiðum þessum við moldarvegi eða troðninga væri um nútímabifreiðaumferð að ræða.

Tölvueign landsmanna er mjög mikil. Á ferðamannastöðum, t.d. á Leirubakka í Landsveit, er oft erfiðleikum háð að nota myndsendi, jafnsjálfsagt tæki og það er, hvað þá internetið. Sömu sögu segir mér sveitarstjóri Holta- og Landsveitar, sem notar mjög mikið tölvu við vinnu sína, en oft á tíðum er afar erfitt að nýta internetið í þessu sambandi vegna þess að flutningaleiðin, flutningaæðin er svo gamaldags.

Fjarvinnsla er mjög vaxandi atvinnugrein og með því flutningakerfi sem nú er er það erfiðleikum háð að vinna með tölvu í dreifbýli, t.d. á Suðurlandi. Þetta skapar mikinn ójöfnuð í samkeppni milli dreifbýlis og þéttbýlis.

Spurning mín til hæstv. samgrh. er eftirfarandi:

Hver er stefna samgrh. og samgrn. í þessum efnum? Stendur til að Landssíminn endurnýi þessar flutningsæðar á næstunni þannig að þær megi verða nútímalegar og dreifbýlisbúar geti notið tækni tölvunnar eins og fólk í þéttbýli?

[15:21]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það hefur verið mér mikið áhugamál að reyna að finna leiðir til þess að víkka net breiðbandsins sem mest út, og ég geri mér vonir um að á síðari hluta þessa árs og raunar á þessu ári takist að ná fram mikilsverðum árangri.

Um þau sérstöku vandamál sem hv. þm. drap á og tengjast dreifbýlinu og strjálbýlinu er það að segja að það er laukrétt hjá hv. þm. að þarna er um tæknilega erfiðleika að ræða sem mjög dýrt og erfitt er að bregðast við. Á hinn bóginn er stöðugt verið að reyna að leita nýrra tæknilausna til þess að gefa þeim símnotendum sem hér um ræðir greiða leið að samnetinu. Það er stöðugt verið að vinna að þessu. Það á að fara að reyna nýjan tæknibúnað núna og það er auðvitað stefna mín og ég hygg ég megi segja Landssímans einnig að reyna að finna lausn á því sérstaka vandamáli sem hér var bryddað á.

[15:22]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir þessar undirtektir.

Á dögunum var ég á ferðalagi í Skaftafellssýslu og kom m.a. í 10. bekk í grunnskólanum í Kirkjubæjarskóla og spurði unga fólkið þar: Hvað gerið þið í frístundum ykkar? Svarið var: Við erum á irkinu. Við erum einmitt að vinna í tölvunni okkar á internetinu. Og 80% nemenda í 10. bekk þessa skóla höfðu aðgang að internetinu.

Þess vegna er mjög brýnt, og ég hvet hæstv. samgrh. að skikka hreinlega Landssímann til að endurnýja þessar boðleiðir því að þetta er mjög brýnt mál fyrir dreifbýlið. Landssími Íslands er forríkt fyrirtæki og það er sjálfsagt mál að þeir verji ákveðnum peningum til að endurnýja þessar samgönguleiðir. Og ég treysti samgrh. til þess að svo megi verða.

[15:23]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Til allrar hamingju er Landssíminn vel stæður, honum er vel stjórnað. (**Gripið fram í:** Forríkur.) Og forríkur kannski. En fjárfesting í fjarskiptabúnaði er mjög dýr. Landssíminn hefur borið fram fyrirspurnir um m.a. til Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar hvernig farið skuli með fjárfestingu sem Landssíminn leggur í samkvæmt samkeppnislögum og póst- og fjarskiptalögum.

Því miður verður að svara því svo að sumt sem þar er sagt er ekki uppörvandi og hvetur ekki til nýrrar fjárfestingar hjá Landssímanum.

Klám.

[15:24]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. dómsmrh. og spyr um málefni sem að margra mati er að þróast óheillavænlega á Íslandi.

Í fyrsta lagi. Eru af hálfu dómsmrn. einhverjar aðgerðir fyrirhugaðar gegn klámiðnaði á Íslandi?

Í öðru lagi. Hafa grunsemdir um vændi verið rannsakaðar?

Herra forseti. Ég bendi á að frá því hefur verið greint í fjölmiðlum að 60–90 erlendar nektardansmeyjar séu starfandi á veitingahúsum hérlendis. Einnig má nefna þann fjölda auglýsinga sem birtast daglega í DV um alls kyns þjónustu á þessu sviði.

Ég vil, herra forseti, fá leyfi til að láta þessa síðu liggja hér í ræðustólnum til upplýsingar fyrir hæstv. dómsmrh., ef hann hefur ekki horft á eða fylgst með því sem er að gerast í þessum málum. Ég vona að tími gefist fyrir hæstv. dómsmrh. til að gefa svör í þessu máli, sem er mjög alvarlegt og tengist eiturlyfjaneyslu sem er vaxandi og mikið vandamál í höfuðborginni og víðar á landinu.

[15:26]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ef grunur er fyrir hendi um refsiverða háttsemi ber lögregluyfirvöldum að rannsaka þau mál og hugsanlega eftir atvikum jafnvel ríkissaksóknara að kveða á um rannsókn eða ákæru í einstökum tilvikum. Lögum samkvæmt er það hlutverk lögregluyfirvalda og ákæruvalds að annast rannsókn og eftir atvikum ákæru þegar slík mál koma upp en ekki dómsmrn.

[15:27]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég ræð af svörum hæstv. dómsmrh. að honum sé ókunnugt um að grunsemdir séu um vændi á Íslandi. Ég ræð það af svörum hans líka að hann telji að ekki sé vaxandi klámiðnaður á Íslandi. Ég spyr því: Mun hæstv. dómsmrh. í framhaldi af þessari fsp. beita sér fyrir því við lögregluyfirvöld að þau kanni hvernig staðan er í þessum málum úr því að hæstv. dómsmrh. virðist ekki vera kunnugt um að þetta er vaxandi vandamál? Það eru a.m.k. komnir sex staðir í Reykjavík þar sem erlendar nektardansmeyjar eru að störfum. Og ég spyr enn þá: Er ekki ástæða til að kanna hvort þarna sé eðlilega staðið að málum?

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég hef ekki lagt neitt mat á það hvort refsiverð háttsemi á sér stað varðandi þau atriði sem hv. þm. hefur gert hér að umtalsefni og vil síst af öllu gera lítið úr alvarleika þeirra mála. En ég ítreka að það er hlutverk lögregluyfirvalda og ákæruvalds að taka á þeim málum ef grunsemdir eru fyrir hendi. Og ég treysti yfirmönnum lögreglunnar til þess að gera það ef aðstæður eru með þeim hætti að það þyki rétt og eðlilegt.

Atvinnumál á Breiðdalsvík.

[15:29]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Á undaförnum áratugum hafa menn víða í sjávarplássum á landinu róið lífróður til að halda uppi atvinnu og tryggja hráefni til vinnslu. Það byggðarlag sem mæðir hvað mest á í þessum efnum nú er í mínu kjördæmi, þ.e. Breiðdalsvík, þar sem atvinnuástand er vægast sagt afar ótryggt og byggðarlagið hefur ekki yfir neinu hráefni að ráða. Það fyrirtæki sem nýlega hefur verið stofnað þar, Útgerðarfélag Breiðdælinga, hefur ekki getað tryggt sér kvóta en unnið er að því hörðum höndum að reyna að viðhalda atvinnu í plássinu.

Fyrir liggur úttekt frá Byggðastofnun frá 12. jan. 1998 þar sem staðan er dregin upp í þessum efnum. Í þéttbýlinu á Breiðdalsvík eru um 200 manns en ef fiskvinnsla leggst þar af þá er talið að um 60 störf leggist af í plássinu.

Ég held að öllum sé ljóst að lykill að því að tryggja þarna áframhaldandi byggð felst í því að komið verði fótum undir fiskvinnslu og að heimamenn hafi yfir hráefni að ráða.

Í nýlega samþykktum breytingum á lögum um stjórn fiskveiða er lögfest að 1.500 þorskígildislestir verði til ráðstöfunar á næsta fiskveiðiári og árunum þar á eftir til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Hvað líður undirbúningi að reglum um úthlutun á þessum veiðiheimildum? Er þess að vænta að ríkisstjórnin gefi svör innan tíðar hvers menn, við aðstæður eins og á Breiðdalsvík, megi vænta í sambandi við þetta mál?

[15:31]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt að taka það fram að vegna þeirra nýju lagaákvæða sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði hér til þá mun Byggðastofnun fá það verkefni að gera tillögur um hvernig þessum aflaheimildum verður úthlutað og henni verður falið það verkefni að taka ákvarðanir þar um. Þau mál eru á frumstigi. Mér er ekki kunnugt um hvenær Byggðastofnun hyggst

kynna þær reglur sem eiga að gilda þar um. En aðalatriðið er, að ég hygg, að það sé eðlilegt og í samræmi við tilgang þessa ákvæðis að Byggðastofnunin meti þær aðstæður sem eru fyrir hendi og setji leikreglurnar í ljósi þess hlutverks sem hún hefur með höndum.

[15:32]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hefði beint máli mín til hæstv. forsrh. hefði hann verið viðlátinn en fannst nærtækt að spyrja hæstv. sjútvrh. um þetta efni. Ég vil því bæta við fyrispurn um það hvort ríkisstjórnin hafi ekki rætt við sitt borð um þau gífurlegu vandamál sem fólk í þessu byggðarlagi á við að glíma. Sveitarstjórnin hefur beitt sér fyrir endurreisn útgerðarfyrirtækis en mikið vantar á að traustur grundvöllur sé fundinn. Og það er ekki sjáanlegt, eða ég fæ a.m.k. ekki séð, að heima fyrir nái menn saman því fjármagni sem nauðsynlegt er til að tryggja hráefni á næstu árum til þess að öruggt sé að þarna verði haldið uppi fiskvinnslu.

Því vil ég hvetja hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnina alla til að taka á þessu máli fyrr en síðar, því að ekki þarf að eyða mörgum orðum að því hvað það þýðir fyrir aðstæður í svona byggðarlagi ef ekki er fyrirsjáanlegt að hægt verði að halda uppi sæmilega traustri atvinnu.

[15:34]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. að mjög mikilvægt er að það takist að skjóta traustum stoðum undir atvinnustarfsemi í því byggðarlagi sem hann hefur nefnt í þessari umræðu. Málefni einstakra fyrirtækja hafa ekki verið til umfjöllunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar en það er auðvitað rétt að hafa það hér í huga að ýmsar aðstæður í sjávarútvegi hafa verið slíkar að við getum með skýrum rökum sýnt fram á að fjárhagsleg staða fyrirtækja í atvinnugreininni hefur almennt verið að styrkjast. Ýmislegt bendir til þess að staða landvinnslu sé í flestum efnum að styrkjast. Markaðsaðstæður hafa breyst til hagsbóta um leið og það verður ódýrara að sækja fisk, eins og raunin hefur orðið.

Vegna nýtingarstefnu þeirrar sem fylgt hefur verið á undanförnum árum þá verður líka hagkvæmara að sækja fisk á bátum og auðveldara fyrir fiskvinnslu að ná í hráefnið. Þessar aðstæður hafa allar verið að snúast til betri vegar, fyrst og fremst vegna þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið í þessum, þó að því miður megi finna vandamál eins og hv. þm. gat hér um.

[15:35]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér erum við auðvitað að fjalla um mál sem er skýrt afkvæmi þeirrar stefnu sem uppi hefur verið í sambandi við stjórn fiskveiða þar sem það gerist að lífsbjörgin er tekin frá heilu byggðarlagi með því að aflaheimildir eru fluttar burt og menn standa uppi við þær aðstæður sem við höfum á Breiðdalsvík, og eru auðvitað ekkert einsdæmi, því miður.

Menningarhús á landsbyggðinni.

[15:36]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að minnast á það stóra mál við hæstv. menntmrh. sem ríkisstjórnin hæstv. hefur ákveðið, en það gerðist eftir áramótin að ríkisstjórnin og borgarráð Reykjavíkur gerðu með sér samkomulag þar sem ákveðið er að ráðast í byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar hér í höfuðborginni sem mun kosta 3–4 milljarða og er mikið verk. Ég ætla ekkert að draga úr mikilvægi þess. En til viðbótar því stendur til að reisa 300 herbergja gæðahótel við hliðina á þessari tónlistarhöll.

Ég ætla að spyrja hæstv. menntmrh. hvort rætt hafi verið hvaða áhrif slík bygging hefði t.d. á önnur hótel sem hér eru rekin á markaðnum. Einnig um áhrif á hótelmarkaðinn á landsbyggðinni, bændagistinguna o.s.frv., hvort það geti ekki skapast alvarlegt ástand miðað við þessa miklu fjárfestingu. Hvort það hafi verið rætt hvernig samkeppnisaðilar kunna að fara út úr þessu máli.

Svo ætla ég að minnast á hitt málið. Ríkisstjórnin ákvað að reisa menningarhús á landsbyggðinni á nokkrum stöðum. Þar er sjálfsagt hið besta mál. Þar þótti mér vanta upp á, til þess að alls samræmis væri gætt, að nokkrir staðir eins og Selfoss, Borgarnes og Suðurnesin væru þar með ekkert síður en Ísafjörður, Sauðárkrókur, Akureyri og Egilsstaðir. Vestmannaeyjar eru þar af öðrum toga. Þar er mikið mannlíf og sérstakt en það þjónar þó ekki stærri stað en þar er.

Síðan er það nú svo, hæstv. menntmrh., að landsbyggðin á mikið af félagsheimilum og menningarhúsum og stundar mikla menningu. Kannski eru það ekki hús sem hana vantar. Auðvitað vantar hana peninga (Forseti hringir.) til að reka sína starfsemi fremur og kannski styrki. Hefur hæstv. menntmrh. hugsað um það hvernig styrkja megi menningarlíf með öðrum hætti á landsbyggðinni?

[15:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta eru mjög yfirgripsmiklar spurningar sem fyrir mig eru lagðar og ég hef skamman tíma til að svara.

Varðandi hótelbygginguna þá var það mat þeirra aðila sem á þetta mál litu að hér væri þörf fyrir ráðstefnumiðstöð og einnig fyrir hótel sem gæti skapað betri aðstöðu fyrir þá sem sækja slíkar ráðstefnur því það er mat manna að hér skorti aðstöðu til þess að við séum samkeppnisfær á þessu sviði. Ef við komum hér upp betra hóteli þá munum við frekar skapa okkur nýjan markað og taka viðskipti væntanlega frá öðrum löndum heldur en að við séum að keppa við þá sem hér eru á markaðnum. Þetta er matið sem liggur á bak við hugmyndina um að reisa hér hágæðahótel, ef svo má að orði komast, án þess að í þeim orðum sé dregið úr gæðum þeirra hótela sem fyrir eru í landinu.

Að því er menningarhúsin varðar þá kynnti ríkisstjórnin þann 7. janúar sl. tillögu um að endurskoða þurfi lögin um félagsheimili. Eins og kunnugt er lét ríkið af öllum stuðningi sínum við félagsheimilin árið 1989 þegar samið var um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Og þarna er sú hugmynd sett fram að ríkið komi að nýju að uppbyggingu aðstöðu fyrir menningarstarf á landsbyggðinni með menningarhúsum. Nefndir eru fimm staðir en talið að það komi til álita að reisa slíka aðstöðu eða koma slíkri aðstöðu upp á fimm til sex stöðum.

Það er alveg ljóst eftir að þessi hugmynd var kynnt að mörg sjónarmið eru uppi um það hvernig best sé að útfæra hana. Það stendur til að skipa nefnd til þess að vinna málið frekar. Mér hafa sem menntmrh. borist fjölmörg erindi sem varða þetta mál og margar hugmyndir sem allar verða að sjálfsögðu teknar til athugunar og skoðunar og einnig hitt hvort skynsamlegra sé fyrir ríkisvaldið að koma að stuðningi við menningu um landsbyggðina á annan hátt en þennan í ljósi þeirra viðbragða sem fengist hafa. Þetta er mál sem

menn hljóta að skoða og velta fyrir sér og sú nefnd sem ætlunin er að skipa mun skoða. En margar hugmyndir hafa komið fram eftir að ríkisstjórnin tilkynnti ákvörðun sína 7. janúar sl.

[15:41]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Auðvitað hefði þurft að fara fram athugun á því hvaða áhrif slíkt stórt gistihótel hefði hér á markaðinn og leita samstarfs um það. Auðvitað getur það átt sér stað enn þá og ég held að það sé mjög mikilvægt.

Hvað landsbyggðina varðar þá fagna ég því að lög um félagsheimili verði endurskoðuð. Ég held að það sé mjög mikilvægt og eins hvernig ríkisvaldið getur komið að því styrkja menningarlíf í fámenninu þannig að það geti þrifist. Þess vegna fagna ég því.

Hvað staðina varðar þá vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Þar sem menn hafa verið að byggja upp eins konar höfuðstöðvar þar sem þróast hefur mjög sterkt þéttbýli, getur þá ekki hæstv. menntmrh. tekið undir það að rangt sé að setja út af blaðinu í upphafi, áður en umræður hafa farið fram, staði eins og ég nefndi hér áðan? Því að þetta er ekki bara spurning um að fólk sæki menningarhús heldur að það geti líka verið þátttakendur, hvort heldur er í leiklist, tónlist eða hvað það er, á ákveðnum svæðum á landsbyggðinni. Ég vil ítreka þessa spurningu mína.

[15:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi fyrri liðinn um hótelið þá vil ég get þess að í þeim hópi sem gerði tillögurnar um uppbygginguna var m.a. fulltrúi frá einu hóteli hér og það voru kallaðir til erlendir sérfræðingar þannig að málið hefur þegar verið grandskoðað. En að sjálfsögðu þarf að skoða það betur og leita eftir samkomulagi við einkaaðila sem munu reisa þetta hótel því að ekki verður staðið að því af opinberri hálfu að reisa hótel hér í Reykjavíkurborg.

Varðandi síðari liðinn þá ætla ég ekki að segja annað en það sem ég sagði áðan, þ.e. að hugmyndin var sett fram, ríkisstjórnin ákvað að nefna fimm staði og sú tillaga stendur óbreytt frá ríkisstjórninni. En ætlunin er að nefnd verði sett í málið til þess að skoða það. En frá mínum bæjardyrum séð og menntmrn. þá er þarna um endurskoðun á lögunum um félagsheimili að ræða og spurningunni um það hvernig ríkisvaldið eigi að stuðla betur að menningarstarfsemi víðs vegar um landið.

[15:44]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka þá skoðun mína að samræmi er í því að nefna Ísafjörð, Sauðárkrók, Akureyri og Egilsstaði sem mikilvæga þjónustukjarna á landsbyggð og nefna þá til viðbótar Árborgarsvæði, Borgarnes/Akranes og Suðurnesin, Keflavík/Njarðvík. Ég held því að það hljóti nú að vera, þó að hæstv. menntmrh. negli sig furðufastan í það að þetta séu bara fimm staðir, að menn opni þessar dyr til samræmis og sátta við sterk byggðarsvæði sem eru að þróast og keppa um mannafla.

[15:45]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil árétta af þessu tilefni að ég er ekki að negla mig við annað en það sem ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum og fram kemur í tilkynningu hennar frá 7. janúar sl. Það er að sjálfsögðu ekki á mínu færi að breyta þeirri ákvörðun eða tilkynningu sem gefin var að viðstöddum forsrh., utanrrh., félmrh. og mér. Þar var þessu lýst yfir og ríkisstjórnin ákvað að leggja málið fram með þessum hætti og það er ekki við því að búast að ég lýsi því yfir að ríkisstjórnin hafi horfið frá þeirri ákvörðun sem kom fram í þeirri ályktun sem birt var 7. janúar sl.

Tilkynning um afgreiðslu þingmannamála o.fl.

[15:47]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en atkvæðagreiðslur hefjast vill forseti nefna nokkur atriði sem varða þinghaldið í dag og á morgun.

Fyrir þinginu liggja nú um 80 þingmannamál sem ekki hafa komist til 1. umr. Sum þeirra voru lögð fram snemma á þinginu en hafa ekki komist á dagskrá, sumpart vegna ýmissa aðstæðna þingmanna, sumpart vegna tímaskorts í þinghaldinu. Forseti, og forsætisnefndin öll raunar, hefur haft nokkrar áhyggjur af þessu. Það var tillaga forseta á fundi með formönnum þingflokka í síðustu viku að gera góða atlögu að þingmannamálum í þessari viku, eitthvað í líkingu við það sem gert var á síðasta þingi, þ.e. að taka á tveimur dögum sem mest af fyrirliggjandi þingmálum, annars vegar stjórnarþingmanna og hins vegar þingmanna stjórnarandstöðuflokka.

Formenn þingflokka tóku vel í þessa tillögu þótt auðvitað kæmu fram efasemdir um að þessi málsmeðferð væri réttmæt í öllum tilfellum því vitaskuld eru þessi mál misjöfn að efni en eins og háttað er þinghaldinu nú væri þetta þó besta leiðin, enda færu mál þá til nefnda og gætu fengið einhverja afgreiðslu þótt lítill tími sé til stefnu fram til þingfrestunar.

Á dagskrá í dag eru 33 þingmannamál og á dagskránni á morgun verður álíka fjöldi þingmála til 1. eða fyrri umr. Góð samvinna hefur verið við starfsmenn þingflokka um uppröðun dagskrárinnar en það er ljóst að þetta tekst ekki nema framsögumenn og aðrir sem taka þátt í umræðunum takmarki mjög ræðutíma sinn, helst við um það bil fimm mínútur, til þess að allir komist að með mál sín. Jafnframt verður forseti að fresta þar til síðar á fundinum þeim málum þar sem umræður fara mikið fram úr 20 mínútum. Forseti gerir ráð fyrir að þingfundur standi eitthvað fram á kvöldið. Það sem hér hefur verið sagt um dagskrána í dag gildir einnig um fyrirkomulag umræðnanna á morgun.

Þá vill forseti geta þess að á morgun verður atkvæðagreiðsla um hið svokallaða kjördæmamál. Atkvæðagreiðslan verður um kl. tvö á morgun, að lokinni umræðu utan dagskrár um vanda rækjuvinnslunnar.

Loks vill forseti að gefnu tilefni ítreka það við hv. alþingismenn, sem raunar hefur verið gert skriflega nokkrum sinnum, að þeir hafi ekki kveikt á farsímum sem þeir kunna að hafa meðferðis meðan þeir eru í þingsalnum. Mikið ónæði hlýst af hringingum í þessa síma en það sem er meira um vert er að sé ekki slökkt á þeim í salnum geta þeir valdið truflunum á rafbúnaði sem hér er, bæði við upptökur og atkvæðagreiðslur. Þetta biður forseti í allri vinsemd hv. þingmenn að virða í þingsalnum.

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 475. mál (aðsetur ríkisstofnana). — Þskj. 780.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, BBj, EgJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KÁ, LB, MagnM, MLS, ÓE, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ, ÖJ, ÖS.
1 þm. (ÓÖH) greiddi ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, FI, GE, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, MF, PP, RA, RG, SighB, StB, SvanJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Ríkislögmaður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 476. mál (yfirstjórn). — Þskj. 781.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stofnun endurhæfingarmiðstöðvar, fyrri umr.

Þáltill. SF o.fl., 178. mál. — Þskj. 188.

[15:51]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. á þskj. 188 um stofnun endurhæfingarmiðstöðvar. Flm. að þessari þáltill. eru sú er hér stendur og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Magnús Stefánsson og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

Tillagan felur það í sér að Alþingi álykti að fela heilbrigðisráðherra að setja á stofn endurhæfingarmiðstöð sem verði sjálfstæð opinber stofnun með þjónustusamning við heilbrigðisráðuneyti. Markmið stofnunarinnar yrði að bæta þjónustu við þá sem þarfnast endurhæfingar til lengri tíma, stuðla að því að þeir verði virkir þjóðfélagsþegnar á ný og bæta um leið nýtingu spítalanna.

Virðulegur forseti. Aðalatriðið í þessari þáltill. er það að reyna að bæta langtímaendurhæfingu þannig að maður geti komið fólki fyrr út í atvinnulífið og komið því út í atvinnulífið yfirleitt. En samkvæmt upplýsingum frá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins getur hver einstaklingur kostað allt að 40–50 millj. í bætur en hægt yrði að spara með því að bæta endurhæfinguna. Það er því til mikils að vinna að koma hverjum einasta manni sem hægt er út í atvinnulífið á ný.

Endurhæfingu sjúklinga til lengri tíma, eftir að bráðaendurhæfingu á spítölunum lýkur, þarf að bæta. Undanfarin ár hefur gengið erfiðlega að koma þessum sjúklingum, sem hafa orðið illa úti af sjúkdómum og slysum, í viðeigandi meðferð. Endurhæfingu á bráðastigi hefur verið nokkuð vel sinnt en almennt er viðurkennt að fjárskortur hefur háð endurhæfingu að því loknu. Tilhneiging hefur verið að sjúkrahús leggi áherslu á bráðaþjónustu á kostnað langtímaendurhæfingar. — Og það er ósköp eðlilegt að þegar menn þurfa að forgangsraða þá sé bráðaþjónustan valin í fyrsta sæti. — Þá hefur einnig staðið endurhæfingu fyrir þrifum, bæði á Ríkisspítölunum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur, að heyra undir lyflæknissvið í stað þess að vera sjálfstætt svið með eigin stjórnun, fjárveitingu og rekstur. Til að ráða bót á þessu hafa komið fram hugmyndir um að sameina krafta og þekkingu á endurhæfingardeildum þessara stofnana í eina endurhæfingarmiðstöð. Til greina kæmi einnig að aðrar stofnanir sem sinna endurhæfingu, svo sem Reykjalundur og Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, gætu tengst miðstöðinni svo að sem best samvinna væri um hvert sjúklingar færu til meðferðar.

Ég vil einnig minnast á að nýlega var ráðinn einn forstjóri yfir sjúkrahúsunum í Reykjavík, þ.e. Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Ríkisspítala, Magnús Pétursson, sem ég tel einmitt vera mjög jákvætt, og helst hefði ég viljað sjá þessi sjúkrahús sameinuð. En þessi þáltill. gengur út á það að sameina endurhæfingu þessara tveggja sjúkrahúsa. Varðandi staðsetningu stöðvarinnar tel ég eðlilegt að kannaður verði sá möguleiki að samnýta aðstöðu á Grensásdeild og í Kópavogi en á Kópavogshælinu er ágæt aðstaða og húsakostur.

Í þessari þáltill. er rætt um stjórn miðstöðvarinnar. Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að telja það upp vegna tímaskorts, en eins og stjórnin er skipuð kæmi þar m.a. aðili frá Vinnuveitendasambandinu og Neytendasamtökunum og þetta er til að undirstrika það að meiningin er að þarna yrði talsverð starfsþjálfun.

Í Reykjavík og nágrenni eru samtals um 240–250 rúm skilgreind til notkunar fyrir endurhæfingu en þar af eru aðeins 30–35 fyrir þunga endurhæfingu. Hluti rúmanna er að auki stöðugt tepptur vegna of fárra vistunarúrræða.

Í þáltill. er gert er ráð fyrir að í nýju miðstöðinni rúmist starfsemi sem nú fer fram á Grensásdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur auk endurhæfingarþjónustu þeirrar sem ráðgerð er á nýrri deild á Kópavogshæli þegar hún verður opnuð. Þannig mundi bráðarúm nýtast mun betur á sjúkrahúsunum.

Að lokum langar mig, virðulegur forseti, að upplýsa að mér er ljóst að Tryggingastofnun ríkisins er að skoða þann möguleika — við reyndar fengum slíkt mál til vinnslu rétt fyrir jól en því var frestað — að nýtt örorkumat verði gert og staðið verði að því með öðrum hætti, þ.e. að fólk verði látið fara í gegnum svokallað endurhæfingarteymi og í framhaldinu yrði gerður þjónustusamningur við endurhæfingarstofnanir um endurhæfingu þannig að fólk sem lendir í örorku fái mun sterkara prógramm en í dag, meiri endurhæfingu.

Mér er einnig ljóst að samvinnunefnd sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu hefur tillögur til skoðunar sem byggjast að verulegu leyti á sömu hugmyndafræði og þessi þáltill. gerir, þ.e. að sameina endurhæfingu Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna í eina endurhæfingu og gera hana sjálfstæðari en hún er í dag. Það er eini möguleikinn sem ég sé í stöðunni þannig að langtímaendurhæfingu sé gert hærra undir höfði og njóti meiri virðingar en hún gerir í dag. Hún drukknar í dag í bráðaþjónustu sjúkrahúsanna.

[15:58]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir flutning þessarar tillögu og þá fyrst og fremst að vekja athygli á málefnum sem tengjast endurhæfingu.

Ég ætla ekki við 1. umr. að fullyrða um hvort sú leið sem hér er lögð til, að setja á stofn endurhæfingarmiðstöð, sé hin eina rétta, enda er vikið að því í greinargerð að þetta sé fyrst og fremst til að setja málin í þann umræðufarveg sem nauðsynlegur er og nafngreindar sérstaklega stofnanir sem koma þá að þeirri vinnu eins og t.d. Reykjalundur og Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði en fyrst og fremst er lagt upp með þá starfsemi sem núna fer fram á Grensásdeildinni.

Það sem ég vildi hins vegar draga fram í þessari umræðu er að ég fagna því að málefni endurhæfingar koma til faglegrar umræðu en ég held þó að lítill gaumur hafi verið gefinn að einum þætti varðandi þetta mál og það eru hin hagrænu áhrif endurhæfingarinnar. Ekki hefur verið skoðað nægjanlega hér á landi hvað endurhæfing er í reynd góð fjárfesting eða hvað fjármagni er vel varið sem sett er í endurhæfingu.

Ég hef verið að kynna mér svolítið þessi mál varðandi endurhæfingu og hinn hagræna þátt þess máls og satt best að segja er nær ekkert til af úttektum eða samantektum hér á landi um þetta efni. Þetta er þróuð vísindagrein erlendis eða hluti af vísindagrein innan heilbrigðishagfræði sem er ein af sérgreinum rekstrarhagfræðinnar og fjallað er þar sérstaklega um endurhæfingu og mat á hagrænum þáttum þess. Ég tek fram að þar er ekki einungis verið að leggja mat í krónum og aurum heldur er einnig verið að leggja mat á mjög erfiða þætti í endurhæfingu eins og þjáningar, lífslíkur og annað slíkt. Það er því til aðferðafræði við að leggja vísindalegt mat á endurhæfingu, aðferðir sem því miður hefur ekki verið beitt hér á landi. E.t.v. verður þessi tillaga til þess að menn fara að skoða þessi mál betur og það væri gott.

Sjálfur hafði ég einmitt hug á því að reyna að flytja hér tillögu um sérstakar úttektir á hagkvæmni endurhæfingar út frá þessum nýju aðferðum sem til eru og við höfum ekki nýtt okkur sem skyldi. En það væri hins vegar ánægjuefni ef þessi tillaga gæti orðið til þess að málin fengju nánari skoðun.

Það er svo, herra forseti, að endurhæfing er ekki einungis bráðnauðsynleg gagnvart þeim sjúklingum sem þurfa á henni að halda til að komast aftur í samfélagið heldur er fólginn í henni mikill efnahagslegur ávinningur fyrir samfélagið. Ég held að einmitt þessi efnahagslegi ávinningur sé miklu meiri en menn hafa gert sér í hugarlund, þannig að aukið fjármagn — það er að vísu ekki talað beinlínis um það hér — innan heilbrigðisþjónustunnar sem varið yrði til endurhæfingar er að mínu mati rétt stefnumótun og það fjármagn skilar sér mjög fljótt aftur til baka.

[16:01]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þetta er hið athyglisverðasta mál. Hitt er annað að þingmönnum hættir nokkuð til að fara ótroðnar slóðir.

Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður kom inn á í sambandi við Reykjalund og Náttúrulækningafélag Íslands í Hveragerði. Ekki er langt síðan mikil landssöfnun fór fram um byggingu sundlaugar við Reykjalund. Sú starfsemi hefur varað alllengi og þar hefur verið unnið mikið og gott starf. Ég tel að það sé eðlilegt að horfa t.d. til þessara tveggja fyrirtækja og reyna að nýta betur þau mannvirki sem eru til staðar. Okkur hættir til að flytja þáltill. eða jafnvel breytingar á lögum án þess að líta fyrst til allra átta, til þeirra fyrirtækja eða þeirrar starfsemi sem e.t.v. er þegar í gangi, heldur förum við nýjar leiðir sem kosta mikla peninga í stað þess að nýta það sem fyrir er, svo sem þekkingu, reynslu og mannvirki.

Þáltill. er góð, en eins og síðasti ræðumaður kom inn á kostar það þjóðfélagið mikla peninga að koma ekki fólki sem hefur orðið fyrir slysum eða veikindum, sem hefur leitt til örorku um stundarsakir, hið allra fyrsta út í atvinnulífið aftur. Það eigum við vissulega að leggja mikla áherslu á.

En eins og ég hef sagt áður eigum við að líta í kringum okkur eins og málin standa nú, við eigum að líta til fyrirtækja eins og Reykjalundar og Náttúrulækningafélagsins og nýta þau mannvirki, þekkingu og reynslu sem þar eru fyrir hendi. Þá getum við ábyggilega byggt þar enn betur upp og unnið þar enn betra verk en þar er unnið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Internetsamvinna skóla á Vestur-Norðurlöndum, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 195. mál. — Þskj. 212.

[16:04]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Norrænt samstarf hefur um árabil verið hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu. Allt frá lýðveldisstofnun hafa bönd landsins við Norðurlöndin verið sterk. Okkur er tamt að tala um íbúa Skandinavíu sem frændur okkar enda samskipti landanna ávallt verið mikil og fara vaxandi.

Á síðustu árum hefur samstarf Íslands við Færeyinga og Grænlendinga einnig aukist verulega, bæði efnahagslega, menningarlega og pólitískt. Það er bæði kærkomin og eðlileg viðbót við hið hefðbundna samstarf Norðurlandanna, enda standa þjóðir þessara landa okkur nær í mörgu tilliti. Lega landanna, stærð þjóðanna og menningarsérkenni valda því að Ísland, Færeyjar og Grænland standa að mörgu leyti frammi fyrir sömu vandamálum og eiga sömu sóknarfæri í hinu alþjóðlega samfélagi. Því má segja að á sama hátt og við ræðum um frændur okkar, Norðurlandabúa, þá séu íbúar Vestur-Norðurlanda náfrændur okkar og samskipti í þeim frændgarði ber að efla.

Vestnorræna ráðið, sem er samskiptavettvangur þjóð- og landsþinga Íslands, Færeyja og Grænlands, hefur að markmiði sínu að auka samskipti og samvinnu íbúa í löndunum þremur. Á ársfundi ráðsins, sem haldinn var í Ilulissat í Grænlandi í sumar samþykktu þingmenn ráðsins þrjár ályktanir sem nú eru lagðar fyrir Alþingi í formi þáltill.

Þessar tillögur miða að því að auka samstarf landanna í internetmálum skóla, í íþróttamálum og menningarmálum, og mun ég gera grein fyrir þeim í þessari röð.

Fyrst vil ég nefna 195. mál á þskj. 212 sem er þáltill. um eflingu internetsamvinnu skóla á Vestur-Norðurlöndum. Samkvæmt henni ályktar Alþingi að fela menntamálaráðherra Íslands í samvinnu við menntamálaráðherra Færeyja og Grænlands að hvetja til og beita sér fyrir aukinni samvinnu skóla í löndunum þremur er varða samskipti og samvinnu á internetinu.

Í grg. með tillögunni segir m.a.:

Miklar vegalengdir hafa hingað til sett samvinnu Vestur-Norðurlandanna þröngar skorður. Samgöngur á milli Íslands, Færeyja og Grænlands hafa bæði verið stopular og kostnaðarsamar, sem háð hefur efnahagslegu og menningarlegu samstarfi þjóðanna. Þetta kann að vera að breytast. Samskiptatækni hefur beinlínis fleygt fram síðustu ár og gert að engu vegalengdir á láði og legi sem áður torvelduðu

samskipti. Þetta gildir sérstaklega um Vestur-Norðurlönd, sem hafa í miklum mæli tileinkað sér þessa nýju tækni. Ný samskiptatækni felur því í sér möguleika á að styrkja samstarf landanna og vestnorræna vitund, m.a. með því að efla samstarf skóla á Vestur-Norðurlöndum.

Ljóst er að internetið er samskipta- og fjölmiðill sem mun hafa varanleg áhrif á komandi árum og ber vestnorræni samvinnu að færa sér það í nyt. Rökin fyrir því að efla internetsamvinnu skóla á Vestur-Norðurlöndum eru fjölmörg. Með því að vinna sjálfstætt á internetinu læra nememdur að umgangast þessa nýju tækni og beita henni í leik og starfi. Á þann hátt vinnur skólinn gegn tölvufælni nemenda og ótta við tækninýjungar, og eykur færni þeirra í framtíðinni.

Hér er lagt til að vestnorræn skólasamvinna sé efld þannig að komið verði á sambandi þeirra skóla í löndunum sem óska eftir því að standa að samvinnuverkefni á internetinu um efni að eigin vali. Þannig mundi verkefnið geta aukið skilning og þekkingu nemenda á lífi og viðhorfum hvers annars, stuðlað að betri þekkingu á norrænum tungumálum og síðast en ekki síst leitt til þess að ungt fólk í löndunum hefði tækifæri til þess að kynnast og efla samskipti og vináttu sín á milli.

Því er lagt til að menntamálaráðherrar Íslands, Færeyja og Grænlands hvetji til og beiti sér fyrir aukinni internetsamvinnu skóla í löndunum þremur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íþróttasamstarf milli Vestur-Norðurlanda, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 196. mál. — Þskj. 213.

og

Stofnun vestnorræns menningarsjóðs, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 197. mál. — Þskj. 214.

[16:09]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Önnur tillaga sem ég mæli fyrir er 196. mál á þskj. 213 sem er þáltill. um eflingu íþróttasamstarfs milli Vestur-Norðurlanda. Samkvæmt henni ályktar Alþingi að fela menntamálaráðherra Íslands að setja, í samvinnu við menntamálaráðherra Færeyja og Grænlands, á fót vinnuhóp til þess að móta tillögur til eflingar samstarfi landanna þriggja í íþróttamálum.

Stór hluti íbúa á Vestur-Norðurlöndum tekur þátt í íþróttastarfi. Skráðir félagsmenn í íþróttafélögum eru rúmlega 100 þúsund talsins, eða um þriðjungur íbúa í löndunum þremur. Íþróttafélögin vinna gott starf, ekki síst gott æskulýðsstarf, en kannanir hafa sýnt að börn og unglingar sem stunda íþróttir eru líklegri til að ná árangri í skóla og atvinnulífi síðar á lífsleiðinni, og síður líkleg til að lenda í félagslegum erfiðleikum.

Íslensk íþróttafélög hafa lengi átt ýmiss konar samstarf við íþróttafélög á Norðurlöndunum með góðum árangri. Hins vegar hefur samstarf við okkar helstu grannþjóðir, Færeyinga en þó einkum Grænlendinga, ekki verið öflugt að sama skapi og ber að bæta úr því. Ljóst má vera að aukið samstarf íþróttasambanda og ungmennafélaga á Vestur-Norðurlöndum sem standa fyrir íþróttum mun styrkja verulega stöðu þeirra og efla alla starfsemi. Aðalmarkmið íþróttasamstarfs Vestur-Norðurlandanna er þó að efla vestnorræna vitund og samkennd með því að íþróttamenn heimsæki hverjir aðra. Þannig komast þjóðir landanna þriggja í betra samband hver við aðra sem eflir samhug þeirra og samstarf. Slíkt samstarf mun einnig hafa jákvæð efnahagsleg áhrif í löndunum, m.a. með tilliti til ferðaþjónustu. Þá mun aukið íþróttasamstarf Vestur-Norðurlanda efla menningarleg tengsl þjóðanna, sem er í fullu samræmi við yfirlýsta stefnu ríkis- og landstjórna landanna.

Tillögunni er beint til menntamálaráðherra, sem æðstu yfirmanna íþróttasambanda landanna, og eru þeir hvattir til að setja á fót vinnuhóp til að móta og leggja fram tillögur um hvernig efla má íþróttasamstarf landanna.

Herra forseti. Loks vil ég víkja að annarri tillögu sem er 197. mál þingsins á þskj. 214, sem er þáltill. um að setja á stofn vestnorrænan menningarsjóð. Samkvæmt henni ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að setja, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, á stofn vestnorrænan menningarsjóð í því skyni að efla samstarf landanna þriggja í menningarmálum.

Þessi tillaga á rætur í því að Vestur-Norðurlöndin, Ísland, Færeyjar og Grænland, eiga afar margt sameiginlegt. Saga og menning þessara landa er að mörgu leyti samofin og á þeim grunni byggist vestnorræn samvinna. Löndin þrjú hafa í tímans rás átt margvíslega menningarlega samvinnu sem hefur oft leitt til þess að þjóðirnar hafa nálgast hver aðra á öðrum sviðum og af því vaxið blómlegt samstarf í ólíkum geirum. Enn fremur hefur þessi sameiginlegi menningararfur aukið samkennd á milli landanna þriggja, sem er grunnurinn að samstarfi þjóðanna.

Alþjóðavæðing og samruni þjóðríkja hefur aukið þörfina á fjölbreytilegu samstarfi í menningarmálum Vestur-Norðurlanda. Smærri menningarheimar eiga undir högg að sækja í hnattvæðingu stjórnmála-, efnahags- og menningarlífs. Ein forsenda þess að sameiginleg menning Vestur-Norðurlanda nái að styrkja stöðu sína og eflast í framtíðinni er að sköpuð verði betri skilyrði fyrir menningarlega samvinnu.

Vestnorræna ráðið samþykkti á ársfundi sínum í júní sl. að stofnsetning sérstaks vestnorræns menningarsjóðs sé leið að því marki sem muni vafalítið efla og þróa menningarsamstarf landanna. Tekjur sjóðsins skulu vera árgjöld aðildarlandanna, og skulu þau ákveðin í fjárlögum í löndunum þremur. Einnig skal kannað hvort fyrirtæki á Vestur-Norðurlöndum séu reiðubúin að leggja sjóðnum til fé.

Úthlutunarreglur sjóðsins skulu ákvarðaðar af menntamálaráðherrum landanna þriggja, í samráði við Vestnorræna ráðið. Sjóðurinn skal styrkja verkefni m.a. á sviði menntamála, rannsókna og skóla- og íþróttasamvinnu. Stjórn sjóðsins skulu skipa fulltrúar frá Vestnorræna ráðinu, landstjórn Færeyja, landstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands.

Herra forseti. Ég hef nú mælt fyrir þessum þremur tillögum sem voru samþykktar á fundi Vestnorræna ráðsins sem haldinn var, eins og komið hefur fram, í Ilulissat á Grænlandi og vona ég að þær nái fram að ganga hér í þinginu.

[16:15]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir að hafa flutt þessi þrjú mál sem tengjast Vestnorræna ráðinu. Þetta eru merk mál fyrir samstarf vestnorrænu landanna. Það er rétt sem bent var á í framsögu að saga og menning þessara landa er mjög samofin. Þess er skemmst að minnast hve Færeyinga hafa oft staðið við bakið á okkur. Þó þeir séu fáir og hafi kannski ekki mjög mikla burði fjárhagslega þá hafa þeir sýnt hve vinskapur þeirra við okkur er mikill. Ég minni á hvernig þeir komu okkur til aðstoðar í kjölfar Vestmannaeyjagossins og einnig í kjölfar snjóflóðanna á Vestfjörðum. Þar sýndu þeir vinarhug sinn í verki.

Okkur ber að gera allt sem við getum til að varðveita þennan menningararf og það er sérstaklega mikilvægt nú þegar Evrópuvæðing og hnattvæðing eykst, að maður taki sér tak til að passa upp á nágranna sína og standi þannig að málum að sameiginlegur menningararfur vestnorrænu landanna haldi áfram að blómstra.

Ég vil nefna vinabæjasamstarf, sem er norrænt samstarf þar sem sveitarfélög á Norðurlöndunum starfa saman. Í mínu sveitarfélagi, Seltjarnarnesi, eigum við vinabæi á öllum Norðurlöndunum nema á Vestur-Norðurlöndum. Mér þykir það skaði þar sem vinabæjasamstarf er mjög skemmtilegt. Ég beini því til Vestnorræna ráðsins, af því að ég veit að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason er formaður þar, hvort ekki væri hægt að athuga sérstaklega vinabæjasamstarfið gagnvart vestnorrænu löndunum. Ég veit að Norræna félagið hefur skrá yfir samstarfið. Það væri mjög gott ef hægt væri að efla vinabæjasamstarfið við vestnorrænu löndin og gefa kost á að sækja um styrki úr menningarsjóðinum, sem stendur til að stofna samkvæmt þáltill., í því skyni.

Það er ljóst að það er dýrt að ferðast til vestnorrænu landanna. Það er dýrt að fara til Grænlands og dýrt að fara til Færeyja. Sumir halda, þegar þeir koma til Íslands sem ferðalangar, að lítið mál sé að skreppa til Grænlands, þetta sé nú bara næsti bær við og kosti varla mikið að skreppa þangað. En á menn renna tvær grímur þegar þeir sjá verðið.

Ég bind vonir við þennan menningarsjóð, að hann geti eflt menningarsamstarf milli þjóðanna, t.d. leiklistarhópa, ýmsa listahópa og íþróttahópa. Hér er sérstaklega tekið á eflingu íþróttasamstarfs. En af því að ferðirnar eru dýrar, gistingin er yfirleitt dýr nema gist sé í skólum eða einhverju slíku, þá er mikilvægt að hægt sé að sækja í sjóð eins og hér er lagt til að settur verði á stofn.

Einnig er ljóst að dönskukennsla, norskukennsla og sænskukennsla á undir högg að sækja. Börn og unglingar sækja að sjálfsögðu mikið í tölvur, inn á internetið og annað þar sem enskan ræður ríkjum. Ég vona því að þetta átak Vestnorræna ráðsins, sem felst í þessum þremur þáltill., verði til þess að halda uppi merkjum kennslu á norrænum tungum.

Ég vil þakka hv. flm., Ísólfi Gylfa Pálmasyni, fyrir að hafa mælt fyrir þessum þremur málum í beit.

[16:19]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Mig langar að byrja á að þakka málshefjanda fyrir að koma með þessi góðu mál í salarkynni Alþingis. Bent hefur verið á að samskipti okkar við þessar grannþjóðir okkar hafa verið ótrúlega lítil í gegnum tíðina. Á öldum áður var svona afleggjari af Íslandi á Grænlandi, eins konar nýlenda eða sjálfstæð byggð norrænna manna. Samskipti við þá byggð lögðust af í miklum hafís á 15. öld, ef ég man rétt, og byggðin var horfin þegar að var gáð eftir þennan mikla hafísstíma.

Samskiptin hafa nánast ekki verið tekin upp við Grænland að nýju eftir þetta. Ég get t.d. tekið sjálfan mig sem dæmi, ég hef tekið mikinn þátt í Norðurlandasamstarfi undanfarin 12–15 ár, bæði innan hreyfingar jafnaðarmanna og á vegum norrænu félaganna. Ég var m.a. starfsmaður Nordjobb á Íslandi eitt sumar. Ég verð að segja að ef þátttaka mín er dæmigerð, en ég hef aldrei komið til Færeyja og einungis farið í dagsferð til Kúlusúkk, og það var ekkert í tengslum við Norðurlandastarf, þá mættu tengslin að ósekju vera miklu meiri.

Þó grænlenska þjóðin og sú íslenska eigi ekki mjög skylda menningu þá er margt spennandi að gerast í menningu inúíta. Á fót er að komast sjálfsstjórnarhérað í Norður-Kanada, North West Territories svokallað. Ekki er ólíklegt að tengsl Grænlendinga við það sjálfsstjórnarhérað komi til með að verða töluverð þegar fram í sækir. Með því að efla tengslin við þessa granna okkar í vestri höfum við gullið tækifæri til þess að tengja okkur inn í þennan menningarheim, sem á eftir að láta að sér kveða í framtíðinni. Ég tel að við ættum að nýta okkur það tækifæri.

Eins er með náfrændur okkar, það er rétt að nota það orð um þá, í Færeyjum. Það er rétt, sem fram kom í máli hv. 4. þm. Reykn. áðan, að dýrt hefur verið að fljúga til Færeyja og Grænlands. Á tímabili þurftu Íslendingar að fljúga til Kaupmannahafnar áður en þeir komust til Grænlands, sem var afar sérkennileg staða. Það er afskaplega mikilvægt að við eflum þessi tengsl og því fagna ég þessum tillögum sérstaklega. Ég tek heils hugar undir að sköpuð verði betri aðstaða til menningarsamstarfs. Menningarsamstarf á milli þessara landa mun til framtíðar gefa afrakstur.

[16:23]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil þakka þessum ungu kraftmiklu þingmönnum, hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og Magnúsi Árna Magnússyni, fyrir góðar undirtektir. Það sést að þau hafa áhuga á þessum mikilvægu málefnum. Samvinna þessara landa á vafalítið eftir að aukast mjög mikið í framtíðinni, sérstaklega ef þessi lönd ganga einhvern tíma í ESB. Þarna er því góður spennandi starfsvettvangur sem ber að efla á öllum sviðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:24]

Útbýting þingskjals:

Nauðsynlegt iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins o.fl., 165. mál, svar fjmrh., þskj. 795.

Aðskilnaður rannsóknastofnana, hagsmunasamtaka og ríkisvalds, fyrri umr.

Þáltill. ÓHann o.fl., 218. mál. — Þskj. 241.

[16:24]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. þar sem skorað er á hæstv. ríkisstjórn að skipa nefnd sem hafi það hlutverk með höndum að gera tillögur um nýja skipan stjórna allra

rannsókna- og vísindastofnana á vegum hins opinbera með það fyrir augum að efla sjálfstæði þeirra til hvers konar rannsókna og vísindaiðkana.

Eins og hæstv. forseti gat um var frumkvöðull að þessari þáltill. og 1. flm. hennar hv. þm. Ólafur Hannibalsson. Hann á þakkir skildar fyrir að hafa tekið þetta mál upp hér. Hann lagði málið fram á Alþingi meðan hann sat hér í fjarveru hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar en meðflutningsmenn hans voru ég og hv. þm. Pétur Blöndal sem var 2. meðflm.

Herra forseti. Íslenska ríkið ræður yfir mörgum góðum vísindastofnunum sem margar hverjar hafa getið sér orð á alþjóðavettvangi, ekki síst þær sem tengjast rannsóknum á helstu atvinnuvegum landsmanna. Í röðum starfsmanna þeirra er að finna marga góða vísindamenn og suma raunar frábæra. Um langa hríð var meginverkefni þessara stofnana að beita sér fyrir rannsóknum sem miðuðu að því að auka og efla framleiðslu í þeim atvinnugreinum sem viðkomandi rannsóknastofnun sinnti, stundum að því er virtist án tillits til annarra hagsmuna en þeirra sem voru beinlínis njörvaðar við greinarnar sjálfar.

Ég tel ekki hafa verið óeðlilegt að á þeim tímum væru stjórnarmenn rannsóknastofnana atvinnuveganna skipaðir úr röðum hagsmunasamtaka sem tengdust viðkomandi atvinnugreinum eða stóðu þeim mjög nærri. Ég segi að það hafi ekki virst óeðlilegt, þ.e. ekki ef horft er til þeirrar staðreyndar að markmið og tilgangur rannsóknastofnananna var á þeim tíma næstum því eingöngu að finna aðferðir til að ná hámarksafköstum í framleiðslu viðkomandi atvinnugreinar, hvort sem var í sjávarútvegi, landbúnaði eða iðnaðar- og orkugeiranum. Í árdaga horfðu menn ekki á þá staðreynd að auðlindir landsins þyrfti að nýta og umgangast með gætni og þá var hámarksframleiðsla boðorð dagsins.

Í dag eru allt aðrar aðstæður. Umhverfið er að mörgu leyti gjörbreytt. Í stað þess að beita rannsóknum til að finna aðferðir til að fullnýta framleiðslugetu viðkomandi atvinnuvega er rannsóknastofnunum ekki síst beint að því að halda aftur af fullri nýtingu framleiðsluaflanna með því að taka tillit til þátta sem nú skipta okkur meira máli en áður, ýmissa umhverfisáhrifa, mati á arðsemisþáttum og sjálfbærri nýtingu.

Dæmi um þetta er Hafrannsóknastofnun. Fram til ársins 1983 var meginverkefni hennar fyrst og fremst að auka afla úr tegundum við Ísland. Í dag liggur hins vegar fyrir að vísindalegt hlutverk stofnunarinnar er fremur fólgið í að benda á mörkin á afrakstursgetu nytjastofna og í að þróa aðferðir sem miða að því að leggja hömlur á veiðigetu íslenska flotans. Hið sama má segja um eðli ýmissa hliðstæðra vísindastofnana.

Um aðferðir sem lagðar hafa verið fyrir af viðkomandi stofnunum, og hafa nánast orðið að trúarbrögðum stjórnvalda í sumum tilvikum, hafa hins vegar staðið miklar deilur eins og allir vita. Að sjálfsögðu skiptir miklu máli að ekki falli blettur á trúverðugleika rannsóknaniðurstaðna slíkra stofnana þegar um er að ræða hagsmuni allrar þjóðarinnar og ekki síst þegar miklar deilur standa um málið.

Stjórnir stofnananna ráða eðli málsins samkvæmt miklu um áherslur í starfi þeirra. Þær ráða vitaskuld úrslitum um hvernig fjármagni þeirra er varið. Þær verða lögum samkvæmt að leggja samþykki sitt yfir fjárhagsáætlanir og starfsáætlanir stofnananna. Þar með er ljóst að meginábyrgðin á því að marka hinum vísindalegu rannsóknum stefnu er í höndum stjórnanna.

Ég leyfi mér, herra forseti, að nefna Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem dæmi. Hægt er að færa rök að því að Bændasamtökin hafi í raun alla fulltrúa í stjórn stofnunarinnar, þó að þau hafi þá ekki formlega samkvæmt laganna hljóðan. Þetta hefur t.d. leitt til þess að þeir sem sinna gróðurvernd innan stjórnsýslunnar hafa kvartað undan því að rannsóknir á því sviði, sem við vitum að eru afar mikilvægar, sitja á hakanum vegna hvers kyns ferfætlingarannsókna.

Þegar hagsmunasamtök eiga mann í stjórn er auðvitað deginum ljósara að þau hafa áhrif á vísindalega stefnu viðkomandi stofnunar. Þegar þau eiga þrjá fulltrúa af fimm, eins og gerist í tilviki Hafrannsóknastofnunar eða fjóra fulltrúa af fimm, eins og í tilviki Iðntæknistofnunar, þá hljóta sjónarmið viðkomandi hagsmunasamtaka að fara nærri því að vera allsráðandi.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að þetta sé ekki heppilegt, hvorki fyrir viðkomandi stofnun né þá vísindamenn sem þar starfa. Hjá báðum þeim stofnunum sem ég nefndi, Hafrannsóknastofnun og Iðntæknistofnun, er svo formaðurinn skipaður sérstaklega af ráðherra.

Varðandi Hafró má t.d. nefna að þar hafa útvegsmenn einn fulltrúa samkvæmt lögunum og formaðurinn, sem er skipaður af ráðherra án tilnefningar, er forstjóri eins stærsta útgerðarfyrirtækis landsins. Því mætti segja að LÍÚ eigi í raun 40% stjórnarmanna í Hafró. Svo sterk tök hagsmunaafla eru ekki til þess fallin að auka trúverðugleika viðkomandi stofnana þegar kemur að málum sem afar skiptar skoðanir eru um og varða hagsmuni allrar þjóðarinnar.

Við vitum að alltaf er sú hætta fyrir hendi að stjórnvöld með pólitíska hagsmuni að leiðarljósi eða ofursterk leiðandi fyrirtæki, svo ekki sé minnst á þungvæg hagsmunasamtök, knýi vísindamenn til að taka ákvarðanir á þekkingargrunni sem er ekki nægilega fullkominn. Af þessum sökum hefur farið fram vaxandi umræða innan vísindasamfélagsins um nauðsyn þess að aðskilja rannsóknastofnanir hins opinbera frá hagsmunasamtökum og ríkisvaldi. Um það fjallar þessi þáltill. okkar þremenninganna.

Yfirmaður einnar af rannsóknastofnunum ríkisins, Magnús Jónsson veðurstofustjóri, ritar um þetta efni í Morgunblaðinu fyrr á þessum vetri. Greinina nefndi hann „Rannsóknir í herkví hagsmuna?“ Ég leyfi mér að geta þess, herra forseti, að grein veðurstofustjóra er prentuð sem fylgiskjal með þáltill. Þar fjallaði veðurstofustjóri um gagnrýni vísindamanna og almennings á rannsóknaraðferðir og ráðgjöf varðandi fiskveiðar beggja vegna Atlantshafsins. Hann hélt því m.a. fram að umhverfisþættir réðu mun meiru um afkomu fiskstofna þó það sem hann kallaði „ríkisstyrkt ógnarsókn“ gæti að sjálfsögðu líka leitt til ofveiði. Hann heldur því fram að 25% nýtingarreglan, sem við þekkjum öll og var sett samkvæmt ráðgjöf frá Hafró fyrir nokkrum árum, væri ekki fiskifræðilegs heldur hagfræðilegs eðlis og að mestu ákveðin af hagfræðingum og hagsmunaaðilum kvótakerfis. Hann klykkir út með eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Öll þessi umræða nær hins vegar lítt út í samfélagið vegna þess að hagsmunagæslumenn hafa komið flestum vísindamönnum inn í skel og barið niður umfjöllun í fjölmiðlum og meðal almennings.“

Hins vegar, herra forseti, er eðli sannra vísinda að rannsóknir leiði jafnan til niðurstöðu sem er og á að vera óháð hagsmunum, vilja vísindamannsins eða annarra aðila. Þess vegna er mjög brýnt fyrir viðkomandi stofnanir að vera óháðar í vísindastarfsemi sinni, bæði stofnunum ríkisvaldsins og

hvers konar hagsmunasamtökum. Þess vegna, herra forseti, hef ég leyft mér að mæla fyrir þessari tillögu okkar þremenninga, þar sem skorað er á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að gera tillögu um nýja skipan stjórna allra rannsókna- og vísindastofnana á vegum hins opinbera með það fyrir augum að efla sjálfstæði þeirra. Það er ekki aðeins gott fyrir viðkomandi stofnanir og þróun þeirra heldur líka fyrir vísindamennina sem innan þeirra starfa.

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla með því að að lokinni þessari umræðu verði þessari þáltill. vísað til allshn. og síðari umræðu.

[16:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þessi tillaga er afar nauðsynleg þar sem vísindin eru í eðli sínu óháð og sjálfsgagnrýnin. Vísindamaðurinn verður ætíð að setja spurningarmerki við niðurstöður sínar.

Spurningin er: Hver er staða vísindamanns sem hefur ráðlagt þjóð sinni ákveðna lausn, jafnvel í áratugi, og með því valdið að hún hefur ekki aflað eins mikils og hún hefði getað og þannig haft áhrif á lífskjör þjóðar sinnar, ef hann kemst að því seinna meir að hann kunni að hafa haft rangt fyrir sér? Getur hann nokkurn tíma bakkað út úr fyrri fullyrðingum sínum?

Ég tel að með því fyrirkomulagi sem verið hefur hér á landi sé þessi einstaklingur settur í ómögulega stöðu. Ég tel mjög brýnt að aðskilja rannsóknastofnanir og vísindin frá ríkisvaldinu. Vísindi er ekki hægt að stunda undir forsjá ríkisvalds eða annarra sem hagsmuna eiga að gæta, vegna þess að vísindamaðurinn verður ætíð að vera óháður og sjálfsgagnrýninn. Hann verður ætíð að vera tilbúinn til að setja spurningarmerki við niðurstöður sínar. Ég styð því eindregið að þessi tillaga verði samþykkt.

[16:35]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Mig langar að taka heils hugar undir þetta mál sem hér liggur fyrir um nýja skipan stjórna allra rannsókna- og vísindastofnana á vegum hins opinbera með það fyrir augum að efla sjálfstæði þeirra til hvers konar rannsókna og vísindaiðkana.

Óhæði vísindmanna er grundvallarskilyrði til þess að hægt sé að taka mark á þeim. Því miður virðast hins vegar vísindamenn horfa á viðfangsefnin í gegnum gleraugu þeirra sem afhenda þeim bjargræðið. Við þekkjum fjölmörg dæmi um slíkt og væri kannski fulllangt mál að fara rekja einhver þeirra hér.

Í öllum pólitískum hitamálum má nánast alltaf finna vísindamenn sem styðja gagnstæð sjónarmið vísindalegum rökum. Það að hagsmunasamtök hafi tök á rannsóknastofnunum hins opinbera gerir álit þeirra á vissan hátt tortyggilegt. Þeir góðu vísindamenn sem þar starfa eiga betra skilið en að skipan stjórna stofnananna sem þeir starfa á sé jafntortryggileg og raun ber vitni. Ég vil því lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:37]

Útbýting þingskjals:

Kosningar til Alþingis, 523. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 838.

Kræklingarækt, fyrri umr.

Þáltill. ÓHann og GuðjG, 241. mál. — Þskj. 272.

[16:37]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um stuðning ríkisvaldsins við kræklingarækt og annan fjörubúskap. 1. flm. þessarar tillögu er hv. þm. Ólafur Hannibalsson, sem ekki á sæti á þingi í dag og því mæli ég fyrir þessari tillögu sem meðflutningsmaður. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagalega umgjörð fyrir kræklingaeldi og hvers konar annan fjörubúskap sem ætla má að verði á næstu árum tekinn upp á lögbýlum sem aðgang eiga að sjó og að sjá til þess að á viðeigandi rannsóknastofnunum verði sú sérfræðiþekking fyrir hendi sem að haldi má koma og þarf til þess að leiðbeina væntanlegum ræktendum skelfisks og hafa fullnægjandi eftirlit með framleiðslu þeirra í samræmi við kröfur einstakra markaða."

Nokkuð langt er síðan athygli manna beindist að eldi á skelfiski. Skömmu fyrir stríð fékk sænskt fyrirtæki einkaleyfi hér til ostruræktar sem það hugðist koma á fót í Hvalfirði og reyndar setti Alþingi lög um ostrurækt árið 1939.

Á síðustu árum hafa ýmsir beint sjónum að eldi á kræklingi. Verður þá að hafa í huga að starfsemi þessi fer fram í netlögum sjávarjarða og mun strandlengjan mestöll tilheyra lögbýlum. Því heyrir mál þetta undir landbúnaðarráðuneytið, félagakerfi landbúnaðarins og sjóði á þess vegum. Flutningsmenn sjá enga ástæðu til að breyta því. Hins vegar er nauðsynlegt að skapa þessari nýju atvinnugrein lagaumhverfi við hæfi.

Töluverð sérþekking er til á Hafrannsóknastofnunni varðandi lífshætti kræklings hér við land. Dr. Guðrún Þórarinsdóttir stóð fyrir eldistilraunum á kræklingi í Hvalfirði fyrir áratug og kom í ljós að hann hafði þolanlegan vaxtarhraða, náði markaðsstærð, 75–100 mm á tveimur árum. Besti árangur erlendis er eitt og hálft ár og munar þar náttúrlega talsverðu í afkastagetu og fjárhagslegum ávinningi. Sjálfsagt væri að kanna hvort ávinningur væri í því að flytja inn annan stofn með meiri vaxtarhraða undir ströngu vísindalegu eftirliti og með tilheyrandi sóttvarnarráðstöfunum. Fordæmi er fyrir slíku þegar kræklingur var fluttur með góðum árangri frá Atlantshafsströnd Kanada til Bresku-Kólumbíu við Kyrrahaf og þess vandlega gætt að engir sjúkdómar eða sníkjudýr fylgdu með.

Helsti kostur skeldýraeldis af þessu tagi er sá að til eldisins þarf ekkert fóður. Skelfiskurinn vinnur sjálfur fæðu sína úr sjó.

Þótt eldið sé einfalt og ódýrt þarf þó nokkra stofnfjárfestingu í reipum, akkerum, flotholtum, netpokum o.fl. Hafa ber í huga að tvö ár líða frá upphafi rekstrar þar til fyrsta uppskera næst. Því þurfa brautryðjendur í greininni að hafa góðan aðgang að stofnlánum til þessara hluta. Lánakerfi landbúnaðarins er vel í stakk búið til að sinna þessari þörf og sama má segja um ráðunautaþjónustuna, sem byggir á gömlum merg.

Hitt ættu menn að varast frá upphafi að blanda byggðasjónarmiðum eða öðrum félagslegum viðhorfum í þetta mál, eins og gjarnan hefur tíðkast með nýjungar í atvinnugreinum á sviði landbúnaðarins. Þessi atvinnugrein hefur alla burði til

að standa undir sér og á ekki að byggjast á öðru en hreinum viðskiptasjónarmiðum.

Afskipti ríkisins ættu frá upphafi að vera þau ein að skapa greininni hagstætt lagaumhverfi og sjá henni fyrir eðlilegri þjónustu stofnana eins og Hafrannsóknastofnunarinnar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, fjármálastofnana og stofnana landbúnaðarins. Þá þarf atvinnugreinin strangt aðhald eftirlitsstofnana, þar sem á mörkuðunum eru gerðar strangar kröfur um gæði skelfisks og fylgjast þarf vel með skelfiskeitrun og mengun, gera strangar umhverfiskröfur og sjá til þess að framleiðslan fái öll hugsanleg vottorð þar að lútandi frá aðilum sem teknir eru gildir á alþjóðavettvangi.

Markaðshorfur á þessu sviði eru mjög góðar. Framleiðendur hafa hingað til engan veginn getað svarað eftirspurn. Vinnslan er vel vélvædd og að mestu í því fólgin að láta kræklinginn sjálfan hreinsa úr sér sand og óhreinindi en að því loknu er skelin snyrt og flokkuð eftir stærð. Kræklingur er að mestu seldur í skelinni og þannig fæst best verð fyrir hann en komi tímabil þar sem framboð fersks kræklings er umfram eftirspurn má auðvitað frysta hann eða sjóða niður, þótt það skili lægra verði. Helstu framleiðendur nú eru á Nýja Sjálandi og Írlandi, í Skotlandi, Svíþjóð, Bandaríkjunum og Kanada auk rótgróinna framleiðenda í Hollandi, Frakklandi og á Spáni.

Á Prince Edwards eyju er þetta orðinn talsvert sérhæfður iðnaður sem byggður hefur verið upp skipulega á 10–15 árum, en Prince Edwards eyja er minnsta sjálfsstjórnarhérað Kanada. Sérstakar klakstöðvar sjá um að koma lirfunum af stað og ala upp í skelstærð. Þær fara síðan í eldisstöð og eru aldar þar áfram í hæfilega stærð til flutnings í sjó. Sér þá hver um þann þátt sem hentastur er á hverjum stað og aðrir geta snúið sér að því sem þeim fer best úr hendi. Má þá búast við betri árangri og öruggari afkomu. Á Prince Edwards eyju eru nú framleidd um 9.000 tonn af kræklingi á ári að útflutningsverðmæti um 1 milljarður kr. og starfsmenn eru um 650. Landþrengsli eru farin að há vexti greinarinnar og því hafa fyrirtæki í kræklingaeldi, ásamt framleiðendum á búnaði, markaðsfyrirtækjum og fleiri aðilum, verið að færa út kvíarnar til annarra landa og hafa stofnað til samstarfs um framleiðslu og markaðssetningu. Framleiðsluvara þeirra er markaðssett undir nafninu Island Blue og er orðin heimsþekkt gæðavara á veitingastöðum um allan heim. Áhugi þeirra beinist að því að þjóna Evrópumarkaði frá Íslandi og nýta sér þar með víðtækt flutningakerfi Flugleiða á Evrópuleiðum, tíðar og tiltölulega stuttar siglingar frá Íslandi til annarra Evrópulanda og aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu til að njóta tollfríðinda.

Hópar sjávarbænda á Vesturlandi, við Breiðafjörð og á Vestfjörðum hafa verið að skoða þessi mál og afla sér þekkingar á þeim og eru komnir í samband við kunnáttumenn úr greininni frá Prince Edwards eyju fyrir milligöngu vel þekkts íslensks fyrirtækis. Því má vænta þess að fljótlega komi skriður á málið og þarf löggjafinn því að vera við því búinn að skapa greininni lagalegt og fjárhagslegt umhverfi við hæfi. Þessir erlendu aðilar voru hér á ferð í haust og leist afskaplega vel á aðstæður á nokkrum stöðum á Vesturlandi. Á næstunni eru fyrirhugaðar frekari viðræður við þá.

Við flutningsmenn þessarar tillögu erum þeirrar skoðunar að ræman milli ytri netlagamarka og fjörukambs sé eitthvert auðugasta landsvæði á Íslandi. Hingað til höfum við umgengist það af vægast sagt takmarkaði virðingu og er hirðuleysið raunar öllum sýnilegt sem gaman hafa af fjöruferðum. Sú tillaga sem hér liggur fyrir markar upphaf skipulegs landnáms á þessu svæði. Sé skipulega að verki staðið mun það gefa ríkulega uppskeru og, ef marka má reynslu annarra þjóða, standa undir meiri háttar atvinnurekstri í fyllingu tímans.

Ég legg til að að lokinni fyrri umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ofbeldisatriði í sjónvarpi, fyrri umr.

Þáltill. ÓHann, 245. mál. — Þskj. 277.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Arðsemismat, fyrri umr.

Þáltill. ÓHann, 247. mál. — Þskj. 279.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 262. mál (endurgeiðsluhlutfall). — Þskj. 300.

[16:46]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum nr. 21 frá 1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Magnús Stefánsson og Guðni Ágústsson.

Frv. þetta er í rauninni ekki nema þrjár málsgreinar þar með talið gildisákvæði. Efnislega koma meginatriðin fram í 2. gr. frv. en hún hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 8. mgr., svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins er heimilt að gefa lánþegum frá ákveðnum byggðarlögum, sem skilgreind eru í reglum er stjórnin setur, kost á lægra endurgreiðsluhlutfalli námslána en almennt tíðkast eða fella greiðslur niður að öllu leyti. Þá er stjórn sjóðsins heimilt, samkvæmt nánari reglum sem hún setur, að veita læknum (og öðrum háskólamenntuðum heilbrigðisstarfsmönnum) og kennurum sambærilega heimild ef þeir að námi loknu setjast í tiltekinn tíma að á stöðum þar sem skortur er á fólki með slíka menntun."

Þetta var 2. gr. frv., herra forseti.

Nú er það svo að grundvallaratriði í lífi fólks snúast um annars vegar heilsufar og hins vegar um menntun. Segja má að lágmarkskröfur nútímafólks byggi á að hafa gott aðgengi að heilsugæslu og gott aðgengi að skólum. Segja má að slíkt sé í rauninni grundvöllur fyrir tilveru byggðarlaga á Íslandi í dag.

Herra forseti. Á síðustu árum hefur komið fram að ýmsir staðir úti á landsbyggðinni hafa átt í miklum erfiðleikum með að fá menntað fólk til starfa í þeim tveim starfsgreinum eða þeim stéttum sem hér voru nefndar, þ.e. á heilbrigðissviði og kennslu. Með sanni má segja að skortur á slíku fólki hefur átt sinn þátt í að koma róti á íbúa landsbyggðarinnar þar sem þeir telja sig ekki hafa traust aðgengi að vel menntuðu starfsfólki heilbrigðisstofnana né heldur að vel menntuðum kennurum í skólum sínum. Það skapar ákveðna vantrú á framtíðina, vantrú á byggðarlagið og leiðir til rótleysis.

Herra forseti. Á síðustu árum og áratugum hefur ýmislegt verið reynt með nokkuð sérhæfðum aðgerðum til að treysta byggð í sessi víða um landið með misjöfnum árangri. Allténtent er það svo að núna búa u.þ.b. 60% þjóðarinnar á höfuðborgarsvæðinu og er það hæsta hlutfall milli svonefnds þéttbýlis eða höfuðborgarsvæðis annars vegar og landsbyggðar hins vegar sem þekkist í Evrópu. Á þingi Evrópuráðsins hefur umræða um þessi mál ítrekað farið fram og telja menn þar blikur á lofti þegar þetta hlutfall er á bilinu 25–35%.

Hugsunin með þessu er í rauninni sú að koma til móts við þessar grundvallarþarfir hjá íbúum landsbyggðarinnar þannig að það verði eftirsóknarverðara en verið hefur fyrir vel menntaða kennara og heilbrigðisstarfsfólk að setjast að á þessum stöðum að námi sínu loknu.

Til viðbótar má nefna það, herra forseti, að fram hefur komið í úttekt sem gerð hefur verið að fólk sem býr fjarri háskólum þarf að leggja meira fé og kosta meiru til til þess að afla sér menntunar og má með sanni segja að þar sé í rauninni verið að brjóta grundvallaratriði sem ég hygg að þjóðin hafi almennt verið sammála um, að þegnar landsins skuli hafa jafnan aðgang að menntun óháð búsetu og efnahag.

Nú er skattkerfið notað til þess að jafna aðstöðumun og til þess að ná fram auknum jöfnuði í samfélaginu og þess vegna er ekki óeðlilegt að líta til lánasjóðsins, sem er í rauninni ekkert annað en niðurgreidd lán til námsfólks, niðurgreidd frá hinu opinbera úr ríkissjóði. Til þess að ná þessum markmiðum leggjum við þetta frv. fram til að jafna aðstöðu fólks af landsbyggðinni til þess að stunda nám, sem og hitt meginmarkmiðið, að efla og hvetja vel menntað fólk úr heilsugæslu og kennslu til þess að fara út á land og nota menntun sína þar og styrkja þar með byggðir landsins. Þessi leið hefur verið farin á nokkrum stöðum, m.a. í Noregi, og er mér tjáð að í Norður-Noregi hafi mönnum tekist ágætlega að snúa við byggðaþróun með aðgerðum af þessum toga.

Frv. felur sem sagt í sér að stjórn lánasjóðsins sé heimilt að lækka endurgreiðsluhlutfall annars vegar námsfólks sem kemur frá slíkum stöðum ellegar fólks sem kemur úr námi og kýs að setjast að á þessum stöðum. Við fórum ekki þá leið í þessu frv. að tilgreina hverjir þessir staðir eru enda hlýtur það ávallt að verða breytilegt og við ætlum stjórn lánasjóðsins að meta það hverju sinni og beita þessu heimildarákvæði.

Ég held ég þurfi ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð og vísa að öðru leyti til greinargerðar en leyfi mér að óska eftir því að málinu verði að lokinni umræðu vísað til hv. menntmn.

[16:52]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég skil vel hugsunina að baki þessari tillögu og er hún svo sem góðra gjalda verð. Tillagan tekur hins vegar alls ekki á vandanum. Það að ætla að bjóða fólki sem þarf að flytja búferlum vegna náms lægra endurgreiðsluhlutfall gerir ekkert til að létta undir sókn þess í námið. Endurgreiðslur námslána byrja tveimur árum eftir að fólk hefur lokið námi. Þá geta efnahagslegar aðstæður námsmannsins fyrrverandi verið allt aðrar og vonandi betri en þær voru þegar hann tók ákvörðun um að flytjast búferlum og sækja sér menntun.

Miklu nær væri að styrkja þá sem þurfa að flytja búferlum vegna náms beint þegar á námstímanum. Það er nú gert að nokkru með mismunandi lánsupphæðum sem miðast við hvort einstaklingur er í leiguhúsnæði eða foreldrahúsum eða erlendis í námi, en það er hárrétt sem segir í greinargerð með tillögunni, með leyfi forseta:

„Þó að reglur lánasjóðsins taki að nokkru tillit til þess þá standa lánin engan veginn undir öllum útgjöldum þessara nemenda. Þess vegna má segja að námsmenn þjóðarinnar standi ekki jafnfætis hvað varðar aðgengi að námi."

Vandamálið verður hins vegar ekki leyst með þeim hugmyndum sem eru í þessari tillögu og vona ég að frekari vinnsla hennar taki á þeim þætti. Fólk, sem er að sækja sér nám, þarf á peningum að halda á meðan á námi stendur. Einhver óskilgreind eftirgjöf á endurgreiðslum, sem kemur ekki til framkvæmda fyrr en tveimur árum eftir að námi lýkur, mun ekki hjálpa því neitt til að sækja nám sitt. Því er þessi hluti tillögunnar í besta falli yfirklór og ættu flutningsmenn hennar frekar að beita kröftum sínum og aðild að meiri hluta á Alþingi til þess að berjast fyrir verulegri hækkun námslána, aukningu námsstyrkja og léttari endurgreiðslubyrði almennt.

Hv. 7. þm. Reykn. og 1. flm. þessarar tillögu hefur löngum verið talsmaður slíkra hugmynda og veit ég að hann er að vinna í þeim málum og það ber að þakka.

Síðari hluti tillögunnar fjallar um að veita læknum, heilbrigðisstéttum og kennurum eftirgjöf á námslánaskuldum. Ég spyr: Hvers eiga aðrir sem þurftu að taka námslán og kjósa að setjast að á landsbyggðinni að gjalda? Ég spyr einnig: Á þessi eftirgjöf, ef fallist verður á að hún nái til allra háskólaborgara á reglugerðarskilgreindri landsbyggð, aðeins að ná til þeirra sem eru í vinnu hjá hinu opinbera? Hvað með þá sem eru að fara út á land og byggja þar upp öflug fyrirtæki og skapa fólki atvinnu? Eru þeir ekki mikilvægir líka? Svo mikilvægir að þeir ættu að eiga kost á eftirgjöf á námslánum?

Herra forseti. Hér verður ekki betur séð en verið sé að stinga upp á því að eftirgjöf á námslánum verði laumað inn í launakjör opinberra starfsmanna. Þá er verið að festa í sessi misrétti á milli borgaranna með tilliti til efnahags þar sem það vill stundum gleymast að ekki þurfa allir að taka námslán. Hvað á að bjóða lækninum sem fór í gegnum nám sitt án þess að taka námslán? Auðvitað hærri laun en þeim sem þurfti að taka námslán þar sem ekki er hægt að bjóða honum upp á eftirgjöfina.

Þannig er verið að innleiða mismunun á milli þeirra háskólaborgara sem eru af ríku foreldri og hinna sem eru það ekki og þurftu að framfleyta sér og sínum á námslánum á meðan á námi stóð. Ég vona að þingheimur geri sér grein fyrir þessu.

Herra forseti. Tillagan er án minnsta vafa vel meint en því miður fremur vond og miðar annars vegar að engri lausn og hins vegar að því að auka misréttið í þjóðfélaginu. (**Gripið fram í:** Hvernig getur góð meining verið vond?) Tillagan er vond en meiningin er góð. Ég er sannfærður um að flutningsmenn ætluðu sér aðra og betri hluti og hvet þá til annarra og meiri dáða.

[16:56]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Magnúsi Árna Magnússyni fyrir undirtektirnar. En mér fannst að vísu gæta dálítillar mótsagnar. Ég get hins vegar tekið undir með hv. þm. að þetta frv. er ekki hugsað sem nein patentlausn, ekki á nokkurn hátt. Enda hygg ég að hún verði seint fundin í þeim viðkvæma málaflokki sem er fjármögnun náms fyrir ungt fólk.

Hins vegar, og þess er getið í greinargerð og reyndi ég að koma því fram í framsöguræðu minni, er verið að ræða um ákveðin grundvallaratriði í lífi fólks hvar sem er, hvort heldur er á höfuðborgarsvæði eða á landsbyggð, þ.e. að hafa aðgengi að vel menntuðu fólki í heilbrigðisgeiranum og í menntamálum. Það eru grundvallaratriði fyrir líf fólks á þessum stöðum og það er hugsunin á bak við málflutninginn.

Ég get hins vegar tekið undir með hv. þm. að þar skiptir líka verulegu máli að frumkvöðlar og aðrir slíkir í atvinnulífinu, komi til þessara staða. En ég hygg að það sé hægt að gera með öðrum leiðum, m.a. í gegnum skattkerfið, og höfum við tveir flutningsmanna þessa frv. einmitt bent á þá leið, varpað henni fram til umræðu, hvað varðar skattkerfið fyrir m.a. frumkvöðla í atvinnulífinu, að það megi koma til móts við þá í gegnum skattkerfið þannig að það verði hvati fyrir þá að setjast að úti á landsbyggðinni.

Ég vek athygli á því af því að hv. þm. hvatti okkur til þess að beita okkur fyrir hækkun námslána og námsstyrkjum, að í upphafi þessa kjörtímabils var það gert. Þá var tekið á námslánunum, m.a. vegna þess að hv. alþýðuflokksmenn skildu þann sjóð eftir í heldur dapurri stöðu á síðasta kjörtímabili. Á því var tekið á þessu kjörtímabili og því var breytt. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að síðar í dag mun ég mæla fyrir frv. til laga um styrktarsjóð námsmanna.

Ég hygg hins vegar að ekki sé mikill efnislegur ágreiningur á milli okkar um þetta, ekki stórbrotinn. En að gefnu tilefni vil ég þó taka fram að ég hygg að á því kunni að vera mikill munur fyrir námsfólk sem er t.d. að ljúka háskólanámi og er með þungar námsskuldir á bakinu, hvort það er að borga 7% af bruttólaunum í endurgreiðslu eða 4,75% eins og nú er í stað þeirra 7% sem áður voru í lögum um lánasjóðinn eða 0%. Það er einmitt sá sveigjanleiki sem verið er að velta upp með þessu frv. Og 4,75% af bruttólaunum fyrir fólk með námsskuldir á bakinu, eins og hv. þm. ugglaust veit, enda nýkominn úr námi, þá munar það töluvert miklu fyrir fólk, einmitt þegar það kemur úr námi, er að stofna fjölskyldu, eignast þak yfir höfuðið o.s.frv.

[17:00]

Magnús Árni Magnússon:

Herra forseti. Jú, hárrétt er það og auðvitað er góðra gjalda vert að lækka endurgreiðslubyrðina á námslánunum og vil ég hvetja þingmanninn aftur til dáða í þeim efnum og þakka fyrir það sem vel hefur verið gert. En ég bendi líka á það sem vill stundum gleymast í umræðunni, að það vill svo til að við erum í rauninni í samkeppni við umheiminn um menntað vinnuafl eins og staðan er í dag. Í stað þess að skipta landinu upp í einhverja búta þar sem mismunandi endurgreiðsluhlutfall er á námslánum, ef menn vilja beita slíkum aðgerðum, sem ég er ekkert endilega viss um að sé sniðugt, hallast ég frekar að því að hafa eigi lága endurgreiðslubyrði fyrir alla námsmenn en að beita því þá frekar í þeim tilfellum þegar menn kjósa að flytjast aftur til Íslands að loknu námi erlendis eða láta þá sem kjósa að láta erlend ríki njóta starfskrafta sinna frekar greiða hærra hlutfall en þá sem flytja heim.

Ég minni á að ég er ekki að segja að þetta eigi að gera og ég vil minna á að ég er ekki að mæla því bót að það sé mismunandi endurgreiðslustig. Ég vil hafa lágt endurgreiðslustig fyrir alla námsmenn og að menn séu styrktir myndarlega til náms því að við skulum ekki gleyma því að menntun er sams konar sparnaður og fjárhagslegur sparnaður. Það er sparnaður í mannauði sem skilar sér margfaldur til baka þegar hann kemur aftur út á vinnumarkaðinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landslið hestamanna, fyrri umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 342. mál. — Þskj. 440.

[17:01]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um landslið hestamanna. Þeir sem flytja þessa þál. ásamt mér eru þingmennirnir Hjálmar Árnason og Jónas Hallgrímsson.

Ályktunin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að koma á fót landsliði hestamanna, allt að tíu manna, af báðum kynjum og á öllum aldri, sem falið verði að kynna íslenska hestinn, t.d. með því að koma fram fyrir Íslands hönd við hátíðleg tækifæri og opinberar móttökur erlendra þjóðhöfðingja. Skipaður verði starfshópur sem móti nánari tillögur um hvernig kostnaði verður mætt og um hlutverk liðsins."

Í grg. segir:

„Íslenski hesturinn hefur vakið verðskuldaða athygli um víða veröld. Hann á vart sinn líka hvað fjölhæfni varðar í gangi og geðslagi og er einn dýrmætasti þjóðararfur sem Íslendingar eiga. Hann er eftirsóttur fjölskylduhestur í fjölmörgum löndum, dýrmæt aukabúgrein bænda en þeim fjölgar ört sem sinna eingöngu tamningu og ræktun hestsins hér á landi. Íslenskir hestamenn eiga góð viðskiptasambönd í mörgum löndum og talið er að árlega komi þúsundir ferðamanna hingað eingöngu vegna þess að þeir hafa bundist íslenskum hestum og hestamönnum tryggðaböndum.

Flutningsmenn telja að það sé þess virði að gera hlut hestsins meira áberandi við móttöku erlendra gesta, ekki síst þjóðhöfðingja. Þá standi landsliðið heiðursvörð, fólk á öllum aldri, karlar og konur, og sýni úrval íslenskra gæðinga í allri sinni litadýrð. Þessi heiðursvörður væri mikil andstaða við hermanninn með byssustinginn. Enn fremur leggja flutningsmenn til að um helgar á sumrin fari skrautreið hestamanna niður Almannagjá á Þingvöllum. Þetta væri gert til að leggja áherslu á helgi Þingvalla og hversu hesturinn er samofinn sögu þjóðarinnar og stór hluti af henni. Þingvellir eiga vart sinn líka og slík reið mundi auglýsa land og þjóð."

Ég bæti því hér við að það er áberandi þegar íslenskir hestamenn ferðast um landið á þessum glæsigæðingum sem við eigum og þessum sérstæða stofni að mjög algengt er að erlendir ferðamenn stöðva bifreiðar sínar, fara út með vídeóvélar og myndavélar til að taka myndir. Ég er sannfærður um að þessi athöfn á Þingvöllum, reið niður Almannagjá, yrði jafnsterkur punktur í íslenskri ferðamannaþjónustu og heiðursvörðurinn í Tívólíinu í Kaupmannahöfn. Hver einasti maður yrði að sjá þessa glæsilegu reið og verða vitni að

þessum atburði. Þannig mundi hann hafa mikil áhrif til að auglýsa land og þjóð á þessum sérstæða og fallegasta stað og söguríkasta hér á landi.

Það er skoðun flutningsmanna að landslið hestamanna mundi í senn auglýsa íslenska hestinn sem fjölskylduhest, skapa þjóðinni sérstöðu og efla ferðaþjónustu sem atvinnugrein.

Ég vil að lokum segja, hæstv. forseti, það kom fram í könnun fyrir stuttu, að allt að þriðji hver erlendur ferðamaður sem hingað kemur segir það eftirminnilegast úr Íslandsferðinni að sjá og kynnast íslenska hestinum. Hingað koma yfir 20 þúsund erlendir ferðamenn eingöngu til þess að fara í lengri og styttri hestaferðir um Ísland, annaðhvort byggðir eða öræfi þess. Hingað koma 4 til 5 þúsund erlendir ferðamenn eingöngu til þess að sækja landsmótin sem hér eru haldin við hátíðlega athöfn annað hvert ár. Ég held því að hér sé hreyft máli sem mun hafa mikil áhrif á ferðaþjónustu í landinu. Ég hef orðið vitni að sýningum, t.d. á Vindheimamelum og víðar, þar sem menn eru að sýna útlendingum íslenska hestinn þar sem hann með fimu fóttaki sínu fer áfram og músik er spiluð undir. Þetta eru stórkostlegar athafnir.

Ég hef engar áhyggjur af því hvernig landsliðið verði skipað. Þar munu menn ná samvinnu við Landssamband hestamanna og Félag tamningamanna og fleiri. En ég er sannfærður um að þetta mál, ef það nær framgangi á þessu þingi og yrði að veruleika, muni hafa mikil áhrif á sérstöðu þessarar þjóðar, og að við höfum tekið upp eitt besta tákn sem hægt er að hafa, hestinn, til þess að koma fram við hátíðlegar athafnir.

Hæstv. forseti. Læt ég þá máli mínu lokið og legg til að málinu verði vísað til síðari umræðu og landbn.

[17:07]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta er athyglisverð tillaga sem hv. þm. Guðni Ágústsson var að tala fyrir. Fyrst þegar ég heyrði af þessari tillögu og sá hana þá fór mér eins og öðrum þingmönnum að ég fór að hlæja og tók þennan tillöguflutning sem ákveðna gamansemi. En þegar ég fór að skoða tillöguna aðeins betur sá ég að hér er á ferðinni býsna snjöll hugmynd, þ.e. að nýta hestinn, sem er eitt fallegasta tákn landsins — ég held við getum verið sammála um það — á tiltekinn hátt, þ.e. sem heiðursvörð við erlendar móttökuathafnir og sem fulltrúa okkar þegar kemur að því að sýna framkomu þjóðarinnar við hátíðleg tækifæri.

Ég held að þetta sé mjög af hinu góða. Vitaskuld þarf aðeins að flysja greinargerð og annað slíkt, hátíðleikinn vill stundum verða yfirdrifinn hjá hv. þm. Ég er ekki viss um að það sé hlutverk Alþingis að álykta um hvort það fari fram reið um Þingvelli eða ekki, þó að ég skilji það sem röksemd en ég vil fyrst og fremst halda mig við þá hugmynd sem kemur fram í þessu að það verði hesturinn og hestamenn sem myndi heiðursvörð við opinberar athafnir.

Ég sé það mikilvægt á tvíþættan hátt. Það er annars vegar að hér er um að ræða efnahagslega mjög mikilvæga atvinnugrein, sem hestabúskapurinn er. Það eru nokkrir milljarðar sem hestar skila inn í þjóðarbúið, og af því að landsmót hestamanna var nefnt áðan, að það verða yfir 10 þúsund útlendingar sem koma gagngert til landsins árið 2000 til að taka þátt í landsmóti hestamanna í Reykjavík. Ég er sjálfur ekki hestamaður, var það nú bara þegar ég var í sveit í gamla daga, en ég kann að lesa a.m.k. þessar tölur og skynja stundum þegar góðar hugmyndir eru á ferðinni.

Annað sem ég tel mæla með þessu er að hér er verið að brjóta upp alþjóðlega hefð við móttökuathafnir, sem eru fólgnar í því að vopnaðir menn eru látnir standa og sprella þar með byssur sínar, og við þekkjum fjölmörg dæmi um það. Við höfum ekki farið þá leið en látið einkennisklædda lögregluþjóna vera að líkja eftir þessum stríðsmönnum, að vísu óvopnaða. Þetta framlag okkar til alþjóðlegs prótókolls, að láta myndarlega og fallega hesta ásamt glæsilegum knöpum mynda heiðursvörð gagnvart erlendum þjóðhöfðingjum, er táknrænt. Það er skilaboð okkar gagnvart umheiminum. Þessa hugmynd á að taka alvarlega, það á að þróa þessa tillögu þannig að hún geti vonandi verið samþykkt á hinu háa Alþingi og þá fyrst og fremst, að mínu mati, e.t.v. út frá þessum þremur meginþáttum: Hesturinn er eitt fallegasta tákn landsins og við eigum að sýna slíkt tákn við hvert tækifæri, efnahagslegt mikilvægi hestamennsku og hestabúskapar á að undirstrika með þessu og í þriðja lagi eru skilaboðin gagnvart stríðshrjáðum heimi með vopnlausri sýningu glæsilegra hesta og hestamanna mjög af hinu góða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 298. mál. — Þskj. 358.

[17:11]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þingmenn Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni Johnsen og Guðni Ágústsson.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að semja um kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar með öllum rétti."

Nú er það svo, herra forseti að ekki leikur nokkur vafi á því að Óskar Gíslason var einn helsti brautryðjandi íslenskrar kvikmyndagerðar. Eftir hann liggur fjöldi kvikmynda sem varðveita ómetanlegar heimildir fyrir íslenska menningu. Mikil eftirspurn er eftir efni úr myndum Óskars til notkunar í heimildarmyndir. Frá því að Óskar féll frá hefur Kvikmyndasafn Íslands haft kvikmyndir hans til varðveislu. Hins vegar hefur ekki verið gengið frá samningum við erfingja hans um að Kvikmyndasafn Íslands eignist kvikmyndirnar með öllum rétti og hefur það valdið ýmsum óþægindum, m.a. fyrir Kvikmyndasafnið og þá skiptir ekki síst máli að ekki hefur verið hægt að endurgera myndirnar og koma þeim þannig til varanlegrar geymslu.

Það fer ekkert á milli mála að Óskar Gíslason er einn af frumkvöðlum íslenskrar kvikmyndagerðar og á tímabilinu frá 1944 til 1960 skapaði og framleiddi Óskar mikinn fjölda ómetanlegra kvikmynda. Það eru þekktar myndir hans, svo sem frá björgunarafrekinu við Látrabjarg, frá stofnun lýðveldisins árið 1944, kvikmynd eins og Síðasti bærinn í dalnum, kvikmyndin um Bakkabræður, Reykjavíkurævintýri og þannig má áfram telja.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að kvikmyndir Óskars eru snar þáttur í menningarsögu íslensku þjóðarinnar. Þær hafa ekki einungis listrænt gildi og skemmtigildi heldur gífurlega mikilvægt heimildagildi. Þetta hefur verið staðfest

m.a. af starfsmönnum Kvikmyndasafns Íslands og í rauninni öllum þeim sem fylgst hafa með kvikmyndum og gildi þeirra fyrir íslenska menningu, ekki síst núna á 20. og þá væntanlega á 21. öldinni.

Nú er það svo að ekki mun hafa náðst samkomulag á milli menntmrn. og erfingja Óskars Gíslasonar um kaup ráðuneytisins á þessu safni. Safnið er í vörslu Kvikmyndasafns Íslands en það er mjög alvarlegt að í rauninni ríkir mikil óvissa um varðveislu og geymslu á þessum ómetanlegu menningarverðmætum. Þessari óvissu um afdrif kvikmynda Óskars Gíslasonar þarf að eyða og það er í rauninni tilgangurinn með þessari þáltill. að fá fram viljayfirlýsingu Alþingis til þess að ganga til samninga við erfingja Óskars Gíslasonar þess efnis að ríkisvaldið eignist þessar menningarperlur frá Óskari Gíslasyni.

Ég vísa að öðru leyti til grg. með frv. en leyfi mér að loknum umræðum, herra forseti, að mælast til þess að málinu verði vísað til hv. menntmn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vistvæn ökutæki, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og MS, 299. mál. — Þskj. 359.
[17:15]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um stefnumótun stofnana í eigu ríkisins varðandi vistvæn ökutæki. Meðflutningsmaður minn er hv. þm. Magnús Stefánsson.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að mótuð verði sú stefna hjá stofnunum í eigu ríkisins að innan fimm ára skuli þriðjungur þjónustubifreiða í eigu ríkisstofnana vera knúinn vistvænum orkugjöfum."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. Það er alveg ljóst að einn af stærstu mengunarvöldum meðal okkar Íslendinga er útlosun á koltvíoxíði og öðrum eiturefnum. Mest er um slíkt á höfuðborgarsvæðinu enda um 60% þjóðarinnar búsett hér.

Við þekkjum það, herra forseti, og höfum mátt sjá nú á síðustu dögum í vetrarstillum þegar mikið mengunarský leggst yfir borgina og samkvæmt mínum heimildum og úttektum sem á því hafa verið gerðar þá má rekja þetta ský til útblásturs frá bifreiðum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta má segja að sé einn mesti umhverfisvandinn á höfuðborgarsvæðinu og það snertir auðvitað metnað okkar sem þjóðar að vilja draga úr útblæstri og draga úr mengun á öllum sviðum. Þar eru sóknarfærin helst hvað varðar bíla þar sem um þriðjungur koltvíoxíðsmengunar okkar á upptök sín, og síðan er bent á fiskiskipaflotann þar sem annar þriðjungur á upptök sín.

Herra forseti. Á síðustu tveimur árum hafa orðið sérstaklega miklar breytingar í nýrri nýja tækni, tækni sem tengist efnarafölum, vetni og metanóli. Fleiri þætti mætti nefna svo sem rafmagnsbíla og ekki síður metangas sem orkubera eða orkugjafa fyrir bíla.

Það sem hefur gerst er að stjórnendur stærstu bílaframleiðenda veraldar hafa lýst því yfir að vetni og efnarafalar muni verða meginorkugjafar og orkuberar 21. aldarinnar og það hefur leitt til þess að nú á sér stað mjög hörð og grimm samkeppni milli þessara bílaframleiðenda um að verða fyrstir á markað með vistvænni ökutæki. Nokkrir þeirra, m.a. Daimler-Chrysler, hafa boðað fjöldaframleiðslu á slíkum bílum þegar árið 2005. Hið sama má í rauninni segja um orkudreifingarfyrirtæki nokkuð stór í veröldinni sem hafa tekið mið af yfirlýsingu bílaframleiðenda og vilja búa sig undir samkeppni sem byggir á nýrri tækni. Þetta þýðir með öðrum orðum að tækninni hefur fleygt fram og er í rauninni rétt tímaspursmál hvenær hún mun ryðja sér til rúms um allan heim.

Við höfum þegar séð dæmi þess hérlendis. Ég minni á að í nóvember sl. var haldin hér á vegum m.a. Iðntæknistofnunar, iðnrn. og umhvrn., ráðstefna í Ráðhúsi Reykjavíkur um vistvæn ökutæki. Þetta var mjög vel heppnuð ráðstefna og í tengslum við hana mátti sjá í og fyrir utan ráðhúsið nokkrar gerðir rafmagnsbíla, metangasbíl og jafnfram hugmyndir um framleiðslu vetnisbíla.

Hér hafa með öðrum orðum fyrstu skref verið stigin í þessa átt. Og nú þegar eru komnir sex rafknúnir bílar í almenna notkun hér á suðvesturhorninu og reyndar einn norður á Akureyri og mér er kunnugt um að nokkrir fleiri slíkir eru á leiðinni.

Hér er um að ræða mikil sóknarfæri fyrir okkur Íslendinga. Við eigum að geta verið leiðandi á þessu sviði. Við höfum reynslu af því að skipta um orkugjafa, eins og þegar við fórum úr kolum og olíu yfir í hitaveitu. Það hefur vakið verðskuldaða athygli um allan heim. Og sú reynsla sem við sköpuðum okkur þar er orðin bein útflutningsvara okkar Íslendinga. Þetta er umhverfismál, þetta er efnahagsmál, tæknimál og menntamál, enda er það svo að hv. Alþingi og hæstv. ríkisstjórn hafa mótað stefnu hvað þetta varðar í verki með því að á þessu kjörtímabili voru felld niður tímbundin vörugjöld af vistvænum ökutækjum sem og þungaskattur. Afleiðing þess er m.a. sú að fyrstu ökutæki af þessum toga eru þegar komin í notkun.

Þá hefur það komið fram að Reykjavíkurborg hefur fyrir tilstuðlan nefndar á vegum Orkuveitu Reykjavíkur mótað þá stefnu að innan þriggja ára skuli um þriðjungur bifreiða á vegum borgarinnar vera knúinn vistvænum ökutækjum.

Herra forseti. Í ljósi þessa finnst mér ekki óeðlilegt að ríkisvaldið í ljósi stefnumörkunar sinnar stígi jafnákveðin skref og hér hefur verið lýst og setji sér það markmið að innan fimm ára verði þjónustubílar í eigu ríkisins knúnir vistvænum orkugjöfum. Fyrir því eru þau rök sem hér hafa verið nefnd og jafnframt er getið um í greinargerð með þáltill.

Herra forseti. Ég læt þessi orð duga um þáltill. og mælist til þess að að lokinni umræðu verði henni vísað til hv. umhvn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannavarnir, 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 300. mál (almannavarnaráð). — Þskj. 360.
[17:21]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 94/1962, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þingmenn Ólafur Örn Haraldsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Herra forseti. Líklega er mannskepnan aldrei jafnlítil í sér eins og þegar náttúruhamfarir bresta á. Það þekkjum við þegar óveður geisa, þegar jarðskjálftar verða og þar fram eftir götunum hversu lítil við verðum og ósjálfbjarga og finnum til smæðar okkar. Það er á slíkum stundum, herra forseti, sem þjóðin öll skynjar mikilvægi og gildi björgunarsamtaka á borð við Slysavarnafélag Íslands, Landsbjörg og Rauða krossinn. Við gætum líka snúið þessu við og spurt okkur sjálf: Hvar værum við stödd á örlagaríkum stundum ef slíkra samtaka nyti ekki við? Þau eru ómetanlegur og algjörlega ómissandi þáttur í þjóðlífi okkar og við finnum fyrir því á örlagastundu. Það hafa þessi samtök sýnt í gegnum árin og þjóðin er þeim mjög þakklát.

Það er líka vert að vekja athygli á því að þessi samtök eru nánast algjörlega rekin í hugsjónastarfi, sjálfboðaliðastarfi og þurfa að leggja töluvert á sig til þess að fjármagna starfsemi sína.

Nú er það svo, herra forseti, að þessi samtök hafa ekki átt fulla aðild að almannavarnaráði ríkisins og má segja að það sé í alla staði mjög óeðlilegt. Mér skilst að þau eigi þar áheyrnaraðild. En á fjórða landsþingi Landsbjargar var samþykkt eftirfarandi ályktun, með leyfi herra forseta:

„Landsþingið fer þess á leit við Alþingi Íslendinga að lögum um Almannavarnir ríkisins verði breytt á þann veg að fulltrúar frá Landsbjörg, Slysavarnafélagi Íslands og Rauða krossi Íslands fái fulla aðild að almannavarnaráði."

Í rauninni má segja að frv. sem hér liggur fyrir taki mið af þessari tillögu ásamt því að þar er gert ráð fyrir því að fulltrúi menntmrn. eigi fullan seturétt í almannavarnaráði. Ástæðan fyrir því er sú að reynslan hefur sýnt við hörmungar sem orðið hafa, eins og á Flateyri og í Súðavík, hörmungar sem þjóðin öll þekkir, að eitt það mikilvægasta til þess að koma mannlífi aftur í eðlilegt horf er að koma skólunum af stað þannig að börnin geti sótt skóla, hitt félaga sína og komið festu á líf sitt aftur. Það telja menn að sé eitt af því mikilvægara til þess að koma lífi, ekki síst barnanna og þá um leið mannslífsins alls, í rétt horf aftur.

Nú geta skapast þær aðstæður að kennarar á stöðunum séu ekki til staðar vegna náttúruhamfara og þess vegna er afskaplega mikilvægt að menntmrn. eigi jafnan seturétt í almannavarnaráði. Þetta eru rökin fyrir því að þetta frv. er lagt fram og þarf ég ekki að hafa í rauninni fleiri orð um það en vísa að öðru leyti til greinargerðar. Ég vil þó taka það fram í lokin, herra forseti, að sambærilegt frv. mun hafa verið komið fram á hv. Alþingi, sem mér var þó ókunnugt um, flutt af hv. þm. Ágústi Einarssyni. Það er að miklu leyti samhljóða þessu frv. Mér þykir leitt að hafa ekki vitað af því frv. Ég hef rætt það við hv. þm. og á milli okkar er ekki efnislegur ágreiningur um þetta, en ég vil, til þess að gæta allrar sanngirni, taka það fram að frv. hv. þm. Ágústs Einarssonar var komið fram á undan þessu.

Að lokinni umræðu, herra forseti, vonast ég til þess að þetta frv. megi ganga til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 387. mál. — Þskj. 658.

[17:26]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins. Meðflutningsmenn mínir eru þeir hv. þm. Guðni Ágústsson og Ólafur Örn Haraldsson.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi herra forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að leggja fram tillögur um aukinn aga í skólum landsins.

Í nefndinni sitji fulltrúar menntamálaráðherra, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Landssamtakanna Heimili og skóli, Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, samtaka framhaldsskólanema, Kennarasambands Íslands, Hins íslenska kennarafélags, Skólastjórafélags Íslands, Skólameistarafélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Æskulýðssambands Íslands."

Svo mörg voru þau orð í sjálfri þáltill.

Nú hefur umræða um aga verið töluverð bæði í sölum hv. Alþingis og ekki síður í fjölmiðlum núna á síðustu mánuðum og missirum, aga eða agaleysi. Það hefur reyndar verið nokkuð á reiki hvernig fólk skilgreinir þessi hugtök. Sumir tengja písk og ofbeldi orðinu „aga" en aðrir sjá fyrir sér aukna reglu eða reglufestu.

Við þekkjum umræðuna frá Hagaskóla sem varð fyrir ekki mörgum vikum þegar þar var beitt ofbeldi, skulum við segja. Það urðu afskaplega miklar umræður, ekki bara innan Hagaskóla heldur í umhverfi hans öllu og ég vil segja í nánast flestum skólum landsins. Við þekkjum umræðu úr fréttum af fíkniefnanotkun, vaxandi ofbeldi og þannig má áfram telja. Við þekkjum líka úr fréttum að ekki alls fyrir löngu lagðist af körfuknattleiksdeild fyrir börn og unglinga eins íþróttafélags hér í borg, þ.e. æfingar hjá börnum og unglingum lögðust af vegna þess að foreldrar og aðstandendur barnanna og unglinganna hirtu ekki um að mæta á þá fundi sem nauðsynlegir voru í tilefni af rekstri deildarinnar né hirtu um að greiða gjöldin.

Við þekkjum það líka, herra forseti, úr skýrslu frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála þar sem fram kemur að allt að 50% unglinga á aldrinum 14–16 ára upplifa helgarnar þannig að þeir telji sig lítil eða engin samskipti hafa við foreldra sína. Gegn þessu má svo vísa í mjög nýlega breska könnun þar sem gerð var athugun á 1.500 unglingsdrengjum og samskipti drengjanna við feður sína sérstaklega skoðuð. Í ljós kom það sem virðist svo sem liggja í augum uppi að því meiri samskipti sem drengirnir áttu við feður sína þeim mun meiri líkur væru á að þeir kæmust klakklaust í gegnum unglingsárin og kæmust til manns. Það sem vekur athygli í þeirri könnun er að þessi samskipti þurftu ekki að vera nema allt niður í fimm mínútur á dag og þannig má áfram telja.

Þetta snýst með öðrum orðum um samskipti kynslóðanna. Það er í rauninni grunnurinn að þessari þáltill. um að auka aga í skólum landsins.

Ég vil halda því fram, herra forseti, að á síðustu árum og kannski áratugum hafi það gerst að foreldrar hafi í vaxandi mæli varpað uppeldisskyldu sinni yfir á skóla, íþróttafélög og ýmis frjáls félög og jafnvel yfir til fjölmiðla í nýrri fjölmiðla- og tölvutækni. Það gerist m.a. vegna þess að það virðist vera meginregla að báðir foreldrar vinni úti og hafi

þá ætlað skólum, stofnunum og félögum að taka við uppeldisskyldum sínum og uppeldishlutverki án þess að skólar eða þau félög sem ég gat um væru í stakk búin til að taka við því hlutverki eða axla þá ábyrgð. Og það sem verra er, samband á milli þessara aðila, heimila, skóla, íþróttafélaga og annarra félagasamtaka er afskaplega ómarkvisst og lítið að því er virðist.

Hins vegar höfum við gegn þessu vaxandi fjölmiðlatækni þar sem unglingar og börn flest hver hafa mjög greiðan aðgang að góðum hljómflutningstækjum, góðum sjónvörpum, myndbandstækjum, tölvum og tölvuleikjum. Það eru þau sem hafa haldið innreið sína og að mörgu leyti tekið við uppeldishlutverki foreldranna þar sem foreldrarnir gjarnan eru uppteknir af framavonum sínum, launastriti og ýmsum „ambisjónum" utan heimilis. Þetta snýst með öðrum orðum um dálitla forgangsröðun hlutanna á heimilum en ekki einungis um launin sjálf. Nú munu einhverjir segja að ástæður þess að báðir foreldrar vinni úti séu lág laun. Í sumum tilvikum á það örugglega við en í færri tilvikum og jafnvel þeim fæstu. Þetta snýst um það sem má segja að hafi hafið innreið sína hjá okkur, þ.e. veraldlegt gildismat og forgangsröðun hluta og í þeirri forgangsröðun hafa börn okkar og unglingar orðið svolítið neðarlega á kostnað ýmiss annars.

Það er þetta, herra forseti, sem við flutningsmenn viljum kalla óagað umhverfi fyrir börnin að alast upp í. Það má segja í rauninni að þau fái ólík skilaboð frá ýmsum aðilum eftir því hvort það er skóli, foreldrar og jafnvel ólík skilaboð innbyrðis milli foreldra og áfram má telja að þau viti varla til hvers er ætlast af þeim, viti ekki sitt rjúkandi ráð. Það má með öðrum orðum segja að vegna sambandsleysis þeirra sem eiga að annast uppeldi barnanna séu mörg grá svæði sem börnin feta sig inn á með á stundum skelfilegum afleiðingum.

Samstarf milli foreldra annars vegar og hins vegar milli foreldra, skóla og íþróttafélaga, er hverfandi. Kannski er grundvallarspurningin sú: Hvernig er sá tími notaður sem börnin eru með foreldrum sínum og hverjar eru þær leikreglur sem uppalendur setja? Þá getum við líka spurt okkur hvaða lífsgildi spretta upp þegar börnin alast upp við slík skilyrði.

Meginhugsunin með þessari þáltill. er að leiða saman fulltrúa þeirra ólíku aðila sem koma að uppeldi barna okkar, skóla, íþróttafélaga, sveitarfélaga og nemendanna sjálfra og fá þá til að setjast niður til reyna að skapa börnunum það umhverfi — og komast að þeirri niðurstöðu að börnin viti til hvers er ætlast af þeim, að foreldrar skynji þá væntanlega ábyrgð sína og skyldur að uppeldisaðilar allir ræði betur saman þannig að nemendur, börn okkar og unglingar viti til hvers er ætlast af þeim og viti líka hver ramminn er og ef þau fari út fyrir þann ramma, þá verð því fylgt eftir.

Þetta þýðir auðvitað að við þurfum að aga okkur á öllum sviðum og mega kannski þeir fullorðnu byrja á að taka til í eigin ranni.

Ég læt þetta, herra forseti, nægja og vísa að öðru leyti til greinargerðar og vonast til þess að að lokinni umræðu megi þáltill. ganga til hv. menntmn. þingsins.

[17:35]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill árétta tilmæli til hv. þm. í upphafi fundar um að framsöguræður, þrátt fyrir gildandi þingsköp, fari ekki mikið fram úr fimm mínútum til þess að sem flest mál geti komist að í dag.

[17:36]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég vona að hv. flm. tillögunnar afsaki þó að ég komi hérna upp í þeim málum sem hann er að flytja. Ég veit að hann er tímabundinn, er að missa af flugvél og skal ég því reyna að hafa mál mitt stutt en þetta eru bara svo spennandi mál sem hann er með að ég get ekki orða bundist.

Ég vil taka undir þennan tillöguflutning. Ég þekki þennan skort á aga, bæði frá því að ég var sjálfur í skóla eða frá eigin æsku og því umhverfi sem ég ólst upp í. Þá er ég ekki að tala um heimili mitt heldur hið víðara samfélag, umhverfi og það sem ég hef kynnst í tengslum við þau störf sem ég hef gegnt undanfarin sumur í vinnuskóla í sveitarfélagi hér í nágrenninu, bæði sem flokksstjóri og yfirflokksstjóri.

Ég veit að ungmenni kunna vel að meta að þeim séu settar skýrar vinnureglur og kunna vel að meta það sem við getum kallað aga. Agi er afskaplega mikilvægur fyrir fólk sem er á mótunarskeiði og sérstaklega mikilvægur fyrir þjóðfélagið allt og þróun þess og velmegun í framtíðinni. Ungt fólk þarf á aga að halda.

Vandamálið er hins vegar nákvæmlega það sem hv. flm. kom inn á áðan að foreldrar hafa því miður í auknum mæli varpað uppeldisskyldum sínum á opinbera aðila, á skóla og jafnvel íþróttafélög eða aðra í umhverfi sínu og ekki er víst að þessir aðilar hafi verið alls kostar í stakk búnir til þess að takast þær skyldur á herðar. Ég vil t.d. benda á það skelfilega ástand sem komið er upp þegar foreldrar bregðast þannig við agaúrræðum opinberra aðila eða skólastofnana að senda lögfræðinga sína á þá. Þá erum við komin inn á hættulegar brautir. Þegar skólayfirvöld eru að reyna að beita þeim úrræðum sem þau hafa til þess að halda friðinn og vernda aðra nemendur fyrir ofbeldi af hálfu ungmenna í skólunum. Þess vegna fagna ég þessari tillögu og vona að hún leggi drög að úrræðum við þessum vanda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Styrktarsjóður námsmanna, 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 464. mál. — Þskj. 763.

[17:39]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil í upphafi biðjast afsökunar á að hafa farið yfir tímamörk og sýnt skort á aga í umræðu um aukinn aga.

Ég mæli, herra forseti, fyrir frv. til laga um styrktarsjóð námsmanna. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Guðni Ágústsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Magnús Stefánsson og Lúðvík Bergvinsson.

Til þess að jafna upp þann tíma sem ég syndgaði upp á áðan skal ég stytta mál mitt mjög og vísa til greinargerðar.

Við þurfum ekki að hafa mörg orð til viðbótar um gildi menntunar sem fjárfestingar í framförum á öllum sviðum fyrir þjóðlífið.

Nú er það svo að stærsti hluti fjármuna til menntunar kemur frá ríki eða sveitarfélögum en mun minna frá atvinnulífi og einstaklingum. Hins vegar þykist ég vita það frá mínu fyrra starfi sem skólameistari að eigendur fyrirtækja og margir einstaklingar eru mjög áhugasamir um að styrkja tiltekna þætti í skólakerfinu og í menntakerfinu, m.a. með því

að leggja fjármuni til kaupa á kennslubúnaði og með því að styrkja námsfólk. Reynsla mín er jafnframt sú að formlegan vettvang til þessara hluta hefur vantað og það er í rauninni hugsunin á bak við þetta frv. að koma upp styrktarsjóði fyrir efnilegt námsfólk, styrktarsjóði í eigu ýmissa aðila vinnumarkaðarins svonefnda, ríkis og sveitarfélaga. Við gerum ráð fyrir því að fjármögnun verði með ákvörðun Alþingis úr ríkissjóði en ekki síst úr atvinnulífi og frá einstaklingum.

Ég hef rætt þetta við ýmsa aðila, m.a. námsmannahreyfinguna sem hefur tekið mjög vel í þessar hugmyndir og viðrað skoðanir sínar að efna til átaks til þess að efla slíkan sjóð þannig að efnilegir námsmenn geti sótt um, ekki lán heldur um beina styrki til þess að komast í nám.

Ég geri ráð fyrir því að fyrirtæki eða einstaklingar geti eyrnamerkt styrki sína og skilyrt þá þannig að þeir verði bundnir við nám af tiltekinni tegund eða gerð. Þannig getur fyrirtæki t.d. lagt fé í slíkan styrktarsjóð og gert að skilyrði að styrkþegi sæki þá nám í þeirri grein sem kæmi slíku fyrirtæki vel. Þetta er hugsað sem leið til að auka framlög hins opinbera og atvinnulífsins til menntakerfisins og örva efnilegt námsfólk til dáða og þar með stuðla að framförum í okkar ágæta samfélagi.

Ég læt þessi orð nægja en vísa að öðru leyti til frv. sjálfs og greinargerðar og legg til að að lokinni umræðu verði því vísað til hv. menntmn. þingsins.

[17:42]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Þetta er einmitt það sem ég var að tala um áðan, að hv. 7. þm. Reykn. léti sér málefni námsmanna mikils varða og hefði áhuga á því að þeirra vegur væri sem mestur. Þetta er afskaplega gott frv. til laga sem hér liggur fyrir. Það er mjög mikilvægt að koma á fót einhvers konar styrkjakerfi til náms hér á landi, öflugra styrkjakerfi en nú þegar er við lýði og til hliðar og til viðbótar við námslánakerfið. En mig langar til að spyrja út af orðalagi í frv. þar sem segir: „Hlutverk styrktarsjóðs námsmanna er að styrkja efnilega nemendur til náms við framhaldsskóla eftir nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur." Hvað er átt við með framhaldsskóla? Ætlar flutningsmaður sér að láta stjórn sjóðsins skilgreina það orð nákvæmlega? Ég veit að ákveðnir aðilar hér á landi, ákveðnir námsmenn eiga í erfiðleikum með að sækja einmitt framhaldsskólana, þá er ég ekki að tala um háskólana heldur framhaldsskólastigið í landinu, því þeir fá ekki til þess neinn stuðning, þ.e. frá lánasjóði eða öðru slíku ef um er að ræða nám í ákveðnum greinum t.d. í bóknámi, þó er einhver stuðningur við nemendur í iðnnámi. Ég vil spyrja hv. 7. þm. Reykn. hvort hann telji að styðja eigi betur við bakið á þeim sem sækja nám í framhaldsskóla og hvort þá mætti t.d. miða við sjálfræðisaldur.

[17:44]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 15. þm. Reykv., Magnúsi Árna Magnússyni, fyrir umræðuna og skal freista þess að svara þeirri spurningu sem hann beindi til mín. Hann spyr hvort hér sé átt við framhaldsskóla eða háskóla eða hvort stjórn sé ætlað að skilgreina það.

Orðalagið er vísvitandi hugsað þannig til þess einmitt að koma í veg fyrir að eingöngu verði átt við háskólastig því að með vaxandi starfsmenntun í framhaldsskóla er mjög mikilvægt að nemendur framhaldsskóla, hvort heldur er í starfsnámi eða öðru, geti sótt í slíkan styrktarsjóð. En við flutningsmenn teljum eðlilegt að stjórnin og ekki síður þeir sem leggja fram vonandi í slíkan styrktarsjóð hafi svigrúmið til að skilgreina hverjir geti fengið styrki.

[17:45]

Magnús Árni Magnússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka kærlega fyrir þau svör sem komu fram og þykir mikið til þess koma að þar sé kominn bandamaður í baráttunni fyrir því að námsmenn hér á landi séu styrktir til náms jafnt í framhaldsskólum sem í háskólum og þá væntanlega einnig með tilliti til Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Laun forseta Íslands, 1. umr.

Frv. ÓHann og PHB, 246. mál (skattgreiðslur). — Þskj. 278.

[17:46]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1990, um laun forseta Íslands. Flutningsmenn eru hv. 1. flm. Ólafur Hannibalsson, sem á ekki sæti núna á Alþingi, og sá er hér mælir.

Frv. gengur út á það að afnema skattfrelsi forseta Íslands á öllum sviðum. Núna eru forsetinn og maki hans skattfrjáls að öllu leyti. Þau greiða ekki tekjuskatt, ekki fjármagnstekjuskatt, ekki eignarskatt, ekki virðisaukaskatt og ekki vörugjöld og tolla svo dæmi séu nefnd. Þó greiða þau skatta af eigin atvinnurekstri.

Þessi ákvæði, sérstaklega varðandi makann, eru löngu úrelt og eiga sér enga stoð, sérstaklega þar sem makinn er í síauknum mæli farinn að vinna sjálfur, ef um konur er að ræða, fyrir eigin tekjum og afla sér eigin réttinda þannig að þetta er dálítið ankannalegt ákvæði.

Ákaflega erfitt er að meta þessi hlunnindi til fjár vegna þess að skattfrelsið breytir neysluvenjum þess einstaklings sem gegnir embætti forseta Íslands.

Herra forseti. Tilgangur frv. er að allir þegnar landsins séu jafnir fyrir lögum og í öðru lagi að gera laun gegnsæ. Því er haldið fram að laun hér á landi séu ákaflega ógegnsæ og það jafnvel svo að venjulegir launamenn vita ekki nákvæmlega hvaða laun þeir hafa. Þeir fá alls konar hlunnindi og það er meining flutningsmanna að mjög brýnt sé að vinda ofan af þessu þannig að launakerfi landsmanna verði gegnsærra og þá alveg sérstaklega opinberra starfsmanna.

Ekki er ætlan flutningsmanna að lækka laun forseta Íslands eða skerða kjör hans á nokkurn hátt enda óheimilt skv. 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna er lagt til í bráðabirgðaákvæði að kjör hans og laun verði hækkuð sem nemur því sem hann verður að greiða af sköttum. Sambærilegt við þetta er sjómannaafsláttur inn sem nokkrir þingmenn hafa einnig lagt til að verði felldur niður vegna þess að hann er líka dæmi um það að ekki séu allir borgarar jafnir fyrir lögum.

Herra forseti. Í eina tíð greiddi aðallinn ekki skatta og ekki kóngurinn og það þótti allt í lagi. Nú hefur þetta breyst og það er ákveðin söguleg þróun, bæði í heimspeki og í viðhorfum manna sem felur í sér að virðing manneskjunnar og gildi einstaklingsins er sífellt meira metin og að allir séu

jafnir. Þess vegna er skattfrelsi forseta Íslands og maka hans alger tímaskekkja nú á dögum.

Herra forseti. Samkvæmt launamati Verslunarmannafélags Reykjavíkur sem birtist nýlega í fréttabréfi þess stéttarfélags kom fram að það er mat hagfræðings Verslunarfélags Reykjavíkur að laun forseta Íslands séu að ígildi 1.240 þús. á mánuði þó að þau séu sögð 470 þús. og er það vegna skattfrelsis að hluta til en einnig vegna lífeyrisskuldbindinga þar sem ekki er greitt nægilegt iðgjald til að standa undir þeim skuldbindingum. Sambærilegar tölur komu fram um forsrh., að hann væri með 940 þús. á mánuði í stað 460 þús. og einnig komu upplýsingar um ráðherra og alþingismenn. Megininntakið var það að þar sem lífeyrisskuldbindingar væru í engu samræmi við það 10% iðgjald sem greitt er af þessum launum væri um duldar tekjur að ræða.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, og tek undir þessa frétt frá Verslunarfélagi Reykjavíkur, að laun eigi að vera gegnsæ. Það á að sýna laun og það á að borga iðgjald í lífeyrissjóð sem nemur þeim réttindum sem menn eru að fá þannig að þetta mál sem hér er flutt er einmitt dæmi um það hvernig unnið er að því að bæta gagnsæi launa.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[17:51]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 10. þm. Reykv. kom inn á að allir skuli vera jafnir fyrir skattalögum og er það ekki fyrsta ræða hans í þá veru, með ívafi og tilvitnun í sjómannaafslátt, svo og laun forseta Íslands. Ég hef sagt það áður og þykir rétt að endurtaka það að það er alltaf einn hópur sem hv. þm. gleymir þegar hann er að tala um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum. Það er hann sjálfur og allir þeir sem vinna hjá hinu opinbera. Skattaívilnun þeirra felst í nokkuð sérstöku máli sem byggist á því að ríkið rekur líklega 200 eða 300 mötuneyti og þar gerast kaupin á eyrinni þannig að opinberir starfsmenn og við hv. alþm. erum að kaupa fæði sem kostar 300 kr. sem við borgum fyrir það en líklega er verðgildi þess 700–800 kr. Hvers vegna skyldi nú ekki þessi hv. þm. koma með tillögu um að opinberir starfsmenn greiddu skatta af þessum hlunnindum, þ.e. mismuninum á milli greidds verðs og raunverulegs verðs?

[17:53]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gleymdi nokkrum atriðum í viðbót, t.d. dagpeningum. Á þessu kjörtímabili hef ég haft um 550 þús. kr. í dagpeninga umfram útgjöld vegna ferðalaga á vegum Alþingis til útlanda og það eru líka tekjur. Ég hef reyndar ráðstafað þeim á sérstakan hátt.

Varðandi lífeyrisréttindi þingmanna flutti ég frv. á fyrsta þingi sem ég sat um breytingu á þeim. Ég lagði til að laun þingmanna yrðu hækkuð sem næmi lífeyrisréttindunum þannig að ég hef gert ýmislegt í þessu. Ég hef ekki komið inn á mötuneytin og það er rétt hjá hv. þm. að það eru hlunnindi en þau eru skattskyld samkvæmt skattalögum. Það á að telja þetta fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarvinnslustörf á landsbyggðinni, fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 270. mál. — Þskj. 308.

[17:54]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fjarvinnslustörf á landsbyggðinni. Þáltill. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og hrinda í framkvæmd áætlun um það hvernig fólki sem býr á landsbyggðinni verði gefinn kostur á að sinna störfum á vegum ríkisins með fjarvinnslu.“

Herra forseti. Störfum í opinbera geiranum hefur fjölgað hratt og staðreyndin hefur orðið sú að þeim hefur einkum fjölgað á höfuðborgarsvæðinu. Liggja að sjálfsögðu til þess mjög margar ástæður.

Stjórnvöld hafa áttað sig á því hve mikil áhrif þessi þróun hefur haft á atvinnumarkaðinn í heild og því ákveðið að reyna að sporna við þessari þróun og efla starfsemi ríkisins á landsbyggðinni. Meðal þeirra ráðstafana sem gripið hefur verið til er að reyna að flytja ríkisstofnanir út á land, staðsetja nýjar stofnanir á landsbyggðinni og hefur verið lögð fram sérstök þáltill. til að móta slíka stefnu. Kom sú þáltill. fram 1994 en þar var tekið sérstaklega á þessu máli þar sem ályktað var að auka opinbera þjónustu og starfsemi opinberra stofnana á landsbyggðinni en að sama skapi yrði þessi þjónusta dregin saman á höfuðborgarsvæðinu.

Nú hefur verið athugað hvernig framkvæmd þessarar stefnumörkunar hafi gengið og er niðurstaðan raunar sú að hið gagnstæða hafi gerst. Opinberum störfum hefur fjölgað á höfuðborgarsvæðinu en það er nánast um óbreytta stöðu að ræða í fjölmörgum landsbyggðarkjördæmum og í sumum kjördæmunum hefur opinberum störfum fækkað. Þannig má segja að árangur af þessari stefnumörkun hafi verið mjög slakur og er nauðsynlegt að horfast í augu við það.

Einnig má segja að flutningur ríkisstofnana út á land hafi mætt óvenjumikilli andspyrnu á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir þá staðreynd að störfum hins opinbera í Reykjavík hafi fjölgað mun meira en á landsbyggðinni og staðsetning nýrra ríkisstofnana á landsbyggðinni hefur ekki gengið fram sem skyldi. Þótt 1. flm. þessarar þáltill. sé þeirrar skoðunar að flytja beri ríkisstofnanir út á land og stuðla að því að nýjar ríkisstofnanir verði staðsettar á landsbyggðinni telur hann jafnframt að hægt sé að taka á þessum vanda með fjölbreytilegri hætti en gert hefur verið ráð fyrir.

Svo vill svo til að með stórbættri fjarskiptatækni og þjónustu á sviði upplýsingamála hafa skapast möguleikar til að sinna í raun bæði föstum störfum en einnig tímabundnum verkefnum fjarri höfuðborgarsvæðinu jafnvel þótt verkefnin tengist beinlínis stofnunum í Reykjavík. Það er t.d. nokkuð um að verkefnum sem unnin eru á vegum ríkisins sé sinnt af Íslendingum sem starfa tímabundið erlendis. Sjálfur hefur sá sem hér stendur unnið að verkefnum sem tengjast Evrópuráðinu og stefnumörkun í ýmsum málaflokkum þar. Þar hafa verið kvaddir til sérfræðingar sem hafa ýmist starfað í Frakklandi, Þýskalandi eða Rússlandi og hafa engir samskiptaerfiðleikar komið fram þótt miklar vegalengdir séu og hefur reynst afar auðvelt að nýta þessa fjarskiptatækni og upplýsingabyltinguna til þess að vinna að slíkum málefnum héðan frá Íslandi með sama árangri og annars staðar frá í heiminum.

Þess ber að geta að þessir möguleikar hafa enn haft til þess að gera mjög lítil áhrif á atvinnulíf landsbyggðarinn-

ar. Upplýsingatækni og fjarskipti hafa t.d. svo eitt dæmi sé nefnt ekki dregið úr þeim erfiðleikum sem koma í ljós þegar sérhæft fólk sem á þess kost að starfa úti á landi leitar eftir starfi við hæfi maka. Það er afar brýnt að auka fjölbreytni á vinnumarkaði á landsbyggðinni og það er einsýnt að hægt er að nýta möguleika fjarvinnslu til þess að treysta þennan vinnumarkað. Það kallar hins vegar á mjög markviss vinnubrögð af hálfu hins opinbera. Nauðsynlegt er að opinberir aðilar hafi forgöngu um þetta, ekki síst í ljósi þess hve umsvif ríkisins hafi verið mikil og áhrif ríkisins á vinnumarkaðinn hafa verið þung á vogarskálunum í byggðamálum.

Til þess að ýta undir þróunina þarf að fara fram athugun á því hvaða störf á vegum ríkisins eru vel til þess fallin að sinna með fjarvinnslu.

Í till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 er fjallað ítarlega um þörf á að auka fjölbreytni í atvinnulífi landsbyggðarinnar svo efla megi samkeppnishæfni atvinnulífsins þar. Lögð er áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði á m.a. að ná með því að leitast við að ný starfsemi hins opinbera verði utan höfuðborgarsvæðisins. Síðan segir í þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta."

Tillagan sem hér er flutt fellur að markmiðum og anda þáltill. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 en tekur sérstaklega á möguleikum sem tengjast fjarvinnslunni. Gert er ráð fyrir því í tillögunni að innan opinberra stofnana og fyrirtækja verði litið á það sem sérstakt viðfangsefni að ýta undir fjarvinnslu. Verði það jafnvel athugað í hverju tilfelli hvort hægt er að sinna verkefnum eða störfum með fjarvinnslu og þess getið þegar störf eru auglýst.

Ég hygg að í viðleitni stjórnvalda til þess að efla opinbera þjónustu úti á landi og gera vinnumarkaðinn úti á landi fjölbreytilegri bjóði þessi kostur upp á ýmsa möguleika og meiri sveigjanleika en hingað til hefur gætt í umræðunni um eflingu opinberra starfa úti á landsbyggðinni og að þessir möguleikar eigi ekki eingöngu við stærri sveitarfélög úti á landi heldur einnig hin minni. Ég tel því að full ástæða sé til þess að skoða rækilega þennan möguleika og það gæti orðið til þess að ná meiri árangri í þeirri viðleitni sem stjórnvöld hafa sett sér markmið um, að efla opinbera þjónustu á landsbyggðinni.

[18:02]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég kem upp í hverju þingmannamáli stjórnarliða á fætur öðru og mæli með þeim. Hv. 5. þm. Norðurl. v. flytur hér afar gott mál um að skoða möguleika á fjarvinnslustörfum á landsbyggðinni. Ef eitthvað mun gera skipulagða byggðastefnu óþarfa þá er það sú tækni, sem við sjáum þróast á ótrúlegum hraða á hverju ári með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Ég get nefnt dæmi af sjálfum mér. Ég hef búið í San Francisco undanfarin ár og jafnframt átt kost á að skrifa í íslensk blöð eins og ég væri staddur hér heima, sinna dálitlu aukastarfi með skrifum í tímarit sem hér er starfrækt. Þar hefur engu máli skipt þó hálfur hnötturinn væri á milli.

Þessi tækni mun gefa fólki kost á að vega og meta kosti búsetu og njóta kosta þess að búa úti á landi, sem eru ótvíræðir. Það eru ótvíræðir kostir við að búa í nánum tengslum við náttúruna í smáu samfélagi, jafnvel í faðmi fjölskyldu og vina sem þar hafa búið um langan aldur í stað þess að þurfa að flytjast búferlum til að geta sinnt starfi við sitt hæfi. Þetta er þegar farið að hafa þau áhrif í Bandaríkjunum að fólk er farið að flytjast í auknum mæli aftur til miðríkjanna sem voru nánast yfirgefin um miðbik þessarar aldar. Menn streymdu til borganna við ströndina, borga eins og San Francisco og sprengdu þar húsaleigu upp úr öllu valdi. Nú er hámenntaða fólkið sem vinnur í hátækniiðnaði farið að flytja aftur inn í hin frisælu miðríki og sinnir þar störfum sínum eins og það væri í vinnunni sinni í San Francisco.

Á Ísafirði gæti fólk þannig svarað í síma eða hvað annað sem gert er í ríkisstofnunum og gefið samband til Egilsstaða eins og það væri að gefa manni í næsta herbergi línuna. Þetta er afskaplega ódýr og góð lausn á vanda hinna dreifðu byggða þar sem frelsi fólks til búsetu er aukið. Þess vegna styð ég þetta mál heils hugar.

[18:05]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 15. þm. Reykv. fyrir framlag hans til umræðunnar. Framlag hans vekur athygli mína, ekki víst vegna þess að hann hefur eins og sá sem hér stendur haft reynslu af þessari tækni. Hann hefur kynnst henni í því þjóðfélagi sem lengst hefur komist í þessari nýtingu. Bandaríkjamenn hafa ótvíræða forustu í að nýta upplýsingatækni í heiminum. Þar er t.d. netþjónusta einna lengst komin og hefur haft mikil áhrif á atvinnulífið, einmitt þau sem hv. 15. þm. Reykv. rakti í sínu ágæta máli. Það hefur orðið til þess að vekja menn til umhugsunar um byggðamynstur og skapa nýja valkosti í þessum efnum. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hv. þm. um þetta en það var hárrétt.

Þessi tækni mun ýta undir það að menn vegi og meti aðra kosti byggðarlaga úti á landi en atvinnumarkaðinn, að menn vegi og meti t.d. þá kosti sem eru fólgnir í umhverfinu, í því að eiga stutt til útivistar, í þýðingu þess að ala upp börn sín við fullkomið öryggi og að menn vegi og meti kosti þess að vera fjarri hinum dekkri hliðum á mannlífinu, eiturlyfjaneyslu og áfengisvandamálum. Ég hygg að ef okkur tekst að nýta þessa kosti til að gera atvinnulíf landsbyggðarinnar fjölbreytilegra þá muni það varpa ljósi á ýmsa af þeim kostum sem fylgja búsetu í dreifbýlinu, sem hingað til hafa verið minna metnir en atvinnumöguleikarnir og kannski stórlega vanmetnir.

Ég tek því heils hugar undir þau rök sem hv. 15. þm. Reykv. setti fram. Mér finnst hann koma fram í þessu máli eins og fulltrúi sinnar kynslóðar. Ungt fólk hefur meiri skilning á þessu en margir af eldri kynslóðinni. Það er alið upp nánast við þessa nýju möguleika. Þeir virka ekki fráhrindandi á ungt fólk heldur þvert á móti sem hluti af nútímanum. Því miður virka þessir upplýsinga- og fjarskiptamöguleikar fráhrindandi á hluta af eldri kynslóðinni þótt flestir hafi jákvætt viðhorf til þeirra. Komið hefur í ljós á Íslandi að eldri borgarar eru farnir að nýta sér þessa fjarskiptatækni til þess að rjúfa einangrun sína og fjölga menntunarmöguleikum sínum. Það er mjög góð vísbending um hversu jákvæð viðhorf Íslendinga eru til þessarar tækni, að eldri borgarar hafi nýtt sér þetta með mjög góðum árangri. Ég held að þetta muni höfða til allra kynslóða, allra aldursflokka og muni jafnvel

leiða til þess að bilið á milli kynslóðanna verði betur brúað en verið hefur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 317. mál (sérútbúnar bifreiðar fatlaðra). — Þskj. 384.

[18:09]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum.

Flm. ásamt mér eru hv. þm. Árni Ragnar Árnason, Guðjón Guðmundsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Guðni Ágústsson og Ólafur Örn Haraldsson.

Í 1. gr. frv. segir svo:

„Við B-lið 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi: Fella skal niður þungaskatt innheimtan samkvæmt ökumæli (kílómetragjaldi) sem fellur á akstur sérútbúinnar bifreiðar í eigu fatlaðra einstaklinga, sem fá örorkulífeyri eða ökustyrk. Sama gildir um sérútbúnar bifreiðar foreldra eða framfærenda barna sem fá umönnunargreiðslur."

Í 2. gr. segir:

„Við 3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Fella skal niður eða endurgreiða þungaskatt af sérútbúnum bifreiðum í eigu fatlaðra einstaklinga sem fá örorkulífeyri eða örorkustyrk. Sama gildir um sérútbúnar bifreiðar foreldra eða framfærenda barna sem fá umönnunargreiðslur."

Í greinargerð segir m.a., með leyfi forseta:

„Á vegum Reykjavíkurborgar er rekin ferðaþjónusta fyrir fatlaða samhliða rekstri Strætisvagna Reykjavíkur. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir en hefur þó þá annmarka að panta þarf far með dags fyrirvara auk þess sem þjónustan er lokuð frá kl. 23.00 til kl. 9.00 á morgnana. Enn fremur reka sameiginlega þessa þjónustu Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur og Mosfellsbær annars vegar og hins vegar Kópavogur og Garðabær. Nokkrir fatlaðir einstaklingar, sem áður hafa notið þessarar þjónustu, hafa með ýtrasta sparnaði og ráðdeildarsemi fest kaup á eigin bifreið og þannig létt ákveðnu álagi af ferðaþjónustunni. Í nokkrum tilfellum, þegar um mikið fatlaða einstaklinga er að ræða, hafa þeir þurft að kaupa sér sendiferðabifreið sérinnréttaða með lyftu fyrir hjólastól.

Það er ljóst að fatlaðir einstaklingar og foreldrar eða framfærendur barna, sem fá umönnunargreiðslur, geta af illri nauðsyn þurft á stærri bifreiðum að halda og velja því í sumum tilfellum dísilbifreiðar í sparnaðarskyni, þrátt fyrir að þær séu oftast dýrari í innkaupum. Sparnaður sem næst með notkun dísilbifreiðar yrði að engu ef þeir sem hér um ræðir þyrftu að greiða þennan skatt. En sem kunnugt er þarf mikinn akstur til að ná sparnaði með rekstri dísilbifreiðar þegar nefndur skattur er greiddur.

Þessir einstaklingar þurfa að greiða geysiháan þungaskatt af bifreiðum sínum þar sem fjárhæð skattsins miðast við þyngd hvort sem greitt er kílómetragjald samkvæmt ökumæli eða árlegt fastagjald, sbr. lög um fjáröflun til vegagerðar.

Hér er lagt til að fella niður fyrrnefndan skatt af bifreiðum í eigu þessara einstaklinga."

Herra forseti. Ég vil vitna til bréfs sem ég fékk sent. Það skýrir kannski allt sem skýra þarf í þessu máli. Þar segir svo:

„Ég er bundinn rafknúnum hjólastól eftir bílslys 1980. Frá þeim tíma hef ég þurft að eiga bensínfrekan sendibíl með hjólastólalyftu vegna þess að ég kemst ekki inn í hefðbundna fólksbifreið. Bifreiðar þessar hafa verið mjög dýrar í rekstri. Ég hef reynt að spara hann nema rétt úr og í vinnu vegna þess að efnahagur leyfir ekki mikla notkun á honum.

Ef þetta gengur í gegn er það mikil bót fyrir mig og marga aðra í minni aðstöðu og hagur allra að fatlaðir séu virkir í þjóðfélaginu og komist um án mikils kostnaðar."

Hér mun vera um innan við tíu aðila að ræða.

Herra forseti. Þetta mál er mikilvægt og ég vænti þess, þótt nokkuð sé liðið á þingtímann, að það fái skjóta meðferð.

Ég vil að lokinni 2. umr. vísa málinu til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 364. mál. — Þskj. 507.

[18:14]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um skipan nefndar til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðjón Guðmundson, Vilhjálmur Egilsson, Sólveig Pétursdóttir, Egill Jónsson og Árni M. Mathiesen.

Tillagan er hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok."

Í greinargerð segir m.a.:

„Ályktun sama efnis var samþykkt á Alþingi 13. apríl 1989. Páverandi forsætisráðherra skipaði nefnd 22. apríl 1989 til framgangs málinu. Hún kom saman til fundar 13. júní 1991 og lagði á ráðin um gagnaöflun fyrir nefndarstarfið. Nokkrum gögnum var safnað saman en fundir nefndarinnar urðu ekki fleiri og engu áliti var skilað.

Flutningsmenn telja mikilvægi málsins ekki síðra nú en þá."

Hér er á ferðinni mál sem skiptir verulegu máli og hefur mikið hefur verið í umræðunni, tengt málefnum aldraða er kemur að starfslokum. Menn eru mismunandi vel undir það búnir að takast á við störf áfram eða láta af störfum og ég tel málið þess eðlis að það þurfi frekari athugunar við og eðlilegt að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH o.fl., 341. mál. — Þskj. 437.

[18:17]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu. Ásamt þeim sem hér stendur eru hv. þm. meðflutningsmenn Össur Skarphéðinsson, Svavar Gestsson, Steingrímur J. Sigfússon og Kristín Halldórsdóttir.

Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera ítarlegar rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu með það að markmiði að stuðla að skynsamlegri nýtingu rjúpnastofnsins. Tilgangur rannsóknanna verði að kanna umfang og áhrif skotveiða á stofninn, viðkomu hans eftir svæðum, samhengi veiða og náttúrulegra affalla og að gera samanburð á rjúpnastofninum undir mismiklu veiðiálagi."

Það er mikið kappsmál að íslenski rjúpnastofninn sé sem allra sterkastur. Það er kappsmál umhverfisverndarfólks og dýraverndunarmanna. Það er líka kappsmál skotveiðimanna og raunar er það kappsmál náttúrunnar allrar því að rjúpan er lykildýrategund í íslensku vistkerfi. Rjúpan er, eins og kunnugt er, ein aðalfæða fálkans og forsenda að vexti og viðgangi fálkastofnsins en hún er jafnframt mikilvæg fæðutegund fyrir ref.

Skotveiðar hafa vaxið mjög hér á landi. Rjúpur og rjúpnasteik eru að verða föst jólahefð hjá landsmönnum og þetta ásamt því sem áður er rakið hlýtur að hvetja okkur til þess að gæta vel að þessum stofni.

Skotveiðimenn, sem jafnframt eru yfirleitt miklir umhverfisverndarmenn, hafa lagt fram drjúgan skerf til rannsókna á rjúpnastofninum, annars vegar með veiðiskýrslum og hins vegar með veiðigjaldi. Rannsóknir þessar eru hins vegar ekki nægjanlegar og það fé sem til þeirra rennur dugir hvergi nærri til nægjanlegra rannsókna.

Margt bendir til þess að veiðiálagið í nágrenni höfuðborgarsvæðisins sérstaklega og raunar víða á Suðurlandi og Vesturlandi sé það mikið að ekki megi svo lengur standa og að nauðsynlegt sé að fara út í einhvers konar takmarkanir um tíma. Ef slíkt verður gert er tvennt nauðsynlegt. Annars vegar að komast að samkomulagi við landeigendur og skotveiðimenn og hins vegar að leggja til aukið fé til rannsóknanna. Þessar rannsóknir eru grundvallaratriði og það er grundvallaratriði að þær séu gerðar við núverandi veiðiálag. Það er ekki til neins að fara út í friðunaraðgerðir eða breytingu á veiðiálagi ef menn þekkja ekki stofnstærð rjúpunnar þegar gripið er inn í veiðiálagið og þar með útgangspunkt rannsóknanna. Með veiðitakmörkunum af einhverju tagi er síðan hægt að fylgjast með auknum rannsóknum þannig að árangur slíkra aðgerða sjáist og sé mælanlegur því að annars er til lítils barist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, fyrri umr.

Þáltill. ArnbS og EgJ, 356. mál. — Þskj. 488.

[18:21]

Flm. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um undirbúning jarðganga milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Meðflutningsmaður minn er hv. þm. Egill Jónsson. Tillagan er á þskj. 488 og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hefja nú þegar undirbúning að gerð jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Miðað verði við að framkvæmdir hefjist árið 2003."

Hæstv. forseti. Tillagan miðar sem sagt að því að hefja strax undirbúning að gerð jarðganganna. Töluverðan tíma tekur jafnan að undirbúa slíka stórframkvæmd. Nauðsynlegt er að sá undirbúningur hefjist nú þegar, ekki síst með tilliti til þess að af sjálfu leiðir að aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir hljóta að frestast ef af jarðgangagerð verður á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Gera má ráð fyrir að undirbúningur slíkrar framkvæmdar taki a.m.k. tvö til þrjú ár. Nú þegar hefur verið áætlað fyrir rannsóknarfé til Austfjarðaganga og er tiltækt fé nú um 27 millj. kr. Af þeim sökum er ekkert því til fyrirstöðu að hefja undirbúning og rannsóknir strax.

Ég vil að mestu vísa til greinargerðarinnar með tillögunni en lykiltillögur varðandi þessi göng eru að þau eru 5,3 km að lengd og kosta um 2,2 milljarða. Að frádregnum þeim framkvæmdum sem má fresta eða hætta við má segja að nettókostnaðurinn sé um 1,3 milljarðar.

Umræða um jarðgangagerð á Austfjörðum á sér langa sögu sem verður ekki rakin hér að öðru leyti en því að í skýrslu nefndar um jarðgangaáætlanir frá 1987 var lagt til að forgangsraða jarðgöngum með þeim hætti að fyrst kæmi Ólafsfjarðarmúli, því næst Vestfjarðagöng og að því loknu göng til að rjúfa vetrareinangrun Seyðisfjarðar og Norðfjarðar. Fyrri tvær framkvæmdirnar hafa gengið eftir eins og menn þekkja. Gert hafði verið ráð fyrir að framkvæmdir við Austfjarðagöng mundu hefjast árið 1998.

Í nefnd samgrh. um undirbúning jarðgangagerðar á Austurlandi, sem skilaði nál. 1993, var enn gert ráð fyrir þeirri framkvæmdaröð sem fyrr er nefnd. Niðurstaða þeirrar nefndar var sú að fyrst skyldi rofin vetrareinangrun Seyðisfjarðar og Norðfjarðar og í seinni áföngum skyldi farið í að stytta vegalengdir. Nefndin skoðaði fleiri jarðgangakosti og m.a. göng á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar til styttingar vegalengdum. Byggist tillaga þessi og greinargerð á efni skýrslu nefndarinnar.

Mikil þróun hefur orðið í vegagerð og í tækni við snjómokstur. Það leiðir til þess að nauðsyn jarðganga til að rjúfa vetrareinangrun hefur minnkað. Þess í stað sýnir sig í byggðaþróun á Austurlandi að nauðsynlegt er að stytta vegalengdir til að skapa betri atvinnu- og þjónustusvæði. Mikil fólksfækkun hefur orðið á suðurfjörðum Austfjarða og er því nauðsynlegt að tengja suðurfirði við Fjarðabyggð og yrði þá til öflugt atvinnusvæði.

Þess er að geta að aðstæður og viðhorf eru gerbreytt frá því að jarðganganefndin gerði tillögur sínar. Vetrarþjónusta hefur verið stóraukin á Oddsskarði og Fjarðarheiði en þar hefur mokstur verið aukinn úr þremur dögum í sjö og daglegur þjónustutími lengdur og þannig dregið verulega úr

vetrareinangrun. Meira er nú horft til þess að stytta leiðir og þétta byggð. Annað sem nefna má og er veigamikið atriði í þessu tilliti er að jarðgöngin mundu stytta leiðina með fjörðum um 35 km þannig að ekki verður nema 10 km lengra frá Egilsstöðum fjarðarleiðina suður en ef farin er Breiðdalsheiði. Fjarðarleiðin er öll á láglendi en Breiðdalsheiði er 470 m hár fjallvegur. Göngin gjörbreyta öllum aðstæðum á svæðinu og losa um einangrun suðurfjarða. Miðausturland styrkist því verulega sem samfellt þjónustusvæði og sem eitt mikilvægasta vaxtarsvæði á landsbyggðinni.

Fyrir arðsemisreikninga var gerð lausleg umferðarspá. Þegar jarðgangaframkvæmdir voru bornar saman við kostnað við að endurbyggja núverandi veg og leggja á hann bundið slitlag reiknaðist arðsemin verða allt upp í rúm 8% fyrir háspá.

Arðsemi er væntanlega mun meiri en fram kemur í greinargerðinni þar sem auk þess að hætta við framkvæmdir á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar má fresta framkvæmdum á stórum hluta á leiðinni um Breiðdalsheiði. Í öðru lagi komast hjá dýrum öryggisaðgerðum í Vattarnesskriðum, sem vafalaust verður gerð krafa um. Þar hafa nú þegar orðið tvö dauðaslys á undanförnum árum og legið við því þriðja. Í þriðja lagi leggja af vetrarþjónustu á Breiðdalsheiði, sem annars mun líklegast aukast á næstu árum. Og í fjórða lagi einfalda vegakerfið með einni meginleið suður í stað tveggja sem býður upp á mikla hagræðingu fyrir Vegagerðina og bætta þjónustu fyrir vegfarendur.

Í langtímaáætlun segir að til byggingar jarðganga geti komið með sérstakri ákvörðun stjórnvalda. Jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar leiða til mikillar hagræðingar í samgöngulegu og byggðalegu tilliti. Æskilegt er að ráðast strax í frekari skoðun og rannsókn á aðstæðum svo styrkja megi grundvöll ákvarðanatöku varðandi hugsanlega gangagerð.

Hæstv. forseti. Ég legg til að tillögunni verði vísað til hv. samgn. að lokinni umræðunni.

[18:28]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem við ræðum hér og mælt hefur verið fyrir af hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar er allrar athygli verð en flutningur málsins kemur hins vegar að mörgu leyti nokkuð á óvart.

Varðandi jarðgangahugmynd þá sem hér um ræðir vil ég segja það að hún er einn af þeim kostum sem hafa verið til athugunar og umræðu í hópi þingmanna Austurlands og á vegum sveitarfélaga á Austurlandi eða samtaka þeirra en þau hafa ítrekað ályktað um þessi efni og síðast líklega fyrir einum þremur árum. Málið er frá þeim tíma að mati sveitarfélaganna eða sambands þeirra á Austurlandi í höndum þingmanna kjördæmisins og á þeim vettvangi hefur sá sem hér talar ítrekað ýtt á eftir því að mál þessi væru rædd í hópi þingmanna með það fyrir augum að skapa sem besta samstöðu í hópnum. Það gerði ég fyrir einu og hálfu ári eða svo en viðbrögðin hafa ekki verið eins og ég hafði vænst. Þó var haldinn fundur, ef ég man rétt, fyrir rösku ári þar sem farið var enn og aftur yfir stöðu þessara mála með Vegagerð ríkisins að viðstöddum þingmönnum kjördæmisins.

Jarðgangamálin hafa verið í umræðu á Austurlandi í meira en áratug en eins og menn þekkja hefur ekki verið mikið um framkvæmdir á þessu sviði ef frá eru talin jarðgöng gegnum Ólafsfjarðarmúla og síðan jarðgöngin miklu á Vestfjörðum sem þáv. samgrh. Steingrímur J. Sigfússon hafði frumkvæði að á tímum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar 1988–1991. Segja má að með þeirri ákvörðun sem þá var tekin að frumkvæði Alþb. og ráðherra þess með stuðningi ríkisstjórnar hafi komist skriður á jarðgangaumræðuna fyrir utan það sem ákveðið hafði verið og var þá unnið að sem voru jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla.

Þegar ákvörðunin var tekin um Vestfjarðagöng lá það fyrir sem vilji Alþingis, eins og ég mat a.m.k. málið á þeim tíma, að að loknum framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum yrði ráðist í jarðgöng á Austurlandi ekki síðar en á árinu 1998. Sú framkvæmd ætti því samkvæmt því sem bókað var í langtímaáætlun 1991 að vera komin af stað, átti að hefjast 1998. En við þetta var ekki staðið.

Af minni hálfu og samþingmanns míns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, hefur ítrekað verið ýtt á eftir loforðunum um jarðgangagerð á Austurlandi. Til þess að hreyfa við þessum málum og í samhengi við lagningu uppbyggðs vegar milli Austurlands og Norðurlands fluttum við á árunum eftir 1990, ég held að það hafi verið 1993, ítrekað tillögu um athugun á vegasambandi með ströndinni um Norðausturland og með jarðgöng undir Hlíðarfjöll til Vopnafjarðar sem lið í þeirri framkvæmd að byggja upp vetrarsamgöngur með byggðum milli Akureyrar og Austurlands og að Vopnafjörður yrði tekinn inn í samgöngukerfi landsins með myndarlegum jarðgöngum undir Hlíðarfjöll.

Við þessu var ekki orðið en þáv. og reyndar núv. hæstv. samgrh. knúði fram þá stefnu að byggja upp veginn yfir Fjöllin, eins og nú er unnið að, og ekki var litið á þann kost að koma ársvegi með ströndinni með byggðum um Norðausturland, sem hefði að mínu mati hefði verið mjög farsæl framkvæmd að meðtöldum jarðgöngum. En á þetta var ekki hlustað.

Síðan gerist það í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar á þessu kjörtímabili, og það er undir sömu forustu Sjálfstfl. sem sú ríkisstjórn starfar, sömu forustu og komst til valda 1991, að allar hugmyndir um jarðgangagerð hafa verið kveðnar svo rækilega niður að í langtímaáætlun, sem samþykkt var á síðasta þingi, að hvergi sést kræla á hugmyndum um framkvæmdir við jarðgöng og aðeins var að finna samtals, ef ég man rétt, 120 millj. kr. til rannsókna fram til ársins 2010. Það er stefnan sem núv. ríkisstjórn hefur markað í þessum málum. Við umræður um vegáætlunina voru þessi mál mikið rædd.

Því má segja að það sæti nokkrum tíðindum að tveir hv. þm. úr stjórnarliði og samflokksþingmenn núv. hæstv. samgrh. taka sig fram um það að flytja tillögu um undirbúning að gerð jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og miða við að framkvæmdir hefjist árið 2003. Ég tek eftir því, virðulegur forseti, að hæstv. samgrh. er hvergi viðstaddur umræðuna. Sá hinn sami hefur vissulega marglýst því yfir úr þessum ræðustól að hann hafi engan áhuga á jarðgangagerð á tíma núverandi langtímaáætlunar til ársins 2010. Það er því erfitt að taka þann tillöguflutning sem hér er alvarlega að því leyti að það séu horfur á því að þessi hugmynd njóti stuðnings í liði ríkisstjórnarinnar og stuðnings hæstv. samgrh. Þegar jarðgöng hefur borið á góma, og það er m.a. í tengslum við tengingu Siglufjarðar við Eyjafjarðarsvæðið, hefur hæstv. samgrh. þvert á móti frekar ýtt undir þá hugsun, en allt er þetta eins og hljóð í tómri tunnu því að enga peninga er að hafa á þeim áætlunum sem ríkisstjórnin hefur lagt fram.

Þetta hef ég ítrekað gagnrýnt. En ég hef ætíð sagt það í hópi þingmanna Austurlands að ég væri reiðubúinn til þess að leita samstöðu í þann hóp um framkvæmdir og framkvæmdakosti við jarðgangagerð á Austurlandi. Ég er reiðubúinn til slíks, ef það mætti verða til þess að ná ákvörðun í því, og alveg reiðubúinn að láta af prívatskoðunum ef það gæti orðið til þess að mynda samstöðu í hóp þingmanna kjördæmisins. Það eru hvorki meira né minna en fjórir af fimm sem eru í stjórnarliðinu af þeim vaska hópi sem þar um ræðir. Það ætti að vera hægurinn hjá ef raunverulegur áhugi er á því í stjórnarliðinu að ná einhverju landi í máli sem þessu.

[18:37]

Flm. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rakti um sögu jarðgangaumræðu á Austurlandi. Ekki ætla ég samt að taka undir þær pólitísku áherslur sem hann hafði um gangaröð en að öðru leyti er þetta allt saman rétt með farið að því sem ég þekki til.

Einnig er hárrétt að ekki er gert ráð fyrir jarðgangaframkvæmdum í langtímavegáætlun en um það hafði verið rætt að í hópi þingmanna yrði komist að einhverri niðurstöðu um jarðgangaröð. Hins vegar hefur það ekki verið gert. Það var trú okkar flm. að það mundi jafnvel flýta fyrir málinu að menn færu að ræða þessi mál af fullri alvöru ef fram kæmi tillaga þar sem væri kallað eftir umsögnum frá m.a. sveitarstjórnum því að það orð hefur vissulegið legið á að Austfirðingar gætu ekki komið sér saman um hvaða röð skyldi vera á jarðgangaframkvæmdum.

Það var tilgangurinn með þessu og það er von mín að þetta megi verða til þess að þingmenn fari að ræða þessar framkvæmdir af alvöru en það eru auðvitað áherslur okkar sem koma þarna fram um að það beri að byrja á jarðgöngum á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, ekki síst vegna þess að þetta er arðsöm framkvæmd í vegagerðarlegu tilliti og þessi jarðgöng koma til með að styrkja byggð á miðfjörðum og suðurfjörðum Austfjarða.

[18:39]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Umræða er auðvitað góðra gjalda verð og það hefði verið betur að umræða færi fram í hópi þingmanna kjördæmisins, í rauninni frekar en að menn væru að syngja hver með sínu nefi á Alþingi. En ég hef ekkert á móti þessum tillöguflutningi í þeim kyrrstöðupolli sem ríkir hjá núv. hæstv. ríkisstjórn í sambandi við jarðgangaframkvæmdir, það tek ég alveg skýrt fram.

Auðvitað er alveg ljóst að fulltrúar Sjálfstfl. á Austurlandi, hv. þm. Egill Jónsson og Arnbjörg Sveindóttir, eru fyrst og fremst að beina spjótum sínum að Framsfl., sem hefur forustu í kjördæminu, með þessum tillöguflutningi. Það blasir auðvitað við að að þeirra mati hefur Framsfl., sem skipar fyrsta þingmann í kjördæminu og hefur tvo þingmenn og mest fylgi að baki sér miðað við síðustu kosningar á Austurlandi, ekki sýnt þessum jarðgangamálum mikinn áhuga á kjörtímabilinu, það verður að segja það eins og er.

Hitt er jafnskondið, virðulegur forseti, að úr hinni tómu tunnu hæstv. samgrh. skuli skjótast — eða úr þingflokki hæstv. samgrh. skuli skjótast þessir tveir hv. þm. með tillöguflutning. Þeir sem lesa tillöguna og hafa kannski ekki yfirsýn yfir annað, gætu haldið að hér væri einhver alvara á ferðinni og það mætti vænta stuðnings núv. hæstv. ríkisstjórnar við þær hugmyndir sem hér eru settar á blað. Ég segi: Guð láti á gott vita. En þá þarf nú Eyjólfur heldur betur að hressast frá því sem verið hefur. Það er þá kannski fyrsta verkefnið að skipta um yfirstjórn í samgrn. því að auðvitað er þetta um leið vantraust viðkomandi þingmanna á hæstv. samgrh. Ég er ekkert hissa á því að það skuli út af fyrir sig koma fram frá samþingmönnum hans með þeim hætti sem hér er að því er jarðgangamál varðar.

[18:42]

Flm. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að við flm. þessarar tillögu vorum ekki sérstaklega að beina spjótum okkar að framsóknarþingmönnum. Ef það er niðurstaða hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er það mikill misskilningur. Þetta er hins vegar mál sem skiptir okkur Austfirðinga mjög miklu og er mjög nauðsynlegt að komist skriður á umræðu um þessi mál.

Ég er þess fullviss að þegar þessi ákveðni jarðgangakostur verður skoðaður sem þáttur í vegaframkvæmdum á Austurlandi muni menn líta það mjög alvarlegum augum að taka þessa framkvæmd inn í framkvæmdaröð í vegagerðarmálum á Austurlandi.

Að öðru leyti vil ég ítreka að hér er um mjög arðsama framkvæmd að ræða og hún kemur til með að styrkja byggð á þessu svæði og undirbyggja jafnvel að komi til stóriðjuframkvæmda á Reyðarfirði, eins og áætlanir eru uppi um, þá er þetta mjög til þess að styrkja þá ákvarðanatöku. Allt ber þetta að sama brunni að við erum að ræða um mjög góða og heppilega framkvæmd sem kemur til með að styrkja Austfirðinga og austfirska byggð.

[18:43]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var stefna Austfirðinga og ég hef út af fyrir sig ekki heyrt endurskoðun á henni eins og hún endurómar frá sveitarstjórnum þó að þar kunni vel að vera að hafi orðið einhver breyting á. Sú var stefnan að jarðgöng skyldi fyrst og fremst ráðast í til þess að rjúfa vetrareinangrun byggðarlaga. Auðvitað þekki ég þau sjónarmið mætavel. Ég hef heyrt þau ítrekuð, síðast mjög eindregið í því sveitarfélagi sem nú heitir Fjarðabyggð í aðdraganda síðustu sveitarstjórnarkosninganna.

Það kann vel að vera að heimamenn hafi endurmetið þessi mál og nauðsynlegt er að það komi fram ef svo er. Hitt er jafnljóst að það sér ekki í neitt land í þessum efnum að óbreyttri stefnu. Þá er þetta bara eins og hvert annað hugarfóstur viðkomandi hv. þm., sem ég hef engar athugasemdir við að hér komi fram í þingmáli. En það verður að skipta um forrit í samgrn. og í ríkisstjórninni ef þessu á eitthvað að þoka fram.

Svo var nú hv. þm. að byggja hér upp nýja hindrun í málinu, sem var tilvísun í stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi. Það mætti nú sjálfsagt bíða talsvert fram eftir næstu öld ef það ætti að vera forsenda þess arna. Ég veit að hv. þm. hefur heyrt það eins og aðrir í landinu og áttar sig á því að þar er ekkert á döfinni, eins og fram hefur komið, og stjórnvöld tala aðeins úr tómum poka í þeim efnum.

Ég vil að endingu taka fram, virðulegur forseti, að ég er reiðubúinn til að skoða öll þau mál sem varða jarðgangamál á Austurlandi, einnig þessa tillögu, og legg á það ríka áherslu að þingmenn kjördæmisins ættu að bindast samtökum um það að ýta svo rækilega við stjórnvöldum að þar verði einhverju um þokað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. ÁJ o.fl., 375. mál. — Þskj. 602.

[18:46]

Flm. (Árni Johnsen):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Fyrsta grein frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 3. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Skipulagðar útihátíðir. Útihátíð merkir í lögum þessum skipulagða skemmtun sem haldin er utan dyra á afmörkuðu svæði, stendur eigi skemur en einn sólarhring og aðgangur er seldur að."

Með frv. þessu er lögð til sú breyting á lögum um virðisaukaskatt að skipulagðar útihátíðir verði undanþegnar virðisaukaskatti.

Nokkrar skipulagðar útihátíðir eru haldnar hér ár hvert, í flestum tilvikum um verslunarmannahelgina í byrjun ágúst en einnig á öðrum tímum sumarsins. Hefð er komin fyrir slíku mótshaldi víðs vegar um land og eru menn þar að vinna vinnu við erfið skilyrði og ótrygg því að þessar hátíðir eru háðar veðurfari eins og gefur að skilja og mörg dæmi eru um það að íþróttafélög og önnur félög sem staðið hafa fyrir slíkum hátíðum hafi lent í miklum fjárhagslegum vandræðum vegna einmitt ótryggs veðurs. Gott dæmi er Ungmennafélag Íslands á Austurlandi sem margoft hefur reynt að halda uppi útihátíðum eystra til þess að sýna þar ákveðna þjónustu við heimafólk og farið mjög illa út úr því fjárhagslega, en einmitt í mörgum þeim tilvikum hefði niðurfelling á virðisaukaskatti getað ráðið úrslitum um að hlutir hefðu getað gengið fram.

Þessi breyting á lögum um virðisaukaskatt er þess vegna fyrst og fremst réttlætismál til þess að jafna stöðu landsbyggðarinnar gagnvart þéttbýlisstöðum landsins sem oft og tíðum eru með útihátíðir sem ekki er einu sinni seldur aðgangur að vegna fjölmennis sem sækir þær og ríkidæmis þeirra sem standa að þeim, svo sem eins og höfuðborgarinnar og annarra stærri sveitarfélaga landsins. Þarna er því um mikla mismunun að ræða. Í rauninni ætti frekar að verðlauna þá sem standa fyrir útihátíðum á Íslandi en að refsa þeim eins og gert er til að mynda með innheimtu virðisaukaskatts af þessum hátíðum. Yfirleitt eru þessar hátíðir líka margþættar, dagskráin er margslungin og menn hafa með þessu móti verið að skattleggja til að mynda guðsþjónustur, íþróttir barna og annað.

Ég legg til að að lokinni umræðu þá verði frv. vísað til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lækkun orkuverðs til íslenskrar garðyrkju, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ og StB, 376. mál. — Þskj. 603.

[18:49]

Flm. (Árni Johnsen):

Virðulegi forseti. Ég flyt till. til þál. um lækkun orkuverðs til íslenskrar garðyrkju. Meðflutningsmaður minn er hv. þm. Sturla Böðvarsson.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að ríkisstjórnin beiti sér fyrir lækkun orkuverðs til íslenskrar garðyrkju. Garðyrkja, sérstaklega ræktun í gróðurhúsum, er vaxandi atvinnugrein á Íslandi og mikill vaxtarbroddur er í faginu sem kalla má græna stóriðju. Það stendur þó í vegi fyrir frekari vexti greinarinnar að orkuverð til garðyrkjunnar er of hátt. Með lækkun orkuverðs til garðyrkju má gera ráð fyrir að notkun aukist og þá opnast fjölmargir möguleikar. Til dæmis verður markaðssetning erlendis á íslensku grænmeti raunhæf með lækkuðu orkuverði, en eiturefnanotkun í garðyrkju á Íslandi er sú minnsta í allri Evrópu. Garðyrkjubændur eru nú stórkaupendur raforku og þegar orkunotkun þeirra er borin saman við orkunotkun stóriðju verður að hafa hliðsjón af því að íslensk garðyrkja er mjög umhverfisvæn og hefur jákvæð áhrif á loftslagsbreytingar og dregur úr neikvæðum áhrifum. Þá er garðyrkjan vaxtarbroddur í dreifðari byggðum landsins og stuðlar þannig að byggðajafnvægi."

Garðyrkjubú á Íslandi eru nú um 135 talsins og eru ársverk í garðyrkju talin vera um 500, eða tæplega 9% af ársverkum í landbúnaði. Af þessum 500 störfum eru 120 störf komin til vegna notkunar raflýsingar við ræktun í gróðurhúsum. Störf í þjónustu tengdri blóma- og grænmetisframleiðslu eru áætluð vera um 1.000. Þannig starfa alls 1.500 manns beint og óbeint við garðyrkju og er markaðsverðmæti greinarinnar nálægt 3 milljörðum króna. Því má segja að garðyrkjan sé stóriðja á íslenskan mælikvarða, græn stóriðja. Hér er því um mikið og mikilvægt hagsmunamál að ræða.

Kostnaðurinn sem liggur að baki hverri garðyrkjuafurð byggist að 85–88% á íslenskum aðföngum, t.d. raforku, heitu vatni og vinnuafli.

Garðyrkjan í landinu notar rúmlega tvöfalt meira rafmagn til lýsingar en notað er í Hverageröi með 1.700 íbúa, fyrir utan rafmagn til garðyrkjunnar þar.

Það er mikilvægt að taka á þessum málum og ríma við þá möguleika sem atvinnugreinin býður. Hún er vistvæn, hún er þjóðhagslega hagkvæm og hún hefur sérstöðu og það ræður úrslitum um möguleika hennar að tekið sé tillit til raforkuverðs á stóriðjugrundvelli.

Ég legg til að að lokinni umræðu um þessa þáltill. verði málinu verði vísað til iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á nýtingu lítilla orkuvera, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ, 377. mál. — Þskj. 604.

[18:53]

Flm. (Árni Johnsen):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um úttekt á nýtingu lítilla orkuvera.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á nýtingu og þróunarmöguleikum lítilla orkuvera þar sem kannað verði hvort hagkvæm uppbygging lítilla sjálfstæðra orkuvera gæti samanlagt jafnast á við stóra virkjun.

Niðurstaða úttektarinnar verði lögð fyrir Alþingi."

Á Íslandi eru nú um 300 lítil orkuver, flest við býli í sveitum, eða eins og menn segja, við bæjarlækinn heima. Hefur þeim fækkað nokkuð á undanförnum árum, en þau voru um

1.000 fyrir 30 árum. Þó er ekki að finna í opinberum gögnum heildstæðar upplýsingar um það. Framleiðslugeta litlu orkuveranna er umtalsverð, eða yfir 4 megavött, og yfirleitt meiri en einstök býli geta nýtt. Hefur nýting orku frá þeim því ekki verið sem skyldi. Menn sjá sér þó hag í að setja upp slík orkuver og eru túrbínusmiðir hlaðnir verkefnum fram yfir aldamót.

Virkjanir og orkumál eru nú mikið til umræðu og þykir flutningsmanni tillögunnar rétt að áður en ráðist er í framkvæmdir við stóra virkjun á hálendinu verði kannað hvort ekki sé hagkvæmara að styrkja lítil orkuver vítt um landið og nýta betur það rafmagn sem þau framleiða og geta framleitt. Líklegt er að með tiltölulega litlum tilkostnaði væri hægt að framleiða 30–60 megavött í litlum orkuveitum við bæjarlækinn heima, eða á við það sem Nesjavallavirkjun eða Hitaveita Suðurnesja framleiða.

Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir umgengni við landið allt, verndun íslenskrar náttúru og náttúruperlna að menn hugi vel að öllum valkostum sem eru í þessum efnum. Virkjun á bæjarlæknum heima á kannski 1.000–1.500 stöðum á landi gæti verið mikið hagsmunamál, bæði fyrir þjóðina í heild og ekki síst fyrir bændur og búalið í sveitum landsins, því að slíkar virkjanir þar sem bændur gætu selt umframorku sína inn á dreifikerfi landsins á eðlilegan hátt, sem ekki hefur verið hægt um áratugaskeið, mundu styrkja mjög byggð landsins, skapa þar sjálfstæðari stöðu og stefnu og væri þjóðhagslega hagkvæmt. Við höfum á margan hátt verið með of mikinn gleypugang í þessum efnum og ekki hugað að hinu smáa sem skiptir líka máli og er verulega hagkvæmt eins og mörg dæmi sanna og sérstaklega hefur verið lagt upp á á undanförnum árum.

Ég legg til að að lokinni umræðu um þessa þáltill. verði málinu vísað til iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ, 378. mál. — Þskj. 605.

[18:56]

Flm. (Árni Johnsen):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um að Siglingastofnun Íslands hefji sem fyrst rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn."

Í greinargerð tillögunnar sem ég mæli fyrir segir að við suðurströnd Íslands er algjör hafnleysa. Eina skjólið fyrir suðvestanöldunni er í Skötubótinni í Þorlákshöfn. Þessar aðstæður nýttu menn sér upp úr 1960 þegar hafist var handa við byggingu fiskiskipahafnar í Þorlákshöfn. Höfnin var hönnuð fyrir algenga gerð vertíðarbáta á þeim tíma.

Í Vestmannaeyjagosinu 1973 varð ljóst að stækka þyrfti höfnina og var fengið lán hjá Alþjóðabankanum til að standa undir gerð fiski- og ferjuhafnar í Þorlákshöfn. Alþjóðabankinn gerði m.a. þá kröfu fyrir lánveitingu til Þorlákshafnar að höfnin þjónaði fiskiskipum og flutningaskipum sem væru allt að 100 m löng.

Lokið var við stækkun hafnarinnar árið 1976. Síðan hefur verið unnið að gerð löndunar- og viðlegumannvirkja innan hafnar. Þannig var aðstaða fyrir Herjólf gerð á árunum 1991–1992 og nýr vörukantur tekinn í notkun á árinu 1997.

Núverandi hafnarsvæði er nær fullnýtt og annar höfnin að öllu leyti núverandi fiskiskipaflota Þorlákshafnar og flutningaskipum sem eru allt að 3.000 tonn að stærð. Dýpi er þó takmarkað fyrir djúprist fiskiskip, t.d. loðnuskip.

Siglingastofnun hefur að ósk hafnarstjórnar Þorlákshafnar unnið að gerð frumdraga að stækkun hafnarinnar miðað við annars vegar 10.000 tonna skip og hins vegar allt að 20.000 tonna vöruflutningaskip.

Vegna þess hve hafnarsvæðið er grunnt og takmörkuð stöðvunarvegalengd innan er hafnar er ekki talið mögulegt að gera ráð fyrir stærri skipum en 20.000 tonn í reglulegum siglingum.

Það væri að mörgu leyti mjög spennandi valkostur að stækka höfnina í Þorlákshöfn með þessu móti. Suðurland er aðgengilegasti hluti Íslands til uppbyggingar og þróunar í öllum þáttum sem við getum horft fram til í íslensku þjóðlífi. Þar er mikið rými. Þar er eins og sagt er um góð hús, þar er bjart, hlýtt og rúmgott. Þorlákshöfn er besti valkosturinn á þessari hafnlausu strönd til þess að taka til hendinni og styrkja möguleika í siglingum til landsins og þjónustu allri á þessu svæði.

Ég legg til að lokinni umræðu um þessa þáltill. að málinu verði vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 466. mál (atkvæðagreiðsla í heimahúsi). — Þskj. 768.

[19:00]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80 frá 16. október 1987, með síðari breytingum, á þskj. 768. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Hjálmar Jónsson.

Í frv. er fyrst og fremst verið að leggja til breytingu á kosningalögum til að rýmka aðgengi fólks að því að nýta sér hinn helga rétt lýðræðisins, kosningarrétt sinn. Eins og menn þekkja er samkvæmt gildandi kosningalögum gert ráð fyrir að ef fólk geti ekki komist á kjörstað vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar eða þess háttar þá geti það sótt um að greiða atkvæði í heimahúsi. Samkvæmt 2. málslið 3. mgr. 63. gr. laganna ber kjósanda að bera slíka ósk fram við kjörstjóra skriflega og studda læknisvottorði eigi síðar en þegar ein vika er til kjördags.

Þetta gerir það að verkum að ýmsir sem ella mundu nýta sér réttinn til að kjósa komast ekki. Ýmsar aðstæður geta hamlað því. Veikindi geta komið upp eftir að umsóknarfresturinn er liðinn og margt gert það að verkum að fólk eigi ekki kost á að kjósa. Þar með er þrengdur möguleiki fólks til að nýta sér kosningarréttinn sem við viljum öll í heiðri hafa. Við viljum auðvitað hafa þann möguleika sem rúmastan svo fólk geti nýtt sér þann mikilvæga rétt.

Þetta mál kom til umræðu á sl. vori við sveitarstjórnarkosningarnar í Vesturbyggð á Patreksfirði. Þar kom upp

að tilteknir kjósendur höfðu vegna veikinda fengið leyfi til að kjósa í heimahúsum þó að innan við vika væri til kjördags. Kjörstjóri kaus að verða við þessum óskum kjósenda og heimilaði þær kosningar. Málið var kært til félmrn. sem felldi þann úrskurð að samkvæmt þeim gögnum sem fyrir lægju virtist ekki hafa verið farið að öllu leyti að ákvæðum umræddra laga. Félmrn. vekur hins vegar athygli á að tilgangur laganna geti vart hafa verið sá að takmarka kosningarrétt einstakra manna, heldur fremur að tryggja hagsmuni kjörstjóranna svo þeir vissu með nokkrum fyrirvara fjölda þeirra sem hugsanlega þyrftu að nýta sér þjónustuna að neyta kosningarréttar síns. Þess vegna taldi félmrn. réttlætanlegt að kjörstjóri stæði þannig að málum.

Vegna úrskurðar ráðuneytisins má segja að nokkur óvissa hafi skapast, óvissa sem við flm. þessa frv. teljum nauðsynlegt að eyða. Við teljum æskilegast og eðlilegast að gera það með því að rýmka til, auðvelda þeim að kjósa sem annars gætu ekki kosið vegna veikinda. Það yrði með sama hætti og gert er við aðrar utankjörstaðaatkvæðagreiðslur þannig að fólk sé jafnsett hvort sem það er heilt eða sjúkt. Kosningarrétturinn er grundvallarréttur, varinn í stjórnarskránni og þó að eðlilegt sé að kjörstjóri hafi ráðrúm til að skipuleggja atkvæðagreiðslu í heimahúsi, þá verður kosningarrétturinn auðvitað að teljast ríkari hagsmunir. Menn verða þá einfaldlega að koma sér upp þeim viðbúnaði sem til þarf, hvort sem það er á smærri stöðum eða hinum stærri.

Hér er einfaldlega lagt til að í stað þess að hafa vikufrest, eins og nú er gert ráð fyrir í lögunum, sé þessi ósk eins og áður skrifleg, studd læknisvottorði en skuli hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 12 á hádegi á kjördag. Með öðrum orðum er þeim sem þurfa að kjósa í heimahúsum vegna veikinda sinna, auðvelduð leiðin.

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér ekki þörf á að fara frekar yfir þetta mál. Hér er um að ræða sjálfsagt réttlætismál sem ætlað er að auka lýðræðislegan rétt fólksins og sjálfsagt mál að leiða það í lög.

Að lokinni 1. umr. málsins leggjum við til að málið fari til viðeigandi nefndar, hv. allshn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 457. mál. — Þskj. 755.

[19:05]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 755 er till. til þál. um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum. Flm. auk mín eru hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson, Einar Oddur Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Tillgr. hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun miðstöðvar nýbúa á Vestfjörðum í samvinnu við sveitarstjórnir, Rauða kross Íslands og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Hlutverk miðstöðvarinnar verði að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi.“

Á þjóðfélagi okkar hefur sú breyting orðið að meira er um að fólk flytji til og frá landinu. Hér á landi búa allmargir nýbúar, sem svo eru kallaðir, fólk af erlendu bergi brotið sem kosið hefur að hasla sér völl í samfélagi okkar. Það er vissulega ánægjuefni. Hverju þjóðfélagi er mikilvægt að hafa til að bera tiltekna menningarlega fjölbreytni. Ég er ekki í nokkrum vafa um að almennt sé þessi þróun þjóðfélagi okkar til góðs. Þetta hefur hefur aukið á fjölbreytnina, skapað ný tækifæri og leitt til okkar nýja menningarstrauma sem blandast hafa okkar. Í þeirri deiglu er kraftur og úr henni hafa nýjar hugmyndir komið og hafa vissulega verið okkur til góðs.

Eins og við vitum ganga þessir hlutir ekki alltaf snurðulaust fyrir sig. Því miður verðum við stundum vör við að vandamál komi upp í þessum efnum. Mikilvægt er fyrir siðmenntaða þjóð eins og Íslendinga að takast á við slík vandamál. Kannski verða málin meira áberandi í litlum samfélögum, t.d. á Vestfjörðum, þar sem mikill fjöldi útlendinga hefur komið til starfa og býr í ýmsum minni sveitarfélögum. Þar er um að ræða umtalsverðan hluta heildaríbúatölunnar. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í fskj. þá eru t.d. um 5% íbúanna á Vestfjörðum með erlent ríkisfang. Hér er ekki um smátölu að ræða. Það mundi svara til þess að í Reykjavík væru um 5 þúsund manns með erlent ríkisfang. Við sjáum að við þær aðstæður verða til ný viðhorf. Mér er mjög illa við að tala um það sem eitthvert vandamál en verkefni okkar er fyrst og fremst að mæta þeim viðhorfum.

Einnig er athyglisvert að á þessu fámenna svæði, Vestfjörðum þar sem innan við 9 þúsund manns búa, býr fólk frá 38 þjóðum. Þarna er því um mjög mikla fjölbreytni að ræða.

Tilgangurinn með þessari tillögu er eins og fram kemur, að auðvelda þá miklu breytingu sem við stöndum frammi fyrir og aðlaga þannig að hún gangi sem best fyrir sig. Á Vestfjörðum er mikil reynsla komin á samskipti íbúa og fólks af erlendu bergi brotið. Það hefur almennt gengið vel fyrir sig. Þetta fólk hefur komið til starfa og unnið þýðingarmikla vinnu sem verið hefur þjóðinni til heilla. Sem betur fer hefur þetta almennt gengið afar vel. Við sem búum á Vestfjörðum teljum hins vegar að mikilvægt sé fyrir okkur að setja málin í fastar skorður og í þeim anda er þessi tillaga flutt.

Ég vil vekja athygli á því að bæjarráð Vesturbyggðar hefur fjallað um þessi mál og vakti athygli á að á þingi Fjórðungssambands Vestfirðinga hafi málið verið skoðað. Niðurstaða þeirra hjá Fjórðungssambandinu var að þessi mál þyrftu meiri íhugunar við og ekki væri eðlilegt að slá því föstu að þessi aðlögunarvinna færi fram í einni skrifstofu, nýbúaskrifstofu en hins vegar væri athugandi að fella þetta inn í félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Ég vil taka skýrt fram að ég tel þessi sjónarmið geta fallið ágætlega saman. Ég tel eðlilegt, eins og bent er á af hálfu bæjarráðs Vesturbyggðar, að þessi mál séu sett inn í félagskerfi sem sveitarfélögin sjálf hafa byggt upp, t.d. í skólakerfið. Sveitarfélögin hafa nú grunnskólastigið á sinni könnu en það breytir ekki því að mikilvægt væri að hafa einn samræmingaraðila í kjördæmi þar sem um svo marga nýbúa, fólk af erlendu bergi brotið, er að ræða. Að mati okkar sem flytjum þessa tillögu er því nauðsynlegt að þrátt fyrir að við reynum að fella þessa aðlögunarvinnu að félagskerfinu hjá sveitarfélögunum, þá þurfi jafnframt skrifstofu til að sjá um samræmingu.

Bæjarráð Vesturbyggðar lýsti vilja sínum til að hýsa slíka þjónustu í Vesturbyggð. Það er reiðubúið til að veita alla þá

aðstoð sem til þarf. Ég vil beina því til þingnefndarinnar sem fær þetta mál til meðhöndlunar að kanna þessa ábendingu bæjarráðs Vesturbyggðar sérstaklega. Með ósk sinni lýsir það velvilja og jákvæðri afstöðu og á því þurfum við að halda í máli af þessu tagi, sem getur verið vandmeðfarið. Við viljum umgangast þá útlendinga sem þarna starfa af virðingu.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, til marks um það hvernig staðan er á Vestfjörðum, að Alþýðusamband Vestfjarða gaf ekki fyrir löngu út nýja kjarasamninga. Þeir voru bæði gefnir út á íslensku og pólsku til að auðvelda starfsfólki að kynna sér rétt sinn.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja þetta mál. Þetta mál hefur fengið nokkra almenna umræðu. Ég fagna þeirri umræðu sem lýsir að mínu mati velvilja í garð þessa viðfangsefnis. Ég vænti þess að yfirvöld félagsmála taki málinu vel. Að lokinni fyrri umr. legg ég til að málinu verði vísað til viðeigandi nefndar, væntanlega er félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 458. mál. — Þskj. 756.

[19:12]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Hér er nú komið að einu mesta hitamáli frá lokadögum þingsins í fyrra. Það er hin merka þáltill. um tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum sem við þingmenn Vestfjarða fluttum. Þetta mál var flutt snemma á síðasta þingi og vísað til umhvn. sem lagði í það mikla vinnu, kallaði eftir fjölmörgum athugasemdum frá hlutaðeigandi, bæði heimamönnum, vísindamönnum og hverjum þeim sem lét sig þetta mál varða.

Síðan tók nefndin málið til efnislegrar meðhöndlunar undir styrkri stjórn formanns nefndarinnar, hv. 11. þm. Reykv., skilaði nefndaráliti og brtt. sem naut býsna almenns stuðnings í nefndinni. Minni hluti nefndarinnar ákvað þverskallast í þessu máli og beitti sér gegn álitinu en engu að síður var málið afgreitt úr nefnd. Það fékk því miður ekki afgreiðslu. Á síðustu mínútum, á lokametrunum í þessum bardaga fyrir því að koma málinu áfram, ákváðu vissir hv. þm. að flytja gríðarlega langar ræður í mikilli tímaþröng þingsins sem gerði það að verkum að málið strandaði. Þetta var auðvitað afar slæmt framferði vil ég segja, vegna þess að þetta mál hefði verðskuldað að fá eðlilega meðhöndlun. En eins og málin voru komin reyndist það því miður ekki unnt.

Nú var þetta mál lagt fram fyrir allnokkru síðan, hefur beðið hér umræðu en er komið á dagskrá að nýju. Við flm. kusum að reyna að fara leið sátta og samlyndis til þess að greiða fyrir málinu og breyttum tillgr. í samræmi við það sem sátt hafði orðið um hjá miklum meiri hluta hv. umhvn. Ég vænti þess að það verði til þess að auðvelda meðferð málsins. Í sjálfu sér er ekki mikil þörf á að kalla eftir upplýsingum um það. Þær liggja fyrir. Umsagnir hagsmunaaðila og allra þeirra sem þetta mál varðar liggja fyrir og engin ástæða til að leggja í slíka vinnu aftur. Þetta mál getur því að mínu mati farið afar hratt í gegnum þingið. Þinginu ætti þess vegna ekki að vera neitt að vanbúnaði að taka efnislega afstöðu til þess.

Um þessi mál stóðu nokkrar deilur á síðasta ári, sérstaklega eftir að þessi tillaga kom fram. Menn greindi á um fullyrðingu í þáltill. um að áhrifa af fjölgun refs og minks í friðlandinu á Hornströndum gætti utan þess. Í haust birtust frásagnir fjölmiðla af því að yrðlingur, sem merktur var í Kjaransvík á Hornströndum, hefði veiðst í landi Rauðamýrar í hinum gamla Nauteyrarhreppi við innanvert Ísafjarðardjúp. Þetta þóttu mikil tíðindi í ljósi þess að ýmsir höfðu dregið þá kenningu í efa að refir ferðuðust svo langa leið.

Þetta undirstrikar það sem gild rök eru færð fyrir í þessari þáltill., að eðlilegt sé og sjálfsagt að hefja þessar veiðar í friðlandinu. Refurinn og minkurinn eru að spilla lífríkinu í friðlandinu. Vakin er athygli á því í þáltill., sem frægt er orðið, að söngur mófuglanna á Hornströndum hefði þagnað. Eins hefur verið vakin athygli á því að: „Hjarðir minka og refa streyma suður Strandir og inn í Djúp, leggjast á búfénað, granda fuglum og eyðileggja veiðiár.“ Þessi ljóðræni texti greinargerðarinnar hefur dálítið farið fyrir brjóstið á sumum hinum hámenntuðu og raungreinasinnuðu sem farið hafa höndum um málið, m.a. í þinginu. Engu að síður er þetta allt saman rétt og satt eins og sannast hefur bæði á þessu sumri og fyrr.

Þetta er, virðulegi forseti, mitt framlag í umræðunni núna. Þessar umræður voru afar góðar á síðasta vori, hörkuumræður, málefnalegar umræður. Því miður tókst hins vegar þeim sem vildu granda þessari tillögu ætlunarverk sitt, að koma í veg fyrir að hún fengi efnislega meðhöndlun á þinginu. Allar forsendur voru til að þetta mál flygi í gegn í þingsölum. Svo góðar voru viðtökurnar í ljósi þess að mikill meiri hluti umhvn. studdi þetta mál, ekki síst vegna þess að allir þeir sem höfðu af þessu máli beina hagsmuni eða bjuggu næst þessu svæði voru mjög áhugasamir um að það yrði samþykkt.

Að lokinni fyrri umr. legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. umhvn., þar sem er til staðar mikil þekking á þessu máli í ljósi góðrar efnislegrar umfjöllunar á síðasta ári, og síðan til síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framtíðarstaða almannatryggingakerfisins, fyrri umr.

Þáltill. MLS o.fl., 497. mál. — Þskj. 807.

[19:18]

Flm. (Magnús L. Sveinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt á framtíðarstöðu og þýðingu almannatryggingakerfisins, á þskj. 807. Flutningsmenn með mér eru hv. þm. Árni M. Mathiesen, Sólveig Pétursdóttir, Katrín Fjeldsted, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson og Pétur H. Blöndal. Þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að láta gera ítarlega úttekt á framtíðarstöðu og þýðingu almannatryggingakerfisins, m.a. með tilliti til setningar laga um lífeyrissjóði á síðasta ári.“

Ítarleg greinargerð fylgir tillögunni en ég vil í upphafi máls míns gera leiðréttingu á einu orði í greinargerðinni sem hefur misritast. Það er í síðustu setningunni í næstsíðustu línunni þar sem segir „með greiðslum úr atvinnuleysistryggingasjóði“, þar á að sjálfsögðu að standa með greiðslum úr

almannatryggingakerfinu. Þessi mistök eru sennilega mér að kenna. Ég hygg að þetta hafi því miður misritast í handriti sem ég lagði fyrir þegar ég afhenti Alþingi tillögur mínar.

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur verið vaxandi umræða í þjóðfélaginu um lífeyris- og tryggingamál. Mikil og almenn umræða varð um málefni lífeyrissjóðanna hér á landi í tengslum við setningu laga um lífeyrissjóði síðasta ári. Sú löggjöf var mjög af hinu góða. En lífeyrissjóðirnir, hvort heldur er Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna eða lífeyrissjóðir á almenna vinnumarkaðinum, eru ekki nema hluti af eftirlaunakerfinu sem við búum við. Þar koma líka til almannatryggingar sem allir skattborgarar greiða til.

Í staðtölum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gefið út er bent á að lífeyriskerfi okkar sé margslungið og reglur verði sífellt flóknari. Stöðugt sé stagað og stoppað í gildandi lög og reglugerðir og svo sé komið að fáir skilji eða þekki þær reglur sem í gildi eru á hverjum tíma. Menn eigi því í erfiðleikum með að standa vörð um réttindi sín. Enginn efast um að slíkt er í andstöðu við réttarvitund almennings. Meðal annars þess vegna er knýjandi að endurskoða almannatryggingakerfið.

En fleira sem kemur til og knýr á um endurskoðun og úttekt á almannatryggingakerfinu. Hér á landi eins og annars staðar í heiminum hafa lífslíkur fólks aukist mjög mikið með bættum efnahag og framförum á heilbrigðissviðinu.

Eins og fram kemur í greinargerðinni með tillögunni hafa lífslíkur fólks í heiminum aukist meira á síðustu 50 árum en á næstu 5000 árum þar á undan. Fram undir iðnbyltinguna miklu í Evrópu og Norður-Ameríku á síðari hluta 19. aldar var fólk 65 ára og eldra 2–3% af öllum íbúum jarðarinnar, eftir því sem næst verður komist. Samkvæmt skýrslu sem hæstv. forsrh. lagði fyrir Alþingi á síðasta ári um stöðu eldri borgara hérlendis og erlendis, var meðaltalshlutfall 65 ára og eldri í OECD-ríkjunum 14% árið 1996. Spáð er að árið 2030 verði þetta hlutfall orðið 22,5%. Ísland er nokkuð fyrir neðan meðaltalið og er gert ráð fyrir að á þessum tíma muni hlutfall aldraðra hér á landi hækka úr 11,5% í 18,8% eða um rúmlega 60% á næstu 30 árum. Hér er um gríðarlega mikla breytingu að ræða. Þetta þýðir að árið 2030 verða 3,3 á vinnualdri á hvern lífeyrisþega, samanborið við 6,6 nú. Því er nauðsynlegt að bregðast við þessari þróun í tíma til að tryggja með sem öruggustum hætti að lífeyrisþegar geti búið við sómasamleg kjör þegar þeir hverfa af vinnumarkaðinum.

Tryggingar, eftirlaun og aðrar tryggingagreiðslur til aldraðra, eru mjög mikilvægur þáttur í velferðarþjóðfélagi. Í hinum háþróuðu ríkjum innan OECD hafa forráðamenn þegar gert sér grein fyrir þýðingu þess að tryggingakerfi viðkomandi ríkja verði eflt. Horfa menn þá helst til svonefnds tveggja stoða kerfis, þ.e. almannatrygginga á vegum hins opinbera og sjálfstæðra lífeyrissjóða, einkum samtryggingarsjóða.

Mikið vantar á að endanleg sátt hafi náðst hér á landi um hvernig þessi tvö tryggingakerfi starfi hlið við hlið. Það hefur skapað óvissu og öryggisleysi og ekki síst gremju meðal meginþorra fólks sem þegar er orðið 65 ára og eldra og einnig fyrir hina fjölmennu árganga sem á næstu árum munu koma með auknum þunga inn í kerfi eftirlaunatrygginga.

Þó að Íslendingar eigi því láni að fagna að aðilar vinnumarkaðarins hafa af fyrirhyggju stofnað lífeyrissjóði á grundvelli samtryggingar á síðustu áratugum, sem margar aðrar þjóðir telja með því besta eftirlaunakerfi sem þekkist í heiminum, er fjarri því að þessir sjóðir geti enn staðið undir þeirri skyldu að veita almennum launþegum fullnægjandi lífeyri að lokinni starfsævi. Hafa verður í huga að flestir lífeyrissjóðirnir á almenna markaðinum eru aðeins 30–40 ára gamlir og því hvergi nærri fullþroskaðir ef þannig má að orði komast. Auk þess hefur hópur fólks þrátt fyrir greiðsluskyldu í lífeyrissjóði, skv. lögum nr. 55/1980, ekki greitt í lífeyrissjóð fyrr en nú á þessu ári samkvæmt nýjum lögum um lífeyrisjóði sem sett voru á síðasta ári.

Íslendingar sem náð hafa 67 ára aldri eða meira eru um 27 þúsund talsins. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins nutu rúmlega 20 þúsund manns eða um 75% af 67 ára og eldri tekjutryggingar á síðasta ári sem þýðir að þetta fólk hafði litlar og takmarkaðar tekjur frá lífeyrissjóðum. Af þessu sést að almannatryggingar verða nú og munu um langan tíma þurfa að brúa bilið á milli greiðslugetu lífeyrissjóðanna og þess sem aldraðir þurfa til að geta lifað mannsæmandi lífi.

Í vaxandi mæli hefur orðið vart mikillar óánægju lífeyrisþega vegna skerðingarákvæða Tryggingastofnunar ríkisins. Þeim fjölgar stöðugt sem komnir eru á eftirlaunaaldur og eru að byrja að fá greiðslur úr almenna lífeyrissjóðakerfinu. Aldraðir hafa vaknað við þann vonda draum að þegar þeir hafa ætlað að fara að njóta ávaxtanna af því að hafa lagt hluta af launum sínum í lífeyrissjóð jafnframt því að hafa greitt iðgjald sitt til almannatryggingakerfisins, oft af lágum launum, eru greiðslur frá Tryggingastofnuninni stórlega skertar. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnuninni miðað við desember sl. byrjar tekjutrygging almannatryggginga að skerðast við 45% þegar tekjur úr lífeyrissjóði eru umfram 29.217 kr. á mánuði og hún fellur alfarið niður ásamt heimilisuppbót þegar tekjur úr lífeyrissjóði ná 91.048 kr.

Skerðingin vegna almennra launatekna er enn meiri og leiðir til þess að hópur fólks nýtur engra eftirlauna frá Tryggingastofnun ríkisins. Hluti af þessu fólki hefur lengst af starfsævi sinni búið við lægstu launin og lagt hluta af laununum í lífeyrissjóð auk þess að greiða skatta sína til samfélagsins, þar með talið til almannatrygginga. Á sama tíma og þessum skerðingarákvæðum er beitt gagnvart greiðendum í lífeyrissjóði er hópur manna sem ekkert hefur greitt til lífeyrissjóða en fær hins vegar fullar bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hér er verið að hegna þeim sem hafa sýnt fyrirhyggju og látið hluta af launum sínum, oft af litlum efnum, renna til lífeyrissjóða.

Ranglætið í þessu kerfi kemur ekki hvað síst fram í því að þegar lífeyrissjóður hefur hækkað ellilífeyri þá hefur Tryggingastofnunin lækkað bæturnar á móti. Hækkun lífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðunum hefur þannig ekki skilað sér nema að hluta til sjóðfélaganna. Það er alveg ljóst að tryggingafélagi á hinum frjálsa markaði mundi ekki líðast að haga sér með þessum hætti. Eða sjá menn það fyrir sér að ef tveir menn keyptu sams konar tryggingu hjá tryggingafélagi, gæti tryggingafélagið skert tryggingabætur annars mannsins af því að hann hefði látið hluta af launum sínum renna í lífeyrissjóð ef tekjur hans færu yfir ákveðið mark?

Ég hygg að almennur skilningur sé á því að það er mjög brýnt að taka allt þetta kerfi til gagngerðrar endurskoðunar. Tillagan sem ég mæli fyrir gerir ráð fyrir slíkri endurskoðun og á grundvelli hennar verði gerðar áætlanir um greiðslur úr hinu tvíþætta tryggingakerfi, þ.e. almannatryggingakerfinu og lífeyrissjóðum, með það að meginmarkmiði að fólki sé ekki mismunað með greiðslum úr almannatryggingakerfinu eins og nú er og að eftirlaun nægi á hverjum tíma til að mæta þörfum fólks til að lifa sómasamlegu lífi. Í þessu sambandi

þarf m.a. að skoða vel skattlagningu á lífeyrisgreiðslur með tilliti til þess að stærri hluti þeirra eru til orðinn vegna vaxtatekna lífeyrissjóðanna og væri því eðlilegt að sá hluti væri skattlagður með sama hætti og aðrar fjármagnstekjur.

Herra forseti. Árið 1999 er ár aldraðra samkvæmt samþykkt Sameinuðu þjóðanna. Við búum við almenna velmegun þó vissulega séu aðilar sem þyrftu að búa við betri kjör. Hverjir hafa skilað lengstu dagsverki til að byggja upp þetta velferðarþjóðfélag? Það eru aldraðir sem þetta ár er tileinkað. Það eru aldraðir sem hafa alla starfsævi sína greitt skatta sína til almannatryggingakerfisins og með því rekið styrkar stoðir undir velferðarkerfið sem við viljum vera stolt af. Það sæmir okkur því ekki að gera aldraða að afgangsstærð þegar við skiptum því sem þetta fólk hefur lagt mest til.

Herra forseti. Ég legg til að við lok umræðunnar verði þáltill. vísað til síðari umr. og hv. efh.- og viðskn. og vona ég hún fái fljóta afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 22. og 30.–32. mál.

Fundi slitið kl. 19:32.

---

66. FUNDUR

þriðjudaginn 16. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning aðalmanns í Kjaradóm í stað Magnúsar Óskarssonar til 31. desember 2000, skv. 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

2. Kosning varamanns í bankaráð Seðlabanka Íslands í stað Margrétar Heinreksdóttur til 31. október 2002, skv. 26. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

3. Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis í stað Þórðar Ólafssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

4. Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar í stað Arnmundar Backmans, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80. 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

5. Kosning tveggja aðalmanna í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis í stað Georgs Kr. Lárussonar og Þorgeirs Inga Njálssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

6. Kosning aðalmanns í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í stað Ólafs Þ. Þórðarsonar til 25. maí 2001, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

7. Hafnaáætlun 1999–2002, stjtill., 291. mál, þskj. 343, nál. 541, brtt. 542 og 564. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

8. Stjórnarskipunarlög, frv., 254. mál, þskj. 288, nál. 561, brtt. 560. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Stofnun endurhæfingarmiðstöðvar, þáltill., 178. mál, þskj. 188. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

10. Internetsamvinna skóla á Vestur-Norðurlöndum, þáltill., 195. mál, þskj. 212. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

11. Íþróttasamstarf milli Vestur-Norðurlanda, þáltill., 196. mál, þskj. 213. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

12. Stofnun vestnorræns menningarsjóðs, þáltill., 197. mál, þskj. 214. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

13. Aðskilnaður rannsóknastofnana, hagsmunasamtaka og ríkisvalds, þáltill., 218. mál, þskj. 241. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

14. Kræklingarækt, þáltill., 241. mál, þskj. 272. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

15. Ofbeldisatriði í sjónvarpi, þáltill., 245. mál, þskj. 277. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

16. Laun forseta Íslands, frv., 246. mál, þskj. 278. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

17. Arðsemismat, þáltill., 247. mál, þskj. 279. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

18. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 262. mál, þskj. 300. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

19. Kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar, þáltill., 298. mál, þskj. 358. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

20. Vistvæn ökutæki, þáltill., 299. mál, þskj. 359. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

21. Almannavarnir, frv., 300. mál, þskj. 360. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

22. Skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins, þáltill., 387. mál, þskj. 658. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

23. Styrktarsjóður námsmanna, frv., 464. mál, þskj. 763. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

24. Fjarvinnslustörf á landsbyggðinni, þáltill., 270. mál, þskj. 308. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

25. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 317. mál, þskj. 384. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

26. Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, þáltill., 364. mál, þskj. 507. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

27. Rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu, þáltill., 341. mál, þskj. 437. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

28. Landslið hestamanna, þáltill., 342. mál, þskj. 440. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

29. Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, þáltill., 356. mál, þskj. 488. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

30. Virðisaukaskattur, frv., 375. mál, þskj. 602. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

31. Lækkun orkuverðs til íslenskrar garðyrkju, þáltill., 376. mál, þskj. 603. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

32. Úttekt á nýtingu lítilla orkuvera, þáltill., 377. mál, þskj. 604. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

33. Rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, þáltill., 378. mál, þskj. 605. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

34. Kosningar til Alþingis, frv., 466. mál, þskj. 768. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

35. Stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum, þáltill., 457. mál, þskj. 755. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

36. Tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum, þáltill., 458. mál, þskj. 756. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

37. Framtíðarstaða almannatryggingakerfisins, þáltill., 497. mál, þskj. 807. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

38. Bætt réttarstaða barna, þáltill., 266. mál, þskj. 304. — Fyrri umr.

39. Gjaldþrotaskipti, frv., 96. mál, þskj. 96. — 1. umr.
40. Aukin fræðsla fyrir almenning um Evrópumálefni og milliríkjasamninga, þáltill., 345. mál, þskj. 449. — Fyrri umr.
41. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 83. mál, þskj. 83. — Fyrri umr.
42. Stjórnarskipunarlög, frv., 174. mál, þskj. 179. — 1. umr.
43. Almannatryggingar, frv., 316. mál, þskj. 382. — 1. umr.
44. Lágmarkslaun, frv., 486. mál, þskj. 796. — 1. umr.
45. Könnun á læsi fullorðinna, þáltill., 280. mál, þskj. 326. — Fyrri umr.
46. Heiðurslaun listamanna, þáltill., 436. mál, þskj. 734. — Fyrri umr.
47. Aðgerðir til að bæta tengsl atvinnulífs og einkalífs, þáltill., 495. mál, þskj. 805. — Fyrri umr.
48. Kortlagning ósnortinna víðerna á Íslandi, þáltill., 327. mál, þskj. 404. — Fyrri umr.
49. Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, þáltill., 470. mál, þskj. 775. — Fyrri umr.
50. Seðlabanki Íslands, frv., 465. mál, þskj. 767. — 1. umr.
51. Rannsóknir á laxi í sjó, þáltill., 177. mál, þskj. 187. — Fyrri umr.
52. Uppsögn af hálfu atvinnurekanda, þáltill., 124. mál, þskj. 124. — Fyrri umr.
53. Rannsókn á ofbeldi gegn börnum, þáltill., 496. mál, þskj. 806. — Fyrri umr.
54. Fæðingarorlof, frv., 369. mál, þskj. 573. — 1. umr.
55. Stofnun jafnréttismála fatlaðra, þáltill., 363. mál, þskj. 506. — Fyrri umr.
56. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 79. mál, þskj. 79. — 1. umr.
57. Almannavarnir, frv., 328. mál, þskj. 405. — 1. umr.
58. Búfjárhald, forðagæsla o.fl., frv., 309. mál, þskj. 369. — 1. umr.
59. Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, frv., 435. mál, þskj. 733. — 1. umr.
60. Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þáltill., 242. mál, þskj. 273. — Fyrri umr.
61. Réttarstaða íbúa á hjúkrunar- og dvalarheimilum, þáltill., 366. mál, þskj. 544. — Fyrri umr.
62. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 383. mál, þskj. 652. — Fyrri umr.
63. Grunnskóli, frv., 271. mál, þskj. 309. — 1. umr.
64. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
65. Málefni aldraðra, frv., 211. mál, þskj. 233. — 1. umr.
66. Almenn hegningarlög, frv., 415. mál, þskj. 688. — 1. umr.
67. Útflutningur á íslenskri dægurlagatónlist, þáltill., 505. mál, þskj. 817. — Fyrri umr.
68. Fornleifauppgröftur í Skálholti, þáltill., 515. mál, þskj. 829. — Fyrri umr.
69. Almannatryggingar, frv., 301. mál, þskj. 361. — 1. umr.
70. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv., 303. mál, þskj. 363. — 1. umr.
71. Leikskólar, frv., 360. mál, þskj. 496. — 1. umr.
72. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 380. mál, þskj. 649. — 1. umr.
73. Almannatryggingar, frv., 487. mál, þskj. 797. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Davíð Oddsson forsrh.

Fjarvistarleyfi:
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.

[13:33]

Útbýting þingskjals:
Yrkisréttur, 474. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 779.

Umræður utan dagskrár.

Samdráttur í rækjuveiðum og viðbrögð stjórnvalda.

[13:33]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Mjög alvarlega horfir nú á allmörgum stöðum vegna mikils samdráttar í rækjuveiðum og vinnslu. Ýmis sjávarútvegsfyrirtæki brugðust við skertum aflaheimildum í þorski á sínum tíma með því að efla rækjuveiðar og vinnslu til þess að vega upp tekjutapið. Á undanförnum árum hafa fyrirtæki og einstaklingar fjárfest umtalsvert í skipum, verksmiðjum og aflaheimildum. Rækjuiðnaðurinn hefur verið endurnýjaður víða um land, vélvæðing aukin og húsnæði bætt til þess að mæta kröfum markaðarins. Þetta var gert á tímum þegar aflaheimildir í rækju fóru vaxandi ár frá ári, tekjumyndun í greininni var góð og afkoma sömuleiðis. Einstök byggðarlög og heil svæði eru nú orðin afar háð þessari atvinnugrein. Sums staðar hafa rækjuveiðar og vinnsla bókstaflega komið í stað bolfiskveiða og vinnslu.

Víða háttar líka svo til að fyrirtæki og útgerðir, ekki hvað síst einstaklingsútgerðir, eiga ekki annan kost en að stunda veiðar á tegundum sem liggja næst verstöðvunum. Rækju- og þorskveiðar eru í ýmsum tilvikum eina úrræðið sem þessir útgerðarmenn eiga. Af þessum ástæðum hefur það komið afar illa við þessa aðila að upplifa það hrun sem hefur orðið í rækjuveiðum að undanförnu. Þetta á við um úthafsveiðina en einnig víða innfjarðar. Slakur árangur við veiðarnar hefur bókstaflega kippt fótunum undan rækjuútgerð víða um land. Fjölmörg skip hafa hætt veiðum og hráefnisöflun því snarlega dregist saman. Þetta eru grafalvarleg tíðindi og ekki í samræmi við það sem menn ætluðu því þó almennt hafi verið gert ráð fyrir minni rækjuafla vegna vaxandi þorskgengdar hygg ég að ekki hefði mátt búast við slíkri minnkun út frá því sem lesa má um stöðu rækjustofnsins í riti Hafrannsóknastofnunar.

Því hef ég leyft mér sérstaklega að spyrja hæstv. sjútvrh.: Gefur sú ákvörðun að skerða úthlutaðan rækjukvóta um þriðjung nú tilefni til þess að endurskoða aðferðir við stofnmark á rækjustofninum?

Slök aflabrögð á rækjuveiðum gefa vísbendingu um að heildarfli á rækju verði langt innan við útgefinn kvóta, jafnvel eftir að búið er að skerða útgefnar aflaheimildir um þriðjung. Nú er staðan sú að einungis var búið að veiða frá 1. september til 31. janúar 12.400 tonn, en á sama tíma árið á undan var það um 24.000 tonn eða helmingi meira. Margir eru því þeirrar skoðunar að ákvörðun núna á miðju fiskveiðiári um að skerða aflaheimildir um þriðjung muni ekki hafa áhrif á heildarveiðina, einungis verði um að ræða

tilfærslu á milli útgerða sem eru með aflaheimildir í rækju. Þannig eru til dæmi um skip sem hafa þegar leigt frá sér allar sínar aflaheimildir í rækju. Skerðing á útgefnu á aflamarki nú um þriðjung hefur sáralítil áhrif á þessi skip, mun í mesta lagi hafa áhrif til lítils háttar lækkunar á rækjukvóta þessara skipa á næsta ári í slíkum tilvikum.

Hins vegar eru einstaka útgerðir í þeirri stöðu að hafa lagt mikla áherslu á að nýta sínar aflaheimildir til þess að afla hráefnis til vinnslu innan lands. Ákvörðun um að skerða aflaheimildir um þriðjung á miðju ári hefur því áhrif á stöðu þeirra. Ég þekki dæmi um slíkar útgerðir sem nú þurfa að leigja til sín aflaheimildir í rækju frá skipum sem ekki sjá sér hag í því að nýta sínar heimildir. Skerðing á þriðjungi aflamarks í rækju nú á miðju fiskveiðiári mun því hafa það í för með sér að fjármagn færist á milli einstakra útgerða en vafasamt má telja hvort það hefur áhrif á heildarveiðina.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er talið líklegt að lækkun rækjukvóta muni hafa áhrif á raunverulegan heildarafla í ljósi hinna slöku aflabragða sem hafa verið á rækju?

Áhrif minnkandi rækjuveiða eru vitaskuld mikil á þjóðarhag. Heildarútflutningsverðmæti rækju voru á síðasta ári um 11 milljarðar og höfðu þá minnkað um 700 millj. frá árinu áður. Þýðing þessarar greinar er mjög mikil og staðbundin og ljóst að fyrir einstök fyrirtæki, starfsfólk og byggðarlög eru áhrifin af minnkandi veiði afar alvarleg, í rauninni óskaplegt áfall sem hefur þegar leitt til uppsagnar starfsfólks sums staðar og versnandi afkomu heimila, fyrirtækja og viðkomandi sveitarfélaga. Þetta gildir um fyrirtæki og byggðarlög á Norðurlandi, við Húnaflóa og á Vestfjörðum alveg sérstaklega. Tekjubrestur upp á milljarða króna er skelfilegt mál á þessum svæðum. Ætla má að samdráttur í rækjuveiðum upp á 10 þús. tonn þýði lækkun útflutningsverðmæta um 1,5–1,7 milljarða kr.

Þetta mál er líka fróðlegt að skoða í ljósi þeirrar umræðu sem stundum fer fram um meintan ofurgróða útgerðarmanna þegar verið er að auka aflaheimildir. Það er ástæða til þess að vekja athygli á því að útgerðir með rækjukvóta verða nú að sæta tekjumissi, í sumum tilvikum gríðarlegum tekjumissi sem valdið getur hreinustu búsifjum í rekstri útgerðar og vinnslu og skapað mikla atvinnu- og byggðaóvissu á þeim stöðum sem eru háðastir rækjunni.

Ríkisstjórnin, bæði nú og sú sem sat á fyrra kjörtímabili, hefur sýnt vilja í verki til að koma til móts við þá aðila sem verða sérstaklega illa úti þegar um mikinn tekjusamdrátt er að ræða á einstökum sviðum útgerðar. Löggjöfin gerir sérstaklega ráð fyrir úrræðum til þess að mæta slíkum vanda. Í 9. gr. laga um stjórn fiskveiða er ákvæði sem heimilar hæstv. sjútvrh. að auðvelda útgerðum sem verða fyrir miklum tekjubresti að komast fram úr vanda sínum. Þetta er ekki gert af neinni tilviljun.

Við þekkjum sveiflurnar í íslenskum sjávarútvegi og vitum af reynslunni að það er skynsamlegt allra hluta vegna, ekki síst af byggðaástæðum, að grípa til úrræða sem þeirra sem kveðið er á um í 9. gr. laga um stjórn fiskveiða. Eðlilegast væri að mínum dómi að gera það nú með sérstakri ákvörðun á þessu fiskveiðiári, enda er staðan víða orðin svo alvarleg. Þetta á alveg sérstaklega við þar sem senn fer saman minnkun úthafsrækjukvóta og innfjarðarveiði. Ef hins vegar ekki núna þá a.m.k. á næsta fiskveiðiári í tengslum við úthlutun aflaheimilda fyrir það veiðitímabil.

Því hef ég spurt hæstv. sjútvrh. að lokum: Telur hæstv. sjútvrh. ekki eðlilegt að á næsta fiskveiðiári verði heimild í 9. gr. laga um stjórn fiskveiða nýtt til að halda eftir aflamagni til ráðstöfunar handa þeim útgerðum sem verða fyrir mestum tekjumissi vegna skertra aflaheimilda í rækju, ekki síst vegna þeirra sem í senn verða fyrir skerðingu á aflaheimildum í innfjarðar- og úthafsrækju eins og dæmi eru um, m.a. við Húnaflóa og víðar?

[13:39]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna fyrstu fyrirspurnar hv. þm. er það að segja að Hafrannsóknastofnun hefur undanfarin ár unnið að þróun aðferða við stofnmat á úthafsrækju til að styrkja ráðgjöf um þennan mjög svo mikilvæga nytjastofn. Þó svo að rækjan sé ekki mjög langlíf tegund til að mynda samanborið við þorsk eða síld hafa vandamál við aldursgreiningu tegundarinnar hamlað því að unnt hafi verið að nota hefðbundin fiskifræðileg reiknilíkön til mats á ástandi stofnsins. Í staðinn hefur verið notast við gögn úr árlegum stofnmælingaleiðöngrum á rækjumiðum og gögn úr veiðinni til að fylgjast með þróun mála. Ljóst er að töluverðar sveiflur eru í nýliðun í rækju sem kallar á nokkra stýringu í árganganýtingu ef vel á að vera.

Mikilvægast hvað varðar sérstöðu rækjunnar er hins vegar hversu háð hún virðist vera afráni þorsks. Í grófum dráttum hefur þetta verið þekkt um árabil, þ.e. að með minnkandi þorskstofni fylgir vaxandi rækjustofn og öfugt þó svo að umhverfisskilyrði spili hér án efa mjög mikilvægt hlutverk. Við stofnmat á úthafsrækju hefur verið tekið tillit til þess á undanförnum árum og var t.d. gert ráð fyrir að rækjuaflinn mundi nú fara í 30–40 þúsund tonn eða líkt og hann var á árinu 1989–1992. Það sem óvænt var við þróunina upp á síðkastið var hins vegar hve seint aflasamdrátturinn kom fram og hve snögg umskiptin urðu.

Mikil umskipti hafa verið í útbreiðslu þorsks norðanlands sl. tvö ár og enginn vafi á að aukin þorskgengd á svæðinu ræður hér mestu, bæði aukið afrán þorsks á rækju en einnig er hugsanlegt að þorskurinn tvístri rækjunni og minnki veiðanleika hennar. Þá er hugsanlegt að hitastig sjávar norðanlands sl. þrjú ár kunni að hafa haft áhrif á útbreiðslu þorsks og rækju.

Sá lærdómur sem dreginn verður af þessum atburðum á rækjumiðunum er sá að þó svo að sú aðferð sem notuð hafi verið á undanförnum árum hafi gagnast allvel við ráðgjöf á nýtingu rækjustofnsins þegar hann er stöðugur eða í hægum vexti er árangurinn lakari þegar um miklar sveiflur niður á við er að ræða eins og nú. Við slíkar aðstæður er nauðsynlegt að byggja ráðgjöfina á sem nýjustum upplýsingum um ástand stofnsins og því bagalegt að árleg ráðgjöf er gefin út í maílok fyrir komandi fiskveiðiár og því nýjustu gögn ekki fyrirliggjandi. Ein leið til að bæta ráðgjöfina er því að leggja fram bráðabirgðatillögur um aflahámark í maílok en bíða með endanlegar tillögur til loka októbermánaðar, þ.e. eftir að fiskveiðiárið er hafið. Á þeim árstíma liggja fyrir niðurstöður árlegra stofnmælinga rækju, í júlí og ágúst, stofnvísitala, nýliðun og hrygningarstofn og stór hluti ársaflans er kominn á land og frekari gögn um afla og sóknareiningu eru því til staðar.

Það skal jafnframt áréttað að Hafrannsóknastofnun mun áfram vinna að endurbótum aðferða við stofnmat á rækjustofninum, m.a. tilraunum við beitingu hefðbundinnar aldursaflaaðferðar sem þó er of snemmt að segja til um hvern árangur ber.

Varðandi aðra fyrirspurnina er það að segja að miðað við aflabrögð að undanförnu er ekki líklegt að aflinn það sem eftir er af fiskveiðiárinu fari mikið yfir 30 þúsund lestir en um þetta er auðvitað ógerlegt að segja fyrir um með nokkurri vissu og það ræðst auðvitað mjög af því hver afli á sóknareiningu verður á komandi mánuðum.

Varðandi þriðja lið fyrirspurnarinnar er það að segja að þegar langtímanýtingaráætlunin var kunngerð og við höfum með markvissum aðgerðum að vernda þorskstofninn til þess að stækka hann, þá var ráð fyrir því gert að langtímanýting í rækjustofninum yrði milli 30 og 40 þúsund lestir þannig að við yrðum að ná þeim mörkum sem gert var ráð fyrir þegar áformin um langtímanýtingu stofnanna voru lögð fram.

Spurningin um það hvort 9. gr. verði beitt á næsta ári er tæpast hægt að svara á þessu stigi málsins. Það verður að gera þegar ráðgjöf liggur fyrir og ákvarðanir verða teknar um heildarafla í einstökum tegundum á vori komanda. Þá er eðlilegt að taka ákvarðanir af því tagi en erfitt er að gera það á þessu stigi málsins.

[13:44]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. málshefjanda að upp er komið nokkuð alvarlegt ástand í ýmsum byggðarlögum sem hafa mjög treyst á rækjuvinnslu og rækjuveiðar á undanförnum árum. Mér fannst athyglisvert það sem fram kom í máli hæstv. sjútvrh. að gert er ráð fyrir því að veiðin á yfirstandandi fiskveiðiári nái ekki því aflamarki sem var ákveðið nú á dögunum. Með öðrum orðum hafa menn ákveðið aflamarkið hærra en menn áætla að veiðarnar geti orðið. Þetta þýðir að mínu viti að einu áhrifin af þessari breytingu verða þau að búa til verðmæti á leigukvóta sem voru orðin býsna lítil fyrir vegna offramboðs.

Ég held að það sé laukrétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að það er greinilega þörf á því að auka rannsóknir á rækjustofninum á komandi árum og lýsandi dæmi um það er að það kemur mönnum í opna skjöldu hve veiðarnar á þessu ári eru miklu minni en ráð var fyrir gert.

Ég vil svo í öðru lagi taka undir það og benda á með hv. málshefjanda að þar sem saman fer annars vegar samdráttur í úthafsrækjuveiðum og hins vegar verulegur samdráttur í innfjarðarrækjuveiðum, þá er ástæða til þess að stjórnvöld íhugi að grípa til aðgerða til að draga úr því áfalli sem sá samdráttur er. Þar vísa ég m.a. til Húnaflóa en mörg byggðarlög þar hafa sérhæft sig í rækjuvinnslu og rækjuveiðum og þar er fyllsta ástæða til þess fyrir stjórnvöld að skoða málið nú þegar. Ég hygg að það megi ekki bíða fram á næsta fiskveiðiár að menn geri upp við sig hvað skuli til bragðs taka. Það er augljóst mál að þar sem þorskurinn er hluti af því að skapa vandamálið í Húnaflóanum, þá hlýtur að koma mjög til álita að auka þorskveiðar á því svæði.

[13:46]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það er alltaf mjög alvarlegur hlutur í sjávarbyggðunum þegar aflabrestur verður og þarf ekki að tíunda það, herra forseti, við þekkjum svo vel til allra landshaga hér.

Sannleikurinn er sá að við þekkjum ákaflega lítið til rækjustofnsins, mjög lítið, og höfum samt verið að gefa hér ráðleggingar og búa til kvóta þar að lútandi um úthafsveiðirækjuna. Margra mál hefur nú verið að við ættum ekki að gera þetta vegna þess að þekking okkar á þessu gæfi ekki tilefni til þess að búa til slíka kvóta. Það væri alveg víst að útgerðarkostnaðurinn, þ.e. olíureikningurinn, mundi hvort sem er stoppa þessar veiðar áður en nokkur hætta væri af þeim. En hitt hefur samt verið ofan á að gefa út þessa kvóta.

Eins og allir vita hefur samdrátturinn valdið mjög miklum vandræðum. En því miður hafa viðbrögð sjútvrn. verið á þann veg að valda enn meiri vandræðum með þeirri fljótfærnislegu ákvörðun að draga svo mjög úr kvótanum eins og þeir gerðu nú fyrir skömmu. Þetta veldur enn þá fleiri sjávarútvegsfyrirtækjum vandræðum. Mörg þessara fyrirtækja hafa lagt sig fram um að veiða, voru reyndar búin að veiða allan kvótann eins og hann kemur fram þegar minnkunin kemur til, og þurfa nú að fara að kaupa sér kvóta. Það er náttúrlega alveg ófært ástand, herra forseti, að svo geti komið upp á að á miðri vertíð, á miðju kvótatímabili, þá standi menn uppi með það að vera búnir að veiða miklu meira en þeim var gefin heimild til.

Ég skora á hæstv. sjútvrh. að draga þessar tillögur sínar og reglugerð til baka og færa kvótann aftur í það horf sem hann var vegna þess að þá munum við a.m.k. hjálpa þeim sem eru og geta bjargað sér.

[13:48]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni fyrir að taka þetta mál upp því að hér er vissulega alvarlegt mál á ferð. Það kom fram í máli sjútvrh. hæstv., sem raunar er augljóst, að beint samband er á milli stærðar þorskstofnsins og stærðar rækjustofnsins. Ekki síst er þetta augljóst varðandi innfjarðarrækjuna þar sem mikil þorskgengd á grunnslóð hefur valdið því að stofn hennar fer nú mjög þverrandi.

Virðulegi forseti. Það eru fordæmi fyrir því að þegar sérveiðiflota gengur illa þá fái hann að njóta hlutdeildar í úthlutuðum kvóta þorskveiða. Það var gert hér um árið þegar loðnuveiðiflotinn stóð illa og því er mjög eðlilegt að menn spyrji sig hvort sama viðhorf hafi ekki komið upp gagnvart rækjunni, ekki síst ef menn taka tillit til þess að mjög víða í kvótalausum byggðarlögum er rækjan uppistaða allra veiða og allrar lífsbjargar. Það var svo að skilja á hæstv. ráðherra að hann væri ekki tilbúinn til að gefa á þessari stundu neina yfirlýsingu í þá veru en það kom líka fram í máli hans að hann virtist vera reiðubúinn til að skoða það.

Hins vegar kom fram athyglisverð afstaða hjá tveimur sjávarútvegsnefndarmönnum sem hér töluðu og þess vegna er spurningin sú og tilmælin sem mér finnst rétt að beina til þeirrar nefndar, hvort hún vilji ekki taka þetta mál fyrir, láta í ljós a.m.k. álit á því hvernig eigi að bregðast við þannig að ljóst sé hver vilji sjútvn. sé. Formaður sjútvn. er áhugamaður um að taka upp ýmis mál í tengslum við stjórn fiskveiða og hann ætti þá að beita sér fyrir því að taka þetta mál upp líka og senda hæstv. sjútvrh. erindi í samræmi við þann málflutning sem hann, formaðurinn, viðhafði hér áðan.

[13:50]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Erfiðleikar útgerða sem lenda í aflaskerðingu er mjög alvarlegt vandamál og kemur verst niður á litlum fyrirtækjum og landsbyggðinni allri. Erfitt er með núverandi fiskveiðistjórnarkerfi að bregðast við slíkum vanda þegar allt er niðurnjörvað fyrir fram og sveigjanleiki nánast enginn orðinn í kerfinu. Síðasta neglingin á þessu sviði var þegar heimildir útgerðar til þess að setja aflaheimildir á leigumarkað voru skertar um helming. Þar sem eftirspurn

eftir leigukvóta minnkaði ekkert þó svo að þetta væri gert þá hefur leiguverð á þorskkvóta hækkað um 30% á einu ári.

Þessi ráðstöfun sem sett var í lög á síðasta ári hefur komið öllum í koll og ekki hvað síst sjómönnum sjálfum, en samtök þeirra börðust hart gegn leigukvótanum á liðnu ári með þeim afleiðingum að lögunum var breytt, eins og ég talaði um áðan.

Herra forseti. Ég tel mjög brýnt að rýmkað verði aftur um þessar heimildir og aukinn sá fiskur sem settur verður á leigumarkaðinn því það er eina leiðin til þess að hægt sé að lækka leiguverðið að nýju. Það má gera með því að minnka veiðiskylduna niður í sama hlutfall og hún var fyrir ári síðan, þ.e. 50% annað hvert ár, ellegar þá að Kvótaþing hafi heimildir til þess að setja inn á markaðinn ákveðinn tonnafjölda, ég hef nefnt 10 þús. tonn, til að mæta sveiflum á markaðnum. Það mundi einnig mæta þeim erfiðleikum sem eru víða um land þegar skerðing verður á aflaheimildum þannig að útgerðir geti komið inn á leigumarkaðinn og fengið aflaheimildir til að hægt verði þá að sækja sjó með því að veiða aðrar fisktegundir.

Herra forseti. Ég tel því að það þurfi að grípa inn í með róttækum ráðstöfunum og það fljótt.

[13:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér hafa allmargir þingmenn Vestfjarðakjördæmis talað. Mig langar að gera hér að umræðuefni þær aðstæður sem tvö byggðarlög í Vestfjarðakjördæmi búa nú við þegar það liggur fyrir að rækjukvótinn er skertur eins og raun ber vitni. Ég er að tala um Drangsnes og ég er að tala um Hólmavík.

Það liggur fyrir að innfjarðarrækjan hefur haldið uppi atvinnu á þessum stöðum um 30 ára skeið og að meðaltali hefur kvótinn verið 1.800 tonn í Húnaflóa. Hann er núna 500 tonn. Hann hefur farið hæst í næstum því 3.000 tonn. Við sjáum því hvað hér er um að ræða. Það er verið að svipta þessi byggðarlög algjörlega atvinnu. Fjölmargir menn sem hafa atvinnu í landi og fjölmargir menn sem hafa atvinnu á bátaflotanum tapa störfum sínum. Hvað á að gera hér?

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kemur hér og bendir á 9. gr., en hæstv. sjútvrh. skirrist við að vilja beita henni. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt að ráðherrann taki af skarið hérna og lýsi því yfir hvort hann ætli að verða við þeim áskorunum sem tveir þingmenn stjórnarliðsins hafa hér komið fram með. Ég held að það sé nauðsynlegt. Og það er líka nauðsynlegt að hv. formaður sjútvn. skýri það í umræðunni á eftir hvernig hann hyggst beita sér í þessu máli, vegna þess að það er alveg ljóst að skoðanir hans eru allt aðrar en þær sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram í þessu máli.

[13:55]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að taka þetta mál hér upp, svo alvarlegt sem það er þegar brestur verður á rækjuveiðum. En það eru auðvitað margar hliðar á málinu og e.t.v. ekki mjög auðvelt að finna lausn sem aðgengileg er. Þróunin hefur verið sú á undanförnum árum að sérhæfing hefur verið að aukast og það hefur verið þannig að í mörgum byggðarlögum hafa fyrirtæki hallað sér að rækjuvinnslu í vaxandi mæli og látið öðrum eftir þorskvinnsluna og þar kemur þessi vandi rækjuveiða og vinnslu mjög harkalega niður. Það er alveg fyrirsjáanlegt að það verður að segja upp fjöldanum af fólki sem skapar auðvitað mikil vandkvæði.

Ég vil við þessa umræðu leggja áherslu á það að hæstv. sjútvrh. skoði þetta mál og meti stöðuna mjög fljótlega, þ.e. hvað hægt sé að gera til þess að koma til móts við þau byggðarlög sem verða verst úti í þessari stöðu. Það er alveg ljóst að það verður að leita leiða til þess að koma einhvern veginn til móts við þessi byggðarlög og þau fyrirtæki sem lenda í vanda vegna samdráttar í rækjuveiðum og vinnslu.

Þær heimildir sem 1. þm. Vestf. og málshefjandi nefndi þarf að skoða, annað er óhjákvæmilegt. Til þess eru heimildir í lögum að nýta þær þegar nauðsyn krefst. Mér sýnist að það sé alveg augljóst að til þess þurfi að grípa.

[13:57]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og leitt það mjög vel í ljós hversu alvarlegur vandi er hér á ferðinni. Hér er ekki bara um að ræða atvinnugrein sem skiptir mjög miklu máli fyrir þjóðfélagið í heild heldur er hér um að ræða atvinnugrein sem er grundvallaratvinnugrein í einstökum byggðarlögum og á einstökum landsvæðum. Og þegar við upplifum það að afli fer niður um helming eins og stefnir í með rækjuna núna á milli ára og þegar við upplifum það að á einstökum svæðum eins og við Húnaflóa stefnir í að rækjukvótinn sé að fara niður í kannski 25% af því sem hann hefur stundum verið þá sjá allir heilvita menn að það stefnir í mjög mikinn vanda.

Þá hljótum við að velta fyrir okkur eftirfarandi spurningu: Hvernig getum við brugðist við? Ég benti á það í ræðu minni áðan að við höfum til staðar úrræði í gildandi lögum um stjórn fiskveiða sem gefa okkur færi á því að létta undir með þessum svæðum. Nákvæmlega eins og við gerðum á sínum tíma þegar tekin var ákvörðun um að færa niður aflaheimildir í þorski mjög verulega þá var tekin um það pólitísk ákvörðun og þetta ákvæði leitt í lög um að létta undir með þeim útgerðum sem yrðu fyrir mestri skerðingu því annars væri hrein vá fram undan sem gæti haft alvarleg áhrif til lengri tíma.

Þó að þorskveiðiútgerðirnar hafi vissulega orðið fyrir mjög miklum skelli vegna minnkandi heimilda þá linaði þetta höggið. Þess vegna vil ég hvetja hæstv. ráðherra enn á ný til þess að skoða þetta mál. Ég fagna því í sjálfu sér að hæstv. ráðherra taldi ekki útilokað að gera þetta á næsta fiskveiðiári, en tel hins vegar að mikilvægt sé að menn skoði þetta sérstaklega fyrir þetta fiskveiðiár líka vegna þess að vandinn er til staðar. Vandinn er þegar brostinn á og ég fullyrði að um er að ræða svo staðbundinn vanda og sérstakan að við hljótum að horfa á það mál alveg sérstaklega.

Síðan vil ég vekja athygli á sem hefur komið fram í þessari umræðu að í raun og veru hefur þessi ákvörðun um að færa niður heildaraflann í rækju um $^1/_3$ engin áhrif á heildarveiðina í rækju. Þetta segir okkur það að þessi ákvörðun hefur því miður fyrst og fremst þau áhrif að færa til verðmæti milli útgerða en hefur ekki áhrif á hinn líffræðilega þátt sem henni var þó stefnt að, að draga úr heildarveiði, heildarafla á rækju, því það er ljóst miðað við aflabrögðin eins og þau eru núna að menn munu ekki ná heildarkvótanum.

[13:59]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta viðfangsefni. Það er vissulega rétt eins og fram hefur komið í umræðunni að vandi steðjar að ýmsum í atvinnugreininni vegna þeirra snöggu umskipta sem hér hafa orðið, bæði vegna breytinga í úthafsrækjuveiði og eins vegna þess að staðbundnir rækjustofnar hafa líka sveiflast.

Það er mjög mikilvægt að aflaheimildir séu í samræmi við leyfðan heildarafla og ráðgjöf í þeim efnum. Ákvörðun um að minnka aflaheimildir á þessu ári um þriðjung var tekin að höfðu samráði við samtök útvegsmanna og sjómanna sem öll studdu að til þessara ráðstafana yrði gripið í samræmi við þau markmið sem menn hafa sett sér í þessum efnum.

Það var alveg ljóst þegar uppbygging þorskstofnsins hófst að rækjuveiðarnar mundu dragast saman þegar árangur næðist í uppbyggingu þorskstofnsins. Menn hafa reiknað með að þegar þorskstofninn eða veiðar úr honum nálgast 300 þús. lestir þá gætum við ekki reiknað með meiri rækjuveiði en sem nemur 30 til 40 þús. lestum. Það sem kemur á óvart er að þessi breyting gerðist skjótar en kom eigi að síður síðar en menn höfðu reiknað með. Við erum því að horfa fram á afla í rækju sem við megum reikna með að verði viðvarandi, þ.e. að þetta sé ekki tímabundin sveifla heldur viðvarandi aðstæður. Við höfum í 9. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, eins og hér hefur verið bent á, möguleika til að jafna aflaheimildum á milli ef verulegar sveiflur verða. En þá verður líka að taka tillit til þessara aðstæðna og það er eðlilegt að mínu mati að menn horfi til þess þegar ráðgjöf liggur fyrir á vori komanda um heildarafla einstakra tegunda.

Kosning varamanns í bankaráð Seðlabanka Íslands í stað Margrétar Heinreksdóttur til 31. október 2002, skv. 26. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Hörður Zóphaníasson, fyrrv. skólastjóri.

Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis í stað Þórðar Ólafssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Sigríður Jósefsdóttir saksóknari.

[14:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þar sem Sigríður Jósefsdóttir hefur verið varamaður í yfirkjörstjórn leggur forseti til að þegar á þessum fundi verði kjörinn nýr varamaður og biður forseti um tilnefningu.

Fram kom ein tilnefning um varamann og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Ágúst Karlsson aðstoðarskólastjóri.

Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar í stað Arnmundar Backmans, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80. 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Ástráður Haraldsson hæstaréttarlögmaður.

[14:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þar sem Ástráður Haraldsson hefur verið varamaður í yfirkjörstjórn leggur forseti til að þegar á þessum fundi verði kjörinn nýr varamaður og biður forseti um tilnefningu.

Fram kom ein tilnefning um varamann og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Helga Björk Laxdal lögfræðingur.

Kosning tveggja aðalmanna í yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis í stað Georgs Kr. Lárussonar og Þorgeirs Inga Njálssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Karl Gauti Hjaltason sýslumaður,
Jörundur Gauksson lögmaður.

Kosning aðalmanns í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í stað Ólafs Þ. Þórðarsonar til 25. maí 2001, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Valgerður Jónsdóttir sveifingarhjúkrunarfræðingur.

[14:06]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þar sem Valgerður Jónsdóttir hefur verið varamaður í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar leggur forseti til að þegar á þessum fundi verði kjörinn nýr varamaður og biður forseti um tilnefningu.

Fram kom ein tilnefning um varamann og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Stefán Þórarinsson framkvæmdastjóri.

Hafnaáætlun 1999–2002, frh. síðari umr.

Stjtill., 291. mál. — Þskj. 343, nál. 541, brtt. 542 og 564.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

Brtt. 564,1 felld með 28:11 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖS.

nei: ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, TIO, VS, VE, ÞJ.

4 þm. (HG, KÁ, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EOK, GE, GB, GMS, JóhS, JónK, LMR, LB, MF, ÓÖH, RA, SF, StB, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Sú brtt. sem hér er verið að greiða atkvæði um og er frá þeim sem hér stendur og Rannveigu Guðmundsdóttur, snýr að lítils háttar breytingum á hafnaáætlun og fyrst og síðast að því að þrjár tilteknar hafnir njóti jafnræðis á við aðrar hafnir í landinu, einkanlega þó tvær, þ.e. Garðabær og Kópavogur, en þær eru ekki með í þeirri aðaltillögu sem fyrirliggjandi er. Það er auðvitað óviðunandi að jafnræðis sé ekki gætt í þessum efnum og við hv. þm. viljum tryggja að svo sé og þess vegna er tillagan hér komin fram.

Brtt. 564,2 kölluð aftur.

Brtt. 542, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MagnM, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖJ, ÖS.

20 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, EOK, GE, GB, GMS, JóhS, JónK, LMR, LB, MF, ÓÖH, RA, SF, StG, StB, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:12]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég og aðrir þingmenn stjórnarandstöðu höfum fyrirvara við það nál. sem fyrir lá um brtt. við gerð hafnaáætlunar fyrir árin 1999–2002. Ég gerði við síðari umræðu grein fyrir því vegna hvers þessi fyrirvari væri og ætla ekki að endurtaka það hér. Enn fremur lagði ég fram brtt. áðan sem ég gerði líka grein fyrir. Það verður auðvitað í minnum haft og er hér dokumenterað hvernig þingmenn greiddu atkvæði í þeim efnum. Að öðru leyti mun ég standa að þessari hafnaáætlun. Það hefur tekist víðtæk og góð sátt um einstök verkefni vítt og breitt um landið og þingmannahópar einstakra kjördæma hafa komið að því verki. Í heild og breidd með örfáum undantekningum þó er þetta því viðunandi niðurstaða. Ég mun því greiða atkvæði með þessu og segi já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HG, ÍGP, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MagnM, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖJ, ÖS.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, EOK, GE, GB, GMS, HjálmJ, JóhS, JónK, LMR, LB, MF, ÓÖH, RA, SF, StG, StB, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 844).

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. DO o.fl., 254. mál (kjördæmaskipan). — Þskj. 288, nál. 561, brtt. 560.

[14:14]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en atkvæðagreiðslan hefst vill forseti geta þess að útbúið hefur verið atkvæðagreiðsluskjal til hagræðis fyrir þingmenn við atkvæðagreiðsluna. Í skjalinu hafa málsgreinar innan frumvarpsgreinanna verið merktar, svo og málsliðir, þannig að betur megi afmarka einstök atriði sem atkvæði eru greidd um. Forseti hefur jafnframt ákveðið að skipta atkvæðagreiðslunni þannig að greidd verði atkvæði um hverja málsgrein frumvarpsgreinanna. Það eru tilmæli forseta að þeir hv. alþm., sem vilja gera grein fyrir atkvæði sínu og afstöðu sinni til málsins í heild, geri það við fyrstu atkvæðagreiðsluna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]

1. gr., 1. efnismgr., samþ. með 43:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖS.

nei: EgJ.

4 þm. (EOK, HG, KHG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, JóhS, JónK, LB, MF, ÓÖH, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

12 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:15]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að við þessa endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins hafi afar illa tekist til og alveg sérstaklega

er ég andvígur því að festa með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir í stjórnarskrá ramma sem leiðir til þess að fjöldi kjördæma í landinu verði í mesta lagi sjö miðað við brtt. og fjöldi þingmanna miðist við lágmarkið sex í kjördæmi. Þetta leiðir til þess að búin verða til risastór kjördæmi á landsbyggðinni. Ég hefði talið að nú ætti að skoða stjórnskipan okkar út frá því að festa í lögum nýtt stjórnsýslustig og ef við því hefði orðið hefði verið hægt að lögfesta sameiginlegt kjör til Alþingis, þ.e. að landið yrði eitt kjördæmi og kosið þannig til þings.

[14:16]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það hefur ekki verið ágreiningsefni af minni hálfu að atkvæðisrétt til alþingiskosninga þurfi að jafna. Sú leið sem valin var, þ.e. að stækka og afskræma kjördæmin með þeim hætti sem hér er lagt til er hins vegar ósamrýmanlegt skoðunum mínum á skipan kjördæma.

Til undirbúnings þessara verka voru valdir þingmenn sem eiga sín pólitísku viðhorf og hagsmuni í þéttbýlinu. Viðhorf hinna dreifðu og fámennu byggða hafa því einskis mátt sín við undirbúning þessa máls.

Tillögur þingnefndarinnar til breytinga á málinu eru sýndarmennska. Vinnsla málsins byggist á pólitískri hagsmunagæslu milli stjórnmálaflokkanna. Þessa geldur fólkið í hinum dreifðari byggðum. Ég er andvígur þessari skipan mála. Þess vegna segi ég nei við 1. gr. frv. en sit hjá við afgreiðslu málsins að öðru leyti.

[14:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég er ósammála þeirri grundvallarbreytingu sem lögð er til á stjórnarskipunarlögum. Fyrst lagt er til á annað borð að fækka kjördæmum og stækka þau á landsbyggðinni hefði þurft að stíga róttæk skref til að tryggja pólitískt jafnræði með landsmönnum. Ég hef lýst mig fylgjandi nýju stjórnsýslustigi fyrir einstaka landshluta jafnframt því sem landið yrði gert að einu kjördæmi.

Þá tel ég fráleitt að gera Reykjavík að tveimur kjördæmum eins og lagt hefur verið til og tel að það yrði skref aftur á bak en ekki fram á við. En alvarlegast í lýðræðislegu tilliti er að setja þröskuld fyrir úthlutun jöfnunarþingsæta upp á 5% en það getur þýtt að atkvæði 9.500 kjósenda nýtist ekki og pólitískur vilji þeirra virtur að vettugi. Í samræmi við þessa afstöðu mun ég greiða atkvæði í þessari atkvæðagreiðslu.

[14:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég styð frv. í grundvallaratriðum en ég vil að það komi fram að ég er andvíg því ákvæði í drögum að kosningalögum sem fylgja þessu stjórnarskipunarlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir að Reykjavík verði skipt upp í tvö kjördæmi. Það er stefna okkar jafnaðarmanna að landið skuli vera eitt kjördæmi og þetta ákvæði stríðir gegn þeirri stefnu. Ég vil að það komi fram við þessa atkvæðagreiðslu.

[14:20]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég er andvígur þeirri miklu stækkun landsbyggðakjördæmanna sem kveðið er á um í frv. Ég tel að það margþætta samstarf sem nú er í einstökum kjördæmum verði erfiðara í þessum stóru kjördæmum og í sumum tilfellum óframkvæmanlegt. Einnig tel ég að samband þingmanna við kjördæmi sín verði miklu erfiðara eftir þessar breytingar en það er í dag. Miklu betra hefði verið að jafna vægi atkvæða með því að halda óbreyttri kjördæmaskipan en fækka þingmönnum landsbyggðarkjördæmanna sem hefði leitt til svipaðrar niðurstöðu. Ég mun því greiða atkvæði gegn þeim þáttum frv. sem lúta að stækkun kjördæmanna.

[14:21]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við 1. og 2. umr. þessa máls gerði ég ítarlega grein fyrir skoðunum mínum. Niðurstaða mín er sú að verið sé að stíga afar slæmt skref. Auðvelt hefði verið að fara aðrar leiðir sem í senn hefðu tryggt bærilega sátt en það hefði líka verið hægt að verja í meginatriðum þau kjördæmamörk sem við lýði hafa verið í 40 ár og hafa gefist vel.

Það fyrirkomulag sem liggur til grundvallar frv. leiðir hins vegar til þess að óhjákvæmilegt er að breyta kjördæmamörkum m.a. með skiptingu Reykjavíkur. Breyting kjördæmamarka er þess vegna afleiðing þess að setja sér það markmið að atkvæðamisvægi fari ekki fram úr 1:2. Þær breytingar sem nú er verið að leiða í lög munu rýra hina pólitísku stöðu landsbyggðarinnar í heild og leiða til a.m.k. þriðjungs fækkunar þingmanna Vesturl., Vestf. og Norðurl. v. Ég spái því að við eigum eftir að mæta margs konar erfiðleikum vegna þeirrar ákvörðunar sem nú er að bresta á og því er ég andvígur þessu frv.

[14:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og ég gerði grein fyrir við umræðu þessa máls mun ég styðja þau ákvæði frv. sem ég tel til bóta eða eðlileg en í öðrum tilvikum sitja hjá og í einu tilviki greiða atkvæði gegn efnisatriði, þ.e. 4. efnismgr. 1. gr.

Ég er í aðalatriðum sáttur við þá uppbyggingu stjórnarskrár og kosningalaga sem hér er fyrirhuguð, en ramminn sem settur er um afmörkun kjördæma er of þröngur. Ég er sérstaklega ósáttur við útfærslu á þröskuldi við úthlutun jöfnunarsæta og mun því greiða atkvæði gegn 4. efnismgr. 1. gr. frv.

Útfærslan á kjördæmamörkum samkvæmt fyrirliggjandi drögum að kosningalögum er meingölluð og bendi ég þar á t.d. þá tilhögun að kljúfa Norðurland upp í tvö kjördæmi í stað þess að hafa Norðlendingafjórðung eitt kjördæmi. Ég mun því hafa fyrirvara á um þá útfærslu málsins.

[14:23]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég styð þetta frv. og tel það vera skref í átt að því að landið verði eitt kjördæmi. Ég tel hins vegar að kjósa ætti strax næsta haust eftir hinni nýju skipan. Þar sem niðurstaða hefur náðst um miklar breytingar á kjördæmaskipan og meira jafnvægi atkvæðisréttar, þá er réttlátt að fólk njóti sem fyrst nýrra réttinda og bíði ekki í fjögur ár eins og ætlunin er. Að mínu mati ber því að kjósa eftir hinni nýju kjördæmaskipan sem fyrst.

[14:24]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef haft efasemdir um það fyrirkomulag á kjördæmaskipan sem við erum að greiða atkvæði um. Ég hef sett fram ýmsar athugasemdir sem því miður hafa ekki náð fram að ganga. Það er hins vegar ljóst að ég mun taka þátt í að móta störf Alþingis á næsta kjörtímabili og til þess verks vil ég ganga með jákvæðu hugarfari og mun því greiða atkvæði með þeim breytingum sem hér er verið að gera.

[14:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það sem hér er til atkvæða nú er að ákvarða að fjöldi þingmanna skuli vera 63. Ég get ekki stutt þá tillögu vegna þess að hún leiðir af sér of mikla skerðingu á hlut fámennari kjördæma Vesturl., Vestf. og Norðurl. v. Ég tel að vilji menn ganga til þess verks að draga úr misvægi atkvæða þá verði það ekki gert öðruvísi en með því að blanda saman fækkun þingmanna í fámennari kjördæmunum og fjölgun þingmanna á Alþingi í heild.

Með þeirri tillögu að hafa fjöldann óbreyttan er verið að láta fámennu byggðarlögin eða kjördæmin taka alla skerðinguna á sig og rýra stöðu þeirra á löggjafarsamkundunni sem því nemur.

Íbúaþróun í landinu hefur ekki verið á þá leið að mér sýnist rétt að draga úr áhrifum þessa hluta þjóðarinnar á skipun manna hér á Alþingi.

[14:26]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram við 1. umr. málsins er verið að stíga skref til að jafna atkvæðisréttinn sem ég tel að sé óhjákvæmilegt. Það er samkomulag á milli forustumanna flokkanna að gera það á þann hátt sem hér er lagt til. Ég tel að þetta sé stórt skref í þá átt að gera landið að einu kjördæmi og ég mun greiða atkvæði með frv.

[14:27]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef stutt þá viðleitni sem unnið hefur verið eftir að draga úr misvægi atkvæða en hins vegar hef ég lýst miklum athugasemdum við þá tillögu að breyta mörkum kjördæma, stækka þau og fækka þeim eins og hér er gert ráð fyrir. Ég tel það vont skref og ég fór yfir það við 2. umr. Ég hef talið að kjördæmin ættu að vera óbreytt og frekar ætti að fara þá leið að fækka þingmönnum núverandi kjördæma. Þá tillögu sem hér liggur fyrir get ég því ekki stutt.

Brtt. 560,1.a samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, FI, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KÁ, KH, KPál, MagnM, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞJ.

13 þm. (EgJ, EKG, EOK, GuðjG, HjálmJ, HG, KHG, MS, SighB, StG, VE, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:29]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þessi brtt. fjallar um að í stjórnarskrá séu sett ákvæði um að kjördæmunum sé hægt að fjölga miðað við það samkomulag sem orðið hefur úr sex í sjö án þess að það sé með nokkrum hætti skýrt hvernig sú fjölgun er hugsuð. Mér hefði fundist nær að opna fyrir þá leið, virðulegi forseti, að fækka kjördæmunum úr sex í fimm þannig að menn geti endurskoðað þá ákvörðun að skipta Reykjavíkurkjördæmi upp í tvö kjördæmi. Mér finnst þetta ekki skynsamlega orðað og hefði gjarnan viljað frekar sjá tillögu frá stjórnarskrárnefnd um að kjördæmin gætu verið fimm til sex heldur en kjördæmin gætu verið sex til sjö. Ég mun þó ekki beita mér gegn þessari grein í atkvæðagreiðslu.

1. gr., 2. efnismgr., 1. málsl., svo breytt samþ. með 32:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, FI, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, KF, KÁ, KH, KPál, MagnM, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞJ, ÖS.

nei: KHG.

10 þm. (EgJ, EKG, EOK, GuðjG, HjálmJ, HG, MS, StG, VE, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, ÍGP, JóhS, JónK, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr., 2. efnismgr., 2. málsl., samþ. með 34:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, FI, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞJ, ÖS.

nei: GuðjG, HG, KHG, ÖJ.

8 þm. (EgJ, EKG, EOK, HjálmJ, MS, StG, SJS, VE) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 560,1.b samþ. með 33:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, FI, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KÁ, KPál, LMR, MagnM, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞJ, ÖS.

nei: HG, ÖJ.

11 þm. (EgJ, EKG, EOK, GuðjG, HjálmJ, KHG, KH, MS, StG, SJS, VE) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:32]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er gerð tillaga um breytingu á grunni sem að mínu mati er ótækur. Eftir að fyrir liggur samþykki um að kjördæmin geti mest orðið sjö er með þessari ákvörðun, um að festa þingmannatölu í hverju kjördæmi við minnst sex, verið að ákveða að kjördæmin verði afar stór landfræðilega. Það er t.d. ekki hægt að móta kjördæmi sem tæki frá Langanesi að Fúlalæk eða Sólheimasandi. Það gæfi fjóra þingmenn. Hér eru menn í raun að taka ákvörðun um að allur austurhelmingur landsins, hálft Ísland, verði eitt kjördæmi. Þessu er ég algerlega mótfallinn.

1. gr., 3. efnismgr., svo breytt, samþ. með 33:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, FI, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KÁ, KPál, LMR, MagnM, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞJ, ÖS.

nei: HG, ÖJ.

11 þm. (EgJ, EKG, EOK, GuðjG, HjálmJ, KHG, KH, MS, StG, SJS, VE) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr., 4. efnismgr., 1. málsl., samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖS.

6 þm. (EgJ, EOK, HjálmJ, HG, KHG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr., 4. efnismgr., 2. málsl., samþ. með 35:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖS.

nei: HG, KHG, KÁ, SJS, ÖJ.

6 þm. (EgJ, EOK, GGuðbj, HjálmJ, KH, SJóh) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr., 5. efnismgr., samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, FI, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖS.

nei: EKG.

10 þm. (EgJ, EOK, GuðjG, HjálmJ, HG, KHG, MS, StG, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:35]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Nú greiðum við atkvæði um það atriði í frv. sem er upphafið að allri ógæfunni. Það er að setja sér það markmið að vægi atkvæða skuli hið minnsta vera 1:2. Þetta er ástæðan fyrir því að menn hafa leiðst út í að stækka kjördæmin. Afleiðingin af þessu er sú að menn hafa séð sig tilneydda til þess að skipta Reykjavíkurkjördæmi. Þetta er upphafið að ógæfunni. Ég segi nei.

[14:37]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Alþingi Íslendinga er að greiða atkvæði um breytingar á stjórnarskrá Íslands. Ég vil vekja athygli Alþingis og hæstv. forseta á því að 70% ráðherra í ríkisstjórninni eru fjarverandi við þessa atkvæðagreiðslu. Ég vil vekja athygli þingsins á þessu og ítreka það við forseta þingsins.

1. gr., 6. efnismgr., samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, FI, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖS.

7 þm. (EgJ, EKG, EOK, GuðjG, HG, KHG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 560,2 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖS.

6 þm. (EgJ, EOK, HjálmJ, HG, KHG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, FI, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖS.

10 þm. (EgJ, EKG, EOK, GuðjG, HjálmJ, HG, KHG, MS, StG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 560,3 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 40:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, ÍGP, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, MS, MF, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖS.

nei: EKG, GuðjG, KHG.

4 þm. (EOK, HjálmJ, HG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LB, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KF, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, MS, MF, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖS.

nei: EKG, EOK, HG, KHG, ÖJ.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GMS, HÁs, JóhS, JónK, LB, ÓÖH, PP, RA, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Stofnun endurhæfingarmiðstöðvar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SF o.fl., 178. mál. — Þskj. 188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Internetsamvinna skóla á Vestur-Norðurlöndum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 195. mál. — Þskj. 212.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Íþróttasamstarf milli Vestur-Norðurlanda, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 196. mál. — Þskj. 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Stofnun vestnorrænns menningarsjóðs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 197. mál. — Þskj. 214.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Aðskilnaður rannsóknastofnana, hagsmunasamtaka og ríkisvalds, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓHann o.fl., 218. mál. — Þskj. 241.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:44]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Kræklingarækt, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓHann og GuðjG, 241. mál. — Þskj. 272.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Ofbeldisatriði í sjónvarpi, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓHann, 245. mál. — Þskj. 277.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Laun forseta Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ÓHann og PHB, 246. mál (skattgreiðslur). — Þskj. 278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Arðsemismat, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓHann, 247. mál. — Þskj. 279.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 262. mál (endurgeiðsluhlutfall). — Þskj. 300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Kaup á kvikmyndum Óskars Gíslasonar, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 298. mál. — Þskj. 358.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Vistvæn ökutæki, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og MS, 299. mál. — Þskj. 359.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Almannavarnir, frh. 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 300. mál (almannavarnaráð). — Þskj. 360.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 387. mál. — Þskj. 658.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Styrktarsjóður námsmanna, frh. 1. umr.

Frv. HjÁ o.fl., 464. mál. — Þskj. 763.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fjarvinnslustörf á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 270. mál. — Þskj. 308.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 317. mál (sérútbúnar bifreiðar fatlaðra). — Þskj. 384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 364. mál. — Þskj. 507.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH o.fl., 341. mál. — Þskj. 437.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Landslið hestamanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 342. mál. — Þskj. 440.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ArnbS og EgJ, 356. mál. — Þskj. 488.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, KF, KHG, KÁ, KH, LMR, MagnM, MS, MF, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞJ, ÖJ.
23 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, BH, DO, GE, GB, GGuðbj, GMS, HÁs, JóhS, JónK, KPál, LB, ÓÖH, PP, RA, StG, SvanJ, SvG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:52]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Um leið og ég samþykki þessa tillögu og að hún fari til nefndar er mér ljúft og skylt að benda á að hagkvæmasti kosturinn í jarðgangagerð er á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÁJ o.fl., 375. mál. — Þskj. 602.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lækkun orkuverðs til íslenskrar garðyrkju, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ og StB, 376. mál. — Þskj. 603.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Úttekt á nýtingu lítilla orkuvera, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ, 377. mál. — Þskj. 604.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ, 378. mál. — Þskj. 605.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 466. mál (atkvæðagreiðsla í heimahúsi). — Þskj. 768.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 457. mál. — Þskj. 755.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Tilraunaveiðar á ref og mink í friðlandinu á Hornströndum, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 458. mál. — Þskj. 756.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Framtíðarstaða almannatryggingakerfisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. MLS o.fl., 497. mál. — Þskj. 807.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tilhögun þingfundar.

[14:57]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en 38. mál á dagskrá er tekið fyrir vill forseti árétta nokkur atriði sem nefnd voru í upphafi umræðna í gær.

Það er ætlun forseta að ljúka umræðu um dagskrármálin þótt mörg séu. Góð samvinna hefur verið við starfsmenn þingflokka um uppröðun dagskrárinnar en ljóst er að þetta tekst ekki nema framsögumenn og aðrir sem taka þátt í umræðunum takmarki mjög ræðutíma sinn, helst við um það bil fimm mínútur, til þess að allir komist að með mál sín. Jafnframt verður forseti að fresta þar til síðar á fundinum þeim málum sem kunna að taka mikið meira en 20 mínútur.

Það er von forseta að þetta fyrirkomulag takist jafn vel í dag og það gerði í gær en þá tókst að ljúka umræðum um 29 mál á tæpum fjórum klukkustundum.

Bætt réttarstaða barna, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 266. mál. — Þskj. 304.

[14:58]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Fyrst út af orðum forseta. Það hefur verið gott samráð við þingflokkana um röðun þingmála þessa tvo daga en það er umhugsunarefni varðandi störf þingsins að hér skulum við vera að hefja 38. mál á dagskrá fundarins og fyrirhugað að þau verði orðin 73 áður en yfir lýkur í dag. Það er umhugsunarefni og ég vona að við komumst út úr því, herra forseti, að þannig sé staðið að málum.

Ég vík þá að málinu mínu sem er bætt réttarstaða barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Herra forseti. Stuðningur við barnafjölskyldur á Íslandi er minni en almennt gerist í nálægum löndum sem við miðum okkur oft við. Margir telja að fjölskyldan hafi setið á hakanum í íslensku samfélagi og það sé alls ekki nægilega barnvænt. Því er þessi tillaga flutt og að skipuð verði nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það

að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem staðfestur hefur verið af hálfu Íslands, að gerð verði úttekt á framkvæmd laga sem snúa að börnum í sama tilgangi og að metið verði hvort rétt sé að lögleiða sáttmálann í heild sinni eins og gert var með mannréttindasáttmála Evrópu.

Við höfum reyndar staðið okkur vel á mörgum sviðum en það má ekki láta staðar numið. Fljótlega eftir undirritun samningsins af hálfu Íslands var hafist handa við að laga íslenskan rétt að ákvæðum barnasáttmálans og voru gerðar ýmsar réttarbætur í því sambandi, m.a. á þeim kafla stjórnarskrárinnar þar sem lögfest voru ákvæði þar sem segir að börnum skuli í lögum tryggð vernd og umönnun.

Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, fluttist yfirstjórn barnaverndarmála úr höndum menntmrn. til félmrn. Það finnst mér að hafi verið farsælt. Starfsháttum barnaverndarráðs var breytt og lögfestar voru reglur um starfshætti og málsmeðferð barnaverndarnefnda.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja að enn þá skorti á að íslenskur réttur fylli ákvæði barnasáttmálans og að langt sé í land með að lagaframkvæmd sé í samræmi við anda sáttmálans, þ.e. að börn og ungmenni innan 18 ára aldurs njóti þeirrar verndar sem sáttmálanum er ætlað að veita en öðlist smám saman stöðu fullorðinna með tilheyrandi ábyrgð og skyldum. Það skortir á vernd þjóðfélagsins og síðustu fréttir sem okkur berast eru neyðarkall frá barna- og unglingageðdeildinni og við höfum ekki hugað nægilega að því að hækkun sjálfræðisaldurs kallar á aðgerðir og fjármagn. Við eigum að vernda þennan hóp með sértækum úrræðum.

Nefndin sem lagt er til að verði skipuð skal m.a. skoða eftirtalin lög og framkvæmd þeirra þar sem vafi leikur á að réttindi barns séu tryggð í samræmi við ákvæði barnasáttmálans:

Í 34. gr. barnalaga frá 1992 er kveðið á um heimild til að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls ef sérstök þörf er á því. Vorið 1998 hafði heimildinni aldrei verið beitt, hvorki hjá héraðsdómstólum né dómsmrn. þrátt fyrir mörg erfið mál af þessu tagi.

Það var mikil réttarbót þegar gert ráð fyrir skipun talsmanns í barnalögunum frá 1992 við úrlausn forsjármála. En þessari heimild hafði aldrei verið beitt þegar ég spurði um það á þingi í árslok 1998.

Þá er og gert ráð fyrir skipun talsmanns í erfiðum barnaverndarmálum en samkvæmt svari við fyrirspurn minni á sama hausti er heimildinni sjaldan beitt. Í þingflokki jafnaðarmanna höfum við beitt okkur fyrir bættri réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína. Ásta R. Jóhannesdóttir og Össur Skarphéðinsson hafa flutt þáltill. um breytingu á barnalögum til að tryggja þennan rétt.

Það þarf að skoða lög um íslenskan ríkisborgararétt. Barn sem fæðist utan hjónabands á Íslandi og á móður sem er erlendur þegn en íslenskan föður, öðlast ekki íslenskt ríkisfang, en barn sem eins er ástatt með fær íslenskt ríkisfang ef móðirin er íslenskur ríkisborgari en faðirinn erlendur þegn. Staðan gæti hæglega orðið sú að barn sem fæðist á Íslandi, á íslenskan föður og móður sem er erlendur þegn, og það yrði ríkisfangslaust ef móðirin er þegn ríkis sem byggir ríkisfangsrétt á staðarreglunni. Þetta er mjög alvarlegt og í 7. gr. barnasáttmálans er ákvæði um að barn eigi rétt til að öðlast ríkisfang frá fæðingu.

Samkvæmt almennum hegningarlögum er heimilt að svipta 15 ára ungmenni frelsi með fangelsun eða varðhaldi. Í íslenskum lögum er hins vegar ekkert ákvæði sem verndar börn gegn því að verða vistuð með síbrotamönnum sem gætu haft afar óheppileg áhrif á þroska svo ungra fanga.

Í nýju Barnahúsi sem opnað var í október 1998 er að finna móttöku fyrir börn sem eru þolendur kynferðislegs ofbeldis. Þar fer fram læknisskoðun, ráðgjöf og stuðningur við börnin. Það er mjög nauðsynlegt, herra forseti, að byggja ofan á þessa nýju gjörð.

Það er líka veittur réttur til barna með barnasáttmálanum til að láta í ljós skoðun sína um öll mál, og Svanfríður Jónasdóttir í þingflokki jafnaðarmanna hefur flutt mál sem varðar þann rétt og grunnskólann.

Herra forseti. Greinargerðin með þessari tillögu er afar ítarleg og víðtæk og ég hefði kosið að eiga þess kost að fylgja þessu máli vel úr hlaði. En ég mun virða ósk forseta og þann samning sem hefur verið gerður í dag til þess að þingmannamál komist á dagskrá. En ég vil þó í lokin nefna það, herra forseti, að við þurfum að skoða aðbúnað barna nýbúa, hver á réttur þeirra að vera varðandi tungumál og menningararf. Við verðum að tryggja börnum flóttamanna, sem óska eftir pólitísku hæli, vernd og mannúðlega aðstoð.

Síðan, herra forseti, hvet ég þingmenn til að skoða töflu og fylgiskjal með þessari tillögu vegna þess að þar kemur mjög vel í ljós hversu litlu við verjum til barna samkvæmt jafnvirðisgildum þegar við berum okkur saman við Norðurlönd.

Herra forseti. Þó ég hefði kosið að fylgja þessu máli ítarlega úr hlaði þá læt ég hér staðar numið.

[15:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Bara örstutt varðandi þá ágætu þáltill. sem hér er til umræðu um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég vil leggja áherslu á hvað það er mikilvægt að vinna nefndar sem þessarar fari í gang. Eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur rakið hafa þessi mál verið ítrekað til umræðu á þessu kjörtímabili að frumkvæði jafnaðarmanna. Þingmál, sem ég er 1. flm. að og hv. þm. Össur Skarphéðinsson er meðflm. að, um bætta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína, hefur verið tvívegis til umræðu og var vísað til ríkisstjórnarinnar fyrir u.þ.b. ári.

Við vonuðumst til þess að það skilaði einhverju, að vinna væri í gangi til þess að tryggja þann rétt sem börn eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til umgengni við báða foreldra sína. Við lögðum til ýmsar leiðir til að bæta stöðu barna til þess að þau fengju þennan umgengnisrétt sinn. Ekki hef ég orðið vör við, herra forseti, að nokkuð hafi komið út úr þeirri vinnu. Ég veit reyndar að það er ýmis vinna í gangi í dómsmrn. En þarna er mjög brýnt mál á ferðinni, það eru mörg börn sem líða, það eru margar fjölskyldur sem líða vegna þess að ekki eru tryggð réttindi í íslenskum lögum sem við höfum gengist undir með alþjóðasáttmála eins og þeim sem er til umræðu, þ.e. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég vil bara ítreka að farið verði í vinnuna. Það er ekki bara umgengnisréttur barna sem þarf að tryggja, það eru forsjármálin, það eru ýmis heilbrigðismál. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir minntist á barna- og unglingageðdeildina þar sem þyrfti vissulega að huga að málum o.s.frv.

Herra forseti. Ég ætla að verða við því sem hæstv. forseti bað um í upphafi að lengja ekki umræðuna en ítreka enn einu sinni hversu mikilvægt og stórt mál þetta er fyrir öll börn hér á landi.

[15:08]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins í örfáum orðum taka undir efni þessarar tillögu. Ég held að það sé mjög brýnt og eitt af því sem þarf að gera með reglulegu millibili að skoða lagalega og félagslega stöðu barna í hverju einasta samfélagi. Við erum að ganga í gegnum miklar þjóðfélagsbreytingar og aðstæður barna breytast mjög hratt. Ég er ansi hrædd um að þeir séu margir Íslendingarnir sem hafa ekki gert sér grein fyrir því hversu miklar breytingar börn hafa verið að upplifa í fjölskyldulífi sínu, í skólum landsins og í öllu því umhverfi sem þau búa við.

Ég rifja upp í þessu sambandi að nefnd Sameinuðu þjóðanna, sem hefur kannað framkvæmd barnasáttmálans, gerði nokkrar athugasemdir hvað Íslendinga varðar og vakti alveg sérstaklega athygli á stöðu barna einstæðra foreldra og þeim aðstæðum sem þau búa við. Rétt er að minna á í þessu samhengi að það er mjög margt sem þarf að skoða og það er aðalsmerki þeirra þjóðfélaga sem vilja kenna sig við lýðræði og skapa gott samfélag að búa vel að börnum. Margt hefur komið upp á yfirborðið á undanförnum árum sem aldrei var minnst á áður eins og einelti og ofbeldi gegn börnum, kynferðislega misnotkun o.fl. Allt þetta þarf að kortleggja og að fylgjast með jafnt og þétt.

Því tek ég undir efni tillögunnar og tel brýnt að nefnd á við þessa taki til starfa sem allra fyrst.

[15:10]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Mig langaði til að leggja það til umræðunnar hér, sem er mjög góð og mér líst mjög vel á þá þáltill. sem er komin fram, að það er einn vandinn sem við búum við hér á landi að allt of snemma er farið að líta á börnin sem fullorðin. Hér hefur verið lengra sumarfrí en víðast hvar annars staðar og börn eru látin vinna sumarvinnu, oft og tíðum nánast sem fullorðin væru. Einnig má rekja mikla unglingadrykkju sem er hér á landi til þess að börn eru mjög snemma vígð inn í fullorðinssamfélag hér og hefur það ekki bara kosti í för með sér heldur ýmsa galla, þar á meðal þann sem ég nefndi.

Þetta kemur einnig inn á þá umræðu sem var hér í gær um agaleysi í íslensku samfélagi og þegar börn fá ekki að vera börn á meðan þau eru það og enn þá myndast gífurleg togstreita sem skilar sér í því agaleysi sem rætt hefur verið um. Þess vegna vil ég fagna því að þessi tillaga kemur fram hér og ég vona að henni verði fylgt rækilega eftir.

[15:11]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil einnig nota tækifærið og taka undir efni þessara till. til þál. um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég hvet eindregið til að þessi nefnd verði skipuð, þ.e. að þessi tillaga verði samþykkt núna því að gífurlegar breytingar hafa átt sér stað á þjóðfélaginu sem við erum kannski svolítið að missa sjónar af vegna þess að málefni barna hafa í vaxandi mæli verið að flytjast yfir til sveitarfélaga, t.d. leikskólinn og grunnskólinn.

Ég tel því að mjög brýnt sé jafnvel að lögleiða barnasáttmálann sjálfan, eins og þarna er lagt til, en einnig að fylgjast betur með hvað er að gerast. Við þurfum bæði að laga skólana okkar að þessum breyttu aðstæðum, samanber umræðu um að sumarfrí séu orðin of löng og það sé orðin þörf fyrir vetrarfrí á móti. Ég held að þetta eigi vaxandi fylgi að fagna meðal foreldra og kennara.

Einnig minni ég á að það hefur verið dregið fram að á Íslandi eru aðstæður mjög sérstakar fyrir börn. Hér er tíðni hjónaskilnaða mjög mikil en sem betur fer búa þó margir einstæðir foreldrar við betri aðstæður hér á landi en víða annars staðar. Það er mjög há tíðni útivinnu beggja foreldra og mjög langur vinnutími hjá foreldrum. Allt þetta eykur álag á börn og full ástæða er til þess að fylgjast mjög vel með því hvað er að gerast.

Þess vegna styð ég tillöguna eindregið og vek athygli á mjög góðum upplýsingum sem koma fram í greinargerð með henni. Oft er talað um að það segi mikið um siðferðisstyrk þjóðar hvernig hún býr að börnum sínum. Ég tel svo sannarlega að við getum betur gert í þeim efnum og þingið verði að taka það mál mjög föstum tökum, ekki síst vegna þess að skólarnir eru komnir alfarið út til sveitarfélaganna.

[15:14]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þau góðu viðbrögð og ágætar ábendingar sem hafa komið fram í umræðunni. Þessi tillaga var lögð fram í byrjun nóvember og því miður er hún að koma seint á dagskrá en það er enn þá tækifæri til fyrir Alþingi að afgreiða tillöguna og hún er þess eðlis að það á að vera hægt og ég hvet til þess að það gerist.

Herra forseti. Ég þakka umræðuna og legg til að málinu verði vísað til félmn. og síðari umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldþrotaskipti, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 96. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 96.

[15:15]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér er á ferðinni nokkuð stórt mál sem snertir greiðsluvanda skuldugra heimila og ef gera ætti þessu máli ítarleg skil tæki það lengri tíma en hæstv. forseti fer fram á við okkur framsögumenn mála í dag. Með tilliti til þess að þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta mál er á dagskrá skal ég reyna að verða við ósk hæstv. forseta.

Um er að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti sem ég flyt ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, Svavari Gestssyni, Margréti Frímannsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Bryndísi Hlöðversdóttur, Svanfríði Jónasdóttur, Ögmundi Jónassyni, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

Í frv. er um að ræða greiðsluaðlögunarleið sem eykur líkur á því að lánardrottnar fái skuld sína að öllu eða einhverju leyti greidda fremur en að tefla kröfunni í tvísýnu í gjaldþrotameðferð þar sem skuldir gjaldanda eru langt umfram eignir. Þetta frv. gefur því fólki nýja möguleika til að vinna sig út úr fjárhagserfiðleikum án þess að missa eigur sínar og húsnæði í gjaldþrot og þannig er að hægt að takast á við fjárhagsörðugleika með nýrri og uppbyggjandi sýn úr annars vonlausri stöðu.

Það frv. og þær leiðir sem hér eru lagðar til draga úr kostnaðarsömum innheimtuaðgerðum lánardrottna sem skila oft litlum árangri. Greiðsluaðlögun dregur líka úr kostnaði sem

fellur oft á samfélagið þegar fjölskyldur komast í greiðsluþrot en kostnaður vegna nauðungarsölu og gjaldþrota fellur í slíkum tilvikum oft á hið opinbera. Upplausn fjölskyldna og félagsleg vandamál fylgja í kjölfarið sem eru bæði einstaklingum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu í heild dýr. Hér er því verið að opna fyrir möguleika sem skuldari, lánardrottinn og samfélagið í heild geta fremur haft ávinnig af en með þeim úrræðum sem nú bjóðast.

Greiðsluvandi heimilanna hefur oft og iðulega verið á dagskrá á hinu háa Alþingi og lagðar hafa verið fram ýmsar tillögur og leiðir til úrbóta í því efni. Sú leið sem ég tala fyrir um greiðsluaðlögun var t.d. mjög mikið rædd í þingsölum á síðasta kjörtímabili af hv. framsóknarmönnum sem töldu þessa leið vera mjög nauðsynlegt að fara strax í vegna greiðsluvanda heimilanna. Nú þegar þeir hafa verið í ríkisstjórn nær heilt kjörtímabil hefur ekkert bólað á frv. um greiðsluaðlögun en í stað þess lögðu þeir fram úrræði fyrir sennilega tveimur árum sem átti að koma í staðinn fyrir frv. um greiðsluaðlögun sem ekki síst hæstv. núverandi viðskrh., þá þingmaður, mælti sérstaklega fyrir.

Leiðin sem hv. framsóknarmenn og hæstv. ríkisstjórn hafa lagt til á þessu kjörtímabili hefur satt að segja, herra forseti, skilað afar litlu fyrir skuldug heimili og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur á þessu kjörtímabili einmitt spurst fyrir um þau úrræði sem framsóknarmenn töldu að mundi koma í staðinn fyrir greiðsluaðlögun en um var að ræða tvær ef ekki þrjár leiðir. Það var möguleiki á að fella niður tekjuskatt og eignarskatt hjá einstaklingum undir sérstökum kringumstæðum, lög um réttaraðstoð einstaklinga, sem leita nauðasamninga, svo þessi tvö úrræði séu nefnd. Segja má að aðeins örfáir einstaklingar, innan við 20, hafi nýtt sér heimildina um nauðasamninga og þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurðist fyrir um það vorið 1997 hversu margir hefðu notið úrræðisins um niðurfellingu á tekju- og eignarskatti vegna sérstakra skilyrða, þá hafði enginn getað nýtt sér það úrræði. Þessi saga segir okkur því, herra forseti, að nú í lok þessa kjörtímabils stöndum við frammi fyrir því, þjóðin og þeir einstaklingar og heimili, sem biðu eftir því að úrlausn sem framsóknarmenn tefldu fram mundi leysa greiðsluvanda þeirra, hafa öll verið svikin. Því er það svo, herra forseti, að það mál sem ég mæli fyrir ætti að hafa meirihlutastuðning á Alþingi, vegna þess að um er að ræða nánast sömu tillögu og hv. framsóknarmenn lögðu fram á síðasta kjörtímabili og öll stjórnarandstaðan stendur að þessari nýju leið til úrbóta fyrir skuldug heimili.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan ætla ég bara í örstuttu máli, þó að þetta stóra mál gefi tilefni til ítarlegrar umfjöllunar, að fara yfir helstu efnisatriði þessa frv.

Í fyrsta lagi má draga saman helstu efnisatriði með eftirfarandi hætti:

Um er að ræða nýtt úrræði fyrir einstaklinga utan atvinnurekstrar sem komnir eru í algjört og viðvarandi greiðsluþrot og ekkert blasir við að óbreyttu annað en gjaldþrot.

Greiðsluaðlögun felur í sér gagngera endurskipulagningu á fjármálum skuldara, en á greiðsluaðlögunartímabilinu, sem staðið getur í átta ár, er gerð áætlun sem honum er skylt að standa við gagnvart lánardrottnum.

Brýnasti framfærslukostnaður skuldara er metinn og gert ráð fyrir að á greiðsluaðlögunartímabilinu haldi hann eftir því sem sanngjarnt telst til nauðsynlegrar framfærslu.

Greiðsluaðlögun felur í sér að greiðslu skulda eða hluta þeirra er frestað og að kröfuhafar gefa eftir vexti, kostnað eða hluta skuldar annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabili.

Greiðsluaðlögun getur verið tvenns konar. Annars vegar getur hún verið frjáls greiðsluaðlögun sem byggist á samkomulagi við lánardrottna um frestun eða niðurfellingu skulda og kostnaðar en héraðsdómari úrskurðar um slíkt samkomulag, en hins vegar þvinguð greiðsluaðlögun sem héraðsdómari getur úrskurðað um þótt ekki náist samkomulag við lánardrottna.

Skuldara er skylt að ráða sér aðstoðarmann sem fer með málið fyrir hönd skuldara; lánardrottnar geta t.d. ekki krafist kyrrsetningar, fjárnáms, gjaldþrotaskipta eða annarra fullnustugerða á greiðsluaðlögunartímabilinu.

Ekki er unnt að ganga að ábyrgðarmönnum skuldara á meðan greiðsluaðlögun stendur.

Óheimilt er að veita skuldara heimild til greiðsluaðlögunar nema einu sinni.

Ef um er að ræða ófyrirséða atburði eins og slys eða sjúkdóma sem leiða til tímabundinnar ar örorku skuldara eða fjarveru frá vinnu eftir að greiðsluaðlögunartímabil hefst er unnt að framlengja það í fjögur ár.

Gert er ráð fyrir að þóknun aðstoðarmanns skuldara verði greidd úr ríkissjóði samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Herra forseti. Eins og hér hefur verið lýst mundi þessi leið opna mörgu fólki nýja möguleika sem er nú í vonlausri stöðu og sér ekkert annað fram undan en gjaldþrot og missi íbúðarhúsnæðis.

Þetta mál er nokkuð þekkt á hinu háa Alþingi þannig að ef vilji væri fyrir hendi væri unnt að afgreiða þetta mál nú fyrir þinglok og þar með gæti þingið stuðlað að úrræðum fyrir fjölda heimila sem nú eru í mjög slæmri skuldastöðu.

Nú kynni einhver að segja að ekki væri eins mikil þörf á þessu úrræði eins og var á síðasta kjörtímabili vegna þess að það hefur ríkt góðæri í landinu eins og hæstv. forsrh. er nokkuð tíðrætt um, en við höfum það fyrir okkur, herra forseti, að staða ýmissa hópa er mjög slæm þrátt fyrir góðærið og erum við þar ekki síst að tala um hópa barnafjölskyldna, einstæðra foreldra, öryrkja, aldraða og fleiri. Þegar ég ræði stöðu barnafjölskyldna hygg ég að einmitt þessi leið mundi skila sér mjög vel fyrir ýmsar fjölskyldur sem eru í slæmri skuldastöðu.

Þrátt fyrir góðærið, herra forseti, er athyglisvert og vil ég nefna það í lok máls míns að skuldir heimilanna hafa aukist verulega á þessu kjörtímabili þrátt fyrir góðærið. Í september sl. kom einmitt fram að skuldir heimilanna hafa aukist um 43 milljarða á einu ári og man ég eftir að hafa séð tölu sem var milli 70 og 80 milljarðar á tveimur síðustu árum eða 24 mánaða tíma. Það er gífurlega mikil aukning þegar skuldir heimilanna til opinberra lánastofnana, lífeyrissjóða og bankakerfisins í heild nema 407 milljörðum kr. Það er vissulega til umhugsunar, herra forseti, að heimilin hafi safnað svo miklum skuldum í þessu góðæri.

Það skulu vera lokaorð mín, herra forseti, að þetta mál hefur fengið ítarlega umfjöllun á hv. Alþingi, þannig að ef vilji er fyrir hendi ætti að vera hægt að afgreiða það nú fyrir þinglok og skora ég á hv. nefnd sem fær málið til umfjöllunar að afgreiða það á þeim tíma sem eftir er þannig að hv. þm. gefist tækifæri til að taka afstöðu til þessa frv. og ég er sannfærð um að það er meiri hluti fyrir því á hv. Alþingi.

Ég óska eftir því, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. Ég man ekki í augnablikinu þegar ég stend hér, hvaða nefnd hefur fengið málið til umsagnar en þetta er í þriðja

skipti sem ég mæli fyrir þessu frv. og legg til að frv. fari til sömu nefndar og áður sem ég hygg að hafi verið hv. félmn.

[15:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá framsögumanni lofaði ríkisstjórnin öðrum úrræðum en greiðsluaðlögun til að ná sömu markmiðum eins og það var orðað, þ.e. hinni svokölluðu lagaþrennu. Heimild til niðurfellingar skattskulda, réttaraðstoð við nauðasamninga og heimild til niðurfellingar meðlagsskulda ásamt ráðgjafarþjónustu fyrir fólk í greiðsluerfiðleikum. Við skulum skoða þessi úrræði nánar.

Ráðgjafarþjónusta er veitt og það er auðvitað góðra gjalda vert. Það hefur haft mikið að segja fyrir fólk að fá hjálp til að skipuleggja fjármál sín. Það hefur reynst mörgum erfitt. Ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunar ríkisins vann frumherjastarf á þessum vettvangi sem seint verður lofað nógsamlega og Ráðgjafarstofu heimilanna er ætlað að fylgja því eftir. En þetta er ekki úrræði fyrir þá sem ná alls ekki endum saman. Hér er t.d. ekki að finna heimild til niðurfellingar á skuldum að hluta til meðan fjárhagurinn er endurskipulagður með sölu eigna eftir atvikum. Nei, fjármálaþjónustan er góð fyrir alla sem vilja taka á sínum málum. Þessi þjónusta hefur þó, að ég best veit, ekkert umfram þá þjónustu sem bankarnir veita í dag. Þannig tekur þjónustan t.d. ekki að sér að semja um greiðslu skulda fyrir skuldarann eða niðurfellingu á t.d. ábyrgðarskuldbindingum. Það vantar úrræði fyrir fólk til að forða gjaldþroti en auðvitað undir ströngum skilyrðum.

Eins og kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur leitaði ég svara hjá fjmrh. um hversu margir hefðu óskað heimildar til niðurfellingar á sköttum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem var eitt af þeim úrræðum sem ríkisstjórnin kom á. Í svarinu kom fram að mjög fáir hefðu uppfyllt skilyrði laga til niðurfellingar á skattskuldum og hafði t.d. enginn fengið heimild, sem þess óskaði, frá 1. maí 1997 til 31. desember sama ár. Þegar fjmrh. var spurður um það hvort hann mundi beita sér fyrir breytingu á lögum sem miðaði að því að gera úrræðið virkara fyrir fólk í fjárhagsörðugleikum, svaraði hann því til að ekki stæði til að rýmka heimildina. Í svarinu kemur fram að opnuð hafi verið leið til að veita þeim einstaklingum sem leita nauðasamninga ókeypis réttaraðstoð. Það hefur hins vegar sýnt sig að heimild til nauðasamninga, sem hefur hentað mörgum fyrirtækjum vel, hefur ekki reynst einstaklingum í greiðsluerfiðleikum á sama hátt. Þannig kom fram í svari við fyrirspurn minni í þinginu að aðeins tveir einstaklingar hefðu leitað eftir slíkri heimild á tímabilinu 1990 til 1. júlí 1992 og hefði annarri beiðninni verið synjað. Ég vek athygli á því að gjaldþrot voru mörg á þessum árum og samkvæmt upplýsingum frá héraðsdómstólum óskuðu aðeins 16 einstaklingar eftir heimild til að leita nauðasamninga á tímabilinu 1. júlí 1992 til 1995. Frá 1. júlí 1996 til loka ársins 1997 höfðu 38 einstaklingar beðið um aðstoð til að leita nauðasamninga og var orðið við beiðninni í aðeins 22 tilvikum.

Fjárhagsaðstoð til að leita nauðasamninga hefur gert það að verkum að úrræðið verði aðgengilegra fyrir einstaklinga en það eru þó tiltölulega fáar umsóknir þrátt fyrir brýna þörf. Ef til vill er það því að kenna, herra forseti, að þetta hefur ekki verið auglýst til upplýsingar fyrir almenning og lítið fjallað um þetta úrræði, og það er hreinlega ókunnugt þeim sem lenda í erfiðleikum. Það var t.d. ekki minnst á þessa leið á ráðstefnu um þungar skuldir heimilanna sem haldin var af Fjármálaráðgjöfinni og bönkunum fyrir rúmlega tveimur árum.

Heimild til niðurfellingar á meðlagsskuldum hefur hins vegar reynst eitt virkasta úrræði ríkisstjórnarinnar af þeim sem áttu að koma í stað greiðsluaðlögunar. Þeirrar heimildar hafa margir leitað og margar meðlagsskuldir verið felldar niður. Í heild eru úrræðin sem ríkisstjórnin setti á í stað laga um greiðsluaðlögun einber sýndarmennska, herra forseti.

[15:31]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nýtti knappan ræðutíma sinn til árása á Framsfl. sérstaklega, áður en hv. þm. fjallaði um efni þáltill. þeirrar sem hér er til umræðu. Mér þykir þetta afar óviðeigandi þegar þingmenn hafa verið beðnir um að takmarka ræðutíma sinn sem frekast má verða og þingforseti hefur sérstaklega hrósað hv. þm. fyrir að ljúka sex ræðum á fimmtán mínútum.

Ég ætla ekki að ræða hin efnislegu atriði þáltill. en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hóf umræðu um efnismikið pólitískt mál, ásakanir á hendur Framsfl., sem nánast krefjast þess að dregnar verði fram ítarlegar staðreyndir um hið gagnstæða. Ég tel að hér hafi þingmaðurinn gengið of langt í þeim knappa ræðutíma sem hér gefst.

Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum. Ég vil mótmæla þeim ásökunum og pólitísku aðdróttunum sem þm. hv. lét falla í garð Framsfl.

[15:33]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sannleikanum verður hver sárreiðastur. Ég veit ekki til þess, herra forseti, í þessu samkomulagi um knappan ræðutíma, að ekki mætti skamma Framsfl. ef það reyndist nauðsynlegt. Herra forseti upplýsir mig þá ef svo hefur verið. Ég tel mig hafa notað mjög stuttan tíma til þess að fara yfir stórt og viðamikið mál og fara yfir staðreyndir málsins. Það hefur áður verið gert hér í þessum ræðustól og ég veit að hv. framsóknarmenn eiga erfitt með að mótmæla því. Það sem ég og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sögðum eru bara staðreyndir málsins.

Við erum bara að segja það sem satt og rétt er í þessu máli, herra forseti. Framsóknarmenn hafa ekki staðið við það sem þeir lofuðu kjósendum á síðasta kjörtímabili, þ.e. í kosningabaráttunni. Þeir lofuðu fólki því sem ég mæli hér fyrir, þ.e. greiðsluaðlögun.

Hv. þm. Guðni Ágústsson, sem nú er í stól forseta, sagði jafnvel að lífið lægi við að það frv. yrði að lögum fyrir fjórum árum síðan, á síðasta þingi, vegna þess að skuldir heimilanna væru það erfiðar. Þess vegna héldum við auðvitað að þetta yrði fyrsta málið sem hv. framsóknarmenn mundu koma í gegnum þingið.

En svo var ekki. Þeir komu í gegn tveimur öðrum málum sem ég og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttur höfum gert grein fyrir. Þau hafa engu skilað fyrir skuldug heimili í landinu. Þetta eru bara staðreyndir málsins og ég tel mig ekki hafa misnotað knappan ræðutíma minn þó ég héldi því til haga, herra forseti.

Mér finnst skiljanlegt, herra forseti, að hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, sem ég veit að vill þessu fólki vel, líði illa vegna svika framsóknarmanna og að það komi fram hjá honum hér

í ræðustól. En að því get ég bara ekki gert, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 83. mál. — Þskj. 83.

[15:36]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka fyrir að þingmannamál skuli loksins komast hér á dagskrá og get fyrir mitt leyti lýst yfir stuðningi við fyrirkomulagið sem hér er reynt að viðhafa vegna tímaleysis, að takmarka umræður eða að beina þeim tilmælum til manna. Ég hlýt hins vegar að lýsa megnri óánægju með að hæstv. ríkisstjórn, ofan á frammistöðuna við atkvæðagreiðslu um stjórnarskrárfrv. í dag þar sem sex af tíu ráðherrum ríkisstjórnarinnar voru fjarverandi, skuli síðan heiðra framhald fundarhalda hér í dag með algjörri fjarveru sinni. Þar með sýna þeir þeim málefnum sem hér eru á ferðinni lítilsvirðingu, þ.e. hvernig hæstv. ráðherrar akta þingskyldu sína. Ég mótmæli þessu, herra forseti. Ég vona að hæstv. forseti heyri orð mín, hafi það eitthvað upp á sig.

Ég ætla að mæla, herra forseti, fyrir till. til þál. um endurskoðun viðskiptabanns á Írak. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Svavar Gestsson, Ögmundur Jónasson og Össur Skarphéðinsson.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum."

Ég hygg, herra forseti, að ekki þurfi að fjölyrða um tilefni þessarar tillögu. Svo þekkt ætti það að vera þeim sem fylgjast með alþjóðastjórnmálum hvernig vaxandi andúð hefur grafið um sig á því ástandi sem er í Írak. Raunar fækkar jafn og þétt í stuðningsmannaliði þeirra sem enn halda uppi vörnum fyrir þetta viðskiptabann og reyndar aðeins stjórnvöld í Bandaríkjunum, með fylgispekt Breta, sem þæfa þarna við en halda Sameinuðu þjóðunum að öðru leyti í gíslingu í þessu máli. Ljóst er að enginn stuðningur er við að Sameinuðu þjóðirnar verði áfram notaðar sem skálkaskjól til að viðhalda áfram því ástandi sem þarna er. Afleiðingar þess eru gífurlegt mannfall og nánast ólýsanlegar hörmungar. Og það vegna viðskiptabanns sem að nafninu til er á ábyrgð Sameinuðu þjóðanna eða öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, sem nýlega hafa verið staðfestar, deyja nú í Írak milli fimm og sex þúsund börn í mánuði hverjum vegna vannæringar, skorts á lyfjum og hreinu drykkjarvatni. Heilir árgangar írakskra barna eru vannærðir, hafa búið við vaxtar- og þroskaskerðingu á undaförnum árum þannig að þau munu aldrei bíða þess bætur, jafnvel þó að úr rætist, þ.e. þau þeirra sem kunna að lifa af.

Ég vísa til rökstuðnings, herra forseti, sem fram kemur í greinargerð með tillögunni. Það er farið yfir sögulega þætti málsins. Ég hygg að við flutningsmenn séum ekki andvígir því að aðgerðir af viðskiptalegum toga geti hjálpað við lausn deilumála á alþjóðavettvangi. Við teljum þó að þær aðgerðir verði að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði. Þær geti aldrei orðið skálkaskjól fyrir einangrun heillar þjóðar og það að svelta hana inni, eins og nú er að gerast í Írak.

Ég ætla, herra forseti, að vitna í tvennt máli mínu til stuðnings. Til að fá menn til að reyna að hugleiða við hvaða aðstæður íraksk þjóðin býr og hefur búið sl. átta ár. Írakar áttu besta heilbrigðiskerfi Miðausturlanda og voru öfundaðir af heilbrigðiskerfi sínu þegar það var og hét. Sama átti við um þróun t.d. í írökskum iðnaði og írökskum landbúnaði. Á sínum tíma voru Írakar langfremstir arabaþjóða á þessum sviðum. Þeim hafði t.d. að mestu tekist að útrýma mörgum skæðum búfjársjúkdómum sem herjuðu á landbúnað í nálægum ríkjum.

Hvernig skyldi ástandið vera í þeim efnum í dag? Talið er að gin- og klaufaveiki hafi á skömmum tíma drepið milli 50 og 100 þúsund nautgripi og kindur í Írak. Talið er að yfir ein milljón gripa séu þegar sýkt af gin- og klaufaveiki. Þetta er í landi sem nánast einu ríkja í Miðausturlöndum tókst að eyða þessum sjúkdómum með markvissum og skipulögðum aðgerðum á sínum tíma.

Hver er ástæða þess að svo er komið, herra forseti? Jú, hún er einkum sú að bóluefnaverksmiðja Íraka, þeirra „Keldur", var eyðilögð vegna þess að að mati bandarískra sérfræðinga var talið mögulegt að nota aðstöðuna í bóluefnaverksmiðjunni til að framleiða eiturefni. Eina bóluefnaverksmiðja landsins var eyðilögð og síðan hefur ekki verið hægt að framleiða bóluefni til varnar búfjársjúkdómum. Afleiðingin er sú að m.a. gin- og klaufaveiki eru að sýkja svo til allan búpening landsins. Það bætist við aðrar hörmungar og skort á matvælum sem fyrir er, að landbúnaðurinn er að leggjast í rúst.

Herra forseti. Svo undarlega vill til að á Íslandi eru enn á nokkrir stuðningsmenn og kannski síðustu stuðningsmenn stefnu Bandaríkjastjórnar og taglhnýtinga þeirra, Breta, í þessu máli. Það hefur vakið athygli mína að t.d. utanrrh. Íslands hefur gengið fram fyrir skjöldu í að réttlæta þetta ástand en ekki lagst á sveif með utanríkisráðherrum flestra annarra Evrópuríkja sem reynt hafa að byggja upp stuðning við aðrar úrlausnir. Það liggur orðið fyrir að í Evrópu eru Bretar einir um að styðja styðja áframhaldandi viðskiptaþvinganir á sama grundvelli og verið hefur.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að vitna hér í einn af æðstu yfirmönnum Sameinuðu þjóðanna, Denis Halliday, sem var fyrir nokkrum mánuðum einn af aðstoðarframkvæmdastjórum Sameinuðu þjóðanna og yfirmaður mannúðaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna í Írak. Írinn Denis Halliday var einn af hæst settu embættismönnum Sameinuðu þjóðanna, sérstakur trúnaðarmaður aðalritara Sameinuðu þjóðanna, bar aðstoðaraðalritaratitil og hafði þjónað Sameinuðu þjóðunum í 34 ár. Hann var einn virtasti embættismaður á æðsta stigi innan Sameinuðu þjóðanna og virtur borgari.

Hann kom til Íraks til þess að hafa yfirumsjón með mannúðaráætlun Sameinuðu þjóðanna og hafa eftirlit með áætluninni „Olía fyrir matvæli og lyf". Hvernig lítur hann á málin, herra forseti. Ég vitna í ræðu sem hann hélt í Washington-háskóla fyrir skömmu, hér í lauslegri þýðingu, með leyfi forseta:

„Ég fór til Íraks í september 1997 til að hafa yfirumsjón með áætlun Sameinuðu þjóðanna um „Olíu fyrir matvæli". Ég komst fljótlega að raun um að þessi áætlun var einungis plástur á refsiaðgerðir Sameinuðu þjóðanna, aðgerðir sem

í raun voru að drepa fólk. Ég vildi ekki sjá grafið undan siðferðislegum styrk Sameinuðu þjóðanna og vera samsekur í slíku.

Ég komst á þá skoðun að um glæpsamlegt athæfi væri að ræða og brot á mannréttindum. Ég sagði af mér eftir 13 mánuði."

Í þessari ræðu rakti hann t.d. ástandið í Írak og hvernig það hefði verið allt frá Persaflóastríðinu. Hann sagði að til að skilja þá stöðu sem þjóðin væri í yrðu menn að hafa í huga hina algjöru eyðileggingu sem varð í Flóastríðinu. Þá var t.d. skolpkerfið í landinu, og sérstaklega í höfuðborginn Bagdad, eyðilagt. Vatnsveitan og vatnshreinsistöðvarnar voru eyðilagðar. Rafmagnskerfið var eyðilagt. Sjúkrahúsin voru að stórum hluta eyðilögð. Skólarnir voru að mestu eyðilagðir. Samgöngukerfið var lamað. Korngeymar og kornsíló landsins voru eyðilögð o.s.frv.

Með öðrum orðum voru nánast öll uppbygging og innviðir þróaðs samfélags eyðilögð. Það hefur verið orðað þannig að Írak hafi verið sprengt aftur á steinaldarstig. Þannig á sig komið fékk landið á sig algert viðskiptabann sem hefur varað síðan. Fyrir vikið, herra forseti, eru t.d. varahlutir til að gera við skemmdirnar ófáanlegir. Afleiðingin er sú að skólpið flæðir eftir götum borga í Írak, skólpveitan og dælukerfin eru ónýt. Það mengar vatnið og hefur valdið alvarlegum smitsjúkdómum, það hefur valdið stanslausum magaeitrunum, niðurgangi og því að taugaveiki og kólera hafa grasserað og svo mætti áfram telja. Raforkuframleiðsla í Írak er nú minni en 40% af því sem hún var fyrir Flóastríðið. Óhugnanleg þróun hefur orðið hvað varðar aukningu á ýmsum sjúkdómum eins og krabbameini, hvítblæði og fæðingum vanskapaðra barna. Það er m.a. talið rekja rót sína til notkunar herja Vesturlanda á úraníumvopnum í stríðinu.

Herra forseti. Ég leyfi mér að vitna í þessa ræðu í von um að kannski nái hún frekar eyrum manna. Ég vona að þau orð verði ekki afgreidd sem óraunsæ eða gamaldags hugmynd. Mér finnst nokkuð sérkennilegt að það skuli ekki hafa fengið meiri viðbrögð og leitt til meiri efasemda málsmetandi manna í vestrænum stjórnmálum þegar æðsti yfirmaður Sameinuðuðu þjóðanna, sem á að framkvæma stefnu Sameinuðu þjóðanna í landinu, virtur maður eins og Denis Halliday, bregst við og talar eins og hann gerir. Hann sagði undir lok ræðu sinnar í Washington-háskóla að hann væri að reyna að opna eyru almennings, ekki síst í Bandaríkjunum. Hann líkti ástandinu og framferði Bandaríkjamanna í Írak við Víetnamstríðið. Hann sagði að eina von hans í málinu væri sú að takast mætti að byggja upp andstöðu á Vesturlöndum við framferði ráðamanna sem nægja mundi til að brjóta það á bak aftur að lokum eins og gerðist í Víetnam-stríðinu.

Ég er sannfærður um það, herra forseti, að framganga Vesturlanda í Írak, hversu djöfullegur sem Saddam Hussein er og verður metinn í sögunni, gagnvart óbreyttum almenningi og þær þjáningar sem viðskiptabannið hefur valdið, verða talinn síst skárri kafli í mannkynssögunni þegar frá líður. Þarna hafa gerst hlutir sem eru skelfilegir til að hugsa. Ég vona að þótt seint sé þá fari augu manna að opnast fyrir því að það er ekki hægt að réttlæta þetta ástand. Það verður að bregðast við því og má til sanns vegar færa, herra forseti, að sú tillaga sem hér er flutt sé allt of hógvær í ljósi alvöru málsins. Hún á sér nokkra sögu. Hún var fyrst flutt fyrir nokkuð mörgum árum. Þá var ástandið ekki orðið eins skelfilegt og það er nú, eða mönnum ekki eins vel ljóst. Hér er fyrst og fremst sett fram hógvær tillaga um að Íslendingar beiti sér fyrir því að þetta ástand verði tafarlaust tekið til endurskoðunar og stefnan til endurmats.

Ég leyfi mér svo að lokinni þessari umræðu, herra forseti, að leggja til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og hv. utanrm.

[15:49]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Vissulega eru miklar hörmungar í Írak og skelfilegt að horfa til þess lands og hugsa til þess sem sú þjóð hefur þurft að þola að undanförnu. Þessi tillaga er án efa mjög vel meint en því miður að mínu mati misráðin.

Það velkist enginn í vafa um að afleiðingar þeirrar ógnarstjórnar sem verið hefur í Írak eru skelfilegar. Ég tel að allt of mikil einföldun sé að skella skuldinni á viðskiptabannið eitt og sér. Það má auðvitað deila um réttmæti slíkra aðgerða, aðgerða á borð við viðskiptabann, sem hv. flm. þessarar tillögu viðurkenndi að hefðu í sumum tilfellum borið árangur þó að í öðrum tilfellum, eins og t.d. í tilfelli Kúbu, hafi viðskiptabannið dagað uppi og í raun orðið hlægilegt í ljósi tímans og sögunnar. Það er vart tími til að fara í djúpar umræður um réttmæti viðskiptabanna hér en þetta virðist vera útleið lýðræðisríkja þegar þau eiga í átökum við þjóðir, að í stað þess að fara í bein átök hefur þetta orðið úrræði sem menn hafa gripið til, og eins og sagt var áðan er ástæða til að taka umræðu um réttmæti slíkra aðgerða.

Ef hins vegar greinar Jóhönnu Kristjónsdóttur sem fylgja hér með, áhrifamiklar og vel skrifaðar, eru lesnar grannt sést að þarna er við ótrúlega aðila að eiga í Írak. Einræðisherrann situr þarna á valdastóli og eyðir gríðarlegum peningum í mannvirkjagerð sjálfum sér til dýrðar, peningum sem allir menn með réttu ráði mundu nota til að lina þjáningar þjóðar sinnar. Það eru vísbendingar og sannanir fyrir því að stjórnvöld í Írak hafa þvælst fyrir hjálparstarfi alþjóðlegra stofnana á borð við Rauða krossinn og Rauða hálfmánann í Írak. Á meðan þeir byggja hallir og brýr sér til dýrðar og endurreisa hina svífandi garða Babýlons leyfa þeir þjóð sinni að deyja úr hungri og vosbúð. Saddam Hussein og stjórn hans gera einnig sitt ýtrasta til að koma sér upp gereyðingarvopnum og hefur hann margoft verið staðinn að þeirri ætlan sinni, gereyðingarvopnum sem stjórnvöldum þar er trúandi til að beita gegn nágrönnum sínum. Þeir hafa sýnt í verki að þeir hika ekki við að beita vopnavaldi gegn nágrönnum sínum og eru margar hryllingssögur til af framferði þeirra í innrásinni í Kúveit, gegn nágrönnum sínum og Ísrael og jafnvel Vesturlöndum.

Með því að samþykkja tillögu sem þessa erum við að bregðast við nákvæmlega eins og þessi hryllilegi einræðisherra vill að við gerum. Hann leyfir þjóð sinni að þjást til þess að fólk á Vesturlöndum loki augunum fyrir grimmd hans sjálfs og fari að kenna sjálfu sér um það sem þarna er að gerast, en ég tel að það sé töluverður viðsnúningur á málum. Einnig má velta því fyrir sér hvaða heimspekilega stefnu menn eigi að taka í beitingu slíkra aðgerða eins og efnahagslegra refsiaðgerða eða viðskiptabanna, hvort þeim eigi einungis að beita gegn þeim sem augljóslega eru ekki nógu geðveikir til að láta slíkt bann bitna á börnum og konum. Ég lýsi þeirri skoðun minni hér að ég tel að Saddam Hussein og stjórn hans beri fulla ábyrgð á þeim hörmungum sem eru í Írak og dynja á írökskum borgurum.

[15:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er hreyft ákaflega mikilvægu og mjög dramatísku máli og ég vil byrja á að þakka flutningsmönnum fyrir að vekja umræðu um þetta mál. Ég get tekið undir flest það sem hv. þm. Magnús Árni Magnússon sagði áðan um vanda slíkra viðskiptabanna og gildi þeirra. Í Írak er skelfilegt ástand og það er ákaflega billegt að kenna viðskiptabanninu um, á sama tíma og leiðtogar landsins eru að reisa hallir og standa í alls konar fjárfestingum sem maður kynni að halda að ættu að koma þjóð þeirra til góða en gera það ekki.

Við stöndum því frammi fyrir miklum siðfræðilegum vanda og samtök þjóðanna hafa ákveðið að beita þessu vopni, sem er viðskiptabann á Írak, til að ná fram ákveðnum markmiðum til að minnka ógn við nágranna þeirra en svo virðist ekki sem viðskiptabannið nái tilgangi sínum, og það er ekkert sem segir mér að staða almennings í landinu mundi batna við að viðskiptabannið yrði afnumið. Það hefur reyndar verið linað ansi mikið.

Ég vil benda á að í Norður-Kóreu er líka mjög slæmt ástand almennings, virkilega slæmt ástand. Þar er líka ógnarstjórn og þar er ekki viðskiptabann. Það er því ekkert sem segir mér það að afnám viðskiptabannsins muni bæta stöðu barna og annarra sem eru að farast í Írak, sem er virkilega erfitt að horfast í augu við.

Herra forseti. Ég vil endurtaka þakkir mínar til flutningsmanna fyrir að vekja okkur til umhugsunar um þetta ástand og ég vænti þess að þessi umræða muni valda því að fulltrúar okkar á erlendum vettvangi, sem koma að þessu máli, muni hreyfa því hvort viðskiptabannið sé hugsanlega úrelt, hvort það nái tilgangi sínum, hvort hægt sé að grípa til einhverra annarra ráða og hvort viðskiptabannið sé orsökin að þessum hörmungum eða hvort það er eitthvað annað.

[15:56]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið og hefði gjarnan viljað hafa svolítið rýmri tíma til að bregðast við þeim en það eru þó aðeins örfá atriði. Í mínum huga snýst þetta mál ekki lengur um það hver beri ábyrgð eða hverjum sé um að kenna. Þegar milljónir eru að deyja, þegar börn eru að svelta í hel svo þúsundum skiptir í hverjum mánuði er málið orðið annars eðlis en svo að það í raun skipti máli hverjum er um að kenna, að finna sökudólg eða hver ber ábyrgðina. Þessi börn eru að deyja samt og spurningin er hvort við getum við forsvarað og réttlætt slíkt ástand áfram. Ég hélt það væri ekki umdeilt í sjálfu sér í alþjóðasamfélaginu að þá yrðu menn að ýta öðru til hliðar og reyna að grípa þar inn í með neyðarhjálp og einhverjum aðgerðum og það er enginn vafi á því, það liggur fyrir í gögnum allra hjálparstofnana og sérfræðinga um þessi málefni og yfirmanna Sameinuðu þjóðanna í landinu sjálfu, að ástandið er afleiðing af vöru- og lyfjaskorti og því að landið er vatnslaust og orkulaust o.s.frv. Þarna ríkir ástand mjög sambærilegt við það sem getur gerst á landsvæðum sem orðið hafa fyrir náttúruhamförum, þar sem allt hrynur, og ef náttúruhamfarir verða í Kólumbíu eða Kóreu eða hvar sem það er, þá erum við yfirleitt ekki að spyrja um hvort þjóðhöfðinginn sé gulur eða svartur eða vondur eða góður, heldur er bara reynt að fara inn og bjarga mannslífunum og um það snýst þetta.

Í öðru lagi er það þannig, sem ég bið hv. þm. að hugsa og 15. þm. Reykv. þar með talinn, að viðskiptabannið er alls ekki að skila þeim pólitíska árangri sem því var ætlað að gera. Það er búið að reyna á það í átta ár og Saddam Hussein er enn jafnfastur í sessi og hann hefur verið.

Í þriðja lagi er ástandið skýlaust brot, að mínu mati, á öllum viðurkenndum og almennum mannréttindasjónarmiðum. Ég held því menn verði að líta á þetta ástand með þeim augum sem það kallar á, og stór hætta er á því að mínu mati að í raun og veru gæti orðið stjórnarbylting í Írak sem mundi leiða til meiri harðstjórnar og meira haturs á stjórnvöldum Vesturlanda en sem þó er í dag og þykir mönnum nóg um, og ég held menn ættu að kynna sér t.d. álit Denis Hallidays á því hvernig unga kynslóðin í Írak, sem þekkir ekkert annað en viðskiptabann og er alin upp við hatur á Vesturlöndum, er farin að gagnrýna núverandi stjórnvöld í Írak. Fyrir hvað? Fyrir linkind í garð Vesturlanda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 174. mál (nytjastofnar í hafi). — Þskj. 179.

[16:00]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Sighvatur Björgvinsson.

Þetta frv. hefur tvisvar áður verið flutt og þar sem er um breytingu á stjórnarskrá er að ræða er ljóst að ekki voru forsendur til þess að samþykkja það fyrr en nú á síðasta þingi kjörtímabilsins. Frv. er tvær greinar og fyrri greinin hljóðar svo:

„Á eftir 72. gr. laganna kemur ný grein og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin hljóðar svo:

Nytjastofnar á hafsvæði því sem fullveldisréttur Íslands nær til eru sameign íslensku þjóðarinnar. Kveðið skal á um sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda til hagsbóta fyrir þjóðarheildina í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum."

2. gr. er svohljóðandi: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Hér er sem sagt lagt til að sameignarákvæði 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna verði fest í stjórnarskrá.

Síðan ég flutti frv. fyrst fyrir þremur árum hefur mikil umræða verið í þjóðfélaginu um það hvort nytjastofnanirnir séu ekki þjóðareign eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Þverpólitísk almannasamtök hafa verið mynduð um að fiskveiðiauðlindin verði sameign þjóðarinnar og einn ef ekki tveir stjórnmálaflokkar hafa verið stofnaðir, fyrst og fremst til að tryggja þetta ákvæði sem allra best.

Ein leið til þess að tryggja þetta ákvæði, treysta það og festa betur í sessi, er að festa það inn í stjórnarskrá eins og hér er lagt til. Þar með er ekki mögulegt að fella ákvæðið úr lögum eins og nú væri hægt á einu þingi.

Það þarf hvorki að segja þingmönnum né þjóðinni neitt um að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru langmikilvægasta auðlind íslensku þjóðarinnar. Þó auðlindirnar séu fleiri þá eru þeir sú langmikilvægasta.

Með þessu frv. er lagt til að stjórnskipuleg staða þessa ákvæðis fiskveiðistjórnarlaganna verði tryggð. Með ákvæði 1. málsl. greinarinnar er tryggt, annars vegar forræði Íslendinga yfir auðlindinni og hins vegar að auðlindin sé sameign íslensku þjóðarinnar en ekki þeirra sem fara með nýtingarréttinn samkvæmt lögum hverju sinni. Ástæða þykir til að tryggja stjórnskipulega stöðu þessa ákvæðis þó að það sé þegar lögbundið vegna þess hvernig núverandi fiskveiðistjórn er framkvæmd.

Síðara ákvæði greinarinnar kveður annars vegar á um að nýta beri auðlindina á sjálfbæran hátt, en með því er átt við að nýtingin mæti þörfum núverandi kynslóðar án þess að skerða möguleika kynslóða framtíðarinnar til sambærilegrar nýtingar. Í því sambandi skal minnt á hið mikla brottkast sem getur ógnað sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. Hins vegar er yfirlýsing um að hagnýting auðlindanna eigi að vera til hagsbóta fyrir þjóðarheildina og ákveðin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Ástæða þykir til að ítreka hagsmuni þjóðarheildarinnar í ljósi þess að heilu byggðarlögin geta misst lífsviðurværi sitt við kaup og sölu einstaklinga á aflahlutdeildum. Það getur einnig átt sér stað þegar aflahlutdeildum er úthlutað án endurgjalds til einstaklinga og fyrirtækja sem nýta ekki veiðirétt sinn en hagnast á því að selja hann eða leigja til þeirra sem stunda fiskveiðar, þeirra sem ekki fá veiðileyfi eða aflahlutdeild þrátt fyrir ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi leggja bönd á atvinnufrelsi manna nema almannaheill krefji.

Eins og ég sagði áðan lagði ég þetta frv. fram fyrir tveimur eða þremur árum. Þetta er í þriðja skiptið sem ég flyt það. Nær samhljóða frv. var flutt á 118. löggjafarþingi 1994–1995 og þá sem stjfrv. Sjálfstfl. og Alþfl. Samkvæmt stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar er stefnt að því að festa í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Því mætti ætla að um þetta frv. ríkti víðtæk sátt í þinginu. Þess vegna hefði verið við hæfi að spyrja ráðherra ríkisstjórnarinnar hvort ekki sé vilji fyrir því að samþykkja það en því miður er enginn þeirra staddur í þingsalnum. Það sýnir þá virðingu (**Gripið fram í:** Og áhuga.) og áhuga sem þeir hafa á þessu málefni og öðrum þeim sem rædd eru í dag.

Maður veltir fyrir sér spurningunni: Hefur eitthvað sérstakt gerst í þessum málum síðan 1994–1995 þegar ríkisstjórnin flutti svona frv., sem mælir gegn því að þetta frv. verði samþykkt núna? Jú, ýmislegt hefur gerst auk þeirrar gífurlegu óánægju með núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sem kristallast hefur í þjóðfélaginu. Óánægjan endurspeglast nú síðast í því að skip eru farin að veiða þó þau hafi ekki kvóta til þess að knýja fram dómsmál. Tvennt vil ég nefna sem hefur breyst.

Í fyrsta lagi vil ég nefna nýfallinn dóm Hæstaréttar. Þar er talið ljóst að núverandi fiskveiðistjórnarlög stríði gegn stjórnarskrárákvæðum um jafnræði og atvinnufrelsi. Lagaákvæðið um sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum er notað í röksemdafærslu dómstólsins. Því er ljóst að þetta ákvæði í lögunum er mjög mikilvægt.

Í öðru lagi vil ég nefna skrif fræðimanna sem ég fór ítarlega yfir í ræðu minni um þetta mál á síðasta þingi. Ég hef því miður ekki tök á því nú en þar vil ég fyrst og fremst nefna skrif Þorgeirs Örlygssonar prófessors, m.a. í grein hans „Hver á kvótann?“, og einnig grein sem birtist í Úlfljóti, eftir Skúla Magnússon lögfræðing. Þeir hafa báðir lagt mikla áherslu á að þessi grein sé mjög mikilvæg. T.d. segir Skúli Magnússon, með leyfi forseta:

„Þykir óhætt að fullyrða að aflaheimildir nytu verndar 72. gr. stjórnarskrár ef ekki kæmi til áskilnaður löggjafans í aðra átt.“

Túlkun hans er sú að sameignarákvæðið í 1. gr. skipti mjög miklu máli. Það ákvæði er lykilgrein sem kemur í veg fyrir að hægt verði að líta á fiskstofnana sem einkaeign.

Prófessor Þorgeir Örlygsson fær álíka niðurstöðu. Hann fór þó inn á svipaða röksemdafærslu og heyrst hefur frá Sigurði Líndal prófessor en ég ætla aðeins að fá að vitna, herra forseti, í Þorgeir Örlygsson sem segir m.a. í grein sinni „Hver á kvótann?“:

„Fiskstofnar á Íslandsmiðum og hafsvæðin umhverfis landið eru verðmæti, sem ekki geta verið undirorpin einstaklingseignarrétti nokkurs manns. Þá verður heldur ekki talið að íslenska þjóðin eða þjóðarheildin geti verið eigandi í lögfræðilegri merkingu þess hugtaks, hvorki þessara réttinda né annarra, því þjóðin sem slík hefur engar þær heimildir, sem almennt felast í eignarrétti.“

Þarna er komið inn á það að þó að fiskstofnarnir séu ekki einkaeign þá geti þeir heldur ekki verið þjóðareign, eins og Sigurður Líndal hefur haldið fram. Í öðru lagi segir prófessor Þorgeir Örlygsson og það vil ég undirstrika hér, einkum síðarnefnda atriðið.

„Sú yfirlýsing í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar er villandi að því leyti að hún gefur til kynna að með ákvæðinu sé verið að tryggja þjóðinni eignarrétt af einhverju tagi. Hins vegar felst í þessu orðalagi ákveðin markmiðsyfirlýsing, það er að nýta beri fiskstofnana við landið til hagsbóta fyrir þjóðarheildina, auk þess sem segja má, að í yfirlýsingunni felist nokkur áréttíng hinnar fornu reglu um rétt manna til veiða í hafalmenningum innan þeirra marka, sem lög segja til um hverju sinni.“

Ég vil einmitt leggja áherslu á þetta. Ég vil ekki ganga svo langt að lögfesta það að ríkið eigi nýtingarréttinn, þó að það sé auðvitað möguleiki, heldur tel ég að festa beri þennan grundvallarskilning og markmiðsyfirlýsingu í stjórnarskrá.

Virðulegi forseti. Það er fróðlegt að lesa Alþingistíðindi frá þeim tíma er fiskveiðistjórnarlögin voru sett eða þegar kvótakerfið komst á árið 1983. Þá var ekki deilt um eignarhald á fiskimiðunum frekar en margt annað sem síðan átti eftir að verða uppspretta harðvítugra deilna milli manna eftir tilkomu fiskveiðistjórnarlaganna. Þó bar þessi mál á góma. Þá var m.a. lagt til að fiskimiðin yrðu sameign þjóðarinnar. T.d. sagði þá hæstv. sjútvrh., svo ég vitni í Alþingistíðindi frá þessum tíma, með leyfi forseta:

„Auðvitað á íslenska þjóðin öll fiskimið. Ég tek undir það að um það hefur aldrei verið pólitískur ágreiningur. Hins vegar er óþarfi að mínu mati að setja slíkt ákvæði inn í þessi lög. Það er nú svo að ekki verður allt ákveðið í lögum sem betur fer.“

Það var sem sagt ekki talið nauðsynlegt árið 1983 þó að fram kæmi tillaga um það frá alþýðubandalagsmönnum að festa þetta ákvæði í lög. Sem betur fer var það þó sett inn í lög 1988 og aftur styrkt 1990. Ég er sannfærð um að þetta reyndist síðan mjög mikilvægt ákvæði í áðurnefndum tímamótadómi Hæstaréttar.

Herra forseti. Þó að þetta ákvæði standi sterkt í fiskveiðistjórnarlögunum þá tel ég og vil ítreka að festa beri það í

stjórnarskrá svo aldrei komi til þess að þessu ákvæði verði kippt í burtu með einni einfaldri lagabreytingu.

Að lokum vil ég, herra forseti, minna á að í janúarmánuði brást ríkisstjórnin við kvótadómi Hæstaréttar. Við sem sátum í sjútvn. þingsins fengum þá m.a. að glugga í nefndarálit frá bandarískri nefnd sem rannsóknarráð Bandaríkjanna skipaði. Af því var ljóst að mögulegt væri að hafa kvótakerfi, byggðakvóta og blandað stjórnkerfi fiskveiða þannig að jafnræðisreglan og ákvæðið um sameign þjóðarinnar á auðlindum hafsins sé virt, án þess að troðið sé á atvinnuréttindum þeirra sem fyrir eru. Það er vel hægt að gera þetta og við eigum að styrkja þetta ákvæði. Við eigum að líta til þess að jafnræðis verði gætt og tryggja rekstraröryggi. Aðalatriðið er að kerfið verði bæði réttlátt og hagkvæmt og menn virði að nytjastofnarnir í hafinu séu sameign þjóðarinnar.

Það er mjög umhugsunarvert ef ríkisstjórnin vill ekki lögfesta þetta nú. Ég á eftir að sjá að svo fari.

[16:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með þrjár spurningar til hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur. Í fyrsta lagi: Hvað þýðir sameign í þessum skilningi? Í öðru lagi: Hvað þýðir íslenska þjóðin? Eru það þeir sem eru með ríkisborgararétt þó að þeir hafi aldrei komið til Íslands, kunni ekki íslensku og viti ekkert um Ísland, séu jafnvel með annan ríkisborgararétt jafnframt? Er það fólk sem býr á Íslandi, líka útlendingar sem hafa búið hérna í 20 ár eða er það íslenska ríkið? Í þriðja lagi stendur í greinargerð og hv. þm. sagði það líka í framsögunni að nytjastofnarnir væru langmikilvægasta auðlind íslensku þjóðarinnar, og því er spurning mín þessi: Hvernig metur hv. þm. menntun og mannauð íslensku þjóðarinnar? Er mannauður minna virði en fiskarnir í sjónum?

[16:15]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir viðbrögðin. Sameign er í mínum huga mjög einfalt orð, það er það sem einhverjir eiga saman og í þessu tilfelli íslenska þjóðin. Íslenska þjóðin er fólkið sem býr í þessu landi eða hefur lögheimili á Íslandi. Það er ekki ríkið heldur fólkið sem býr hér eða hefur lögheimili hér. (**PHB:** Útlendingar líka?)

Menntun og mannauður er vissulega mjög mikilvæg auðlind. Það er erfitt að bera nákvæmlega saman hvort fiskarnir í sjónum séu mikilvægari en mannauðurinn. Þeir eru allt annars konar auðlind. Þetta er eitthvað sem við getum fjárfest í, mannauðurinn og menntunin, og ég tel það mjög mikilvægt líka. Kannski er það álitamál hvort sé mikilvægara, þ.e. ef við gætum aðeins haft annað en ekki hitt. En ég held a.m.k. efnahagslega, ef við miðum við útflutningstekjur okkar og annað slíkt, að þá hljóti fiskveiðiauðlindin að koma númer eitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:17]

Útbýting þingskjala:

Fyrirkomulag á innheimtu hjá tollstjóranum í Reykjavík, 419. mál, svar fjmrh., þskj. 827.

Þinglýsingalög, 525. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 843.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 316. mál (tryggingaráð). — Þskj. 382.

[16:17]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. sem ég flyt ásamt þeim hv. þingmönnum Kristni H. Gunnarssyni, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og Össuri Skarphéðinssyni. Frv. er endurflutt og fjallar um að Landssamband eldri borgara tilnefni aðalmann í tryggingaráð, svo og Öryrkjabandalag Íslands. Frv. gengur út á það að fjölga í tryggingaráði úr fimm stjórnarmönnum í sjö en fá inn í ráðið fulltrúa helstu viðskiptavina Tryggingastofnunar.

Verkefni Tryggingastofnunar eru þrenns konar, þ.e. að annast lífeyristryggingar og að sjá um slysa- og sjúkratryggingar. Heilbr.- og trmrn. hefur umsjón með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Verksvið forstjóra er skýrt afmarkað í lögum. Tryggingaráð skal samþykkja fjárhagsáætlun, ársreikninga, iðgjaldaupphæðir, meginreglur um notkun heimildarákvæða, lánveitingar og atriði sem lög um almannatryggingar ákveða.

Samstarf tryggingaráðs og forstjóra er vitaskuld mjög náið og meginhugsunin í þessu er að þessir aðilar, sem eiga margir hverjir allt undir Tryggingastofnun ríkisins, fái líka beina aðild að stjórn hennar.

Okkur flutningsmönnum finnst að það hafi ekki verið hlustað af nægjanlegri athygli á skoðanir eldri borgara og öryrkja á undanförnum missirum. Þessir aðilar og hópar hafa reynt að sækja rétt sinn og þrýsta á stjórnvöld um að breyta um stefnu. Stundum hefur þetta borið árangur en stundum ekki. En eldri borgarar hafa skipulagt sig vel nú hin síðari ár. Núna eru starfandi 45 félög eldri borgara víðs vegar um landið. Stærst þessara félaga er Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni en heildarsamtökin eru Landssamband eldri borgara. Einnig er vert að nefna, herra forseti, mjög virkan hóp eldri borgara, Aðgerðahóp aldraðra, sem hefur vakið athygli á fjölmörgum málum sem tengjast hagsmunum eldri borgara.

Frv. gerir ráð fyrir því að þessir nýju fulltrúar verði skipaðir í ráðið til tveggja ára.

Þess má geta að þetta mál var lagt fram í fyrra og var það sent út til umsagna og fékk einstaklega góð viðbrögð í samfélaginu, bæði hjá samtökum eldri borgara og öryrkja og margir þeirra komust svo að orði að þeir teldu mjög brýnt að lögfesta frv.

Frv. er einfalt í gerð sinni. Hugmyndin hefur reyndar heyrst áður þó að hún hafi e.t.v. hvorki verið lögð fram á þennan hátt né að leitað hafi verið jafnmikilla umsagna um málið og nú var gert þannig að ég treysti því, herra forseti, að þetta mál fái brautargengi hér á hinu háa Alþingi og að mætt verði hagsmunum eldri borgara og öryrkja hérlendis.

Að svo mæltu, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og trn.

[16:21]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil ítreka það í þessari umræðu hversu mikilvægt er að fulltrúar þessara stóru hópa viðskiptavina Tryggingastofnunar ríkisins fái að koma þar að sem þeirra málum er ráðið. En það er einmitt það sem lagt er til í þessu frv. til laga sem hv. þm. Ágúst Einarsson er 1. flm. að, og væri við hæfi í ár, á ári aldraðra, að frv. yrði lögfest.

Þess má geta að verkefni Tryggingastofnunar ríkisins, eins og kom fram í máli hv. 1. flm. þessa frv., eru lífeyristryggingarnar, sjúkratryggingarnar og slysatryggingarnar. Lífeyristryggingarnar snerta um 60 þúsund Íslendinga á hverju ári og aldraðir og öryrkjar eru mjög stór hluti þeirra sem hafa sína framfærslu eða a.m.k. hluta sinnar framfærslu frá Tryggingastofnun.

Þess má líka geta að þessir hópar koma einnig mjög að málum hvað varðar sjúkratryggingarnar sem nánast koma þó við hvern mann í landinu, því að eins og við vitum þá þarf fólk er það verður fullorðið frekar á sjúkratryggingunum að halda en þegar það er yngra. Það er mjög mikilvægt að tekið verði tillit til þessara hópa í tryggingaráði og að þeir eignist sína fulltrúa þar. Tryggingaráð tekur á mjög stórum málaflokkum og margt af því sem kemur fyrir tryggingaráð kemur kannski ekki til þessara hópa fyrr en seint og um síðir vegna þess að þar er verið að ákveða reglur, ákveða útfærslu á lögum sem ekki er endilega kynnt opinberlega eða leitað samráðs vegna. Tryggingaráð setur ákveðnar vinnureglur og mikilvægt er að þessir hópar eigi þar fulltrúa sem geta þá haft áhrif á það hvernig þessar reglur eru útfærðar. Það verður að segjast eins og er að þessar reglur geta haft mjög afgerandi áhrif á framfærslu þessara hópa, sérstaklega það sem snýr að lífeyristryggingunum og reyndar einnig að sjúkratryggingunum því að þær koma þarna einnig við sögu.

Þess vegna vil ég leggja áherslu á það, herra forseti, að þetta mál verði afgreitt úr heilbr.- og trn., vegna þess að sómi væri að því á ári aldraðra að fulltrúar eldri borgara og öryrkja eignuðust sína fulltrúa í tryggingaráði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heiðurslaun listamanna, fyrri umr.

Þáltill. SvG, 436. mál. — Þskj. 734.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að bæta tengsl atvinnulífs og einkalífs, fyrri umr.

Þáltill. KÁ, 495. mál. — Þskj. 805.

[16:26]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgerðir til að bæta tengsl atvinnulífs og einkalífs. Þetta mál hefur víða verið til umfjöllunar erlendis og í greinargerð er minnst bæði á Norðurlöndin og ekki síður Evrópusambandið sem bæði í félagsmálasáttmála sínum og eins í jafnréttisáætlun sinni hefur nefnt þetta atriði sérstaklega sem æskilegt markmið og bent á aðgerðir til þess að aðstoða borgarana innan Evrópusambandsins í þessum efnum.

Í tillögunni er bent á allmargar aðgerðir sem mega verða til þess að bæta tengsl atvinnulífs og einkalífs. Það er kannski nauðsynlegt að skýra betur hvað átt er við með þessu. Hugsunin er sú að sjá til þess að fólk geti sinnt fjölskyldu sinni, það hafi tíma fyrir sitt einkalíf, hvort sem fólk er með börn á framfæri eða ekki, að frítími sé tryggður o.s.frv., því að það þekkja margir að oft gengur erfiðlega að samræma atvinnulífið og einkalífið og mjög oft tekur vinnumarkaðurinn lítið tillit til aðstæðna fólks, svo sem þegar veikindi barna eiga í hlut eða að skólakerfið er ekki í samræmi við vinnutíma foreldra o.s.frv.

Hér er bent á allnokkur atriði sem vert er að skoða í þessu samhengi en auðvitað er þessi listi ekki tæmandi. Hér er farin sú leið að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að setja fram tillögur um aðgerðir sem auðveldi fólki að samræma betur en nú atvinnulíf og einkalíf. Þessi leið er valin vegna þess að hér er um það að ræða að ríkið þarf að grípa til aðgerða, sveitarfélögin þurfa að grípa til aðgerða og ekki síst þurfa aðilar vinnumarkaðarins að grípa til ákveðinna aðgerða.

Það er vægast sagt löngu orðið tímabært að aðilar vinnumarkaðarins opni augu sín. Í því sambandi vil ég vil geta þess að Alþýðusamband Íslands hefur bent rækilega á þetta samhengi og kynnt sem hluta af sinni fjölskyldustefnu, þ.e. að bæta tengsl atvinnulífsins og einkalífs. Evrópusambandið hefur beint tilmælum til aðila vinnumarkaðarins um að þeir semji um atriði af þessu tagi og ekki síst að þeir semji um endurmenntun sem er þáttur sem snertir þetta mál og er sífellt að verða brýnni eftir því sem þjóðfélagið breytist.

Í rökstuðningi þessarar tillögu er komið inn á allmörg atriði. Fyrst er greint frá þeirri umræðu sem á sér stað um þetta efni, þ.e. það sem ég hef rekist á. Hún kann að vera til staðar miklu víðar. Vakin er athygli á þeim miklu breytingum sem orðið hafa á fjölskylduháttum og ekki síst þeim upplýsingum sem nýjastar eru um samsetningu fjölskyldna hér á landi og leiða í ljós að fjölskyldur með fleiri en einum fullorðnum eða börnum yfir 16 ára aldri eru algengasta tegund fjölskyldna. Það er vikið að vinnutíma og því hversu brýnt er að tryggja að fólk geti fengið nægilega hvíld, hæfilega hreyfingu og lifað góðu félagslífi. Þá er vikið að launamálum og loks að því hlutverki ríkisins og ríkisvaldsins að afla upplýsinga um samfélagsbreytingar sem megi verða til þess að þeir sem fást við daglegt líf fólks eða þar sem fólk er við nám og vinnu, geti áttað sig á breytingum. Síðast en ekki síst er svo hlutverk ríkisvaldsins að tryggja jafnrétti og þá ekki síst jafnrétti og jafna stöðu kynjanna.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, hæstv. forseti. Greinargerðin skýrir sig sjálf. Eflaust hefði mátt tíunda fleira sem má verða til þess að bæta þessi tengsl. En ég vil með tillögunni vekja sérstaka athygli á þessu samhengi sem ég held að okkar samfélag þurfi mjög að taka á til þess, eins og segir í greinargerðinni, að við höldum inn í 21. öldina sem hluti af samfélagi sem virðir jafnan rétt og jafna stöðu kynjanna, samfélagi sem telur sitt æðsta hlutverk að tryggja börnum gott og gjöfult líf.

[16:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir þetta framlag sem er mjög gott svo sem hennar er von og vísa. Hér er tekið á máli sem ég held að sé mjög mikilvægt. Þó að ég sé kannski ekki endilega hrifinn af því að frumkvæðið komi að ofan, frá löggjafarsamkundunni, þá kann það að vera nauðsynlegt. Ég minni á að staðan er þannig í dag varðandi barnaheimili og grunnskóla að þar dettur mönnum í hug að loka þessum stofnunum einn dag öðru hverju vegna starfsdaga kennara eða leikskólastarfsmanna

og setja í rauninni öll heimili viðkomandi barna í uppnám. Þetta eru öll tengsl hinnar opinberu þjónustu við neytendur.

Ég hygg að við þurfum að ganga öllu lengra. Ég er með hugmyndir um að ganga lengra en hér er lagt til. Þar á meðal er að öryrkjar og ellilífeyrisþegar, þeir sem þess óska, geti haldið áfram að vinna eða verið áfram í vinnu en örorkulífeyrir og ellilífeyrir verði greiddir til fyrirtækjanna sem geta þá ráðið fólkið á sömu laun og það hafði áður. Þannig yrði launakostnaður fyrirtækjanna vegna þessara starfsmanna miklu lægri. Þetta er ein hugmynd sem ég vildi bæta við þarna.

Einnig að stuðlað verði að því að foreldrar ungra barna vinni á vöktum þannig að börnin þurfi ekki að fara á barnaheimili og þetta er svo sem lagt til hér líka. Ég hygg að atvinnulífið sé að verða miklu sveigjanlegra en það var fyrir nokkrum árum. Fyrir nokkrum árum var það ákaflega stíft. Menn unnu bara frá níu til fimm á öllum skrifstofum og ekki var um annað að ræða. Núna er komin tölvuvinnsla, fjarvinnsla og miklir möguleikar til að skipuleggja starfið mun sveigjanlegra.

Þessari tillögu verður væntanlega vísað til félmn. þar sem ég á sæti og þegar hún kemur þangað vildi ég gjarnan skoða það að hún yrði útfærð enn frekar í þá veru að atvinnulífið og einkalífið geti unnið betur saman. Það er ekki tilgangur fólks að vinna til þess að vinna heldur til að skapa eitthvað og ef hægt er að gera það í betra samræmi við fjölskylduna ættu menn endilega að stefna að því.

[16:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Péturs Blöndals um að hægt væri að greiða örorkubætur til fyrirtækjanna til að fólk gæti verið lengur úti í atvinnulífinu er ég sammála því að það á auðvitað að gera sem flestum kleift sem að geta verið sem lengst úti í atvinnulífinu. Mig langar bara til að benda á það í framhaldi af þessu, herra forseti, að fyrir öryrkja er til staðar svokölluð öryrkjavinna, eða samningar á milli Tryggingastofnunar og fyrirtækja, sem hægt er að gera. Sú leið hefur alls ekki verið nýtt sem skyldi. Ég tel þessi möguleiki þyrfti að vera miklu meira nýttur, að gera öryrkjum kleift að taka þátt í atvinnulífinu með stuðningi Tryggingastofnunar. Ég get fúslega tekið undir þetta sjónarmið. Það getur vel verið að það eigi að skoða þetta út frá öldruðum einnig en ég er á því að það eigi að vera sveigjanlegur starfslokatími fyrir aldraða, þeir geti stundað atvinnu þann tíma sem þeir vilja og einnig hætt þá fyrr ef þeir telja það æskilegt. En ég vil benda á það, herra forseti, að þessi leið er til staðar með öryrkjavinnuna að hægt er að gera slíka samninga við fyrirtækin.

[16:35]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Það var vel mælt hjá hv. þm. Pétri Blöndal áðan að fólk er ekki að vinna til að vinna heldur til að skapa eitthvað og það er nauðsynlegt að taka til skoðunar möguleika á auknum sveigjanleika á vinnumarkaði. Mér sýnist þessi tillaga miða að því og er það mjög vel. Hv. 10. þm. Reykv. Pétur Blöndal benti réttilega á að með aukinni tækni gefst kostur á mjög auknum sveigjanleika á vinnumarkaði. Fólk er farið að geta unnið mikið heima hjá sér sem það þurfti áður fyrr að stimpla sig inn í fyrirtækjum til að gera. Einnig má benda á að mikilvægi samverustunda foreldra með börnum er seint ofmetið og kemur það inn í umræðuna sem verið hefur í þingsalnum um agamálin og uppeldismálin, bæði í gær og í dag. Stimpilklukkan, það ágæta tæki sem dugað hefur 20. öldinni ágætlega, ætti smám saman að vera útlæg ger og áherslan á verkefnatengda vinnu en ekki dauða viðveru í fyrirtækjum þar sem slíks gerist ekki þörf, ætti að verða meiri. Ég þakka þessa umræðu og tel að hún sé brýn og vona að þessi tillaga hljóti framgang.

[16:37]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær undirtektir sem tillagan hefur fengið. Ég legg til að henni verði vísað til félmn. og síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kortlagning ósnortinna víðerna á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. KH og GGuðbj, 327. mál. — Þskj. 404.

[16:38]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um kortlagningu ósnortinna víðerna á Íslandi, sem er eins og hæstv. forseti hefur þegar tilkynnt, 327. mál þessa þings á þskj. 404. Auk mín flytur þetta mál hv. þingkona Guðný Guðbjörnsdóttir. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kortleggja ósnortin víðerni á Íslandi. Gerð verði áætlun um verkefnið, umfang þess og kostnað, og nauðsynleg framlög mörkuð í fjárlögum."

Eins og glöggir þingmenn hafa eflaust áttað sig á er um nokkurs konar framhaldssögu að ræða. Ég minni á að vorið 1997 ályktaði Alþingi að fela umhvrh. að móta stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna landsins og samþykkti þar með tillögu þá sem þingkonur Kvennalistans lögðu fram um þetta efni og að stofnaður yrði starfshópur sem fengi það hlutverk að skilgreina hugtakið ósnortið víðerni en þetta hugtak var þá komið í almenna notkun, ef svo má að orði komast, m.a. í umfjöllun um störf nefndar um skipulag miðhálendis Íslands. Þegar spurt var og eftir leitað hvað átt væri við með þessu hugtaki varð fátt um svör og þess vegna þótti okkur brýnt að fá hugtakið skilgreint. Starfshópurinn skilaði niðurstöðu í febrúar 1998 og hún er birt sem fskj. ásamt greinargerð og nánari skýringum sem ég hvet þingmenn til að kynna sér. Það kom í hlut þeirrar sem hér stendur að stýra þessu verki en nefndina skipuðu hinir mætustu menn sem eru taldir upp í greinargerðinni.

Haldi menn að þetta hafi verið einfalt verk, þá reyndist það hreint ekki svo. Verkefnið var mjög skemmtilegt, það bauð upp á miklar athuganir og umræður enda ljóst að í raun er vart lófastór blettur á þessu landi sem getur talist ósnortinn nema þá helst þegar hann er hulinn nýföllnum snjó. Það er því óhugsandi að notað orðið „ósnortið" bókstaflega í þessu samhengi, heldur verður að taka tillit til núverandi ástands landsins þar sem beinna og óbeinna áhrifa meira en 1100 ára byggðar gætir um allt land. Það varð þó niðurstaða nefndarmanna að halda þessu orði og þessu hugtaki sem þegar hafði áunnið sér nokkurn sess.

Niðurstaða starfshópsins var sú að skilgreina hugtakið „ósnortið víðerni" svo að það væri landsvæði þar sem ekki

gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa, sem er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum og sem er a.m.k. 25 ferkílómetrar að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu. Þetta var sem sagt skilgreiningin en í greinargerð koma fram þau skilyrði sem við ákváðum að yrðu að vera fyrir hendi til þess að þessi skilgreining gæti átt við og markmið með varðveislu ósnortinna víðerna, svo og leiðir sem næstu skref í afmörkun og verndun ósnortinna víðerna auk nánari skýringa um það hvað má og hvað ekki innan ósnortins víðernis.

Í tillögunni um varðveislu ósnortinna víðerna sem fyrrgreind ályktun Alþingis byggðist á var ekki aðeins kveðið á um skilgreiningu hugtaksins og mótun stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna heldur var þar einnig gert ráð fyrir að slík svæði yrðu kortlögð. Sá þáttur tillögunnar var felldur brott í meðförum þingnefndar, fyrst og fremst vegna kostnaðar við slíkt verk. Þess skal getið að í tengslum við störf skilgreiningarhópsins var unnið gróft yfirlitskort sem gefur vísbendingar um þau svæði sem talist gætu ósnortin víðerni samkvæmt tillögu starfshópsins. Það kort er mjög athyglisvert og gefur til kynna að það eru býsna stór svæði sem geta fallið undir þessa skilgreiningu hvernig svo sem menn vilja svo vinna úr því efni. En það er ætlan okkar sem leggjum tillöguna fram að ekki verði hjá því komist að kortleggja þessi svæði nákvæmlega og þá með það fyrir augum að styrkja varðveislu þeirra og leggja grunn að nýtingu þeirra sem mikilvægs þáttar í ímynd Íslands. Sérstaða landsins felst fyrst og fremst í einstæðri náttúru og því hve strjálbýlt landið er og stórir hlutar þess enn óbyggðir og lausir við mannvirki og rask. Þessi sérstaða er einn stærsti þátturinn í þeirri ímynd sem flestir vilja að landið hafi og sem er í æ ríkari mæli notuð sem grunnur undir uppbyggingu og eflingu atvinnuvega. Má þar nefna bæði ferðaþjónustu og matvælavinnslu en í rauninni mætti nýta þessa sérstöðu á miklu víðtækari og markvissari hátt. En ég vil leggja áherslu á að með því er alls ekki verið að tala um að fylla þessi ósnortnu svæði af ferðamönnum heldur að benda á þann stóra þátt sem þau eiga í ímynd lands og þjóðar. Nýlegar rannsóknir benda til að þessir möguleikar séu vannýttir og helsta ástæðan gæti einmitt verið sú að ímyndin er ekki nægilega afmörkuð og skilgreind. Stórbrotið landslag, sérstæð náttúra og hreinleiki er engan veginn jafneinfalt og augljóst ímyndarmerki og t.d. Frelsisstyttan í New York eða Eiffelturninn í París sem allir tengja umsvifalaust við viðkomandi lönd. Öðru máli gegndi t.d. um „stærsta ósnortna víðerni í Evrópu“ sem flestir telja að sé að finna hér á landi. Hins vegar skortir skjalfestan grunn undir slíka fullyrðingu og er tillagan leið til þess að bæta úr því.

Að lokinni umræðunni legg ég til, herra forseti, að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. umhvn.

[16:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ósnortin víðerni eru landsvæði þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins samkvæmt skilgreiningu og maður spyr sig: Hvað með göngustíga sem eru lagðir um fjöll og firnindi? Hvað með tröppur sem eru lagðar í fjöll eins og í Þórsmörk?

Ég tel að mesti óvinur ósnortinna víðerna séu ferðamenn en ekki virkjanir, þ.e. sú mengun sem fylgir ferðamönnum, bæði sem einstaklingum og svo þeim farartækjum sem þeir nota. Ég vil bara benda hv. þingmönnum á að fara í Þórsmörk um helgi og sjá alla jeppamergðina sem þar er. Það er eins og í miðborg Reykjavíkur. Það er búið að reisa þorp í Húsadal. Það eru tröppur upp Valahnúk. Þetta eru ekki ósnortin víðerni fyrir tíu aura. Það ganga rútur í Dimmuborgir, heilu flotarnir, þannig að virkileg sjónmengun er að. Ég held að mesti óvinur ósnortinna víðerna séu ferðamennirnir og það þarf virkilega að fara að huga að því hvernig við gætum viðkvæmra náttúruperlna fyrir þeim ósköpum sem hellast yfir þær.

Á móti þessu stendur spurningin um það hvort það eigi að vera forréttindi þeirra sem geta gengið um landið að njóta þess. Hvað með öryrkja og hvað með veikburða fólk og hvað með þá sem ekki eru í góðu líkamlegu formi? Þarf ekki að leggja vegi um hálendið til þess að þeir geti notið þessara náttúruperlna? Þetta hefur ekkert verið rætt. Menn hafa takmarkað aðgang að náttúruperlunum við jeppaeign, t.d. Þórsmörk. Menn hafa takmarkað aðgang við að menn geti gengið. Ég spyr: Hvernig er með aðgang öryrkja og veikburða fólks? Ég held að hugtakið „ósnortin víðerni“ sé mótsögn í sjálfu sér.

[16:48]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir áhuga hans á ósnortnum víðernum. Ég get náttúrlega ekki annað en mótmælt þeirri fullyrðingu að verstu óvinir ósnortinna víðerna séu ferðamenn en ekki virkjanir. Ástæðan fyrir því að ég mótmæli því er sú að það er þó yfirleitt hægt að afmá ummerki eftir ferðamenn en ekki eftir virkjanir. Ef reistar eru virkjanir og lagðar línur, þá er mjög erfitt að afmá þau ummerki. Ef hv. þm. gerði sér það ómak að kynna sér það sem fram kemur í fylgiskjalinu um niðurstöðu starfshópsins og í greinargerð og nánari skýringum, þá koma þar m.a. fram nánari skýringar á því hvað má og hvað má ekki innan ósnortins víðernis, með leyfi forseta:

„Mannvirki, sem leyfð eru innan ósnortinna víðerna, skulu vera þannig gerð að mögulegt sé að fjarlægja þau og afmá ummerki eftir þau“ o.s.frv.

Ég vona að hv. þm. gefi sér tíma til að lesa þetta og velta því fyrir sér hvað hér er á ferðinni. Það er alveg rétt, og ég held að ég hafi komið að í máli mínu áðan, að ekki er hægt að finna neinn blett á Íslandi sem getur talist gjörsamlega ósnortinn. En viðfangsefni þessarar nefndar var að reyna að ná utan um það hvernig við vildum skilgreina þetta, móta afstöðu og gera tilraun til þess að nálgast það hvernig við getum varðveitt þessi landsvæði sem eru okkur ákaflega mikilvæg. Þetta hefur verið gert í öðrum löndum og þetta eru mjög líkar skilgreiningar og notaðar eru víða, t.d. í Bandaríkjunum, en Bandaríkjamenn hafa tekið ákveðið frumkvæði í þessum efnum og eiga sér langa sögu að baki í varðveislu ósnortinna víðerna. Við litum líka til þess hvernig skilgreiningar hafa verið mótaðar og eftir þeim farið í Noregi. Þetta er sem sagt mjög líkt því hvernig þeir hafa nálgast þetta verkefni. Tilgangurinn er auðvitað ekki að hefta för manna um þessi svæði heldur að reyna að móta reglur sem tryggja að þessi svæði eyðileggist ekki og verði ekki manngerð eins og við segjum.

Hvað varðar það sem hv. þm. sagði um aðgengi að þessum stöðum þá er ég ekki þeirrar skoðunar að það sé markmið í sjálfu sér að hver einasta manneskja geti komist á hvern einasta blett á Íslandi. Sem betur fer er landið okkar stórt og víða er hægt að fara um það hvernig svo sem aðstæður eru. En ég held að við værum að ganga ansi langt ef við ætluðum að tryggja það að það að allir geti komist á alla staði á Íslandi. Það held ég að gæti ekki verið markmið í sjálfu sér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 470. mál. — Þskj. 775.

[16:52]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu sem ég flyt ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og Lúðvíki Bergvinssyni. Efni tillögunnar er að fela fjármálaráðherra að láta fara fram heildarendurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu með það að markmiði að jafnræðis sé gætt í slíkum greiðslum milli kynja og að virt séu ákvæði jafnréttislaga í því efni.

Við þekkjum það hér í þingsölum að af og til tökum við umræður um það launamisrétti sem ríkir hér á landi og þrátt fyrir ítarlegar lagasetningar aftur og aftur í gegnum árin virðist lítið hafa þokast í þessum málum. Margoft hefur verið bent á það í þingsal að ýmsar hlunnindagreiðslur, bifreiðastyrkir og fríðindi séu notuð til að viðhalda þessu launamisrétti og hygla frekar körlum en konum.

Aðdragandi eða forsaga þessarar tillögu er sú að í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn minni bílastyrki og stöður í bankakerfinu fyrir um ári síðan kom fram að mjög hallaði á konur í yfirmannastöðum innan bankakerfisins. Auk þess kom skýrt fram að kerfi fastra bílastyrkja væri notað til að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum, sérstaklega innan Landsbankans og Búnaðarbankans.

Með leyfi forseta, vil ég aðeins rifja upp tvö, þrjú atriði úr því svari. Þar kom fram að af 70 æðstu yfirmönnum í Landsbanka Íslands voru aðeins níu konur eða um 13%. Það kom fram að Landsbankinn greiddi fasta bílastyrki til æðstu yfirmanna að meðaltali um 610 þús. kr á ári til hvers karlmanns en um 320 þús. kr. til konu í sambærilegri stöðu. Það kom fram varðandi Landsbankann einnig að konur í ábyrgðarstöðum þar fengju aðeins um 50% af bílastyrk karla í sambærilegum stöðum. Og það sem mér þótti líka hvað athyglisverðast var að meiri hluti skrifstofustjóra í Búnaðarbankanum eru konur en fastur bílastyrkur þeirra væri einungis um 60% af föstum bílastyrk karla sem væru skrifstofustjórar.

Þingflokkur jafnaðarmanna sá ástæðu til þess í kjölfar þessara svara frá viðskrh. að fara þess á leit við Jafnréttisráð að kannað yrði hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum og Samband íslenskra bankamanna gerði slíkt hið sama.

Kærunefnd jafnréttismála fjallaði um þetta mál og var niðurstaða nefndarinnar lögð fram fyrir nokkru síðan. Varð niðurstaða kærunefndar sú að afgerandi munur væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan Landsbankans og Búnaðarbankans sem bryti í bága við jafnréttislög. Ég hef haldið því fram að það megi ætla að þessi úrskurður geti haft fordæmisgildi fyrir aðrar ríkisstofnanir og að full ástæða væri til þess að á vegum fjmrn. færi fram gagnger endurskoðun innan alls ríkiskerfisins á bifreiðastyrkjum og nefndaþóknunum hjá ríkinu. Þetta rökstyð ég með því, herra forseti, að ég fékk frá fjmrn. greiðslur á bílastyrkjum innan B-hluta ríkisstofnana sem eru á milli 20 og 30. Þar kom fram að 829 starfsmenn fengu greiðslur vegna aksturs, þ.e. bílastyrkja og lokaðra aksturssamninga, þar af 555 karlar og 274 konur. Samtals numu þessar greiðslur tæplega 80 millj. kr. Karlar fengu tæplega 71 millj. af greiðslunum en konur rúmlega 9 millj. Þegar litið er til bílastyrkja en ekki lokaðra aksturssamninga, þá vakti sérstaka athygli mína að af um 74 millj. kr. greiðslum fengu 487 karlar tæplega 66 millj. en 265 konur rúmlega 8 millj. Meðalbifreiðastyrkur karla var því rúmlega 135 þús. kr. á árinu 1996 á meðan meðalgreiðslur til kvenna voru rúmar 30 þús. kr.

Einnig kom fram mikill og afgerandi munur á greiðslum til kynjanna vegna fastra nefndalauna og þóknana sem að mínu mati kallar á skýringu. 83% þessara greiðslna runnu til karla en 17% til kvenna.

Herra forseti. Ég tel miðað við þessar upplýsingar sem liggja fyrir og miðað við niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála, að full ástæða sé til að fram fari gagnger skoðun á þessu neðanjarðarkerfi launamála hjá hinu opinbera til að koma í veg fyrir að bílastyrkir og hvers konar duldar greiðslur og fríðindi séu notuð til þess að viðhalda launamisrétti kynjanna. Það kemur auðvitað úr hörðustu átt ef ríkisvaldið, sem hefur fyrst og fremst þær skyldur í jafnréttismálum að stuðla að því að jafnréttislög séu ekki brotin, sýnir ekki gott fordæmi fyrir almennan vinnumarkað.

Herra forseti. Ég tel að svo verði að líta á niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála að um tímamótaúrskurð sé að ræða sem styður það sem lengi hefur verið haldið fram að hið opinbera noti þessar duldu greiðslur og fríðindi óeðlilega þannig að það gengur þvert á jafnréttislögin. Við því verður að sporna því að ríkisvaldið hefur fyrst og fremst þær skyldur í jafnréttismálum að stuðla að því að jafnréttislög séu ekki brotin og sýna þar með gott fordæmi fyrir almennan vinnumarkað.

Það hefði verið mjög æskilegt, herra forseti, að hæstv. bankamálaráðherra hefði verið viðstaddur þessa umræðu vegna þess að mér er það mjög í mun að þessari niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála sé fylgt fast eftir og að unnið sé að því innan Landsbankans og Búnaðarbankans að leiðrétta þann mun sem kærunefnd jafnréttismála komst að að væri á bifreiðastyrkjum sem brytu í bága við jafnréttislög. Síðast þegar ég heyrði af þessu máli var Búnaðarbankinn með tilburði uppi að mótmæla þessari niðurstöðu og síðan hefur ekkert heyrst um framgang þessa máls. Það hlýtur að vera meginmarkmiðið að því sé fylgt fast eftir af bankaráðum þessara stofnana að þetta sé leiðrétt og ef það er ekki gert af bankastjórn eða bankaráðum, þá komi til kasta bankamálaráðherra að fylgja því eftir að þessi lög séu virt. Þar sem hæstv. viðskiptaráðherra er ekki viðstaddur þessa umræðu — og hann er væntanlega ekki í húsinu — þá skal ég ekki gera kröfu til þess að hann verði viðstaddur en mun leggja fram fyrirspurn til hæstv. viðskrh. á næstu dögum þannig að við getum fengið vitneskju um það hér í þinginu hvað

af þessu máli hefur orðið vegna þess að það er óviðunandi með öllu að kærunefnd jafnréttismála leggi mikla vinnu í að koma fram með sína úrskurði og síðan séu þeir bara svæfðir einhvers staðar í kerfinu eða hjá opinberum stofnunum. Það er mikilvægt, herra forseti, að ríkisstjórn og Alþingi geri allt sem í þeirra valdi stendur til þess að uppræta launamisrétti og því mun ég fylgja þessu máli eftir með fyrirspurn á hv. Alþingi til hæstv. viðskrh. um hvernig þessu máli reiðir af í bankakerfinu, þ.e. að leiðrétta það launamisrétti sem þarna hefur komið í ljós.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til skoðunar og umfjöllunar í allshn. og til síðari umr. Ég legg áherslu á að málið fái jákvæða umfjöllun. Mér finnst það reyndar, herra forseti, vera skylda ríkisvaldsins að leggja sitt af mörkum til þess að fá fram það rétta í þessu máli, hvort svo sé að kerfi fastra bílastyrkja og ýmiss konar hlunnindagreiðslna og fríðinda sé notað til þess að hygla sérstaklega körlum í ríkiskerfinu. Það á auðvitað ekki að viðgangast, herra forseti.

[17:01]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka 1. flm. þessarar till. til þál. um endurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, kærlega fyrir tillöguna. Þetta mál sýnir mjög vel annars vegar hvað það er fáránlegt að við skulum vera að ræða allan þennan fjölda góðra mála í dag án þess að ráðherrar eða fleiri þingmenn taki þátt og hins vegar hvað staða jafnréttismála er í raun og veru slök miðað við núgildandi lög. Hver úrskurðurinn á fætur öðrum liggur fyrir frá kærunefnd jafnréttismála en síðan gerist ekkert. Þó að bent sé á skýr lagabrot fréttist ekkert meira af málunum. Það er alveg með ólíkindum hvernig þessum málum er háttað. Sem betur fer eru að koma eða eru komin inn í þingið ný jafnréttislög en þetta er mjög gott dæmi um ástandið í jafnréttismálum. Það er lögð mikil vinna í að sýna fram á að það eigi sér stað brot á jafnréttislögum en síðan bara stoppar allt án þess að nokkuð gerist.

Herra forseti. Launamisrétti kynjanna hefur mjög oft komið til umræðu á þessu þingi og í þjóðfélaginu og þrátt fyrir að bent sé á að yfirleitt séu launataxtar ekki kynbundnir þó að það sé kannski erfitt að segja það þegar um er að ræða kynbundin störf. En ein ástæðan fyrir því að launamisrétti kynjanna er svona mikið, launamunur kynjanna eða kjaramunur, er einmitt þessar sporslur svokallaðar, þ.e. yfirvinnugreiðslur, bílahlunnindi og önnur hlunnindi. Þær upplýsingar sem koma fram á þessu þskj. eru náttúrlega svo sláandi að fyllsta ástæða er til að taka á þessu í ríkiskerfinu yfirleitt. Hér er fyrst og fremst verið að ræða um bankakerfið og þær niðurstöður sem þar koma fram eru mjög sláandi, þær tölur sem þar birtast, bæði um ástand jafnréttismála innan bankanna og einnig að þessir bílastyrkir eru yfirleitt mun hærri til karla en kvenna í sambærilegum stöðum. Það er með ólíkindum að þetta skuli viðgangast í þessum stofnunum og væri fróðlegt að vita hvernig þetta er í ríkiskerfinu almennt. Þess vegna styð ég eindregið að tillagan verði samþykkt og gerð verði úttekt á þessu í öllu ríkiskerfinu eins og hér er lagt til.

Ég tek undir með 1. flm. og harma það mjög að jafnréttisráðherra skuli ekki vera viðstaddur í dag til að svara fyrir um hvað varð um þessa niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála sem sýndi alveg ótvírætt að um brot á jafnréttislögum er að ræða. Það verður að koma til mun skýrara ákvæði um sektir eða hvernig á að fylgja slíkum úrskurðum eftir því að það gengur ekki að hafa málin í þeim farvegi sem þau eru.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Frv. ÁRJ, 465. mál. — Þskj. 767.

[17:06]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986. Frumvarpið, sem er á þskj. 767 og er 465. mál þingsins, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.

b. 2. mgr. hljóðar svo: Bankastjóri Seðlabankans stýrir daglegum rekstri bankans. Ráðherra skipar bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjóri skal skipaður til fimm ára í senn, en þó skal gæta reglna um hámarksaldur starfsmanna ríkisins.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þar til skipunartíma annars af tveimur núverandi bankastjórum lýkur skulu bankastjórar vera tveir og þeir skipa bankastjórn. Skulu þeir koma sér saman um formennsku í bankastjórninni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Nú hefur stóll bankastjóra við Seðlabanka Íslands verið laus um margra mánaða skeið án þess að staðan hafi verið auglýst. Hefur rekstur bankans síður en svo gengið verr þótt eigi sé fyllt lögmælt tala bankastjóra. Það hlýtur líka að vera fjarstæða að hér á landi þurfi fleiri en einn bankastjóra til þess að stýra daglegum rekstri Seðlabankans og má til samanburðar nefna að í Bandaríkjunum og í Bretlandi nægir einn bankastjóri til þess að stýra margfalt umfangsmeiri rekstri, enda hefur það einnig verið þróunin í nágrannalöndum okkar að bankastjórum hefur verið fækkað og þar er einn aðalbankastjóri þar sem slíkur rekstur hefur verið tekinn upp. Því er hér lagt til að sú bankastjórastaða sem nú er laus verði ekki fyllt og fækkað verði um einn bankastjóra þegar skipunartími seðlabankastjóra rennur næst út, en þeir eru nú skipaðir til fimm ára eins og kunnugt er.

Í 1. mgr. 22. gr. laga um Seðlabanka Íslands er fjallað um bankastjórn þriggja bankastjóra. Ákvæðið hefur ekki þýðingu þegar bankastjóri er orðinn einn, en um bráðabirgðaástand er fjallað í 2. gr. frumvarpsins. Lögð er til sú breyting á 2. mgr. 22. gr. að bankastjóri skuli vera einn og lagt er til að hann verði skipaður með sama hætti og verið hefur.

Ákvæði til bráðabirgða er ætlað að taka á því ástandi sem nú er, þ.e. að við bankann starfa tveir bankastjórar. Þeir hafa hins vegar verið skipaðir til fimm ára og er því einfalt að koma tölu bankastjóra í endanlegt horf þegar skipunartími seðlabankastjóra rennur næst út. Nokkrar umræður urðu um það á síðasta ári hvort ákvæði um hámarksaldur starfsmanna

ríkisins ætti við um seðlabankastjóra og því er það ótvírætt tekið fram að svo sé eins og niðurstaðan varð í umræddu tilviki. Þess ber þá að gæta við skipun bankastjóra þannig að 68 ára einstaklingur yrði aðeins skipaður til 70 ára aldurs að óbreyttum hámarksaldri starfsmanna.

Hér er sem sagt lagt til að það verði einn bankastjóri við Seðlabanka Íslands. Það er eins og þróunin hefur verið í öðrum bönkum. Nú er orðinn einn bankastjóri við Landsbankann. Það er einn bankastjóri hjá Íslandsbanka og án efa verður það þróunin einnig í öðrum bönkum, t.d. í Búnaðarbankanum, þótt það sé ekki orðið enn þá.

Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og til efh.- og viðskn.

[17:10]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Þetta er gott frv. sem hér hefur verið lagt fram um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, um að bankastjóri Seðlabankans verði einn í stað þeirra þriggja sem eiga að gegna því starfi eins og staðan er í dag.

Seðlabankinn í hverju þjóðfélagi fyrir sig gegnir afar mikilvægu aðhaldshlutverki. Eitt helsta hlutverk hans er að sjá um peningamagn í umferð og að verðbólgu sé haldið í skefjum og vissulega að veita stjórnvöldum ráðgjöf um efnahagsmál og vera ákveðið mótvægi við oft aðgerðaglaða stjórnmálamenn sem sjást kannski ekki alveg fyrir í sínum verkum.

Ég tel að þessi breyting á lögum um Seðlabankann gæti orðið til þess að skerpa á stöðu bankans og ímynd hans og styrkja stöðu hans gagnvart stjórnvöldum. Það er afar mikilvægt að sjálfstæði hans sé styrkt. Aðeins þannig getur sinnt því mikilvæga hlutverki sem ég nefndi áðan.

Ég vil einnig leggja það inn í þessa umræðu að það er mjög mikilvægt að í þessum stóli sitji maður sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á efnahagsmálum og menntun við hæfi en ekki að þessi bankastjórastóll verði einhvers konar þægilegur starfslokasamningur við gamla stjórnmálamenn.

[17:12]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 15. þm. Reykv., Magnúsi Árna Magnússyni, fyrir þetta innlegg sem var mjög þarft í umræðuna. Það er rétt sem hann kom fram með að þegar einn bankastjóri væri orðinn hjá Seðlabankanum vegna þess hversu hlutverk bankans er mikilvægt, þá þarf auðvitað að ráða slíkan seðlabankastjóra á öðrum forsendum. Það þyrfti sjálfsagt að gera frekari endurskoðun á lögum um Seðlabankann. En hér er mjög einfalt mál á ferðinni, einfalt frv. sem ætti að vera hægt að koma í framkvæmd á einfaldan og skjótan hátt. Ég sakna þess, herra forseti, að hæstv. bankamálaráðherra skuli ekki sinna því að vera hér við þessa umræðu. Bæði var verið að ræða mikilvægt mál áðan um jafnréttismálin og stöðu kvenna í bankakerfinu og nú er mikilvægt mál á ferð þar sem er fækkun bankastjóra í Seðlabankanum þannig að ég harma það að hæstv. ráðherra skuli ekki sjá sér fært að vera hér viðstaddur umræðuna og hefði talið að þetta hefði verið í hans anda að fækka á þessum stað samanber fækkun bankastjóra í Landsbankanum. Því miður, hér sýnir sig enginn ráðherra í allri þessari umræðu nú seinni partinn og er það leitt að ráðherrar skuli ekki hafa áhuga á því að kynna sér hvað hér er á ferðinni því um er að ræða mörg mikilvæg mál. En það þýðir lítið að harma það mikið. Þeir sinna þessu ekki. Ég vonast engu að síður til að efh.- og viðskn. taki á þessu máli og komi því í gegnum nefndina fyrir þinglok því að ég tel að þetta sé mikið þjóðþrifamál og í anda ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppsögn af hálfu atvinnurekanda, fyrri umr.

Þáltill. BH og RG, 124. mál. — Þskj. 124.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn á ofbeldi gegn börnum, fyrri umr.

Þáltill. KÁ, 496. mál. — Þskj. 806.

[17:14]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um rannsókn á ofbeldi gegn börnum.

Á síðasta þingi flutti ég fyrirspurn um ofbeldi gegn börnum og skemmst frá því að segja að svarið leiddi í ljós allskelfilegar tölur. Þegar nánar var að gáð kom í ljós að skráningu hafði verið mjög ábótavant og því voru tölurnar ekki eins skelfilegar og virtist í fyrstu og tilvik stundum tvítalin. En þær voru nógu slæmar samt. Það er skoðun mín að mikil þörf sé á því að rannsaka ofbeldi sem börn eru beitt á mjög víðum grundvelli. Hér hafa farið fram rannsóknir á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og gripið hefur verið til aðgerða til þess að bæta nokkuð úr gagnvart þolendum þess með stofnun Barnahússins en það eru fleiri tegundir ofbeldis sem þarf að rannsaka. Þar á ég við ofbeldi á heimilum, þ.e. annað ofbeldi en kynferðislegt, ofbeldi í skólum, þar með taldir leikskólar, ofbeldi á götum úti, á skólalóðum og víðar, ofbeldi sem börn verða fyrir.

Slíkar rannsóknir hafa verið gerðar í öðrum löndum og því miður hafa niðurstöður leitt ýmislegt skelfilegt í ljós. Við erum að ræða um hluti sem eru býsna duldir eða hafa kannski ekki verið teknir nógu alvarlega.

Komið hefur í ljós að þau tilvik sem koma upp þar sem ofbeldi á í hlut eru býsna mörg og í greinargerðinni er greint frá þeirri könnun sem gerð var á kynferðislegu ofbeldi og í rauninni eru þær tölur alveg skelfilegar. Nýlega bárust fréttir af því að þeir sem leitað hafa aðstoðar Barnahússins hafa verið miklu fleiri en ráð var fyrir gert þannig að það er oft svo að þegar rannsókn er gerð og gripið til aðgerða, þá opnast leið og málin koma upp á yfirborðið.

Að mínum dómi er ofbeldi gagnvart börnum með því skelfilegasta sem hægt er að hugsa sér og það að lítil börn skuli lifa í ótta bæði við önnur börn og fullorðna er aldeilis hræðilegt og þarf að grípa til aðgerða.

Eftir að þessi tillaga kom fram hef ég fengið nokkur viðbrögð, m.a. frá kennurum sem segja mér að ofbeldi í skólum sé miklu meira og duldara en menn vilja viðurkenna eða menn gera sér grein fyrir og að því miður séu málin látin dankast ansi mikið þar, það vanti skilning á því hvað ber að gera og farveg þegar slíkt ofbeldi á í hlut. Því er það tillaga mín að fram fari rannsókn á hvers kyns ofbeldi gegn börnum,

að hér verði farin sama leið og farin var þegar rannsóknin var gerð á ofbeldi gegn konum, þ.e. heimilisofbeldi, fram fari rannsókn og greining á umfangi og afleiðingum hvers kyns ofbeldis gegn börnum. Lögð verði fram skýrsla á Alþingi og síðan verði unnið á grundvelli hennar að frekari tillögum um það til hvaða aðgerða skuli gripið.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. félmn. og til síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fæðingarorlof, 1. umr.

Frv. GGuðbj og KH, 369. mál. — Þskj. 573.

[17:19]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um fæðingarorlof. Flutningsmaður auk mín er hv. þm. Kristín Halldórsdóttir.

Þetta er annað þingið í röð sem við flytjum þetta frv. en um er að ræða frv. sem Kvennalistinn hefur lagt mjög mikla áherslu á og gerði landsfundarsamþykkt um. Ég tel að um mjög vandað frv. sé að ræða og mikil synd að ekki skuli vera meiri tími til umræðu og skoðanaskipta um þetta mikilvæga mál en eins og margir vita hefur lenging á fæðingarorlofi verið mikið til umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum missirum og útlit fyrir að það verði eitt af kosningamálunum nú í vor.

Í frv. eru lagðar til breytingar á tvennum lögum, þ.e. annars vegar breytingar á lögum um fæðingarorlof frá 1987 og hins vegar breytingar á lögum um almannatryggingar frá 1993. Ég ætla tímans vegna ekki að fara nákvæmlega í efnisgreinarnar heldur aðeins að tæpa á því helsta en það hefur verið samþykkt að hafa mjög stutt mál í dag. Samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til að foreldrar eigi rétt á fæðingarorlofi í allt að 12 mánuði vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur og að foreldrar geti tekið hluta fæðingarorlofs með hlutastarfi og lengist þá orlofið í hlutfalli við vinnu.

Í 3. gr. frv. er lagt til að foreldrar skuli fá greidd full laun í fæðingarorlofi. Þetta er mjög mikið nýmæli þó að það eigi við ríkisstarfsmenn núna — reyndar er það svolítið mismunandi hvernig full laun eru skilgreind í kjarasamningum þeirra — en þetta er ein ástæðan fyrir því að mjög erfitt hefur verið fyrir feður að taka fæðingarorlof. Ef þeir eru á almennum vinnumarkaði hafa þeir yfirleitt verið háðir greiðslum frá Tryggingastofnun og þá verður fjölskyldan fyrir mjög miklum tekjumissi.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að þetta 12 mánaða fæðingarorlof sem báðir foreldrar geta tekið og skipt með sér þannig að feður eigi sjálfstæðan rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs en geti tekið allt að sex mánuði verði komið í framkvæmd að fullu árið 2003, þ.e. að framkvæmdin komi til í áföngum.

Í II. kafla er fjallað um breytingar á almannatryggingalögunum. Þar eru annars vegar nauðsynlegar lagfæringar, sex mánuðir breytast í 12 og ákveði af því tagi. En í 7. gr. frv. er sérstaklega kveðið á um nýja grein, 16. gr. a sem fjallar um fæðingarorlofssjóð og mig langar, herra forseti, að fara nákvæmlega í það atriði því ég tel að það sé eitt af merkum nýmælum þessa frv. að kveðið er á um breytta aðferð við greiðslu á fæðingarorlofi sem ég tel að geti skipt sköpum. Ekki eingöngu varðandi jafnrétti mæðra og feðra til töku fæðingarorlofs heldur muni það einnig ef þetta yrði raunin styrkja konur verulega á vinnumarkaði því að því miður er það oft notað gegn þeim ef þær eru á barneignaaldri, þær eru jafnvel oft spurðar þegar þær eru ráðnar í störf hvort þær fyrirhugi barneignir. Í þessari grein stendur:

„Fæðingarorlofssjóður.

a. Stofna skal sérstakan sjóð, fæðingarorlofssjóð, sem varðveita skal hjá Tryggingastofnun ríkisins. Foreldrar, sem leggja niður launuð störf í fæðingarorlofi, eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum samkvæmt þessari grein."

Það mætti líka hafa það þannig að foreldrar fengju greiðslur frá atvinnurekanda sínum sem síðar fengi endurgreiðslu úr sjóðnum.

Í b-lið stendur:

„Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði til foreldra í fæðingarorlofi skulu nema fjárhæð sem samsvarar heildarlaunum þeirra samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur." — Þarna er ráðherra gefið það vald að skilgreina hvort full þaun eru bara dagvinnulaun eða hvort það er einnig yfirvinna eða yfirvinna og bílagreiðslur o.s.frv. þannig að gera má ráð fyrir að þarna yrði að eiga sér stað einhver þróun sem gæti breyst með tímanum.

Í c-lið stendur:

„Greiðslur úr fæðingarorlofssjóði greiðast úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur."

Og d-liður er svohljóðandi:

„Útgjöld lífeyristrygginga vegna greiðslna úr fæðingarorlofssjóði skulu greidd af framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga."

Þarna er gert ráð fyrir að tryggingagjald hækki. Ekki er nákvæmlega útreiknað í greinargerðinni hvað það yrði mikið en þegar þetta verður komið til fullnaðarframkvæmda er þetta dýr aðgerð, getur kostað um 3 milljarða eða svo. En þetta er svo mikilvæg réttindaspurning fyrir íslenska foreldra að það hlýtur að koma að því að þjóðfélagið taki á þessu máli.

Í greinargerðinni er ítarlegt yfirlit yfir þróun fæðingarorlofsmála á Íslandi, allt frá því á árinu 1974 þegar litið var á barnsburð sem atvinnuleysi og yfir 1980 þegar greiðslur færðust til Tryggingastofnunar. Það sem er mjög sláandi við þessa sögu, og ég hef ekki tíma til þess að rekja, er að settar hafa verið á laggirnar mjög margar nefndir gegnum tíðina til þess að taka á þessum málum og Kvennalistinn hefur margoft átt frumkvæði að því að flytja frv. í þinginu. Þá er oft sem breytingar komi hægt og oftar en ekki er ágreiningur um greiðslur það mikill að það gerist ekkert í raun. Það virðist vera annars vegar ágreiningur um hvort beri að líta á fæðingarorlof sem einhvers konar atvinnutengd réttindi eða hvort þetta séu sjúkratryggingar og eigi þá við alla óháð atvinnuþátttöku.

Það sem ég vil sérstaklega ítreka og er nýtt í þessu frv. er að gert er ráð fyrir að feður fái þriggja mánaða sérstakan rétt til fæðingarorlofs, þ.e. sem er óháður réttindum móður og falli því niður ef þeir taka hann ekki, en samkvæmt frv. geta þó feður tekið allt að sex mánuðum eins og mæður. Mæður geta reyndar tekið allt að níu mánuðum. En það er mjög sláandi miðað við reynsluna á Norðurlöndunum að feður

virðast helst taka þessar greiðslur ef um full laun er að ræða og rétturinn fellur niður ef þeir taka hann ekki. Þess vegna er fyllsta ástæða til þess að hafa hvatningu af þessu tagi í frv.

Þess má geta að feður á Íslandi hafa núna ekki neinn sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs fyrir utan þessar tvær vikur sem nýlega er búið að samþykkja og á síðustu 11 mánuðum hafa um 1.100 feður nýtt sér þennan sjálfstæða rétt til töku 14 daga fæðingarorlofs. Það sýnir að feður hafa mikinn áhuga á þessu og er vonandi að svo verði einnig ef frv. af þessu tagi nær fram að ganga.

En áherslan á að fólk fái full laun er mjög mikilvæg, ekki síst til þess að tryggja að feður taki einnig fæðingarorlof, þ.e. það kemur í ljós að ef feður fara á greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, sem eru oft mun lægri en tekjur þeirra og oft líka mun lægri en tekjur mæðra, þá tekur sá aðilinn fæðingarorlofið sem lægri hefur tekjurnar og þetta misrétti er mjög brýnt að leiðrétta.

Það er sannfæring mín, herra forseti, að það fyrirkomulag sem hér er lagt til á greiðslum, þ.e. að til komi sérstakur fæðingarorlofssjóður, sé mjög gott og sérstakt og ég hef rætt það við ýmsa atvinnurekendur, ekki síst atvinnurekendur kvennavinnustaða sem hafa einmitt sagt að ef allar konurnar á vinnustað þeirra mundu eignast börn með stuttu millibili, þá mundi fyrirtækið hreinlega þurfa að leggja upp laupana. Núna er fyrirkomulagið þannig að atvinnurekendur greiða bara ákveðið hlutfall, tryggingagjald, af öllu starfsfólki sínu samkvæmt þessum tillögum og þá skiptir ekki máli fyrir vinnustaðinn hvort þar vinna eingöngu karlar eða eingöngu konur, þ.e. greiðslur atvinnurekenda eru þær sömu, og síðan ef viðkomandi faðir eða móðir fer í fæðingarorlof, þá fást hans laun eða hennar endurgreidd úr fæðingarorlofssjóði. Ég tel að þetta fyrirkomulag sé best að því leyti að það muni tryggja jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði mun betur en allar aðrar tillögur sem ég hef séð um þessi efni.

Það mætti fjölyrða mjög mikið um þetta mál, herra forseti, en ég held að ég sleppi því að sinni. Í greinargerðinni er farið mjög ítarlega út í kostnað af fæðingarorlofi og ljóst er að þarna er um dýra framkvæmd að ræða en einnig kemur fram að langflest fyrirtæki og lönd í kringum okkur eru smátt og smátt að kveikja á perunni með það að fólk eignast nú æ færri börn og það vill fá möguleika til þess að geta sinnt þessum fáu börnum sínum vel á fyrsta æviárinu en fyrsta æviárið er mjög mikilvægt fyrir þroska barnsins og tengsl þess við foreldra. Einnig má segja að allt bendi til að ef feður fá möguleika til þess að tengjast ungu barni sínu á fyrsta æviárinu og fá tækifæri til þess að sinna því þá muni það kalla fram hjá þeim sams konar tengsl og mæður hafa oft verið einar færar um að nýta og því er þetta mjög líklegt til þess að hvetja til jafnréttis í uppeldi barna einnig.

Ég vil í því sambandi minna á mjög merka tilraun sem Reykjavíkurborg stóð nýlega fyrir með styrkjum frá Evrópusambandinu. Það var einmitt mynd sýnd um þessa tilraun í ríkissjónvarpinu þar sem fram kom reynsla fjölskyldna af því að bæði feður og mæður tækju fæðingarorlof. Ég tel að þarna hafi mjög mikilvægt rannsóknarverkefni verið unnið sem sýni að þarna er leið sem ber að fara. Ég tel að þetta frv. vísi réttan veg og ég vona að það fái góðar undirtektir.

[17:33]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með vændi, 524. mál, fsp. KÁ, þskj. 842.

Flutningur Vegagerðarinnar til Borgarness, 519. mál, þáltill. MS og ÞJ, þskj. 833.

[17:34]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Hér er afskaplega mikið og merkilegt mál til umræðu, frv. til laga um breytingar á lögum um fæðingarorlof. Sjálfsagt verður fátt eins mikilvægt í jafnréttisbaráttunni þegar til lengri tíma er litið og að karlmenn taki fæðingarorlof til jafns við konur. Þannig verður útrýmt því misrétti sem konur eru beittar á vinnumarkaði vegna þess að þær kunni að eiga fyrir höndum barneignir eða séu í slíkum hugleiðingum.

Það hefur verið útbreiddur misskilningur hjá feðrum að samvera þeirra með börnum sínum fyrstu mánuðina og jafnvel árin væri ekki mjög mikilvæg. Þeir hafa talið hlutverk sitt taka við þegar þeir gætu farið í veiðiferðir með strákunum eða uppfrætt börn sín um lífsins gagn og nauðsynjar. Allar rannsóknir hafa hins vegar sýnt að þetta er mikill misskilningur. Það getur skipt sköpum fyrir tengsl föður og barns að eyða saman fyrstu mánuðunum þó barnið sé mjög háð móðurinni á þessum tíma. Vissulega þarf það á umgengni við föður sinn að halda. Þetta er því mjög mikilvægt mál, bæði varðandi uppeldi barna og jafna stöðu kynjanna á atvinnumarkaði.

[17:35]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir undirtektirnar. Það er fróðlegt að heyra raddir ungra karlmanna í þjóðfélaginu í dag. Það er dálítið athyglisvert að hér skuli ungur karlmaður taka undir efni frv. Í því sambandi vil ég minna á nýlegan fund í Ráðhúsi Reykjavíkur á vegum karlanefndar Jafnréttisráðs þar sem þetta mál bar á góma. Af þeim fundi mátti ætla að velflestir stjórnmálaflokkarnir teldu mjög brýnt að lengja fæðingarorlofið og styrkja rétt feðra til töku fæðingarorlofs á fullum launum eins og hér er lagt til.

Hins vegar kom fram verulegur ágreiningur um fjármögnun á fæðingarorlofinu. Þar hefur málið því miður alltaf strandað. Þess vegna verður athyglisvert að fylgjast þróun þessara mála nú í kosningabaráttunni. Ég vil geta þess að þó hér sé um frv. Kvennalistakvenna að ræða, þá hefur samfylkingin tekið þessa stefnu upp. Hún stefnir ótrauð að því að koma á 12 mánaða fæðingarorlofi þar sem feður fái þriggja mánaða sjálfstæðan rétt en geti tekið allt að sex mánuði á fullum launum. Þetta tel ég mjög mikilvæga stefnumörkun hjá samfylkingunni. Ég vona að henni verði haldið á lofti í komandi kosningum því að þetta er baráttumál, ekki bara fyrir feður og mæður heldur og ekki síður fyrir börn og jafnrétti kynjanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, 1. umr.

Frv. JóhS og ÖS, 79. mál. — Þskj. 79.

[17:39]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Frv. þetta hefur verið flutt árlega á yfirstandandi kjörtímabili. Nú flytur það ásamt mér hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Tilgangur frv. er að gera fjármál flokkanna opin og sýnileg og koma í veg fyrir þá leynd sem mörgum finnst hvíla á fjármálum stjórnmálaflokkanna sem einungis er til þess fallin að auka á tortryggni almennings í garð þeirra. Sama má raunar segja um leyndina sem hvílir yfir styrkjum til stjórnmálaflokka frá einstaklingum eða fyrirtækjum. Í slíkum tilvikum getur skapast hætta á hagsmunaárekstrum sem leitt getur til óeðlilegrar afgreiðslu mála í stjórnsýslunni þar sem fáum er hyglað á kostnað heildarinnar.

Áður en ég lagði þetta frv. fram fyrir fjórum árum höfðu áður verið flutt frumvörp sama efnis, t.d. þáltill. flutt af hálfu Kvennalistans ef ég man rétt. Hv. þm. Benedikt Gröndal flutti líka á sínum tíma frv. um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka. Þessu máli hefur því oft og iðulega verið hreyft í þingsölum. En það er, herra forseti, eins og einhver tregða sé á því að þingið afgreiði þetta mál og setji lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna.

Ég held að almennt sé lítið vitað um fjármál stjórnmálaflokkanna hér á landi en þeir eru hvorki framtalsskyldir né skattskyldir, aðeins bókhaldsskyldir. Þó er ljóst, ekki síst í kringum kosningar, að mikið fjármagn fer í gegnum fjárhirslur þeirra en auk frjálsra framlaga eru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir úr ríkissjóði. Ekki síst það knýr á að sett verði lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna og að reikningar þeirra verði birtir opinberlega. Þetta eru einu sinni hátt í 200 millj. sem árlega renna til stjórnmálaflokkanna af skattfé almennings. Skattgreiðendur og þjóðin eiga rétt á því að stjórnmálaflokkar séu skyldaðir til að birta opinberlega ársreikninga sína en efni þessa frv. gengur einmitt út á það.

Frv. er ítarlegt og þar er annars vegar lagt til að settur verði almennur lagarammi um starfsemi stjórnmálasamtaka. Hins vegar er kveðið á um fjárreiður þeirra. Segja má að það sem lýtur að fjárreiðum stjórnmálaflokkanna sé tvíþætt. Í fyrsta lagi að stjórnmálasamtök verði framtalsskyld, þeim verði gert að skila skattframtali og að reikningar þeirra verði endurskoðaðir og birtir opinberlega. Í annan stað verði stjórnmálasamtökum óheimilt að taka við fjárframlögum eða ígildi þeirra frá einstökum aðilum sem fara yfir 300 þús. kr. á ári nema birta nafn þess styrktaraðila opinberlega. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Ég nefni t.d. Noreg, en mig minnir að um síðustu áramót hafi verið sett lög í Noregi um fjárreiður stjórnmálaflokka, þess efnis að ef framlag frá styrktaraðila nemur meira en 20 þús. norskum krónum þá eigi að geta um nafn hans opinberlega.

Það verður að segjast að þetta frv. hefur ekki fengið neina efnislega umfjöllun í hv. allshn. þingsins, sem hefur fjallað um þetta mál. Fremur lítil umræða hefur jafnframt orðið um það í þingsölum. Ég minnist þess þó að hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, tók til máls um þetta frv. fyrir tveimur árum síðan. Það var mjög gott innlegg í það frv. sem hér er til umræðu. Hann setti fram ýmsar tillögur til úrbóta í þessu efni sem mér fundust allar mjög góðar. Ég hef síðan tekið þær upp í greinargerð minni og bent á það í nefnd þingsins að þau atriði ættu að koma til skoðunar um leið og þetta frv. fengi umfjöllun.

Nefndin hefur hins vegar ekki tekið málið til efnislegrar umfjöllunar þó frv. hafi verið lagt fram á fjórum þingum og vísað fjórum sinnum til allshn. Ástæðan er sú, herra forseti, að hæstv. forsrh. skipaði nefnd árið 1994 til að fjalla um og undirbúa frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og annað sem því tengist. Nefndin hefur verið að störfum allar götur síðan 1994. Ég heyrði síðast af störfum nefndarinnar fyrir nokkrum vikum og frétti að hún hefði skilað af sér niðurstöðu. Ég varð satt að segja mjög undrandi yfir niðurstöðu hennar og tillögum. Nú veit ég ekki hvort allir stjórnmálaflokkar sem fulltrúa áttu í þeirri nefnd standa að þeim drögum að tillögum sem hún lagði fyrir.

Það er nánast ekkert nýtt í tillögum frá þessari stjórnskipuðu nefnd hæstv. forsrh. Það er fyrst og fremst svo, eins og við þekkjum, að sérfræðiaðstoðin hefur haft lagastoð en fjárframlög eða útgáfustyrkirnir hafa einungis haft lagastoð á fjárlögum hverju sinni. Það sem mér finnst að er að þessi nefnd gerir það fyrst og fremst að tillögu sinni að þessir útgáfustyrkir fái ákveðna lagastoð í sérstökum lögum og inn í það verði sérfræðiaðstoðin fléttuð þannig að í því er raunverulega ekki nokkur skapaður hlutur nýr.

Það sem fyrst og fremst er nýtt í tillögum nefndarinnar, og mér finnst mjög athyglisvert, er að í þeirri skýrslu sem ég hef séð og tillögum kom fram að með hliðsjón af almennri jafnræðisreglu leggi nefndin til að sett verði í lög ákvæði er tryggi frambjóðendum til embættis forseta Íslands sambærilegan stuðning þeim sem stjórnmálaflokkar njóta nú í lögum. Það er það eina nýja, að frambjóðendur til embættis forseta Íslands eiga nú að fá stuðning í forsetakosningum á fjárlögum. Þetta er það eina nýja. Þetta er afraksturinn af fjögurra, fimm ára nefndarstarfi á vegum forsrh.

Herra forseti. Ég minnist þess að fyrir tveim árum var á lista þeim sem forsrh. lagði fram um þau mál sem hann mundi flytja á því þingi m.a. að finna frv. til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka. Það kom aldrei fram á síðasta þingi og það var ekki að finna í yfirliti því sem forsrh. lagði fram um þau mál sem hann mundi flytja á þessu þingi. Það lifir stutt af þessu þingi, herra forseti, og ekkert bólar á frv. á vegum hæstv. forsrh. Mér segir svo hugur að hann muni ekki efna það loforð sem hann setti fram á sínum tíma, að slíkt frv. yrði lagt fram. Því er það að vonum að ég nefni það, herra forseti, þegar við erum að tala um þingræðið í landinu, að þingmannafrv. fá ekki afgreiðslu á þeirri forsendu að það sé von á slíku frá ríkisstjórninni eða stjórnskipaðri nefnd ráðherra. Síðan stöndum við frammi fyrir því í lok kjörtímabilsins — það hefur verið mótbára meiri hlutans í allshn. að von væri á þessu frv. og því hefur þetta aldrei fengið efnislega umfjöllun — að núna í lok kjörtímabilsins, það lifir kannski mánuður af þessu þingi, þá bólar ekki enn á þessu frv. Það er alveg ástæða, herra forseti, til þess að vekja athygli á þessum frumvörpum.

Ég vil í lokin ítreka það að ég er eindregið þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að setja þessa löggjöf sem ég mæli fyrir, en samkvæmt upplýsingum stjórnmálafræðinga við Háskóla Íslands er upplýsingaskylda stjórnvalda um fjárreiður undantekingalítið fyrir hendi í nágrannalöndum okkar. Innan stjórnmálafræðinnar er talið nauðsynlegt að stjórnmálaflokkar geri grein fyrir fjárreiðum sínum hvort sem um er að ræða ráðstöfun fjármuna af opinberu fé eða framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum. Lagasetning í anda þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir er nauðsynleg til að eyða tortryggni og auka tiltrú almennings á stjórnmálaflokkum og lýðræðislegum stjórnarháttum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þetta mál. Ég hef gert grein fyrir stærstu efnisþáttum frv. sem er ítarlegt og hef vakið athygli á því að hæstv. forsrh. hefur ekki staðið við þau fyrirheit sem ég taldi að hann hefði gefið Alþingi á sínum tíma, 1994, um að leggja fram frv.

til laga um fjárreiður stjórnmálasamtaka. Því hefur oft verið haldið fram að Sjálfstfl. sé aðallega á móti slíkri löggjöf og mér finnst margt benda til þess að eitthvert sannleikskorn sé til í því þegar hæstv. forsrh. sem hefur haft allan þennan tíma, og við sjáum fyrir endann á þessu kjörtímabili, ætlar ekki að leggja fram þetta frv., a.m.k. sýnist svo vera.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannavarnir, 1. umr.

Frv. ÁE, 328. mál (almannavarnaráð og almannavarnanefndir). — Þskj. 405.

[17:52]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um almannavarnir, með síðari breytingum. Frv. er endurflutt. Það var flutt á síðasta þingi og það fjallar um að fjölga í almannavarnaráði um þrjá fulltrúa, þ.e. frá Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossi Íslands og Landsbjörg – landssambandi björgunarsveita. Í öðru lagi er í frv. kveðið á um að fjölga í einstökum almannavarnanefndum um þrjá fulltrúa, þ.e. frá fyrrgreindum þremur samtökum.

Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulag og stýrir starfsemi almannavarna og er ásamt ráðherra æðsta yfirstjórn almannavarna hérlendis.

Hlutverk almannavarna er að sjá um ráðstafanir sem koma í veg fyrir að almenningur verði fyrir tjóni af völdum hamfara eða annarrar vár.

Verkefni almannavarnaráðs er margþætt. Landsmenn þekkja vel hlutverk almannavarnaráðs. Þegar kemur að miklum hamförum í landi okkar þá hafa þessi þrenn samtök alltaf unnið með almannavarnaráði við björgun mannslífa og verðmæta.

Almannavarnanefndir sem eru í hverju lögsagnarumdæmi skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns sem skapast af náttúruhamförum eða annarri vá.

Skipulag almannavarna er tvíþætt. Almannavarnaráð sér um ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón eins og ég nefndi áðan og síðan starfa á hverjum stað almannavarnanefndir.

Að mínu mati er mjög mikilvægt að vel takist til um skipulagningu starfs almannavarna. Mjög oft hefur reynt á almannavarnaráð og almannavarnanefndir hérlendis. Samstarfsaðilar eru hjálparsveitirnar, Rauði krossinn og Slysavarnafélagið. Nú er kveðið á um það í reglugerð fyrir almannavarnaráð að þessi samtök eigi sameiginlega einn áheyrnarfulltrúa á fundum almannavarnaráðs. Að mínu mati er það alls ekki nægjanlegt heldur er brýnt að þessi þrenn samtök fái fulla aðild að almannavarnaráði og almannavarnanefndum. Þau geta gert mikið gagn með formlegri aðild að þessu stjórnkerfi auk þess sem slík skipun svarar betur til nútímans.

Samræming aðgerða er mjög mikilvæg við öll björgunarstörf. Slysavarnafélagið, Rauði krossinn og Landsbjörg – landssamband björgunarsveita vinna mjög mikilvægt starf á sviði almannavarna og því er þessi skipulagsbreyting skynsamleg. Geta má þess að samtökin hafa oft ályktað um þetta efni.

Herra forseti. Sú breyting sem hér er lögð til mun að mati mínu og fjölmargra annarra efla og styrkja almannavarnir. Hún er í takt við breyttar aðstæður og tryggir enn betur vönduð vinnubrögð við almannavarnir.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búfjárhald, forðagæsla o.fl., 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 309. mál (varsla stórgripa). — Þskj. 369.

[17:55]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl.

Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Árni M. Mathiesen, Kristín Halldórsdóttir, Magnús Stefánsson og Svavar Gestsson. Flutningsmenn eru með öðrum orðum, herra forseti, úr öllum þingflokkum.

Efni frv. er á þá leið að lagt er til að við 5. gr. laganna um búfjárhald bætist ný málsgrein er orðist svo, með leyfi forseta:

„Eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, er skylt að hafa gripi sína í vörslu allt árið og sjá til þess að þeir gangi ekki lausir á eða við þjóðvegi. Ákvæði þetta skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem tryggt þykir að af því hljótist engin hætta fyrir umferð, svo sem í heimalöndum eða afréttum sem liggja hvergi að alfaraleiðum. Viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir skulu setja í samþykktir sínar um búfjárhald, sbr. 3.–4. gr., nauðsynleg ákvæði í þessu sambandi að höfðu samráði við lögreglustjóra. Engin slík ákvæði, sem heimila hagagöngu stórgripa utan girðinga, sbr. 2. málsl. þessarar málsgreinar, öðlast þó gildi nema landbúnaðarráðherra staðfesti þau."

2. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast gildi 1. september 2000."

Herra forseti. Hér er með öðrum orðum verið að leggja til almenna vörsluskyldu á stórgripum í landinu. Þetta er gert með hliðsjón af því að enn er það svo, því miður, að á nokkrum svæðum á landinu er um mjög alvarlega árekstra að ræða milli stórgripa eða búpenings og umferðar. Sá er munur á að í tilviki stórgripanna er oft um mjög alvarleg slys að ræða en það er mun sjaldgæfara þegar annar búpeningur eða sauðfé á í hlut. Það er því að mínu mati, herra forseti, bæði skylt og rétt að gera greinarmun á þessum tilvikum og auk þess er ljóst að vörsluskylda er almenn, varsla á stórgripum er almenn. Þeir eru almennt ekki í lausagöngu og það er í mjög afmörkuðum tilvikum sem þetta ástand á við. Þar af leiðandi er því mun minni röskun og minni breyting frá almennum búskaparháttum í landinu eins og þeir eru orðnir að stíga skrefið til fulls og fyrirskipa almenna vörsluskyldu á stórgripum.

Í raun er það mín skoðun, herra forseti, að lausaganga stórgripa í byggð og í nágrenni við vegi sé algjör tímaskekkja og það sé landbúnaðinum til óþurftar að hafa ekki tekið á þessu máli. Það er ekki heldur hægt að horfa upp á það að trassaskapur af því tagi sem þarna á í hlut á ákveðnum svæðum í landinu skuli valda alvarlegum slysum og jafnvel dauðaslysum í nokkrum mæli á hverju einasta ári.

Herra forseti. Ég held að það sé mjög óskynsamlegt eins og svolítið hefur borið á í umræðum um þessi mál að leggja að jöfnu annars vegar fjárbúskap og hins vegar stórgripahald. Þar er um mjög óskylda hluti að ræða. Það er ljóst að það væri gríðarleg breyting og mundi kosta feiknalegt átak ef fyrirskipa ætti vörsluskyldu á sauðfé og mun minni ástæða er til þess þar sem lausaganga sauðfjár á afréttum er almenn regla og þeir liggja víða að vegum, en upprekstur á stórgripum og þá fyrst og fremst hrossum, er nánast aflagður. Það er því ekki nema í sárafáum tilvikum sem það veldur einhverri röskun á högun bænda þó að skrefið sé stigið til fulls og vörsluskylda fyrirskipuð á stórgripunum. Þar er langoftast um að ræða hross en þó er aðeins til að nautgripir, einkum ungir nautgripir, séu í lausagöngu og valdi slysum.

Auðvitað þarf margt að skoða í tengslum við svona breytingar og þess vegna m.a. er gefinn ákveðinn aðlögunartími. Hann er hugsaður fyrir bændur til þess að undirbúa sig undir þessar breytingar í þeim fáu tilvikum þar sem um verulegt átak er að ræða í sambandi við girðingar og annað. En hann er líka hugsaður til þess að það má þá fara yfir það hvort t.d. ástæða sé til að gera breytingar á umferðarlögum. Ég er þá fyrst og fremst að hugsa um þær greinar umferðarlaganna sem varða skiptingu tjóns og ábyrgðir. Það yrði þá 80. gr. umferðarlaga, ef ég man rétt, sem kæmi til skoðunar í þessu sambandi, í raun er það 88. gr. umferðarlaga, ef ég man rétt, laga nr. 50/1987. Þar eru heimildir til að skipta tjóni í samræmi við ábyrgð hvers og eins og til þeirra mætti vísa þegar um slíkt yrði að ræða.

Herra forseti. Núverandi ástand er engan veginn nógu gott. Menn bundu vonir við það þegar lögum var breytt á árinu 1991 í þessu sambandi og sveitarfélögunum voru fengnar sterkari heimildir til þess að fyrirskipa vörslu með reglugerðum, að í framhaldinu yrði tekið á þessu vandamáli. Það var gert víða en því miður ekki alls staðar. Af einhverjum ástæðum hafa nokkur sveitarfélög í landinu ekki treyst sér til að setja samþykktir um vörslu á stórgripum. Þó það sé almenna reglan, og ég fullyrði að yfirgnæfandi meiri hluti sveitarfélaga í landinu sé með slíka vörsluskyldu í sínum samþykktum, þá eru það undantekningarnar sem við erum að ræða um og þær verða þess valdandi að þessi mál hafa ekki komist í lag.

Herra forseti. Ég vísa að öðru leyti til fylgiskjala með frv. sem eru nokkuð ítarleg. Mér þykir miður að verða að segja það, herra forseti, af því að hér er um endurflutning á máli að ræða — það var flutt tvívegis á síðasta kjörtímbili og einnig á síðasta þingi og hefur aldrei fengið afgreiðslu — að það gerist svona æ leiðinlegra með árunum, herra forseti, eftir því sem árum manns fjölgar á þingi, að standa frammi fyrir því að mál af þessu tagi geti legið hér afvelta svo árum skiptir og aldrei fengið efnislega afgreiðslu á þinginu (**Gripið fram í:** Í lausagangi.) og eru bara hér í lausagangi. Þetta er ósiður, herra forseti, sem Alþingi Íslendinga verður að fara að rífa sig upp úr. Ég held að ekki sé um annað að ræða en setja einhverjar reglur í þingsköpin sem tryggja það að þegar um endurflutning á málum er að ræða, sem þegar hafa farið til umsagnar, þá skuli afgreiða þau í síðasta lagi þegar um annan endurflutning er að ræða og þá með einhverri skilagrein úr viðkomandi þingnefnd inn til þingsins.

Einnig kæmi sú regla vel til athugunar að þingmálin lifi einfaldlega milli þinga þannig að vinnist einu þingi ekki tími til að afgreiða málið, þá vakni það upp á sama stað og það var áður statt á þegar þing kemur saman að nýju að hausti. Í öllu falli, herra forseti, er það alveg óviðunandi að mál af þessu tagi skuli ekki fást afgreitt.

Ég hef tekið eftir því að fleiri mál, ætli þau séu ekki tvö, fyrirspurnir og þingmál, sem tengjast skyldum hlutum, lausagöngu búfjár og spurningunni um árekstra búfjár og umferðar o.s.frv., hafa verið til umfjöllunar og sjálfsagt fær ekkert þeirra afgreiðslu á þessu síðasta þingi þessa kjörtímabils. Ég verð með öðrum orðum, herra forseti, að viðurkenna það að ég er ekki ýkja bjartsýnn á að fá þetta mál afgreitt nú þó mér fyndist það skynsamlegt og hefði gaman af því ef Alþingi tæki á sig rögg og tæki á þessu vandamáli. Það sem hér er lagt til er að mínu mati skynsamleg nálgun og hófsamleg. Hér er ekki verið að leggja til íþyngjandi aðgerðir í miklum mæli gagnvart landbúnaðinum. Það er verið að leggja til að tekið verði á þessum árekstrum eða þeim núningi sem þarna er á milli búskaparhátta í landinu og umferðarinnar. Það er öllum til góðs að það sé gert og ekki síst landbúnaðinum sjálfum og þeim sem þar lifa og starfa því að reglubundnar fréttir um slys og óhöpp sem tengjast árekstrum búfjár og umferðar eru ekki sérstaklega jákvæð auglýsing, herra forseti, fyrir búskapinn í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, 1. umr.

Frv. KH og GGuðbj, 435. mál. — Þskj. 733.

[18:04]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, sem er 435. mál þessa þings og er á þskj. 733, en auk mín flytur hv. þingkona Guðný Guðbjörnsdóttir þetta frv.

Í örstuttu máli snýst þetta um það hvernig taka skuli á málum þar sem um er að ræða kynferðisafbrot gegn börnum en þau eru þess eðlis og allt öðruvísi en önnur afbrot að þau verður að taka öðrum tökum. Kynferðisafbrot og annað ofbeldi gagnvart börnum eru andstyggilegustu glæpir sem um getur. Hrekkleysi barna og trúnaðartraust í garð fullorðinna gerir þau einstaklega varnarlaus gagnvart misnotkun sem þau eru alls ófær um að túlka og bregðast við. Afleiðingarnar eru skelfilegar og yfirleitt langvinnar og varanlegar. Langur tími getur liðið áður en brotaþoli nær að vinna úr reynslu sinni og herða sig upp í að leita réttar síns. Aukin fræðsla og opinskáar umræður um þetta efni hafa opnað augu margra og auðveldað brotaþolum að átta sig á vanda sínum og möguleikum til úrbóta. Lagalegum úrræðum er hins vegar enn ábótavant. Ofbeldisbrot af þessum toga hafa algera sérstöðu og verður að meðhöndla á sérstakan hátt og þótt reynt hafi verið að bæta réttarstöðu brotaþola í slíkum málum á undanförnum árum, þá er ljóst að betur má ef duga skal.

Í því frv. sem hér er til umræðu eru lagðar til breytingar á lögum um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota sem sett voru á árinu 1995 og voru mikil réttarbót. Fyrir setningu þeirra laga urðu tjónþolar sjálfir að freista þess að sækja dæmdar bætur í greipar afbrotamannsins og oftar en ekki með litlum árangri. Nú eru slíkar bótagreiðslur á

ábyrgð ríkisins sem síðan getur endurkrafið hinn dæmda og er eðlilega í betri stöðu til þess en tjónþoli.

Enn er þó brotalöm í þessum efnum og þá fyrst og fremst þegar um er að ræða ofbeldi gagnvart börnum.

Í skýrslu umboðsmanns barna frá 1997, um kynferðisafbrot gegn börnum og ungmennum, er m.a. fjallað um réttarstöðu barna og settar fram vel rökstuddar tillögur um lagabreytingar varðandi meðhöndlun kynferðisafbrotamála. Í skýrslunni er bent á að 6. gr. laganna um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota nái illa yfir kynferðisafbrot gegn börnum þannig að í raun eru þau í mörgum tilfellum útilokuð frá bótarétti. Ástæður þess eru nokkrar. Skýrslan vitnar í fjóra dóma í kynferðisbrotamálum. Þar féllu dómar í málum sem kærð voru, sjö, átta, rúmum tveimur og sex árum eftir að brot voru framin. Bótaréttur er í öllum þessum dómum útilokaður vegna núverandi ákvæðis 6. gr. laganna um að kæra þurfi að hafa borist innan tveggja ára frá því að brot var framið. Þetta er auðvitað gersamlega óviðunandi og verður að taka tillit til þess hversu sérstaks eðlis þessi afbrot eru.

Kynferðisafbrot gegn börnum eru oft framin á löngu tímabili og ómögulegt að ætla börnum þá ábyrgð að gæta réttar síns. Oft er um misnotkun á trúnaðar- og tilfinningasambandi að ræða af hálfu brotamanna og því sérlega erfitt fyrir börn að rísa upp gegn þeim. Þar að auki er ekki óalgengt að börn verði fyrir beinum eða óbeinum hótunum frá brotamönnum. Að öllu samanlögðu gerir 6. gr. laganna eins og hún er nú orðuð óraunhæfar kröfur til barna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi og því nauðsynlegt að breyta henni til þess að tilgangur laganna nái fram að ganga. Óumdeilt er að kynferðisbrot gegn börnum eru einhver ljótasti blettur á íslensku samfélagi. Það mat á að endurspeglast í íslenskum lögum. Því er sjálfsagt réttlætismál að þar sem ríkissjóður gengst í ábyrgð fyrir greiðslu á bótum til þolenda afbrota séu kynferðisbrot gegn börnum þar ekki undanskilin. Um það eru reyndar flestir sammála og m.a. hæstv. dómsmrh. sem hefur nýverið lagt fram frv. til breytinga á þessum lögum. Það frv. er á þskj. 825 en er að mínu mati ekki nægilega sterkt og skýrt. Þar er einfaldlega lagt til að nokkur orð bætist við 6. gr. þess efnis að þegar veigamikil rök mæli með megi víkja frá skilyrðum 1. og 2. mgr. Það er ekki nægilegt að mínum dómi þó það opni fyrir sveigjanleika og möguleika á því að taka tillit til aðstæðna og þá einnig til fleiri tegunda ofbeldisbrota að því er fram kemur í greinargerð með frv. en vonandi gefst færi á að ræða það frv. og þetta atriði nánar þegar hæstv. dómsmrh. mælir fyrir því máli.

Í því frv. sem ég er að mæla fyrir er það hins vegar skýrt tekið fram að sérstaklega skuli tekið á kynferðisafbrotum gegn börnum og að á eftir 6. gr. laganna komi ný grein sem taki af öll tvímæli um hvernig það skuli gert. Með þeirri grein er sú afstaða staðfest að kynferðisafbrot gagnvart börnum séu af þeim toga að þau verði að taka öðrum tökum en önnur afbrotamál. Brotaþolar í slíkum málum þurfi því ekki að uppfylla skilyrðið um kæru innan tveggja ára frá því að brot var framið. Ekki er heldur gert að skilyrði að brot af þessu tagi hafi verið kærð án ástæðulauss dráttar, eins og gildir um önnur brot, enda er það ákvæði til þess fallið að rýra rétt brotaþola til bóta í slíkum tilvikum, heldur sé krafan aðeins sú að brotið hafi verið kært og það hafi komið fram krafa um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns. Umsókn um bætur skal hafa borist bótanefnd áður en fyrningarfrestur rennur út eins og þar segir, en árið 1998, þ.e. á síðasta ári, var gerð sú breyting á almennum hegningarlögum að fyrningarfrestur í kynferðisafbrotamálum gegn börnum telst frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri. Þetta er í 1. gr. laga nr. 63/1998. Frá 14 ára aldri brotaþola fyrnist síðan brotið á fimm árum eða 10 árum eða 15 árum eftir alvarleika brotsins. Þar er auðvitað tvímælalaust um að ræða réttarbót frá fyrra ákvæði þar sem tillit er tekið til eðlis brotanna. Að mínu mati og okkar sem flytjum þetta frv. hefði verið eðlilegast að fresturinn miðaðist við sjálfræðisaldur en fyrst þegar þeim aldri er náð er hægt að gera kröfu til ungmenna um fulla ábyrgð á eigin lífi.

Í þessu frv. er þó gert ráð fyrir sama fyrningarfresti og gert er í 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga og það er gert til þess að gæta samræmis.

Herra forseti. Hér er um afar brýnt mál að ræða, mikilvæga réttarbót til handa þeim börnum sem verða fyrir kynferðislegu eða öðru ofbeldi á barns- eða unglingsárum og það er okkur til vansæmdar ef Alþingi tekur ekki sem allra fyrst á þessu máli. Þetta er framlag okkar flutningsmanna til þess að svo verði gert.

Að lokinni þessari umræðu um frv. legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[18:14]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að taka undir þessa tillögu. Mér finnst þetta vera mjög gott og þarft mál og hv. 1. flm. gerði rækilega grein fyrir málinu. Ég vil taka undir að sú regla er býsna sérkennileg þar sem miðað er við 14 ára aldur og mig rak í rogastans við að sjá þetta hér. Ég var búin að gleyma því að slík lög skuli hafa verið sett árið 1998 eftir að búið var að hækka sjálfræðisaldurinn. Maður sér engin rök fyrir því að miða við 14 ára aldur frekar en eitthvað annað. Það væri alveg eins hægt að miða við 12 eða 16 ára aldur. En ég tek undir að það er auðvitað eðlilegt ef menn eru að miða við einhvern aldur, þá eigi að miða við sjálfræðisaldur barna.

Hins vegar vaknar sú spurning hvort jafnhrikalega alvarlegir glæpir og kynferðisafbrot gagnvart börnum eru eigi að fyrnast. Eiga slíkir glæpir að fyrnast? Því oft er þarna um sálarmorð að ræða. Ég lít þessa glæpi svo alvarlegum augum að mér finnst spurning hvort þeir eigi að fyrnast. Þó að þetta sé réttarbót í þeim lögum sem nú gilda, þá var það nú svo að meðferð þessara mála fyrir dómstólum var til skammar og skilningsleysið og hvernig þessum málum var meira og minna stungið undir stól. Ég veit um nokkur dæmi þess að slík mál hafa gegnum áratugi og aldir verið þögguð niður. En börnin eru einmitt sá hópur sem þarf að vernda sem allra best. Því tek ég undir efni þessarar tillögu og vona að hún nái fram að ganga á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 383. mál. — Þskj. 652.

[18:17]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna sem ég flyt ásamt hv. þm.

Kristínu Ástgeirsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Ástæða þess að þetta þingmál er flutt er mjög sláandi samanburður á rétti foreldra vegna veikinda barna sinna hér á landi samanborið við aðrar Norðurlandaþjóðir. Þar kemur í ljós að Ísland sker sig mjög úr og réttindi foreldra vegna veikinda barna eru langt í frá að vera sambærileg og þar er. Foreldrar íslenskra barna hafa nánast engan rétt samanborið við rétt foreldra annars staðar á Norðurlöndum.

Ég vísa í töflu sem fylgir með í greinargerð sem er yfirlit frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna en þar kemur í ljós að á Íslandi eru sjö veikindadagar að hámarki greiddir á ári fyrir börn undir 13 ára aldri án tillits til hver sjúkdómurinn er, fjölda barna eða hjúskaparstöðu foreldra. Í Svíþjóð er greitt 90% launa í 120 daga á ári fyrir hvert barn 0–16 ára. Í Finnlandi eru greidd 66% af launum í 60–90 daga á ári og lengur vegna langsjúkra barna og í Noregi allt að 780 veikindadagar, þar af 100% laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga fyrir hvert barn 0–16 ára. Og í Danmörku er greidd launauppbót, 90% launa til annars foreldris á meðan á meðferð stendur.

Í kjarasamningum hér á landi hefur verið samið um að starfsmaður geti ráðstafað allt að sjö dögum á ári á launum vegna veikinda barna sinna. Auk þess er í reglum einstakra sjúkrasjóða að þeir greiði styrki og jafnvel dagpeninga í fjarveru foreldra frá vinnu í veikindum barna. Hið opinbera veitir enga fjárstyrki eða bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna. Umönnunarbótum sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir er ætlað að koma til móts við kostnaðarauka og aðrar auknar byrðar sem hljótast af aukinni umönnun barns, þegar það veikist alvarlega, en eru ekki bætur vegna launataps aðstandenda langsjúkra barna heldur fyrst og fremst aukinnar umönnunar þeirra.

Benda má á að þegar meðferð barns, t.d. með krabbamein, lýkur lækka umönnunarbætur verulega án tillits til þess hvort foreldrið sem hætti að vinna þegar barnið veiktist geti hafið störf að nýju. Umrædd börn þurfa oft langa aðlögun áður en þau geta lifað því sem kallað er eðlilegt líf eftir meðferðina og sum þeirra búa við varanlegar afleiðingar sjúkdómsins.

Í tillögugreininni sjálfri er farið þess á leit að leggja til að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Nefndin verði skipuð fulltrúum félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni sjúkra barna. Í starfi sínu hafi nefndin hliðsjón af fjármögnun, fyrirkomulagi og réttindum sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstaða nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi 1999.

Hér er ekki tekin afstaða til þess hvort útgjöld vegna aukins réttar foreldra í veikindum barna lendi á ríkissjóði eða atvinnurekendum, en annars staðar á Norðurlöndum greiðir hið opinbera kostnaðinn og það finnst mér athyglisvert.

Í því sambandi er rétt að geta samanburðar á útgjöldum til barna og fjölskyldna þeirra á Norðurlöndum, ekki síst í ljósi opinberrar fjölskyldustefnu sem Alþingi hefur samþykkt en einnig vegna umræðu um að velferðarkerfið sé orðið fyrirferðarmikið hér á landi í þjóðarútgjöldum.

Þrátt fyrir að börn séu hlutfallslega fleiri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum eru útgjöld til barna og fjölskyldna þeirra langlægst hér á landi. Og þegar skoðuð eru útgjöld á íbúa sem hlutfall af landsframleiðslu þá kemur í ljós að Ísland er með 42 þús. rúmar sem útgjöld á íbúa meðan Danmörk er með 72 þús., Finnland 73 þús., Noregur 76 þús. og Svíþjóð 87 þús. kr.

Við erum ekki nema hálfdrættingar á við aðrar Norðurlandaþjóðir að því er varðar útgjöld á íbúa sem hlutfall af landsframleiðslu og útgjöld á íbúa í krónum talið. Samt er fjöldi barna undir 15 ára aldri miklu meiri hér á landi hlutfallslega af heild en annars staðar á Norðurlöndum en hér á landi er fjöldi barna undir 15 ára aldri 24,5% af heildinni meðan það er á bilinu 17–19% annars staðar á Norðurlöndum. Þetta finnst mér mjög sláandi dæmi sem segir okkur það að útgjöld er varðar börn, velferðarútgjöld, eru miklu minni hér en annars staðar á Norðurlöndunum. Engu að síður er það svo, eins og ég gat um hér áðan og vil halda til haga, að atvinnurekendur greiða útgjöldin vegna veikinda barna, þ.e. greiða fyrir vinnutap foreldra vegna veikinda barna, það eru atvinnurekendur sem greiða það en ekki hið opinbera. Engu að síður eru útgjöldin hjá hinu opinbera miklu lægri hér á landi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. heilbr.- og trn.

[18:23]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Þetta minnir mig á hálfhlægilega könnun sem var birt í dagblöðum landsins hér um daginn sem sýndi að konur væru miklu oftar veikar en karlmenn og fjarverandi frá vinnu af þeim sökum. Því var slegið upp að þær væru svo sannarlega veikara kynið. En auðvitað er hægt að lesa í gegnum þessar línur að þær eru miklu meira heima með veikum börnum en karlmenn nokkurn tíma og því er þessi till. til þál. sem hér er lögð fram afskaplega mikilvægt jafnréttismál og gott mál á ferðinni.

Allir foreldrar vita að úr vöndu er að ráða þegar barn veikist og báðir foreldrar vinna úti. Einhver verður að vera hjá barninu. Einhvern veginn virðist það vera að konan verði oftar fyrir valinu í þeim efnum. Hugsanlega er það af því að konur, eins og við vitum, virðast ekki vinna fyrir jafnháum tekjum og karlinn og að foreldrar taki þá ákvörðun út frá því að það borgi sig frekar fyrir fjölskylduna að fórna tekjum konunnar en karlsins.

Ef þessi tillaga næði fram að ganga og nefndin sem hér er lagt til að skilaði einhverjum niðurstöðum, væri þar komið til móts við feður sem vildu vera heima hjá veikum börnum sínum. Eins gefur þetta kost á því að báðir foreldrarnir geti verið heima hjá veiku barni. En veikt barn getur þarfnast stöðugrar umönnunar og það getur verið mjög lýjandi fyrir einungis annað foreldrið að vera hjá því. Ég tel að hérna sé um mikilvægt jafnréttismál sé að ræða og mikilvægt félagsmál og velferðarmál og það er vonandi að það fái jákvæða meðferð í þinginu.

[18:26]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég kem í ræðustól til þess að þakka hv. 15. þm. Reykv., Magnúsi Árna Magnússyni, innlegg hans inn í þetta þingmál sem er vissulega, eins og hann réttilega bendir á, mjög mikilvægt innlegg að því er varðar það að tryggja skynsamlega fjölskyldustefnu og jafna rétt foreldra bæði inni á heimili og úti á vinnumarkaðnum. Full ástæða er til þess að þakka þetta, þetta sýnir áhuga þessa unga manns, hv. 15. þm. Reykv., á þeim málum sem hafa verið rædd í

dag, sem mörg hver snerta málefni fjölskyldunnar eins og frv. um fæðingarorlof. Vonandi er þetta merki um það sem koma skal, að ungir menn komi í þingsalinn og það verði líflegri og fjörugri umræða um málefni fjölskyldunnar en mér finnst oft ekki veita af því hér í þessum ræðustól.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:27]

Útbýting þingskjals:

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 526. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 846.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 211. mál (samtök aldraðra). — Þskj. 233.

[18:27]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um málefni aldraðra sem ég flyt ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Svavari Gestssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Efni þess er að gera breytingu á lögum um málefni aldraðra í þá veru að samráð skuli haft við heildarsamtök aldraðra og aðildarfélaga þeirra um opinbera stefnumörkun og ákvarðanir er varða hag og kjör aldraðra.

Í lögum um málefni aldraðra eru ákvæði um störf samstarfsnefndar um málefni aldraðra en í þeirri nefnd eiga sæti einn fulltrúi, tilnefndur af öldrunarráði og einn af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn án tilnefningar. Verkefni samstarfsnefndarinnar eru að vera tengiliður milli ráðuneyta og stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra og vera heilbrrh. og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni þeirra.

Í lögum um málefni fatlaðra er svipað ákvæði að því er varðar stjórnarnefnd um málefni fatlaðra en í þeim lögum er líka ákvæði sem hefur reynst mjög vel að því er varðar þennan málaflokk, málefni fatlaðra, þ.e. að heildarsamtök fatlaðra og félög þeirra geta haft áhrif á ákvarðanir um málefni sín, svo sem með því að leitað er umsagna til heildarsamtaka fatlaðra eða sérstakra félaga þeirra eða styrktarfélaga fatlaðra sem hlut eiga að máli hverju sinni við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er fatlaða varða. Þetta ákvæði hefur sannað gildi sitt en á undirbúningsstigi er leitað til samtaka fatlaðra um ýmis mál, bæði reglugerðir og frumvörp er snerta málaflokka þeirra og ég held að það hafi reynst mjög farsælt.

Ég held að það sé ljóst að við höfum orðið þess vör að á síðari árum hafa aldraðir látið sig meira skipta kjör sín, afkomu og aðbúnað, en aldraðir, 67 ára og eldri, eru um 27 þúsund manns og það er mjög mikilvægt að aldraðir geti á undirbúningsstigi komið sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnvöld og því eðlilegt að tryggð sé aðild þeirra að nefndarstarfi á vegum ráðuneyta þar sem fjallað er um málefni þeirra, ekki síst þau sem hafa áhrif á afkomu og aðbúnað þeirra. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt og til þess fallið að stuðla að lýðræðislegum ákvörðunum að lögbinda slíkt samráð og samvinnu við Samtök aldraðra eins og hér er lagt til enda hafa aldraðir engan samningsrétt um kjör sín.

Ég held að það sé alveg ljóst að á því kjörtímabili sem nú er að líða hafa aldraðir átt töluvert undir högg að sækja hjá ríkisstjórninni, a.m.k. sáu þeir ástæðu til þess fyrir tveim árum að standa fyrir utan þinghúsið í upphafi þings til þess að vekja athygli á bágum kjörum fjölda aldraðra. Ég vil í því sambandi nefna nýlegt fréttabréf sem ég hef fengið í hendur, það er fréttabréf SFR og heitir Lífeyrisþeginn. Þar kemur fram, herra forseti, að stjórn Sambands lífeyrisþega ríkis og bæja harmi hve illa gengur að rétta hlut lífeyrisþega. Á yfirstandandi kjörtímabili skorti 1.860 millj. kr. til að jafnvægi næðist við greiðslur lífeyris almannatrygginga og í upphafi kjörtímabils.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að núverandi ríkisstjórn, eins og reyndar hér er sagt, ruddi burt tengingu ellilífeyris almannatrygginga við launaþróun í landinu með þeim afleiðingum að lífeyrisgreiðslur hafa hækkað miklu minna en lágmarkslaun í landinu eða launavísitala og hefur það komið mjög niður á kjörum aldraðra.

Þeir vekja líka athygli á að greiðslur sem þeir fá úr lífeyrissjóðum eru skattlagðar með fullu skatthlutfalli, sennilega núna á milli 38 og 39% meðan fjármagnstekjur eru einungis skattlagðar um 10%, og vekja athygli á því að $^2/_3$ þeirra greiðslna sem þeir fá úr lífeyrissjóðum eru ekkert annað en fjármagnstekjur.

Í þeim málum sem ég nefni hér, sem eru stór mál fyrir aldraða, hefði verið full ástæða fyrir ríkisstjórnina og stjórnvöld að hafa samráð við aldraða á undirbúningsstigi þegar verið var að taka þessar ákvarðanir, bæði varðandi fjármagnstekjuskattinn, svo dæmi sé nefnt, og um aftengingu á greiðslum úr almannatryggingum við launaþróun í landinu. Þetta eru dæmi um mál sem hefði átt að hafa fullt samráð um við Samtök aldraðra.

Það er tilefnið til þess að þetta mál er flutt að tekið verði upp skipulagt samstarf við aldraða á þessu sviði með sama hætti og hefur verið gert um langan tíma í málefnum fatlaðra sem hefur gefið mjög góða raun og árangur.

Ég legg til að að lokinni umræðunni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningur á íslenskri dægurlagatónlist, fyrri umr.

Þáltill. MagnM, 505. mál. — Þskj. 817.

[18:34]

Flm. (Magnús Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég legg fram till. til þál. um útflutning á íslenskri dægurlagatónlist. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skipa skuli nefnd fagaðila og aðila úr menntamálaráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og utanríkisráðuneyti til að skoða hvernig íslenska ríkið gæti stutt útflutning á íslenskri dægurlagatónlist.“

Á undanförnum árum hafa Íslendingar verið að opna augun fyrir þeim miklu tækifærum sem felast í útflutningi á dægurlagatónlist. Velgengni ákveðinna íslenskra listamanna á erlendum mörkuðum hefur sýnt að við eigum sóknarfæri þegar íslensk popptónlist er annars vegar og að fátt getur vakið eins mikla athygli á landi og þjóð meðal alþýðu manna í hinum stóra heimi og vel kynntir einstaklingar eða hljómsveitir á sviði dægurlagatónlistar.

Því er full ástæða til að skoða í fullri alvöru hvað íslenska ríkið getur lagt af mörkum til að styðja alþjóðlega markaðssókn íslenskra popptónlistarmanna sem oftast eru ungir að árum, févana og reynslulausir í viðskiptum. Þessar aðgerðir þyrftu ekki að vera fjárfrekar og gætu til að mynda falist í því að koma á tengslum við áhrifaríka einstaklinga innan þessarar atvinnugreinar og halda til haga upplýsingum um hvernig á að bera sig að við markaðssetningu popptónlistar. Einnig þarf að gera gagngera úttekt á því skattaumhverfi sem popptónlistarmenn búa við hér á landi til að við missum þá ekki úr landi eins og dæmi eru um.

Skynsamlegt væri að horfa til þeirrar reynslu og þekkingar sem skapast hefur í Svíþjóð, en það kann að koma fólki á óvart að Svíar eru nú annar stærsti útflutningsaðili popptónlistar í Evrópu, þrátt fyrir að vera einungis tæpar 9 milljónir, og eru það einungis Bretar sem standa þeim framar. Þess má geta að útflutningstekjur Svía af popptónlist voru á síðasta ári milli 20 og 30 milljarðar íslenskra króna.

Við Íslendingar við höfum ákveðin sóknarfæri í þessum geira. Við höfum þegar öðlast gæðastimpil, tónlistarlegan gæðastimpil á popptónlist okkar, og það er almennt álit þeirra sem til þekkja úti í hinum stóra heimi að íslensk popptónlist sé mjög vönduð og mikill listrænn metnaður í henni og kemur það að sjálfsögðu til vegna hinna stóru sigra Bjarkar Guðmundsdóttur á erlendum mörkuðum. Hvað ætli margir popptónlistarmenn hafi hlotið tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs eins og hún hlaut fyrir fáum árum?

Það eru fleiri hljómsveitir og tónlistarmenn íslenskir sem hafa vakið alþjóðlega athygli. Það hefur ekkert farið mjög hátt, finnst mér, í fjölmiðlum hér að til að mynda hljómsveitin GusGus hefur selt 250 þúsund plötur erlendis og hún hefur velt, segja mér þeir sem til þekkja, um hálfum milljarði kr. á þeim þremur árum sem sveitin hefur starfað.

Skattaumhverfi fyrir starfsemi alþjóðlegrar popptónlistar hér á landi er ekki mjög þróað eða greininni hagstætt, og hefur valdið því að við höfum misst úr landi mikilvæga aðila á þessu sviði og jafnvel gæti svo farið að við mundum missa fleiri slíka úr landi og það veldur okkur auðvitað búsifjum. Þar verðum við af tekjum sem mundu annars streyma inn í þjóðarbú okkar. Mér skilst að þeir sem standa í þessum útflutningi og í markaðssetningu þessa varnings mæti litlum skilningi opinberra aðila hér á landi og að svörin séu venjulegast þau að þetta sé vandamál af því að þetta hefur aldrei verið gert áður og að menn þekki ekki hvernig á að bera sig að við þessa útflutningsgrein. Nýsköpunarsjóður kemur ekki inn í þetta af því að hann skiptir sér ekki af hlutum sem gætu hugsanlega verið í samkeppni á innanlandsmarkaði. Þar hefur því verið litla hjálp að fá fyrir þá sem hafa viljað stuðla að útflutningi á íslenskri popptónlist.

Hugmyndin hérna er að skipuð verði nefnd fagaðila, þ.e. aðila sem hafa starfað í þessum geira og aðila frá ríkinu, úr menntmrn., viðskrn. og utanrrn. sérstaklega, sem geti skoðað hvernig hægt væri að koma til móts við þetta fólk og hvernig þetta gæti orðið útflutningsgrein sem mundi skila okkur tekjum í þjóðarbúið, þó ekki væri nema broti af þeim tekjum sem þetta skilar Svíum.

Þetta er ákveðið átaksverkefni, sem þyrfti ekki að vera mjög dýrt að fara í, að taka saman einhverjar upplýsingar fyrir fólk sem hyggst fara út í þetta til þess að upplýsa það um hvernig það eigi að bera sig að. Það er það sem t.d. Svíar hafa lagt mikla áherslu á. Þeir hafa byggt upp mjög góða og umfangsmikla þekkingu á því hvernig á að markaðssetja popptónlist og hafa haldið ráðstefnur og halda reglulega ráðstefnur á hverju ári og flytja inn stóra aðila á hinum alþjóðlega poppmarkaði sem flytja þar fyrirlestra og sitja í „panel" og taka við fyrirspurnum frá áhugasömum tónlistarmönnum eða öðru fólki innan þessa geira sem vill kynnast því starfi sem fram fer innan þessarar atvinnugreinar.

Það er t.d. hugmynd að það væri hægt að halda alþjóðlega tónlistarhátíð á Íslandi einu sinni á ári og bjóða hingað fólki sem vit hefði á og gæti miðlað þekkingu til Íslendinga um hvernig standa ætti að svona málum.

Eins og áður er sagt hafa Svíar lagt mikla áherslu á þessa atvinnugrein. Þeir áttu sitt stóra gegnumbrot þegar Abba sló í gegn á áttunda áratugnum. Við eigum okkar Abba. Björk er okkar Abba, hún hefur komið Íslandi á kortið. Sem dæmi um það sem Svíar eru að gera tók ég með mér bæklinga. Þeir láta búa til bæklinga þar sem í eru ekki bara ein eða tvær hljómsveitir heldur fjöldinn allur af hljómsveitum og þeim er dreift til réttra aðila í bransanum á mikilvægum stöðum, í Frakklandi, í Los Angeles, í New York, þar sem saman koma menn sem eru alltaf að leita að nýju hæfileikafólki og kynnast þá því sem Svíar hafa upp á að bjóða. Þeir styðja myndarlega við bakið á sínu fólki í þessum efnum, enda er arðurinn töluverður eins og sýnt er fram á í þeim tölum sem ég hef hér.

Þetta er arðbær atvinnugrein og það er ekkert til að skammast sín fyrir að búa til popptónlist. Við erum vel í sveit sett, miðað við önnur Evrópuríki. Við erum á sama tímabelti og London, sem þýðir að við erum einungis átta tíma frá Mekka fjármögnunar og útgáfustarfsemi í heiminum, sem er Los Angeles, á meðan afgangurinn af Evrópu er tíu tíma í burtu. Það getur skipt máli fyrir staðsetningu hljómsveita að geta náð í fólk á eðlilegum tíma í báðum tímabeltum.

Ég flyt þessa till. hér til þál. og vona að hún veki einhverja athygli. Ég geri mér grein fyrir því að það er harla ólíklegt að hún nái í gegnum þingið á þeim skamma tíma sem eftir er til stefnu en vona að einhver andi úr henni fljóti eða síst a.m.k. inn í stjórnkerfið og jafnvel að hún verði tekin upp að hausti, ef hún nær ekki í gegn núna, en þó ætla ég ekki að gefa upp alla von um að slíkt gæti þó gerst. Ég vil hvetja Íslendinga til að taka sig á áður en við glutrum þessu tækifæri niður og missum efnilegustu listamennina okkar úr landi.

Að lokum legg ég til að málinu verði vísað til hv. menntmn. og til síðari umr.

[18:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka flutningsmanni fyrir þessa ágætu tillögu. Mér datt í hug á meðan ég var að hlusta á hann að hefði Björk Guðmundsdóttir ekki komið til að þá hefðu menn sennilega ekki tekið svona tillögu mjög alvarlega. En hún hefur svo sannarlega breytt miklu hvað varðar íslenska dægurtónlist og auðvitað er ekki annað hægt en að taka hana og ýmsa aðra sem eru að fást við dægurlagatónlist mjög alvarlega.

Það rifjaðist líka upp fyrir mér að fyrir árið 1963 var popptónlist ekki mjög hátt skrifuð í Bretlandi. Bandaríkin voru alls ráðandi á þeim markaði. En þá gerðist það að nokkrar hljómsveitir, sem höfðu verið að spila á klúbbum og í kjöllurum í Liverpool, náðu inn í útvarpsstöðvarnar og fyrst og fremst hljómsveitin The Beatles, eða Bítlarnir eins og hún hefur nú löngum verið kölluð hér, og á skömmum

tíma varð algjör bylting í Bretlandi. Á örfáum árum varð útflutningur popptónlistar að mjög mikilli útflutningsgrein.

Ég veit ekki hve miklar tekjur Bretar hafa af popptónlist í dag því að auðvitað hefur það svo sem gengið upp og niður en þeir hafa enn þann dag í dag mjög miklar tekjur af þessari tónlist. Þetta var þvílík lyftistöng í bresku efnahagslífi á sínum tíma að stjórnvöldum fannst ástæða til þess að veita Bítlunum orðu af þessu tilefni vegna þess að þeir höfðu rutt þarna braut fyrir nýja atvinnugrein.

Það er því sannarlega ástæða til að skoða alla möguleika og allt sem að þessu máli snýr, m.a. skattaumhverfið og það hvernig hægt er að aðstoða þá sem eru að reyna að koma sér á framfæri. Ég hygg að íslensk utanríkisþjónusta hafi ekki verið mjög upptekin af þessu en þó er einn ágætur maður, sem hefur verið staðsettur í London, sem hefur eitthvað sinnt þessu, þ.e. Jakob Magnússon. Mér er bara ekki kunnugt um hvort hann er farinn þangað aftur eftir prófkjörsslaginn eða ... (**Gripið fram í:** Hann er farinn.) Hann er farinn aftur, er upplýst hér úr þingsal. Þá vitum við það, hæstv. forseti, þannig að hann heldur kannski áfram störfum sínum þar. En ég hygg að menn hafi hingað til ekki verið mjög uppteknir af þessum möguleikum, hvað þá öðrum möguleikum sem kunna að felast í íslensku listalífi. Það var einmitt verið að segja frá því að verið var að kynna einn af okkar efnilegustu leikurum. Af því að Svíar komu hér mikið við sögu að þá má segja að Svíar hafi verið nokkuð stórtækir í útflutningi á kvikmyndum sínum og leikurum sínum því þeir hafa átt leikara á heimsmælikvarða og eiga enn.

Möguleikarnir eru því ýmsir, en eins og ég sagði í upphafi held ég að menn hefðu varla tekið svona mál alvarlega ef Björk Guðmundsdóttir hefði ekki komið til. Ég ítreka að ég tek undir efni tillögunnar. Mig rámar í það að hæstv. viðskrh. hafi sett einhverja nefnd á laggir með íslenskum tónlistarmönnum en hvort sú nefnd hefur skilað af sér, það bara man ég ekki. Mig minnir það en a.m.k. kannast ég ekki við að neinum tillögum hafi verið fylgt eftir. Þetta mun menntmn. væntanlega kynna sér þegar hún tekur málið á dagskrá og ég skal gera mitt til þess að reyna að ýta á það að þessi tillaga verði afgreidd því að þetta er hið besta mál og útlátalaust fyrir ríkisstjórnina að beita sér í þessu ágæta málefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fornleifauppgröftur í Skálholti, fyrri umr.

Þáltill. KÁ, 515. mál. — Þskj. 829.

[18:48]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Mér verður tíðförult í stólinn á þessum degi enda eru eingöngu málefni stjórnarandstöðunnar hér á dagskrá. Hér er komin tillaga sem ég er flutningsmaður að, um fornleifauppgröft í Skálholti, sem er mér mikið hjartans mál.

Í þessari tillögu er lagt til að Alþingi feli menntamálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning að uppgreftri hinna fornu bæjarhúsa á biskupssetrinu í Skálholti í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku. Skal uppgröfturinn hefjast svo fljótt sem auðið er. Þetta segir í tillögugreininni.

Mörgum sem til þekkja er kunnugt um að á árunum 1954–1958 fór fram mikil fornleifarannsókn í Skálholti þar sem kirkjurústirnar voru grafnar upp og jafnframt göngin sem lágu frá kirkjunni og út í biskupssetrið. En sjálf bæjarhúsin, biskupsgarðurinn hefur aldrei verið grafinn upp og mér er ekki einu sinni kunnugt um að gerðir hafi verið neinir tilraunaskurðir þar en þó kann það að vera.

Að mínum dómi er þarna um að ræða eitthvert mest spennandi verkefni sem hægt er að hugsa sér í íslenskri fornleifafræði og okkur til vansa að ekki skuli fyrir löngu vera búið að grafa upp og rannsaka þennan merka sögustað okkar. En það er með það eins og svo margt annað, við eigum rannsóknir eftir á Hólum í Hjaltadal, á Þingvöllum, í Reykholti og víðar á helstu sögustöðum landsins.

Fram undan er þúsund ára afmæli kristnitökunnar og því tel ég tilvalið að minnast hennar með því að leggja út í þessar rannsóknir og þegar þeim er lokið að nota þá það sem upp kann að koma og rústirnar sjálfar til þess að búa til einhvers konar safn í Skálholti því að það er auðvitað svo, hæstv. forseti, að þeir sem koma til þessa sögustaðar okkar sjá nú harla fátt. Þar er kirkja, þar er skóli, þar er bústaður og þar eru geymslur eða smásafn í kjallaranum undir kirkjunni. En miðað við hvað þarna er um merkan stað að ræða og miklar rústir þá má auðvitað segja að þarna sé kjörið tækifæri fyrir sögukennslu og ferðaþjónustu, ferðamenn og aðra sem koma í Skálholt.

Ég er alveg sannfærð um það að verði grafið í Skálholti þá munu þar koma upp mjög merkar rústir og eflaust mun þar mjög margt finnast enda erum við að tala um stað sem líklega hefur verið í byggð frá því á landnámsöld. Við vitum að byggð var í Skálholti fyrir kristnitökuna og að fyrstu íslensku biskuparnir gerðu Skálholt að sínu aðsetri. Skálholt var heimajörð þeirra Ísleifs Gissurarsonar og síðar Gissurar Ísleifssonar og það var Gissur sem gaf jörðina til biskupsseturs og mælti svo um að þar skyldi biskup sitja meðan byggð væri í landinu. En þeir tímar komu, hæstv. forseti, að Suðurlandsskjálfti reið yfir árið 1784. Hann var að því er talið er hvorki meira né minna en 7,5 á Richter. Þá hrundu bæjarhúsin í Skálholti og þá fannst þáverandi stjórnvöldum einsýnt að það mikill kostnaður yrði við að byggja biskupssetrið upp aftur að nær væri að flytja það til Reykjavíkur. Og það var gert um leið og biskupsdæmið á Hólum var lagt niður. Þetta var á þeim tímum þegar íslenskt samfélag stóð sem allra höllustum fæti.

En til að gera langa sögu stutta þá hefur verið skóli í Skálholti frá dögum Ísleifs. Þar hefur líklega ávallt unnið margt fólk. Þar hefur verið mikil umferð gesta og gangandi, eins og frásagnir vitna um og því má vænta þess að gríðarlega margt komi þar upp úr rústunum.

Ég vil að lokum geta þess að til er uppmæling af Skálholtsstað sem Steingrímur Jónsson, síðar biskup, gerði árið 1784. Ég hygg að styðjast megi við þær teikningar svona í fyrstunni meðan menn eru að grafa upp efsta lagið. En ég hygg að menn muni þurfa að fara nokkuð djúpt. Sem betur fer eru þessar rústir ósnortnar. Menn höfðu sem betur fer vit á því að byggja á öðrum stöðum og því er bæjarhóllinn ósnortinn og bíður þess að upp úr honum komi sú mikla saga sem ég efast ekki um að verður hægt að grafa upp á þessum stað.

Eins og segir í lok greinargerðarinnar þá held ég að við gætum varla gefið okkur betri gjöf, sé til þess vilji, í tilefni af þúsund ára kristnitökunni, en þá að grafa upp á þessum merka sögustað.

[18:54]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Þetta er góð till. til þál. sem hér liggur fyrir um uppgröft í Skálholti.

Þó það sé ekki alveg tengt þessari tillögu þá hefur mér samt fundist að Skálholti hafi ekki verið alveg nægur og verðskuldaður sómi sýndur, þó svo að þar sé vissulega nú aðsetur vígslubiskups og að þar hafi verið lýðskóli, ef ég man rétt, til skamms tíma a.m.k. En eins og kemur fram í greinargerðinni með tillögunni hefur verið skóli þarna allt frá því á elleftu öld. Og þeir eru ekki margir skólarnir í Evrópu eða heiminum jafnvel sem geta státað af jafnlangri hefð og er þetta sambærilegt við skólana í Oxford, Cambridge, Sorbonne og víðar.

Ég hef einnig oft velt því fyrir mér í umræðunni um byggðastefnu að menn hafa ekki skoðað þann möguleika sem blasir við víðast hvar erlendis, því þar sér maður að stórir háskólar eru ekkert endilega staðsettir í miðjum borgum, eins og hér vill vera, heldur úti í sveit í kyrrð náttúrunnar. Ég tel að það væri mannsbragur að því að koma upp háskóla á þessum merka stað til þess að kenna þó ekki væri nema einhverjar vinsælar greinar sem nemendur slást um að komast í við Háskóla Íslands. Ég nefni lögfræði sem dæmi. Það væri kjörið að kenna eitthvað slíkt á svona stað. Það yrði lyftistöng fyrir sveitirnar og mundi mundi hefja þennan forna menningarstað, einn merkasta sögustað Íslands og Íslandsbyggðar, í þann sess sem hann á svo sannarlega skilinn.

Þessi tillaga er um fornleifauppgröft og það er gott að menn hafa sést fyrir og ekki byggt á þessum stað sem hér er lagt til að verði grafinn upp. Ég heyrði nú sagt frá því að menn hefðu kannski verið fullfljótir á sér þegar kirkjunni var valinn staður þar sem hún er, því þar undir hefði hugsanlega verið hægt að grafa meira og finna frekari fornminjar og því hefði jafnvel þurft að koma kirkjunni fyrir á öðrum stað á meðan því verkefni lyki. En það er kannski ekki tilefni til að ræða það mikið hér. Þetta er góð tillaga og styð ég hana og vona að hún nái fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 76. mál. — Þskj. 76.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÞHS og ÁRJ, 301. mál (slys). — Þskj. 361.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 1. umr.

Frv. GE, 303. mál (grásleppa sem meðafli). — Þskj. 363.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leikskólar, 1. umr.

Frv. ÞHS o.fl., 360. mál. — Þskj. 496.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 380. mál. — Þskj. 649.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. GE, 487. mál (lágmark lífeyrisgreiðslna). — Þskj. 797.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 40., 44., 45., 51., 55., 60., 61., 63. og 66. mál.

Fundi slitið kl. 19:00.

---

67. FUNDUR

miðvikudaginn 17. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Bætt réttarstaða barna, þáltill., 266. mál, þskj. 304. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Gjaldþrotaskipti, frv., 96. mál, þskj. 96. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 83. mál, þskj. 83. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Stjórnarskipunarlög, frv., 174. mál, þskj. 179. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Almannatryggingar, frv., 316. mál, þskj. 382. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Heiðurslaun listamanna, þáltill., 436. mál, þskj. 734. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Aðgerðir til að bæta tengsl atvinnulífs og einkalífs, þáltill., 495. mál, þskj. 805. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Kortlagning ósnortinna víðerna á Íslandi, þáltill., 327. mál, þskj. 404. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, þáltill., 470. mál, þskj. 775. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Seðlabanki Íslands, frv., 465. mál, þskj. 767. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Uppsögn af hálfu atvinnurekanda, þáltill., 124. mál, þskj. 124. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Rannsókn á ofbeldi gegn börnum, þáltill., 496. mál, þskj. 806. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Fæðingarorlof, frv., 369. mál, þskj. 573. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 79. mál, þskj. 79. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Almannavarnir, frv., 328. mál, þskj. 405. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Búfjárhald, forðagæsla o.fl., frv., 309. mál, þskj. 369. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, frv., 435. mál, þskj. 733. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
18. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 383. mál, þskj. 652. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
19. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frv., 76. mál, þskj. 76. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
20. Málefni aldraðra, frv., 211. mál, þskj. 233. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
21. Útflutningur á íslenskri dægurlagatónlist, þáltill., 505. mál, þskj. 817. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
22. Fornleifauppgröftur í Skálholti, þáltill., 515. mál, þskj. 829. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
23. Almannatryggingar, frv., 301. mál, þskj. 361. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
24. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv., 303. mál, þskj. 363. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
25. Leikskólar, frv., 360. mál, þskj. 496. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
26. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 380. mál, þskj. 649. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
27. Almannatryggingar, frv., 487. mál, þskj. 797. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.
[13:33]

Útbýting þingskjala:
Heilbrigðisþjónusta, 531. mál, fsp. KF, þskj. 854.
Málefni aldraðra, 527. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 847.
Samstarf mennta- og sjúkrastofnana til að bæta úr læknaskorti, 530. mál, fsp. TIO, þskj. 853.

Tilkynning um dagskrá.

[13:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):
Forseti vill tilkynna um utandagskrárumræðu sem fram fer kl. 3.30 síðdegis. Málshefjandi er Hjörleifur Guttormsson. Forsætisráðherra, Davíð Oddsson, verður til andsvara og umræðuefnið er bæklingur ríkisstjórnarinnar um hálendi Íslands. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur því í hálfa klukkustund.

Bætt réttarstaða barna, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 266. mál. — Þskj. 304.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Gjaldþrotaskipti, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 96. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 96.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 83. mál. — Þskj. 83.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 174. mál (nytjastofnar í hafi). — Þskj. 179.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 316. mál (tryggingaráð). — Þskj. 382.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Heiðurslaun listamanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG, 436. mál. — Þskj. 734.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Aðgerðir til að bæta tengsl atvinnulífs og einkalífs, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ, 495. mál. — Þskj. 805.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Kortlagning ósnortinna víðerna á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. KH og GGuðbj, 327. mál. — Þskj. 404.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 470. mál. — Þskj. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ, 465. mál. — Þskj. 767.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Uppsögn af hálfu atvinnurekanda, frh. fyrri umr.

Þáltill. BH og RG, 124. mál. — Þskj. 124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Rannsókn á ofbeldi gegn börnum, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ, 496. mál. — Þskj. 806.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Fæðingarorlof, frh. 1. umr.

Frv. GGuðbj og KH, 369. mál. — Þskj. 573.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frh. 1. umr.

Frv. JóhS og ÖS, 79. mál. — Þskj. 79.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almannavarnir, frh. 1. umr.

Frv. ÁE, 328. mál (almannavarnaráð og almannavarnanefndir). — Þskj. 405.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Búfjárhald, forðagæsla o.fl., frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 309. mál (varsla stórgripa). — Þskj. 369.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Greiðsla á bótum til þolenda afbrota, frh. 1. umr.

Frv. KH og GGuðbj, 435. mál. — Þskj. 733.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 383. mál. — Þskj. 652.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 76. mál. — Þskj. 76.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 211. mál (samtök aldraðra). — Þskj. 233.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Útflutningur á íslenskri dægurlagatónlist, frh. fyrri umr.

Þáltill. MagnM, 505. mál. — Þskj. 817.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fornleifauppgröftur í Skálholti, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ, 515. mál. — Þskj. 829.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÞHS og ÁRJ, 301. mál (slys). — Þskj. 361.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 1. umr.

Frv. GE, 303. mál (grásleppa sem meðafli). — Þskj. 363.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Leikskólar, frh. 1. umr.

Frv. ÞHS o.fl., 360. mál. — Þskj. 496.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 380. mál. — Þskj. 649.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. GE, 487. mál (lágmark lífeyrisgreiðslna). — Þskj. 797.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:49.

---

68. FUNDUR

miðvikudaginn 17. febr.,
að loknum 67. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Uppbyggingin á Eiríksstöðum í Haukadal, fsp. SvG, 259. mál, þskj. 297.
2. Handverk og hönnun, ráðgjafarþjónusta, fsp. ArnbS, 293. mál, þskj. 350.
3. Framkvæmd 12. gr. jafnréttislaga, fsp. GGuðbj, 413. mál, þskj. 686.
4. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, fsp. KÁ, 437. mál, þskj. 735.

Til dómsmálaráðherra:

5. Söfnunarkassar, fsp. ÖJ, 33. mál, þskj. 33.
6. Réttarstaða fólks í hjúskap og óvígðri sambúð, fsp. RG, 372. mál, þskj. 583.
7. Skipun hæstaréttardómara, fsp. SvG, 426. mál, þskj. 700.
8. Réttindi heyrnarlausra, fsp. ÁRJ, 489. mál, þskj. 799.

Til samgönguráðherra:

9. Flugsamgöngur á Vestfjörðum, fsp. SighB, 265. mál, þskj. 303.
10. Eftirlit með ferðaskrifstofum, fsp. GHall, 432. mál, þskj. 711.
11. Fjöldi erlendra ferðamanna, fsp. ÍGP, 453. mál, þskj. 751.
12. Framboð gistirýma, fsp. ÍGP, 454. mál, þskj. 752.
13. Egilsstaðaflugvöllur sem varaflugvöllur í millilandaflugi, fsp. HG, 468. mál, þskj. 773.
14. Slys á Reykjanesbraut, fsp. KPál og KF, 469. mál, þskj. 774.

Til menntamálaráðherra:

15. Jöfnun á aðstöðu til náms, fsp. KJB, 275. mál, þskj. 313.
16. Fjölbreyttara nám á Vestfjörðum, fsp. KJB, 276. mál, þskj. 314.
17. Túlkun stjórnmálaumræðna í Ríkisútvarpinu fyrir heyrnarlausa, fsp. ÁRJ, 459. mál, þskj. 757.
18. Utanhússviðgerðir á Sjómannaskólahúsinu í Reykjavík, fsp. GHall, 517. mál, þskj. 831.

Til heilbrigðisráðherra:

19. Réttur íbúa landsbyggðar til læknisþjónustu, fsp. KJB, 277. mál, þskj. 315.
20. Málefni aldraðra, fsp. ÞHS, 306. mál, þskj. 366.
21. Starfsmannavandi sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu, fsp. ÞHS, 330. mál, þskj. 408.
22. Forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu, fsp. KÁ, 452. mál, þskj. 750.

Til félagsmálaráðherra:

23. Skipun stjórnar Íbúðalánasjóðs, fsp. GÁS, 417. mál, þskj. 690.
24. Mannréttindi, fsp. RG, 424. mál, þskj. 697.
25. Réttindi heyrnarlausra, fsp. ÁRJ, 490. mál, þskj. 800.

Til fjármálaráðherra:

26. Skattframtöl, fsp. GÁS, 418. mál, þskj. 691.

Skattframtöl.

Fsp. GÁS, 418. mál. — Þskj. 691.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér, á þskj. 691, að leita eftir svörum hæstv. fjmrh. um mál sem brennur á mörgum einstaklingum einmitt þessa dagana og vikurnar, þ.e. skattframtöl. Við höfum fylgst með því í fréttum og í kynningum skattyfirvalda að reynt hefur verið að þróa og einfalda gerð skattframtala. M.a. hafa þau tekið tölvutæknina í sína þjónustu og gefið framteljendum kost á að telja fram á netinu. Ég hef hins vegar verið áhugamaður um, eins og raunar margir fleiri, að ganga lengra í þessa veru. Ég hef m.a. haft í huga fyrirmyndir frá útlöndum þar sem verulegur hluti þeirra upplýsinga sem íslenskum framteljendum er gert að fylla inn á skilaskrár sínar eru settar inn fyrir fram af opinberum aðilum. Þá er ég að vísa til almennra upplýsinga eins og launatekna, fasteignamatsupplýsinga og annarra opinberra upplýsinga sem fyrir liggja og eru sendar framteljanda. Væri ekki auðvelt og einfalt á tímum nútímatækni að fylla það inn á skattframtöl þessara einstaklinga?

Sumir hafa haft hugmyndir um að lengra mætti ganga. Þar á ég við hugmyndir um að bankastofnanir gætu einnig blandað sér í málin, komið þessum upplýsingum til opinberra aðila og þeir síðan fært þær inn á framtöl áður en þau eru send til framteljenda. Nú hafa menn réttilega bent á þá vankanta á því að þessar upplýsingar séu trúnaðarupplýsingar. Við því mætti hins vegar bregðast þannig að framteljandi heimili skattyfirvöldum sjálfur slíka framsendingu.

Að þessu sögðu vildi ég lesa fyrirspurnirnar á þingskjalinu, með leyfi forseta:

„1. Ætlar ráðherra að fara að ábendingum Ríkisendurskoðunar varðandi skattframtöl og þá einkanlega um einföldun þeirra?“ — Þarna er vísað til skýrslu Ríkisendurskoðunar um þessi efni.

„2. Stefnir ráðherrann að því að skattframtöl einstaklinga verði þannig unnin að upplýsingar launagreiðenda og aðrar venjubundnar upplýsingar, svo sem frá opinberum aðilum og fleirum, verði færðar fyrir fram inn á skattframtölin, þannig að staðfesting framteljenda á að upplýsingar séu réttar nægi?

3. Er ekki ástæða til að ætla að það fyrirkomulag sem lýst er hér að framan og þekkist víða erlendis mundi bæta skil á skattframtölum og fækka áætlunarframtölum?“

[13:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hreyfði hér framfaramáli sem lengi hefur verið á döfinni í skattkerfinu og reyndar mun lengur en ætla má af ábendingum Ríkisendurskoðunar, sem um er spurt í 1. lið fyrirspurnarinnar. Þó nokkur ár eru síðan farið var að huga að því hvort hægt væri að einfalda framtöl einstaklinga sem ekki eru með atvinnurekstur, ekki eru með verktakagreiðslur eða aðra sambærilega þætti á framtölum sínum þannig að þeir geti fengið viss atriði útfyllt fyrir fram og þurfi ekki annað en staðfesta að upplýsingarnar séu réttar. Þetta mál er í vinnslu og ætlunin er að sjálfsögðu að reyna að mjaka því áfram á næstunni.

Í þessum efnum hefur margt gerst á undanförnum árum. Staðlað framtal lögaðila hefur verið tekið upp og á þessu ári geta einstaklingar og lögaðilar skilað framtölum sínum í gegnum veraldarvefinn. Þegar hefur töluverður hópur gengið þannig frá framtölum sínum þótt reyndar hafi margir fengið frest fram til mánaðamóta.

Varðandi það hvort skattframtöl einstaklinga verði þannig í framtíðinni að þeir geti undirritað þau án þess að fylla mikið út sjálfir, þá mun slík framkvæmd byggja á upplýsingum frá þriðja aðila í mjög ríkum mæli. Margt af því skapar ekki vandamál. Upplýsingar frá Fasteignamati, ökutækjaskrá, launagreiðendum eða lífeyrissjóðum eiga ekki að skapa vandamál. Hins vegar er spurning um upplýsingar frá fjármálastofnunum vegna þess að þar ríkir bankaleynd. Hugsanlega mætti komast fram hjá því með samþykki viðkomandi eins og fyrirspyrjandi gat um. Það er nokkuð sem kanna þyrfti sérstaklega. Stefnan er sem sagt í þessa átt.

Ég vil geta þess að á árinu 1997 var gerð áætlun um hvernig einfalda mætti einstaklingsframtal skattgreiðenda. Stefnt var að því að hefja véltæk skil á árinu 1999 og það hefur gengið eftir eins og ég gat um. Nú er gert ráð fyrir því að þróa þessi véltæku skil enn frekar og stækka þann hóp sem geti hagnýtt sér þau.

Þá er einnig verið að undirbúa áritun á framtöl fyrir ákveðna markhópa sem hafa lítið umleikis, svo sem lífeyrisþega og ungmenni. Á árinu 1997 var farið sérstaklega yfir framtöl einstaklinga með tilliti til þessara skilyrða og þá var talið að 30–40 þúsund framteljendur gætu vandræðalaust fengið einfaldari framtöl eða um 20–25% allra framteljenda. Þar er eingöngu gert ráð fyrir því að framteljandinn bæti við upplýsingum um fjármagnstekjur, undirriti framtalið og sendi til skattyfirvalda. Ekki hefur enn tekist að hrinda þessu í framkvæmd en áfram er unnið að málinu sem ég held að allir séu sammála um að sé hið besta mál.

Hins vegar er ljóst að ekki er hægt að koma öllum einstaklingsbundnum upplýsingum inn í slík forrit. Ökutækjaskrá gefur t.d. upp hvað menn eiga af farartækjum en ekki verðmæti þeirra. Bílar afskrifast o.s.frv. Það mundu menn þurfa að fylla út sjálfir og sama er að segja um ýmsar aðrar upplýsingar, eftir því hve flókin framtölin eru. Í aðalatriðum ætti að vera hægt að fara þessa leið. Sem dæmi um slíka hluti eru t.d. dagpeningagreiðslur, ökutækjastyrkir og þess háttar sem hvergi liggja fyrir í miðlægum skrám og viðkomandi verður að gera grein fyrir án atbeina þriðja aðila.

Fyrirspyrjandi spyr hvort ekki sé ástæða til að ætla að þetta muni bæta skil á framtölum og fækka áætlunarframtölum. Ég geri ráð fyrir að það muni hjálpa til í þeim efnum þótt erfitt sé að fullyrða um það. Gera má ráð fyrir að þetta dragi úr áætlunarframtölum, sérstaklega hjá einstaklingum sem hafa af einhverjum ástæðum ekki sinnt, hirt um eða hafa hreinlega ekki aðstöðu eða getu til að sinna framtalsskyldu.

Þetta mál er sem sagt á vinnslustigi. Það er ómögulegt að fullyrða um það hvenær hægt er að hrinda þessu í framkvæmd. Ég er sammála fyrirspyrjenda um að þetta sé rétt stefna og vonandi tekst okkur að mjaka málunum áleiðis á næstu árum.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka skýr svör hæstv. ráðherra og augljósan vilja hans til að vinna að þessum málum. Hann sagði réttilega það sem ég vissi að hugmyndir þessar eru ekki nýjar af nálinni. Þetta er gamalt mál og af þeim sökum kallaði ég eftir upplýsingum um hvar málið væri á vegi statt. Ég vildi nú kannski óska eftir því að hæstv. ráðherra væri skýrari í svörum varðandi tímaáætlun ef hann getur, þ.e. hvenær við fáum að sjá einhver skref í þessa átt. Mitt mat er að hvert skref, hversu lítið sem það er, í þessa veru vegi þungt.

Mitt mat er að t.d. ótti margra framteljenda við framtalsgerðina mundi minnka verulega og margir framteljendur einfaldlega ljúka gerð skattframtals upp á eigin spýtur. Þeir þyrftu ekki að verja fjármunum hjá endurskoðendum eða lögfræðingum til þess að fá aðstoð við það.

Í öðru lagi þekkjast líka dæmi þess að einföld niðurskrift eftir launaseðlum hafi misfarist hjá einstaklingum. Dæmi þekkjast um að þeir hafi fengið viðurlög af þeim sökum. Einföld mistök og yfirsjónir geta því kostað skattgreiðendur fjármuni.

Fleira í þessum málum vekur spurningar og eftir að ég lagði fram fyrirspurn þessa hafa framteljendur haft samband við mig og bent á margt sem lýtur ekki að verkefnasviði hæstv. ráðherra, t.d. að bankastofnanir skuli ekki senda yfirlit yfir afborganir, vaxtagjöld o.s.frv. Menn þurfa þess í stað að tína þetta saman á öllum þeim nótum sem til falla á árinu. Margir slíkir þættir gætu verið til einföldunar á þeirri tölvuöld sem við lifum á en eru ekki nýttir til hins ýtrasta.

Að lyktum segi ég, herra forseti: Ég þakka svörin og hvet hæstv. ráðherra til dáða þó að aðeins séu örfáir mánuðir eftir af valdatíma hans að vísu.

[14:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég skal reyna að nota tímann eins vel og ég get, þennan stutta valdatíma sem eftir er til að ýta þessum málum áfram.

Hv. þm. spurði hvort hægt væri að vera nákvæmari í tímasetningum í málinu. Það er því miður ekki hægt og ekki ráðlegt heldur. Næsta skref er að byrja að færa upplýsingar sem fyrir liggja beint inn á framtöl. Gert er ráð fyrir að það megi gera í áföngum á næstu tveimur árum eða svo. Þá yrði væntanlega komið verulega til móts við þann hóp framteljenda sem er með einföldustu framtölin, hvorki verktakagreiðslur né þá tegund af greiðslum sem þriðji aðili hefur ekki upplýsingar um. Þetta er því allt í vinnslu. Auðvitað hefur orðið mikil breyting á að undanförnu með hagnýtingu tölvutækninnar í þessum efnum, bæði fyrir lögaðila og einstaklinga.

Þingmaðurinn gat réttilega um að víðar í þessu kerfi mætti vinna að einföldun þessa og því að gera fólki auðveldara fyrir með að koma upplýsingum til skila á skattframtölum. Það er einnig rétt sem þingmaðurinn sagði, að margir hræðast hreinlega framtölin og eiga í erfiðleikum með að koma réttum upplýsingunum frá sér. Þótt ekki sé við annað en færa

á milli af launamiðum inn á framtöl þá geta orðið mistök. Auðvitað á að reyna að gera allt sem hægt er til að greiða fyrir því að þetta gangi villulaust og eðlilega fyrir sig, enda er það að sjálfsögðu vilji og ásetningur langsamlega flestra ef ekki allra skattgreiðenda að ganga þannig frá framtölum sínum.

Uppbyggingin á Eiríksstöðum í Haukadal.

Fsp. SvG, 259. mál. — Þskj. 297.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Fyrir löngu lagði ég fram fyrirspurn sem er á þessa leið: „Hvernig hyggst ríkisstjórnin stuðla að því að uppbyggingunni á Eiríksstöðum í Haukadal ljúki árið 2000?“

Fyrirspurnin var lögð fram í upphafi þings og má segja að efni hennar hafi að nokkru leyti þegar verið svarað. Í fjárlögum ársins 1999 er að mig minnir gert ráð fyrir 20 millj. kr. til uppbyggingarinnar á Eiríksstöðum í Haukadal. Þar hefur alllengi verið áformað að byggja upp bæ Eiríks rauða og Þjóðhildar og búa þannig um staðinn að ferðamenn komist þar um til að kynna sér sögulegar minjar sem þar er að finna.

Segja má að málið eigi sér nokkurn aðdraganda og sé hluti af þeim hátíðahöldum sem ætlunin er að efna til hér á landi og víðar á árinu 2000. Í því sambandi er nauðsynlegt að leggja á það áherslu að um málið hefur verið mjög víðtæk samstaða, bæði pólitísk og fagleg. Nú liggja fyrir niðurstöður fornleifafræðinga, Guðmundar Ólafssonar og Ragnheiðar Traustadóttur, sem rannsökuðu tættur Eiríksstaða sumarið 1997. Helstu niðurstöður þeirra voru að bær Eiríks rauða hafi staðið nákvæmlega þar sem talið er að hann hafi staðið. Þrátt fyrir að hugmyndir séu um annað og hafi sést í skjölum, m.a. fjárln., þá held ég að fagmenn geti haldið fast við þá niðurstöðu sem þarna fékkst í rannsóknunum árið 1997.

Ekki þarf að rifja upp hér hvaða saga hefst á þessum litla stað, á Eiríksstöðum í Haukadal. Þar bjó Eiríkur Þorvaldsson rauði og fjölskylda hans, flýði síðan þann stað og lenti á Grænlandi. Það var upphafið að mikið meiri sögu. Því má segja að þarna hafi hafist stórfelld tíðindi og því afar vel við hæfi að tryggja að uppbygging verði á Eiríksstöðum og meiri hluti Alþingis og Alþingi allt á þakkir skildar fyrir þá ákvörðun sem liggur fyrir í fjárlögum í þessu efni.

Í framhaldinu verður að tryggja að hægt verði að komast að staðnum. Það þarf að laga vegi fram Haukadal og að Eiríksstöðum. Það er verkefni Vegagerðarinnar og það þarf að ganga almennilega frá því. Síðan hafa Dalamenn eins og kunnugt er viðameiri hugmyndir, t.d. um uppbyggingu menningarhúss í Búðardal sem kallað yrði safn Leifs Eiríkssonar. Það er verkefni sem einnig þarf að huga að en fyrirspurnin snýst um uppbygginguna á Eiríksstöðum í Haukadal.

[14:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, þá tók Alþingi ómakið af forsrh. vegna seinagangs hans og svaraði fyrirspurninni myndarlega í fjárlögum. Þar er tryggt nægilegt fé til að uppbyggingin á Eiríksstöðum í Haukadal verði að veruleika. Heimamenn eru mjög sáttir við þá fjármuni sem þingið hefur varið til þessa verkefnis.

Í mínum huga er ekki vafi á því að verkefnið er mikilvægt. Í því sambandi bendi ég á að Íslendingar hafa ákveðið að eiga þátt í uppbyggingu á Brattahlíð á Grænlandi með Grænlendingum til þess að minnast næsta kaflans sem varð á eftir Eiríksstöðum. Þaðan rekja menn sig síðan yfir hafið til *Vínlands og þar hafa yfirvöld landsins í góðri sátt við allan* almenning gert ráð fyrir að minnast veglega hlutar Íslendinga í landafundunum miklu, þess frumkvæðis og þeirrar þekkingu sem þar bjó að baki.

Ég geri ekki lítið úr því að afar þýðingarmikið er að nota þessi tímamót og hinar sögulegu staðreyndir Íslandi til framdráttar, undirstrika myndarlega afrek landafundamanna eins og áður var gert í hinum merku sögum okkar.

Hins vegar mundi skjóta skökku við að gera þetta myndarlega meðan engra verka sæi stað hér heima. Ég tel að afar erfitt væri fyrir okkur að útskýra það fyrir þeim hópum sem við vonandi náum að vekja áhuga á þætti Íslendinga forðum, hinni miklu sögu og merku atburðum. Við mundum valda þeim miklum vonbrigðum ef á daginn kæmi að ekki hefði verið brugðist myndarlega við á þennan endann.

Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda. Þetta er fyrsta skrefið. Hjá Dalamönnum eru háar hugmyndir eins og menn vita. Á þeim slóðum ríkja metnaðarfullir og framsæknir menn í margvíslegum embættum, bæði formlegum og óformlegum. Auðvitað á að taka undir með þeim og hjálpa þeim við að gera drauma sína að veruleika. Það kann að taka einhvern tíma en það er áríðandi að góður vilji sé í þinghúsinu til að leggjast á árar með þeim.

[14:12]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina. Það er ekki óeðlilegt að hv. þm. spyrji um þessi verkefni í Dalasýslu, ekki síst með tilliti til þeirra verkefna sem bíða hans innan skamms. Ég þakka jafnframt hæstv. forsrh. fyrir áhuga hans á þessu máli fyrr og síðar. Eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. hefur Alþingi tekið myndarlega á þessu máli og orðið við óskum Dalamanna, bæði við afgreiðslu fjárlaga 1998 þegar veittar voru 7 millj. kr. til þessarar uppbyggingar og með 20 millj. á þessu ári.

Með þessum fjárframlögum er ljóst að þær stórhuga áætlanir í fornleifarannsóknum og uppbyggingu aðstöðunnar á staðnum sem heimamenn hafa lagt á ráðin um, munu ná fram að ganga fyrir árið 2000. Mér sýnist því engin ástæða til að kvíða því, enda eiga að vera til fjármunir þess að vinna verkið.

[14:13]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda Svavari Gestssyni fyrir að vekja máls á þessu. Menningartengd ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein hér á landi eins og annars staðar. Þetta er því kærkomið verkefni. Ég vil einnig þakka hæstv. forsrh. fyrir orð hans.

Það hefur verið mikið keppikefli okkar sem erum fulltrúar í Vestnorræna ráðinu að byggja upp og minnast tímamótanna sem fram undan eru í Brattahlíð á Grænlandi. Mér finnst vert að þakka forsrh. og ríkisstjórninni fyrir þeirra hlut í þeim efnum. Við horfum til framtíðar þegar við veltum þessum málum fyrir okkur. Samstarf okkar við Grænland skiptir miklu máli og tengsl þessara verkefna eru greinileg.

[14:14]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm., Dalamanninum Svavari Gestssyni, fyrir að hreyfa þessu máli og forsrh. fyrir hans svör. Hér er um að ræða mjög mikilvægt verkefni í söguríku héraði, Dalasýslunni. Það er vel við hæfi að myndarlega sé tekið á við þau tímamót sem fram undan eru.

Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda hafa Dalamenn verið með áform um að setja upp safn og sýningu í Búðardal í tilefni af þessum tímamótum landafundaafmælisins. Mér hefur borist til eyrna að til standi að setja upp sýningu í Reykjavík af þessu tilefni. Ég vil beina því til hæstv. forsrh. að skoðað verði hvort ekki sé rétt að öllu frekar verði sett upp sýning í Búðardal eins og heimamenn þar hafa verið að vinna að í tilefni af þessum tímamótum.

Að öðru leyti vil ég nota tækifærið til að hvetja til þess að framgangur málsins verði myndarlegur. Það er mikilvægt fyrir Dalamenn og ekki síst fyrir þjóðina í heild.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram. Það er alveg rétt sem bent var á af síðasta ræðumanni að Dalasýsla er sögulegt hérað, þar er saga á hverjum stað, hverjum hól og hverjum kletti. Það þekkja þeir sem þar hafa komið. Mjög mikilvægt er að skapa aðstöðu til þess á einhverjum sögustaðanna að þar sé hægt að taka á móti fólki. Ég spái því að þúsundir muni heimsækja Eiríksstaði á árinu 2000 og framvegis. Það mun líka hafa í för með sér að aðrir sögustaðir í Dalasýslu hljóta að verða byggðir upp með tilliti til þess að þeir geti tekið á móti fólki, eins og Staðarhóll, eins og Skarð, eins og Snóksdalur, eins og Kvennabrekka, eins og Sauðafell og fleiri og fleiri.

Ég lít því þannig á að verið sé að leggja inn á braut sem muni geta endurreist þetta byggðarlag líka úr þeirri kreppu og þeim vanda sem það hefur verið í og ég spái því að eftir ekki mörg ár verði fleiri ferðamenn á vettvangi þarna en víðast hvar annars staðar í héruðum þar sem svipað stendur á.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og undirtektirnar í málinu almennt og ég þakka einnig fyrir þann áhuga menn hafa sýnt á Brattahlíðarverkefninu því að bersýnilegt er að á næsta ári verður einnig hægt að opna þar Eiríksbæ og Þjóðhildarkirkju og hraustmenni munu þá geta siglt upp til Grænlands og inn Eiríksfjörð og athugað hvernig hefur tekist til um hlutina í einstökum atriðum. Þó að á Íslendingi séu bara níu pláss geri ég ráð fyrir að hægt verði að hafa þar með nokkra fleiri báta fyrir vaska alþingismenn til að fara með í þá för.

Handverk og hönnun, ráðgjafarþjónusta.

Fsp. ArnbS, 293. mál. — Þskj. 350.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur orðið gífurleg þróun í íslenskri nytjalist, listiðnaði og íslensku handverki þar sem íslenskt hráefni er notað. Íslenskt handverk sem atvinnugrein hefur vaxið mikið. Ljóst er að á miklu ríður að til þess að atvinnugreinin vinni sér fastan sess í atvinnulífinu og verður því að standa vel og faglega að verki. Vegna eðlis atvinnugreinarinnar, þ.e. að hér er um að ræða marga tiltölulega smáa framleiðendur, verður að styðja við hana meðan fyrstu sporin eru stigin, bæði með faglegri aðstoð og tilboði um gæðastimpil á framleiðsluna. Tryggja verður að til verði íslenskt gæðahandverk og hönnun.

Vissulega eru komnir fram frumkvöðlar á þessu sviði sem leggja mikinn metnað í framleiðslu sína og kappkosta að halda uppi gæðastaðli sem er til fyrirmyndar. Þeir leggja mikinn metnað í hönnun á framleiðsluvörum sínum. Yfirleitt eru þeir að framleiða alíslenska gjafavöru úr náttúrulegu, íslensku hráefni. Sívaxandi straumur erlendra ferðamanna óskar einmitt eftir því að kaupa slíka vöru. Hér er því einnig um að ræða útflutningsvöru í því tilliti. Einnig er um atvinnugrein að ræða sem er m.a. mjög dreifð um byggðir landsins og eykur því atvinnulífið úti um land og fjölbreytni þess. Oft og tíðum er verið að nýta staðbundið, náttúrulegt hráefni, eins og mjög athyglisverð dæmi eru um á Austurlandi. Þar er t.d. verið að nota austfirskt hreindýraleður í tískufatnað, austfirskt grjót er nýtt í allt frá bollastellum að legsteinum, og austfirskur viður er nýttur í allt frá göngubollum til listútskurðar.

Stjórnvöld þurfa að gera sér grein fyrir því hvert hlutverk á að vera í þessari þróun. Verkefnið Handverk, hönnunarmiðstöð heimilis- og listiðnaðar, hefur verið á fjárlögum undanfarin ár. Þær upplýsingar sem ég hef nú þegar benda til þess að þar hafi verið unnið mikilvægt brautryðjendastarf. Verkefnið er hins vegar tilraunaverkefni og mikilvægt er að því óvissutímabili ljúki sem fylgir því að það er tilraunaverkefni. Mikilvægt er að festa starfsemina í sessi og að hún hafi áfram faglega og gæðalega forustu.

Í ljósi þessa hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. forsrh.:

„1. Hvert er eðli verkefnisins Handverk og hönnun sem ráðuneytið hefur staðið fyrir á undanförnum fimm árum?

2. Hvaða árangur hefur orðið af verkefninu?

3. Hvert verður framhald þess?“

[14:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Fyrsta svarið við fyrirspurnum hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur er þetta:

Markmið verkefnisins Handverk og hönnun hefur frá upphafi verið að stuðla að eflingu handverks hér á landi, bæta menntun og þekkingu handverks fólks og stuðla að aukinni gæðavitund í greininni. Reynsluverkefnið Handverk starfaði á vegum forsrn. frá fyrri hluta árs 1994 til loka árs 1996. Það hafði með höndum þriggja manna verkefnisstjórn sem skipuð var af forsrh. Verkefnið fékk á þessum tíma alls 20 millj. kr. í fjárveitingu.

Þegar reynsluverkefninu lauk var ákveðið að halda starfseminni áfram enda góð reynsla af henni. Ákveðið var að breyta nafninu í Handverk og hönnun og hafa verið lagðar fram árlega 6,5 millj. kr. á fjárlögum til verkefnisins. Auk þess hefur það sjálft eða forráðamenn þess aflað sér annarra tekna á tímabilinu og lætur nærri að þær séu um 10 millj. kr.

Starfsemi verkefnisins hefur verið fjölþætt. Meðal þess sem unnið hefur verið að má nefna eftirtalin verkefni:

Staðið fyrir eða tekið þátt í sölusýningum handverksfólks víðs vegar um landið á starfstímanum.

Haldið samkeppni um hönnun á minjagripum og minni nytjahlutum árin 1994–98.

Ráðgjöf við handverksfólk af ýmsum toga.

Fundir haldnir, málþing og starfsmenn tekið þátt í stefnumótunarvinnu.

Gerður hefur verið gagnabanki með upplýsingum handverksfólks. Í þeim banka eru nú um 700 nöfn með upplýsingum um framleiðsluvörur, einstaklinga og hópa.

Eftir að þetta verkefni fluttist á Amtmannsstíg 1 hefur verið staðið þar fyrir stöðugum sýningum á handverki í litlum sýningarsal og hafa þar nú verið haldnar 15 sýningar. Þar hefur einnig verið komið upp bókasafni.

Spurt er næst: Hvaða árangur hefur orðið af verkefninu?

Enginn vafi er á að handverk hefur verið að eflast á undanförnum árum. Með stuðningi Rannsóknarráðs Íslands vann verkefnastjóri Handverks og hönnunar könnun á meðal handverksfólks. Þar kom í ljós að konur eru í miklum meiri hluta meðal handverksfólks eða um 82%. Fjölmennasti aldursflokkur handverksfólks er á aldrinum frá 41 árs til 50 ára eða 25%. Langflest handverksfólk stundar prjónaskap eða 45%, um 30% stunda minjagripagerð. Allmargir stunda fleiri en eina tegund handverks. Yfir helmingur handverksfólks býr í dreifbýli. Um fimmtungur handverksfólks býr á Norðurlandi eystra og annar fimmtungur á höfuðborgarsvæðinu. 73% stunda handverk allt árið.

Flestir svarenda byrjuðu að stunda þessa iðju 1990–94 eða 43%, 23% byrjuðu 1995–1998.

Fjárhagsleg umsvif í handverki hafa aukist á undanförnum árum, bæði vegna aukins fjölda erlendra ferðamanna sem kaupa handverk sem minjagripi en ekki síður vegna aukins áhuga innan lands. Á sama tíma hefur einnig orðið mikil vakning til þess að bæta gæði þeirrar vöru sem boðin er til sölu. Á undanförnum árum hafa verið sett á laggirnar allmörg handverkshús og gallerí sem selja framleiðslu handverksfólks. Handverk er eina atvinnugreinin hjá einum af hverjum sjö svarendum en hjá flestum skapar hún viðbótartekjur við aðra atvinnu og hjá helmingi er sú viðbót innan við 10%.

Þá er spurt: Hvert verður framhald þess?

Í ágúst á síðasta ári skipaði forsrh. nefnd til að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um það hvernig hátta eigi stuðningi stjórnvalda við handverksgreinar. Nefndin skilaði nýlega áliti sínu. Nefndin telur að sá stuðningur sem stjórnvöld hafa veitt handverki á undanförnum árum hafi átt umtalsverðan þátt í þeirri miklu eflingu sem orðið hefur í þessari starfsemi. Nefndin telur að handverksgreinar geti enn dafnað og eflst og geti skapað þeim sem þær stunda lífvænlega afkomu og stuðlað að viðhaldi og eflingu íslenskrar menningar.

Á meðal tillagna nefndarinnar eru þessu atriði:

1. Þeirri starfsemi sem rekin hefur verið undir nafninu Handverk og hönnun verði haldið áfram sem verkefni sem fái fjárhagslegan stuðning frá forsrn., félmrn. og frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins og að þessir aðilar tilnefni einn mann hver í stjórn verkefnisins. Markmið starfseminnar verði að stuðla að áframhaldandi eflingu handverks, bæta menntun og þekkingu handverksfólks og að stuðla að aukinni gæðavitund í greininni. Til þess að ná markmiðunum þarf verkefnið að stunda ráðgjöf, safna og dreifa þekkingu og vera vettvangur þróunar í íslensku handverki.

2. Þjónusta Handverks og hönnunar við handverksfólk á landsbyggðinni verði veitt í gegnum net atvinnuráðgjafa með stuðningi Iðntæknistofnunar.

3. Komið verði á skipulegu námi fyrir handverksfólk hjá Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

4. Aukinn stuðningur við starfsemi Heimilisiðnaðarfélags Íslands. Lagt er til að félaginu verði falið að standa fyrir átaki í ráðgjöf um þjóðbúninga sem standi næstu tvö ár í þeim tilgangi að fleiri skarti þjóðbúningi árið 2000 en annars yrði.

Þetta eru í stuttu máli svör við fyrirspurnum hv. fyrirspyrjanda.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Eins og fram kom í svari hans er um atvinnugrein að ræða sem er orðin mjög mikilvæg í þjóðlífi okkar og hún er orðin mikilvæg í atvinnulegu tilliti víða úti um land. Hins vegar er afskaplega mikilvægt að hér verði staðið vel að verki og að við höldum uppi merki gæðaframleiðslu.

Þessi atvinnugrein tengist bæði menningarlífinu og ferðaþjónustunni og hún segir eitthvað um það hvert menningarstig þjóðar okkar er þannig að hér er um mjög merkilegt fyrirbrigði að ræða. Opinber afskipti eðli málsins samkvæmt tel ég að þyrftu fyrst og fremst að vera í ráðgjafarformi. Það er sú starfsemi sem þarf að styrkja og ég er mjög ánægð með að það kom fram í svari ráðherra að hugmyndir eru um það, og það er tillaga þeirrar nefndar, sem unnið hefur að málinu, að sú starfsemi verði áfram og verði tengd út um land í gegnum net atvinnuráðgjafanna.

Einnig kom fram í svari ráðherrans að það á að huga að þjóðbúningnum okkar og það held ég að sé vel. Einnig kom fram að komið verði á skipulögðu námi fyrir handverksfólk í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Það er auðvitað mjög af hinu góða, ef sú pólitíska ákvörðun verður tekin, að farið verði út í aukna menntun í þessu fagi.

En það er sem sagt fyrst og fremst áríðandi að þessu bráðabirgðaástandi ljúki og sú pólitíska ákvörðun verði tekin að slíkt verkefni verði áfram til staðar til stuðnings þessari atvinnugrein.

Framkvæmd 12. gr. jafnréttislaga.

Fsp. GGuðbj, 413. mál. — Þskj. 686.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Haustið 1997 viðurkenndi hæstv. menntmrh. opinberlega að hafa brotið 12. gr. jafnréttislaganna þegar hann bað bréflega um tilnefningar í Rannsóknarráð Íslands og skipaði síðan níu karla og tvær konur í ráðið.

Umrædd lagagrein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð.“

Í framhaldi af því flutti ég fyrirspurn í þinginu um það hve oft einstakir ráðherrar hefðu minnt á umrædda lagagrein. Í svari á þskj. 244 frá síðasta þingi kom fram að yfirleitt hafa ráðherrar ekki minnt á þessa lagagrein, með fáum undantekningum þó, einkum frá félmrh., sem minnti 173 sinnum á greinina, en umhvrn. 12 sinnum og iðn.- og viðskrn. 21 sinni.

Í utandagskrárumræðu í nóvember 1997 viðurkenndi hæstv. forsrh. að þetta ákvæði jafnréttislaga væri almennt ekki notað, þ.e. að lögin væru brotin almennt af ráðherrum ríkisstjórnarinnar, en af þessu tilefni yrði það áréttað við

ráðuneytin að þetta ákvæði væri til staðar og bæri að virða eins og önnur lagaákvæði. Í sömu utandagskrárumræðu kom fram hjá hæstv. félmrh. að hann hefði sent ráðuneytunum bréf til að minna á 12. gr. jafnréttislaganna og væri tilbúinn að árétta bréflega áður en langt um liði.

Af þessu tilefni spyr ég hæstv. forsrh. á þskj. 686:

„1. Hefur verið áréttað við ráðuneytin að virða beri ákvæði í 12. gr. jafnréttislaganna eins og frekast er unnt, sbr. ummæli forsætisráðherra og félagsmálaráðherra á 122. löggjafarþingi?

2. Ef svo er, hvenær var það gert formlega og hversu oft hlutfallslega hefur verið vitnað í 12. gr. jafnréttislaganna í þeim tilnefningarbréfum sem farið hafa frá ráðuneytunum síðan?"

[14:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr: Hefur verið áréttað við ráðuneytin að virða beri ákvæði í 12. gr. jafnréttislaganna eins og frekast er unnt, sbr. ummæli forsætisráðherra og félagsmálaráðherra á 122. löggjafarþingi? Í annan stað: Ef svo er, hvenær var það gert formlega og hversu oft hlutfallslega hefur verið vitnað í 12. gr. jafnréttislaganna í þeim tilnefningarbréfum sem farið hafa frá ráðuneytunum?

12. gr. jafnréttislaganna sem hér um ræðir, nr. 28/1991, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð."

Þessi regla sem kemur fram í 12. gr. hefur margoft verið ítrekuð við ráðherra á ríkisstjórnarfundum sem er vettvangur ráðherranna, ráðherrafundir. Að öðru leyti hefur það ekki verið gert, enda á ekki að vera sérstök þörf á því að árétta við ráðuneytin að fara að lögum.

Þá vil ég taka fram að lagt hefur verið fram á Alþingi frv. að nýjum jafnréttislögum. Það er mál nr. 498 á þskj. 810. Í 21. gr. frv. er ákvæði er kemur í stað 12. gr. gildandi laga. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera.

Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga skal hlutfall kynja vera sem jafnast þar sem því verður við komið.

Þar sem tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna tvo, konu og karl.

Við skipun skal þess síðan gætt að skipting milli kynja sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. ef sérstakar ástæður leiða til þess að illmögulegt er að framfylgja þeim. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Ákvæði 2. og 3. mgr. fellur sjálfkrafa úr gildi að liðnum tíu árum frá gildistöku laga þessara."

Í grg. um 21. gr. er þetta sagt, með leyfi forseta:

„Ákvæðið er efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga en orðalagi þess hefur verið breytt til að gera það skýrara. Lagt er til að ákvæðið taki ekki til félagasamtaka. Þá er lagt til að það eigi einungis við um þær nefndir, stjórnir og ráð sem tilnefnt er í en ekki sem kosið er til hlutfallskosningu. Enn fremur er lagt til að í 3. mgr. verði undantekningarákvæði ef aðstæður eru þær að illmögulegt sé að framfylgja 2. mgr. Ef frumvarpið verður að lögum þarf tilnefningaraðili að rökstyðja ástæður sínar fyrir frávikinu. Skýra ber 3. mgr. þröngt líkt og gildir um önnur undantekningarákvæði laga. Um er að ræða átaksverkefni til að jafna hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnum og því er lagt til að það falli úr gildi að tíu árum liðnum frá gildistöku þess."

Í almennum athugasemdum um frv. eru nefnd helstu nýmæli þess. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ákvæði í íslenskri löggjöf um hlut kynjanna í nefndum, stjórnum og ráðum hafa verið mun veikari en annars staðar á Norðurlöndunum og hlutur kvenna í þessum efnum er verulega lakari hér. Í frumvarpinu er lagt til að skerpt verði á ákvæðinu en jafnframt að það taki ekki til félagasamtaka. Um er að ræða sérstakt átak og að tíu árum liðnum er gert ráð fyrir að ekki sé þörf á ákvæði sem þessu í jafnréttislögum."

Ég vil taka það fram að ekki vannst tími til að vinna úr öllum þeim tilnefningarbréfum sem farið hafa frá ráðuneytunum þessi undanfarin þrjú ár. Slíkri spurningu var svarað fyrir fjórum árum. Var mikil vinna lögð í að undirbúa það svar og ég vænti þess að þegar vinnunni lýkur að þessu sinni, verði þessu atriði svarað sérstaklega og skriflega.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin þótt ég verði að segja að það sé alveg með ólíkindum að heyra það enn einu sinni frá þessari ríkisstjórn að ekki er staðið við jafnréttislögin og ekki einu sinni við eigin orð, héðan úr þessum stóli. Um að málið verði áréttað við ráðuneytin, þ.e. hér var lagabrot viðurkennt fyrir tveimur árum síðan og lofað bót og betrun en síðan er allt svikið. Því er þess varla að vænta, herra forseti, að hlutfall í nefndum hafi neitt lagast frá því sem það var fyrir tveimur árum, en ekki fjórum, þ.e. 1997 en þá var hlutfall kvenna í nefndum á vegum þessarar ríkisstjórnar 23%.

Ég fagna því hins vegar að í nýju frv. til jafnréttislaga er þessi grein styrkt eins og glöggt kom fram í máli hæstv. ráðherra, samanber 21. gr. þess frv.

Herra forseti. Fyrirspurnir mínar í þinginu um 12. gr. jafnréttislaganna sýna skýrt að flestir ef ekki allir ráðherrar þessarar ríkisstjórnar hafa brotið jafnréttislögin. Í gær var hér til umræðu niðurstaða kærunefndar jafnréttismála um að úthlutun bifreiðastyrkja hjá Landsbankanum og Búnaðarbankanum færi í bága við jafnréttislög, en enginn ráðherra var til svara um það hvort eitthvað gerðist í framhaldi af þeim úrskurði. Því vil ég nú nota tækifærið og spyrja hæstv. forsrh. hvort viðkomandi ráðherrar — og þá er ég að tala um 12. gr. jafnréttislaganna — eða bankastjórar verði látnir sæta ábyrgð vegna lagabrotanna og í hverju sú ábyrgð felist, samanber 22. gr. jafnréttislaga þar sem segir að sá sem brýtur lögin sé skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Ef það er ekki ljóst, má spyrja til hvers þessi ákvæði jafnréttislaga eru eiginlega og því miður verður ekki séð að nýja frv. til jafnréttislaga taki á þessum veikleikum laganna. Að sjálfsögðu er þetta fyrst og síðast spurning um pólitíska vilja og pólitískar áherslur sem því miður skortir hjá núverandi ríkisstjórn. Ég leyfi mér, herra forseti, að efast um að sama skeytingarleysi (Forseti hringir.) væri viðhaft ef um væri að ræða aðra lagabálka, t.d. samkeppnislögin.

[14:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil andmæla því að ekki hafi verið árétt-að eins og lofað var og vakin athygli sérstaklega á þessari grein. Það hefur verið gert á ríkisstjórnarfundum og bókað þar og það er hinn rétti (Gripið fram í.) vettvangur. Ráðherrafundir eru í stjórnskipuninni sérstaklega haldnir til þess að forráðamenn ráðuneytanna — ráðuneytin eru byggð upp í kringum ráðherrana og hafa ekki önnur völd en þau sem ráðherrann hefur og það er hinn rétti vettvangur til að árétta þætti eins og þennan.

Í annan stað er spurt um ábyrgð ráðherranna. Þar fer eftir sérstökum reglum sem stjórnarskráin sjálf geymir og er síðan ákveðið nánar í lögum um ráðherraábyrgð og þar er nákvæm forskrift að því hvernig menn geta dregið ráðherra til ábyrgðar, kjósi þeir það. Varðandi bankana þá eru þessi mál í höndum bankastjórna og bankaráða bankanna en ekki á ábyrgð ráðherranna.

Söfnunarkassar.

Fsp. ÖJ, 33. mál. — Þskj. 33.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Á löggjafarþinginu 1997–1998 komu fram tvö frv. um svokallaða spilakassa. Fyrsti flm. þessara frv. var hv. þm. Guðrún Helgadóttir en fleiri komu þar einnig við sögu, þar á meðal sá sem hér stendur sem meðflutningsmaður. Markmiðið með þessum frv. var að koma í veg fyrir fjárhættuspil og banna þeim aðilum sem þau reka að stunda slíka starfsemi. Á það var lögð áhersla í grg. með frv. að spilafíkn væri vaxandi vandamál á Íslandi og væru þess mörg dæmi að fólk glataði aleigu sinni í fjárhættuspilum.

Þegar lögum um Happdrætti Háskóla Íslands var breytt á sínum tíma og lög voru sett um Íslenska söfnunarkassa í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar, SÁÁ og Slysavarnafélags Íslands, er óhætt að segja að margir hafi verið fullir efasemda. Það átti bæði við innan þings og utan. Staðreyndin er án efa sú að stuðningur við þau lög sem hér er vísað til hafi byggst á góðum málstað þeirra sem heimilað var að afla fjár með þessum hætti. Frá því þetta gerðist hefur tvennt komið í ljós. Þeir aðilar sem hér um ræðir hafa líkt og spilafíklarnir orðið háðir þessari fjáröflun og reiðast því jafnvel stundum þegar hún er gagnrýnd. Hreinar tekjur af kössunum voru á árinu 1997 1.120 millj.kr., þar af 310 millj. til Háskóla Íslands, 809 millj. til þeirra aðila sem standa að Íslenskum söfnunarkössum.

Þessir peningar skipta máli fyrir þá sem fá arðinn af spilakössunum í sinn vasa, og ógjarnan vilja þeir verða af honum. Hitt er svo annað mál að veltan af þessum kössum er miklu meiri en nemur þessum upphæðum. Þannig hækkar upphæðin í 1,7 milljarða á árinu 1997 ef kostnaður er ekki dreginn frá. En tölur eru ekki til um heildarveltuna, þ.e. ef engir vinningar eða kostnaður er dreginn frá. Þá kemur í ljós hve miklum fjármunum landsmenn pumpa inn í þetta spilavítiskerfi.

Einstaka maður er heppinn en flestir sitja eftir með sárt ennið. Vogun vinnur, vogun tapar. Á því byggir fíknin.

Á árinu 1996 innrituðust 85 einstaklingar í stuðningshóp SÁÁ-spilafíkla. Árið eftir var talan komin yfir 90 og samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði hjá SÁÁ í tengslum við þessa fyrirspurn hafa nýlegar rannsóknir á vegum SÁÁ leitt í ljós að spilafíkn eykst jafnt og þétt á Íslandi, sérstaklega hjá ungu fólki. Þá er það spurningin sem eftir stendur, þ.e. hversu góður sá málstaður geti orðið sem aflar tekna með þessum hætti.

Liðið vor samþykkti Alþingi að vísa fyrrnefndum lagafrv. um bann við fjárhættuspilum til ríkisstjórnarinnar í þeirri trú að hún mundi aðhafast í málinu, enda sú málsmeðferð að hún tæki málið til afgreiðslu, samþykkt af hálfu stjórnarmeiri hlutans, ekki síður en minni hlutans. Nú er spurt um efndir.

[14:42]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar er rétt að minna á að þegar Alþingi sér ekki ástæðu til að álykta annað um mál, þá getur það vísað máli til ríkisstjórnarinnar. Með öðrum orðum, í því máli sem hér er hreyft lýsti Alþingi því yfir að það sæi ekki ástæðu til að álykta annað í málinu. Þetta liggur ljóst fyrir og er nauðsynlegt að öllum sé ljóst í tilefni af þeirri fyrirspurn sem hér er borin fram.

Að öðru leyti get ég sagt frá því að í febrúarmánuði á síðasta ári, þ.e. nokkrum mánuðum áður en Alþingi samþykkti að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og lýsa því yfir að það sæi ekki ástæðu til að álykta um málið, gerði ég ríkisstjórninni grein fyrir stöðu happdrættismála og lagði til að skipuð yrði nefnd ráðuneyta til að fjalla um þau mál, móta framtíðarstefnu og leggja línur um heildstæðar lausnir. Þessi nefnd hefur starfað síðan og ég á von á að niðurstöður hennar liggi fyrir alveg á næstu dögum. Þær verða þá kunngerðar og tekin ákvörðun um framhald þeirrar vinnu í ljósi niðurstöðu nefndarinnar.

Varðandi síðari lið fsp. er það að segja að ég hef ekki verið reiðubúinn að beita mér fyrir því að svipta þau félagasamtök sem njóta tekna á þennan hátt þessum mikilvægu fjáröflunarleiðum og mun ekki gera það. Það kemur svo til álita þegar heildarendurskoðun fer fram á þessum lögum hvaða breytingar eða hvort breytingar verða gerðar hér á. Það er of snemmt að segja til um það.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég veit að það er venja að þakka hæstv. ráðherrum fyrir svörin og ég ætla ekki að bregðast þeirri venju, en jafnframt vil ég lýsa mikilli undrun á svari hæstv. ráðherra. Hann byrjaði mál sitt á því að segja að sú málsmeðferð að vísa þessum frumvörpum til afgreiðslu hjá ríkisstjórninni jafngilti vilja Alþingis um að ekkert yrði aðhafst í málinu. Þessi málsmeðferð var a.m.k. af minni hálfu samþykkt í trausti þess að ríkisstjórnin aðhefðist í þessu alvarlega máli.

Árið 1997 kom hingað góður gestur í boði SÁÁ. Það var bandarískur prófessor í geðlækningum, Sheila B. Blume, en hún starfar við háskólann í New York og er auk þess stjórnandi meðferðarstofnunar fyrir áfengis-, eiturlyfja- og spilafíkla í þeirri sömu borg. Við þessa konu var haft viðtal í sjónvarpinu á sínum tíma þar sem hún sagði m.a.:

„Spilafíkn er grafalvarleg samanborið við drykkjusýki. Áfengissýki eyðileggur fjölskyldu, konu, mann og börn, en spilafíkn eyðileggur fyrir mörgum kynslóðum. Ekki er einungis auði nærfjölskyldunnar sóað heldur foreldra, afa og ömmu, barna og barnabarna, svo spilafíkn fer verr með fjölskyldur en áfengissýki.“

Síðan er rætt um það áfram í þessu viðtali eða þessari frétt hve margir hafi fengið meðferð á Vogi og að margir hafi verið sendir þangað vegna þess að óttast hafi verið að þeir sviptu sig lífi.

En hæstv. dómsmrh. segist ekki vilja svipta þá aðila sem afla tekna á þennan hátt þessum fjáröflunarmöguleika. Mér finnst, hæstv. forseti, vera tekið á mjög alvörulausan hátt á þessu alvarlega máli. Ég spyr hæstv. dómsmrh. hvort ekki hafi verið orðið við þeirri samþykkt eða farið eftir samþykkt Alþingis frá því í vor um að taka þessi mál til umfjöllunar í ríkisstjórninni. Það var samþykkt hér á Alþingi.

[14:47]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. fjalla af talsverðu alvöruleysi um það mikilvæga starf sem þau samtök vinna í okkar þjóðfélagi sem fá tekjur með þessum hætti (**ÖJ:** Ég fjallaði ekkert um ...) og geta ekki sinnt því starfi nema þeim sé tryggður tekjustofn. Þannig að hv. þm. (**ÖJ:** Þetta eru útúrsnúningar.) þarf ekki að láta sér koma á óvart að ég lýsi því yfir að ég sé ekki reiðubúinn að svipta þessi samtök þeim mikilvægu tekjustofnum sem þau hafa.

Í annan stað þarf hv. þm. heldur ekki að láta sér koma það á óvart að ég líti svo á að Alþingi hafi lýst því yfir að það hafi ekki séð ástæðu til þess að álykta öðruvísi en að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar þegar málið var afgreitt vegna þess að sá skilningur er ekki einasta bundinn í þingsköpum heldur í stjórnarskrá. Það er ekki hægt að líta með neinum öðrum hætti á afgreiðslu Alþingis en í samræmi við ákvæði þingskapa og stjórnarskrár.

Hitt er svo allt annað mál, eins og ég tók hér fram, að löngu áður en Alþingi ákvað að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar setti ríkisstjórnin að minni tillögu á fót sérstaka nefnd til þess að fjalla um framtíðarstefnumótun í happdrættismálum og til þess að leggja línur um þá löggjöf sem um þessi mál gilda. En það er orðið mjög brýnt að koma áfram heildarendurskoðun og bættri stjórnsýslu á því sviði.

[14:49]

Útbýting þingskjala:

Heilbrigðisþjónusta, 532. mál, fsp. KF, þskj. 855.

Heilbrigðisþjónusta í dreifbýli, 533. mál, fsp. KF, þskj. 856.

Náttúruvernd, 528. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 848.

Norður-Atlantshafsþingið 1998, 479. mál, skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, þskj. 784.

Stjórnarskipunarlög, 254. mál, þskj. 845.

Vestnorræna ráðið 1998, 477. mál, skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, þskj. 782.

ÖSE-þingið 1998, 478. mál, skýrsla Íslandsdeildar ÖSE-þingsins, þskj. 783.

Réttarstaða fólks í hjúskap og óvígðri sambúð.

Fsp. RG, 372. mál. — Þskj. 583.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Fsp. mín til dómsmrh. hljóðar svo: Hefur ráðherra beitt sér fyrir kynningu á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð, samanber ályktun Alþingis um opinbera fjölskyldustefnu frá 13. maí 1997? Og ef svo er, hvernig hefur kynningarstarfsemi verið háttað?

Í þingsályktun um fjölskyldustefnu sem Alþingi samþykkti segir að réttindi og skyldur sambúðarfólks verði skilgreind í lögum. Og í nál. félmn., eftir að nefndin afgreiddi tillöguna frá sér, segir að hún vilji leggja áherslu á að upplýsingar og fræðsluefni um samanburð — takið eftir — samanburð á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð þurfi að liggja fyrir og bendir á nauðsyn þess að slíkt efni verði kynnt almenningi. Einnig er lagt til að það verði eitt af almennum markmiðum stjórnvalda að fjölskyldur sjúkra og annarra hópa eftir því sem við á skuli, eins og fjölskyldur fatlaðra, njóta nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni. Enn fremur verði að efla skilning á eðli fjölskyldunnar, hlutverki, myndun og upplausn. Og því nefni ég þessi síðari atriði að þau eru auðvitað nátengd fólki í hjúskap.

Ég vil líka geta þess, herra forseti, að á 120. löggjafarþingi var flutt till. til þál. af þingkonum Kvennalistans um miðlun upplýsinga um réttarstöðu fólks í vígðri og óvígðri sambúð. Þá var skilgreindur í greinargerð helsti munur sem lögð var áhersla á í þeirri tillögu.

Það er alkunna að almenningur er óupplýstur um réttindi og skyldur í svo veigamiklum málum sem t.d. stofnun hjúskapar og það er allt of útbreidd lögvilla að fólk heldur að allt aðrar reglur gildi um óvígða sambúð en raun ber vitni. Lögmenn segja mér að það sé allt of algengt að fólk haldi að það ávinni sér einhver lagaleg réttindi við óvígða sambúð, ýmist eftir einhvern tíma eða eftir að sambúðarfólk hefur eignast börn saman. Þegar síðan allt er komið í óefni í sambúðinni eða við andlát annars sambúðaraðila kemur í ljós að hitt er algjörlega réttlaust varðandi eingaskiptingu, rétt til setu í óskiptu búi eða erfðarétt.

Hér er ekki verið að mæla fyrir um að sömu reglur ættu að gilda í óvígðri sambúð og hjúskap. Þvert á móti tel ég að hér ætti að vera nokkurt val fyrir einstaklinga. Sumir vilja blanda saman fjárhag sínum og hafa sameiginlegt fjárfélag. Aðrir vilja halda eignum sínum sér og hafa skiptan fjárhag þrátt fyrir sambýli. Herra forseti. Slíkt val verður að byggjast á þekkingu á réttindum og skyldum, það þarf að vera upplýst val. Því verða stjórnvöld að miðla upplýsingum um þær mismunandi reglur sem gilda, annars vegar í hjúskap og hins vegar í óvígðri sambúð, og það var ósk félmn. þegar hún afgreiddi þessa tillögu frá sér.

[14:53]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í dómsmrn. er unnið að samningu sérstakra upplýsingarita, annars vegar um réttaráhrif hjúskapar og hins vegar um réttarstöðu karls og konu í óvígðri sambúð. Í ritinu um réttarstöðu karls og konu í óvígðri sambúð verður, auk ítarlegrar umfjöllunar um réttarstöðu þeirra meðan sambúðin varir, fjallað um réttarstöðu þeirra við slit á sambúð og við andlát sambúðarmaka. Gerð er grein fyrir réttarstöðu karls og konu í óvígðri sambúð að því er varðar almannatryggingar, börn, eignarrétt, fjármál, forræði eigna, framfærslu og framfærsluskyldu, leigu á húsnæði, skatta og greiðslur úr ríkissjóði, skuldaábyrgð og ýmis önnur réttindi.

Í ritinu um réttaráhrif hjúskapar verður fjallað um hjúskaparstofnun, hjónaskilnað og réttarstöðu eftirlifandi maka við andlát hans, auk þess sem skýrð verða réttaráhrif hjúskapar með tilliti til barna, fjármála hjóna, forræði maka á eign sinni, framfærsluskyldu og skuldaábyrgðar.

Drög að þessum ritum liggja nú fyrir og verða þau gefin út þegar þau hafa verið fullunnin. Upplýsingaritin munu liggja frammi í ráðuneytinu og hjá sýslumannsembættum. Enn fremur er gert ráð fyrir að ritunum verði dreift til fleiri stofnana þar sem líkur eru á að fólk leiti eftir upplýsingum um þessi málefni, svo sem Hagstofu Íslands, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, Tryggingastofnunar ríkisins og almenningsbókasafna. Enn fremur munu ritin verða birt á heimasíðu ráðuneytisins.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Alloft þegar við þingmenn komum með fyrirspurnir erum við ósátt við svörin og gagnrýnum þau harðlega. Að þessu sinni fagna ég svarinu. Mér finnst mjög jákvætt að verið sé að vinna að þessum upplýsingaritum og miðað við þær upplýsingar sem komu fram hjá ráðherranum er verið að taka til flestra þeirra atriða sem rætt var um í félmn.

Samhliða því að ég fagna þessum upplýsingum hlýt ég að nefna að þetta nál. er frá 121. löggjafarþingi og áður, á þinginu á undan, var búið að flytja tillögu um að slíkar upplýsingar yrðu unnar. Það er nokkurt áhyggjuefni hvað það tekur langan tíma frá því að vilji Alþingis er settur fram þar til framkvæmdarvaldið framkvæmir þennan góða vilja. Og af því að mér finnst nokkuð langur tími hafa liðið frá því að óskað var eftir því að þessi upplýsingarit yrðu unnin þar til þessar upplýsingar koma fram þá hlýt ég að spyrja ráðherrann hvenær sé gert ráð fyrir að þessi upplýsingarit verði tilbúin. En jafnramt er ég mjög ánægð með að þau muni verða fyrirliggjandi á flestum stöðum þar sem skiptir máli að þau séu og líkur eru á að fólk, sem er í þeim aðstæðum sem um er rætt, komi til að fá upplýsingar um stöðu sína.

[14:57]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Drög að þessum upplýsingaritum liggja núna fyrir. Texti þeirra er ekki alveg fullunninn þannig að ég get ekki sagt nákvæmlega fyrir um það hvenær útgáfudagur þeirra verður. En við væntum þess að það líði ekki langur tími.

Vissulega er þetta drjúgur tími en á það ber að líta að mikil verkefni hvíla á herðum fárra manna í ráðuneytunum sem þessi verk vinna og það er mjög mikilvægt að upplýsingarit eins og þessi séu vönduð þannig að sem gleggstar og skýrastar upplýsingar komi til þeirra sem á þurfa að halda.

Skipun hæstaréttardómara.

Fsp. SvG, 426. mál. — Þskj. 700.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á undanförnum mánuðum og árum, má segja, hafa af og til komið upp hugmyndir um stöðu Hæstaréttar, t.d. hvernig best væri að standa að því að velja hæstaréttardómara. Ég flutti fyrir nokkrum árum frv. um það efni, þ.e. um breytingar á lögum um Hæstarétt Íslands, þar sem gert var ráð fyrir að Alþingi staðfesti tillögur dómsmrh. um skipun hæstaréttardómara.

Til viðbótar við þetta hafa komið fram hugmyndir, m.a. í framhaldi af svokölluðum kvótadómi sem felldur var fyrir nokkru, um að staða Hæstaréttar væri kannski að nokkru breytt. Þó að ég vilji ekki segja að Hæstiréttur hafi fellt pólitíska úrskurð í því máli, því að það væri ósanngjarnt, þá er ekki hægt að neita því að hann felldi úrskurð sem hafði mikil áhrif á pólitíska umræðu. Mér finnst ekkert óeðlilegt að í framhaldi af því velti menn sérstaklega fyrir sér stöðu Hæstaréttar og hæstaréttardómara.

Í þriðja lagi hefur því oft verið hreyft á Alþingi, líka í sambandi við þennan svokallaða kvótadóm, hvort Hæstiréttur eigi að fá með sérstökum laga- og/eða stjórnarskrárákvæðum það verkefni að fjalla um stjórnarskráratriði og það hvernig stjórnarskrárákvæði eru framkvæmd af stjórnvöldum, hvort sem það er ríkisstjórn eða Alþingi.

Í sumum löndum hafa verið settir upp stjórnlagadómstólar. Ég hef satt að segja alltaf verið andvígur slíku, fyrst og fremst vegna þess að ég hef talið að Alþingi eigi að vera endanlegt vald í málum af því tagi sem hér er um að ræða og væri um að ræða ef við hefðum stjórnlagadómstól. Ég hef líka í langhundum sem ég skrifaði í dagblaðið Dag, tveimur langhundum, hreyft þeirri hugmynd að til verði stjórnlagastofnun eða stjórnlaganefnd sem fái álitamál til umsagnar. Ég held að ef sú stofnun væri nógu vönduð í vinnubrögðum sínum mundi hún smátt og smátt hafa mikil áhrif. Með öðrum orðum, í þessari fyrirspurn er verið að hreyfa almennum spurningum um stöðu Hæstaréttar, ekki aðeins út frá því efni sem vitnað er til í fyrirspurninni sjálfri, heldur líka út frá þeirri umræðu sem fram hefur farið um stöðu Hæstaréttar á undanförnum mánuðum.

[15:01]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst með tilliti til fyrirspurnarinnar eins og hún liggur fyrir er rétt að minna á að frv. hv. þm. var vísað til ríkisstjórnarinnar. Eins og áður hefur komið fram í þessum fyrirspurnartíma felst í slíkri afgreiðslu af hálfu þingsins að þingið tekur ekki afstöðu til slíks máls og telur ekki ástæðu til þess. En frá því að Alþingi fjallaði um það mál hefur ríkisstjórnin lagt fyrir þingið frv. að dómstólalögum, frv. sem síðar var samþykkt í þinginu og hefur tekið gildi. Það fékk hér venjulega umfjöllun og var þó nokkuð rætt. Engar hugmyndir komu fram í þeirri umfjöllun um að gera breytingar á skipun hæstaréttardómara. Þingið hefur því fyrir sitt leyti svarað þessum spurningum mjög skýrt og afgerandi í ítarlegum umræðum.

Síðari liður fyrirspurnarinnar, sem ekki er á þingskjalinu og hv. þm. vék að, laut að því hvort nýlega genginn dómur Hæstaréttar kynni að breyta viðhorfum manna í þessu efni. Mitt mat er að sá dómur feli ekki í sér neinar þær vísbendingar eða neina þá stefnubreytingu í dómum Hæstaréttar að gefið sé tilefni til að breyta skipun hæstaréttardómara. Vissulega kann svo að fara og heilmiklar umræður eru um það hvort dómstólar eigi að taka sér löggjafarvald. Ég hef varað við því þótt dómstólar þurfi auðvitað að túlka lög og á vissan hátt að taka þátt í réttarþróun, þá tel ég að löggjafarvaldið eigi að vera hjá þjóðkjörnum fulltrúum og menn verði að vera mjög á varðbergi fyrir því að það fari ekki úr höndum Alþingis. Alþingi er einn af hornsteinum og einn meginhornsteinn ríkisvaldsins og þess vegna mikilvægt að viðhalda því jafnvægi. Það hefur ekkert gerst í þessum efnum að mínu mati sem kallar á að gerð verði breyting á skipun hæstaréttardómara.

[15:03]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Vegna orða hæstv. ráðherra um nýsamþykkt dómstólalög vil ég taka fram sem þáverandi nefndarmaður í allshn. að mjög mikið var rætt um skipun hæstaréttardómara í nefndinni í tengslum við setningu laganna og einnig hér í umræðum. Þetta var eitt af þeim stóru málum sem voru mjög mikið rædd, bæði í þinginu og í nefndinni. Ég t.d. bað um skriflegar upplýsingar um hvernig þessum málum væri háttað í nágrannalöndunum en því miður náðist ekki eining um það í nefndinni að breyta þessu ákvæði þannig að það fór því í gegn eins og það er núna í lögunum.

[15:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. ráðherra um hvað það þýði ef máli er vísað til ríkisstjórnarinnar vil ég segja að þegar málum hefur verið vísað til ríkisstjórnarinnar hefur það verið gert með þeim rökum, í nefndum m.a., að vinna sé í gangi hjá viðkomandi ráðherra eða hjá viðkomandi ráðuneyti sem sé sambærileg þeirri vinnu sem óskað er eftir, t.d. í þáltill., og því sé rétt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar þannig að verkið fari til þeirrar vinnu sem er í gangi í ráðuneytinu. Þetta hafa oft verið skýringarnar á því þegar málum hefur verið vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég tel það því ekki alveg öldungis rétt, herra forseti, hvernig hæstv. ráðherra túlkar það hver sé vilji þingsins þegar málum er vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er alls ekki sambærilegt við það sem hafa verið rökin í slíkum afgreiðslum í nefndum á þessu þingi a.m.k. Ég vil að það komi fram, herra forseti.

[15:05]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að bera upp í fyrirspurnartíma þá spurningu hvort æskilegt væri að Alþingi staðfesti tillögu hæstv. dómsmrh. þegar hann skipar hæstaréttardómara. Ég hef verið í raun dálítið undrandi á því að þetta fyrirkomulag skuli ekki vera við lýði því að í mínum huga er dálítið óeðlilegt í ljósi þeirrar þrískiptingar á ríkisvaldi, sem hér er til staðar, að hinir tveir þættir ríkisvaldsins, þ.e. framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið, skuli ekki sameinast um skipun dómara í æðsta dómstól þjóðarinnar sem fer þá með endanleg ráð hvað dómsþáttinn varðar, þ.e. Hæstiréttur. Ég vil því, virðulegi forseti, einungis lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að haga þyrfti málum á þann hátt að Alþingi staðfesti tillögu hæstv. dómsmrh. um skipun hæstaréttardómara í stað þess að framkvæmdarvaldið sjái eitt um þá skipun.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni og öðrum þingmönnum fyrir góðar undirtektir við málið. Ég er viss um að þessi mál verða á dagskrá áfram þótt við báðir, ég og hæstv. dómsmrh. hverfum til annarra verka áður en langur tími líður. Það er augljóst mál að veruleikinn hefur sett á dagskrá spurningar um hvernig á að standa að skipun Hæstaréttar. Það er bara þannig. Það er alveg sama hvað ég eða hæstv. ráðherra eða aðrir kunna að segja í þeim efnum, veruleikinn kallar alltaf á niðurstöður, líka fyrir stjórnmálamenn hvað sem tautar og raular. Varðandi skilning ráðherra á afgreiðslu mála hér, þá verð ég að segja alveg eins og er að mér þykir leitt að þurfa að nota þessa ræðu til að mótmæla honum sérstaklega vegna þess að ég tel að þessi skilningur sé rangur. Hins vegar er það auðvitað þannig að ráðherrar þurfa ekki að gegna svona vísunum, það er út af fyrir sig alveg rétt. Hæstaréttardómar hafa gengið um það að þáltill. breyta engu ef ráðherrar kjósa að hafa þær að engu, það er alveg ljóst. En hinn almenni þingvilji, ef mælt er með afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar með því sem kallað er á jákvæðan hátt, þá er ætlast til að tekið sé á því sérstaklega í Stjórnarráðinu, en ekki er litið þannig á að með því að afgreiða málið ekki sé þingið að hafna því eins og mér finnst í raun liggja í orðum hæstv. dómsmrh. Nú kann vel að vera að hann muni mótmæla þessum skilningi mínum, en það breytir engu. Ég er alveg viss um að ég hef rétt fyrir mér í þessu efni. Þessi skilningur hans er alveg flunkunýr og hefur reyndar ekki heyrst fyrr en í dag úr þessum ræðustóli.

[15:09]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í sjálfu sér þarf ekki að deila mjög um þetta atriði, hvaða gildi það hefur að vísa málum til ríkisstjórnarinnar. Í þingsköpum og stjórnarskrá lýðveldisins segir alveg skilmerkilega að Alþingi geti vísað málum til ríkisstjórnarinnar ef það sjái ekki ástæðu til að álykta um málið á annan veg. Þetta þýðir með öðrum orðum, að þegar Alþingi vísar máli til ríkisstjórnarinnar þá tekur það ekki afstöðu í málinu. Í þál. tekur Alþingi ákveðna afstöðu, vilji þess er skýr og framkvæmdarvaldið er bundið við að framkvæma vilja Alþingis, en þegar málum er vísað til ríkisstjórnarinnar liggur alveg í augum uppi samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar að Alþingi hefur ekki tekið afstöðu í málinu, og um þetta þurfa menn auðvitað ekkert að deila því stjórnarskráin er alveg kristaltær í þessu efni.

Hvað varðar fyrirspurnina sjálfa þá geta menn auðvitað haft mismunandi skoðanir á því hvernig á að standa að skipun dómara. Það er alveg vafalaust að ef þróunin verður í þá veru að dómstólar taka sér meira sjálfstætt vald til að móta og setja löggjöf, þá kallar það á breytingar á skipun og stöðu hæstaréttardómara. Það vekur upp spurningar um æviráðningu þeirra og hvort þeir eigi ekki að vera lýðræðislega kjörnir. Ég vara hins vegar við þeirri þróun. Ég held að halda eigi dómstólunum sjálfstæðum og óháðum sem dómstólum um ágreining um lög sem löggjafarvaldið setur og að halda eigi valdinu til að setja lögin hjá löggjafarvaldinu og Alþingi. Þetta eru mikilvæg atriði en fari þróunin í þann farveg geta þessi sjónarmið komið upp en það hefur ekkert gerst enn í þessum efnum sem kallar á slíkar breytingar.

Réttindi heyrnarlausra.

Fsp. ÁRJ, 489. mál. — Þskj. 799.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Þegar ég lagði fram þessa fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. var hafin enn einu sinni sú þrautaganga heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir kosningar að fá sambærilega möguleika og aðrir þjóðfélagshópar til að mynda sér skoðanir á lýðræðislegan hátt til að geta tekið afstöðu í kosningum. En til að lýðræði virki verður almenningur að hafa greiðan aðgang að upplýsingum til að geta myndað sér skoðanir á almennum þjóðfélagsmálum, ekki síst í kosningum en það hafa heyrnarlausir ekki getað vegna þess að þá

hefur skort upplýsingar. Þeir hafa ekki haft greiðan aðgang að þjóðfélagsumræðu í fjölmiðlum.

Félag heyrnarlausra fór fram á það bréflega við sjónvarpið 6. nóvember sl. að stjórnmálaumræðu fyrir alþingiskosningarnar 8. maí nk. yrðu túlkaðar jafnhliða á táknmáli. Þeirri málaleitan var synjað 11. janúar sl. Reyndar gerðist það, herra forseti, nú rétt fyrir þennan þingfund, að upplýsingar bárust frá framkvæmdastjóra sjónvarpsins þar sem tilkynnt var að menn væru tilbúnir að koma til móts við vilja heyrnarlausra og endurflytja stjórnmálaumræðurnar kvöldið fyrir kosningarnar og túlka þær og texta en þá að lokinni dagskrá eða í lok dagskrár, þ.e. jafnvel eftir miðnætti og svo jafnvel aftur næsta morgun, þ.e. á kjördag áður en kjörstaðir verða opnaðir. Reyndar má segja að þarna sé komið til móts við vilja heyrnarlausra en það er ekki verið að veita þeim sömu réttindi og sömu þjónust og öðrum. Það er ekki verið að fara að ósk þeirra.

Ég spyr í fyrirspurn minni til hæstv. ráðherra og vitna í kosningalögin, hvað hann hyggist gera til að heyrnarlausum séu tryggð þessi réttindi. Reyndar er það svo að ekkert eitt ákvæði í kosningalögum tekur beint á skyldu stjórnvalda til að kynna þá sem í framboði eru og málflutning þeirra, en það er túlkun færra lögfræðinga að sú skylda felist í lögunum. Ég hefði því viljað heyra frá hæstv. ráðherra hvernig hann hyggist tryggja rétt heyrnarlausra þannig að þeir hafi sömu möguleika og aðrir þjóðfélagsþegnar til að fylgjast með stjórnmálaumræðum fyrir Alþingiskosningarnar, og vísa þá m.a. til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og annarra mannréttindasáttmála og alþjóðasamninga sem við erum aðilar að.

[15:15]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í kosningalögum eru ákvæði um það hvernig framboðslistar skulu kynntir. Þar segir að landskjörstjórn skuli gera almenningi kunna listana með auglýsingu í Lögbirtingablaði og blöðum. Í auglýsingu skal tilgreina bókstaf hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð, stöðu þeirra og heimili. Jafnframt skal landskjörstjórn birta í útvarpi auglýsingu, og skal þar tilgreina bókstaf hvers lista og fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er borinn fram.

Samkvæmt þessu birtir landskjörstjórn tvær auglýsingar. Annars vegar er um að ræða auglýsingu í útvarpi um listabókstafi og stjórnmálasamtök í hverju kjördæmi. Hefur þessi auglýsing verið birt í Ríkisútvarpinu/hljóðvarpi. Hins vegar er um að ræða heildarauglýsingu um öll framboð með nöfnum frambjóðenda sem birt er í Lögbirtingablaði og blöðum. Þessa auglýsingu hefur landskjörstjórn birt í dagblöðum sem hafa dreifingu um allt land. Í landsmálablöðum hafa á vegum yfirkjörstjórnar að auki verið birtar auglýsingar um framboð í viðkomandi kjördæmi.

Ráðuneytið mun standa að kynningu á framboðslistum samkvæmt þessu lagaákvæði eins og gert hefur verið. Vegna þessarar umræðu og eins og hv. fyrirspyrjandi gerði réttilega er mikilvægt að benda á að kosningalögin gera ekki ráð fyrir því að stjórnvöld sjá um aðra kynningu en þá að gera grein fyrir hvaða listar eru í framboði og hverjir eru á hverjum lista. Samkvæmt kosningalögunum er hlutverk stjórnvalda ekki að kynna málstað einstakra flokka. Það verður að gera á annan hátt.

Rétt er að taka fram að Félag heyrnarlausra hafa ekki beint neinum erindum til dómsmrn. að þessu leyti.

[15:17]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. virtist ekki hafa svar við spurningunni sem borin var fram en mér virtist hv. fyrirspyrjanda spyrja um hvort eitthvað yrði gert til að túlka stjórnmálaumræður í sjónvarpi fyrir þá sem ekki eiga kost á að nema þær með heyrninni. Ég veit að það ætti að vera tæknilega framkvæmanlegt að slá inn texta jafnóðum, jafnvel þannig að hann þyrfti ekki að birtast öðrum en þeim sem kysu að sjá hann. Það er t.d. hægt að gera það í gegnum textavarpið. Ég þekki það frá Bandaríkjunum. Það er gert við nánast alla fréttatíma og allar beinar útsendingar og þætti að jafnóðum er sleginn inn texti fyrir heyrnarlausa. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að gera hið sama hér.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Það er rétt að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að túlka stjórnmálaumræður fyrir þá sem ekki heyra. Það er einfalt mál í dag. Ég spurði hins vegar hæstv. dómsmrh. um afstöðu hans. Hvort og þá hvað hann hygðist gera til að rétta hlut þessa fólks. Reyndar mun ég spyrja fleiri ráðherra þessarar spurningar í dag, tvo aðra hæstv. ráðherra. Ein spurning til viðbótar bíður. Ég minni hins vegar á, vegna ummæla hæstv. ráðherra þar sem hann vitnar réttilega í kosningalögin, að þá ber að birta þessar kynningar á listunum í útvarpi. Vissulega dugar það skammt heyrnarlausu fólki að lesa upp auglýsingu í útvarpi. Þar sitja því heyrnarlausir ekki við sama borð og aðrir. Þar fyrir utan er aðeins farið fram á það við stjórnvöld að fá sambærilega þjónustu og aðrir. Það er ekki um mikið beðið, fyrir einar kosningar, einu sinni á kjörtímabilinu, að óska eftir túlkun á einum stjórnmálaumræðum. Maður hefði nú haldið að ríkisstjórnin ætti ekki að telja það eftir sér því þessi hópur greiðir afnotagjöld og stór hópur hans er með kosningarrétt. Um 80% heyrnarlausra hafa kosningarrétt. Maður hefði talið að dómsmrh., sem kosningalögin heyra undir, hefði einhverja afstöðu til þess hvernig hægt væri að tryggja þessu fólki sambærilega þjónustu fyrir kosningar þó ekki sé getið um það í sérstakri grein í kosningalögunum, um að þetta beri að kynna. Ég var einnig að vísa til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og sömuleiðis alþjóðasáttmála sem við erum aðilar að.

[15:20]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Dómsmrn. sér um framkvæmd kosninga og að kynna það hverjir eru í framboði. Það er hvorki í kosningalögum né í hlutverki dómsmrn. að kynna málstað einstakra flokka. Það sem hv. fyrirspyrjandi og hv. 15. þm. Reykv. hafa vikið að er spurningin um hvort gera eigi ráðstafanir í sjónvarpi til þess að túlka stjórnmálaumræður. Það er viðfangsefni sem heyrir undir annað ráðuneyti. Það heyrir ekki undir dómsmrn. og á að bera upp við menntmrh. sem fer með málefni Ríkisútvarpsins og útvarpsmálefni almennt.

Flugsamgöngur á Vestfjörðum.

Fsp. SighB, 265. mál. — Þskj. 303.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Um nokkurt skeið hafa flugsamgöngur á milli norður- og suðurhluta Vestfjarða alfarið legið niðri. Það þýðir að frá því í desembermánuði og fram á vor eru engar samgöngur á milli þessara tveggja landshluta í sama kjördæmi. Engar samgöngur á sjó og samgöngur á landi eru tepptar allan þennan tíma.

Á Ísafirði eru ýmsar þjónustustofnanir sem ætlaðar eru fyrir kjördæmið allt, þar á meðal þjónustustofnanir á sviði fræðslumála og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Nærri má geta hversu erfitt er um vik, sérstaklega fyrir rekstur skóla, þegar ekki eru samgöngur við helstu þjónustumiðstöð kjördæmisins næstum allan skólatímann.

Nú hefur hv. Alþingi varið nokkru fé á fjárlögum til að styrkja flugsamgöngur milli norður- og suðurhluta Vestfjarða. Nokkur bið hefur orðið á framkvæmdum og því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. samgrh.:

Hvað hyggst hæstv. ráðherra gera til að tryggja flugsamgöngur milli norður- og suðursvæða Vestfjarða?

[15:23]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Samgrn. barst bréf 2. nóvember frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, tillaga frá 43. fjórðungsþingi Vestfjarða um flugsamgöngur milli Vestur-Barðastrandarsýslu og Ísafjarðar. Þar er skorað á hlutaðeigandi aðila að tryggja þessar samgöngur a.m.k. yfir vetrarmánuðina. Samgrn. hefur síðan lagt verulega vinnu í að kanna þetta erindi til hlítar. Rætt hefur verið við ESA um þá möguleika sem reglur Evrópska efnahagssvæðisins setja í þessu sambandi. Fram hefur komið að einkum séu tvær leiðir færar.

Í fyrsta lagi styrkur á félagslegum grunni sem einkum miðar að því að gera íbúum ákveðinnar byggðar fært að sækja þjónustu í stjórnsýslu- eða verslunarstað. Þá er hver farmiði greiddur niður um tiltekna upphæð hver svo sem flýgur. Þessi leið er ekki fær því fram hefur komið að eingöngu er heimilt að greiða niður farmiða hjá þeim sem eiga lögheimili í hinni afskekktu byggð, í þessu tilviki Vestur-Barðastrandarsýslu.

Í öðru lagi hefur útboðsleiðin verið könnuð og hefur ESA verið spurt ráða í því sambandi. Jafnframt hefur Samkeppnisstofnun verið spurð hvort öll flugfélög á hinu Evrópska efnahagssvæði geti tekið þátt í útboði á áætlunarflugi án sérstakra skilyrða. Samkeppnisstofnun svarar ótvírætt því að svo sé, þannig að þau flugfélög sem nú þegar fljúga samkvæmt áætlun til Vestfjarða geta tekið þátt í útboði án sérstakra íþyngjandi skilyrða. Fátt bendir til annars en skylda til opinberrar þjónustu í áætlunarflugi verði boðin út á nokkrum flugleiðum innan lands á hinu Evrópska efnahagssvæði. Myndaður hefur verið starfshópur ráðuneytisins, Flugmálastjórnar og Ríkiskaupa til þess að koma þessu í framkvæmd. Jafnframt hefur verið rætt við heilbrrn. um að sjúkraflug verði tekið með í útboðin. Þetta verk mun taka nokkra mánuði þar sem fyrirkomulagið er þungt í vöfum. Til fróðleiks má nefna að birta verður útboðsgögn á 11 tungumálum.

Um flugleiðina sem um er spurt og hvað verði gert seinni hluta þessa vetrar er það að segja að Íslandsflug hefur þegar hafið áætlunarflug milli Ísafjarðar og Bíldudals án styrkja. Það eitt dugir til að útilokað er að taka þessa flugleið með í framangreint útboð. Nú hefur borist bréf frá Íslandsflugi þar sem fram kemur að félagið muni ekki sjá sér fært að halda úti þessu flugi til aprílloka án styrkja. Fljótlega er að vænta ákvörðunar í ráðuneytinu um flug fram á vorið. Fundir hafa verið haldnir með Ríkiskaupum og er verðkönnun Ríkiskaupa þegar hafin en haft verður samband við flugrekstrarаðila um þetta flug og sömuleiðis um flug til Norður-Þingeyjarsýslu.

Ég vil að fram komi að tvö flugfélög hafa sýnt því áhuga að sinna flugleiðinni frá Vestur-Barðastrandarsýslu til Ísafjarðar, Flugfélagið Jórvík og Íslandsflug. Þar með er óhjákvæmilegt að leita verðtilboða hjá báðum þessum flugfélögum.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það má þá gera ráð fyrir því að næsta haust verði flugsamgöngur á milli norður- og suðursvæða Vestfjarða komnar í varanlegt horf en ekki bráðabirgðalausnir í gangi. Væntanlega mun hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans takast að ljúka þeirri útboðsgerð sem þarf til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í fjölþjóðasamningum sem við eigum aðild að.

Það vakti athygli mína að hann sagði að nú væri í ráðuneytinu til athugunar hvernig tryggja mætti áframhaldandi flugrekstur milli þessara svæða a.m.k. fram á vorið þar til vegir opnuðust. Það vakti líka athygli mína að hann taldi að þar kæmu bæði flugfélögin sem lýst hafa áhuga á þeim rekstri til greina, þ.e. bæði Íslandsflug og flugfélagið Jórvík. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að ákveða sem fyrst hvor af þessum tveimur fái flugið. Ég vænti þess að það verði gert, eins og hann sagði sjálfur, á grundvelli verðkönnunar og fari eftir því hvor býður hagstæðari kjör.

[15:28]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef mun útboð á hinu Evrópska efnahagssvæði um þessar flugleiðir taka 7–8 mánuði. Ég legg áherslu á að útboðinu verði hraðað og vonast til að niðurstaða geti legið fyrir áður en snjóa tekur næsta haust.

Eftirlit með ferðaskrifstofum.

Fsp. GHall, 432. mál. — Þskj. 711.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn fyrir hæstv. samgrh. Það fór ekki fram hjá neinum Íslendingi, held ég, að núna um helgina voru heilsíðuauglýsingar í dagblöðunum frá ferðaskrifstofum um ferðir til sólarlanda. Ekki efast ég um ágæti þeirra ferða en í ljósi frásagna margra Íslendinga sem í ferðir hafa farið hefur það oft gerst að lýsing ferðaskrifstofu á ágæti viðkomandi íbúðahótela eða hótelherbergja hefur engan veginn staðist og ferðin á stundum orðið til ama og leiðinda í stað ánægju og hvíldar sumarfrísins. Legg ég því fram eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. samgrh.:

1. Hvernig er háttað eftirliti samgönguráðuneytis með ferðaskrifstofum, þ.e. að gæði og þjónusta hótela/hótelíbúða séu í samræmi við auglýsingar?

2. Hve mörg kærumál og athugasemdir hafa ráðuneytinu borist vegna vanefnda ferðaskrifstofa á sl. fimm árum?

3. Hafi kærumál borist, hvernig hefur meðferð þeirra verið og hvernig hefur þeim lyktað?

Eins og ég gat um í upphafi, herra forseti, hefur nokkuð borið á því að auglýstar hafi verið sérstakar ferðir fyrir aldraða t.d. að vetrarlagi. Í þeim hafa menn átt að getað notið hvíldar og þæginda en oftar en ekki hefur kannski allt annar *hlutur verið uppi á borðinu þegar á staðinn er komið*. Ég nefni sem dæmi að ferðaskrifstofa auglýsti ekki fyrir löngu að sjónvarp og sími væri í hverri hótelíbúð og það væri hljóðlátt og gott í kringum hótelið. Ekkert af þessu stóðst. Þeir öldruðu sem fóru í þessa hvíldarferð lágu andvaka fram á rauða morgna vegna hávaða í hljómsveitum í garði hótelsins. Margt fleira mætti tína til þannig að mér finnst full ástæða til þess að leggja fram þessa fyrirspurn fyrir hæstv. samgrh. í trausti þess að það megi þá verða til þess að ferðaskrifstofur gæti að og auglýsi ekki umfram það sem í boði er vegna þess að fólk hefur kannski lagt á sig mikinn sparnað til þess að eiga kost á því að njóta sumarleyfis í tvær eða þrjár vikur. En eins og ég nefndi áðan hefur þetta kannski snúist í það að ferðin hefur verið frekar til ama og leiðinda en ánægju og gleði.

[15:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt er: Hvernig er háttað eftirliti samgönguráðuneytis með ferðaskrifstofum, þ.e. að gæði og þjónusta hótela/hótelíbúða séu í samræmi við auglýsingar?

Ráðuneytið hefur ekki bein afskipti af því hvort gæði og þjónusta hótela eða hótelíbúða séu í samræmi við auglýsingar. Hins vegar hefur verið starfandi kvörtunarnefnd ferðaskrifstofa síðan 1984. Nefndin starfar á grundvelli samþykkta fyrir kvörtunarnefnd Félags ísl. ferðaskrifstofa og Neytendasamtakanna. Kvörtunarnefndina skipa þrír fulltrúar. Einn er valinn af Neytendasamtökunum, einn af Félagi ísl. ferðaskrifstofa og einn er tilnefndur af samgrh. sem skal vera löglærður og jafnframt formaður nefndarinnar. Nefndinni er ætlað að leysa úr hugsanlegum ágreiningi ferðaskrifstofu og viðskiptavinar. Það hefur m.a. verið verkefni kvörtunarnefndar að taka á kvörtunum neytenda vegna hótelrýmis erlendis sem farþegar hafa talið vera í ósamræmi við upplýsingar í auglýsingum og/eða bæklingum. Skrifstofa Neytendasamtakanna sendir hverja kvörtun til umsagnar viðkomandi ferðaskrifstofu ásamt öllum viðeigandi upplýsingum. Skal ferðaskrifstofunni veittur hæfilegur frestur til að svara kvörtuninni. Náist ekki samkomulag eða svar innan þess tíma tekur nefndin málið til úrskurðar á fyrirliggjandi gögnum.

Spurt er: Hve mörg kærumál og athugasemdir hafa ráðuneytinu borist vegna vanefnda ferðaskrifstofa á sl. fimm árum?

Eins og þegar hefur komið fram fær ráðuneytið slíkar athugasemdir ekki til meðferðar heldur berast þær ofangreindri kvörtunarnefnd ferðaskrifstofa. Nefndin hefur á síðustu fimm árum fengið 14 mál til meðferðar. Ráðuneytið gerir kröfu um að allar ferðaskrifstofur sem eru í rekstri hér á landi leggi fram tryggingu fyrir starfsemi sinni. Komi til rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots ferðaskrifstofu skal trygging þessi standa undir heimflutningi farþega erlendis frá og þeim innborgunum sem viðskiptavinir ferðaskrifstofunnar kunna að hafa greitt inn á ferð sem ekki var farin eftir því sem við á.

Á undanförnum fimm árum hefur ráðuneytið haft til meðferðar fjögur mál þar sem ferðaskrifstofa hefur hætt rekstri og ráðuneytið hefur orðið að grípa til fyrrgreindrar tryggingar. Öll málin eiga rætur sínar að rekja til eldri laga um skipulag ferðamála, nr. 117/1994, en samkvæmt þeim voru innborganir aðeins endurgreiddar ef afgangur reyndist af tryggingarfé eftir að heimflutningur farþega var greiddur. Umræddar ferðaskrifstofur eru: Bingó-Wihlborg Rejser, er hætti rekstri í maí 1996. Ferðaskrifstofan Ístravel, er lagði inn leyfi sitt í ágúst 1996. Ferðaskrifstofan Ratvís, er lagði inn leyfi sitt í nóvember 1996. Ferðaskrifstofan GCI, er lagði inn leyfi sitt í febrúar 1997.

Spurt er: Hafi kærumál borist, hvernig hefur meðferð þeirra verið og hvernig hefur þeim lyktað?

14 kærumál hafa borist kvörtunarnefnd ferðaskrifstofa á umræddum fimm árum. Átta málum lauk á þann veg að kæranda voru greiddar bætur. Í fjórum tilvikum var ekki fallist á kvörtun kæranda og tveimur málum var lokið án afskipta nefndarinnar. Þegar Bingó-Wihlborg Rejser hætti starfsemi sinni í maí 1996 hafði á annað hundrað farþega hafið ferð á hennar vegum. Ráðuneytið hafði undir höndum tryggingu að upphæð 8 millj. kr. vegna starfseminnar og fór töluverður hluti tryggingarfjárins í greiðslu á heimflutningi farþega. Ráðuneytið auglýsti eftir kröfum í fyrrgreint tryggingarfé og barst umtalsverður fjöldi krafna og voru allar lögvarðar kröfur greiddar að fullu. Málinu lauk með því að allir farþegar voru fluttir til síns heima auk þess að allar lögvarðar kröfur voru greiddar.

Ferðaskrifstofan Ístravel lagði inn leyfi sitt í ágúst 1996 og hafði ráðuneytið 6 millj. kr. tryggingu vegna rekstrar hennar. *Mikill fjöldi farþega var enn erlendis á vegum hennar*. Brýnasta verkefni ráðuneytisins var að flytja þá farþega aftur til síns heima. Ljóst var að tryggingin hrykki vart til frekari greiðslu en helmings flutnings farþega. Í ljós kom að farþegar erlendis voru 275 og tóku Flugleiðir að sér að flytja þá heim gegn greiðslu 6 millj. kr. Ekki var unnt að greiða aðrar kröfur vegna ferðaskrifstofunnar Ístravel og auglýsti samgrn. ekki eftir kröfum. Engu að síður barst nokkur fjöldi kröfulýsinga til ráðuneytisins og var þeim öllum hafnað. Málinu lauk með því að allir farþegar voru fluttir til síns heima en ekkert fékkst upp í aðrar kröfur.

Herra forseti. Ég á eftir smákafla af svarinu sem ég lýk í síðari ræðu minni.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svar hans. Það vakti óneitanlega athygli mína þegar hann gat um kvörtunarnefnd ferðaskrifstofa. Ég er ansi hræddur um að fjölmargir sem taka sér á hendur ferð með ferðaskrifstofum hafi þá líklega farið aðrar leiðir en þær sem eðlilegt er, þ.e. að beina máli sínu til kvörtunarnefndar ferðaskrifstofa. Ég tel að full ástæða sé til þess að það sé sérstaklega tekið fram og farþegum ferðaskrifstofa bent á að ef upp komi ágreiningsmál þá sé þessi nefnd til staðar og taki við kvörtunum ef einhverjar eru.

Mér fannst hins vegar athyglisvert í svari hæstv. samgrh. að ráðuneytið hefði lítið um þetta mál fjallað og lítið um það vitað þegar einstakar kvartanir berast frá farþegum ferðaskrifstofa í ljósi þess að einn fulltrúi þessarar kvörtunarnefndar er skipaður af samgrh. Því taldi ég það eðlilegt að

samgrn. væri þess vegna í nánum og góðum tengslum við þessa nefnd og hennar störf.

Ég vil aðeins ítreka það að ég tel að full ástæða sé til þess að veita ferðaskrifstofunum gott aðhald í ljósi þessa og þeirra miklu umræðna sem oftar en ekki hefur borið á góma vegna ferða fólks á erlenda grund. Undantekningarnar eru svo miklar í smáa letrinu á farseðlinum að menn mega þakka fyrir ef þeir þurfa ekki að gista í tjöldum.

[15:41]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil fyrst segja að það er misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að samgrn. komi ekki beint að þessum málum. Það er síður en svo. Starfsmenn samgrn. hafa lagt mikla vinnu í að koma tryggingamálum ferðaþjónustunnar í samt lag í samræmi við umfang og starfsemi einstakra ferðaskrifstofa, í samræmi við þau lög sem nú eru í gildi.

Ég vil einnig benda á að Neytendasamtökin eru aðili að þessari kvörtunarnefnd til þess að tryggt sé að þau mál sem berast þeim komi sjálfkrafa til nefndarinnar.

Herra forseti. Niðurlag svars míns er svohljóðandi: Ferðaskrifstofan Ratvís lagði inn leyfi sitt í nóvember 1996 eftir að ráðuneytið hafði haft töluverð afskipti af starfsemi hennar. Engir farþegar voru erlendis á hennar vegum. Ráðuneytið auglýsti eftir kröfum í tryggingarfé ferðaskrifstofunnar 19. desember 1996 og bárust örfáar kröfur vegna innborgana á ferðir. Málinu lauk með því að allar lögvarðar kröfur voru greiddar.

Ferðaskrifstofan GCI lagði inn leyfi sitt í febrúar 1997. Tryggingarfé ferðaskrifstofunnar var 1 millj. kr. Þessi ferðaskrifstofa hafði ekki með höndum farseðlaútgáfu heldur einvörðungu sölu svokallaðrar orlofshlutdeildar í hótelum erlendis. Hún sá því aðeins um miðlun gistirýmis. Ráðuneytið auglýsti eftir kröfum í tryggingarféð og bárust nokkrar kröfulýsingar. Málinu lauk með því að allar lögvarðar kröfur voru greiddar.

Umræður utan dagskrár.

Bæklingur ríkisstjórnarinnar um hálendi Íslands.

[15:44]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Um síðustu mánaðamót, rétt áður en þing var kvatt saman þann 2. febrúar, barst mér með Morgunblaðinu bæklingur ríkisstjórnarinnar um hálendi Íslands. Þetta var vel auglýst rit því ekki færri en fjórir vel til hafðir ráðherrar fylgdu því úr hlaði í sjónvarpskynningu 21. janúar sl. Hefur sjaldan verið haft meira við um útgáfu 15 blaðsíðna ritlings en rúmur helmingur hans eru myndir.

Tilgreindur útgefandi er enginn annar en ríkisstjórn Íslands og umsjón með útgáfunni önnuðust forsrn., félmrn., iðn.- og viðskrn. og umhvrn. Komu um tvær síður ritaðs máls í hlut hvers ráðuneytis auk myndskreytinga.

Undirritaður beið spenntur eftir þessari sendingu frá ríkisstjórninni en því er ekki að neita að afurðin olli mér nokkrum vonbrigðum. Óskaði ég að lestri loknum eftir því við forseta þingsins að kostur gæfist að ræða við útgefanda um innihaldið við hentugleika, en forsrh. og fleiri úr hópi útgefenda voru þá allfjarri við gegningar erlendis.

Áður en lengra er haldið skal tekið fram að ég tel góðra gjalda vert að reynt sé að kynna almenningi stefnu og gerðir stjórnvalda í máli og jafnvel myndum, ekki síst þegar í hlut á hálendi Íslands, fjársjóður þjóðarinnar, eins og lesa má sem heiti á forsíðu bæklingsins. Því verður hins vegar ekki neitað að ég varð fyrir verulegum vonbrigðum með innihald þessarar skrautútgáfu og skal nú tíundað það helsta sem ég tel athugavert við ritið.

Hvergi í ritinu er reynt að afmarka hugtakið hálendi og er það notað sitt á hvað um svonefnt miðhálendi og óbyggðir. Vestfjarðahálendi, Tröllaskagi og fleiri slík fjalllendi virðast falla utan við hálendishugtak ríkisstjórnarinnar. Í stað þess að vera skilmerkilegt fræðslurit um þá löggjöf sem nú gildir um óbyggðir höfum við fengið í hendur yfirborðslegan hrærigraut þar sem saman ægir hástemmdum náttúrufarslýsingum, lagatilvísunum, skírskotunum um ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar og aðrar sem eru hálfkaraðar eða enn þá hugarfóstur útgefendanna. Útkoman verður moðsuða sem skilur lesandann eftir snarringlaðan í stað þess að vera skilmerkilegur leiðarvísir um það hvernig löggjafar- og framkvæmdarvald hefur búið að þessum fjársjóði þjóðarinnar og hvað enn skortir til að leikreglur séu skýrar. Það má tilfæra mörg dæmi. Ég gríp hér nokkur. Í upphafi segir, með leyfi forseta:

„Miðhálendi Íslands er fágæt náttúruauðlind. Sífellt færist í vöxt að ferðamenn, innlendir og erlendir, njóti hálendisins á ferðalögum og uni sér fjarri mannvirkjum í námunda við tignarleg náttúruöfl. Að sama skapi býr í óbyggðum Íslands önnur auðlegð sem miklu skiptir að nýtt sé af skynsemi og gát til atvinnuköpunar og hagsældar fyrir þjóðina alla."

Þetta gæti sem best verið tekið upp úr landkynningarriti: „... fjarri mannvirkjum í námunda við tignarleg náttúruöfl ..." Þetta hljómar vel og er sennilega runnið úr penna hæstv. forsrh. Eftir að hafa talið upp þrenn nýsett lög segir m.a., með leyfi forseta:

„Auk þess hafa stjórnvöld með ýmsum hætti unnið að öðrum þáttum stefnumörkunar á svæðinu." — Óljóst er hvaða svæði er átt við. — „Þannig hefur síðastliðin fimm ár verið unnið að mótun nýs svæðisskipulags fyrir miðhálendið." — Þetta svæðisskipulag er enn ófrágengið. — „Einnig hefur verið unnið að mótun nýrra náttúruverndarlaga" — þetta frv. til nýrra náttúruverndarlaga kom á borð þingmanna í upphafi þessa fundar, virðulegur forseti — „og laga um mat á umhverfisáhrifum ..." — en þau eru enn í hirslum hæstv. umhvrh.

Vikið er og að nýrri stefnu við nýtingu auðlinda til raforkuvinnslu sem enn er í hugarfylgsnum hæstv. iðnrh., ef þau eru þá þar. Ég ímynda mér þó að þangað sé vísað. Þetta er að finna á bls. 3 í bæklingnum. Á bls. 5 er talað um lokafrágang skipulagstillögu um miðhálendið og með því gefið í skyn að hún sé í höfn, en mér sýnist að það sé óvissa um að hún komist í höfn, sú tillaga, í tíð hæstv. ríkisstjórnar.

Af nógu fleiru er að taka hér en tíminn leyfir ekki margar beinar tilvitnanir. Í síðasta kafla ritsins er vikið að hagnýtingu auðlinda og skýrum og samræmdum reglum. Þar segir m.a. að hæstv. iðnrh. hafi lagt fyrir þáltill. um stefnumótun í raforkumálum. Sú þáltill. var ekki samþykkt á Alþingi. Síðan er vísað til þess að verið sé að vinna í iðnrn. að lögum sem byggja á þessari tillögu, rétt eins og ráðuneytin setji lög.

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu er margt við þennan litla bækling að athuga. Ég hef aðeins getað tilfært örfá dæmi. Því miður hefur þessi bæklingur ríkisstjórnarinnar fremur á sér yfirbragð áróðursrits en upplýsinga. Með því skal ekki fullyrt að sá hafi verið ásetningur

útgefenda. Með því að ræða þetta mál utan dagskrár vildi ég undirstrika þörfina á að vanda til rita af þessu tagi. Hálendi Íslands, virðulegur forseti, er sannarlega fjársjóður þjóðarinnar og þannig ber að meðhöndla það. Því miður er þetta fjöregg enn í tröllahöndum og brýn nauðsyn að eigandinn, þjóðin, komi því í umsjá hollvætta sem með kunna að fara.

[15:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. málshefjanda fyrir að nefna það sérstaklega að við ráðherrarnir fjórir hefðum verið vel til hafðir á þessum blaðamannafundi. Þetta er dýrmæt yfirlýsing, ekki síst úr munni valinkunns snyrtimennis eins og hv. þm. er. Það var nú eiginlega eina hrósið sem við ráðherrarnir fengum, þ.e. fyrir ytri umbúnað okkar á þessum ágæta blaðamannafundi út af bæklingnum.

Þannig er með bæklingagerð eins og þessa að vandratað er meðalhófið. Það var skýrt frá því við umræður um þau þrenn lög eða fern sem þarna komu mest við sögu og mikil umræða varð um, að til stæði af hálfu ríkisstjórnarinnar að reyna að kynna þau fyrir almenningi með einhverjum þeim hætti sem skýr mætti vera. Við þær fyrirætlanir voru engar athugasemdir gerðar úr þessum ræðustóli.

Auðvitað hefðu jafnumfangsmikil frv. og þarna voru á ferðinni þurft að fá mjög ítarlega kynningu, stóra og fyrirferðarmikla bæklinga. Slíka bæklinga sendir maður ekki inn á hvert heimili. Við vitum hver örlög slíkra bæklinga yrði. Það er ekki um mikinn lestur á slíku efni að ræða. Þess vegna fannst mönnum þýðingarmeira að gera ráð fyrir þeim meginsjónarmiðum og meginatriðum sem þau lög sem þarna voru nýsett leiddu til, hver væru réttaráhrif þeirra laga, úr hvaða óvissu væri skorið miðað við það sem áður var. Ég verð ekki var við annað en að þeir mörgu aðilar sem hafa fengið þennan bækling telji sig vera betur settari með hann en án hans. En ég vil ekkert fullyrða eða halda því fram að bæklingur þessi leysi úr öllum vanda. Það gerir hann ekki, en hann dregur ákveðnar markalínur og hann dregur úr misskilningi sem var verulegur við meðferð málsins, misskilningi sem laut að því til að mynda hvort verið væri að færa tilteknum aðilum óeðlilegan rétt o.s.frv., hvort verið væri að skipta landinu upp í ræmur sem gerðu það að verkum að ómögulegt væri að ná fram heildstæðu eðlilegu skipulagi á hálendi Íslands o.s.frv. Ég tel að sú löggjöf öll hafi þvert á móti skýrt alla þá þætti og sérstaklega aukið möguleika almennings á að ná rétti sínum og vita hver réttur almennings er. Áður var þetta allt í mikilli lagaóvissu eins og dómstólar höfðu reyndar vakið athygli á og eins og skipulagsyfirvöld höfðu vakið athygli á.

Að því er fundið af hv. þm. að einnig skuli hafa verið nefnd til sögunnar ekki bara sú löggjöf sem þegar hafði verið afgreidd af hálfu þingsins heldur ýmsar fyrirætlanir ríkisstjórnar um áframhaldandi löggjöf. Það þótti hins vegar nauðsynlegt við kynningu og gerð bæklings af þessu tagi að ekki yrði settur punktur eftir þá löggjöf sem þarna væri á ferðinni því að það var vitað að önnur löggjöf þurfti til að koma. Þegar hafði verið tilkynnt af hálfu umhvrh. um einn tiltekinn þátt er snerti skipulag miðhálendisins sem yrði leystur á sérstakan hátt og yrði kynntur. Alþingi hefur ekki afgreitt það mál. Við gerðum ráð fyrir að lög um náttúruvernd mundu verða fyrr á ferðinni en engu að síður þótti rétt að kynna að slík löggjöf væri í farvatninu. Hún hefur núna séð dagsins ljós. Það er alveg rétt að lög um mat á umhverfisáhrifum hefur verið í vinnslu í ríkisstjórninni og ég vænti þess að ríkisstjórnin afgreiði það mál á allra næstu dögum þannig að það megi ganga til þingsins. En það þótti óeðlilegt að kynna þá löggjöf sem þegar hafði orðið og ekki víkja einu orði að því sem væntanlegt væri í framtíðinni. Ég tel að það hafi verið gott til að fylla út í þessa mynd.

Þau viðbrögð sem við höfum fengið frá almenningi vegna bæklingsins — þó að þessi afurð eins og hv. þm. kaus að nefna það hafi valdið hv. þm. vonbrigðum, þá verðum við vör við að almenningur hefur tekið bæklingi þessum fegins hendi og telur sig vera mun nær en ella eftir útgáfu hans.

[15:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Miðhálendi Íslands er fágæt náttúruauðlind, um það er ekki deilt. Okkur greinir hins vegar á um hvernig eigi að nýta og stýra nýtingu þessarar auðlindar. Ríkisstjórnin tók stórar ákvarðanir varðandi þessa sameign sl. vor. Ríkisstjórnin er í vörn í þessu máli og þess vegna gefur hún út þennan fallega bækling sem á að vekja hughrif ættjarðarástar þegar honum er flett.

Þar segir að mikilvægasta verkefni stjórnvalda og almennings á næstu árum sé að samræma frekar náttúruvernd og nýtingu svæða. Þetta plagg, herra forseti, slær ryki í augu almennings. Öll stefnumörkun, þar með talið í virkjunarmálum, vatnsorku og jarðhita á auðvitað að liggja fyrir áður en svæðisskipulag er afgreitt. Svo er ekki. Bæklingurinn varpar ekki ljósi á lögin, eins og hæstv. forsrh. segir í dag.

Það segir ekki frá því í bæklingnum að í lögum um hagnýtingu auðlinda var gengið erinda sérhagsmuna en ekki almannaheilla þegar ákvarðað var um eignarheimildir í jörðu um ókomin ár. En það fór ekki fram hjá þjóðinni að ríkisstjórnin skipti miðhálendinu upp á milli 40 sveitarfélaga í andstöðu við meiri hluta þjóðarinnar sl. vor.

Herra forseti. Ég er búin að fletta þessum bæklingi fram og til baka og það er ekkert í honum. Þarna er ekki að finna þær upplýsingar sem vitnað er til í bæklingnum og þá er ég að tala um upplýsingar sem mættu verða almenningi til glöggvunar. Því miður eru þetta allt innantómir frasar á fallegum pappír og fallegar myndir.

Herra forseti. Þetta er kosningaáróður og plaggið allt er speglar og reykur.

[15:56]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Bæklingur ríkisstjórnarinnar er kosningaplagg af billegu tagi. Ríkisstjórnin hefur með löggjöf skipt miðhálendinu upp milli fjölmargra smærri sveitarfélaga og skipulagsmál eru þar í uppnámi.

Ég vil í þessari umræðu vekja athygli á svari hæstv. umhvrh. við fyrirspurn minni um svæðisskipulag fyrir miðhálendið. Þar kemur m.a. fram að kostnaður við skipulagsvinnuna er miklu meiri en upphaflegt útboð sagði til um og munar þar mörgum milljónum.

Í svari ráðherrans komu einnig fram markmið í útboðslýsingu en í skipulagstillögunni, sem nú liggur fyrir, er langt í frá að fylgt hafi verið faglegum vinnubrögðum við skipulagsvinnuna. Þetta er, herra forseti, mat fjölmargra sérfræðinga, m.a. stutt af þeim mörgu athugasemdum sem hafa borist við skipulagstillöguna. Það er ekki fjallað um neitt af þessu í bæklingi ríkisstjórnarinnar.

Miðhálendið og miðhálendismálin eru í uppnámi og þessi skrautbæklingur stjórnarinnar breytir engu þar um.

Herra forseti. Það þarf nýja stefnu gagnvart miðhálendinu, stefnu sem markast af þremur atriðum. Í fyrsta lagi þarf að afnema lagaákvæði ríkisstjórnarinnar um skipulag á miðhálendinu frá síðasta ári. Í öðru lagi að gera miðhálendið að einu stjórnsýslusvæði, þ.e. sérstöku sveitarfélagi með skipulagsskyldum. Í þriðja lagi að afgreiða stefnumörkun á Alþingi um samræmda skipulagsstefnu á miðhálendinu.

[15:58]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að hefja þessa umræðu. Ég vil fyrst nefna að ég er því fylgjandi að gefin séu út upplýsingarit almenningi til upplýsingar, en í inngangsorðum þessa bæklings segir að hann sé fyrst og fremst hugsaður almenningi til glöggvunar á nýrri skipan í málefnum hálendisins sem nú kemur til framkvæmda. Vísað er í nokkra lagabálka, lög um þjóðlendur, sveitarstjórnarlög og lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Um lagabálkinn um þjóðlendur urðu ekki miklar deilur en öðru máli gegnir um hina lagabálkana tvo. Um sveitarstjórnarlögin segir hér að „kveðið sé skýrt á um lögsögu og skyldur sveitarstjórna í málum hálendisins". Staðreyndin er önnur. Þegar sveitarstjórnarlögin voru lögfest sl. vor var mjög óljóst einmitt það hvernig háttað skyldi skipulagsvinnu á miðhálendinu. Á því átti að taka í skipulags- og byggingarlögum og lagabreytingar liggja nú fyrir þinginu. Um er að ræða margvísleg álitaefni sem ekki hefur fengist botn í. Um þetta er ekkert að finna í þessum bæklingi.

Varðandi þriðja lagafrv., lögin um hagnýtingu auðlinda, skal á það minnt að um það frv. urðu miklar deilur á Alþingi, enda var verið að færa landeigendum eignarhald á auðlindum þjóðarinnar alveg inn að miðju jarðar, þar með talið heitu vatni. Almannahagsmunir voru hins vegar algerlega fyrir borð bornir. Um þetta er fjallað undir öfugmælafyrirsögninni „Nýting í almannaþágu".

Hér segir einnig að þessi lög stuðli að umhverfisvernd. Þetta eru einnig öfugmæli. Ég vil, hæstv. forseti, ítreka að mér finnst sjálfsagt að gefnir séu út upplýsingabæklingar á vegum ríkisvaldsins en þeir þurfa að byggja á sannindum, ekki ósannindum eins og þessi bæklingur gerir.

[16:01]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Bæklingur ríkisstjórnarinnar, sem er hér til umræðu, er að mínu mati til fyrirmyndar og hefur slegið rækilega á þá ómálefnalegu gagnrýni sem samfylkingarfólk stóð fyrir á síðasta þingi gegn þremur frumvörpum sem hér voru til afgreiðslu, þ.e. þjóðlendufrv., frv. um nýtingu á auðlindum í jörðu og frv. um breytingar á sveitarstjórnarlögum.

Þar fyrir utan er verið að afgreiða í hv. umhvn. breytingar á skipulagslögum þar sem neglt verður niður nákvæmlega hvernig skipulagsferlið á hálendinu verður. Þar sem öllum verður tryggður aðgangur og áhrif á skipulagið, bæði fólkinu í landinu og samtökum þeirra, umhverfis- og náttúruverndarsamtökum og fleirum.

Því er tryggt, herra forseti, að allt það sem meiri hluti og ríkisstjórn sögðu í þeirri umræðu hefur komið fram. Það var nauðsynlegt að koma staðreyndum þessa máls til almennings eftir að hann hafði verið afvegaleiddur af stjórnarandstöðunni á síðasta þingi með ótrúlegum árangri. Sem betur fer hefur það sýnt sig á undanförnum vikum, eftir að þessi bæklingur kom út og eftir þá vinnu sem lögð hefur verið í að útskýra þessi mál, að almenningur er farinn að átta sig á því sem verið var að gera. Það var ekki verið að færa hálendið fáum, heldur var tilgangurinn að tryggja skipulag á svæðum sem höfðu verið einskismannsland fram að þessu. Landið var fært til fólksins til skipulags og nýtingar með eðlilegum hætti. Það hefur ekki komið nógu vel fram fyrr en nú. Slíkan bækling, með þeim formerkjum sem í honum eru, tel ég til fyrirmyndar í störfum ríkisstjórnarinnar.

[16:03]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tel að útgáfa bæklings sem þessa sé af hinu góða. Ég tel ekkert athugavert við að í bæklingi sem þessum sé getið lagasetninga sem eru í undirbúningi. Við vitum að Alþingi samþykkir lögin að lokum en það er unnið að undirbúningi þeirra í ráðuneytum og ekkert athugavert við að geta þess.

Ef nokkuð hefur ruglað fólk í ríminu í hálendismálunum þá er það maraþonumræða stjórnarandstöðunnar um sveitarstjórnarlögin síðasta vor. Ég undanskil hv. 4. þm. Austurl. í því efni, enda talaði hann þar af skynsemi. En hið sama var ekki hægt að segja um alla. Og hv. 5. þm. Reykn. endurtekur ósannindin við þessa umræðu, þó að þetta sé örstutt umræða, og segir að hálendinu sé skipt á milli 40 sveitarfélaga. Það er alrangt. Það er allt annað mál að veita sveitarfélögunum stjórnsýslu á miðhálendinu en að skipta hálendinu á milli þeirra. Grundvallaratriðið er að það var verið að færa þjóðinni hálendið með þjóðlendulögunum. Það er ekki mikill sómi að því að endurtaka eilíflega þessi ósannindi hér úr ræðustól eins og stjórnarandstaðan leyfir sér að gera.

[16:05]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að vekja athygli á þessum myndarlega bæklingi sem ríkisstjórn Íslands hefur gefið út. Hann er um margt mjög upplýsandi. Ég hef verið á fundum víðs vegar um Suðurland að undanförnu og fjölmargir, sem á þeim fundum hafa verið, hafa þakkað fyrir þær upplýsingar sem þar koma fram.

Ég veit að hv. þm. er mjög áhugasamur um málefni hálendisins og um umhverfismál. Ég veit að það er fyrst og fremst góður hugur sem býr að baki því er hann vekur athygli á bæklingi þessum. Með bæklingnum er almenningur upplýstur um málefni sem við höfum deilt mjög um hér í þingsölum. Honum er ætlað að eyða ákveðinni óvissu og vekja athygli almennings á þeim fjársjóði sem hálendið er.

Löng hefð er fyrir umráðum yfir hálendi Íslands. Um það deilum við ekki. Bændur hafa nýtt hálendi Íslands um árabil.

Hv. þm. hefur átt í örlitlu basli með pokann sinn, þ.e. tjaldhælapokann, en ég er viss um að hv. þm. verður ekki í nokkrum vandræðum með að koma fyrir tjaldhælum sínum þegar óvissu hefur verið eytt um hálendi Íslands eins og þessi ríkisstjórn stefnir á að gera. (**Gripið fram í:** Og hún er fjársjóður?) Ríkisstjórnin?

[16:07]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Á fyrri þingum hef ég komið með fyrirspurn um hálendi Íslands og sérstaklega um aðild Reykvíkinga að ákvarðanatöku á hálendinu. Bæklingurinn sem ríkisstjórnin sendi út nýverið hefur vakið athygli almennings á þessum umræðum. Þær hafa varla farið fram hjá mönnum sem fylgjast með fréttum en ég verð að ljúka lofsorði á gerð þessa bæklings. Ég tel efni hans mikilvægt og eins að ráðamenn

þjóðarinnar komi með þessu móti upplýsingum til kjósenda sinna og til hvers heimilis á landinu.

Því hefur hér verið haldið fram að ríkisstjórnin sé í vörn en ég vil mótmæla því og tel að hún sé mun frekar í sókn með því að senda þetta frá sér, nema menn segi að sókn sé besta vörnin.

Ég tel að ríkisstjórnin hafi ekki neitt að fela og þessi bæklingur sýni það. Með útgáfu hans hefur athygli almennings í landinu og allrar þjóðarinnar verið beint að umræðunni um hálendi Íslands. Ég tel það af hinu góða og að því beri að fagna.

[16:09]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef síst á móti því að menn reyni að útskýra þau lög sem sett hafa verið. Ég tel hins vegar skorta mjög á, sem hefði átt að vera meginviðfangsefni þessa bæklings, að sýna tengsl þeirra þrennra laga sem hér voru afgreidd eftir miklar deilur. Þetta hefur ekki verið gert. Þeim tengslum er drepið á dreif og fléttað inn tilvísunum í frumvörp sem sum hver eru að koma inn í þingið eftir dúk og disk, m.a. í dag, og látið í það skína að ríkisstjórnin muni koma þeim í höfn, sem og umfjöllun um skipulag miðhálendisins, sem tvísýnt er um að ríkisstjórnin tryggi framgang á á sínum starfstíma. Þetta m.a. er gagnrýnisvert.

Umbúnaðurinn þykir mörgum fallegur, t.d. myndin af Snæfellsöræfum sem tekur yfir hálfa aðra síðu, ljómandi falleg mynd. En af hverju fella menn ekki þar inn hugmyndina um Kárahnjúkalón, sem mundi skera í þvert þessa fallegu mynd? Það væri þá upplýsandi öndvert við glansmyndina þarna.

Ég hlýt, virðulegur forseti, að átelja í sambandi við þessi mál að þótt ríkisstjórninni bæri að tryggja endurskoðun náttúruverndarlaga fyrir lok síðasta árs þá mun hún ekki gera það. Hún leggur hér fram frv. á elleftu stundu. Ríkisstjórninni bar að tryggja endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum ekki síðar en á skipulagslögum, sem Alþingi afgreiddi vorið 1997. Þetta eru lagafyrirmæli sem verið er að brjóta.

Um skipulag miðhálendisins höfum við fjallað og í þessu plaggi er rætt um samvinnunefnd um svæðisskipulag, sem umhvrh. flutti frv. um. Það frv. er í mikilli tvísýnu og er einhver torráðnasta gáta sem lögð hefur verið fyrir Alþingi.

Hér er því að mörgu að hyggja, virðulegur forseti. Til þess að koma þessari gagnrýni skilmerkilega á framfæri mun ég nota önnur tækifæri þannig að öllum megi ljóst vera hvað hér er að finna að. Lítilþægni stjórnarþingmanna í þessu máli er hins vegar alveg ótrúleg.

[16:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að þessi umræða hafi verið til gagns. Ef ég undanskil athugasemdir hv. málshefjanda þá komu í raunar ekki neinar raunverulegar efnislegar kvartanir um þennan bækling. Menn reyndu að nota tækifærið til að viðhalda þeim ruglanda sem þeir höfðu áður komið á í umræðunni. Bæklingurinn var einmitt hugsaður til að draga úr þeim ruglanda vegna þess að það á ekki að vera í þágu neins, hvorki stjórnar né stjórnarandstöðu að ruglandi ríki um mál.

Hafi menn hins vegar vondan málstað þá vilja þeir auðvitað viðhalda ruglandanum en ekki fá aðgengilegar, réttar og skýrar og ljósar upplýsingar. Það er akkúrat það sem þessi bæklingur veitir og það er einmitt þess vegna sem bæklingurinn hefur mælst vel fyrir hjá flestum þeim sem hafa kynnt sér hann. Það eru þau viðbrögð sem við höfum fengið, svonefndir útgefendur bæklingsins.

Enn er reynt að halda fram þeim ruglingi að tilteknum sveitarfélögum hafi verið gefið miðhálendið og það tekið af almenningi fyrir vikið. Jafnvel fyrrverandi félagsmálaráðherrar halda slíkri firru fram. Það er eins og menn átti sig ekki á því að íslensk stjórnskipun byggir á því, og fram hjá því er ekki hægt að komast, að sveitarstjórnarlegu valdi sé hvarvetna til að dreifa í landinu. Hvarvetna í landinu þarf sveitarstjórnarlegt vald svo stjórnskipunin gangi sem og þau lög sem að skipulagsmálum lúta o.s.frv.

Nákvæmlega það voru menn að tryggja varðandi það atriði sem mest hefur deilt á, að sveitarstjórnarlegt vald væri til staðar. Við skulum gá að því að sveitarstjórnarmenn eiga fyrst og fremst að gæta hagsmuna íbúanna, þegnanna, en ekki annarlegra hagsmuna. Það gera þeir ekki. Þessi bæklingur útlistar m.a. þetta og það fer í taugarnar á þeim sem vilja viðhalda ruglandanum og treysta á að ruglandinn sé helsti stuðningsaðili þeirra í kosningum.

[16:13]

Útbýting þingskjals:

Alþjóðaþingmannasambandið 1998, 480. mál, skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, þskj. 785.

[Fundarhlé. — 16:14]

[18:00]

Útbýting þingskjala:

Dragnótaveiðar í Faxaflóa, 535. mál, fsp. GuðjG, þskj. 859.

Skipulag ferðamála, 361. mál, nál. samgn., þskj. 857.

Starfsemi kauphalla, 529. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 849.

Útsendingar útvarps og sjónvarps, 536. mál, fsp. GuðjG, þskj. 860.

Fjöldi erlendra ferðamanna.

Fsp. ÍGP, 453. mál. — Þskj. 751.

[18:00]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég beini fsp. minni til hæstv. samgrh. sem er jafnframt ráðherra ferðamála á Íslandi. Ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem er í hvað örustum vexti í heiminum og þættir hennar birtast okkur í mjög fjölbreytilegum myndum. Talið er að aukning á heimsvísu í ferðamálum eða ferðaþjónustu verði 3–7% á ársgrundvelli fram yfir aldamót og aukning í ferðaþjónustu hefur jafnvel verið enn meiri hér á landi, eða allt að 10% milli ára.

Framhaldið ræðst af því hvernig staðið verður að málum hér á landi. Ég hef lagt fram á Alþingi tillögu um að auka landkynningu í ferðaþjónustu í dreifbýli þar sem menning landsins fléttast inn í ferðaþjónustuna. Síðastliðinn föstudag sat ég mjög merkilega ráðstefnu í Hafnarfirði um menningartengda ferðaþjónustu. Það var auðséð á mikilli þátttöku að menningartengd ferðaþjónusta er að verða vinsæl á Íslandi. Þar flutti norskur sérfræðingur fyrirlestur og menningartengda ferðamennskan birtist okkur í mörgum myndum.

Ég beini eftirfarandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Hve margir ferðamenn hafa komið til landsins á ári hverju síðustu tuttugu ár?

2. Hve margir
a. komu með flugi,
b. voru áningarfarþegar,
c. komu með skemmtiferðaskipum?
3. Hvernig skiptust þessir ferðamenn milli landsfjórðunga?
4. Hver var árleg heildarvelta vegna komu erlendra ferðamanna á sama tímabili?"

Orðið áningarfarþegi er úr orðabrunni Harðar Jónassonar sem kemur úr kjördæmi samgrh., stundum kallað „stop-over" farþegar, sem er vont mál.

[18:03]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fsp. af þessu tagi þar sem spurt er um ítarlegar talnalegar upplýsingar hefði e.t.v. verið rétt að hafa skriflega en ég skal reyna að svara eftir bestu getu. Fyrst er spurt hversu margir erlendir ferðamenn hafi komið til landsins á hverju ári síðustu 20 ár.

Árið 1978 voru þeir 75.700. Tíu árum síðar eða 1988, 128.830 og á liðnu ári 232.219. Ég hef, herra forseti, afhent hv. þm. ítarlegra talnaefni en vona að þetta verði látið duga í munnlegu svari.

Síðan er spurt hve margir komu með flugi. Á árinu 1978 voru þeir 72.670, á árinu 1988 123.658 og á síðastliðnu ári 226.825.

Með skemmtiferðarskipum á síðustu 20 árum komu 10.468 1978, 9.127 árið 1988 og á síðastliðnu ári 22.734.

Um áningarfarþega er þetta að segja:

Nokkuð er á reiki hvað átt er við með orðinu áningarfarþegar en oftast er átt við farþega sem hefur stutta viðdvöl á staðnum án þess að fara í gegnum vegabréfaskoðun. Á undanförnum árum hefur verið nokkuð um farþega sem dveljast hluta úr degi og hafa þeir verið á bilinu 4–8 þús. árlega og eru þeir ekki taldir með í tölum um fjölda erlendra ferðamanna þar sem þeir gista ekki í landinu.

Um farþega með skemmtiferðarskipum er þetta að segja:

Þeir sem komu með skemmtiferðarskipum teljast viðdvalarfarþegar og því ekki taldir með í heildarfjölda ferðamanna heldur alltaf sérstaklega.

Spurt er hvernig þessir ferðamenn skiptast milli landsfjórðunga. Ekki eru til neinar upplýsingar um hvernig fjöldinn dreifist í einstaka landshluta. Frá árinu 1985 eru til gistináttatölur sem sýna gistinætur í hverjum landshluta en ljóst er að dreifing ferðamanna getur verið með öðrum hætti en sú talning sýnir. T.d. kemur fjöldi erlendra gesta á Suðurland þótt þeir gisti á höfuðborgarsvæðinu. Hagstofa Íslands hefur samkvæmt lögum það hlutverk að annast gistináttatalningu og hefur hún gefið út árlega gistináttatalningu með töflum sem sýna gistingu erlendra ferðamanna í hverjum landshluta.

Hver er árleg heildarvelta vegna komu erlendra ferðamanna á sama tímabili? Ég hef afhent þingmanninum töflu sem eru upplýsingar frá Seðlabanka Íslands og er þar um að ræða samtölur ferða- og dvalarkostnaðar erlendra ferðmanna á Íslandi annars vegar og fargjaldatekjur íslenskra flugfélaga frá erlendum farþegum til landsins hins vegar. Heildarvelta á verðgildi hvers árs í milljónum kr. var 104 millj. 1978, 7 milljarðar 370 millj. 1988 og 26 milljarðar 292 millj. á árinu 1998.

[18:07]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þessar upplýsingar sem sýna afar vel þann mikla vaxtarbrodd sem er í ferðaþjónustu á Íslandi og á hvern hátt aukning hefur orðið á þessu 20 ára tímabili. Mjög merkilegt er að skoða þá töflu sem hæstv. samgrh. hefur afhent mér og það er til mikillar fyrirmyndar að fá töflu sem þessa í hendur vegna þess að auðvitað er um heilmikið talnaflóð að ræða og skiptir miklu máli að átta sig á því í þessu formi, þ.e. átta sig á þessum tölum með því að fá slíka töflu í hendur.

Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra hefur fjölgun erlendra ferðamanna sl. 20 ár verið mjög mikil. Árið 1978 eru þetta 75.700 ferðamenn, en árið 1998 232.219 ferðamenn þannig að hér er um mjög mikla aukningu að ræða, hér er um mjög mikil verðmæti að ræða og það skiptir okkur afar miklu máli á Íslandi að átta okkur á þeirri þróun sem er að verða í þessum efnum. Ég þakka hæstv. ráðherra enn og aftur fyrir þessar upplýsingar. Ég hefði gjarnan viljað sjá skiptingu ferðamanna milli landshluta, þ.e. hvar þeir dveljast á ákveðnu tímabili en vonandi verða þær talnalegu upplýsingar sýnilegar áður en langt um líður.

Framboð gistirýma.

Fsp. ÍGP, 454. mál. — Þskj. 752.

[18:10]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Seinni fyrirspurn minni beini ég einnig til hæstv. samgrh. Í þáltill. minni um aukna landkynningu í ferðaþjónustu í dreifbýli er gert ráð fyrir sérstakri framkvæmdaáætlun um eflingu atvinnugreinarinnar enda skiptir ferðaþjónusta landsbyggðina ekki síður mjög miklu máli en þéttbýlið. Afþreying í ferðamennsku er afar mikilvæg, hún þarf að vera fjölbreytt og það er ánægjulegt að fylgjast með því á hvern hátt afþreying í ferðamennsku hefur aukist á síðustu missirum. Fjölbreytni safna á Íslandi er að verða talsvert mikil og núna um helgina varð ég þeirrar gleði aðnjótandi að vera viðstaddur opnun verslunarsafns í Rangárvallasýslu þar sem Kaupfélag Rangæinga, eða starfsmannafélag Kaupfélags Rangæinga var að opna mjög merkilegt sögusafn um þróun verslunarmála í Rangárvallasýslu. Þetta safn er í húsi þar sem stendur yfir sýning á Njálssögu einnig, sem er í eigu Sögusetursins á Hvolsvelli. Aðstaða ferðamanna er mjög mikilvæg og það skiptir miklu máli að aðstaðan sé góð og í raun og veru sem fjölbreytilegust þannig að skapa megi sem mestar tekjur í sambandi við ferðamennsku.

Fyrirspurn mín til hæstv. samgrh. er eftirfarandi:

„1. Hver hefur verið árleg þróun á framboði gistirýma á Íslandi milli ára síðustu tuttugu ár?
2. Hvernig skiptist fjöldi gistirýma milli landshluta á þessu tímabili?"

[18:12]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það sama er um þessa fyrirspurn að segja og þá síðustu að kannski hefði verið eðlilegra að svara henni skriflega. Ég hef afhent hv. þm. töflu með upplýsingum eins og fyrirspurnin er lögð fram og skal reyna að víkja að því í munnlegu svari mínu.

Það er ekki fyrr en gistináttatalning hefst fyrir um 15 árum að farið er að halda nokkuð nákvæmar skrár yfir gistirými á

hótelum og gistiheimilum. Þær tölur sem ég mun fara með eru byggðar á skrám Hagstofunnar.

Á milli áranna 1994 og 1995 varð mikil aukning í gistirými á gistiheimilum sem skýrist af því að árið 1995 var 24 gististöðum sem áður flokkuðust sem bændagististaðir bætt við flokk gistiheimila. Taka verður tillit til þess í samanburði við fyrri ár. Á síðustu árum hefur verið reynt að afla upplýsinga um heildarframboð gistirýmis. Slíkt hefur þó reynst erfiðleikum háð þar sem upplýsingar um sumarhús í eigu einstaklinga og stéttarfélaga, sem leigð eru til ferðamanna, liggja ekki alltaf á lausu. Sama á við um gistirými í fjallaskálum og svefnpokagistingu. Vegna þess hve nýlega er farið að safna þessum gögnum er allur samanburður erfiður og því eru hér eingöngu birtar upplýsingar um þróun framboðs gistirýmis á hótelum og gistiheimilum.

Á árinu 1984 var framboð gistirýmis á hótelum og gistiheimilum eins og hér segir: Höfuðborgarsvæðið 1.519, Suðurnes 22, Vesturland 525, Vestfirðir 229, Norðurland vestra 318, Norðurland eystra 804, Austurland 565, Suðurland 781. Alls 4.763.

Fimm árum síðar, eða 1989 leit dæmið svona út: Höfuðborgarsvæðið 2.113, Suðurnes 152, Vesturland 542, Vestfirðir 267, Norðurland vestra 395, Norðurland eystra 1.049, Austurland 645, Suðurland 1.056. Alls 6.219.

Fimm árum síðar eða 1994: Höfuðborgarsvæði 2.862, Suðurnes 241, Vesturland 743, Vestfirðir 402, Norðurland vestra 589, Norðurland eystra 1.220, Austurland 692, Suðurland 1.415. Alls 8.164.

Á síðastliðnu ári leit dæmið þannig út: Höfuðborgarsvæði 3.831, Suðurnes 283, Vesturland 1.171, Vestfirðir 529, Norðurland vestra 604, Norðurland eystra 1.970, Austurland 1.470, Suðurland 2.083. Alls 11.941.

Á þessu tímabili hefur því framboð gistirýmis á hótelum og gistiheimilum, þegar ekki er tekið tillit til breyttra reglna, vaxið úr 4.763 rúmum í 11.941.

[18:16]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir upplýsingarnar. Hér er um mjög athyglisverðar tölur að ræða. Þetta er athyglisverð þróun sem undirstrikar mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir þjóðarbúið.

Ég velti því gjarnan fyrir mér hver þáttur opinberra aðila í ferðaþjónustu eigi að vera. Eitt af því sem ég tel mjög brýnt í þeim efnum er að skapa jafna aðstöðu þéttbýlisbúa og dreifbýlisbúa í ferðaþjónustu. Í því sambandi vil ég nefna að okkur er skylt að bæta samgöngur, bílaumferð og þess háttar.

Sem opinberum aðilum er okkur einnig skylt að bæta tæknibúnað til samgangna og samskipta. Við ræddum það reyndar lítillega, í óundirbúnum fyrirspurnatíma á mánudaginn var, hve algengt er að í dreifbýli séu gamaldags símalínur. Í nútímanum pantar fólk gjarnan hótelgistingu eftir svokölluðu interneti. Því er mjög brýnt að opinberir aðilar standi fyrir því að bæta tæknibúnað er lýtur að símakerfum og símalínum sem nýtt eru í samskiptum gegnum tölvur.

Enn og aftur hvet ég hæstv. samgrh. til þess að beita sér af alefli fyrir því að þessar tæknilegu samskiptaæðar verði endurnýjaðar hér á landi.

[18:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er óþarfi fyrir mig að endurtaka að ég hef lengi verið mikill baráttumaður fyrir því að færa út breiðbandið. Ég vil taka undir það með hv. þm. að vegna hinnar nýju tækni og þess að erlendir ferðamenn panta í vaxandi mæli gistingu og ráðast í ferðalög eftir auglýsingum á netinu sé nauðsynlegt að vinna hratt að því að ferðalangurinn geti gengið úr skugga um gæði þjónustunnar sem hann pantar á netinu.

Nú er verið að kanna hvernig hægt sé að gæðaflokka hótel og annað í ferðaþjónustu. Ég geri mér vonir um að það verkefni geti farið af stað á næstu vikum í góðri samvinnu við samtök ferðaþjónustunnar. Nú er unnið að því að afla fjár til þess verkefnis.

Egilsstaðaflugvöllur sem varaflugvöllur í millilandaflugi.

Fsp. HG, 468. mál. — Þskj. 773.

[18:20]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fyrirspurnin sem ég ber hér fram til hæstv. samgrh. er svohljóðandi:

„Er þörf á frekari tækjabúnaði og þjónustu við Egilsstaðaflugvöll til að hann standist betur þær kröfur sem gerðar eru til varaflugvallar fyrir millilandaflug yfir vetrarmánuðina? Ef svo er, hvaða úrbætur þarf þá til og hvenær koma þær til framkvæmda?“

Tilefni þessarar fyrirspurnar er erindi sem mér og væntanlega öðrum hv. þingmönnum Austurlandskjördæmis barst í hendur frá starfsmanni við flugvöllinn á Egilsstöðum. Til að skýra málið tel ég rétt að vitna til þessa erindis sem var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Mér þykir rétt og skylt að vekja athygli á því að flugmenn í millilandaflugi eru farnir að draga í efa ágæti Egilsstaðaflugvallar sem varaflugvallar í millilandaflugi. Ástæðan er sú að þrátt fyrir gott veður hafa brautarskilyrði ítrekað verið þannig að þau eru ónothæf fyrir flugvélar af þeirri stærð sem er í áætlunarflugi til og frá Íslandi. Hálkuvandmálið er viðvarandi hér yfir vetrarmánuðina. Til eru þekktar aðferðir og efni til að lágmarka þessi vandamál en til þessa hefur ekki verið fyrir hendi nægjanlegt fjármagn til að koma upp þeim búnaði hér, þó hefur nokkuð áunnist hér í öðrum tækjakaupum. Það er nauðsynlegt að staldra við og íhuga hvort ekki eigi að gefa það formlega út að Egilsstaðaflugvöllur standist ekki þær kröfur sem verður að gera til varaflugvallar yfir vetrarmánuðina. Fátt er aumkunarverðara en að sjá vanbúna starfsmenn, fulla af áhuga og eldmóði, gera sitt besta við að halda uppi brautarskilyrðum sem naumlega ná að fullnægja þeim kröfum sem gera þarf vegna minni flugvéla í innanlandsflugi.“

Þetta var a-liður þessa erindis og í b-lið segir sendandi:

„Í apríl 1998 var veðurathugunarmanni sagt upp á Egilsstöðum og síðan hefur ekki komið fullkomin veðurlýsing frá Egilsstöðum, aðeins aflestur af sjálfvirkri veðurstöð. Það er ljóst að þetta getur haft verulega þýðingu, ekki síst í ferðaþjónustu og að þessar upplýsingar verði með eðlilegum hætti og þessu kippt í liðinn nú þegar.“ Undir bréfið skrifar sendandinn, Benedikt Vilhjálmsson.

Nú vil ég ekki leggja mat á það sem hér kemur fram og hef raunar í fyrirspurn minni, eins og hún er orðuð, ekki dregið í efa að Egilsstaðaflugvöllur þjóni áfram sem varaflugvöllur. Þrátt fyrir að hafa fengið nokkrar skýringar frá

starfsmönnum í flugrekstrinum og flugmálastjóra, tel ég hins vegar rétt að fá skilmerkileg viðbrögð frá hæstv. ráðherra við efasemdum í nefndu erindi, þannig að ljóst sé að hverju er unnið og hvers megi vænta til að bæta úr því sem á kann að skorta.

[18:24]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Egilsstaðaflugvöllur er búinn ágætum snjóruðningsbúnaði en aðeins einu tæki af hverri gerð. Þannig er til staðar nýleg vörubifreið með snjótönn, nýlegur flugbrautarsópur og snjóblásari. Jafnframt er einn gamall snjóblásari á staðnum. Nú hefur bæst við nýlegur vörubíll með nýjum sanddreifara sem kemur í stað eldra og afkastaminna tækis. Jafnframt býður hann upp á blöndun með afísingarvökva en ís á flugbrautum hefur reynst nokkru erfiðari viðureignar á Egilsstaðaflugvelli en á flugvöllum sem standa nær sjó.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að afísing með þar til gerðum vökva er ekki beitt á flugvöllum landsins utan Keflavíkurflugvallar. Ástæðan er sú að afísingarvökvinn er mjög dýr og einnig búnaðurinn sem notaður er til að dreifa honum. Því hefur fram til þessa nánast eingöngu verið notast við sand til að bæta hemlunarskilyrði. Nokkrar vonir eru bundnar við að íblöndun sands með afísingarvökva muni auka viðloðun sandsins við ís.

Eins og hér hefur komi fram er á Egilsstaðaflugvelli um einfaldan búnað að ræða til snjóhreinsunar í flestum tilvikum. Stefnt er að því að tvöfalda allan búnað á þeim flugvöllum sem gegna hlutverki varaflugvallar, þ.e. Egilsstöðum og Akureyri. Á Egilsstöðum mundi kostnaður samfara þessu vera 45–50 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir nýjum flugbrautarsóp, snjótönn, ístönn og snjóblásara. Búast má við að þessi búnaður verði keyptur á næstu þremur árum en þess er vænst að aukið fé verði lagt í tækjasjóð við endurskoðun flugmálaáætlunar síðar á þessu ári. Fjárveiting á flugmálaáætlun fyrir tækjabúnað af þessu tagi fyrir alla flugvelli á landinu er um 35 millj. kr. á þessu ári.

Hvað þjónustu varðar er núverandi mönnun viðunandi, tveir starfsmenn eru á vakt að nóttu til og hafa engar athugasemdir verið gerðar við það fyrirkomulag.

Herra forseti. Ég hef ekki meira um þetta að segja. Ég hef óskað eftir því að flugmálastjóri gefi mér svar um bréf starfsmanns Flugmálastjórnar á Egilsstöðum. Vissulega er það alvarlegt ef starfsmenn Flugmálastjórnar meta það svo að flugvellir standi ekki undir nafni og er sjálfsagt að starfsmaðurinn fái tækifæri til að gera frekari grein fyrir því.

[18:27]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Við þingmenn Austurlands fengum erindið sem hann vitnaði til og ég leitaði reyndar skýringa hjá veðurstofustjóra og flugmálastjóra um þessi mál. Ég hef að hluta fengið svör sem voru í takt við það sem hæstv. samgrh. upplýsti hér. Í þessu sambandi vil ég leggja áherslu á að Egilsstaðavöllur var byggður upp sem varavöllur fyrir millilandaflug og auðvitað ber að leita tiltækra ráða til þess að hann þjóni því hlutverki. Mér er fullljóst að notkun vallarins sem varavallar er takmörkuð. Keflavíkurvöllur er mjög öruggur en ætíð getur komið fyrir að flugvélar sem koma frá útlöndum þurfi að leita lendingar á varavelli.

Hið versta í þessu sambandi er kannski að komið hefur fyrir að hálkuvandamál á Egilsstaðavelli hafi orðið til þess að flugvélar í beinu flugi, sem flytja farþega frá útlöndum beint til Austurlands, hafa snúið frá vellinum. Það er mjög óæskilegt að slíkt komi fyrir. Að öðru leyti hvet ég til þess að allra ráða verði neytt til að flugvöllurinn geti þjónað hlutverki sínu.

[18:29]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin við fyrirspurn minni. Þau bera með sér að úrbætur hafi nýverið verið gerðar varðandi möguleika til dreifingar sands blönduðum afísingarvökva, ef ég hef skilið málið rétt, sem er áreiðanlega nokkurs virði.

Hæstv. ráðherra gat og um snjóruðningstæki, að bæta ætti við búnaði sem kostaði 45–50 millj. kr. á næstu þremur árum. Það bætir væntanlega aðstæður, ef ég skil samhengið rétt.

Mig langar að fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra, ef unnt er að veita, hvort ákvarðana um þessar fjárveitingar sé að vænta fyrr eða síðar á þessu þriggja ára tímabili eða hvort það sé ákvörðunaratriði við endurskoðun flugmálaáætlunar, og legg auðvitað áherslu á það að þessi búnaður fáist fyrr en síðar.

Þá langar mig einnig að inna hæstv. ráðherra eftir því sem snýr að veðurspá frá Egilsstöðum, hvort ráðherra sé kunnugt um hvort gjöf upplýsinga um veður, veðurspá, veðurhorfur, sé fullnægjandi með tilliti til reksturs flugvallarins sem varaflugvallar, því ég held að það skipti mjög miklu að flugmenn og flugrekendur fái sem gleggstar upplýsingar einmitt um slíkar aðstæður þannig að það þurfi ekki að koma í veg fyrir nýtingu vallarins.

Sá flugvöllur sem má segja að geti keppt við Egilsstaðaflugvöll sem varaflugvöllur fyrir utan Akureyri er flugvöllurinn í Glasgow sem mun hafa verið notaður og er notaður á stundum þegar skilyrði eru þannig. Við þurfum auðvitað að reyna að nýta okkar aðstæður sem best í þessum efnum þannig að varaflugvellir innan lands séu notaðir eftir því sem öryggi og möguleikar frekast leyfa.

[18:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það hefur ekki komið upp á mitt borð kvörtun um að veðurupplýsingar séu ónógar fyrir millilandaflugvélar. Flugleiðir hafa ekki vakið máls á því. Ég hygg því að svo sé ekki, hef ástæðu til að ætla það.

Ég vil jafnframt segja að með því að gistirýmum hefur fjölgað á Egilsstöðum og Hallormsstað þá hefur það að sjálfsögðu treyst stöðu Egilsstaðaflugvallar sem varaflugvallar.

Að síðustu vil ég skýra frá því að verið er að gera úttekt á snjómoksturstækjum og tækjabúnaði Flugmálastjórnar og það verður tekið upp við flugmálastjóra og vegamálastjóra hvort ástæða sé til frekari samvinnu á þessu sviði og þá jafnvel hvort hagkvæmt þyki að tækjasjóður Vegagerðarinnar taki tækjabúnað Flugmálastjórnar yfir og Flugmálastjórn greiði síðan fyrir tækin í samræmi við notkun og eins og gert er hjá Vegagerðinni. Ég álít að það væri mjög til bóta að taka þann hátt upp, það muni hraða endurnýjun á nauðsynlegum tækjabúnaði á hinum ýmsu flugvöllum úti á landi, en snjóruðningstæki eru satt að segja orðin mjög gömul og aldur þeirra talinn í áratugum oftast nær, ég segi nú ekki öldum.

Slys á Reykjanesbraut.

Fsp. KPál og KF, 469. mál. — Þskj. 774.

[18:34]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Með lýsingu Reykjanesbrautar var stigið stórt skref í bættu umferðaröryggi á Reykjanesbraut. Slys á brautinni eru þó því miður of tíð eins og tölur vegaeftirlitsins sýna og verður stöðugt að vera að minna á bætt öryggi á þessari leið sem annars staðar.

Hvað varðar slysatíðni eina árið sem ég hef til viðmiðunar eftir lýsingu, þ.e. árið 1997, miðað við fimm árin þar á undan, þá hefur slysum fækkað á Reykjanesbraut um 13. Það má segja að sé verulegur árangur. Þetta lofar því mjög góðu þó ekki sé hægt að draga neina alhlíta ályktun eftir svo stutta reynslu af ljósunum. Við sem keyrum þessa leið daglega finnum þó hvílíkur munur er til batnaðar að aka þessa leið eftir að ljósin voru sett upp og er ég sannfærður um að lýsingin hefur komið í veg fyrir fjölda slysa.

Uppsetning þeirra kostaði um 200 millj. kr. og rekstur-inn er um 6 millj. árlega. Mörgum hefur fundist þetta dýr fjárfesting en þegar litið er til samfélagslegs kostnaðar af hverju slysi sem Hagfræðistofnun hefur reiknað út þá má áætla að kostnaður vegna slysa á Reykjanesbrautinni árin 1992–1996 nemi á bilinu 300–400 millj. kr. árlega, þ.e. um einn og hálfur til tveir milljarðar þetta fimm ára tímabil. Því er ljóst, herra forseti, að uppsetning ljósanna hefur þegar borgað sig ef litið er til samfélagskostnaðar vegna slysa á þessari braut.

Þó að slysum hafi fækkað á Reykjanesbrautinni er ljóst að þau eru allt of mörg og oft mjög alvarleg vegna framúraksturs því þá er hætta á árekstrum. Dæmin sanna að slíkir árekstrar valda oft mjög alvarlegum slysum. Alvarleiki þeirra er vegna þess að umferðarhraðinn er svo mikill sem raun ber vitni og umferðin mjög þung eða um sex þúsund bílar á sólarhring að meðaltali allt árið. Það er mesti umferðarþungi á þjóðvegi utan höfuðborgarsvæðisins. Til samanburðar er umferðin um Vesturlandsveg helmingurinn af þessari umferð og þrír fjórðu á Suðurlandsvegi yfir Hellisheiði.

Af þessum ástæðum er tvöföldun Reykjanesbrautarinnar komin inn á langtímaáætlun og á að ljúka samkvæmt henni eigi síðar en árið 2010. Að mínu áliti verður að flýta þeirri dagsetningu og ljúka verkinu eftir fjögur til fimm ár eða eins fljótt og tæknilega er mögulegt. Undirbúningur fyrir stórframkvæmd eins og lagningu Reykjanesbrautar tekur einhvern tíma með umhverfismati og rannsóknum. Samkvæmt áætlun er til fjármagn til þeirra hluta.

Ég hef því lagt fyrir hæstv. samgrh. spurningar á þskj. 774 sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Hve mörg slys urðu á Reykjanesbraut sl. tvö ár samanborið við næstu fjögur ár þar á undan?

2. Er sýnileg breyting á slysatíðni vegna lýsingar brautarinnar?

3. Er hafinn undirbúningur að aðgerðum til að fækka slysum á Reykjanesbraut, svo sem tvöföldun hennar?“

[18:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hið sama er að segja um þessa fyrirspurn og þær tvær sem hér hafa áður verið ræddar að hér er óskað eftir talnaupplýsingum sem ekki er svigrúm til að lesa úr ræðustól. Það hefði kannski verið eðlilegt að fyrirspurnin hefði verið skrifleg af þeim sökum.

Fyrst er spurt hve mörg slys urðu á Reykjanesbraut sl. tvö ár samanborið við næstu fjögur ár þar á undan. Í svarinu sem hér fer á eftir verður Reykjanesbraut skipt í tvo kafla. Fyrri kaflinn er Reykjanesbraut innan höfuðborgarsvæðis, nánar tiltekið kaflinn frá Breiðholtsbraut að Krísuvíkurvegi. Síðari kaflinn nær frá Krísuvíkurvegi til Keflavíkur.

Reykjanesbraut innan höfuðborgarsvæðis: Á tímabilinu 1992–1996, fimm ára tímabili, urðu að meðaltali 69 slys á ári á þessum kafla. Meðalslysatíðnin, þ.e. fjöldi slysa á milljón ekinna kílómetra á ári, var 1,34. Til samanburðar má geta þess að meðalslysatíðni á ári á þjóðvegum utan þéttbýlis á þessu fimm ára tímabili var 1,01. Af þessum 69 slysum voru 20 með meiðslum á fólki. Tíðni slysa með meiðslum varð 0,38. Nefna má til samanburðar að meðaltíðni slysa með meiðslum á þjóðvegum utan þéttbýlis á tímabilinu 1992–1996 var einnig 0,38.

Árið 1997 varð 71 slys á þessum kafla Reykjanesbrautar. Slysatíðnin var 1,25 slys á milljón ekinna kílómetra. 15 þessara slysa voru með meiðslum á fólki. Tíðni slysa með meiðslum varð 0,26.

Ekki hefur verið lokið við að skrá slys sem urðu árið 1998 en þó hafa fengist upplýsingar frá skrifstofu Umferðarráðs um slys með meiðslum á fólki. Um er að ræða bráðabirgðatölur. Samkvæmt þessari bráðabirgðaskráningu urðu árið 1998 14 slys með meiðslum á kaflanum. Tíðni slysa með meiðslum varð 0,22.

Reykjanesbraut frá Krísuvíkurvegi til Keflavíkur: Á tímabilinu 1992–1996 urðu að meðaltali 40 slys á ári á þessum kafla. Meðalslysatíðni var 0,68 slys á hverja milljón ekinna kílómetra á ári og er það undir landsmeðaltali. Af þessum fjörutíu slysum voru 14 með meiðslum á fólki. Tíðni slysa með meiðslum var 0,23, sem er einnig undir landsmeðaltali.

Árið 1997 urðu 27 slys á þessum kafla Reykjanesbrautar, eða 0,41 slys á hverja milljón ekinna kílómetra. Af þessum 27 slysum urðu 15 með meiðslum á fólki. Tíðni slysa með meiðslum var því 0,23 eða jöfn meðaltali næstu fimm ára á undan.

Eins og áður segir liggja endanlegar slysatölur fyrir árið 1998 ekki fyrir. Samkvæmt bráðabirgðaskráningu skrifstofu Umferðarráðs urðu sex slys með meiðslum á fólki árið 1998 á þessum kafla. Samkvæmt því er tíðni slysa með meiðslum 0,08.

Spurt er: Er sýnileg breyting á slysatíðni vegna lýsingar brautarinnar? Ekki er hægt að fullyrða neitt um það að svo búnu. Lýsing var sett upp í lok árs 1996. Þegar áhrif ákveðinna aðgerða og slysafjöldi er athuguð þarf að athuga slysafjölda á þriggja til fimm ára tímabili fyrir og eftir aðgerðir. Hafa ber í huga að fjölmargir þættir hafa áhrif á fjölda slysa. T.d. skiptir veður mjög miklu máli.

Heildarfjöldi slysa árið 1997 á þeim kafla Reykjanesbrautar sem nær frá Krísuvíkurvegi til Keflavíkur, var lægri en meðalfjöldi slysa á ári á tímabilinu 1992–1996. Hins vegar var hann sá sami og árið 1995. Fjöldi slysa með meiðslum á fólki á þessum kafla var meiri árið 1997 en að meðaltali næstu fimm ár á undan.

Bráðabirgðatölur fyrir árið 1998 virðast lofa góðu en rétt er að hafa í huga að veturinn 1998 var mjög snjóléttur. Að auki má geta þess að Vegagerðin hefur á síðustu árum gert ýmsar ráðstafanir til að auka umferðaröryggi á Reykjanesbraut. Sem dæmi má nefna að hálkuvarnir hafa verið auknar

til muna og bundið slitlag verið lagt á axlir. Auk þess hefur lögregluefirlit verið aukið.

Herra forseti. Tími minn er þrotinn og ég mun svara síðustu spurningunni í síðari ræðu minni.

[18:42]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Þetta er mjög áhugaverð umræða um slys á Reykjanesbraut. Ég er flm. að þessari fyrirspurn með Kristjáni Pálssyni. Áður en ráðherrann kemur og svarar öðru sinni, og þá þriðju spurningunni, langar mig að nefna sértækar aðgerðir á þessari hættulegu braut. Þó að slysin séu þar undir landsmeðaltali þá eru þau þó á nokkuð takmörkuðum kafla. Og eins og unnið hefur verið að umferðarmálum í Reykjavík þá hafa verið skilgreindir svartir blettir þar sem sérstaklega safnast saman þau óhöpp sem menn skrá.

En ég vil spyrja ráðherrann hvort til greina komi, á þeim tíma þar til varanleg ný Reykjanesbraut kemur, að menn grípi til sértækra aðgerða. Ég er að hugsa um hluti eins og að hægja á umferð, eins og að tvöfalda til bráðabirgða á verstu stöðunum eða jafnvel að setja upp vegrið, breikka og setja upp vegrið á þeim köflum sem sérfræðingar telja versta.

[18:43]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þessar upplýsingar. Ég fagna því að sjálfsögðu mjög að bráðabirgðatölur fyrir árið 1998 sýna að slysum fækkar. Stærsta aðgerð í umferðaröryggismálum á þessu svæði er lýsingin þannig að auðvitað hlýtur maður að reyna að draga ályktun af því. Ég veit að sjálfsögðu um fleira sem hefur verið gert á þessu tímabili, t.d. hvað varðar vatnshalla. Það held ég að hafi verið mikilvæg aðgerð og eins er með breikkun axla.

Aðrir þættir í umferðaröryggismálum hafa ekki verið mjög sýnilegir að öðru leyti en því að maður sér núna hvaða hitastig er á Stapanum og hvaða hitastig er rétt sunnan Straumsvíkur. Það skiptir kannski ekki öllu máli en er ósköp þægilegt að vita.

Ég held að það sé engin spurning að Reykjanesbrautin, eina samgönguæðin til aðalflugvallar landsmanna, verður að vera örugg. Allir sem koma til þessa lands eða frá því þurfa að keyra þessa leið. Öryggi hennar skiptir öllu máli. Fyrir utan það er þarna einhver allra mesta umferð utan höfuðborgarsvæðisins og hún fer vaxandi, hefur aukist um 7% á ári síðustu ár og ekkert útlit er fyrir að það muni breytast. Ég ítreka því þá skoðun mína að tvöföldun Reykjanesbrautarinnar er mjög brýnt verkefni sem þarf að flýta.

[18:46]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt var: Er hafinn undirbúningur að aðgerðum til að fækka slysum á Reykjanesbraut, svo sem tvöföldun hennar?

Á langtímaáætlun sem samþykkt var á Alþingi í fyrravor er gert ráð fyrir umtalsverðu fjármagni til að breikka Reykjanesbraut og byggja gatnamótamannvirki í þeim tilgangi að auka umferðaröryggi. Langtímaáætlun nær yfir 12 ár, 1999–2010, og er Reykjanesbraut skipt þar í tvo hluta, annars vegar innan höfuðborgarsvæðis og hins vegar sunnan Krísuvíkurvegar.

Á höfuðborgarsvæðinu eru fjárveitingar mestar á fyrri hluta áætlunartímabilsins, alls rúmlega 4,2 milljarðar kr. Kaflinn Krísuvíkurvegur–Keflavík fær mesta framlagið á seinni hluta tímabilsins, eða alls nær 2,5 milljarða kr. Reykjanesbraut fær þannig í heild rúmlega 6,7 milljarða kr. á næstu 12 árum og er við það miðað að ljúka við breikkun á Reykjanesbraut á milli Breiðholts í Reykjavík og Keflavíkur ásamt tilheyrandi gatnamótamannvirkjum.

Eins og fram kom í svörum mínum áðan hefur slysatíðnin með meiðslum verið meiri á Reykjanesbraut frá Breiðholtsbraut að Krísuvíkurvegi en sunnan Krísuvíkurvegar. Eftir sem áður er nokkurt svigrúm til þess á næsta áætlunartímabili að ráðast í einhverjar lagfæringar á Reykjanesbraut sunnan Hafnarfjarðar og auðvitað á öðru tímabili en ákvarðanir um það eru teknar af þingmönnum. Á hinn bóginn tekur dómsmrh. ákvörðun um það hvort ástæða sé til að hægja á umferð á tilteknum svæðum og mér er ekki kunnugt um að sú hugmynd hafi komið upp.

[18:48]

Útbýting þingskjals:

Vörugjald, 537. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 861.

Jöfnun á aðstöðu til náms.

Fsp. KJB, 275. mál. — Þskj. 313.

[18:48]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði fyrirspurn sem er á þskj. 313. Hún lýtur að jöfnun á aðstöðu til náms og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvað er gert til að bæta skilyrði þeirra nemenda á framhaldsskólastigi sem sækja nám utan heimabyggðar?

2. Hafa verið gerðar kannanir á vegum ráðuneytisins á þörf fyrir heimavistarrými fyrir nemendur á framhaldsskólastigi?“

Eins og fram kom hjá hæstv. forseta þá lagði Kristín Jóhanna Björnsdóttir varaþingmaður fram þessar spurningar. Henni vannst ekki tími til að flytja þær hér sjálf og fá svör vegna aðstæðna á þeim tíma sem hún sat á Alþingi. Það er ljóst, herra forseti, að allmikil óánægja er með framhaldsskólamál víða úti á landi, einkum á stöðum þar sem íbúar eru á bilinu kannski frá 200 og upp í 1000.

Í skýrslu menntmrh. um framfærslukostnað og lögheimilisflutninga námsmanna sem lögð var fram á þessu þingi kemur fram að viðbótarkostnaður við að hafa nemendur á framhalds- eða háskólastigi í skóla fjarri heimabyggð er á bilinu 130–375 þús. kr. að teknu tilliti til dreifbýlisstyrks, eða, herra forseti, allt að 14% af neysluútgjöldum þriggja til sex manna fjölskyldu. Það munar um minna. Og það kemur í ljós að viðbótarkostnaður fjölskyldna sem eru með nemendur í grunn- eða framhaldsskólanámi og búa á heimavistum eða í leiguhúsnæði fjarri heimabyggð, getur verið á bilinu 190–475 þús. kr.

Það er áhyggjuefni hversu mikill munur er á aðstöðu þeirra sem búa nærri framhaldsskólum eða öðrum skólum og svo aftur hinna sem búa fjarri þeim og mikið álitamál er hvernig eigi að mæta þessum mun. Það er auðvitað reynt en alltaf má gera betur og vissulega þarf að gera miklu betur, enda hefur komið í ljós að 30% af því landsbyggðarfólki sem hyggur á flutninga gerir það af menntaástæðum.

Herra forseti. Það er spurning hvað er verið að gera og hvort hæstv. ráðherra geti reitt hér fram svör til að mæta

þeim áhyggjum og væntingum sem landsbyggðarfólk hefur í þessu máli. Það er ljóst að nefnd sú sem sett var á laggirnar, m.a. með hliðsjón af væntanlegri eða hugsanlegri kjördæmabreytingu, hefur unnið eitthvað í málinu. Því verður fróðlegt, herra forseti, að heyra svör hæstv. ráðherra við þessari fyrirspurn.

[18:51]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er: Hvað er gert til að bæta skilyrði þeirra nemenda á framhaldsskólastigi sem sækja nám utan heimabyggðar?

Því er til að svara almennt að unnið hefur verið að uppbyggingu framhaldsskóla á landsbyggðinni, aukin framlög til jöfnunar á námsaðstöðu, skipulagður skólaakstur í tengslum við framhaldsnám, auknir möguleikar á lánum úr Lánasjóði íslenskra námsmanna og síðast en ekki síst hefur fjarkennsla verið stórefld. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999 voru fjárveitingar til jöfnunar á námskostnaði hækkaðar um 65 millj. kr. og síðan 1996 hefur þessi útgjaldaliður á fjárlögum aukist um 130% þannig að stórauknu fé hefur verið varið til að geta styrkt nemendur sem þurfa að sækja nám utan lögheimilis og fjarri heimabyggð sinni. Þetta er það sem helst hefur verið gert, að efla þennan sjóð sem veitir styrki fyrir utan fjarkennsluna og aukið framboð á henni sem hefur margfaldast á undanförnum missirum.

Síðan er spurt: Hafa verið gerðar kannanir á vegum ráðuneytisins á þörf fyrir heimavistarrými fyrir nemendur á framhaldsskólastigi?

Svarið er þetta: Síðari helming ársins 1996 var gerð ítarleg úttekt á heimavistarrými í landinu. Hvert einstakt heimavistarhús var skoðað, endurbótaþörf metin, nýting undanfarinna ára athuguð og reynt að meta líkur á aðsókn á næstu árum. Niðurstaðan var í stuttu máli sú að í landinu væri heimavistarrými framhaldsskóla að öllu samanlögðu töluvert umfram þarfir. Hins vegar væri nýting á sumum stöðum slæm en öðrum meiri en hægt er að sinna. Töluverðar sveiflur eru á milli ára þannig að stundum standa heimavistarrými auð í skólum sem árið áður þurftu að vísa nemendum frá vegna skorts á gistirými. Þær ályktanir voru dregnar af fyrrnefndri úttekt að á nokkrum stöðum mundi fjölgun heimavistarrýma ýta undir stækkun skóla og að meiri þörf væri fyrir nemendaíbúðir, líkar þeim sem byggðar hafa verið af samtökum námsmanna á undanförnum árum, en fyrir heimavistir með hefðbundnu sniði.

[18:54]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir þau svör sem þegar hafa komið fram. Hann gat um fjarkennslu og hið mikilvæga hlutverk sem hún getur gegnt í því að jafna aðstöðu til náms. Ég vil spyrja í framhaldi af því hvort markviss vinna sé í gangi varðandi það viðamikla verkefni. Ég sé það fyrir mér, herra forseti, að á ýmsum stöðum úti um land væri hægt að fresta því að nemendur færu að heiman jafnungir og raun ber vitni með því að kennari tæki að sér verkstjórn og kennsla færi að mestu leyti fram með fjarkennslu. Ég held það væri a.m.k. áhugavert að setja slíkt tilraunaverkefni í gang því ég er viss um að þannig væri hægt að breyta aðstæðum mjög víða um landið vegna þess að það er auðvitað ekki vansalaust að unglingar skuli þurfa að fara að heiman og jafnvel vera á eigin vegum, 15–16 ára gamlir. Þess vegna er spurningin um heimavistarrýmið líka svo mikilvæg.

Ég tek eftir því að heimavistarrými framhaldsskólanna virðist að meðaltali vera nægjanlegt, en sums staðar vantar. Hæstv. ráðherra gat um nemendaíbúðir og það væri líka fróðlegt að heyra aðeins meira um þær hugmyndir sem fram hafa komið um hvað sé verið að vinna varðandi aukningu á nemendaíbúðum eða húsrými sem sérstaklega er ætlað nemendum og þá til að mæta þeirri þörf sem sannarlega er fyrir hendi sums staðar á landinu.

[18:56]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hvað varðar fjarkennsluna þá hefur stóráták verið gert á því sviði eins og ég gat um og m.a. er til athugunar í menntmrn. að stofna til tilraunastarfsemi á annan hátt en gert hefur verið til þessa. Ráðuneytið boðar til ráðstefnu í næstu viku um upplýsingatækni og skólastarf og þar verður fjallað um alla þessa þætti. Menn munu koma og skiptast á skoðunum og eftir þá ráðstefnu tel ég að það muni liggja ljósar fyrir hvaða tækifæri við höfum á þessu sviði en þróunin er mjög ör og ráðuneytið hefur beitt sér ötullega fyrir því að menn nýti þessa tækni í þágu skólastarfsins.

Að því er varðar heimavistarrýmið þá er fjármögnun á því mismunandi eftir því hvaða skólar eiga í hlut og því hefur verið staðið mismunandi að því að byggja upp heimavistir. Ég tel sjálfur að stefna beri að því að þessar byggingar séu ekki endilega hluti af skólakerfinu heldur þjónustubyggingar sem menn geti nýtt bæði fyrir nemendur og aðra. Á Akureyri hafa menn m.a. verið að vinna að því að stofna sjálfseignarfélag eða rekstrarfélag um heimavist sem á að þjóna báðum framhaldsskólunum þar og víða annars staðar eru menn að velta fyrir sér hvernig unnt sé að nýta og samtengja skólastarf annars vegar og uppbyggingu á slíkum íbúðum hins vegar og lánasjóðir, byggingarlánasjóðir, hljóta að koma að því að fjármagna slíkar framkvæmdir.

Fjölbreyttara nám á Vestfjörðum.

Fsp. KJB, 276. mál. — Þskj. 314.

[18:58]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þetta er í rauninni svolítil framhaldsumræða frá þeirri fyrirspurn sem nú var rétt svarað. Ljóst er að menntamálin hafa gríðarlega mikla þýðingu fyrir þróun byggðar í landinu. Eins og ég gat um áðan þá virðist, samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið, m.a. af rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri, sem um 30% þeirra sem hyggja á flutning af landsbyggðinni geri það af menntunartengdum ástæðum. Það er eðlilegt að þetta sé mönnum áhyggjuefni og að þarna þurfi að breyta og bæta stöðuna víða um landið vegna þess að í ljós kemur að 4,4% íbúa Reykjavíkur lagði stund á sérskóla- eða háskólanám haustið 1996 á meðan hlutfallið í landsbyggðarumdæmunum var aðeins 1,2 til 2%, sem sagt meira en helmingi færri.

Í dag fer næstum öll háskólamenntun fram í Reykjavík. Það eru aðeins u.þ.b. 7% háskólastúdenta sem eru við nám annars staðar, bróðurparturinn á Akureyri. Hins vegar vita menn að háskólanám og annað nám, sérnám, sem er úti á landi, er líklegra til að skila sínum nemendum til starfa á landsbyggðinni því það hefur komið í ljós að yfir 80% brautskráðra nemenda úr háskólanum á Akureyri búa og starfa á landsbyggðinni. Menn sjá því að þarna eru augljós tengsl á milli og það hefur gefið mönnum ákveðna vísbendingu

um hvaða leiða ætti að leita ef menn í alvöru vilja takast á við þann vanda sem felst í hinum miklu fólksflutningum af landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðið vegna þess að efling framhaldsskóla og háskóla er ein skilvirkasta aðgerðin sem stjórnvöld geta greinilega gripið til gegn búferlaflutningum.

Fjarskiptin skapa nýja möguleika, samanber það hjúkrunarnám sem nú fer fram á Ísafirði en kennslan fer fram Akureyri. Þetta er mjög áhugavert verkefni og hefur gefið bæði Vestfirðingum og öðrum sem búa fjarri háskólum tilefni til að vænta þess að þeirra heimabyggð geti einhvern veginn orðið vettvangur háskólakennslu. Þess vegna spyr hv. þm. Kristín Jóh. Björnsdóttir á þskj. 314, með leyfi forseta:

„Mun ráðherra, í ljósi fyrirheita um að háskólamenntun verði tekin upp þar sem kostur er og að menntun á landsbyggðinni verði stórefld, sérstaklega hvað varðar verklegar greinar og tölvunám, sbr. tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum, beita sér fyrir því að slíkt nám verði í boði víðar á Vestfjörðum en nú?“

[19:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég átta mig ekki almennilega á hvert fyrirspyrjandi er að fara þegar talað er um að „beita sér fyrir því að slíkt nám verði í boði víðar á Vestfjörðum en nú er“. Það sem um er að ræða á Vestfjörðum er það að samstarf hefur verið við Þróunarsetur Vestfjarða um fjarkennslu og Framhaldsskóli Vestfjarða hefur einnig skapað þar aðstæður. Fyrirspurnin var lögð fram 20. nóvember sl. og margt hefur gerst síðan. Fyrir liggur m.a. að við afgreiðslu fjárlaga hafa fjármunir verið veittir til að efla þessa starfsemi á Vestfjörðum og að því er unnið að sjálfsögðu. Hvort sett verði upp fleiri slík setur á Vestfjörðum en á Ísafirði, ef það er fyrirspurnin, þá get ég ekki fullyrt um það. En hitt er annað mál að það sem er að gerast í þessu er auðvitað að með nýtingu tölvutækninnar getur hver og einn sem hefur aðgang að tölvum nýtt sér fjarnám frá háskólum, ekki aðeins íslenskum háskólum heldur háskólum erlendis og það er meira undir frumkvæði einstaklinganna komið en vilja menntmrh., sem hins vegar hefur beitt sér fyrir því að sem flestir átti sig á þeim kostum sem í boði eru og nýti sér þá.

Ef spurningin er um það að komið verði upp fleiri svipuðum setrum og eru á Ísafirði, þá er það ekki á dagskrá í sjálfu sér. Hins vegar er eðlilegt að menn hugi að því hvernig eigi að nýta þessa tækni sem best á Vestfjörðum eins og annars staðar og hvernig eigi að vekja athygli almennings á því að hann hefur aðgang að menntun með allt öðrum hætti en áður, þótt ekki sé um fjarfundabúnað að ræða eins og þann sem fjárfest hefur verið í á Ísafirði og Þróunarsetur Vestfjarða hefur staðið að með framhaldsskólanum. Ef Þróunarsetur Vestfjarða vill hafa frumkvæði að þessu á öðrum stöðum á Vestfjörðum og ef slíkur búnaður til fjarkennslu er á fleiri stöðum á Vestfjörðum, þá er að sjálfsögðu unnt að nýta hann þar ekki síður en á Ísafirði og stunda fjarnám með slíkum búnaði.

En af hálfu menntmrn. hefur áherslan verið lögð á að efla þessa aðstöðu sem mest má í Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði en vonandi getur það af sér fleiri tækifæri fyrir Vestfirðinga til að nýta sér þessa tækni. Ég legg þó höfuðáherslu á að hér er um einstaklingsbundið framtak manna að ræða í vaxandi mæli og þar ræður áhugi, tölvukunnátta og aðgangur að netinu mestu um hvort menn vilja nýta sér þá möguleika sem eru í boði.

[19:04]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Í nýlegri samþykkt frá norrænu ráðherranefndinni er lögð áhersla á nýja framkvæmd í umhverfismálum sem er sú að reyna að varðveita mannlíf og menningu á jaðarbyggðum þar sem hætta er á að búseta leggist að öðrum kosti niður. Nú háttar svo til að í Árneshreppi á Ströndum er nákvæmlega þetta að gerast. Þar eru ekki nema um tíu býli í byggð, þar er mannlíf að leggjast niður og sú menning og sérstæða atvinnustarfsemi sem þar er stunduð. Lögð hefur verið fram tillaga frá Landvernd og fleiri aðilum um að þessari samþykkt norrænu ráðherranefndarinnar verði hrint í framkvæmd á þeim stað. Verulegur þáttur í því er að taka upp samvinnu um tölvukennslu á grunnskólastigi og í fyrstu bekkjum framhaldsskólans og kennslu heima fyrir svo börnin þurfi ekki að fara burt úr byggðarlaginu. Það eru engar vetrarsamgöngur á milli Hólmavíkur og Árnesshrepps, eins og öllum er kunnugt. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann hafi frétt eitthvað af þessum hugmyndum og hvort hann sé reiðubúinn að skoða þær hugmyndir sem Landvernd hefur mælt fyrir.

[19:06]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að beinlínis sé verið að biðja um fleiri setur á Vestfjörðum, heldur frekar hitt að sýnt sé ákveðið frumkvæði til að laða að eða benda á þá möguleika sem vissulega eru fyrir hendi. Það er alveg laukrétt sem hæstv. ráðherra segir að nám af þessu tagi getur verið fullkomlega einstaklingsbundið og undir vilja einstaklingsins komið. Það er eigi að síður þannig að þessi fjarskipti og þessir nýju möguleikar eru ekki öllum ljósir og til að þeir megi verða aðgengilegir og mönnum verði ljóst að þeir geti stundað sitt nám, sama hvar þeir eiga heima, þá þarf kannski að koma til ákveðið frumkvæði eða ákveðin hvatning af hálfu yfirvalda. Ég hygg að þessi fyrirspurn sé fyrst og fremst sett fram í því skyni að kalla eftir að stjórnvöld hvetji til og leggi sitt af mörkum til að íbúar hinna dreifðu byggða, á Vestfjörðum í þessu tilfelli, átti sig á þessum möguleikum og að þeir sjái að hægt er að nýta þá, jafnvel þótt menn búi ekki á þeim stöðum þar sem formlega hefur verið tekin upp háskólakennsla. Ég held því að hér sé fyrst og fremst á ferðinni vilji til að sýnd verði viðleitni frekar en orðið er og hvort þau fyrirheit sem felast í till. til þál. um stefnu í byggðamálum muni ekki eiga við með einhverjum hætti um fleiri staði en Ísafjörð ef við erum að tala um Vestfirði og hvort stjórnvöld, ef þau samþykkja stefnu eins og þá sem felst í þessari tillögu, muni þá ekki beita sér á einhvern hátt í málinu til að gera þessa möguleika aðgengilegri.

[19:08]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Stefnan um fjarkennslu hefur verið mótuð og henni er fylgt eftir. Eins og ég sagði verður mikil ráðstefna í næstu viku um þessi mál, upplýsingatækni í skólastarfi. Þar verður um þetta fjallað og vakin vonandi rækileg athygli á öllum þeim kostum sem fyrir hendi eru.

Varðandi fyrirspurn frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni þá er mér kunnugt um það verkefni á Ströndum. Það kom m.a. fram er ég sótti Hólmavík heim á sl. hausti á 50 ára afmæli grunnskólans þar og var rætt um þetta verkefni sem menn eru að velta fyrir sér þar. Menntmrn. hefur tekið höndum saman með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og lagt

fé í tilraunastarf sem miðar að því að efla fjarkennslu á grunnskólastigi, einkum á þessu svæði landsins. Ráðuneytið hefur því þegar komið að þessu og þótt verkaskiptingin á milli ríkis og sveitarfélaga sé skýr og sveitarfélögin beri ábyrgð á grunnskólanum þá ákváðum við að leggja fé í þetta verkefni af því við litum á það sem tilraunaverkefni. Hv. þm. nálgaðist það frá einu sjónarhorni. Af hálfu menntmrn. var ákvörðunin tekin vegna þess að við töldum mikilvægt að þessi tilraun yrði gerð um kennslu með tölvum í dreifbýli á grunnskólastigi.

Túlkun stjórnmálaumræðna í Ríkisútvarpinu fyrir heyrnarlausa.

Fsp. ÁRJ, 459. mál. — Þskj. 757.

[19:10]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Þegar ég lagði þessa fyrirspurn fram fyrir hæstv. menntmrh. var enn einu sinni hafin sú þrautaganga heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir kosningar að fá sambærilega möguleika og aðrir þjóðfélagsþegnar til að mynda sér skoðanir á lýðræðislegan hátt eða taka afstöðu í kosningum. En þá hafði Félag heyrnarlausra farið fram á það bréflega við sjónvarpið að stjórnmálaumræður fyrir alþingiskosningar 8. maí yrðu túlkaðar jafnhliða á táknmáli. Þegar fyrirspurn mín var lögð fram hafði þessari málaleitan verið synjað af framkvæmdastjóra sjónvarpsins, en fyrirspurn mín hljóðaði á eftirfarandi hátt:

„Hvernig hyggst ráðherra tryggja að heyrnarlausir og heyrnarskertir geti fylgst með almennri stjórnmálaumræðu í Ríkisútvarpinu fyrir alþingiskosningarnar 8. maí?"

Nú gerðist það í dag að framkvæmdastjóri sjónvarpsins sendi bréf til Félags heyrnarlausra þar sem þeir ákváðu eða tilkynntu að þeir væru tilbúnir að koma til móts við þessa kröfu Félags heyrnarlausra og buðu að þeir mundu senda út stjórnmálaumræðurnar, sem eru kvöldið fyrir kjördag, í lok dagskrár og þá túlkaðar og textaðar og yrðu þær einnig endurútsendar að morgni kjördags. Þar sem aðstæður eru breyttar spyr ég hæstv. ráðherra: Finnst honum það boðlegt að þessi stóri hópur heyrnarlausra og heyrnarskertra fylgist með umræðu um stjórnmál fyrir kjördag í lok dagskrár, jafnvel eftir miðnætti eða snemma morguns á kjördag? Það hefur nú ekki viðgengist venjulega að sjónvarpið væri að senda út stjórnmálaumræður á kjördag, en þarna er stór hópur, um 25 þús. manns sem eru heyrnarskertir og þó sem betur fer mun minni hópur sem eru heyrnarlausir, og ég spyr hæstv. ráðherra hvort honum finnist þetta eðlilegt. Reyndar fagna ég því að komið skuli vera til móts við þessa hópa en þarna er engu að síður verið að mismuna mjög stórum hópi Íslendinga með því að ætla að endursenda þetta út seint um nótt eða kvöld, og ég er sannfærð um að þessi leið sem sjónvarpið er að bjóða er dýrari en túlkun og textun á beinni útsendingu. Ég er sannfærð um það. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi athugað hvort þarna sé verið að fara dýrari leið og hvort eðlilegt sé að þessi hópur fái ekki sömu þjónustu og aðrir við stjórnmálaumræður fyrir alþingiskosningarnar í vor.

[19:13]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef rætt þetta mál við fulltrúa frá Félagi heyrnarlausra og einnig við fulltrúa frá sjónvarpinu og einnig hef ég fengið upplýsingar um niðurstöðu í útvarpsráði í gær um einróma afstöðu þess í málinu. Það er alveg ljóst af öllum þeim umræðum sem hafa farið fram um þetta mál og viðræðum milli aðila og þeim upplýsingum sem ég hef aflað að það er fullur vilji hjá sjónvarpinu að koma til móts við óskir Félags heyrnarlausra. Vonandi tekst þessum aðilum að finna sameiginlega niðurstöðu sem fullnægir þeim sjónarmiðum sem báðir hafa sett fram. Ég lít þannig á að að því sé unnið og hugmyndir hafi mótast um það sem miði að því að gera heyrnarlausum kleift að fylgjast með þeim umræðum. Þetta eru umræðurnar sem fara fram síðasta kvöldið fyrir kjördag og sjónvarpið hafði boðið annars vegar að sýna þáttinn með texta og táknmálstúlki í lok dagskrár þetta kvöld eða þá áður en kjörfundur hefst og líka áður en kjörfundur hefst á kjördag, þannig að markmiðið hjá báðum er að koma þessum upplýsingum á framfæri við heyrnarlausa á eins skýran hátt og kostur er. Þegar þetta er gert með þessu móti er bæði unnt að túlka með táknmáli og einnig að setja ritaðan texta inn á skjáinn fyrir þá sem ekki kunna táknmálið og eru heyrnarskertir. Það eru um 200 manns sem eru heyrnarlausir og væntanlega kunna táknmálið, en hv. þm. taldi að um 25 þúsund manns væru heyrnarskertir sem kannski kunna ekki táknmálið en vilja þá lesa textann. En það er alveg ljóst að ekki er hægt að texta þetta samtímis. Sjónvarpið er því að bjóða bæði táknmálstúlkun og textun á þessum þætti, en þá verður að birta það eftir að þátturinn hefur farið fram þannig að mönnum gefist færi á því að texta þáttinn því hann er sendur út í beinni útsendingu, eins og menn vita.

Eins og fram kom hjá hv. þm. er þetta vissulega dýr kostur, bæði að lengja sjónvarpsdagskrána og einnig að hefja sjónvarpssendingar klukkan átta að morgni kjördags til að koma til móts við óskir þessa hóps. En ég sé ekki að hægt sé að ásaka sjónvarpið eða Ríkisútvarpið um að ekki sé allt gert sem í þess valdi stendur til að gera þetta sem best, bæði að nota táknmálið og einnig að texta það fyrir þá sem eru heyrnarskertir og kunna ekki táknmálið.

Ég hallast að því að sú samhljóða niðurstaða sem útvarpsráð komst að um þetta mál í gær byggist á sanngirni og viðleitni til að koma til móts við þennan hóp. Hvort það dugir til þess að það komist á samkomulag milli Félags heyrnarlausra og Ríkisútvarpsins ætla ég ekki að segja. Ég hvatti til þess, þegar þessir fulltrúar komu til mín, að menn sættust á lausn í málinu. En auðvitað getur annað vakað fyrir Félagi heyrnarlausra en það að fá þessa lausn fram. Ef eitthvað annað vakir fyrir félaginu, þetta sé liður í réttindabaráttu af öðru tagi, mun það væntanlega koma fram og þá reynir á hvort menn túlka þessa niðurstöðu hjá Ríkisútvarpinu sem haldbæra niðurstöðu miðað við þær lagaskyldur sem stofnunin hefur í þessu tilliti. En ég er ekki dómbær um það. Aðrir munu þá skera úr um það.

[19:17]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég kom upp fyrr í dag og benti á að ég hefði kynnst því frá Bandaríkjunum að þar var möguleiki að texta efni sem sent var út beint. Það kann að vera að það séu tölvur sem nema talmál sem gera það fyrir þá og kann að vera að sú tækni sé ekki komin með íslenskt talmál á hreint, ég þekki það ekki. En þetta er kannski möguleiki

sem vert er að athuga og ég efast ekkert um að tæknimenn sjónvarps líta á þann kost ef hann er fyrir hendi. Væri það mjög æskilegt ef hægt væri að koma því við að hafa texta um leið og stjórnmálaumræðurnar fara fram.

[19:18]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og er sammála því að auðvitað fagna ég þeirri viðleitni Ríkisútvarpsins að koma til móts við þarfir þessara hópa. Þetta er í rauninni í fyrsta skipti sem það gerist því að þetta hefur verið ósk frá Félagi heyrnarlausra í hvert skipti sem kosningar eru fram undan.

Ég veit að hægt er að texta jafnóðum. Það hefur verið gert á ráðstefnum og það hefur verið gert oft og það geta sérfræðingar í textun vel gert. Þess vegna nefndi ég það í máli mínu áðan að ég er sannfærð um að sú leið sem sjónvarpið er að benda á er dýrari fyrir stofnunina, ég er alveg sannfærð um það. Fyrir utan að það eru réttindi þeirra að fá að fylgjast með þessum umræðum um leið og aðrir Íslendingar sem fylgjast með stjórnmálaumræðum en ekki við hæfi að bjóða þessu fólki, jafnvel öldruðum, upp á stjórnmálaumræðurnar seint á dagskránni, jafnvel eftir miðnætti eða eldsnemma að morgni kjördags.

En ég ætla ekki að tala hér fyrir Félag heyrnarlausra heldur er ég aðeins að spyrjast fyrir um réttindi þessara hópa. Ég veit að það hefur verið krafa frá þeim að þeir fái og öðlist sömu réttindi og vilji ekki láta líta á sig sem annars flokks þjóðfélagsþegna. Ég veit að það er yfirvofandi stefna vegna þessa misréttis sem þeir telja sig búa við.

En engu að síður spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því að þessir hópar geti fengið þessa þjónustu Ríkisútvarpsins á sama tíma og aðrir, ef það kemur í ljós að það er ekki dýrara, jafnvel ódýrara, og í ljósi þess að þetta eru ákveðin mannréttindi þessara hópa.

[19:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og ég sagði hef ég þegar beitt mér í þessu máli og fylgst með framvindu þess. Ég sé ekki ástæðu fyrir mig til að gefa yfirlýsingar um frekari afskipti af málinu á þessum stað.

Utanhússviðgerðir á Sjómannaskólahúsinu í Reykjavík.

Fsp. GHall, 517. mál. — Þskj. 831.

[19:20]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Í yfir 50 ár hefur kennsla farið fram í Sjómannaskólahúsinu við Rauðarárholt. Það hefur verið svo með viðhald þess húss eins og kannski margra annarra húseigna eða fasteigna ríkisins að nokkur vanhöld hafa þar verið á að húsnæðinu væri vel við haldið. Hins vegar veit ég að ríkisstjórnin hefur lagt fram 20 milljónir á þessu ári til að lagfæra húsið eða a.m.k. að vinna að undirbyggingu frekari framkvæmda og er það vel.

Ég minnist þess að fyrir einum þremur áratugum, þegar ég sat í þessum ágæta skóla, var við nokkurn vanda að etja þegar suðaustan rok og rigning stóð upp á skólann og nokkuð bar á að gluggar héldu hvorki vindi né vatni. Að vísu veit ég að ekki er langt síðan það vandamál var leyst og lagfært að hluta til. En með tillit til þess að nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja upp í lagfæringu vegna utanhússviðgerða á Sjómannaskólahúsinu í Reykjavík hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. í þremur liðum:

„1. Hver er áætlaður kostnaður við utanhússviðgerðir á Sjómannaskólahúsinu í Reykjavík?

2. Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar um framkvæmdir?

3. Hverjar er áætlanir um verklok utanhússviðgerða?“

[19:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta hefur verið vandamál um margra áratuga skeið í Sjómannaskólahúsinu í Reykjavík og raunar sætir undrun að ekki skuli þá fyrir mörgum áratugum einnig hafa verið gripið til gagnaðgerða og bætt úr þessu ástandi.

Spurt er: Hver er áætlaður kostnaður við utanhússviðgerðir á Sjómannaskólahúsinu í Reykjavík?

Samkvæmt úttekt á ástandi hússins, sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur gert að beiðni menntmrn., munu utanhússviðgerðir, þ.e. viðgerðir á þaki, veggjum og gluggum ásamt tilheyrandi undirbúningsvinnu og rannsóknum kosta 120–135 millj. kr. Margir óvissuþættir eru þó enn í þeirri áætlun, einkum hvað varðar viðgerðir á veggjum.

Þá er spurt: Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar um framkvæmdir?

Stefnt er að því að nú á útmánuðum verði viðgerð á þaki hússins boðin út og er þess vænst að framkvæmdinni geti lokið fyrir upphaf næsta skólaárs.

Í þriðja lagi er spurt: Hverjar er áætlanir um verklok utanhússviðgerða?

Í áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins er við það miðað að viðgerðum utan húss geti lokið á þremur árum. Framgangur þeirrar áætlunar er þó að sjálfsögðu háður því að auknar fjárveitingar fáist á fjárlögum næstu ára til viðhalds á húsakosti framhaldsskólanna.

[19:24]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að vekja máls á þessu brýna málefni. Ég fagna svörum hæstv. menntmrh. um þær áætlanir sem eru í gangi um viðgerðir á húsinu. Það er rétt, eins og hæstv. ráðherra sagði, það vekur furðu hve viðhald þessa húss hefur verið lítið og sannast sagna hefur það verið nánast ekki neitt frá því að húsið var byggt á sínum tíma. Þetta var og er afskaplega glæsileg bygging að sjá að utan en þegar inn kemur er allt míglekt og gluggar halda hvorki vatni né vindum. Það er því löngu tímabært að fara út í þessar viðgerðir og ég fagna því að það skuli vera komin áætlun sem miðar að því að framkvæmdum og viðgerðum utan húss verði lokið eigi síðar en eftir þrjú ár.

[19:25]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég fagna svari hæstv. menntmrh. og veit að hann, eins og ríkisstjórnin öll, er vel meðvitaður um þann vanda sem þarna blasir við og auðvitað nauðsyn þess að efla þennan skóla með það að leiðarljósi að þarna eru nemendur, bæði í Vélskólanum og Stýrimannaskólanum, sem afla þjóðfélaginu mikilla tekna. Það er líka svo að eitt fiskveiðiskip kostar orðið allmikið fé að ekki sé talað um bæði vélarúm og brú með fullkomnum fiskveiðitækjum þannig að mjög nauðsynlegt er að búa vel að þeim sjómönnum sem leggja

þessa menntun fyrir sig svo að þeir komi sem hæfastir til starfa á vel útbúnum skipum.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. menntrh. fyrir svörin og vona að sjómenn geti tekið gleði sína á ný og sjái að þarna eru áfangar á leiðinni sem munu gera Sjómannaskólahúsið eins vel úr garði og þeir sem sækja sjómannamenntun eiga fyllilega skilið.

Málefni aldraðra.

Fsp. ÞHS, 306. mál. — Þskj. 366.

[19:29]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég er með fyrirspurn frá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur. Það er alllangt síðan hún var lögð fram.

Fyrri fyrri liðurinn hljóðar svo: Hvað líður vinnu við endurskoðun laga um málefni aldraðra?

Ég fékk þær upplýsingar í dag að málið væri komið frá þeirri nefnd sem vann þetta í hendurnar á ríkisstjórninni og það hafi farið í gegnum ríkisstjórnina og sé komið hér fram í þingið sem þskj. 847, en ráðherra fer væntanlega yfir þetta á eftir.

En seinni liðurinn er: Er það framtíðarsýn ráðherra að nota Framkvæmdasjóð aldraðra til annarra verkefna en honum var upphaflega ætlað?

Í reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra stendur að heimilt sé að veita allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra til verkefna samkvæmt 3., 4. og 5. tölulið.

3. tölul. er svohljóðandi: „Að styðja sveitarfélög, einkum deifbýlissveitarfélög, til að koma á fót heimaþjónustu fyrir aldraða.

4. tölul.: Að veita tímabundið rekstrarfé til stofnana aldraðra sem breyta eða hefja starfsemi eftir að fjárlagaár hefst.

5. tölul.: Önnur verkefni sem sjóðstjórn mælir með og heilbrigðisráðherra samþykkir."

Í bréfi frá Öldrunarráði Íslands, sem er dags. 15. mars 1998, kemur fram að úthlutun framlaga úr Framkvæmdasjóði aldraðra á því ári hefur verið með talsvert öðrum hætti en undanfarin ár, en það sé þó tvennt sem geri þessa úthlutun afbrigðilega. Það var búið að ráðstafa talsverðum hluta fjárins fyrir fram með ýmsum samningum sem stjórn sjóðsins kom á engan hátt að, eða um 110 millj. kr. miðað við 8–20 millj. á ári síðustu fjögur árin á undan, og hins vegar var úthlutun lokið þegar ný stjórn sjóðsins kom loks saman til síns fyrsta fundar, því að dregist hafði að tilnefna í stjórn sjóðsins. Öldrunarráðið skrifar þetta bréf til heilbr.- og trmrh. og segir að mikilvægt sé að heyra skoðun ráðherra á því hvernig beri að standa að úthlutun úr sjóðnum framvegis og hvort áætlað sé að auka framkvæmdahluta sjóðsins.

Einnig varðandi 4. tölul. og ég kom inn á áðan, að veita tímabundið rerkstrarfé til stofnana aldraðra, sem segir að heimilt sé að nota allt að þriðjungi af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins, þá segir í fundargerð aðalfundar Öldrunarráðs frá 11. nóv. 1998, úr skýrslu þar sem verið er að fara yfir starfsárið 1997–1998, að aðeins 45% af tekjum sjóðsins hafi farið til uppbyggingar öldrunarþjónustu en 55% til rekstrar. Og einnig að ráðherra hafi þegar verið búin að ráðstafa töluverðum hluta teknanna í tiltekið verkefni og að stjórn sjóðsins hafi komið þar að orðnum hlut.

Það er meining þeirra sem að þessari fyrirspurn standa að þarna sé ósamræmi á milli þess sem stendur í reglugerð og þess sem menn standa frammi fyrir. Því hef ég mikinn áhuga á því að heyra svar hæstv. ráðherra við fyrirspurn hv. fyrrv. 15. þm. Reykjavíkur.

[19:33]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Allt er þá þrennt er. Hv. þm. spyr í fyrsta lagi hvað líði endurskoðun laga um málefni aldraðra. Það mál liggur fyrir þinginu og verður mælt fyrir því á föstudaginn kemur. Þá fáum við tækifæri til að ræða þá endurskoðun.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hvort það sé framtíðarsýn ráðherra að nota Framkvæmdasjóð aldraðra til annarra verkefna en honum var upphaflega ætlað. Nú er það svo að Framkvæmdasjóður aldraðra er að sjálfsögðu eingöngu notaður til öldrunarmála. Hann er eingöngu notaður til uppbyggingar í öldrunarmálum, hann er notaður til rekstrar og hann er notaður t.d. til hvíldarinnlagna, svo eitthvað sé nefnt. Hann er sem sé notaður í þágu aldraðra á öllum sviðum og það verður áfram gert.

Hv. þm. ræddi það sérstaklega að ekki hafi verið upphaflega ætlað að svo stór hluti fari til rekstrar eins og er í dag. Hann nefndi réttilega að 55% sjóðsins fari til rekstrar og það er rétt. En það hefur orðið mjög mikil uppbygging á síðustu árum og það kallar auðvitað til sín mjög mikið rekstrarfé. Framkvæmdasjóður er með hálfan milljarð í heildarveltu, og við eygjum það í fyrsta skipti núna að fullnægja þeirri eftirspurn á næstum tveim til þrem árum hvað varðar hjúkrunar- og dvalarrými á Reykjavíkursvæðinu en því er nokkurn veginn fullnægt úti á landi. Við erum því nú að sjá fram á bjartari framtíð varðandi uppbyggingu í öldrunarmálum en við höfum áður séð.

Hv. þm. minntist einnig á að stjórn kæmi að orðnum hlut, eins og hann orðaði það. Það er alveg rétt, því þegar verið er að binda fé í uppbyggingu þá er það til nokkurra ára. Hér er um að ræða framkvæmdir sem kosta kannski á annað hundrað milljónir og það er ekki greitt í einu lagi heldur á þrem til fjórum árum. Það segir sig sjálft, alveg eins og ríkisstjórnir koma oft að málefnum sem eru orðin að „orðnum hlut" en eftir að greiða reikningana.

[19:36]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er vonandi að hægt verði að treysta því að allt þetta fé, sem mér skilst að hafi einnig verið notað eitthvað í uppbyggingu sjúkrahúsa, fari að mestu eða öllu leyti í málefni aldraðra, hvernig svo sem því er varið, og einnig að haft sé náið samráð þá við stjórn framkvæmdasjóðsins þegar verkefni eru ákveðin til margra ára og að mönnum líði þá væntanlega ekki eins og þeir komi að orðnum hlut þegar þeir taka þátt í verkefnum sem þeir átta sig á að taki nokkur ár að fullklára. Þakka ég hæstv. ráðherra enn og aftur fyrir svör hennar.

Réttur íbúa landsbyggðar til læknisþjónustu.

Fsp. KJB, 277. mál. — Þskj. 315.

[19:37]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að fylgja úr hlaði fyrirspurn frá hv. varaþingmanni Kristínu Jóhönnu Björnsdóttur sem sat um skeið á Alþingi og átti sæti í þingflokki jafnaðarmanna. Fyrirspurnin er á þskj. 408 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Er unnið að því í ráðuneytinu að jafna kostnað landsbyggðarfólks sem sækja þarf sér fræðiþjónustu á höfuðborgarsvæðinu?

2. Ef svo er, í hverju er sú vinna fólgin? "

[19:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Sams konar fyrirspurn lá hér fyrir fyrir hálfum mánuði síðan frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og ég svaraði honum þá og endurtek eiginlega svör mín því að spurningin er nákvæmlega sú sama.

Spurt er hvort unnið sé að því í ráðuneytinu að jafna kostnað landsbyggðarfólks sem sækja þarf sérfræðiþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Svarið við því er já. Tryggingaráð hefur komið með tillögur til heilbrrn. og þrjár vikur eru síðan tryggingaráð sendir þær tillögur inn. Við erum að vinna með þessar tillögur núna og alveg á næstu dögum verður skrifað undir nýja reglugerð sem er ívilnandi.

En ég vil geta þess líka í þessu sambandi að við höfum verið að vinna að því að bæta sérfræðiþjónustu um land allt og styrkja stofnanir til þess að auka sérfræðiþjónustu svo landsbyggðarfólk þyrfti í minna mæli að leita suður. En auðvitað verður það alltaf svo að menn þurfa að leita langt til að fá læknisþjónustu, og þessar tillögur sem tryggingaráð hefur lagt fyrir heilbrrn. eru ívilnandi. Ég vona að það svari fyrirspurn hv. þm.

[19:39]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég fæ nú lítið annað út úr þessu svari en að ekkert hafi gerst síðan sambærilegri fyrirspurn var svarað fyrir hálfum mánuði en þess sé að vænta að eitthvað fari að gerast bráðlega. Í seinni hluta fyrirspurnarinnar er spurt sérstaklega um í hverju þessi vinna, sem verið er að vinna, endurskoðun á kostnaði landsbyggðarfólks sem sækja þarf sérfræðiþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, sé fólgin. Það komu ekki nein svör við því.

En fyrst svona stutt er í að hæstv. ráðherra skrifi undir nýja reglugerð gæti hæstv. ráðherra kannski sagt okkur eitthvað um efnisatriði í reglugerðinni. Ég vil þá leyfa mér að spyrja: Er hugmyndin sú að þessi endurgreiðsla á kostnaði nái aðeins til sjúklinganna sjálfra eða er hugsanlegt að endurgreiðslan nái til aðstandenda t.d. veikra barna sem þurfa að sækja sérfræðiþjónustu á höfuðborgarsvæðinu? Er gert ráð fyrir því að þessi greiðsla sé miðuð við einhverja ákveðna vegalengd eða einhvern ákveðinn flutningsmáta, eitthvert hlutfall af því?

Í þriðja lagi. Er gert ráð fyrir því að þessi kostnaður sé greiddur án tillits til þess hvort viðkomandi sjúklingur er með tilvísun frá heimilislækni sínum til sérfræðingsins eða hvort hann leitar sérfræðiaðstoðar samkvæmt eigin ákvörðun án slíks samráðs við heimilislækni sinn áður?

[19:41]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það hefur tognað nokkuð úr fyrirspurninni. Það síðastnefnda sem hv. þm. spyr um var hvort tilvísun þurfi til að fá endurgreidda ferð. Samkvæmt nýrri reglugerð þarf tilvísun frá sérfræðingi, annaðhvort lækni eða öðrum sérfræðingi sem meðhöndlar sjúkling.

Hann spyr líka hvort þetta nái til aðstandenda sjúklinga. Þetta nær til foreldra. Og hann spyr hver sé helsta breytingin í þessari nýju reglugerð. Helsta breytingin er sú að þetta nær til algengra sjúkdóma sem fyrri reglugerð náði ekki til.

Starfsmannavandi sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Fsp. ÞHS, 330. mál. — Þskj. 408.

[19:42]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég flyt fyrirspurn á þskj. 408 frá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur til hæstv. heilbrrh. um stafsmannavanda sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við því að 30 starfsmenn vantar í ræstingar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur?

2. Verður hægt að halda uppi starfsemi eldhúss Landspítala þó að tæplega 10 stöðugildi séu ómönnuð?

3. Hyggst ráðherra láta gera úttekt á vanda stóru sjúkrahúsanna sem stafar af gífurlegum mannabreytingum?"

Samkvæmt heimildum mínum voru á tíu mánuðum á síðasta ári ráðnir 136 starfsmenn í eldhús Landspítalans en 140 hættu. Það er greinilega mikill viðsnúningur á fólki þarna. Eldhús Landspítalans hefur átt við starfsmannavanda að stríða síðustu fjögur ár eða lengur. Það er dýrt að endurhæfa alltaf nýja og nýja starfsmenn og síþjálfa. Og þrátt fyrir að laun hafi eitthvað hækkað þá virðist það ekki hafa dugað. Það er gríðarlega mikið álag þarna og heyrst hefur að fólk verði jafnvel veikt af álagi, þetta er jú eitt stærsta eldhús landsins. Það hefur komið fram að hátt í 400 starfsmenn vantar í allt í heilbrigðisgeiranum á höfuðborgarsvæðinu. Því verður fróðlegt að heyra svar hæstv. heilbrrh. við þessari fyrirspurn.

[19:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þessi fyrirspurn er eins og hin fyrri orðin nokkuð gömul margra hluta vegna. En svarið kemur frá stóru sjúkrahúsunum á Reykjavíkursvæðinu. Svarið er ekki heilbrigðisráðuneytisins heldur frá sjúkrahúsunum og er svohljóðandi:

Það er því miður ekkert nýtt að það vanti starfsfólk í ræstingu á sjúkrahúsum. Á Sjúkrahúsi Reykjavíkur eru í október 83% stöðugilda setin, eða 79 stöðugildi af 95 stöðugildum. Því vantar 16 stöðugildi en ekki 30 eins og fullyrt er í spurningunni. Skorturinn er mismikill eftir deildum, t.d. vantar á Grensásdeild í flest stöðugildi frá og með þessum áramótum og á Landakoti í fimm stöður af 20.

Það er mikið um hlutastörf í ræstingum. Viðræður hafa verið milli Sóknar, ríkis og Reykjavíkurborgar um framgang til launahækkunar fyrir starfsfólk ef það uppfyllir ákveðnar

kröfur. Leitað hefur verið til atvinnumiðlunar Reykjavíkurborgar og auglýst hefur verið eftir starfsfólki í dagblöðum. Auk þess hefur sjúkrahúsið fengið nokkuð af erlendum starfskröftum. Jafnframt eru uppi hugmyndir hjá stjórnendum spítalanna að bjóða út ræstingu á ákveðnum deildum eða sviðum en ekki liggur fyrir nein ákvörðun í því máli.

Síðan spurði hv. þm.: Verður hægt að halda uppi starfsemi eldhúss Landspítala þó að tæplega tíu stöðugildi séu ómönnuð? Svar sjúkrahússins er:

Það verður hægt að halda uppi starfsemi í eldhúsi Landspítalans með svipuðu sniði og verið hefur. Það vantar að einhverju leyti í stöður fagmenntaðra yfirstjórnenda og millistjórnenda og matvælafræðingar eru enn fámenn stétt. Engar lausar stöður eru fyrir ófagmenntað starfsfólk nú. Mikið er um fjarvistir, eins og kom fram hjá hv. þm. og fyrirspyrjanda, og kalla þær á miklar aukavaktir og yfirvinnu. Starfsemi er þó alltaf haldið gangandi en verkefnum er forgangsraðað. Helstu lausnir eru að dregið er úr framleiðslu á réttum fyrir starfsfólk og þeir keyptir utan úr bæ. Fæði fyrir sjúklinga gengur alltaf fyrir, sérfæði er alltaf afgreitt. Sundum er notaður einnota borðbúnaður þegar vantar fólk í uppþvott.

Síðan spyr hv. þm.: Hyggst ráðherra láta gera úttekt á vanda stóru sjúkrahúsanna sem stafar af gífurlegum mannabreytingum?

Í svari sjúkrahúsanna kemur fram að almennt eru ekki gífurlegar mannabreytingar, hvorki hjá hjúkrunarfræðingum, sjúkraliðum né læknum. Þar eru mannabreytingar ekki miklar en þær eru meiri hjá ófagmenntuðu fólki. Í svari sjúkrahússins kemur fram að úttekt á mannabreytingum sem slík mun ekki leiða neitt nýtt í ljós, eins og þeir segja, sem stjórnendum og starfsfólki er ekki kunnugt um. Auðvitað vitum við, hv. þingmaður, að skortur á starfsfólki er alltaf áhyggjuefni og menn verða alltaf að hafa það í endurskoðun hvað valdi þeim skorti, sé skortur á starfsfólki, og hvað sé til bóta.

[19:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þó að þær upplýsingar sem hér komu kunni að vera orðnar nokkuð gamlar eru þær mjög athyglisverðar og ég efast um að mikil breyting hafi orðið þarna á. Fyrirspyrjandi vekur athygli á miklum vanda og við vitum að þó að fram hafi komið að ekki séu miklar mannabreytingar meðal lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða er líka mikill skortur á þessu starfsfólki, sérstaklega hjúkrunarfræðingum, og hefur komið fram að hjúkrunarfræðingar frá Danmörku hafa verið að koma til landsins til vinnu. Við vitum að fram undan er mikill skortur á læknum. Ég vil því hvetja hæstv. heilbrrh. til að skoða þessi mál í heild sinni, mannahald á heilbrigðisstofnunum, hvað er fram undan og hvernig hægt sé að bregðast við og gleyma þá ekki þeim sem eru í hinum erfiðu störfum sem hér er spurt um. Ég held einmitt að veikindi, fjarvistir og miklar mannabreytingar stafi ekki síst af því að hér er um afar erfið störf að ræða.

[19:50]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hún flutti frá stjórnum spítalanna. Greinilegt er í þessum svörum að þarna er vandi á ferðinni og þó svo ekki séu beinlínis neinar stöður lausar er hugsanlegt að þyrfti að fjölga stöðugildum til þess að mæta þessum vanda, að menn þyrftu ekki að kaupa að rétti þegar mikið er um fjarvistir og annað slíkt.

Varðandi svarið við 3. liðnum vil ég segja að þó að stjórnendur spítalanna kunni að vita af vandanum sem stafar af gífurlegum mannabreytingum væri að sjálfsögðu ekkert úr vegi að gera formlega úttekt á honum svo að bregðast megi faglega við.

[19:51]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Í fyrra svari mínu kom ekki fram að gerð hefur verið nákvæm úttekt á t.d. skorti á hjúkrunarfræðingum og læknum og þörfinni til framtíðar. En það var ekki einmitt það sem hv. þm. spurði um heldur kom hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir inn á það og þess vegna er nauðsynlegt að það komi fram að slík úttekt hefur verið gerð og viss framkvæmdaáætlun um hvernig hægt er að fullnægja þörfinni fyrir þessa þjónustu eða hvernig við getum fullmannað þessar stofnanir, sem engin spurning er að við verðum að gera. En ýmislegt hefur einmitt verið gert í þá átt á undanförnum vikum og við sjáum fram á betri tíð varðandi mönnun á fagstéttum. En við verðum að viðurkenna það að við höfum orðið að fylla upp í skörð á sjúkrahúsunum varðandi ófaglært fólk með útlendingum. Það verður örugglega framhald á því.

Forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu.

Fsp. KÁ, 452. mál. — Þskj. 750.

[19:52]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Í ársbyrjun árið 1996 skipaði hæstv. heilbrrh. nefnd sem skyldi leggja fram tillögur um forgangsröðun í íslensku heilbrigðiskerfi. Sú sem hér stendur átti sæti í þeirri nefnd og ég get lýst því hér að þar fór fram ákaflega skemmtilegt, fróðlegt og gott starf sem getur að líta í þessari skýrslu, Forgangsröðun í heilbrigðismálum.

Ég held að starf nefndarinnar hafi verið til mikillar fyrirmyndar. Leitað var til ótal aðila og mjög mörgum gefinn kostur á að senda inn umsagnir og tillögur jafnframt því sem kallað var á mjög marga aðila til skrafs og ráðagerða, frá öllum, nánast öllum stéttum heilbrigðiskerfisins, hinum misjöfnu hópum, hvort sem það voru sjúkrahús eða heilsugæsla eða þeir sem fást við tækni og vísindi o.s.frv., þannig að nefndin fékk glögga mynd af hugmyndum fólks um forgangsröðun í heilbrigðismálum jafnframt því að kynna sér það sem gert hefur verið í öðrum löndum hvað það varðar.

Í formálsorðum hæstv. heilbrrh. kemur fram að lagt hefur verið til að nefndin verði kölluð saman árlega til þess að leggja mat á stöðu mála í samfélagi okkar, þ.e. hvort þeim tillögum sem hér koma fram hafi verið fylgt eftir eða hvernig staðan er. Þannig hefur verið staðið að málum í hinum ýmsu löndum að stundum hafa verið skipaðar nýjar nefndir með nokkurra ára millibili vegna þess að þetta er eitt af því sem alltaf þarf að vera til skoðunar.

Í þeirri skýrslu sem lögð var fram er um að ræða frumvinnu hvað þetta varðar. Því má segja að verið sé að nálgast málið frá siðferðilegu sjónarmiði, frá sjónarmiði heilbrigðis, frá sjónarmiði mannréttinda o.s.frv. en jafnframt eru lagðar til nokkrar mjög grundvallandi tillögur hvað varðar forgangsröð.

En spurning mín til hæstv. heilbrrh. er hvernig hún hyggst fylgja eftir niðurstöðum og tillögum nefndarinnar um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu, burt séð frá því að nefndin

komi saman og fylgist með málunum. Ég má kannski bæta því við að spyrja hæstv. heilbrrh. hver taki við því verkefni að kalla nefndina saman. Ég gef mér að það sé nýr landlæknir en kannski kann hæstv. heilbrrh. að hafa aðrar hugmyndir um það.

[19:56]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi, Kristín Ástgeirsdóttir, sagði áðan var mjög merk vinna unnin í forgangsröðunarnefnd. Niðurstöðurnar eru líka merkilegar að því leyti að þar náðist þverfagleg, þverpólitísk niðurstaða. Eins og hv. þm. gat um eru þetta mjög víðtækar tillögur. En rauði þráðurinn í þeim er sá að þeir sem þurfa mest á læknishjálp að halda ganga að sjálfsögðu fyrir og heilsugæslan. Það er rauði þráðurinn í öllum þessum tillögum.

Ég tel að þessar tillögur, sem ég hef nú þegar samþykkt og sendi til stjórnenda heilbrigðisstofnana í ágúst 1998 með þeirri orðsendingu að þessi forgangsröðun skyldi vera kynnt á heilbrigðisstofnunum og unnið eftir þeim, séu merkur áfangi. En auðvitað þarf að halda áfram. Það er ekkert endanlegt í þessum efnum. Þetta þarf að vera sífellt til endurskoðunar. Þess vegna hef ég lagt það til, þó svo að það hafi ekki átt að verða fyrr en í byrjun árs árið 2000 sem nefndin kæmi aftur saman og færi yfir hvernig til hefði tekist, að nefndin komi saman strax næsta haust. Hver kallar nefndina saman til að fara yfir hvernig til hefur tekist? Það er landlæknir hverju sinni.

Ég tel að þessi forgangsröðunarvinna sé þegar farin að nýtast okkur og eigi eftir að nýtast okkur enn betur. En ég endurtek að það er ekkert endanlegt í þessum efnum.

[19:58]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tek undir þau orð hæstv. heilbrrh. að það er ekkert endanlegt í þessu. Tímarnir breytast, nýir sjúkdómar koma upp, það koma upp nýjar áherslur og samfélagið þarf alltaf að vera vakandi yfir því hvar þörfin er brýnust og hvort menn hanga kannski í einhverjum gömlum hugmyndum. Þær tillögur sem koma fram í skýrslunni eru af ýmsum toga og ég held að þær geti verið öllum þeim sem koma að heilbrigðismálum og vinnu við heilbrigðismál til mikillar umhugsunar, geti orðið til þess í fyrsta lagi að menn velti því fyrir sér hver forgangsröðunin er hjá okkur. Hver eru hin siðferðilegu viðmið? Eru réttindi sjúklinga virt? Hvernig er framkoma starfsfólks o.s.frv., siðareglur heilbrigðisstétta og margt það sem hér er nefnt?

Að hluta til snúa þessar tillögur því hreinlega að starfsanda og vinnubrögðum, en hins vegar eru líka tillögur sem fela í sér mikinn kostnað og þar vil ég nefna sérstaklega rannsóknarþáttinn. Nefndin lagði mikla áherslu á að efla þurfi aðstöðu heilbrigðiskerfisins til rannsókna og það yrði að sjá til þess að tækjakostur væri með þeim hætti að hægt sé að sinna heilbrigðisþjónustu sem allra mest og þannig sé hægt að hagnýta sér tækninýjungar. Þetta er auðvitað eitt svið þar sem við þurfum að taka okkur á og einnig stofnanir og fjárveitingavaldið þarf að beina auknu fjármagni í þann þátt, þ.e. til tækjakaupa og rannsókna.

Ég mun að sjálfsögðu fylgjast áfram með þessu og verð væntanlega kölluð á fund þegar þar að kemur og vil enn og aftur hvetja heilbrrh. til að fylgja þessu máli eftir með umræðum og frekari kynningu.

[20:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hvatningu hv. þm. Allt of mikil vinna liggur fyrir varðandi þessa forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu til að hún sé ekki nýtt alveg til fullnustu. Það er ágætt að fá þessa hvatningu og vekja athygli á því. Ég get fullvissað hv. þingmanninn um að nú þegar hefur þetta plagg komið að góðu gagni og á eftir að koma að enn betra gagni.

Alltaf má gera góða þjónustu betri og ég held að við Íslendingar séum kannski betur tækjum búnir en flestar aðrar þjóðir í kringum okkur og við fylgjumst betur með en þjóðirnar í kringum okkur. Við veitum betri þjónustu en t.d. Danir en við eigum ekki að ofmetnast af því. Við eigum bara að kynda kolin.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 23.–25. mál.

Fundi slitið kl. 20:02.

---

69. FUNDUR

fimmtudaginn 18. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 512. mál, þskj. 824. — 1. umr.
2. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 523. mál, þskj. 838. — 1. umr.
3. Raforkuver, stjfrv., 471. mál, þskj. 776. — 1. umr.
4. Jafnréttislög, stjfrv., 498. mál, þskj. 810. — 1. umr.
5. Háskóli Íslands, stjfrv., 509. mál, þskj. 821. — 1. umr.
6. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 510. mál, þskj. 822. — 1. umr.
7. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 511. mál, þskj. 823. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.

[10:30]

Útbýting þingskjals:

Evrópuráðsþingið 1998, 485. mál, skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, þskj. 792.

Eftirlit með útlendingum, 1. umr.

Stjfrv., 512. mál (forstjóri Útlendingaeftirlits o.fl.). — Þskj. 824.

[10:31]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum en með frv. þessu er stefnt að því að styrkja starfsemi Útlendingaeftirlitsins.

Allt frá árinu 1937 hefur Útlendingaeftirlitið verið rekið sem sérstök stofnun. Sú stofnun hefur þó ávallt starfað í nánum tengslum við lögreglu en lögreglustjórinn í Reykjavík

veitti stofnuninni forstöðu þar til embætti ríkislögreglustjóra var stofnað 1. júlí 1997. Frá þeim tíma hefur ríkislögreglustjóri veitt stofnuninni forstöðu og er hún til húsa hjá embætti hans.

Með frv. er lagt til að Útlendingaeftirlitið fái sérstakan forstjóra þannig að rekstur og starfsemi stofnunarinnar verði skilin frá starfsemi ríkislögreglustjóra. Að baki þessu búa þær röksemdir að málefni sem Útlendingaeftirlitið sinnir eru í eðli sínu ekki lögreglustörf og því óeðlilegt að ríkislögreglustjóri sé yfirmaður stofnunarinnar. Einnig hafa útlendingar sem þurfa að reka erindi fyrir stofnuninni enga ástæðu til að ætla að venjuleg málefni sem falla undir Útlendingaeftirlitið séu lögreglumál. Þá er nauðsynlegt að styrkja Útlendingaeftirlitið þar sem verkefni stofnunarinnar hafa aukist verulega á undanförnum missirum og fyrirséð er að sú þróun muni halda áfram, m.a. vegna þátttöku landsins í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði.

Með frv. er einnig lagt til að Útlendingaeftirlitinu verði, í stað ríkislögreglustjóra, falið að annast útgáfu vegabréfa. Þykir sú starfsemi falla betur að verkefnum Útlendingaeftirlitsins en þeirri starfsemi sem ríkislögreglustjóri hefur með höndum.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir meginefni þessa frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Stjfrv., 523. mál (heildarlög). — Þskj. 838.

[10:33]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég fylgi úr hlaði frv. til laga um kosningar til Alþingis en það er ásamt athugasemdum samið af nefnd sem ég skipaði 16. júní 1998 til að vinna að heildarendurskoðun laga um kosningar til Alþingis.

Í nefndina voru skipaðir, tilnefnd af þingflokkum, Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður, Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri, Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður, Siv Friðleifsdóttir alþingismaður og Þórunn Sveinbjarnardóttir varaþingmaður. Þá var Gunnar Eydal, skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar, skipaður í nefndina, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Kristján Andri Stefánsson, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu, ritari nefndar um endurskoðun á reglum um kjördæmaskipun og úthlutun þingsæta. Formaður nefndarinnar var skipaður Ólafur W. Stefánsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og ritari Jónas Þór Guðmundsson, lögfræðingur í sama ráðuneyti. Með nefndinni starfaði einnig Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri þjóðskrár hjá Hagstofu Íslands. Undir lok nefndarstarfsins tók Bryndís Hlöðversdóttir alþingismaður sæti Kristins H. Gunnarssonar í nefndinni. Nefndinni var ætlað að vinna í samráði við nefnd um endurskoðun stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipun og úthlutun þingsæta.

Í almennum og sérstökum athugasemdum sem fylgja frv. kemur fram í hverju tillögur nefndarinnar eru fólgnar. Nefndinni var falið að vinna að heildarendurskoðun laganna um kosningar til Alþingis og nær endurskoðunin til flestra þátta þeirra. Hún tekur þó hvorki til reglna um skiptingu þingsæta milli kjördæma né úthlutun þingsæta, enda var það verkefni í höndum sérstakrar nefndar sem skipuð var af forsrh.

Við endurskoðun kosningalaganna hefur nefndin m.a. haft hliðsjón af breytingum sem gerðar voru á ýmsum ákvæðum um framkvæmd kosninga með setningu laga um kosningar til sveitarstjórna á síðasta Alþingi. Þá hefur verið höfð hliðsjón af tillögum nefndar um endurskoðun á reglum um kjördæmaskipun og úthlutun þingsæta frá 6. október 1998. Frumvarpið felur í sér nokkra breytingu á efnisskipan kosningalaganna. Bætt er úr ýmsum ágöllum sem komið hafa fram við framkvæmd kosninga á undanförnum árum, m.a. við framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna í maímánuði 1998 og leitast hefur verið við að skapa umgjörð sem gert getur framkvæmd kosninga einfaldari og greiðari án þess að draga úr öryggi.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu, raðað eftir efnisskipan frumvarpsins, eru:

Reglur um öll sveitarfélög eru samræmdar.

Sveitarstjórnir ráði alfarið skiptingu sveitarfélags í kjördeildir og skipan undirkjörstjórna.

Hverfis- eða yfirkjörstjórnir verði í sveitarfélögum þar sem eru fleiri en ein kjördeild á kjörstað og yfirkjörstjórn verði þar sem slíkir kjörstaðir eru fleiri en einn.

Kjörstjórnarmaður verði vanhæfur ef til meðferðar er mál sem varðar þann sem er skyldur honum eða mægður.

Ekki má breyta kjörskrá vegna nýs lögheimilis nema flutningur hafi átt sér stað þremur vikum fyrir kjördag og tilkynning um nýtt lögheimili hafi borist þjóðskrá Hagstofunnar til skráningar fyrir sama tíma.

Kveðið er á um sérstaka tilkynningarskyldu sveitarfélags ef athugasemdir koma fram við kjörskrá.

Ákvæði er um að enginn megi mæla með fleiri framboðslistum en einum við sömu kosningar.

Ákvæði er um hvenær frambjóðandi getur afturkallað samþykki til framboðs.

Ákvæði er um hvenær meðmælandi getur afturkallað stuðningsyfirlýsingu sína.

Aukinn fjöldi kjósenda er áskilinn við umsókn um listabókstaf fyrir ný stjórnmálasamtök.

Ákvæði er um að heiti nýrra stjórnmálasamtaka megi ekki vera þannig að ætla megi að villst verði á því og heiti samtaka sem fyrir eru.

Ákvæði er um gera skuli leiðbeiningar um tilhögun atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Sýslumanni verði heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram á öðrum stöðum í umdæmi hans en embættisskrifstofu eða útibúi.

Ákvæði er um að ekki þurfi læknisvottorð til stuðnings ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi.

Nægilegt verði að umsókn um að greiða atkvæði í heimahúsi hafi borist kjörstjóra fjórum dögum fyrir kjördag.

Ákvæði er um að framkvæmd og afgreiðslutíma utankjörfundaratkvæðagreiðslu skuli haga þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig.

Utanríkisráðuneytið geti ákveðið að utankjörfundaratkvæðagreiðsla fari fram á öðrum stöðum erlendis en í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða ræðismanns og að tilnefndir verði sérstakir kjörstjórar í þessu skyni.

Atkvæðagreiðsla um borð í skipi sem er í siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum geti náð til farþega með skipinu auk áhafnar þess.

Kennivottorð, t.d. vegabréf, ökuskírteini o.fl., verði tilgreind sem skilríki kjósanda við atkvæðagreiðslu, auk nafnskírteinis.

Ákvæði er um að kjörfund skuli almennt setja kl. 9 árdegis en kjörstjórn geti ákveðið að kjörfundur hefjist síðar, þó ekki síðar en kl. 12 á hádegi.

Einfölduð eru ákvæði um tilhögun atkvæðagreiðslu á kjörfundi í þeim tilgangi að gera athöfnina einfaldari og greiðari.

Kveðið er á um hlutverk kjörstjórnar við að halda uppi vörslu og reglu á kjörstað.

Ákvæði er um að á hverjum kjörstað skuli vera tilkynning um framboðslista með heiti stjórnmálasamtaka, listabókstöfum og nöfnum frambjóðenda.

Ný ákvæði eru um meðferð utankjörfundaratkvæða hjá kjörstjórn.

Hér hafa verið nefndar helstu breytingar sem felast í frv. en að öðru leyti verður vísað til almennra prentuðu athugasemda. Í bréfi nefndarinnar sem samdi frv. þetta kemur fram að nefndin leit svo á að nauðsyn bæri til að undirbúa frv. til nýrra laga um kosningar til Alþingis er gildi við kosningar sem fram eiga að fara 8. maí nk. Vegna þess hve seint nefndin var skipuð um miðjan júnímánuð tókst nefndinni hins vegar ekki að ljúka endurskoðun allra ákvæða kosningalaganna. Nefndin telur ástæðu til að skoða frekar ýmis önnur atriði laganna þar sem breytingar eru lagðar til. Er ástæða til að geta hér þeirra atriða sem nefndin tilgreindi í því sambandi:

Má fela öðrum en nú er, t.d. sveitarfélögum, kjörstjórnum þeirra eða póstinum framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar innan lands? Tilhögun utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis. Þar er spurt um rýmkun reglna. Rýmkun reglna um heimild til að veita kjósanda aðstoð, hvort heldur er á kjörfundi eða utan kjörfundar. Skipting kostnaðar eða þátttaka ríkis í kostnaði sem sveitarfélögin bera. Á að taka upp talningu atkvæða á fleiri stöðum í hverju kjördæmi en nú er? Fjöldi kjósenda í kjördeild. Fjöldi kjörstjórnarmanna og þá í leiðinni allt fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á kjördegi. Á að heimila móttöku umsókna um kosningarrétt frá þeim sem fluttir eru til útlanda eftir 1. desember næstan fyrir kjördag? Reglur um afsal kosningarréttar í kjördeild þar sem maður er á kjörskrá.

Þá ræddi kosningalaganefndin ýmis önnur atriði sem varða framkvæmd kosninga. Má þar nefna aðgang að kjörskrám, skráningu upplýsinga um þá sem greiða atkvæði og aðgang að skrám um það efni, hvort heldur er utan kjörfundar eða á kjörstað; geymsla kjörskráa og gerð kannana úr upplýsingum úr kjörskrá, vernd á heiti stjórnmálasamtaka, hlutverk og ábyrgð einstakra kjörstjórna, leiðbeiningar og fræðsla til þeirra sem starfa að kosningum, hlutverk hins opinbera við kynningu á kosningum, skoðanakannanir í nánd kosninga, kjósendarannsóknir á kjörstað og fleira.

Í bréfi nefndarinnar kom fram að skoðanir á einstökum málum voru skiptar innan nefndarinnar og að í öðrum tilvikum kunni að þykja álitamál hvað gera skuli. Þótt það sé ekki nefnt sérstaklega í þessari upptalningu er mér kunnugt um að innan nefndarinnar voru einnig til umræðu atriði sem varða t.d. gerð kjörseðla. Í sumum nágrannalanda eru kjörseðlar útbúnir sérstaklega fyrir hvern framboðslista eða stjórnmálasamtök. Í þessu sambandi er einnig ljóst að huga þarf að því með hvaða hætti taka megi nýja tækni eins og tölvubúnað í notkun við framkvæmd kosninga í framtíðinni.

Í bréfinu sem kosningalaganefndin sendi með tillögum sínum komu og fram athugasemdir fulltrúa stjórnmálasamtakanna í nefndinni við framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslunnar innan lands, einkum á helstu þéttbýlisstöðum. Beinist óánægja og gagnrýni þeirra fyrst og fremst að auglýsingum og afgreiðslutíma, aðbúnaði á kjörstað og of litlu starfsliði. Kosningin tekur því langan tíma og á álagstímum verða langar biðraðir kjósenda. Treystir nefndin því að dómsmrn. sjái til þess að við utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna kosninga nú í vor verði tekið fullt tillit til ábendinga um galla á framkvæmd atkvæðagreiðslunnar og bætt úr. Þessar athugasemdir verða að sjálfsögðu teknar til sérstakrar jákvæðrar skoðunar í dómsmrn.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í frv. er nú sérstaklega tekið fram að framkvæmd og afgreiðslutíma við utankjörfundaratkvæðagreiðslu skuli haga þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig.

Eins og áður greinir tókst kosningalaganefndinni ekki að ljúka fullri endurskoðun laganna um kosningar til Alþingis. Nefndin var hins vegar sammála um að brýnt væri að í þessari lotu yrðu gerðar þær lagfæringar og breytingar sem finna má í frv. því sem hér liggur fyrir, það muni leiða til bættrar þjónustu og einfaldari og skýrari framkvæmdar á kosningunum.

Fyrir Alþingi liggur frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskránni að því er varðar kjördæmaskipun og úthlutun þingsæta. Samþykkt þess frv. felur í sér að breyta þarf tilteknum atriðum í lögum um kosningar til Alþingis. Þær breytingar er væntanlega eðlilegast að afgreiða samhliða stjórnarskrárbreytingunni. Þarf þá að taka afstöðu til þess hvernig haga eigi frekari endurskoðun kosningalaga á grundvelli hugmynda kosningalaganefndarinnar. Æskilegt er að sú endurskoðun hefjist sem fyrst þannig að gott ráðrúm gefist til að undirbúa þær breytingar í tæka tíð áður en aftur kemur til kosninga. Ber þá að hafa í huga að framkvæmd kjörs forseta Íslands fer samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

Herra forseti. Frv. þetta felur í sér margvíslegar breytingar á framkvæmd kosninga til einföldunar og hagræðis án þess að breytingarnar séu flóknar eða kostnaðarsamar. Frv. er við það miðað að ný kosningalög geti tekið gildi fyrir alþingiskosningar sem fram eiga að fara í maímánuði. Lögin þurfa því helst að liggja fyrir eigi síðar en átta vikum fyrir kjördag, þ.e. 13. mars. Frv. er undirbúið af nefnd með fulltrúum þingflokkanna og þess því að vænta að frv. hljóti viðeigandi þingmeðferð í tæka tíð þannig að alþingiskosningar geti farið fram samkvæmt nýjum reglum frv.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

[10:44]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Á þessu stigi sé ég ekki ástæðu til að gera miklar athugasemdir vegna þessa frv. sem er fyrst og fremst tæknilegs eðlis og byggist á góðu samkomulagi í nefndinni sem um það fjallaði. Auk þess sit ég í allshn. og mun að sjálfsögðu gera mitt til þess að það hljóti afgreiðslu þótt þar séu reyndar stór mál til umfjöllunar og mikið annríki.

Ég vil aðeins leggja áherslu á það meginatriði að nauðsynlegt er að tryggja með öllum hugsanlegum ráðum að hver maður geti neytt þess réttar að kjósa fulltrúa sína til þings. Það eru mannréttindi sem okkur ber að tryggja. Mér finnst

því rétt að leggja áherslu á að sem víðast sé hægt að kjósa utan kjörstaða. Mér sýnist reyndar að reynt hafi verið eftir föngum að tryggja það.

Ég ætla að gera athugasemd við 56. gr. Þar er aukinn réttur manna til þess að greiða atkvæði í heimahúsi og það er vel. Tilgreint er að kjósanda sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar sé heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun skv. 2. mgr. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjósandans og hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag.

Þetta eru nokkuð stíf skilyrði sérstaklega með tilliti til að vegna barnsburðar kynni að vera ástæða til þess að fá að kjósa í heimahúsi. Sennilega er þarna um fá tilvik að ræða. Þó færist í vöxt að konur kjósi að fæða börn sín heima en eins og við vitum getur verið erfitt að tímasetja slíkan atburð. Þess vegna tel ég það dálítið þröng skilyrði ef fólk á að þurfa að sækja um það með fjögurra daga fyrirvara að kona kjósi í heimahúsi vegna barnsburðar. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sama sinnis, að þetta séu nokkuð þröng skilyrði og hvort ekki væri möguleiki að víkka þau.

[10:47]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst eðlilegt að í nefndinni verði leitað eftir sjónarmiðum nefndarinnar sem liggja að baki þessari tillögu og málið verði svo tekið til skoðunar í ljósi þess og vilja hv. allshn.

[10:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. til laga um kosningar til Alþingis. Það er tímabært að það komi fram á hv. Alþingi og að við bætum úr lögum um kosningar sem var orðið ábótavant. Hins vegar finnst mér það mjög miður að þetta mál skuli vera að koma til 1. umr. svo seint á þinginu og eins og kom fram í máli ráðherrans að vegna kosninganna í vor verði lögin að verða til eftir um það bil þrjár vikur eða minna en þrjár vikur. Enn á ný erum við að lenda í tímaþröng með mikilvæg mál sem mjög brýnt er að vanda til vinnunnar við og er ég þá ekki að kasta rýrð á það hvernig málið hefur verið undirbúið í nefnd á vegum dómsmrh.

Herra forseti. Ég vek líka athygli á því að í dag, fimmtudaginn 18. febrúar, eru sjö mál á dagskrá fundarins. Þau eru mörg hver stór og mikilvæg. Ég nefni þar jafnréttislög, Ég nefni frv. um háskólana fyrir utan þetta frv. um kosningar til Alþingis. Þessi mál eru öll til 1. umr. í dag og það má eiginlega gera ráð fyrir því að hver af ráðherrunum sem bera fram þessi mál sé með væntingar um að þau verði afgreidd og gerð að lögum fyrir þinglok sem eru fyrirhuguð fyrir 10. mars. Það eru mjög fáir starfsdagar eftir af þinginu. Þetta finnst mér alvarlegt og vera umhugsunarefni.

Ég vil líka taka það fram af því að ég kom í sal beint af fundi hjá forseta þingsins að ég hafði að sjálfsögðu hugsað mér að taka þátt í umræðu hér um lög um eftirlit með útlendingum sem dómsmrh. mælti fyrir í upphafi þingfundar þar sem ég hef sýnt þeim málum mjög mikinn áhuga og hef mjög oft borið fram fyrirspurnir til ráðherra þar að lútandi. En mál gengu hér svo hratt fyrir sig að ég náði ekki þeirri umræðu.

Herra forseti. Þetta var inngangur að annars mjög stuttri ræðu minni um málið sjálft.

Fyrir ári síðan fjölluðum við á Alþingi um lög um kosningar til sveitarstjórna. Þá var verið að taka lögin um kosningar til sveitarstjórna út úr sveitarstjórnarlögunum. Það var ágætis gjörð og tímabær en þá ræddum við það í félmn. hversu mikilvægt væri að ræða þessi lög samhliða breytingum á lögum um kosningar til Alþingis. Það væri flókið að vera með lög um kosningar til sveitarstjórna og lög um kosningar til Alþingis og hætta væri á því þegar fjallað væri um þessi lög hvor á sínum tímanum af hálfu Alþingis og hvor í sinni nefnd Alþingis að þar yrði misræmi sem væri óþarfi fyrir okkur að hafa nema í þeim tilvikum sem það þyrfti að vera vegna ólíkra stjórnsýslustiga.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að á þeim tíma sem félmn. fjallaði um lög um kosningar til sveitarstjórna var reyndar haft samband og samráð eins og unnt var miðað við að lög um kosningar til Alþingis falla undir annað ráðuneyti en það sem félmn. fjallar um. Haft var samráð við fulltrúa dómsmrn. og reynt að leita eftir því hvaða breytingar væru fyrirhugaðar á lögunum um kosningar til Alþingis þannig að okkur væri unnt að reyna að skipa málum þannig að á þessum lögum yrði sem minnst misræmi. Ekki var farið að óskum sumra okkar um að bíða með að breyta lögunum um kosningar til sveitarstjórna þannig að það yrði fjallað um þessi tvenn lög á sama tíma og samráð haft þar um á Alþingi og talið mjög mikilvægt að ljúka breytingunum á lögum um kosningar til sveitarstjórna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í fyrravor. Þess vegna kemur nú þetta frv. um kosningar til Alþingis fyrir þingið og verður að afgreiðast hratt.

Herra forseti. Mér finnst mjög mikilvægt að reynt sé að hafa einhvers konar samráð, ef það er unnt, um þessar breytingar og skoðun á því hvort í raun og veru sé ástæða til þess að gera breytingar á nýsettum lögum um kosningar til sveitarstjórna til samræmis ef það eru atriði í þessum tvennum lögum sem eru ólík. Ég get bent á eitt atriði sem hér var fjallað mikið um á síðasta ári, en það var hvenær lögheimilisskráning gildir um hvar einstaklingur eigi kosningarrétt. Í lögunum um kosningar til sveitarstjórna var sú skráning miðuð við þrjár vikur fyrir kjördag. Og nú þegar ég skoða þetta frv. dómsmrh. þá er það sama á döfinni að búið er að samræma þennan frest á skráningu lögheimilis og hvenær viðkomandi fær kosningarrétt í viðkomandi kjördæmi. Þetta finnst mér mjög mikilvægt. Það var flókið og ruglingslegt að ólíkar reglur giltu um þennan rétt í sambandi við kosningar til sveitarstjórna og Alþingis. Þetta er eitt af því sem þegar hefur verið samræmt.

Hér kom mjög þörf ábending fram frá hv. 12. þm. Reykn., Kristínu Halldórsdóttur, og ég tek undir það sem hún sagði. Það er þetta með barnsburð. Hann gerir nú ekki mikil boð á undan sér. Það er orðið þannig að nútímakonan er orðin svo frísk að ef hún fæðir barn á sjúkrahúsi fer hún gjarnan heim strax næsta dag og er kannski til þess til fær við sérstakar aðstæður að fara af heimilinu og þar með á kjörstað. En það væri þá fyrst og fremst á þessum sólarhring sem konan fæðir barnið sem hún þarf að eiga þennan rétt, eða á fyrstu tveim sólarhringunum, að geta kosið í heimahúsi, þ.e. ef hún þarf að halda kyrru fyrir þegar hún kemur heim. Þess vegna eru þessir fjórir dagar í fyrirvara nokkuð ankannalegir við þær aðstæður. Ég tek undir þessar ábendingar.

Ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem fær frv. til umfjöllunar og mun ekki eiga þess kost að fylgjast með nema í gegn-

um fulltrúa minn í nefndinni. Flestar þær breytingar sem tilgreindar eru hér sem helstu breytingar í frv. á bls. 30 finnst mér vera til bóta og sú rýmkun sem á sér stað, ekki síst varðandi atkvæðagreiðslur erlendis. Það hefur verið mjög mismunandi hvaða kost fólk sem býr erlendis hefur á að nota kosningarrétt sinn og mér finnst þessi rýmkun sem þar er getið um skipta miklu máli. Ég vil spyrja dómsmrh. nánar út í það að verið er að tala um að utankjörfundaratkvæðagreiðsla erlendis fari fram á öðrum stöðum en í skrifstofum sendiráða, fastanefndar eða ræðisnefnd og að tilnefndir verði sérstakir kjörstjórar í þessu skyni. Ég beini þeirri spurningu til ráðherrans hvort að í þessari rýmkun felist að það verði hægt að kjósa á fleiri stöðum í hverju landi erlendis en hingað til hefur verið vegna þess að í mörgum tilfellum hefur verið mjög mikið mál fyrir fólk sem býr erlendis að nota kosningarréttinn. Það hefur þurft að fara í langt ferðalag, annaðhvort með flugi eða í margra daga ferð til að geta notað kosningarrétt sinn. Þýðir þessi rýmkun að það eigi að setja upp sérstaka kjörstjóra á mörgum stöðum í þeim löndum þar sem margir Íslendingar eru búsettir?

Herra forseti. Því miður hafa verið að koma mörg mjög mikilvæg frumvörp fram allra síðustu daga og við erum í miklum önnum í þinginu þannig að okkur þingmönnum er alls ekki mögulegt að vera búin að lesa þessi frumvörp jafngaumgæfilega og við kysum og það gildir um þetta mál. Ég hefði gjarnan viljað hafa farið mjög gaumgæfilega yfir það en ég hef ekki átt þess kost. Þess vegna spyr ég hæstv. dómsmrh., af því að ég þykist vita að í dómsmrn. hafi verið höfð hliðsjón af lögunum um kosningar til sveitarstjórna: Getur ráðherrann upplýst mig um einhver sérstök tilvik í þessu frv. þar sem væntanleg lög verða öðruvísi en sveitarstjórnarlögin fyrir utan það sem sjálfsagt er varðandi þessi ólíku stjórnsýslustig? Mér þætti vænt ef ráðherrann gæti upplýst um það. Að öðru leyti vona ég að okkur verði unnt að ljúka umfjöllun um þetta stóra mál fyrir utan önnur sem hér bíða afgreiðslu. Ég hef af því nokkrar áhyggjur að ráðherrann skuli ekki hafa náð því að koma með þetta frv. fyrr vegna þess að þegar við fjölluðum um lagafrv. um kosningar til sveitarstjórna fyrir ári síðan í félmn. þá var ekki annað að skilja en þessi vinna væri komin vel í gang og það ætti að vera unnt að koma með þetta frv. fram á haustþinginu. Það er umhugsunarefni að þessi stóru mál komi svo seint fram að við getum ekki tekið þann tíma í umfjöllun um þau sem brýnt er.

[10:58]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og sá ræðumaður sem talaði á undan mér fagna ég því að þetta frv. skuli vera komið fram. Ég var farin að hafa af því nokkrar áhyggjur að það mundi ekki líta dagsins ljós í þinginu því það hefði verið heldur hjákátlegt eftir þær miklu breytingar sem gerðar voru á lögunum um kosningar til sveitarstjórna ef lögin um kosningar til Alþingis hefðu verið óbreytt og þá vísa ég ekki síst til refsiákvæða frv. eða þess sem er óleyfilegt, óleyfilegs kosningaáróðurs, kosningaspjalla og fleira slíks sem við gerðum miklar breytingar á í fyrra, enda ákvæðin orðin mjög svo úrelt.

Þessi kosningalög eins og lögin um kosningar til sveitarstjórna eiga sér gamlar rætur og sannleikurinn er sá að margt í þeim hefur miðast við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en þær sem við búum nú við. Þau hafa verið miðuð við að fólk þyrfti meira og minna að fara á hestum á kjörstað og að samgöngur væru ólíkar því sem við nú þekkjum þannig að það var löngu orðið tímabært að breyta þessum lögum.

Eins og ég gat um áðan voru gerðar miklar breytingar á lögunum um kosningar til sveitarstjórna og ég vil geta þess sérstaklega að þá áttum við mjög gott samstarf við dómsmrn. Við unnum þetta í sameiningu þannig að dómsmrn., sem við vissum að var að vinna að þessum breytingum, fylgdist vel með því sem við vorum að gera og við fengum auðvitað mörg góð ráð frá þeim.

Mig langar einkum að ræða hér tvö atriði og spyrja hæstv. dómsmrh. út í annað atriðið. Í 30. gr. er kveðið á um meðmælendur og hversu marga meðmælendur framboðslisti þarf að fá. Þar er verið að búa til reglu þar sem segir, með leyfi forseta: „Fjöldi meðmælenda skal vera margfeldi af þingsætatölu kjördæmisins og talnanna 20 að lágmarki og 30 að hámarki."

Við gerðum breytingu hvað þetta varðar í sveitarstjórnunum, fyrst og fremst til að reyna að koma einhverri lógík inn í þetta, einhverri reglu, þ.e. hlutfalli miðað við íbúatölu. Hér er farin sú leið að margfalda þingsætatöluna með tölunni 20 að lágmarki og 30 að hámarki. Þetta þýðir að töluvert fleiri meðmælendur þarf en nú og mig langar einfaldlega að spyrja hæstv. ráðherra hvaða rök liggi hér að baki. Var álit nefndarinnar það, eins og reyndar okkar í félmn. í fyrra, að tala meðmælenda væri fulllág og gjarnan mætti hafa aðeins meira fyrir því að bjóða fram lista? Hvaða rök búa að baki þessari reglu?

Hjá mér vakna líka spurningar varðandi það að í 30. gr. er talað um stjórnmálasamtök og skýrt út við hvað er átt, þ.e. samtök sem bjóða eða boðið hafa fram við alþingiskosningar. Nú eru það ýmsar hreyfingar sem bjóða fram, stundum eins máls hreyfingar eins og talað er um og spurning hvort þær eru stjórnmálasamtök í skilningi laganna. Ég hef velt því fyrir mér hvort þetta hefði átt að vera eitthvað rýmra, stjórnmálasamtök, samtök, hreyfingar eða eitthvað aðeins opnar. Það er ekki víst að það skipti neinu máli eða að réttur slíkra samtaka sé rýrður að neinu leyti. Ég hef ekki skoðað það. Ég bara rak augun í þetta og minnist þess að við reyndum að rýmka hugtakanotkun hvað þetta varðar.

Þá kem ég að 67. gr. sem er breyting í þessu frv. sem ekki náði fram að ganga þegar við vorum að fjalla um kosningar til sveitarstjórna og ég vil lýsa yfir mikilli ánægju með hana. Ég tel stórsigur að þetta skuli hafa náð í gegn, en þetta varðar kjörkassa. Ég get rifjað það upp að við fengum mjög sterkar ábendingar um hve kjörkassarnir, sem eru í notkun núna og nákvæmlega hefur verið mælt fyrir í lögum um hvernig skuli vera, eru erfiðir. Hér í Reykjavík er lögreglan, júdódeild Ármanns og fílefldustu karlmenn borgarinnar kallaðir til til að færa þessa kassa til og frá. Borgarlögmaður gaf þá skýringu að sennilega væru þessir kassar miðaðir við að hægt væri að flytja þá á hestum en þeir eru satt að segja ákaflega erfiðir. Þeir eru mjög þungir. Það er auðvitað ekki nokkru lagi líkt, að fílefldar sveitir karlmanna þurfi til að koma til að færa kjörkassana. Hér er þetta rýmkað mjög mikið og býður upp á framfarir í þessum efnum.

Ég hef séð það á fréttamyndum frá öðrum löndum þar sem sýnt er frá kosningum að þar hafa menn fyrir löngu innleitt plast og önnur efni sem eru algerlega held og fullkomlega hæf til að vera kjörkassar. Það er ekki er hægt að kíkja ofan í þá eða brjóta þá upp nema með verulegum tilfæringum. Þetta er ekki stór breyting en ég held að það muni einfaldlega létta mjög á lögreglunni ef menn fara þá leið að láta gera nýja

kjörkassa. Það verður sennilega ekki fyrir þessar kosningar en vonandi síðar. Ég veit að þessari breytingu verður fagnað í borgarkerfinu. Ég varð því mjög ánægð þegar ég sá þetta. Þó að ég mælti mjög með þessu í fyrra, þá náði breytingin ekki fram að ganga.

[11:05]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður og þær undirtektir sem frv. hefur fengið. Vissulega er rétt að það kemur nokkuð seint fram á þessu þingi en á því eru eðlilegar skýringar. Eins er rétt að hafa það í huga að reynt hefur verið að vanda til undirbúnings frv. og mikilvægt að að því starfi hafa komið fulltrúar allra þingflokka. Áður en frv. kemur fyrir þingið hafa fulltrúar allra þingflokka haft tök á að fjalla um efnisatriði þess.

Umræðan hér gefur ekki tilefni til margra athugasemda. Vegna fyrirspurnar hv. 5. þm. Reykn. get ég sagt að ég hef ekki gert sérstaka könnun á því hvort frávik eru í lögum um kosningar til sveitarstjórna frá þessum lögum. Vegna þess sem hv. þm. nefndi um þriggja vikna frestinn, þá var sú regla komin inn í kosningalögin 1995. Þar var þess vegna verið að samræma sveitarstjórnarlögin að reglu sem komin var í kosningalög.

Hv. 5. þm. Reykn. spurði einnig hvort ákvæði frv. sem lúta að kosningu erlendis fælu í sér að unnt væri að kjósa á fleiri stöðum erlendis. Vissulega opnar frv. fyrir möguleika á því en felur ekki í sér ákvarðanir þar um, um það verður að taka sérstakar ákvarðanir. Þá verður höfð hliðsjón af því hversu margir Íslendingar eiga í hlut. Aðalatriðið er að frv. gefur þarna kost á því að kjósa á fleiri stöðum en verið hefur fram til þessa.

Varðandi spurningu hv. 14. þm. Reykv. þá felur ákvæði 30. gr. um fjölda meðmælenda ekki í sér breytingu frá gildandi reglum. Hins vegar er í frv. ákvæði um fjölgun þeirra sem mæla með lista, til þess að fá listabókstaf. Hins vegar er ekki kveðið á um fjölgun meðmælenda með framboðslistum.

Ég tel að þær skilgreiningar sem eru í þessari grein séu til glöggvunar en ekki á nokkurn hátt til þrengingar á möguleikum manna til framboðs eða því að nefna samtök sín hvaða nafni sem þeir kjósa eða hafa hvert það skipulag sem þeir vilja.

Að svo mæltu, herra forseti, þakka ég fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram.

[11:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af orðum ráðherrans vil ég taka það fram hve ég er ánægð með það að að gerð þessa frv. komu fulltrúar allra stjórnmálaflokkana. Það hefur verið að færast í vöxt á þessu kjörtímabili að stjórnarflokkarnir, eða ráðherrar á vegum stjórnarflokkanna, hafi valið að hleypa ekki fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna að gerð frumvarpa sinna. Þar sem um er að ræða frumvörp sem eru mikilvæg frá sjónarmiði heildarinnar og almannahagsmuna, þá er þetta afar misráðið. Í því sambandi má nefna jafnréttisfrv. sem er á dagskrá fundarins á eftir. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa ekkert komið að því máli. Ég vil því þakka ráðherranum fyrir að hafa haft þessa lýðræðislegu hugsun að baki við gerð frv.

Annað atriði sem ég vil spyrja ráðherrann um og gleymdi í ræðu minni áðan varðar listabókstafi. Oft hafa verið að koma fram flokkar, tímabundið, bæði til sveitarstjórna og alþingiskosninga. Þeir hafa valið sér listabókstaf. Ef þessi framboð og bókstafurinn sem þeir hafa valið sér er ekki afskráð, þá eru þessir listabókstafir fráteknir. Því eru æðifáir bókstafir í stafrófinu lausir, ef svo má segja, fyrir framboð til Alþingis. Ég spyr því ráðherrann: Er eitthvað í þessu frv., sem ég hef ekki séð, sem tekur á því, þegar samtök hafa verið lögð niður eða framboð er ekki lengur til staðar, að skylda sé að skila bókstafnum og hann sé þar með laus til umráða fyrir aðra.

[11:10]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 5. þm. Reykn. Í þessu efni geta komið upp álitamál. Nú er það svo að það er engan veginn þannig að bak við framboð standi alltaf skipulögð samtök eða að tilteknir séu í reynd í forustu fyrir framboðið þegar kosningar eru afstaðnar. Því er erfitt að gera sérstakar kröfur til þess að samtök eða framboð hafi formlega verið lagt niður. Í mörgum tilvikum er ekki staðið að þeim þannig að það sé neitt form í kringum framboðið. Það getur valdið erfiðleikum í þessu efni en það þarf að hafa hliðsjón af þeim listabókstöfum sem í kjöri voru við síðustu kosningar. Auðvitað getur alltaf komið til mat á aðstæðum og mikilvægt að tryggja ákveðna festu þannig að það ekki verði hringl með þessa bókstafi. Hagsmunir kjósenda eru að þar á sé nokkur festa en þetta getur vissulega leitt til álitaefna sem fjalla þarf um og geta verið viðkvæm.

[11:12]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hvet til þess að þetta mál verði skoðað gaumgæfilega. Ekki er langt síðan ég tók þátt í að skoða listabókstaf. Ég hafði áhuga á bókstaf sem hafði verið notaður af framboði í kosningum, framboði sem ekki hefur starfað og ekki eru miklar líkur á að bjóði fram en bókstafurinn er frátekinn. Þegar maður skoðar stafrófið allt, þá gildir þetta um ansi marga bókstafi. Ég tel að í þessu eins og öðru eigi að vera festa. Það þarf því að skapa einhverjar reglur varðandi framboð sem verða til fyrir kosningar og leysast síðan einhvern veginn upp. Það þyrfti að vera möguleiki á því fyrir dómsmrh. að kalla eftir því hvort viðhalda eigi listabókstaf slíkra samtaka eða ekki.

Ég hef ekki lausn á þessu, herra forseti, en ég hvet til að það verði skoðað þannig að í þessum málum eins og öðrum verði festa eins og við í þessum sal viljum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkuver, 1. umr.

Stjfrv., 471. mál (Vatnsfells-, Búðarháls- og Villinganesvirkjanir). — Þskj. 776.

[11:14]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum, sem er á þskj. 776. Frv. þetta er flutt til að afla lagaheimildar fyrir nýjum virkjunum, annars vegar vegna aukinnar raforkuþarfar á almennum markaði og hins vegar vegna stóriðjuframkvæmda sem líklegt er að ráðist verði í á næstu árum.

Í frv. er lagt til að Landsvirkjun verði veitt heimild til að reisa og reka tvær vatnsaflsvirkjanir, annars vegar Vatnsfellsvirkjun, með allt að 110 megavatta afli og hins vegar Búðarhálsvirkjun, með allt að 120 megavatta afli.

Undirbúningur þessara virkjunarkosta er langt kominn og því er talin ástæða til að afla lagaheimilda fyrir þeim til að tryggja grundvöll fyrir lokaáföngum undirbúningsvinnunar. Þessir kostir eru í senn hagkvæmir, bæði í byggingu og rekstri, og áhrif þeirra á umhverfi og aðra landnýtingu fremur lítil.

Þá er lagt til að iðnrh. verði veitt heimild til að veita Rafmagnsveitum ríkisins, eða félagi með aðilum í Skagafirði sem þær eiga hlutdeild í, leyfi til að reisa og reka Villinganesvirkjun með allt að 40 megavatta afli en sú heimild er bundin við Landsvirkjun samkvæmt núgildandi lögum. Virkjunarheimild þessi hefur því áður verið samþykkt á Alþingi og hér er aðeins lögð til breyting á virkjunarleyfishafa. Þessi breyting á virkjunaraðila er lögð til með hliðsjón af breyttum áherslum stjórnvalda í raforkumálum sem lúta m.a. að því að raforka frá nýjum virkjunum nýtist fyrst þeim byggðarlögum þar sem hún er unnin.

Í frv. er tekið fram að veiting leyfa sé háð mati á umhverfisáhrifum og því að uppfyllt séu skilyrði annarra laga. Þá getur ráðherra sett nánari skilyrði fyrir virkjunarleyfi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttri skipan við veitingu virkjunarleyfa fyrir þær þrjár virkjanir sem til umfjöllunar eru. Í því felst að Alþingi ákveður hvaða aðilum skuli veitt leyfi til að nýta tilgreinda virkjunarkosti en ráðherra sé heimilt að veita þeim endanlegt virkjunarleyfi þegar skilyrði eru uppfyllt. Rétt þykir í þessu sambandi að fjalla um líklegar breytingar á þessari skipan í tengslum við breytingar á heildarskipulagi raforkumála.

Á síðasta löggjafarþingi var lögð fram tillaga til þingsályktunar um framtíðarskipan raforkumála. Þar voru gerðar tillögur um stefnumörkun í raforkumálum og áfanga að breytingum sem miðuðu að því að skapa skilyrði til aukinnar samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Í tillögunni var sérstaklega kveðið á um að móta yrði að nýju skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfa sem m.a. taki til öryggis og áreiðanleika raforkukerfisins, landnýtingar og umhverfismála, eðli vatnsorkunnar og jarðvarmans sem og tæknilegrar og fjárhagslegrar getu umsækjanda.

Til grundvallar þessum fyrirhuguðu breytingum liggur m.a. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði orkumála. Samkvæmt ákvæðum hennar skal tilskipunin vera komin til framkvæmda í ríkjum sambandsins 19. febrúar nk., en Belgía og Írland hafa frest í eitt ár til viðbótar og Grikkland í tvö ár. Tilskipunin hefur hins vegar ekki enn verið formlega afgreidd samkvæmt EES-samningnum. Við meðferð málsins hafa íslensk stjórnvöld m.a. óskað eftir hliðstæðum fresti og Grikkland til að laga íslenska löggjöf að tilskipuninni.

Ég tel heimildirnar sem lagt er til að setja í lög samræmast vel ákvæðum tilskipunarinnar. Í því efni verður að líta til þess að Vatnsfellsvirkjun og Búðarhálsvirkjun eru á vatnasviði núverandi orkuvera Landsvirkjunar á Þjórsársvæðinu og nátengdar þeim. Að því er Villinganesvirkjun varðar er einungis um breytingu á virkjunaraðila að ræða.

Frumvarp til nýrra raforkulaga er nú í smíðum og er stefnt að því að unnt verði að leggja það fyrir Alþingi til kynningar á þessu þingi. Í frumvarpinu verður kveðið á um nýja skipan við veitingu virkjunarleyfa.

Ekki er unnt að bíða með að heimila veitingu virkjunarleyfa samkvæmt þessu frumvarpi þangað til nýrri skipan við veitingu virkjunarleyfa hefur verið komið á samkvæmt framansögðu, enda nauðsynlegt að skapa grundvöll til frekari undirbúnings þessara virkjana og framkvæmda til að tryggja að unnt sé að mæta aukinni raforkuþörf á næstu árum.

Samkvæmt endurskoðaðri spá orkuspárnefndar er gert ráð fyrir að orkueftirspurn almenns markaðar muni aukast næstu árin um 60–70 gígavattstundir á ári að jafnaði.

Auk aukinnar orkuþarfar almenna markaðarins á næstu árum þarf að gera ráð fyrir að sala til starfandi stóriðjufyrirtækja aukist umtalsvert og að ný fyrirtæki hefji rekstur. Gera má ráð fyrir að tekin verði ákvörðun um stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga um 30 þús. tonn á næstu missirum, en í starfsleyfi og mati á umhverfisáhrifum er miðað við allt að 120 þús. tonna stækkun þess.

Rætt hefur verið um stækkun Járnblendiverksmiðjunnar, um einn ofn eða jafnvel tvo ofna. Þar sem framangreindir kostir eru á Suðvesturlandi er eðlilegt að gera ráð fyrir að þessu aukna afli og orkuþörf verði að mestu mætt með virkjunum á Suður- og Suðvesturlandi, enda verði þannig dregið úr þörf fyrir flutningslínur um hálendi landsins og umhverfissjónarmið þar af leiðandi höfð að leiðarljósi.

Samkvæmt núgildandi lögum um raforkuver er óráðstafað að hluta heimildum Alþingis fyrir Landsvirkjun. Í fyrsta lagi er ráðherra samkvæmt lögum um raforkuver heimilt að veita leyfi til allt að 330 megavatta virkjunar í Jökulsá í Fljótsdal en leyfi ráðherra frá 1991 tekur til 210 megavatta virkjunar. Í öðru lagi er heimilt að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 megavatta afl, en virkjunin er 150 megavött núna. Í þriðja lagi er heimilt að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 megavatta afl, en hún er nú 210 megavött. Í fjórða lagi er heimild til 310 megavatta virkjunar við Búrfell, en hún er 280 megavött eftir stækkun.

Fljótsdalsvirkjun hentar best orkumarkaði á Austurlandi. Að öðrum kosti yrði að leggja flutningslínur yfir hálendið til Suðurlands. Stækkun Sigölduvirkjunar og Hrauneyjafossvirkjunar var fyrst og fremst hugsuð sem hagkvæm lausn til að mæta reiðuaflsþörf raforkukerfisins, en orkugeta kerfisins eykst lítið með stækkun þeirra nema aðrennsli til Tungnaár verði aukið.

Þá er óráðstafað 16 megavöttum til Nesjavallavirkjunar, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga um raforkuver, og hluta af opinni heimild til að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu skv. 4. mgr. 1. gr. laganna. Mestur hluti þeirrar heimildar verður nýttur vegna endurnýjunar raforkuverðsins í Svartsengi.

Til þess að gera Landsvirkjun kleift að halda áfram viðræðum um aukna orkusölu, m.a. til Norðuráls hf. á næstu mánuðum og til að fjórði ofn járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga geti orðið að veruleika er því bæði tímabært og nauðsynlegt að afla heimilda Alþingis fyrir virkjunum við Vatnsfell og Búðarháls. Báðar þessar virkjanir eru á aðalvirkjunarsvæði Landsvirkjunar, falla vel að rekstri fyrirtækisins og hafa tiltölulega lítil áhrif á náttúrulegt umhverfi og landnýtingu.

Vatnsfellsvirkjun mun nýta fall milli Þórisvatns og Sigölduvirkjunar. Miðað er við að virkjunin verði um 90 megavött. Hins vegar er endanleg stærð virkjunar venjulega ekki ákveðin fyrr en að loknum nákvæmum athugunum eftir að tilboð í mannvirki og búnað liggja fyrir og fyllri upplýsingar um raforkumarkaðinn. Áætlað er að orkugeta raforku-

kerfisins aukist um allt að 430 gígavattstundir á ári með byggingu Vatnsfellsvirkjunar. Heildarkostnaður án virðisaukaskatts fyrir 90 megavatta virkjun er áætlaður um 8.600 millj. kr. á verðlagi í janúar 1998. Framkvæmdatími er áætlaður um þrjú ár. Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar var send til skipulagsstjóra í desember 1998. Gert er ráð fyrir að úrskurður hans liggi fyrir næstu daga.

Búðarhálsvirkjun nýtir rennsli Tungnaár og Köldukvíslar neðan Hrauneyjafossvirkjunar að Sultartangalóni. Verkhönnun virkjunarinnar er að mestu lokið. Miðað er við að virkjunin verði um 100 megavött. Hins vegar er endanleg stærð virkjunar venjulega ekki ákveðin fyrr en að loknum nákvæmum athugunum eftir að tilboð í mannvirki og búnað liggja fyrir og einnig upplýsingar um raforkumarkað. Aflið getur þess vegna breyst og orðið allt að 120 megavött. Áætlað er að orkugeta raforkukerfisins aukist um allt að 520 gígavattstundir á ári með byggingu Búðarhálsvirkjunar. Heildarkostnaður án virðisaukaskatts fyrir 100 megavatta virkjun er áætlaður um 12.400 millj. kr. á verðlagi í janúar 1998. Framkvæmdatími er áætlaður þrjú til fjögur ár. Miðlunarlón virkjunarinnar mun ná yfir eyrar Köldukvíslar og Sporðöldukvíslar. Flatarmál lónsins verður um 7 km og flatarmál gróðurs, sem fer undir lón verður um 1 km . Helstu veitumannvirki verða neðan jarðar. Röskun á landi við gerð mannvirkja verður því haldið í lágmarki. Unnið er að skýrslu um mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Þess er að vænta að skýrsla um matið verði send til skipulagsstjóra fyrri hluta þessa árs.

Árið 1977 kom út skýrsla á vegum Orkustofnunar um verkhönnun virkjunar Héraðsvatna í Skagafirði við Villinganes. Þar er gert ráð fyrir 30 megavatta virkjun með áætlaða 180 gígavattstunda orkuframleiðslu á ári. Virkjunin er sem næst hrein rennslisvirkjun. Heildarkostnaður er áætlaður 4.185 millj. kr. án virðisaukaskatts á verðlagi í janúar 1998. Gert er ráð fyrir að endurskoða hönnun Villinganesvirkjunar á næstunni en framfarir í jarðgangagerð, verktækni o.fl. geta haft áhrif á útfærslu hennar. Þá er nauðsynlegt að meta umhverfisáhrif virkjunarinnar og svo verður þrátt fyrir að virkjunaraðili hefði í dag heimild til framkvæmda vegna þess að virkjunarleyfi er gefið út fyrir þann tíma er lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi. Frv. gerir ráð fyrir því að viðkomandi virkjun þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Gert er ráð fyrir að liðlega eitt ár fari í frekari undirbúning fyrir Villinganesvirkjun og framkvæmdir við hana taki tvö og hálft til þrjú ár.

Herra forseti. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. er iðnaðarráðherra heimilað að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka tvær vatnsaflsvirkjanir, Vatnsfellsvirkjun með allt að 110 megavatta afli og Búðarhálsvirkjun með allt að 120 megavatta afli.

Í 2. mgr. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi sem þær eiga aðild að ásamt heimamönnum verði veitt heimild til að reisa og reka Villinganesvirkjun.

Í 3. mgr. 1. gr. er kveðið á um að áður en ráðherra gefur út virkjunarleyfi á grundvelli heimilda samkvæmt greininni skuli liggja fyrir mat á umhverfisáhrifum. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að leyfi samkvæmt öðrum lögum þurfi að liggja fyrir. Má sem dæmi nefna að virkjunarleyfi á þjóðlendu eru háð leyfi forsætisráðherra, sbr. ákvæði laga um þjóðlendur. Loks er iðnaðarráðherra veitt heimild til að setja nánari skilyrði fyrir virkjunarleyfum.

Í 2. gr. er lagt til að fellt verði brott ákvæði til bráðabirgða I, um tiltekna orkuöflun í tengslum við samningaviðræður við Atlantal-aðilanna um álver sem Alþfl. hafði hvað mestan áhuga á hér á sínum tíma en sem kunnugt er hefur ekki orðið af framkvæmdum við þau álver sem Alþfl. talaði um að byggja. (**Gripið fram í:** Hver var það í Alþfl.?) Herra forseti. Nú veit ég það ekki. Ég hugsa að hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sé kannski best kunnugt um það hver í Alþfl. lagði ofuráherslu á byggingu þessara iðjuvera sem aldrei risu en blekkti þjóðina með kosningaloforðum á sínum tíma. Þar held ég að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi jafnvel farið fremstur í flokki.

Með lögum nr. 74/1990 var fellt brott ákvæði laga um raforkuver frá 1981 og þingsályktunar um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu, sem samþykkt var á Alþingi 6. maí 1982 með vísun til laganna, þess efnis að Fljótsdalsvirkjun skyldi verða næsta stórvirkjun á eftir Blönduvirkjun. Þess í stað er lögð áhersla á að röð framkvæmda skuli ráðast af væntanlegri nýtingu orkunnar þannig að tryggt verði hæfilegt jafnvægi orkuframboðs og eftirspurnar á sem hagkvæmastan hátt. Það varð fyrst endanlega ljóst að Fljótsdalsvirkjun yrði ekki næsta stórvirkjun á eftir Blönduvirkjun þegar orkuöflunarframkvæmdir vegna stækkunar á álverksmiðju Ísals í Straumsvík hófust seint á árinu 1995.

Í samræmi við bráðabirgðaákvæði laganna miðast undirbúningur og áætlanir Landsvirkjunar við að Fljótsdalsvirkjun gæti orðið næsta virkjun á eftir Blönduvirkjun þar til undir árslok 1995. Ástæðurnar fyrir því að sú ákvörðun var tekin eru tvær.

Í fyrsta lagi af umhverfisástæðum. Það er ekki ástæða til að virkja bara til að virkja eins og stefnumörkun þáv. hæstv. iðnrh., núv. hv. alþm. Hjörleifs Guttormssonar, gekk út á — að virkja bara til að virkja. Nú hefur orðið breyting þar á. Nú munu menn fyrst og fremst virkja til að nýta orkuna til verðmæta- og atvinnusköpunar í landinu þegar slík tækifæri gefast.

Í öðru lagi var af umhverfisástæðum tekin sú ákvörðun að byggja ekki háspennulínur fyrir 30 milljarða kr. þvert yfir hálendi landsins til að flytja orku frá Austurlandi yfir á Suðurland eins og áætlanir Alþfl. gengu út á á sínum tíma, með byggingu álvers á Keilisnesi. Frá þessari óheillavænlegu stefnu hefur nú verið fallið og önnur leiðarljós höfð við þá sem nú liggur fyrir.

Um 3. gr., herra forseti. Lagt er til að við gildistöku laganna falli niður heimild Landsvirkjunar til að reisa og reka Villinganesvirkjun samkvæmt lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983. Það er til samræmis við fyrirhugaða breytingu skv. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[11:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um raforkuver felur í sér að leitað er heimilda til tveggja virkjana, eins og fram kemur í 1. gr. frv., og að breyta um virkjunaraðila í einu tilviki í sambandi við Villinganesvirkjun í Skagafirði.

Framlagning þessa frv. og grg. með því gefur tilefni til að fara yfir nokkra þætti sem snúa að orkustefnu núv. hv. ríkisstjórnar og ég mun koma að nokkrum atriðum sem það mál varða.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að ég tel það mikið álitamál að Alþingi sé að veita heimildir til nýrra virkjana með þeim

hætti sem hér er gert ráð fyrir án þess að fyrir liggi athuganir á ýmsum þáttum sem snerta muni framkvæmdirnar. Þar hef ég í huga bæði markaðsforsendur en einnig og ekki síður umhverfisáhrif. Ég tel að við þurfum að hverfa frá því ráði að veita almennar heimildir fyrir virkjunum með lögum frá Alþingi áður en búið er að fara yfir grundvallarþætti sem varða nýtingu. Og þar eru það þessir tveir þættir, þ.e. notkun orkunnar, ráðstöfun orkunnar og áhrifin á umhverfið. Þetta ætti reynslan að vera búin að kenna okkur og þau mjög breyttu viðhorf sem uppi eru í sambandi við orkumál og viðhorf manna til áhrifa orkuvera á umhverfið og þá ekki síst vatnsaflsvirkjana.

Ég tel því að athuga þurfi mjög vandlega, áður en heimildir eru veittar til frekari virkjana, þessi almennu viðhorf til stefnumótunar og þar fyrir utan að sjálfsögðu að fara yfir þær hugmyndir um nýjar virkjanir sem hér er verið að leita eftir heimild Alþingis að reistar verði.

Þetta var um efni frv. og þá kemur að því sem blasir við í grg. með frv., að tilefni þess að verið er að leita þessara heimilda er fyrst og fremst áform um frekari sölusamninga við stóriðjufyrirtæki og ráðstöfun orkunnar í málmbræðslu.

Ég tel að staðan í sambandi við orkumál landsmanna gefi tilefni til þess að skoða mjög vandlega hvert horfir til framtíðar litið í sambandi við ráðstöfun þeirrar orku sem hugsanlega er hér úr að spila á næstu áratugum. Ég hef ásamt öðrum hv. þm. í þingflokki óháðra lagt fram till. til þál. um sjálfbæra orkustefnu þar sem þessi viðhorf okkar flutningsmanna eru dregin fram. Sú tillaga gerir ráð fyrir að iðnrh. undirbúi í samvinnu við umhvrh. og þingflokka sjálfbæra íslenska orkustefnu sem hafi að markmiði að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi. — Þar er átt við jarðefnaeldsneytið sem flutt er til landsins og er stór þáttur í orkubúskap landsmanna nú. Og í öðru lagi að dregið verði markvisst úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda. Í þriðja lagi að ríkulegt tillit verði tekið til náttúruverndar og umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Að forsenda þessarar stefnumótunar verði að Ísland gerist fullgildur aðili að Kyoto-bókuninni frá 12. des. 1997 við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Á meðan þessi stefna er í mótun, sem þarna er gert ráð fyrir, verði ekki ráðist í orkufrekan iðnað umfram það sem þegar hefur verið samið um, og frestað verði að innleiða hér reglur Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum. Þetta eru meginástæðurnar þingflokks óháðra varðandi framtíðarstefnu í orkumálum og þá stefnumörkun sem þarf að gera en sem ekki liggur fyrir af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar öðruvísi en í þeim brotum sem þetta frv. er hluti af, þ.e. að sú stefna sem hæstv. núv. iðnrh. hefur framfylgt, að reyna að koma sem mestu af orku í landinu til nýtingar hjá málmbræðslum, hjá stóriðjufyrirtækjum. Þar eru í rauninni engin mörk dregin því að í þeim efnum hefur hæstv. núv. ríkisstjórn reynt að ganga sem lengst og ber grg. frv. þess ljósan vott hvaða hugmyndir eru þar uppi, því að fyrir utan það sem hér er verið að gera ráð fyrir sem markað fyrir orku frá þessum virkjunum, þá eru áformin um 480 þús. tonna álbræðslu á Austurlandi ítrekuð í þessari tillögu og er það út af fyrir sig athyglisvert í ljósi þess að reynt hefur verið að koma því á framfæri að aðeins sé um að ræða 120 þús. tonna álbræðslu. Það hefur þeim sem hér talar verið ljóst að það er aðeins fyrsti áfangi í stærri heild sem menn eru þar að tala um. Ríkisstjórnin hefur staðið í samningaviðræðum undir þeim formerkjum að þarna geti verið um allt að nærri 500 þús. tonna álbræðslu að ræða, og Norsk Hydro sýnt áhuga á enn þá stærra fyrirtæki eða upp í 720 þús. tonn.

Hins vegar er það svo að þessar ráðagerðir eru út í buska. Það liggur ekkert fyrir um það að Norsk Hydro ætli að fara í fjárfestingar hér á landi eða á Austurlandi sérstaklega. Sú spilaborg, því ég leyfi mér að kalla það því nafni, sem forusta Framsfl. reyndi að reisa fyrir tæpum tveimur árum og kynnti á ágústlok 1997, er hrunin. Hins vegar hefur Norsk Hydro eðlilega fallist á að ljúka þeim athugunum sem lagt var út í haustið 1997 og felur það auðvitað ekki í sér neitt annað en það að yfir þau mál verði farið.

Það er mjög athyglisvert í sambandi við þetta mál, virðulegur forseti, að hæstv. iðnrh. hefur nýverið látið embættismenn sína staðhæfa að í þeim fréttum sem hafa verið að koma fram undanfarna mánuði og síðast á stjórnarfundi Norsk Hydro þann 15. febr. sl., væru ekki neinar breytingar á ferðinni, þær fælu ekki í sér neinar breytingar í sambandi við þessi mál. En annað blasir við landsmönnum og annað segja menn, bæði af hálfu fyrirtækisins og þeir sem fá fréttir frá þeim og miðla þeim í norskum fjölmiðlum, þannig að það er öllum ljóst að hugmyndir um fjárfestingu í álbræðslu á Austurlandi á næstu árum eru fyrir bí og er það vel, virðulegur forseti, því að þar er um að ræða svo óábyrga stefnu að um það mætti hafa mörg orð.

Ég tel, virðulegur forseti, að það sé mikið óráð af hálfu okkar Íslendinga að ráðstafa meiri orku en orðið er í málmiðnað, í þungaiðnað í landinu. Við þurfum að fara yfir þá orku sem við hugsanlega höfum úr að spila, að teknu fullu tilliti og eftir að búið er að ganga frá stefnumörkun um hvernig gengið verði um náttúru landsins, hversu nærri náttúru landsins menn ætla sér að ganga eða ásættanlegt verður í þeim efnum, og ekki eigi að auka þarna neinu við. Fyrir utan það að þær hugmyndir um sölu sem liggja að baki þessu frv. byggja á því að afhenda og binda rjómann af íslensku vatnsafli hvað snertir hagkvæmni í sölusamningum sem fela í sér gjafverð á orkunni, útsöluverð á orkunni. Þetta er auðvitað hið mesta óráð, virðulegur forseti, að halda áfram þessari stefnu sem þarna er um að ræða.

Í öðru lagi, fyrir utan það að ekki á að binda meiri orku í stóriðju en orðið er, þá hefur hæstv. iðnrh. góðu heilli og nefnd á hans vegum verið að skoða möguleika á því að útrýma hér jarðefnaeldsneyti til lengri tíma litið. Slík nýting á okkar orkulindum fellur algerlega að þeim hugmyndum sem við höfum lagt fram í þingflokki óháðra, þ.e. að menn horfi til þess sem framtíðarverkefnis að innlend orka komi smám saman í staðinn fyrir innflutta orku þannig að við verðum sem allra mest óháðir innflutningi á jarðefnaeldsneyti. Við sláum með því tvær flugur í einu höggi, nýtum okkar orkulindir með sjálfbærum hætti til framleiðslu sem ekki veldur mengun, og drögum úr þeirri mengun sem hlýst af stóriðju, af þungaðinaði í landinu og veldur stórfelldri aukningu gróðurhúsalofttegunda.

Þegar litið er til þessa verkefnis, virðulegur forseti, og ég óska hæstv. iðnrh. til hamingju með að stigið er ákveðið skref til að þróa þessa möguleika, þá verða menn auðvitað að fara yfir það hvað þarf mikið til í orku til þess að ná því markmiði, sem ég held að við séum væntanlega sammála um að sé skynsamlegt, að hér verði vetnissamfélag í framtíðinni. Ég tek að vísu fram að menn þurfa auðvitað að horfa til annarra möguleika, vistvænna möguleika á nýtingu orkunnar, útrýmingu jarðefnaeldsneytis, m.a. með rafknún-

um farartækjum, en sú þróun er nú á byrjunarstigi en lofar góðu. Þannig að hvort tveggja þarf að gerast.

Þarna er um að ræða, virðulegur forseti, mjög mikið magn orku sem til þarf. Við megum ekki binda orkulindir okkar frekar en orðið er í málmbræðslum með tilliti m.a. til þessa stóra verkefnis og þeirrar stefnumörkunar í umhverfismálum sem þarf að koma til í sambandi við hagnýtingu orkulindanna.

Í þáltill. okkar óháðra höfum við dregið fram upplýsingar sem Orkustofnun lét mér í té á síðasta ári um hvað mikið er þarna um að ræða, hversu mikið orkumagn ef ætti að útrýma núverandi innflutningi á jarðefnaeldsneyti til landsins. Það liggur á bilinu 10–20 tervattstundir eftir því hversu mikið kæmi fram í formi nýrrar tækni, þ.e. með efnarafölum. Ég hef í þeirri uppsetningu í grg. með tillögu okkar miðað við að þetta gætu verið 15 teravattstundir, eitthvað svoleiðis. Þá er ekki reiknað með aukningu í innflutningi eða aukinni orkuþörf heldur bara stöðunni 1996, eins og hún var í innflutningi olíu og jarðefnaeldsneytis. Og þá sjá menn að þarna er um mjög stórt mál að ræða. Þarna er um mjög stórar upphæðir að ræða í orkumagni.

Ef við lítum á þetta og þann 2% vöxt sem orkuspárnefnd er að gera ráð fyrir fram í tímann, allt til ársins 2025, 2050, þá blasir það við að við höfum í reynd engu að ráðstafa frekar en orðið er í formi frekari útfærslu á málmbræðslum í landinu, vegna þess að þar erum við í mjög vandasamri stöðu vegna umhverfismálanna. Þar eru viðhorf í landinu orðin allt öðruvísi en þau voru fyrir örfáum árum og ef menn meina í alvöru eitthvað með því að hlífa umhverfi landsins og taka tillit til kröfu þjóðarinnar um að draga úr áhrifum vegna orkunýtingar, ekki síst vatnsaflsvirkjana, þá verða menn að skoða þessi mál frá grunni í allt öðru ljósi en verið hefur.

Ég hef í umræddu þingmáli, sem er 12. mál þessa þings og er nú í hv. iðnn., dregið upp stöðuna að því er varðar hugsanlega stöðu, miðað við þær forsendur að útrýma jarðefnaeldsneytinu og að við hefðum enga viðbót frá núverandi stóriðju og miðað við 2% vöxt á ári, þá værum við árið 2025 farin að nýta, miðað við að hafa útrýmt um 50% af innfluttu eldsneyti á þeim tíma, 20 teravattstundir, en heildarforðinn eins og hann hefur verið metinn af Orkustofnun án tillits til umhverfisáhrifa er um 50 teravattstundir og er jarðhitinn til raforkuframleiðslu og vatnsaflið reiknað með. Að vísu hefur þessi tala verið hækkuð svolítið alveg nýverið hvað vatnsaflið snertir en það breytir engu í megindráttum hvað þetta varðar. Ef við erum að tala um að útrýma jarðefnaeldsneytinu miðað við núverandi notkun að fullu, þá erum við farin að nýta í þetta og almenn not í landinu 30 teravattstundir. Ég fullyrði, virðulegur forseti, að þar erum við komin yfir þau mörk sem líklegt er að ásættanleg teljist með tilliti til náttúru og umhverfis í framtíðinni, miðað við þá orkugjafa sem við erum að tala um, auðvitað geta fleiri komið inn í þá mynd í framtíðinni, vindur og sjávarföll o.s.frv., það eru möguleikar sem felast í framtíðinni. En við eigum að skoða þetta mál út frá þeim forsendum sem við höfum verið að ræða okkar orkumál fram að þessu og hættuna hér og nú við að binda stóra orkupakka í stóriðjufyrirtækjum við spurninguna um hversu langt verði gengið. Þeirri spurningu verða stjórnvöld að svara á næstu missirum. Eftir því er sterk eftirspurn í landinu og undan því á ekki að víkjast og það má heyra á ráðamönnum að þeir út af fyrir sig gjalda jáyrði við því sem verkefni að ná einhverri sátt um þessi mál. Ef menn meina eitthvað með því verður að ganga í verkið en það verður ekki gert með þeim hætti sem hæstv. iðnrh. leggur hér fyrir. Það er sagt að ósköp óveruleg umhverfisáhrif séu af þessum virkjunum. Þess þá heldur. Þá eigum við að gæta þess að vera ekki að binda þessa virkjunarkosti sem hafa lítil umhverfisáhrif í frekari málmiðnaði, þungaiðnaði. Algert óráð, virðulegur forseti.

Síðan ætla ég að koma að hinum stóra þættinum, virðulegur forseti, sem eru áhrif þessa þungaiðnaðar á alþjóðlegar skuldbindingar okkar, þ.e. á losun gróðurhúsalofttegunda. Miðað við þá stóriðju sem nú er í gangi og eftir þær viðbætur sem hæstv. iðnrh. er hér að gera ráð fyrir, þá förum við 16% fram yfir mörkin frá árinu 1990 sem eru viðmiðunarmörkin í hinum almenna rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, heil 16% fram yfir. Og ætli í því sem hér er felist ekki a.m.k. annað eins, án þess ég hafi gert á því úttekt. Við stöndum því frammi fyrir þeirri brennandi spurningu, virðulegur forseti, hvað ætla íslensk stjórnvöld að gera í samhengi loftslagssamningsins? Ætla íslensk stjórnvöld að staðfesta þann samning fyrir eindagann 15. mars og heita því þar með að verða samferða samfélagi þjóðanna í þessu stóra máli varðandi það að hamla gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum, eða ekki? Ef íslensk stjórnvöld ætla ekki að rita undir, og kannski veitir hæstv. iðnrh. okkur svar við þeirri brennandi spurningu hér og nú í þessari umræðu, ef menn ætla ekki að verða þátttakendur þar fyrir þennan eindaga þá hafa menn þann möguleika einan, ef þeir ætla að verða samferða einhvern tímann, að ganga að samningnum eins og hann er, þ.e. að staðfesta samninginn. Þá eru engin millistig með undirskrift og staðfestingu síðar. Þannig liggur málið eins og umhvrn. hefur túlkað það. Er það hugsanlegt að íslensk stjórnvöld ætli að skerast úr leik í þessu máli? Eftir því verður spurt, virðulegur forseti, og með ákvörðunum í þá veru sem liggja að baki þessu frv. er alveg ljóst að menn eru að segja sig úr þessari samfylgd, að hamla gegn loftslagsbreytingunum, að standa með alþjóðasamfélaginu í því afdrifaríka máli sem ekki snertir Íslendinga minna en aðrar þjóðir. Ef nokkuð er stöndum við kannski frammi fyrir enn þá háskalegri hlutum þar en víða gerist annars staðar í heiminum.

[11:51]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í meginatriðum held ég að sá sem hér stendur og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson séu sammála í þeirri langtímastefnumörkun sem menn horfa á í orkumálum. Eins og hv. þm. kom inn á er unnið á mjög mörgum sviðum að því að móta þá stefnu og gera breytingar á þeim áformum sem uppi hafa verið um langa tíð. Ég fór yfir nokkur þeirra atriða í framsöguræðu minni, fyrir utan það að menn eru líka með stefnumótun og vinna að því að koma inn nýjum orkugjöfum sem eru framtíðarorkugjafar, og þá tek ég undir það með hv. þm. að þar er auðvitað nauðsynlegt að við höfum vatnsorkuna og jarðvarmann til reiðu til þess að geta staðið undir þeim nýju orkuverum sem þarna um ræðir. Þó er það ekki allt sem við erum sammála um því staðreyndin er sú að við þurfum að nýta orkulindir okkar á fjölbreytilegan hátt. Það er ekki hægt að stíga fram og halda því á lofti að það sé bara hægt á einn hátt og ég vonast til að við getum verið sammála um það. En meginástæðan fyrir að ég stóð upp í þessu andsvari var að mér þykir miður að hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, skuli gleðjast yfir því einmitt hér og nú að hugsanlega séu þau áform út af borðinu sem uppi hafa verið um nýtingu orkulindanna norðaustan Vatnajökuls

til hagsbóta fyrir fólkið á Austurlandi til búsetuþróunar og atvinnutækifæra. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að þetta hafi verið slegið af og flugufregnir um það í fjölmiðlum, norskum blöðum, eða fregnir sem hv. þm. kann að hafa innan úr fyrirtækinu, sem allar eru óstaðfestar, er varla hægt að bera á borð fyrir hið virðulega Alþingi. Staðreyndin er sú að ákvörðun um þetta verður ekki tekin fyrr en í júní eða júlí á þessu ári, og ég veit að hv. þm. getur fengið það staðfest hjá Norsk Hydro að þessi verkefni eru enn í skoðun milli íslenskra stjórnvalda og Norsk Hydro og ákvarðanir um áframhald og frekari fjárfestingar af hálfu fyrirtækisins verða ekki teknar fyrr en um mitt þetta ár.

[11:54]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við verðum að skoða hlutina í heildarsamhengi. Við verðum að líta á Ísland allt í samhengi orkumálanna. Ég ræði þessi mál ekki út frá viðhorfum frá einu kjördæmi, ég er að reyna að líta á þessi mál út frá heildarsamhengi íslensku þjóðarinnar og framtíðar hennar. Varðandi hugmyndir núv. hæstv. ráðherra og þann leik sem hefur verið leikinn gagnvart Austfirðingum að undanförnu, að fara í svonefndar viðræður við Norsk Hydro um að koma upp 500 þús. tonna álbræðslu á Austurlandi, sem kallar á meira en 7 teravattstundir í orku, af kannski 25 teravattstundum sem þjóðin hefði í heild til umráða, er slíkt óráð, slík fjarstæða í þjóðhagslegu samhengi og einnig í umhverfislegu samhengi og hvað varðar staðsetningu í þeim ágæta firði, Reyðarfirði, að ætla að fara að setja slíkt fyrirtæki niður, að ég hef góða samvisku af því að tala gegn slíkum órum. Fyrir nú utan að á bak við þetta eru bara leiktjöld. Það sem menn hafa verið að gera milli íslenskra stjórnvalda og Norsk Hydro er að skoða þessi mál óbundið af staðsetningu. Jú, það er sagt, við viljum gjarnan skoða Reyðarfjörð í leiðinni. Hæstv. ráðherra hefur sjálfur sagt okkur það í þingskjali að þetta sé ekki bundið við Reyðarfjörð. Það vitum við auðvitað. Norsk Hydro kann að koma einn góðan veðurdag og segja, okkur líst nú bærilega á Keilisnes og þá er komið að því sem hann var að kenna krötunum um áðan, í umræðu. Málið er svona og þetta sjá allir nema þrengsta forusta Framsfl. sem er að reyna að halda uppi þessum leiktjöldum fram yfir kosningar og lætur ráðuneytisstjóra undir sér hafna því að þetta breyti nokkru um og það verði fyrst í júnílok sem sviðið ljúkist upp, hvort þarna verði lagt í fjárfestingu eða ekki. Það er hægt að reyna að bera ýmislegt á borð en við skulum ekki ræða hlutina á þessum grundvelli.

[11:56]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ætti að vera sallarólegur ef þetta væru allt saman leiktjöld sem menn væru með í höndunum. Staðreyndin er hins vegar sú að menn eru í formlegum og alvarlegum viðræðum við þetta norska fyrirtæki. Það er hins vegar ekki rétt og skýtur dálítið skökku við þegar hv. þm. heldur því fram að þarna sé einvörðungu um leiktjöld að ræða en hefur svo miklar áhyggjur af því að byggja eigi 500 þús. tonna álbræðslu í Reyðarfirði. Staðreyndin er sú að þessa stundina ganga viðræðurnar út á byggingu á 120 þús. tonna álveri staðsettu á Austurlandi. Hv. þm. á ekki að reyna að vera að villa mönnum sýn með að það geti hugsanlega risið einhvers staðar annars staðar. Það er ekki svo. Það er skýr afstaða ríkisstjórnarinnar að næsta bygging nýs stóriðjuvers verður utan suðvesturhorns landsins. Fyrir því eru alveg skýr rök sem eru þessi: Virkjanlegt afl á Tungnaár-Þjórsársvæðinu á samkeppnisfæru verði eru 4.700 gígavattstundir. Þau áform sem uppi eru um stækkun iðjuvera á suðvesturhorni landsins kalla á 3.800 til 4.000 gígavattstundir. Með öðrum orðum, við höfum ekki möguleika á því að afla raforku nema í þessar stækkanir því það er stefna ríkisstjórnarinnar að flytja ekki orkuna landshorna á milli, heldur að nýta orkuna þar sem orkuauðlindirnar eru staðsettar og það er meginbreytingin í stefnumörkun frá fyrri ríkisstjórnum þar sem menn voru uppi með hugmyndir um, jafnvel í ríkisstjórn þar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sat, að flytja vatnsorkuna og orkulindirnar í raun og veru landshornanna á milli eins og áform Alþfl. gengu út á, að fjárfesta í háspennulínum þvert yfir hálendi Íslands, stórkostleg umhverfisspjöll upp á 30 til 40 milljarða kr. Þessi áform hafa öll sömul verið slegin af.

[11:58]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg stórmerkilegt að heyra hér málflutning hæstv. iðnrh. sem gengur gegn öllum þeim upplýsingum sem berast til landsins í sambandi við leiksýninguna sem tengist Norsk Hydro. Hæstv. ráðherra ætlar að reyna að halda því til streitu að ákvarðana sé að vænta um fjárfestingu á miðju þessu ári meðan fyrirtækið hefur slegið á frest öllum sínum meiri háttar framkvæmdaáætlunum á Trínidad og einhvers staðar. Þetta er kallað í Noregi „i tåkeheimen", úti í þokunni, úti í móðu fjarskans sem einhver hugsanleg álbræðsla á Íslandi kæmi til greina. Þetta er 120 þús. tonna álver, við lesum það í grg. með því frv. sem hæstv. ráðherra var að mæla fyrir að það er aðeins hluti af stærri heild sem Norsk Hydro hefur verið boðið upp á, 500 þús. tonn, 480 þús. tonn, nákvæmlega talið. Bara hluti í því púsluspili. Halda menn í alvöru að Norsk Hydro fari í fjárfestingu upp á þetta austur á landi? Halda menn það? Ég hef aldrei látið mér detta það í hug að þeir mundu leggja í slíkt og þannig er þetta mál andvana fætt eins og ég met hlutina og tel mig sæmilega læsan á samhengi álframleiðslu almennt séð. Ég hef þurft að sitja yfir þeim málum nokkuð lengi vegna tillagna sem fram hafa komið um það.

Við eigum að líta á þessi mál út frá þjóðhagslegu samhengi og þá m.a. það sem fyrir liggur um næstu stóriðjukosti núv. ríkisstjórnar. Það er ekki álbræðsla á Austurlandi, það eru leiktjöld. Nei, það er stækkun núverandi stóriðjufyrirtækja á suðvesturhorni landsins. Er einhver munur á því hvort menn eru að bæta við 40 þús. tonnum í Straumsvík plús 120 þús. tonnum í Hvalfirði og leika sér með að það sé bara stækkun þeirra fyrirtækja sem nú eru? Það er auðvitað ígildi mjög stórs álvers samanlagt, 160 þús. tonn, sem hér er verið að leita heimilda fyrir að fá að virkja í þágu þessa, þvert á loftslagssamninga og þvert á heilbrigða skynsemi með útsölu á orkunni.

[12:01]

Útbýting þingskjals:

Staða umferðaröryggismála, 541. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 865.

[12:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Raforkuiðnaður hér á landi býr við sovétskipulag svo sem eins og stærsti hluti atvinnulífsins og nefni ég þar sjávarútveg, fjármálamarkaðinn og landbúnað. Við höfum verið að feta okkur hægt og varlega, afar hægt og afar varlega út úr þessu sovétskipulagi á undanförnum áratugum.

Ég minni á það í þessu sambandi að eignir raforkuiðnaðarins eru svipaðar og eignir allrar útgerðarinnar á Íslandi og raforkuiðnaðurinn er allur í eigu opinberra aðila.

Þeir sem hafa trú á samkeppni og frelsi vilja náttúrlega sjá þetta breytast og við vonumst til að þetta muni breytast. Þetta skipulag hefur verið að brotna upp undanfarið vegna breyttra viðhorfa og aðildar okkar að EES og er það vel. Auk þess hafa komið upp tilmæli frá Suðurnesjamönnum og Vestfirðingum, svo dæmi séu nefnd, um að fá að virkja með eigin virkjunum í samkeppni við þetta opinbera kerfi, en reyndar frá opinberum aðilum.

Herra forseti. Það sem við ræðum hér er hefðbundið. Fyrsta efnismálsgreinin er ákaflega hefðbundin. Þarna á fyrirtækið Landsvirkjun, sem er 50% í eigu ríkisins, 45% í eigu Reykjavíkurborgar og 5% í eigu Akureyrarbæjar að fá að reisa einhverjar tvær virkjanir, án þess að borga fyrir það. Þannig hefur þetta verið gert hingað til og menn hafa svo sem ekkert verið að hugsa neitt mikið út í það. Samt er það sannanlegt að það hefur orðið feiknarleg eignamyndun hjá Landsvirkjun, feiknarleg, og nánast út úr engu. Eigendurnir hafa ekkert lagt fram í Landsvirkjun og eignamyndunin hefur orðið til m.a. vegna einokunar á raforku. Landsvirkjun hefur bara hreinlega ákveðið raforkuverðið, reiknað út hvað hún þarf og þá með allt of stuttri afskrift á virkjunum. Það hefur líka orðið mikil eignamyndun vegna skattfrelsis og vegna ríkisábyrgðar á lánum.

Hér hefur því orðið mikil eignamyndun. Ég get svo sem glaðst fyrir hönd kjósenda minna í Reykjavík því að mér sýnist að eignarhlutur þeirra í Landsvirkjun sé um 100 þúsund kr. á hvern einasta íbúa í Reykjavík. Það er svo sem ágætt fyrir Reykvíkinga. En ef ég væri fulltrúi landsbyggðarinnar þá mundi ég hugsa öðruvísi. Þessi eignamyndun er búin til á grundvelli laga og opinberrar forsjár.

Herra forseti. 2. efnismgr. er breyting. Þar stendur:

„Þá er iðnaðarráðherra heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins" — það er hefðbundið — „eða félagi með aðilum í Skagafirði sem þær eiga aðild að leyfi til að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun) með allt að 40 megavatta afli."

Þarna er verið að veita félagi með aðilum í Skagafirði einhverjar heimildir, þ.e. ef þeir ná samkomulagi við Rarik um að vera aðili. Það stendur ekkert um það hvað Rarik á að vera stór aðili. Það getur verið með 1% í félaginu.

Nú gæti ég að sjálfsögðu flutt lögheimili mitt til Sauðárkróks og leigt þar herbergi og gerst þannig aðili í Skagafirði. Ég gæti stofnað fyrirtæki og ég get reynt að fá Rarik til þess að koma inn í þetta fyrirtæki með 1% hlut. Ég get meira að segja gefið þeim þann hlut ef því er að skipta. Þar með er ég kominn með heimild til þess að virkja í Villinganesi.

Spurningin er hvað gerist ef tveir slíkir aðilar koma fram, eða fleiri? Hvernig ætlar iðnrh. að leysa úr þeim vanda og taka jafnframt tillit til jafnræðisreglunnar? Mér sýnist að ef slíkt gerist þá muni hann þurfa að bjóða upp. Hann mun þurfa að bjóða upp þessa aðstöðu, þessa virkjunaraðstöðu sem ég nefndi þarna áðan að hefði gefið Landsvirkjun feiknarlega eignamyndun, og það er alveg ný hugsun sem gæti komið upp. Ég vil benda á þetta vegna þessa ákvæðis.

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hefur boðað frv. um raforkumál og þar eru þessi vandamál sem ég hér nefndi að miklu leyti leyst því þar á að koma á samkeppni, þar á að koma á einkavæðingu og þar á að losa raforkuiðnaðinn undan þessu sovétskipulagi sem hefur ríkt hér á landi í áratugi, frá upphafi nánast, og hefur örugglega valdið því að þessi iðnaður er miklu verr rekinn en ella væri. Það er a.m.k. trúa mín.

Vandamálið við það frv. er að Landsvirkjun er með 93% af allri raforkuframleiðslu í landinu þannig að nauðsynlegt er að skipta Landsvirkjun upp. Ég hygg að það muni vera nauðsynlegt að skipta henni upp í þrjá hluta og stofna þess vegna Búrfell hf. og Sultartanga hf. o.s.frv. Ég sé engin vandkvæði við það.

Herra forseti. Þessar virkjanir sem hér er verið að heimila munu hafa töluverð áhrif á efnahagslífið. Við höfum undanfarið staðið í miklum framkvæmdum, feiknarmiklum opinberum framkvæmdum í samráði við erlenda aðila við virkjanir. Þetta hefur aukið atvinnu í landinu og bundið mörg hundruð manns við vinnu á hálendinu þannig að þetta hefur skapað mikla atvinnu í landinu og á sennilega mikinn þátt í því góðæri sem við búum nú við. Allar þessar virkjanir eru að klárast og því er mjög brýnt að einhverjar virkjanir taki við þannig að við þurfum ekki að treysta eingöngu á byggingar verslunarmiðstöðva hérna í Reykjavík til að halda uppi góðærinu næstu eitt eða tvö ár.

Herra forseti. Hér hefur nokkuð verið rætt um umhverfisáhrif virkjana. Hér áður fyrr voru grafnir skurðir eftir fjallshryggjum sem var ákaflega ljótt að sjá og mikið lýti að. Nú eru virkjanir orðnar ákaflega snyrtilegar. Jarðgöng eru boruð, stöðvarhúsin eru neðanjarðar. Það sést nánast ekki neitt. Það eina sem gerist er að árfarvegir sem áður voru fullir af vatni tæmast að einhverju leyti, ekki þó að öllu leyti. Þessi umhverfisáhrif eru því miklu minni en áður var.

Það hefur líka verið rætt um að við séum að brjóta ákvæði Kyoto-samningsins um loftslagsbreytingar. Þar vil ég bæta því við sem ég hef margoft nefnt að hér er verið að ræða um hreina orku. Ég býst við því að umheimurinn muni nánast kalla á það að Íslendingar framleiði sem mest af hreinni orku í stað þess að menn séu að framleiða orku úti í heimi sem veldur miklu meiri mengun en sú orka sem hér er framleidd. Auk þess er þessi orka notuð til þess að búa til ál sem er notað til þess að létta bifreiðar m.a. og kemur þar af leiðandi í veg fyrir mengun sem þungir bílar valda. Ég sé því ekki annað en að umheimurinn muni kalla á Íslendinga að virkja sem allra mest af þessari hreinu orku. Ef maður lítur á alla heimsbyggðina þá er ákaflega skynsamlegt að Íslendingar virki en ekki aðrar þjóðir.

Herra forseti. Ég vildi rétt aðeins koma inn á 3. efnismgr. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Veiting leyfa skv. 1. og 2. mgr. er háð niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum og því að uppfyllt séu skilyrði annarra laga."

Nema hvað? Ég verð alltaf svo hissa þegar það stendur í lögum að önnur lög eigi að gilda. Ég veit ekki betur en að lög á Íslandi eigi að gilda almennt þannig að ég sé ekki hver þörfin er á því að taka þarna sérstaklega fram að önnur lög skuli gilda.

[12:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Lítt hugnast mér nú að hlýða á mál hv. þm. Péturs Blöndals þegar hann ræddi um umhverfisáhrif virkjana. En læt ég það nú vera.

Ég er sammála því sem hv. þm. drap á varðandi 2. mgr., þ.e. um þá aðferð sem bersýnilega vantar inn í frv. til þess að skera úr um það ef fleiri en einn aðili vilja mynda félag með Rafmagnsveitum ríkisins til að virkja þarna.

En af því að hv. þm. talaði mikið um að sovétfyrirkomulag væri ríkjandi í ýmsum atvinnugreinum og m.a. í orkugeiranum og hefði nú ekki haft mjög heillavænleg áhrif á framvindu þeirra greina, þá langar mig til þess að lesa hér fyrir hann það sem stendur á bls. 2 þar sem verið er að skýra út af hverju það eigi að fara þessa leið með Villinganesvirkjun. Þar er talað um að breytt viðhorf séu uppi, m.a. um að raforka eigi að nýtast þeim byggðarlögum þar sem hún verður til og síðan kemur skýringin á því af hverju verið er að gera þessa breytingu, með leyfi forseta:

„... og með tilliti til samstarfs Rafmagnsveitna ríkisins við aðila í Skagafirði og nágrannabyggðum um virkjun Villinganess í því skyni að efla atvinnulíf á svæðinu."

Hvað segir hv. þm. um þetta? Er þetta ekki partur af því gamla sovétskipulagi atvinnugreinanna sem hann var að ráðast gegn hérna? Ég get ekki lesið út úr frv. önnur rök fyrir því að það eigi að ráðast í þessa virkjun heldur en þau að það þurfi að efla atvinnulíf. Það eru einu rökin sem koma þarna fram. Mig langar til þess að inna hv. þm. eftir afstöðu hans til þessa.

[12:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi mig í ræðu minni áðan einmitt hafa komið inn á þetta vegna þess að ég sagði að ef ég flytti lögheimili mitt til Sauðárkróks þá væri ég orðinn aðili í Skagafirði. Þannig gæti ég farið í kringum þetta ákvæði. Ég var einmitt að benda á það.

Auðvitað er þetta hluti af sovétskipulaginu. Menn eiga að virkja á Villinganesi vegna þess að það er hagkvæmt. Það er eina ástæðan fyrir menn að virkja þar. Ekki til þess að auka atvinnu í Skagafirði. Ég býst við því að verktakar sem koma til með að vinna við þessa virkjun muni koma af öllu landinu. Það vill nú svo til að allt landið er orðið eitt atvinnusvæði. Og þeir munu jafnvel koma frá Evrópu. Það er því ekki endilega víst að þessi virkjun auki neitt vinnu fólks í Skagafirði, nema þá að menn kaupi sér kannski rúnnstykki í Varmahlíð á leiðinni suður.

[12:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það var fróðlegt að hlýða hér á orðaskipti hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og hæstv. iðnrh. áðan um Fljótsdalsvirkjun og áform Norsk Hydro um risaálver í Reyðarfirði. Hæstv. ráðherra gerði nokkurt gaman að framgöngu Alþfl. fyrr á árum. Að vísu gerði hann þeim er hér stendur upp forustu í þeim efnum, en það er víðs fjarri eins og hæstv. ráðherra veit ef hann skyggnist í minni sínu aftur í tímann.

Ég sé hins vegar ekki betur en að það sem hann kallaði spilaborg Alþfl. á sínum tíma varðandi Atlantsál sé nákvæmlega eins og jafnvel miklu naktara en það sem hann er að gera sjálfur núna varðandi Norsk Hydro. Það var fróðlegt að hlusta á hæstv. ráðherra halda því fram hérna áðan að áform Norsk Hydro um að reisa stórt álver á Reyðarfirði væru enn jafnlifandi í dag og þau hefðu áður verið. Það þyrfti hins vegar að bíða eftir ákvörðunum fram í júní.

Ég spyr: Telur hæstv. ráðherra að hann viti betur um þetta en til að mynda þau sérfagrit sem hafa fylgst með þessum efnum og hafa skrifað fullum fetum um að áform Norsk Hydro væru breytt? Við höfum reyndar séð að sveiflur hafa verið í umhverfi fyrirtækisins sem hafa leitt til þess að virði þess hefur minnkað verulega og fyrirtækið virðist eiga í ákveðnum erfiðleikum.

Ég gleðst ekkert yfir því, herra forseti, en ljóst er að þau áform sem Norsk Hydro hafði varðandi gríðarlegt stóriðjuver á Trínidad eru úr sögunni. Jafnframt er ljóst að áformin um álverið á Reyðarfirði eru líka úr sögunni. Svo kemur hæstv. ráðherra, sem vissulega reynir að vinna eins vel og hann getur og reynir að tala af fullum heiðarleika eins og við vitum að hann hefur jafnan gert, og heldur því fram að hann viti betur en t.d. The Times og ýmis rit sem eru að skrifa um málmbræðslu í heiminum. Ráðherra uppi á Íslandi veit þetta miklu betur. Staðreyndin er auðvitað sú að hæstv. ráðherra hefur lent í hálfgerðum ógöngum með þetta mál. Hann verður að hlíta fyrirskipunum formannsins, hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar, sem hefur gert það að kjörorði lífs síns, a.m.k. á þessu kjörtímabili, að það skuli koma álver á Austfjörðum. Þetta er loddaraleikur gagnvart kjósendum á Austfjörðum. Það liggur auðvitað ljóst fyrir að þetta mál er búið.

Mig langar hins vegar, í tilefni af þessum orðaskiptum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og hæstv. iðnrh., að inna hæstv. iðnrh. eftir mikilvægum þætti sem tengist álverinu sem ég hef verið að ræða um, þ.e. umhverfismati á Fljótsdalsvirkjun. Hvað líður því, herra forseti? Hvar er niðurstaðan sem hæstv. ráðherra ræddi um við hv. þm. Hjörleif Guttormsson um, 12. október á síðasta ári að því er mig minnir, í umræðum um tillögu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði hér fram um lögformlegt umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun. Í þeirri umræðu hélt hæstv. iðnrh. því þrisvar fram að ekki væri búið að taka ákvörðun um að gera þar ekki lögformlegt umhverfismat. Hann sagði allt ferli málsins slíkt að ekki væri hægt að taka ákvörðun um hið lögformlega mat samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og hann sagði: „Sú ákvörðun verður tekin í lok desember." Ég hygg að ef við færum í þingtíðindi tækist okkur að grafa þetta upp. Hæstv. ráðherra kinkar hér kolli þessu til staðfestingar og því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Í ljósi þess að nú hafa komið fram upplýsingar, sem gjörbreyta viðhorfum allra skynsamra manna til framkvæmdaáforma Norsk Hydro á Austfjörðum, er þá ekki kominn tími til að menn viðurkenni að nægur tími sé til að láta lögformlegt umhverfismat fara fram? Ég spyr líka hæstv. ráðherra: Hefur hann beitt sér fyrir því að sú niðurstaða, sem hann sagði að mundi koma í lok desember, verði leidd fram? Ég er þeirrar skoðunar að hinar nýju upplýsingar um framkvæmdir á vegum Norsk Hydro hljóti að leiða til þess að allir sanngjarnir menn reyni að ná sáttum varðandi það mál. Þeir verða að fallast á þá sanngjörnu, eðlilegu kröfu að framkvæmdirnar sem tengjast Fljótsdalsvirkjun verði settar í umhverfismat samkvæmt gildandi lögum.

Hæstv. ráðherra sagði í orðaskiptum við hv. þm. Hjörleif Guttormsson að hann vildi ná sáttum í þessum málum. Mér finnst það virðingarvert og ég hef séð þess merki hjá hæstv. ráðherra að hann, og ekki bara hann heldur ríkisstjórnin almennt, skynjar að hann er komin í nokkrar ógöngur með virkjunarstefnu sína. Ég held að sums staðar í ríkisstjórninni sé fyrir hendi raunverulegur vilji til að ná sáttum í málinu. Ég tel því að hæstv. ráðherra gæti stigið mikilvægt skref til að sanna fyrir okkur að hann meini það sem hann segir um sættir. Hann gæti það með því að lýsa því yfir að hann hyggðist beita áhrifum sínum til að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun yrðu settar í lögformlegt umhverfismat. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Er hann reiðubúinn að lýsa viðhorfum sínum til þess við þessa umræðu?

Að öðru leyti, herra forseti, verð ég að segja að ég á nú orðið erfitt með að átta mig á þeirri stefnu sem hæstv. iðnrh. fylgir í orkumálum. Ég skynjaði hana skýrar hér áður fyrr. Þá sást hæstv. ráðherra ekki fyrir af ungæðislegu kappi og virtist ana fram í mikilli virkjanavímu. Offorsið og æðið sem mér fannst stundum á ráðherranum hefur hins vegar dvínað. Ástæðan fyrir því er ekki síst breytt viðhorf í landinu. Fólkið í landinu er ekki á sama máli og ríkisstjórnin varðandi náttúruvernd, meðhöndlun okkar á miðhálendinu og virkjanir í landinu.

Ýmis frv. sem hér hafa komið fram og orðið mjög umdeild hafa leyst úr læðingi ólgu sem breyst hefur í reiði meðal almennings. Hæstv. iðnrh. hefur fengið að kenna á því öðrum mönnum fremur. Það hefur kannski ekki að öllu leyti verið verðskuldað. Hann hefur samt sem áður verið skotspónn ólgunnar. Það hefur orðið til þess að mér hefur á síðustu mánuðum stundum fundist örla á því að hæstv. ráðherra vildi hugsa þá stefnu sem hann hefur mælt fyrir upp á nýtt. Það kom fram í orðaskiptum hans og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar áðan, að sá vilji virðist meiri nú en áður. Það sem hæstv. ráðherra er að gera með þessu frv., sú röksemdafærsla sem þar kemur fram og á ýmsum öðrum stöðum, virðist ganga gegn því sem hann hefur sagt um vilja sinn til að breyta stefnunni og taka tillit til annarra þátta sem hann ekki gerði nógu mikið af áður.

Ég skildi ekki mál hæstv. ráðherra öðruvísi en að hann væri sammála t.d. hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, sem hefur haft forgöngu um það í þinginu og utan þess að benda mönnum á að virkjunarkostir okkar eru takmarkaðri en menn töldu áður. Því veldur kannski fyrst og fremst tvennt. Viðhorfin hafa breyst. Það er að skapast sátt um að ýmis svæði sem við hefðum áður getað ráðist í virkjanir á eru ekki lengur virkjanatæk. Viðhorf sem tengjast umhverfisvernd og náttúruvernd hafa gert það að verkum að sem óðast eru menn að verða sammála um að ýmsir kostir sem áður voru taldir raunhæfir eru það ekki lengur. Hæstv. ráðherra tók undir þetta með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni.

Í annan stað hefur hæstv. ráðherra beitt sér fyrir því að reynt verði að þróa hér tækni til að búa til annars konar eldsneyti en gert er úr jarðefnum. Hæstv. ráðherra á lof skilið fyrir það og þeir sem með honum hafa beitt sér í því efni. Það kostar hins vegar líka orku. Ef menn ætla að gera Ísland að vetnissamfélagi eins og hæstv. iðnrh. hefur orðað það, þá gera menn það ekki með því að smella saman fingrum. Það kostar orku og til þess þarf að virkja. Um það erum við hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hæstv. ráðherra sammála.

Ljóst er að við höfum ekki nema takmarkaða virkjanakosti og ef við ætlum t.d. að nýta stærri hluta af því afli sem við getum beislað til að búa til mengunarlitla eða mengunarlausa orkugjafa, sem hægt sé að nýta sem eldsneyti, þá hljótum við að setja það í forgang. Þá hljótum við, herra forseti, að nýta þá virkjanakosti sem hafa lítil áhrif á umhverfið og valda litlum umhverfisspjöllum. Við þurfum að taka þá orku frá til þessara hluta og ég væri sammála slíkum vangaveltum.

En röksemdafærslan er allt annars eðlis í greinargerðinni sem hæstv. ráðherra leggur fyrir. Annars vegar segir hann: Það þarf að svara orkuþörf almenna markaðarins á næstu árum. Í greinargerðinni kemur fram að vegna uppsveiflu í efnahagslífinu sé sú orkuþörf meiri en áður var talið. Það er búið að uppreikna orkuspána. Á hinn bóginn segir hann: Það þarf að taka frá orku í nýja málmbræðslu. Þetta tvennt fer auðvitað ekki saman, þ.e. annars vegar að gefa til kynna, eins og hæstv. ráðherra hefur gert með höfuðhreyfingum sínum og í ræðu sinni áðan, að það þurfi að taka frá virkjanakosti sem hafa lítil áhrif á umhverfið til að geta undið sér í að framleiða mengunarlaust eldsneyti í framtíðinni. Hins vegar segir hann að við þurfum að nota sömu virkjanakosti til þess að ráðast í byggingu málmbræðslna.

Ég er ófær um að skilja þessa röksemdafærslu. Ég er sammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um að í dag eigum við að setja punktinn aftan við allar áætlanir okkar um að binda meira af lindum okkar í málmbræðslu. Ég er sammála því. Ég held að á þessari stundu ættum við að nema staðar og velta fyrir okkur hvernig beita eigi þeim kostum sem við eigum í framtíðinni.

Við virðumst, allir sem höfum tekið til máls um þessi mál, vera sammála um að virkjunarkostirnir eru takmarkaðri en áður vegna breyttra viðhorfa til umhverfisverndar. Þau viðhorf eru ekki hvað síst á nokkru skriði innan Framsfl. Ég tel því að það eitt og sér, að við erum þó sammála um þetta, gefi okkur tilefni til að hugsa þetta upp á nýtt. Mér finnst örla á skilningi á því hjá hæstv. ráðherra en með því að leggja fram þetta frv. gengur hann í aðra átt. Við getum ekki gengið á virkjunarkosti sem eru góðir vegna þess að þeir spjalla umhverfið lítt og sagt: Við viljum nota orkuna til að koma á fót meiri málmbræðslu. En í hinu orðinu sagt að við þurfum að virkja til að geta búið til orku sem er undirstaða mengunarlausra eldsneytisgjafa. Það er ekki hægt. Þetta er óleysanleg þverstæða og hæstv. iðnrh. verður að velja annan hvorn kostinn.

Í annan stað, herra forseti, vantar inn í þetta allt saman hin breyttu viðhorf sem alls staðar virðast ríkja nema hjá stjórnvöldum á Íslandi, til orkusparnaðar í kjölfar Kyoto. Þegar ég les athugasemdir við þetta lagafrv. kemur fram að aukinni raforkuþörf er spáð vegna uppsveiflu í efnahagslífinu. Aukinni orkuþörf er spáð vegna meintra samninga um stóriðju. Hvergi er talað um orkusparnað. Ég rakst ekki á það í þessu. Ég veit að hæstv. ráðherra hefur síðustu daga leitað leiða til að draga úr losun mengandi lofttegunda, en í greinargerðinni er hvergi tekið tillit til þess. Það er talað um að orkuþörfin muni aukast á almennum markaði á næstunni en ekkert talað um að af hálfu hins opinbera sé nauðsynlegt að einhenda sér í einhvers konar aðgerðir til þess að draga úr orkusóun, draga úr orkuþörf á almennum markaði eða til að bæta orkunýtingu. Það er ekki um neitt slíkt að ræða. Það veldur mér auðvitað ákveðnum áhyggjum.

Ég tel því, herra forseti, að þegar við sjáum svona frv. þá undirstriki það þörfina á að hugsa orkustefnu okkar upp á nýtt. Við þurfum að hugsa hana út frá þeim breyttu viðhorfum sem eru í umhverfis- og náttúruvernd, út frá þeim virkjunarkostum sem til staðar eru og út frá því hvað nýting á þeirri orku sem við munum beisla hafi í för með sér varðandi losun mengandi lofttegunda. Við þurfum að velta fyrir okkur því hvað muni hún gera varðandi möguleika okkar til að standa við Kyoto-samninginn.

Kyoto-samningurinn, hvort sem við erum með honum eða á móti, er einfaldlega veruleiki. Hann er veruleiki sem við þurfum að taka tillit til. Hins vegar virðist hæstv. ríkisstjórn hugsa málið á þennan hátt: Af því að við Íslendingar erum svo fáir og smáir þá erum við varla marktækir og því muni enginn amast við því þótt við skirrumst við að staðfesta Kyoto-bókunina. Ég held að svo sé ekki. Ég held við hljótum að verða beitt einhvers konar mótaðgerðum en hæstv. ráðherra virðist ekki hafa hugsað það til enda. Ætl-

um við bara að keyra áfram? Ætlum við að virkja til að standa undir orkuþörf fyrirtækja sem munu stórauka losun mengandi lofttegunda, láta bara skeika að sköpuðu?

Án tillits til þess hvort menn eru sammála innihaldinu eða ekki þá er samningurinn staðreynd og við eina ríkið á Vesturlöndum, held ég enn í dag, sem ekki hefur staðfest hann. Hvernig metur hæstv. ... (Gripið fram í.) Við höfum þá sérstöðu að ríkisstjórn Íslands er eina ríkisstjórnin á vesturhveli jarðar sem hefur tekið mjög neikvætt á staðfestingu samningsins og hefur nánast lýst yfir að hún hyggist ekki með nokkru móti taka þátt í honum. Ef þessi frammíköll hæstv. ráðherra boða einhverja stefnubreytingu af hálfu ríkisins þá verður það að koma hér fram.

Hluti orkustefnunnar hlýtur auðvitað að vera mótuð afstaða til Kyoto. Í sporum ráðherrans tækist mér ekki að leggja fram skynsamlega stefnu nema ég vissi nákvæmlega hvernig ég ætlaði að bregðast við Kyoto. Hæstv. ráðherra er ekki klár á því í dag. Hann situr í ríkisstjórn þar sem sumir vilja hunsa Kyoto en aðrir ekki. Ég nefni sérstaklega hæstv. umhvrh., sem að vísu er að hverfa til annarra og miklu virðulegri starfa, en hann hefur lýst annarri skoðun.

Punctum saliens í þessu, herra forseti, er að stefna hæstv. iðnrh. varðandi orkumál Íslendinga er í besta falli ruglingsleg og í versta falli óskiljanleg. Þar rekur sig hvað á annars horn. Hæstv. ráðherra hefur sett fram viðhorf sem hægt er að taka undir en þau viðhorf stangast á við annað sem hæstv. ráðherra er að gera.

Ég gæti haldið hér langa ræðu um viðhorf hæstv. ráðherra til álvers á Austfjörðum. Ég ætla hins vegar ekki að gera það vegna þess að tími minn er búinn. Út frá orðaskiptum sem urðu hérna áðan þá verð ég að segja, herra forseti, að mér finnst skelfilegt, ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt, að það sé allt í lagi að taka hagsmuni tiltekins kjördæmis fram yfir hagsmuni landsins alls, jafnvel hagsmuni allrar veraldar.

Mér fannst hæstv. ráðherra tala af miklu meiri bernsku um þetta mál en við eigum að venjast af hans hálfu.

[12:32]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandamálið er ekki að iðnrh. sé með óskýra stefnu. Vandamálið er hins vegar það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur ekki kynnt sér stefnuna (Gripið fram í.) og það kom best fram í — það er síður en svo og það eru orð þingmannsins sjálfs — það kom best fram í því að hann fór hvað eftir annað í einstök mál sem liggja fyrir þinginu. Ég tek sem dæmi orkusparnað af því að hv. þm. spurði um orkusparnaðinn. Þar er skýr afstaða. Hér liggur fyrir í þinginu frv. um orkunýtnikröfur. Sérstakt átak er í gangi á vegum iðnrn. og Orkustofnunar í orkusparnaði í samvinnu við sveitarfélögin. Sérstakt jarðhitaleitarátak er í gangi, og þannig gæti ég haldið áfram að telja.

Stefnan er skýr frá rannsóknum til nýtingar. Gleggsta dæmið um rannsóknirnar er sjóður eða breytingar á orkulögum um stofnun sérstaks orkusjóðs til að takast á við rannsóknirnar.

Hv. þm. þarf að kynna sér stefnuna áður en hann kemur upp í þennan stól og fer að kvarta undan stefnuleysi.

[12:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að mér er tiltölulega hlýtt til hæstv. iðnrh. þá verð ég að fara með hið fornkveðna: Dramb er falli næst. Hæstv. iðnrh. á ekki að falla í sömu gryfju og ýmsir kollegar hans og tala af hroka til meðbræðra sinna í landinu.

Hæstv. ráðherra heldur því fram að ég hafi ekki kynnt mér stefnu hans í orkusparnaði. Ég sagði einmitt í ræðu minni að hæstv. ráðherra og aðrir hefðu verið að tala um orkusparnað. Við höfum meira að segja rætt það hér í þinginu. En þess gætti ekki þegar menn læsu þessa greinargerð. Þegar menn eru t.d. að velta fyrir sér aukinn raforkuþörf vegna uppsveiflu í efnahagslífinu þá hef ég a.m.k., og það getur verið fáviska mín, hvergi séð að menn reikni inn í það afrakstur orkusparnaðar.

Meginhluti máls míns um þetta var svo hins vegar að ég þóttist skynja að hæstv. ráðherra væri sammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um að það þyrfti að taka frá jafnvel virkjunarkosti sem hefðu neikvæð áhrif á umhverfið til þess að geta staðið undir framleiðslu á t.d. mengunarlausu eldsneyti sem ekki væri af jarðefnistoga.

En ég tel að röksemdafærslan sem hér lýtur að málmbræðslunni gangi í allt aðra átt og það var fyrst og fremst það sem ég átti við.

[12:35]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessum orðum mínum fólst enginn dómur yfir hv. þm. Það getur komið fyrir alla að hafa ekki kynnt sér þingskjöl og lesið nægjanlega vel heima. Ég er ekkert að álasa mönnum fyrir að hafa ekki gert það. Og af því ég veit að hv. þm. situr ekki einu sinni í iðnn. þingsins þá er ég síður en svo að álasa hv. þm. fyrir þetta. Ég ætla því að láta útrætt um þann þátt málsins.

Annað atriði sem mig langar til að koma hér inn á snýr að Norsk Hydro. Við verðum bara að sjá til hvað út úr þeim samningaviðræðum kemur. Það er í engu hægt að jafna saman Norsk Hydro á Reyðarfirði eða Atlantsál, þar sem menn voru með tómar flugeldasýningar, undirskriftir á „memorandum of understanding" og alls konar pappírum. Þáverandi hæstv. iðnrh. var með þannig flugeldasýningar rétt í aðdraganda kosninga 1991 og svo var aftur mjög svipað upp á teningnum 1995. Það var reyndar ekki sami ráðherrann. Það eru engar slíkar flugeldasýningar núna. Bíðum og sjáum til hvað kemur út úr þessu. Það hefur verið staðfest af stjórnendum þess fyrirtækis, þ.e. Norsk Hydro, að formlegar viðræður eru enn í gangi milli íslenskra stjórnvalda og þess fyrirtækis um hugsanlega byggingu álvers á Reyðarfirði. Það mun síðan koma í ljós um mitt ár hvort af þeim áformum verður eða ekki. Það hafa engar fullyrðingar af minni hálfu heyrst um að svo verði.

[12:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég tel að hæstv. ráðherra sé í raun að iðka með þessu tali sínu um Norsk Hydro og álverið á Reyðarfirði er blekkingaleikur. En látum það liggja á milli hluta. Gefum okkur að þetta sé allt saman rétt og þetta sé enn í pípunum.

Hæstv. ráðherra hefur talað um að hann vilji stíga skref til sátta í þeim deilum sem vissulega hafa risið um þetta mál. Ég hef spurt hæstv. ráðherra: Er hann reiðubúinn til að beita sér fyrir því að gert verði lögformlegt umhverfismat á áhrifum Fljótsdalsvirkjunar?

Hæstv. ráðherra lýsti því yfir í október að niðurstaða um það mundi koma í lok síðasta árs. Hún er ekki enn komin. Hvað sem líður ágreiningi okkar um það hvort þarna verði álver eða ekki þá hlýtur hæstv. ráðherra að vera sammála

mér um að allar líkur séu á því að það tefjist. Þar með er brott fallin sú röksemd að ekki sé tími fyrir slíkt mat.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra, fyrst hann kemur hér í andsvari og nefnir Norsk Hydro: Treystir hann sér til að svara þeirri spurningu sem ég varpaði til hans í ræðu minni? Mun hann beita sér fyrir því að farið verði í lögformlegt umhverfismat á afleiðingum Fljótsdalsvirkjunar?

[12:38]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. segist hafa skýra stefnu. Eigi að síður vil ég spyrja hann tveggja spurninga. Hann sagði að það ætti að setja punkt fyrir aftan allar málmbræðslur og málmframleiðslu vegna orkumála. Það er skoðun út af fyrir sig.

Þá spyr ég: Gildir þetta bara fyrir álframleiðslu á Reyðarfirði eða gildir þetta fyrir öll áform sem eru í gangi? Gildir þetta fyrir magnesíumverksmiðju á Reykjanesi? Gildir þetta fyrir stækkun Grundartanga? Gildir þetta fyrir Norðurál? Á að setja punkt fyrir aftan þetta allt saman?

Ég spyr líka: Eru þetta persónulegar skoðanir hv. þm. eða eru þetta skoðanir samfylkingarinnar nýju? Er þetta stefna hennar? Hver er stefna flokksins sem hann er fer fram fyrir í þessu máli? Er þetta stefnan?

[12:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi viðhorf sem ég hef látið uppi í ræðu minni eru ekki ný. Ég hef margoft sagt í umræðum um stóriðju og orkustefnu að ég tel að í dag eigi menn að setja punkt aftan við allar málmbræðslur, slá öllum stóriðjuáformum á frest og það eigi að endurmeta orkustefnu Íslendinga með tilliti til þess hvernig við ætlum að nýta þá valkosti sem uppi eru. Þetta er mín skoðun og hún hefur komið fram hér á liðnum tveimur árum. Ég viðurkenni það fúslega að ég hafði ekki þessa skoðun áður. En ég hef skoðað þetta og endurmetið.

Varðandi afstöðu samfylkingarinnar þá gleðst ég yfir þeim áhuga sem hv. þm. Jón Kristjánsson hefur á samfylkingunni og e.t.v. þeim ótta sem blundar í brjósti hans við gott gengi hennar. En ég get ekki svarað fyrir samfylkinguna. Ég get það ekki. Ég get bara svarað fyrir mig. Að samfylkingunni, eins og hv. þm. veit, standa þrír stjórnmálaflokkar og það mun koma í ljós þegar búið er að ganga frá framboðum hver stefnan er í þessum efnum.

[12:40]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get viðurkennt að ég mundi vafalaust bera einhvern ótta í brjósti yfir gengi samfylkingarinnar ef hún sýndi einhverja stefnu og ef hún sýndi einhverja stefnu sem ég óttaðist. En það er komið á daginn, eins og mig reyndar grunaði, að samfylkingin hefur enga stefnu og hún hefur gott gengi meðan hún hefur enga stefnu. Það á eftir að koma í ljós hvert gengi hennar verður. Það er vonandi að stefnan finnist fyrir kosningar.

Ég tek það sem svo að hv. þm. sé þeirrar skoðunar að það eigi að strika út öll áform um atvinnuupppbyggingu bæði á Austurlandi og Reykjanesi og við Hvalfjörð og allar málmbræðslur yfirleitt. Það er skýr stefna og ég vona að hann hafi borið hana saman við kollega sinn hv. 11. þm. Reykn., Ágúst Einarsson, og fleiri úr því kjördæmi.

[12:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nenni ekki að fara í neitt skæklatog um stefnu eða stefnuleysi samfylkingarinnar. Það mun allt liggja fyrir fyrir kosningar og síðan kemur það í ljós í vor hvernig gengi hennar verður. Ég held að gengi hennar verði miklu meira en ég sjálfur átti von á fyrir svona sex vikum síðan. Ég held að þetta sé að verða að öflugri og sterkri hreyfingu sem jafnvel hinn kjarkaði hv. þm. Jón Kristjánsson hefur fyllstu ástæðu til að óttast í náinni framtíð.

Herra forseti. Ég ítreka það síðan að ég hef marglýst þeirri skoðun minni, alveg án tillits til þess hvað góðvinur hv. þm., hv. þm. Ágúst Einarsson, kann að segja um það mál, að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að slá öllum stóriðjuáformum á frest og það eigi að endurmeta virkjunarstefnu Íslendinga. Það er alveg klárt.

[12:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Stærsti hluti vatnsfalla landsins rennur óbeislaður til sjávar í stað þess að mala gull fyrir land og þjóð. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vill slá á frest að láta þessi vatnsföll mala gull. Í stað þess ætlar hann að bíða í kannski tíu ár eftir óvissum rannsóknum á vetnisframleiðslu. Og hann vill að þessu sé stjórnað ofan frá af hæstv. iðnrh.

Getur hann ekki hugsað sér að þetta yrði gert með markaðnum, að lagður yrði mengunarskattur á málmframleiðslu og vetnisframleiðslan kannski styrkt til þess að ná jafnvægi, ef mengunarskattar verða yfirleitt nauðsynlegir þegar búið verður að sanna hvort það sé í gangi koltvíoxíðmengun sem veldur gróðurhúsaáhrifum og þegar búið verður að sanna það yfirleitt hvort gróðurhúsaáhrif séu til staðar?

[12:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur lagt það í vana sinn að koma í þennan stól þegar við ræðum um gróðurhúsaáhrifin og halda því fram að í þeim efnum sé jörðin flöt. Allir, ég held að allir helstu málsmetandi vísindamenn sem tengjast loftslagsfræðum séu annarrar skoðunar en a.m.k. örlar á hjá hv. þm.

Hv. þm. kemur líka hérna og dregur úr nauðsyn þess að setja þurfi á mengunarskatta, en spyr samt sem áður hvort ég telji ekki að hægt sé að stjórna þessu með mengunarsköttum. Það tel ég nú ekki, en ég verð að viðurkenna það, herra forseti, að ég hef ekki hugsað það til hlítar.

Svo kemur hv. þm. og segir að stór hluti íslenskra vatnsfalla renni óbeislaður til sjávar án þess að hægt sé að nota þau til að framleiða gullið. Þannig verður það í framtíðinni. Stór hluti þeirra mun alltaf renna óbeislaður til sjávar vegna þess að við notum þau með öðrum hætti. Hv. þm. getur vafalaust reiknað það út hvað hann gæti grætt á því að virkja Gullfoss, en Gullfoss verður aldrei virkjaður.

[12:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti alls ekki við að virkja ætti Gullfoss. Ég átti við að virkja þar sem menn ætla sér að virkja á annað borð. Varðandi það að allir vísindamenn í heiminum séu sannfærðir um það að koldíoxíðmengun valdi gróðurhúsaáhrifum og gróðurhúsaáhrifin séu yfirleitt til staðar, þá er það ekki rétt. Stór hluti vísindamanna efast um þessar kenningar og þær hafa ekki verið sannaðar, hvergi. Það er t.d. talið að vatnsinnihald andrúmsloftsins hafi miklu meiri áhrif heldur en koldíoxíðinnihald þess. T.d. er talið að sólblettir

hafi líka feikimikil áhrif á hitastig á jörðinni. Ekkert af þessu er sannað. Menn eru að gera stórkostlegar ráðstafanir um allan heim sem munu kosta mannkynið mikið í lífskjörum. Ég set spurningarmerki við þetta meðan það hefur ekki verið sannað. Ég hef heimild til þess.

[12:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er líkast til rétt hjá hv. þm. að kenningar vísindamanna hafi ekki hafi verið geirnegldar með sönnunum. Hann hefur fyllsta rétt til að hafa þá skoðun. Það breytir ekki því að þó er alla vega sannað að hitastig jarðar hefur hækkað á síðustu 100 árum. Menn geta deilt um orsakir þess. Allir málsmetandi vísindamenn sem tengjast loftslagsfræðum telja það vegna losunar gróðurhúsalofttegunda. Hv. þm. getur ekki bent á einn einasta málsmetandi fræðimann í veðurfræðum sem heldur öðru fram með gildum rökum. Hann getur hins vegar bent á fullt af minni spámönnum. Það er önnur saga.

Hv. þm. sagði að hann hefði átt við þau vatnsföll sem sátt er um að virkja. Það er einmitt mergur málsins. Það er engin sátt um að virkja tiltekin vatnsföll. Það sem ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson erum að segja eru að viðhorfin hafa breyst og við erum ekki lengur sammála um að virkja vatnsföll sem menn voru e.t.v. á því að virkja fyrir nokkrum árum. Viðhorfin hafa breyst og því segi ég: Sláum þessu á frest. Endurmetum hlutina.

[12:47]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir ágætt mál og gleðjast yfir því að við skulum vera sammála um meginþættina í því sem ég ræddi. Fjölmargir þættir sem lúta að orkumálum hafa breyst mjög mikið. Menn þurfa ekki annað en líta til endurnýjanlegra orkulinda, til kjarnorkunnar og hvað þar hefur verið að gerast. Stórfelldar breytingar hafa orðið í alþjóðlegum viðhorfum og hér á Íslandi jafnframt.

Mér var kunnugt um það, frá viðræðum sem við áttum saman á sl. vori þegar farið var yfir stjórnmálastöðuna og samskipti þeirra flokka sem við höfum verið fulltrúar fyrir, að hv. þm. hafði þessi sjónarmið og ég gladdist mjög yfir því. Mér þykir vissulega lakara að sá flokkur sem ég heyri að sé að verða að þingflokki í dag, kannski er það formaður þingflokksins væntanlega sem ég tala hér til, þingflokks samfylkingarinnar, væri ekki búið að ganga frá þeirri stefnu sem hv. þm. talar hér fyrir. Ég vona að hv. þm. hafi þar forustu og geti leitt fram þá stefnu sem hann talaði fyrir.

[12:49]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Í sjálfu sér ekki miklu að bæta við þá ágætu umræðu sem átt hefur sér stað almennt um orkumál. Ég tek undir mjög margt af því sem hér hefur komið fram. Viðhorfin hafa breyst nokkuð og þegar þau breytast þurfa menn að taka mið af því.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði mig nokkura spurninga og nú er hann farinn úr salnum. Það kann að vera svo að hann hafi ekki áhuga á að hlusta á svörin en ég sé að hann kemur aftur í hliðarsali. Áður en ég svara vil ég taka fram að mér finnst það ekki vel gert, sem örlaði örlítið á í ræðu hv. þm. Hann gerði tilraunir til að rugla þá sem á umræðurnar hlusta í ríminu. Staðreyndin er sú að þegar menn tala um Kyoto, um nýja orkugjafa eins og vetnið og þar fram eftir götunum, þá ræða menn jafnframt um að það þurfi ekkert að virkja. Þeir sem harðast berjast fyrir því að koma öllum þeim áformum sem uppi eru um að draga úr losun gróðurhúsalofttegundanna ættu að vera hörðustu stuðningsmenn að virkjana á Íslandi, ef menn vilja horfa á það í alþjóðlegu samhengi. Það gæti dregið úr notkun á jarðefnaeldsneyti og þeim orkugjöfum í heiminum sem hafa slíka losun í för með sér.

Hins vegar er engin sátt um að fara út í hvaða virkjunarkost á Íslandi sem er. Ég hef verið talsmaður þess að nú verði farið mjög rækilega ofan í hvaða virkjunarkostir séu hagkvæmir út frá breyttum viðhorfum og hvaða aðrar leiðir við getum farið til þess að nýta sömu virkjunarkosti í fullkominni sátt við náttúruna. Þetta starf er að fara af stað á vegum iðnrn. í samvinnu við fleiri aðila. Ég vonast til þess að ekki seinna en núna um mánaðamótin geti ég kynnt hvernig að því verði staðið.

Þeir sem tala harðast í Kyoto horfa á jörðina, ekki flata heldur hnöttótta eins og ég heyrði að hv. þm. Össur Skarphéðinsson vildi gera sem eðlilegt er, enda er það staðreynd. Það ætti því að vera helsta baráttumál viðkomandi þingmanns að leggja kapal frá Íslandi til meginlands Evrópu til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis í Evrópu. Til þess að hann væri samkvæmur sjálfum sér væri þetta eðlilegasta viðhorfið. Þetta er hins vegar ekki viðhorf sem ég treysti mér til þess að berjast fyrir. Þessi áform hef ég kannski ekki slegið út af borðinu en þau eru afar langt undan, langt í framtíðinni. Með sömu viðhorfum og uppi eru núna, öllum varnaðarorðum varðandi hálendi Íslands, er hægt að slá þessi áform öll út af borðinu. En þetta væri stórt framlag okkar til þessa mikilvæga máls.

Á sama tíma og menn segja: Það er gott að taka upp nýja orkugjafa eins og vetnið, þar er stigið stórt skref, þá verða menn líka að vera tilbúnir til að spyrja: Hvar ætlum við að virkja? Það þýðir ekki að setja punktinn þar á eftir. Það er gott að vera með þá stefnu að taka upp nýja orkugjafa en ætla ekkert að virkja. Staðreyndin er, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fór yfir áðan, að ef við ætlum að útrýma allri jarðefnaeldsneytisnotkun á Íslandi, þá þyrftum við sennilega að nýta langleiðina allt okkar vatnsafl.

Ég er ekki trúaður á það að slík breyting gangi fram með þessum hætti. Ég hef því sagt: Við eigum að nýta orkulindir okkar á sem fjölbreytilegastan hátt en skynsamlega í sátt við manninn og náttúruna, með nýtinguna að leiðarljósi. Þeir sem kvarta undan stefnuleysi iðnrh. verða því að horfa á málið í svolítið víðara samhengi vegna þess að ég fullyrði að stefnan er skýr, frá rannsóknum yfir í nýtingu. Ég tel mikilvægt, í lok þessa þings, að það verði kannski lagt fyrir Alþingi nákvæmlega hver afstaða iðnrh. er til þessara mála. Það mun ég hugsanlega gera í skýrsluformi.

Til að svara spurningum hv. þm., af því að hv. þm. spurði um Fljótsdalinn, þá var áformað að frummatsskýrslan sem framkvæmdaraðilinn á að gera, í þessu tilfelli Landsvirkjun, yrði tilbúin um áramót eða í lok desember. Svo er ekki. Það hefur tekið lengri tíma að ganga frá frummatsskýrslunni en menn bjuggust við. Það kann að vera af hinu góða vegna þess að menn eru þá að skoða enn fleiri þætti og skýrslan verður þar af leiðandi vandaðri þegar þar að kemur. Á grundvelli þeirrar frummatsskýrslu er framkvæmdaraðilanum lögum samkvæmt skylt að skrifa og leggja fyrir upplýsingar um framhald málsins eins og hér hefur áður komið fram.

Hitt er svo annað mál að allir hafa leyfi til að skipta um stefnu. Stundum fara menn í heilan hring og stundum í hálfan eins og Alþfl. hefur gert. Hann hefur bara farið í 180 gráður, ekki bara í þessum stóriðju- og virkjunarmálum heldur líka í umhverfismálum.

Á vegum Alþfl. var frv. um mat á umhverfisáhrifum lagt fyrir Alþingi, á vegum þáv. ríkisstjórnar. Það var með góðum vilja Alþingis árin 1991–1995 sem þetta frv. var samþykkt. Ég tel að þetta frv. sé hið merkasta mál, þó það sé í endurskoðun núna og marga agnúa megi sníða þar af. En af hverju var ákveðið í því frv., sem Alþfl. lagði fyrir Alþingi, að verkefni eins og Fljótsdalsvirkjun skyldi undanþegið mati á umhverfisáhrifum? (**ÖS:** Þú ert búinn að svara því sjálfur.) Já, ég er búinn að svara því. En þeir sem stóðu að því að samþykkja þetta frv. á þessum tíma og töldu þá eðlilegt, af hverju hefur afstaða þeirra breyst? Það hefur raunverulega ekkert breyst frá árinu 1993, er þetta frv. var samþykkt, til þessa dags. Þá höfðu menn nákvæmlega sömu viðhorf og nú eru. Það var einfaldlega vegna þess sem margoft hefur verið sagt, að búið var að afhenda tilteknu fyrirtæki réttindin. Af þeirri ástæðu treystu menn sér ekki til þess að taka þessi réttindi af. Þess vegna er það í höndum fyrirtækisins að ákveða hvað gert verði við frummatsskýrsluna þegar hún verður tilbúin.

[12:58]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi síðasta atriðið sem hæstv. ráðherra nefndi, þá liggur fyrir tillaga í umhvn. um að Alþingi álykti um málið, að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að samkvæmt lögum fari fram formlegt mat á umhverfisáhrifum. Formaður þeirrar nefndar, Ólafur Örn Haraldsson, hefur margoft lýst viðhorfum sínum í því. Ég treysti því að þessi tillaga verði afgreidd fyrir þinglok. Hæstv. umhvrh. hefur talað fyrir því að slíkt lögformlegt mat fari fram. Ég vona því sannarlega að þingviljinn fái framgang í þessu máli.

Í öðru lagi, varðandi Kyoto-bókunina, losun gróðurhúsalofttegunda og framleiðslu á vistvænu eldsneyti í framtíðinni, þá væri æskilegt að fram kæmi hjá hæstv. ráðherra hvort ríkisstjórnin fyrirhugar að staðfesta eða setja nafn sitt undir Kyoto-sáttmálann, viðaukann við sáttmálann um loftslagsbreytingar. Ég vona að hæstv. ráðherra geti tjáð sig um það í andsvari.

Í þriðja lagi, varðandi spurninguna um virkjanakosti, er alveg rétt og ekki ágreiningsefni milli okkar hæstv. ráðherra að mikla orku þarf til að framleiða hér vistvænt eldsneyti í framtíðinni. Það mikla orku þarf til þess að algert óráð er að ganga lengra í að beisla orkuna fyrir málmiðnað í landinu. Þá erum við að þrengja að náttúrunni eða að útiloka að við getum framleitt hið vistvæna eldsneyti sem um er að rætt. Af þeim sökum eiga menn ekki að ganga lengra. Menn verða að takmarka sig. Það þýðir ekki að vísa út í heim í sambandi við loftslagsmálin. Það eru mál sem þjóðríkin bera ábyrgð á í þessu samhengi með vissum sveigjanleika og Ísland jafnframt. Það þýðir ekki að segja að við munum fórna vistvænum orkugjöfum okkar til að bæta stöðuna á heimsvísu. Þannig gerast hlutirnir ekki í samhengi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.

[13:00]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt. Ég vil gera athugasemd við þennan skilning hv. þm. á loftslagsbreytingasamningi Sameinuðu þjóðanna. Þar er um sameiginlega ábyrgð þjóða heims að ræða. Ef allir mundu horfa á samninginn út frá sér og eigin hagsmunum, þá yrði ekkert af slíkum samningi þannig að þar er um sameiginlega ábyrgð að ræða og það var til hinnar sameiginlegu ábyrgðar sem ég var að vitna þegar ég var að segja að okkar framlag gæti verið þetta, en ég geri mér grein fyrir því að um það er ekkert pólitískt samkomulag hér innan lands. En það væri okkar framlag í þá átt, með hreina og endurnýjanlega orkugjafa.

Varðandi spurninguna um Kyoto-bókunina þá er enn nægur tími því ekki er komið að því að fresturinn til að skrifa undir sé útrunninn. Menn mega ekki rugla því saman að skrifa undir eða staðfesta. Það er undirskriftartíminn sem rennur út 15. mars og ég býst við að það liggi fyrir jafnvel áður en þing fer heim hver afstaða ríkisstjórnarinnar verður til þess.

[13:02]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki nema tæpur mánuður, fjórar vikur, þar til þessi eindagi dettur á, 15. mars og mér finnst það heldur bág staða að hæstv. iðnrh., því að sá málaflokkur sem hann fer með sem skiptir mjög verulegu í þessu samhengi, geti ekki greint frá því hver verði niðurstaðan í þessum efnum.

Ábyrgðin sameiginleg. Jú, auðvitað er hér um alþjóðasáttmála að ræða, en framkvæmd hans er háð þjóðríkjunum. Þjóðríkin taka á sig ákveðnar skuldbindingar, hvert og eitt, og þannig þurfa menn að skoða málin. Þess vegna þrengir að Íslendingum eins og öðrum ríkjum. Við getum ekki varpað ábyrgðinni á aðra í þessum efnum. Við eigum heldur ekki að líta svo á að við eigum að taka hér við mengunariðnaði, þungaiðnaði og nýta upp vatnsorkuna, tefla á íslenska náttúru vegna þess að við séum að losa aðra frá ákveðnum þáttum, þ.e. að nota jarðefnaeldsneyti. Þannig er framkvæmd samningsins ekki í reynd. Það sem þarf auðvitað að gerast er að þjóðir heims þurfa að breyta um viðhorf almennt séð, framleiðsluhætti, til að fást við þennan stóra vanda sem þarna er á ferðinni.

[13:03]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri það að við og hv. þm. höfum sama skilning á þessum loftslagsbreytingasamningi Sameinuðu þjóðanna. Þar er um sameiginlega ábyrgð þjóða heims að ræða. Ég er hins vegar algerlega sammála hv. þm. að framkvæmd samningsins er á ábyrgð hvers þjóðríkis fyrir sig en eftir stendur auðvitað að þar ætla menn að hjálpast að og út á það gengur samningurinn m.a., hvort sem menn ná svo þeirri niðurstöðu eða ekki.

Tíminn til 15. mars er alveg nógu langur til ákvarðanatöku í þeim efnum hvort skrifað verður undir eða ekki.

[13:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra spyr hvað valdi afstöðubreytingu þess sem hér stendur og Alþfl. varðandi bráðabirgðaákvæði sem var að finna í því sem síðar varð að lögum um mat á umhverfisáhrifum. Hæstv. ráðherra hefur fyllsta rétt til að óska a.m.k. eftir viðhorfi eða skýringu minni á þessu. Ég minnist þess ekki, herra forseti, þegar þetta frv. var að fara í gegn, a.m.k. í mínum þingflokki, að Fljótsdalsvirkjun hafi komið til tals utan einu sinni og ég kannaði það mál ekki sérstaklega. Ég man að þá var sagt að engar líkur væru á því að þessi virkjun yrði nokkru sinni að veruleika.

Það er nú kannski ekki skýringin á afstöðubreytingu minni ef um afstöðubreytingu er að ræða. En það sem hefur þó breyst er til að mynda það umhverfi sem fæddi af sér Kyotosamninginn. Ég var upphaflega ekki trúaður á þær breytingar sem raktar voru til losunar gróðurhúsalofttegunda. Ég var annarrar skoðunar um nokkurra ára skeið. En ég varð að lokum að láta í minni pokann fyrir rökum sem að mér var beint. Það er kannski meginskýringin, ef hæstv. ráðherra mætti vera að því að hlýða á mál mitt milli þess sem hann er að gefa ýmsum kontóristum sínum góð ráð og vafalaust er ekki vanþörf á því.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra vegna þess sem hann sagði hér um frummatsskýrslu Landsvirkjunar á Fljótsdalsvirkjun. Hæstv. ráðherra kom hingað 12. október á síðasta ári, ef ég man rétt, og sagði: „Sú skýrsla mun liggja fyrir í byrjun desember og ákvörðun um þetta verður tekin í lok desember." Nú kemur hæstv. ráðherran og segir að hann hafi óvitandi farið með rangt mál að því leyti til að skýrslunni hafi seinkað. Ég spyr hann þá: Hvenær mun þessi skýrsla liggja fyrir? Það sem mér ríður á að fá að vita er: Mun hann í ljósi breyttra aðstæðna, sem hafa komið fram í hans eigin máli hér fyrr í dag, beita sér fyrir því að Fljótsdalsvirkjun verði sett í lögformlegt umhverfismat?

[13:06]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði það fyrr við þessa umræðu að það er auðvitað ekki hægt að krefjast þess af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að hann tali fyrir samfylkinguna í einstökum málum vegna þess að stefnan er ekki til og það muni einhvern tíma taka. Ég hafði hins vegar þá trú, a.m.k. fyrir prófkjörið í Reykjavík, að hv. þm. hefði verulega áhrif á það hvernig sú stefnumótun liti út. Það hefur hins vegar eitthvað dregið úr áhrifum hans í því efni eftir það prófkjöf en við sjáum nú til þegar þar að kemur.

Fyrir Alþingi liggur frv. til laga um raforkuver. Í því frv. er óskað eftir tveimur nýjum virkjanaheimildum, annars vegar tilfærslu á Villinganesinu. Þar þurfti ekki að fara fram mat samkvæmt ströngustu túlkun laganna um mat á umhverfisáhrifum. Það er hins vegar gert og gengið út frá því í þessu frv. að sá virkjanakostur skuli fara í mat á umhverfisáhrifum vegna þess að verið er að færa virkjanakostinn til frá Landsvirkjun, það er verið að taka réttinn af Landsvirkjun og færa hann yfir til annars fyrirtækis. Þess vegna fannst mér hárrétt að nota tækifærið um leið hér frá þinginu til að ákveða að nýi aðilinn skyldi þurfa að beygja sig undir það, þrátt fyrir lögin um mat á umhverfisáhrifum, að mat skyldi fara fram vegna þess að verið er að færa réttindin til frá einum aðila til annars.

Í hinu tilfellinu er rétturinn hjá Landsvirkjun. Málið er algjörlega í eðlilegum farvegi. Það er verið að rita frummatsskýrsluna sem er hlutverk framkvæmdaraðilans. Ég treysti mér ekki til að segja til um það á þessari stundu hvenær sú skýrsla verður til. Áætlanir voru uppi um það fyrri hluta hluta vetrar að hún yrði tilbúin um áramót, síðari hluta desember. Það hefur breyst. Það mun taka lengri tíma og sá tími getur verið af hinu góða vegna þess hún verður vandaðri þegar hún kemur fram.

[13:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má a.m.k. gleðjast yfir þeim þroskamerkjum sem er að finna í ræðu hæstv. iðnrh. Drambið sem var einkennandi í umræðum af hans hálfu í lok síðasta árs er að mestu horfið. Við höfum fyrir framan okkur tiltölulega auðmjúkan og vel meinandi iðnrh. sem virðist hafa það ofarlega í sinni forgangsröð að koma þessari virkjun í eðlilegt og lögformlegt umhverfismat, þ.e. nú er ég að tala um Fljótsdalsvirkjun. En hvernig stendur á því að eftir allan þennan orðaflaum sem hefur farið milli manna um tveggja, þriggja klukkustunda skeið, hefur hæstv. ráðherra alltaf skotið sér undan því að svara spurningum sem ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson höfum beint til hans um þetta umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun? Ég spyr hæstv. iðnrh. í fimmta sinn í þremur eða fjórum ræðum sem millum okkar hafa farið. Ég spyr hann í fimmta sinn: Hyggst hann beita sér fyrir því að Fljótsdalsvirkjun verði sett í lögformlegt umhverfismat? Og ef hann hyggst ekki gera það, hvar er þá að finna merki um þann sáttavilja sem hæstv. ráðherra sagði sjálfur í framsöguræðu sinni að væri fyrir hendi hjá honum gagnvart þeim andstæðingum hans sem hann hefur mætt á síðustu mánuðum í umræðum um orkumál og hálendið? Mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra lyki ekki þessu máli án þess að svara þessari spurningu. Ef ekki þá er ég reiðubúinn að vera hér lengi dags og koma með hana fimm sinnum í viðbót.

[13:11]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ræðurnar eru orðnar fimm, þá held ég að ég hafi tekið fram í þeim öllum að málið væri í alveg eðlilegum og löglegum farvegi (**ÖS:** Hyggstu beita þér fyrir því?) vegna þess að framkvæmdaaðilinn á að sjá um að gera frummatsskýrsluna. Frummatsskýrslan er síðan lögð fram og þá kemur fyrst að þeirri ákvörðun hvernig hún verði kynnt, hvort hún fari þá í kynningu samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Að þessari ákvörðun er ekki komið og ég fann að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var alveg rólegur yfir þessu öllu saman, ekki nærri eins órólegur eða a.m.k. miklu rólegri en hv. þm. Össur Skarphéðinsson, vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er með till. til þál. hér í þinginu — hann var að tala fyrir henni áðan — í umhvn., (Gripið fram í.) um að þetta skuli gera. Þess vegna er það svo, hv. þm., að það er ekki iðnrh. að taka ákvörðun um þetta og það hef ég margoft farið hér yfir. Það er Alþingis að taka ákvörðun um það að taka þennan rétt sem Alþingi afhenti Landsvirkjun á sínum tíma. Og ef það á að afturkalla réttindin þarf að taka þau af með lögum frá þinginu.

[Fundarhlé. — 13:13]

[13:50]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka örstutt til máls vegna þessa frv. um raforkuver en ég hef verið áheyrnarfulltrúi í iðnn. Alþingis og fylgst með umræðunni um þessi mál. Mér finnst fremur átakanlegt að hafa setið undir umræðunni og hlustað á ljóðalestur úti á Austurvelli þar sem umhverfisverndarsinnar eru að mæla gegn því að hálendinu verði sökkt og frekari spjöll verði unnin þar þegar hæstv. iðnrh. kemur með enn eitt frv. sitt þar sem á að fara að sökkva fleiri perlum og halda áfram með stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, þessa úreltu atvinnustefnu sem ríkisstjórnin fylgir.

Bent hefur verið á að hér sé um vistvæna orku að ræða en það er ansi slæmt ef þessi vistvæna orka eyðileggur aðra mjög mikilvæga auðlind okkar Íslendinga sem er hálendið.

Það er alveg ljóst að frekari stóriðja mun verða til þess að við förum út yfir Kyoto-bókunarmörkin. Það er vonandi að í framtíðinni verði frekari stórvirkjanir notaðar til þess að framleiða vetni og þá vistvæna orku en því miður virðist vera nokkuð í land með að það sé almennt hagkvæmt.

En burt séð frá því og almennri óánægju minni með þetta frv. er ástæðan fyrir því að ég stíg í pontu fyrst og fremst sú að ég vil fá betur rökstutt hvers vegna á að færa virkjunarrétt vegna Villinganesvirkjunar frá Landsvirkjun sem hefur þegar kostað heilmiklu til vegna rannsókna og annars undirbúningsverks á svæðinu, hvers vegna á að færa virkjunarréttinn frá Landsvirkjun, og þá frá ríkinu, til aðila í Skagafirði sem Rafmagnsveitur ríkisins eiga reyndar aðild að. Ég vek athygli á, eins og fleiri hér, að orðalagið í 1. gr., að veita eigi virkjunarréttinn til Rafmagnsveitna ríkisins eða til félags með aðilum í Skagafirði sem rafmagnsveiturnar eiga aðild að, er mjög óljóst.

Ég velti fyrir mér hvort þarna er í raun og veru verið að flytja virkjunarrétt frá ríki til sveitarfélaganna á staðnum þó að Rarik sé reyndar höfð með og ég velti fyrir mér hvort það er til málamynda eða almennt. Ég vil gjarnan fá svör við því.

Ég reyndi að fylgjast með í umræðum áðan hvernig þetta er rökstutt og í greinargerðinni stendur að það sé fyrst og fremst vegna breyttra áherslna stjórnvalda í raforkumálum. Þar er tiltekið að það sé stefna stjórnvalda að raforka í nýjum virkjunum nýtist fyrst þeim byggðarlögum þar sem hún er unnin. Hvað þýðir það að hún nýtist þar fyrst? Þýðir það að þessi sveitarfélög eigi að eiga þessa virkjun, að þegar breytt stefna kemur til og landsnet og samkeppni — eins og stefnt er að og allir stjórnmálaflokkar hafa komið að þeirri stefnu — þá sé verið að gefa einhverju einu sveitarfélagi virkjun sem ríkið á núna eða virkjunarheimild? Hvað þýðir það að þessum byggðarlögum nýtist fyrst þessi orka?

Í öðru lagi eru þau rök gefin í greinargerðinni að þetta sé til þess að efla atvinnulíf á svæðinu. Ég get ekki séð annað en að það mundi svo sem efla atvinnulíf á svæðinu hvort sem það væri ríkið eða Landsvirkjun sem ætti þessa virkjun eða sveitarfélögin á svæðinu. Mér finnst síðari röksemdin því ekki alveg vera held.

Herra forseti. Nú er alveg ljóst að breytingar eru að eiga sér stað á stefnumörkun í orkumálum, þ.e. það eru nokkur sveitarfélög, t.d. Reykjavík, Reykjanesbær og fleiri, sem eru að verða æ stærri virkjunaraðilar. En þessi sveitarfélög hafa þá kostað töluverðu til sjálf og gert er ráð fyrir því að þegar landsnetið kemur til geti þessir mismunandi aðilar sett orku inn á landsnetið og ákveðin samkeppni verði í raforkumálum.

En ég get ekki séð hvernig þessi breytta stefna réttlætir að einhverjum ákveðnum sveitarfélögum séu gefin einhver réttindi. Reyndar er ekki alveg ljóst að það sé ætlunin af þessu frv., þeim er færður virkjunarrétturinn, reyndar með Rafmagnsveitum ríkisins. Ég átta mig ekki alveg á því hvað þarna er að eiga sér stað því að ég sá meira fyrir mér ef sveitarfélögin í landinu vilja virkja verði þau að standa sjálf í að kaupa sér virkjunarheimildir, kaupa land eða fara út í virkjanir. Ég velti því fyrir mér hvort það er ekki örugglega ætlunin að viðkomandi sveitarfélög og Rarik standi straum af kostnaðinum við virkjunina. Er það réttur skilningur?

Í framhaldi af þessu spyr ég einnig hæstv. ráðherra hvort þarna sé um stefnumótandi ákvörðun að ræða. Má búast við að þetta verði einnig þannig í framtíðinni? Hvað verður t.d. gert varðandi fyrirhugaðir virkjanir á Austurlandi? Er búist við því að sveitarfélögin á Austurlandi fái þann virkjunarrétt til sín fyrst og fremst og jafnvel þurfi að kosta það eða verða þessar mjólkurkýr gefnar sem virkjanirnar eru fyrir sveitarfélögin? Mér finnst ekki alveg skýrt, herra forseti, hvað er að gerast með þessari ákvörðun.

Ég spyr enn og aftur hvort hæstv. iðnrh. sér þetta sem stefnumótandi ákvörðun sem muni vera notuð við fleiri virkjanir og segja þá aðeins nánar frá hvernig hann sér þessa breytingu eiga sér stað að færa virkjunarrétt frá Landsvirkjun yfir til Rarik og sveitarfélaganna. Er verið er að færa ákveðið fé frá ríkinu til sveitarfélaganna? Ég vil fá þetta nánar útskýrt. Þetta er að mínu mati mjög mikilvægt mál sem verður að vera alveg ljóst hvað felur í sér.

[13:58]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gætir örlítils misskilnings í þessu hjá hv. þm. Að langstærstum hluta til eru þeir aðilar sem hafa rétt til að virkja í dag annaðhvort í eigu ríkisins eða sveitarfélaga. Sá sem er með 93% af virkjanaheimildum í landinu er Landsvirkjun, sem er í 50% eigu ríkisins og 50% eigu sveitarfélaga, þ.e. 45% Reykjavíkur og 5% Akureyrar. Þarna er engin breyting á.

Breytingin er þó sú að þetta er stefna. Þetta er stefna núverandi ríkisstjórnar. Ef við horfum á Norðurlandið er það svo að þar þyrftum við að fá inn fleiri sölupunkta, sem kallaðir eru, inn á kerfið til þess að halda jafnari orkunotkun eða orkustreymi á því svæði.

Því er mikilvægt að taka einmitt inn virkjun á þessum stað. Landsvirkjun hefur þennan rétt. Það er alveg ljóst að Landsvirkjun mun ekki sækjast eftir því að fara að virkja á þessum stað fyrst um sinn. Ástæðan er sú að Landsvirkjun er ekki fyrst og fremst að vinna orku fyrir almenna markaðinn. Þetta er ekki hagkvæm virkjun til þess að selja inn í stóriðjuna sem er á lægra verði. Þetta er hagkvæm virkjun til að selja inn á almenna markaðinn.

Það er af þeirri ástæðu að Rarik, því má ekki gleyma, er 100% í eigu ríkisins — ekki sveitarfélaga — fær þennan rétt í samvinnu við heimamenn sem geta í þessu tilviki verið sveitarfélög eða einkafyrirtæki á staðnum. Það er mikilvægt að hafa það í huga eins og kom fram fyrr við umræðuna að árið 2001, ef við höldum þessum rétti og þeim fyrirvörum sem við höfum gert gagnvart Evrópusambandinu, þá verði frá og með þeim tíma alveg sérfyrirkomulag á úthlutun virkjanaheimilda. Þar er um tvær leiðir að ræða sem mér gefst ekki tími til að fara yfir. En ég vil spyrja hv. þm.: Hvaða náttúruperlur eru það sem hv. þm. er að halda fram að verið sé að sökkva samkvæmt þessu frv.?

[14:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ósnortin víðerni hálendisins eru almennt náttúruperlur. (**Iðnrh.**: Þetta er ekki þar. Þetta er einhver misskilningur.) Ákveðinn hluti landsins sem fer undir lón við þessar tvær virkjanir. Ég er að tala um nákvæmlega það.

Að öðru leyti vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, en spyrja hann hvort umræddur tilflutningur á virkjanaheimild sé í fullu samráði og sátt við Landsvirkjun.

[14:01]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið er lagt fram í fullri sátt við Landsvirkjun.

Annað þykir mér verra. Hv. þm. segist sitja sem áheyrnarfulltrúi í iðnn. Mér sýnist að hv. þm. hafi ekki lesið frv. Ég verð að biðja hv. þm. að lesa frv. Þrátt fyrir að hv. þm. sé

ekki í iðnn. þá getur hún engu að síður lesið frv. Villinganesvirkjun er rennslisvirkjun og ekkert lón. Vatnsfellsvirkjun er rennslisvirkjun og ekkert lón, það er skýrt tekið fram. Búðarhálsvirkjun er partur af Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjun. Gert er ráð fyrir því að lón geti orðið á svörtum söndum sem eru sjö ferkílómetrar og þar er lón fyrir. Þetta er bara misskilningur hjá hv. þm. Það er ekki verið að leggja neinar náttúruperlur undir. Þetta eru umhverfisvænustu virkjanir sem í dag er hægt að byggja á Íslandi.

[14:02]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara leiðrétta hæstv. ráðherra. Ég sit ekki lengur sem áheyrnarfulltrúi í iðnn., ég gerði það á síðasta þingi. Vissulega get ég lesið frv. Ég hef gert það og einni virkjuninni fylgir vissulega lón. Það er auðvitað matsatriði hvort svartur sandur er náttúruperla eða ekki. Ég talaði um að almennt væru ósnortin víðerni hálendisins náttúruperlur og fara bæri mjög varlega á þessu svæði. Vissulega geri ég greinarmun á því og Eyjabökkunum. Ég fagna því að hér skuli ekki rætt um það svæði. Samt sem áður er sú stefna, að virkja meira og meira til þess að fullnægja stóriðjustefnunni, mér ekki að skapi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jafnréttislög, 1. umr.

Stjfrv., 498. mál (heildarlög). — Þskj. 810.

[14:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 810 er frv. til jafnréttislaga. Það er þannig til komið að síðasta sumar skipaði ég nefnd og fól henni að endurskoða lög nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Í nefndinni voru Árni M. Mathiesen alþingismaður, Elín R. Líndal, formaður Jafnréttisráðs, Elsa S. Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs, og Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri í félmrn., sem var formaður nefndarinnar.

Nefndin skilaði drögum að frv. sem hér er lagt fram.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru frá árinu 1991 en góðu heilli hafa á þeim skamma tíma orðið miklar breytingar á jafnrétti kynjanna í samfélaginu. Ekki svo að skilja að jafnrétti sé í höfn eða hafi aukist svo að draga beri úr skerpu laganna. Fremur hafa orðið verulegar breytingar á verkefnum og í aðferðafræði í jafnréttismálum frá því að núgildandi lög tóku gildi. Þrátt fyrir gildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur lítið miðað í jafnréttisátt á ýmsum mikilvægum sviðum samfélagsins. Ástæða þótti því til að taka úrræði stjórnvalda í jafnréttismálum til gagngerrar endurskoðunar, þ.e. stjórnsýslulega stöðu málaflokksins og efnisákvæði laganna.

Ríkisstjórnin einsetti sér að taka myndarlega á jafnréttismálum og frv. til jafnréttislaga sem hér er til umræðu er til marks um að það voru ekki orðin tóm. Frv. til jafnréttislaga ætti að geta stuðlað að auknum rétti kvenna á þeim sviðum sem á konur hallar. Einnig ætti það að styrkja rétt karla á þeim sviðum sem karlar hafa haft rýrari rétt. Ef að lögum verður munu þessi jafnréttislög standa vel undir nafni.

Í frv. er lögð áhersla á að jafnréttismál þurfi að vera viðfangsefni beggja kynja, enda hljóta bæði kynin að njóta góðs af auknu jafnrétti í samfélaginu. Fram til þessa hafa konur verið virkari í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna en undanfarin ár hafa karlar kvatt sér hljóðs og krafist réttar síns á eigin forsendum. Sú réttindabarátta styður baráttu kvenna fremur en að hún gangi gegn henni og mikilvægt að sú þróun sé styrkt með lagasetningu. Konum og körlum þarf að skapa jöfn tækifæri til að nýta krafta sína sjálfum sér og samfélaginu til góða. Mikilvægt er að ekki sé mismunað á grundvelli kynferðis. Í þessu sambandi er þó mikilvægt að hafa í huga að sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar getur ekki talist mismunun kynjanna.

Við samningu frumvarpsins var sérstaklega hugað að skyldum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist á grundvelli EES-samningsins. Þá voru alþjóðlegir sáttmálar, framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var í Peking 1995 og norrænt samstarf í jafnréttismálum haft til hliðsjónar við gerð frv.

Helstu nýjungar frv. eru sérstaklega tíundaðar í athugasemdum með frv. Lagt er til að jafnréttismálin heyri áfram undir félagsmálaráðuneytið en sérhvert ráðuneyti skipi jafnréttisfulltrúa sem hafi umsjón með jafnréttismálum á málasviði síns ráðuneytis og verði tengiliður við félagsmálaráðuneytið. Þetta er gert til að styrkja jafnréttisstarf á öllum sviðum samfélagsins, enda varðar jafnrétti kynjanna alla málaflokka ef grannt er skoðað. Það er fjarri lagi að gert sé ráð fyrir að ráða þurfi nýja starfsmenn í ráðuneytin vegna þessa heldur mætti fela einhverjum núverandi starfsmanna ráðuneytanna verkefnið.

Lagt er til að Skrifstofa jafnréttismála, sem samkvæmt núgildandi lögum er skrifstofa Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála, verði sérstök stofnun sem heyri undir félagsmálaráðuneytið og fái skilgreind verkefni. Meginbreytingin sem í þessu felst er að verkefnin sem samkvæmt núgildandi lögum eru á ábyrgð Jafnréttisráðs, sem skipað er fulltrúum hagsmunasamtaka og aðilum vinnumarkaðarins, verða falin stofnun til framkvæmda. Í ljósi þess að undanfarin ár hafa stjórnvöld í síauknum mæli ákveðið eða skuldbundið sig til að sinna ákveðnum verkefnum í jafnréttismálum þykir rétt að leggja til að jafnréttisstofnun stjórnvalda, Skrifstofa jafnréttismála, heyri beint undir ráðuneyti en sé ekki stjórnað af fjölskipaðri nefnd. Samkvæmt frumvarpinu flytjast verkefni Jafnréttisráðs til Skrifstofu jafnréttismála, sem auk þess fær skilgreint eftirlitshlutverk með framkvæmd laganna. Henni er sérstaklega ætlað að örva jafnréttisstarf karla og er enn fremur falið sérstakt sáttahlutverk í ágreiningsefnum sem skrifstofunni berast og varða ákvæði frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir því að Jafnréttisráð sitji áfram, en í breyttri mynd og sinni öðrum verkefnum en nú. Hið nýja Jafnréttisráð verði vettvangur hagsmunasamtaka og þeirra sem vilja leggja sitt af mörkum við stefnumörkun og ráðgjöf í jafnréttismálum. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi þrjá fulltrúa í ráðið að fengnum tilnefningum frá Háskóla Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Þrír fulltrúar í Jafnréttisráði verði síðan kosnir á jafnréttisþingi sem félagsmálaráðherra boðar til annað hvert ár.

Lagðar eru til gagngerar breytingar á jafnréttisþingi, boðun þess, hve oft það kemur saman og á verkefnum. Lagt er til að félagsmálaráðherra boði til þingsins annað hvert ár og þingið kjósi þrjá fulltrúa í Jafnréttisráð. Þá er gert ráð fyrir að

þingið fjalli um tillögu Jafnréttisráðs til ráðherra um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Jafnréttismál þurfa eðli máls samkvæmt í síbreytilegu samfélagi að vera til stöðugrar skoðunar og þess er vænst að breytt skipan jafnréttisþings verði til að gera jafnréttisumræðuna fjörugri, jafnframt því að vera vettvangur þar sem ráðherra og hagsmunahópar geta skipst á skoðunum.

Lagt er til að í stað kærunefndar jafnréttismála verði skipuð úrskurðarnefnd jafnréttismála sem kveða muni upp bindandi úrskurði. Þá eru meðferðarreglur úrskurðarnefndar skýrari og sönnunarreglur fyrir nefndinni þær sömu og fyrir dómstólum. Gert er mögulegt að úrskurðarnefndin geti í samráði við málshefjanda vísað málum til sáttameðferðar hjá Skrifstofu jafnréttismála. Í frumvarpinu er nýtt ákvæði um viðmið við mat á hæfni sem ætti að gera úrskurðarnefndinni og þeim sem til hennar leita auðveldara um vik að leggja mat á hvort um brot á lögum hafi verið að ræða. Ekki er gert ráð fyrir að úrskurðarnefndin, frekar en kærunefnd jafnréttismála, kveði upp úrskurði um bætur vegna fjártjóns eða miska. Sá sem vinnur mál fyrir úrskurðarnefndinni getur stefnt málinu fyrir dóm, krafist staðfestingar á úrskurðinum og grundvallað bótaábyrgð á honum. Sá sem tapar máli fyrir úrskurðarnefndinni getur, ef hann er ósáttur, krafist ógildingar á úrskurðinum og þar með fengið staðfest að hann hafi ekki gerst sekur um brot á jafnréttislögum. Úrskurðarnefndinni er ekki ætlað að standa að málshöfðun fyrir dómstólum eins og kærunefnd er ætlað samkvæmt núgildandi lögum.

Í frumvarpinu er lagt til að stjórnendum stofnana eða fyrirtækja þar sem fleiri en 25 manns starfa sé skylt að gera jafnréttisáætlanir sem taki m.a. til launa og almennra starfskjara.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs er viðfangsefni í norrænni samvinnu, hjá Evrópuráðinu, Evrópusambandinu og hjá Sameinuðu þjóðunum. Með auknum kröfum kvenna um að vera fullgildir þátttakendur í atvinnulífinu og kröfu karla til að fá að njóta fjölskyldulífs hefur jafnréttisumræðan tekið á sig nýja mynd sem gæti skilað okkur í átt til samfélags sem hentar báðum kynjum og tekur tillit til fjölþættra þarfa og langana þegnanna allra.

Í frumvarpinu er kynferðisleg áreitni skilgreind og skilgreindar ákveðnar skyldur atvinnurekenda og skólastjórnenda til að koma í veg fyrir hana, svo og hvernig staðið skuli að meðferð máls komi slíkt upp á vinnustað eða í skóla.

Menntamálaráðherra er í frumvarpinu gert að fara með mál er varða menntun eins og verið hefur, en auk þess félags- og íþróttastarf. Sérstaklega er kveðið á um rannsóknir í kynjafræðum og er það í fyrsta sinn sem slíkt er gert í lögum.

Ákvæði í íslenskri löggjöf um hlut kynjanna í nefndum, stjórnum og ráðum hafa verið mun veikari en annars staðar á Norðurlöndunum og hlutur kvenna í þessum efnum er verulega lakari hér. Í frumvarpinu er lagt til að skerpt verði á ákvæðinu en jafnframt að það taki ekki til félagasamtaka. Um er að ræða sérstakt átak og að tíu árum liðnum er gert ráð fyrir að ekki sé þörf á ákvæði sem þessu í jafnréttislögum.

Í frumvarpinu er sérstakt ákvæði um greiningu tölfræðiupplýsinga eftir kynjum. Og skerpt er á bannákvæðum gildandi laga varðandi kjör, ráðningu, vinnuskilyrði og brottrekstur.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari 1. umr. verði málið sent hv. félmn. til athugunar. Mér er ljóst að þetta mál er seint fram komið og áliðið þings en ég tel að hér sé um merkt og tiltölulega vel unnið frv. að ræða. Ég mundi fagna því mjög ef hv. félmn. treysti sér til að fjalla um það þannig að það hlyti afgreiðslu hér á þinginu fyrir þinglok.

[14:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kýs að koma í stutt andsvar vegna orða félmrh. þar sem ég sé að ég er aftarlega á mælendaskrá í þessu máli og fundi verður ekki fram haldið mjög lengi í dag þannig að væntanlega kemst ég ekki að fyrr en þetta mál verður tekið fyrir aftur.

Vegna þessara orða ráðherrans vil ég taka undir það að málið er afskaplega mikilvægt og sumum okkar mjög kærkomið. Þetta er mál sem Alþingi ætti að ræða mjög ítarlega, helst bæði karlar og konur. Þetta er mál sem á að fá góða umfjöllun í nefnd og góðan tíma og helst eigum við öll að vera sátt við afgreiðslu þess því það er í eðli sínu ekki mál stjórnar og stjórnarandstöðu.

Að þessum orðum töluðum hefði ég kosið að ráðherrann hefði valið það að fulltrúar stjórnarandstöðunnar kæmu að vinnslu málsins. Hann kaus að hafa þetta ekki þannig og þarf ég ekki að rekja það frekar. En vegna þeirra orða minna að stjórnarandstaðan hefur ekki komið öðruvísi að málinu en vera boðuð á fund og vegna þess hve mér finnst þetta mikilvægt mál þá þykir mér miður hve seint það kemur fram. Hins vegar sýnist mér að í frv. séu mörg nýmæli. Þar eru mörg atriði sem mér finnst jákvæð þó að e.t.v. eigum við eftir að ræða og takast á um einhver sérstök, afmörkuð ákvæði frv.

Ég mun leggja mitt af mörkum til þess að hægt verði að vinna málið og ljúka því fyrir þinglok. En öllum ráðherrum sem hafa verið að mæla fyrir málum þessa dagana finnst þeir vera að koma með mjög mikilvæg mál og okkur eru miklar skorður settar þannig að það þarf gott samkomulag og mikla samvinnu til að þetta geti orðið.

[14:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa áhuga á því að málið nái afgreiðslu fyrir þinglok. Þar deilum við áhuga.

Ég vil láta þess getið að þó að stjórnarandstaðan hafi ekki beinlínis átt sæti eða fulltrúa í þeirri vinnunefnd sem endurskoðaði lögin þá var leitað mjög eftir viðhorfi stjórnarandstöðunnar við þessa endurskoðun. Þeir voru kvaddir til þó að þeir ættu ekki sæti í vinnuhópnum.

[14:18]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er vel kunnugt um að fulltrúum þingflokka stjórnarandstöðu var boðið að koma á fund nefndarinnar og koma með ábendingar við gerð þessa frv., koma í eina heimsókn á fund nefndarinnar. Það var viðhorf okkar nokkurra fulltrúa þriggja þingflokka að við töldum þetta ekki ásættanlegt. Við töldum að það góða hefði verið að við hefðum sest niður saman, fulltrúar allra stjórnmálaflokka, til að fjalla um þetta brýna mál. En úr því að þess var ekki óskað þá vildum við koma að málinu í þingstörfunum á þingi. Hitt var ekki fullnægjandi.

Nú er komið að því. Málið er komið inn á þing í þeim búningi sem ráðherra kaus. Nú mun koma að okkur að koma með ábendingar og tilmæli. Ef það er hrein ósk að hér verði

unnið vel og saman að þessu máli og það afgreitt þá er ég alveg sannfærð um og geng fastlega út frá því að hlustað verði á okkar rödd í vinnunni hér og tekið tillit til ábendinga þeirra sem við köllum á fund, séu þær góðs viti, og að við munum vinna saman að breytingum á frv., ef þurfa þykir, og gera það í samvinnu hér í þinginu þó ekki næðist samvinna áður en frv. kom hingað inn. En þessi orð segi ég með mjög jákvæðum formerkjum, herra forseti.

[14:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á þessum síðustu og verstu tímum er reyndar nokkuð flókið að átta sig á hverjir eru í hvaða þingflokki. Það er mikil hreyfing á fólki og þingflokkarnir eru ekki þeir sömu og voru hér að störfum í haust þegar þessi vinna fór af stað. (**RG:** Flestir eru nú enn þá í stjórnarandstöðu.) Ekki allir.

Ég vil ítreka það að þrátt fyrir að það hafi verið formleg afstaða sumra forustumanna í stjórnarandstöðunni að vilja ekki ræða við nefndina sem undirbjó frv. þá þáðu ýmsir stjórnarandstæðingar þetta boð og komu með mjög gagnlegar athugasemdir og ábendingar og á þeim var að sjálfsögðu tekið mark.

Það er svo annað mál að þegar verið er að vinna slíka endurskoðun á lögum þá er alltaf spurning hvað skynsamlegt sé að hafa þann hóp stóran sem á að draga vagninn, þ.e. þegar mjög stórar nefndir standa að endurskoðun eða vinna verkið þá geta menn vafið það meira fyrir sér og vinnan þarf ekki að verða skilvirkari þó að margir séu samábyrgir fyrir að klára verkið.

Hitt er svo aftur mikilvægt að þeir sem eru í fyrirsvari og koma að vinnunni leiti eftir skoðunum annarra.

[14:22]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er komið á dagskrá frv. til nýrra jafnréttislaga. Ég get ekki annað en lýst ánægju minni með að við skulum fá tækifæri til að ræða stöðu þeirra mála og get lýst því hér í upphafi míns máls að ég er að flestu leyti ánægð með frv. Hér er um margvíslegar nýjungar að ræða og ég held að það væri mikill fengur að því að fá frv. samþykkt. En það verður að viðurkennast að tíminn sem við höfum til stefnu er ákaflega stuttur og við verðum að sjá hvernig málið vinnst.

Hér er verið að gera ýmsar breytingar. Það er kannski rétt að minna á að frá því að forveri jafnréttislaganna, þ.e. frv. Svövu Jakobsdóttur, var samþykkt árið 1976 hafa margsinnis verið gerðar breytingar á jafnréttislögunum, síðast árið 1991. Þau lög sem við nú styðjumst við eru frá 1991, en það hafa verið gerðar breytingar á þeim.

Stóra spurningin við jafnréttislögin og það sem mér finnst að við þurfum að glíma við við meðferð þessa frv. er framkvæmdin. Í raun og veru finnst mér framkvæmd jafnréttislaga vera mesti vandinn. Við höfum góð lög og fallegan lagabókstaf en það hefur gengið heldur illa að fá þeim lögum framfylgt. Og það er einmitt vakin athygli á því greinargerðinni, í athugasemdum við lagafrv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Meginástæðan fyrir endurskoðun laganna var tvíþætt, annars vegar þær breytingar sem orðið hafa í jafnréttismálum, jafnt breytingar á verkefnum og aðferðafræði, frá því að núgildandi lög tóku gildi og hins vegar sú staðreynd að þrátt fyrir lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur lítið miðað í jafnréttisátt á ýmsum mikilvægum sviðum samfélagsins."

Þetta er kjarni málsins, hvernig hægt sé að styrkja lagabókstafinn þannig að hægt verði að ýta á framkvæmd laganna. Mér finnst að við þurfum að skoða sérstaklega í vinnu nefndarinnar hvort hér sé gengið nógu langt í því að styrkja framkvæmdina og hvort þær breytingar sem hér er verið að leggja til muni verða til þess að við megum frekar vænta þess að jafnréttislögin verði virt.

Ég tel mjög mikilvægt að í frv. eru komnar nýjar skilgreiningar. Það eru ný markmið. Það er verið að taka skýrar á ýmsum málum, samanber skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Það er verið að herða á ýmsum málum. Ég nefni 12. gr. þar sem sérhverju ráðuneyti er skylt að skipa jafnréttisfulltrúa. Ég held að það sé mjög gott mál að einhverjir í stjórnkerfinu og í ráðuneytunum fylgist með stöðu mála á hverjum stað. Við erum að fjalla annars vegar um stjórnkerfið, það sem snýr að stjórnkerfinu og hlutverki stjórnvalda, og hins vegar það sem snýr að skólunum og vinnumarkaðnum, þ.e. það sem er utan hins hefðbundna stjórnkerfis.

Ég vík fyrst að því kerfi sem hér er verið að koma upp. Það er töluverð breyting á núverandi kerfi og ein af spurningunum sem vakna er: Hvers vegna er verið að breyta kerfinu á þennan hátt og verður þessi breyting til þess að efla umræðuna og gera framkvæmd jafnréttislaganna skilvirkari?

Hér er um það að ræða að Skrifstofa jafnréttismála verður gerð að meiri stofnun en hún er nú. Jafnréttisráð er skilið frá og það fær breytt hlutverk. Eins er kærunefndinni breytt í úrskurðarnefnd jafnréttismála sem fær þá meira vægi. Það hefur einmitt verið einn vandinn að kærunefndin hefur ekki haft vald, hún hefur fellt sína úrskurði en síðan hefur fólk orðið að leita til dómstólanna og þarf þess svo sem áfram ef þeir sem úrskurðirnir snerta verða ekki við eða virða ekki úrskurðina. Auðvitað getur komið til þess í framhaldinu.

Við getum spurt okkur að því hvernig þessi skipting muni reynast. Ég held að það sé einfaldlega best bara að láta á það reyna, sjá hvernig þetta virkar.

Töluverð breyting verður á Jafnréttisráði. Það verður áfram sjö manna ráð en skipað öðruvísi en áður, annars vegar samkvæmt tilnefningum, einn fulltrúi skipaður af ráðherra og síðan þrír kjörnir á jafnréttisþingi. Mér finnst það vera mjög góð breyting. Ég er mjög sátt við það, sátt við að aðilar vinnumarkaðarins fari út og þeir sem raunverulega eru að vinna að þessum málum og hafa áhuga á þeim komi í Jafnréttisráð. Ég held að það sé góð breyting. Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég hef ekki orðið vör við að verkalýðshreyfingin eða Vinnuveitendasambandið hafi lagt jafnréttisbaráttunni mikið lið með setu sinni þarna og stundum lagst á ýmis mál. Það verður bara að segja það alveg eins og er. Og þeir hafa auðvitað ekki áskrift að öllum nefndum og ráðum.

Ég ætla ekki að fara hérna í hvert einasta atriði eða það sem velta má vöngum yfir. Ég velti því aðeins fyrir mér varðandi 3. gr., hvort veita hefði átt einhvers konar lagastoð fyrir karlanefndina. Í 3. gr. um Skrifstofu jafnréttismála segir í e-lið, að það eigi að „auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi" og kannski er það betra og nóg að möguleikarnir séu ýmsir. Það verður forvitnilegt að heyra hvað karlanefndin segir um þetta, hvort hún vildi sjá sín að einhverju getið í lögunum. En auðvitað eru það skrifstofan og Jafnréttisráð sem eiga að koma með tillögur um verkefni og hvers er þörf á hverjum tíma.

Því má velta fyrir sér hvort jafnréttisþingið eigi að vera opið. Ég skil það svo að það sé fyrst og fremst ætlað ýmsum fulltrúum félagasamtaka og annarra. Ég á ekki von á því að áhugasömum yrði meinuð þátttaka og má huga að því hvort það eigi að vera opið en auðvitað snýst þetta um hverjir muni hafa kosningarrétt til þess að kjósa fulltrúa þingsins.

Varðandi 14. gr. þar sem komið er að vinnumarkaðnum, og ég ætla bara að skauta yfir þetta, hæstv. forseti, til þess að koma að launamálunum sem mér finnst vera eitt stærsta málið í þessu öllu saman. Þar segir, með leyfi forseta:

„Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði."

Hvað þetta varðar er ljóst að við eigum mjög langt í land og einmitt þarna vaknar spurningin um hvernig hægt er að fylgja málum eftir. Hvaða stöðu hafa Skrifstofa jafnréttismála, jafnréttisþingið og úrskurðarnefndin til þess að ýta á vinnumarkaðinn? Ég verð að segja það sem skoðun mína og það er tilfinning mín að búið sé að koma mjög skýrt til skila út í samfélagið því atriði að konur eigi að vera fulltrúar. Konur eigi að vera á þingum, í sveitarstjórnum og víðar þar sem þær sinna fulltrúahlutverki en hvað varðar stöðu kvenna á vinnumarkaði eigum við gríðarlega mikið óunnið. Því finnst mér að það þurfi að huga mjög rækilega að því hvernig hægt er að fylgja nákvæmlega þessari grein betur eftir.

Í framhaldinu segir: „Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun til þriggja ára í senn." Þetta finnst mér vera gott ákvæði og þarf að fylgja því eftir að fyrirtækin geri þetta.

Í 17. gr. er komið inn á samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Ég var einmitt fyrir tveimur dögum að mæla fyrir tillögu sama efnis þar sem ég var að reyna að skilgreina þessi verkefni og hvað átt væri við með þessu og þarna er einmitt annað atriði sem þarf að beina mjög sterklega til vinnumarkaðarins og fylgja eftir.

Varðandi menntun og skólastarf er það skoðun mín að þar sé líka mjög margt óunnið, en öll þessi atriði eru í samþykktri framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum en enn og aftur kemur að þessu sama: Hvernig er lögunum framfylgt? Hvaða tæki hefur ríkisvaldið til þess að fylgja þeim eftir? Það er fyrst og fremst það sem á skortir.

Ég ætla ekki að víkja að fleiri atriðum nema því sem snertir launamálin og launajafnrétti. Það hefur lengi verið í jafnréttislögum og er reyndar í mun eldri lögum ákvæði þess efnis að greiða beri körlum og konum sömu laun fyrir sömu vinnu eða jafnverðmæt störf eins og það hefur jafnan verið orðað síðan. Ef ég man rétt eru fyrstu lögin frá 1961 og voru flutt af Hannibal Valdimarssyni. Hann var baráttumaður jafnréttis og er ágætt að minnast þess.

En þó að svo lengi hafi verið ákvæði í íslenskum lögum er langt í frá að hér ríki launajafnrétti. Nýlega birtist yfirlit frá Þjóðhagsstofnun um tekjur, eignir og dreifingu fyrir árin 1996 og 1997 þar sem dregið er út úr skattframtölum hvernig staðan er núna. Það er alveg ömurlegt að horfa á þessi línurit. Á tímabilinu frá 1980–1997 hefur varla orðið nokkur breyting, á 18 eða 19 ára tímabili er breytingin sáralítil. Hún er þó aðeins hvað varðar meðaltalið, að hlutfall atvinnutekna kvenna, miðað við tekjur karla, hefur hækkað úr 46,6% í 52,2%. Auðvitað er um að ræða meðaltöl, þetta er óháð vinnutíma, þetta eru bara hrein og klár meðaltöl. Við vitum að í þessum tölum er munur sem er ekki hægt að skýra með neinu öðru en kynferði og er óþolandi að þetta skuli viðgangast ár eftir ár. Ég minni á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ákvæði þess efnis að á því kjörtímabili sem nú er alveg að renna út skuli sérstaklega unnið að því að útrýma launamisrétti kynjanna en ég fæ ekki séð að nokkur skapaður hlutur hafi gerst í því.

Ég hef stundum minnst á það, oftar en einu sinni, að hér eru aldagömul lögmál á ferðinni og þegar við förum aftur til 13. aldar var launahlutfallið mjög svipað. Það var mjög svipað um síðustu aldamót og það er svona enn. Það er eins og hinn frjálsi markaður eða aðilar vinnumarkaðarins eða ríkisvaldið leitist mjög við að viðhalda þessum mun. Þetta er einn af strúktúrum samfélagsins sem virðist vera óskaplega erfitt að breyta en er hægt að breyta og það hefur verið gert í öðrum löndum. Hér þarf að taka rækilega á og fyrst og fremst með því að ríki og sveitarfélög gangi á undan með góðu fordæmi og jafni þennan launamun en því miður hefur hann aukist. Kannanir sýna að hann hefur aukist og ekki síst hjá þeim sem hafa meiri menntun.

Í þessu línuriti Þjóðhagsstofnunar er mjög athyglisvert að laun einhleypra kvenna hækkuðu á tímabili, þær voru að nálgast karlana heldur meira en síðan tók þetta hlutfall að lækka. Á síðustu árum hefur hlutfall þeirra launa sem einhleypar konur hafa lækkað og það eru konur ábyggilega að mestu leyti í fullu starfi því að ég hygg að afar fáar einhleypar konur geti leyft sér að vera í hálfu starfi og hvað þá einstæðar mæður. En þegar við horfum á allar konur og alla karla er staðreyndin sú að launabilið hefur aukist og þeim konum fjölgað sem eru í fullu starfi og hlutur hlutastarfanna hefur verið minnkandi.

Ég vildi vekja sérstaka athygli á þessu, hæstv. forseti. Mér finnst þetta vera eitt brýnasta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir í baráttu kvenna fyrir jafnri stöðu og bættri stöðu. En það virðist þokast ákaflega lítið og jafnvel aftur á bak í sumum efnum. Mjög margt spilar þarna inn í en við hljótum að bera okkur saman við aðrar þjóðir og þar erum við einfaldlega aftar á merinni. Við erum aftar á merinni en bæði Norðurlandaþjóðirnar og Bandaríkin, þar sem ég þekki til, þar sem þetta hlutfall er töluvert hærra og þetta kynbundna launamisrétti eða launamunur er minni en hér. Hann er þó til staðar því að við erum að tala um alþjóðlegt fyrirbæri sem er þessi launamunur kynjanna sem, eins og ég nefndi áðan, á sér aldagamlar rætur. Við þurfum þess vegna að velta því rækilega fyrir okkur í þeirri yfirferð sem fram undan er um þetta frv. hvernig hægt er að sjá til þess að þessum lögum verði betur framfylgt en hingað til.

Eins og ég hef áður sagt finnst mér að þær breytingar sem verið er að leggja til séu allar til bóta. Ég get ekki látið hjá líða að nefna að það er t.d. verið að taka hér upp sektir, sem er nýmæli, og er þá hægt að dæma aðila í sektir sem brjóta jafnréttislögin. Gaman verður að sjá hvort þessari lagagrein verður beitt í framtíðinni.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti. Fróðlegt verður að sjá hvaða viðbrögð þetta frv. fær og hvaða athugasemdir koma fram. En ég vil hafa það lokaorð mín að ég tel að hér sé um það mörg nýmæli og merk að ræða að það væri mjög til bóta að við næðum að afgreiða þetta frv. fyrir vorið en því er ekki að leyna að það er mjög seint á ferðinni.

[14:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Dapurlegt er að heyra fulltrúa Kvennalistans sáluga lýsa því yfir að staðan hafi ekkert batnað þrátt

fyrir að Kvennalistinn hafi starfað í 20 ár og enginn árangur er af þessu mikla starfi. Sömuleiðis hafa öll lög og reglur verið fínkembd til að finna hvort einhvers staðar sé mismunun og ég held að hvergi sé að finna neina mismunun. Maður kynni jafnvel að halda þegar maður hlustar á hv. þm. að launamisréttið sem er búið að vera viðvarandi frá 13. öld eftir því sem hún gat um sé nánast náttúrulögmál í augum hennar.

Í huga mínum er það ekki náttúrulögmál. Eins og ég hef lýst því mörgum sinnum eru menn að ráðast á afleiðingu einhvers en ekki orsökina. Menn eru sem sagt að breyta hitamælinum þegar sjúklingurinn er með hita en ekki að finna út hvort hann er með kvef eða lungnasjúkdóm.

Ég spyr hv. þingmann: Verður hún ekki hugsi? Getur ekki verið að hún sé bara að ráðast á afleiðinguna en ekki orsökina? Getur ekki verið að grundvöllur allrar baráttunnar sé rangur?

[14:42]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þótt ég hafi yfirgefið Kvennalistann fyrir rúmlega ári er ég þeirrar skoðunar að hann hafi unnið mikið og þarft verk og hafi m.a. áorkað því að konum hefur fjölgað mjög á þingi og í ríkisstjórnum, auk þess sem ýmis mál sem Kvennalistinn bar fyrir brjósti hafa verið samþykkt í gegnum árin. Ég er því algjörlega ósammála þingmanninum hvað það varðar að ekki hafi náðst árangur. Það hefur náðst mikill árangur en ekki í launamálum.

Ég var að tíunda að við ættum mikið verk óunnið í launamálum. Og við eigum það á ýmsum öðrum sviðum. Við eigum það varðandi ofbeldi og við eigum ýmislegt óunnið í skólunum og líka gagnvart karlmönnum, karlmennskuímyndinni og ýmsu fleiru. Það er mikið verk óunnið.

Hvað það varðar að grundvöllurinn sé rangur vil ég minna á að skipulögð kvennabarátta hefur staðið í meira en 200 ár, ef við miðum við frönsku stjórnarbyltinguna, og hún hefur tekið á sig ýmsar myndir og ýmsar áherslur verið uppi eftir löndum og eftir því hvernig staðan hefur verið á hverjum tíma. Ég held að hv. þm. verði að skýra þessi orð sín betur, hvað hann eigi við með því að grundvöllurinn sé rangur.

Við stóðum einfaldlega frammi fyrir því fyrir 200 árum að konur nutu nánast engra mannréttinda. Barátta kvenna í þessi 200 ár hefur meira og minna gengið út á að vera viðurkenndar sem þegnar samfélagsins, geta unnið fyrir sér, fá að ráða eigin lífi. Því miður er það svo að í stórum hlutum heimsins er mjög mikið verk óunnið. En við stöndum þó heldur feti framar en flestar konur heimsins en við eigum líka margt óunnið.

[14:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Sumt fólk hefur fundið sannleikann. Og það þarf ekki að spyrja. Sannleikurinn er þarna og síðan skal honum haldið fram hvað sem á dynur.

Ég tel mjög mikilvægt að þegar hv. þm. kemst að því að það er enn þá nánast sama staða og fyrir 20 árum, að hún velti kannski vöngum yfir því hvort sannleikurinn sem hún heldur fram sé hugsanlega rangur og hún fari að spyrja spurninga. Getur verið að eitthvað annað valdi þessu? Það finnst mér mjög mikilvægt. Og að tala um að það séu 200 ár síðan þessi barátta hófst. Það eru 200 ár síðan baráttan fyrir frelsi einstaklingsins hófst, fyrir mannréttindum einstaklingsins, ekki bara kvenna. Það skyldi ekki vera að við séum í rauninni að berjast fyrir jafnrétti fólks en ekki jafnrétti kvenna?

[14:45]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef heyrt þessa ræðu þingmannsins nokkuð oft. Hann hefur iðulega komið inn á þetta mál. (**PHB:** Ekki skilið hana.) Nei, það er vegna þess að hv. þm. skilur ekki hvernig þjóðfélagið er upp byggt og á hvaða sögulega og siðferðilega grunni við byggjum. Andstæður í þjóðfélaginu eru margvíslegar. Við getum horft á ýmsa hópa í samfélagi okkar og við þurfum alltaf að gæta þess að tekið sé tillit til þeirra. Andstæðurnar birtast m.a. í því sem snýr að körlum annars vegar og konum hins vegar. Við gætum eins talað um fatlaða, þá sem hafa orðið undir í þjóðfélaginu, bændur o.s.frv. Við þurfum að skoða ýmsa hópa.

Ég er hins vegar ekki sammála hv. þm. um mannréttindabaráttuna. Hún hófst miklu fyrr meðal karla. Það má m.a. sjá á því þegar Englendingar hálshjuggu konunginn 1688 eftir mikla baráttu sem þá hafði staðið um lýðréttindi, réttinn til þess að stjórna. Sú barátta hafði lengi staðið yfir án þess að mönnum fyndist hún koma konum nokkurn skapaðan hlut við. Það tók býsna langan tíma að fá viðurkennt að mannréttindi, rétturinn til þess að sjá fyrir sér, til að ráða yfir launum sínum, til að hafa einhver áhrif á uppeldi barnanna sinna eða yfirleitt að ráða yfir þeim, kæmi konum nokkurn skapaðan hlut við. Við erum þannig að tala um mjög gamlar hefðir og þjóðfélagsskipan sem á rætur sínar að rekja langt aftur í aldir. Það hefur og mun kosta konur mikla baráttu að öðlast þann rétt að ráða lífi sínu sjálfar, geta ráðið hvað þær eru og hvað þær gera.

[14:48]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ánægjuefni að hér skuli liggja fyrir stjfrv. til nýrra jafnréttislaga. Það er sannarlega tímabært að endurskoða lög sem sett voru 1991 eftir nokkra endurskoðun á lögum, sem mig minnir að hafi verið sett 1986, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Ég er ekki með öllu ókunnugur vinnunni að löggjöf þeirri sem nú er í gildi þar sem ég átti sæti í nefndinni sem fór yfir lögin sem samþykkt voru 1991, kom inn í þá vinnu eftir að hún var hafin. Ég held að ég fari ekki rangt með að ég og fleiri sem komu inn í málið lögðum inn nýjar hugmyndir og nokkuð róttækar miðað við þær sem fyrir voru í nefndinni sem hóf endurskoðunina. Þetta varð til þess að breytingar urðu meiri á löggjöfinni 1991 en ella hefði orðið.

Ég á í fórum mínum minnisblað sem ég lagði fyrir nefndina þegar ég kom inn í hana frá 1. desember 1988 og er fróðlegt að skoða hvað gekk fram af þeim hugmyndum og reyndar hugmyndum annarra nefndarmanna. Mér fannst menn svolítið hæggengir í sambandi við endurskoðun laganna sem voru lögfest 1991. Hér er að sumu leyti verið að stíga skref sem voru þá til umræðu en fengust ekki samþykkt. Þáv. hæstv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir mat það svo að ekki væri fært að ganga lengra, sjálfsagt vegna þess að hún hefur talið að ekki væri hægt að koma meiri breytingum fram í ríkisstjórninni sem þá sat. Mér þótti sem stíga hefði mátt stærri skref en gert var árið 1991. Því er ánægjuefni að sjá við þessa endurskoðun tillögur um atriði sem einmitt voru til umræðu fyrir átta til tíu árum og þóttu á þeim tíma ganga lengra en hægt væri að stíga. Mér sýnist að margt í þessu frv. sé til bóta og almennt sé um jákvætt mál að ræða þó ekki sé orðið við öllum hugmyndum sem kannski hefðu átt rétt á sér við endurskoðun laganna nú. Ég mun koma að því síðar.

Almennt tel ég að í málum sem þessum sé brýn nauðsyn á því að leita stöðugt og vera stöðugt á verði um jafna stöðu kynjanna. Sérstaklega er nauðsynlegt að bæta stöðu þeirra sem lakar standa í þeim efnum. Fáir neita því að það halli á konur og hafi lengi gert. Af þeim sökum hafa í jafnréttislöggjöf okkar verið ákvæði sem flokkast undir svonefnda jákvæða mismunun til að reyna að bæta stöðu þess kynsins sem stendur langtum hallari fæti í samfélaginu. Út frá því sjónarhorni hef ég viljað skoða þessi mál þó að ég hafi alla samúð með því sem lýtur að því að karlar haldi sínum eðlilega rétti. Umfram allt eiga þeir að vera virkir þátttakendur í að ná fram þeim jákvæðu markmiðum og þeim þjóðfélagsumbótum sem felast í jafnri stöðu kynjanna.

Það varðar auðvitað bæði kynin og skiptir meginmáli fyrir þokkalega þróun í samfélaginu að konur séu þar þátttakendur eða hafi til þess aðstöðu jafnhliða því að geta notið sérstöðu sinnar. Auðvitað hafa kynin sína sérstöðu, líffræðilega og samfélagslega, sem tengist verkaskiptingu kynjanna þó ekki sé nema hinni líffræðilegu og uppeldishlutverki móðurinnar sem í gegnum aldirnar og árþúsundin hefur verið veigameiri þáttur í uppeldi kynslóðanna en hjá körlum á aðalmótunarskeiði barna. Ekki er nema eðlilegt að viðurkenna það þó hitt sé jafngilt og nauðsynlegt, að karlar komi þar að málum og geti lagt sitt til. Við tökum eftir því að menn hafa áhyggjur af því að í uppeldisstarfi, m.a. í skólum landsins, en hlutverk skóla í uppeldi hefur farið vaxandi allt frá leikskóla, skortir nokkuð á að karlar komi að málum sem starfsmenn. Að sjálfsögðu ber að stuðla að fjölgun karla í þeim störfum.

Þetta er sá bakgrunnur sem ég skoða þessi mál út frá. Ég vil leggja því lið að þetta frv. fái vandaða meðferð. Ég tel að við gerðum vart annað mikið betra með tíma okkar á Alþingi en að koma frv. í lagaform og til samþykktar ef kostur er. Það ræðst auðvitað af því hvernig gengur í vinnu hv. félmn. að þoka málum fram. Menn mega auðvitað ekki rasa um ráð fram í þeim efnum. En mér sýnist það vel að undirbúningi málsins staðið að gera mætti sér vonir um að hægt verði að lögfesta málið. Ég hef hins vegar þennan fyrirvara: Það hlýtur að vera háð því hvernig landið liggur að mati félmn. við nánari athugun málsins.

Virðulegur forseti. Þá vík ég að þingmálinu, að frv. Það mætti kalla tvíþætt, þ.e. annars vegar stjórnskipunin og hvernig búa á að henni, hvaða breytingar eru þar á ferðinni. Hins vegar eru þar ákvæði frv. til þess að tryggja jafnstöðu og jafnrétti þar sem um ýmis nýmæli er að ræða.

Hvað yfirstjórnina snertir þá get ég tekið undir þá meginhugsun sem hér er þó að ég hafi tilkvaddur, á vettvangi nefndarinnar sem endurskoðaði þetta frv., sett hugmyndir mínar svolítið óðruvísi fram. Kannski er rétt að ég nefni það hér. Mér finnst að kannski hefði verið réttmætt að útfæra á annan hátt, þ.e. að til yrði það sem við kölluðum jafnréttisstofnun, að ráðuneytið hefði sína skrifstofu eins og það hefur skrifstofu til þess að vakta mál og stýra starfsliði en jafnframt yrði til jafnréttisstofnun sem að nokkru leyti er komin í búningnum Skrifstofa jafnréttismála. Eins og fram kom hjá ráðherranum sem talaði fyrir málinu þá er það ígildi stofnunar. Ég skil því ekki hvers vegna það má ekki heita stofnun en það skýrist kannski við umræðuna. Ég hefði haldið að fullt efni væri til að setja á fót jafnréttisstofnun sem hefði á einum stað innan sinna vébanda þá aðila sem sinntu þessum málum.

Hluti af jafnréttisstofnun samkvæmt mínum hugmyndum væri umboðsmaður jafnréttismála. Ekki hefur verið horfið að því ráði að taka þá hugmynd upp, sem lá fyrir í frumvarpsbúningi á síðasta þingi og næstsíðasta, að sett yrði á fót embætti umboðsmanns jafnréttismála. Ég óska eftir skýringum á því frá hæstv. ráðherra, hvað hann telji að mæli gegn því. Ég býst við að það þurfi enn eina endurskoðun laganna til að það kerfi verði tekið upp sem ég lagði til 1988 í þáverandi endurskoðunarnefnd. Það er form sem tekið hefur verið upp á Norðurlöndunum með góðum árangri, er að setja á fót embætti umboðsmanns jafnréttismála.

Í jafnréttisstofnun ætti einnig að vista kærunefndina þannig að hún sé sjálfstæð og óháð, að hún sé þá í nágrenni við aðra. Fræðslu- og rannsóknasvið á þessum vettvangi ætti að vera einn afkiminn í jafnréttisstofnun. Fræðsla og rannsóknir eru gífurlega þýðingarmiklar í sambandi við þessi mál og ekki síst tengt þeirri stefnu sem kennd er við samþættingu eða „mainstreaming", að þetta nái inn á öll svið og hvernig þar megi ná árangri. Þar væri séð um tengsl við rannsóknarstofnanir innan lands og erlendis og jafnréttisráðgjafarnir mundu eðlilega tengjast slíku sviði.

Þarna væri einnig að finna Jafnréttisráð sem gert er ráð fyrir að viðhalda í breyttu formi. Ég get alveg fallist á að það sé ágætt mál að gefa því meira svigrúm eins og hér er gert ráð fyrir og losa það undan því stjórnsýsluhlutverki sem því hefur verið búið í lögum og ég hefði viljað sjá þegar fyrir átta eða tíu árum síðan að yrði breytt eins og nú er verið að gera. Síðan hefði þarna verið almenn skrifstofa til þess að þjóna þessu öllu saman inni í þessari stofnun.

Það væri ágætt að hæstv. ráðherra gerði okkur aðeins grein fyrir því hvernig þessi skrifstofa sem e.t.v. er ætlað að vista í Tryggvagötu eða í húsakynnum ráðuneytisins — ég átta mig ekki á því hvar þessu verður fyrir komið — en það væri ágætt að hæstv. ráðherra greindi okkur frá því hvar eigi að vista þessa skrifstofu og hvernig tengslin eru hugsuð í samskiptum við ráðuneytið. Er þetta hugsað sem sjálfstæð stofnun. Af hverju er þetta kallað „skrifstofa", hvað veldur því? Þetta býður upp á svolítinn misskilning finnst mér vegna þess að ráðueytin eru deildaskipt og þar eru skrifstofur. Þetta er svolítið óvanalegt miðað við okkar uppbyggingu hér. Þetta skýrist væntanlega við umræðuna. Ég sakna sem sagt umboðsmanns jafnréttismála inn í þetta kerfi.

Ég tek undir það sem verið er að gera varðandi kærunefndina. Það er verið að gera úrskurði hennar endanlega og það er skref sem var til umræðu við fyrri endurskoðun fyrir um áratug síðan. Ég tel að það sé ágætt mál. Ég tek undir þá tilraun sem hér er meiningin að gera með Jafnréttisráð þó að ég hafi kannski vissar efasemdir um að sú tilraun nái því flugi sem hún þyrfti að gera en það er auðvitað undir þeim komið sem þar verða til kvaddir og það er undir aðbúnaði að því komið. Ég óttast svolítið að með þeirri breytingu sem hér er verið að gera kunni fjárveitingavaldið að skammta naumt til starfa Jafnréttisráðs eins og gert hefur verið varðandi Náttúruverndarráð sem á samkvæmt gildandi náttúruverndarlögum að hafa heilmikið hlutverk en er gersamlega vængstírt að því er varðar alla aðstöðu og fékk ekki einu sinni að ráða starfsmann eða tryggan starfsmann í lögum og er þannig sem sagt að því búið að það getur ekki rækt sitt hlutverk. Þarna er ákveðin hætta sem ég vil vara mjög við að því er varðar Jafnréttisráð og þessa tilraun sem verið er að gera í þeim efnum.

Samkvæmt gildandi löggjöf var sett á fót jafnréttisþing. Ég hef setið slíka samkomu. Það var skemmtileg samkoma. Vonandi tekst að gera það að lifandi þætti í mótun jafn-

réttismála og að þeir aðilar sem geta keppt eftir sæti í Jafnréttisráði hinu breytta, muni eiga líflegt samstarf við þá sem eru tilnefndir í ráðið. Ég ætla ekki að vera að gera neinar athugasemdir við það á þessu stigi mála. Það er alltaf matsatriði hvað á að tryggja mörgum aðild með tilnefningu og hversu marga á að kjósa. Það mega ekki vera færri en gert er ráð fyrir í frv. Það mættu vera fleiri kosnir á jafnréttisþingi.

Eitt er það sem mér finnst kannski skorta aðeins á varðandi tengsl inn í þetta kerfi og það eru jafnréttisnefndir sveitarfélaga. Ég held að mjög mikilvægt sé að samskipti séu örugg og boðleiðir góðar þar á milli. Jafnréttisnefndir sveitarfélaga hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna og þar þurfa að vera trygg og góð samskipti milli aðila. Ég tók, held ég, svo eftir að það væri t.d. ekki kveðið á um það að jafnréttisnefndir sveitarfélaga ættu beina aðild eða sjálfsagða aðild að jafnréttisþingi. Og ég spyr: Er ekki hugmyndin að jafnréttisnefndir sveitarfélaga eigi örugga aðild á jafnréttisþingi? Ég teldi að full ástæða væri til að kveða á um það, jafnþýðingarmiklu hlutverki og jafnréttisnefndir sveitarfélaga hafa að gegna. Mér sýnist einmitt að aðgengið eigi að vera í gegnum jafnréttisþingið.

Ég hefði gjarnan viljað gefa ábendingar ýmis atriði um en kýs þó við 1. umr. að tala mjög almennt um málið eins og meiningin er með 1. umr. um frumvörp. Þó mun ég koma nokkrum atriðum til nefndarinnar um orðalag og slík atriði sem geta boðið upp á misskilning sem þyrfti að skoða betur. Það er ekkert stórvægilegt af þeim toga en nokkuð smálegt sem staldrað er við við yfirlestur. Í sambandi við málsmeðferð og úrskurðarnefnd jafnréttismála sé ég að gert er ráð fyrir því að úrskurðarnefndin getur að höfðu samráði við málshefjanda sent mál til sáttameðferðar hjá Skrifstofu jafnréttismála. Þetta kann að vera ágætis tilraun til þess að fara ekki að ástæðulausu í málarekstur. En mig langar að biðja hæstv. ráðherra um útlistun á því hvernig þetta er hugsað. Nú er Skrifstofa jafnréttismála stjórnsýslustofnun undir ráðuneytinu eða í ráðuneytinu, hvernig sem því er nákvæmlega fyrir komið. Hvernig á að standa að þessari sáttagerð? Fær framkvæmdastjórinn það hlutverk að reyna að sætta aðila, ganga á milli eða hafa menn þar í huga eitthvert ákveðið form?

Ég sé að ég hef merkt við í 6. gr. þar sem er viðmið á mati á hæfni. Það er verið að meta hæfni samkvæmt tilsettum greinum laganna og þar segir: „... samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu.“ Þarna er óljóst orðalag sem ég bið um að litið verði á í þingnefnd.

Hér er ákvæði í 9. gr. um jafnréttisþingið sem á að taka til að loknum alþingiskosningum. Ég hef þegar nefnt jafnréttisnefndir sveitarfélaga. Þar segir: „Jafnréttisþing er vettvangur þeirra sem fjalla um jafnréttismál.“ Síðan er gert ráð fyrir að settar verði reglur um þetta og það skiptir máli að þær verði vandaðar og vel útfærðar.

Virðulegur forseti. Ég sé að tími minn er þrotinn. Ég bendi að lokum á 10. gr. Hún er um áætlun í jafnréttismálum þar sem gert er ráð fyrir að það sé hlutverk Jafnréttisráðs að móta þær tillögur og það á að sundurliða framkvæmdaáform og áætla fjárveitingar til einstakra verkefna sem tengjast jafnréttismálum. Ég spyr um þessar fjárhagsáætlanir: Er um að ræða þörf eða er beinlínis ætlunin að reyna að festa fjárveitingar í sessi í gegnum þessa áætlun og meðferð hennar, samspilið sem sagt við fjárveitingavaldið sem skiptir auðvitað mjög miklu máli inn í þetta samhengi?

Að lokum, virðulegur forseti. Í niðurlagi 21. gr. segir:

„Ákvæði 2. og 3. mgr. fellur sjálfkrafa úr gildi að liðnum tíu árum frá gildistöku laga þessara.“

Það er um þátttöku í nefndum og ráðum. Ég veit ekki hvort þetta er þjóðráð, en maður staldrar við. Ég hef aldrei séð svona fyrirmæli í lögum þar sem menn hugsa tíu ár fram í tímann í þessum efnum. Kannski víkur hæstv. ráðherra að því í sínu máli hvernig þetta snjallræði var fundið út. Gera menn ráð fyrir að þá verði þetta er komið í skikkanlegt horf? Það er vonandi að svo verði.

[15:09]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið til umræðu á hv. Alþingi. Ég tel að það sé mikil bót enda eru í því fjölmörg nýmæli eins og komið hefur fram í framsögu hæstv. félmrh.

Ég tel að frv. standi núgildandi lögum langtum framar. Það kom mér eiginlega á óvart þegar við sem sátum í nefndinni hófum þetta starf hversu sú lagasmíð sem núgildandi lög eru, er léleg, sérstaklega miðað við það hversu ung þessi lög eru. Það stakk í augun að mínu mati hversu léleg lagasmíð þau eru. Ég tel mjög mikla bót að þessu frv. og vona að það verði fljótt að lögum.

Í frv. er sérstaklega tekist á við það að reyna að ýta við fólki, reyna að fá fólk til þess að hugsa um þessi mál og sjá hvað betur megi fara og reyna þannig að breyta bæði hugsun og atferli einstaklinganna því að það er einasta leiðin til árangurs í jafnréttismálum. Það að við förum sjálf að hugsa og hegða okkur öðruvísi en við höfum gert fram til þessa.

Til þess að ná m.a. þessu marki hefur verið leitað í smiðju til málaflokks umhverfismála en eins og hv. alþingismenn vita sjálfsagt þá hefur orðið gríðarleg breyting í hugsun og afstöðu manna til þess málaflokks og má það sérstaklega þakka grasrótarstarfi og tengingu stjórnsýslunnar við grasrótarstarf og þau áhrif sem þar hafa getað verið á báða bóga. Þar hefur verið um tvístefnu að ræða. Stjórnsýsla og grasrótin hafa starfað saman og náð að breyta heilmiklu í þeim málaflokki. Af þeirri reynslu sprettur sú hugmynd að hafa Jafnréttisráð og jafnréttisþing þar sem Jafnréttisráð er að hluta til kosið af þinginu og þingið haldið reglulega með mjög breiðri aðild þeirra sem að málaflokknum koma og ég held að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af því að jafnréttisnefndir sveitarfélaganna fá ekki trygga og örugga aðild að jafnréttisþingi. Ef hann vill leita að tilvísun í texta frv. þá held ég að það sé vandalaust að skilgreina jafnréttisnefndir sveitarfélaganna sem stofnannir og þá stofnanir sem fjalla um jafnréttismál. (**HG:** Það mætti nú nefna þær.)

Það er annar málaflokkur sem breyst hefur mikið á undanförnum árum og það eru samkeppnismálin en það er einmitt leitað í smiðju til samkeppnismálanna þegar kemur að úrskurðarþættinum þar sem nafni kærunefndarinnar er reyndar breytt í úrskurðarnefnd. Þetta er málaflokkur sem hefur orðið gríðarlega mikilvægur á síðustu árum og um mörg mál hefur þurft að fjalla í samkepppniráði og úrskurðarnefnd þar hefur þurft að fjalla um þau. Ég held að þessi starfsemi hafi skilað mjög góðum árangri í okkar þjóðfélagi. Það er miklu virkari markaður hér, samkeppni miklu meiri og það hefur haft áhrif á það að vöruverði hefur verið haldið niðri. Ég held því að full ástæða sé til þess að leita á þessi mið til að finna aðferðir sem eru vænlegar til árangurs í jafnréttismálum. Það er gert í þessu tilfelli. Það er auðvitað ekki allt tekið upp óbreytt

því að reynt er að læra af reynslunni. Það er t.d. óþarft að mínu mati að vera með tvö úrskurðarstig í stjórnsýslunni því að auðvitað kemur svo dómstólaleiðin með sínum tveimur dómstigum til viðbótar.

Það sem ég tel einnig skipta mjög miklu máli í frv. er sú áhersla sem lögð er á hlutverk karla í jafnréttismálum og þá það sérstaklega að breytingar á stöðu kvenna verða ekki nema að einnig verði breytingar á stöðu karla. Þetta tengist auðvitað mest fjölskyldumálunum, enda er mikil áhersla lögð á fjölskylduna í frv. og þá sérstaklega þann þátt sem lýtur að því að tengja saman fjölskyldu og atvinnulíf og er óskandi að þær vonir gangi nú eftir sem a.m.k. þeir er í nefndinni störfuðu sem frv. samdi hafa til þeirra áhrifa sem frv. mun hafa ef það verður að lögum.

Ég tel mjög jákvætt við frv. að hér er ekki verið að koma á fót nýjum stofnunum. Þær stofnanir sem gert er ráð fyrir að starfi samkvæmt þessum lögum eru allar til í dag. Þær heita kannski í sumum tilfellum aðeins öðrum nöfnum og hafa svolítið önnur hlutverk. En það er ekki verið að búa til nýjar stofnanir. Eldri stofnanir eru færðar í nýjan búning. Þeim er gefið nafn sem lýsir betur þeirri starfsemi sem þarf að fara fram og starfsemin er skilgreind nánar.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist sérstaklega í sinni ræðu á umboðsmann jafnréttismála og því er ekki að neita að þetta var til umræðu í nefndinni er samdi frv. Niðurstaðan varð sú að koma ekki á fót nýju embætti eða nýrri stofnun. Það held ég að hafi verið rétt. Því hlutverki sem umboðsmanni jafnréttismála er alla jafnan ætlað er fundinn staður í þeim stofnunum sem frv. gerir ráð fyrir, sérstaklega í Skrifstofu jafnréttismála. Ég held að við eigum ekki að hengja okkur í nöfn á einstökum stofnunum. Það er hlutverki stofnunarinnar sem skiptir mestu máli. Auk þess höfum við umboðsmann Alþingis og ef við förum að hrúga niður umboðsmönnum þessa og hins út um allar jarðir í stjórnsýslunni þá rýrum við hlutverk umboðsmanns Alþingis og það held ég að við hv. þm. ættum alls ekki að sækjast eftir að gera.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi að ég fagna því að þetta frv. er komið hér til umræðu og ég óska eftir að það fái góða og snögga meðferð í nefnd. Ég held að menn þurfi ekkert að velkjast í vafa um það að verði frv. að lögum, þá verði það lög sem standa núgildandi lögum miklu framar og bót væri að nýrri lagasetningu í málaflokknum.

[15:16]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Minnst var á það af hv. þm. að gildandi löggjöf gangi skammt og að full þörf hafi verið á því að endurskoða hana. Ég er þessu mati alveg sammála. Ég tel, og kom að því í máli mínu, að á bak við endurskoðunina 1991 hafi verið allt of metnaðarlítil hugsun. Það virtist í rauninni bara verið að sníða af svona tæknilega agnúa frekar en að brjóta eitthvað í blað miðað við þá reynslu sem þá var fengin. Þó tókst að koma því lengra en upp var lagt með að því er virtist en skorti mjög á og þess vegna er einmitt mikil þörf á þeim lagabótum sem hér er verið að stefna að, ekki síst varðandi vinnumarkaðinn sem ég kom líka að í máli mínu, mjög mikilvæg ákvæði sem lúta að vinnumarkaðnum og innan hans ekki síst mun reyna á að raunverulegt jafnrétti verði tryggt.

Varðandi atriðið um umboðsmann jafnréttismála, þá er það vissulega álitamál sem hv. þm. kemur að. En ég er ekki viss um að það verði á færi skrifstofu jafnréttismála að taka á málum eins og gert er ráð fyrir að umboðsmaður geri. Ég held að umboðsmaður Alþingis sé alveg sokkinn í verkefni sem honum berast. Ég er hræddur um að búa þurfi þá betur að því embætti og gera aðgengið öðruvísi en tekist hefur þannig að rúm verði fyrir þau umboðsmannsstörf sem réttmætt er á mjög mikilvægum sviðum eins og þessu, en ef hægt er að koma því skynsamlega fyrir, þá hangi ég ekki í neinu ákveðnu formi að því leyti. En það þarf þá að vera ljóst hvað skrifstofunni er ætlað, hvernig hún getur leyst það og hvað menn ætla umboðsmanni Alþingis og tryggja þá að hann geti leyst mál eins og þetta.

[15:19]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki á hverjum degi sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kemur hér upp og lýsir því yfir að hann sé sammála mér. Ég veit ekki hvort það á að vera áhyggjuefni fyrir mig eða hvort það segir meira um mig eða hv. þm. Hjörleif Guttormsson að við skulum vera orðnir sammála.

Varðandi það sem hann sagði um umboðsmann jafnréttismála, þá er það auðvitað rétt að ekki á að hengja sig í formið. Ég held að við eigum að stíga þau skref sem í frv. eru og láta reyna á þau. Sé umboðsmaður Alþingis sokkinn í verkefnum er það okkar hlutverk á hv. Alþingi að reyna að hjálpa honum til þess að komast fram úr þeim. Og ég efast ekkert um að við munum í framtíðinni takast á við það verkefni og leysa það vel.

[15:20]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að leggjast í sálfræðina eins og mér fannst að væri verið að bjóða upp á. Ég tel það ekki til undantekninga að vera sammála ágætu fólki í þinginu óháð flokkum þó að greini á í ýmsum efnum.

Aðalatriðið er náttúrlega að búa þannig að þeim stofnunum sem við höfum sett á laggirnar að þær geti í rauninni rækt sitt hlutverk og staðið undir því. Í orðum mínum fólst á engan hátt gagnrýni á þau störf sem unnin eru af umboðsmanni Alþingis heldur ábending um hitt að ég efast um að nógu vel og tryggilga sé að embættinu búið til þess að það geti í rauninni sinnt verkum eins og það vildi gera. Og ég held að ef við ætlumst til að þar eigi allt sviðið að vera undir, eins og mér heyrist á hv. þm., m.a. það sem lýtur að jafnréttissviðinu og þau eru mörg fleiri sem hefur verið vísað til og hugmyndir hafa komið fram um, eins og varðandi málefni aldraðra, þá verðum við í rauninni að skoða aðbúnaðinn og endurskilgreina kannski að einhverju leyti verkefnin.

[15:21]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nefnilega nauðsynlegt að leggjast í sálfræði. Við náum ekki að breyta hugsunarhætti einstaklinga og atvinnu þeirra í þjóðfélaginu nema við leggjumst í sálfærði og fyrsta skrefið er að fá þá til þess að hugsa um stöðuna, það sem þeir gera og hvort það sé það rétta eða réttasta í hverri og einni stöðu.

Hvað varðar umboðsmann Alþingis og fleiri umboðsmenn má segja að eftir því sem umboðsmennirnir eru fleiri þeim mun minna mun hvert embættið vigta og ef við dreifum þeim þunga sem fylgir umboðsmannshugtakinu á alla málaflokka með umboðsmenn fyrir þessu og hinu út um alla stjórnsýsluna, þá drögum við úr vægi umboðsmanns Alþingis. Ég lít svo á að umboðsmaður Alþingis hafi allt

sviðið undir og það þarf auðvitað að búa að honum í samræmi við það. (**HG:** Umboðsmann barna, ...) Umboðsmaður barna er allt öðruvísi embætti en umboðsmaður Alþingis. Ég er þeirrar skoðunar að betra væri að hafa annað nafn á því embætti vegna einmitt þessa, þó að ég dragi alls ekki í efa nauðsyn þess starfs sem þar er unnið. En umboðsmaður Alþingis hefur allt sviðið undir og það þarf auðvitað að búa að honum í samræmi við það.

[15:23]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það hefur komið fram að tiltölulega hægt gengur í jafnréttismálunum og það er rétt. Við erum hér að fjalla um mjög metnaðarfullt skjal, frv. til nýrra jafnréttislaga, sem ég bind persónulega mjög miklar vonir við og vona að þetta frv.ýti okkur fram á veginn. En það hefur gengið tiltölulega hægt. Ég hef verið að vinna upp á síðkastið ásamt öðrum að framgangi kvenna í stjórnmálum og manni finnst að andinn sé sá að konum sé að fjölga, það sé jákvæð þróun í þá átt en þegar það er skoðað nánar er staðan eitthvað heldur daprari varðandi fjöldann.

Ef við álítum að niðurstaða næstu kosninga verði svipuð og við síðustu kosningar fyrir tæplega fjórum árum og skoðum hlutfallið sem kemur út miðað við hvernig hefur raðast upp á lista að undanförnu, þá blasir það við að einungis mun fjölga um eina konu ef við miðum við stöðuna eins og hún er í dag. Að vísu hafa konur komið inn á þingið í stað karlkyns þingmanna sem hafa orðið ýmist ráðherrar eða sendiherrar, (**Gripið fram í:** Og forstjórar.) já, eða forstjórar. Við erum því með ákveðna stöðu í dag, en eins og staðan er núna miðað við hvernig raðast hefur upp á listann er ljóst að hjá samfylkingunni mun fækka um eina konu að mér sýnist þar sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir fellur niður í 3. sæti á listanum þar. Hjá Sjálfstfl. mun trúlega fjölga um tvær konur, Valgerði Gunnarsdóttur og Drífu Hjartardóttur, þ.e. ef úrslit kosninga verða eins og síðast. Hjá Framsfl. er sama staða og síðast, þ.e. þrjár konur í þinginu. En það sem er jákvætt er að konurnar hafa færst ofar á listunum og það er hin jákvæða þróun en heildarfjöldinn verður plús ein kona ef niðurstaða kosninga verður eins, en það er alls ekki víst að svo fari. En mig langaði að draga þetta fram til að sýna að þróunin er tiltölulega hæg.

Í þessu skjali kemur fram að sérhvert ráðuneyti á að skipa jafnréttisfulltrúa. Mér finnst það mjög áhugavert. Þetta er í anda samþættingar þar sem menn eiga að reyna að koma jafnréttismálunum að á öllum stigum í stjórnsýslunni og í samfélaginu en ekki hafa þau afmörkuð. Jafnréttismálin skipta alls staðar máli. Það á líka að stokka upp stjórnsýsluna varðandi skrifstofu jafnréttismála. Hún á að verða meiri stofnun og tengjast ráðherranum sterkari böndum en í dag og á að taka á sig þau verk sem Jafnréttisráð hefur haft. Mér sýnist að meiri pólitísk ábyrgð verði því hjá ráðherranum á málaflokknum og stofnuninni í kjölfarið. Mér finnst framkvæmdarvaldið vera að taka þarna meiri ábyrgð á sig en ábyrgðin fari frá hagsmunasamtökunum sem voru í Jafnréttisráði áður. Mér finnst þetta jákvætt. Ég hef alltaf undrað mig á því hvernig Jafnréttisráð er skipað og hefði talið miklu æskilegra að það yrði skipað pólitískum fulltrúum en það er ekki þannig í dag. Það er fjölskipað ráð og ég held að þar hafi ekki verið nógu góð skipan mála þannig að ég tel þetta jákvætt skref.

Hið nýja Jafnréttisráð á að vera vettvangur hagsmunasamtaka og þeirra sem vilja leggja sitt af mörkum í þessum málaflokki og er svona grasrótaruppbygging. Þetta er mjög spennandi samspil sem ég sé fyrir mér í hinu nýja stjórnskipulagi. Síðan á jafnréttisþingið að fjalla um tillögu Jafnréttisráðs til ráðherra um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Það finnst mér líka mjög jákvætt skref.

Það eru einnig nýmæli varðandi úrskurðarnefnd jafnréttismála og mér finnst það jákvætt hvernig á að taka á þeim málum. Mér er kunnugt um að Danir sem fylgjast með lagaumhverfinu og löggjöfinni hér líta mjög til þess hvernig því er komið fyrir í frv. með úrskurðarnefndina. Einnig eru nýmæli með fyrirtæki eða stofnanir þar sem fleiri en 25 manns starfa, að þeim sé skylt að gera jafnréttisáætlanir sem taki „m.a. til launa og almennra starfskjara", eins og þar stendur. Mig langar því að nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra hvað sé hægt að túlka þetta vítt, þar sem hér hljóta að vera ríkisstofnanir og fyrirtæki undir. Í kjölfar þess að ég spurði á sínum tíma hæstv. menntmrh. um Ríkisútvarpið og sjónvarpið er ljóst, eins og kom fram í skýrslu frá hæstv. félmrh. að hlutur kvenna í fréttum var einungis 18%, sem er mjög lágt hlutfall, en karla 82%, þ.e. hlutur kvenviðmælenda fréttastofanna var svona lágur. Þess vegna spurði ég hæstv. menntmrh. hvort hann hefði áhuga á að gera átak í gegnum ríkisfjölmiðlana til að reyna að leiðrétta þetta. Það kom ekki fram neinn vilji til þess á þeim tíma. Hæstv. ráðherra vísaði þá í að þetta væri innri málefni Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins og ríkisvaldið ætti ekkert að koma að því, sem ég er reyndar algerlega ósammála. Ég vil benda á að Alþingi hefur gripið í innra starf ýmissa samtaka og ekkert vílað það fyrir sér, m.a. hæstv. félmrh. Mér finnst því eðlilegt að fá svar við því hvort hægt sé að túlka þetta ákvæði sem svo að sjónvarpinu verði gert skylt að gera jafnréttisáætlun sem feli það m.a. í sér að auka hlut kvenna til jafns við karla sem viðmælenda fréttastofanna. Að sjálfsögðu blandast inn í þetta fréttamat og fréttastofur þurfa auðvitað að taka viðtöl við þá sem hafa eitthvað fréttnæmt að segja, en það skal enginn segja mér að konur séu einungis 18% fréttnæmar, ef svo er hægt að segja. Það væri því ágætt ef hæstv. ráðherra gæti svarað þessu hér.

Ákvæði eru um að samræma eigi fjölskyldu og atvinnulíf, reyna að gera allt til þess. Þetta er mjög mikilvægt og er í anda fjölskylduráðsins sem tilheyrir undir hæstv. félmrh. einnig, enda er alveg ljóst að kröfur sem eru gerðar til fjölskyldna í dag og þá sérstaklega til kvennanna þar sem þær bera því miður enn þá meiri ábyrgð á fjölskyldum en karlarnir, að kröfurnar eru afar miklar. Konur og karlar tala í auknum mæli um ofurkonurnar sem eigi að geta allt. Þær eiga að geta verið á vinnumarkaðnum, berjast þar til frama og áhrifa, þær eiga að sjálfsögðu að fá hátt kaup fyrir vinnuframlag sitt og þær eiga einnig að sjá um heimili og börn og vera góðar eiginkonur og allt þetta. (Gripið fram í.) Það eru miklar kröfur sem gerðar eru til kvenna.

Hér er líka ákvæði um rannsóknir í kynjafræðum sem ég fagna. Það er alveg ljóst að rannsóknir eru mjög mikilvægar þar sem þær sýna okkur í hvaða átt þróunin er og þær tengjast að vissu leyti sérstöku ákvæði sem er í frv. um greiningu tölfræðilegra upplýsinga eftir kynjum. Það þykir mér vera mjög jákvætt atriði vegna þess að jafnréttisumræðan hefur oft verið mjög tilfinningaþrungin og sumir hafa ekki viljað trúa því að konur og karlar fái t.d. ekki sömu laun. Sumir trúa því bara einfaldlega ekki og telja að það sé rangt. Þá er ekkert annað hægt að gera en sýna tölur. Tölurnar ljúga ekki þannig að mér finnst þetta mjög framsækið ákvæði.

Það er einnig talað um að reyna eigi að jafna hlut kynjanna í nefndum, stjórnum og ráðum. Þetta er ákvæði sem á að endurskoða eftir tíu ár. Ég tel að það sé talsverð bjartsýni. Ég er ekki viss um að jafnræði verði orðið eftir tíu ár.

Ég vil að lokum taka það fram að mér finnst mjög æskilegt að við náum þessu máli í gegn á þessu þingi. Ég vona að þverpólitísk samstaða sé um það og mér finnst umræðan hafa endurspeglað það svolítið og ég vona að félmn. takist að afgreiða málið. Ég veit að hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, formanni félmn., sem mun leiða það starf er mikið í mun að klára það. Ég held að það væri mjög skemmtilegt fyrir viðkomandi þingkonu að geta lokið sínum ágæta ferli í þinginu með því að bera ábyrgð á að þetta mál komist í gegnum félmn. og í gegnum þingið. Mér skilst einnig að þýða eigi þetta frv. á ensku og verið sé að huga að því í ráðuneytinu m.a. vegna þess að nágrannaríki okkar, t.d. Danir og fleiri, eru að bíða eftir að fá að sjá frv. og hafa frétt af því og telja þetta vera svo framsækið, nýtt og glæsilegt að þeir vilja fá að sjá það sem fyrst og þá á tungumáli sem þeir skilja. Mér skilst því að þýða eigi þetta á ensku.

Mig langar að lokum að segja frá því að fyrir stuttu síðan fékk ég tækifæri ásamt hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni að fara til Kaliningrad, sem er rússnekst hérað norðan Póllands og sunnan Litháens. Þar hittum við „lókaldúmuna" eða héraðsþingið þar sem voru 32 þingmenn og þar af fjórar konur. Við spurðum aðeins út í stöðu kvenna í þessu þingi og hún var ekki nógu góð, þær voru fáar. En þær fylltust eldmóði þegar við fórum að spyrja um hag þeirra og báðu okkur um að senda sér íslensku jafnréttislögin á ensku. Mér finnst mjög gott framtak að þýða eigi frv. á ensku og vona að hægt verði að senda það þá m.a. til þessara kvenna í Kaliningrad í þinginu þar sem þær hafa mjög mikinn áhuga á þessum málum.

[15:34]

Útbýting þingskjals:

Skipulag ferðamála, 542. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 867.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–7. mál.

Fundi slitið kl. 15:35.

---

70. FUNDUR

föstudaginn 19. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Raforkuver, stjfrv., 471. mál, þskj. 776. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 512. mál, þskj. 824. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 523. mál, þskj. 838. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Jafnréttislög, stjfrv., 498. mál, þskj. 810. — Frh. 1. umr.
5. Háskóli Íslands, stjfrv., 509. mál, þskj. 821. — 1. umr.
6. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 510. mál, þskj. 822. — 1. umr.
7. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 511. mál, þskj. 823. — 1. umr.
8. Almannatryggingar, stjfrv., 520. mál, þskj. 834. — 1. umr.
9. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 521. mál, þskj. 835. — 1. umr.
10. Málefni aldraða, stjfrv., 527. mál, þskj. 847. — 1. umr.
11. Yrkisréttur, stjfrv., 474. mál, þskj. 779. — 1. umr.
12. Skógrækt og skógvernd, stjfrv., 483. mál, þskj. 790. — 1. umr.
13. Landshlutabundin skógræktarverkefni, stjfrv., 484. mál, þskj. 791. — 1. umr.
14. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 526. mál, þskj. 846. — 1. umr.
15. Náttúruvernd, stjfrv., 528. mál, þskj. 848. — 1. umr.
16. Vörugjald, stjfrv., 537. mál, þskj. 861. — 1. umr.
17. Rannsóknir á laxi í sjó, þáltill., 177. mál, þskj. 187. — Fyrri umr.
18. Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þáltill., 242. mál, þskj. 273. — Fyrri umr.
19. Grunnskóli, frv., 271. mál, þskj. 309. — 1. umr.
20. Könnun á læsi fullorðinna, þáltill., 280. mál, þskj. 326. — Fyrri umr.
21. Aukin fræðsla fyrir almenning um Evrópumálefni og milliríkjasamninga, þáltill., 345. mál, þskj. 449. — Fyrri umr.
22. Stofnun jafnréttismála fatlaðra, þáltill., 363. mál, þskj. 506. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 447. mál, svar sjútvrh., þskj. 852.

Gjaldeyrismál, 544. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 869.

Orkulög, 543. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 868.

Verkefni VSO-verkfræðistofu, 274. mál, svar fjmrh., þskj. 851.

Þingsköp Alþingis, 540. mál, frv. ÓE o.fl., þskj. 864.

Tilhögun þingfundar.

[10:34]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill tilkynna að síðar í dag fer fram atkvæðagreiðsla um að vísa málum til nefndar.

Tilkynning frá þingflokki.

Tilkynning um stofnun þingflokks Samfylkingarinnar.

[10:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til að tilkynna Alþingi formlega um stofnun nýs þingflokks, þingflokks Samfylkingarinnar.

Á stofnfundi þingflokks Samfylkingarinnar í gær var stjórn þingflokksins kjörin en hana skipa: Rannveig Guðmundsdóttir formaður, Ragnar Arnalds varaformaður og Guðný Guðbjörnsdóttir ritari.

Í þingflokknum eru eftirtaldir þingmenn: Rannveig Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ágúst Einarsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Magnús Árni Magnússon, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Svavar Gestsson og Össur Skarphéðinsson.

Herra forseti. Þingflokkurinn hefur fengið aðstöðu til þingflokksfunda í Þórshamri en hefur eftir sem áður afnot af þingflokksherbergjum í Alþingishúsinu. Starfsmenn þingflokksins eru Katrín Theodórsdóttir og Elín Björg Jónsdóttir.

Ég hef ritað bréf til forseta Alþingis og kynnt honum stofnun nýs þingflokks Samfylkingarinnar. Í bréfinu leggur þingflokkurinn áherslu á gott samstarf við forseta Alþingis, forsætisnefnd og aðra þingflokka. Það árétta ég, herra forseti. Annasamar vikur eru fram undan á hv. Alþingi og mikilvægt að gott samstarf allra þingflokka verði um tilhögun þingsins.

[10:36]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér hafa orðið þeir atburðir sem hafa þegar haft þau augljósu áhrif að þingflokkur Kvennalistans hefur verið lagður niður eftir 16 ára starf á Alþingi Íslendinga. Með því að þeir hv. þingmenn sem ætla að ganga saman til næstu alþingiskosninga hafa nú stigið það skref að sameinast í einum þingflokki eru brostnar forsendur fyrir því samstarfi í mínum gamla þingflokki sem ég hef reynt að tryggja út þetta kjörtímabil. Því eru nú ákveðin kaflaskil.

Stærstur var þingflokkur Kvennalistans skipaður sex þingkonum árin 1987–1991 en þótt hann yrði aldrei stærri er ekki vafi á því að Kvennalistinn hefur markað þau spor í þingsögunni sem sjá mun stað langt inn í framtíðina.

Í upphafi þess kjörtímabils sem nú er senn á enda vorum við þrjár þingkonur í þingflokki Kvennalistans, síðan tvær og nú stend ég hér ein og get ekki annað, eins og frægur maður sagði forðum. Ljóst er að ein get ég ekki verið þingflokkur Kvennalistans. Það hefur nú þegar sannast sem annar frægur sagði forðum að alltaf má fá annað skip og annað föruneyti en þannig lýkur þessum kafla í sögu íslenskra stjórnmála, kaflanum um Kvennalistann sem sérstakt stjórnmálaafl á Alþingi.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurnum.

[10:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna algerlega óviðunandi svars sem mér hefur borist við fyrirspurn sem beint var til hæstv. fjmrh. Nú er það svo að Alþingi setur lög en Alþingi á einnig að sinna aðhalds- og eftirlitshlutverki gagnvart ríkisstjórn og framkvæmdarvaldi. Í þeim anda hefur á liðnum árum margsinnis verið spurt um einkavæðingu á vegum ríkisstjórnarinnar og í framhaldinu hefur stundum verið talað um einkavinavæðingu þegar mönnum hefur þótt að verið væri að hygla einstaklingum og fyrirtækjum í tengslum við einkavæðingu eða pólitíska hagræðingu í stofnunum hins opinbera.

Oft hefur komið í ljós hve mikilvægt er að upplýsingar um opinber viðskipti séu ekki felumál. Eitt þeirra fyrirtækja sem virðist hafa verið í sérstöku uppáhaldi hjá ríkisstjórnum Davíðs Oddssonar er VSÓ-verkfræðistofan en til þess að fá upplýsingar um viðskipti ríkisstjórnarinnar við þetta fyrirtæki beindi ég tveimur einföldum spurningum til hæstv. fjmrh.:

1. Hvaða verkefnum hefur VSÓ-verkfræðistofan sinnt fyrir opinberar stofnanir frá árinu 1991 og fram á þennan dag?

2. Hve miklar greiðslur hefur VSÓ fengið fyrir verk sín í heild og hvernig skiptist sú fjárhæð eftir einstökum verkum og ráðuneytum?

Nú bregður svo við að ríkisstjórnin neitar að gefa þessar upplýsingar. Að vísu kemur fram hve mörg þúsund millj. kr. er árlega varið til aðkeyptrar ráðgjafarþjónustu en neitað er að upplýsa um sundurgreiningu.

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni mjög alvarlegt mál. Þetta er grundvallarmál og ég beini þeirri spurningu til hæstv. forseta þingsins hvort hann hafi tekið eftir þessu svari og hvort hann hafi tekið afstöðu til þeirra grundvallarsjónarmiða sem um er að tefla. Ég leyfi mér að beina því til hæstv. forseta að forsn. þingsins fjalli um þetta mál, taki afstöðu til þess og greini Alþingi frá því strax í upphafi næstu viku.

[10:40]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vegna fyrirspurnar hv. þm. vill forseti taka fram að hann hafði ekki veitt þessu svari athygli en mun taka það til greina sem hv. þm. bað um og málið verður rætt í forsn.

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefur gerst aftur og aftur á þessu kjörtímabili og einkum síðari hluta þess að reynt hefur á rétt Alþingis til að krefjast upplýsinga og rétt Alþingis til að fá réttar upplýsingar í hendur. Það er almannarómur að þingræði á Íslandi sé veikt en eitt af fáum tækjum þess, þingsins og þingmanna, hefur verið réttur til að heimta upplýsingar og veita ríkisstjórn og framkvæmdarvaldinu aðhald í gegnum þann rétt. Þess vegna er stóralvarlegt mál ef ráðuneyti geta í vaxandi mæli komist upp með það óátalið að gera sitt á hvað, neita um upplýsingar eða láta Alþingi í té rangar upplýsingar en hvort tveggja hefur ítrekað gerst á þessu kjörtímabili. Þetta svar eða öllu heldur ekki svar fjmrh. við einfaldri og skýrri fyrirspurn er enn eitt dæmið um þetta. Það kallar á, herra forseti, að Alþingi, forsn. Alþingis og Alþingi sjálft ræði sérstaklega hver staða þess skuli vera í þessu sambandi. Það er Alþingis að setja lögin og það er Alþingis að ákveða hversu sterkur þessi upplýsingaréttur skal vera gagnvart öðrum réttaratriðum í þjóðfélaginu, þar með talið verndun persónulegra eða viðskiptalegra upplýsinga.

Ég sætti mig ekki við það, herra forseti, jafnvel þó hið háa fjmrn. eigi í hlut að það liggi í valdi ráðuneyta að meta, samanber orðalag í svarinu, hvaða upplýsingar skuli veita og

hvaða upplýsingar ekki. En hér segir að ráðuneytið telji ekki rétt að veita Alþingi þessar upplýsingar. Þetta er stóralvarlegt mál, herra forseti, og ég fer fram á að forsn. taki þetta mál sérstaklega fyrir. Ég óska eftir rökstuddu svari frá forsn. þannig að Alþingi geti í framhaldinu rætt hvort jafnvel sé ástæða til lagabreytinga í kjölfar þess að það gerist trekk í trekk að réttur Alþingis eða alþingismanna til að krefjast upplýsinga er að engu hafður.

[10:43]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram vegna þeirra svara sem hæstv. fjmrh. veitir við fyrirspurn hv. þm. Ögmundar Jónassonar um verkefni unnin af VSÓ-verkfræðiskrifstofu og bendi á það, ég held að það hafi verið á síðasta þingi sem ég var með fyrirspurn um allar úttektir sem höfðu verið gerðar á ríkisstofnunum, hver hefði unnið og hvað það hefði kostað sundurliðað. Þó það hafi heldur ekki verið fullnægjandi, þá er þar um að ræða sundurgreiningu og hver vinnur verkefnið og í flestum tilvikum hvað það kostar frá öllum ráðuneytum en hér stendur, virðulegi forseti, í svarinu:

„Ekki er með öruggum hætti hægt að fá eingöngu upplýsingar um þjónustu keypta af verkfræðistofum þar sem kostnaðarskipting úr bókhaldi þykir ekki gefa einhlíta skiptingu þar á."

Ég þekki ágætlega til þeirra bókhaldsreglna sem eru hjá ríkinu og því leyfi ég mér að efast um að þarna sé farið með rétt mál.

[10:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir gagnrýni, í athugasemdum um störf þingsins, á það svar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson fær við fyrirspurn sinni. Það gengur ekki lengur að svo óljóst sé hvert eftirlitshlutverk Alþingis á að vera og hvaða spurningum alþingismenn eigi rétt á að fá svarað. Það hefur gerst aftur og aftur að alþingismenn borið fram óþægilegar spurningar. Þá hefur verið farið fram hjá spurningunum eða villandi svör gefin. Við í þingflokki jafnaðarmanna höfum rekið okkur á það þegar um óþægilegar spurningar hefur verið að ræða sem hefðu getað grafið undan pólitískri stöðu ráðherra.

Hér er borin fram óþægileg fyrirspurn um afmarkaðan þátt og þá velur ráðherra og ráðuneyti að gefa mynd af umfangi allrar aðkeyptrar ráðgjafarþjónustu fyrir ríkið í heild. Í stað þess að svara spurningunni er ákveðið að taka saman allan kostnað við aðkeypta þjónustu hjá opinberum stofnunum. Spurningin var ekki um það og þetta er beinlínis villandi svar og rangt.

Við höfum áður fengið að heyra að stjórnsýslulög gefi þingmönnum sama rétt og almenningi, að þingmenn eigi sama rétt og almenningur til að fá upplýsingar úr stjórnsýslunni. Þetta er ekki viðunandi, herra forseti. Það verður að leiða til lykta hver réttur þingmanna er, hvert eftirlitshlutverk Alþingis er og hvernig gera eigi Alþingi kleift að sinna því eftirlitshlutverki.

Ég spyr forseta: Hvað hyggst forsn. og forseti gera til að gera alþingismönnum kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu? Á hvaða hátt á að taka á því að þingmönnum hafa ítrekað borist villandi eða röng svör eða svör þar sem gefið er í skyn að þingmönnum komi það ekki við sem þeir hafa spurt um?

[10:47]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í svari hæstv. fjmrh. við fyrirspurn minni kemur fram að rúmum þremur milljörðum kr., 3.264 millj. kr., hafi verið varið á einu ári til aðkeyptrar ráðgjafarþjónustu fyrir ríkið í heild sinni. Síðan er neitað að sundurgreina þessa fjárhæð. Í fyrirspurn minni er sérstaklega spurt um tiltekið fyrirtæki, VSÓ-verkfræðiþjónustuna. Það er nokkuð sem ég eða Alþingi mun eiga við hæstv. fjmrh., að ræða pólitískt inntak þeirrar spurningar.

Sú spurning sem ég beini til þingsins, hæstv. forseta og forsn., lýtur að öðru. Hún fjallar um grundvallaratriði. Hún fjallar ekki um þetta tiltekna fyrirtæki sem hér er spurt um. Á morgun getum við spurt um annað fyrirtæki og aðra stofnun. Það er ekki aðalatriði þessa máls eða fyrirspurnar minnar. Þetta snýst um grundvallaratriði, um upplýsingaskyldu stjórnvalda gagnvart Alþingi og þar með þjóðinni.

Ég ítreka spurningu mína til hæstv. forseta þingsins: Megum við treysta því að málið verði tekið til umfjöllunar í forsætisnefnd þingsins og Alþingi verði greint frá niðurstöðunum í byrjun næstu viku?

[10:49]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti svaraði því í upphafi og telur ástæðulaust annað en að treysta því að það sem hér var rætt verði tekið upp í forsn. Að þessu þarf ekki að spyrja tvisvar.

Athugasemdir um störf þingsins.

Beiðni um skýrslu.

[10:49]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Snemma á þessu þingi, þ.e. í fyrri hluta októbermánaðar, lagði ég ásamt átta öðrum þingmönnum fram beiðni um skýrslu frá umhvrh. um mat á umhverfisáhrifum af stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Samhljóða skýrslubeiðni var lögð fram á síðasta þingi en skýrsla hafði þá ekki borist fyrir þinglok. Því lagði ég hana aftur fram í upphafi þessa þings. Svo virðist sem eitthvað standi í hæstv. umhvrh. og ráðuneyti hans að gefa umbeðna skýrslu. Hún hefur enn ekki borist þótt samkvæmt þingsköpum sé fresturinn löngu, löngu liðinn.

Þar sem ég er sæmilega þolinmóð manneskja þá hef ég ekki áður vakið máls á þessu hér formlega en rætt þetta við hæstv. ráðherra sem hefur lofað bót og betrun. Sá frestur er líka liðinn og afgreiðslan verið þannig að mér er nóg boðið. Þess vegna geri ég alvarlega athugasemd við þessa afgreiðslu ráðuneytisins. Ég bið hæstv. forseta að koma þeirri athugasemd á framfæri og sjá til að þessi skýrsla berist sem allra fyrst.

[10:51]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseta hafa borist fregnir um að þessi skýrsla er komin til þingsins og er í prentun.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þingflokkur Kvennalistans.

[10:51]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur fyrr á þessum fundi, um endalok þingflokks Kvennalistans,

vil ég taka fram að sú þingkona sem telur sig sitja eina eftir í þingflokki Kvennalistans gekk úr Samtökum um kvennalista fyrir nokkru til liðs við annan stjórnmálaflokk. Auðvitað var illþolandi fyrir samtökin að formaður þingflokksins væri ekki lengur í samtökunum. Því var tekið mikið heillaskref í gær með stofnun þingflokks Samfylkingarinnar sem ég taldi langeðlilegustu leiðina fyrir mig sem eina eftirsitjandi þingkonu Kvennalistans, þar sem Kvennalistinn hefur ákveðið að ganga til liðs við Samfylkinguna.

Ég vil að lokum þakka Kristínu Halldórsdóttur mjög gott samstarf í þingflokki Kvennalistans. (**ÖJ:** Auminginn, það er ég.)

[10:52]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir samstarfið og ætla ekki að munnhöggvast við hana um hver sitji eftir í þingflokknum. En ég vil segja frá því að þegar ég upplýsti um ákvörðun mína, að standa að stofnun nýs stjórnmálaflokks, þá varð að samkomulagi milli mín og hv. þm. sem hér talaði síðast að við mundum sitja saman í þingflokki Kvennalistans út þetta kjörtímabil. Það hefur nú brugðist og því eru kaflaskipti í sögu Kvennalistans.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurnum.

[10:53]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég átti þess því miður ekki kost að vera hér við upphaf fundarins en varð þess áskynja að gerð var athugasemd við svar sem ég hef lagt fram við fyrirspurn frá Ögmundi Jónassyni, um verkefni tiltekins fyrirtækis hér í bæ. Reyndar er hér um að ræða tvær fyrirspurnir og er verið að útbýta svari við hinni síðari sem kemur frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, um verkefni annarra fyrirtækja á sama sviði. Þetta eru tvær fyrirspurnir nákvæmlega sama eðlis um viðskipti tiltekinna verkfræðistofa, annars vegar nafngreinds fyrirtækis og hins vegar allra hinna.

Nokkuð er orðið um liðið síðan þessar fyrirspurnir komu fram og ekkert launungarmál að ástæðan fyrir því að dregist hefur að útbýta svari er sú að hér koma til umfjöllunar upplýsingar um viðskipti eða einkahagsmuni tiltekinna aðila. Eftir mjög ítarlega lögfræðilega athugun í fjmrn., þar sem m.a. hefur verið höfð hliðsjón af merku áliti prófessors Stefáns Más Stefánssonar sem hann skrifaði í fyrra að beiðni forsrh. og var dreift hér sem þingskjali út af öðru máli, varð niðurstaðan sú að ekki væri heimilt að veita upplýsingar um einkahagsmuni eins og hér eru í húfi. Það var ekki talið heimilt á grundvelli upplýsingalaganna. Enda þótt hér væri um að viðskipti opinberra aðila sem væru opinber, þá væri skv. 5. gr. upplýsingalaganna ríkari skylda að vernda þessa hagsmuni. Það er ástæðan fyrir því að svarið er eins og það er.

Svarið við báðum fyrirspurnunum er eins, efnislega. Það er ekki farið út í að sundurliða greiðslur til einstakra fyrirtækja eins og um er beðið.

Ég geri mér grein fyrir því, eins og þegar er fram komið, að þetta er ekki óumdeild túlkun. Þetta er hins vegar sú niðurstaða sem við komumst að að þrautskoðuðu máli, að við værum komin út á mjög hálar brautir ef við veittum í svörum til Alþingis upplýsingar um viðskipti einstakra fyrirtækja við hið opinbera. Það er ekki um það að ræða eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gaf í skyn, að þetta væri óþægilegt mál, hvorki fyrir mig né aðra ráðherra. Hér er ekkert slíkt á ferðinni. Ástæðan er sú sem ég hef rakið hér.

[10:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að reyna að rökstyðja þessa ákvörðun ráðuneytisins þó seint sé. Það hefði þó mátt gera betur í sjálfu svarinu svo aðgengilegt væri. Ég verð að segja að ég er algerlega ósammála niðurstöðu ráðuneytisins og rökstuðningi ráðherrans. Ég tel augljóst að í þessu tilviki eigi að láta rétt Alþingis til upplýsinga njóta vafans. Það verður þá að láta á það reyna fyrir dómstólum hvort meint túlkun ráðuneytisins á upplýsingalögum eða rétti einkafyrirtækja til leyndar, þegar um viðskipti við opinbera aðila er að ræða, skuli vera ríkjandi. Það tel ég alls ekki eðlilega niðurstöðu.

Ég held að þegar um viðskipti við hið opinbera er að ræða og ráðstöfun á opinberu fé þar með, þá verði einkafyrirtæki jafnt og aðrir að sæta því að um það geti menn krafist upplýsinga. Ef niðurstaðan yrði sú þá mundu þeir sem vilja fara leynt með viðskipti sín beina þeim til einkaaðila. Það er augljóst mál. Annars verður brestur í upplýsingagjöfinni og gagnsæi þess hvernig fjármagni á vegum hins opinbera er ráðstafað, þegar viðskiptin færast úr opinbera geiranum til einkaaðila. Ætlunin getur ekki hafa verið að takmarka rétt Alþingis þannig. Sé niðurstaðan úr túlkun upplýsingalaganna á þann veg, hvort sem væri fyrir dómstólum eða annars staðar, þá tel ég að þeim eigi að breyta. Ég tel, herra forseti, að afstaðan sem ráðuneytin eða fjmrn. í þessu tilviki hafa tekið sé stórmál. Það er óhjákvæmilegt að Alþingi taki á því og byrji með umfjöllun forsn. sem forseti hefur lofað. Í kjölfar hennar og skýrslugjafar um niðurstöður forsn. ræðum við málið og breytum ef með þarf lögum þannig að réttur Alþingis til upplýsinga verði ekki takmarkaður.

[10:59]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er ekki að ástæðulausu að talað hefur verið um einkavinavæðingu á Íslandi í tíð ríkisstjórna hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. Nú segir hæstv. fjmrh. að vernda þurfi einkahagsmuni og hann hefur fengið lögfræðinga til að kanna hvernig það skuli gert. Þeir hafa komist að niðurstöðu sem hæstv. fjmrh. segir að sé álitamál.

Hæstv. fjmrh. hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar tekið afstöðu í því álitamáli. Hann vill vernda einkahagsmuni fyrirtækjanna sem í hlut eiga. Ég segi: Til að koma í veg fyrir að spilling þróist í hinu opinbera kerfi þjóðfélags okkar, þá er grundvallarforsendan sú að allar upplýsingar séu uppi á borði, það er grundvallarforsenda. Þegar hæstv. fjmrh. segir að menn kunni að vera komnir út á hálan ís með því að veita slíkar upplýsingar, þá fullyrði ég að með þeirri afstöðu sem ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. fyrir hennar hönd hafa tekið gagnvart Alþingi og almenningi á Íslandi er ríkisstjórnin komin út á mjög hálan ís. Við munum ekki láta svo við búið sitja. Við höfum í tvígang fengið staðfestingu á því frá hæstv. forseta þingsins að málið verði tekið fyrir í forsætisnefnd þingsins og þingið síðan upplýst í byrjun næstu viku.

[11:00]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti gat þess að hann þekkti ekki málið en mundi að beiðni hv. þm. taka það til umræðu í forsn.

Jafnréttislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 498. mál (heildarlög). — Þskj. 810.

[11:01]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér er fram haldið umræðu um nýtt frv. til jafnréttislaga sem við vorum að ræða í gær. Gildandi lög eru frá 1991 og því er löngu tímabært að uppfæra þau í takt við þá þróun í jafnréttisbaráttunni sem hefur átt sér stað á þeim áratug sem nú er að líða. Það er satt best að segja dálítið athyglisvert að sjá hve margt hefur gerst þó að það sé einnig rétt að á sumum sviðum hefur harla litlu miðað og þá einkum og sér í lagi á sviði launajafnréttis. Það er mitt mat að í þessu frv. horfi mjög margt til betri vegar og því fagna ég.

Hins vegar eru vonbrigði mín einnig töluverð og er það ekki síst vegna þess að ég sé ekki að það sé ætlunin að fara í þá kröftugu eftirfylgni sem nauðsynleg er ef þessi lög eiga yfir höfuð að hafa eitthvert gildi. Til þess að það sé hægt þarf mun meira fé og sterkari jafnréttisstofnun eða Skrifstofu jafnréttismála og einnig þarf að styrkja stöðu málaflokksins mun betur í stjórnsýslunni. Það eru aðeins tilburðir í þá átt í frv. en ekki nægjanlega miklir að mínu mati. Til dæmis kemur fram í kostnaðaráætlun að gert er ráð fyrir að frv. hafi í för með sér 1 millj. kr. útgjaldaauka á ári en þegar um eftirfylgni með jafnréttislögunum hefur verið að ræða þá hafa stundum verið bornar saman Samkeppnisstofnun og Skrifstofa jafnréttismála, þ.e. þær stofnanir sem fylgja eftir tveimur mikilvægum málaflokkum, annars vegar jafnréttislögunum og hins vegar samkeppnislögunum, og þar munar tugum milljarða í fjárframlögum. Mig minnir að hlutfallið sé að u.þ.b. 30 millj. fari til jafnréttismála á móti 80 millj. kr. til hins málaflokksins. Það eru sem sagt mjög mikil vonbrigði að þarna eigi ekki að gera stórátak því að eins og kom fram m.a. í máli formanns félmn. í gær þá var það hennar skoðun að það væri veikasti hlekkurinn í jafnréttisbaráttunni núna hve illa þessum lögum er fylgt eftir og ég er sammála því mati.

Í frv. kemur fram að ætlunin sé að bæta stöðu kynjanna almennt og þá ekki síst stöðu kvenna en þess sér í raun mjög óvíða stað hvað ætlunin er að gera. Ég vil þó nefna greinina sem kveður á um nefndir og ráð. Þar á greinilega að gera markvisst átak og ég fagna því. En að öðru leyti verður ekki séð hvað ætlunin er að gera til þess að bæta stöðu kvenna.

Ég mun fá tækifæri til þess að fara mjög vel yfir þetta mál í félmn. En því miður er málið svo seint fram komið að ég er mjög svartsýn á að það takist bæði að bæta þetta frv. eins og þyrfti að gera að mínu mati og að ná því að afgreiða það á þessu þingi þar sem þinglok eru í mars.

Mig langar að koma aðeins inn á nokkur atriði sem ég tel að séu athyglisverð en vil um leið kannski að gagnrýna. Það er í fyrsta lagi skipuritið, þ.e. hvernig á að taka á þessum málaflokki í stjórnsýslunni. Ég tel að það sé á vissan hátt til bóta að setja Skrifstofu jafnréttismála beint undir félmrh. En það sem mér finnst að þessu skipuriti er tvennt. Það er annars vegar um jafnréttisfulltrúa í ráðuneytum. Undir lið 1 í helstu nýmælum frv. er rætt um að jafnréttismálin eigi að ná til allra ráðuneyta. En jafnréttisfulltrúarnir í ráðuneytum eru settir mjög neðarlega í skipuritið þannig að ég sé ekki að þeir eigi að hafa beinan aðgang að félmrh. eins og t.d. reyndin var í Svíþjóð þar sem aðstoðarmenn ráðherra í öllum ráðuneytum voru í beinum samskiptum við jafnréttismálaráðherra þar, Monu Sahlin þegar hún var ráðherra. Þar voru jafnréttismálin því alveg á efstu stigum og þar af leiðandi tókst að samþætta þau inn í öll ráðuneytin. Ég mundi vilja gagnrýna þetta og færa jafnréttisfulltrúa í ráðuneytum mun ofar í skipuritið og helst að hafa þar menn eins og aðstoðarmenn ráðherra til að þetta verði mjög virkt.

Einnig tel ég að Skrifstofa jafnréttismála sé ekki styrkt nóg í þessu, a.m.k. get ég ekki séð að hún verði nægilega sterk þótt það komi væntanlega fram í fjárlögum hvers árs hversu mikið fé hún fær. Ég fagna því þó að hún eigi að sjá um eftirlit en vil hvetja til þess að hún fái aukið fjármagn til þess og einnig þarf t.d. að gera verulegt átak varðandi fræðsluþáttinn ef vel á að vera.

Ég fagna því einnig að skipan Jafnréttisráðs verði breytt. Ég tel að það hafi ekki verið málinu til framdráttar að þar hafa setið fulltrúar hagsmunaaðila, þ.e. ASÍ og VSÍ. Það er mín tilfinning að það hafi oft stöðvað góð mál og ég fagna því að þessu er breytt. Ég skal ekki segja hvort þetta er besta skipan ráðsins. Ég held að það væri rétt að ræða það í nefndinni en a.m.k. tel ég það til bóta sérstaklega að VSÍ er farið út úr þessu ráði.

Ef ég kem nánar að nokkrum atriðum þá vil ég nefna kærunefnd jafnréttismála. Ég fagna því að úrskurðir úrskurðarnefndar eiga að verða bindandi um leið og ég læt í ljós veruleg vonbrigði með að engin aðstoð verður við þá, sem fá það mat að lög hafi verið á þeim brotin, við að fara í mál eins og hefur þó verið möguleiki hjá kærunefnd jafnréttismála. Ef viðkomandi fær þann úrskurð að brotin hafi verið á honum eða henni jafnréttislög þá verða ekki dæmdar bætur og viðkomandi þarf sjálfur að sækja málið hjá dómstólum ef eitthvað á að koma til þannig að mér sýnist að áfram verði þetta þessi leikur: Jú, jú, jafnréttislög eru brotin, punktur. Fólk fær ekki stöðuna sína ef um það er að ræða. Það fær ekki hækkuð laun. Það fær ekki bætur aftur í tímann. Þetta hefur verið leikurinn með lögin: Þessi braut jafnréttislögin og punktur. Ég get ekki séð að þessi skipan úrskurðarnefndarinnar bæti það neitt.

Í 6. lið undir nýmælum vil ég nefna að fyrirtæki þar sem starfa 25 eða fleiri geri jafnréttisáætlanir. Það tel ég vera mjög til bóta og fagna því ákvæði en þar reynir verulega á að eftir þessu verði gengið. Slík ákvæði hafa verið í gildandi jafnréttisáætlunum á undanförnum árum og það hefur verið mjög upp og ofan hvernig það hefur gengið þannig að það þarf öflugan mannafla hjá Skrifstofu jafnréttismála til að fylgja þessu eftir og þess vegna aukið fjármagn.

Í frv. er að því er manni finnst nútímalegt ákvæði um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs sem er auðvitað í takt við þá umræðu sem nú er, ekki síst á Evrópuvettvangi, að bæði konur og karlar vilja fá tækifæri til þess að samræma þessi tvö svið. En því miður er mjög lítið bitastætt í þessari grein. Það er aðeins minnst á sveigjanlegan vinnutíma. Það er búið að vera í umræðunni í 20 ár. Einnig er talað um fæðingarorlof eða annað slíkt í greinargerð. Ég get því ekki séð að nokkuð bitastætt, því miður, sé í þessari grein.

Í 8. lið undir nýmæli er fjallað um kynferðislega áreitni. Það er í 18. gr. frv. og ég vil heils hugar taka undir það. Ég

tel að þarna sé verulega gott skref stigið þó að um leið megi kannski velta fyrir sér af hverju ekki er tekið á fleiri hliðum kynferðisofbeldis. En ég tel að þetta sé að fordæmi annarra þjóða, þar hafa ákvæði af þessu tagi farið inn í jafnréttislögin og ég tel það mjög af hinu góða. T.d. er skilgreiningin þarna mjög svipuð því sem ég hef sett fram sjálf í mínu frv. um bann við kynferðislegri áreitni. Ég tel því að þetta sé hið besta ákvæði þarna í 18. gr.

Það sem má kannski gagnrýna í 18 gr. er tvennt. Það er annars vegar að ekki er talað um félagasamtök. Það er eingöngu talað um skóla og atvinnurekendur. Eins og reynslan sýnir þá kemur slíkt oft upp í einhvers konar trúnaðarsambandi. Mér er ekki alveg ljóst hvort þetta er nógu yfirgripsmikið ákvæði en er til í að skoða það nánar í nefndinni. Hins vegar finnst mér ekki nógu skýrar leiðbeiningar með því hvernig eigi að taka á málunum í fyrirtækjunum eða hjá atvinnurekendum. Það er talað um að ef yfirmaður sé viðriðinn slíkt mál þá geti hann ekki komið nærri því heldur annar næstráðandi, en þarna vantar leiðbeiningar um hvers konar farveg eigi að búa til í fyrirtækjunum. Það þarf kannski ekki að vera í lögunum. En þarna reynir á verulega uplýsingagjöf frá Skrifstofu jafnréttismála og töluverða vinnu að mínu mati frá þeirra hendi.

Í 20. gr. er kveðið á um menntun og skólastarf. Þar er eitt nýmæli sem ég fagna, þ.e. að rætt er um mikilvægi rannsókna í kynjafræðum og tengt við rannsóknir í Háskóla Íslands. Að öðru leyti er þessi grein óbreytt og hún er búin að standa nær óbreytt í 20 ár og enn er ástandið í þessum málum alls ekki viðunandi. Þær textabækur sem hafa verið rýndar eru yfirleitt töluvert gallaðar að þessu leyti sem og námskrár. Ég get ekki séð að þarna sé neitt nýmæli sem tryggir að betur verði tekið á þessum málum. Aftur kemur þá að það þarf mikinn vinnukraft hjá Skrifstofu jafnréttismála sem ég get ekki séð að ætlunin sé að hafa. Því miður er það þannig að margt er bara óbreytt þó að vitað sé að um 20 ára ákvæði er að ræða sem ekki hafa reynst vel.

Eins og ég nefndi áðan fagna ég 21. gr. um átak til að auka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ríkisins. Það kom til umræðu í gær hvers vegna þarna er sett 10 ára sólarlagsákvæði á þessa markvissu leit til að fá allar stofnanir til að tilnefna bæði konu og karl. Þetta er broslegt af tveimur ástæðum. Annars vegar er bjartsýni að gera ráð fyrir að þetta verði komið í lag eftir 10 ár og hins vegar veltir maður fyrir sér hvort ekki verði löngu búið að endurskoða þessi lög eftir 10 ár. En þessi grein er verulega til bóta og ég vona svo sannarlega að hún verði til þess að við komumst upp úr því að konur eru núna eingöngu 23% af fulltrúum í nefndum og ráðum á vegum ríkisins en ekki 50% eins og markmiðið er samkvæmt gildandi jafnréttislögum og þessu frv. einnig.

Þá er talað um greiningu tölfræðiupplýsinga eftir kynjum. Þetta atriði hefur þegar lagast töluvert og þá vil ég nefna mjög góða bæklinga frá Hagstofunni en því miður eru upplýsingar ótrúlega oft ekki kyngreindar í erlendum skýrslum um tölfræði á Íslandi, um ástand jafnréttismála hér eða félagsmála. Það virðist vera þannig að jafnvel eftir að kyngreindar upplýsingar fóru að liggja fyrir í bæklingum Hagstofunnar hafa þær ekki komist inn í stjórnsýsluna þannig að upplýsingar sem fara til erlendra stofnana eins og OECD eða annarra eru oftar en ekki ókyngreindar. Þess vegna vitum við oft ekki nógu vel hvernig við komum út í samanburði við aðra.

Ég hef komið að helstu nýmælunum en í lokin vil ég spyrja hæstv. ráðherra um sektarákvæðið í sambandi við 33. gr., en þar segir:

„Brot gegn lögum þessum geta varðað sektum sem renna í ríkissjóð."

Þetta er nýmæli og ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvernig þetta er hugsað. Ef einhver stofnun brýtur á fólki, námsmönnum eða starfsmönnum, á þá að sekta fyrir það? Ég átta mig ekki alveg á því hvernig þetta er hugsað.

Þetta var það helsta sem er um nýmælin en ég vil nefna fleira. Það eru fleiri atriði sem eru óbreytt og hafa ekki virkað en ég hef nefnt. Þar vil ég t.d. benda á 14. gr. Mjög illa hefur gengið að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði og það orðalag sem notað er í 14. gr. er nær óbreytt frá núgildandi grein og ég get ekki séð að neitt tryggi að staða kvenna á vinnumarkaði lagist með þessu frv.

15. gr., um launamisréttið, er eiginlega algerlega óbreytt. Ég vil nefna í framhaldi af því að það skortir í raun og veru þrátt fyrir upplýsingaskyldu 29. og 30. gr. að skylt sé að veita Skrifstofu jafnréttismála upplýsingar til þess að geta rannsakað mál. Ég fagna því að úrskurðarnefndin hefur meira frumkvæði nú, eða Skrifstofa jafnréttismála, en áður, möguleika til frumkvæðis. Hingað til hefur staðið á því að fyrirtæki gefi launaupplýsingar. Orðalagið í þessum greinum, 29. gr. og í 14. og 15. gr., er mjög svipað því sem er í gildandi lögum þannig að ég get ekki séð að Skrifstofa jafnréttismála fái nauðsynlegar heimildir til þess að rannsaka t.d. launabókhald í fyrirtækjum til þess að geta flett ofan af þessum illræmda launamun kynjanna.

Í 24., 25. og 26. gr. er talað um bann við mismunun í kjörum, bann við mismunun á ráðningu og á vinnustöðum og bann við brottrekstri. Alls staðar er endað með því að ef það komi í ljós að um mismunun sé að ræða verði atvinnurekandinn að sanna að það sé ekki vegna kynferðis. Þetta virðist því eiga að vera leikur sem á að halda áfram þar sem hver sannar fyrir sig og við það situr. Ég get ekki séð að sá sem fær það dæmt að hann hafi verið brottrekinn eða ekki ráðinn vegna kynferðis hafi nokkra stöðu. Þá kemur bara mótleikurinn. Atvinnurekandinn verður að sanna að þetta hafi ekki verið vegna kynferðis. Þetta er náttúrlega gersamlega óviðunandi. Þessi fíni lagabálkur hefur verið búinn til sem gengur út á að sýna mismunun og svo situr fólk bara uppi með það — já hann braut jafnréttislög — alveg eins og ráðherrarnir hafa gert á þessu kjörtímabili varðandi skipan í nefndir en ekki gerist neitt.

Tími minn er rétt að verða búinn en þarna er gott ákvæði í nokkrum greinum sem ég hef ekki nefnt, t.d. í 27. gr. Ég ítreka að málið þarf mikillar skoðunar við í félmn. Þetta frv. er til bóta en það vantar öll þau tól sem duga ef það á að hafa raunverulegt gildi.

[11:22]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í umræðunni í gær sagði hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir að ekkert hefði miðað sl. 20 ár og það er hárrétt. (**KÁ:** Þetta er rangt.) Það er hárrétt, mjög lítið hefur miðað sl. 20 ár, launamisréttið er enn þá jafnmikið og það hefur verið sl. 20 ár. Það munar mjög litlu.

Það er dálítið undarlegt í ljósi þessarar staðreyndar að menn skuli ekki spyrja sig hvort það geti verið að forsendur jafnréttisbaráttunnar séu rangar, hvort jafnréttisbaráttan sé hugsanlega á villigötum. Það er alveg með ólíkindum að menn skuli berja hausnum við steininn og hamra endalaust á þeim sama sannleika sem menn hafa fundið og spyrja sig ekki hvort það geti verið eitthvað annað sem valdi þessu

misrétti. Getur ekki verið að við séum að horfa á afleiðingu einhvers en ekki orsök?

Að mínu mati er orsökin misrétti fólks og ef það er misrétti fólks kemur það að sjálfsögðu fram í misrétti karla og kvenna. Þegar ungur piltur fær ekki stöðu þrátt fyrir mikla og góða hæfileika og einhver annar, óhæfur eldri karl, er tekinn fram yfir, er það jafnalvarlegt eins og þegar karlinn er tekinn fram yfir unga konu. En ekki er litið neitt til þess. Baráttan gengur ekkert út á þetta. Hún gengur út á að jafna kjör karla og kvenna eingöngu.

Í þessu sambandi bendi ég á að ríkasti Íslendingurinn er sennilega kona og ég bendi á að tekjuhæsti Íslendingurinn er líka kona. Bætir það eitthvað stöðu ungu stjórnukonunnar sem kemst ekki áfram og fær ekki stjórnunarstöðu og verður að vera einhvers staðar sem ritari að ríkasti einstaklingur á Íslandi sé kona? Alls ekki, nei. Þetta sýnir bara í hnotskurn að þetta er ekki spurningin um karl og konu.

Þrátt fyrir miklar tilraunir í áratugi hefur lítið sem ekkert miðað og ég skil ekkert í fólki að reyna ekki að spyrja: Getur verið að eitthvað sé að forsendunum? Ég skil það bara ekki. Menn halda áfram að hjakka í þessum sama góða sannleika sem þeir hafa fundið fyrir löngu og spyrja ekkert að því. Getur verið að þessi sannleikur sé rangur? Það hef ég gert. Búið er að kemba öll lög. Það er hvergi mismunun. Farið hefur verið í gegnum allar reglugerðir. Leitað er með logandi ljósi að mismunun. Ekkert finnst. Þetta er nefnilega ekki ástæðan. Ástæðan er allt önnur.

Hitamælirinn sýnir mikinn hita í sjúklingnum og hvað gera menn? Menn leiðrétta hitamælinn. Þeir reyna ekki að komast að því hvort maðurinn sé með lungnabólgu. Aðalatriðið er að leiðrétta hitamælinn þannig að hann sýni ekki hita, og sjúklingurinn sé þar af leiðandi ekki með hita. Auðvitað er sjúklingurinn með hita jafnt eftir sem áður. Menn berja hausnum við steininn og með þessum lögum er lausnin sú að telja hausa. Karlar, konur, karlar, konur, það á að telja hausa og það á að berja á fyrirtækjum, þvinga þau til að gera eitthvað sem er ekki innbyggt. Það á að breyta afstöðu fólks með lögum. Það tekst illa.

Engum finnst óeðlilegt þó kona sé ráðin í toppstöðu vegna flokksaðildar eða ætternis, það er allt í lagi. Enginn setur út á það. (**KÁ:** Það er lítið um það.) Það kemur fyrir líka og það er ekki sett út á það. (**Gripið fram í:** Það er nú langt síðan.)

Herra forseti. Ég tel að vandinn sé misrétti fólks og viðhorf karla til kvenna, viðhorf kvenna til kvenna, ekki síður (Gripið fram í.) og viðhorf kvenna til sjálfra sín. Ég hef margoft bent á það. Þessu viðhorfi þarf að breyta og verður illa breytt með lögum. Maður breytir ekki viðhorfum með lögum. En við getum breytt hinu sem er misrétti fólks. Hvernig breytum við því og hvers vegna? Þá spyr ég mig: Hvernig stendur á því að óhæfari einstaklingur er ráðinn í toppstöðu í staðinn fyrir hæfari og jafnvel á hærri launum? Hvernig stendur á þessu? Hafa menn spurt sig þess? Nei, enginn hefur spurt sig að því. Hvernig stendur á því að menn ráða óhæfari einstakling? Það er punkturinn. Þar eiga menn að spyrja. Þar eiga menn að taka á. Af hverju skyldu menn gera það? Af hverju skyldu stjórnendur fyrirtækis eða stofnunar ráða óhæfari einstakling á hærri launum? Hafa menn spurt sig þess? Þarna er punkturinn. Það er vegna þess að honum er alveg sama hvernig fyrirtækið er rekið. Hann gerir ekki kröfu um arð, hann gerir ekki kröfu um góðan og hagkvæman rekstur. Þetta er punkturinn. Það vantar arðsemiskröfu. Ef einhver hefur aðra skýringu á þessu ... (Gripið fram í.) Endilega. Ég sé ekki aðra skýringu á þessu af hverju óhæfari einstaklingur er ráðinn fyrir hærri laun en að ekki er gerð krafa um arðsemi. (**KÁ:** Hvað með karlrembu?) Það er afstaða. En hafa menn efni á því endalaust og stöðugt? Það vantar nefnilega kröfu um arðsemi, kröfu um gróða í öllum fyrirtækjum, jafnt skólum og opinberum fyrirtækjum sem einkafyrirtækjum.

Það sem hefur verið að gerast á þessari öld er að svokallað fé án hirðis, þ.e. fé sem enginn á, hefur farið stórvaxandi og það er enginn sem gerir kröfu um arðsemi í slíku fyrirtæki. Fé án hirðis fer vaxandi og það er meginástæðan fyrir því að ekki tekst að jafna stöðu fólks, jafnrétti fólks. (**Gripið fram í:** Jú, ... jafna því áður?) Ég hugsa það jafnvel.

Herra forseti. Af hverju viljum við jafnrétti fólks? Hefur einhver spurt að því? Það er vegna þess að það er þjóðhagslega mjög mikilvægt að besta fólkið komist áfram, að við nýtum hæfileika og snilli þess fólks sem býr að slíkum hæfileikum, að þeir séu nýttir til hins ýtrasta í toppstöðum í þjóðfélaginu, þ.e. að kraftar þessa fólks auki hagsæld þjóðarinnar. Þess vegna viljum við jafnrétti.

Herra forseti. Frv. tekur mið af hefðbundnum sannleika og gefur hefðbundnar lausnir. Í 21. og 22. gr. eru taldir hausar. Halda menn að það komi jafnrétti út úr því? Ef skipaðir eru flokksgæðingar og vinir og vandamenn og því um líkt í nefndir og ráð, kemur eitthvert jafnrétti út úr því? Ekki fyrir tíu aura. Þannig verður ekkert jafnrétti. Það að telja hausa gefur ekkert jafnrétti. Það gefur ekki ungu og hæfileikaríku fólki möguleika á því að komast í þessar stöður eða nefndir og ráð. Alls ekki. Um það er engin krafa gerð.

Í 23., 24. og 25. gr. er gætt að jafnrétti. Þar stendur, með leyfi forseta: „Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kynferðis.“ En það má mismuna eftir ætterni. Það má mismuna eftir aldri. Það má mismuna eftir flokksaðild eða trú eða kynþætti. (**Gripið fram í:** Það er bannað samkvæmt öðrum lögum.) Getum við ekki gagnályktað út frá þessum lögum? Ef það stendur í þessum lögum að ekki megi mismuna á grundvelli kynferðis þá *getur maður gagnályktað, að það megi mismuna eftir aldri.* (**Gripið fram í:** Lestu stjórnarskrána.) Þá vildi ég gjarnan að það kæmi allt inn í þetta ákvæði. (**Gripið fram í:** Þetta eru jafnréttislög.) Akkúrat, jafnréttislög. Ekki jafnréttiskynjalög, heldur jafnréttislög. Allir eiga að vera jafnir, ekki bara karlar og konur.

Herra forseti. Ég ætla að taka dæmi. Um stöðu í tískuvöruverslun eru þrír umsækjendur. Þar er ung, falleg, óreynd og ómenntuð stúlka, ungur fallegur, óreyndur, ómenntaður piltur, og reynd, snjöll og feiknadugleg eldri kona. Ef pilturinn er ráðinn þá getur eldri konan kært. En ef unga fallega stúlkan er ráðin þá getur eldri konan ekki kært, samkvæmt þessum lögum. Af hverju ekki? Af hverju má mismuna konu vegna konu? Ég spyr. Við erum á villigötum, það er einfalt.

Herra forseti. Í 15. gr. er mjög alvarlegt atriði. Þar stendur, með leyfi herra forseta: „Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf.“ Þarna er ekki spurt hvort maðurinn sé snjall, duglegur, menntaður eða hafi reynslu. Þetta er óraunhæft. Fólk er bara ekki ráðið svona. Fólk er ráðið eftir hæfileikum. Þetta er fáránlegt ákvæði af því að það tekur ekki mið af persónunni sem þó skiptir öllu máli.

Í 29. gr. er einnig mjög alvarlegt ákvæði. Þar stendur, með leyfi forseta: „Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum er skylt að veita Skrifstofu jafnréttismála

hvers konar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi skrifstofunnar."

Þarna er galopnað fyrir að veita allar upplýsingar um laun allra landsmanna til skrifstofunnar. Þetta er alveg stórhættulegt ákvæði og ég vil benda á það sérstaklega. Lög sem setja svona óskaplega stífar kvaðir á fyrirtæki og einstaklinga eru meginástæðan fyrir því að atvinnuleysi er viðvarandi í Evrópu. Svo miklar kvaðir og svo margar reglur hafa verið settar fyrir atvinnulífið að það bara stoppar.

Síðan er í 25. gr. alvarlegt atriði sem ég ætla að biðja menn að athuga. Þar stendur, með leyfi herra forseta: „Ef leiddar eru líkur að beinni eða óbeinni mismunun vegna kynferðis við ráðningu, ... skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans."

Þetta er neikvæð sönnunarbyrði. Maðurinn á að sanna að hann sé saklaus. Hvar í ósköpunum er það til? Hvað eru menn að gera? Á að snúa dómskerfinu við? Hafa menn ekki hingað til verið saklausir þar til þeir eru fundnir sekir? Það er ekki hér. Þetta er mjög alvarlegt. Ég vil endilega benda þeirri nefnd sem fær frv. til umsagnar að fara mjög rækilega í gegnum þetta atriði.

Herra forseti. Burt séð frá þeim alvarlegu athugasemdum sem ég hef gert er frv. gott, miðað við þær forsendur sem öll baráttan gengur út á. Ég vona að forsendur jafnréttisbaráttunnar, ekki bara hér á landi heldur um allan heim, sú aðferð að telja hausa, séu réttar. Ég vona að þetta frv. leiði til þess að jafnrétti karla og kvenna náist, svo ekki sé talað um jafnrétti fólks. Ég vona jafnframt að jafnrétti komist á hjá þeim sem þessu frv. er ekki beint að. Ég vona unga, snjalla, vel menntaða fólkið okkar komist að og verði ekki „frústrerað", svo ég noti slettu, yfir að komast aldrei í stöður sem það ætti með sanni að vera í. Ég vona að þetta frv. leiði af sér eitthvað í þá veru að jafnrétti komist á og hæfasta fólkið geti beitt hæfileikum sínum til þjónustu við þjóðina.

[11:36]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða þingmannsins um að þetta frv. nái ekki til annars en kynjajafnréttis, sem er réttmæt gagnrýni að hans mati, þá legg ég til og tek undir með honum að ég held að nafnið á frv., jafnréttislög, geti verið villandi. Gildandi lög bera heitið lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ég tel að það heiti sé betra til þess að fyrirbyggja annars vegar misskilning, að þetta eigi við jafnrétti í víðari merkingu þess orðs. Hins vegar kemur þar einnig fram að markmiðið er að ná breyttri stöðu, sé ekki bara spurning um formlegan rétt heldur eigi niðurstaðan að vera breytt staða í reynd.

Ég vil því taka undir þessa gagnrýni en á allt öðrum forsendum en þingmaðurinn.

[11:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Kosturinn við hv. þm. Pétur Blöndal, 10. þm. Reykv., er sá að hann setur skoðanir sínar oft hressilega og hispurslaust fram. Það býður þar af leiðandi oft upp á lífleg skoðanaskipti við hv. þm., í raun og veru jafnt í þeim tilvikum sem maður kann að vera honum sammála sem og hinum, sem endrum og sinnum ber við, að maður er honum ósammála.

Varðandi þá fullyrðingu sem kom fram í máli hv. þm. að í reynd væri vandamálið fyrst og fremst aðstöðumunur fólks, misrétti milli manna í samfélaginu, að það væri undirrót þess vanda sem við værum að glíma hér við og ræða um sem aðstöðumun kynjanna, þá er ég sammála hv. þm. að hluta til. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að misréttið almennt birtist einnig í þeirri mynd. En það er líka um kynjabundið misrétti að ræða. Veikleikinn í málflutningi hv. þm. liggur, held ég, í því að hann horfir fram hjá þeirri staðreynd að hefðbundin kynjahlutverk eru hér einnig að verki og aðstöðumunur kynjanna vegna ólíkra hlutverka þeirra í okkar samfélagi, eins og þau hafa a.m.k. verið.

Þegar hv. þm. kemur svo að lausnarorðinu mikla, gróðanum og arðsemiskröfunni, þá held ég að hv. þm. sé farinn að keyra alveg hressilega út af því að staðreyndin er auðvitað sú að það er ekki síst í þeim fyrirtækjum sem rekin eru á harðsvíruðum og þröngsýnum gróðaforsendum, þar sem lítið er gert með réttindi starfsmanna, að hallar á, vegna þess að þau fyrirtæki eru líklegri til að segja upp ófrískum konum, ráða síður konur á barneignaaldri og horfa kalt á kynjahlutverkin eins og þau eru í samfélaginu af fullkomnu miskunnarleysi og það er óhagstætt konum. Það er alveg á hreinu, eins og þessi mál standa í dag. Þarna fer hv. þm. því verulega villur vegar.

[11:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. og ég erum oft á mismunandi skoðun og það er eðlilegt vegna þess að við höfum mismunandi heimssýn. Það er ekki þar með sagt að við höfum rangt fyrir okkur, hvor um sig. Miðað við þá heimssýn sem hann hefur þá hefur hann aðra skoðun á þeim lausnum eða þeim leiðum að sama markmiði sem við öll höfum, þ.e. hamingju þjóðarinnar.

Varðandi arðsemiskröfuna hjá mörgum fyrirtækjum sem eru sem harðsvíruðust, reka ófrískar konur og gera annað slíkt, þá er það þannig að arðsemiskrafa er tiltölulega ný á Íslandi, líka hjá einkafyrirtækjum. Það var einu sinni ljótt að græða. Það var mjög ljótt og menn reyndu að reka þetta nánast á núlli. Og fyrirtæki sem sýna starfsmönnum sínum óbilgirni og reka ófrískar konur gefa öðrum starfsmönnum skilaboð sem ekki eru beint jákvæð.

Menn eru sífellt að uppgötva það betur að starfsfólkið er yfirleitt verðmætasta eign hvers fyrirtækis. Það er mjög mikilvægt að gefa starfsfólkinu jákvæð skilaboð, gefa starfsfólkinu skilaboð um að fyrirtækið sé heiðarlegt og sanngjarnt. Þetta saman, arðsemiskrafa til fyrirtækisins og skilaboð um að fyrirtækið sé heiðarlegt og gott við starfsmennina, á að leiða til þess að jafnrétti náist fram.

Ég hef ekki enn þá fengið svar við því hvernig standi á því að fyrirtæki hafi efni á því að ráða óhæfari einstakling á hærri launum ef hugað er að gróða fyrirtækisins og hagnaði.

[11:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að veikleikinn í röksemdafærslu hv. þm. liggi að nokkru leyti í því að hv. þm. gefur sér að fyrirtækin séu almennt framsýn, víðsýn og horfi til lengri framtíðar þegar þau eru að gæta hagsmuna sinna. Er ekki hv. þm. að horfa fram hjá þeirri staðreynd að því miður eru skammtímagróðasjónarmið allt of oft ráðandi í þessu tilviki? Og þá lítur dæmið iðulega þannig út hjá fyrirtæki sem horfir bara til næstu missira, að það er dýrt að ráða starfsmenn, þjálfa þá upp, ef verulegar líkur eru á því að þeir detti síðan

út úr vinnu vegna barneigna í stórum stíl og að ráða þurfi aðra í staðinn o.s.frv. Þarna í liggur einn veikleikinn.

Nú get ég að vísu verið sammála hv. þm. um að það á kannski ekki að vera frumskylda fyrirtækjanna umfram aðra í þjóðfélaginu að tryggja jafnrétti. Ég held að þetta sé verkefni af því tagi þar sem við náum ekki árangri nema til komi víðtækt samstarf allra, þar með talið auðvitað atvinnulífsins og fyrirtækjanna. Þetta er ekki bara spurning um markaðshyggju og gróða. Þetta er spurning um félagsleg viðhorf og andrúmsloft í samfélaginu. Þetta er spurning um kynslóðir, uppeldi og margt í senn. Löggjöfin þarf að sjálfsögðu að vera þarna til staðar og í raun þátttaka allra aðila samfélagsins í því verkefni að eyða þessum mun og láta þetta kynbundna misrétti hverfa, þannig að t.d. á vinnumarkaði hætti algjörlega að skipta máli af hvoru kyni starfsmaður er gagnvart hagsmunum fyrirtækjanna þegar í hlut eiga barneignir, veikindi barna eða annað slíkt. Þetta er ekki í lagi fyrr en fyrirtækin geta hætt að hugsa um þá hluti og horft eingöngu á hæfni starfsmannanna, óháð kyni.

[11:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er hárrétt og þetta er punkturinn sem við eigum að beina kröftum okkar að en ekki að því að telja hausa eða reyna að þvinga fram jafnrétti með jafnréttislögum. Við eigum að breyta forsendunum og t.d. því að karlar fari í fæðingarorlof ekki síður en konur þannig að gagnvart fyrirtækjunum sé það algjörlega hlutlaust hvort það ræður ungan pilt eða unga stúlku.

Það á líka að taka þannig á veikindum barna að jafnsjálfsagt sé að faðirinn sé heima og móðirin. Þessum forsendum eigum við að breyta. Við eigum að breyta forsendum þess að fyrirtækin ráði jafnt karla og konur. Þegar það hefur verið gert og þegar byggð hefur verið upp krafa um arðsemi og þegar búið verður að fækka opinberum fyrirtækjum með því að einkavæða þau og minnka þetta fé án hirðis, sem ég kalla svo, og komin er arðsemiskrafa inn í allt kerfið, inn í skólana og heilbrigðisstofnanirnar og alls staðar, þá munum við sjá jafnrétti. Þá hefur enginn efni á því að ráða óhæfari einstakling — einstakling, ekki karl — óhæfari einstakling á hærri launum. Þá munu allir þurfa að ráða einstaklingana eftir hæfileikum þeirra, menntun og getu og öðru slíku. Þá munum við loksins sjá jafnrétti, þegar við erum búin að breyta þessu, bæði arðsemiskröfunni og forsendunum fyrir því að ráða karl eða konu.

[11:46]

Útbýting þingskjala:

Norrænt samstarf 1998, 534. mál, skýrsla, þskj. 858.

Verkefni verkfræðistofa, 319. mál, svar fjmrh., þskj. 850.

VES-þingið 1998, 482. mál, skýrsla Íslandsdeildar VES-þingsins, þskj. 789.

[11:46]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil segja það í upphafi máls míns að ég er ánægður með frv. sem hér er lagt fram. Mér sýnist að í því sé reynt með ýmsu móti að tryggja jafnrétti kynjanna og má kannski segja á þeim forsendum að reynt sé með opinberum aðgerðum að hafa eftirlit og með löggjöf reynt að skylda menn til þess að tryggja jafnrétti kynja og jafnrétti innan fyrirtækja í einka- og opinberum rekstri eins og kostur er. Það er samt staðreynd og kom reyndar fram í andsvörum núna rétt áðan að ungar konur kvarta mjög í atvinnurekstrinum og í einkageiranum yfir því að á þeim sé brotið og að gerðar séu til þeirra óeðlilegar kröfur umfram karlmenn. Ég þekki þess dæmi, herra forseti, að ungar konur hafi beinilínis ekki verið ráðnar nema þær hafi gefið yfirlýsingu um að þær myndu ekki eiga börn næstu tvö eða þrjú ár. Þá er að sjálfsögðu í flestum tilfellum um störf að ræða sem eru yfirmannastörf þar sem mannaforráð eru skilyrði, en eigi að síður ef um væri að ræða karlmann sem tæki að sér sambærilega stöðu, þá væri hann ekki spurður slíkra spurninga eða sett sem skilyrði að hann eignaðist ekki börn næstu tvö til þrjú árin til að hann hlyti starfið.

Það er að sjálfsögðu mikið vandamál hvernig á að koma í veg fyrir að svona skilyrði séu sett konum en ekki körlum, eða svona skilyrði yfirleitt. Eigi að síður held ég þetta sé nú vandinn í hnotskurn og stöðvi konur á framabraut þannig að þær beinlínis hætti við að reyna að öðlast frama eða komast til æðstu metorða vegna slíkra skilyrða og sjónarmiða atvinnurekenda yfirleitt. Ekki hef ég beinlínis svör við því hvernig eigi að leiðrétta þetta en ég held nú samt að það væri hægt í löggjöfinni með einhverju móti að bæta eða greiða einhvers konar fæðingarorlof til fyrirtækja þannig að þau óttist ekki fjárhagslegan skaða af því að ráða fólk á þessum aldri til starfa, því þetta er allt spurning um fjármagn eins og hv. þm. Pétur Blöndal sagði hér áðan. Oftast nær má kannski segja að menn líti svo á að margir verðmætir einstaklingar séu gjaldgengir í sama starfið þó svo að einn sé ráðinn eftir vissa athugun. Ég hefði gjarnan viljað að hv. félmn. kannaði sérstaklega skilyrði sem ungar konur þurfa að sæta til að fá stöðu hjá fyrirtækjum, þ.e. þau skilyrði að þær eigi ekki börn á næstum tveimur til þremur árum eða tilteknum árafjölda. Þetta er náttúrlega bannað en þetta er samt sem áður gert. Ég held að þetta sé mesti vandi jafnréttisbaráttunnar í dag, þ.e. þessi afstaða fyrirtækja gagnvart barneignum, að sjálfsögðu fyrst og fremst kvenna. Karlar eru alls ekki spurðir svona þótt þeir eigi börn jafnt og kvenfólk, þótt þeir ali þau ekki af sér.

Maður veltir náttúrlega öðru fyrir sér í þessu sambandi og það er hverjir eiga fyrirtæki í dag og hafa yfirleitt átt fyrirtæki. Í einkageiranum eiga oftast nær karlmenn fyrirtæki, stjórna þeim og auðvitað þarf að velta því fyrir sér hvernig hægt sé að auka hlut kvenna í fyrirtækjarekstri, þ.e. að þær eignist og stofni sín eigin fyrirtæki og stjórni þeim sjálfar á sínum eigin forsendum. Það vill oft vera þannig að karlmenn sem stofna fyrirtæki ráða vini sína eða aðra karlmenn til að starfa næst sér og oft liggur nú í þessari mismunandi afstöðu kynjanna hvors til annars að karlmönnum finnst stundum þægilegra að hafa karlmenn í kringum sig og konum konur í kringum sig. Það er þá spurning hvort hægt sé með einhverjum aðgerðum að aðstoða ungar konur eða konur almennt til að eignast sín eigin fyrirtæki og þannig ná því jafnrétti sem við erum öll sammála um að þurfi að ríkja í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég tel mig hafa í störfum mínum í félmn., þó ég eigi þar ekki sæti núna, lagt ýmislegt af mörkum til að auka hlut kvenna í stjórnmálum með því að samþykkja fjármagn til nefndar sem var sett á laggirnar til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Ég hygg að það starf hafi skilað verulegum árangri og eftir því sem mér sýnist á prófkjörum sem hafa verið haldin undanfarið þá hafa konur komið vel út úr þeim, ekki síst, held ég, vegna þess að auglýsingar og starf nefndarinnar sem sett var á laggirnar í framhaldi af þessari samþykkt félmn., hefur skilað árangri og þá með því að konum hefur gengið vel í prófkjörum og mun betur en þær sjálfar hafa almennt gert ráð fyrir. Það hefur nefnilega verið

dálítil mýta hjá kvenfólki fram að þessu að halda að þær eigi ekki jafnmikla möguleika og karlar í prófkjörum en í mínum huga hefur það verið misskilningur og mér fannst það sannast rækilega í þeim prófkjörum sem hafa verið haldin að undanförnu.

[11:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér fer fram mjög góð umræða um frv. til jafnréttislaga enda eru það lög sem skipta fjölskyldurnar í landinu, karla og konur, mjög miklu máli. Það er mjög mikilvægt að alþingismenn gefi sér tíma til að ræða einstök atriði frv. og hugmyndafræðina á bak við frv. eins og þetta og slík lög. Ég verð hins vegar, herra forseti, að láta þess getið þó að hv. þm. Pétur Blöndal sé farinn úr salnum að ég deili ekki hugmyndafræði hans um að arðsemi og gróði ráði á öllum sviðum í lagasetningu okkar og viðhorfum til þróunar í þjóðfélaginu. Sumu öðru í afstöðu þingmannsins, svo sem það að jafnrétti auki hagsæld, er ég hins vegar sammála og það að mikilvægt sé að jafnréttislögin snúist um jafnrétti karla og kvenna. Þrátt fyrir að þessi jafnréttislög sem hér verða sett beinist fyrst og fremst og eingöngu að jafnrétti karla og kvenna þá er að sjálfsögðu réttur allra einstaklinga óháð húðlit, fötlun eða stöðu, tryggður í stjórnarskrá og við eigum hvergi að víkja í því að reyna að tryggja þeim einstaklingum sem allra jafnasta stöðu. En það eru bara ekki þessi lög sem fjalla um það.

Herra forseti. Í gær fór ég í andsvar við félmrh. vegna tilurðar frv. og þess hverjir komu að gerð þess. Það kemur fram á bls. 10 í greinargerðinni að þess er getið að þingflokkum stjórnarandstöðunnar var boðið að koma á fund nefndarinnar og að þingflokkar Kvennalista, Alþb. og Alþfl. þáðu ekki boðið, en Kristín Ástgeirsdóttir kom á fund nefndarinnar og lagði henni til ýmsar gagnlegar hugmyndir. Ég gat þess í gær hver rökin hefðu verið fyrir því hjá okkur að þiggja ekki boð um að koma á fund nefndarinnar og koma með athugasemdir eða upplýsingar. Það sem á að gera í lögum sem varða almannaheill eins og jafnréttislög gera, er að tryggja aðkomu sem flestra og ekki síst aðkomu stjórnarandstöðunnar á Alþingi. Þetta endurtek ég hér í upphafi máls míns um frv.

Ég mun hafa aðstöðu til að koma að umfjöllun um frv. í félmn. þar sem ég á sæti og taka þátt í yfirferð þess og viðræðum við aðila úti í þjóðfélaginu um það sem e.t.v. má betur fara í frv.

Það er margt áhugavert í þessu frv. og margt má teljast til nýbreytni og ég styð heilmikið af því sem hér er að finna. Ég vil a.m.k. gera tilraun með þær breytingar sem getið er um hér vegna þess að við vitum og það hefur komið fram í þessari umræðu að þrátt fyrir að við höfum verið með góð jafnréttislög þá skortir á að þau nái árangri sínum og ég hef reyndar á því skýringar.

Það hefur verið vandi jafnréttislaganna að lögin eiga ekkert að kosta. Bent hefur verið á það í þessari umræðu að samkvæmt umsögn fjmrn. sé kostnaður við frv. talinn í milljónum en ekki tugum milljóna, eða ein milljón. Það er mikill vandi okkar að kveðið er í jafnréttislögum á um stefnumörkun og það er kveðið á um aðgerðir og kveðið er á um hvað þurfi að gerast til að jafnrétti náist. En árangur af lagasetningunni er undir því kominn að fjármagn fáist til aðgerða, ýmist á stjórnsýslustigi sveitarstjórna eða á stjórnsýslustigi því sem félmrh. sér um. Það skortir fjármagn til að jafnréttislög verði virk, ekki bara fjármagn ofan frá heldur stýringu á þá lund að hér verði launajafnrétti og jafnrétti í reynd, jafnrétti með aðgerðum sem kosta fjármagn. Þessi árangur hefur ekki sést undangengin fjögur ár. Það hefur frekar verið dregið úr fjármagni á ýmsum sviðum en að það væri aukið.

Í upphafi greinargerðarinnar er fyrst getið um hverjir hafi unnið að gerð frv. Það er hið mætasta fólk þótt ég hafi endurtekið gagnrýni mína á það hverjir fengu ekki aðkomu að gerð frv. Síðan er þess getið í greinargerðinni að tekið hafi verið sérstaklega tillit til eða hugað að skyldum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist á grundvelli EES-samningsins. Getið er um tilskipanir Evrópusambandsins sem eru orðnar hluti samnings okkar um EES og talað er um tilskipanir sem varða samræmingu á lögum um beitingu meginreglunnar um sömu laun karla og kvenna, um aðgang að störfum og starfsþjálfun og um tilskipun um rammasamning um foreldraorlof. Og það leiðir hugann að því sem ég hér hef nefnt, að fjármagn skortir til aðgerða.

Mig langar sérstaklega út af fæðingarorlofi, foreldraorlofi og rétti þungaðra kvenna, sem eru Evrópusambandstilskipanir, að nefna að núna á sama tíma og við erum að ræða frv. til laga um jafnréttismál, þá liggur fyrir að mál sem varða tilskipun og rétt þungaðra kvenna eru óútkljáð og að samtök launafólks hafa kært til EFTA vegna réttarstöðu þungaðra kvenna. Meginatriðið í þeirri kæru er að þungaðar konur njóta ekki fjárhagslegs réttar. Þar eru t.d. nefndir 60 dagar vegna veikindaleyfis á meðgöngu og að tilskipunin kveður á um að þungaðar konur njóti verndar sem svarar launum. Ljóst er að þótt fæðingarorlof í tilskipuninni sé minnst 14 vikur þá er það svo að fyrstu 14 vikurnar eiga að koma til fæðingarorlofsgreiðslur sem svara til veikindagreiðslna starfsmanns. Það er alveg ljóst að á Íslandi eru greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins í fæðingarorlofi mun lægri en veikindagreiðslur þannig að strax hér er kominn ágreiningur á milli þeirra sem tilskipunin nær til og framkvæmdarvaldsins. Sama gildir um ráðningarvernd. Ef þunguð kona lendir í því að fá uppsögn á að rökstyðja þá uppsögn skriflega af því að ekki má segja vanfærri konu upp störfum samkvæmt tilskipuninni en hér er ekkert sem ver þann rétt. Hér finnst ekkert í lögum um rétt hennar að ef henni verður sagt upp störfum sé sú uppsögn skriflega rökstudd. Við höfum fengið að heyra það líka, þegar leitað hefur verið til okkar að við skoðum rétt foreldra langveikra barna, að þess eru dæmi að foreldrum langveikra barna hefur verið sagt upp störfum. Þetta nefni ég til að við horfum á það opnum augum að á sama tíma og við erum að setja lög til að reyna að ná jafnrétti og við viljum að unnin sé framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til að við náum jafnrétti, þá gengur þetta svo hægt. Ekki eru sett annars staðar inn þau lagaákvæði sem þarf, ekki er sett fjármagn í málaflokkana sem þarf til að hægt sé að verða við og gera jafnréttislögin virk.

Á borðum okkar liggur svar sjútvrh. við fyrirspurn hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Hún spyr um fimm afmörkuð verkefni sem á að vinna í sjútvrn. og þá er sagt að á þessu rúma hálfa ári sem liðið er frá samþykkt áætlunarinnar sé eingöngu hafin vinna að einu verkefni en, herra forseti, hér er um að ræða næstum heilt ár frá því framkvæmdaáætlunin var samþykkt frá Alþingi. Af fimm verkefnum er eitt farið í gang, og það nýfarið í gang. Þetta segir okkur hvað þessi mylla malar hægt og ekki einu sinni örugglega. Þetta er vandi okkar sem erum að fjalla um góð jafnréttislög og skerðir þær

væntingar sem við höfum til að lögin verði tæki til að ná fram því jafnrétti sem konur og konur og karlar vilja í dag. *Og það er eitt af því sem ég fagna að sjá í frv.* að gert er fullkomlega ráð fyrir að konur og karlar ætli að vinna að því saman að jafnréttislög geti orðið virk og reyna að ná því fram að hér verði jafnrétti, enda er það hagsmunamál kvenna og karla því að í langflestum tilfellum eru það konur og karlar sem stofna fjölskyldur og því aðeins náum við fram virku jafnrétti að hér sé líka virk fjölskyldustefna. Þetta hangir saman.

Ég vona, herra forseti, að með stofnun Skrifstofu jafnréttismála sé verið að gefa til kynna aukið vægi jafnréttismálanna, að verið sé að búa til eins konar stofnun. Ég get alveg hugsað mér að gera þá tilraun að kljúfa það upp *eins og frv. gerir ráð fyrir og skipa í Jafnréttisráð á nýjan* hátt. Hins vegar eru nokkur atriði sem mig langar að nefna varðandi Jafnréttisráð og breytta mynd þess og þingið. Í yfirliti yfir helstu nýmæli kemur fram hvernig hið nýja Jafnréttisráð verði vettvangur hagsmunasamtaka og þeirra sem vilja leggja sitt af mörkum við stefnumörkun og ráðgjöf í jafnréttismálum. Þar er hugsunin að þrír fulltrúar komi frá háskóla, Kvenfélagasambandi og Kvenréttindafélagi Íslands og einn án tilnefningar sem verði formaður ráðsins og síðan verði þrír fulltrúar kosnir á jafnréttisþingi. Talað hefur verið hér um aðila vinnumarkaðarins og það sé í lagi að fulltrúar þeirra hverfi úr ráðinu. Hins vegar hef ég alltaf talið mjög *mikilvægt að gott samráð sé við launþegasamtökin vegna* þess að það er mjög mikilvægt að launþegasamtökin vinni á sama hátt og Alþingi og Jafnréttisráð að jafnrétti, ekki bara launajafnrétti heldur öðru jafnrétti, eins og ég hef getið um. Launþegasamtökin eru að reyna að ná því t.d. fram að jafnrétti samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins verði virkt, og er þar að kljást við framkvæmdarvaldið sem leggur fram þetta frv.

Hins vegar er þess getið að félmrh. boði þingið og í 9. gr. er þess getið hverjir verði boðnir til þess þings. Þar er sagt að þar skuli vera auk Jafnréttisráðs, fulltrúar félagasamtaka og stofnana sem vinna að jafnréttismálum, aðilar vinnumarkaðarins *svo og aðrir sem ráðið telur að eiga skuli seturétt* hverju sinni og auk þess fulltrúar ráðuneyta, þingflokka á Alþingi og sveitarstjórna, og framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála. Félmrh. fær mikið vægi í að boða þingið og þá vakna spurningar um hver beri fram fulltrúa á þinginu eða hversu margir fulltrúar verða á þinginu. Það er ekkert sem segir í 9. gr. hversu mörgum verður boðið. Verður einum fulltrúa boðið frá hverjum af þessum aðilum? Einum fulltrúa þingflokka, einum frá hverjum aðila vinnumarkaðarins, einum frá hverri sveitarstjórn eða jafnréttisnefnd?

Síðan er orðalag í 9. gr. sem ég vil spyrja um. Í þessari málsgrein segir hverjir eigi seturétt og síðan segir: „... svo og *framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála, eiga rétt* til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt.“ Þar segir sem sagt: „Jafnframt skulu fulltrúar ráðuneyta, þingflokka á Alþingi og sveitarstjórna, svo og framkvæmdastjóri Skrifstofu jafnréttismála, eiga rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt.“

Þýðir þetta að þeir sem taldir eru upp á undan hafi atkvæðisrétt á þinginu en t.d. fulltrúar sveitarstjórna og Alþingis eingöngu málfrelsi og tillögurétt? Mig langar að fá svar við þessu og líka um fjölda fulltrúa og hve stórt þingið verður vegna þess að það skiptir mjög miklu máli að þetta verði ekki þing sem viðkomandi félmrh. getur á einhvern hátt haft í hendi sér og verið með tillögur um hverjir eigi að sitja í Jafnréttisráði vegna þess að þá erum við komin með stjórnvaldsapparat í staðinn fyrir hina góðu dreifðu nefnd sem Jafnréttisráð á að vera. Þetta er mjög mikilvægt.

Mér finnst mikilvægt að úrskurðarnefnd jafnréttismála muni kveða upp bindandi úrskurði. En ég vil líka spyrja um hversu þungt og mikið gildi þessir bindandi úrskurðir hafa. Hvað gerist ef ekki verður farið að úrskurði úrskurðarnefndarinnar? Það má vera að þessi spurning hafi komið fram, ég hef ekki getað setið alveg við umræðuna en það er mikilvægt að þetta komi fram.

Á sama hátt langar mig að nefna annað nýmæli sem er að hvert ráðuneyti skipi jafnréttisfulltrúa. Það finnst mér gott mál, en það kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að ráða þurfi nýja starfsmenn í ráðuneytin og þá er ástæða til að óttast að í ráðuneytunum fái einhver þetta verkefni og að jafnréttismálin verði afgangsstærð ef viðkomandi einstaklingur sem fær það verkefni er ekki því áhugasamari um jafnréttismál. Og þá vaknar líka sú spurning hvernig eftirfylgni verður á því að ráðuneytin séu í raun að vinna með jafnréttisfulltrúa sem skoði málið á þann hátt sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég hef áhyggjur af því að í þeirri setningu felist: Það á einhver í hverju ráðuneyti að sjá um jafnréttismál. Við erum með svo bitra reynslu af því að ráðuneyti og stofnanir hafa átt að setja sér jafnréttisáætlanir og framkvæmdaáætlanir og kallað hefur verið eftir þessu aftur og aftur. Stundum er þetta gert og annars staðar er þetta gert í takmörkuðum mæli en þrátt fyrir eftirfylgni hefur ekki orðið nægilegur árangur af þessu.

Eitt stærsta málið í frv. varðar þá hugmyndafræði sem ég er mjög upptekin af í störfum mínum á Alþingi og það er ákvæðið að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Að samræming fjölskyldu- og atvinnulífs sé viðfangsefni hjá okkur líka alveg eins og það er í norrænni samvinnu og hjá Evrópuráðinu og alls staðar. Við erum langt á eftir á Íslandi. Það er bara þannig að fjölskyldumál eru ekki í því öndvegi sem þau ættu að vera í íslensku samfélagi. Fjölskyldumálin hafa ekki fengið þann forgang, ekki fengið þann stuðning *í ráðuneytunum sem fjölskyldan í íslensku samfélagi á að* hafa. Það er svo einfalt. Á Norðurlöndunum er fjölskyldunni gert hærra undir höfði. Á Norðurlöndunum er lengra fæðingarorlof, bæði karla og kvenna, og hærri fæðingarorlofsgreiðslur. Á Norðurlöndunum er meiri réttur tryggður fyrir fólk á vinnumarkaði vegna fjölskylduábyrgðar en hér, þar eru betri almenn launakjör, almennt betri tryggingar og styttri vinnutími. Og langur vinnutími foreldra ungra barna er eitthvert það erfiðasta mál hér á landi og þeir veggir sem t.d. fjölskyldur langveikra barna rekast á eru hörmulegir og er þá vægt til orða tekið, vegna þess að þá verður tekjutap og þá kemur í ljós að velferðarkerfið okkar er götótt. Þau *börn sem lenda í langvarandi veikindum eiga ekki einu sinni* sama rétt og fötluð börn. Það þarf því að setja þau markmið að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, að gera kröfur til vinnumarkaðarins um samvinnu þar að lútandi, að fyrirtækin í landinu fari að axla ábyrgð á starfsmönnum sínum, bæði körlum og konum, á þá lund að fyrirtækin horfist í augu við að bæði karlar og konur þurfa að fara frá vinnu vegna veikinda barna, að bæði karlar og konur þurfa veikindaorlof, að bæði karlar og konur eigi rétt á fæðingarorlofi og að lengja þurfi fæðingarorlof og að fyrirtækin eigi að koma að því máli. Ef okkur tekst í kjölfar þess að setja ný jafnréttislög, bæði með því gamla og góða sem hefur verið að finna í okkar

lögum og með þeim nýmælum sem hér eru og hugsanlega næst samstaða um, þá er vel, herra forseti.

[12:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fagna þessu frv. þótt ég hljóti um leið að harma að það er ansi seint á ferðinni miðað við vinnu á þessu þingi. Ég veit svo sem ekki hversu miklu gáfulegu ég get bætt við þá ágætu umræðu sem hefur orðið um málið og ég hef reynt að fylgjast með að mestu leyti.

Þó vil ég aðeins víkja að nokkrum atriðum í frv. sjálfu. Áður en að því kemur, herra forseti, held ég að ég láti það eftir mér að fara aðeins út í heimspekilegar umræður um jafnréttismálin í víðara samhengi og ég geri það m.a. út frá orðum hv. þm. Péturs H. Blöndals áðan. Eins og ég sagði reyndar í andsvari þá býður hv. þm. oft upp á skoðanaskipti með sinni hressilegu nálgun og sjónarmiðum sem hann setur feimnislaust fram og það vakti mann til umhugsunar um ýmis grundvallaratriði þessa máls sem er gott því það er gjarnan ekki síður áhugavert að ræða grundvallarspurningar en sitja rígfastur í smáatriðum lagatextans sjálfs þegar málaflokkur af þessu tagi er til umfjöllunar.

Hv. þm. varpaði fram þeirri stóru spurningu hvort jafnréttisbaráttan og umræða um jafnréttismál væri jafnvel á röngu spori, við værum jafnvel í grundvallaratriðum með skakka nálgun í þessum efnum. Þetta er mjög stór og þörf spurning og ástæða til að ræða. Er það þannig að svo hægt hafi miðað í þessum efnum, eins og ráða mátti af máli þingmannsins og jafnvel fleiri hér, að það veki óhjákvæmilega upp spurningar af þessu tagi, hvort menn séu jafnvel að heyja baráttuna á röngum forsendum og það sé orsök þess eða skýringin á því að menn nái ekki árangri?

Ég held það sé nokkuð til í þessum orðum hv. þm. Péturs H. Blöndals, að menn hafi kannski á köflum misst sjónar á hinum undirliggjandi orsökum kynjamisréttisins en gerst um of uppteknir af því að telja hausa, skoða hlutföll og annað því um líkt eins og hv. þm. orðaði það. Þetta voru reyndar að sumu leyti ekki ósvipuð orð og ég lét falla á umræðufundi um jafnréttismál hér handan götunnar ef svo má segja, herra forseti, yfir í Ráðhúsi borgarinnar vegna þess að mér finnst stundum spurningar um tölfræði og t.d. tölfræðilegan samanburð Íslands við hin Norðurlöndin þar sem hallar á okkur, ef t.d. er tekin þátttaka kvenna í stjórnmálum, ekki segja nema hálfa sögu. Jú, þær tölur segja þá sögu að við erum verr á vegi stödd. Við eigum færri konur á þingi og færri konur í sveitarstjórnum. En tölfræðin sem slík segir okkur ósköp lítið um það hvers vegna þetta sé svona. Þá komum við að því að ræða hin djúplægu undirliggjandi mál og rök í hlutunum og það er áhugavert.

Ég ætla því að láta það eftir mér, og það er svo sem ekki mikil fórn, að vera að talsverðu leyti sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal um að þörf sé á því að víkka umræðuna út að þessu leyti, en ég er líka ósammála honum um sumt og það reyndar mjög harkalega þegar kemur að skilgreiningu hans á hlutverki markaðarins og gróðahyggjunnar inn í þetta samhengi. Það er svo sem ekkert að undra að við séum ekki nákvæmlega akkúrat upp á punkt og prik sammála um það. Mér finnst hv. þm. einnig leggja of mikla áherslu á það í sínu máli að mælikvarðinn á jafnrétti kynjanna felist fyrst og fremst í því að konur hafi ekki náð jafn miklum frama í atvinnulífinu. Hann gerir það vissulega að hluta til en jafnréttisbaráttan snýst um svo margt fleira og í raun mikilvægari hluti í mínum huga en það. Hún snýst um sjálfa gerð samfélagsins, um hlutverk kynjanna, uppbyggingu fjölskyldunnar o.s.frv. En það er rétt að misrétti almennt í þjóðfélaginu er hluti af þeim vanda sem við erum að glíma við. Ég er sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal um það að í þjóðfélagi þar sem misrétti er mikið af hvaða toga sem er, þá er náttúrlega alveg augljóst mál að kynjamisrétti er þar á ferðinni í bland og fólgið í því misréttisástandi sem er í samfélaginu. Það er eiginlega alveg augljóst. En það breytir ekki hinu að til staðar getur jafnframt verið kynjabundið misrétti og svo er á Íslandi. Ég held reyndar að við getum varla sagt annað en að almennt hafi þjóðfélagið gerst heldur þroskaðra í félagslegu tilliti á síðustu áratugum. Ég held að fáir vildu skipta á kjörum kvenna eða fátæks fólks á 18. eða 19. öldinni borið saman við það sem er í dag. Þá er ég ekki að meina bara í efnahagslegum skilningi heldur líka hvað beinlínis kynbundið misrétti og misrétti almennt, hlutfallslegt eða relatíft misrétti, ef svo má að orði komast, snertir. Þetta kynjamisrétti er því til staðar. Það er undirliggjandi og liggur í þessum hlutverkum. Það liggur í viðhorfi, viðmóti, andrúmslofti og mörgu fleiru. Hvernig breyta menn því? Jú, menn þurfa að sjálfsögðu að reyna að ráðast að rótum vandans og uppræta það þar sem það sprettur fram. Hvar gerist það? Það gerist í gegnum uppeldið. Það gerist í gegnum þau hlutverk sem menn ganga inn í í samfélaginu. En á meðan við erum að því þá beitum við jafnframt þeim ráðstöfunum sem við verðum sammála um að gera til að þola ekki misrétti þar sem það birtist. Það er og verður því miður örugglega þannig lengi að það þarf að setja lög til að tryggja hluti sem okkur finnast sjálfsagðir, eins og t.d. mannréttindi eða öryggi borgaranna. Það þarf að gera það. Okkur finnst auðvitað alveg sjálfsagt að enginn maður hafi rétt til að taka annars líf. En við setjum líka lög um að það sé bannað. Er það ekki? Ég held það sé alveg nákvæmlega eins með kynjamisréttið, að samtímis því sem við reynum að uppræta það óréttlæti sem í þessu er fólgið og þann skort á mannréttindum sem í því er fólginn að staða kynjanna skuli ekki vera jöfn, þá höfum við um það lagaumgjörð og þar kemur að jafnréttislögunum. Og þetta eru jafnréttislög en ekki allsherjarmannréttindalög eða ákvæði sem geyma hluti eins og þá sem stjórnarskráin býr yfir. Ég get reyndar tekið undir það að að sumu leyti væri kannski skýrara að taka það beinlínis fram með því að láta þetta heita frv. til kynjajafnréttislaga þannig að þessu væri ekki ruglað saman við jafnrétti í víðasta skilningi þess orðs þegar komið er út í mannréttindi eða efnahagslegan eða félagslegan jöfnuð sem er aldeilis óskyldur hlutverkum kynjanna.

Herra forseti. Ég svaraði í andsvari því sem mér fannst vera mesti veikleikinn í málflutningi hv. þm., þ.e. hvað varðar hlutverk markaðarins í þessu sambandi og spurninguna um arðsemiskröfur í fyrirtækjum og gróða, af því ég held það liggi þannig að einmitt þar eru á ferðinni kraftar og öfl sem þarf að hemja, ella verða þeir til þess að auka kynjamisréttið. Það er þannig. Þeir leggjast ofan á hinar undirliggjandi aðstæður sem eru þarna fyrir hendi. Þeir gera það víst, hv. þm. Það liggur alveg gjörsamlega í hlutarins eðli að maður sem rekur fyrirtæki sitt kaldrifjað og á ósvífinn hátt með skammtímagróðahagsmuni í huga er líklegur til að gefa skít í það þótt ákvarðanir hans birtist þannig að þær séu óhagstæðari öðru kyninu en hinu. Hann horfir á það hvað hann getur mjólkað út úr starfsmanninum á næstu tveim, þrem árum. Og ef hætta er á því að starfsmaðurinn gerist ófrískur og verði lengur að verða léttari en sá sem hér talar — það tók

hann ekki nema korter — þá birtist það þannig að það leggst ofan á það misrétti sem þarna er fyrir og undirliggjandi. Þetta vitum við. Þetta sýna kannanir. Það þarf í raun og veru ekki um þetta að deila. Það er þannig.

Hitt get ég svo sem alveg sagt og endurtekið að fyrirmyndarsamfélagið er þannig að þetta skiptir ekki máli fyrir fyrirtækið, kyn starfsmannsins er hlutlaust gagnvart því. Þannig á það auðvitað að vera þó mér bjóði að vísu í grun að þegar svo væri komið, að hlutverk karlmanna gagnvart umönnun og ábyrgð á fjölskyldu og heimili og öðru slíku væri orðið fullkomlega jafnt og staða þeirra að öðru leyti jöfn, t.d. hvað varðar fæðingarorlof eða aðra slíka hluti, þá mundi halla á karlmennina og konur mundu verða eftirsóttari starfsmenn. Það eru mörg teikn á lofti um að þróunin stefni í þá átt. T.d. eru konur langlífari en karlmenn og að ýmsu leyti betur gerðar, snemmendis bráðþroska umfram karlmenn o.s.frv. *þannig að það er því miður þannig að út frá* slíkum sjónarmiðum gæti alveg verið ástæða til að búa sig undir þá framtíð fyrir hönd karla að í framtíðarríkinu mundi frekar þurfa löggjöf til að lappa upp á þeirra stöðu. En það er því miður langt í land með það.

Þá að frv., herra forseti. Það sem ég vildi sérstaklega nefna er í fyrsta lagi spurningin um breytta skipan Jafnréttisráðs. Það er vissulega umdeilanlegt hvort þar er að öllu leyti farið inn á rétt spor. Það má alveg um það deila hvort skynsamlegt sé að aðilar vinnumarkaðarins sem þarna hafa átt setu, átt tilnefningarrétt ef ég man rétt, hverfi út vegna þess að auðvitað er framgangur þessara mála á þeim vettvangi gífurlega mikilvægur. Það má náttúrlega undir engum kringumstæðum skiljast sem svo að þeim aðilum þjóðfélagsins komi þetta eitthvað síður við en áður hefur verið. Það er ekki svo og ég veit að hugsunin er ekki sú. Ég get að því leyti verið sammála þessari breytingu að oft vill það verða reynslan að svona sjálfvirkar tilnefningar hafa tilhneigingu til að verða þreyttar og eru ekki endilega ávísun á virka þátttöku og brennandi áhuga þeirra sem þannig eru sjálfkrafa settir inn í einhver hlutverk. Ég hygg að finna megi mörg dæmin um það án þess ég sé að láta að því liggja að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins hafi verið umfram aðra áhugalausir í Jafnréttisráði á umliðnum árum. Þarna sýnist mér vera reynt að fara þá leið að skipa aðila sem eðli málsins samkvæmt ættu að hafa alveg sérstakan og brennandi áhuga á því að taka á jafnréttismálunum og það er vel og mér finnst allt í lagi að gera þessa tilraun. Ég held einnig að það sé gott að hafa þessa kosningu fulltrúa á jafnréttisþingi. Það gefur þinginu stöðu. Ég tek eftir því að þetta er hliðstætt við skipan Náttúruverndarráðs samkvæmt náttúruverndarlögum sem hér var einnig verið að dreifa á borð þingmanna fyrir skemmstu. Svona blanda af tilnefningum og kosningum getur gefist ágætlega ef hún heppnast vel.

Aðeins í sambandi við markmiðsgrein frv., herra forseti, í öðru lagi. Mér finnst kannski spurning hvort ekki hefði mátt gera upptalninguna aðeins ítarlegri eða smáatriðakenndari, mundu einhverjir segja. Ég sakna a.m.k. þar eða einhvers staðar annars staðar að lögð sé alveg sérstök áhersla á kynbundinn launamun í samfélaginu. Og jafnvel einnig í öðru lagi á mikilvægi — þótt ég viti vel að það er innifalið í almennari fyrirsögnum sem þarna eru á ferðinni, eins og t.d. þessu að samræma fjölskyldulíf og atvinnulíf og jafna aðstöðu og bæta stöðu kvenna sérstaklega í samfélaginu o.s.frv. Mér fyndist að vel kæmi til álita að draga athyglina að þessum hluta vandans alveg sérstaklega, því að ofan á allt annað sem er náttúrlega óhæfilegt og lýtur að aðstöðumun þá er kynbundinn launamunur þegar annað hefur verið sigtað frá, þ.e. það sem leiðir af misjöfnum möguleikum til þátttöku eða yfirvinnu eða annað slíkt eins og komið hefur í ljós í vandlegum könnunum — við fengum hér eina slíka á okkar borð fyrir einum tveim, þrem árum — þegar eftir stendur nakinn, kynbundinn launamunur þá er náttúrlega komið að einhverju grimmilegasta óréttlæti sem fyrirfinnst í þessum efnum. Þess vegna finnst mér að draga mætti athyglina kannski skarpar að þeim þætti beint og síðan eins hinu sem snýr að aðstöðu barnafjölskyldna og fæðingarorlofi og öðru slíku. Ég er þeirrar skoðunar að það sé eitt af allra stærstu málunum til að ná árangri á þessum sviðum, þ.e. að stórbæta réttindi barnafjölskyldna almennt og þá ekki síst til fæðingarorlofs, lengja fæðingarorlof, auka möguleika foreldra til að skipta töku fæðingarorlofsins og auka sjálfstæðan rétt feðra sem ekki er yfirfæranlegur. Það er í sjálfu sér beittasta aðferðin til þess að koma þeirri hugsun inn í samfélaginu að umönnun og uppeldi barna og ábyrgð á rekstri heimilisins sé sameiginlegt málefni beggja foreldra, þ.e. í þeim fjölskyldum þar sem báðir foreldrar eru til staðar í heimilishaldinu.

Herra forseti. Þetta tvennt vildi ég leyfa mér að nefna sem möguleg áhersluatriði sem jafnvel væri spurning um hvort ekki ættu að koma sterkar þarna inn, t.d. í markmiðsgrein laganna eða e.t.v. á annan hátt annars staðar í frv. Ég hef svo sem ekki farið yfir það svo nákvæmlega hvort það ætti betur heima í einstökum greinum sem fjalla um afmarkaða þætti í III. kafla þar sem farið er yfir launajafnrétti, samræmingu *fjölskyldu- og atvinnulífs o.s.frv., þ.e. þar sem farið er yfir* einstök atriði sem fram koma í stafliðum markmiðsgreinarinnar.

Aftur að lokum, herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er fram komið og það er margt jákvætt í því, í raun og veru kannski flest enda varla við öðru að búast. Það var varla von á því að fram kæmi löggjöf þar sem menn væru að bakka í þessum efnum heldur hlýtur það þvert á móti að vera markmiðið að herða róðurinn og reyna að taka á í þessum efnum. Það sýnir sig að enn er rík þörf til þess hér á Íslandi. Þó við getum sagt sjálfsagt að við séum vel á vegi stödd borið saman við ýmsar aðrar þjóðir þar sem mikið vantar á og miklu meira skortir upp á jafnrétti kynjanna en hér, þá er það á hinn bóginn því miður þannig að við erum að ýmsu leyti aftar á merinni í þessum efnum en þær þjóðir sem við viljum helst bera okkur saman við, þ.e. hin Norðurlöndin, a.m.k. skandinavísku löndin og það er mismunur sem við viljum heldur ekki sætta okkur við.

[12:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var heldur ljót lýsing hjá hv. þm. á hinu dæmigerða fyrirtæki: Kaldrifjað. Skammtímahagsmunir. Mjólka út úr starfsmönnum. Þetta er frekar ljót lýsing. Mín reynsla af fyrirtækjum er sú að þetta er yfirleitt hópvinna. Það er góður starfsandi eða reynt að byggja hann upp og lögð er áhersla á að starfsmönnum líði vel og reynt er að hvetja þá til að hafa áhrif vegna þess að þannig græðir fyrirtækið mest. Það er þannig sem fyrirtæki græða mest.

Við skulum gefa okkur að til sé kaldrifjaður atvinnurekandi með skammtímahagsmuni í huga sem mjólkar út úr starfsmönnum. Við skulum gefa okkur það að hann sé að ráða karlmann eða einstakling. Af hverju skyldi hann ráða óhæfari einstakling og borga honum hærri laun? Af hverju

skyldi hann gera það? Ég spyr. Auðvitað truflar fæðingarorlofið og annað slíkt þetta dæmi eins og ég hef margoft nefnt. En ef við sleppum því, af hverju ætti hann þá að borga óhæfari starfsmanni hærri laun ef hann ætlar að mjólka út úr starfsmönnum, eins og sagt var, er kaldrifjaður og bara með skammtímahagsmuni í huga? Ég skil það ekki. Það hlýtur að vera vegna þess að manninn langar ekki til að græða.

Svo eru þeir fordómar sem hv. þm. hefur í garð karlmanna um að þeir muni ekki standa sig þegar búið verður að gera fullkomnar lagalegar forsendur fyrir jafnrétti. Ég fellst ekki á það. Ég held að það sé ekki þvílíkur munur á kynjunum að neitt þurfi að óttast það.

[12:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi verið að lýsa hinu dæmigerða fyrirtæki hér áðan. Það var langt í frá. Það er fjarri mér að halda því fram að það sé almenn regla á vinnustöðum eða í fyrirtækjum að svona sé að málum staðið. Þvert á móti held ég að við getum sagt að langalgengast sé að þetta sé í góðu lagi. Ég held að flestir stjórnendur fyrirtækja, nútímalegir í hugsun sem taka ákvarðanir á heilbrigðum forsendum, vilji standa sig vel í þessum efnum, vilji ekki mismuna kynjunum o.s.frv. En undantekningarnar eru til og af þeim leiða vandræðin. Þar rísa deilumálin. Þaðan berast kærurnar og klögurnar. Það er kannski hér eins og svo oft áður að við erum aðallega að ræða um undantekningarnar. Við erum að ræða um þau tilvik, þann hluta sem er ekki í lagi og löggjöfin miðar mjög oft að því að reyna að koma í veg fyrir slys eða óhæfu í undantekningartilvikunum sem eiga sér stað. Það er þannig. Almenna reglan er kannski að hlutirnir séu í góðu horfi en frá því eru undantekningar og það er gagnvart þeim sem við erum að stemma stigu m.a. með bannákvæðum í lögum.

Af hverju stjórnandi ráði lélegri starfsmann, karl þá væntanlega, ef hann á kost á betri konu, ef hann á kost á betri starfsmanni sem er kvenkyns? Auðvitað kemur margt þarna inn í myndina sem þarf að skoða. Í fyrsta lagi auðvitað það sem við höfum aðallega verið að ræða um, þ.e. kynjahlutverkin og þann aðstöðumun sem þar getur verið fyrir hendi. En svo er það auðvitað margt fleira sem hefur þarna áhrif eins og ég veit að hv. þm. þekkir. Þá kemur til sögunnar að stjórnendurnir eru gjarnan karlar þegar kemur upp í efri lög í fyrirtækjunum. Þetta er karlasamfélag. Þar af leiðandi spila kunningsskapartengsl og annað þar inn í sem liggur svona í þessum hlutföllum. Það er ljóst að þættir af þessu tagi eru mjög lífseigir. Það tekur ótrúlega langan tíma að breyta þeim vegna þess að þetta verður að breytast neðan frá í gegnum breytt viðhorf og kynslóðaskipti og það gengur hægt.

[12:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna kom hv. þm. akkúrat að kjarna málsins. Málið er það að ef forstjóri fyrirtækisins er karlmaður, fullur af fordómum og ræður ættingja, vini og karlmenn í stöður, þá er hann ekki að hugsa um arðsemi. Hann er ekkert að hugsa um það að græða. Það er það sem vantar inn í dæmið því annars hefur hann ekki efni á því að ráða vini sína og vandamenn eða flokksgæðinga á hærri launum en hann þyrfti að borga ella. Þá mundi hann að sjálfsögðu ráða hæfasta fólkið og það sem hægt er að fá ódýrast. Ef það yrði ofan á, ef krafan um arðsemi yrði ofan á, mundu allir ráða hæfasta fólkið. En því miður er það ekki svo og alveg sérstaklega hjá opinberum fyrirtækjum sem í síauknum mæli er að taka yfir atvinnulífið. Allt atvinnulífið er meira og minna sýkt af fé sem ekki er með hirði, sem ekki gerir kröfu um arðsemi. Þetta er meginhættan og þess vegna er hér svo mikið misrétti meðal fólks sem leiðir af sér misrétti kynja.

[12:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega spurning hvort við þurfum ekki bara sérstaka umræðu sem gæti alveg eins verið undir fyrirsögninni „efnahagsmál" til að ræða þennan þátt málsins sem er ákaflega áhugaverður, þ.e. þetta með gróðann, þetta með arðsemiskröfuna sem hv. þm. leggur gjarnan til grundvallar í máli sínu sem eiginlega hinn eina drifkraft samfélagsins sem mark sé á takandi, einu uppsprettu góðra hluta og að allt annað sé í raun gagnslaust og hafi lítið upp á sig.

Ég vil trúa því að fleiri viðhorf en þau ein að hámarka arð fjármagnsins geti skilað árangri, t.d. bara félagslegur þroski og réttlætiskennd. Skyldi það ekki vera þannig að það gæti skipt einhverju hvort í brjósti stjórnendanna búi félagslegur þroski og réttlætiskennd en ekki bara gróðahyggjan ein? Er það ekki þannig að sæmilega vel þenkjandi manni sé fremur treystandi til þess að kasta ekki ófrískum konum út á guð og gaddinn bara af því að hann vill losna við það óhagræði sem það er fyrir fyrirtækið að vera með svoleiðis lið í vinnu, og að fleira en gróðahyggjan ein geti komið þarna við sögu?

Herra forseti. Svo eru líka mjög áhugaverðar þessar vangaveltur þingmannsins um fé án hirðis, þetta ofboðslega vandamál sem er hið hirðislausa fé á flakki um heiminn. Það er eiginlega dálítið önnur umræða sem ég hef að vísu mikinn áhuga á að taka við hv. þm. því að á því máli eru margar hliðar. Ég held að þá komum við aftur að því hvort skuli ráða og hvorra réttur skuli vera hærri, fjármagnsins og fjármagnseigendanna eða þeirra sem vilja fyrst og fremst leggja til grundvallar starfi sínu í stjórnmálum og ákvörðunum spurninguna um betra, réttlátara og manneskjulegra samfélag.

[12:39]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að þessa umræðu þyrftum við að taka. Þetta er umræða sem við ættum að gefa okkur oftar tíma til þess að staldra við. Það er kannski mjög gott að undir umræðum um frv. til jafnréttislaga sé hægt að taka svolítið hliðarspor.

Ég er líka mjög ánægð með það að þingmaðurinn deilir hugmyndum mínum um það hversu aðbúnaður fjölskyldunnar hefur mikið að segja. Við erum reyndar sammála um að launamismunur er kannski einn erfiðasti þátturinn í öllu sem snýr að jafnréttismálum.

Þingmaðurinn spurði: „Erum við að heyja baráttu á röngum forsendum? Erum við alltaf að telja hausa?" Hann spurði líka: „Hvers vegna eru konur færri?" Eigum við ekki að staldra við það og það höfum við verið að gera nokkuð í umræðu um jafnréttismál á liðnum árum. Þetta er stóra málið. Af hverju eru konur færri? Það er vegna þess að hingað til hafa þær þurft að vera ofurkonur oft og tíðum til þess að ná þeim árangri sem að er stefnt, til frama á vinnumarkaði eða tilteknum árangri í stjórnmálaheiminum, ef börn eru í dæminu. En konur eru ekkert ofurkonur frekar en karlar eru ofurkarlar og þetta hefur oftast nær dregið einhvern annan dilk á eftir sér en ætlað var.

Það er hins vegar viðurkennt ef um er að ræða einsleitan hóp, þ.e. nær eingöngu annað kynið, að umræðan breytist og grundvöllur ákvarðanatöku verður annar þegar hlutfall hins fámennari kyns í hópnum fer yfir 30%. Þetta eru fræði sem ég kann ekki að fara nánar út í. En það er alveg ljóst að það skiptir máli í allri samvinnu að jafnvægi sé sem mest og annað kynið þarf a.m.k. að vera 30% af heildinni til að hafa áhrif í starfseminni, í umfjölluninni og alls staðar þar sem verið er að taka á.

Og af því að hv. þingmenn voru að takast á um fyrirtæki þá ætla ég að leyfa mér að segja að öflugt fyrirtæki nær árangri ef það rekur heilbrigða starfsmannastefnu og lætur starfsmenn sína finna að þeir skipti máli og þeir eigi þátt í því hvort fyrirtækinu gengur vel eða illa. Slíkt fyrirtæki nær árangri, hitt ekki.

[12:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi verið sammála öllu sem hv. ræðumaður sagði þannig að það er svo sem ekki mikil þörf fyrir andsvör. Ég vil sérstaklega taka fram að ég er sammála því síðasta. Vonandi hefur enginn skilið orð mín öðruvísi.

Ég tel það ákaflega óskynsamlega stefnu hjá stjórnendum fyrirtækja í núinu að gera ekki báðum kynjum jafnhátt undir höfði og nýta sér ekki hæfileika og kosti starfsmanna án tillits til kynferðis. Það er óskaplega sorglegt ef svo er ekki. En þetta er því miður enn til staðar eins og við vitum og það á sérstaklega við þegar kemur upp í efri lög og efstu lög í stjórnun stórra fyrirtækja og stofnana, þá vill þetta enn þá gerast. Þá er eins og konurnar rekist á þak. Það er sjaldan sem efstu lögin eru skipuð konum og toppurinn sjálfur á píramídanum er náttúrlega mjög gjarnan skipaður einstaklingi af tilteknu kyni.

[12:43]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil að það kom þingmanninum örlítið á óvart að ég skyldi koma í andsvar því ég var í raun og veru í stórum dráttum að taka undir ræðu hans. Mér hefur fundist það miður að nota orðið andsvar því að í því felst eiginlega að þingmaður komi því aðeins í ræðustól á eftir ræðumanni að hann hafi eitthvað að gagnrýna í ræðunni eða vill bregðast við. Ég vil hins vegar líta á þetta sem „replik" eins og gert er á Norðurlöndunum, þ.e. fyrir þingmann sem hefur þörf á að koma með athugasemd eða finnur hjá sér þörf að bæta við eða bregðast við því sem viðkomandi var að ræða. Ég held að við ættum að athuga þetta í lagfæringu á þingsköpum okkar til að örva þingmenn til að bæta við eða bregðast við ræðu ræðumannsins á undan þannig að ekki sé endilega bara verið að takast á.

Þingmaðurinn nefndi annað í ræðu sinni sem mér fannst skemmtilegt. Hann spurði hvort það mundi e.t.v. halla á karla í framtíðarríkinu þegar jafnréttinu væri náð. Við deilum þeirri draumsýn að hér náist jafnrétti og til verði þetta fyrirmyndarríki þar sem konur og karlar hönd í hönd fara fram um veg og sinna börnum sínum og ná frama ef þau óska þess. En ég hef það á tilfinningunni að í spurningu þingmannsins og viðbrögðum felist e.t.v að hann sé einn úr hópi þeirra sem hafa brugðið sér á góðu kvöldi á einleik nokkurn sem heitir Hellisbúinn. Mér er sagt að hann taki einmitt á þessu máli.

[12:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hinar afskaplega góðu viðtökur sem þetta frv. hefur fengið. Eftir að hafa hlustað á langar umræður sem vissulega hafa verið nokkuð ítarlegar leyfi ég mér, með tilliti til þess hve jákvæður tónn hefur verið í ræðumönnum, að vonast til að frv. nái fram að ganga.

Nokkur atriði skýrði ég kannski ekki nægilega út í stuttri framsögu og þarf að koma betur inn á auk þess sem fram hafa komið spurningar sem mér er ánægja að reyna að leysa úr.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem hefur látið jafnréttismál mjög til sín taka á undanförnum árum og er mikill áhugamaður um það málefni, kom með nokkrar spurningar. Hann spurði af hverju ekki væri sett upp jafnréttisstofnun. Þetta er kannski smekksatriði en á ýmsa, ekki bara þingmenn heldur víða í þjóðfélaginu, er stofnanahugtakið farið að virka neikvætt á vissan hátt. Mér fannst því betri lausn að láta nafnið Skrifstofa jafnréttismála halda sér fremur en setja upp eitthvað sem kallaðist jafnréttisstofnun.

Hv. þm. spurði hvort jafnréttisnefndir ættu ekki að eiga fulltrúa á jafnréttisþingi. Tekið er fram að sveitarstjórnir skuli eiga þarna fulltrúa og þar sem jafnréttisnefndir eru starfandi í sveitarstjórnum reikna ég með að þeir sem sæki jafnréttisþing verði úr þeim.

Ef menn lesa 9. gr. sem er um jafnréttisþingið sjá menn að þetta er mjög opið. Það er gert með vilja þannig að þangað eigi sem allra flestir aðgengi sem á annað borð vilja skipta sér af jafnréttismálum. Það eru ekki tilteknir ákveðnir aðilar sem hafa þar einir seturétt heldur er reynt að laða sem flesta að. Ég veit ekki hve vel jafnréttisþing verður sótt í framtíðinni en ég geri mér vonir um að það verði talsvert fjölsótt. Því er ætlað að setja sérreglur um starfshætti. Það á að vera vettvangur til að fjalla um jafnréttismál á breiðum grundvelli. Þingið á að setja sér þingsköp og Jafnréttisráð á að semja reglur fyrir hvert jafnréttisþing þar sem kveðið sé á um seturétt á þinginu, kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa. Reglurnar skal auglýsa með fullnægjandi hætti o.s.frv.

Hugmyndin að jafnréttisþingi kviknaði kannski út frá þeirri reynslu sem hefur fengist af náttúruverndarþingi. Þarna er sótt í nokkuð svipaða slóð. Ég tel að reynsluna af náttúruverndarþingi það góða að slíkt þing sé eftirbreytnivert.

Varðandi sáttameðferðina sem kveðið er á um í kærunefndinni hygg ég að hún sé til bóta. Ég tel mjög eftirsóknarvert ef menn geta komið sér saman og leyst deilumálin án illinda, þ.e. án þess að koma þurfi til dómstólameðferðar. Eins og hér hefur verið vakin athygli á er sönnunarbyrðinni raunverulega snúið við fyrir kærunefndinni. Hinn ákærði verður að vissu leyti að sanna sakleysi sitt. Þegar ég sá þessa hugmynd hnykkti mér við. Mér fannst þetta a.m.k. vera á skjön við þá réttarfarshugsun sem við höfum búið við, þ.e. að viðkomandi sé saklaus uns sekt hans hefur verið sönnuð. Ég lét gera sérstaka athugun á þessu og leitaði lögfræðiálits hjá virtum lögfræðingum á því hvort þetta stæðist. Niðurstaðan varð sú að í lagi væri að hafa þetta svona. Þess vegna er það þannig í frv. en ekki með gamla laginu.

Hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur kom fram að fréttaviðmælendur væru ekki nema 18% af kvenkyni í tilteknum fjölmiðli. Ég held að ákaflega erfitt sé að setja það í lög að fjölmiðill skuli taka viðtöl við jafnmargar konur og karla. Ég held að ákaflega erfitt væri að festa það í lögum. Það má velta

því fyrir sér hvort það sé ekki ástæða til þess að fréttamennirnir séu sem næst því að vera jafnmargir af hvoru kyni. En það er ekki tiltækilegt að skipa þeim, í frjálsum fjölmiðlum og mér finnst það ekki samræmast nútímafréttamennsku, að tala endilega við konur.

Í þessari stofnuninni eru 63 þingmenn. Þar af eru tæp 30% konur. Mér kemur það mjög á óvart ef ekki er í yfir 30% tilfellum rætt við konur í fréttum frá Alþingi.

Menn hafa talað um að eftirfylgni við þessi lög vanti. Ég tel að þau verði að lesa með hliðsjón af framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Þar er kveðið á um eftirfylgni í mörgum tilfellum og það samræmist þessari lagasetningu. Að vissu leyti voru lögin endurskoðuð með tilliti til framkvæmdaáætluninnar. Þ.e. í framkvæmdaáætluninni voru lagðar ákveðnar kvaðir á stjórnvöld um gera eitt og annað sem síðan er lögbundið í þessu frv. ef að lögum verður.

Deilt hefur verið á að ekki væri um nógan kostnaðarauka að ræða fyrir ríkissjóð, að nægilegt fjármagn skorti. Við skulum aðeins fara yfir það. Árið 1995, fyrsta árið sem ég var í félmrn., voru á fjárlögum til jafnréttismála ætlaðar 23,4 millj. Það voru fjárlög sem hv. 5. þm. Reykn. bar ábyrgð á. Í fyrra var þessi upphæð 27,2 millj. og á þessu ári 36,1 í fjárlögunum. Þess ber hins vegar að geta að nú er meira varið til jafnréttismála óbeint á vegum ráðuneytisins en þessar 36,1 millj. Ég nefni að við höfum haft starfsmann í ráðuneytinu sem hefur sinnt kynhlutlausu starfsmati og unnið að því í tvö og hálft ár. Reyndar hefur mikið jafnréttisstarf verið unnið í ráðuneytinu þó að það sé ekki sérstaklega flokkað og greitt af jafnréttisliðnum. Það er bara skrifstofukostnaður og ráðuneytisins. Ég nefni Vinnueftirlitið. Þar er unnið að úrbótum á vinnuumhverfi kvenna og rannsóknum á því sem kostar verulegt fé. Mér kæmi því ekki á óvart þó að til jafnréttismála færu fast að 50 millj. með einum eða öðrum hætti.

Varðandi hinn kynbundna launamun sem er nú kannski alvarlegasti hluturinn í jafnréttismálum, þá er tekið á því í 15. gr. og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun."

Í þessari grein er kynbundinn launamunur bannaður og greint frá þeim forsendum sem vera þrufa til staðar til þess að ákveða launin. Það hefur verið gagnrýnt að stjórnarandstaðan hafi ekki átt fulltrúa í nefndinni sem undirbjó lögin. Ég tek þá gagnrýni ekki alvarlega vegna þess að þáverandi stjórnarandstöðuflokkunum var formlega boðið að koma að gerð frv. Þetta frv. er flutt á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, ég sem. félmrh. flyt þetta frv. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna.

Hægt er að hafa ýmsan hátt á við undirbúning frumvarpa. Við erum að fást við tvö frumvörp þar sem leitað hefur verið eftir pólitísku samkomulagi, málamiðlun milli allra flokka. Þar á ég við kjördæmamálið, stjórnarskrárbreytinguna og þingsköpin. Frv. til þingskapa var lagt á borð okkar í morgun, stórgallað frv. Til meðferðar er einnig stjórnarskrárfrv. sem er líka stórgallað og getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið, þ.e. með tilliti til byggðarinnar í landinu. Það er því engin trygging fyrir því að lagasetning verði góð þó að það sé um hana fullkomin pólitísk sátt. Það verður reyndar aldrei póltísk sátt heldur aðeins blanda sjónarmiða stjórnmálaflokka.

Hv. þm. Kristján Pálsson talaði um barneignabann, þ.e. sumir vinnuveitendur legðu blátt bann við því að starfsmenn yrðu óléttir. Ég þekki ekki dæmi þess. Mér finnst það mjög ótrúleg og náttúrlega einstaklega ósanngjörn afstaða en ef þetta væri algengt þá væri fróðlegt að vita hvort barneignir eru tíðari í fyrirtækjum sem konur stjórna.

Hv. þm. Pétur Blöndal sagði að ekkert hefði miðað í jafnréttisbaráttunni sl. 20 ár. Ég tel að það mikið hafi áunnist a.m.k. sl. fjögur ár. Ef þetta frv. verður að lögum höfum við miklu betri löggjöf. Við höfum metnaðarfulla framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Við höfum látið vinna kynhlutlaust starfsmat sem getur orðið grundvöllur að því að eyða misrétti í launum. Við höfum samþykkt opinbera fjölskylduáætlun. Við erum að ganga frá fullgildingu á ILO-samþykkt 156, um fjölskylduábyrgð. Við höfum gert samþykktir um foreldraorlof. Við höfum ráðið í starf jafnréttisfulltrúa og síðast en ekki síst tel ég að umræðan um jafnréttismál í þjóðfélaginu hafi tekið miklum framförum. Það hefur verið ánægjulegt að fást þennan málaflokk í ráðuneytinu og ég tel mig ekki hafa átt í neinum vandræðum með að fá fólk til að hlusta á mig tala um jafnréttismál.

[13:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að vonir félmrh. hafi glæðst um að frv. nái fram að ganga þrátt fyrir hversu seint það kemur fram, miðað við viðbrögð okkar sem hafa verið fremur jákvæð. En ég er stórhneyksluð á því, herra forseti, að ráðherrann skuli tala eins og frumvörp sem stjórnarandstaðan hefur átt aðild að samningunni á séu meingölluð. Þannig mátti skilja ráðherrann.

Hann rekur nokkur mál sem hafa komið á borð þingmanna þar sem stjórnarandstaðan hafi verið með í þeim nefndum þar sem frumvörpin voru unnin og talar um þau sem stórgölluð plögg og finnst réttlátt að félmrn. sé með meirihlutafrumvarp hingað inn á þing í svona stóru hagsmunamáli allra. Það eru líka mikil vonbrigði, herra forseti, að heyra svona ræðu eftir þau góðu viðbrögð sem við höfum sýnt í málinu alla umræðuna.

Varðandi fréttirnar hlýt ég að benda ráðherranum á að í ríkisstjórninni er bara einn tíundi konur. Þar sem ríkisstjórnin tekur mikið rými í pólitískum fréttum hlýtur það að hafa líka áhrif á það rými sem konur þar hafa almennt, af því hann nefndi konur frá Alþingi. Þetta var bara til upplýsingar.

Í umræðunni um fjárlög til jafnréttismála hefur ráðherrann misskilið mig vegna þess að ég er að tala um að eitt er markmið setningar jafnréttislaga og síðan er allt það sem þarf að breyta samkvæmt góðum áformum jafnréttislaganna sem kostar peninga. Það þarf að hækka laun og að því máli þurfa bæði ríki og aðilar vinnumarkaðarins að koma. Það þarf lengra fæðingarorlof, það þarf hærri fæðingarorlofsgreiðslur. Það þarf lengra veikindaleyfi vegna barna. Það þarf að fjölga dagvistarplássum. Það þurfa að vera meiri úrræði fyrir aldraða. Þetta kostar peninga. Allt snýst þetta um það sem þarf að vera í lagi til að fjölskyldan í heild sinni blómstri. Um það er ég að tala varðandi peninga.

Herra forseti. Einu svaraði ráðherrann ekki, og skiptir kannski ekki öllu úr því að hann kýs að vera með útúrsnúninga í umræðunni, og það er hversu margir verða á jafnréttisþinginu. Hvernig er þátttökufjöldinn hugsaður og hverjir af þeim eiga að hafa atkvæðisrétt?

[13:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór yfir þetta í ræðu minni rétt áðan og ég ætla ekki að endurtaka það. Hversu margir verða á jafnréttisþingi? Ég vona að þeir verði sem flestir. Jafnréttisráði er ætlað að setja þinginu starfsreglur og þingið setur sér þingsköp.

Ég er ekki að segja að það sé vegna þess að stjórnarandstaðan kom að þessum tveimur tilgreindu frumvörpum að þau eru meingölluð. Ég var að benda á að engin trygging er fyrir því að mál sé gott að formenn allra stjórnmálaflokka styðji það. Ég hefði t.d. í þessu tilfelli, talandi um kjördæmamálið, miklu frekar kosið þá leið sem Alþfl. hefur barist fyrir um langan tíma, þ.e. að gera landið að einu kjördæmi, en þau ósköp sem á að fara að lögleiða, þá annkannalegu kjördæmaskipun sem verið er að ákvarða í nýjum lögum.

Peningar til jafnréttismála eru ákvarðaðir á fjárlögum hverju sinni. Þó að kostnaðarmat fjmrn. telji 1 millj. kr. kostnaðarauka af samþykkt þessa frv. mega menn ekki slá því föstu að það sé einhver óbreytanleg tala.

[13:05]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég spyr um þingið af því að verið er að gera breytingar á þeim lögum sem eru í gildi núna er ég að reyna að ná þessu: Hvernig er það hugsað að kalla saman fulltrúa þessara hópa sem eru tilgreindir? Af hverju er sagt að fulltrúar ákveðinna hópa, eins og Alþingis, sveitarstjórnanna í landinu o.fl., hafi seturétt með tillögurétti? Þá hlýtur að liggja í orðunum að aðrir eigi að hafa atkvæðisrétt. Spurning mín var: Af hverju hafa ekki allir atkvæðisrétt og hvernig á að tryggja aðkomuna? Á að bjóða einum frá hverjum eða fleirum? Mér finnst því ábótavant. Þetta var spurning mín af því að ég er svolítið upptekin af lýðræðinu og hvernig það er hugsað í framkvæmd. Ég heyri á ráðherranum að ekki er búið að hugsa þetta þannig að við tökum þá umræðuna um það í nefnd.

Ég er heldur ekki að tala um tryggingu fyrir ákveðinni niðurstöðu við gerð frumvarpa. Það liggur við að ég sjái eftir því að hafa reynt að ræða þetta við ráðherrann. Þrátt fyrir það, eins og ég benti á, að við höfum verið með efnisgóða og jákvæða umræðu og höfum í raun forðast að vera með atyrðingar í umræðunni kýs hann að koma og kasta frá sér ónotum af því að það er háttur hans.

Ég er ekki að tala um tryggingu. Ég er að tala um lýðræði. Þau vinnubrögð hafa verið hjá stjórnsýslunni í frumvörpum sem varða almannaheill og fjöldann að reyna að fá sem breiðasta aðkomu. Það er það sem ég er að tala um. En við tvö erum að tala hvort um sinn hlutinn.

Ég ætla líka að minna á það sem ég hef reyndar áður nefnt, sem kom fram á ráðstefnu sem ég var á fyrir nokkrum vikum, einmitt um lýðræði í þjóðþingunum á vettvangi forsætisnefnda Norðurlandaráðs, að í Danmörku mundi engum stjórnarflokki detta í hug að koma með stórt frv. inn sem varðar fjöldann, skólamál, jafnréttismál eða annað, án þess að reyna að tryggja um 80% stuðning við málið. Þetta er bara enn eitt þar sem við erum á eftir og erum vanburðug.

[13:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki kallað að ég sé að kasta ónotum þó að ég svari ádeilum sem eru hafðar uppi í minn garð.

Eins og glögglega kemur fram, ef hv. þm. les 9. gr. frv., þá segir þar, með leyfi forseta: „Þingið setur sér þingsköp. Jafnréttisráð skal semja reglur fyrir hvert jafnréttisþing þar sem kveðið er á um seturétt á þinginu, kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa."

Síðan segir: „Verði ágreiningur um kjörgengi og kosningarrétt þingfulltrúa skal málum vísað til úrskurðar á þinginu sjálfu."

Ég vonast eftir því að jafnréttisþing verði fjölsótt, þar geti farið fram fjörleg umræða og afgreiðslur þess verði byggðar á lýðræðislegum grunni.

[13:09]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði hæstv. ráðherra nokkurra spurninga en fékk ekki svör við þeim öllum. Ég spurði m.a., sem ég bjóst reyndar ekki við að fá svar við: Hvað á að gera til að bæta stöðu kvenna í þessu frv.? Ég vildi gjarnan heyra hugleiðingar hans um það.

Í öðru lagi spurði ég áðan um skipuritið, hvort hæstv. ráðherra væri sammála því að það væri til bóta að breyta því þannig að jafnréttisfulltrúarnir í ráðuneytunum kæmu ofar í skipuritið þannig að það væri í raun og veru ábyrgð á að samþætta jafnréttismálin inn í alla málaflokka og ráðherrann sjálfur eða aðstoðarmaður hans tæki á því.

Ég tel að þetta frv. geri ráð fyrir meiri pólitískri ábyrgð á málaflokknum en áður hefur verið og spyr ég ráðherrann hvort það sé ekki einnig skilningur hans.

Varðandi eftirfylgnina og kostnaðinn vísar hæstv. ráðherra í framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Vel má vera að þar sé að finna sumar leiðir til þess að framkvæma eitthvað, t.d. jafnréttisfræðslu til æðstu ráðamanna og ýmislegt fleira en þar eru engir peningar. Ég tel að í þessu frv., og ef við lítum á framkvæmdaáætlunina líka, þurfi að gera mjög mikið, bæði í menntamálum, launamálum, fræðslumálum o.s.frv. en ekki er mannafli til þess. Ef á að fylgja þessu eftir er óhjákvæmilegt að verulega aukið fé komi til Skrifstofu jafnréttismála. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála því. Óháð upplýsingum um starfsmann í kynhlutlausu starfsmati og annað er verulegur munur á því sem kostað er til, t.d. í jafnréttismálum og samkeppnismálum, eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni. Þar að auki má t.d. nefna að úrskurðarnefndin á að hafa frumkvæði sjálf. Til þess þarf hún auðvitað mannafla og peninga.

Að lokum langar mig að spyrja um 29. og 30. gr. en þar segir að opinberum stofnunum sé skylt að láta Skrifstofu jafnréttismála og úrskurðarnefnd jafnréttismála í té hvers konar upplýsingar sem nauðsynlegar séu. Ég vil spyrja hvort það er skilningur ráðherrans að upplýsingar um launabókhald fylgi þarna með. Það skiptir verulegu máli ef við eigum að að komast eitthvað nálægt því að taka á launamun kynjanna.

[13:12]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi seinustu spurningun er ég alveg sammála hv. þm. um að ég tel að þetta sé gagnslítið ef upplýsingar eru ekki látnar í té. En við búum við löggjöf um þessi efni og ég treysti mér ekki hér og nú að fullyrða hvað fyrirtæki gætu lokað að sér með tilvísan til persónuleyndar. Ég þori ekki að tjá mig um það en ég tel æskilegt að upplýsingar væru veittar. Ég tel að laun eigi ekki að vera leyndarmál.

Hv. þm. spurði: Hvað á að gera til að bæta stöðu kvenna? Ég tel að hver einasta grein frv. sé sett upp í því skyni að reyna að bæta stöðu kvenna eða koma á jafnrétti, bæta stöðu kvenna þar sem á þær hallar, bæta stöðu karla þar sem á þá hallar.

Hv. þm. spurði sérstaklega um skipuritið. Ég er samþykkur skipuritinu eins og það stendur. Ég tæki það kannski ekki neitt nærri mér þó að hv. félmn. breytti því eitthvað. Ég tel hins vegar skipuritið heppilegt eins og það er. En hægt er að hugsa sér það eitthvað öðruvísi.

Ég tel hins vegar að ekki sé einboðið að t.d. aðstoðarmenn ráðherra séu jafnréttisfulltrúar. Ég hef haft mjög góða aðstoðarmenn, meira að segja hvorn á eftir öðrum en ég tel ekki að þeir séu endilega heppilegustu starfsmenn ráðuneytisins til að vera jafnréttisfulltrúar í ráðuneytinu. Vel getur verið að þar séu finnanlegir innan dyra aðrir jafngóðir eða heppilegri til þess.

Hvað það varðar að peninga vanti í jafnréttismálin er hægt að óska sér og eyða og eyða. En vandinn við ríkisrekstur er að hann hefur tilhneigingu til að túta út. Það er ekki kinnroðalaust sem ég verð að upplýsa það að peningar til jafnréttismála hafa líklega tvöfaldast á þeim fjórum árum sem ég hef verið í ráðuneytinu.

[13:15]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Varðandi upplýsingar frá fyrirtækjum þá get ég ekki séð hvernig hægt væri að skjóta sér á bak við persónuleynd ef beðið er um kyngreindar upplýsingar án nafna. En það hefur staðið á því að fá svona upplýsingar og ég vildi mjög gjarnan að ráðherrann skoðaði það hvernig stendur á þessu viðnámi.

Varðandi aðstoðarmenn ráðherra og jafnréttisfulltrúa þá er það einmitt punkturinn því að aðstoðarmenn ráðherra fylgjast með störfum hvers ráðherra. Og eins og Mona Sahlin framkvæmdi þetta í Svíþjóð þá var spurningin hreinlega um þetta: Nefndi ráðherrann jafnréttismálin í ræðu sinni þarna? Gerði hann þetta og þetta í ráðuneytinu svo sem talað var um á síðasta fundi með jafnréttisráðherranum o.s.frv.?

Þetta getur ekki verið bara í einhverri skúffu hjá jafnréttisfulltrúa sem kemur ekkert störfum viðkomandi ráðherra við. Það er þess vegna sem þetta þarf að vera mjög nálægt ráðherrunum sjálfum í öllum ráðuneytum til þess að halda þeim reglulega við efnið.

Ég fékk ekki svar frá ráðherranum um sektargreinina, þ.e. 33. gr., og vil ítreka þá spurningu, hvernig hann skilur hana. Hverjir gætu þurft að greiða sektir og fyrir hvað?

[13:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að sektarfjárhæðin verði að fara eftir eðli brots. Brot geta verið svo mismunandi og ég vil ekki tjá mig um upphæðina.

Hvað launaleyndina varðar eða kyngreiningu á launaleynd, þá getur vel verið að það gangi og þá er það bara gott og vel. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að launakerfi séu gegnsæ og ekki eigi að vera neitt að fela í þeim efnum.

Ég man ekki hvort það voru fleiri spurningar. (**GGuðbj:** Um aðstoðarmennina.) Já, varðandi aðstoðarmennina. Ég veit ekki hvernig það er í öðrum ráðuneytum, en það er þannig í félmrn. að ég á mjög gott samstarf við aðstoðarmenn mína en líka starfsfólkið, hvern og einn starfsmann. Þetta er að vísu ekki mjög fjölmennt ráðuneyti, rúmlega 20 starfsmenn, en við reynum að vinna eins og teymi, þ.e. ég hef persónulegt samband beint við alla starfsmenn ráðuneytisins og þeir hafa persónulega samband við mig. Það er engin píramídauppbygging á þessu ráðuneyti sem betur fer.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald, 1. umr.

Stjfrv., 537. mál (kranar). — Þskj. 861.

[13:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir litlu þingmáli sem lýtur að því að fella niður vörugjöld á tilteknum vörutegundum. Hér er um að ræða krana og annan vélbúnað sem ætlaður er til lyftinga í þeim tollskrárflokkum sem um getur í 1. gr. frv.

Hér er um að ræða samræmingu sem lögð er til og þykir óhjákvæmileg vegna þess hvernig gjaldtaka á önnur tæki hefur lækkað á undanförnum árum en þessi tæki setið eftir. Þess vegna er þetta eðlileg breyting, þó að hún muni kosta ríkisstjóð á bilinu 30–35 millj. kr. á ári, og er samræmingarmál gagnvart þeim aðilum sem þessi tæki nýta. Það hefur verið 15% vörugjald á þessum búnaði en með frv. er lagt til að þessi gjöld lækki niður í núll til samræmis við það sem tíðkast á annars konar vinnuvélum, vegheflum, skurðgröfum, jarðýtum o.s.frv.

Þetta mál, herra forseti, er þess eðlis að hér er um að ræða breytingar á verði þessara vara. Þetta hefur þess vegna áhrif á innkaup, pantanir, tilboð og viðskipti á þessum markaði. Þess vegna er mjög óheppilegt að svona mál dragist í meðförum þingsins. Ég leyfi mér því að beina þeim tilmælum til hv. efh.- og viðskn. að hún flýti meðferð málsins til þess að það raski ekki viðskiptum á þessum markaði og hef ég rætt það við tvo af forustumönnum nefndarinnar að þeir hagi málum þannig.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. um leið og ég þakka fyrir að hafa fengið að skjóta því inn í dagskrána með þeim hætti sem orðið er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:20]

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Fríverslunarsamtök Evrópu 1998, 504. mál, skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, þskj. 816.

Háskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 509. mál (heildarlög). — Þskj. 821.

og

Háskólinn á Akureyri, 1. umr.

Stjfrv., 510. mál (heildarlög). — Þskj. 822.

og

Kennaraháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 511. mál (doktorsnafnbót, kærumál, gjöld o.fl.). — Þskj. 823.

[13:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þremur frumvörpum, þ.e. frv. til laga um Háskóla Íslands, frv. til laga um Háskólann á Akureyri og frv. til laga um breyting á lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Þegar litið er á frv. til laga um Háskóla Íslands er rétt að rifja það upp að í ár eru 90 ár frá því að háskólanum voru fyrst sett lög, þ.e. á árinu 1909, en háskólinn tók til starfa árið 1911. Háskóli Íslands á sér því nokkuð langa stjórnunarhefð sem markar honum ákveðna sérstöðu. Stjórnskipulag háskólans hefur mótast í tímans rás, en grundvallaratriði þess hafa frá upphafi tekið mið af þeirri aldalöngu hefð að háskóli er samfélag þar sem þekkingarleit og þekkingarmiðlun eru höfuðmarkmiðin. Kjarninn í starfsemi stofnunarinnar er kennsla og rannsóknir.

Gildandi lög um Háskóla Íslands eru að meginstofni frá árinu 1957. Á þeim lögum hafa verið gerðar ýmsar breytingar, þær mestu árið 1990. Voru lögin þá gefin út aftur í heild sem lög nr. 131/1990. Með breytingunum 1990 var skipulagi hinnar almennu stjórnsýslu háskólans breytt nokkuð og sjálfstæði deilda aukið.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir um Háskóla Íslands er samið í samvinnu minni og háskólarektors. Af hálfu menntmrn. hafa þau Gunnar Jóhann Birgisson hæstaréttarlögmaður og Þórunn J. Hafstein, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu tekið þátt í að semja frv. og af hálfu háskólarektors Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri kennslusviðs Háskóla Íslands. Komst hópur þessi að sameiginlegri niðurstöðu um drög að frumvarpi til laga um Háskóla Íslands. Voru drögin send háskólaráði til umsagnar 2. okt. 1998 og var veittur þriggja vikna umsagnarfrestur. Rektor Háskóla Íslands óskaði eftir lengri fresti og honum lauk 19. nóv. sl. Umsögn háskólaráðs barst til mín með bréfi rektors, dags. 20. nóv. 1998. Í umsögn háskólaráðs voru lagðar til nokkrar breytingar á drögunum. Var frumvarpið yfirfarið í menntamálaráðuneytinu og því breytt í einstökum atriðum með hliðsjón af umsögn háskólaráðs. Efnisleg afstaða ráðuneytisins var síðan kynnt háskólarektor á fundi hans og mín 26. nóv. 1998.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að samræma lög um Háskóla Íslands lögum um háskóla, nr. 136/1997, sem tóku gildi 1. jan. 1998, en samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum skulu háskólar, sem nú starfa, innan tveggja ára frá gildistöku þeirra laga aðlaga starfsemi sína þessum nýju lögum. Segir enn fremur að á þeim tíma skuli einnig lokið endurskoðun á löggjöf um starfsemi þessara háskóla.

Lög nr. 136/1997, um háskóla, setja háskólastofnunum almennan ramma um stjórnsýslu og fjárveitingar ríkisins, auk þess sem sett eru fram meginskilyrði sem skólastofnun þarf að uppfylla til þess að geta talist háskóli. Í þessu frumvarpi um Háskóla Íslands er tekið mið af þessum ramma, en að auki er leitast við að koma til móts við þau sérstöku sjónarmið sem fram hafa komið innan Háskóla Íslands varðandi stjórn stofnunarinnar, en meginnýmæli frumvarpsins felast einmitt í tillögum um nýja skipan þeirra mála. Sjónarmið Háskóla Íslands í þessu efni koma einkum fram í samþykkt háskólaráðs frá 9. október 1997. Í samþykktinni er lögð áhersla á háskólafund þar sem fulltrúar helstu faggreina og hópa háskólasamfélagsins eiga sæti. Í samþykktinni var lagt til að háskólafundur yrði æðsta stjórn háskólans. Hér er komið til móts við þetta sjónarmið þannig að greint er á milli framkvæmdastjórnar og stefnumótunar innan skólans. Framkvæmdastjórn og æðsta ákvörðunarvald eru falin háskólaráði en stefnumótun háskólafundi.

Það grundvallaratriði í stjórnskipulagi Háskóla Íslands er að deildarforsetar skipa háskólaráð og þetta grundvallaratriði hefur ekki breyst frá því að háskólinn var stofnaður. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að þessu verði breytt að talsverðu leyti. Er gert ráð fyrir því annars vegar að fulltrúar deilda í háskólaráði verði aðeins fjórir í stað þess að deildarforsetar allra deilda eigi þar sjálfkrafa sæti og hins vegar að seta í háskólaráði verði ekki lengur bundin við deildarforseta. Styðjast þessar breytingar m.a. við lög um háskóla frá 1997 og hugmyndir sem settar voru fram í skýrslu þróunarnefndar Háskóla Íslands frá árinu 1994 og í úttekt Hagsýslu ríkisins á stjórnsýslu háskólans frá árinu 1996.

Grunneiningar háskólans, vettvangur kennslu og rannsókna, eru deildirnar. Sjálfstæði Háskóla Íslands í innri málum hefur ávallt verið talið mikilvægt og það hefur jafnframt mótað stjórnkerfið sem einkennist af fulltrúalýðræði. Mikilvægustu ákvarðanir eru teknar af fjölskipuðu stjórnvaldi, þ.e. deildarfundum og háskólaráði, sem menn tilheyra stöðu sinnar vegna eða í umboði hópa innan háskólasamfélagsins. Þetta stjórnskipulag hefur í meginatriðum ríkt frá stofnun háskólans. Í núverandi mynd er háskólaráð í senn vettvangur umræðu og ákvarðana allra deilda háskólans. Þar eru öll mál rædd sem nauðsyn ber til, ákvarðanir teknar í sameiginlegum málum og úrskurðað í ágreiningsmálum. Í þessu frumvarpi er byggt á þessum sjónarmiðum, en þau nánar útfærð með það í huga að skjóta frekari stoðum undir lýðræði innan stofnunarinnar um leið og leitast er við að auka hagkvæmni og skilvirkni í allri stjórnsýslu. Þetta er m.a. gert með því að skilja á milli stefnumótunar, sem verður falin háskólafundi, og framkvæmdastjórnar og ákvarðanatöku sem verður falin háskólaráði, rektor, deildum, deildarforsetum og sameiginlegri stjórnsýslu.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarps þessa er að auka sjálfstæði Háskóla Íslands. Kemur það m.a. fram í því að lagt er til að háskólinn fái aukið vald til að setja sjálfur reglur um ýmis framkvæmda- og útfærsluatriði, án atbeina menntamálaráðherra. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir að

nokkrir málaflokkar, sem nú heyra undir menntamálaráðuneyti, færist til Háskóla Íslands. Má þar sem dæmi nefna ráðningar í störf, en í frumvarpinu er lagt til að háskólarektor ráði alla kennara háskólans og flesta aðra starfsmenn. Með því fyrirkomulagi hverfur ráðningarvaldið frá menntamálaráðherra til háskólans. Þetta er í samræmi við markmið laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Þá er og gert ráð fyrir því í frumvarpinu að háskólaráð setji ýmsar sameiginlegar reglur sem varða starfsemi skólans og reglur um starfsemi deilda innan háskólans að fenginni umsögn háskólafundar, en samkvæmt gildandi lögum setur menntamálaráðherra í reglugerð ýmsar af þessum reglum. Eykur þetta fyrirkomulag að sama skapi sjálfstæði háskólans gagnvart öðrum stjórnvöldum og ætti að vera til þess fallið að stuðla að skilvirkni í starfi hans. Bent er á að í ákvæðum frumvarpsins um skipan háskólafundar og háskólaráðs er gert ráð fyrir að fulltrúar þjóðlífs fái beina aðild að stjórnun háskólans. Þessi hugmynd tengist m.a. tillögum um aukinn flutning verkefna frá menntamálaráðuneytinu til háskólans. Þykir eðlilegt samfara slíkum verkefnaflutningi og þar með auknu sjálfstæði háskólans að stjórnkerfi hans verði gert sýnilegra og opnara. Þá má geta þess að þetta fyrirkomulag hefur víða verið tekið upp erlendis og þótt gefa góða raun. Í er frumvarpinu lagt til að menntamálaráðherra skipi þessa fulltrúa. Hliðstætt ákvæði um þjóðlífsfulltrúa er jafnframt að finna í 13. gr. laga um háskóla, nr. 136/1997, þannig að sú skipan sem hér er lögð til hefur áður verið samþykkt af Alþingi.

Í frv. er við það miðað að í lögum sé mælt fyrir um grundvallarskipulag Háskóla Íslands, en eðlilegt er, þegar haft er í huga hversu stór stofnun hann er í íslensku samfélagi, að þær reglur hvíli á traustri lagastoð. Þá er gert ráð fyrir að settar séu í lög ýmsar af þeim reglum sem varða inntökuskilyrði, hvers konar gjaldtöku, próf og kærumál stúdenta, svo og agaviðurlög. Mikilvægt er að meginreglur sem þetta varða séu að einhverju marki bundnar í lögum þar sem þær varða mikilvæg grundvallaratriði í starfsemi háskólans og sum atriði sem ákvæði frumvarpsins taka til, t.d. framkvæmd prófa og einkunnagjöf, valda oft ágreiningi.

Ég hef nú gefið út reglur um áfrýjunarnefnd fyrir námsmenn í öllum háskólum landsins sem hafa verið settar og þegar er unnið eftir. Að öðru leyti setur háskólinn sjálfur þær reglur sem starfa skal eftir. Frumvarp þetta felur þannig í sér tillögur um flutning verkefna í ríkum mæli frá ráðherra til háskólans sjálfs. Með vísan til þessara almennu sjónarmiða er til dæmis fallið frá því að lögbinda að ákveðið hlutfall af skrásetningargjaldi geti runnið til stúdentaráðs Háskóla Íslands. Lögbinding reglu af því tagi bryti í bága við þá viðleitni að veita Háskóla Íslands umboð til að taka ákvarðanir um slíka ráðstöfun á fjármunum án afskipta löggjafans. Öðru máli gegnir um hlut Félagsstofnunar stúdenta í skrásetningargjaldinu, ákvæðið um það er í samræmi við forsendur fyrir starfi stofnunarinnar sem er að finna í lögum um þá stofnun.

Í 18. gr. frumvarpsins eru ný ákvæði um gjöld fyrir þjónustu, þ.e. heimild Háskóla Íslands til að taka gjald fyrir þjónustu utan lögbundinnar skyldu og jafnframt um heimild fyrir háskólaráð til að semja við félög, fyrirtæki og stofnanir um að greiða þeim fyrir sérgreinda þjónustu. Í þeirri grein frv. er tekið mið af þeirri ósk háskólaráðs frá 19. nóv. 1998 að um samninga þess við stúdentaráð og aðra aðila giltu ákvæði 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Er það á valdi háskólaráðs í samræmi við þá lagagrein að taka ákvarðanir um hvernig það hagar samningsgerð af þessu tagi.

Um fjöldamörg atriði, sem menntamálaráðherra skipar nú í reglugerð, er háskólaráði ætlað að setja nánari reglur án atbeina ráðherra. Það er í samræmi við það markmið frumvarps þessa, að auka sjálfstæði Háskóla Íslands, að hann setji sjálfur reglur af þessu tagi innan þeirra marka sem lög heimila. Margar af þeim reglum sem háskólaráði er ætlað að setja eru til nú þegar, ýmist í reglugerðum menntamálaráðuneytis eða reglum sem háskólaráð hefur samþykkt. Má reikna með að á þeim verði að verulegu leyti byggt í framtíðinni með þeim breytingum sem ný lög um Háskóla Íslands kunna að gera ráð fyrir. Lagt er til að háskólaráð geti ekki sett eða breytt reglum er varða grundvallaruppbyggingu háskólans án þess að leita fyrst eftir umsögn háskólafundar. Er þannig ætlast til að umræða um slíkar reglur fari fram á háskólafundi þar sem flestir hagsmunaðilar og fagaðilar innan háskólans eiga fulltrúa.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkuð róttækar breytingar á æðstu stjórn háskólans. Gert er ráð fyrir að hún verði falin háskólaráði og rektor eins og fyrr segir. Stjórn deilda verði aftur á móti í svipuðu horfi og nú. Einnig er lagt til að í tengslum við stjórn skólans starfi háskólafundur sem hefur með höndum stefnumótun í málefnum háskólans.

Háskólafundi er ætlað tvenns konar hlutverk, annars vegar stefnumótun í sameiginlegum málefnum háskólans og hins vegar að veita umsögn þegar meginreglur er varða stjórnskipulag háskólans eru settar. Framkvæmd stefnunnar sem háskólafundur mótar og dagleg framkvæmdastjórn háskólans verði í höndum háskólaráðs, rektors og sameiginlegrar stjórnsýslu. Háskólaráð verði fámennara en nú er. Háskólafundur verður eins konar þing háskólamanna þar sem saman koma fulltrúar einstakra deilda og stofnana háskólans, auk fulltrúa starfsmanna stjórnsýslunnar, stúdenta og þjóðlífs. Gert er ráð fyrir að háskólafundur komi saman í það minnsta einu sinni á hverju kennslumissiri og er miðað við að settar verði reglur um undirbúning hans, hvernig mál skuli fyrir hann lögð, rædd þar og afgreidd. Reglum þessum er ætlað að stuðla að vandaðri málsmeðferð og virku starfi háskólafundar. Á þessu þingi oddvita háskólasamfélagsins mætast á einum stað sjónarmið allra faggreina og hópa háskólasamfélagsins. Með þessu er m.a. komið til móts við óskir sem uppi hafa verið innan háskólans um að fjölga þurfi í háskólaráði frá því sem nú er til þess að oddvitar allra kennslugreina og hópa geti átt þar fulltrúa og tekið þátt í að móta stefnu og eiga aðild að ákvörðunum þess. Reglur 8. gr. frumvarpsins um skipan háskólafundar eru í samræmi við þetta.

Hlutverk háskólafundar er nánar rakið í 7. gr. Af því ákvæði er ljóst að honum er fyrst og fremst ætlað að vinna að þróun Háskóla Íslands og stefnumótun í innri málefnum hans. Háskólafundi er aftur á móti ekki ætlað að fara með stjórnsýslulegt úrskurðarvald. Gert er ráð fyrir að með samþykktum sínum um stefnumörkun móti háskólafundur stefnu þá sem háskólaráði og rektor er ætlað að taka mið af.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að háskólaráð verði æðsta framkvæmdastjórn háskólans, ásamt rektor. Háskólaráð fer með æðstu stjórn í rekstri háskólans, sbr. nánar ákvæði 3. gr. frumvarpsins.

Þetta eru, herra forseti, helstu atriði þessa frv. en háskólaráðið á samkvæmt frv. að vera skipað tíu fulltrúum og í 4. gr. frv. er mælt fyrir um það hvernig kosið verði til þessa ráðs.

Ef litið er á frv. til laga um Háskólann á Akureyri ber þess fyrst að geta að hér er um endurflutt mál að ræða frá

síðasta þingi sem þá var lagt fram en ekki útrætt. Frumvarpið hefur verið endursamið að nokkru leyti með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem komu fram við gerð frv. um Háskóla Íslands. Þau ákvæði sem ráðuneytið, sérfræðingar þess og háskólarnir sjálfir telja að eigi að vera sameiginleg fyrir alla háskóla í landinu eru hin sömu í þessu frv. og í frv. um Háskóla Íslands. En þar sem Háskólinn á Akureyri er mun minni stofnun er t.d. ekki gert ráð fyrir háskólafundi í þessu frv., enda hafa engar óskir komið fram um slíkt frá Háskólanum á Akureyri. Frv. tekur að sjálfsögðu mið af starfi innan Háskólans á Akureyri, þar sem hér er verið að semja og leggja fram frv. til sérlaga um þá stofnun.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa mörg orð um þetta frv. Það skýrir sig sjálft. Það var lagt fram á síðasta þingi og hefur ekki tekið öðrum breytingum en ég gat um og rakti að nokkru leyti í ræðu minni um frv. til laga um Háskóla Íslands.

Frv. til laga um breyting á lögum um Kennaraháskóla Íslands, sem einnig hefur verið lagt fram og er hér til umræðu, tekur mið af þeim ákvæðum í frv. um Háskóla Íslands sem snerta það sama og ég gat um varðandi Háskólann á Akureyri, þ.e. að þau atriði eru samræmd á milli háskólanna sem talið er eðlilegt að samræma, svo sem hér segir:

„Að fenginni tillögu viðkomandi deildarfundar hefur háskólaráð rétt til þess að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu doktorsnámi eða með vörn doktorsritgerðar." Síðan mætti áfram telja.

Það eru ákvæði af þessu tagi sem við erum að taka inn ásamt þeirri almennu heimild sem kemur fram í 18. gr. frv. um Háskóla Íslands og varðar rétt háskóla til þess að greiða gjöld fyrir þjónustu og taka gjöld fyrir þjónustu. Þetta ákvæði er nú samræmt á milli þessara þriggja háskóla og þannig tekið á málum að þar sitji allir við sama borð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Ég legg til að þessum frumvörpum verði eftir þessa umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[14:00]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er vonum seinna að þessi frumvörp birtast hér á Alþingi. Ljóst var eftir að samþykkt voru lög um háskóla á síðasta þingi að í framhaldinu kæmu frumvörp um einstaka háskóla og raunar samþykktum við þá lög um Kennaraháskólann. En nú erum við að fást við annars vegar frv. til laga um Háskóla Íslands og hins vegar frv. til laga um Háskólann á Akureyri.

Ég ætla að fjalla um þessi frumvörp í sömu röð og hæstv. ráðherra gerði og byrja þá á frv. um Háskóla Íslands. Ég er með þrjú atriði sem ég vil gjarnan ræða. Í fyrsta lagi orðalag er varðar skrásetningargjald, í öðru lagi ákvæði um fulltrúa ráðherra í háskólaráði og í þriðja lagi heimild háskólaráðs til að semja við stúdentaráð um afmörkuð rekstrarverkefni án útboðs.

Í máli ráðherra kom fram að drög að þessu frv. voru samin í samráði við Háskóla Íslands. Það var samt svo að í háskólaráði voru lagðar fram brtt. af hálfu stúdenta sem voru samþykktar. Menntmrn. og menntmrh. taka tillit til þeirra ábendinga og þeirra samþykkta sem þar eru gerðar nema tveggja. Það er í fyrsta lagi að þetta frv. er, í samræmi við lögin um háskóla, þeirrar gerðar að gert er ráð fyrir pólitískum fulltrúum ráðherra í háskólaráði.

Eins og kom fram í máli ráðherra áðan var slík stefnumörkun samþykkt á Alþingi í lögunum um háskóla þannig að ekki þarf að koma á óvart þó að ekki hafi verið tekið tillit til þeirrar ábendingar, en mér finnst samt sérkennilegt að heyra ráðherra réttlæta þá ákvörðun og vísa til þess að með því verði stjórnkerfið sýnilegra og skilvirkara. Ég er ekki viss um að svo sé en menn verða auðvitað að skýra gerðir sínar og ákvarðanir á einhvern hátt.

Í öðru lagi er það merkilegt og umhugsunarefni af hverju orðalagið um skrásetningargjaldið, 25 þúsund krónurnar, er öðruvísi í þessu frv. en í lögunum um Kennaraháskóla og væri gott að fá skýringu á því. Ég er að tala um 13. gr., en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, 25.000 kr." Punktur.

Í lögunum um Kennaraháskóla er textinn hins vegar þannig:

„Skrásetningargjald skal ekki vera hærra en sem nemur 25.000 kr."

Ég þykist muna það rétt, herra forseti, að þetta orðalag hafi verið haft svona vegna þess að það var samdóma niðurstaða menntmn. að skrásetningargjald ætti að vera gjald sem kæmi fyrir skilgreinda þjónustu, ekki skólagjald og þess vegna ekki föst upphæð heldur upphæð sem gæti numið allt að þetta hárri upphæð, enda kæmi skilgreind þjónusta fyrir. Og ég spyr þess vegna: Af hverju er orðalaginu breytt? Af hverju er annað orðalag og þar með í rauninni annar skilningur bæði í frv. um Háskóla Íslands og frv. um Háskólann á Akureyri? Ef hér er um mistök að ræða verður það auðvitað leiðrétt í nefndinni vegna þess að ég endurtek það, herra forseti, að ákveðin hugsun var á bak við orðalagið sem er í lögunum um Kennaraháskólann og sú hugsun kemur ekki fram í frumvörpunum.

Í þriðja lagi, herra forseti, ætla ég að ræða um það atriði sem stúdentaráð Háskóla Íslands hefur gert mestar athugasemdir við. En það er heimild háskólaráðs til að semja við stúdentaráð um afmörkuð rekstrarverkefni án útboðs.

Háskólaráð óskaði eftir því að fá í lögin skýra heimild til að geta samið við stúdentaráð á þessum grundvelli. Í máli ráðherra áðan kom fram að það yrði í valdi háskólaráðs. En ég spyr: Ef það er í valdi háskólaráðs hvernig það semur og við hverja, af hverju eru menn þá að hafa áhyggjur af þessum hlut? Getur hæstv. ráðherra útskýrt það? Og ef það er í valdi háskólaráðs að mati ráðherra er þá ekki eðlilegt að taka tillit til þess sem samþykkt var í háskólaráði, en það var eftirfarandi, herra forseti:

„Lagt er til að aftan við síðasta málslið 3. mgr. 13. gr. bætist tveir málsliðir svohljóðandi: Háskólaráði er enn fremur heimilt að semja við stúdentaráð um að sjá um afmörkuð rekstrarverkefni og verja í því skyni hluta skrásetningargjaldsins. Um efni, gerð og réttaráhrif samningsins fer samkvæmt 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins."

Tilgangur þessa ákvæðis er sá að háskólaráð fái áframhaldandi heimild til að semja við stúdentaráð um að sjá um ákveðin verkefni.

Ég spyr um þetta, herra forseti, vegna þess að þarna er í rauninni verið að ganga gegn langri hefð og venju við Háskóla Íslands, þar sem það hefur verið svo að stúdentaráð, sem er lýðræðislega kjörin fulltrúasamkoma allra stúdenta, hefur séð um tiltekin verkefni. Og nú er verið að leggja til, þvert á vilja háskólasamfélagsins en ekki að beiðni þeirra, að þessu verði breytt. Ég hlýt að spyrja af hverju gengið er þvert á þetta, einungis til samræmingar að því er virðist.

Ég tók eftir því að í máli hæstv. ráðherra kom fram að lögin um Háskólann á Akureyri væru sniðin eftir aðstæðum þess skóla. Það er vel ef það er hægt vegna þess að það er betra ef háskólar okkar fá að þróast hver með sínum hætti, enda þótt gerðar séu sambærilegar gæðakröfur til þess náms eða þeirrar kennslu sem þar fer fram. En þess vegna velti ég vöngum yfir því og mér finnst það merkilegt hversu mikil ákefð er í því að samræma tiltekna hluti sem ekki snerta minni skólana en koma illa við Háskóla Íslands og raska áratuga hefðum sem þar hafa verið. Þetta á annars vegar við hvað varðar skipan háskólaráðs og nú þann hátt sem ráðherra vill hafa á varðandi stúdentaráð.

Stúdentar hafa vísað í það að tekist hafi verið á um stöðu ráðsins fyrir réttum þremur árum síðan og þá var það leyst farsællega að þeirra mati. Og miðað við þau orð sem þá voru látin falla úr þessum ræðustóli hljóta menn að vera undrandi á þeirri stefnubreytingu sem orðin er vegna þess að á þeim tíma kom fram í ræðu menntmrh. — og ég vitna hér, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið telur eðlilegt að samið sé við stúdentaráð Háskóla Íslands um að það sinni sérstökum verkefnum fyrir Háskóla Íslands og til þess sé varið hluta skrásetningargjalda til skólans."

Ég hlýt að nefna þetta, herra forseti, vegna þess að við höfðum auðvitað vænst þess að þegar kæmi að því að setja sérlög um skólana, eftir að tekist hafði verið á um hina almennu rammalöggjöf um háskóla, yrði hægt að ná víðtækri sátt um þau ákvæði sem sneru að hverjum skóla fyrir sig. Það yrði hægt, eins og ég gat um og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra, að taka tillit til hinna mismunandi skóla, hinna mismunandi hefða og hinna mismunandi aðstæðna sem skólarnir búa við.

Ég vænti þess að skýringar og svör komi fram á eftir við þessum atriðum. Við hljótum að gera kröfu til þess að þær skýringar séu nokkuð góðar vegna þess að æskilegt hefði verið að sérlögin væru í samræmi við þann vilja sem birtist, eins og í þessu tilfelli, í háskólaráði Háskóla Íslands.

Hvað varðar frv. um Háskólann á Akureyri þá er um endurflutning að ræða eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra. Þetta mál hefur a.m.k. verið lesið og skoðað áður og hefur verið aðlagað og mér er ekki kunnugt um að það séu í sjálfu sér athugasemdir við það, nema ég geri þessa athugasemd um orðalagið hvað varðar skrásetningargjaldið, sem er í 4. gr. þessa frv. Það er sama athugasemd og um frv. um Háskóla Íslands, við þurfum að skoða þetta orðalag því að það er í rauninni annar skilningur, það er annað sem liggur að baki, en ég fer ekki yfir það frekar hér aftur. Við munum ræða það væntanlega í nefndinni.

En hvað varðar Háskólann á Akureyri þá er full ástæða til að ræða aðeins um hversu stórt skref það var í skólamálum, í byggðamálum, að Háskólinn á Akureyri skyldi verða til og að hann skuli hafa náð að dafna eins og raun ber vitni, vegna þess að það er öllum ljóst að menntamálin hafa gríðarlega mikla þýðingu fyrir þróun byggðarinnar í landinu. Fram hefur komið að um 30% þeirra landsbyggðarmanna sem hyggja á flutning gera það af menntunartengdum ástæðum af einu eða öðru tagi. Og þegar svo er er full ástæða til að horfa vel til þeirra þátta.

Það hefur líka komið í ljós að mikill meiri hluti, eða yfir 80% þeirra stúdenta sem útskrifast frá Háskólanum á Akureyri, haslar sér völl úti á landi. Það er auðvitað mjög sterk vísbending um það hvaða leiðir eru færar ef mönnum er alvara með því að reyna að styrkja byggðina úti um landið. Það er alveg ljóst, eins og þær breytingar sem við vitum að eru að verða á atvinnulífinu munu ganga fram, að virkasta svarið við þeim breytingum til að menn geti skapað sér ný sóknarfæri, er að færa menntunina nær fólkinu.

Nær öll háskólamenntun fer fram í Reykjavík eða yfir 90% og þess vegna er mikið verk að vinna í rauninni við að efla þá háskólamenntun sem fer fram annars staðar. Það er mjög farsælt að samstarf skuli hafa tekist á milli þessara þriggja skóla sem við erum í rauninni með undir í þessari umræðu núna, samstarf sem m.a. lýtur að fjarkennslu, sem er þegar og getur áreiðanlega orðið mjög mikilvægur þáttur í háskólanámi eða háskólamenntun um allt land, líka hér í þéttbýlinu vegna þess að það sýnir sig þegar skoðað er hverjir vilja nýta sér fjarkennslu að það er ekki síður fólk í þéttbýli sem vill nýta sér hana, fólk sem af einhverjum ástæðum getur ekki nýtt sér hefðbundið nám.

Herra forseti. Málefni Háskólans á Akureyri eru afskaplega brýn í byggðatilliti og í rauninni kannski það stærsta sem menn hafa ráðist í til þess að reyna að spyrna við fótum. Það er afar mikilvægt að menn haldi áfram að byggja upp kraftmikið skólastarf, haldi áfram að efla háskólamenntun á landsbyggðinni hraustlega. Eitt af því sem þarf að efla við Háskólann á Akureyri er húsakostur. Það þarf að bæta húsakost. Það þarf að setja peninga til þeirra hluta. Það þarf að efla rannsóknar- og vísindastarfsemi úti um landið og það þarf að styrkja rannsóknarverkefni sem stjórnað er af landsbyggðinni. Þetta verðum við að gera ef við ætlum einhvern veginn að ná árangri við að hamla gegn þeim miklu fólksflutningum sem eru í gangi og munu reynast okkur afskaplega dýrkeyptir og í rauninni miklu dýrkeyptari en því fjármagni nemur sem við gætum sett til menntamála úti um landið til þess að fólk geti fengið þá þekkingu og þá viðspyrnu sem þarf til þess að efla byggðirnar.

Hvað varðar frv. sem liggur hér fyrir um Kennaraháskólann þá er ekki margt um það að segja. Hér er breyting á lögum um Kennaraháskólann sem er kannski fyrst og fremst til samræmis og var viðbúið að mundi koma. Tekið hefur verið tillit til þess sem verið er að gera á öðrum vígstöðvum líkt og í Háskólanum á Akureyri. Ég hef í sjálfu sér engar athugasemdir og hef ekki heyrt neinar athugasemdir um þetta frv. sem lýtur að breytingu á lögunum um Kennaraháskólann.

Ég endurtek, herra forseti, að það eru þrjú atriði sem í rauninni skipta máli. Það er þetta orðalag sem lýtur að skrásetningargjaldinu og spurningin um það hvort hér sé á ferðinni ný hugsun eða hvort einungis sé um að ræða misheppnað orðalag sem verður lagfært í nefnd. Það er spurningin: Ef háskólaráð á að hafa frjálsar hendur um það að semja, af hverju er lagatextinn þá ekki þannig? Og síðan er ákvæðið sem var afgreitt með lögunum um háskóla og lýtur að fulltrúum ráðherra, hinum pólitísku fulltrúum í háskólaráði. Það eru þessi þrjú atriði, herra forseti. Síðan vænti ég þess að tóm gefist til að skoða þessi mál betur í nefnd.

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kaus að gera ekki athugasemdir við þá tilhögun að ræða þessi þrjú frumvörp öll í einu þó að til sanns vegar megi færa að ekki hefði veitt af að ræða málefni hverrar stofnunar fyrir sig. Frumvörpin eru ekki nema að hluta til um sameiginleg efni. Frv. um Háskóla Íslands er langviðamest eðli málsins samkvæmt.

Ég ætla að byrja á því frv., herra forseti, og ræða fyrst og fremst um eitt ákvæði. Ég get gert margt af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði að mínum orðum um það mál almennt. En það sem ég hafði sérstaklega hugsað mér að taka fyrir eru ákvæði 18. gr. og hvað á bak við það liggur að hæstv. ráðherra velur að fara ekki að óskum háskólaráðs í því efni.

Ég held að sú grein sé ákaflega viðkvæm og menn þurfi að umgangast þá hluti sem þar eru á ferðinni — og þá á ég auðvitað sérstaklega við þann félagslega rekstur sem stúdentaráð Háskóla Íslands hefur byggt upp og haft með höndum í þágu stúdenta — af mikilli varúð. Eða er einhver hér sem treystir sér til þess að halda því fram að auðvelt sé að sýna fram á að þeim hlutum væri betur fyrir komið og myndarlegar að þeim staðið með öðrum hætti en þeim sem þar hefur verið? Mér a.m.k. sem fyrrverandi nemanda og stjórnarmanni í stúdentaráði og þátttakanda í þessum rekstri á sínum tíma er ákaflega annt um hann. Og það skal enginn fara í grafgötur um það að það litar nokkuð afstöðu mína að hafa átt þar setu á sínum tíma. Ég hef fylgst með því af stolti hvernig þeim málum hefur miðað á umliðnum árum frá því að ég var við nám í háskólanum, t.d. hvernig gjörbylting hefur orðið á húsnæðisaðstöðu á háskólasvæðinu og fleira mætti þar til telja.

Ég held þess vegna að við eigum ekkert að vera að fara í kringum þetta eins og kettir í kringum heitan graut heldur ræða hlutina eins og þeir eru. Er ætlun menntmrh. með þessu orðalagi seinni mgr. 18. gr. að opna fyrir einkavæðingu á þessum rekstri eða ekki? Er hæstv. menntmrh. andvígur því að þetta verði í aðalatriðum áfram í höndum stúdenta á grundvelli samninga þá sem háskólaráð gerir við stúdentaráð? Telur hæstv. menntmrh. að eitthvert annað fyrirkomulag sé lýðræðislegra, sé betur til þess fallið að mæta þörfum stúdenta heldur en rekstur sem er í höndum þeirra sjálfra og á ábyrgð þeirra sjálfra og lýðræðislega kjörnir fulltrúar stúdenta sjálfra hafa yfir að segja? Ef hæstv. menntmrh. er þeirrar skoðunar þá þætti mér fróðlegt að heyra röksemdafærslu fyrir því sjónarmiði. Ég sé engan annan sérstakan tilgang með þessu orðalagi en einhvern slíkan. Ella hlyti að vera eðlilegast og einfaldast að fara að óskum háskólaráðs í samræmi við afstöðu fulltrúa stúdenta þar inni um að heimildin taki til samninga við stúdentaráð og punktur, enda var ekki um annað beðið. Ég held því að hæstv. ráðherra hljóti að þurfa að rökstyðja mál sitt betur og færa fyrir því einhver rök að þetta sé heppilegt orðalag.

Ég vil einnig aðeins nefna skipunina í háskólaráð þó að það sé deila sem hafi verið tekin og útkljáð hér áður, þ.e. um hina pólitískt skipuðu fulltrúa ráðherrans inn í háskólaráðin sem lýsir einnig inn í ákveðna hugmyndafræði, ákveðna pólitík og er auðvitað til þess fallin í sjálfu sér að ganga gegn hugmyndum um fullkomið sjálfstæði og akademískt frelsi háskólastofnana, það liggur í hlutarins eðli, þ.e. að troða þar inn pólitískt skipuðum fulltrúum ráðherra. Ég vil alveg sérstaklega hrósa menntmrh. fyrir gamansemina og húmorinn að kalla þetta fulltrúa þjóðlífsins. Ef ég hef tekið rétt eftir þá var það nafngiftin sem hinir pólitísku erindrekar ráðherrans þarna inni bera í hans munni, fulltrúar þjóðlífsins. Það er litli maðurinn á götunni, fulltrúi þjóðarinnar, almennings sem á skjól sitt í hæstv. menntmrh. og fær í gegnum hann að hafa áhrif á starfsemina í Háskóla Íslands. Ég verð að segja það, herra forseti, með fullri virðingu fyrir hæstv. menntrh., að mér detta einhverjir aðrir fyrr í hug en hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason þegar á að fara að koma að því að tilnefna fulltrúa þjóðlífsins, hvort sem það er í háskólaráð eða eitthvað annað. Þá held ég að nær væri að stærstu og fjölmennustu almannasamtök í landinu, t.d. Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eða einhverjir aðrir slíkir aðilar væru þess frekar umkomnir að geta talist handhafar einhverrar þannig fjöldahugsunar í þjóðfélaginu, að þeir gætu séð um að tilnefna fulltrúa þjóðlífsins. (Gripið fram í.) Það gætu síðan verið hvaða einstaklingar sem vera skal, jafnvel hugsanlega hv. þm. Hjálmar Árnason, þó ég dragi það kannski í efa að mönnum dytti hann fyrst í hug sem fulltrúi þjóðlífsins þegar fara þyrfti að velja leikmenn til setu í háskólaráði. Ég efa ekki að hv. þm. gæti flutt mikið af mannviti og þekkingu á skólamálum þangað inn. — Var þetta ekki bara nóg hrós um þingmanninn?

Herra forseti. Þetta tvennt ætlaði ég sérstaklega að gera að umtalsefni um málefni Háskóla Íslands. Ég held að það kosti miklar umræður og miklu vænni rökstuðning heldur en hingað til hefur komið fram að hafa þessari síðari mgr. 18. gr. svona úr garði gerða. Mér sýnist ekki örgrannt um að þetta frv. geti orðið úti hér í vorhretunum, í ljósi þess hversu skammt er til kosninga og þingslita, ef ekki næst fullkomin samstaða um fráganginn á þessu máli. Nóg er samt af deilum sem orðið hafa um málefni Háskóla Íslands eins og reyndar fleiri háskólastofnana á undanförnum árum.

Herra forseti. Þá vík ég að frv. um Háskólann á Akureyri. Ég fagna mörgum ákvæðum í því frv. Það á reyndar einnig við um frv. um Háskóla Íslands. Margt horfir til bóta í þessum frumvörpum. Ég held t.d. að sum ákvæðin sem varða innri stjórnsýslu í stofnunum séu tvímælalaust jákvæð. Ég held að það sé framfaraspor að fulltrúar kennara séu kosnir úr þeirra röðum en það sé ekki eins og áður var, a.m.k. í tilviki Háskólans á Akureyri. Ég þekki það ekki til að fullyrða. Var ekki eins með Háskóla Íslands að þar gengu sjálfkrafa inn tilteknir forustumenn deilda eða sviða? Það var a.m.k. þannig í háskólanum fyrir norðan en nú er horfið að því ráði hér að þetta verði lýðræðislegt, kosningar úr röðum kennara og það er breyting í rétta átt, finnst mér.

Ég vil einnig nefna alveg sérstaklega að hér er sett í lög heimild til handa Háskólanum á Akureyri, sem hann fær þá eins og Háskóli Íslands hefur lengi haft, til að hefja nám til masters- og doktorsprófs. Það er auðvitað tímabært, ekki síst í ljósi þess að þegar er í undirbúningi við Háskólann á Akureyri að hefja nám á framhaldsstigi, þ.e. framhaldsnám í lækningum, almennum lækningum eða heimilislækningum í dreifbýli. Því fagna ég einnig sérstaklega og mér finnst það fara vel að þannig verði riðið á vaðið fyrir norðan enda einn megintilgangur Háskólans á Akureyri og uppbyggingarinnar þar að mæta þörfum dreifbýlisins og landsbyggðarinnar fyrir háskólamenntun og byggja upp menntun sem er aðlöguð að þörfum og aðstæðum á landsbyggðinni.

Ég leyfi mér, herra forseti, í leiðinni að spyrja hæstv. ráðherra hvað líði byggingaráformum á háskólasvæðinu nyrðra. Háskólinn fékk til afnota glæsilegt svæði, Sólborgarsvæðið, og ég hef sagt það áður og get endurtekið að þar held ég að séu allar aðstæður til að byggja einhvern skemmtilegasta háskólakamp norðan Alpafjalla og jafnvel sunnan líka. En það þarf þá að byggja á staðnum og nýta svæðið til þess að það nái tilgangi sínum og þeir möguleikar sem þar felast nýtist. Það finnst mér hafa gengið fullhægt, herra forseti, í ljósi þess hversu mikla áherslu menn hafa þó þrátt fyrir allt lagt á uppbyggingu Háskólans á Akureyri til að þar færi ákveðið

flaggskip í jákvæðri hugsun og nýrri hugsun í byggðamálum og menntamálum.

Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. beint og vona að það teljist ekki frávik frá dagskrá að tengja það inn í þessa umræðu: Hvað líður því að ganga frá samningum um fyrsta áfanga byggingar kennsluhúsnæðis fyrir Háskólann á Akureyri? Það hefur nokkuð dregist en ég vona að það sé í góðum farvegi. Getur hæstv. ráðherra upplýst okkur um það hvenær líkur eru á að þeir samningar verði í höfn, og samningar þá sem tryggja fjármögnun þessa áfanga, þannig að unnt verði að hefjast handa af fullum krafti? Hver vika sem líður er bagaleg í ljósi áforma um að hefja framkvæmdir á þessu ári. Og í öðru lagi spyr ég: Hvað líður viðræðum sem einnig hafa verið í gangi á hliðarspori um byggingu rannsóknarhúss á grundvelli tilboðs heimamanna um að fjármagna þá byggingu þangað til fjárveitingar yrðu tryggðar á fjárlögum? Þetta tvennt þarf alls ekki að skarast eða rekast á enda ljóst frá byrjun að hugsunin var sú að flýta byggingu rannsóknarhússins um allmörg ár frá því sem ella yrði á grundvelli tilboðs um sjálfstæða fjármögnun þannig að þær framkvæmdir hefðu engin áhrif á uppbyggingarhraðann í takt við það sem veitt er á fjárlögum hverju sinni til kennsluhúsnæðis og annarra hluta samkvæmt þeirri áætlun sem fyrir liggur.

Herra forseti. Ég segi svo bara í viðbót um málefni Háskólans á Akureyri að ég held að það hafi sannast trekk í trekk á undafömum missirum hversu mikið framfara- og heillaspor var að ráðast í þá uppbyggingu. Það hefur orðið öllum aðilum til góðs, líka Háskóla Íslands, alveg hiklaust, vegna þess að þar hafa menn fengið á vissan hátt samkeppni, samanburð og á grundvelli verkaskiptingar getur þar þróast mjög heilbrigt fyrirkomulag, sérhæfing sem m.a. lýsir sér í því að að svo miklu leyti sem nám er sameiginlegt í Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands, þá kemur til sögunnar viss sérhæfing í því formi að námið nyrðra er þá meira aðlagað að þörfum landsbyggðarinnar og þjónar þeim tilgangi að nemendur sem útskrifast þaðan eru líklegri til þess að manna stöður á landsbyggðinni, eins og dæmin sanna. Ég held að það sé jákvætt nánast í öllu tilliti og hvernig sem á það er litið. Það eina sem var kannski ekki jákvætt í byrjun var að menn brugðust ekki alveg rétt við og það bar á því um tíma að menn væru í metingi og kapphlaupi um verkefnin. En ég held sem betur fer að það sé verða liðin tíð og andrúmsloftið í þessum samskiptum sé að komast á miklu heilbrigðari og uppbyggilegri grunn.

Ég vil nefna sem dæmi um gildi þess og það jákvæða sem þarna hefur verið að gerast það sem Háskólinn á Akureyri hefur verið að gera í fjarkennslu, alveg sérstaklega t.d. hjúkrunarfræðinámið á Ísafirði. Mér finnst það til fyrirmyndar að þannig skuli menn sýna í verki vilja sinn til þess að mæta þörfum landsbyggðarinnar fyrir sérhæft starfsfólk og um leið nýta nýjustu tækni þannig að allir geti verið stoltir af og meira að segja hið fræga dæmi frá háskólanum í Masatlan sennilega bara fölnar í samanburði við það sem Háskólinn á Akureyri er að gera.

Sama mætti segja um samstarf Háskólans á Akureyri við Austfirðingafjórðung og almennt það samstarf sem er að takast um uppbyggingu náms á háskólastigi víða á landinu, ekki í því formi að alls staðar verði reistir háskólar heldur hitt að menn nýta sér möguleika tækninnar og samvinnu til þess að allir landshlutar vonandi fyrr en síðar geti átt vissa aðild að háskólanámi því það hlýtur auðvitað að vera markmiðið.

Herra forseti. Hvað varðar frv. um Kennaraháskóla Íslands þá skal ég gera þá játningu að ég hef ekki mikið farið yfir það hvað þar er á ferðinni. Þar eru reyndar sömu ákvæðin á ferðinni og eru í 18. gr. frv. um Háskóla Íslands og frv. um Háskólann á Akureyri, en ég hef skilið það svo að þau ákvæði séu í raun ekki virk af því að þar eru á ferðinni miklu minni stofnanir og ekki muni reyna á það með sama hætti og gerir gagnvart Háskóla Íslands að þau geti komið til framkvæmda.

Það er eitt atriði enn að lokum um það mál svo ég hverfi aftur til þess, herra forseti, sem ég hafði aðeins ætlað að nefna og það er vísan í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Í 3. mgr. þeirrar greinar er fjallað um ríkisstofnanir í A-hluta, en ég minni á að sú grein er í raun þannig upp byggð að hún felur fyrst og fremst í sér heimildir ráðherra í tengslum við afgreiðslu fjárlaga til að gera samninga um þjónustuverkefni. Auðvitað getur maður hugsað sér að menntmrh. fyrir hönd Háskóla Íslands komi athugasemdum inn í fjárlög um að háskólaráð hyggist jafnvel leita til einkaaðila um einhverja tiltekna þjónustu en það er orðið nokkuð krókótt leið. Og ég er ekki viss um þar af leiðandi að vísunin í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins sé jafnrökrétt eða skynsamleg og að í henni sé í rauninni einhver vörn í þeim skilningi sem menn hafa kannski hugsað. Sú grein snýr fyrst og fremst að þeim rekstri sem er á ábyrgð viðkomandi ráðherra beint. Í síðustu málsgrein greinarinnar er sleginn sá varnagli sem ekki er að ástæðulausu og er stórpólitískt atriði, að Alþingi komi að málinu í gegnum afgreiðslu fjárlaga hverju sinni vegna þess að heimildin verður ekki virk nema að getið sé um slíkt áform í greinargerð með fjárlagafrv. í hönd farandi árs. Þar með finnst mér, herra forseti, leiðin vera orðin nokkuð krókótt frá háskólaráði gegnum menntmrn. væntanlega og síðan yfir í fjmrn. og úr fjmrn. inn í fjárlagafrv. og hingað á Alþingi og til baka, að nýta slíka heimild. Þetta er ekki endilega eins gáfulegt og við fyrstu sýn mætti ætla. Ég held að hitt sé miklu vænlegra að hafa heimildina í lögunum um háskólann eða háskólastofnanirnar skýra og afdráttarlausa og skýrt afmarkaða þannig að ekki þurfi að koma til pólitískra deilumála um það hvernig eða hvort hún skuli vera notuð.

[14:34]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér eru til umræðu þrjú frv., um Háskóla Íslands, um Háskólann á Akureyri og um Kennaraháskóla Íslands. Frumvörp þessi byggja á rammalöggjöf með lögum nr. 136/1997, sem tóku gildi þann 1. janúar sl. Ég hygg að allir séu sammála um að tímabært hafi verið að setja slíka rammalöggjöf um háskólastigið enda hefur háskólum fjölgað má segja nokkuð ört á Íslandi á undanförnum árum og því orðin full þörf og tímabært að setja slíka rammalöggjöf. Í rauninni má segja að það sé ánægjulegt að sú þörf hafi skapast. Hún sýnir að menntastig þjóðarinnar er smám saman að hækka og ættum við þá að eygja vonir um framfarir á sem flestum sviðum enda er fjárfesting í menntun lykill að öllum framförum.

Með þessum frv. er verið að aðlaga einstaka háskólastofnanir að þessari rammalöggjöf og er rökrétt framhald. Ég tel að með frv. náist þau markmið sem sett eru um háskóla að langsamlega flestu leyti, enda hafa þessi frv. fengið nokkuð góðan tíma til umfjöllunar, bæði á síðasta þingi í hv. menntmn. og ekki síður innan háskólasamfélagsins og verður ekki betur séð en að mjög miklu leyti hafi frv., sérstaklega um

Háskóla Íslands, verið breytt í samræmi við hina ítarlega umfjöllun innan háskólasamfélagsins.

Það er mjög mikilvægt í þessu samhengi að minnast á gildi og nauðsyn þess að háskólasamfélagið hafi sjálfstæði til þess að gegna hinu mikilvæga hlutverki sínu. En vandi fylgir vegsemd hverri og sjálfstæði getur verið afskaplega erfitt í meðförum vegna þess að því fylgir mikil ábyrgð. Og til þess að axla þá ábyrgð og geta uppfyllt þær kröfur sem ábyrgð óneitanlega fylgir þurfa leikreglur að vera nokkuð skýrar. Það er því grundvallaratriði að stjórnunarhættir mikilvægrar, stórrar og um margt flókinnar stofnunar séu nokkuð skýrir og skilvirkir. Ég tel að þau markmið séu sett í þeim frv. sem hér liggja fyrir.

Þá er mjög mikilvægt að stórar stofnanir sem starfa sjálfstætt hafi innbyggða sjálfsgagnrýni, má segja, með innra eftirliti og séu reiðubúnar að taka við utanaðkomandi eftirliti til að halda vöku sinni og auka í rauninni framfarir innan stofnunarinnar og ég tel að þeim markmiðum sé náð með þessum frv.

Einnig er mjög mikilvægt að innan stofnananna gildi lýðræðislegar hefðir, lýðræðislegar siðvenjur og lýðræðisleg ákvarðanataka og það er gert m.a. með fulltrúalýðræði í yfirstjórn háskólanna. Ég tel með öðrum orðum að meginmarkmið um sjálfstæði stofnana séu tryggð með þeim frv. sem hér eru til umfjöllunar, um skilvirka stjórnun, um ábyrgð og eftirlit, og er það vel.

Þetta sjálfstæði er mjög mikilvægt, ekki síst í háskólasamfélagi, ekki einungis hér heldur er það einkenni á háskólasamfélagi eða akademíu um heim allan, ef akademían vill taka sig alvarlega og láta til sín taka og standa undir nafni. Það er mikilvægt, ekki endilega vegna kennsluþáttarins heldur vegna rannsóknarskyldunnar og rannsóknarþáttarins sem fylgir háskólasamfélaginu. Rannsóknir eru jú uppspretta nýjunga og uppspretta framfara.

Eðli rannsókna, ekki síst grunnrannsókna, er þannig að þær kunna ekki alltaf að virðast hagkvæmar eða hafa augljósan tilgang og þess vegna er einmitt, vegna hugsanlegrar óþreyju samtímans og kröfu um árangur, mjög mikilvægt að rannsóknaraðilar hafi sjálfstæði til að helga sig störfum sínum og rannsóknarskyldu. Það er eðli þeirra. Þess vegna er sjálfstæði í háskólasamfélaginu jafnmikilvægt og raun ber vitni. Vegna þess að háskólasamfélagið, rannsóknaraðilarnir, er og á að vera á undan samtíma sínum ef þannig má að orði kveða.

Ég leyfi mér að fullyrða að háskólar á Íslandi hafa staðið mjög ágætlega undir þeim kröfum og hafa sinnt rannsóknarskyldum sínum afskaplega vel að langsamlega flestu leyti, hvort heldur er um grunnrannsóknir eða hagnýtar rannsóknir að ræða. Ég leyfi mér að gefnu tilefni og í ákveðnum fögnuði yfir nýjum dæmum um vetnisvæðingu íslenska samfélagsins að vísa þar sérstaklega til Háskóla Íslands, manna eins og prófessors Braga Árnasonar, sem hefur unnið ötullega að rannsóknum á því sviði undanfarin 25 ár, án þess að samtíminn sæi endilega tilgang í því á sínum tíma. Ég leyfi mér að fullyrða að sá samningur sem Ísland gerði við erlenda aðila í fyrradag hefði aldrei orðið ef ekki hefði notið við þeirra rannsókna sem Háskóli Íslands undir forustu prófessors Braga Árnasonar hefur lagt fram.

Þá leyfi ég mér einnig að vísa til ýmissa lokaverkefna nemenda í háskólasamfélaginu sem hafa mörg hver mjög hagnýtt gildi þar sem lokaverkefnin tengjast gjarnan starfsemi einstakra fyrirtækja eða viðfangsefna í samfélaginu. Að því leyti til má segja að háskólasamfélagið hafi mjög góða tengingu við umhverfi sitt, en er jafnframt fjarlægt umhverfi sínu með öðrum hætti, einkum í grunnrannsóknum.

Ég vil líka aðeins víkja að hlutverki einstakra stofnana háskólans sem hafa æ meira látið til sín taka á síðustu missirum. Og þjóðfélagið, hvort heldur er atvinnulíf, Alþingi eða aðrar stofnanir, leita til stofnana háskólans í vaxandi mæli vegna þess að þetta eru einmitt stofnanir háskóla og hafa þar af leiðandi tengsl við háskólann og starfa í nafni háskólans. Ég nefni þetta, herra forseti, að gefnu tilefni vegna þess að í þessum ræðustól fóru ekki alls fyrir löngu fram umræður um það hvort stofnanir háskólans stæðu undir því að vera háskólastofnanir. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að slíkar stofnanir geti og eigi í rauninni að starfa áfram undir stjórn, yfirstjórn og eftirliti háskólaráðs. Þar af leiðandi er eðlilegt að draga þá ályktun að stofnanir háskólans séu hluti af akademíunni og þær eigi því að hafa þann stimpil að þangað geti einstaklingar, fólk og fyrirtæki leitað til þess að fá hlutlægt álit og mat á málefnum og einstökum atburðum.

Það sem ég hef dregið fram hér er um gildi sjálfstæðis fyrir háskólasamfélagið og ég tel að að flestu leyti þjóni frumvörpin þeim markmiðum og séu unnin að langsamlega flestu leyti í sátt við háskólasamfélagið enda hafa þau fengið góðan tíma.

En það eru nokkur atriði, herra forseti, sem ég vil nefna sérstaklega. Ég vísa enn til þess sem ég nefndi um lýðræðislega ákvarðanatöku og leyfi mér að byggja að nokkru leyti á samþykktum háskólaráðs á vinnsluferli frv. um Háskóla Íslands. Þar er með umsögn sem byggir á samþykkt frá háskólaráði þann 19. nóv. sl. bent á ýmis atriði sem háskólaráð telur að betur mættu fara í frv. Það eru með öðrum orðum ýmis álitamál sem ég tel eðlilegt að skoðuð verði frekar í hv. menntmn. En ég vil þó gera hér sérstaklega að umræðuefni ákvæði sem um var fjallað í þingflokki framsóknarmanna með vísan til samþykktar háskólaráðs frá 19. nóv. sl., en í þeirri samþykkt segir, með leyfi herra forseta:

„Lagt er til að aftan við síðasta málslið 3. mgr. 13. gr. bætist tveir málsliðir svohljóðandi: Háskólaráði er ennfremur heimilt að semja við stúdentaráð um að sjá um afmörkuð rekstrarverkefni og verja í því skyni hluta skrásetningargjaldsins. Um efni, gerð og réttaráhrif samningsins fer samkvæmt 30. gr. laga um fjárreiðu ríkisins."

Síðan segir í skýringargreininni — þar er í rauninni verið að færa rök fyrir því hvaða hlutverk stúdentaráð skipar í háskólasamfélaginu. — Í skýringum við þessa samþykkt háskólaráðs segir jafnframt, með leyfi herra forseta:

„Með breytingunni er þannig leitast við að tryggja með ótvíræðum hætti að háskólaráði verði heimilt að ganga til samninga við stúdentaráð Háskóla Íslands um rækslu tiltekinnar þjónustu gegn greiðslu og verja til þess hluta skrásetningargjaldsins."

Í rauninni er verið að fjalla um það sem stúdentaráð Háskóla Íslands lagði til, að heimilt væri að semja við stúdentaráð Háskóla Íslands án undangengis útboðs. En í frv. er gert ráð fyrir slíkri heimild og þar er talað um stúdentaráð Háskóla Íslands eins og önnur félög, einstaklingar eða stofnanir.

Ég tel, herra forseti, rétt að minna á að stúdentaráð Háskóla Íslands starfar samkvæmt hefð sem nær allt aftur til ársins 1920. Það er líka rétt, herra forseti, að minna á að stúdentaráð er stór hluti af háskólasamfélaginu. Háskóli snýst ekki eingöngu um rannsóknir eða kennslu, hann snýst líka um

ýmsa félagslega þætti. Það eru þeir þættir sem stúdentaráð, sem hinn eini sameinaði og lýðræðislega kjörni vettvangur stúdenta er og hefur verið allt frá 1920. Þess vegna hefur verið leitað til stúdentaráðs um að veita tiltekna þjónustu, m.a. til að gæta hagsmuna stúdenta innan þessarar miklu og mikilvægu stofnunar og til þess að veita stúdentum ýmsa þá þjónustu sem nauðsynleg er. Eðlilegt er að stúdentar sjálfir reki slíka þjónustu enda vita þeir betur en aðrir hvar þjónustu er helst þörf.

Við í þingflokki framsóknarmanna teljum ástæðu til þess að eyða öllum vafa um, eins og textinn er núna í frv., að háskólaráði sé skylt að auglýsa útboð um hverja eina þjónustu í stað þess að geta gengið beint til samninga við stúdentaráð. Rétt er að vekja athygli á því að þó að ekki sé boðið út hefur háskólaráð full tök á slíku máli því að hér er um heimildarákvæði að ræða og í því felst heimild til þess að semja. Í því felast samningar. Samningar fela í sér að aðilar þurfa að koma sér saman um verð fyrir slíka þjónustu.

Þingflokkur framsóknarmanna hefur gert það að skilyrði fyrir því að samþykkja frv. að þessum vafa verði eytt þannig að í frv. komi texti sem eyði þeim vafa þannig að háskólaráð hafi heimild til að semja beint við stúdentaráð Háskóla Íslands um tiltekna þjónustu. Fyrir þessu gerði þingflokkur framsóknarmanna bréflega grein til samstarfsflokksins og við lítum þar af leiðandi svo á að með framlagningu frv. séu stjórnarflokkarnir sammála um það. Ég ítreka að þetta er skýr fyrirvari af hálfu þingflokks framsóknarmanna. Ég trúi og vona að samkomulag geti náðst um það í hv. menntmn.

Ég vil enn fremur, herra forseti, aðeins víkja að því sem hefur verið nefnt um skipan fulltrúa í stjórn háskólaráðs þar sem kveðið er á um að ráðherra skipi tvo þjóðlífsfulltrúa. Hér hefur verið bent á að heppilegra sé að Alþingi skipi slíka fulltrúa og stutt þeim rökum að ráðherra, hver sem hann er hverju sinni, skipi pólitíska fulltrúa. Það er afskaplega vandmeðfarið mál og ég hygg að enginn ágreiningur sé um mikilvægi þess að svonefndir þjóðlífsfulltrúar komi að stjórnun háskólans. En það er vandi að finna þá einstaklinga sem eru ekki pólitískt skipaðir og sannarlega yrði skipun slíkra fulltrúa af hv. Alþingi pólitísk skipan. Sama má segja um Alþýðusamband Íslands, sem var nefnt fyrr í umræðunni, þar starfa auðvitað líka pólitískir fulltrúar. Ég sæi fyrir mér í sjálfu sér og gerði ekki athugasemd við það að Alþingi skipaði slíka fulltrúa en um þetta er ekki ágreiningur. Það atriði sem ég nefndi á undan um heimild til háskólaráðs að bjóða stúdentaráði að taka að sér ákveðna þjónustu án útboðs er í rauninni eini formlegi fyrirvarinn sem þingflokkur framsóknarmanna hefur á málinu.

Þá vil ég nefna rétt að lokum, herra forseti, það ákvæði sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir vék að um innritunargjaldið og breytingu á orðalagi frá því sem er í lögum um Kennaraháskóla Íslands. Ekkert annað hefur komið fram, hvorki af hálfu hæstv. menntmrh. né annarra þingmanna stjórnarliða, en að sá skilningur sé enn til staðar að ekki sé verið að leggja á skólagjöld. Til þess að eyða þeim vafa teldi ég ekki óeðlilegt að orðalaginu væri breytt til samræmis við það sem áður hefur verið lýst yfir og er í fyrri lögum um háskóla, um allt að 25 þúsund kr. gjald. Ég tel rétt að nefna það til þess að fyrirbyggja allan misskilning. Því var vandlega lýst yfir af hæstv. menntmrh. og tekið undir af hv. formanni og varaformanni menntmn., þegar rammalöggjöf um háskóla var sett, að ekki væri verið að innleiða skólagjöld og ef til þess kæmi yrði þess getið sérstaklega. Ég trúi að það sé sameiginlegur skilningur stjórnarflokkanna að sú stefna sé óbreytt.

Herra forseti. Ég læt þessi orð nægja. Ég vonast til þess að þetta mál fái farsæla afgreiðslu í hv. menntmn. Þó tíminn sé skammur hygg ég að málið hafi tekið það miklum breytingum og það eru ekki mörg atriði sem ágreiningur er um. Vona ég og veit svo sem til þess að háskólasamfélagið vill eyða óvissu með því að fá lög sem fyrst. Ég vonast til þess að Alþingi beri gæfu til að ljúka þessu verki og setja lög um þessa háskóla áður en þingi verður slitið nú í vor.

[14:53]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Verið er að ræða um þrjú frumvörp sem öll eru flutt með það fyrir augum að laga löggjöf, rammalög um háskóla. Hér hafa spunnist nokkuð athyglisverðar umræður sem eiga við um Háskóla Íslands sérstaklega en að vissu leyti einnig um Háskólann á Akureyri og varða stjórn þessara stofnana.

Háskólar sem telja sig fyrst og fremst vera akademískar stofnanir, og Háskóli Íslands skilgreinir sig sem slíkan, leggja mikla áherslu á að viðhalda hinu svokallaða akademíska frelsi. Því hafa spunnist í þingsalnum nokkrar umræður um hvort ákvæði um stjórn Háskóla Íslands, þ.e. um háskólaráð, fari gegn hagsmunum stofnunarinnar og vinni gegn akademísku frelsi háskólans. Það hefur meira að segja gerst að menn hafa viljað ræða um svokallaða fulltrúa þjóðlífsins en dregið var í efa að um slíka fulltrúa væri að ræða og gert að umræðuefni að þarna væri um að ræða pólitískt kjörna fulltrúa.

Nú er eins og það sé skammaryrði í þessum sal að menn séu pólitískt kjörnir og kemur mér það nú nokkuð á óvart. Það er eins og það vinni gegn hagsmunum þjóðarinnar að menn séu pólitískt kjörnir. En að sjálfsögðu felst það eitt að líta svo á að æskilegt sé að inn í stjórn Háskóla Íslands komi þjóðlífsfulltrúar, í því felst pólitísk áhersla, pólitísk ákvörðun. Einnig það að segja sem svo að engir slíkir fulltrúar eigi erindi inn í stjórn háskólans er að sjálfsögðu pólitísk afstaða. Við erum að fjalla um stjórnmál alla tíð í þessum sal og þessi feimni við að taka á stjórnmálalegum málum kemur mér svolítið spánskt fyrir sjónir.

Ég hef litið svo á að þessi þjóð ætti mikið undir því að einmitt grunnrannsóknir nytu þess öðrum þræði að hér þrífist akademískt frelsi, en öðrum þræði væri hægt að vinna að því að beina grunnrannsóknum í ákveðna farvegi sem skipta miklu máli fyrir þetta þjóðfélag. Fulltrúar, eins konar þjóðlífsfulltrúar, fulltrúar menntmrh. hverju sinni í stjórn Háskóla Íslands, gætu vissulega beint athyglinni að ákveðnum sviðum sem stofnun eins og Háskóli Íslands gæti haft forgöngu um að kanna öðrum sviðum fremur á sviði grunnrannsókna án þess að það skerði akademískt frelsi stofnunarinnar. Það mundi hins vegar hafa þá kosti að hægt væri að skerpa athyglina á vissum sviðum.

Ég vil í þessu sambandi að menn hugsi til þess að þjóðfélagið er ekki ýkja stórt. Það kann að vera að á ákveðnum tímum við ákveðnar aðstæður höfum við mikla þörf fyrir það að beina athyglinni einmitt að ákveðnum atriðum. Betur hefði verið ef við hefðum gert það í meira mæli en hingað til hefur verið og skal ég nefna nokkur dæmi um það.

Það er meira að segja svo að ég hefði álitið koma til greina að stjórnvöld hefðu einhver tök á því eða eitthvert verkfæri til þess að laða akademískar stofnanir til þess með

sérstökum fjárveitingum að beina athygli sinni að ákveðnum sviðum þjóðlífsins.

Ég vil nefna tvö dæmi um þetta. Á sviðum orkumála, sem hafa verið eitt af stærri hagsmunamálum Íslendinga, hefur það verið svo að grunnrannsóknir á sviði orkumála hafa reynst fullkomlega óviðunandi. Verulegur hluti af grunnrannsóknum á sviði orkumála hefur farið fram á vegum Orkustofnunar sem ætti að sinna mjög þröngt skilgreindum rannsóknarhagsmunum á sviði hagnýtra rannsókna. En komið hefur í ljós að það hefur skort heilu upplýsingasviðin innan orkugeirans og þess vegna hafa menn neyðst til þess að beita Orkustofnun mjög stíft til að rannsaka þetta sérstaka svið.

Er einsýnt að ekki hefði verið æskilegt að hafa möguleika á því að beina athygli akademíunnar að ákveðnum sviðum þjóðlífsins þar sem þekking akademíunnar gæti komið að góðum notum og hægt væri að virkja hana í þágu þjóðarinnar beinskeyttar en hingað til hefur verið?

Ég nefni annað dæmi. Þriðja mikilvægasta atvinnugrein þessarar þjóðar í sambandi við gjaldeyrissköpun er ferðaþjónustan. Ferðaþjónustan er orðin ein af þeim atvinnugreinum sem meðal annarra þjóða nýta rannsóknarfé í stórum stíl. Ég nefni sérstaklega að sá árangur sem Írar hafa náð í sambandi við ferðaþjónustuna byggir að miklu leyti á því að þeir hafa nýtt fjármuni Evrópusambandsins til rannsókna- og þróunarstarfs í stórum stíl. Þar með öðlast þeir meiri framtíðarsýn innan þessarar atvinnugreinar en áður hefur verið.

Sú spurning vaknar hvort íslenskt samfélag með sitt mikla vægi í ferðaþjónustu hefði ekki haft fulla þörf á að beina grunnrannsóknum og upplýsingaöflun að hagsmunamálum ferðaþjónustunnar. Að sjálfsögðu hefði það verið mjög æskilegt. *Það hefur hins vegar ekki gerst nema í mjög litlum mæli.* Ég þreytist ekki á að minna á það er ég átti þess kost að setjast í Rannsóknaráð ríkisins árið 1991 en þá voru nánast engar rannsóknir í ferðaþjónustu styrktar af ráðinu þó lögbundið hlutverk þess væri að sinna hagnýtum rannsóknum. Þótt Rannsóknaráð ríkisins hafi á sínum tíma tekið á þessu máli, samið um það skýrslu og reynt að beina athyglinni að þessu sviði atvinnulífsins þá hefur árangurinn á því orðið rýr, því miður. Full ástæða er til að taka sérstaklega á því máli. Ferðaþjónustuna skortir einmitt slíka framtíðarsýn sem felst í rannsóknar- og þróunarstarfi. Af þeim sökum má leiða að því afar gild rök að fjárfesting í ferðaþjónustunni hafi ekki verið eins markviss og æskilegt væri og fyrir vikið séu talsverðir fjármunir í uppnámi.

Ég vil því að menn taki til umhugsunar hvort ekki sé ástæða til að neita sér um þann munað sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon leyfði sér hér áðan, þ.e. að gera gys að þessum ákvæðum og telja að þarna væri ekki um neina fulltrúa þjóðlífsins að ræða, þarna yrðu pólitískt skipaðir fulltrúar. Er ekki ástæða til að menn hugleiða þetta svolítið betur? Er ekki einmitt brýn nauðsyn á því að þeir sem fara með stjórn landsmálanna hverju sinni, þeir sem bera ábyrgð á því hvernig Stjórnarráðið bregst við aðstæðum í atvinnulífinu, hafi möguleika á því að láta rödd sína heyrast í hinni merku akademísku stofnun?

Á þessum grundvelli er lagt til í frv. um Háskólann á Akureyri að einn fulltrúi verði skipaður í stjórn stofnunarinnar af ráðherra. Þar hafa ekki heyrst nein mótmæli við slíkri ráðstöfun, sennilega vegna þess að sú stofnun er í nánari tengslum við atvinnulífið en Háskóli Íslands.

Þetta vildi ég segja og geta þess að auki að vegna þess að mál hafa verið í þessum farvegi þá hafa komið upp sjálfstæðar stofnanir eins og Reykjavíkurakademían, sem leitast við að beina einmitt grunnrannsóknum inn á brautir sem nýtast íslensku atvinnulífi betur. Þeir gera sér grein fyrir því að þarna hefur skort á. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram þar sem mér finnst gæta misskilnings á þessu ákvæði, a.m.k. í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég hef orðið var við mikla tortryggni gagnvart utanaðkomandi aðilum, þeim aðilum sem gætu borið inn í akademíuna raddir utan úr þjóðfélaginu. Það má ekki gleyma því að Háskóli Íslands hefur leitast við að laga starfsemi sína að aðstæðum í þjóðfélaginu og sinna atvinnulífinu betur en hingað til. Það er mjög virðingarvert hvernig Háskóli Íslands hefur leitast við að gera þetta en að sama skapi undrast ég þau hörðu viðbrögð sem hafa orðið við þessari hugmynd.

Ég vil nota tækifærið til að koma aðeins að þeim breytingum sem snerta Háskólann á Akureyri. Rétt er að hér er verið að endurflytja frv. Þetta er sama málið og var til umfjöllunar í fyrra en ég hafði ekki tækifæri til að koma að þeirri umræðu þá og mun þess vegna nota tíma minn til þess að fjalla um það.

Í frv. er að finna mikilvægar breytingar frá núgildandi fyrirkomulagi. Breytingarnar varða stjórn háskólans, þ.e. háskólaráðið, framhaldsnám, tengsl við atvinnulífið og aukið sjálfstæði Háskólans á Akureyri. Gert er ráð fyrir því að fækkað verði í stjórninni og í háskólaráði sitji einn stjórnarmaður sem er utanaðkomandi, skipaður af ráðherra. Ég tel um mikilvægt ákvæði að ræða og hef raunar lengi verið hlynntur því að lengra yrði gengið í þá átt að kalla til starfa í stjórn Háskólans á Akureyri utanaðkomandi aðila, ekki síst úr atvinnulífinu. Það er ekki síst hugsað út frá þeirri staðreynd að Háskólanum á Akureyri hefur verið ætlað sérstakt hlutverk varðandi atvinnulífið og aðlögun að þörfum þess.

Með heimild til framhaldsnáms, þ.e. til meistaranáms og doktorsnáms, sem kveðið er á um í tveimur greinum frv., er verið að styrkja mjög verulega stöðu háskólans bæði inn á við og út á við. Framhaldsnámið gefur Háskólanum á Akureyri mun meiri slagkraft sem menntastofnun og nýja möguleika á að þróa samband sitt við atvinnulífið. Í alþjóðlegu samhengi styrkist staða háskólans til muna og gerir honum betur kleift að gera sig gildandi í samstarfi við aðra háskóla. Starfsmenn skólans fá með þessu æskilegra svigrúm til að ráðst í enn metnaðarfyllri rannsóknarverkefni en þeir hafa hingað til unnið, þó ekki hafi þurft að kvarta yfir því.

Þá er einnig kveðið á um samstarf og tengsl við atvinnulífið. Skólinn hefur verið í mjög nánu samstarfi við rannsóknastofnanir atvinnulífsins. Nauðsynlegt er að ýta undir samstarf við fyrirtæki og frv. tekur á því máli.

Að lokum ber að nefna ákvæði sem auka og styrkja sjálfstæði Háskólans á Akureyri til að setja reglur um starfsemi sína. Þeim ákvæðum fagna ég.

Herra forseti. Það þarf ekki að draga neina dul á að stofnun og þróun Háskólans á Akureyri er langmerkasta skrefið í byggðamálum frá því að opinber stefna var mótuð í þeim málum. Skólinn er í hröðum vexti og uppbyggingu. Hins vegar er ljóst að þróun byggðamála kallar á mun hraðari uppbyggingu háskólans en verið hefur. Öðru fremur er brýnt að á þeim sviðum sem framfarir eru hraðastar og eftirspurn eftir námi mest, í tölvufræðum sem búa menn undir hugbúnaðargerð og upplýsingavinnslu og upplýsingaþjónustu, verði skólanum gert kleift að svara eftirspurninni og tryggja að

fólk með slíka menntun leiti eftir búsetu á landsbyggðinni. Ég er þeirrar skoðunar að það muni hafa úrslitaáhrif á þróun landsbyggðarinnar, hvort tekst að skapa frjóan jarðveg fyrir háskólamenntun og rannsóknar- og þróunarstarf úti á landi. Þau svið sem mest er um vert að þróa hratt tengjast atvinnuuppbyggingunni á landsbyggðinni. Ég vil nefna nokkur svið þar sem ég tel að Háskólinn á Akureyri gæti haft afdrifarík áhrif.

Eins og berlega hefur komið fram, ekki síst fyrir frumkvæði landlæknis, á heilsugæsla á landsbyggðinni undir högg að sækja. Háskólinn á Akureyri getur og á að verða til að breyta því ástandi og snúa vörn í sókn. Ég hef áður nefnt það í þessari ræðu að ferðaþjónustan nýtir ekki fjárfestingu sína sem skyldi, einkum og sér í lagi utan háannatíma. Það hefur í raun ekki tekist að veita fyrirtækjum á landsbyggðinni hlutdeild í þeirri aukningu ferðamanna utan háannatíma sem orðið hefur á höfuðborgarsvæðinu. Háskólinn á Akureyri á að verða verkfæri til að bæta úr þeirri stöðu. Þess vegna ber að fagna því að stofnunin skuli hafa haslað sér völl bæði í kennslu og rannsóknum sem tengjast ferðamálum.

Hátækni og upplýsingatækni eru þau svið þar sem mesta vaxtarins gætir og mun gæta í framtíðinni. Ég tel að þekkingarmiðlun verði stóriðja framtíðarinnar og á því sviði ætti hlutur háskólans að verða mikill. Stjórnvöld eiga því að nýta sér þessa stofnun sem móðurskip í baráttunni fyrir stöðu landsbyggðarinnar. Þær væntingar sem menn bera til Háskólans á Akureyri eru jafnmiklar og vandamálin sem landsbyggðin glímir við eru alvarleg. Þessar væntingar eru hins vegar réttlætanlegar og skiljanlegar. Í ljós hefur komið og er hafið yfir allan vafa að Háskólinn á Akureyri hefur verið besta, virkasta og raunhæfasta framlag til byggðarmála sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir. Ég tel að frv. sem hér liggur fyrir horfi til framfara í málefnum Háskólans á Akureyri.

Að lokum vildi ég koma aðeins inn á stöðu rannsóknarmála almennt í þessu þjóðfélagi. Í umræðunum fannst mér gæta nokkurrar tortryggni í garð stjórnvalda og afskipta þeirra af málefnum Háskóla Íslands og annarra háskólastofnana. Að því var ýjað að í þessum afskiptum fælist eitthvað neikvætt. Þetta er sérkennilegt viðhorf þegar tekið er tillit til þess hvernig slagkraftur Íslands í rannsóknarmálum hefur aukist á undanförnum árum. Það liggur ljóst fyrir að undanfarin sjö ár hafa fjárframlög til rannsóknarmála stóraukist og ekki er hægt að finna neitt annað tímabil sem bendir til eins mikils áhuga stjórnvalda á rannsóknum, ekki síst rannsóknum í þágu atvinnulífsins, og einmitt á síðustu þremur árum.

Ég vitna í þessar tölur eftir minni. Ég hygg að um 1991 hafi framlög til þróunar- og rannsóknarmála verið um þrír milljarðar. Árið 1993 eru þeir komnir upp í fimm, árið 1995 eru þeir sjö og 1997, sem er síðasta árið sem þessi mæling hefur farið fram, þetta er mælt á oddaárum, þá er framlagið níu milljarðar kr. Við nálgumst nú það markmið sem við höfum sett okkur fyrir lifandi löngu, að veita 2% af þjóðarframleiðslunni í rannsóknir. Á árinu 1997 var það 1,7% og það er margt sem bendir til þess að okkur takist á yfirstandandi ári eða árið 2000 að ná þessu markmiði.

Ef menn vilja draga úr mikilvægi þessa máls þá finnst mér það undarlegt. Þó við þurfum að herða okkur meir heldur en þetta segir þá sýnir þetta þó framfarirnar sem orðið hafa á þessu sviði, hversu fjármunir til rannsókna hafa aukist hratt. Það er þess vegna úr öllu samhengi að gefa í skyn að afskipti hæstv. menntmrh., sem hefur lagt sitt af mörkum til þess að ýta undir þessa þróun, af rannsóknar- og háskólamálum hafi skapað einhvern grundvöll til tortryggni. Þvert á móti þá ættu menn að líta á það sem gerst hefur og fyllast trú á verk ríkisstjórnarinnar í málefnum sem snerta rannsóknar- og þróunarstörf.

[15:13]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér eru til umræðu þrjú frv. um háskóla í framhaldi af rammalöggjöf um háskólastigið. Skemmst er frá því að segja að hér kemur fátt á óvart nema kannski helst hve tekist hefur að einfalda löggjöfina um Háskóla Íslands, sem ég fagna að vissu leyti. Hér er um mun meiri rammalöggjöf að ræða sem losar stofnunina dálítið frá löggjafanum og gerir hana sjálfstæðari á vissan hátt. Um leið fær reyndar menntmrh. fulltrúa tvo fulltrúa í háskólaráð og þannig verða pólitísku tökin öðruvísi en hingað til t.d. ef tekin er upp kennsla í nýjum greinum eða nýjar deildir verða til.

Þegar rammalöggjöfin um Háskóla Íslands var samþykkt var fyrirséð breyting á háskólaráði langumdeildust, þ.e. ljóst var að fækka ætti í háskólaráði og það olli töluverðum titringi í Háskóla Íslands. Þá þegar, fyrir tveimur árum, var sú lausn í augsýn sem hér er svo lagt til að verði lögfest. Ég geri ekki miklar athugasemdir við þá lausn. Ég tel þetta nokkuð farsæla leið til lausnar, þ.e. annars vegar að hafa háskólaráð sem framkvæmdaráð og hins vegar háskólafund, stefnumarkandi aðila sem nær til flestra deilda og stofnana skólans.

Einn kostur við þá skipan sem hér er lögð til er einmitt sá sem ég hef gert áður að umtalsefni, nefnilega sá að þar með er vikið frá þeirri innbyggðu kynjamismunun sem verið hefur í háskólaráði. Á meðan flestir í háskólaráði voru deildarforsetar var nokkuð ljóst að varla gat orðið jafnræði með kynjunum í háskólaráði þar sem eingöngu 7%, minnir mig, prófessora eru konur og það er eingöngu prófessorar sem eru kjörgengir til deildarforseta. Að því leyti til er kannski meiri von núna með þessari breyttu skipan að meira jafnræði verði með kynjunum í háskólaráði og því fagna ég.

Háskólafundurinn er lýðræðislegri stofnun, þ.e. nær til mun fleiri stofnana og deilda en kemur eingöngu saman einu sinni á missiri eða a.m.k. einu sinni á missiri. Mér sýnist að samspil háskólaráðs og háskólafundar verði kannski svipað í reynd og á milli deildarfunda og deildarráðs sem hefur reynst ágætlega. Ég tel að þetta fyrirkomulag sé vel þess virði að prófa það.

Eins og ég sagði áðan er hér um rammalöggjöf að ræða, mjög mikla einföldun frá núgildandi lögum. Þar með er það í raun og veru ekki fest í lög hvaða deildir eru í skólanum, hvaða greinar eru kenndar, hvaða fastanefndir eru starfandi o.s.frv. Þetta hlýtur að vera sveigjanlegra fyrir stofnunina sjálfa og veita henni meira sjálfstæði. En á móti kemur að áhrifin, hin pólitísku áhrif, koma í gegnum fulltrúa menntmrh. inn í háskólaráð. Ég tel, þó að það sé auðvitað mjög umdeilt að menntmrh. eigi þarna fulltrúa, að þetta sé þó í samræmi við þá þróun sem er að eiga sér stað víða að það er framkvæmdarvaldið frekar en löggjafarvaldið sem hefur puttana í ríkisstofnunum þó að það sé kannski umdeilanlegra þegar um akademíska stofnun er að ræða sem vill í lengstu lög varðveita sitt akademíska frelsi. Við skulum bara vona að vel takist til um skipan þessara fulltrúa og þetta verði til þess að auka víðsýni í stofnuninni fremur en að ráðið verði bara í pólitískum greipum.

Umdeildasta atriði frv. er að mínu mati í 18. gr. Margir hafa gert hana að umtalsefni hér. Ég ætla ekki að ítreka hana, þ.e. hvers vegna nú virðist eiga að ógna tilvist stúdentaráðs með því að bjóða fleirum en stúdentaráði að taka að sér ákveðna þjónustu. Mig langar að spyrja beint eins og fleiri hafa gert hér, hvort hugmyndin sé sú að kippa stoðunum undan starfsemi stúdentaráðs, hvað vaki fyrir hæstv. ráðherra með þessu ákvæði, hvers vegna ekki er farið að beiðni háskólaráðs um að það eigi að gera slíka samninga við stúdentaráð og enga aðra. Það kom fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að stjórnarflokkarnir eru greinilega klofnir með tilliti til þessa atriðis þannig að ég bind miklar vonir við að þessu verði breytt í hv. menntmn. og mun gera mitt til að svo verði.

Herra forseti. Ég var að nefna jafnrétti kynjanna og skipan háskólaráðs, og við vorum að ræða jafnréttismál í morgun. Þá var m.a. rætt um að það þyrfti að vera fræðsla um jafnréttismál á öllum skólastigum og einnig var rætt um að það þyrfti að vera sérstaklega tekið á kynferðislegri áreitni í skólum landsins. Ég velti því fyrir mér að í þessari rammalöggjöf er greinilega ekki rúm fyrir ákvæði af þessu tagi og vissulega gilda þá ákvæði jafnréttislaga um háskólann eins og um aðrar stofnanir. Fyrir þessu er reyndar engin trygging og er þess vegna ókostur rammalöggjafar. Ég vildi gjarnan sjá ákvæði af þessu tagi í háskólalöggjöfinni en vil benda á að núna er starfandi fastanefnd í háskólanum um jafnréttismál vegna þess að núverandi rektor hefur lagt áherslu á jafnréttismálin innan skólans. En ef til kæmi annar rektor sem ekki hefði þessi sömu áhugamál þá væri honum í lófa lagið að leggja t.d. jafnréttisnefndina niður og allt það góða starf sem hún hefur unnið og er að vinna að.

Ég nefni þetta hér til þess að benda á ókostina við það að hafa lögin svona losaraleg. Það er mjög erfitt að tryggja festu í málum sem eru nú komin á góðan rekspöl en gætu hreinlega stöðvast með tilkomu nýs rektors.

Að öðru leyti fagna ég þessu frv. um Háskóla Íslands. Ég tel að það sé almennt nokkuð gott fyrir utan þau atriði sem ég hef nú nefnt.

Um frv. um Háskólann á Akureyri er það að segja að ég vil taka undir þau góðu orð sem hér hafa fallið um þann skóla. Ég held að það sé alveg ljóst að sú stofnun hefur reynst mjög farsæl fyrir byggðaþróun í landinu. Þó svo að nám þar sé enn töluvert dýrara að meðaltali á hvern nemanda þá er vonandi að sá kostnaður náist niður. Það er eðlilegt að svo sé meðan uppbygging á sér stað. Frv. sem nú liggur fyrir var lagt fram á síðasta þingi en varð þá eigi útrætt. Það sem hefur breyst finnst mér athyglisvert, þ.e. annars vegar heimild til Háskólans á Akureyri til að veita doktorsnafnbót og hins vegar hefur markmiðsgreinin breyst, það er rætt um nám á tilteknum sviðum en ekki bundið við ákveðnar deildir eins og áður var. Upptalningin er ekki tæmandi og það finnst mér eðlilegt til þess að skólinn geti þróast í takt við þjóðfélagið og í takt við þær þarfir sem upp koma á næstu árum.

Hæstv. forseti. Um 7. gr. vil ég gjarnan spyrja hæstv. menntmrh. hvort það sé rétt skilið að háskólaráð Háskólans á Akureyri geti ákveðið t.d. hvort rektor verði kosinn, hvort sá háttur yrði tekinn upp. Ég skil það þannig að það gæti verið ákvörðun háskólaráðs.

Varðandi gjaldtökugreinina, þessar 25 þús. kr., þá er greinilegt að sama orðalagið er viðhaft í frv. og í frv. um Háskóla Íslands þó að það sé annað en í gildandi lögum um Kennaraháskólann eins og hér var bent á áðan. En mér fannst ákaflega athyglisvert að heyra frá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að hann mundi styðja það að breyta orðalaginu í þessum greinum háskólafrv., bæði Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, til samræmis við það sem er í lögunum um Kennaraháskólann vegna þess að þá væri tryggt að þetta væri ekki skólagjald heldur skráningargjald, ef orðalagið væri „allt að 25 þús. kr." í staðinn fyrir „25 þús. kr." Þetta er kannski dæmi um hvaða orðhengilsháttur er notaður hér til þess að reyna að fara í kringum hlutina. Það má ekki segja hlutina beint eins og hér er verið að gera heldur á aðeins að breyta orðalaginu og þá er búið að bjarga málunum frá því að vera skólagjöld. Ég mun því vera tilbúin í þessa umræðu en ég held að það sé kominn tími til að slíkur orðhengilsháttur verði ekki ráðandi í löggjöf hér á landi, að við segjum bara hlutina, hvað meint er, alveg beint út.

Um breyting á lögum um Kennaraháskóla Íslands er mjög lítið að segja. Þarna er fyrst og fremst verið að samræma við þessi tvö síðarnefndu frv. Það er þó athyglisvert að lögin eru ekki nema tveggja ára gömul og þegar eru komnar töluverðar brtt. Þarna er fyrst og fremst verið að samræma atriði varðandi gjaldtöku, meðferð kærumála og einnig er nú heimilað að taka upp doktorsnafnbót til samræmis við hina háskólana. Það er mjög athyglisvert finnst mér, herra forseti, að um leið og heimila á að taka upp doktorsnafnbót þá segir í kostnaðaráætlun að ekki sé gert ráð fyrir að þarna verði verulegur kostnaðarauki. Mig langar að spyrja hæstv. menntmrh.: Á það ekki að kosta neitt að veita doktorsgráður? Er það vegna þess að þarna á bara að verða um heiðursdoktor að ræða? Verða þeir svona fáir eða hvernig má það vera að það að taka upp kennslu til nýrrar gráðu eigi ekki að kosta neitt?

Herra forseti. Þegar rammalöggjöfin var sett fyrir tveimur árum gagnrýndi ég m.a. að það væri ekki nógu vel skilgreint hvað væri háskóli. Það varð eiginlega niðurstaðan að allar skólar sem byggja á stúdentsprófi sem inngöngu verði viðurkenndir sem háskólar. Þeir háskólar sem hér um ræðir, þ.e. Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands, hafa allir verið skilgreindir sem vísindastofnanir og rannsóknastofnanir og allir eiga þeir að fá heimild til þess að veita doktorsnafnbót og eru eiginlega skilgreindir svipað. Það verður t.d. fróðlegt að fylgjast með hvort það verður þróunin um alla aðra háskóla sem væntanlega verða stofnaðir og þá er ég að skírskota til löggjafar um fleiri skóla. T.d. býst ég við því að brátt komi löggjöf um Verslunarháskólann eða Tækniskólann. Og ég velti því fyrir mér hvort þeir eigi einnig að vera skilgreindir eins og þessir þrír. Mér finnst líka athyglisvert í 16. gr. háskólafrv. orðalagið um doktorsnafnbótina. Þarna er talað um heiðursdoktorsnafnbót. Í 16. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Slíka nafnbót má veita í heiðursskyni, að undangengnu sérstöku doktorsnámi eða með vörn sérstakrar doktorsritgerðar."

Það er yfirleitt talað annars vegar um heiðursdoktora eða um doktorspróf eða gráður sem unnið er til. Mér finnst þetta orðalag dálítið óskýrt. Ég tala nú ekki um þegar gefið er til kynna að þetta eigi ekki að kosta neitt. Þess vegna vil ég biðja um skýringar á þessu. Hvers konar doktorsnám er verið að tala um og á það að kosta eitthvað eða ekki?

Þetta eru kannski frekar smáatriði. Í heild tel ég að hérna sé um nokkuð vel heppnuð frv. að ræða og mun leggja því lið að þau komist í gegn. En aðalgagnrýnisatriðið er í 8. gr. háskólafrv. sem reyndar er orðað svipað í hinum frv. líka, en

í reynd skiptir það mestu máli fyrir Háskóla Íslands.

[15:29]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður og þær góðu undirtektir sem hafa verið við þessi þrjú frv. og ætla að fara yfir þau atriði sem hv. ræðumenn hafa helst minnst á.

Í fyrsta lagi vék hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir að því að annað orðalag væri á þeirri grein sem fjallar um skrásetningargjald en í kennaraháskólafrv. Frumvörpin um Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri eru að þessu leyti með sama orðalagi og er í núgildandi háskólalögum og núgildandi lögum um Háskólann á Akureyri. Ekki er ætlunin að breyta neinu og ástæðulaust að túlka orðalagið öðruvísi og fara út í umræður um skólagjöld eða slíkt. Það er algerlega ástæðulaust. Efnislega niðurstaðan er sú sama hvaða orðalag sem menn hafa á því, hvort það er eins og í þessum frumvörpum eða í lögum um Kennaraháskóla Íslands. Vafalaust mun hv. nefnd ræða þetta nánar. Þar munu menn skiptast á skoðunum um málið en efnislega breytir það engu hvoru orðalaginu er beitt eða hvort orðalagið er notað við lagasetninguna.

Varðandi það að ráðherra tilnefni menn í háskólaráðið, þá er þar farið eftir 13. gr. gildandi laga um háskóla. Ég fann það ekki upp á að kalla þetta fulltrúa þjóðlífs. Þau hugtök eru komin úr háskólasamfélaginu og sérstaklega frá Háskóla Íslands, úr greinargerð um þróun hans sem samin var á sínum tíma. Hér er gengið út frá því sem samþykkt var í 13. gr. háskólalaganna, að menntmrh. skipi þessa tvo fulltrúa í háskólaráð Háskóla Íslands og einn fulltrúa í háskólaráð Háskólans á Akureyri. Menntmrh. hefur skipað tvo fulltrúa í háskólaráð Kennaraháskólans. Ég veit ekki annað en að reynslan af því sé góð og háskólamenn og stjórnendur háskólans telji það skólanum til framdráttar að hafa utanaðkomandi menn í háskólaráðinu.

Menn hafa gert að umtalsefni fréttatilkynningu frá stúdentaráði Háskóla Íslands um þetta mál. Þar hafa þeir hins vegar sleppt því að greina frá því hvernig stúdentaráð vildi að þetta væri. Stúdentaráð lagði til að þessir fulltrúar yrðu kjörnir á Alþingi samkvæmt tilnefningu Hollvinasamtaka Háskóla Íslands, þ.e. Alþingi átti að vera bundið við tilnefningu Hollvinasamtaka Háskóla Íslands þegar það kysi menn í háskólaráðið. Eins og hv. þm. vita er það ekki tíðkað á hinu háa Alþingi, að menn leiti eftir tilnefningum samtaka á borð við Hollvinasamtökin þegar menn eru kjörnir í stjórnir og ráð þannig að þessi hugmynd stúdentaráðs gengur þvert á allt sem viðgengist hefur hér á Alþingi, enda hefur enginn ræðumanna tekið undir sjónarmiðin sem fram koma í fréttatilkynningunni.

Umræðurnar hafa ekki síst snúist um 18. gr. frv. og menn hafa túlkað hana og talið að í 2. mgr. 18. gr. væri farið á svig við ákvarðanir og ályktanir háskólaráðs frá 19. nóv. sl.

Ég ætla, herra forseti, að rökstyðja þá skoðun mína að alls ekki sé farið á svig við samþykktir eða ákvarðanir háskólaráðs í þeirri tillögu sem ég geri hér í 2. mgr. 18. gr. Varðandi 1. mgr. þá hefur hún líka verið afflutt í umræðum á undanförnum vikum. Sú ósk sem kemur fram í 1. mgr. 18. gr. er hins vegar komin frá Háskóla Íslands. Það er alfarið ósk háskólans að fá þessar heimildir. Einnig var talið eðlilegt að í sömu grein yrði ákvæði um að háskólaráði væri heimilt að greiða öðrum gjöld fyrir þá þjónustu sem þeir veittu háskólanum. Þess vegna er 18. gr. eins og hún er. Frumkvæðið að henni kom frá háskólaráði og síðan er hún útfærð þannig að háskólaráð hefur annars vegar heimild til að innheimta gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskólanum er skylt að veita og síðan er háskólanum eða háskólaráði veitt heimild til að semja við stúdentaráð Háskóla Íslands, önnur félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskóla Íslands, enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

Þetta ákvæði hafa menn gert að umtalsefni en ég tel að í því felist alls ekki bann við að háskólaráð semji við stúdentaráð Háskóla Íslands nema síður sé. Þarna er háskólaráði veitt jákvæð heimild til að semja við stúdentaráð. Sjálfur var ég á sínum tíma varaformaður og formaður stúdentaráðs og starfaði í ráðinu í meira en tvö ár í varaformennsku og formennsku. Mér er mjög vel kunnugt um sögu stúdentaráðs, hlutverk þess og alla starfsemi þannig að óþarft er að fara yfir það með mér hvaða hlutverki stúdentaráð gegnir. Ég var í háskólanum á sínum tíma þegar Félagsstofnun stúdenta var stofnuð og átti hlut að því að henni var komið á laggirnar. Það er fyrst og fremst hún sem hefur gjörbreytt allri aðstöðu fyrir stúdenta við Háskóla Íslands á undanförnum árum.

Í þessari margumtöluðu samþykkt háskólaráðs frá 19. nóv. sl. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með breytingunni“ — þ.e. með þessari tillögu sem menn hafa lesið — „er þannig leitast við að tryggja með ótvíræðum hætti að háskólaráði verði heimilt að ganga til samninga við stúdentaráð Háskóla Íslands um rækslu tiltekinnar þjónustu gegn greiðslu og verja til þess hluta skrásetningargjalds. Með tillögunni nást einnig þessi markmið:

a. Ekki er lögbundin greiðsluskylda stúdenta til eins félags enda áréttað að um er að ræða þjónustusamning samkvæmt 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins.

b. SHÍ á ekki lögvarinn rétt til þess að háskólaráð gangi til samninga við það um rekstrarverkefni. Um heimild er að ræða sem háskólaráð metur heildstætt út frá rekstrarmarkmiðum sínum hvort rétt er að nýta hverju sinni.

c. Telji háskólaráð sér ekki hagkvæmt að semja við SHÍ getur það samið við aðra aðila um rækslu ákveðinna verkefna á grundvelli 3. mgr. 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Rétt er að taka fram að ákvæði 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, gilda um alla þjónustusamninga. Seinni málsliður tillögunnar er því eingöngu til að árétta eðli samnings við stúdentaráð og þær reglur sem um hann gilda.“

Þetta segir í ályktun háskólaráðs frá 19. nóv. sl. Ég fullyrði að ekkert í því frv. sem ég hef lagt fram brýtur í bága við þetta. Þvert á móti er 2. mgr. 18. gr. frv. í fullu samræmi við samþykkt háskólaráðs og ég skora á hv. þm. að reyna að halda því fram að misræmi sé á milli 2. mgr. 18. gr. laganna og þess sem segir í þessari samþykkt háskólaráðs. Það er kjarninn í samþykkt háskólaráðs sem ég hef að leiðarljósi þegar ég set þetta upp eins og gert er í frv.

Þar er einnig gengið lengra en háskólaráð gerir. Þar er heimild háskólaráðs til þess að semja við stúdentaráð ekki bundin við hluta af skrásetningargjöldunum. Þar er heimildin óbundin af því hvaða fjármuni háskólaráð hefur í huga þegar það er að velta fyrir sér þjónustunni sem um er rætt og áhugi er á að kaupa af öðrum aðilum. Ég verð því að ítreka, herra forseti, að mér finnst gagnrýni á frv. á þessum forsendum, þegar menn vísa í samþykkt háskólaráðs frá 19. nóv. sl., næsta marklaus og falla um sjálfa sig þegar menn lesa samþykkt háskólaráðs og frv. og heyra það sem ég hef um þetta mál að segja, þær skýringar sem ég hef gefið. Þetta

vildi ég segja um það atriði. Ég tel að ég hafi í einu og öllu, með þeim frumvarpstexta sem hér liggur fyrir, farið að samþykktum háskólaráðs þótt ég hafi ekki skipað því í 3. mgr. 13. gr. heldur sé það í 2. mgr. 18. gr. Það getur ekki verið að menn setji það fyrir sig þegar um þetta mál er fjallað efnislega.

Þetta var það atriði sem flestir gagnrýnendur frumvarpanna nefndu. Eins og ég hef bent á, herra forseti, er málsmeðferð mín alfarið í samræmi við samþykktir háskólaráðs frá 19. nóv. 1998.

Varðandi það sem menn hafa rætt sérstaklega og velt fyrir sér um stjórnkerfi háskólanna, þá hefur komið fram að það er einfaldað og skilgreint markvissar á grundvelli stjórnsýslulaga og þeirra reglna sem við höfum sett á undanförnum árum. Ég er viss um að þessi nýmæli eiga eftir að gjörbreyta innra starfi háskólanna og styrkja á alla lund.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði um túlkun á 7. gr. laganna í frumvarpinu um Háskólann á Akureyri þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors."

Þetta ákvæði ber að túlka eins og hv. þm. gerði, að ef háskólaráð við Háskólann á Akureyri vill efna til kosninga eða leita að frambjóðendum til rektors við skólann á einhvern hátt, þá getur háskólaráðið sett reglur sem þjóna þeim tilgangi. Í þessu tilliti eins og öllu öðru, þegar litið er á þessi frumvörp, er stjórnendum háskólanna skapað aukið svigrúm. Það er alrangt að halda því fram að í frumvörpum þessum felist aðför að félagsstarfsemi stúdenta við þessa skóla. Háskólaráðum eru þvert á móti veittar heimildir til að semja við stúdentaráðin á þeim forsendum sem óskað hefur verið eftir af háskólaráði Háskóla Íslands og sömu reglur eiga að gilda í öllum skólunum.

[15:41]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka fram að í ræðu minni um þetta mál fyrr í dag taldi ég mig ekki gagnrýna málsmeðferð ráðherra, ekki á nokkurn hátt. Ég tel í raunar að eftir síðustu ræðu hæstv. menntmrh. sé ekki efnislegur ágreiningur um þetta mál. Hins vegar hefur komið fram, m.a. í bréfum frá stúdentaráði Háskóla Íslands sem hæstv. menntmrh. lýsti einmitt skilningi á í síðustu ræðu sinni, ákveðinn vafi um orðalag. Stúdentaráð, sem starfað hefur frá 1920, telur að þetta orðalag kunni að ógna grundvelli tilveru sinnar. Það er þess vegna, herra forseti, sem mikilvægt er að eyða þeim vafa.

Ég tel að í ræðu hæstv. menntmrh. hafi komið fram að hann telji að frv. eins og það stendur núna feli í sér heimild til háskólaráðs til að semja beint við stúdentaráð Háskóla Íslands. Til að eyða þeim vafa vil ég ítreka spurningu mína: Er það réttur skilningur að hæstv. ráðherra telji frv. fela það í sér að háskólaráði sé heimilt að semja um tiltekna þjónustu beint við stúdentaráð Háskóla Íslands án útboðs?

[15:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég kom inn á í ræðu minni er það ósk háskólaráðs að um samskipti þess og stúdentaráðs verði að þessu leyti farið að 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Allur vafi er tekinn af því í þessu frv. að þannig beri að standa að málum. Þær leikreglur sem settar eru í fjárreiðulögunum eru að ósk háskólaráðs hinar sömu og eiga að gilda um samskipti stúdentaráðs og háskólaráðs.

Það sem þar segir um útboð og skyldur til útboðs er síðan mál sem menn verða að skoða og túlka í þessu ljósi. Hins vegar er alveg ljóst að háskólaráð hefur samkvæmt þeim lögum heimildir til að gera samninga án þess að efna til útboðs, enda vita hv. þm. það eftir að fjárreiðulögin voru hér til umræðu. Jafnframt er ljóst að fjárreiðulögin veita háskólaráði heimildir til þess að semja við aðra aðila en stúdentaráð Háskóla Íslands eins og háskólaráð áréttar í samþykkt sinni frá 19. nóv., að háskólaráð þurfi og vilji hafa slíkra heimildir.

[15:44]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Ég tel hins vegar fulla ástæðu til að hv. menntmn. skoði þetta nánar, einmitt til að eyða vafanum. Meginatriðið er e.t.v. að um þetta er ekki efnislegur ágreiningur. Mér finnst hæstv. menntmrh. hafa lýst því að hugsunin sé sú að opna fyrir þá heimild, að geta samið beint við stúdentaráð um að veita tiltekna þjónustu án útboðs með vísan til laga um fjárreiður ríkisins. En til þess að málin séu alveg skýr, þá hygg ég að hv. menntmn. þurfi að skoða þetta nánar. Ég mæli fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna og tel mig bundinn af samþykkt þingflokksins um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:46]

Útbýting þingskjals:

Aðstæður til jarðgangagerðar á Bröttubrekku, 545. mál, þáltill. ÞJ, þskj. 870.

Skógrækt og skógvernd, 1. umr.

Stjfrv., 483. mál. — Þskj. 790.

og

Landshlutabundin skógræktarverkefni, 1. umr.

Stjfrv., 484. mál. — Þskj. 791.

[15:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir það að mega mæla fyrir þessum málum báðum í einu. Þau eru náskyld og ég hygg að það geti frekar en hitt liðkað fyrir umræðunni, hugsanlega stytt hana aðeins.

Ég mæli fyrir frumvörpum til laga um skógrækt og skógvernd og landshlutabundin skógræktarverkefni en frumvörp þessi eru flutt á þskj. 790 og 791 og eru 483. og 484. mál þingsins. Ég mun fyrst fara nokkrum orðum um frv. um skógrækt og skógvernd.

Verði frumvarp þetta að lögum mun það leysa af hólmi lög um um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs, nr. 78/1935, með síðari breytingum, lög um skógræktardag skólafólks, nr. 13/1952, lög um skógrækt, nr. 3/1955, með

síðari breytingum, og lög um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt, nr. 22/1966.

Núgildandi lög um skógrækt eru frá 1955 eins og hér hefur áður komið fram. Þau voru samin um það leyti sem hrísrif til eldunar og húshitunar var að leggjast af hér á landi og vetrarbeit búfjár á birkikjarr var um það bil að verða óþörf vegna framfara í landbúnaði, einkum vegna svokallaðra traktora sem bændur voru þá almennt að eignast. Þá voru hugtök eins og sjálfbær þróun, líffræðileg fjölbreytni og gróðurhúsaáhrif ekki til og trén í Guttormslundi voru aðeins 6 metra há, enda lundurinn þá aðeins 17 ára gamall. Nú er Guttormslundur rúmlega sextugur og úr grisjunarviði úr honum og öðrum álíka skógarreitum er sagað efni í parketgólf, eldhúsinnréttingar og veggþiljur í tónlistarhús svo dæmi séu tekin.

Lög um skógrækt, nr. 3/1955, fjalla ekki nema að litlu leyti um þau viðfangsefni sem eru mest áberandi í skógrækt í dag. Jafnvel viðbætur og viðaukar við lögin frá 1966 og 1984 eru fyrir alllöngu fallin úr takti við tímann. Það er því brýnt að færa þessi lög í nútímalegra horf.

Í því frv. sem hér er mælt fyrir, er ekki horfið frá markmiðum laganna frá 1955, enda eiga þau enn fyllilega rétt á sér, þ.e. að vernda það skóglendi sem fyrir er og rækta nýja skóga þar sem það á við. Því síður hefur dregið úr mikilvægi þriðja markmiðsins, þ.e. að leiðbeina um skóga og skógrækt.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru ákvæði um skógráð, sem er ráðgjafandi nefnd um skógarmál, ákvæði um landsáætlun í skógrækt, sem landbúnaðarráðherra ber að leggja fyrir Alþingi til samþykktar, og enn fremur er staðfest með frumvarpinu hver núverandi hlutverk og verkefni Skógræktar ríkisins eru.

Í skógráði munu eiga sæti fulltrúar þeirra hópa og stofnana sem helst hafa afskipti af skógum og skógrækt og hafa hagsmuna að gæta í þeim efnum. Helsta hlutverk skógráðs er að gera tillögur til landbrh. um stefnu, markmið og leiðir í skógrækt og skógvernd fyrir gerð landsáætlunar. Eru bundnar miklar vonir við þennan nýja vettvang fyrir alla umræðu um þau margvíslegu sjónarmið sem geta komið upp við skipulag skógræktar í landinu.

Skógráð verður skipað níu fulltrúum. Þar ber fyrst að telja formann sem ráðherra skipar án tilnefningar, svo og skógræktarstjóra. Aðrir eru tilnefndir af Skógræktarfélagi Íslands, sem fulltrúi áhugamanna um skógrækt, Landssamtökum skógareigenda, til að gæta sjónarmiða þeirra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fyrir sveitarfélögin sem bera ábyrgð á skipulagsmálum og eiga mörg hver skóglendi, Náttúruvernd ríkisins, sem hefur umsjón með allstórum skóglendum og hefur náttúruvernd að leiðarljósi svo sem vitað er, Náttúrufræðistofnun Íslands, sem hefur með höndum skráningu og rannsóknir á náttúru landsins og ætti að gefa faglega breidd í skógráðið, Landgræðslu ríkisins, sem hefur umsjón með stórum svæðum þar sem lokamarkmið landgræðslu er endurheimt skóglendis. Að lokum tilnefnir skógræktarstjóri einn fulltrúa sem er frá Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins og eykur hann faglegt vægi innan ráðsins.

Ýmis stjórnvöld og stofnanir á þeirra vegum fara með hlutverk og verkefni sem með einhverjum hætti geta snert skógrækt og skógvernd í rúmri merkingu þeirra orða. Hér má sem dæmi nefna að Náttúrufræðistofnun og Náttúruvernd ríkisins heyra undir umhvrn. Með setu fulltrúa frá nefndum aðilum í skógráði er tryggt að í framkvæmd verði ekki skörun á verkefnum samkvæmt þessu frv. og samkvæmt öðrum lögum og að sérþekking nefndra aðila geti nýst við framkvæmd verkefna sem með lúta beint að skógrækt og skógvernd.

Ákvæði um að landbrh. skuli leggja fram landsáætlun í skógrækt á fimm ára fresti mun tryggja að heildstætt sé tekið á stefnumörkun í skógrækt. Stefnan í skógræktarmálum, forgangsröðun verkefna og hvar framkvæmt verður á næstu fimm árum verður þannig í framtíðinni lögð fyrir Alþingi til samþykktar. Þeirri áætlun mun síðan fylgja mat á árangri undanfarinnar áætlunar og kortlagning skógræktarskilyrða í landinu. Fyrsta landsáætlun skal lögð fram árið 2001.

Frá setningu gildandi laga um skógrækt, nr. 3/1955, hefur hlutverk skógræktar ríkisins breyst. Sú þróun hefur átt sér stað á síðustu árum að stofnunin hefur hætt eða dregið verulega úr ýmsum verkefnum sem áður voru áberandi í starfsemi stofnunarinnar, svo sem plöntuframleiðslu og gróðursetningu og þess í stað snúið sér að rannsóknum, fræðslu og leiðbeiningum um alla þætti skógræktar fyrir stjórnvöld, félög og einstaklinga.

Í frv. eru hlutverk Skógræktar ríkisins skilgreind á skýrari hátt en áður var og eru þau helstu að stofnuninni er ætlað að vinna að verndun, ræktun og sjálfbærri nýtingu skóga á Íslandi með því að stunda rannsókna-, fræðslu- og leiðbeiningarstarf um alla þætti skógræktar; að veita stjórnvöldum, einstaklingum og félögum ráðgjöf um skógrækt og hafa umsjón með þjóðskógum og auðvelda almenningi aðgang að þeim; að annast gerð skógræktaráætlana og hafa eftirlit með ríkisstyrktum skógræktarframkvæmdum og almennt stuðla að framgangi skógræktar í landinu. Og það sem er nýmæli: Skógrækt ríkisins ber að gera og viðhalda skrá yfir skóglendi landsins þar sem koma þeir þættir sem eru stofnuninni nauðsynlegir og eru í samræmi við hlutverk hennar.

Orðið þjóðskógar er notað yfir lönd þau sem Skógrækt ríkisins hefur umsjón með. Á orðið að undirstrika að þetta skóglendi er eign þjóðarinnar og rekið í þágu hennar. Þjóðskógur er þó ekki eins og þjóðgarður þar sem helsta markmið er náttúruvernd. Eðli þjóðskóga er sem sagt annað en þjóðgarðs.

Hæstv. forseti. Auk þessara meginbreytinga sem ég hef nefnt vil ég nefna nokkur önnur mikilvæg ákvæði. Staðfest er að það sé hlutverk Skógræktar ríkisins að sjá um skógræktarrannsóknir en sú staðrfsemi hefur verið á Mógilsá síðan 1967 í nánum tengslum við aðra starfsemi stofnunarinnar, svo sem skógvörslu og ráðgjöf. Starfsemi stöðvarinnar var lengi mjög takmörkuð vegna fjárskorts. Rannsóknastöðin hefur hins vegar eflst mjög á síðustu árum og margvíslegar rannsóknaniðurstöður liggja nú fyrir sem eru til þess fallnar að efla skógrækt og auka arðsemi hennar.

Frv. þetta er lagt fram samhliða frv. til laga um landshlutabundin skógræktarverkefni. Verði bæði frumvörpin að lögum verður staðfest sú stefna sem mótuð var með lögunum um Héraðsskóga og lögunum um Suðurlandsskóga að beinar framkvæmdir í skógrækt og stuðningur við þær verði á vegum sérstakra verkefna sem ná yfir ákveðna landshluta. Samsvarandi ákvæði og í núgildandi lögum um nytjaskógrækt á bújörðum og skjólbelti eru því ekki í þessu frv. Í beinum framkvæmdum verður hlutverk Skógræktar ríkisins áætlanagerð og faglegt eftirlit en ekki styrkveitingar. Almenn heimild er þó í frv. fyrir Skógrækt ríkisins að veita einstaklingum og félögum stuðning m.a. vegna þess að á næstu árum verður millibilsástand á meðan landshlutabundnu verkefnin eru að mótast og því nauðsynlegt að skógræktin geti haldið áfram að veita styrki á takmörkuðum svæðum. Þá geta kom-

ið upp ófyrirséðar aðstæður fyrir því að ríkisvaldið kjósi að veita framlög til Skógræktar í gegnum Skógrækt ríkisins.

Í gildandi lögum eru ítarleg ákvæði í II. og III. kafla laganna um meðferð skóga, kjarrs og lyngs og um friðun og ræktun skóga. Ákvæði eru um viðbrögð við óheimilli beit í skóglendum, löggirðingar um skóglendi o.fl. sem þykir ekki ástæða til að taka upp í nýjum lögum enda hafa önnur lög að geyma ákvæði um girðingar, vörsluskyldu búfjár og fleira sem að slíku lýtur. Enn fremur eru ákvæði um friðun, ræktun og meðferð skóglendis færri í frumvarpi þessu en í núgildandi lögum, enda ekki talin þörf á jafnítarlegum ákvæðum og nú gilda til að markmiðum þeirra verði náð.

Ég mun þá fara nokkrum orðum um frv. um landshlutabundin skógræktarverkefni, hæstv. forseti. Á undanförnum áratug hefur orðið til ákveðin hlutverkaskipting í skógræktarmálum og hefur sú þróun að margra mati verið mjög til bóta. Hér er átt við að framkvæmdir í ræktun nýmarka hafa færst á hendur einstaklinga, einkum bænda. Nú er svo komið að um 85% af allri gróðursetningu í landinu er framkvæmd af bændum á eigin bújörðum, öðrum einstaklingum og skógræktarfélögum með aðstoð hins opinbera. Aðeins um 5% af allri gróðursetningu í landinu eru nú framkvæmd af Skógrækt ríkisins en það hlutfall var um 50% um miðjan síðasta áratug. Þau 10% sem þarna vantar upp á er gróðursetning án stuðnings ríkisins.

Í dag veitir ríkið framlög til skógræktar á bújörðum á Fljótsdalshéraði og í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum í gegnum sérstök landshlutabundin skógræktarverkefni samkvæmt sérlögum um Héraðsskóga annars vegar og um Suðurlandsskóga hins vegar. Hér er einkum um að ræða skógrækt með viðarnytjar sem meginmarkmið á svæðum sem bjóða upp á góð skilyrði til nytjaskógræktar. Enginn vafi er á að þessi verkefni hafa veruleg jákvæð áhrif á þróun byggðar á þessum svæðum og að skógarnir sem þar vaxa munu verða undirstaða atvinnusköpunar í framtíðinni.

Framlög eru einnig veitt í gegnum Skógrækt ríkisins til nytjaskógræktar á bújörðum á svæðum í öðrum landshlutum þar sem skógræktarskilyrði eru góð, þ.e. hluti inndala á Norður- og Vesturlandi og til ákveðins svæðis í Hornafirði eða á því svæði. Þau framlög eru þó talsvert lakari en þau sem fást í gegnum Héraðsskóga og Suðurlandsskóga.

Þá eru framlög veitt í sérstakt verkefni í Dýrafirði og Önundarfirði sem hefur hlotið heitið Skjólskógar en þar eru viðarnytjar ekki meginmarkmiðið heldur skjól og aðrar landbætur til að gera svæðið byggilegra.

Framlög sem skógræktendur geta fengið innan þessara verkefna eru misjöfn milli verkefna en einnig kröfur sem gerðar eru á móti. Svo eru mjög stór svæði þar sem landeigendur eiga þess ekki kost á að fá framlög til skógræktar. Þó ekki sé gert ráð fyrir að skógrækt geti alls staðar orðið fjárhagslega arðbær búgrein er hægt að ná ýmsum öðrum verðugum markmiðum með því að hvetja til aukinnar skógræktar á vegum landeigenda með aðstoð hins opinbera. Meðal þeirra eru efling byggðar eins og ég gat um áður, bætt aðstaða til útivistar í tengslum við ferðaþjónustu, skjólmyndun til að bæta ræktunarskilyrði, endurheimt landgæða, jarðvegsvernd og binding koltvísýrings. Vilji ríkisvaldið stuðla að þessum þáttum þarf að vera farvegur til að beina aðstoðinni í gegn.

Hæstv. forseti. Með frv. þessu er gert ráð fyrir því breytta fyrirkomulagi að ráðherra er veitt heimild til þess að stofna til landshlutabundinna skógræktarverkefna í líkingu við það verkefni sem stofnað var til með lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga, án þess að sérstaka lagasetningu þurfi til í hverju tilviki. Frv. er í meginatriðum byggt á lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga, og er með því og frv. til nýrra laga um skógrækt og skógvernd tekið fyrsta skrefið í átt til einföldunar á umgjörð þessa málaflokks.

Eins og fram kom áðan í máli mínu um frv. til laga um skógrækt og skógvernd er gert ráð fyrir því að fella úr gildi öll eldri lög um skógrækt að undanskildum lögunum um Suðurlandsskóga og Héraðsskóga. Þegar einhver reynsla er komin á framkvæmd laga samkvæmt þessu frv. er síðan gert ráð fyrir endurskoðun á þeim sem og lögum um Suðurlandsskóga og Héraðsskóga með það að markmiði að um landshlutaverkefni gildi einn lagabálkur í stað þriggja. Ég sé því fyrir mér tvo lagabálka í framtíðinni, annan um skógrækt og skógvernd og hinn um landshlutabundin skógræktarverkefni í stað sex ef allt er talið eins og er í gildandi lögum.

Lög um Suðurlandsskóga eru að meginstofni til byggð á lögum um Héraðsskóga frá 1991. Í lögunum um Héraðsskóga er eingöngu gert ráð fyrir verkefnum í nytjaskógrækt. Helstu nýmæli í lögum um Suðurlandskóga og í þessu frv. er að nú stefnt að ræktun svokallaðra fjölnytjaskóga og skjólbelta í stað nytjaskógræktar eingöngu. Sá hluti fjölnytjaskógræktarinnar sem kallast landbótaskógrækt er nýmæli og enn fremur að ræktun skjólbelta sé tekin inn í verkefni af þessu tagi. Gert er ráð fyrir að unnin verði a.m.k. 40 ára áætlun um ræktun fjölnytjaskóga og skjólbelta fyrir hvert verkefni.

Í stað þess að stefna að ræktun á ákveðnum hektarafjölda á því svæði sem um ræðir eins og gert er í lögunum um Suðurlandsskóga er nú kveðið á um að í landshlutaáætlunum skuli stefnt að því að rækta skóga á a.m.k. 5% flatarmáls þess lands sem telst láglendi á því svæði sem áætlunin nær til. Tekið er fram að um sérstaka fjárveitingu verði að ræða fyrir hvert verkefni. Það er síðan í höndum ráðherra hvaða kostnaðarliði í skógræktinni megi styrkja. Hvert stuðningshlutfalið verður skal síðan ákveða með reglugerð.

Í frv. er sagt fyrir um hvernig skuli farið með tekjur af timburskógum við skógarhögg og að ráðherra setji nánari ákvæði um það í reglugerð. Gert er ráð fyrir að við skógarhögg greiðist 15% skattur af verðmæti trjáviðar eins og hann er metinn á rót. Þetta skatthlutfall af timbursölu tekur mið af stuðningshlutfalli ríkisins til greiðslu stofnkostnaðar í skógræktinni sem hefur verið nokkuð hár eða um 97% af samþykktum kostnaði hjá Héraðsskógum og Suðurlandsskógum. Með öðrum orðum: Við ákvörðun í reglugerð hvert stuðningshlutfallið verður er litið til þess hver endurgreiðslan er til ríkissjóðs við skógarhögg.

Í ákvæðinu er þó kveðið á um að grisjun fyrstu 40 árin, sem getur verið mjög mismunandi milli skóga, verði undanþegin því að greiða til ríkissjóðs af því söluverðmæti sem fengist við þá grisjun. Í frv. er kveðið á um að landbrh. skipi hverju verkefni stjórn, eins konar heimastjórn sem fari með yfirstjórn þess. Samkvæmt ákvæðinu er henni heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra. Einnig er kveðið á um að við hvert verkefni skuli gera samstarfssamning við Skógrækt ríkisins um aðstoð og faglegar leiðbeiningar. Þar verði m.a. samið um greiðslur vegna áætlanagerðar fyrir verkefnið.

Í frv. þessu, samanber enn fremur frv. til laga um skógrækt og skógvernd, er gert ráð fyrir því að mestur stuðningur ríkisins við gróðursetningu verði á grundvelli landshlutaverkefna. Með öðrum orðum er sú stefna sett að Skógrækt ríkisins dragi sig út úr þessum þætti skógræktar í landinu.

Áfram er þó gert ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi heimild til að styrkja einstaklinga og félagasamtök í skógrækt svo sem áður var getið. Dæmi um slík verkefni eru viðbótarskógar en þar geta einstaklingar og félagasamtök sótt um styrki til skógræktar. Styrkurinn er plöntur, ein planta fyrir hverja plöntu sem þeir kaupa sjálfir. Þetta verkefni er liður í því átaki sem er í gangi fram til aldamóta í bindingu koltvísýrings.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir þeim möguleika að landbrh. geti falið landshlutaverkefnum umsjón skógræktarverkefna sem Skógrækt ríkisins fer með samkvæmt ákvæðum laga um skógrækt og skógvernd, svo sem verkefna í líkingu viðbótarskóga. Öllum stuðningi við einstaklinga og félagasamtök verði þá þjónað frá sama stað í landshlutanum af stjórn og framkvæmdastjóra viðkomandi landshlutaverkefnis.

Sú skipan mála sem er lögð til með þessum tveimur frumvörpum, þ.e. að ræktun nýmarka og stjórnun verkefna á því sviði sé í ríkari mæli færð til heimamanna og að jafnframt sé til öflug og framsækin fagstofnun sem sjái um þjóðskógana, skógræktarrannsóknir og skógarþjónustu, mun verða til þess að efla viðleitni þjóðarinnar til að endurheimta hluta þess græna skrúðs sem landið hefur tapað í aldanna rás. Í ár eru 100 ár liðin frá upphafi skógræktar á Íslandi. Ný lög um skógrækt yrðu viðeigandi afmælisgjöf frá Alþingi til þjóðarinnar af þessu tilefni.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti vísa ég til greinargerða og athugasemda með frumvörpunum. Hvað varðar meðferð málsins legg ég áherslu á nauðsyn þess að lögfesta þau á þessu þingi þó að skammt lifi, því miður, af starfstíma þess. Að lokinni umræðunni legg ég svo til að frumvörpunum verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[16:03]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Hér liggja fyrir umfangsmiklir lagabálkar sem verða sendir til hv. landbn. að því er mér heyrðist áðan. Þetta er afskaplega gott mál, skógrækt. Ég hef örlítið komið að skógrækt í gegnum tíðina. Mér þykir því vænt um þennan málaflokk og hef með einum eða öðrum hætti komið að gróðursetningu á á annað hundrað þúsund plantna í landi Kópavogs í sumarstörfum mínum þar undanfarinn áratug.

Nýlega lauk 16 ára valdatíð Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrv. forseta Íslands, sem hafði skógrækt sem sitt helsta baráttumál. Hún vakti þar með verðskuldaða athygli á þessum málaflokki, sérstaklega í huga þeirrar kynslóðar sem komst til vits og ára í hennar forsetatíð.

Þær athugasemdir sem ég vil kannski helstar gera við þetta frv. eru um forræðið á málaflokknum sem er í rauninni framhald á því ráðherraforræði sem er í dag, þ.e. að landbrh. fari með yfirstjórn þessara mála. Ég hefði talið fara betur á því að það væri í höndum umhvrh. Um þessar mundir er það að vísu sami maðurinn en það er aukaatriði, það kann að breytast. Ég tel að nýta hefði átt tækifærið sem nú gafst, úr því að þessi endurskoðun var í gangi, til að breyta þessu og færa skógrækt, skógvernd og slík verkefni yfir til umhvrh. Það hefði verið skynsamlegt með tilliti til þess að hagsmunir landbúnaðar og skógræktar geta skarast. Í 15. gr. er t.d. gert ráð fyrir því að landbrh. taki af skarið í þeim efnum. Það hefði verið ágætt ef sá ráðherra hefði verið meiri gæslumaður skógræktarmálaflokksins sem slíks. Því miður hefur viljað brenna við að landbúnaðarráðherrar hafa frekar horft til hagsmuna landbúnaðarins en gagnstæðra hagsmuna skulum við segja. Þetta er helsta gagnrýni mín á þetta frv.

Í frv. eru nýmæli eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra áðan, t.d. þau að skipa skuli skógráð. Mér sýnist þeir sem eiga að vera í þessu ráði vera ágætlega valdir. Þarna er fulltrúi áhugamanna um skógrækt, tilnefndur af Skógræktarfélagi Íslands. Landssamtök skógareigenda tilnefna fulltrúa til að gæta sjónarmiða skógareigenda. Sveitarfélög eiga mörg hver skóglendi og ættu að gæta hagsmuna hins almenna skógarnotanda, eins og kemur fram í athugasemdum um einstökar greinar frv. Þar kemur einnig fram að Náttúruvernd ríkisins hefur umsjón með allstóru skóglendi og hefur náttúruvernd að leiðarljósi. Náttúrufræðistofnun hefur með höndum skráningu og rannsóknir á náttúru landsins og ætti að gefa faglega breidd í skógráð. Landgræðsla ríkisins hefur umsjón með stórum svæðum þar sem lokamarkmið landgræðslu er endurheimt skóglendis. Fulltrúi Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins eykur faglegt vægi innan ráðsins. Mér sýnist því við fyrstu sýn að ágætlega hafi til tekist við að setja saman þetta skógráð og það sé hið besta mál.

Í 5. gr. frv. kemur fram að hlutverk Skógræktar ríkisins sé að vinna að sjálfbærri nýtingu skóga á Íslandi og stuðla að því að umfang skógræktar og flatarmál skóglendis aukist. Þetta er jákvætt líka. Það hefur góð áhrif á landið að skógrækt sé aukin. Það eykur verðmæti landsins og það verður jafnvel veðursælla fyrir bragðið. Þeir segja mér það sem best til þekkja að hér í Reykjavík og nágrenni að veður hafi jafnvel skánað á höfuðborgarsvæðinu eftir að Heiðmörk og „græni trefillinn" svokallaði náðu sér verulega á strik. Hér er farið að gæta veðurfarsáhrifa af þessu mikla skóglendi umhverfis höfuðborgarsvæðið.

Í 11. gr. eru þau nýmæli að nú er það landbrh. sem skipar skógræktarstjóra. Samkvæmt gömlu lögunum var það forseti Íslands en þar á við fyrri gagnrýni mín, að ég tel að umhvrh. ætti að fara með stjórn þessa málaflokks. Ágætt ákvæði er þarna í 11. gr. þar sem fram kemur að skógræktarstjóri skuli hafa háskólapróf í skógfræði. Þarna er menntun sem klárlega er við hæfi í þetta starf. Ég veit til þess að við eigum allnokkra vel hæfa skógfræðinga sem starfa hér á landi sem margir hafa sótt sér menntun til Noregs. Það er æskilegt að þeirri menntun sé gert hátt undir höfði í þessum málaflokki.

Í 13. gr. er ákvæði um það að nýtingu verði ávallt hátt að þannig að skógur endurnýist á svæðinu og að eiganda og notanda skóglendisins sé gert að takmarka svo notkun þess að það rýrni hvorki að stærð né gæðum til lengri tíma. Þetta ber með sér hina sjálfbæru hugsun sem komin er inn í umhverfismálin hér á landi og er það vel.

Í 14. gr. kemur hins vegar að hugsanlegum hagsmunaárekstrum landbúnaðar og skógræktar. Þó er ágætt að nú skuli koma í lögin að eigandi búfjár beri ábyrgð á því að fénaður sé ekki á beit í nýrækt og skógum hér á landi. Það er allt of mikið um það að kindur sleppi inn á viðkvæm nýræktarsvæði og oft mesta basl að koma þeim út úr þessum löndum. Mér skilst á mönnum sem þekkja til bragðlauka sauðkindarinnar að henni þyki birkiplöntur ekkert sérstaklega góðar en hún kippi þeim upp úr nýræktinni og sé síðan búin að gleyma óbragðinu þegar kemur að næstu plöntu. Hún heldur því áfram þangað til hún hefur kippt upp nýgróðursettum sprotum á því svæði sem hún nú fer yfir. Hún getur farið yfir mikið svæði og eyðilagt mikla skógrækt. Eins og ég kom inn á áðan ber eigandi búfjárins samkvæmt þessu frv. ábyrgð ef svo fer. Ég sé ekki betur en í IV. kafla sé gert ráð fyrir því að hægt sé að beita sektum í þessum efnum eins og í öðrum brotum gegn þessum lögum.

Í 15. gr. kemur einnig fram að landbrh. er heimilt, að fengnu áliti skógræktarstjóra, að banna alla þá meðferð eða nýtingu skóglendis sem ætla má að rýri gæði eða umfang þess eða valdið jarðvegsrofi. Það er gott að þarna skuli a.m.k. vera ákvæði sem stjórnsýslan getur unnið eftir, gripið inn í og lokað viðkvæmum skógræktarsvæðum fyrir búfénaði.

Samkvæmt upplýsingum frá fjmrh. kemur fram að aukning á framlögum ríkisins vegna þessa máls sé um 400–500 millj. kr. á ári næstu 100 árin til að 10% lands verði skógi vaxin árið 2100. Síðast þegar ég heyrði voru einungis um 1% lands á Íslandi skógi vaxin þannig að þarna er gríðarlegt verk *fyrir höndum og mjög jákvætt að menn skuli setja stefnuna* á þetta. Við eigum þó langt í land með að endurheimta þann skóg sem hér var við landnám. Ef ég man rétt var það um fjórðungur lands sem var skógi vaxinn samkvæmt mati þeirra sem best þekkja til ástands lands við upphaf Íslandsbyggðar. Þetta er gríðarlegt verk, metnaðarfullt og dýrt en afar gott og mun gera Ísland betra og byggilegra en ella.

Varðandi frv. til laga um landshlutabundin skógræktarverkefni sem einnig er til umfjöllunar núna, þá eru athugasemdir mínar við það nákvæmlega þær sömu og áður, þ.e. að verkefnið er sett undir landbrh. en ég tel að það ætti að vera í verkahring umhvrh.

Það er gott að bændum skuli gefinn kostur á að koma inn í þetta mikla starf. Ætli menn sér að þekja 10% landsins skógi á næstu 100 árum þá þarf margar hendur til að vinna það verk. Ég tel að það sé alls ekki úr vegi að ríkið styðji við bakið á þeim sem eru tilbúnir til að taka það að sér. Eins og ég sagði áðan mun það auka gæði landsins og bændur auka verðmæti lands síns með því að taka þátt í þessu starfi. Ég tel að þetta verkefni nýtist allri þjóðinni þegar fram í sækir og sé þjóðþrifamál.

Mér þykir hins vegar, og kem þar enn inn á gagnrýni mína, að verkefnið ætti að vera í verkahring umhvrh. Það er leiðinlegt að geta ekki fjallað um þetta í umhvn. þó sennilega hefði gefist lítill tími til þess þrátt fyrir allt. Þó svo frv. hefði verið vísað til umhvn. þá er það sem lifir af þessu þingi ekki mikið. Ég vil hins vegar skógræktinni allt hið besta og vona að þetta verði til að auka veg hennar og virðingu.

[16:15]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við reynum það þessa daga á Alþingi að hæstv. ráðherrar eru einn af öðrum að mæla fyrir stórum lagabálkum og það fylgir sögunni hjá þeim flestum að þeir vænti þess að lögfest verði fyrir lok yfirstandandi þings. Ég held að það hafi ekki verið nein undantekning því ef ég hef heyrt rétt hjá hæstv. landbrh. bar hann einnig fram þá frómu ósk. Nú ætla ég ekkert að spá illa fyrir þeim frv. fyrir fram sem við ræðum nú, en hitt er hæstv. ráðherra væntanlega jafnljóst og hæstv. forseta og þeim sem hér talar að mjög styttist þingtíminn og margt er á dagskrá, mörg mál sem eru í athugun og eru fyrir löngu fram komin. Það þarf mikinn og góðan vilja til þess að lögfesta mál af þeim toga sem hér um ræðir þó að það mæli síst nokkuð á móti því að ná landi með frv. af því tagi sem hér hefur verið mælt fyrir.

Þetta er því miður ekki í fyrsta sinn sem gerð er atrenna til endurskoðunar á lögum um skógrækt og skógvernd eða skógræktarlöggjöfina eins og hún er nefnd í daglegu tali frá 1955. Ég held að a.m.k. tvívegis á þessum áratug hafi verið lögð fram frumvörp um endurskoðun þessarar löggjafar en hæstv. ráðherra hefur kannski í fórum sínum yfirlit um það. Ég held að það hafi verið sammerkt þessum atrennum hverju sinni að frumvörpin hafa komið fram síðla á þingi þannig að borin von hafi verið að þau hlytu afgreiðslu og síðan jafnvel ekki fylgt eftir af viðkomandi hæstv. ráðherrum. Ég ætla ekki að fara í neinar söguskýringar hér eða rekja sögur eða ætla hæstv. núverandi landbrh. meira en hann ber ábyrgð á í þessum efnum því ég hef ekki látið athuga þetta. En mér er þetta í fersku minni og ég hef undrast það mjög hvernig staðið hefur verið að málum af landbúnaðarráðherrum liðinnar tíðar varðandi endurskoðun á gildandi lögum um þessi efni. Er það út af fyrir sig nokkurt rannsóknarefni fyrir þá sem vilja fara ofan í vinnubrögðin í Stjórnarráði Íslands, hvernig *oftlega er haldið á málum, að frumvörp sem hafa þó verið* sýnd á þingi koma kannski ekki fram fyrr en síðla á því næsta og þannig sýnilega enginn raunverulegur áhugi eða skýr vilji að fá fram viðkomandi lagabætur. Ég nefni það því nafni, lagabætur, í von um að það horfi að jafnaði til bóta sem fram er borið.

Virðulegur forseti. Ég vildi jafnframt við 1. umr. þessa máls lýsa eftir frv. til laga sem ég tel í rauninni að ætti að vera á undan löggjöf um endurskoðun löggjafar um skógrækt og skógvernd og skógræktarverkefni, þ.e. endurskoðun laga frá 1965 um gróðurvernd og landgræðslu sem eiga auðvitað að mynda hinn almenna grunn fyrir sértækari lög eins og þau sem hér um ræðir. Það hefur verið kallað eftir endurskoðun þessara laga lengi af þeim sem hér talar og oftlega tekið jákvætt undir af núverandi hæstv. landbrh. og gott ef ekki forverum hæstv. landbrh. að þetta sé sannarlega brýnt verkefni og að það sé að byrja atrenna að núverandi endurskoðun og frumvarpa sé að vænta o.s.frv. En ekki gekk rófan. Og eftir því bíðum við enn að þessi afar brýna endurskoðun löggjafar um gróðurvernd komi inn í þingið og verði unnin og undirbúin af framkvæmdarvaldinu. Ég fullyrði það, *virðulegur forseti, að ég hefði reynt að taka mig til fyrir* löngu til þess að gera atrennu, meira en einstakar breytingar á þeim lögum sem ég hef lagt fram þing eftir þing, að frekari lagabótum á því sviði jafnbrýnar og þær eru.

Í því sambandi vil ég nefna að það eru ein tvö til þrjú ár síðan hingað upp á landið var fenginn sérfróður maður alla leið frá Ástralíu sem flutti okkur skýra frásögn af ráðstefnu, sem hæstv. landbrh. held ég að hafi staðið fyrir eða tengdist a.m.k., um það hvernig staðið væri að málum þar í landi og ég hélt að þetta væri undirbúningur að meiri háttar atlögu að gróðurverndarlöggjöfinni.

Virðulegur forseti. Ég vil tengja þetta sem ég segi nú við mál þess unga þingmanns sem hér talaði áðan um þessi frv., hv. 15. þm. Reykv., Magnúsar Árna Magnússonar, sem mælti þar svipað og ég hef oftlega að vikið. Ég tek undir mál hans að því leyti að hluti af þessum málum sem varða gróðurríki landsins, undirstöðuþættir þeirra mála eiga auðvitað hvergi annars staðar heima en í umhvrn. Ég vil hins vegar kannski draga markalínurnar svolítið öðruvísi en fram kom hjá hv. þm. en taka um leið mjög undir mál hans að því leyti að við höfum tapað af gullnu tækifæri sem fólst í þeirri sérkennilegu ákvörðun Framsfl., er mér víst óhætt að segja, að setja sama hv. þingmanninn yfir landbúnaðarmál og umhverfismál. Þar var sannarlega gullið tækifæri sem ekki er víst að komi aftur. Ég get tæplega óskað eftir því að slíkt tækifæri komi aftur vegna þess að þetta var svo sérstakt og illa til fundið að fara að ætla sama manninum að standa í uppgjöri í þessum tveimur málaflokkum og eiga það við sjálfan sig uppi í Stjórnarráði hvað sé hvers og hvers sé hvað í þessum málum. En það hefur í rauninni verið opið verk-

efni frá því að umhvrn. var sett á laggirnar 1990 að ganga frá verkaskiptingu í þessum málaflokki eða málaflokkum, greina þar á milli. Það var um algera bráðabirgðaráðstöfun að ræða 1990 þegar ráðuneytið var sett á fót og búin til sú samtenging þessara mála sem enn gildir og ekkert hefur verið breytt. Það er sem sagt mjög eðlilegt að víkja að þessu máli í tengslum við þau frv. sem við ræðum hér. Auðvitað breytum við þessu ekki hér og nú en jafnbrýnt er það.

Þá vil ég nefna það sem ég hef raunar klifað á oftsinnis úr þessum ræðustól. Ég tel að gróðurvernd almennt, þar með talin skógvernd ásamt jarðvegsvernd, eigi hvergi annars staðar heima en í umhvrn. Þar ætti fyrir löngu að vera komin á fót stofnun sem mætti heita gróðurvernd ríkisins eða gróðurverndin eins og Hollustuvernd og Náttúruvernd þar sem væri fyrir komið meginþáttum stjórnsýslu á þessu sviði og rannsóknum á þessu sviði og eftirlit á þessu sviði með gróðri landsins og jarðvegi sem er undirstaða gróðursins má segja. Þá hefðu verið skildir eftir, og þar greinir mig kannski á við það sem fram kom hjá síðasta hv. ræðumanni, ræktunarþættir þessara mála hjá hæstv. landbrh., þ.e. þeir þættir sem eðlilega geta flokkast undir landbúnað, þar á meðal nytjaskógræktarverkefni og þess háttar búskapur sem hluti af starfi bænda. Ég tel að það sé vandalaust að greina rökrænt og skýrt á milli í þessum málum þannig að auðlindin, jarðvegur og gróður almennt, auðlindin og auðlindaverndin á þessu sviði liggi hjá umhvrn. en búskapurinn samkvæmt skilgreindum áætlunum og afmörkun heyri undir viðkomandi fagráðuneyti, þ.e. landbrn. Mér er með öllu fyrirmunað að skilja hvernig það má verða að menn hangi eins og hundar á roði til þess að viðhalda algerlega órökrænni og skaðlegri aðgreiningu þessara mála með því að halda þessu í svo ríkum mæli undir landbrn. og raun ber vitni. Ef vilji væri til þess hjá stjórnmálamönnum væri vandalaust að fá fram skilning t.d. bænda á þessari eðlilegu skiptingu. En í staðinn hefur verið alið á tortryggni þar og reynt að hamla gegn eðlilegum breytingum sem eru afar þýðingarmiklar í viðfangi náttúruverndar og umhverfisverndar í landinu og auðlindaverndar og auðlindanýtingar, virðulegur forseti.

Þá kem ég að frumvörpunum í þrengri merkingu, virðulegur forseti. Ég tel ýmislegt af því sem kemur fram í báðum þessum frv. stefna í jákvæða átt og sjálfsagt að líta á þessi mál út frá því að nýta það sem gott er í þeim. En hitt hefði verið miklu æskilegra að sú stefna sem ég mælti fyrir í ræðu minni áður hefði verið fram komin og endurskoðuð löggjöf um gróðurvernd og landgræðslu með talin.

Ég vil gera fáeinar athugasemdir við frumvörpin og í því sambandi nefna að mér finnst aðgreiningin á þessum tveimur þáttum sem fram koma í heiti frv., skógrækt og skógvernd, ekki vera nógu skýr í sjálfu frv. Hér er um það aðgreinda þætti að ræða og afmarkaða að hægt ætti að vera að koma því betur fyrir þannig að ljóst sé að hér er um ólíka þætti að ræða að því er varðar markmið oft og tíðum, sérstaklega þegar kemur til nytjaskógræktar svonefndrar. Hin almenna skógvernd er í rauninni hluti af almennri gróðurvernd í landinu sem tekur þá til skóga á meðan hitt er virk viðleitni til þess að nýta skóga til fjárhagslegra nytja og arðsemi og rækta þá upp eins og gert er á vegum Skógræktar ríkisins. En þessu hefur lengi verið óheppilega blandað saman og farið í heldur frumstæðan farveg oft og tíðum, t.d. þegar skógræktarfélög í landinu voru nýtt sem eins konar tilraunastofur út frá Skógrækt ríkisins þar sem of mikil áhersla var að mínu mati lögð á innfluttar tegundir á kostnað jafnvel innlendra og aðhlynningar að innlendum gróðri og hirðingar á innlendum skógum eins og birkiskógunum sem hefur verið allt of lítill sómi sýndur á þessari öld þó að margt gott hafi verið aðhafst.

Í 4. gr. frv. um skógrækt og skógvernd er brugðið á það ráð að setja á fót skógráð til fjögurra ára. Það er vafalaust tímabært að koma þannig ráðgjöf að fyrir hæstv. ráðherra hverju sinni um stefnu og markmið og vinna ýmsa undirbúningsvinnu við reglugerðir og annað af þeim toga.

Skógrækt ríkisins gegnir nú afar þýðingarmiklu hlutverki og hefur gert lengi. Það hefur að mér finnst kannski ekki verið hlúð nægilega að þessari ríkisstofnun á undanförnum árum þó að margt hafi þar verið vel gert. Höfuðstöðvar hennar eru nú í því kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir á Alþingi, Austurlandskjördæmi, og var það út af fyrir sig ánægjulegt og þar hófst það verkefni sem fyrst var í bændaskógrækt í stærri stíl sem var verkefni Héraðsskóga sem er undirbúningurinn eða upphafið, má segja, að því sem hér er síðan fjallað um í sérstöku frv. um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Virðulegur forseti. Ég ætlaði reyndar áður en ég kem að því frv. aðeins að nefna III. kafla frv. og það sem varðar búfjárbeit í skóglendi utan heimalanda, að banna hana frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert. Mér er ekki alveg ljóst, ég hef ekki horft eftir því, hvort hér er um efnisbreytingu að ræða frá gildandi löggjöf en það er tvímælalaust réttmætt að banna slíka beit á þessum tíma og þyrfti kannski að ganga lengra í þeim efnum tengt þeim skógarleifum sem víða er að finna. Það er auðvitað allt of mikið gengið á slíkar lendur með beit. En í 15. gr. frv. er landbúnaðaráðherra heimilað að banna alla þá meðferð eða nýtingu skóglendis sem ætla má að geti rýrt gæði eða umfang þess eða valdið jarðvegsrofi. Hér er víðtæk heimild og ég verð að segja, virðulegur forseti, að ég held að hæstv. ráðherra þyrfti að taka talsvert til hendinni ef það ætti að nýta þessa heimild eins og efni greinarinnar kveður á um því að þrátt fyrir að dregið hafi mjög úr beit, ég tala nú ekki um að vetrarbeit er að mestu úr sögunni sem betur fer, þá er auðvitað öllum ljóst að allvíða, svo ég segi ekki mjög víða, á landinu eru skógar, náttúrulegir birkiskógar, beittir þannig að hörmung er á að líta fyrir utan það að það kemur í veg fyrir endurgræðslu. Þetta blasir við við alfaraleiðir þannig að hverjum má ljóst vera og hér hefur ekki verið tekið á málum eins og þörf væri á til þess að ná upp náttúrulegum gróðri. Það er vafalaust hægt að hlífa skóglendum þannig við beit ef þau ná að vaxa upp, ná sér á strik, að það megi nýta þau til beitar og jafnvel sem miklu betri beitilönd en áður var, en landið var fyrir og að því þarf auðvitað að stefna.

Svo að endingu, virðulegur forseti, því að tími minn er senn útrunninn, um frv. um landshlutabundin skógræktarverkefni. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvort hann geri ráð fyrir í því frv. sem oft hefur verið boðað að kæmi hér inn og sést væntanlega á þessu þingi um mat á umhverfisáhrifum, að þar verði tekið á því sem mjög var rætt í sambandi við lagasetninguna um Suðurlandsskóga, að meiri háttar verkefni á sviði skógræktar og landgræðslu verði matskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ég sakna þess að ég sé hvergi í þessu stóra máli vikið að þessu og hafði vænst þess að það yrði a.m.k. ljóst að hverju yrði stefnt í þeim efnum þó að það geti verið verkefni í tengslum við endurskoðun laganna um mat á umhverfisáhrifum.

Svo allra síðast. Ég kann ekki mjög vel við þá orðnotkun eða þá skiptingu sem mjög hefur verið tíðkuð í seinni tíð í tengslum við skógrækt, að koma með nýjar og nýjar skilgreiningar, mjög gervilegar skilgreiningar. Landgræðslu-

skógar er eitt af þessu. Fjölnytjaskógar er eitt af þessu. Ég kann ekki að hafa þetta allt saman yfir. Þetta ber á sér gerviblæ að mínu mati oft og tíðum og afar óljóst um hvað er að ræða, enda yfirleitt tilkomið held ég til þess að plægja akurinn fyrir fjárveitingar en ekki vegna þess að undir búi einhver raunveruleg nýbreytni í sambandi við það sem framkvæma skal.

[16:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þessi tvö frv. og taka undir með þeim tveim hv. þm. sem hafa kvatt sér hljóðs að hér er auðvitað um stórmál að ræða, mikilvægan málaflokk og mikilvæg frv. bæði tvö sem skógræktinni tengjast, skógrækt og skógvernd og landshlutabundin skógræktarverkefni sem við höfum að undanförnu verið að reyna að hleypa af stokkunum í auknum mæli.

Fyrst aðeins að þessu viðhorfi sem er auðvitað ekki nýtt og hefur komið af og til upp í umræðunni þegar svo hefur borið undir allt frá því að umhvrn. var stofnað, hvort málaflokkur af þessu tagi ætti að heyra undir umhvrn. eða landbrn. Ég hef fylgt þeirri stefnu og þeirri skoðun að verkefnið eigi að heyra áfram undir landbrn. Ég viðurkenni hins vegar það sem fram kom hjá báðum hv. þm. að margt í þessum málaflokki sem tilheyrir auðvitað skógrækt, plöntun og uppgræðslu lands nátengist umhverfismálunum. Það hljóta allir að sjá sem eitthvað hafa komið að þeim málum og velt þeim fyrir sér. Ég leyfi mér að fullyrða að viðhorf t.d. landbúnaðarins, viðhorf bænda og landbúnaðar sem atvinnugreinar hafa gjörbreyst á seinustu árum hvað þetta varðar, kannski vegna þessarar miklu umræðu, vafalítið vegna hennar, og svo hins að óneitanlega hefur dregið töluvert úr beit og beitarálagi þar sem það hefur verið víða mjög viðkvæmt og þar af leiðandi tengst umhverfismálunum mikið og vandamálum okkar á því sviði eins og landbroti og jarðvegseyðingu. Sums staðar hafa menn getað bent á ofbeit sem ástæðu fyrir slíku. Þetta hefur verið að breytast og ég hygg að þeim svæðum fari mjög fækkandi þar sem við sjáum að fé er í stórum stíl beitt á skógarleifar þó að kannski megi finna þess dæmi enn þá. Þó hafa þessi viðhorf verið að breytast mjög og ég tel að ekki séu eins mikil vandamál á milli þessara málaflokka þó vissulega sé nokkuð mikil skörun á milli þeirra. Það hlýtur að verða svo eins og gerist með marga aðra málaflokka en þessa tvo sem við erum hér að velta fyrir okkur, þ.e. landbúnað annars vegar og umhverfismál hins vegar.

Það kann að vera að einhverja ákveðna þætti mætti taka undan eða út úr í sambandi við skógræktarmálin og segja að það komi hreinlega atvinnuveginum landbúnaði og því ráðuneyti sem fer með hagsmunagæslu fyrir þann atvinnuveg ekki við og ætti að heyra undir umhvrn. Mér sýnist þó að það gætu orðið nokkuð flókin uppskipti á málaflokknum og hafandi það að leiðarljósi sem ég hef hér verið að tala fyrir að þarna þurfi ekki að vera þarna mikil ágreiningsmál á milli eða átök uppi, þá finnst mér þetta geti mjög vel farið fram sem verið hefur og hér er lagt til. Ég hef þess vegna ekki gert það að tillögu minni að menn endurskoði skiptingu eða færi málaflokkinn til milli ráðuneyta. Það held ég að væri stórt skref sem væri vart réttlætanlegt.

Nú er það svo líka eins og fram kemur í þessu frv. um landshlutabundnu skógræktarverkefnin að þar er mjög verið að höfða til þess þáttar sem skógræktin er í íslenskum landbúnaði. Íslenskur landbúnaður er að sjálfsögðu ekki bara það að búa með sauðfé eða nautgripi eða svín og fiðurfé. Hann er auðvitað margt fleira. Sumir hafa reyndar efast um að búskapur með kjúklinga og svín sé landbúnaður, heldur sé það iðnaður. Ég hef svo sem heyrt það viðhorf líka hér í þessum sal og úr þessum ræðustóli. Ég tel að þetta sé hluti af landbúnaði og það er mjög vaxandi verkefni íslenskra bænda að fást við skógrækt. Það sýnir sig t.d. austur á Héraði þar sem Héraðsskógaverkefnið hefur náð að festast í sessi að þar hefur það augljóslega haft mikil áhrif á búsetu og treyst byggð á þeim svæðum og ég treysti því líka að svo verði áfram með þessi skógræktarverkefni í öðrum landshlutum þar sem samningar kunna að nást um þau.

Ég vil líka minna á það sem kom fram hjá báðum hv. þm. sem hér tóku til máls, þ.e. hlutverk skógráðs sem er skipað fjölmörgum aðilum sem koma frá hinum ýmsu stofnunum ríkisins. Fyrir utan aðila utan ríkisgeirans sem eiga að tilnefna í skógráðið, þá tel ég mjög mikilvægt að stofnanir sem heyra undir umhvrn. komi þarna að og einmitt tengi eða bindi saman þau sjónarmið sem við höfum verið að velta fyrir okkur, þ.e. annars vegar umhverfismálin og hins vegar landbúnaðarþáttinn. Ég tel því að hlutverk skógráðs sé mjög mikilvægt og þakka fyrir það jákvæða viðhorf sem kom fram hjá hv. þm. til þess og verkefnis þess.

Varðandi beit og beitarálag sem báðir hv. þm. nefndu einnig, þá er það svo að Skógrækt ríkisins hefur verið að gera tilraunir og athuganir á því hvaða beitarþol kunni að vera í skógum og skóglendum. Ekki er nokkur vafi á því að ef beit er rétt stýrt getur hún farið saman við skógræktina. En það er vafalaust ekki skynsamlegt að gera það um leið og menn eru að gróðursetja eins og kom fram hjá hv. 15. þm. Reykv. Það er ábyggilega rétt ábending eins og allir hljóta að sjá. En sé þetta gert rétt og í skóglendi sem hefur þegar náð sér vel á strik, þá er ég viss um að þetta getur farið vel saman og þarf alls ekki að hafa áhrif til hins verra á ræktun og framgang skógarins sem slíks eða skógræktarinnar.

Hæstv. forseti. Það var kannski ekki mikið af spurningum sem beinlínis var beint til mín heldur voru þetta meira athugasemdir og viðhorf sem hér komu fram sem ég þakka fyrir. Það fer þá inn í umræðuna og verður væntanlega tekið til skoðunar af hálfu landbn. þegar hún fær málið til umfjöllunar. Þó spurði hv. 4. þm. Austurl. um það hvað hefði orðið um endurskoðun laga og atlögu að því verkefni sem hefur átt sér stað áður. Ég þekki þá sögu reyndar ekki og sé að í greinargerðinni er ekki getið um það. Ég hafði ekki gert aðra atlögu að þessu verkefni en þá sem hér er loksins að líta dagsins ljós. Það er búið að taka nokkurn tíma og var unnið af embættismönnum í ráðuneytinu og embættismönnum frá Skógrækt ríkisins. Það voru þeir sem lögðu grunninn að þessari endurskoðun á lögunum um Skógrækt og skógvernd. Síðan ákváðum við að taka undir, áður en það frv. yrði lagt fram sem varð reyndar til fyrir nokkru síðan, þetta verkefni um landshlutabundnu skógræktina líka vegna áhuga annarra landsvæða en þeirra sem hafa fengið sérstaka löggjöf um þau verkefni. Það hefur því nokkuð tafist að koma þessu fram í þeim búningi sem það er núna en þetta er búið að vera í undirbúningi undanfarin missiri af minni hálfu. Um verk forvera minna í landbrn. kann ég ekki að ræða frekar né heldur hvað hafi orðið af fyrri frv. sem hér kunna að hafa verið lögð fram.

Hvað varðar landgræðsluna og það sjónarmið að ný lög um landgræðslu og gróðurvernd hafi átt að koma hér fram, a.m.k. samhliða eða jafnvel á undan þessu, þá hef ég nýlega

sagt frá því úr þessum ræðustóli, hæstv. forseti, að það verkefni er nú í gangi í ráðuneytinu. Vissulega má segja að það hafi líka gengið hægar en æskilegt hefði verið. En þar er að störfum stefnumótunarnefnd sem er rétt u.þ.b. að ljúka starfi sínu. Ég geri ráð fyrir að sú skýrsla verði lögð fyrir búnaðarþing sem hefst nú um mánaðamótin þannig að það mál verði tekið til umfjöllunar á búnaðarþingi. Auðvitað er það ekki eini vettvangurinn þar sem þetta mikilvæga mál þarf að fá sérstaka skoðun en það er samt mikilvægur vettvangur og að það komist þar til umfjöllunar. Og þá er nú því miður nokkuð sýnt um það að frv. eða ný lög um landgræðslu koma ekki fyrir þetta þing sem nú situr því að svo skammur tími er eftir af störfum þess. En sú vinna er sem sagt í gangi og ég vona að það sé verk sem nýtist þeim sem við taka í landbrn. af þeim sem hér stendur, þó svo að sagan um fyrri endurskoðun skógræktarfrumvarpa bendi nú kannski ekki beint til þess að það sé alltaf svo, að vinna sem unnin er af þeim sem sitja í ráðuneyti á hverjum tíma nýtist í framhaldinu, því að það geta verið önnur sjónarmið eða önnur viðhorf uppi hjá nýjum stjórnendum.

Allra seinast spurði hv. 4. þm. Austurl. um væntanlegt frv. um mat á umhverfisáhrifum og hvernig það frv. tæki á þeim málum sem m.a. er fjallað um hér og minnti á umræður um Suðurlandsskóga í því efni. Ég hafði vænst þess að það frv. yrði komið inn í þingið en það er nú ekki svo, því miður. Frv. og einstök áhersluatriði í því eru enn til skoðunar og umfjöllunar milli ráðuneyta. Það er þó fyrir nokkru tilbúið af hálfu þeirra aðila sem unnu að endurskoðun á vegum umhvrn. Málið er því enn þá í frekari vinnslu en ég vona samt að ég geti lagt það frv. fram áður en þessu þingi lýkur, en mér sýnist nú ekki úr því sem komið er miklar líkur á því að það verði lögfest.

Þar er fjallað um þessi verkefni. Því miður er ég ekki með frumvarpsdrögin fyrir framan mig, þannig að ekki er auðvelt að gefa upplýsingar upp úr þeim eða greina frá frv. sem ekki er fullfrágengið þótt væntanlegt sé hér inn. En þar er fjallað um þessi mál og þar er talað um stærð verkefna sem þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Um þetta mál voru, eins og reyndar hefur komið fram áður í þinginu, nokkuð skiptar skoðanir í nefndinni, þ.e. hvort taka bæri á því á afgerandi hátt og þá hvernig það yrði gert í frv. um mat umhverfisáhrifum. Hv. þingmönnum er kunnugt um að ekki hefur verið alveg einhugur um það á hv. Alþingi. Ég held því að ég verði að bíða með að tjá mig um eða lesa upp úr því frv. eða geta um það hvernig það muni endanlega líta út þegar það kemur hér inn. Á þessu stigi er nú vonast til að það verði áður en þingstörfum lýkur í næsta mánuði.

[16:50]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir viðleitni til að svara spurningum og sjónarmiðum sem fram komu frá þeim sem hér talar. Ég vil láta koma fram að það getur auðvitað farið sæmilega að halda á þessum málum þannig að ekki leiði til óhæfilegrar togstreitu ef sami maður gegnir báðum ráðuneytunum, eins og gerst hefur undanfarið, þó að ég telji það síst til fyrirmyndar að setja það í hendur eins og sama ráðherra. En staðan er auðvitað öll önnur þegar tveir aðilar halda á þessu, þá getur orðið tvísýnt um sambúðina.

Þessi tvíhyggja sem núna er í löggjöf um verkaskiptingu milli umhvrn. og landbrn. í tengslum við gróðurvernd, og þá á ég sérstaklega við almenna gróðurvernd, kann ekki lukku að stýra til frambúðar. Ég held að hæstv. ráðherra hljóti að skynja það og geti sett sig í þau spor að staðan er öll önnur, kannski ólíkir flokkar sem þar standa að og mjög ólík sjónarmið. Þá færi betur að búið væri að gera þessi mál skilmerkilega upp og greina þarna á milli, jafnauðvelt og það í rauninni er, því að ég get ekki tekið undir að þetta sé flókið verk. Það eru alveg ljósir möguleikar til að greina þarna á milli og eftir slíka aðgreiningu mundi forvöltun lands og meðferð til ræktunar og búskapar meiri hluta lands á Íslandi falla undir landbrn. Það væri því ekkert verið að taka frá bændum í þeim skilningi, en kominn væri skýr vöktunaraðili varðandi undirstöðuna, jarðveg og gróðurríki landsins á vegum umhvrn.

[16:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki miklu við að bæta en ég get þó vissulega tekið undir að vel kann að vera að mitt viðhorf sé annað til þessara mála eftir að hafa setið í báðum ráðuneytunum, eins og hv. þm. benti á en miklu sennilegra er að svo verði ekki áfram, þó ekki væri nema bara með tilliti til þess hversu viðamiklir þessir málaflokkar eru hvor um sig. Reyndar á það nú held ég við um flest ráðuneyti, að ekki fer mjög vel á því að sömu ráðherrar gegni mörgum ráðherraembættum. Þessu hef ég lýst yfir áður, hæstv. forseti, úr þessum ræðustóli og get vel ímyndað mér að breytingar verði þar á hvað þetta varðar. En það er síðari tíma mál og annarra að taka ákvarðanir um það.

Ég held samt að það eigi ekki að þurfa að ráða úrslitum í þessu efni frekar en gerist bara með ýmsa aðra málaflokka sem skarast og átök kunna að vera um og á milli. Og stofnanir sem heyra undir ráðuneytin, t.d. umhvrn., Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun eru auðvitað stofnanir sem fylgjast með þessum málum, hafa ákveðin skilgreind hlutverk og verkefni og eiga auðvitað að gæta þess að hvaða starfsemi önnur sem er, t.d. í landbúnaði, hvort sem það er skógrækt eða aðrir þættir sem varða þann málaflokk, sé rekin og stjórnað þannig að ekki brjóti í bága við þau lög sem þessar stofnanir eiga að sjá um og fylgja eftir. Ég er því annarrar skoðunar en hv. þm. hvað það varðar að skipta þessum málaflokkum upp eða skipta þeim milli ráðuneytanna. Þó verð ég að segja að lokum — ég sé að tími minn er alveg að renna út — að mér fyndist að það kæmi frekar til álita í sambandi við landgræðslu og ýmis landbótaverkefni en með skógræktarverkefnin. Ég held að það væri fremur þar sem það gæti verið álitamál. Umræðuna um eina stofnun yfir allan þennan málaflokk þekkjum við og höfum tekið áður en ekki er tími til að ræða það sérstaklega.

[16:54]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það mun vafalaust líða einhver tími áður en við höfum gróðurvernd ríkisins sem stofnun sem haldi á mati og eftirliti, vöktun varðandi þennan undirstöðuþátt í landinu, undirstöðuna undir gróðurríki landsins. Ég held að rökin séu það skýr og ljós að það hljóti að koma að því að menn hverfi að því ráði að sameina þetta. Við sjáum það m.a. úr því frv. sem við förum væntanlega að ræða hér á eftir, frv. til laga um náttúruvernd, hversu veik fótfestan er hjá Náttúruvernd ríkisins í tengslum við þessi mál. Það segi ég vegna þess að hæstv. ráðherra var að vísa til þess að þær stofnanir geti sinnt því eftirlitshlutverki eða tryggt það að

þannig sé farið með landið að það bíði ekki tjón af. En það er ekki hollt að þessir þættir séu undir sama stjórnvaldi, það er ekki hollt fyrir neinn og staðan í landinu varðandi jarðveg og gróður og að sumu leyti meðferð landgræðslumála ber þess því miður merki.

Það er mikill áhugi hjá þjóðinni á þessum málum og því rík ástæða til að skipa þeim svo vel fari, einnig með tilliti til þess að fjármunir nýtist vel og sá árangur náist sem ágreiningur ætti ekki að vera um að keppa að.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 1. umr.

Stjfrv., 526. mál (gjaldskrá sveitarfélaga). — Þskj. 846. [16:57]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Núgildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir voru samþykkt á Alþingi í mars 1998 og eru því ekki nema rétt tæplega ársgömul. Frá því í vor hefur verið unnið að því í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga að koma lögunum til framkvæmda. Fljótlega komu fram óskir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga um að ráðherra gæfi ekki út hámarksgjaldskrá vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits, eins og kveðið er á um í 12. gr. laganna, heldur yrðu þessi mál í höndum sveitarfélaganna vegna sjálfsforræðis þeirra við framkvæmd þeirra verkefna sem þau önnuðust lögum samkvæmt eins og hér á við.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frv. þessu taka mið af því að sveitarfélögin geti án afskipta ráðuneytisins sett sér gjaldskrár fyrir eftirlitsskylda starfsemi en þar er um að ræða heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu og að ráðuneytið gefi út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga í stað þess að setja hámarksgjaldskrá. Samkvæmt frv. skal ráðherra skal ekki lengur setja hámarksgjaldskrá vegna eftirlitsskyldar starfsemi, sbr. 12. gr. laganna, heldur leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa. Viðurkennt er að kostnaður sveitarfélaga við eftirlit er mismunandi eftir svæðum, því sé ekki rétt að ráðherra setji svokallaða hámarksgjaldskrá. Með því að fela ráðherra að setja leiðbeinandi reglur er komið til móts við kröfur atvinnulífsins um samræmda uppbyggingu á gjaldskrám einstakra sveitarfélaga en ráðherra er ekki lengur falið að setja reglur um sjálfa gjaldtökuna, þ.e. upphæð gjalda. Gjaldtaka sveitarfélaga skal vera rökstudd þannig að um sé að ræða raunkostnað vegna veittrar þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Er þetta í samræmi við viðurkenndar reglur um innheimtu þjónustugjalda. Frv. snertir framkvæmd laganna með tvennum hætti, annars vegar með gjaldtöku fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og hins vegar með ýmiss konar gjaldtöku í framhaldi af samþykktum sveitarfélaga, svo sem um hundahald, kattahald og meðferð úrgangs og skolps o.s.frv.

Með framangreindum hætti yrði það hlutverk sveitarfélaganna að standa ábyrg fyrir gjaldtökumálum á öllum stigum og það yrði hvorki hlutverk ráðuneytisins að staðfesta slíkar gjaldskrár né birta, heldur sveitarfélaga sjálfra eða hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar fyrir þeirra hönd varðandi gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlitið.

Frv. það sem hér um ræðir er unnið að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og Vinnuveitendasamband Íslands og er samstaða um það eins og það er hér sett fram. Þá var leitað umsagnar hollustuháttaráðs, sem starfar skv. 17. gr. áðurnefndra laga.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir helstu breytingarnar sem lagðar eru til í frv., þ.e. að sett sé nokkurs konar viðmiðunargjaldskrá í staðinn fyrir hámarksgjaldskrána og að hér sé verið að fylgja eftir ósk sveitarfélaganna og haft hafi verið samráð við vinnuveitendur í því efni.

Ég legg áherslu á að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi svo unnt verði að setja leiðbeinandi reglur um gerð gjaldskráa sem einstök sveitarfélög geta byggt á við gerð gjaldskráa fyrir eftirlitsskylda starfsemi en þau mál hafa að undanförnu verið í nokkurri óvissu, m.a. vegna þessarar hugsanlegu breytingar sem mælt er fyrir og hér er lögð til.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. [17:00]

Útbýting þingskjals:

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 449. mál, svar utanrrh., þskj. 866.

Náttúruvernd, 1. umr.

Stjfrv., 528. mál (heildarlög). — Þskj. 848. [17:01]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um náttúruvernd sem flutt er á þskj. 848 og er 528. mál þingsins.

Lengi hefur verið talið brýnt að endurskoða lög og reglur um náttúruvernd hér á landi. Fyrstu heildarlögin um náttúruvernd voru sett árið 1956. Fimmtán árum síðar, árið 1971 voru aftur sett heildarlög um náttúruvernd. Þau giltu að mestu leyti til 1. jan. 1997, að gildandi lög nr. 93/1996 tóku gildi. Efnisreglur laganna hafa þó að mestu verið óbreyttar frá árinu 1971 og að nokkru allt frá árinu 1956. Því er löngu kominn tími til að sett verði ný lög um náttúruvernd, sem taki m.a. mið af breyttum aðstæðum og áherslum í umhverfismálum og ekki síður öðrum lögum á sviði umhverfisréttar.

Í upphafi þessa kjörtímabils setti ég mér það markmið að ljúka endurskoðun laga um náttúruvernd á kjörtímabilinu. Ég ákvað í upphafi að skipta endurskoðuninni í tvennt og endurskoða í byrjun stjórnsýsluþátt náttúruverndarlaganna og hins vegar efnisþætti þeirra.

Á 120. löggjafarþingi lagði ég fram frv. til laga um náttúruvernd, sem samið var af starfshópi undir formennsku aðstoðarmanns míns, Guðjóns Ólafs Jónssonar, en hópinn skipaði ég til að endurskoða stjórnskipan náttúruverndarlaganna. Varð frv. að lögum nr. 93/1996, eins og áður sagði, en við gildistöku þeirra urðu verulegar breytingar á stjórnsýslu náttúruverndarmálanna.

18. okt. 1996 skipaði ég síðan 15 manna nefnd undir formennsku Guðjóns Ólafs til að endurskoða efnisákvæði náttúruverndarlaga. Í nefndinni áttu sæti hv. þingmenn Gísli S. Einarsson, Kristín Halldórsdóttir og Ólafur Örn Haraldsson og Tómas Ingi Olrich. Auk þeirra sátu m.a. í nefndinni

fulltrúar stofnana umhvrn., Bændasamtaka Íslands, Ferðamálaráðs, Sambands ísl. sveitarfélaga, Landverndar og samstarfsnefndar útivistarfélaga, en nefndarmenn eru taldir upp í I. kafla almennra athugasemda við frv. á bls. 19.

Nefndin lauk störfum nú í desember og skilaði af sér drögum að frv. Það frv. sem er til umræðu er að mestu byggt á tillögum nefndarinnar.

Eins og hv. þm. geta séð hefur nefndin unnið gríðarmikið og gott starf á undanförnum missirum og ég tel vafalaust að samþykkt þessa frv. yrði þingi og þjóð til mikils sóma. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim hv. þm. sem tóku þátt í störfum nefndarinnar svo og öðrum nefndarmönnum fyrir vel unnin störf.

Frv. skiptist í níu meginkafla. Í þeim fyrsta er að finna ákvæði um markmið laganna, gildissvið og skilgreiningar. Í II. kafla er fjallað um stjórn náttúruverndarmála og í þeim þriðja um almannarétt, umgengni og útivist. Í IV. kafla er að finna ákvæði um rekstur náttúruverndarsvæða og í V. kafla ákvæði um landslagsvernd og fleira. Í VI. kafla er fjallað um nám jarðefna, í þeim VII. um friðlýstar náttúruminjar og í VIII. kafla um náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá. Loks eru ýmis ákvæði í IX. kafla frv.

Ég mun nú stikla á stóru um helstu atriði frv. og vísa að öðru leyti til ítarlegra athugasemda við það.

Ekki þykja efni til að rekja sérstaklega ákvæði II. kafla laganna. Í II. kafla eru ákvæði um stjórn náttúruverndarmála. Er þar að mestu um að ræða sambærileg ákvæði og í gildandi lögum. Yfirstjórn náttúruverndarmála verður í höndum umhvrh. en honum er gert að hafa samráð við ýmsa aðila um stefnumótun og framkvæmdir. Undir umhvrh. starfar Náttúruvernd ríkisins. Í frv. er lagt til að ekki verði sérstök stjórn yfir stofnuninni og er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um einfaldari stjórnsýslu og aukið vald forstjóra. Einnig hafa t.d. nýlega verið lagðar af stjórnir Hollustuverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands, svo dæmi sé tekið.

Ákvæði um hlutverk stofnunarinnar er að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Í 8. gr. frv. er mælt fyrir um skipan Náttúruverndarráðs. Sú breyting er lögð til frá gildandi lögum að ekki er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun tilnefni mann til setu í ráðinu, þess í stað verði fulltrúum, kosnum á náttúruverndarþingi fjölgað um einn og verði fjórir í stað þriggja eins og nú er.

Í III. kafla er að finna ítarlegar reglur um almannarétt, umgengni og útivist. Óhætt er að segja að reglur um almannarétt séu rýmkaðar mjög samkvæmt frv. Þannig verður för um óræktað land, hvort sem það er girt eða ógirt, mönnum heimil án sérstaks leyfis eiganda lands. Samkvæmt gildandi lögum er mönnum því aðeins heimil för um óræktað land án leyfis að það sé ógirt.

Þá er í III. kafla enn fremur að finna ákvæði um umferða hjólandi manna og ríðandi. Lagðar eru til skýrar reglur um bann við akstri utan vega í 17. gr. Þá er í 20.–21. gr. að finna ákvæði um heimild manna til að slá upp tjöldum og takmarkanir þar á.

Þá vil ég enn fremur nefna í þessu sambandi ákvæði 24.–27. gr. um tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs. Meginreglan er sú að í þjóðlendum og afréttum verður öllum heimil tínsla en í eignarlöndum er tínsla háð leyfi eiganda eða rétthafa lands, nema tínt sé til neyslu á vettvangi.

Um rekstur náttúruverndarsvæða er fjallað í IV. kafla frv. Er þar að mestu um að ræða sambærilegar reglur og í gildandi lögum.

Í V. kafla er að finna merkilegt nýmæli um landslagsvernd og fleira henni tengt. Meginatriðið í þeim efnum er að náttúruverndaryfirvöldum er ætlað að koma að málum þegar á skipulagsstigi í stað þess að vera sífellt að reyna að bjarga málum þegar í óefni er komið. Þannig er í 33. gr. mælt fyrir um að leitað skuli umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim. Jafnframt á að leita umsagnar þessara aðila við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt ákvæði um hönnun stórra mannvirkja og ræktun er að finna í 35. og 36. gr. frv. Í 37. gr. er að finna merkilegt nýmæli. Þar er lagt til að tilteknar landslagsgerðir njóti sérstakrar verndar og verði forðast að raska þeim eins og kostur er. Áður en veitt er byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun þessara landslagsgerða þarf sveitarstjórn að leita umsagnar náttúruverndarnefndar og þegar ástæða er til Náttúruverndar ríkisins.

Þær landslagsgerðir sem hér um ræðir eru í fyrsta lagi eldvörp, gervigígar og eldhraun, í öðru lagi stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m að stærð eða stærri, í þriðja lagi mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, í fjórða lagi fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, og í fimmta lagi sjávarfitjar og leirur.

Rétt er að ítreka að ekki er ætlunin að koma í veg fyrir að þessum landslagsgerðum verði raskað með framkvæmdum heldur að hvetja menn til umhugsunar og aðgæslu áður en til framkvæmda kemur.

Af öðrum ákvæðum V. kafla vil ég vekja athygli á 40. gr. um vernd steinda, og í 41. gr. um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera. Um þau efni er fjallað ítarlega í atugasemdum við frv. Samkvæmt 1. mgr. 41. gr., er umhvrh. veitt heimild til að kveða á í reglugerð um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi. Þar má m.a. birta skrá yfir tegundir sem óheimilt er að flytja til landsins og jafnframt tegundir sem rækta má hér á landi og sleppa í villtri náttúru. Sérstök sérfræðinganefnd skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um þessi mál, sbr. 2. mgr. 41. gr.

Í VI. kafla frv. er að finna ákvæði um nám jarðefna. Þau mál hafa lengi verið í nokkrum ólestri víða á landinu og brýnt að taka á þeim málum. Í frv. eru heimildir til efnistöku þrengdar frá því sem er og ábyrgð heimamanna aukin. Í frv. er gert ráð fyrir að öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga verði háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar. Áður en leyfi er veitt þarf að liggja fyrir umsögn náttúruverndarnefndar og Náttúruverndar ríkisins. Rétt er þó að vekja athygli á að skv. 3. mgr. 47. gr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota.

Í 48. og 49. gr. er að finna ítarlegar reglur um áætlun um efnistöku og frágang efnistökusvæða að lokinni efnistöku en þar hefur því miður oft orðið nokkur misbrestur á. Í þessu sambandi vil ég einnig vekja athygli hv. þingmanna á ákvæði til bráðabirgða II, þar sem lagt er til að Náttúruvernd ríkisins, í samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og framkvæmdaraðila, geri tillögur um frágang efnistökusvæða sem hætt er að nota og þeirra sem eru nú í notkun en ekki liggur fyrir áætlun um frágang á. Er stofnuninni ætlað að

hafa umsjón með frágangi svæðanna og skal honum lokið eigi síðar en árið 2003.

Í VII. kafla frv. er fjallað um friðlýsingu náttúruminja. Friðlýstar náttúruminjar skiptast í fimm flokka, þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti á landi og í hafi, friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi og loks fólkvanga. Reglur um friðlýsingu hafa verið samræmdar og einfaldaðar frá gildandi lögum jafnframt því sem tekið hefur verið mið af lagaþróun síðustu ára.

Í þessu sambandi bendi ég sérstaklega á ákvæði 54. gr. þar sem sérstaklega er kveðið á um friðlýsingu náttúrumyndana í hafi. Að öðru leyti skýra ákvæði kaflans sig sjálf og ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þau frekar.

Í VIII. kafla er að finna nýmæli um náttúruverndaráætlun sem gert er ráð fyrir að umhvrh. leggi á fimm ára fresti fyrir Alþingi. Hér er um merkilegt nýmæli að ræða sem mun ugglaust leiða til meiri og vandaðri umfjöllunar um náttúruverndarmál, bæði hér á hv. Alþingi og í þjóðfélaginu almennt. Náttúruverndaráætlun skal geyma glöggar upplýsingar um náttúruminjar og taka m.a. til helstu tegunda, búsvæða og vistkerfa, jarðmyndana og ósnortinna víðerna. Um efni áætlunarinnar er nánar kveðið á um í 66. gr. frv. Í kjölfar náttúruverndaráætlunar mun umhvrh. gefa út náttúruminjaskrá, sbr. nánar ákvæði 67. og 68. gr. frv.

Í IX. kafla frv. eru ýmis ákvæði sem ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla sérstaklega um.

Hæstv. forseti. Ég hef rakið í nokkru máli meginefni frv. til laga um náttúruvernd. Ég tel löngu kominn tíma til að þjóðin eignist ný lög um náttúruvernd sem taki mið af auknu vægi umhverfismála í samfélaginu, lagaþróun á þeim vettvangi og ekki síður vaxandi útivist og umgengni mannsins við náttúruna. Ég leyfi mér að fullyrða að hér sé um tímamótafrumvarp að ræða þar sem tekið er á málum af meiri alvöru og festu en áður hefur verið. Þó seint sé hefur mér þó tekist að leggja þetta frv. fyrir þingið, hvort sem okkur tekst að afgreiða það á þeim skamma tíma sem enn lifir af þessu þingi, og er þá enn ítrekað og áréttað það sem hefur komið fram í máli hæstvirtra ráðherra og hv. þingmanna í umræðum fyrr á þessum degi um það að hér eru mörg stórmál til umræðu sem koma því miður seint fram og verður auðvitað að koma í ljós hversu þinginu tekst að koma þeim málum áfram og hvort tekst að lögfesta þau þó að það væri vissulega æskilegt.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Frestun umræðu um náttúruvernd.

[17:13]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Er hægt að fá uppgefnar ástæður fyrir því að frestað er umræðu um þetta mál hér og nú, mál sem menn hafa væntanlega búið sig undir að taka þátt í umræðum um og vera viðstaddir? Mér sýnist að nokkuð brýnar ástæður þurfi til þess ef fresta á umræðu um málið, en það er eingöngu þetta sem ég vildi óska eftir að fá upplýsingar um.

[17:14]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að hv. þm., sem höfðu hugsað sér að taka þátt í umræðunni en geta ekki verið viðstaddir, hafa óskað eftir því að umræðunni verði ekki lokið þannig að forseti telur eðlilegast að umræðan fari fram öll í einu lagi.

[17:14]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég skil vel að þingmenn sem ekki hafa haft aðstæður til að vera á þingfundi, óski eftir því að umræðunni verði frestað þannig að þeir geti komist að. En ég skil ekki rökin fyrir því eða skynsemina í því að hæstv. ráðherra mæli fyrir máli og umræða geti ekki haldið áfram svo lengi sem eftirspurn er eftir orði af viðstöddum hv. þm., eins og mjög er tíðkað. Hvet ég hæstv. forseta til að endurskoða þessa ákvörðun. Ég tel það ósanngjarnt gagnvart þeim þingmönnum sem hafa haldið út setu í þinginu fram eftir degi og búið sig undir að taka þátt í umræðu um þetta mál og kunna að eiga aðstæður sem mæli gegn því að þeir verði þátttakendur þegar málið kemur aftur á dagskrá. Ég hvet því hæstv. forseta eindregið til að hleypa að þeim sem hafa óskað eftir að tala nú í málinu.

[17:16]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti getur því miður ekki orðið við þessari ósk sem hér er fram borin af hv. þm. Niðurstaðan var að fresta þessari umræðu. Forseta þykir miður ef það raskar mjög áætlunum hv. þingmanna sem hafa setið hér þingfundi og undirbúið sig undir þessa umræðu.

[17:16]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það tjáir ekki að deila við dómarann. Mér er það ljóst. Ég vil aðeins taka undir þau orð sem hv. 4. þm. Austurl. hefur haft hér um þessa skipan mála. Mér var þetta ekki ljóst fyrr en rétt núna að svo gæti farið að við kæmumst ekki að í þessari umræðu. Mér þykir mjög miður að hún skuli slitin í sundur á þennan hátt því ljóst er að ekki verður þingfundur fyrr en á fimmtudaginn kemur og þá er liðin næstum vika frá því að hæstv. ráðherra mælti fyrir málinu. Ég tel þetta ekki til þess að auka líkurnar á því að málið fái nokkra umfjöllun í nefnd nú í vor, og e.t.v. var það alls ekki ætlunin þó að hæstv. ráðherra hefði nú látið þá ósk í ljós í sínu máli.

Ég býst við að hér séum við enn einu sinni að verða vitni að því að hæstv. ráðherrar stjórna því hvernig þingstörfum er háttað á þessari samkundu. Ég vil aðeins gera athugasemd við þessa skipan mála og lýsa vonbrigðum mínum.

[17:18]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins vegna orða seinasta hv. þm. um aðkomu ráðherra að málunum. Ég verð að upplýsa að það kom mér jafnmikið á óvart og hv. þingmönnum að umræðum yrði frestað á þessum tíma núna. Ég hefði auðvitað óskað eftir því og talið æskilegt að hægt hefði verið að ljúka umræðunni, a.m.k. að henni hefði mátt halda fram. En það er auðvitað ekki hægt. Ég virði það að einstakir þingmenn sem einhverra hluta vegna hafa ekki getað verið viðstaddir og tekið þátt í umræðunni hafi óskað eftir því að fá tækifæri til þess síðar, þó að það sé spurning samt sem áður hvort einhverjar slíkar aðstæður geti heft framgang þingmála. En

það er margviðtekin venja að taka mið af því og taka tillit til þess og ég er alls ekki að leggjast gegn því. En ég hefði gjarnan viljað að umræðunni hefði haldið fram og helst að henni hefði lokið, samanber það sem ég sagði sem lokaorð í máli mínu við framsöguna áðan vegna orða hv. þm. sem talaði næst á undan.

[17:19]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í raun hafa engin rök komið fram af forsetastóli um það hvers vegna á þetta ráð er brugðið, engin rök. Ég hefði kosið að það kæmu fram rök í málinu. Hér er mjög óvenjulega á máli haldið. Hitt er algengt að umræðu sé frestað vegna þess að einhverjir þingmenn sem af gildum ástæðum hafa ekki getað verið viðstaddir en vilja tjá sig og eiga þess síðan kost.

En ég vil vekja athygli á því, virðulegur forseti, að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem mælt hefur verið fyrir og ef áformið var að haga málinu svona í þinginu þá átti hæstv. ráðherra að spara sér það að mæla fyrir málinu. Það er auðvitað ekki hans heldur hæstv. forseta að ráða dagskrá og hverjir tala hér úr stólnum.

Ég vil bæta því við, virðulegur forseti, að það gerðist í þessu máli að viku áður en frv. var lagt fram á þingi var það kynnt af hæstv. ráðherra á blaðamannafundi en var hins vegar ekki í höndum okkar þingmanna fyrr en fyrir tveimur dögum eða svo. Þannig að þeir sem ekkert þekktu til málsins né höfðu komið að því höfðu engar aðstæður til þess að tjá sig um málið á opinberum vettvangi. Og nú á enn að draga það að menn geti sagt álit sitt á þessu máli hér á vettvangi þingsins.

Þetta finnst mér slæmt og ég trúi ekki öðru en hæstv. forseti greini okkur frá því hvað er svo brýnt hér að taka fyrir að megi ekki haga málum eins og eðlilegt má teljast.

[17:21]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti frestar þessari umræðu um stund og frestar 15. dagskrármálinu. Forseti vill leitast við að ná samkomulagi um þetta mál með hliðsjón af þeim athugasemdum sem hér hafa komið fram.

Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 242. mál. — Þskj. 273.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskóli, 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 271. mál (fulltrúar nemenda). — Þskj. 309.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á læsi fullorðinna, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ og ÞHS, 280. mál. — Þskj. 326.

[17:22]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um könnun á læsi fullorðinna, sem er 280. mál þessa þings.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta fara fram könnun á læsi Íslendinga. Könnunin verði gerð á árunum 1999 og 2000 og taki til fólks á aldrinum 18–67 ára. Við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins.“

Tillögunni fylgir eftirfarandi greinargerð:

Í rannsókn á duldu ólæsi meðal Dana á aldrinum 18–67 ára frá árinu 1995 kom m.a. fram að um 12% úrtaksins áttu í umtalsverðum lestrarerfiðleikum og 23% til viðbótar lentu í erfiðleikum við lestur ákveðinna texta. Ekki er vitað nákvæmlega hve margir fullorðnir hérlendis stríða við þennan vanda sem jafna má við alvarlega fötlun í nútímasamfélagi. Miðað við þær kannanir sem til eru á stöðu barna og ungmenna og samanburði við sömu aldurshópa hjá Dönum má þó gera ráð fyrir að niðurstöður úr sambærilegri könnun hér á landi gæfu álíka niðurstöðu. Það er að segja, herra forseti, að um 20 þúsund Íslendingar á aldrinum 18–67 gætu átt í umtalsverðum lestrarerfiðleikum.

Flestir Íslendingar ná því að verða læsir á barnsaldri. Hins vegar er alltaf tiltekinn fjöldi í hverjum aldurshópi sem ekki nær tökum á lestri í skóla eða þeirri færni sem til þarf til að kallast læs, hvað þá vel læs. Í inngangi að skýrslu um læsi íslenskra barna frá 1993 er tekið fram að engar rannsóknir séu til, svo vitað sé, á læsi fullorðinna hér á landi. Sú rannsókn sem skýrslan greinir frá leiðir hins vegar í ljós að 5–10% fjórtán ára unglinga eiga í verulegum erfiðleikum með að skilja fræðsluefni sem þeir lesa, auk þess sem líkur benda til að 10% til viðbótar skilji textann ekki nægilega. Upplýsingar sem Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands hefur aflað með prófunum á nemendum í 9. bekk grunnskóla benda til þess að um 15% nemenda séu í áhættu með tilliti til dyslexíu og að um 10% eigi við alvarlegan lestrar- og/eða stafsetningarvanda að etja.

Þeir sem starfa í grunnskólum hafa reynslu af því að í 20–30 barna bekkjardeild megi að jafnaði gera ráð fyrir að tvö til þrjú börn eigi við alvarlegan lestrarvanda að etja. Um gæti verið að ræða nærri 4.000 grunnskólanemendur á landinu öllu. Skólarnir reyna að taka á lestrarvanda nemenda sinna með sérkennslu en aðstæður þeirra til þess eru mismunandi og umtalsverður hópur útskrifast úr grunnskóla árlega án þess að hafa náð fullnægjandi tökum á lestri eða skrift. Ef þessir einstaklingar reyna við framhaldsskólanám er hætt við að þeir falli fljótlega úr slíku námi. Flestir framhaldsskólar kanna reyndar orðið getu nemenda sinna í lestri og stafsetningu og reyna að bregðast við, enda er þeim gert samkvæmt lögum að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Kannanir hafa gefið vísbendingar um að allt að fimmtungur framhaldsskólanema eigi í lestrarörðugleikum.

Herra forseti. Það er samt svo að ákveðinn hópur nemenda nær tökum á framhaldsskólanámi þrátt fyrir þessa fötlun. Í gærkvöldi stóð Félag háskólanema með dyslexíu fyrir skemmtikvöldi í Þjóðleikhúskjallaranum. Á þeim vettvangi, þ.e. í háskólanum, eru nemendur sem þurfa að berjast við þessa fötlun að stilla saman sína strengi til þess að gera

kröfur um aukna þjónustu, að fá hljóðbækur og efni við hæfi til þess að þeim sækist námið með eins og öðrum, en hingað til hefur ekki, hvorki af hálfu skólanna né lánasjóðsins, verið tekið tillit til þess að nemendum sem eiga við dyslexíu að stríða sækist nám eðlilega mun hægar en gerist og gengur.

Athygli vakti fyrir nokkrum árum þegar Iðnskólinn í Reykjavík tók upp námskeið í lestri fyrir nemendur skólans. Þau voru tekin upp í kjölfar könnunar sem gerð var í lestri og lesskilningi. Sú kennsla hefur leitt í ljós að unnt er að ná árangri með lesþjálfun þótt viðkomandi sé kominn af barnsaldri og rannsóknir hafa jafnframt sýnt að framhaldsskólanemar geta náð verulegum árangri í lestri með markvissri þjálfun. Ætla má að sama geti átt við um fullorðið fólk.

Í nýrri skólastefnu er stefnt að því að taka á málefnum barna með „sértæka lesröskun" eins og það er kallað þar, t.d. með lesskimun og greiningu við upphaf grunnskólagöngu. Það er góður ásetningur og mun með aukinni sérkennslu og hærra hlutfalli menntaðra kennara í grunnskólunum verða til þess að fleiri börn fá þjónustu við hæfi og auka þannig líkur á því að fleiri börn ljúki grunnskóla betur læs.

Nú þegar aldamótin nálgast erum við að ganga inn í það sem kallað hefur verið upplýsingasamfélag. Það byggist á mikilvægi upplýsinga í leik og starfi og í allri framþróun, sem og nýtingu margvíslegrar tækni til að svo megi verða. Mikilvægt er að fólk hafi færni til að takast á við ný og fjölbreytt verkefni sem slíkum þjóðfélagsbreytingum fylgja. Forsenda þess að geta verið þátttakandi í slíkum breytingum er að geta lesið og er það mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr. Vegna nýrrar tækni og krafna um meiri lestur og skráningu alls kyns upplýsinga detta einstaklingar út af vinnumarkaði og komast ekki inn aftur, einstaklingar sem gátu tekist á við ýmis störf sem ekki kröfðust lestrar og skráningar með sama hætti og í jafnríkum mæli og á tölvuöld. Að verða læs er einn af undirstöðuþáttum mannréttinda og jafnframt er það krafa sem þjóðfélagið gerir til þegna sinna.

Lengi hefur verið goðsögn á Íslandi að hér séu allir læsir. Bókmenntaþjóðin vill trúa því að hún sé læs og lesi mikið. Það á þó ekki við um alla landsins þegna. Ekki fá allir við lestur notið þeirra bókmenntaperlna sem gera okkur að þjóð né alast öll börn upp á heimilum þar sem bækur skipa öndvegi. Þegar barnafræðsla hófst og langt fram á þessa öld var gert ráð fyrir því að börn kæmu læs að heiman þegar þau hæfu barnaskólanám. Gamlir kennarar minnast þess þó að misbrestur hafi verið á slíku og þá, eins og nú, gerðist það að ungmenni luku skólagöngu án þess að ná tökum á lestri. Á meðan samfélagið var lítt tæknivætt og margar hendur þurfti til framleiðslunnar var það ekki jafnalvarlegt fyrir einstaklinginn þótt hann kynni ekki að lesa eða væri treglæs. Þetta er gjörbreytt. Læsi er grundvallarforsenda þess að þegnarnir fái þrifist í samfélagi sem tekur örum breytingum og á vinnumarkaði þar sem einstaklingarnir þurfa sífellt að takast á við nýja aðstæður vegna breyttrar tækni og viðurkennt er að menntun lýkur aldrei. Hvaða möguleika á óláes einstaklingur á slíkum vinnumarkaði?

Flutningsmenn tillögunnar, ég og hv. þm. Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, leggja hins vegar áherslu á að læsi fullorðinna Íslendinga verði kannað svo traust vitneskja liggi fyrir um hve margir eigi við þennan alvarlega vanda að etja. Í grg. með tillögunni er vísað til könnunar Dana á duldu ólæsi þar í landi. Við flutningsmenn teljum að þá könnun mætti nota sem fyrirmynd. Við ákvarðanir um hvernig við verður brugðist ætti að líta til þess sem gert hefur verið til að kenna fullorðnu fólki að lesa, bæði hér og annars staðar. Þá væri eðlilegt, bæði við undirbúning og framkvæmd þessarar könnunar á læsi fullorðinna, að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins. Ljóst má vera að til þeirra kasta kæmi á einhvern hátt þegar niðurstöður liggja fyrir og ákvarðanir verða teknar um hvernig við skuli brugðist.

Ljóst er, herra forseti, að þetta mál er nokkuð knýjandi. Það veit ég af þeim viðbrögðum sem tillagan fékk þegar hún var kynnt í fjölmiðlum. Ótrúlega margir eiga við þennan vanda að etja eða vita af öðrum ólæsum. Það að vera ólæs í samfélagi okkar er meira feimnismál en nokkurn getur grunað.

Ég vænti þess, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 528. mál (heildarlög). — Þskj. 848.

[17:32]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu að hér höfum við loks í höndunum fullbúið frv. til laga um náttúruvernd. Um leið hlýt ég harma og gera athugasemd við hve seint það er fram komið. Það er ekki skemmtilegt að þurfa að tönnlast á þessu atriði aftur og aftur hér í þingsölum. Það er hvorki skemmtilegt né líklegt til frjórra umræðna en því miður óhjákvæmilegt vegna þess að hér er um svo mikilvægt mál að ræða. Alla þá tíð sem ég hef starfað á hv. Alþingi hefur þessi þáttur þingstarfanna valdið okkur angri og óþægindum, þ.e. seinlæti hæstv. ráðherra við að koma til þingsins stórum og mikilvægum málum sem þurfa og verðskulda ítarlega og vandaða umfjöllun í nefnd.

Þingið hefur ítrekað reynt að taka á þessum vanda, setja reglur um síðustu forvörð við framlagningu mála og þar fram eftir götum. Auðvitað þarf alltaf varnagla til að skapa svigrúm og blessaðir hæstv. ráðherrar eru duglegir að nota sér þá varnagla.

Eins og okkur er öllum ljóst eru nú aðeins örfáir dagar eftir af þessu þingi samkvæmt starfsáætlun en við erum fyrst núna að fá þetta mikilvæga mál til umfjöllunar. Ég get ekki annað en harmað það og gagnrýnt vegna þess að ég og fjölmargir aðrir höfðum vonast til og beðið eftir að sett yrði ný löggjöf um náttúruvernd á þessu kjörtímabili, eins og heitið hafði verið.

Ég sat í þeirri ágætu nefnd sem undirbjó þetta frv., eins og fram kemur í grg. Það var vissulega bæði fróðlegt og skemmtilegt starf sem stóð með nokkrum hvíldum í heil tvö ár. Eins og nærri má geta voru skoðanir skiptar um mörg atriði í þessu starfi og formanni auðvitað mikill vandi á höndum að miðla málum og ná þokkalegu samkomulagi um endanlega niðurstöðu. Því má ljóst vera að í þessu frv. er um nokkra málamiðlun að ræða og í sumum tilvikum er ekki einu sinni hægt að tala um málamiðlun heldur urðu einstakir nefndarmenn í algjörum minni hluta með afstöðu sína eins og gengur. Þannig eru einstakar greinar frv. þess eðlis að a.m.k. sú sem hér stendur er hreinlega andvíg þeim. Sjálfsagt má einnig segja hið sama um aðra nefndarmenn, að þeir hafi verið ósáttir við einstakar greinar frv.

Sum þessara atriða voru til umfjöllunar fyrir þremur árum þegar stjórnskipulagsþáttur náttúruverndarlaganna var til meðferðar í þinginu. Þá skiluðum við hv. þm. Hjörleifur Guttormsson séráliti með miklum athugasemdum sem ég hafði að sjálfsögðu sem veganesti í vinnu nefndarinnar sem undirbjó frv. sem við ræðum nú. Rétt er þó að taka strax fram að ég tel þetta frv. horfa til verulegra framfara í málefnum náttúruverndar og til að gera almenningi auðveldara að fara um landið og njóta náttúrunnar. Ég mun nota þann tíma sem ég hef til þess að fara yfir örfá atriði frv. og gera grein fyrir því sem ég tel að megi vera öðruvísi og betra. Skylt er að geta þess að mörg atriði sem ég benti á og lagði áherslu á í þessu mikla starfi voru tekin til greina. Ég ætla ekki að fara að tefja tímann með því að fara yfir þau. Ég ætla að reyna að fara yfir þessi atriði í réttri röð, þ.e. eftir númerum frumvarpsgreinanna, en það er ekki endilega eftir mikilvægi þessara atriða því að hér er vitanlega um misjafnlega þungvæg atriði að ræða.

Fyrst er til að taka 1. gr., um markmið þessara laga. Á síðustu stigum nefndarstarfsins var þeim lokaorðum greinarinnar bætt aftan við í 3. mgr., að lögin skuli stuðla að nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Mér finnst þessi hluti málsgreinarinnar orka tvímælis. Þótt ég sé auðvitað sammála því að nýting auðlinda eigi að vera á grundvelli sjálfbærrar þróunar þá finnst mér ekki endilega að þetta eigi heima í lögum um náttúruvernd. Þessi lagasetning snýst um náttúruvernd og að hluta um nýtingu, um hvernig skuli njóta landsins, fara um það og um efnistöku o.fl. Í því samhengi hljótum við að spyrja um sjálfbæra þróun, þ.e. í sambandi við efnistöku. Fyrst og fremst fannst mér skorta á að þetta atriði væri fullrætt í nefndinni. Ég vil beina því til hv. umhvn., ef hún hefur á annað borð tíma til að fara yfir þetta mál, að þetta verði rætt vel í nefndinni.

Ég vil aðeins nefna 3. gr., þar sem fjallað er um skilgreiningar. Á ákveðnu stigi nefndarstarfsins var til umræðu að skilgreina orðið „hálendi" sem er reyndar notað sums staðar í þessu frv. Í 16. gr. þess ef ég man rétt, þar sem fjallað er um umferð ríðandi manna. Hins vegar er eitthvað misjafnt hvernig menn vilja skilgreina orðið hálendi. Talað hefur verið um að hálendið væri land, um 400 m yfir sjó, og mér fyndist gott að hafa slíka skilgreiningu inni í þessari skilgreiningargrein, þ.e. 3. gr. frv.

Ég vil einnig nefna að ég vakti máls á því hvort ekki væri rétt að hafa í greininni skilgreiningu orðanna „friðun" og „vernd". Þá er ég að vísa til orða í markmiðsgrein laganna þar sem m.a. er fjallað um verndun og víða í frv. um friðun. Eins og við flest skiljum þessi orð hefði ég a.m.k. talið ágætt að fram kæmi að með vernd sé leitast við að tryggja óbreytt ástand, en með friðun sé leitast við að tryggja þróun náttúrunnar eftir eigin lögmálum. En það varð ekki niðurstaða í þessu máli.

Í 4. og 5. gr. er fjallað um stjórn þessara mála. Við þekkjum að hart var um það deilt fyrir þremur árum þegar breytt var lögum um náttúruvernd og tekið á skipulagsþættinum. Nú er breytt talsvert um stíl frá þeim tíma. Í 4. gr. er m.a. fjallað um mótun stefnu í náttúruvernd. Þar eru nefnd til sögunnar fræðsluyfirvöld, samkvæmt því sem ég lagði til, en einnig er stefnt að því að við mótun stefnu í náttúruvernd og framkvæmdir og fræðslu á því sviði skuli ráðherra hafa samráð við Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnunina, Orkustofnun, Náttúruverndarráð, Skipulagsstofnun, Ferðamálaráð, fræðsluyfirvöld, bændur og aðra landnotendur, sveitarstjórnir og samtök áhugamanna um náttúruvernd og útivist eftir því sem við á hverju sinni.

Þarna hefði ég talið ástæðu til að fara betur í málið. Ég spyr mig hvers vegna Orkustofnun eigi að vera þarna, hagsmunaaðilar eins og Orkustofnun og Ferðamálaráð. Sömuleiðis spyr ég hvort bændur og aðrir landnotendur eigi að vera í þessum hópi, hvort sveitarstjórnir geti ekki séð um þann þátt málsins. Það ætti að duga í þessu tilliti. Þetta eru allt saman atriði sem þarf að fara yfir.

Í 5. gr. er heldur betur nýmæli því að nú er lögð niður sú stjórn sem var sett á stofn við lagasetninguna árið 1996. Út af fyrir sig harma ég það ekki. Ég studdi að þetta yrði frekar gert á þann máta þar sem stjórnin var mjög einkennilega skipuð, eins og menn kannski muna. Samgrh. var t.d. blandað inn í það mál þannig að ég held að þetta sé skárra eins það er hér. Ég vil þó nefna að með skipun forstjóra eru sett þau skilyrði að hann skuli hafa háskólamenntun og sérþekkingu sem nýtist honum í starfi. Ég lagði til að þarna stæði: „Hann skal hafa þekkingu á sviði náttúrufræða og stjórnunar." Ég tel mikilvægt að hugað sé að því að þeir sem stjórna á sviði náttúruverndar hafi þekkingu á sviði náttúrufræða. Það er ekki nóg að tiltaka orðið „háskólamenntun" í þessu samhengi.

Tímans vegna þori ég ekki að fjalla mikið meira um þetta þó ástæða væri til þess. Í næstu grein er fjallað um hlutverk Náttúruverndar ríkisins. Náttúruvernd ríkisins er ekki ætlað neitt smáhlutverk. Ég óttast að ekki sé skilningur á hversu mikil verkefni og stórt hlutverk Náttúruvernd ríkisins er ætlað að hafa með höndum, m.a. með tilvísun til umsagnar fjmrn. um frv. til laga um náttúruvernd. Ég bið hv. þingmenn að kynna sér niðurstöðu fjmrn. í umsögn þeirra og velta fyrir sér hversu skilningsrík hún er en í lokaorðum stendur:

„Alls er talið að útgjöld aukist til jafnaðar um nálægt 2–3 millj. kr. á ári verði frumvarpið að lögum en á móti fellur niður 1,5 millj. kr. kostnaður við stjórn Náttúruverndar ríkisins. "

Kostnaðarauki er ein og hálf milljón. Það leiðir kannski hugann að því að svo virðist sem fjmrn. telji að fjármögnun þeirra verkefna sem Náttúruvernd ríkisins hefur með höndum sé í góðu horfi. Ef menn muna þá umræðu sem hér fór fram í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár þá voru þau verkefni sem Náttúruvernd ríkisins hefur með höndum og telur ólokið það mörg að hún telur sig þurfa um 160 millj. kr. til þess að geta farið í þau.

Í 8. gr. er fjallað um Náttúruverndarráð og ég er mjög ósátt við hvernig Náttúruverndarráð er skipað. Ég hefði talið að það væri miklu nær að náttúruverndarþing hefði meira vægi í því sambandi og lagði það til að umhvrh. skipaði aðeins þrjá þeirra níu manna sem eiga að skipa Náttúruverndarráð, einn að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, einn að fenginni tillögu Skipulagsstofnunar og einn án tilnefningar, en sex yrðu kosnir á náttúruverndarþingi. Ég held að ég þurfi ekki að rökstyðja það miklu meira, en því miður held ég að ljóst sé að Náttúruverndarráð er í rauninni bitlítið tæki vegna fjárskorts og skilningsleysis á því hlutverki sem það ætti að gegna, og væri hægt að fara um það mörgum orðum.

Þá ætla ég að fara yfir í 12. gr. Sú grein fjallar um réttindi og skyldur almennings. Og þar stendur, sem er harla gott auðvitað:

„Almenningi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi.

Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt."

Við þessa grein lagði ég það til að við bættist 3. mgr., t.d. svohljóðandi:

Í umgengni um náttúruverndarsvæði er öllum skylt að lúta þeim reglum sem þar gilda.

Ég var mjög ósátt við það að því skyldi hafnað í starfi nefndarinnar að árétta sérstöðu náttúruverndarsvæða og sérákvæða um þau. Ég benti á að víða er vísað til réttar landeigenda og þá fannst mér jafneðlilegt að minna á rétt og hag náttúrunnar. Núgildandi lög um náttúruvernd hafa sannarlega verið gagnrýnd fyrir lítinn almannarétt en það er kannski óþarfi að fara öfganna á milli og leyfa allt, líka á náttúruverndarsvæðum þar sem búið er að leggja mikla vinnu í að móta reglur. Ef þetta frv. verður að lögum, þá eru í 16. gr. ákvæði sem leyfa m.a. að slá upp hólfum fyrir hesta. Leyfður er akstur utan vega á snjó í 17. gr., tjöldun utan tjaldsvæða í 20. gr., tínsla grasa og fjörugróðurs í 24. og 25. gr. og e.t.v. fleiri atriði. En við skulum athuga það að reglur friðlýstra svæða eru aðeins reglugerðir og þær banna sum þessara atriða og sums staðar öll þessi atriði. Þá hlýt ég að spyrja hvort reglugerðirnar geti hnekkt þeim leyfum sem þessi lög veita.

Samkvæmt 19. gr. getur Náttúruvernd tímabundið takmarkað umferð í óbyggðum og síðan á stofnunin að hafa umsjón með náttúruverndarsvæðum. Og þá er spurningin sú hvort stofnunin getur í krafti þessara lagagreina hnekkt öllum þeim leyfum sem aðrar greinar sömu laga veita. Ég veit það ekki. Mér hefði fundist eðlilegt að hafa inni málsgrein eins og ég var að lesa hér áðan til þess að hnykkja á því að vitanlega þarf sérreglur yfir sum náttúruverndarsvæði og það verður að tryggja að þeim sé fylgt en að ekki sé hægt að vísa í almenn lög og segja að þarna sé eitthvað sem fremur beri að virða.

Það er ýmislegt fleira sem ástæða væri til að fjalla um, t.d. í sambandi við greinina um akstur utan vega, hvort þar sé nægilega tekið á málum. Og ég ætla að fara örfáum orðum um 20. gr. frv. þar sem fjallað er um hefðbundin viðlegutjöld. Þarna tel ég reyndar enn verið að fara öfganna á milli. Það þekkist örugglega óvíða að ferðamenn geti tjaldað nákvæmlega hvar sem er. Það er auðvitað æskilegt að göngufólk geti tjaldað sem víðast en þeir sem ferðast um á bílum ættu að tjalda á skipulögðum tjaldsvæðum. Ef þetta verður eins og þessi grein kveður á um þá er hætt við því að fallegir hvammar og falleg svæði nálægt vegi um allt land verði fljótt útvaðin og hætt við að margir mundu misnota þetta leyfi, t.d. sumir sjóræningjahóparnir sem hingað koma með ferðahópa. Og svo má spyrja: Hvað eru hefðbundin viðlegutjöld? Það er mjög algengt að slík tjöld séu fimm manna og þau geta sjálfsagt verið sjö manna. Hér er verið að tala um að tjalda megi utan hefðbundinna svæða eða á óræktuðu landi án sérstaks leyfis, ef tjöldin eru ekki fleiri en þrjú. Ef notuð eru slík hefðbundin viðlegutjöld, sem kannski eru fimm eða sjö manna, þá eru þarna allt upp í 5–20 manna hópar sem gætu þá ferðast um landið og tjaldað alltaf utan tjaldsvæða þar sem engin hreinlætisaðstaða er. Spurningin er hvort það sé á þennan hátt sem við viljum að þetta gangi fram. Það er dálítið hallærislegt og sýnir kannski verðmætamatið að samkvæmt þessari grein þarf leyfi til að tjalda á ræktuðu landi, en ekki t.d. á verðmætu og viðkvæmu náttúrusvæði. Spjöll sem unnin eru með tjöldun á ræktuðu landi er þó auðvelt að laga en það á sannarlega ekki við um skemmdir á náttúrulegu landi, það er miklu viðkvæmara og skemmdir geta verið óbætanlegar.

Ég sé að tími minn er að verða búinn þannig að ég kemst greinilega ekki yfir helminginn af því sem ég hefði gjarnan viljað nefna. Ég vil þó nefna 32. gr. þar sem fjallað er um gjaldtökuna. Við tókumst á um þetta atriði við umfjöllun um frv. til náttúruverndarlaga fyrir tveimur eða þremur árum og ég er enn sama sinnis. Ég mótmælti því harðlega í nefndarstörfunum að hægt væri að taka gjald fyrir aðgang að svæðum og hef ekki skipt um skoðun í því efni.

[17:53]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka þá ákvörðun hæstv. forseta að halda umræðu áfram. Af nógu er að taka í þessu máli, frv. til laga um náttúruvernd, sem ég gleðst yfir að skuli nú loks vera komið fram á þinginu, þótt það sé auðvitað allt of seint fram komið, eins og nefnt var af síðasta hv. ræðumanni. Í rauninni stangast þetta á við fyrirmæli um endurskoðun laganna sem samkvæmt ákvæði, ef ég man rétt, til bráðabirgða átti að endurskoða í heild innan tveggja ára frá gildistöku, en gildistakan var 1. jan. 1997. Samkvæmt því bar endurskoðun að vera lokið fyrir lok síðasta árs.

Því miður er það svo að nokkuð algengt er orðið og mikið umhugsunarefni að ekki skuli vera staðið við það af hálfu Stjórnarráðsins að tryggja að slík endurskoðun geti farið fram eins og lög kveða á um. Ég vék að þessu nýlega og hef raunar gert það oft áður þegar um þetta er að ræða. En ef slík ákvæði eru ekki virt, ef ekki er við þau staðið skiptir litlu að vera að setja slíkt inn í lög, slík sólarlagsákvæði eða ákvæði sem varða endurskoðun löggjafar.

Ég þykist vita, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra hafi sér ýmislegt til málsbóta í þessu efni, það hafi verið meira verk o.s.frv. að endurskoða þetta en gert hafði verið ráð fyrir, og sjálfsagt er að hlýða á slíkar skýringar. En þetta er engu að síður tilfinnanlegt og alveg sérstaklega þar sem kjörtímabilinu er að ljúka og sá ráðherra sem ber frv. fram mun ekki hafa aðstæður til að fylgja málinu eftir til lögfestingar og það ber að harma.

Ég tel að þetta frv. sem hér er lagt fram sé á marga lund veruleg bót frá gildandi löggjöf og má þó vissulega að ýmsum atriðum finna, minni háttar atriðum þó sérstaklega, en nokkur atriði sem ég mun nefna í máli mínu tengjast ákvæðum sem hefðu þurft að vera skýrari eða eru ákvæði sem vantar. En það vegur minna í mínum huga en þær réttarbætur sem verið er að lögleiða ef þetta frv. nær fram að ganga með ákvæðum frv.

Það ber sérstaklega að fagna því af hálfu þess sem hér talar að inn í frv. eru felld ákvæði úr tillögum sem sá sem hér talar ásamt fleirum hefur oftsinnis lagt fyrir þingið og liggja fyrir þessu þingi, en þar er um að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, sem er 84. mál þingsins, en það hefur að geyma tillögu um nýjan kafla í náttúruverndarlöggjöf um landslagsvernd og miklu fyllri ákvæði að því er varðar efnistöku. Ég sé það af frv. að þau ákvæði sem þar voru gerðar tillögur um hafa að verulegu leyti verið felld inn í þetta frv. og að langmestu leyti efnislega og ég tel það vissulega mjög góðra gjalda vert, og hefði fyrr mátt vera að undir væri tekið þannig að lögfest yrði. En á því verður því miður enn sýnilega nokkur bið en líkindin á að þetta nái fram að ganga skulum við vona að hafi aukist með framlagningu þessa frv.

Annað mál liggur einnig fyrir þessu þingi í frumvarpsformi, margsinnis flutt hér á Alþingi, mál sem liggur nú fyrir hv. landbn., sem er frv. til laga um breyting á lögum um landgræðslu, og er 111. mál þingsins og varðar innfluttar plöntur. Sá þáttur hefur verið felldur að þessu frv. og nær til innfluttra lífvera sem er 41. gr. þessa frv. Þar er að verulegu leyti komið til móts við þau sjónarmið sem liggja fyrir í umræddu frv., sem ég ásamt fleiri hv. þm. er flutningsmaður að, og varða mjög stórt mál sem margir hafa haft áhyggjur af lengi að farið væri gáleysislega með innflutning og dreifingu á erlendum lífverum sem gætu orðið til tjóns í lífríki landsins. Þetta á alveg sérstaklega við um tegundir sem dreift er með virkum hætti, eins og til landgræðslu, og því löngu tímabært að ákvæði til eftirlits og mats fyrir fram séu lögleidd eins og hér er verið að gera tillögu um.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hafa þó tryggt að fella fyrrnefnd atriði að þessari löggjöf. Það hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra, þegar við höfum rætt þau frumvörp sem ég hef mælt hér fyrir um þessi efni, að þess mundi sjá stað og ég sé að svo er í þessu frv.

Ég ætla þá að víkja að einstökum köflum frv. nokkrum orðum og fyrst af öllu, virðulegur forseti, að skilgreiningum því að þar er komið að nýmæli sem er í 3. gr. um ósnortið víðerni. Þó það komi nú ekki víða fram í sjálfu frv. að öðru leyti — ég held ég hafi rekist á hugtakið á einum stað þó — þá er það mjög til bóta að það er hér komið inn og liggur fyrir sérstök samþykkt þingsins um það efni, svoleiðis að vonandi reynir í auknum mæli á það að þetta hugtak verði virkt í íslenskri náttúruverndarlöggjöf og í framkvæmd hennar.

Ég vil nefna það að þegar Eiður Guðnason, fyrrverandi ráðherra, setti á fót nefnd til endurskoðunar náttúruverndarlaga, líklega 1992, þá átti ég sæti í þeirri nefnd. Hún var nú harla skammlíf nefndin sú. Hún var afmunstruð af þeim sem við tók og síðan hefur sá sem hér talar ekki komið að endurskoðun eða atrennum að endurskoðun náttúruverndarlöggjafar og kom hvergi að þessu máli þó að ýmsir hv. þingmenn hafi átt hlut að endurskoðun laganna og þess frv. sem hér liggur fyrir. En tillaga mín í þessari nefnd 1992 var einmitt að tekin yrði upp ný skilgreining, nýr þáttur í samhengi friðlýsingar og verndunar lands, þ.e. ósnortið víðerni. Hér er það komið og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hefur lagt þessu máli drjúgt lið á liðnum þingum og fengið undirtektir við málið þannig að þetta nýmæli er komið á fullt skrið inn í samhengi náttúruverndarlöggjafar og er það sannarlega vel.

Varðandi stjórn náttúruverndarmála er út af fyrir sig ekki margt sem telst til nýmæla utan það að horfið er frá því að hafa stjórn yfir Náttúruvernd ríkisins. Það virðist orðin ríkjandi stefna hjá umhvrn. að afmunstra stjórnir, þó að nýlega séu settar til verka, eins og yfir Náttúruvernd ríkisins. Það fór ekki mikið fyrir rökum frá hæstv. ráðherra um þá ráðabreytni, nema svona nánast af því bara, af því að það hafi verið gert annars staðar, eins í Hollustuverndinni, þá er einnig brugðið á það ráð hér. En jafnfast og ákveðið mælti held ég hæstv. ráðherra með því 1996 að innleiða einmitt stjórn yfir Náttúruvernd ríkisins og var það allmjög umdeilt, eins og komið hefur fram í umræðunni.

Það eru ýmis atriði sem koma hér fram varðandi hlutverk Náttúruverndar ríkisins og framkvæmd eftirlits af hennar hálfu sem ég hefði viljað gera athugasemdir við. En þar sem ég á sæti í umhvn. þingsins, ef hún kemur nokkuð að þessu máli nú á meðan þetta þing situr, þá á ég kost á að gera ábendingar um það efni. Ég vil þó benda á 6. gr. og c-liðinn, þar sem vikið er að eftirliti með umferð og umgengni á svæðum í óbyggðum sem einu af hlutverkum Náttúruverndar ríkisins. Mér finnst þetta ákvæði vera harla óljóst. A.m.k. vildi ég fá nánari útlistun á því hvernig Náttúruvernd ríkisins verði gert kleift að rækja þetta hlutverk um umferð og umgengni á svæðum í óbyggðum. Það má vissulega telja æskilegt að Náttúruvernd ríkisins komi að þessu máli en auðvitað ætti það að vera almenn löggæsla líka sem sæi um að náttúruverndarlöggjöfinni væri framfylgt að þessu leyti, þar á meðal umferðarlöggæslan.

Í h-lið undir verkefni Náttúruverndar ríkisins er tilgreind álitsgerð vegna meiri háttar framkvæmda og rekstrar. Það er eitt af hlutverkunum: „álitsgerð vegna meiri háttar framkvæmda og rekstrar". Og það er ekki nánar útlistað hvers konar. Ég man nú ekki hvort þetta er nýmæli, en ég nefni þetta sem dæmi um dálítið óljósa framsetningu í frv.

Um framkvæmd eftirlits vildi ég nefna þar sem segir, með leyfi forseta:

„Telji Náttúruvernd ríkisins nauðsynlegt að haldið verði uppi sérstöku eftirliti með framkvæmdum skal gera um það samkomulag við framkvæmdaraðila. Í samkomulaginu skal taka mið af innra eftirliti hans ..."

Þetta er allt saman góðra gjalda vert og vissulega hefur í löggjöf verið ákvæði svipað þessu. Aðallega mun þetta varða opinberar stofnanir og framkvæmdir á vegum opinberra aðila. En ég vil vekja athygli á því að lagaleg staða fyrir slíkt eftirlit er harla veik og vantar nokkuð á skýrar skilgreiningar að þessu leyti, þá ekki síst að því er varðar einkaaðila. Ég hefði því talið þörf á því að ofan í þetta efni væri farið sérstaklega í nefnd, þ.e. hvernig styrkja megi í raun stöðu náttúruverndaraðila að þessu leyti og gera það þá framkvæmdaaðilanum í rauninni skylt. En hér sýnist samningsstaðan vera heldur óljós og kannski of veik.

Um Náttúruverndarráð vil ég segja að það er góðra gjalda vert að fjölga um einn þeim fulltrúum sem kjörnir skulu af náttúruverndarþingi. En þarna hefði mátt ganga lengra og er ég sammála hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur um það efni eins og fleira sem fram kom í hennar máli. Þó að hún hafi átt aðild að þessu þá er greinilegt að hv. þm. hefur ekki komið sínum sjónarmiðum fram að öllu leyti í sambandi við frv. því þá mundi það væntanlega hafa litið talsvert öðruvísi út.

En hitt er auðvitað það sem mestu varðar að fjárhagslegur aðbúnaður að Náttúruverndarráði er í engu samræmi við þau verkefni sem löggjafinn gerir ráð fyrir og enn er gert ráð fyrir í þessu frv. að Náttúruverndarráð hafi með höndum. Þar skortir mikið á, því miður, og er mikil þörf á því að lögbjóða öruggan stuðning fyrir Náttúruverndarráð til að geta rækt hlutverk sitt, a.m.k. að geta ráðið sér starfslið að einhverju lágmarki til þess að sinna verkefnunum. Fór þar í verra frá því sem hæstv. fyrrverandi umhvrh., Össur Skarphéðinsson, sællar minningar lagði til. Þar var þó ætlunin að ráðið hefði stuðning af starfsmanni.

11. greinin þyrfti nokkurrar athugunar við og athugasemda við af minni hálfu. Hún varðar náttúruverndarnefndirnar, virðulegur forseti. Sá kafli hefur verið mikið vandræðabarn í lögum lengi vegna þess hversu óskýrt þetta hefur verið. Ég vænti þess að hér sé betur um búið en áður var. Mestu mun þó skipta að Náttúruvernd ríkisins er farin að taka upp meiri tengsl við náttúruverndarnefndir sveitarfélaga eða héraðsnefnda en áður var og hefur þannig vakið sofandi nefndir til lífsins og er að bjóða fram stuðning við starf þeirra. Ég tel að það þyrfti að breyta ákvæðum sveitarstjórnarlaga

til samræmis við það sem hér er verið að leggja til þannig að inn í sveitarstjórnarlöggjöfina verði sett skýr ákvæði um þessar nefndir því að það er tilhneiging hjá sveitarstjórnum að þumbast við og taka ekki allt of hátíðlega ákvæði sem ekki er að finna í sveitarstjórnarlögum að þessu leyti og kunna að vera viss rök fyrir því. En þarna þarf að vera samræmi á milli og það þarf að tryggja stöðu þessara nefnda í sveitarstjórnarkerfinu.

Við vitum það og ég hef hér handa á milli gögn sem sanna að orðið náttúruverndarnefnd er ekki mjög víða uppi haft í nefndum sem eiga að sinna náttúruverndarmálefnum hjá sveitarstjórnum. Í hinum stærri sveitarfélögum ber þetta önnur heiti og þeim er ætlað önnur verkefni.

Mér finnst líka ekki nógu skýrt hvort svo gæti farið að starfandi sé náttúruverndarnefnd í sveitarfélagi en einnig á vegum héraðsnefndar sem viðkomandi sveitarfélag er aðili að. Raunar er það svo að meðferð á héraðsnefndum hefur verið að breytast nokkuð hjá sveitarfélögum. Ég hef nú ekki haft aðstæður til að kanna það nógsamlega. En ég tel að það þurfi að skýra þetta og treysta sem best.

Kaflinn um almannarétt og umgengni hefur verið rýmkaður í ýmsum greinum. Ég fagna því sérstaklega að því er varðar réttindi gangandi manna um land og er það vel, enda óhóflega þrengt að þeim rétti. Ég tek hins vegar eindregið undir þau sjónarmið sem komu fram frá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur varðandi 20. gr. að því er varðar tjöldun. Þar sýnist mér engan veginn nógu skýrt kveðið að orði sérstaklega að því er varðar samtengingu tjalds og bíls sem er orðið svona í hugum margra og flestra Íslendinga heilagt mál, þ.e. að menn tjaldi ofan á bílnum eða bílinn sé hafður fast við tjald, annars sé þetta enginn búskapur. Og síðan koma tjaldvagnar sem eru auðvitað mikið notaðir. Ég held því að þarna sé óvarlega að orði kveðið að þessu leyti og þurfi að skoða þetta mál vel.

Tími minn í fyrri ræðu við umræðuna er senn þrotinn, virðulegur forseti. Ég er ekki kominn langt í frv. og fæ kannski möguleika á því að koma hér við sögu frekar.

Varðandi akstur utan vega þá vil ég vekja athygli á því að mér sýnist ótvírætt að láðst hafi að reikna með því að ráðherra geti sett reglur um umferð vélknúinna tækja á jöklum. Það er hér talað um reglur um umferð á snjó en það er ekki ljóst af orðunum að það nái til jökla. Ég tel að það sé auðvitað sjálfsagt mál að þar hafi ráðherra möguleika á að setja reglur eins og gildir um umferð á snjó. En fagna ber sem sagt fortakslausu ákvæði um að bannað sé að aka vélknúnum ökutækjum utan vega.

Virðulegur forseti. Ég mun nýta tíma minn síðar til þess að fjalla nánar um málið en læt máli mínu lokið að sinni.

[18:15]

Útbýting þingskjala:

Búnaðarfræðsla, 546. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 871.

Jarðalög, 547. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 872.

[18:15]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa ánægju með að þetta frv. skuli loksins vera komið fram á þinginu. Ánægja mín er kannski blendin sökum þess hve seint málið er fram komið. Þetta er viðamikið frv. Það krefst mikillar vinnu í nefnd og eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat um í sínu máli er lítil von til þess að Alþingi takist að ljúka þessu máli fyrir þinglok, sem sennilega er miður, þó að við vitum að vísu að atorkufólk er í hv. umhvn. þingsins. Það eru fleiri atorkumenn í þingsölum en hv. þingkona sem hristi höfuð og bar af sér setu í þeirri nefnd.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að í athugasemdum við frv. kemur fram að nefndin sem samdi það skilaði af sér 7. desember. Nú er hins vegar kominn 19. febr. og það er vandséð hvers vegna þetta mál er ekki komið fram fyrr. Það mætti ætla að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki haft raunverulegan áhuga á því að þetta frv. yrði að lögum fyrir þinglok.

Um frv. má margt gott segja. Þar vil ég í fyrsta lagi nefna almannaréttinn. Réttur manna til umferðar um landið og dvalar þar er rýmkaður verulega frá því sem er í gildandi náttúruverndarlögum eins og kemur fram í III. kafla frv. Almannarétturinn var þrengdur frá því sem áður var með setningu laga um náttúruvernd árið 1971, þar sem m.a. var kveðið á um það að gangandi fólki væri aðeins heimil för um eignarlönd manna að þau væru óræktuð og ógirt. En samkvæmt þessu frv. þarf aðeins sérstakt leyfi landeigenda vegna umferðar um garða og tún og um akra. Þetta þýðir að réttur almennings til umferðar um landið og til þess að njóta náttúru landsins er rýmkaður allverulega frá því sem nú er, verði þetta frv. að lögum.

Herra forseti. Í öðru lagi vil ég geta þess að mér finnst sérstök ástæða til þess að fagna því að í frv. er sérstakur kafli um landslagsvernd þar sem tilgreindar eru þær landslagsgerðir sem eiga að njóta sérstakrar verndar. Í 37. gr. eru tilgreindar þær landslagsgerðir sem á að reyna að vernda eftir því sem föng eru á. Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli í íslenskri löggjöf en eru hins vegar í samræmi við þá stefnu sem rekin hefur verið í náttúruvernd í öðrum löndum Evrópu á síðustu árum.

Þessi sérstaka vernd sem kveðið er á um í 37. gr. felst þó eingöngu í því að sveitarstjórn er gert skylt að leita eftir umsögn náttúruverndarnefndar og eins og segir í textanum þegar ástæða er til eftir umsögn Náttúruverndar ríkisins áður en framkvæmdar- og byggingarleyfi er veitt.

Mér er ekki alveg ljóst, herra forseti, hvað felst í þessum orðum „þegar ástæða er til “, en mér finnst það ætti að skoða hvort ekki ætti að leita eftir áliti Náttúruverndar ríkisins í öllum tilvikum. Mér finnst líka að það megi velta fyrir sér hvort Náttúruvernd ríkisins geti ekki haft frumkvæði eða ætti a.m.k. að hafa heimild til frekari afskipta í sérstökum tilvikum. Ég tel reyndar líka að umhvn. þingsins sem fær þetta mál til meðferðar ætti að skoða það sérstaklega hvort ekki sé ástæða til að fjölga þeim landslagsgerðum sem eiga samkvæmt 37. gr. að njóta sérstakrar verndar. Ég nefni sérstaklega jökulmyndanir í nágrenni jökla, rústir freðmýra, náttúrulega birkiskóga og fuglabjörg. Ég tel að sérstök ástæða sé til þess að velta því fyrir sér hvort ekki eigi að skjóta þessum landslagsgerðum inn í 37. gr. og mælist til þess að hv. umhvn. velti því fyrir sér.

Ég held líka að ástæða sé til að fagna því að í þessum kafla frv. sem fjallar um landslagsvernd er að finna ákvæði um vernd steinda og um losun þeirra úr föstum jarðlögum. Hér er vandamál á ferðinni sem hefur lengi verið óleyst en með þessu frv. er verið að taka á því og ég fagna því sérstaklega.

Í 41. gr. er tekið á innflutningi, ræktun og dreifingu lífvera og það er mikilvægt þar sem litlar takmarkanir hafa til þessa verið á innflutningi á dýrum og plöntum og raunar dreifingu þeirra líka í villtri náttúru landsins. Við höfum rætt þetta á undanförnum árum, bæði í tengslum við ýmis mál sem hér hafa komið upp og á vegum umhvrn. hafa á síðustu árum

verið haldnar ráðstefnur. Ég minnist einnar slíkrar sem var haldin 1995 sérstaklega um þetta. Þar voru menn sammála um nauðsyn þess að binda ákvæði um þessi efni í lög og hér er komið heimildarákvæði. Þetta er þarft ákvæði að mínu viti en ég velti því fyrir mér hvort í stað þess að veita ráðherra heimild til þess að setja reglur um þessi efni þá ætti að skylda hann til þess. Ég held að það þurfi að taka fastar á þessu máli, herra forseti.

Í síðustu mgr. 41. gr. segir að ákvæði greinarinnar taki ekki til þeirra tegunda sjávarspendýra sem lifa hér við land. Mér finnst, herra forseti, að það segi sig sjálft að grein sem fjallar um framandi tegundir nái ekki til þeirra sjávarspendýra sem eru í sjónum hér við land. Ég held að þessi setning sé með öllu óþörf og til þess eins fallin að valda óvissu um skilgreiningu á hugtakinu „framandi tegund".

Í kafla frv. um landslagsvernd er sérstök grein um vernd gróðurs og skóga þar sem kveðið er á um samráð umhvrh. og landbrh. við friðun og uppgræðsluaðgerðir á sviði gróður- og skógverndar. Þessi grein er gamall kunningi. Hún hefur verið í náttúruverndarlögum frá því að umhvrn. var sett á laggir árið 1990 og hún var á sínum tíma, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson drap á í sinni ræðu, eins konar málamiðlun í deilunni um það hvort gróður- og skógvernd ættu að vera í verkahring umhvrn. eða ekki. Greinin var reyndar til þegar þáverandi landbrh. barðist gegn því að landgræðsla og skógræktarmál yrðu talin til umhverfismála. Ég held að ekki sé hægt að kveða öðruvísi að orði. Þeir sem þekkja til vita að ákvæði þessarar greinar hefur verið að litlu haft. Þessi grein er sögulegur bastarður sem ætti ekki að ganga aftur í frv. til nýrra náttúruverndarlaga. Ég tel að þessari grein þurfi að breyta og það þurfi að búa svo um hnúta að það sé alveg skýrt hver afskipti umhvrn. og stofnana þess af gróður- og skógvernd eigi að vera. Fyrir mér er þetta líka angi af þeirri pólitísku spurningu hvort auðlindir og auðlindanýting eigi alfarið að heyra til atvinnuvega og atvinnuráðuneyta eða hvort umhverfisyfirvöld eigi að hafa þarna aðkomu, t.d. með því að setja ramma um nýtinguna. Ég er reyndar þeirrar skoðunar en það er nú annað mál.

Í þriðja lagi þá fagna ég þeim ákvæðum frv. sem lúta að gerð náttúruverndaráætlana fyrir landið allt sem á að leggja reglubundið fyrir Alþingi. Hér eru Íslendingar að feta sömu braut og aðrar Evrópuþjóðir hafa farið við framkvæmd náttúruverndarmála og hefur gefist vel hjá þeim. Það er brýnt að vel verði staðið að gerð náttúruverndaráætlunar og þess vegna held ég að samkvæmt frv. sé allt of stuttur tími gefinn til þess að vinna hana. Í ákvæði I til bráðabirgða segir þannig að umhvrh. eigi að leggja náttúruverndaráætlun fyrir Alþingi eigi síðar en árið 2000, þ.e. á næsta ári. Miðað hins vegar við það yfirgripsmikla svið sem tekið er á í ákvæðum 66. gr. um efni náttúruverndaráætlunar þá tel ég að það sé alveg út í hött að ætlast til þess að vinnu við gerð slíkrar áætlunar ljúki á einu ári. Það tekur a.m.k. tvö til þrjú ár að undirbúa og ganga frá slíkri áætlun ef hún á ekki að vera í hreinu skötulíki. Það þarf líka að tryggja fjármagn til verksins og þeirra margvíslegu rannsókna sem þarf að ráðast í til þess að skapa traustan grunn fyrir slíka áætlunargerð. Ég tek það fram í tengslum við bæði 65. og 66. gr. að það er stór galli að ákvæði þeirra ná ekki til lífríkis í sjónum umhverfis landið. Þar eru náttúrufyrirbæri, jarðmyndanir, dýr og plöntur sem þarf að vernda ekki síður en á landi. En þetta er atriði sem ég kem að síðar.

Herra forseti. Hér hef ég farið yfir ýmislegt sem mér finnst mjög horfa til bóta í þessu frv. sem er að ýmsu leyti ágætt. En gallarnir eru nokkrir. Stærsti galli frv. og sá alvarlegasti er það svið sem það gildir fyrir. Samkvæmt 2. gr. frv. eiga náttúruverndarlög aðeins að gilda á landi að því undanskildu þó að hæstv. umhvrh. á að vera heimilt að friðlýsa jarðmyndanir í sjó ef sjútvrh. samþykkir. Þetta finnst mér vera verulegur fingurbrjótur. Ég fæ ekki betur séð en að hér sé um verulega skerðingu að ræða á gildissviði laganna frá því sem segir í gildandi náttúruverndarlögum.

Þau lög sem nú eru í gildi ná til lífríkis sjávar og það hefur ekki verið neinn ágreiningur um það þó að friðlýsingarákvæðum hafi verið lítið eða ekkert beitt varðandi hafið. Nú á hins vegar að undanskilja sjóinn. Það á að undanskilja hafið sem þýðir að almenn ákvæði laganna gilda ekki um náttúru Íslands fyrir utan fjöruborð. Það markmið laganna, sem hefur verið rauði þráðurinn í viðhorfi okkar til náttúruverndar og laga og reglna sem við höfum sett um náttúruvernd, að samskipti manns og náttúru eigi að vera slík að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft, á því ekki við þegar komið er út á sjó. Þar með ekki heldur það markmið að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum og vernd þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Sama má segja um það markmið að nýta auðlindir á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Þetta er stór galli, herra forseti, á þessu frv.

Í athugasemdum við frv. segir að við gerð þess hafi verið höfð hliðsjón af, eins og segir, með leyfi forseta, „alþjóðasamningum sem máli skipta og Íslendingar eru aðilar að". Þar er m.a. vísað til Ramsar-samþykktarinnar um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, til Bernarsamningsins um verndun villtra dýra og plantna í Evrópu og lífssvæða þeirra, alþjóðasamþykktar um fuglavernd og að sjálfsögðu Ríó-samningsins um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Og í öllum þessum samningum sem ég hef hér talið upp og sem er vísað til í greinargerð með þessu frv. eru ákvæði sem lúta að vernd lífríkis í sjónum sem er hins vegar ekki hægt að uppfylla ef náttúruverndarlögin sem þetta frv. fjallar um, gilda aðeins um landið.

Þetta er því stór galli, herra forseti, og mér finnst satt að segja ótrúlegt að á því herrans ári 1999 skuli ríkisstjórn leggja fram tillögu á Alþingi sem takmarkar gildissvið náttúruverndar við land og fjöru. Hvað verður þá um vernd þeirrar náttúru sem er utan þessara marka? Er þetta einhver pólitískur eltingaleikur hæstv. sjútvrh. við þann ágæta umhvrh. sem nú situr? Ég hlýt að velta því fyrir mér og ég tel, herra forseti, að ég hafi rökstudda ástæðu til þess að ætla þetta. Nefndin sem samdi frv. lagði nefnilega til að hin nýju náttúruverndarlög giltu á íslensku landi, í landhelgi og efnahagslögsögu. Hún lagði jafnframt til að umhvrh. fengi heimild til þess að friðlýsa í landhelgi og efnahagslögsögu bæði lífverur og búsvæði þeirra sem miklu þætti skipta frá vísindalegu, náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarhorni að yrði ekki raskað, fækkað eða útrýmt.

Þessum tillögum hefur hæstv. umhvrh. hafnað og þá væntanlega í samráði við ríkisstjórnina eða að kröfu einhverra ráðherra. Og ég spyr auðvitað: Er það hæstv. sjútrh. sem hefur dregið þetta mikilvæga atriði úr vinnu nefndarinnar? Er hæstv. umhvrh. að fara hér að kröfu sjútvrh.? Ef svo er, þá er það svo ekki sé meira sagt í hæsta máta niðurlægjandi. En þetta er auðvitað angi af þeirri pólitísku spurningu sem ég drap á áðan um aðkomu umhverfisyfirvalda að nýtingu og meðferð auðlinda. Mér finnst sjálfum að það verði þjóðinni

til stórskammar ef Alþingi samþykkir að gildissvið náttúruverndarlaga nái aðeins til lands og fjöru og ég tel líka að það brjóti í bága við þjóðréttarlegar skyldur sem við höfum tekist á herðar með þeim alþjóðasamningum sem ég drap á og pólitískt bindandi samþykktir eins og Dagskrá 21 frá Ríó.

Annar helsti galli frv. er af svipuðum eða skyldum meiði. Hann lýtur að námi jarðefna í sjó. Samkvæmt frv. hefur umhvrn. eða stofnanir þess ekki neitt með nám jarðefna af eða úr hafsbotni að gera. Náttúruverndarlög eiga ekki að ná til hafsbotnsins. Mér finnst það galli. Samkvæmt 47. gr. frv. fer iðnrh. einn með heimildir sem lúta að leit að efnum til hagnýtingar á eða í hafsbotni. Það er auðvitað vitað að efnistaka á hafsbotni getur haft í för með sér veruleg umhverfisspjöll og hún getur spillt og eyðilagt búsvæði dýra og plantna. Vitaskuld eiga slíkar framkvæmdir að vera háðar lögum um náttúruvernd og þær eiga að vera háðar eðlilegu eftirliti og varúðarráðstöfunum. Mér finnst vafasamt, svo ekki sé meira sagt, herra forseti, að fela hæstv. iðnrh. að annast þennan þátt málsins eins og lagt er til í frv. og að því er mér sýnist án nokkurrar aðkomu umhverfisyfirvalda. Þetta er ekki hægt, herra forseti.

Það mætti nefna ýmislegt fleira sem væri hægt að telja til galla á frv. en ég hef í þessari stuttu ræðu minni, herra forseti, drepið á það sem mér finnst horfa mjög til bóta í frv. og það eru vissulega margir mikilvægir þættir. Síðan hef ég drepið á þætti sem mér finnst nauðsynlegt að umhvn. skoði mjög rækilega áður en hún samþykkir frv. óbreytt. Ég tel að með frv. sé ekki nægilega vel búið um efnislega gríðarlega mikilvæga þætti, þætti sem eru grundvallaratriði í náttúruvernd á Íslandi og við Ísland. Ég vísa því þess vegna til þeirra ágætu kollega minna sem eiga sæti í umhvn. að þeir taki mark á þessu og skoði hvort ekki sé rétt að breyta frv. með tilliti til þessa.

[18:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að halda áfram og koma á framfæri nokkrum ábendingum varðandi efni frv. sem ekki var tími til í fyrri ræðu minni. Ég hafði vikið að ákvæðum um umferð, umferðarrétt og um almannarétt, síðast um akstur utan vega, og fagna því að þar skuli bann orðið meginregla en síðan gert ráð fyrir undanþágum.

Gert er ráð fyrir því í 19. gr. að takmarka megi umferð í óbyggðum á vissum svæðum, að: „Náttúruvernd ríkisins geti í verndarskyni tímabundið takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum, enda hafi stofnunin að jafnaði gert grein fyrir fyrirhugaðri lokun í skýrslu skv. 2. mgr." Síðar kemur fram að skýrslan eigi að koma fram nokkru áður, ég held að það komi fram í skýringum við greinina. Mér finnst þetta kannski dálítið erfitt í framkvæmd og hefði talið að hafa ætti þetta þjálla en þarna er gert ráð fyrir. En ég ætla nú ekki að staldra lengur við það.

Í 32. gr. er ég kominn í IV. kafla, um rekstur náttúruverndarsvæða, þar sem gert er ráð fyrir gjaldtöku, fyrst og fremst fyrir þjónustu. Enn fremur getur rekstraraðili ákveðið gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæði ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum. Þetta er dálítið óljóst orðalag og vægast sagt teygjanlegt. Ég er því hræddur um að það geti orðið nokkuð torsótt að taka ákvarðanir á grundvelli þess. Spurningin er hvort hér sé verið að smeygja inn heimild til að taka upp gjald fyrir aðgang að landinu, því að orðalagið, um að hætta sé á slíkum spjöllum, er náttúrlega mjög opið. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort í þessu felist sú hugsun að stunda slíka gjaldtöku sem fyrirbyggjandi aðgerð. Auðvitað er nauðsynlegt að bregðast við ef hætta er á ferðum og í sumum tilvikum skilmerkilegast að gera ráð fyrir heimild til þess að loka slíkum svæðum tímabundið á meðan við er brugðist og eins að takmarka aðganginn.

Ég hef áður vikið að landslagsverndinni, þ.e. hinum nýja V. kafla. Fyrri hluti hans er nýmæli og tekinn eftir þeim tillögum sem ég hef flutt í þinginu ásamt fleiri hv. þingmönnum. Mér sýnist sæmilega um búið, m.a. með því að tengja þetta skipulagsákvæðum, það sem segir í 37. gr. Að vísu er allvíða í þessum kafla og víðar í þessu frv. að finna orðalagið „eins og kostur er", sem er auðvitað ansi teygjanlegt. Ég vek athygli á því að stærð þeirra landslagsþátta sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr., t.d. í b-lið um stöðuvötn og tjarnir, er ferföld að flatarmáli á við það sem ég hafði gert ráð fyrir í frv. sem liggur hér fyrir þinginu. Þar er gert ráð fyrir stærðarmörkunum 250 fermetrar. Í danskri löggjöf minnir mig að stærðin sé 50 fermetrar. Ég jók þarna við, ég breytti frv. sem liggur fyrir þinginum um breytingu á náttúruverndarlögum til þess að koma til móts við sjónarmið, m.a. frá Bændasamtökunum að þessu leyti. Mér sýnist að menn hafi gengið helst til langt með því að færa þetta upp í 1.000 fermetra, varðandi stöðuvötn og tjarnir. Oft eru tjarnir, þótt litlar séu, mjög verðmætar og mikilvægur þáttur í landslagi. Á þetta vildi ég leyfa mér að benda.

Í 41. gr. um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera er svo komist að orði:

„Sé ekki öðruvísi kveðið á í lögum skal ráðherra veita leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi lífvera."

„Sé ekki öðruvísi kveðið á í lögum skal ráðherra" ... Ég átta mig ekki á af hverju svo fortakslaust er til orða tekið að þessu leyti. Mér sýnist þetta óvarlega orðað þar sem um er að ræða grein sem einmitt er hugsuð sem takmarkandi, nema ég hafi ekki lesið rétt í málið.

43. gr. er um auglýsingar utan þéttbýlis, og þeirri lagagrein fylgir hálf önnur blaðsíða af skýringum sem kann að vera full þörf á. Og þar er það orðað svo varðandi auglýsingar að heimilt sé að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur, þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram. Það er auðvitað mikilvægt að menn átti sig á hvað felst í „á þeim stað", hvort átt er við lóð viðkomandi eignar eða rekstrar. Ég leyfi mér að benda á það.

44. gr. er gamall kunningi úr gildandi náttúruverndarlöggjöf. Ég segi það til gamans að þetta með „skip í fjöru" sem þarna er, er komið frá Eysteini Jónssyni eins og fleira í löggjöfinni frá 1971. Hann sagði mér að tiltekinn bátur hefði árum saman legið í fjörunni við Teigarhorn nálægt fæðingarstað hins ágæta þingskörungs. Það hafði hann í huga þegar þetta var sett í lög, „skip í fjöru". Nú 28 árum eftir gildistökuna má enn sjá leifar þessa báts í fjörunni þó að lítið sé áberandi. Ég vil tengja þetta því sem segir síðar í lagagreininni að afar mikill misbrestur er á því að sveitarstjórnir framfylgi gildandi lögum að þessu leyti. Þarf ekki annað en að vísa til girðinga og ástands á eyðibýlum víða. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að gerð sé úttekt á ástandi þessara mála og gengið eftir því við sveitarstjórnir eða aðra að taka að sér að framkvæmdina á kostnað réttra aðila.

Efnistökuákvæðin eru til stórfelldra bóta og fylgja að miklu leyti því sem fram er komið í frv. sem ég hef vísað til og er flm. að.

Ég tek undir það sem sagt hefur verið hér varðandi friðlýsingu náttúrumyndana í hafi. Mér sýnist að þar sé allt of skammt gengið og það litla sem hér stendur um þetta efni er háð samþykki sjútvrh. Æskilegt hefði verið að hafa þetta ákvæði mun víðtækara og að náttúruverndarlöggjöfin tæki til hafsbotnsins m.a. og myndana á hafsbotni. Ég hef flutt þáltill. sem gerir ráð fyrir að vernda það svæði. Ég beindi að vísu til sjútvrh. og Hafrannsóknastofnunar að framfylgja þeim þáttum.

Nú, enn er tími þrotinn, virðulegur forseti. Friðlýsingarþátturinn er að mestu leyti óbreyttur frá því sem er í gildandi löggjöf. Ég ætla að spara mér að víkja frekar að því en bendi á að mér finnst of langur tími að gera ráð fyrir að náttúruverndaráætlun komi aðeins fram á fimm ára fresti og einnig að náttúruminjaskrá sé aðeins útgefin fimmta hvert ár. Ég sé enga ástæðu til að láta svo langt líða þar á milli. Ég ætla ekki að fara yfir tímann og læt máli mínu lokið um leið og ég undirstrika gildi þess að fá vandaða löggjöf og nútímalega á þessu mikilvæga málasviði þó að því miður horfi ekki svo að frv. verði lögfest á þessu þingi.

[18:42]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þær ágætu umræður sem hér hafa farið fram um frv. og ábendingar hv. þingmanna. Auðvitað er eðlilegt að hv. þm. vilji fá að skoða ýmislegt betur eða fá nánari útlistun á einstökum atriðum í frv. Ég verð að viðurkenna að tímans vegna er vart mögulegt að fara ítarlega yfir það. Í öðru lagi hefur ráðherra ekki haft tök á því að fara svo ítarlega yfir málið með nefndarmönnum að í stuttu máli megi gefa ítarlegar skýringar á skilningi þeirra á þeim þáttum.

Mér finnst hins vegar það viðhorf hafa komið fram hjá hv. þm. og ég vil þakka fyrir það, að hér sé tekið á málum af meiri festu en í gildandi lögum og ýmislegt, jafnvel fjölmargt, sé til bóta í frv. eins og það liggur fyrir. Mér virðist að þess megi vænta, verði það lögfest, að þá hafi náðst verulegur áfangi í að tryggja betur sjónarmið náttúruverndar með löggjöf frá hinu háa Alþingi en nú er. Það segi ég með fullri virðingu fyrir löggjöfinni sem er í gildi og því sem þar hefur staðið, ekki bara frá 1971 heldur einnig frá 1956 þar sem fjallað er um skip í fjöru eða annað sem á hefur verið bent. Þó orðalagið og ákveðin atriði miði við löngu liðna tíð er enn ástæða til að fjalla um þau í lagatexta. Það vill nú svo til að enn erum við að fá skip í fjöru. Mér er t.d. minnisstætt hið stóra strand Víkartinds og öll sú umræða og átök sem því máli fylgdu. Ég ætla hins vegar ekki að gera það að umræðuefni hér.

Hér hafa komið fram nokkrar athugasemdir, t.d. frá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur sem átti sæti í nefndinni, þar sem hún gerði grein fyrir því að ekki hefðu öll áhersluatriði hennar náð fram að ganga. Henni fannst að sumt mætti skýra betur eða taka fastari tökum. Ég vildi þó einkum nefna eitt af því sem hún benti á, þ.e. að fjárhagsáætlun fjmrn. væri óraunhæf og það sem hér væri sett fram um viðbótarkostnað. Hv. þm. taldi jafnframt að frádreginn kostnaður við að fella niður stjórnarþáttinn væri lítill. Auðvitað er það svo að þessar kostnaðaráætlanir fjmrn. sem fylgja frv. varða fyrst og fremst stjórnsýsluna, þ.e. þann kostnað sem hlýst beint af auknum verkefnum á sviði stjórnsýslunnar.

En þau efnisatriði sem stofnunum eins og Náttúruvernd ríkisins er falið í frv. og væntanlegum lögum, eru þess eðlis að mjög erfitt er að meta það í frv. og gera sér grein fyrir því hvað það muni allt kosta. Ég get tekið undir það með henni og öðrum hv. þm. sem hér hafa talað að auðvitað þurfum við meiri fjármuni til að geta framfylgt þessum málaflokki af þeirri reisn sem nauðsynlegt er. Við höfum barist fyrir því. Ég hef gert það við fjárlagagerðina og hv. þm. hafa gert það þegar fjárlagafrv. hefur komið til meðferðar í þinginu. En við þekkjum það nú öll af reynslu að þar þarf að forgangsraða og glíma við ýmsa ólíka þætti sem allir kalla á aukna fjármuni, misjafnlega mikla. Sumt nær fram, annað ekki. Við höfum vissulega sótt nokkuð fram á sviði verkefna sem heyra undir umhvrn., bæði hvað varðar þennan málaflokk og aðra á undanförnum árum. Það er vissulega rétt að þar þyrfti að gera betur þó að það sé ekki skilgreint í þessu frv. öðruvísi en gert er í fjárhagsumsögninni.

Hv. þm. vísaði aðeins til atriða í 19. gr. þar sem fjallað er um takmörkun umferðar í óbyggðum. Ég vil aðeins benda á að reyndar er víðar tekið á þeim þætti, t.d. í 32. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Náttúruvernd ríkisins eða öðrum umsjónaraðila náttúruverndarsvæðis er heimilt að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum og um önnur atriði er greinir í III. kafla, sbr. og 60. gr.“

En þar er einnig getið um þessa þætti þar sem fjallað er um friðlýsingar og segir, með leyfi forseta:

„Í friðlýsingu skulu tilgreindar nákvæmlega þær náttúruminjar sem friðlýstar eru. Þar skal einnig eftir atvikum m.a. kveða á um:“

Og svo segir í c-lið: „umferð og umferðarrétt almennings“.

Það er því víðar komið að þessum þætti. Auðvitað er þetta ásamt mörgu öðru sem hv. þm. hafa bent á mál sem má og þarf að skoða nánar í nefnd. Talandi um almannaréttinn eða möguleika fólks til þess að umgangast landið þá hafa fleiri hv. þm. komið að ákvæðunum í 20. gr. um heimild til að tjalda. Vafalaust eru þar einnig þættir sem þyrfti að skoða nánar. Ég hef ekki á móti því að það sé gert. Þó að nauðsynlegt sé að gera breytingar frá gildandi lögum og auka almannaréttinn — reyndar held ég að hv. þm. hafi sagt eitthvað í þá átt að sums staðar væri gengið of langt — þá finnst mér að nefndin hljóti að skoða það nánar og velta fyrir sér hvort hv. nefndarmönnum sem stóðu að gerð frv. og lögðu þetta til hafi sést yfir eitthvað sem mætti betur fara, og þá skoða menn það. Ég ætla ekki fyrir fram að leggjast gegn slíku, og fellst á að nefndin skoði þetta nánar.

Hv. 4. þm. Austurl. nefndi nokkra þætti sem þarf að hans mati að líta á frekar og skoða betur, en þó einnig ýmis atriði sem hann taldi verulega til bóta og minnir þar á hluti sem við höfum áður rætt um hér á þingi, eins og nám jarðefna, innflutning plantna og fleira slíkt. Meira að segja höfum við nýlega rætt þau atriði hér í þinginu. Og svo tek ég undir það með honum og þeim hv. þm. sem hafa staðið að samningu frv. að ákvæðið í 4. tölulið 3. gr. um ósnortið víðerni er mikilvægt. Að fá í raun lögfestar eða mótaðar þær hugmyndir sem áður hafa verið settar fram í þáltill. og síðan í nefndarvinnu og lögbinda þær eins og hér er kveðið á um. Það tel ég að sé merkilegt skref ef það verður niðurstaðan þegar frv. kemur aftur frá nefnd að það megi vera með þessum hætti eða einhverjum hliðstæðum.

Við höfum einnig áður rætt um þau sjónarmið hvort hafa eigi stjórnir yfir stofnunum eða ekki. Sannleikurinn er sá að um þann þátt er ekki nein ein lína eða einhlít skoðun eða afstaða hjá stjórnvöldum. Ég hef frekar hallast að því, eins

og fram hefur komið bæði í þessu frv. og frumvörpum sem ég hef lagt fram áður og hafa verið lögfest, að fella niður stjórnirnar. Það er rétt ábending hjá hv. 4. þm. Austurl. að ég hef svo sem talað fyrir hvoru tveggja. Það geta líka verið mismunandi ástæður fyrir því hvort það eigi að vera stjórn eða ekki stjórn. Ég vil t.d. nefna þar álitamál, annars vegar það að yfir stofnun sem er fyrst og fremst stjórnsýslustofnun og hefur ákveðin afmörkuð verkefni þurfi kannski síður að hafa stjórn samhliða því valdi sem forstjóra er falið lögum samkvæmt. En í stofnun sem mikið er leitað umsagnar hjá og mörg álitamál kunna að koma upp og stofnun sem þarf að gefa álit á hinum aðskiljanlegustu málum, eins og einmitt Náttúruvernd ríkisins, gætu kannski verið frekar rök fyrir því að hafa stjórn heldur en yfir sumum öðrum stofnunum, þó að tillaga mín sé nú eins og hún liggur fyrir hér og er þá líka eins og hún kom frá nefndinni.

Hæstv. forseti. Tíminn hleypur nú hratt frá mér. Ég held að ekki hafi beinlínis verið beint til mín fyrirspurnum. En eins og ég sagði áðan komu fram fjölmörg atriði og athugasemdir hjá hv. þingmönnum sem tóku til máls. Það verður að skoðast nánar í nefnd. Ég nefni eitt dæmi sem ég hef merkt við úr ræðu hv. 4. þm. Austurl. um akstur utan vega, að það sé skýrt skilgreint þegar talað er um akstur í snjó, hvort átt sé við akstur á jöklum eða hvort aðrar reglur gildi um akstur á jöklum. Þá þarf auðvitað að skýra það og taka það fram þannig að sem fæst álitamál rísi í því efni. Við vitum að sumir jöklarnir okkar eru vinsæl útivistarsvæði og þar með fylgir að þar er gríðarleg umferð, jafnvel svo að einhver mundi kannski segja að stundum keyrði úr hófi fram. Það er því full ástæða til að taka á þeim þáttum.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi einnig fjölmörg atriði í sínu máli sem hann taldi að þyrfti að skoða þó að hann teldi að ýmislegt væri til bóta í þessu frv. eins og aðrir hv. þm. Ég vil aðeins nefna það sem hann benti sérstaklega á og hv. 4. þm. Austurl. einnig að lög um náttúruvernd eiga auðvitað ekki bara að taka til lands og landsvæða heldur einnig hugsanlega til hafsvæða og sjávarbotns. Það verða hv. þm. að viðurkenna að hér er þó gengið lengra en í gildandi lögum hvað þetta varðar. Hér er reynt að færa sig yfir á það svið að nokkru leyti. Ég nefni t.d. 54. gr. sem hv. þm. báðir gerðu að umræðuefni. Hún fjallar um friðlýsingu náttúrumyndana í hafi. Þar er tekið á málum öðruvísi en verið hefur og ég tel að það sé mjög mikilvægt. Ég hef talað fyrir því og ég man að ég gerði grein fyrir því í umræðum í þinginu nýlega að ég ætti von á því að það mundi sjást í þessu frv. sem hér liggur nú fyrir. Það getur vel verið að einstakir hv. þm. vildu ganga lengra í þessu efni og telji að þetta þyrfti að vera víðtækara en ég tel þó að hér séu stigin skref sem skipti máli og séu umtalsverð í þá átt að náttúruverndin, þ.e. lög um náttúruvernd og stjórnvöld sem framfylgja þeim lögum hafi um þetta að segja meira en verið hefur hingað til, og ég tel fulla þörf á því.

Í seinni ræðu sinni nefndi hv. 4. þm. Austurl. nokkur atriði þar sem hann taldi að kannski væri verið að slá ákveðna varnagla, t.d. orðalagið „eins og kostur er" og annað í þeim dúr. Sjálfsagt er það svo að í löggjöf af þessu tagi og verkefnum sem undir hana heyra er ekki alltaf hægt að kveða alveg fast eða skýrt á um ákveðin átriði. Það hlýtur að vera þess eðlis að stundum verði menn að gera það sem hægt er þó að það sé kannski ekki mjög skýrt í lagasetningu að setja fram ákvæði með þessum hætti og löggjöfin eigi auðvitað að hafa skýr fyrirmæli handa þeim sem þurfa að framkvæma samkvæmt löggjöfinni. En ég býst við að þetta sé nú samt sett fram með því hugarfari að í þessu efni séu menn að reyna að ganga eins langt og hægt er á þeim sviðum sem verið er að tala um hverju sinni.

Um gjaldtökuna sem tveir hv. þm. hafa nefnt, hv. 4. þm. Austurl. og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, vil ég segja að ég hef verið fylgjandi því — og þess vegna er þetta ákvæði hér inni líka — að þessi heimild sé fyrir hendi, að það sé mögulegt að taka gjald fyrir veitta þjónustu og að mögulegt sé að taka gjald þar sem nauðsynlegt er að lagfæra það sem miður hefur farið vegna umferðar eða spjalla af völdum ferðamanna. En þá kemur auðvitað spurningin strax upp hjá hv. þm.: Hvað þýðir það þegar sagt er, „þegar hætta er á slíkum spjöllum"? Það er vandmeðfarið því að við vitum að á fjölförnum ferðamannastöðum þar sem náttúrunni hefur verið spillt er líka þörf á fyrirbyggjandi aðgerðum til þess að það gerist ekki strax aftur að gangstígar troðist út, svo dæmi sé nefnt. Þá er erfitt að skilja nákvæmlega á milli hvenær við erum að taka gjald fyrir það sem er búið að spilla og hvenær við erum að útvega okkur fjármuni til þess að verjast því sem kann að gerast á morgun. Þetta er mál sem má skoða betur. (Forseti hringir.) En ég held að það megi segja almennt — fyrirgefðu, hæstv. forseti. Þetta verður síðasta setningin — að líklega verður seint mögulegt að taka gjöld af þessum svæðum vegna þess að gjaldheimtan er svo kostnaðarsöm og það fer svo mikið í gjaldheimtuna sjálfa að þó að heimildin sé fyrir hendi þá er ekki líklegt að hún verði mikið notuð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (örorkumat). — Þskj. 834.

[18:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér er lagt fram frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, er varðar nýja tilhögun á fyrirkomulagi örorkumats. Frv. var fyrst flutt á Alþingi þann 17. des. sl. þar sem það var hluti af öðru stærra frv. sem tók einnig til breyttra frítekjumarka lífeyrisþega gagnvart tekjutryggingu. Það varð að samkomulagi þá að bíða með afgreiðslu þessa hluta frv. þar til nú.

Breytingarnar í þessu frv. lúta í heild sinni að einu markmiði, þ.e. að gefa öryrkjum verulega aukið svigrúm til eigin tekjuöflunar án þess að önnur réttindi öryrkjans skerðist með tilliti til örorkumats hans. Breytingarnar sem upphaflega frv. fól í sér voru í stórum dráttum af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða breyttar forsendur og aðra aðferðafræði í sambandi við örorkumat sem kemur nú fram í þessu frv. og hins vegar verulegar breytingar á frítekjumörkum tekjutryggingar. Þannig valda tekjur annars vegar ekki lengur skerðingu á réttindum örorkulífeyrisþegans og hins vegar verður skerðing á bótum vegna tekna maka og lífeyrisþegans sjálfs miklum mun minni en áður hefur verið. Þetta síðarnefnda atriði, sem gert var að lögum fyrir jól, á við alla öryrkja en það á einnig við um hjón og sambúðaraðila meðal ellilífeyrisþega.

Breytt örorkumat er grundvallarbreyting sem á eftir að koma öryrkjum mjög til góða. Hér er um að ræða breytingu

á skilgreiningu á örorku. Nú hafa tekjur áhrif á skilgreininguna. Þannig hafa einstaklingar lent í því að þegar þeir afla sér tekna með því að vinna hlutastöf eða létta vinnu, hugsanlega tímabundið, að örorkumatið hefur lækkað eingöngu vegna tekna. Þá hafa öryrkjar misst ýmis réttindi sem tengjast örorkuskírteini þeirra, svo sem afslátt af greiðslum til lækna og vegna þjálfunar, auk þess að missa réttindi sem sveitarfélög og jafnvel fyrirtæki veita þessum handhöfum örorkuskírteina.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að örorka verði eingöngu metin út frá læknisfræðilegum forsendum og heilsufarslegu ástandi einstaklingsins. Segja má að með þessum breytingum sé verið að nýta sér þá læknisfræðilegu þekkingu sem í auknum mæli liggur nú fyrir bæði hér á landi og erlendis þannig að örorkumatið sé faglega unnið. Jafnframt er við breytinguna litið til þess hvað gert hefur verið í nágrannalöndunum. Loks má segja að afar merkilegt skref sé stigið með því að leggja aukna áherslu á endurhæfingu fyrir þá einstaklinga sem hafa af einhverjum ástæðum hlotið örorku.

Markmiðið er að falla frá beinni tekjuviðmiðun og beina sjónum að hinum læknisfræðilega þætti örorkunnar. Í þeim tilgangi mun læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins semja nýja örorkustaðla á grundvelli afleiðinga læknisfræðilega viðurkenndra sjúkdóma eða fötlunar, sérstaklega með hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum stöðlum en einnig með tilliti til fenginnar reynslu hér á landi. Gert er ráð fyrir að hinn nýi staðall fái ítarlega opinbera kynningu sem mælikvarði sem lagður verður til grundvallar örorkumati.

Sérfræðingar Tryggingastofnunar ríkisins telja að framboð á starfrænni endurhæfingu, þ.e. endurhæfingu sem tekur mið af því að auka færni til vinnu, sé ófullnægjandi hér á landi og að þeirri starfrænu endurhæfingu sem í boði er sé beitt of seint fyrir viðkomandi einstakling. Eigi starfræn endurhæfing að skila tilætluðum árangri þarf að mati sérfræðinga að grípa til hennar sem fyrst eftir að viðkomandi einstaklingur verður óvinnufær.

Í frv. er gert ráð fyrir að tryggingayfirlæknir geti ákveðið að endurhæfing sé skilyrði örorkubóta. Með þessari breytingu er skapaður grundvöllur fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins komi á fót sérhæfðu matsteymi til að meta þörf og möguleika einstaklinga á að ná aukinni færni með markvissri líkamlegri og starfrænni endurhæfingu mun fyrr en hingað til hefur tíðkast, eða fljótlega eftir að einstaklingur veikist eða verður fyrir slysi. Þá mun Tryggingastofnun leita samninga við endurhæfingarstofnanir um að veita þessum hópi fólks sérhæfða endurhæfingu með það að markmiði að taka á vandamálum þess mun fyrr en nú er gert þannig að unnt verði að koma í veg fyrir að viðkomandi verði óvinnufær til langframa.

Almannatryggingalöggjöf í Svíþjóð og Noregi hefur nýlega verið breytt í þessa veru. Með þessu vinnst tvennt sem verður að teljast horfa til framfara og jákvæðrar lífssýnar fyrir þá sem standa frammi fyrir því að verða e.t.v. öryrkjar. Einstaklingnum er hjálpað strax og möguleikar hans til endurhæfingar eru metnir og sköpuð er aðstaða til að framkvæma þá endurhæfingu. Fari hins vegar svo að ekki verði hjá því komist að viðkomandi einstaklingur verði metinn að lokinni endurhæfingu 75% öryrki á grundvelli læknisfræðilegs mats þá á hann ekki að þurfa að lenda í þeim hremmingum, þegar heilsan leyfir honum að sækja vinnu sér til búbótar og lífsfyllingar, að örorkumat hans falli niður við svo búið. Síðan þegar heilsan leyfir honum ekki að stunda vinnu sína óslitið áfram hefur það hingað til kostað hann ómælda fyrirhöfn að fá örorkumatið leiðrétt á nýjan leik.

Almannatryggingakerfið á að veita einstaklingum hjálp til sjálfshjálpar. Það er tilgangurinn með þessum breytingum.

Menn hafa eðlilega velt því fyrir sér hvernig breytingin hafi áhrif á þá sem hingað til hafa verið metnir öryrkjar fyrst og fremst á grundvelli svokallaðrar félagslegrar örorku. Um þetta er það að segja að sérstakt ákvæði til bráðabirgða í frv. gerir ráð fyrir því að hinar nýju forsendur til örorkumats hafi einungis áhrif gagnvart þeim sem metnir eru til örorku í fyrsta sinn eftir gildistöku laganna.

Þetta þýðir að ef sömu forsendur eru til staðar hjá einstaklingum sem koma til endurmats og voru grundvöllur fyrir upphaflegu örorkumati þá skal örorkumat ekki breytast frá því sem var þótt kominn sé nýr staðall. Núverandi öryrkjar þurfa því ekki að óttast að örorkumat þeirra breytist.

Sérfræðingar Tryggingastofnunar áætla að allur undirbúningur fyrir nýja örorkustaðla og kynning á þeim, svo og samningur við matsaðila og endurhæfingarstofnanir, taki nokkurn tíma. Af þeim ástæðum er ekki gert ráð fyrir því að lög um breytt örorkumat taki gildi fyrr en 15. apríl á þessu ári.

Kostnaður sem hlýst af því að koma ákvæðum þessa frv. til framkvæmda er á milli 40 og 50 millj. kr. en sá kostnaður stafar fyrst og fremst af samningum við endurhæfingarstofnanir og rekstur á nýju matsteymi. Þetta eru í raun gífurlegar breytingar á bóta- og kjarastöðu allra þeirra lífeyrisþega sem hingað til hafa orðið fyrir skerðingu á lífeyrisbótum og réttindum sem öryrkjar. Þetta er því mikið réttindamál fyrir öryrkja sem ég vona að fái skjóta og um leið vandaða meðferð hér á Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að að umræðu lokinni verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

[19:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. fer fögrum orðum um þær breytingar sem er að finna í þessu frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar. Ég hygg að það sé rétt að margar breytingar sem í frv. er að finna séu af hinu góða. Ég held að meginhugsunin sé rétt.

Ýmislegt sem kom fram í framsögu hæstv. heilbrrh. vekur þó óneitanlega hlustendur til nokkurrar umhugsunar. Hæstv. heilbrrh., sem um nokkurt skeið hefur verið æðsti yfirmaður heilbrigðismála landsins, hélt því fram að það væri mat sérfræðinga hennar að framboð á starfrænni endurhæfingu væri of lítið og þar að auki sé starfrænni endurhæfingu beitt of seint. Mér hnykkti við að hlýða á þetta. Ég tel að í þessu felist mjög harður áfellisdómur af hálfu hæstv. heilbrrh. yfir þeirri endurhæfingu sem er að finna innan þessa kerfis í landinu í dag. Mig óraði ekki fyrir því að ástandið væri þannig að bæði væri framboð allt of lítið og jafnframt að því væri beitt allt of seint. Þýðir það þá að það framboð sem fyrir hendi er komi e.t.v. að litlum notum vegna þess að því sé beitt of seint? Það væri æskilegt að hæstv. heilbrrh. skýrði þetta.

Ég held að í frv. sé að finna breytingar sem séu mjög hagkvæmar öryrkjum. Ég tel að það sé hárrétt sem hæstv. heilbrrh. segir að þarna er verið að draga úr og jafnvel eyða tilteknu ójafnræði sem hefur verið í lögunum til þessa. Ég held að með þessu sé verið að gefa öryrkjum aukin tækifæri til þess að afla sé tekna og draga úr þeim parti almannatryggingakerfisins sem hefur verið vinnuletjandi. Það hefur verið þannig að Tryggingastofnun ríkisins gefur út sérstök

skírteini, örorkuskírteini, fyrir þá sem vegna örorku sinnar geta ekki aflað tekna með því að selja vinnuafl sitt. Upphaflega var þetta skírteini, eins og kemur fram í greinargerð með frv., staðfesting á rétti viðkomandi til lífeyris, en það hefur breyst á þann veg að það tryggir nú handhafa þess rétt til þess að kaupa þjónustu eins og læknisþjónustu, jafnvel sjúkraþjálfun, talþjálfun og iðjuþjálfun á niðurgreiddu verði. Lægra verð stafar af niðurgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins og sama gildir að sjálfsögðu um lyf. Sömuleiðis hafa, eins og ég held að hæstv. ráðherra hafi greint frá í máli sínu, ýmis fyrirtæki sem selja öryrkjum þjónustu gert það að skilyrði fyrir lægra verði á viðkomandi þjónustu að hægt sé að framvísa slíkum skírteinum. Skírteinin hafa því skipt mjög miklu máli.

Það liggur í hlutarins eðli að öryrkjar eru háðir þjónustu af þessu tagi og ívilnanirnar sem birtast í niðurgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins eru þeim mikilvægar. En þeir sem hafa, þrátt fyrir erfiða sjúkdóma eða fötlun, stundað vinnu hafa þeir ekki getað fengið þetta skírteini. Í þessu felst augljóst ójafnræði. Í þessu felst ranglæti og þar að auki, sem skiptir ekki síður máli, er þetta vinnuletjandi. Og það er mjög af hinu góða að með frv. er, að því er mér virðist, verið að slá stoðir undan þessu ranglæti. Það er verið að gera það skýrt að allir, hvort sem þeir stunda vinnu eða ekki, muni fá skírteinið og þar af leiðandi geta notfært sér þau hlunnindi sem því fylgja um lægra verð á þjónustu og varningi ýmiss konar. Þetta er hið besta mál.

Ýmislegt í frv. og greinargerðinni er hins vegar þess eðlis að það er óhjákvæmilegt að maður varpi a.m.k. fram ákveðnum spurningum. Er það til að mynda ekki alveg ljóst að ef tryggingayfirlæknir beitir þeirri heimild sem honum á að veita samkvæmt b-lið 1. gr., til þess að láta umsækjanda gangast undir sérhæft mat á endurhæfingarmöguleikum, þá á viðkomandi kost á endurhæfingarlífeyri meðan á því mati stendur og meðan á þeirri endurhæfingu stendur líka?

Ég velti því hins vegar fyrir mér: Hver er tilgangurinn með því að koma á þessu sérhæfða mati? Ég vil taka það fram að ég er alls ekki á móti því og ég held að allir hljóti að vera þeirrar skoðunar að æskilegt sé að allir þeir sem vegna fötlunar eða slysa bera með einhverjum hætti örkuml, ættu kost á því að fá viðeigandi endurhæfingu. Í sumum tilvikum er hins vegar engin endurhæfing til, því miður. Ég les þessa málsgrein, b-lið 1. gr. með hliðsjón af ýmsu því sem kemur fram í greinargerðinni. Í greinargerðinni segir t.d. á bls. 1, með leyfi forseta:

„Jafnframt er gert ráð fyrir að aukin áhersla verði lögð á endurhæfingu sem forsendu fyrir örorkumati."

Þessi setning er heldur kuldaleg, finnst mér, gagnvart öryrkjum. Hún felur í sér að það sé meira og minna hægt að endurhæfa alla öryrkja. Það er að sjálfsögðu ekki hægt. Hvað með t.d. þá sem þjást af geðklofa? Hvað með þá sem þjást að MS? Þeir eiga ekki kost á endurhæfingu, illu heilli, þannig að endurhæfing getur alls ekki í þeim tilvikum verið forsenda örorkumats. Mér finnst þetta vera óviðunandi setning sem skiptir efnislega ekki stórmáli. En hún vekur spurningu um það hvort öryrkjar séu ekki alltaf öryrkjar.

Ég les líka þann málslið b-liðar 1. gr. sem lýtur að sérhæfðu mati í tengslum við það sem er að finna í greinargerðinni á bls. 2 og 3. Með leyfi forseta hljóðar það svo:

„Örorkulífeyrir á að vera trygging fyrir framfærslu ef heilsan brestur en ekki almennur framfærslulífeyrir. Örorkumatið á að vera læknisfræðilegt. Ekki á að meta örorku vegna félagslegra aðstæðna sem slíkra, aðeins ef þær hafa sjúkdóm í för með sér, ..."

Þessi staðhæfing vekur spurninguna: Er það skoðun hæstv. heilbrrh. að í dag séu einhverjir öryrkjar á skrá yfir öryrkja sem ekki eiga þar heima? Ég er með öðrum orðum að spyrja hæstv. ráðherra: Telur hún að í dag séu einhvers konar öryrkjar til sem ekki séu öryrkjar? Ég les það út úr þessu og þætti gaman að fá skoðanir hæstv. ráðherra á þessu.

Varðandi þá endurhæfingu sem hér á í sumum tilvikum a.m.k. að verða forsenda örorkumats þá kostar hún væntanlega ásamt matinu sjálfu verulegt fé. Endurhæfingin er vitaskuld miklu dýrari en matið sjálft. Hvað kostar þetta? Það vill svo til að í fskj. með frv., í áliti fjárlagaskrifstofu fjmrn., er lagt mat á þetta. Þar segir að sjálft matið, hið sérhæfða mat muni á ári kosta um 5–10 millj. kr. og sjálf endurhæfingin muni kosta um 30–40 millj. kr. á ári.

Hvað segir þetta mér þegar ég les þetta, herra forseti? Í fyrsta lagi segir það mér að ráðuneytið virðist hafa komist að niðurstöðu um það hversu margir muni árlega fara í það sérhæfða mat sem er rætt um í 1. gr. frv. Í öðru lagi dreg ég þar með þá ályktun að ráðuneytið viðist hafa hugmyndir um hvers konar öryrkjar það eru sem er hægt að endurhæfa þannig að þeir komist aftur út á vinnumarkaðinn og þurfi ekki örorkubóta við.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaða flokkar öryrkja eru það sem hún telur að hægt sé að endurhæfa með þessu móti og hvað eru þeir margir? Það kunna að vera óþægilegar spurningar en svörin eru væntanlega til, því að án þess að hafa gróft mat á fjölda þeirra sem yfirvöld telja réttlætanlegt að senda í slíkt mat er ekki hægt að meta kostnaðinn og fjöldann er ekki hægt að meta nema vita hvers eðlis örorka þeirra er sem er hægt að fella undir þetta ákvæði í 1. gr. frv. Á einhverju hljóta þessar tölur að byggjast. Mér þætti fróðlegt að fá upplýsingar frá hæstv. ráðherra um þetta.

Ég rifja það upp hér að þegar lausafregnir birtust í fjölmiðlum fyrir jól um þetta frv. sem við erum að ræða núna, þá var það undir þeim formerkjum að nauðsynlegt væri að draga úr fjölda öryrkja og það var rætt á fremur óviðeigandi hátt, eins og einhverjir menn gerðu sér leik að því að komast á örorku. Þessa umræðu mátti líka skilja þannig að hér á landi væru óvenjulega margir öryrkjar miðað við önnur lönd. Þess vegna er rétt að rifja það upp, herra forseti, af því að ég les viðhorf þessu skyld út úr ákveðnum pörtum greinargerðarinnar, að á Norðurlöndunum, fyrir utan Danmörku, eru öryrkjar, held ég, fast að tvöfalt fleiri en hér á landi. En staðreyndin er sú að hér á landi eru öryrkjar hlutfallslega fáir miðað við sum önnur lönd a.m.k., ég held þeir séu innan við 8 þúsund. Hvað er það hátt hlutfall, herra forseti? Er það ekki innan við 3%?

Ýmsu öðru mætti auðvitað velta fyrir sér. Í frv. er talað um að örorkubætur skuli metnar samkvæmt staðli sem á að birta sem sérstaka reglugerð eða hluta af reglugerð og á að vera staðfestur af tryggingaráði. Sá staðall hlýtur óneitanlega að skipta öllu máli fyrir þá sem eiga afkomu sína undir mati hins opinbera á örorku viðkomandi. Það er auðvitað ekkert hægt að segja um þennan staðal fyrr en hann liggur fyrir á texta. En það skiptir, eins og ég sagði, öllu máli og ég inni þess vegna hæstv. ráðherra eftir því, hvort þessi staðall liggi fyrir eða drög að honum og hvort heilbr.- og trn. muni fá hann til athugunar þegar málið verður tekið fyrir í nefndinni.

Að lokum fagna ég því að hæstv. ráðherra segir að með frv. muni menn hætta að beita tekjuviðmiðunum gagnvart mati á örorku og beita einungis læknisfræðilegum viðmiðunum. Um miðbik síðunnar á bls. 3 segir, að ef af þeirri lagabreytingu verði, sem hér er lögð til, muni Tryggingastofnun ríkisins útbúa mælikvarða fyrir örorkumat með hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum stöðlum.

Í þessu samræmi skiptir miklu máli að ofar á síðunni er vísað í skilgreiningu Heilbrigðisstofnunar Sameinuðu þjóðanna á örorku og jafnframt er vísað í bók sem er gefin út af bandarísku læknasamtökunum, og þar er örorka skilgreind sem frávik frá eðlilegu ástandi í líkamshluta eða líffærakerfi og varanleg örorka sem ástand sem hafi verið óbreytt það lengi að hámarksbata vefja sé náð og ekki séu líkur á frekari bata þrátt fyrir meðferð. Það er miðað við, svo ég lesi, með leyfi forseta:

„Miðað er við ástand sem hamlar athöfnum daglegs lífs, svo sem eigin umhirðu, að nærast, matreiða, tjá sig, standa, ganga eða sitja, annast heimili sitt og fjármál sín, ferðast, vinna fyrir sér og stunda félagsstörf og áhugamál."

Ég held, herra forseti, að þessi nálgun á örorku sé mjög jákvæð og hún sé sú sem eigi að beita. Þarna er örorkan skoðuð sem læknisfræðilegt viðfangsefni og ég tel þess vegna að hið háa ráðuneyti sé á réttri leið með því að gera þetta að burðarásinum í mati sínu. Ég er sannfærður um að það mun hafa margt heillavænlegt í för með sér fyrir þennan hóp þegna okkar sem okkur hættir svo oft til að hugsa of lítið um en sem þarfnast þess að við hugsum stöðugt um þá.

Þegar öllu er á botninn hvolft, herra forseti, og eftir fyrsta lestur frv. held ég að það sé að flestu leyti til bóta. Það er ýmislegt í orðfari frv. sem ég sætti mig ekki alveg við eða kann að vera svona tittlingaskítur af minni hálfu, en það eru viðhorf í því sem ég les út úr orðanotkun sem mér finnst að eigi ekki að vera í pappírum sem koma frá hinu opinbera. En vitaskuld, herra forseti, kann það að vera mislestur af minni hálfu og vitaskuld kann það að vera bara smekkur minn sem veldur því. Ég held að það sé mikilvægt að bæði sú stefnuáhersla sem liggur í skilgreiningu á örorku í þessu frv. sem og sú staðreynd að með því er verið að gefa öryrkjum aukin tækifæri til tekjuöflunar og í síðasta lagi að með frv. er verið að útrýma ákveðnu misrétti sem sannanlega er til staðar í dag, þá sé mikilvægt þrátt fyrir hversu seint málið kemur fram og að ekki séu nema örfáir starfsdagar sem lifa af þessu þingi, að heilbr.- og trn. geri þetta mál að forgangsverki sínu á þeim tiltölulega skamma tíma sem hún hefur til þess að fara höndum um frumvörp og tillögur sem þingið hefur sent nefndinni.

Þess vegna mun ég beita mér fyrir því, herra forseti, að þetta frv. verði gert að lögum og að heilbr.- og trn. afgreiði það eins skjótt og hægt er, þó þannig að fagleg vinnubrögð séu í heiðri höfð. Vonandi tekst þá að gera það að lögum áður en hið háa Alþingi hættir störfum á þessu vori.

[19:22]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég vil fagna þeim atriðum sem verið er að taka á í þessu frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, en þar er einkum um að ræða þá sem metnir hafa verið til 75% örorku til langframa, eins og tekið er fram í 1. gr. frv.

Mig langar samt að spyrja ráðherra hvort þetta nái ekki yfir alla þá sem metnir eru til 75% örorku, því það getur jú verið erfitt að skilgreina hvað „til langframa" táknar.

Síðasti ræðumaður spurði að því m.a. hvort öryrkjar væru ekki alltaf öryrkjar. Fólk er oft metið til 75% örorku og yfir í takmarkaðan tíma, kannski í hálft ár, kannski í eitt ár eða þá að örorkan er endurskoðuð með reglulegu millibili meðan einhver batavon er, og það eru mörg dæmi um þetta. Það er ekki gefið út varanlegt, endanlegt örorkumat hjá þorra þeirra sem fá slíkt mat.

Mig langar því að vita hvað orðalagið „til langframa" táknar og hvað þetta þýðir fyrir þá sem eru metnir til 75% örorku, kannski eitt ár í senn, hálft ár í senn o.s.frv.

Ég minnist þess að fjótlega eftir að ég tók til starfa sem læknir í Reykjavík var í samlagi hjá mér roskin kona sem var mjög illa lungnaveik. Hún var metin til 65% örorku vegna þess að maðurinn hennar hafði tekjur yfir viðmiðunarmörkum. Þetta var eiginlega í fyrsta skipti sem ég varð vör við þetta ranglæti og gleðst því sérstaklega yfir að sjá það leiðrétt.

Annað sem mig langar til að spyrja um er þetta matsteymi, sem mér sýnist af frv. að komi inn í b-lið 1. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Tryggingayfirlækni er heimilt að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar ..." o.s.frv.

Tryggingayfirlækni er heimilt að setja þetta skilyrði og ég skil það svo að í athugasemdunum sé það þetta matsteymi sem eigi að gera slíka úttekt og hægt sé að vísa þeim til sem verið hefur óvinnufær í tvo til þrjá mánuði. Nú er örorkumat almennt byggt á örorkuvottorðum frá lækni sjúklingsins eða þess sem mest hefur haft með hann að gera, og í þeim vottorðum sem skrifuð eru áður en örorkumat fer fram er einmitt spurt nokkuð ítarlega um hvort endurhæfing sé möguleg og hvort hún muni bæta ástand o.s.frv. Þannig að nú þegar er þetta kannað. Það kemur mér þess vegna á óvart að sérfræðingar Tryggingastofnunar telji að framboð á endurhæfingu sé ófullnægjandi og henni sé beitt of seint eða ekki fyrr en sjúklingurinn hefur verið viðurkenndur öryrki.

Mig langar því líka að spyrja: Hefur þetta verið tekið út sérstaklega? Það væri fróðlegt að heyra tölur um það. En ég fagna framkomu þessa frv. og því góða sem það mun hafa í för með sér.

[19:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér aðeins upp til þess að taka undir þá spurningu sem hv. þm. varpaði fram um skýringu á orðunum „til langframa". Mér láðist að geta þess í ræðu minni að hér er auðvitað um að ræða lykilorð í þessu frv. Hvað þýðir þetta?

Hæstv. ráðherra verður að skýra það fyrir okkur því að ef um einhvers konar nýja skilgreiningu á örorku er að ræða. Ef það eru einungis þeir sem talið er fullkomlega víst að muni ekki ná neins konar bata, umfram þetta hlutfall, sem eiga að njóta þeirrar ívilnunar sem þetta frv. hefur í för með sér, þá hlýtur það að fela í sér að einhverjir aðrir kunni að búa við skarðari hlut en áður þegar frv. er orðið að lögum.

Þess vegna held ég að áður en við getum lokið þessari umræðu sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra greini skýrt og skilmerkilega frá því hvað í þessu felst og hvort þetta þýði breytingar á högum einhverra, sem hingað til hafa þurft að ganga undir endurtekið og reglulegt mat á þróun sinnar örorku.

[19:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá jákvæðu umræðu sem hefur orðið um þetta frv. Hv. formaður heilbr.- og trn. sagði áðan að málið væri seint fram komið en hafði samt áhuga fyrir því að drífa það í gegnum þingið. En ég vil nú minna á það að mælt var fyrir þessu frv. um miðjan desember en þá vildu menn í hv. stjórnarandstöðu fá betri tíma til að skoða málið og síðan hafa menn haft nokkurn tíma til þess. Nú liggur þetta mál fyrir og ég tel að það liggi skýrt fyrir.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan að þetta væri áfellisdómur yfir þeirri endurhæfingu sem við hefðum í dag. Um leið og við erum að bæta þjónustu á einum stað þá erum við ekki að tala um áfellisdóm heldur erum við eingöngu að bæta þjónustuna. Við erum náttúrlega með mjög sterka endurhæfingu í landinu og ég get bent á margar stofnanir því til stuðnings. En það er talið einmitt af sérfræðingum í endurhæfingu að oft þurfi að grípa fyrr til aðgerða en gert er í dag. Og til þess að svo megi verða þarf að styrkja það teymi sem er gert ráð fyrir að verði til.

Það hefur verið rætt um að eins og þetta er í dag sé þetta vinnuletjandi kerfi, þ.e. að um leið og fólk hefur einhverjar tekjur þá eru allar ívilnanir tíndar af því. En það er einmitt þar sem við erum að koma til móts við þetta fólk. Og ég heyri að menn eru sammála því að það sé nauðsynlegt.

Hvað varðar endurhæfingarlífeyrinn þá eru menn ekki að missa hann ef frv. verður að lögum. Og varðandi endurhæfinguna sjálfa vil ég segja að endurhæfing, t.d. geðsjúkra, er ekkert síður mikilvæg en endurhæfing annarra sjúklinga. Af því að hv. þm. talaði sérstaklega um það áðan að t.d. geðklofasjúklingar ættu ekki heima í þessu endurhæfingarteymi, þá tel ég það vera.

Varðandi þau atriði sem fram komu hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted og hv. formanni heilbr.- og trn. um hvað orðalagið „til langframa" þýði, örorka til langframa, þá er þetta óbreytt orðalag frá núgildandi lögum, algjörlega óbreytt orðalag. Og eins og kom fram hjá hv. þm. áðan eru margir einstaklingar metnir 75% öryrkjar um skamman tíma, en ná vegna sterkrar endurhæfingar síðan þeim bata að örorka þeirra minnkar sem betur fer.

Það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði um að hann kynni illa við orðfæri frv. og teldi það ekki fyrir sinn smekk, þá er það eitthvað sem ég tel að megi laga í hv. nefnd. Og hann spurði hversu margir þeir væru sem hefðu lífeyri, framfærslulífeyri, án þess að teljast læknisfræðilegir öryrkjar. Þær tölur höfum við ekki og við höfum ekki neinar sérstakar hugmyndir um þær. Við höfum eingöngu þær tölur sem Norðmenn og Svíar hafa stuðst við og frv. kemur í beinu framhaldi af reynslu nágrannaþjóða okkar.

Ég vona að ég hafi getað svarað þeim spurningum sem fram voru bornar og þetta mál fái hraða og örugga afgreiðslu í hv. nefnd, enda heyri ég að virðulegur formaður hefur áhuga á því.

[19:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég spurði hæstv. heilbrrh. um á hvaða rannsóknum eða athugunum kostnaðarmatið frá fjmrn. byggðist. Út frá svörum hæstv. heilbrrh. tek ég það svo að það byggist á reynslu annarra þjóða. Ég hef í sjálfu sér ekkert út á það að setja.

Ég vil hins vegar taka fram að í ræðu minni áðan sagði ég ekki að frv. sem slíkt væri áfellisdómur yfir endurhæfingu eins og hún hefur verið rekin hér á landi. Ég sagði að orð hæstv. ráðherra fælu í sér áfellisdóm og það alvarlegan. Hæstv. ráðherra sagði nefnilega að framboð á starfrænni endurhæfingu væri of lítið og því væri beitt of seint. Það finnst mér áfellisdómur hjá hæstv. ráðherra yfir kerfinu. Ég get ekki annað sagt. Það kann að vera að hæstv. ráðherra sé annarrar skoðunar á þeirri ályktun sem ég dreg af orðum hennar. Hún hefur kannski ekki meint þetta eða hún skilur eigin orð talsvert mildar en ég geri.

Að því er varðaði endurhæfingu, t.d. þeirra sem þjást af geðklofa þá þekki ég þann sjúkdóm því miður allt of vel. Ég veit ekki til að hingað til hafi endurhæfing nokkru sinni skipt nokkru máli fyrir þá sem af honum þjást.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 1. umr.

Stjfrv., 521. mál (úrskurðarnefnd o.fl.). — Þskj. 835.

[19:33]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð.

Með frv. þessu er lagt til að stofnuð verði sérstök úrskurðarnefnd almannatrygginga sem taki við því hlutverki tryggingaráðs að úrskurða um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta samkvæmt almannatryggingalögum og lögum um félagslega aðstoð. Undirbúningur frv. hófst í heilbr.- og trmrn. en á sama tíma fékk núverandi tryggingaráð Pál Hreinsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, til að gera tillögur um breytingar á tryggingaráði og semja greinargerð. Frv. var síðan unnið í ráðuneytinu og er að mestu byggt á tillögum Páls, sem tryggingaráð var einhuga um.

Samkvæmt núgildandi lögum hefur tryggingaráð aðallega tvenns konar hlutverk. Annars vegar hefur ráðið ákveðna stjórn og eftirlit með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Hins vegar er ráðið úrskurðaraðili í deilum sem upp koma varðandi ákvarðanir stofnunarinnar um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta. Frv. gerir ráð fyrir því að það hlutverk tryggingaráðs að úrskurða í deilumálum verði flutt til sérstakrar úrskurðarnefndar almannatrygginga. Samkvæmt því mun tryggingaráð eingöngu hafa á hendi stjórn og eftirlit með stofnuninni. Með því að skilja á milli málskotsaðilans og þess sem tekur ákvarðanir um bætur eykst réttaröryggi þeirra viðskiptavina Tryggingastofnunar ríkisins sem kæra vilja ákvarðanir í málum sínum. Einnig skapast svigrúm fyrir tryggingaráð til að geta sinnt stjórnunar- og eftirlitshlutverki sínu betur og þar með verður fjárhagsleg yfirstjórn stofnunarinnar virkari en nú er.

Tryggingaráð úrskurðar árlega í hátt á fjórða hundrað mála og þykir full ástæða til að sérstök óháð nefnd fari með þetta mikilvæga hlutverk á sviði almannatrygginga. Almannatryggingalöggjöf þarf á hverjum tíma að taka breytingum í samræmi við þjóðfélagslegar breytingar og jafnframt þarf að tryggja að hún sé hverju sinni í fullu samræmi við aðra löggjöf um meðferð mála innan stjórnsýslunnar.

Með stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, voru lögfestar reglur um hvernig stjórnvöld eigi að standa að ákvörðunum og úrskurðum um réttindi og skyldur hins almenna borgara.

Með frv. þessu eru lagðar til breytingar sem færa stjórnkerfi Tryggingastofnunar ríkisins nær nútímaviðhorfum stjórnsýsluréttar. Breytingarnar eru í raun eingöngu stjórnkerfisbreytingar og breyta því ekki efnislegum rétti fólks.

Í úrskurðarnefnd almannatrygginga skal skipa þrjá menn og jafnmarga til vara til sex ára í senn. Formaður og varamaður hans skulu uppfylla skilyrði sem sett eru um embættisgengi héraðsdómara. Varaformaður og varamaður hans skulu vera læknar. Í ákvæði til bráðabirgða er mælt svo fyrir að þegar úrskurðarnefndin verður skipuð í fyrsta skipti skuli formaður skipaður til sex ára, varaformaður til fjögurra ára og þriðji nefndarmaður til tveggja ára. Eftir það er ætlunin að nefndarmenn verði skipaðir til sex ára.

Með því að tryggja hægfara breytingar á skipan nefndarinnar er ætlunin að þekking og reynsla hverfi ekki úr nefndinni, eins og hætta er á að geti gerst þegar nefnd er í heild skipuð á sex ára fresti.

Í frv. er gert ráð fyrir nokkuð ítarlegri ákvæðum um málsmeðferð úrskurðarnefndarinnar en eru í núgildandi ákvæðum um tryggingaráð. Ein meginbreytingin er að kæra til úrskurðarnefndar skuli vera skrifleg. Einnig skulu eyðublöð liggja á skrifstofu Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar og skulu starfsmenn stofnunarinnar veita alla nauðsynlega aðstoð við útfyllingu þeirra.

Í núgildandi almannatryggingalögum eru ákvæði á víð og dreif sem kveða á um að tryggingaráð veiti undanþágur eða skeri úr um greiðslur bóta. Í frv. er þeim ákvæðum breytt þannig að tryggingaráð skuli setja reglur samkvæmt ákvæðunum. Orðinu lögheimili er á ýmsum stöðum í lögunum breytt í orðið búsetu, en það er gert í samræmi við lög nr. 59/1998 sem breyttu almannatryggingalögum og taka gildi 1. júlí næstkomandi.

Að lokum er gert ráð fyrir gildistöku 1. júlí 1999 og er reiknað með því að sá tími nægi til undirbúnings fyrir hið nýja fyrirkomulag.

Virðulegi forseti. Ég tel að breytingin sem felst í þessu frv. sé löngu tímabær og hafi í för með sér aukið réttaröryggi fyrir þá sem skipta við Tryggingastofnun ríkisins. Allir hlutaðeigandi aðilar hafa verið sammála um að setja þurfi á stofn sjálfstæða og óháða nefnd til að úrskurða í ágreiningsmálum um bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins. Ýmsar ábendingar, munnlegar og skriflegar, um úrbætur á þessu sviði hafa borist til heilbr.- og trmrn. Þær hafa t.d. komið frá núverandi tryggingaráði, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanni Alþingis.

Ég legg áherslu á að breytingarnar eru, eins og ég hef þegar sagt, eingöngu stjórnkerfisbreytingar. Þær eru mikil réttarbót fyrir viðskiptavini Tryggingastofnunar ríkisins með tilliti til málskots en hreyfa í engu við bótarétti þeirra samkvæmt núgildandi lögum. Frv. er samið í samvinnu við núverandi tryggingaráð og Tryggingastofnun ríkisins og ríkir um það sátt. Af þeim sökum treysti ég því að frv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[19:40]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér finnst nú sem hæstv. heilbrrh. sé orðin fullfrek til fjörsins þegar hún leggur fram hvert frv. á fætur. Hún kallar þau öll tímamótafrumvörp og ætlast til þess að þau séu samþykkt með hraði á allra síðustu dögum þingsins. Ef frv. sem hæstv. heilbrrh. leggur hér fram er jafnmikið tímamótafrumvarp og hæstv. ráðherra telur þá spyr maður náttúrlega í fyrsta lagi: Af hverju var það ekki lagt fram fyrir löngu? Og í öðru lagi: Þarfnast það ekki mikillar rannsóknar við til að ljóst sé að það nái markmiði hæstv. ráðherra? Hitt er svo annað mál að ef hæstv. ráðherra fer vel að formanni heilbr.- og trn. og þeim öðrum þingmönnum sem í nefndinni sitja þá er aldrei að vita nema hægt sé að afgreiða málið.

En áður en ég vík að frv., sem ég ætla nú ekki að setja langa ræðu á um, þá finnst mér nauðsynlegt að ræða aðeins, hæstv. ráðherra og við þingmenn sem sitjum hérna og erum öll úr heilbr.- og trn., hvaða forgangsröð hæstv. ráðherra hefur í þessum málum. Fyrir nefndinni liggur nú viðamikið mál sem miklar deilur ríkja um innan nefndarinnar og varðar lífsýnabanka og lífsýni. Hins vegar eru hér tvö frekar þægileg og elskuleg frv. sem mikill sómi væri af að samþykkja, ásamt frv. sem hér liggur fyrir og ráðherra á eftir að mæla fyrir. Það varðar málefni aldraðra og mér hefur við fljóta yfirferð einnig sýnst það hið besta mál.

Ég spyr hæstv. ráðherra, vegna þess að hún á eftir að taka hér til máls: Það liggur alveg ljóst fyrir að miðað við þann takmarkaða tíma sem heilbr.- og trn. hefur þá mun hún ekki koma því í verk að sinna bæði lífsýnafrv., miðað við þær efnislegu deilur sem þar standa yfir um málið, og hins vegar að afgreiða líka þessi þrjú frumvörp. Hvaða viðhorf hefur hæstv. ráðherra til þess hvað eigi að gera? Það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra að koma hingað og halda því fram að helst vildi hún sjá þau öll samþykkt. Ég veit að hún vildi helst sjá þau öll samþykkt en hver er forgangsröðin?

Að öðru leyti, herra forseti, þá var lykilatriðið í máli hæstv. ráðherra um frv. að hér væri ekki um neinar efnislegar breytingar að ræða heldur væri fyrst og fremst verið að hnika reglum og lögum um þetta atriði til samræmis við þær stjórnkerfisbreytingar sem hafa átt sér stað almennt og má rekja til stjórnsýslulaganna sem voru samþykkt 1993. Þar voru lögfestar reglur um það hvernig stjórnvöld eigi að standa að ákvörðunum og úrskurðunum um réttindi og skyldur borgaranna. Þar var það gert alveg skýrt að borgararnir áttu jafnan að hafa einhvers konar vettvang til að vísa sínum málum til ef þeir væru ósammála úrskurði stjórnvalda um rétt þeirra og skyldur.

Ég held að í sjálfu sér sé þetta hið besta mál og tek undir það með hæstv. ráðherra. Ekki vil ég lasta starfsfólk heilbrrn. en segi þó að nafn Páls Hreinssonar, í tengslum við samningu þessa frv., er í sjálfu sér nægilegt til að menn geti treyst því að frv. sé hið besta mál. Það er reynsla okkar þingmanna af starfi þessa ágæta manns.

Í framhaldi af stjórnsýslulögunum, sem samþykkt voru 1993, hafa víða í stjórnkerfinu verið settar upp sérstakar úrskurðarnefndir, t.d. úrskurðarnefnd um félagsþjónustu sveitarfélaga, úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem vel er þekkt, úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og sennilega fleiri. Fjöldi þeirra mála sem tryggingaráð fær til afgreiðslu á hverju ári er hátt á fjórða hundrað þannig að það er eðlilegt að sérstök nefnd fái svipað hlutverk á sviði almannatrygginga. Og þetta frv. felur þá tillögu í sér að sett verði upp sjálfstæð og óháð úrskurðarnefnd sem hafi það eina hlutverk að skera úr um ágreining um grundvöll, upphæð og skilyrði bóta í kerfinu. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að það felur í sér réttarbót og þess vegna hefði verið óskaplega gott ef þetta frv. hefði komið fram fyrr á þessum vetri. Þá hefði mátt afgreiða það með miklum sóma.

En nú er, sökum þess starfsálags sem á nefndinni hvílir, alls ekki víst að það takist.

[19:45]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enginn er búmaður nema hann berji sér. Ég man nú aldrei eftir því að hafa lagt fram nokkurt einasta frv. án þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson kæmi hér upp og segði að tíminn væri allt of skammur, málið væri gott en tíminn væri skammur. (Gripið fram í.) Jú, það var nú líkast til, hv. þm., að þar væri tíminn skammur líka. En þetta er nú svona viðtekin venja.

Það er þannig að þegar hann brettir upp ermarnar þá gengur þetta allt í rauðarokinu. Ég held að ég þurfi ekkert að forgangsraða þessum verkefnum. Þetta eru allt saman ágætis mál og ég veit að hann drífur þetta í gegnum þingið með elegans. Ég treysti því. Hann ræddi sérstaklega lífsýnafrv. og sagði að það væru miklar deilur innan nefndarinnar. Ég held að það sé einmitt rétt orðað hjá hv. þm. því að ég hef lesið það sem hefur komið fram um þetta mál og þær umsagnir sem borist hafa eru nánast allar afar jákvæðar. Um lífsýni gilda engin lög nú og held að hv. þm. hljóti að vera sammála mér um að það sé mikilvægt að lög um þennan viðkvæma og mikilvæga málaflokk séu skýr.

Ég ætla ekki að tala um þetta hér og nú en ég veit af reynslu að þetta er ekki svo flókið mál og um það ríkir það víðtæk sátt og því ætti ekki að vera margra daga verk að vinna það, enda er sem betur fer nokkur tími til stefnu.

[19:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alrangt hjá hæstv. heilbrrh. að það sé viðtekinn háttur hjá form. heilbr.- og trn. að koma hingað og berja sér yfir hverju máli sem fram kemur. Staðreyndin er sú að oft hefur þessi formaður komið hingað og kvartað undan því að hafa ekki fengið næg mál. Staðreyndin er sú að allt of oft hafa þessi mál komið allt of seint.

En það er aldrei að vita hverju er afkastað ef viljinn er fyrir hendi. Samt er þetta er spurning um forgangsröðun. Ég ætla ekki að fara að setja hér á ræður um lífsýnafrv. Það er vont frv. og það er rangt hjá hæstv. ráðherra að allar umsagnir séu mjög jákvæðar.

Ég er hins vegar sammála hæstv. ráðherra um það að vegna þess að engin lög gilda um lífsýni og vegna þess að ákveðnar breytingar, mjög hraðar, eru á vettvangi læknisfræðinnar og vísindalegra rannsókna á mönnum hér á landi þá sé nauðsynlegt að setja slík lög. En í því frv. er að finna slík grundvallarmistök að mér finnst um rétt borgaranna að ég get ekki samþykkt það nema með miklum harmkvælum. Og ég er ansi hræddur um að það sé rangt hjá hæstv. ráðherra að sá ágreiningur sem ég er að vísa til sé einungis til staðar innan nefndarinnar. Hann er hér í þessu þingi og hann er úti í þjóðfélaginu líka. Ég vísa líka til þess að öll þau siðfræðibatterí sem með einum eða öðrum hætti veittu umsagnir við það frv. fundu mjög að þeim fingurbrjóti sem ég er hér að vísa í en ætla svo sem ekki að eyða tíma í að fara yfir núna.

Það liggur fyrir að hversu dugleg sem heilbr.- og trn. er þá er alveg ljóst að við höfum takmarkaða starfsgetu. Við höfum takmarkaðan tíma. Og ef við eigum að einhenda okkur til að mynda í lífsýnafrv. þá er ég óskaplega hræddur um að þessi þrjú frv. önnur brenni úti.

[19:49]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að við eigum mikið undir því komið að hv. formaður heilbr.- og trn. bretti upp ermarnar því að ég veit að hann er kraftmikill maður og mikið mæðir á honum. Við þurfum ekkert að deila um það hvort hann hafi haft og fá eða of mörg mál. Við getum bara flett þessu upp í þingtíðindum.

Ég þakka hv. formanni fyrir að ætla að drífa þetta í gegn. Ég heyri að hann er tilbúinn til þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 527. mál (heildarlög). — Þskj. 847.

[19:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um málefni aldraðra. Frv. er samið í samræmi við ákvæði í núgildandi lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, þar sem kveðið er á um að lögin skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra hóf endurskoðun á lögunum og lagði fram drög að frv. Drögin voru send til umsagnar ýmissa samtaka aldraðra, fagfélaga og stjórnvalda sem fara með málefni aldraðra. Umsagnir bárust frá 19 aðilum. Skipuð var nefnd embættismanna og sérfræðinga til að fara yfir umsagnirnar og endurskoða frv.

Það frv. sem hér er mælt fyrir er byggt á tillögum þessara tveggja nefnda og umsagnaraðilanna.

Frv. gerir ráð fyrir nokkuð breyttri framsetningu laganna, markmiðið er sett fram á einfaldari og skýrari hátt og tiltekin hugtök eru skilgreind. Sem dæmi má nefna að orðið aldraður er skilgreint í frv. sem einstaklingur sem orðinn er 67 ára gamall. Hugtak þetta er ekki skilgreint í núgildandi lögum og hefur það leitt til óskýrleika í framkvæmd. Stuðst er við aldursmark ákvæða almannatryggingalaga um ellilífeyri. Í frv. er hugtakið öldrunarmál einnig skilgreint, en það eru þau mál sem varða aldraða og heyra undir yfirstjórn heilbr.- og trmrh.

Lögð er mikil áhersla á þátttöku aldraðra í ákvörðunum um eigin málefni og reynt að einfalda ákvarðanatöku og framkvæmd.

Ein mikilvægasta breytingin frá núgildandi lögum er að gert er ráð fyrir fjölgun fulltrúa í samstarfsnefnd um málefni aldraðra og að skipun nefndarmanna fari fram að loknum alþingiskosningum en ekki sveitarstjórnarkosningum eins og samkvæmt núgildandi lögum.

Samkvæmt núgildandi lögum sitja þrír fulltrúar í nefndinni, skipaðir af heilbr.- og trmrh., einn tilnefndur af Öldrunarráði Íslands, annar tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og sá þriðji án tilnefningar. Tveir fulltrúar bætast við samkvæmt frv., einn tilnefndur af Landssambandi eldri borgara og annar án tilnefningar. Fulltrúar án tilnefningar verða því tveir og á annar þeirra að hafa fagþekkingu á málefnum aldraðra.

Rökin fyrir því að stækka samstarfsnefndina eru fyrst og fremst mikilvægi hennar. Nefndin fer með stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra en árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins er um

það bil hálfur milljarður króna. Nefndin ber því mikla ábyrgð og þótti rétt að dreifa henni á fleiri hendur. Einnig er það í samræmi við nútímastjórnsýsluhætti að hafa fulltrúa sérhópa með í ráðum þegar hlutast er til um mál varðandi þá.

Samkvæmt núgildandi lögum sjá þrír aðilar um þjónustu við aldraða, öldrunarnefndir, öldrunarmálaráð og þjónustuhópa aldraðra. Það gefur augaleið að slíkt fyrirkomulag er ekki hagkvæmt, sérstaklega í fámennum byggðarlögum. Frv. gerir ráð fyrir því að öldrunarnefndir og öldrunarmálaráð verði lögð niður og að þjónustuhópar aldraðra verði styrktir. Þjónustuhópar aldraðra hafa verið virkastir af þeim hópum sem starfa samkvæmt núgildandi lögum og með því að efla þá er verið að taka mið af reynslu og einnig er það til hagræðis og einföldunar. Frv. gerir ráð fyrir að þjónustuhópar aldraðra verði skipaðir á formlegri hátt en nú er, að fjölgað verði úr fjórum í fimm fulltrúa og að þjónustuhópur verði í hverju heilsugæsluumdæmi. Sveitarstjórnir í umdæmi heilsugæslustöðvar skipa fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra og samkvæmt núgildandi lögum er það öldrunarnefnd sem kveður menn til starfa í þjónustuhóp. Það er óbreytt að í hópnum sitji læknir og hjúkrunarfræðingur, en nýmæli að þeir séu tilnefndir af héraðslækni. Tveir fulltrúar í þjónustuhópi eru án tilnefningar og einn fulltrúi tilnefndur af samtökum eldri borgara á svæðinu. Skipun fulltrúa sem tilnefndur er af samtökum eldri borgara er nýmæli og er því enn verið að leggja áherslu á þátttöku aldraðra í ákvörðunum um eigin málefni.

Mjög mikilvægt er að skýrar reglur gildi um skipun og verkefni þjónustuhópa aldraðra þar sem þeir gegna afar þýðingarmiklu starfi. Þeir eiga á starfssvæði sínu að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu. Þeir eiga jafnframt að gera tillögur um öldrunarþjónustu á starfssvæðinu og leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna þeim þá kosti sem í boði eru. Þeir gegna einnig því mikilvæga starfi að meta þörf aldraðra fyrir vistun á stofnun.

Framkvæmdasjóður aldraðra mun áfram hafa það hlutverk sem hann hefur samkvæmt núgildandi lögum, þ.e. hann á að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt. Í því felst að sjóðurinn fjármagnar byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista og stofnana fyrir aldraða. Einnig fjármagnar sjóðurinn rekstur stofnþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum. Þess má sérstaklega geta að viðhald stofnana telst vera hluti af rekstri þeirra. Ákvæði í núgildandi lögum um tekjur sjóðsins eru óbreytt í frv.

Nauðsynlegt er að bæta þekkingu á öldrunarmálum í þjóðfélaginu þar sem öldruðum á eftir að fjölga verulega næstu áratugina. Það þarf að kynna málefni aldraðra fyrir almenningi til að auka skilning á aðstæðum þeirra og aðbúnaði. Í frv. er það nýmæli að Framkvæmdasjóður aldraðra veitir fjármagn til að styrkja kennslu og kynningu á öldrunarmálum.

Stofnanir fyrir aldraða falla undir lög um heilbrigðisþjónustu. Til að gæta samræmis var talið rétt að hafa ákvæði um stjórn stofnana fyrir aldraða svo til samhljóða ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu.

Þar sem rekstur stofnananna er greiddur úr ríkissjóði þótti eðlilegt að heilbr.- og trmrh. ætti fulltrúa í stjórn allra stofnana fyrir aldraða, hvort sem þær eru ríkisstofnanir eða ekki.

Virðulegi forseti. Ég hef í stuttu máli fjallað um frv. til laga um málefni aldraðra. Öllum má vera ljóst hve mikilvægt er að styrkja málaflokkinn. Frv. einfaldar og skýrir og síðast en ekki síst eykur það verulega þátttöku aldraðra í ákvörðunum um eigin málefni. Málefni aldraðra hafa mjög verið til umræðu að undanförnu og m.a. hefur á það verið bent að endurskoðun á lögum um málefni aldraðra sé bæði tímabær og mikilvæg. Því er fagnaðarefni að þessari endurskoðun sé lokið. Hún hefur verið unnin í mikilli og góðri samvinnu þeirra sem hagsmuna eiga að gæta og ég tel að vel hafi tekist til.

Ég tel mikilvægt að á ári aldraðra takist að afgreiða svo mikilvægt mál frá hinu háa Alþingi og treysti hv. þingmönnum til að tryggja að málið fái brautargengi. Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[19:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sökum þess hvernig tíma okkar er háttað nákvæmlega núna þegar við erum að ræða þetta mál, þá ætla ég ekki að fara í neina efnislega umræðu um frv. Ég ætla þó að nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. ráðherra um eitt atriði.

Meðal þeirra nýmæla sem kynnt eru í frv. er að hæstv. heilbrrh. mun nú skipa, verði frv. að lögum, einn fulltrúa í allar stjórnir stofnana fyrir aldraða. Þetta var ekki svona áður og mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra hverju þetta sætir og hvers konar viðtökur þetta hafi fengið í hópi þeirra 16 eða 17 umsagnaraðila sem sendu inn umsagnir um frv. til ráðuneytisins.

[19:59]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að ríkið eigi fulltrúa í stjórn þessara stofnana því að auðvitað sér ríkið um reksturinn eða leggur til fjármagnið. Ég tel mjög mikilvægt að ríkið sé tengiliður þarna inn í stjórn stofnananna.

Hv. þm. spurði mig hvort þeir 16 aðilar sem hafa komið að málinu hafi allir verið sammála þessu. Ég hef ekki svör við því, hv. þm., en ég mun leggja það fram um leið og nefndin tekur þetta mál fyrir, liggi það raunverulega á borðinu.

[20:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé ekki sjálfgefið að ríkið eigi fulltrúa í stjórnum allra stofnana aldraðra. Einu rökin fyrir þessari breytingu eru þau að einhver misbrestur hafi verið á rekstri þeirra. Mér er ekki kunnugt um það. Ég er þeirrar skoðunar að heppilegast að ríkið hafi sem minnst af fulltrúum í stjórnum stofnana og komi sem minnst að daglegum rekstri, eins og seta í stjórnum eiginlega er.

Ef hæstv. ráðherra ætlar að taka aftur til máls þá langar mig til þess að spyrja hana: Er ástæðan fyrir þessari breytingu sú að það hafi gefist illa og fjármagnið, sem runnið hafi frá ríkinu til viðkomandi stofnana, nýst illa sökum þess að fulltrúi hins opinbera hafi ekki verið í stjórn einhverrar þeirrar stofnunar sem hér um fjallar?

[20:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið við spurningunni er nei. En stofnanirnar hafa oft kvartað yfir því að þeim finnist skorta á tengslin á milli ráðuneytisins og þessara stofnana. Því er talið að með þessum fulltrúa aukist tengslin. Því er þetta komið í frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á laxi í sjó, fyrri umr.

Þáltill. ÖS og GE, 177. mál. — Þskj. 187.

[20:02]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. ásamt félaga mínum, hv. þm. Gísla S. Einarssyni. Þessi tillaga fjallar um rannsóknir á laxi í sjó.

Laxinn er, eins og öllum þingheimi er gerkunnugt, næsttígulegasti fiskur sem skapaður hefur verið. Þá er það auðvitað ljóst að sá sem tígulegastur og mestur er og sannkallaður konungur fiskanna er auðvitað urriðinn. En laxastofnarnir íslensku eru ekki bara fegurð fyrir augað og gleði fyrir stangveiðimenn heldur eru þeir líka verðmæt auðlind. Ég held að rekstur sem tengist laxveiðum á Íslandi velti hátt á öðrum milljarði, ef minni mitt brestur ekki, herra forseti. Ég held það sé komið yfir einn og hálfan milljarð.

Hér á landi hafa verið sveiflur í laxagengd. Síðasta ár var *venju fremur gjöfult, 30% aukning, minnir mig, á laxagengd* við Ísland. Á sama tíma hafa hins vegar verið miklar sveiflur niður á við erlendis. Stofnar íslenska laxins eru þeir sem þrátt fyrir allt eru líkast til best varðveittir og hafa orðið fyrir minnstu hnjaski af hálfu mannskepnunnar.

Erlendis eru stofnar Atlantshafslaxins í sögulegri lægð og hafa verið það síðustu árin. Þar á maðurinn stærsta sök á eyðileggingunni, mengun af hans völdum og röskun búsvæða eftir því sem byggð hefur færst nær ám og jafnvel út í viðkvæma ósa. Allt hefur þetta hjálpað til við að eyðileggja þá miklu stofna sem áður var að finna víðs vegar í löndum sem liggja að Atlantshafinu.

Hér á Íslandi höfum við ekki séð sömu þróun og erlendis. Hnignun íslenska laxastofnsins hefur ekki verið viðlíka og víða erlendis. Ástæður þess eru auðvitað margvíslegar. Hér er mengun miklu minni en annars staðar. Við höfum líka mjög snemma að gæta sæmilega að straumvötnum okkar, þó að vissulega hafi Íslendingar líka gerst sekir um það að fara offari, sérstaklega varðandi framleiðslu á raforku. Mikilvægir árfarvegir hafa verið stíflaðir í þeim tilgangi að framleiða rafmagn og það hefur komið í veg fyrir að gönguleiðum milli hafs og hrygningarsvæða hafi verið haldið opnum.

Við höfum líka borið gæfu til að ná góðu samþykki við bændur um að hætta veiðum á laxi í sjó við strendur landsins. Við höfum heldur aldrei að neinu marki stundað laxveiðar á rúmsjó innan íslensku efnahagslögsögunnar. Þetta hefur leitt til þess að ásigkomulag íslenska laxins er talsvert betra en meðal ættingja hans víða erlendis.

Eigi að síður er ljóst, ef maður horfir yfir sögu íslenska laxins, að hún einkennist af gríðarlega miklum sveiflum. Þessar sveiflur hafa verið langmerkjanlegastar á Norðurlandi og Austurlandi. Orsakir þeirra má að sjálfsögðu rekja til þess að framleiðsla á laxaseiðum í fersku vatni hefur verið breytileg enda undirorpin breytilegum umhverfisaðstæðum. Hins vegar hafa verið miklar sveiflur í endurheimtum á laxi úr sjó. Við höfum stundað mjög merkar rannsóknir á nokkrum lykilám hér á landi. Þar höfum við reynt að grafast fyrir um þá þætti sem breyta afkomu seiðanna í ánum og þar af leiðir framleiðslu ánna. Þessar rannsóknir hafa leitt til þess að við þekkjum talsvert vel hvaða þættir geta haft neikvæð áhrif á framleiðslu straumvatna á laxaseiðum og hvaða þættir eru jákvæðir og ýta undir vaxandi framleiðslu. Hins vegar hafa rannsóknir okkar á afkomu laxins á hafi úti verið afskaplega litlar.

Hér á landi hefur laxgengd almennt verið í lægð síðustu 15–17 árin. Á þessum tíma hefur hlutfall stórlaxa lækkað sem bendir til þess að afföll laxins á öðru ári í sjó hafi aukist. Það sem við höfum kallað stórlaxa eru laxar sem eru a.m.k. tvö ár í hafi eða lengur og allra stærstu laxarnir sem veiðst hafa við Ísland eru skepnur hafa verið þrjú, fjögur og jafnvel upp í fimm ár í hafi, stundum án þess að koma nokkru sinni upp að ströndum landsins.

Við sem höfum verið að skoða þessi mál höfum komist að því að líklega megi færa rök að því að lægðin sem ríkt hefur í laxgengd hér við land síðustu ár stafi af auknum afföllum laxanna í hafi. Hingað til hefur verið erfitt að rannsaka göngulax í hafi og afdrif hans. Nú hafa Íslendingar hins vegar átt frumkvæði að því að þróa sérstaka tækni í fjarmælingum þar sem hægt er að beita rafmerkjum til þess að kanna umhverfisþætti sem taldir eru hafa veruleg áhrif á afföll og afkomu laxins í hafinu. Það er hægt að mæla seltu, hitastig og dýpi og undanfarna mánuði hefur verið að *koma tækni sem gerir miklu auðveldara en áður* að fylgjast með laxinum. Hér á landi hafa verið gerðar rannsóknir með þessum íslensku merkjum sem hafa ekki bara staðfest ratvísi laxins heldur líka sýnt merkilega hegðun hans í hafi.

Í framhjáhlaupi vil ég geta þess líka, herra forseti, af því að ég veit að forsetadæmið er áhugasamt um afkomu þessara hreistruðu félaga okkar, að með sömu tækni hafa verið gerðar einhverjar allra merkilegustu rannsóknir á sjóbirtingi og bleikju sem ég þekki til og einmitt í kjördæmi hæstv. forseta sem nú er á forsetastóli.

Þetta gerir það að verkum að nú er mögulegt, við höfum tæknilega getu til þess, að einhenda sér í að rannsaka hvað verður um laxinn þegar hann er kominn út í hafið. Við höfum aldrei vitað það áður. Við höfum getað rannsakað hann í straumvötnum sem falla í hafið, getað kannað afdrif hans á meðan hann er þar, annaðhvort sem seiði eða eftir að hann gengur þangað upp sem fullvaxta hrygningarlax. Við höfum hins vegar ekki getað beint atgervi okkar til að rannsaka umhverfisþættina í hafinu.

Þessi sérislenska tækni sem ég var að lýsa hér áðan, herra forseti, gerir þetta kleift. Þess vegna er nauðsynlegt, í framhaldi af þeim ágætu rannsóknum sem vísindamenn okkar hafa unnið á laxinum meðan hann er í ánum, að við grípum tækifærið og öflum fjármagns með því að sannfæra hina ágætu þingmenn sem hér sitja um nauðsyn þess að ráðast í rannsóknirnar.

Við þurfum fjármagn, í fyrsta lagi til að mæla umhverfisþætti. Rannsóknirnar hafa sýnt að það er mjög sterk fylgni og marktæk á milli sjávarhita, vorið sem seiðin ganga úr ánum, veiði á smálaxi árið eftir og síðan stórlaxi tveimur

árum síðar. Þetta gildir sérstaklega fyrir þá landshluta sem ég nefndi áðan, Norðurland og Austurland. Hins vegar þarf miklu nákvæmari og betri skráningu á hitastigi sjávarins en við höfum nú, einkum þegar laxinn er að ganga út frá landinu og hverfa frá ströndunum.

Í öðru lagi þarf að kanna beitarsvæði í sjó. Lítið er vitað um hvar íslenski laxinn heldur sig á beit meðan á sjávardvölinni stendur. Sú vitneskja skiptir auðvitað höfuðmáli til að við getum spáð fyrir um breytingar á göngu laxa upp að landinu aftur. Margir telja raunar að beitarsvæði fyrir lax hafi dregist mjög saman í Norður-Atlantshafinu og það sé skýringin á hnignun stofnanna við strendur okkar. Í dag er unnt að fá slíkar upplýsingar, teljum við, með sérhæfðum skráningartækjum sem verið er að þróa og í sumum tilvikum búið að þróa hér á landi.

Í þriðja lagi þarf að rannsaka betur tengsl laxins við aðrar tegundir. Hafrannsóknastofnunin hefur unnið að mjög merkilegu fjölstofnaverkefni, styrktu af Alþingi Íslendinga, ekki síst í gegnum Lýðveldissjóðinn sem við samþykktum hérna 1994. Ég tel nauðsynlegt að leggja áherslu á rannsóknir þar sem laxinn er tengdur fjölstofnaverkefni Hafró. Gera þarf rannsóknir sem snúa bæði að fæðu laxins í sjó á mismunandi árstímum og líka að kanna þær tegundir sem kalla má afræningja hans í hafi, sem ganga á tegundina. Margir hafa talið að aukning á stofnstærð sjávarspendýra hafi haft neikvæð áhrif á laxastofna. Því er haldið fram að selir skipti verulegu máli fyrir afdrif seiðanna þegar þau ganga frá landinu. Því er og haldið fram að þorskur og ufsi éti sjógönguseiði í einhverjum mæli skömmu eftir að sjávarvistin hefst. Þetta þekkjum við ekki en fjölstofnarannsóknir gætu leitt í ljós í hve miklum mæli afrán þessara tegunda á laxinum er.

Þess vegna, herra forseti, vil ég í lok máls míns leggja áherslu á að brýnt er að afla fjármagns til að gera nauðsynlegar rannsóknir á laxinum meðan á sjávardvöl hans stendur. Eðli málsins samkvæmt eru slíkar rannsóknir grunnrannsóknir. Þær eru dýrar og það er erfitt, jafnvel ómögulegt að fjármagna þær með framlögum frá atvinnugreininni sjálfri. Fiskeldi og hafbeit er varla til lengur og stangveiðin, eins og hún hefur verið rekin, getur ekki staðið undir því. Þarna er hins vegar um að ræða upplýsingar sem skipta miklu máli fyrir þekkingu okkar á lífríkinu hér við land. Því er ekki óeðlilegt að farið sé fram á að ríkisvaldið veiti fé til slíkra verkefna. Hagsmunirnir í húfi eru miklir. Ég gat um það áðan að líkast til væru tekjurnar sem stangveiði á laxi gefur af sér komnar hátt á annan milljarð.

Í annan stað er ekki óeðlilegt að um leið og ríkisvaldið hefur lagt talsvert fjármagn til að rannsaka afdrif laxins meðan á dvöl hans í ferska vatninu stendur, leggi það einnig fram fjármagn til að kanna afdrif þessa merkilega fisks meðan hann dvelur í hafinu. Við þurfum að grafast fyrir um orsakir stofnsveiflanna og þegar við vitum um þær þá getum við ekki aðeins spáð betur fyrir um laxveiði heldur getum við e.t.v. reynt að jafna þessar sveiflur út.

Herra forseti. Ég gleymdi að geta þess að ég legg til að að lokinni þessarar umræðu verði málinu vísað til hv. landbn. og síðari umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3., 11. og 21.–22. mál.

Fundi slitið kl. 20:15.

71. FUNDUR

mánudaginn 22. febr.,
kl. 2 miðdegis.

Dagskrá:

1. Raforkuver, stjfrv., 471. mál, þskj. 776. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 512. mál, þskj. 824. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Kosningar til Alþingis, stjfrv., 523. mál, þskj. 838. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Jafnréttislög, stjfrv., 498. mál, þskj. 810. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Háskóli Íslands, stjfrv., 509. mál, þskj. 821. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 510. mál, þskj. 822. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 511. mál, þskj. 823. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Almannatryggingar, stjfrv., 520. mál, þskj. 834. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 521. mál, þskj. 835. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Málefni aldraða, stjfrv., 527. mál, þskj. 847. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Skógrækt og skógvernd, stjfrv., 483. mál, þskj. 790. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Landshlutabundin skógræktarverkefni, stjfrv., 484. mál, þskj. 791. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 526. mál, þskj. 846. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Náttúruvernd, stjfrv., 528. mál, þskj. 848. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Vörugjald, stjfrv., 537. mál, þskj. 861. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Rannsóknir á laxi í sjó, þáltill., 177. mál, þskj. 187. — Fyrri umr. (Atkvgr.)
17. Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þáltill., 242. mál, þskj. 273. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
18. Grunnskóli, frv., 271. mál, þskj. 309. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
19. Könnun á læsi fullorðinna, þáltill., 280. mál, þskj. 326. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.

Fjarvistarleyfi:
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Athugasemdir um störf þingsins.
Breyting á skipan þingflokka.

[14:01]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og kunnugt er og tilkynnt var héðan úr þessum ræðustóli sl. föstudag hafa orðið miklar breytingar á skipan þingflokka á hv. Alþingi. Þrír þingflokkar hafa verið lagðir niður, leystir upp og einn nýr stofnaður í þeirra stað. Af þeim sökum hefur sú sem hér stendur verið án heimilisfangs undanfarna þrjá daga en breytingar verða þar á þar sem ég ákvað að sækja um aðild að þingflokki óháðra og hef fengið þar góðar móttökur og jákvæð viðbrögð.

Þessi skipan kemur eflaust fáum á óvart þar sem sá þingflokkur er að stærstum hluta skipaður mönnum sem ásamt mér hafa staðið að myndun nýs stjórnmálaafls, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Það tilkynnist því hér með, herra forseti, að héðan í frá er heimilisfang mitt hjá þingflokki óháðra.

[14:03]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þingflokkur óháðra ræddi á sérstökum þingflokksfundi í morgun þá ákvörðun hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur að ganga til liðs við þingflokk óháðra. Þingflokkurinn fagnar ákvörðun Kristínar Halldórsdóttur og samþykkti aðild hennar að þingflokknum samhljóða.

Þetta vildi ég tilkynna hæstv. forseta og þingheimi.

Raforkuver, frh. 1. umr.

Stjfrv., 471. mál (Vatnsfells-, Búðarháls- og Villinganesvirkjanir). — Þskj. 776.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Eftirlit með útlendingum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 512. mál (forstjóri Útlendingaeftirlits o.fl.). — Þskj. 824.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Stjfrv., 523. mál (heildarlög). — Þskj. 838.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Jafnréttislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 498. mál (heildarlög). — Þskj. 810.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Háskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 509. mál (heildarlög). — Þskj. 821.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Háskólinn á Akureyri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 510. mál (heildarlög). — Þskj. 822.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Kennaraháskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 511. mál (doktorsnafnbót, kærumál, gjöld o.fl.). — Þskj. 823.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 520. mál (örorkumat). — Þskj. 834.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 521. mál (úrskurðarnefnd o.fl.). — Þskj. 835.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 527. mál (heildarlög). — Þskj. 847.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Skógrækt og skógvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 483. mál. — Þskj. 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Landshlutabundin skógræktarverkefni, frh. 1. umr.

Stjfrv., 484. mál. — Þskj. 791.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 526. mál (gjaldskrá sveitarfélaga). — Þskj. 846.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 528. mál (heildarlög). — Þskj. 848.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vörugjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 537. mál (kranar). — Þskj. 861.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rannsóknir á laxi í sjó, fyrri umr.

Þáltill. ÖS og GE, 177. mál. — Þskj. 187.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 242. mál. — Þskj. 273.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Grunnskóli, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 271. mál (fulltrúar nemenda). — Þskj. 309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Könnun á læsi fullorðinna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ og ÞHS, 280. mál. — Þskj. 326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 14:14.

---

72. FUNDUR

fimmtudaginn 25. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál — Ein umr.
3. Störf Norrænu ráðherranefndarinnar 1998, skýrsla, 481. mál, þskj. 786. — Ein umr.
4. Norrænt samstarf 1998, skýrsla, 534. mál, þskj. 858. — Ein umr.
5. Vestnorræna ráðið 1998, skýrsla, 477. mál, þskj. 782. — Ein umr.
6. ÖSE-þingið 1998, skýrsla, 478. mál, þskj. 783. — Ein umr.
7. Norður-Atlantshafsþingið 1998, skýrsla, 479. mál, þskj. 784. — Ein umr.
8. Alþjóðaþingmannasambandið 1998, skýrsla, 480. mál, þskj. 785. — Ein umr.
9. VES-þingið 1998, skýrsla, 482. mál, þskj. 789. — Ein umr.
10. Evrópuráðsþingið 1998, skýrsla, 485. mál, þskj. 792. — Ein umr.
11. Fríverslunarsamtök Evrópu 1998, skýrsla, 504. mál, þskj. 816. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.

Minning Ólafs Björnssonar.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ólafur Björnsson, fyrrverandi alþingismaður og prófessor, er látinn. Hann andaðist mánudaginn 22. febrúar, 87 ára að aldri.

Ólafur Björnsson var fæddur í Hjarðarholti í Dölum 2. febrúar 1912. Foreldrar hans voru hjónin Björn Stefánsson, síðast prófastur á Auðkúlu í Húnaþingi, og Guðrún Sigríður Ólafsdóttir húsmóðir. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum á Akureyri 1931, stundaði lögfræðinám í Háskóla Íslands 1931–1932, nam síðan hagfræði í Kaupmannahafnarháskóla og lauk þar hagfræðiprófi 1938. Árin 1938–1942 var hann aðstoðarmaður og síðar fulltrúi í Hagstofu Íslands. Árin 1942–1948 var hann dósent og 1948–1982 prófessor í laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands, síðar laga- og viðskiptadeild og síðast sjálfstæðri viðskiptadeild. Jafnframt var hann stundakennari við Verslunarskóla Íslands 1948–1967.

Í alþingiskosningunum 1956 var Ólafur Björnsson í kjöri í Reykjavík fyrir Sjálfstæðisflokkinn og var landskjörinn alþingismaður til vors 1959. Í haustkosningum 1959 var hann kjörinn þingmaður Reykvíkinga og sat á þingi til 1971. Á þrem þingum tók hann sæti varaþingmanns, í maí og október 1950 og í ágúst 1959, sat á 18 þingum alls. Kjörtímabilið 1967–1971 var hann fyrsti varaforseti sameinaðs þings.

Ólafur Björnsson var formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja 1948–1956, formaður Íslandsdeildar norrænu menningarmálanefndarinnar 1954–1971, í verðlagsnefnd 1960–1971, í kjaranefnd 1962–1976, í bankaráði Seðlabanka Íslands 1963–1968, formaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands 1968–1981, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna 1971–1981 og formaður stjórnar Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin 1971–1981. Auk þeirra umfangsmiklu starfa sem hér hafa verið nefnd voru Ólafi Björnssyni falin störf í nefndum og ráðum sem fjölluðu meðal annars um efnahagsmál, launa- og kjaramál, verðlagsmál og skattamál.

Ólafur Björnsson kom frá háskólanámi sínu vel búinn til athafna á sínu kjörsviði. Hann var vandvirkur og afkastamikill og brást ekki trausti þeirra sem nutu starfa hans. Hann samdi kennslubækur í hagfræði og aðrar fræðibækur, fékkst við þýðingar á fræðiritum, skrifaði fjölda blaðagreina og vann að samningu lagafrumvarpa. Alþingi naut starfa hans hálfan annan áratug. Hann flutti mál sitt af festu og víðsýni, óáleitinn en stefnufastur við skoðanir sínar um frjálsræði. Undir lok starfsdaga sinna naut hann ýmissa heiðursviðurkenninga fyrir ævistörfin. Árið 1986 sæmdi Háskóli Íslands hann nafnbót heiðursdoktors í hagfræði.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Ólafs Björnssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

[10:37]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e., Svanhildur Árnadóttir bæjarfulltrúi, Dalvík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e."

Svanhildur Árnadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

[10:38]

Útbýting þingskjala:

Afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga, 549. mál, frv. GE, þskj. 886.

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, 9. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 888.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 438. mál, svar dómsmrh., þskj. 882.

Greiðendur fjármagnstekjuskatts, 222. mál, svar fjmrh., þskj. 840.

Kyngreindar upplýsingar Hagstofunnar, 451. mál, svar forsrh., þskj. 874.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 409. mál, svar viðskrh., þskj. 878.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 411. mál, svar umhvrh., þskj. 788.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 401. mál, svar heilbrrh., þskj. 880.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 408. mál, svar iðnrh., þskj. 877.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 410. mál, svar viðskrh., þskj. 879.

Ráðstöfunarfé ráðherra, 412. mál, svar umhvrh., þskj. 787.

Upplýsingar úr sjúkraskrám, 244. mál, svar heilbrrh., þskj. 875.

Útflutningur hrossa, 346. mál, nál. landbn., þskj. 883; brtt. landbn., þskj. 884.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frestun undirritunar Kyoto-bókunarinnar.

[10:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í fyrradag tók ríkisstjórn Íslands mjög stóra ákvörðun þess efnis að undirrita ekki hina svonefndu Kyoto-bókun við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna fyrir tilskilinn frest, 15. mars nk. Þetta er afar afdrifarík ákvörðun sem þarna er tekin og ég hefði talið eðlilegt og sjálfsagt að Alþingi Íslendinga væri gerð grein fyrir fyrirætlun ríkisstjórnarinnar í þessum efnum áður en ákvörðun var tekin af hennar hálfu.

Þetta mál hefur verið á döfinni lengi. Það hefur verið rætt í umhvn. þingsins þar sem ég á sæti og til þeirrar nefndar skilaði ég skýrslu um ársþing samningsaðila að loftslagssamningnum, ársþing sem haldið var í Buenos Aires í nóvember. Ég lagði þar inn skýrslu og ráðuneytistjóri umhvrn. kom á fund og svaraði fyrirspurnum og lofað var skýrslu til nefndarinnar um málið. Gengið hefur verið eftir því ítrekað í nefndinni, síðast af minni hálfu daginn áður en frétt barst um þessa ákvörðun ríkisstjórnarinnar, en ekkert hefur borist skriflegt til umhvn.

Fyrir nefndinni liggur tillaga frá hv. þm. Ágústi Einarssyni og fleirum um að skora á ríkisstjórnina að undirrita þessa bókun. Nefndin óskaði eftir umsögn utanrmn. um þessa tillögu 10. desember, bréfleg ósk. Ekkert svar hefur borist til umhvn. um málið og mér er tjáð að utanrmn. hafi ekki haft þetta mál á dagskrá á þessu þingi fyrr en í gærkvöldi. Ég tel, virðulegur forseti, að þetta sé ekki samboðið í samskiptum ríkisstjórnar og þings og hlýt að gagnrýna þetta harðlega hvernig komið er fram við Alþingi Íslendinga í svo stóru og afdrifaríku máli.

[10:43]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þá gagnrýni sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Það er rétt sem hann segir að legið hefur í umhvn. tillaga frá hv. þm. Ágúst Einarssyni og fleirum, þar sem einfaldlega er farið fram á að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að undirrita nú þegar fyrir Íslands hönd Kyoto-bókunina við samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Við höfum tekið þessa tillögu fyrir á fundum nefndarinnar og ég fór fram á að ráðuneytisstjóri umhvrn. skilaði okkur skýrslu um störf sendinefndar í Buenos Aires. Því var lofað og sagt að skýrsla þessi væri rétt handan við hornið. Hún kæmi innan örfárra daga. Þetta var rétt eftir að ráðstefnunni í Buenos Aires lauk. Síðan hefur ekkert heyrst frá ráðuneytisstjóranum og engin skýrsla borist og mér er kunnugt um að formaður umhvn. hefur ítrekað rekið á eftir því að nefndin fái þessa skýrslu til að við gætum þá tekið málið fyrir aftur út frá þeim forsendum sem þar kæmu fram.

Nýjustu upplýsingar sem ég hef eru þær að ráðuneytisstjórinn hafi óskað eftir því að við sendum inn spurningalista þar sem ekki sé um ítarlega skýrslu að ræða heldur verði um að ræða svör við ákveðnum spurningum sem nefndarmenn setji fram. Þetta eru auðvitað ólíðandi vinnubrögð. Einn hv. þm. sagði fyrir örstuttu síðan að mál í landbrn. færu þar í gegn með hraða snigilsins en ég efast um að hægt sé að finna það kvikindi sem fer jafnhægt og málin í umhvrn.

[10:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég fordæmi harðlega vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar. Hún tekur þessa ákvörðun án þess að gefa þinginu kost á að ræða málið. Þó er ljóst að fyrir þinginu liggur tillaga frá þingflokki Samfylkingarinnar sem fjallar um að Alþingi skori á ríkisstjórnina að undirrita Kyoto-bókunina. Það er nauðsynlegt að þingið fái að segja skoðun sína á máli eins og þessu áður en ríkisstjórnin tekur jafnafdrifaríka ákvörðun.

Það er alveg ljóst að þetta er einhver mikilvægasta ákvörðun sem tekin hefur verið á þessu kjörtímabili. Kyoto-bókunin er sá alþjóðlegi samningur sem mest er í umræðu og mestu varðar, ekki bara heiminn almennt heldur ekki hvað síst Íslendinga.

Það sem einnig er fordæmanlegt í þessu, herra forseti, er sú staðreynd að ríkisstjórnin tekur þessa ákvörðun að hæstv. umhvrh. fjarstöddum. Fyrir liggur að hæstv. umhvrh. hefur haft uppi aðra skoðun en aðrir hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar og þess vegna var málið í rauninni tekið úr hans höndum og tekið undir væng utanrrn. Ég hjó að vísu eftir því í morgun að hæstv. umhvrh. var látinn vitna í Morgunblaðinu, látinn segja að hann væri sammála þessu en það liggur samt fyrir að ákvörðunin var tekin að honum og helstu sérfræðingum umhvrn. fjarstöddum, og að allt það sem komið hefur frá hæstv. umhvrh. og sérfræðingum umhvrn. gengur þvert á þá ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur tekið núna.

Þess vegna er það fordæmanlegt, herra forseti, að Alþingi skuli ekki hafa fengið að ræða þessa ákvörðun áður en hún var tekin af ríkisstjórninni.

[10:47]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég hef ekki mörgu við það að bæta sem hér hefur komið fram öðru en því að ég furða mig á að ekki skuli hafa komið fram eitt einasta orð t.d. frá formanni umhvn. í þessari umræðu um það hvernig hann hyggst halda á þessu máli. Hyggst formaður umhvn. beita sér fyrir því að tillagan sem hann og nefnd hans hefur verið að fjalla um í allan vetur geti komið hingað til afgreiðslu? Ég trúi því varla að það sé andstætt vilja ríkisstjórnarinnar að Alþingi fái að tjá sig um þetta mikilsverða mál þannig að í ljós komi hversu margir alþingismenn séu reiðubúnir til að styðja þá ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur tekið og hversu margir eru andvígir.

Ég beini þeirri fyrirspurn til formanns umhvn., sem situr í salnum og hefur ekki tekið þátt í umræðunum, hvort hann muni beita sér fyrir því að þessi margumrædda tillaga geti komið til þinglegrar meðferðar að lokinni umfjöllun í umhvn.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti væntir þess að hægt verði að ræða efnislega þetta atriði í umræðum um utanríkismál á eftir.)

[10:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er ríkisstjórnarinnar að ákveða hvort þessi bókun skuli undirrituð. Það er hins vegar Alþingis að ákveða þegar þar að kemur hvort við eigum að gerast aðilar að samningnum og staðfesta hann. Ég vænti þess að hægt verði að ræða þessi mál í umræðum um utanríkismál og ríkisstjórnin taldi að mikilvægt væri að ákvörðun hennar lægi fyrir.

Um þetta mál hefur verið veruleg umræða í ríkisstjórn að undanförnu og umhvrh. hefur að sjálfsögðu komið að því. Hins vegar er undirritun alþjóðasamninga málefni utanrrn., bæði í þessu máli og ýmsum öðrum. Það á einnig við um fiskveiðisamninga og því eðlilegt að tillaga um þetta mál sé lögð fram af utanrrh. í ríkisstjórn.

[10:49]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra fyrirspurna sem hv. þm. beindi til mín vil ég láta koma fram að sú tillaga sem hér er fjallað um og kennd er við Kyoto-bókunina var rædd í hv. umhvn. og þar til ráðuneytis voru fengnir gestir, þar á meðal ráðuneytisstjóri úr umhvrn. sem gaf ítarlega umsögn og skýringar á stöðu málsins. Beðið var um ákveðin gögn sem ekki hafa borist. Formaður nefndarinnar, sá sem hér stendur, er tilbúinn til að vinna áfram að framgangi málsins og beita sér fyrir því að afla þeirra gagna sem nauðsynleg eru til að málið fái afgreiðslu í nefndinni.

[10:50]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það liggur fyrir að ákvörðun um þetta stóra mál er tekin án þess að umræða fari fram í utanrmn. þingsins um það áður en ákvörðun er tekin. Ég held að þetta hljóti að vera einsdæmi um langa hríð a.m.k. að svo stór ákvörðun sé tekin án samráðs við utanrmn. þingsins. Allir hafa heyrt hvernig samskiptin eru við umhvn. og ljóst er að sjónarmið umhvrh. hafa ekki komist langt í málinu. Það blasir við, enda kýs hann að vera í frí úti í löndum á þeim tíma sem ákvörðunin er hér til umræðu.

Ég tel, virðulegur forseti, að þó að þetta mál blandist auðvitað inn í þá umræðu um utanríkismál sem er á dagskrá þessa fundar, þá sé óhjákvæmilegt að þingið ræði það sérstaklega að viðstöddum ráðherrum ríkisstjórnarinnar sem þetta mál varðar mest og helst ríkisstjórninni allri. Ég hef þegar komið þeim óskum á framfæri við hæstv. forseta að slík umræða geti farið fram og þá væntanlega eftir helgi eða í samráði við hæstv. forseta, og að fyrir utan hæstv. utanrrh., sem telur sig valdamikinn í þessu máli og hefur formlega aðild að því, séu viðstaddir hæstv. forsrh., hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. sem áreiðanlega hefur nokkuð um þetta mál að segja. Ég vil því ítreka það sjónarmið, þó að skaðinn sé skeður með þeirri ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur tekið, að Alþingi getur enn lýst vilja sínum og hið minnsta er að hér fari fram skipuleg umræða að viðstaddri ríkisstjórninni sem tekur ákvörðunina.

[10:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þóttu ummæli hæstv. utanrrh. áðan athyglisverð. Er nokkur misskilningur í gangi um það að á Íslandi sitji þingbundin ríkisstjórn? Hæstv. utanrrh. tók svo til orða að ríkisstjórnin réði því hvort samningur af þessu tagi væri undirritaður (**Utanrrh.:** Ekki samningur.) eða bókun

eða hvað það nú er, eins og það væri í sjálfstæðu valdi ríkisstjórnar og það vald yrði ekki af henni tekið.

Staðreyndin er sú að þingbundin ríkisstjórn situr í landinu og að Alþingi ræður. Alþingi getur ákveðið það með samþykkt hvort þarna verður um undirritun að ræða eða ekki og það eru mörg fordæmi fyrir því frá fyrri tíð að Alþingi hafi sagt framkvæmdarvaldinu fyrir verkum. Nærtækt er að vitna til þess þegar Alþingi ákvað 1983 að tímabundnu hvalveiðibanni í Alþjóðahvalveiðiráðinu yrði ekki mótmælt. Það var Alþingi sem ákvað það. Ég held að hæstv. ráðherra verði að hafa það í huga að Alþingi getur hvenær sem er tekið ákvörðun af þessu tagi og sagt framkvæmdarvaldinu fyrir verkum. Það er þannig. Í landinu situr þingbundin ríkisstjórn.

Í öðru lagi er það svo, herra forseti, að Alþingi hefur enn tíma til að móta stefnuna í þessu máli ef svo ber undir. Ég man ekki betur en frestur sé til 15. mars. Þar af leiðandi höfum við út af fyrir sig nægan tíma til að taka þessa tillögu til afgreiðslu eða ganga formlega frá afstöðu Alþingis á annan hátt, og þá ræður Alþingi en ekki hæstv. utanrrh.

Herra forseti. Í 24. gr. laga um þingsköp hvílir lögbundin skylda á ríkisstjórn Íslands að bera meiri háttar utanríkismál undir utanrmn. Þeirri skyldu sinni hefur ríkisstjórnin augljóslega brugðist í þessu máli. Það segir, með leyfi forseta:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum."

Og ætlar einhver að reyna að halda því fram að ekki sé um meiri háttar utanríkismál að ræða hvort undirritun verður af Íslands hálfu eða ekki?

[10:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þarf ekkert að minna mig á hvort þingræðisstjórn situr á Íslandi eða ekki. Það má vel vera að hann geri það á einhverjum öðrum stöðum en ég held að hann þurfi ekki að hafa yfir slíka fyrirlestra á hv. Alþingi.

Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að ef undirritun þessarar bókunar hefði verið framkvæmd fæli hún ekki í sér neinar skuldbindingar að þjóðarétti. Það var fyrst og fremst spurningin um samningsstöðu Íslands í framhaldinu hvort þessi undirritun ætti að eiga sér stað eða ekki. Það var mat ríkisstjórnarinnar að samningsstaða og staða Íslands væri betri í framhaldinu með því að undirrita ekki þessa bókun.

Það liggur hins vegar ljóst fyrir að þegar fram líða stundir og eftir nokkur ár verður meiri hluti Alþingis að taka um það ákvörðun hvort við eigum að gerast aðilar að þessum samningi eður ei. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún vilji gera það. Því eru næg tækifæri til að ræða það og auðvitað verður það gert. En menn verða að líta til eðlis þessarar bókunar þegar þeir fjalla um málið og ég bið menn um að ræða þetta í framhaldinu í þeirri umræðu sem hér er stofnað til um utanríkismál. Ég vænti þess hv. þm. sýni umræðunni þann áhuga að geta tekið þátt í henni, því að við höfum miklu betra tækifæri til að ræða þetta þar.

[10:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að undirritun þessarar bókunar bindur okkur ekki að þjóðarétti. En hæstv. utanrrh. hefur eigi að síður sagt sjálfur að í undirrituninni fælist stefnuyfirlýsing íslenska ríkisins í málinu.

Hér er um að ræða það mál sem hefur hvað mesta þyngd á hinu utanríkispólitíska sviði og samkvæmt þeim lögum sem gilda ber hæstv. utanrrh. að ræða það mál við utanrmn. Nú má hrósa hæstv. ráðherra fyrir það að hann hefur sýnt utanrmn. mikla virðingu og hann hefur jafnan komið til hennar með alls konar mál, hvers kyns mál sem eru miklu smærri en það mál sem við ræðum hér. En hæstv. utanrrh. hefur meðvitað sneitt hjá því að ræða þessa ákvörðun sína við utanrmn. þar til eftir að ákvörðunin var tekin hjá ríkisstjórninni. Þá blasir það við að hæstv. ráðherra hefur sniðgengið hið lögbundna hlutverk utanrmn. Hann hefur sem partur af framkvæmdarvaldinu, sem bersýnilega er að reyna að koma í veg fyrir að Alþingi fái að ræða tillögu okkur um þetta mál, sniðgengið Alþingi líka. Hann hefur líka tekið þetta mál af forræði umhvrh. yfir til sín. Þannig liggur málið. Verið er að reyna að taka þessa ákvörðun með því að sneiða hjá þeim lýðræðislegu farvegum sem við höfum fyrir hendi. Um það snýst málið.

Hæstv. forseti sagði áðan og beindi þeim tilmælum til okkar að við ræddum þetta efnislega á eftir og það er sjálfsagt að verða við þeim tilmælum. En við erum að ræða störf þingsins og ég kem hér upp aftur til að ítreka að fyrir liggur tillaga, sem ég á aðild að, sem varðar þetta mál. Eins og málið hefur þróast tel ég að við höfum siðferðilegan rétt til að fá það inn í þingið, til að fá umræðu um tillöguna í þinginu og fá fram vilja þingsins í málinu sem ég tel að sé stærsta utanríkispólitíska mál sem hefur komið fyrir þingið frá því að ég tók hér sæti.

[10:59]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Auðvitað er sjálfsagt og eðlilegt að ræða þetta mál á Alþingi, enda verður það gert. Það verður gert í umræðum á eftir og sjálfsagt verður tilefni til þess að ræða það eitthvað síðar.

Meginatriði málsins er að fyrir Alþingi liggur tillaga um efnislega afgreiðslu á málinu. Það er það sem skiptir meginmáli. Það er að Alþingi og alþingismenn tjái afstöðu sína í atkvæðagreiðslu. Það er t.d. algerlega út í hött, virðulegi forseti, að fara að ræða utan dagskrár mál sem er í efnislegri umfjöllun og meðferð í nefnd í þinginu, ekki síst eftir að formaður nefndarinnar kom upp áðan og skýrði frá því að hann mundi beita sér fyrir því að allra gagna yrði aflað svo að nefndin gæti afgreitt þá tillögu frá sér. Það tel ég vera mjög merkilega yfirlýsingu og vænti þess að hún hafi ekki farið fram hjá nokkrum manni, að formaður umhvrn. hefur raunar heitið því hér úr ræðustól að hann muni beita sér fyrir því að tillaga þessi gangi til Alþingis til efnislegrar afgreiðslu og það er kjarni málsins.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að í samráði formanns umhvn. og forseta verði hægt að haga þeirri afgreiðslu svo að tillagan geti komið til umræðu og afgreiðslu í næstu viku. Þá þarf að sjálfsögðu ekki neina utandagskrárumræðu til að fjalla um málið því að utandagskrárumræðu lýkur ekki með atkvæðagreiðslu og afstöðu þingmanna eins og mundi gerast og mun gerast þegar tillagan kemur til afgreiðslu úr nefndinni væntanlega í næstu viku. Ég ítreka það að ég lít svo á, virðulegi forseti, að hv. formaður umhvn. hafi raunar heitið því að beita sér fyrir því að það verði gert og það tel ég vera lofsvert.

[11:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við erum ekki að ræða þetta mál efnislega heldur meðferð Alþingis á því og samskipti Alþingis og ríkisstjórnar í þessu grafalvarlega máli. Hafi það falist í orðum utanrrh. að samráðsákvæði 24. gr. þingskapa ættu einungis við áður en til þjóðréttarlegra skuldbindinga kæmi, þá er það mikill misskilningur. Það er engin slík takmörkun á því ákvæði. Það getur alveg eins átt við um pólitísk álitamál eða taktísk álitamál í samskiptum Íslands við aðrar þjóðir. Ég kannast ekki við að í gegnum tíðina hafi verið litið svo á að á þessu ákvæði hvíldu nein takmörk önnur en þau að meta hvað skuli teljast mikilsverð utanríkismál.

Herra forseti. Mér finnst þessi samskipti ríkisstjórnarinnar við Alþingi og þingnefndir Alþingis dæmigerð í raun fyrir þá lítilsvirðingu og þann hroka sem framkvæmdarvaldið, því miður í vaxandi mæli í seinni tíð, er farið að sýna Alþingi. Þegar mál af þessu tagi er komið til Alþingis og er þar á dagskrá, þá er eðlilegt að áður en ákvarðanir eru teknar sé leitað eftir áliti Alþingis. Það eru ótal aðferðir færar til þess, herra forseti. Það má afgreiða þessa tillögu. Það má gera á henni breytingar. Ríkisstjórnin sjálf gæti óskað eftir afstöðu Alþingis á því formi að leggja sína tillögu fyrir og óska eftir stuðningi við hana ef svo ber undir. Það er í öllu falli óeðlilegt að þetta mál sé leitt til lykta þegar það er komið á dagskrá þingsins og er þar til umfjöllunar í nefnd við þær aðstæður sem nú eru. Það tekur auðvitað steininn úr þegar lögbundin samráðsskylda við utanrmn. er hunsuð eins og hér hefur gerst.

Herra forseti. Í ljósi þess að enn er tími til stefnu, eins og ég kom að áðan, þá treysti ég því að menn ljúki þessu máli þannig að með einum eða öðrum hætti liggi vilji Alþingis fyrir í málinu fyrir 15. mars.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, ein umr.

[11:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í fyrstu yfirlitsræðu minni sem utanríkisráðherra fyrir tæplega fjórum árum sagði ég m.a.: „Okkur ber skylda til þess að búa í haginn fyrir framtíðina. Það verður aðeins gert með ábyrgri utanríkisstefnu. Við munum leitast við að tryggja hagsmuni Íslands með sem öflugastri þátttöku á alþjóðavettvangi. Þannig mun Íslendingum farnast best í samfélagi þjóðanna."

Þessi orð eru enn í fullu gildi og starf okkar hefur tekið mið af þeim. Þróun utanríkismála á síðustu fjórum árum hefur verið afar ör og sífellt kallað á ný og skjót viðbrögð af hálfu utanríkisþjónustunnar.

Friði og öryggi í Evrópu hefur stafað hætta af ófriðnum í fyrrverandi Júgóslavíu. Berlega hefur komið í ljós mikilvægi virkrar þátttöku Íslendinga í starfi alþjóðasamtaka og svæðasamtaka til að tryggja frið, öryggi og lýðræði í álfunni og styðja jafnframt friðarviðleitni um allan heim. Í ljósi þessa hefur ríkisstjórnin tekið þá tímamótaákvörðun að Ísland sækist í fyrsta sinn eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og leggi þannig sinn skerf af mörkum til friðarstarfs þessara samtaka nær allra þjóða heims.

Þátttaka okkar í starfi Atlantshafsbandalagsins hefur verið styrkt og í næstu viku verður opnuð á ný skrifstofa fastanefndar Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í Vínarborg. Fram undan er mikilvæg formennska Íslands í Evrópuráðinu, sem verður virkt framlag okkar til eflingar mannréttinda og lýðræðis í Evrópu. Einnig gegnum við formennsku í norrænu samstarfi á árinu 1999.

Hin öra hnattræna þróun á margvíslegum sviðum kallar á að þjóðir gæti hagsmuna sinna best með því að sækja fram nær og fjær. Markvisst hefur verið unnið að því að tryggja framkvæmd EES-samningsins og sess Íslands í samrunaþróun í Evrópu. Schengen-samstarfið er dæmi um þetta. Jafnframt er verið að undirbúa hinar mikilvægu viðræður sem fram undan eru hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Íslensk fyrirtæki verða að vera sem best búin undir tuttugustu og fyrstu öldina. Til að greiða fyrir umsvifum þeirra á erlendum mörkuðum var stofnuð viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins og hefur hún aðstoðað fjölda fyrirtækja í viðskiptum víða um heim, bæði ein og sér og í samvinnu við Útflutningsráð Íslands.

Hagsmunabaráttan í næsta nágrenni okkar er vissulega mikilvæg, en þróunin síðustu ár hefur leitt í ljós að hnattræn vandamál á sviði umhverfisverndar og nýtingar auðlinda jarðarinnar varða einnig framtíðarhagsmuni Íslendinga. Þau verða ekki leyst nema með sameiginlegu átaki hins alþjóðlega samfélags. Til að sinna þessum málum sérstaklega var á síðastliðnu ári stofnuð auðlinda- og umhverfisskrifstofa í utanríkisráðuneytinu.

Æskilegt er að nýta þann efnahagslega uppgang sem nú er á Íslandi til að efla alþjóðleg samskipti og styrkja stöðu landsins á alþjóðavettvangi. Slíkt starf rennir styrkari stoðum undir bætt lífskjör í framtíðinni.

Norðurlandasamstarfið er jafnmikilvægt og ávallt áður fyrir Ísland og er síður en svo staðnað. Höfuðstyrkleiki þess er stöðugleikinn í samskiptum landanna þrátt fyrir að þau hafi valið ólíkar leiðir í Evrópusamstarfi og í öryggismálum. Stefna Norðurlandanna er jafnan áþekk í alþjóðlegu samstarfi. Höfuðáherslan er jafnræði þegnanna, mannréttindi og friðarviðleitni, opin stjórnsýsla og félagsleg réttindi.

Á þessu ári verða Norðurlöndin mikið í sviðsljósinu í Evrópusamstarfi. Ísland tekur við formennsku í Evrópuráðinu, Noregur fer nú með formennsku í ÖSE og Finnar með formennsku í ESB frá miðju ári. Með þessu opnast miklir möguleikar fyrir Norðurlöndin að auka samstarf milli Evrópustofnana og koma á framfæri sérstökum norrænum áherslum.

Ísland mun gegna einni lykilstöðunni í þessari þróun. Það er stefna íslenskra stjórnvalda að auka samstarf við aðrar evrópskar stofnanir þegar við förum með formennsku í Evrópuráðinu, t.d. ÖSE og ESB. Með opnun skrifstofu fastafulltrúa Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í Vín í mars og með formennsku Norðmanna þar er grunnur lagður að betri tengslum milli þessara stofnana.

Mikilvægum áfanga var náð á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Vínarborg í desember síðastliðnum þegar áherslur Finnlands um norðlæga vídd fengu brautargengi og samþykkt var að móta sérstaka verkefnaáætlun fyrir norðlægari hluta Evrópu. Af hálfu ESB er undirbúningur áætlunarinnar þegar hafinn og má búast við fyrstu tillögum um einstök verkefni í formennskutíð Finnlands á síðari hluta þessa árs. Veigamikið markmið áætlunar ESB er að styrkja og efla hvers konar samstarf við Rússland. Það verkefni hefur sjaldan verið brýnna en um þessar mundir. Í nóvember verður efnt til sérstaks utanríkisráðherrafundar í Helsinki sem helgaður

verður norðlægu víddinni með þátttöku fulltrúa Evrópuríkja, þar með talið Rússlands ásamt fulltrúum Kanada og Bandaríkjanna.

Meginviðfangsefni Norðurskautsráðsins eru umhverfisvernd og sjálfbær þróun á norðurslóðum. Viðamikil starfsemi á sviði umhverfismála fer fram á vegum ráðsins. Síðastliðið haust samþykkti ráðið aðgerðaáætlun um verndun hafsins á norðurslóðum. Til að stuðla að framkvæmd þeirrar áætlunar verður á næstunni opnuð skrifstofa á Akureyri. Mikilvægt er að þátttaka okkar í ráðinu sé virk og að starfsemi á vegum ráðsins hér á landi séu sköpuð sem best skilyrði.

Starf Barentsráðsins hefur haft jákvæð áhrif á samskipti á Barentssvæðinu en meginmarkmið ráðsins lúta að því að treysta stöðugleika, velferð og sjálfbæra þróun. Samstarf er um fjölmörg málefni, þar á meðal heilbrigðismál, umhverfisvernd, efnahagssamskipti og menningarmál. Ráðgert er að efla samstarfið með ýmsum hætti, t.d. með því að hvetja til og stuðla að auknum samskiptum þingmanna.

Innan vébanda Eystrasaltsráðsins fer fram mjög fjölbreytt starfsemi sem beinist að ýmsum málaflokkum, eins og efnahags-, umhverfis- og samgöngumálum.

Störf Evrópuráðsins byggja á evrópskri mannréttinda- og menningarhefð. Fjölgun aðildarríkjanna og hið mikla uppbyggingar- og fræðslustarf í nýjum aðildarríkjum hefur sett mark á störf þess og starfshætti síðustu missirin. Evrópuráðið býr að þessu leyti yfir pólitískri reynslu og þekkingu sem það hefur miðlað til annarra alþjóðastofnana, einkum Evrópusambandsins og ÖSE. Ljóst er að á næstu árum mun samstarf þessara stofnana aukast og þær laga störf sín betur hver að annarri.

Evrópuráðið hefur ákveðið að koma á fót embætti mannréttindafulltrúa sem ætlað er að fylgjast með þróun mannréttinda- og lýðræðismála í aðildarríkjunum og vera þeim jafnframt til aðstoðar. Norðurlöndin hafa stutt stofnun embættisins dyggilega og munum við í okkar formennskutíð leggja kapp á að kosið verði til þess.

Aðildarríki Evrópuráðsins eru nú fjörutíu talsins og auk þess eiga fjögur ríki áheyrnaraðild. Þau ríki Evrópu sem ekki eru nú þegar aðilar eða hafa áheyrnaraðild hafa öll sótt um aðild. Það er von mín að við getum unnið að aðild sem flestra ríkja að Evrópuráðinu. Unnið er af kappi að málefnaskrá fyrir formennskutímabilið.

Þess verður minnst á þessu ári í öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins að 50 ár eru liðin frá stofnun þess. Sérstök landsnefnd hefur unnið að áætlun um hvernig tímamótanna verður minnst hér.

Á utanríkisráðherrafundi ÖSE í Ósló í desember kom fram eindreginn vilji fulltrúa allra þátttökuríkjanna fimmtíu og fjögurra til þess að leggja sitt af mörkum til að koma á varanlegum friði í Kosovo. Starfsemi eftirlitssveita ÖSE í héraðinu er viðamesta verkefni stofnunarinnar að átakavörnum til þessa og er líklegt að mun verra ástand væri þar nú, ef sveitanna nyti ekki við. Ríkisstjórnin ákvað á sínum tíma að leggja allt að fjóra starfsmenn til eftirlitssveitanna og eru nú tveir Íslendingar komnir þangað, geðhjúkrunarfræðingur og upplýsingafulltrúi.

Nú standa yfir samningaviðræður innan ÖSE um nýjan öryggissáttmála Evrópu og er stefnt að því að ljúka því starfi fyrir ríkisoddvitafund stofnunarinnar í Istanbúl í nóvember.

Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE, undanfari ÖSE, átti mikinn þátt í endalokum kalda stríðsins svo sem kunnugt er. Hið mikilvæga starf ÖSE á tímum mikilla breytinga í Evrópu í kjölfarið hefur margfaldast.

Eitt mikilvægasta markmið íslenskrar utanríkisstefnu er að tryggja sess og hagsmuni Íslands í hinni hnattrænu þróun sem nú á sér stað á sviði öryggismála, viðskiptalífs og efnahags-, félags- og þróunarmála. Að þessu hefur verið unnið markvisst síðastliðin fjögur ár. Öflug þátttaka í hinu hnattræna starfi Sameinuðu þjóðanna hefur verið einn veigamesti þátturinn í þessu starfi. Alkunna er að miklar breytingar hafa átt sér stað innan samtakanna á undanförnum árum og er starf þeirra almennt mikilvægara en áður fyrir lífsbaráttu Íslendinga.

Friður og öryggi er það dýrmætasta sem menn eiga eins og við Íslendingar, sem höfum notið friðar og öryggis um langan aldur, þekkjum vel. Okkur ber skylda til að leggja okkar af mörkum til þess að aðrar þjóðir geti notið þess sama. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gegnir lykilhlutverki í varðveislu friðar í heiminum og þarf að takast á við ótrúlega erfið og flókin viðfangsefni. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar síðasta haust um að stefnt skuli að framboði til öryggisráðsins markar tímamót í alþjóðasamstarfi Íslendinga. Hún sýnir vilja okkar til að axla ábyrgð til jafns við aðrar þjóðir við að leysa mörg viðkvæmustu vandamál samtíðarinnar.

Um langan aldur hafa Íslendingar greitt framlög til friðargæslu Sameinuðu þjóðanna á óróasvæðum víða um heim. Nú tökum við virkan þátt í friðargæsluverkefninu í fyrrverandi Júgóslavíu, þar sem þrír íslenskir lögregluþjónar starfa að staðaldri í hinum alþjóðlegu lögreglusveitum.

Reynslan af friðargæslunni hefur fært okkur heim sanninn um mikilvægi náins samstarfs við svæðasamtök eins og Atlantshafsbandalagið, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Samtök Ameríkuríkja og ýmis svæðasamtök í Afríku. Slíkt samstarf er sérstaklega mikilvægt í þeirri friðaruppbyggingu sem þarf að eiga sér stað þegar átökum linnir, uppbyggingu lýðræðislegra stofnana, framkvæmd heiðarlegra kosninga og varðveislu réttinda minnihlutahópa.

Vernd mannréttinda allra þjóðfélagshópa er grundvallaratriði í að tryggja frið og öryggi í heiminum. Á síðasta allsherjarþingi gerðist Ísland virkur þátttakandi í umræðum um mannréttindamál og lagði sérstaka áherslu á réttindi kvenna og barna. Fimmtíu ára afmæli mannréttindayfirlýsingarinnar er okkur hvatning til að láta ekki deigan síga í baráttunni fyrir auknum mannréttindum.

Aðeins öflugt aðhald af hálfu hins alþjóðlega samfélags nær að sporna gegn kúgun og misrétti af völdum alræðisafla. Til greina kemur að Ísland sækist eftir sæti í mannréttindaráðinu og leggi þannig meira af mörkum í hinni alþjóðlegu mannréttindabaráttu. Utanríkisráðuneytið hefur átt gott samstarf við Mannréttindaskrifstofu Íslands og aðildarfélög hennar og telur að öflugt starf sjálfstæðra félagasamtaka sé starfi okkar í mannréttindamálum til framdráttar.

Í ljósi mikilvægis hnattrænna breytinga í efnahags-, félags- og þróunarmálum hafa íslensk stjórnvöld stóraukið framlög til tvíhliða þróunarsamvinnu á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Framlög til stofnunarinnar verða á þessu ári 234 millj. kr. og hafa hækkað um þriðjung frá fyrra ári. Í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá október 1997 hefur í störfum stofnunarinnar verið lögð aukin áhersla á vandaðan undirbúning verkefna og að ný verkefni verði einkum á sviði menntamála og heilsugæslu. Til stendur að styrkja starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar í þessum heimshluta með því að opna skrifstofu sendifulltrúa á veg-

um utanríkisráðuneytisins í Mósambík með starfsaðstöðu í sendiráðsbyggingu Danmerkur og Noregs í Maputo. Á annað hundrað Íslendinga eru búsettir á þessum slóðum og yrði návist íslensks sendierindreka þeim án efa til mikils trausts og halds auk þess sem ferðalög og viðskipti fara vaxandi milli Íslands og landanna í sunnanverðri Afríku.

Í árslok lýkur að sinni setu Íslands í efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna. Innan ráðsins höfum við lagt sérstaka áhersla á mannréttindamál og mikilvægi einkarekins sjávarútvegs í uppbyggingu atvinnulífs í þróunarríkjunum, auk mikilvægis sjávarútvegs fyrir fæðuöryggi í heiminum. Á ársfundi ráðsins í sumar verður meginumræðuefnið hlutverk atvinnu í upprætingu fátæktar í heiminum. Reglulegt samráð fer nú fram á milli efnahags- og félagsmálaráðsins og stofnana Alþjóðabankans. Þátttakan í ráðinu hefur orðið til að styrkja stöðu Íslands í hinni alþjóðlegu umræðu um lausn hnattrænna vandamála.

Ár hafsins 1998 gaf okkur tilefni til að stórauka áherslu á sérislensk hagsmunamál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þau sjónarmið verða æ útbreiddari innan samtakanna að stórefla beri umræðu um höfin, ekki síst um ofveiði og mengun þeirra. Í umræðum á allsherjarþinginu brugðust Íslendingar hart við þeim hugmyndum, sem settar voru fram í skýrslu hinnar sjálfstæðu heimsnefndar um málefni hafanna, þar sem hvatt var til yfirþjóðlegrar stjórnunar á fiskveiðum. Við þessar aðstæður er lífsnauðsynlegt fyrir okkur að vera *virkur þátttakandi í öllum umræðum um málefni hafsins*, koma íslenskum sjónarmiðum á framfæri og hafa áhrif á umræðuna.

Loftslagsmálin hafa mjög verið í brennidepli á undanförnum missirum eins og kom fram áðan. Yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar er að Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, enda verði tryggt að við getum áfram nýtt endurnýjanlegar orkulindir okkar bæði til að tryggja framfarir og velmegun hér á landi og til að draga úr notkun mengandi orkugjafa. Samhliða samþykkt Kyoto-bókunarinnar var sem kunnugt er tekin ákvörðun um að fjórða aðildarríkjaþingið í Buenos Aires skyldi taka til skoðunar og, eftir atvikum, gera ráðstafanir vegna stöðu ríkja þar sem einstök verkefni mundu hafa veruleg hlutfallsleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda á skuldbindingatímabilinu. Ákvörðunin, sem ekki er hluti af bókuninni sjálfri, var tekin í ljósi málflutnings íslensku sendinefndarinnar á þinginu í Kyoto, um sérstakar aðstæður Íslands. Hefur hún verið nefnd „íslenska ákvæðið" hér á landi.

Niðurstaða þingsins í Buenos Aires var sú að halda áfram umfjöllun um málið með það fyrir augum að afgreiða það, eftir því sem við á, á næsta aðildarríkjaþingi sem haldið verður næsta haust. Var aðildarríkjum boðið að gera skriflegar athugasemdir við íslensku tillöguna til undirbúnings umræðu um málið á fundi undirnefnda rammasamningsins í Bonn næsta sumar.

Þótt skilningur hafi aukist á sérstöðu okkar litla hagkerfis hafa samkvæmt framansögðu engar skuldbindandi ákvarðanir verið teknar um formlega eða efnislega afgreiðslu málsins. Óvissa ríkir um hvenær og hvernig íslenska ákvæðið verður útfært. Andstaða er við tillögu Íslands að útfærslu ákvæðisins meðal ýmissa aðildarríkja.

Það væri fullkomlega órökrétt af Íslands hálfu að undirrita Kyoto-bókunina við þessar aðstæður. Undirritun bókunarinnar væri augljóslega til þess fallin að veikja tiltrú viðsemjenda okkar á því að ásættanleg útfærsla íslenska ákvæðisins sé forsenda fyrir aðild okkar að bókuninni eins og stjórnvöld hafa lýst yfir allt frá lokum Kyoto-ráðstefnunnar. Undirritun mundi því veikja samningsstöðu okkar í málinu.

Þótt frestur til að undirrita Kyoto-bókunina renni út 15. mars nk. liggur fyrir að hún mun ekki öðlast gildi fyrr en að nokkrum árum liðnum. Töluverður tími er því til stefnu fyrir okkur að gerast stofnaðili að bókuninni.

Samkomulag embættismanna liggur nú fyrir eftir viðræður við Færeyinga og Grænlendinga um stjórn veiða úr sameiginlegum grálúðu- og karfastofnum. Ástæða er til að fagna þessu samkomulagi og þegar gengið hefur verið formlega frá samningi verður auðveldara fyrir þessi þrjú strandríki að koma fram sem bandamenn gagnvart öðrum ríkjum sem einnig veiða úr þessum stofnum.

Nokkuð hefur þokast í deilumálum okkar um fiskveiðar í Barentshafi á síðasta ári, enda stöðugt unnið að lausn þeirra. Á síðustu vikum hefur verið unnið að rammasamningi deiluaðila og er vonast til að hægt verði að efna til formlegra samningaviðræðna á næstunni.

Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, hafa á undanförnum árum aðlagað starfsemi sína breyttu umhverfi og styrkt hlutverk sitt fyrir aðildarríkin fjögur. Þannig hefur EFTA gert fríverslunarsamninga við fjórtán ríki og gefið út samstarfsyfirlýsingar við sex ríki á síðustu átta árum. Nú ber hæst í starfi EFTA fríverslunarviðræður við Kanada, en ákveðið var að ganga til þeirra undir formennsku Íslands á fyrri hluta síðasta árs. Um er að ræða fyrstu viðræður við ríki handan Atlantsála og hafa þær nú þegar vakið áhuga annarra ríkja í Vesturálfu á að eiga fríverslunarsamstarf við EFTA-ríkin.

Nú er svo komið að hvort sem talið berst að aðbúnaði og hollustu á vinnustöðum, stöðlum og gæðakröfum í framleiðslu og þjónustu, neytendavernd, mennta- eða umhverfismálum er það eðlileg viðmiðun að líta til umræðu innan Evrópusambandsins, ESB. Þannig var það orðið áður en EES-samningurinn var gerður en með honum var skapaður rammi sem tryggir ekki aðeins aðgang að markaði heldur einnig svipuð samkeppnisskilyrði á öllu svæðinu. Aðlögun okkar að Evrópulöggjöf er nú markviss og samningsbundin.

EES-samningurinn, sem varð fimm ára í síðasta mánuði, hefur skilað nýjum straumum inn í íslenskt atvinnulíf. Samningurinn er ekki aðeins flókinn og umfangsmikill heldur oft á tíðum erfiður í framkvæmd, rekstri og kynningu. Það var mikið álag á íslenskt stjórnkerfi þegar hinn mikli bálkur EES-gerða var tekinn yfir í einu lagi. Nauðsynlegt er að efla viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins til að gera henni kleift að sinna hlutverki sínu við samræmingu og samstarf ráðuneyta við stefnumótun við undirbúning löggjafar sem tengist EES-samningnum.

Um skeið leit svo út sem eitt mikilvægasta svið EES-samningsins, samstarf um rannsóknir og þróun, væri í uppnámi og þátttaka okkar í fimmtu rammaáætluninni gæti stöðvast vegna kröfugerðar Spánar um áframhaldandi greiðslur úr þróunarsjóði EFTA. Hér er um mikilvægt samstarfsmál að ræða sem verið hefur vítamínsprauta fyrir íslenskar rannsóknir og skapað mikilsverð tengsl við vísindamenn í Evrópu. Samningar hafa nú tekist eftir að ESB féll frá kröfu um sjálfkrafa framlengingu sjóðsins. Stofnaður verður nýr sjóður til fimm ára á grundvelli nýrrar ákvörðunar. Upphæð hans verður ákvörðuð út frá sömu forsendum og fyrr, en tekið verður tillit til þess að stofnaðilar eru nú aðeins þrír en voru upphaflega sjö. Ekki verða veittir styrkir úr hin-

um nýja sjóði heldur aðeins niðurgreidd lán. Undirbúningur er hafinn að sérstökum samningaviðræðum um bókun 9 sem miðast við að bæta markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir á Evrópumarkað. Má segja að grundvöllur fyrir þær viðræður hafi skapast við stofnun nýja sjóðsins.

Samstarf ESB-ríkja í utanríkispólitík eflist nú óðum og mun enn aukast eftir að Amsterdam-samningurinn gengur í gildi. Þess má þegar sjá merki, ekki síst innan Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur tengst þessu starfi með samráðsfundum ráðherra í tengslum við EES-ráðsfundi og með sérstökum fundum embættismanna Íslands, Noregs og Liechtensteins við ESB. Ísland hefur í fjölmörgum tilfellum einnig tengst yfirlýsingum ESB, en þar eigum við þess kost að lýsa yfir stuðningi eftir að ESB-ríkin hafa komið sér saman um texta. Við tökum hins vegar ekki þátt í að ganga frá honum.

EES-samningurinn tók mið af Rómarsamningnum eins og hann var 1992 en síðan hafa verið gerðar talsverðar breytingar, miðað við Maastricht og Amsterdam. Ein stærsta breyting Amsterdam-samningsins var innlimun Schengen-samstarfsins um afnám landamæraeftirlits inn í Evrópusambandið. Erfitt reyndist að samræma sjónarmið ESB um fullt sjálfstæði stofnana þess og kröfur Íslands og Noregs um fulla þátttöku í allri umræðu á grundvelli samstarfssamningsins sem gengið var frá 1996. Þar tel ég að við höfum náð viðunandi samningum.

ESB hefur nú formlega hafið aðildarviðræður við ellefu ríki. Á næstu 10 árum gæti fjöldi aðildarríkja nær tvöfaldast. Það er kunnara en frá þurfi að segja að helsti þröskuldur í vegi aðildar Íslands að ESB hefur verið sameiginleg sjávarútvegsstefna þess. Skýrt hefur komið fram af hálfu helstu talsmanna sambandsins að almennar undanþágur frá meginmarkmiðum standa ekki til boða. Lítið vit væri í að leggja fram aðildarumsókn með svo víðtækum undanþáguskilyrðum.

Ekkert er eilíft í þessum heimi og einnig sjávarútvegsstefna ESB er endurskoðun háð. Ég tel því rétt að við höldum okkar sjónarmiðum á lofti gagnvart ESB og leggjum okkar af mörkum í umræðu um sjávarútvegsmál innan þess. Einnig tel ég rétt að við ræðum það við nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga, sem eru eins og við háðir fiskveiðum til lífsviðurværis og viðskiptum við ESB. Hér eiga Danir auðvitað einnig hlut að máli. Ég hef orðið þess var að meðal ýmissa aðildarríkja er langt í frá að litið sé á sameiginlega sjávarútvegsstefnu sem ginnheilaga og óumbreytanlega. Skýr efnisleg rök hníga að því að færa eigi fiskveiðistjórnun nær þeim svæðum sem eiga beinna hagsmuna að gæta fremur en að taka ákvarðanir á ráðherrafundum þar sem fjöldi þátttakenda kemur frá landluktum ríkjum. Ísland hefur aldrei sótt um aðild að ESB og Íslandi hefur því aldrei verið hafnað. Ég tel samningsstöðu okkar gagnvart ESB best borgið með því að skilgreina sem nákvæmast hvað stendur helst í vegi fyrir aðild. Engin knýjandi nauðsyn rekur okkur til hennar en það er sjálfsagt að hafa hugann opinn og athuga reglulega í ljósi þróunar hvaða kostir og gallar gætu fylgt fullri aðild.

Það er táknrænt, þegar dregur að fimmtíu ára afmæli Atlantshafsbandalagsins, að það skuli enn einu sinni vera aflvaki í friðarviðleitni á Balkanskaga. Líkt og gerðist í Bosníu-Hersegóvínu réð frumkvæði bandalagsins úrslitum í að telja deiluaðila í Kosovo á að ganga til samninga í Rambouillet. Þetta endurspeglar að bandalagið hefur ávallt verið annað og meira en tímabundin samsteypa í köldu stríði og að það mun áfram gegna lykilhlutverki í evrópskum öryggismálum.

Þegar leiðtogar aðildarríkja og samstarfsríkja Atlantshafsbandalagsins koma saman í Washington að tveimur mánuðum liðnum verður það ekki til þess að horfa um öxl, heldur fram á veg til næstu aldar. Aðild þriggja ríkja í austanverðri Evrópu sýnir að bandalagið er opið nýjum aðildarríkjum, öryggismálastefna þess verður endurskoðuð og samstarf Evrópuríkja á sviði öryggis- og varnarmála verður eflt innan bandalagsins.

Öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins telja eðlilegt að það sé opið evrópskum lýðræðisríkjum og að slík fjölgun aðildarríkja geti stuðlað að friði og stöðugleika í álfunni. Um leið og þessi stuðningur við svonefndar „opnar dyr" verður ítrekaður í Washington er mikilvægt að ráðrúm gefist til að ljúka framkvæmd innri og ytri aðlögunar bandalagsins. Því er ósennilegt að þar verði teknar ákvarðanir um frekari fjölgun aðildarríkja. Á hinn bóginn er ríkisstjórn Íslands hlynnt því að Eystrasaltsríkin verði á meðal þeirra ríkja sem næst verður boðin aðild.

Ef að líkum lætur mun Atlantshafsbandalagið styrkjast enn frekar í Washington. Tilgangur þess breytist ekki í grundvallaratriðum en breyttar aðstæður í Evrópu og breytingar á skilgreiningu öryggishugtaksins valda því að ný viðfangsefni verða fyrirferðarmeiri, einkum á sviði friðargæslu og friðarframkvæmdar. Íslensk stjórnvöld hafa brugðist skjótt við áðurnefndri þróun, bæði í höfuðstöðvum bandalagsins og á vettvangi aðgerða. Fastanefnd Íslands hefur verið efld, þátttaka hafin í störfum hermálanefndar bandalagsins og Íslendingar hafa haldið áfram störfum í stöðugleikasveitunum í Bosníu-Hersegóvínu. Nú er verið að kanna hvernig íslensk stjórnvöld geti hugsanlega lagt af mörkum til friðarframkvæmdar í Kosovo.

Íslendingar hafa tryggt varnir landsins um fimm áratuga skeið með aðild að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamstarfi við Bandaríkin. Þessir hornsteinar varnarstefnu Íslands eru samofnir og þau varnarsvæði sem Ísland lætur bandalaginu í té hérlendis eru veigamesta framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins. Í því sambandi ber að hafa í huga að fáar þjóðir eru jafnháðar greiðum samgöngum um Atlantshaf og við Íslendingar.

Öryggismál spanna nú mun breiðara svið en áður. Sú staðreynd endurspeglast ekki síst í þeim breytingum sem eiga sér stað innan Atlantshafsbandalagsins. Aðild að bandalaginu skipar Íslandi í flokk þeirra ríkja sem hafa hvað mest áhrif á mótun hins nýja öryggiskerfis Evrópu, nokkuð sem ríki utan bandalagsins eiga ekki kost á í sama mæli. Þessa staðreynd ættu þeir að hafa í huga sem telja að forsendan fyrir varnarsamstarfinu við Bandaríkin og aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu hafi fallið með Berlínarmúrnum. Einangrunarstefna, hvort heldur er í varnar- eða efnahagsmálum, er vísasta leiðin til að gera Ísland að áhrifalausu jaðarríki á hjara heims. Utanríkis- og varnarstefnu Íslands verður að meta í heildarsamhengi, enda eru öryggismál, efnahagsmál og stjórnmál samtvinnuð sem aldrei fyrr á alþjóðavettvangi.

Í ræðu minni hef ég gefið yfirlit yfir hagsmunabaráttu þjóðar sem verður að hafa sig alla við til að tryggja sess sinn á meðal þjóðanna. Þetta er að mörgu leyti hörð lífsbarátta og mikilvægt að ráðstafa vel og markvisst því fé og þeim mannafla sem við höfum yfir að ráða.

Markvisst hefur verið unnið að styrkingu utanríkisþjónustunnar á kjörtímabilinu og endurspeglar það ekki eingöngu

stefnu ríkisstjórnarinnar heldur ríkir að mínu mati þverpólitísk samstaða um nauðsyn þessa.

Allt frá landnámi hafa atburðir á meginlandi Evrópu verið örlagavaldar á Íslandi. Það verður eitt af höfuðverkefnum utanríkisþjónustunnar að fylgjast náið með hvernig mál skipast í álfunni á næstu árum í ljósi stækkunar ESB, framvindunnar í öryggismálum, áhrifa evrunnar og breytinga á sjávarútvegsstefnu ESB, svo fátt eitt sé talið. Það er forsenda að við skilgreinum stöðu okkar nákvæmlega gagnvart ESB á hverjum tíma til að geta tryggt viðbrögð sem samræmast best íslenskum hagsmunum því hvort sem okkur líkar betur eða verr hefur fátt í milliríkjasamskiptum okkar jafnmikil áhrif hér á landi og samrunaþróunin í Evrópu.

Með öflugri utanríkisþjónustu öðlast Ísland skýra rödd á alþjóðavettvangi sem er forsenda þess að hægt sé að standa vörð um og reka íslenska hagsmuni í samfélagi þjóðanna. Ríkisstjórnin hefur sýnt það í verki að hún hefur metnað til þess að skipa þjóðinni í fremstu röð m.a. með virkri þátttöku í alþjóðavæðingunni. Ég tel víst að efnahagsleg og pólitísk samtvinnun ríkja heims haldi áfram í fyrirsjáanlegri framtíð. Við þurfum því að horfa fram á veg og skilgreina hvar og hvernig við viljum að Ísland beri niður með frekari eflingu utanríkisþjónustunnar. Það er áskorun sem við getum ekki vikist undan.

Hin mikla alþjóðavæðing og þátttaka okkar í alþjóðlegu samstarfi sýnir okkur enn betur en áður hversu gott og verðmætt samfélag við eigum. Við búum við meira öryggi, meiri velferð, minni mengun og betri menntun en almennt þekkist annars staðar í veröldinni. Efling og varðveisla þessara gæða verður verkefni næstu áratuga.

Skynsamleg stefna stjórnvalda er kjölfestan í þeirri miklu uppsveiflu sem nú ríkir í efnahag þjóðarinnar og landsmenn njóta í stórbættum kjörum. Líklegt er að enn betri árangur skili sér til landsmanna á næstu árum ef stöðugleikanum verður ekki fórnað.

Miklu skiptir að þeirri sókn verði haldið áfram sem nú hefur staðið í nokkur ár. Ísland skipar nú fimmta sæti á lista Sameinuðu þjóðanna yfir þær þjóðir heims þar sem lífsgæði eru mest. Full ástæða er til að ætla að hægt verði að ná enn lengra og takast muni að festa Ísland í sessi í fremstu röð meðal þjóða heims.

Forgangsverkefnin verða að búa ungu kynslóðina undir átök við ný verkefni í heimi sem breytist ört. Til að tryggja hlut íslenskrar æsku í framförum og velmegun næstu aldar dugir ekkert minna en að menntun og önnur uppeldisskilyrði verði hér betri en með öðrum þjóðum.

Á sama hátt verður að verja íslensk ungmenni fyrir ógn eiturlyfja sem víða hneppir of margt æskufólk í helfjötra og verður í þessu efni að leita betri úrræða en hingað til.

Okkar kynslóð sem nú nýtur ávaxtanna af erfiði, dugnaði og framsýni þeirrar kynslóðar sem nú er sest í helgan stein verður að meta hlut þeirra eldri að verðleikum og þannig verði um hnútana búið að haustdagar þeirra verði bjartir.

Velferðarkerfið er fyllilega í stakk búið til að betur megi gera við þá sem byggðu það upp. Við alþjóðlegan samanburð er íslenskt heilbrigðis- og velferðarkerfi talið með því besta sem þekkist. Lengi má þó gott bæta og öll skilyrði eru til að skara fram úr í þessu efni.

Samskipti okkar við önnur ríki munu ráða úrslitum í sókninni inn í næstu öld og hlutverk utanríkisþjónustunnar verður afar mikilvægt í þeirri framfarasókn. Samstillt átak almennings og stjórnvalda mun skipa Íslandi í fremstu röð á 21. öldinni og ekki er útilokað að við verðum fremstir meðal þjóða heims þegar vegnir verða og metnir saman þeir þættir sem lífsgæði manna eru ofin úr.

[11:37]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 444. mál, svar landbrh., þskj. 841.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 407. mál, svar iðnrh., þskj. 876.

Skráning og mat fasteigna, 550. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 889.

[11:37]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess í sambandi við dagskrá dagsins í dag og umræðuna að ef sérstaklega er óskað eftir því að talað verði fyrir skýrslum alþjóðanefndanna, þ.e. málum 6–11 á dagskránni, þá verður að sjálfsögðu orðið við því. Annars mælist forseti til þess að hv. þingmenn komi sínum athugasemdum um þau mál að í umræðunni um skýrslu utanrrh. Að umræðu um hana lokinni yrðu teknir saman 3., 4. og 5. dagskrárliður, þ.e. störf norrænu ráðherranefndarinnar, norrænt samstarf og Vestnorræna ráðið. Forseti vonar að ekki verði gerðar athugasemdir við þessa tilhögun.

[11:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hæstv. fyrir ræðuna því hún var sannast sagna prýðileg og lagði vel fram þá stefnu sem hæstv. ríkisstjórn fylgir í utanríkismálum. Það gætti margra nýmæla í ræðu hæstv. utanrrh. Ég nefni sérstaklega þau viðhorf sem hann lagði þar fram um Evrópusambandið. Ég tel að með þeim sé hann í rauninni að slíta sig frá því helsi sem hefur tjóðrað hann við hæstv. forsrh., en sá hæstv. ráðherra hefur sem kunnugt er nánast bannað að Evrópumálin væru á dagskrá. Nú sýnist mér með ræðu hæstv. utanrrh. að þau séu tryggilega komin á dagskrá aftur og það er vel að mínu viti. Sömuleiðis vek ég athygli á því, herra forseti, að sem fylgiskjali við ræðu hæstv. utanrrh. var í gær dreift afar merki gagni sem samið hefur verið af starfsmönnum utanrrn. og varðar öryggis- og varnarmál íslensku þjóðarinnar. Ég tel að þar gæti nýrra viðhorfa sem rífi umræðuna um varnarmálin á vissan hátt upp úr því kaldastríðsfari sem hefur einkennt hana oft og tíðum í íslensku þjóðfélagi, ekki síst á hinu háa Alþingi.

Tíðindin í ræðu hæstv. utanrrh. varða þó hvorki varnarmál, öryggismál né Evrópumál, heldur umhverfismál. Það er í takt við þá þróun sem hefur orðið á síðustu áratugum að umhverfismál eru tekin að yfirskyggja önnur svið í samskiptum ríkja. Ég get þessa hér, herra forseti, vegna þess að hæstv. utanrrh. er metnaðarfullur fyrir hönd sinnar þjóðar og sjálf sín og hefur lagt fram metnaðarfulla stefnu varðandi framtíð Íslands á vettvangi alþjóðastjórnmála. Hann hefur lagt fram þá stefnu að Ísland ætti að sækja um aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það er metnaðarfull stefna. En ég tel hins vegar að það sé algjörlega borin von að hæstv. ráðherra verði nokkurn tímann að ósk sinni á meðan það blasir við að Ísland situr utan Alþjóðahvalveiðiráðsins og að Ísland er ekki aðili að Kyoto-bókuninni. Ég tel að þetta tvennt geri það að verkum að þau háleitu markmið sem ber að þakka hjá hæstv. utanrrh. muni aldrei ná fram að ganga. Og það sem mér finnst skorta í þá sýn sem hæstv. utanrrh. og hans ríkisstjórn hefur á utanríkismálin er umhverfisvinkilinn. Satt að segja finnst mér, þó hæstv. utanrrh. hafi að mörgu leyti tekist

vel upp með marga hluti, að þar sé hann sleginn einhvers konar blindu. Ég fæ ekki betur séð en að sú ákvörðun sem hann hefur haft forgöngu um innan ríkisstjórnarinnar, þ.e. að Íslendingar undirriti ekki Kyoto-bókunina fyrir tilskilinn frest, 15. mars, slái í rauninni Ísland út af borðinu sem alvöruspilara á leiksviði alþjóðastjórnmálanna. Ég tel að svo mikill fingurbrjótur sé í þessu fólginn og þetta sé svo mikið úr takti við það sem hæstv. ráðherra, hans flokkur og undanfarnar ríkisstjórnir hafa verið að reyna að gera varðandi ásýnd Íslands á alþjóðavettvangi, að þarna sé um að ræða stór mistök. Ég get heldur ekki annað en tekið þeirri áskorun sem fram kom hjá hæstv. ráðherra og raunar hæstv. forseta í umræðunni sem varð hér áðan, áður en við hófum umræðuna um þetta dagskrármál, þar sem þeir beindu því til mín og annarra að ræða þetta mál, þ.s. ákvörðun ríkisstjórnarinnar varðandi Kyoto, efnislega í þessari umræðu.

Herra forseti. Ég ætlaði að láta ræðu mína snúast um allt aðra hluti, um þau nýju viðhorf sem hæstv. ráðherra hefur sett fram varðandi Evrópusambandið og reyndar ætlaði ég líka að ræða þá skýrslu sem utanrmn. var kynnt í gær. Það má vera að ég haldi ræðu síðar í dag. En ég ætla að nota þennan tíma sem ég hef nú til að ræða Kyoto-bókunina og þá afdrifaríku ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur tekið fyrir hönd okkar og ég tel vera mikil mistök.

Herra forseti. Fyrst verð ég að geta þess, eins og ég hef gert þegar á þessum morgni, að hæstv. utanrrh. hefur sýnt utanrmn. þingsins mikinn sóma. Hann hefur farið mjög rækilega eftir bókstaf 24. gr. þingskapa þar sem segir, með leyfi forseta:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum."

Herra forseti. Ekkert mál sem hefur komið til kasta hæstv. utanrrh. hefur jafnmikla þyngd og einmitt Kyoto-bókunin. Enginn samningur er jafnlifandi, á jafnmikilli hreyfingu og jafnmikið umræddur á vettvangi alþjóðastjórnmála í dag og einmitt sá samningur. Og ef hæstv. utanrrh. hefði borið skylda samkvæmt orðan laganna að koma með eitthvert mál til utanrmn., þá er það þetta mál. En hæstv. utanrrh. kaus að gera það ekki. Málið var rætt við nefndina í gær eftir að ríkisstjórnin hafði tekið sína ákvörðun.

Herra forseti. Það kom fram að í þinginu liggur fyrir tillaga frá þingflokki Samfylkingarinnar þar sem lagt er til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að undirrita Kyoto-bókunina. Það er með ólíkindum að sú tillaga hefur ekki fengist rædd í þinginu. Það er alveg ljóst að það er siðferðilega ekki verjandi, tel ég, að ríkisstjórnin taki ákvörðun sem er jafnafdrifarík ekki aðeins fyrir samtíðina heldur ekki síst fyrir framtíðina án þess að bera hana undir þingið. En það er ekki gert.

Herra forseti. Síðan blasir það líka við að þessi ákvörðun er tekin innan ríkisstjórnarinnar að hæstv. umhvrh. fjarstöddum. Ég veit að ófyrirsjáanlegir atburðir gerðu það að verkum að hann gat ekki komið til landsins til að taka þátt í afgreiðslu málsins með ríkisstjórninni. En ríkisstjórninni bar að bíða með málið, enda nægur tími, þangað til fagráðherrann var komin til landsins. En staðreyndin er auðvitað sú að hæstv. utanrrh. hefur tekið völdin af hæstv. umhvrh. í þessu máli. Hann hefur sett upp sérstaka skrifstofu í utanrrn. Ég man ekki betur en að hún hafi verið fyrst verið sett upp eftir að í ljós kom að hæstv. umhvrh. hafði uppi tilburði til að hafa sjálfstæðar skoðanir í málinu.

Það blasir því við að hæstv. utanrrh. hefur ekki sinnt þeirri lagaskyldu sem honum ber skv. 24. gr. þingskapa Alþingis. Hann hefur ekki komið með málið til utanrmn. Ríkisstjórnin og flokkarnir sem að henni standa hafa ekki leyft Alþingi að taka afstöðu til þessa máls eins og föng eru þó á út af þeirri tillögu sem liggur fyrir þinginu og einnig er ljóst að hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin hafa í rauninni svínbeygt hæstv. umhvrh. í þessu máli.

Það var fróðlegt að fylgjast með því þegar umræðan um þetta mál hófst hér á þingi vegna þess að í ljós kom að eftir því sem henni vatt fram breyttust viðhorf hæstv. umhvrh. Hann var í fyrstunni á mjög svipaðri línu og hæstv. iðn.- og utanrrh. en eftir því sem hann kynnti sér málið betur kom glögglega í ljós að hann skildi málið. Hann hefur talað þannig á þingi og í fjölmiðlum að ekki er hægt að skilja mál hans öðruvísi en svo en að hann hafi verið þeirrar skoðunar að undirrita ætti Kyoto-bókunina, og það er ljóst að það sem hefur gengið út frá sérfræðingum hans, ekki sérfræðingum utanrrn. heldur sérfræðingum umhvrn., hefur hnigið að sömu niðurstöðu. Þess vegna er það afskaplega miður að völdin skuli hafa verið tekin af ráðherranum með þessu móti, eina ráðherranum sem hefur talað skýrt í þessu máli og gaf út skýrslu um Ísland og loftslagsbreytingar af mannavöldum sem er það gagn, sem komið hefur út af hálfu íslenskra stjórnvalda, þar sem dýpst er tekið í árinni.

Það blasir við að Íslendingar hafa miklum skyldum að gegna í þessu máli. Hvers vegna? Vegna þess að málið varðar einmitt þá framtíð óborinna kynslóða sem hæstv. utanrrh. ræddi um í lok ræðu sinnar áðan. Ef verstu spár rætast blasir við að ekki aðeins munu fiskimið ónýtast við Ísland heldur mun Ísland verða óbyggilegt. Það eitt ætti að nægja til þess að við ættum að sjálfsögðu að leggjast á þessar árar.

Þar fyrir utan eru það önnur mórölsk rök sem við hljótum að taka tillit til líka. Við blasir að jafnvel þótt ekki einu sinni verstu spár rætist þá er hætta á að heil ríki, eyríki enn fjölmennari en við með menningu sem er ekki síðri okkar, munu í bókstaflegri merkingu sökkva undir yfirborð jarðar. Það er þetta sem við þurfum að horfast í augu við og út frá þeim siðrænu forsendum þurfum við að taka ákvarðanir. Á þessum grundvelli hefði hið háa Alþingi átt að fá tækifæri til að ræða þetta mál en fékk ekki fyrr en núna þegar ákvörðunin liggur fyrir.

Ég tel, herra forseti, að sú ákvörðun sé röng og mér finnst röksemdafærslan vera furðuleg. Í svo að segja sama andartakinu og hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni áðan að bókunin, sem kennd er við Kyoto, yrði ekki undirrituð sagði hann eigi að síður að stefnt yrði að því að íslensk stjórnvöld gerðust aðilar að henni í framtíðinni. Herra forseti. Það þarf að skýra þetta frekar. Hæstv. ráðherra þarf að svara í umræðunni á eftir hvort það sé óhjákvæmileg forsenda fyrir því að við verðum aðilar í framtíðinni að tekið verði tillit til þessa séríslenska ákvæðis.

Mér finnst tvennt standa upp úr í röksemdafærslu ráðherrans fyrir þessari slæmu ákvörðun. Í fyrsta lagi talar hæstv. ráðherra eins og það skipti nánast engu máli fyrir álit Íslands og stöðu þess út á við að undirritunin fari ekki fram núna fyrir 15. mars þegar tilskilinn frestur rennur út. Í öðru lagi heldur hann því fram að þetta sé beinlínis gert til að treysta stöðu Íslands og auka líkurnar á því að tekið verði tillit til sérkrafna Íslands. Mér finnst að í báðum þessum málsatriðum skjöplist hæstv. ráðherra.

Öll ríki OECD nema Ísland hafa lýst yfir að þau muni undirrita bókunina. Við erum eina ríkið í hópi þeirra þjóða sem við berum okkur oftast saman við sem stendur eitt utan við Kyoto og hafnar því að undirrita. Ef menn halda að það skipti ekki máli fyrir álit Íslands út á við, þá verð ég að segja, herra forseti, að mér finnst þeir vera skyni skroppnir.

Við höfum markaðssett okkur á sérstakan hátt. Við höfum með góðum árangri byggt upp sérstöðu út á við þar sem við höfum fyrst og fremst byggt á náttúru Íslands og ómengaðri ásýnd landsins þar sem umhverfis- og náttúruverndar er í hvívetna ríkulega gætt. Út á þetta höfum við ekki bara byggt mikilvæga atvinnugrein, ferðaþjónustuna þar sem sérhver ferðamaður er ígildi tonns af þorski í gjaldeyri, heldur hafa undanfarnar ríkisstjórnir, að þessari meðtalinni, líka markaðssett landið og helstu atvinnugrein þess, sjávarútveginn, undir þessum formerkjum. Ef menn halda að engu máli skipti að við ætlum að sitja hjá þegar Kyoto-bókunin er annars vegar, þá skulu menn skoða dæmið af hvalveiðunum.

Hvað gerist á Íslandi þegar uppi eru hugmyndir um að hefja veiðar á nokkrum hrefnum? Það kallar á skarpt viðbragð frá öllum helstu stórfyrirtækjum á sviði útflutnings á Íslandi. Hvað halda menn þá að gerist þegar umheimurinn verður þess áskynja að Ísland ætlar eitt landa OECD að standa fyrir utan? Auðvitað mun þetta hafa mikil áhrif á markaðsstöðu okkar út á við og sennilega mun áhrifanna gæta miklu fyrr en hæstv. ríkisstjórn virðist gera sér grein fyrir.

Ég á líka erfitt með að skilja það frá sjónarhóli hæstv. ríkisstjórnar þegar hún heldur því fram að þessi afstaða hennar byggist á því að verið sé að auðvelda möguleika okkar til að fá skilning á hinu séríslenska ákvæði. Út á hvað gengur þetta séríslenska ákvæði? Það gengur út á það að smá hagkerfi fái sérstaka tilslökun vegna stórra verkefna á sviði iðnaðar. Þó að smá hagkerfi séu hérna í fleirtölu, þá er þetta bara Ísland. Það er ekkert annað land sem ég veit til sem hefur talið að það geti nýtt sér þetta. Hérna er því fyrst og fremst verið að tala um hagsmuni Íslands. Hverjir styðja okkur í þessu máli? Við höfum einhvern varastuðning frá örfáum þjóðum. En það sem við gætum gert er að sýna okkar góða vilja í verki með því að undirrita bókunina, ávinna okkur velvild og skilning annarra þjóða og í krafti þess reyna að verða okkur úti um nægan stuðning til að ná þessari sérstöðu okkar. Það er ekki gert.

Ég held því fram, og ég er ekki sammála markmiði hæstv. utanrrh. í þessu efni, að sú aðferð sem hæstv. ráðherra beitir sé ekki til þess fallin að ná markmiðinu fram. Þar að auki held ég líka, herra forseti, að það sé rangt þegar hæstv. ráðherra segir að það sé yfirlýst stefna Íslands að gerast aðili að bókuninni, enda verði tryggt að Íslendingar geti áfram nýtt endurnýjanlegar orkulindir til að tryggja framfarir og velmegun hér á landi. Ég held því fram að þótt við undirrituðum bókunina í dag, þá kæmi ekkert í veg fyrir að við gætum ekki nýtt þær orkulindir okkar. Í fyrsta lagi getum við gert það til að gera Ísland að því einstaka vetnissamfélagi sem hæstv. ráðherra hefur verið að gorta af á síðustu dögum. Við þurfum orku til þess og í öðru lagi er alveg ljóst að umræðan er að þróast í þá átt að kvótar verða framseljanlegir, það verður hægt að kaupa kvóta og þá verður hægt að fara í stóriðju á Íslandi af hálfu fyrirtækja sem kaupa kvóta og það á að vera forsendan fyrir því að við förum í stóriðju á Íslandi í framtíðinni.

[11:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þeirri gagnrýni sem hefur komið fram, m.a. hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, í sambandi við Kyoto-bókunina, þá finnst mér vera rétt að skipta þessu máli í tvennt. Annars vegar er spurningin um það hvort menn vilja reyna að ná fram hinu sérstaka íslenska ákvæði. Ég hef skilið talsmenn stjórnarandstöðunnar þannig að þeir séu á móti því. Þeir séu þar af leiðandi tilbúnir til að loka einhverjum af þeim verksmiðjum sem við höfum þegar byggt upp og þeir séu líka tilbúnir til að hætta við uppbyggingu sem fyrirhuguð er. Þar með séu þeir tilbúnir til að lækka lífskjör á Íslandi verulega, skera niður velferðarkerfið, lækka laun landsmanna og annað sem því fylgir. Þessu verða menn að svara. Ef þetta er afstaðan, gott og vel. Þá er það afstaða út af fyrir sig.

Síðan kemur gagnrýnispunktur númer tvö, að ef við ætlum að ná fram íslenska ákvæðinu, sem mér skilst að hv. þm. sé á móti, gott og vel, þá hefur hv. þm. þá skoðun að fyrst við ætlum að reyna að ná því fram sem hann telur vera vitlaust, þá förum við vitlaust í það. Ég er ekki sammála því. Við teljum að með því að fara svona í það séum við sjálfum okkur samkvæmir. Það liggur fyrir að íslenska ákvæðið er ekki hluti af Kyoto-bókuninni eins og hún liggur núna fyrir. Með því að undirrita núna værum við að lýsa því yfir að við værum e.t.v. tilbúnir til að gerast aðilar að henni seinna án þess að litið væri frekar á íslenska ákvæðið, sem mér skilst að hv. þm. vilji. Þetta er mat okkar á stöðunni. Þetta er góður málstaður að berjast fyrir. Ég er stoltur af því að berjast fyrir slíkum málstað. Ég heyri á hv. þm. að hann vill ekki berjast fyrir þeim málstað en ég tel það skipta grundvallarmáli fyrir framtíð þess samfélags sem við lifum í og þar með framtíð unga fólksins sem við erum að tala um.

[11:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er grundvallarmisskilningur í máli og stefnu hæstv. utanrrh. um afstöðu hans til nýtingu endurnýjanlegra orkulinda á Íslandi. Það er ekkert sem segir að jafnvel þótt við undirrituðum Kyoto-bókunina, þá gætum við ekki nýtt þessar orkulindir áfram. Hæstv. ráðherra og flokkur hans hefur meira að segja haft frumkvæði að því að benda á ákveðna leið til að búa til mengunarlaust eldsneyti. Ef það tækist mundi það að sjálfsögðu skapa okkur gríðarlegt svigrúm á Íslandi, en það kostar líka orku. Hvar á að fá þá orku, herra forseti? Hvar ætlar hæstv. utanrrh. að fá orkuna til að standa undir því að gera Ísland að fyrirmyndarsamfélagi sem byggðist á mengunarlausu eldsneyti, ef hann er búinn að binda allar orkulindir landsins við málmbræðslur? Hvar ætlar hann að fá hana?

Það sem hæstv. utanrrh. hefur vanrækt í samningaferlinu er að beita sér fyrir því að komið verði upp kerfi þar sem hægt yrði að kaupa og selja kvóta. Vegna þess að ef það væri þannig, en það hefur Ísland ekki stutt, hæstv. utanrrh. hefur ekki stutt það í samningaferlinu til þessa, þá væru forsendur fyrir stóriðju þær einar hér á landi að fyrirtæki eins og Norsk Hydro, sem er eftirlætisfyrirtæki hæstv. utanrrh., yrðu að kaupa slíkan kvóta. Það er alveg morgunljóst.

Að því er varðar ágreining minn og hæstv. utanrrh. um samningatæknina, þá er það rétt hjá hæstv. ráðherra að ég er ekki sammála rökstuðningnum á bak við markmiðið. Ég tel að aðferðin sem hæstv. ráðherra fer til að ná fram markmiði sínu sé röng, hún sé ekki til þess fallin að ná þessari

niðurstöðu. Ég held að við hefðum átt að fara, eins og ég sagði áðan, í góðri trú og sýna okkar pólitísku stefnu í verki með því að undirrita bókunina og í krafti þess reyna að vinna velvild og skilning á þessu sem hæstv. ráðherra kallar sérstöðu, en önnur ríki tala um á þann hátt að við séum að reyna að skapa okkur samkeppnisforskot sem þau geti ekki fallist á.

[11:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm. að ég sé andstæðingur þess að menn komi upp viðskiptum á losunarkvótum. Við styðjum það. Hins vegar er allt mjög óljóst í því sambandi og það á eftir að vinna mjög mikið í því máli. Við stöndum ekki í vegi fyrir því. En við teljum fráleitt að koma á slíku kerfi en standa samhliða í vegi fyrir því að hrein orka sé nýtt í heiminum, eins og á Íslandi.

Hv. þm. talar um vetni. Það fara fram mikilvægar rannsóknir í því máli sem gerast m.a. undir forustu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. En það mun því miður taka langan tíma og við höfum ekkert í hendi varðandi það mál fram til 2010. Vonandi verða rannsóknir komnar það langt að hægt verði að fara út í slíka framleiðslu í verulegum mæli. En það liggur alveg ljóst fyrir að ef hv. þm. er að tala um framfarir á Íslandi fram til 2010, þá getum við því miður ekkert fullyrt um vetnisframleiðslu í stórum stíl.

Það er hins vegar rangt hjá hv. þm. að Norsk Hydro sé eitthvert eftirlætisfyrirtæki mitt. Hann hefur leyft sér að kalla það kjördæmapot að tala við það fyrirtæki, en ég hvet hann til að lesa stefnuyfirlýsingu Samfylkingarinnar á Austurlandi, sem mér skilst að sé eina stefnuskráin sem komin er út á vegum þess flokks. Ef hann les hana mundi hann e.t.v. breyta um skoðun því að þar virðist stefnan vera komin. Það er a.m.k. eina stefnan sem ég hef séð. Þar stendur að menn vilji virkja og menn vilji fara út í stóriðju. Ég hvet því þingmanninn til að lesa hina nýju stefnuskrá eigin flokks.

[12:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Einn reginmunur er á afstöðu minni og hæstv. utanrrh. Ég er ekki bara að hugsa um framfarir Íslands til ársins 2010 heldur út alla næstu öld. Ég er líka að hugsa um það fólk sem á að byggja Ísland framtíðinni.

En hæstv. ráðherra flækir sig í eigin neti röksemda. Hann talar um að undirritun Kyoto-bókunarinnar yrði óhjákvæmilega til þess að við gætum ekki nýtt endurnýjanlegar orkulindir. Það er rangt vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur sjálfur lagt fram stefnuna um að það eigi að fara í að búa til mengunarlaust eldsneyti á Íslandi og það kostar orku. Hvar eigum við að fá orkuna ef hæstv. ráðherra er búinn að binda hana í verksmiðjum Norsk Hydro? Við notum orkuna ekki bæði til þess að búa til vetni og til þess að búa til málmblendi. Svo einfalt er það.

Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra segir, að umræða um framsal kvóta, mengunarkvóta, er ekki komin nógu langt. En höfum við reynt að þróa hana áfram? Við höfum ekki verið að reyna það. Kannski getur hæstv. ráðherra upplýst mig um eitthvað annað. En samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef höfum við ekki verið í fremstu röð þeirra þjóða sem hafa viljað reyna að ná fram skipulagi á framsal mengunarkvóta.

Ef það væri svo er alveg ljóst að við gætum áfram verið að búa til stóriðju á Íslandi ef viðkomandi fyrirtæki kaupa t.d. kvóta og að sjálfsögðu ef klárt er að það verður ekki til þess að heildarútblástur eykst. Það er auðvitað forsendan. Hæstv. ráðherra á ekki að koma hingað og setja sig á háan hest og halda því fram að mér sé ekki umhugað um velferð þjóðar minnar. Að sjálfsögðu er mér umhugað um hana. Mér er umhugað um hana bæði í bráð og líka í lengd. Ég held því fram að sú aðferð sem ég hef talað fyrir þjóni betur hagsmunum þjóðarinnar en sú aðferð sem hæstv. ráðherra hefur talað fyrir.

Það er líka spurning um velferð þjóðar að geta rekið hér ferðamennsku, ferðaþjónustu og að geta selt afurðir sjávarútvegsins eins og við höfum hingað til. Það er líka verðmæti fólgið í hinni mengunarlausu og hreinu ásýnd Íslands eins og ég veit að hæstv. utanrrh. skilur ef hann sest niður og reynir að hugsa þetta yfirvegað.

[12:02]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins til þess að glöggva mig betur á skoðunum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar umfram það að honum sé annt um framtíð þjóðarinnar í bráð og í lengd.

Hvað varðar þau þrjú atriði er skipta mestu máli fyrir okkur Íslendinga í Kyoto-bókuninni er staðan sú að samningaviðræðum um hvernig á að fara með skógrækt og sérstaklega landgræðslu er ólokið, samningaviðræðum um hvernig á að fara með viðskipti um mengunarkvóta er ólokið og samningaviðræðum um það hvernig á að fara með íslenska ákvæðið er ólokið. Er það rétt skilið hjá mér að hv. þm. sé sáttur við stöðuna eins og hún er í dag og að við eigum bara að undirrita bókunina og hætta frekari þátttöku í samningum um þessi atriði og sætta okkur við niðurstöðuna eins og hún er í dag?

[12:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. er örugglega kunnugt um skiptir ekki meginmáli ákvæðið um bindingu CO í gegnum skóg og gróðurrækt. Samkvæmt skýrslunni sem ég vitnaði áðan í kom það fram að það mun kosta u.þ.b. hálfan milljarð að binda 100 þúsund tonn þannig að dýr mundi Hafliði allur ef við ætluðum að fara þá leið og ætli við þyrftum þá ekki talsvert meira af landi undir slíkt.

Svar mitt við þessari spurningu er jákvætt. Ég er reiðubúinn að undirrita bókunina og hefði gert það ef ég hefði haft pólitískt afl til fyrir 15. mars. Ég tel að Íslendingar geti siðferðilega ekki skotið sér undan því að vera þátttakendur í þessu fremur en aðrar þjóðir. Þrátt fyrir þau þrjú atriði sem hv. þm. gat áðan um tel ég að það muni nást nægilega farsæl niðurstaða varðandi það.

Þrátt fyrir það er ég eigi að síður þeirrar skoðunar að þetta mál yfirskyggi svo önnur vandamál heimsins að við eigum að vera þátttakendur í þessu. Það er alveg ljóst að loftslagsbreytingarnar sem eru að verða, sem er ekki deilt um, af völdum losunar gróðurhúsalofttegunda eru að valda meiri umhverfisspjöllum en nokkru sinni hefur gerst á sögulegum tíma. Ef verstu spár ganga eftir veit hv. þm. hvað mun henda Ísland.

En jafnvel þó að þær gangi ekki eftir, jafnvel þó aðeins það gerist sem til að mynda breska veðurstofan hefur spáð og menn hafa ekki verið að fetta fingur út í er alveg ljóst að þessi þróun getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir Ísland. Sem ábyrgur stjórnmálamaður verð ég að vega þetta og meta og svar mitt er játandi. Ég hafna því að undirritun á þessari bókun geti t.d. komið í veg fyrir að við getum áfram nýtt okkar endurnýjanlegu orkulindir farsællega.

Hæstv. utanrrh. veður algjörlega villur á því sviðið og ég harma það ef hv. þm. Árni M. Mathiesen er á sama báti og hæstv. utanrrh. Ég hafði vænst þess að hv. þm. hefði snöggtum meiri skilning á þessu máli en öll ríkisstjórnin samanlögð.

[12:05]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat ekki skilið annað en að hv. þm. væri sáttur við stöðuna eins og hún væri núna og þar af leiðandi vill hann bara skrifa undir og að við þurfum ekkert frekar að þróa ákvæðin sem varða þá þrjá þætti sem ég nefndi.

Hins vegar er það svo að þó að við skrifum ekki undir þessa bókun núna þýðir það ekki að við séum ekki þátttakendur í ferlinu því að við erum aðilar að samningnum. Einungis er verið að semja enn þá um þessa bókun og þau atriði sem okkur skiptir. Ég hef aldrei vitað að menn skrifuðu undir samninginn fyrr en samningaviðræðunum væri lokið og textinn lægi fyrir.

En þar sem ég sé að hv. þm. hefur kvatt sér hljóðs til að fara í andsvar við mig öðru sinni þá mætti hann gjarnan svara spurningu hæstv. utanrrh. um stefnuskrá Samfylkingarinnar á Austurlandi.

[12:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur e.t.v. farið fram hjá hv. þm. Árna M. Mathiesen að ég er í framboði í Reykjavík en ekki á Austurlandi og ætli hann þekki ekki þá stefnuskrá sem ég fylgi jafnvel og ég? Við rifumst u.þ.b. vikulega um hana í útvarpi.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það liggi svo mikið við að við getum ekki skorast undan því að undirrita þessa bókun. Það þýðir ekki að ég sé þeirrar skoðunar, eins og hv. þm. gerði mér upp, að hætta ætti öllum samningum og útfærslu á einstökum atriðum samningsins. Að sjálfsögðu hef ég ekki lagt það til.

Ég er þeirrar skoðunar að hv. þm. sé minna efni í að vera utanrrh. en ég hafði gert mér vonir um. Þó að hv. þm. lýsi því yfir að við séum ekki hætt þátttöku í samningaferlinu þó við undirritum ekki, þá ætti hann að vita að undirritun felur í sér stefnuyfirlýsingu íslensku ríkisstjórnarinnar varðandi þetta mál. Þegar við höfnum því að skrifa undir Kyoto-bókunina erum við að lýsa því yfir að við munum ekki taka þátt í lokaniðurstöðunni nema að gefinni tiltekinni forsendu. Ég er úrkula vonar um það fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar að það takist að ná fram þessu sérískenska ákvæði og ég gæti haft mörg orð um það. Ég er ekki einu sinni viss um að það sé æskilegt en það er önnur saga.

Hæstv. ríkisstjórn hefur gefið sér að ef þessi niðurstaða fæst ekki ætlar hún ekki að vera með. Hún er með öðrum orðum að hóta þeim sem eru þátttakendur með henni í ferlinu. Ég kann ekki við svona samningatækni, ég verð að segja það alveg eins og er.

Ég ítreka að lokum, herra forseti, að ég er þeirrar skoðunar að hér sé um svo mikilvægt mál að ræða, sem varðar ekki bara núverandi kynslóðir og ekki bara velferð þjóðarinnar til ársins 2010 heldur líka á næstu 200 árum. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvernig við eigum, eftir að hafa komið svona fram í þessu ferli, að ganga síðan til þessara sömu þjóða og biðja þær um að virða samninga um bann við losun á lífrænum þrávirkum efnum og geislavirkum efnum frá Sellafield. Það er hrein þverstæða eins og hver maður sér.

[12:09]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla og greinargóða ræðu um utanríkismál. Þar er að finna umfjöllun um alla helstu þætti utanríkismálanna og ber að geta þess sérstaklega að lagt hefur verið fram sérstakt fylgiskjal með ræðu utanrrh. sem markar nokkra nýjung við umfjöllun um utanríkismál. Þetta fylgiskjal er í raun greinargerð starfshóps, sem hæstv. utanrrh. skipaði í sept. á síðasta ári, og hefur fjallað mjög almennt og yfirgripsmikið um utanríkismálin og þá ekki síst um varnar- og öryggismál. Plaggið er í heild framlag til umræðu um þessi mál og má með sanni segja að vinnu af því tagi sem þarna hefur farið fram hefur að nokkru leyti skort á undanförnum árum. Segja má að full ástæða sé til þess að gera úttektir af þessu tagi að reglubundnu starfi og styrkja það í framtíðinni.

Það sem mér finnst mestu máli skipta í sambandi við bæði þetta athyglisverða plagg en einnig ræðu hæstv. utanrrh. er að í báðum gögnum, bæði í ræðunni og í fylgiskjalinu með ræðu utanrrh., er sú stefna sem við rekum í öryggis- og varnarmálum staðfest mjög skýrt og afdráttarlaust. Í ræðunni kemur fram að aðild okkar að Norður-Atlantshafsbandalaginu og samningurinn um varnarmál Íslands við Bandaríkin eru héðan í frá sem hingað til sjálfur grundvöllurinn að stefnu þjóðarinnar í öryggis- og varnarmálum. Þetta er afar mikilvæg yfirlýsing vegna þess að utanríkis-, öryggis- og varnarmálin hafa verið á vinstri kanti stjórnmálanna á talsverðu floti og erfitt að henda reiður á því hver stefnan er sem er að skapast á þeim vængnum.

Atlantshafsbandalagið hefur sýnt á undanförnum árum að það hefur haft geysimikinn hæfileika til aðlögunar að nýjum aðstæðum og er það rakið í ræðu hæstv. utanrrh. mjög nákvæmlega. Aðlögun Atlantshafsbandalagsins hefur gert það að verkum að án þess að hafa á nokkurn hátt misst gildi sitt fyrir aðildarríkin, þ.e. öryggis- og varnarmálagildi sitt fyrir aðildarþjóðirnar, þá hefur bandalagið tekið sér fyrir hendur ný verkefni og er í raun og veru farið að flytja út öryggismál til annarra þjóða. Þessi aðlögun Atlantshafsbandalagsins að nýjum aðstæðum hefur orðið til þess að tiltrú þjóða í Evrópu á Atlantshafsbandalaginu hefur stóraukist og það gegnir nú víðtækara starfi í öryggismálum og mikilvægara starfi en það hefur gert nokkurn tíma í sögu sinni.

Við Íslendingar höfum orðið aðilar að þessari endurskoðun, tekið þátt í henni og við erum virkir aðilar í að endurskoða langtímaöryggisstefnu Atlantshafsbandalagsins. Skiptir þá miklu máli að við tökum skýra afstöðu til þess hvar við stöndum að því er varðar varnarliðið og varnarbúnaðinn sem hér er og að því er varðar einnig veru okkar í Atlantshafsbandalaginu. Ég legg áherslu á að yfirlýsingar ráðherrans í þeim efnum, svo og það sem um þær er fjallað í fylgiskjalinu eru mjög traustvekjandi.

Þar segir m.a. í ræðu hæstv. ráðherra sem ég leyfi mér að vitna í, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslendingar hafa tryggt varnir landsins um fimm áratuga skeið með aðild að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamstarfi við Bandaríkin. Þessir hornsteinar varnarstefnu Íslands eru samofnir og þau varnarsvæði sem Ísland lætur bandalaginu í té hérlendis eru veigamesta framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins."

Ég tek heils hugar undir þessa yfirlýsingu og tel að um farsælan grundvöll öryggis- og varnarmála sé að ræða sem ekki eigi að bregða út af. Hins vegar er jafnmikilvægt að

Atlantshafsbandalagið lagi sig að nýjum aðstæðum í Evrópu og það hefur bandalagið svo sannarlega gert.

Á þeim stutta tíma sem sá, sem hér stendur hefur til yfirráða, mun ég aðeins víkja að því máli sem var mjög til umræðu nú rétt áðan hjá síðasta ræðumanni, þ.e. Kyoto-bókuninni.

Það sem mér finnst vekja athygli í umræðunni um Kyoto-bókunina og í málflutningi hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar er að hann virðist ekki vilja taka tillit til þess að þó að við nýtum ekkert af þeirri gífurlegu orku sem enn er ónýtt á Íslandi — sú orka er að vísu ekki nein ákveðin stærð en hún getur leikið á bilinu til 40–50 teravattstundir og skiptist þannig að 30 teravattstundir eru þá vatnsorka og 15–20 jarðhiti — þá liggja nú þegar fyrir áform um að stækka iðjuver. Það leiðir til þess að við getum ekki undirritað þennan samning án þess að fá viðurkenningu á þessu sérístenska ákvæði. Ef tekið er tillit til starfsleyfanna er ljóst að við erum enn fjær því að geta staðist þær kröfur sem settar eru fram í bókuninni.

Við þurfum að svara þessu og hv. þm. verður að svara því einnig, burt séð frá því hvernig við bregðumst við því mikla afli sem við eigum eftir óvirkjað. Þar af leiðandi þarf ekki að blanda umræðum um vetni inn í þetta. Hvernig á að bregðast við ástandinu í dag? Hvernig ætla menn að gera það án þess að fá viðurkenningu á þessu sérístenska ákvæði? Ég held að þetta sé kjarni málsins.

Ég fellst fyllilega á þau rök ráðherrans að við mundum veikja stöðu okkar í samningaferlinu með því að undirrita nú. Ég vil taka það sérstaklega fram að undirritun er ekki alhliða stefnuyfirlýsing, eins og fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. ESB-ríkin hafa t.d. hugsað sér að undirrita þessa bókun og samkomulagið en þegar nánar er skoðað hvernig þau ætla að vinna úr því máli þá blasir allt annað við.

Það er ljóst, ekki síst með tilliti til þess sem komið hefur fram af hálfu Finna innan Evrópusambandsins, að Evrópusambandið hefur hugsað sér að ýta undir fjárfestingu í olíuiðnaði og gasiðnaði í Rússlandi. Þetta er að hluta gert til að styrkja stöðu rússnesks efnahagslífs og er hluti af því sem nú er verið að skoða í þessari norðurvídd Evrópusambandsins. Það er alveg ljóst að áform um að nýta orkulindir Rússlands standa í nánu samhengi við að Evrópusambandið er afar háð jarðefnavinnslu, um $^2/_3$ af orku Evrópusambandsins koma frá slíkri orkuvinnslu. Það er fyrirsjáanlegt að Evrópa verði mun háðari þeirri orkunýtingu í framtíðinni en hingað til. Hvernig ætlar hún sér að finna lausn á þessu? Jú, með því að ýta undir fjárfestingu í olíu- og gasiðnaði í Norður-Rússlandi og Síberíu, og veita þeirri orku yfir á eigið markaðssvæði.

Hvernig samrýmist þessi stefna umhverfisstefnu Evrópusambandsins? Ja, þetta samrýmist henni alls ekki. Þannig að yfirlýst markmið Evrópusambandsins í sambandi við Kyoto-bókunina ganga þvert á þær yfirlýsingar sem sambandið hefur gefið í umhverfismálum. Það er viðurkennt að miklar mótsagnir eru á milli orkustefnu og umhverfisstefnu Evrópusambandsins. Ekki hefur verið leyst hvernig Evrópusambandið ætlar að glíma við þetta. Ég held að við ættum því að fara varlega í yfirlýsingum um þessi mál. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að flestar þjóðir heimsins eiga í erfiðleikum með það hvernig Kyoto-bókuninni verði framfylgt. Kyoto-bókunin hefur t.d. enn ekki nokkur áhrif á markaðsverð á orku í heiminum. Olíuverðið er mjög lágt og sýnir að umhverfismál koma ekki til íhugunar enn þá, ekki nokkurn skapaðan hlut.

Íslendingar hafa ekki sýnt tvöfeldni af þessu tagi eins og Evrópusambandið. Þeir hafa gengið fram af hreinskilni og bent á sérstöðu sína og eðlilega viljað verja hana. Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi hér fram vegna þess að í þessari umræðu er Evrópusambandið og reyndar önnur stórríki flokkuð sem sérstök fyrirmynd í þessum efnum. Hins vegar hafa stórþjóðirnar gætt mjög vandlega að sínum hagsmunum í öllu þessu ferli. Þær hafa komið þessu máli í þann farveg sem þeim er hagstæður en okkur ærið óhagstæður.

Ég vil víkja aðeins að umfjöllun hæstv. utanrrh. um Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið. Ég er sammála því sem þar kemur fram og mati hans á þýðingu Evrópska efnahagssvæðisins. Það er rangt sem kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að ráðherrann hefði lýst því yfir að aðild að Evrópusambandinu væri komin á dagskrá. Hann tók hins vegar skýrt fram að meining ríkisstjórnarinnar sé að fylgjast náið með þróun mála innan Evrópusambandsins. Ég held að það sé afar brýnt.

Margt af því sem gerst hefur á Íslandi í kjölfar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hefur verið þjóðinni til mikilla bóta. Við höfum haft ýmsa kosti af þessu samstarfi. Við þurfum samt að horfast í augu við þá erfiðleika sem komið hafa í ljós í sambandi við Evrópska efnahagssvæðið. Ég ætla að nefna hér nokkur atriði.

Ég vil geta þess að viðskipti Evrópusambandsríkjanna eða innflutningur til Íslands hefur aukist hraðar en útflutningur okkar til Evrópusambandsins. Það er áhyggjuefni sem okkur ber að leita skýringa á.

Annað dæmi vil ég taka. Umfjöllun um stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópusambandinu er nú mjög mikil. Þar kemur fram, m.a. hjá ferðamálaráði Evrópu, að Evrópusambandið og markaður þess hafi reynst mjög illa fyrir lítil fyrirtæki í Evrópu og samkeppnisstaða þeirra hafi versnað stórlega í kjölfar fjórfrelsisins. Kvartað er undan því að þessi fyrirtæki þjáist vegna mikils reglugerðafargans og ósamræmis í sköttum. Niðurstaðan er hrein og klár: Samkeppnisstaða fyrirtækjanna á heimsmarkaði hefur stórlega versnað innan Evrópusambandsins í kjölfar þess að komið var á einum markaði þar sem fjórfrelsið ríkir.

Þetta er okkur til umhugsunar, við þurfum að fylgjast mjög náið með þróun mála innan Evrópusambandsins og reyna að meta hvað er jákvætt og hvað hefur mistekist.

Hér var komið inn á sjávarútvegsmálin. Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins er vissulega ekki óbreytanlegt fyrirbæri. Það er mikið talað um að breyta þeirri stefnu. Hitt er svo annað mál að þegar á reynir eru þeir kraftar sem vinna gegn breytingu á sjávarútvegsstefnunni afar sterkir og miklir. Svo vill til að flest Evrópusambandsríkin, sem hafa einhverra hagsmuna að gæta í sjávarútvegi, eru svo flækt inn í þetta kerfi að þau eiga mjög erfitt með að losa sig út úr því. Það að ná samkomulagi um að breyta stefnunni verður afar erfitt viðfangsefni fyrir Evrópusambandið. Það er því margt sem bendir til þess að breytingarnar verði hægar í þessum málum.

Ég sé að tími minn er á þrotum. Ég mun geyma nokkuð af þeim atriðum sem ég vildi koma inn á þar til síðar í umræðunni.

[12:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú kemur sér illa að hafa ekki bókahillurnar góðu sem hv. 4. þm. Austurl. hefur stundum beðið um hér.

Í ræðu hæstv. utanrrh. er farið nokkuð ítarlega yfir helstu þætti utanríkismála, alþjóðastofnanir og samstarfsverkefni sem við erum þátttakendur í og ber að sjálfsögðu að þakka það. Ég hef þó hugleitt hvort ekki væri kominn tími til að breyta framsetningu þessa þannig að ræðu utanrrh. fylgi frekar skýrsla þar sem farið væri yfir þessi mál sem er gagnlegt og sjálfsagt. Í staðinn gæti hæstv. ráðherra látið eftir sér að fara almennari orðum yfir ástandið þannig að uppistaða ræðunnar yrði nær því sem tæplega einnar blaðsíðu inngangur hennar er nú, þ.e. hugleiðingar um þróun mála og mat á aðstæðum. Umfjöllunarefnið gæti þess vegna verið sú pólitík, sú framtíðarsýn sem hæstv. ráðherra vildi ræða við þingmenn um.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég sakna þess að í ræðunni skyldi ráðherra ekki fara betur yfir stöðu mála almennt nú þegar dregur að aldahvörfum og ærin tilefni eru til.

Ég staldraði við á bls. 1, herra forseti, orðalag sem þar er. Þar er talað um hagsmunabaráttu okkar annars vegar og ástandið í hinum hnattrænu vandamálum á sviði umhverfisverndar hins vegar. Þar vottar fyrir því að hæstv. ráðherra hafi áhyggjur af stöðu alþjóðamála í þessu samhengi en um það segir:

„Hagsmunabaráttan í næsta nágrenni okkar er vissulega mikilvæg, en þróunin síðustu ár hefur leitt í ljós að hnattræn vandamál á sviði umhverfisverndar og nýtingar auðlinda jarðarinnar varða einnig framtíðarhagsmuni Íslendinga. Þau verða ekki leyst nema með sameiginlegu átaki hins alþjóðlega samfélags" o.s.frv.

Þessi orð, herra forseti, undirbúa mann ekki beinlínis undir það að aftar í sömu ræðu sé niðurstaðan sú að Íslendingum beri ekki, að svo stöddu a.m.k., að gerast þátttakendur í stærsta alþjóðaátaki á sviði umhverfismála sem reynt hefur verið að gera hingað til, þ.e. loftslagssamningurinn og bókanir honum tengdar. Þvert á móti virðast þessi orð gefa fyrirheit um að hæstv. utanrrh. sé á því spori að Ísland ætti ásamt öðrum þjóðum að takast á við þessi alvarlegu vandamál. Um þetta, herra forseti, og ýmis önnur mál, sem lúta að stöðu alþjóðamála í almennu samhengi nú um aldahvörfin, hefði verið fróðlegt að skiptast á skoðunum.

Ég nefni einnig stöðu alheimsstjórnmálanna, stöðu vígbúnaðarmála, fjármálakreppuna og ástandið í hinu alþjóðlega fjármagnskerfi. Um þetta er hins vegar lítið fjallað í ræðunni þar sem hæstv. ráðherra hefur valið að nota tíma sinn í hefðbundna yfirferð um einstök verkefni og alþjóðastofnanir.

Í bók, herra forseti, sem heitir Staða heimsmála, eða Staða heimsins, sem orðin er árleg skýrsla stofnunar sem við getum kallað Alþjóðavaktina, World Watch Institute, er farið nokkuð rækilega yfir stöðu mála, í sérstakri afmælisútgáfu sem helguð er aldamótunum fram undan. Ég hygg að ekki verði deilt um að þar er á ferð margverðlaunaður rannsóknarhópur Alþjóðavaktarinnar, sem hefur vakið athygli um allan heim fyrir framlag sitt á undanförnum árum til umfjöllunar um þessi mál. Þar er komist að alvarlegri niðurstöðu varðandi framtíðarhorfur mannkynsins, ekki síst með óbreyttri stefnu á grundvelli hinnar vestrænu eða iðnvæddu efnahagsstefnu og stjórnmálastefnu.

Meðal annars er farið yfir þau teikn sem á lofti eru um loftslagsbreytingar og hinar geigvænlegu afleiðingar þeirra fyrir mannkynið. Þar er sagt frá t.d. útkomu síðasta árs í Kína. Efnahagslegt tjón í Kína vegna náttúruhamfara, fyrst og fremst flóða í Yangtse-ánni, er metið á 36 billjónir dollara. 2.500 manns drukknuðu í Kína vegna flóða á síðasta ári. 56 milljónir Kínverja urðu heimilislausar á síðasta ári vegna náttúruhamfara, aðallega flóða. 56 milljónir manna urðu að yfirgefa heimili sín vegna náttúruhamfara. Það er svipaður fjöldi og býr á Bretlandseyjum, ef ég man rétt og rúmlega það sem býr í Frakklandi.

Tveir þriðju hlutar alls lands í Bangladess voru undir vatni í meira í mánuð á síðasta ári. 21 millj. manna í Bangladess varð heimilislaus, varð að yfirgefa heimili sín. Fellibylurinn Mitch, sem gekk yfir Karíbahafið og Mið-Ameríku, varð mjög nálægt því að slá heimsmet í vindhraða og ná þar með því að vera öflugasti og hættulegasti stormur sem hingað til hefur mælst á jörðunni. Ég held að aðeins í einu tilviki hafi verið mældur meiri vindhraði en mældist í Mitch, eða 270 kílómetrar á klukkustund. Það þykir gáleysislegur akstur ef komið er mikið yfir 100 kílómetra á klukkustund en Mitch fór nálægt því að þrefalda þann hraða. Úrkoman í Mitch á sumum svæðum í Mið-Ameríku voru 2 metrar, 2.000 millimetrar á innan við einni viku. Það jafngildir 2 metra lagi af vatni á flatt yfirborð jarðarinnar. Hávöxnustu menn standa tæplega upp úr því, a.m.k. hvorki ég né hæstv. utanrrh. gætum dregið andann til lengdar ef við ættum að standa á fótunum á þurrlendi við þær aðstæður. 70% af allri uppskeru í Hondúras skoluðust í bókstaflegri merkingu í burtu í flóðunum sem tengdust Mitch. Í Rússlandi leiddi samspil af hitum, þurrkum, flóðum og efnahagslegri upplausn til þess að kornuppskera varð hin minnsta í 40 ár. Í 40 ár hefur ekki minni kornuppskera náðst í hús í Rússlandi en á síðasta ári. Talið er, herra forseti, að mörg sjálfstæð þjóðríki, jafnvel einhverjir tugir sjálfstæðra ríkja, aðallega eyþjóðir við Kyrrahaf, muni í bókstaflegri merkingu þurrkast út af yfirborði jarðar á fyrri hluta næstu aldar ef svo heldur sem horfir vegna hækkunar sjávarmáls. Ef hitaaukningin í heiminum verður sú sem nú teiknar til og fyrstu átta mánuðir ársins 1998 slógu öll met í upphitun jarðarinnar, aldrei hefur mælst meiri hiti á yfirborði jarðar samkvæmt skráðum heimildum en gerði fyrstu átta mánuði sl. árs og hitaaukningin var einnig heimsmet. Aldrei áður hefur jafnmikil hækkun hita á milli ára mælst eins og á fyrri hluta sl. árs. Því er ekki að undra, herra forseti, þótt þessar eyþjóðir hafi brugðist öndverðar við þegar Íslendingar fóru á fjörurnar við þá og báðu um stuðning við að uppfylla ekki skuldbindingar Kyoto-bókunarinnar um að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Þjóðir sem horfa á eftir föðurlandi sínu í bókstaflegri merkingu undir vatn á næstu áratugum eru eðlilega ekki spenntar fyrir því að iðnríkin haldi áfram að auka losun sína.

Herra forseti. Á árinu 1999 er talið að mannkynið fari yfir 6 milljarða, að fjöldi manna á jörðinni fari yfir 6 milljarða. Á næstu öld er talið að 4,6 milljarðar bætist við, þ.e. ef jörðin getur tekið við því. Því trúa menn almennt ekki og menn reikna með því að þessar spár hljóti að brotna niður, fyrst og fremst á grundvelli þess að jörðin ráði ekki við þennan vaxandi fólksfjölda þannig að mannkynið muni aldrei ná þeim 10 milljörðum sem það ella yrði um næstu aldamót. Indverjar eiga t.d. að verða samkvæmt þessum spám yfir 1.500 millj. og komnir fram úr Kínverjum við önnur aldamót ef svo heldur sem horfir. Niðurstaða þessara sérfræðinga, herra forseti, sem ég var að vitna í, sérfræðingahópsins hjá alheimsvaktinni, sem ég hef leyft mér að kalla svo, er sú að

það sé alveg ljóst út frá rannsóknum þeirra að efnahagskerfi hinna iðnvæddu Vesturlanda, sem hefur verið að breiðast út til þriðja heimsins, hefur verið útflutningsvara, sé að grafa undan sjálfu sér. Það fái ekki staðist og það muni ekki duga marga áratugi inn í næstu öld. Samt lætur hæstv. utanrrh. eftir sér að ræða með nokkurri sjálfumgleði í anda þeirra sem fara með forræði mála fara á Vesturlöndum um það hversu bjart sé nú fram undan hjá NATO og hversu vel þetta líti nú allt meira og minna út þegar færustu sérfræðingar eru þvert á móti þeirrar skoðunar að útlitið sé mjög dökkt, horfurnar séu mjög svartar.

Ég tók með mér aðra bók, herra forseti, sem gaman hefði verið að hafa tíma til að vitna aðeins í og það er þessi rauða handbók. Þetta er árbók SIPRI, friðarrannsóknarstofnunarinnar í Stokkhólmi. Þar er á hverju ári farið yfir stöðu mála í heiminum, farið yfir ástand mála á átakasvæðum og þar er uppreiknuð tölfræðin um útgjöld einstakra þjóða og jarðarinnar í heild til vígbúnaðar og hernaðar á hverju einasta ári. Fróðlegt væri, herra forseti, fyrir menn að kynna sér t.d. hve mörg af fátækustu ríkjum jarðar, þróunarríkjum svo ekki sé nú talað um ríkin í Mið-Austurlöndum, eru að verja miklum upphæðum til vígbúnaðar. Þótt nokkuð hafi dregið úr útgjöldum Vesturlanda í þessu skyni á árabilinu 1986–1995 eru þeir ótrúlegu hlutir nú að gerast að útgjöld til vígbúnaðarmála fara víðast hvar vaxandi á nýjan leik. Tölur eins og 5–10% eru ekki óalgengar, þ.e sem hlutfall af þjóðartekjum þegar mörg af fátækari ríkjum jarðarinnar eiga í hlut. Útgjöld til vígbúnaðarmála fara vaxandi á nýjan leik í Austur-Evrópu, þökk sé m.a. stækkun NATO og kvaða og skuldbindinga sem nýju aðildarríkin þar verða að taka á sig.

Eina bók enn, herra forseti, tók ég með mér að gamni af mörgum sem til greina hefðu komið og það er bók bandaríska Sierra-hópsins um stöðu mála hvað varðar alþjóða- og alheims fjármagnskreppuna sem hefur geisað á undanförnum missirum. Þar er einnig komist að þeirri niðurstöðu, og eru þar þó ekki á ferðinni menn sem hafa almennt verið þekktir sérstaklega fyrir að vera gagnrýnir á vestræn sjónarmið eða málstað vestrænna iðnríkja, en þar er komist að þeirri niðurstöðu að sjálfbærni hins hnattræna, vaxtarháða hagkerfis sé óhugsandi þverstæða. Það geti ekki með innbyggða vaxtarskrúfu sína orðið sjálfbært. Það hljóti að hrynja og ég get ekki annað, herra forseti, en neyðst til þess því miður að vera sammála þessari niðurstöðu og segi að það er í raun og veru fátækleg umfjöllun um alþjóðamál um þessar mundir sem sneiðir hjá eða að mestu leyti hjá þeim risavöxnu verkefnum sem þarna á ferðinni og fléttast öll saman í ástandi umhverfismála, stjórnmála og öryggismála og í þriðja lagi efnahagsmála. Á öllum þessum sviðum er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af stöðu mála.

Herra forseti. Ég vil svo nota það sem eftir lifir tíma míns til að mótmæla eins og fleiri hafa gert þeirri áformuðu niðurstöðu hæstv. ríkisstjórnar að gerast ekki aðilar að Kyoto-bókuninni svonefndu. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mun taka til máls síðar í umræðunni og fara rækilegar yfir það mál og gera grein fyrir afstöðu okkar.

Herra forseti. Að síðustu er aðeins tími til að nefna örfáum orðum umfjöllun hæstv. utanrrh. um Evrópumál. Frá því hæstv. utanrrh. hélt ræðu sína á landsfundi Framsfl. í haust er að verða nokkuð klassískur texti í ræðum og skrifum hæstv. utanrrh. sú opnun á mögulega aðild að Evrópusambandinu sem er þarna á ferðinni. Á mannamáli heitir það, herra forseti, að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. er að færa afstöðu flokks síns til. Það er alveg greinilegt. Hæstv. ráðherra er með ýmsum hætti að opna á að aðild að Evrópusambandinu geti orðið álitlegur kostur fyrir Íslendinga, að vísu að uppfylltum vissum skilyrðum sem hæstv. ráðherra setur og gefur jafnvel í skyn í leiðinni að það sé ekki frágangssök eða með öllu ólíklegt að við Íslendingar getum fengið einhverjar þær undanþágur t.d. frá sameiginlegri fiskveiðistefnu, með öðrum orðum ákvæðum Rómarsáttmálans sem gerir aðild að Evrópusambandinu fýsilega fyrir okkur. Ég hef ekki tíma til að mótmæla þessari nálgun hæstv. utanrrh. eins og vert væri og skylt. Hún er í senn bæði röng og hættuleg að mínu mati, en ég leyfi mér þó, herra forseti, að vekja sérstaka athygli á því að þetta er orðinn hefðbundinn texti í ræðum hæstv. utanrrh., nánast klassískur, að opna þannig á mögulega aðild og hann er ótrúlega líkur þeim áherslum sem talsmenn svonefndrar Samfylkingar eru farnir að taka upp í þessum efnum. Það eru athyglisverðar og umhugsunarverðar staðreyndir í íslenskum stjórnmálum, herra forseti, þessi samhljómur sem þarna er að verða á milli stefnu Framsfl. og stefnu Samfylkingarinnar en ýmsa grunar að á bak við stefnu Samfylkingarinnar blundi hin gamla Evrópustefna Alþfl.

[12:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að íslensk stjórnvöld hafi ekki áhyggjur af hnattrænum vandamálum. Ég tel að það sé mjög mikilvægt ef þjóð okkar vill taka þátt í hnattrænum vandamálum að við treystum böndin við alþjóðlega samvinnu og alþjóðlegar stofnanir, eins og Sameinuðu þjóðirnar, eins og Atlantshafsbandalagið, eins og Evrópusambandið, eins og Alþjóðaviðskiptastofnunina, eins og OECD og margar aðrar stofnanir, ég tala ekki um ýmsar undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna í sambandi við hin hnattrænu vandamál í fjármálum, eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann sem ég hef því miður ekki haft tækifæri til að ræða mikið um. En ég vil sérstaklega mótmæla því að við viljum ekki taka þátt í umfjöllun um vandamál sem stafa af loftslagsbreytingum. Um 70% af þeirri orku sem Ísland notar er endurnýjanleg orka sem er hæsta hlutfall sem um getur. Við viljum halda áfram að nýta þessa orku til þess að draga úr þeim vandamálum sem eru uppi í heiminum, eða er betra að nota kol? Er betra að nota olíu? Er betra að nota gas? Er betra að nota kjarnorku? Eru menn að taka þátt í lausn þessara vandamála með því og er eitthvað óeðlilegt þótt við reynum að vinna því skilning? Við vitum að einn þriðji af þeirri losun sem á sér stað hér á Íslandi kemur úr samgöngunum. Einn þriðji kemur vegna fiskveiðanna. Vill hv. þm. hætta að nýta þessa orku eða vilja menn bíða þar til hægt verður að fara að framleiða vetni í stórum stíl? Skipta lífskjörin fram að þeim tíma engu máli í hug hv. þm.? Mér er ekki nokkur leið að koma þessum málflutningi saman en að ásaka okkur um að vilja ekki taka þátt í þessu er beinlínis rangt og villandi.

[12:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt því ekki fram að afstaða ríkisstjórnarinnar eða í máli hæstv. utanrrh. fælist almennt andstaða við að taka þátt í lausnum hnattrænna vandamála að öðru leyti en því að ég benti á þá staðreynd að sú mótsögn sem var í raun og veru í þeirri viljayfirlýsingu á fyrstu blaðsíðu ræðunnar annars vegar og hins vegar því að komast að þeirri niðurstöðu að undirrita ekki Kyoto-bókunina. Ég gagnrýndi hins vegar

þá þröngu nálgun sem gengur þarna aftur og er hefðbundin, klassísk nálgun vestrænna iðnaðar- og efnahagshagsmuna. Hæstv. ráðherra taldi upp stofnanirnar og hverjar voru þær? Þær voru auðvitað NATO og þær voru Bretton Wood stofnanirnar sem eru núna í hinni alþjóðlegu umræðu undir mjög harðri gagnrýni fyrir að hafa mistekist og fyrir að hafa ekki ráðið við það verkefni að breyta um afstöðu og nálgast hin gífurlegu aðsteðjandi vandamál á umhverfissviðinu. Ég held að fróðlegt væri fyrir hæstv. utanrrh. að opna einhvern tímann gluggann, fara til Washington eða New York, fara þar inn í bókabúð í staðinn fyrir að heimsækja NATO og Alþjóðabankann og fylgjast með þeirri umræðu sem m.a. er orðin þar, bæði austan hafs og vestan, þar sem einmitt þessar heilögu stofnanir sem hæstv. ráðherra og skoðanabræður hans nota mestallan tíma sinn í að mæra, NATO og Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, eru mjög harðlega gagnrýnd, m.a. af háborgaralega sinnuðum hagfræðingum, ósköp einfaldlega vegna þess að menn sjá að menn eru ekki að horfast í augu við þessi vandamál af neinu raunsæi.

Umhverfisvæn orka, vatnsorka og gufuorka, er að sjálfsögðu betri en kol, olía eða kjarnorka en um það snýst ekki deilan. Hæstv. ráðherra reynir alltaf að stilla þessu þannig upp að þetta sé bara annaðhvort eða. Annaðhvort núverandi blind stóriðjustefna þar sem menn ráðstafa orkunni í þágu mengandi málmbræðslu eða ekki neitt. Það er ekki svona. Þetta er nauðhyggja. Þetta er einmitt það að vilja ekki horfa á aðra möguleika og reyna að átta sig á hvaða kosti Ísland á í stöðunni. Þeir eru miklu fleiri en bara þeir að taka við öllum þeim álbræðslum sem hingað kann að reka. En það er því miður stefna ríkisstjórnarinnar, gagnrýnislaus, blind stóriðjustefna.

[12:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að hv. þm. hafi sérstök efni á því að hvetja aðra í kringum sig til þess að opna glugga. Hann er að segja að það séu engir sem opni glugga nema hann. Þar sé viðsýnin í þessum málum og átaldi mig fyrir að telja upp þessar stofnanir. Ég skil hv. þm. þannig að hann vilji helst hafa sem minnsta samvinnu við þessar stofnanir sem ég nefndi, og bað mig um að koma við í Washington og New York og líta þar inn í bókabúð. Ég veit alveg hvar bókabúðir er að finna í þessum borgum og þarf ekki hv. þm. til þess að ráðleggja mér um það. Ég tek ekki allar þær bækur sem ég kaupi með mér upp í ræðustól þannig að mér finnst þetta vera dálítið út í hött hjá hv. þm.

Auðvitað verðum við að endurbæta þessar stofnanir og hvaða leið er önnur til en að standa vörð um þessar mikilvægu stofnanir hins alþjóðlega samfélags. Ég spyr hv. þm.: Hvaða stofnanir aðrar eru það sem hann vill standa vörð um til þess að taka þátt í hinni fjölþjóðlegu samvinnu? Hann vitnaði í SIPRI sem er rannsóknastofnun, það eru til ýmsar góðar rannsóknastofnanir, en það er innan þessara stofnana sem við getum leyst hin hnattrænu vandamál. En vissulega þarf að endurbæta þær, það þarf að breyta þeim og Ísland ásamt öðrum þjóðum, m.a. Norðurlöndum, tekur mikinn þátt í því að marka þessum stofnunum nýja stefnu miðað við þau mörgu og flóknu hnattrænu vandamál sem við stöndum frammi fyrir. En við verðum jafnframt að hafa hagsmuni okkar í huga eins og allar aðrar þjóðir. Við getum ekki tekið þátt í þessu og litið algerlega fram hjá hagsmunum Íslands.

[12:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég var að gagnrýna var ekki þátttaka í þessum stofnunum. Ég er ekki með neinar tillögur t.d. um að við hættum samskiptum við Alþjóðabankann eða Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða aðra slíka aðila. Ég gagnrýni það hins vegar, og er ekki einn um það og það held ég að hæstv. utanrrh. gæti þó a.m.k. viðurkennt hvernig sem hann vill meta málflutning minn að öðru leyti, og ég held að hæstv. ráðherra hljóti að hafa orðið þess var að ég er ekki einn um að gagnrýna frammistöðu og nálgun t.d. þessara stofnana. Ég er ekki einn um að gagnrýna þann halla á lýðræðislegri og opinni nálgun gagnvart t.d. vandamálum þriðja heimsins og þróunarríkjanna sem almennt er uppi í umræðunni að þröngir hagsmunir Vesturlanda með Bandaríkin í broddi fylkingar feli í sér. Það er mjög útbreidd skoðun víðast hvar annars staðar enn þá í valdaelítunni á Vesturlöndum að menn séu í raun og veru að keyra áfram án þess að breyta um stefnu í neinum grundvallaratriðum vitandi vits að það ber dauðann í sér. Við getum ekki haldið svona áfram í marga áratugi fram á næstu öld. Ég þekki engan einasta vísindamann sem reynir að halda því fram lengur. Það verður að breyta í grundvallaratriðum um áherslur ef næsta öld á ekki að verða öld þvílíkra hörmunga að leitun verði að öðru eins. Og það er margt sem kemur þar til.

Ég sakna þess í umræðum um þessi mál, þó ekki sé annað til að byrja með, að menn opni meira fyrir umfjöllun um þetta því að þar hljótum við að vonast til að umræðurnar leiði þó til einhverra breytinga og það sé upphafið, t.d. hvaða stofnanir aðrar geti lagt þarna eitthvað af mörkum. Það er auðvitað mikill fjöldi stofnana, m.a. ýmsar aðrar undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna sem tomma ekki móti fjármálastofnunum og valdinu sem liggur í efnahags- og hernaðarhagsmununum, matvæla- og þróunarstofnanirnar, barnastofnanirnar og aðrar slíkar, þær tomma ekkert vegna þess að valdið liggur í hernaðar- og efnahagshagsmununum. Það eru háskólar og rannsóknastofnanir og aðrir slíkir aðilar úti um víða veröld sem eru með þessi mál á dagskrá en tala fyrir daufum eyrum vegna þess að hinir vestrænu efnahags- og hernaðarhagsmunir ráða ferðinni, ráða ríkjum og yfirgnæfa allt annað.

[12:50]

Útbýting þingskjals:

Mat á umhverfisáhrifum af stækkun Járnblendiverksmiðjunnar, 82. mál, skýrsla umhvrh., þskj. 837.

[12:50]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðu hans. Fjölmörg mikilvæg málefni eru nú á dagskrá í utanríkis- og alþjóðamálum og gífurlegar breytingar hafa orðið á pólitískri skipan Evrópu undanfarinn áratug. Að mörgu leyti er nýtt alþjóðakerfi enn í mótun.

Sem formaður Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins vil ég sérstaklega koma inn á fáein atriði sem snúa að Atlantshafsbandalaginu en skýrsla Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1998 er einmitt á dagskrá þingsins á eftir eins og skýrslur annarra alþjóðanefnda sem hér hafa verið lagðar fram.

Umræðutími minn er takmarkaður og þess vegna kýs ég að ræða NATO-málefni sérstaklega, en að gefnu tilefni vil ég þó taka fram að ég ber fullt traust til hæstv. utanrrh.

og ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum og mér finnst ýmsar athugasemdir hv. þingmanna um þetta efni alveg út í hött.

Virðulegi forseti. Árið 1999 er mikið tímamótaár í sögu bandalagsins. Innan fárra vikna hljóta þrjú fyrrum aðildarríki Varsjárbandalagsins aðild að Atlantshafsbandalaginu sem jafnframt fagnar fimmtíu ára afmæli sínu. Rík ástæða er til að fagna þessum merku tímamótum.

Líkt og fjöldi ríkja Mið- og Austur-Evrópu hafa Pólland, Tékkland og Ungverjaland árum saman sótt það stíft að hljóta aðild að Atlantshafsbandalaginu. Téð ríki hafa talið slíka aðild öruggustu leiðina til tryggingar á öryggi sínu í breyttu alþjóðakerfi auk þess sem þau sækjast eftir hlutdeild í því nána pólitíska samstarfi sem á sér stað á meðal bandalagsríkjanna.

Þau hafa tekist á hendur mikið umbótastarf til þess að uppfylla kröfur Atlantshafsbandalagsins um lýðræðislegt stjórnarfar og almennan stöðugleika. Þannig hefur vonin um aðild að bandalaginu flýtt fyrir þróun lýðræðis, mannréttinda og markaðsbúskapar á svæðinu öllu og er það von mín að hægt verði að bjóða fleiri ríkjum aðild að bandalaginu von bráðar. Í því sambandi vil ég þó taka undir með hæstv. utanrrh. sem minnti í ræðu sinni á mikilvægi þess að ráðrúm gefist til að ljúka framkvæmd innri og ytri aðlögunar bandalagsins áður en til frekari stækkunar þess kemur.

Atlantshafsbandalaginu hefur á undanförnum árum tekist að aðlaga starf sitt að gerbreyttum verkefnum en auk þeirra ríkja sem sækjast eftir aðild að bandalaginu horfa ýmis fleiri ríki til þess í von um frið og stöðugleika. Til að bregðast við þessu hefur öryggismálastefna bandalagsins verið til endurskoðunar undanfarið ár, auk þess sem samstarf hefur jafnt og þétt verið aukið og bætt við ríki utan bandalagsins, þar með talin Rússland og Úkraína. Atlantshafstengslin og sameiginlegar varnarskuldbindingar verða þó áfram í fyrirrúmi líkt og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra. Ástandið á Balkanskaga hefur verið helsta ógnun við stöðugleika og frið í álfunni undanfarin ár. Þar hefur Atlantshafsbandalagið ítrekað reynst eina stofnunin sem hefur til þess burði að koma á friði og standa um hann vörð.

Það hefur ítrekað sannast að enn er full þörf á þátttöku Bandaríkjamanna í öryggismálum Evrópu. Atlantshafsbandalagið er því án nokkurs vafa mikilvægasta stofnunin í öryggismálum Evrópu. Veigamesta framlag Íslands til bandalagsins er fólgið í þeirri aðstöðu sem bandalaginu hefur verið látið í té á landinu. Með aðild Íslands að bandalaginu og þeirri aðstöðu sem því er látin í té hér á landi tryggjum við náið pólitískt samstarf við önnur aðildarríki Atlantshafsbandalagsins um leið og við njótum góðs af sameiginlegum varnarskuldbindingum og leggjum okkar af mörkum til tryggingar friði og stöðugleika í álfunni.

Í ljósi alls þessa er með öllu óskiljanlegt að á Alþingi sé enn og aftur verið að leggja til að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu og rifti tvíhliða varnarsamningnum við Bandaríkin. Á sama tíma og nær öll ríki álfunnar horfa til Atlantshafsbandalagsins til að tryggja öryggi sitt og álfunnar allrar kemur fram tillaga þess efnis að Ísland segi skilið við bandalagið. Sem betur fer er hér um minni hluta þingmanna að ræða, vonandi mjög lítinn minni hluta, en fróðlegt verður að sjá hvernig atkvæði þingmanna Samfylkingarinnar falla þegar umrædd þáltill. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar verður borin upp til atkvæða. Það verður væntanlega fljótlega því hér var einmitt verið að dreifa nál. frá meiri hluta utanrmn. sem leggur til að þáltill. verði felld. Með leyfi virðulegs forseta langar mig til að vitna til þessa nál., en þar segir í lokin:

„Íslendingar hafa mótað sína utanríkisstefnu og valið að stuðla að friði og öryggi í Evrópu með samstarfi við önnur lýðræðisríki innan NATO og þau fjölmörgu ríki sem vilja eiga samstarf við NATO-ríkin og sækjast eftir inngöngu í bandalagið. Skilaboð til samstarfsríkjanna og þeirra sem sótt hafa um NATO-aðild verða að vera skýr. Tillaga um úrsögn úr NATO grefur undan samstöðu og öryggismálum aðildarþjóða Norður-Atlantshafsbandalagsins. Því er mikilvægt að Alþingi taki afstöðu til efnis þessarar tillögu og þeirra markmiða með flutningi hennar sem sett eru fram í greinargerð. Þau markmið ganga gegn öryggishagsmunum Íslendinga og brjóta í bága við þá farsælu stefnu í utanríkismálum sem þjóðin hefur fylgt og tryggt hefur samstöðu okkar með aðildarþjóðum Norður-Atlantshafsbandalagsins."

Ég held, virðulegi forseti, að þessi orð lýsi því vel hver er raunverulega hornsteinn utanríkisstefnu okkar Íslendinga.

Hættur 21. aldarinnar eru e.t.v. ekki jafnsýnilegar og járntjaldið sem áður skipti Evrópu. Engu að síður geta þær stefnt öryggi Íslendinga og annarra Evrópuþjóða í hættu. Má þar nefna svæðisbundin átök sem valdið geta óstöðugleika í álfunni allri, útbreiðslu gereyðingarvopna og eldflaugatækni, hryðjuverkastarfsemi og skipulagðrar glæpastarfsemi. Þörfin fyrir Atlantshafsbandalagið hefur reynst mikil undanfarin ár og ástæða er til að ætla að áfram verði þörf fyrir öflugt varnar- og öryggisbandalag Evrópu og Norður-Ameríku.

Ég hef áður sagt að friður án vopna sé fögur framtíðarsýn. Við getum öll látið okkur dreyma um slíka framtíð. En hingað til hefur slík stefna því miður ekki reynst raunsæ.

Í 50 ár hefur Ísland notið góðs af aðild sinni að Atlantshafsbandalaginu, mikilvægustu stofnunar evrópskra öryggismála, og Ísland mun halda áfram að njóta góðs af þeirri aðild um ókomin ár.

[Fundarhlé. — 12:58]

[13:30]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir greinargóða og ítarlega skýrslu. Utanríkis- og alþjóðamál eru fyrirferðarmikil sem aldrei fyrr, nú um aldahvörf. Á næstu mánuðum fögnum við 50 ára afmæli, bæði Atlantshafsbandalagsins og Evrópuráðsins og á undanförnum árum höfum við jafnframt fagnað 50 ára afmælum Vestur-Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna. Veröldin hefur tekið algerum stakkaskiptum á einum áratug, svo ekki sé meira sagt, og við okkur blasir sá möguleiki að friður, öryggi og stöðugleiki geti ríkt um álfuna alla sem ekki er lengur klofin í tvær andstæðar fylkingar. En því miður hefur sá draumur enn ekki orðið að veruleika og ber þar helst að nefna hörmungarnar á Balkanskaga. Sú grimmd og sú örbirgð sem þar er að finna er engu lík. Það hef ég fundið sjálf í heimsóknum mínum á þessar slóðir. Við getum einungis vonað að Vesturlönd með Atlantshafsbandalagið í fararbroddi nái að stilla til friðar og standa vörð um hann í Kosovo, Albaníu, Bosníu-Hersegóvínu og víðar.

Virðulegur forseti. Ísland hefur, þótt lítið sé, hlutverki að gegna í þessu sambandi. Ég vil sérstaklega fagna þeim tímamótum sem orðið hafa á undanförnum árum með þátttöku Íslands í átakavörnum, friðargæslu og uppbyggingu stríðshrjáðra svæða í álfunni. Hið sama gildir um aukin framlög

okkar til þróunaraðstoðar í heiminum. Við höfum það einfaldlega of gott til að láta hjá líða að axla okkar ábyrgð á alþjóðavettvangi.

Við Íslendingar höfum enn fremur okkar hlutverki að gegna í öryggismálum álfunnar. Um þessar mundir sækist fjöldi ríkja í Mið- og Austur-Evrópu eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu og enn fleiri horfa til bandalagsins til að koma á friði og standa um hann vörð. Okkar helsta framlag til friðar og stöðugleika í álfunni eru því annars vegar aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og hins vegar sú aðstaða sem herir aðildarríkjanna hafa á Íslandi. Það er því með algerum ólíkindum að enn sé verið að leggja til að herinn hverfi héðan og að við segjum okkur úr Atlantshafsbandalaginu.

Um leið og við leggjum höfuðáherslu á mikilvægi Atlantshafsbandalagsins og þátttöku Bandaríkjamanna í öryggismálum álfunnar er mikilvægt að við fylgjumst vel með þróun Evrópusamstarfs á sviði öryggis- og varnarmála. Aukaaðild okkar að Vestur-Evrópusambandinu gerir okkur kleift að leggja þar áherslu á mikilvægi Atlantshafstengslanna og að aukið og bætt Evrópusamstarf á þessu sviði falli ekki undir Evrópusambandið heldur fari sú þróun fram á vegum Atlantshafsbandalagsins.

Því miður, virðulegur forseti, hefur reynst nauðsynlegt að grípa til hernaðaraðgerða eða hótana um slíkt til að stöðva átök stríðandi fylkinga. Fyrirbyggjandi aðgerðir og stuðningur við þróun lýðræðislegra stofnana eru hins vegar ekki síður mikilvægir þættir öryggiskerfis okkar og óskandi væri að slíkar aðgerðir dygðu ávallt einar og sér. Þannig stuðlar Evrópuráðið að eflingu réttarsamfélags í aðildarríkjum sínum og styður við bak þróunar lýðræðislegra stofnana í ríkjum Mið- og Austur-Evrópu.

Svipaða sögu má segja um Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, sem vinnur mjög mikilvægt starf á sviði átakavarna og hættuástandsstjórnunar. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega fagna áherslu utanríkisráðherrafundar Norðurlandanna í síðustu viku á aukna samvinnu hinna ýmsu fjölþjóðastofnana álfunnar, einkum á nánara samstarfi Evrópuráðsins og ÖSE á sviði mannréttinda og lýðræðis. Það er mér jafnframt sérstök ánægja að fagna formennsku Íslands í ráðherranefnd Evrópuráðsins á síðari hluta þessa árs sem og stofnun og eflingu fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu og væntanlegri stofnun fastanefndar hjá ÖSE. Með virkri þátttöku í starfi þessara stofnana leggjum við okkar af mörkum til eflingar friði og stöðugleika í álfunni og öðlumst um leið tækifæri til að kynna okkar sjónarmið á alþjóðavettvangi. Með formennsku Íslands í ráðherranefnd Evrópuráðsins samfara formennsku Finnlands í ráðherraráði ESB og formennsku Noregs í ráðherraráði ÖSE vinnst Norðurlöndunum öllum einstakt tækifæri til að beina athygli að málefnum sem Norðurlöndin hafa lagt sérstaka áherslu á á alþjóðavettvangi.

Virðulegi forseti. Stækkun rótgróinna fjölþjóðastofnana er ein áskorun áranna eftir kalda stríðið. Ekkert af ríkjum Mið- og Austur-Evrópu hefur enn sem komið er hlotið aðild að Evrópusambandinu. Flest hafa umrædd ríki hins vegar hlotið aðild að Evrópuráðinu sem þannig hefur boðið þau velkomin í hóp stöðugra evrópskra lýðræðis- og réttarríkja. Jafnframt hefur Atlantshafsbandalagið hafið stækkunarferli sitt og innan tveggja mánaða getum við fagnað formlegri aðild Póllands, Tékklands og Ungverjalands að bandalaginu. Stækkun Evrópusambandsins til austurs virðist þó ætla að eiga sér stað seinna en mörg þessara ríkja höfðu vonað, en stækkunarferli sambandsins er engu að síður hafið þótt enn séu nokkur ár í að einhver umræddra ríkja hljóti aðild að sambandinu.

Um leið og við fögnum aðild umræddra ríkja að Evrópusambandinu, aðild sem þau hafa sótt stíft um árum saman, þurfum við að tryggja okkar eigin efnahagslegu hagsmuni gagnvart sambandinu í tengslum við þessa stækkun því um leið og þessi ríki gerast aðilar að Evrópusambandinu gerast þau jafnframt aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Núverandi fríverslunarsamningar okkar hins vegar við mörg þessara ríkja veita okkur t.d. greiðari aðgang með sjávarafurðir en EES-samningurinn gerir og því er mikilvægt að standa vörð um þann samningsbundna markaðsaðgang við stækkun Evrópusambandsins.

Þó okkar langmikilvægustu markaði sé að finna á Evrópska efnahagssvæðinu þá höfum við ekki fremur en aðrir efni á að leggja öll okkar egg í eina körfu. Auk Bandaríkjamarkaðar hafa markaðir í Asíu farið vaxandi og er rétt að hlúa að þeim þrátt fyrir efnahagsörðugleika á undanfarinna missira þar í álfu. Og eins og ég hef áður bent á úr þessum stól eru ýmis merki uppi um að Kyrrahafssvæðið þróist í auknum mæli yfir í sameiginlegt markaðssvæði NAFTA-ríkja, Suður-Ameríkuríkja og Asíuríkja. Því er nauðsynlegt að fylgjast vel með þeirri þróun og reyna eftir fremsta megni að tryggja sem bestan aðgang okkar að umræddum mörkuðum. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega fagna þeim opinberu heimsóknum og viðskiptatengdu heimsóknum sem íslenskir ráðherrar hafa á undanförnum árum farið til ríkja Asíu og Suður-Ameríku. Árangur slíkra ferða mælist e.t.v. ekki í hagtölum sama árs, en ég veit ýmis dæmi þess að Íslendingar í atvinnurekstri erlendis hafi haft mikið beint gagn af slíkum heimsóknum íslenskra ráðamanna fyrir utan þau óbeinu áhrif sem aukin samskipti ávallt hafa.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka sérstaklega ánægju mína með að Ísland skuli í maí taka við formennsku í ráðherranefnd Evrópuráðsins í fyrsta sinn og ég vil leyfa mér að hvetja hæstv. utanrrh. til að nýta vel það gullna tækifæri að láta rödd Íslands heyrast á alþjóðavettvangi.

[13:38]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þegar við lítum til baka sjáum við hversu ótrúlegar breytingar hafa átt sér stað í öryggismálakerfi Evrópu á síðustu árum. Það sem hæst ber þar er að sjálfsögðu fall kommúnismans og upplausn Varsjárbandalagsins og svo auðvitað sameining Þýskalands. Við þessar breytingar hafa ríki sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum reynt að bindast vestrænum ríkjum sterkari böndum og þau hafa talið öryggismálum sínum best komið með því að sækja um aðild að NATO og einnig að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það er rétt sem kemur hér fram og hefur komið fram í morgun að aðild okkar að NATO skipar okkur í hóp þeirra ríkja sem hafa hvað mest áhrif á öryggisstefnu í Evrópu og er það mjög vel. Því hefur stefna Samfylkingarinnar í þessum málum skotið nokkuð skökku við, en það kom sérstaklega fram í drögum að málefnasamningi þeirra eða málefnavinnu, að þeir teldu að við ættum að standa utan hernaðarbandalaga. Það verður gaman að sjá í hvaða jarðveg þessi stefna fellur, t.d. í Reykjaneskjördæmi þar sem menn hafa yfirleitt talið veru okkar í NATO mjög mikilvæga. Manni er líka spurn hvort Samfylkingin hafi þá einhverja sérstaka verkáætlun fram undan varðandi það að tryggja því fólki atvinnu sem hefur unnið við Keflavíkurflugvöll.

Hvað NATO varðar hefur einnig komið fram í umræðunum að við Íslendingar erum hlynnt því að Eystrasaltsríkin verði meðal þeirra sem næst verða tekin inn í NATO. Það leiðir hugann að stefnu Svía og Finna varðandi NATO. Þeir hafa einnig verið frekar hlynntir því að Eystrasaltsríkin fái aðild bæði að Evrópusambandinu og NATO, og verði hluti af hinum vestrænu ríkjum. Þeir hafa samt sjálfir ekki séð sér fært að ganga í NATO og manni finnst hálfgerður tvískinnungur vera í þessari afstöðu. En svörin sem maður fær frá fulltrúum bæði Svía og Finna eru yfirleitt þau að þeir verði sjálfir að ákveða og ráða því hvernig þeirra utanríkisstefna er, og það er alveg rétt, en að sjálfsögðu er miklu líklegra að hægt væri að ná Eystrasaltsríkjunum inn í NATO ef Svíþjóð og Finnland væru þar fyrir, ef ekki væri þetta gap sem er nú. Ég bind vonir við að Svíar og Finnar gangi í NATO þótt síðar verði, hugsanlega eftir tvö til fjögur ár eða eitthvað svoleiðis.

Það er rétt sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. að EES-samningurinn hefur verið okkur mjög mikilvægur. Á sínum tíma var ég mikill fylgismaður þess að við gengjum inn í EES og sé ekki eftir því. Þróunin hér hefur verið eins og í Evrópu. Við erum, má segja, einsleitt svæði með Evrópu og ég held það sé mjög mikilvægt. Ég held hins vegar að bæta mætti þá vinnu sem fram fer hér í þinginu varðandi tilskipanir sem koma frá EES og frá Evrópusambandinu. Við erum allt of ódugleg við að taka málin inn í þingið til kynningar á upphafsstigi. Við fáum tilskipanirnar á endanum í gegnum ráðuneytin, yfirleitt í formi lagafrv., en þingmenn koma allt of lítið að undirbúningi mála. Þetta er nokkuð sem við höfum rætt bæði í utanrmn. og víðar, en engin sérstök niðurstaða er komin í það mál. Í sumum þingum eru sérstakar Evrópunefndir. T.d. er í Noregi sérstök Evrópunefnd sem tekur þessi mál til skoðunar. Þar eru mál í miklu fastari skorðum en hjá okkur. Nú er ljóst að Evrópusambandið mun stækka á næstu árum og talsvert er rætt um það, t.d. á norrænum vettvangi, að með stækkun Evrópusambandsins sé líklegra að Norðurlöndin sem eru í Evrópusambandinu muni koma meira fram sem ein blokk innan sambandsins. Hingað til hafa þau kosið að gera það ekki heldur tala með sinni eigin rödd, ef svo má segja. Talsverðar líkur eru á því að í mun stærra Evrópusambandi munu Norðurlöndin standa meira saman sem blokk, hugsanlega með fleiri ríkjum, hugsanlega með Póllandi, hugsanlega með Eystrasaltsríkjunum í framtíðinni, Þýskalandi og öðrum slíkum nágrannaríkjum.

Hér hefur verið rætt um það að sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins sé helsti þröskuldurinn á leið okkar til aðildar að sambandinu og það er rétt. Hins vegar hafa margir bent á að e.t.v. sé þetta ekki sá stóri þröskuldur sem í veðri hefur verið látið vaka því ef við gengjum í Evrópusambandið — sem ég er reyndar ekki að boða hér — en ef svo færi mundum við trúlega taka jafnmikinn kvóta og við gerum nú. Að vísu mundum við ekki ákveða hann sjálf heldur yrði kvótinn ákveðinn í Brussel, en tekið yrði tillit til þeirrar vísindaráðgjafar sem við höfum hingað til á síðustu árum tekið tillit til þannig að það væri engin mjög stór breyting þar á og ólíklegt væri að aðrar þjóðir, t.d. Portúgalar, Spánverjar o.fl., fengju kvóta í okkar lögsögu þar sem engin söguleg hefð er fyrir því. Breytingin er því e.t.v. ekki eins svakalega mikil og menn hafa talið. En ég er sammála því sem fram kemur í skýrslu utanrrh. að við eigum að halda hurðinni opinni, skoða þessi mál, reyna að kynna okkar málstað á vettvangi Evrópusambandsins og reyna að afla okkur skilnings á okkar sérstöðu þar.

Innan Evrópusambandsins hafa Finnar verið sérstaklega duglegir við að koma hugtaki á flot sem er „norðlæga víddin". Það var einmitt samþykkt vegna áherslu Finna á að móta sérstaka stefnu innan Evrópusambandsins um norðurhluta Evrópu, sérstaka verkáætlun, eitthvað svipað og gert hefur verið fyrir suðursvæðið. Mér finnst mjög gott að þetta skref hafi verið stigið vegna þess að maður sér hvað er að gerast í Norður-Evrópu og í Rússlandi. Þessi verkáætlun á m.a. að beinast að Rússlandi. Þar eru mjög miklar breytingar yfirstandandi núna. Því miður varð algjört efnahagshrun í Rússlandi 17. ágúst í fyrra og mál eru í mjög slæmum farvegi þar, efnahagsmál, öll velferðarmál, umhverfismál og þannig mætti lengi telja. Hin norðlæga vídd á að vera hluti í því að reyna að beina sjónum Evrópusambandsins til þessa svæðis.

Það er alveg ljóst að í dag er algjör velferðargjá á milli landa, t.d. á milli okkar á Norðurlöndunum og Rússlands, Eystrasaltsríkjanna og Póllands. Þar er mjög djúp velferðargjá og það verður ekki lifað við hana. Við munum ekki una henni til framtíðar. Það er ekki hægt að afbera þessa gjá til frambúðar. Og það er alveg ljóst að ef Norðurlöndin og Evrópusambandið og allir sem vettlingi geta valdið, Bandaríkjamenn og fleiri, koma ekki og aðstoða við að minnka þessa velferðargjá, þ.e. að hækka standardinn hjá þessum ríkjum, þá stefnir í mikinn voða, bæði í öryggismálum og í öðrum málum. Ef dregin er upp dökk mynd af þessu og gefið að ef ekkert lagist í framtíðinni, t.d. í kringum St. Pétursborgarsvæðið þar sem margar milljónir Rússa eru, þá má reikna með stórfelldum fólksflutningum þaðan yfir finnsku landamærin. Fólk mun banka þar upp á og vilja koma yfir í betri aðstæður og enginn skal segja mér að Finnar fari þá að beita þetta fólk ofbeldi. Þá er ekkert annað hægt að gera en að segja: Gjörið þið svo vel. Hér er allt opið. Komið þið hingað yfir. En ég held að enginn vilji sjá þá stöðu. Því er um að gera að reyna að minnka þá velferðargjá sem er þarna á milli.

Schengen-samstarfið er hluti af Evrópusambandinu og ég styð að við göngum inn í það samstarf, inn í Schengen-samstarfið. Ég tel pólitískt mjög mikilvægt að við liggjum þétt upp að Evrópusambandinu, ef svo má segja, í öllu sem hægt er að taka þátt í og reynum að fylgja því í hvívetna, án þess að ég sé að boða inngöngu í það. Það er alveg ljóst að sú samvinna sem felst í Schengen-samstarfinu er mjög jákvæð og það er úrelt að tala um að landamæri geti hindrað glæpi. Ég átti þess kost að hlusta á danskan yfirlögregluþjón sem hefur tekið mikinn þátt í alþjóðlegu samstarfi og í undirbúningi Schengen-samstarfsins. Hann lýsti því mjög vel að landamæri hindra ekkert glæpi í dag. Það er samvinna lögreglumanna og samvinna lögregluyfirvalda sem hindrar glæpi. Menn muna eftir því þegar ákveðnir mótorhjólaklúbbar voru í miklum bardaga, m.a. á Norðurlöndunum, að þá var það ekki landamæraeftirlit sem hindraði nokkurn mann í þeirri glæpastarfsemi. Það var samvinna lögreglunnar við að hafa uppi á þessu fólki og eltast við það sem dugði.

Varðandi önnur atriði sem snúa að Evrópusambandinu þá langaði mig að minnast á Evrópska myntbandalagið. Að mínu mati er mjög spennandi þróun að verða í því. Við uppfyllum auðvitað öll skilyrði og höfum þess vegna getað hoppað inn í það höfum við verið í Evrópusambandinu sem við erum ekki. En við þurfum að fylgjast mjög vel með þeirri þróun sem á sér stað þar. Í dag er, að mig minnir, um einn þriðji af okkar gjaldeyrisviðskiptum við þau lönd sem verða

í Myntbandalaginu þannig að það er ekkert stórvægilegt. En fari Svíar inn og Bretar og Danir þá er ljóst að þetta hlutfall fer upp í tvo þriðju hluta okkar gjaldeyrisviðskipta sem er mun meira mál fyrir okkur. Það er ljóst að við þurfum einhvern veginn, býst ég við, til framtíðar að tengjast þessu myntbandalagi.

Ég fagna því mjög sem kemur hér fram að við höfum aukið fjármagn til þróunarmála. Það hefur hækkað í 234 millj. kr. á þessu ári eða um þriðjung frá því í fyrra. Ég sé að það á líka sérstaklega að huga að mannréttindum kvenna og barna. Ég held að það sé einmitt sú leið sem eigi að fara og bendi á það, og hef gert það áður í ræðum mínum, að þróunaraðstoð sem veitt er til kvenna virðist skila sér mun betur en mörg önnur þróunaraðstoð.

Við höfum tekið á móti flóttafólki, sérstaklega frá fyrrverandi Júgóslavíulöndum og það er mjög gleðilegt hversu vel hefur tekist til með þær aðgerðir okkar í þeim efnum. Mér virðist að það hafi gengið mjög vel.

Þar sem ég sé að tími minn er á þrotum langar mig til að nýta tækifærið og spyrja hæstv. utanrrh. út í atriði sem ég hef reynt að fylgjast með og var tekið upp á sínum tíma í svokallaðri framtíðarnefnd, þ.e. um framtíð utanríkisþjónustunnar, en það varðaði aðstæður maka þeirra sem vinna í utanríkisþjónustunni. Nú er alveg ljóst að það er talsvert mikið mál að vera í utanríkisþjónustunni, sérstaklega fyrir makana og börnin. Það þarf að flytja landa á milli, oft með lítil börn. Ég þekki slík dæmi og mér finnst reyndar stundum furðulegt hvað fólk leggur mikið á sig við að flytja lítil börn á milli landa á þriggja ára fresti, skipta um skóla, skipta um barnaheimili, skipta um vinahóp og allt sem því fylgir. Þetta er mikið rask. En mér skilst að búið sé að gera ýmislegt til þess að bæta úr, eins og það að nú séu borguð um 90% af skólagjöldum þessara barna. Það er mjög gott. Makarnir, og þá sérstaklega konurnar, hafa í gegnum árin ekki fengið vinnu við sitt hæfi. Það er erfitt að hlaupa á milli landa og fá vinnu og lífeyrismál hafa ekki verið í nógu góðum farvegi. Því vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Í hvaða farvegi eru lífeyrismál maka í utanríkisþjónustunni? Mér skilst að eitthvað sé verið að skoða þau mál en ég teldi mjög æskilegt að tekið yrði fast á þeim málum af því að það er að sjálfsögðu talsverð fórn fyrir makana að fara svona á milli landa og eiga minni möguleika á að afla sér tekna og stunda vinnu en aðrir.

[13:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að við höfum að undanförnu litið sérstaklega til hagsmuna barnanna og reynt að tryggja betur hag þeirra með því að taka meiri þátt í skólagjöldum og jafnframt, t.d. í Brussel, að efla bókasafn barna því að mjög margir Íslendingar búa þar og starfa. Það er mjög mikilvægt að íslensk börn njóti þar réttinda sem samrýmast réttindum íslenskra barna.

Að því er varðar maka starfsmanna í þjónustu utanríkisráðuneytisins þá hefur farið fram veruleg athugun á þeim málum. Það mun hins vegar kosta nokkra fjármuni og við höfum ákveðið að taka það upp í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og fjárlög fyrir árið 2000. Lausnir í því sambandi sem við höfum einkum í huga taka mið af sambærilegum lausnum annars staðar á Norðurlöndunum en það er alveg ljóst að makar starfsmanna utanríkisþjónustunnar búa við nánast ekkert atvinnuöryggi og það er mjög sjaldgæft að þeim takist að finna sér vinnu við hæfi vegna þeirra miklu flutninga sem þeir búa við.

Auðvitað á þetta að einhverju leyti við um aðra þegna þessa þjóðfélags. Ég hygg þó að enginn einn hópur búi við sambærilegar aðstæður og makar starfsmanna í utanríkisþjónustunni.

[13:56]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Margt ber á góma þegar utanríkismál eru rædd á hv. Alþingi og væri tilefni til að víkja að mörgu því sem fram hefur komið í skýrslu hæstv. utanrrh. Ég ætla þó að einskorða mig við fáein atriði í sambandi við skýrsluna sem ég tel að ástæða sé til að gefa sérstakan gaum. Fyrst ætla ég aðeins að víkja að fáeinum þáttum sem snúa að samskiptum okkar við Evrópusambandið en síðan ræða um umhverfismálin og þau tíðindi sem hefur borið við í umræðunni um ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að undirrita ekki Kyoto-bókunina við loftslagssamninginn.

Það má heyra á hæstv. utanrrh., og það kemur einnig fram hjá fleiri hv. talsmönnum Framsfl., m.a. hjá síðasta ræðumanni, að verulegur áhugi sé hjá hæstv. ráðherra á því að halda opnum dyrum fyrir inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Áherslan í þessum efnum hefur verið að þyngjast af hálfu hæstv. ráðherra á undanförnum árum. Ég er ekki að segja að kaflaskil séu í þessari ræðu en þó er ljóst að áherslan er vaxandi á að halda þessum dyrum opnum og leita að leiðum til þess að Ísland geti orðið aðili að Evrópusambandinu.

Það er mjög athyglisvert að af hálfu hæstv. utanrrh. og af hálfu þingmanna Framsfl., eins og hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, er engin grundvallarandstaða gegn því að Ísland gangi í Evrópusambandið. Það verður að meta afstöðu þessara hv. þm. og hæstv. ráðherra á þann veg að í raun sé á virkan hátt verið að leita leiða til þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Það þýðir auðvitað í reynd að viðkomandi ætlar sér inn ef sótt verður um aðild. Tilraunaumsóknir eru af öllum sem þekkja til slíkra mála afskrifaðar. Nægir þar að vísa til þess sem gerðist á Norðurlöndunum þegar umsókn Noregs, Svíþjóðar og Finnlands var á dagskrá og stjórnvöld þar vísuðu því frá að um nokkra slíka tilraunastarfsemi gæti verið að ræða. Það liggur einfaldlega í því að menn fá ekki marktæk svör ef ekki er raunverulegur áhugi á því að komast í höfn. Og eins og slíkt samningaferli gengur fyrir sig þá er erfitt fyrir menn að stöðva sig af, þó að auðvitað geti dregið til þeirra tíðinda. Ég útiloka þó ekki að þeir þröskuldar reynist vera að aðild yrði hafnað, m.a. í þjóðaratkvæðagreiðslu, ef málið yrði lagt fyrir atkvæðisbæra Íslendinga.

Ég er alveg andvígur þeirri nálgun sem þarna er uppi. Ég vil hins vegar að við treystum góð samskipti við Evrópusambandið, eigum góð samskipti við það. Það er ekki nokkur spurning að það er Íslandi mjög mikilvægt, og við hljótum að leggja á það áherslu, en hugmyndin um það að ætla sér inn í þetta væntanlega stórríki sem er á öruggu spori í þá átt hugnast mér ekki. Allt sem hér er framreitt og allt sem við þekkjum til lýtur að því að Evrópusambandið þróist í þá átt og niðurstaðan verði sú. Utanríkismálastefnan, öryggismálastefna sambandsins, allt ber þetta að sama brunni og þeir samningar sem gerðir hafa verið og breytingar á Rómarsamningnum.

Það vekur athygli, eins m.a. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minnst á, að áherslur Framsfl. eru um margt að líkjast þeim áherslum sem fram koma hjá Samfylkingunni svoölluðu þar sem menn halda öllum dyrum greinilega opnum

fyrir hugsanlegri aðild að Evrópusambandinu. Það er mjög athyglisvert að þessar áherslur eru ekki bundnar við alþýðuflokksmenn heldur koma fram hjá þeim sem enn kalla sig alþýðubandalagsmenn, þó að lítið sjáist nú orðið eftir af þeim flokki, þ.e. þeim sem tala alveg tæpitungulaust, þar á meðal nánum ráðgjafa formanns Alþb. eins og Ara Skúlasyni sem, eins og menn hafa heyrt í fréttum núna síðustu daga, liggur ekkert á því að hugur hans stefni að aðild að Evrópusambandinu.

Ég hef fyrir löngu í rauninni séð fram á að þeir flokkar sem þarna eru að mótast, þessi krataflokkur sem hér er í uppsiglingu ásamt miðjuflokknum, Framsfl., muni reyna að koma Íslandi inn í Evrópusambandið. Það er barátta sem á eftir að fara fram á næstu árum. En við hljótum að staldra við þegar svo augljós merki eru um það að þessir flokkar eru að safna liði með þetta að markmiði.

Viðhorfið til Schengen-aðildar Íslands eiga rót í sama viðhorfi. Það liggur fyrir að það skiptir ekki nokkru máli fyrir Íslendinga hvort þeir þurfa að hafa vegabréf meðferðis þegar þeir ferðast til Evrópu og ákafi hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar — það er stutt af Alþfl. eins og ég þekki hans afstöðu — við að gerast aðili að Schengen-samstarfinu sem nú er orðið þéttbundið inn í Evrópusáttmálana, er af pólitískum rótum runninn eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir reyndar vék að í ræðu sinni, borinn uppi af þeirri hugsun að komast sem næst aðild að Evrópusambandinu til að tengjast þessum þáttum í starfi þess þó að það sé undir þeim afarkostum sem þarna er um að ræða í þessu samstarfi. Það minnir auðvitað á EES-samninginn en gengur jafnvel enn þá lengra að því er varðar ósjálfstæði Íslands með aðild að þessum fyrirhugaða samstarfssamningi sem enn hefur ekki verið lagður fyrir Alþingi í alvöru, aðeins sýndur hér eftir dúk og disk, samningurinn frá 1996.

Á einum þætti þessa máls hef ég ítrekað vakið athygli og geri það enn hér. Hann lýtur að máli sem hæstv. utanrrh. nefndi í lok ræðu sinnar, þ.e. innflutningi fíkniefna til landsins og þeirri miklu vá sem þar blasir við. Ég hef flutt tillögu um að gerð verði úttekt á því máli og ég held að það væri fróðlegt fyrir hv. þingmenn að kynna sér þær umsagnir sem liggja fyrir í allshn. þingsins varðandi þá tillögu, umsagnir m.a. frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík og frá rannsóknarlögreglunni sem lýsa áhyggjum sínum yfir því sem verða kann ef Ísland gengur inn í þennan svonefnda Schengen-samning.

Virðulegur forseti. Hér hefur verið vakin athygli á afstöðu ríkisstjórnarinnar í sambandi við Kyoto-bókunina. Við hljótum að skoða það mál í tengslum við áherslur ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum og samstarfi á alþjóðavettvangi. Breyting hefur verið að eiga sér stað í þessum efnum innan Stjórnarráðsins og það er hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., sem hefur staðið fyrir því að taka verulega þætti varðandi stefnumótun umhverfismála frá umhvrn. inn í sitt ráðuneyti með stofnun svonefndrar auðlindaskrifstofu og ráðningu sérstaks sendiherra yfir henni. Skýringarnar á þessu eru m.a. samningar sem varða auðlindir Íslendinga á sjávarútvegssviði, það þekki ég, en einnig á umhverfissviði. Til myndunar þessarar skrifstofu kom einmitt í tengslum við eða um það leyti sem Kyoto-bókunin var á dagskrá. Hér er um það að ræða að verið er að draga úr áhrifum og möguleikum umhvrn. til virkrar stefnumótunar þó að hitt liggi auðvitað í augum uppi að utanrrn. þarf að koma að því máli að formi til. Menn ættu að kynna sér meðferð slíkra mála í nágrannalöndum okkar. Ég fullyrði að viðlíka lítillækkun á ráðuneyti umhverfismála eins og hér hefur orðið í krafti forustu Framsfl. yfir utanríkismálunum og þeirrar veiku stöðu sem hæstv. umhvrh. hefur haft í þessu samhengi lýsir því ekki að farsæl þróun sé þar á ferðinni. Eitt af því sem þar hefur verið að gerast og er afleiðing þessarar pólitísku stöðu innan ríkisstjórnarinnar er sú dæmalausa niðurstaða sem hefur verið gagnrýnd á þessum fundi, að íslenska ríkisstjórnin ætlar ekki að undirrita Kyoto-bókunina en standa eins og þvara, ein meðal OECD-ríkja sem þannig heldur á máli.

Rökin fyrir þessari ákvörðun, eins og þau hafa verið túlkuð af hæstv. utanrrh. við umræðuna og í blaðafregnum að undanförnu, eru afskaplega veik og að mörgu leyti illskiljanleg. Ég held að hverjum manni ætti að vera ljóst að vilji menn ná einhverju verulegu fram í alþjóðlegu samstarfi, þá gera þeir það ekki með því að útiloka sig í raun frá því og tapa trúverðugleikanum í samstarfinu eins og Íslendingar gera með þessari ákvörðun. Það verður ekki létt verk fyrir samningamenn Íslands, sem vissulega eiga aðgang að ársþingum loftslagssamningsins eftir sem áður, að sækja það mál sem ríkisstjórnin ber fram sem aðalröksemd af sinni hálfu, þ.e. að hafa opið hús fyrir mengun frá stóriðju á Íslandi, taka það út fyrir ramma Kyoto-bókunarinnar, þannig að okkur verði heimilt að losa ótakmarkað gróðurhúsalofttegundir frá stóriðjurekstri í landinu. Það verður ekki auðvelt fyrir ágæta embættismenn íslenska ríkisins að sækja það mál á þessum vettvangi. Það fullyrði ég. Enda er staðan auðvitað sú að umhvrn. og trúnaðarmenn hæstv. umhvrh. hafa varað mjög sterklega við því að sú ákvörðun verði tekin sem ríkisstjórnin er nú að gera og beinlínis hvatt til alls annars, þ.e. að Ísland gerist þarna aðili, þar sem þeir gera sér ljóst út í hvaða ófæru er verið að fara fyrir Ísland. Nú harma ég það ekki þó að þetta íslenska ákvæði fari út af borðinu, en ég óttast um stöðu Íslands í alþjóðasamningum og á mörgum sviðum í samskiptum við aðrar þjóðir þegar haldið er á máli eins og hér er gert.

Hæstv. ráðherra heldur því fram að Ísland geti eftir sem áður gerst stofnaðili að Kyoto-bókuninni. Hvað er það, hæstv. utanrrh., að gerast stofnaðili að bókuninni? Ég þekki ekki það hugtak og ef það hefur eitthvert inntak, þá er það fólgið í því að undirrita innan þess frests sem um er að ræða. Ísland hefur þann kost einan eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar, verði henni ekki breytt fyrir 15. mars næstkomandi, að staðfesta bókunina síðar. Það er engin undirritun og það eru ekki neinir fyrirvarar sem hægt er að gera við bókunina samkvæmt ákvæðum hennar sjálfrar þannig að möguleikar Íslands felast einfaldlega í því að staðfesta ef það gengur eftir sem ráðherrarnir eru að láta að liggja að að eftir sem áður ætli þeir að gerast aðilar. Þá er bara sá möguleiki að staðfesta. Hér er á mjög óljósan hátt látið að því liggja af hæstv. utanrrh. að við höfum jú áhuga á því að vera þarna með, en það sé eiginlega ófrávíkjanlegt skilyrði að fallist verði á þá kröfu Íslands að hafa opið hús fyrir stóriðjuna, mengun frá henni. Borin eru fram rök í því sambandi sem eru tóm rökleysa og þetta er sett í það samhengi að allt sé í rauninni undir og af því að við höfum vistvæna orku, þá séum við að þjóna heiminum með því að taka við málmbræðslum á málmbræðslur ofan og með því séum við að þjóna hinu alþjóðlega samhengi. Þannig gerast ekki hlutirnir, virðulegur forseti, og málflutningur hæstv. ríkisstjórnar eins og hann blasir við frá hæstv. ráðherra er satt að segja með miklum endemum.

[14:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að ríkisstjórnin vill nýta íslenska orku, m.a. til málmbræðslu. En ég veit ekki betur en hv. þm. hafi verið áhugamaður um það líka og látið setja undirstöður undir slíka málmbræðslu á Austurlandi þannig að ríkisstjórnin er ekkert ein um það að hafa áhuga á því að byggja upp íslenskt atvinnulíf.

Það er hins vegar algjörlega rangt að við séum eitthvað að útiloka okkur frá þessu samstarfi eða tapa okkar trúverðugleika. Aðalatriðið er að hv. þm. vill ekki berjast fyrir þeim málstað sem við erum að berjast fyrir. Hann vill ekki berjast fyrir sérstöðu Íslands. Hann vill taka við því sem aðrir rétta honum í þessu sambandi. Og það er undarlegur tvískinnungur hjá honum að vilja annars vegar taka það sem menn rétta að honum í umhverfismálum en neita síðan samvinnu í fíkniefnamálum. Hann neitar að viðurkenna að samvinna yfir landamæri í sambandi við fíkniefnamál skiptir máli. Þar á ekki að vera neitt yfirþjóðlegt vald. Þar eiga menn að forðast yfirþjóðlegt vald. En á sviði umhverfismála eiga menn að beygja sig og hafa ekki einu sinni fyrir því að halda uppi íslenskum málstað. Það er þetta sem skiptir máli. Það er þetta sem hv. þm. vill. Síðan vill hann taka okkur í skóla um það hvernig eigi að standa að því að vinna málstað Íslands fylgi og talar hér eins og hann einn hafi vit á því. Auðvitað er hægt að hafa ýmsar skoðanir í þeim efnum og það eru rök með og á móti í því máli eins og öllum öðrum. Við skulum fara yfir þau rök. En niðurstaða ríkisstjórnarinnar er sú að hagsmunum Íslands sé best borgið með þessum hætti.

[14:13]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, íslenskur málstaður. Það er væntanlega hæstv. utanrrh. sem hefur einkarétt á því að túlka hver hann sé. Ég hafna því að íslenskur málstaður sé í því fólginn að hverfa frá alþjóðlegri samstöðu í baráttu við gróðurhúsalofttegundir, að ætla sér sjálfstöku í þeim efnum eins og íslenska ríkisstjórnin ætlar sér, að ætla sér að sleppa undan alþjóðlegum skuldbindingum og vera þar ekki samferða. Það er ríkisstjórnin er að gera.

Hæstv. ráðherra ætti að fara yfir málin að því er varðar íslenskar orkulindir áður en lengra er haldið í sambandi við málmbræðslur í landinu. Það skyldi nú vera að við höfum mikil efni á því að bæta þar við bara út frá almennri nýtingu orkulinda okkar ef við ætlum að virða náttúruna í landinu og sýna henni ákveðna hlífð.

Hæstv. ráðherra segir að ég vilji lúta alþjóðlegum skuldbindingum þegar um umhverfismál er að ræða en ekki í fíkniefnamálum. Hver er málstaður ríkisstjórnarinnar í þeim efnum, varðandi Schengen-samstarfið? Jú, hann er að veikja landamæraeftirlit hér þannig að það verði frjálst streymi fólks án heimildar einu sinni til að taka stikkprufur meðal þeirra sem koma inn í landið frá Evrópska efnahagssvæðinu. Það er viðurkennt bæði af tollyfirvöldum og lögregluyfirvöldum að það muni stórlega veikja möguleika Íslands til eftirlits með straumi fíkniefna frá útlöndum. Það er þetta sem er mjög alvarlegt mál í sambandi við Schengen-samninginn sem hæstv. ráðherra hyggst leggja fyrir þingið ef hann hefur aðstöðu til á næsta kjörtímabili.

[14:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er það rétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að taka þurfi tillit til íslenskrar náttúru. Það þarf líka að taka tillit til íslenskra byggða. Það þarf að taka tillit til fólksins sem býr í landinu og þetta hefur alla tíð verið samofið nýtingu á náttúruauðlindum okkar. Ef menn vilja hafa þá stefnu að hætta að nýta náttúruauðlindirnar, eins og mér heyrist helst á hv. þm. núna, þá er rétt að gera fólkinu grein fyrir afleiðingum þess fyrir velferð þess, afkomu og möguleikum þess til að skapa sér gott líf í landinu.

Hv. þm. sagði að í ræðu minni væru svo sem engin tímamót að því er varðaði ESB. Hann sagði, sem ég man ekki eftir að hann hafi sagt fyrr þó svo megi vel vera, að við ættum að kappkosta að eiga góð samskipti við Evrópusambandið. Hvað þýðir það? Þýðir það að standa utan við Schengen-samstarfið, loka sig af og taka ekki þátt í neinu? Er mögulegt að eiga góð samskipti við ESB ef menn reyna ekki að starfa með þeim á þeim sviðum sem menn telja þjóna íslenskum hagsmunum, m.a. með því að tryggja frjálsan flutning fólks á milli landa? Þjónar það hagsmunum Íslands að við lokum okkur af í því sambandi?

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon, flokksbróðir hv. þm., hvatti mig til þess að opna glugga. Væri nú ekki rétt að þeir sem ákveðið hafa að bjóða fram undir vinstra nafninu opni einnig glugga og átti sig á því að við lifum ekki einir í heiminum, ekki bara í umhverfismálum heldur í ýmsum öðrum málum? Við þurfum að kappkosta gott samstarf og þá þurfum við að leggja eitthvað á okkur, ekki bara á sviði umhverfismála heldur líka í í öðrum málaflokkum.

[14:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar umhverfismálin eru annars vegar, vilji menn taka tillit til þeirra, þá kosta það okkur eitthvað. Menn mega ekki falla fyrir einföldum efnahagslegum rökum og bera þau fram eins og hæstv. ráðherra er hér að gera. Að tefla því fram að óhjákvæmilegt sé að fórna svo og svo miklu í íslenskri náttúru og valda mengun í landinu svo við getum haft það bærilegt. Ég hafna þessari röksemdafærslu. Þetta eru að mínu mati falsrök. Það er mjög brýn nauðsyn fyrir okkur Íslendinga að átta okkur á því að ef við ætlum að halda hér uppi ímynd umhverfisvænnar þjóðar og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, þá getur það þurft að kosta okkur eitthvað í krónum og aurum, ekki bara okkur heldur heimsbyggðina í heild.

Varðandi spurninguna um góð samskipti við Evrópusambandið, þá getur hver og einn svarað því sjálfur hvort óhjákvæmilegt sé að stefna að aðild að Evrópusambandinu til þess að iðka þessi góðu samskipti eða hvort hann ætlar að gera það sem Íslendingur, með Ísland sem fullvalda þjóð. Á það fullveldi á að ganga stig af stigi og mér heyrist að Framsfl. og forusta hans sé reiðubúin að fórna því fullveldi ef svo ber undir.

[14:19]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun slysabóta sjómanna, 538. mál, fsp. GHall, þskj. 862.

Landgrunnsrannsóknir, 539. mál, fsp. GHall, þskj. 863.

[14:20]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ræðan sem hæstv. utanrrh. flutti í morgun og dreift var til okkar þingmanna í gær er fyrir margra hluta sakir merkileg. Hún er ekki síst merkileg fyrir það að minna ber á gömlum áherslum frá tímum kalda stríðsins en oft áður. Í stað þeirra leggur hæstv. ráðherra áherslu á þær breytingar sem orðið hafa í heiminum að undanförnu og breytta stöðu okkar í ljósi þeirra.

Hæstv. ráðherra lagði í máli sínu áherslu á að hugmyndafræðilegar forsendur kalda stríðsins væru brostnar og nú ætti sér stað uppstokkun í öryggis- og varnarmálum. Á sama hátt og aðrar þjóðir taldi hann að Íslendingar að ættu að endurmeta stöðu sína í þessu breytta umhverfi. Með ræðu hæstv. ráðherra er fylgiskjal, skýrsla sem heitir Öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót. Í henni er einmitt lögð mikil áhersla á að við búum við breytt umhverfi. Í umræðu á Alþingi hefur oft áður verið bent á nauðsyn þess að fram fari ítarleg úttekt á stöðu Íslands meðal þjóðanna í öryggis- og varnarmálum, með tilliti til þeirra breyttu aðstæðna sem við búum við. Oft hefur verið kallað eftir stöðumati og ég fagna því, virðulegi forseti, að í fyrsta sinn frá því að ég tók sæti á þingi fyrir um 12 árum, höfum við fengið slíkt skjal í hendur. Þar er gerð tilraun til að leggja mat á stöðuna eins og hún er í dag. Síðan eru tillögur um hvernig okkur beri að vinna í breyttu umhverfi. Í skýrslunni segir m.a., á bls. 23 í kafla sem heitir Aðlögun að breyttu umhverfi öryggismála, með leyfi forseta:

„Þróunin í alþjóðamálum hefur fært Íslendingum meira öryggi en þeir hafa nokkru sinni búið við frá stríðslokum. Bein hernaðarógnun við landið er ekki lengur fyrir hendi og íslensk stjórnvöld hafa gerst virkari þátttakendur í samstarfi hins alþjóðlega samfélags í öryggismálum, einkum á Evró-Atlantshafssvæðinu."

Út frá þessari staðreynd hljótum við að vinna. Í umræðum fyrr í vetur köllu þingmenn eftir því frá utanrrn. og frá hæstv. utanrrh. að úttekt eins og sú sem hér liggur fyrir yrði gerð og að málin yrðu rædd út frá breyttum viðhorfum en ekki út frá ástandinu fyrir 10–15 árum. Því miður höfum við allt of oft verið föst í þeirri umræðu, ekki komist út úr henni.

Ég ætla ekki að segja að þau atriði sem í þessari skýrslu eru séu eitthvað sem ég geti umhugsunarlaust fallist á, alls ekki. Engu að síður finnst mér að í fyrsta sinn í langan tíma hafi hv. þingmenn í höndum plögg sem beina muni umræðunni inn á nýjar brautir. Jafnframt hafa ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi okkar og þátttöku í varnarsamstarfinu orðið til þess að rödd Íslands og sjónarmið eiga mun greiðari aðgang inn í þetta samstarf en áður. Mér finnst það af hinu góða og skýrsla utanrrh., fylgiskjalið með ræðunni, jákvætt skref í þá átt að breyta umræðunni.

Þar kemur einnig fram að einhver markverðasta breytingin sem átt hafi sér stað í alþjóðamálum að loknu kalda stríðinu sé endurskilgreining á hugtakinu „öryggi og varnir". Áður hafði öryggishugtakið fyrst og fremst hernaðarlega merkingu en breytingarnar í alþjóðamálum hafa dregið úr mikilvægi beinna hervarna undanfarin ár. Í skýrslunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Jafnframt hefur öryggi fengið dýpri og margþættari merkingu. Aðgerðir til verndar öryggi ríkja eru nú í vaxandi mæli samslungnar almennum utanríkismálum þátttökuríkja hins alþjóðlega samfélags. Samstarf til eflingar friði og stöðugleika verður ekki með góðu móti skilið frá tilraunum til að komast fyrir rætur ófriðar. Efnahagsmál og viðskipti, stjórnmál, mannréttindi, tæknisamstarf og afvopnun snerta nú öryggismál að meira eða minna leyti. Jafnframt hefur virk þátttaka ríkja í störfum fjölþjóðlegra og alþjóðlegra stofnana fengið meira vægi en áður."

Virðulegi forseti. Boðskapurinn í ræðu hæstv. utanrrh. er nýr. Áður hefur ekki verið fjallað um það svo skýrt í sölum þingsins að okkur beri í ljósi breyttra aðstæðna að endurskilgreina þau hugtök sem við fjöllum svo gjarnan um í andateppustíl hér í ræðustól. Ég fagna því skýrslunni þó ég sé ekki í öllum tilvikum sammála því sem þar kemur fram.

Hæstv. ráðherra mætti hjá utanrmn. í gær til að fara yfir fylgiskjalið með okkur ásamt þeim sem sömdu þessa skýrslu. Hann nefndi að hér væri aðeins um fyrsta skrefið að ræða og enn ætti eftir fara ítarlega yfir þær tillögur sem lagðar eru fram í skýrslunni og hugsanlega mætti útvíkka nefndarsamstarfið. Það er jákvætt og ég tel að í framhaldinu, þar sem eftir á að fara yfir stjórnsýsluþáttinn og betur í þær tillögur sem fyrir liggja í skýrslunni, væri eðlilegt að þátttaka þingmanna kæmi til, þá a.m.k. fulltrúa frá utanrmn. Ég tek undir orð úr bréfi sem fylgir inngangi skýrslunnar, þar sem segir að ýmsar niðurstöður hópsins þarfnist augljóslega frekari umræðu og samráðs við hlutaðeigandi stjórnvöld, enda æskilegt að víðtæk samstaða ríki um meginþætti öryggis- og varnarmála þjóðarinnar.

Samstaðan þarf ekki einungis að vera meðal stjórnvalda. Hún þarf að vera mjög víðtæk meðal þjóðarinnar og meðal þeirra stjórnmálaflokka sem eiga fulltrúa á hv. Alþingi. Þess vegna hvet ég eindregið til þess að í framhaldinu verði tekin upp þau vinnubrögð að þingmenn og fulltrúar úr utanrmn. komi að vinnunni. Ég held að það muni bæta verulega umræðuna um þennan mikilvæga málaflokk í framtíðinni.

Í ræðu hæstv. ráðherra voru ýmis atriði sem ég vildi koma inn á. Ég tek undir það sem kemur fram í upphafi máls hans þar sem hann greinir frá því sem áður var vitað, að fram undan er mikilvæg formennska Íslands í Evrópuráðinu sem verður virkt framlag okkar til eflingar mannréttinda og lýðræðis í Evrópu. Ég held að þarna sé einstakt tækifæri, þar sem við gegnum formennsku í fyrsta sinn, til að hafa frumkvæði á sviði mannréttinda- og lýðræðismála. Við höfum möguleika á að leggja fram afgerandi tillögur og það er þörf á að þingmenn, þeir sem eru t.d. í Evrópuráðinu, fái að taka þátt í að móta tillögur sem lagðar verða fram af hálfu Íslands. Það er einnig möguleiki á að hafa afgerandi áhrif á innra skipulag Evrópuráðsins. Fyrir dyrum stendur að stokka það allt saman upp og ég tel nauðsynlegt að þar liggi fyrir skýrar tillögur af okkar hálfu.

Hæstv. ráðherra kom aðeins inn á EES-samninginn sem átti fimm ára afmæli fyrir stuttu. Hann sagði að hann hefði haft mjög jákvæð áhrif hér og það er vissulega rétt að í mörgu tilliti hefur EES-samningurinn og framkvæmd hans haft mjög jákvæð áhrif. Hins vegar hafa fylgt honum skuldbindingar sem lagt hafa á okkur þungar kvaðir, fjárhagslegar skyldur bæði á ríki og sveitarfélög. Ég tel að of lítið hafi verið gert til að taka saman öll atriði og skila um það heildstæðri skýrslu, upplýsingum til almennings. Í ræðu hæstv. ráðherra kom hins vegar fram að ákveðið hafi verið að stofna stöðu upplýsingafulltrúa fyrir EES-málefni í ráðuneytinu.

Fyrir þinginu liggur þáltill. sem ég flyt ásamt nokkrum hv. þm. þar sem einmitt er fjallað um aukna fræðslu og upplýsingar fyrir almenning um Evrópumálefni og milliríkjasamninga. Ég gat skilið hv. þm. Hjörleif Guttormsson,

fyrrum félaga minn sem talaði hér áðan, að með málflutningi okkar og m.a. slíkum tillöguflutningi væri verið að opna á aðild eða umsókn um aðild að Evrópusambandinu og öll jákvæð umræða eða öll umræða yfir höfuð um Evrópusambandið þyddi að verið væri að opna þar einhverjar glufur. Ég tel nauðsynlegt fyrir okkur í samstarfi þjóðanna að hér eigi sér stað opin og lýðræðisleg umræða um stöðu Íslands meðal Evrópuþjóðanna. Ég tel það mjög nauðsynlegt. Og ég tel það mjög nauðsynlegt að öflug upplýsingagjöf eigi sér stað til alls almennings í landinu. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá koma um 80% af þeirri löggjöf sem samþykkt er hér á landi frá Brussel og ég tel mjög mikilvægt, hvort sem um er að ræða löggjöf eða tilskipanir í hvaða formi sem er, að almenningur í landinu sé mjög vel upplýstur um það sem þarna fer fram. Við þurfum að auka hlut okkar í samstarfi þjóðanna og það gerum við ekki öðruvísi en staðið sé fyrir opinni og lýðræðislegri umræðu um þessi málefni. Sem betur fer vinn ég þannig sem stjórnmálamaður, hv. þm., að í ráðgjafasveit minni eru menn með mismunandi sjónarmið vegna þess að ég tel það mjög þroskandi fyrir hvern stjórnmálamann að skoða alla þætti máls (Gripið fram í.) og tel því að ég sé mjög heppin að hafa með mér fólk sem kemur inn með mismunandi sjónarmið og hjálpar þannig til við þau verkefni sem ég hef tekið að mér sem stjórnmálamaður.

Það er auðvitað mjög sérstakt að standa hér og svara fyrrverandi félaga en þannig gerast nú kaupin á eyrinni og ef hv. þingmenn kasta fram einhverju í ræðustól hljóta þeir að búast við að fá svör.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað fara aðeins yfir umhverfismálin og get í sjálfu sér stytt þá umfjöllun og tekið undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, í þeim efnum. Ég vil þó gjarnan fagna því sem jákvætt er í þeim kafla í ræðu ráðherra en það er að hæstv. ráðherra skyldi lýsa því yfir að hann teldi rétt að Ísland gerðist aðili að CITES-samningnum, sem er samningur um viðskipti með dýr og plöntur sem eru í útrýmingarhættu. Ég tek undir þau rök hans að með aðild styrkist verulega þátttaka okkar í alþjóðlegri samvinnu um vernd, nýtingu og viðskipti með lifandi náttúruauðlindir. Það er hins vegar með öllu óskiljanlegt hvers vegna sömu rök ættu ekki að gilda um aðild okkar að Kyoto-bókuninni og ég vil svo, virðulegi forseti, af því tími minn er að renna út, taka undir það sem hefur komið fram áður að nauðsynlegt er að taka undirritun Kyoto-bókunarinnar til umræðu á Alþingi og ég tel reyndar að nauðsynlegt sé að við förum í umræðu um framkvæmd Ríó-samningsins. Hver er staðan og hvert stefnum við? Ræða hæstv. ráðherra svaraði því ekki.

[14:34]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hlutirnir gerast hratt. Flokkurinn sem við hv. þm. sátum saman í fram á mitt síðasta sumar er farinn út af sviðinu, og það sem verra er, mér sýnist að grundvallaratriðin sem menn höfðu uppi séu líka að hverfa. Ég spyr því, virðulegur forseti, talsmann Samfylkingarinnar hvort Samfylkingin muni útiloka aðild að Evrópusambandinu eða hvort Samfylkingin muni hafa uppi hliðstæðan málflutning og hæstv. utanrrh., að halda þar öllum dyrum opnum.

[14:35]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mun Samfylkingin útiloka aðild að Evrópusambandinu? Getur einhver, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, útilokað aðild að samstarfi þjóðanna um alla framtíð? Er það hægt? Er það ábyrg afstaða að hafi maður einu sinni tekið afstöðu þá skuli hún standa óbreytt? Miðað við þær aðstæður sem við búum við í dag er hægt að segja: Það er ekki á dagskrá að sækja um aðild að Evrópusambandinu. En það getur ýmislegt breyst og það hefur ýmislegt breyst á *undanförnum árum og mánuðum* og það er óábyrg afstaða að taka ekki tillit til þeirra aðstæðna sem við búum við hverju sinni. Við hljótum fyrst og fremst að hafa hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi þegar teknar eru ákvarðanir og þá í takt við þær aðstæður sem við búum við.

[14:36]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur ýmislegt breyst.

[14:36]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það hefur ýmislegt breyst í pólitík og mér þykir það gott ef hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur nú gert sér grein fyrir því.

[14:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn á þá skýrslu um öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gerði að umræðuefni. Það er rétt sem hv. þm. sagði að það sem hér er lagt á borð er ekki útfært í neinum smáatriðum. Farið er yfir aðalatriðin og áframhaldandi vinna þarf að eiga sér stað í þessu sambandi. Ég hafði vænst þess að hér kæmu fram skoðanir frá hv. alþingismönnum um hvernig standa ætti að þessu starfi og ég lýsti því yfir í utanrmn. í gær að ég væri mjög opinn fyrir því að ýmsir kæmu að því starfi, bæði af hálfu Alþingis eða með öðrum hætti eftir því sem hugmyndir koma fram um. Ég fagna því sérstaklega að þingmenn stjórnarandstöðunnar eru fúsir til slíks samstarfs og það mun ekki standa á utanrrn. að reyna að skapa vettvang fyrir það.

[14:38]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þeirri skýrslu sem fylgdi með ræðunni er samantekt, niðurstöður á lokasíðunum og ákveðnar tillögur til úrbóta og leiðir til að vinna eftir. Ég lagði áherslu á það í ræðu minni að ég teldi eðlilegt að í framhaldinu kæmi Alþingi að þessu á einhvern hátt, til að mynda með því að fulltrúar úr utanrmn. tækju þátt í slíku starfi, t.d. hvernig unnið yrði úr þeim tillögum í framhaldinu og einnig þeim þáttum sem á eftir að taka sérstaklega á.

[14:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem einungis hérna upp til að taka undir með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, talsmanni Samfylkingarinnar, um að þetta plagg sem við höfum rætt hér lítillega, sem er fylgiskjal með ræðu utanrrh., er mjög merkilegt. Það er nýtt og ferskt framlag inn í umræðu um öryggismál og má segja að það rífi hana upp úr því hjólfari kaldastríðshjals og vaðals sem þingmenn Sjálfstfl. hafa til að mynda gert allt sitt besta til að halda umræðunni niðri í. Ég er sammála hv. þm. um að hér er kominn ákveðinn grundvöllur til að þróa, eigum við að segja skipulag ákveðinna hluta varnarmála okkar áfram. Ég bendi sérstaklega á að gert er ráð fyrir að kanna þurfi leiðir til að Íslendingar geti axlað stærra hlutverk einir eða í samstarfi með öðrum ríkjum í vörnum landsins. Og hvers vegna? Það er rökstutt á eftirfarandi hátt vegna

þess, eins og segir á bls. 35: „síðast en ekki síst gefur dvínandi hernaðarógn við landið Íslendingum færi á að takast á hendur stærra hlutverk í vörnum landsins en áður.“ Ég er algjörlega sammála þessu en þetta er eitthvað sem þarf að útfæra frekar og ég fagna því að það hefur komið fram í umræðum, í orðaskiptum hv. þm. og hæstv. utanrrh., að vilji er til að þingið komi að þessu. Ég held þetta skapi grundvöll fyrir miklu frjórri umræðu en Sjálfstfl. hefur beitt sér fyrir um þessi mál, en hann er að einangrast í þessari umræðu sem fulltrúi kalda stríðsins sem er löngu liðið.

[14:41]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að nú í fyrsta skipti í þessum sal yrði hún vör við breytingar á umræðunni um málefni Atlantshafsbandalagsins og öryggis- og varnarmál og nú yrðum við að fara að ræða þessi mál út frá breyttum aðstæðum, nú loksins. Þá vil ég spyrja: Gerir hv. þm. sér ekki grein fyrir því að frá árinu 1991 er búið að vinna á vegum Atlantshafsbandalagsins að endurskoðun á nánast allri starfsemi bandalagsins og tengslum bandalagsins við ríki Evrópu sem utan þess standa og sérstaklega fyrrverandi ríki Sovétríkjanna? Við höfum tekið þátt í þeim umræðum og þær umræður hafa farið fram á Alþingi á hverju einasta ári. Hvar hefur hv. þm. verið þegar við höfum rætt þetta í skýrslum utanrrh. á hverju einasta ári?

[14:42]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega höfum við tekið þátt í slíkum viðræðum síðan 1991, en hefur hv. þm. nokkru sinni áður verið með svona skjal í höndum eins og við höfum nú? Nei, það hefur hann ekki. Hv. þm. hefur ekki verið með úttekt á stöðunni af Íslands hálfu og með því opnað möguleika fyrir þingið til að koma að þessum viðræðum og móta þau séríslensku sjónarmið sem við þurfum ævinlega að hafa í heiðri, vegna þess að frumkvæðið á alltaf að koma frá okkur. Það er mitt mat, virðulegi forseti, að forsendur þess að fara í málefnalega umræðu séu allt aðrar í dag eftir að við höfum fengið þetta plagg. Og umræðan í utanrmn. var allt önnur í gærkvöldi en ég hef áður upplifað þar, miklu málefnalegri og farið var yfir fleiri svið en áður hefur verið gert, sem hefur verið mjög þröngt.

[14:43]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur verið einhvers staðar annars staðar þegar þær miklu umræður um aðild og aðlögun Atlantshafsbandalagsins að nýjum aðstæðum hafa farið fram því þær hafa verið meginþema umræðunnar um þessi mál á síðastliðnum árum.

Ég tók einnig eftir því að hv. þm. sagðist ekki vera sammála öllu því sem fram kæmi í ræðu ráðherrans og í fylgiskjalinu sem fylgir með hinni prentuðu útgáfu af ræðunni, en hún forðaðist að nefna það sérstaklega hverju hún væri ósammála. Nú ber að geta þess að í ræðu ráðherrans koma fram stefnumarkandi fullyrðingar um að samstaða sé milli aðildarríkjanna að ekki verði hróflað við grundvallaratriðum í samstarfinu með NATO og Bandaríkjunum þannig að tryggt verði, eins og hér stendur, „að Atlantshafstengslin og sameiginlegu varnarskuldbindingarnar verði áfram í fyrirrúmi“. Og þá vil ég spyrja hv. þm., fyrst hún er talsmaður Samfylkingarinnar í málinu, hvaða skoðun hefur hún á þessari stefnumarkandi yfirlýsingu?

[14:44]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef verið viðstödd umræður um aðlögun Atlantshafsbandalagsins að breyttum tímum, en hér er tekið á þessu sérstaklega út frá aðlögun Íslands, breyttum aðstæðum, og það hafa orðið m.a.s. þær breytingar innan Atlantshafsbandalagsins að möguleikar okkar á því að koma sjónarmiðum okkar á framfæri eru meiri en áður. Ég fór yfir það um daginn að í samstarfssamningi Samfylkingarinnar, starfssamningi til fjögurra ára, eru ekki áætlaðar nokkrar breytingar á aðild að NATO.

[14:45]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var um margt merk ræða hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Hún endaði mál sitt á að segja: Hver er staðan og hvert stefnum við? Það var dálítið óljóst að skynja þá stefnu hjá hv. þm., talsmanni Samfylkingarinnar. Hún hefur ekki komið fram með það hverju hún er beinlínis ósammála í skýrslu utanrrh. Hún sagði líka í ræðu sinni að hún hefði ráðgjafa sem hefðu mikla breidd og mig langar að spyrja: Hvernig var með þá félaga hennar í Alþb. sem hlupu frá borði, höfðu þeir einhverja aðra breidd eða aðrar víddir? Var það þess vegna sem þeir fóru frá henni?

[14:46]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um vídd eða breidd hv. þm. sem nú hafa stofnað þingflokk óháðra verða þeir hv. þm. sjálfir að svara.

[14:46]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn svaraði ekki hverju hún er ósammála í skýrslu utanrrh. Hún hefur ekki svarað því hverju hún er beinlínis ósammála í skýrslunni. En ég þakka fyrir þær upplýsingar sem hún kom með varðandi breidd og vídd þingmanna.

[14:46]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skýrslan barst okkur seint í gærkvöldi og ég hef ekki farið nákvæmlega yfir hana þannig að ég sé tilbúin að tíunda það, en það eru nokkur atriði. Eins og ég kom inn á er ég t.d. ósammála þeirri stefnu sem þar er kynnt varðandi umhverfismálin, undirritun Kyoto-bókunarinnar og fleiri þætti.

En, virðulegi forseti, mér láðist að geta þess að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason getur mælt vídd og breidd eins fyrrverandi hv. þm. Alþb.

[14:47]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla og góða skýrslu um utanríkismál. Í máli mínu í dag mun ég fjalla fyrst og fremst um málefni Vestnorræna ráðsins, enda er mér málið skylt og samstarf þessara grannþjóða er okkur mjög mikilvægt.

Á þskj. 782, sem er 477. mál þingsins, er skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 1998. Fulltrúar þjóðþinga Færeyja, Grænlands og Íslands stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi 24. september 1985. Samstarf þessara þjóða hefur þróast á mjög jákvæðan hátt á þessu tímabili og ekki síst á síðustu árum eftir að við

fengum sérstakan starfsmann fyrir ráðið. Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var gerð nafnbreyting á ráðinu. Nú heitir ráðið Vestnorræna ráðið í stað Vestnorræna þingmannaráðið eins og það hét áður. Þá var samþykktur nýr stofnsamningur og nýjar vinnureglur og ný markmið voru sett fyrir ráðið.

Markmið ráðsins eru helst þau að starfa að hagsmunum er lúta að auðlindum og menningu þessara þjóða, að fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna landanna og Vestnorræna ráðið er einnig þingræðislegur tengiliður landanna þriggja.

Í Vestnorræna ráðinu sitja 18 þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Ársfundur er æðsta áskorunarvald ráðsins en á milli ársfunda starfar þriggja manna forsætisnefnd og í henni sitja Lisbeth Petersen frá Færeyjum og Anders Andreasen frá Grænlandi auk mín. Við erum einnig með ákveðnar vinnunefndir um einstök mál. Þingmenn leitast við að ná markmiðum sínum með ályktunum sem kynntar eru á hverjum ársfundi. Við fylgjum þeim eftir með tilmælum til lands- og ríkisstjórna. Við erum með ýmiss konar samstarf við aðra aðila innan vestnorræns samstarfs og samstarf við norðurheimskautastofnanir. Við skipuleggjum einnig ráðstefnur og ýmsa fundi um málefni okkar.

Í byrjun árs 1998 sátu eftirtaldir fulltrúar í Vestnorræna ráðinu: Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Guðný Guðbjörnsdóttir, Ólafur G. Einarsson og Svavar Gestsson. Varamenn voru þá Gísli S. Einarsson, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson og Kristín Ástgeirsdóttir.

Þann 5. júní voru kosnir sömu sex fulltrúar, en sú breyting varð á hópi varafulltrúa að Svanfríður Jónasdóttir var kjörin í stað Gísla S. Einarssonar. Þann 9. júní 1998 kaus Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins á fundi sínum Ísólf Gylfa Pálmason sem formann og Ástu R. Jóhannesdóttur sem varaformann Íslandsdeildar fyrir starfsárið.

Ef ég kem þá aðeins inn á störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, en við héldum alls fimm fundi á árinu, fjölluðum m.a. um undirbúning æskulýðsráðstefnu sem haldin var í Reykjavík 10.–12. júlí sl. Við undirbjuggum framkvæmd lífsgildakönnunar sem ráðið hefur falið Félagsvísindastofnun Íslands að vinna að og mun ég koma betur að því síðar í ræðu minni. Við erum að vinna að því að setja á fót vestnorrænan menningarsjóð og koma vestnorrænu samstarfi betur á framfæri í húsum Norðurlandanna í Nuuk á Grænlandi, Þórshöfn í Færeyjum og hér í Reykjavík.

Það er stefna okkar að efla samskipti Vestnorræna ráðsins og Norðurlandaráðs og annarra fjölþjóðastofnana. Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur var gestur á fundi Íslandsdeildar í desember sl. og greindi hann í máli og myndum frá ferðum sínum um vestnorræna svæðið. Svavar Gestson var fulltrúi Vestnorræna ráðsins á ráðstefnu Norðurlandaráðs um umhverfismál sem haldin var í Gautaborg 26.–27. febrúar 1998 og einnig á ráðstefnu þingmannanefndar Norðurheimskautsráðsins í Rússlandi 22.–24. apríl. Formaður Vestnorræna ráðsins sat 50. þing Norðurlandaráðs í Ósló 9.–12. nóvember sl. Auk þess hefur framkvæmdstjóri ráðsins, Páll Brynjólfsson, og sá sem hér stendur fundað með ýmsum aðilum, svo sem fulltrúum Norrænu upplýsingaskrifstofunnar á Akureyri og forstöðumanni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, auk fulltrúa CAFF-skrifstofunnar á Akureyri, fulltrúum Háskólans á Akureyri og Akureyrarbæjar um samninga sem gerðir hafa verið um vestnorræna samvinnu. Í haust funduðum við í Kaupmannahöfn með fulltrúum frá Norrænu ráðherranefndinni, þeim Bjarna Daníelssyni og Ragnheiði Þórarinsdóttur þar sem m.a. var verið að fara yfir á hvern hátt við gætum stofnað hinn svokallaða Vestnorræna menningarsjóð fyrir árið 2000. Í september hittum við Jógvan Durhuus og Lisbeth Petersen úr landsdeildinni í Færeyjum, og Ingu Ellingsgård, formann undirbúningsnefndar fyrirhugaðrar kvennaráðstefnu sem haldin verður í Færeyjum á sumri komanda. Við höfum einnig sótt ráðstefnu um jafnréttismál á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Við fórum einnig á ráðstefnu um byggðamál sem haldin var í Mo i Rana í Noregi og hittum m.a. Svein Ludvigssen, sem er varaformaður Norðurlandanefndar Norðurlandaráðs. Loks má geta þess að framkvæmdastjóri, formaður og ritari Íslandsdeildar hittu stjórn Norræna félagsins á Íslandi og ræddu um samstarfsmöguleika þessara tveggja stofnana, þ.e. félagsins og ráðsins.

14. ársfundur ráðsins var haldinn í bænum Ilullisat á Grænlandi dagana 9.–12. júní 1998. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Svavar Gestsson. Anders Andreasen frá Grænlandi flutti skýrslu forsætisnefndar og gerði grein fyrir störfum ráðsins. Gestir og fyrirlesarar ársfundarins voru Magnús Magnússon frá Háskóla Íslands en hann hélt fyrirlestur um mannlíf á Austur-Grænlandi og sýndi kvikmynd sem Sigrún Stefánsdóttir gerði ásamt öðrum um þetta rannsóknarverkefni. Þá flutti Ragnheiður Þórarinsdóttir, ráðgjafi hjá Norrænu ráðherranefndinni, einnig erindi um starfsemi nefndarinnar og Karl Sigurðsson frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði grein fyrir þeirri lífsgildakönnun sem unnið er að á vegum Vestnorræna ráðsins. Svein Ludvigssen, sem er varaformaður Norðurlandanefndar Norðurlandaráðs, sat fundinn og flutti erindi um samstarf þessara stofnana.

Þrjár ályktanir voru samþykktar á fundinum sem ég hef þegar gert grein fyrir hér í þingsölum og fylgt eftir hjá menntmrh. Þær voru um internetsamvinnu skóla, um samvinnu í íþróttasamstarfi og stofnun sérstaks menningarsjóðs.

Á fundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins í Ósló 11. nóvember var fjallað um málefni ráðsins og m.a. um það á hvern hátt við ættum að fylgja eftir ályktunum ráðsins. Ákvarðanir um innri mál voru samþykktar. Þema þessa árs er ákveðið að verði málefni kvenna og árið 2000 verður vestnorrænt menningarár. Á ársfundi ráðsins var einnig samþykkt fjárhagsáætlun fyrir ráðið. Fjárhagsáætlunin hljóðar upp á 600 þús. danskar kr. Ísland greiðir helming þeirrar upphæðar en Færeyingar og Grænlendingar einn fjórða hluta hvor.

Vestnorræna ráðið hélt myndarlega æskulýðsráðstefnu í Reykjavík dagana 10.–12. júlí sl. Markmiðið með ráðstefnunni var að skapa vettvang fyrir ungt fólk á Vestur-Norðurlöndum til umræðu og skoðanaskipta um sameiginleg málefni til að öðlast þekkingu á högum hvers annars og til að veita því tækifæri til að kynnast og þannig renna styrkari stoðum undir vestnorrænt samstarf. Um 130 ungmenni á aldrinum 18–23 ára frá löndunum þremur tóku þátt í ráðstefnunni, auk þorra þingmanna Vestnorræna ráðsins. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti lýðveldisins, var meðal fyrirlesara og gaf ráðstefnunni aukið vægi, því við fengum talsverða fjölmiðlaumfjöllun. Hún fjallaði m.a. um dönskuna sem sameiginlegt samskiptatungumál þessara þriggja þjóða og vakti ræða fyrrverandi forseta mikla athygli.

Önnur verkefni sem fyrirhuguð eru er að dagana 5.–8. júní nk. verður jafnréttisráðstefna í Færeyjum en Hólmfríður Sveinsdóttir frá Kvenréttindafélagi Íslands er fulltrúi Íslands í undirbúningsnefnd að þeirri ráðstefnu, en gert er ráð fyrir að 75 manns taki þátt í þessari ráðstefnu, 25 frá hverju landi.

Vinna að svokallaðri lífsgildakönnun á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands stendur yfir og þar er verið að bera saman lífsgildi og áhugasvið ungs fólks í þessum þremur löndum. Úrvinnsla stendur yfir. Þegar hefur verið unnið úr gögnum frá Íslandi og Færeyjum en enn þá er ekki lokið úrvinnslu á gögnum frá Grænlandi.

Í undirbúningi er að byggja upp Þjóðhildarkirkju og bæ Eiríks rauða í Brattahlíð á Grænlandi. Reiknað er með að framkvæmdum verði lokið árið 2000, þegar landafunda í Vesturheimi verður minnst. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefur þegar veitt 10 millj. kr. til verkefnisins og er Árni Johnsen formaður Brattahlíðarnefndar.

Sjávarútvegsráðherra Íslands stóð fyrir vestnorrænni ráðherraráðstefnu um sjávarútvegsmál 15. apríl til að fylgja eftir málum frá sjávarútvegsráðstefnu sem haldin var á Grænlandi á vegum Vestnorræna ráðsins sumarið 1997.

Í vinnslu er kynningarbæklingur um starfsemi ráðsins auk þess sem unnið er að gerð heimasíðu fyrir Vestnorræna ráðið. Nú hefur hæstv. forsrh. endurvakið samstarfsfundi lögmanns Færeyja og formanns landstjórnar Grænlands sem Steingrímur Hermannsson kom á á sínum tíma og ber að þakka það framtak.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu í Vestnorræna ráðinu fyrir gott samstarf. Brátt lætur Svavar Gestsson af störfum sem alþingismaður. Hann var formaður Íslandsdeildar á síðasta tímabili. Þar hefur Svavar Gestsson unnið gott starf og ber að þakka það sérstaklega. Ég vil einnig þakka framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins, Páli Brynjarssyni, fyrir mjög góð störf, einnig ritara ráðsins, Auðuni Atlasyni, og starfsmönnunum Elínu Flygenring, Kristínu Ólafsdóttur og Belindu Theriault.

[15:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið mjög fróðleg umræða eins og utanríkisumræðan oftast er. Ég tek undir það að umræðan í dag hefur um margt verið ólík því sem áður hefur verið. Ég get líka skrifað upp á mjög margt af því sem fram kom í ræðu utanrrh. í dag.

Ég mun hins vegar ekki, þrátt fyrir orð hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar áðan, fara lið fyrir lið yfir ræðuna og greina frá því sem ég er sammála eða ósammála. Ég vildi fremur stikla á stóru og fyrst og fremst fara inn á þá þætti utanríkismála sem mér eru hugstæðir, í framhaldi af því sem talsmenn Samfylkingarinnar hafa þegar komið inn á í ræðum sínum.

Í upphafi vil ég þó taka fram að get ekki tekið undir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og þar með stefnu utanrrh. varðandi Kyoto. Ég minni, herra forseti, á að utanrrh. boðar í dag í ræðu sinni að hann vilji hafa samráð við utanrmn. um varnarmálastefnu. Mér finnst mjög farsælt að leita eftir samráði og að virða Alþingi í öllu sem víkur að stóru málum þjóðarinnar. Varnarmálin og Kyoto eru slík mál og þess vegna hefði verið mjög mikilvægt að hafa samráð við utanrmn. um Kyoto-bókunina, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að undirrita ekki.

Ég tel það pólitísk skilaboð að skrifa undir Kyoto-bókunina. Það eru skilaboð um að Ísland ætli markvisst að taka þátt í verkefninu og af ábyrgð. Verkefni ríkisstjórnarinnar væri síðan að útfæra og kynna hvernig hún ætlaði sér að ná þeim markmiðum sem lögð væru til grundvallar. Það að skrifa undir gæti þýtt að Íslendingar trúi að skilningur sé á sérstöðu þeirra og treysti því að staða Íslands í orkumálum og það sem Ísland hefur sett fram verði viðurkennt. Að skrifa undir er sterkara en að biðja um 0,5–2% sem menn vilja fá í viðbót við 10%, sem er það mesta sem þjóð hefur fengið. Það er því umhugsunarefni fyrir okkur að fara þá leið sem ríkisstjórnin hefur valið, að vera eina landið innan OECD sem ekki skrifar undir bókunina. Að öðru leyti vísa ég til ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í dag og tek undir orð hans.

Þó er eitt atriði sem ég vildi nefna, herra forseti. Í morgunþætti útvarpsins í morgun var virtur lögmaður var að ræða sjálfstæðisumræðuna í Færeyjum. Hann kom inn á að hann hefði hlustað á útvarpsþátt í Færeyjum þegar hann var staddur þar fyrir nokkrum árum. Þar stilltu menn því þannig upp að fyrir Færeyinga mundi þetta snúast um annaðhvort sjálfstæði eða velferð. Í umræðuþættinum í morgun voru menn að hafna þessu sjónarmiði, að það væri mikil einföldun og málin snerust ekki um annaðhvort velferð eða eitthvað annað. Á sama hátt vil ég afgreiða það sem ráðherrann sagði, að við stöðvuðum uppbyggingu, skertum velferð þjóðarinnar í framtíðinni ef við skrifuðum undir. Ég er ósammála því.

Herra forseti. Menn hafa staldrað við fjölmargt úr skýrslunni í umræðunni í dag. Ísland hefur formennsku á fjölmörgum sviðum í erlendum samskiptum á þessu ári. Ég vænti mikils af Íslandi sem formennskulandi. Mér finnst Ísland hafa lagt upp með mjög góða stefnu þar sem þeir hafa gegnt formennsku. Hér kemur fram að Ísland ætli að leggja áherslu á að móta samnorræna stefnu varðandi norðlægu víddina, sem er hin finnska tillaga innan Evrópusambandsins, og vilji efla umhverfis- og atvinnu- og efnahagsmál á norðurslóðum. Mig langar að spyrja ráðherrann um hvernig hann sjái að norræna víddin komi okkur til góða, sú ágæta stefna. Á Norðurlandavettvangi er mikið rætt um orkusvið og samgöngusvið. Ég hef áður reynt að kalla eftir upplýsingum um hvert hlutverk okkar verði.

Þá er staldrað talsvert við Evrópumálin og Evrópuráðið þar sem Ísland er líka að taka við formennsku. Tekið er fram að framkvæmdastjóri Evrópuráðsins hafi verið gestur hér fyrir nokkru og talið að tækifærin á þessu ári væru einstök, einkum varðaði samstarf milli Evrópuráðsins og ÖSE og varðandi mannréttindi, flóttamenn og málefni minnihlutahópa. Það eru kannski helst þau mál sem ég ætla að koma að hér á eftir.

Einnig kemur fram að Evrópuráðið hafi ákveðið að koma á fót embætti mannréttindafulltrúa sem ætlað sé að fylgjast með þróun mannréttinda og lýðræðismála í aðildarríkjunum. Þetta finnst mér mjög mikilvægt. Varðandi Sameinuðu þjóðirnar er rætt um að Ísland muni hugsanlega sækjast eftir sæti í mannréttindaráðinu og leggja þannig meira af mörkum í alþjóðlegri mannréttindabaráttu. Þetta væri mjög sterkt og þetta mundi ég styðja að Ísland gerði. Ég hvet ráðherrann til að fylgja þessu eftir og láta verða af þessu.

Ég hef áður spurt utanrrh. út í alþjóðlegan sakadómstól. Í ræðu hans í dag kemur fram að síðar á þessu ári hyggist Ísland fullgilda þann samning. Undir hann skrifuðu 74 lönd og Ísland var með þeim fyrstu. Nú er komið að því að staðfesta samninginn. Ég fagna því en ég spyr ráðherrann: Hvað er þetta stórt mál? Liggur fyrir hvaða lögum þurfi að

breyta? Hve stórt í sniðum er málið fyrir okkur? Af því að þessu kjörtímabili er að ljúka er ólíklegt að það takist að ná fram þeim lagabreytingum sem æskilegt og spennandi hefði verið fyrir okkur til að vera með allra fyrstu löndum til að fullgilda samninginn um alþjóðlegan sakadómstól.

Það þarf 60 ríki til að dómstóllinn verði virkur. Mannréttindasamtök og fórnarlömb mannréttindabrota um allan heim hafa barist fyrir stofnun þessa alþjóðlega sakadómstóls. Alltaf ber einhver ábyrgðina og því alltaf hægt að sækja einhvern til saka fyrir þau hörmulegu mannréttindabrot sem eiga sér stað í kringum okkur og í fjarlægari löndum. Ég hef hvatt til að við fullgiltum þennan samning og mér fyndist að við ættum að gera það strax. En skammt lifir þings og því verð ég að láta mér nægja að fagna því að fullgilda eigi þennan samning, en mundi gjarnan vilja heyra nánar um það frá ráðherra.

Ég er ánægð með að Ísland sækist eftir sæti í mannréttindaráðinu. Hins vegar spyr ég ráðherrann hvort Ísland muni taka þátt í fundi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í Genf. Hann hefst í kringum 20. mars, ef ég man rétt. Þar munu gerðar ýmsar tillögur til úrbóta. Mannréttindaráðið er hið virka tæki Sameinuðu þjóðanna og staðreyndin er sú að brotleg ríki taka mark á tillögum sem samþykktar eru á fundum þess. Ef tillögur sem varða brotleg ríki komast í gegnum fundinn þá skiptir það máli af því að ríkin taka mark á því. Því spyr ég: Hvaða mál lætur Ísland sig varða á þessum fundi? Sækir Ísland fundinn og mun það láta sig ákveðin mál varða?

Erfiðasta tillagan fyrir fundinum er um dauðarefsingar í Bandaríkjunum. Við erum gjarnan að tala um fjarlægari lönd og mannréttindabrot í þeim löndum. Við tölum hins vegar ekki oft um að í þessu vestræna ríki séu framin mannréttindabrot eða að þar séu þjóðfélagshættir sem við getum ekki fallist á. Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið mjög sterkt á um það sem snýr að börnum og unglingum. Í Bandaríkjunum er fólk sem fremur glæpi undir 18 ára aldri tekið af lífi í fyllingu tímans, líka andlega vanheilt fólk. Um þetta er nýlegt dæmi frá 4. febrúar.

Ég spyr, herra forseti, utanrrh. Íslands: Þorum við að hafa skoðun á þessu máli? Þorum við að hafa þá skoðun að afnema eigi dauðarefsingar og ekki sé til sóma að vestrænt ríki, sem oft er litið upp til, noti dauðarefsingar? Þetta er eitt af stóru málunum á fundi mannréttindaráðsins.

Evrópuráðið, sem við munum innan skamms veita formennsku, tekur skýra afstöðu gegn dauðarefsingum og vill að öll aðildarríki afnemi dauðarefsingar. Eftir því sem ég best veit þá eru aðeins Úkraína og Albanía eftir og þau ætla sér að afnema dauðarefsingar. Þetta gerist um alla Evrópu. Alls staðar í löndum Evrópu er fólk að taka á þessum málum. Evrópa er að verða dauðarefsingalaust svæði meðan slíkar refsingar aukast í samstarfslandi okkar, Bandaríkjunum. Þess vegna spyr ég: Mun Ísland taka afstöðu í Genf gegn dauðarefsingum Bandaríkjamanna?

Þarna er fjallað um fleiri mál, t.d. um börn í hernaði, ástandið í Alsír og Tyrklandi og stöðu Kúrda eins og komið hefur verið inn á hér.

Ég vil geta þess, herra forseti, að tvö lönd eru ekki aðilar að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þau eru Sómalía, sem kemur kannski engum á óvart, og Bandaríkin — Bandaríki Norður-Ameríku. Þetta er alvarlegt. Við erum alltaf að tala um hvernig við þurfum að halda á málum gagnvart fjarlægum löndum o.s.frv. en við beinum sjaldan spjótum að þessu landi sem við eigum að öðru leyti góð samskipti við. Við eigum að láta okkur varða, þótt okkar land sé herlaust, börn í hernaði. Við eigum að láta okkur varða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hvaða lönd virða hann.

Ég hef haldið því fram, herra forseti, að Íslendingar með sína djúpu lýðræðishefð og herlausa þjóð eigi að vera rödd mannréttinda á alþjóðavettvangi, ekkert minna. Rödd mannréttinda á alþjóðavettvangi. Ísland getur það. Íslendingar eru virt þjóð og íslenskir stjórnmálamenn í forustuhlutverkum í erlendu samstarfi, hafa alls staðar áunnið sér virðingu fyrir vinnubrögð sín.

Ég vil hrósa utanrrh. fyrir að hafa í auknum mæli orðið slík rödd mannréttinda, bæði í málflutningi sínum hér á Alþingi og líka með því að leggja áherslu á stóru málin í erlendum samskiptum, eins og varðandi Evrópuráðið. Ég hef trú á því að þetta sé rétt stefna.

Á öðru sviði, herra forseti, hef ég látið mig varða mannréttindamál, en það eru mál flóttamanna. Af því að við erum sammála um að utanríkismálin eru vítt svið, ætla ég enn á ný að brýna fyrir utanrrh. að frv. um flóttamenn, sem reyndar er á verksviði dómsmrh., er ekki enn þá komið fyrir þingið. Ég er búin að koma með fyrirspurnir og ábendingar varðandi réttarstöðu flóttamanna allt þetta kjörtímabil. Ég hef kallað eftir því að lögin yrðu endurskoðuð og að gengið yrði í þessi mál á kjörtímabilinu. Lög skortir um réttarstöðu flóttamanna. Í okkar lögum er eingöngu ákvæði um pólitíska flóttamenn. Við eigum að tryggja ráðgjöf, við eigum að tryggja túlk, við eigum að tryggja réttaraðstoð og að bann við brottvísun og endursendingum verði í takt við flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna frá 1951 sem við erum aðilar að.

Herra forseti. Ég veit að þetta mál er á forræði dómsmrh. Ég veit líka að forgangsmál og forgangsröðun eru rædd á vettvangi ríkisstjórnar. Ég þarf ekki að vænta þess að lög um flóttamenn náist í gegnum þingið, jafnvel þó að þau komi inn á næstu dögum eins og stefnir e.t.v. í. En þetta er alltaf spurning um forgangsröðun. Forgangsröðun er oft umhugsunarefni og þess vegna minni ég á þetta hér.

Að öðru leyti þakka ég fyrir margt það góða sem er að finna í þessari ræðu.

[15:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að reyna að svara nokkrum fyrirspurnum sem hafa komið fram. Að því er varðar norrænu víddina skiptir það okkur afar miklu að þetta mál skuli vera tekið upp á vettvangi Evrópusambandsins og Evrópusambandið skuli gerast aðili að því á þann hátt sem til stendur. Við höfum lengi barist fyrir því að stofna Norðurskautsráðið, sem orðið er að veruleika, en það er ekki nóg. Það verður líka að beina athyglinni í meira mæli að þessum svæðum, beina athyglinni í norður og í vestur og ég tel að með því að norræna víddin hefur verið samþykkt innan Evrópusambandsins að frumkvæði Finna, þá muni það skipta miklu máli fyrir okkur Íslendinga.

Að því er varðar Rómarsamþykktina um hinn alþjóðlega sakamáladómstól, þá stefnum við að því að koma með það mál inn á Alþingi næsta haust eða utanrrn. stendur að þeim undirbúningi. Búið er að þýða þann samning þannig að hann er nánast tilbúinn. Jafnframt honum þarf að vinna að löggjöf á vettvangi dómsmrn. og við höfum verið í sambandi við það og ég veit ekki betur en að það mál sé komið nokkuð á rekspöl.

Ég vildi í þessu sambandi nefna það sem hv. þm. sagði í lokin um flóttamenn. Framlagning á frv. til laga um útlendinga, er snertir þetta mál, hefur verið samþykkt í ríkisstjórninni. Ég veit að þetta mál var afgreitt í þingflokkum stjórnarflokkanna í dag eða gær, a.m.k. var það inni á borði hjá okkur í Framsfl. og ég reikna með að það hafi líka verið inni á borði hjá Sjálfstfl., og á ekki von á að nokkur fyrirstaða hafi verið í sambandi við það mál.

Ég hef því miður ekki tíma til að koma inn á ýmis mannréttindamál sem hv. þm. ræddi um en vænti þess að ég geti e.t.v. gert það í síðara svari mínu.

[15:18]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að mjög mikilvægt er að sú stefnumörkun hafi náðst fram í Evrópusambandinu um norræna áherslu sem felst í norrænu víddinni. Það sem ég var að velta fyrir mér, af því að ég er búin að hlusta á umfjöllun um það hvaða áhrif þetta gæti haft á Norðurlönd og Norður-Rússland á samgöngusviðinu, í orkusamstarfi o.s.frv., þá hafa það verið þættir sem ekki eru mjög tengdir okkur og ég hef verið mjög áhugasöm um að reyna að átta mig á þeim. Auðvitað munum við styðja norðlægu víddina gagnvart þessum svæðum en hvernig hún snýr að okkur Íslendingum beinlínis, á eyju norður í Atlantshafi, hef ég ekki alveg áttað mig á.

Við vitum að áhersla í Norðurlandasamstarfinu og Evrópusamstarfinu hefur í ríkum mæli verið á austursvæðið og þegar við á Norðurlöndum eða í Norðurlandasamstarfinu tölum um grannríkin, þá hugsar fólk mjög oft um grannríkin í austri. Þetta hefur verið áhyggjuefni okkar hér norður frá. Þess vegna styð ég þetta mál en legg áherslu á að vita hvernig þetta snýr að okkur á Íslandi.

Ég var búin að heyra um frv. um flóttamennina, að það væri trúlega komið til þingflokkanna. Ég harma að það mál skuli ekki nást fram á þessu þingi, því ekki nást öll þau góðu mál fram sem ráðherrar koma fram með í lokin, þó að það séu mál sem eru okkur stjórnarandstöðunni hugstæð.

Ég spurði líka um hvaða mál Ísland muni láta sig varða á fundi mannréttindaráðsins í Genf. Mun Ísland eiga þar fulltrúa? Mun Ísland taka afstöðu til erfiðustu tillögunnar, sem er um dauðarefsingar í Bandaríkjunum? — svo ég nefni eitthvað af því sem kom fram í fyrri ræðu minni.

[15:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ísland mun sækja fundinn í mannréttindanefndinni 20. mars og við erum líka í undirbúningsnefnd og munum sækja undirbúningsfund nk. mánudag að því er þetta mál varðar. Við höfum stutt tillögur vegna mannréttindabrota í löndum eins og Íran, Írak, Afganistan og fleiri löndum. Við höfum stutt tillögur í sambandi við baráttu gegn dauðarefsingu og við erum á móti dauðarefsingu hvar svo sem hún er framkvæmd, einnig í Bandaríkjunum. Við höfum einnig lagt fram tillögur í baráttunni gegn aftökum án dóms og laga. Við höfum tekið þátt í að flytja tillögur um vernd þeirra sem berjast fyrir mannréttindum, sem ekki veitir af, og við höfum jafnframt barist fyrir tillögum um viðurkenningu á að mannréttindi séu algild, það skiptir einnig miklu máli, og við munum halda áfram að berjast fyrir slíkum málum á þessum vettvangi.

Ég vil jafnframt geta þess að við höfum stóraukið samstarf okkar við félagasamtök innan lands og nefni í því sambandi mannréttindaskrifstofuna. Við höfum unnið allmikið starf í að fá það ágæta fólk til betra samstarfs og samhæfa starfsemi þeirra sem vinna á þessum vettvangi. Við höfum jafnframt átt mjög gott samstarf við önnur félagasamtök og ég get nefnt í því sambandi samtökin Barnaheill, en þau samtök hafa mætt fyrir okkar hönd og verið fulltrúar Íslands á tveimur alþjóðlegum ráðstefnum um málefni barna. Á þann hátt viljum við virkja í ríkari mæli það ágæta fólk sem vinnur að mannréttindum innan lands í margvíslegum félagasamtökum, ekki bara innan Amnesty International, sem eru mjög mikilvæg samtök, heldur jafnframt mörg önnur samtök, Rauða krossinn og mörg önnur sem ég hef ekki tíma til að telja upp.

[15:23]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða um utanríkismál leiðir í ljós hversu gerbreytt utanríkisstarfið er orðið. Líka það sem fram kemur í ræðu ráðherrans um að aðilar úr viðskiptalífinu hafa í auknum mæli fylgt utanrrh. þegar hann hefur farið til fjarlægara landa og hvernig utanrrn. er farið að styðja við viðskiptahagsmuni og uppbyggingu þeirra á erlendum vettvangi. Þetta þekktist ekki fyrir nokkrum kjörtímabilum. Þetta er nýtt.

Það er líka fremur nýtt að félagasamtök innan lands eru að auka samstarf sitt við utanrrn. á sama hátt og við önnur ráðuneyti. Stjórnsýsla okkar hefur tekið miklum breytingum og starf ráðherra hefur orðið mun víðtækara á öllum sviðum stjórnsýslunnar. Ekki síst að vinna með frjálsum félagasamtökum og opna skrifstofur sínar fyrir samstarfi innan lands og utan. Þetta er mjög merkilegt og þessi þróun á eftir að verða miklu meiri og örari. Ég er ánægð með þetta.

Ráðherrann svaraði mér fremur litlu um norrænu víddina. Ég mun þá ræða það mál nánar síðar. Ég er mjög sátt við að Ísland skuli verða með fulltrúa á fundinum í Genf. Mér finnst að það sé auðvitað það eina rétta að Ísland styðji tillögur gegn dauðarefsingum almennt og hvar sem er, en ég veit líka að um leið og slíkar tillögur beinast að stóru samstarfsríki, t.d. Bandaríkjunum, þá er það vandasamt, en auðvitað á Ísland að vera sjálfu sér samkvæmt og gera harða kröfu um að dauðarefsingar verði líka afnumdar í Bandaríkjunum.

[15:25]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur flutt Alþingi og taka undir með öðrum að þar koma fram ýmis ný viðhorf. Þetta er ekki hefðbundin ræða utanrrh. á Alþingi þar sem nánast má segja að oftast hafi fá tíðindi verið boðuð. Þarna eru vissulega boðuð ný tíðindi sem eru áhugaverð.

Hæstv. ráðherra gerir EES-samninginn m.a. að umtalsefni, sem varð fimm ára í síðasta mánuði, og ráðherra segir réttilega að sá samningur hafi skilað nýjum straumum inn í íslenskt atvinnulíf. En mér finnst satt að segja EES-samningurinn merkilegri fyrir aðra hluti en þessa, fyrir aðra hluti en bara þýðingu hans fyrir íslenskt atvinnulíf. Ég held að samningurinn sé miklu þýðingarmeiri fyrir ýmis mál félagslegs eðlis á Íslandi, svo sem vinnuréttindi, réttindi launafólks, samkeppnismál, aðgerðir og eftirlit gegn hringamyndun og einokun og bókstaflega öll íslenska neytendalöggjöfin eins og hún leggur sig er til komin fyrir tilverknað EES-samningsins. Ég held því að EES-samningurinn hafi haft miklu meiri og jákvæðari félagsleg áhrif á Íslandi en efnahagsleg og atvinnuleg. Á þeim fimm árum sem liðin eru

frá því að samningurinn var gerður hafa ýmsir, sem áður voru ýmist andvígir þessu samkomulagi eða höfðu fyrirvara um gildi þess, gert sér ljóst að EES-samningurinn hefur fært íslensku launafólki margvísleg réttindi sem búið var að berjast fyrir árum og jafnvel áratugum saman en komust loksins í íslensk lög fyrir tilverknað hans.

Ég hef orðið þess áþreifanlega var að t.d. innan verkalýðshreyfingarinnar hefur orðið alger viðhorfsbreyting til samningsins. Til sannindamerkis um það vil ég vekja athygli hv. þingmanna á því að nú fyrr á þessum vetri kom út sérstakur kynningarbæklingur á vegum stéttarfélagsins Iðju, þar sem verið var að kynna fyrir félagsfólki í því stéttarfélagi öll þau félagslegu réttindi sem EES-samningurinn hefði skapað því. Aðfararorðin í bæklingnum ritaði formaður félagsins, Guðmundur Þ Jónsson, sem var einn af þeim sem voru mjög andvígir gerð samningsins á sínum tíma. Í þeim aðfararorðum kemur fram að sá ágæti maður, Guðmundur Þ Jónsson, er aldeilis ekki lengur þeirrar skoðunar að þessi samningur hafi ekki verið góður heldur þvert á móti. Ég ítreka því að reynsla íslenskra verkalýðsforingja og verkalýðshreyfingar af þessum samningum er öll önnur en sú sem margir héldu fram þegar samningurinn var gerður. Það er ekki bara að öll neytendalöggjöfin, öll samkeppnislöggjöfin sem við Íslendingar búum við í dag, öll löggjöf um réttindi neytenda, sem búið var að berjast fyrir á Alþingi árum og jafnvel áratugum saman, séu orðin í lög leidd fyrir tilverknað þessa samnings heldur eru ýmis réttindamál launafólks, sem Alþýðusambandið og önnur verkalýðssamtök hafa barist fyrir áratugum saman, að verða að veruleika fyrir tilverknað þessa samnings svo sem að sporna gegn óeðlilegri yfirvinnu á Íslandi, barnaþrælkun á Íslandi og því að sjálfsögðu að fólk geti lifað af dagvinnulaunum sínum.

Í tilefni af því að samningurinn er nú fimm ára gamall, vil ég beina því til hæstv. utanrrh. hvort hann vilji ekki beita sér fyrir í samvinnu við hagsmunaaðila að menn létu í ljós álit sitt, tekið yrði saman álit aðila í einni góðri skýrslu um áhrif EES-samningsins, ekki bara á íslenskt atvinnulíf heldur líka á félagsleg réttindi, samkeppnislöggjöf, atvinnuréttindi o.s.frv. Það væri mjög tilvalið að nota einmitt fimm ára afmælið, ekki bara til þess að utanrrn. tæki á sínum eigin vegum eða á vegum annarra ráðuneyta saman skýrslu um áhrif EES-samningsins, heldur fengi til liðs við það verkefni aðila í atvinnulífinu og síðast en ekki síst aðila sem standa vörð um hagsmunamál almennings, eins og verkalýðssamtök.

Hins vegar er það rétt sem hæstv. utanrrh. tekur fram, að gera þurfi Alþingi betur kleift að fylgjast með framkvæmd tilskipana Evrópusambandsins, þeirra reglna sem það setur og við Íslendingar eigum að taka upp í lög. Á því hefur verið misbrestur. Komið hefur fram að oft hafi miðað hægt í að fullgilda á Alþingi ýmsar mikilsverðar tilskipanir frá EES. Því er spurning hvort ekki sé rétt að breyta þeim vinnubrögðum í sambandi við endurskoðun þingskapa, að eins og í öðrum þjóðþingum sem eiga aðild að þessum samningi verði kjörin á Alþingi sérstök þingmannanefnd með umboð frá Alþingi. Hún mundi fylgjast með þeim tilskipunum og samþykktum sem gerðar eru á vegum Evrópusambandsins og eiga að öðlast gildi á Íslandi og enn fremur fylgjast með, og fá ráðherra á sinn fund í því sambandi, hvernig málum miðar fram og hvað er í undirbúningi sem kann að varða lagasetningu hér heima í framtíðinni. Ég held að það væri alveg nauðsynlegt að bregða á þetta ráð. Önnur þjóðþing í kringum okkur, bæði innan ESB, hjá Norðmönnum og Svisslendingum, hafa gripið til þessa ráðs til að upplýsa þjóðþingin og tryggja að þau fylgist með. Ég teldi rétt að sami háttur yrði hafður á hér.

Segja má að allt önnur viðhorf og jákvæðari komi frá utanrrh. til Evrópusambandsins en gætt hefur í ríkisstjórninni fram til þessa. Því má segja að fleiri séu að losa um tjaldhæla sína en bara hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Það er ekki óeðlilegt að hæstv. utanrrh. og Framsfl. losi nú um tjaldhæla sína þar sem aftur og aftur hefur komið í ljós í skoðanakönnunum að meiri hluti Íslendinga, jafnvel mikill meiri hluti, vilji að skoðað verði alvarlega hvort ekki eigi að senda inn aðildarumsókn. Forsendan fyrir því er að sjálfsögðu sú að málið sé tekið á dagskrá eins og hæstv. utanrrh. hefur gert og ýmsir málsvarar Samfylkingarinnar hafa lýst sig sammála honum í því. Það verður nefnilega að upplýsa um þessi mál, upplýsa um kost og löst á aðildarumsókn. Ef að því kæmi að þjóðin þyrfti að taka ákvörðun um það, sem hún á að gera í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá hefði almenningur farið í gegnum þá umræðu og vissi hvað um er að ræða og gæti því byggt afstöðu sína á rökum.

Það er ekki víst, herra forseti, að mjög langt sé í að Íslendingar þurfi að gera upp hug sinn. Nú eru aðeins þrjú ríki í EFTA, fyrir utan Liechtenstein. Eitt þeirra, Sviss, hefur þegar fyrirliggjandi aðildarumsókn hjá framkvæmdastjórn ESB. Ef sú aðildarumsókn yrði tekin fyrir og hún samþykkt þá held ég að allir séu sammála um að EFTA væri búið að vera. EFTA verður ekki til með okkur og Norðmönnum einum. Þá fer málið að vandast fyrir þessar tvær þjóðir, að halda sínu í sambandi við EES-samninginn, þ.e. fylgja honum eftir eins og þarf og jafnframt að fá aðildarríki ESB til þess að virða hann og þekkja hann. Það er víst nógu erfitt fyrir, að fá þau til að viðhalda áhuga sínum og þekkingu á samningnum. Einnig er umræðan í Noregi nú mjög að snúast yfir í að Norðmenn geti frekar hugsað sér aðild að ESB en áður. Okkur má ljóst vera að ef annað hvort þessara ríkja tekur á næstu árum ákvörðun um aðild að ESB, þá er málið orðið meira en aðkallandi hjá okkur. Því tel ég nauðsynlegt að menn fari í að kanna kost og löst, fá hagsmunaaðila til þess að upplýsa almenning um reynslu sína af EES-samningnum, þannig að menn geti frekar búið þjóðina undir þá umræðu sem fram undan er.

Að þjóðin selji fullveldi sitt með því að gerast aðili að Schengen eða aðili að ESB vil ég nú draga í efa. Ég veit ekki til annars en að þær aðildarþjóðir sem eru í þessum fjölþjóðasamtökum líti svo á að þær séu fullvalda. Ég spyr þá vin minn, hv. þm. Hjörleif Guttormsson: Hversu oft er hægt að afsala fullveldi sínu? Ég man ekki betur en hv. þm. hafi sagt, þegar atkvæði gengu á Alþingi um aðild Íslands að EES-samningnum, að þar hafi þjóðin afsalað sér fullveldi sínu. Sú atkvæðagreiðsla snerist um það að þjóðin væri að afsala fullveldi sínu. Síðan kemur hann í ræðustól og segir: Ef við stígum eitt skref til viðbótar þá erum við að afsala okkur fullveldi. En var ekki búið að því? Eða hefur hv. þm. snúist hugur? Er hann nú þeirrar skoðunar að samningurinn um EES hafi ekki falið í sér afsal á fullveldi Íslands? Ef svo er ekki, hvað er þá hægt að afsala fullveldi oft? Það er eðlilegt að hv. þm. svari því.

Einnig er ástæða til að fagna þeim viðbrögðum sem komið hafa fram hjá hæstv. ráðherra í greinargerð sem fylgdi með skýrslu um öryggismál. Það er allt annar tónn í ræðu og greinargerð ráðherra en þessi gamli kaldastríðstónn sem

verið hefur hjá þingmönnum Sjálfstfl. í gegnum áratugina. Það er eins og þeir haldi að ekkert hafi gerst í heiminum öll þessi ár.

Ég minni t.d. á, ég held að það hafi verið í upphafi níunda áratugarins, að þáv. formaður Alþfl., Benedikt Gröndal, lagði fram tillögu um að Íslendingar huguðu að því hvort þeir ættu ekki að taka að sér, í ríkari mæli en þeir gerðu ýmis verk tengd varnarliðinu, sem ekki krefðust herþjálfunar. Það ætlaði allt að verða vitlaust í landinu, hjá íhaldinu vel að merkja. Þessi tillaga var kölluð fataskiptatillaga. Talað var um að með henni væru menn að nánast að selja landið, alla vega að afsala okkur forræði í varnarmálum.

Hvað hefur gerst síðan? Hafa ekki Íslendingar tekið við nærri allri ratsjárþjónustu er varðar eftirlit með flugumferð í kringum landið, sem herþjálfaðir menn voru áður með? Ja, ég veit ekki betur. Leggur ekki utanrrh. til í skýrslu sinni að menn skoði ýmsa fleiri þætti, t.d. aðgerðir til varnar hryðjuverkum, aðgerðir er varða öryggi á sjó, sem hefur verið sinnt af bandaríska sjóhernum? Vill hann ekki skoða aðgerðir á sviði almannavarna sem flugbjörgunarsveitin á Keflavíkurflugvelli, sem varnarliðið starfrækir, hefur séð um o.s.frv.?

Þetta eru hin nýju viðhorf, virðulegi forseti, sem hæstv. utanrrh. leggur fram í skýrslu sinni. Þau eru gjörólík hinum gömlu kaldastríðsviðhorfum sem þingmenn Sjálfstfl. hamra stöðugt á. Það er jákvætt og lofsvert.

En líti menn hlutlægt á málin, hvaða þingmaður skyldi hafa kastað fram tillögu um róttækustu breytingu í varnarmálastefnu Íslendinga upp á síðkastið? Skyldi það hafa verið hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon? Nei. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson? Nei, ekki heldur. Skyldi það vera einhver úr Samfylkingunni? Nei, ekki aldeilis. Hver þá? Nú, enginn annar en hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason. Hans tillaga fólst í að Íslendingar stofnuðu her sem tæki að sér að verja landið. Það er tillaga sjálfstæðismannsins Björns Bjarnasonar. Geta menn nefnt róttækari tillögu um breytingu á varnarmálastefnu Íslendinga en þessa?

Hvað sögðu kaldastríðsmenn íhaldsins þegar sú tillaga var lögð fram? Þeir þögðu. Þeir sögðu ekki eitt einasta orð. Þeir töluðu ekki um að Björn Bjarnason veittist að íslenskum varnarhagsmunum. Það væri gaman að heyra, í umræðum hér um þessi mál, hvað þeir segja um þessa róttækustu tillögu um breytingu á varnarmálastefnu Íslendinga sem fram hefur komið frá nokkrum þingmanni í seinni tíð. Eru þeir á því að Íslendingar eigi að stofna her og taka að sér varnir landsins, eins og hæstv. menntmrh. hefur lagt til? Eru þeir enn fastir í gamla, hlægilega kaldastríðshugsunarhættinum? Hafa þeir ekkert elst frá árinu 1960? Eða eru þeir kannski sammála innst inni, þó þeir þori ekki að viðurkenna það, þeim málflutningi og þeim áherslum sem fram koma í skýrslu hæstv. utanrrh.?

[15:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sambandi við samantekt á því hvernig EES-samningurinn hefur reynst þá vil ég ekki útiloka að farið verði í slíka athugun. Utanrrn. hefur hins vegar í starfi sínu lagt megináherslu á að kynna samninginn og þá möguleika sem Íslendingar eiga í að notfæra sér hann. Við höfum nýlega gefið út upplýsingabækling um möguleika fólks, ekki síst ungmenna, til starfsréttinda á Evrópska efnahagssvæðinu og til þess að mennta sig. Við ætlum að halda áfram á því sviði. Við höfum komið upp fullkominni vefsíðu um þessi mál og teljum reyndar að við séum lengra komnir í þessu sambandi en ýmsar aðrar þjóðir.

Í sambandi við Alþingi og Evrópumálin þá tek ég undir með hv. þm. Ég benti á það í þingflokki mínum, í umræðum um nefndaskipan á Alþingi, að þetta mál þyrfti að athuga sérstaklega, í sambandi við skipan þingsins í nefndir. Ég tel að Evrópumálin eigi þar að vera ofarlega á baugi.

[15:42]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir jákvæðar undirtektir við þeirri tillögu minni að Alþingi kjósi sérstaka nefnd sem hafi m.a. Evrópusamskipti til meðferðar. Ég vil jafnframt lýsa ánægju minni með átakið sem utanrrn. hefur gert til að kynna EES-samninginn, það er mikið og þarft verk.

Ég býst jafnframt við að hæstv. ráðherra hafi t.d. séð bækling sem Iðja gaf út, um réttindi verkafólks samkvæmt EES-samningnum. Ég vona að hann sé mér sammála um að þær upplýsingar og það mat sem þar kemur fram á miklum og jákvæðum áhrifum samningsins á réttindi launafólks séu tíðindi sem vert er að koma á framfæri. Því það er annað mál og mikilvægt, ef utanrrn. vill beita sér fyrir því í samvinnu við hagsmunaaðila, að þetta mat um kost og löst EES-samningsins komi frá þeim sem annars vegar hafa atvinnuhagsmuna að gæta, aðilum atvinnulífsins, og hins vegar þeim sem eru að berjast fyrir réttindum alþýðu og launafólks.

[15:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega eru það tíðindi að samtök launafólks skuli standa að málum með þessum hætti. Það er mjög jákvætt og ber að styðja þá viðleitni.

Í sambandi við þá umræðu sem hér hefur átt sér stað þar sem ýmir þingmenn hafa verið að láta í það skína að það sé einhver óskaplegur munur á stefnu Framsfl. og Sjálfstfl. í utanríkismálum. Sá munur er vissulega allnokkur en ég vil geta þess að ég tala hér fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ræðan sem ég flyt hér er fyrir hönd ríkisstjórnar og þau sjónarmið sem þar eru sett fram eru sjónarmið ríkisstjórnar Íslands í utanríkismálum, eins og ég vænti þess að utanrrh. Alþfl. í fyrri ríkisstjórn og síðustu tveimur ríkisstjórnum hafi talað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar en ekki Alþfl.

[15:44]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu talar hæstv. utanrrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar en í ræðu hans eru ný tíðindi er varða öryggis- og varnarmál Íslands og a.m.k. breytt tóntegund til EES. Það er mjög athyglisvert að ekki einn einasti ráðherra Sjálfstfl. er viðstaddur þessa umræðu. Kannski er það vegna þess að hv. formaður Framsfl. hefur slíkt ótakmarkað umboð frá Sjálfstfl. eða vegna þess að ráðherrar Sjálfstfl. telja ekki ástæðu til að vera viðstaddir þegar hæstv. utanrrh. kynnir stefnu sem ég túlka þannig að hann sé að losa um tjaldhæla sína.

[15:45]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þau orðaskipti sem hér hafa orðið rétt í þessu minna á stöðuna innan svonefndrar Samfylkingar. Hver talar fyrir hvern? Ég skil það svo að hér hafi talað yfirtalsmaður Samfylkingarinnar og var nú að gera heldur lítið úr settum talsmanni. Hann fór, virðulegur forseti, með

þá stefnu sem Alþfl. hefur verið trúr síðan upp úr 1960, að vilja ganga inn í Evrópusambandið. Það var fyrrverandi forustumaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, sem mælti fleyg orð sem voru eitthvað á þá leið að öruggasta leiðin fyrir litla þjóð til að vernda sjálfstæði sitt væri að afsala sér því. Þetta var kölluð þjóðminjasafnsræða. Hún hefur verið flutt síðan. Sjálfstæði þjóðar er ekki deilanlegt sem slíkt. Hins vegar er í því ákveðið þanþol og hvenær þú ferð fram af bjargbrúninni fer eftir því hvaða skrið er á þér. EES-samningurinn var hluti á þeirri vegferð sem hv. þm. er að boða. Sú gata sem hann vill ganga er hluti af þeirri vegferð. Og nú er það skref notað sem rök fyrir að stíga beri það næsta.

[15:47]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er oft gott hjá hv. þingmanni að vitna í ummæli manna frá fyrri tíð. En það væri gott að hann gerði það alltaf rétt því ummæli Gylfa Þ. Gíslasonar sem hann vitnar í voru ívitnun í fræga ræðu Winstons Churchills, sem Gylfi vitnaði í. (**HG:** Og gerði að ...) Nei, ræða hans gekk síðan út á það að vera ekki sammála þessari afstöðu þannig að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson veit auðsjáanlega hvert tilvitnunin var sótt. En af hverju sagði hann ekki frá því? Ég vil spyrja hv. þm. af því að hann getur komið hér upp aftur: Hversu oft er hann búinn að segja héðan úr þessum ræðustól að ef Íslendingar eða meiri hluti Alþingis taki ákveðna ákvörðun, þá sé búið að afsala fullveldi landsins? Ég man í fljótu bragði eftir því að hann hafi sagt þetta við tvö tilefni, þ.e. að við séum búin að afsala þessu fullveldi tvívegis. Man hann eftir fleiri dæmum um að hafa sagt slíkt?

[15:48]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Samhengið Ísland og Evrópusambandið er flókið. Evrópusambandið er á hraðri leið í áttina að ríkisheild. Þeir sem tengjast þeirri ríkisheild böndum eiga á hættu að verða teknir með inn í þessa ríkisheild og það er það sem hefur verið að gerast og það er það sem er að gerast í þessum málum. Við erum að samsama okkur Evrópurétti. Við erum að innleiða hér Evrópurétt og verðum að fylgja honum nauðug viljug. Settur talsmaður Samfylkingarinnar orðaði það svo hér áðan að 80% af löggjöf kæmu frá Brussel. Það er kannski ekki alveg svo hátt hlutfall en þó er það veruleikinn að meiri hluti af þeirri löggjöf sem hér er innleidd kemur frá Brussel og Alþingi verður nauðugt viljugt að yfirtaka hana. Á þetta bentum við andstæðingar aðildar Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði og þær viðvaranir hafa sannast rækilega á þeim tíma sem síðan er liðinn.

[15:49]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir því hjá Samfylkingunni að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu á næsta kjörtímabili. Í öðru lagi vill Samfylkingin taka málið á dagskrá til að kynna það og undirbúa að fólk geti tekið afstöðu ef til þess kemur. Þetta sagði Margrét Frímannsdóttir áðan og þetta er nákvæmlega rétt. Í þriðja lagi finnst mér mjög ánægjulegt og það léttir stórum á mínu hjarta, að nú skuli hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vera kominn að þeirri niðurstöðu að í atkvæðagreiðslunni um EES-samninginn á sínum tíma hafi ekki falist afsal á fullveldi vegna þess að hann fullyrti að ef Ísland samþykkti aðildina að EES þá væri landið búið að afsala fullveldi sínu. Ég get ekki skilið hv. þm. öðruvísi núna en að hann sé kominn að þeirri niðurstöðu að það hafi ekki gerst þá, en það muni gerast ef Ísland tekur fleiri skref. Alveg eins og hv. þm. sagði þá er mjög erfitt að kljúfa þetta niður. Annaðhvort drepur maður mann, svo ég vitni í frægan rithöfund, eða maður drepur ekki mann. Annaðhvort afsalar land sér fullveldi sínu eða það afsalar sér ekki fullveldi sínu. Það er ekki hægt að afsala fullveldi eins lands í þrepum eða með mörgum ákvörðunum og það léttir stórlega (**HG:** Ertu viss?) áhyggjum mínum, herra forseti, að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skuli nú eftir á, fimm árum síðar, hafa komist að þeirri niðurstöðu að með samþykkt EES-samningsins hafi Ísland ekki afsalað sér fullveldi sínu.

[15:51]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Skoðanir hv. þm. Sighvats Björgvinssonar á öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar eru mér vel kunnar (**HG:** Og kærar.) og einnig skoðanir flokks hans, Alþfl. Hins vegar hafa skoðanir hinnar nýju stjórnmálahreyfingar, Samfylkingarinnar, verið nokkuð á reiki. Ég var að koma af stjórnmálafundi í einum af framhaldsskólum borgarinnar þar sem fulltrúar stjórnmálaflokkanna voru mættir. Frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík var þar spurður um stefnu Samfylkingarinnar í öryggis- og varnarmálum og hann svaraði efnislega, eftir að hafa útskýrt að þarna væru tveir gamlir flokkar að koma saman sem hefðu haft ólíkar skoðanir á þessum málum, að Samfylkingin ætlaði að geyma sér að hafa skoðun á aðildinni að NATO þar til endurskoðun á öryggisstefnu NATO væri lokið. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var einnig staddur á fundinum og getur staðfest að ég fer efnislega rétt með.

[15:52]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og allir vita hafa alltaf verið skiptar skoðanir í stjórnmálaflokkum um einstök atriði í varnarmálum. Það eru skiptar skoðanir í Sjálfstfl. Hugsanlegur varaformannskandídat, þó ekki lengur, Björn Bjarnason menntmrh., hafði þá skoðun og hefur hana líkast til enn að Íslendingar eigi að stofna sinn eigin her og sjá um sínar varnir sjálfir. Það eru allt aðrar skoðanir en þær sem koma fram hjá kaldastríðsþingmönnum Sjálfstfl. Engu að síður eru þeir saman í flokki. Verkefnaskrá Samfylkingarinnar er til fjögurra ára og þar er ekki gert ráð fyrir að neinar breytingar verði á aðild landsins að NATO. Það liggur alveg ljóst fyrir. Við munum ekkert geyma okkur að móta stefnu í öryggismálum þangað til einhvern tímann síðar. Þetta liggur fyrir. En vill ekki hv. þm. Árni Mathiesen segja mér frá því hvort hann sé fylgismaður stefnu Björns Bjarnasonar í varnarmálum eða ekki. Hvernig stendur á því að Björn Bjarnason hefur aðra skoðun í varnarmálum en hann og er samt í Sjálfstfl.?

[15:54]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu tilfelli er ekki verið að tala um persónulegar skoðanir, heldur er verið að tala um stefnur stjórnmálahreyfinga sem vilja láta taka sig alvarlega í íslenskri pólitík og telja sig vera þess umkomnar að takast á við ábyrgð á þessum vettvangi. Þess vegna skiptir máli að menn viti hver stefnan er. Ég heyri það mjög skýrt á hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að hann telur að stefna Samfylkingarinnar sé sú að vera áfram í NATO. En frambjóðandinn í Reykjavík, sem ég vitnaði til, telur að Samfylkingin hafi

ekki tekið afstöðu til málsins og ætli ekki að taka afstöðu til þess fyrr en endurskoðun á öryggisstefnu NATO er lokið sem ekki verður fyrr en á miðju sumri, eftir kosningar. Þá ætla ég að fá að láni frasa frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni: Annaðhvort hefur Samfylkingin þá stefnu að vera í NATO eða hún hefur þá stefnu að vera ekki í NATO.

[15:55]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held engir hafi gegnt embætti utanrrh. jafnlengi á Íslandi, a.m.k. ekki eftir að lýðveldi var stofnað, og jafnaðarmenn. Það hafa engir aðrir átt jafnmikinn þátt í ... (**ÁMM:** Alþýðuflokksmenn?) eins og Alþýðuflokksmenn, jafnaðarmenn. Alþýðuflokkurinn heitir Alþýðuflokkurinn, jafnaðarmannaflokkur Íslands. (**ÁMM:** Þið eruð búin að stækka hugtakið ...) Það hafa engir átt jafnmikinn þátt í að móta utanríkisstefnu Íslendinga og félagsmenn í þeim flokki. Samt sem áður hefur kaldastríðsliðið í Sjálfstfl. alltaf verið í hælunum á okkur um að okkur sé ekki treystandi, að við ætlum að svíkja og selja land, þannig að þeir hafa ekkert gefið þeim eftir sem voru að tala um landssölu og landssvik þegar kalda stríðið stóð sem hæst hér á árunum áður. En við lifum á árinu 1999 en ekki á fimmta og sjötta áratugnum. Þingmenn Sjálfstfl. ættu að fara að gera sér grein fyrir þessu nákvæmlega eins og utanrrh. sem er fyrir löngu búinn að því. Þessi málflutningur, stöðugar ásakanir um svik við meginatriði í utanríkisstefnu Íslendinga, er satt að segja ekki bara orðinn leiðinlegur af þeirra hálfu, heldur þeim til háðungar.

[15:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson dekraði mikið við Evrópusambandið eins og hans er von og vísa í ræðu sinni um utanríkismál. Hann flutti mjög einhliða lofgjörð um markaðssáttmála Evrópusambandsins, nokkuð sem kemur mér alltaf á óvart úr munni manna sem vilja kenna sig við félagshyggju en dekra síðan við þennan markaðssáttmála algerlega gagnrýnislaust. Hv. þm. sagði að aðild að Evrópusambandinu ætti að vera á dagskrá og væri á dagskrá. Nú er það svo að í stjórnmálum er notað ákveðið táknmál. Þannig vita allir að þegar talað er um að Evrópusambandið sé á dagskrá, þá eiga menn í raun við að sækja beri um aðild að Evrópusambandinu. Hv. þm. sló hins vegar úr og í í ræðu sinni og sagði að þetta ætti fyrst og fremst og einvörðungu að snúast um að segja kost og löst á Evrópusambandinu, en ekki um að sækja um aðild. Nú vil ég spyrja hv. þm. Hvað vill hann? Vill hann að við sækjum um aðild að Evrópusambandinu? Hver er stefna hans? Hver er stefna kratanna í þessu efni?

[15:58]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Við þessari spurningu er mjög einfalt svar. Af hálfu Alþfl. liggur það svar fyrir. Alþfl. er eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem hefur verið og er þeirrar skoðunar að sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu. Við erum hins vegar aðilar að nýrri stjórnmálahreyfingu sem heitir Samfylking. Þar hefur orðið samkomulag um stefnu í þessum málum. Samkomulagið er á þá lund að Evrópumálin eigi að taka á dagskrá, það eigi að fara fram kynning og skoðun og umræður í landinu, þannig að fólk geti mótað afstöðu sína en að ekki sé gert ráð fyrir að umsókn verði send inn um aðild á næsta kjörtímabili.

[15:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér fengum við það staðfest að þeir sem koma til með að kjósa samfylkingu krata, þeir sem koma til með að kjósa kratasamfylkinguna vita ekkert hver stefnan er í Evrópusambandsmálunum, annað en að menn ætla að ræða kost og löst. Í stjórnmálum á að bjóða upp á skýra valkosti. Lýðræðið snýst um að boðið sé upp á valkosti í stjórnmálum og í kosningum. En hv. þm. Sighvatur Björgvinsson segir að ekki verði boðið upp á neina slíka valkosti á vegum kratasamfylkingarinnar þannig að kjósendur hennar vita ekkert hvert stefnt verður. Af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er boðið upp á skýran valkost. Við erum andvíg því að sækja um aðild að Evrópusambandinu og það sem meira er, við færum rök fyrir okkar máli.

[16:00]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hafa alltaf verið til stjórnmálaöfl í landinu sem hafa lagst á móti aðild Íslands að öllum fjölþjóðlegum sáttmálum sem landið hefur gert, á hvaða sviði svo sem það hefur verið. Samt sem áður hafa Íslendingar gert fjölþjóðlega sáttmála sem að allra mati hafa verið jákvæðir og þjóðinni til framdráttar. Þeir sem voru á móti því á sínum tíma að slíkir samningar yrðu gerðir hafa aldrei tekið það mál upp aftur eftir að samningarnir hafa verið gerðir með það að markmiði að hnekkja þeim.

Stefna Samfylkingarinnar er mjög skýr. Ekki er gert ráð fyrir því að sækja um aðild að Evrópusambandinu á næsta kjörtímabili en við ætlum að taka málið á dagskrá, m.a. á sama hátt og kollegar hv. þm. í verkalýðsforustunni og fyrrverandi samherjar hans um andstöðu við aðild Íslands að EES-samningnum hafa gert með kynningarbæklingum sínum og umfjöllun. (**ÖJ:** Við viljum þjóðaratkvæðagreiðslu.) Ég held að hv. þm. ætti að kynna sér afstöðu bæði kollega sinna í verkalýðsforustunni á Norðurlöndunum og kollega sinna í Alþýðusambandi Íslands og athuga að hve miklu leyti hann eigi samleið með þessu fólki. (**ÖJ:** Samleið með þjóðinni. Þið meinuðuð okkur um þjóðaratkvæðagreiðslu.)

[16:01]

Útbýting þingskjala:

Áfengiskaupaaldur, 552. mál, fsp. JóhS, þskj. 891.

Áhrif Nesjavallavirkjunar á lífríki Þingvallavatns, 551. mál, fsp. GÁ, þskj. 890.

Sjúkraflug, 555. mál, fsp. JónK, þskj. 894.

Stefnumótun í málefnum langveikra barna, 553. mál, fsp. JóhS, þskj. 892.

[16:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég átti orðaskipti við hæstv. utanrrh. fyrr í dag um þá aðferð sem hann fer til þess að ná markmiði sínu um Kyoto-samninginn. Ég lýsti því skilmerkilega að ég teldi að aðferðin sem hæstv. ráðherra hefur kosið væri röng. Hæstv. ráðherra var mér eðlilega ósammála eins og kemur glögglega fram í ræðu hans.

En mig langaði af þessu tilefni að rifja upp og bera saman stöðu Íslands og Bandaríkjanna í þessu efni. Við göngum til þessa leiks og höfum það í farteskinu að við viljum reyna að ná fram hinu svokallaða séríslenska ákvæði. Bandaríkjamenn fara líka inn í þetta samningaferli og það er tvennt sem þeir vilja ná fram, annars vegar eru þeir talsmenn kvóta-

framsals og hins vegar hafa þeir lýst því yfir að þeir vilji að þróunarríkin komi líka inn í dæmið.

Hvað gera Íslendingar í þessu? Hvað gerir hæstv. utanrrh.? Hann ákveður að undirrita ekki bókunina og lýsa þar með yfir að stefna ríkisstjórnarinnar sé þess eðlis að ólíklegt sé að Íslendingar muni í framtíðinni verða hluti af hinni endanlegu niðurstöðu nema að gefinni þeirri forsendu að hið íslenska ákvæði verði tekið inn í samninginn og útfært eins og Íslendingum fellur í geð.

Bandaríkjamenn hins vegar, sem berjast fyrir tvenns konar breytingum á þeirri stöðu sem núna er, fara allt aðra leið. Þeir undirrita og gefa þar með pólitíska viljayfirlýsingu sem felur það í sér að þeir vilji leggja sitt af mörkum eins og hægt er til að reyna að ná markmiðum þessa ferlis. Þeir hafa hins vegar lýst því yfir, a.m.k. hvað varðar annað þessara tveggja markmiða, að ef það næst ekki, þ.e. markmiðið um þróunarríkin, þá muni þeir ekki staðfesta samninginn. Á þessu tvennu er reginmunur. Ég tel að það hefði verið farsælt fyrir hæstv. utanrrh. að hafa forgöngu um að Íslendingar færu sömu leið og Bandaríkjamenn, þ.e. að taka áfram þátt í ferlinu, ávinna sér skilning og virðingu og e.t.v. þakklæti þeirra sem einnig eru í ferlinu og reyna að beisla það til þess að ná fram markmiði sínu. Þetta var það sem ég hafði ekki tíma til að segja í morgun en vildi koma að, herra forseti, til enn frekari útskýringar á því að ég tel að samningatækni hæstv. utanrrh. í þessum efnum sé áfátt og ég rökstyð það með því að Bandaríkjamenn fara aðra leið og eru líka að berjast fyrir sérstökum ákvæðum í þessu.

Herra forseti. Mig langar líka í tengslum við þetta að benda á að í ræðu hæstv. utanrrh. lýsir hann því yfir, ég held fyrstur utanríkisráðherra, að hann hyggist beita sér fyrir því að Íslendingar verði aðilar að CITES-samningnum, sem fjallar um viðskipti með plöntur og villt dýr sem eru í hættu. Á sínum tíma þegar ég var umhvrh. lagði ég það til í ríkisstjórninni að Íslendingar gerðust aðilar að þessum samningi. Því var hafnað. Hæstv. ráðherra vill að Íslendingar fari inn í þetta ferli og ég er sammála honum um það. Hvað vakir fyrir honum? Annars vegar væntanlega að veita ákveðið varnarviðnám vegna þess að innan þess samnings eru menn að fara að taka upp vinnu sem varðar sjávarútveg og fiskveiðar, og hann vill væntanlega fyrir hönd Íslendinga geta haft áhrif á það. Hins vegar eru einhverjir hvalir á listanum yfir þær tegundir sem ekki má versla með samkvæmt þessum samningi. Ég þekki það ekki til hlítar. En það er á grundvelli þessa samnings sem viðskipti, m.a. viðskipti með hvalaafurðir, hafa ekki gengið eftir. Ég ímynda mér að hæstv. ráðherra sé m.a. að leiða Íslendinga þarna inn til þess að geta breytt því. Í þessu tilviki beitir hann annarri og farsælli samningatækni en hann er einmitt að leggja til sjálfur varðandi Kyoto.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða frekar um Kyoto. Ég hef komið sjónarmiðum mínum á framfæri um það efni. Mig langaði hins vegar, eins og ýmsir hafa gert í þessari umræðu, til að gera að umfjöllunarefni þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram sem fskj. og fjallar um öryggis- og varnarmál Íslands. Ég tel að þessi skýrsla sé eins og ferskur gustur inn í hina stöðnuðu umræðu, hina klisjukenndu umræðu sem hefur verið um varnarmál. Þeir sem hafa fyrst og fremst fest þessa umræðu í hjólförum fortíðar og kalda stríðsins eru þingmenn Sjálfstfl. sem sitja í þessum sal. Jafnan þegar menn hafa vogað sér að tala um breyttar áherslur í vörnum landsins og öryggismálum landsins, t.d. með það að leiðarljósi að auka hlut Íslendinga, þá hafa þessir handhafar kalda stríðsins, talsmenn fortíðarinnar, ævinlega rokið upp með tali sem ekki er hægt að túlka öðruvísi en svo að þeir sem hafa fjallað um þetta séu í rauninni að vega að rótum lýðræðisskipulagsins eins og við þekkjum það hér, séu að vega að rótum vestrænnar samvinnu.

Þess vegna held ég því fram og reyndar fleiri talsmenn Samfylkingarinnar að það sé allverulegur munur á viðhorfunum sem birtist í þessum efnum hjá hæstv. utanrrh., og þar með Framsfl., og hins vegar Sjálfstfl. Sjálfstfl. er á hverju sviði utanríkismála á fætur öðru að staðna. Ekki bara á þessu sviði, herra forseti, heldur líka í Evrópumálum. Það er mála sannast varðandi Evrópumálin að það hefur verið bannorð að ræða Evrópusambandið. Og það hefur gengið út dagskipan hjá forsrh., formanni Sjálftsfl., að Evrópumálin séu ekki á dagskrá. Hann hefur til skamms tíma haft ríkisstjórnina undir í þessu máli. En svo virðist sem það sé hlutskipti Framsfl. að veita nýjum hugsanastraumum, nýjum skoðanastraumum inn í umræðuna af hálfu ríkisstjórnarinnar. Vonandi verður það til þess að tröll forneskjunnar, þingmenn Sjálfstfl., sjái að þeirra tími fer kannski að koma líka, að kannski kemur sú stund að það rennur upp fyrir þeim að það er í lagi að ræða Evrópumálin og að það er í lagi að ræða öryggis- og varnarmál eins og gert er í þessari skýrslu, án þess að menn þurfi að rjúka upp og kalla þá andlýðræðislega og óþjóðlega, en þannig nöfn hafa þeim verið valin sem hafa á undanförnum árum rætt mál af þessu tagi.

Í þessari skýrslu, herra forseti, sem þrír starfsmenn utanríkisþjónustunnar hafa samið, er í fyrsta lagi dreginn saman mikill fróðleikur og ég segi það fyrir mig, sem á sæti í utanrmn., að margt af því sem þar er kemur mér á óvart. Margt af því veitir mér nýja sýn á málin. Þar þora menn einfaldlega að segja það sem þeir sem hafa verið til vinstri í stjórnmálunum hafa aldrei mátt segja án þess að á þá sé ráðist, þ.e. að breytt viðhorf í öryggismálunum gefi tilefni til þess að hugsa þessa hluti upp á nýtt. Þar er sagt berum orðum, með leyfi forseta:

„Síðast en ekki síst gefur dvínandi hernaðarógn við landið Íslendingum færi á að takast á hendur stærra hlutverk í vörnum landsins en áður."

Guð láti gott á vita. Þetta eru hlutir sem menn hafa verið að ræða á undanförnum árum. Þetta hafa vinstri menn stundum komið fram með, en alltaf verið kveðnir í kútinn vegna þess að handhafar kalda stríðsins hafa alltaf komið fram og barið þetta niður vegna þess að með þessu væri verið að vega að NATO og her í landi. Það er fráleitt mál.

Ég tek undir það með talsmanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, að þessi skýrsla gefur tilefni til þess að gerð verði frekari úttekt á þessum málum. Ég bendi sérstaklega á það að í einni af þremur megintillögum þeirra ráðuneytismanna er lagt til að leiðir verði kannaðar til þess að Íslendingar geti axlað stærra hlutverk, einir eða í samstarfi við önnur ríki, í vörnum landsins. Þar eru talin upp löggæsla, varnir gegn hryðjuverkum, almannavarnir, björgunarstörf, æfingar og eftirlit á hafinu í kringum landið.

Það vill svo til, sem ég vissi ekki að öllu leyti áður, að nú þegar er fyrirhugað að efla samstarf Atlantshafsbandalagsins, þ.e. hersins og Landhelgisgæslunnar t.d. með því að Landhelgisgæslan taki að sér hlutverk sprengjueyðingarsveitar flotans hér við land. Það er auðvitað fróðlegt að nú þegar hafa Íslendingar tekið að sér mikilvægan part af varnarviðbúnaðinum, þ.e. loftvarnakerfi sem er eitt hið full-

komnasta í heimi. Daglegur rekstur þess og viðhald er í höndum Íslendinga.

Herra forseti. Þegar síðan kemur tillaga úr utanrrn. um að kanna leiðir til þess að Íslendingar geti tekið í vaxandi mæli að sér varnarhlutverk, einir eða í samstarfi við einhver önnur ríki, þá ber auðvitað að fagna því. Það gefur tilefni til þess að þetta verði skoðað betur. Ég vek líka athygli á því að í skýrslunni er beinlínis lagt til að skipulag varnarmála, eins og við Íslendingar komum að því, verði tekið til ítarlegrar endurskoðunar. *Drottinn minn dýri,* hvað hefði nú verið gert ef einhver gamall draugur úr Alþb. hefði komið og leyft sér að tala um að það þyrfti að taka skipulag varnarmála til endurksoðunar, hvað þá ítarlegrar endurskoðunar? Hvað hefðu hv. þingmenn Sjálfstfl. sagt þá? Þeir hefðu að sjálfsögðu hrópað: Úlfur, úlfur. Nú á að leggja NATO niður. Nú á að reka herinn úr landi.

En staðreyndin er sú að hér eru færð rök að því að það þurfi að taka hið stjórnsýslulega fyrirkomulag öryggis- og varnarmála til endurskoðunar. Í því felst m.a. að kannað verði hvernig hægt verði að gera samstarf dómsmrn. og utanrrn. um öryggis- og varnarmál skilvirkara. Hér er verið að leggja þetta til. Ég tek að sjálfsögðu undir það.

Sömuleiðis er það rauður þráður í gegnum þessa skýrslu að ógnin sem steðjar að Íslandi er allt önnur en áður. Á átta árum, ég held að það komi fram einhvers staðar í þessari skýrslu, hefur ekki einni einustu rússneskri flugvél verið bægt frá landinu. Áður skiptu þær yfirleitt tugum á hverju ári, stundum tugum í hverjum einasta mánuði. Ógnin er allt önnur. Og hvað er það sem starfsmenn utanrrn. draga upp sem framtíðarógnina sem við þurfum að velta fyrir okkur hvernig við eigum að bregðast við? Það eru aðgerðir hermdarverkamanna. Það eru aðgerðir skipulagðra glæpahringa.

Ég spyr: Eru til áætlanir um það hvernig eigi að bregðast við ef skipulagður hópur hermdarverkamanna kæmi t.d. til Íslands og tæki yfir Leifsstöð? Eru til skiplagðar áætlanir um samræmdar aðgerðir varnarliðsins, lögreglunnar í Leifsstöð og lögreglusveitanna á Reykjanesi? Er þær til? Hefur æfing á slíkum atburði átt sér stað? Hvað með flugrán? Þetta eru allt saman hlutir sem við þurfum að skoða, ekki síst þegar við horfum til þess að það kunna að vera átta ár þangað til Íslendingar verða e.t.v. komnir með sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það beinir sjónum umheimsins að Íslandi með allt öðrum hætti.

Hv. þm. Kristján Pálsson brosir. Hann er einn af þeim sem eru einmitt í kaldastríðssveit Sjálfstfl., einn af þeim sem leyfa sér að brosa þegar menn taka á þessum málum öðruvísi en leyfilegt hefur verið að mati Sjálfstfl. áður.

Herra forseti. Ég held að þessi skýrsla sé góður grunnur að því að þetta fyrirkomulag öryggis- og varnarmála verði skoðað. Hæstv. utanrrh. hefur lagt það hér inn í umræðuna í dag að æskilegt væri að heyra hvernig þingheimi finnst að taka eigi á málinu. Mér finnst að það eigi að víkka út þennan starfshóp. Í honum voru aðeins þrír, sendiherrar eða starfsmenn utanrrn. Það á að fjölga starfsmönnum utanrrn. og á móti eiga að koma fulltrúar þingheims, þ.e. þingmenn, þrír til fimm eftir atvikum úr utanrmn. Og saman eiga þeir að vinna þetta mál. Það er mín skoðun.

Herra forseti. Ég hefði viljað ræða ýmislegt fleira sem tengist þessu máli en mér finnst að menn eigi að leyfa sér þann munað að ræða þessi mál opið, án ásakana og án þess að festa sig í hjólförum fortíðarinnar, en það hefur einmitt einkennt ákveðinn flokk á þingi að það hefur ekki verið hægt að ræða varnar- og öryggismálin án þess að Sjálfstfl. komi upp með öll sín kaldastríðsflögg. Nú er tilefni til þess að gera þetta á annan hátt og sá ráðherra sem fer sem fagráðherra með þetta mál hefur gefið tilefni til þess í þinginu.

[16:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur miklar áhyggjur af samningatækni Íslendinga í sambandi við Kyoto-málið þó að hann hafi í sjálfu sér engan áhuga á því að Íslendingar nái því fram þar sem við erum að berjast fyrir. Ég hef skilið hann svo. En það er ánægjulegt að hann skuli hafa áhyggjur af því hvernig við höldum á málinu.

Auðvitað er það svo í öllum málum sem varða viðkvæma samninga á alþjóðavettvangi að það eru kostir og gallar við allar þær leiðir sem farnar eru. Það eru ákveðnir gallar við þá leið sem við höfum ákveðið að fara en kostirnir eru fleiri.

Hv. þm. spyr í því sambandi um afstöðu Bandaríkjanna. Það er allt annað mál. Fyrirvarar Bandaríkjanna eru tveir. Í fyrsta lagi vilja þeir fá nánari útfærslu á sveigjanleikaákvæði sem er í bókuninni. Einn þáttur í þessu sveigjanleikaákvæði er verslun með losunarkvóta. Þeir eru líka með þá kröfu að þróunarríkin komi inn í samninginn að mestu leyti eins og hann er. Hins vegar á allt annað við um íslenska ákvæðið. Það er því miður ekki hluti af þessari bókun þannig að ef við undirrituðum bókunina núna mætti skilja það svo að við værum að gefa það í skyn, sem ég veit að hv. þm. vill gera, að við værum tilbúnir að staðfesta bókunina síðar meir, jafnvel þótt við næðum engum árangri, með þeim afleiðingum sem það mætti hafa fyrir íslenskt samfélag. Hvort sem hv. þm. líkar betur eða verr þarf hann að gera sér grein fyrir því.

[16:18]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að ég er þeirrar skoðunar að Íslendingar ættu að undirrita Kyoto-bókunina þrátt fyrir að þetta næðist ekki fram. Það hefur ég margoft sagt og ekki dregið dul á og er persónuleg skoðun mín. Ég hef ekki rætt það í mínum hópi en ég held að sumir skoðanabræðra minna í stjórnmálum séu sammála mér um þetta tiltekna atriði.

Að því er varða síðan mismunandi samningatækni okkar og Bandaríkjamanna hef ég lýst skoðunum mínum á því. Sjálfsagt hefur utanrrh. rök fyrir skoðun sinni. Ég hef fært rök mín fram. Ég hef ekki alveg skilið rök hans, það skiptir heldur ekki máli. En meginatriðið er þetta: A.m.k. varðandi annað af þeim tveimur ákvæðum sem Bandaríkjamenn eru að berjast fyrir þá hafa þeir sagt að fari svo að það náist ekki fram muni þeir ekki staðfesta bókunina. Hæstv. utanrrh. hefði að sjálfsögðu verið í lófa lagið að fara sömu leið með afstöðu okkar, þ.e. að undirrita bókunina og segja að við værum að berjast fyrir þessum tiltekna hlut. Í tímans rás hefði hann getað beitt sér, eða sá utanrrh. sem þá situr, gegn því að Íslendingar mundu staðfesta bókunina ef það næðist ekki fram. Svona liggur þetta við af minni hálfu.

[16:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir afar miklu máli í öllum samningum og samningaviðræðum að línur séu sem skýrastar, að aðilum megi vera ljóst hvað við er átt. Sagt hefur verið að menn muni skapa sér einhvern sérstakan velvilja með því að skrifa undir. Hver getur fært sönnur á það? Er ástæða til

þess að vera að skapa sér slíkan velvilja nema það sé þá á réttum forsendum? Verðum við ekki að koma fram í þessu samningaferli með okkar skoðanir og standa á sjónarmiðum okkar og berjast fyrir málstað okkar og gera það hnarreist og stolt vegna þess að við höfum góðan málstað til að berjast fyrir?

Ég heyri á hv. þm. að hann treystir sér ekki í það og telur að við séum að verja vondan málstað, að það sé vondur málstaður að hafa möguleika opna til þess að geta nýtt orku okkar bæði í fallvötnum og í jarðvarma. Það er skoðun hans. Það er ekki skoðun okkar. En reynsla mín er sú að alltaf sé best að koma til dyranna eins og maður er klæddur í þessu samhengi með ákveðna stefnu. Ég get út af fyrir sig skilið að Samfylkingin getur ekki gert það vegna þess að hún hefur ekki mótað þessa stefnu. Þeir hafa að vísu gert það á Austurlandi. Það er eina stefnan sem hefur verið birt. En ég heyri á hv. þm. að hann hefur ekki lesið hana og væntanlega er hann ekki sammála henni. En það er a.m.k. eina stefnan sem ég hef séð. Þar er gert ráð fyrir virkjunum og stóriðju og ég hvet hv. þm. til að bregða sér austur á land.

[16:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stundum hrín það á mér sem hæstv. utanrrh. segir og ég hef frá því að hann flutti ræðu sína fyrr í morgun kynnt mér stefnu Samfylkingarinnar á Austurlandi. Að því er varðar a.m.k. stóriðju á Austurlandi er hún samrýmanleg því sem ég var í orðaskiptum mínum að segja við hæstv. ráðherra. Þetta mundi ég útskýra fyrir honum ef ég væri ekki búinn með andsvararétt minn. En ég mun ábyggilega geta gert við síðara tækifæri.

Skoðun mín á því hvort samningamarkmiðið hjá hæstv. ráðherra sé rétt er aukaatriði í umræðu minni við hann núna. Ég er að ræða um samningatækni. Samningatæknin hefði einfaldlega átt að vera þessi: Ef við fylgjum anda þessarar bókunar hefði hæstv. ráðherra getað gert eins og Bandaríkin, hafnað því að staðfesta þegar stundin rennur upp og leggja samninginn þá ekki fyrir þingið. Þetta hefði ég gert og væntanlega Samfylkingin ef hún hefði farið með umboð til þess. Þetta er spurning um samningatækni. En ég tel að þetta hefði verið farsælla. Þetta hefði haft á sér miklu jákvæðari blæ og það hefði ekki verið hægt að segja við Íslendinga með nokkrum móti að þeir væru á ferð sem úlfur í sauðargæru eða sauður í úlfsgæru.

[16:24]

Útbýting þingskjals:

Viðbrögð Landsbanka og Búnaðarbanka við úrskurði kærunefndar jafnréttismála, 554. mál, fsp. JóhS, þskj. 893.

[16:24]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það er kunnugra en frá þurfi að segja að alþýðuflokksmenn hafa verið grimmari við formenn sína en aðrir stjórnmálamenn á Íslandi og hafa ósjaldan fórnað þeim og skorið þá við trog. Þau ræðuhöld sem hafa staðið yfir um kaldastríðshugsunarhátt af hálfu fyrrverandi alþýðuflokksmanna, jafnaðarmanna og núverandi samfylkingarmanna eru mjög sérkennileg. Því er haldið fram að nú sé allt gjörbreytt, nú séu gjörbreyttar áherslur í utanríkismálum og sjálfur utanrrh. hafi komið með ferskan andblæ hingað inn í umræðuna.

En hver skyldi hafa mótað utanríkisstefnuna í fyrri ríkisstjórn Davíðs Oddssonar? Það var ekki Sjálfstfl. sem hélt um stjórn utanríkismála á þeim tíma. Það var sjálfur formaður Alþfl. Allar þær neyðarlegu athugasemdir sem voru látnar fjúka í dag um það hversu illa hefði verið haldið á þessum málum og að notaður hafi verið kaldastríðshugsunarháttur beinast þar af leiðandi að formanni Alþfl. Er best að segja eins og er, að þeim eru alþýðuflokksmenn verstir sem þeir unnu mest. Nú er þessum ágæta manni fórnað við trog. Ekki minnist ég þess að borið hafi nokkurn skugga á samstarf Sjálfstfl. og Jóns Baldvins Hannibalssonar í öryggis- og varnarmálum á meðan þessir tveir flokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., áttu samstarf í öryggis- og varnarmálum — einmitt á þeim tíma, 1991–1995 þegar mjög mikilvægar breytingar voru gerðar á öryggis- og varnarmálum í ljósi nýrra tíma. Þetta er því sérkennilegur vitnisburður um það merka starf sem sá ágæti maður, Jón Baldvin Hannibalsson, sem utanrrh. vann í sambandi við aðlögun NATO að nýjum aðstæðum, að alþýðuflokksmenn skuli ekki bera meiri virðingu fyrir því en þetta.

Sannleikurinn er náttúrlega sá að í fyrri ríkisstjórn fór Alþfl. með stefnumótun í öryggis- og varnarmálum. En þeir flokksmenn Alþfl. sem hafa nú gengið til samstarfs við Samfylkinguna hafa ekki stefnu. Þeir hafa nú svamlað um stund í heldur sérkennilegu farvatni, verður að segjast, sem ber nafnið Ísland og umheimurinn, ný heimsmynd. Þegar það farvatn er skoðað verður að viðurkennast að það er frekar gruggugt, svo ekki sé meira sagt. Þar segir að menn ætli sér sem langtímastefnumark að hætta í hernðarbandalögum og það hefur verið upplýst hér á umræðum á Alþingi að þegar talað er um hernaðarbandalagið þá er fyrst og fremst átt við NATO. Gert er ráð fyrir því að það þurfi að undirbúa brottför varnarliðsins. Þetta er það sérkennilega farvatn sem þingmenn Alþfl. og að sjálfsögðu þingmenn Alþb., þ.e. þeir sem eftir eru í þinginu, hafa verið að svamla í. Það verður að taka það alveg sérstaklega fram að þarna eru allir endar lausir. Engin skýr stefna er í þessu plaggi og við það verður Samfylkingin að búa að hún hefur enga stefnu í þessum málum. Hvað gera þá þessir ágætu menn og konur sem þarna búa við algjört stefnuleysi í öryggis- og varnarmálum? Jú, þeir grípa fegins hendi, eins og drukknandi menn grípa í bjarghring, í fylgiskjal með ræðu utanrrh. um utanríkismál á Alþingi. Þetta er bjarghringurinn. Mér fyndist satt best að segja athyglisvert fyrir þingheim að velta því fyrir sér hvað er letrað á þennan bjarghring. Það er afskaplega auðvelt að lesa það. Það kemur fram bæði í fylgiskjalinu og í ræðu hæstv. utanrrh. að engin grundvallarbreyting verður á NATO-aðildinni né heldur í varnarmálum. Það er áréttað bæði í fylgiskjalinu og í ræðu utanrrh. Hvað stendur með öðrum orðum á bjarghringnum? Það stendur: Ísland í NATO og varnarliðið áfram hér á landi. Þá kann vel að vera að þessum gömlu alþýðuflokksmönnum, sem einu sinni höfðu stefnu í öryggis- og varnarmálum, líði svolítið skár fyrst þeir ríghalda sér í þennan bjarghring sem á stendur: NATO og varnarliðið áfram hér. En ég er ekki viss um að hv. þm. Margréti Frímannsdóttur líði alveg eins vel í þessu kompaníi. Ég er ekki alveg viss um það.

Þessi málflutningur hefur verið með endemum og ótrúlega ómarkviss og í raun og veru ódrengilegur gagnvart Jóni Baldvini Hannibalssyni, þeim manni sem átti þátt í því að laga málefni Atlantshafsbandalagsins að nýjum og breyttum aðstæðum. Ég vil mælast til þess að menn reyni að sýna því verki sem sá ágæti maður starfaði að örlítinn vott af virðingu þó ekki væri meira.

Þegar litið er yfir fylgiskjalið með ræðu ráðherrans kemur í ljós að í c-lið, sem hið örvæntingarfulla lið Samfylkingarinnar hengir sig sem mest á, er talað um að kannaðar verði leiðir til þess að Íslendingar geti axlað stærra hlutverk einir eða í samstarfi við önnur ríki í vörnum landsins. Hvaða yfirlýsing fylgdi þessum punkti frá hæstv. utanrrh.? Jú, sú yfirlýsing að á engan hátt er gefið í skyn að gerðar verði grundvallarbreytingar á varnarsamstarfinu við Bandaríkin né NATO. Þarna sést því í hvaða ljósi á að lesa þessar yfirlýsingar og þessar hugmyndir. Og það get ég sagt sem sjálfstæðismaður að ég hef ekki nokkurn skapaðan hlut á móti því að Íslendingar taki aukinn þátt í vörnum landsins. Ég fagnaði því þegar Íslendingar tóku aukinn þátt í vörnum landsins og ratsjárstöðvamálið var mjög jákvætt. Að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að skoða áfram hvernig hægt er að stuðla að því að Íslendingar taki meiri þátt í vörnum landsins að því tilskildu að menn hafi stefnu í varnarmálum og öryggismálum og varnar- og öryggismálum okkar sé ekki stefnt í óvissu, eins og Samfylkingin hefur gert.

Þetta er nauðsynlegt að komi hér fram eftir þessa mjög svo sérkennilegu og ómarkvissu umræðu sem alþýðuflokksmenn hafa staðið fyrir og raunar Samfylkingin öll því að mjög töluðu þau nú svipuðum rómi hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Sighvatur Björgvinsson og Margrét Frímannsdóttir. Þetta var nauðsynlegt að láta koma fram.

Ég ætla nú aðeins að víkja að þeim fullyrðingum sem komu fram fyrr í dag, að hæstv. utanrrh. hefði ekki kynnt Kyoto-málið fyrir utanrmn. Til að fyrirbyggja allan misskilning í þessu máli verður að taka fram að þann 15. des. 1997 var gerð grein fyrir Kyoto-bókuninni alveg sérstaklega á sameiginlegum fundum umhvn. og utanrmn. Þar var farið yfir stöðuna og hún skýrð í smáatriðum. Síðan, og þá sérstaklega á þessu þingi hefur ekki komið fram sérstök ósk hjá stjórnarandstöðunni um að farið yrði yfir þetta mál. Það er rétt að þetta fylgi umfjöllun málsins hér á þingi.

Ég ætla hins vegar að lokum, af því að ég á örfáar mínútur eftir, að fara yfir allt annan hluta af ræðu hæstv. utanrrh. sem ekki gefst tími til að fjalla um í heild en æskilegt er að geta fjallað þar um einstök málefni eins og margir þingmenn hafa kosið að gera.

Fjallað er lítillega og jákvætt um Norðurskautsráðið. Öllum er ljóst að viðfangsefni Norðurskautsráðsins hafa verið ráðherranum mjög ofarlega í huga. Hann hefur lagt þar gjörva hönd á málið og reynt að þoka þeim málum til betri vegar. Hér er um að ræða mjög athyglisverðan samstarfsvettvang sem snertir mjög mikla grundvallarhagsmuni Íslendinga, þ.e. umhverfið í kringum Ísland, nýtingu auðlinda og sjálfbæra þróun.

Að sjálfsögðu ber að leggja áherslu á það að starf Norðurskautsráðsins skili sem mestum árangri og það hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda frá upphafi. En það verður að segja að áhrif ráðsins hafa ekki orðið eins mikil og við Íslendingar höfðum vænst. Nokkrar ástæður liggja til þessa sem mér finnst rétt að geta um.

Hlutverk Norðurskautsráðsins, eins og það var skilgreint og er skilgreint í Ottawa-yfirlýsingunni, er að vera vettvangur sem framfylgir þeirri umhverfisvernd sem kveðið er á um í Rovaniemi-yfirlýsingunni 1991 og styðja þá umhverfisverndarstefnu sem þar er kveðið á um með því að semja sérstaka áætlun um sjálfbæra þróun. Þessu hefur í raun ekki verið fylgt eftir með áætlanagerð um sjálfbæra þróun og sá ásetningur að koma á slíkri áætlanagerð, sem var ítrekaður í Iqualit hefur ekki breytt þessari stöðu. Það skortir því enn á sameiginlega heildarstefnu í sjálfbærri þróun þeirra svæða sem aðildarríkin ná yfir, stefnu sem gerir grein fyrir helstu forgangsverkefnum og leiðir til þess að starfið allt og fjármagn nýtist sem best. Á það ekki síst við um rannsóknargeirann.

Annað sem hefur háð þessu starfi og nauðsynlegt er að finna einhverja framtíðarlausn á er að það hefur aldrei verið fyllileg eining um það í Norðurskautsráðinu hvernig skuli starfað að verkefnum ráðsins. Bandaríkjamenn hafa lagt áherslu á einstök verkefni, sem í sjálfu sér hafa verið mjög athyglisverð, en aðrar aðildarþjóðir svo til allar hafa lagt áherslu á að tengja einstök verkefni heildarstefnu í málefnum norðursins og Íslendingar fylla þennan flokk. Þátttaka Bandaríkjamanna í starfi Norðurskautsráðsins er hins vegar mjög mikilvæg, bæði vegna hnattrænnar stöðu Bandaríkjanna en þó enn fremur vegna þess hversu mikil áhrif Bandaríkjamenn hafa í alþjóðamálum. Þá eru einnig umhverfissamtök í Bandaríkjum áhrifamikill þrýstihópur og hefur haft talsverð áhrif á stefnu stjórnvalda í umhverfismálum.

Í þriðja lagi hefur það háð störfum Norðurskautsráðsins og þingmannafunda heimskautasvæðanna að það ríki sem á langstærsta heimskautasvæðið og býr við raunar stærstu mengunarvandamál heimskautasvæðanna glímir við mjög alvarlegan efnahagsvanda. Rússland er í raun og veru lamað efnahagslega og það er veikt og ómarkvisst stjórnarfarslega og einnig, því miður, er það vísindalega mjög máttfarið. Í Rússlandi eru jafnframt saman komnar helstu uppsprettur umhverfisvandamála norðursins.

Það er að sjálfsögðu viðfangsefni Norðurskautsráðsins að reyna að finna einhvers konar tvíþátta stefnumörkun sem annars vegar tekur á sérstökum verkefnum en á hinn bóginn tekur á heildarstefnumörkun í sjálfbærri þróun á þann hátt að Bandaríkjamenn geti sætt sig við þá stefnu því að þetta hefur á vissan hátt dregið máttinn úr því starfi sem unnið hefur verið innan Norðurskautsráðsins.

Það er hlutverk Íslendinga að reyna að stuðla að því að koma þessum málum í betri farveg og það er ánægjulegt til þess að vita að sérstakur vinnuhópur, menn kalla þetta nú stundum á íslensku vinnusmiðju, verður settur á laggirnar og heldur hér allmerkilega stefnu, ráðstefnu ef svo má kalla, um einmitt sjálfbæra þróun. Er það tilgangurinn með þessu verki að hægt verði að leggja fram drög að stefnu fyrir Norðurskautsráðið sem nær yfir þau heildarmarkmið sem ráðið setur sér. Þeir sem standa að þessu ráði, fyrir utan alþjóðlegu vísindanefndina fyrir Norðurskautssvæðin, þá er það samstarf háskóla sem gengur undir nafninu Háskólar heimskautasvæðanna, en sú stofnun hefur innan sinna vébanda marga af merkustu og ágætustu háskólum Norðurskautssvæðisins bæði í Kanada, Noregi, Finnlandi og á Íslandi, og síðan stendur að þessu Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Ég leyfi mér að vona að út úr þessu geti komið fyrstu drög að heildarstefnumörkun í sjálfbærri þróun fyrir Norðurskautsráðið.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri um ræðu og skýrslu hæstv. utanrrh. og þau gögn sem lögð hafa verið fram í umræðunni.

[16:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Er það mögulegt að hv. þm. og formaður utanrmn. geri sér ekki grein fyrir því að á þeim fimm

árum sem liðin eru frá því að Jón Baldvin Hannibalsson var utanrrh. hefur átt sér stað mjög merkileg þróun á sviði utanríkismála? Fyrir hálfum áratug voru menn að gera sér vonir um að kalda stríðinu væri að ljúka. Þá hafði átt sér stað þíða, slaki í spennunni í samskiptum austurs og vesturs frá árinu 1989, þegar Berlínarmúrinn féll öllum að óvörum. Núna hins vegar er það alveg ljóst að á þessu tímabili, frá því að Jón Baldvin Hannibalsson var utanrrh., hefur þessi þróun verið staðfest. Við vitum það núna og stöndum frammi fyrir því að aðstæður eru breyttar.

Þessar breyttu aðstæður fela það m.a. í sér að það sem við töldum að væri raunveruleg hernaðarógn fyrir kannski hálfum áratug, sex, sjö árum, teljum við ekki vera ógn í dag. Hún er a.m.k. verulega dvínandi. Og hæstv. utanrrh. tekur á því eða starfsmenn hans leggja til áherslubreytingar á öryggi landanna.

Ég hef komið hér upp og tekið undir það sem þar kemur fram og sagt að þessi hugsun hæstv. utanrrh. væri eins og ferskur gustur miðað við lognmolluna sem virðist ríkja í hugardjúpum hv. þingmanna Sjálfstfl. Og hv. þm. gengur nákvæmlega í sömu gildru og hann virðist helst vilja dvelja í allar stundir. Hann kemur og staðfestir allt það sem ég sagði.

Ég sagði: Við á vinstri vængnum megum ekki taka upp svona mál án þess að okkur sé núið það um nasir að við séum að undirbúa brottför hersins. Og það er nákvæmlega það sem hv. þm. neri mér um nasir. Þar með staðfesti hann að hann er fastur í hjólförum kalda stríðsins þar sem sumum leyfist að segja hluti og þeir verða þá að koma hægra megin við miðjuna, eða vera a.m.k. á hægri kanti miðjunnar, en okkur hinum leyfist það ekki. Það sem hæstv. utanrrh. segir er fínt í munni og huga hv. þm., en Össur Skarphéðinsson má ekki segja það sama, þá vill hann að Ísland fari út NATO.

[16:40]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki undrandi á því að samviskan hafi farið að naga hv. þm. Össur Skarphéðinsson örlítið þegar hann var minntur á hversu lúalega hann réðst á fyrrverandi utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson.

Það sem hefur átt sér stað undanfarin ár, frá 1995 og fram á þetta ár, er að sjálfsögðu beint áframhald af því aðlögunarstarfi sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og hæstv. utanrrh. á þeim tíma hafði unnið. Það er beint áframhald í þessu. (**ÖS:** Nákvæmlega.) Og Sjálfstfl. hefur stutt þessa aðlögun með opnum huga. Það vill bara svo til að minna þarf hv. þingmenn Alþfl. á það hversu málflutningur þeirra er sérkennilegur því að þeir sjást ekki fyrir í málflutningi sínum. Það er ekki þannig að sá sem hér stendur hafi deilt á hv. þm. fyrir það að vilja breytingar, það er ekki svo. (**ÖS:** Þú túlkaðir það svo.) Það var deilt á hann fyrir stefnuleysi og skoðanaleysi. Það sem er alvarlegasta málið í sambandi við stefnumótun Samfylkingarinnar er hið fullkomna stefnuleysi og skoðanaleysi sem þar kemur fram. Það er reynt að þóknast öllum.

[16:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið þess að allar góðar vættir sameinist um að svipta burt þokunni sem ríkir í huga hv. þm. Í málflutningi hans rekur sig hvað á annars horn. Hann nýr mér því um nasir að ég sé skoðanalaus í annarri ræðunni en í hinni ræðunni að ég vilji að herinn fari úr landi. Er það ekki ansi sterk skoðun? Það er að vísu verið að gera mér upp þá skoðun, en það er ekki bæði hægt að koma hér og halda því fram að málflutningur minn miði að því að herinn fari úr landi og segja síðan að ég sé skoðanalaus.

Staðreyndin er þessi: Það er að renna upp fyrir hv. þm. og formanni utanrmn. Alþingis að hann er um of fastur í fortíðinni. Það má vel vera að okkur félögum hans, bæði í Samfylkingunni og Framsfl., takist að tosa hann inn í a.m.k. nútíðina og það væri gott, helst að bregða aðeins birtu í framtíðina líka.

Það er með ólíkindum að hv. þm. skuli bregðast við á þennan hátt. Hann gerir nákvæmlega það sem ég spáði fyrir um að hann mundi gera, að ef ég kem hérna og talaði um nauðsyn þess að stokka aðeins upp í viðhorfum okkar til öryggismála landsins þá yrði sagt að ég vildi að herinn færi úr landi, og hv. þm. gerði það.

Staðreyndin er bara sú, herra forseti, að alltaf er að koma betur og betur í ljós að Sjálfstfl. er að verða hrímþursinn í íslenskum stjórnmálum. Það er hann sem hefur gefið út dagskipan um að ekki megi ræða aðild að Evrópusambandinu, ekki heldur með því krítíska hugarfari sem hér hefur verið gert í dag, af hálfu sumra þingmanna Framsfl. Það er líka hann sem bregst við með nákvæmlega sama hætti og formaður utanrmn. hefur gert í dag í hvert skipti ef menn voga sér að tala um að kannski mætti hreyfa aðeins við skipulagi á öryggi og vörnum landsins.

Svo gerist það að hæstv. utanrrh. leggur fram skýrslu þar sem í mörgum greinum er sagt fyrir um hvernig nauðsynlegt sé að endurskoða ítarlega skipulag varnarmála, eins og það er orðað í tölulið 5 á bls. 34 í skýrslunni. Það eru ekki vinstri menn sem koma með það, það eru forustumenn ríkisstjórnarinnar. Og það er rökstutt með breyttum viðhorfum. Ég er einfaldlega að segja að ég er sammála þessum breyttu viðhorfum.

Ég er hins vegar ekki sammála því að herinn eigi að fara eða Ísland eigi að fara úr NATO, og ég hef aldrei sagt það í dag. En hv. þm. hefur gert mér upp þá skoðun.

[16:43]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er nú eitthvað málum blandið. Sá sem hér talar gat um það alveg sérstaklega að ef hv. þm. Össur Skarphéðinsson skrifaði að fullu undir það sem fram kemur í ræðu utanrrh. og í fylgiskjali með ræðu utanrrh. um Atlantshafsbandalagið og varnarliðið þá væri hann stuðningsmaður þess að hafa það hér. Og hann nikkaði. En ég benti honum jafnframt á það að stuðningsmaður hans í Samfylkingunni, Margrét Frímannsdóttir, er ekki eins hrifin af þessu. Og það hefur komið fram í umræðum á Alþingi að menn bara hafa enga skoðun á þessu máli. Þeir segja í einu orðinu að þeir vilji hafa herinn og vilji vera í NATO, en svo þegar eftir því er gengið þá kemur í ljós að menn hafa ekki skoðun á málinu. Og það á geyma það til seinni tíma að taka afstöðu til málsins, eins og komið hefur mjög skýrt fram í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar.

Það er ekki meginathugasemd mín við þennan málflutning að hann sé ósanngjarn í garð hæstv. fyrrv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, heldur hitt að þessi málflutningur einkennist af skoðanaleysi og hringlandahætti. Í raun er ekkert hægt að segja hvaða skoðun í varnarmálum og öryggismálum þessi merka hreyfing, þ.e. Samfylkingin öll, hefur.

[16:45]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það er einkennilegt að í hvert einasta skipti sem þingmenn Sjálfstfl. leyfa sér að anda á stefnuleysi Samfylkingarinnar í öryggis- og varnarmálum, þá er galað: Kaldastríðsáróður, kaldastríðsáróður! Það er eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson viti ekki að kalda stríðinu lauk 1989. Það er eins og hv. þm. viti það ekki.

Hvers vegna er verið að ala á þessu, að rekinn sé kaldastríðsáróður? Hvers vegna er verið að því? (**Gripið fram í:** Af hverju eru þið að því?) Það eru hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem ala á því. Engir aðrir en þeir tala um kalda stríðið. Aðrir eru að tala um varnar- og öryggismál Íslands. Stefnuleysið og örvæntingin eru hins vegar slík að gripið er í bjarghring, fylgiskjal með ræðu hæstv. utanrrh., til að fleyta sér áfram í umræðunni og breiða yfir stefnuleysið. Þá er skýrsla utanrrh. eða fylgiskjalið með skýrslunni orðin ferskur vindblær. Undir öðrum kringumstæðum hefði það verið kallað skýrsla frá haukunum í varnarmáladeildinni og sendiráðinu hjá NATO.

Hvað er í þessari skýrslu? Jú, tillögur um breytingar í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar. En hvernig tillögur eru það? Það eru allt saman viðbótartillögur. Það eru tillögur um nýja þætti. Hvert einasta atriði byggir á því og hvergi vikið að öðru en að Ísland verði áfram í NATO og varnarliðið verði áfram á Íslandi. Rætt er um breytingar og það að Íslendingar taki meiri þátt í vörnum landsins, taki að sér fleiri verkefni. Þetta heitir í dag, 1999, ferskur vindblær.

Það var líka talað um þetta 1974, að Íslendingar tækju að sér fleiri þætti í vörnum landsins. Það var líka talað um þetta 1983, niðurstaðan var sú að Ratsjárstofnunin var sett á stofn og Ísland fór að taka þátt í fundum hermálanefndarinnar. Reyndar var líka talað um þetta 1996 af hæstv. menntmrh. og mikið grín gert að því. Nú heitir það í dag, 1999, ferskur vindblær, það sem undir öðrum kringumstæðum hefðu verið skýrslur frá haukunum.

Öll þessi umræða, allar þessar yfirlýsingar og allt fátið er til að hylma yfir tvístígandann og stefnuleysið hjá Samfylkingunni í málefnum NATO og varnarliðsins. Það á að bíða eftir því að niðurstaða fáist í endurskoðun öryggismálastefnu NATO áður en tekin verður afstaða til aðildarinnar að NATO, eins og frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavík sagði á fundi hér í borginni í dag.

Talsvert hefur verið talað um Kyoto-bókunina og þá staðreynd að ríkisstjórnin hefur ekki undirritað hana og ekki hugsað sér að gera það fyrir 15. mars. Mér finnst ekkert skrýtið að ríkisstjórnin hugsi sér ekki að undirrita bókunina. Ég tel það reyndar mjög skiljanlegt og skynsamlegt. Staðan er einfaldlega sú að samningaviðræðum um þá þætti er skipta okkur Íslendinga mestu máli er alls ekki lokið.

Þrjú atriði skipta okkur sérstaklega máli. Í fyrsta lagi hvað verður um skógrækt og landgræðslu í losunarbókhaldinu. Það er óljóst eins og staðan er í dag. Í öðru lagi er það spurningin um viðskipti með losunarheimildir. Það er óljóst eins og staðan er í dag. Í þriðja lagi er það sérstaða Íslands eða íslenska ákvæðið, en samningaviðræðum um það er ólokið og hefur tvívegis verið frestað.

Hins vegar hefur verið tekið tillit til sérstöðu annarra ríkja, sérstaklega stærri ríkja og ríkjasambanda í þessum samningi, t.d. Evrópusambandsins um losun hjá þeim. Ég tel reyndar að afstaða þeirra í málefnum Íslands sé hrein meinbægni, af hvötum sem ég ekki fæ skilið. Ekki hefur síður verið tekið tillit til sérstöðu Bandaríkjanna en Bandaríkin losa tvisvar og hálfum sinnum meira koldíoxíð en við gerum. Þó að einhver smáatriði standi út af í samningsmarkmiðum þeirra þá er það ekkert í líkingu við þá sérstöðu sem hin mikla losun þeirra skapar þeim.

En hvað þýðir það að Bandaríkin hafa skrifað undir? Þýðir það eitthvað? Nei, það þýðir nákvæmlega ekki neitt. Allir vita að eins og staðan er í dag þá verður Kyoto-bókunin aldrei staðfest á bandaríska þinginu. Undirritun bandarísku ríkisstjórninni er að því leyti til algjörlega marklaus. Því tel ég skynsamlegt af hálfu ríkisstjórnarinnar að vera ekki með leikaraskap og undirrita ekki bókunina fyrr en ljóst er um niðurstöðu í þeim málum sem skipta okkur mestu máli.

Umræður um Evrópusambandið hafa einnig verið fyrirferðarmiklar og það er auðvitað ekkert skrýtið. Skemmtilegast er auðvitað að heyra síendurteknar fullyrðingar, sérstaklega fyrrverandi þingmanna þingflokks Alþfl., um að umræða um Evrópusambandið sé bönnuð innan Sjálfstfl. (**SighB:** Hvenær fór hún þá síðast fram?) Það eru sífellt umræður í gangi um Evrópusambandið innan Sjálfstfl. og ef hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vill fylgjast með þeim þá verður næsti fundur um það, þar sem ég verð framsögumaður, 15. mars nk. í Garðabæ. Honum er velkomið að mæta þar.

Hins vegar standa þessir sömu þingmenn í dag að þingflokki Samfylkingarinnar. Hvað hefur Samfylkingin gert í málefnum ESB? Er sami tvístígandinn í þeim varðandi ESB og varðandi aðildina að NATO og veru varnarliðsins? Nei, það er ekki. Samfylkingin hefur klára stefnu varðandi ESB. Það liggur ljóst fyrir að ekki eigi að ganga í ESB á næstu fjórum árum. Það er meira en hæstv. utanrrh. hefur látið sér um munn fara hvað þetta varðar. Hann hefur ekki útilokað neitt af þessu tagi.

Ekki hefur mikið farið fyrir umræðu um spurninguna um aðild Íslands að CITES eða ekki, en utanrrh. segir í skýrslu sinni að hann telji skynsamlegt að við gerumst aðilar að CITES. Ég hef efasemdir um að það sé rétt og skynsamlegt. Þær byggjast á því að vinnubrögð þessara samtaka eru mjög óeðlileg og mjög erfitt fyrir okkur að gerast aðilar að samtökum sem stunda slík vinnubrögð. Þar eru allt önnur skilyrði fyrir því hvort dýrategundir eru teknar á lista yfir þær sem þarf að vernda, taldar eru í hættu, fullnýttar eða í útrýmingarhættu en notuð eru þegar taka þarf dýrategundirnar af þessum listum. Með öðrum orðum er einfaldara að fá samþykkt að dýrategund sé í hættu og setja hana á bannlista en taka hana af þessum lista. Ég tel það mjög hættulegt og varhugavert fyrir okkur að taka þátt í starfsemi stofnunar sem viðhefur slík vinnubrögð.

Ef við ákveðum hins vegar að gera þetta þá verða fyrirvarar okkar að vera mjög ákveðnir og öruggt þeir haldi. Við vitum að sum þeirra samtaka sem berjast í þessum málaflokki eru afar ósvífin og það höfum við fengið að reyna á eigin skrokki hér á Íslandi.

Mig langar að lokum að nefna eitt atriði sem ekki hefur verið mikið til umræðu í dag en það er hvort við ættum að gerast aðilar að GEF, Global Environmental Facility. Ég held að við ættum að gaumgæfa hvort ekki sé rétt fyrir okkur að gerast aðilar að þeirri stofnun á einhvern hátt. Ég held að fátt væri jákvæðara í sambandi við samningaviðræður okkar um Kyoto-bókunina en að gerast aðilar að þeirri stofnun. Á það yrði litið sem jákvætt framlag okkar til umhverfismála í heiminum og sérstaklega til að styðja smáeyjaríkin og þriðja heiminn.

Þessar umræður hafa verið mjög líflegar og farið um víðan völl. Ég vona að þær hafi skýrt afstöðuna. Eitt hafa þær þó ekki skýrt og það er afstaða Samfylkingarinnar í öryggis- og varnarmálum. Vonandi fáum við fyrr en síðar að sjá hreina og klára afstöðu hinnar nýju stjórnmálahreyfingar í þeim málum.

[16:57]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða sem hér var flutt var mjög einkennandi fyrir kaldastríðssveit Sjálfstfl. Þegar það gerist í fyrsta skipti að íslenskur utanrrh. leggur fyrir Alþingi greinargerð um endurmat á öryggismálum Íslands með nýjum hugmyndum og tillögum, þá kemur hv. þm. upp og segir: Hér er ekkert nýtt að finna. Hér er ekki ferskur blær. Þetta var það sem hann hafði um framlag utanrrh., í ríkisstjórn sem hann styður, að segja. Hann sagði að hann hefði ekkert nýtt fram að færa og þar væri enginn ferskur blær. Hv. þm. er trúr íhaldshugsjón sjálfstæðismannanna, lemur höfðinu við steininn og segir: Stalín er enn þá hér.

Það er ekki nóg með það, heldur taka þeir nú, formælendur kalda stríðsins í Sjálfstfl., saman höndum við þá fáu þingmenn sem enn vilja varðveita andann frá 1960 til að innleiða á Alþingi umræður og afgreiðslur um slík mál. Þeir þurfa, eins og í gær á fundi utanrmn., að snúa upp á hendurnar á samstarfsmönnum sínum í Framsfl., sem neita að taka þátt í þessu sjónarspili, og beita þá afli til að fá þá til að taka saman við sig um að innleiða kaldastríðsviðhorfin í umræður í þinginu hér á ný. Svona er nú málið í pottinn búið.

Þetta eru menn sem lifa í fortíðinni. Þeir leyfa sér að segja, um sinn eigin utanrrh., þegar hann í fyrsta skipti í sögunni leggur fyrir Alþingi greinargerð um endurmat á öryggismálum landsins, að þar sé ekkert nýtt að finna, engan ferskan blæ. Þannig vilja þeir ekki hafa það. Þeir vilja engan ferskan blæ í þessa umræðu. Þeir gera sér ekki ljóst að Stalín er ekki lengur hér.

[16:59]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þurfti svo sem ekki gáfumann til að segja fyrir um að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson mundi koma upp og kalla hér yfir hv. þingheim: Kaldastríðsáróður. Og Stalín er ekki hér. Jú, gamall titill á gömlu leikriti eða var það *Stalín á ekki heima hér? Stalín er ekki heima*, eða hvernig sem það var? (**SighB:** Stalín er ekki hér.) Já, þetta er greinilega ... (**SighB:** Þitt leikrit heitir Stalín er enn þá hér.) Það er greinilegt að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson þekkir meira til Stalíns en ég.

Eins mikið og þeir hafa lesið fylgiskjal hæstv. utanrrh. þá hafa samfylkingarmenn náð að miskilja það svo að þetta sé fyrsta skýrslan af þessu tagi sem birt hafi verið. Árið 1993 var birt skýrsla um öryggis- og varnarmál sem þessi skýrsla byggir á. Ég er alveg sannfærður um það að þáv. hæstv. utanrrh., og reyndar þáv. formaður Alþfl., hefur örugglega ekki látið undir höfuð leggjast að dreifa henni hér á Alþingi. Það er því alls ekki rétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson *segir, að hér sé í fyrsta skipti verið að dreifa skýrslu sem* þessari á hv. Alþingi.

Hvað það varðar að ég sjái ekkert nýtt eða gott við skýrsluna þá það rangt. Ég tel þetta vera afbragðsskýrslu, unna af afbragðsmönnum sem, eins og ég hef sagt í fyrri ræðu, hefðu undir öðrum kringumstæðum verið kallaðir haukarnir í varnarmáladeildinni og á NATO-skrifstofunni.

[17:01]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. leggur sig í líma við að reyna að gera eins lítið úr hæstv. utanrrh. og hann mögulega getur. Hann lætur sér ekki bara nægja að segja: „Það er ekkert nýtt í þessu að finna, engir ferskir vindar.“ Hann slettir líka í góm og segir: „Þetta hefur svo sem verið gert áður sem utanrrh. er að gera. Það er ekkert merkilegt við það.“

Menn heyra undirtóninn hjá sjálfstæðismönnum, hvað gremjan er mikil, hvað fortíðarhyggjan er sterk, hvað þráin eftir því að halda þessum kaldastríðshugsunarhætti áfram í umræðum á Alþingi er mikil. Og ef þeir sjá ekki annan betri leik að þá gera þeir lítið úr öllu því sem hæstv. utanrrh. er að gera til að varðveita fortíðardrauginn þannig að við stjórnarandstæðingar — sem erum nú ekki allir sammála honum eða hitt þó heldur — erum að hrósa honum hér fyrir það að hann sé að marka ný spor. Við erum að tala um að þetta sé í fyrsta skipti sem við sjáum svona starfshætti á vegum utanrrh. og utanrrn. Svo koma kaldastríðsgemlingarnir í Sjálfstfl. og sletta í góm: „Þetta er ekkert merkilegt. Við höfum nú séð svona áður. Það er nú ekkert nýtt í þessu.“

Þetta er að verða dálítið sérkennileg umræða, herra forseti. Ég hef gaman af henni. Sérstaklega hef ég gaman af því þegar þessir kaldastríðsþingmenn Sjálfsfl. þurfa að beita samstarfsmenn sína í Framsfl. afli, jafnvel handafli, til þess að þvinga þá til þess að reyna að hjálpa sér til þess að halda umræðum áfram í þessum anda.

Þannig er það, því miður, að þessir menn lifa enn þá í fortíðinni og þeim hlýtur að líða óskaplega illa, herra forseti.

[17:03]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög sérstakt hve hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ber mikla umhyggju fyrir því hvernig mér líður og fyrir því að ég hafi látið undir höfuð leggjast að hrósa hæstv. utanrrh. nægjanlega mikið. Ef það hefur eitthvað misskilist þá er ég honum afar þakklátur fyrir hans ágætu skýrslu og hans ágætu ræðu og ég tel að hann standi sig með prýði í sínu starfi og ber til hans fullt traust.

En það er einkennilegt að í hvert einasta skipti sem nafn hæstv. fyrrv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, ber á góma, fyrrv. formanns Alþfl., þá umturnast fyrrv. þingmenn Alþfl., þingflokksins sem búið er að leggja niður, þá umturnast þeir. Og þeir vilja ekki láta hann njóta sannmælis. Það voru engir ferskir vindar þegar hann var utanrrh. Það voru engir ferskir vindar í skýrslunni frá 1993. Það var ekkert nýtt í henni. Það gerðist ekkert gott þegar Jón Baldvin Hannibalsson var utanrrh.

Þetta er einkennilegt, sérstaklega frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni sem gegnir í dag enn þá formennsku Alþfl. Því að þótt þingflokkurinn hafi verið lagður niður þá er Alþfl. enn þá til. En talsmaður þeirra, talsmaður Alþfl. í dag er formaður Alþb.

[17:05]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var fyrst í vafa hvort rétt væri að kalla hv. þm. Árna M. Mathiesen gemling eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði en ég verð að segja að af því plani sem hv. þm. féll niður á þá held ég að ekki sé hægt að nefna hann neinu öðru orði.

Ég held að hv. þm. seilist um hurð til lokunnar þegar hann heldur því fram að þingmenn Alþfl. séu að reyna að

gera það sem þeir geta til þess að niðurlægja Jón Baldvin Hannibalsson. Svona bara til upplýsingar þá er rétt að hv. þm. viti það að við komum nú saman á 60 ára afmæli Jóns Baldvins Hannibalssonar og sendum honum öll skeyti í tilefni dagsins. Það var nú öll niðurlægingin sem hv. þm. er að reyna að gera hér upp.

Ég tók eftir því að hæstv. utanrrh., sem er smekkmaður og kann a.m.k. prótókolla, gekk úr þingsalnum á meðan hv. þm. Árni M. Mathiesen flutti þessa ræðu því að svo vond var hún. Og það sýnir að hæstv. utanrrh. er enn meiri smekkmaður en ég vissi áður. (**Utanrrh.:** En vissirðu hvers vegna?)

Hv. þm. hélt því fram að það væri markleysa hjá Bandaríkjamönnum að undirrita Kyoto-bókunina vegna þess að engin von væri til þess að hún fengist staðfest í þinginu. Nú er það svo að samkvæmt þjóðarétti felst engin skuldbinding í því að undirrita alþjóðasamning en hins vegar er almennt litið svo á að með því sé verið að leggja fram viljayfirlýsingu viðkomandi lands um að það muni eigi að síður freista þess að leggja samninginn til samþykktar fyrir þjóðþingið. Í þessu tilviki liggur alveg fyrir að það sem veldur efasemdum Bandaríkjamanna er hvort þróunarríkin muni koma inn í samninginn á seinni stigum. Það liggur líka fyrir að mikill þrýstingur er í því efni og það er mjög líklegt að þau geri það. Ég tel það a.m.k. Það getur verið að aðrir séu mér ósammála. En ég tel það. Ég held því að hv. þm. Árni M. Mathiesen hafi engar ástæður til þess að halda því fram hér að það sé marklaust af Bandaríkjaþingi að gera þetta.

[17:07]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um fyrstu orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í ræðustólnum því að ég veit að hann er miklu betri í dýrafræði en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson.

Mér þykir líka ánægjulegt að heyra að þau skyldu hafa sent Jóni Baldvini Hannibalssyni skeyti á afmælinu hans. Það er fallega gert og sýnir að þau búa þó yfir einhverri kurteisi.

Ég tók ekki svo glöggt eftir því hvenær utanrrh. gekk úr salnum en ég held að hann hafi reyndar gengið úr salnum meðan hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var enn þá í stólnum.

Varðandi það sem við vorum að ræða, undirskrift Bandaríkjanna og það að leggja bókunina fyrir þingið, þá er það auðvitað siðferðisleg skuldbinding að gera það. En að undirrita bókunina vitandi að hún verður ekki samþykkt á þinginu hefur ekkert gildi. Það skiptir ekki neinu máli. Það er ekkert hægt að vísa í að það bendi til þess að samningataktík hæstv. utanrrh. sé ekki í lagi, vegna þess að Bandaríkjaforseti, sem hefur meiri hluta þingsins á móti sér, hegðar sér einhvern veginn öðruvísi. Það eru engin rök í málinu, einfaldlega engin rök í málinu.

Ég tel að hæstv. utanrrh. fari nákvæmlega rétt að varðandi Kyoto-bókunina.

[17:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að hv. þm. Árni M. Mathiesen strjúki aðeins hæstv. utanrrh. og segi að hann geri þó eitthvað rétt því að hann er nú búinn að fara þeim orðum um þessa ágætu skýrslu hæstv. ráðherra að mál er til komið að hann segi eitthvað jákvætt og fallegt við þennan ágæta samstarfsmann sinn.

Herra forseti. Mig langar að nota þetta tækifæri til þess að drepa á nokkuð sem hv. þm. sagði í ræðu sinni áðan og ég komst ekki að til þess að ræða af því að ég þurfti að upplýsa hann um undirstöðuatriði í mannasiðum. En það var það sem hann sagði um stefnu Samfylkingarinnar í öryggismálum. Það er einfaldlega alveg ljóst og hefur komið fram, herra forseti, alveg sama hvað hv. þm. Árni M. Mathiesen tuðar og tuðar, að það er ekki stefna Samfylkingarinnar að breyta öryggisstefnu íslenska lýðveldisins.

Hv. þm. segir hins vegar eða það hefur komið fram hjá Sjálfstfl.: „Þið segið bara næstu fjögur árin en hvað eftir það?“ Hann lætur í það skína að þegar þeim fjórum árum sleppir verði auðvitað farið í það að reka herinn og segja Ísland úr NATO.

Herra forseti. Samfylkingin hefur líka stefnu í heilbrigðismálum sem nær til fjögurra ára. Má þá e.t.v. á sama hátt túlka þessa stefnu þannig, vegna þess að við höfum ekki stefnu lengur en í fjögur ár, vegna þess að einungis er um ræða verkefnaskrá, að við ætlum að leggja heilbrigðiskerfið niður að fjórum árum liðnum? Að sjálfsögðu ekki, herra forseti.

Þetta tek ég til marks um það hvað tátólógían er orðin djúp hjá hv. þingmönnum Sjálfstfl. Þeir seilast eins langt og þeir geta til þess að vera ómálefnalegir og til þess að reyna að koma höggi á Samfylkinguna. Hvers vegna? Vegna þess að þeir standa allt í einu frammi fyrir því að komið er fram stjórnmálaafl sem er orðið jafnstórt þeim sjálfum. Og það er tilfinning sem þeir hafa ekki fundið á skrokki sínum mjög lengi.

[17:11]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi ekki fjögur ár í ræðu minni varðandi varnar- og öryggismálastefnu Samfylkingarinnar. En það er auðvitað ekkert einkennilegt þótt menn spyrji sig hvort verið sé að tjalda til einnar nætur. Og hvað gerist svo?

Eins og ég var að segja frá fyrr í dag þá lýsti frambjóðandi Samfylkingarinnar, fulltrúi Samfylkingarinnar á fundi hér í borginni í dag því yfir að Samfylkingin ætlaði að bíða með að taka afstöðu til þess hvort Ísland ætti að vera aðili að NATO eða ekki. Og í umræðu í þinginu ekki fyrir löngu síðan, þar sem til umræðu var þáltill. um hvort herinn ætti að fara og Ísland ætti að fara úr NATO, fagnaði formaður Alþb., talsmaður Samfylkingarinnar, tillögunni og sagði að Samfylkingin væri sammála henni í meginatriðum.

Það er því ekkert skrýtið þótt menn velti því fyrir sér hver stefna Samfylkingarinnar sé. Ég fer ekkert í grafgötur með það hver stefna hv. þm. Sighvats Björgvinssonar er eða hver er eða var stefna Alþfl. Og ég þykist merkja það á viðbrögðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að hann sé hv. þm. Sighvati Björgvinssyni sammála. En staðreyndin er bara einu sinni sú að fleiri eru í Samfylkingunni en þessir tveir ágætu alþingismenn.

Hver er skoðun talsmannsins? Hvert er hlutverk talsmannsins? Á hann að túlka þá skoðun sem hún hafði áður en hún var gerð að talsmanni eða á hún hér eftir að túlka bara þá skoðun sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafa, fram að kosningum, eftir kosningar, í fjögur ár eða eftir fjögur ár? Það skiptir ekki máli. Það skiptir máli að menn hafi stefnu, þori að segja frá henni og þori að standa við hana. En það þorir Samfylkingin ekki í þessu máli.

[17:13]

Útbýting þingskjala:

Verðbréfasjóðir, 224. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 895; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 896.

Vörugjald, 537. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 897.

[17:14]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann flutti þinginu og er árlegur viðburður.

Utanríkismál okkar hafa, eins og þingheimur hefur tekið eftir og þjóðin öll, vaxið mjög að umfangi undir stjórn núv. hæstv. utanrrh. og við erum farin að teygja anga okkar út um allan heim. Það sjáum við á vaxandi samstarfi okkar við önnur ríki og sendiráðum sem verið er að opna sem víðast um heiminn til að gæta hagsmuna þjóðarinnar og auka velgengni okkar eftir því sem kostur er.

Sú umræða sem farið hefur fram af hálfu stjórnarandstöðunnar á þessum degi hefur að mestu leyti snúist um einn þátt í ræðu utanrrh. og ekki hvað síst skýrsluna sem fylgdi með. Samfylkingin hefur fagnað ákveðnum atriðum en eins og allir vita hefur Samfylkingin á stefnuskrá sinni, og lýsti því yfir strax og tekist hafði að berja saman hóp sem ætlaði sér að bjóða fram til næstu kosninga og var þá ekki kölluð samfylking heldur þunnildi, að gengið yrði til samninga við varnarliðið og Bandaríkjamenn um að stytta veru varnarliðsins og það færi héðan sem fyrst. Stefnt var að því að þeir samningar hæfust eigi síðar en árið 2000 og að gengið yrði til samninga um að ganga úr NATO síðar.

Þessari stefnu var fylgt eftir með fréttamannafundum fylkingarinnar. Þar kom náttúrlega strax í ljós að mikill ágreiningur var um þetta mál innan þeirra raða og hefur hver reynt að bjarga því sem bjarga má varðandi veru hersins á Íslandi og veru okkar í NATO.

Í fylgiskjalinu með ræðu sinni hefur hæstv. utanrrh. þó hreyft máli sem Samfylkingin hefur tekið mjög fagnandi. Hún hefur litið svo á sem þar sé tekið undir málflutning þeirra um að hugsanlega eigi að minnka umsvif hersins hér og Íslendingar að yfirtaka eitthvað af þeim störfum. Samfylkingarmenn hafa túlkað það svo að störf okkar að varnarmálum, löggæslu og björgunarmálum yrðu öðruvísi en þau hafa verið á undanförnum áratugum í samstarfi við varnarliðið.

Ég verð að segja, herra forseti, að tillagan vekur spurningar hjá mér. Ég velti því náttúrlega fyrir mér hvað svona tillaga eigi að leiða af sér og hvort ætlunin sé að halda áfram með þær hugmyndir sem þarna koma fram. Ég er einn þeirra sem vilja hafa frið í heiminum og verja það ástand að hér séu menn sáttir. Spurningin er alltaf um leiðirnar sem menn vilja fara í þeim málum. Ég hef sjálfur stutt tvíhliða samning við Bandaríkjamenn, um að þeir haldi uppi vörnum fyrir landið og ég hef ekki séð að nein ástæða sé til að breyta því, né því að við höldum stöðu okkar innan NATO.

Í þessari megintillögu sem kemur fram í skýrslu starfshóps utanrrn. segir: „Kannaðar verði leiðir til þess að Íslendingar geti axlað stærra hlutverk, einir eða í samstarfi við önnur ríki, í vörnum landsins ...“ Ég velti ýmsu fyrir mér þegar ég sé svona setningu í skýrslu frá utanrrn. Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. hvað þetta þýðir, að Íslendingar, einir eða í samstarfi við önnur ríki, axli stærra hlutverk í vörnum landsins. Við erum að sjálfsögðu með tvíhliða samning við Bandaríkjamenn í dag um varnir landsins. Er um það að ræða að aðrar þjóðir taki þátt í vörnum landsins eða eigum við að taka þetta að okkur einir?

Ég hef að sjálfsögðu áhyggjur af öllum hugmyndum um breytingar á þessum samningum okkar við varnarliðið sem þingmaður Suðurnesja. Í því felst ekki kaldastríðsáróður eins og samfylkingarmenn hafa hamrað á heldur ræði ég bara staðreyndir málsins.

Eftir seinni heimsstyrjöldina tóku Íslendingar við rekstri vallarins. Við rekstrinum tók verktaki sem leit eftir húsum og mannvirkjum, hélt flugvöllum opnum, sem voru tveir í þá daga, og í kringum rekstrinn, sem þá var allt annar, störfuðu um 400 manns, við eftirlit, viðhald og aðra vinnu sem til féll. Í dag starfa tæplega 2.000 manns hjá varnarliðinu, verktökum og undirverktökum sem vinna fyrir varnarliðið og í kringum starfsemina þar. Ég skynja þetta sem svo að hér sé rætt um þetta í alvöru. Er hæstv. utanrrh. að tala um yfirtöku okkar á störfum sem Bandaríkjamenn muni skilja eftir eða mun störfum á Suðurnesjum fækka, getum við búist við því á næstu árum?

Ég vil að sjálfsögðu ekki að þessi mál verði sett í uppnám né samskipti okkar. Ég veit að samskipti hæstv. utanrrh. og utanrrn. við Bandaríkjamenn hafa verið góð og byggð á gagnkvæmu trausti. Ég veit líka að samskipti verkalýðs- og sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum við Bandaríkjamenn hafa verið traust. Það hlýtur því að vera okkur mikið kappsmál að viðhalda því trausti. Allar stefnubreytingar í samskiptum við Bandaríkin eru því mjög viðkvæmar í okkar huga. Ég efast ekkert um að svo sé einnig hjá hæstv. utanrrh. Þess vegna vil ég fá fram svör við þessum spurningum, þ.e. hvort virkilega sé um einhverjar breytingar að ræða að því leyti.

Varðandi þetta sérstaka mál og varnir og hlutleysi landsins vil ég segja, eins og fram kemur í þessari ágætu skýrslu sem tekur til fleiri þátta en ég hef talað um, að árið 1918 lýstum við yfir ævarandi hlutleysi og vildum ekki hafa neinn gunnfána. Það gagnaði okkur ekki neitt árið 1940 þegar við vorum hertekin af Bretum, enda höfum þegar upp er staðið mjög vanmáttugar varnir ef á reynir. Af þessum ástæðum, herra forseti, lýsi ég áhyggjum mínum og vænti svara frá hæstv. ráðherra.

Mig langaði, herra forseti, að minnast á eitt annað mál, þ.e. samskipti okkar við Norðmenn. Nýverið kom fram í fréttum að Norðmenn hafa sýnt ótrúlega hörku í samskiptum sínum við okkur. Þeir hafa sett öll skip, allan togaraflota landsmanna, á svartan lista. Skipin mega því ekki lengur, eftir því sem fréttir herma, koma í norskar hafnir né mega norsk fyrirtæki eiga samskipti við íslensk útgerðarfyrirtæki með slík skip í rekstri. Að sjálfsögðu er það mjög alvarlegt hvernig þetta hefur þróast. Norðmenn hafa komist upp með að eyðileggja samninga sem íslenskir útgerðarmenn hafa gert við Rússa, t.d. um rækjuveiðar í Barentshafi. Það horfir til stórskaða ef ekki fer að leysast úr þessu leiðindamáli.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Íslendingar voru í fullum rétti við veiðar sínar í Smugunni. Meðan þar var eitthvað að hafa höfðu þeir jafnmikið leyfi til veiða þar og aðrir. Raunar er merkilegt að friðelskandi þjóð eins og Norðmönnum skuli detta í hug að beita okkur þessum ráðum. Með hliðsjón af samskiptum okkar í Norðurlandaráði og víðar er það enn furðulegra að sjá aðgerðir þeirra gagnvart okkur Íslendingum. Ljóst er að þetta getur haft veruleg áhrif á sölumöguleika, t.d. íslenskra útgerðarmanna á skipum sínum.

Þar eru verulegir viðskiptahagsmunir í húfi og því er þetta alvörumál fyrir Íslendinga í heild sinni en þó sérstaklega útgerðarmenn.

Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort hann gæti í stuttu máli látið eitthvað uppi um viðbrögð utanrrn. við aðgerðum Norðmanna og hvort hann sjái einhverja lausn á þessu alvarlega máli.

[17:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get fullvissað hv. þm. Kristján Pálsson um að þær tillögur sem hér eru settar fram, um að kanna leiðir til þess að Íslendingar geti axlað stærra hlutverk í vörnum landsins, hafa þann tilgang að treysta samskiptin við Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið. Hér er því ekki farið út á þá braut að veikja þau samskipti á einn eða annan hátt. Hins vegar gerum við okkur grein fyrir því að þetta samstarf tekur breytingum, hefur tekið breytingum og mun taka breytingum í ljósi þróunar alheimsmála.

Í tillögunum er komið að ýmsu sem varðar varnir landsins, beint eða óbeint, m.a. þátttöku okkar í störfum Atlantshafsbandalagsins, þar sem við getum ekki litið á varnir Íslands sem einangrað fyrirbæri. Það verður að líta á varnir Íslands í samhengi við varnir annarra landa. Við fjöllum um samstarf við Evrópuríki og Evrópusambandið. Við nefnum norrænt samstarf og þá staðreynd að við ætlunin er að smíða nýtt varðskip sem nýta megi bæði í vörnum landsins og einnig til þess að auka samstarf við aðrar þjóðir, t.d. innan samtaka í þágu friðar. Einnig er komið inn á ýmislegt er varðar innra öryggi.

Við höfum tekið yfir ákveðna þætti í því starfi sem Bandaríkjamenn hafa verið með hér. Við höfum verið í viðræðum við þá um að taka yfir þyrlubjörgunarsveitina á Keflavíkurflugvelli, sem kemur vel til greina, án þess að niðurstaða hafi náðst. Allt gengur þetta út á að ná meiri hagkvæmni og niðurstöðu sem geti orðið Íslandi, Bandaríkjunum og Atlantshafsbandalaginu til góðs í ljósi nýrra tíma.

[17:30]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. utanrrh. þar sem hann segir að tillögurnar séu til að treysta samskipti okkar við varnarliðið og Bandaríkjamenn og það samstarf sem hér ríkir, tvíhliða samningur um varnir landsins. Auðvitað er aðalatriðið að ekki sé neinn misskilningur á ferðinni um þetta mál milli stjórnar og stjórnarandstöðu að með þeim hugmyndum sem koma þarna á blað sé ekki verið að gera því skóna að það eigi að fyrra bragði að taka upp samninga við varnarliðið og Bandaríkjamenn um brottför hersins héðan af landinu.

Við vitum að samstarfið og varnirnar hafa breyst mjög á undanförnum árum. Það höfum við best séð sem búum suður með sjó. Bæði hefur flugvélunum fækkað verulega og þeim sem starfa þar einnig en eigi að síður hefur þetta allt saman þróast þannig að við höfum ráðið mjög vel við það. Mjög mikilvægt er að því trausti sem hefur verið milli þessara aðila sé ekki stefnt í neina hættu. Þess vegna bið ég hæstv. utanrrh. um að svara í seinna svari sínu hvort hann sjái fyrir sér einhverjar breytingar hvað starfsmannahaldið varðar en það er náttúrlega nátengt öðru. Einnig bið ég hann að svara hvernig samstarf Norðmanna verður við okkur á næstu mánuðum.

[17:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki fyrir mér neinar meiri háttar breytingar að því er varðar starfsemina á Keflavíkurflugvelli eða í starfsmannafjölda þar. Auðvitað eru alltaf einhverjar breytingar og hafa verið verulegar breytingar á undanförnum árum en ég sé ekki fyrir mér að fram undan séu neinar þær breytingar sem kalla á sérstök viðbrögð í því sambandi.

Eins og hv. þm. veit höfum við átt í deilum við Norðmenn um margra ára skeið og átt líka í viðræðum við þá um margra ára skeið. Því miður hefur ekki þokast nægilega vel í þeim málum og deilan verður sífellt alvarlegri, m.a. af þeim ástæðum sem hv. þm. rakti. Á þessu stigi get ég ekkert sagt fyrir um það hvort og hvenær þessi mál leysast en við höfum átt allítarlegar viðræður við Norðmenn um þessi mál og mótmælt því hvernig þeir hafa komið fram gagnvart þessum skipum. Staða skipanna er vissulega alvarleg og ég er mjög vel meðvitaður um það og við munum halda áfram að gera okkar ýtrasta til að finna lausn á þeim vandamálum sem blasa þarna við.

[17:33]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með að hvorki skuli vera meiningin að hefja einhverjar samningaviðræður um að herinn fari héðan eða að starfsmannahald muni raskast verulega á næstu mánuðum og árum. Ég veit að fólk suður með sjó var farið að hafa áhyggjur vegna umræðunnar um samskipti okkar við varnarliðið. Það er kannski ekki að ástæðulausu eins og farið er að keyra þetta mál upp af stjórnarandstöðunni og við sjáum fyrir okkur á næstu mánuðum harða samninga sem setja samstarf þessara tveggja aðila í uppnám.

Herra forseti. Ég vona að okkar ágæta utanrrh. lánist að ná samningum við Norðmenn út af Smuguveiðunum. Norðmenn leggjast hart gegn vinaþjóð, einni þeirra þjóða sem þátt tóku í veiðunum en að það voru ekki bara Íslendingar sem stunduðu Smuguveiðar, það gerðu fjöldamargar aðrar þjóðir en þessi framkoma hlýtur að vekja viðbrögð Norðmanna sjálfra. Ég á ekki von á því að Norðmenn, sem hafa alltaf haft miklar og sterkar taugar til Íslendinga, séu í sjálfu sér sáttir við svona vinnubrögð gagnvart bræðrum sínum í vestri. Ég efast ekki um ef farið yrði að vinna að þessu á norskri grundu og skýra málstað Íslendinga ætti norsk ríkisstjórn erfitt að verja málstað sinn.

[17:35]

Útbýting þingskjala:

Lífeyrissjóður bænda, 323. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 898; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 899.

[17:36]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að láta í ljós ánægju mína með aukin umsvif utanríkisþjónustunnar og þann kraft sem virðist ríkja þar. Ég tel hann mjög nauðsynlegan á tímum aukinnar alþjóðavæðingar. Einnig fagna ég sérstaklega þeim sóknarfærum sem Íslendingar virðast hafa á þessu og næsta ári, svo og Norðurlöndin í heild. Ég tel að það sé ákjósanlegt tækifæri til þess að nýta þessa stöðu.

Þá vil ég taka undir með þeim hv. þm. sem hafa talað og láta í ljós þá skoðun að hér sé um mjög merkilega skýrslu að ræða frá hæstv. utanrrh. Ég er að mörgu leyti sammála að þetta sé öðruvísi skýrsla en hefur verið flutt undanfarin

þing og það eru einkum fjögur atriði sem ég vil gera að umtalsefni.

Í fyrsta lagi það sem margir hafa komið inn á, þ.e. skilgreiningin á varnar- og öryggismálum. Satt best að segja var nokkuð skemmtileg tilbreyting að sjá skýrslu ráðherrans og ekki síst fylgiskjalið eftir að hafa setið í utanrmn. undanfarna fundi og verið þar m.a. ræða um þáltill. um nefnd sem átti að endurskoða veru hersins hér á landi. Þar voru mjög ákveðin kaldastríðssjónarmið ráðandi. Ég hafði beðið um gögn til þess að fá upplýsingar um varnarþarfir í framtíðinni, hverju megi búast við um fjölda starfsmanna og efnahagsþróunina á Keflavíkurflugvelli. Því miður fengust aðeins gögn fram til 1998 en ekki neitt fram í tímann. Hér koma hins vegar ágætisgögn sem ég hefði gjarnan viljað sjá fyrr og því finnst mér bæði skýrslan og umræðurnar í dag lofa mjög góðu um að það megi vænta skynsamlegrar umræðu um stöðu þessara mála. Ég vil t.d. vekja sérstaklega athygli á skilgreiningu á öryggisþörfum sem eru á bls. 13–14 í skýrslu hæstv. utanrrh. Þar er komið inn á mjög víðtækar skilgreiningar, m.a. talað um hryðjuverk, fíkniefni og annað slíkt þannig að ég tel að þetta sé mjög í takt við tímann og fagna skilgreiningunni. Ég er sammála hv. þm. Margréti Frímannsdóttur um að um nýja nálgun sé að ræða og opnari nálgun og er það vonandi til marks um að við séum að komast upp úr þeim kaldastríðshjólförum sem virtust því miður enn þá ríkja í hv. utanrmn. allt þangað til í gærkvöldi að mér skilst en ég var ekki viðstödd þann fund.

Í öðru lagi fagna ég umfjölluninni um Evrópusambandið og EES sem kemur fram í skýrslunni. Þar finnst mér vera tekið nokkuð opið á málum. Ég fagna sérstaklega því sem þar er að gerast með hina svokölluðu norðlægu vídd, þ.e. að það eigi að líta sérstaklega á norðlæga hluta Evrópu sem sérstakt svæði. Það er gott að þetta á að taka upp í norrænu ráðherranefndinni. Og þó að við séum ekki aðilar að ESB, þá tengist þetta auðvitað okkar svæði og umfjöllun um Norðurlönd. Ég fagna og sérstaklega umræðunni um EES, um að þátttaka okkar Íslendinga í fimmtu rammaáætluninni um rannsóknir og þróun er tryggð, en á tímabili leit svo út að við værum að detta út úr þeirri áætlun. Nú hefur náðst samkomulag um nýjan lánasjóð til fimm ára í stað þróunarsjóðs EFTA. Þó að lendingin sé e.t.v. ekki sú sem við vonuðumst eftir í byrjun þá fagna ég því að þessi lending hefur náðst.

Einnig er opinská umræða t.d. um sjávarútvegsmálin sem þröskuld fyrir því að við getum gengið inn í Evrópusambandið. Þetta er hreinskiptari umræða en ég hef oft séð um þessi mál. Einnig fagna ég því sem þarna kemur fram um Schengen. Þótt ekki hafi náðst niðurstaða þar eru líkur á að viðunandi lausn náist í því máli þó að það verði ekki fyrr en í haust. En ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér fannst mjög athyglisvert orðalagið á bls. 10 þar sem hæstv. ráðherra segir: „Ég tel samningsstöðu okkar gagnvart ESB best borgið með því að skilgreina sem nánast ...“ o.s.frv., þ.e., mér finnst hann ganga nokkuð langt þarna að ræða um samningsstöðu og þarna er gengið töluvert lengra en Samfylkingin hefur haft á prjónunum. Við höfum talað um að annað væri óeðlilegt en að þessi mál verði á dagskrá þó að ekki sé ætlunin að sækja um aðild. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra nánar hvað hann eigi við með þessu orðalagi um samningsstöðu. En ég tel að þessi kafli um EES sé í þeim anda sem hæstv. ráðherra hefur reifað áður á opinberum vettvangi en ekki í þinginu. Ég tel þetta mjög markvert og til marks um að ekki eigi að stinga höfðinu í sandinn hvað varðar þessi mál heldur eigi að átta sig á hvað er að gerast.

Þriðja atriðið sem ég vil gera að umræðuefni og það sem ég varð fyrir langmestum vonbrigðum með er afstaðan til undirritunar Kyoto-bókunarinnar. Hæstv. forseti. Ég er mjög ósátt við þá afstöðu sem ríkisstjórnin tekur að undirrita ekki bókunina fyrir 15. mars. Ég er alls ekki sammála því að það mundi draga úr trúverðugleika okkar í málinu að undirrita bókunina. Þvert á móti tel ég að við verðum mjög ótrúverðug sem talsmenn hreinna náttúruauðlinda og hreins lofts ef við skrifum ekki undir.

Ég tek undir málflutning annarra samfylkingarmanna í þessu máli, t.d. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og Össurar Skarphéðinssonar. Ég tel að það séu gífurlega stór mistök að undirrita ekki bókunina. Einnig þykir mér mjög vont að það er vanrækt að taka þetta mál lýðræðislega fyrir í þinginu. Þar á ég annars vegar við tillögu sem liggur fyrir í umhvn. og ég er einn flm. að en þetta er tillaga sem nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt. Svo virðist sem þessi tillaga sitji þar föst og er vonandi að hv. formaður umhvn. standi við orð sín og afgreiði það mál inn í þingið og helst fyrir 15. mars þannig að þinginu gefist kostur á að greiða atkvæði um málið.

Hins vegar gagnrýni ég að þetta mikilvæga mál hafi ekki verið rætt á vettvangi utanrmn. fyrr en eftir að ráðherrann er búinn að gera afstöðu ríkisstjórnarinnar kunna. Ég er ekki síst hissa á þeirri afstöðu ríkisstjórnarinnar vegna þess hve í raun er sleginn svartsýnn tónn í skýrslu hæstv. ráðherra um þessi mál og um sérstöðu Íslands á bls. 7. Þar eru ekki látnar í ljós miklar vonir um hvert þessi íslenska leið muni leiða. Ég leyfi mér að vitna í skýrsluna á bls. 7 en þar segir, með leyfi forseta:

„Þótt skilningur hafi aukist á sérstöðu okkar litla hagkerfis hafa samkvæmt framansögðu engar skuldbindandi ákvarðanir verið teknar um formlega eða efnislega afgreiðslu málsins. Óvissa ríkir um hvenær og hvernig íslenska ákvæðið verður útfært. Andstaða er við tillögu Íslands að útfærslu ákvæðisins meðal ýmissa aðildarríkja.“

Þetta eru einmitt þau skilaboð sem mér finnst ég hafa heyrt af öllum þeim ráðstefnum sem hingað til hafa verið haldnar um málið. Þess vegna finnst mér mjög furðulegt að ríkisstjórnin sé að slá höfðinu við steininn og halda áfram þessum leik. En enn þá er nokkur tími eftir til 15. mars og ég vona svo sannarlega að málið fái a.m.k. lýðræðislega umfjöllun í þinginu fyrir þann tíma.

Fjórða atriði sem ég vil gera að umtalsefni er að ég vil láta í ljós vonbrigði yfir því hve lítið er talað um konur og börn í þessari skýrslu en fyrri skýrslur hafa oft tekið markvissar á málum þeirra, t.d. varðandi mannréttindi eða þróunaraðstoð. Þó er komið inn á málefni kvenna og mannréttindi á bls. 4 í skýrslu hæstv. ráðherra í tengslum við Sameinuðu þjóðirnar. Þar segir að á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hafi Ísland gerst virkur þátttakandi í umræðum um mannréttindamál og lagt sérstaka áherslu á réttindi kvenna og barna. Ég fagna þessu en spyr um leið hvort þarna sé um áherslubreytingu að ræða af hálfu ráðuneytisins eða hvort til hafi komið aukamannafli hjá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, þ.e. var það einungis af því að núna var hægt að fara að sinna mannréttindanefndinni eða var þetta markviss tilfærsla yfir í þessa nefnd?

Satt best að segja væri fróðlegt að fá nánari upplýsingar um gang þessara mála, ekki síst um það hvort fulltrúar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum eru meðvitaðir um þá gagnrýni

sem er nú að verða æ háværari um að mannréttindasáttmálar, þar með talinn sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum hafi karlaslagsíðu. Algild mannréttindi taki oft um of mið af sjónarmiðum hvítra karla á kostnað margbreytileika kvenna og fólks almennt. Ég nefni þetta nú vegna þess að ég var einmitt í hádeginu í dag að koma af fyrirlestri sem var fluttur af Ragnheiði Elfu Þorsteinsdóttur lögfræðingi um konur og mannréttindi og var fyrirlesturinn á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands. Þar var tekið fram að þetta væri vaxandi gagnrýni í fræðunum en oft væri langur vegur frá fræðilegri gagnrýni til þess sem gerist í praxís í pólitíkinni. En þetta sýnir hve mikilvægt er að bæði í utanríkisþjónustunni sé meira kynjajafnrétti en nú er og einnig að fólk sé upplýst um hvernig unnið er af hálfu utanrrn. að mannréttindamálum, t.d. félagasamtök, í þessu tilviki kvennasamtök og mannréttindasamtök. Mjög mikilvæg umræða er í gangi hjá mannréttindasamtökum og félagasamtökum sem kemst oft ekki inn til þeirra sem vinna að þessum málum á vegum stjórnmálamanna. Ég tel að þetta sé mjög gott dæmi um það og væri vonandi, ef ráðuneytið ætlar sér að auka áherslu á konur og mannréttindi, að þar verði mjög upplýst fólk.

Í fyrirlestrinum kom t.d. fram að víða er jafnrétti kvenna og karla að komast á lagalega séð en það sé jafnljóst, og ekki síst hér á landi, að langt er frá því að jafnrétti hafi náðst í reynd. Þá má spyrja: Í hverju á þá mannréttindabaráttan að felast fyrir konur? Það er mjög mikilvægt að starfsfólk ráðuneytanna sé upplýst um þetta. Í framhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé hættur að leggja áherslu á konur og börn varðandi þróunaraðstoð og flóttamenn, því mig minnir að það hafi verið í síðustu skýrslu hans sem talað var um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og fleiri alþjóðastofnanir hafi sýnt fram á að þar er oft mesta árangurs að vænta ef eitthvað á að ganga á þessu sviði.

[17:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi að því er varðar það sem hv. þm. spurði um samningsstöðu okkar gagnvart Evrópusambandinu, þá erum við í stöðugum samningum við Evrópusambandið á ýmsum sviðum og á ýmsum stigum og það skiptir afar miklu máli í öllum samskiptum okkar við Evrópusambandið að skilgreina stöðu okkar sem best. Við höfum lagt á það áherslu að við höfum ekkert á móti Evrópusambandinu. Við teljum nauðsynlegt að það sé stækkað og við höfum lagt mikla áherslu á góð samskipti við það. Hins vegar höfum við farið yfir þau vandamál sem eru því samhliða að við þurfum að standa utan Evrópusambandsins og hvað þurfi einkum að breytast ef það eigi að geta orðið að veruleika. Með því erum við ekki að taka afstöðu til þess hvort og hvenær það skuli gert. Við viljum aðeins greiða veginn fyrir því ef einhvern tíma verði sú afstaða á Íslandi og ég tel að það sé skylda utanríkisþjónustunnar á hverjum tíma að halda þannig á málum.

Málefni kvenna og barna hefur verið mikið áhersluatriði hjá utanrrn. um langan tíma. Það á ekki síst við um þróunaraðstoð og mér er það mjög vel ljóst eftir för mína til Afríku á sl. ári hversu mikilvægt er að sinna þeim málum afar vel, því þar sér maður þörfina betur en nokkurs staðar annars staðar og hvaða misrétti er í gangi, ekki síst gagnvart konum og börnum. Þess vegna leggjum við líka áherslu á þennan málaflokk á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og munum gera það áfram. Við gerum það jafnframt í samstarfi okkar við félagasamtök. Við eigum náið samstarf við mannréttindaskrifstofuna, við samtökin Barnaheill, samtökin Amnesty International og við viljum auka samstarf við félagasamtök m.a. á þessum sviðum.

[17:54]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi svör. Ég hef í sjálfu sér ekkert við þau að athuga. Ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að halda áfram að leggja áherslu á konur og börn í sambandi við þróunaraðstoð og mannréttindamál og vonast eftir því að náið samráð verði haft við félagasamtök um þessi mál, ekki síst um mannréttindamál kvenna sem er virkilega þörf á að taka föstum tökum hvort sem er hjá Sameinuðu þjóðunum eða hjá öðrum mannréttindastofnunum.

[17:54]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil einnig geta þess að við höfum átt ágætt samstarf við UNIFEM. Við höfum styrkt þau samtök og nokkur verkefni sem þau standa fyrir. Við höfum einnig átt samstarf við deildina sem starfar á Íslandi. Það er því fullur vilji til þess í utanrrn. að sinna þessum verkefnum sem allra best og ég er sammála þeim áherslum sem hv. þm. var með í því sambandi.

[17:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Margt mjög athyglisvert hefur komið fram og þótt það hafi ekki ríkt almenn samstaða um öll mál, t.d. að því er varðar undirritun svokallaðrar Kyoto-bókunar vænti ég þess að hv. alþm. og Íslendingar allir geti staðið að því að sækja rétt Íslands í þessu sambandi og standa saman á alþjóðavettvangi.

Við erum lítil þjóð og getum náð miklum árangri ef við stöndum saman. Ef við gerum það ekki er ljóst að það hefur áhrif á þann árangur sem við náum í þessu máli og öðrum á alþjóðlegum vettvangi.

Ég get ekki fallist á þær skoðanir sem hafa komið fram í umræðunni að við viljum hafa opnar leiðir til að menga sem mest. Það er alls ekki þannig. Við viljum hins vegar hafa opnar leiðir til að nýta okkar auðlindir, nýta þær í þágu mannkyns og nýta þær í þágu baráttu gegn mengun í heiminum. Það er skylda okkar Íslendinga og jafnframt skylda okkar að fá aðrar þjóðir til að skilja þennan ásetning okkar og það er ásetningur ríkisstjórnar Íslands að gerast aðili að þeirri baráttu. Við viljum leggja okkar af mörkum í þessu sambandi en við höfum sérstöðu sem er mjög óvenjuleg meðal þjóða heims og ég tala ekki um meðal þjóða Evrópu og þeirra þjóða sem eru innan OECD. Við eigum aldrei að vera hrædd við að leggja áherslu á sérstöðu okkar og þá staðreynd að við erum lítil þjóð í stóru landi sem býr við mjög hreint umhverfi í alþjóðlegu samhengi.

Ég þakka þær umræður sem hafa orðið um öryggis- og varnarmál og vænti þess að þær geti orðið til þess að ná betri samstöðu um þau mál og skýra línur. Ég tel einnig mikilvægt það sem hefur komið fram að því er varðar Evrópusamstarfið og þær áherslur sem þar eru uppi. Ég lít svo á eftir þessar umræður að mikil samstaða sé meðal íslenskra stjórnmálaflokka

að eiga góð samskipti við Evrópusambandið og ástunda góða samvinnu við þjóðir Evrópu.

Mér finnst mjög ánægjulegt hvernig umræðan um Schengen-samstarfið hefur þróast. Það sýnir að umræða getur verið mjög til góðs því mér finnst vera allt annar og betri skilningur á þýðingu þessa samstarfs nú á hinu hv. Alþingi en fyrst þegar byrjað var að ræða um þetta starf. Við erum Norðurlandaþjóð, við erum jafnframt Evrópuþjóð og það er nauðsynlegt fyrir okkur að búa við sambærileg skilyrði og aðrar þjóðir Norðurlandanna og Evrópu. Við þurfum að geta gefið okkar fólki sambærileg tækifæri og nágrannar okkar búa við og Schengen-samstarfið er liður í því starfi.

Ég vil að síðustu þakka góð orð í garð utanríkisþjónustunnar og starfsmanna hennar sem hefur almennt ríkt í umræðunni. Utanríkisþjónustan er fámenn en hún vinnur að mínu mati mjög gott starf. Mjög mikið álag er á utanríkisþjónustunni og öllu því starfsfólki sem þar er. Við eigum mikið af mjög hæfu starfsfólki innan utanríkisþjónustunnar og þetta fólk leggur sig undantekningarlaust mjög fram um að standa fyrir rétti Íslands á alþjóðavettvangi og starfa af fullum heilindum að við náum sem mestum árangri í alþjóðlegu starfi.

Ég vil að lokum árétta að ég vil gjarnan auka samstarf við utanrmn. um öryggis- og varnarmál og tek það svo að áhugi sé fyrir því hjá þingmönnum almennt. Við höfum leitast við að eiga góð samskipti við utanrmn. og jafnvel þó að einhver ágreiningur kunni að vera um það hversu mikilvægt það var að hafa betra samráð við utanrmn. um undirritun Kyoto-bókunarinnar á það ekki að koma á nokkurn hátt í veg fyrir að við höldum þessum góðu samskiptum. En ég minni á að samstarf þarf að ganga í báðar áttir. Utanrmn. getur einnig haft frumkvæði að því að óska eftir viðræðum við utanrrn., óska eftir upplýsingum frá utanrrn. sem ég veit að er gert, þannig að farsælt starf í þessu sambandi er ekki aðeins í höndum utanrrn. heldur einnig utanrmn.

Ég vil sérstaklega þakka gott samstarf við utanrmn. og þá ekki síst formann utanrmn. sem við höfum haft mjög náin samskipti við um ýmis mál og reynt að upplýsa hann fyrir hönd nefndarinnar um þau mál sem við teljum mikilvægt að hann sem formaður þurfi að fylgjast með en ég vil ítreka að við viljum ganga til móts við þær óskir sem hér hafa komið fram um samstarf á sviði öryggis- og varnarmála.

[18:02]

Útbýting þingskjala:

Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, 282. mál, nál. samgn., þskj. 900; brtt. samgn., þskj. 901.

Störf Norrænu ráðherranefndarinnar 1998, ein umr.

Skýrsla utanrrh., 481. mál. — Þskj. 786.

og

Norrænt samstarf 1998, ein umr.

Skýrsla, 534. mál. — Þskj. 858.

og

Vestnorræna ráðið 1998, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, 477. mál. — Þskj. 782.

[18:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar sem liggur frammi. Íslendingar tóku við formennsku í nefndinni af Svíum um síðustu áramót og er því skýrslan í ár nokkru viðameiri en undanfarin ár. Fyrsti kaflinn er hefðbundin skýrsla samstarfsráðherra sem samin er á grundvelli upplýsinga frá ráðuneytunum. Annar kaflinn er starfsáætlun norrænu ráðherranefndarinnar og meginþættir norrænu fjárlaganna fyrir árið 1999, sá þriðji er formennskuáætlun Íslendinga og sá fjórði þverfagleg áætlun sem kallast „Fólk og haf í norðri" þar sem lýst er helstu markmiðum okkar Íslendinga í málefnum Vestur-Norðurlanda og annarra norðlægra svæða.

Norræn fjárlög ársins 1999 voru samþykkt að lokinni umfjöllun Norðurlandaráðs í nóvember sl. og eru 717 milljónir danskra króna. Þau hafa nú verið óbreytt að heita má síðan 1997 og svo verður einnig fyrir árið 2000. Æskilegt hefði verið að hækka fjárlögin fyrir næsta ár, en um það náðist ekki samstaða. Augljóst er því að fjárlagagerðin verður erfið þar sem tillögur um ýmis forgangsverkefni, m.a. frá Norðurlandaráði, liggja fyrir. Ég vil í því sambandi minna á að þó fjárlögin virðist há, er kostnaður að mestu falinn í langtímaverkefnum og rekstri stofnana sem þjóna mikilvægu hlutverki á sviði vísinda, rannsókna og menningarmála, einnig á sviði fjármála og ekki síst þróunaraðstoðar. Til að gefa hugmynd um umfangið, starfa um 500 manns í fullu starfi við skrifstofu ráðherranefndarinnar og norrænu stofnanirnar rúmlega 30 að tölu.

Gott samstarf er nú komið á við Norðurlandaráð um norrænu fjárlögin og er það fagnaðarefni. Í kjölfar fundar með forseta Norðurlandaráðs í febrúar kemur Norðurlandaráð að fjárlagagerð ársins 2000 fyrr en verið hefur og ætlun mín er að eiga eins opið samstarf við Norðurlandaráð um fjárlögin og áherslur í samstarfinu og unnt er. Liður í því samstarfi er heimsókn forseta Norðurlandaráðs til Íslands í lok næsta mánaðar.

Svíar sinntu formennsku sinni í ráðherranefndinni með ágætum. Aðaláherslumál þeirra voru í upphafi atvinnu- og umhverfismál, sjálfbær þróun á Norðurlöndum og

grannsvæðunum við Eystrasalt ásamt Norðvestur-Rússlandi. Áherslan á sjálfbæra þróun endurspeglaðist í yfirlýsingunni sem forsætisráðherrar landanna gáfu í nóvember sl. um sjálfbær Norðurlönd. Á grundvelli hennar er þegar hafinn víðtækur undirbúningur að samstarfsáætlun um sjálfbær Norðurlönd sem lögð verður fram árið 2000.

Síðari hluta formennskutímabilsins hafa Svíar lagt ríka áherslu á að ryðja úr vegi hindrunum fyrir fólks- og vöruflutningum og samruna fyrirtækja á Norðurlöndum. Þetta er starf sem við leggjum áherslu á að halda áfram.

Þjónustusíminn Halló Norðurlönd sem starfræktur hefur verið síðan um mitt ár 1998 til reynslu er einn þáttur þessa. Þar gefst almenningi kostur á að leita upplýsinga um réttindi sín endurgjaldslaust. Þegar er ljóst að þetta er mikilvæg þjónusta og því verður reynslutíminn framlengdur út þetta ár. Ég minni á í þessu sambandi að hátt í 16 þúsund Íslendingar eru búsettir á Norðurlöndum utan Íslands eða nálægt 6% þjóðarinnar. Þessir Íslendingar eiga rétt á aðstoð ef talið er að þeir njóti ekki sömu réttinda og heimamenn eða lögmætra réttinda samkvæmt norrænum samningum.

Þær áætlanir sem Svíar settu fram um störf ráðherranefndarinnar hafa verið mótandi um starfsemina á síðasta ári á sama hátt og við væntum þess að okkar áherslur geri á þessu ári. Langtímamarkmið samstarfsins eru þó sett fram af öllum löndunum sameiginlega í samráði við Norðurlandaráð og frumskylda formennskulandsins er að fylgja þeim eftir.

Hvað varðar störf ráðherranefndarinnar að öðru leyti á liðnu ári, vil ég nefna að ellefu ráðherranefndartillögur sem allar hlutu samþykki, voru lagðar fyrir Norðurlandaráðsþingið í Ósló í nóvember sl. Þar á meðal var norræna stefnumótunin um rannsóknir og vísindi, stefnumið í norrænu menningarsamstarfi við árþúsundamót, norræn tungumálastefna og áætlun um samstarf við félagasamtök á Norðurlöndum.

Þróun norræns sjávarútvegssamstarfs undanfarin ár hefur verið jákvæð. Meginhersla er lögð á stuðning við rannsóknir til að styrkja innviði sjávarútvegs í löndunum. Það sem þó setti mestan svip á samstarfið á síðasta ári var umræðan um umhverfismerkingar í víðum skilningi. Þá var árs hafsins minnst með myndarlegum hætti, m.a. með gerð vefsíðu fyrir ungmenni og sýningu á sjávarútvegsverkefnum úr skólum á Norðurlöndum í tengslum við Norðurlandaráðsþingið í Ósló. Við ætlum að auka kynningu á málefnum hafsins enn frekar og setja „heilbrigði sjávar sem forsendu fyrir heilbrigðu sjávarlífi" í fyrirrúm. Það starf verður unnið í samstarfi við umhverfisyfirvöld og samtök, en aukið þverfaglegt starf ráðherranefndarinnar einkennir störf hennar um þessar mundir.

Þá hafa umhverfismál og sjálfbær þróun mikinn forgang í samstarfinu. Það fellur í hlut okkar Íslendinga á formennskuárinu að leiða undirbúning að nýrri umhverfisáætlun, en núverandi lýkur árið 2000.

Vægi orkumálasamstarfsins hefur aukist undanfarið. Markmið þess er sjálfbær, örugg og samkeppnishæf orkuöflun. Eitt helsta verkefnið á því sviði er norræna orkurannsóknaráætlunin sem kostuð er með beinum árlegum framlögum, utan norrænu fjárlaganna, að upphæð 25 millj. danskra króna. Nú stendur til að setja norræna stofnun um orkurannsóknir á laggirnar án þess þó að kostnaður ráðherranefndarinnar aukist.

Á liðnu ári var haldið áfram því umbótastarfi sem hófst árið 1997 til að auka skilvirkni í störfum skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar. Í lok árs 1998 fór fram mat á þessum umbótum sem sýndi að góður árangur hefur náðst á flestum sviðum. Einnig var á árinu hafinn undirbúningur að sameiningu upplýsingaskrifstofa ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Ráðherranefndin hefur fyrir sitt leyti samþykkt að skrifstofurnar verði sameinaðar á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Á árinu voru samþykktar viðamiðunarreglur um kynjaskiptingu í norrænu samstarfi. Markmiðið er að hlutfall beggja kynja verði minnst 40% í öllum embættismannanefndum og stjórnum á vegum ráðherranefndarinnar. Ég kynnti þessar reglur á ríkisstjórnarfundi snemma á árinu til að þeim verði fylgt við tilnefningar af hálfu Íslands.

Það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að nýta norræna samstarfið sem best til að hafa áhrif á ákvarðanir ESB. Á þessu og næstu árum gefur formennska okkar og annarra norrænna ríkja á alþjóðavettvangi betra tækifæri en oft áður til að auka tengsl okkar við ESB og aðra samstarfsaðila. Við leggjum höfuðáherslu á að samhæfa Evrópumálin og önnur alþjóðamál í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Aukið upplýsingaflæði um Evrópumál og önnur alþjóðamál milli sendiráða Norðurlandanna í Brussel, ráðuneytanna og ráðherranefndarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn er afar mikilvægt. Sendiráð Íslands í Brussel leggur ríka áherslu á að styrkja þessi tengsl og hefur verið þar í fararbroddi norrænu sendiráðanna. Við munum á formennskuári okkar halda áfram að stuðla að auknu upplýsingaflæði bæði til og frá Brussel. Þetta skiptir okkur miklu því oft eigum við góða möguleika í norrænu ráðherra- og embættismannanefndunum á að hafa áhrif á mótun gerða Evrópusambandsins snemma í ferlinu. Norrænu samstarfsráðherrarnir halda nú árlega fundi með sendiherrum Norðurlandanna í Brussel þar sem rædd eru þau mál sem hæst ber í Evrópusamstarfinu.

Það er sérstakt fagnaðarefni að frumkvæði Finna í Evrópusamstarfinu, norðlæga víddin, skuli á leiðtogafundinum í Vínarborg hafa orðið hluti af stefnu ESB. Ekki síður er mikilvægt að hafinn skuli undirbúningur að því að breikka svið norðlægu víddarinnar í vesturátt því þannig skapast tenging við störf Norðurskautssráðsins.

Norræna grannsvæðasamstarfið nær nú, auk samstarfsins við Eystrasaltsríkin og Norðvestur-Rússland, einnig til hluta samstarfsins um málefni norðurskautssvæðanna. Vægi grannsvæðasamstarfsins hefur aukist til muna undanfarin ár. Í ár verður varið um það bil 19% af norrænu fjárlögunum til þess eða tæplega 140 millj. danskra króna. Reglubundið pólitískt samráð á sér stað milli norrænu samstarfsráðherranna og samstarfsráðherra Eystrasaltsríkjanna um samstarfið en jafnframt er tekið tillit til sjónarmiða Norðurlandaráðs þegar ákvarðanir eru teknar. Hjá samstarfsráðherrum Eystrasaltsríkjanna er aðstoð norrænu ríkjanna við undirbúning aðildar þeirra að ESB helsta forgangsmál samstarfsins. Þeir leggja einnig áherslu á að samstarfið eigi sér stað víðar en í höfuðborgum Eystrasaltsríkjanna og að fleiri útibú frá norrænu upplýsingaskrifstofunum verði stofnuð, en þau eru nú þrjú. Auk þessa er lögð áhersla á starfskipti, þróun lýðræðis, velferðarmál, umhverfismál, fyrirbyggjandi heilbrigðisaðgerðir auk aðgerða gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Samtímis því sem grannsvæðasamstarfinu hefur vaxið fiskur um hrygg hefur hlutur hins hefðbundna norræna samstarfs minnkað í 72% af heildarfjárlögum. Því hafa verið uppi raddir um að dregið skuli úr grannsvæðasamstarfinu. Sú verður þó ekki raunin í fjárlögum ársins 2000 enda eru verkefnin á grannsvæðunum bæði mörg og brýn.

Snemma á síðasta ári hófst undirbúningur í öllum ráðuneytum að formennsku Íslendinga í norrænu ráðherranefndinni og sá Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytisins um samræmingu starfsins. Á grundvelli þessa undirbúnings var sú heildaráætlun samin, sem hér er lögð fram. Hún hefur verið kynnt á fundum í norrænu ráðherranefndinni og hvarvetna verið vel tekið; sérstaklega þeirri ætlan okkar að auka hlut nágranna okkar á Færeyjum og Grænlandi í samstarfinu og beina sjónum að hagsmunum norð- og vestlægra svæða. Við stefnum að því að gera vestnorræna svæðið sýnilegra alls staðar í samstarfinu og fá Færeyinga og Grænlendinga í auknum mæli inn í samstarfið á ýmsum sviðum. Með markvissri notkun í upplýsingatækni opnast miklir möguleikar á samstarfi innan þessa svæðis og kynningu á sérstöðu þess.

Blása þarf lífi í upplýsingatæknisamstarfið, sem hófst að frumkvæði Norðmanna árið 1997 en hefur því miður ekki náð nægilegri fótfestu. Eins verður hugað sérstaklega að norrænu samráði um hinn svokallaða 2000-vanda og höfum við þegar átt frumkvæði að fyrstu aðgerðum í þá veru.

Þegar er hafinn undirbúningur fyrir samnorrænar aðgerðir í tilefni árþúsundamótanna. Þar minni ég á hina veglegu farandsýningu sem efnt verður til í samstarfi við Smithsonian-stofnunina í Washington þar sem víkingaferðirnar og vesturferðir Norðurlandabúa um eða fyrir aldamót verða sérstaklega kynntar. Fleiri verkefni eru í undirbúningi, og við höfum boðið Norðurlandaráði að eiga aðild að því starfi.

Hvað neytendamál varðar setjum við norræna stefnumótun á sviði löggjafar um neytendavernd í fyrirrúm. Markmiðið er m.a. að tryggja að norrænar lágmarkskröfur verði hafðar að leiðarljósi við stefnumótun bæði á vettvangi ESB og einnig hjá öðrum stofnunum eins og OECD og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, WTO. Umræður á þingi Norðurlandaráðs í nóvember sl. í Ósló sýndu að þessi mál eru jafnframt í brennidepli þar.

Eins og ég hef áður nefnt beinum við á formennskuárinu sjónum að Norðurskautssvæðinu og vestnorræna svæðinu. Í þverfaglegu áætluninni „Fólk og haf í norðri" sem tekur til þátta á flestum sviðum samstarfsins eru markmið okkar sett fram. Sífellt þarf að minna á að afkoma íbúa þessara svæða er að mörgu leyti ólík afkomu þeirra sem sunnar búa. Hún byggir að mestu á náttúrunni, auðlindum hafsins og landgæðum. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda og sjálfbærni á sem flestum öðrum sviðum er því mikilvægari en ella. Þetta er því ein af meginástæðum áætlunarinnar, ásamt hreinu umhverfi, náttúruvernd, auknum samskiptum innan svæðisins og aukinni þekkingu á lífi, kjörum og menningu þessara strjálbýlu svæða.

Herra forseti. Ég hef aðeins gert grein fyrir nokkrum þáttum í störfum norrænu ráðherranefndarinnar og formennskuáætlun okkar Íslendinga fyrir árið 1999. Ég vísa að öðru leyti til hinnar umfangsmiklu skýrslu sem hér liggur frammi. Hún er yfirgripsmikil og fróðleg og gefur greinagóða lýsingu á öllum sviðum samstarfs norrænu ríkisstjórnanna. Ég vil að lokum þakka gott samstarf við Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Við áttum mjög gott samstarf við Íslandsdeildina á síðasta ári og leggjum áherslu á að framhald geti orðið á því.

[18:19]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir fundinum liggur skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs fyrir árið 1998 á þskj. 858. Ég mun sem formaður gera stuttlega grein fyrir innihaldi hennar og rekja störf Íslandsdeildarinnar og fagnefnda Norðurlandaráðs á síðasta ári.

Á síðasta ári vann Norðurlandaráð áfram að því að laga starf sitt að hinu nýja skipulagi ráðsins. Sem kunnugt er var á fundi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 ákveðið að breyta samstarfinu og gera það hagkvæmara og markvissara, m.a. í ljósi nýrra aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar umsóknar Noregs, Finnlands og Svíþjóðar um aðild að Evrópusambandinu og inngöngu síðartöldu ríkjanna í Evrópusambandið.

Skipulagsbreytingarnar, sem lagðar voru til í skýrslunni „Nýir tímar í norrænni samvinnu" fólu í sér að nú er norrænu samstarfi framtíðarinnar beint að þremur meginsviðum: samvinnu innan Norðurlanda, milli Norðurlanda og Evrópu, og samvinnu Norðurlanda og nærsvæða þeirra.

Þó vissulega sé of snemmt að meta hver árangurinn hefur verið af þessum skipulagsbreytingum má fullyrða að þær hafi að mörgu leyti verið til góðs. Aukið skipulag einkennir nú allt samstarfið, skýrari verkaskipting er greinileg sem og markvissari forgangsröðun verkefna. Eins og alltaf má víða gera betur en ég met það svo að í grófum dráttum hafi skipulagsbreytingarnar skilað tilætluðum árangri.

Sem fyrr hefur starfið á árinu einkennst í auknum mæli af pólitísku starfi þar sem flokkahópar ráðsins gegna veigamiklu hlutverki. Fagnefndirnar vinna sjálfstætt að verkefnum sínum og færst hefur í vöxt að nefndirnar setji á stofn sérstaka vinnuhópa til að starfa að ákveðnum málefnum. Forsætisnefnd hefur í auknum mæli einbeitt sér að undirbúningi norrænu fjárlaganna og fjallað um ýmis pólitísk málefni, einkum öryggis- og varnarmál. Það er nýmæli enda hafa öryggis- og varnarmálin nýlega brotist úr klakaböndum kalda stríðsins inn á vettvang norrænnar samvinnu. Má segja að sú utanríkismálaumræða hafi verið ferskur andblær í umræðum síðasta árs.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt sex fundi á árinu og fjallaði um komandi þing og stærri þemaráðstefnur. Einnig var rætt um starfsemi nefnda ráðsins og skipulag almennt. Þá var fjallað um fjárhagsáætlun Norðurlandaráðs fyrir árið 1999 þar sem m.a. náðist fram fjáraukning til reksturs og viðhalds á Norræna húsinu.

Íslandsdeildin lagði sig í líma við að eiga gott samstarf við aðra þátttakendur í norrænni samvinnu og hélt upplýsingafundi með Halldór Ásgrímssyni, samstarfsráðherra Norðurlandanna, Kristínu Kvaran, formanni Norræna félagsins, og Berglindi Ásgeirsdóttur, framkvæmdastjóra Skrifstofu Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn.

Þá stóð Íslandsdeildin fyrir ráðstefnu um áhrif stækkunar Evrópusambandsins á norræna samvinnu og stöðu Íslands í því ljósi. Ráðstefnan fór fram í marsmánuði og tóku um 150 manns þátt í henni, þar á meðal alþingismenn, embættismenn, blaðamenn, fræðimenn og fulltrúar atvinnulífs og verkalýðshreyfingar, auk erlendra gesta og fyrirlesara.

Loks vil ég sérstaklega geta þess að íslenskt verkefni hlaut að þessu sinni umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs og heiðraði Íslandsdeildin verðlaunahafann, dr. Ólaf Arnalds, og samstarfsfólk hans með móttöku í Norræna húsinu í byrjun nóvember.

Í byrjun árs 1998 tók Berit Brørby Larsen frá Noregi við forsetastóli af Olaf Salmén frá Álandseyjum. Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum flokkahópanna sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Eins og fyrr segir

stýrir forsætisnefnd starfi ráðsins á milli þinga, og annast einnig erlend samskipti og utanríkis- og varnarmál, auk þess að fjalla um hin norrænu fjárlög. Sérstakur vinnuhópur á vegum forsætisnefndar tók fjárlagavinnuna sérstaklega að sér árið 1998. Forsætisnefnd fjallar einnig um tillögur sem til hennar er beint. Hún hefur vald til þess að samþykkja tillögur fyrir hönd þingsins í sérstökum tilvikum. Nokkur umræða hefur verið í nefndinni um að beita þessu valdi í meira mæli til að koma í veg fyrir að of mörg mál liggi fyrir á Norðurlandaráðsþingum.

Á starfsárinu 1998 hafa af hálfu Íslands setið í forsætisnefnd Rannveig Guðmundsdóttir frá flokkahópi jafnaðarmanna og Geir H. Haarde frá flokkahópi hægri manna, en Sigríður A. Þórðardóttir tók sæti hans í maímánuði þegar Geir H. Haarde varð fjármálaráðherra. Auk þess hefur undirrituð setið í nefndinni fyrir hönd miðjumanna.

Forsætisnefnd ræddi á fundum sínum skipulagsmál ráðsins, fjallaði um þær tillögur sem til hennar var beint og um fjárframlög til norrænnar samvinnu.

Fjárlagatillögur ráðherranefndarinnar fyrir árið 1999 voru lagðar fram í byrjun júnímánaðar. Um þær var fjallað í ráðinu eftir að fagnefndir höfðu rætt um þær. Lokaumfjöllun og afgreiðsla fór fram á Norðurlandaráðsþinginu, eins og áður segir. Fullt tillit var tekið til óska fjárlagahóps forsætisnefndar um breytingar á fjárlagatillögunum, svo sem um að auka útgjöld til Norræna menningarmálasjóðsins, til norrænnar íþróttasamvinnu, til baráttu gegn fíkniefnamisnotkun, svo fátt eitt sé nefnt. Þetta er góðs viti að mínu mati þar sem þetta sýnir að alþingismenn í Norðurlandaráði geta haft áhrif á fjárframlög til einstakra verkefna og hlúð að hagsmunum með beinum hætti.

Forsætisnefndin fjallaði einnig talsvert um utanríkismál á fundum sínum, ekki síst um hið útvíkkaða öryggismálahugtak sem tengir saman hefðbundin öryggismál og umhverfis- og félagsmál. Til marks um þessa áherslu fundaði hún með utanríkisráðherrum Norðurlandanna í tengslum við 50. þing Norðurlandaráðs í Ósló. Þetta er í fyrsta skipti sem fulltrúar ráðsins hafa fundað með utanríkisráðherrunum. Á þessum fundi voru ræddir möguleikarnir á auknu utanríkismálasamstarfi Norðurlandanna, m.a. með tilliti til fyrirbyggjandi friðargæslustarfs og þróunaraðstoðar svo fátt eitt sé nefnt. Nefndin fjallað einnig ítarlega um MAI-samkomulagið og sendi frá sér yfirlýsingar um norrænu víddina í ESB, um umhverfismál og um alþjóðlegar friðargæsluaðgerðir eftir upplýsingafund með Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs og fulltrúa Sameinuðu þjóðanna í Júgóslavíustríðinu.

Loks samþykkti forsætisnefnd á fundi sínum 9. desember að styrkja endurbyggingu Brattahlíðar á Grænlandi með framlagi að upphæð 1 milljón danskra króna.

Fulltrúar Íslands í Norðurlandanefnd á starfsárinu voru Sigríður A. Þórðardóttir en Arnbjörg Sveinsdóttir tók sæti hennar í nefndinni þegar Sigríður tók sæti í forsætisnefnd í maímánuði. Þá var Steingrímur J. Sigfússon kjörinn í nefndina á 50. þingi Norðurlandaráðs í Ósló.

Málefni Norðurlandanefndar eru fyrst og fremst sígild norræn samstarfsmálefni. Norðurlandanefnd gerði auk þess sérstaka vinnuáætlun fyrir starfsárið 1998 og ákvað að sérstaklega yrði unnið m.a. að menningarmálum. Þar var lögð áhersla á að styðja Norræna menningarsjóðinn og menningarstarf frjálsra félaga og hópa, málefni barna og unglinga á Norðurlöndunum og nærsvæðunum; baráttu gegn útlendingahatri; tungumálasamstarf og vestnorrænt samstarf.

Auk funda sinna á árinu stóð nefndin fyrir málþingum um menningarmál, um stöðu velferðarríkisins og vinnuhópur um málefni barna og unglinga var settur á fót. Arnbjörg Sveinsdóttir tekur þátt í starfi þess hóps fyrir hönd flokkahóps hægri manna.

Fulltrúar Íslands í Evrópunefndinni voru hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon og gegndu þau bæði stöðum varaformanna nefndarinnar, hvort fyrir sinn flokkahóp. Eins og nafnið gefur til kynna er hlutverk nefndarinnar að sinna samstarfi Norðurlanda og ESB/EES/EFTA og fjalla um stefnu norrænu ríkjanna í þeim málaflokki. Í því sambandi hefur nefndin einkum beint sjónum að atvinnumálum, hagstjórnarmálum, neytendamálum og meðferð evrópskrar löggjafar á Norðurlöndunum. Meðal forgangsverkefna nefndarinnar á árinu 1998 var umfjöllun um áhrif Myntbandalags Evrópu, umræða um áhrif stækkunar Evrópusambandsins, atvinnumál og neytendamál.

Meðal sérstakra funda Evrópunefndar á síðasta ári má nefna fund með atvinnumálaráðherrum Norðurlanda, þar sem óskað var eftir skýrari framsetningu í atvinnumálastefnu ríkjanna, fjölsóttar ráðstefnur um stækkun Evrópusambandsins og ráðstefnu um áhrif Efnahags- og Myntbandalags Evrópu á Norðurlöndin.

Fulltrúi Íslands í nærsvæðanefndinni á starfsárinu var hv. þm. Sturla Böðvarsson. Í vinnuáætlun sinni fyrir starfsárið ákvað nærsvæðanefndin að einbeita sér að samskiptum og samvinnu við Eystrasaltslöndin og heimskautssvæðin en einnig var ákveðið að efla samstarf við nærsvæði Rússlands og þau ríki sem eiga land að Eystrasalti. Önnur viðamikil verkefni nefndarinnar á árinu voru umhverfis- og orkumál þar sem umfjöllun um aðgerðir til að tryggja öryggi kjarnorkuvera í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi var fyrirferðarmikil, enda verkefnið ærið. Sérstakt forgangsverkefni nefndarinnar var barátta gegn skipulögðum glæpum á nærsvæðunum. Ákveðið var að halda sérstakan fund Norðurlandaráðs og Eystrasaltsráðsins í upphafi árs 1999 um málefnið. Sá fundur fór fram í byrjun þessa mánaðar eins og kunnugt er.

Loks vil ég stuttlega geta eftirlitsnefndar Norðurlandaráðs þar sem fulltrúi Íslands var hv. þm. Sturla Böðvarsson. Í nefndinni situr einn fulltrúi frá hverju landi og aðalverkefni hennar er að fylgjast með og endurskoða starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs. Nefndin ber einnig ábyrgð á stjórnskipulegum málefnum og tekur til umfjöllunar endurskoðaða reikninga Norræna menningarsjóðsins.

Á árinu heimsótti nefndin nokkrar norrænar stofnanir og á vegum hennar var gerð sérstök úttekt á samræmingu aðstoðar Norðurlandanna við Eystrasaltsríkin. Þá fjallaði nefndin um samræmingu á endurskoðun norrænna stofnana, sem er þarft verk.

Sem fyrr stóð Norðurlandaráð fyrir þemaráðstefnu á árinu sem að þessu sinni var helguð umhverfismálum. Á ráðstefnunni var sjónum beint að skilyrðum sjálfbærs samfélags og hugsjóninni um að Norðurlöndin verði fyrsta sjálfbæra svæðið í veröldinni. Þátttakendur í ráðstefnunni voru þingmenn Norðurlandaráðs, ýmsir ráðherrar Norðurlanda og þingmenn og ráðherrar frá Eystrasaltsríkjunum, auk fulltrúa frá fjölþjóðastofnunum.

Á ráðstefnunni var lögð mikil áhersla á að auka rannsóknir í umhverfismálum og skiptast á upplýsingum með notk-

un upplýsingatækni. Umhverfisvænir orkureikningar voru ræddir sem og umhverfisskattar, auk tillagna um að nota vörumerkingar til að ná fram markmiðum í umhverfismálum.

Þá stóð Norðurlandaráð fyrir vel heppnaðri ráðstefnu um málefni barna og unglinga á Norðurlöndum, í Eystrasaltsríkjunum og í Norðvestur-Rússlandi. Nærsvæðanefnd hafði veg og vanda af ráðstefnunni í samvinnu við UNICEF, barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, og fór ráðstefnan fram í desember sl.

50. þing Norðurlandaráðs var haldið í Ósló dagana 9.–12. nóvember sl. Davíð Oddsson hæstv. forsrh. Íslands flutti inngangsræðu almennu stjórnmálaumræðunnar en Ísland fer með formennsku í norrænu ráðherranefndinni árið 1999. Í erindi sínu greindi Davíð Oddsson frá áætlunum ríkisstjórnar Íslands á næsta starfsári sem ber titilinn „Fólk og haf í norðri" og gerði hæstv. utanrrh. ágætlega grein fyrir megindráttum þeirrar áætlunar í umfjöllun fyrr á fundinum.

Gun Hellsvik frá Svíþjóð var á fundinum kosin forseti Norðurlandaráðs og gegnir því embætti nú. Í ræðu sinni í lok þingsins sagðist hún vilja leggja áherslu á aukið samstarf Norðurlandanna við Eystrasaltsríkin og Rússland enda yrðu Norðurlöndin að gæta þess að efla samskipti við öll nærsvæðin svo ekki yrðu til nýjar aðskilnaðarlínur í álfunni. Hún sagðist enn fremur mundu vinna að því að gera starf ráðsins enn skilvirkara og gera öryggismál, mannréttindamál og menntamál að forgangsverkefnum ráðsins á komandi starfsári.

Segja má að þetta séu áhersluatriði hins nýja forseta á þessu starfsári sem nú er hafið, en eins og kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. þá ætlar forseti Norðurlandaráðs, Gun Hellsvik, að heimsækja okkur hér á Íslandi í næsta mánuði.

Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. vakti í ræðu sinni athygli á því að Ísland og hin Norðurlöndin muni á árinu hvert um sig gegna formennsku í mikilvægum fjölþjóðasamtökum svo sem í Evrópuráðinu, ÖSE, ESB og norrænu ráðherranefndinni. Við þessa upptalningu má bæta Norðurlandaráði því á næsta þingi ráðsins í Stokkhólmi í nóvember mun forsæti í Norðurlandaráði koma í hlut Íslands. Þetta embætti felur í sér umtalsverð sóknarfæri í alþjóðamálum því forseti Norðurlandaráðs hefur tækifæri til að hafa áhrif á áherslur Norðurlandaráðs og forgangsröðun verkefna í þingmannasamstarfi Norðurlandanna. Íslandsdeild Norðurlandaráðs hefur þegar rætt óformlega í sínum hópi hvernig megi nýta þessa forsetatíð sem best. Ég vek máls á þessu nú því mikilvægt er að alþingismenn hafi þetta tækifæri í huga í umfjöllun sinni um utanríkismál og utanríkisstefnu Íslands.

Ég vil að síðustu þakka þeim hv. þm. sem hafa skipað Íslandsdeild Norðurlandaráðs ásamt mér á því starfsári sem nú er liðið fyrir ákaflega gott samstarf. Eins vil ég þakka starfsmönnum alþjóðasviðs Íslandsdeildar Norðurlandaráðs fyrir mjög góða þjónustu við okkur þingmenn.

ÖSE-þingið 1998, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar ÖSE-þingsins, 478. mál. — Þskj. 783.

og

Norður-Atlantshafsþingið 1998, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, 479. mál. — Þskj. 784.

og

Alþjóðaþingmannasambandið 1998, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, 480. mál. — Þskj. 785.

og

VES-þingið 1998, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar VES-þingsins, 482. mál. — Þskj. 789.

og

Evrópuráðsþingið 1998, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, 485. mál. — Þskj. 792.

og

Fríverslunarsamtök Evrópu 1998, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, 504. mál. — Þskj. 816.

Enginn tók til máls.

Fundi slitið kl. 18:37.

73. FUNDUR

föstudaginn 26. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Orkulög, stjfrv., 543. mál, þskj. 868. — 1. umr.
2. Þingsköp Alþingis, frv., 540. mál, þskj. 864. — 1. umr.
3. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 224. mál, þskj. 251, nál. 895, brtt. 896. — 2. umr.
4. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 323. mál, þskj. 390, nál. 898, brtt. 899. — 2. umr.
5. Starfsemi kauphalla, frv., 529. mál, þskj. 849. — 1. umr.
6. Vörugjald, stjfrv., 537. mál, þskj. 861, nál. 897. — 2. umr.
7. Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, stjfrv., 282. mál, þskj. 330, nál. 900, brtt. 901. — 2. umr.
8. Skipulag ferðamála, stjfrv., 361. mál, þskj. 497, nál. 857. — 2. umr.
9. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 546. mál, þskj. 871. — 1. umr.
10. Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, frv., 261. mál, þskj. 299. — 1. umr.
11. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frv., 311. mál, þskj. 372. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 441. mál, svar forsrh., þskj. 873.

Íslenski hrafnastofninn, 556. mál, fsp. ÖS, þskj. 902.

Ráðstöfun óskiptra liða í fjárlögum, 402. mál, svar heilbrrh., þskj. 881.

Reglugerð um losunar- og sjósetningarbúnað gúmbjörgunarbáta, 428. mál, svar samgrh., þskj. 839.

Viðbrögð við hermdarverkum, 557. mál, fsp. ÖS, þskj. 903.

Svör við fyrirspurnum.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka eftirfarandi fram:

Föstudaginn 19. febrúar óskaði hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, eftir því við forseta og forsn. að nefndin tæki til umfjöllunar svar fjmrh. á þskj. 851 við fyrirspurn hans um verkefni VSÓ-verkfræðistofu, 274. mál þingsins.

Það ber alloft við að alþingismenn kvarta um þau svör sem þeir fá frá hæstv. ráðherrum og hafa þá stundum kallað eftir viðbrögðum forseta eða forsn. Forsetar hafa að jafnaði sagt að þeir séu ekki dómarar um svör ráðherra. Á þeim hljóta ráðherrar sjálfir að bera fulla ábyrgð og sæta aðfinnslum ef tilefni eru til.

Í svari hæstv. fjmrh. við fyrirspurn hv. þm. Ögmundar Jónassonar er hins vegar að finna umfjöllun um grundvallarreglur í samskiptum Alþingis og framkvæmdarvaldsins eins og hæstv. fjmrh. raunar vék að í ræðu sinni við upphaf þingfundarins, þ.e. rétt alþingismanna til að fá svör við fyrirspurnum um opinber málefni. Forsætisnefnd tók því málið til umfjöllunar á fundi sínum í gær. Þá hafði hæstv. fjmrh. þegar haft samband við forseta og skýrt frá því að málið væri til frekari athugunar í ráðuneytinu og að hann hygðist gera þinginu grein fyrir niðurstöðu sinni við upphaf þingfundar í dag.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurnum.

[10:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og ég gat um í umræðum um störf þingsins fyrir viku síðan þegar rætt var um svör mín við þeim fyrirspurnum sem forseti gerði að umtalsefni, þá fer því fjarri að það liggi í augum uppi hvort skylt sé eða jafnvel hvort óheimilt sé að veita umbeðnar upplýsingar af þessu tagi, í þessu tilfelli um kaup ríkisins á verkfræðiþjónustu. Þar koma við sögu ákvæði stjórnarskrár, upplýsingalaga og stjórnsýslulaga sem lúta að þeim grundvallaratriðum sem mál þetta snýst um og ekki er enn um að ræða neina einhlíta eða óumdeilda túlkun á þessum atriðum. Í því efni togast annars vegar á sjónarmið um rétt Alþingis til þess að krefjast upplýsinga um opinber málefni þar sem inn í fléttst m.a. túlkun á hugtakinu „opinbert málefni" og hins vegar réttur einkaaðila, bæði einstaklinga og lögaðila til þess að upplýsingar um einkamálefni þeirra, þar með taldir fjárhags- og viðskiptahagsmunir, séu ekki birtar með þeim hætti að það valdi viðkomandi tjóni.

Það var á grundvelli hinna síðari sjónarmiða sem svör mín við spurningum hv. þm. Ögmundar Jónassonar og Guðmundar Hallvarðssonar um kaup ríkisins á verkfræðiþjónustu byggðust.

Ég hef farið ítarlega ofan í þetta mál síðan og það hefur verið rætt við ýmsa sérfræðinga á þessu sviði, lögfróða menn. Ég hef á grundvelli frekari skoðunar breytt um afstöðu og tel rétt að Alþingi njóti þess vafa sem uppi er í málinu þar sem ekki er augljóst að í húfi séu svo mikilvægir viðskiptahagsmunir þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga að rétt sé að neita um umbeðnar upplýsingar. Í ljósi þessa mun ég á næstunni láta vinna ný svör við fyrirspurnum hv. þingmanna þar sem reynt verður að svara þeim spurningum sem fram eru bornar. En ég vil taka fram að ekki er unnt að svara þessum fyrirspurnum án mikillar og tímafrekrar gagnaöflunar.

[10:37]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta Alþingis og forsn. fyrir viðbrögð við beiðni minni um að gengið yrði eftir því við hæstv. fjmrh. að hann svaraði fyrirspurn minni á Alþingi um kostnað við ráðgjafarþjónustu í tengslum við einkavæðingu og kerfisbreytingar hjá hinu opinbera. Í þessu samhengi er efnisatriði fyrirspurnarinnar aukaatriði. Hitt er aðalatriðið að réttur Alþingis til að rækja eftirlitshlutverk sitt gagnvart framkvæmdarvaldinu sé virtur. Þetta er grundvallaratriði og af orðum hæstv. forseta Alþingis má ráða að þetta er einnig hans mat og forsætisnefndar þingsins. Það er

mikilvægt fyrir Alþingi og stöðu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu að þetta skuli hafa verið staðfest.

Hæstv. fjmrh. sagði þegar þessi mál bar á góma í lok síðustu viku að menn kynnu að vera komnir út á hálan ís við að svara ekki þessari fyrirspurn. Af viðbrögðum hæstv. fjmrh. nú er ljóst að hann hyggst halda út af hinum hála ís og fá fast land undir fætur. Hann hefur brugðist við af ábyrgð og af sanngirni og fyrir það ber að þakka.

[10:38]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta voru afar athyglisverð viðbrögð hjá hæstv. fjmrh. og jákvætt hér á morgni föstudags að hæstv. fjmrh. skuli flytja ræðu af þessu tagi á Alþingi. Hann er að segja okkur að þegar réttur Alþingis og réttur einkaaðila stangast á, þá eigi Alþingi að njóta vafans. Ég er fullkomlega sammála þessu sjónarmiði ráðherrans og ég fagna því. Mér finnst lofsvert að ráðherrann sé tilbúinn að breyta þeirri afstöðu sinni og ráðuneytis hans til þeirrar fyrirspurnar sem hér hefur verið rætt um á Alþingi.

Mér finnst hins vegar, herra forseti, umhugsunarvert að þetta viðhorf að Alþingi skuli njóta vafans skuli ekki vera hin almenna regla, lítandi til þess hversu mörg ágreiningsmál hafa verið uppi á liðnum missirum þegar við alþingismenn höfum beðið um upplýsingar en ekki fengið þær, þær hafa verið takmarkaðar eða svo óljósar að við höfum túlkað þær sem jafnvel rangar. Mér finnst að þær kringumstæður hefðu ekki skapast ef það væri almenna reglan að Alþingi nyti vafans.

Ég hef tekið þátt í því sem formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs á sínum tíma að fara yfir upplýsingaskyldu á Norðurlöndum samanborið við Evrópusambandið á stórri og mikilli ráðstefnu í Brussel. Það er enginn vafi á því að á Norðurlöndum er gífurleg upplýsingaskylda við almenning, hvað þá heldur þingmenn. Ég lít á það sem eitt helsta verkefni nýs þings að fara yfir það hvernig upplýsingaskylda er í nágrannalöndunum og í hverju henni er ábótavant í samskiptum framkvæmdarvalds og Alþingis þannig að vafamál í þessum efnum heyri sögunni til.

[10:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna sérstaklega þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh. áðan. Í mínum huga er hæstv. fjmrh. að uppfylla þær skyldur sem hvíla á framkvæmdarvaldinu gagnvart löggjafarvaldinu til fullnustu. Ég vil fagna þessu sérstaklega og ég vona að hér sé á ferðinni fordæmi fyrir það sem koma skal.

Ég vil minnast aðeins á það að fyrr í vetur óskaði ég eftir skýrslum frá hæstv. landbrh. sem birtust í þinginu með þeim endemum að þær voru ritskoðaðar. Ef þau viðhorf sem hæstv. fjmrh. kynnti hér áðan hefðu verið ríkjandi þá hefði Alþingi ekki þurft að líða þann fíflagang sem ég tel að hæstv. landbrh. hafi sýnt Alþingi með því að skila þeirri skýrslu hér inn.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það enn og aftur að ég lýsi sérstakri ánægju minni með þá yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. gaf áðan.

Orkulög, 1. umr.

Stjfrv., 543. mál (eignarhlutur Rafmagnsveitu ríkisins í félögum). — Þskj. 868.

[10:42]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, á þskj. 868. Það er 543. mál þingsins.

Tilgangur frv. er tvíþættur. Annars vegar að afla lagaheimildar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins til að stofna og eignast hlut í félögum með það að markmiði að gera fyrirtækinu kleift að taka þátt í samstarfi við aðra aðila á sviði orkumála og hins vegar að afla fyrirtækinu lagaheimildar til að stofna eða eiga hlut í félögum til að nýta þá þekkingu og búnað sem Rafmagnsveiturnar búa yfir til eflingar útflutningi á sérþekkingu í þágu fyrirtækisins.

Varðandi fyrra atriðið eiga Rafmagnsveitur ríkisins nú í formlegu samstarfi við nokkra aðila. Má þar nefna Stykkishólmsbæ vegna hitaveituframkvæmda í Stykkishólmi, Norðlenska orku ehf. um Villinganesvirkjun, Sunnlenska orku ehf. um virkjun í Grensdal og allmarga aðila vegna rannsókna á háhitasvæðinu í Öxarfirði. Öll þessi verkefni falla beint undir tilgang og verksvið Rafmagnsveitna ríkisins eins og þau eru skilgreind í orkulögum. Nú er hins vegar komið að því að stofna þarf til formlegs félagsskapar vegna framangreindra verkefna og því mikilvægt að Rafmagnsveiturnar hafi skýra heimild til þátttöku í þeim félögum sem til stendur að stofna.

Varðandi seinna atriðið hafa Rafmagnsveiturnar bæði einar sér og í samstarfi við aðra staðið að markaðssetningu á íslenskri sérþekkingu tengdri orkumálum erlendis. Ástæða er til að Rafmagnsveiturnar geti einnig stofnað félög eða tekið þátt í félögum sem starfa að tilteknum verkefnum, bæði til samstarfs við aðra og ekki síður til takmörkunar á áhættu þar sem það á við. Þá er einnig mikilvægt að Rafmagnsveiturnar geti á sama hátt staðið að og tekið þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum. Breytingin heimilar Rafmagnsveitunum hins vegar ekki að taka að sér ráðgjöf eða verktöku hér á landi í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði.

Gert er ráð fyrir að verkefni sem fyrirtækið ræðst í á grundvelli lagaheimildarinnar stuðli að hagkvæmari rekstri fyrirtækisins og skili því arði. Í því sambandi er einnig rétt að nefna að samkvæmt samningi ríkissjóðs og Rafmagnsveitnanna frá 9. janúar 1995 er gert ráð fyrir að hluta af arðgreiðslum þess verði varið til rannsóknar- og þróunarverkefna. Er gert ráð fyrir að sú heimild sem fyrirtækinu er veitt með þessari grein nýtist því meðal annars í slíkum verkefnum. Þar sem Rafmagnsveiturnar eru ríkisfyrirtæki og undir yfirstjórn ráðherra samkvæmt orkulögum er talið rétt að leita þurfi hverju sinni heimildar hans til að stofna félög eða kaupa hlut í félögum. Jafnframt þykir rétt, til að stuðla að samræmi, að leitað sé álits fjármálaráðherra hverju sinni.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn.

[10:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er afskaplega lítið frv. að vöxtum, aðeins ein grein auk gildistökugreinar, og eins og kom fram í orðum ráðherrans fjallar það um tvennt, annars vegar um heimild til Rafmagnsveitna ríkisins til að stofna og eiga hlut í félögum sem framleiða, flytja, dreifa eða selja orku og hins

vegar eiga hlut í félögum til að hagnýta þekkingu og búnað til rannsóknar- og þróunarstarfa.

Eins og ég segi er þetta ekki stórt frv. en ég átta mig ekki á því hvort þarna er verið að leggja til miklar grundvallarbreytingar á þessum málum.

Ég tek það fram, herra forseti, að frumvörp hafa verið að streyma inn í þingið þessa síðustu daga til 1. umr. og væntanlega með það veganesti að ráðherrarnir voni að þessi frv. komist til nefnda og verði afgreidd héðan sem lög sem ég set mjög stórt spurningarmerki við þar sem mál eru svo seint fram komin. Þar sem mál koma svona seint fram og eru næstum samstundis komin á dagskrá gefst ekki rúmur tími til þess fyrir þingmenn að afla sér upplýsinga um hvað hugsanlega felist í þeirri lagabreytingu sem lögð er til og það gildir um þá sem hér stendur. Ég hef ekki haft tækifæri til að ræða við þá aðila utan þings sem ég hefði kosið og því verð ég að spyrja ráðherrann núna spurninga og vísa til þess að málinu verði fylgt eftir í nefnd og þar verði skoðað hvort verið sé að gera grundvallarbreytingar með þessari lagabreytingu eða skapa grundvöll fyrir eðlilegri þróun ríkisfyrirtækis.

Í greinargerðinni er það nefnt varðandi fyrra atriðið, að Rafmagnsveitum ríkisins sé heimilt að stofna eða eiga hlut í félögum með þeim megintilgangi að framleiða, flytja, dreifa og selja orku, að þarna sé t.d. um að ræða Stykkishólmsbæ vegna hitaveituframkvæmda í Stykkishólmi, Norðlenska orku um Villinganesvirkjun, Sunnlenska orku um virkjun í Grensdal og allmarga aðila vegna rannsókna á háhitasvæðinu á Öxarfirði og að þetta falli allt undir tilgang og verksvið Rafmagnsveitna ríkisins eins og það er skilgreint í orkulögum.

Ég mundi gjarnan vilja heyra það hjá ráðherranum að hvaða leyti þessi lög gera Rafmagnsveiturnar sambærilegar við t.d. Landsvirkjun sem er öðruvísi orkufyrirtæki eða hvort þarna er munur á. Ég minnist þess að til þess að minni orkufyrirtæki gætu átt möguleika á því að fá leyfi til virkjunar þá þurfti samning við Landsvirkjun og minnist í því sambandi t.d. utandagskrárumræðu um Hitaveitu Suðurnesja. Við erum nýbúin að fá hér inn raforkulög. Þar er verið að leita heimilda til virkjunar. Þar tók ég eftir því að ekki er óskað eftir lagaákvæði um Hitaveitu Suðurnesja þannig að það er alveg greinilegt að varðandi Landsvirkjun þykir nægilegt að henni sé gert kleift að gera samninga við önnur smærri orkufyrirtæki. En hér þykir mikilvægt að Rafmagnsveiturnar geti stofnað eða átt hlut í félögum eins og þau sem ég hef bent á. Þá hlýtur að vakna spurning: Hvers vegna ekki eingöngu samninga eins og í því tilfelli sem ég hef þegar nefnt eða eru það tilsvarandi lög, sem ég þekki ekki?

Það kemur líka fram í greinargerðinni að gert er ráð fyrir því að verkefni sem fyrirtækið ræðst í á grundvelli þeirrar lagaheimildar sem hér er verið að sækja stuðli að hagkvæmari rekstri fyrirtækisins og skili því arði. Bent er á að samkvæmt samningi ríkissjóðs og Rafmagnsveitnanna frá 1995 sé gert ráð fyrir því að hluta af arðgreiðslum verði varið til rannsóknar- og þróunarverkefna þannig að ég lít svo á að með þessari lagasetningu sé verið að stuðla að því að Rarik geti orðið meðeigandi eða átt hin ýmsu félög á orkusviði og að þau ýmsu félög á orkusvið geti skapað arð fyrir Rarik og þann arð geti Rarik m.a. notað til rannsóknar- og þróunarverkefna. Þannig reyni ég að skilja það frv. sem hér liggur fyrir.

Sumt af þessu finnst mér jákvætt svo sem eins og það að slíkt fyrirtæki í almannaeigu sem hljóti arð skili þeim arði til mikilvægra rannsóknar- og þróunarverkefna sem eru undirstaða þess að við getum tekist á við ný og ný viðfangsefni á nýju og nýju sviði. Hins vegar vil ég taka fram að ekki væri eðlilegt að reyna að búa til lagaheimild og skapa eignaraðild fyrir slíkt ríkisfyrirtæki til þess beinlínis að búa til arðinn. Ég væri ekki sammála því sjónarmiði og skal þá enginn túlka orð mín svo að arður hjá ríkisfyrirtæki sé af hinu vonda.

Sú spurning hlýtur líka að vakna hvort að með því að sækja beina og afdráttarlausa lagaheimild fyrir Rarik til þess að stofna til og eiga hlut í félögum sé e.t.v. verið að opna — og eingöngu þörf á því varðandi þessa lagaheimild að ríkisfyrirtækið sæki heimildina til viðkomandi tveggja ráðherra, þ.e. iðnrh. og fjmrh. — er Alþingi þá e.t.v. með þessu að búa til fyrstu lagaheimild til þess að hér geti orðið til ofboðslega ráðandi og öflugt fyrirtæki, nú í ríkiseigu, seinna e.t.v. á markaði, sem verði risi á landsvísu og sölsi hugsanlega undir sig smærri orkufyrirtæki heima í héraði og verði síðan í fyllingu tímans sett á markað og allt markaðsvætt, líka það sem menn á sínum tíma töldu e.t.v. að væri almannahagur að hafa í eigu heima í héraði?

Ég er að spyrja ráðherrann um þetta litla frv. með þessari einföldu lagaheimild sem á að opna. Er hún upphaf að einhverju mjög stóru sem við sjáum ekki fyrir?

[10:53]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágætar undirtektir við málið. Eins og vitað er eru Rafmagnsveitur ríkisins í 100% eigu ríkisins. Í sjálfu sér hefði verið hægt að fara þá leið sem oft áður hefur verið farin við slíkar kringumstæður þar sem fyrirtæki eru í 100% eigu ríkisins að leita eftir slíkri lagaheimild beint í fjárlögum með því að segja sem svo að Alþingi heimili að Rarik taki þátt í slíkum verkefnum eins og hér eru nefnd. Það var hins vegar okkar mat að ekki væri góður svipur á því. Miklu nær væri að koma með sérstakt mál inn í þingið þar sem leitað yrði sérstakra lagaheimilda til slíkra hluta.

Frá 1995, eins og hv. þm. gat, um hefur ákveðnu hlutfalli af tekjum Rariks verið varið til rannsóknar- og þróunarstarfa. Þeim fjármunum hefur verið varið til rannsóknar- og þróunarstarfa í Stykkishólmi í samvinnu við heimamenn, í samvinnu við Norðlenska orku varðandi Villinganes, við Sunnlenska orku varðandi Grensdalinn. Og nú stendur Rarik frammi fyrir því að þurfa að láta þessa peninga af hendi rakna sem þeir reyndar eru búnir að leggja út fyrir, ákveða hvort þetta eigi að vera styrkur til viðkomandi verkefna eða hvort hægt sé að bókfæra þetta sem svo að þetta séu eignir Rariks. Rarik hefur ekki heimildir núna til þess að mynda eignir þannig að hægt sé að tala um eignarhluti Rariks í viðkomandi fyrirtækjum. Því er frv. sérstaklega flutt að Rarik geti orðið þegar fram líða stundir þátttakandi í samstarfi á því sviði sem fyrirtækið starfar nákvæmlega á með því að nýta peninga sem það fær og hefur til rannsóknar- og þróunarstarfsemi en nýta þá sem eign í viðkomandi fyrirtækjum þegar fram líða stundir.

Mín hugsun með þessu er ekki sú að Rarik verði risi á þessu sviði sem sölsi undir sig fyrirtæki sem minni eru, síður en svo, og verður það held ég seint því að Landsvirkjun er náttúrlega risi hvað þetta snertir á markaðnum. Sambærileg lagaheimild er ekki til staðar hjá Landsvirkjun. Ástæðan er sú að Landsvirkjun er í eigu fleiri aðila en ríkisins.

[10:56]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráðherrann þakkar undirtektir og það má skilja það svo að hann telji að ég sé að taka beinlínis undir frv. Við því hef ég fullan fyrirvara vegna þess að í viðbrögðum mínum við framsögu hans felast fyrst og fremst spurningar.

Ég heyri að ekki er sambærileg lagaheimild hjá Landsvirkjun, m.a. vegna þess að þar eru fleiri eignaraðilar. Vel má vera að það sé skýringin og að það hefti það að Landsvirkjun geti haft slíka heimild. Þó að Rarik hafi ekki aðra heimild en að veita styrk til þeirra þátta sem ráðherrann nefndi er hér er verið að gefa Rarik gífurlega víða heimild og ég verð að segja að í fljótu bragði finnst mér að í þessari víðu heimild og afdráttarlausu felist mjög mikil stefnumörkun. Mér finnst að í þessu eins og svo mörgu öðru eigi að fara fram mjög ítarleg könnun á því hvað geti falist í þessari heimild til Rariks, hvort þetta sé of víð heimild miðað við það sem við teljum eðlilegt og hvort ástæða sé til að hafa þetta öðruvísi. Ráðherrann vonar að hægt verði að afgreiða frv. núna fyrir þinglok og segir að það sé betra að fá svona heimild þannig að ekki þurfi að leita til Alþingis hverju sinni ef eitthvað er gert eða að öðrum kosti vera bara með styrk. Mér finnst að svona frv. sem e.t.v. ber í sér mikla og hugsanlega alvarlega stefnumörkun, eigi að koma tímanlega fyrir þingið. Mér finnst ekki bjóðandi að koma með slíkt frv. rétt fyrir þinglok og ætlast til afgreiðslu á því. Ég mun hvetja til þess að mjög ítarleg skoðun fari fram á þessu máli í nefnd vegna þess að mér finnst umræðan hér alls ekki varpa skýru ljósi á málið fyrir mig.

[10:58]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Landsvirkjun fékk á sínum tíma þegar breyting var gerð 1996 á lögum um Landsvirkjun heimildir til þess að verða þátttakandi í rannsóknar- og þróunarverkefnum sem sneru að þátttöku í samstarfi við fyrirtæki erlendis. Að því leyti til er þetta frábrugðið hvað Landsvirkjun snertir.

Heimildin er ekki víðari en svo að við hvert einstakt verkefni sem fyrirtækið fer hugsanlega í þarf sérstaka heimild fjmrh. og iðnrh. Það er því um mjög takmarkaðar heimildir fyrirtækisins að ræða.

Af því að ég veit að hv. þm. þekkir vel til á Suðurnesjum og þekkir vel til Hitaveitu Suðurnesja þá er það svo að þrátt fyrir stóran eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja þarf hún ekki að leita neinna slíkra heimilda til þess að taka þátt í slíku verkefni og er það vegna þess að ríkið er þar í minni hluta. En það er einfaldlega verið að heimila Rarik, sem við getum sagt að sé samkeppnisaðili Hitaveitu Suðurnesja, að vera þátttakandi í sambærilegum verkefnum eins og Hitaveita Suðurnesja hefur heimild til án þess að leita nokkuð til eigenda sinna, þ.e. ríkisins í þessu tilfelli. Það er stjórnin sem getur tekið ákvörðun um að Hitaveita Suðurnesja skuli vera þátttakandi í hvaða verkefni sem er og verkefnum langt fyrir utan hinn hefðbundna og upphaflega tilgang sem hitaveitan fékk í upphafi, þ.e. að vinna, dreifa og selja orku. Hún getur verið þátttakandi í vetnisfélögum, framfarafélögum, hvaða atvinnuþróunarfélögum sem er með því að kaupa sig þar inn. Ekki er verið að leita svo víðtækra heimilda með þessu heldur er fyrst og fremst verið að veita heimild til Rariks til þess að geta verið þátttakandi í verkefnum og fyrirtækjum sem starfa á því sviði sem Rarik er núna aðallega á. Þarna eru því þrengri heimildir en Hitaveita Suðurnesja hefur yfir að ráða í dag. En mér finnst eðlilegt að þessi fyrirtæki búi við sambærileg eða jöfn samkeppnisskilyrði hvað þetta snertir.

[11:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hitaveita Suðurnesja er áhugavert fyrirtæki en nokkuð af annarri stærð og gerð en Rafmagnsveitur ríkisins. Rafmagnsveitur ríkisins eru gífurlega stórt og umfangsmikið ríkisfyrirtæki og ég hefði ekki af því miklar áhyggjur þó við værum að gefa Rafmagnsveitum ríkisins heimild til að taka þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum. En það segir í lagaheimildinni „... að stofna og eiga hlut í félögum sem hafa það að megintilgangi að framleiða, flytja, dreifa eða selja orku“ og ég óttast að í því geti falist möguleikar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins að byrja að taka inn undir sig með ýmsum hætti öll önnur smærri fyrirtæki og t.d. þau sem eru nefnd í greinargerð. Mér finnst að það væri of stór heimild fyrir Alþingi að afhenda Rarik og tveimur ráðherrum í samvinnu í ríkisstjórn hverju sinni.

Þess vegna legg ég mikla áherslu á að iðnn. skoði málið vel og ekki verði freistast til, vegna þess að þetta sé svo lítið frv. með einni lagagrein og einfalt að gerð, að nú sé nóg að kalla einhvern einn eða tvo aðila til. Það þýðir ekki að koma eftir á og segja: Það átti að gefa takmarkaða heimild en lagaheimildin reyndist svo víð að menn gátu gert hvað sem var síðar. Við verðum alltaf að hugsa um þegar við erum að setja lög að þeir aðilar geti setið á þessum ráðastólum sem hafi aðra hugsun en þeir sem sitja þar þegar frv. eða lögin eru sett og að í þeim tilvikum verði hægt að fara allt aðra leið en sitjandi ráðherra sem flytur frv. hugsar sér. Því vara ég við því að Alþingi gefi of víðtæka heimild út af tiltölulega litlu erindi eins og það er kynnt hér.

[11:03]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Um er að ræða lítið frv. sem hæstv. iðnrh. hefur mælt fyrir og gengur út á að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að verða aðili að öðrum félögum. Þar sem fram hefur farið nokkur umræða um þetta mál vil ég gera grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa mjög viðamikið hlutverk við dreifingu og sölu á raforku. — Ég hefði óskað eftir því að hv. 5. þm. Reykn. hlýddi aðeins á mál mitt því að hv. þm. kom inn á tilgang með flutningi þessa frv.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa það verkefni að dreifa og selja raforku um hinar dreifðu byggðir landsins. Það kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn. að Rafmagnsveiturnar væru mjög stórt og mikið fyrirtæki og ástæða væri til þess að hafa áhyggjur af því að fyrirtækið nýtti heimildirnar sem frv. gerir ráð fyrir til að kaupa upp fyrirtæki í þessari grein. Ég tel að það sé af og frá.

Ástæðurnar fyrir því að þetta frv. er flutt eru þær að rekstur Rafmagnsveitna ríkisins hefur gengið mjög illa vegna þess að Rafmagnsveiturnar þurfa að dreifa orkunni um landið. Það hefur ekki alltaf gefið mikinn arð fyrir veiturnar að dreifa orkunni um hinar dreifðu byggðir vegna þess að þar er tiltölulega lítil sala og litlar tekjur miðað við umfang kerfisins og þann kostnað sem þar er um að ræða. Rafmagnsveitur ríkisins leita því leiða til að gera fyrirtækið hagkvæmara og þær leiðir sem eru farnar og eru taldar vænlegar eru m.a. að reyna að spara sér uppbyggingu dreifikerfisins, spara sér kostnaðarsamar línulagnir. Það er m.a. gert með því að reyna að leitast við að virkja jarðvarma þar sem það er hægt. Svo að hægt sé að virkja jarðvarmann hefur verið leitað eftir

samstarfi við heimaaðila og þess vegna er í frv. gert ráð fyrir þeim möguleika að veiturnar verði eignaraðili að tilteknum veitum sem er talið hagkvæmt fyrir Rafmagnsveiturnar.

Að hinu leytinu er gert ráð fyrir þeim möguleika að Rafmagnsveiturnar fari í samstarf um virkjanir. Tilgangurinn er ekki sá að skapa einhvern risa á markaði heldur er tilgangurinn sá að gera Rafmagnsveiturnar að hagkvæmara fyrirtæki, virkja þar sem það er talið hagkvæmt fyrir Rafmagnsveiturnar í þeim tilgangi að þær geti lækkað orkuverðið. Það er mergurinn málsins að raforkuverðið hjá Rafmagnsveitum ríkisins hefur verið hátt og er mun hærra til neytenda en gerist t.d. hjá Hitaveitu Suðurnesja sem er afskaplega gott og vel rekið fyrirtæki og hjá Hitaveitu Reykjavíkur og ýmsum öðrum dreifiveitum sem hafa getað selt raforkuna á lægra verði en Rafmagnsveitur ríkisins og t.d. Orkubú Vestfjarða hefur getað gert vegna þess að þær hafa óhagkvæmt dreifikerfi á sínum vegum. Það er því afskaplega mikilvægt fyrir dreifbýlið að Rafmagnsveiturnar fái þessa heimild til að leita hagkvæmustu kosta við virkjun jarðvarma og virkjun vatnsafls til að veita inn á kerfið og selja orku og gera fyrirtækið þannig hagkvæmara. Það er grundvallarmisskilningur að frv. sé til þess flutt að styrkja Rafmagnsveitur ríkisins til þess að verða eitthvert yfirburðafyrirtæki. Tilgangurinn er einungis sá að leita leiða til að gera fyrirtækið hagkvæmara þannig að það geti lækkað raforkuverðið sem er allt of hátt í dag. Það er hvergi nærri samkeppnisfært við sölu raforku frá þessum stóru fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og því vil ég hvetja hv. þm. til að stuðla að því að frv. megi ná fram að ganga þar sem það hefur aðeins þann tilgang að gera Rafmagnsveiturnar færari um að lækka raforkuverðið en ekki til að gína yfir eða ná undir sig fyrirtækjum sem kunna að vera viljug til þess að koma til samstarfs við fyrirtækið.

[11:09]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekkert í orðum mínum um frv. er með þeim hætti að ástæða sé til þess fyrir þingmenn að telja að ég sé á móti einhverju einstöku af þeim verkefnum sem eru tilgreind nákvæmlega í greinargerð. Það er heldur ekki verið að fara þá leið að leggja til að Rafmagnsveiturnar geti tekið þátt í verkefnum hjá nákvæmlega þessum aðilum. Ég hef heldur ekki haft uppi nein orð um það hvort ég sé á móti því efnislega að Rafmagnsveitur ríkisins taki þátt í verkefnum af því tagi sem er verið að nefna, einu út af fyrir sig, tveimur eða öðrum sem uppi er á einhverjum tíma. Það sem ég er að benda á er að lagagreinin er þannig að Rafmagnsveiturnar virðast með orðanna hljóðan vera að fá mjög víðtæka heimild og miklu víðtækari en nákvæmlega að eiga samstarfsverkefni af því tagi sem hér er. Ég undirstrika að það er þetta sem ég er að benda á og ég hvet nefndina til að skoða þetta mál vel. Ég hef ekki tekið afstöðu til þess og ég ætlast til að menn geri sér grein fyrir því. Ég hef bent nákvæmlega á það. Málið er glænýtt. Það er ekki á verkefnasviði mínu eins og þingmenn þekkja, við erum með verkaskiptingar í þinginu, ég er að skoða það núna. Ég kem með varnaðarorð og ég hvet nefndina til að skoða það vel. Ég hef ekki tekið afstöðu til þess. En við gætum verið að fara þá leið sem við höfum oft gert að veita afmarkaðar heimildir. Það er það sem ráðherrann kýs ekki. Hann vill að Rarik hafi opnar heimildir og ég hef áhyggjur af því.

[11:11]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Reykn. fyrir andsvarið og það sem þingmaðurinn sagði. Ég lít svo á að hv. þm. sé reiðubúin til að skoða þetta mál og í andsvari hennar kom ekkert fram sem gæti fengið mig til þess að halda að þingmaðurinn yrði á móti þessu frv. en varnaðarorð hennar eru að sjálfsögðu eðlileg og nefndin mun væntanlega skoða málið vandlega.

Ég undirstrika að þær heimildir sem verið er að fjalla um og frv. felur í sér eru einungis til að skapa þessu mikilvæga fyrirtæki, Rafmagnsveitum ríkisins, betri stöðu í erfiðu verkefni við að lækka raforkuverðið. Raforkuverðið frá Rarik er allt of hátt. Svo ég endurtaki það er það vegna þess að dreifikerfið er óhagkvæmt og þær fáu virkjanir sem Rarik hefur á sínum snærum eru ekki nægjanlega hagkvæmar. Því þarf að leita leiða með samstarfi við sveitarfélög eða aðra aðila til að virkja og ná því fram að Rafmagnsveiturnar verði hagkvæmara fyrirtæki og geti selt orkuna við lægra verði. Það er tilgangurinn og ég fagna því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir skyldi taka undir þetta eins og hún gerði í andsvari.

[11:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta er ákaflega skrýtið frv., þetta er ákaflega skrýtið ákvæði. Ég hafði alltaf talið að hlutverk löggjafans væri að setja almennar reglur um samskipti fólks. En við erum allt í einu farin að tala um að heimila einhverju ákveðnu fyrirtæki að gera eitthvað ákveðið sem í mínum huga er hlutverk stjórnar í venjulegum fyrirtækjum. Hvernig skyldi standa á þessu?

Herra forseti. Það er vegna þess að allur orkugeirinn er rekinn frá Alþingi með lögum og hann er rekinn af opinberum aðilum. Þetta er hreint sovétkerfi. Við erum í nákvæmlega sömu stöðu og Sovétríkin forðum þegar verið var að ákveða í Kreml um byggingu orkuvera og verksmiðja í Síberíu. Þetta er nákvæmlega sama staðan. Arðsemin er nákvæmlega jafnmikil. Þetta er nákvæmlega jafnskynsamlegt.

Við erum að fjalla um það að einhverju fyrirtæki, Rafmagnsveitum ríkisins, sé heimilt að stofna og eiga hlut í fyrirtækjum og félögum. Nema hvað? Af hverju kemur okkur það við?

Ef maður lítur á frv. nánar og hefur í huga að þetta er allt saman eitt sovét-ríkisapparat, þá er verið að þenja út ríkisbáknið. Það er verið að þenja út sovétkerfið. Það er verið að gefa því enn frekari möguleika. Nú geta Rafmagnsveiturnar t.d. farið að virkja hitaveitu. Eins og kom áðan fram er þetta til þess að gera þetta ágæta fyrirtæki okkar þingmanna arðbært eða arðbærara. Við stöndum í hörkubisniss, hafið það í huga hv. þingmenn. **(Gripið fram í:** ... stórfyrirtækis?) Það liggur við, hv. þm.

Herra forseti. Það sem um er að ræða er að Rafmagnsveitur ríkisins gegna margvíslegu hlutverki sem stangast á. Þær hafa nefnilega heilmikið félagslegt hlutverk í því að niðurgreiða orku og verðjafna orku um allt land. Þetta hlutverk rekst að sjálfsögðu á við það hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins að stunda almennan rekstur og græða. Hér ætla menn, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að gera þeim kleift að fara út í nýjar orkuveitur til þess að geta sinnt hinu hlutverkinu sem er félagslega hlutverkið, þ.e. niðurgreiðsla á orku, sem er að mínu mati hlutverk ríkisvaldsins en ekki einstakra fyrirtækja í landinu. Þetta er vandinn í hnotskurn.

Auðvitað á Alþingi og ríkisvaldið að niðurgreiða á fjárlögum og auðvitað á ekki að skattleggja rafmagnsnotendur í landinu til þess að halda uppi byggð þar sem menn vilja

hafa það þannig. (**Gripið fram í:** Halda uppi byggð?) Já, eða halda byggðinni við. (**Gripið fram í:** Halda henni niðri?) Það kann nefnilega vel að vera. Þetta er ágætis athugasemd hjá hv. þm. Það kann vel að vera að styrkir haldi byggð niðri. Það er nefnilega til kenning um það styrkir séu ákveðið ópíum sem séu verstir fyrir þá sem njóta þeirra.

Herra forseti. Það er sagt að stefnt sé að samkeppni, sumir jafnvel tala um einkavæðingu, í orkugeiranum. Þetta er sagt. Við fengum hérna þáltill. frá hæstv. iðnrh. um það að nú ætti að gera stóra hluti á þessu sviði, einkavæða, eins og er víst tíska í útlandinu. Það er meira að segja búið að leggja fram frv. um það en það fæst væntanlega ekki afgreitt.

Ef þessi einkavæðing næst fram þá er þetta frv. að sjálfsögðu óþarft. Þá verða Rafmagnsveitur ríkisins bara einkafyrirtæki og eins og hvert annað fyrirtæki og stjórn þess tekur þátt í þeim fyrirtækjum sem hana langar til og sýnist skynsamlegt. Þá þarf hv. Alþingi ekki að standa í því að taka svona bisnessákvarðanir.

Ef sú samkeppni og einkavæðing sem að er stefnt næst ekki fram er þetta frv. hins vegar til hins verra. Þá erum við að auka ríkiskapítalismann þar sem einstakir aðilar fara með ógnarlega mikið fé. Þeir hv. þingmenn sem sitja í stjórnum lífeyrissjóða þekkja það og það er ríkiskapítalismi. Og að mati þeirra sem trúa á samkeppni og framtak einstaklingsins er það af hinu verra, það er slæmt. Því má segja að þetta frv. sé óþarft ef samkeppni næst og uppstokkun og annars sé það bara til skaða.

[11:18]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Vegna þessa litla frv. sem er til umræðu um breytingu á orkulögum vildi ég taka undir þau varnaðarorð sem sett voru fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um að það verði að skoða þetta mál mjög vandlega í hv. iðnn. Hér virðist um mjög lítið frv. að ræða en í raun er um afar víðtækar heimildir að ræða til Rafmagnsveitna ríkisins. Frv. er mjög seint fram komið og því enn þá meiri þörf á að það verði skoðað mjög vandlega.

Frv. er athyglisvert í framhaldi af frv. sem hér var til umræðu fyrr í vikunni um raforkuver þar sem heimila á Rafmagnsveitum ríkisins í félagi við aðila í Skagafirði að taka að sér virkjunarheimild frá Landsvirkjun. Það er alveg ljóst að fram undan eru mjög miklar breytingar í orkugeiranum samanber fyrirliggjandi nál., en að því áliti stóðu allir stjórnmálaflokkarnir sem eiga fulltrúa á Alþingi. Ég held að það sé nokkuð einróma álit að hægt sé að gera þennan geira hagkvæmari og það eru breytingar fram undan.

En ég held að ljóst sé að þær breytingar munu verða í þá átt að fleiri aðilar munu koma að virkjunum, fleiri aðilar munu koma að framleiðslu, flutningi, dreifingu og sölu á raforku. En hvernig þetta gerist nákvæmlega er mjög mikilvægt. Hv. þm. Pétur Blöndal talar um sovétkerfi í þessum málum, en svo hefur verið um fleiri mál í samfélagi okkar og við höfum smátt og smátt verið að fikra okkur út úr því ástandi, m.a. má nefna þar bankakerfið. Því er mjög mikilvægt, held ég, að eining sé um aðferðir við þessar breytingar. Mér finnst einboðið að um þessi mál verði að ríkja sátt og að vanda verði hvert skref. Við þekkjum vel söguna frá Rússlandi þar sem eignum ríkisins var dreift til einkaaðila undir yfirskini nauðsynlegrar hagræðingar. En það voru oft flokksgæðingar sem græddu í leiðinni, ekki almenningur sem átti eignirnar.

Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að íhuga þau skref sem við stígum varðandi orkugeirann mjög vandlega. Þetta gerist þannig að þeir sem eiga orkuna núna, þ.e. íslenska þjóðin eða Landsvirkjun, og hafa staðið að þeim kostnaði sem þessu hefur fylgt, njóti réttlátlega í eðlilegum hlutföllum hver og einn, hvort sem það eru einstaklingar eða sveitarfélög, þess arðs eða þess sem í hlut fólksins kemur.

Mér finnst þessi lagaheimild sem um er að ræða mjög víðtæk. Ég vil ekki taka afstöðu beint gegn þessu núna, en ég tel að þetta þurfi að athuga mjög vandlega. Að mínu mati er dálítið óvænt skref stigið með svona lagaheimild. Ég vil bíða með að taka afstöðu til þessa en vara við að málið fái flýtimeðferð.

[11:23]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Stundum koma umræðurnar í þinginu á óvart. Ekki hefði mig órað fyrir því að umræða um þetta þingmál gæti orðið á þann veg sem hún hefur fallið hingað til af hálfu fulltrúa stjórnarandstöðunnar sem hafa kosið að tjá sig um málið. Ég held að fáum blandist hugur um það sem hafa lesið frv. að því er ætlað að reyna að bæta stöðu þess fólks sem býr á landsbyggðinni, á þjónustusvæði Rafmagnsveitna ríkisins. Það hefur verið ítrekað hér í máli hæstv. ráðherra og annarra þingmanna sem hafa tekið til máls, eins og hv. þm. Sturlu Böðvarssonar. Markmið frv. er að bæta búsetuskilyrði fólksins sem býr á þjónustusvæði Rafmagnsveitna ríkisins sem er fyrir utan höfuðborgarsvæðið.

Það sem þingmenn Samfylkingarinnar leggja inn í umræðuna er að þeir leggjast gegn þessu markmiði. Þeir eru ósammála því að ríkisvaldið beiti sér fyrir aðgerðum sem geta stuðlað að því að lækka raforkuverð þar og styrkja fyrirtækið sem á að dreifa raforkunni til þessa hluta þjóðarinnar. Þetta er mjög einkennilegur málflutningur í mínum eyrum þó hann kunni að vera eðlilegum í eyrum þeirra sem skipa sér undir fána Samfylkingarinnar. Það er allt í lagi mín vegna en það er eðlilegt að menn dragi þá fram hinar pólitísku markalínur í málinu.

Við skulum aðeins rifja upp fáein atriði um skipulag orkumála hér á landi. Við skulum rifja það upp að Rafmagnsveitur ríkisins hafa það verkefni að dreifa raforkunni til dreifbýlari hluta landsins, til þess hluta þjóðarinnar sem býr utan höfuðborgarsvæðisins. Hvað skyldu þeir sem búa í þéttbýlinu leggja til þess verkefnis? Staðreyndin er sú að það er sáralítið. Það er nefnilega þannig að þjóðin sem býr á höfuðborgarsvæðinu tekur engan þátt í því að kosta dreifikerfið mikla sem þarf að reisa um allt land til að þjónusta þann hluta þjóðarinnar sem býr fyrir utan höfuðborgarsvæðið.

Eru það eðlilegar leikreglur, herra forseti, þegar ein þjóð býr í einu landi að ákveðinn hluti þjóðarinnar búi við það að njóta einn alls hagræðisins af því að búa þétt saman en hinn hluti þjóðarinnar taki á sig allan kostnaðinn við að dreifa orkunni um landið? Það finnst mér ekki sanngjarnar leikreglur, herra forseti. En þetta eru þær leikreglur sem við höfum búið við og ég hefði mjög gjarnan viljað sjá að yrði breytt á næstunni. Þess er ekki að vænta í ljósi viðbragða þingmanna Samfylkingarinnar að úr þeirri átt komi neinn liðsauki til þess að styrkja stöðu dreifbýlisins þannig að þeir sem njóta hagræðisins láti eitthvað af því hagræði til hinna sem njóta þess ekki. Það hét í gamla daga jafnaðarstefna. En það virðist vera búið að jarðsetja þá stefnu með jarðarför gömlu flokkanna sem standa að Samfylkingunni.

Ég vil nefna líka annað atriði, herra forseti. Það er ekki bara ríkið sem á þau fyrirtæki sem eru í orkugeiranum. Það

eru líka sveitarfélögin. Ég veit ekki betur en að Reykjavíkurborg sé næststærsti eða jafnvel stærsti eignaraðili að Landsvirkjun og hefur knúið þar fram stefnubreytingu á undanförnum árum í þá veru að Landsvirkjun innheimti arð af eigin fé sem þessir eignaraðilar telja sig eiga þar, og rukki það inn hjá notendunum inni í viðkomandi sveitarsjóði. Ég veit ekki betur, herra forseti, en að þeir sem búa á Vestfjörðum við mjög hátt orkuverð miðað við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu séu skattlagðir til þess að geta borgað arð í borgarsjóð Reykjavíkur.

Herra forseti. Er á það bætandi þegar t.d. fólk á Vestfjörðum þarf að greiða miklu hærra orkuverð en fólkið sem býr á höfuðborgarsvæðinu, að borgarsjóður Reykjavíkur geri kröfu um að þeir sem borgi meira borgi enn meira til að eiga fyrir sérstökum skatti í borgarsjóð Reykjavíkur? Það finnst mér lítið réttlæti, herra forseti, og hef mótmælt því á fyrri þingum þegar það mál kom til umræðu. En ég varð ekki var við að þeir þingmenn sem eru nú í stjórnarandstöðunni hafi þá haft sömu skoðun og ég í þeim efnum, heldur hið gagnstæða. Mér finnst það ekki merkileg jafnaðarstefna, herra forseti, að styðja þá stefnu að skattleggja þá sem borga meira til þess að þeir sem borgi minna geti fengið sérstakan skatt því til viðbótar. Ég kann ekki að meta þá jafnaðarstefnu, herra forseti. Ég tel að þeir sem eru að leggja af stað í nýja vegferð með nýtt stjórnmálaafl — ég óska þeim alls hins besta í starfi sínu — þurfi að gera grein fyrir því hvers vegna þeir afneita öllum grundvallaratriðum jafnaðarstefnu í stefnumörkun sinni, t.d. á því sviði sem við ræðum hér.

Ég vil líka nefna eitt dæmi enn af því að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir gat um það að íslenska þjóðin ætti orkuna og allir ættu rétt að fá sinn skerf af þeim arði sem hægt væri að skapa með því að nýta þá orku. Hvers vegna tekur hún þá ekki undir það að öllu leyti þegar orkan á í hlut? Ég rifja það upp að heitt vatn er hluti af orkugjöfum Íslands. Það hefur ekki verið vilji fyrir því á Alþingi að skilgreina það sem eign þjóðarinnar, m.a. vegna þess að þeir flokkar sem standa að Samfylkingunni hafa ekki verið stuðningsmenn þess að öllu leyti. T.d. hefur Alþfl., meðan hann var og hét í þingsölum, ekki talað fyrir því sjónarmiði að heitt vatn væri þjóðareign. Það skiptir nefnilega máli. Heita vatnið hér gerir það að verkum að þeir sem njóta þess hér fá um 4 milljarða kr. í kjarabót vegna þess hve kostnaðurinn er lágur, 4 milljarða kr. í kjarabót á ári hverju. Og ég spyr: Er þessari kjarabót dreift til allrar þjóðarinnar? Fær hver Íslendingur réttlátan skerf í arðinum af þessari kjarabót, herra forseti? Það væri fróðlegt að heyra hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur svara því.

Ég get svarað því fyrir mitt leyti. Svo skulum við heyra hvort þingmaðurinn hefur annað svar. Svar mitt er að svo er ekki. Hún og aðrir þingmenn hér segja: Þetta er séreign okkar sem búum hér. Og þeir taka alla þessa kjarabót til sín. Hinir sem búa annars staðar og njóta ekki þessarar auðlindar fá ekkert.

Er það stefna hins nýja stjórnmálaafls að svo eigi að vera að arðurinn af þessari auðlind sé bara fyrir þá sem búa hér en ekki þá sem búa annars staðar? Er það hin nýja jafnaðarstefna sem menn ætla að bera inn á næstu öld?

Herra forseti. Ég verð að segja að öll teikn sem uppi eru um stefnu hins nýja stjórnmálaafls í þessum málum eru á þann veg að þeir eigi að fá mikið sem eru stærri og standa betur, hinir eigi að bera skarðan hlut frá borði. Það sem m.a. styður þessa skoðun mína eru viðbrögð þeirra þingmanna stjórnarandstöðunnar sem tekið hafa til máls þar sem þeir vara við sanngjörnum og eðlilegum aðgerðum sem boðaðar eru í þessu frv. til að styrkja stöðu þeirra sem veikar standa.

Enn vil ég spyrja: Telja þingmennirnir líka eðlilegt að þeir sem búa hér þurfi ekkert að leggja til við að kosta dreifikerfi til að flytja rafmagnið um landið allt? Kemur þeim landið ekki við að öðru leyti? Eru það bara hinir fáu sem búa í hinum dreifðu byggðum sem eiga að borga þennan stofnkostnað og rekstrarkostnað? Eiga hinir bara að hirða arðinn, herra forseti?

[11:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurningar mínar til ráðherra sem voru réttmætar — það heyri ég betur og betur — og varnaðarorð mín vegna hinnar opnu lagaheimildar sem hér er beðið um eiga fullkomlega við það að þessi opna lagaheimild gæti nákvæmlega gengið þvert á alla jafnaðarstefnu eftir því hvernig lagaheimildin verður nýtt. Ég gerði í orðum mínum grundvallarmun á lagagreininni sjálfri — þetta er ein lagagrein í fimm línum — og greinargerðinni. Herra forseti. Það er ekkert í lagagreininni sem tryggir sérstaklega að hún verði nýtt fyrir dreifbýlið. Ræða þess þingmanns sem hér hefur talað var gjörsamlega út í loftið. Hún dæmir sig sjálf og ég mun í engu fara í þá umræðu sem hann reyndi að opna hér.

Það að túlka orð mín svo að ég, Samfylkingin, jafnaðarmenn eða jafnaðarstefna, horfin eða verandi, sé á móti dreifbýlinu er gjörsamlega út í loftið. Ég veit ekki betur en að ég hafi á Alþingi og í störfum mínum yfirleitt stutt aðgerðir í almannaþágu. Ég er að benda á lagagreinina. Ég er ekki að gagnrýna greinargerðina. Ég ætlast til að þeir sem sitja í þingsal og hlusta á ræðu mína fari rétt með úr ræðu minni en ekki eitthvað annað sem þeir segja að hún hafi verið um.

[11:34]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var skynsamlegt hjá hv. þm. að draga svona mjög í land og ég vænti þess að þingmaðurinn undirbúi sig betur fyrir næstu ræðu í iðnaðarmálum.

[11:35]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki dregið í land. Ég árétta það sem kom fram í orðum mínum og það sem meira er, ég gat þess í upphafi að þetta mál væri glænýtt, ég væri að koma hér með spurningar vegna þess hvernig það leit út. Og sannarlega hefur ekkert af því sem hér hefur komið fram enn þá gefið tilefni til þess að ekki sé ástæða til að skoða þetta mál mjög vel. Ég býst við að ráðherra geti staðfest hvers eðlis spurningar mínar voru og hver viðbrögð mín voru við því sem fram kom í greinargerðinni þannig að ég vísa þessum orðum til föðurhúsanna.

[11:36]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var undarleg ræða hjá hv. þm. og raunar svo ómálefnaleg að furðu sætir hjá þeim hv. þm. Það kom ekkert fram, hvorki í máli mínu né í greinargerð með frv., um að hér sé sérstaklega verið að ræða um landsbyggðina. Það kemur ekkert fram í greinargerð með frv. að tilgangurinn sé að lækka orkukostnað á landsbyggðinni. Í máli hv. þm. Sturlu Böðvarssonar var lögð áhersla á að markmiðið væri að gera þessi fyrirtæki hagkvæmari. Ég held að við getum verið sammála um það.

Ég vil því mótmæla þeim dylgjum sem komu fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um að ég og fleiri talsmenn Samfylkingarinnar sem tóku þátt í umræðunni séum á móti jöfnun orkukostnaðar.

Vegna umræðunnar um heita vatnið vil ég aðeins minna á að hér voru samþykkt vatnalög, að mig minnir árið 1923, þar sem samþykkt var að vatn skyldi vera í einkaeign. Því miður, því ég er sannfærð um það að ef sú afdrifaríka ákvörðun hefði ekki verið tekin árið 1923 eftir mjög mikil pólitísk átök þá væri staðan í þessum málum önnur.

[11:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur að ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að menn hafi verið að ræða um að styrkja stöðu fyrirtækisins á landsbyggðinni. Ég bendi hv. þm. á fyrstu orð 1. gr. þar sem segir: „Rafmagnsveitum ríkisins ...“. Þær starfa þar. Þær starfa ekki á höfuðborgarsvæðinu. Og ég bendi hv. þm. á greinargerðina þar sem gerð er grein fyrir viðræðum um verkefni sem þessi heimild mundi ná til. Nefndar eru framkvæmdir í Stykkishólmi, Villinganesvirkjun í Skagafirði, í Grensdal á Suðurlandi og framkvæmdir í Öxarfirði. Allar framkvæmdirnar sem nefndar eru og öll dæmin sem tiltekin eru um verkefni sem féllu undir heimildarákvæði frv. eru á landsbyggðinni. Það á því ekki neinum að yfirsjást hver tilgangur málsins er.

Þó að menn hafi sett lög 1923 þá vill nú svo vel til að menn geta sett lög síðar. Ég bendi á að menn settu ekki lög fyrr en 1990 um að fiskimiðin væru sameign þjóðarinnar og voru m.a. lagaákvæði til fyrr í mörg hundruð ár sem kváðu á um annað að nokkru leyti. Það varð engin hindrun fyrir þá breytingu sem gerð var árið 1990. Ákvæði vatnalaga breyta því engu um möguleika Alþingis til þess að dreifa arðinum af heitu vatni til landsmanna allra, veita þeim hlut í góssinu, eins og hv. þm. sagði. Rann þá upp fyrir mér sú mynd að góssið væri hluti af tekjum fólksins á landsbyggðinni sem rynni í borgarsjóð Reykjavíkur.

[11:40]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisverð samlíking að líkja hafalmenningum og veiðum íslenskra sjómanna á hafi úti við vatnalögin vegna þess að ákvæði um sameign þjóðarinnar var sett inn til þess að styrkja þá sýn að það er landsmanna allra að sækja fisk í sjó.

Ef hv. þm. vill reyna að breyta vatnalögunum og snúa við á þeirri braut þá er ég viss um að hann mun fá stuðning víðar frá heldur en úr hans eigin flokki. En ég er ansi hrædd um að þá komi nú krafa um bætur og annað slíkt upp eftir að þetta er búið að vera skýr einkaeign síðan 1923. Það verða dálítið miklar bætur, held ég, sem ríkið þarf þá að reiða fram.

En ef hv. þm. telur að raunhæft sé að gera það þá er ég viss um að hann mun fá stuðning víða til þess.

[11:41]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessari umræðu. En eitt atriði sem kom fram í umræðunni vildi ég undirstrika, þ.e. að grundvöllur heimilda Rafmagnsveitna ríkisins til virkjunar er auðvitað að lækka orkukostnað á landsbyggðinni. Það er tilgangurinn með þessu virkjunarleyfi. Það er tilgangurinn með því að veita leyfi til hagkvæmrar virkjunar vegna þess að Rafmagnsveitur ríkisins starfa á landsbyggðinni og þær þjóna ákveðnum landshlutum. Innkaupsverð á orku til þeirra hefur verið of hátt og fyrirtækið hefur átt í erfiðleikum með að veita þá þjónustu sem því er gert að veita. Því hefur þar að auki verið gert að greiða arð í ríkissjóð en það er vafamál að sé það réttlætanlegt út frá afkomu fyrirtækisins og í rauninni ekki réttlætanlegt.

Virkjunarleyfið er einn þátturinn í því að leiðrétta þann aðstöðumun sem fyrirtækið býr við og er alveg óviðunandi. Það verður að taka á því máli.

Ég vil taka þátt í umræðu til að undirstrika alveg sérstaklega nauðsynin þessa. Ef hv. þingmenn hafa ekki lesið út úr þessu að ætlunin væri að lækka orkukostnað á landsbyggðinni með virkjunarleyfinu þá veit ég nú ekki hvar þeir eru staddir. Ég vildi aðeins undirstrika þetta.

[11:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að segja að ef sú heimild sem hér er verið að óska eftir að verður lögum mun leiða til þess að raforkuverð á landsbyggðinni og víðar muni lækka þá fögnum við í Samfylkingunni þeirri breytingu að sjálfsögðu. Mér fannst satt best að segja ræða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem flutt var hér áðan vera þess eðlis að ég ætla ekki að leggja frekar út af henni. Ég held að hún dæmi sig sjálf. Það er líklega hans ólán að sú ræða verður rituð í Alþingistíðindin og það er eitthvað sem hv. þm. verður að eiga við sjálfan sig.

Virðulegi forseti. Það var ekki erindi mitt hér upp að ræða þetta sérstaklega heldur hitt að ég ætlaði að beina spurningu til hæstv. iðnrh., kannski í framhaldi af ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals áðan þar sem hann benti á að fyrirkomulagi því sem ríkir í orkugeiranum mætti nánast líkja við það fyrirkomulag sem var í sovét hinu forna. Ég get þó ekki tekið undir það enda hefur sú samfélagstilraun sem þar fór fram dæmt sig sjálf og sagan fellt sinn dóm í þeim efnum. En ég ætlaði spyrja hæstv. iðnrh. hvaða framtíðarsýn hann hafi á Rafmagnsveitur ríkisins, hvernig hann sjái framtíðarfyrirkomulag þess fyrirtækis og jafnframt hvort til greina komi að ganga eitthvað frekar þann veg að einkavæða fyrirtækið að einhverju marki. Vel mætti ímynda sér að inn í þá einkavæðingu gætu komið til að mynda heimamenn víða í kaupstöðum og þorpum um landið o.s.frv.

Virðulegi forseti. Aðalætlun mín með því að taka til máls í umræðunni var að beina þessari fyrirspurn til hæstv. iðnrh. og fá fram svör við því hvaða framtíðarsýn hann hefði á fyrirtæki Rafmagnsveitu ríkisins.

[11:46]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér meiri umræða um þetta mál heldur en ég átti von á miðað við mikilvægi þess. En af því að hv. þm. spyr hver sé mín framtíðarsýn á Rarik, þá er hún alveg skýr. Rarik mun í framtíðinni fá meira hlutverk en fyrirtækið hefur í dag ef okkur tekst að innleiða samkeppni í orkugeirann.

Landsvirkjun er með 93% markað í orkuvinnslunni í dag og það hljóta allir að sjá að það er ekki gott að koma á samkeppni í orkuvinnslu við slíkar kringumstæður. Það er kannski mergurinn málsins og ástæður þessa frumvarpsflutnings eru einmitt þær að hleypa fleiri aðilum inn en bara Landsvirkjun. Það gerum við best með því að opna fyrir þann möguleika að Rarik, sem er fyrirtæki sem þjónar landsbyggðinni fyrst og fremst og einvörðungu, hafi möguleika til að fara í samstarf við aðila á þeim stöðum þar sem orkulindirnar eru og þrjú dæmi eru nefnd í frv., Skagafjörður, Snæfellsnes og Árnessýsla.

Ef hægt er að tala um langa framtíð í þessum efnum, að þremur til fimm árum liðnum, þá getur maður séð fyrir sér að Rarik verði orðið öflugt fyrirtæki í vinnslu og í dreifingu. Ég held að það verði hlutverk Rariks í framtíðinni að vinna orku og sjá um dreifingu á henni. Það getur vel farið saman í breyttu skipulagi raforkumála. Það er hins vegar ekkert forgangsverkefni að mínu viti að einkavæða Rarik. Fyrst er að koma skipulaginu á. Ég alveg sannfærður um að þá kemur að markaðsvæðingu fyrirtækisins. En að einkavæða Rarik við þær kringumstæður sem núna eru væri að mínu viti hreint rugl vegna þess að fyrst þurfum við að skilgreina nákvæmlega hvert sé hlutverk fyrirtækisins í hinni breyttu mynd þegar menn sjá raforkugeirann fyrir sér í samkeppnisumhverfi. Þá fyrst getum við tekið ákvörðun um hvað við ætlum að gera við fyrirtækið.

[11:49]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. skýr og greinargóð svör við spurningu minni. Ég skil hæstv. iðnrh. svo að markmiðið með þeirri heimild sem hér verið að leggja til að verði lögfest sé aðallega að styrkja Rarik til þess hugsanlega í framtíðinni að geta komið inn í samkeppni og að búa til alvörusamkeppni í orkugeiranum, að það sé fyrsta skrefið. Síðan verði næsta skref, þegar til lengri tíma er litið, að skoða þá stöðu sem upp er komin, þ.e. hvort æskilegt sé að einkavæða fyrirtækið eða hvaða ákvörðun sem menn taka. En ég skil hæstv. iðnrh. svona og ég get tekið undir margt af því sem hann sagði áðan í sínu andsvari.

[11:50]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er hárréttur skilningur hjá hv. þm. og ég er sannfærður um að þetta sé skref í átt til breytinga við að innleiða samkeppni í orkugeirann.

Staðreyndin er hins vegar sú að það mun taka dálítið langan tíma og Alþingi hefur ekki tekið neinar ákvarðanir um það. Hins vegar var tiltölulega víðtæk pólitísk samstaða í þeirri nefnd sem hér var vitnað til áðan að ætla í áföngum að innleiða samkeppni á þetta svið atvinnulífsins og til þess að menn geti talað um samkeppni, þá þurfa þeir að vera með tiltölulega jafnstór fyrirtæki til að taka þátt í samkeppninni. Því er þetta skref stigið nú, til að heimila Rarik að taka þátt í að vinna orku með heimamönnum á þeim svæðum þar sem það er hagkvæmt. Þessa heimild hafa nokkur fyrirtæki í dag.

Megintilgangurinn er síðan sá að menn nái fram auknu hagræði í orkugeiranum í heild sinni þegar samkeppnin er komin á sem leiða mun til lægra orkuverðs þegar fram líða stundir. Þetta er megintilgangurinn.

[11:51]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. til laga sem hér er flutt fjallar um möguleika fyrir Rafmagnsveitur ríkisins til að taka þátt í félögum sem hafa það að megintilgangi að framleiða, flytja, dreifa eða selja orku og auk þess að eiga hlut í félögum til að hagnýta þá sérþekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir til rannsóknar- og þróunarstarfa á sviði orkumála og til orkuverkefna erlendis.

Virðulegur forseti. Mér sýnist að hér sé verið að afla lagaheimildar sem getur fallið eðlilega að hlutverki fyrirtækisins og veitt því ákveðna þróunarmöguleika og hagnýtingu á þeirri þekkingu sem þar er að finna og er veruleg. Ég tel að þær takmarkanir sem settar eru í frv. um að hér sé eingöngu um orkusviðið að ræða séu mjög eðlilegar og reyndar nauðsynlegar. Á það bæði við um þátttöku í fyrirtækjum vegna framleiðslu o.s.frv., sem og til rannsóknar- og þróunarstarfa.

Ég tek þetta fram vegna þess að mér finnst að menn hafi kannski verið að fara svolítið út fyrir þetta í öðrum fyrirtækjum, a.m.k. hef ég sett spurningarmerki við það. Ég leyfi mér að nefna bara til umhugsunar, starfsemi Hitaveitu Suðurnesja í þessu sambandi. Það er auðvitað ágætt og arðbært fyrirtæki sem gegnir mjög mikilvægu hlutverki. En þegar verið var að breyta lögum um Hitaveitu Suðurnesja, ég held að það hafi verið lagabreyting, þá var þar aukið við heimild sem ég varaði við, ef ég man rétt, að yrði ekki farið of langt með í sambandi við ráðstöfun fjár út úr fyrirtækinu til annarra verkefna. Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta hér og í samhengi við þetta frv. er sú að þar sem um er að ræða fyrirtæki sem fá sérleyfi til dreifingar og sölu á afurð eins og raforku eða heitu vatni, einkaleyfi á ákveðnu svæði, þá er auðvitað út frá neytendavernd og neytendasjónarmiðum nauðsynlegt að gæta þess að þar sé ekki verið að taka óþarfa áhættu, þar sé ekki verið að nýta fjármagn inn í allt annað samhengi og hugsanlega áhætturekstur. Sjónarmiðið sem þarna liggur að baki er neytendavernd, öryggi fyrir neytendur sem skipta við eitt fyrirtæki sem hefur sérleyfi.

Nú veit ég að þetta hefur verið stundað í einhverjum mæli hjá fleiri fyrirtækjum sem selja heitt vatn til húshitunar. Ég hef a.m.k. ástæðu til að ætla að svo sé. Þó að ég nefni Hitaveitu Suðurnesja sem dæmi þá einskorðast þetta ekkert við það fyrirtæki. Ég er ekki að gagnrýna út af fyrir sig neitt sem snýr að fyrirtækinu að öðru leyti en því að menn þurfa að hafa ákveðnar viðmiðanir og aðgæslu. Ég held að t.d. í Bandaríkjum Norður-Ameríku sé mjög hart gengið eftir sjónarmiðum af þessu tagi. Ég held að við þurfum að hafa það í huga þegar heimildir eru veittar að neytendur séu ekki settir í áhættu og að arður sé eftir atvikum notaður innan orkusviðsins því að það segir sig sjálft að ef hann er tekinn út úr fyrirtæki til annarra hluta, þá nýtist hann ekki á sama hátt, t.d. til að lækka orkuverð sem ætti auðvitað að vera meginviðmiðunin.

Í sambandi við þetta mál er eðlilegt að menn víki að öðrum þáttum. Ég ætla ekki að teygja mig langt í þeim efnum, aðeins að ítreka það meginatriði og keppikefli að tryggja sem jafnast verð á orku til notenda í landinu. Okkur hefur miðað allt of skammt í þeim efnum. Það hefur ekki tekist pólitísk sátt t.d. um að jafna á húshitunarmarkaðnum, annars vegar milli þeirra sem njóta jarðhitans og hins vegar þeirra sem þurfa að kaupa raforku til húshitunar, þar sem allt of mikill verðmunur er uppi. Ég minnist þess að við vorum með þá hugmynd í deiglu um 1980 – þá varð mikil verðsprenging á orku í sambandi við olíukreppu — að leggja jöfnunargjald á hitaorkuna líka, ekki aðeins á raforkusöluna eins og var lengi í gildi til þess að afla fjár til jöfnunar, heldur á hitaorkuna. En ekki reyndist pólitískur vilji til þess á þeim tíma og það var mjög miður að mínu mati að það var ekki gert. Það er ótvírætt í mínum huga að mismunurinn á orkukostnaði heimila, á milli kaldra og heitra svæða sérstaklega, er stór þáttur í þeirri búseturöskun sem á sér stað og fólksflutningi frá rafhitunarsvæðunum yfir til svæða þar sem þessi hluti af framfærslunni er langtum ódýrari. Þar hafa menn ekki náð að jafna sem skyldi. Munurinn á raforkuverðinu einu og sér er ekki stórfelldur. En það er um gífurlega mikinn mun er að ræða á húshitunarkostnaðinum, annars vegar með rafhitun og hins vegar með hagkvæmum hitaveitum.

Menn kannast vafalaust við söguna af landsbyggðarmanninum sem flutti í fjölbýli í Reykjavík og í pósthólfinu hjá honum lenti reikningurinn fyrir upphitun á allri blokkinni. Hann brá við og greiddi reikninginn en síðan kom það í ljós að hann var að greiða fyrir blokkina en ekki fyrir eigin íbúð eða sinn hlut í orkukostnaði. Þetta er ekki eins ýkjukennt eins og menn gætu haldið. Þarna er um að ræða allt að þrefaldan mun, tvöfaldan til þrefaldan mun a.m.k. miðað við staðalaðstæður og síðan fer það eftir aðstæðum að öðru leyti, ástandi húsnæðis m.a., hversu raunmunurinn er mikill hjá hverjum og einum íbúðareiganda eða leigjanda sem þarf að greiða orkureikninginn.

Rafmagnsveitur ríkisins sinna markaði sem er mjög örðugur. Þar er um að ræða verulegan félagslegan kostnað sem Rafmagnsveiturnar hafa ekki nema að hluta til fengið metinn og greiddan þannig að þeirra aðstæður sem fyrirtækis eru allt aðrar og erfiðari heldur en t.d. Landsvirkjunar og annarra fyrirtækja sem vel standa, þar á meðal Hitaveitu Suðurnesja. Það skortir, tel ég vera, skilning á því að leggja beri Rafmagnsveitunum til fjármagn til móts við þann erfiða markað sem þær sinna og að litið sé á það sem samfélagslegan kostnað.

Margt fleira mætti um þetta segja, virðulegur forseti. Ég tel að hér sé jákvætt mál á ferðinni. Þó hugsanlega megi gera það betra við athugun í nefnd þá styð ég meginhugmyndina að baki þessu þingmáli.

[12:01]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvor okkar, sá sem hér stendur eða hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, er á réttri leið en ég held að þetta sé kannski í fyrsta skipti í tæp fjögur ár sem við verðum sammála um eitthvert mál á sviði orkumála.

Ég þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við málið vegna þess að ég var sammála hverju orði í þeirri ræðu sem hann flutti og vil bæta aðeins við það sem ég sagði áðan um einkavæðingu þessa fyrirtækis að það er alveg hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. að þeir baggar eru bundnir við þetta fyrirtæki af hálfu hins opinbera að því er ætlað að sjá um mjög mikilvægan þátt í félagslegri þjónustu við landsbyggðina. Því er útilokað undir nokkrum kringumstæðum við óbreyttar aðstæður að ætla að koma þessu fyrirtæki í hendur einkaaðila með því að vísa því út á markað. Það væri óðs manns æði við þessar kringumstæður.

Hins vegar í nýju breyttu skipulagi orkumála framtíðarinnar, hvenær sem það verður komið á, þar sem skilgreint verður hvar framkvæmdarvaldið og opinberir aðilar velja að framfylgja hlutverki sínu til orkujöfnunar í landinu, þ.e. þegar þessir baggar hafa verið leystir af fyrirtækinu og það orðið fullfært um að standa undir sér sjálft, þá verður kannski hægt að stíga það skref að koma fyrirtækinu út á markað.

[12:02]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég býst við að hæstv. ráðherra sem fagnaði því að samstaða væri okkar á milli um málið viti að ég er ekki að búa til ágreining að jafnaði í málum heldur fer það eftir efni máls. Vissulega er það rétt að okkur hæstv. ráðherra hefur greint á um og greinir á um mjög veigamikla hluti í sambandi við orkumálin. Það er líka gott þegar leiðir liggja saman.

Ég vildi aðeins bæta því við vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið og vegna þess sem kom fram hjá hæstv. ráðherra um breytingar í orkumálum okkar varðandi samkeppni sem tengist reglugerð eða tilskipun Evrópusambandsins frá 1996 — hún hefur verið til athugunar síðan en ekki hefur enn þá verið fallist á hana innan Evrópska efnahagssvæðisins eða í hinni sameiginlegu nefnd — að þar er um mjög stórt mál að ræða. Till. til þál. sem hæstv. ráðherra lagði fyrir þingið á síðasta vetri tengdist málinu. Hún var ekki afgreidd. Þetta er í raun mjög gott dæmi um það hversu langsótt það er á vissum sviðum að ætla okkur að þurfa að kópíera tilskipanir frá Evrópusambandinu sem er með sinn stóra og samtengda markað en við hér langt úti í hafi með einangrað kerfi og lítinn markað miðað við það sem við berum þetta saman við. Ég er ánægður með að menn hafa farið sér hægt í sambandi við þessa tilskipun. Við í þingflokki óháðra höfum lagt til að við frestum því einfaldlega að innleiða hana. Ég veit ekki hvað kemur að lokum út úr hinni sameiginlegu nefnd, EES-nefnd, sem svo er kölluð. En ég held að menn þurfi að gæta sín mjög á því að fara ekki út í ófæru að þessu leyti. Ég er opinn fyrir því að skoða möguleika okkar til þess að bæta orkubúskap okkar út frá þjóðhagslegum forsendum en við eigum að varast það að kópíera fyrirmæli sem eru vaxin upp úr allt öðru samhengi.

[12:05]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að við eigum að varast það að kópíera það sem manni virðist falla vel að aðstæðum annars staðar beint yfir til okkar enda hafa verið skýrir fyrirvarar alla tíð af hálfu stjórnvalda á Íslandi gagnvart þessari tilskipun um innri markað á sviði raforku.

Hún tók gildi núna 19. febrúar 1999 en ekki á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, það er hárrétt. Hún hefur ekki enn þá verið tekin til umfjöllunar í sameiginlegu nefndinni. Við settum strax skýra fyrirvara um að við mundum, ef hún tæki til alls svæðisins, a.m.k. ekki taka hana upp fyrr en 19. febrúar 2001 þegar síðasta Evrópusambandsríkið, Grikkland, hyggst taka hana upp hjá sér. Við erum enn þá með þessa skýru fyrirvara um litla hagkerfið, einangraða orkukerfið og þar fram eftir götunum.

Ég held hins vegar að nokkrir þættir í þessari tilskipun geti fallið ágætlega að okkar aðstæðum. Ég held að skynsamlegt sé fyrir okkur að greina skýrt á milli í vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu raforku þannig að það sé skýrt hvernig kostnaður á einstaka þætti fellur. Það gefst okkur tækifæri til að gera. En um leið og við gerum þetta eigum við á okkar eigin forsendum að setja upp okkar eigið fyrirkomulag og út á það gengur sú vinna sem nú er í gangi í iðnrn. Ég ætlaði mér að geta lagt fyrir þingið frv. til nýrra raforkulaga. Það mun því miður ekki takast. Ég ætlaði í næstu viku að kynna það fyrir hagsmunaaðilum. Það dregst um eina viku en áður en til kasta þingsins kemur — nú kann að fara að svo verði alls ekki — en meðan ég er í iðnrn. þá hef ég hugsað mér að nota vorið til að kynna það fyrir hagsmunaaðilum, sveitarfélögum, fyrirtækjum sem starfa á þessu sviði og hinu pólitíska baklandi þingsins um það hvað þar er á ferðinni.

[12:07]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get verið sammála hæstv. ráðherra um að sjálfsagt er að líta á þessa möguleika sem varða þessa megindrætti um að aðskilja í rauninni framleiðsluna frá flutningnum. Margt er í því samhengi sem auðvitað þarf

athugunar við, þ.e. hvernig því verði skynsamlega fyrir komið. Það sem mestu varðar í mínum huga er að það loki ekki á eða geri ekki erfiðara fyrir en ella að jafna raforkuverðið á innanlandsmarkaðnum hjá notendum þar sem við þurfum að sækja á en ekki að tapa stöðunni. Það er grundvallaratriði sem þarf að hafa í huga.

Ég held að það sé líka spennandi að skoða hvernig ætti að taka umhverfissjónarmið inn í breytt fyrirkomulag og spurninguna í sambandi við framleiðsluna um að taka inn nýja þætti sem grunnþætti m.a. við mat á verðlagningu. Það er náttúrlega ekkert ráðrúm til þess að reifa það frekar hér. Við höfum kannski ekki sömu aðstæður og aðrir sem framleiða raforku með jarðefnaeldsneyti eða á slíkan hátt að taka upp græna skatta með beinum hætti í sambandi við raforkuframleiðsluna, og þó. Það sem þarf að gerast hér er að við förum að meta til verðs það sem fer til spillis við beislun okkar eigin orkulinda og taka það skýrt með inn í kostnaðinn. Það er eitt af því sem tengist umhverfissviðinu og þessum nýju viðhorfum.

[12:09]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það sem fram kom í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að við lagasetningu er snerta orkufyrirtæki eins og önnur þá þurfi neytendavernd að vera mönnum ofarlega í huga. Ég er sammála því sjónarmiði. En þá kviknar spurningin: Erum við að ræða um hvernig við skilgreinum hagsmuni neytenda, skammtímahagsmuni og langtímahagsmuni, og tengist það hugtakinu framfarir innan fyrirtækja og í þjóðfélaginu almennt?

Við þurfum að hafa í huga að innan fyrirtækja eins og Rafmagnsveitna ríkisins eins og reyndar allra íslenskra orkufyrirtækja hefur safnast gríðarlega mikil þekking og starfsfólk þessara fyrirtækja, vísindamenn, tæknimenn og aðrir eru í rauninni á heimsvísu og hafa verið að flytja út þann mannauð sem þar hefur safnast upp.

Það er líka mjög mikilvægt, með hagsmuni fyrirtækjanna og þá neytenda eða þjóðarinnar í huga, að nýta þá þekkingu og þann mannauð sem safnast upp í fyrirtækjunum. Oft og tíðum getur það gerst innan fyrirtækjanna, en í öðrum tilvikum þarf það að gerast í öðrum fyrirtækjum sem eru sérstaklega stofnuð um slík verkefni í samstarfi við aðra aðila. Ég tek sem mjög nýlegt dæmi, sem hv. þm. er kunnugt um, nýstofnað vetnisfélag þar sem nokkrar íslenskar stofnanir vildu koma að því fyrirtæki en gátu ekki vegna lagahindrana. Þar eru fyrirtæki í rauninni að missa af möguleika til þess að vera með í miklu framfaramáli og það eru ekki langtímahagsmunir, hvorki fyrirtækisins né neytenda, þar sem um er að ræða nýjan markað jafnvel fyrir þessi fyrirtæki. Þess vegna er það ákvæði sem er til umfjöllunar afskaplega mikilvægt fyrir fyrirtæki á borð við Rafmagnsveitur ríkisins.

[12:11]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem ég held að sérstaklega þurfi að gæta að og það sem bjó að baki hugleiðingum mínum um neytendaverndina er að greint verði tryggilega á milli kostnaðarins við orkuöflun, orkuframleiðslu og dreifingu hennar eftir atvikum hjá viðkomandi fyrirtæki, og hins vegar á milli reksturs sem getur talist til áhætturekstrar eða þegar farið er að ráðstafa fjármagni í verulegum mæli út úr fyrirtækinu, eftir atvikum í óskyldan rekstur, áhættufyrirtæki og óskyldan rekstur, vegna þess að þegar um er að ræða einokun á sölu, sem við getum kallað svo, þegar um er að ræða staðbundinn markað þar sem tiltekið fyrirtæki hefur einokun á sölunni, þá á notandinn í rauninni heimtingu á því að engin ævintýramennska sé að baki hjá viðkomandi fyrirtæki, þ.e. að ekki sé verið að ráðstafa fjármunum sem eru ætlaðir til þess að framleiða orku og eftir atvikum til að ná niður orkuverðinu, í óskylda hluti. Það getur út af fyrir sig verið bókhaldslegt eða að til þurfi að koma uppsetning, rekstrarleg aðgreining, til þess að svona sjónarmið séu í heiðri höfð.

Hitt er jafnljóst að það á að reyna að greiða fyrir því að þekking og reynsla nýtist. Ég er alveg sammála hv. þm. um það atriði. Innan orkufyrirtækja okkar er um að ræða verulegan auð sem auðvitað er sjálfsagt fyrir þjóðina að nýta sem best. Að því stefnir þetta mál. Hv. þm. nefndi merkar nýjungar á þessu sviði, t.d. í sambandi við vetnisframleiðslu og við þurfum auðvitað að greiða fyrir því að sú þróun geti gengið sem best fyrir sig.

[12:14]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil og virði að sjálfsögðu þetta sjónarmið og tel að ekki sé ágreiningur um það. En ég held að áhættan sé ekki svo mikil. Það er auðvelt að greina á milli kostnaðar og ég tel að svo sé gert almennt í orkufyrirtækjum á milli hins beina kostnaðar og síðan annars kostnaðar.

Vandinn er hins vegar: Hvað er óskyldur rekstur? Hvað er það sem er óskylt í beinni orkuframleiðslu? Fyrirtækjum kann að vera nauðsynlegt að leggja eitthvert fé til áhættusamra verkefna, m.a. til þess að þróa nýja tækni sem kann að lokum að leiða til enn ódýrari orku til neytenda. Einhvers staðar frá þurfa þeir peningar að koma. Það kann að vera áhættufé. Í sumum tilvikum skilar það árangri til fyrirtækisins, styrkir það, dregur úr kostnaði til lengri tíma litið, skapar nýja markaði o.s.frv. Auðvitað þarf alltaf einhver áhætta að vera til staðar. Hins vegar þarf að skilja á milli þannig að stjórnendur og aðrir sem koma að fyrirtækjunum viti nákvæmlega hversu mikið er lagt til þessara hluta.

Hvað varðar einokunina og þær áhyggjur þá hygg ég að umhverfið sé að breytast þannig að einokun á þessu sviði sem öðrum sé smám saman að hverfa.

[12:15]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki viss um að það sem hér var rætt um, þróun í sambandi við aðgreiningu á meginframleiðslu og megindreifingu á raforku, eigi eftir að leiða til þess að staðbundnar rafveitur og staðbundnar hitaveitur búi ekki eftir sem áður að sínum markaði þannig að í smásölunni og dreifingu á lægsta stigi verði eftir sem áður um að ræða sérréttindi viðkomandi fyrirtækja. Ég tel mestu varða í sambandi við það efni sem við ræðum hér að notandinn sé í rauninni í gegnum sinn reikning frá þessu fyrirtæki ekki að borga fyrir neitt annað en þjónustu sem vel er skilgreind, eftir atvikum vöru, ef við köllum orkuna vöru í þessu sambandi, að hann sé ekki að leggja til með einhverju óskyldu, kannski óvitandi um hvað sé á ferðinni. Það er þetta sem ég er með í huga og ef þetta gerist í einhverjum verulegum mæli þá fellur það engan veginn að venjulegri hugsun í sambandi við sérréttindi, einokun eða einkarétt varðandi sölu á vöru

ef hægt er að nota það til skattlagningar í óskyldu samhengi sem löggjafinn hefur hvorki út af fyrir sig ætlað né leyfisveitandinn gert ráð fyrir.

Menn þurfa að gæta að þessum viðhorfum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:17]

Útbýting þingskjala:

Jöfnun lífskjara og aðstöðumunar eftir búsetu, 548. mál, þáltill. GÁ o.fl., þskj. 885.

Skýrsla félagsmálaráðherra um framkvæmd verkefnis um reynslusveitarfélög 1997–98, 559. mál, skýrsla félmrh., þskj. 905.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, 560. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 906.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 540. mál (nefndir, ræðutími o.fl.). — Þskj. 864.

[12:18]

Flm. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Frv. er flutt af forsn. þingsins.

Á undanförnum tveimur árum hefur verið unnið að endurskoðun þingskapa á vegum forsætisnefndar og formanna þingflokka og með aðstoð einstakra starfsmanna á skrifstofu þingsins.

Upphafið má þó raunar rekja til þess að þegar deildaskipting þingsins var afnumin árið 1991 var ákveðið að stefna að endurskoðun þingskapanna þegar reynsla hefði fengist af þeim í einni málstofu. Þeir sem að þeirri breytingu stóðu gerðu sér vel grein fyrir því að störf og starfshættir Alþingis mundu taka breytingum og sú þróun hlyti að verða sem kallaði á endurskoðun eða aðlögun þingskapa. Hefur verið safnað saman á undanförnum árum ýmsum atriðum sem hafa þyrfti hliðsjón af þegar til endurskoðunar kæmi.

Hafist var handa við þetta verk vorið 1997 eftir fund forseta og formanna þingflokka um málið. Samkomulag varð þá um að forseti og tveir úr sex manna hópi þingflokksformanna mynduðu undirnefnd sem ynni í málinu milli þess sem stærri hópur fjallaði um það. Lágu fyrstu drög fyrir í júlímánuði það ár. Var jafnóðum unnið úr þeim athugasemdum sem fram komu á fundunum. Verkið lá þó niðri á fyrri hluta síðasta árs af ástæðum sem ég ætla ekki að rekja hér, en tekið var til við þessa vinnu á ný eftir að þing kom saman í haust. Bæði hafa þeir sem voru í undirnefndinni og formenn þingflokkanna fjallað um málið síðan auk forsn. þar sem málið hefur alloft verið á dagskrá og það hefur fengið nokkra umfjöllun í þingflokkum.

Vissulega hefði verið æskilegt að geta átt frekari samvinnu við einstaka þingmenn um efni frv. en það er ljóst að fyrir því eru einhver mörk hve langt er hægt að ganga í samráði um einstakar breytingar sem æðimargir hafa misjafnar skoðanir á. Ég hef því lagt áherslu á að samstaða gæti náðst um helstu atriði frv. milli forustu þingsins, þ.e. forsn. og formanna þingflokka. Ég vil þó leggja áherslu á að þeir sem standa að málinu, forsætisnefndarmenn, og þeir sem einkum hafa verið með í ráðum, hafa áskilið sér rétt til að styðja breytingar á einstökum atriðum þegar málið fær frekari athugun í nefnd.

Í frv. eru lagðar til gagngerar breytingar á þingsköpunum. Frv. er í búningi breytingafrv. til þess að sem gleggst kæmi fram hverju verið er að breyta frá gildandi þingsköpum. Verði frv. þetta samþykkt kæmi til greina að leggja fram á næsta þingi nýtt frv. til heildarlaga um þingsköp Alþingis þar sem ekki væru gerðar verulegar efnisbreytingar heldur breytt framsetningu og einstök atriði samræmd.

Efnisskipan þingskapanna hefur tekið litlum breytingum frá því að þau voru fyrst sett árið 1875 þrátt fyrir ýmsar breytingar sem gerðar hafa verið síðan á einstökum greinum eða köflum.

Við endurskoðun þingskapanna hefur verið reynt að taka á sem flestum ákvæðum þeirra.

Um breytingarnar má almennt segja að þær miða að því:

1. Að gera þinginu betur kleift að rækja hlutverk sitt samkvæmt stjórnskipaninni.
2. Að vanda og styrkja sem mest löggjafarstörf þingsins.
3. Að styrkja eftirlitshlutverk þingsins.
4. Að styrkja forustu þingsins.
5. Að gera skoðanaskipti í umræðum um þingmál skarpari.
6. Að tryggja betur samfellu í störfum þingsins, skipulag þingstarfanna.
7. Að færa til nútímahorfs ýmis ákvæði sem þykja úrelt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla um einstök atriði frv. í framsöguræðu minni, en því fylgja ítarlegar skýringar. Þó eru örfá atriði sem ég vil drepa á og eru þau veigamestu.

Ég vil fyrst nefna ræðutíma þingmanna. Ég tel, og deili þeirri skoðun með mörgum, innan þings og ekki síður utan þings, að koma verði betri skipan á fyrirkomulag umræðna á Alþingi. Heildarræðutími á Alþingi á hverju þingi er of langur. Hann er milli 600 og 750 tímar á reglulegu þingi en það er talsvert meira en tíðkast í þeim löndum sem við berum okkur oftast saman við. Ég leyfi mér að fullyrða að það vaki ekki fyrir nokkrum manni að skerða þann tíma sem sanngjarnt og eðlilegt er að ætla hverjum þingmanni til að koma skoðunum sínum á framfæri og eiga orðastað við aðra í umræðum. En það eru hins vegar ýmsir sem trúa því og hafa kannski af því nokkra reynslu að þessum rétti hafi verið misbeitt. Á löngum þingferli mínum hef ég bæði starfað í stjórnarflokki og í stjórnarandstöðu og skal ekki sverja fyrir að ég eða félagar mínir hafi ekki fallið í slíka freistni. Ég tel það hins vegar ekki mér til tekna. Að teygja á umræðum skilar sjaldnast árangri í hinni pólitísku baráttu, og raunar æ sjaldnar, en slík brögð eru hins vegar til þess eins fallin að skaða Alþingi sem stofnun og valda þingmönnum vanda við að skipuleggja störf sín.

Markmið þeirra breytinga sem hér eru lagðar til er fyrst og fremst að gera umræðurnar líflegri og áhugaverðari en þær eru nú, ekki aðeins fyrir þá 63 þingmenn sem eiga sæti í þessum sal heldur alla þjóðina sem á nú kost á því að fylgjast með störfum okkar í þingsalnum í sjónvarpi og um netið.

Í gær fór fram mikil og góð umræða um utanríkismál, umræða sem stóð fram eftir degi. Margir tóku þátt í þeirri umræðu. Andsvör voru æðimörg. Ég tel að sú umræða hafi verið Alþingi til sóma og þeim þingmönnum sem tóku þátt í henni. Ræðutími hvers þingmanns var 15 mínútur, þ.e. sá sami og gert er ráð fyrir í þessu frv. að verði gegnumgangandi við almennar umræður, þó þannig að þingmenn mega tala að jafnaði eins oft og þeir vilja samkvæmt frv.

Þau tímamörk sem sett eru í þessu frv. eru sanngjörn og eðlileg og ég vil líka benda á að frv. gerir ráð fyrir því að forseti hafi heimild til þess að veita þingmönnum rýmri tíma þegar sérstakar málefnalegar ástæður mæla með því.

Í öðru lagi vil ég nefna breytingar á nefndaskipan. Eins og rakið er í athugasemdum við breytingar á 13. gr. þingskapalaga eru fyrir því margar ástæður að fækka eigi í fastanefndum, einkum og sér í lagi sú að þannig megi skipuleggja betur störf og vinnulag nefndanna sem eru auðvitað hinn mikilvægasti vettvangur þingstarfanna. Sú tillaga sem gerð er í frv. miðar að þessu. Í henni felast líka nokkur mikilvæg atriði, svo sem að koma á fót eftirlitsnefnd þingsins sem við köllum stjórnlaganefnd í frv., að bæta meðferð ríkisfjármála með því að sameina í einni nefnd umfjöllun um tekjur og gjöld ríkissjóðs í anda hinna nýsettu fjárreiðulaga og að sameina nefndir sem fjalla um skyld málefnasvið.

Ég vil hins vegar taka það mjög skýrt fram hér við 1. umr. að flutningsmenn frv., forsn., munu ekki standa fast á þeirri útfærslu sem frv. gerir ráð fyrir. Við sem frv. flytjum erum opnir fyrir því að þessi hugmynd um fækkun nefndanna fái aðra útfærslu og jafnvel að gengið verði að þessu sinni skemur í þessa átt ef menn svo vilja. Ég óska þess hins vegar að nefndin sem fær málið til meðferðar fari vel yfir þennan þátt málsins og kanni hvort unnt sé að finna aðrar leiðir sem betri samstaða gæti þá náðst um. Mér er fullkunnugt um að þingmenn hafa á þessu máli margar skoðanir og sumir stríðar, en ég vænti þess að nefndin reyni að sætta mismunandi sjónarmið. Markmiðið verður þó að vera það að skipuleggja nefndastarfið sem best og veita nefndunum sem mest svigrúm til þess að vinna sín mikilvægu störf.

Fleiri atriði eru mikilvæg í frv. Ég skal nefna örfá til viðbótar.

Í frv. er gert ráð fyrir að mál fari beint til nefndar en ekki að beðið verði eftir því að 1. umr. fari fram. Það eru ekki áform um að draga það að 1. umr. fari fram um mál. Hins vegar er verið að nýta þann tíma sem líður frá því að mál kemur fram og þar til 1. eða fyrri umr. fer fram, auk þess sem nefndarmönnum gefst tími til að kynna sér betur efni máls áður en umræðan um það hefst.

Í frv. eru ákvæði um að þingmál falli ekki niður við lok hvers löggjafarþings eins og nú er heldur geti þingið haldið áfram umfjöllun um málið á næsta þingi ef nauðsynlegt er og þá þar sem frá var horfið. Á bak við þessa breytingu býr sú hugmynd að það horfi til vandaðri vinnubragða, ekki síst nefndanna, að þingið geti tekið sér þann tíma til afgreiðslu mála sem það telur nauðsynlegan.

Í frv. eru ákvæði um betra skipulag alþjóðastarfs þingsins, skipulag sem miðar m.a. að því að til alþjóðanefndanna, sem svo eru kallaðar, verði kosið eins og til annarra nefnda á þingfundi og eftir hlutfallsreglu.

Þá eru ákvæði sem veita þingmönnum rétt til að leggja fram fyrirspurnir utan þingtíma, fyrirspurnir sem fá þá skrifleg svör.

Loks nefni ég þá nýjung að færa þær umræður sem nú fara fram utan dagskrár að mestu leyti inn á hefðbundnari vettvang, inn á dagskrána, líkara því sem tíðkast í þingum nálægra landa. Þetta er hugsað þannig að þingmenn geti borið fram á þingskjali ósk um munnlega skýrslu frá ráðherra um tiltekið aðkallandi mál og fengið innan skamms tíma umræðu um málið í þinginu.

Um þessar breytingar og raunar margar aðrar vísa ég til þingskjalsins og þeirra skýringa sem fylgja þeim þar.

Ég vil svo nefna að með frv. er prentað sem fylgiskjal drög að reglum um starfshætti nefnda sem kæmi til endanlegrar afgreiðslu forsn. eftir samþykkt frv.

Samhliða þessum breytingum á þingsköpum Alþingis stefnir forsn. að því að leggja fyrir þingflokkana nýjar tillögur um ýmsa starfshætti þingsins sem ekki hafa verið festir í þingsköp. Er þar veigamest annars vegar að draga úr kvöldfundum og almennt að reyna að stytta þingfundatímann frá því sem nú er og hins vegar að lengja raunverulegan starfstíma þingsins án þess þó að fjölga þingfundadögum. Felst það í því að þingið standi að jafnaði fram til maíloka en þinghléum verði hins vegar fjölgað. Ég lít í þessu sambandi til annarra þinga sem hafa skipulagt þingárið í lotum þar sem skiptast á þingfundavikur, nefndavikur og kjördæmavikur auk jólahlés og páskahlés. Þannig yrðu vinnubrögð þingsins markvissari og það sem miklu máli skiptir, þá ættu þingmenn hægara með að skipuleggja tíma sinn betur en nú er unnt.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og sérnefndar samkvæmt 32. gr. þingskapa.

[12:33]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis horfir að flestu leyti til bóta. Ég er samþykkur því í meginatriðum en hef eigi að síður haft fyrirvara um tiltekin atriði sem ég vildi gera grein fyrir og beina því til þeirrar nefndar sem kjörin verður að athuga sérstaklega. Þeir fyrirvarar varða 11. gr. og 17. gr. þar sem fjallað er um þau veigamiklu atriði að sameina þingnefndir og stofna eina nýja nefnd til að fjalla um tiltekin málefni.

Ég vík fyrst að e-lið 11. gr. þar sem gert er ráð fyrir að stofna stjórnlaganefnd sem fjallar um stjórnarskrármál, málefni forseta Íslands, Alþingis og stofnana þess, Stjórnarráðsins í heild, og önnur mál er varða æðstu stjórn ríkisins, svo og skýrslur Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis. Ég tel þetta atriði vera mjög til bóta og þetta hefur verið rætt margsinnis í þingsölum að þinglegan vettvang fyrir þetta vantaði, það vantaði að ganga frá umfjöllun um þær skýrslur á þinglegan hátt. Ég fagna því að þetta er komið inn.

Síðan er gert ráð fyrir að fara í mjög róttæka uppstokkun á nefndakerfinu innan Alþingis. Meðal annars er í b-lið gert ráð fyrir að sett verði á fót fjármálanefnd sem fjalli um mál er varða tekjur og gjöld ríkissjóðs, svo sem fjárlög, fjáraukalög og skattamál, efnahagsmál almennt, lífeyrismál og hagsýslugerð. Nánar er kveðið á um starf fjármálanefndar í 17. gr. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Fjármálanefnd vísar til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarps og fjáraukalagafrumvarps sem taka til málefnasviðs þeirra. Nefndirnar skila fjármálanefnd tillögum innan þess tímafrests sem hún tiltekur og skulu þær prentaðar með áliti nefndarinnar. Breytingartillögur nefndanna skulu vera innan þess fjárhagsramma sem fjármálanefnd ákveður. 2. umræða um fjárlagafrumvarp skal hefjast í fyrstu viku desember og 3. umræða eigi síðar en 15. desember."

Hér er um mjög róttæka breytingu að ræða sem ég tel að þurfi miklu nánari skoðunar við og vil beina því til nefndarinnar sem fjallar um þetta að farið verði mjög vel ofan í það vinnuferli hvað varðar þessi mál. Ég sakna þess í greinargerð með frv. að ekki virðist miklu plássi vera varið til að fjalla um þá stofnun sem heitir ríkisstjórn Íslands í þessu sambandi en auðvitað má bæta úr því í vinnu nefndarinnar. Þingið er mjög

upptekið af því að vinna mál frá ríkisstjórninni. Hér segir að fjármálanefnd eigi að senda mál til fastanefnda til meðferðar og réttilega er tekið fram að það hafi verið gert og reynst vel, en hins vegar er í greinargerðinni nokkuð mikil fullyrðing vegna þess að aðeins örlítill hluti af fjárlagadæminu hefur verið sendur til fastanefnda til raunverulegrar afgreiðslu, nokkrir safnliðir sem skipta ekki sköpum í þessu sambandi. En gert er ráð fyrir að fjármálanefnd ákveði fjárhagsramma og setji fastanefndunum fyrir að gera tillögur innan ákveðins ramma.

Þá verður manni fyrst fyrir að spyrja: Hver er aðstaða fjármálanefndar til að setja fastanefndunum ramma til að vinna eftir? Síðan kemur ríkisstjórnin á síðustu metrum fjárlagaumræðunnar með brtt. upp á kannski 2–3 milljarða kr. þegar nefndirnar eru búnar að fjalla um sinn ramma. Ég sé ekki að neitt sé fjallað um þetta í frv. eða þeirri greinargerð sem því fylgir. Í stuttu máli sagt, ef þessar breytingar eiga að ganga fram verða að vera breytingar á starfsháttum ríkisstjórnarinnar. Það er bara mergurinn málsins. Ég held að ekki þýði fyrir okkur í hv. Alþingi, þó að ég sé ekki að gera lítið úr sjálfstæði þess, að ætla að fara fram með svona róttækar breytingar án þess að ríkisstjórnin sé tilbúin að breyta starfsháttum sínum í samræmi við þessar breytingar. Ef fjármálanefnd á að taka yfir umfjöllun um skattamál verður að leggja fram frumvörp um skattamál á fyrri hluta ársins, þá verða þau að liggja fyrir í upphafi árs. Annars er engin leið að eiga við þetta. Þetta verður sú nefnd sem tekur þetta til meðferðar að fjalla um og reyna að tryggja þessu framgang í samræmi við raunveruleikann ef þessar breytingar eiga að ganga fram.

Ég ætla ekkert að segja af eða á um það hvort þessar breytingar eiga að ganga fram á nefndakerfinu. Ég er tilbúinn að skoða það en ég hef stífan fyrirvara um þetta. Það verður að taka upp kerfi í þessum efnum sem gengur upp í raunveruleikanum. Ég hef miklar efasemdir um að það gangi upp að fjármálanefnd setji fagnefndum ramma til að vinna eftir ef starfshættir ríkisstjórnarinnar breytast ekki að þessu leyti.

Í sænska þinginu hefur nýlega verið tekið upp nýtt fjárlagakerfi og þar er hreinlega bannað að leggja fram brtt. við fjárlagafrumvarpið eftir að það kemur fram en þingmenn hafa frest til að leggja fram brtt. þannig að fjármálanefndin hefur allt dæmið í höndunum í lokaumfjölluninni. Þetta var það sem ég vildi koma til skila.

Á bls. 28 í frv. í skýringum við 17. gr. segir, með leyfi forseta:

„Breytingar þessar á meðferð fjárlagafrumvarps byggjast ekki á þeim hugmyndum um rammafjárlög sem nú ryðja sér til rúms á Norðurlöndum (t.d. í Svíþjóð og Noregi) en með orðalagi greinarinnar er stigið visst skref í þá átt og auðvelt á að vera að taka slíkt kerfi upp, ef vilji stendur til þess, með litlum breytingum á þingsköpum og öðrum lögum.“

Ég held að þarna sé visst vanmat að auðvelt verði að stíga skref í þessu efni og breyta svo síðar. Ég held að hv. þingmenn verði að sjá hvar menn koma niður í því stóra skrefi sem stigið er með þessum breytingum.

Ég ætla ekki að hrópa niður þessar breytingar á nefndakerfinu. Það getur verið margt skynsamlegt í því en ég vildi vara mjög við að flana að hlutunum varðandi sameiningu þessara tveggja stærstu þingnefnda þingsins.

[12:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Um leið og forseti Alþingis mælti fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp nefndi hann nýjar tillögur um starfshætti þingsins. Ég held að mjög mikilvægt sé að slíkar tillögur fylgi breytingum á þingsköpum ef okkur tekst að gera þær breytingar nú fyrir þinglok og með því væri vinnulag í þinginu fært í nútímalegra horf. Hægt er að segja að það sé gert fjölskylduvænna og það hljómar vel að gera þær breytingar sem forseti nefndi enda er markmið með slíkum breytingum og breytingum á þingsköpunum að sjá betur fyrir umfang þingstarfa á hverjum tíma og auðvelda skipulag þess.

Í ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar kom fram að e.t.v. gagnaði lítið að gera breytingar á vinnubrögðum Alþingis ef ekki fylgdu með breytingar í starfsháttum ríkisstjórnar og átti hann þar fyrst og fremst við fjárlagagerð og störf fjárln. Við hljótum auðvitað að ætlast til þess að ef hér verður til agað Alþingi, þá verðum við ekki með í farteskinu óagaða ríkisstjórn. Þetta hlýtur að þurfa og eiga að fylgjast að.

Mér finnst mjög mikilvægt að við reynum að gera breytingar á þingsköpunum á þessu vori. Ég hef verið þátttakandi í þessari vinnu í gegnum árin. Allar breytingar sem við höfum þegar gert hafa reynst vera til góðs. Enginn vill taka skrefin til baka, ekki einu sinni þeir sem voru með aðra sýn á þeim málum og þeim breytingum sem gerðar voru á hverjum tíma. Hins vegar erum við seint á ferð með frv. og mér finnst það miður því að það væri e.t.v. það sem mundi gera það að verkum að við næðum ekki mikilvægum breytingum fram.

Mér finnst einnig skipta máli og þingmenn verða að horfa á það að forseti leggur áherslu á að ekki sé endilega krafan að gera allar þær breytingar sem hér er gerð tillaga um. Þetta er mikilvægt mál og ég legg áherslu á að ná verður samstöðu um breytingar.

Fyrst og fremst erum við að þessu til að gera þingið liprara og eins og ég sagði áður, gera skipulag þess betra. Við erum líka að þessu til að styrkja Alþingi og forseti fylgdi því vel úr hlaði. Ég er fylgjandi mjög mörgu af því sem er að finna í frv. en ég hef líka athugasemdir eða efasemdir um einstaka þætti. T.d. varðandi þau atriði sem eru til þess fallin að styrkja Alþingi, þá vil ég skoða hvort mál eigi að ganga beint til nefndar áður en umræður hefjast. Ef störf þingsins og ríkisstjórnarinnar verða ekki jafnöguð og við erum kannski að leggja upp með hér fyndist mér ekki gott ef menn væru komnir langleiðina við að vinna frv. í nefnd áður en það kæmi til 1. umr. á Alþingi. Mér finnst það vond röð við meðferð máls og ég held það mundi mjög fljótlega eyðileggja 1. umr. um mál. Ég tel að 1. umr. á Alþingi sé mikilvæg. Þetta vil ég skoða.

Það segir enn fremur um það að styrkja Alþingi, að Alþingi verði vettvangur forsrh. til að tilkynna mikilvægar ákvarðanir ríkisstjórnar, „að jafnaði“ segir að vísu, og að þær ákvarðanir verði tilkynntar á Alþingi fremur en í fjölmiðlum. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Síðast í gær var hér hörð umræða um það að ríkisstjórnin hefur ákveðið að undirrita ekki Kyoto-bókunina og að slík ákvörðun var kynnt í fjölmiðlum og að alþingismenn heyrðu um svo mikilvæga ákvörðun ríkisstjórnar í fjölmiðlum. Þeir töldu að ekki hefði aðeins átt að tilkynna hana á Alþingi, heldur hefði átt að hafa samráð um hana við utanrmn. Þær breytingar sem verið er að fást við hér eru mikilvægar.

Varðandi það að þingið fái rýmri tíma til að fjalla um mál og að brottfallsregla geti miðast við lok kjörtímbils þá minni ég á þingmannamálin. Þingmönnum hefur oft þótt það kostur að endurflytja mál sín sem ekki ná fram að ganga vegna þess að stór þáttur í flutningi þingmannamála er að ýta við, benda á og pressa á aðgerðir af hálfu stjórnarmeirihluta og ríkisvalds. Oftar en ekki hafa endurflutt þingmannamál orðið til þess að í fyllingu tímans kemur stjórnarfrv. þótt þingmannamálið hafi verið frá stjórnarandstöðunni. Ef slík þingmannamál fara til nefndar og fást ekki afgreidd þaðan og húka þar kannski út kjörtímabilið þá fellur þessi möguleiki brott. Ég veit að til eru aðrir kostir, t.d. að stjórnarfrv. geti lifað af meira en eitt þing. En þessi mál þarf að skoða. Þennan möguleika þarf að skoða með tilliti til eðlis þingmannamálanna.

Ég vil sérstaklega taka fram að mér finnst mikilvægt að tvískipta 3. umr. um lagafrv. Það er vönduð málsmeðferð. En sú tillaga byggir á styttingu ræðutíma og því að allar umræður, 1., 2., og 3., fái markaða umræðu en ekki ótakmarkaðan ræðutíma eins og gildir núna. Síðast þegar við breyttum þingsköpunum hvað þetta varðar, þá var 1. umr. sett í afmarkaðan tíma og nú eru hugmyndir uppi um að ræðutími verði ekki ótakmarkaður við 2. og 3. umr.

Mér finnst koma til greina að við tökum bara aðra umræðuna að sinni. Margir munu leggjast gegn þessu ákvæði um að binda alla umræðu við 1., 2., og 3., þó svo að 3. umr. sé skipt og það er hugsanlegt að við verðum að taka þessa breytingu í áföngum. Við höfum reynsluna af því að binda tíma við 1. umr. Menn mundu þá venjast því hvernig er að hafa bundinn tíma við 2. eða 3. umr. Ég held að eftirleikurinn yrði léttari, a.m.k. held ég við ættum fremur að gera það en falla frá því að taka skref í þessa átt. Til að ná þeim skrefum að setja tímamörk á umræður held ég líka að við verðum að gefa lengri tíma en fimm mínútur í þá ræðu sem má endurtaka oft. Ég vil taka þátt í að skoða þetta í nefnd og reyndar alla þætti þingskapafrv. En ég nefni þetta sem dæmi um ákvæði sem ég veit að verður ágreiningur um og við verðum að vera lipur í.

Mér finnst mjög mikilvægt að stokka upp nefndaskipan en ég held að það þurfi að skoða betur. Umræður eru uppi um að skipta nefndunum á annan hátt, t.d. dóms- og menntamálanefndinni og við eigum að skoða það. Ég vek líka athygli á því að í umræðunni um utanríkismál í gær voru nefnd bæði EES-málin og Evrópusambandstilskipanirnar. Þeim þarf að koma í farveg og þörf er á sérstakri nefnd fyrir þessi mál. Við þurfum líka að skoða hvort það verður sérstök nefnd eða ein af þeim sem við skipum.

Mér finnst afar mikilvægt að tekinn er inn alveg nýr þáttur í umræðurnar. Við þekkjum utandagskrárumræður, styttri umræðurnar sem hafa fengið góða hefð hjá okkur og lengri umræðurnar sem hafa verið meira og meira víkjandi. Það hefur vantað í okkar þingsköp að þingmenn gætu beðið um umræðu um tiltekið, afmarkað málefni þótt svo það falli ekki undir hefðbundna utandagskrárumræðu. Nú er það komið inn í 33. gr. og ég spái því að það eigi eftir að vera kannski það sem við notum mest í framtíðinni þegar við viljum ræða mál sem okkur finnst mikilvægt að komi á dagskrá án þess að fyrir liggi þingmál, þáltill., fyrirspurn eða frv. og án þess að það sé endilega mál sem hefur verið brýnt miðað við fréttaflutning eða annað. Þetta er mjög mikilvæg breyting.

Herra forseti. Ég held ég hafi farið yfir helstu meginatriði sem ég vil drepa á við 1. umr. Mér finnst líka mjög mikilvægt að við tökum fyrir betra skipulag á nefndunum, fyrir utan það að fækka þeim og ég held að við eigum að skoða það í alvöru að byrja á því tilnefna varamenn í nefndir. Ef nefndirnar eiga að verða svona öflugar, við fækkum þeim og hver þingmaður er fyrst og fremst í einni nefnd þá held ég að hreinlega eigi að taka það upp að skipaður verði varamaður til að starf nefndarinnar verði liprara og að menn taki það af mikilli alvöru að fjarvistir þýði það að einhver komi í staðinn. Mér finnst líka að sú heimild sem verið hefur til staðar um að vera með opna nefndarfundi hafi ekki verið notuð. Ég reyndi að ná því fram í umræðu, og hef reyndar tekið það fyrir í fleiri en eitt skipti í umræðu um fíkniefnamál, að þær nefndir þingsins sem fíkniefnamálin varða ættu að standa fyrir opnum fundi og eins konar heyrslu þeirra aðila sem ríkisstjórnin hefur sett til starfa í fíkniefnamálum. Ég gekk svo langt fyrir tveimur árum að skrifa formlegt bréf til bæði félmn. og heilbr.- og trn. Ekki fékkst ákvörðun um að halda slíka heyrslu, ef ég leyfi mér að þýða þetta hrátt. Ég held að mjög mikilvægt hefði verið fyrir þingið allt að heyra og fara saman yfir það hvað er að gerast í fíkniefnamálum, hvaða skref er verið að taka af hálfu ríkisstjórnar og hvað þeim sem málið varðar úti í samfélaginu finnst mikilvægt að gerist og hafa þá milligöngu um það. Ég ætla að gera enn eina tilraun fyrir þinglok að vita hvort hugsanlegt sé að ná samstöðu um slíkan sameiginlegan fund þeirra nefnda sem um það mál fjalla vegna þess að við eigum að vera upplýst um það nú í lok kjörtímabils hvernig gengið hefur með áform ríkisstjórnarinnar um fíkniefnalaust Ísland árið 2002. Ég ætla að gera enn eina tilraun. Hér er ákvæði um hugsanlega opna nefndafundi og ég styð það. Við eigum að gera meira af þessu.

Varðandi orð hv. þm. Jóns Kristjánssonar um fjárlagadæmið. Auðvitað á að flytja verkefni til fastanefndanna, meira en þessa safnliði. Fastanefndirnar eiga að taka á móti þeim heimsóknum sem hafa verið hjá fjárln. ef menn telja að halda eigi áfram með heimsóknir, fastanefndirnar eiga að taka afmarkaða þætti og fjármálanefndin á að taka hina stóru þætti tekjuhliðar og útgjalda.

Hér er mjög margt mjög sjálfsagt, t.d. eins og það að frv. gangi til 2. umr. án atkvæðagreiðslu og um rýmri heimildir til að stytta atkvæðagreiðslur við 2. umr. Þetta eru sjálfsagðir hlutir. Það er mjög mikið af sjálfsögðum hlutum í frv. eins og þessar fyrirspurnir, þessar munnlegu skýrslur frá ráðherrum.

Herra forseti. Ég er staðráðin í því fyrst og fremst að drepa á helstu þætti sem mér finnst að verði að skoða. Þetta mál fer til nefndar. Þar verður reynt að ná samstöðu um breytingar. Ég mun vinna að því að samstaða náist og mun ekki lengja mál mitt við 1. umr. Takk fyrir.

[12:56]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Þetta frv. er að mörgu leyti til bóta, að sumu leyti til mikilla bóta. Þó eru þar ýmis atriði sem orka tvímælis. Er þar einkum um að ræða tvo meginþætti. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir uppstokkun á nefndakerfi Alþingis. Þannig er gert ráð fyrir því, og það er veigamesta breytingin, að færa undir eina nefnd, atvinnumálanefnd, iðnaðar- og orkumál, landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál, verslunar- viðskipta- og bankamál og byggðamál. Nánast allt sem snertir atvinnulíf þjóðarinnar er sett undir eina allsherjarnefnd, atvinnumálanefnd. Ég held að þetta gæti verið til góðs að mörgu leyti. Þetta gæti verið

til góðs að því leyti að þetta gæti orðið til þess að klippa á þann naflastreng sem iðulega er á milli framkvæmdarvaldsins, milli ráðuneytis og ráðherra, og nefndarinnar. Iðulega er meiri hluti nefnda eins konar framlenging á ráðherravaldinu og ef verksvið nefndarinnar, atvinnumálanefndar, yrði víðtækara á þann hátt sem hér er lagt til þá held ég þetta gæti orðið til þess að stuðla að annarri og annars konar umfjöllun. Hins vegar yrði verksviðið náttúrlega mjög umfangsmikið og spurning hvort ein nefnd gæti annað öllum þessum málaflokkum. Þetta eru atriði sem þarf að fara rækilega í saumana á og ég teldi óráðlegt að fara í þessar breytingar án þess að þau mál hefðu verið rækilega skoðuð.

Hin stóra breytingin sem ráð er fyrir gert í þessu lagafrv. er stytting á ræðutíma. Nú er það svo að við 2. og 3. umr. í Alþingi hafa þingmenn ótakmarkaðan ræðutíma en samkvæmt þeim breytingum sem hér eru lagðar til eru settar á þá hömlur. Þannig er gert ráð fyrir að við 2. umr. geti þingmenn talað í 15 mín. í fyrsta skipti, í fimm mín. í annað sinn og síðan oftar í fimm mín. hverju sinni. Sama gildir síðan um 3. umr. Með öðrum orðum, þarna er verið að takmarka ræðutíma í þinginu.

Ég er því fylgjandi að menn stilli máli sínu í hóf og umræða sé stutt. Ég held að það sé til góðs og umræðan geti verið málefnaleg og innihaldsrík þótt menn flytji stuttar ræður. Ég held að þegar á heildina er litið séu umræður tiltölulega stuttar. Nokkur mál á hverju þingi skera sig úr þar sem umræður eru langar og stundum mjög langar. Ef við lítum á þau mál sem mest hefur verið talað í á liðnum missirum og árum, hvaða mál skyldu það vera? Það eru lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Þar tók Alþingi ákvörðun um að færa í einn grunn allar heilbrigðisupplýsingar um íslensku þjóðina og gera að söluvöru á erlendri grundu. Ákveðið var að fela einu fyrirtæki einkarétt á heilsufarsupplýsingum Íslendinga til þess að höndla með við erlend og innlend fyrirtæki. Um þetta var mikið fjallað á Alþingi og menn gerðust nokkuð langorðir.

Menn töluðu líka lengi um húsnæðismál. Þegar ríkisstjórnin ákvað að taka húsnæðiskerfi þjóðarinnar og félagslega þátt þess og rústa því. Um þetta var mikið talað á Alþingi. Menn fluttu langar og miklar ræður um málið. Menn ræddu líka mikið um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, lagabálk sem umturnaði réttindum og skyldum sem starfsmenn ríkisins búa við. Um þetta töluðu menn lengi. Menn ræddu líka lengi um frv. ríkisstjórnarinnar um vinnulöggjöf. Það þrengdi að launafólki og samtökum þess, verkalýðshreyfingunni, setti henni skorður sem hún var ósátt við. Menn ræddu þetta lengi á Alþingi.

Menn töluðu líka lengi um svonefnd hálendisfrumvörp og menn hefðu e.t.v. þurft að tala miklu lengur um frv. sem varð að lögum sl. vor og færði eigendum að landi eignarhald á öllum auðlindum þjóðarinnar inn að miðju jarðar, öllu heitu vatni sem finnast kann í jörðu. Um þetta var samþykktur lagabálkur sl. vor og að sjálfsögðu voru langar umræður um það frv.

Þannig mætti áfram telja. Menn töluðu lengi um frv. um lífeyrismál. Hér í þinginu kom fram frv. um lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna sem hefði stórlega skert þau réttindi. Mikil umræða var um málið sem síðan var dregið til baka og kom fram í breyttri mynd. Þegar grannt er skoðað, þá eru það stóru átakamálin sem snerta þjóðfélag okkar sem hafa valdið mikilli, ítarlegri og oft langri umræðu hér á þinginu. En þarf hún að vera þetta löng? Þurfa menn að tala klukkustundum saman um sama málið? Helst vildi maður að hægt væri að koma í veg fyrir slíkt en staðreyndin er sú að þessi ítarlega umfjöllun hefur haft ýmsa kosti í för með sér. Í ítarlegu máli hafa rökin komið fram og þeim verið komið á framfæri við þjóðina. Þjóðin hefur fengið að vita að verið væri fjalla um mikilvæg mál á Alþingi. Þetta hefur orðið til þess að örva umræðuna í þjóðfélaginu og orðið til þess að þing og þjóð hafa kallast á. Hefur þetta orðið til ills? Ég segi nei. Þetta hefur orðið til góðs.

Flestum frumvarpanna sem ég nefndi var breytt í meðförum þingsins. Breytingarnar voru gerðar vegna þrýstings, innan þings sem utan í öllum þessum tilvikum. Í sumum þessara tilvika hefði átt að vísa þessum málum frá og leggja til hliðar eða gera róttækari breytingar. Þegar allt kemur til alls erum við í reynd að tala um örfáa daga þingsins þar sem umræður hafa orðið langar, um brýn hagsmunamál þjóðarinnar. Ég er sannfærður um það að þetta hafi hvorki orðið málefnunum né þinginu til ills.

Í raun eru það ekki reglurnar sem hafa verið slæmar heldur málatilbúnaður þeirra sem reitt hafa þingmálin fram. Það er við hann að sakast og þá sem þar standa að baki. Það hefur yfirleitt verið ríkisstjórnin. Hún hefur reynt að þröngva málum í gegnum þingið, oft í mikilli ósátt við þingmenn. Ég hvet til, áður en ráðist yrði í breytingar af þessu tagi, að skoða gaumgæfilega kost og löst á málinu.

Ég tel að í frv. sé að finna ýmsar breytingar sem gætu orðið til góðs. Ég fagna því sem fram kom í máli hæstv. forseta Alþingis, Ólafs G. Einarssonar, að flutningsmenn væru reiðubúnir að skoða hugmyndir um breytingar á frv. og vildu taka tillit til sjónarmiða sem reyndust á rökum reist. Ég hef líka tekið eftir því að þeir talsmenn þingflokka sem tjáð hafa sig um þetta mál á opinberum vettvangi hafa talið mikilvægt að um þær breytingar sem ráðist yrði í ríkti sátt. Þess vegna skulum við láta reyna á, í nefndinni sem tekur málið til umfjöllunar, hvort unnt er að skapa víðtæka sátt um þær breytingar sem hér eru lagðar til. Að öðrum kosti teldi ég hyggilegt að láta málið bíða til næsta þings en fá jafnframt rækilega umfjöllun í millitíðinni.

[Fundarhlé. — 13:07]

[13:30]

Útbýting þingskjals:

Skipan heilbrigðismála á Austurlandi, 421. mál, svar heilbrrh., þskj. 828.

[13:31]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Segja má að þetta frv. snerti grunneiningu lýðræðisins, þ.e. starfshætti löggjafans, eina stoðina í þrískiptingu valdsins. Því er mjög mikilvægt að frv. sem þetta fái ítarlega umfjöllun. Það snertir undirstöðu lýðræðislegra vinnubragða og starfshátta. Í umræðum um frv. hlýtur að vera mikilvægt að fjalla um stöðu löggjafarsamkomunnar gagnvart dómsvaldi og framkvæmdarvaldi.

Ég hygg að almennt séu menn sammála um að dómsvaldið í landinu sé öflugt og sjálfstætt eins og dæmin frá síðustu mánuðum sýna. Hið sama verður sagt um framkvæmdarvaldið. Framkvæmdarvald hér er afskaplega sterkt en hins vegar hafa margir dregið í efa stöðu löggjafans í því jafnvægi sem ríkja á milli þessara þriggja grunneininga í lýðræðisríki. Í raun má bæta við fjórða valdinu þó ekki sé formlega. Það er fjölmiðlavaldið sem stöðugt styrkir stöðu

sína í samfélaginu öllu og er vissulega ástæða til að nefna það í sömu andrá og þrískipting valds er nefnd. Umræða um stöðu löggjafans í þessu samhengi hefur farið fram á þingi Evrópuráðsins, a.m.k. tvisvar á síðustu fjórum árum. Í sem stystu máli má segja að rauði þráðurinn í þeirri umræðu sé áhyggjur þingmanna Evrópuráðsins af stöðugt veikari stöðu löggjafarsamkomunnar gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þingið er veikt, heyrist oft fullyrt, og má með sanni segja að nokkuð mikið sé til í þeirri fullyrðingu. Eðlilega þarf að færa rök fyrir fullyrðingunni eða leita einhverra skýringa og tilvísana í starf og einstök dæmi um stöðu löggjafans, einkum gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég vil leyfa mér að nefna nokkur atriði sem telja má sem vísbendingar um veikleika löggjafans. Sá veikleiki er einkum gagnvart framkvæmdarvaldinu og þá líka fjórða valdinu sem ég gat um, fjölmiðlavaldinu.

Ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að slá því fram að frásagnir fjölmiðla eru hér almennt afskaplega einlitar og oft og tíðum yfirborðskenndar. Auðvitað eru þar á nokkrar ágætar undantekningar en ég ræði hér um megineinkenni og meginreglu. Fjölmiðlaumræða af starfi þingsins einkennist af uppslætti í fyrirsagnastíl og það nær helst eyrum fjölmiðlunga ef hressilegar deilur eiga sér stað á hv. Alþingi. Með öðrum orðum er það mat fjölmiðlamanna sem ræður nokkru um hvað berst til þjóðarinnar af störfum þingsins. Ég tel þó öllu alvarlegra að þingmenn gera sig oft seka um að taka þátt í því sem kalla mætti slíkum leik. Þeir koma á stundum, þegar lag gefst og búa jafnvel til slíkt lag, og kynna mál í upphrópunarstíl, með yfirborðskenndum hætti og með uppslætti. Þeir skapa jafnvel deilur vitandi af því mati fjölmiðlamanna sem ég gat um. Afleiðing þess er oft sú að almenningur fær jafnvel rangar hugmyndir af störfum þingsins og sér það einungis fyrir sér sem vettvang mikilla deilna og yfirborðskenndra umræðna. Hér hefur það gjarnan gerst að hv. þm. hafa greinilega lagt mikla vinnu í einstök mál og fjallað málefnalega um þau í nokkrum friði. Slík mál virðast ekki eiga jafngreiðan aðgang að fjölmiðlum. Þetta er áhyggjuefni vegna þess að ef þetta er sú sýn sem almenningur hefur á starfshætti Alþingis þá grefur hún ósjálfrátt undan virðingu fólks fyrir þessari mikilvægu og virðulegu stofnun.

Í öðru lagi vil ég nefna stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, einkum þó ráðherravaldi. Að sumu leyti get ég tekið undir þau sjónarmið að ráðherravald svonefnt, eða framkvæmdarvaldið hafi nánast ofurvald yfir þinginu. Hvernig birtist það? Sumir hafa bent á að ráðherrar gegni jafnframt störfum þingmanna og nálgist þá málin hvort tveggja sem fulltrúar framkvæmdarvalds og hins vegar sem fulltrúar löggjafasamkomunnar, þeir leiði málin inn í þingið og út í gegnum þingið. Það sem ég tel vera mest aðfinnsluvert varðandi störf þingsins er sá forgangur sem stjórnarfrv., þ.e. mál framkvæmdarvaldsins, hafa innan þingsins. Innan þingflokka — nú er ég að tala um þingflokka allra tíma — hafa þau forgang á dagskrá og hið sama gerist á dagskrá hv. Alþingis, sem og innan nefnda þingsins. Það sama verður hins vegar ekki sagt um þingmannamál. Af sjálfu leiðir að þau verða nokkurs konar afgangsstærð og eru sett til hliðar eða sett neðar en málefni framkvæmdarvaldsins.

Nú má færa rök bæði með og móti þessu fyrirkomulagi. Ég fjalla hins vegar um þetta í ljósi þess hve mikilvægt er að þingið starfi sjálfstætt og geti lagt mat á eigin stöðu og þau mál sem því berast, en sé ekki undir framkvæmdarvaldið sett. Þetta kemur í rauninni fram ef skoðaðar eru tölur um afdrif mála á þinginu. Síðustu 10 þingin má segja að meginreglan sé að rúmlega 80% af stjórnarfrv. renni gegnum þingið sem lög. Hlutfallið er öfugt varðandi mál hv. þm. Þá virðast rétt tæplega 20% af þingmannamálum afgreidd með einhverjum hætti af hv. Alþingi. Þessar tölur lýsa áþreifanlega stöðu þingsins sjálfs gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég tel það veikleika þingsins og allt að því hneisu að mál skuli sofna í þingi í stað þess að tekin sé afstaða til þeirra og þau felld ellegar samþykkt.

Þá eru mörkin milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarsamkomunnar ekki alltaf skýr. Nú er vitað að flest stjórnarfrv. eru samin af embættismönnum. Ráðherrar hafa til allrar hamingju nokkuð greiðan aðgang að embættismönnum til slíkra verka. Þegar kemur að kynningu inni á hv. Alþingi eða í nefndum kynna sömu embættismenn málið fyrir hv. þingnefndum. Þeir gerast jafnframt umsagnaraðilar um eigin verk. Þarna finnst mér að skilin á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds séu afskaplega óljós og þessi valdsvið renni nánast saman.

Í nokkuð mörgum tilvikum eiga hv. þm. þátt í að semja drög að frv. eða frv. fyrir hönd ráðherra í starfsnefndum sem ráðherrar skipa. Hinir sömu hv. þm. taka síðan við málunum sem fulltrúar löggjafarsamkomu og fjalla þá um og leggja mat á eigin verk. Þarna má segja að ruglist saman þessi nauðsynlegi aðskilnaður eða fjarlægð löggjafarsamkomu frá framkvæmdarvaldi.

Í þriðja lagi nefni ég, herra forseti, samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu. Ég legg áherslu á að ég tala hér um stjórn og stjórnarandstöðu allra tíma. Mér hefur sýnst, bæði þann tíma sem ég hef starfað á hv. Alþingi og einnig sem áhorfandi, að meginreglan sé sú að stjórnarandstaða leggist gegn því sem stjórnarsinnar gera og öfugt. Við höfum jafnvel dæmi þess úr sögunni að mál sem stjórnarandstaða hefur lagst gegn á einu kjörtímabili, flytji hún allt að því óbreytt á næsta kjörtímabili á eftir. Ég tel þetta ósið og ekki til annars en að veikja þá nauðsynlegu samstöðu sem ríkja þarf hjá þjóðinni. Ég tel að þessi vinnubrögð séu ekki byggð á málefnalegum ágreiningi. Ég vil þó nefna, til að forðast allan misskilning, að stjórnarandstaða er mikilvæg fyrir lýðræðið og inni á hv. Alþingi. Hins vegar á að gera þá kröfu til stjórnarandstöðu allra tíma að hún axli þetta lýðræðislega hlutverk sitt og veiti málefnalega gagnrýni og aðhald en notist ekki við upphrópanir, uppslátt og þar fram eftir götunum.

Herra forseti. Ég hef fjallað um stöðu löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldi. Ég vil hins vegar fjalla aðeins um sjálfstæði hv. Alþingis þegar kemur að ýmsum alþjóðasamþykktum sem við höfum gengist undir. Í því samhengi nægir að nefna ýmis þau mál sem þingið hefur umfjöllunarlítið afgreitt sem tilskipun frá Brussel. Þar á sér að sjálfsögðu stað ákveðið valdframsal til Brussel. Vissulega eru af því margir kostir og enginn má skilja orð mín svo að ég mæli hér gegn EES-aðild, þvert á móti. Ég vek hins vegar athygli á því að sú aðild er einn liðurinn í að veikja sjálfstæði þjóðþings okkar Íslendinga. Fleiri atriði mætti nefna, herra forseti, m.a. þá almennu pólitísku deyfð sem virðist vera meðal almennings. Það sést í lítilli þátttöku í stjórnmálaflokkum og almennt litlum pólitískum áhuga. Grundvallarþátturinn í öllu lýðræði að lýðurinn ráði en þá er gert ráð fyrir að lýðurinn sé upplýstur, meðvitaður og áhugasamur um hin pólitísku mál. Án þess að fjalla frekar um það má segja að einn veikleiki þingsins sé starfskjör þingmanna og starfsaðstaða þeirra; lítill aðgangur að sérfræðikunnáttu miðað það sem ráðherrar,

framkvæmdarvaldið, hafa, svo ekki sé minnst á launakjör o.s.frv.

Fleiri þætti mætti nefna en ég dreg þessa þætti fram sem ábendingu. Taka má undir þá umræðu að Alþingi sé að mörgu leyti veikt miðað við framkvæmdarvaldið og dómsvaldið, að ekki sé talað um fjölmiðlavaldið. Ég vil þó lýsa ánægju með hvernig hæstv. forseti, Ólafur G. Einarsson, hefur markvisst unnið að því á þessu kjörtímabili að styrkja stöðu þingsins og birtist það m.a. núna í lok kjörtímabilsins í því frv. sem hæstv. forseti hefur frumkvæði að því að leggja fram með þetta að markmiði.

Í framhaldi af slíkri gagnrýni sem hér hefur verið haldið uppi er eðlilegt að benda á hvað er til úrbóta. Ég tel að frv. það sem er til umfjöllunar sé mjög mikilvægt skref í rétta átt. Almennt séð hefði ég talið að til að efla enn frekar sjálfstæði þingsins ætti að skoða mjög vandlega hvort ekki sé tímabært að skilja að framkvæmdarvald og ráðherravald innan þingsins, m.a. með því að ráðherrar afsali sér þingmennsku og kalli til varaþingmenn, verði þeir valdir sem ráðherrar. Þar með er í rauninni komið í veg fyrir að ráðherrar sitji báðum megin borðs. Þar að auki þekkja hv. þm. að ráðherrar eiga í rauninni fullt í fangi með að stýra ráðuneytum sínum enda mikil umsvif þar, en það bitnar á þingskyldum þeirra eins og dæmin sanna.

Ég tel að þingmenn eigi almennt ekki að starfa á vegum framkvæmdarvaldsins í einstökum nefndum eða í stjórnum á vegum framkvæmdarvaldsins vegna þess að þá er verið að veikja þá hlutlausu afstöðu sem þingmenn þurfa að hafa. Ég tel að það þurfi að endurskipuleggja vel samskipti stjórnar og andstöðu. Mikilvæg skref hafa verið stigin með því að fela stjórnarandstöðu í nokkrum tilvikum formennsku þingnefnda og í flestum tilvikum tel ég að vel hafi tekist til.

Stærsta atriðið varðandi sjálfstæði þingsins tel ég þó vera að mál sem koma hingað inn, hvort heldur eru stjórnarfrumvörp ellegar þingmannamál, fái sitt númer eins og nú tíðkast en verði afgreidd innan tiltekins tímafrests. Þá sé þingið sjálft neytt til þess að taka afstöðu, annaðhvort að fella eða samþykkja mál, en þingið er þar með að taka afstöðu til mála á sjálfstæðan hátt í stað þess að láta þau daga uppi og hverfa.

Ég tel að einnig þurfi að taka til umræðu og endurskoðunar samskipti hv. Alþingis og fjölmiðla. Ég geri mér grein fyrir því að það er mjög viðkvæmt mál og er ekki að boða ritskoðun á nokkurn hátt en ég leyfi mér að varpa því fram hvort ekki væri hægt að skoða þann möguleika, m.a. í sambandi við þetta frv., í nánu samstarfi við t.d. Blaðamannafélag Íslands ellegar þá þingfréttaritara sem hér starfa, að þeir hittist reglulega með sérstakri þingskipaðri nefnd til þess að fjalla um þessi samskipti og ræða um einstök mál og skipuleggja það sem fram undan er. Ég tel þetta mjög mikilvægt á þeim forsendum sem ég gat um í upphafi um það hvernig störf Alþingis eru oft og tíðum matreidd fyrir þjóðina.

Þá vil ég nefna kjör þingmanna, aðgengi að sérfræðiaðstöðu, fyrir utan svo auðvitað launamálin. Ef skoðað er launayfirlit opinberra embættismanna, sem var birt nýlega, kemur í ljós að kjaralega standa þingmenn á botninum. Fulltrúar framkvæmdarvaldsins eru mun hærra settir og það er e.t.v. dæmi um stöðu þingsins.

Auðvitað þarf að skoða kynjaskiptingu og ekki síður aldurssamsetningu þingsins því að atkvæðaréttur miðast við 18 ár og rödd unga fólksins þarf að heyrast eins og beggja kynja. Ég tel að stjórnmálaflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi þurfi að taka hressilega til endurskoðunar almennt starf sitt og hvernig megi auka pólitískan áhuga almennings enda er hann í rauninni grunnur að lýðræðislegum störfum og lýðræðislegri þróun.

Ég fagna því sem segir í frv. um að fækka nefndum og sérstaklega því að fjalla um eina atvinnumálanefnd, þ.e. að laga atvinnulíf okkar að nútímanum og láta Alþingi fylgja því í stað þess að búta það niður í gamla, hefðbundna atvinnuvegi en vægi þeirra fer minnkandi og nýjar atvinnugreinar bætast við.

Sama vil ég segja um takmörkun á ræðutíma. Oft og tíðum hefur hinn óhefti ræðutími verið notaður beinlínis í ofbeldisskyni þar sem efnisleg rök liggja öll fyrir en minni hluti er að knýja fram sjónarmið þvert á vilja yfirgnæfandi meiri hluta. Því atriði fagna ég og ég tel að það styrki þingið að stytta ræðutíma.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum en ég vil lýsa yfir stuðningi við frv. Ég tel að það efli sjálfstæði þingsins þó vissulega hefði mátt ganga miklu lengra og hef leyft mér að draga fram nokkra þætti í því sambandi.

[13:51]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Enn einu sinni er ástæða til að segja að hér sé stórmál á ferðinni sem verðskuldi ítarlega umfjöllun og tíma til þeirra starfa. Í þetta sinn er það hins vegar þingið sjálft en ekki ríkisstjórnin sem kemur með slíkt stórmál inn í þingið á síðustu dögum samkvæmt starfsáætlun.

Það sýnir kannski betur en mörg orð hversu fáir eru viðstaddir umræðuna að hv. þm. eru þessa dagana með fullar hendur af verkefnum sem bæði varða þingið að ógleymdum önnum þeirra sem eru þegar farnir að undirbúa kosningarnar.

Ég hlýt því að segja að ég sé ekki flöt á því að málið verði afgreitt á þessu þingi, því miður, því vissulega er um ýmsar úrbætur að ræða og þetta er auðvitað mál sem varðar okkur þingmenn og störf okkar á Alþingi mjög miklu. Það er mjög miður að málið skyldi ekki koma fyrr inn í þingið. Það hefur verið til undirbúnings og umfjöllunar mjög lengi, nánast allt þetta kjörtímabil og ég hlýt að harma að það skyldi þurfa að koma svona seint til umfjöllunar í þinginu sjálfu.

Ég tel að málið sé allt of lítið rætt innan þingflokkanna, það hefði þurft að koma fyrr til þeirra. Þó upplýsist það hér með að þingflokkar stjórnarandstöðu tóku sig saman og höfðu sérstakan fund um málið og þar urðu mjög góðar umræður og menn reyndu að átta sig á því hvað fælist í tillögunum. Þar komu líka fram mjög margar og veigamiklar athugasemdir og vangaveltur og skoðanir voru skiptar. Ég held að talsvert mikið skorti á að þingmenn hafi almennt vanist þeim hugmyndum sem hér koma fram og tekið afstöðu. Það eru ýmis álitamál sem eiga eftir að ræðast miklu betur.

Ég ætla að gera aðeins örfáar athugasemdir, herra forseti. Fyrst vil ég nefna að ég lagði fram í upphafi þings frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis sem er endurflutt frv. frá síðasta löggjafarþingi. Það var lagt fram nokkuð snemma og er 66. mál þingsins. Ég hafði tvívegis fengið boð um að ég gæti mælt fyrir því en í seinna skiptið var mér sagt að ætlunin væri að taka það fyrir um leið og þetta frv. yrði rætt sem var þá reyndar ekki enn komið á þingskjal. Ég sætti mig vel við það og reiknaði ekki með að þurfa að hlutast til um það meira. En það er ekki á dagskrá þessa fundar og ég tók hreinlega ekki eftir því fyrr en eftir að þingfundur hófst. En ég vil gera athugasemd við þetta,

eðlilegt hefði verið að setja þetta frv. á dagskrá næst á eftir þessu þannig að það væri rætt og jafnvel samhliða.

Ég hygg að hv. þm. kannist við þetta frv., það er mjög fáort og auðvelt að skýra það. Það mundi varða 20. gr. þessa frv. þar sem lagt er til að nýr málsliður bætist við 30. gr. laganna um að nefndarálitum fylgi mat á stöðu kynjanna á viðkomandi sviði og hvaða áhrif ný lög eða ályktun hafi á þá stöðu. Þetta er raunar frv. sem ástæða er til að fái umfjöllun, þetta er fyrsta íslenska lagafrv. sem tekur á svokallaðri samþættingu eða „mainstreaming" eins og það heitir á erlendu máli. En það gerir ráð fyrir því að slík samþætting verði sjálfsagður hluti þingstarfa og ætla ég nú ekki að hafa fleiri orð um það þar sem þetta frv. er því miður ekki á dagskrá *en ég reikna með að það fái að fljóta með inn í þá þingnefnd* sem á að fjalla um málið.

Ég vil hefja athugasemdir við frv. sjálft með því að taka aðeins fyrir 11. gr. frv. sem fjallar um breytingu á skipan fastanefnda þingsins. Það er eitt af þessum stóru málum sem ég tel að eigi eftir að fá miklu ítarlegri umfjöllun og er þar margt að athuga.

Ég nefni sérstaklega þá nefnd sem samkvæmt frv. er skýrð atvinnumálanefnd. Hún á greinilega að fá stór og mikil verkefni í sinn hlut og enda þótt sum þeirra mála sem eiga að falla undir þessa nefnd séu oft og tíðum ekki mikið til umfjöllunar hér, *ég nefni sérstaklega landbúnaðarmál.* Við höfum oft orðið vör við að hv. landbn. hefur mjög misjafnlega mikið að gera. Það er náttúrlega með þá nefnd eins og aðrar nefndir þingsins að verkefni þeirra koma í skorpum en þá tel ég að þessi nefnd yrði ákaflega önnum kafin ef hún á að taka öll þessi verkefni til sín.

Gerð er tillaga um nýja nefnd sem heiti dóms- og menntmn. sem eigi að fjalla um dómsmál, kirkjumál og menntamál. Ég sé ekki alveg samhengið í því samkrulli og hefði talið að dómsmál ættu frekar heima í einhverri annarri af þeim nefndum sem gerð er tillaga um, t.d. þá stjórnlaganefndina. *Mér finnst það vera skyldara og ég er ekki þeirrar skoðunar* að þetta séu mjög samrýmanleg málefni sem hér eru lögð til. Það má kannski segja um kirkjumál og menntamál en dómsmál finnst mér ekki eiga þarna heima.

Þá vil ég nefna að verið er að steypa saman umhverfismálum og samgöngumálum og það hlýtur að vekja nokkrar spurningar. A.m.k. er reynsla mín af starfi í umhvn. sú að hún sé mjög önnum kafin og hefur verið það þau ár sem ég hef fylgst með starfi hennar. Maður spyr sig hvort þetta geti allt saman farið saman. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að vinnutilhögun muni breytast nokkuð og verða rýmri tími *fyrir hverja nefnd fyrir sig en þetta þarf ítarlegrar umfjöllunar* við.

Þá vil ég sérstaklega nefna d-liðinn, fjármálanefnd, sem fjallar um mál er varða tekjur og gjöld ríkissjóðs, svo sem fjárlög, fjáraukalög og skattamál, efnahagsmál almennt, lífeyrismál og hagskýrslugerð. Og er nú ekki neitt lítið undir og satt að segja furðu lítið fjallað um þessa tilhögun í grg. með frv. Hér eru engin smáverkefni sem einni nefnd eru ætluð. Ég hef reyndar sagt það á fundi um frv. að þetta gæti út af fyrir sig gengið ef hægt væri að skylda hæstv. ráðherra og þingið til að fjalla um, við skulum segja fjáröflunarhluta *þessa dæmis á vorþingi, en útgjöldin á haustþingi,* þ.e. að til algerra undantekninga heyrði beinlínis ef skattafrv. væru til umfjöllunar á haustþingi. Þetta væri vissulega ágætisvinnufyrirkomulag ef hægt væri að koma því svona fyrir. Það væri þá ljóst fyrir haustþingið áður en farið er að fjalla um fjárveitingar hvaða tekjur eru líklegar í samræmi við þau skattafrv. sem þegar hefðu verið gerð að lögum.

Ég vildi í öðru lagi víkja að 48. gr. þar sem reiknað er með því að til að eiga aðild að þingflokki þyrfti til þess a.m.k. þrjá þingmenn. Um þetta er fjallað í alllöngu máli á bls. 46 og ég get sagt það sem skoðun mína að mér finnst það út af fyrir sig ekki óeðlilegt að það sé skilyrði að þingmenn séu þrír til að mynda þingflokk og raunar má búast við að það verði ekki færri en þrír frá hverjum stjórnmálasamtökum í samræmi við reynslu í kosningum liðinna ára, þ.e. í upphafi kjörtímabils. En eins og við vitum getur ýmislegt gerst á langri leið og einn og einn þingmaður tínst úr þingflokki og gengið í annan o.s.frv. Mér finnst ósanngjarnt að tapist einn maður fyrir borð *í þriggja manna þingflokki sé hann þar* með leystur upp. Ég geri því athugasemd við þetta atriði og finnst að þar sem svo háttar til að þingmaður yfirgefi þingflokk verði hann ekki sjálfkrafa lagður niður. Ég get ekki skilið annað samkvæmt grg. eða athugasemdum um einstakar greinar en að svo kynni að fara, enda stendur það hérna: Sama væri ef þingflokkur klofnaði og eftir sætu aðeins tveir þingmenn.

Ég vil mótmæla þessu. Ég tel að öðru máli gegni ef menn ætla að stofna nýjan þingflokk. Mér finnst ekki að hegna eigi þeim sem eftir sitja með því að þeirra þingflokkur sé leystur upp.

Í þriðja lagi er það ræðutíminn sem ég held að talsvert skiptar skoðanir séu um. Ég skil ákaflega vel tilhneigingu til að taka á því máli. Ég minnist þess þegar ég kom hingað inn sem nýr þingmaður fyrir margt löngu, þá eftir fyrsta veturinn hér á þingi var ég uppfull af gerræðislegum hugmyndum um hvernig ætti að hemja hv. þingmenn en smám saman lærist manni að lýðræðið leiðir ekki alltaf til ástands sem allir eru jafnsáttir við eða hentar hverjum og einum. Mér finnst mjög mikilvægt að tryggja rétt manna til málfrelsis svo sem frekast er unnt og ég tel að hér sé um of mikla þrengingu að ræða. Ég held að skoðanir á þessu máli skiptist nokkuð eftir stjórn *og stjórnarandstöðu og það er að mörgu leyti skiljanlegt.* Ég varð vör við það í þeim hópi sem fjallaði um þessar tillögur. Þá voru allir þingmenn stjórnarflokkanna eindregið þeirrar skoðunar að takmarka ætti ræðutímann en fulltrúar stjórnarandstöðunnar ekki og vildu halda þeirri stöðu sinni að geta haft áhrif á umfjöllun mála, hversu lengi þau stæðu.

Hv. síðasti ræðumaður fjallaði nokkuð um hlutverk stjórnarandstöðu og misjöfn hlutverk stjórnarandstöðu og stjórnarliða. Ég deili þeirri skoðun með honum að hlutverk stjórnarandstöðu sé afskaplega mikilvægt. Það er ekki síður mikilvægt lýðræðinu en hlutverk stjórnarflokka og jafnvel *mikilvægara að mínu mati en skiptar skoðanir geta verið um* það. Það er röng niðurstaða sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns að stjórnarandstaðan sé alltaf á móti því sem stjórnarliðar leggja til. Ég hugsa að ef farið væri yfir úrslit þingmála og niðurstöður þingmála á Alþingi kæmust menn að raun um að það er oftar en ekki sem mál eru afgreidd í samkomulagi. Fjölmörg frv. verða að lögum á hverju einasta þingi þar sem allir standa saman að afgreiðslunni en að sjálfsögðu leiðir það af skiptum skoðunum sem skipta mönnum í flokka að deildar meiningar verða við afgreiðslu stórra og mikilvægra mála. Skárra væri það nú. En það er kannski ekki síður umhugsunarvert hvernig hv. stjórnarliðar taka oft afstöðu í mikilvægum málum og án þess ég ætli að fara að halda því fram að þeir greiði atkvæði gegn samvisku sinni þá getur það alveg verið jafnumhugsunarvert að þeir skuli standa saman að öllum málum. Það ekki síður umhugsun-

arvert en að stjórnarandstaðan hafi þá svipaða afstöðu gegn slíkum málum.

Varðandi ræðutímann og reglur um ræðutíma sem hér eru settar upp hljótum við að þurfa að fara mjög vel yfir það og ná einhverri niðurstöðu um hvað væri eðlilegt í því dæmi. Ég held t.d. að þessi ást á fimm mínútum sé ekki af hinu góða. Það gæti verið til bóta t.d. að fjölga þeim upp í sjö í einhverjum tilvikum o.s.frv. Ég er a.m.k. með miklar efasemdir um að þetta fyrirkomulag geti eitthvað bætt úr varðandi miklar umræður og tek í einu og öllu undir það sem kom fram hjá hv. 17. þm. Reykv. þegar hann fór yfir þetta mál áðan.

Að lokum vil ég aðeins segja að ég er sammála því að gera þarf breytingar á þingsköpum og slíkar breytingar þurfa að verða í sátt. Útgangspunkturinn við samningu þessa frv. virðist hafa verið að styrkja stöðu Alþingis og Alþingi samanstendur að sjálfsögðu bæði af stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum. Mér finnst mikilvægt að útkoman verði ekki sú að staða stjórnarandstöðunnar veikist og því miður virðist mér að hún muni e.t.v. veikjast. Ég hefði því talið að skoða þyrfti miklu betur ýmsar leiðir til að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar og legg enn og aftur áherslu á að hlutverk stjórnarandstöðunnar er afar mikilvægt og mikilvægt lýðræðinu, bæði á hv. Alþingi sem og annars staðar. Þess vegna tel ég að ástæða hefði verið til að skoða fleiri leiðir til að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar, t.d. við stjórnun þingsins. Hv. síðasti ræðumaður minntist á það hvort ástæða væri til að setja reglur um t.d. formennsku í nefndum og ég tel stöðu stjórnarandstöðunnar við stjórnun þingsins almennt allt of veika þar sem einstakir þingflokkar eru útilokaðir frá forsn. og spurning hvort ekki væri t.d. hægt að setja reglur um það sem mér skilst að sé sums staðar á öðrum þjóðþingum, að forseti þingsins, aðalforseti þingsins komi frá stjórnarandstöðunni.

[14:11]

Útbýting þingskjals:

PCB-mengun, 563. mál, fsp. KPál, þskj. 916.

[14:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að koma nokkrum almennum athugasemdum á framfæri í umræðum um þetta stóra mál þótt ég geti fúslega játað að ég hefði kosið að hafa haft meiri tíma til að skoða það. Hér er að mínu mati eitt af stærri málum sem fyrir þetta þing og jafnvel á þessu kjörtímabili hefur borið upp því að sjálfar grundvallarleikreglurnar um starfshætti Alþingis skipta vissulega miklu máli. Fyrst held ég að rétt sé að gera þá játningu, herra forseti, fyrir hönd þingsins að það er auðvitað ekki gott að vera með þetta stóra mál svona seint á ferðinni þegar klukkuna vantar korter í tólf á þessu kjörtímabili sem senn er á enda runnið. Það er hefðbundið að gagnrýna ríkisstjórn og því miður oft með réttu fyrir að koma seint og illa fram með sín mál fyrir þingið og þar af leiðandi er ekki gott að Alþingi fyrir sitt leyti gefi fordæmi af þessu tagi með því að leggja fyrir viðamikið frv. sem felur í sér umtalsverðar breytingar á þingsköpum Alþingis jafnseint og raun ber vitni. Við vitum reyndar að ýmsar ástæður valda þessu og það má kalla slys að þetta frv. var ekki til umfjöllunar hér í fyrra og jafnvel afgreiðslu í fyrravor eins og til stóð að ég held. Mér er kunnugt um að mikil vinna hefur verið lögð í málið og margt mjög vel gert á undanförnum missirum þannig að því miður er Alþingi eða formönnum þingflokka eða forsætisnefndarmönnum kannski ekki að öllu leyti sjálfrátt í þessum efnum og verður að hafa það í huga, en óheppilegt er það engu að síður. Reyndar er það svo, herra forseti, að það má færa fyrir því gild rök að mál af þessu tagi þurfi Alþingi að tímasetja alveg sérstaklega hvernig það vinnur og taka mið af þeim aðstæðum sem liggja fólgnar í upphafi og endi hvers kjörtímabils, þá koma nýir þingmenn til starfa og undir lok kjörtímabils liggur orðið fyrir að margir aðrir hverfa á braut. Það er að mínu mati, herra forseti, hvorugt rétti tíminn til að vera í vinnu sem lýtur að grundvallarstarfsskipan í þinginu. Þetta er með öðrum orðum, herra forseti, mál sem heppilegt væri að hafa til umfjöllunar og afgreiðslu um miðbik kjörtímabils þannig að þá rynnu saman og sættust þessar andstæður, endurnýjun í upphafi hvers kjörtímabils eða að afloknum kosningum og reynsla hinna sem hverfa á braut.

Einnig má færa fyrir því rök að æskilegt sé að slíkar breytingar séu lögfestar með nokkuð góðum aðdraganda, t.d. að þær væru frágengnar og afgreiddar og gerðar að lögum á þriðja vetri kjörtímabils en tækju ekki gildi fyrr en við upphaf nýs kjörtímabils.

Í öðru lagi er enginn vafi á því, herra forseti, að þörf er á að breyta ýmsu í þingsköpum Alþingis og kemur ekki á óvart. Þau eru um margt sniðin að öðrum tímum og mönnum hefur út af fyrir sig verið það lengi ljóst að margt í skipulagi okkar mætti betur fara. Þannig er vissulega með þetta frv. að það felur í sér margar góðar tillögur um úrbætur á þessu sviði en það eru líka í því atriði sem eru verulegt umhugsunarefni.

Mér er eins og mörgum öðrum í umræðunum efst í huga að útgangspunktur breytinganna eigi að vera sá að styrkja Alþingi og er ekki vanþörf á, herra forseti, svo vægt sé til orða tekið. Ég leyfi mér að fullyrða að nógu dapurlega sé komið fyrir lögvarinni stöðu Alþingis þó að ekki takist svo illa til við breytingar á þingsköpum að þær verði til hins verra.

Ég minni t.d. á hvernig lögvarið hlutverk utanrmn. er hunsað. Við erum minnt á það aftur og aftur að ríkisstjórnir hafa að engu skyldu sína til að hafa samráð við þessa mikilvægu nefnd. Fyrir því eru mýmörg óhrekjanleg dæmi og þar á meðal eitt alveg glænýtt. Þetta er okkur til áminningar um að ekki megi sofna á verðinum í þessu efni.

Hvernig styrkja menn svo þingið, herra forseti? Hvernig efla menn þingræðið í landinu? Að mínu mati snýst það að miklu leyti um eitt og aðeins eitt: Að styrkja stjórnarandstöðuna. Að styrkja og treysta rétt minni hlutans í þinginu á hverjum tíma til að sinna störfum sínum og rækja skyldur sínar. Það og fyrst og fremst það verður aðhaldið að koma, a.m.k. eins og málin standa á Íslandi. Reynslan er sú að stjórnarflokkar og þingmenn þeirra eru undir allt of miklum þrýstingi, of þungu oki til að hægt sé að treysta á að það komi verulegur stuðningur fyrir þingræðið sem slíkt. Hann verður fyrst og fremst að koma í gegnum sterka stöðu stjórnarandstöðunnar, lögvarinn rétt minni hlutans til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og hafa hönd í bagga með skipulagi starfshátta á þinginu, ákvæðum sem tryggja að ekki sé valtað yfir minni hlutann. Þetta sýnir sagan.

Hér gerist það mjög sjaldan sem þekkist sums staðar erlendis, að þingin eru það sjálfstæð og einstakir þingmenn það sjálfstæðir að stjórnarþingmenn veita herrum sínum, ráðherrunum og ríkisstjórninni, aðhald. Það gerist mjög sjaldan hér borið saman við það sem þekkt er víða erlendis. Þess þá heldur er mikilvægt að styrkja stöðu stjórnarandstöðunnar og minni hlutans.

Auðvitað er margt fleira sem kemur til. Það að bæta starfsaðstæður þingmanna almennt hjálpar til í þessum efnum. Það að styrkja þingið sjálft, efla t.d. starfsmannahald og auka sérfræðiaðstoð innan þingsins, þannig að þingið hafi meiri burði til að vinna á sínum forsendum. Það hjálpar til en þarna þarf margt að koma til. Mér er engin launung á því og það er reynsla mín eftir tæpa 16 ára veru hér eftir að hafa kynnst hlutskipti hvoru tveggja, að vera í stjórn og stjórnarandstöðu, að eitt það allra mikilvægasta í þessu sambandi sé réttur stjórnarandstöðunnar.

Ég ætla svo að koma, herra forseti, að nokkrum atriðum sem lúta að breytingum sem lagðar eru til í þessu frv., og tek fram að ég fagna þar ýmsum nýmælum. Ég tel t.d. ekki nokkurn vafa á því að skynsamlegt sé að taka upp þá skipan að þingmál geti lifað lengur en eitt þing þannig að ekki þurfi að byrja allt upp á nýtt á hverju hausti. Ég hefði reyndar viljað tengja það ákvæði sérstakri skilaskyldu þingnefnda á málum sem fyrir nefndinni hafa legið. Þegar þingmál hefði verið til umfjöllunar tvo vetur samfellt mundi sú skylda hvíla á nefndinni undir lok síðari vetrarins, burt séð frá afstöðu hennar til málsins, að gera þinginu grein fyrir niðurstöðu sinni í málinu. Þannig lægi málið ekki afvelta án nokkurra vísbendinga um framhaldið. Þannig mundu þingnefndirnar rífa sig upp úr því að vera einhvers konar safnkistur fyrir afdönkuð þingmál, eins og þær hafa í stórum stíl verið. Menn hafa jafnvel gengið svo langt, sumir mætir þingmenn, að telja eina höfuðskyldu þingnefnda að sveifa vitlaus þingmál, eins og það var orðað hér einu sinni af ágætum fyrrv. þingmanni.

Ég fagna því þessu nýmæli. Ég get tekið undir það að fyrirspurnir þingmanna verði leyfðar í þinghléum. Það er mjög mikilvægt, enda sé þá rétturinn til að krefja upplýsinga virtur og ekki vaðið yfir hann með annarri lagasetningu eins og fjmrn. telur að gert hafi verið með upplýsingalögunum. Þau heita þá frekar leyndarlög en upplýsingalög ef fara á að nota þau þannig að hægt sé að neita Alþingi um upplýsingar á grundvelli þeirra. Það er þá nokkuð langt gengið, herra forseti, satt best að segja, a.m.k. miðað við venjulega máltilfinningu, að beita upplýsingalögunum í því skyni. Réttur Alþingis til upplýsinga og til þess að krefja ráðherra svara verður að vera virkur og virtur í þessu tilfelli.

Nýtt form á umræðum, þar sem menn geti krafið ráðherra um skýrslur um brýn og aðkallandi mál, er líka þýðingarmikið. Ég vil bæta einu við varðandi samskipti framkvæmdarvalds og þings. Ég tel að í þingsköpin eigi að koma ótvírætt ákvæði um, ekki bara heimild og möguleika á að ráðherrar mæti hjá þingnefndum heldur um skyldu ráðherra til að mæta fyrir þingnefnd ef þingnefndin óskar þess. Þar bæri honum skylda til gera nefndinni grein fyrir málum og leggja fram upplýsingar. Auðvitað er með ólíkindum hvernig þessir hlutir hafa þróast lengst af, að ráðherrar hafa trekk í trekk neitað að mæta fyrir þingnefnd og litið svo á það væri ekki þeirra hlutverk. Þeir hafa jafnvel talið það sérstakt örlæti og gæsku af sinni hálfu að leyfa embættismönnum sínum að reka þar inn nefið. Ég hef orðið fyrir því í þingnefnd að ráðherra hefur neitað að mæta og sagt að hann teldi það ekki hlutverk sitt.

Ég hef að vísu oft kynnst hinu gagnstæða. Sjálfur hef ég mætt sem ráðherra fyrir þingnefndir og talið sjálfsagt að veita þeim upplýsingar. Ég vek athygli á því að víða í þjóðþingunum í kringum okkur er engin spurning um þetta heldur einfaldlega skylda ráðherra að mæta til funda hjá þingnefndum og sitja þar fyrir svörum. Við gætu kallað það yfirheyrslu, á erlendum málum er það kallað „hearings". Þetta geta jafnvel verið opnir nefndarfundir þannig að viðstaddir geti verið fjölmiðlafulltrúar og aðrir sem áhuga hafa á. Þannig er þetta t.d. í sænska þinginu. Ráðherrar mæta þar nokkuð reglulega fyrir þingnefndir og það er jafnvel svo að ráðherrar hafa frátekinn tíma í stundatöflu sinni fyrir fundi mikilvægra þingnefnda til að geta mætt þar ef kall berst. Í Bandaríkjunum þekkja menn þetta fyrirkomulag. Þar funda nefndirnar í stórum sölum, iðulega að viðstöddum miklum fjölda áheyrenda, jafnvel erlendra gesta. Ráðherrarnir sitja á bekk niðri á gólfi og eru yfirheyrðir þar, krossspurðir þannig að ýmsum mundi sennilega þykja nóg um á Íslandi. Þetta þykir þó sjálfsagður hlutur.

Það að forseti og varaforsetar verði kjörnir fyrir allt tímabilið tel ég koma vel til greina og að mörgu leyti vera heppilegt. Ég er hins vegar afar ósáttur við orðalagið varðandi skipan forsn. Ég tel það fráleita skipan að ganga ekki út frá því að allir þingflokkar, eða a.m.k. fjórir stærstu þingflokkarnir, eigi fulltrúa í forsn. Mér er það auðvitað ljóst að ef þingflokkarnir verða mjög margir þá kann að orka tvímælis að hafa þar inni fulltrúa frá hverjum og einum. Það mætti hugsa sér að leysa annaðhvort með áheyrnarfulltrúum eða með róterandi fulltrúum sem minni þingflokkar kæmu sér saman um. Grundvallarreglan ætti að vera sú að í forsn. sætu fulltrúar fjögurra stærstu þingflokkanna eða allra fjögurra ef sú skyldi verða niðurstaðan. Það kann vel að vera, eins og stundum áður í Íslandssögunni, að þingflokkarnir yrðu hér fjórir. Þá er augljóslega heppilegt, út frá samskiptum og samráði um störf þingsins, að í forsn. sitji tengiliðir við alla þingflokka ef þingflokkar eru ekki of margir.

Hvað varðar fækkun atkvæðagreiðslna, ný ákvæði um meðferð fyrirspurna og fleira af því tagi flokka ég undir nauðsynlegar leiðréttingar.

Svo ég snúi mér að því sem ég hef meiri efasemdir um, þá er það í fyrsta lagi nefndabreytingin. Ég tel að þó mjög æskilegt og skiljanlegt að leitast við að einfalda nefndaskipanina, á mannamáli að fækka þingnefndunum, helst niður í að hver þingmaður sitji ekki nema í einni nefnd. Það hefur augljósa kosti til að skipuleggja störfin hér. Þá geta þingnefndir alltaf fundað samsíða. Það þyrfti ekki að skipuleggja sérstaka fundatöflu þeirra með tilliti til veru þingmanna í fleiri en einni nefnd o.s.frv. En ekki má ganga svo langt í þeirri viðleitni að annað verði borið ofurliði, t.d. að hægt sé að dreifa vinnu og verkefnunum skynsamlega í þinginu.

Ég óttast að þessi atvinnumálanefnd sem á að fá til umfjöllunar öll verkefni iðnn., öll verkefni landbn., öll verkefni sjútvn. og verulegan hluta af verkefnum efh.- og viðskn. og allshn., eins og þetta hefur verið núna., gangi ekki upp. Hún yrði svo ofhlaðin við ýmsar aðstæður hér í þinginu að það gengur ekki upp. Ég hefði talið að nær að reyna að deila þessu á tvær nefndir þannig að aðalatriðin væru í einni nefnd, atvinnuþættirnir, t.d. landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál, jafnvel málefni iðnaðarins sem slíks; í hinni viðskipta-, verslunar- og þjónustumálin, bankamálin, þess vegna byggðamál og eitthvað fleira af verksviði allshn. Þetta væru tvær nefndir en ekki ein.

Ég hef efasemdir um, út frá efnahagslegu hliðinni, að þarna sé að öllu leyti rétt niðurstaða hvað varðar fjármálanefndina með því að sameina þar allt sem áður hefur tilheyrt fjárln. eða verulegan hluta þess, skattamálin, efnahagsmálin almennt, lífeyrismál o.s.frv.

Dómsmálin og menntamálin kunna út af fyrir sig að fara ágætlega saman, og þó ekkert endilega. Alveg eins mætti leysa þetta með því að ein nefnd héti stjórnlaga- og dómsmálanefnd og þau mál væru sett undir nefnd sem færi sérstaklega með réttarfarsmálefni, dómsmál og jafnframt með stjórnlagamálefni, skýrslugerðina og annað slíkt. Ég er ekki frá því að það væri heppilegri samsetning en að skella dómsmálum og menntamálunum í eitt. Mér sýnist þar af leiðandi, herra forseti, að vel mætti ná þarna verulegum árangri, fækka þingnefndunum t.d. um þrjár eða fjórar en ganga þó ekki jafnlangt og þarna er gert. Ég óttast einfaldlega að sú skipan mála brotni upp.

Um ræðutímann vil ég segja, herra forseti, að ég er ekki á móti því að reyna að þróa störfin í þinginu almennt í þá átt að gera umfjöllun um mál markvissari og ræður styttri ef svo ber undir. Ég vil hins vegar gera það á grundvelli hefða og þróunar. Ég vil helst sjá það gerast þannig að menn nái samkomulagi um ramma utan um ræðuhöld, sem sé virtur og haldinn á grundvelli samkomulags nema þá í einhverjum algjörum undantekningartilvikum. Með öðrum orðum tel ég að óheftur eða ótakmarkaður ræðutími, t.d. við 2. umr., sé eftir sem áður grundvallarrétturinn, bundinn í stjórnarskrá ef svo ber undir. Ég er vísa t.d. til fyrirkomulagsins í finnska þinginu. Þar heyrir til algerra undantekninga að ræðuhöld fari út fyrir þann ramma sem hefðin helgar og samkomulag er um milli stjórnmálaflokka. Engu að síður er í finnsku stjórnarskránni bundið það ákvæði sem grunvallarregla að ræðutími sé ótakmarkaður í finnska þinginu.

Ég tel heldur aumt, herra forseti, ef Alþingi Íslendinga sem stærir sig af því á hátíðarstundum að vera elsta þjóðþing í heimi, þorir ekki að hafa sérreglur um fundahöld í lögum sínum og þarf að apa alla hluti upp eftir öðrum. Það hefur lengi verið hluti af hinni íslensku þingræðishefð að hafa réttindi af þessu tagi ótakmörkuð. Þau eiga að vera það að mínu mati, a.m.k. per definisjón, herra forseti, og að lögum, hvernig sem hefðin helgar þau.

Mestu máli skiptir þó, herra forseti, að það er ekki hægt að skera ræðutímann niður við trog. Hann hefur, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, verið eitt helsta tæki og stundum nánast eina tæki stjórnarandstöðunnar til að gera sig gildandi og veita aðhald án þess að nokkuð annað komi á móti. Ég segi alveg hiklaust að ég er ósammála niðurstöðunni sem hér er lögð til í frv. Í henni er ekkert jafnvægi milli stjórnarandstöðu og meiri hluta vegna þess að það á að skera einhliða niður og takmarka rétt stjórnarandstöðunnar sem hefur falist í málfrelsinu án þess að nokkuð annað komi í staðinn. Ef við værum að tala um að í staðinn kæmu ákvæði sem tryggðu og treystu stöðu stjórnarandstöðunnar, t.d. þau að stjórnarandstaðan ætti á hverjum tíma forseta þingsins og a.m.k. helming af formönnum þingnefnda, þá værum við að tala um allt aðra hluti. Þá værum við að tala um tillögur sem tækju mið af því að raska ekki minni hlutanum í óhag, því takmarkaða valdajafnvægi sem hægt er að segja að sé við lýði hér.

Það verður að ræða þetta, herra forseti, eins og hlutirnir eru og á mannamáli. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr hefur óheftur ræðutími verið sá réttur sem hefur tryggt stjórnarandstöðu og minni hluta einhverja stöðu hér inni. Þá er ekki hægt að gelda hann með breytingum af þessu tagi, án þess að neitt annað komi í staðinn. Þá er bara verið að segja: Við ætlum að ganga enn lengra á þeirri braut en nú í að valta yfir minni hlutann. Því er ég andvígur, herra forseti, og mun ekki samþykkja það.

[14:32]

Flm. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um frv. Þær hafa verið málefnalegar. Ýmsar athugasemdir hafa komið fram, en svo sem engar beinar spurningar. En nokkur atriði sem hafa komið fram í máli manna vil ég gera örlítið að umtalsefni og tek það svona nokkurn veginn eftir röð eftir því hvað hver og einn hv. þm. sem hér hefur talað nefndi í máli sínu.

Hv. þm. Jón Kristjánsson gerði nokkuð að umtalsefni tillögur um nefndaskipanina og taldi þar eitt og annað til bóta en hafði efasemdir um tillöguna um fjármálanefndina og fleiri hv. þm. sem hér hafa talað hafa einnig nefnt þá tillögu.

Hv. þm. Jóni Kristjánssyni þótti ekki miklu plássi varið til að fjalla um ríkisstjórnina og það má rétt vera. En einhvern veginn sé ég ekki að það sé staðurinn til að fjalla sérstaklega um hvernig ríkisstjórn á að haga sér í sambandi við fjármálanefndina. Auðvitað hefur þingið síðasta orðið þegar kemur að afgreiðslu fjárlaganna, það er alveg ljóst og ræðst kannski ekkert við það þótt ríkisstjórn komi á einhverjum tíma eins og hv. þm. Jón Kristjánsson orðaði það, með milljarða tillögur á síðustu metrunum. Slíkt getur auðvitað orðið en það er þingsins að taka afstöðu til þess.

Aðeins nokkur orð varðandi nefndina. Í máli manna hafa komið fram efasemdir um að rétt sé að slá saman ákveðnum viðfangsefnum efh.- og viðskn., þ.e. skattamálunum og málefnum fjárln. og fjármálanefndarinnar eins og hún yrði. Það er deginum ljósara eins og hefur líka komið fram í máli nokkurra þingmanna að laga verður starfshætti nefndarinnar ef hún á að taka þessi viðfangsefni að sér. Það verður að laga starfshætti nefndarinnar eftir því, þ.e. umfjöllun hennar um skattamál yrði að fara fram á fyrri hluta almanaksársins, síðari hluta þings og síðan kæmu hin eiginlegu útgjaldamál til umfjöllunar á haustþingi. Þetta nefndi reyndar hv. þm. Jón Kristjánsson.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi að það væri mjög miður hversu seint frv. væri fram komið og svo hafa fleiri gert. Ég skil vel þá gagnrýni og mér þykir satt að segja vont hversu seint við erum með málið á ferðinni. Við þingmenn höfum verið að gagnrýna ríkisstjórn á hverjum tíma fyrir að koma seint fram með frv. sín. En ég bendi á að mér þykir þetta ekki vera alveg sambærilegt. Frv. sem flutt er af forsn. Alþingis hefur verið í undirbúningi á þriðja ár, hefur verið rætt, ekki innan stjórnarflokkanna heldur milli flokkanna í þinginu, fyrst og fremst í forsn. og við þingflokksformenn en eins og ég sagði í framsöguræðu minni hefði mér þótt betra að geta haft meira samráð við einstaka þingmenn en tókst.

Ég harma líka hversu seint við erum á ferðinni og ég geri mér alveg grein fyrir að málinu er stefnt í nokkra hættu miðað við starfsáætlun þingsins. Það verður þá að ráðast af viðtökum í nefndinni sem kjörin verður til þess að fara yfir þetta hvort þingið getur tekið afstöðu til málsins á þeim stutta tíma sem eftir lifir.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi einnig ræðutíma sem mér skildist að hún væri út af fyrir sig sammála að þyrfti að takmarka en þóttu fimm mínúturnar í síðari ræðu kannski of skammur tími. Það er að sjálfsögðu til athugunar í þingnefndinni hvort því eigi að breyta.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson, Kristín Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon hafa allir mikinn fyrirvara á tillögunum um ræðutímann og út af fyrir sig skil ég það vel. Ég undirstrika aðeins að verið er að takmarka ræðulengdina sem er ekki takmörkuð í gildandi þingsköpum við 2. og 3. umr. eða síðari umr. um þingsályktanir en þar er hins vegar takmarkaður ræðufjöldinn, í þessu frv. ekki. Menn kunna að hafa mismunandi skoðanir á því hvort kunni að vera betra ef við erum á annað borð að breyta þessu. Út af fyrir sig get ég verið nokkuð sammála því sem kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að betra væri að geta samið um þetta og vera ekki með þvingunarákvæði í þingskapalögum. Ég get alveg tekið undir að mér þætti það betra. Okkur hefur tekist þetta í einstaka tilvikum á fundum forseta og þingflokksformanna að semja um ræðutíma og það er nokkuð nýtt á síðari árum að það hafi tekist. Okkur hefur hins vegar ekki tekist að semja einhverjar heildarreglur eins og þekkist að ég hygg í sumum öðrum þingum.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi finnska þingið og það er rétt. Þar hafa menn komist að samkomulagi sem er mjög sjaldan rofið. Ef ég veit rétt var síðast það sem þeir kölluðu málþóf þegar finnska þingið var að ræða aðildina að ESB. Þá tók sú umræða einhverja daga, ég man ekki hve marga, hvort það voru tveir, þrír eða fjórir. Það var samt ekki meira. (**SJS:** Samkomulag um málþóf.) Já, það var samkomulag um að fara í málþóf, það má kannski orða það þannig. Okkur hefur ekki lánast þetta. Við höfum þurft að lengja þinghald frá því sem ætlað var allt upp í þrjár, fjórar vikur vegna þess að menn hafa haft svo mikið um að tala.

En þetta er eitt af því sem ég geri mér alveg grein fyrir að er viðkvæmasti hlutinn í þessu og verður að taka mjög til umfjöllunar í þingnefndinni.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi ýmis mál sem hefðu verið mikil deilumál í þinginu og tekið langan tíma. Þetta munum við öll. En öll þessi mál eiga það þó sameiginlegt að þau voru samþykkt í þinginu af meiri hluta þingmanna en þau tóku miklu lengri tíma en menn kannski höfðu ætlað. (Gripið fram í.) Það ættu þingmenn líka að athuga að þingmál sem flutt hafa verið af einstökum ráðherrum eða ríkisstjórn hafa oft og tíðum tekið grundvallarbreytingum í meðförum þingsins án þess að það hafi þurft langar ræður til. Það þekkja þingmenn mætavel. En ég legg aðeins áherslu á að mér þykir ekki eðlilegt að minni hluti þings geti beinlínis stöðvað mál vegna þess að hann sé óánægður með það og leiðin sem kann að vera til þess sé að halda ræður svo að dögum skiptir. Það þykir mér ákveðin ranghverfa á lýðræðinu. En nóg um ræðutímann. Mér er alveg ljóst að um þetta eru skiptar skoðanir og ég ítreka og legg áherslu á að nefndin reyni að finna þarna einhvern flöt sem gæti orðið meira samkomulag um en er einmitt um þá tillögu sem við setjum fram í frv. Fimm mínútur er ekki heilög tala í mínum huga, alls ekki. En að einhverri niðurstöðu þurfum við að komast.

Hv. þm. Hjálmar Árnason kom inn á ýmsa athyglisverða þætti í málflutningi sínum. Ýmislegt af því á svo sem ekki beint heima í þingskapalögum. Hann ræddi töluvert um startskjör og launakjör þingmanna sem á heima annars staðar en eru allt gagnlegar ábendingar. Vel má athuga þá hugmynd sem kom fram í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar að þingmál verði afgreidd innan einhvers tiltekins tíma. Þetta eru hugmyndir sem hafa áður komið upp og er sjálfsagt að athuga þær frekar.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir kom töluvert inn á nefndatillögurnar. Ég ætla aðeins að minnast á það mál sem hv. þm. flutti, 66. mál þingsins. Það er rétt sem hv. þm. sagði að við höfðum rætt um að bíða með umræðuna þar til þessi umræða færi fram og mér þykir leitt að málið skyldi ekki hafa verið tekið á dagskrá. Það eru mistök sem ég get tekið á mig.

Almennt um nefndirnar. Eins og ég sagði í framsöguræðu minni stend ég eða við flutningsmennirnir ekki fast á þessari skipan mála sem við setjum fram í frv. Vel má hugsa sér aðrar leiðir. Hér hafa menn nefnt t.d. að dóms- og menntamál eigi illa saman í einni og sömu nefndinni. Ég veit ekki hvort það á svo illa saman. Án þess að ég hafi skoðað það sérstaklega hef ég grun um að kannski séu einhverjir þingmenn sem eiga sæti í báðum þessum nefndum og út af fyrir sig er það ekki til þess að valda neinum sérstökum erfiðleikum og ég held að það eigi ekki að verða það þótt málaflokkunum verði skipað í eina og sömu nefndina. Hins vegar get ég vel viðurkennt að önnur skipan kann að vera heppilegri og hér hefur verið nefnt t.d., ég held að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi nefnt að dómsmálin ættu betur heima með stjórnlaganefndinni og ég get tekið undir það. Ég held að það sé eðlilegra. Kannski ættu umhverfismál eins vel heima með menntamálum eins og með samgöngumálum. Allt þetta sýnist mér alveg sjálfsagt að athuga í nefndinnin. Einnig það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi að við erum ekki endilega að halda okkur við það að nefndum verði fækkað í sjö. Það sem ég legg þó mesta áherslu á er að ef við næðum því marki sitja flestir þingmenn aðeins í einni nefnd og það held ég að sé grundvallaratriði og mesta keppikeflið.

Við höfum reynt að gera þetta þannig að störfum sé jafnað sem mest á milli nefnda en ég ætla ekki að halda því fram að við höfum hitt þar á bestu leiðina. Við þekkjum það af því að hér hefur sérstaklega verið talað um atvinnumálanefndina að það er mjög breytilegt frá einu þingi til annars hversu einstakar nefndir hafa haft mikið að gera. Stundum hefur lítið sem ekkert verið að gera í landbn., stundum lítið sem ekkert í iðnn. Önnur þing hafa þessar nefndir haft mjög veruleg viðfangsefni. Ég held að það mundi jafna álagið að slá þessum nefndum saman.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti sig mjög ósáttan með skipan forsætisnefndarinnar. Hann nefndi að fjórir stærstu flokkarnir ættu að eiga fulltrúa í forsætisnefnd. Þetta er alveg sjónarmið út af fyrir sig. Annaðhvort komum við okkur saman um þann fjölda sem eigi að vera í þingnefndum og þá ræðst það af niðurstöðum hinna almennu kosninga hversu margir fulltrúar koma fyrir hvert framboð eða hvern flokk á Alþingi. Við getum ekki búið til einhverja nýja reglu sem er í ósamræmi við niðurstöðu kosninganna. En þetta er önnur leið sem hv. þm. nefndi að fjórir stærstu flokkarnir ættu aðild að forsætisnefndinni. Ef ég veit rétt mun það þekkjast einhvers staðar. Ég hef samt ekki dæmið á takteinum.

Ég held að ég hafi komið við helstu þætti í þessu enda er tími minn svo sem búinn. Ég er hins vegar ekki alveg sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Mér fannst hann ekki leggja réttan skilning í málið og mér fannst hann segja að verið væri að veikja stjórnarandstöðuna. Það er ekki tilgangurinn. Ég bið hv. þm., af því að ég hef ekki tíma til að telja það upp, að líta á greinargerðina með frv. á bls. 16 og 17 þar sem ýmislegt er dregið fram sem er til þess að styrkja stöðu þingsins og þar með stjórnarandstöðunnar.

Ég ítreka svo þakkir mínar fyrir málefnalega og ágæta umræðu um frv.

[14:47]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki tekið mikinn þátt í þessari umræðu, enda hafa ágætir fulltrúar frá þingflokki óháðra túlkað sjónarmið sem ég tek almennt undir. Það er eitt atriði sem ég vildi koma að í andsvari og varðar 11. gr. um skipun í nefndir. Mér finnst það ekki að öllu leyti rétt hugsað sem hér er verið að gera, að leggja nefndir saman á þennan hátt. Það virðist gengið út frá þeirri hugsun að nefndir séu bara viðtakendur mála og þannig verði álagið mjög misjafnt. Auðvitað ræður kylfa kasti, ef svo má segja, hvað berst til nefnda frá þinginu hverju sinni en að mínu mati þyrftu þingnefndirnar að gera miklu meira af því að vinna sjálfstætt að málum á sínu sviði. Þar er sannarlega af nógu að taka. Mér finnst því að styrkja ætti þingsköpin í þá veru og ýta undir það að þingnefndir hefðu frumkvæði bæði við athugun mála og flutning mála eftir atvikum.

Hér var landbn. nefnd. Ætli það væri ekki eitthvað fyrir landbn. að gera ef hún tæki sig til og fylgdi því eitthvað eftir sem formaður nefndarinnar, hv. þm. Guðni Ágústsson, hefur verið að finna að. Af hverju hefur landbn. ekki sökkt sér niður í það mál og haft frumkvæði að tillögum og athugunum varðandi þennan málaflokk? Svo má lengi telja. Ég tel t.d. að umhvn. hefði ærið að gera eða þyrfti í rauninni að fara yfir samstarfið við viðkomandi ráðuneyti og fá Ríkisendurskoðun í lið með sér í athugun á þeim efnum, stjórnsýslu umhverfismálanna.

Að lokum, virðulegur forseti, er ein ábending af því að menn hafa verið að ræða um umhvn. og hvað félli að hennar sviði ef menn vildu sameina. Ég vil leyfa mér að nefna orkumál í því samhengi vegna þess hve þau eru í rauninni mjög umhverfistengd. Ég bendi á hvernig það er í Danmörku, þeir hafa að vísu annan auðlindagrunn en við, en þar eru umhverfis- og orkumál saman. Það fyndist mér vel til fallið.

[14:50]

Flm. (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef svo sem engar athugasemdir að gera við þetta andsvar hv. þm. Það er ekkert sem mælir á móti því að nefndir hafi frumkvæði um einstök mál og þær hafa raunverulega alveg sjálfstæði til þess og hafa raunar gert það.

Hin ábendingin um að orkumál og umhverfismál ættu vel saman í nefnd, ég get alveg tekið undir það. Mér finnst það vera vel athugandi í sambandi við nefndaskipanina, sem við munum athuga.

[14:51]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta fer að verða heimilislegt spjall eða orðaskipti á milli hæstv. forseta og þingflokks óháðra og kann ég ekki skýringar á hvers vegna mál hafa skipast þannig.

Ég fjallaði nokkuð í máli mínu um stöðu fjármálanefnd ar sem hér er lögð til í 11. gr. og sagði það sem skoðun mína að öll þau verkefni gætu því aðeins verið á forræði þeirrar nefndar að því væri þannig fyrir komið að nefndin fengi skattamál og efnahagsmál almennt fyrri hluta ársins, þ.e. síðari hluta hvers þings en fjallaði síðan um fjárlög á haustþingi.

Mér skilst að hið sama hafi komið fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni, sem er formaður fjárln., og hæstv. forseti, hv. 1. flm. þessa máls mun hafa tekið undir það í sínu máli en þá spyr ég líka: Hvernig í ósköpunum á að tryggja það að umfjöllun um skattamál verði á fyrri hluta árs? Hvernig á að hafa hemil á hæstv. ráðherrum og ríkisstjórn að þeir komi ekki með skattamál á haustþingi á síðustu dögum fyrir jól eins og iðulega hefur gerst?

Vegna þess að hv. þm. Ólafur G. Einarsson nefndi það í máli sínu að hann héldi að einhverjir þingmenn hefðu meira að segja setið í báðum þessum nefndum og það getað gengið, þá veit ég ekki til þess að svo hafi verið. Það vill hins vegar svo til að sú sem hér stendur hefur haft stöðu áheyrnarfulltrúa í efh.- og viðskn. og ég get upplýst að það var nánast ekki gerlegt að sinna því starfi á fyrri hluta þessa þings.

[14:53]

Flm. (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum, held ég, sammála um það ef þessi skipan verður á fjármálanefndinni að skipta verði þessum meginstörfum á fyrri hluta árs og síðari hluta árs. En hv. þm. spyr hvernig megi tryggja þetta.

Ég held að þar komi fyrst og fremst til kasta nefndarinnar sjálfrar hvernig hún ákveður að skipa sínum málum. Ég bendi á að sem fylgiskjal með frv. fylgja drög að starfsreglum fyrir fastanefndir, starfsreglum sem forsn. mundi á sínum tíma setja. Hér er aðeins lögð fram tillaga og þar má auðvitað koma fyrir ákvæðum sem ættu að tryggja að nefndir gætu sinnt starfi sínu eins og best mundi þá tryggja framgöngu mála, þar á meðal á hvaða tíma, í þessu tilviki fjármálanefndin, mundi sinna þessu tvíþætta hlutverki sínu. Ég sé ekki aðra leið en gera það í starfsreglum og með samþykkt nefndarinnar sjálfrar.

[14:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um stöðu minni hlutans og rétt hans eða réttindi. Auðvitað erum við sammála um það, ég og hæstv. forseti, að það gengur ekki að minni hluti komi að lokum í veg fyrir að meiri hlutinn fái pólitískan vilja sinn staðfestan eða lögfestan hér. En samt er það þannig og fram hjá því komumst við ekki að rétt eins hér inni og mjög víða annars staðar snýst þetta samt um að tryggja minni hlutanum tiltekna stöðu. Í því er lýðræðið eða málfrelsið í raun fólgið, eða hvað það er sem við erum að tala um, á sinn hátt vegna þess að meiri hlutinn hefur sitt fram og hann hefur sitt vald. Það liggur þannig.

Alveg eins er þetta hér í þinginu og kannski óvenjulega mikilvægt að menn komi sér niður á sanngjarnar leikreglur og að þarna finnist hæfilegt jafnvægi milli þess réttar og þeirrar stöðu sem minni hluta eða stjórnarandstöðu er tryggt annars vegar og svo hins að menn gangi ekki gegn hinum lýðræðislega vilja sem birtist í alþingiskosningum og tilteknum valdahlutföllum í landinu, meiri hluta og minni hluta. Að sjálfsögðu ekki.

Í öðru lagi um forsn. Ég nefndi sem eina hugmynd af nokkrum sem ég tel koma til greina til að tryggja þar einnig farsælt samstarf og jafnvægi, að t.d. fjórir stærstu þingflokkar ættu alltaf tryggan rétt á fulltrúum í forsn. og svo gætu menn eftir atvikum samið um afganginn eða haft einhverja skipan mála varðandi afganginn ef þingflokkarnir væru fleiri, þeir gætu t.d. skipst á um að eiga þarna áheyrnaraðild eða eitthvað því líkt. Alla vega er ljóst að það er ekki gott fyrirkomulag að hafa þetta í ósamkomulagi. Það sýnir reynslan. Ég minni hæstv. forseta á veturinn 1991–1992 eða 1992–1993 þegar

stjórnarandstaðan tók ekki þátt í störfum forsn. og það var hörmuleg reynsla af því.

Í þriðja lagi veit ég, herra forseti, að það er ekki tilgangurinn með þessu frv. að veikja stjórnarandstöðuna, það er mér ljóst, en ekki verður fram hjá því horft að þessar breytingar ganga í þá átt að takmarka verulega helsta tæki hennar, sem er málfrelsið, án þess að annað nægjanlega gilt komi í staðinn að mínu mati til að hægt sé að segja að sú tillögugerð sé í jafnvægi.

[14:57]

Flm. (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort okkur greinir svo mjög á um þetta atriði. Við erum áreiðanlega sammála um það að minni hlutinn getur ekki fengið þau réttindi að ganga á rétt meiri hlutans og það þarf að tryggja meiri hlutanum líka tiltekna stöðu. Ég er út af fyrir sig alveg sammála því. En við erum kannski ekki sammála um hversu langt á að ganga.

Við töluðum áðan um skipan forsn., að fjórir stærstu flokkarnir ættu fulltrúa í forsn. Ég held að það kunni kannski að vera svolítið erfitt að finna einhvern algildan sannleika í þessu eða reglu sem alltaf gengur upp. Ég get sagt strax að mér þætti ekkert eðlilegt ef fjórir flokkar væru á þingi og einn þeirra væri langminnstur, kannski bara með þrjá fulltrúa, þá sýnist mér það ekki liggja á borðinu að mesta réttlætið væri fólgið í því að vegna þess að reglurnar væru þannig að fjórir flokkar skyldu eiga fulltrúa, að þá væri það svo.

Ég er heldur ekki, af því að ég kom því ekki að áðan, sammála því sem hv. þm. sagði í ræðu sinni og kemur inn á þetta andsvar líka, að út af fyrir sig væri eitthvert réttlæti fólgið í því að stjórnarandstaðan ætti alltaf forseta þingsins og að stjórnarandstaðan ættu helming formanna fastanefnda. Ég hef miklar efasemdir um það ef við settum slíka reglu. Það hlýtur að fara eftir því hversu miklu munar á stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum. Það væri mjög einkennileg staða ef stjórnarandstæðingar væru kannski einhver lítill hluti þingsins, sem vel getur orðið, en ættu engu að síður helminginn af nefndaformönnum. Ég veit ekki hvort hv. þm. meinti þetta svona bókstaflega. En ég segi þetta bara til þess að undirstrika að það kann að vera erfitt að setja einhverja slíka fasta reglu í þingsköp.

[14:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta sé eiginlega spurning um út frá hvaða viðhorfum við nálgumst þetta viðfangsefni, eins og t.d. skipan forsn. Hvort við erum að tala um að hún eigi í rauninni að vera hlutfallslega skipað tæki í þinginu eða að hún eigi að vera samstarfsvettvangur þeirra aðila sem hér vinna. Það er mín hugsun. Og þingflokkarnir eru ákveðin starfsleg og skipulagsleg eining, tæki í þinginu, burt séð frá stærð sinni þá er það þannig. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að þeir eigi sér eftir því sem kostur er fulltrúa í forsn. og/eða annars staðar þar sem samráð fer fram um skipulagningu starfanna hér inni. Og þá finnst mér ekki eiga að skipta öllu máli hvort einn á 20 þingmenn og annar fimm eða hvaða hlutföll þarna eru á ferðinni, ef við nálgumst málið svona. Ef við nálgumst það frá hinum sjónarhólnum, þá getur vel farið svo að stærsti flokkurinn nái tveimur eða jafnvel þremur í þessari nefnd. Og er það mjög gáfulegt skipulag að fulltrúar eins þingflokksins sitji þarna hver ofan á öðrum, ef svo má að orði komast, en svo séu tveir eða þrír þingflokkar úti og eigi enga aðild að þessum vettvangi þar sem störfin eru skipulögð? Ég nálgast þetta út frá þessu.

Varðandi forsetann er mín hugsun sú að ef stjórnarandstaðan á hverjum tíma, minni hlutinn, væri styrkt með því að hún legði þinginu til forseta, þá felst í því ákveðið jafnvægi, ákveðið fyrirkomulag sem kallar á samstarf og samráð milli t.d. ríkisstjórnar, framkvæmdarvalds annars vegar og þingsins hins vegar um skipulag starfanna og framgang mála. Að sjálfsögðu ræður meiri hlutinn áfram efnislegri niðurstöðu mála. En þegar kemur að skipulagningu starfanna, þá mundi þetta sjálfkrafa kalla fram samráð um störfin og sterkari stöðu þingsins í samskiptum við framkvæmdarvaldið. Svipuð var hugsun mín um þingnefndirnar. Það kann vel að vera að það gæti skapað vanda að lögfesta það hlutfall en þó að það réðist að einhverju leyti af styrkleikahlutföllum þá væri réttur stjórnarandstöðunnar eða minni hlutans til ákveðinnar stöðu þarna lögfestur. Það er það sem ég er að hugsa um.

[15:02]

Flm. (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get lýst þeirri skoðun minni að mér þykir eðlilegra að forsn. sé kosin hlutfallskosningu í þinginu. Ég bendi bara á í sambandi við þetta frv. að við erum að ganga lengra en áður í áhrifum þingflokka. Það er gert ráð fyrir meira samráði við þingflokka þar sem þeir koma að málum burt séð frá stærð þeirra. Það er eitt sem er áhersluatriði í frv. og þingflokkar yfirleitt frá aukið hlutverk. Það held ég að sé af hinu góða og við erum áreiðanlega sammála um það.

Það hafa orðið breytingar á undangengnum árum í þessum efnum. Ég er það gamall að ég man þá tíð að stjórnarandstæðingar áttu alls enga aðild að forsn. þingsins sem hét að vísu ekki forsætisnefnd meðan þingið var deildaskipt. Þá voru aðalforsetar og tveir varaforsetar í hvorri deildinni fyrir sig og í sameinuðu þingi og þeir komu allir og ævinlega frá stjórnarmeirihlutanum hverju sinni. Það var ekki fyrr en 1971 sem það breyttist og þá bauð páv. ríkisstjórn af rausn sinni páv. stjórnarandstöðu að þiggja allra náðarsamlegast fyrri varaforsetana í deildum og sameinuðu þingi. **(SJS:** Vinstri stjórn?) Jú, það var vinstri stjórn. Það er alveg rétt. Það var stjórn Ólafs Jóhannessonar sem bauð þetta og það boð var þegið. Síðan hefur það verið í gildi, en tók svo aftur breytingum við breytinguna 1991. En það er rétt hjá hv. þm. að páv. stjórnarandstaða, 1991, þáði ekki að eiga aðild að forsn. þingsins. Og það var ekki gott. Við erum áreiðanlega sammála um það. En ég held að þingforseti verði að vera kjörinn í atkvæðagreiðslu. Það gæti vel svo farið eins og hefur gerst í öðrum þingum að hann komi þá frá stjórnarandstöðu. Ég minni þar á breska þingið og danska þingið núna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:04]

Útbýting þingskjals:

Fjölgun starfa á vegum ríkisins á landsbyggðinni, 558. mál, fsp. SJS, þskj. 904.

Verðbréfasjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (innlendir sjóðir). — Þskj. 251, nál. 895, brtt. 896.

[15:05]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum. Það er á þskj. 895, en brtt. eru á þskj. 896.

Með frumvarpinu er lagt til að unnt verði að stofna verðbréfasjóði sem eingöngu verði markaðssettir hér á landi og hafi meira svigrúm til fjárfestinga en felast í hinum ströngu ákvæðum verðbréfasjóðatilskipunar ESB.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með smávægilegum breytingum í 5. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins sem kveða á um að það sé alveg skýrt hvernig að þessu skuli staðið.

Undir þetta nál. skrifa allir nefndarmenn efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Ágúst Einarsson, Steingrímur J. Sigfússon, Einar Oddur Kristjánsson, Árni R. Árnason, Valgerður Sverrisdóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnlaugur M. Sigmundsson og Sigríður Jóhannesdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 2. umr.

Stjfrv., 323. mál (heildarlög). — Þskj. 390, nál. 898, brtt. 899.

[15:07]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um Lífeyrissjóð bænda. Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði heildarlög um starfsemi Lífeyrissjóðs bænda. Er þeim að meginefni ætlað að laga starfsemi sjóðsins að ákvæðum laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þó nokkrum breytingum í tíu liðum.

Fyrsti liðurinn fjallar um að sjóðstjórn sé skylt að veita maka bónda sem er ekki aðili að búrekstri undanþágu frá sjóðsaðild að Lífeyrissjóði bænda o.s.frv. Þetta er ólítil breyting frá því sem segir í upphaflega frv., en þar segir einmitt að „sjóðstjórn sé heimilt". Við töldum rétt að hafa þetta alveg skýrt þannig að ekkert færi á milli mála.

Lagðar eru til lagfæringar á frumvarpinu varðandi hugtakanotkun. Þessar breytingar miða að því að tryggja að einstaklingar í óvígðri sambúð og staðfestri samvist njóti sambærilegra réttinda og fólk í hjónabandi, samanber breytingar sem við höfum verið að gera á undanförnum árum

Þriðja breytingin er smávægileg. Hún er einföldun á textum.

Fjórða breytingin er það líka. Það eru bara lagfæringar, svo og fimmta. Þar er bara kveðið nánar á um það hvað átt er við með „næsta mánuð" þannig að það fari ekkert á milli mála þegar verið er að ræða um launatímabil.

Í sjöttu breytingunni er lagt til að viðmiðunarfjárhæðir í 6. og 13. gr. frumvarpsins hækki til samræmis við þá breytingu sem varð hjá almennu lífeyrissjóðunum þegar þeir breyttu viðmiðun sinni úr lánskjaravísitölu í vísitölu neysluverðs.

Varðandi sjöundu breytinguna þá töldum við rétt að breyta orðalagi 21. gr. frv. en þar segir svo í frumvarpstextanum, með leyfi forseta:

„Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir heildarskuldbindingum skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, lækka lífeyrisréttindi og lífeyrisgreiðslur, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta hag sjóðsins."

Við teljum rétt að breyta 21. gr. í þá veru að stjórnin geti eingöngu breytt lífeyrisgreiðslum með því móti að fara niður í lágmarksréttindi samkvæmt lögunum en ef gera þarf frekari breytingar þá þurfa menn að standa fyrir breytingum á lagatextanum.

Í áttunda lagi er gert ráð fyrir breytingu á 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða. Í ljós kom nú um áramótin að lífeyrir lækkaði vegna lækkunar vísitölu frá júlí 1998 til janúar 1999 og því þykir rétt að breyta orðalagi málsgreinarinnar til að réttindi eldri sjóðfélaga verði ekki skert.

Í níunda lagi er um að ræða breytingu á dagsetningu gildistöku. Upphaflega var gert ráð fyrir því í frv. að það tæki gildi 1. janúar 1999 en hér göngum við út frá því að þessi lagabreyting eigi sér stað 1. júlí 1999.

Tíunda breytingin leiðir svo af þessari dagsetningarbreytingu.

Gunnlaugur M. Sigmundsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Undir nál. skrifa hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Ágúst Einarsson, Steingrímur J. Sigfússon, Valgerður Sverrisdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Svavar Gestsson og Pétur H. Blöndal með fyrirvara.

[15:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég stend að þeir breytingum sem hv. efh.- og viðskn. gerir á frv. en er með fyrirvara að því leyti að ég hyggst og hugðist flytja brtt. við frv. Því miður náðist það ekki fram fyrir þessa umræðu en ég hyggst flytja hana við 3. umr. Hún snýr að tveimur atriðum aðallega.

Það varðar í fyrsta lagi eign sjóðsins. Ég vil kveða skýrt á um að sjóðurinn sé eign sjóðfélaga, þ.e. bænda. Ég get ekki séð hver aðili annar eigi þennan sjóð, sérstaklega þegar haft er í huga að bændur greiða bæði iðgjald launagreiðenda og atvinnurekenda í sjóðinn. Þá felst í þessu að senda bændum yfirlit yfir eign sína einu sinni á ári.

Þá finnst mér líka skorta á að lýðræði sé í sjóðnum. Stjórn sjóðsins er skipuð fólki sem er í ósköp litlum tengslum við samtök bænda og í enn minni tengslum við bændur sjálfa. Ég treysti einstaklingum það vel til að fara með sín fjármál að ég vil að sjóðfélagar almennt kjósi stjórn sinna lífeyrissjóða.

Herra forseti. Aðalvandi lífeyriskerfisins sem ég verð að geta um í þessu sambandi er að það veitir ekki réttindi háð aldri og kyni. Þar af leiðandi eru sjóðir þar sem er gamalt fólk mjög illa settir eingöngu þess vegna, burt séð frá ávöxtun sjóðsins og kostnaði við rekstur hans. Þetta er vandi sem menn hafa ekki leyst en leiðir til þess að fólk sem er skyldað með lögum til að greiða í sjóði þar sem er mikið af ungu fólki fær í framtíðinni betri rétt en hinir sem skyldaðir eru til að borga í lífeyrissjóði þar sem eingöngu er eldra fólk. Þetta er ákaflega óréttlátt og gengur hreinlega ekki upp. Þennan vanda hafa menn ekki leyst enn þá. Það hefur ekki verið

tekið á honum. Sumir sjóðirnir eru farnir að bæta réttindi sín á meðan aðrir munu þurfa að skerða þau. Þetta eru hlutir sem menn þurfa að hugleiða.

Annar vandi sem steðjar að lífeyriskerfinu er að markaðsvextir fara nú lækkandi. Þeir eru núna að nálgast þau 3,5% sem lífeyrissjóðirnir byggja á og menn þurfa virkilega að huga að því þegar þeir vextir fara niður fyrir 3,5% því að þá steðjar mikill vandi að lífeyrissjóðakerfinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsemi kauphalla, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 529. mál (yfirtökutilboð o.fl.). — Þskj. 849.

[15:15]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Efh.- og viðskn. þingsins flytur þetta mál. Þetta er mjög lítið frv., aðeins í fjórum greinum.

1. gr. skýrir sig reyndar alveg sjálf. Þar er að finna tillögu um að tekið verði tillit til þeirrar breytingar sem varð 1. janúar 1999 við stofnun Myntbandalags Evrópu en frá þeim tíma hefur evran tekið við af evrópsku mynteiningunni.

2. gr. frv. svo og reyndar sú 4. fjalla um smávægilegar breytingar við undirbúning á reglum á grundvelli laga. Hefur komið í ljós að það mun auðvelda Verðbréfaþingi Íslands að fylgjast með ýmsum reglum af því tagi sem um er að ræða ef bein fyrirmæli eru í reglum sem stjórnvöld hafa sett um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöllum. Þetta er til þess að auðvelda þá starfsemi.

3. gr. er til komin vegna mistaka sem áttu sér stað. Þegar frv. til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða var lagt fram á 122. löggjafarþingi. árið 1997 var gerð tillaga í 19. gr. að skylda til þess að gera yfirtökutilboð miðist við 33 1/3% atkvæðisréttar samkvæmt nánari ákvæðum frv., samanber lög nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla.

Við umfjöllun málsins í efh.- og viðskn. var framangreind viðmiðun breytt í 50%, það yrði að hafa 50% atkvæða til slíkrar yfirtöku, samanber ákvæði í 19. gr. Hins vegar láðist að gera samsvarandi breytingu í 4. tölul. 19. gr. við endanlega afgreiðslu nefndarinnar og var því frv. samþykkt með upphaflegu viðmiðunarmarki, þ.e. 33 1/3%. Nauðsynlegt er að lagfæra frv. að þessu leyti og um það fjallar 3. gr. þessa litla frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald, 2. umr.

Stjfrv., 537. mál (kranar). — Þskj. 861, nál. 897.

[15:18]

Frsm. efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Nefndin leggur til að breyta tollskrárnúmerum varðandi kranabíla og skráningu slíkra tækja. Það er til samræmis við það sem gert hefur verið á undanförnum árum að fella niður þá tolla. Í frv. er gert ráð fyrir að þeir verði felldir niður á kranabílum og eru þetta ein tíu tollskrárnúmer. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, Steingrímur J. Sigfússon, Valgerður Sverrisdóttir, Árni R. Árnason, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Pétur H. Blöndal, Sigríður Jóhannesdóttir, Einar Oddur Kristjánsson og Ágúst Einarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, 2. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 330, nál. 900, brtt. 901.

[15:19]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 900 ásamt meðfylgjandi brtt. Það er um frv. til laga um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum.

Frumvarpið felur í sér endurskoðun gildandi laga um skipulag fólksflutninga með langferðabifreiðum, með síðari breytingum. Meginbreytingin sem í frumvarpinu felst snýr að útgáfu leyfa en gert er ráð fyrir því að Vegagerðin annist útgáfu leyfa til fólksflutninga með hópferðabifreiðum í stað samgönguráðuneytis. Á þann hátt er umsækjanda tryggður réttur til málskots til æðra stjórnvalds ef hann sættir sig ekki við afgreiðslu umsóknar. Þá er gert ráð fyrir að Vegagerðin annist eftirlit með fólksflutningum. Jafnframt er gert ráð fyrir að nú þurfi leyfi Vegagerðarinnar til allra fólksflutninga með hópferðabifreiðum ef gjald kemur fyrir aksturinn. Til viðbótar því leyfi þarf svo að sækja sérstaklega um önnur leyfi, t.d. sérleyfi, einkaleyfi eða leyfi til fólksflutninga með sérútbúnum bifreiðum.

Vegna fram kominna athugasemda við 5. gr. frumvarpsins telur samgöngunefnd rétt að ítreka að gildissvið frumvarpsins tekur ekki til leigubifreiða í kaupstöðum og mun því ekki hafa áhrif á starfsemi þeirra. Jafnframt telur nefndin rétt að árétta að 9. gr. frumvarpsins, sem geymir ákvæði um sérstakt leyfi til aksturs sérútbúinna bifreiða, felur ekki í sér heimild til hefðbundins aksturs leigubifreiða. Það nýmæli felst í 9. gr. að eftir gildistöku laganna verður öllum sem flytja ferðamenn um óbyggðir landsins skylt að hafa almennt leyfi til fólksflutninga skv. 3. gr. auk þess sérstaka leyfis sem mælt er fyrir um í 9. gr.

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ekkert leyfi þurfi til flutnings í eigin þágu. Ákvæði þetta var sett inn í frumvarpið til áréttingar um að ekkert leyfi þurfi til slíks aksturs þótt hann falli að jafnaði utan við gildissvið laganna.

Eitt af skilyrðum fyrir útgáfu leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins er að umsækjandi þarf að fullnægja skilyrðum um starfshæfni. Til skýringar vill nefndin taka fram að með því er m.a. átt við að umsækjendur geta þurft að sækja námskeið og uppfylla önnur skilyrði um kunnáttu áður en þeir fá leyfi úthlutað.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingartillögurnar fela almennt séð ekki í sér verulegar efnisbreytingar heldur er orðalag víða fært til betri vegar, skipulag texta lagfært, kaflaheiti tekin út og fyrirsagnir lagfærðar.

Undir þetta nál. rita auk formanns og framsögumanns hv. þm. Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Ragnar Arnalds, Magnús Stefánsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Kristján Pálsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag ferðamála, 2. umr.

Stjfrv., 361. mál (skipan Ferðamálaráðs). — Þskj. 497, nál. 857.

[15:22]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 857 um frv. til laga um breytingu á lögum um skipan ferðamála.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á skipan Ferðamálaráðs þannig að fulltrúum í ráðinu verði fækkað úr 23 í sjö og framkvæmdastjórn þess lögð niður í kjölfarið. Fjöldi fulltrúa í ráðinu hefur hefur gert störf Ferðamálaráðs þung í vöfum og því mikið hvílt á framkvæmdastjórninni. Með breytingunni er þess vænst að ráðið verði skilvirkara en verið hefur. Komið hefur fram gagnrýni á að Ferðamálaráði sé einungis skylt að halda einn fund á ári en í 2. mgr. 3. gr. laga um skipulag ferðamála er kveðið á um að í janúar ár hvert skuli halda fund og afgreiða fjárhagsáætlun ársins en aðrir fundir skuli haldnir samkvæmt ákvörðun ráðsins eða framkvæmdastjórnar. Frumvarpið gerir ráð fyrir óbreyttri tilhögun þannig að Ferðamálaráð ákveður hvenær fundir skulu haldnir og hversu oft. Nefndin telur ekki rétt að lögbinda ákveðinn lágmarksfjölda funda en gengur út frá því að nýskipað Ferðamálaráð muni funda reglulega og eins oft og þurfa þykir svo það megi fullnægja hlutverki sínu skv. 7. gr. laganna.

Í ljós kom við meðferð málsins að um þetta mál virðist vera allgóð samstaða og hv. samgn. mælir með samþykkt þess.

Undir nál. rita auk formanns og framsögumanns hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Ragnar Arnalds, Árni Johnsen, Magnús Stefánsson og Kristján Pálsson. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, 1. umr.

Frv. BH o.fl., 261. mál (rökstuðningur uppsagnar). — Þskj. 299.

[15:24]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir.

Í frumvarpi þessu er lagt til að atvinnurekendum verði skylt að rökstyðja uppsögn starfsmanns, óski starfsmaðurinn eftir því. Skal uppsögnin rökstudd skriflega og tilgreindar ástæður hennar. Breyting þessi er í samræmi við það sem kveðið er á um í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, sbr. tillögu nr. 166 um sama efni, og er sú samþykkt og tillagan jafnframt fylgiskjal með frv. Samþykkt nr. 158 tekur reyndar til fleiri þátta starfsöryggis en í þessu frv. er einn þeirra tekinn út og lagt til að hann verði lögfestur.

Þá er rétt að taka fram að sú sem hér stendur hefur ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur tvívegis lagt fram till. til þál. um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158 um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda og er sú tillaga nú til meðferðar í hv. félmn. en svo virðist að ekki sé pólitískur vilji af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til að afgreiða málið og tel ég það vera miður.

Frv. því sem hér er mælt fyrir er ætlað að rétta stöðu íslensks launafólks lítillega hvað varðar leikreglur við uppsagnir, en þær eru mjög bágbornar ef við berum okkur saman við t.d. Norðurlandaþjóðirnar og reyndar margar aðrar þjóðir.

Hér er dreginn út einn þáttur samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158 sem má annars skipta í þrjá þætti, en sá fyrsti þeirra felst í því að atvinnurekanda er gert skylt að rökstyðja uppsögn starfsmanns ef eftir því er óskað. Sá þáttur er dreginn út í þessu frv. Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar tekur reyndar líka til fleiri þátta því að m.a. felur hún í sér að starfsmanni skuli ekki sagt upp nema til þess sé gild ástæða í sambandi við hæfni eða hegðun starfsmanns eða hún byggist á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar og að auki kveður samþykktin á um tiltekið málsmeðferðarkerfi sem starfsmaður á rétt á við uppsögn.

Hér er einungis lagt til að fólk eigi rétt á því að uppsögnin sé rökstudd ef eftir því er óskað. Það skal skýrt tekið fram að hér er ekki um að ræða skyldu til rökstuðnings í öllum tilvikum heldur einungis ef starfsmaðurinn óskar eftir því. Sé það vilji hans getur hann fengið skriflegan rökstuðning fyrir uppsögninni. Viðkomandi starfsmaður metur það síðan á eigin forsendum á hvern hátt hann vill bregðast við þeim rökstuðningi.

Verði frv. að lögum getur það haft verulega þýðingu varðandi beitingu 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, en sú grein kveður á um að allir skuli jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Í þessari grein stjórnarskrárinnar, sem jafnan er kölluð jafnræðisregla stjórnarskrárinnar, er einnig ákvæði um að karlar og konur skuli njóta jafns réttar í hvívetna og starfsmaður sem telur sér hafa verið sagt upp á grundvelli kynferðis ætti auðveldara með sönnunarbyrði í slíku máli ef ákvæði um skriflegan rökstuðning uppsagnar er lögfest. Sama ætti reyndar líka við ef reynir á 4. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Hún kveður á um að atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda sé óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum eða vinnudeilum

með uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn, fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

Það verður að segjast eins og er að beiting þessarar reglu, 4. gr. laganna um stéttarfélög og vinnudeilur, hefur reynst svolítið erfið í framkvæmd vegna þess að ekki er fyrir hendi skylda til að rökstyðja uppsögn þannig að atvinnurekandi getur eftir því sem honum hentar sagt fólki upp án þess að gefa upp nokkrar skýringar fyrir því og þær mega meira að segja vera annarlegar ef atvinnurekanda hentar að gefa upp skýringu á því, t.d. að maðurinn sé einfaldlega leiðinlegur eða honum líki ekki við hann. Því miður koma upp einstaka dæmi um það annað slagið. Þessu frv. er m.a. ætlað að verja launafólk fyrir slíkri óréttlátri uppsögn ef svo má orða það.

Með breytingu þessari er auk þess verið að jafna ákveðinn aðstöðumun sem verið hefur á milli opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa á almennum vinnumarkaði, því að skv. 44. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er skylt að rökstyðja uppsögn skriflega óski starfsmaður þess. Þá er líka höfð til hliðsjónar samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111, um misrétti í sambandi við atvinnu eða starf, sem jafnframt er fylgiskjal með frv. Breytingin er því í anda þeirrar samþykktar sem Ísland fullgilti á sínum tíma. Þetta er samþykkt frá 1963. Því erum við bundin af þeirri samþykkt og þessi lagabreyting, þetta frv., er í raun og veru til þess gerð m.a. að styrkja þá samþykkt í sessi. Og eins og ég sagði áðan, til að jafna aðstöðumun á milli starfsmanna ríkisins annars vegar og hins vegar starfsmanna á almennum vinnumarkaði.

Í samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, er með hugtakinu „misrétti" átt við hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi, er byggist á kynþætti, litarhætti, kynferði, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðun, þjóðernislegum eða félagslegum uppruna, og hefur í för með sér brottfall eða skerðingu á jafnrétti með tilliti til möguleika eða meðhöndlunar í atvinnu eða starfi.

Hugtakið „misrétti" tekur líka til sérhvers annars mismunar, útilokunar eða forréttinda, sem hefur í för með sér brottfall eða skerðingu á jafnrétti með tilliti til möguleika eða meðhöndlunar í vinnu eða starfi, eftir því sem hlutaðeigandi aðildarríki kann að hafa ákveðið að höfðu samráði við fulltrúa aðalsamtaka verkamanna og atvinnurekenda, þar sem þau eru, og aðra aðila, sem við á.

Hvers konar mismunur, útilokun eða forréttindi varðandi tiltekið starf, sem byggist á kröfum þeim, sem því starfi fylgja, skal ekki teljast misrétti samkvæmt skilningi samþykktarinnar.

Það má líka taka fram að hvert það aðildarríki, sem bundið er af samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 111, undirgengst að það skuli með þeim aðferðum sem henta þjóðlegum aðstæðum og venju, setja þau lög og efla þess konar fræðslukerfi sem telja má að tryggi viðurkenningu og framkvæmd þeirrar stefnu sem birtist í samþykktinni. Það verður að segjast eins og er að við Íslendingar höfum kannski ekki staðið okkur sem skyldi hvað varðar þær skuldbindingar sem við höfum tekist á hendur með aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni. Ég hef margoft vakið á því athygli hér hversu illa við höfum staðið okkur í fullgildingu samþykktanna. Þar erum við mikill eftirbátur t.d. Norðurlandaþjóðanna. Einnig tel ég að ekki sé nægilega vel staðið að framkvæmd þeirra allra. Vil ég benda á þessa samþykkt nr. 111 sem dæmi um það. Það er ekki nægilega tryggt að fólki sé ekki mismunað í sambandi við uppsögn á íslenskum vinnumarkaði. Ég tel að grundvallaratriði til að bæta úr því sé að starfsmaður eigi a.m.k. rétt á skýringum þegar honum er sagt upp starfi og að það séu lágmarksréttindi til þess að tryggja að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar og þessi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sé virt.

Herra forseti. Að lokum vil ég leggja til að máli þessu verði vísað til hv. félmn. og vona svo sannarlega að það fái þar farsæla og fljóta afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 1. umr.

Frv. BH o.fl., 311. mál (ráðningartími héraðspresta). — Þskj. 372.

[15:34]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Aðrir flutningsmenn eru hv. þingmenn Guðmundur Árni Stefánsson og Hjálmar Jónsson.

Með frumvarpi þessu er lagt til að héraðsprestar íslensku þjóðkirkjunnar séu ráðnir til fimm ára í senn til samræmis við það sem gildir um sóknarpresta og presta almennt samkvæmt lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Ekki verður séð að sérstök rök hnígi til þess að hafa aðrar reglur um héraðspresta, en samkvæmt lögunum eins og þau eru í dag er ráðningartími þeirra allt að þremur árum í senn. Á kirkjuþingi árið 1997 var samþykkt að leggja til að ráðningartími héraðspresta væri allt að fimm árum í senn, en hér er lagt til að hann skuli vera fimm ár í senn til samræmis við 2. mgr. 40. gr. laganna um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Það virðist svo, herra forseti, að við afgreiðslu laganna um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar frá 1997 hafi Alþingi yfirsést að færa ákvæði um ráðningartíma héraðspresta til samræmis við það sem gert var um aðra presta, þ.e. að hann yrði fimm ár í samræmi við lögin um opinbera starfsmenn og þær reglur sem um það gilda, en þær voru samræmdar þannig að ráðningartíminn er almennt fimm ár. Héraðsprestar eru ekki mjög hávær þrýstihópur. Þeir eru aðeins fjórir á landinu öllu og þess vegna er mjög óeðlilegt að þeir séu ekki með sama ráðningartíma og allir aðrir prestar sem búa við það að vera ráðnir til fimm ára.

Eins og hér var tekið fram áðan liggur vilji kirkjuþings fyrir, þ.e. ályktun kirkjuþings frá 1997 þar sem talað er um fimm ára ráðningartímann. Þessi breyting hefur hins vegar ekki verið lögð fyrir Alþingi enn. En hér með er lagt til að þetta verði lagfært.

Þá er einnig rétt að taka fram, herra forseti, að ég hef leitað eftir áliti Biskupsstofu. Lögfræðingur Biskupsstofu hefur tjáð mér að almennur vilji sé fyrir því innan kirkjunnar að þessi breyting verði gerð og þetta verði samræmt því sem gildir um aðra presta. Hann telur að full sátt sé innan kirkjunnar um þetta mál. Þá hef ég líka haft samband við formann Prestafélags Íslands og formann Prófastafélagsins og fulltrúi héraðspresta hefur haft samband við mig og það virðist vera sem það sé skilningur og vilji allra innan kirkjunnar a.m.k.

að þetta verði lagfært. (**Gripið fram í:** Blessað í bak og fyrir.) Blessað í bak og fyrir eins og hv. þm. segir.

Ég legg því til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til hv. allshn. til afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:37]

[15:59]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 351. mál, nál. allshn., þskj. 913.

Áfengislög, 561. mál, frv. allshn., þskj. 908.

Eftirlit með útlendingum, 512. mál, nál. allshn., þskj. 915.

Fangelsi og fangavist, 350. mál, nál. allshn., þskj. 911; brtt. allshn., þskj. 912.

Ríkislögmaður, 476. mál, nál. allshn., þskj. 914.

Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, 230. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 910.

Vopnalög, 562. mál, frv. allshn., þskj. 909.

Búnaðarfræðsla, 1. umr.

Stjfrv., 546. mál (heildarlög). — Þskj. 871.

[16:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um búnaðarfræðslu. Þessi lagabálkur tekur á búnaðarfræðslunni í landinu og er saminn í nánu samráði við forsvarsmenn bændaskólanna og Garðyrkjuskólans.

Til greina kom að færa búnaðarfræðsluna undir menntmrn. en ekki varð það að ráði og ræður þar mestu að viðfangsefni menntastofnana landbúnaðarins er mun víðtækara en skólastofnana almennt og með því að halda áfram tengslum við landbrn. er tekið tillit til þeirrar sérstöðu. Þá var og talið auðveldara að skipuleggja námsframboð skólanna, bæði búnaðarnám og búvísindanám í samræmi við annað nám á sömu skólastigum, en að laga aðra starfsemi stofnananna að hinu almenna skólaumhverfi. Þá má einnig benda á að með núverandi skipulagi skapast náin samstaða milli skóla og atvinnuvegar og bein þátttaka atvinnuvegarins er á allan hátt auðveldari og sjálfsagðari.

Jafnframt er gert ráð fyrir að landbúnaðarráðherra beri ábyrgð á því að gæði menntunar þeirrar sem skólarnir veita sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um það efni til annarra sambærilegra skóla samkvæmt lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og lögum nr. 136/1997, um háskóla.

Á síðustu árum hafa einnig komið fram ýmsar hugmyndir um að sameina búnaðarskólana í eina stofnun. Í frumvarpi þessu er hins vegar farin sú leið að starfrækja skólana áfram sem þrjár sjálfstæðar stofnanir undir samheitinu menntastofnanir landbúnaðarins. Um þá ákvörðun réðu mestu tengsl þessara stofnana, Bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum, við þau byggðarlög sem þær starfa í og einnig tengsl þeirra við hinar dreifðu byggðir landsins. Skólarnir eru hver um sig stærstu vinnuveitendur í dreifbýli hver í sínu byggðarlagi og við þá starfar mikill fjöldi háskólamenntaðs fólks sem hefur kosið að starfa og búa í dreifbýli. Við alla skólana fer fram öflug starfsemi á sviði fræðslu, rannsókna og þjónustu en starfsemi þeirra skarast að öðru leyti ekki mikið þar sem þeir starfa ekki að sömu verkefnum nema að litlu leyti.

Til þess að tryggja samræmingu í skipulagningu náms og námsframboði, svo og annarri starfsemi þessara stofnana er hins vegar farin sú leið að stofna og starfrækja sérstakt búfræðsluráð, skipað fulltrúum stofnananna, menntamálaráðherra, landbúnaðarráðherra, búnaðarþings og búfræðikennara. Búfræðsluráðið hefur það meginhlutverk að marka heildarstefnu í búfræðslumálum og vera samræmingaraðili fyrir menntastofnanir landbúnaðarins í heild um ýmis atriði er varða búfræðslunámið. Jafnframt er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að við allar menntastofnanir landbúnaðarins verði stundaðar rannsóknir sem verði skipulagðar með öðrum rannsóknum á sviði landbúnaðar og landnýtingar í landinu.

Í frumvarpinu er einungis kveðið á um grundvallaratriði í stjórnskipulagi menntastofnana landbúnaðarins en gert er ráð fyrir að yfirstjórn hvers skóla taki nánari ákvarðanir um starfsemi stofnananna að öðru leyti, eftir atvikum með samþykki búfræðsluráðs og/eða landbúnaðarráðherra.

Ljóst þykir að núgildandi löggjöf um búnaðarfræðslu fellur heldur ekki lengur að nýrri og breyttri löggjöf um framhaldsskóla og háskóla en miklar breytingar hafa orðið á þeirri löggjöf síðan búnaðarfræðslulögin voru sett. Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og lögum nr. 136/1997, um háskóla. Hefur verið leitast við að aðlaga ákvæði frumvarpsins framangreindum lögum eins og frekast er unnt, þó með þeim áherslum sem leiðir af sérstöðu þeirra.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

1. Lagt er til að ákvæði laga um búnaðarnám og garðyrkjunám verði samræmd í einni löggjöf um búnaðarfræðslu er taki til menntastofnana landbúnaðarins.

2. Heildarstefna í búnaðarfræðslu verði mótuð af búfræðsluráði sem í eiga sæti fulltrúar menntastofnananna, landbúnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis, búnaðarþings og búnaðarskólakennara.

3. Aukið er svigrúm skólanna til að bjóða upp á fjölbreyttara nám, námstíma o.fl.

4. Formlega verði stofnaður landbúnaðarháskóli með aðsetur á Hvanneyri og öllu stjórnskipulagi skólans breytt í samræmi við það.

5. Heimilt verði að stofna til kennslu eða náms á háskólastigi við Hólaskóla og Garðyrkjuskólann að Reykjum með samþykki landbúnaðarráðherra, liggi fyrir viðurkenning búfræðsluráðs um að starfsemin standist gæðakröfur sem gerðar eru í sambærilegu námi.

6. Landbúnaðarráðherra geti heimilað menntastofnunum landbúnaðarins að koma á fót og eiga aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum til styrktar og eflingar meginviðfangsefnum þeirra.

7. Menntastofnanir landbúnaðarins skulu leggja áherslu á samstarf við aðra skóla og vísindastofnanir hér á landi og erlendis um menntun og rannsóknir og er heimilt að gera um það sérstaka samninga.

8. Við menntastofnanir landbúnaðarins verði stundaðar rannsóknir er skulu skipulagðar með öðrum rannsóknum á sviði landbúnaðar og landnýtingar í landinu.

9. Jarðirnar Hólar, Hvanneyri og Reykir eru með gögnum og gæðum lagðar undir tilheyrandi menntastofnanir til

að þjóna þeim heildarmarkmiðum sem sett eru fyrir hverja stofnun fyrir sig.

Hér er um stofnanir að ræða sem eru dreifbýlinu mjög mikilvægar og þetta frv. er byggðavænt, herra forseti.

Ég geri það að tillögu minni að að lokinni umræðunni verði málið sent hv. landbn. til athugunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:21.

74. FUNDUR

mánudaginn 1. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Orkulög, stjfrv., 543. mál, þskj. 868. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Þingsköp Alþingis, frv., 540. mál, þskj. 864. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 224. mál, þskj. 251, nál. 895, brtt. 896. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 323. mál, þskj. 390, nál. 898, brtt. 899. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Starfsemi kauphalla, frv., 529. mál, þskj. 849. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vörugjald, stjfrv., 537. mál, þskj. 861, nál. 897. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, stjfrv., 282. mál, þskj. 330, nál. 900, brtt. 901. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Skipulag ferðamála, stjfrv., 361. mál, þskj. 497, nál. 857. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 546. mál, þskj. 871. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, frv., 261. mál, þskj. 299. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frv., 311. mál, þskj. 372. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Fangelsi og fangavist, stjfrv., 350. mál, þskj. 473, nál. 911, brtt. 912. — 2. umr.
14. Almenn hegningarlög, stjfrv., 351. mál, þskj. 474, nál. 913. — 2. umr.
15. Ríkislögmaður, stjfrv., 476. mál, þskj. 781, nál. 914. — 2. umr.
16. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 512. mál, þskj. 824, nál. 915. — 2. umr.
17. Útflutningur hrossa, stjfrv., 346. mál, þskj. 450, nál. 883, brtt. 884. — 2. umr.
18. Áfengislög, frv., 561. mál, þskj. 908. — 1. umr.
19. Vopnalög, frv., 562. mál, þskj. 909. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Össur Skarphéðinsson, 9. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðleg viðskiptafélög, 414. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 907; nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 918; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 919.

Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, 359. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 920.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 440. mál, svar fjmrh., þskj. 887.

Málefni fatlaðra, 564. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 924.

Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, 230. mál, nál. 1. minni hluta allshn., þskj. 917.

Tilkynning um dagskrá.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill tilkynna varðandi fundahaldið að að loknum atkvæðagreiðslum sem verða eftir að 1. liður dagskrárinnar, fyrirspurnir til ráðherra, hefur verið tekinn fyrir og eftir atkvæðagreiðslur, fer fram utandagskrárumræða um fyrirhugaða sölu Áburðarverksmiðjunnar. Málshefjandi er hv. þm. Hjálmar Árnason. Hæstv. landbrh. Guðmundur Bjarnason verður til andsvara. Þetta verður væntanlega þegar klukkuna vantar stundarfjórðung í fjögur.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Frumvarp um Tækniskólann.

[15:05]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Um síðustu áramót tók gildi rammalöggjöf um háskólastigið. Mjög brýnt var orðið að setja slíka löggjöf enda hefur háskólum farið fjölgandi hér á landi. Það er mjög gott og ber vott um að menntastig þjóðarinnar fari hækkandi. Í kjölfarið hefur hæstv. menntmrh. flutt frumvörp að lögum um einstaka háskóla, sem er mjög rökrétt, og hafa þau ýmist verið samþykkt sem lög frá hv. Alþingi ellegar eru til vinnslu í hv. menntmn. og verða vonandi afgreidd sem lög frá þinginu áður en því lýkur í vor.

Hins vegar hefur enn ekki litið dagsins ljós frv. til laga um Tækniskóla Íslands. Rétt er að rifja upp að Tækniskólinn gegnir afskaplega mikilvægu hlutverki, ekki síst með aukinni áherslu á starfsmenntun. Það er rökrétt að til staðar sé sem æðra menntastig, skóli sem tekur við nemendum af framhaldsskólastigi í starfsmenntun. Ég spyr því hæstv. menntmrh. hvað valdi því að ekki hafi komið frv. um Tækniskóla Íslands og hvað hann hafi í hyggju varðandi þann skóla.

[15:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það hefur verið unnið að gerð frv. um Tækniháskóla Íslands á grundvelli rammalöggjafarinnar um háskólastigið. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að það hefur ekki verið lagt fram á Alþingi. Það hafa einnig verið miklar umræður um að mjög æskilegt væri að endurskoða nám í tækni- og verkfræði og huga að því hvort aukið samstarf eigi að verða á milli skóla á því sviði og það er meðal þess sem ég tel að þurfi að skoða betur áður en hv. Alþingi er kynnt frv. til laga um Tækniháskóla Íslands.

[15:07]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Ég skildi orð hans svo að verið væri að skoða samstarf Tækniskólans og háskólans, þá væntanlega verkfræði- og raungreinadeilda þar. Getur verið að í þeim viðræðum sé rætt um sameiningu Tækniskólans og háskólans, að hann falli að öllu leyti undir háskólann eða miða þær könnunarviðræður og þær athuganir að því að styrkja Tækniskólann sem einhvers konar fagháskóla eða „college" eins og þeir heita í Bandaríkjunum, ekki beinlínis akademíu heldur með skýrari viðmiðun í atvinnulífið sjálft?

Ég spyr hæstv. ráðherra um þessi atriði.

[15:08]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er verið að kanna allar leiðir í þessu því það er alveg ljóst að styrkja þarf forsendur fyrir tækni- og verkfræðimenntun í landinu. Í sjálfu sér er ekki flókið mál að setja lög um Tækniháskóla Íslands. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að fara að ábendingum aðila í atvinnulífinu og í þeim greinum verkfræðinga og tæknifræðinga sem ítrekað hafa áréttað nauðsyn þess að þetta mál verði leitt til lykta með einhvers konar samstarfi eða sameiningu eða hvað menn vilja kalla það, og það er það sem er til skoðunar innan ráðuneytisins.

Skerðing örorkubóta.

[15:09]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Garðar Sölvi Helgason, ungur maður sem hefur átt við alvarlegan geðsjúkdóm að stríða frá 17 ára aldri, skrifaði hæstv. forsrh. bréf árið 1996 vegna reglugerðar sem gekk í gildi 1. maí það ár og heimilaði að taka frekari uppbót af öryrkjum sem ættu sparifjárinnstæðu sem nam meira en 2,5 millj. Hæstv. forsrh. láðist að svara þessu hógværa bréfi og því birtist það í síðasta fréttabréfi Geðhjálpar óbreytt. Garðar hefur verið til heimilis hjá móður sinni sem er á níræðisaldri og lifað mjög spart. Hann hefur t.d. aldrei átt bíl, aldrei komið til útlanda og aldrei keypt áfengi eða tóbak. Hann hefur lagt reglulega fyrir af örorkubótum sínum og eins og hann segir sjálfur gefið upp allt sitt sparifé skattyfirvöldum til hagræðis. Vegna þessarar ráðdeildarsemi var honum að sjálfsögðu hegnt grimmilega og bætur hans skertar um 13 þús. kr. á mánuði.

Móðir hans, sem hefur annast son sinn frá því að hann varð öryrki og sparað þjóðfélaginu þannig stórfé, var að sjálfsögðu skert um 10 þúsund kr. á mánuði þar sem hún var talin hafa fjárhagslegt hagræði af sambúðinni við Garðar. Þar að auki misstu þau eins og fleiri áskriftina að RÚV sem áður var frí. Þessum unga manni og móður hans hefur því verið hegnt grimmilega fyrir ráðdeildarsemina og ég vil nú spyrja hæstv. heilbrrh. hvort hún telji eðlilegt að fólk sem er að gera sitt besta sé niðurlægt með þessum hætti og hvort einhver reglugerð kunni að vera í bígerð sem aflétti slíkum órétti.

[15:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég get ekki talað um einstök persónuleg mál úr ræðustóli Alþingis. Mér finnst það ekki passa. En ég vil segja hv. þm. af því að hún spyr sérstaklega um þetta tilvik, að bætur eru tekjutengdar og svo hefur verið um langan tíma.

[15:12]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það er áríðandi hæstv. ráðherrar kannist við eða gangist við þeim reglugerðum sem þeir hafa sjálfir sett. Sú reglugerð sem tekur til þessa máls er frá 1996 og boðuð hér, nokkrum mánuðum áður en hún var sett, í ræðu um fjárlagafrv. sem hæstv. ráðherrann hélt í þingsal. Þessi skerðing tekur aðeins til þess ef fólk á sparifjárinnstæður eða verðbréf en ekki til þess ef það á eign sem er að samsvarandi verðmæti. Mér finnst þetta óþolandi óréttlæti og í tilvikum eins og þessum þar sem aldrað foreldri er að hjálpa afkomanda sínum að undirbúa sig fyrir að standa einn seinna í lífinu og er búinn að spara þjóðfélaginu stórfé, þá er þetta hrópandi óréttlæti. Það er alveg ótrúlegt að þetta skuli hafa mallað í ráðuneytunum frá því að þetta bréf var skrifað til hæstv. ráðherra 1996 og að ekki hafi verið gert neitt í þessu enn.

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka mitt fyrra svar. Þessar bætur eru tekjutengdar. Það er sama hvort um laun er að ræða fyrir vinnu eða fjármagnseignir. Mig langar að spyrja hv. þm., af því að hennar flokkur hefur lagt fram tillögur um fjármagnstekjuskatt, hvernig hún hugsi það einmitt gagnvart þessum aðilum.

[15:14]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta var svolítið sérstakt svar hjá hæstv. ráðherranum eins og vænta mátti. Mér finnst afar sérkennilegt að hæstv. ráðherra skuli alls ekki vilja tengja þessa gjörð við þá reglugerð sem hún sjálf setti árið 1996 en talar alltaf um þetta sem tekjuskerðingu eða tekjutengingu í sambandi við skattalög. Þetta er ekki þannig mál. Þetta sérstaka mál sem ég er að tala um hér er skerðing bóta manns vegna sparifjáreignar sem hann gerði sjálfur grein fyrir af stakri samviskusemi þegar hann gerði sína skattskýrslu. Það er til komið vegna reglugerðar sem var sett að, mig minnir, 1. maí 1996.

Nefnd um kynhlutlaust starfsmat.

[15:15]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum segir í lið 3.4 frá tilraunaverkefni um kynhlutlægt starfsmat. Sagt er frá starfshópi sem vinnur í samráði við félmrn. að tilraunaverkefni um starfsmat. Niðurstöðu úr því verkefni sé að vænta vorið 1998 og félmrn. muni standa að kynningu á niðurstöðu verkefnisins og kynna sérstaklega

þá starfsmatsaðferð sem þar hafi verið þróuð, m.a. með útgáfu kynningarbæklings.

Nú hafa þau tíðindi orðið að sá hópur sem átti að ljúka störfum fyrir ári hefur verið leystur frá störfum með bréfi ráðherra frá 11. febrúar án þess að ljúka skýrslu um starf sitt. Þetta eru alvarleg tíðindi í ljósi þess að almennt er viðurkennt að launamunur kynjanna sé alvarlegasta jafnréttisvandamál þjóðfélagsins og margir hafa bundið vonir við að starf ofannefnds starfshóps skilaði okkur fram á við í baráttunni gegn launamun kynjanna. Þrátt fyrir fyrirætlun ríkisstjórnarinnar um að draga úr kynbundnun launamun á kjörtímabilinu bendir því miður ekkert til að það muni takast, þvert á móti.

Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. félmrh.:

Hvaða rök lágu að baki því að leysa upp starfshópinn um kynhlutlaust starfsmat áður en hann lauk störfum?

Jafnréttisráð lagði til starfsmann starfshópsins og því vil ég spyrja: Hver er afstaða ráðsins til þess að hópurinn hefur verið leystur frá störfum og starfsmanni falið að ljúka skýrslu án aðkomu fulltrúa fjmrn., ASÍ og BSRB?

Fulltrúar ASÍ og BSRB hafa lýst því yfir að lokaskýrslan geti ekki verið á ábyrgð þeirra. Þess vegna vil ég spyrja: Hvernig hyggst ráðherra ljúka málinu? Má búast við því að skýrsla hæstv. ráðherra um starfsmatsverkefnið verði kynnt á Alþingi eða starfsmatsaðferðin verði kynnt á almennum vinnumarkaði?

[15:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda alveg sérstaklega fyrir að hefja máls á þessu. Það tilraunaverkefni, eins og kom réttilega fram að átti að standa í 18 mánuði, hefur staðið í bráðum þrjú ár. Því verki er lokið og fyrir liggur skýrsla sem er mikill fengur og ágætlega unnin enda hefur verið lögð í hana miklu meiri vinna en var upphaflega fyrirhugað. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem komu að verkinu fyrir ákaflega góð störf og einnig þeim sem voru tilraunapersónurnar í viðkomandi stofnunum. Skýrslan er tilbúin, starfsmaðurinn er kominn í aðra vinnu. Hann var ekki launaður af Jafnréttisráði, hann var launaður af félmrn. og hafði aðstöðu þar en ekki hjá Jafnréttisráði og hann er kominn til annarra starfa núna. Skýrslan verður send þeim einstaklingum sem sátu í starfshópnum og þeim gefst tækifæri til að gera athugasemdir sem verða látnar fylgja skýrslunni ef þeir gera athugasemdir við hana. Hún verður kynnt rækilega þegar þeir hafa fengið tækifæri til að gera athugasemdir sínar eða ef þeir vilja gera athugasemdir verður hún prentuð og kynnt. Ég held ég geti fullyrt að henni verður dreift á Alþingi ef tekst að ljúka því verki áður en þingi lýkur en ég mun hlutast til um að alþingismönnum verði send skýrslan. Ég man ekki hvort Jafnréttisráð tók sérstaka ákvörðun eða gerði neina samþykkt um málið eða lokin en ég hafði samráð við framkvæmdastjóra Jafnréttisráðs um að á þessum tímapunkti væri tímabært að þakka nefndinni fyrir vel unnin störf.

[15:20]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin en því miður fékk ég ekki rök hans fyrir því að leysa hópinn upp núna. Þetta er því miður ekki í fyrsta skipti sem það á sér stað að nefndir sem starfa um mikilvæg mál eða frv. eru leystar frá störfum áður en niðurstaða er fengin, ekki síst þegar aðilar vinnumarkaðarins eru annars vegar. Hér er að mínu mati enn eitt skipbrot ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum sem getur að mati fróðra manna fært okkur tvö ár aftur í tímann í jafnréttisbaráttunni ef þessi mál komast ekki í þann farveg sem útlit var fyrir. Ég tel því að það sé mjög mikilvægt að málið verði klárað með einhverju móti þannig að hægt sé að þróa áfram það tilraunastarf sem er þegar komið vel á veg. Það er mjög umhugsunarvert að 8. mars árið 1995 skipaði fyrrverandi hæstv. félmrh., Rannveig Guðmundsdóttir, fyrst nefnd um kynhlautlaust starfsmat og nú fjórum árum síðar eru niðurstöður ekki fengnar. Þetta segir okkur kannski meira en nokkuð annað um hve gífurlega erfitt vandamál er að ræða og það verður að takast pólitísk sátt og sátt við aðila vinnumarkaðarins um að fleyta því áfram þannig að viðunandi lausn fáist.

[15:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og ég tók fram í svari mínu var starfinu lokið. Skýrsla liggur fyrir, fyrst og fremst var þráttað um kynningu á verkefninu, ekki um innihald skýrslunnar heldur var ágreiningur um hvernig ætti að nota skýrsluna. Vinnan liggur fyrir skrifleg og niðurstöður verða prentaðar og sérhverjum er heimilt að hagnýta þær við framhaldsvinnu. Það er það sem máli skiptir. Mér finnst eðlileg vinnubrögð að nefndir vinni sem hraðast og sem vandlegast, en sitji ekki mörg ár fram yfir tilsettan tíma yfir ákveðnum verkefnum. Það er síður en svo að ég telji að þessi ríkisstjórn eða við sem höfum komið að jafnréttismálum í ríkisstjórninni höfum beðið eitthvert skipbrot. Ég leyfi mér að fullyrða að engin ríkisstjórn hafi náð jafndrjúgum skrefum í jafnréttisbaráttu og sú sem hefur nú setið í nærri fjögur ár.

Undirritun Kyoto-bókunarinnar.

[15:23]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Fyrir rösklega hálfu öðru ári eða 29. ágúst 1997 ritaði hæstv. umhvrh. merka grein í Morgunblaðið, undir fyrirsögninni: „Loftslagsbreytingar". Ég vildi leyfa mér að vitna aðeins í greinina, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Stefnt er að því að ná samkomulagi um lagalega bindandi ákvæði um losunarmörk fyrir gróðurhúsalofttegundir sem gildi fyrir einstök ríki. Ef allt fer að óskum verður bókun við samninginn undirrituð af þjóðum heims í Kyoto í Japan í desember nk. Bókunin mun væntanlega setja iðnríkjum ákveðnar skorður við hversu mikið þau mega losa út í andrúmsloftið á komandi árum og áratugum af þeim lofttegundum sem valda gróðurhúsaáhrifunum."

Síðar segir í greininni: „... en ég tel að í þessu máli eins og í svo mörgum öðrum beri stjórnvöldum að marka stefnu á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga um málið. Í ljósi þess hve afleiðingarnar gætu orðið skelfilegar, er aðgerðarleysi ekki valkostur. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að ef gróðurhúsaáhrifin gera verulega vart við sig er talið hugsanlegt að það hafi áhrif á hafstrauma við Ísland og breytingar á þeim gætu kippt fótunum undan lífsafkomu þjóðarinnar."

Nú spyr ég hæstv. ráðherra að því hvort eitthvað hafi breyst að hans mati. Hafa einhverjar þær upplýsingar komið fram sem dragi úr þeim áhrifaríku orðum sem hæstv. ráðherra festi á blað í ágústmánuði 1997? Spurningin er borin fram í ljósi þess að hæstv. ríkisstjórn hefur valið þann kost að undirrita ekki fyrir tilskilinn frest bókunina frá Kyoto.

[15:25]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Svarið við spurningunni um hvort eitthvað hafi breyst er kannski fyrst það að á Buenos Aires-þinginu síðasta haust kom það helst upp að mönnum fyndist að ekki hefði verið nóg að gert og ekki hefði verið nógu mikið hægt að bregðast við þeim vanda sem uppi er og árangurinn eftir Kyoto-þingið fram að Buenos Aires-þinginu ekki verið nægur.

Afstaða mín til málsins í heild er óbreytt frá því sem kemur fram í tilvitnaðri grein. Ég tel mikilvægt að þjóðir heims nái saman um samninginn sem er ekki enn þá undirritaður eins og allir vita, og þær sem hafa þó staðfest Kyoto-bókunina hafa sumar gert það með ákveðnum fyrirvörum um að þær muni ekki staðfesta samninginn fyrr en að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ferli íslenskra stjórnvalda í málinu er nokkuð þekkt, bæði þær yfirlýsingar og þau markmið sem við fórum með á Kyoto-þingið og síðan aftur á Buenos Aires-fundinn um að ákveðið tillit yrði tekið til sérstakra íslenskra aðstæðna, það er líka óbreytt. Við höfum haldið áfram við að reyna að fylgja því markmiði eftir. Við fengum inn í bókunina sjálfa á Kyoto-þinginu ákvæði sem ég tel að sé mjög mikilvægt til að geta unnið úr málinu áfram þannig að Íslendingar geti endanlega orðið aðilar að samningnum. Þótt það næðist ekki fram á Buenos Aires-fundinum fékk það þó góðar undirtektir þar og enn er haldið áfram að vinna að því verkefni á vettvangi samningsins eða bókunarinnar á þeim þingum sem við sækjum og á fundum með einstökum þjóðum sem við höfum reynt að vinna stuðning hjá og skýra sjónarmið okkar út fyrir.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar liggur fyrir og hefur þegar verið rædd hér, hæstv. forseti, og út af fyrir sig hef ég ekki neinu við það að bæta sem þar hefur komið fram.

[15:27]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hjá hæstv. ráðherra kom fram að ef eitthvað væri hefði ekki verið nóg að gert eftir Kyoto-ráðstefnuna og undir þau orð tek ég alveg sérstaklega. Ég held það sé alveg ljóst að íslensk stjórnvöld hafa ekki nóg að gert í málinu. Hæstv. ráðherra sagði einnig að árangur í að bregðast við loftslagsbreytingum hafi ekki verið nægur. Ég er hæstv. ráðherra alveg sammála um það. Ég ítreka enn, virðulegur forseti, orð hæstv. ráðherra að þær breytingar sem kunna að snúa Íslendingum eru það alvarlegar að mati vísindamanna að þær gætu svipt grundvellinum undan lífsafkomu íslensku þjóðarinnar. Er hæstv. ráðherra ánægður með frammistöðu ríkisstjórnar sinnar í málinu? Telur hæstv. ráðherra ríkisstjórnin bregðist við af ábyrgð í sambandi við málið í ljósi þess að hugsanlegar breytingar geti kippt lífsafkomu undan tilvist manna í landinu?

[15:29]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins um það sem ég sagði að á Buenos Aires-þinginu hefði komið fram að ekki væri nóg að gert og menn teldu að betur hefði þurft að miða með ýmis atriði við að framfylgja Kyoto-bókuninni voru að sjálfsögðu hin almennu viðhorf, ekki bara íslensk viðhorf. Þau geta kannski átt við en það fólst ekki beint í orðum mínum heldur það sem hefði komið fram á þinginu í Buenos Aires, að almennt væru menn óánægðir með árangurinn frá Kyoto-ráðstefnunni. Það var hið almenna viðhorf fulltrúa þjóðanna eins og ég hygg að hv. þm. viti nokkuð vel þar sem hann hefur fylgst vel með málunum og var sjálfur staddur á Buenos Aires-þinginu. Íslensk stjórnvöld hafa verið að framfylgja og vinna samkvæmt framkvæmdaáætlun sem þau hafa sett sér. Einstök ráðuneyti hafa verið að vinna að málunum hvert fyrir sig og þegar talað er um lífsafkomu þjóðarinnar í tilvitnaðri grein er auðvitað verið að tala um hættu á breytingum á hafstraumum sem gæti þýtt það að hér verði e.t.v. illbyggjanlegt og gæti það þá ekki bara haft áhrif á mögulega búsetu heldur á fiskveiðar og aðrar efnahagslegar undirstöður þjóðfélags okkar.

[15:30]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hver og einn getur síðan svarað fyrir sig hvort það séu eðlileg viðbrögð íslenskra stjórnvalda að ætla að skerast úr leik í sambandi við þetta örlagamál, skerast úr leik í viðleitni þjóða til að ná tökum á þessu erfiða máli. Hæstv. umhvrh. svaraði því ekki beint en hver og einn getur lesið í hans mál hvernig hann metur stöðuna. Hér er auðvitað óhjákvæmilegt, virðulegur forseti, að rætt verði við forustu ríkisstjórnarinnar sem greinilega gerir lítið með orð hæstv. umhvrh. um þá sameiginlegu niðurstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar að standa utan við það samkomulag sem þarna var um að ræða þrátt fyrir að Ísland hafi fengið kostakjör miðað við aðrar þjóðir í Kyoto í umræddri bókun.

[15:31]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Íslendingar, íslenska þjóðin og íslenska ríkisstjórnin hafa ekki tekið neina ákvörðun um að skerast úr leik. Það er rangtúlkun hjá hv. þm. Íslenska ríkisstjórnin tók þá ákvörðun á dögunum að undirrita ekki Kyoto-bókunina fyrir 15. mars en það segir ekkert um það að hún ætli sér ekki að vinna áfram að því að geta gerst fullgildur aðili að rammasamningnum um loftslagsbreytingar. Ég treysti því að það verði gert. Ég hef marglýst þeirri skoðun minni yfir að það eigi að gera. Allan tímann síðan Kyoto-þingið var haldið hef ég hins vegar sagt að hvort eða hvenær Íslendingar undirrituðu bókunina yrði að koma í ljós eftir því hvernig okkur gengi og tækist að koma á framfæri okkar sérsjónarmiðum og hvaða undirtektir við fengjum við þau. Ég tel miklar líkur á því og möguleika enn að við getum fengið viðunandi eða ásættanlega niðurstöðu hvað það mál varðar fyrir íslenskt samfélag. Því er engin ákvörðun tekin um að skerast úr leik heldur munum við þvert á móti taka þátt í þessum leik og verða fullgildir aðilar að rammasamningnum, loftslagsbreytingasamningi Sameinuðu þjóðanna.

Bifreiðakaupastyrkir til fatlaðra.

[15:33]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég fékk skriflegt svar 5. janúar sl. frá hæstv. heilbr.- og trmrh. um bifreiðakaupastyrki til fatlaðra. Í svari hæstv. ráðherra kemur fram að árið 1995 voru veittar 160 millj. kr. af fjárlögum íslenska ríkisins til að greiða niður bifreiðakaup fatlaðra. Ári seinna eða árið 1996 er þessi fjárhæð komin niður í 80 millj. Hún hefur verið skorin niður um helming á milli ára þrátt fyrir það að þeir sem sóttu um þessa styrki hafi verið jafnmargir eða fleiri en árið áður og árin áður. Einungis einn þriðji þeirra sem sótt hafa um þessa styrki hefur fengið úthlutun.

Í svarinu kemur einnig fram að tillögur nefndar sem hæstv. heilbrrh. skipaði séu til skoðunar í ráðuneytinu. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hyggist leggja til hækkun á bifreiðakaupastyrkjum til fatlaðra. Ég spyr hæstv. ráðherra í öðru lagi, hvort von sé á tillögum ráðuneytisins. Með leyfi forseta stendur svo í svarinu:

„Nefnd sem skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að gera tillögur um úrbætur í bifreiðakaupamálum hreyfihamlaðra hefur skilað af sér með ítarlegu nefndaráliti. Þessar tillögur hafa verið í athugun og til endurskoðunar í ráðuneytinu nú undanfarið og munu væntanlega koma fram sem frumvarp á þessu þingi þar sem lagðar verða til nokkrar breytingar á þessum málaflokki."

Ég vænti svara frá hæstv. ráðherra.

[15:35]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í fyrirspurninni hef ég þegar svarað hv. þm. skriflega en vil bæta við, þar sem hann spyr áfram, að sú regla að eldri en 70 ára fá ekki bílastyrk er kannski það sem umdeilanlegast er í þessari reglugerð. Fyrir fjórum árum síðan var það þannig að þótt menn sæktu um styrk, þá náðu ekki allir í styrkinn sinn. En núna á undanförnu ári hafa miklu fleiri sótt um styrki en fá þá og þess vegna höfum verið með þetta í nákvæmri endurskoðun. Ég vil segja við hv. þm. að þegar þeirri endurskoðun er lokið og hún liggur fyrir þá mun ég að sjálfsögðu sýna félögum hans í ríkisstjórn þær tillögur og vona að þær fái góðar undirtektir.

[15:36]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég hafði orð á þessu máli fyrir tveimur árum síðan í óundirbúinni fyrirspurn og var þá tekið á því með svipuðum hætti. Þá sagði hæstv. ráðherra að ekki hefði komið nein tillaga frá mér um að breyta þessu fyrirkomulagi. Ég mótmælti því samt sem áður að verið væri að lækka styrki til fatlaðra í þessum málaflokki um helming og bjóst við því að einhverjar tillögur kæmu um að bæta úr því. Ég get alveg fullvissað hæstv. ráðherra um að ég mun styðja það og ég á ekki von á öðru en allir mundu styðja það að fatlaðir fái hærri styrk til þess að kaupa bifreiðar sem við vitum að eru flestum þeirra lífsnauðsynlegar til þess yfirleitt að geta haft samskipti við annað fólk eða stundað vinnu sína.

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Við höfum verið að forgangsraða hvað varðar ýmis mál öryrkja. Við höfum verið að hækka frítekjumörk og umönnunarbætur. Við höfum verið að hækka hlutfall þess sem ríkið borgar í tannviðgerðum öryrkja og ýmislegt mætti telja upp.

Þetta er eitt af því sem við höfum haft í endurskoðun og ég endurtek að við höfum átt góða samvinnu um þetta. Sú reglugerð sem talað var um áðan frá 1996 var kynnt í ríkisstjórn á sínum tíma og samþykkt þar. Það verður eins með nýja reglugerð. Hún verður kynnt í ríkisstjórn.

[15:38]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég mótmæli því ekki að það sé forgangsraðað. Ég gerði aftur á móti ráð fyrir því, herra forseti, að tillögur til þess að breyta þeirri ákvörðun sem tekin var upphaflega mundu liggja fyrir fyrr en orðið hefur.

Ég vil líka endurtaka það, herra forseti, að samkvæmt því svari sem hæstv. ráðherra sendi mér þá ætlar ráðuneytið að leggja fram í frumvarpsformi tillögur til úrbóta í þessum málum og ég treysti því að sjálfsögðu að þær tillögur líti dagsins ljós. (**SJS:** Svona eftir páska eða?) Á þessu þingi. Samkvæmt áætlun þingsins er gert ráð fyrir því að það fari heim 10. mars, þ.e. í næstu viku, og þess vegna vona ég að það frv. sem um er að ræða verði lagt fram í þessari eða næstu viku.

[15:39]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. hafi ekki verið á móti þeirri forgangsröðun sem við höfum lagt fram í ríkisstjórn og þegar hefur komið til framkvæmda.

Aflaheimildir dagróðrabáta.

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til sjútvrh. vegna málefna smábáta sem róið hafa á grundvelli svonefndra dagatakmarkana. Samkvæmt lagabreytingum í janúar í tengslum við svonefndan kvótadóm var þessum hópi gert að velja milli tveggja kosta, ég hygg að flestir mundu reyndar segja afarkosta, nú fyrir 1. mars, þ.e. fyrir daginn í dag.

Það hefur verið megn óánægja með þann hlut sem þessum hópi er ætlaður samkvæmt niðurstöðu stjórnarflokkanna frá því í janúar og umræður uppi meðal smábátasjómanna um hvort eitthvað verði gert til að lagfæra stöðu þessa hóps, t.d. með því að bæta einhverjum aflaheimildum við þann pott sem þessi dagabátar eiga að skipta á milli sín, hvorn kostinn sem þeir kunna að velja. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. af þessu tilefni hvort nokkrar lagfæringar hafi verið ræddar í hæstv. ríkisstjórn til handa þessum hópi. Það er ekki seinna vænna en að fara að fá upplýsingar um það og hrinda því þá í framkvæmd með breytingum í þinginu áður en það fer heim, og ef svo er, hvaða upplýsingar hæstv. ráðherra geti þá veitt um stöðu málsins.

[15:40]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. minnti á, voru gerðar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða í byrjun þessa árs eftir ræki lega og ítarlega umfjöllun á hinu háa Alþingi. Þar var málum þeirra báta sem hann spurðist fyrir um skipað á sérstakan hátt. Niðurstaðan í því máli var málamiðlun eins og menn rekur eflaust minni til. Ég geri ráð fyrir því að ýmsir hv. þm. hefðu getað hugsað sér að sjá þá niðurstöðu aðra. Sjálfur er ég í þeim hópi. En hér var um að ræða málamiðlun og niðurstöðu í því máli. Vegna fyrirspurnar hv. þm. get ég svarað því að innan ríkisstjórnarinnar hefur ekki farið fram umræða um að taka það mál upp.

[15:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hlýt að lýsa miklum vonbrigðum með þessi svör. Þannig háttar til að í sjútvn. liggur erindi frá forsvarsmönnum þessa hóps um lagfæringar og ekki hafa fengist nein svör við því hvort um eitthvert slíkt verði að ræða. Menn hafa þar af leiðandi, til viðbótar þeirri óvissu sem fólgin er í hinu þvingaða vali, búið við þá óvissu að veðja á það hvort hugsanlega yrði um einhverjar lagfæringar að ræða síðar meir. Þannig standa t.d. þeir aðilar frammi

fyrir því sem eru að velta fyrir sér valinu og/eða því hvort þeir eigi að selja sína báta og hætta í útgerð, að þeir vita í raun ekkert við hverju er að búast í þessum efnum.

Ég er þeirrar skoðunar að meðferðin sem þessi hópur er að fá þarna sé til muna lakari en til að mynda sambærilega eða tiltölulega sambærilega settur hópur krókabáta fékk á árinu 1994 og það muni koma á daginn að hér sé um að ræða mjög ljótt brot á svonefndri jafnræðisreglu ef borin er saman staða þessara tveggja hópa sem settir eru í þær aðstæður að þurfa að velja með tilteknum hætti.

Ég vil því aftur ítreka þá spurningu til hæstv. sjútvrh., þó að þetta hafi ekki verið rætt innan hæstv. ríkisstjórnar, hvort hæstv. ráðherra sé tilbúinn til að kynna sér það erindi sem liggur fyrir sjútvn. um lagfæringar á stöðu þessa hóps áður en endanlegt afsvar verður gefið í málinu.

[15:43]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég hef aldrei skorast undan því að lesa erindi sem til mín er beint eða athugasemdir sem ráðuneytinu berast, en ítreka að öðru leyti það sem ég hef áður sagt um þetta mál bæði í fyrri ræðu minni nú og eins varðandi sams konar fyrirspurn sem kom fram í þessum fyrirspurnatíma fyrir hálfum mánuði síðan.

[15:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er erfitt að túlka þessi svör öðruvísi en sem algert viljaleysi í þessu máli og ég harma það.

Orkulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 543. mál (eignarhlutur Rafmagnsveitna ríkisins í félögum). — Þskj. 868.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 540. mál (nefndir, ræðutími o.fl.). — Þskj. 864.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

[15:46]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti leggur til að þegar á þessum fundi verði kjörið í sérnefnd samkvæmt 32. gr. þingskapa, ef þingflokkar eru tilbúnir með tilnefningar.

Forseta hefur borist einn listi sem á eru eftirtalin nöfn:
Sigríður A. Þórðardóttir,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Valgerður Sverrisdóttir,
Sturla Böðvarsson,
Bryndís Hlöðversdóttir,
Einar K. Guðfinnsson,
Jón Kristjánsson,
Ögmundur Jónasson,
Tómas Ingi Olrich.

Þar sem ekki eru tilnefndir fleiri en kjósa skal lýsir forseti þá sem hér voru taldir réttkjörna í sérnefndina.

Verðbréfasjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (innlendir sjóðir). — Þskj. 251, nál. 895, brtt. 896.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 896 samþ. með 39 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 323. mál (heildarlög). — Þskj. 390, nál. 898, brtt. 899.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. efh.- og viðskn. með fyrirvara en styð allar brtt. nefndarinnar.

Fyrirvari minn snýr að 1. gr. þar sem ég vil bæta við ákvæðum um að lífeyrissjóðurinn sé eign bænda — ég veit ekki hverjir aðrir ættu að eiga hann — og síðan að 8. gr. þar sem er ákvæði um stjórn. Í frv. er gert ráð fyrir því að Hæstiréttur, fjmrh. og landbrh. tilnefni þrjá menn í stjórn, allt fólk sem ekki kemur nálægt bændum að neinu leyti, eða að litlu leyti, og síðan að Bændasamtökin tilnefni tvo. Þau kom líka sjóðnum lítið við sem fulltrúar sjóðfélaga.

Brtt. 899,1–12 samþ. með 40 shlj. atkv.

2.–23. gr. og ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, RG, SighB, SJóh, SF, StG, SJS, SvanJ, SvÁ, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, JóhS, LMR, RA, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Starfsemi kauphalla, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 529. mál (yfirtökutilboð o.fl.). — Þskj. 849.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Vörugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 537. mál (kranar). — Þskj. 861, nál. 897.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. og ákv. til brb. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 330, nál. 900, brtt. 901.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Brtt. 901,1–15 samþ. með 41 shlj. atkv.
1.–18. gr., svo breyttar, samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Skipulag ferðamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 361. mál (skipan Ferðamálaráðs). — Þskj. 497, nál. 857.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KPál, LB, MagnM, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, StG, SvanJ, SvÁ, VE, ÞorstP.
4 þm. (HG, KH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, JóhS, LMR, RA, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LB, MagnM, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, StG, SvanJ, SvÁ, VE, ÞorstP.
5 þm. (HG, KÁ, KH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, JóhS, LMR, RA, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, StG, SvanJ, SvÁ, VE, ÞorstP.
3 þm. (HG, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, JóhS, LMR, RA, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Búnaðarfræðsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 546. mál (heildarlög). — Þskj. 871.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, frh. 1. umr.

Frv. BH o.fl., 261. mál (rökstuðningur uppsagnar). — Þskj. 299.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frh. 1. umr.

Frv. BH o.fl., 311. mál (ráðningartími héraðspresta). — Þskj. 372.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Fyrirhuguð sala Áburðarverksmiðjunnar.

[15:58]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Flestir fjölmiðlar á Íslandi hafa fjallað um gildi nýstofnaðs vetnisfélags. Þannig greinir Morgunblaðið

frá þessum atburði í leiðara sínum nýlega og segir m.a. að við megum einskis láta ófreistað til að nýta þessi sóknarfæri. Undir þau sjónarmið tek ég.

Flestir stærstu fjölmiðlar heims hafa enn fremur gert að umtalsefni hin metnaðarfullu markmið ríkisstjórnar Íslands um að Ísland verði fyrsta ríki veraldar er stefni að vistvænu hagkerfi. Milljónir lesenda NBC-fréttastofunnar kusu þá frétt eina athyglisverðustu frétt í heiminum fyrir rúmri viku.

Herra forseti. Ég fullyrði að vetnisfélagið kunni að skapa íslenskri þjóð betri sóknarfæri á öllum sviðum þjóðlífs en þekkst hafa lengi. Á það við um efnahagsmál, umhverfismál, rannsóknir, menntun og tækni.

Forsenda þeirra framfara er Áburðarverksmiðjan í Gufunesi, *ein fárra vetnisverksmiðja í heiminum þar sem framleitt* er tandurhreint vetni á vistvænan hátt. Það er algjör forsenda. En nú eru blikur á lofti. Einkavæðingarnefnd hefur boðið verksmiðjuna til sölu og mælir með því að þekktur athafnamaður fái hana til eignar án nokkurra skilyrða. Ég endurtek, án nokkurra skilyrða.

Ég vek enn fremur athygli á ummælum kaupandans þar sem hann segist þurfa að skoða katlana betur áður en frekari ákvarðanir verði teknar um framtíð verksmiðjunnar. Enn fremur segist hann aðspurður ekki sjá neina frekari tekjumöguleika fyrir verksmiðjuna, en helst tengda hafnarstæðinu. Þar með í raun hafnar hann sóknarfærum tengdum vetni.

Herra forseti. Allt þetta ferli byggir á tillögum embættismanna, landbrn. og einkavæðingarnefndar. Hér eru slíkir hagsmunir í húfi að allri óvissu ber að eyða. Mér sýnist að einkavæðingarnefnd hafi brugðist þeirri skyldu sinni að gæta hagsmuna þjóðarinnar, hvort heldur er í bráð eða lengd. Ég sé ekki betur en þessi gjörningur stangist á við nýlega og ánægjulega samþykkt ríkisstjórnarinnar um vetnisvæðingu íslensks samfélags. Þess vegna á að endurskoða það söluferli sem hafið er og fresta sölu á Áburðarverksmiðjunni. Þau atriði sem hér hafa verið nefnd eru í sjálfu sér nógu alvarleg til að endurskoða söluáform varðandi Áburðarverksmiðjuna. En málið hefur fleiri hliðar. Annars vegar er um að ræða fjölskyldur tæplega 100 starfsmanna sem hafa rekið verksmiðjuna í mörg ár af einstakri alúð. Framtíð þeirra er auðvitað stefnt í algera óvissu. Áburðarverksmiðjan sparar um 500 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Hún skapar tæplega 100 arðbær störf og ríkið þarf ekki að leggja krónu með henni. Ég nefni enn fremur, herra forseti, og spyr: Hvernig munu söluaðilar bregðast við, þar með taldir þeir innflytjendur sem hugðust festa kaupa á verksmiðjunni í samstarfi við aðra? Munu þeir hefja samkeppni við Áburðarverksmiðjuna með hörðum innflutningi og þar með veikja rekstrargrunn hennar og framleiðslu á íslenskum áburði og vetni? Getur verið, herra forseti, að markmið kaupanna séu þau að ná kaupverðinu til baka með upplausnarvirði verksmiðjunnar, peningalegri eign, birgðum, fasteignum og tækjum, þ.e. með því að selja Áburðarverksmiðjuna aftur í bútum en nýta síðan landið sem er örugglega eftirsóknarvert byggingarsvæði í Gufunesi?

Herra forseti. Ætlum við að láta ráð nokkurra embættismanna og mistök einkavæðingarnefndar ógna þessum *framtíðarmöguleikum þjóðarinnar? Ég mótmæli því og fer* því fram á það við hæstv. landbrh. að hann afsali ekki þeim gullmola sem Áburðarverksmiðjan er út í algera óvissu. Fremur hefði ég kosið að sjá metnaðarfulla yfirlýsingu um að gera Áburðarverksmiðjuna að alþjóðlegri miðstöð á sviði umhverfismála í góðu samstarfi við erlenda og innlenda aðila. Væri það ekki skynsamlegri og metnaðarfyllri fjárfesting fyrir íslenska þjóð?

[16:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að rifja upp söguna. Þegar ég kom í landbrn. fyrir nær fjórum árum var Áburðarverksmiðjan rekin með miklum halla. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður töldu að hlutverki hennar sem áburðarverksmiðju væri lokið. Þeir höfðu lagt mikla vinnu í að leita að nýjum verkefnum fyrir verksmiðjuna þegar þeir gengu á minn fund til að tilkynna mér þau viðhorf sín. Í framhaldi af því var ákveðið að kanna hvort verksmiðjan væri mark*aðshæf til áframhaldandi áburðarframleiðslu eða hvort hætta* ætti rekstri hennar. Það var það sem við stóðum frammi fyrir þá. Það var ekki spurning um að halda áfram rekstrinum, þeim hallarekstri sem þá hafði verið nokkur ár. Á seinni hluta árs 1996 og í ársbyrjum 1997 var ákveðið að undirbúa sölu og kanna möguleikana á hvort aðrir aðilar treystu sér til að reka verksmiðjuna. Þá komu í hana tvö tilboð eins og hv. þingmenn muna kannski. Annað upp 617 millj. kr. og hitt upp á 725 millj. Mat eigandans var hins vegar það að upplausnarverð verksmiðjunnar væri um 1 milljarður eða sama og hlutafé verksmiðjunnar, þannig að ákveðið var að hafna báðum þessum tilboðum sem of lágum. Það var ekki talið eðlilegt að selja verksmiðjuna undir upplausnarverðinu og óvissa um hvort þeir aðilar sem buðu ekki hærra verð en þetta hugsuðu sér að reka verksmiðjuna áfram.

Þá var spurningin sú hvort loka ætti verksmiðjunni eða reyna að bæta reksturinn og sjá hvort hægt væri að gera hana að seljanlegri verksmiðju en hún sannarlega var á þeim tíma. Má segja að sú tilraun sem ákveðið var að gera, þ.e. að reka hana áfram og kanna hvort hún gæti síðar orðið betri söluvara, eða hvort mögulegt yrði að reka hana áfram yfir höfuð hafi leitt í ljós að væntingar og möguleikar eru til *þess ef við þurfum ekki að takast á við innflutning áburðar* og þar með samkeppni sem yrði verksmiðjunni mjög erfið. Innflutningur áburðar er frjáls og gæti hann hafist hvenær sem er og óvissa því jafnmikil um framtíð verksmiðjunnar, þrátt fyrir að hún hafi nú verið rekin með hagnaði eða betri afkomu en var um tíma.

Í janúarmánuði sl. komu fram á sviðið aðilar sem lýstu áhuga sínum á að hefja viðræður við eigandann um kaup á Áburðarverksmiðjunni og reyndar er það svo að það voru þeir aðilar sameiginlega sem höfðu boðið í verksmiðjuna 1997. Ég taldi rétt og eðlilegt að skoða þetta mál til hlítar hvort hægt væri að ræða við þessa aðila en það var að sjálfsögðu ákvörðun bæði ríkisstjórnar og einkavæðingarnefndar að það yrði ekki gert öðruvísi en með nýju söluferli. Við yrðum að sjá hvort viðhorf og afstaða til verksmiðjunnar hefði breyst svo mikið að hún væri betri söluvara nú en áður. Atburðarásina þekkja menn síðan frá um miðjum janúar og fram í febrúarlok, að ný tilboð hafa komið í verksmiðjuna. Sjö aðilar sýndu áhuga á að skoða málið nánar, þrír aðilar ákváðu að reyna til þrautar og gera tilboð í verksmiðjuna og það hæsta er nú 1.257 millj. eins og þekkt er úr fréttum, eða 532 millj. kr. hærra en var fyrir einu og hálfu til tveimur árum *síðan. Og þar að auki 257 millj. kr. hærra en lágmarksverðið* sem sett var á verksmiðjuna, 1 milljarður kr. sem var það sama og matið var á henni í raun fyrir tveimur árum. Ég tel því að hér sé komið af stað ferli sem sé eðlilegt og verður ekki stöðvað. Einkavæðingarnefnd hefur lagt þá tillögu fyrir

landbrh. að tilboðinu verði tekið og þá tillögu mun ég leggja fyrir ríkisstjórn á morgun áður en endanlega verður gengið frá málinu.

Varðandi óvissu um reksturinn þá heyrðist mér og fannst því miður á máli hv. málshefjanda að hann teldi að nú væri verið að taka ákvörðun um að hætta rekstri verksmiðjunnar. Það er auðvitað ekki. Það geta menn séð á yfirlýsingum þess sem hæst hefur boðið og líklegs nýs eiganda verksmiðjunnar. Hann hefur margsinnis lýst því yfir í fjölmiðlum, hann hefur lýst því yfir í einkasamtali við þann sem hér stendur að hann hafi hug á að kanna það til þrautar að Áburðarverksmiðjan verði áfram rekin sem slík, og hafi verið einhver óvissa í rekstrinum þá er hún ekki að gerast nú. Hún er búin að vera lengi uppi eins og ég hef rakið, því miður, og það var það sem ég stóð frammi fyrir.

Allra síðast, hæstv. forseti. Í kaupsamningnum sem væntanlegur kaupandi mun undirrita segir m.a.: „Kaupandi lýsir yfir þeirri stefnu og ætlun sinni að halda áfram framleiðslu, dreifingu og sölu áburðar.“ Hér er viljayfirlýsing hans því staðfest í kaupsamningi og auk þess er getið orkumálanna, vetnisframleiðslunnar og þessa samnings sem Áburðarverksmiðjan hefur gert í þessum kaupsamningi einnig, þannig að ekki er meiri óvissa um það nú en hefði verið hvort eð var.

[16:09]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er dálítið erfitt fyrir okkur stjórnarandstæðinga að taka þátt í þessari umræðu því það er einfaldega þannig að hæstv. landbrh. hefur nú um nokkurt skeið unnið að því að selja þessa verksmiðju og heimild hefur verið í lögunum allt frá árinu 1994 til að selja verksmiðjuna. Eins og hæstv. landbrh. rakti áðan hefur verið unnið markvisst að því a.m.k. frá árinu 1996. Það er því alveg ljóst að sú stefna hefur verið skýr um langt skeið að verksmiðjan yrði seld. Hæstv. landbrh. rakti það mjög ítarlega í ræðu sinni áðan hvernig sagan í þessu máli er. Hins vegar nefndi hann það ekki sérstaklega að þetta söluferli sem nú er komið af stað er u.þ.b. tveggja mánaða gamalt. Hópur undir forustu kaupfélaganna, þar sem KEA hefur leitt hjörðina, lagði áherslu á að fá að gera tilboð í eða kaupa verksmiðjuna. Það var í byrjun janúar sem það átti sér stað. Síðan var verksmiðjan auglýst til sölu fyrir u.þ.b. fimm eða sex vikum. Í kjölfarið fór fram það ferli sem við öll þekkjum. Það er dálítið umhugsunarvert, virðulegi forseti, að hv. þm. Hjálmar Árnason, einn af stjórnarþingmönnum og einn af þeim þingmönnum sem tilheyra sama flokki og landbrh. skuli koma hér upp núna og tala á þann hátt sem hann gerði. Í fyrsta lagi held ég, virðulegi forseti, að ekki sé hægt að skýra það öðruvísi en að hann sé að lýsa vantrausti á hæstv. landbrh. Hann er búinn að vinna að þessum málum í þrjú eða fjögur ár og með þá stefnu skýra að selja verksmiðjuna þannig að hann hlýtur með þeim orðum sem hann lét frá sér fara áðan að vera að lýsa vantrausti á hæstv. landbrh. Enn fremur fordæmdi hann verk einkavæðingarnefndar sem heyrir beint undir forsrh. Ég geri því fastlega ráð fyrir að þau orð sem hann lét frá sér fara áðan eigi líka við hæstv. forsrh. Þetta eru mjög merk pólitísk tíðindi að stjórnarliðar skuli tala með þessu móti um verk þeirra eigin ráðherra.

[16:11]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ekki er annað hægt en lýsa því yfir að það væri fráleitt að hætta við sölu Áburðarverksmiðjunnar eins og nú er komið málum. Einkavæðingarstefna ríkisstjórnarinnar væri rúin öllu trausti ef það yrði gert. Það er reyndar búið að fresta sölunni einu sinni vegna þess að það verð sem bauðst var ekki talið nægjanlega gott og það hefur greinilega borið ríkulegan ávöxt eins og kom fram hjá hæstv. landbrh. En að hætta við á þessu stigi málsins væri aldeilis fráleitt.

Ég kannast ekki við neinar samsæriskenningar eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var uppi með og þaðan af síður ætti það að vera nokkur ástæða til að hætta við söluna. En hvað kemur hv. þm. Hjálmari Árnasyni til að segja að kaupandinn hafi hafnað sóknarfærum tengdum vetni? Hann segir það nánast í sama orðinu og hann talar um að athafnamaður hafi lagt fram hæsta tilboðið. Og hvers konar athafnamaður væri það sem hafnaði tækifærum tengdum vetni? Eða hafnaði bara yfirleitt nokkrum tækifærum í sambandi við þá atvinnustarfsemi sem hann er að kaupa? Auðvitað verður málið þannig að ef hagkvæmt er talið að framleiða áburð í verksmiðjunni, þá verður framleiddur áburður þar. Ef hagkvæmt verður að framleiða vetni á einhvern hátt eða rannsaka vetnisframleiðslu, þá verður það gert. Það dettur ekki nokkrum heilvita manni í hug að kaupa verksmiðju upp á 1,3 milljarða án þess að ætla sér að reka þar einhverja hagkvæma starfsemi. Ætlum við að fara að þvinga einhverja óhagkvæma starfsemi upp á kaupendurna, eða ætlaði hv. þm. Hjálmar Árnason að leggja til að við höldum áfram með einhverja ríkisstarfsemi þarna, einhverja aðra en áburðinn? Það væri fráleitt að hætta við sölu þessa fyrirtækis, herra forseti.

[16:13]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það verður að segja að nú fór í verra. Það fór heldur betur í verra ef marka má þær umræður sem hér fara fram. Hv. þm. Hjálmar Árnason er að uppgötva það nú við lok kjörtímabils hvaða ríkisstjórn hann styður. Það er eins og það komi hv. þm. alveg í opna skjöldu að hann hefur verið að styðja ríkisstjórn sem hefur einkavæðingu framarlega á sinni stefnuskrá og lætur hana ganga fyrir. Hvernig getur það gerst að hv. þm. er að uppgötva það fyrst núna? En ég tek undir með hv. þm. að þetta er auðvitað alveg dæmalaust sem hér er að gerast.

Auðvitað er dæmalaust að ekki skuli vera neinn fótur undir prógrammi því sem hv. þm. hefur fengið að vinna að með leyfi hæstv. iðnrh. til að milda út á við stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Hún vinnur að því hörðum höndum að binda lungann úr íslenskri vatnsorku í málmbræðslum en hv. þm. fær að kynna að til standi að skoða hvort breyta eigi Íslandi í vetnissamfélag. Á sama tíma er orkan sem til þess þarf bundin í málmbræðslur. Það er efst á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar. Hefur hv. þm. ekki tekið eftir þessu?

Ég er ansi hræddur um, virðulegur forseti, að þetta sé heldur seint séð hjá hv. þm. Það er ljóst að skjóls mun ekki að leita hjá ráðherrum eða öðrum í ríkisstjórninni til að styðja þá heimsögulegu möguleika sem hv. þm. var að lýsa. Ég tek eindregið undir orð hans. Auðvitað verður ekki komið af stað þróun í þessum málum ef ekki er stuðningur við að tryggja að hér geti farið fram rannsóknir og þróunarstarfsemi. Halda menn að einkaframtakið á Íslandi tryggi það? Ó nei.

[16:16]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ólafur Jóhannesson, fyrrv. forsrh., sagði einhvern tíma: „Það hefur enginn bannað mér að vera vitrari í dag en ég var í gær." Að taka afstöðu út frá nýjum forsendum er skylda stjórnmálamanna. Að reka fyrirtæki vel og einkavæða er gott en vandasamt verkefni.

Áburðarverksmiðjan er í dag frábærlega vel rekið fyrirtæki, framleiðir hreinan áburð, áburð án þungmálma. Fyrirtækið býr yfir góðu starfsfólki, þekkingu, búnaði og reynslu. Nú getum við náð forskoti á heimsmælikvarða, forskoti í rannsóknar- og þróunarstarfi, í vetnisframleiðslu og ekki síst framleiðslu vetnis sem brennsluefnis í skipum.

Vetnið er ljós í myrkrinu. Það er ný von sem við þurfum að huga verulega að. Þeir draumar eru sem betur fer að rætast. Bændur hafa staðið fast að þessari verksmiðju. Áburðarverksmiðjan var byggð fyrir Marshall-aðstoð. Reksturinn hefur fært ríkinu þetta fyrirtæki skuldlaust sem dýrmæta eign.

Ég óttast að sala nú kunni að minnka líkur á áframhaldandi rekstri í Gufunesi. Áburðurinn er vistvænn og góður, vetnið er nýtt tækifæri. Þriggja vikna samningur við stórfyrirtæki úti í heimi vitnar um það og segir: Staldrið við. Tryggið að ríkisvaldið eigi í þessu fyrirtæki til að nýta þau tæki og þá þekkingu sem þar eru. Við sölu verður að tryggja að við missum ekki tækifæri úr hendi okkar. Enginn bannar hæstv. ríkisstjórn að staldra við og grandskoða söluáformin miðað við þann ótta að áburðarframleiðslu sé hætt og vetnið sé út af borðinu. Þess vegna skora ég á hæstv. ríkisstjórn að fara yfir málið út frá þeim nýju forsendum. Ég dreg ekki í efa góðan vilja athafnamannsins en það verður að tryggja að ríkisvaldið eigi þarna aðild svo vetnisdraumurinn verði ekki draumur þess liðna. Það borgar sig í þessu máli, herra forseti, að fara um stund á hraða snigilsins.

[16:19]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það eru engin ný tíðindi að úr ræðustól Alþingis sé haft á orði að eitt það versta við þessa ríkisstjórn sé hve erfitt hún á með allt samráð. En að samráðsleysið væri slíkt sem þetta mál ber vitni um, milli ríkisstjórnarinnar og hv. stjórnarþingmanna, hafði engan grunað, held ég, fyrr en það blasir við í dag. Hægri höndin virðist bókstaflega ekki vita hvað sú vinstri gerir.

Í síðustu viku var Ísland í heimspressunni vegna stofnunar félags sem ríkisstjórn Íslands á aðild að með nokkrum frægum erlendum stórfyrirtækjum. Því er ætlað að gera stóra hluti í tilraunum á notkun vetnis og var við þessa samningagerð m.a. reiknað með að vetnið fengist á hagkvæmum kjörum frá Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi, sem er eini íslenski aðilinn sem hefur tækjakost til þeirra framleiðslu nú.

Einhver frægasta fréttastofa erlendis tók svo djúpt í árinni að þetta væri með tíu merkustu fréttum vikunnar og mátti varla opna fjölmiðil hér á landi svo menn hreyktu sér ekki yfir þessum stórmerkjum. Loksins var Ísland komið á blað.

Meðan öllu þessu fór fram í heimspressunni sat einkavæðingarnefnd einhvers staðar í dimmu bakherbergi og áformaði að selja viðkomandi verksmiðju með öllum gögnum og gæðum, engar kvaðir um áframhaldandi vetnisframleiðslu. Hverju sætir þetta? Þetta er eitt það furðulegasta sem ég hef orðið vitni að í tíð þessarar ríkisstjórnar þó margt mætti þar telja til. Sambandsleysið virðist þvílíkt að ég sé ekki annað en það verði meðal tíu merkustu viðburða í heimspressunni í næstu viku. Þessar gerðir íslensku ríkisstjórnarinnar stefna vægast sagt í árekstur.

[16:21]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Þessi viðbrögð og umræða koma seint fram. Búið er að vinna að sölunni í mörg ár eins og fram hefur komið og því eru andmælin með hraða snigilsins eins og fram kom áðan.

Annað mál er að áburðurinn sem framleiddur er í Gufunesi er hrein vara framleidd með rafmagni og tengist þannig umhverfisstefnu stjórnvalda. Annars staðar er framleitt með olíu. Íslenskur áburður, þ.e. blandaði áburðurinn, er lagaður að íslenskum aðstæðum og íslenskum jarðvegi og hentar því afar vel.

Samkvæmt kaupsamningi er það vilji og ætlun væntanlegs kaupanda að framleiða áfram áburð fyrir íslenskan markað. Hins vegar er ekki sett inn í kaupsamninginn skýrara ákvæði um slíkt. Ég vil því beina því til hæstv. landbrh. og ríkisstjórnarinnar að gæta vel að því að framleiddur verði áburður sem dreift verði á íslenskan markað. Hann þyrfti að vera sambærilegur að gæðum og verið hefur samkvæmt því þróunarstarfi sem átt hefur sér stað í framleiðslunni hér á landi.

Það er nefnilega ekki hægt að þinglýsa þessu ákvæði um vilja og ætlun kaupanda. Hann getur skipt um skoðun á morgun og þar þarf því að hafa á öruggan fyrirvara.

Herra forseti. Landbúnaðarvara margra annarra þjóða en okkar er menguð af þungmálum. Við megum ekki flytja inn áburð sem er mengandi þannig að íslenskar landbúnaðarvörur, sem við státum af að séu hreinar og ómengaðar, mengist svo að við getum ekki lengur keppt við aðrar vörur á grundvelli hreinleika íslensku vörunnar.

[16:23]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Í lögum sem sett voru á Alþingi árið 1994 er skýr heimild til ráðherra að selja hluta eða öll hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni. Allt frá árinu 1996 hefur verið unnið að því að selja þetta fyrirtæki. Nú liggja fyrir tilboð sem eru yfir þeirri lágmarksverðkröfu sem sett var. Í mínum huga er því hér um eðlilegan söluferil að ræða. Eins og fram hefur komið hefur verið óvissa um starfsemi Áburðarverksmiðjunnar um nokkurt skeið. Menn hafa sem betur fer náð betri tökum á rekstrinum undanfarið.

Ég vil leggja áherslu á að þótt ríkisfyrirtæki séu seld, þetta eða eitthvert annað, þá þýðir það ekki að viðkomandi starfsemi verði sjálfkrafa lögð af. Mér finnst hæpið að álykta sem svo. Mér finnst líka óeðlilegt að gera tilboð í svona fyrirtæki með það fyrir augum að leggja starfsemina niður.

Varðandi umræðuna um landið sem Áburðarverksmiðjan stendur á er ljóst að um leiguland er að ræða þannig að eigandi fyrirtækisins gæti ekki rifið fyrirtækið burt og selt síðan landið undir eitthvað annað án tilheyrandi breytinga á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar á þessu hafnarsvæði.

Vetnismálið er merkilegt og ástæða til að vekja athygli á því. Áburðarverksmiðjan er hluthafi í Vistorku sem er vetnisfélagið sem stofnað var á dögunum. Hins vegar eru engar kröfur um að Áburðarverksmiðjan afhendi vetni til þess verkefnis sem eru í gangi. Þar er um að ræða mál sem viðkomandi fyrirtæki, Vistorka, þarf að leysa. Ég tel að í spilunum sé ekkert sem í sjálfu sér sýni að bæði áburðarframleiðsla og vetnisframleiðsla verði lögð af í Gufunesi þó annar aðili en íslenska ríkið eignist fyrirtækið þannig.

Ég hvet til þess að menn fari ekki á taugum á þessu stigi. Grundvallaratriðið í þessu er að íslenskir bændur fái góðan áburð á sem lægstu verði.

[16:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta áburðarverksmiðjumál er kostulegt dæmi um framgöngu hæstv. ríkisstjórnar í einkavæðingarmálum. Nú eru hv. stjórnarliðar komnir í illindi út af sölu á Áburðarverksmiðjunni og skrautfjöður Framsfl. í umhverfismálum, sem átti að vera vetnismál hv. þm. Hjálmars Árnasonar, er allt í uppnámi og upplausn. Það sem átti að rétta af allar virkjanirnar og álverin, klæða Framsókn í pínulitla grænleita slikju ofan á álbræðslurnar, er allt í einu fokið út í hafsauga.

Hér liggur fyrir að selja eigi þessa verksmiðju. Þarna er augljóslega kastað til höndunum og virðist eiga að selja hana án allra kvaða eða markmiða um framhaldið. Menn láta sem þetta sé smámál og engu varði hvað um þessa starfsemi verður, hvað gert verður með þetta svæði o.s.frv. Er það gáfuleg ráðstöfun, frá sjónarhóli eigandans, að standa þannig að málum?

Lærdómurinn af þessu er augljós, herra forseti. Hann er aðeins einn. Það átti að láta Áburðarverksmiðjuna í friði. Þetta er það sem hefst upp úr krafsinu, þessi fíflagangur. Menn hefðu betur látið þetta í friði og ég segi það við stjórnarþingmenn, og sérstaklega úr Framsfl. sem koma hér vælandi: Ykkur var nær að sitja þegjandi undir þessu einkavæðingarbrölti. Þetta fenguð þið fyrir.

[16:27]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem og þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls.

Varðandi málefnaflutning hv. stjórnarandstöðu vil ég segja að hann er með ólíkindum. Rök í þessu máli voru nánast engin hjá hv. stjórnarandstæðingum. Þetta eru upphrópanir, samsæriskenningar og annað í þeim dúr. Það er eins og þeir furði sig á því að stjórnarþingmenn skuli fara fram á utandagskrárumræðu til að koma af stað málefnalegri umræðu í hv. Alþingi. Stjórnarandstaðan gerir sig seka um að fara í einfaldar gamaldags málæfingar í stað þess að færa rök fyrir máli sínu.

Til að létta hugarangri stjórnarandstæðinga og slá á allt samsæristal þeirra vil ég að gefnu tilefni taka fram að ég styð hæstv. ríkisstjórn (Gripið fram í.). Ég styð hæstv. landbrh. og ég styð sölu ríkiseigna þegar við á.

Það sem ég hef vakið athygli á hér er einfaldlega að meta þurfi hvenær eðlilegt sé að selja. Aðstæður geta breyst þannig að taka þurfi mál til endurskoðunar. Ég hef velt því upp í umræðunni að aðstæður kunni að kalla á endurskoðun þessara áforma. Hæstv. ráðherra hefur upplýst ýmislegt í málinu sem ég taldi hv. stjórnarandstöðu hafa gagn af.

Meginkjarni málsins er sá að Áburðarverksmiðjan er gullmoli og þar þarf að tryggja áframhaldandi framleiðslu á vetni. Um það á umræðan að snúast og ekkert annað. Á þeim forsendum hefur verið farið fram á það við hæstv. ráðherra að áformin um söluna verði endurskoðuð. Um annað snýst málið ekki.

[16:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég taka fram að það er ekki tryggt, eins og ég reyndi að segja í upphafi umræðunnar og held mig við enn, að þessi verksmiðja verði rekin áfram þó hún verði í eigu ríkisins. Óvissan um það mál er það stærsta og erfiðasta sem við er að eiga í umræðunni allri. Það er vandlifað þegar maður er skammaður fyrir að fara með hraða snigilsins og jafnframt fyrir að fara ekki með hraða snigilsins. Þá velti ég fyrir mér hvernig ætti að taka á svona máli. Hvernig ætti að taka á því er svona söluferli er sett í gang?

Af hverju reyndum við að hraða ferlinu að þessu sinni? Það var einmitt vegna þess að hætta var á innflutningi á áburði á þessu vori og þar með væri grundvellinum kippt undan starfsemi verksmiðjunnar. Sú hætta er auðvitað enn fyrir hendi og verður áfram. Þess vegna er ekki hægt að skylda hvorki ríkið né nýjan eiganda, hvað sem hann kann að heita, hvort sem hann er athafnamaður eða ekki, til þess að halda áburðarframleiðslu áfram hvað sem tautar. Við höfðum ekki og við töldum ekki að sú kvöð væri á ríkinu. Hún er það ekki. Hún er það ekki nema svo lengi að það sé talið skynsamlegt og að gerlegt sé að gera það án þess að greiða áburð verulega niður, sem er kannski það sem menn eru að tala um hér.

Það var ekki hægt að leggja slíkt til af minni hálfu. Það var hættan á því að af innflutningi yrði strax í vor sem ýtti á það að reyna að flýta þessu ferli nú eftir áramótin þegar hugmyndir komu upp um söluna.

Varðandi vetnishugmyndirnar þá eru þær heldur ekkert óljósari á þessu stigi en þær voru á fyrri stigum málsins og í því ágæta vinnuferli sem hv. málshefjandi hefur beitt sér fyrir og á heiður skilinn fyrir. Samstarfsaðilunum, þeim þremur stóru risum sem hér hafa verið nefndir, Daimler-Benz, Shell og Norsk Hydro, var gerð grein fyrir því að þetta söluferli væri í gangi. Og það er með ólíkindum ef þessir stóru erlendu risar hafa meiri tiltrú á ríkisrekstri á Íslandi en á starfsemi einhvers athafnamanns. Ég velti því nú fyrir mér.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Þetta ferli er á því stigi nú að málið verður lagt fyrir ríkisstjórnina á morgun og ég mun leggja þar til að farið verði að tillögum einkavæðingarnefndarinnar um að hæsta tilboðinu verði tekið. Það breytir engu um þá óvissu sem fyrir var um (Forseti hringir.) framleiðslu áburðar og framleiðslu vetnis. Ég vona sannarlega að hvort tveggja haldi áfram, enda kveðið á um hvort tveggja í kaupsamningnum.

Útflutningur hrossa, 2. umr.

Stjfrv., 346. mál (útflutningsgjald). — Þskj. 450, nál. 883, brtt. 884.

[16:33]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá landbn. um breytingu á lögum um útflutning hrossa. Nefndin fékk ýmsa menn á fund sinn, sendi málið til umsagnar og fékk umsagnir.

Í frumvarpinu er lagt til að lögum um útflutning hrossa verði breytt með hliðsjón af breytingum sem orðið hafa á búnaðarlögum, nr. 70/1998, og lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum. Í lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997, er nú kveðið á um að innheimta skuli sérstakt búnaðargjald af búvöruframleiðendum og ráðstafa skuli ákveðnu hlutfalli af því til Búnaðarmálasjóðs. Með hliðsjón af því er lagt til í frumvarpinu að horfið verði frá því að hluti gjalds vegna útflutnings hrossa, sem mælt er fyrir um í 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga um útflutning hrossa, verði

látinn renna í Búnaðarmálasjóð. Ekki er í frumvarpinu lögð til breyting á upphæð gjaldsins heldur eingöngu á ráðstöfun þess.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram það sjónarmið að frá gildistöku laga nr. 84/1997 hefðu útflytjendur hrossa í raun greitt tvöfalt gjald í Búnaðarmálasjóð. Nefndin telur þetta sjónarmið á rökum reist og leggur því til að við frumvarpið verði bætt ákvæði til bráðabirgða um að endurgreiða skuli þeim sem flutt hafa út hross eftir gildistöku laga nr. 84/1997 þann hluta gjaldsins sem rann til Búnaðarmálasjóðs. Þá leggur nefndin til að útflutningsgjald sem lagt er á hvert útflutt hross verði lækkað úr 8.000 kr. í 6.800 kr., enda væri ella um að ræða auknar álögur á útflytjendur hrossa.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali.

Hjálmar Jónsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn í hv. landbn. skrifa undir þetta mál.

Hæstv. forseti. Hér liggja fyrir á sérstöku þingskjali þær brtt. sem ég hef gert grein fyrir og hef ég þar með lokið máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fangelsi og fangavist, 2. umr.

Stjfrv., 350. mál (samfélagsþjónusta). — Þskj. 473, nál. 911, brtt. 912.

[16:37]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 911 um frv. til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk til viðræðna við sig Benedikt Bogason og Þorstein A. Jónsson frá dóms- og kirkjumrn. Þá bárust nefndinni nokkrar umsagnir um málið.

Helsta breytingin sem lögð er til í frv. er að heimilað verði að fullnusta vararefsingu með samfélagsþjónustu. Sú breyting er lögð til þar sem óeðlilegt þykir að maður sem hlotið hefur óskilorðsbundinn dóm geti fullnustað refsingu sína utan fangelsa meðan sektarrefsing, sem er mildari refsing, leiðir til afplánunar vararefsingar í fangelsi ef sekt fæst ekki greidd.

Við meðferð málsins í allshn. tók nefndin m.a. til skoðunar reynsluna af samfélagsþjónustu frá því að hún kom fyrst til þann 1. júlí 1995. Kom fram að reynslan af þessu úrræði er mjög góð. Í 95% tilvika þar sem dómþolar sækja um samfélagsþjónustu er um að ræða umsóknir frá dómþolum sem brotið hafa gegn ákvæðum umferðarlaga, oftast vegna ítrekaðs ölvunar- eða sviptingaraksturs. Algengasti aldur dómþola sem gegna samfélagsþjónustu er 21–35 ár.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram það sjónarmið að það ætti ekki að vera hlutverk stjórnvalda að ákveða inntak fangelsisrefsingar heldur ættu ákvarðanir dómara um það að vera endanlegar. Það ætti því að vera hlutverk dómara að dæma dómþola til samfélagsþjónustu en ekki stjórnvalda að ákveða að dómþoli mætti afplána fangelsisdóm með samfélagsþjónustu. Nefndin er ekki sammála þessu sjónarmiði. Í umræddu tilviki er stjórnvöldum heimilað að taka ívilnandi ákvörðun í þágu dæmds manns. Slíkar heimildir stjórnvalda eru víða og hafa ekki verið umdeildar. Sem dæmi má nefna ákvæði almennra hegningarlaga um reynslulausnir og heimild í lögum um fangelsi og fangavist um að heimilt sé að vista fanga á sjúkrahúsi eða annarri stofnun þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar. Loks má nefna að stjórnvaldi er heimilt að leyfa fanga að vinna utan fangelsis.

Um meðferð slíkra mál í öðrum löndum má nefna að í Svíþjóð geta dómþolar sem dæmdir eru til allt að þriggja mánaða fangelsis sótt um að refsingin verði fullnustuð með því að á dómþola verði fest rafrænt fótjárn og þannig fylgst með því hvar hann er staddur. Taka stjórnvöld þar ákvörðun um hvort slík fullnusta verði heimiluð.

Allt þetta telur nefndin styðja það sjónarmið að eðlilegt sé að stjórnvald taki ákvörðun um heimild dómþola til að afplána refsivist með samfélagsþjónustu. Og vegna þeirrar umræðu sem átti sér stað í nefndinni um þetta atriði taldi ég rétt að taka þetta sérstaklega fyrir við framsögu á nál. málsins.

Allshn. leggur til tvær smávægilegar breytingar á frv. Í fyrsta lagi er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein þar sem fram komi að Fangelsismálastofnun ríkisins geti ákveðið að klefar séu ólæstir í tilteknum fangelsum eða fangelsisdeildum eða í öðrum tilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram ósk Fangelsismálastofnunar um þessa breytingu. Kom m.a. fram að á Kvíabryggju hefur herbergjum ekki verið læst að kvöldi heldur einungis húsinu. Hefur það þótt gefast vel.

Þá er í öðru lagi lagt til, einnig að ósk Fangelsismálastofnunar, að gildistöku þess ákvæðis laganna er fjallar um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu verði frestað til 1. janúar árið 2000. Verði stofnuninni með því gefinn betri tími til að undirbúa umrædda breytingu sem er veigamikil.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (reynslulausn o.fl.). — Þskj. 474, nál. 913.

[16:42]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, fyrir hönd allshn. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumrn.

Umsagnir bárust frá Fangelsismálastofnun ríkisins, Vernd, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara og lögreglustjóranum í Reykjavík.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum í V. og VI. kafla almennra hegningarlaga. Þær helstu eru í fimm liðum sem ég ætla að fá að gera grein fyrir:

1. Lagt er til að fellt verði úr lögum skilyrði um lágmarkseftirstöðvar refsitíma svo að reynslulausn verði veitt og hún verði því veitt þótt eftirstöðvar fangelsisvistar séu skemmri en 30 dagar. Með lögum nr. 82/1998 varð sú breyting á hegningarlögum að refsivist verður ekki dæmd til skemmri tíma en 30 daga, en fyrir gildistöku þeirra var unnt að dæma sakborning til refsivistar allt niður í fimm daga. Verður því, ef frumvarpið nær fram að ganga, ekki veitt reynslulausn fyrr

en dómþoli hefur afplánað í það minnsta 15 daga refsivist. Þá verður bætt úr þeirri mismunun að fanga sem hlotið hefur tveggja mánaða fangelsisdóm sé heimilt að fá reynslulausn er hann hefur afplánað 30 daga í fangelsi, en reynslulausn verði ekki veitt þegar fangi hefur hlotið 45 daga fangelsisdóm.

2. Lögfest verði sú venjubundna framkvæmd að ekki verði veitt reynslulausn þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn.

3. Þá verði lögfest sú venjubundna framkvæmd að ekki verði veitt reynslulausn þegar vararefsing fésekta er afplánuð. Verði með því leyst úr réttaróvissu sem ríkt hefur um þetta efni í kjölfar tveggja álita umboðsmanns um þetta efni.

4. Felld verði úr lögunum heimild stjórnvalda til að ákveða að aðili taki út refsingu vegna brots á hegningarlögum á reynslutíma. Þess í stað verði lögfest að dómari taki tillit til óafplánaðrar fangelsisrefsingar er hann ákveður refsingu vegna síðara brotsins.

5. Þá er lagt til að eftirlit á skilorðstíma verði á vegum Fangelsismálastofnunar eða þess sem stofnunin felur umsjónina en það er nú í höndum ákæranda.

Nefndin leggur til eina breytingu á frumvarpinu, að 4. mgr. 56. gr. laganna verði breytt til samræmis við aðrar breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu, með leyfi forseta:

„Á eftir 3. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

4. mgr. 56. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 22/1955, orðast svo:

Mál aðila má taka upp að nýju ef rannsókn hefst hjá lögreglu gegn honum sem sakborningi áður en skilorðstíma lýkur út af nýju broti sem hann hefur framið á skilorðstímanum eða áður en máli var frestað, svo og ef hann ryfur ella í veigamiklum atriðum skilyrði þau sem honum voru sett.“

Allir nefndarmenn í allshn. undirrita þetta nefndarálit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:45]

Útbýting þingskjals:

Lagabreytingar vegna hækkunar sjálfræðisaldurs, 565. mál, fsp. JóhS, þskj. 925.

Ríkislögmaður, 2. umr.

Stjfrv., 476. mál (yfirstjórn). — Þskj. 781, nál. 914.

[16:46]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 51/1985, um ríkislögmann, fyrir hönd allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að yfirstjórn embættis ríkislögmanns verði flutt frá fjármálaráðherra til forsætisráðherra. Vistun embættisins hjá fjármálaráðuneyti á sér fyrst og fremst þær sögulegu skýringar að málarekstur æðstu stjórnar ríkisins í einkamálum var áður fyrr að stórum hluta í höndum sérstakra málflutningsmanna sem störfuðu innan fjármálaráðuneytis. Embættið er hins vegar í raun þjónustustofnun allra ráðuneytanna og því eðlilegt að það heyri undir forsætisráðherra og beri undir forsætisráðuneyti, sem fer með mál er varða Stjórnarráð Íslands í heild.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Allir nefndarmenn skrifa undir nefndarálitið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með útlendingum, 2. umr.

Stjfrv., 512. mál (forstjóri Útlendingaeftirlits o.fl.). — Þskj. 824, nál. 915.

[16:47]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, fyrir hönd allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumrn.

Í frv. er lagt til að forstjóri skipaður af ráðherra veiti Útlendingaeftirlitinu forstöðu, en stofnunin heyrir nú undir ríkislögreglustjóra. Þá er lagt til að stofnuninni verði falið að annast útgáfu vegabréfa. Helstu rökin fyrir þessari breytingu eru að þau málefni sem Útlendingaeftirlitið sinnir eru ekki í eðli sínu lögreglustörf og því óeðlilegt að ríkislögreglustjóri sé yfirmaður stofnunarinnar. Þá er ljóst að fleiri verkefni munu flytjast til stofnunarinnar á næstunni.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Allir nefndarmenn skrifa undir álitið.

[16:48]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég held að hér sé í sjálfu sér verið að stíga eðlilegt skref. Þrátt fyrir að Útlendingaeftirlitið hafi allt frá upphafi verið sérstök stofnun þá hefur starfsemi þess verið samofin störfum lögreglunnar í Reykjavík. Hér er verið að leggja til breytingu á því sem í raun og veru á að tryggja að stofnunin verði sjálfstæðari í raun.

Ég er ein af þeim sem skrifa undir þetta nefndarálit og styð því að sjálfsögðu frv. eins og það liggur fyrir.

Ég vildi taka fram tvö atriði sem mér þótti rétt að vekja athygli á og komu reyndar aðeins til umræðu í hv. allshn. Það fyrra er að ég held að fyrir löngu sé kominn tími til þess að lögin um eftirlit með útlendingum taki breytingum í takt við tímans rás. Ég held að nafnið á lögunum, heiti laganna eitt og sér, segi heilmikið til um þá nálgun sem þar er. Þau heita „Lög um eftirlit með útlendingum“ rétt eins og að sérstök þörf sé á að fylgjast með útlendingum og gæta sérstakrar varúðar hvað þá varðar.

Hið sama má segja um nafnið, Útlendingaeftirlitið, sem mér þykir hafa mjög óaðlaðandi nálgun. Ég held að eðlilegra væri að þetta bæri heiti sem höfðaði meira til þjónustu, að þarna færi fram þjónusta við útlendinga. Af umræðum í nefndinni kom fram að þetta hefur þegar verið rætt í dómsmrn., þ.e. að gera breytingar í þessa veru, bæði hvað varðar heiti þessarar stofnunar og eins heiti og nálgun laganna að öðru leyti. Ég held að það sé löngu kominn tími til þess að það sé gert.

Þá vil ég líka vekja athygli á því að í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. kemur fram að aðskilnaður Útlendingaeftirlitsins og ríkislögreglustjóra leiði til nýrra útgjalda sem ekki hefði komið til við frekara samstarf þessara stofnana. Ekki er gert

ráð fyrir fjölgun starfa við aðskilnað stofnananna. Síðan segir að aukinn launakostnaður vegna forstjóra sé áætlaður um 2 millj. kr. á ári, leiga skrifstofuhúsnæðis um 2,5 millj. kr. og aksturskostnaður um 0,7 millj. kr. þannig að viðbótarrekstrarkostnaður nemi alls rúmlega 5 millj. kr. á ári. Enn fremur er gert ráð fyrir um 2 millj. kr. stofnkostnaði til kaupa á tölvubúnaði.

Ég held að þarna sé mjög varlega áætlað og að þessi breyting muni hafa meiri kostnað í för með sér. Reyndar var það nánast staðfest af hálfu fulltrúa dómsmrn. sem kom fyrir nefndina að líklega mundi þessi breyting þýða meiri kostnað en þarna er áætlað.

Ég tel rétt að þetta komi fram í umræðunum hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. allshn., 561. mál (leyfisgjöld). — Þskj. 908. [16:52]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd allshn. fyrir frv. til laga um breyting á áfengislögum, nr. 75/1998.

Á síðasta þingi voru sett ný áfengislög. Þau fólu m.a. í sér að veitingar leyfa til áfengisveitinga í skipi, á veitingastað og í öðru húsnæði voru færðar frá ríki til sveitarfélaga. Í ljós hefur komið að þau mistök voru gerð að gjaldtaka vegna veitinga þessara leyfa var ekki með sama hætti færð til sveitarstjórna heldur stóð áfram heimild fyrir gjaldtöku ríkisins vegna þeirra í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991. Þetta hefur leitt til þess að gjaldtaka vegna þessara leyfisveitinga hefur fallið niður en ljóst er að það var alls ekki ætlun löggjafans er ný áfengislög voru samþykkt. Vegna þessa er lagt til í frv. að ákvæði verði sett í áfengislög þar sem lögfest verði að greiða skuli sömu fjárhæð vegna leyfa til áfengisveitinga og var fyrir gildistöku áfengislaga, nr. 75/1998, en renni nú til sveitarfélaga.

Ég legg til, virðulegi forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vopnalög, 1. umr.

Frv. allshn., 562. mál (íþróttaskotvopn). — Þskj. 909. [16:54]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd allshn. fyrir frv. til laga um breytingar á vopnalögum, nr. 16/1998.

Á síðasta þingi voru samþykkt vopnalög, heildarlög um öll tæki sem telja má til vopna.

Nú nýverið barst allshn. bréf frá Skotíþróttasambandi Íslands þar sem fram kemur að með umræddum lögum hefði innflutningur á hálfsjálfvirkum keppnisskammbyssum sem notaðar eru í ólympískri skotfimi verið gerður ólöglegur.

Í framhaldi af þessu voru fulltrúar Skotíþróttasambandsins boðaðir á fund nefndarinnar ásamt fulltrúum ÍSÍ, ríkislögreglustjórans og dóms- og kirkjumrn. og farið yfir málið. Þessir aðilar voru allir sammála um að ljóst væri að aldrei hefði staðið til að girða fyrir innflutning á þessum keppnisbyssum.

Nefndin telur ljóst að það var ekki ætlun löggjafans að girða fyrir að keppnisskammbyssur til notkunar í ólympískri íþróttagrein yrðu fluttar til landsins. Leggur nefndin því til að bætt verði inn í vopnalögin heimild til innflutnings slíkra sérhannaðra skotvopna sem sannanlega eru ætlaðuð til íþróttaiðkunar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að máli þessu verði vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:56.

---

75. FUNDUR

þriðjudaginn 2. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fangelsi og fangavist, stjfrv., 350. mál, þskj. 473, nál. 911, brtt. 912. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Almenn hegningarlög, stjfrv., 351. mál, þskj. 474, nál. 913. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Ríkislögmaður, stjfrv., 476. mál, þskj. 781, nál. 914. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 512. mál, þskj. 824, nál. 915. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Útflutningur hrossa, stjfrv., 346. mál, þskj. 450, nál. 883, brtt. 884. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Áfengislög, frv., 561. mál, þskj. 908. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vopnalög, frv., 562. mál, þskj. 909. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 224. mál, þskj. 931. — 3. umr.
9. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 323. mál, þskj. 932, brtt. 934. — 3. umr.
10. Vörugjald, stjfrv., 537. mál, þskj. 861. — 3. umr.
11. Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, stjfrv., 282. mál, þskj. 933. — 3. umr.
12. Skipulag ferðamála, stjfrv., 361. mál, þskj. 497. — 3. umr.
13. Starfsemi kauphalla, frv., 529. mál, þskj. 849. — 2. umr.
14. Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, stjtill., 230. mál, þskj. 257, nál. 910, 917 og 921. — Síðari umr.
15. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 414. mál, þskj. 687, nál. 907 og 918, brtt. 919. — 2. umr.
16. Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 359. mál, þskj. 495, nál. 920. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Össur Skarphéðinsson, 9. þm. Reykv.

Afturköllun þingmála.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseta hefur borist tilkynning frá hv. 18. þm. Reykv., Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, um að þingmaðurinn afturkalli tvær fyrirspurnir, þ.e. fyrirspurn til forsrh. um réttindi heyrnarlausra, 488. mál á þskj. 798, og fyrirspurn til félmrh. um réttindi heyrnarlausra, 490. mál á þskj. 800.

Mannabreytingar í nefndum.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseta hefur borist ósk frá þingflokki Samfylkingarinnar um mannaskipti í nefndum, samkvæmt 16. gr. þingskapa. Breytingarnar eru þær að í efh.- og viðskn. taki Sigríður Jóhannesdóttir sæti Svavars Gestssonar. Í sérnefnd um stjórnarskrármál taki Bryndís Hlöðversdóttir sæti Svavars Gestssonar og í utanrmn. verði Ragnar Arnalds varamaður í stað Svavars Gestssonar. Ef ekki eru athugasemdir við þetta skoðast það samþykkt.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Aðild að alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum, 567. mál, fsp. HG, þskj. 927.

Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, 572. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 939.

Beinþéttnimælingar, 569. mál, fsp. KF, þskj. 930.

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, 9. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 936.

Langtímaáætlun um jarðgangagerð, 570. mál, þáltill. MS o.fl., þskj. 935.

Lífeyrissjóður bænda, 323. mál, þskj. 932; brtt. PHB og GMS, þskj. 934.

Meðferð sjúklinga með átröskun, 568. mál, fsp. KF, þskj. 929.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 135. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 922; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 923.

Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, 282. mál, þskj. 933.

Staða sjávarútvegsbyggða og kvótalítilla útgerða, 566. mál, fsp. HG, þskj. 926.

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, 573. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 940.

Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, 230. mál, nál. 2. minni hluta allshn., þskj. 921.

Stjórn fiskveiða, 571. mál, frv. SighB og LB, þskj. 937.

Verðbréfasjóðir, 224. mál, þskj. 931.

Umræður utan dagskrár.

Starfsemi Íbúðalánasjóðs og nýtt greiðslumat.

[13:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að áður en gengið verður til dagskrár mun fara fram utandagskrárumræða um starfsemi Íbúðalánasjóðs og nýtt greiðslumat. Málshefjandi er Jóhanna Sigurðardóttir og félmrh. Páll Pétursson verður til andsvara. Þetta er hálftíma umræða í samræmi við 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

Enn fremur er ráðgert að í kjölfar þessarar utandagskrárumræðu fari fram atkvæðagreiðslur um fyrstu sjö dagskrármálin.

[13:35]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessar vikurnar er að ganga eftir það sem stjórnarandstaðan óttaðist um nýja húsnæðislánakerfið. Ófremdarástand ríkir á leigumarkaðnum þar sem nýja kerfið hefur ýtt upp leigunni og leitt til langra biðraða eftir leiguhúsnæði en 1.200 einstaklingar og fjölskyldur bíða nú eftir leiguhúsnæði á landinu öllu og ríkir hreint neyðarástand á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst hjá einstæðum foreldrum sem sumir hverjir eru nánast á götunni.

Klúður og seinagangur í afgreiðslu umsókna er að grafa undan kerfinu og hefur vafið upp á sig kostnaði og miklum óþægindum fyrir íbúðarkaupendur og seljendur en samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér hafa einungis 20% umsókna verið afgreiddar frá áramótum. Óraunsætt greiðslumat mun valda greiðsluerfiðleikum og gjaldþroti heimila sem aldrei fyrr. Ljóst er að öryggi og stöðugleikanum í húsbréfakerfinu er nú alvarlega ógnað með klúðrinu hjá Íbúðalánasjóðnum en jafnan þegar framsóknarmenn taka við húsnæðismálum virðist það vera ávísun á öngþveiti í húsnæðismálum. Kerfi sem var einfalt og gekk fullkomlega upp hefur verið fórnað og við tekið kerfi með flóknu og dýru vinnuferli sem er algjörlega snúið á haus og er hin raunverulega ástæða fyrir löngum biðtíma en ekki tölvuvandamál sem hæstv. ráðherra ber fyrir sig. Fólkið gerir sjálft sitt eigið greiðslumat og á grundvelli þess kauptilboð í íbúð áður en það fer í greiðslumat í banka. Ráðgjöf sem kemur eftir að kaupendur hafa tekið ákvörðun um íbúðakaup er auðvitað algerlega gagnslaus auk þess að leiða til verulegrar hættu á vanskilum. Allt þetta klúður ráðherrans hefur því einungis leitt til flókins vinnuferlis með ærnum kostnaði og fyrirhöfn fyrir íbúðakaupendur.

Greiðslumatið er líka ein samfelld endaleysa sem leitt getur til mikilla greiðsluerfiðleika í húsnæðislánakerfinu og jafnvel fjölda gjaldþrota á komandi mánuðum og missirum. Ekki verður annað séð en nýtt greiðslumat opni fyrir að 30 til allt að 50% af heildarlaunum viðkomandi geti farið til greiðslu á húsnæðiskostnaði en það hef ég fengið staðfest af Þjóðhagsstofnun. Þar kemur fram að fjögurra manna fjölskylda með 250 þús. kr. mánaðartekjur gat ráðstafað í eldra greiðslumati 45 þús. kr. í afborganir og vexti af lánum en 95 þús. kr. í nýja mati ráðherrans. Miðað við 500 þús. kr. tekjur gat þessi fjölskylda ráðstafað 90 þús. kr. áður í afborganir og vexti í eldra greiðslumati en nú 250 þús. kr. í stað 90 þús. kr. áður í nýja greiðslumatinu eða nærfellt 50% af tekjum. Ég held að hæstv. ráðherra verði að gera sér ljóst að hann er að kalla mikla greiðsluerfiðleika yfir heimilin í landinu og verulega áhættu fyrir Íbúðalánasjóðinn og þar með skattgreiðendur.

Ástæða er til að minna á að þegar húsbréfakerfinu var komið á var greiðslumatið miðað við að 30% af heildarlaunum gæti farið til greiðslu á húsnæðiskostnaði. Það stóð aðeins í nokkra daga og var þá lækkað niður í 20% einfaldlega vegna þess að sérfræðingar töldu að fólk stæði aldrei undir svo háu mati. Hæstv. ráðherra verður auðvitað að svara því undanbragðalaust hvað hefur breyst svo í umhverfinu að skyndilega sé hægt að hækka viðmiðunarmörkin í greiðslumatinu fyrir flesta íbúðakaupendur eins og fyrir meðalfjölskyldu með meðaltekjur úr 18% í um 30% og allt upp í 50% sem er auðvitað ekkert annað en ávísun á vanskil og greiðsluerfiðleika. Það er engu líkara en nýtt mat hæstv. ráðherra byggi á því að framfærslukostnaður heimilanna hafi frá síðustu áramótum lækkað um meira en helming og því sé allt í lagi að 30 til allt að 50% af heildarlaunum renni nú til afborgana og vaxta af lánum í stað 18% áður. Hæstv. ráðherra er kominn í háskalegan leik með heimilin í landinu sem leitt getur til mikilla greiðsluerfiðleika í húsnæðislánakerfinu og jafnvel fjölda gjaldþrota á komandi mánuðum og missirum. Ráðherrann virðist ætla að fá sér skjól rétt fyrir kosningar með því að galopna húsbréfakerfið fyrir öllum og breiða þannig yfir húsnæðisneyð þeirra sem þurfa á leiguhúsnæði að halda.

Hæstv. ráðherra skuldar þingi og þjóð skýringar sem nú er leitað eftir með eftirfarandi spurningum til hæstv. ráðherra:

Hvaða afleiðingar telur ráðherra að það hafi fyrir heimilin í landinu að hækka viðmiðunarmörkin í greiðslumatinu í húsbréfakerfinu fyrir flesta íbúðakaupendur eins og fyrir meðalfjölskyldu með meðaltekjur úr 18% í um 30% af heildarlaunum?

Var leitað álits fasteignasala, Húsnæðisstofnunar og viðskiptabanka á nýju vinnuferli umsókna í húsbréfakerfinu?

Hvaða kostnaður hefur orðið því samfara að breyta vinnuferli umsókna í húsbréfakerfinu og koma á fót starfsemi Íbúðalánasjóðs?

Hvað má áætla að margir þeirra umsækjenda sem rétt áttu á félagslegri íbúð, annars vegar eignaríbúð og hins vegar leiguíbúð á síðasta ári fái úrlausn hjá nýja Íbúðalánasjóðnum?

Hverja má áætla aukna eftirspurn af leiguhúsnæði í Reykjavík vegna lokunar félagslega íbúðalánakerfisins?

[13:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir að opna umræðu um starfsemi Íbúðalánasjóðs. Ég þakka henni ekkert sérstaklega fyrir þessa framsöguræðu en það er önnur saga.

Starfsemi Íbúðalánasjóðs er komin yfir byrjunarörðugleika sem vissulega voru til staðar og þarf ekki að tíunda það. Alkunna er að það var vegna tæknilegra örðugleika og vandamála sem sköpuðust á fyrstu dögum í starfsemi sjóðsins. Það er búið að afgreiða í Íbúðalánasjóði 1.133 umsóknir frá áramótum og þar af voru 523 sem komu inn þessu ári. Þetta greiðslumat sem við búum við núna er miklu áreiðanlegra og raunhæfara en fyrra greiðslumat. Útreikningar miðast við greiðslugetu og miðast við að umsækjandi eigi eða geti átt fyrir afborgunum lána á hverjum mánuði eftir að frá hafa verið dregnir kostnaðarliðir. Mér er það ljóst að neysluviðmiðunin í þessu greiðslumati er mjög þröng en þó er það spor í rétta átt að taka neysluviðmiðun inn. Það er ekki verið að miða við ákveðna hlutfallstölu launa eins og áður var heldur er miðað við þá fjárhæð sem raunverulega er eftir þegar tekið hefur verið tillit til kostnaðar við brýnustu framfærslu fjölskyldunnar.

Eins og hv. þm. á að vita var við vinnu starfshóps um nýtt greiðslumat leitað til samstarfs við Félag fasteignasala, lánastofnanir og húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar og núverandi greiðslumat er byggt á niðurstöðum þessa starfshóps.

Það fylgir ávallt kostnaður skipulagsbreytingum. Kostnaður við stofnun Íbúðalánasjóðs felst fyrst og fremst í breytingum á hugbúnaði og tölvukerfi. Þróun nýja hugbúnaðarins er ekki að fullu lokið og því liggja tölur um kostnað ekki endanlega fyrir, en þess má geta að vélbúnaður Húsnæðisstofnunar ríkisins var orðinn úreltur og endurnýjunar hefði verið þörf hvort sem kerfið hefði tekið breytingum eða ekki. Auk þess er nokkur kostnaður vegna biðlauna starfsmanna sem ekki voru ráðnir til Íbúðalánasjóðs.

Það má gera ráð fyrir að fleiri umsækjendur falli undir skilyrði um viðbótarlán en þeir sem áttu áður rétt á félagslegri íbúð þar sem tekju- og eignarmörk eru talsvert rýmkuð, og þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir svokölluðu 100% láni til kaupa á félagslegri íbúð, þá má gera ráð fyrir því að þeir sem féllu undir þann rétt muni bætast við leigumarkaðinn. Á árinu 1998 voru þetta um 150 fjölskyldur. Þegar hefur verið úthlutað lánum að heildarfjárhæð 1.755 millj. til félagasamtaka og sveitarfélaga til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum og gert er ráð fyrir því að þessi fjárhæð dugi til byggingar á 452 leiguíbúðum. Enn er eftir að úthluta heimildum til 60 leiguíbúða. Þá verður samtals úthlutað um og yfir 500 leiguíbúðum á árinu.

Á árinu 1994, sem var síðasta árið sem hv. þm. hafði með þessi mál að gera, var úthlutað lánum til 153 leiguíbúða. Aukning á úthlutunum til leiguíbúða á þessu ári eru því 359 íbúðir og sé einnig tekið tillit til þeirra sem hugsanlega bætast við leigumarkaðinn vegna niðurfellingar á 100% lánunum, þá er nettóaukningin meiri. Gera má ráð fyrir að 150 umsækjendur bætist í hóp leigjenda vegna þess að ekki er hægt að fá 100% lán lengur. Og þegar er búið að úthluta heimildum til 896 íbúðalána, þ.e. tæplega 900 viðbótarlána sem koma í staðinn fyrir félagslegu íbúðirnar áður og ónýttar heimildir Íbúðalánasjóðs til viðbótarlána munu enn þá vera um 40 talsins. Af þessu má sjá að hér hefur orðið mikil breyting og hrakspár um hið félagslega kerfi og skort á leiguhúsnæði hafa ekki ræst. Það eru að vísu biðlistar eftir leiguhúsnæði en á þessu ári er orðið við öllum beiðnum sveitarfélaga nema tveggja um lán til leiguíbúða.

[13:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Í lögum um hinn nýja Íbúðalánasjóð var verið að innleiða nýtt kerfi. Með nýja kerfinu fylgdi ný hugsun sem starfsfólk Íbúðalánasjóðs, sem áður vann hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, þarf að laga sig að. Bankarnir, fasteignasalarnir og viðskiptavinir kerfisins þurfa jafnframt að aðlagast hinu nýja kerfi. Allt þetta tekur nokkurn tíma og við verðum að gefa því þann tíma.

Sveitarfélögin og húsnæðisnefndir sveitarfélaga þurfa að læra á kerfið. Svo virðist sem húsnæðisnefndir sveitarfélaganna hafi ekki vaknað nægilega snemma til vitundar um sitt nýja hlutverk.

Verið er að innleiða nýjar reglur um greiðslumat og því fylgir einnig ný hugsun. Sú hugsun byggist á að fólki sé gert kleift að standa undir afborgunum af þeim lánum sem það

tekur vegna íbúðarhúsnæðis. Þær reglur sem settar hafa verið byggja á tillögu starfshóps sem undirbjó nýtt greiðslumat vegna þess að rík þörf var talin á að breyta þeim reglum. Það er ekki einhlítt að það að miða við 18% afgang af tekjum til að borga af húsnæðislánum sé nákvæmlega sú viðmiðun sem dugar.

Því var mjög nauðsynlegt að fara yfir reglur um greiðslumat og búa til nýjar.

[13:48]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka guði fyrir að kosningar skuli vera í nánd. Hér stóð hæstv. félmrh., sá ráðherra sem er ábyrgur fyrir húsnæðismálum í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og sagði að allt væri í himnalagi. Íbúðalánasjóður væri kominn yfir byrjunarörðugleikana.

Íbúðalánasjóður hefur aðeins afgreitt 20% af þeim umsóknum sem borist hafa til sjóðsins. Í aðeins 20% tilvika hefur verið gengið frá kaupsamningum. Meðan ráðherra húsnæðismála segir að allt sé í himnalagi þá hafa biðraðir eftir leiguhúsnæði aldrei verið lengri. Félag einstæðra foreldra hefur lýst yfir neyðarástandi. En ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. ráðherra Páll Pétursson, segir að hér sé allt í himnalagi.

Tvennt í máli hans vekur sérstakar áhyggjur. Það eru yfirlýsingar hans varðandi greiðlumatið. Hann segir það byggt á raunsærri grunni en áður. Áður var það svo í húsbréfakerfinu að fjölskyldur þurftu að reikna með því að verja 18% af tekjum sínum til að greiða niður lán. Nú er þessi prósentutala komin upp undir 50%. Fjölskylda með 180 þús. kr. á mánuði og tvö börn, verður að reikna með að þurfa að verja 30% af tekjum sínum til húsnæðiskaupa, 52 þús., og á að geta lifað af því sem eftir er. Hæstv. ráðherra segir að þetta sé byggt á raunsæju mati.

Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Getur verið að ríkisstjórnin, sem hæstv. ráðherra Páll Pétursson á sæti í, hafi lækkað framfærslukostnað fjölskyldnanna um helming? Getur það verið? Getur verið að það sé verið að gefa launafólki á Íslandi falsvonir?

[13:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er skelfilegt að hugsa til þess að félagslega húsnæðiskerfið hafi verið stopp síðan í fyrravor. Ástandið er mjög slæmt og þeir sem gerst þekkja telja að nú þurfi átak á borð við það þegar þúsund framkvæmdaíbúðir voru byggðar.

Í Reykjavík var síðasta úthlutun í júní, fyrir ári, og fáar fjölskyldur fengu úrlausn eftir það. Í Kópavogi voru átta íbúðir keyptar inn í kerfið í fyrra. Eftir áramót hafa engar innlausnaríbúðir komið inn. Nú eru þar yfir 20 fjölskyldur á neyðarlista. Þar fengust 30 lánaheimildir til viðbótarlána fyrir allt þetta ár, 19 eru þegar farnar. Hópurinn sem leitar eftir viðbótarlánum samanstendur af fólki með önnur viðmið og ívið hærri tekjur en þeir sem voru á biðlista. Minna má á að af 114 sem voru á biðlista í Kópavogi í fyrra reyndust 11 eiga möguleika í nýja kerfinu.

300–400 manns voru á biðlista í Reykjavík þegar kerfinu var lokað og það er allsendis óvíst hvort nýja kerfið gagnast þeim. Þeir sem voru á biðlista eftir félagslegri eignaríbúð samkvæmt fyrri lögum leita nú í örvæntingu að leiguhúsnæði á leigumarkaði þar sem verðið er uppsprengt. Það vantar 400–500 leiguíbúðir á Stór-Reykjavíkursvæðinu miðað við þann fjölda sem bætist á leigumarkaðinn eftir gildistöku nýju húsnæðislaganna. Þetta kom fram á fundi einstæðra foreldra í síðustu viku. Biðtíminn eftir leiguhúsnæði er hjá þeim þrjú til fjögur ár. Okkur þingmönnunum berast erindi þar sem fólk lýsir húsnæðiserfiðleikum sínum og spyr hvort við getum eitthvað gert. Svarið er nei. Við þessar aðstæður á fólk þann eina kost að vinna óraunsætt greiðslumat til kaupa á frjálsum markaði. Það verður að treysta á að þegar kauptilboð liggi fyrir þá samþykki bankinn galið greiðslumat með þeim afleiðingum sem það mun hafa.

Herra forseti, þegar á allt er litið og við bætist að starfsmönnum í Íbúðalánasjóði hefur fjölgað frá því sem var í Húsnæðisstofnun, að breytingin á stofnuninni hefur kostað stórfé, þá sýnist mér að ráðherrann skuldi Alþingi betri svör en þau sem hér hafa verið gefin.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Enginn vafi leikur á því að sú ákvörðun hæstv. félmrh. Páls Péturssonar að leggja niður félagslega húsnæðislánakerfið var óheillaspor. Í því fólst í raun og veru allsherjarmarkaðsvæðing húsnæðislánakerfisins á Íslandi. Það sést best á því að bankar og fjárfestar eru farnir að keppa um að bjóða fyrirgreiðslu á þessu sviði. Kerfið er algerlega markaðsvætt.

Afleiðingin af þessum breytingum hefur m.a. orðið sú sem við vöruðum við og spáðum, að ófremdarástand mundi skapast á leigumarkaði. Því getur enginn lengur á móti mælt. Það hefur gerst og er þó ekki allt komið fram enn í þeim efnum. Það er nokkuð víst að það ástand á eftir að versna.

Herra forseti. Í húsnæðismálum virðist ógæfu Íslands verða allt að vopni. Á þriggja til fimm ára fresti er skipt um kerfi, tekið upp nýtt og fínt kerfi. Í tengslum við þær kerfisbreytingar bregst ekki að einhverjir hópar klemmast á milli, lenda í biðröðum, fá á sig afföll eða verða fyrir hremmingum af öðrum toga. Reyndar er það ekki rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að slíkar hremmingar séu eingöngu bundnar við það að framsóknarráðherrar fari með völdin, þó þeim sé og hafi svo sannarlega verið mislagðar hendur. Ég minni á hvernig menn fóru út úr því er húsbréfin voru tekin upp og máttu sæta miklum afföllum og lenda í vandræðum. Ég vænti þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir geti rifjað upp hver var félmrh. um þær mundir.

Niðurstaðan, herra forseti, er sú að hér hefur skapast ófremdarástand í húsnæðismálum sem ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra Páll Pétursson bera auðvitað alla ábyrgð á. Það þýðir ekki að koma í ræðustólinn með skrumskælingar eins og hæstv. ráðherra gerði hér áðan. Það dugar hæstv. ráðherra ekki til málsvarnar. Niðurstaðan er sú að hæstv. félmrh. Páls Péturssonar mun fyrst og fremst minnst fyrir eitt, að vera félmrh. sem gekk af Byggingarsjóði verkamanna og félagslegu húsnæðislánakerfi dauðu.

[13:56]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Allir sem tóku þátt í breytingum á lögum um Húsnæðisstofnun á síðasta þingi og hafa starfað við sveitarstjórnir muna að félagslega íbúðakerfið var að gera sveitarfélög úti um land gjaldþrota. Nauðsynlegt var að grípa þar inn í og koma ábyrgðum sveitarfélaga í eðlilegt horf svo ekki söfnuðust upp meiri ábyrgðir en þegar höfðu safnast. Semja þurfti að nýju um leiguíbúðakerfið og koma í það horf sem það er í í dag. Leiguíbúðakerfið var nánast ekki barn í brók, ef svo mætti taka til orða. Að sjálfsögðu er í dag unnið

mjög faglega að því að meta greiðslustöðu einstaklinga og fjölskyldna þannig að staðið verði undir þeim íbúðarkaupum sem í er ráðist.

Mér ofbýður, herra forseti, að hlusta á fyrrv. félmrh., hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þegar hún gerir lítið úr störfum núv. hæstv. félmrh., Páls Péturssonar, og annarra sem tengjast Framsfl. Þó á hún að vita að í hennar tíð sátu einstaklingar og fjölskyldur uppi með milljónir, hver fjölskylda, í afföllum á bakinu. Þær eru jafnvel enn að basla við að komast út úr þeim vandamálum sem komu upp þegar hún var hér félmrh. Ég veit að hundruð fjölskyldna fóru á hausinn vegna aðgerða hennar eða aðgerðaleysis réttara sagt. Ég held að hún ætti að rifja það oftar upp hvernig fólk var skilið eftir á köldum klakanum vegna ráðaleysis hennar.

[13:58]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Á síðasta ári, þegar ný húsnæðislög voru samþykkt og þar með felld niður sú heimild sem áður hafði verið í lögum til að veita 100% lán, var aðalskrautfjöðrin sú að fjölga ætti leiguíbúðum. Það átti að fjölga leiguíbúðum á vegum sveitarfélaga sem væru byggð fyrir opinber lán. Þetta úrræði átti að duga betur fyrir þá sem verst eru staddir.

Nú erum við að byrja að súpa seyðið af þessari lagasetningu. Staðreyndin er sú að ég hef aldrei, síðan ég varð þingmaður þó það sé að vísu ekki langur tími, tekið á móti jafnmörgum símtölum frá fólki í neyð og í síðasta mánuði. Öryrkjar, einstæðir foreldrar og venjulegar, fátækar fjölskyldur eru hreinlega á götunni vegna þess að úrræðin eru engin.

Það er alveg vonlaust fyrir þetta fólk að fá húsnæði á almennum leigumarkaði þó það hlaupi heilu dagana eftir auglýsingadálkum dagblaðanna. Það er allt saman á biðlistum, sumir hjá Öryrkjabandalaginu, þar er mér sagt að sé a.m.k. þriggja ára bið, sumir hjá Félagsmálastofnun og þar er sagt að engar íbúðir séu. Ég talaði sjálf við ráðgjafa þessa fólks og þeir bara fórnuðu höndum þó það væru barnshafandi öryrkjar sem voru gersamlega á götunni sem þarna var um að ræða og sögðu: Við höfum engin úrræði.

En þegar ég spurði: Hvað vantar mikið af leiguíbúðum í Reykjavík? Þá gat enginn gefið nákvæm svör. Því vil ég stinga upp á því við hæstv. félmrh. að hann setji sér það göfuga takmark að rannsaka leigumarkaðinn í Reykjavík, hve raunveruleg þörf fyrir leiguíbúðir í Reykjavík er mikil og hvaða átak þarf að gera til að fullnægja henni. Er kannski kominn tími til að hefja byggingu neyðarskýla?

[14:01]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Þær umræður sem nú standa yfir og hófust með ræðu hv. 13. þm. Reykv. eru til þess gerðar að skapa úlfúð. Þær eru til þess gerðar að skapa úlfúð af pólitískum ástæðum. Þær eru ekki til þess gerðar að reyna að leiða í ljós staðreyndir eða leita eftir lausnum. Þær eru til þess að skapa óróa.

Ég tel að það sé mikill ábyrgðarhluti þegar verið er að koma af stað nýju húsnæðiskerfi að strax á fyrstu dögum þess að kerfið er að virka, þá skuli hv. þingmenn og fyrrv. ráðherrar koma hingað og dæma kerfið ónýtt. Hv. 18. þm. Reykv. kemur og segir að nú þegar vanti leiguíbúðir á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að nýja kerfið virki ekki. Hvað halda hv. þm. að það taki langan tíma að byggja leiguhúsnæði? (Gripið fram í.) Niðurstaðan var sú og það var niðurstaða hæstv. félmrh., og hann á heiður skilið fyrir að hafa haft um það forustu, að gamla kerfið virkaði ekki og þess vegna urðum við að bregðast við. Við urðum að setja nýja löggjöf og við skulum miklu fremur taka höndum saman um það að tryggja því fólki sem þarf húsnæði lausn, en ekki að vekja úlfúð og skapa óróa á þessum viðkvæma markaði. Það er mikill ábyrgðarhluti fyrir forustumenn í stjórnmálum sem vilja láta taka sig alvarlega og láta taka mark á sér að standa þannig að verki.

Ég er sannfærður um að það á eftir að sýna sig að þetta var rétt leið að breyta lögunum á þann hátt sem gert var. Ég trúi því að sú breyting sem hæstv. félmrh. stóð fyrir á félagslega húsnæðismálakerfinu verði það sem e.t.v. mun standa eftir á hinum pólitíska ferli hans sem rós í hnappagat ráðherrans.

[14:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil minna hv. sjálfstæðismenn sem hér hafa talað á það að eftir að sjálfstæðismenn stjórnuðu á tímabilinu 1983–1987 voru húsnæðismálin skilin eftir í algerri rúst og grípa þurfti til neyðaraðstoðar og koma upp greiðsluerfiðleikakerfi til þess að bjarga þúsundum heimila í landinu sem var gert á árunum frá 1987–1990. Það sem er staðreynd þessa máls er að sjálfstæðismönnum er alveg sama um láglaunafólk í landinu og hafa þegar þeir komast til valda gert allt sem þeir geta til að slá af félagslega aðstoð.

Það er ótrúlegt að hæstv. ráðherra geti staðið í þessum ræðustól gersamlega blygðunarlaus og sagt framan í fólk, einstæða foreldra, öryrkja og barnafjölskyldur sem hundruðum saman bíða eftir íbúð og margir hverjir á götunni að allt sé í lagi í húsnæðismálum. Ég ætla að draga til vitnis Þjóðhagsstofnun um þetta mál vegna þess að hæstv. ráðherra leitaði ekki til Þjóðhagsstofnunar um nýja greiðslumatið eða nýja húsnæðislánakerfið. Hvað segir Þjóðhagsstofnun um þetta í nýjum gögnum sem ég hef fengið um þetta kerfi? Sagt er að þennan nýja framfærslukostnað og viðmiðun sem ráðherra notar sé einungis hægt að nota sem lágmarksframfærslu, sem algert lágmark sem fólk geti búið við í skamman tíma. En hér er verið að byggja á greiðslumati til 40 ára, og þar stendur að rýmra greiðslumat ráðherrans muni leiða til þess að margir muni reisa sér hurðarás um öxl. Og einnig stendur hér að rýmkað greiðslumat verði notað til þess að fjármagna aðra neyslu og rýmkun greiðslumats sé ekki skynsamleg ráðstöfun við núverandi efnahagsskilyrði og það hefur Seðlabankinn líka tekið undir í gögnum sem ég hef undir höndum. Þar stendur líka að áhrifin á fjármagnsmarkaði af þessu nýja kerfi ráðherrans og þessu greiðslumati muni leiða til aukins þrýstings á vaxtastig í landinu og hækka verð á íbúðarhúsnæði verulega. Ég dreg Þjóðhagsstofnun fram hér til vitnis og Seðlabankann sem ráðherrann hefur ekki leitað til varðandi húsnæðiskerfið.

Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur ráðherra á því neyðarástandi sem nú ríkir á leigumarkaðnum og á því að verið er að stefna fjölda fólks og heimila í gjaldþrot á næstu mánuðum og missirum. Ég segi eins og Ögmundur Jónasson: Guði sé lof að það eru að koma kosningar svo hægt sé að koma þessum ráðherra frá.

[14:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég get ekki annað en lofað guð fyrir kosningarnar líka því að ég hlakka sannarlega til kosninganna og vænti þess að verða þar dæmdur eða verðlaunaður af verkum mínum.

Það er búið að afgreiða með fasteignaveðbréfum frá Íbúðalánajsóði 1.133 umsóknir frá áramótum. Í gær voru óafgreiddar umsóknir 242 og við töluverðan hluta þeirra vantaði gögn. Afgreiðslurnar eru því komnar í hið besta lag.

Hv. 5. þm. Reykn. Rannveig Guðmundsdóttir talaði um að framkvæmdarátak þyrfti. Það er sannarlega framkvæmdarátak í gangi. Það eru fyrirheit um 900 félagsleg viðbótarlán. Það eru fyrirheit um 500 leiguíbúðir á þessu ári og hægt er að verða við öllum óskum sveitarfélaganna nema tveggja sem var skorið dálítið niður hjá, og einnig námsmanna og félagasamtaka að verulegu leyti. (Gripið fram í.) Það er orðið við langflestum umsóknum um leiguíbúðir.

Það er ekki búið að byggja þessar leiguíbúðir eða kaupa nema þá að einhverju litlu leyti þannig að það er ekkert óeðlilegt þó að einhverjir biðlistar séu núna. En þarna bætast við a.m.k. 1.400 íbúðir á þessu ári. Rannsakað hefur verið hver þörf er fyrir leiguíbúðir í landinu og sú rannsókn er á lokastigi.

Í 100% lánakerfinu lentu 30% í vandræðum og misstu íbúðir sínar. Ég óttast ekki dóm sögunnar um verk mín í húsnæðismálum.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 934. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Fangelsi og fangavist, frh. 2. umr.

Stjfrv., 350. mál (samfélagsþjónusta). — Þskj. 473, nál. 911, brtt. 912.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 912,1 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.
3.–4. gr. (verða 4.–5. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 912,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (reynslulausn o.fl.). — Þskj. 474, nál. 913.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 913 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
4.–7. gr. (verða 5.–8. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Ríkislögmaður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 476. mál (yfirstjórn). — Þskj. 781, nál. 914.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Eftirlit með útlendingum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 512. mál (forstjóri Útlendingaeftirlits o.fl.). — Þskj. 824, nál. 915.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Útflutningur hrossa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 346. mál (útflutningsgjald). — Þskj. 450, nál. 883, brtt. 884.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
Brtt. 884,1 (ný 1. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 884,2 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 561 (leyfisgjöld). mál. — Þskj. 908.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Vopnalög, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 562. mál (íþróttaskotvopn). — Þskj. 909.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Vörugjald, 3. umr.

Stjfrv., 537. mál (kranar). — Þskj. 861.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HjÁ, HG, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LB, MagnM, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, ÖJ.
27 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, DO, FI, GE, GÁ, GGuðbj, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, KF, KÁ, LMR, ÓÖH, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 947).

Skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, 3. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 933.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HG, JóhS, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LB, MagnM, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, VS, ÖJ.
25 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, GE, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KÁ, LMR, ÓÖH, RA, RG, SighB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 948).

Skipulag ferðamála, 3. umr.

Stjfrv., 361. mál (skipan Ferðamálaráðs). — Þskj. 497.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, JóhS, JónK, JHall, KHG, KPál, LB, MagnM, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvÁ, VS.
4 þm. (HG, KH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, DO, FI, GE, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KÁ, LMR, ÓÖH, RA, RG, SighB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 949).

Starfsemi kauphalla, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 529. mál (yfirtökutilboð o.fl.). — Þskj. 849.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, 3. umr.

Stjfrv., 323. mál (heildarlög). — Þskj. 932, brtt. 934. [14:26]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um Lífeyrissjóð bænda. Flutningsmaður auk mín er hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson. Brtt. er í fjórum liðum.

Herra forseti. Lífeyrissjóður bænda lofar hverjum sjóðfélaga ákveðnum réttindum sem eru háð fjölskyldustöðu. Þessi réttindi má reikna með allgóðri nákvæmni til fjár. Verðmæti allra þessara réttinda sjóðfélaga eiga að standast á við eignir sjóðsins í verðbréfum og fasteignum samkvæmt nýsamþykktum lögum um lífeyrissjóði. Þessar eignir sjóðsins standa því á bak við réttindi sjóðfélaganna sem hljóta því að eiga þessar eignir. 1. liður brtt. tekur mið af þessu en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjóðurinn er eign sjóðfélaga og lífeyrisþega. Innstæða eða réttindi skv. 7. gr. eru eign rétthafa."

Herra forseti. Ég get ekki séð hver annar eigi eignir Lífeyrissjóðs bænda en bændur sjálfir og sjóðfélagar. Bændur borga bæði 4% iðgjald launþega og 6% iðgjald atvinnurekenda þannig að ég get ómögulega séð hverjir eigi Lífeyrissjóð bænda aðrir en bændur sjálfir. Því er hér lagt til að þetta verði gert formlegt og sagt: „Sjóðurinn er eign sjóðfélaga."

Herra forseti. Í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að fimm menn skipi stjórn sjóðsins og þeir verði skipaðir af Hæstarétti, fjmrh., landbrh. og svo tveir af Bændasamtökum Íslands.

Þeir fyrstu þrír sem tilnefndir eru af Hæstarétti, fjmrh. og landbrh. eru ekki í nokkrum einustu tengslum við sjóðfélaga

sjóðsins en eiga þó að hafa afgerandi áhrif á ávöxtun þess fjár sem stendur að baki þeim réttindum sem þetta fólk á að njóta í ellinni. Ég get ekki séð hverjir hafi meiri hagsmuni af því hvernig þetta fé er ávaxtað en sjóðfélagarnir sjálfir. Þetta er þeirra fjöregg. Þetta er þeirra eign sem á að standa undir lífeyri þeirra í ellinni þannig að mér finnst fráleitt að einhverjir aðilar tilnefndir af Hæstarétti og tveimur ráðherrum komi að þessari stjórn.

Þá eru tveir stjórnarmenn tilnefndir af Bændasamtökum Íslands og sumir kynnu að halda að það sé sama sem bændur, þ.e. að bændur kjósi þá menn. En ég sé mikinn mun á Bændasamtökum Íslands og bændum sjálfum, og alveg sérstaklega sjóðfélögum þessa sjóðs. Ég geri almennt mikinn mun á stéttarfélögum og þeim sem eru skyldaðir til að eiga aðild að þeim.

Herra forseti. Ég treysti bændum fullkomlega til þess að annast sín fjármál. Þetta eru fullorðnir og fullvaxta menn sem hafa fjárráð og ég treysti þeim til að fara með sín fjárráð og kjósa sína stjórn. (**Gripið fram í:** Sumir orðnir nokkuð gamlir.) Því er lagt til að stjórn sjóðsins verði kosin af sjóðfélögum á félagsfundi.

2. liður brtt. hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins. Heimild til að sitja félagsfund hafa sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra."

Þeir kjósi síðan stjórn og annist allan rekstur sjóðsins. Ég get ómögulega séð annað en að sjóðfélagarnir eigi að fara með stjórn þessa sjóðs sem og stjórn allra annarra lífeyrissjóða. Ég treysti fólki fullkomlega til þess að annast þetta lýðræði sjálft. Ég hef nefnilega trú á lýðræðinu sem margir hverjir hafa ekki. (**ÖJ:** Jafnvel þótt aðeins tveir menn sæki fundinn?) Hv. þm. er í stjórn lífeyrissjóðs. Hann er ekki kosinn af sjóðfélögum í þann sjóð og fer þó með mikið fjármagn og mikið kapítal. Hann er nefnilega kapítalisti.

Herra forseti. Í 3. lið tillagnanna er getið um skyldu til þess að upplýsa hvern sjóðfélaga um eign hans í sjóðnum sem er þá jafnverðmæt réttindum hans. Þarna er gert ráð fyrir því að hver maður fái að vita hvað hann eigi mikið í sínum lífeyrissjóði, en það mun auka áhuga hans á því að vel sé með þetta fé farið og það mun auka áhuga hans á því að mæta á félagsfundi. Nú er það nefnilega þannig, hv. þm. sem áðan greip hérna fram í, að þeir sjóðfélagar sem mæta á félagsfund hafa engin áhrif. Þeir hafa ekkert að segja þar. Þeir kjósa ekki í stjórn. Þeir hafa engin áhrif svo að það er ekki skrýtið þó að fáir mæti á ársfundi. Það er ekki skrýtið. Þeir hafa ekkert að segja þar. Ef þeir fengju hins vegar upplýsingar um að þeir ættu kannski 2 millj. í þessum sjóði í réttindum og þessar 2 millj. eiga að standa undir lífeyri þeirra í ellinni, þá munu þeir örugglega sýna miklu meiri áhuga á því hvernig þetta fé er ávaxtað og hver fer með það þannig að þeir munu fjölmenna á félagsfundi.

Herra forseti. Í 4. lið tillagnanna er gert ráð fyrir að núverandi sjóðstjórn sitji þar til ný stjórn hefur verið kjörin á fyrsta félagsfundi og það er eðlileg afleiðing af þessum brtt.

[14:32]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. hefur oft og einatt komið hér upp í ræðustól og talað um lífeyrissjóðina og þá óreglu sem þar ríkir í annars ágætri reglu. (**PHB:** Það sagði ég aldrei.)

Þegar talað er um hvernig eigi að kjósa í stjórnir sjóðanna þá finnst mér hv. þm. oft fara nokkuð geyst og um víðan völl og ekki eru þá kannski allar hugmyndir sem fram eru settar með þeim rökum að hægt sé að standa að málinu. T.d. eins og hér segir í brtt. við 8. gr.:

„Félagsfundur fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins. Heimild til að sitja félagsfund hafa sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra."

Ég verð nú að segja, virðulegi forseti, að ég reikna með því að sjálfsagt mundu margir bændur nýta sér þennan rétt og senda umboðsmenn sína til þess að stjórna sjóðnum. Og þá fer nú kannski að kárna gamanið ef meiri hluti mættra fundarmanna á aðalfundi Lífeyrissjóðs bænda eru umboðsmenn þeirra.

Það sem mér finnst alverst í þessari brtt. er — og ég er hissa á því, jafnfélagsvanur maður og hv. 10. þm. Reykv. er, auk þess sem hann hefur starfað við lífeyrissjóði líklega á annan áratug — að engin ákvæði eru um það hvernig með skuli fara þegar atkvæðagreiðsla er haldin, þ.e. þess vegna gætu fimm verið mættir á aðalfund Lífeyrissjóðs bænda og ráðið þar öllu. Og það gæti orðið alvarlegt ef það væru eingöngu þeir sem hefðu fengið umboð frá bændum. Það gæti vel verið að þessir fimm sem mættu með umboð frá bændum á aðalfundinn væru kannski fulltrúar einhverra peningastofnana.

Mér finnst því að hv. flutningsmenn, Pétur H. Blöndal og Gunnlaugur M. Sigmundsson, hafi ekki áttað sig á því að það er eðlilegt að varðandi slíka félagsfundi þar sem farið er með jafnmikið fjármagn og hv. þm. ber hér mikla umhyggju fyrir, skuli ekki a.m.k. vera ákvæði um það hver skuli vera lágmarksfjöldi sjóðfélaganna, enn fremur hvernig með skuli fara ef meiri hluti fundarmanna mætir með umboð frá öðrum, þeir ættu ekki einu sinni sjóðinn. Þá finnst mér að umræðan um þetta mál sem hér er verið að flytja sé nú heldur betur komin í hring.

Síðan er talað um það að vísu að á ársfundi skuli taka fyrir skýrslu stjórnar, ársreikninga, tryggingafræðilega úttekt, fjárfestingarstefnu, laun stjórnar og tillögu stjórnar eða félagsmanna um breytingar á samþykktum sjóðsins. Til breytinga á samþykktum sjóðsins þarf tvo þriðju hluta atkvæða. Atkvæða hverra? Þeirra sem eru á fundinum? Er það meiningin? Eða tvo þriðju atkvæða þeirra sem eru virkir sjóðfélagar? Mér finnst nokkuð vont mál þegar fram kemur á Alþingi brtt. um jafnmerkilegan sjóð og Lífeyrissjóð bænda sem virðist vera þess eðlis að lagt er upp án þess að sjá hvorki til hafs né lands.

[14:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur ekki mikla trú á lýðræðinu. Hann reiknar með því að það mæti bara fimm á fund sjóðs sem er með fleiri þúsund sjóðsfélaga. (**GHall:** Til dæmis.) Til dæmis já.

Auðvitað munu miklu fleiri mæta þegar um það er að ræða að þeir geti haft áhrif á ávöxtun sjóðsins. Auk þess er gert ráð fyrir því að hægt sé að viðhafa leynilega póstatkvæðagreiðslu fyrir ársfund til þess að koma til móts við það að bændur búa mjög dreift. Þetta er að sjálfsögðu ákvörðun þeirra sem setja sjóðnum reglur, þ.e. ársfundar.

Varðandi það að fulltrúar peningastofnana og umboðsmenn mæti þarna þá sé ég ekkert að því að umboðsmenn séu í meiri hluta þarna. Ef hver og einn bóndi treystir ákveðnum manni til að fara með umboð sitt þá er það hans mál og ég

treysti bændum sem og öðru fullorðnu fólki vel til þess að ákvarða hvort þeir mæta sjálfir eða fá sér umboðsmann, sem þá væntanlega fer að þeirra vilja á fundinum. Ég óttast þetta því ekki.

Ég verð að segja eins og er að ég treysti umboðsmönnum eða fulltrúum peningastofnana, sem á að vera eitthvað voðalega ljótt, mikið betur til þess að fara með þessa peninga en fulltrúum framkvæmdarvaldsins, ráðherrum, og Hæstaréttar. Hæstiréttur er ágætur í að fella dóma en hann er kannski ekki endilega bestur til að ávaxta fé. Ég treysti því fulltrúum peningastofnana. Ef þeir hafa fengið umboð viðkomandi sjóðfélaga þá treysti ég þeim fullvel til þess að fara með það lýðræði sem þarna er um rætt.

[14:37]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki orðið var við annað þegar menn leggja fram brtt. við frv. til laga, t.d. um Lífeyrissjóð sjómanna, en að sá texti sem fram er lagður segi allt. Það kemur hvergi fram í þessum texta að atkvæðagreiðsla geti verið tvenns konar, að annars vegar skuli hún vera á aðalfundi Lífeyrissjóðs bænda, en áður skuli atkvæði hafa borist í pósti. Það gæti nú verið nokkuð snúið. Þess utan eiga allar tillögur til stjórnar Lífeyrissjóðs bænda að berast með viku fyrirvara en pósturinn gæti hafa verið sendur út mánuði áður og bændur jafnvel verið búnir að póstleggja sín atkvæði hálfum mánuði fyrir fund, en svo verður annað upp á tengingnum um hvað greiða skuli atkvæði mánuði fyrir aðalfund.

Málið er allt hið sérkennilegasta og ég ætla ekki að eiga orðastað frekar við hv. 10. þm. Reykv. um það. Aðeins þetta: Ég treysti auðvitað bændum fyrir því að stýra sínum sjóði og það er eðlilegt að fulltrúar þeirra séu í stjórn lífeyrissjóðsins. En ef það á að fara langt út fyrir það sem lagt hefur verið til í frv., eins og hér er gerð tillaga um, þá er nauðsynlegt að textinn sé skýr og klár, hvert sé stefnt og hvað sé átt við.

[14:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er iðulega svo að lagatexti gefur ákveðna stefnu en síðan er ætlunin að fylla upp í hann með reglugerðum. Í þessu frv. er einmitt gert ráð fyrir því í 22. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Setja skal nánari reglur um skipulag sjóðsins og starfsemi auk frekari ákvæða um lífeyri, svo sem fjárhæðir og útreikning lífeyris og skilyrði fyrir greiðslum, í samþykktir sem fjármálaráðherra staðfestir að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins."

Þarna er tekið á því hvernig eigi með þetta að fara. Það er mjög algengt í lagasetningu að þessi leið sé farin.

Herra forseti. Við erum jafnframt að fjalla um Lífeyrissjóð sjómanna. Það verður gaman að sjá hver afstaða hv. þm. verður til þess frv., hvort hann treysti sjómönnum sem fullgildum fjárráða borgurum til þess að fara með stjórn síns sjóðs, þ.e. með ráðstöfun og ávöxtun þess fjár sem ætlað er að standa undir ellilífeyri þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, síðari umr.

Stjtill., 230. mál. — Þskj. 257, nál. 910, 917 og 921.

[14:42]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta allshn. á þskj. 910 um tillögu til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið á sex fundum og fengið á sinn fund Skarphéðin Berg Steinarsson frá forsætisráðuneyti, Sigurð Guðmundsson frá Þjóðhagsstofnun og Indriða H. Þorláksson ríkisskattstjóra.

Nefndinni bárust 33 umsagnir um málið.

Tillagan á rót sína að rekja til bréfs forsætisráðherra til Byggðastofnunar 19. ágúst 1997 þar sem farið var fram á að gerð yrði áætlun um byggðamál, með vísan til 8. gr. laga um Byggðastofnun. Í framhaldi af því mótaði stjórn Byggðastofnunar tillögur um stefnu í byggðamálum eftir að hafa leitað til ýmissa utanaðkomandi aðila um verkefni þessu tengd. Er ljóst að mikið starf liggur að baki tillögunni og fylgir henni til skýringar fjöldi fylgiskjala.

Tillagan skiptist í fjóra meginþætti. Í fyrsta þætti hennar er fjallað um nýsköpun í atvinnulífinu, í öðrum þætti um menntun, þekkingu og menningu, í þriðja þætti um jöfnun lífskjara og bætta samkeppnisstöðu og loks er í fjórða þætti fjallað um bætta umgengni um landið. Tillögunni er ætlað að taka á þeirri byggðaröskun sem átt hefur sér stað undanfarin ár og kemur m.a. fram í henni það markmið að fólksfjölgun á landsbyggðinni verði ekki undir landsmeðaltali og nemi a.m.k. 10% til ársins 2010. Verði því markmiði náð með því að styðja við bakið á atvinnustarfsemi og menningu á landsbyggðinni, auk þess sem lífskjör verði jöfnuð milli landshluta, m.a. með lækkun á kostnaði við hitun íbúðarhúsnæðis og bættum samgöngum. Þá verði menntun á landsbyggðinni stórefld og sérstakt átak verði gert í umhverfismálum.

Nefndin fór ítarlega yfir þær fjölmörgu umsagnir sem bárust vegna málsins. Flestar þeirra voru mjög jákvæðar í garð tillögunnar en í nokkrum þeirra komu fram tillögur til breytinga. Voru allar þær tillögur teknar til ítarlegrar skoðunar í nefndinni. Fjallaði nefndin sérstaklega vel um þær hugmyndir sem fram komu um skattaívilnanir til íbúa á landsbyggðinni og tók til skoðunar skiptingu sjómannaafsláttar eftir landshlutum. Fékk nefndin ríkisskattstjóra á sinn fund til að fjalla um þessi atriði sérstaklega. Þá aflaði nefndin sér upplýsinga um vöruverð og kostnað við húshitun á landsbyggðinni.

Meiri hlutinn telur ljóst að það verður landsbyggðinni til verulegra hagsbóta ef vel tekst til með þær fjölþættu ráðstafanir sem tillagan felur í sér. Þess verður vissulega að gæta að ekki verði of miklar væntingar gerðar til þessarar þáltill. einnar og sér og má öllum vera ljóst að búsetuþróun mun ekki snúast við í einu vetfangi með samþykkt Alþingis á tillögu sem þessari. Ef hún verður samþykkt sýnir það hins vegar vilja þingsins fyrir því að styrkja dreifðar byggðir og ekki síst byggðakjarna víða um land. Meiri hluti allshn. tekur heils hugar undir þau sjónarmið og markmið sem fram koma í tillögunni og mælir með því að hún verði samþykkt óbreytt. Undir nál. meiri hlutans, sem hér hefur verið kynnt, skrifar meiri hlutinn allur.

[14:46]

Frsm. 1. minni hluta (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta allshn. um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, en þetta nál. er á þskj. 917 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Markmið tillögunnar er að treysta búsetu á landsbyggðinni með það fyrir augum að fólksfjölgun verði þar ekki undir landsmeðaltali og verði 10% allt til ársins 2010. Með tilliti til þróunar síðustu ára eru engin líkindi til þess að þetta markmið náist nema ráðist verði í róttækar aðgerðir, vörn snúið í sókn eftir markvissri áætlun og varið til þess verulegum fjármunum." — Hér má skjóta því inn í, herra forseti, að ekki er um neina sleggjudóma stjórnarandstöðunnar að ræða heldur hefur þessi fullyrðing m.a. stuðning af umsögn Þjóðhagsstofnunar en þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„Í tillögunni er það markmið sett að fólksfjölgun á landsbyggðinni verði ekki undir landsmeðaltali á næsta rúmum áratug. Að mati Þjóðhagsstofnunar er slíkt markmið virðingarvert en ekki raunhæft. Til þess að svo mætti verða þarf ekki einasta að nást jafnvægi í flutningum milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar heldur þarf að verða nettóflutningur út á land. Það stafar af því að flutningar undanfarinna áratuga hafa skekkt aldursskiptingu íbúa landsbyggðarinnar þannig að náttúruleg fjölgun er minni en á höfuðborgarsvæðinu. Það er mjög ólíklegt að ekki verði áfram einhver flutningur af landsbyggð á höfuðborgarsvæðið, jafnvel þótt úr honum drægi, á sama hátt, og af sömu ástæðum og fleiri Íslendingar flytja frá landinu en til þess." Þetta var tilvitnun í umsögn Þjóðhagsstofnunar til stuðnings því sem segir í nál. 1. minni hluta. Og held ég þá áfram lestri þess nál., með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir fögur orð og fyrirheit í tillögunni er þar ekki að finna neitt sem tryggir slíka sókn heldur er þar eingöngu óljóst orðalag á borð við: „Unnið verði markvisst að...", „Tryggt verði að...", „Stefnt verði að því að...", „Sköpuð verði skilyrði til þess að...", „Sérstaklega verði hugað að..." o.s.frv. Engar upplýsingar er að finna um hvernig og hvenær eigi að ráðast í verkin þrátt fyrir að tímabilið sem tillagan er miðuð við sé þegar nær hálfnað. Tillögunni fylgir engin framkvæmdaáætlun, engin áætlun um fjárframlög og ekkert kostnaðarmat. Fullyrðingar í greinargerð um ný vinnubrögð og skýr markmið verka því sem öfugmæli.

Allt ber málið þess vott að stjórnarflokkarnir hafi vaknað upp við vondan draum og áttað sig á því að stefna þeirra í efnahags- og atvinnumálum annars vegar og stefnuleysi í byggðamálum hins vegar á stóran þátt í þeirri geigvænlegu byggðaröskun sem orðið hefur. Þeir vilja nú með þessum ómarkvissu fyrirheitum freista þess að slá ryki í augu kjósenda sem dæma munu verk þeirra í vor. Í því sambandi er rétt að minna á byggðaáætlun 1994–97 sem samþykkt var á Alþingi í maí 1994 en þar voru m.a. gefin fyrirheit um aukna opinbera þjónustu og starfsemi opinberra stofnana á landsbyggðinni á því tímabili. Árangur þeirrar stefnu hefur nýlega verið kynntur í skýrslu frá Byggðastofnun og þar kemur fram að þetta markmið hefur síður en svo náðst. Stöðugildum hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum hefur fjölgað um 225 í Reykjavík á tímabilinu og um 112 í Reykjaneskjördæmi en fækkað um 32 í öðrum kjördæmum. Af heildarfjölda stöðugilda hjá stofnunum og fyrirtækjum á vegum ríkisins eru 62,1% í Reykjavík, þar sem hlutfall íbúa er 39,2%. Í öðrum kjördæmum er hlutfall stöðugilda 37,9% og hlutfall íbúa 60,8% en allar þessar tölur eru miðaðar við árið 1997. Sérstaka athygli vekur reyndar rýr hlutur Reykjaneskjördæmis í þessu efni þar sem t.d. á Norðurlandi vestra eru um tvöfalt fleiri stöðugildi á hverja 1.000 íbúa en í Reykjaneskjördæmi og í Reykjavík eru stöðugildin um fjórfalt fleiri en í Reykjaneskjördæmi. Í skýrslunni er bent á að nýjar stofnanir og fyrirtæki hafi verið sett á stofn á tímabilinu án opinberrar umræðu um staðsetningu þeirra. Þannig virðast fyrirheit í byggðaáætlun 1994–97 ekki hafa verið ráðamönnum ofarlega í huga lengi. Þessi niðurstaða er staðfest í greinargerð með tillögunni þar sem segir: „Ályktun Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun frá 1994, sem kveður meðal annars á um fjölgun starfa í þjónustustörfum á landsbyggðinni, hefur ekki skilað árangri nema síður sé." Rétt er enn fremur að minna á að í einkageiranum er þróunin svipuð, fjölgun starfa á þessu kjörtímabili hefur þar einnig orðið að mestum hluta á höfuðborgarsvæðinu.

Stórfelld röskun byggðar í landinu er mikið áhyggjuefni. Allar götur síðan 1979 hefur landsbyggðin misst fólk til höfuðborgarsvæðisins og síðastliðin tíu ár hafa brottfluttir af landsbyggðinni umfram aðflutta verið 12.541. Þessi þróun hefur á margan hátt haft neikvæð félagsleg og menningarleg áhrif á allt þjóðfélagið en nú fer einnig vaxandi skilningur á þjóðhagslegum kostnaði sem er samfara þessari röskun. Talið er að það kosti sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu a.m.k. 3–5 millj. kr. á hvern íbúa sem þangað flyst að byggja upp þá aðstöðu og þjónustu sem þarf og er þá rekstrarkostnaður ekki meðtalinn. Á móti verður fjárfesting og uppbygging á landsbyggðinni vannýtt. Skólar, heilbrigðisstofnanir og aðrar þjónustustofnanir standa hálftómar og tekjur sveitarfélaganna minnka, auk félagslegra erfiðleika sem skapast. Er þá ónefndur mikill kostnaður fjölskyldna og einstaklinga sem oftar en ekki yfirgefa eignir sínar verðlitlar eða verðlausar og þurfa að kosta miklu til að útvega sér húsnæði og koma sér fyrir á nýjum stað.

Miklar upplýsingar liggja fyrir um orsakir og undirrót þessarar óheillavænlegu byggðaröskunar. Þær eru m.a. í fylgiskjölum með tillögunni svo og í umsögnum sem allsherjarnefnd bárust þegar hún fjallaði um málið. Orsakirnar felast ekki síst í óhagstæðri atvinnuþróun og einhæfni atvinnulífs víða um land. Þar ber að hafa í huga að búseta ræðst ekki lengur aðeins af atvinnu heimilisföður heldur þarf að taka tillit til þess að konur eru einnig virkir þátttakendur í atvinnulífinu. Þær mennta sig ekki síður en karlar og eiga bæði þær sjálfar og þjóðfélagið rétt til þess að sú menntun og starfskraftar nýtist. Orsakir byggðaröskunar felast einnig í margháttuðum aðstöðumun eftir byggðarlögum hvað varðar samgöngur, verslun og vöruverð, orkukostnað, aðstöðu til menntunar, heilsugæslu og margvíslegrar félagslegrar þjónustu. Þá er ekki hægt að líta fram hjá því að fjölbreytni á sviði menningar og afþreyingar vegur þungt og skiptir nútímafólk æ meira máli. Fjölbreytni, jöfn lífsskilyrði og öryggi eru því lykilorðin við markmiðssetningu í byggðamálum. Síðast en ekki síst snýst málið um að efla tiltrú fólks á búsetu til framtíðar í byggðum utan höfuðborgarsvæðisins. Um vilja þess hefur verið spurt í skoðanakönnun sem staðfestir að fjölmargir kysu búsetu á landsbyggðinni ef öryggi og allar aðstæður væru þar í góðu lagi. Því liggur beint við að álykta að róttækar aðgerðir til úrbóta gætu snúið við þeirri öfugþróun sem verið hefur í flutningum fólks af landsbyggð til höfuðborgarsvæðis.

Fyrsti minni hluti telur að tillagan hefði þurft mun ítarlegri meðferð í allsherjarnefnd en raun varð á. Margar umsagnir bárust með hugmyndum og ábendingum sem meiri hlutinn

hefur í engu tekið tillit til. Það er nokkuð sammerkt með umsögnunum að lögð er áhersla á nauðsyn þess að efndir fylgi orðum og fjármagn fyrirheitum. Vantrú umsagnaraðila á efndirnar er augljós. Ekkert hefur verið gert til að eyða óvissu í þessu efni.

Ljóst er að taka þarf miklu fastar á málum en gert er ráð fyrir í tillögunni. Orðin ein duga ekki. Setja þarf fram áætlun með tímasetningum og kostnaðarmati um aðgerðir í samgöngumálum og fjarskiptum, í menntamálum, *heilbrigðisþjónustu og annarri félagslegri þjónustu, jöfnun* námskostnaðar, jöfnun orkukostnaðar o.fl. Styðja þarf markvisst við þróun fjölbreyttra atvinnukosta með hliðsjón af aðstæðum á hverjum stað og á forsendum sjálfbærrar þróunar. Fyrst og fremst þarf þó að sýna viljann til góðra hluta í verki. Það stoðar lítið að móta stefnu, gera áætlun og meta kostnað ef ákvörðun skortir um afl þeirra hluta sem gera skal. Fjármagn verður að fylgja.

Fyrsti minni hluti tekur undir margt af því sem fram kemur í tillögunni en gagnrýnir lausatök og skort á markvissri áætlanagerð. 1. minni hluti telur hér í besta falli um að ræða atrennu stjórnarflokkanna til að gera sér grein fyrir ástandinu og tilraun til að setja sér markmið. 1. minni hluti getur ekki fallist á að hér sé um trúverðuga úrlausn að ræða og mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Kristín Halldórsdóttir framsögumaður og Ögmundur Jónasson skrifa undir þetta nál.

Herra forseti. Um þessa tillögu og málið í heild sinni mætti hafa miklu fleiri orð. Sá vandi sem við er að fást er ekki nýr af nálinni og um hann hafa verið teknar nokkrar snarpar rispur á hv. Alþingi og þær eru ófáar nefndirnar sem reynt hafa að finna lausnir. Sannleikurinn er auðvitað sá að það er engin ein allsherjarlausn heldur þarf aðgerðir á mörgum sviðum til þess að tryggja öryggi og mannsæmandi aðstæður hvar sem menn kjósa að lifa og starfa. Það er ekki aðeins réttur og hagsmunir íbúanna á viðkomandi svæðum heldur eru það hagsmunir þjóðfélagsins í heild. Þess vegna er það rétt og skylt að hafa þessi mál í sífelldri endurskoðun og vinna að úrbótum með skipulögðum hætti.

Það var mjög athyglisvert að lesa og fara yfir umsagnirnar sem allshn. bárust um þessa tillögu. Eins og vikið er að í nál. sem ég hef þegar lesið kemur ítrekað fram í þeim umsögnum ákveðin vantrú á og efasemdir um að tillagan bjóði upp á raunverulegar lausnir og það er þá fyrst og fremst vegna þess að markvissa framkvæmdaáætlun skortir. Það er ekkert fast í hendi um hvernig ná eigi þessum markmiðum, hvenær og hvernig.

Í umsögn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. er t.d. réttilega bent á að árangur af starfi síðustu áratuga hafi ekki skilað sér í að draga úr fólksflutningum af landsbyggð. Mikið af fjármagni til landsbyggðarinnar hefur farið í beina fjárfestingu sem ekki gefur af sér bein störf, þ.e. til frambúðar. Uppbygging á höfuðborgarsvæðinu hefur hins vegar falist í fjölgun starfa og uppbyggingu þjónustu sem skilar sér í störfum til langframa. Þetta er mjög athyglisvert og rétt að hafa í huga.

Umsögn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. er um margt athyglisverð. Í raun hefði verið ástæða til að láta hana fylgja sem fylgiskjal og reyndar ýmsar aðrar umsagnir sem komu til allshn. Ég vil leyfa mér að grípa niður í nokkrar af þeim umsögnum.

Í áliti frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða hf. segir m.a. um atvinnumálin, með leyfi forseta:

„Aukin fjölbreytni í atvinnulífi er ein meginforsenda fyrir eflingu atvinnlífs á landsbyggðinni, spár um þróun atvinnutækifæra í frumframleiðslugreinum eru allar á þann veg að veruleg fækkun verði í þessum greinum. Á Vestfjörðum standa þessar greinar fyrir um 40–50% starfa í kjördæminu. Því má það vera ljóst að nauðsyn er á nýsköpun á svæðinu en það starf er það stutt á veg komið að ekki er séð að tími vinnist til að taka við fækkun starfa í þessum atvinnugreinum. Það er einnig mat Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. að allar *kollsteypur í atvinnumálum fámennra svæða séu óæskilegar.* Slíkt þarf að framkvæma á löngum tíma til að minnka áhættu og kostnað. Stefna félagsins er sú að byggja á eða byggja við þá starfsemi sem fyrir er og að auðlindir svæðanna séu nýttar. Það er því að mati félagsins gagnrýnisvert að hve litlu mæli tillögur eru um í byggðaáætlun, þar sem komið er inn á stöðu sjávarútvegs og landbúnaðar og tengingu landsvæða við nýtingu auðlinda þeirra."

Í umsögninni er nokkuð fjallað um starfsemi þróunarstofa en síðan segir nokkru aftar, með leyfi forseta:

„Félagið tekur undir tillögu um að styrkja lánastarfsemi Byggðastofnunar, a.m.k. á tímabili þessarar byggðaáætlunar eða þar til séð verður hver verður þróun á lánamarkaði. *En enn sem komið er er reynsla af sameiningu lánasjóða* atvinnulífsins ekki til hagsbóta fyrir minni fyrirtæki og einstaklinga a.m.k. á landsbyggðinni." (**EgJ:** Eru einhverjar tillögur um það þarna?)

Það er vikið að þessu atriði, eins og hv. frammíkallandi þekkir. M.a. var rætt um að sameining lánasjóða atvinnulífisins yrði til hagsbóta fyrir landsbyggðina og tekin frá sérstök upphæð til þess að veita til atvinnustarfsemi úti um landið. Held ég þá áfram að vitna í umsögn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. Í framhaldi af þessu segir:

„Smæð verkefna þeirra virðist ekki vekja áhuga þessara sjóða og því eiga þeir nú erfiðara að útvega langtímalánsfé en áður var. Efling viðskiptabanka og sparisjóða sem eru með víðtækt útibúanet getur hugsanlega bætt þessa stöðu en á meðan það liggur ekki nánar fyrir er nauðsynlegt að halda við starfsemi lánasviðs Byggðastofnunar."

Raunar væri ástæða til að lesa þessa umsögn meira og minna en það ætla ég ekki að gera. Þar sem fjallað er um þróunina í atvinnulífinu og nauðsyn þess að styðja við nýsköpun og áframhaldandi þróun í frumframleiðslugreinunum, þá er lítillega vikið að stjórn fiskveiða. Eins og við þekkjum hefur hún haft áhrif á þeim stöðum þar sem atvinnulífið byggist á fiskveiðum og vinnslu. Þar hefur ýmislegt gerst á undanförnum árum. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða nefnir sérstaklega að fundin verði leið til að auðvelda aðgengi smábáta og þilfarsbáta, allt að 50 eða 100 brúttótonn, inn í þorskaflahámarkskerfið, eins og hér segir:

„Smábátar eða þilfarsskip með hefðbundnu aflamarki geti lagt það inn og fengið til baka í þorskaflahámarki með ákveðnu álagi eða ákveðnu álagi við löndun til landvinnslu. Útgerð verði bundin við hefðbundna landútgerð og staðbundin veiðarfæri. Aðgerð þessi gæti verið tímabundin fyrir hvern aðila t.d. átta ár eða sem nær yfir tvö tímabil Byggðaáætlunar."

Þá er ástæða til, herra forseti, að vitna til umsagnar Náttúruverndar ríkisins frá því í desember á síðasta ári:

„Stofnunin telur rétt að benda á að áætlað er að um 230 þúsund ferðamenn muni koma til landsins á árinu 1998 og spár gera ráð fyrir tvöföldun á næstu tuttugu árum þ.e. að ferðamenn verði allt að 500 þúsund á ári og tekjur af

ferðaþjónustunni verði allt að 65 milljarðar króna á ári. Náttúruvernd ríkisins telur að grípa verði til fjölþættra aðgerða til að mæta þessari aukningu. Tryggja þarf dreifingu ferðamanna um landið í tíma og rúmi til að koma í veg fyrir óbætanlegan skaða á náttúruperlum landsins."

Í framhaldi af því er fjallað um nýsköpun í atvinnulífi og nauðsyn þess að hefja vinnu við landnýtingaráætlun þar sem tekið verði á öllum helstu þáttum og samræmingar gætt fyrir landið í heild. Og Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að aðstoða þurfi ferðaþjónustuaðila við nýsköpun og markaðssetningu „... því fjölmörg svæði landsins eru lítið sem ekkert nýtt þrátt fyrir mikla möguleika bæði sumar og vetur.

Stofnunin tekur undir að þörf sé á að efla háskólamenntun og rannsóknir sem tengjast ferðaþjónustu. Endurmenntun og fjarkennsla í greinum eins og náttúrufræðum, menningarsögu, viðskiptum, ferðamálafræðum og tungumálum getur opnað nýja möguleika við atvinnuuppbyggingu og stutt við veikburða starfsemi í dreifðum byggðum.

Náttúruvernd ríkisins sér um menntun landvarða og stendur fyrir landvörslu í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum. Áhugi er á að koma þeirri menntun inn í almenna skólakerfið og inn í fjarkennslu. Störf landvarða eru mikilvægur liður í fræðslu, leiðbeiningum og öryggismálum fyrir ferðafólk."

Þetta mætti allt taka til athugunar en síðar í umsögninni er kafli sem nefnist Bætt umgengni við landið. Ég held að ástæða sé til að lesa þann kafla, með leyfi forseta. Þar stendur:

„Gróður og jarðvegseyðing er stærsta umhverfisvandamál okkar og full þörf er á breyttum áherslum. Óheft beit bæði sauðfjár og hrossa á viðkvæmu landi er hjarðbúskapur sem heyra ætti fortíðinni til. Styðja þarf bændur landsins við að koma á beitarstjórnun til að ýta undir sjálfgræðslu. Beitarstjórnun byggð á þekkingu á burðarþoli lands stuðlar að sjálfbærum búskap.

Náttúruvernd ríkisins fagnar hugmyndum í tillögunni um að sveitarfélög verði aðstoðuð við gerð framkvæmdaáætlana í umhverfismálum. Stofnunin starfar með náttúruverndarnefndum sveitarfélaganna veitir þeim upplýsingar og aðstoðar eftir föngum. Nefndirnar eru augu og eyru stofnunarinnar á sínu svæði og veita henni ýmsar upplýsingar og ábendingar. Á sameiginlegum fundi Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda sem haldinn var á Selfossi í nóvember 1998 komu fram óskir um aukinn faglegan stuðning en vegna fjárskorts hefur stofnunin ekki getað orðið við óskum nefndanna. Sú hugmynd kom fram á fundinum að gera þyrfti Náttúruvernd ríkisins kleift að ráða í fullt starf þá eftirlitsfulltrúa sem starfa sem verktakar fyrir stofnunina víða um land. Þeim mætti skapa aðstöðu á nýjum Náttúrustofum kjördæmanna.

Friðlýst svæði landsins sem eru í umsjón Náttúruverndar ríkisins eru mörg hver einnig vinsælustu ferðamannastaðir landsins. Stofnunin tekur undir að átaks sé þörf við umhverfisbætur. Náttúruvernd ríkisins hefur búið við fjársvelti undanfarin ár og því einungis getað varið 2–3 millj. króna árlega til úrbóta á friðlýstum svæðum utan þjóðgarðanna, fjárþörfin er um 157 millj. króna. Náttúruvernd ríkisins leggur til að gert verði átak í samstarfi við sveitarfélög um uppbyggingu svæðanna þannig að stofnunin geti í auknu mæli falið þeim umsjón og rekstur friðlýstra svæða eins og lög um náttúruvernd heimila.

Hraða þarf gerð stafrænna korta fyrir landið allt og byggja upp landfræðileg upplýsingakerfi sem taka til allra þátta. Nauðsynlegt er að stuðla að aukinni þekkingu á náttúru landsins, sú þekking er grunnur upplýsingakerfisins."

Þarna er að sjálfsögðu minnt á að í náttúruvernd er gríðarlega margt ógert og kallar á mikið starf, uppbyggingu, lagfæringar, gæslu og eftirlit. Þarna er um fjölda starfa að ræða sem bent er á í þessari umsögn, starfa í ferðaþjónustu, við uppbyggingu, lagfæringu og eftirlit. Ég sé ástæðu til þess að draga þetta fram við þessa umræðu.

Svipað eða því skylt er ýmislegt sem fram kemur í umsögn Landgræðslu ríkisins. Hún var reyndar með beinar brtt. við tillöguna, án þess að tillit væri tekið til þeirra. Í þeirri umsögn var lögð til sú breyting að inn í tillöguna kæmi að auknar yrðu aðgerðir og fjármagn til að fjölga hlutastörfum við landgræðslu, landbótastarf og aðra umhverfisvernd. Einnig var tillaga um stöðvun hraðfara gróðureyðingar, lagt til að bætt verði við markmiðum um að stuðla að landbótum á rýrum svæðum og einnig að bætt verði við grein, sem yrði þá nr. 22 í tillögunni, þar sem stæði:

„Að samræma búskaparhætti að sjálfbærri landnýtingu til að efla samkeppnismöguleika íslensks landbúnaðar."

Enn fremur yrði þess getið að þar sem sauðfjárframleiðsla væri í sátt við landið yrði búgreinin sérstaklega efld.

Ég gæti út af fyrir sig lokið þessari yfirferð með tilvitnun í umsögn frá Eyþingi sem er samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Þar kemur fram nokkuð sem var gegnumgangandi í öllum þessum umsögnum. Þar segir, eftir að stjórnin hefur fagnað tillögunni, með leyfi forseta:

„Stjórnin vill hins vegar að gefnu tilefni minna rækilega á að umræður og úttektir á vanda landsbyggðarinnar skortir ekki. Það sem á skortir er að úttektum á vanda landsbyggðarinnar, og tillögum um aðgerðir til að draga úr þeim vanda, hafi verið fylgt eftir með beinum aðgerðum.

Brýnt er að því sé fylgt eftir að mörkuð stefna Alþingis í byggðamálum og þau fyrirheit um aðgerðir sem m.a. eru gefin í tengslum við væntanlegar breytingar á kjördæmaskipaninni komist í framkvæmd" o.s.frv.

Þetta er nokkuð dæmigert fyrir það sem fram kemur í þessum umsögnum. Ég vil svo að lokum vitna í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga sem lýsir sig sammála meginmarkmiðum þeim sem tilgreind eru í þáltill. Sambandið telur að þar sé að finna mörg stefnumarkandi atriði sem lúti að því að styrkja byggðina í landinu með tilteknum aðgerðum. Nokkru síðar segir, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af framlagningu tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 og frumvarps til stjórnskipunarlaga um breytingu á kjördæmaskipuninni leggur stjórn sambandsins til að skipuð verði sameiginleg framkvæmdanefnd ríkis og sveitarfélaga um byggðamál. Auk þess að fjalla almennt um byggðamál hafi nefndin það sérstaka hlutverk að fylgja því eftir að mörkuð stefna Alþingis í byggðamálum og þau fyrirheit um aðgerðir í þeim málum sem gefin eru í tillögunni og í tengslum við væntanlegar breytingar á kjördæmaskipaninni komist í framkvæmd."

Að mínu mati tillaga hefði verið vert að taka tillit til þessarar tillögu því þar með hefði fengist ákveðinn farvegur og vettvangur til að leitast við að tryggja framgang þeirra markmiða sem sett eru fram í þessari tillögu.

Herra forseti. Það er ekkert tryggt í því efni, eins og tillagan hefur verið sett fram og afgreidd. Þess vegna treystir 1. minni hluti allshn. sér ekki til að styðja tillöguna þótt við sem undir það álit skrifum séum sammála markmiðunum. Við tökum undir margt sem í tillögunni stendur og munum

að sjálfsögðu ekki greiða atkvæði gegn henni en við treystum okkur ekki til að styðja hana með vísan til þess sem fram kemur í nál. okkar. Við munum því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[15:19]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta allshn. um till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001.

Bókin, herra forseti, sem fylgir þessari tillögu er tiltölulega mikil að vöxtum og í henni er að finna úttektir og kannanir á þróun byggðar á umliðnum árum. Tillögugreinin sjálf er upp á 21. tölulið og skiptist í þrjá meginkafla, þ.e. kafla um nýsköpun í atvinnulífinu, þá um menntun, þekkingu og menningu og síðan er þriðji kafli um jöfnun lífskjara og bætta samkeppnisstöðu. Allt eru þetta orð sem við höfum mjög oft heyrt þegar rætt er um stöðuna í byggðamálum og leiðir þar til úrbóta. Stjórnarflokkar hafa gjarnan sett sér háleit markmið til að sporna gegn byggðaröskun en það er eins og minna hafi orðið af efndum.

Í þessari tillögu eru sett nokkuð háleit markmið sem m.a. eru nefnd í nál. meiri hluta allshn. en þar er sagt, með leyfi forseta: „Tillögunni er ætlað að taka á þeirri byggðaröskun sem átt hefur sér stað undanfarin ár og kemur m.a. fram í henni það markmið að fólksfjölgun á landsbyggðinni verði ekki undir landsmeðaltali og nemi a.m.k. 10% til ársins 2010."

Það sem ég hef sett fram í nál. mínu, sem reyndar kom fram hjá frsm. 1. minni hluta einnig, er að við teljum að tiltölulega veikar stoðir séu settar eru undir þau markmið sem hér eru sett fram. Í því sambandi nægir t.d. að vitna til umsagnar Þjóðhagsstofnunar en þar segir um þetta markmið, með leyfi forseta:

„Í tillögunni er það markmið sett að fólksfjölgun á landsbyggðinni verði ekki undir landsmeðaltali á næsta rúmum áratug. Að mati Þjóðhagsstofnunar er slíkt markmið virðingarvert en ekki raunhæft."

Þetta er klippt og skorið hjá Þjóðhagsstofnun. Markmiðið sem sett er fram af hálfu ríkisstjórnarinnar er ekki talið raunhæft. Reyndar má sjá hið sama í ýmsum umsögnum sem fram komu í allshn. um þessa þáltill. Menn telja að markiðin séu ekki raunhæf og tillögurnar sem settar séu fram séu meira hugsaðar til lengri tíma en til að taka á þeim vanda sem nú blasir við. Til að mynda má nefna að Alþýðusamband Íslands segir í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„ASÍ telur að ekki sé ljóst hvernig markmiðið um 10% fólksfjölgun á landsbyggðinni á að nást því margar af þeim tillögum sem fram koma í ályktuninni er þegar verið að framkvæma án þess að tekist hafi að stöðva fólksflóttann. Ekki verður ráðið af þessari ályktun um stefnumótun hvernig snúa eigi þróuninni við."

Í umsögn Eyþings, sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum kemur fram að stjórnin fagni fram kominni þáltill. en síðan segir:

„Stjórnin vill hins vegar að gefnu tilefni minna rækilega á að umræður og úttektir á vanda landsbyggðarinnar skortir ekki. Það sem á skortir er að úttektum á vanda landsbyggðarinnar, og tillögum um aðgerðir til að draga úr þeim vanda, hafi verið fylgt eftir með beinum aðgerðum."

Til fleiri umsagna, herra forseti, mætti vitna en ég ætla að láta þetta nægja. Þetta má víða lesa í umsögnunum. Þær endurspegla nokkra vantrú á að hægt sé að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með tillögunni.

Vissulega er ýmislegt í tillögunni, sérstaklega sem lýtur að árangri til lengri tíma, t.d. varðandi nýsköpun í atvinnulífinu og áherslu á menntun, góðra gjalda vert og ber að fagna. Hitt er annað mál, að þær grípa ekki á þeim vanda sem nú blasir við og hefur blasað við á undanförnum árum.

Í nál. mínu kem ég aðeins inn á stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 1994–1997. Í þeirri byggðaáætlun voru eftirfarandi meginmarkmið sett:

„að treysta byggðina þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar yrðu nýttar með hagkvæmum hætti,

að efla byggð á svæðum þar sem hægt yrði að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfum nútímasamfélags,

að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýttust skynsamlega."

Hv. frsm. 1. minni hluta, Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., fjallaði ágætlega um hvernig þriðja markmiðið, um að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins, hefur lítið gengið eftir. Í nál. mínu, herra forseti, bendi ég á að mér finnst vanta að gerð sé heildstæð úttekt á reynslunni af þessari byggðaáætlun fyrir árin 1994–1997. Hvað brást í þeirri áætlun? Hvað var það sem náðist fram af þeim markmiðum? Upplýsingar um það hefðu verið nauðsynlegar til að greina vandamálin sem við stöndum frammi fyrir og hvernig við framfylgjum stefnumörkunum á Alþingi. Ég held að það sé alveg ljóst að landsbyggðarfólk hefur fengið nægan skammt af loforðum og háleitum markmiðum í ýmsum áætlunum. Það sem fólkið bíður eftir og það sem vantar eru markvissar úrbætur til þess að sporna gegn byggðaröskun.

Margt er athyglisvert í þeim gögnum sem ég hef farið í gegn um, ýmsum samantektum sem m.a. hafa komið fram hjá Stefáni Ólafssyni, forstöðumanni Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og prófessors við háskólann, sem mikið hefur skoðað mál sem lúta að landsbyggðinni, orsökum brottflutnings af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, afleiðingum hennar, leiðum til úrbóta o.s.frv. Hann telur að búseta á sumum svæðum landsbyggðarinnar sé nú í meiri hættu en verið hefur síðan á eftirstríðsárunum. Það eru nokkuð stór orð, herra forseti. Við stöndum frammi fyrir því á árinu 1999 að búseta sé í meiri hættu á sumum svæðum landsbyggðarinnar en verið hefur síðan á eftirstríðsárunum. Fram kemur að síðan þá hafi nettótap landsbyggðarinnar vegna búferlaflutninga til höfuðborgarsvæðisins aldrei verið meira en síðustu þrjú árin. Nýlega birtar tölur um búferlaflutninga til höfuðborgarsvæðisins á fyrstu átta mánuðum ársins 1998 sýna að tap landsbyggðarinnar var þá orðið yfir 1.500 íbúar.

Herra forseti. Nú á tímum góðæris sem ríkisstjórnin státar af og við höfum búið við á þessu kjörtímabili virðist samt sem áður staðreynd að búseta á landsbyggðinni sé í meiri hættu á þessu kjörtímabili en verið hefur síðan á eftirstríðsárunum. Mér finnst það, herra forseti, og segi bara hreint út, áfellisdómur á ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að við skulum standa frammi fyrir þeirri staðreynd í góðærinu, svo gífurlega miklum búferlaflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Ég tel ljóst að stefnumótun á sviði byggðamála þurfi að endurspegla raunhæfar aðgerðir sem taki mið af þeirri stöðu sem landsbyggðin er í til að treysta búsetuskilyrði og lífsafkomu. Aðgerðir sem allt í senn treysti atvinnulífið, bæti afkomumöguleika, styðji við jafnrétti í menntun og fjölbreytt

menningarlíf, og tryggi eins og kostur er jafnræði í félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir hina ýmsu hópa í þjóðfélaginu.

Ég vil einnig benda á að niðurstaða Stefáns Ólafssonar um stöðuna að því er varðar landsbyggðina er sú að haldi landsbyggðin áfram að tapa jafnstórum hluta íbúa til höfuðborgarsvæðisins og verið hefur á síðustu árum megi búast við að þjóðfélagshópasamsetning íbúanna þar breytist. Hlutur ungs fólks og menntaðs fólks verður óeðlilega lítill úti á landi og grefur þá enn frekar undan byggðunum í framhaldinu. Hættan á vítahring sívaxandi hnignunar getur þannig aukist.

Auðvitað er mjög alvarleg staða uppi og stór orð höfð í frammi. En við skulum muna að Stefán Ólafsson hefur sett þessi orð fram að vandlega athuguðu máli vegna þess að hann hefur skoðað þessi mál mjög ítarlega og unnið þar mikið verk í að kanna orsakirnar fyrir þessum mikla búferlaflutningi. Þetta er dómur sem hér er settur fram sem okkur ber skylda til að taka alvarlega.

Ég held að hægt sé að fullyrða að hjá þjóðinni sé einhugur um að ná jafnvægi í byggð landsins. Ég held að mikilvægt sé að ná fram þjóðarsátt um aðgerðir sem dugi til að snúa þróuninni við og það sé þjóðarvilji, herra forseti, til þess að ná jafnvægi í þróun byggðar í landinu.

Hættan á hruni búsetu er víða veruleg og kannski ekki síst í minni sjávarbyggðum. Fyrir því hafa verið nefndar margvíslegar ástæður, bæði í þeirri ítarlegu greinargerð sem fylgir þessari byggðaáætlun og í ýmsum könnunum og athugunum sem hafa verið gerðar. Það eru fyrst og fremst framkvæmdirnar sem vantar. En það sem er sett fram, herra forseti, eru ófullnægjandi atvinnuskilyrði og einhæfni atvinnulífsins, vaxandi óöryggi vegna kvótakerfisins og auknar kröfur um fjölbreytni atvinnutækifæra, aukna sókn ungs fólks í menntun og ófullnægjandi tækifæri fyrir menntað vinnuafl í smærri byggðarlögum og reyndar almennt á landsbyggðinni og skortur á fullnægjandi félags- og heilbrigðisþjónustu, m.a. vegna smæðar margra byggðarlaga sem hefur t.d. hamlað nauðsynlegum verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga, og hærri framfærslukostnaður sem fylgir búsetu víða á landsbyggðinni eins og hærra vöruverð og húshitunarkostnaður.

Til þess að draga fram hve búseta á landsbyggðinni er í mikilli hættu þá hefur Stefán Ólafsson borið tapið sem ýmsir staðir hafa orðið fyrir og fólksflutninga hingað á höfuðborgarsvæðið saman við það sem hefur gerst í búsetuþróun t.d. á Norðurlöndum þar sem gripið hefur verið til mjög róttækra aðgerða til þess að sporna við því sem þar var að gerast. Í samantekt sem hann hefur gert um þessi mál nefnir hann að Lappland er sá hluti Nord-Kalottensvæðisins sem tapaði stærstum hluta íbúa á tímabilinu 1960–1980 og þar kemur fram að tapið þar á tímabilinu hafi verið 29% en næst kom Finnmörk með 27%, nyrstu svæði Noregs. Hlutfallslegt tap Vestfjarða var hins vegar mun meira á sama tíma eða 53% á móti því að á þessum stöðum í Noregi og Finnmörk hafi þetta verið um 27–29%. Stefán talar um að tapið á Vestfjörðum hafi verið á sama tíma 53%, á Norðurl. v. 37% og á Vesturlandi 33%. Hann segir orðrétt:

„Hnignun búsetu hefur því verið hlutfallslega meiri á landsbyggðinni á Íslandi en á þessum nyrstu svæðum hinna Norðurlandanna."

Þessu til viðbótar er rétt að hafa í huga að samanburðurinn nær aðeins til ársins 1990 en eftir þann tíma jókst tap landsbyggðarinnar á Íslandi langt umfram það sem var á samanburðartímanum. Einmitt á þessum nyrstu svæðum hinna Norðurlandanna var gripið til mjög róttækra aðgerða til þess að bæta lífsskilyrðin þar. Vera má, herra forseti, að við getum eitthvað af því lært.

Þó að tillögur ríkisstjórnarinnar séu góðra gjalda verðar held ég að þær nái ekki því markmiði sem þær þurfa að ná, þ.e. að snúa þessari þróun við tafarlaust. Eins og ég hef sagt tel ég að leiðirnar séu byggðar á veikum grunni og full ástæða til að óttast að markmið hennar náist ekki og erum við þar kannski ekki hvað síst að líta til framkvæmdar á fyrri áætlun. Það hlýtur að ráðast að miklu leyti af vilja stjórnvalda í þessum efnum en ýmislegt má nefna jákvætt í tillögunni eins og aukið fjármagn til nýsköpunarverkefna, áherslur í menntamálum og áform um lækkun kostnaðar við hitun íbúðarhúsnæðis á næstu þremur árum. Flestar tillögurnar eru þó gamalkunnar og reynslan sýnir okkur hve þær hafa litlu skilað til að sporna gegn byggðaröskun.

Í landshlutakönnun um búsetuskilyrði, sem var gerð vorið 1997, kom fram að það sem ræður mestu um brottflutning eru slæmar atvinnuaðstæður sem tengjast einhæfni atvinnulífs og breytingum í sjávarútvegi og mjög ófullnægjandi menntunarmöguleikar á landsbyggðinni, einkum til framhaldsskólanáms. Einnig er mjög áberandi í viðhorfum íbúa landsbyggðarinnar að þeir telja sig bera skarðan hlut frá borði í lífskjörum en þar er einkum vísað til húshitunarkostnaðar og kostnaðar við daglegar nauðsynjar heimilisins, t.d. vegna hærra vöruverðs. Þetta er, herra forseti, gegnumgangandi krafa í umsögnum sem er krafa um frá landsbyggðinni. Það er meiri jöfnun í námskostnaði og jöfnun í húshitunarkostnaði. Þetta er gegnumgangandi í mörgum umsögnum frá þessum svæðum. Þar er einmitt dregin fram mikil áhersla á að koma til móts við mikinn kostnað við skólagöngu barna.

Í því sambandi er ástæða til þess að rifja upp skýrslu sem Hagfræðistofnunin vann um framfærslukostnað og lögheimilisflutninga íslenskra námsmanna og menntmrh. skilaði á þessu þingi. Þar kemur fram að viðbótarkostnaður við að hafa nemanda í framhaldsskóla eða á háskólastigi í skóla fjarri heimabyggð leiki á bilinu 130–375 þús. kr. að teknu tilliti til dreifbýlisstyrks og þessi upphæð svari til 4–14% af neysluútgjöldum 3–6 manna fjölskyldu. Þetta eru háar fjárhæðir, herra forseti. Kannski eru þessar fjárhæðir ofviða mörgum fjölskyldum úti á landsbyggðinni til að geta stutt við bakið á börnum sínum í skólagöngunni. Það er kannski ein af ástæðum þess að fólk er að flytja til höfuðborgarinnar.

Síðan kemur fram að það sé skoðun Hagfræðistofnunar að á grundvelli gagna sem hún hefur haft tök á að afla sér sé líklegt að viðbótarkostnaður sem hlýst af dvöl nemenda sem stunda nám í grunn- og framhaldsskóla og búi á heimavistum eða í leiguhúsnæði fjarri heimabyggð sé á bilinu 190–475 þús. kr. á ári. Þetta eru háar fjárhæðir. Mér dettur í hug þegar ég er að segja frá þessu að minna á tillögu sem við jafnaðarmenn höfum flutt sem gæti bætt verulega úr þessu og hefur legið fyrir þinginu í allan vetur og raunverulega allt þetta kjörtímabil án þess að hljóta náð fyrir augum stjórnarliða. Það er tillaga um að heimilt sé að millifæra ónýttan persónuafslátt barna 17–19 ára. Þá er ég að tala um t.d. persónuafslátt hjá einstæðum foreldrum eða tekjulágum fjölskyldum. Ég held að það mundi gera verulega til þess að bæta hér.

Ég las í Morgunblaðinu í morgun, herra forseti, um áhrifin af sameiningu sveitarfélaga fyrir byggðirnar úti á landi. Ég gerði nokkra grein fyrir því í nefndaráliti mínu, þ.e. áhrifunum af sameiningu sveitarfélaga fyrir byggðirnar út á landi.

Ég hef verið talsmaður þess að stækka og efla sveitarfélögin og vann að því í tíð minni sem félmrh. Þetta er ein af þeim aðgerðum sem skila sér á lengri tíma. Þótt það skili sér ekki strax við sameiningu sveitarfélaga er þetta eitt af því sem á að stuðla verulega að og stjórnvöld eiga að ýta undir sem best þau geta að sveitarfélögin sameinist. Vissulega hefur verið gert mikið átak í þá veru á sl. 10 árum að sameina sveitarfélögin. Samtals hefur sveitarfélögum fækkað um sennilega tæplega 60 á einum áratug. Ég held að stækkun og efling sveitarfélaganna stuðli að því að treysta byggð í landinu og brjóta niður þær hindranir sem eru í atvinnuuppbyggingunni og til að ná fram betra og hagkvæmara skipulagi sem og að skapa skilyrði fyrir meiri, betri og jafnari þjónustu við íbúana. Ég held einmitt að smæð margra sveitarfélaga hindri að þau geti veitt íbúum sínum eðlilega og góða þjónustu, t.d. á sviði félagsmála, heilbrigðismála o.s.frv.

Það sem ég er að lýsa kemur heim og saman við könnun á landsbyggðinni um búsetuskilyrði að óánægja með lífskjörin og búsetuskilyrðin er mest í minnstu þéttbýlisstöðunum á landsbyggðinni, þ.e. á stöðum sem eru með frá 200—1.000 íbúa. Þar virðist mesta óánægjan með lífskjörin koma fram. Víða um land er ekki að finna fullnægjandi félagsþjónustu, t.d. ef á heimilinu er fatlað barn svo að við nefnum dæmi þó að þjónustan hafi vissulega breyst mjög á umliðnum einum, tveimur áratugum að því er varðar stöðuna í málefnum fatlaðra, þá er hún víða ekki nægjanlega góð. Ég nefni aldraða og unga fólkið. Unga fólkið leitar í nám. Aldraðir leita hingað líka eftir þjónustu og ef sveitarfélögin væru stærri og betur í stakk búin til þess að taka við auknum verkefnum og auknum tekjustofnum í leiðinni held ég að það mundi styrkja mjög landsbyggðina. Ég tel því mikilvægt í allri stefnumörkun í byggðamálum að leggja áherslu á stækkun og sameiningu sveitarfélaganna og flutning verkefna, valds og ákvarðana til sveitarfélaganna.

Ég ætlaði að vitna áðan í það sem ég las í Morgunblaðinu í morgun en þar kemur fram á spástefnu um byggðaþróun hjá Ingimar Hanssyni, sem er rekstrarverkfræðingur, að Ingimar telur að 7.000 manna sveitarfélag sé lágmark til þess að halda velli. Í blaðinu kemur fram, með leyfi forseta:

„Frekari sameining sveitarfélaga er nauðsynleg eigi þau að halda velli miðað við þá íbúaþróun sem á sér stað á landsbyggðinni. Þetta kom fram í máli Ingimars Hanssonar rekstrarverkfræðings á ráðstefnu um alþjóða- og byggðaþróun á Sauðárkróki sl. föstudag. Í erindi sínu færði Ingimar rök fyrir því að stærð sveitarfélaga skipti meginmáli upp á framtíðarhorfur þeirra og lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga þyrfti að vera 7.000–8.000 til að þau héldu velli. Þetta mat byggi ég á því að flótti er frá minni sveitarfélögunum en stærri byggðir eins og Selfoss, Reykjanesbær og Akureyrarbær fara vaxandi hvað fólksfjölda varðar."

Þetta er tilvitnun í Ingimar Hansson, herra forseti, og hann heldur áfram:

„Þjónusta er sá þáttur atvinnulífsins sem fólk vill vinna við og þegar fólk flytur til Reykjavíkur er það að sækja fjölbreyttara atvinnulíf. Aftur á móti eru landbúnaður og sjávarútvegur þeir þættir atvinnulífsins sem rýrna. Ég er alveg sannfærður um að meginþátturinn í því að fólk er að flytja er að það er að sækja í fjölbreyttara atvinnulíf og fyrst og fremst í þjónustu. Spurningin er hvenær þjónustugreinarnar eru orðnar það víðtækar að þær geti haldið fólksfjölguninni gangandi í smærri byggðarlögum," sagði Ingimar.

Mér finnst þetta athyglisvert. Mig hefur ekki dreymt um að setja markið svo hátt að í nánustu framtíð yrðu sveitarfélögin að lágmarki með 7.000 íbúa. Ég held að það taki miklu lengri tíma. Vissulega væri mjög æskileg þróun að sveitarfélögin hefðu ekki undir svona 1–2 þús. íbúa. Ég tel að það mundi skila okkur verulega áleiðis, herra forseti.

Ég þarf ekki að ræða mikið meira um þessa byggðaáætlun en kemst þó ekki hjá því nefna það sem mér finnst vanta í hana. Það er tvennt. Mér finnst ekki nógu mikið rætt um eina meginorsök byggðaröskunar á landsbyggðinni, þ.e. stefnuna í sjávarútvegsmálum. Í þessum tillögum finnst mér heldur ekki nóg sett fram af skammtímaaðgerðum til að bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Það tvennt vil ég ræða um, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu.

Ég tel liggja alveg ljóst fyrir að stefnan í sjávarútvegsmálum hefur átt verulegan þátt í byggðaröskun. Ég tel að í stefnumarkandi áætlun til þess að treysta búsetu á landsbyggðinni á næstu árum hefði t.d. átt að vera það markmið að breyta stjórnkerfi fiskveiða fyrir tiltekinn tíma.

Í tengslum við sjávarútvegsstefnuna, af því að ég vitnaði í ítarlega könnun á samantekt Stefáns Ólafssonar sem birt hefur verið opinberlega en þar fjallar hann um orsakir búferlaflutnings, með leyfi forseta:

„Eigendur kvótans hafa við núverandi skipan fengið vænlega útgönguleið úr greininni með því að selja frá sér kvótann, en með því er lífsbjörgin hins vegar seld frá landvinnslufólkinu, þ.e. fiskvinnslufólkinu og öðrum íbúum minni sjávarbyggðanna. Það fólk á um fátt annað að velja en að flytja brott þegar svo er komið og jafnvel skilja eftir afrakstur ævistarfsins í verðlausu húsnæði, ef fólkið þarf þá ekki að taka með sér skuldir af því að auki. Íbúar sjávarbyggðanna skynja þegar þetta aukna óöryggi um lífsbjörg í framtíðinni og eru farnir að bregðast við því með brottflutningi."

Ljóst er að ríkisstjórnin kemur sér hjá, herra forseti, að taka á veigamiklum þáttum í tillögum sínum sem eru m.a. ástæður hinnar miklu byggðaröskunar sem við stöndum frammi fyrir.

Mér finnst ástæða til, herra forseti, að vitna til þingmáls sem enn hefur ekki verið rætt en verið dreift á borð þingmanna, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Lúðvík Bergvinsson flytja. Ég tel að í því reynist úrræði sem skjótt mundu taka á byggðavandanum. Þar er lagt til að á fiskveiðiárinu 1998–1999 skuli úthluta til viðbótar við leigðan heildarafla 15 þúsund lestum af þorski og að aflaheimildirnar skuli boðnar til leigu á markaði. Rétt til aflaheimildanna skulu einungis hafa bátar undir 10 brúttólestum og dagróðrabátar sem róa með línu eða net. Tekjur ríkissjóðs af leigu þessara aflaheimilda skal ráðstafa þannig að þriðjungur gangi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til aðstoðar við þau sveitarfélög sem eiga í alvarlegum fjárhagsörðugleikum vegna missis aflaverðmæta úr byggðarlaginu. Þriðjungur mundi ganga til Byggðastofnunar til að greiða fyrir nýsköpun í atvinnulífi á landsbyggðinni og þriðjungur í ríkissjóð. Mér finnst tillaga þeirra eiga erindi í umræðuna og ljóst að hún mundi geta gert mikið til að taka á þeim vanda sem við blasir.

Ég tel, herra forseti, að þó að ýmsar tillögur í stefnumörkuninni miði í rétta átt eins og áður er getið, þá vanti mikið á að brugðist sé við með nauðsynlegum aðgerðum sem þegar væri hægt að hrinda í framkvæmd til að jafna lífskjör og treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Þar vil ég nefna nokkur atriði. Ég nefndi áðan það sem er gegnumgangandi alls staðar, að jafna nú þegar húshitunarkostnað og námskostnað, draga úr kostnaðinum á því að sækja sér menntun

á framhaldsskólastigi úr landsbyggðarumdæmum. Eins þarf aðgerðir sem skila sér fljótt og vel, t.d. að almannatryggingakerfinu verði beitt til að jafna aðgang að heilbrigðisþjónustu. Auk þess þarf nú þegar að grípa til ráðstafana sem tryggja mundu jöfnuð í framfærslukostnaði milli landshluta. Ég nefndi eitt atriði áðan sem snýr að persónuafslætti barna.

Ég tel einnig að gera þurfi markvissa og skipulega áætlun um aukna tekjustofna og verkefnaflutning til sveitarfélaga sem vissulega hefur verið unnið að en þyrfti að hraða samhliða fækkun og stækkun sveitarfélaga. Ég tel mikilvægt að skjóta styrkum stoðum undir atvinnulífið á landsbyggðinni með gerð samræmdra samgönguáætlana með því að fella framlög til vegamála, flugmála og hafna í eina heild, með það að leiðarljósi að styrkja byggð um landið.

Herra forseti. Ég mun senn ljúka máli mínu en það sem verulega skortir á eru tafarlausar aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Vera má að þær sjái dagsins ljós. Ég veit ekki betur en nefnd sé að vinna að tillögum samhliða kjördæmamálinu. Það má vera að eitthvað af þeim tillögum komi þar fram. Það er mjög mikilvægt að samstaða náist um þær aðgerðir sem ég hef nefnt, bæði varðandi húshitunarkostnaðinn og jöfnun á námskostnaði.

Eins og málið lítur út fyrir mér í þessari þáltill. sem við hefðum gjarnan mátt hafa meiri tíma til að fjalla um í allshn., þá tel ég að ríkisstjórnin eigi sjálf að bera ábyrgð á þeim tillögum sem hér eru lagðar fram um stefnu í byggðamálum fram til ársins 2001, enda hlýtur það að vera verk nýrrar ríkisstjórnar að marka skýrari og árangursríkari stefnu í byggðamálum en hér er lögð til.

[15:52]

Útbýting þingskjala:

Álver á Keilisnesi og virkjanir vegna þess, 574. mál, fsp. EKG, þskj. 941.

Lánasjóður landbúnaðarins, 577. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 950.

Skriðuklaustur í Fljótsdal, 575. mál, fsp. HG, þskj. 942.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 576. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 946.

[15:52]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur þegar farið fram allmikil umræða um byggðatillögu forsrh. Raunar hafa komið fram þrjú nál. um afgreiðslu hennar. Það þarf ekki að vekja mikla athygli þó fram komi fleiri en eitt og fleiri en tvö nál. Hins vegar er athyglisvert ekki skyldu koma fram neinar brtt. Það er þó ekki vandaverk ef menn hafa vald á textanum sem slíkum að gera brtt. við tillögu sem þessa og auðvelt að koma hugmyndum þar á framfæri. Hins vegar er skýrt tekið fram, mér finnst mikil ástæða til þess að undirstrika það og þakka, að efni þessarar tillögu sé á margan hátt jákvætt og vænta megi að það skili einhverjum árangri.

Mér finnst vert að vekja athygli á því að stór hluti umræðunnar ber merki þess er tillagan var lögð fram. Þá fór fram umræða um efni tillögunnar, málefnaleg og góð og skýrði vel hvernig þessi texti varð til. Þar af leiðandi er ekki sérstök ástæða til að fara yfir þann þátt mála nú. Þó vil ég vekja athygli á örfáum atriðum út frá því sem hér hefur m.a. komið fram.

Í þessu sambandi hefur verið minnst á tillögu sem samþykkt var og afgreidd á þinginu árið 1994. Á það hefur verið bent og vissulega ekki að ástæðulausu að sú tillaga, sem var hin fyrsta sinnar gerðar, hafi ekki skilað miklum árangri. Það var fyrsta stefnumótandi byggðatillagan sem var lögð fram á Alþingi en eins og menn vita var ákveðið, með breytingum á lögum um Byggðastofnun árið 1991, að hefja þessa tillögugerð og fjalla um hana á Alþingi. Ég held að þessu hafi best verið lýst af hæstv. forsrh. í umræðum fyrr á þinginu. Hann sagði að þessi tillaga hefði verið frumsmíð og barn síns tíma. Menn gerðu sér þetta ljóst þegar farið var að vinna að þessari tillögugerð. Þeir sem bera saman efni og áherslur þessara tveggja tillagna ættu að sjá að þær eru mjög ólíkar. Ég vil þó undirstrika sérstaklega að með samningu hinnar tillögunnar var mikið lagt af mörkum, einkum í starfi embættismanna Byggðastofnunar í mjög nánum tengslum við stjórn hennar.

Málin þróuðust hins vegar þannig að þessi tillaga var samin og unnin af stjórn stofnunarinnar eftir að hún hafði leitað til fjölmargra aðila í þjóðfélaginu eftir góðum ráðum við þessa tillögugerð. Þar var fyrirferðarmest efni frá Stefáni Ólafssyni prófessor, Háskólanum á Akureyri og Haraldi Líndal Haraldssyni svo nokkur dæmi séu nefnd. Efni þessarar tillögu var sótt víða að að ósk stjórnar Byggðastofnunar. Sumu hafði stjórn stofnunarinnar leitað eftir, t.d. því sem birtist í riti Stefáns Ólafssonar og hann hafði unnið að um nokkurt skeið. Þar var m.a. leitt í ljós hver væru stærstu vandamálin í að viðhalda byggðum vítt um landið. Mörgum komu þau býsna mikið á óvart. Þar komu fram þrjár meginástæður sem Stefán Ólafsson leiddi skýr rök að að væru grundvöllur byggðaflóttans á Íslandi. Þar var um að ræða ónóga fjölbreytni í atvinnulífinu, aðstæður í menntun og lakari lífskjör. Þessir þrír meginþættir voru dregnir fram í riti Stefáns Ólafssonar, Búseta á Íslandi, eru grundvöllur þess hvernig þáltill. sem hér er til umræðu er byggð upp og sett fram.

Afar margt eftirtektarvert kom fram í þessu riti Stefáns, m.a. það sem hefur legið mönnum létt á tungu í þingsölum og miklu víðar, að það skorti á að þjónusta á landsbyggðinni væri fullboðleg eða í samræmi við það sem gerðist í þéttbýlinu. Það gagnstæða kom reyndar í ljós, að þjónustuþættirnir og þjónustan í heild sinni eru í betra horfi á landsbyggðinni en í Reykjavík.

Það er auðvitað grundvallaratriði til þess að menn nái árangri í málefnum sem þessum að tekið sé á þar sem vandinn er mestur og mestrar úrlausnar í þessum efnum er þörf. Þegar með öðrum orðum er búið að brjóta þetta niður þá eru þrír meginþættir ráðandi um þessi efni.

Í þessari umræðu hefur verið kvartað yfir því að þáltill. sé óljós. Það held ég að sé afar mikill misskilningur. Ég held að tillagan sé einkar skýr. Það er svo annað mál að í henni felast ekki allar þær lausnir sem til þarf til að þær áherslur sem hér koma fram verði að veruleika.

Í lögum um Byggðastofnun er svo fyrir mælt að það eigi að gera tillögur af þessum toga á fjögurra ára fresti og það eigi að endurskoða þær á tveggja ára fresti. Þar með er fengin skýring á því hvers vegna tillögugerð af þessum toga birtist jafnþétt og hér er gert ráð fyrir. Það hlýtur að verða nærtækt verkefni fyrir næstu stjórn Byggðastofnunar að fara að huga að því hvernig þessar áherslur hafast við og koma þá með nýjar þegar þessi tillaga verður endurskoðuð að tveim árum liðnum. Þetta held ég að sé mikið grundvallaratriði og sú leið sem ég kann besta til þess að fylgjast með því hvernig þessi mál þróast.

Á þetta ber að leggja mikla áherslu, herra forseti, við upphaf umræðunnar og alveg nauðsynlegt er að þessar staðreyndir liggi fyrir þegar menn tala um óljósa tillögugerð.

Það er reyndar svo, eins og hér hefur komið fram, að þessi tillaga kom fram á síðasta þingi, í lok síðasta þings. Hún hefur þar af leiðandi verið í æði mikilli umræðu í þjóðfélaginu. Hún hafði þá verið í undirbúningi hjá stjórn Byggðastofnunar síðan á úthallandi sumri árið 1997. Þar af leiðandi hefur tillagan og efni hennar haft býsna mikil áhrif í þjóðfélaginu. Það er t.d. búið að semja ein fjárlög og afgreiða á Alþingi eftir að hún kom fyrst fram. Áherslur í fjárlögum fyrir þetta ár, sem voru afgreidd eins og menn vita í desember sl., taka m.a. mið af þessari þáltill. Tillaga er því farin að hafa sín áhrif í þjóðfélaginu. Ég minni líka á það, sem komið hefur fram í þessari umræðu, að sérstök nefnd er að störfum, byggðanefnd forsrh. sem einn úr stjórn Byggðastofnunar fer fyrir. Hann er í forustu fyrir þeirri nefnd. Ég hygg að þegar þær tillögur og það nál. komi fram muni koma í ljós að einmitt þessi tillaga, byggðatillaga forsrh., verði góður vegvísir í þeim efnum. Áhrif þessarar tillögu munu því ekki láta standa á sér.

Það er líka eftirtektarvert, ef farið er yfir texta tillögunnar og hann borinn saman við ýmis þau viðfangsefni sem uppi eru í þjóðfélaginu um þessar mundir, að augljóst er að gott samræmi er á milli þeirra aðgerða og byggðatillögunnar. Ég minni á innganginn að þessum áherslum. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta,:

„Unnið verði markvisst að aukinni fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. Þróunarstofur verði efldar og þannig treystur grundvöllur til nýsköpunar og aukinnar fjölbreytni. Hlutverk þeirra verði meðal annars að auka samkeppnishæfni atvinnulífs á landsbyggðinni og aðstoða fyrirtæki við öflun verkefna og styrkja innan lands sem utan."

Nú eru starfandi níu atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni. Starfsmönnum þeirra hefur fjölgað, ríflega þrefaldast á þremur árum, og starfsemin hefur margeflst. Ég sé fyrir mér, af því ég hef átt þess kost að fylgjast með þessum málum, að atvinnuþróunarfélögin eru í þessum efnum að ná miklum árangri, afar miklum árangri. Breytingin frá því sem áður var er sú að þessi starfsemi er flutt út úr embættissýslunni yfir til fólksins á landsbyggðinni sem þar dvelur og starfar, hefur þar ábyrgð og skyldur, og það er þetta fólk sem er að sýsla með þessi mál í staðinn fyrir embættismannakerfið áður. Ég er sannfærður um að það er mikið heillaspor að þessi breyting skuli hafa verið gerð. Hér er með öðrum orðum komin í framkvæmd fyrsta áherslan í byggðatillögu forsrh. Það er alveg nauðsynlegt að menn líti á þessar staðreyndir.

Síðar er komið að þeningahliðinni. Talað er um lánastarfsemi Byggðastofnunar sem reyndar er ekki ný af nálinni. En í framhaldi af því er komið að stofnun eignarhaldsfélaga. Það vill svo til að fjárveiting til eignarhaldsfélaganna upp á sömu tölu og í þessari þáltill. er líka á fjárlögum. Það vill líka svo til að í næsta mánuði verða stofnuð tvö fyrstu eignarhaldsfélögin á landsbyggðinni, kannski fleiri, tvö sem mér er kunnugt um. Þannig er fenginn grundvöllur fyrir fjárhagslegt sjálfstæði þeirrar starfsemi hringinn í kringum landið sem tekst sérstaklega á við ný viðfangsefni og ný tækifæri. 300 milljónir á ári á áætlunartímabilinu, 1,2 milljarðar kr., eru ekki svo litlir peningar. Það er jafnframt skilyrt, þótt ekki hafi verið settar um það reglur enn þá, að heiman að verði að koma fjármagn á móti, sex hlutar á móti hverjum fjórum. Þannig öðlast þessi viðfangsefni möguleika á því að hafa sjálfstæða peningalega forsjá og möguleika. Þetta var reyndar orðið að staðreynd, eins og ég minnti raunar á áðan, áður en þáltill. verður samþykkt.

Ég hef fylgst með þeirri vinnu sem starfsmenn Byggðastofnunar hafa lagt af mörkum í þessu efni og ég er afskaplega ánægður með hvernig það verk stendur og hvaða áherslur þeir leggja við að veita þessa peninga, m.a. til þess að kalla eftir meira fjármagni til þeirra sem kannski eiga einhverja peninga. Ég er sannfærður um að hér verður stigið mikið heillaskref í því að efla nýsköpun og önnur slík tækifæri á landsbyggðinni. Ég held og reyndar fullyrði að þetta rími sérstaklega vel við störf atvinnuþróunarfélaganna og fulltrúar í atvinnumálum hafa sýnt mér viðfangsefni þar sem einmitt vantar tækifæri af þessum toga.

Það hefur verið gagnrýnt að Nýsköpunarsjóðurinn hafi ekki burði til þess að ganga inn í þessi verkefni. Hann gerir arðsemiskröfur sem auðvitað samrýmast því ekki að áhætta sé tekin. En mér hefur sýnst síðustu dagana að einmitt hafi verið fundnar leiðir og meira að segja góðar leiðir til þess að tengja þetta fjármagn saman, Nýsköpunarsjóðinn og nýsköpunarféð, sem þáltill. kveður á um og hefur skilað fyrstu greiðslu inn í fjárlög og sem verður tekið til við að koma í form, eins og ég sagði áðan, fyrir sumarið. Ég kalla þetta markviss vinnubrögð. Ég kalla það markviss vinnubrögð að innan fárra mánaða skuli það orðið að veruleika að eignarhaldsfélög með nýsköpunarfyrirheit fari að rísa. Ég vona að þau verði komin hringinn í kringum landið fyrir lok þessa árs. Þetta er stórkostlegt mál og engin byggðatillaga, hvorki fyrr né síðar, hefur gefið nein fyrirheit sem nálgast það sem hér hefur verið gert.

Kvartað hefur verið yfir því að tillögur til úrbóta á hinum veikari byggðasvæðum sé ekki að finna í þessari tillögugerð. Í 4. tölul. er hins vegar sagt frá áherslum um þau efni þar sem sérstaklega er fjallað um veikari byggðirnar og það vill reyndar svo til að hafin er vinna við að greina þær byggðir alveg sérstaklega og vanda þeirra. Það vill reyndar líka svo til að hafnar eru aðgerðir í tveimur byggðarlögum til að mæta þeim mikla vanda sem þau byggðarlög búa við. Þróunarstofan á Sauðárkróki hefur þegar unnið afskaplega mikilvægt verk við að skýra hvernig þessi vandamál liggja og hvers eðlis þau eru. Ég held að óhætt sé að fullyrða að innan stutts tíma verði hægt að leggja þau spil öll á borðið og það er, þótt ekki sé sérstaklega rúmt í búi hjá Byggðastofnun, alveg ljóst að þessi málefni verða til sérstakrar athugunar. Stjórn stofnunarinnar hefur gert samþykkt fyrir starfsemi sína sem sérstaklega lýtur að því að takast á við vanda þessara byggðarlaga og það hefur einmitt verið farið rækilega yfir sams konar vinnubrögð í löndum sem búa við sama hagkerfi og við. Einnig er búið að gera sérstakar ráðstafanir á grundvelli þessarar tillögu til að greina og ná til þess vanda sem fámennari byggðirnar til sjós og lands eiga sérstaklega við að etja.

Þannig eru grundvallaráherslurnar sem hér eru lagðar til í þessum efnum.

Næsti meginþátturinn sem ég ætla að fjalla um er menntun, þekking og menning. Þar væri hægt að tala langt mál, líka um hvað gert hefur verið frá því meira að segja þessi byggðartillaga birtist. Ég hygg að ýmsum hafi þótt nokkuð djarflega teflt þegar þær áherslur voru settar fram að háskólakennsla mundi hefjast, reyndar á síðasta ári, bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum. Þetta er þó eigi að síður staðreynd og út um allt land fara núna nýir og ferskir straumar í þessum málum. Þar á reyndar byggðabrú Byggðastofnunar, sem er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi, gríðarlega stóran hlut að máli og einmitt um þessar mundir er farið

að líta á það hvernig hægt er að hátta skipulagi í tengslum við þá brú til að auka og efla menntunina sem víðast um land. Þetta er mikið grundvallarmál og það er eftirtektarvert hve það eru margir og hvað þeir koma víða að sem taka nú um þessar mundir mikilvægar ákvarðanir einmitt inn í framtíðina í tengslum við menntun úti um landsbyggðina og hvað hér er um gríðarlega miklar áherslur að ræða. Meira að segja þær áherslur sem settar eru fram í byggðatillögunni, jafnmikilvægar og þær eru og framsýnar, eru farnar að koma í framkvæmd líka svo um munar. Á þetta hlýt ég að leggja áherslu.

Þriðja ábersluefnið er jöfnun lífskjara og bætt samkeppnisstaða. Ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um þann þátt málanna hér. Það geri ég m.a. vegna þess að ég er sannfærður um að í þeim efnum eigum við á Alþingi og reyndar um allt land að fá skýrari framsetningu en hér er unnt að leggja fram með þeim tillögum sem nefnd forsrh. undir stjórn hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar á eftir að skila af sér. Hins vegar ber að leggja áherslu á að hér eru skýrar áherslur, bæði í sambandi við menntun og líka í sambandi við húshitun, og fleiri kjaramál sem afar mikilvægt er að fylgt verði eftir og reyndar má ekki gleyma því að í þessum efnum komu nýjar áherslur í þeim fjárlögum sem við vinnum nú eftir.

Þegar litið er yfir þetta svið þá held ég að ljóst sé að þessi tillaga hefur þegar skilað mikilvægum árangri. Opinber umræða hófst um hana fyrir einu ári og tillagan fékk í heild sinni afar góðar undirtektir í þjóðfélaginu, bæði í borg og líka í hinum dreifðari byggðum og þess vegna hafa margar þær áherslur og meira að segja þær mikilvægustu náð því marki sem ég hef nú lýst.

Ég vil svo í lokin leggja áherslu á það sem kemur fram í 16. tölul. ályktunarinnar, að Byggðastofnun haldi vöku sinni með að fylgjast sem nákvæmlegast með því hvernig hjartað slær úti um hinar dreifðu byggðir og það er orðið miklu auðveldara nú en áður var vegna þess að sú starfsemi hefur verið færð út í byggðir landsins þar sem sérstakt samkomulag hefur verið gert milli stofnunarinnar og atvinnuþróunarfélaganna um að vinna sem skilvirkast einmitt að því að upplýsa hvernig byggðin helst við á hverjum stað, og hvað sé þar til ráða. Þetta held ég sé mikil grundvallaráhersla og eigi eftir að skila mikilvægum árangri við framvindu og þróun byggðamála á Íslandi.

[16:28]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um leið og ég þakka hv. þm. Agli Jónssyni þá góðu varðstöðu gagnvart landsbyggðinni og miklu baráttu sem hann hefur sinnt sem þingmaður og formaður Byggðastofnunar, þá tek ég undir margt sem kom fram í máli hans og tel auðvitað að sú þáttill. sem hér er til umræðu muni marka einhver tímamót. Samt sem áður langar mig að reifa smáviðhorf við hv. þm. sem hefur kynnt sér og legið yfir byggðamálum meira en aðrir menn, að mér finnst kannski að enn vanti sálina í málið til að snúa því við. Ég hef sannfærst um það á síðustu missirum um leið og ég hef skoðað þessi mál, að snúa þarf þróuninni við og það verður ekki gert öðruvísi en að verkefnið snúi beint að fólki og fjölskyldum. Ég hef lagt fram tillögu um lægri skatta og margvíslegar aðgerðir sem viðgangast í öðrum löndum. Ég er líka þeirrar skoðunar að menn þurfi að gera fiskvinnsluna á Íslandi eftirsóknarverðari vinnustað með einhverjum aðgerðum. Landsbyggðin mun njóta þess ef það verður gert og ég held það verði ekki gert með öðru en þessu. Síðan hef ég, hæstv. forseti, kynnt mér það og hugleitt í byggðamálum að margar þjóðir eru með sérstök byggðamálaráðuneyti og byggðamálaráðherra sem glíma við nánast engan byggðavanda miðað við okkur, þannig að ég hef sannfærst um að mikilvægt er að koma upp byggðamálaráðuneyti. Forsrh. fer nú með þetta verkefni hér. Hann er auðvitað önnum kafinn með lítið ráðuneyti á bak við sig og margvísleg önnur verkefni þannig að hann getur ekki haldið jafnfast á svona verkefni og byggðamálaráðherra með sterkt byggðamálaráðuneyti á bak við sig mundi hins vegar geta gert. (Gripið fram í.) Mig langar að spyrja hv. þm. hver viðhorf hans eru í þessu efni.

[16:30]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er áreiðanlega hægt að finna leið til þess að finna skarpari stjórnsýsluaðferðir en við eru hafðar um þessar mundir en það hefur hins vegar ekki haldið sérstakri vöku fyrir mér. Ég vek athygli hv. þm. á þeim breytingum sem hafa verið gerðar og á þeim áherslum sem hafa verið gerðar. Þær hafa ekki verið í því fólgnar að styrkja stjórnsýsluna í þessum efnum, heldur að fá fólkinu sem býr úti á landsbyggðinni, sem á þar sín fyrirheit og sínar skyldur og þekkir þar málefni miklu betur en embættiskerfi í Reykjavík, stóraukin byggðavöld í hendur. Það er sú áhersla sem stjórn Byggðastofnunar hefur barist fyrir eða breytt á þessu kjörtímabili og það er sú starfsemi sem við eigum að efla enn meira, gera hana stæltari og sjálfstæðari og enn betur búna til þess að takast á við byggðavandann. Það eru þær pólitísku áherslur sem ég hef skoðun á og vil styðja og er langt yfir það líklegasta aðferðin til þess að ná árangri í byggðamálum. Hver situr á kontórnum skiptir minna máli.

[16:32]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. svaraði kannski ekki spurningum mínum beint. Ég vil því segja að ég er sjálfur sannfærður um að við þurfum að grípa til miklu skjótvirkari aðgerða til þess að stöðva fólksflóttann og það gerum við ekki nema með því að jafna lífskjör í gegnum persónuafslátt, frádrátt frá sköttum, eignarskatt og margt fleira í skattalöggjöfinni til að jafna aðstöðuna í landinu.

Hvað varðar það sem ég minntist á með sérstakt byggðaráðuneyti, þá er það svo að ríkisstjórn er æðsta stjórn þjóðfélagsins hjá framkvæmdarvaldinu og þar er auðvitað oft verið að takast á um mikla peninga og ég er sannfærður um að fagvinnan væri meiri í byggðamálum og hefði verið meiri og það væri því mjög sterkt miðað við það neyðarástand sem hér ríkir, ég kalla það neyðarástand, að sérstakur byggðamálaráðherra hefði kastljósið á því og héldi utan um málefnið bæði í ríkisstjórninni og í fagvinnunni út á við. Ég trúi á þá leið. Hún er farin í Noregi, í Bretlandi og hún er farin miklu víðar. Ég held að það sé mikilvægt að hugsa þetta í nýju ljósi.

Það er rétt sem sagt var að flytja ætti völdin út á land. Það þarf auðvitað að gera. Ég var á sínum tíma og er enn fylkjamaður í þeim efnum en það hefur ekki náðst fram, hvorki á Alþingi né meðal sveitarstjórnarmanna, þannig að það er auðvitað hið stóra verkefni einnig.

[16:34]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er reyndar bara af kurteisi við hv. heiðursþingmann að ég kem upp aftur því að í rauninni var andsvar hans ekki þess eðlis að það kallaði á mikla umræðu.

Ég held að það skorti ekkert á í stjórnsýslunni eins og er. Ég hef ekki fundið það. Við höfum byggðamálaráðherra eins og allir vita og mér finnst áhugi hans á byggðamálum koma býsna vel fram í þessari þáltill. og reyndar í fleiri málum. Ég get því ekki séð annað en að forustan í byggðamálum sé í góðs manns og góðra manna höndum. Það þarf kannski einhvers staðar meiri aðgerða við í byggðamálum en fara að gera miklar stjórnsýslubreytingar.

Spurningin er líka hvort ekki sé betra að fækka ráðherrum en fjölga þeim.

[16:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það efni sem við ræðum hér, þ.e. till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, er mjög víðfeðmt. Í rauninni má segja að við séum með allt undir, atvinnulíf, menningarlíf, mannlífið yfirleitt og ég hef kosið, herra forseti, að hafa sem meginþunga í ræðu minni til hvers og hvaða árangri áætlanir af þessu tagi skila. En ég mun eigi að síður fjalla um ýmis þau mál sem mér finnst skipta máli og ég tel rétt að halda til haga í umræðunni.

Það hefur verið nokkuð almenn samstaða um að treysta bæri búsetu í landinu öllu. Menn hafa verið með mismunandi áherslur í þeim efnum, talað um stækkun byggðakjarna eða vaxtarsvæði eins og er kannski meira í tísku núna en það má samt fullyrða að nokkuð almenn samstaða hafi verið um að treysta bæri búsetu í landinu öllu. Síðan hafa menn tekist ögn á um hvað það merkti, hversu langt ætti að ganga en um rökin hafa menn þó verið nokkuð sammála, þ.e. að við viljum tryggja að ákveðinn atvinnu- og menningarlegur fjölbreytileiki sé í landinu til þess að lífið verði innihaldsríkara og skemmtilegra og til þess að landið verði áhugaverðara, bæði til búsetu og líka til heimsókna. Við erum sem sé nokkuð viss um að það Ísland sem við viljum er Ísland sem býr yfir fjölbreytileika, bæði í menningu og atvinnu og það Ísland verður ekki til nema við treystum búsetu í landinu öllu.

Stundum hefur umræðunni um byggðamál verið stillt upp þannig að um andstæður væri að ræða, annars vegar að tala um landsbyggð og hins vegar um höfuðborgarsvæði og þessu tvennu stillt upp sem andstæðum sem ættu ólíkra hagsmuna að gæta. Ég vil vegna þeirrar umræðu, herra forseti, leyfa mér að vitna í ræðu borgarstjórans í Reykjavík, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem hún flutti á landsþingi Sambands sveitarfélaga sl. vor, en þar sagði borgarstjórinn, með leyfi forseta:

„Tilraunir stjórnvalda til að hafa áhrif á þróunina hafa einkennst af varnarbaráttu en ekki sóknarstefnu. Aðstoð hefur mest verið veitt til atvinnugreina, fyrirtækja og byggðarlaga sem eiga undir högg að sækja en minna hugsað um sóknartækifæri fyrir landsbyggðina. Ánægjulegt dæmi um slíkt er þó uppbygging Háskólans á Akureyri.

Sá öri vöxtur sem verið hefur í Reykjavík og nágrannabyggðarlögum á höfuðborgarsvæðinu síðustu áratugi er ekki endilega eftirsóknarverður fyrir íbúa svæðisins. Pólitísk umræða og samkeppni á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur hins vegar alið á þeim hugsunarhætti að vöxtur sé til marks um gæði. Mikill vöxtur borgarsamfélags skapar ýmis vandamál, svo sem í skipulagsmálum og umferðarmálum auk þess sem spennuástandi fylgja ný félagsleg vandamál.

Það kostar mikið bæði í fjármunum og gæðum umhverfis að byggja upp nýju hverfin og að leysa umferðarvandamálin. Hin mikla áhersla sem lögð er á að byggja upp nýju svæðin og umferðaræðarnar veldur því líka að ekki er hægt að leggja eins mikið og þarf í endurgerð og endurnýtingu eldri hverfa borgarinnar. Öllu þessu fylgir svo ákveðið menningarlegt rótleysi og lítil vitund um sameiginleg menningarverðmæti. Á sama tíma nýtast mannvirkin og þjónustustofnanirnar á landsbyggðinni sífellt verr. Má þar nefna íbúðarhúsnæði, vegi, skóla, veitur og heilbrigðisstofnanir. Þessir miklu búferlaflutningar eru því þjóðinni allri mjög kostnaðarsamir."

Ég vil halda áfram að fjalla um kostnaðinn, herra forseti, vegna þess að mér finnst það jákvætt, ég verð að orða það þannig, að auk þess að beita fyrir okkur hinum almennu rökum um atvinnu og menningarlegan fjölbreytileik sem ástæðu þess að halda landinu í byggð eða treysta búsetu í landinu, þá hefur á síðustu missirum aukist að menn tali um þann kostnað sem er þessu samfara. Mér finnst það mjög gott vegna þess að það var orðið tímabært að menn gerðu sér grein fyrir því hversu dýrt það er að fjárfesta tvisvar, ef svo má að orði komast, fyrir sama hópinn.

Menn hafa talað um að það sveitarfélag sem tekur við nýjum einstaklingum þurfi að leggja út á bilinu 3–5 millj. vegna þeirra. Þá erum við að fjalla um þá grunngerð samfélagsins sem borgarstjórinn taldi upp í þeim hluta ræðunnar sem ég las. Menn hafa reiknað það út og sú tala hefur verið notuð í þessum sal að við værum þá e.t.v. að tala um upphæðir á bilinu 6–10 milljarða á ári sem væri sá kostnaður sem er samfara hinum miklu búferlaflutningum og þeim kostnaði sem þarf að leggja í vegna þeirra. Hér er þó ótalinn, herra forseti, sá kostnaður sem einstaklingarnir og fjölskyldurnar verða að bera vegna flutninga, því að í mörgum tilfellum þurfa menn að ganga frá eignum sínum nánast verðlausum og í sumum tilfellum jafnvel með skuldir vegna þeirra. Svo þurfa menn að byrja að fjárfesta á nýjan leik. Við erum því, hvernig sem á það er litið, að tala um mjög háar upphæðir sem á hverju ári fara eingöngu vegna þess að byggðaröskun er svo mikil sem raun ber vitni. Þó að það sé e.t.v. ekki það brýnasta, þá ætla ég að leyfa mér að varpa því fram að við gætum gert ýmislegt gáfulegra til að treysta búsetu í landinu ef við hefðum þó ekki væri nema brot af þeirri upphæð til að mæta þeim vanda sem víða er og menn vilja meina að sé liður í þeirri búseturöskun sem við höfum öll áhyggjur af.

Hér er til umfjöllunar till. til þál. um stefnu í byggðamálum. Tillagan er 21 grein en henni fylgja í býsna þéttri bók ýmis fylgiskjöl og eru mörg þeirra afskaplega mikilvæg inn í umræðuna. Þessi fylgiskjöl hafa verið unnin af ýmsum aðilum. Mörg þeirra hafa verið unnin af Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri og ég verð að segja það, herra forseti, að mikill fengur er að þeim upplýsingum sem þannig hafa verið dregnar saman, bæði um þróun atvinnutækifæra á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, um íþróttir, fjölmiðla og menningu, um húshitunar- og rafmagnskostnað á Íslandi og um menntamál á landsbyggðinni. Sömuleiðis skiptir verulegu máli fyrir þá umræðu sem við erum í, að teknar skuli hafa verið saman upplýsingar um upplýsingatækni og byggðaþróun vegna þess að af gefnum ákveðnum skilyrðum er ég sammála þeim sem telja að þar liggi e.t.v. sá lykill sem getur orðið okkur notadrýgstur til að hamla gegn frekari byggðaröskun.

Ég tók eftir því að formaður stjórnar Byggðastofnunar fjallaði áðan um það sem gerst hefur án tillögunnar. Hann fór yfir nokkur mál sem komist hafa í höfn án þess að tillagan væri samþykkt. Það er kannski eins gott, herra forseti, vegna þess að við erum að fjalla um tillögu sem átti að taka til ársins 1998. Við erum að fjalla um tillögu sem átti að taka til árs sem er þegar liðið. Ekki er vansalaust að nú á vordögum árið 1999 skuli tillagan loksins koma til efnislegrar afgreiðslu á þinginu.

Þegar við lesum byggðaáætlun af því tagi sem liggur fyrir og veltum því fyrir okkur hvers geti verið að vænta verði hún samþykkt hljótum við að byrja á því að spyrja: Hvernig sú áætlun sem áður var í gildi gafst, hver var árangur hennar? Í umræðunni hefur komið fram að í maí 1994 var afgreidd frá Alþingi þál. um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árið 1994 til og með árinu 1997. Þar voru sett fram ákveðin stefnumál og það var ekki gert að óathuguðu máli. Hún var ekki sett fram í neinum flýti eftir því sem fram kom frá formanni stjórnar Byggðastofnunar hér áðan heldur var mikið starf lagt í tillöguna að hans sögn. Menn skyldu því ætla að þar hafi þeir sem að henni stóðu og síðan samþykktu vitað hvað þeir voru að gera og hvert þeir vildu stefna.

Eigi að síður er niðurstaðan sú að tillagan hefur harla litlu skilað. Menn geta alltaf sagt hvað hefði gerst hefði hún ekki verið til staðar en það er hálfnöturlegt að horfa til þess hvernig hefur í raun verið farið með það sem var þó samþykkt og mátti kalla stefnumótandi úr þeirri tillögu. Þar átti að stefna að valddreifingu með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga og forsenda fyrir því væri sameining eða samningsbundið samstarf sveitarfélaga.

Ég vil aðeins staldra hér við, herra forseti. Ætli það hafi ekki verið á síðasta ári gildistíma þessarar áætlunar að samþykkt voru ný sveitarstjórnarlög. Nei, það var reyndar árið eftir, árið 1998. En þar var það staðfest að Alþingi Íslendinga lítur svo á að lágmarksíbúatala sveitarfélags sé 50 og þar var dregið úr vægi héraðsnefnda þannig að hið samningsbundna samstarf sveitarfélaga sem hefur verið á þeim vettvangi á nú mjög hæpna lagastoð. Ég gagnrýndi hvort tveggja í umfjöllun um það frv. sem lá þá fyrir Alþingi, bæði þetta með héraðsnefndirnar og sömuleiðis það að menn skyldu veigra sér við því að setja lágmarkið ofar, setja lágmark á íbúatölu sveitarfélaga á raunhæfan stað. En það að meiri hluti Alþingis skyldi samþykkja lögin eins og þau eru nú segir mér að menn gerðu ekkert með það sem stóð í byggðaáætluninni, nákvæmlega ekki neitt, herra forseti. Svo var um fleira.

Leggja átti fram tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga fyrir Alþingi sem fyrst. Vissulega hefur verið fjallað um verkefni og það hafa orðið til reynslusveitarfélög en það hefur líka gerst á þessu kjörtímabili að menn hafa verið að fresta verkefnum sem áttu að fara til sveitarfélaganna. Af hverju skyldi það hafa verið? Vegna þess að undirbúningur var ónógur. Það hefði einfaldlega ekki verið unnið nægjanlega markvisst í þessum málum. Þetta gerist líka á því tímabili þegar menn ætluðu sér að vinna eftir ákveðinni stefnumörkun.

Síðan átti að auka á landsbyggðinni opinbera þjónustu og starfsemi opinberra stofnana en slík störf áttu að dragast saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Menn vita nokkuð hvernig til tókst í þeim efnum. Það liggur fyrir skýrsla sem Byggðastofnun er búin að gefa út en er í rauninni eitt af fylgiskjölum tillögunnar þar sem í ljós kemur eins og hér segir:

„Sé um einhverja breytingu að ræða frá árinu 1994, þegar Alþingi samþykkti í byggðaáætlun að opinberum störfum skyldi fjölgað á landsbyggðinni, hefur þróunin fremur gengið í gagnstæða átt."

Allt er þetta heldur dapurlegt, herra forseti, og hlýtur að leiða til þess að við veltum fyrir okkur til hvers er verið að samþykkja áætlun af þessu tagi ef ekkert er með þær gert. Hver er tilgangurinn að samþykkja ágæta stefnumótun, stefnumótun sem mörg okkar geta verið sammála um að gæti leitt til þess að landsbyggðin fengi betri viðspyrnu en þegar kemur síðan að lagabreytingum inni á Alþingi bregðast menn allt öðruvísi við? Til hvers erum við þá að þessu? Getur verið að menn séu að samþykkja áætlanir af þessu tagi sem eins konar friðþægingu eða jafnvel skjól fyrir því að gera síðan ekki neitt?

Mér er ofarlega í huga að fyrr í vetur samþykkti meiri hlutinn á Alþingi að breyta leiklistarlögum á þann veg að sá styrkur sem lögboðinn var til eina atvinnuleikhússins utan höfuðborgarsvæðisins skyldi felldur út, þ.e. lögunum var breytt þannig að það er ekki lengur skylda ríkisvaldsins að styrkja þetta eina atvinnuleikhús landsbyggðarinnar. Þegar ég var að reyna að mótmæla þessu á byggðapólitískum forsendum hér í salnum var mér bent á það af hálfu hæstv. menntmrh. að atriði sem snúa að þessu væru í tillögum til byggðaáætlunar hæstv. forsrh. Það mátti taka út úr löggjöfinni þau ákvæði sem gátu verið til þess að styrkja rekstrarumhverfi þessa eina atvinnuleikhúss á landsbyggðinni, það mátti taka þau út af því að það lá fyrir þinginu till. til þál. um stefnu í byggðamálum. Því spyr ég aftur, herra forseti, getur verið að menn noti beinlínis tillögugerð af þessu tagi til þess að hafast ekkert að? Því miður hvarflar það að manni.

Á eftir ætla ég að fara yfir ýmis ákvæði í þessari tillögu og hvernig mér hefur fundist til takast vegna þess að ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir okkur að við gerum okkur grein fyrir því til hvers við erum að þessu og hvað við ætlumst fyrir. Þessi fyrsta byggðaáætlun fyrir 1994–1997 er gengin úr gildi án þess að skilja mikið eftir annað en vonbrigði og eins og kemur fram í nál. 2. minni hluta allshn. liggur ekki fyrir nein heildstæð úttekt á reynslunni af henni, ekkert um það hvað náðist fram og hvað brást ef undan er skilin sú skýrsla Byggðastofnunar um skiptingu útgjalda og stöðugilda hjá ríkissjóði og fyrirtækjum í meirihlutaeign ríkisins sem ég vék að áðan.

Hins vegar væri bæði heiðarlegt og gott fyrir Alþingi að menn greindu hvað það var sem brást og af hverju. Af hverju var ekkert gert með það sem stóð í þessari áætlun? Hafa menn engan áhuga á að átta sig á því þó að ekki væri nema til þess að reka sig þá ekki á það sama þegar kemur til framkvæmda þeirrar áætlunar sem við erum nú að fjalla um. Ef við mættum ekkert læra af reynslunni af fyrstu tillögunni hvernig getum við þá treyst því að sú tillaga sem við fjöllum um núna komi eitthvað frekar til framkvæmda?

Eins og ég gat um áðan er tillagan í 21 lið. Ég ætla að fara yfir nokkra þeirra vegna þess að þannig háttar til að mál eins og mál Leikfélags Akureyrar hafa verið á sveimi og hafa fengið tiltölulega litla athygli af hálfu meiri hluta Alþingis ef nokkra, en hefðu fallið svo afskaplega vel að ákvæðum tillögunnar. En kannski þurfti ekki að sýna þeim athygli af því að hér lá fyrir till. til þál. Mér er það ekki ljóst, herra forseti, en ég held a.m.k. að það sé gott að menn geri sér grein fyrir því að meiri hlutinn hefur haft fjöldann

allan af tækifærum til þess að takast á við verkefni sem voru fullkomlega raunhæf og ríma ágætlega við þær tillögur sem liggja fyrir í till. til þál.

Ég ætla fyrst að nefna, herra forseti, 5. lið tillögunnar þar sem segir:

„Forsendur traustra byggða og þar með vaxtarsvæða eru öruggar samgöngur, öflug sveitarfélög, samstarf byggðarlaga um þjónustu og góð skilyrði til atvinnusóknar. Þessi grundvöllur verði treystur með því að örva fjárfestingar í samgöngum, menntun, byggingum og fjarskiptum. Samvinna fyrirtækja við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir verði efld, erlend tengsl fyrirtækja á landsbyggðinni aukin og störf sköpuð með fjarvinnslu.

Gripið verði til aðgerða til að auðvelda fólki í strjálbýli atvinnusókn og hugað að leiðum til að lækka kostnað því samfara. Til að treysta búsetu og þróun vaxtarsvæða verði stuðlað að bættum og öruggari almenningssamgöngum."

Hér lýkur 5. lið og allt hljómaði þetta vel. En hér hefur legið fyrir, herra forseti, till. til þál. þar sem 1. flm. er Árni Steinar Jóhannsson, um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Þessi tillaga hefur ekki fengið mikla athygli. Mér skilst að ekki hafi einu sinni verið fjallað um hana í hv. samgn. Sýnist mér þó að bæði sú forvinna sem hefur verið unnin, sem er býsna mikil, og efni 5. gr. þessarar þáltill. sem hér liggur fyrir, bendi sameiginlega til þess að þetta sé eiginlega tillaga sem sé enginn vandi að samþykkja af hálfu Alþingis. En það hefur ekki verið gert og mér skilst eins og ég segi að þessi tillaga hafi ekki fengið mikla athygli í hv. samgn. Þetta er annað dæmi um það, herra forseti, að við erum með texta fyrir framan okkur sem er út af fyrir sig ágætur og að mörgu leyti vel orðaður og fallega og segir hluti sem við viljum öll sjá í framkvæmd í mörgum greinum en þegar kemur til stykkisins, þegar rekur til þess að menn geta tekist á við raunveruleg mál sem skipta máli, gert samþykktir um eitthvað sem skiptir sköpum og er í samræmi við þann texta, sýna menn algert áhugaleysi eða jafnvel þvert á.

Í næsta lið tillögunnar, herra forseti, sem er sá 6., er talað um að lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna en hlutfallslega á landsbyggðinni. Þá er talað um að leitast verði við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins.

Hér hefur farið fram umræða, herra forseti, um að það skipti líka máli að varðveita þau störf sem eru úti á landi. Skýrslan sem liggur fyrir leiðir í ljós að opinberum störfum hefur verið að fækka mjög úti á landi. Þessi störf, sem hefur verið að fækka, eru auðvitað jafndýrmæt og þau nýju störf sem menn eru síðan að setja niður á blað að þeir vilji gjarnan koma út á land. Einhvern veginn finnst manni ekki alveg að það heyri allt upp á sama daginn þegar annars vegar er verið að fækka störfum úti á landi eins og gerðist með því að leggja niður bæði Ísafjarðarradíó og Siglufjarðarradíó, svo að ég taki dæmi, og flytja þau störf hingað suður. Mér finnst, herra forseti, að menn verði að vita nokkurn veginn hvert þeir eru að stefna þegar verið er að fækka störfum með þeim hætti vegna þess að slík störf eru jafnmikilvæg og hugsanlega ný störf sem mættu verða til úti um landið.

Ég nefni þetta sem dæmi, herra forseti, vegna þess að mér finnst nauðsynlegt að það komi fram að við á hv. Alþingi höfum fylgst með og tekið til umræðu þá þróun sem hefur orðið í þessum efnum, reynt að andæfa og hafa hér áhrif án þess að við hefðum árangur.

Næst vil ég, herra forseti, nefna 8. lið áætlunarinnar. Þar er talað um að fram fari greining á möguleikum einstakra landshluta og um að menn skoði í heild þá möguleika sem einstaka landshlutar búa yfir. Ég vil tengja þetta 9. liðnum þar sem rætt er um að menntun á landsbyggðinni verði stórefld, sérstaklega í verklegum greinum sem tengjast atvinnulífinu. Ég vil í þessu sambandi nefna dæmi. Ég tel skipta máli að við nefnum hér dæmi um það sem okkur finnst miður hafa farið, ekki síst ef þau ganga beinlínis gegn því sem segir í þessum tillögugreinum.

Ætli það hafi ekki verið fyrir ári síðan að gefið var út að skipstjórnarnám, þ.e. fagnámið, ætti einungis að fara fram við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Þetta var í tengslum við þær breytingar sem ákveðið var að gera á slíku námi. Eftir nokkra baráttu fékkst reyndar sú niðurstaða að námið gæti jafnframt haldið áfram úti á landi ef næg þátttaka fengist. Hins vegar þurfti ekki, herra forseti, að taka það fram þegar um námið hér í Reykjavík var að ræða. Þá þurfti ekki að vera næg þátttaka. Sú krafa var einungis gerð ef námið færi fram annars staðar.

Náttúrlega ætti þetta nám býsna vel heima annars staðar en í Reykjavík. Það á t.d. vel heima á Eyjafjarðarsvæðinu þar sem kraftmikil útgerð er til staðar eins og menn vita og aðilar sem væru til þess búnir að standa með opinberum aðilum að uppbyggingu námsins. Eigi að síður má landsbyggðin sæta því að sá fyrirvari sé gerður að aðsókn ráði námi þar á meðan slík krafa er ekki gerð í Reykjavík.

Hvað hefur þetta í för með sér, herra forseti? Jú, menn átta sig fljótlega á því að öryggi námsins er í Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Hér verður námið starfrækt og því heppilegra að taka undirbúningsárin hér vegna þess að verra þykir að þurfa að skipta um skóla í miðju kafi. Þess vegna, herra forseti, er aðsókn í aðfararnám að fagnáminu mest í Reykjavík. Á endanum sýnist mér, miðað við það hvernig að þessu hefur verið staðið, það leiða til þess að fagnám til skipstjórnar fari einungis fram í Reykjavík. Nú vil ég ekki vera svartsýn í þessum efnum, langt í frá, en ég nefni þetta sem dæmi um það hvernig menn ganga gegn því sem þeir hafa annars staðar sett fram sem æskileg markmið.

Vegna 9. liðar, herra forseti, vil ég jafnframt fjalla um möguleika fjarkennslu og þá menntun á háskólastigi. Ég er sammála því að það nám sé mikilvægt fyrir landsbyggðina en þar er ýmislegt sem hefði verið hægt að breyta fyrr án þess að nokkuð hafi verið gert. Í 11. lið þáltill. er t.d. talað um að aðstaða til miðlunar og útsendinga fjölmiðla verði jöfnuð og verði hin sama um land allt, meðal annars með breytingum á gjaldskrá Landssíma Íslands hf. Ég ætla að víkja aðeins að því, herra forseti.

Til þess að sjónvarpa beint utan af landi þurfa menn að leggja í svo mikinn kostnað að það er ekki gert nema í algjörum undantekningartilfellum. Það er ódýrara fyrir menn að fljúga norður, taka upp og fljúga suður með spóluna. Það er gert. Þannig er þetta gert. Fréttamennirnir úti á landi taka upp viðburði sem ættu að vera í beinni útsendingu. Ef þeir væru það mundu þeir vekja meiri athygli á því sem er að gerast. En af því að það er svo dýrt þá er það tekið upp á band. Síðan er hlaupið í næstu flugvél með bandið og það sent á viðkomandi sjónvarpsstöð sem síðan sendir efnið út þegar hentar. Um þetta hefur oft verið rætt hér en einhverra hluta vegna hefur alltaf tekist að leiða umræðuna í tæknilegt þvarg sem enginn hefur skilið, enda hefur sú umræða engum árangri skilað.

Svo bölvanlega vill til, herra forseti, að þetta er ekki bara svona í sambandi við fjölmiðlun. Þetta á líka við menntunina. Nú eftir áramótin hófst fjarkennsla eða fjarnám réttara sagt, fjarkennslubúnaðurinn er ekki þannig að nemendur séu kallaðir á einn stað heldur eru nemendurnir úti um allt land þannig að við skulum kannski kalla það fjarnám. Verkefnið hófst á vegum Samvinnuháskólans á Bifröst núna um áramót. Sá skóli kaupir ákveðið rými á notendalínu til að koma því efni sem hann þarf á framfæri við sína nemendur. Skólinn kaupir ekki eins mikið rými og hann þyrfti á að halda. Hann kaupir einungis $^1/_3$ af því rými sem hann vildi hafa vegna þess að þetta er svo dýrt. Svo dýrt er það að ef þessi skóli væri staddur hér, nær símstöð ef má orða það þannig, og þannig er það, þá væri kostnaðurinn á aðra milljón lægri. Ef skólinn tæki það rými sem hann telur sig þurfa þá værum við að tala um þrefaldan þann kostnað.

Herra forseti. Þetta er mismunun. Þetta er hrein og klár mismunun. Í raun er fráleitt að þessu skuli ekki hafa verið breytt. Málið hefur margoft verið til umræðu hér. Hér er rætt um þetta í tillögunni. Ég spyr: Af hverju var ekki hægt að breyta þessu eða færa til betri vegar þó að tillagan væri ekki samþykkt? Formaður stjórnar Byggðastofnunar taldi ýmislegt upp, aðallega um fjármál, sem hann mat svo að hefði verið samþykkt vegna tillögunnar, þrátt fyrir að hún hafi ekki verið endanlega rædd og samþykkt á Alþingi.

Ég held að málið sé miklu stærra en ráða mætti af umræðunni. Það segi ég m.a. vegna þess, herra forseti, að þegar menn hafa komið með fyrirspurnir til hæstv. samgrh. þá hefur Landssíminn nestað hann með svör, þess eðlis að ekki hefur verið hægt að taka þátt í umræðunni. Hann hefur komið með tæknileg svör við pólitískum spurningum. Það er slæmt, herra forseti, vegna þess að ef meiri hlutanum á Alþingi er alvara með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir þá er þetta eitt af þeim málum sem menn hefðu getað verið búnir að kippa í liðinn. Þessu þarf því að kippa í liðinn hið fyrsta, bæði því sem snýr að fjölmiðlunum og hinu sem snýr að skólunum eða fjarnáminu. Þetta er ekki vansalaust.

Ég ætla ekki að tína til fleiri atriði, herra forseti, þó hægt væri. T.d. væri freistandi að fara yfir 14. liðinn þar sem fjallað er um félagslegt íbúðarhúsnæði. Talað er um að breyta eigi lögum þannig að heimilt verði að selja húsnæðið í áföngum á almennum markaði. Við vitum að miðað við þau fjárlög sem við búum við voru settar 50 milljónir í að ríkið gæti mætt sveitarfélögunum í að takast á við muninn sem yrði á markaðsverði í viðkomandi sveitarfélagi og uppreiknuðu raunvirði. Við vitum að 50 milljónir duga ekki langt í þeim efnum. Við hljótum því að efast um að mikið gerist í sölu á félagslegu húsnæði úti á landi, enda segir í 14. lið, með leyfi forseta:

„Þar sem félagslegt íbúðarhúsnæði er meira en þörf er á vegna fólksfækkunar, og það veldur erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaga, verði heimilt að selja þetta húsnæði í áföngum á almennum markaði. Ríkissjóður og sveitarfélög beri sameiginlega þann kostnað sem af þessu kann að hljótast.“

Herra forseti. Eins og ég segi væri ýmislegt hægt að segja um þetta mál en ég ætla nú ekki að fara frekar út í það. Ég ætla hins vegar að víkja almennt að þeim málum sem menn hafa kallað byggðamál en eru í sjálfu sér ekki annað sú almenna atvinnu- og félagsumgjörð sem við viljum búa fólkinu í landinu hvort sem það er í Reykjavík eða annars staðar. Ég tel ljóst, af þeim rannsóknum sem liggja fyrir, reynslu frá öðrum löndum og þeim kröfum sem menn gera orðið til þjónustu og kosta á nútímalegum lifnaðarháttum, eins og það er orðað í skýrslu Stefáns Ólafssonar, að stærð byggðarkjarnanna er lykilatriði til að útskýra búferlaflutninga. Í ljós kemur að íbúar lítilla sveitarfélaga, í sveitarfélögum eða þéttbýliskjörnum á bilinu 200–1.000, eru hvað óánægðastir með stöðu sína. Kannski má segja að þar geri þéttbýlið kröfu um annars konar lifnaðarhætti en í dreifbýli en fámennið er samt það mikið að ekki er hægt að verða við nema hluta af þeim kröfum um þjónustu, menningu og afþreyingu sem íbúarnir gera.

Það er líka staðreynd að atvinnulífið hefur tekið stakkaskiptum á síðustu þremur áratugum, breytingar hafa verið mjög miklar og þær hafa leitt til fækkunar í landbúnaði og sjávarútvegi. Við höfum ekki enn séð fyrir endann á þessum breytingum. Því er spáð, herra forseti, að ársverkum í landbúnaði fækki um 300–600 á næstu fimm árum og ársverkum í sjávarútvegi, bæði í veiðum og vinnslu, muni fækka um 4.200 á sama tíma. Við erum að tala um, herra forseti, að störfum í landbúnaði og sjávarútvegi muni á næstu fimm árum fækka um u.þ.b. 5.000.

Hvar mun þessarar fækkunar gæta? Jú, hennar mun fyrst og fremst gæta úti á landi, þ.e. hinnar beinu fækkunar og þess vegna er svo mikilvægt að menn gangi rösklega til þess verks að efla menntun, efla skólana, mæta þörfum fyrir sí- og endurmenntun og efli í rauninni þá þætti sem við getum horft til að séu í vexti í stað þess að setja peninga eða orku í að viðhalda því sem ljóst er að er á undanhaldi. Það er ljóst að menntamálin hafa gríðarmikla þýðingu fyrir þróun byggðar í landinu. Það hefur komið fram að yfir 80% þeirra nemenda sem brautskrást frá Háskólanum á Akureyri búa og starfa á landsbyggðinni. Þar höfum við augljósa og mjög ákveðna vísbendingu um að efling háskólastofnana sé einhver skilvirkasta aðgerðin sem stjórnvöld geti gripið til vegna þess að það er alveg ljóst að á sama tíma og þeim störfum fækkar sem við höfum núna í landbúnaði og sjávarútvegi, þá þurfum við að bjóða fólki upp á menntun til að það geti átt betri viðspyrnu gagnvart því ástandi sem myndast í kjölfarið. Við þurfum þá að gera það kleift að menn geti nýtt fjarskipti og upplýsingatækni til að nýta möguleikana til að veita menntun út í hinar dreifðu byggðir til að menn geti treyst því að stjórnvöld búi þannig um hnúta að t.d. gjaldskrá Landssímans sé ekki þrándur í götu þess að menn geti nýtt sér þá möguleika sem liggja í fjarskiptum og upplýsingatækni.

Herra forseti. Það þarf að fjölga ársverkum fyrir vel menntað fólk á vegum hins opinbera úti á landi. Það er ekkert öðruvísi og til þessa verða menn að ganga á einn eða annan hátt. Menn verða líka að átta sig á því að efla þarf þá þætti sem eru í vexti, t.d. ýmsa þjónustuþætti og ýmislegt sem snýr að menningu og afþreyingu. Reiknað er með að á næstu árum verði fjölgunin fyrst og fremst á þessum sviðum. Enda þótt menn geti reiknað sig niður til þeirrar staðreyndar að ekki þurfi nema kvartstarf, eða hálft starf eða brot úr starfi í þessum efnum víða úti um land, þá er ekki öllu lengur hægt að ætlast til þess að úti um landið vinni fólk við menningar- og afþreyingarstörf, ef það má orða það þannig, meira og minna launalaust vegna þess að menn gefast upp á slíku. Við verðum einfaldlega að horfast í augu við það að menningin kostar líka peninga úti á landi. Hún kostar ekki bara peninga hér. Hún kostar líka peninga úti á landi og það þarf að setja í hana peninga.

Það er skortur á háskólamenntuðu fólki úti á landi, herra forseti, og auðvitað þarf að búa þannig um hnúta að eftirsókn-

arvert verði eiga þar heima. Mér finnst áhugaverð umræðan um skatta og mismunandi skattlagningu. Sú umræða er hins vegar mjög skammt á veg komin og lítið annað en upphrópanir enn sem komið er og e.t.v. er sú aðferð ekki nothæf fyrir okkur. Við skulum horfast í augu við það. Hugsanlega þurfum við að horfa til allt annarra þátta.

Herra forseti. Það er líka mjög mikilvægt að umræðan um landsbyggðina taki ekki bara svip af þeim erfiðleikum og því neikvæða sem oft og einatt er efst á baugi í umfjöllun um þessi mál, heldur séu menn jafnduglegir að leiða fram hið jákvæða við að búa úti á landi. Það er nefnilega rétt sem hér hefur komið fram fyrr í umræðunni að ýmsum þjónustuþáttum í tilteknum sveitarfélögum er mun betur sinnt en á höfuðborgarsvæðinu. Það er nokkuð ljóst að fólk með börn er mun betur sett víða úti á landi hvað varðar þjónustu eins og þá að fá leikskólarými eða að koma barninu fyrir í góðum grunnskóla, ódýrum tónlistarskóla, ég tala nú ekki um aðgengi að tómstundum og íþróttum ýmis konar. Þessu eigum við auðvitað að halda á lofti. Við þurfum líka að segja frá því sem vel er gert og því sem er betra. Það skiptir máli að fólki sem býr úti á landi sé blásinn kjarkur í brjóst, a.m.k. verðum við ekki til þess endalaust að hamra það inn að það sé svo miklu betra að eiga heima í Reykjavík. En stundum finnst mér umræðan vera dálítið á þann veg. Menn taka það sem þeim hentar úr borgarlífinu og stilla því upp sem hinu eftirsóknarverða og þá hlýtur hitt að blikna í samanburði sem menn eru að gera víða úti um landið. Ég held að hér sé algerlega öfugt í hlutina farið, herra forseti. Við getum allt eins snúið þessu við og dregið upp mynd af því fjölbreytilega mannlífi sem þrífst um allt land og sýnt bæði okkur sjálfum sem þar eigum heima og öðrum, fram á það hversu eftirsóknarvert og mikilvægt það er að við höldum þeim fjölbreytileika sem felst í mismunandi menningu og atvinnulífi um landið allt.

Herra forseti. Hvað þessa till. til þál. varðar þá eru góð orð, og orð yfirleitt, til alls fyrst. Ég hef rætt þessa tillögu þannig að í henni sé ýmislegt áhugavert og ýmislegt sem horfi til framtíðar. Einkum og sér í lagi hef ég vitnað til þeirra fylgiskjala sem með fylgja og eru hluti af þessari bók, eins og ég gerði hér áðan, vegna þess að þar er náma upplýsinga fyrir okkur sem tökum þátt í þessari umræðu um hin aðskiljanlegustu mál. En ég verð að segja, herra forseti, að eftir að vera annars vegar búin að fara yfir og ræða um örlög þeirrar tillögu sem var í gildi á árunum 1994–1997 og fara síðan yfir nokkra af þeim þáttum sem hér liggja fyrir og hvernig mál sem fallið hafa að þeim þáttum hafa síðan verið meðhöndluð á Alþingi af meiri hlutanum, þá hef ég ekki brennandi trú á því að allt í einu muni allt breytast nú, a.m.k. hef ég ekki trú á að sú ríkisstjórn sem nú situr muni hafa mikla tilburði í þeim efnum að fylgja eftir þeim ákvæðum sem hér eru á blað sett. Ég hef sem sé vantrú á því að þessi orð, þótt góð séu, verði framkvæmd. Ég þarf ekki að endurtaka af hverju, herra forseti. Ég er búin að fara hér yfir bæði fyrri tillögu og eins ákvæði þessarar og sýna fram á hvernig í rauninni því hefur verið sýnt algert áhugaleysi að ákveða þau atriði sem hafa mátt verða til bóta og hafa í raun líka fallið að ákvæðum tillögunnar.

Ég vil svo segja það í lokin, herra forseti, að mér finnst sú staðreynd að við skulum nú loks, vorið 1999, fjalla um tillögu fyrir árin 1998–2001, að við skulum nú loksins fjalla um tillögu sem á að gilda fyrir árið sem liðið er og hluta af þessu ári, e.t.v. sýna best viðhorf þessarar ríkisstjórnar til byggðamála og til mikilvægis þeirra ákvæða sem skráð eru á þennan pappír.

[17:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem ekki í ræðustól til að andmæla ræðu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, heldur til bregðast við ýmsu því sem hún sagði og vekja athygli á þessari góðu ræðu þingmannsins og þeim ábendingum sem fram komu í henni. Það er umhugsunarefni fyrir okkur þingmenn að vísað skuli hafa verið til þessarar byggðastefnu í þingstörfunum í vetur varðandi einstök mál sem hafa verið hér til umræðu og þegar hún í lok þings kemur til umfjöllunar og hefur loks verið afgreidd úr nefnd, er ekkert um þau málefni fjallað. Ein vika lifir eftir af þessu þingi ef starfsáætlun helst og þá erum við að ræða byggðastefnu sem vissulega átti að gilda fyrir árið 1998. Í henni er e.t.v. nokkur framtíðarsýn og þegar byggðastefna, sem getur verið fallegt plagg og full af göfugum orðum, er framkvæmd þá eru menn að búa til ímynd af því samfélagi sem menn vilja sjá í fyllingu tímans.

Nú er fjögurra ára tímabili ríkisstjórnar að ljúka. Hér á þingi á eftir að vinna í eina viku eins og ég hef áður sagt. Þá afgreiðum við byggðastefnu. Það er ekki bara það heldur er það að gerast, og var sagt frá því í útvarpinu í morgun, að drög að skýrslu stjórnskipaðrar nefndar forsrh. um byggðamál liggi nú fyrir og mér skilst að þá skýrslu eigi að afgreiða formlega í næstu viku, u.þ.b. sem þing er farið heim.

Herra forseti. Er nokkur glóra í því að þannig sé unnið? Erum við ekki núna að fjalla um mál sem þessi ríkisstjórn hefði átt að leggja fyrir þingið á fyrsta ári síns kjörtímabils og að um slík mál ætti ný ríkisstjórn, ef mál skipast þannig, að fjalla í upphafi næsta þings?

[17:27]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst sú ábending góð að í rauninni væri viturlegra að ný ríkisstjórn eða nýtt þing markaði sér stefnu í þessum málum. Kannski var skýringin á því að sú áætlun sem var samþykkt árið 1994 gekk ekki eftir, að skipt var um ríkisstjórn. Ég veit það ekki. Ekkert okkar veit það, einfaldlega vegna þess að það var ekki skoðað. Það var ekki skoðað, herra forseti, af hverju sú áætlun gekk svo illa eftir og raun ber vitni. Þó voru markmiðin ekki ýkja stórbrotin eða þess eðlis að ekki væri hægt að standa við þau. Það reyndist bara ekki pólitískur vilji fyrir því þegar til kastanna kom. Þess vegna held ég að sú ábending sé góð að það væri að mörgu leyti betra að nýtt þing ákvæði stefnuna. Við ættum að skoða þá tillögu vegna þess að ég óttast, herra forseti, að örlög þessarar tillögu verði ekki svo ólík örlögum hinnar fyrri.

Það má hins vegar líka segja, herra forseti, ef hér kemur ríkisstjórn sem hefur metnað í þessum efnum, að ekkert væri auðveldara en að taka þessa tillögu upp, breyta henni og vinna síðan eftir henni. Það er auðvitað aðalatriðið vegna þess að við gefum lítið fyrir það að hér sé verið að samþykkja áætlanir sem síðan stendur ekki til að fylgja eftir. En ég vek athygli á því að þó svo að breytingar hafi orðið á ríkisstjórn frá árinu 1994 þegar fyrri áætlun var samþykkt, fór sami ráðherra með byggðamál. Sami ráðherra fór með byggðamál allan tímann, þannig að ef áhugi hefði verið fyrir hendi þá tel ég, herra forseti, að meira hefði getað gerst.

[17:30]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er kjarni málsins. Í þessari umræðu kemur t.d. ekki fram hverjar séu tillögur stjórnskipaðrar nefndar forsrh. Eftir eina viku getum við gert ráð fyrir því að hæstv. forsrh. kynni tillögur, e.t.v. góðar og áhugaverðar tillögur sem gætu skipt máli fyrir fólk á landsbyggðinni. Þær koma fram eftir að þing hefur lokið störfum. Þær koma fram í aðdraganda kosninga og væntanlega verður farið fram með þær tillögur sem fyrirheit sem þessi ríkisstjórn ætlar sér að uppfylla fái hún til þess vald eftir kosningar. Á fólk á landsbyggðinni að taka mark á þeim tillögum? Hvaða handarbaksvinnubrögð eru það að við skulum í allan dag ræða byggðastefnu sem verður e.t.v. aldrei hrint í framkvæmd og ekki vita hverjar tillögur stjórnskipaðrar nefndar sem er að ljúka tillögum sínum til forsrh. eru? Við munum hlusta á þær að viku liðinni, þá væntanlega komin heim til okkar og af þingi og við munum velta fyrir okkur hvað verður gert með þetta og hvað fólk meinar með því að kynna tillögur í lok kjörtímabils sem hefur ekki snert við því að taka á vandanum sem blasað hefur við á hverju einasta ári, en látið reka á reiðanum og flotið að feigðarósi.

[17:32]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill vekja athygli á því að tíu hv. alþingismenn óska að ræða dagskrármálið. Hv. þm. tala í 30–50 mínútur þannig að hægt miðar.

[17:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Mér finnst það málefni sem hér er til umræðu vera mikilvægt og mjög áhugavert, tillaga til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001. Á undanförnum árum og reyndar áratugum hefur mikill flutningur fólks verið frá landsbyggðinni til þéttbýlissvæðisins á suðvesturhorninu og reiknast mönnum til að 12.500 einstaklingar séu brottfluttir af landsbyggðinni umfram aðflutta á undanförnum tíu árum og ef litið er lengra aftur í tímann og árabilið frá 1971 til ársins í ár skoðað, þá er þessi tala mun hærri eða tæplega 22 þús. manns. Um það deilir enginn að miklir fólksflutningar eiga sér stað. Þessi þáltill. fjallar um að snúa þessari þróun við og hér setur ríkisstjórnin fram tillögur í 21 lið um hvernig við getum borið okkur að.

Hér er ekki að finna neinar markvissar aðgerðir og ástæðan fyrir því að við sáum okkur ekki fært að skrifa undir álit meiri hluta allshn. um þessa tillögu er sú að við teljum að hér sé á ferðinni handarbaksvinna með eindæmum. Við segjum í okkar nál., sá sem hér stendur og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að taka þarf miklu fastar á málum en gert er ráð fyrir í tillögunni. Orðin ein duga ekki. Setja þarf fram áætlun með tímasetningum og kostnaðarmati um aðgerðir í samgöngumálum og fjarskiptum, í menntamálum, heilbrigðisþjónustu og annarri félagslegri þjónustu, jöfnun námskostnaðar, jöfnun orkukostnaðar o.fl. Styðja þarf markvisst við þróun fjölbreyttra atvinnukosta með hliðsjón af aðstæðum á hverjum stað og á forsendum sjálfbærrar þróunar. Fyrst og fremst þarf þó að sýna viljann til góðra hluta í verki. Það stoðar lítið að móta stefnu, gera áætlun og meta kostnað ef ákvörðun skortir um afl þeirra hluta sem gera skal. Fjármagn verður að fylgja."

Og fjármagnið fylgir ekki þeim tillögum sem settar eru fram í þessu mikla plaggi. Markmið tillögunnar er hins vegar ágætt, að treysta búsetu á landsbyggðinni með það fyrir augum að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010. Eins og ég segi þá skortir á markvissar aðgerðir og í ræðum manna í dag hefur verið bent á ýmsar tillögur sem fram hafa verið settar af hálfu stjórnarandstöðunnar á undanförnum árum og hefðu átt að ná fram að ganga ef einhver vilji hefði verið hjá stjórnvöldum. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nefndi áðan stuðning við atvinnuleikhús á Akureyri sem dæmi um menningarstofnun sem hefði verið svipt tekjustofni. Hún nefndi líka þáltill. sem fram hefur komið frá Árna Steinari Jóhannssyni um almenningssamgöngur á Eyjafjarðarsvæðinu. Hún hefði einnig rímað við þær tillögur sem hér eru settar fram en ekki einu sinni fengið umfjöllun í nefnd.

Ég sagði að mér fyndist skipta miklu máli að reyna að snúa þessari þróun við. Ég hef skipað mér í sveit með stjórnmálaafli sem setur byggðastefnuna á oddinn. Við lítum svo á innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að það skipti mjög miklu máli að tryggja jafnvægi í byggð landsins. Við bendum á menningarleg og félagsleg rök og við bendum á efnahagsleg rök. Hin menningarlegu og félagslegu rök eru á þá lund að mannlífið á Íslandi verði ríkara og betra og frjórra ef við styrkjum byggðir landsins og jafnvægi ríkir milli dreifbýlis og þéttbýlis. Hin efnahagslegu rök eru einnig margvísleg. Ef litið er á málin frá eigingjörnum sjónarhóli þéttbýlisbúans þá hefur verið bent á að það kosti þéttbýlissvæðið 3–5 millj. kr. á hvern íbúa sem hingað flyst að byggja upp þá aðstöðu og þjónustu sem þarf eða nauðsyn er á við slíka flutninga.

Í okkar ungu hreyfingu, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, eða á hennar vegum hefur verið sett fram ítarleg stefnuskrá þar sem rækilega er tekið á byggðamálunum. Við erum með tillögur í skattamálum, samgöngumálum, varðandi jöfnun orkukostnaðar, styrkingu á velferðarkerfinu, til að efla mennta- og menningarstofnanir og tryggja fjöbreytt atvinnulíf. Það er vikið að landbúnaði, sjávarútvegi og bent á ýmsar leiðir í þeim efnum. Við höfum vakið athygli á því að ein sú versta meinsemd sem við höfum búið við er kvótakerfið í núverandi mynd, þar sem eigendur eða handhafar kvóta hafa selt hann burt úr byggðarlögum með þeim afleiðingum að fólk hefur misst atvinnuna og iðulega verið þvingað af ytri aðstæðum til að flytja á brott.

Að öllum þessum málaflokkum sem ég taldi hér upp er vissulega vikið í þessari till. til þál. En það er ekki að ástæðulausu að talsmaður meiri hluta allshn. þingsins, sem hefur haft þessa þáltill. til umfjöllunar, sagði í ræðu sinni í dag að ástæða væri til að vara við því að menn hefðu of miklar væntingar, að ástæða væri til að vara við of miklum væntingum og það skil ég mjög vel. Að minnsta kosti hef ég sjálfur ekki miklar væntingar til þessa plaggs. Hvers vegna segi ég þetta? Ég segi það vegna þess að ef snúa á þessari þróun við, snúa af þeirri óheillabraut sem við höfum gengið á undanförnum árum, þá þarf markvissar aðgerðir, þá þarf raunverulega aðgerðir. En nánast allar lagasetningar, nánast öll lög, nánast öll reglugerðarvinna, sem framkvæmd hefur verið á vegum þessarar ríkisstjórnar og reyndar einnig hinnar sem á undan sat, gengur út á það að takmarka vald framkvæmdarvaldsins, að takmarka möguleika framkvæmdarvaldsins til að grípa til aðgerða. Þetta hefur að sjálfsögðu fyrst og fremst verið gert með inngöngunni í EES eða með aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Og mér finnst, hæstv. forseti, hafa verið átakanlegt að fylgjast með vinnunni

í allshn. við þessa þáltill. þar sem menn hafa kallað fyrir herdeildir sérfræðinga til að grafast fyrir um hvað okkur væri leyfilegt að gera, hvað íslenskum stjórnvöldum væri leyfilegt að gera því menn gera sér grein fyrir því að ef gengið er gegn EES-samkomulaginu, þá verða menn dregnir fyrir dóm, hinn nýja mannréttindadóm Evrópu, markaðsdómstólinn. Og það kemur á daginn að stjórnvöldum eru settar þröngar skorður í öllum sínum gjörðum. Þannig þurfa að vera fyrir hendi tilteknar aðstæður til að leyfilegt sé að grípa til markvissra aðgerða. Atvinnuleysi þarf að vera komið á mjög alvarlegt stig eða tekjur á viðkomandi svæði miklum mun lægri en gerist annars staðar í landinu, til að yfirleitt sé leyfilegt að grípa til aðgerða. Og það fylgir sögunni að menn þurfi að geta fært sönnur á sitt mál, að það dugi ekki að hafa pólitíska vilja. Pólitískur vilji skiptir engu. Lýðræðislegur vilji skiptir engu ef hinar efnislegu forsendur eru ekki fyrir hendi og síðan er það metið á vegum dómstóls hins Evrópska efnahagssvæðis hvað leyfilegt sé að gera.

Um þessar mundir fara fram umræður um það í Svíþjóð og Noregi til hvaða ráða eigi að grípa í nyrstu héruðum þessara landa til aðstoðar byggðum þar og í einhverjum tilvikum varðandi einhverjar tilteknar aðgerðir hafa Svíar verið kærðir til dómstóls í Brussel fyrir aðgerðir í byggðamálum. Það er þetta sem íslensk stjórnvöld þurfa jafnan að hafa í huga, þ.e. hvað sé leyfilegt að gera og hvað ekki. Síðasta dæmið sem við höfum hér á landi er ákvörðun stjórnvalda um að smíða varðskip hér á landi. Það þótti stríða gegn EES-reglum og voru sett sérstök lög rétt fyrir hátíðarnar, ef ég man rétt, um smíði þessa skips til að reyna að komast fram hjá EES-reglunum. Þetta tek ég sem dæmi um lög, reglugerðir og samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert á liðnum árum sem takmarka mjög frelsi okkar til aðgerða í byggðamálum.

Hérna er annað sem er nánast átakanlegt að lesa um ásetning og góðan vilja manna, um jöfnun orkukostnaðar. Menn tala um að það þurfi að styrkja hin miklu kerfi sem við höfum komið okkur upp á þeim sviðum. Í Evrópu fara menn allt aðrar brautir. Í Evrópu eru menn að markaðsvæða orkugeirann. Það er næst á dagskrá í Evrópu. Það er byrjað á því að aðgreina orkuöflun og dreifingu á orku. Það er fyrsta skrefið sem stigið er og síðan skal þetta allt saman markaðsvætt. Hér eru menn enn að fabúlera í einhverjar allt aðrar áttir, en skuldbinda sig á sama tíma til markaðsvæðingar og til aðgerða sem takmarka möguleika okkar til að grípa til aðgerða. Og þannig er þetta á fjölmörgum öðrum sviðum.

Menn tala t.d. um það í tillögunni að það þurfi að bæta samgöngur og gott ef ekki er einhvers staðar vikið að póst- og símaþjónustu. Hvað skyldu menn hafa gert á því sviði á þessu kjörtímabili? Jú, það sem menn gerðu var að taka póstinn og símann, Landssíma Íslands, og gera hann að hlutafélagi. Nú er næst á dagskrá að koma honum á markað og úr höndum og eigu þjóðarinnar. En það þarf ekki að koma honum úr höndum þjóðarinnar til þess að fá þann tón sem allshn. fékk frá þessari stofnun því að hún talar þannig til fulltrúa þjóðarinnar eftir að síminn var gerður að hlutafélagi að engu er líkara en hún telji að okkur komi ekki við hvernig haldið er á málum. Hér segir í bréfi frá Landssímanum, með leyfi forseta:

„Landssíminn telur óeðlilegt og óþarft að þingið hlutist með þessum hætti til um innri málefni einstakra fyrirtækja.“ — Það er verið að tala um símgjöldin í landinu.

Og síðan segir hér áfram:

„Landssíminn hlýtur að benda á að hann er sjálfstætt hlutafélag og á ekki að þurfa að sæta íhlutun Alþingis í gjaldskrá sína. Gjaldskrár Landssímans fyrir leigulínur til flutnings sjónvars- og útvarpsefnis og til annarra nota eru háð reglum Evrópska efnahagssvæðisins, þar með talið tilskipun nr. 92/44/EBE (OMP) og reglugerð nr. 608/1996 [þetta er tungumálið sem farið er að tala] um aðgang að leigulínum á almenna fjarskiptanetinu. Í þessum reglum kemur fram að gjaldtaka skuli taka mið af raunkostnaði við veitingu þjónustu. Gjaldskrá fyrirtækisins sætir jafnframt eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar, lögum samkvæmt.“

Með öðrum orðum, ykkur kemur þetta ekki við. Þetta er svar við tillögu til þál. frá ríkisstjórn Íslands þar sem verið er að tala um leiðir til að jafna aðstöðumun fólks á landinu og þar á meðal er vikið að gjaldskrá Pósts og síma. Þetta eru svörin. Þetta eru svörin sem við erum þegar farin að fá.

Þess vegna skýtur skökku við að ríkisstjórn sem grípur til hverrar ráðstöfunar af þessu tagi á fætur annarri, þar sem hún einkavæðir, þar sem hún þrengir möguleika sína til aðgerða, skuli leyfa sér að setja fram plagg af þessu tagi. Þetta er nánast eins og brandari. Brandari í 21 lið.

Við gætum tekið önnur áþekk dæmi um þetta. Við gætum t.d. tekið einkavæðingu bankanna. Við getum tekið þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að gera Landsbankann og Búnaðarbankann að hlutafélögum og koma þeim síðan á markað. Það er náttúrlega markmiðið að selja þá. Eitt af því sem talsmenn landsbyggðarinnar höfðu áhyggjur af við þá breytingu var að einmitt þetta kæmi til með að koma sérstaklega niður á landsbyggðinni. Lokað yrði útibúum í fámennum byggðarlögum, sama sjónarmið og var reyndar uppi þegar Landssíminn og Íslandspóstur voru gerð að hlutafélagi og sett á markað. Þá höfðu menn áhyggjur af því að lítil útibú yrðu fyrst fyrir skurðarhnífnum. Þar yrði fyrst skorið niður *enda hefur reyndin orðið sú. Reyndin hefur orðið þessi.*

Það er sitt hvað orð og athöfn. Allt stangast á í þessum efnum. Mér finnst hér vera að mörgu leyti á ferðinni ágætur ásetningur og ég get tekið undir það meginmarkmið sem hér er sett fram, að reyna að sporna gegn byggðaröskun, þeirri byggðaröskun sem við höfum búið við á undanförnum árum *og gera þar myndarlegt átak. En ég legg áherslu á að* það verður ekki gert meðan þessi ríkisstjórn situr.

[17:51]

Útbýting þingskjala:

Afföll húsbréfalána, 578. mál, fsp. KPál, þskj. 951.

Rannsóknir á vetraraföllum rjúpu, 341. mál, nál. umhvn., þskj. 952.

Verðlagning sauðfjárafurða og kjör sauðfjárbænda, 579. mál, fsp. JóhS, þskj. 953.

[17:51]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér þarf ég ekki að orðlengja mjög um það sem felst í þessari till. til þál. um mótun nýrrar byggðastefnu. Ég fór mjög ítarlega yfir það á sínum tíma þegar mælt var fyrir tillögunni og fjallaði þá um þau efnisatriði sem þar getur að líta. Eins og allir vita á þessi tillaga sér alllanga forsögu. Mjög margir hafa komið þarna að verki, bæði núna í meðförum þingsins en ekki síður og alveg sérstaklega við undirbúningi málsins af hálfu stjórnar Byggðastofnunar.

Sú ákvörðun var tekin strax í upphafi við meðferð málsins af hálfu þeirra sem sitja í stjórn Byggðastofnunar að taka þessi mál nokkuð öðrum tökum en gert hafði verið

á undanförnum árum. Í því sambandi var mikið leitað út fyrir stofnunina eftir sérfræðilegri þekkingu. Ekki það að innan stofnunarinnar væri ekki til staðar margvísleg þekking sem mikilvægt væri að byggja á heldur var það einfaldlega skoðun þeirra sem stóðu fyrir þessu og báru ábyrgð á vinnulaginu að mjög mikilvægt væri að reyna að afla sér nýrra upplýsinga vegna þess að þetta mál væri þannig vaxið að það þyrfti á því að halda að reyna kannski að varpa á það nýju ljósi. Sannleikurinn er sá að menn hafa talað mjög lengi um byggðamál án þess þó kannski að skilgreina til hlítar um hvað málið snerist og alls ekki þannig að menn reyndu að komast að því hver væri kjarni þess vanda sem við væri að glíma. Þannig lá það fyrir og kom mörgum á óvart og m.a. þeim sem hér stendur að ekki lá fyrir nein heildstæð athugun eða úttekt á því hverjar væru orsakir búseturöskunarinnar sem hefði orðið á undafönum áratugum hér á landi.

Þess vegna varð það eitt af fyrstu verkum stjórnar Byggðastofnunar að efna til slíkrar könnunar sem Stefán Ólafsson bar ábyrgð á fyrir hönd Félagsvísindastofnunar Háskólans. Niðurstaðan var á margan hátt sláandi og varpar betra ljósi á þetta mál en við höfum nokkru sinni átt kost á. Með öðrum orðum það sem núna liggur fyrir eru upplýsingar um ástæður búferlaflutninganna, búseturöskunarinnar og þess vegna getum við einbeitt okkur að því að koma fram með tillögur sem mæta því í raun og veru sem við sjáum að gerðist og er að gerast á landsbyggðinni og er þá í raun og veru svar við því sem þar er að gerast.

Sannleikurinn er sá að þessi staða hér á landi er miklu alvarlegri en víðast hvar annars staðar. Það kom fram t.d. í athugunum sem Háskólinn á Akureyri beitti sér fyrir að búseturöskunin er miklu verri hér á landi en í nágrannalöndum okkar. Við erum með alvarlegri stöðu og þess vegna er alveg óhjákvæmilegt hjá okkur að bregðast harkalegar við en víða annars staðar. Menn spyrja hvort þetta sé ekki í lagi, hvort ástandið megi ekki bara vera svona, hvort það sé þá nokkur skaði að því þó byggðirnar tæmist og menn flytji á mölina. Ég mótmæli því algerlega, þetta er auðvitað mjög dýrkeypt fyrir þau byggðarlög sem verða fyrir þessu. Það er þjóðhagslega óhagkvæmt og dýrt fyrir þau svæði sem eru að taka á móti fólki sem flytur af landsbyggðinni. Það sjáum við á þeim tölum sem hafa verið bornar fram um það að það kosti 3–5 millj. kr. fyrir sveitarfélög á borð við Reykjavík og Kópavog að taka á móti hverjum nýjum einstaklingi sem hingað flytur og það er mjög óskynsamlegt þegar við höfum þessa uppbyggingu til staðar úti á landi.

Þær áherslur sem reynt hefur verið að leggja í byggðamálunum hér á landi upp á síðkastið hafa nokkuð komið fram í umræðunni. Ég vek athygli á því að áherslurnar sýna að menn eru að reyna að feta sig inn á nýjar leiðir og nýjar ákvarðanir til þess að bregðast við vandanum. Það er alveg rétt sem hefur komið fram að opinberar tölur sýna að þróunin hefur verið þannig á undanförnum árum að störfum hins opinbera hefur fyrst og fremst fjölgað á höfuðborgarsvæðinu og það er engin spurning um að þetta er ein meginástæðan fyrir því hvernig búsetuþróunin og búseturöskunin hefur orðið á undanförnum árum. Ríkið hefur með öðrum orðum ekki verið svona hlutlaus áhorfandi, ekki verið í því hlutverki að stýra eða koma í veg fyrir búseturöskunina heldur hefur ríkið verið bókstaflega gerandi, það hefur verið þátttakandi í þessu ferli. Það er þetta sem við hljótum sérstaklega að horfa á og það er þetta sem menn hafa verið að vekja athygli á og hefur m.a. komið fram í þeim athugunum sem Byggðastofnun hefur beitt sér fyrir og hefur gefið út á bók og kemur m.a. fram í fylgiskjölum þeim sem fylgja byggðatillögunni sem við ræðum í dag.

Þess vegna segi ég að svarið við þessum staðreyndum, við þessu ástandi, er auðvitað að móta nýja byggðastefnu, taka þessi mál öðrum tökum en menn hafa verið að gera á undanförnum áratugum og hefur sýnilega ekki haft þau áhrif sem til stóð. Ég held að við höfum núna miklu meiri forsendur en við höfðum áður til þess að taka heilbrigðar, skynsamlegar og markvissar á þessum málum, einfaldlega vegna þess að við vitum hvar við eigum að reyna að leggja áherslurnar. Það þarf að bregða skýru ljósi á þessi mál í þinginu á grundvelli þeirra upplýsinga sem við höfum.

Ef við skoðum hvaða hópar það eru, sérstaklega á landsbyggðinni, sem hyggja á búferlaflutninga, þá sýnist mér á þessum göngum og m.a. á skoðanakönnun Stefáns Ólafssonar að það séu fyrst og fremst tveir áhættuhópar hvað þetta áhrærir. Það er í fyrsta lagi fiskvinnslufólk og hins vegar það fólk sem hefur leitað sér sérfræðilegrar menntunar af einhverju tagi. Ef við tökum seinni hópinn er t.d. ljóst að eitt af því sem þetta fólk horfir til eru möguleikarnir á því að njóta stuðnings hvert af öðru. Maður sem hefur hlotið háskólamenntun gerir m.a. kröfur til þess að geta deilt kjörum, skipst á skoðunum, rætt málin við fólk sem hefur notið svipaðrar lífsreynslu. Þess vegna er mjög mikilvægt og einn hluti af þessari byggðaáætlun að reyna að styrkja samgöngusvæðin, tryggja það að menn geti búið til þjónustusvæði, atvinnusvæði, stærra atvinnusvæði, sem þarf út af fyrir sig ekkert að hafa áhrif á það að menn geta búið í sínu litla byggðarlagi ef þeir geta aðeins átt eðlileg samskipti inn á stærra svæði. Við sjáum þetta t.d. á Suðurlandsundirlendinu, við sjáum þetta í nágrenni Akureyrar, við sjáum þetta líka í uppbyggingu vegamála á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum þar sem er ekki lengur hægt að tala um þorpin í kringum Ísafjörð eða byggðirnar í kringum Patreksfjörð heldur erum við að tala um eitt svæði, atvinnusvæði, þjónustusvæði sem ættu auðvitað að styrkjast innbyrðis fyrir vikið.

Hitt atriðið sem er líka mjög mikið áhyggjuefni er staða fiskvinnslunnar og það öryggisleysi sem fiskvinnslan og fiskvinnslufólkið hefur búið við. Hér er um að ræða margslungið og erfitt mál, tengist að sjálfsögðu sjávarútvegsumræðunni og því öllu saman. Þess vegna hlýtur að vera eitt af þeim stóru viðfangsefnum sem við stöndum frammi fyrir núna þegar sú ákvörðun hefur verið tekin hér á Alþingi að taka sjávarútvegsmálin og fiskveiðistjórnarmálin til gagngerrar endurskoðunar hvernig sé að styrkja stoðir fiskvinnslunnar. Við sjáum t.d. að sú uppbygging smábátaútgerðar sem víða hefur orðið um landið hefur orðið til þess að skapa nýjar og betri forsendur fyrir fiskvinnslu.

Það er staðreynd að afla smábátanna er landað fyrst og fremst til vinnslu innan lands. Að vísu dreifist hann um allt land. Afli sem landað er á Vestfjörðum eða á Norðurlandi getur þess vegna farið til vinnslu allt annars staðar á landinu. Engu að síður sýna tölurnar að sá afli fer að stóru leyti til vinnslu innan lands. Við getum því sagt sem svo að einn hluti af því að styrkja stoðir landsbyggðarinnar sé að bæta rekstrarumhverfi smábátanna og efla þannig fiskvinnslu í landinu. Við sjáum, t.d. á tölum í Morgunblaðinu í dag, að á Vestfjörðum hefur kvótahlutdeildin í aflamarkskerfinu sjálfu dregist saman. Á móti kemur að hlutdeild Vestfjarða í afla og aflamagni smábáta hefur aukist. Þarna hefur að nokkru leyti tekist að byggja upp fiskveiðistjórnarkerfi utan við hið

héfðbundna fiskveiðistjórnarkerfi sem komið hefur þessum landshluta að gagni. Enn þarf að huga að ýmsu í þessum efnum, ekki síst í byggðalegu ljósi.

Við sjáum að mjög víða hefur reynst erfitt að manna fiskvinnsluna. Í því sambandi eru kannski ekki til augljósar lausnir. Staða fiskvinnslunnar er á margan hátt erfið. Landvinnslan hefur lengi átt undir högg að sækja og þó betur horfi þar nú en oft áður hefur hún mátt búa við langvarandi taprekstur sem vitanlega hefur komið niður á henni. Þess vegna er einkennilegt að hugsa til þess að til skuli vera stjórnmálaöfl sem sjá vart annað ljós í myrkrinu en að leggja auknar byrðar á atvinnugreinina sem skapað hefur atvinnutækifæri á landsbyggðinni. Fiskvinnslan hefur átt sinn þátt í því að byggja upp þá atvinnustarfsemi og það mannlíf sem dafnar á landsbyggðinni.

Í þessu sambandi vildi ég vekja athygli á hugmynd sem Stefán Ólafsson, sem margoft hefur verið rætt um og vitnað í í þessari umræðu, varpaði fram í Morgunblaðsgrein á síðasta hausti. Hann sagði eðlilegt að beina skattaívilnunum í skattkerfinu fyrst og fremst til fiskvinnslufólksins til að bæta kjör þess. Hann sagði t.d. að ígildi sjómannaafsláttar, upp á 1.500 millj. kr., mundi bæta kjör landverkafólks 10 eða 20%, ég man ekki hvort heldur var. Þetta mundi hafa veruleg áhrif á það hvert fólk mundi sækja vinnu. Þetta er atriði sem menn þurfa að skoða og ræða þá í tengslum við kjarasamninga þegar að því kemur. Þetta er hins vegar býsna snúið mál sem menn ættu ekki að hrapa að en hugmynd sem menn a.m.k. ættu að hafa djörfung og dug til að ræða.

Ég nefndi áðan að Byggðastofnun hefði verið að reyna að beita sér fyrir breyttum áherslum. Við höfum kallað þetta aukið byggðaforræði. Sú stefna að byggðamálunum ætti að stjórna frá einum stað, þ.e. í Reykjavík, deila út peningum og völdum þaðan og skipuleggja aðgerðir þaðan, kann að hafa átt rétt á sér einhvern tímann en í dag svarar hún ekki kröfum hins öfluga þjóðfélags okkar. Þess vegna verður byggðastefnan að taka mið af þjóðfélagslegum breytingum, og það hafa menn gert innan vébanda Byggðastofnunar. Nú hefur verið tekin um það ákvörðun að fela starfsemi Byggðastofnunar á landsbyggðinni, t.d. á Ísafirði og Egilsstöðum, í hendur heimamönnum í atvinnuþróunarfélögum sem annast núna þessa starfsemi. Heimamenn fá í hendur ákveðið fjármagn sem þeir geta notað til að sinna þjónustustarfsemi sem Byggðastofnun hafði úti á landsbyggðinni og jafnframt, sem ekki er síður mikilvægt, rennt stoðum undir atvinnuþróunarfélögin og gert þeim kleift að takast á við ný verkefni. Þau geta aðstoðað fólk sem er að leita sér að nýjum atvinnutækifærum og fólk sem er að reyna að byggja upp héfðbundna atvinnustarfsemi, t.d. í sjávarútvegi.

Ég vil vekja sérstaka athygli á einu atriði í þessari byggðaáætlun. Hér hefur töluvert verið talað um að þar sé lítil handfesta. Það ekki alveg rétt þar sem þetta er stefnumótandi áætlun sem ætlað er að leggja línurnar ef þannig mætti að orði komast. Ég vildi nefna eitt atriði sem vissulega er handfesta í og mun skipta mjög miklu máli. Það er sú ákvörðun að beina í gegn um Byggðastofnun fjármagni í eignarhaldsfélög á landsbyggðinni sem ætlað er það hlutverk að taka þátt í uppbyggingu atvinnulífsins. Við sem búum úti á landi þekkjum að víða eru menn hikandi við að koma með fjármagn inn í atvinnufyrirtæki. Lánastofnanir á höfuðborgarsvæðinu eru hikandi við að lána til atvinnustarfsemi á landsbyggðinni nema því fylgi kvóti. Aðilar á höfuðborgarsvæðinu þekkja eðlilega ekki mjög vel til aðstæðna. Þeim finnst framandi að leggja peninga í fiskvinnsluhús á norðausturhorninu eða norðvesturhorninu eða einhvers staðar fjarri góðu gamni. Því er ekki óeðlilegt að við reynum einhvern veginn að styrkja stoðir atvinnulífsins úti á landi.

Gert er ráð fyrir að eignarhaldsfélögin fái á ári allt að 300 millj. kr. og reyndar er gert ráð fyrir því í fjárlögunum yfirstandandi árs. Þessar 300 millj. kr. eiga samt sem áður einungis að verða um 40% af eignarhaldsfélögunum þegar fram í sækir. Hér er því í raun verið að leggja grundvöll að eignarhaldsfélögum sem geta þá verið með um 700 millj. kr. á ári, 40% frá Byggðastofnun og 60% frá öðrum, einkaaðilum eða sveitarfélögum. Gott dæmi um verkefni af þessu tagi er einmitt að líta dagsins ljós austur á fjörðum. Þar eru bæði einkaaðilar í héraði og fjármálastofnanir, m.a. eru fjármálastofnanir á höfuðborgarsvæðinu allt í einu farnir að sjá möguleika á að koma inn í atvinnulífið. Þar er verið að skapa nýjan grundvöll, nýtt umhverfi sem þær geta frekar treyst sér til að koma að.

Mér sýnist, ef rétt er reiknað hjá mér, að þetta séu um 750 millj. kr. á einu ári, 3 milljarðar kr. á fjórum árum. Það munar auðvitað um minna. Ég tel að stefnumótun af þessu tagi sé miklu líklegri til árangurs en að vera að rembast við að færa til verkefni frá hinu opinbera út á land. Það hefur reynst afar erfitt og er miklu líklegra til árangurs að tryggja starfsemi eignarhaldsfélaganna þannig að þau geti teki þátt í því að hjálpa fólkinu sem býr úti á landi við að skapa ný atvinnutækifæri.

Ég vil líka vekja athygli á því að þeir sem standa í þessum ræðustól daginn út og daginn inn, vikum og mánuðum saman á hverju einasta þingi og krefjast aukinna útgjalda hins opinbera til allra skapaðra hluta, í langflestum tilvikum til hinna þörfustu verkefna, ættu nú stundum að velta fyrir sér, þegar þeir eru að kalla á 400 millj. og 500 millj. og 1.000 millj. til sjúkrahússtarfsemi og annarrar ágætrar starfsemi á höfuðborgarsvæðinu, hvaða áhrif það hefur á búsetuþróunina í landinu. Þurfa menn ekki líka að reyna að bregða hinu byggðalega ljósi á það? Er ekki eðlilegt, um leið og menn gera slíkar kröfur, að þeir átti sig á hinu byggðarlega samhengi þessara hluta, hvort ekki eigi að veita hluta af þessu fjármagni til uppbyggingar á þjóðþrifastarfsemi á landsbyggðinni. Ég tel mikilvægt að hafa þetta í huga. Eitt af því sem kemur glögglega fram í byggðaáætluninni er krafan frá þeim sem að áætluninni standa, sem ég vona að verði samþykkt, um að reynt verði að bregða byggðalegu ljósi á þær ákvarðanir sem Alþingi, ríkisstjórn og hið opinbera taka hverju sinni. Ákvörðun um uppbyggingu á einhverju sviði, t.d. velferðarmála á höfuðborgarsvæðinu, mun hafa áhrif á byggðaþróunina í landinu eins og við höfum séð.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði mér reyndar ekki að vera þetta langorður. Mig langaði að koma aðeins inn á þessi mál. Ég tel að byggðamálin séu eitthvert brýnasta verkefni íslenskra stjórnmála á þessari stundu. Það verður að segjast að að mörgu leyti hafa menn staðið hálfráðþrota frammi fyrir vandanum sem við hefur verið að glíma. Ég held að við séum nú í betra færi en oft áður til að takast á við vandamálin. Við vitum meira, kunnum meira og vitum hvar eldurinn brennur heitast. Þess vegna er mikilvægt að það takist að marka ramma sem við viljum vinna innan. Það er gert í þessari byggðaáætlun og ég bind vonir við að okkur takist með þessum nýju vinnubrögðum og starfsháttum að snúa vörn í sókn. Það ríður á miklu fyrir þjóðfélagið. Sú óheillaþróun sem verið hefur í byggðamálunum er öllum til

trafala, bæði landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu.

[18:10]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Tillagan sem hér er til umfjöllunar markar að ýmsu leyti tímamót í allri umræðu og vonandi framkvæmd í byggðamálum. Tillagan hefur verið til meðferðar í hv. allshn. og er mjög merkilegt framtak. Því miður lauk umræðunni um hana ekki fyrir jól vegna málþófs stjórnarandstöðunnar og var vissulega miður að afgreiðslu hennar skyldi frestað um hálft ár vegna þess að stjórnarandstaðan vildi gefa sér svo ríkulegan tíma til að tala um önnur mál. Það varð til þess að ekki tókst að afgreiða þessa tillögu en nú er hún komin til lokaafgreiðslu.

Það fer ekki milli mála að undirbúningur þessarar tillögu, stefnumótunar í byggðamálum, er mjög vandaður. Þær mörgu umsagnir sem liggja fyrir hjá hv. allshn. um tillöguna bera þess merki, flestar eru þær jákvæðar og borið lof á þessa vinnu og allan undirbúning. Tillagan er því staðfesting þess hve mikilvægt var að taka undirbúninginn þeim tökum sem hæstv. forsrh. gerði og ekki síður stjórn Byggðastofnunar sem vann vandlega að málinu.

Það vekur vissulega athygli að í nál. stjórnarandstöðunnar er nánast skilað auðu. Lögð eru fram tvö nál. frá stjórnarandstöðunni. 1. minni hluti tekur undir margt, þar eru fulltrúar þingflokks óháðra á ferðinni. Þeir taka undir margt sem kemur fram í tillögunni en vilja samt sitja hjá og taka ekki afstöðu til hennar. Ég tel það miður. Í þeim hópi eru þingmenn sem hafa átt mjög góða spretti í umræðum um byggðamál, t.d. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Ég tel því mjög miður að fulltrúar óháðra í allshn. sem skila nál. skuli hafa tekið ákvörðun um að sitja hjá og skila auðu. Þeir skila auðu í byggðamálum við afgreiðslu þessarar mikilvægu tillögu. Þeir taka ekki afstöðu til þeirra mikilvægu aðgerða sem tillagan gerir ráð fyrir.

Annar minni hluti, þar sem á ferðinni er fulltrúi Samfylkingarinnar í allshn., hefur með nál. skákað sér út úr umræðum og vilja til aðgerða í byggðamálum. Tími Samfylkingarinnar virðist ekki vera kominn í byggðamálum. Það er ekki aðeins að engum brtt. við tillöguna er skilað, heldur er afstaðan í minnihlutaálitinu eingöngu geðillskulegar upphrópanir og yfirlýsingar um að betur þurfi að gera.

Auðvitað þurfum við að gera betur og það er tilgangurinn með umræðunni hér og þeim aðgerðum sem ég geri ráð fyrir að fylgi í kjölfar þessarar tillögu. Ég vil sérstaklega draga það fram, hæstv. forseti, að stjórnarandstaðan skilar auðu í þessu máli.

Forsendur tillögunnar eru þær staðreyndir að þróunin í byggðamálum hefur verið óæskileg. Auðvitað hefur náðst árangur en árangurinn ekki orðið sá sem við viljum sætta okkur við. Við teljum að það sé þjóðhagslega óhagkvæmt að byggðin raskist eins og orðið hefur.

Tillagan gerir ráð fyrir aðgerðum á sviði nýsköpunar í atvinnulífinu, aðgerðum á sviði menntunar, þekkingar og menningar, aðgerðum til jöfnunar lífskjara og aðgerðum til bættrar umgengni við landið. Það er auðvitað afar mikilvægt þegar við nýtum auðlindir okkar að við tryggjum að umgengnin sé sem best gagnvart auðlindum bæði til sjós og lands.

Þær tillögur sem byggðaáætlunin felur í sér eru byggðar á rannsóknum og leitast var við að fara nýjar leiðir þegar þær tillögur voru undirbúnar. Hér er ný hugsun á ferðinni, hugsun sem byggir á því að menn lögðu mikla vinnu í að rannsaka ástandið, rannsaka ástæður og reyna að gera sér grein fyrir hverjar leiðirnar eru til að bregðast við þeim vanda sem vissulega er til staðar.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, hafa borist mjög margar umsagnir um tillöguna. Langflestar eru jákvæðar, mjög jákvæðar. Og það er mjög uppörvandi fyrir stjórnarflokkana að svo jákvæðar umsagnir skuli hafa borist um þær tillögur sem við erum að fjalla um. Samt sem áður má ég til með að nefna tvær umsagnir vegna þess að þær komu mér vissulega á óvart. Annars vegar er það umsögn frá Landsvirkjun, en í einni tillögugreininni er gert ráð fyrir að leggja mjög ríka áherslu á að reyna að lækka orkukostnaðinn í landinu og jafna orkukostnaðinn þannig að hann verði ekki til þess að ýta undir óæskilega byggðaþróun. Viðbrögð Landsvirkjunar, sem koma fram í örstuttri umsögn, eru þau að allur fyrirvari er hafður á um aukna þátttöku Landsvirkjunar í kostnaði vegna niðurgreiðslu á rafhitun. Út af fyrir sig er eðlilegt að fyrirtækið hafi einhvern fyrirvara um það að ætlast verði til þátttöku þess í lækkun rafhitunarkostnaðar. En ég hefði talið eðlilegt að viðbrögð Landsvirkjunar hefðu verið að gera grein fyrir áformum fyrirtækisins um lækkun á orkukostnaði í landinu.

Nú er það svo að Landsvirkjun sér nær eingöngu um að virkja, það er einungis lítill hluti af vatnsaflsvirkjunum í landinu sem ekki er starfræktur af Landsvirkjun. Þess vegna er eðlilegt að við gerum kröfu til þess að Landsvirkjun leggi á ráðin um hvernig landsmenn nái sem hagkvæmastri nýtingu út úr vatnsaflsvirkjunum og leitað verði allra leiða til að lækka raforkukostnaðinn. Það kemur hvergi fram í þessari umsögn og ég vil vekja athygli á því og tel það mjög miður. Við verðum að gera þá kröfu til Landsvirkjunar að það fyrirtæki leggi sig allt fram um að lækka raforkuverðið í landinu og ég vona, þrátt fyrir þessa umsögn, að þar á bæ sé leitast við það.

Hin neikvæða umsögnin sem ég vil draga fram er frá Sambandi ísl. viðskiptabanka. Þar er gerð athugasemd við það að gert sé ráð fyrir að Byggðastofnun líti fram hjá þeirri áhættu, eins og segir í umsögninni, sem óhjákvæmilega fylgir staðsetningu, þ.e. staðsetningu fyrirtækja og þá væntanlega úti á landi.

Komið hefur fram í skýrslu sem nýlega var gefin út að afskriftakostnaður lánastofnana hefur stórkostlega aukist á höfuðborgarsvæðinu. Afskriftir lánastofnana hafa ekki verið að vaxa á landsbyggðinni. Þannig að þetta mat Sambands ísl. viðskiptabanka og viðvaranir um að óeðlilegt sé að ekki sé tekið tillit til meiri afskriftaþarfar úti á landi byggir ekki á raunveruleikanum eins og hann hefur verið að gerast síðustu árin. Afskriftir hafa verið að aukast á höfuðborgarsvæðinu, því miður. Það er því ekki lengur svo að aðalvandinn gagnvart lánastofnunum sé úti á landsbyggðinni. Þetta vil ég nefna sérstaklega.

En aðrar umsagnir eru mjög jákvæðar um tillöguna. Það eru umsagnir frá Þjóðahagsstofnun og ASÍ. Að vísu finnst mér umsögnin frá ASÍ heldur þunn í roðinu, ég bjóst við því að þeir legðu meira upp úr að veita öfluga umsögn um þessa byggðaáætlun. Engu að síður er hún heldur jákvæð og ber að fagna því. Sama er um umsögn Bændasamtakanna og Rafmagnsveitna ríkisins. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða skrifar alveg sérstaklega öfluga og vandaða umsögn um áætlunina. Það ber að fagna því hvernig þeir aðilar taka á þessari vinnu, enda brennur þar mjög á og ekki fer á milli mála

að forsvarsmenn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hafa lagt mjög mikla og vandaða vinnu í að skoða þessi mál og það er mikilvægt innlegg í umræðuna og ekki síður mikilvægt innlegg í þá vinnu og það starf sem fram undan er, að framfylgja þessari áætlun.

Sama er að segja um Háskólann á Akureyri, það er mjög vönduð umsögn, og svo mætti lengi telja. Samband ísl. sveitarfélaga fjallar í umsögn um tillöguna og þar kemur fram að þeir telja mjög mikilvægt að koma á öflugu samstarfi milli ríkisins og sveitarfélaganna til þess að taka á þessum málum og því ber að fagna.

En auðvitað er þessi áætlun sett fram vegna þess að við viljum bregðast við ástandi. Við teljum að þróunin, byggðaþróunin hafi verið þjóðhagslega óhagkvæm og þess vegna þurfi að bregðast við.

En forsendurnar til þess að hægt sé að vinna að úrbótum er bættur efnahagur þjóðarinnar. Það er mikið rætt um góðærið. Ég vil í því sambandi minna á það sérstaklega að góðærið hefur út af fyrir sig ekki staðið lengi. Það eru öll merki um bættan hag þjóðarinnar og það er ekkert sem bendir til annars en að við getum búist við því áfram næstu missiri. En við megum ekki gleyma því engu að síður að mjög stuttur tími er liðinn síðan okkur tókst að lækka skuldir ríkissjóðs, sem skipti auðvitað mjög miklu máli, og ekki mörg ár sem við höfum rekið ríkissjóð án halla, því það er auðvitað mjög alvarlegt að reka hann með halla árum saman eins og því miður var á kreppuárunum fyrri hluta þessa áratugar.

En hvað um það, efnahagsstaðan er betri og þess vegna eru betri færi til þess nú að taka á byggðamálunum en áður. Í ljósi þess að við viljum fara nýjar leiðir ætti að vera meiri trygging fyrir árangri og því að þeir fjármunir sem við leggjum í aðgerðir í byggðamálum nýtist og komi að gagni til lengri tíma.

Hér hefur verið spurt um það og sagt að fjármagn verði að fylgja þessum aðgerðum. Vissulega er það rétt. Því miður var tillagan ekki samþykkt á síðasta ári en engu að síður var við það miðað við afgreiðslu fjárlaga þessa árs að taka tillit til þeirra tillagna í aðalatriðum sem hér eru settar fram í byggðaáætluninni.

Byggðastofnun, samkvæmt fjárlögum þessa árs, fær 300 millj. kr. til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni sem ég tel að sé afar mikilvæg aðgerð. Með því viljum við undirstrika að okkur er mikil alvara að ná fram árangri. Og með fjölmörgum öðrum aðgerðum sem fylgja fjárlögum, og ég vil nefna hér, er undirstrikað að við ætlum okkur að vinna ákveðið eftir þeim tillögum sem hér er verið að fjalla um.

Ég nefndi í fyrsta lagi þessi framlög, 300 millj. til Byggðastofnunar. Í öðru lagi vil ég nefna framlög til fjarkennslu, sem ég held að skipti mjög miklu máli fyrir landsbyggðina og auðveldi bæði endurmenntun og margs konar framhaldsnám, en til fjarkennslu voru veittar 7 millj. til Háskólans á Akureyri alveg sérstaklega. Kennaraháskólinn, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri fengu 32 millj. kr. til sérstakra aðgerða eða verkefna sem koma landsbyggðinni mjög til góða. Hin ýmsu landshlutasamtök á sviði símenntunar og endurmenntunar fengu 35 millj. til að vinna þessi verk og síðan var sérstök fjárveiting til að efla framhaldsskólana og gera nýja samninga við þá sem auðvitað skipta mjög miklu máli.

Í þriðja lagi vil ég nefna jöfnun námskostnaðar en það er mjög rækilega undirstrikað í byggðaáætluninni að jafna þurfi námskostnaðinn. Í fjárlögum þessa árs eru framlög til jöfnunar á námskostnaði hækkuð um 65 millj. kr. Árið 1991, þegar sú vinstri stjórn sem þá var við völd fór frá, voru í fjárlögum 89 millj. til jöfnunar á námskostnaði, en í fjárlögum þessa árs eru 259 millj. kr. áætlaðar til jöfnunar námskostnaðar. Þarna er því um að ræða umtalsverðar hækkanir sem skipta mjög miklu máli og fram kemur rækilega í greinargerðinni með byggðaáætluninni að er mikilvægur þáttur í því að vinna gegn röskun byggða.

Fjárhæðir til margs konar menningarmála eru í fjárlögum til þess að efla menningarstarfsemi úti um land og allt tengist þetta þeirri hugmyndafræði og þeim hugmyndum og tillögum sem byggðaáætlun gerir ráð fyrir.

Þá vil ég nefna orkumálin. Það er alveg sérstaklega tekið á þeim málum í þáltill. og sérstaklega talað um lækkun á húshitunarkostnaði. Í fjárlögum eru niðurgreiðslur til húshitunar hækkaðar um 100 millj. kr., sem leiddi til 10% lækkunar á húshitunarkostnaði auk þess sem sérstök fjárveiting er til þess að auka rannsóknir og styðja uppbyggingu hitaveitna þar sem það er hagkvæmt á hinum köldu svæðum, auk þess sem Rafmagnsveitur ríkisins fengu aukna fjármuni til að stunda rannsóknir og þróunarstarf.

Allt þetta skiptir mjög miklu máli og er tengt þeim hugmyndum sem eru í byggðaáætluninni og var auðvitað eðlilegt að taka tillit til við afgreiðslu fjárlaganna þrátt fyrir að byggðaáætlunin væri ekki samþykkt. En með samþykkt hennar verður auðveldara að taka á þessum málum og það fer ekki á milli mála að ríkur vilji er til þess hjá stjórnarflokkunum sem standa að þessari tillögu að það gerist.

Herra forseti. Ég vil undirstrika það sérstaklega við þessa umræðu að við afgreiðslu fjárlaga á þessu ári var tekið tillit til þessara tillagna. Ég vænti þess að þegar tillagan liggur fyrir sem ályktun Alþingis verði unnið á grundvelli hennar og það komi rækilega fram við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár þegar þar að kemur vegna þess að það skiptir mjög miklu máli að við látum verkin tala í framhaldi af samþykkt þessarar byggðaáætlunar.

[18:31]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Það er tvennt sem mér sýnist lýsa afstöðu ríkisstjórnarinnar til byggðamála hér í dag. Annars vegar að þetta er lagt fram núna þegar starfstíma ríkisstjórnarinnar er að ljúka. Ríkisstjórnin mun að öllum líkindum ekki þurfa að standa við þetta. Hins vegar að þessir tíu leðurstólar hér með skjaldarmerki lýðveldisins skuli hafa staðið auðir í allan dag. Áhuginn á þeim umræðum sem hér hafa farið fram um byggðamál hefur ekki verið meiri en svo hjá hæstv. ríkisstjórn.

Annað er kannski lýsandi og það er nafnið á þessari þáltill.: Tillaga til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001. Þarna er nefnilega að mörgu leyti verið að skipuleggja inn í fortíðina þannig að nafnið kemur ekki á óvart. En nú hefur verið lögð fram brtt. við þetta þannig að þessu verður væntanlega kippt í liðinn.

Í upphafi tillögunnar segir að stefnt verði að því að fólksfjölgun á landsbyggðinni verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010. Það hefur komið fram í gögnum frá Þjóðhagsstofnun að þetta sé ekki raunhæft markmið og því er greinilega mikið verk fyrir höndum. Mig langar, herra forseti, til þess að fara yfir þessa tillögu nokkurn veginn lið fyrir lið, eins og mér sýnist að flestir hafi gert hér í dag í drjúgu máli. Þetta er auðvitað mikilvægt mál og sjálfsagt að það sé rætt í þaula.

Hér segir að unnið verði markvisst að aukinni fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. Þróunarstofur verði efldar og þannig treystur grundvöllur til nýsköpunar og aukinnar fjölbreytni. Hlutverk þeirra verði meðal annars að auka samkeppnishæfni atvinnulífs á landsbyggðinni og aðstoða fyrirtæki við öflun verkefna og styrkja innan lands sem utan.

Það er sovétið sem gildir hjá hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar þar sem ríkið ætlar náttúrlega að hafa full afskipti af atvinnulífinu nú sem endranær á tuttugustu öldinni. Að vísu kemur fram í 2. mgr. að lánastarfsemi Byggðastofnunar verði rekin á arðsemisgrundvelli og er það svo sem virðingarvert og ágætt markmið og vonandi að það gangi eftir ef vilji er fyrir því. En það er hætt við því kannski þegar í harðbakkann slær að þetta verði orðin tóm eins og sennilega margt annað í þessu plaggi.

Í 4. lið segir, með leyfi forseta:

„Sköpuð verði skilyrði til þess að styðja sérstaklega aðgerðir á afmörkuðum svæðum þar sem veruleg röskun verður á atvinnuháttum og búsetu. Sérstaklega verði hugað að aðgerðum í byggðum þar sem atvinnulíf er fábreytt og útgerð á í vök að verjast."

Það er augljóst að í stað þess að leyfa dreifbýlinu að hagræða hjá sér og koma sér í samkeppnishæfara form þá á enn að halda því í öndunarvél ríkisstyrkjanna og er það tíundað í þessu plaggi, eins og ég hef áður komið inn á.

Það eru ágætis sprettir hérna inn á milli, falleg orð og göfug markmið, t.d. í 5. lið, með leyfi forseta:

„Forsendur traustra byggða og þar með vaxtarsvæða eru öruggar samgöngur, öflug sveitarfélög," — hvorutveggja get ég verið sammála, þ.e. að öruggar samgöngur og öflug sveitarfélög séu æskilegar forsendur traustra byggða — „samstarf byggðarlaga um þjónustu" — það er fínt — „og góð skilyrði til atvinnusóknar." Það er spurning hvað átt er við með þessu. Ég verð að viðurkenna að ég skil þetta ekki almennilega, „góð skilyrði til atvinnusóknar". Það þýðir sjálfsagt einhver ríkisafskipti af atvinnulífinu til að skapa góð skilyrði til atvinnusóknar. En nóg um það. „Þessi grundvöllur verði treystur með því að örva fjárfestingar í samgöngum, menntun, byggingum og fjarskiptum."

Það er ágætt að örva fjárfestingar í samgöngum og menntun. Það er mikilvægt mál. Það er afskaplega gott líka að hafa fjarskiptin þarna inni, en ég sé ekki alveg hvað átt er við með byggingum. Helst hefur mér þótt umræðan snúast um að of mikið væri af ónýttum byggingum á landsbyggðinni þannig að ég veit ekki alveg hvað þetta er. Sennilega er verið að tala þarna um menningarhúsin eða eitthvað slíkt og er það svo sem ágætt mál. Hérna er talað um að skapa störf með fjarvinnslu og það er ágætt. Það er sjálfsagt það eina sem ríkið gæti virkilega beitt sér fyrir af einhverri alvöru. Sennilega er það eitt af fáum markmiðum sem hugsanlega gætu náðst í byggðastefnu, ef ríkið reyndi að púkka upp á eigin „infrastrúktúr" í þeim tilgangi, að örva fjarvinnslu. Hv. 17. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, kom inn á það áðan að svo virðist sem ríkið sé búið að missa alla stjórn á fyrirtækinu sem það var að hlutafélagavæða fyrir skömmu, Pósti og síma eða Landssímanum eins og fyrirtækið heitir núna, og að Landssíminn sem þó er algjörlega í eigu ríkisins frábiðji sér öll afskipti af gjaldskrám. Í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar og hv. 6. þm. Norðurl. e., Svanfríðar Jónasdóttur, kom einnig fram að víða er pottur brotinn hvað það varðar að fullt jafnrétti hafi náðst milli landsmanna í þessum efnum enda kannski eðlilegt þar sem Landssíminn heldur að hann eigi að stunda alvörubisness og vera rekinn á arðsemisgrundvelli. En það kemur sjálfsagt í ljós þegar fram í sækir að það er mikill misskilningur.

„Gripið verði til aðgerða til að auðvelda fólki í strjálbýli atvinnusókn og hugað að leiðum til að lækka kostnað því samfara. Til að treysta búsetu og þróun vaxtarsvæða verði stuðlað að bættum og öruggari almenningssamgöngum."

Þetta er gott. Hins vegar þætti mér æskilegt að almenningssamgöngurnar væru að sem mestu leyti í höndum sveitarfélaganna, en sjálfsagt er verið að leggja hérna línur sem sveitarfélögin geta miðað við líka þannig að ástæðulaust er að fetta fingur út í það.

„Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins."

Menn hafa séð miklum ofsjónum yfir fjölgun opinberra starfa í höfuðborginni og er það svo sem allt í lagi að menn sjái ofsjónum yfir fjölgun opinberra starfa. Mig langar hins vegar t.d. til þess að benda á það sem hv. 2. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, sagði áðan. Hann sagði að hann hefði alltaf verið fylkjamaður. Hann kallaði það það. Ég gat ekki skilið það öðruvísi en að hann væri þar að brydda upp á umræðunni um þriðja stjórnsýslustigið. Hann sagði að því hefði verið fálega tekið af þinginu hingað til. En annar þingmaður hefur einmitt vakið máls á þessu ágæta máli nokkrum sinnum hér og það er hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, sem árið 1985, þegar 1055 ár voru frá stofnun Alþingis, eins og segir á þessu plaggi, lagði fram brtt. við frv. til sveitarstjórnarlaga. Mig langar til að lesa þær brtt. til að þær verði skráðar í þingtíðindin núna árið 1999. Í brtt. við frv. til sveitarstjórnarlaga frá Hjörleifi Guttormssyni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sett skal á fót nýtt stjórnsýslustig, héruð, milli ríkis og sveitarfélaga til að treysta byggð í landinu, koma á virku lýðræði og dreifa valdi frá ríki til landshluta.

Verkefni, sem sýslunefndum hafa verið falin með lögum, skulu falla til héraða nema sveitarfélög komi sér saman um annað."

Svo er um héruð, með leyfi forseta:

„Landinu skal skipt í héruð svo sem hér segir:

1. Suðurnes.

Nær yfir Gullbringusýslu, Grindavíkur-, Keflavíkur- og Njarðvíkurkaupstað.

2. Kjalarnes.

Nær yfir Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfjarðar-, Seltjarnarnes-, Kópavogs- og Garðakaupstað."

Einhver nöfn hafa breyst í tímans rás, en það er aukaatriði.

„3. Vesturland.

Nær yfir Vesturlandskjördæmi.

4. Vestfirðir.

Nær yfir Vestfjarðakjördæmi.

5. Norðurland vestra.

Nær yfir Norðurlandskjördæmi vestra.

6. Norðurland eystra.

Nær yfir Norðurlandskjördæmi eystra.

7. Austurland.

Nær yfir Austurlandskjördæmi.

8. Suðurland.

Nær yfir Suðurlandskjördæmi."

Hér er augljóslega byggt í grófum dráttum á kjördæmaskipaninni eins og hún hefur verið undanfarið og er það ágætt, þó svo að vel mætti hugsa sér, ef farið yrði út eitthvað svona í framtíðinni, að byggt væri meira á hinum fornu fjórðungum, landsfjórðungum, en það er önnur saga.

Svo segir, með leyfi forseta:

„Héruð taka við svæðisbundnum verkefnum frá ríkinu eftir því sem fjármagn og tekjustofnar leyfa og Alþingi og viðkomandi héraðsþing samþykkja. Einnig geta sveitarfélög innan héraða falið þeim stjórn eða umsjá sameiginlegra mála að fengnu samþykki héraðsþinga.

Færa skal frá ríki til héraða hið fyrsta m.a. eftirtalda málaflokka að því er varðar svæðisbundin verkefni:

húsnæðismál,
almannatryggingar,
skipulagsmál,
byggðamál,
menntamál,
þjóðminjavernd,
heilbrigðismál,
vegamál,
orkumál,
opinbert eftirlit (með rafmagni, heilbrigði, öryggi og annarri hliðstæðri starfsemi),
ráðgjöf í atvinnumálum.

Samhliða slíkri tilfærslu verkefna frá ríkinu til héraða skal dregið úr umsvifum stjórnarráðsins og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu."

Herra forseti. Ég ætla ekki að lesa meira af þessari brtt. við frv. til sveitarstjórnarlaga frá því árið 1985. Þó svo að ýmsar forsendur hafi breyst og margt hérna eigi kannski ekki við nú en mætti færa til betri vegar þá verð ég eiginlega að lýsa mig sammála anda þessarar brtt. og tel að þetta gæti orðið afar öflugt skref í byggðastefnu, í byggðamálum, þ.e. að veita héruðunum meira sjálfræði og byggja þar á þessari grundvallarreglu um dreifræðið sem t.d. hefur verið afar mikilvægt atriði innan Evrópusambandsins. Ég tel að mjög æskilegt sé að fólk hafi sem mest áhrif á sitt nánasta umhverfi og ég held að það væri vel ef opinber þjónusta væri á þennan hátt færð nær þegnunum í landinu, en ekki bara opinber þjónusta heldur einnig stjórnsýslan sjálf. Fólk hefði með höndum tæki til þess að bregðast við þeim vandamálum sem upp koma í hinum ýmsu landshlutum og þyrfti ekki ávallt að fara bónarveg til Reykjavíkur, eins og það hefur stundum verið kallað, þegar grípa þarf inn í og menn telja það þurfa. Þá hefðu héruðin náttúrlega víðtækt umboð til skattheimtu í eigin þágu og til að eyða tekjum sínum eins og þau helst kysu. Ég held að það væri gott ef dálítil umræða um þetta gæti skapast einhvern tíma á næstunni og vona að þeir þingmenn sem sitja á næsta þingi taki þetta mál upp. Þá er alveg kjörið að dusta rykið af þessu ágæta plaggi Hjörleifs Guttormssonar, hv. 4. þm. Austurl.

Hér segir áfram, svo við snúum okkur aftur að stefnunni í byggðamálum fyrir árið 1998–2001:

„Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta."

Ég vona að ég hafi leyfi forseta til þess að lesa frjálslega upp úr þessu plaggi án þess að biðja um leyfi í hvert skipti.

Eins og ég talaði um áðan er gott að menn nefna upplýsingingatæknina því að hún verður sjálfsagt það sem mun renna hvað styrkustum stoðum undir hinar dreifðu byggðir landsins á næstu öld.

Í 7. lið segir: „Nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar og þannig stuðlað að varanlegri fólksfjölgun og fjölbreyttara framboði atvinnutækifæra þar."

Ekkert við þetta athuga ef eigendur stóriðjunnar, sem hér eru að fjárfesta, sætta sig við það. Eðlilegt að Alþingi og ríkisstjórn Íslands hafi um það að segja hvar slík starfsemi á að vera á landinu og er það svo sem ágætt mál ef menn geta komið þeim fyrir þar sem þeir telja að helst sé þörf fyrir slíkt. Einnig er tekið fram að umhverfissjónarmiða verði gætt í hvívetna og er æskilegt að hafa það alltaf með.

Í 8. gr. segir: „Fram fari greining á möguleikum einstakra landshluta, meðal annars með tilliti til auðlindanýtingar, iðnaðar- og verslunar, fiskveiða- og vinnslu, samgangna og þjónustustarfsemi."

Þetta er líka góðra gjalda vert. Ágætt að greina landsvæðin svolítið og vita hverjir eru styrkleikar og veikleikar þeirra og má alveg færa rök fyrir því að það sé hlutverk stjórnsýslunnar að láta vinna eitthvað slíkt fyrir sig, væntanlega þá af háskólanum eða háskólafólki á Akureyri eða hér eða öðrum þeim háskólastigum sem til kunna að vera.

En síðan kemur sovétið aftur þegar sagt er: „Opinberar aðgerðir miðist við að nýta styrkleika hvers svæðis til atvinnusköpunar."

Kannski er óþarflega djúpt í árinni tekið hjá mér að segja að þetta sé sovétið en þó er ákveðin hætta við þessar endalausu yfirlýsingar. Þetta getur náttúrlega líka átt við staðsetningu, um að ríkisvaldið eða Alþingi hlutist til um staðsetningu stóriðju. Eins og ég lýsti yfir áðan tel ég svo sem ekkert athugavert við það.

Hérna er enn talað um upplýsingatæknina: „Nýjar lausnir í upplýsingatækni verði nýttar til að skapa störf í hátæknigreinum án tillits til búsetu."

Jú, það er gott. Hins vegar er annað sem má benda á í þessu sambandi sem kemur þessari umræðu beint við og það eru jákvæð hliðaráhrif eða „spillover effects" eins og þau hafa verið kölluð. Á það hefur verið bent að hagkvæmast sé að hafa allan hátækniiðnað á sama stað, að safna saman menntuðu fólki í hátækni á sama stað svo að það eigi tök á því að hitta hvert annað, skiptast á skoðunum, velta upp ýmsum hugmyndum, sem það sjálft er kannski ekki tilbúið til þess að framkvæma á einhverri stundu en annar getur þá tekið upp og framkvæmt. Þetta hefur einmitt verið sú dýnamík sem hefur verið að baki, ég nefni í kísildalnum í Kaliforníu og á ákveðnu svæði við Boston, sem ég kann nú ekki að nefna en kennt er við einhvern þjóðveg, sem hefur einnig verið afar stórt í uppbyggingu hátækniiðnaðar og þar hafa menn verið að skiptast á hugmyndum. Þetta hefur meira að segja gengið svo langt að ríki í austanverðri Asíu hafa tekið upp þessa háttu og sett upp tækniþorp, eins og þetta er kallað, komið tækniiðnaðinum sínum fyrir á ákveðnum stöðum. Ekki þarf að leita lengra en til Írlands til þess að sjá einnig svipaða hluti en eins og menn vita hafa Írar verið duglegir í því að tileinka sér hátæknina og að ná til sín fjárfestingum í hátækniiðnaði. Þeir hafa komið flestallri þessari fjárfestingu fyrir á ákveðnum stað á vesturströnd Írlands þar sem nú er eins konar „sílikon-nes" eða hvað sem það kallast — kísillandsvæði eru víða til í dag.

Jafnvel er æskilegt að slíku væri fundinn staður utan höfuðborgarsvæðisins þó svo að í sjálfu sér mætti færa rök fyrir því að Reykjavík sé ekki það stór að menn í sama geira hittist ekki mjög oft ef því er að skipta. Eins og ég segi er þetta hugmynd sem ég varpa inn í umræðuna og vert er að taka til skoðunar. Við ætlum okkur stóra hluti í upplýsingatæknimálum og þá er um að gera að leita fyrirmynda þar sem slíkt hefur tekist.

Þá erum við komin að athyglisverðasta kaflanum sem er menntun, þekking, menning. Í 9. lið segir:

„Menntun á landsbyggðinni verði stórefld, sérstaklega hvað varðar verklegar greinar tengdar atvinnulífinu og tölvunám.“ Jú, jú, þetta er fínt. „Menntun á landsbyggðinni verði stórefld“. Ég held að þetta sé einmitt kjarni málsins.

Hérna segir t.d. í sama lið, með leyfi forseta:

„Menntun á háskólastigi verði tekin upp þar sem kostur er, meðal annars með samningum milli framhalds- og háskóla.“

Þetta er dálítið skemmtileg hugmynd. Það mætti alveg hugsa sér að einhverjir framhaldsskólar tækju jafnvel að sér BA-nám í einhverjum greinum og dettur mér í hug að t.d. Menntaskólinn á Ísafirði gæti tekið upp BA-nám í einhverjum greinum sem hann teldi sig hafa einhverja hlutfallslega yfirburði í. Þá er ég ekki að tala um algjöra yfirburði heldur hlutfallslega yfirburði sem menn þekkja væntanlega skil á.

„Tekin verði upp kennsla á háskólastigi í byggðamálum með stofnun sérstakrar námsbrautar eða sem hluti af kennslu við námsbraut sem fyrir er.“ Þetta vakti athygli mína. Ég átta mig ekki alveg á því hvað þetta er, hvort þarna er átt við skipulagsfræði eða hvað. Ég hef a.m.k. ekki heyrt minnst á þessa háskólagrein áður en það getur vel verið að þetta sé til einhvers staðar. Talað er um að háskólanám verði í boði svo fljótt sem verða má á Vestfjörðum og dettur mér einmitt í hug að nýta þær skólabyggingar eða þann skóla-infrastrúktúr sem er til á Vestfjörðum til að koma þessu á koppinn.

Í 10. lið er sagt: „Auknu fé verði varið til hvers konar menningarstarfsemi. Menningararfur verði varðveittur innan héraðs eftir því sem tök eru á og verði sýnilegur innlendum og erlendum ferðamönnum. Bókasöfnum á landsbyggðinni verði gert kleift að notfæra sér upplýsingatækni með því að efla tækjakost. Sérstakt átak verði gert til endurbyggingar og varðveislu gamalla húsa á landsbyggðinni.“

Þessa grein lýst mér afskaplega vel á og þetta tel ég einmitt vera hlutverk hins opinbera, að veita fé í menningarstarfsemi og að varðveita menningararf þjóðarinnar. Það er alveg dagljóst að ef hann er ekki varðveittur og menningin er ekki nærð sem skyldi verður ekki búið hér mjög lengi til frambúðar því að nú er svo komið að Íslendingar eiga afar auðvelt með að flytjast til útlanda. Sjálfsagt verður okkar helsta verkefni á 21. öldinni að keppa við umheiminn um vinnuafl, skulum við bara segja, því að auðvitað er allt vinnuafl framleiðið ef því er veitt á réttar brautir.

Það er ýmislegt hérna sem vert er að tala um. Ég vek athygli á að hér er talað um að:

„Verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs. Heimilt verði að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu rafhitunar í fimm ár til þess að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla þannig að aukinni notkun á jarðvarma til húshitunar.“

Tryggja þarf ódýrari virkjunarkosti á landsbyggðinni til þess að fólk geti þegar fram í sækir keypt orku á markaðsverði og að hún sé á einhverju sambærilegu verði hringinn í kringum landið.

Hér segir: „Áhersla verði lögð á að upplýsa þá sem nota mikla orku til að hita hús sín um leiðir til að draga úr orkunotkun, meðal annars með fræðslu og ráðgjöf.“ Þetta er hið besta mál. Þetta getur ekki verið annað en afar gott. Hér er talað um bættar samgöngur, ég hef talað um það áður og þarf ekki að ræða það meir. Einnig er rætt um flutning grunnskólans til sveitarfélaga og að stefnt verði að því að auka hlut sveitarfélaga í opinberum rekstri. Þetta kemur inn á umræðuna um þriðja stjórnsýslustigið sem fór áðan fram.

En í 16. lið segir: „Lagt verði mat á kostnað samfélagsins vegna þeirrar búsetuþróunar sem orðið hefur frá árinu 1986.“

Þetta orðalag er einhliða vegna þess að yfirleitt er talað um kostnað og hag, þ.e. „cost benefit analysis“. Fátt er svo ömurlegt að ekki séu neinir kostir við það. Ég held að ástæða væri til þess að nefna það einnig, það hljóta að vera einhverjir kostir við það. Það er ekki bara kostnaður heldur líka hugsanlega einhver hagnaður á móti þannig að það er um að gera að meta hvort tveggja, annað er náttúrlega bara pólitík og einhliða skoðun á vandamálinu eða málinu.

Hérna er einnig minnst á „langtímaáhrif stofnvega á miðhálendinu með tilliti til umhverfis, hagkvæmni, ferðaþjónustu, atvinnumála og búsetu.“ Það gæti stytt vegalengdir á milli helstu þéttbýliskjarna landsins umtalsvert ef ráðist yrði í einhverjar slíkar framkvæmdir, þó svo að vissulega verði að skoða þar umhverfisáhrifin af slíkum framkvæmdum afar vandlega og meta það í því ljósi þegar þar að kemur.

Herra forseti. Mig langar til þess að vitna örlítið í hið ágæta blað Dag. Á miðopnu í dag, þriðjudag, er fjallað um spástefnu sem haldin var á Sauðárkróki sl. föstudag um alþjóðabyggðaþróun. Þar segir einn af framsögumönnunum, Fríður Finna Sigurðardóttir, nemi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, með leyfi forseta:

„„Föst í vítahring fábreytni. Við hér á Norðurlandi vestra höfum verið föst í vítahring fábreytts og brothætts atvinnulífs og lítillar almennrar menntunar og því er það okkur mjög mikilvægt að efla menntun á svæðinu. Hún hefur sífellt verið að auka gildi sitt sem ein mikilvægasta undirstaða framþróunar og bættra lífskjara og í heimi aukinna samskipta og tölvunotkunar á hún eftir að verða enn mikilvægari í framtíðinni,“ sagði Fríður Finna Sigurðardóttir, nemi við Fjölbrautskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki í sinni framsögu. „Með aukinni menntun og fjölbreyttara atvinnulífi getur þróun dagsins í dag breyst og dæmið snúist við. Unga fólkið getur komið til baka frá námi og orðið hluti af vaxandi sveitarfélagi.““

Herra forseti. Því miður hefur það verið svo að byggðastefna 20. aldarinnar hefur oft falist í því að styðja við bakið á gjaldþrota sjávarútvegsfyrirtækjum. Það hefur skapað fjölda láglaunastarfa á landsbyggðinni sem í dag nýtast helst pólsku verkafólki. Íslenskt menntafólk flýr landsbyggðina og sest að á höfuðborgarsvæðinu þar sem það finnur sér störf við hæfi. Þetta hefur auðvitað vakið athygli heimamanna og ráðamanna og nú keppast menn um að tala um hve mikið af opinberum störfum hafi orðið til í Reykjavík undanfarin ár eins og lausnin felist í því að flytja ríkisstofnanir sem víðast út um landið.

Ég tel að verið sé að ráðast að einkennum vandans en ekki rót hans. Rótin er auðvitað það los sem kemst á fólk þegar það ungt að árum þarf að flytja til Reykjavíkur til að afla sér menntunar. Það hefur án efa vakið athygli Íslendinga

sem hafa numið við erlenda háskóla að þeir eru oft staðsettir úti í sveit í kyrrlátu, friðsælu umhverfi, þar sem gott er að hugsa og stunda fræðistörf. Margfeldisáhrif þessara háskóla geta svo verið ófyrirsjáanleg.

Á miðöldum voru hér á landi að störfum öflugir fræðimenn sem skrifuðu einhverjar helstu perlur vestrænna miðaldabókmennta. Íslendingar voru þekktir fyrir vandaða fræðimennsku og urðu sagnaritarar allra Norðurlanda. Þarna er arfleifð sem við eigum að nýta okkur til hins ýtrasta. Þetta getum við gert með því að koma okkur upp háskólum tengdum þessum menningarafrekum og á grunni fornra frægðarsetra. Í þessu sambandi má nefna þrjá staði helsta, Skálholt, Hóla í Hjaltadal og Reykholt.

Herra forseti. Ég hef áður tjáð mig í ræðu á Alþingi um Skálholt. Í Skálholti var komið á fót skóla upp úr miðri 11. öld. Þar hélst skólahald með nokkrum hléum allt til ársins 1785 að ákveðið var með konungsúrskurði að flytja skólann til Reykjavíkur. Um Hóla í Hjaltadal gilda sömu rök. Skóli var stofnaður á Hólum 1106 og þar var reist fyrsta skólahús sem vitað er um á Íslandi. Skólahald hélst á Hólum með svipuðum formerkjum og í Skálholti til 1802 þegar hann var sameinaður Latínuskólanum í Reykjavík. Þeir eru ekki margir skólarnir í heiminum sem eiga sér jafnlanga arfleifð og djúpar rætur og þessir skólastaðir.

Reykholt er svo auðvitað staður Snorra Sturlusonar, hins nafntogaða rithöfundar og stjórnmálamanns. Þar hefur verið skólahald bróðurpart þessarar aldar og er staðurinn kjörinn fyrir háskóla-„campus“. Nafn Snorra er vel þekkt á Norðurlöndum og væri án efa margur Norðmaðurinn til í að nema bókmenntir eða sagnfræði á þessum fræga stað. Það gæti að auki orðið liður í því að sporna við tilhneigingum Norðmanna til að eigna sér Snorra að starfandi væri háskóli sem gæti jafnvel borið nafn hans, þess vegna Snorraskóli – Háskólinn í Reykholti.

Einn stað vil ég nefna til viðbótar þó nafn hans tengist ekki mér vitandi sagnaritun eða skólahaldi til forna en það eru Eiðar í hinu veðursæla og fagra Fljótsdalshéraði. Egilsstaðir eru sennilega einhver lífvænlegasti byggðakjarni á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Til marks um það er hin ótrúlega fólksfjölgun þar á síðari helmingi þessarar aldar. Fljótsdalshérað hefur að mínu mati upp á alla þá landkosti að bjóða til að geta keppt við jafnvel Akureyri á næstu öld um þann sess að verða fjölmennasta þéttbýli á landinu utan höfuðborgarinnar. Á Eiðum standa nú ónotaðar skólabyggingar sem menn virðast ekki hafa komið sér saman um hvernig eigi að nýta. Á Egilsstöðum er að auki alþjóðaflugvöllur og stutt er í góðar hafnir í nágrannabæjunum.

Á þessum fjórum stöðum mætti hugsa sér að komið yrði á fót háskólum. Þessir háskólar þyrftu ekkert endilega að vera ríkisskólar ef einhverjir aðrir innlendir eða erlendir fengjust til að taka að sér verkið. Þeir yrðu hins vegar að bjóða upp á háskólagreinar sem nemendur flykkjast í og færri komast að en vilja, eins og lögfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði og jafnvel læknisfræði. Þeir mundu innheimta skólagjöld fyrir rekstri sem lánað yrði fyrir á sama hátt og lánað er fyrir skólagjöldum erlendis. Þetta þyrfti ekki að bitna á jafnrétti til náms þar eð Háskóli Íslands yrði áfram til og sinnti hlutverki sínu. Einnig má hugsa sér að sveitarfélög í nágrenni háskólanna styrktu efnilega nemendur í gegnum þessa skóla til að freista þess að halda þeim í héraði. Þetta mætti tengja gagngerri endurskoðun á námslánakerfinu þar sem komið yrði í ríkari mæli á styrkjakerfi og endurgreiðslubyrði námslána yrði létt enn frekar.

Ekki er hægt að leggja þetta til á Alþingi, herra forseti, öðruvísi en að lofa það sem vel er gert. Í Bifröst er nú vinsæll viðskiptaháskóli og á Akureyri hefur háskóli náð að dafna nokkuð vel undanfarin ár.

Herra forseti. Háskóli hefur mikil margfeldisáhrif út í atvinnulífið. Við háskóla þarf hámenntað fólk til að halda úti kennslu, skrifstofufólk og stjórnendur, garðyrkjumenn og smiði, ræstingafólk og bílstjóra. Þetta yrði verulegt átak í menntamálum þjóðarinnar og talsverðan vilja þyrfti til að hrinda þessu í framkvæmd. En þetta yrði arðbært framtak, framtak sem skapaði þjóð okkar enn meiri mannauð sem skilaði okkur aftur auðlegð til framtíðar. Þetta er önnur hugsun en sú sem verið hefur í byggðastefnu 20. aldarinnar þar sem reynt hefur verið að draga andlát dauðvona atvinnugreina, dæla skattpeningum inn í gjaldþrota fyrirtæki og flytja til ríkisstofnanir.

Auk þess sem þarna væri menningararfi okkar loks sá sómi sýndur sem hann á skilið þá væri með þessu verið að skjóta niður frjóöngum sem gætu vaxið og orðið að voldugum eikum, Íslandi öllu til heilla.

[19:04]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég fagna því að þessi þáltill. skuli vera komin til síðari umræðu og lokaafgreiðslu og ég tek undir það sem kemur fram í nál. meiri hluta allshn. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur ljóst að það verður landsbyggðinni til verulegra hagsbóta ef vel tekst til með þær fjölþættu ráðstafanir sem tillagan felur í sér.“

Ég er sannfærður um að þegar farið verður að vinna eftir ýmsu því sem hér er lagt til til úrbóta þá muni það bæta hag landsbyggðarinnar. Við höfum stöðu til þess því að um þessar mundir gengur okkur flest í haginn og markvissar aðgerðir stjórnvalda hafa gjörbreytt stöðu ríkissjóðs sem nú er rekinn með afgangi og erlend lán greidd niður í stað þess að auka þau sífellt eins og áður var árvisst. Sá stöðugleiki sem ríkt hefur í efnahagsmálunum hefur gjörbreytt rekstrarumhverfi atvinnulífsins og atvinnuleysi er nánast ekkert. Tekjuskattur hefur verið snarlækkaður og kaupmáttur hefur aukist meira en áður hefur þekkst. Allt þetta leiðir til þess að við erum betur í stakk búin en oftast áður að efla hag landsbyggðarinnar og það held ég að verði helsta viðfangsefni stjórnvalda á næstunni. Þær tillögur sem hér eru gerðar eru tvímælalaust góð leiðsögn varðandi það verkefni.

Sú íbúaþróun sem við er að glíma, þ.e. að stöðugt fjölgar á höfuðborgarsvæðinu á kostnað landsbyggðarinnar, er ekki ný af nálinni. Slík þróun hefur átt sér stað á hverju einasta ári síðan 1980. Fjöldi brottfluttra umfram aðflutta á landsbyggðinni hefur á þessu tímabili verið frá 500 og upp í 1.800 manns á ári. Þá þróun verður að stöðva. Landsbyggðin verður að ná þeirri stöðu að hún standist sogkraft höfuðborgarsvæðisins sem er ótrúlega sterkur og sést best á því að fólk flytur ekki síður frá þeim byggðarlögum þar sem mikill uppgangur hefur verið í atvinnulífinu á undanförnum árum og allt virðist vera í blóma.

Þegar Byggðastofnun hóf að undirbúa tillögur til úrbóta var þess vegna ráðist í mjög ítarlegar kannanir á orsökunum, hvað orsaki þennan mikla búferlaflutning af landsbyggðinni, jafnt þaðan sem atvinnulíf er öflugt og þaðan sem það stendur veikari fótum. Að þessu verkefnu unnu, auk starfsmanna

og stjórnar Byggðastofnunar, m.a. Stefán Ólafsson prófessor, Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur og Háskólinn á Akureyri. Trúlega hefur vandinn aldrei verið greindur jafnmarkvisst og því eru þessar tillögur sem byggðar eru m.a. á þessum rannsóknum og hér eru til umræðu, að mínu viti raunhæfar og líklegar til að bera árangur.

Þær kannanir sem ég nefndi leiða í ljós að það sem ræður hvað mestu um brottflutning fólks af landsbyggðinni er einhæfni atvinnulífsins, menntunaraðstæður og húshitunarkostnaður, svo og almenn lífsgæði. Ég ætla að fara nokkrum orðum um það hvernig brugðist er við þeim þáttum í tillögunni sem hér er til umræðu.

Varðandi einhæfni atvinnulífsins er lögð áhersla á að efla þróunarstofur á landsbyggðinni og treysta þannig grundvöll til nýsköpunar og aukinnar fjölbreytni. Stjórn Byggðastofnunar hefur einmitt farið inn á þessa braut að undanförnu með góðum árangri. Gerðir hafa verið samningar um atvinnuráðgjöf í öllum landsbyggðarkjördæmunum og er sú starfsemi alfarið á forræði heimamanna. Byggðastofnun hefur varið um 9 millj. kr. til þessa verkefnis í hverju kjördæmi á ári og ég er ekki í vafa um að sú starfsemi mun skila miklum árangri og leiða til aukinnar fjölbreytni og fjölgunar starfa á landsbyggðinni.

Þessi starfsemi fór fyrst af stað á Suðurlandi og í bréfi sem forstöðumaður Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands sendi stjórn Byggðastofnunar á síðasta ári kom það fram að fyrstu 20 mánuðina sem þessi sjóður starfaði hafi árangur starfsins verið mikill. En þar segir, með leyfi forseta:

„Á vormánuðum 1996 var undirritaður nýr samningur við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf. Samningurinn var sá fyrsti í röð atvinnuþróunarsamninga sem stofnunin hefur gert á undanförnum missirum. Með samningnum var lögð áhersla á að svæðisbundin atvinnuþróun gerðist með virkari þátttöku heimamanna en verið hafði áður. Samningurinn skuldbindur Byggðastofnun til að auka árlegt rekstrarframlag til sjóðsins um liðlega 6 millj. kr., úr tæplega 3 millj. kr. í tæplega 9 millj. kr. og gerir sjóðnum á þann hátt kleift að stórefla alla ráðgjöf. Samningurinn er forsenda þess að sjóðurinn hefur getað haldið úti öflugu ráðgjafarstarfi með þremur ráðgjöfum en fyrir gildistöku hans miðaðist öll starfsemi sjóðsins við einn ráðgjafa.

Frá undirritun samningsins við Byggðastofnun hefur sjóðurinn beint eða óbeint staðið að stofnun liðlega þrjátíu nýrra fyrirtækja, auk þess að sjá um fjölda annarra verkefna sem styrkt hafa fjárhagsstöðu sunnlenskra fyrirtækja. Með starfsemi sjóðsins á þessu tímabili hafa skapast á annað hundrað ný störf á Suðurlandi og fjárfesting á svæðinu vegna þessara fyrirtækja er talin vera liðlega 600 millj. kr. Þennan árangur má að verulegu leyti þakka því nána samstarfi sem náðst hefur við Byggðastofnun í kjölfar samningsins, þar sem þátttaka þessara stofnana í ýmsum málum hér á Suðurlandi er samræmd."

Þessi lýsing sýnir glöggt að sú aðferð að efla atvinnuþróunarstarfið í kjördæmunum og fela forræðið alfarið í hendur heimamönnum ber árangur. Þess vegna tel ég það rétta áherslu að efla þá starfsemi enn eins og lagt er til í þessari þáltill.

Þá er lagt til að komið verði á fót eignarhaldsfélögum á landsbyggðinni með aðild Byggðastofnunar og að til þess skuli varið allt að 300 millj. kr. á fjárlögum hvers árs næstu fjögur árin á móti framlögum heimamanna. Á fjárlögum þessa árs er einmitt gert ráð fyrir þessum 300 millj. þannig að þetta fer strax að virka. Gert er ráð fyrir að þátttaka Byggðastofnunar verði 40% í þessum félögum, sveitarfélaga 40% og atvinnulífsins 20% þannig að árlega hafa þessi eignarhaldsfélög því 750 millj. kr. til ráðstöfunar til að stofna til nýrrar atvinnustarfsemi. Ekki er vafi á því að þetta á eftir að skila miklum árangri hvað varðar fjölbreytni í atvinnulífinu á landsbyggðinni, sem er nauðsynlegt því að spá Háskólans á Akureyri er sú að á næstu árum haldi störfum í helstu atvinnugreinum landsbyggðarinnar áfram að fækka verulega. En þessar spár telja líklegt að störfum við fiskvinnslu fækki um 30% á næstu fimm árum og í landbúnaði um 5–10% á sama tíma.

Eins og ég nefndi var aðstaða til menntunar einn þeirra þriggja þátta sem mestu réðu um brottflutning fólks af landsbyggðinni samkvæmt könnun Stefáns Ólafssonar, en talsverður hluti fólks á landsbyggðinni býr við það að þurfa að senda börn sínu burtu til framhaldsnáms með miklum tilkostnaði. Er þar oft nefnd talan 400–500 þús. á ári fyrir hvert barn. Það er auðvitað gríðarlegur skattur á þá foreldra sem við það þurfa að búa og leiðir mjög oft til þess að fólk tekur sig upp og flytur með fjölskyldu sína þangað sem framhaldsskólar eru starfræktir og þá oftar en ekki til höfuðborgarsvæðisins. Í þáltill. er lögð áhersla á að bæta skilyrði þess fólks sem sækja verður nám utan heimabyggðar sinnar. Reyndar hefur verið stigið fyrsta skrefið í þá átt með samþykkt sem gerð var á Alþingi fyrir síðustu jól þar sem dreifbýlisstyrkir voru auknir verulega. Þá er lögð áhersla á að menntun á landsbyggðinni verði stórefld, sérstaklega hvað varðar verklegar greinar tengdar atvinnulífinu og tölvunám, svo og aukna námsráðgjöf. Einnig að komið verði á samstarfi atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni um endur- og símenntun og stuðlað að því að allir eigi tækifæri á að afla sér nýrrar þekkingar, m.a. í samræmi við breytingar í atvinnuháttum og áhersla er lögð á að möguleikar fjarkennslu verði að fullu nýttir. Þar eru tvímælalaust mikil tækifæri fyrir fólk í hinum dreifðu byggðum og enginn vafi leikur á því að fjarkennsla á eftir að stóraukast á næstu árum.

Þriðji stóri óánægjuþátturinn í könnun Stefáns Ólafssonar er húshitunarkostnaðurinn og skal engan undra. Húshitunarkostnaður er gífurlega misjafn eftir byggðarlögum og það jafnvel svo að þeir sem búa við dýrustu hitunina þurfa að eyða allt að einum nettómánaðarlaunum meira á ári í ljós og hita en þeir sem búa á ódýrustu svæðunum. Margir kaupa þessa orku af fyrirtækjum í eigu ríkisins og það er því á forræði stjórnvalda að bregðast við þessu vandamáli. Það er einmitt gert mjög afgerandi í þessari tillögu þar sem segir að verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs.

Reyndar tel ég að þegar þetta kemur til framkvæmda þurfi það einnig að ná til hitunar atvinnuhúsnæðis því að fyrirtæki á landsbyggðinni búa við mjög erfið samkeppnisskilyrði þar sem hitunarkostnaður er margfaldur á við það sem gerist víða annars staðar.

Þetta er gríðarlegt hagsmunamál fyrir mjög marga landsbyggðarbúa og einnig það að hér er gert ráð fyrir að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu rafhitunar í fimm ár til að lækka stofnkostnað nýrra hitaveitna og stuðla þannig að aukinni notkun á jarðvarma til húshitunar. Á fjárlögum þessa árs er einmitt varið fé til að stíga fyrstu skrefin á þessari braut og stjórnvöld hafa að undanförnu hvatt mjög til aukinnar hitaveituvæðingar, m.a. með verkefni sem að standa

Byggðastofnun, Orkusjóður og iðnrn., þar sem kannað verður til hlítar hvort jarðhita er að finna á þeim svæðum sem ekki búa við hitaveitur í dag, en um 15% landsmanna hafa ekki aðgang að hitaveitum.

Þetta niðurgreiðslufé getur skipt sköpum fyrir þau byggðarlög sem hyggja á hitaveituframkvæmdir. Auðvitað er þetta einnig hagsmunamál fyrir ríkissjóð sem þá losnar undan þessum niðurgreiðslum eftir fimm ár.

Þó ég hafi nefnt það þrennt í búsetuskilyrðunum sem mest óánægja var með í könnun Stefáns Ólafssonar brennur margt fleira á fólki á landsbyggðinni. Það kemur fram í þessari könnun og í viðtölum við fólk í hinum dreifðu byggðum. Samgöngumálin eru þar ofarlega á blaði og í nútímasamfélagi skipta þau gríðarlega miklu. Þar bíða mörg verkefni. Á síðasta ári var langtímaáætlun í vegagerð samþykkt á Alþingi. Þar var gert var ráð fyrir samgönguframkvæmdum fyrir á annað hundrað milljarða kr. á næstu árum. Fram hefur komið að nefndin sem er að ganga frá tillögum, tengdum væntanlegri kjördæmabreytingu, mun leggja til aukið fé til samgöngumála. Þessi málaflokkur er tvímælalaust einn sá allra mikilvægasti fyrir landsbyggðina.

Þá veldur læknaskortur á landsbyggðinni miklu óöryggi í einstökum byggðarlögum. Auðvitað er óviðunandi að heilu byggðarlögin skuli búa við það mánuðum saman og jafnvel ár eftir ár, að hafa ekki fasta lækna. Á þessu verður að finnast lausn. Fólk getur alls ekki sætt sig ástandið eins og það er á sumum stöðum á landsbyggðinni í dag. Þar eru kannski fullkomnar heilsugæslustöðvar en læknir fæst ekki til starfa.

Í þessari tillögu er kveðið á um að ríkisfjölmiðlar efli starfsemina á landsbyggðinni, m.a. með aukinni dagskrárgerð og útsendingum frá starfsstöðvum Ríkisútvarpsins þar. Einnig er rætt um að aðstaða til miðlunar og útsendingar fjölmiðla verði jöfnuð, verði hin sama um allt land, m.a. með breytingu á gjaldskrá Landssímans. Ég held að þetta skipti landsbyggðina talsverðu máli. Vönduð umfjöllun um málefni landsbyggðarinnar í fjölmiðlum skiptir máli og minnir á að víðar séu gerðir góðir hlutir en á höfuðborgarsvæðinu. Því miður sinna ríkisfjölmiðlarnir þessu illa þó vissulega sé það misjafnt eftir landshlutum. Víða sinna þeir því mjög illa.

Í umræðunum í dag hefur nokkuð verið rætt um niðurstöður skýrslu sem unnin var fyrir stjórn Byggðastofnunar um það hvernig stöðugildi hjá ríkissjóði hafi skipst milli landsbyggðar og höfuðborgar á undanförnum árum og hvernig fjöldi þeirra hafi þróast. Fram kemur að á árunum 1994–1997 fjölgaði stöðugildum ríkisins í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi um 455 en fækkaði á sama tíma um 31 í öðrum kjördæmum. Þetta eru ekki uppörvandi tölur og eðlilegt að menn hrökkvi við þegar þær sjást. Ég held þó reyndar að eftir 1997, en þessi skýrsla nær til 1997, hafi þetta breyst nokkuð og að stöðugildum hafi fjölgað talsvert á landsbyggðinni síðan. Ég minni t.d. á að á síðasta ári hafa landmælingar verið fluttar til Akraness, hluti starfsemi Byggðastofnunar og Íbúðalánasjóðs til Sauðárkróks. Tugir starfa hjá Landssímanum, við upplýsingaþjónustu í símanúmerinu 118, þ.e. hjá símaskránni, hafa verið flutt frá Reykjavík. Framleiðnisjóður er á leið í Borgarnes, Lánasjóður landbúnaðarins á leið til Selfoss og fleira er í pípunum. Ég held að hvað þetta varðar hafi sem betur fer orðið nokkur hugarfarsbreyting á síðasta ári.

Í tillögunni er lögð áhersla á að opinberum störfum fjölgi ekki hlutfallslega minna á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði á m.a. að ná með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins og skilgreina eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem geri meðal annars ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta.

Mér finnst þetta nokkuð skynsamleg tillaga þar sem erfitt og átakamikið hefur reynst að flytja stofnanir í heilu lagi. Þetta er trúlega raunhæfara markmið. Mér finnst mjög eðlilegt að einstaka ráðuneytum verði gert að skila skýrslu um hvaða möguleika þau sjá á þessu sviði. Ég tel að þetta eigi eftir að skila árangri.

Herra forseti. Markmið þeirrar stefnumótunar sem hér er sett fram er að treysta búsetu á landsbyggðinni. Stefnt er að því að fólksfjölgun verði þar ekki undir landsmeðaltali og verði 10% til ársins 2010. Þetta kann að þykja bjartsýni en mikilvægar forsendur traustrar búsetu eru í mun betra horfi nú en verið hefur eins og glögg grein er gerð fyrir í athugasemdum með tillögunni á bls. 5.

Ég vil að lokum taka undir það sem hæstv. forsrh. sagði á Alþingi fyrr í vetur, að byggðamál eru ekkert afmarkað verkefni. Byggðamál tengjast nánast öllu því sem við fáumst við frá degi til dags í þinginu þó málin heiti ekki endilega byggðamál. Þetta verða hv. þingmenn að hafa í huga við umfjöllun og afgreiðslu margra mála á Alþingi.

[19:21]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Þáltill. sem hæstv. forsrh. lagði fram fyrir nokkuð löngu, um stefnu í byggðamálum, er mjög brýnt mál. Því þarf að koma í gegnum þingið fyrir þingslit enda er öllum sem unna þessu landi ljóst að til þess að bregðast við miklum fólksflótta af landsbyggðinni þarf að gera eitthvað sem ekki hefur verið gert áður. Það þarf að reyna nýjar leiðir, þora að leggja út í aðrar hugmyndir en fram að þessu hafa verið reyndar. Þó erfitt sé að átta sig á þeim leiðum þá held ég að menn verði að leggjast undir feld til þess að finna þær.

Þegar rætt er um fólksflóttann og ástæður hans er að sjálfsögðu mjög margt sem kemur upp í hugann. Eitt af því er að sjálfsögðu atvinnulífið og hvernig hægt sé að stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu og fjölbreytni svo fólki finnist hæfileikar þess og menntun nýtast á svæðum utan þessa stóra kjarna á Suðvesturhorninu.

Fyrsti kafli þessarar þáltill. fjallar einmitt um nýsköpun í atvinnulífinu og um að unnið verði markvisst að aukinni fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. Þróunarstofur sem eru á þremur eða fjórum stöðum úti á landi á að efla. Spurningin er náttúrlega um hvernig þær verði efldar. Það hlýtur fyrst og fremst að vera fjárhagslega enda held ég að öllum sé ljóst að aðstæðurnar eru ekki þær sömu alls staðar, ástæðurnar fyrir fólksflóttanum. Því þarf jafnvel að bregðast mismunandi við eftir landshlutum. Aðalatriðið er reyndar að bregðast fljótt við þegar stefnir í vanda. Á undanförnum árum hafa komið upp vandamál við að halda fólki úti á landi.

Eitt af því sem lagt er til í þáltill. er að flytja lánastarfsemi Byggðastofnunar út á land þannig að lánafyrirgreiðsla hennar fari fram í eignarhaldsfélaga í landshlutunum sjálfum. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt mál og eitt af því sem þegar er farið af stað í nokkrum landshlutum, þar á meðal á Suðurnesjum. Suðurnesjamenn stofnuðu eignarhaldsfélag árið 1993 með verulegu fjármagni sem alfarið kom frá sveitarfélögunum. Það var stofnað upp úr mikilli lægð sem kom í efnahagslífið á Suðurnesjum upp úr árunum 1990–1991.

Að mínu áliti hefur stofnun þessa eignarhaldsfélags haft mikil og góð áhrif á atvinnulífið og orðið til að snúa vörn í sókn, ásamt öðrum aðgerðum aðila eins og Íslenskra aðalverktaka og Hitaveitu Suðurnesja. Allt þetta lagðist á eitt með að koma hjólum atvinnulífsins af stað á ný með meiri hraða en áður. Í dag erum við því í raun mjög vel settir miðað við aðra landshluta og getum vel við unað.

Ég held að eignarhaldsfélögin ættu að nýtast til að efla atvinnulífið og auka fjölbreytni þess úti á landi á sama hátt og gerðist suður með sjó. Ég held samt að stjórnvöld verði að gæta sín á því að hafa ekki skilyrðin fyrir aðild Byggðastofnunar að eignarhaldsfélögunum of ströng. Ég er hræddur um að reglugerð sú sem verið hefur í gildi, um að 20% eignarhluti í slíkum félögum verði að vera í eigu annarra en opinberra aðila, geti reynst erfitt þar sem ekki er mikið um sterk fyrirtæki. Það gæti reynst erfitt að ná þeim upphæðum inn í slíkt félag og þar með væri aðild Byggðastofnunar að því útilokuð. Ég held að menn verði að fara varlega með skilyrði fyrir þátttöku Byggðastofnunar í stofnun slíkra félaga.

Það er engin spurning um að þau muni geta gert góða hluti. Í sjálfu sér er mjög eðlilegt að heimamenn komi að lánveitingum á sínu svæði enda þekkja þeir best til og vita hvar skórinn kreppir. Einnig má búast við að þeir bregðist fljótar við og markvissar en stofnun sem er víðs fjarri vettvangi og aðstæðum. Ég held að þetta sé mjög til góða.

Síðan er spurning, eins og kemur fram í 4. lið, hvort skapa eigi sérstök skilyrði til að styðja sérstakar aðgerðir á afmörkuðum svæðum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að erlendis hika stjórnvöld ekki við að bregðast við með sértækum aðgerðum til að mæta vanda á afmörkuðum svæðum. Þá skiptir ekki öllu hvaða aðgerðir það eru ef þær stangast ekki á við reglur, t.d. Evrópusambandsins. Í því sambandi mætti nefna ýmis svæði í Evrópu þar sem ríkið hefur styrkt fyrirtæki til atvinnusköpunar með skattaívilnunum, með styrkjum til tækjakaupa eða beinum styrkjum, skattalegum fríðindum sem ekki þekkjast annars staðar í landinu. Það hefur ítrekað gerst, t.d. í hátækniiðnaði og einnig við sameiningu sveitarfélaga, að opinberir aðilar hafa gripið inn í með afgerandi hætti. Það hefur ekki verið gert hér og ég minni á að þegar sameining sveitarfélaga náðið hápunkti 1993 og fyrr, að sveitarfélögunum var lofað ýmsu í sameiningarferlinu til að mæta erfiðri fjárhagsstöðu. Þegar til átti að taka reyndist hins vegar ekki innstæða fyrir því. Í mörgum tilfellum sameinuðust fjárvana sveitarfélög í eitt stórt fjárvana sveitarfélag í þeim tilgangi en það leiddi í raun ekki til annars en að til varð eitt fjárvana sveitarfélag í staðinn fyrir mörg. Það á við sveitarfélög vestur á fjörðum sem berjast í bökkum og var fyrirséð við sameininguna að svo færi fyrr en síðar.

Ég held að þar hefðu opinberir aðilar átt að grípa inn í og mæta fyrirsjáanlegum og í rauninni alveg augljósum fjárhagsvanda strax þannig að ekki hefði þurft að koma til þessa mikla vanda sem þarna hefur verið og sem hefur í raun kreist líftóruna úr slíkum sveitarfélögum smám saman vegna þess að ekkert er til af peningum til að mæta þörfum um aukna þjónustu, um fjölbreyttara atvinnulíf og bætta aðstöðu íbúanna þrátt fyrir að sveitarfélögin hafi verið stækkuð. Ég held því að þarna sé þáttur sem við eigum að skoða miklu betur en við höfum gert, þ.e. að nýta sameiningu sveitarfélaganna til þess að opinberir aðilar komi inn í fjárhagsvandamál þeirra og geri þeim kleift að gera hlutina betur úr garði sameinaðir heldur en gert var fyrir sameiningu. Þetta er einn þátturinn sem mér finnst að við eigum að taka með fullri alvöru til skoðunar á næstu vikum og mánuðum.

Varðandi atvinnulífið er margt annað sem mér finnst að þurfi að koma þar að auki til skoðunar og taka til fyrirmyndar frá erlendum aðilum. Það er t.d. stofnun frísvæða og stofnun einstakra fyrirtækja með sérstaka frísvæðasamninga við skattyfirvöld þar sem ekki er verið að tala um að byggja upp svæði með gaddavírsgirðingum í kring, heldur er samið við fyrirtæki sem eru bara í atvinnuhúsnæði innan um önnur fyrirtæki sem ekki hafa slíka samninga. Við þekkjum það frá Írlandi sérstaklega hvað frísvæðauppbyggingin hefur gengið vel og leitt af sér starfsemi sem ég held að menn hefðu ekki séð fyrir sér að öðrum kosti. Þar hefur verið reistur sérstakur háskóli í kringum frísvæðið sem er mjög stór og öflugur og hef ég rætt um það hér reyndar áður í þinginu hversu framarlega þeir standa á því sviði og útskrifa úr þeim háskóla yfir 80% nemenda til þess að stunda störf í atvinnulífinu, aðeins 20% í opinbera geiranum, sem er alveg öfugt við t.d. Háskóla Íslands eða sambærilega háskóla erlendis.

Þar hefur því myndast sérstök aðstaða til að skapa eitthvað nýtt. Það hefur einnig gerst á fjármagnsmarkaðnum þar sem stofnaðar hafa verið sérstakar fjármagnsmiðstöðvar sem eru til fyrirmyndar. Írar hafa fengið heilmikinn pening fyrir að ráðleggja öðrum löndum um uppsetningu frísvæða og fyrirtækja um allt land. Ég veit að þeir hafa verið í Póllandi, í Afríkuríkjum, Asíu og víðar og breitt um heiminn við að kenna öðrum þjóðum að skipuleggja starfsemi og uppsetningu fyrirtækja og svæða með þessu móti.

Eina leiðin til að skapa þá stöðu úti á landi að fyrirtæki geti borgað hærri laun en borguð eru á höfuðborgarsvæðinu er að gera þeim það kleift í gegnum skattkerfið og með styrkjum. Í rauninni er mjög erfitt að nota skattkerfið til að ívilna einstaklingunum sjálfum, t.d. með lægri skattprósentu úti á landi, með lægri virðisaukaskatti eða einhverjum álíka aðgerðum eða með lægri prósentum á atvinnulífið ef ekki væru sérstakir frísvæðasamningar, því það stangaðist í raun á við reglur innan Evrópusambandsins og er því ekki það tæki sem sumir hverjir halda að gagnist til að halda fólki úti á landi, þ.e. að lækka skattana á einstaklingunum. Það mundi ekki verða samþykkt af ESA og er í rauninni ólöglegt. Gagnvart fyrirtækjum í samkeppnisiðnaði yrði líka ólöglegt að mismuna þeim skattalega eftir því hvar fyrirtækin væru staðsett.

Aftur á móti bannar ekkert beina styrki til þessara sömu fyrirtækja. Persónubundnir styrkir sem við þekkjum hér á landi eru líka leyfilegir. Þeir styrkir eiga t.d. við um húshitun þar sem fólk er styrkt til að greiða niður húshitunarkostnað. Segja má að hluti sjómannaafsláttar geti kallast slíkur byggðastyrkur eða landsbyggðarstyrkur því að um 60% af þeim 2 milljörðum sem eru felld niður af sköttum á sjómenn fara út á land meðan 40%, skulum við segja, fara á höfuðborgarsvæðið. Þannig fara 1,2 milljarðar kr. til sjómanna utan höfuðborgarsvæðisins. Það er náttúrlega verulega há upphæð og hlutfallslega mjög há þegar litið er á það hve miklu færra fólk býr úti á landi.

Að þessu leyti er því hægt að halda slíkum aðgerðum áfram og ég held að það væri óráð fyrir okkur að fella niður sjómannaafsláttinn til að mæta gagnrýni sem uppi hefur verið á það kerfi. Teldi ég það mikið glapræði. Það yrði einungis til þess að ekki væri fýsilegra að búa úti á landi en nú er.

Til að auka fjölbreytnina hefur mikið verið lagt upp úr því að undanförnu að setja upp stóriðju og hefur mikið verið lagt undir í þeirri umræðu að stóriðja, t.d. á Austfjörðum, væri sá kostur sem mundi bjarga svæðinu og auka þannig fjölbreytni atvinnulífsins og fólk mundi frekar vilja eiga heima á Austfjörðum en ella, þ.e. eftir stóriðjuuppbyggingu. Ég efast ekki um að ef reist yrði stóriðja á Austfjörðum, á Norðurlandi eða Vestfjörðum mundi það tvímælalaust auka möguleikana og gera svæðið í heild sinni sterkara atvinnulega séð. Ég er samt dálítið hræddur um að þessir stóru álrisar úti í heimi hafi, þegar upp er staðið, ekki mikinn áhuga á að byggja upp svo dýr fyrirtæki fjarri þéttbýli landsins og að þess vegna verði þetta aldrei annað en óljósar yfirlýsingar vegna þeirrar áhættu sem felst í því að byggja milljónatuga verksmiðjur langt frá mannabyggðum. Á svo fámennum svæðum er erfitt að halda rekstri slíkrar starfsemi gangandi bæði hvað varðar tækni og þjónustu. Ég ætla samt ekki að segja að menn eigi ekki að reyna að fá erlenda aðila til þessa. Ég er einfaldlega að segja að ég óttast að menn geri sér of miklar vonir þegar kemur að því að fá starfsemi eins og stóriðju til þessara svæða.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda mjög langa ræðu en ég held, eins og ég hef sagt hér fyrr, að ekki sé margt annað sýnilegra en að auka fjölbreytni atvinnulífsins sem gæti orðið til þess að stöðva fólksstrauminn til höfuðborgarsvæðisins. Það á reyndar eftir að laga vegakerfið þannig að vegirnir verði akfærir, eða við skulum segja að þeir séu ekki þannig að bílar stórskemmist eftir hverja ferð. Nú hillir undir það að allt vegakerfi landsmanna, hringvegurinn og helstu þjóðvegir verði malbikaðir. Einnig hillir undir það að leiðir verði styttar þannig að við erum að sjá fyrir endann á þeim vandamálum.

Menntunarmöguleikar á landsbyggðinni eru að opnast miklu hraðar en áður með fjarkennslu sem ég held að menn ættu að leggja mjög ríka áherslu á og þá um leið gætum við hugsanlega náð niður þeim mikla kostnaði sem felst í því fyrir fólk að fara á milli landshluta til að sækja sér menntun. Það er eitt af því sem hefur reynst erfitt fyrir landsbyggðarfólk að kljúfa, þ.e. að senda börn, jafnvel mörg frá sama heimilinu, til náms á höfuðborgarsvæðinu og borga allan þann kostnað sem því fylgir, 400–500 þús. kr. á einstakling. Ég held því að þetta eigi eftir að leysast að einhverju leyti á næstu mánuðum og það er þegar farið að gera það.

Herra forseti. Ég fagna því að þessi umræða hafi farið fram. Það er nauðsynlegt að við áttum okkur á því að mjög mikilvægt er fyrir þjóðina að halda öllu landinu í byggð. Eins og staðan er í dag verðum við kannski að nýta okkur aðferðir sem ekki hafa alveg rúmast innan stefnu í fiskveiðimálum þjóðarinnar, þ.e. að passa upp á það að smábátaflotinn úti á landi verði ekki verkefnalaus. Við höfum séð að kvóti hefur færst frá smábátum og vertíðarbátum í mjög miklum mæli til fullvinnsluskipa. Það hefur síðan orðið til þess að fiskvinnslufyrirtækin á þessum stöðum hafa orðið verkefnalítil.

Ýmsar aðgerðir í fiskveiðistjórnarkerfinu hafa líka orðið til þess að fyrirtæki úti á landi hafa misst tekjupósta sem hafa reynst þeim drjúg á síðustu nokkrum árum. Á ég þar við leigukvóta. Fyrir rétt um ári var lögum um stjórn fiskveiða breytt þannig að veiðiskylda skipa var aukin um helming. Það þýðir að sjálfsögðu að miklu minni fiskur er á leigumarkaðnum í dag en var fyrir aðeins rúmu hálfu ári vegna þess að þetta kerfi tók gildi 1. september sl. Það magn sem fer í gegnum Kvótaþing er talið vera frá 60–80% minna en á síðasta ári. Verð á leigukvóta hefur hækkað um 30% á einu ári og allt er þetta í þessum dúr.

Þeir sem hafa leigt út í þessu tilfelli hafa reyndar haft miklar tekjur af þessum leigumarkaði. Þær nema háum upphæðum. Þar er fyrst og fremst um að ræða fyrirtæki á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Þessi fyrirtæki leigðu frá sér um 25 þús. þorskígildi á ári og fengu fyrir það örugglega á bilinu 1–1,5 milljarða. Þessar tekjur eru að mestu horfnar og skip þessara fyrirtækja eru nú að skaka á heimamiðum og ná í kvóta sinn, sem getur út af fyrir sig verið eðlilegt en fjarlæg mið eru vanrækt á sama tíma. Tekjurnar sem þetta skapaði fyrirtækjunum á þessum þremur svæðum er nú horfnar og mörg af þessum fyrirtækja hafa stórlega dregið úr rekstri sínum, eru jafnvel hætt rekstri og önnur í miklum erfiðleikum. Sumt af því sem að undanförnu hefur verið gert í þeim tilgangi að treysta byggðina hefur virkað þveröfugt. Þegar landsbyggðarfólk hefur krafist þess að allur kvóti á þessum svæðum væri veiddur á því svæði, hefur það ekki skilað sér inn í betri hag eða sterkari fyrirtækjum. Það hefur þvert á móti orðið til þess að fjárhagur þessara fyrirtækja hefur versnað.

Staðreyndin var sú að kvóti þessara svæða var nægjanlega mikill. Nú treysta margar af þessum byggðum nánast eingöngu á smábáta og fyrirtækin eru mörg hver orðin það veik að þau geta ekki haldið áfram rekstri og verða að selja frá sér kvótann. Hann safnast þar sem peningar eru fyrir, væntanlega á suðvesturhorninu og hjá fullvinnsluskipum sem vinna aflann um borð. Þetta er þróun sem við höfum reynt að sporna gegn en aðgerðir hafa samt þróast, vegna kröfugerðar frá verkalýðshreyfingunni eða sjómannaforustunni á þeim tíma, í þveröfuga átt við það sem að var stefnt.

Ég vil að lokum, herra forseti, lýsa yfir ánægju minni með þessa þáltill. og umræðuna sem fram hefur farið um hana.

[19:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessu umræðu til mikilla muna. Þar kemur margt til en þó ekki það að ég gæti ekki hugsað mér að segja ýmislegt um byggðamál á Íslandi eins og þau hafa þróast. Mér finnst sú umræða sem hér fer fram hins vegar harla tilgangslítil, svo ég segi ekki marklítil. Ég vek athygli á því, herra forseti, að hér hafa verið ákaflega þunnskipaðir bekkir. Hér hefur vart nokkur einasti ráðherra sést í allan dag og síst sá sem ber ábyrgð á þessum málaflokki, hæstv. forsrh. Mér er nær að halda að í húsinu séu þrír menn núna sem er væntanlega til marks um hve alvarlega horfir með byggðamál á Íslandi.

Ég held að sú tillaga sem hér er á ferðinni sé því miður, herra forseti, sýndarmennska að mestu leyti. Hún er talsvert samsafn af fallegum orðum á blaði en það vantar sem við á að éta. Það vantar afl til að framkvæma það sem gera skal. Í tillögunni er ekki á nokkurn hátt kveðið á um framkvæmdaáfanga, aðgerðir eða fjármagn sem auðvitað þarf að koma til ef gera á eitthvað sem munar um í byggðamálum á Íslandi.

Þetta er fallegt orðagjálfur eins og tillagan 1994 var, sem var auðvitað mjög fallegt orðagjálfur. Frægast er nú sennilega að í þeirri þáltill. um stefnu í byggðamálum sem í gildi hefur verið voru hin háleitu markmið hæstv. ríkisstjórnar um að dreifa opinberri þjónustu og starfsemi opinberra stofnana þannig að hún yrði aukin á landsbyggðinni en að sama skapi dregin saman á höfuðborgarsvæðinu. Þetta átti að gera með ýmsum hætti.

Nú vill svo vel til að nýútkomin er skýrsla um þessi markmið. Hún sýnir að aðgerðirnar hafa gjörsamlega mistekist og þróunin orðið gjörsamlega gagnstæð. Hún er þveröfug við það sem gera átti samkvæmt hinni yfirlýstu stefnu í byggðamálum og þáltill. sem unnið hefur verið eftir, sem var afgreidd í tíð fyrrv. ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl., og núverandi ríkisstjórn ætlaði að framkvæma. Hið þveröfuga hefur gerst.

Ég sagði við fyrstu umræðu um þetta mál og get vísað til þess, að ég tæki ekki mikið mark á svona orðagjálfri á meðan ekki örlaði á vilja til að taka á málinu. Ég endurtek það og vísa til þess hér. Mér finnst það tímanna tákn, herra forseti, að þannig skuli unnið að hlutunum að hv. allshn., sem án efa hefur fjallað um málið á mörgum fundum og rætt við fjölda fólks, leggur í lokin til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Er það okkur alþingismönnum til háðungar, herra forseti, eða hvað, að leggja það til að tillagan sé samþykkt óbreytt? Í inngangi tillögunnar stendur „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 1998–2001." Það hefur staðið á töflunni og á sjónvarpsskjánum í allan dag að við séum að ræða byggðaáætlun fyrir árin 1998–2001. Allshn. hefur ekki einu sinni séð sóma sinn í að gera a.m.k. þá breytingu að lagfæra ártalið. Eða er ætlunin sú að þáltill. verði afturvirk? Ég hafði ekki áttað mig á þeirri snilld hjá hv. allshn.

Ég hefði einnig talið, herra forseti, að allshn. hefði mátt hafa fyrir því að átta sig á samhengi þessa máls við væntanlega kjördæmabreytingu og þá vinnu að byggðamálum sem þar er í gangi í sérstakri stjórnskipaðri nefnd. Það er beinlínis hlálegt að við skulum ræða þetta nokkrum dögum áður en sú nefnd á að skila áliti til hæstv. forsrh., sama ráðherra og þessi mál heyra undir. Nú vill svo til, af því að ég sit í þeirri nefnd, að mér er kunnugt um að þar er þó rætt um aðgerðir og fjármuni sem auðvitað skipta máli og hefðu þá átt erindi í þessa umræðu. Það er kolvitlaust verklag að ræða þessa almennu stefnumótunaráætlun áður en niðurstaða er fengin í það mál.

Ég geri í sjálfu sér ekkert með þessa samþykkt, herra forseti, verði hún gerð að tillögu allshn. Ég sé að vísu að formaður hv. allshn. hefur áttað sig á þessu vandamáli, með afturvirkni tillögunnar, og flytur brtt., hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, um að tillagan skuli gilda fyrir árin 1999–2001. Það er náttúrlega gífurleg framför að nefndin hafi þó seint sé áttað sig á því að ekki færi vel á hinu.

Þar til eitthvað þarna skiptir máli, herra forseti, og miðar að beinhörðum aðgerðum þá gef ég ekki mikið fyrir tillöguna.

Ég hef reyndar lagt fsp. fyrir hæstv. forsrh., herra forseti, sem ég vona að verði svarað innan skamms. Þar spyr ég út í viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessari úttekt á dreifingu opinberra starfa. Þau eru einhver mesta hneisa sem komið hefur fram í umræðum um byggðamál síðustu árin, þvert ofan í skýr markmið þál. um byggðamál. Ef ég man rétt stendur eitthvað um þetta í stjórnarsáttmálanum. Ég verð að vísu að játa að ég kann hann ekki lengur utan að, enda kannski ekki hlutskipti mitt umfram aðra að læra utan að stjórnarsáttmála Sjálfstfl. og Framsfl. Mig minnir þó að í þeim sama bleðli sé einmitt fjallað um þessi mál og þau markmið sett að dreifa þjónustu, flytja starfsemi og störf út um landið. Svo fáum við í hendur glænýja úttekt frá Byggðastofnun sem sýnir að þetta er gjörsamlega afvelta og þveröfugt. Nánast öll störf sem bætast við að þessu leyti bætast við í Reykjavík og að litlu leyti á Reykjanesi. Það er raunar áfall, herra forseti, t.d. fyrir okkur sem horfum á þessi mál frá sjónarhóli íbúa á Norðurlandi eystra og höfum talið okkur trú um að þar væri þó í gangi ákveðin uppbygging, eins og í Háskólanum á Akureyri þó vissulega sé hún talsverð þar, að í ljós kemur að meira að segja þar, á Eyjafjarðarsvæðinu og Norðurlandi eystra, fækkar opinberum störfum milli ára vegna samdráttar á öðrum sviðum. Niðurskurður í ýmsum málaflokkum vegur upp það sem er að bætast við með t.d. uppbyggingu Háskólans á Akureyri og rúmlega það. Þetta eru hrikalegar niðurstöður, herra forseti, sem ég veit að hæstv. forseti skilur og þarf ekki að hafa fleiri orð um.

Margt er líka kyndugt í þessari till. til þál. um stefnu í byggðamálum. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum þegar ég sá að allshn. hafði ekki hugsað sér að gera neinar breytingar á tillögutextanum. Hann er að mínu mati meingallaður. Þarna veður uppi alls konar blaður sem á ekkert skylt við aðgerðir gegn undirliggjandi vandamálum og rótum búseturöskunar í landinu. Þó þetta séu að mestu falleg fyrirheit eða notalegar hugsanir um hvernig æskilegt væri að heimurinn liti út, ef hann vildi vera svo góður að vera vingjarnlegur og hlýr, þá gerist það ekki þar með. Hægt væri að óska sér þess í þáltill. að alltaf verði gott veður en það gerist ekki sjálfkrafa þar með. Það er ekki þannig.

Mér finnst þessi tillaga í raun vera þannig. Hún er eins og frómar óskir manna sem orðnir eru leiðir á rigningu, vilja fá gott veður og setja inn í þáltill. að æskilegt sé að allra besta veður verði um allt land og miðin. Það hefur hins vegar ekki mikið upp á sig, herra forseti, því náttúruöflin ráða því.

Við gætum hins vegar ráðið heilmiklu um þessi byggðamál ef við vildum og tækjum á þeim, m.a. á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og eru ítarlegar og aðgengilegar, um hvað valdi því að fólk flytur af landsbyggðinni í stórum stíl. Ég vitna hér í skýrslu Stefáns Ólafssonar, sem hann hafði forustu um að vinna fyrir Byggðastofnun. Hún heitir Búseta á Íslandi — rannsóknir á orsökum búferlaflutninga, er gagnmerkt rit og að mínu mati það langbesta sem komið hefur út um þessi efni á íslensku enn. Vandinn er greindur mjög vel og skýrslan byggð á könnun á raunverulegum vilja eða hug fólks. Spurt er út í ástæður þess að það flytur eða hugleiðir að flytja búferlum innan lands. Þar liggur fyrir hver vandinn er og enginn vandi að taka á því sem þar stendur mest út af ef pólitískur vilji er fyrir hendi. Gagnlegast væri að bæta úr aðstöðumuninum, t.d. vöruverði, aðstöðu til náms, opinberri þjónustu, félagslegri þjónustu og fleiri slíkum þáttum.

Margt, herra forseti, ætti erindi inn í þessa umræðu en gleymist ef til vill í umfjöllun um þessi mál. Ég held t.d. að menn hafi orðið of uppteknir af spurningunni um stöðu stærstu staðanna á landsbyggðinni. Ég dreg þó ekki úr því að mikilvægt sé að þeir blómgist en áhrif þess að veikustu hlekkirnir í byggðakeðjunni slitni hefur verið vanmetin. Ég held að undirrót byggðavandans sé fækkun fólks og þau vandamál sem stafa af breyttum atvinnuháttum í sveitum landsins og minni sjávarplássum. Þar byrja flutningarnir. Um tíma staðnæmdist fólkið í nærlægu þéttbýli, svo flytur það þaðan, þannig að ef menn vilja stemma þessa á að ósi þá ættu þeir að horfa á sjálfa undirrót vandans, fólksfækkun í sveitum og minni þéttbýlisstöðunum. Ef sveitirnar og minni þéttbýlisstaðir stæðu sterkari þá mundu stærri þéttbýl-

iskjarnar og þjónustumiðstöðvar í héruðum og landshlutum að sjálfsögðu njóta góðs af og blómgast sem því næmi.

Ég vil jafnframt nefna samgöngurnar, herra forseti, þó ekki væri nema til að minna á að þegar upp er staðið eru þær stærsti einstaki þátturinn í valdi stjórnvalda til að ráða einhverju um, þ.e. til að taka á byggðamálunum. Flestir nefna þá samgöngur.

Hvernig hefur hæstv. ríkisstjórn birst okkur í samgöngumálunum síðustu daga og ef við tækjum nú jarðgangagerðina, herra forseti. Kannski væri ástæða til að fara yfir það. Nú stefnir í myndarlega framgöngu hæstv. ríkisstjórn og hæstv. samgrh., sem er að vísu staddur í Finnlandi að ræða við jólasveininn í Rovaniemi, ef ég veit rétt. Ég veit ekki hvort þeir þurfa túlk, hæstv. samgrh. og finnski jólasveinninn, en þeir eiga núna skoðanaskipti og hæstv. ráðherra er ekki hér til að ræða við okkur um byggðamál.

Hæstv. ráðherra er nýbúinn að láta afgreiða vegáætlun og langtímaáætlun í vegagerð, á síðasta þingi, og þar var jarðgangagerð ýtt út úr vegáætluninni, sem þó hafði verið þar inni um tíma. Hvað gerist svo næst? Jú, hér kemur á borð þingmanna þáltill. frá tveimur þingmönnum Sjálfstfl. í einu kjördæmi. Þar leggja þeir til að þegar í stað verði hafist handa í jarðgangagerð á Austurlandi.

Nokkrum vikum síðar fer hæstv. samgrh. norður á Siglufjörð og lofar íbúunum þar jarðgöngum. Nú sé um að gera að hefja jarðgangagerð í hvelli og það frá Siglufirði yfir í Ólafsfjörð sem er auðvitað hið besta mál. En það kúnstuga við allan tillöguflutninginn er að þetta eru stjórnarþingmenn og tilheyra ríkisstjórn, óðu að afgreiðslu vegáætlunar og langtímaáætlunar í vegamálum í tólf ár þar sem jarðgöng eru hvergi á blaði.

Herra forseti. Svona skrípaleikur er mönnum til skammar. Það á ekki að láta menn komast upp með að reyna að slá keilur með svona ódýrum hætti.

Hæstv. samgrh. Halldór Blöndal og hv. þingmenn Egill Jónsson og Arnbjörg Sveinsdóttir verða að horfast í augu við að þau eru aðilar að ríkisstjórninni, styðja hana eða sitja í henni, og hljóta þar af leiðandi að teljast bera einhverja pólitíska ábyrgð á þeirri áætlanagerð í samgöngumálum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir. Það er ódýrt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að ríða svo heim í hérað og ætla að slá þar keilur á marklausum tillöguflutningi um jarðgangagerð sem er hvergi inni í áætlunum. Það er ódýrt.

Til að kóróna þetta leggja nokkrir hv. þingmenn stjórnarliðsins, undir forustu hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, Jóns Kristjánssonar, Árna Johnsens, Einars Odds Kristjánssonar og fleiri stórmenna fram tillögu um langtímaáætlun í jarðgangagerð. Þá spyr ég: Hvar voru þessir menn þegar vegáætlun var afgreidd í fyrra? Hvar voru þeir þá?

Sama mætti segja um tillöguflutning stjórnarþingmanna hér, fjögurra þingmanna Framsfl., sem kemur á borðið í nánast sömu andrá og við erum að ræða stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Um hvað er þessi tillaga frá hv. þm. Guðna Ágústssyni og fleirum? Hún er um jöfnun lífskjara og aðstöðumun eftir búsetu. Hún á að taka á byggðavandanum og búseturöskuninni. Hvar var hv. þm. Guðni Ágústsson þegar stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum var sett niður í þessa þáltill.? Af hverju er þetta ekki hér, af hverju er ekki tekið á þessu hér?

Nei, niðurstaðan er ósköp einföld, herra forseti. Ríkisstjórnin, sem ber auðvitað fulla ábyrgð á þeirri geigvænlegu byggðaröskun sem hér hefur verið í gangi og er sú mesta á síðari áratugum, hefur vaxið ár frá ári frá 1993, nema kannski staðið í stað núna milli áranna 1997 og 1998, er í raun og veru ekki með neitt til að leggja fyrir okkur, hvorki í stefnu sinni né tillöguflutningi og málflutningi einstakra stjórnarþingmanna, nema helbera sýndarmennsku. Og það er ömurlegt.

Ég hef sagt það áður og get endurtekið það að ég er orðinn hundleiður á þessu blaðri. Á meðan menn tala og tala en gera ekki neitt er náttúrlega ekki von á góðu. Á meðan er ekki tekið á byggðaröskuninni, sem er af skilgreindum og útskýranlegum ástæðum, hún stafar af ýmiss konar ójafnvægi og misrétti sem er í gangi, aðstöðumun sem fólk býr við, og því er ekki von á því að úr rætist. Það snýst um aðgerðir, það snýst um beinharðar ákvarðanir og það snýst um fjármuni en ekki endalaust blaður og þykkar tillögur og marklausar yfirlýsingar út í loftið.

Fleira hef ég ekki að segja um málið að svo stöddu, herra forseti.

[20:03]

Útbýting þingskjals:

Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, 230. mál, brtt. SP, þskj. 954.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8., 15. og 16. mál.

Fundi slitið kl. 20:04.

---

76. FUNDUR

miðvikudaginn 3. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 323. mál, þskj. 932, brtt. 934. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, stjtill., 230. mál, þskj. 257, nál. 910, 917 og 921, brtt. 954. — Frh. síðari umr.
3. Fangelsi og fangavist, stjfrv., 350. mál, þskj. 943. — 3. umr.
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 351. mál, þskj. 944. — 3. umr.
5. Ríkislögmaður, stjfrv., 476. mál, þskj. 781. — 3. umr.
6. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 512. mál, þskj. 824. — 3. umr.
7. Útflutningur hrossa, stjfrv., 346. mál, þskj. 945. — 3. umr.
8. Starfsemi kauphalla, frv., 529. mál, þskj. 849. — 3. umr.
9. Áfengislög, frv., 561. mál, þskj. 908. — 2. umr.
10. Vopnalög, frv., 562. mál, þskj. 909. — 2. umr.
11. Málefni fatlaðra, stjfrv., 564. mál, þskj. 924. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 5. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.

[13:33]

Útbýting þingskjala:
Almenn hegningarlög, 351. mál, þskj. 944.
Fangelsi og fangavist, 350. mál, þskj. 943.
Útflutningur hrossa, 346. mál, þskj. 945.

Afturköllun þingmáls.

[13:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):
Forseta hefur borist tilkynning frá hv. 17. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni, um að þingmaðurinn afturkalli fyrirspurn til menntmrh. um opnunartíma Þjóðarbókhlöðu, 289. mál á þskj. 340.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 323. mál (heildarlög). — Þskj. 932, brtt. 934.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Brtt. 934,1 felld með 30:3 atkv. og sögðu
já: GMS, PHB, RG*.
nei: ArnbS, ÁE, ÁMM, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (GGuðbj, SvanJ) greiddu ekki atkv.
28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, FI, GE, GB, GHall, HjÁ, IP, JHall, KF, KHG, LMR, LB, MagnM, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:35]

Pétur H. Blöndal:
Herra forseti. Við greiðum atkvæði um það ákvæði að tekið verði fram að Lífeyrissjóður bænda sé eign sjóðfélaga, þ.e. eign bænda. Mér finnst þetta vera svo sjálfsagt. Ég get ekki séð að annar eigi Lífeyrissjóð bænda. Ég furða mig á því að menn greiði ekki atkvæði með þessu og ég spyr hv. þm.: Hver á Lífeyrissjóð bænda ef það eru ekki bændur sjálfir?

Brtt. 934,2 felld með 34:2 atkv. og sögðu
já: GMS, PHB.
nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, RG, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
2 þm. (MagnM, SvanJ) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GE, GB, GHall, HjÁ, IP, JHall, KF, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:36]

Pétur H. Blöndal:
Herra forseti. Við greiðum atkvæði um að sjóðfélagar Lífeyrissjóðs bænda fái að kjósa í stjórn en að stjórnin verði ekki skipuð eftir tilnefningu Hæstaréttar, fjmrh. og landbrh. ásamt með Bændasamtökum Íslands. Ég treysti einstaklingum til að fara sjálfir með forræði sitt og ég hef talið að það væri aðalsmerki flokks míns. Ég segi já.

Brtt. 934,3 felld með 33:2 atkv. og sögðu
já: GMS, PHB.
nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁS, GGuðbj, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, RG, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.
27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GE, GB, GHall, GÁ, HjÁ, IP, JHall, KF, KHG, LMR, LB, MagnM, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 934,4 kölluð aftur.

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
26 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GE, GB, GHall, HjÁ, IP, JHall, KF, KHG, LMR, LB, MagnM, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 956).

Stefna í byggðamálum fyrir árin 1998–2001, frh. síðari umr.

Stjtill., 230. mál. — Þskj. 257, nál. 910, 917 og 921, brtt. 954.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Brtt. 954,1 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KÁ, KPál, MagnM, MS, ÓE, PHB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP.
2 þm. (JóhS, RG) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GE, GB, GHall, IP, JHall, KF, KHG, KH, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvanJ, SvG, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PHB, SAÞ, StG, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MagnM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, GE, GB, GHall, IP, JHall, KF, LMR, LB, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, StB, SvG, VS, ÖS) fjarstaddur.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar um tillöguna segir að markmið hennar sé virðingarvert en ekki raunhæft. Undir það tek ég.

Í tillögunni skortir verulega á aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar, sérstaklega til skemmri tíma til að sporna við því hættuástandi sem nú er á landsbyggðinni. Því rétt að ríkisstjórnin beri sjálf ábyrgð á því sem hér er lagt til um stefnu í byggðamálum fram til ársins 2001 enda hlýtur það að vera verk nýrrar ríkisstjórnar að marka skýrari og árangursríkari stefnu í byggðamálum en hér er lagt til. Ég greiði ekki atkvæði.

[13:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hefði í fyrsta lagi talið eðlilegt að tillagan hefði beðið þangað til stjórnskipuð nefnd af hæstv. forsrh. með fulltrúum þingflokka sem hefur nú verið að störfum um tilteknar aðgerðir í byggðamálum tengdar kjördæmabreytingu hefði skilað áliti sínu og þar til ljóst hefði verið hvað gert yrði hér á þingi áður en því lýkur í þeim efnum.

Tillagan er fyrst og fremst samsafn af fallegum hugleiðingum um hvernig menn vildu gjarnan að byggðamál þróuðust á Íslandi. Ég hef líkt því við það að menn settu saman þáltill. um að helst skyldi alltaf vera gott veður. Út af fyrir sig hægt að samþykkja slíkar ályktanir. Það væri hægt að samþykkja hugleiðingar um að æskilegt væri að byggðamál þróuðust jákvæðar en þau hafa gert að undanförnu. En meðan slík ályktunargerð hefur ekkert inntak, engir peningar fylgja og engar ákvarðanir fylgja um slíkar aðgerðir, er ekkert að samþykkja, það er ekki verið að greiða neinu atkvæði, herra forseti. Ég sit því hjá.

[13:41]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þær aðgerðir sem eru lagðar til eru byggðar á ítarlegustu rannsóknum sem gerðar hafa verið á orsökum búferlaflutninga á landsbyggðinni. Síðastliðin 18 ár hafa brottfluttir umfram aðflutta verið frá 500 upp í 1.800 manns á ári. Enginn vafi er á því að þessar aðgerðir munu verða til verulegra hagsbóta fyrir landsbyggðina því að hér eru m.a. lagðar til mjög afgerandi leiðir til að auka fjölbreytni atvinnulífsins, bæta aðstöðu til menntunar, þekkingar og menningar, jöfnunar búsetuskilyrða, m.a. með lækkun húshitunarkostnaðar og ýmsar aðrar aðgerðir til að gera búsetu á landsbyggðinni eftirsóknarverðari. Hér eru tvímælalaust á ferðinni raunhæfustu aðgerðir sem lagðar hafa verið til í þeim tilgangi að styrkja stöðu landsbyggðarinnar. Verði unnið markvisst eftir þessum tillögum á næstu árum tel ég að ná megi því meginmarkmiði þessarar tillögu að fólksfjölgun á landsbyggðinni verði ekki undir landsmeðaltali næsta áratug.

[13:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í þessari tillögu er að sönnu margt göfugra markmiða. Í ljósi reynslunnar, í ljósi þeirra efnda sem við horfum nú framan í af byggðaáætlun umliðinna ára er tæplegast ástæða til mikillar bjartsýni. Þar tala staðreyndir sínu máli um fólksflótta frá landsbyggð til þéttari byggðar á suðvesturhorninu. Því er alveg ljóst að „byggðastefna" undir stjórn núverandi ríkisstjórnarflokka, Framsfl. og Sjálfstfl., er aðeins orðin tóm. Ég hef enga trú á orðum sem á ekki að efna.

Minn flokkur, Samfylking jafnaðarmanna, vill alvörubyggðastefnu þar sem orð og efndir fara saman. Sú stefna mun koma á daginn. Hún mun verða efnd á næsta kjörtímabili. Ég greiði ekki atkvæði.

[13:44]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við hv. þm. Ögmundur Jónasson skiluðum sérálíti um tillöguna og tókum þar fram að við teljum að tillagan hefði þurft miklu ítarlegri meðferð í allshn. en raun varð á. Margar umsagnir bárust um tillöguna með hugmyndum og ábendingum sem meiri hlutinn tók í engu tillit til. *Það var nokkuð sammerkt með þeim umsögnum að lögð var áhersla á að efndir fylgi orðum og fjármagn fyrirheitum.* Mikil vantrú var augljós hjá umsagnaraðilum um að svo færi og ekkert hefur verið gert til eyða óvissu í þessu efni. Það þarf að taka miklu fastar á málum en gert er í tillögunni og þó að fyrsti minni hluti taki undir margt af því sem fram kemur í tillögunni, þá gagnrýnum við lausatök og skort á markvissri áætlanagerð. Hér er í besta falli um að ræða atrennu stjórnarflokkanna til að gera sér grein fyrir ástandinu og tilraun til að setja sér markmið. Við getum ekki fallist á að um trúverðuga lausn sé að ræða á þeim vanda sem við er að glíma og sitjum þess vegna hjá við afgreiðslu málsins.

[13:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að samþykkja stefnu í byggðamálum. Að baki henni eru góðar og markvissar rannsóknir. Þetta er ákveðin stefna sem mun skila árangri og það segja má að nú þegar hafi framkvæmd stefnunnar hafist með ákvörðunum fjárln. vegna fjárlaga yfirstandandi árs. Trú mín er að við eigum eftir að sjá að þessi byggðastefna skilar okkur mjög vel fram á veginn í byggðamálum. Ég segi já.

[13:46]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í byggðamálum eru sett fram göfug markmið í mörgum liðum og allítarlegu máli. Framkvæmdir sömu ríkisstjórnar ganga hins vegar í þveröfuga átt við það sem hér er lagt til. Hér er því á ferðinni öfugmælabæklingur. Hér eru á ferðinni kosningaloforð sem hafa verið svikin á liðnu kjörtímabili, kosningaloforð sem verða svikin á næsta kjörtímabili ef þessi ríkisstjórn fær áfram brautargengi. Ég get ekki samþykkt þennan öfugmælabækling. Ég sit hjá.

Brtt. 954,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PHB, SAÞ, StG, StB, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, BH, HG, JóhS, KÁ, KH, MagnM, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, GE, GB, GHall, GÁS, IP, JHall, KF, LMR, LB, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvG, VS, ÖS) fjarstaddur.

Till., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PHB, SAÞ, StG, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁE, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MagnM, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, GE, GB, GHall, IP, JHall, KF, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, StB, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 957) með fyrirsögninni:
Þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001.

Fangelsi og fangavist, 3. umr.

Stjfrv., 350. mál (samfélagsþjónusta). — Þskj. 943.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MagnM, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
22 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, GE, GB, GHall, GÁ, IP, JHall, KF, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 958).

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 351. mál (reynslulausn o.fl.). — Þskj. 944.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MagnM, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
23 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, GE, GB, GHall, GÁ, IP, ÍGP, JHall, KF, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 959).

Ríkislögmaður, 3. umr.

Stjfrv., 476. mál (yfirstjórn). — Þskj. 781.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, MagnM, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
23 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, GE, GB, GHall, GÁ, IP, JHall, KF, KÁ, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 960).

Eftirlit með útlendingum, 3. umr.

Stjfrv., 512. mál (forstjóri Útlendingaeftirlits o.fl.). — Þskj. 824.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, MagnM, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
23 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, GE, GB, GHall, GÁ, IP, JHall, KF, KÁ, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 961).

Útflutningur hrossa, 3. umr.

Stjfrv., 346. mál (útflutningsgjald). — Þskj. 945.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KH, MagnM, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.

24 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, GE, GB, GHall, IP, JóhS, JHall, KF, KÁ, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 962).

Starfsemi kauphalla, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 529. mál (yfirtökutilboð o.fl.). — Þskj. 849.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MagnM, MS, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ.
22 þm. (ÁJ, ÁRJ, BBj, GE, GB, GHall, IP, JHall, KF, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, SP, SvanJ, SvG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 963).

Áfengislög, 2. umr.

Frv. allshn., 561. mál (leyfisgjöld). — Þskj. 908.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Vopnalög, 2. umr.

Frv. allshn., 562. mál (íþróttaskotvopn). — Þskj. 909.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, 1. umr.

Stjfrv., 564. mál (starfsmenn svæðisskrifstofu). — Þskj. 924.

[13:55]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Í veikindaforföllum hæstv. félmrh. mæli ég fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Með breytingu á lögum um málefni fatlaðra, sem hér er lögð til, er stefnt að því að auðvelda yfirtöku sveitarfélaga á þjónustu við fatlaða á grundvelli 13. gr. laga. Á undanförnum árum hafa nokkur sveitarfélög sýnt því áhuga að yfirtaka þjónustu við fatlaða á grundvelli þeirrar greinar. Þar sem skort hefur lagaákvæði um réttarstöðu starfsmanna svæðisskrifstofu málefna fatlaðra við yfirtöku sveitarfélaga á þjónustunni hefur reynst örðugt að ganga til slíkra samninga.

Í 1. gr. frv. er leitast við að bæta úr brestum gagnvart samningum af því tagi, svo sem þeim tveimur tímabundnu þjónustusamningum sem þegar hefur verið lagður grundvöllur að. Í frv. segir að í slíkum samningum eða samningi sé félmrh. heimilt að framselja viðkomandi sveitarfélagi, byggðarsamlagi eða héraðsnefnd allar þær valdheimildir sem framkvæmdastjórar svæðisstofa fara með samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, svo fremi að starfsmönnum sé tilkynnt hver fari með það vald.

Drög að þessu frv. voru kynnt stjórn Starfsmannafélags ríkisstofnana enda varðar frv. fyrst og fremst félaga í því stéttarfélagi. Ákvæði í 1. gr. er sambærilegt við ákvæði í 17. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, hvað varðar stöðu starfsmanna ríkisins þegar verkefni voru flutt til sveitarfélaga í tilraunaskyni.

Að öðru leyti skýrir málið sig sjálft og ég legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[13:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Við höfum rætt um að gera breytingu á þingsköpum og fallist á að fara í þá vinnu. Þó það sé ekki að finna í þingskapafrv. sem við höfum nú ráðgert að fjalla um þá virðist mér stærsta máli að farið að vera hve seint megi leggja þingmál fram. Hve seint megi leggja þingmál fram. Eins og við vitum er það hálft ár frá upphafi þings. Þar með virðist hægt að leggja fram frumvörp, stjórnarfrumvörp og önnur alveg til 1. apríl. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að ár eftir ár skuli komið með frumvörp á síðustu stundu. Alltaf eru þetta það góð mál að þingið á að hafa skilning á því að þau verði að gera að lögum. Yfirleitt er höfðað til þess að stjórnarandstöðunni beri að hafa skilning á því. Á nokkrum dögum er ætlast til að fram komi frumvörp til 1. umr., verði vísað til nefndar, fái umfjöllun í nefnd óháð því sem þar liggur fyrir, komi til baka og verði að lögum.

Í dag er miðvikudagur, nákvæmlega viku fyrir áformuð þinglok og enn eitt stjfrv. kemur inn. Það er sett inn á dagskrá í fyrirspurnatíma og það á ganga til atkvæða um það af því að það á að komast til nefndar og verða að lögum. Það er óviðunandi að við skulum sífellt fá frv. svo seint inn til þingsins sem raun ber vitni.

Frv. sem hér er mælt fyrir kom til umræðu á fundi félmn. sl. haust undir allt öðru máli. Þá bar á góma að gera þyrfti breytingu eins og hér er lögð til. Við sem þar áttum hlut að máli töldum dálítið vafasamt að setja í lög þetta ákvæði sem

hér er gerð tillaga um. Við hvöttum til þess að reynt yrði að fara aðra leið ef unnt væri.

Þessi lagagrein, sem hér á að lögbinda, er um það að á meðan tilraunasveitarfélag er með tímabundinn samning við ríkið varðandi málefni fatlaðra eigi hlutaðeigandi starfsmenn svæðisskrifstofu sem þar eru í störfum að vera í þjónustu sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar en þá má félmrh. framselja til sveitarfélagsins, byggðasamlagsins eða héraðsnefndarinnar allar þær valdheimildir sem framkvæmdastjórar svæðisskrifstofu hafa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það á engin formbreyting að verða á ráðningarstöðu starfsmanna, þeir eiga áfram að vera ríkisstarfsmenn og þannig á að fara með laun þeirra og starfskjör. En öðruvísi á að fara með aðra sem ráðnir verða samhliða þeim í sveitarfélaginu. Það kemur fram í greinargerðinni að nýir starfsmenn muni ekki heyra undir lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þannig að starfsmenn sömu stofnunar heyra undir stjórnunarheimildir ólíkra stjórnsýslustiga. Þetta er óheppilegt. Þetta getur alveg gengið, það getur allt gengið en þetta er óheppilegt. Síðan vaknar spurningin: Er þetta ekki fordæmisgefandi, bæði þegar verið er að gera þjónustusamninga við sveitarfélög eða svæðisstofnanir? Er þetta ekki fordæmisgefandi varðandi ríkisfyrirtæki sem fara yfir á eitthvert annað stjórnsýslustig? Og hafa menn séð fyrir hvort þetta er í lagi?

Á örfáum dögum eigum við að reyna að átta okkur á því hvaða afleiðingar þetta mál getur hugsanlega haft og hvaða áhrif það hefur í framtíðinni en við eigum enga möguleika á því. Það er það sem er að, og þegar þar við bætist að við í félmn. vitum að snemma í haust lá fyrir að gera þessa lagabreytingu þá er það óskiljanlegt að málið skuli koma inn sjö dögum fyrir þinglok. Nú er það svo að mörg mál bíða umræðu. Sum eru góð, önnur síðri. Eitt af þeim málum sem bíða er skýrsla félmrh. um framkvæmd verkefnis um reynslusveitarfélög árið 1997 til 1998. Við fáum væntanlega engan tíma til að ræða slík mál. Við erum upptekin af að taka mál til 1. umr. og ræða byggðaáætlun í heilan dag. Byggðaáætlun ríkisstjórnar sem er að fara frá völdum, en lítum á bls. 7 í skýrslu félmrh. sjálfs um framkvæmd verkefnis um reynslusveitarfélög.

Þar er verið að fara yfir hvaða ábendingar og reynsla er af reynslusveitarfélagaverkefnunum, sem eru út af fyrir sig góð verkefni. Ábendingar eru um erfiðleika vegna yfirtöku á fjársveltum stofnunum, almennur vilji sveitarfélaga er til að halda áfram reynslusveitarfélagaverkefnunum, sveitarfélögin telja að það að vera reynslusveitarfélag hafi gjarnan í för með sér ákveðna innri tiltekt. Ég bið þingmenn að taka eftir því, innri tiltekt, þannig að fleiri þættir í stjórnsýslu þeirra eru teknir til endurmats og skoðunar en sjálf verkefnin. Á sama tíma erum við með ákveðið klúður í sambandi við starfsmennina.

Síðan segir að nauðsynlegt sé að hyggja sem fyrst að lagabreytingum ef halda á einhverjum reynslusveitarfélagaverkefnum áfram. Og á bls. 7 stendur: „Bent var á að þegar komi að frekari verkefnatilfærslu á þessu sviði valdi starfsmannamál ákveðnum vandkvæðum.“ Í þessu sambandi var talið afar óheppilegt, hæstv. forseti, að starfsmenn nytu ólíkra kjara vegna mismunandi stéttarfélagsaðildar.

Það fer ekki hjá því að það veki til umhugsunar að vera annars vegar með skýrslu sem bendir á vandkvæðin sem hafa verið og áherslur sveitarfélaganna að finna lausn á því sem hefur verið vandi, eitt af því er að óheppilegt sé að starfsmenn njóti ólíkra kjara vegna mismunandi stéttarfélagsaðildar, og fá síðan frv. af þessum toga nokkrum dögum fyrir þinglok og finna þrýstinginn á að afgreiða það og taka fyrir í nefnd með þeim verkefnum sem þar eru, því auðvitað snýr þetta að hag starfsmanna á þessum stöðum. Þetta eru engin vinnubrögð.

Herra forseti. Ég er ekki að lýsa yfir hér og nú hvernig ég muni bregðast við tillögunni sem slíkri um þessa lagagrein. En mér finnst dapurlegt að hafa átt þátt í að vera með ábendingu til starfsmanna félmrn. á haustdögum um að reyna að finna leið til að koma ekki með slíkt frv. inn í þingið, vita þess vegna að þetta var til umræðu snemma á haustdögum og vera síðan boðið upp á að málið komi inn sjö dögum fyrir þinglok. Mér er sem þingmanni svo misboðið að mér er skapi næst að leggja til að málinu verði vísað frá.

[14:06]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með hv. ræðumanni sem talaði á undan mér að vinnubrögðin í sambandi við þetta mál hljóta að vekja mikla furðu. Málið kom til félmn. rétt fyrir jól, þá í tengslum við umræðu um fjárlög. Það var nánast á síðasta degi og nefndin var einhuga um að ekki væri hægt að afgreiða þetta mál á svo skömmum tíma. Nú gerist það aftur að mælt er fyrir málinu örfáum dögum fyrir þinglok og væntanlega er ætlast til að nefndin afgreiði málið á þeim örfáu stundum sem eftir eru því það vita allir þingmenn að næstu daga verða reyndar nefndastörf. Það er náttúrlega búið að skipuleggja þann tíma sem þá er til reiðu og verður kannski eitthvað að hnika til út af þessu máli. En maður furðar sig á vinnubrögðum ráðuneytisins og hvers vegna í ósköpunum það gerist að margir mánuðir líða. Málið er lagt fram fyrir jól, síðan líða margir mánuðir þar til málið kemur aftur hér inn og aftur á síðustu stundu, því það hlýtur öllum að vera ljóst að við hljótum að verða að leita álits stéttarfélaganna. Ég get ekki áttað mig á því við lestur þessa frv. hvort þetta hefur í för með sér einhverjar breytingar fyrir viðkomandi starfsmenn. Ég get bara ekki áttað mig á því hvað það þýðir að heyra ekki lengur undir lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og að öll þau réttindi séu færð yfir til sveitarfélaganna.

Í frv. segir, með leyfi forseta: „Drög að frv. voru kynnt stjórn Starfsmannafélags ríkisstofnana, enda varðar frumvarpið fyrst og fremst félaga í því stéttarfélagi.“ Hver voru viðbrögð stéttarfélagsins? Lagði stéttarfélagið blessun sína yfir þetta mál? Ég hef ekki hugmynd um það en það hlýtur að vera skylda okkar að leita til viðkomandi stéttarfélaga og reyna að átta okkur á því hvað þetta þýðir. Þess vegna hlýt ég að mótmæla því að svo seint skuli vera mælt fyrir þessu máli. Það hefur reyndar legið hér í nokkra daga í þinginu og ég held að félmrn., eins og ýmis önnur ráðuneyti, þurfi að skoða svolítið vinnubrögð sín hvað þetta varðar. Það er ekki hægt að koma hingað og ætlast til að mál séu bara afgreidd á færibandi. Það kann vel að vera að við verðum öll sammála um að þetta sé hið besta mál og bráðnauðsynlegt og tryggi réttarstöðu starfsmanna og guð veit hvað, en við verðum einfaldlega að hafa tíma til að skoða það.

Fyrir örfáum dögum var skýrslu félmrh. um framkvæmd verkefnis um reynslusveitarfélög dreift hér og það hefði auðvitað verið ástæða til að ræða þau mál og reynsluna af þeim tilflutningi, ekki síst tilflutningi málefna fatlaðra til þeirra sveitarfélaga sem hafa tekið þau mál til sín. Við í hv. félmn. höfum fengið tækifæri til að heimsækja bæjarfélög

sem hafa tekið yfir þann málaflokk, m.a. Hornafjörð, og það virtist vera sem bæði starfsmenn þar og þeir sem njóta þjónustunnar væru býsna ánægðir, en því er ekki að leyna að skiptar skoðanir eru meðal sveitarfélaganna á því hvort og hvenær eigi að færa málefni fatlaðra til þeirra. Því hefur verið frestað, m.a. vegna þess að við nánari skoðun kemur í ljós að slíkur tilflutningur er flókið mál. Meira að segja hér í Reykjavíkurborg, þar sem er að finna langstærsta hóp fatlaðra, er þetta ekkert smámál og menn óttast að ekki fylgi nauðsynlegt fjármagn en það er allt framtíðarmál.

Í skýrslu þeirri sem ég var að vitna til kemur fram að jákvæð reynsla virðist vera af þessum tilflutningi og það er grundvallarskoðun mín að það sé oftast best að þeir sem annast málefnin séu sem næst þeim sem eiga að njóta þjónustunnar og vonandi gildir það í þessum málefnum.

Það er í sjálfu sér ekki mikið um þetta frv. að segja. Það er ekki ljóst af efni þess og þess sem hér kemur fram hvað þetta þýðir raunverulega gagnvart viðkomandi starfsmönnum. Eins og vitnað var til virðist það vera reynslan hjá þeim sveitarfélögum sem hafa tekið málaflokkinn í sínar hendur að það sé óþægilegt að ósamræmi sé á milli kjara og kjarasamninga og að fólk á sama vinnustað tilheyri mismunandi stéttarfélögum. Sumir eru í starfsmannafélögum viðkomandi bæja, aðrir eru ríkisstarfsmenn og þess vegna er það nú sem farið er fram á þessa lagabreytingu. En enn og aftur, hæstv. forseti, hlýt ég að setja ákveðna fyrirvara við þessa málsmeðferð alla og það hvort nefndinni tekst að afgreiða þetta mál. Það er hin stóra spurning og enn og aftur harma ég það að svona skuli vera staðið að málum. Ef þetta er svona mikilvægt, jafnmikilvægt og hæstv. félmrh. vill vera láta og fram kemur í frv. þá hlýtur maður auðvitað að spyrja hvers vegna í ósköpunum ráðuneytið sjái ekki til þess að málið komi nægilega snemma fram. Svona vinnubrögð eru Alþingi ekki til sóma, að afgreiða mál á þennan hátt, og hér þarf að verða bót á.

[14:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég undrast svo sem ekkert að gerð sé athugasemd við að málið komi seint fram. Það hefur gerst áður en menn hafa nú reynt að draga úr því og hafa talið þetta vera tiltölulega einfalt frv. Þetta snýr aðallega að starfsmönnunum og ég held að óhætt sé að segja að ef það kemur í ljós við athugun í nefnd að þeir starfsmenn sem í hlut eiga séu andvígir málinu og telji að það halli eitthvað á sig býst ég við að menn muni ekki reyna að fá þetta frv. afgreitt. Þegar frv. kemur svona seint fram er áríðandi að um það sé sæmileg sátt, þannig að menn skoða það í nefndinni hvernig málið víkur við, en ég átta mig fullkomlega á eðlilegri gagnrýni á tímann hér.

[14:13]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ágætt að þetta skyldi koma fram hjá hæstv. forsrh. Við vitum öll að mjög skammur tími er til stefnu og að það verður auðvitað erfitt um vik ef upp koma ágreiningsmál og við skulum bara sjá hvað setur og hvað fram kemur í nefndinni. Eins og ég hef margsinnis nefnt er ákaflega lítill tími til nefndastarfa og ef, eins og hæstv. forsrh. segir, ágreiningur reynist vera um þetta, þá bara situr þar við.

[14:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að segja fáein orð um frv.

Ég held að hérna séum við með í höndunum enn eitt dæmið um klúðursleg vinnubrögð hæstv. félmrh. Það er með ólíkindum að þetta mál þurfi að vera að þvælast hér við 1. umr. nokkrum dögum áður en þingið á að ljúka störfum samkvæmt starfsáætlun. Hér er í raun verið að koma fram með stórt mál, eða a.m.k. frv. sem er tengt mjög stóru máli, þ.e. spurningunni um flutning verkefna frá ríkisvaldinu til sveitarfélaga. Þetta mál stendur þannig, herra forseti, að búið er að samþykkja hér ótímabundna frestun á almennum flutningi málefna fatlaðra yfir til sveitarfélaganna. Af hverju er það, herra forseti? Það er af því að fjölmörg sveitarfélög vítt og breitt um landið lýstu sig ekki reiðubúin til þess að halda áfram með fyrirhugaðan flutning þessa málaflokks yfir á sveitarstjórnarstigið. Það gerist m.a. vegna þess að sveitarfélögin vita að undirbúningi er áfátt. Mörg álitamál eru óleyst í sambandi við færslu á flóknum og erfiðum málaflokki eins og hér á í hlut. Það er mitt mat, herra forseti, að þar spili ekki síður inn í blendin reynsla sveitarfélaganna af nýafstöðnum flutningi grunnskólans yfir til þeirra og þá ekki síst kostnaðarhliðin í því máli.

Herra forseti. Ég held að menn ættu að fara að hægja aðeins á sér og skoða hvar þeir eru staddir í þessum efnum og meta reynsluna af því sem gert hefur verið hingað til. Er þetta endilega svona einhlítt, jákvætt eða vandræðalaust eins og menn hafa gjarnan viljað vera láta þegar þeir tala sig upp í hvað mestan hita um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga? Ég held að þar beri að skoða hvern hlut fyrir sig og kost og löst á þeim málum og að menn eigi ekki að gefa sér neitt fyrir fram í þeim efnum, t.d. að það sé sjálfgefið að um flutning málefnum fatlaðra, sem eru auðvitað ákaflega viðkvæmur og vandasamur málaflokkur, þar sem staða sveitarfélaganna getur verið mjög ólík og ýmsar aðstæður ráðið miklu um það hversu þungar byrðar lenda á herðar þeim sem við þessu tækju, að um hreinan flutning á þessum málaflokki eða þessu verkefni, þar með talið kostnaðinum yfir til sveitarfélaganna, eigi að vera að ræða. Er t.d. endilega sjálfgefið að þetta gæti ekki verið þegar upp er staðið heppilegast sem samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga? Er það? Hafa menn farið yfir það? Gæti það ekki verið þannig að eftir sem áður hefði ríkið þarna ákveðnar skyldur og ræki tilteknar sérhæfðar stofnanir sem þjónuðu landinu öllu eða mörgum sveitarfélögum í senn þó að sveitarfélögin tækjust á herðar aukin verkefni sem féllu undir almennar skyldur á þessu sviði? Ég segi eins og annar hv. þm., Svavar Gestsson, hefur stundum sagt, að hún fer orðið oft í taugarnar á mér hreintrúarstefnan í þessum efnum, að það sé æðsta boðorð að þessir aðilar megi ekki vera í samstarfi um tiltekin mál þannig að vissir málaflokkar eða viss verkefni séu ósköp einfaldlega samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga.

Ég hef sagt hér áður og endurtek það, herra forseti, við þessa umræðu að ég hef fullan fyrirvara á um að styðja einhverja almenna tilfærslu málefna fatlaðra yfir til sveitarfélaganna sisvona. Ég geri það með vísan til þess hvaða málaflokkur á í hlut. Ég geri það með vísan til blendinnar reynslu af verkefnaflutningi á undanförnum árum. Ég geri það með vísan til þess að fjárhagur sveitarfélaganna í landinu hefur farið stórlega versnandi á sama tíma og ríkissjóður hefur braggast. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að menn staldri við og spyrji: Erum við fyrst og fremst að flytja hallann sem áður var á ríkissjóði yfir í sveitafélögin? Og þegar það bætist við að landsfeðurnir rjúka upp og skamma sveitarfélögin ef þau ætla að hækka hjá sér tekjurnar, t.d. með því að fullnýta

útsvarið eins og kunnugt er, þá er orðið úr vöndu að ráða. Það á að dæla verkefnum í sveitarfélögin og skamma þau svo blóðugum skömmum, eins og hæstv. fjmrh. hefur gert og hæstv. félmrh. hefur gert, fyrir ábyrgðarleysi í fjármálum. Þá verða menn fyrst vitlausir ef þeir ætla svo að bæta úr því með því að hækka útsvörin eins og kunnugt er. Hæstv. forsrh. fór mikinn þegar nokkur sveitarfélög leyfðu sér að bæta lítillega við útsvarsprósentuna fyrir síðustu áramót.

Herra forseti. Menn eru að vísu fastir í þessum farvegi að nokkur sveitarfélög hafa verið að undirbúa og jafnvel taka við þessum málaflokki á einhvers konar reynslugrundvelli, á grundvelli reynslufyrirkomulags. Þessi hugmyndafræði um reynslusveitarfélögin hljómaði auðvitað að mörgu leyti vel, að tiltekin sveitarfélög gætu til reynslu tekið við ákveðnum *málefnum* og þá fengist á það reynsla hvernig þeim gengi að leysa þau verkefni.

En þegar betur er að gáð, þá vakna líka spurningar í sambandi við svona fyrirkomulag. Er það endilega mjög heppilegt að nokkur sveitarfélög verði komin með þennan málaflokk ef niðurstaðan yrði svo kannski sú að menn féllu frá þessum flutningi á almennum forsendum? Er einhver hér sem getur lofað því eða fullyrt að það verði endilega niðurstaðan að lokum að málefni fatlaðra verði öll flutt yfir til sveitarfélaganna? Ég spyr. Er ekki hik á neinum í ljósi þess hvernig sveitarfélögin hafa farið að endurskoða sína stöðu í þessum efnum? Það er a.m.k. ljóst að núverandi ríkisstjórn og það Alþingi sem nú situr hefur það mál ekki í hendi sér því búið er að fresta því ótímasett að málaflokkurinn sem slíkur færist þarna yfir. Það væri ekki góð staða ef menn sætu svo uppi með það til frambúðar að sum sveitarfélög sem upphaflega tóku við málaflokknum á grundvelli einhvers reynslufyrirkomulags sætu uppi með hann því að ég held að erfitt sé að snúa við. Það skapar líka vandamál og er ekki mjög praktískt hvort heldur á í hlut heilsugæslan, málefni fatlaðra eða eitthvað annað. Herra forseti. Ég get ekki neitað því að ég hef af því nokkrar áhyggjur hvernig þessi mál hafa verið að þróast á síðustu missirum. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því að þau séu að öllu leyti í góðum farvegi.

Vel kann að vera að ekki sé um annað að ræða vegna ástands sem þegar er komið upp. Hér er vitnað í þegar gerða samninga sem m.a. hæstv. félmrh. sjálfur hefur gert við sveitarfélögin í sínu kjördæmi á Norðurl. v. um að þau taki á grundvelli 13. gr. við málefnunum, hafi gert þar um vissan samning og þess vegna þurfi þessa lagabreytingu. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það og er ekki að lýsa því yfir hér að ég geti ekki stuðlað að því að frv. fái brautargengi ef það er óhjákvæmilegt. Ef það verður að gerast til þess að bjarga einhverju vandræðaástandi sem tengist réttarstöðu starfsfólks, þá það, þá er best að líta á það og þingnefnd gerir það sjálfsagt.

Ég hlaut að nota tækifærið, herra forseti, til þess að koma almennum fyrirvörum mínum á framfæri hvað varðar stöðu þessara mála eins og þau standa um þessar mundir.

[14:23]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það sem hér um ræðir snertir flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga og þá samninga sem hafa verið gerðir í tilraunaskyni í þessum efnum. Ég ætla ekki að fjalla ítarlega um málið efnislega og er ekki undir það búinn. Hins vegar hefur í umræðunni verið komið almennt inn á spurninguna um flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Það er rétt að því máli hefur verið frestað. Eigi að síður vil ég að það komi fram í þessari umræðu að það er mjög almenn skoðun, eftir því sem ég hef komist næst og eftir þeim viðræðum sem ég hef átt við sveitarstjórnarmenn víða, að þessi málaflokkur eigi að vera hjá sveitarfélögunum og það sé eðlilegt vegna annarrar starfsemi þeirra og þjónustu við þá sem þar búa.

Það er alveg rétt að ekki er rétt að flana að þessum flutningi. Það er ljóst að ekki er búið að undirbúa hann nægilega vel fjárhagslega. Í ýmsum umdæmum vantar töluvert mikið upp á. Við síðustu fjárlagagerð var tekið skref í þessum efnum og fjármunir settir í að koma til móts við þörfina á höfuðborgarsvæðinu þar sem biðraðirnar eru mestar og erfiðleikarnir mestir. Því starfi þarf að halda áfram áður en flutningurinn fer endanlega fram. En ég held að menn megi ekki missa sjónir af því takmarki að eðlilegt sé að þessi málaflokkur sé þar. Í viðræðum við fagfólk hefur komið fram að þetta sé eðlileg skipan mála. En ég tek undir það að þetta er viðkvæmur málaflokkur. Það er ekki rétt að flana að þessum flutningi og það verður að búa vel um hann fjárhagslega áður en hann fer fram. Ég held að ekki sé ástæða til að leggja stein í götu tilraunaverkefna á þessu sviði. Og um það fjallar einmitt þetta frv. og það er til að greiða fyrir þessu. Þess vegna tel ég að frv. þurfi að fá framgang.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 14:31.

---

77. FUNDUR

miðvikudaginn 3. mars,
að loknum 76. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, fsp. GÁ, 373. mál, þskj. 599.

2. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, fsp. KÁ, 437. mál, þskj. 735.

Til iðnaðarráðherra:

3. Iðnfyrirtæki í matvælaframleiðslu, hreinlætisvöru- og plastiðnaði, fsp. ÞHS, 320. mál, þskj. 387.

4. Fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir, fsp. ArnbS, 355. mál, þskj. 483.

5. Landgrunnsrannsóknir, fsp. GHall, 539. mál, þskj. 863.

Til viðskiptaráðherra:

6. Viðbrögð Landsbanka og Búnaðarbanka við úrskurði kærunefndar jafnréttismála, fsp. JóhS, 554. mál, þskj. 893.

Til félagsmálaráðherra:

7. Skipun stjórnar Íbúðalánasjóðs, fsp. GÁS, 417. mál, þskj. 690.

8. Mannréttindi, fsp. RG, 424. mál, þskj. 697.

Til heilbrigðisráðherra:

9. Ferða- og dvalarkostnaður, fsp. SvanJ, 456. mál, þskj. 754.

10. Eftirlit með almennri heilsu tiltekinna aldurshópa, fsp. HjÁ, 460. mál, þskj. 758.

11. Skortur á hjúkrunarfræðingum, fsp. GHall, 491. mál, þskj. 801.

12. Vísindasiðanefnd, fsp. HG, 507. mál, þskj. 819.

13. Tengsl heilbrigðisstétta við rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði, fsp. HG, 508. mál, þskj. 820.

14. Ofbeldi gegn gömlu fólki, fsp. KÁ, 518. mál, þskj. 832.

15. Stefnumótun í málefnum langveikra barna, fsp. JóhS, 553. mál, þskj. 892.

Til dómsmálaráðherra:

16. Löggæslumenn í Kópavogi, fsp. MagnM, 506. mál, þskj. 818.

17. Áfengiskaupaaldur, fsp. JóhS, 552. mál, þskj. 891.

Til menntamálaráðherra:

18. Samstarf mennta- og sjúkrastofnana til að bæta úr læknaskorti, fsp. TIO, 530. mál, þskj. 853.

19. Útsendingar útvarps og sjónvarps, fsp. GuðjG, 536. mál, þskj. 860.

Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok.

Fsp. GÁ, 373. mál. — Þskj. 599.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þingmenn eiga nokkrar leiðir til að vekja athygli á málum og koma þeim áfram. Í fyrsta lagi að flytja frumvörp og í öðru lagi þingsályktunartillögur. Þegar þáltill. hafa verið samþykktar líta þeir á þingsályktanir sem þingvilja og vilja eðlilega að þeim sé framfylgt. Síðan eiga þingmenn auðvitað þann rétt að málstofan er frjáls.

Allmörg ár eru síðan sá sem hér stendur flutti merka þáltill. um reglur um starfslok og starfsréttindi, að mótaðar yrðu reglur um sveigjanleg starfslok. Þessi tillaga, sem flutt var af fleiri mætum þingmönnum, var samþykkt í þinginu og varð ályktun Alþingis. Ég hygg að eitt af fyrstu verkum núv. hæstv. forsrh. hafi verið að skipa nefnd til að móta reglur um sveigjanleg starfslok. Því miður virðist þessi nefnd ekki enn hafa skilað af sér og dagað uppi að nokkru.

Ég tel, hæstv. forseti, að þingviljinn sé samur til að ljúka þessu verki. Það kann að hafa verið svo í kreppunni og atvinnuleysinu að mönnum sýndist ekki eins brýn nauðsyn á að móta slíkar reglur. Það var kannski eðlilegt. Öldruðum og þeim sem eru að hverfa af starfsvettvangi er mikilvægt að reglurnar yrðu mótaðar og nefndinni sem nú starfar annaðhvort gefið inn og sagt að ljúka störfum eða leyst frá störfum og ný nefnd skipuð.

Þetta erindi, hæstv. forseti, átti ég við hæstv. forsrh., um hvernig hann hyggst bregðast við og hvort hann geri ekki kröfur til þess að þessi þingvilji nái fram og að nefndin ljúki störfum eða hæstv. forsrh. skipi nýja nefnd til þess að vinna þetta brýna verkefni.

[14:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessi þál. sem hv. þm. var frumkvæðismaður að ásamt fleirum verður 10 ára 13. apríl nk. Í framhaldi af henni, tveimur árum eftir að þingsályktunin var samþykkt, í mars 1991, skipaði fyrirrennari minn, Steingrímur Hermannsson, þáv. hæstv. forsrh., nefnd valinkunnra sómamanna og -kvenna til að fjalla um málið. Það voru þau Guðmundur Benediktsson, þáv. ráðuneytisstjóri í forsrn., sem gerður var formaður; Barði Friðriksson hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands; Guðríður Elíasdóttir, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands; Björn Jósef Arnviðarson, þáv. bæjarfulltrúi á Akureyri, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, enda formaður launanefndar sveitarfélaga um þær mundir; og Ólafur Ólafsson, þáv. landlæknir, tilnefndur af landlæknisembættinu.

Þessi nefnd mun a.m.k. einu sinni hafa komið saman á þessum tíma. Í ráðuneytinu eru ekki gögn um að hún hafi komið saman oftar á þeim átta árum sem liðin eru frá skipun nefndarinnar.

Þetta er saga málsins. Spurningin er síðan hvort ráðherra hyggist skipa nýja nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok. Því gæti ég út af fyrir sig svarað svona: Það væri hugsanlegt, þó ekki víst, ekki mjög líklegt en alls ekki útilokað.

Þetta þætti nú sveigjanlegt svar við sveigjanlegum starfslokum. Ég kýs frekar að svara þessu í þeim dúr sem flutningsmaðurinn lagði mér í hendur, að ég muni ganga eftir því hvort nefndin hyggist ljúka störfum og ef hún gerir það ekki þá sé rétt að binda endi á hin farsælu störf hennar og efna til nýrrar nefndar.

Ég vona að þetta dugi hv. fyrirspyrjanda.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. svör hans sem voru í léttum dúr en þó full af þeirri meiningu sem skiptir máli, að hann muni annaðhvort leysa þessa öldruðu og sinnulausu nefnd frá störfum ellegar skipa nýja, sem ég held að væri betri kostur. Í ljósi þess að málefni þeirra fullorðnu eru nú í öðrum og betri farvegi, þar er mikið félagsstarf og mikið verið unnið í þeim málaflokki á þessum tíu árum býst ég við að þar séu margir vaskir og vakandi menn sem taka mundu þessu verkefni fegins hendi. Þess vegna skora ég á hæstv. forsrh. að vera ekkert að spjalla við þá sem í nefndinni voru heldur leysa þá frá störfum með þakklæti og fela nýjum vakandi mönnum að vinna þetta verkefni inn í nýja öld.

Ég tel jafnmikilvægt og fyrr að móta þessar reglur, að fólk geti fyrr hætt störfum en það hefur gert í dag og geti enn fremur unnið lengur, kannski hálfan dag eftir sjötugt í nokkur ár eins og hugmynd tillögunnar var. Þessi tillaga sneri að mörgum atriðum sem skipta miklu máli til að sætta fullorðið fólk við þær staðreyndir sem blasa þá við. Ég er hæstv. forsrh. þakklátur fyrir svör hans og treysti því að nú fái þetta mál fljúgandi ferð.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum.

Fsp. KÁ, 437. mál. — Þskj. 735.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrir nokkru lagði ég fram fyrirspurnir til allra ráðherra ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um það hvernig ráðuneytin hafi staðið að framkvæmd framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum sem samþykkt var fyrir

tæpu ári síðan. Flestar þessar spurningar voru skriflegar, þ.e. beðið um skrifleg svör en ég beindi tveimur fyrirspurnunum til tveggja ráðherra og óskaði eftir munnlegum svörum vegna þess að kaflar þeirra ráðuneyta voru ekki mjög langir.

Fyrirspurnin til hæstv. forsrh. er nú komin á dagskrá, en þar er spurt eftirfarandi spurninga:

„1. Er hafin könnun á áhrifum atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni, sbr. lið 1.3 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Ef svo er, hvenær er áætlað að niðurstöður liggi fyrir?

2. Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós, sbr. lið 1.5 í framkvæmdaáætluninni?

3. Hvað líður gerð áætlana um jafna stöðu kynjanna innan ráðuneytisins og þeirra stofnana sem undir það heyra, sbr. lið 1.5 í framkvæmdaáætluninni?"

[14:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Fyrsta spurningin var: „Er hafin könnun á áhrifum atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni, sbr. lið 1.3 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Ef svo er, hvenær er áætlað að niðurstöður liggi fyrir?"

Á síðasta ári voru unnar ýmsar athuganir þar sem staða kvenna á landsbyggðinni er sérstaklega tekin til meðferðar. Þar kemur fram mismunandi staða og viðhorf kvenna. Hér er m.a. um að ræða nefndarstarf á vegum iðn.- og viðskrn. um stöðu kvenna í atvinnurekstri. Í annan stað könnun sem Stefán Ólafsson gerði fyrir Byggðastofnun um orsakir búferlaflutninga, en þar eru viðhorf greind eftir kyni, m.a. í umfjöllun um áform búferlaflutninga og annað sem því tengist. Ráðuneytið hefur haft til athugunar að hve miklu leyti sú vinna geti skapað undirstöðu fyrir þá athugun sem nefnd var í spurningum fyrirspyrjandans. Við teljum að sú vinna geti komið að miklu gagni, en sú athugun mun verða framkvæmd á yfirstandandi ári.

Í öðru lagi er spurt: „Er hafin könnun á stöðu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu og hjá þeim stofnunum sem undir það heyra? Ef svo er, hvað hefur hún leitt í ljós, sbr. lið 1.5 í framkvæmdaáætluninni?"

Staða kvenna í forsrn. er nokkuð sterk. Af 19 starfsmönnum ráðuneytisins eru sjö karlar og 12 konur. Annar af tveimur skrifstofustjórum er kona. Tveir af fimm deildarstjórum eru konur og þrír af fjórum sérfræðingum eru konur. Áhersla hefur verið á að fjölga konum í ábyrgðarstörfum í ráðuneytinu. Ekki liggur fyrir hvernig staða jafnréttismála er hjá stofnunum ráðuneytisins. Gagnvart þeim stofnunum hefur ráðuneytið lagt áherslu á að jafna stöðu kynjanna við ráðningar í öll störf. Ég vek athygli á því í þessu sambandi að ráðherrann ræður ekki í störf hjá undirstofnunum ráðuneytisins, eingöngu forstjórann eða forstöðumanninn. Nú nýlega var ákveðið að framvegis mundi forsrh. ráða forstjóra Byggðastofnunar, áður var það á hendi stjórnar. Í Þjóðhagsstofnun er þjóðhagsstofustjóri ráðinn af forsrh. Ráðherrann hefur engin afskipti um mannaráðningum í þessum stofnunum að öðru leyti.

Þá er spurt: „Hvað líður gerð áætlana um jafna stöðu kynjanna innan ráðuneytisins og þeirra stofnana sem undir það heyra, sbr. lið 1.5 í framkvæmdaáætluninni?"

Ekki hefur verið gerð sérstök áætlun um jafna stöðu kynjanna innan ráðuneytisins, sem er lítið og fámennt, umfram það sem getið er að framan og hlýtur að teljast í a.m.k. þokkalegu jafnvægi, þ.e. að leggja áherslu á að fjölga konum í ábyrgðarstöðum innan ráðuneytisins.

[14:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þegar unnið var að undirbúningi að framkvæmdaráætlun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna var sérstaklega litið til stöðu kvenna úti á landsbyggðinni í kjölfar breyttra þjóðfélags- og atvinnuhátta. Lögð var áhersla á að reynt yrði að finna leiðir til þess að bregðast við þessu máli. Þess vegna var þetta ákvæði sett inn í framkvæmdaáætlunina og ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. forsrh. fyrir spurningar og svör í þessu máli. Ég held að hér sé um að ræða mikilvægan þátt, bæði í að efla hlut kvenna almennt og treysta búsetu á landsbyggðinni. Við vitum að mjög miklar þjóðfélagsbreytingar hafa orðið og haft breytingar í för með sér fyrir konur og starfssvið þeirra, m.a. í sjávarútvegi og landbúnaði, höfuðatvinnugreinum landsbyggðarinnar. Þess vegna er til valið tilefni til að hyggja sérstaklega að stöðu þessara mála. Ég vil ítreka þakkir mínar til málshefjanda og hæstv. forsrh. fyrir þeirra hlut að umræðunni hér í dag.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Í máli hans kom réttilega fram að ýmsar kannanir hafa verið gerðar á stöðu landsbyggðarinnar og stöðu kvenna. Við vissum, þegar við settum þennan lið inn í framkvæmdaáætlunina, að þetta snerist um að safna saman og skoða sérstaklega þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir. Þær kunna þó að leiða í ljós að ákveðna þætti þurfi að kanna betur.

Mér barst nýlega í hendur glæný skýrsla um stöðu kvenna á Norðurlandi vestra. Þar hefur verið starfandi jafnréttisfulltrúi. Þar var unnin skýrsla þar sem margt athyglisvert kemur fram. Ég hef ekki tíma til þess að ræða ítarlega um hana hér en þar er eitt til viðbótar sem gæti hjálpað okkur til þess að átta okkur á því hvað brennur á konum á landsbyggðinni, hvers vegna þær flytja í burtu í jafnvel ríkara mæli en karlar. Þannig hefur það alla vega verið.

Eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. virðast konur í ráðuneyti hans vera töluvert fleiri en karlar. Það segir auðvitað ekki alla söguna. Auðvitað þarf að skoða launakjörin og ýmislegt sem snýr að störfunum. Ég hvet til þess að menn fylgi framkvæmdaáætluninni eftir og geri slíkar úttektir á öllum ráðuneytum. T.d. kom margt athyglisvert fram þegar slík rannsókn fór fram í fjmrn. Það mættu önnur ráðuneyti taka sér til fyrirmyndar.

Iðnfyrirtæki í matvælaframleiðslu, hreinlætisvöru- og plastiðnaði.

Fsp. ÞHS, 320. mál. — Þskj. 387.

[14:47]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég mun tala fyrir fyrirspurn frá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur sem sat á þingi fyrir áramót og lagði fram fyrirspurn til hæstv. iðnrh. á þskj. 387, um iðnfyrirtæki í matvælaframleiðslu, hreinlætisvöru og plastiðnaði. Það hefur komið í minn hlut, innan þingflokks jafnaðarmanna og

núna þingflokks Samfylkingarinnar, að fylgja þessu máli úr hlaði og ganga eftir svörum hæstv. iðnrh.

Í þeirri gagnasöfnun sem Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir hefur gert vegna þessarar fyrirspurnar hefur komið fram að staðan í matvælaiðnaði er mjög erfið. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun og Samtökum iðnaðarins kemur m.a. fram að innflutningur matar- og drykkjarvöru jókst um 31% frá janúar til ágúst á síðasta ári. Verðmæti innlendrar matar- og drykkjarvöru jókst hins vegar einungis um 14%. Þannig hefur markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu minnkað verulega og er það vitaskuld mikið áhyggjuefni.

Í afkomukönnun sem Samtök iðnaðarins gerðu kemur sömuleiðis fram að afkoma í matvælaiðnaði hefur versnað stórlega milli áranna 1997 og 1998 og er þá bæði miðað við hagnaðartölur og hlutfall af veltu. Því er ljóst, herra forseti, að iðnaður sá sem hér er spurt um hefur átt við erfiðleika að etja, einkum á síðasta ári. Það olli ekki einungis þáverandi þingmanni áhyggjum heldur einnig Samtökum iðnaðarins og öðrum í viðskiptalífinu.

Í framhaldi af því má nefna vandamál sem tengjast þessu, þ.e. hinn mikla viðskiptahalla ríkisstjórnarinnar og þensluhættu, hvort tveggja nokkuð sem oft hefur verið bent á í almennri efnahagsumræðu.

Fyrirspurn hv. þm. Þórunnar Sveinbjörnsdóttur til hæstv. iðnrh. er svohljóðandi:

„1. Hvernig hefur samkeppnisstaða íslenskrar matvælaframleiðslu þróast á síðustu missirum í samanburði við iðnaðinn í heild og aðrar greinar?

2. Hefur orðið samdráttur hjá iðnfyrirtækjum í matvælaframleiðslu, hreinlætisvöru- og plastiðnaði á þessum tíma með tilliti til tekna og afkomu? Ef svo er, er það lýsandi fyrir iðnaðinn í heild?

3. Hvað hefur störfum í þessum fyrirtækjum fækkað mikið á sama tíma?

4. Mun ráðherra bregðast á einhvern hátt við samdrætti í fyrrnefndum greinum?“

[14:50]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 387 ber hv. þm. Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir fram fyrirspurn um stöðu iðnfyrirtækja í matvælaframleiðslu, hreinlætisvöru- og plastiðnaði.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: „Hvernig hefur samkeppnisstaða íslenskrar matvælaframleiðslu þróast á síðustu missirum í samanburði við iðnaðinn í heild og aðrar greinar?“

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun jókst innflutningur matar- og drykkjarvöru um 30% að magni á fyrstu átta mánuðum ársins 1998 samanborið við sama tímabil 1997. Jafnframt hefur innflutningsverð þeirra hækkað um 1,5%. Samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum var heildarvelta í innlendri framleiðslu matar- og drykkjarvöru, að fiskiðnaðinum undanskildum, hins vegar 14,1% meiri í janúar til ágúst 1998 en á sama tímabili 1997. Jafnframt hækkaði verð þeirra um 3,2% í vísitölu neysluverðs ef búvara og grænmeti eru ekki talin með. Svipaðar vísbendingar má greina þegar litið er á framleiðsluiðnaðinn í heild. Því hefur verið spáð að verð á hverri innlendri framleiðslueiningu hækki um 2,4% umfram erlenda á þessu ári. Framleiðslukostnaður á hverja einingu hækkar meira vegna þeirrar kostnaðarhækkunar sem fyrirtækin taka á sig með því að skerða afkomu sína. Þannig er því spáð að á árinu 1999 hækki launakostnaður á hverja einingu um 4,3%. Fara þarf aftur til ársins 1987 til að finna meiri hækkun á raungengi á einu ári.

Í öðru lagi er spurt: „Hefur orðið samdráttur hjá iðnfyrirtækjum í matvælaframleiðslu, hreinlætisvöru- og plastiðnaði á þessum tíma með tilliti til tekna og afkomu? Ef svo er, er það lýsandi fyrir iðnaðinn í heild?“

Velta í sápu- og þvottaefnagerð var 10,2% meiri á fyrstu átta mánuðum ársins í samanburði við sama tímabil árið 1997. Þetta er lítið eitt minni veltuaukning en varð í matar- og drykkjarvöruframleiðslu eins og áður er getið. Aukning í plastiðnaði var aftur á móti talsvert minni, þ.e. 6,4% á þessum tíma. Inni í þessum tölum eru verðhækkanir svo magnið er nokkuð minna. Ekki liggja fyrir tölur um afkomu og fjárhagsstöðu hjá iðnfyrirtækjum í matvælaframleiðslu, hreinlætisvöru- og plastiðnaði. Niðurstöður afkomukönnunar Samtaka iðnaðarins sem hv. þm. vitnaði í áðan, sem þau gerðu á árinu 1998, sýna að í heild er afkoman örlítið lakari en hún var árið á undan. Könnunin tók til fyrirtækja í iðnaði utan stóriðju og byggingarstarfsemi. Voru þau samtals með rúmlega 8 milljarða veltu á fyrstu sex mánuðum ársins. Ætla má að það séu um 15% af veltunni í þessum hluta iðnaðarins. Helstu niðurstöður eru þær að rekstrargjöld vaxa talsvert umfram tekjur.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Hvað hefur störfum í þessum fyrirtækjum fækkað mikið á sama tíma?“

Þingmaðurinn gefur sér að störfum hafi fækkað en svo er ekki. Ekki eru til upplýsingar um breytingar á starfsmannafjölda í þessum fyrirtækjum á seinustu missirum né af sömu nákvæmni og gildir um veltutölurnar. Til eru tölur um ársverk í matvælaiðnaði og efnaiðnaði frá árinu 1996 og áætlanir fyrir árin 1997 og 1998. Samkvæmt þeim voru 3.830 ársverk í matvælaiðnaði árið 1996 en eru áætluð 4.003 á árinu 1998. Þetta svarar til 4,5% aukningar á tveimur árum. Hreinlætisvöru- og plastiðnaður telst til efnaiðnaðar. Í efnaiðnaði voru 11.110 ársverk á árinu 1996 og er áætlað að þeim hafi fjölgað um 1.260 á síðasta ári. Þetta er aukning um 13,5% á tveggja ára tímabili.

Þessi aukning í ársverkum er í samræmi við þá aukningu sem orðið hefur á veltu fyrirtækjanna. Aukin velta hefur aftur á móti ekki skilað sér í aukinni arðsemi.

Í fjórða lagi er spurt: „Mun ráðherra bregðast á einhvern hátt við samdrætti í fyrrnefndum greinum?“

Sífelld barátta fyrir bættum skilyrðum atvinnulífsins þarf að vera í gangi. Verðbólga er í sögulegu lágmarki, verðlag er stöðugt og vextir hafa jafnt og þétt verið á niðurleið. Því er þó ekki að leyna að vöxtunum þarf að ná enn neðar. Eitt af meginmarkmiðunum með formbreytingu banka og sölu þeirra er að auka samkeppni á fjármagnsmarkaði er leitt geti til vaxtalækkunar. Það er því ekki ástæða til að bregðast við með sértækum hætti í þessu sambandi.

[14:56]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör við fyrirspurn frá Þórunni H. Sveinbjörnsdóttur sem ég talaði fyrir áðan. Ljóst er að af svörum ráðherra má lesa staðfestingu þess sem ég hélt fram í upphafi og Þórunn Sveinbjörnsdóttir hafði grun um, þ.e. að samkeppnisstaða iðngreinanna hefði versnað verulega. Markaðshlutdeildin er ótvírætt minni og afkoman lakari. Hversu háar tölurnar eru í þessu sambandi er e.t.v. ekki ástæða til að fullyrða um, en það er augljóst að greinin býr við erfiða stöðu.

Það er ánægjulegt að samkvæmt svari ráðherra hefur störfum ekki fækkað í þessum greinum, eftir þeim upplýsingum sem hann hafði. Hann gat réttilega um að þær væru

e.t.v. ekki mjög nákvæmar á þessu stigi málsins, en þeim ber að fagna.

Ráðherrann nefndi hins vegar að það væri ekki ástæða til að bregðast sérstaklega við þessu. Hann taldi ekki þörf á sértækum aðgerðum. Hann nefndi að vexti þyrfti að lækka. Ég bendi hins vegar á að nýverið hækkuðu vextir svo að þar rekst hvað á annars horn en látum það vera. Meginniðurstaða bæði fyrirspurnarinnar og svarsins er sú að þessi iðnaður á undir högg að sækja í uppsveiflunni sem við búum við í samfélaginu. Hversu alvarlegur þessi vandi verður þegar fram líða stundir er ekki gott að fullyrða um en ég sé fulla ástæðu til að taka undir áhyggjur Þórunnar Sveinbjörnsdóttur sem vakti máls á þessu. Þessi mál þarf að kanna nánar.

Fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir.

Fsp. ArnbS, 355. mál. — Þskj. 483.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Þó nokkuð sé um liðið síðan ég lagði fram þá fyrirspurn sem hér er til umræðu þá virðist hún því miður eiga jafn vel við og þegar hún var fyrst lögð fram. Mikil nauðsyn er á því að skýra umræður um stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi. Kynningarblað SSA sem gefið var út nú um helgina fyllir þó nokkuð út í myndina, en meira þarf til.

Enn og aftur hafa borist fréttir af því að hik sé á Norsk Hydro varðandi samninga um álver á Austurlandi. Á haustdögum, þegar ég lagði fram þá fyrirspurn sem nú er verið að svara, höfðu þær fréttir borist að Norsk Hydro hygðist festa kaup á álbræðslu Norðuráls á Grundartanga. Nú berast þær fréttir á öldum ljósvakans að mikið samdráttarskeið herji á Norsk Hydro og ákvörðunartöku sé ekki að vænta þaðan á næstunni. Þó er ekki sama hver túlkar fréttaflutninginn. Menn hafa vægast sagt farið út um holt og grundir í þeirri túlkun eftir því hvar menn hafa skipað sér í flokk, á með eða á móti.

Það fólk sem mest mun finna fyrir því ef samið verður um stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi eru Austfirðingar. Austfirðingar koma hins vegar einnig til með að finna fyrir því ef ekki verður samið um stóriðjuframkvæmdir. Það segir sig sjálft að sú óvissa sem ríkir um fyrirhugaðar framkvæmdir er mjög óheppileg fyrir atvinnu- og byggðaumræðu á Austurlandi hvernig sem litið er á málið. Yfirlýsingar hafa verið gefnar um tímasetningar ákvarðana allt frá því í ágúst 1997. Þá átti að liggja fyrir ákvörðun um frekara framhald viðræðna í byrjun árs 1998. Við vitum að enn hefur lítið gerst. Sá fréttaflutningur sem við höfum orðið vitni að að undanförnu hefur enn aukið á þá óvissu sem Austfirðingar búa við.

Það er alveg ljóst að Austfirðingar eru orðnir langeygir eftir að sjá hvernig þær auðlindir sem þeir eiga í formi vatnsorku koma til með að nýtast þeim í nánustu framtíð. Því er nauðsynlegt að fram komi hver sé stefna stjórnvalda varðandi orkufrekan iðnað í landinu og hvort öll eggin eru í einni samningakörfu hjá Norsk Hydro, eða hvort við eigum egg í öðrum samningakörfum.

Í ljósi þessa hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. iðnrh.:

„1. Ef kemur til nýrrar stóriðju hér á landi, hvar verður hún staðsett?

2. Hvernig standa samningar við Norsk Hydro um byggingu álvers við Reyðarfjörð?

3. Hvaða aðrar framkvæmdir eru áformaðar náist ekki samkomulag við Norsk Hydro og á hvaða stigi eru þeir samningar?“

[15:02]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir ber fram fsp. um fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir. Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: „Ef kemur til nýrrar stóriðju hér á landi, hvar verður hún staðsett?“

Þeir stóriðjukostir sem verið hafa til skoðunar að undanförnu gætu í sjálfu sér verið staðsettir víða um land. Staðarval fer m.a. eftir tegund, umfangi stóriðju, orkuþörf, vatnsþörf, hafnsækni, starfsmannafjölda og þjónustu sem í boði er á svæðinu.

Verði um nýja orkufreka stóriðju að ræða, þ.e. að nýtt fyrirtæki verði byggt, þá mun það verða staðsett utan suðvesturhorns landsins. Fyrir því eru fjórar meginástæður.

Í fyrsta lagi þurfa þau fyrirtæki sem nú hafa risið í orkufrekum iðnaði á stærstum hluta þeirrar orku að halda sem er vinnanleg á Tungnaár- og Þjórsársvæðinu og er á samkeppnisfæru verði með tilliti til þeirra stækkana sem fyrirhugaðar eru í þessum fyrirtækjum.

Í öðru lagi er ekki pólitísk samstaða um að flytja þá raforku sem vinnanleg er á Austurlandi, til suðvesturhorns landsins.

Í þriðja lagi er frá umhverfislegum og kostnaðarlegum sjónarmiðum óskynsasmlegt að fara út í slíka flutninga.

Í fjórða lagi er það stefna ríkisstjórnarinnar að nýta orkulindirnar til atvinnusköpunar og byggðaþróunar þar sem þær eru staðsettar.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hvernig standa samningar við Norsk Hydro um byggingu álvers við Reyðarfjörð?“

Skemmst er frá því að segja að unnið hefur verið að undirbúningi samninga við Norsk Hydro um byggingu álvers við Reyðarfjörð um nokkurt skeið. Þessi vinna hefur gengið samkvæmt áætlun og hafa tímabundnir erfiðleikar Norsk Hydro vegna lægðar á mikilvægum hrávörumörkuðum í heiminum ekki breytt áformi fyrirtækisins hér á landi. Á undanförnum missirum hafa verið gerðar umfangsmiklar athuganir á hugsanlegu álveri og virkjunum í tengslum við það á Austurlandi. Þessar athuganir spanna staðarvalsathuganir, forhönnun mannvirkja, athuganir á virkjanakostum og orkuflutningi, samfélagsathuganir, veðurmælingar, gróðurfarsathuganir og aðrar umhverfisathuganir.

Á síðustu mánuðum hafa rannsóknir beinst að byggingu 120 þús. tonna álvers við Hraun í Reyðarfirði með stækkunarmöguleikum síðar. Nú liggja fyrir áætlanir um umfangsmiklar framhaldsathuganir á álverinu og á umhverfisáhrifum þess, eignaraðild og fjármögnun. Um þessar áætlanir og athuganir verður fjallað á næstu vikum og mánuðum og um mitt árið er stefnt að því að undirrita samkomulag milli Norsk Hydro og íslenskra stjórnvalda um framhald málsins.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Hvaða aðrar framkvæmdir eru áformaðar náist ekki samkomulag við Norsk Hydro og á hvaða stigi eru þeir samningar?“

Unnið verður áfram að þeim verkefnum sem áður er getið, þar á meðal álveri á Austurlandi. Auk Norsk Hydro hafa aðrir erlendir aðilar sýnt áhuga á að skoða Reyðarfjörð fyrir álver af svipaðri stærð en með annarri tækni. Náist ekki samkomulag við Norsk Hydro á næstunni í samræmi við þær

áætlanir sem unnið hefur verið eftir verður leitað annarra leiða að sama markmiði, m.a. með því að fylgja áhuganum eftir sem komið hefur fram hjá ýmsum aðilum um byggingu orkufreks iðnaðar á landsbyggðinni.

[15:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Leyfist mér að óska hæstv. iðnrh. til hamingju með að vera eini maðurinn sem er eftir í öllum heiminum sem hefur trú á að Norsk Hydro ætli að koma hingað til að reisa þetta stóriðjuver? Leyfist mér líka að óska honum til hamingju með að vera eini maðurinn í heiminum sem trúir því að um mitt ár hyggist Norsk Hydro undirrita þennan samning? Hefur hæstv. iðnrh. ekki fylgst með fréttum af þessu máli og fylgst með því hvað talsmenn þessarar samsteypu hafa verið að segja? Meira að segja hv. fyrirspyrjandi leggur greinilega engan trúnað á að þetta sé í bígerð og þess vegna er fsp. fram komin.

Herra forseti. Í tilefni þess að ljóst er, eins og kemur fram með rökstuðningi fyrirspyrjanda, að Norsk Hydro mun ekki koma hingað, a.m.k. ekki í bráð, til að gera samning um að reisa þetta stóriðjuver, má ég þá spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann sé ekki tilbúinn til að staðfesta það hér sökum þess að tíminn sem gefst til undirbúnings er greinilega miklu meiri en áður, að hann muni beita sér fyrir því að Fljótsdalsvirkjun muni fara í lögformlegt umhverfismat. Þessari spurningu hef ég áður kastað fram til hæstv. iðnrh. og hann hefur ekki enn treyst sér til þess að svara henni. En getur hann gert það hér og nú?

[15:07]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er augljóst mál að það er ekki á færi hæstv. iðnrh. að ráða fyrir um það hvort Norsk Hydro kemur hingað til að setja niður stóriðju. En það er aftur á móti á hans færi að vinna að þessum málum hér á landi og það er hans embættisskylda.

Ég var satt að segja furðu lostinn yfir því svari sem hann lagði hér fram og ég vil sérstaklega ganga eftir því við hæstv. ráðherra að hann tali skýrar um það hvort ekki séu hafnar viðræður við neina aðra aðila en Norsk Hydro. Ef hann staðfestir það nú þá liggur alveg ljóst fyrir að þetta mál er í enn verri farvegi en áður lá fyrir.

[15:08]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Viðræðurnar við Norsk Hydro eru stærsta atvinnuþróunarverkefni sem hefur verið í gangi á Austurlandi og það byggist á orkuöflun í stærri stíl. Um þetta eru hatrömm átök og það er nauðsynlegt fyrir alla stjórnarliða að standa í lappirnar í þessu máli. Nauðsynlegt er að leiða það verkefni til lykta, af eða á, og það er ekki rétt sem haldið hefur verið fram að þetta verkefni tefji fyrir atvinnuþróun á öðrum sviðum á Austurlandi. Það hafa verið í gangi verkefni á ýmsum sviðum, eins og menn ættu að vita.

Hér gengur maður undir manns hönd að reyna að eyðileggja þetta verkefni með því að segja að það sé búið að vera og er þáttur í því mikla áróðursstríði sem hefur verið í kringum verkefnið. Það er auðvitað ekki séð hvernig þessu lyktar, en þetta verkefni er nauðsynlegt að leiða til lykta, af eða á, og auðvitað eiga menn að standa að baki iðnrh. í því efni.

[15:10]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki séð hv. 2. þm. Austurl. jafnbrugðið og í þessari umræðu. Hann kvartar sáran undan því að samstarfsmenn hans í ríkisstjórn standi ekki í lappirnar í málinu.

Það þarf talsvert mikið til að endurreisa trú á drauminn um álbræðslu á Reyðarfirði eins og málum er komið. Ég skil sannarlega áhyggjur hv. þm. Af hálfu hæstv. iðnrh. hefur það í raun verið staðfest hér í máli hans að það eru engir fætur undir þessu máli. Ég get ekki annað en tekið undir með hv. fyrirspyrjanda þegar hún segir að þessi óvissa sé mjög alvarlegt mál fyrir atvinnuþróun á Austurlandi. Þetta er búið að vera eins og fallöxi þar yfir mönnum frá því að tilkynning um þetta kom frá 1. þm. Austurl., hæstv. utanrrh., í ágúst 1997.

Ég held að það sé jafngott að stjórnarliðar geri hreint fyrir sínum dyrum varðandi þennan blekkingarleik, noti tímann og setji virkjunina, sem menn hafa ætlað að reisa, í lögformlegt umhverfismat.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hv. þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunni.

Í svari ráðherra kom fram að stefnt er að undirritun um framhald málsins í júní. Ég vil fá að spyrja ráðherra hvað í því felst. Jafnframt kom fram hjá ráðherra að aðrir aðilar hafa sýnt áhuga á stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi og væri fróðlegt að heyra hversu langt þær umræður eru komnar ef þær eru á einhverju umræðustigi.

Ég vil taka undir það með hv. 2. þm. Austurl. að auðvitað eru önnur verkefni í gangi á Austurlandi og því fer fjarri að Austfirðingar séu að gefast upp og að eingöngu sé verið að bíða eftir því að niðurstaða komi í þetta mál. Hitt er að sú óvissa sem fylgir allri þessari umræðu skiptir mjög miklu máli þegar umræðan er á þessu stigi. Þess vegna er nauðsynlegt að fá niðurstöðu í málið þannig að Austfirðingar viti hvert framhaldið verði.

Ég hef einnig velt því fyrir mér í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um samningaferlið og erfiðleika sem eru því bundnir að semja við erlend risafyrirtæki, að spyrja ráðherrann hvort ekki sé komið að þeim tímapunkti að Íslendingar taki það frumkvæði að reisa sjálfir og reka slíka stóriðju. Það er ljóst að komin er mikil þekking í landið um rekstur t.d. á álveri og hugsanlegt er að nú sé komið að því að Íslendingar geti gert þetta sjálfir.

Ég spyr því: Er ekki kominn tími til að Íslendingar nýti íslenska orkukosti með íslenskri þekkingu og íslensku fjármagni að nokkrum hluta? Það kom einmitt fram á kynningarfundi Landsbanka Íslands á Eskifirði nú fyrir helgina að Landsbankinn hefur mikinn áhuga á því að fjárfesta í stóriðjukostum.

[15:14]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Reynslan er sú, og hún er ólygnust í þessu öllu saman, að aldrei er hægt að fullyrða hvort að kostur eins og sá sem hér er um að ræða, hugsanleg bygging álvers á Reyðarfirði, verður að veruleika fyrr en samningar hafa verið undirritaðir. Það þekkja þeir best sem studdu og stóðu að síðustu ríkisstjórn og þekkja blekkingarvef Alþfl. út og inn í þeim efnum. Það þekkja þeir best og þau leiktjöld sem þar voru dregin upp, hvernig fólkið í landinu var blekkt og

ginnt til að halda að þar væru stórkostlegir draumar fram undan.

Herra forseti. Reynslan er sú að ekki er hægt að fullyrða um að slíkir samningar gangi eftir fyrr en þeir hafa verið undirritaðir.

Hins vegar er alveg ljóst að hvorki hv. þm. Hjörleifur Guttormsson né hv. þm. Össur Skarphéðinsson vita betur en stjórnendur Norsk Hydro hvort þeir ætli að eiga frekara samstarf við Íslendinga eða ekki. Það er staðfest af fulltrúum og eigendum þess fyrirtækis að samningaviðræðum við Íslendinga er haldið áfram. Næsti fundur, stórfundur um málið, verður í júní eða júlí á þessu ári, þar sem gengið verður út frá því að látið verði reyna á samstarfið. Þá kemur í ljós hvort aðilar eru tilbúnir til að undirrita samkomulag sem gengur út á það að báðir aðilar verði í stakk búnir til að eyða milljónum króna, hundruðum milljóna króna, í rannsóknir á svæðinu. Í júní eða júlí á að láta reyna á hvort það samkomulag gengur eftir eða ekki. Menn verða líka að hafa í huga, af því ég heyri það á hv. fyrirspyrjanda að örlítils misskilnings gætir, að það er ekki Norsk Hydro eitt sem er í þessu verkefni. Það er talað um stóra innlenda eignaraðild. Íslenskir aðilar sýna því áhuga að vera þátttakendur. Það birtist best í yfirlýsingu bankastjóra Landsbankans fyrir stuttu síðan fyrir austan, þar sem hann lýsti því yfir að Landsbankinn væri tilbúinn til að taka þátt í verkefni sem þessu. (Gripið fram í.) Auðvitað fer fram umhverfismat við álverið við Reyðarfjörð eins og lög gera ráð fyrir. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem fyrrverandi umhvrh. ætti manna best að þekkja það.

Landgrunnsrannsóknir.

Fsp. GHall, 539. mál. — Þskj. 863.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Álit starfshóps iðnrn. um olíuleit við Ísland kom fram 15. júní 1998. Þá kom þar fram að gert væri ráð fyrir að gerð verði kort eftir dýptarmælingum sjómælinga til að staðsetja stalla þar sem hugsanlegt smit úr setlögum kynni að finnast og gerðar verði endurkastsmælingar á botni úr setlögum til að kortleggja brot, andhverfu og gasstíga og mæla olíuefni í botnssýnum. Talið var að kostnaður við þennan áfanga gæti orðið 30–50 millj. Að áfanganum loknum yrðu líkur á olíu eða gasi endurmetnar og áhugi olíufélaga kannaður. Í öðru lagi var svo gerð tillaga um að reyndist ástæða til að halda áfram yrði í öðrum áföngum gerð djúpkönnun og borun á svæðinu. Sá áfangi sem tæki 3–5 ár yrði mun dýrari og vart á færi annarra en olíufélaganna sem keyptu til þess leitar- og vinnsluleyfi. Í honum er gert ráð fyrir þéttari endurkastsmælingum til að kanna þykkt, útbreiðslu og lagskiptingu setlaganna og rannsóknaborun á eyju, t.d. í Grímsey, til að kanna dýpri setlög og hvort í þeim hafi þroskast olía.

Í blaðaviðtali við hæstv. iðnrh., sem birtist í Morgunblaðinu 14. nóvember, sagði iðnrh. svo, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra hyggst skipa þriggja manna samráðsnefnd með fulltrúum iðnaðarráðuneytis, utanríkisráðuneytis og Orkustofnunar til að vaka yfir íslenskum hagsmunum á sviði olíu- og landgrunnsmála og samhæfa viðbrögð íslenskra stjórnvalda vegna fyrirspurna olíuleitarfyrirtækja um rannsókna- og vinnsluleyfi í íslenskri lögsögu."

Þá hafði komið fram, áður en viðtal var við hæstv. iðnrh. að þegar væru tvö erlend félög sem hefðu hug á að kanna möguleika á leit að olíu við Ísland. Af þessu gefnu hef ég lagt fram svohljóðandi fsp. í þremur liðum til hæstv. iðnrh.:

1. Hve miklu fé verður varið á þessu ári til rannsókna á olíu og gasi í setlögum fyrir Norðurlandi?

2. Hvernig hyggst ráðherra vinna úr þeim tillögum sem starfshópur er skipaður var af iðnaðarráðuneyti 29. september 1997 lagði til í skýrslu sinni við starfslok 15. júní 1998?

3. Hefur ráðherra skipað samráðsnefnd með fulltrúum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, utanríkisráðuneytis og Orkustofnunar til að vaka yfir íslenskum hagsmunum á sviði olíu- og landgrunnsmála og samhæfa viðbrögð við fyrirspurnum erlendra aðila?

[15:20]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 863 spyr hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson um landgrunnsrannsóknir.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm. „Hve miklu fé verður varið á þessu ári til rannsókna á olíu og gasi í setlögum fyrir Norðurlandi?"

Í fjárlögum fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir 2 millj. kr. til hafsbotnsrannsókna. Reikna má með að þessir fjármunir fari að miklu leyti til að greiða kostnað vegna aðstoðar sem nýskipuð samráðsnefnd þarf að kaupa vegna starfs síns. Í kjölfar skipunar samráðsnefndarinnar má gera ráð fyrir að breytingar verði á áherslum varðandi þessar rannsóknir. Ekki þótti fært að taka tillit til tillagna um rannsóknir í fjárlagagerð fyrir árið 1999 þar sem þær komu seint fram og samráðsnefndin hafði tæpast hafið störf.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hvernig hyggst ráðherra vinna úr þeim tillögum sem starfshópur er skipaður var af iðnaðarráðuneyti 29. september 1997 lagði til í skýrslu sinni við starfslok 15. júní 1998?"

Hlutverk starfshópsins var að yfirfæra niðurstöður rannsókna á landgrunninu og meta á grundvelli þeirra hvort og þá hvaða svæði landgrunnsins kunni að geyma olíu og/eða jarðgas. Af niðurstöðum starfshópsins er ljóst að líklegt mætti telja að einhver svæði landgrunnsins hefðu að geyma olíu og/eða jarðgas og var honum jafnframt falið að meta hvort tæknilegar og fjárhagslegar forsendur væru til olíuvinnslu. Einnig var honum falið að gera tillögur um hvernig efla mætti rannsóknir á svæðum sem líklegt væri að kynnu að geyma olíu eða jarðgas. Í þriðja lagi var honum falið að gera tillögur um kynningu á þessum svæðum til að efla áhuga innlendra og erlendra aðila á svæðunum sem er hugsanlegt að geymi olíu og/eða jarðgas.

Starfshópurinn skilaði ráðuneytinu skýrslu sinni með bréfi, dags. 17. ágúst 1998. Í skýrslunni leggur starfshópurinn til að rannsóknum verði haldið áfram og þær skiptist í tvo áfanga. Í fyrri áfanganum sem yrði að mestu kostaður af íslenskum stjórnvöldum verði leitast við að svara því hvort beinn vottur um olíu finnist í setlögunum. Í síðari áfanga yrði farið í djúpkönnun og borun sem yrði mun dýrari og vart á færi annarra en olíuleitarfélaga sem keyptu til þess leitar- og vinnsluleyfi af íslenskum stjórnvöldum.

Þá lagði starfshópurinn til að eflt yrði samstarf um rannsókn landgrunnsins. Enn fremur að fylgst yrði náið með framvindu mála á svæði sem varðar hagsmuni Íslands miklu,

svo sem Jan Mayen og Hatton-Rockall. Til að sinna olíuleitarmálum og hrinda tillögu nefndarinnar í framkvæmd var með bréfi, dags. 17. febrúar sl., skipuð þriggja manna samráðsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Orkustofnunar, utanrrn. og iðnrn.

Hlutverk samráðsnefndarinnar er:

1. Að gæta íslenskra hagsmuna á sviði olíu- og landgrunnsmála, m.a. með því að fylgjast með olíuleit á nálægum svæðum.

2. Að fylgjast með tækniþróun í olíuleit og olíuvinnslu.

3. Að gera tillögur um stefnu sem skuli fylgt við veitingu rannsókna- og vinnsluleyfa á landgrunninu.

4. Að samhæfa vinnubrögð íslenskra stjórnvalda vegna fyrirspurna um rannsókna- og nýtingarleyfi innan efnahagslögsögunnar.

5. Að gera tillögur um kynningu á íslenska landgrunninu til að efla áhuga á rannsóknum á því.

6. Að koma fram og annast samskipti við þá aðila sem sýna áhuga á rannsókna- og nýtingarleyfum. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda hafa tvö erlend olíuleitarfyrirtæki sýnt íslenska landgrunninu áhuga í þessu sambandi.

7. Að gera tillögur um rannsóknaverkefni á sviði olíuleitar og landgrunnsmála sem kostuð yrðu af ríkisfé.

8. Að annast samstarf við norsk stjórnvöld og norsku olíuleitarstofnunina vegna Jan Mayen-svæðisins og dönsk og færeysk stjórnvöld vegna Hatton-Rockall svæðisins.

9. Að stuðla að því að gögn um landgrunnið séu varðveitt með skilvirkum hætti.

Að síðustu spyr hv. þm.: „Hefur ráðherra skipað samráðsnefnd með fulltrúum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, utanríkisráðuneytis og Orkustofnunar til að vaka yfir íslenskum hagsmunum á sviði olíu- og landgrunnsmála og samhæfa viðbrögð við fyrirspurnum erlendra aðila?"

Svarið er: Já.

[15:25]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í umræðunum hefur komið fram að tvö erlend stórfyrirtæki hafa sýnt áhuga, eins og mig minnir að það hafi verið orðað af hv. fyrirspyrjanda og ítrekað af hæstv. ráðherra, að koma að olíuleit með einhverjum hætti innan íslensku efnahagslögsögunnar. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra í framhaldi af þessu, hvers eðlis sá áhugi er. Hafa einhvers konar viðræður átt sér stað og á hvaða stigi eru þær? Í annan stað langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort íslensk stjórnvöld hafa með einhverjum hætti undirbúið einhvers konar tilkall til olíu sem kann að verða unnin utan efnahagslögsögunnar á næstu árum, á Reykjaneshrygg, þá í krafti alþjóðlegra sáttmála eins og t.d. hafréttarsáttmálans?

[15:26]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Það kemur fram í skýrslu starfshópsins að hann telur líkur á að annaðhvort gas eða olíur hafi myndast vera um 12%. Meiri líkur eru á gasi en olíu, það eru 9,6% á móti 2,4%. Líkurnar eru byggðar á útreikningum Anthony G. Doré sérfræðings hjá norska olíufélaginu Statoil en hann starfaði fyrir þennan hóp. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það eru mér veruleg vonbrigði að aðeins skuli sett í þetta mál núna 2 millj. kr. andstætt við það sem hópurinn gerði ráð fyrir að á næstu þremur árum yrðu settar 30–50 millj. kr. í þetta verk. Enn fremur eru nú orðin nokkuð mörg ár síðan borað var í Flatey á Skjálfanda til að gera þessar rannsóknir og þar þóttu menn nokkuð kenna að möguleiki væri á. Ég tel að full ástæða sé til þess að vinna betur heimaverkefnin áður en við fáum fleiri erlenda aðila til að koma hér að. Það þarf eitthvað meira til til að þeir sýni þessu áhuga. Það þarf frekari rannsóknir og það þarf að liggja nokkuð ljósara fyrir fyrir þessa erlendu aðila hvernig botnlögum er háttað og endurkastsmælingarnar eins og hópurinn gerði ráð fyrir. Því vænti ég þess, hæstv. iðnrh., að sett verði aukafjárveiting í þetta mál og farið að tillögum hópsins sem gerði ráð fyrir því að á þessu ári yrðu a.m.k. 7 millj. settar í verkefnið. Allt of langur tími hefur liðið og við höfum verið allt of lengi í óvissunni um hvað er raunverulega að gerast, hvernig eru setlög við Norðurlandið, hvað er þar undir. Þau eru a.m.k. nógu þykk. Talið var að ef þau væru einn metri eða þykkari væri full ástæða til að hefja frekari rannsóknir á olíu en komið hefur í ljós að þarna er allt upp í þriggja til fjögurra metra þykk setlög þannig að full ástæða er til að taka málið föstum tökum og kynna það fyrir erlendum aðilum, fá þá í samstarf með okkur og eyða óvissunni.

[15:28]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Sem svar við þeim fyrirspurnum sem hafa komið fram í þeim athugasemdum sem hv. þm. hafa gert er í fyrsta lagi spurt um hvernig sá áhugi lýsir sér hjá þeim erlendu fyrirtækjum sem hafa sýnt áhuga. Eins og ég sagði í svari mínu hafa tvö erlend fyrirtæki látið áhuga í ljós á því að fá að koma hingað og kanna svæðið sem er ótvírætt innan íslenskrar efnahagslögsögu. Annað þessara fyrirtækja hefur komið hingað til lands til að kynna sér gögn og er í stöðugu sambandi við þá aðila sem fara með þessi mál. Hitt fyrirtækið hefur sýnt minni áhuga en lætur öðru hverju til sín heyra í þessum efnum.

Mjög mikilvægur þáttur í þessu er að mínu viti sá að þeim fyrirspurnum sem fram hafa komið í þessum efnum á undanförnum árum hefur ekki verið mætt nægilega skýrt og markvisst af hálfu okkar. Til þess hefur skort að einhverju leyti ákveðinn samráðsvettvang þar sem þessi mál eru ekki bara á sviði eins ráðuneytis, þau snerta svið nokkurra ráðuneyta. Get ég nefnt utanrrn., iðnrn. í þessu tilfelli sem fer með orkumálin og Orkustofnun, af þeirri ástæðu að þarna er líka um það að ræða að við höfum verið þátttakendur í rannsóknaverkefnum á undangengnum árum í samstarfi við aðrar þjóðir. Þar af leiðandi þurfum við að hafa rétt til að opinbera gögn sem snúa að þeim svæðum sem við erum ekki beinir aðilar að eða deila er um að við hugsanlega eigum rétt á. Þetta tengist líka alþjóðasamningum um hve langt við getum gengið í slíkri leit. Þessi samráðsvettvangur Orkustofnunar, iðnrn. og utanrrn. er því mjög mikilvægur vettvangur til að erlendir aðilar sem sýna áhuga geti haft beinan aðgang og komist í samband við íslensk stjórnvöld.

Ég skil að hv. þm. er vonbrigði að ekki skuli hafa verið settir meiri peningar í málið en þessar 2 millj. kr. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hvort sem eru 2 millj. eða 50 millj. séu það svo litlir peningar miðað við það sem við þurfum til að geta farið af stað með rannsóknir að ekki skipti höfuðmáli hvor upphæðin sé. (Forseti hringir.) Ég sé fram á að, því miður, með leyfi forseta, örstutt, tvö orð til viðbótar, hæstv. forseti.

(Forseti (ÓE)**:** Tvö orð.)

Að við Íslendingar munum ekki geta staðið undir þessum rannsóknum. Við þurfum að leita samstarfs við erlend olíufyrirtæki á þessu sviði ef við ætlum að ná verulegum árangri

og það verður hlutverk þessa samráðsvettvangs að leita slíks samstarfs.

[15:31]

Útbýting þingskjals:

Stuðningur við handverksfólk í dreifbýli, 580. mál, fsp. RG, þskj. 955.

Eftirlit með almennri heilsu tiltekinna aldurshópa.

Fsp. HjÁ, 460. mál. — Þskj. 758.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Kerfisbundið eftirlit með tannheilsu Íslendinga hefur nú staðið yfir í nokkra áratugi. Óhætt er að segja að það hafi skilað verulegum árangri og segja má að sá árangur sé með því besta sem þekkist í veröldinni.

Árangurinn er svo góður að tannlæknar eru sín á milli farnir að ræða um verkefnaskort vegna góðrar tannheilsu íslensku þjóðarinnar sem er afleiðing þessa markvissa eftirlits. Í framhaldi af þeim góða árangri er eðlilegt að spyrja hvort ekki sé eðlilegt að nýta þá jákvæðu og einstaklega góðu reynslu til áframhaldandi sóknarfæra. Með öðrum orðum að stíga næstu skref og nýta þá merkilegu reynslu sem hefur fengist af kerfisbundnu eftirliti með tannheilsu fólks.

Er hægt að nýta reynsluna í tengslum við aðra þætti heilsugæslunnar, á heilsugæslustöðvum og hjá læknastéttinni almennt, með mjög markvissu forvarnastarfi? Það mætti t.d. gera með því að bjóða öllum einstaklingum, þegar þeir verða 40 ára gamlir, að koma til skoðunar á læknastofum eða heilsugæslustöðum. Á þeim aldri, þ.e. um fertugt, kunna ýmsir sjúkdómar að vera á byrjunarstigi og örugglega ástæða til að skoða og veita einstaklingum ráðgjöf. Þannig kynnu menn að ná taki á sjúkdómum á byrjunarstigi áður en þeir komast á alvarlegt stig.

Rétt er að vekja athygli á því að frá því að heilsugæslu í grunnskóla lýkur má segja að engin markviss og kerfisbundin heilsufarsskoðun eigi sér stað meðal þjóðarinnar, ef undan er skilinn sá þáttur sem ég vék að í upphafi, tannheilsan, tannverndarstefnan. Með því að kalla alla fertuga einstaklinga þjóðarinnar til skoðunar mætti sjá almennt heilsufarsástand þeirra, veita þeim ráðgjöf í framhaldi af því og grípa inn í sjúkdóma áður en þeir verða alvarlegir. Kostnaður af slíku kann að verða mikill í byrjun. Með sanni má hins vegar segja að þetta væri sparnaður til langframa. Bætt heilsa hlýtur einfaldlega að draga úr útgjöldum, bæta bæði heilsu og líðan þjóðarinnar almennt. Reynslan af tannverndarstefnunni sýnir það svo ekki verður um villst. Því beini ég þeim spurningum til hæstv. heilbrrh. sem fram eru lagðar hér á þingskjali 758.

[15:35]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurnirnar eru athyglisverðar. Fyrst er spurt: „Telur ráðherra að til greina komi að boða alla einstaklinga tiltekins aldurshóps (t.d. 40 ára) til almenns eftirlits með heilsufari?“

Í byrjun 6. áratugarins kom fram mikill áhugi meðal lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna á því að boða fólk reglulega í heilbrigðiseftirlit. Reynsla og vísindalegar rannsóknir sýndu hins vegar að gagnsemi þess fyrir einstaklinginn sjálfan var takmörkuð. Meðal annars var talin hætta á að vekja ástæðulausan ótta gagnvart ákveðnum áhættuþáttum. Hópskoðanir af þessu tagi hafa hins vegar ákveðið vísindalegt gildi þar sem niðurstöður nýtast fyrst og fremst til ákvarðanatöku á landsvísu.

Mjög umfangsmiklar rannsóknir hafa farið fram á gagnsemi kembileitar og ákveðnar leiðbeiningar liggja fyrir um framkvæmd slíkrar leitar hjá einkennalausum einstaklingum. Þær leiðbeiningar hafa m.a. verið mótaðar af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Viðmiðanir stofnunarinnar byggja m.a. á að meta gagnsemi almennrar sjúkdómsleitar annars vegar og meðferðar eftir að einkenni eru komin fram hins vegar. Jafnframt er litið til þess hvort til sé meðferð við þeim sjúkdómi sem leitað er að og hvort siðferðilega og fjárhagslega sé réttlætanlegt að beita slíkri hópleit.

Þessar viðmiðanir hafa verið hafðar að leiðarljósi hér á landi og þær hópskoðanir sem hér eru viðhafðar byggja á leiðbeiningum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunni og niðurstöðum vísindamanna. Reynsla og rannsóknir, m.a. á Íslandi, hafa sýnt að yfir 90% allra íbúa landsins leita til lækna eða annarra heilbrigðisstarfsmanna einhvern tíma á tveggja ára tímabili. Slíkar heimsóknir gefa mjög gott tækifæri til heilsuverndar, t.d. mælinga á blóðþrýstingi og blóðfitu. Þessi mikla aðsókn fer nærri því að samsvara skipulagðri innköllun. M.a. af þeirri ástæðu er ekki talið rétt að kalla ákveðna aldurshópa kerfisbundið inn til að fylgjast með heilsufari þeirra.

Þingmaðurinn spyr hver kostnaður yrði við þetta. Ekki hefur farið fram nákvæm rannsókn á kostnaði við slíka kembileit sem hann ýjaði hér að. Hv. þm. spyr einnig hverjir gætu annast slíkt eftirlit. Framkvæmd hópleita fer í dag aðallega fram á vegum heilsugæslustöðva um land allt en einnig á sérhæfðum leitarstöðvum og göngudeildum, t.d. hjá Krabbameinsfélagi Íslands og hjá Hjartavernd svo eitthvað sé nefnt. Verði ákveðið að koma á fót nýjum hópleitum að sjúkdómum má gera ráð fyrir að sömu eða hliðstæðir aðilar mundu annast þær.

Virðulegi forseti. Að lokum spyr hv. þm. hvort ráðherra telji að sparnaður hlytist af slíkum aðgerðum til lengri tíma. Heilbrrn. hefur fylgst náið með allri alþjóðlegri umræðu um hópleitir, bæði í einstökum löndum sem og á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Rannsóknir sem gefa marktækt til kynna gagnsemi og sparnað vegna hópleita hjá einkennalausum þarf oft að gera hjá mjög stórum hópum og hafa því íslensk heilbrigðisyfirvöld tekið mið af alþjóðlegum leiðbeiningum um þessi mál. Árangur af ofangreindum hópleitum, þ.e. leit að leghals- og brjóstakrabbameini og ungbarna- og mæðravernd, er óumdeildur og vandlega er fylgst með nýjustu rannsóknum á þessum sviðum.

[15:40]

Katrín Fjeldsted:

Forseti. Ég hef svo sem ekki miklu að bæta við orð hæstv. heilbrrh. en mig langaði samt aðeins að segja nokkur orð um fyrirspurnir Hjálmars Árnasonar. Þetta kerfisbundna eftirlit á sér stað eins og fram kom hjá Krabbameinsfélaginu. Sömuleiðis er mælt með því að blóðþrýstingur sé mældur hjá heilbrigðu fólki á tveggja ára fresti og mælt með að krabbameinsskoðun hjá konum fari fram á tveggja til þriggja ára fresti. Fátt annað er vísindalega sannað að borgi sig að leita að. Þess vegna hlýtur svarið við fjórðu fyrirspurn þingmannsins, hvort sparnaður geti hlotist af slíkum aðgerðum til lengri tíma litið, að vera neitandi. Þessi vísindalegi

bakgrunnur verður að vera til þess að hægt sé að mæla með slíku fyrir heilan aldurshóp í þjóðfélaginu. En þetta hefur verið gert í ýmsum löndum. Þetta var gert í Bretlandi í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þá var settur upp eins konar kvóti fyrir heimilislækna að uppfylla, þeir áttu að mæla svo og svo stóra prósentu af blóðþrýstingi í öllum sínum hópi. Ég held það skili ekki miklu eins og fram kom hér áðan.

[15:41]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Mér fannst svör ráðherra vera nokkuð misvísandi miðað við þessar ágætu spurningar sem hér eru lagðar fram. Ég minnist þess að allt til ársins 1970 var mjög algengt að áhafnir skipa voru kallaðar til læknisskoðunar. Oftar en ekki kom í ljós að sitthvað amaði að heilsu manna sem var þá lagfært. Það var fyrirbyggjandi. Þetta var á árunum eftir berklaveikina og þegar menn sáu að hún rénaði hættu atvinnurekendur, útgerðarmenn, að láta sjómenn fara til árlegrar læknisskoðunar. Hins vegar er það mjög algengt á Norðurlöndum að þetta sé gert og hvers vegna? Vegna þess að ef menn veikjast úti á hafi þá er erfitt að leita læknis samstundis. Ég tel að þetta sé athyglisvert og eðlilegt að atvinnurekendur tækju upp þann hátt að einu sinni á ári kæmu allir starfsmenn til læknisskoðunar, þótt ekki væri verið að leita að *ákveðnum sjúkdómi*, heldur til að fyrirbyggja það sem viðkomandi veit kannski ekki af en kæmi í ljós við læknisskoðun.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þeim hv. þm. sem hér lögðu orð í belg. Ég geri mér grein fyrir því að þetta mál er ekki einfalt og fyrir því hafa verið færð rök, það hafa bæði hæstv. ráðherra og hv. þm. Katrín Fjeldsted sem er lærður læknir gert. En ég vil taka undir sjónarmið hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, sem voru kannski forsendur fyrirspurnar minna. Þó um 90% þjóðarinnar sæki til lækna er reynsla mín, og annarra sem ég hef rætt þessi mál við, sú að það fara ekki fram kerfisbundnar mælingar t.d. á blóðþrýstingi og blóði. Eins og fram kom í *máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar*, eins og reynslan var af sjómönnum sem reglulega voru kallaðir til skoðunar, kom ýmislegt í ljós þótt ekki væri það endilega krabbamein eða alvarlegir sjúkdómar. Í ljós gat komið ýmislegt sem benti til að sjúkdómar væru í uppsiglingu. Það þarf ekki vera annað en menn séu í slæmu líkamlegu ástandi án þess að vera komnir með bráðdrepandi sjúkdóma. Með slíkri skoðun mætti veita þeim ýmis ráð og það gæti orðið til þess að vekja menn af værum blundi. Ég hvet til þess að hæstv. heilbrrh. skoði mál og móti stefnu varðandi þetta. T.d. mætti gera tilraunir í tilteknum sveitarfélögum eða landsfjórðungum og meta síðan reynsluna af því. Á þessu sviði eiga Íslendingar eins og á öðrum að vera í forustu. Vegna smæðar okkar getum við þarna verið forustuþjóð. Þetta eru forvarnir og er mikið til þess vinnandi að ná góðum tökum á forvörnum.

[15:45]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í svörum mínum áðan er um hópleit að ræða á Íslandi í þeim tilvikum sem það er vísindalega sannað að hópleit skili sér í bættu heilsufari. Ég sagði líka í fyrri svörum mínum að 90% þjóðarinnar leita til heilsugæslunnar eða til annarra heilbrigðisstarfsmanna og þá er einmitt upplagt, eins og kom fram hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted, að mæla blóðþrýsting og blóðfitu. Það er því farið eftir vísindalegum forsendum í þessu. Ég vísa því alveg á bug að svörin hafi verið misvísandi, það er svo langt frá því. Við fylgjumst mjög vel með hvað þetta varðar. Nýjustu rannsóknir benda t.d. til að það geti skilað árangri að leita að ristilkrabbameini með því að athuga hægðaprufur hjá öllum yfir 50 ára aldri á eins til tveggja ára fresti og við fylgjumst mjög náið með þeim rannsóknum. Við erum því vel vakandi fyrir þessu.

En ég ætla að endurtaka þakkir mínar til fyrirspyrjanda því að þetta var athyglisverð fyrirspurn.

Viðbrögð Landsbanka og Búnaðarbanka við úrskurði kærunefndar jafnréttismála.

Fsp. JóhS, 554. mál. — Þskj. 893.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í svari viðskrh. við fsp. í febrúar 1998 um bifreiðastyrki og stöður í bankakerfinu kom fram að mjög hallaði á konur í yfirmannsstöðum innan bankakerfisins. Af svarinu *mátti líka draga þá ályktun* að kerfi fastra bifreiðastyrkja væri notað til þess að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum, sérstaklega innan Landsbankans og Búnaðarbankans. Bæði þingflokkur jafnaðarmanna og Samband ísl. bankamanna fóru þess á leit við Jafnréttisráð í kjölfar þessarar niðurstöðu að kannað yrði hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum.

Niðurstaða kærunefndar jafnréttismála var að afgerandi munur væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan Landsbankans og Búnaðarbankans sem bryti í bága við jafnréttislög. Frá því að kærunefnd jafnréttismála kvað upp úrskurð sinn, sem var í lok síðasta árs, hefur ekkert heyrst um það hvernig stjórnendur bankanna hafa framfylgt niðurstöðu nefndarinnar. Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til viðskrh.:

1. Hvað hafa stjórnendur Landsbanka og Búnaðarbanka gert til að framfylgja úrskurði kærunefndar jafnréttismála frá 30. desember sl. þess efnis að sá afgerandi munur sem væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan bankanna bryti í bága við jafnréttislög og þeim tilmælum að viðunandi lausn yrði fundin á málinu?

2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að þessi launamismunur verði leiðréttur, sbr. 5. og 6. gr. jafnréttislaga?

3. Telur ráðherra í ljósi fyrrgreindrar niðurstöðu að þörf sé á að mótaðar verði reglur í bönkum og öðrum innlánsstofnunum sem tryggi að ákvarðanir um bílastyrki og önnur hlunnindi byggist á hlutlausum og gegnsæjum viðmiðunum og komi þannig í veg fyrir að starfsmönnum sé mismunað eftir kynferði?

[15:49]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr í fyrsta lagi: „Hvað hafa stjórnendur Landsbanka og Búnaðarbanka gert til að framfylgja úrskurði kærunefndar jafnréttismála frá 30. desember sl. þess efnis að sá afgerandi munur sem væri á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan bankanna bryti í bága við jafnréttislög og þeim tilmælum að viðunandi lausn yrði fundin á málinu?“

Svörin eru mismunandi en byggja á upplýsingum frá hvorum banka um sig. Stjórnendur Landsbanka Íslands hf. hafa farið vandlega yfir fyrrnefndar úrskurð kærunefndar.

Sérstaklega hefur verið kannað hvernig launagreiðslur bankans í dag falla að úrskurði nefndarinnar sem fjallaði um greiðslur ársins 1997. Stjórnendur bankans leggja áherslu á að öll ákvæði jafnréttislaga séu virt í starfsemi bankans og fylgjast með að svo verði gert áfram.

Í svörum bankans til kærunefndar jafnréttismála vegna þessa máls var lögð áhersla á að svara öllum spurningum nefndarinnar sem frekast var kostur án þess að trúnaður við starfsmenn væri brotinn og þær skýru reglur sem fylgt er við ákvörðun bifreiðastyrks.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum er ákvörðun um greiðslu bifreiðastyrks hluti af kjarasamningi viðkomandi starfsmanns. Til viðmiðunar eru hafðir þættir eins og eðli og mikilvægi viðkomandi starfs. Skýrar reglur eru í bankanum um hvaða starfsmenn fái slíkar greiðslur og hversu háar.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum var það trú forsvarsmanna Landsbankans að gefnar hefðu verið fullnægjandi skýringar til kærunefndar jafnréttismála og að þar hefði komið fram að fjárhæð bifreiðastyrks réðist alfarið af eðli starfs viðkomandi en hefði ekki áhrif hvort karl eða kona gegndi því starfi.

Í Landsbankanum hefur nú verið skipuð jafnréttisnefnd og samþykkt hefur verið jafnréttisáætlun sem unnin var af fulltrúum stjórnenda bankans og stjórnar Félags starfsmanna Landsbanka Íslands hf. Í jafnréttisáætluninni eru sett ýmis töluleg markmið, svo sem markmið um að jafna stöðu kynjanna í stjórnunarstöðum. Mun nefndin hafa aðgang að öllum gögnum sem hún telur nauðsynleg í starfi sínu.

Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarbankanum hefur stjórn bankans farið yfir úrskurð kærunefndar jafnréttismála. Jafnframt hefur verið skoðað sérstaklega hvernig þessum greiðslum er háttað í dag. Bankinn leggur áherslu á að jafnréttislögum sé fylgt og að í bankanum sé í gildi jafnréttisáætlun sem unnin var í samvinnu við stjórn starfsmannafélagsins.

Í svörum bankans til Skrifstofu jafnréttismála vegna umrædds máls var lögð áhersla á að skýra fyrirkomulag fastra bifreiðastyrkja hjá bankanum án þess þó að trúnaður um launakjör viðkomandi starfsmanna væri brotinn. Í upplýsingum bankans til Skrifstofu jafnréttismála kom fram að regla bankans við greiðslu bifreiðastyrkja væri að fastur bifreiðastyrkur væri eftir starfsheitum, stöðu og eðli starfs. Kynferði hefði engin áhrif á þessar greiðslur né önnur launakjör.

Það var trú bankans að fullnægjandi upplýsingar hefðu verið gefnar til að skýra stöðu þessara mála hjá bankanum. Taldi bankinn að upplýsingum hefði verið komið skýrt á framfæri og að bifreiðastyrkir væru greiddir starfsmönnum án tillits til kynferðis.

Samkvæmt upplýsingum frá bankanum kom niðurstaða kærunefndar stjórn bankans í opna skjöldu og af þeim sökum hefur bankinn tekið saman viðbótarskýringar, studdar enn ítarlegri gögnum þar sem bifreiðagreiðslur til starfsmanna eru enn á ný raktar. Bankinn telur að ákvæðum jafnréttislaga sé framfylgt innan bankans og fullyrðir nú sem fyrr að ekki sé gerður greinarmunur á kynjum við ákvörðun fastra bifreiðastyrkja né annarra launakjara.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hvernig hyggst ráðherra tryggja að þessi launamismunur verði leiðréttur, sbr. 5. og 6. gr. jafnréttislaga?“

Hvað varðar aðra spurningu vísa ég til svars bankans við fyrstu spurningunni. Bankarnir sjálfir hafa gripið til aðgerða í því augnamiði að framfylgja úrskurði kærunefndar jafnréttismála. Báðir bankarnir telja að ákvæði jafnréttislaga séu ekki brotin í starfsemi þeirra.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Telur ráðherra í ljósi fyrrgreindrar niðurstöðu að þörf sé á að mótaðar verði reglur í bönkum og öðrum innlánsstofnunum sem tryggi að ákvarðanir um bílastyrki og önnur hlunnindi byggist á hlutlausum og gegnsæjum viðmiðunum og komi þannig í veg fyrir að starfsmönnum sé mismunað eftir kynferði?“

Samkvæmt upplýsingum frá bönkunum byggja ákvarðanir um bílastyrki og önnur hlunnindi á hlutlausum gegnsæjum viðmiðunum, þ.e. atriðum er lúta að starfi viðkomandi starfsmanns. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort um er að ræða konu eða karlmann. Það hlýtur ætíð að teljast til bóta þegar reglur um launagreiðslur og önnur hlunnindi byggja á hlutlausum og gegnsæjum viðmiðunum. Slíkt tryggir jafnræði. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um bankana.

[15:54]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil lýsa furðu minni á svörum hæstv. viðskrh. Hér er verið að spyrja hæstv. ráðherra um viðbrögð hans við því sem kærunefndin úrskurðaði, að bankarnir hefðu brotið jafnréttislög. Hæstv. ráðherra lætur nægja að lesa upp einhver svör frá Landsbankanum og Búnaðarbankanum þar sem bankarnir fullyrða sjálfir að þeir brjóti ekki jafnréttislög og virði ákvæði jafnréttislaga og að þeir hafi skipað jafnréttisnefnd til þess að fylgja slíku eftir.

Kærunefnd jafnréttismála hefur unnið mjög vel að þessu máli í marga mánuði samkvæmt ákvæðum jafnréttislaga sem eru sett á Alþingi. Meðal annars er það hlutverk hennar að fylgjast með því hvort þessi lög séu brotin, fara yfir það hvort hlunnindagreiðslur og fleiri þættir í kjörum fólks brjóti í bága við ákvæði jafnréttislaga. Kærunefnd kemst að þeirri niðurstöðu að afgerandi munur sé á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan Búnaðarbankans og Landsbankans sem brjóti í bága við jafnréttislög.

Hægt er að fara yfir ýmislegt í svörum sem ráðherra kom með fyrir þingið á síðasta ári sem staðfestir að um brot á jafnréttislögum sé að ræða og kærunefndin hefur staðfest í úrskurði sínum.

Maður spyr: Til hvers er kærunefnd jafnréttismála ef stofnanir innan kerfisins geta síðan bara svæft úrskurðinn og fullyrt að þær brjóti ekki jafnréttislög? Ráðherrann kemur og segir að þetta sé hluti af kjarasamningi viðkomandi starfsmanns. Þó að þetta sé hluti af kjarasamningi viðkomandi starfsmanns hafa bankarnir engan rétt til þess að brjóta jafnréttislög og mismuna fólki.

Nú þegar bankarnir ætla ekkert að gera með úrskurð kærunefndar jafnréttismála hlýtur að koma til kasta hæstv. viðskrh. í þessu efni. En hæstv. viðskrh. ætlar greinilega að hunsa jafnréttislög. Ég spyr herra forseta að því hvort það sé virkilega svo að ráðherrann ætli að láta sér nægja þessar skýringar frá Landsbanka og Búnaðarbanka og aðhafast ekkert í málinu. Ég krefst svara við því, herra forseti.

[15:56]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það hefur löngum loðað við hv. þm. að hún er afskaplega refsiglöð. Ráðherrar þurfa sífellt að vera með vöndinn á lofti ef fara ætti eftir öllu því sem hv. þm. leggur til.

Svar mitt við fsp. hv. þm. var byggt á upplýsingum frá bönkunum. Ég hef ekki sett neinn rannsóknarrétt yfir bönk-

unum um að kanna þessi mál sérstaklega. Maður verður, þrátt fyrir bitra reynslu, að trúa því og treysta þeim upplýsingum. Þarna er ekki um tölulegar upplýsingar að ræða heldur hinn skrifaða texta. Ég vil, ekki síst með nýjum stjórnendum í þessum bönkum, trúa því og treysta að það sé rétt sem þarna kemur fram, að bankarnir hafi gert kærunefnd jafnréttismála fullnægjandi grein fyrir því hvernig stöðu þessara mála er háttað innan bankanna. Ég held að það breyti voðalega litlu og hafi lítið að segja þó svo að hv. þm. geti fundið það út að hægt væri að refsa með einhverjum hætti. Refsingarnar eru ekki það sem öllu máli skiptir þó að þær vaki mjög í huga hv. þm.

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hv. 13. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég kann því mjög illa þegar ég hef ekki fleiri mínútur til að ræða þessi mál að hæstv. ráðherra noti sinn tíma til þess að bera mér það á brýn að þessi fsp. sé sett fram af því að ég sé refsiglöð og vilji koma á rannsóknarnefndum varðandi málið. Þetta er náttúrlega algjörlega út í hött, herra forseti. Það sem er athyglisvert og upp úr þessu stendur er að ég er að reyna að fá stofnanir í þjóðfélaginu, opinberar stofnanir, til þess að virða lög í landinu. Þessar stofnanir ætla ekki að fara að þessum lögum, heldur hunsa niðurstöðu og úrskurð kærunefndar sem er skipuð samkvæmt lögum og ráðherrann ætlar að láta þar við sitja.

Þessu máli er ekki lokið, herra forseti. Kærunefndin og Jafnréttisráð hafa upplýst mig um að ekki hafi borist fullnægjandi svör frá þessum bönkum og ég tel það þessum ráðherra til háborinnar skammar ef hann ætlar ekkert að aðhafast í málinu. Það er eftir öðru hjá þessari ríkisstjórn sem ekkert hefur gert til þess að stuðla að launajafnrétti í landinu.

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. viðskrh. óskar að bera af sér sakir.

[15:59]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vonast til að það hafi komið mjög skýrt fram í svari mínu að bankarnir telja að þeir hafi reynt að gera kærunefnd jafnréttismála fullnægjandi grein fyrir því hvernig málið er vaxið. Það er auðvitað langeðlilegast að það sé vettvangurinn, samstarfið milli kærunefndarinnar og bankanna. Auðvitað mun kærunefnd jafnréttismála ganga eftir því ef ekki verður um fullnægjandi svör frá þessum fyrirtækjum að ræða. Þá mun ég geta aðstoðað í þeim efnum ef svo ber undir.

En það er refsingin sem stendur upp úr hjá hv. þm. Menn mega ekki ljúka starfi sínu, það verður að byrja á því að refsa. Þetta er ekki leiðin til þess að ná árangri. (Gripið fram í.) Það er stóra vandamálið, hv. þm. Reynum að ná samkomulagi um hvernig þetta skuli vera gert, fáum bankana til þess að svara þessu eðlilega og leggjum vöndinn niður.

Ferða- og dvalarkostnaður.

Fsp. SvanJ, 456. mál. — Þskj. 754.

[16:00]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í tengslum við kjarasamning á almennum vinnumarkaði árið 1995 var gerð eftirfarandi bókun:

„Reglugerð um endurgreiðslur á kostnaði vegna ferða- og dvalarkostnaðar, vegna sérfræðiheimsóknar og innlagna á sjúkrahús verður endurskoðuð."

Herra forseti. Þessi bókun var gerð vegna mikils kostnaðar fólks utan af landi sem þurft hafði að leita sér lækninga í Reykjavík. Svo virðist hins vegar að reglur hafi verið hertar þegar þeim var breytt árið 1996. Það marka ég af því að svo virðist sem kostnaður Tryggingastofnunar vegna sjúkraflutninga og ferða innan lands hafi lækkað á undanförnum árum og reynsla fólks utan af landi sem hefur þurft að leita sér lækninga bendir til hins sama. Reglurnar eru fólki óhagstæðari svo um munar þvert á það sem þeir sem undirrituðu bókunina með kjarasamningnum árið 1995 töldu sig vera að ná fram. Þeir töldu sig vera að tryggja sínu fólki betri kjör ef það veiktist og þyrfti á læknisaðstoð að halda.

Herra forseti. Ég hef heyrt dæmi um fullorðna konu utan af landi sem gekkst undir aðgerð á auga árið 1996 í Reykjavík. Tryggingastofnun greiddi ferðakostnað fyrir hana og fylgdarmann hennar. Í fyrra gekkst þessi sama kona undir sams konar aðgerð á hinu auganu og í það skiptið, þ.e. núna, var henni hafnað um ferðastyrk.

Ég hef líka heyrt dæmi um karlmann af landsbyggðinni sem fékk alvarlegt brjósklos og var sendur til Reykjavíkur í aðgerð sér og fylgdarmanni að kostnaðarlausu. Eftir aðgerðina var hann síðan sendur heim en þá brá svo við að Tryggingastofnun hafnaði erindi hans um greiðslu á fargjaldinu.

Þriðja dæmið vil ég tilgreina um móður sem á síðasta ári fékk alvarlegt fæðingarþunglyndi sem ekki var hægt að takast á við í hennar heimabyggð og varð hún að vera undir læknishendi í Reykjavík í nokkrar vikur með tilheyrandi kostnaði. Beiðni hennar um þátttöku Tryggingastofnunar í ferðakostnaði var hafnað.

Í ljósi þessa og þess að bókun með kjarasamningi er hluti kjarasamnings og við hana á að standa eins og önnur ákvæði, hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. á þskj. 754:

1. Hefur endurskoðun á reglugerð um endurgreiðslur á ferða- og dvalarkostnaði vegna sérfræðiheimsókna og innlagna á sjúkrahús, sbr. bókun í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá febrúar 1995, leitt til breyttrar kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar?

2. Er það mat ráðherra að með ráðstöfunum sem gerðar hafa verið sé komið nægjanlega til móts við væntingar sem landsbyggðarfólk batt við fyrrgreinda bókun?

[16:03]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Svör við fyrirspurn hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur eru þessi:

Þegar litið er til kostnaðarþróunar Tryggingastofnunar ríkisins vegna ferða sjúklinga innan lands, þá virðist endurskoðun sú sem gerð var á reglugerð um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra á árinu 1996 ekki hafa leitt til aukinna útgjalda Tryggingastofnunar. Hugsanleg skýring á þessu er sú að dýrustu fargjöldin, þ.e. flugfargjöld, lækkuðu

umtalsvert á þessum tíma auk þess sem sérfræðiþjónusta var aukin víða um landið. Ég nefni þar Neskaupstað sérstaklega og Siglufjörð auk þess sem þjónustan á Ísafirði er mjög öflug.

Það er mjög mikilvægt að styrkja ferðir sérfræðinga út á landsbyggðina og stuðla þannig að þeirri þróun að þjónustan sé færð í sem mestum mæli til fólksins í stað þess að fólkið sjálft þurfi að ferðast langan veg til að leita læknis. Þannig má líka nota góða meðferðaraðstöðu og skurðstofur sem eru til víða á sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Engu að síður verður ekki hjá því komist að fólk þurfi að leita þjónustu eftir sem áður en kostnaðarþróun þarf ekki að gefa rétta mynd af þörfinni. Þótt reglur hafi ekki verið rýmkaðar er þörfinni mætt með öðrum hætti.

Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda voru á árinu 1996 settar nýjar reglur um ferðakostnað innan lands, reglur nr. 185/1996, sem felldu úr gildi reglur nr. 74/1991. Þær voru m.a. settar vegna bókunarinnar sem gerð var í tengslum við kjarasamningana. Helstu breytingar í þeirri reglugerð voru eftirfarandi:

Við bættist ákvæði sem heimilaði greiðslu ferðakostnaðar þegar um ferðir vegna bráðatilvika var að ræða, enda væru þær farnar samkvæmt ákvörðun læknis og ekki væri hægt að sinna sjúklingi í heimabyggð. Jafnframt var heimilað að greiða ferðakostnað vegna heimferðar að loknu sjúkraflugi.

Þá bættist einnig við eftirfarandi ákvæði:

„Þegar nauðsynleg læknismeðferð vegna tilvika sem um getur í 1. gr. tekur a.m.k. fjórar vikur, endurgreiða sjúkratryggingar kostnað við ferðir heim aðra hverja helgi skv. reglum þessum."

Hv. þm. nefndi nokkur dæmi áðan sem hún sagði réttilega að væri misræmi í varðandi þá reglugerð sem ég hef lesið upp úr. Ýmislegt í þeirri reglugerð er túlkunaratriði einstakra lækna. Þar af leiðandi höfum við endurskoðað hana. Tryggingaráð hefur nýlega gert tillögur um nýjar reglur um ferðakostnað innan lands sem ráðherra hefur staðfest. Helstu breytingar samkvæmt hinum nýju reglum eru eftirfarandi:

Tekið er þátt í ferðakostnaði sjúklings við tvær ferðir hans á 12 mánaða tímabili, enda þurfi læknir í héraði að vísa honum frá sér til frekari meðferðar. Þá er gert ráð fyrir því að um sé að ræða óhjákvæmilega sjúkdómsmeðferð og/eða rannsókn á opinberum sjúkrastofnunum eða hjá öðrum aðilum heilbrigðiskerfisins sem sjúkratryggingar Tryggingastofnunar hafa samning við.

Hér er í fyrsta sinn gert ráð fyrir því að ferðakostnaður sé greiddur af Tryggingastofnun þegar um er að ræða almenna ótilgreinda sjúkdóma sem ekki eru tök á að meðhöndla í héraði.

Samkvæmt fyrri reglum var eingöngu tekið þátt í ferðakostnaði ef um var að ræða eftirtalda tilgreinda alvarlega sjúkdóma: Illkynja sjúkdóma, nýrnabilun, alvarlega augnsjúkdóma, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna og tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna. Enn fremur var á sama hátt heimilt að endurgreiða vegna annarra sambærilegra sjúkdóma og alvarlegra vandamála í meðgöngu.

Samkvæmt nýju reglunum greiðir Tryggingastofnun ferðakostnað vegna ítrekaðra ferða þegar um fyrrnefnda sjúkdóma er að ræða. Við bætist að heimilt verður að endurgreiða ferðir vegna glasafrjóvgunarmeðferðar.

Taki sjúkdómsmeðferð fjarri heimili sjúklings yngri en 18 ára a.m.k. fjórar vikur er Tryggingastofnun heimilt að taka þátt í kostnaði við heimferð um hverja helgi.

Tekið er þátt í kostnaði við daglegar ferðir foreldra eða nánasta aðstandanda til að vitja sjúklings yngri en 18 ára. Greitt er fyrir allt að 200 km hvora leið. Þá er tekið þátt í kostnaði við flugferð í sama skyni einu sinni í viku.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tíma til að lesa frekar upp úr þessari nýju reglugerð sem ég hef staðfest. En ég vænti þess að sú reglugerð muni gjörbreyta aðstöðu fólks úti á landi sem þarf að leita sér lækninga í Reykjavík.

[16:09]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir þau svör sem hér komu fram. Mér heyrist að sú reglugerð sem nú nýlega hefur verið staðfest mæti mun betur en áður þörfum fólks utan af landi ef það verður sjúkt eða þarf að leita sér lækninga á höfuðborgarsvæðinu.

Það er umhugsunarefni, nú árið 1999, af hverju fyrst nú er verið að setja raunhæfar reglur til þess að mæta væntingum þess fólks sem undirritaði kjarasamninginn fyrir fjórum árum síðan. Ég er alveg handviss um að það er rétt hjá því fólki sem reynslu hefur að þær reglur sem settar voru árið 1996 voru að mörgu leyti til þrengingar. Þær gerðu fólki erfiðara fyrir. Sú skýring að þær reglur hafa ekki leitt til hækkunar, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, er helst að reglurnar voru að sumu leyti skýrari. En þær voru líka þrengri. Hitt er svo ánægjulegt ef aukin þjónusta út um landið hefur átt sinn þátt í því að minnka kostnaðinn svo um munar.

Herra forseti. Ekki verður hjá því komist að fólk þurfi að leita hingað til lækninga einfaldlega vegna þess að hjá fámennri þjóð verður sérfræðiþjónusta ýmiss konar ekki framkvæmd eða veitt nema e.t.v. á einum eða tveimur stöðum. Þess vegna er svo mikilvægt að þær reglur sem settar eru um stuðning við fólk til þess að jafna aðstöðu þess séu þannig að þær mæti virkilega þörfum fólks í þessum efnum.

Ég bind vonir við að þær reglur sem ráðherra hefur nú nýlega staðfest skili okkur lengra áleiðis í áttina að jafnræði þegnanna en þær reglur sem áður giltu.

[Fundarhlé. — 16:12]

Skortur á hjúkrunarfræðingum.

Fsp. GHall, 491. mál. — Þskj. 801.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. heilbr.- og trmrh. að gefnu tilefni því að fyrr á þessum vetri kom fram könnun sem gerð hafði verið á þeim skorti á hjúkrunarfræðingum sem væri bæði á spítölum og heilsugæslustöðvum og bitnaði líka á umönnun aldraðra. Í framhaldi af því hef ég leyft mér að leggja svohljóðandi spurningar fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„1. Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa þar sem fram hefur komið að á þriðja hundrað hjúkrunarfræðinga vantar til starfa?

2. Telur ráðherra að úr brýnustu þörf megi bæta með aukinni menntun sjúkraliða?"

Seinni spurningin er komin fram að gefnu tilefni því ekki fyrir löngu las ég viðtal við hjúkrunarfræðing sem var nokkuð athyglisvert og vakti þessa spurningu upp í huga mínum.

Ég ætla, með leyfi forseta, að grípa aðeins niður í viðtalið við þennan ágæta hjúkrunarfræðing þar sem hún segir svo:

„Á skurðstofunni urðum við að aðstoða lækna við aðgerðir og við svæfðum sjúklingana. Nú eru sérmenntaðir svæfingarlæknar við þessi störf. Starf hjúkrunarkvenna eða hjúkrunarfræðinga, eins og starfsheitið er nú, hefur breyst verulega. Þegar ég var að læra og á fyrstu árum þar á eftir voru hjúkrunarkonurnar meira í sjálfri hjúkruninni. Svo komu sjúkraliðar og þeir eru ómissandi enda vinna þeir flestir störf sín af hugsjón. Nú eru það í raun sjúkraliðar sem sinna sjúklingum. Hjúkrunarfræðingarnir sinna svo öðrum störfum."

Herra forseti. Það verður áhugavert að heyra svör hæstv. heilbr.- og trmrh. við þessum spurningum.

[18:03]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur lagt fram fyrirspurn um skort á hjúkrunarfræðingum. Fyrri spurning hv. þm. er: „Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa þar sem fram hefur komið að á þriðja hundrað hjúkrunarfræðinga vantar til starfa?"

Að undanförnu hefur ítrekað verið á það bent, ekki síst af hálfu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík, að mjög mikill skortur sé nú á hjúkrunarfræðingum til starfa. Vegna þessa vanda hef ég falið nefnd undir forustu Vilborgar Ingólfsdóttur hjá landlæknisembættinu að skoða til hlítar í fyrsta lagi hve vandinn sem við er að glíma er stór, þ.e. hve mikill skortur er raunverulega á hjúkrunarfræðingum, og í öðru lagi að skoða hverjar þær ástæður eru taldar helstar sem valda þessum viðvarandi og vaxandi skorti á hjúkrunarfræðingum. Í þriðja lagi að gera tillögur til úrbóta sem geti haft áhrif á þennan vanda bæði til skemmri tíma og þegar til lengri tíma er litið.

Hv. þm. spyr í öðru lagi hvort ráðherra telji að úr brýnustu þörf megi bæta með aukinni menntun sjúkraliða. Ráðuneytinu hafa borist ábendingar um að auka mætti menntun sjúkraliða með það í huga að fela þeim aukin störf í heilbrigðisþjónustunni. Slík ábending kom síðast fram hjá framkvæmdastjórum hjúkrunarheimilanna í höfuðborginni og var komið á framfæri við nefnd þá er ég gat um fyrr í svari mínu.

Ég tel sjálfsagt að skoða hvort bæta megi menntun sjúkraliða með þessi markmið í huga. Þess ber þó að geta að skorturinn á hjúkrunarfræðingum, svo mikill sem hann er, er þó ekki jafnmikill og skortur á menntuðum sjúkraliðum til þeirra starfa sem þeir vinna við í dag.

Á það skal einnig bent að verulegar breytingar hafa verið gerðar á menntun sjúkraliða á undanförnum árum til þess að auka aðsókn í námið og tryggja að sjúkraliðar séu sem best undir störfin búnir, en mikið brottfall hefur verið úr sjúkraliðastéttinni að undanförnu.

[18:06]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Mér finnst mjög áhugavert að heyra þessi svör ráðherrans. En mig langar til að vekja athygli á fyrirspurn sem liggur fyrir frá mér til ráðherra um störf sjúkraliða og vil aðeins að skjóta því inn í þessa umræðu. Það er í rauninni spurningin um það hvort ekki geti hugsast að það sé eðlilegt að sjúkraliðar geti unnið undir stjórn lækna. Það er aðeins hliðarspor í þessari umræðu. En hæstv. ráðherra kemur kannski aðeins inn á þetta í seinni ræðu sinni.

[18:07]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svör hennar. Það verður athyglisvert að sjá niðurstöður þeirrar könnunar sem ráðherra gat um áðan og heyra skoðun landlæknis á því hver sé meginástæðan fyrir skorti á hjúkrunarfræðingum.

Það er hins vegar umhugsunarefni þegar hjúkrunarfræðingar sjálfir láta hafa það eftir sér í viðtali í blöðum, t.d. þeirri grein sem ég gat um áðan, að það séu raunverulega sjúkraliðarnir sem sinna sjúklingunum en hjúkrunarfræðingarnir sinni öðrum störfum. Þess vegna kemur upp í huga mér sú spurning: Getur verið að það sé möguleiki á því að auka fræðslu sjúkraliða, t.d. í þá veru að þeir gætu tekið að sér að sprauta sjúklinga og gætu hugsanlega tekið að sér einhvern hluta lyfjagjafar?

Eins og kom fram hér hjá hv. 16. þm. Reykv., Katrínu Fjeldsted er þetta kannski spurning um niðurröðun á starfi og samstarfi annars vegar sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga og svo hins vegar hjúkrunarfræðinga og lækna. Í heilbrigðisstéttinni eða heilbrigðisgeiranum, ef svo má komast að orði, virðist vera einhver ákveðin niðurröðun á samskiptum milli þessara starfshópa sem kannski væri líka full ástæða til að skoða hvort ekki mætti hafa annan hátt á. Þá á ég við að stytta t.d. boðleiðir á milli læknis og sjúkraliða, án þess að það kæmi á nokkurn hátt illa við stétt hjúkrunarfræðinga.

Allt er þetta mál þó þess eðlis og þannig vaxið að nauðsynlegt er að gripið verði til þeirra ráðstafana að koma í veg fyrir þann skort sem er á hjúkrunarfræðingum.

[18:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það fram að auðvitað sinna hjúkrunarfræðingar hjúkrun fyrst og fremst.

Ég gat þess ekki í fyrra svari mínu að nú eru á annað hundrað hjúkrunarfræðingar í framhaldsnámi og það kemur auðvitað þungt niður á sjúkrahúsunum á meðan á því stendur. En ég á von á því að með vorinu skáni ástandið.

Hv. þm. Katrín Fjeldsted spurði hvort það væri ekki rétt að sjúkraliðar gætu starfað undir stjórn lækna. Það er þannig í nokkrum tilvikum. Það er ekki almennt en það er þannig í nokkrum tilvikum.

Eins og ég sagði áðan er verið að auka menntun sjúkraliða. Það hefur verið að gerast á undanförnum árum og þeir hafa í vaxandi mæli verið í ýmsum sérhæfðum störfum.

Vísindasiðanefnd.

Fsp. HG, 507. mál. — Þskj. 819.

[18:11]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég flyt hér stutta fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um vísindasiðanefnd. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hefur ráðherra skipað í vísindasiðanefnd, sbr. lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, fulltrúa sem jafnframt eiga sæti í vísindaráði (Scientific Board) deCODE Genetics Ltd.?"

Ástæðan fyrir þessari fsp. er sú að ganga úr skugga um hvort það geti verið að hagsmunaárekstrar séu fyrirliggjandi í þessu mikilsverða máli. Sem kunnugt er starfar vísindasiðanefnd samkvæmt lögum frá 1997 um réttindi sjúklinga og

um hana gildir sérstök reglugerð, reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði sem tekur til starfa nefndarinnar. Sú reglugerð var sett 4. júlí 1997 og samkvæmt henni skipar heilbr.- og trmrh. sjö manna vísindasiðanefnd til fjögurra ára í senn til að fjalla um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Síðan eru raktir tilnefningaraðilar, en einn skal skipaður af heilbr.- og trmrh. án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

Ég hef skrá yfir þá sem nú eru í vísindasiðanefnd og vil aðeins fara yfir hana. Þar er formaður Guðmundur Þorgeirsson yfirlæknir, skipaður af ráðherra, og Karl G. Kristinsson læknir, varaformaður. Af læknadeild er tilnefndur Reynir Tómas Geirsson prófessor, og til vara Gunnar Sigurðsson prófessor. Af Siðfræðistofnun er tilnefndur Mikael M. Karlsson og til vara Ástríður Stefánsdóttir læknir. Af Læknafélagi Íslands er tilnefndur Tómas Helgason, fyrrverandi prófessor, og til vara Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir. Af lagadeild er tilnefndur Björn Þ. Guðmundsson prófessor og til vara Davíð Þór Björgvinsson prófessor. Af Félagi ísl. hjúkrunarfræðinga er tilnefnd dr. Auðna Ágústsdóttir og til vara dr. Kristín Björnsdóttir dósent og af Líffræðistofnun er tilnefndur Einar Árnason prófessor og til vara Halldór Þormar prófessor.

Þetta eru þeir sem nú sitja í vísindasiðanefnd. Mér hefur virst af göngum sem ég hef handa á milli að það geti verið að eitthvað skarist í þessum efnum og auðvitað er nauðsynlegt að átta sig á því, því að samkvæmt 12. gr. laga um miðlægan gagnagrunn skal nefndin sem sér um starfrækslu gagnagrunns reglulega senda vísindasiðanefnd skrá um allar fyrirspurnir sem gerðar er í gagnagrunninn ásamt upplýsingum um fyrirspyrjendur. Þess utan hefur hún almennu vöktunarhlutverki að gegna og er því lykilaðili ásamt tölvunefnd í þessum málum.

[18:14]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spyr um vísindasiðanefnd. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. er formaður vísindasiðanefndar, sem starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, Guðmundur Þorgeirsson, dósent og yfirlæknir á Landspítalanum. Hann á einnig sæti í vísindalegri ráðgjafarnefnd Íslenskrar erfðagreiningar.

Með fsp. virðist gefið til kynna að seta í vísindalegri ráðgjafarnefnd Íslenskrar erfðagreiningar samræmist ekki setu í vísindasiðanefnd. Það er að mínu mati röng túlkun. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 449/1997, er heilbr.- og trmrh. ætlað að skipa sjö manna vísindasiðanefnd til fjögurra ára í senn til að fjalla um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Sex nefndarmanna eru skipaðir eftir tilnefningu og varamenn tilnefndir af sömu aðilum. Með tilnefningu er ætlunin að tryggja að þeir sem sæti eigi í vísindasiðanefnd hafi tengsl við þær stofnanir sem stunda rannsóknir á heilbrigðissviði hér á landi og þekki vel til þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Hv. þm. taldi sjálfur upp hverjir tilnefna í þessa sex manna nefnd og ég ætla ekki að endurtaka það. Það er augljóslega talinn kostur að þeir sem sæti eiga í vísindasiðanefnd hafi víðtæka þekkingu á rannsóknarviðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar og njóti virðingar og trausts til þess að koma þar víða að verki. Þær hæfu einstaklingar sem skipa vísindasiðanefnd eru flestir virkir í vísindastörfum og hafa þannig mjög sterk tengsl við vísindasamfélagið í landinu. Það er mjög mikilvægt og á engan hátt til þess fallið að draga úr hæfni þeirra að skipa nefndina.

Samkvæmt upplýsingum frá vísindasiðanefnd koma flestar umsóknir til nefndarinnar frá aðilum sem starfa eða stunda nám við Háskóla Íslands og stóru sjúkrahúsin og er það í fullu samræmi við það sem búist var við þegar vísindasiðanefnd var skipuð á grundvelli laganna um réttindi sjúklinga. Við alla meðferð umsókna, sama frá hverjum þær berast, gilda að sjálfsögðu hæfisreglur stjórnsýslunnar. Og það skiptir auðvitað mestu máli að farið sé eftir þeim reglum, sama um hvaða nefndarmann eða umsækjanda er að ræða. Þannig taki nefndarmaður ekki þátt í afgreiðslu umsókna sem viðkomandi á einhvern hlut í.

Ég vona að þetta svar fullnægi þeirri spurningu sem lögð var fram.

[18:17]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að þingheimur hafi gert sér ljóst hvað hér kom fram hjá hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra hefur skipað sem formann vísindasiðanefndar, einstakling sem jafnframt á sæti í vísindaráði Íslenskrar erfðagreiningar. Þarna er um að ræða virtan yfirlækni við Landspítalann, Guðmund Þorgeirsson, og ætla ég honum ekkert misjafnt þó að þessi staðreynd sé dregin hér fram enda ábyrgðin á hendi hæstv. ráðherra sem skipar viðkomandi formann.

Í ljósi þess sem kom fram hjá ráðherra tel ég að haldið hafi verið gersamlega óhæfilega á þessu máli. Hér er verið að skipa formann vísindasiðanefndar sem hefur hlutverki að gegna, mjög mikilvægu hlutverki, í sambandi við lögin um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, sem ætlað er að vera vöktunaraðili þess að allt fari fram eftir settum reglum og kröfum um rétta siðu, að siðfræðilegra viðhorfa sé gætt. Og þá er sama aðilanum og á sæti í vísindalegu ráði deCODE Genetics eða Íslenskrar erfðagreiningar ætlað að fjalla sem formaður vísindasiðanefndar um þau fjölmörgu atriði sem hljóta að koma inn á borð nefndarinnar frá deCODE Genetics.

Þetta eru slíkir starfshættir af hálfu hæstv. ráðherra að ég á satt að segja engin orð yfir það að hæstv. ráðherra skuli koma hér og verja þessa gjörð sína í staðinn fyrir að lýsa því yfir að þessi gjörningur verði leiðréttur við fyrsta tækifæri á einhvern þann hátt sem viðunandi getur talist, einmitt í ljósi þeirra sjálfsögðu reglna sem hæstv. ráðherra nefndi í lok svars síns.

[18:20]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Þó að ég geti tekið undir þau orð fyrirspyrjanda að gæta þurfi hlutleysis og yfirsýnar í máli sem þessu þá langar mig samt að koma upp og verja þann einstakling sem þarna um ræðir sem valinkunnan sæmdarmann. Af kynnum mínum við hann verð ég að segja að hann er alveg fær um að aðgreina þessa hagsmuni.

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hv. 4. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir.

[18:22]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Vegna orða síðasta hv. þm. þá vil ég endurtaka það sem kom fram í máli mínu að ég væri ekki að vega að þeim einstaklingi sem í hlut ætti. Seta hans sem formanns vísindasiðanefndar er á ábyrgð hæstv. heilbrrh.

sem vitandi um þessa stöðu hefur skipað viðkomandi einstakling formann vísindasiðanefndar og hefur ekki boðað neinar breytingar á því.

[18:22]

Útbýting þingskjala:

Bann við uppsögnum starfsmanna vegna fjölskyldu-ábyrgðar, 582. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 965.

Reynslusveitarfélög, 583. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 966.

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, 581. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 964.

Tengsl heilbrigðisstétta við rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Fsp. HG, 508. mál. — Þskj. 820.

[18:23]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ber fram fsp. til hæstv. heilbrrh. um tengsl heilbrigðisstétta við rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði. Fsp. er í tveimur liðum svohljóðandi:

„1. Er heilbrigðisráðuneytið undir það búið að útiloka frá aðild að undirbúningi og framkvæmd við gerð gagnagrunns á heilbrigðissviði alla þá starfandi lækna og aðra innan heilbrigðisstétta sem starfa við heilbrigðisstofnanir eða sjálfstætt og kunna að hafa bein eða óbein hagsmunatengsl við væntanlegan rekstrarleyfishafa gagnagrunnsins, sbr. lög nr. 139/1998?

2. Mun ráðuneytið upplýsa almenning um hvaða læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafna að afhenda trúnaðarupplýsingar um sjúklinga sína í gagnagrunn á heilbrigðissviði þannig að sjúklingur viti fyrir fram hvers vænta megi í því efni (undanskilið er að sjúklingurinn geti sjálfur óskað skriflega eftir þátttöku í grunninum)?"

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða lykilatriði varðandi persónuvernd í sambandi við söfnun upplýsinga inn í miðlægan gagnagrunn og aðstöðu einstaklinga til þess að gæta réttar síns. Persónuvernd er eitt af því sem harðast var gagnrýnt, a.m.k. af þeim sem hér talar, í sambandi við frv. á sínum tíma og nú lögin um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Virðulegur forseti. Ég get í þessu sambandi vísað til erindis sem Mannvernd setti fram og kynnti fyrir hæstv. forsrh. nýlega og vafalaust einnig fyrir hæstv. heilbrrh. sem ákveðið sáttaboð í þeim hörðu deilum sem enn eru uppi um þessa lagasetningu og ekki síst að teknu tilliti til persónuverndar. Þar er einmitt vikið að hinu viðkvæma trúnaðarsambandi milli læknis og sjúklings, sem einnig varðar að sjálfsögðu aðrar heilbrigðisstéttir sem í hlut gætu átt. Vegna þessa máls og þessarar stöðu er fsp. hér fram borin. Ég vænti skýrra svara frá hæstv. ráðherra.

[18:26]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur lagt fram fsp. um tengsl heilbrigðisstétta við rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði. Fyrri spurning fsp. hljóðar svo:

„Er heilbrigðisráðuneytið undir það búið að útiloka frá aðild að undirbúningi og framkvæmd við gerð gagnagrunns á heilbrigðissviði alla þá starfandi lækna og aðra innan heilbrigðisstétta sem starfa við heilbrigðisstofnanir eða sjálfstætt og kunna að hafa bein eða óbein hagsmunatengsl við væntanlegan rekstrarleyfishafa gagnagrunnsins, sbr. lög nr. 139/1998?"

Heilbrrn. mun að sjálfsögðu í þessu máli sem öðrum gæta þess að aðilar sem hagsmuna eiga að gæta taki ekki þátt í ákvörðunum sem varðað geta hagsmuni þeirra.

Svo sem þingmanninum er ljóst hefur ekki verið auglýst eftir umsóknum um rekstrarleyfi en það verður gert á næstu vikum. Undirbúningur málsins er í fullum gangi, bæði í ráðuneytinu og hjá landlæknisembættinu og verður þess að sjálfsögðu gætt að enginn taki þátt í ákvörðunum sem varðað geta hagsmuni þeirra.

Síðari spurning hv. þm. er svohljóðandi:

„Mun ráðuneytið upplýsa almenning um hvaða læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafna að afhenda trúnaðarupplýsingar um sjúklinga sína í gagnagrunn á heilbrigðissviði þannig að sjúklingur viti fyrir fram hvers vænta megi í því efni (undanskilið er að sjúklingurinn geti sjálfur óskað skriflega eftir þátttöku í grunninum)?"

Svarið við því er að ekki hefur verið tekin ákvörðun um sérstaka kynningu á því hvaða heilbrigðisstofnanir eða heilbrigðisstarfsmenn gera ekki samning við rekstrarleyfishafa um þátttöku í gagnagrunni á heilbrigðissviði, enda má gera ráð fyrir að alllangur tími líði þar til á það reynir.

[18:28]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það er ljóst að ráðuneytinu verður talsverður vandi á höndum þegar reynt verður að greiða úr þessum málum því að vitað er að fjölmargir læknar eru ósáttir við að láta gögn af hendi í gagnagrunn. Mjög margir þeirra eru þeirrar skoðunar að til þess að það verði gert þurfi upplýst samþykki sjúklinga. Þetta vita þingmenn og ráðherrann náttúrlega manna best.

Það er óleyst mál hvernig taka má á þessu. En það sem kannski hefur ekki náð inn í umræðuna er hvað gerist ef læknir vill ekki afhenda upplýsingar og telur það brjóta gegn trúnaði en sjúklingurinn óskar eftir því. Þetta er ein hlið málsins sem verður að leysa úr hjá ráðuneytinu.

[18:30]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Í sambandi við þessar umræður um upplýst samþykki vil ég vekja athygli þingheims á svari sem fyrst nú hefur borist við fsp. sem sá sem hér stendur lagði fram fyrir jól. Í því svari kemur fram að upplýsingar eru látnar ganga úr sjúkraskrám heilbrigðisstofnana til Krabbameinsfélags Íslands og þessar upplýsingar eru nýttar til skýrslugerðar, hafa verið samkeyrðar með öðrum gagnagrunnum, svo sem ættfræðilegum grunnum. Þetta hefur alltaf verið gert án upplýsts samþykkis. Ég hvet þingmenn til þess að kynna sér þetta svar vegna þess að það varpar mjög skýru ljósi á það hvernig farið hefur verið með upplýsingar úr sjúkraskýrslum hingað til og hversu mikil hætta er á því að ef menn setja mjög strönga ákvæði um þetta, um upplýst samþykki, þá muni það einnig hefta starfsemi Krabbameinsfélagsins og annarra þeirra sem vinna úr slíkum upplýsingum.

[18:31]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í þessu og tek undir orð hv. þm. Katrínar Fjeldsted um það að stjórnvöldum er sannarlega mikill vandi á höndum við að greiða úr þeim gífurlegu flækjum

sem augljóslega verða uppi í sambandi við gerð miðlægs gagnagrunns samkvæmt lögunum.

Ég vil jafnframt í framhaldi af orðum síðasta hv. þm., Tómasar Inga Olrichs, nefna það að þingmaðurinn er hér að klifa á atriðum sem eru óskyld því sem við erum að fjalla um hér og komu mikið til umræðu í sambandi við frv. um miðlægan gagnagrunn, þar sem verið er að gera tortryggilegt það sem gerist á vegum Krabbameinsfélagsins lögum samkvæmt og verið að draga úr gildi upplýsts samþykkis í sambandi við þær rannsóknir sem stunda á eftir lögunum um miðlægan gagnagrunn.

Um svar hæstv. ráðherra, varðandi fyrri liðinn, um það hvort ráðuneytið sé undir það búið að útiloka frá aðild þá sem eru í hagsmunaárekstrum, vil ég segja að ég þakka þau viðbrögð að ráðuneytið muni að sjálfsögðu í þessu máli sem öðrum ekki taka þátt í ákvörðunum þar sem hagsmunaárekstrar eru. Þetta er efnilega það sem ég skildi af svari hæstv. ráðherra. En spurningin er: Gerir hæstv. ráðherra ráð fyrir því að auðvelt verði að fá upplýsingar um þessi hagsmunatengsl? Hvernig ætlar ráðuneytið að nálgast þær upplýsingar?

Varðandi seinni lið fsp. þá er það auðvitað mjög mikils virði fyrir sjúklinga að vita hvaða læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafna því að afhenda trúnaðarupplýsingar. Eins og fram kemur í fsp. sjálfri er undanskilið það atriði ef sjúklingurinn sjálfur óskar skriflega eftir. Fyrir því er séð í sjálfum lögunum. Þetta nefni ég hér vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted.

Í þessari umræðu sjáum við inn í þann frumskóg hagsmunaárekstra sem augljóslega verða til staðar þegar kemur að framkvæmd laganna. En skrifleg svör við fimm öðrum fyrirspurnum um þessi mál eru væntanlega á leiðinni frá hæstv. ráðherra.

[18:33]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Auðvitað er hér um mjög flókið og viðamikið mál að ræða og aldrei hefur verið dregin dul á það. Ég tel að þarna hafi mjög vandað mál verið lagt var fyrir þingið og í framhaldi af því hefur farið fram mjög vönduð vinna.

Hv. þm. spurði nokkurra spurninga sem hann hefur þegar fengið svör við og fleiri spurningar eru í spurningavagni hans í heilbrrn. sem hann fær að sjálfsögðu svör við. Ég minni á að ekki er búið að gefa starfsleyfi. Það á eftir að auglýsa starfsleyfið. En starfrækslunefnd hefur tekið til starfa og ég tel að mjög vel hafi tekist til um uppbyggingu hennar og það er lykillinn að framhaldinu. Þetta mál er því allt saman mjög vel unnið og verður áfram vel unnið.

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hv. 5. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[18:35]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég vil gera mjög alvarlega athugasemd við þau orð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að það hafi verið tilgangur minn með ræðuflutningi við gagnagrunnsumræðuna og raunar líka með fsp. minni, sem ég lagði fyrir hæstv. heilbrrh., að gera starf Krabbameinsfélagsins tortryggilegt. Ég tók það afar skýrt fram í öllum mínum ræðum að ég teldi að með óbilgjarnri kröfu um upplýst samþykki, þegar upplýsingar úr sjúkraskrám væru endurnýttar til rannsókna, þá væri verið að setja starf Krabbameinsfélagsins í hættu. Ég lagði alltaf mikla áherslu á að starf Krabbameinsfélagsins væri afar mikils virði og að ekki mætti skaða það starf. Þessar aðdróttanir eru því afar sérkennilegar og ég velti fyrir mér undan hvaða rótum þær eru runnar.

Ofbeldi gegn gömlu fólki.

Fsp. KÁ, 518. mál. — Þskj. 832.

[18:36]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Það eru nokkur ár síðan ég frétti af því að hafin var rannsókn á ofbeldi gegn gömlu fólki í Noregi. Þá uppgötvaði ég að til var enn eitt form ofbeldis í samfélaginu sem farið hefur ákaflega leynt og hefur mjög lítið verið rætt hér á landi. Síðan hef ég fylgst með umræðunni og jafnan spurt starfsmenn í öldrunarþjónustu um ofbeldi gegn gömlu fólki þegar tækifæri hefur gefist til. Þeir hafa sagt mér að slíkt ofbeldi sé til staðar hér á landi.

Í umræðu um ofbeldi gegn gömlu fólki er ekki átt við árásir eða rán á götum úti heldur ofbeldi sem á sér stað inni á heimilum eða á stofnunum og þar sem makar en þó einkum börn eða ættingjar viðkomandi eru gerendur. Íslenskur félagsfræðingur sem tók þátt í samnorrænni könnun á stöðu gamalla kvenna á Norðurlöndum sagði mér að þar hefði komið fram að gamlar íslenskar konur væru ekki eins hræddar við ofbeldi og jafnöldrur þeirra á hinum Norðurlöndunum. Hvað það merkir skal ósagt látið hér.

Mig fýsir að vita hvaða upplýsingar liggja hjá heilbrigðisyfirvöldum hér á landi um ofbeldi gegn gömlu fólki og því spyr ég hæstv. heilbrrh.:

„1. Hafa heilbrigðisyfirvöld staðið fyrir könnun á umfangi og eðli ofbeldis gegn gömlu fólki þar sem makar eða skyldmenni eru gerendur?

2. Ef slík könnun hefur ekki farið fram, er fyrirhugað að gera hana?

3. Hafa einstakar heilbrigðisstofnanir, svo sem elli- eða hjúkrunarheimili, gert slíkar kannanir meðal vistmanna sinna og skjólstæðinga?

4. Hafa ráðuneytinu borist upplýsingar um ofbeldi gegn gömlu fólki, í heimahúsum eða á stofnunum, eða kærur vegna þess á undanförnum fimm árum?“

[18:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spyr um ofbeldi gagnvart gömlu fólki og spyr um hvort gerð hafi verið sérstök könnun þar að lútandi. Slík könnun hefur ekki verið gerð og ljóst er að nokkurrar forvinnu er þörf áður en könnun af þessu tagi getur farið fram svo hún komi að gagni.

Ráðuneytið hefur haft samband við öldrunardeild Reykjavíkurborgar varðandi slíka vinnu og hugsanlegt samstarf. Fræðsla um þessi efni hefur þegar farið fram í heimaþjónustu í Reykjavík og fræðsla um hvaða einkenni geta komið fram ef fullorðið fólk er beitt ofbeldi. Starfsmenn þurfa nokkra þjálfun áður en slík könnun verður gerð auk stöðlunar á skilgreiningu og hugtökum.

Hv. þm. spyr hvort einstakar heilbrigðisstofnanir, svo sem elli- og hjúkrunarheimili, hafi gert slíkar kannanir meðal vistmanna sinna og skjólstæðinga. Samkvæmt upplýsingum frá formanni Félags stjórnenda á öldrunarstofnunum hefur slík könnun ekki farið fram á stofnunum þeirra.

Að lokum spyr hv. þm. hvort ráðuneytinu hafi borist upplýsingar um ofbeldi gegn gömlu fólki í heimahúsum eða á stofnunum, eða kærur vegna þess á undanförnum fimm árum.

Örfáar kvartanir hafa borist vegna þess að aðstandendum hefur þótt ættingjum sínum misboðið með afskiptaleysi eða of mikilli forsjárhyggju. Kvartanir vegna líkamlegs ofbeldis hafa ekki borist.

Af þessu tilefni vil ég einnig benda á að innan heilbrigðiskerfisins höfum við verið að fikra okkur áfram með kannanir á ofbeldi. Skal þar bent á nýlega könnun um ofbeldi gagnvart heilbrigðisstarfsfólki sem vakið hefur umræðu um hvernig öryggi þeirra verður betur tryggt og er þessi könnun núna í gangi.

Þá vil ég minna á samstarfsverkefni karlanefndar Jafnréttisráðs, heilbrrn., félmrn. og Rauða kross Íslands um meðferð fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum. Sú meðferð er í námskeiðaformi og hafa nú þegar yfir 30 karlar sótt slíkt námskeið. Þeir sem að því standa telja mikils árangurs að vænta af þeim og vegna þeirrar miklu ásóknar sem er í að komast í þessa meðferð hefur verið ákveðið að halda áfram og halda fleiri slík námskeið.

[18:41]

Katrín Fjeldsted:

Forseti. Mér finnst þessi fsp. afar áhugaverð og vekja upp nauðsynlegar umræður. Við höfum rætt heilmikið um ofbeldi gagnvart börnum í okkar þjóðfélagi og vanrækslu á þeim en þarna er þjóðfélagshópur sem vert er að skoða frá þessum sjónarhóli, bæði út frá ofbeldi í heimahúsi en einnig vanrækslu. Það getur verið erfitt að koma auga á vanrækslu. Það getur verið vanræksla hvað varðar næringu, hvað varðar of miklar eða of litlar lyfjagjafir. Þetta ofbeldi getur verið í svo fjölbreyttri mynd. Ég hvet til þess að sú könnun sem fyrirspyrjandi leggur til verði gerð og að heilbrrn. beiti sér fyrir því.

[18:42]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseta. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þær spurningar sem hún lagði fram. Í framhaldi af því sem hv. 16. þm. Reykv. kom inn á varðandi ofbeldi, þá getur það legið í fjölmörgu öðru en því sem ætla má að hér sé verið tala um, þ.e. líkamlegt ofbeldi eða andlegt. Kem ég þá kannski að því að ég hef í nokkur ár flutt þáltill. um umboðsmann aldraðra, en til hans gæti leitað starfsfólk öldrunarstofnana vegna ofbeldis sem kannski felst í því að krafist er eignaumskipta, ef ættingjar krefjast jafnvel umráðaréttar yfir fjármunum. Þess eru jafnvel dæmi að leitað hafi verið til starfsfólks á öldrunarheimilum eða hjúkrunarheimilum og það beðið um vottun á gögn vegna fjármála eða vegna eignaskipta. Málið er umfangsmikið, mjög flókið og mjög erfitt en vissulega er full ástæða til þess að ráðuneytið og hæstv. heilbrrh. taki á því og leggi nokkra vinnu í það að greiða úr þessu vandamáli sem er mjög víðfeðmt.

[18:44]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Um leið og ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin vil ég segja að auðvitað er það rétt sem hér hefur komið fram að ofbeldi gagnvart gömlu fólki getur verið mjög víðtækt. Ég man sjálf eftir að hafa heyrt um dæmi af þeim toga sem hv. síðasti ræðumaður nefndi, þar sem gömul kona hafði verið þvinguð til að selja eignir sínar og þar átti sonur hennar í hlut. Það vill oft verða svo að völdin eru einfaldlega tekin af gömlu fólki. En það sem ég er fyrst og fremst að fiska eftir og finnst að þurfi að skoða sérstaklega er ekki síst líkamlegt og andlegt ofbeldi sem einkum nánustu ættingjar beita gamalt fólk. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að það þarf að fræða fólk um þetta, það þarf að finna leiðir til að kanna þetta því að það er ábyggilega mjög erfitt að nálgast þetta mál. Eftir því sem norsk kona sem var að rannsaka þetta sagði mér þá var eitt einkennið einfaldlega þegar börn viðkomandi hreinlega misstu stjórn á sér gagnvart foreldri sínu sem var svo erfitt, gamalmenni sem var mjög erfitt viðureignar. Það eru því ákaflega margar hliðar á þessu.

Síðan eru líka til önnur dæmi um börn sem kúga fé af foreldrum sínum og beita þau líkamlegu ofbeldi, t.d. þegar sonur eða dóttir býr með fullorðnu foreldri. Þetta þarf allt að kanna mjög rækilega. Þarna er einfaldlega um að ræða enn eina myndina af ofbeldi sem þrífst í samfélaginu og sem maður hefði ekki ímyndað sér fyrir nokkrum árum að væri til. Þetta þurfum við að kanna í okkar samfélagi eins og í öðrum löndum. Vonandi er þetta minna hér en annars staðar. En því miður hef ég staðfest dæmi um að slíkt ofbeldi er til staðar.

Stefnumótun í málefnum langveikra barna.

Fsp. JóhS, 553. mál. — Þskj. 892.

[18:47]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina hér fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um stefnumótun í málefnum langveikra barna. Tilefni þessarar fyrirspurnar er það að á síðasta þingi var lögð fram till. til þál. um stefnumótun í málefnum lagsjúkra barna. Flm. ásamt mér voru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Jón Kristjánsson. Efni þeirrar tillögu var að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda stefnu í málefnum langsjúkra barna og í því skyni átti að skipa nefnd með aðild ráðuneyta heilbrigðis-, félags- og menntamála og fulltrúum samtaka um málefni langsjúkra barna. Nefndinni var falið að leggja mat á hvort þörf væri sérstakrar löggjafar um réttindi langsjúkra barna eða hvort fella ætti þann hóp undir gildissvið laga um málefni fatlaðra.

Um þessa tillögu náðist mjög víðtæk samstaða á þingi og flm. voru úr öllum flokkum, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, og náðist um það breið samstaða að samþykkja tillöguna og var hún samþykkt á Alþingi 2. júní á síðasta ári. Í henni kom fram að niðurstöðu og nauðsynlegt lagafrv. átti að leggja fyrir Alþingi í upphafi árs 1999.

Ég held að mjög mikilvægt sé að marka stefnu í málefnum langsjúkra barna. Langsjúk börn þurfa margháttaða, fjölbreytta og sérhæfða þjónustu sem heyrir undir mörg ráðuneyti. Má þar nefna heilbrrn., félmrn. og menntmrn. Ég hygg að þessi börn og aðstandendur þeirra hafi goldið fyrir það að málefni þeirra heyra undir mörg ráðuneyti og vantar því alla samræmingu varðandi þjónustu fyrir langveik börn. Ég hef stundum líkt þessu við málefni fatlaðra sem var raunverulega ekki tekið á fyrr en í kringum árið 1980 með löggjöf þar sem einmitt var lögð áhersla á samræmingu hjá hinum ýmsu ráðuneytum sem fjölluðu um það mál. En réttarstaða þessara barna er mjög óljós, eins og ég segi, og það vantar að tryggja

sjúkum börnum og aðstandendum þeirra fullnægjandi og samræmda þjónustu á sviði félags-, heilbrigðis-, dagvistar- og skólamála.

Herra forseti. Eftir því sem ég komst næst var nefndin sem falið var að fara yfir stöðu þessara mál og leggja fram tillögur til úrbóta ekki skipuð fyrr en í desember sl. Samkvæmt tillögunni átti að leggja fram úrbætur í upphafi þessa árs. Nú er sá tími liðinn. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. ráðherra:

Hvað líður undirbúningi að heildstæðri og samræmdri stefnu í málefnum langveikra barna en niðurstöður stjórnskipaðrar nefndar og nauðsynlegar lagabreytingar átti að leggja fyrir Alþingi í upphafi árs 1999?

[18:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Nefndin er þannig skipuð að Matthías Halldórsson aðstoðarlæknir var skipaður formaður og aðrir í nefndinni eru Ingibjörg Georgsdóttir, tryggingalæknir í læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins, Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir, lögfræðingur sjúkra- og slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, Stefán Baldursson, skrifstofustjóri menntmrn., Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félmrn., Þorsteinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Styrktarsjóðs krabbameinsveikra barna og Esther Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju.

Þó svo að nefndin hafi ekki unnið lengi þá hefur hún unnið mjög gott starf og aflað viðamikilla upplýsinga og fyrir liggja drög að ítarlegri skýrslu, úrræði á því er varðar almannatryggingamál, félagsmál, heilbrigðismál og menntamál. Nefndin hefur þegar mótað tillögur um breytingar sem sumar kalla á breytingar á lögum og reglugerðum en aðrar ekki. Nefndin reiknar með því að skila fullbúnum tillögum síðari hluta næsta mánaðar. Í nefndinni er saman kominn hópur okkar færustu sérfræðinga, fagfólks og aðstandenda sem hafa unnið að málefnum langveikra barna og hafa þau þegar unnið mjög gott verk.

Hins vegar er hér að mörgu að hyggja þar sem í hópi langveikra barna eru einstaklingar með mjög mismunandi þarfir enda þótt þeir eigi það sameiginlegt að eiga við langvarandi sjúkdóma að stríða. Ég hef rætt við nefndarmenn sem hafa tjáð mér að ýmislegt muni koma út úr því starfi sem þegar hefur verið innt af hendi.

Nefndarmenn hafa einnig lagt áherslu á að þegar hafi margt áunnist þegar málefni langveikra barna eru annars vegar og að margar tillögur liggi þegar fyrir. Í því ljósi sé hins vegar enn mikilvægara en ella að vinna nú þegar mótaðar og heildstæðar tillögur um þessi mál sem heyra munu undir mörg ráðuneyti þannig að tryggja megi svo sem kostur er að þær verði framkvæmdar.

Tryggingastofnun og heilbrrn. hefur óháð þessu nefndarstarfi sem hér er getið um unnið að ýmsum málum sem varða réttarstöðu langveikra barna. Þannig hefur Tryggingastofnun og ráðuneytið unnið að rýmkun reglna um umönnunarbætur og reglna um ferðakostnað bæði innan lands og utan vegna veikinda barna. Jafnframt hefur verið aukin þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði vegna lífsnauðsynlegrar næringar fyrir ofnæmisbörn og fleiri sem þurfa á sérstaklega dýrri næringu að halda. Þá hafa líka verið gerðar úrbætur hvað varðar þjálfun barna á forskólaaldri, sérstaklega talþjálfun, sem Tryggingastofnun greiðir kostnað við að hluta, og fæðingarorlof sem verður lengt vegna veikinda barna.

Auk þess hefur endurgreiðsla verið aukin í tannlæknakostnaði fyrir langveik börn og bílalán Tryggingastofnunar fyrir þá er njóta umönnunargreiðslna.

Af þessu má sjá að umtalsverð framfaraskref hafa verið tekin á undanförnum missirum að því er varðar langveik börn sérstaklega. Og síðast en ekki síst skal á það bent að með bættum aðbúnaði á nýjum barnaspítala munu aðstæður langveikra barna og aðstandenda þeirra styrkjast verulega.

En hv. þm. hefur nú þegar talið upp þá ágætu þingmenn sem stóðu að þessari þáltill. og ég tel að þeir eigi þakkir skildar fyrir að leggja hana fram. Og þó svo að svolítinn tíma hafi tekið að fá tilnefningar í nefndina þá tel ég aðalatriðið vera að hún er mjög vel skipuð.

[18:55]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Það er alveg ljóst að nefndin hefur haft mjög stuttan tíma til þess að fjalla um málið og þessa stefnumótun. Það ber auðvitað að harma að í hálft ár hafi dregist að skipa þessa nefnd sem Alþingi samþykkti í júní í fyrra að skyldi strax skipuð og átti hún að skila af sér um síðustu áramót. Það er því ekki fyrr en um það leyti sem hún á að fara að skila af sér að ráðherra skipar nefndina, og ég tel það ámælisvert.

Engu að síður er ég alveg sammála hæstv. ráðherra um að þessi nefnd er mjög vel skipuð og miðað við að hún hefur ekki haft lengri tíma til þess að fjalla um málið þá hefur hún örugglega unnið mjög gott verk. Málið tekur vissulega yfir mörg svið bæði félagsmála, heilbrigðismála, menntamála og tryggingarmála, og ég hefði kosið að ráðherrann hefði eytt einhverjum tíma í að skýra okkur frá því hvað væri á döfinni og hvað væri fram undan í þessum málum vegna þess að hæstv. ráðherra nefndi að tillögur nefndarinnar kölluðu á ýmsar lagabreytingar. Þannig að það segir okkur strax að sýnt er að þessi tillöguflutningur mun skila einhverjum árangri í því að bæta stöðu langveikra barna og það er auðvitað það sem skiptir mestu máli.

Herra forseti. Það hefði að vísu verið mjög æskilegt að ráðherrann hefði skipað nefndina fyrr þannig að við hefðum frá áramótum getað verið að fjalla um stefnumótun í málefnum þessara barna og þær lagabreytingar sem ráðherrann nefndi að lægju á borði nefndarinnar. En við því er ekkert að gera. Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að nefndin hefur haft mjög stuttan tíma til að fjalla um málið. En auðvitað er mikilvægast að þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir geti þingið fjallað um það eins fljótt eins og mögulegt er og að við sammælumst um að hraða því að koma á úrbótum í málefnum þessara barna.

[18:57]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Tilnefningar lágu ekki fyrir fyrr en í lok nóvember. En eins og ég sagði áðan hefur heilbrrn. eða Tryggingastofnun ekki setið auðum höndum þennan tíma því það hafa orðið geysilega miklar úrbætur einmitt varðandi þessi börn. Og eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði koma þarna margir að, öll þessi ráðuneyti, og þá þarf að samræma ýmsa hluti. Það er nefndin að gera. En vegna þess að nefndin hefur ekki lagt neinar tillögur fram enn þá heldur bara kynnt mér munnlega einstaka þætti, þá er ég ekki tilbúin til að kynna þær hér úr ræðustól Alþingis. En eins og ég segi þá höfum við unnið ötullega að því á þessu kjörtímabili að bæta hag langveikra barna.

Löggæslumenn í Kópavogi.

Fsp. MagnM, 506. mál. — Þskj. 818.

[18:59]

Fyrirspyrjandi (Magnús Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég hef hér undir höndum upplýsingar frá lögreglunni í Kópavogi frá 4. febrúar á þessu ári. Þar kemur fram að málafjöldi hjá þeirri stofnun var á árinu 1998 samkvæmt skrá lögreglunnar 4.917 mál, sem er að meðaltali 13,4 á dag. Í Kópavogi er ástandið þannig að fjöldi íbúa á hvern lögreglumann er nú 855 en fjöldi íbúa á hvern lögreglumann samkvæmt landsmeðaltali er nú 493, og eru þá taldir með þeir lögreglumenn sem starfa hjá sýslumannsembættunum og lögreglustjóraembættinu í Reykjavík.

Kostnaður við rekstur lögreglunnar í Kópavogi er um 4.815 kr. á íbúa en samkvæmt landsmeðaltali er kostnaður á íbúa talsvert hærri eða milli 8 og 9 þús. kr. Íbúafjöldi í Kópavogi var 1. des. 1998 21.376 en í lögregluliði Kópavogs starfa nú 25 lögreglumenn.

Við fjárlagagerð undanfarinna ára hefur verið farið fram á fjölgun lögreglumanna en ekki hefur fengist samþykkt fyrir því. Því var það svo að bæjarráð Kópavogs sendi frá fundi sínum 4. febr. 1999 eftirfarandi bókun, með leyfi forseta:

„Bæjarráð samþykkir að beina þeirri áskorun til dómsmálaráðherra að fjölga löggæslumönnum í Kópavogsbæ. Í dag eru 855 íbúar á hvern starfandi löggæslumann í bæjarfélaginu, en landsmeðaltal er 493 íbúar á hvern löggæslumann. Fjöldi stöðugilda hjá sýslumannsembættinu hefur haldist óbreyttur í nær tíu ár á meðan íbúum bæjarins hefur fjölgað um sex þúsund manns."

Því beini ég fyrirspurn minni, í framhaldi af þessu sem vakti athygli mína, til dómsmrh. um löggæslumenn í Kópavogi:

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við áskorun bæjaryfirvalda í Kópavogi um fjölgun löggæslumanna þar í bæ og þeirri staðreynd að fjöldi þeirra hefur staðið í stað síðasta áratuginn á meðan íbúum bæjarins hefur fjölgað um fjörutíu af hundraði?

[19:01]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í framhaldi af erindi bæjarráðs Kópavogs, sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, óskaði ráðuneytið eftir umsögn ríkislögreglustjóra, sem fer með yfirstjórn löggæslu í landinu í umboði dómsmrh., um þetta efni. Umsögn ríkislögreglustjóra barst ráðuneytinu í lok febrúarmánaðar. Þar kemur fram að þær tölur sem nefndar eru í áskorun bæjarráðs eru réttar en jafnframt tekið fram að af 27 lögreglustjóraembættum í landinu eru 10 embætti með fleiri en 600 íbúa á bak við hvern lögreglumann, þar af átta með fleiri en 700 íbúa og fjögur með fleiri en 800 íbúa að baki hverjum lögreglumanni. Staða mála í Kópavogi er því ekki einsdæmi að þessu leyti.

Ríkislögreglustjóri lætur það álit í ljós að þegar litið er til fjölda lögreglumanna í Kópavogi og Hafnarfirði beri að hafa í huga að þessi lögreglulið starfa við hlið fjölmennasta lögregluliðs landsins, lögreglunnar í Reykjavík, en stöðuheimildir lögreglumanna þar eru 289. Reynslan sýnir að auðvelt er fyrir þessi lögreglulið að fá skjóta aðstoð frá lögreglunni í Reykjavík hvenær sem er enda byggðarlögin nánast samgróin.

Í Reykjavík eru 411 íbúar á bak við hvern lögreglumann. Ríkislögreglustjórinn lítur svo á að þessir lögreglumenn nýtist jafnframt Kópavogi og Hafnarfirði þegar á þurfi að halda. Ef lagður er saman íbúafjöldi í Kópavogi og Reykjavík og síðan fjöldi lögreglumanna á þessum stöðum kemur í ljós að íbúafjöldi á bak við hvern lögreglumann á svæðinu yrði 446 eða talsvert fyrir neðan landsmeðaltal. Ef Hafnarfirði væri bætt við yrði fjöldi íbúa á bak við hvern lögreglumann 477 sem er einnig neðan við landsmeðaltal.

Hins vegar segir í umsögn ríkislögreglustjóra að ef eingöngu er borinn saman fjöldi lögreglumanna í Kópavogi og Hafnarfirði að fjölga þyrfti lögreglumönnum um fjóra í Kópavogi ef gæta ætti samræmis við Hafnarfjörð.

Í niðurlagi umsagnar ríkislögreglustjóra kemur fram það mat að nægjanlega margir lögreglumenn séu á Stór-Reykjavíkursvæðinu í heild sinni og því ekki sérstök ástæða til fjölgunar lögreglumanna þar. Hins vegar megi geta þess að vert væri að kanna hvort forsendur væru fyrir hendi fyrir samnýtingu eða jafnvel sameiningu lögregluliðanna í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Ríkislögreglustjóri telur að ætla megi að endurskipulagning á stjórn löggæslunnar og lögregluumdæmum mundi leiða til þess að löggæsla á svæðinu efldist. Í því sambandi megi nefna meiri samnýtingu mannaflans, tækja og búnaðar. Þá gæti slík breyting einnig haft áhrif til meiri samnýtingar vegna símsvörunar og stjórnunar fyrir allt svæðið sem gerði það væntanlega að verkum að fleiri lögreglumenn en ella yrðu tiltækir við störf úti við í stað afgreiðslu inn á við. Það hefur verið stefna ríkislögreglustjórans að reyna að breyta áherslum í starfsemi lögreglu í þá veru að sem flestir lögreglumenn vinni við bein löggæsluverkefni og skrifstofufólk sinni skrifstofustörfum en ekki lögreglumenn.

Niðurstaða þessarar athugunar ríkislögreglustjóra er einfaldlega sú að á höfuðborgarsvæðinu öllu er eðlilegur fjöldi lögreglumanna. Við úrlausn á því verkefni sem hér er spurst fyrir um liggur fyrst og fremst fyrir að huga að skipulagslegum breytingum og nánari samvinnu og samstarfi lögregluembættanna sem í hlut eiga.

[19:05]

Fyrirspyrjandi (Magnús Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra skýr svör. Ég skildi hann á þá leið að fyrir dyrum væri allsherjaruppstokkun á löggæslumálum á Stór-Reykjavíkursvæðinu þar sem stefnt yrði að meiri samnýtingu lögregluliðsins en hingað til hefur verið.

Við verðum að skoða þetta í samhengi við ástandið eins og það er í dag. Kópavogur er annað stærsta sveitarfélag landsins og hefur vaxið gríðarlega hratt á síðasta áratug og kannski eðlilegt að menn hafi ekki náð að halda alveg í við þann mikla vöxt. Það er annað sem einkennir Kópavog nú, sem svæði sem byggst hefur mjög hratt upp á undanförnum árum, að þar er mikið af ungu fólki og reynslan hefur sýnt okkur að á slíkum svæðum er oft hætta á meiri erfiðleikum en ella og jafnvel þörf á meiri afskiptum lögreglu og meira lögregluliði.

Síðan er náttúrlega heimspekileg spurning sem þarf að velta fyrir sér: Hver er rétt íbúatala að baki hverjum lögreglumanni? Það er spurning hvort „optimal-talan", ef ég má nota það orð, er í kringum 400, eins og gefið er í skyn í umsögn ríkislögreglustjóra. En ég veit að yfirvöld á þessu svæði hafa áhyggjur af málinu og ég tel rétt að brugðist sé við þeim áhyggjum og vona að þetta svar hæstv. dómsmrh. í dag gefi fyrirheit um betri tíð.

[19:07]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið athygli á málinu og umræður um það eru mikilvægar og nauðsynlegar. Það er líka óhjákvæmilegt að horfa á málefni af þessu tagi í heild sinni. Við erum með mjög fjölmennt lögreglulið á höfuðborgarsvæðinu öllu og það er brýnt, þegar við tökumst á við verkefni af þessu tagi, að við leitum fyrst að skipulagslegum lausnum þegar fyrir liggur að hægt er að finna þær áður en menn taka ákvarðanir um að fjölga ríkisstarfsmönnum og verður unnið að því af hálfu dómsmrn. að finna lausnir á þessu í þeim farvegi.

Áfengiskaupaaldur.

Fsp. JóhS, 552. mál. — Þskj. 891.

[19:08]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Á síðasta þingi urðu nokkrar umræður í þingsal og í hv. allshn. um áfengiskaupaaldurinn í tengslum við frv. sem þá lá fyrir allshn. um breytingar á áfengislögum. Niðurstaðan í allshn. varð sú að leggja til að við ákvæði til bráðabirgða í áfengislögunum kæmi ákvæði sem fæli í sér að dómsmrh. átti þegar í stað að skipa sex manna nefnd sem hefði það verkefni að kanna hvort æskilegt væri að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Nefndin átti samkvæmt frv., sem varð að lögum, að gera grein fyrir viðfangefni sínu af hlutleysi. Hún átti m.a. að kanna þætti eins og að skilgreina kosti og galla breytinga á áfengiskaupaaldri, kanna reynslu annarra þjóða í því efni, kanna hvernig efla þyrfti forvarnir og eftirlitsstarf til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga, ef af yrði, og hvernig standa ætti að þeim undirbúningi og meta áhrif þess til lengri og skemmri tíma að færa áfengiskaupaaldurinn niður í 18 ár og meta hvort rétt væri að færa áfengiskaupaaldurinn tímbundið niður í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga og í lokin að meta hvort rétt væri að skoða samhliða slíkri breytingu að færa aldur til ökuleyfis úr 17 í 18 ár.

Þetta frv. með þessu ákvæði til bráðabirgða varð að lögum 5. júní á síðasta ári og skal niðurstaða nefndarinnar og skýrsla um starf hennar að vera lögð fyrir Alþingi í upphafi næsta þings, eins og þar stendur, eða með öðrum orðum hefði átt að leggja fram niðurstöður og tillögur nefndarinnar fram á Alþingi á sl. hausti.

Þar sem þingstörfum verður væntanlega lokið á næstu dögum og er spurt um hvað líði störfum þessarar nefndar og hverjar séu helstu niðurstöður nefndarinnar.

[19:10]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Því miður fór það svo að það dróst um nokkurra mánaða skeið að leita eftir tilnefningum og skipa nefndina og því hefur dregist að hún kæmi með niðurstöður. En nefndin er að störfum og vinnur að tillögum um það efni sem henni var falið að kanna. En niðurstöður liggja ekki enn fyrir.

Ljóst er að álitaefni það sem hér um ræðir hefur margar hliðar sem þarf að skoða mjög nákvæmlega eins og hv. fyrirspyrjandi gat um þegar vitnað var til þeirra forsendna og forskriftar sem nefndinni var falið af Alþingi á liðnu vori. Málið er þess vegna nokkuð flókið úrlausnarefni.

Það er einsýnt að mínu mati að þá verður ekki hrapað að niðurstöðu og með hliðsjón af þeirri staðreynd hefur nefndin aflað gagna mjög víða, bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Verið er að kanna erlenda löggjöf um áfengismál og áfengiskaupaaldur, sérstaklega þó löggjöf í nágrannaríkjum okkar. Það er líka mikilvægt að mati nefndarinnar að draga lærdóm af þeirri reynslu sem fengist hefur hjá öðrum þjóðum.

Þá hefur nefndin snúið sér til Ingu Dóru Sigfúsdóttur hjá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála en hún vinnur um þessar mundir að samantekt rannsókna sem gerðar hafa verið um áfengisneyslu og drykkjuvenjur íslenskra ungmenna. Það er mat nefndarinnar að mikilvægt sé að fá niðurstöður úr þessari samantekt þannig að þær liggi fyrir áður en nefndin kemst að niðurstöðu og skilar skýrslu og tillögum um þetta efni. Ég vænti þess að nefndarstarfinu verði hraðað svo sem föng eru á en tek undir að mikilvægt er að þessar kannanir verði gerðar og samantekt á þeim könnunum sem fyrir liggja sé ljós þannig að nefndin geti byggt niðurstöður sínar á efnislegum staðreyndum og dregið lærdóm af þeirri vitneskju sem fyrir liggur og af þeirri reynslu sem nágrannaþjóðir okkar hafa fengið í þessum efnum.

[19:13]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég er út af fyrir sig sammála hæstv. dómsmrh. um að mikilvægt er, eins og málið var lagt fyrir nefndina, að hrapa ekki að niðurstöðum og þarna hafi verið um tímafrekt úrlausnarefni að ræða. Þess heldur hefði nefndinni auðvitað ekki veitt af þeim tíma sem hún hafði til úrlausnar á þessu verkefni sem var raunverulega fjórir mánuðir.

En hæstv. ráðherra upplýsir að það hafi dregist um nokkurra mánaða skeið að skipa nefndina og ég spyr hæstv. ráðherra hvenær nefndin var skipuð. Var hún skipuð eftir að hún átti að leggja tillögur sínar fyrir þingið?

Auðvitað er slæmt, eins og við ræddum áðan varðandi heilbrrh., að þá átti hæstv. heilbrrh. samkvæmt þáltill. að leggja fram tillögur um stefnumótun í málefnum langveikra barna núna um áramótin. En það er auðvitað enn verra, herra forseti, þegar um er að ræða ákvæði til bráðabirgða sem bundið er í lögum, raunverulega lagafyrirmæli til hæstv. dómsmrh. um að skila tillögum á tilsettum tíma eins og þar er um getið, eða í upphafi næsta þings, þ.e. á síðustu haustdögum, að þá skuli upplýst á lokadögum þingsins hve störf nefndarinnar hafa dregist í þessu efni.

Við því er ekkert að gera. Þetta er eins og í hinu málinu. Við stöndum frammi fyrir því að hæstv. ráðherra sinnti ekki lagaskyldu sinni, þ.e. að skipa nefndina. Það sem hæstv. ráðherrann nefnir, að nefndin telji nauðsynlegt að bíða eftir niðurstöðu könnunar sem unnið er að, skil ég vel. Ég skil að nauðsynlegt sé að gera það. Við þurfum að vanda vel til þess þegar svona verkefni er lagt í hendur þessarar nefndar svo þingmenn, hvort sem þeir eru með eða á móti þeirri tillögu sem ég hef nú talað fyrir, þ.e. að lækka áfengiskaupaaldurinn, geti áttað sig á henni.

En ég harma, herra forseti, að hæstv. dómsmrh. hafi ekki sinnt betur lagafyrirmælum sínum og spyr hann hvenær þessi nefnd hafi verið skipuð. Var hún skipuð eftir að hún átti að skila af sér niðurstöðu hér á hv. Alþingi?

[19:15]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég get endurtekið það að mér þykir leitt að það skuli hafa dregist að þessi nefnd var skipuð. Það var leitað eftir tilnefningum í hana. Það var ekki gert fyrr en eftir að þing kom saman.

Ég er á hinn bóginn þeirrar skoðunar að það hefði e.t.v. ekki breytt öllu þó að nefndin hefði verið sett á fót fyrr um sumarið. Ég veit að hv. þm. þekkir það af sínum ráðherraferli að nefndarstörf af þessu tagi verða oft ódrjúg yfir sumarmánuði. Ég er því ekki viss um að jafnvel þó nefndin hefði verið skipuð fyrr, sem hefði vissulega verið rétt og betra, þá hefði það skilað mikið skjótari niðurstöðu.

Í ljósi aðstæðna og eðlis málsins þá get ég alveg gengið úr þessum ræðustóli með ósk um að þingmenn sýni því skilning að nefndin fái nauðsynlegan tíma til að kanna málið áður en þingið tekur ákvarðanir um að gera breytingar á þessu mikilvæga málefni.

Útsendingar útvarps og sjónvarps.

Fsp. GuðjG, 536. mál. — Þskj. 860.

[19:18]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Fyrir um fjórum árum var samþykkt hér á Alþingi þáltill. sem ég flutti um athugun á þeim kostum sem í boði væru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna við landið. Í framhaldi af því fékk menntmrn. greinargerð um þessi mál frá útvarpsstjóra. Þar kom fram hverjir möguleikarnir væru á að bæta þessar útsendingar og hvað það mundi kosta. Síðan hafa útsendingar útvarps til fiskimiðanna gjörbreyst til hins betra með nýjum langbylgjusendum á Gufuskálum og Eiðum. Þeir sjómenn sem ég hef heyrt í eru mjög ánægðir með þessar sendingar og þá gjörbreytingu sem orðið hefur á hlustunarskilyrðum útvarps á fiskimiðunum allt í kringum landið.

Jafnframt hafa þeir spurt hvort ekki sé mögulegt að nota þessi stóru möstur til að senda efni sjónvarpsins út á miðin. Í greinargerð útvarpsstjóra fyrir fjórum árum kom fram að stækkun dreifikerfis sjónvarps svo það næði út á fiskimiðin væri gríðarlega dýr eða allt að 850 millj. kr. á verðlagi þess árs. Einnig var tækniþróun ekki talin komin á það stig að sjónvarpssendingar um gervihnött væru vænlegur kostur. Á þeim árum sem síðan eru liðin hefur notkun gervihnatta aukist mjög og kostnaður því lækkað. Þess má geta að norska sjónvarpið sendir efni sitt til fiskimiðanna í gegnum gervihnött. Með slíkum sendingum gæti íslenska sjónvarpið slegið tvær flugur í einu höggi, sent efni sitt til þúsunda sjómanna sem stunda störf sín á þeim hafslóðum þar sem útsendingar nást ekki í dag og jafnframt til þeirra staða á landinu sem búa við óviðunandi móttökuskilyrði, en víða um land eru þau skilyrði afleit í dag.

Þess vegna legg ég eftirfarandi þrjár spurningar fyrir hæstv. menntmrh. á þskj. 860:

„1. Hver yrði stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður við að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl til fiskimiðanna umhverfis Ísland og þeirra staða á landinu sem nú búa við óviðunandi móttökuskilyrði?

2. Þarf sérstakan móttökubúnað til að ná slíkum sendingum? Ef svo er, hvað mundi hann kosta?

3. Er mögulegt að nota möstrin á Gufuskálum og Eiðum fyrir sjónvarpssendingar til fiskimiðanna? Ef svo er, hve langt næðu slíkar sendingar og hver yrði stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður?“

[19:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni þessar fyrirspurnir og áhuga hans á þessu máli. Hv. þm. hefur komið fram með þetta mál oftar en einu sinni á þessu kjörtímabili og fylgt því vel eftir.

Þegar þessar spurningar bárust var umsagnar leitað hjá Ríkisútvarpinu. Ég byggi svör mín á upplýsingum frá forstöðumanni þróunarsviðs þess.

Fyrst er spurt: „Hver yrði stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður við að senda dagskrár útvarps og sjónvarps um gervitungl til fiskimiðanna umhverfis Ísland og þeirra staða á landinu sem nú búa við óviðunandi móttökuskilyrði?“

Svarið er: Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum mun kostnaður við samsendingar sjónvarps- og útvarpsdagskrár um gervitungl vera á bilinu 60–80 millj. kr. á ári. Við þessa upphæð bætist stofnkostnaður jarðstöðvar til sendingar dagskrár til gervitunglsins, um tíu millj. kr., og árlegur rekstrarkostnaður hennar.

Þá er spurt: „Þarf sérstakan móttökubúnað til að ná slíkum sendingum? Ef svo er, hvað mundi hann kosta?

Svarið er: Það þarf sérstakan móttökubúnað til að taka á móti þessum sendingum. Fyrir skip þarf búnaðurinn að vera stefnuvirkur, óháður veltingi og stefnu skipsins. Nokkur íslensk skip hafa slíkan búnað og er loftnetshluti hans kúlulaga um 120 sm í þvermál og um 120 kg að þyngd. Hann er notaður til að taka á móti erlendu sjónvarps- og útvarpsefni. Í þessari stærð kostar hann um 2 millj. kr. Á landi þarf búnað með móttökudisk sem er 120–180 sm í þvermál og fer stærð disksins eftir móttökustyrk frá gervitunglinu. Búnaðurinn kostar um 120–200 þús. kr. að mati forstöðumanns þróunarsviðs Ríkisútvarpsins. Sjónlínu þarf frá móttökustað til gervitunglsins sem er yfir miðbaug. Af því leiðir að nokkur skuggasvæði eru á landinu, sérstaklega þar sem landslag skyggir á til suðurs.

Að lokum er spurt: „Er mögulegt að nota möstrin á Gufuskálum og Eiðum fyrir sjónvarpssendingar til fiskimiðanna? Ef svo er, hve langt næðu slíkar sendingar og hver yrði stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður?“

Svarið er: Möstrin á Gufuskálum og Eiðum eru loftnet langbylgjusendanna þar. Stærð mastranna er í hlutfalli við bylgjulengd burðarbylgju útsends merkis. Möstrin er ekki unnt að nota sem loftnet fyrir sjónvarpssendingar þar eð þær eru á mun hærra tíðnisviði en langbylgjusendingar.

Herra forseti. Eins og þessi svör bera með sér, og með hliðsjón af því sem hv. þm. sagði í ræðu sinni þegar hann kynnti fyrirspurnir sínar, er ljóst að gjörbylting hefur orðið í tæknibúnaði á þessu sviði á þeim fjórum árum sem hv. þm. hefur unnið að þessu máli og náð verulegum árangri á því sviði. Ég tel þessar tölur sem ég hef hér lesið og þær hugmyndir sem menn hafa nú um hlutverk gervitungla við miðlun á sjónvarpsefni þess eðlis að þennan kost beri að skoða af fullri alvöru. Raunar hef ég beint því erindi til útvarpsstjóra og Ríkisútvarpsins að vinna verði sett í að skoða þetta mál nánar. Ef það kosti á bilinu 60–80 millj. kr. á ári að senda út sjónvarps- og útvarpsdagskrár héðan frá Íslandi um gervitungl þá er það miðlunarleið sem skoða ber af mikilli

alvöru. Auk þess er ljóst að kostnaður við slíkar sendingar mun væntanlega frekar lækka en hækka. Menn verða einnig að huga að því að breytingarnar á útsendingu, m.a. þegar menn huga að stafrænum sendingum, gefa kost á að velja á milli þess að nýta sér gervitunglin annars vegar og hins vegar kapla eins og breiðbandið. Þetta eru kostir sem við Íslendingar eigum að sjálfsögðu að skoða án tillits til þess hvort við getum í leiðinni náð því markmiði að íslenskir sjómenn á hafi úti geti fylgst með sjónvarps- og útvarpsdagskrá, sé það tæknilega unnt og kostnaður sé á því bili að ráðlegt sé að fara út í slíkar framkvæmdir.

[19:25]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. flm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir þessa fsp. Hún er vissulega tímabær. Eins og fram kom hjá hæstv. menntmrh. hefur hann ekki látið deigan síga varðandi þetta efni.

Eins og fram kom hjá hæstv. menntmrh. hefur það aukist að senda fjölmiðlaefni í gegnum gervihnattastöðvar og er talið að það muni verða ódýrara eftir því sem árin líða.

Eitt vakti þó athygli mína þegar flett var gömlum gögnum. Í umræðum á 108. löggjafarþingi 1985–1986 lét þáv. hæstv. utanrrh., Matthías Á. Mathiesen, þau orð falla úr ræðustól, þar sem hann fjallaði um Gunnólfsvíkurfjall og Bolafjall, að stöðvarnar þar mundu stórlega bæta loftvarnaeftirlit varnarliðsins umhverfis landið og íslenskir aðilar munu hafa afnot af upplýsingum frá þeim, m.a. um almenna flugumferð og skipaferðir í nánd við stöðvarnar auk upplýsinga um veður. Hefur verið athugað með þann möguleika til útvarps- og sjónvarpssendinga? Er sú leið hugsanlega ódýrari en gervihnattastöðvarnar enn sem komið er?

[19:27]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svarið sem mér fannst afar athyglisvert og þá sérstaklega það sem þar kom fram varðandi sendingar um gervitungl.

Í greinargerð útvarpsstjóra frá 1995 kom fram að óvíst væri hvenær og jafnvel hvort Íslendingar gætu notað þessa tækni til að þjónusta sjómenn. Nú kemur hins vegar fram að tæknilegur möguleiki sé á að dreifa dagskrá sjónvarpsins um gervitungl og talið að kostnaður við sendingar yrði 60–80 millj. á ári auk lítils háttar stofnkostnaðar. Jafnframt liggur fyrir að slíkar sendingar mundu nýtast RÚV til dreifingar innan lands þannig að einstöku bæir sem ná ekki sendingum RÚV í dag ættu að geta náð þeim.

Mér finnst þetta stórmerkilegar upplýsingar og þessar tölur um kostnað segja mér að stutt hljóti að vera í að þessar sendingar hefjist. Móttökuskilyrði sjónvarps eru afleit víðast hvar á miðunum og helst að þau séu sæmileg ef skip eru nálægt þéttbýlisstöðum, t.d. út af suðurströndinni, út af Vestfjörðum og víðar. Útvarpsskilyrðin eru hins vegar mjög góð eins og ég nefndi hér áðan. Síðast í gær hitti ég sjómann á loðnuskipi sem sagðist afskaplega ánægður með þá byltingu sem hefði orðið hjá þeim í aðstöðu til að fylgjast með útvarpi. Hann bað mig fyrir kveðjur til hæstv. menntmrh. og þakklæti fyrir þessar myndarlegu framkvæmdir.

Kostnaður við móttökubúnað um borð í skipunum er nokkur eins og hæstv. ráðherra nefndi, þ.e. 2 millj. Mér skilst að hjá Norðmönnum ýmist borgi útgerðin þetta eða þá að sjómennirnir og útgerðin geri þetta í félagi. Þetta er hins vegar ekki tala sem ætti að þurfa að standa í mönnum. Það sem fram kom í svari hans segir mér að sendingar frá Gufuskálum og Eiðum séu ekki mjög raunhæfar. Það sem menn eiga auðvitað að horfa á eru þessir gervihnattamöguleikar.

Ég vil ítreka þakkir til hæstv. menntmrh. fyrir þetta svar og þann áhuga sem hann sýnir þessu máli. Mér sýnist augljóst að Ríkisútvarpið muni innan tíðar slá tvær flugur í einu höggi og tryggja að sjómenn og aðrir landsmenn sem búa við slæm móttökuskilyrði geti notið sendinga sjónvarps til jafns við aðra íbúa þessa lands.

[19:29]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eftir að ákvörðun var á sínum tíma tekin um að ráðast í að koma upp langbylgjusendum á Gufuskálum og síðan að Eiðum, hefur Alþingi samþykkt fjárveitingar til Ríkisútvarpsins, 50 millj. kr. á ári, sem hafa runnið til þess að gera Ríkisútvarpinu kleift að koma sendunum upp.

Sú spurning hlýtur að vakna þegar menn standa frammi fyrir þeim tölum sem hér hafa verið nefndar og þessum breyttu viðhorfum, hvort vilji sé á Alþingi til að gera Ríkisútvarpinu kleift að auka þjónustu sína með sendingum um gervitungl, bæði sjónvarps- og útvarpssendingum. Ég tel að Ríkisútvarpið eigi að skoða til hlítar hver hinn raunverulegi kostnaður sé og hvernig að þessu megi standa. Síðan verða lagðar fram ákveðnar tillögur. Það er allt annað að standa frammi fyrir tillögum um 60–80 millj. kr. í þessa þjónustu en tölum sem hafa verið á bilinu 600–800 millj. kr.

Menn sjá að við erum miklu nær því að ná þessu markmiði núna og erum að tala um eitthvað sem okkur finnst raunhæfara en áður. En þetta þurfum við að skoða áfram. Ég hef falið Ríkisútvarpinu að athuga þetta og tel að þetta sé mál sem menn þurfa að ræða. Við þurfum að fá fram fleiri tæknileg viðhorf í þessu og sjá síðan hverju við getum hrundið í framkvæmd.

Samstarf mennta- og sjúkrastofnana til að bæta úr læknaskorti.

Fsp. TIO, 530. mál. — Þskj. 853.

[19:31]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Háskóli Íslands útskrifar 36 læknakandídata árlega. Um 900 læknar eru nú starfandi á Íslandi en um 500 íslenskir læknar starfa erlendis. Er talið líklegt að þriðjungur til fjórðungur þeirra muni snúa heim. Fyrirsjáanlegt er að skortur verður á læknum á landinu innan 10–15 ára.

Ekki er síður mikið áhyggjuefni að áhugi á heimilislækningum hefur farið dvínandi og virðist vera hverfandi hjá læknanemum í dag. Miðað við núverandi áætlanir heilbrrn. um uppbyggingu heilsugæslunnar er reiknað með eitthvað yfir 200 stöðugildum heimilislækna á Íslandi á allra næstu árum. Til að viðhalda þeim fjölda þarf nýliðun í greininni að vera sjö til tíu stöðugildi á ári að meðaltali. Þetta kemur fram í könnun sem Sigurður Halldórsson heilsugæslulæknir í Norður-Þingeyjarsýslu hefur gert á áhuga unglækna á námi í heimilislækningum.

Nú er starfandi 171 heimilislæknir hér á landi, þar af einn í aldursflokknum 30–34 ára. Af 186 læknanemum árganganna 1995–1999 eru tveir í heimilislæknanámi. Þegar áhugi læknanema á heimilislækningum var kannaður kom í ljós að af þeim 145 sem svöruðu sögðust sex stefna að sérnámi

í heimilislækningum en níu töldu sig líklega til að stefna í slíkt nám.

Meðaltal þeirra sem voru ákveðnir eða sýndu áhuga eru þrír á ári. 27 sýndu áhuga á frekari kynningu á námi og starfi í heimilislækningum.

Ljóst er af þessu að í mikið óefni stefnir í heimilislækningum á landinu. Eru þó fyrirsjáanleg mun meiri vandræði á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og eru þau nú þegar komin í ljós. Landlæknir hefur undanfarið kynnt þessi mál og hugsanlegar úrlausnir á ýmsum vettvangi og hefur kynning hans vakið mikla athygli.

Þá hefur Gísli Auðunsson læknir á Húsavík beitt sér fyrir umræðum um málið. Hann fékk hingað til landsins prófessor Roger Strasser frá Ástralíu en Strasser er í forustu fyrir heimssambandi dreifbýlislækna og kom hann hingað í tengslum við vísindaþing heimilislækna á 20. afmælisári Félags ísl. heimilislækna í nóvember 1998. Meðal þeirra úrræða sem góð reynsla er af er að þjálfa lækna sérstaklega til að starfa í strjálbýli og hvetja til þess með ýmsum aðgerðum að auka áhuga unglækna á heimilislækningum í dreifbýli, bæta ímynd starfsins og aðstæður heimilislækna í dreifbýli ekki síst til endurmenntunar. Því hef ég lagt eftirfarandi spurningu fyrir hæstv. menntmrh.:

Er ráðherra reiðubúinn til þess að kanna möguleika á samstarfi Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á landsbyggðinni til að bæta úr vaxandi skorti á heimilislæknum á landsbyggðinni með hliðsjón af þeim hugmyndum, sem fram hafa komið, m.a. hjá landlækni, um að bregðast við vandanum með því að skipuleggja sérstaka þjálfun og námsframboð sem miðað yrði við þarfir heimilislækna sem starfa í dreifbýli?

[19:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Svar mitt við þessari tímabæru fyrirspurn frá hv. þm. getur í raun verið mjög stutt því ég tel að samstarf þessara stofnana sem hann nefnir í fyrirspurn sinni sé óhjákvæmilegt til að bæta úr vaxandi skorti á heimilislæknum á landsbyggðinni.

Það er einnig rétt sem fram kom í máli hv. þm. að það er almennt mat manna og læknadeildar Háskóla Íslands eins og annarra að það sé fyrirsjáanlegur skortur á læknum hér á landi. Innan deildarinnar eru uppi áform um leiðir til að bregðast við þessum vanda. Hins vegar er ljóst að menn eru kannski ekki á einu máli um það hver sé ástæða hans. Forseti læknadeildar Háskóla Íslands hefur m.a. kynnt þá hugmynd að heilbrrn. beiti sér fyrir því að nefnd á vegum þess með fulltrúum frá Læknafélagi Íslands og læknadeild geri úttekt á þessum þætti málsins, þ.e. hvaða vanda við stöndum frammi fyrir þegar við lítum til framtíðar og þróunar í þessum málum.

Í sjálfu sér er það ekki á verksviði menntmrn. að taka afstöðu til þess hvernig menn standa að því að kanna þetta á sviði læknavísindanna og innan þeirrar starfsgreinar. Sjálfsagt og eðlilegt er að menn ræði málið á þeim vettvangi. Hitt er ljóst, eins og hv. þm. vakti máls á, að landlæknir og fleiri hafa hreyft hugmyndum sem miða að því að bæta úr skortinum, sérstaklega varðandi heimilislækningar á landsbyggðinni. Þar hefur Háskólinn á Akureyri sérstaklega komið að málum og m.a. efnt til fundar með landlækni, aðstoðarlandlækni, héraðslæknum Norðurlands og Austurlands og fleirum þar sem ákveðið var að tillögu landlæknis að skipa starfshóp undir forustu Háskólans á Akureyri sem ætlað er að hafa forgöngu um það að við Háskólann á Akureyri verði komið á fót námsbraut í dreifbýlislækningum, hjúkrun. Í þennan starfshóp hafa verið skipaðir fulltrúar frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Heilsugæslustöðinni á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Austurlands og frá landlæknisembættinu.

Það kemur einnig fram í frásögn Háskólans á Akureyri af þessum starfshópi að honum er ætlað að vinna í samráði við forseta læknadeildar Háskóla Íslands, heilbrrn., menntmrn. og Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar, en eins og kunnugt er hefur Háskólinn á Akureyri fært út kvíarnar til Ísafjarðar með fjarkennslu í hjúkrunarfræðum.

Ég hef allt gott um þetta að segja og tel að menn séu nú farnir að ræða annars vegar almennt um læknaskortinn og hins vegar sértækar aðgerðir sem miða að því að koma með nýjar hugmyndir og tengja háskólana, bæði Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, meira inn í þetta starf.

Ég vek hins vegar athygli á þeirri staðreynd að það er starfandi ein læknadeild við Háskóla Íslands og þess vegna segi ég að óhjákvæmilegt er að þessar stofnanir á háskólastiginu starfi saman og menn finni sameiginlegar lausnir þannig að þeir séu ekki að vinna þvert á það sem talið er skynsamlegt þegar á heildina er litið, og það er það sem ég mundi beita mér fyrir og er reiðubúinn til að gera. Ég held að málið sé raunar komið yfir það stig að menn kanni möguleikana. Ég held að það sé komið á það stig að menn beini því starfi sem hafið er inn á þær brautir að samstarf verði tryggt á milli þessara háskólastofnana og annarra sem þurfa að málinu að koma til þess að það fái farsælar lyktir.

[19:39]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Starf lækna í dreifbýli hefur um margt sérstöðu og þess vegna tek ég undir þessa fyrirspurn hv. þm. Tómasar Inga Olrichs um mikilvægi þess að efla kennslu í heimilislækningum með þá lækna í huga sem vilja starfa úti á landi. Í yfirstandi viðræðum sem Félag ísl. heimilislækna á við heilbr.- og trn. er einmitt verið að fjalla um þetta atriði, enda er nýliðun í heimilislækningum eitt helsta verkefni félagsins um þessar mundir. Koma Rogers Strassers var þungt lóð á vogarskálarnar í þessu sambandi.

Fyrirspurn hv. þm. rímar vel við fyrirspurn mína til hæstv. heilbr.- og trmrh. og þess vegna hef ég fylgst með þessum umræðum af áhuga. Ég vil hvetja til þess að að undirbúningnum komi líka þeir fulltrúar sem stofnað hafa með sér Félag dreifbýlislækna því að þeir hafa ýmislegt að segja sem getur gagnast við undirbúning málsins.

Að lokum vil ég segja að reyndar eru hátt í tíu læknar að ljúka eða eru í námi í heimilislækningum núna og allmargir eru starfandi á erlendri grund þannig að þó að málið sé vandasamt, þá eru fleiri en tveir í þessu námi.

[19:40]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir jákvæðar undirtektir við þetta mál og er ánægður með að það er komið á hreyfingu. Ég vil taka það sérstaklega fram að það hefur að sjálfsögðu ýmislegt verið gert til þess að bæta stöðu lækna í dreifbýli. Á það kannski sérstaklega við um sérstakar launaaðstæður þeirra. Hins vegar er alveg ljóst að það þarf að gera starf dreifbýlislæknanna betra. Það þarf að gera því hærra undir höfði, hefja það til vegs og virðingar og gefa þeim möguleika á að stunda jafnvel framhaldsnám

frá þeim stöðum þar sem þeir starfa. Ég held einmitt að sá fjarvinnslu- og fjarkennslubúnaður sem nú er að ryðja sér mjög til rúms á Íslandi — ríkisstjórnin hefur staðið vel að því starfi — geti orðið mjög mikilvægur í þeirri viðleitni að hefja starf heimilislæknanna almennt, en ekki síst í dreifbýlinu, til vegs og virðingar.

Ég vil einnig þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir hennar góðu ábendingar og stuðning við málið.

[19:42]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Aðalatriðið í þessu máli, eins og það er núna og fram hefur komið hjá hv. fyrirspyrjanda, er að við þurfum að þoka því áfram. Það þarf að ná öllum þráðum saman. Hv. þm. Katrín Fjeldsted benti á hóp sem sjálfsagt er fyrir þá aðila sem að þessu máli vinna að ræða við því að þarna er um samræmingarstarf að ræða. Þegar farið er út á þessar nýju brautir þarf í senn að tryggja góðar, faglegar forsendur og einnig samstarf við alla sem hafa þekkingu. Eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich nefndi, þá nota læknar núna fjartækni við uppskurði og alls konar upplýsingamiðlun. Hvers vegna skyldi hún ekki líka vera notuð til þess að mennta og þjálfa fólk og skipuleggja nám þannig?

Ég tel að Háskólinn á Akureyri hafi, eins og oft áður, sýnt þarna lofsvert frumkvæði og hann eigi að hafa forustu um þetta þróunarstarf. En það er óhjákvæmilegt að náin samvinna sé á milli Háskóla Íslands þar sem læknadeildin er, Háskólans á Akureyri og þessara stofnana allra til þess að við náum utan um málið og það komist heilt í höfn.

[19:43]

Útbýting þingskjala:

Skaðabótalög, 183. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 972; brtt. minni hluta allshn., þskj. 974; brtt. minni hluta allshn., þskj. 975.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 8. mál.

Fundi slitið kl. 19:44.

---

78. FUNDUR

föstudaginn 5. mars,
kl. 6.30 síðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[18:36]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 226. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1001; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1002.

Aukatekjur ríkissjóðs, 590. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 986.

Áfengislög, 561. mál, brtt. allshn., þskj. 1000.

Brunatryggingar, 388. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 996; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 997.

Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, 199. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 989; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 990.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 585. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 978.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 443. mál, svar iðnrh., þskj. 938.

Húshitunarkostnaður, 587. mál, fsp. ArnbS, þskj. 981.

Landsvirkjun, 592. mál, frv. iðnn., þskj. 1005.

Leigubifreiðar, 281. mál, nál. samgn., þskj. 994; brtt. samgn., þskj. 995.

Lífeyrissjóður sjómanna, 324. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 998; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 999.

Lækningatæki, 586. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 979.

Meðferð opinberra mála, 354. mál, nál. allshn., þskj. 969; brtt. allshn., þskj. 970.

Miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu, 184. mál, nál. félmn., þskj. 967; brtt. félmn., þskj. 968.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 223. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 988.

Orkulög, 543. mál, nál. iðnn., þskj. 1006.

Orkusjóður, 225. mál, nál. iðnn., þskj. 1011; brtt. iðnn., þskj. 1012.

Raforkuver, 471. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1009; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 1010.

Ráðstöfun fasteigna í eigu Landsbanka og Búnaðarbanka, 308. mál, svar viðskrh., þskj. 928.

Ríkisborgararéttur, 593. mál, frv. allshn., þskj. 1008.

Ríkisreikningur 1997, 152. mál, nál. fjárln., þskj. 1004.

Skaðabótalög, 183. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 971; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 973.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 311. mál, nál. allshn., þskj. 1007.

Staða og horfur í vísinda- og tæknimálum, 589. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 985.

Tekjuskattur og eignarskattur, 584. mál, frv. SJóh og ÁE, þskj. 976.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, 260. mál, nál. samgn., þskj. 992; brtt. samgn., þskj. 993.

Útflutningsráð Íslands, 591. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 987.

Útlendingar, 588. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 983.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 344. mál, nál. sjútvn., þskj. 1003.

Verðbréfasjóðir, 224. mál, brtt. VE, þskj. 991.

Fundi slitið kl. 18:42.

---

79. FUNDUR

laugardaginn 6. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Vopnalög, frv., 562. mál, þskj. 909. — 3. umr.
2. Áfengislög, frv., 561. mál, þskj. 908, brtt. 1000. — 3. umr.
3. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 354. mál, þskj. 482, nál. 969, brtt. 970. — 2. umr.
4. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frv., 311. mál, þskj. 372, nál. 1007. — 2. umr.
5. Skaðabótalög, stjfrv., 183. mál, þskj. 199, nál. 971 og 972, brtt. 973, 974 og 975. — 2. umr.
6. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, stjfrv., 135. mál, þskj. 135, nál. 922, brtt. 923. — 2. umr.
7. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 223. mál, þskj. 250, nál. 988. — 2. umr.
8. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 224. mál, þskj. 931, brtt. 991. — 3. umr.
9. Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, stjfrv., 199. mál, þskj. 217, nál. 989, brtt. 990. — 2. umr.
10. Brunatryggingar, stjfrv., 388. mál, þskj. 659, nál. 996, brtt. 997. — 2. umr.
11. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 324. mál, þskj. 391, nál. 998, brtt. 999. — 2. umr.
12. Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 359. mál, þskj. 495, nál. 920. — 2. umr.
13. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 414. mál, þskj. 687, nál. 907 og 918, brtt. 919. — 2. umr.
14. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 226. mál, þskj. 253, nál. 1001, brtt. 1002. — 2. umr.
15. Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 9. mál, þskj. 9, nál. 888 og 936. — Síðari umr.
16. Miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu, stjfrv., 184. mál, þskj. 200, nál. 967, brtt. 968. — 2. umr.
17. Rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu, þáltill., 341. mál, þskj. 437, nál. 952. — Síðari umr.
18. Tilkynningarskylda íslenskra skipa, stjfrv., 260. mál, þskj. 298, nál. 992, brtt. 993. — 2. umr.
19. Leigubifreiðar, stjfrv., 281. mál, þskj. 329, nál. 994, brtt. 995. — 2. umr.
20. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 344. mál, þskj. 444, nál. 1003. — 2. umr.
21. Ríkisreikningur 1997, stjfrv., 152. mál, þskj. 152, nál. 1004. — 2. umr.
22. Orkulög, stjfrv., 543. mál, þskj. 868, nál. 1006. — 2. umr.
23. Raforkuver, stjfrv., 471. mál, þskj. 776, nál. 1009, brtt. 1010. — 2. umr.
24. Orkusjóður, stjfrv., 225. mál, þskj. 252, nál. 1011, brtt. 1012. — 2. umr.
25. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 577. mál, þskj. 950. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., getur ekki vegna veikinda sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. v., Elín R. Líndal bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Formaður þingflokks Framsfl.,
Valgerður Sverrisdóttir."

Kjörbréf Elínar Líndal hefur verið samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

Afsal þingmennsku.

[10:35]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hef komið nokkuð oft í þennan stól áður en flyt nú tiltölulega nýjan boðskap af minni hálfu eftir liðlega 20 ár í þessari stofnun. Ég hef í dag skrifað hæstv. forseta Alþingis svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég hef í dag verið skipaður sendiherra í utanríkisþjónustunni afsala ég mér þingmennsku.

Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv."

Í tilefni af þessu langar mig að þakka hæstv. forseta, hv. alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis öllum fyrir þennan langa tíma sem hefur að mörgu leyti verið býsna skemmtilegur og þýðingarmikill fyrir mig og vonandi að einhverju leyti fyrir aðra líka. Þegar ég hverf héðan kemur svo margt upp í hugann að þó að ég sé vanur því að standa hér lengi, þá tel ég ekki við hæfi að þessu sinni að rifja það upp sem mér kemur helst í hug. Ég mundi verða hér nokkuð langt fram eftir degi. Ég sé að dagskráin er löng og mikið að gera í þessari stofnun eins og gjarnan er þegar þinginu lýkur.

Ég vil þó láta koma fram að ég tel að starfsemi Alþingis hafi þróast í skynsamlega átt á undanförnum árum. Það er ekki hægt að neita því að oft er þingið gagnrýnt fyrir að vera of veikt andspænis framkvæmdarvaldinu. Um það geta menn margt sagt, en um það er of lítið talað að þingið hefur sjálft styrkst mjög verulega. Þingið er að mörgu leyti mun sterkara en það var fyrir þeim 20 árum sem liðin eru frá því að ég tók sæti í þessari stofnun, tvímælalaust. Ég tel að þingið sé að styrkjast og er sáttur við það að hafa átt aðild að því að skrifa niður ásamt ýmsum góðum mönnum — ég leyfi mér að nefna hæstv. núv. fjmrh. — dálítið að þeim textum sem nú liggja fyrir varðandi breytingar á lögum um þingsköp Alþingis. Ég tel að þessir hlutir séu í jákvæðri, skynsamlegri þróun í þá átt að styrkja þingræðið.

Þingræðið er undirstaða lýðræðisins í þessu landi. Allt of sjaldan er talað vel um stjórnmálaflokkana og það mikilvæga starf sem þeir vinna; m.a. er of sjaldan talað vel um stjórnmálaflokkana úr þessum ræðustól. Menn þurfa að sameinast um það í framtíðinni að venja sig á að tala eins vel og kostur er um stjórnmálaflokkana.

Hæstv. forseti. Með þessum orðum þakka ég fyrir ánægjulegt samstarf og afhendi þetta litla bréf.

[10:38]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um nokkurt skeið hefur legið fyrir að hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, hygðist afsala sér þingmennsku áður en þessu kjörtímabili lyki og taka við nýju starfi á erlendum vettvangi. Þingmennskuafsal Svavars Gestssonar eru merk tímamót í lífi hans og einnig tímamót í íslenskum stjórnmálum. Nú hverfur af þingi stjórnmálamaður sem verið hefur í forustuhlutverki á þriðja áratug. Svavar Gestsson hefði verið þingmaður Reykvíkinga síðan 1978, formaður Alþb. var hann 1980–1987 og ráðherrastörfum gegndi hann í tæp sjö ár. Hann hóf raunar þingferil sinn á ráðherrabekk.

Mestallt þetta kjörtímabil hefur Svavar Gestsson verið formaður þingflokks Alþb. Sem slíkur hefur hann átt náið samstarf við forseta og varaforseta Alþingis. Við þessi þáttaskil vil ég færa honum þakkir fyrir þau störf sem hann hefur unnið á vettvangi Alþingis og alveg sérstaklega fyrir ánægjulegt samstarf um skipulag og störf þingsins.

Svavar Gestsson fer héðan með góðar kveðjur frá okkur alþingismönnum og heillaóskir í nýtt starf í þágu íslensku þjóðarinnar á erlendum vettvangi.

Vopnalög, 3. umr.

Frv. allshn., 562. mál (íþróttaskotvopn). — Þskj. 909.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 3. umr.

Frv. allshn., 561. mál (leyfisgjöld). — Þskj. 908, brtt. 1000.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 354. mál (réttarstaða brotaþola, endurupptaka mála o.fl.). — Þskj. 482, nál. 969, brtt. 970.

[10:40]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. allshn. á þskj. 969 og 970, um frv. til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta. Einnig barst fjöldi umsagna um málið.

Meginmarkmið frumvarpsins er að styrkja réttarstöðu brotaþola, sérstaklega þeirra sem beittir hafa verið ofbeldi í einhverri mynd. Helsta breytingin sem lögð er til á réttarstöðu þeirra er sú að tekin verði upp skylda til að tilnefna eða skipa brotaþola réttargæslumann til að gæta hagsmuna hans í opinberu máli hafi hann verið beittur ofbeldi þannig að hann hafi orðið fyrir verulegu tjóni og þurfi á sérstakri aðstoð slíks málsvara að halda. Enn lengra er gengið ef um er að ræða börn yngri en 18 ára sem grunur leikur á að hafi orðið fórnarlömb kynferðisbrota þar sem lagt er til að skylt verði að skipa þeim réttargæslumann í öllum slíkum tilvikum.

Í frumvarpinu eru lagðar til fjölmargar smærri breytingar. Lagt er til að brotaþoli geti krafist þess að réttarhald fari fram fyrir luktum dyrum og skotið synjun héraðsdómara á þeirri bón til Hæstaréttar. Þá verði þess betur gætt en verið hefur að upplýsingum um brotaþola sé haldið leyndum. Lögreglu verði skylt að leiðbeina brotaþola um lögmælt réttindi hans og ákvæði um tilkynningarskyldu lögreglu og ákæranda gagnvart brotaþola verði ítarlegri en nú er.

Þegar um er að ræða rannsókn á kynferðisbroti og brotaþoli er barn undir 18 ára aldri taki dómari skýrslu af honum svo fljótt sem verða má, þ.e. áður en ákæra er gefin út. Þurfi barnið þá að jafnaði ekki að gefa skýrslu í málinu að nýju. Þá verði það ekki fortakslaus réttur ákæranda, sakbornings og verjanda að vera viðstaddir í dómsal eða annars staðar þar sem dómþing er háð þegar skýrsla er tekin af brotaþola sem er yngri en 18 ára heldur verði heimilt að gefa þeim þess í stað kost á að fylgjast með skýrslutökunni um leið og hún fer fram.

Lagt er til að heitið „réttargæslumaður“ verði notað um skipaðan eða tilnefndan málsvara brotaþola en heitið „verjandi“ taki framvegis til málsvara sakbornings hvort sem hann er skipaður í starfið af dómara eða lögreglu. Þá er gert ráð fyrir að verjandi geti óhindrað kynnt gögn og efni þeirra fyrir sakborningi um leið og hann hefur fengið aðgang að þeim. Á móti er lagt til að lögregla geti neitað að veita verjanda aðgang að gögnum um skamman tíma ef hún telur að slíkt geti skaðað rannsókn málsins. Lagt er til að í sakamálum verði heimilt að taka skýrslu af vitni gegnum síma eða annað fjarskiptatæki á sama hátt og í einkamálum. Þá geti ríkissaksóknari mælt fyrir um rannsókn ef sérstaklega stendur á og ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því, þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið.

Gert er ráð fyrir að framvegis nægi ekki að fá samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma til símahlerunar í þágu rannsóknar opinbers máls heldur þurfi ávallt úrskurð dómara til þess. Þá er lagt til að saksóknarlaun af hálfu ríkisins verði ekki talin til sakarkostnaðar. Þá er gert ráð fyrir að ekki verði lengur skilyrði fyrir bótum til manns, sem sætt hefur refsivist eða þvingunarráðstöfun á borð við gæsluvarðhald og hefur ekki verið sakfelldur fyrir refsiverða háttsemi, að fremur megi telja hann líklegan til að vera saklausan en sekan af háttseminni, eins og er í núgildandi lögum. Loks er lagt til að heimilt verði að endurupptaka mál í því skyni að endurmeta sönnunargögn.

Nefndin fjallaði sérstaklega ítarlega um ákvæði frumvarpsins þar sem kveðið er á um skyldu lögreglu til að skipa brotaþola réttargæslumann í tilteknum tilvikum. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að til að taka af öll tvímæli væri rétt að leggja til að sérstaklega verði tekið fram í frum-

varpinu að lögreglu sé í öllum tilvikum skylt að tilnefna réttargæslumann ef rannsókn beinist að broti á XXII. kafla almennra hegningarlaga og brotaþoli óskar þess. Hafi brotaþoli ekki náð 18 ára aldri þegar rannsókn hefst skuli hins vegar ávallt tilnefna réttargæslumann eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Þá leggur nefndin til nokkrar minni háttar breytingar:

Sérstaklega verði áréttað að ekki skuli afmá atriði úr þingbókum og dómabókum áður en þau eru afhent öðrum en aðilum máls nema sérstök ástæða sé til. Meginreglan er sú að málsmeðferð er opinber og því verður að gera kröfu til þess að atriði séu ekki afmáð úr gögnum sem afhent eru almenningi nema mjög sérstakar ástæður liggi þar að baki.

Þá leggur nefndin til að réttargæslumanni verði einungis heimilt að óska þess að dómari spyrji brotaþola tiltekinna spurninga eða dómari geti heimilað honum að spyrja brotaþola beint en ekki ákærða og vitni.

Það sjónarmið kom fram við meðferð málsins í nefndinni, bæði hjá fulltrúum ákæruvaldsins og neyðarmóttöku vegna nauðgunar, að óeðlilegt væri að réttargæslumaður gæti óskað þess að dómari beindi spurningum til þeirra. Nefndin féllst á það sjónarmið.

Lagt er til að heimild réttargæslumanns til aðgangs að gögnum verði rýmkuð og aðgangurinn verði ekki einskorðaður við gögn sem honum eru nauðsynleg til að aðstoða brotaþola við að setja fram einkaréttarkröfur. Ella væri girt fyrir að réttargæslumaður hefði heimild til aðgangs að gögnum þegar ekki er um það að ræða að brotaþoli ætli að setja fram bótakröfu, en hjá fulltrúum neyðarmóttöku kom fram að svo er í sumum tilvikum.

Nefndin leggur einnig til að ríkissaksóknara verði í öllum tilvikum skylt að tilkynna brotaþola um áfrýjun.

Þá leggur nefndin til að sett verði inn í frv. ákvæði þess efnis að Hæstiréttur geti ákveðið að varadómarar verði kvaddir til að taka þátt í ákvörðun um hvort mál skuli tekið upp á ný. Að baki tillögunni býr m.a. sú röksemd að erfið endurupptökumál auka mjög annir réttarins og því getur þurft að kalla til aukamannafla til að sinna slíku verkefni.

Loks er lagt til að gildistöku laganna verði flýtt til 1. maí 1999. Telur nefndin nauðsynlegt að þær réttarbætur sem mælt er fyrir um í frv. komi sem fyrst til framkvæmda.

Virðulegi forseti. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og rétt að leggja áherslu á að fullt samkomulag er í allshn. um afgreiðslu þessa máls. Nefndin mælir með samþykkt frv. og verður því vonandi vel tekið á hinu háa Alþingi.

[10:49]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og frsm. hv. allshn. sagði tókst mjög góð samstaða í hv. allshn. um það mál sem hér er til umræðu en efni þess er í megindráttum að styrkja réttarstöðu brotaþola. Því vil ég sérstaklega fagna að um þetta náðist góð samstaða og einnig að mjög góð samstaða náðist um veigamiklar brtt. sem nefndin leggur til á frv.

Það var sammerkt með þeim umsagnaraðilum sem á einhvern hátt fjalla um börn að þeir fögnuðu almennt þeim ákvæðum sem frv. felur í sér sem er mikil réttarbót til þess að styrkja réttarstöðu bortaþola og má þar nefna bæði Barnaverndarráð, Barnaverndarstofu, neyðarmóttöku og umboðsmann barna en ýmsar af þeim tillögum sem hér eru lagðar fram af hæstv. ráðherra eru samkvæmt tillögum umboðsmanns barna.

Ég held að þau réttarúrræði sem hér er verið að lögfesta séu mjög brýn og hafi verið það lengi og löngu orðið tímabært að ráðast í þessar breytingar. Það kemur einmitt fram í umsögnum ýmissa umsagnaraðila að hér er brýnt mál á ferðinni. Ég vil þar sérstaklega nefna neyðarmóttökuna en frá því að neyðarmóttakan tók til starfa hefur verið hægt að fá t.d. ókeypis aðstoð lögmanns en það hefur ekki verið hægt í Barnahúsi sem var komið upp fyrir ekki löngu síðan og mjög brýnt var úr að bæta. Einnig kveður frv. á um skyldu til þess að réttargæslumaður komi til ef um væri að ræða börn undir 18 ára aldri en sú skylda var ekki fyrir hendi ef um var að ræða börn sem væru eldri en 18 ára og var sérstaklega tiltekið af fulltrúum neyðarmóttöku og reyndar fleiri aðilum sem sendu umsagnir um það mál, að mjög brýnt væri að hafa þá skyldu líka þó að í hlut ættu börn eldri en 18 ára þegar um væri að ræða kynferðisbrot. Eins og formaður nefndarinnar kom inn á fjallaði nefndin ítarlega um þetta og vil ég því sérstaklega fagna að samstaða náðist í nefndinni um að gera breytingu á þessu í samræmi við tillögu, ekki síst frá neyðarmóttökunni, um að þetta næði einnig til barna eldri en 18 ára, ef um væri að ræða kynferðisbrot.

Tillögur sem nefndin leggur líka til, þ.e. breytingar á frv., eru að heimild réttargæslumanns til aðgangs að gögnum verði rýmkuð og að aðgangurinn verði ekki einskorðaður við gögn sem honum eru nauðsynleg til að aðstoða brotaþola við að setja fram einkaréttarkröfur. Hér er á ferðinni mjög brýn brtt. sem náðist líka samkomulag um sem og að ríkissaksóknara verði í öllum tilvikum skylt að tilkynna brotaþola um áfrýjun.

Ég vil einnig nefna að nefndin leggur til að gildistökuákvæði greinarinnar verði flýtt, sem átti að vera að mig minnir 1. júlí, en nefndin hefur flýtt gildistökuákvæði frv. til 1. maí 1999, þannig að lagt er til í brtt. nefndarinnar að gildistakan verði 1. maí, sem ég tel mjög mikilvægt vegna þess að ýmis mál eru í gangi í kerfinu sem mjög brýnt er að ákvæði þessa frv., ef að lögum verður, tillögur og breytingar nái einnig til.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, í nokkrum orðum um leið og ég þakka fyrir þá góðu samstöðu sem náðist í hv. allshn. um þessar breytingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 2. umr.

Frv. BH o.fl., 311. mál (ráðningartími héraðspresta). — Þskj. 372, nál. 1007.

[10:54]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Með frumvarpinu er lagt til að héraðsprestar íslensku þjóðkirkjunnar séu ráðnir til fimm ára í senn til samræmis við það sem gildir um sóknarpresta og presta, sbr. 36. gr. og 40. gr. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Samþykkt var á kirkjuþingi árið 1997 að leggja til þessa breytingu á lögunum og við meðferð málsins í nefndinni kom fram að almenn samstaða er um hana.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Þeir sem undirrita nál. eru Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Jóhanna Sigurðardóttir og Einar K. Guðfinnsson. Aðrir voru fjarverandi við afgreiðsluna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skaðabótalög, 2. umr.

Stjfrv., 183. mál (margfeldisstuðull við bótaútreikning o.fl.). — Þskj. 199, nál. 971 og 972, brtt. 973, 974 og 975.

[10:56]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. meiri hluta allshn. á þskj. 971 og 973 um frv. til laga um breyting á skaðabótalögum, nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 42 13. maí 1996.

Nefndin hefur fjallað mjög ítarlega um málið og fengið fjölda gesta á sinn fund vegna þessa og margar umsagnir um málið bárust til allshn.

Frumvarpið er samið af Guðmundi Jónssyni, fyrrverandi hæstaréttardómara, og Gesti Jónssyni hæstaréttarlögmanni, en þeir voru haustið 1996, ásamt Sigrúnu Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanni, skipaðir í nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Skilaði nefndin áliti í tvennu lagi þar sem Sigrún skilaði minnihlutaáliti.

Fjöldi breytinga á skaðabótalögum eru lagðar til í frv. Meðal þeirra helstu má nefna að lagt er til að við útreikning bóta fyrir varanlega örorku verði notaður samfelldur margfeldisstuðull til 75 ára aldurs.

Þá verði við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku miðað við fjárhagslegt örorkumat fyrir alla slasaða en ekki einungis þá sem nýta vinnugetu sína til að afla tekna.

Árslaun til ákvörðunar bóta miðist við meðalatvinnutekjur slasaða síðustu þrjú almanaksárin fyrir slys og tekin verði upp lágmarksviðmiðun við útreikning bóta fyrir varanlega örorku. Hámark viðmiðunarlauna verði hins vegar óbreytt.

Reglum um frádrátt frá skaðabótakröfu vegna varanlegrar örorku verði breytt þannig að auk þeirra greiðslna sem nú dragast frá komi greiðslur frá almannatryggingum og hluti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði til frádráttar.

Þá verði bótaréttur 70 ára og eldri vegna varanlegrar örorku aukinn verulega.

Heimild til að ákveða álag á miskabætur verði rýmkuð auk þess sem fellt verði niður ákvæði um að bætur greiðist ekki nái miskastig ekki 5%. Þá breytist aldurstengd skerðing miskabóta þannig að hún hefst við 50 ára aldur og verður 1% á ári að 75 ára aldri en engin eftir það.

Veruleg breyting verði á reglum um örorkunefnd. Aðalreglan verði sú að málsaðilar afli sér sjálfir sérfræðilegra álitsgerða um örorku- og/eða miskamat en báðir aðilar hafi rétt til þess að skjóta slíkum álitsgerðum til örorkunefndar til endurmats. Örorkunefnd verði einungis matsaðili á fyrsta stigi þegar málsaðilar óska þess sameiginlega.

Þá er lagt til að ársvextir bóta fyrir þjáningar, varanlegan miska, tímabundið atvinnutjón, missi fram færanda og varanlega örorku hækki úr 2 í 4,5%.

Loks er lagt til í frv. að heimild til ákvörðunar miskabóta skv. 26. gr. laganna verði rýmkuð. Verði t.d. heimilt að láta þann sem veldur líkamstjóni af ásetningi eða stórfelldu gáleysi greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Þá verði heimilt að gera þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.

Meðal þess sem rætt var ítarlega í nefndinni er sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu að bætur frá lífeyrissjóði og almannatryggingum dragist frá bótum vegna varanlegrar örorku. Ástæða hennar er sú að allt önnur sjónarmið eru uppi í frumvarpinu en í gildandi lögum hvað þetta varðar. Margföldunarstuðull frumvarpsins er annars eðlis en stuðull núgildandi laga og við það miðaður að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku. Margfeldisstuðull núgildandi laga er hins vegar við það miðaður að tjónþoli héldi óskertum rétti til bóta frá þriðja aðila, t.d. almannatryggingum og vátryggingum. Í frumvarpinu er við það miðað að bætur skerðist ekki vegna slysatrygginga eða annarra bótaúrræða sem tjónþoli hefur sjálfur kostað með greiðslu iðgjalds en hins vegar komi bætur af félagslegum toga að fullu til frádráttar. Litið er svo á að bótaréttur frá lífeyrissjóði sé í senn af félagslegum toga og úrræði sem launþegi kostar sjálfur. Algengast er að vinnuveitandi greiði 60% iðgjalds til lífeyrissjóðs en launþegi 40%. Með hliðsjón af þessari skipan er lagt til í frumvarpinu að 60% bóta frá lífeyrissjóði komi til frádráttar skaðabótakröfu vegna varanlegrar örorku með sama hætti og aðrar félagslegar greiðslur. Meiri hlutinn leggur til að sömu reglur gildi um bætur vegna tímabundins atvinnutjóns enda eðlilegt að hið sama gildi um þessar tvær tegundir bóta hvað þetta varðar. Verði því 60% af greiðslum frá lífeyrissjóði vegna tímabundins tekjutjóns dregin frá skaðabótum fyrir tímabundna örorku. Það skal tekið fram til skýringar að þess þarf að gæta þegar verðmæti örorkulífeyris er dregið frá bótum fyrir varanlega örorku að við útreikning bótanna eru þær lækkaðar um þriðjung vegna skattfrelsis og svokallaðs hagræðis af eingreiðslu. Örorkulífeyrir er hins vegar skattskyldur eins og launatekjur. Af þeirri ástæðu er nauðsynlegt að skerða útreiknað eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris um þriðjung áður en dregið er frá. Því er lagt til í frumvarpinu að til frádráttar skaðabótum fyrir varanlega örorku komi 40% (þ.e. $^2/_3$ af 60%) af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði.

Í fjölmiðlaumfjöllun að undanförnu hefur komið fram gagnrýni á þá tillögu meiri hlutans að 60% af greiðslum vegna tímabundins atvinnutjóns skuli dregið frá bótum vegna tímabundinnar örorku og telja sumir að þar sé vegið að sjúkrasjóðum stéttarfélaganna. Þessi umræða er hins vegar á misskilningi byggð. Staðreynd málsins er sú að engar lagareglur eru um hvernig fjármunum sjúkrasjóða stéttarfélaganna skuli varið heldur setja félögin sjálf slíkar reglur. Þegar þær reglur eru skoðaðar kemur í ljós að réttur til bóta úr sjóðunum er almennt bundinn því skilyrði að annars konar bótaréttur sé ekki fyrir hendi.

Má sem dæmi nefna að sjúkrasjóður VR greiðir 80% meðallauna fyrir slys enda komi ekki til greiðslna vegna tímabundinnar örorku samkvæmt ábyrgðartryggingu fyrir sama tímabil. Meiri hlutinn telur mikilvægt að þær aðstæður skapist ekki að hinn slasaði hafi af því beina fjárhagslega hagsmuni að veikindi hans vari sem lengst. Væri til að mynda ekki vænleg regla að hinn slasaði ætti bæði rétt á fullum skaðabótum fyrir launamissi og jafnframt greiðslum frá sjúkrasjóði sem næmi 80% af launum. Það mundi einfaldlega þýða að hinn slasaði hefði af því fjárhagslega hagsmuni að láta sér ekki batna. Ef þeir sem fara með sjúkrasjóðina

teldu hins vegar að slík regla væri vænleg væri þeim sjálfum í lófa lagið að setja slíkar reglur.

Meðan málið var til meðferðar í nefndinni, nánar tiltekið í febrúar á þessu ári, féll dómur í Héraðsdómi Reykjaness þar sem eitt ákvæði skaðabótalaga var talið brjóta gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar. Um er að ræða ákvæði þar sem kveðið er á um að eftir að 60 ára aldri er náð lækki miskabætur tjónþola um 5% á ári næstu tíu árin en haldist síðan óbreyttar. Nefndin tók dóminn til sérstakrar skoðunar en niðurstaða meiri hlutans er sú að ekki séu efni til að láta hafa áhrif á afgreiðslu máls þessa. Í fyrsta lagi er aðeins um héraðsdóm að ræða og alls ekki víst að Hæstiréttur komist að sömu niðurstöðu. Þá er lagt til í frv. að skerðing þessi verði með öðrum hætti, byrji við 50 ára aldur og verði 1% á ári til 75 ára aldurs. Skerðingin verði því bæði minni og dreifist á lengri tíma. Er því alls ekki víst að dómurinn hefði komist að sömu niðurstöðu ef lögin væru með þeim hætti sem lagt er til í frv.

Við meðferð málsins í allshn. var nokkuð var rætt um 13. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að heimild til ákvörðunar miskabóta verði rýmkuð. Tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum frumvarpsins við umrædda grein. Þar kemur fram að við mat á fjárhæðum bóta skuli m.a. hafa í huga umfang tjóns, sök tjónvalds og fjárhagsstöðu hans. Séu börn fórnarlömb kynferðisbrota beri að líta til þess hversu alvarlegar afleiðingar brots eru fyrir þau, svo og til eðlis verknaðarins, hve lengi misnotkun hafi staðið og hvort um misnotkun fjölskyldu- eða trúnaðartengsla sé að ræða. Leggur meiri hlutinn sérstaka áherslu á að slík tengsl milli brotamanns og brotaþola eiga ekki að leiða til lækkunar bóta.

Þegar málið var til umfjöllunar í nefndinni lögðu höfundar frumvarpsins til endurskoðaðan margfeldisstuðul til útreiknings varanlegrar örorku. Við endurskoðunina var forsendum við gerð stuðulsins breytt þannig að atriðum sem hafa áhrif á starfslíkindi er sleppt fram að 67 ára aldri nema tekið er tillit til dánar- og örorkulíkinda á sama hátt og áður. Með þessu er horfið frá tillögu um fráhvarf frá hefðbundinni notkun starfslíkindaþáttarins sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Sigurður Freyr Jónatansson tryggingastærðfræðingur endurreiknaði stuðulinn í samræmi við þessa breyttu forsendu í samvinnu við Bjarna Þórðarson tryggingastærðfræðing. Þá fóru þeir sameiginlega yfir aðra þætti stuðulsins að ósk nefndarinnar og staðreyndu réttmæti hans miðað við gefnar forsendur.

Að beiðni allshn. létu höfundar frumvarpsins stilla upp í töflu undirstuðlum sem mynda sameiginlega endurskoðaða margfeldisstuðulinn. Birtist taflan í fylgiskjali með nefndaráliti meiri hlutans. Leggur meiri hlutinn til að sú útgáfa margfeldisstuðulsins sem þar birtist verði tekin inn í frumvarpið.

Meiri hluti allshn. leggur til nokkra smærri breytingar:

Lagt er til að í stað orðsins „rúmliggjandi“ í 2. gr. frumvarpsins komi orðið rúmfastur. Í umræddri grein eru tvö orð, rúmliggjandi og rúmfastur, notuð í sömu merkingu. Gæti það valdið ruglingi og er því lagt til að einungis annað þeirra, rúmfastur, verði notað. Telja verður það hugtak heppilegra þar sem það lýsir betur því sem átt er við.

Þá er lagt er til að í stað orðanna „ekki veikur“ í 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna komi orðið vinnufær. Í umræddum málslið segir að þegar sérstaklega standi á sé heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé ekki veikur. Í raun er þar átt við að greiða megi þjáningabætur þótt tjónþoli sé farinn að vinna. Bent hefur verið á að orðið veikur hefur tvenns konar merkingu sem vísi annars vegar til sjúkleika og hins vegar til óvinnufærni. Orðið veikur kemur tvisvar fyrir í 1. mgr. 3. gr. laganna og hefur í 1. málsl. merkinguna vanlíðan eða veikindi en í 2. málsl. merkinguna óvinnufær. Verður að telja óheppilegt að sama orðið hafi tvær mismunandi merkingar í sömu lagagrein og því er umrædd breyting á orðalagi lögð til. Ekki er um að ræða breytingu á innihaldi greinarinnar heldur er orðalagið einungis gert skýrara.

Þá leggur meiri hlutinn til að í stað orðanna „eftir að ekki er að vænta þess að tjónþoli nái frekari bata“ í 1. mgr. 5. gr. laganna komi orðin: þegar heilsufar tjónþola er orðið stöðugt. Er sú breyting í samræmi við sams konar breytingar á lögunum sem lagðar eru til í 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins.

Meiri hlutinn leggur einnig til að í stað orðanna „þegar honum er metin varanleg örorka“ í 1. efnismgr. 5. og 6. gr. frumvarpsins komi orðin: sem upphaf varanlegrar örorku miðast við. Þá komi í stað orðanna „þegar honum er metin örorka“ í 2. efnismgr. 5. gr. orðin: á þeim tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við. Með þessari breytingu verður skýrara að bætur vegna varanlegrar örorku reiknast frá þeim degi er tímabundinni örorku lýkur. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða.

Þá leggur meiri hlutinn til að á undan orðinu „gáleysi“ í 2. efnismgr. 13. gr. frumvarpsins komi orðið stórfelldu en að sögn höfunda frumvarpsins féll umrætt orð fyrir mistök út úr texta frumvarpsins. Þá er tekið fram í athugasemd við greinina í frumvarpinu að stórfellt gáleysi þurfi til bótaskyldu í því tilviki sem 2. efnismgr. 13. gr. fjallar um.

Loks leggur meiri hlutinn leggur til að lögin taki gildi 1. maí nk. þar sem mikilvægt er að þær réttarbætur sem frv. felur í sér komi sem fyrst til framkvæmda.

Virðulegi forseti. Ég tel að um mjög mikilvægt mál sé að ræða sem feli í sér verulegar réttarbætur fyrir tjónþola og meiri hluti allshn. leggur að sjálfsögðu til að þetta frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Hjálmar Jónsson og Kristján Pálsson.

[11:12]

Frsm. minni hluta allshn. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Frv. um breytingu á skaðabótalögum sem hér er til umræðu er þegar á heildina er litið til mikilla bóta enda kemst minni hluti allshn. að þeirri niðurstöðu, eins og segir orðrétt með leyfi forseta, í upphafsorðum álits okkar:

„Minni hlutinn telur frumvarpið í veigamiklum atriðum og þegar á heildina er litið til verulegra bóta fyrir tjónþola og brýnt að úrbæturnar komist þegar í stað til framkvæmda.“

Miklar deilur hafa staðið um skaðabótalögin á liðnum árum. Gerðar voru breytingar á þessum lögum sem tóku gildi sumarið 1993 og allar götur frá þeim tíma hefur verið deilt um réttmæti laganna eða hvort þar væri byggt á réttum útreikningsstuðlum og á undanförnum árum hefur farið fram mikil vinna til að ráða á þessu bót. Almennt er það mat þeirra aðila sem hafa komið að þessum málum að frv., eins og það liggur núna fyrir, tryggi tjónþolum fullar bætur fyrir fjártjón sem þeir verða fyrir í slysum. Það er á þessum forsendum sem við komumst að þeirri niðurstöðu í minni hluta allshn. að það beri að samþykkja þetta frv.

Hins vegar gerum við nokkrar og það mjög alvarlegar athugasemdir við frv. og teljum mjög brýnt að á því verði gerðar breytingar.

Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 5. gr. laganna að 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði verði dregin frá skaðabótakröfu. Jafnframt leggur meiri hlutinn til þá breytingu á 2. gr. frumvarpsins að frá skaðabótum skuli dregin 60% af greiðslu frá lífeyrissjóði og greiðslu frá sjúkrasjóði. Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn þessari breytingartillögu við 2. gr. og jafnframt leggja til breytingartillögu við 4. gr. þess efnis að greiðslur frá lífeyrissjóðum verði ekki dregnar frá skaðabótum. Iðgjöld launafólks í lífeyrissjóði eru hluti umsaminna launa og réttindin því eign launafólks. Óeðlilegt er að sú eign komi til frádráttar skaðabótakröfum. Í þessu samhengi er rétt að benda á að tryggingar sem keyptar eru á eru á markaði koma ekki til frádráttar.

Hv. talsmaður og formaður allshn. þingsins sagði í sinni framsögu áðan að gagnrýni af þessum toga sem fram hefði komið væri byggð á misskilningi og vísaði þar m.a. til sjúkrasjóðanna og reglugerða eða reglna, starfsreglna, sem um þá giltu eða þeir hefðu sett sjálfum sér. Þannig væri málum háttað að iðulega kæmu ekki greiðslur úr þessum sjóðum fyrr en skaðabætur hefðu verið reiknaðar og hið sama ætti við um lífeyrissjóðina. Þessi gagnrýni er ekki byggð á misskilningi, einfaldlega vegna þess að við erum hér að takast á um prinsippmál. Við erum að tala um grundvallaratriðin. Ég hef sagt að mér finnst það vera til umhugsunar þegar fram líða stundir og þau lög sem við höfum sett um lífeyrissjóði í landinu koma til framkvæmda í reynd, vegna þess að reglur sem eru settar um lífeyrissparnað núna bera ekki ávöxt fyrr en löngu síðar þegar uppsöfnun réttinda hefur átt sér stað, að þá verði litið á það gólf sem slík lög setja öllum þegnum landsins, setja launamönnum jafnt sem atvinnurekendum um tryggingar, um örorkutryggingar, að slíkar greiðslur komi til frádráttar. En þetta er framtíðarmúsík. Eins og málum er háttað nú standa menn mismunandi að vígi og ólíkar kröfur eru gerðar til einstaklinga eftir því hvar þeir hljóta tryggingar sínar. Fyrir þann sem er í lífeyrissjóði og fær sína tryggingu þaðan eða úr sjúkrasjóði kemur sú greiðsla til frádráttar skaðabótakröfunni en fyrir þann sem hefur tryggt sig á frjálsum markaði með einkatryggingu kemur greiðslan ekki til frádráttar. Það er á þessum forsendum sem gagnrýnin er sett fram auk þess sem við sem höfum staðið að þessari gagnrýni lítum svo á að hér sé um eign launafólks að ræða og það eigi ekki að setja þvingun af þessu tagi inn í lögin. Það er því rangt að þetta sé byggt á misskilningi. Hér er um grundvallarafstöðu að ræða.

Minni hluti undir forustu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur leggur fram breytingartillögu við 13. gr. frumvarpsins þess efnis að við mat á miskabótum vegna kynferðisofbeldis verði tekið sérstakt tillit til eðlis og afleiðinga brotsins.

Þá telur minni hlutinn að sú lágmarksviðmiðun árslauna sem fram kemur í 6. gr. frumvarpsins sé of lág. Telur minni hlutinn eðlilegra að miða þar við meðallaun landverkafólks innan ASÍ í stað þeirrar upphæðar sem lögð er til og er nokkru lægri. Til að menn átti sig á þeim upphæðum sem hér er um að ræða er viðmiðunarstuðullinn í frv. 1.200 þús. kr. á ári en var árið 1993 þegar þessar tölur voru settar niður, 1.400 þús. fyrir meðallaun, áætlað var að meðallaun landverkafólks innan ASÍ væru þá 1.400 þús. Þessi tala hefur að sjálfsögðu tekið breytingum með vísitöluhækkunum.

Sú hugsun sem þetta byggir á er að mörgu leyti til bóta frá því fyrirkomulagi sem við höfum búið við. Þetta eru framfarir fyrir láglaunafólkið. Þar hefur verið og er í núgildandi lögum tekið mið af þeim kjörum sem einstaklingurinn býr við og ef þau eru mjög lág má ætla að hann sé hlunnfarinn vegna þess að verið er að bæta áætlað tjón fram í tímann og má ætla að lægst launaða fólkið njóti kjarabóta eftir því sem fram líða stundir. Á þeirri hugsun er búinn til hærri reiknistuðull en nemur raunverulegum launum sem fólk er á. En þetta er eitt af því sem mér og okkur finnst til bóta og sannanlega til hagsbóta fyrir láglaunafólk, þ.e. að setja gólf í frv. að þessu leyti.

Þá vekur minni hlutinn athygli á því að þegar nefndin fjallaði um skaðabótalögin árið 1995 voru miklar deilur milli tryggingafélaganna og Vátryggingaeftirlitsins um hvort og að hve miklu leyti aukinn bótaréttur hefði áhrif á iðgjaldagreiðslur. Þær deilur áttu m.a verulegan þátt í því að mjög hefur dregist að breyta skaðabótalögum til að tryggja tjónþolum sanngjarnar og eðlilegar bætur. Misvísandi upplýsingar komu fram og fólust m.a. í því að tryggingafélögin töldu að þær breytingar sem lágu fyrir mundu leiða til 30–50% hækkunar á iðgjöldum en Vátryggingaeftirlitið taldi að ekki væri þörf á neinni verulegri hækkun iðgjalda vegna breytinga á bótarétti. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu allsherjarnefndar og endurskoðunarnefndar skaðabótalaganna með atbeina bæði dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra hefur enn ekkert skýrst varðandi iðgjöldin. Þótt meginatriði þessa máls sé að tjónþolar fái sanngjarnar og eðlilegar bætur er það einnig mikilvægt að Alþingi hafi möguleika á að fylgjast með hvort réttarbæturnar geti hugsanlega leitt til breytinga á iðgjöldum, en á það hefur skort að mestu leyti. Með vísan til þróunar þessa hluta málsins og stöðu bótasjóðanna leggur minni hlutinn áherslu á að Fjármálaeftirlitið, áður Vátryggingaeftirlitið, sé þess þörf, beiti ákvæðum 2. mgr. 55. gr. laga um Vátryggingaeftirlit þar sem kveðið er á um að eftirlitið geti með rökstuddum hætti gert athugasemdir ef iðgjöld eru ósanngjörn og ekki í samræmi við áhættu sem í vátryggingum felst.

Ég vil geta þess að undir minnihlutaálit allshn. rita auk mín, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir.

Við leggjum áherslu á að þær brtt. sem við leggjum fram og ég hef gert hér grein fyrir og verður eflaust gerð skýrari grein fyrir á eftir, nái fram að ganga. En þegar á heildina er litið teljum við að hér sé á ferðinni mjög mikilvæg réttarbót sem brýnt er að komist til framkvæmda hið allra fyrsta.

[11:23]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir síðustu orð framsögumanns minni hluta allshn. um þetta mál. Hann sagði að þegar á heildina er litið væri um að ræða brýnar úrbætur og brýnt að þær kæmust til framkvæmda. Undir það skal tekið vegna þess að í megindráttum er frv. afar mikilvægt og brýnt að það nái fram að ganga á þessu þingi. Frv. hefur reyndar verið um langt skeið til umfjöllunar í þinginu, ráðuneytum og ýmsum nefndum og hefur tekið nokkur ár að koma í höfn þeim brýnu úrbótum sem það kveður á um. Framsögumaður minni hluta gerði grein fyrir athugasemdum okkar. Þær eru einkum þríþættar. Í fyrsta lagi tökum við undir þær athugasemdir sem fram hafa komið hjá Landssamtökum lífeyrissjóða og ASÍ þess efnis að örorkulífeyrir frá lífeyrissjóðum eigi að leiða af sér lægri bætur frá tryggingafélögunum og eins það sem fólk fær úr sjúkrasjóðum, sem er brtt. frá meiri hluta nefndarinnar við frv.

Það sem fram kemur í ályktun stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða um þetta mál frá 23. febrúar er eftirfarandi, herra forseti:

„Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða átelur harðlega að með þessu er búin til enn ein tekjutengingin á lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna. Fram til þessa hafa stjórnvöld sparað almannatryggingum ómælda fjármuni með tekjutengingu bóta lífeyrissjóðanna við bætur Tryggingastofnunar. Nú á hins vegar einnig að spara tryggingafélögunum hluta af þeim kostnaði sem réttmæt hækkun skaðabóta hefur óhjákvæmilega í för með sér, verði frumvarpið afgreitt óbreytt."

Segja má að athugasemdir sem fram hafa komið frá ASÍ séu í svipuðum dúr og þær eru vissulega réttmætar. Ég vil fara yfir tvö til þrjú atriði sem ASÍ hefur sett fram í gagnrýni sinni. Þar kemur fram að ASÍ mótmælir harðlega að launafólki sé hegnt fyrir samtryggingarsparnað sinn og að þeim sparnaði verði mismunað gagnvart öðrum sparnaði í samfélaginu sem ekki skerði rétt til skaðabóta.

Þeir segja réttilega að öll iðgjöld launafólks til samtryggingasjóða sinna séu hluti umsaminna launa og alfarið í eigu þess. Þeir telja að gagnrýni ASÍ hafi ekki verið svarað með neinum málefnalegum rökum heldur hafi aðeins verið bent á að þar sem þessi skerðing bitni einungis á þeim sem verða fyrir mestri örorku, 50% eða meira, þá sé það svo lítill hópur að ekki megi hindra framgang frv. hans vegna. Í sjálfu sér sé ekki um háar fjárhæðir að tefla. Í því samhengi segja þeir að þar sem um fáa einstaklinga sé að ræða í heildarsamhenginu ætti það að vera þeim mun auðsóttara mál að leiðrétta það.

Þau rök sem ASÍ teflir fram um að iðgjöld til lífeyrissjóðanna séu hluti umsaminna launa samkvæmt kjarasamningum og afrakstur af langri og harðri kjarabaráttu eru vissulega rétt og á vissulega að skoða. Það er rétt líka sem þeir halda fram að fyrir þessi iðgjöld hafi launafólk selt umtalsverðar launahækkanir í gegnum árin. Og orðrétt segja þeir, með leyfi forseta:

„Þess vegna ber að meðhöndla réttindi í lífeyrissjóðum eins og hverjar aðrar þær tryggingar sem einstaklingar kaupa fyrir eigið fé en slíkar tryggingar koma ekki til lækkunar á skaðabótum."

Þetta er auðvitað kjarni málsins. Tryggingar sem einstaklingar kaupa fyrir eigið fé úr hendi þriðja aðila koma ekki til lækkunar á skaðabótum, en aftur á móti koma greiðslur úr lífeyrissjóðum til lækkunar á skaðabótum og eins og ASÍ heldur fram þá eru þetta raunverulegar tryggingar sem launafólk hefur keypt sér þar sem um er að ræða hluta af kjarasamningum og launafólk þá kannski orðið að gefa eftir kjarabætur til að ná þessu fram.

Þeir segja um sjúkrasjóðina — en meiri hlutinn ætlar að bæta um betur við 2. umr. og leggja líka til að greiðslur úr þeim sjóðum skerði skaðabæturnar — að sjúkrasjóðirnir séu sama eðlis og lífeyrissjóðirnir, uppsöfnuð laun og eign launafólks.

Þeir hafa einnig sagt, með leyfi forseta:

„Lífeyrisréttur í söfnunarsjóðum verkalýðshreyfingarinnar er oftar en ekki eini varanlegi sparnaður launafólks. Þeir sem betur mega sín og þeir sem fjárfest hafa í hlutabréfum í tryggingafélögum, olíufélögum eða hvað það nú er, sæta engum frádrætti vegna þessa sparnaðar en launafólki sem sparar í lífeyrissjóðum sínum skal hegnt fyrir sinn sparnað".

Þetta eru rök sem ASÍ teflir fram.

Einnig segja þeir í samantekt sinni að þeir sem á undanförnum árum hafi greitt tiltekna upphæð til lífeyrissjóða búi við skertar eftirlaunagreiðslur hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna tekjutengingar. Þeir sem ekkert hafi greitt í lífeyrissjóði fái hins vegar fullar bætur. Hér sé verið að hegna þeim sem sýnt hafi fyrirhyggju og látið hluta af launum sínum renna til lífeyrissjóða.

Þetta eru þau rök sem ASÍ hefur sett fram og samtök lífeyrissjóðanna taka undir og við sem skipum minni hluti allshn. í því máli sem hér er til umræðu, þ.e. frv. til laga um breyting á skaðabótalögum, teljum þessi rök vera réttmæt.

Alþýðusamband Íslands hefur nýlega sent öllum alþingismönnum bréf þar sem þeir styðja mál sitt gildum rökum og segja að meginregla frv., um að allar tryggingar sem keyptar eru af tjónþolum sjálfum skuli ekki koma til frádráttar skaðabótum, eigi einnig að taka til örorkulífeyrisréttinda launafólks og því eigi ekki að lögbinda lækkun skaðabóta vegna þeirra. ASÍ telur einnig að með þessum hætti sé verið að mismuna sparnaðarformum og hegna launafólki fyrir samtryggingarsparnað sinn í lífeyrissjóðum.

Herra forseti. Hér eru gild rök sett fram, þ.e. að verið er að mismuna í sparnaðarformi og hefði meiri hlutinn átt að taka tillit til þess.

Á síðari stigum þessa máls, eftir að allshn. hafði afgreitt málið úr nefndinni, gerði ASÍ mjög veigamiklar athugasemdir við útreikningana og taldi að ýmsir þyrftu að þola verulega lækkun á skaðabótunum frá því sem væri, og segja orðrétt í bréfi sínu, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi byggist afstaða ASÍ á þeirri staðreynd að nánast allir sem verða fyrir 50–100% varanlegri örorku muni þola lækkun skaðabóta frá því sem nú er, en það er sá hópur sem rétt á á örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum. Um þetta hafa staðið nokkrar deilur enda hafa lærðir og leikir haldið því fram að með frv. yrðu bætur hækkaðar en ekki lækkaðar.

Upp úr miðjum febrúar sl. óskaði ASÍ eftir því við ritara allshn. að sambandinu yrðu sendir útreikningar tryggingafræðinga sem legið höfðu frammi í nefndinni frá 13. des. sl. Þar kemur fram að einstaklingar sem verða 100% öryrkjar í kjölfar slysa þurfi, ef frv. verði óbreytt að lögum, að þola allt að 15 millj. kr. lækkun skaðabóta og 50% öryrkjar allt að 7 millj. kr. lækkun. Allshn. hefur nú lagt til hækkun á margföldunarstuðli laganna og er það vel.

ASÍ hefur reiknað áhrif hækkunar stuðulsins út frá sömu forsendum og eru þeir útreikningar á fylgiskali I. Þar kemur fram að skaðabætur eru enn að lækka, um hátt á sjöundu milljón, og lækkunin kemur að meðaltali verst niður á þeim sem eru með tekjur undir 112 þús. kr. á mánuði fyrir bótaskylt slys."

Herra forseti. Hér er því haldið fram að þrátt fyrir breytingar sem allshn. hefur lagt til á stuðlinum þá þurfi einhverjir, þó ekki sé það fjölmennur hópur, að þola ákveðna lækkun. Á þeim stutta tíma sem allshn. hafði til þess að fjalla um þessa hlið umsagnar ASÍ, sem kom alveg á síðustu stigum málsins, gafst ekki tími til að fara mjög ítarlega yfir þessar athugasemdir ASÍ sem vissulega eru nokkuð veigamiklar. Því verður að treysta því, herra forseti, þar sem mikilvægt er að frv. nái fram að ganga, að komi í ljós miklir annmarkar á þeim útreikningum sem hér eru lagðir fram á þessum nýja stuðli þá verði þeir leiðréttir. Við í minni hlutanum teljum þó ekki forsvaranlegt að tefja málið eða tefla því í tvísýnu á Alþingi þrátt fyrir þessar veigamiklu athugasemdir sem Alþýðusambandið gerir á þessum útreikningum. Þar sem ekki vannst tími til að fara ítarlega yfir þetta þá verður að

treysta því að á því verði tekið ef í ljós koma miklir hnökrar á þessum útreikningi.

Eins og fram hefur komið felast verulegar bætur í frv. frá því sem eldri skaðabótalög kváðu á um. Ég vil í fyrsta lagi nefna að við útreikning bóta fyrir varanlega örorku verður notaður samþykktur margfeldisstuðull til 75 ára aldurs og að við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku verður miðað við fjárhagslegt örorkumat fyrir alla slasaða en ekki einungis fyrir þá sem nýta vinnugetu sína til þess að afla tekna. Einnig að tekin er upp lágmarksviðmiðun við útreikning bóta fyrir varanlega örorku en hámark viðmiðunarlauna verður óbreytt. Jafnframt er mikilvægt að reglum um frádrátt frá skaðabótum vegna varanlegrar örorku verður breytt þannig að tryggt sé að bótaréttur 70 ára og eldri vegna varanlegrar örorku verði aukinn.

Í frv. er svo heimild til að ákveða að álag á miskabætur verði rýkmað auk þess sem fellt verður niður ákvæði um að bætur greiðist ekki nái miskastig ekki 5%, og það tel ég mjög mikilvæga breytingu á lögunum.

Herra forseti. Ég skal ekki fara neitt ítarlega frekar yfir þetta mál. Það hefur verið gert af frsm. minni hluta. Hann hefur gert grein fyrir þeim breytingum sem við leggjum til á frv. Það er í megindráttum ein brtt. sem lýtur að frádrætti greiðslna úr lífeyrissjóðum frá skaðabótum og brtt. sem ég geri ráð fyrir að hv. 12. þm. Reykn., Kristín Halldórsdóttir, geri frekari grein fyrir. Sú tillaga er um að við mat á miskabótum vegna kynferðisofbeldis skuli sérstaklega taka tillit til eðlis verknaðarins, hve lengi misnorkunin varði, hvort verknaðurinn var misnotkun á skyldleikasambandi eða umönnunarsambandi, hvort brotaþoli hafi áður verið gerandi á einhvern hátt, hvort um misnotkun á trúnaðarsambandi var að ræða og hvort verknaðurinn hafi verið framinn á sérlega sársaukafullan eða ærumeiðandi hátt.

Eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, leggjum við til að ekki verði miðað við 1.200 þús. kr. lágmarkslaun heldur verði miðað við meðllaun ASÍ varðandi útreikning bóta.

Herra forseti. Í lokin vil ég nefna það sem iðulega hefur verið nefnt þegar skaðabótalög hafa verið hér til umræðu, þ.e. hvort breytingar á skaðabótunum geti falið í sér að til þurfi að koma hækkun á iðgjöldum tryggingafélaganna. Þetta er sá þáttur sem ekki hefur tekist að fá útreikninga á þrátt fyrir að ítarlega hafi verið eftir því leitað, hvorki frá Vátryggingaeftirlitinu né tryggingafélögum. Ég minni á að á síðasta þingi fóru bæði hæstv. viðskrh. og hæstv. dómsmrh. í að reyna að knýja fram nauðsynlega útreikninga til að allshn. og þingmenn gætu gert sér grein fyrir því hvort þessar breytingar á skaðabótalögum hefðu áhrif á iðgjaldagreiðslur.

Herra forseti. Vissulega er það svo og það skal rækilega tekið fram, að það sem skiptir mestu máli er að verið er að tryggja betur réttindi tjónþola. Engu að síður finnst mér að þingið og allshn. þurfi að geta gert sér grein fyrir því hvort þessar breytingar hafi áhrif á iðgjöldin. Um það var mikið fjallað á síðasta þingi og einnig í allshn. þar sem fram komu mjög misvísandi upplýsingar frá tryggingafélögunum annars vegar og Vátryggingaeftirlitinu hins vegar, um áhrifin á tjónakostnaði bifreiðatrygginga vegna líkamstjóna. T.d. töldu tryggingafélögin að þær breytingar sem þá lágu fyrir mundu leiða til 50%, eða nálægt 50%, hækkunar á iðgjöldum. En Vátryggingaeftirlitið hélt því fram að ekki væri þörf á neinni verulegri hækkun á iðgjöldunum. Líka var deilt mikið um bótasjóði tryggingafélaganna og áætlað, að mig minnir, að um 11 milljarðar væru í bótasjóðum tryggingafélaganna. Þess vegna óskaði ég eftir því að fá upplýsingar um það hjá Fjármálaeftirlitinu hver staða bótasjóðanna væri núna og hvort þeir séu í stakk búnir til að mæta því ef þessar breytingar á skaðabótalögunum kölluðu á hækkun iðgjalda.

Í ljós kemur að bótasjóðirnir eru verulega digrir hjá tryggingafélögunum og ég verð að ætla, miðað við stöðu tryggingasjóðanna, að ekki þurfi að koma til nein hækkun á iðgjöldum á bifreiðatryggingum vegna breytinganna sem við erum hér að gera á skaðabótalögunum. Það kemur fram að 31. des. 1993 hafi staða bótasjóðanna verið 9,9 milljarðar kr. En núna, 31. des. 1997, er staða bótasjóðanna 15,8 milljarðar kr. og það þrátt fyrir að á þessum tíma, frá 1993–1997, hafi vátryggingaiðgjöld bílatrygginga fremur lækkað, sennilega um 20–30% vegna aukinnar samkeppni í tryggingageiranum. Eins var reikningstuðlinum breytt þannig að tjónakostnðaur var aukinn hjá tjónþolum. Í des. 1995 var reikningstuðlinum breytt úr 7,5 í 10. Þrátt fyrir þetta sýna bótasjóðirnir að þeir hafa hækkað úr tæpum 10 milljörðum frá 1993 og í tæpa 16 milljarða kr. í des. 1997.

Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu. Við í minni hlutanum gerum grein fyrir því í áliti okkar hvernig á þessu máli hefur verið haldið og teljum fyrir neðan allar hellur að löggjafarsamkundan geti ekki fengið eðlilegar upplýsingar frá tryggingafélögunum í þessu máli en vísum til þess, með tilliti til stöðu bótasjóðanna sem ég hef lýst að eru verulega digrir, að ekki þurfi að koma til hækkunar á iðgjöldum. Við leggjum áherslu á að Fjármálaeftirlitið, sé þess þörf, beiti ákvæðum 2. mgr. 55. gr. laganna um Vátryggingaeftirlit, sem kveða á um að eftirlitið geti með rökstuddum hætti gert athugasemdir ef iðgjöld eru ósanngjörn og ekki í samræmi við áhættu sem í vátryggingunum felst, vilji svo ólíklega til, herra forseti, að tryggingafélögin ætli að hækka iðgjöld í ljósi þeirra breytinga sem við erum að leggja til á skaðabótalögunum. Það er auðvitað ekki líðandi.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Við leggjum fram brtt. sem við höfum lýst og væntum þess að þær fái stuðning á hv. Alþingi. Að öðru leyti vil ég ítreka það að hér er á ferðinni mjög gott mál sem við munum styðja.

[11:41]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég get hafið mál mitt með því að endurtaka orð hv. síðasta ræðumanns. Hér er á ferðinni mjög mikilvægt mál og miklar réttarbætur sem við vonumst til að fái eðlilegan framgang og verði samþykktar fyrir þinglok. Málið er vissulega stórt og nokkuð torskilið en það hefur fengið mikla og góða umfjöllun í hv. allshn. þótt ekki tækist að standa saman að nál. Ástæðuna hafa síðustu tveir hv. ræðumenn skýrt í máli sínu og er kannski ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum frekar um það.

Markmið frv. er að reyna með öllu móti að tryggja fullar bætur til þeirra sem verða fyrir skaða. Með það að leiðarljósi höfum við farið mjög ítarlega yfir málið. Eins og menn þekkja hafa nokkrar atrennur verið gerðar að þessu máli og þessi endurskoðun ætti að tryggja miklu betur en áður að fólk sem verður fyrir skaða fái fullar bætur. Ég vil ítreka að vilji minni hlutans jafnt og meiri hlutans er sá að frv. verði samþykkt nú fyrir þinglok.

Ég vil einnig leggja áherslu á að mikilvægt er að vel verði fylgst með framkvæmd laganna þannig að ekki fari á milli mála hvernig til hefur tekist. Þá er ég ekki síst að hugsa um

það, ef svo illa fer, að Alþingi samþykki ekki þær brtt. sem minni hlutinn gerir við frv.

Við leggjum til tvær brtt. Hv. 17. þm. Reykv. og hv. 13. þm. Reykv. hafa nokkuð fjallað um þær, þ.e. tillögu sem lýtur að 4. gr. frv. þess efnis að draga skuli frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði. Við leggjum til að þessi setningarhluti falli niður.

Gagnrýni á þetta atriði hefur verið nokkuð hávær og komið frá nokkrum aðilum. Þeirri gagnrýni hefur m.a. verið svarað með því að hér sé um afar fá tilvik að ræða, þar sem þetta varði aðeins þá sem verði fyrir mestri örorku, 50% eða meira. Það hefur verið upplýst að aðeins sé um að ræða fimm til sex tilvik á ári. En, herra forseti, þess þá heldur hefði verið útlátalítið að mæta þessari gagnrýni og taka tillit til hennar, enda mundi það ekki skekkja dæmið að marki. Hér er einmitt um þá að ræða sem síst mega við slíku og fyrir hvern einstakling í þessum hópi eru afar miklir hagsmunir í húfi. Á fundum nefndarinnar var mikið rætt um þann vanda í sambandi við skaðabætur sem kallast ofbætur. Það minnti mig reyndar á það þegar aðsópsmikill framkvæmdastjóri kom að rekstri ónefnds sjúkrahúss og sá að til að spara í rekstrinum væri vænlegast að draga úr ræstingum þar sem spítalinn væri ofræstur, eins og hann orðaði það.

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég hef ekki haft þungar áhyggjur af ofbótum. Raunar er varla hægt að tala um að þeir sem verða fyrir slysum séu ofbættir og þaðan af síður þegar slík slys leiða til örorku, 50% eða meira. Ég hef meiri áhyggjur af vanbótum í því efni. Ég tel mjög brýnt að fylgst verði vel með því hvernig þetta sérstaka ákvæði kemur út ef svo illa fer að brtt. okkar í minni hlutanum verður ekki samþykkt. Auðvitað vona ég sannarlega að hv. Alþingi sjái að þar er um réttlætismál að ræða.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þetta en skýra aðeins þá tillögu sem er að finna á þskj. 974 og er brtt. við 13. gr. frv. sem er um breytingar á 26. gr. laganna. Við leggjum þar til að við þessa grein bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

„Við mat á miskabótum vegna kynferðisofbeldis skal sérstaklega taka tillit til eðlis verknaðarins, hversu lengi misnotkunin varaði, hvort verknaðurinn var misnotkun á skyldleikasambandi eða umönnunarsambandi, hvort brotaþoli var háður geranda á einhvern hátt, eða hvort um misnotkun á trúnaðarsambandi var að ræða, og hvort verknaðurinn var framinn á sérlega sársaukafullan eða ærumeiðandi hátt."

Í skýrslu umboðsmanns barna frá 1997, Heggur sá er hlífa skyldi, sem fjallar um kynferðisafbrot gegn börnum og ungmennum, koma fram vel rökstuddar tillögur um lagabreytingar varðandi meðhöndlun kynferðisafbrotamála. Ekki sakar að minna á frv. sem ég hef þegar mælt fyrir hér á hv. Alþingi og flyt ásamt hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Það er hins vegar um aðra hlið þessara mála og fer ég ekki nánar út í það hér. Ein tillagan sem kom fram í skýrslu umboðsmanns barna er sú að breyta þurfi skaðabótalögunum í þá veru að lögin kveði á um hvaða atriði skuli höfð að leiðarljósi við ákvörðun bótafjárhæðar til barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.

Í 26. gr. skaðabótalaganna er ekki tilgreint hvaða atriði skuli lögð til grundvallar við ákvörðun skaðabóta. Það hefur því verið háð persónulegu mati dómara hvaða atriði skuli hafa áhrif á upphæð bótafjárhæðar, án þess að þeir hafi haft lagaákvæði að styðjast við. Í rökstuðningi umboðsmanns er m.a. vitnað í hæstaréttardóm nr. 83/1996. Í því máli var kveðinn upp dómur yfir manni sem misnotaði dóttur sína í nokkur ár. Héraðsdómur hafði dæmt barninu 2 millj. kr. í miskabætur en Hæstiréttur lækkaði bæturnar í 1 millj. og rökstuðningurinn var m.a. eftirfarandi:

„Við ákvörðun skaðabóta úr hendi ákærða ber að taka tillit til skyldleika aðilanna ásamt því að hann mun eftir sem áður bera framfærsluskyldu gagnvart dóttur sinni. Brot ákærða voru alvarleg og til þess fallin að valda mikilli röskun á tilfinningalífi og högum telpunnar, sem vandi er úr að bæta. Hins vegar liggur ekki fyrir að svo komnu í hvaða mæli þær kunni að verða varanlegar fyrir telpuna eða hvort ráða megi bót á þeim." Þetta var tilvitnun í rökstuðning með dómi Hæstaréttar.

Í þessu tilfelli hafa dómarar látið það virka til lækkunar bóta að um skyldleika aðila var að ræða og að ákærði bar framfærsluskyldu gagnvart dóttur sinni. Slíkt mat er í algerri mótsögn við það sem vitað er um skaðsemi kynferðisofbeldis fyrir börn. Í frv. um breytingu á skaðabótalögum sem við erum hér að ræða er í athugasemdum við einstakar greinar frv. gerð grein fyrir því hvað hafa beri í huga við mat á miskabótum. Það er út af fyrir sig ágætt. Það er til bóta, en mun tryggara er að setja það atriði inn í sjálfan lagatextann.

Í máli hv. formanns allshn., þegar hún mælti fyrir nál. meiri hlutans, var nokkur umfjöllun um þetta atriði vegna þess að ég lagði þessa brtt. fram fyrir nokkrum vikum. Henni var í sjálfu sér mjög vel tekið en engu að síður treysti meiri hlutinn sér ekki til að styðja brtt. Það þykir mér mjög miður. Ég hafði vænst þess að meiri hlutinn mundi sjá sér fært að gera það, þar sem mér fannst vera samúð með þessu sjónarmiði og skilningur. Því miður varð ekki af því.

Umboðsmaður barna lét bera saman lagatexta hinna Norðurlandanna og hefur mælt með lagabreytingu í stíl við norsku skaðabótalögin. Brtt. sem hér er lögð fram er samhljóða norska textanum. Þau atriði sem áhrif skulu hafa á miskabætur eru í samræmi við niðurstöður umfangsmikilla rannsókna á áhrifum kynferðisofbeldis á börn.

Ég ætla að leyfa mér að segja hér aðeins frá opinberri norskri skýrslu sem ber heitið „Seksuelle overgrep mot barn – Straff og erstatning". Þar er í viðauka greint frá úttekt sálfræðingsins Anne Paulsen á sálrænum og félagslegum afleiðingum kynferðisofbeldis gegn börnum. Paulsen lýsir hvaða þættir við kynferðislegt ofbeldi hafi þýðingu fyrir umfang og alvarleika skaða á börnum. Hún kemst að þeirri niðurstöðu að erfitt sé að meta skaðsemi kynferðisofbeldis í smáatriðum og nákvæmlega vegna þess að hvert tilfelli sé einstakt.

Rannsóknir eru tiltölulega nýhafnar á þessu fyrirbrigði og þeim ber ekki alltaf saman. Það er því bæði eðli verknaðarins og rannsóknaraðstæður sem gera það erfitt að draga miklar ályktanir um einstök atriði. Þó má segja að þegar hafi verið komist að ákveðnum niðurstöðum, m.a. þeirri að mesti skaðinn verði þegar um gróft ofbeldi er að ræða, einnig að greinileg tengsl séu á milli skaða og þess hversu náið sambandið er milli barnsins og ofbeldismannsins. Þeim mun nánari sem tengslin eru, því meiri er skaðinn. Aðrir þættir sem skipta máli eru hversu gróft ofbeldi er um að ræða og hvort ofbeldismenn eru fleiri en einn. Gróft ofbeldi gagnvart mjög ungum börnum virðist mjög skaðlegt.

Til að hindra að hæstaréttardómur nr. 83/1996 hafi fordæmisgildi og tryggja að lögin endurspegli þá þekkingu sem fyrir hendi er um afleiðingar kynferðisofbeldis fyrir börn er

nauðsynlegt að sjálfur lagatextinn kveði skýrt á um hvaða atriði skuli hafa áhrif við ákvörðun bóta.

Þess ber einnig að geta að umboðsmaður barna sendi umsögn til hv. allshn. sem mér finnst rétt að vitna til. Sú umsögn styður í einu og öllu þessa brtt. og mál mitt um hana. Í þeirri umsögn sem er dags. 10. febr. sl. segir, með leyfi forseta:

„Þar sem mér er kunnugt um að á Alþingi hefur verið lagt fram frv. til nýrra skaðabótalaga og sömuleiðis að allshn. hefur nú fengið frv. þetta til meðferðar vil ég leyfa mér að vekja sérstaka athygli hv. allshn. á álitsgerð minni til dómsmrh., dagsettri 16. janúar 1997, þar sem ég legg til breytingar á 26. gr. núgildandi skaðabótalaga, nr. 50/1993.

Í niðurlagi álitsgerðar minnar segir orðrétt:

Með vísan til ofangreinds, sbr. og b-lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, beini ég þeirri áskorun til dómsmrh. að við heildarendurskoðun skaðabótalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1996, um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, verði 26. gr. laganna breytt á þann veg að í ákvæðinu verði tilgreind þau atriði sem sérstök áhrif skulu hafa við ákvörðun bótafjárhæðar til barna sem fórnarlamba kynferðisbrota. Einkum er þar um að ræða atriði sem sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að almennt séu fallin til að hafa áhrif á hversu alvarlegar afleiðingar brot hefur fyrir brotaþola, svo sem eðli verknaðarins, hversu lengi misnotkun hefur varað og ekki síst hvort um sé að ræða misnotkun ættartengsla eða trúnaðartengsla. Slík upptalning ætti að vera til leiðbeiningar fyrir dómstóla en hins vegar ekki tæmandi, þannig að dómstólar hefðu áfram nokkurt svigrúm til einstaklingsbundins mats. Varðandi lagasetninguna tel ég eðlilegt að skoða einnig atriði eins og það hvort taka beri tillit til efnahags tjónvalds og annarra aðstæðna hans.

Bréf þetta ásamt ofangreindri álitsgerð óskast kynnt fyrir allshn. eins fljótt og verða má. Virðingarfyllst, Þórhildur Líndal".

Út af fyrir sig mætti fara ítarlega í þessa álitsgerð umboðsmanns barna sem vitnað er til hér. Hún minnir m.a. á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem Ísland er aðili að. Þar kemur fram að aðildarríki skuldbinda sig til að vernda börn fyrir hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi. Samkvæmt 39. gr. samningsins skulu aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að stuðla að því að barn sem sætt hefur vanrækslu, notkun eða misnotkun af nokkru tagi, pyndingum eða annars konar ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða er fórnarlamb vopnaátaka, hljóti líkamlegan og sálrænan bata og aðlagist samfélaginu á ný.

Enn fremur er í ítarlegra máli rökstudd sú skoðun umboðsmanns barna að orða beri lagatextann þannig að þau atriði sem taka beri tillit til þegar dæmt er um slík mál fari ekki á milli mála.

Herra forseti. Mér þykir mjög miður að ekki skyldi nást samstaða í nefndinni um að taka tillit til þessarar brtt. Hún kom nokkuð snemma fram á því tímabili sem við höfum fjallað um lögin. Ég reyndi að rökstyðja hana í allítarlegu máli, koma henni á framfæri til allra nefndarmanna og fá umræðu um hana í nefndinni. Það eru mér því mjög mikil vonbrigði að meiri hlutinn skyldi ekki taka hana til greina. Ég hefði talið það miklu betra ef við hefðum öll getað staðið að þessari brtt. Því miður er það nú oftar en ekki þannig að meiri hluti Alþingis horfir aðeins á það sem kemur frá meiri hluta nefndar og setur sig ekki nægilega vel inn í þann rökstuðning sem minni hlutinn hefur uppi um einstök mál. En ég hef gert mitt til þess að reyna að koma þessum rökstuðningi á framfæri við hv. Alþingi.

[12:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ríkisvaldið tekur að sér að skylda menn til *að tryggja sig á ýmsan hátt gegn tjóni vegna þess að þeir* missa getu til að afla tekna eða möguleika til að vinna. Þar ber fyrst að nefna almannatryggingar, í öðru lagi skylduaðild að lífeyrissjóðum, í þriðja lagi sjúkratryggingar stéttarfélaganna sem er líka skylduaðild að, 1% af launum er iðgjaldið. Enn fremur er skyldutrygging ökutækja til að tryggja tjón þriðja aðila sem lent getur í því að ökumaður valdi tjóni. Allt er þetta eitt samhangandi net til að tryggja fólk gegn því að missa tekjur. Þetta er þáttur í velferðarkerfi okkar.

Á botninum á þessu kerfi, ef allt bregst, er svo félagsleg hjálp sveitarfélaganna.

Þáttur í þessu eru þau lög eða frv. sem við ræðum hér, þ.e. skaðabótalögin, sem tryggja menn fyrir því ef þeir verða fyrir tjóni af völdum ökumanns og er þáttur í því að tryggja menn eins og allt þetta kerfi gegn tjóni af því að þeir missa vinnugetuna.

Herra forseti. Því er það svo að afstaða ASÍ í þessu máli, sem birtist í ályktun þess, er afskaplega undarleg. ASÍ ásamt með Vinnuveitendasambandinu og öðrum aðilum vinnumarkaðarins hefur verið í fararbroddi við að búa til og hanna það kerfi sem við búum við í dag. Flestir lífeyrissjóðirnir eru stofnaðir af verkalýðsfélögum, sumir 1930 eða 1934, 1956 og síðan 1969 og 1970. Þetta var tilraun verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda til að tryggja félagsmenn sína fyrir því tekjutjóni sem þeir verða fyrir ef þeir missa vinnugetuna.

Reyndar var ekki mikil þátttaka í sjóðum verkalýðshreyfingarinnar framan af. Til þess að ráða bót á því voru sett lög að frumkvæði Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins 1974 sem skyldaði alla launþega til að eiga aðild að lífeyrissjóði. Þetta er mjög veigamikið atriði, herra forseti, í þeirri umræðu sem fer fram núna. Skylduaðildin að lífeyrissjóðum var til þess að tryggja menn gegn örorku og elli og dauða um aldur fram.

Vinnuveitendasambandið og ASÍ hafa verið að vinna að því að tryggja menn gegn örorku á þennan hátt með því að skylda menn með lögum til að greiða í lífeyrissjóði. Þessi lög voru svo víkkuð út 1980 og síðan voru sett lög um lífeyrissjóði 1997 eins og hv. þm. er kunnugt.

Þess vegna er afstaða ASÍ mjög undarleg sem segir að iðgjöld til almennu lífeyrissjóðanna séu hluti umsaminna launa samkvæmt kjarasamningi og afrakstur langrar og harðrar kjarabaráttu og sé þar af leiðandi eign þess sem borgar iðgjaldið. Það er ekki svo. Þetta er lagaskylda. Löggjafinn hefur skyldað fólk til að tryggja sig á þennan hátt fyrir örorku.

Síðan stendur í ályktun miðstjórnar ASÍ, með leyfi herra forseta:

„Lífeyrisréttur er oftar en ekki eini varanlegi sparnaður launafólks meðan þeir sem betur mega sín hafa tækifæri og getu til annars sparnaðar sem ekkert kemur til frádráttar skaðabótunum."

Þetta er algjör misskilningur. Allir eiga að spara í lífeyrissjóði, ekki bara launafólk, heldur allir, atvinnurekendur líka. Allir sem hafa tekjur af vinnu sinni eiga að tryggja þessar tekjur í lífeyrissjóðunum. ASÍ og Vinnuveitendasambandið hafa mótað tryggingakerfið, þeir hafa verið þátttakendur í

því en núna virðast þeir vera að hlaupa frá því með því að segja að þær bætur sem koma úr kerfinu vegna örorku eigi ekki að koma til frádráttar þeirri lögboðnu örorkutryggingu sem við ræðum um í dag.

Herra forseti. Nokkuð hefur verið rætt um oftryggingu og vantryggingu. Oft tala menn um oftryggingu sem hálfgerðan brandara og það sé svo sem allt í lagi að hafa oftryggingu. Að sjálfsögðu er ekki allt í lagi að hafa oftryggingu. Ef menn eiga að hagnast á því að verða fyrir tjóni hlýtur það að koma niður á einhverjum öðrum, það er einhver sem greiðir. Annaðhvort eru það skattgreiðendur sem greiða í almannatryggingar eða iðgjaldagreiðendur í gegnum lífeyrissjóðina eða iðgjaldagreiðendur í gegnum tryggingafélögin. Oftrygging er því alltaf skaðleg og í allri hönnun á tryggingakerfum er yfirleitt gert ráð fyrir því og reiknað með því að menn reyni að koma í veg fyrir oftryggingu vegna þess að hún veldur óþarfakostnaði. Við ætlum að tryggja tjónið en ekki oftryggja það. Það er mjög mikilvægt að menn horfi til þess.

Herra forseti. Í umræðunni hefur nokkuð verið talað um að tryggingafélögin séu með svo og svo mikinn gróða og þetta sé gert fyrir tryggingafélögin. Það er eins og menn átti sig ekki á því að á tryggingamarkaðnum er samkeppni. Menn tala um geysimikla tryggingasjóði o.s.frv. En hvar er samkeppnin? Hafa menn enga trú á því að samkeppnin nái fram því iðgjaldi sem stendur akkúrat undir áhættunni sem tryggingafélögin taka á sig? Ef álögur á tryggingafélögin eru auknar, þ.e. bæturnar hækkaðar, segjum tvöfaldaðar, þurfa tryggingafélögin tvöfalt hærra áhættuiðgjald til þess að mæta áhættunni. Þetta liggur í augum uppi. Samkeppnin meðal tryggingafélaganna á að keyra iðgjaldið niður í það að vera nánast áhættuiðgjald plús eitthvað kostnaðarálag.

Allt kerfið byggir á því að menn séu tryggðir en bara einu sinni tryggðir. Þess vegna er ályktun ASÍ dálítið undarleg og alveg sérstaklega það sem þeir segja, með leyfi herra forseta:

„Þennan sparnað launafólks í samtryggingarsjóðum verkalýðshreyfingarinnar hyggst ríkisstjórnin nú nota til þess að spara tryggingafélögunum bótagreiðslur og skerða stórlega kjör launafólks sem verður fyrir alvarlegum áföllum."

Það er verið að spara tryggingafélögunum bótagreiðslur. Ef bótagreiðslurnar lækka munu iðgjöld tryggingafélaganna væntanlega lækka vegna samkeppninnar ef menn hafa yfirleitt trú á samkeppni og hún er allveruleg á þessum markaði. Erlendir aðilar eru að koma inn. Þetta er því ekki rétt, það er ekkert verið að spara tryggingafélögunum bótagreiðslur. Það er ekkert verið að skerða stórlega kjör launafólks með þessu frv. vegna þess að það er tryggt í lífeyrissjóðunum fyrir þessari örorku, það er lagaskylda að tryggja sig fyrir þessari örorku, fyrir þessu áfalli, í lífeyrissjóðunum.

Herra forseti. Ég vildi koma inn á nokkur atriði. Í fyrsta lagi er í öllum útreikningunum miðað við 4,5% raunvexti umfram laun því að við erum að tryggja launatap. Ég set mikið spurningarmerki við þessa vexti vegna þess að vextir hafa lækkað á lengstu spariskírteinum ríkissjóðs — vextir hafa lækkað um 2% á síðustu tveim árum. Menn verða að huga vel að þessari tölu. Vextir eru núna 3,6% á markaði fyrir langtímabréf umfram verðlag. Ekki er hægt að ætlast til þess að maður sem verður fyrir tjóni geti ávaxtað fé sitt miklu betur en það. Það þarf ákveðna sérfræðiþekkingu til og það er auk þess kostnaður að ávaxta, sem vantar líka inn í þetta dæmi. Ég set því spurningarmerki við þetta og ef það verður frekari lækkun á vöxtum á markaði verður að taka þessi lög aftur og hækka bæturnar umtalsvert vegna þess að bæturnar hækka mikið þegar ávöxtunarkrafan er lækkuð.

Enn fremur er gert ráð fyrir því að skattaálögur séu 33% sem er mjög hátt vegna þess að meðalskattar eru um 20% yfir allt kerfið. Þeir sem eru með lágar bætur og lenda í skattleysismörkum ættu ekki að vera skertir um einn þriðja heldur eitthvað minna. Það er því eitt og annað sem ég hefði athugasemdir við, það er aðallega vaxtaprósentan og síðan þessir skattfrelsisstuðlar.

Þá hef ég líka athugasemd við það sem kemur til mótvægis, að draga bara 60% af örorkubótum lífeyrissjóðanna frá. Ég mundi vilja draga þær allar frá, 100%. En það kemur til mótvægis þessum vöxtum þannig að ég hugsa að þetta komi nokkurn veginn eins út að meðaltali.

Herra forseti. Ég tel mjög brýnt að menn horfi á kerfið allt í heild sinni. Mér finnst að allar lögboðnar tryggingar eigi að koma til frádráttar, þ.e. úr sjúkrasjóðum, sem eru lögboðnir, úr lífeyrissjóðum sem eru lögboðnir, úr almannatryggingum og frá sveitarfélögum, þetta eigi allt að koma til frádráttar, en ekki frjáls sparnaður og frjáls lífeyrissparnaður, þar á meðal ekki þau 2% sem nýbúið er að samþykkja.

Herra forseti. Ég fagna því frv. sem hér hefur komið fram. Það er á margan hátt til bóta. En eins og ég gat um eru þarna örfáir agnúar á því en ég held að það sé mikið til bóta frá því sem nú er í gildi og ég styð það eindregið.

[12:12]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa uppi mörg orð. En ég ætla að þakka hv. þm. fyrir þær umræður sem hafa átt sér stað um frv. Hér er um mjög stórt og vandmeðfarið mál að ræða enda skaðabótarétturinn eitt flóknasta svið lögfræðinnar og tryggingastærðfræðin sjálf.

Saga þessa máls á hinu háa Alþingi hefur verið rakin nokkuð og ætla ég ekki að ræða um það en hins vegar að víkja nokkuð að þeim tveim brtt. sem hv. minni hluti allshn. hefur lagt fram.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á 4. gr. frv. Um hana er að segja að ég tel að búið sé að fara rækilega yfir þetta atriði, bæði í nál. og í framsögu með frv. og því tel ég ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um það. Meiri hluti allshn. getur ekki samþykkt þessa brtt. og ég hygg að rök okkar hafi komið skýrt fram í málinu.

Varðandi brtt. í öðru lagi sem felur í sér viðbót við 13. gr. frv. hefur hún einnig verið rædd, bæði í nál. og í framsögu með frv. Við höfum að sjálfsögðu samúð með þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir gerði sérstaklega grein fyrir áðan. En það er rétt hjá henni að meiri hluti nefndarinnar treysti sér ekki til þess að mæla með samþykkt tillögunnar. Við byggjum m.a. á því mati sérfræðinga að ekki sé rétt að telja upp sérstök tilvik í lagatextanum sjálfum.

Virðulegi forseti. Allir hv. þm. eru sammála því að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða sem felur í sér miklar réttarbætur og verði að afgreiða fyrir þinglok. Undir þetta tek ég að sjálfsögðu. Ég vil í lokin þakka nefndarmönnum í allshn. fyrir vandaða meðferð málsins.

[12:15]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. vitnaði til sérfræðinga sem teldu ekki rétt að telja upp til hvaða atriða ætti að taka tillit við uppkvaðningu dóma, en það hef ég einnig gert. Ég hef einnig vitnað til sérfræðings, sérstaks sérfræðings í því

efni, og þar á ég vitaskuld við umboðsmann barna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 2. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 135, nál. 922, brtt. 923.

[12:16]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Þetta er algerlega ný lagasmíð sem þörf hefur verið á að væri til staðar.

Nefndin fjallaði venjubundið um málið og sendi það til umsagnar og fékk á sinn fund ýmsa þá aðila sem létu sig málið varða.

Ég mun nú gera grein fyrir þeim brtt. sem efh.- og viðskn. leggur til á frv. en hún skrifar öll undir nál. en þar af skrifa þó þrír nefndarmenn með fyrirvara.

Efh.- og viðskn. gerir brtt. við 1. gr. frv. sem er þó fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Ég vek athygli á að ný málsgrein bætist við greinina: „Um aðrar sjálfseignarstofnanir en þær sem lög þessi taka til fer eftir lögum um sjóði og stofnanir sem starfa eftir staðfestri skipulagsskrá eða öðrum lögum eftir því sem við á.“

Við 3. gr. er gerð brtt. þar sem fjallað er um skilgreiningar á því hvað það þýðir þegar sjálfseignarstofnun stundar atvinnurekstur. Þetta er tæknileg breyting.

Við 4. gr. er fyrst og fremst gerð sú efnislega breyting að öldrunarstofnanir eru undanþegnar gildissviði laganna.

Við 6. gr. frv. er gerð brtt. og settur inn nýr málsliður svohljóðandi til þess að gera þá grein skýrari: „Að öðru leyti fer um heiti sjálfseignarstofnunar eftir ákvæðum firmalaga eftir því sem við á.“

Við 7. gr. er gerð brtt. þannig að 1. mgr. orðist sem þar segir: „Stjórn sjálfseignarstofnunar sem ætlað er að stunda atvinnurekstur skv. 3. gr. skal tilkynna hana til skráningar hjá sjálfeignarstofnanaskrá áður en atvinnurekstur hefst, þó eigi síðar en sex mánuðum frá dagsetningu stofnskjals.“

Í 6. lið brtt. er tillaga til breytingar á 8. gr. sem er tæknilegs eðlis.

Sömuleiðis er brtt. við 9. gr. tæknilegs eðlis.

Í 10. gr. er stofnfé samkvæmt tillögu nefndarinnar lækkað þannig að það verði 1 millj. í stað 2 millj.

Síðan er brtt. við 12. gr. um að síðari málsl. 3. mgr. falli brott. Enn fremur er gert ráð fyrir að þegar stofnfé hækkar skuli það framkvæmt áður en tilkynnt er og hækkun öðlist ekki gildi fyrr en við tilkynningu. Ef ákvörðun um hækkun hefur ekki verið tilkynnt innan árs, fellur hún úr gildi.

Við 13. gr. eru gerðar brtt. sem eru tæknilegs eðlis fyrst og fremst.

Við 14. gr. eru gerðar veigamiklar breytingar. 2. mgr. er breytt og orðast þá þannig:

„Ef ekki eru tilskilin ákvæði um það í samþykktum hvernig standa skuli að vali stjórnar skal fulltrúaráð velja stjórn ef slík stjórnareining er fyrir hendi en ella skulu stjórnarmenn velja nýja menn til setu í stjórninni. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meiri hluti ráða nema á annan veg sé mælt í samþykktum. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða. Sé ekki valinn stjórnarmaður í stað þess sem lætur af störfum innan árs skal ráðherra velja hann. Ráðherra skal að jafnaði velja menn til stjórnarsetu sem hafa þekkingu eða tengsl við starfssvið sjálfseignarstofnunar.“

Hér er verið að skýra út hvenær ráðherra getur gripið inn í stjórnarskipan í sjálfseignarstofnunum.

Við 15. gr. er gerð brtt. þannig að 1. mgr. orðist eins og segir í brtt. Þetta er í samræmi við það sem er í hlutafélagalögum.

Við 16. gr. eru brtt. sem eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis.

Við 17. gr. er brtt. sem einnig er tæknilegs eðlis varðandi stjórnarmenn.

Við 18. gr. er gerð tillaga um að hún falli niður enda er efni hennar komið inn í aðrar greinar.

Við 19. gr. er endurorðun sem er einnig að meiri hluta til tæknilegs eðlis.

21. gr., þar sem fjallað er um þóknun fyrir stjórnarmenn, orðist svo: „Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna. Ef fulltrúaráð er ekki í stofnun ákveður stjórnin sjálf þóknun sína. Þóknun stjórnarmanna má ekki vera hærri en venjulegt er miðað við eðli og umfang starfanna.“ Og er þá hægt að höfða mál ef út af bregður en fellt þar niður að ráðherra geti lækkað laun.

Við 22. gr. er tæknileg breyting.

Við 23. gr. er ákvæði um fulltrúaráð sem nefndin telur að sé almennt æskilegt að sé til staðar í sjálfseignarstofnunum.

Við 24. gr. er tæknileg breyting varðandi skiptingu starfa innan stjórnar.

Við 25. gr. er gerð tæknileg breyting og sömuleiðis við 26. gr. og 29. gr.

Við 31. gr. er einnig almenn breyting varðandi endurskoðendur sem er í takt við það sem almennt gildir.

Við 33. gr. er líka gerð tillaga um breytingu og þar er verið að hnykkja á hvernig úthluta megi fjármunum úr sjálfseignarstofnun og að „úthlutun fjármuna skal vera eðlileg með hliðsjón af tilgangi og eignarstöðu stofnunar“.

Við 35. gr. eru gerðar breytingar sem eru fyrst og fremst tæknilegar og í samræmi við hvernig slíkum málum er almennt er hagað.

Við 36. gr. er gerð brtt. sem er tæknilegs eðlis.

Við 37. gr., sem fjallar um slit, er gerð breyting sem er fyrst og fremst í takt við það sem eðlilegt þykir við slit á sjálfseignarstofnunum.

Síðan eru tæknilegar breytingar við 39., 44., og 50. gr.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir þeim brtt. sem nefndin leggur til.

[12:23]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég á sæti í hv. efh.- og viðskn. og hef ásamt öðrum nefndarmönnum unnið að þessu frv. milli umræðna. Eins og formaður nefndarinnar, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, gerði grein fyrir þá liggja fyrir fjölmargar brtt. og málið hefur fengið mjög vandaða umfjöllun. Ég ritaði ásamt öðrum stjórnarandstæðingum undir málið með fyrirvara. Hann lýtur að því að vitaskuld getur verið álitaefni hvort undanþiggja eigi tilteknar stofnanir frá því að falla undir þessi lög. Við gerum tillögu um það í brtt., þ.e. öldrunarstofnanir. Ég er hins vegar sannfærður um að þessi löggjöf verður til mikilla bóta fyrir öll þau félög sem koma til með að vinna eftir henni, þannig að fljótlega verða allar sjálfseignarstofnanir og samsvarandi samtök komin undir þessa löggjöf. En ég

vildi, herra forseti, af því ég ritaði undir málið með fyrirvara, gera grein fyrir því í hverju hann var fólginn en að öðru leyti styð ég þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfasjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 224. mál (innlendir sjóðir). — Þskj. 931, brtt. 991.

[12:25]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir lítilli brtt. við þetta frv. eins og það var afgreitt frá 2. umr.

Á eftir 5. gr. í frv. komi ný grein sem verði 41. gr. í lögunum sem er svohljóðandi:

„Verðbréfasjóður getur höfðað mál í eigin nafni fyrir hönd einstakra eigenda hlutdeildarskírteina til ógildingar á skírteinum."

Þetta er til hagræðingar fyrir bæði eigendur skírteinanna og sjóðina sjálfa og til að gera þessa starfsemi ódýrari og þægilegri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, 2. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 217, nál. 989, brtt. 990.

[12:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. vegna frv. til laga um eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera.

Þetta er nýr lagabálkur. Frv. var upphaflega lagt fyrir á 122. löggjafarþingi og síðan endurflutt á yfirstandandi löggjafarþingi. Nefndin hefur því fjallað allmikið um þetta mál og fengið til sín fjölmargar umsagnir frá ýmsum aðilum og nokkrir þeirra hafa komið til fundar við nefndina, sem gert er grein fyrir í nál.

Nefndin gerir nokkrar brtt. við frv. Í 1. lið er brtt. við 1. gr. sem er tæknilegs eðlis.

Við 2. gr. er gerð brtt. sem er orðalagsbreyting annars vegar og hins vegar að síðari málsliður orðist þannig:

„Eftirlit á vegum hins opinbera má ekki leiða til mismununar né takmarka athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist." Þetta er mikil stytting á þeim lið eins og hann er settur fram í upphaflega frv.

Við 3. gr. er endurorðun á 1. mgr. sem verður þá þannig:

„Þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits skal viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Slíkt mat getur m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits."

Nokkur umræða var um það hvernig þetta ætti að vera og þetta varð niðurstaða nefndarinnar þegar upp var staðið.

Síðan bætist við 2. mgr.: „Enn fremur skulu slíkar greinargerðir liggja fyrir þegar þess háttar reglur um eftirlit eru staðfestar í öðrum tilvikum." Þ.e. að þegar stjfrv. eru á ferðinni eigi líka að leggja fram greinargerðir.

Við 5. gr. eru brtt. sem eru tæknilegs eðlis. Sömuleiðis við 6. gr. en við 4. málslið hennar er gerð sú tillaga að skipunartími nefndar sem sett er upp samkvæmt greininni skuli vera þrjú ár en hún skuli ekki fylgja embættistíma forsrh. hverju sinni. Síðan eru ákvæði varðandi 2. mgr. þar sem segir: „Þeir aðilar sem eftirlit beinist að og aðrir þeir sem hagsmuni hafa af opinberu eftirliti geta óskað eftir athugun nefndarinnar á tilteknum þáttum þess. Ráðherrar geta sent nefndinni til umsagnar mál er varða opinbert eftirlit. Jafnframt getur nefndin átt frumkvæði að athugunum á vissum þáttum eftirlitisins."

3. mgr. 6. gr. orðist þannig:

„Starf nefndarinnar skal miða að því að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við ákvæði 3. gr. og að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Nefndin getur beint tilmælum til forsætisráðherra og annarra ráðherra um að eftirlitsreglur verði endurskoðaðar."

Þetta er sem sé hlutverk þeirrar nefndar sem sett er upp samkvæmt 6. gr.

Síðan er gert ráð fyrir því við ákvæði til bráðabirgða að í stað þess að ráðuneyti geri úttekt á næstu þremur árum eða endurskoði gildandi eftirlitsreglugerð á næstu þremur árum geri ráðuneytin áætlun um það hvernig þessu starfi skuli hagað.

Fyrirsögn frv. er breytt í 7. lið brtt. nefndarinnar.

Ég hef nú gert grein fyrir nál. og brtt. um þetta mál.

[12:31]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., hefur gert grein fyrir nál. efh.- og viðskn. en að því standa allir nefndarmenn og þar með ég ásamt félögum mínum. Ég vil fagna þessari afgreiðslu nefndarinnar. Við höfum lagt mikla vinnu í málið. Eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson nefndi þá hefur málið verið til umfjöllunar hjá okkur á tveimur þingum. Það hefur tekið veigamiklum breytingum í störfum nefndarinnar eins og eðlilegt er með mjög mikilvægan málaflokk, og ég fagna því að samkomulag er um efni þess. Ég er sjálfur sannfærður um að hér sé um að ræða mjög góða lagasetningu, merka lagasetningu sem á eftir að hjálpa okkur til við þá þætti sem málið varða, þ.e. heildstæð löggjöf um opinberar eftirlitsreglur. Þetta er vandmeðfarið en ég tel að með þeim brtt. sem við höfum gert á frv. höfum við náð enn betur utan um efni þess, gert það skýrara og náð um það meiri sátt bæði í samfélaginu og pólitíska sátt með útfærslu. Því ber að fagna vegna þess að verulegur ágreiningur var um frv. í upphaflegri mynd. Sá ágreiningur hefur verið leystur með farsælli vinnu efh.- og viðskn. og ég sé sérstaka ástæðu til þess að færa formanni nefndarinnar, Vilhjálmi Egilssyni, þakkir fyrir hvernig hann hélt á vinnu þessa máls.

[12:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. hv. efh.- og viðskn. En það er ekki þar með sagt að ég sé alveg sáttur við þær breytingar sem hv. nefnd gerir. Það er langt í frá. Undir þeim þrýstingi að málið færi í mikla umræðu og vegna þess hve stutt lifir þings þá féllst ég á að skrifa undir nál. en ég tel að þær breytingar sem gerðar hafa verið taki allan brodd úr frv.

og svipti það þeim tilgangi að leggja fjárhagslegt mat á gildi eftirlitsins.

Í frv. stóð að meta skyldi hvort ávinningur þjóðfélagsins sé meiri en kostnaðurinn af ákveðnu eftirliti. Enn fremur skyldi meta hvort gildi eftirlitsstarfseminnar sé meiri en kostnaður þjóðfélagsins vegna hennar. Það átti sem sagt að meta gildi eftirlitsstarfseminnar með peningum, þ.e. til fjár, og það er nýlundan í frv. Þetta er búið að taka út í meðförum hv. efh.- og viðskn. Þetta er það sem menn kalla að ná víðtækri sátt um frv. Núna á að meta þjóðhagslegt gildi eftirlitsins, hvað sem það nú þýðir.

Við höfum lent í því á undanförnum árum að menn hafa blásið út eftirlitsiðnaðinn og heilbrigðiskerfið og marga aðra þætti vegna þess að ekki hefur mátt leggja fjárhagslegt mat á þessa þætti. Þætti sem þó eru greiddir með peningum, með peningum allra skattgreiðenda og lesta atvinnulífið regluverki á þann máta að sumir segja að eftirlitsiðnaðurinn skilji eftir sig sviðna jörð, að þeir komi í heimsókn og skilji eftir sig himinháa reikninga. Atvinnulífið er látið borga þetta bæði með miklum vandræðum við að uppfylla þær kröfur, oft á tíðum óraunsæjar kröfur, sem gerðar eru til þess, og eins með því að útfylla alls konar skýrslur, skýrslugjörð, og borga svo reikninginn fyrir allt saman.

Til þess að vinna bug á þessu var þetta frv. lagt fram og þar átti að reikna út hvort gildi þessara eftirlitsreglna væri meira en kostnaðurinn. En það er sem sagt búið að taka út. Nú á bara að meta gildið. Og þar kemur ýmislegt til. Hvernig metum við hreint loft? Hvernig metum við manngildið o.s.frv.? Það er ekki nokkur einasti vegur. Og því höfum við líka horft upp á sífellda aukningu á kostnaði bæði við eftirlitskerfin og við heilbrigðisþjónustuna, gjörsamlega án nokkurra takmarkana eða bremsa, nema bara það sem skattgreiðandinn þolir. Það er því ekki með glöðu geði sem ég skrifa undir nál. og án fyrirvara. En það var lagt hart að mér að gera það vegna þess að annars yrðu of miklar umræður um frv. og næðist ekki einhugur um það og það næðist ekki fram. Þetta er sem sagt þessi viðtekna hótun minni hlutans við þinglok sem kemur aftur og aftur fram og m.a. gagnvart þessu frv. Minni hlutinn, 22 þingmenn, eru eins og ég segi, að beita meiri hlutann þrýstingi, 41 þingmann sem kjósendur hafa kosið til forustu á hv. Alþingi.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi þá skrifaði ég undir nál. án fyrirvara og geri ekki tillögur um breytingar á þessu. En ég vildi geta þess að það er búið að taka, að mínu mati, mestallan brodd úr frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 388. mál (lækkun brunabótamats van- eða óný ttra húseigna o.fl.). — Þskj. 659, nál. 996, brtt. 997.

[12:37]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. við frv. um breyting á lögum um brunatryggingar.

Öll nefndin skrifar undir álitið. Málið var sent til umsagnar og menn komu til fundar við nefndina eins og fram kemur í nál.

Nefndin gerir tillögu um örlitlar breytingar. Í fyrsta lagi er tæknileg breyting við 1. gr. Um er að ræða orðalagsbreytingu.

Síðan eru gerðar þrjár tillögur til breytinga á 2. gr. Veigamesta breytingin og sú sem máli skiptir kemur fram í c-lið brtt., þar sem í stað orðanna „ekki í notkun" komi annað orðalag, þ.e.: „hafa lítt eða ekki verið í notkun". Þetta skiptir máli við mat á eignum, þ.e. hvaða eignir heimilt verður að meta niður þannig að gjaldstofn til greiðslu gjalda lækki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 324. mál (heildarlög). — Þskj. 391, nál. 998, brtt. 999.

[12:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. gat því miður ekki verið viðstaddur þessa umræðu en hann hyggst flytja yfirlýsingu við 3. umr. málsins þar sem fram mun koma að vandi sjóðsins hafi valdið mörgum erfiðleikum og að vandi sjóðsins sé að hluta til kominn vegna lagasetningar um lífeyrisaldur sjómanna. Í yfirlýsingu ráðherrans mun einnig koma fram að málefni sjóðsins verði áfram til skoðunar í samráði við þau samtök sem að sjóðnum standa og að reynt verði að kanna leiðir til þess að takmarka sem mest röskun á högum þeirra aðila sem eiga réttindi í honum. Þetta mun fjmrh. staðfesta við 3. umr. málsins.

Í brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., sem ég mæli hér fyrir, eru gerðar tillögur til breytinga í tíu liðum við frv. Í upphafi má kannski geta þess að þessi lagasetning er ekkert hugsjónaverk eins eða neins sem að henni hefur komið, þar sem það er gert að frumkvæði stjórnar sjóðsins að breyta lögum um hann á þennan hátt. Best hefði verið ef þingið hefði hvergi þurft að koma nálægt málinu.

Enn fremur er verið að stíga skref til baka að mínu mati. Fyrir nokkrum árum var gerð sú breyting á lögum um lífeyrissjóðinn að lögin sem slík urðu tiltölulega rúm og fyrst og fremst rammalöggjöf. En hér er farið út í mjög nákvæma lagasetningu um sjóðinn þar sem atriði sem almennt eru í reglugerðum sjóða eru tekin inn í löggjöfina. Þetta er skref aftur á bak en talið nauðsynlegt af hálfu þeirra sem að sjóðnum standa.

Ég geri nú grein fyrir brtt.:

1. liður brtt. er við 2. gr. frv. Þar er 1. mgr. er endurorðuð þannig:

„Sjóðfélagar eru allir sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir en starfa að viðhaldi og viðgerð skips eða öðrum störfum í þágu útgerðar. Einnig eru sjóðfélagar íslenskir sjómenn sem ráðnir eru á útlend skip sem gerð eru út af íslenskum aðilum."

Enn fremur verði stjórn sjóðis heimilt að leyfa íslenskum sjómönnum sem starfa á erlendum skipum í rekstri erlendra aðila að greiða iðgjöld til sjóðsins.

2. liður brtt. á við 3. gr. frv. þar sem fjallað er um stjórnarskipan. Þetta er fyrst og fremst tæknilegs eðlis af því að Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda muni eigi lengur vera til.

Við 5. gr. frv. eru líka gerðar brtt. sem eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og við 7. gr. þess er einnig brtt. sem er tæknilegs eðlis.

Við 8. gr. frv. er brtt. sem hefur efnislega þýðingu. Hún er þannig að við útreikning lífeyris skuli reiknast áunnin stig að fullu. Eins frv. er núna þá er það þannig að séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30 skal aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða. Þetta er meginbreytingin sem þarna er gerð.

Við 9. gr. frv. eru gerðar brtt. sem eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og við 10. og 11. gr. eru tæknilegar breytingar sömuleiðis.

Við 15. gr. frv. er brtt. við gildistökuákvæði.

Ég hef nú gert grein fyrir brtt.

[12:44]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, gerði grein fyrir afgreiðslu meiri hluta nefndarinnar á frv. um Lífeyrissjóð sjómanna. Ég vil taka fram að minni hlutinn á ekki aðild að þessu nál. sem hann kynnti. Við tókum vitaskuld fullan þátt í þessari vinnu. Málið hefur hins vegar verið mjög erfitt en við reyndum að leita lausnar á þeim sérstaka vanda sem þessi sjóður hefur átt við að etja undanfarin ár.

Segja má að ákveðin niðurstaða hafi fengist um hvernig haldið verði á málinu í framhaldinu með þeirri yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. mun kynna við 3. umr. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði grein fyrir efnisatriðum hennar hér áðan. Niðurstaðan er sú að á hinum sérstaka vanda verði tekið og málið skoðað áfram í samráði við aðila þess. Málið er mikilvægt og yfirlýsingin sem fjmrh. mun gefa vegna þessa máls gerir það að verkum að stjórnarandstaðan mun ekki leggjast gegn því. Á heildina litið er málið er hins vegar flókið. Ég ætla ekki að fara yfir þá þætti við 2. umr. Þingmenn þekkja þetta mál vel. Hins vegar er brýnt að tekið sé á þeim málum og þau leyst þannig að þau valdi sem minnstri röskun fyrir sjóðfélaga. Að þeim málum er einmitt vikið í þeirri yfirlýsingu fjmrh. sem fylgir afgreiðslu þessa máls.

Ég vil að lokum, herra forseti, geta þess að sá þingmaður sem hafði forustu um málið í hv. efh.- og viðskn. var Svavar Gestsson, sá hinn sami sem sagði af sér þingmennsku hér í morgun. Hann hélt mjög vel á þessu máli innan nefndarinnar. Segja má að það sé ánægjulegt, þótt hann sé horfinn hér af þingi, að nokkrum klukkutímum eftir að hann kynnti þá ákvörðun sína skuli upplýst í ræðustól á hinu háa Alþingi að hann hafi náð fram bættri stöðu félaga í Lífeyrissjóði sjómanna. Ég tel mikilvægt að þakka hv. fyrrv. þm. Svavari Gestssyni fyrir framgöngu hans í málinu. Ég tel að málinu sé þannig komið að á þessu stigi málsins sé ekki hægt að gera betur.

[12:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. hv. efh.-og viðskn. með fyrirvara vegna þess að í frv. er ekki tekið á því hver sé eigandi að því mikla fé sem á bak við þau réttindi sem sjóðfélagarnir eiga hjá sjóðnum. Ég hef ítrekað lagt fram brtt. um að lífeyrissjóðir séu eign sjóðfélaga. Ég féll frá því nú þar sem sjóðurinn mun falla undir hin almennu lög um lífeyrissjóði. Ég vænti þess að í framtíðinni verði slíkt ákvæði sett inn í lög sem almennt gilda um lífeyrissjóði, þegar menn hafa áttað sig á því hve mikilvægt er að hinar miklu eignir sem lífeyrissjóðirnir eiga séu sagðar vera eignir sjóðfélaganna.

Þá hafði ég einnig fyrirvara um stjórn sjóðsins. Ég hef það mikla trú á einstaklingnum og alveg sérstaklega sjómönnum að þeir séu færir um að taka fjárhagslegar ákvarðanir og geti valið sér stjórn eigin lífeyrissjóðs og haft bein áhrif á ávöxtun sjóðsins, hvernig því fé er varið. Lífeyrir þeirra í ellinni eða ef þeir verða öryrkjar, stendur og fellur með þeirri ávöxtun.

Herra forseti. Mikið hefur verið rætt um vanda sjóðsins sem er af tvennum toga. Á Alþingi var fyrir löngu ákveðið að ellilífeyrisaldur ætti að lækka niður í 60 ár, án þess að nokkuð væri tekið á því hver skyldi greiða. Þetta var dæmigerð góðmennskulagasetning þar sem menn leysa vandann með því að færa hann bara til. Þetta olli geysilegum halla á sjóðnum og er þáttur í vandanum sem hann glímir við í dag. Reyndar hefur þessu síðan verið breytt en ekki nægilega mikið.

Vandi sjóðsins er einnig sá að sjómenn, vegna eðlis starfsins, búa við mjög háa örorku. Sjóðurinn þarf að greiða mikið í örorkulífeyri þannig að iðgjald til sjóðsins þyrfti að vera hærra en til annarra sjóða.

Vandi lífeyrissjóðanna sem þegar er orðinn umtalsverður er sá að þeir veita allir sem einn, með einni eða tveimur undantekningum, lífeyri óháðan aldri. Þ.e. réttindavinnslan er óháð aldri. Tvítugur maður ætti í reynd að fá þrefalt meiri réttindi en sextugur maður fyrir sama iðgjald. Þess í stað fá þeir báðir sömu réttindi sem veldur því að sjóðir með mikið af eldri sjóðfélögum, sem fá fólk inn kannski upp úr fertugu eða voru með aldraða sjóðfélaga þegar lífeyrissjóðakerfið var sett á laggirnar, standa alltaf illa. Sjóðir þar sem mikið er af ungu fólki eins og Lífeyrissjóður verslunarmanna og Söfnunarlífeyrissjóðurinn standa alltaf vel, bara af þeirri ástæðu einni sér.

Þennan vanda hafa menn ekki leyst. Hann mun koma upp á borðið á næstu árum í síauknum mæli þegar skerða þarf lífeyri úr sjóðunum. Vandi Lífeyrissjóðs sjómanna er einmitt af þessum toga. Hugleiði menn að láta ríkisvaldið greiða inn í þennan sjóð til að laga stöðuna hans þá hljóta menn að gera kröfu til þess að allir aðrir sjóðir, sem lenda í vandræðum út af lélegri aldurssamsetningu, verði einnig bættir af hinu opinbera. Spurning er hvort peningar finnist í svo mikil útgjöld fyrir ríkissjóð, enda eru þau umtalsverð.

Herra forseti. Í brtt. hv. efh.- og viðskn., sem ég stend að að öðru leyti, er eitt ákvæði sem ég er sérstaklega ánægður með. Það er sólarlagsákvæði um að lögin um sjóðinn skuli ákveðinn dag falla úr gildi og hann falla undir þau lög sem Alþingi er nýbúið að setja um lífeyrissjóði almennt. Þá verður ekki lengur á borði hjá Alþingi að taka afstöðu til Lífeyrissjóðs sjómanna, frekar en annarra sjóða. Þá eru ekki nema tveir sjóðir eftir sem starfa samkvæmt lögum og njóta ekki ábyrgðar ríkissjóðs, þ.e. Lífeyrissjóður bænda og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda. Ég mundi vilja sjá þá báða rekna án sérstakrar lagasetningar, þ.e. aðeins undir þeim lögum sem ég gat um áðan. Sú tillaga hefur ekki náð fram að ganga en ég geri ráð fyrir svo verði seinna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðleg viðskiptafélög, 2. umr.

Stjfrv., 414. mál. — Þskj. 687, nál. 907 og 918, brtt. 919.

[12:53]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. um frv. til laga um alþjóðleg viðskiptafélög frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Undir þetta álit rita auk stjórnarmeirihlutans, Ágúst Einarsson með fyrirvara.

Brtt. sem nefndin gerir eru í fimm liðum. Þ.e. við 1. gr. sem er tæknileg breyting. Í 2. lið er einnig tæknileg breyting við 5. gr. Sömuleiðis er gerð tillaga um tæknilega breytingu á 11. gr. Gildistökuákvæði laganna hljóðar upp á að þau öðlist þegar gildi. Síðan er eftirfarandi ákvæði til brb. sem lagt er til að komi inn:

„Viðskiptaráðherra skal fyrir árslok 2001 leggja fram skýrslu á Alþingi um áhrif laganna á íslenskt efnahagslíf."

Umræðu frestað.

Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, 2. umr.

Stjfrv., 359. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 495, nál. 920.

[12:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn., hinum sama og skipaði meiri hlutann við frv. til laga um alþjóðleg viðskiptafélög. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 2. umr.

Stjfrv., 226. mál (gjaldsvið o.fl.). — Þskj. 253, nál. 1001, brtt. 1002.

[12:56]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti. Gerðar eru nokkrar tillögur um breytingar á málinu. Þær eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Við 1. gr. er brtt. sem einnig er tæknileg, varðandi tilvísanir og annað. Við 3. gr. er brtt. þar sem fjallað er um að inn komi nýr b-liður. Þar er fjallað um að skipta út krónum og setja evrur í staðinn, það verði viðmiðunarupphæð. Þetta er gert með hliðsjón af væntanlegri tilskipun Evrópusambandsins. Við 6. gr. eru líka brtt. sem eru tæknilegs eðlis. Við 13. gr. er verið að fella niður 12. gr. laganna. Í 14. gr. eru brtt. sem eru tæknilegs eðlis og eins er gerð tillaga um að ákvæði til brb. í frv. falli niður, þar sem Fjármálaeftirlitið hefur þegar tekið til starfa.

[12:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. efh.- og viðskn. í þessu máli með fyrirvara. Ég tel rétt að gera örstutta grein fyrir því í hverju hann er fólginn. Hér eru að sjálfsögðu á ferð hinar þörfustu breytingar á lagaákvæðum um þetta mál. Ég geri ekki ágreining um þær að neinu leyti fyrir utan eitt atriði sem æskilegt hefði verið að nefndin hefði farið betur yfir. Það lýtur að þeim breytingum sem leiða af gildissviði laganna ef svo má segja.

Nú fellur undir ákvæði laganna um varnir gegn peningaþvætti ýmis starfsemi sem áður var utan þeirra og þar á meðal þjónusta lögmanna. Fram hafa komið athugasemdir frá Lögmannafélaginu og reyndar samtökum lögmanna í Evrópu að mér skilst, jafnvel á alheimsvísu, um að upp kunni að koma vandamál sem tengjast trúnaðarsambandi lögmanna við viðskiptavini sína. Einnig er rétt að hafa í huga að það getur síðan orðið hlutverk lögmanna að gerast verjendur, þ.e. réttargæslumenn manna sem hér eiga hlut að máli og liggja undir grun um lögbrot. Aðkoma lögmanna að þessu máli er því svolítið sérstök.

Ég held að enginn ágreiningur sé um að að sjálfsögðu verða varnir gegn peningaþvætti að geta gilt á þessu sviði eins og annars staðar. Það er ekki hægt að sjá fyrir sér að lögmenn eða lögmannsstörf, þjónusta lögmanna og þaðan af síður fjármálaumsýsla sem er í höndum lögmanna, sé algerlega undanþegin lögum um peningaþvætti. Svo er ekki. Spurningin er um hvernig ganga eigi frá eða afmarka gildissvið laganna þegar kemur að þjónustu lögmanna. Að hvaða leyti á að mæla fyrir um þá hluti í annars vegar lögum um peningaþvætti og hins vegar í lögmannalögunum sjálfum? Þetta eru álitamál sem að mínu mati hefði verið æskilegra að nefndin hefði haft meiri tíma til að skoða. Af þeim sökum kaus ég að hafa fyrirvara á stuðningi mínum við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:00]

Miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu, 2. umr.

Stjfrv., 184. mál. — Þskj. 200, nál. 967, brtt. 968.

[13:31]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um frv. til laga um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn í fyrirtækjum á Evrópska efnahagssvæðinu. En vegna þessa langa titils er rétt að taka fram að nefndin leggur til breytingar á nafni laganna.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingvar Sverrisson frá Vinnumálastofnun, Halldór Grönvold og Ara Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Vinnuveitendasambandi Íslands.

Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands og BSRB, Verslunarráði Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Íslenska álfélaginu hf.

Með samþykkt frumvarpsins verða lögfest efnisatriði tilskipunar Evrópusambandsins 94/45/EB. Í tilskipuninni er

kveðið á um að í fyrirtækjum og samsteypum fyrirtækja sem starfa í fleiri en einu landi bandalagsins, hafa a.m.k. 1.000 starfsmenn í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, eru með starfsstöðvar í a.m.k. tveimur EES-ríkjum og hafa a.m.k. 150 starfsmenn í hverju þeirra skuli stofna evrópskt samstarfsráð skipað fulltrúum starfsmanna eða að settar verði reglur í hverju fyrirtæki eða hverri samsteypu fyrirtækja um upplýsingamiðlun til starfsmanna eða samráð við þá samkvæmt nánari reglum.

Að mati nefndarinnar er heiti frumvarpsins nokkuð óþjált og leggur hún til að því verði breytt. Aðalheiti tilskipunarinnar hefur verið þýtt á íslensku sem „evrópskt samstarfsráð", en það er á ensku European Works Council, og vísar það til þess ráðs þar sem upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn fer fram. Þrátt fyrir að efni frumvarpsins fjalli einnig um aðra þætti eins og stofnun ráðsins og setningu reglna um upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn þykir heppilegra að fyrirsögn frumvarpsins verði frumvarp til laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum.

Enn fremur leggur nefndin til að gerðar verði ýmsar breytingar á frumvarpinu, bæði efnisbreytingar og orðalagsbreytingar. Helstu efnisbreytingar eru þessar:

1. Í 4. gr. frumvarpsins er hugtakið fyrirtækjahópur skilgreint. Í athugasemdum með greininni kemur fram að það ráðist af 5. gr. frumvarpsins hvort einstök fyrirtæki hafi þau innbyrðis tengsl að um fyrirtækjahóp sé að ræða. Í 5. gr. er að finna skilgreiningu á móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki og í 4. mgr. 5. gr. segir að saman myndi móðurfyrirtækið og dótturfyrirtækið fyrirtækjahóp. Nefndin leggur til að í stað orðsins fyrirtækjahópur sé notað orðið fyrirtækjasamstæða. Í íslensku lagamáli hefur orðið samstæða verið notað yfir fyrirtæki sem hafa þessi tengsl, t.d. í lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996. Til samræmis þykir því æskilegra að nota hugtakið fyrirtækjasamstæða.

2. Kaflaheiti III. kafla frumvarpsins verði breytt en það er að mati nefndarinnar fullþröngt. Kaflinn fjallar ekki eingöngu um ábyrgð aðalstjórnar á að stofna samstarfsráð eða samþykkja reglur um upplýsingamiðlun og samráð heldur er einnig að finna í honum m.a. almennar reglur um stofnun slíks ráðs og setningu slíkra reglna. Því þykir skýrara að kaflaheitið hafi víðari skírskotun.

3. Breytingar sem lagðar eru til á 15. gr. varða uppsetningu og eru til þess að gera greinina skýrari. Ekki eru gerðar efnisbreytingar á henni.

4. Nefndin leggur til að 2. málsl. 18. gr., þar sem kveðið er á um að skylt sé að láta afrit samninga sem gerðir hafa verið skv. 14. eða 15. gr. laganna fylgja tilkynningu til ráðherra, falli brott. Að mati nefndarinnar er nægilegt að ráðherra sé tilkynnt að slíkur samningur hafi verið gerður. Í mörgum tilvikum getur verið fjallað um trúnaðarmál sem varða fyrirtæki miklu í slíkum samningum og þar sem samkvæmt frv. virðist ekki þjóna neinum sérstökum tilgangi að afhenda afrit þeirra til ráðuneytis leggur nefndin til að sá hluti greinarinnar falli brott.

Hér er því við að bæta, hæstv. forseti, að þetta ákvæði 18. gr. er fyrst og fremst til þess að hægt verði að fylgjast með því að þetta ákvæði eða þessi lög séu virt og hversu margir slíkir samningar eru gerðir. En vilji menn nálgast inntak slíkra samninga er það mat nefndarinnar að miklu eðlilegra sé að menn snúi sér til fyrirtækisins sjálfs.

5. Í frumvarpinu er jafnan talað um samstarfsráðið. Í kaflaheiti 19. gr. er það hins vegar kallað evrópskt samstarfsráð. Til samræmingar þykir nefndinni rétt að alls staðar í frumvarpinu sé sama heitið notað og að ætíð sé talað um samstarfsráðið. Svo að ljóst sé hvað átt er við með samstarfsráði leggur nefndin til að á eftir orðunum „evrópskt samstarfsráð" í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins komi: hér eftir nefnt samstarfsráð.

6. 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins kveður á um að í samstarfsráði skuli sitja mest þrjátíu fulltrúar. Í 5. mgr. 21. gr. er hins vegar að finna reglu um hvernig skuli fækka fulltrúum séu þeir fleiri en átján. Í viðauka við tilskipun 45/94/EB er miðað við að fulltrúar séu þrjátíu og telur nefndin rétt að þeirri reglu sé fylgt.

7. Í 24. gr. frumvarpsins er fjallað um aukafundi sem heimilt er að óska eftir að haldnir verði með aðalstjórn fyrirtækis eða öðru hlutaðeigandi stjórnunarstigi. Breytingarnar sem lagðar eru til á þessari grein eru gerðar í þeim tilgangi að skýra nánar annars vegar hverjir eigi rétt á að sitja fund með stjórn fyrirtækis eða fá upplýsingar um þær sérstöku aðstæður sem fjallað er um í 1. mgr. Hins vegar er bætt við málsgrein þar sem skýrt er kveðið á um að aukafundur sem fjallað er um í 24. gr. hafi engin áhrif á heimildir aðalstjórnar.

Þetta eru þær breytingar sem við leggjum til á frv., hæstv. forseti. En nefndin mælir með samþykkt frv. með þessum breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Arnbjörg Sveinsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en allir aðrir nefndarmenn rita undir þetta nál.

[13:38]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við erum með í höndum dæmigert frv. frá Evrópusambandinu um upplýsingaskyldu við starfsmenn. Mér sýnist að þetta sé tómt mengi hér á landi, þ.e. ekkert innlent fyrirtæki sé til sem falli undir þessi lög og þau erlendu fyrirtæki sem hér starfa falla undir þetta heiman frá sér. Því má segja að þetta sé tómt mengi og skipti þá ekki stóru máli.

Auk þess er það þannig í dag að fyrirtæki líta almennt á starfsmenn sem eina mikilvægustu eign sína og það sé mjög mikilvægt að hafa gott samráð og samskipti við starfsmenn og veita þeim góðar og miklar upplýsingar um starfsemina. Ég get ekki ímyndað mér eitt einasta framsækið, nútímastórfyrirtæki sem mundi ekki uppfylla skilyrði þessara laga af sjálfu sér og jafnvel ganga lengra og flest mundu ganga miklu lengra. Þetta frv. er dæmigert frá Evrópusambandi þar sem er verið að setja alls konar sjálfsagða hluti í lög og reglur og þvinga þar með atvinnulífið til að gera alls konar hluti sem það vill hugsanlega gera öðruvísi og betur. Því má segja að þetta frv. sé óþarft.

En þar sem það er tómt mengi ætla ég ekki að tala mikið meira um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, 2. umr.

Stjfrv., 260. mál (sjálfvirkt kerfi). — Þskj. 298, nál. 992, brtt. 993.

[13:40]

Frsm. samgn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

Hv. samgn. hefur tekiði þetta frv. til laga um breytingar á tilkynningarskyldu íslenskra skipa til umræðu og fengið á sinn fund
Ragnhildi Hjaltadóttur og Helga Jóhannesson frá samgönguráðuneyti, Magnús Waage frá Landssíma Íslands og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda.

Tilgangur frumvarpsins er að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa vegna sjálfvirks tilkynningarkerfis sem ætlunin er að taka í notkun innan skamms.

Samgöngunefnd áréttar mikilvægi þess að sem flest skip og bátar falli undir sjálfvirka tilkynningarkerfið. Ákvæði d-liðar 1. gr. frumvarpsins undanþiggja skip, sem stunda takmarkaða sjósókn eða hafa aðeins sumarhaffæri, sjálfvirka tilkynningarkerfinu en undanþágan byggist á samkomulagi sem gert var við samgönguráðuneytið 5. mars 1998. Samgöngunefnd telur ekki rétt að ganga gegn því samkomulagi en telur nauðsynlegt að til álita komi að öll skip sem búin eru talstöð falli undir sjálfvirka tilkynningarkerfið. Nefndin leggur því til að undanþágan verði endurskoðuð innan tveggja ára og þá metið í ljósi reynslunnar hvort sjálfvirk tilkynningarskylda verði látin ná til fleiri skipa en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Stefán Guðmundsson, Árni Johnsen og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Magnús Stefánsson og Kristján Pálsson skrifa undir með fyrirvara.

Samgöngunefnd mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að við 1. gr. verði bætt nýjum efnislið sem skyldar farþegaskip til að tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti. Þar sem flest farþegaskip eru yfir 24 metrar að lengd féllu þau undir a-lið 1. gr. frumvarpsins og var því aðeins skylt að tilkynna sig á tólf klukkustunda fresti. Samgöngunefnd telur nauðsynlegt af öryggisástæðum að sama regla gildi um farþegaskip og skip sem eru styttri en 24 metrar en þeim ber að tilkynna sig á fimmtán mínútna fresti.

2. Í öðru lagi er lagt til að ákvæði d-liðar 1. gr. frumvarpsins (sem verði e-liður) um undanþágu frá sjálfvirkri tilkynningarskyldu verði endurskoðað fyrir árslok 2000.

3. Loks er lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

Herra forseti. Þar sem ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara vil ég aðeins gera grein fyrir honum. Fyrirvarinn felst fyrst og fremst í því að það undanþáguákvæði sem um getur í öðrum lið, um að endurskoða tilkynningarskylduna sjálfvirku fyrir árslok 2000, að þar með eru undanþegin samkvæmt því ákvæði að miða þetta t.d. ekki við öll skip sem eru með talstöðvar eða undir ákveðnum stærðarmörkum. Að skip sem eru með sumarhaffæri, eins og krókabátar, sem róa einungis á sumrin, eða sportbátar sem eru einungis í notkun mjög skamman tíma ársins, falla utan þessara laga og þurfa ekki að kaupa sér búnað til að geta verið í sjálfvirkri tilkynningarskyldu. Það þýðir að nokkur hundruð skip, þar á meðal tæplega 200 trillubátar eða krókabátar, fyrir utan alla aðra skemmtibáta og fleytur sem teljast sumarhaffærisskip, verða nokkur hundruð, sennilega milli þrjú og fjögur hundruð skip verða undanþegin. Oft og tíðum hafa þetta verið þau skip sem hafa ekki náð að sinna þeim sjálfsögðu kröfum að tilkynna sig af einhverjum ástæðum, jafnvel vegna ókunnugleika, í sumum tilfellum trassaskapar. Ég hefði gjarnan viljað að þetta skref hefði verið stigið strax þannig að öryggis yrði gætt í hvívetna hvað þetta varðar og öllum vafa eytt um það hverjir ættu að kaupa slík tæki og hverjir ekki. Þá er ég með framtíðina í huga því ég álít svo að eftir árið 2000, þegar búið er að gera á þessu sérstaka könnun, muni það leiða til þess að öll þessi skip verða skyldug til að kaupa sjálfvirk tilkynningarskyldutæki um borð í skip sín en þau kosta einungis 85 þús. kr. sem ég tel ekki vera mikla upphæð þegar litið er til mikilvægis þess að fylgjast með skipum um allan sjó og geta gert það sjálfvirkt.

Að öðru leyti fagna ég að sjálfsögðu þessu frv. Það er mikið og bætt öryggi sem fylgir þessum tilkynningarskyldutækjum sem sett verða um borð í öll skip eftir að frv. þetta verður að lögum. Hér er því stigið stórt skref til að bæta öryggi íslenskra sjómanna og það er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni.

Við fengum Magnús Waage frá Landssímanum sérstaklega á fund okkar til að ræða hvernig staðið yrði að móttöku í gegnum strandstöðvar eftir að þetta kerfi yrði komið á og við vorum fullvissaðir um að ekki yrði slakað á öryggiskröfum og að tilkynningarskyldukerfið væri einnig þannig úr garði gert að hægt yrði að fylgjast með skipum á nánast tveggja mínútna fresti og ef ekki heyrðist merki frá þeim eftir ákveðinn tíma yrði farið að leita og fer þá ákveðið ferli af stað sjálfvirkt sem ekki mun hafa áhrif á Landssímann. Ég held að að þessu leyti séum við nokkuð viss um að ekkert muni vanta upp á að öll keðjan virki þegar hún fer af stað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigubifreiðar, 2. umr.

Stjfrv., 281. mál (skilyrði til aksturs). — Þskj. 329, nál. 994, brtt. 995.

[13:47]

Frsm. samgn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

Samgöngunefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Nordal frá samgönguráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Bifreiðastjórafélaginu Andvara og Bifreiðastjórafélaginu Frama.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á ákvæðum laganna um skilyrði fyrir útgáfu leyfis til aksturs leigubifreiðar. Í henni felst að reglur um starfsskilyrði munu veita meira svigrúm til mats en núgildandi lög. Meginsjónarmiðið að baki breytingunni er að ekki þykir rétt að útiloka menn frá ákveðinni starfsgrein án þess að gefa þeim kost á að bæta ráð sitt. Með breytingunni verða reglur um starfsskilyrði greinarinnar meira til samræmis við gildandi reglur í öðrum Evrópuríkjum. Samgöngunefnd vill taka fram að

með breytingunni er ekki stefnt að því að minnka kröfur til leigubifreiðastjóra heldur er veitt meira svigrúm til mats á aðstæðum umsækjanda um leyfi til aksturs leigubifreiðar.

Jafnframt vill samgöngunefnd ítreka álit nefndarinnar frá 122. löggjafarþingi um nauðsyn þess að heildarendurskoðun laga um leigubifreiðar fari fram hið fyrsta.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sér stöku þingskjali. Breytingarnar eru í aðalatriðum þessar:

1. Lagðar eru til breytingar á 1. gr. frumvarpsins. Annars vegar er um að ræða lagfæringu málfars en hins vegar er lagt til að í stað orðanna „starfsskilyrði greinarinnar" komi orðin lög og reglugerðir sem um starfsgreinina gilda. Með þessu orðalagi er kveðið skýrar á um að leyfishafar skuli virða þau lög og reglur sem um starfsgrein þeirra gilda, t.d. öryggisreglur og skattareglur.

2. Þá er lagt til að við bætist ný grein er breyti 5. mgr. 7. gr. laganna um nýtingu atvinnuleyfis. Í tillögunni er gert ráð fyrir að leyfishafar þurfi ekki að gangast undir hæfnispróf á hverju ári heldur nægi að þeir þreyti slíkt próf tvisvar sinnum frá og með fyrstu framlengingu leyfis uns leyfi verður ekki framlengt frekar. Samgöngunefnd telur eðlilegt að hæfnispróf verði gert að skilyrði fyrir fyrstu framlengingu leyfis en síðan skuli leyfishafi endurtaka prófið innan þriggja ára. Síðara hæfnispróf verður því haldið í síðasta lagi þegar leyfishafi verður 74 ára. Gert er ráð fyrir að samgönguráðherra útfæri ákvæðið nánar með reglugerð og að þar verði m.a. skilgreint hvenær menn skuli þreyta síðara prófið. Gert er ráð fyrir að skilyrði um læknisvottorð verði óbreytt. Rétt er að geta þess að læknisvottorð getur gefið tilefni til að láta leyfishafa undirgangast síðara hæfnisprófið. Að lokum árétt ar samgöngunefnd þann skilning sinn á 5. mgr. 7. gr. laganna að atvinnuleyfi leigubifreiðastjóra falli úr gildi við lok 70. aldursársins og að heimilt sé að framlengja það til fullnaðs 75 ára aldurs. Leigubifreiðastjórar þurfa því að sækja um framlengingu leyfis við 71 árs aldur og geta stundað leiguakstur þar til þeir verða 76 ára. Framlenging leyfistíma getur því mest orðið fimm ár.

Stefán Guðmundsson, Árni Johnsen og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir málið rita því Einar K. Guðfinnsson formaður, Guðmundur Árni Stefánsson, Egill Jónsson, Ragnar Arnalds, Magnús Stefánsson og Kristján Pálsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu, síðari umr.

Þáltill. ÓÖH o.fl., 341. mál. — Þskj. 437, nál. 952.

[13:52]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. umhvn. um þáltill. um rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu.

Flutningsmenn eru sá sem hér stendur og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Svavar Gestsson, Steingrímur J. Sigfússon og Kristín Halldórsdóttir.

Þáltill. hljóðar svo: „Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera ítarlegar rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu með það að markmiði að stuðla að skynsamlegri nýtingu rjúpnastofnsins. Tilgangur rannsóknanna verði að kanna umfang og áhrif skotveiða á stofninn, viðkomu hans eftir svæðum, samhengi veiða og náttúrulegra affalla og að gera samanburð á rjúpnastofninum undir mismiklu veiðiálagi."

Í grg. með þáltill. kemur fram að rjúpan er lykiltegund í íslensku vistkerfi og einn einkennisfugla íslenskrar náttúru. Hún er afkastamikill grasbítur en um leið er rjúpan líka mikilvæg í fæðu refa og ekki síst fálka en fálkastofninn hér á landi á allt sitt undir viðgangi rjúpunnar.

Þegar horft er til landsmanna skipar rjúpan að sjálfsögðu mikinn sess í hugum landsmanna vegna fegurðar og þeirra tilfinninga sem margir bera til þessa fugls, (**Gripið fram í:** Og skáldanna.) og skáldanna svo sannarlega eins og lesa má í ljóðum, og hún er jafnframt orðin fastur þáttur í jólahefð og jólahaldi landsmanna.

Skotveiðimenn sækja mjög í rjúpnastofninn eins og eðlilegt er og hafa sýnt ábyrga afstöðu með því að móta umgengnis- og siðareglur og með því að taka þátt í skipulagningu veiða og eftirliti með veiðum, þar á ég við Veiðikortasjóðinn, en eins og öllum er kunnugt þurfa menn nú að greiða ákveðið gjald fyrir veiðikort á hverju ári og skila inn skýrslum. Þessi lofsverða framganga skotveiðimanna hefur skilað sér annars vegar í öruggum heimildum um skotveiðar og sömuleiðis í fé sem nýtt hefur verið til rannsókna.

Hins vegar er á það að líta að svo mjög virðist vera sótt í rjúpnastofninn, sérstaklega í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, ef ég má kalla það Suðurland og Vesturland, að margt bendir til ofveiði á stofninum. Svo víst er það að náttúrulegar sveiflur í stofninum koma ekki fram á þessu svæði eins og öðrum svæðum landsins. Það kann því að fara svo að grípa verði til takmarkana með einhverjum hætti en þær takmarkanir krefjast tveggja grundvallaratriða. Annars vegar að fullt samkomulag sé á milli veiðimanna, landeiganda og rannsóknaraðila og hins vegar að rannsóknir séu gerðar á rjúpnastofninum við núverandi veiðiálag, þannig að ljóst sé hverju friðun kann að skila. Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt að efla rannsóknir á vetrarafföllum rjúpunnar. Það verður ekki eingöngu gert með því að láta Veiðikortasjóðinn greiða, heldur verður ríkið að sinna eðlilegum rannsóknarskyldum sínum og fjármögnun rannsóknanna með því að leggja fé til rannsókna á vetrarafföllum rjúpunnar eins og til annarra rannsókna, en láta ekki eingöngu Veiðikortasjóðinn standa undir þessu.

Nefndin var sammála um að standa að samþykkt þessarar þáltill. í vissu þess að ríkisvaldið og réttir aðilar geri þær ráðstafanir sem þáltill. mælir fyrir um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1997, 2. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 152, nál. 1004.

[13:57]

Frsm. fjárln. (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. fjárln. um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1997.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og farið yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Nefndin leggur ríka áherslu á að ráðherra taki tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar og sjái til þess að ráðuneyti og stofnanir bregðist við þeim ábendingum sem stofnunin hefur sett fram.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. skrifa auk mín Jón Kristjánsson, Kristinn H. Gunnarsson, Siv Friðleifsdóttir, Kristján Pálsson, Kristín Halldórsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:58]

Útbýting þingskjala:

Lögskráning sjómanna, 594. mál, frv. samgn., þskj. 1014.

Vegagerð í afskekktum landshlutum, 73. mál, nál. samgn., þskj. 1015.

Örorkulífeyrir og launatekjur, 595. mál, fsp. PHB, þskj. 1016.

Alþjóðleg viðskiptafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 414. mál. — Þskj. 687, nál. 907 og 918, brtt. 919.

[13:59]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um alþjóðleg viðskiptafélög.

Ég skipa minni hluta nefndarinnar í þessu máli og afstaða mín er sú að þetta mál sé ekki tækt til afgreiðslu hér að svo stöddu og það beri að vísa því frá eða vísa því til ríkisstjórnarinnar.

Ýmislegt veldur því að ég tek þessa afstöðu, herra forseti. Bæði er það andstaða við málið en einnig hitt að ýmis álitamál eru að mínu mati óútkljáð og óskoðuð að kalla má. Að vísu liggur nokkurt nefndarstarf að baki samningu frv. Það er góðra gjalda vert. Hitt verð ég að segja að virðulegt Alþingi hefur haft fremur skamman tíma til að skoða málið. Hið sama gildir einnig um hv. efh.- og viðskn. þó að hún hafi á lokasprettinum farið yfir málið og kallað til viðtals við sig nokkra aðila út af því. Engu að síður er mat mitt það, herra forseti, að þarna séu álitamál sem þyrftu miklu betri skoðunar við. Auk þess þurfa menn, eins og áður sagði, að gera upp við sig hvort þetta er pólitísk breyting á löggjöf okkar sem menn vilja yfir höfuð standa að.

Herra forseti. Málið gengur út á það í hnotskurn að heimila hér starfrækslu svonefndra alþjóðlegra viðskiptafélaga. Þetta eru félög sem alfarið starfa á alþjóðamarkaði, utan Íslands og utan hins Evrópska efnahagssvæðis, þ.e. með vörur sem ekki eru upprunnar á því svæði eða seldar inn á það svæði. Hér yrði því einhvers konar aðsetur slíkra alþjóðlegra félaga með starfsemi utan landsteinanna og nytu jafnframt sérstakra vildarskattakjara, samanber fskj. sem fylgir þessu frv. og fjallar um skattamál alþjóðlegra viðskiptafélaga.

Herra forseti. Ég hef miklar efasemdir um það hvort halda eigi út á þessa braut. Satt best að segja held ég að við séum að kljást við drauga úr fortíðinni, hugmyndir sem lengi hafa blundað með mönnum um að gera Ísland að Karíbahafseyju eða Miðjarðarhafseyju þar sem ævintýramenn í alþjóðaviðskiptum geti átt sér athvarf og notið nánast skattfrelsis, enda nota menn stundum máli sínu til stuðnings dæmi úr þeirri átt.

Nú er það auðvitað ljóst að í einhverjum mæli hafa einstök lönd eða svæði innan landa gert út á þessa hluti. Það á t.d. við um Ermasundseyjarnar og þessi frægu Karíbahafsdæmi. Ég hélt satt best að segja að þeir sem réðu fyrir viðskiptamálum þjóðarinnar hefðu meiri metnað fyrir Íslands hönd en að það yrði sérstakt keppikefli að eltast við þessa hluti. Menn mega alls ekki rugla saman því tvennu, herra forseti, að bjóða íslenskum fyrirtækjum og fyrirtækjum starfandi á Íslandi upp á góð starfsskilyrði og hins vegar samkeppni á þessum uppboðs- eða tilboðsmarkaði. Þar er reynt að lokka til sín alþjóðleg umsvif, fjármálafyrirtæki eða fyrirtæki af öðrum toga, með því að bjóða þeim sérstök vildarkjör eða skattleysi í staðinn.

Herra forseti. Að mörgu er að hyggja þegar tekin er ákvörðun um hvort Ísland eigi nú seint og um síðir að halda út á þessa braut. Við höfum ekki verið athvarf slíkra fyrirtækja og hefur þó vegnað bærilega.

Herra forseti. Það fyrsta sem ég nefni til sögunnar er að skoða þyrfti samhengi slíkrar ákvörðunar við íslenska skattalöggjöf að öðru leyti. Það er flaustурslegt að fara ekki vandlega yfir, áður en löggjöf er sett um þetta efni, í hvaða samhengi þau starfskjör og skattakjör eru sem alþjóðaviðskiptafélög njóta hér við íslenska skattalöggjöf að öðru leyti. Þar koma strax upp hlutir eins og samskipti Íslands við önnur ríki á þessu sviði, þá einkum svonefndnir tvísköttunarsamningar sem við höfum gert. Í slíkum samskiptum, þar sem reynt er að samræma skattareglur og starfskjör milli landa, eru undanþágur og vildarkjör sem hugmyndin um alþjóðleg viðskiptafélög byggir á, mjög litin hornauga.

Þar af leiðandi er það ekki af tilviljun, herra forseti, að athugasemdir sem efh.- og viðskn. bárust komu ekki síst úr þeirri átt, þ.e. frá þeim sem undanfarin ár hafa unnið að því að gera tvísköttunarsamninga fyrir hönd Íslands við önnur ríki og sjá um framkvæmd þeirra. Ég vísa þar sérstaklega, herra forseti, í umsögn ríkisskattsjóra sem fylgir með nál. þessu.

Herra forseti. Um leið og við tækjum upp sérkjör fyrir alþjóðleg viðskiptafélög í skattalegu tilliti kynni að vera ástæða til að gera breytingar á íslensku skattalöggjöfinni að öðru leyti. Þar er t.d. talað um svonefnda CFC-skatta eða samstæðuskattlagningu, ef svo má að orði komast. Ég veit ekki hvort það er rétt íslenskun á þessu hugtaki en ég leyfi mér að nota það. Í því felst að með ákveðnum aðferðum er komið í veg fyrir að óeðlilegt skattalegt undanskot eða flutningur á hagnaði geti átt sér stað í gegnum samskipti innlendra móðurfyrirtækja og erlendra dótturfyrirtækja. Við þessu er gjarnan séð með samstæðuskattlagningarreglum af því tagi og þegar upp er staðið og uppgjör hefur farið fram þá er eðlilegri skattlagningu samstæðunnar náð í gegnum sérreglur sem gilda á skattlagningu hins innlenda móðurfélags. Þar er tillit tekið til skattalegra kjara sem dótturfélög erlendis búa við.

Herra forseti. Þetta er annað atriðið sem snýr að samhengi breytinganna við skattalöggjöfina. Það þriðja er ósköp einfaldlega það, það liggur fyrir í umsögn frá ríkisskattstjóra og kom fram í samtölum við efh.- og viðskn., að skattyfirvöld á Íslandi telja sig illa undir það búin að takast á við að framkvæma þessa lagasetningu, ef af verður. Þau telja sig illa undir það búin að taka á þeim málum sem komið gætu upp í tengslum við starfsemi alþjóðlegra viðskiptafélaga á grundvelli þessara laga, verði þau sett. Þar með læt ég lokið umfjöllun mína um samhengi við skattamál.

Herra forseti. Í öðru lagi er rétt að hafa í huga að við erum ekki ein í heiminum í þessu tilliti frekar en öðru. Hér finnst mér allt í einu skjóta upp kollinum — einhverjir mundu sjálf-

sagt segja og það úr óvæntri átt — viss einangrunarhyggja eða tilhneiging til að gleyma sér í sérislenskum veruleika, þ.e. þessar hugmyndir um að Ísland verði lágskattaparadís alþjóðafyrirtækja eða alþjóðlegra viðskiptafélaga. Á bak við þetta er hugmyndin um að við getum bara ein verið sniðug og lokkað til okkar viðskipti á þessu sviði án þess að það komi nokkurs staðar annars staðar við.

Herra forseti. Staðreyndin er sú að á alþjóðavettvangi er í gangi viðleitni til að útrýma þessum holum í hinu alþjóðlega skattasamhengi. Markvissar aðgerðir eru í gangi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar og víðar. Þær miða að því að uppræta þessi lágskattasvæði, þessar holur, og reyna að tryggja að samkeppni milli ríkja um staðsetningu fyrirtækja og uppbyggingu í atvinnulífi sem byggi ekki á undirboðum hvað skatta eða starfskjör varðar öðru leyti. Þar er í aðalatriðum gert ráð fyrir samkeppni á jafnræðisgrundvelli, samkeppnin kemur þar fram í öðru en þessu.

Herra forseti. Ástæðan er sú að það hefur margar neikvæðar hliðarverkanir ef ríkin hneigjast til að lokka til sín starfsemi af þessum toga með undirboðum í skattakjörum. Eftir sem áður þurfa viðkomandi ríki að afla sér tekna. Eftir sem áður þarf að mæta þeim kostnaði sem fylgir tilkomu slíkra fyrirtækja. Sú tilhneiging er augljós að afla skattanna eða teknanna með álögum á einhverja aðra. Niðurstaðan hefur orðið sú að þar sem farið hefur verið offari í að fella niður tekju- eða veltuskatta á atvinnulífið þá hefur skattbyrðin á launatekjum eða neysluskattar aukist að sama skapi. Tilhneigingin er sú að velta skattbyrðinni annað, gefi menn sér að tiltekinna tekna þurfi að afla eftir sem áður.

Þetta t.d. benda Samtök iðnaðarins á og vara við þeirri hættu að vildarkjör af þessu tagi gagnvart tilteknum aðilum hafi þetta samhengi í för með sér.

Herra forseti. Með þessu er ég að segja að á því herrans ári 1999 séum við að gera breytingar á okkar löggjöf og okkar skattareglum sem gangi gegn alþjóðlegri viðleitni. Þar af leiðandi held ég að þetta mál sé svona 30 árum of seint á ferðinni. Mér er stórlega til efs að af þessu verði mikil uppskera þegar upp verður staðið.

Segjum sem svo að á næstu þremur til fimm árum nái menn verulegum árangri í að uppræta þessi undirboð og lágskattaparadísir og loka þeim. Segjum t.d. að Evrópusambandið eða Efnahags- og framfarastofnunin nái því fram og það verði jafnvel tekið inn í bindandi samninga milli ríkja. Þá væri augljóslega tímaskekkja að standa í því brölti hér að lokka fyrirtæki að á þessum grunni.

Herra forseti. Í þriðja lagi, í nál. minni hlutans, nefni ég að ekki verði horft fram hjá þeim möguleika að á Ísland falli neikvætt kastljós þegar fréttir fara að berast af því að nú sé Ísland að gera breytingar á löggjöf sinni til þess að reyna að lokka til sín fyrirtæki, frá einhverjum öðrum að sjálfsögðu, með gylliboðum og skattalegum vildarkjörum. Ég held að menn noti það ekki til að auglýsa sig út á við og stæra sig af.

Ég held a.m.k. að ef menn ætla að fara út í eitthvað slíkt þá veitti ekki af að gera þær breytingar með góðum fyrirvara og reyna að kynna þær með jákvæðum formerkjum áður en til lagasetningar kæmi. Á það er bent, m.a. í umsögn ríkisskattstjóra, að það kunni að vera álitamál hvort t.d. sumir tvísköttunarsamningarnir haldi ef Ísland gerir einhliða slíkar breytingar á löggjöf. Þar eru m.a. lagðar mjög ríkar skyldur á báða aðila að virða jafnræðisreglurnar í skattlagningu, að annar lokki ekki til sín viðskipti frá hinum o.s.frv. Í þessum efnum gilda því góðar reglur í báðar áttir.

Mér finnst, herra forseti, menn fara billega í gegnum málið án þess að gera með athugasemdir af því tagi sem lesa má út úr umsögn ríkisskattstjóra, sem fram komu á fundi ríkisskattstjóra með efh.- og viðskn. og einnig sérfróðum aðilum, t.d. úr iðn.- og viðskrn. og aðila sem þekkti vel til þessara mála hjá Eftirlitsstofnun Evrópu.

Þá kem ég að því fjórða, herra forseti. Það er mögulegt tenging þessa við alþjóðlegar samningsskuldbindingar okkar, ekki bara tvísköttunarsamninga sem ég hef áður nefnt, heldur einnig EES-samninginn og tengingu okkar við Evrópusambandið. Það er alls ekki hægt að útiloka að til árekstra eða klögumála gæti komið á gráum svæðum sem varða samkeppnis- og jafnræðisreglur, t.d. tengdum efnahags- og viðskiptalegum ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og fjórfrelsið í ESB. Klögumálunum fyrir Eftirlitsstofnun Evrópu gæti sem sagt heldur fjölgað en fækkað, herra forseti, ef farið verður út í einhliða breytingar af þessu tagi.

Í fimmta lagi er þarna bent á að huga þurfi að alþjóðlegum samningsskuldbindingum Íslendinga á sviði hugverkaréttinda og í því sambandi vitnað í umsögn Einkaleyfastofunnar. Þar er sömuleiðis um ýmiss konar alþjóðlegar skuldbindingar að ræða og að því þarf að hyggja hvort breytingar af þessu tagi geti í einhverjum tilvikum verið á skjön við slíkt.

Herra forseti. Loks vil ég nefna í þessu sambandi að enginn vafi leikur á því í mínum huga að sá mikli munur, sá gríðarlegi munur, sem verður á skattgreiðslum alþjóðlegra viðskiptafélaga hér á landi samkvæmt frv. og tengdu frv. um skattamál og skattgreiðslum innlendra fyrirtækja, er líklegur til þess að valda óánægju og þrýstingi á að skattar hinna innlendu fyrirtækja verði lækkaðir enn frekar en orðið er. Af þessu geta væntanlega, herra forseti, leitt í framhaldinu illdeilur og klögumál. Það verður auðvitað alveg himinhrópandi munur á þessu annars vegar og svo 30% tekjuskattsgreiðslum, tryggingagjaldsgreiðslum og öðrum gjöldum innlendra fyrirtækja, og eru þau þó svo sem ekki tiltakanlega há því að staðreyndin er sú að Ísland er í hópi lágskattaríkja þegar kemur að skattlagningu á atvinnulífið. Hvað sem hver segir þá eru það nú óhrekjandi staðreyndir. Við erum í hópi þeirra ríkja sem eru með lægstu tekjuskattsprósentuna á hagnað fyrirtækja. Við erum með umtalsverðar frádráttarheimildir vegna rekstrartapa, fyrninga og fleiri hluta og við erum með tiltölulega mjög lágan launatengdan kostnað atvinnulífsins. Eftir sem áður verður þarna alveg himinn og haf á milli þeirra skattgreiðslna sem innlend fyrirtæki greiða nú og þeirra vildarkjara sem alþjóðlegum viðskiptafélögum eru ætluð.

Herra forseti. Með þessum rökstuðningi tel ég að óhjákvæmilegt sé annað en að skoða þetta mál mun betur. Ég útiloka alls ekki, herra forseti, að eitthvert fyrirkomulag af því tagi sem þessi frumvörp fela í sér geti ekki komið til greina. Það gerir það vissulega. Það má alveg hugsa sér að við búum alþjóðlegum fyrirtækjum sem hér væru staðsett að einhverju leyti sérstök kjör. Ég ætla ekki að útiloka að þetta fyrirkomulag komi til með að nýtast einhverjum innlendum aðilum sem vilja tengja við landið alþjóðleg umsvif í fjarlægum heimsálfum, t.d. á sviði sjávarútvegs.

En ég spyr á móti: Hefur það nokkuð verið skoðað hvort aðrar skattalegar ráðstafanir en þær að opna fyrir slík alþjóðleg viðskiptafélög á vildarkjörum kæmu að sömu notum í þeim efnum? Það hafa ekki verið lögð á mitt borð, herra forseti, og ekki svo ég viti á borð efh.- og viðskn. nein bein

dæmi um nokkurt óhagræði sem stendur í vegi fyrir því t.d. að íslensk fyrirtæki færi slíka starfsemi hingað heim. Ef þetta snýst um að þau geti flutt heim arð á eðlilegan hátt vegna starfsemi erlendis þá er sjálfsagt að líta á það mál. Ég hélt satt best að segja að við hefðum verið að gera breytingar sem voru ætlaðar einmitt til þess að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að koma arðgreiðslum milli fyrirtækja innan sömu samsteypu. Og út á það gengu m.a. breytingar hér á fyrra ári vegna breyttrar skattlagningar á arðgreiðslum.

Ef menn hafa dæmi um slíkt þá er alveg sjálfsagt mál að líta á það. En einhver óljós skírskotun eða tilvísun í þá átt er mér ekki nægjanleg rök til þess að segja: Heyrðu, við verðum að búa hérna til lágskattaparadís fyrir alþjóðleg viðskiptafélög, af því að því fylgja líka ýmsir ókostir og það orkar tvímælis að ýmsu leyti, eins og ég þykist hafa farið yfir hér.

Að mínu mati er allt of mörgum spurningum ósvarað til þess að réttlætanlegt sé að ákveða að halda út á þessa braut með almennri lagasetningu um vildarkjör fyrir alþjóðleg viðskiptafélög. Ég tel reyndar, herra forseti, verulegt álitamál hvort við séum yfir höfuð á skynsamlegri braut í þessum efnum, sérstaklega í ljósi þróunar á alþjóðavettvangi. Einhverjir verða að vera talsmenn þess hér að við Íslendingar fylgjumst með því sem er að gerast í umheiminum og það virðist hafa orðið mitt hlutskipti í þessu tilviki a.m.k. Ég held að því verði ekki á móti mælt — nú ef það verður gert þá verður fróðlegt að heyra það hér — að þetta t.d. gengur gegn þeirri viðleitni sem nú er í gangi innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Vill hv. formaður hv. efh.- og viðskn. koma hér upp og mótmæla því að svo sé? Ég hygg ekki.

Herra forseti. Að lokum finnst mér rétt að hafa það í huga að þetta mál er einnig angi af og tengist enn þá stærri málum, þ.e. spurningunum um það hvert hið alþjóðlega hnattræna fjármagnskerfi sé að stefna. Hvert er það að fara? Hvernig standa málin þar? Sú umræða hefur merkilega lítið borist til Íslands, kannski af því að við höfum að mestu leyti verið ósnortin af þeim miklu hræringum sem hafa skekið hinn alþjóðlega fjármagnsheim á undanförnum mánuðum og missirum. En hið litla og tiltölulega lokaða íslenska hagkerfi, sem það enn er sem betur fer, hefur að mestu leyti sloppið við þessar hræringar af því að við erum ekki jafnalgjörlega orðin ofurseld Dow Jones vísitölunni eða öðrum slíkum mælikvörðum og sumir aðirir eru. Ef svo væri þá spái ég því að umræðan um þessi mál væri meiri hér uppi á Íslandi nú en raun ber vitni. Hún er merkilega lítil.

Staðreyndin er sú að núna eru mjög miklar efasemdir uppi meðal fræðimanna á þessu sviði, meðal hagfræðinga og viðskiptafræðinga úti um allan heim og þarf ekki bara Asíulöndin til. Það þarf ekki bara Suður-Ameríku og Austur-Evrópu til. Það er ekki síður meðal þeirra sem eru í forustu fyrir þessum málum á Vesturlöndum að áhyggjurnar koma í ljós. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, og er ekki í vafa um að það verður að gera verulegar breytingar og setja umtalsverðar skorður við hinu spekúlatífa, alþjóðlega eða hnattræna fjármagni sem æðir um heiminn og er á höttum eftir skyndigróða og ofsagróða af fullkomnu miskunnarleysi gagnvart efnahagslegum stöðugleika og efnahagslegri velferð einstakra þjóðríkja, eins og dæmin sanna.

Ég hélt satt best að segja að menn viðurkenndu hvernig farið hefur fyrir ýmsum býsna sterkum hagkerfum sem hafa orðið fórnarlömb þessa kerfis spákaupmennskunnar og það með hversu harðsvíruðum hætti þetta er rekið áfram og að það væri ástæða til fyrir okkur Íslendinga frekar en hitt að ganga hægt um gleðinnar dyr í þessum efnum. Þó ekki kæmi annað til en umhverfismálin, herra forseti, sem auðvitað kalla á að menn endurmeti þessa hluti eins og allt annað í þessum efnum, þá væru þau ein og sér næg ástæða til þess fyrir mér að spyrna hérna við fæti.

Af hverju er ég að taka þetta upp, herra forseti, í samhengi við umræður um það hvort Ísland eigi með löggjöf að opna fyrir sérstök vildarkjör handa alþjóðlegum viðskiptafélögum? Jú, það er vegna þess að þetta er hluti af þessu kerfi. Þetta er hluti af þessari hugsun að allur heimurinn eigi að vera eitt allsherjar skákborð fyrir hið alþjóðlega fjármagn sem eigi að geta flætt fram og til baka um heiminn eða öllu heldur þotið fram og til baka um heiminn því nú eru þessir flutningar rafvæddir og gerast á örskotsstund. Milljarðarnir flæða fram og til baka þannig að enginn festir á því hönd eða auga. Afleiðingarnar eru þær að þetta er meira og minna orðin stjórnlaus ófreskja. Öflugustu spekúlantarnir, öflugustu braskararnir og spákaupmennirnir hafa trekk í trekk leikið það að brjóta niður efnahagslegan stöðugleika í öflugum hagkerfum, fella gengi sterkra gjaldmiðla og valda ýmsum öðrum búsifjum sem menn hafa síðan þurft mörg ár til að jafna sig af.

Herra forseti. Ég er lítt hrifinn, svo það sé alveg hreinu, af því að við verðum með síðustu skipum inn í þetta kerfi. Þó að skráning slíkra alþjóðlegra viðskiptafélaga hér ein og sér verði kannski ekki mikið framlag til heimsviðskiptanna á þessum sviðum þá er það samt angi af þessu og ég tel að við eigum að móta okkur einhverja almenna stefnu í þessum efnum áður en við höldum út á þessa braut.

Herra forseti. Margt bendir til þess að hvort sem mönnum verður það ljúft eða leitt þá neyðist þeir fljótlega á næstu öld til þess að setja þessari ófreskju einhverjar skoður, koma einhverjum böndum á hana, af því að það verður minna og minna við þetta ráðið í hinum rafvæddu, tölvuvæddu viðskiptum nútímans þar sem tölvur taka ákvarðanir í viðskiptum sem valda hundraða milljarða fjárflutningum frá einu landi til annars, þar sem tölvur ákveða kaup og sölu á verðbréfum og hlutabréfum o.s.frv. samkvæmt innbyggðum skipunum í forritum. Hraði þessara viðskipta er orðinn slíkur að breytingar sem menn höfðu áður nokkra daga eða vikur til þess að átta sig á og grípa til gagnráðstafana gegn, gerast núna á örfáum klukkutímum eða hálfum eða einum sólarhring. Með samtengingu verðbréfamarkaðanna hringinn í kringum hnöttinn geta menn haldið viðskiptunum gangandi sólarhringunum saman. Það kemur ekkert hlé eins og áður var og verðhækkanir eða verðlækkanir og kveisur sem þessir markaðir taka breiðast með örskotshraða hringinn í kringum hnöttinn.

Ég held að þetta kerfi sé stórhættulegt og vitlaust og þjóni eingöngu hagsmunum þeirra sem fjármagnið eiga og fyrst og fremst þeirra sem eru á höttum eftir skjótfengnum gróða án nokkurra skuldbindinga, kvaða eða tengsla við einstök ríki, atvinnuhagsmuni eða efnahagshagsmuni í einstökum löndum. Meira og meira af þessu fé er komið í hendurnar á svokölluðum lötum fjármagnseigendum, þ.e. fjármagnseigendum sem hvorki bera ábyrgð gagnvart hagsmunum einstakra fyrirtækja né framleiðslustarfsemi af einum eða neinum toga heldur er þetta fjármagn sem fyrst og fremst er að ávaxta sig sjálft. Það kallar hv. þm. Pétur Blöndal fé án hirðis og hefur auðvitað ýmislegt til síns máls þegar hann

ræðir þá hluti, að þetta gráðuga fjármagn án hirðis er víða á ferðinni í heiminum.

Það væri fróðlegt fyrir menn að kynna sér breytingar sem orðið hafa í kauphöllunum, segjum í Stokkhólmi þar sem yfirgnæfandi meiri hluti hlutafjárins var fyrri hluta aldarinnar í eigu sænskra atvinnurekenda og sænskra framleiðenda vöru eða þeirra sem voru að selja þjónustu. Þetta var eignarhald sem hafði byggst upp í gegnum atvinnurekstur í fjölskyldufyrirtækjum eða hlutafélögum og var nátengt þeirri framleiðslustarfsemi sem í hlut átti, hvort sem það var Saab, Scania, SKF eða hvað það nú var.

En hvernig halda menn að ástandið sé í dag? Nú eru ekki nema svona 15–20% í sænsku kauphöllinni í Stokkhólmi í eigu slíkra sænskra atvinnurekenda eða sænskra framleiðslufyrirtækja. Hver á restina? Jú, það er annars vegar Wallenberg familían með sínum fjárfestingarfélögum. En afgangurinn er svona latt fjármagn. Afgangurinn er fjármagn sem er þarna á ávöxtun og hefur engar skuldbindingar og engin tengsl við sænskan iðnað, sænska atvinnuhagsmuni eða sænskt efnahagslíf. Þetta er fjármagn sem kemur og fer eftir því hvar kaupin gerast best á eyrinni og er á höttum eftir skjótfengnum gróða og ávöxtun af fullkomnu tillitsleysi og miskunnarleysi við hagsmuni viðkomandi þjóðríkis í öllu tilliti. Í þessa átt eru hlutirnir að þróast. Og það getur ekki og mun ekki, herra forseti, enda öðruvísi en með ósköpum ef sú ófreskja fær að ganga áfram laus í heiminum.

Þarna þarf að setja skýrar skorður við. Það er nauðsynlegt vegna efnahagslegs stöðugleika. Það er nauðsynlegt vegna velferðar og hagsmuna þjóðríkjanna og það er síðast en ekki síst auðvitað algjörlega nauðsynlegt vegna umhverfishagsmuna heimsins. Vegna þess að þetta er hættulegasti aðilinn í því tilliti. Þetta er sá aðili sem einskis svífst og gefur skít í umhverfið og náttúruna þegar svo ber undir. Enda ræður þarna aðeins eitt boðorð ríkjum, það er gróði, það er ávöxtun, þ.e. eins skjótfenginn og mikill gróði og kostur er.

Herra forseti. Mönnum finnast slíkar hugleiðingar kannski eiga lítt við hér á þessum laugardagseftirmiðdegi þegar alla langar heim til þess að gera eitthvað annað. En staðreyndin er sú að þetta eru alvörumál sem menn þurfa einhvern tíma að gefa sér tíma til að ræða. Ég held að við ættum kannski einstöku sinnum á Alþingi Íslendinga að rífa okkur upp úr hversdagsleikanum, líta aðeins upp frá naflanum á okkur og velta fyrir okkur stærra samhengi hlutanna. Hvert erum við að okkar litla leyti að stefna málunum og í hvaða samhengi erum við að því? Þrátt fyrir allt erum við ekki ein í heiminum og okkur varðar miklu hvernig málin þróast og við eigum líka að hafa skoðun á því hvernig þau eru að þróast og hvernig við viljum sjá bæði okkar stöðu í því samhengi og stöðuna almennt.

Herra forseti. Ég hef ekki nokkra sannfæringu fyrir því að þessi lagasetning um alþjóðleg viðskiptafélög sé nokkurt sérstakt framfaraspor eða stórt hagsmunamál í þessum efnum. Mjög mörgum spurningum er ósvarað í þessu sambandi. Ég get þar af leiðandi ekki stutt þetta mál og legg til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Mér er að vísu ljóst að hún blessunin, þ.e. hæstv. ríkisstjórnin, hefur skamman tíma til stefnu til að gera mikið í málinu þó hún fengi það til sín. En það kemur þá til kasta þeirrar sem við tekur og ég treysti því að hún yrði ekki síður vel til þess fær að meta málin, skoða þau og leiða þau í farsælan farveg.

Herra forseti. Mér finnst þetta of illa undirbúin lagasetning til að réttlætanlegt sé að verja hana, jafnvel burt séð frá pólitískum ágreiningi sem um hana er.

[14:31]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það mál sem hefur hér verið rætt, alþjóðleg viðskiptafélög, var til umfjöllunar í efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti. Ég stend að meirihlutaáliti efh.- og viðskn. með fyrirvara. Ég vil gera grein fyrir þeim fyrirvara.

Eins og komið hefur fram fjallar frv. um að heimila að stofna alþjóðleg viðskiptafélög t.d. á sviði sjávarútvegs, með viðskipti á milli þriðju landa með sjávarafurðir. Hér er verið að fara inn á braut í lagasetningu sem þekkist víða erlendis og ég tel að við eigum að gera þá tilraun sem ég tel að felist í þessari lagasetningu, þ.e. að útbúa lagaumgjörð um slík félög eins og gert er ráð fyrir í frv. og veita þessum félögum skattaívilnanir eins og hér er gert ráð fyrir.

Herra forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að með þessu er verið að setja upp ákveðnar sérreglur gagnvart tiltekinni atvinnustarfsemi. Þó að ég sé almennt talsmaður þess að reglur séu almennar þá eigum við vitaskuld að grípa til sértækra aðgerða ef við teljum það skynsamlegt. Ég tel í þessu tilviki að það sé hagkvæmt fyrir okkur að gefa mönnum tækifæri til að starfrækja slík félög og þá ekki hvað síst á sviði sjávarútvegs. Ég tel að þar getum við átt þátt í öflugri sókn á alþjóðlegum markaði. Það er svið sem við þekkjum vel til og þessi lagaumgjörð mundi hjálpa þar til.

Herra forseti. Þess vegna tel ég skynsamlegt að lögfesta þann ramma sem hér er til umræðu þó ég geri mér fulla grein fyrir því að hér er ekki um að ræða löggjöf í anda hinna almennu reglna sem mjög eru ræddar. Hins vegar erum við ekki að finna upp hjólið heldur er sambærileg löggjöf til víða erlendis.

Herra forseti. Ég tel að við eigum að láta reyna á þessi sóknarfæri og ég vil benda sérstaklega á brtt. sem er flutt af meiri hlutanum og kom m.a. inn fyrir forgöngu mína. Þar segir að ákvæði til bráðabirgða orðist svo, með leyfi forseta:

„Viðskiptaráðherra skal fyrir árslok 2001 leggja fram skýrslu á Alþingi um áhrif laganna á íslenskt efnahagslíf."

Þetta tel ég mjög mikilvægt, herra forseti. Þá er alveg augljós vilji Alþingis að þessi lagasetning skuli fá reynslu í tvö ár, hún verði endurmetin og skýrsla gefin hinu háa Alþingi. Það yrði þá Alþingi sem tæki aftur upp þessa löggjöf, mundi fella hana úr gildi ef hún hefði ekki reynst vel, betrumbæta hana eða hvernig sem menn kjósa. A.m.k. er tryggt með þessari útfærslu að málið komi aftur til kasta Alþingis, þ.e. að hið háa Alþingi fær tækifæri til að skoða áhrif þessarar lagasetningu.

Herra forseti. Ég tel því að í þessum búningi og með því að Alþingi fái tiltölulega fljótt niðurstöðu um áhrif þessarar lagasetningar að fullkomlega verjandi og skynsamlegt sé að gera lögin úr garði eins og kemur fram í brtt. meiri hluta efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (grásleppuveiðar). — Þskj. 444, nál. 1003.

[14:36]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, en í því frv. er mælt fyrir um breytingar á grásleppuveiðum.

Nál. er frá sjútvn. og er að finna á þskj. 1003.

Nefndin fékk til fundar við sig um þetta mál 42 menn frá 18 aðilum, aðstoðarmann sjútvrh., fulltrúa frá sjútvrn. og fulltrúa sérfræðinganefndar ríkisstjórnarinnar sem skipuð var í framhaldi af dómi Hæstaréttar frá 3. des. Þá komu aðilar frá Sjómannasambandi Íslands, Samtökum fiskvinnslustöðva, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Þróunarsjóði sjávarútvegsins, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssamtökum útgerðarmanna kvótalítilla skipa, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Fiskistofu, Landssambandi smábátaeigenda. Prófessor við Háskóla Íslands kom og fulltrúar frá umhvrn., Vélstjórafélagi Íslands, svæðisfélaginu Kletti á Norðurlandi eystra, Þjóðhagsstofnun og Byggðastofnun.

Umsagnir um málið bárust frá 14 aðilum: Þjóðhagsstofnun, Verslunarráði Íslands, Strandveiðifélaginu Króki, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Vinnumálasambandinu, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssamtökum útgerðarmanna kvótalítilla skipa, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Hafrannsóknastofnun, ASÍ og Landssambandi smábátaeigenda.

Í nál. sjútvn. segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í dómi Hæstaréttar 3. desember sl. í máli nr. 145/1998: Valdimar Jóhannesson gegn íslenska ríkinu var dæmd ógild sú ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins 10. desember 1996 að hafna umsókn Valdimars um almennt og sérstakt veiðileyfi. Kemur fram í forsendum dómsins að ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sé í andstöðu við jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og þau sjónarmið um jafnræði sem gæta þarf við takmörkun á atvinnufrelsi skv. 1. mgr. 75. gr. hennar að því leyti sem leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands séu til frambúðar bundin við skip sem haldið var til veiða á ákveðnum tíma. Í kjölfar dómsins voru samþykkt lög nr. 1/1999 til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990. Samhliða frumvarpi sem varð að lögum nr. 1/1999 var lagt fram það frumvarp sem er hér til meðferðar um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands þar sem talið var að gera þyrfti sams konar breytingu á leyfi til grásleppuveiða og almennum veiðileyfum á grundvelli laga nr. 38/1990.

Eftir nánari skoðun á frumvarpi því sem liggur hér fyrir, meðal annars með hliðsjón af dómi Hæstaréttar frá 3. desember 1998 í máli nr. 145/1998, er það mat nefndarinnar að ekki þurfi að hrófla við ákvæðum laga um grásleppuveiðar. Leyfi til veiða á grásleppu eru annars eðlis en leyfi til veiða í atvinnuskyni eins og þau voru samkvæmt ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990 fyrir breytingarnar sem gerðar voru með lögum nr. 1/1999. Leyfi skv. 5. gr. snerist um takmörkun á rétti til veiða jafnt úr stofnum sem talið er nauðsynlegt að stjórna veiðum úr og stofnum sem talið er óhætt að stunda frjálsa sókn í. Leyfi til grásleppuveiða skv. 7. gr. laga nr. 79/1997 taka eingöngu til veiða á tilteknum fiskstofni og með þeim og tengdum aðgerðum hefur sóknin verið takmörkuð í verndarskyni. Ljóst þykir að kvótakerfi á grásleppuveiðum yrði mjög erfitt í framkvæmd og kemur þar til stutt veiðitímabil og að grásleppugöngur eru mjög mismunandi frá ári til árs á einstökum svæðum. Þá er erfitt að stjórna netaveiðum með dagatakmörkunum. Sjávarútvegsnefnd telur því vænlegast að stjórna veiðunum eins og gert hefur verið, með tilteknum fjölda veiðileyfa, afmörkuðu veiðitímabili, hámarksfjölda neta o.s.frv.

Í ljósi framangreinds leggur nefndin til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar."

Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Kristinn H. Gunnarsson, Árni R. Árnason, Hjálmar Árnason, Svanfríður Jónasdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Vilhjálmur Egilsson, Guðmundur Hallvarðsson, Stefán Guðmundsson og Einar Oddur Kristjánsson rituðu undir nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:43]

Útbýting þingskjals:

Þróun kaupmáttar, 596. mál, fsp. PHB, þskj. 1017.

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 9. mál. — Þskj. 9, nál. 888 og 936.

[14:43]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar.

Frá hruni Sovétríkjanna hafa orðið meiri breytingar á varnar- og öryggismálum í Evrópu en nokkurn hafði órað fyrir. Ríki Mið- og Austur-Evrópu voru drepin úr dróma yfirdrottnunar og tóku þá til við að endurreisa lýðræðið sem fært hafði verið í fjötra þegar þessi ríki komust undir járnhæl kommúnismans. Þegar hin gamla valdastétt hraktist frá völdum og lýðræðissinnar tóku við stjórnartaumum, t.d. eins og í Tékkóslóvakíu, varð það eitt fyrsta verk þeirra að viðurkenna að tilvera NATO hefði verið þeim ljós í myrkrinu. Sú skuggalega mynd sem áróðursvél Sovétríkjanna hafði áratugum saman dregið upp af varnarbandalagi hinna lýðfrjálsu þjóða og hampað hafði verið af andstæðingum Atlantshafsbandalagsins hér á landi hrundi í einu vetfangi þegar þjóðir Mið- og Austur-Evrópu fengu aftur frelsi til að tjá sig um málið.

Frá þessum mikilvægu tímamótum hafa mörg þeirra ríkja sem áður lutu oki Sovétríkjanna opinberlega viðurkennt mikilvægi Norður-Atlantshafsbandalagsins sem friðar- og öryggisbandalags þótt enn séu þeir aðilar til hér á landi sem dragi framlag þess til friðarins í efa.

Einhugur er um það meðal aðildarríkja NATO og annarra lýðræðisríkja í Evrópu að bandalagið sé framtíðarvettvangur varnar- og öryggismála í álfunni. Jafnframt hefur ríkt víðtækt samkomulag um það frá 1989 að laga bandalagið að nýjum aðstæðum. Sú aðlögun hefur verið hröð enda helst hún í hendur við viljann til að stækka bandalagið. Tólf nýfrjáls lýðræðisríki Mið-Evrópu sækjast eftir aðild að bandalaginu.

Í vor munu fyrstu þrjú ríkin hljóta inngöngu en það eru Pólland, Tékkland og Ungverjaland. Þessar þjóðir hafa unnið mikið starf við að laga sig að þeim kröfum sem bandalagið setur um varnir og viðbúnað. Þær munu verða virkir þátttakendur og leggja bandalaginu til herstyrk.

Samtals 27 ríki, sem eiga ekki aðild að NATO, hafa tekið þátt í vettvangi sem bandalagið hafði forgöngu um að koma á og gengur undir nafninu Félagsskapur í þágu friðar. Þeirra á meðal eru Svíþjóð og Finnland. NATO hefur gert sérstakan samstarfssamning við Rússland og Úkraínu. 44 ríki eiga aðild að Evró-Atlantshafssamvinnuráðinu sem fjallar m.a. um almannavarnir, varnar- og öryggismál, efnahagsmál og vísinda- og umhverfismál. Í samstarfi við aðrar alþjóðlegar stofnanir hefur bandalagið gegnt forustuhlutverki í friðargæslu á Balkanskaga og hefur tryggt vopnahlé í Bosníu. Þannig hefur bandalagið í raun fært út kvíarnar á ýmsan hátt og leitast við að víkka það svæði öryggis og friðar sem var áður takmarkað við aðildarríkin.

Þessi viðleitni hefur borið mikinn árangur, ekki síst gagnvart Rússlandi og Úkraínu. Rússar taka nú þátt í viðamiklu samráðsferli sem er til þess gert að draga úr tortryggni og efla samstarfsanda og samstarfsvilja. Innan hernaðargeirans hefur þetta gengið vel og tvímælalaust haft mjög jákvæð áhrif.

Meginerfiðleikar í bættu samstarfi við Austur-Evrópuríkin eins og Úkraínu og þó einkum og sér í lagi Rússland eru fólgnir í því að efnahagserfiðleikar í þessum heimshluta, og einkum og sér í lagi í Rússlandi, eru þvílíkir að þeir hefta alla framþróun samfélagsins og standa í vegi fyrir lýðræðisþróun í ríki þar sem grundvallarsjónarmið lýðræðis og mannréttinda hafa enn ekki fest fyllilega rætur.

Ekki er vafi á því að mikill vilji er fyrir því í Rússlandi að festa lýðræðið í sessi. Efnahagserfiðleikar Rússlands hafa hins vegar grafið verulega undan möguleikum þjóðarinnar til að takast á við vandamál sín og því má segja með sanni að efnahagsþróun í Austur-Evrópu nú um stundir sé ein alvarlegasta ógnin sem steðjar að friði og öryggi í Evrópu.

Ef þróun Norður-Atlantshafsbandalagsins frá hruni Sovétríkjanna er dregin saman í lokaniðurstöðu má segja að bandalagið hafi lagað sig ótrúlega hratt að breyttum aðstæðum, eflst til muna og orðið í augum Evrópuríkjanna allra burðarásinn í þróun öryggismála álfunnar. Ísland hefur tekið, sem eitt af aðildarríkjum bandalagsins, fullan þátt í viðræðum um innri aðlögum NATO að breyttum aðstæðum.

Það er því hafið yfir allan vafa að ein af meginstaðreyndum í evrópskum öryggismálum er að hlutverk NATO hefur vaxið og framlag þess til öryggis og friðarmála hefur orðið æ þyngra á vogarskálunum og mikilvægara í öllu tilliti. Með því að hvika í engu frá sameiginlegri varnarstefnu og trúverðugum varnarviðbúnaði, en jafnframt laga sig að nýjum aðstæðum, hefur bandalagið orðið í senn kjölfesta öryggismála og farvegur fyrir aðlögun og nýsköpun í öryggismálum.

Í Evrópu hafa öryggismálin breytt um eðli og orðið flóknari og samofin ýmsum öðrum málaflokkum eins og efnahagsmálum og umhverfismálum. Engu að síður er staðreynd að mikil óvissa ríkir um stjórnmálaþróun og efnahagsþróun í Austur-Evrópu og Suðaustur-Evrópu. Meðal annars af þessum sökum hefur ekkert ríkja álfunnar afsalað sér rétti til landvarna og hlutleysisstefna hefur ekki fengið byr í kjölfar þeirra breytinga sem orðið hafa á öryggismálum álfunnar. Auk þessa hefur alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi orðið alþjóðlegt vandamál. Nánast er ómögulegt að reikna hvar hryðjuverkastarfsemi kemur niður. Okkur, sem og öðrum þjóðum, ber að bregðast við þessum vanda.

Herra forseti. Ekki standa nein efni til að veikja varnir Norður-Atlantshafsbandalagsins eða viðbúnað varnarliðsins hér á landi. Íslendingar verða á hverjum tíma að leggja sjálfstætt mat á eigin öryggishagsmuni og tengja þá hagsmunum þeirra þjóða sem við eigum samleið með í varnar- og öryggismálum.

Þáltill. sú sem er til umfjöllunar kveður á um skipan nefndar til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að með samkomulagi um brottför varnarliðsins skapist aðstæður til að móta sjálfstæða íslenska utanríkis- og friðarstefnu, eins og það er orðað í þáltill., stefnu sem grundvallaðist á vopnleysi, friðlýsingu og sjálfstæði, óháðri stöðu landsins utan hernaðarbandalaga. Brottför varnarliðsins er því hugsuð sem liður í úrsögn úr NATO, úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu og það skilgreint sem sjálfstæð utanríkis- og friðarstefna að rjúfa þá samstöðu lýðræðisríkjanna sem myndast hefur um NATO sem varnarbandalag og kjölfestu í öryggis- og friðarmálum álfunnar.

Íslendingar hafa mótað utanríkisstefnu sína og valið að stuðla að friði og öryggi í Evrópu með samstarfi við önnur lýðræðisríki innan NATO og þau fjölmörgu ríki sem vilja eiga samstarf við NATO-ríkin og sækjast eftir inngöngu í bandalagið. Skilaboð til samstarfsríkja þeirra sem sótt hafa um NATO-aðild verða að vera mjög skýr. Skilaboð okkar til aðildarríkja bandalagsins verða einnig að vera mjög skýr. Með úrsögn úr NATO er grafið undan samstöðu og öryggismálum aðildarþjóða Norður-Atlantshafsbandalagsins. Því er afar mikilvægt að Alþingi taki afstöðu til efnis tillögunnar og þeirra markmiða með flutningi hennar sem sett eru fram í greinargerð. Þau markmið ganga gegn öryggishagsmunum Íslendinga og þau brjóta í bága við þá farsælu stefnu í utanríkismálum sem þjóðin hefur fylgt og hefur tryggt samstöðu okkar með aðildarþjóðum Norður-Atlantshafsbandalagsins.

Herra forseti. Með vísan til framangreindra orða leggur meiri hlutinn til að tillagan verði felld.

Undir nál. skrifa Tómas Ingi Olrich, Gunnlaugur Sigmundsson, Árni M. Mathiesen, Árni R. Árnason, Siv Friðleifsdóttir og Lára Margrét Ragnarsdóttir.

[14:53]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram mæli ég fyrir nál. minni hluta utanrmn. um till. til þál. um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og um yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar.

Herra forseti. Eftir að Íslendingar vörpuðu fyrir róða upprunalegri hlutleysisstefnu sinni, sem landið hafði fylgt frá stofnun fullveldisins 1918, fyrst með inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar 1946 og síðan undir lok sama áratugar þegar landið gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, má heita að seinni hluti aldarinnar hafi einkennst hér á landi af ágreiningi um öryggis- og varnarmál sem klauf þjóðina sannarlega í andstæðar fylkingar. Af þeim ágreiningi leifir enn víða í samfélaginu, hann hefur náð inn í flestar þeirra stjórnmálahreyfinga sem hafa átt fulltrúa á Íslandi og mismunandi viðhorf til þessara lykilmála er að finna jafnt meðal þingmanna stjórnarandstöðunnar og þingmanna ríkisstjórnarinnar.

Lok kalda stríðsins og gerbreyttar aðstæður í heiminum hafa skapað nýjar og breyttar forsendur sem gera ekki aðeins kleift að fjalla um þessi mál með nýjum hætti heldur kalla beinlínis á það. Hlutverk NATO hefur gerbreyst og það er enn að breytast. Hernaðarógnin er allt önnur og minni. Að því er okkur Íslendinga varðar var hún fyrr á árum í sumum fjölmiðlum oft metin á heimatilbúnum kvarða þar sem mælieiningin var heimsóknir sovéskra flugvéla upp að landinu. Til dæmis um breytinguna á þessu sviði má nefna að fyrir átta árum flugu orustuvélar af Keflavíkurflugvelli í veg fyrir 26 sovéskar herflugvélar á tólf mánaða tímabili. En síðan þá, síðan fyrir átta árum, hefur ekki ein einasta herflugvél Rússa komið í námunda við landið.

Í kjölfar þessara breytinga á alþjóðavettvangi hafa auðvitað orðið verulegar breytingar á viðbúnaði stöðvarinnar í Keflavík. Hermönnum hefur fækkað um rúmlega þriðjung, kafbátaleitarflugvélum um meira en helming, ratsjárflugvélar hafa horfið á braut og herþotum fækkað úr átján í fjórar. Þátttaka Íslendinga í vörnum landsins hefur nú þegar stóraukist. Daglegur rekstur og viðhald ratsjárloftvarnakerfisins er nú komið í hendur landsmanna sjálfra.

Mikilvægt er að menn skilji að þessir breyttu tímar kalla á að við skilgreinum hugtök á borð við öryggi og varnir upp á nýtt. Vígbúnaðarkapphlaupið, milli austurs og vesturs sem var fylgifiskur kalda stríðsins, gerði það að verkum að öryggishugtakið hafði fyrst og fremst hernaðarlega merkingu og beinar landvarnir voru sá þáttur varnarmála sem mestu skipti meðan á kalda stríðinu stóð. Í dag, herra forseti, má segja að varnir almennt feli í sér viðbúnað til að tryggja tilveru, til að tryggja fullveldi ríkja meðan öryggishugtakið einskorðast ekki við grundvallarforsendur af því tagi. Öryggishugtakið tekur líka yfir aðgerðir sem miða að því að tryggja sjálfstæði og jafnvel menningu einstakra ríkja. Þetta speglast t.d. í þeim breytingum sem hafa orðið á öryggismálasamstarfinu sem hv. þm. rakti í framsögu sinni áðan þar sem markmiðið hefur ekki einvörðungu verið friðhelgi landamæra heldur líka að treysta undirstöður menningararfleifðar eins og hún birtist í leikreglum réttarríkis, lýðræðislegum hefðum og *mannréttindum*.

Með þeirri dvínandi hernaðarógn, sem gerð er rækilega að umtalsefni í skýrslu sem hæstv. utanrrh. hefur dreift á þinginu um öryggis- og varnarmál í lok 20. aldar, eru því gerð góð skil hvernig þessi breyting, þessi dvínandi hernaðarógn, hefur leitt til þess að við höfum séð á sjónarröndinni annars konar nýjar og margslungnari hættur sem hafa skapast og geta orðið sérlega hættulegar smáþjóðum sem búa yfir takmörkuðum eða engum hernaðarmætti. Hættan vegna hryðjuverkastarfsemi er þannig vaxandi vandamál í vestrænum ríkjum og vopnaðir öfgahópar gætu t.d. í framtíðinni gert smáþjóðir með lítinn viðbúnað að skotmarki sínu til að leggja áherslu á kröfur sínar.

Ísland hefur raunar ekki að öllu leyti farið varhluta af því á síðustu áratugum. Ég vek sérstaka athygli á því, herra forseti, að í þeirri skýrslu utanrrn., sem ég drap á hér áðan, er m.a. vikið að því að færi svo að Ísland næði þeim áfanga að setjast í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gæti það beint sjónum slíkra hópa að Íslandi. Aðrar hættur geta að sjálfsögðu einnig ógnað þjóðum og sér í lagi smáþjóðum. Ég nefni þar sérstaklega útbreiðslu skipulagðrar glæpastarfsemi sem hefur af hálfu utanrrn. einmitt verið skilgreind sem ein þeirra ógna sem kynnu að steðja að smáþjóðum.

Í fylgiskjalinu með ræðu utanrrh., sem ég hef aðeins drepið á, ræðu utanrrh. um utanríkismál sem fór fram 25. febr., er vakin athygli á þessari nýju þíðu sem hefur átt sér stað sl. áratug í alþjóðamálum og bent á að hún hefur dregið úr mikilvægi beinna hervarna og, eins og ég hef hér rakið, leitt til þess að hugtakið „öryggi" hefur fengið margþættari og dýpri merkingu. Verndun öryggis ríkja er í vaxandi mæli samþætt utanríkismálum. Samstarf um frið, samstarf um stöðugleika er í vaxandi mæli nauðsynlegt til að komast fyrir rætur ófriðar. Efnahagsmál og viðskipti, mannréttindi, afvopnun, stjórnar- og tæknisamstarf eru nú stór þáttur öryggismála. Þess vegna hefur virk þátttaka ríkja í störfum fjölþjóðlegra og alþjóðlegra stofnana fengið meira vægi en áður.

Í umræddu fylgiskjali segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Síðast en ekki síst gefur dvínandi hernaðarógn við landið Íslendingum færi á að takast á hendur stærra hlutverk í vörnum landsins en áður."

Við þrír þingmenn Samfylkingarinnar sem stöndum að þessu áliti teljum nauðsynlegt að fram fari ítarleg og hreinskiptin umræða um stöðu Íslands hvað varðar öryggis- og friðarmál. Við teljum ekki rétt að breytingar verði gerðar á aðild Íslands að NATO á næsta kjörtímabili en viljum stuðla að þeirri þróun, að bandalagið eigi sem mesta samleið með stofnunum eins og Sameinuðu þjóðunum og ÖSE.

Þau viðhorf sem ég hef hér verið að lýsa eru í samræmi við þann farveg sem umræða og aðgerðir hafa verið í. Nefndarálit meiri hluta utanríkismálanefndar, sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich gerði grein fyrir, er hins vegar af talsvert öðrum toga. Þar eru kaldastríðsviðhorfin enn þá efst á baugi og engu líkara en umræðan fari fram eins og litlar breytingar hafi orðið í heiminum frá sjötta og sjöunda áratugnum.

Herra forseti. Ég legg áherslu á það að um dvöl varnarliðsins og um framtíð herstöðvarinnar er ágreiningur sem teygir sig inn í alla stjórnmálaflokka. Það á líka við um þá aðila sem standa að Samfylkingunni. Sami ágreiningur teygir sig líka inn í þingmannalið ríkisstjórnarinnar. Höfum það alveg á hreinu, herra forseti.

Áður en viðræður verða teknar upp við Bandaríkjastjórn árið 2000 um framkvæmd varnarsamningsins, en bókun þar að lútandi fellur úr gildi árið 2001, teljum við brýnt að fram fari ítarleg úttekt á öryggismálum landsins og framtíð alþjóðaflugvallarins í Keflavík. Samfylkingin telur að slíkt eigi að gera í samvinnu ríkisstjórnar og Alþingis og mun beita sér fyrir því að svo verði. Þá fyrst þegar úttekt þessi hefur farið fram er tímabært að marka framtíðarstefnu um tilhögun öryggismála hér á landi, eins og segir í skýrslu utanríkisráðherra um öryggis- og varnarmál Íslands um næstu aldamót. Í skýrslunni kemur fram ný sýn sem kallar á að samstarfið verði metið í nýju ljósi.

Herra forseti. Í framsögu minni hef ég verið að lýsa fyrir okkar hönd nauðsyn þess að marka stefnu um framtíðarskipan öryggis- og varnarmála í samræmi við gerbreyttar aðstæður í heiminum. Tillaga sú um brottför hersins sem hér liggur fyrir er ekki í samræmi við þau sjónarmið og við þrír þingmenn Samfylkingarinnar, sem skrifum undir nál., munum þess vegna ekki styðja hana. Þessir þrír þingmenn eru, fyrir utan þann sem hér stendur: Hv. þingmenn Margrét Frímannsdóttir og Sighvatur Björgvinsson, sem eru fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn.

[15:03]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil inna hv. síðasta ræðumann, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, eftir því hvort hann geti upplýst um það hvort nefndarmennirnir þrír sem undirrita nál. styðji ekki tillöguna, hvort þeir séu á móti henni.

[15:04]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spyr hvort við þrír undirritaðir þingmenn ... (**TIO:** Ekki Steingrímur J. Sigfússon.) Herra forseti. Ég bið forláts á því að ég ruglaði þarna saman tveimur mikilvægum þungavigtarmönnum af Norðurl. e. sem að vísu hafa talsvert fjarskyldar skoðanir á því máli sem hér er um að ræða. Hv. þm. spurði beinlínis um afstöðu þingmanna Samfylkingarinnar, og þá þessara þriggja, til tillögunnar sem fyrir liggur. Afstaða einstakra þingmanna mun auðvitað koma fram í atkvæðagreiðslunni sem verður væntanlega á mánudaginn. Það er alveg ljóst hver mín afstaða er. Ég greiði atkvæði gegn þessari tillögu.

Ég vek athygli á því að það sem komið hefur í veg fyrir að þeir flokkar sem núna standa að Samfylkingunni hafi runnið saman áður er að mínum dómi fyrst og fremst mismunandi afstaða til utanríkismála. Nú hefur ýmislegt það gerst á alþjóðavettvangi sem hefur leitt til þess að miklu auðveldara er fyrir flokkana að renna ekki í þremur kvíslum heldur einum og sama farvegi. Það breytir því hins vegar ekki, herra forseti, að innan Samfylkingarinnar er mismunandi afstaða til þessa tiltekna máls. Ég rifja það upp fyrir hv. þingmanni að einn þingmanna Samfylkingarinnar er flm. að tillögunni og ég á afskaplega bágt með að trúa að annað gerist en að hv. þingmaður greiði atkvæði með þeirri tillögu.

Eins og ég gat ærlega um áðan í minni framsögu þá er það þannig að innan Samfylkingarinnar eru skiptar skoðanir. En ég ítreka, herra forseti, að innan þingmannaliðs ríkisstjórnarinnar eru líka skiptar skoðanir til þessa máls eins og ég vænti að komi fram í atkvæðagreiðsluþegar að henni kemur.

[15:06]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir svarið sem var skýrt. Ég vil jafnframt innan hann eftir því hvort það sem fram kemur í nál., að þeir sem undirrita það telji ekki rétt að breytingar verði gerðar á aðild Íslands að NATO á næsta kjörtímabili, sé staðfesting á þeirri stefnu eða málefnayfirlýsingu Samfylkingarinnar að þeir hafi aðeins stefnu í þessum málum til fjögurra ára og ætli svo að efna til málfundar um málið að fjórum árum liðnum.

[15:06]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. rembist eins og rjúpa við staurinn. Það er búið að stela af honum glæpnum. Hv. þm. ætlaði að reyna að gera mikið mál úr þessari tillögu og meintri ósamstöðu innan Samfylkingarinnar um þetta mál.

Nú er það svo að Samfylkinginn hefur orðið til á síðustu tveimur mánuðum ef svo má segja. Hún hefur náð sér á flug núna á síðustu þremur, fjórum vikum eins og ítrekað kemur fram í skoðanakönnunum sem væntanlega hafa orðið til þess að hv. þm. hefur stundum fengið skjálfta í hnén. Miðað við það hvernig þær liggja þá hefur hann fyllstu ástæðu til þess.

Samfylkingin hefur einungis gert verkefnaskrá til næstu fjögurra ára. Það gildir ekki bara um utanríkismálin. Það gildir um öll önnur mál líka. Við höfum til að mynda lagt fram ákveðna verkefnaskrá um hvað við viljum gera í heilbrigðismálum á næstu fjórum árum. Það er ekki hægt að draga þá ályktun af því, herra forseti, að vegna þess að við höfum ekki sagt hvað gerist á árunum sem þar koma á eftir að við ætlum að leggja til að heilbrigðiskerfið verði lagt niður.

Hv. þm. verður því að varast að falla í þessa gryfju sem hann er um það bil að detta ofan í, sýnist mér.

[15:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þannig háttar til að ég á áheyrnaraðild að hv. utanrmn. auk þess að vera 1. flm. tillögunnar sem nú er á dagskrá. Ég á, eins og núverandi þingsköp eru úr garði gerð, ekki kost á því þar af leiðandi að skila nál. og hlýt ég að gera munnlega grein fyrir mínum viðhorfum og þeim rökstuðningi sem ég hef fyrir afstöðu minni eftir umfjöllun utanrmn. á þessari tillögu, en sú afstaða er óbreytt þeirri sem fram kemur í flutningi tillögunnar, að ég legg til að þessi tillaga verði samþykkt.

Ég fagna því í sjálfu sér að tillagan hefur hlotið afgreiðslu úr utanrmn. Allt of oft eru það örlög tillagna að fá ekki afgreiðslu þaðan eða úr öðrum hv. þingnefndum og það er vont og ekki síst þegar í hlut eiga grundvallarmál sem ástæða er til að Alþingi taki skýrt á. Ég fagna því afgreiðslu tillögunnar þó að ég hljóti auðvitað að lýsa hinu að mér eru að sjálfsögðu vonbrigði að hún skuli ekki fá stuðning. Ég get ekki sagt, herra forseti, að ég hafi verið þvílíkur bjartsýnismaður að ég hafi átt von á stuðningi stjórnarflokkanna eða Sjálfstfl. t.d. við þessari tillögu, en ég gerði mér satt best að segja vonir um að það tiltölulega hógværa sjónarmið, að fara fram á skipan þverpólitískrar nefndar til að ræða við bandarísk stjórnvöld um veru eða ekki veru ameríska herliðsins hér á landi, gæti hlotið nokkurn hljómgrunn, því í sjálfu sér felst nú ekki meira í tillögunni. Auðvitað hlýt ég, herra forseti, að lýsa sérstaklega nokkurri undrun á því að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í utanrmn., að formanni Alþb., hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, meðtöldum, skuli ekki treysta sér til að taka undir þessa tillögu, þessa, að mínu mati, tiltölulega hógværu nálgun í viðkvæmu deilumáli, að setja niður þverpólitíska nefnd til viðræðna um málið. Að vísu gefa forsendur tillögunnar eða tillögugreinin sjálf til kynna ákveðin markmið með þeim viðræðum, þ.e. markmiðin um brottför hersins, en það hefði að sjálfsögðu mátt ræða í nefndinni í tengslum við afgreiðslu málsins og þá spurningu hvort það væri ósanngjarnt eða óæskilegt fyrir þjóðina að þverpólitísk nefnd væri að störfum og tæki ásamt ráðherra og framkvæmdarvaldinu þátt í viðræðum við bandarísk stjórnvöld um framtíðina í þessum efnum.

Að sjálfsögðu hefði mátt búast við skiptum skoðunum í þessari nefnd en þær eru staðreynd í þjóðfélaginu í dag og hafa lengi verið og verða væntanlega svo lengi sem þessi her verður í landinu. Og allar vonir manna um annað, að þeir sem eru andvígir hernaðarhyggju og dvöl erlends herliðs í landinu láti af sannfæringu sinni, eru óraunhæfar. Þær eru það. Ég veit það. Sú von mun lifa með þjóðinni og í brjóstum miklu fleiri Íslendinga en margir þora að viðurkenna eða vilja viðurkenna.

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að lesa tillögugreinina með vísan til þessa rökstuðnings sem ég hef hér flutt og læt þess getið í leiðinni að flm. að tillögunni ásamt mér eru hv. þingmenn Kristín Halldórsdóttir og Ragnar Arnalds, sem nú mun gegna stöðu varaformanns þingflokks Samfylkingarinnar, og hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka undir forustu formanns, sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar, til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Stefnt skal að niðurstöðu áður en gildandi samkomulag við bandarísk stjórnvöld um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út. Nefndin skal að undangenginni athugun og könnunarviðræðum við bandarísk stjórnvöld skila áfangaskýrslu til Alþingis eigi síðar en í árslok 1999 þannig að tími gefist til samninga um málið áður en uppsagnarákvæði núgildandi bókunar um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli verður virkt eða rennur út.“

Herra forseti. Það hvarflaði að mér að þeir sem sömdu nál. minni hluta utanrmn. hefðu aldrei lesið tillögugreinina þegar þeir settu sitt nál. saman. Mér er ljóst að þetta er djörf fullyrðing, svo ekki sé sagt ásökun. En svo undarlegt sem það er þá er ein aðalröksemd minni hlutans fyrir því að styðja ekki tillöguna eða leggjast gegn henni sú að það þurfi að fara fram könnun og úttekt á þessu sviði. En hvað stendur í tillögugreininni sem ég var að lesa upp áðan? Það er að hin þingkjörna eða þverpólitíska stjórnskipaða nefnd hefði það hlutverk m.a. að kanna allar aðstæður í málinu og fara í könnunarviðræður við bandarísk stjórnvöld. Er þá ekki að verulegu leyti komið til móts við það sjónarmið þeirra manna sem eru svo illa á vegi staddir hvað upplýsingar snertir í þessum efnum að þeir hafa ekki stöðu til að mynda sér skoðun? En það virðist vera meginniðurstaða Samfylkingarinnar að ekki liggi nægjanlegar upplýsingar fyrir hendi til þess að unnt sé að hafa skoðun á því hvort erlendur her eigi að vera í landinu eða ekki að vera í landinu.

Því vísa ég til tillögugreinarinnar og bendi á að það hefði verið hægur vandinn að víkja eitthvað til þessu orðalagi eða betrumbæta það þannig að forsendunni um upplýsingar og úttekt væri þarna fullnægt.

Herra forseti. Það hefur talsvert verið vitnað í greinargerð tillögunnar til rökstuðnings afstöðu manna þegar kemur að atkvæðagreiðslu um þessa tillögu. Nú er það að sjálfsögðu að mörgu leyti eðlilegt að menn reyni að skyggnast inn í það hvað fyrir tillögumönnum vakir. Engu að síður er það staðreynd að það sem Alþingi afgreiðir með atkvæðagreiðslum sínum er lagatextinn sjálfur eða tillögugreinin sjálf en ekki greinargerðin. Í greinargerð með þessari tillögu koma fram skoðanir okkar flutningsmanna og mat okkar á aðstæðum og um leið framtíðarsýn okkar. Það er sú framtíðarsýn að ef herinn hyrfi úr landi þá skapaði það aðstæður fyrir sjálfstæðari og óháðari utanríkisstefnu Íslendinga en ella væri, og held ég að þurfi nú varla að rökstyðja það. En með því að samþykkja tillöguna um viðræðunefnd við bandarísk stjórnvöld eru menn í sjálfu sér ekki að samþykkja hitt. Það er skoðun okkar og við sem hana setjum fram í greinargerð berum ábyrgð á henni og þeir sem samþykkja nefndarskipan eða annað orðalag í tiltekinni tillögugrein þurfa ekki að bera neina pólitíska ábyrgð á greinargerðinni frekar en þeir kjósa. Og vilji menn sérstaklega þvo hendur sínar af slíku þá er það auðvelt í nál. eða ræðu.

Herra forseti. Ég leyfi mér að segja þetta vegna þess að menn hafa dálítið gripið til þess að rökstyðja afstöðu sína með vísan til greinargerðarinnar en ekki þess sem tillagan sjálf felur í sér. Ég hefði að mörgu leyti talið að þrátt fyrir allt hefði verið heppilegra að rökræðan færi meira fram á þeim grundvelli hvort menn væru sammála eða ósammála því að setja svona nefnd í þetta tiltekna verkefni, að ræða við bandarísk stjórnvöld um stöðu hersins í landinu.

Herra forseti. Það er mitt mat og okkar sem stöndum að þessari tillögu að allar aðstæður séu til þess að láta þennan draum rætast. Það var lengi draumur allra landsmanna að losna við erlendan her, þurfa ekki að hafa erlendan her í landi sínu. Ég vísa aftur til þess að lengi vel var það, a.m.k. í orði kveðnu, stefna allra íslenskra stjórnmálaflokka að hér skyldi ekki vera erlendur her á friðartímum. Hægt og hljótt virðist að vísu þessi áhersla hafa horfið úr stefnu a.m.k. tveggja og nú e.t.v. þriggja stjórnmálaflokka eða hreyfinga. Á ég þar við Sjálfstfl. fyrst. Við ræddum það fyrir nokkru síðan hvort hægt væri að tímsetja þetta skeið eða þessar breytingar á áherslum Sjálfstfl. sem urðu a.m.k. eftir tíð Ólafs heitins Thors, fyrrv. formaðnns flokksins sem var einn skeleggasti talsmaður þeirra sjónarmiða að hér ætti ekki að vera erlendur her á friðartímum og setti þau fram með þungum rökum á fimmta áratug aldarinnar, eins og ég veit að einhverjir muna eftir.

Seinna hefur það síðan gerst að því er virðist hjá Framsfl. A.m.k. er ljóst að í tíð núv. formanns, hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar, er verulega breyttur tónn í umfjöllun Framsfl. um þessi mál. Þar hef ég ekki heyrt lengi ítrekaða þá afstöðu flokksins sem áður var, að hér eigi ekki að sitja erlendur her á friðartímum. Þvert á móti hefur það gerst æ ofan í æ á seinni árum að núv. formaður Framsfl. hefur verið í fararbroddi meðal haukanna á Vesturlöndum þegar kemur að harðlínustefnu NATO eða Bandaríkjamanna í alþjóðamálum. Nægir að vitna þar t.d. til þess þegar hæstv. utanrrh., einn og óbeðinn, steig fram á völlinn og lýsti yfir sérstakri þörf fyrir að gera loftárásir á Írak og fleira í þeim dúr.

Herra forseti. Spurningin er hvort við erum einnig núna stödd frammi fyrir þeim veruleika að þriðja stjórnmálaaflið, þ.e. Samfylkingin, fylgi sömu stefnu, eða öllu heldur hafi ekki einu sinni þá stefnu — ef talsmaður Samfylkingarinnar mætti vera að því að hlusta — að meira að segja Samfylkingin hafi ekki einu sinni þá stefnu að það væri æskilegt að hér væri ekki erlendur her á friðartímum. En það er erfitt að ráða í það út frá því sem hér var flutt áðan og út frá þessu nál. hvort svo er eða ekki. Samfylkinguna vantar upplýsingar til að mynda sér skoðun á því hvort hér eigi að vera eða ekki vera erlendur her. Það er athyglisvert.

Ég held að aðstæður séu kjörnar til þess nú að semja um það að erlendur her hverfi brott af Íslandi. Ég enn svo óforbetranlegur bjartsýnismaður í þessum efnum að ég trúi því að innst inni þá vilji velflestir Íslendingar sjá það gerast. Ég trúi því að það sé þannig, að í hjörtum langflestra Íslendinga blundi sú von að hér þurfi ekki að vera erlendur her.

En það er hins vegar óskaplega auðvelt að hræða menn frá því að fylgja þeirri sannfæringu sinni með því að finna óvin og búa til grýlur eða benda á hættur, ef ekki í nálægum löndum þá í fjarlægum heimshlutum. Maður bíður eiginlega eftir því að það komi að því að hættur utan úr geimnum verði rök fyrir því að hér þurfi að vera erlendur her til að verja

okkur fyrir slíku. Það er ekkert eftir nema það. Svo langt hafa menn seilst um hurð til lokunnar til að rökstyðja þessa hluti.

Þó er það þannig að jafnvel helstu gæslumenn hersetunnar viðurkenna að það sem áður var notað sem röksemd fyrir veru hersins hér, þ.e. aðsteðjandi ógn, og þá aðallega úr austri frá Rússum eða Sovétmönnum, sé meira og minna horfin. Það kemur skýrt fram í hinu fræga fylgiskjali með ræðu utanrrh. sem minni hlutinn hefur tekið meira ástfóstri við en eigin stefnuskrá, og er þá langt til jafnað, því að svo iðulega vitnar minni hlutinn, þ.e. Samfylkingin, í skýrslu embættismanna utanrrn. að ég hef aldrei séð einu plaggi gert jafnhátt undir höfði. Þetta er samantekt þriggja embættismanna í utanrrn. sem eru orðnir að þvílíkum hugsuðum og brautryðjendum í sínum störfum að Samfylkingin hefur bara ekki komist í aðra eins texta um dagana. Það var þá náttúrlega von til þess að tímamótin mundu birtast í skjali. Hverjir eru höfundar þess? Fastafulltrúi Íslands hjá NATO. Það var nú ekki von á öðru en að þaðan kæmi víðsýnið hvað varðar hlutverk NATO í heiminum. Skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofunnar, þ.e. samskiptabatterísins við herinn. Það var nú annar frumlegur hugsuðurinn og líklegur til þess að hafa sjálfstæða og óháða skoðun á málinu og leggja Samfylkingunni lið í sinni málefnavinnu. Og þriðji maðurinn er skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofunnar. Ég veit auðvitað að það er ekki heiglum hent að finna breiðari skipan þriggja manna í starfshóp til að bera svona ný sjónarmið og breiða hugsun inn í umfjöllun um hlutverk NATO og hersins í landinu en fastafulltrúann hjá NATO, samskiptafulltrúa við NATO í utanrrn. og skrifstofustjórann yfir honum. Þetta er alveg fullkomnað. Og það er von að þessi óháða, faglega skipaða nefnd hafi vakið gleði Samfylkingarinnar með sínum niðurstöðum.

Þetta er nú svona, herra forseti. Ég held í öðru lagi að tíminn sé réttur til þess að taka þessi mál á dagskrá. Það stendur þannig á að núgildandi bókun um umsvifin á Keflavíkurflugvelli fellur úr gildi árið 2001 og hún er með endurskoðunarákvæðum miðað við apríl árið 2000. Þess vegna stöndum við væntanlega frammi fyrir einhverjum ákvörðunum eða hugsanlegum breytingum á umsvifum Bandaríkjahers í landinu og jafnvel veru hans hér að einhverju leyti. Einnig má benda á aldamótin. Því er auðvitað lag núna og ekki verri tími en hver annar til að fara yfir þessi mál og skoða þau.

Herra forseti. Til hvers eru þessar bókanir sem gerðar hafa verið við varnarsamninginn og Samfylkingin ruglaði saman við varnarsamninginn, hélt að þær væru hann sjálfur og gaf sér þar af leiðandi þá skrýtnu forsendu í haust að varnarsamningurinn væri tímabundinn og rynni út árið 2001? En það hefur verið leiðrétt. Til hvers eru þessar bókanir? Jú, þær eru vegna þess að Bandaríkjaher fór að draga saman á Íslandi þegar Sovétríkin hrundu og Varsjárbandalagið leystist upp í tengslum við þá afvopnun sem náðist í samningum stórveldanna á níunda áratugnum, samningunum um takmörkun á kjarnorkuvopnum og meðaldrægum vopnum o.s.frv.

Þá gerðist það að Íslandsmenn sumir fóru að verða órólegir. Og það kom í hlut þáv. utanrrh. Jóns Baldvins Hannibalssonar að fara ferð eftir ferð til Washington til að ræða við bandarísk stjórnvöld. Um hvað? Um þau umsvif sem Íslendingar báðu um að yrðu að lágmarki á Íslandi. Það er þannig. Það vita allir að það var erindi sendimanna Íslendinga vestur um haf í þetta sinn, ekki að finna Ameríku, eins og fyrir þúsund árum. Nei, að biðja um að umsvifin yrðu að lágmarki þetta, að hér yrðu a.m.k. fjórar eða átta herþotur, hér yrðu björgunarþyrlusveitir í tengslum við þær o.s.frv. Þetta var þannig og er þannig. Tvær slíkar ferðir hafa verið farnar eða öllu heldur hafa tvær slíkar bókanir verið gerðar.

Og af því hafa menn ráðið, og ekki svo sem bara giskað á það, að Bandaríkjaher hafi viljað draga meira úr umsvifum sínum heldur en þeim sem fóru með utanríkismál á Íslandi þótti gott. Það held ég að sé staðreynd. Ég bendi mönnum á heimildir í Bandaríkjunum í því sambandi. Það liggur t.d. fyrir að ákveðnar deildir innan Bandaríkjahers töldu ekki lengur þörf á orustuflugsveit á Íslandi og lögðu til að hún yrði annaðhvort staðsett í Skotlandi eða á meginlandi Bandaríkjanna, hún yrði ekki staðsett hér að staðaldri.

Herra forseti. Þetta er ákaflega dapurlegur veruleiki sem við stöndum frammi fyrir en hann er til marks um það að ef við sjálfir vildum þá er ekki ástæða til að ætla annað en að viðsemjandinn, þ.e. bandaríski herinn, mundi skoða það af fullri alvöru að draga meir úr sínum umsvifum og það væri ekki endilega mikið ágreiningsatriði við þá að þeir hyrfu héðan á brott. Ég hef að vísu miklar efasemdir um að bandarískí herinn muni fara af sjálfsdáðum að fullu og öllu þó að við Íslendingar hættum að biðja hann að vera, eða þeir Íslendingar sem það gera, og létum það afskiptalaust. Ég reikna með, þó ekki væri nema af pólitískum ástæðum, að Bandaríkjamenn mundu vilja hafa sinn stimpil hér á landakortinu með því að hafa hér einhvern tiltekinn viðbúnað, en hugsanlega talsvert minni en þann sem þeir hafa haft upp á síðkastið að beiðni íslenskra stjórnvalda.

Í þriðja lagi, herra forseti, ef menn vilja fara út í þá sálma, þá eru að ýmsu öðru leyti hagstæðar aðstæður fyrir okkur til að mæta þeim breytingum sem brottför hersins og þeim umsvifum sem honum hafa verið samfara, hefði í för með sér og mundi auðvitað leiða til nokkurra breytinga á okkar högum, sérstaklega íbúa á Suðurnesjum. Atvinnuástandið er allgott. Okkur Íslendingum hefur vegnað nokkuð vel í efnahagsmálum þannig að við stöndum bærilega að vígi til að taka á okkur þær breytingar sem þessu væru samfara og eru reyndar hlutfallslega mun minni nú en þær hefðu verið á árum áður. Það er ljóst að vegna minnkandi umsvifa hersins hér, mun minni framkvæmda og vaxandi þjóðartekna af öðrum toga, aukinna tekna af sjávarútvegi, ferðaþjónustu, hugbúnaðariðnaði og öðru slíku, þá vega þær tekjur sem af herliðinu koma mun minna en áður. Þar af leiðandi munar okkur minna um að verða af þeim eða mæta þeim breytingum sem brottför hersins yrði samfara.

Herra forseti. Í fjórða lagi nefni ég eina góða ástæðu til þess að losna við herinn, þ.e. umhverfismálin eða öllu heldur umhverfisspjöllin sem erlent herlið hefur valdið á Íslandi eins og herlið gera mjög víða eða hafa gert. Það er auðvitað ekki nokkur vafi á því og það liggur fyrir, að stórfelld umhverfisslys hafa orðið á Íslandi í tengslum við hersetuna. Þau hafa alls staðar fylgt hernaðarumsvifum. Erlendir herir eða þau ríki sem þá hafa gert út hafa verið að borga skaðabætur svo gífurlegum fjárhæðum nemur og/eða taka á sig kostnað við að hreinsa upp eftir sig. Það sama mundi að sjálfsögðu eiga við á Íslandi, gef ég mér, þó að íslensk stjórnvöld hafi að vísu gert alveg fáheyrða samninga við Bandaríkjaher um að undanþiggja hann ábyrgð á sinni eigin mengun, samanber samninga t.d. varnarmálaskrifstofunnar eða utanrrn. við herinn þegar hann hvarf af Heiðarfjalli og af fleiri svæðum.

En nýjar aðstæður í umhverfismálum, aukin meðvitund um þau mál og auknar kröfur sem menn gera í þeim efnum kalla á að einnig að þessu leyti tökum við á. Það er ömurlegt

til þess að vita að árum saman liggja yfirgefin svæði sem Bandaríkjaher hefur mengað, afgirt og óhreinsuð, og enginn veit í raun og veru hversu alvarleg mengun eða mikil mengunarslys hafa orðið. Ég bendi mönnum á að líta til hægri ef þeir eiga leið suður með sjó og fara í flugstöðina í Keflavík og keyra þar upp á Miðnesheiðina. Þar er stórt afgirt svæði með húsarústum, grunnum og drasli sem, það ég best veit, hefur legið þannig um árabil vegna þess að það er þrælmengað og herinn hefur ekki skilað því af einhverjum ástæðum, væntanlega vegna þess að það er eitthvert reiptog eða ekki útkljáð mál hvernig með mengunarslysin eigi að fara.

Um leið og við losnuðum við hinn erlenda her og í tengslum við það væri að sjálfsögðu rétt að gera samninga um hvernig Bandaríkjamenn kostuðu hreinsun á þeim svæðum sem þeir yfirgæfu og öðrum sem þeir hafa þegar yfirgefið og bættu fyrir það tjón, þá mengun og þann umhverfisskaða sem þarna hefur sannarlega orðið. Ég sé ekki hvers vegna þeir ættu ekki að gera það hér á Íslandi eins og þeir hafa gert í Þýskalandi, Japan, á Filipseyjum og víðar þar sem þeir hafa yfirgefið herstöðvar. Það væri í takt við þá hugsun sem ég a.m.k. vil sjá í umhverfismálum að við tækjum okkur tak einnig að þessu leyti.

Ég nefni svo breytingar í alþjóðamálum almennt, herra forseti. Ég tel alveg tvímælalaust að breytingar í alþjóðamálum kalli á endurskoðun og þær aðstæður sem m.a. komið er inn á í skýrslu utanrrh. og fylgiskjalinu fræga, þar sem þó er viðurkennt að dregið hafi úr mikilvægi beinna hervarna og að hernaðarógnin við Ísland hafi minnkað, eins og þar segir. Reyndar er komist að þeirri furðulegu niðurstöðu að það kalli á að við yfirtökum aukið hlutverk í vörnum landsins í staðinn fyrir að menn geti þá bara ósköp einfaldlega dregið úr því sem slíku.

Þetta er þó til marks um að menn viðurkenna að þróunin í alþjóðastjórnmálum og öryggismálum er í þessa átt eða hefur verið og býður upp á að endurskoða hlutina og þar á meðal að hér sé þörf fyrir erlendan her sem ég tel að vísu að hafi aldrei verið. Ég fullyrði að við Íslendingar værum jafn vel settir og reyndar sennilega miklu betur þó að hann hefði aldrei stigið fæti sínum hingað. Reyndar held ég að ekkert í sögunni sýni að svo gæti ekki verið. Þvert á móti bjuggum við um áratuga skeið við miklu minna öryggi en ella vegna veru hans hér, vorum skotmark, sem við hefðum annars ekki verið.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að fara örfáum orðum um rökstuðning meiri hluta og minni hluta í nál. sínum en tímans vegna skal ég hafa það stutt. Um álit meiri hluta utanrmn. verð ég að segja að mér finnst fyrst og fremst eitt standa upp úr í því áliti. Það er frá þeim hv. þm. formanni utanrmn. og félögum. Það er þessi taumlausa NATO-mærð. Það allt í lagi og verður auðvitað að hafa sinn gang að sumir eru miklir stuðningsmenn NATO og hafa þá trú að við eigum að vera í NATO og NATO eigi að vera til o.s.frv. Ég er annarrar skoðunar og um það getum við verið ósammála eins og gengur. En mér finnst mega á milli vera hvort menn hafa trú á NATO, eru heldur hliðhollir eða vinveittir því og hinu að leggjast í þá taumlausu, vægnislegu mærð sem einkennir umfjöllun margra NATO-sinna á Íslandi um þessar mundir þannig að manni verður beinlínis óglatt, herra forseti. Það er þannig. Þetta er þvílík væmni og mærð að það er leitun að öðrum eins textum. Ég fullyrði að NATO-sinnum í öðrum löndum dettur ekki í hug að vera svona kaþólskir. Hér eru menn kaþólskari en páfinn. Menn hafa tekið trú á NATO. Það er bara eins og að sáttmáli NATO og pappírar hafi eiginlega komið í staðinn fyrir Biblíuna hjá þessum mönnum. Gagnrýnislaust er NATO tekið, því hampað, það er mært, það hefur haft 100% rétt fyrir sér, aðrir 100% rangt. Það hefur gert allt rétt, það er allt jákvætt og allt gott.

Mér finnst þetta satt best að segja mjög sérkennilegt. Þótt menn séu út af fyrir sig stuðningsmenn einhvers fyrirbæris gerist þeir svo gjörsamlega gagnrýnislausir og sanntrúaðir að ekkert annað komist að. Ekki vottar fyrir neinum efasemdum af einum eða neinum toga. Þetta er í raun og veru stórmerkilegt, herra forseti. Síðan hvenær fóru menn uppi á hinu litla Íslandi, sem stærði sig löngum af því að vera vopnlaus smáþjóð, friðelskandi, að verða svona trúaðir á þetta fyrirbæri, þetta hernaðarbandalag og allt sem því fylgir og fylgja því gjörsamlega gagnrýnislaust og af þvílíkri mærð?

Mér finnst þetta, herra forseti, minna mig dálítið á og vera skylt þeim hroka sem hefur oft einkennt umfjöllun á Vesturlöndum um þjóðskipulag okkar, efnahagskerfi og annað því um líkt, t.d. þegar rætt er um hrunið í Austur-Evrópu. Ég segi: Dramb er falli næst. Það að gerast algjörlega gagnrýnislaus á sjálfan sig og sanntrúaður á eigið ágæti án efasemda þótt einhverjum öðrum farnist illa, er ekki skynsamlegt.

Ég held að þetta sé m.a. til marks um það sem ber feigð NATO í sér. Ef þetta á að vera boðskapurinn og málflutningurinn er ekki von á góðu. Ef menn eru svona öruggir um sjálfa sig, svona 100% vissir um að þeir hafi algjörlega rétt fyrir sér, án nokkurra efasemda um eigið ágæti og framgang, er það sjaldan til velfarnaðar. Önnur og stórmannlegri var þó nálgum Václav Havels, forseta Tékklands, sama manns og var að sækja um aðild um NATO fyrir þjóð sína, og menn á Vesturlöndum hafa hneigst til að túlka sem algjöra sönnun ágætis NATO þó að Austur-Evrópuþjóðirnar reyni að flýta sér sem mest þær mega undir kjarnorkuvopnahlíf NATO og allir skilja hvers vegna er. En Václav Havel var maður til þess að gagnrýna NATO og vara um leið við þeim hættum sem væru samfara ýmsu í uppbyggingu og eðli NATO. Hann varaði við því að NATO mætti ekki daga uppi sem klúbbur gamalla herforingja, íhaldssamra, gamalla hauka sem sæju ekkert nema vígbúnað í anda kalda stríðsins og vígbúnaðarkapphlaupsins og kæmu engri nýrri hugsun inn í kollinn á sér um að e.t.v. væri hægt að gæta öryggis í heiminum með öðrum hætti. Samtímis því að Václav Havel var að sækja um inngöngu í NATO fyrir hönd Tékklands, var hann og er talsmaður afvopnunar. Það er nálgun sem ég virði og skil, en ekki þessi botnlausa mærð, þessi NATO-dýrkun, þessi NATO-trúarbrögð, eins og að það geti verið trúarbrögð í sjálfu sér að heimurinn þurfi og eigi að byggja öryggisskipan sína á hernaðarbandalögum, einhverjum klúbbum hernaðarþjóða eða velmegandi þjóða eins og NATO auðvitað er og ekkert annað.

Um minni hlutann, herra forseti, væri kannski hyggilegast að fara fáum orðum. Ég veit satt best að segja ekki hvað ég á að hætta mér mikið út á það jarðsprengjusvæði að tjá mig um rökstuðning minni hlutans en ég hlýt þó að leyfa mér að gera það að einhverju leyti af því að þar er komist að gagnstæðri niðurstöðu við þá sem ég legg til við þingið, að það samþykki tillöguna.

Í fyrsta lagi vekur athygli, herra forseti, sú mikla ást sem minni hlutinn hefur fengið á skýrslu embættismannanna og ég fór aðeins yfir áðan. Í öðru lagi sá skortur á upplýsingum eða úttekt sem veldur því að minni hlutinn getur ekki stutt

og/eða ætlar beinlínis að leggjast gegn tillögunni. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að það er alveg nýtt fyrir mér í umræðum um utanríkismál eða öryggismál að gagnvart grundvallarþætti í þeim efnum, eins og spurningin um veru erlends hers í landinu er, vanti menn upplýsingar til að mynda sér skoðun. Ég hef aldrei lent í því áður í þessum rökræðum og hef ég þó tekið þátt í þeim í býsna langan tíma. Ætli það séu ekki að verða 25 ár frá því að ég reifst fyrst um þetta, nokkuð ungur maður þá, á kappræðufundum Æskulýðsfylkingar Alþb. og Heimdallar hérna forðum og blessuð sé nú minning þeirra átaka allra saman og var reyndar oft gaman. En aldrei í gegnum þessi 20, 25 ár hef ég lent í því að málsmetandi menn í umræðum um þessi efni bæru fyrir sig skort á upplýsingum þegar kæmi að því að svara spurningunni: Er ég með eða á móti hernum eða með eða á móti aðild að NATO? Það er algjört nýnæmi fyrir mér að svo sé komið. Og að það skuli vera fólk sem lengi hefur fylgst með utanríkismálum, situr í utanrmn., á aðgang að öllum þeim upplýsingum sem þar liggja fyrir, er í raun og veru enn kostulegra.

Ég tel, herra forseti, að við séum komin að grundvallarspurningum, og það eigi í raun og veru ekki að þurfa að flækja þá hluti mjög mikið fyrir sér. Ég nálgast spurninguna um veru erlends hers í landinu og kemst að niðurstöðu minni um að ég vilji hana ekki út frá mjög sambærilegum grundvallarsjónarmiðum og ég nálgast spurninguna um sjálfstæði þjóðarinnar, fullveldi og forræði í eigin málum og svo grundvallarfriðarhugsjónum mínum og grundvallarviðhorfum þegar kemur að samskiptum þjóða og friðsamlegri lausn deilumála.

Ég tel þess vegna, herra forseti, að sú niðurstaða minni hlutans sem fram kemur í síðustu málsgrein nál., að vegna þess að í nál. hafi verið lýst nauðsyn þess eins og þar er sagt, „að marka stefnu um framtíðarskipan öryggis- og varnarmála í samræmi við gjörbreyttar aðstæður í heiminum", sé tillaga okkar þremenninganna um nefndarskipan til að ræða við bandarísk stjórnvöld ekki í samræmi við þessi sjónarmið. Ég tel þetta algjöra rökleysu. Ég tel einmitt að nefndarskipan af þessu tagi gæti prýðilega verið hluti af nálgun af því tagi að menn vildu fara í viðræður um málin og afla sér upplýsinga til að undirbyggja ákvarðanir um framhaldið ef pólitískur vilji væri fyrir hendi í þeim efnum.

Ég held þar af leiðandi, herra forseti, að verið sé að fela, dulbúa með orðalagi hluti sem menn þora ekki að segja upphátt og kjósa að klæða í þennan búning. Þá er erfitt að eiga við hlutina, herra forseti, þegar ekki er hægt að tala um grundvallaratriðin með sæmilega skýru orðalagi.

Að lokum, herra forseti, vil ég aðeins koma að öryggismálunum almennt og þeirri spurningu hvort hægt sé að færa fram einhver trúverðug efnisleg rök, með vísan í ástandið í heiminum, fyrir því að hér þurfi að vera erlendur her. Eins og ég sagði áðan viðurkenna menn, bæði í nál. minni hlutans, í skýrslu utanrrh. og í ræðu utanrrh. á dögunum, að hernaðarógnin sem að Íslandi steðji sé minni eða hún sé nánast engin. Þannig vitnaði hv. þm. Össur Skarphéðinsson í að ekki hefðu sést hér rússneskar herflugvélar í átta ár. Það liggur fyrir að það er engum vopnum lengur beint að Íslandi. Það hafa hvergi á byggðu bóli fyrirfundist nein vopn sem miðuðu að því að sprengja eða skjóta á Ísland. Samt komast menn að þessari sérkennilegu niðurstöðu eða öllu heldur ekki niðurstöðu eins og á við í tilviki Samfylkingarinnar.

En þá gerist annað gamalkunnugt. Með alveg sama hætti og menn sóttu sér rök fyrir hersetunni á umliðnum áratugum, jafnvel í átök í fjarlægum heimshlutum eins og í Kóreu, grípa menn til þess að finna sér nýja óvini, nýja ógn í staðinn fyrir þá sem er horfin. Það var sagt á sínum tíma, þegar Varsjárbandalagið leið undir lok og rússnesku eða sovésku vopnin voru tekin úr skotstöðu að Atlantshafsbandalagið hefði misst besta vin sinn. Hinn helmingurinn af fyrirkomulagi kaldastríðsáranna væri horfinn og enginn hefði orðið fyrir eins miklu áfalli og NATO og hernaðarhaukarnir og hernaðarhagsmunirnir og hergagnaiðnaðurinn á Vesturlöndum og má til sanns vegar færa. Enda stóð ekki á því að þar brugðust klókir menn við og fóru að leita sér að nýjum tilgangi og nýjum óvini. Um það hefur þetta snúist síðan. Að NATO og hernaðarhagsmunirnir og efnahagshagsmunirnir, sem það er í raun og veru gríman fyrir, fóru á fulla ferð að leita sér að nýjum tilgangi og fór að koma sér upp nýjum óvinum. Og hefur gengið þokkalega. Saddam Hussein tók t.d. við af ýmsum öðrum ónefndum mönnum að vera mesta ógnun við heimsfriðinn og mestur glæpahrappur í heimi, og sannarlega er hann hábölvaður, ekki dreg ég úr því. En að hann hafi í sjálfu sér verið ógnun við heimsfriðinn út fyrir Miðausturlönd held ég að sé ofsagt.

Bandarískur forseti, eða kannski var það utanrrh., herra forseti, gekk svo langt á einum tíma, þegar örvæntingin stóð sem hæst yfir þessum skorti á óvini að hann tók allan hinn múslimska heim og sagði: Þetta er orðin mesta hættan fyrir Vesturlönd. Svo sáu menn að þetta var kannski ekki alveg heppilegt, Tyrkir voru með í NATO og menn drógu dálítið í land með þetta. En þá varð að finna eitthvað annað. Þeir leynast víða, Husseinarnir og Gaddafiarnir og skæruliðahóparnir og aðrir slíkir sem hægt er að hafa not af í þessu sambandi.

Það er dapurlegt, herra forseti, að verða vitni að því að meira að segja utanrrh. Íslands leggst svo lágt að taka þátt í þessum skrípaleik. Í ræðu sinni á dögunum kemur hæstv. utanrrh. inn á þetta mál, í raun og veru með svofelldum orðum, hafandi talað um að dregið hafi úr hernaðarógninni og allt þetta, með leyfi forseta:

„Hugmyndafræðilegar forsendur kalda stríðsins eru brostnar og þau ríki eða ríkjabandalög, sem hugsanlega gætu boðið sameinuðum Vesturlöndum byrginn, hernaðarlega, efnahagslega og pólitískt, hafa hvorki burði né vilja til þess þegar til skemmri tíma er litið." — Nú, er þetta þá ekki í lagi eða hvað? — „Breytt hættumat hefur haft í för með sér umtalsverðan niðurskurð til varnarmála í okkar heimshluta og því ber að fagna." — Nú? Já gott, því bera að fagna, en svo kemur þetta: „Engu að síður standa ríki heims nú frammi fyrir hættum sem ógnarjafnvægi risaveldanna hélt í sumum tilfellum í skefjum." — Nú, það var þá ekki svo bölvað eftir allt saman. — „Má þar nefna aukinn aðgang útlagaríkja" — ég endurtek, herra forseti, útlagaríkja — „og öfgasamtaka að gereyðingarvopnum og hátæknihergögnum, átök þjóðarbrota, trúarvíg, flóttamannastraum, ólöglega fólksflutninga, alþjóðlega glæpastarfsemi, alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi og hrun ríkisvalds í mörgum heimshlutum." — Minna má nú gagn gera. Þetta er ekki fallegt.

Þarna finnst mér, herra forseti, utanrrh. Íslendinga vera fallinn ofan í þá gryfju að vera á fullri ferð í leit að nýjum óvinum og nýjum tilgangi til að hernaðarhugsunin og hernaðarbandalagið og vígbúnaðurinn og hergagnaiðnaðurinn geti mallað áfram eins og ekkert hafi í skorist. Hann varð að vísu fyrir þessu óhappi, þessu áfalli, að Sovétríkin hrundu, Varsjárbandalagið leystist upp. En bisness er bisness

og lífið verður að halda áfram og þá er gott að geta gripið til þess að benda á ýmsa hryðjuverkahópa, skæruliða, trúarátök, hvað það nú er, og jafnvel útlagaríki, herra forseti, jafnvel útlagaríki. Ef svo vel bæri í veiði að hæstv. utanrrh. væri einhvers staðar nálægur og mætti heyra mál mitt eða þó síðar væri, hefði ég áhuga á því að heyra skilgreiningu á þessu hugtaki. Hvað þýðir orðið „útlagaríki" í munni utanrrh. Íslands? Er það þannig að í huga hans — kannski samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar — séu einhver tiltekin ríki útlæg úr samfélagi þjóðanna? Hver ákveður það þá? Hvaða ógn stafar okkur á Íslandi af þessum útlagaríkjum og eru þau kannski aðalröksemdin fyrir því að hér eigi að vera erlendur her?

Nei, herra forseti, þetta finnst mér vera dapurlega hliðin á málinu. Það er skollaleikurinn í kringum þetta á þessum nótum. Í staðinn fyrir að vera sjálfum sér samkvæmir, sem þeir sem réttlættu veru hersins með ógninni á kaldastríðstímanum ættu að vera og segja þá núna: Gott, nú getur hann farið, þá fara menn út í þetta: Að leita sér að, búa sér til ef ekki vill betur, nýjan óvin til að halda áfram að réttlæta þetta eins og ekkert hafi í skorist þannig að ekkert breytist.

Auðvitað er eitthvað annað á bak við sem ekki má segja. Kannski var hæstv. utanrrh. þrátt fyrir allt hreinskilinn á sinn hátt þegar hann réðst á mig í fyrri umræðu um málið og spurði: Er þá tillögumaður að leggja til að Íslendingar fari að borga allan rekstrarkostnað Keflavíkurflugvallar? Er það það sem tillögumaður er að leggja til?

Ég spurði auðvitað á móti: Já, en er þá rekstrarkostnaður Keflavíkurflugvallar orðinn rökin fyrir því að herinn eigi að vera hér? Erum við þá komin þangað? Erum við þá komin þangað í aldarlok í umræðu um þessi mál að það sé aronskan sem eftir standi þegar hitt hafi verið síað frá? Er það það? Ja, það er von að spurt sé.

Herra forseti. Ég legg til að tillagan verði samþykkt og ég geri það með mjög góðri samvisku. Ég tel að það væri gæfuspor fyrir íslensku þjóðina ef hún næði að ná betur saman í þessum málum. Þrátt fyrir allt hafa deilurnar sem tengst hafa utanríkismálum og veru erlends hers í landinu og aðild okkar að hernaðarbandalagi verið þjóðinni oft og tíðum erfiðar. Þær hafa valdið átökum og ágreiningi sem ella hefði á köflum mátt komast hjá. Ég hygg að enginn geti móti því mælt ef hann lítur til baka, þó ekki sé nú alla tíð aftur til upphafsins fyrir 50 árum, hljóti menn að þurfa að viðurkenna að þetta hafi verið eitt af erfiðari deilumálum í íslensku samfélagi á sínum tíma og það er það enn. Það verður á meðan erlendur her verður í landinu. Það verður hann að vísu ekki um aldur og ævi, það er algjörlega ljóst í mínum huga, fyrr eða síðar mun hann hverfa. Spurningin er ekki hvort heldur hvenær.

[15:49]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður og hv. 1. flm. tillögunnar var að velta því fyrir sér hvað væri útlagaríki. Ég ætla svo sem ekkert að reyna að svara fyrir hæstv. utanrrh., sem hann vildi að skýrði þetta út fyrir sér, en ég ímynda mér að þar sé átt við ríki eins og Líbíu. Hann spyr líka: Hverjir ákveða hvaða ríki eru útlagaríki? Það gera þessi ríki sjálf því að þau ákveða að hegða sér á þann hátt að gengur þvert á það sem önnur ríki í heiminum gera.

Hvað kemur það okkur við hér uppi á Íslandi? spyr hv. þm. Það er ekkert óskaplega langt til Lockerby. Lockerby er lítill bær í Vestur-Skotlandi sem ég þekki ágætlega vel til í. Og þotan sem brotlenti þar eftir sprengingu skæruliðanna hefði alveg eins getað brotlent hér einhvers staðar í kringum Ísland. Það er ekkert mjög langt á milli flugstjórnarsvæðanna, þau snertast yfir Atlantshafinu. Þetta skýrir kannski eitthvað fyrir hv. þm. hvernig ég og vonandi aðrir líta á þetta, en hæstv. utanrrh. svarar kannski sjálfur fyrir sig seinna. (**Gripið fram í:** Fyrir lýðræðissinnana?) Lykilorð, hv. þm.

Hins vegar kemst ég ekki hjá því að lýsa því að hvernig umræðan hefur farið fram, hverjir hafa stigið fram í umræðunni og látið til sín taka, hefur valdið mér miklum vonbrigðum. Ég átti satt að segja von á því að framhald yrði á þeirri samstöðu sem verið hefur í utanríkis- og öryggismálum þjóðarinnar og að lýðræðisflokkarnir stæðu saman í afstöðu sinni og stæðu saman að nál. um tillögu eins og þá sem verið er að fjalla um þar sem er beinlínis stefnt að því að gengið verði úr NATO og að varnarliðið hverfi á braut. Í stað þess hafa hv. fyrrv. þingmenn Alþfl. kosið að drepa málinu á dreif í nál. sínu og hafa jafnvel verið með hreina útúrsnúninga.

Óljós yfirlýsing í niðurlagsorðum nál. er ekki til þess fallin að gera málin skýrari, sérstaklega í ljósi þeirra orða sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, formaður Alþb. og talsmaður Samfylkingarinnar, hafði í fyrri umræðu um þetta þingmál en þar lýsti hún því yfir að hún væri hlynnt tillögunni og að Samfylkingin gæti tekið undir tillöguna. Hins vegar kemur fram í niðurlagsorðum nál. að þeir þrír þingmenn sem undir það rita styðji ekki tillöguna. Það kemur hins vegar ekkert fram um það hvernig þeir ætli sér að greiða atkvæði eða hvort þeir ætli yfir höfuð að greiða atkvæði. Það liggur ekki enn þá ljóst fyrir.

Ég efast hins vegar ekki um hvernig hv. fyrrv. þingmenn Alþfl., Össur Skarphéðinsson og Sighvatur Björgvinsson munu greiða atkvæði. Mér er það fullkomlega ljóst og efast ekkert um að það sem þeir hafa um það sagt muni ganga eftir og að það er í samræmi við það sem þeir hafa áður sagt og gert, a.m.k. það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur sagt og gert síðan hann var í Alþb.

Eins og ég sagði hefur það valdið mér miklum vonbrigðum að sú samstaða sem ríkt hefur á milli lýðræðisflokkanna er rofin. Þessi samstaða hefur verið hornsteinn að utanríkis- og öryggisstefnu þjóðarinnar og ég get ekki leynt því að það veldur mér áhyggjum að hún skuli ekki lengur vera til staðar. Ég harma mjög að hv. fyrrv. þingmenn Alþfl. skuli frekar kjósa að gera málamiðlanir við Alþb. sem, eins og komið hefur fram, eru bæði óljósar og sýna að stefnan þar er mjög tvístígandi og ef maður ætlar að vera mjög jákvæður getur maður í besta falli sagt að þar sé um einhverja tímabundna stefnu að ræða.

Ekki þarf að fara mjög löngum orðum um þetta. Ég harma mjög að þetta skuli vera niðurstaðan og ég harma mjög að þessir ágætu hv. þingmenn skuli haga málflutningi sínum á þennan hátt. Ég harma mjög að það skuli vera ríkjandi tvístígandi í stefnu og málflutningi Samfylkingarinnar í utanríkis- og öryggismálum þjóðarinnar. Ég held að það sé ekki gott fyrir Samfylkinguna og ég held að það sé síður en svo gott fyrir þjóðina að þannig sé málum háttað hjá stjórnmálaafli sem telur sig eiga góða möguleika til að takast á við landstjórnina eins og kom fram í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Ég ætla sjálfur ekki að leggja mat á það en sé það rétt sem kom fram hjá hv. þm. hlýtur það að vera ljóst að talsmaður Samfylkingarinnar gæti hugsanlega verið næsti utanrrh. þjóðarinnar. Þá er það ekki bara vont fyrir

miklu heiðarlegri afstaða fram hjá græningjum því þeir segja hreinlega að herinn eigi að fara og þeir vilji fara úr NATO.

Herra forseti. Ég held að allir viti bornir menn sjái í gegnum þennan hráskinnaleik þeirra samfylkingarmanna og að sjálfsögðu treystir fólk Sjálfstfl. einum til að fara með málaflokk sem þennan, enda hefur Sjálfstfl. sýnt frá upphafi að þar hefur aldrei ríkt neitt stefnuleysi eða hik í þeim málum, sem betur fer, og eftir því sem manni sýnist verður það áfram að fólk treystir Sjálfstfl. best til að stjórna landinu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að vera með miklu lengra mál um þetta efni en vil að lokum segja, eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að auðvitað vilja allir í hjarta sínu að engan her þurfi og auðvitað viljum við að öll dýrin í skóginum séu vinir. En það hefur bara því miður í dómi sögunnar verið dæmt til að mistakast að hafa það lífsviðhorf, a.m.k. fram að þessu og þess vegna getum við ekki séð það á næstu fjórum árum eða á næstu árum að ekki þurfi ábyrga varnarstefnu hjá Íslendingum eins og öðrum. Við verðum ekki í þeirri stöðu í fyrirsjáanlegri framtíð að geta tekið þá áhættu að ganga úr NATO eða leika okkur með samninga við varnarliðið um setu þess hér.

[16:09]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn á nokkur atriði sem drepið hefur verið á í umræðunni og mér þykja nokkuð athyglisverð og vil fara nokkrum orðum um málflutning minni hlutans.

Fyrir það fyrsta langar mig til að víkja að því sem hefur gerst hér í tvígang, að fulltrúar Samfylkingarinnar hafa kastað sér í mikilli gleði yfir fskj. með ræðu utanrrh. um utanríkismál á Alþingi og gert úr því plaggi nánast stefnuskrá sína. Það sem eiginlega er skemmtilegast við þetta er að komið hefur í ljós í þessari umræðu í hvílíkri örvæntingu samfylkingarmenn voru í utanríkismálum.

Ef farið er nákvæmlega yfir fskj. með ræðu utanrrh. má segja að þar sé staðfest sú stefna að í engu sé vikið frá grundvallarforsendum öryggis- og varnarstefnu Íslendinga sem hafa legið til grundvallar í áratugi. Það er staðfest mjög skýrt. En einnig er rætt um það í skýrslunni að Íslendingar eigi að taka meiri þátt í vörnum landsins.

Og hver skyldi það nú vera hér á Alþingi sem hefur einna skýrast og skeleggast farið fram á það að Íslendingar tækju meiri þátt í vörnum landsins? Það var hv. þm. Björn Bjarnason sem gerði þetta uppskátt fyrir nokkrum árum, tveimur árum sennilega, að Íslendingar ættu að taka meiri þátt í vörnum landsins. Hann uppskar nú ekki mikinn fögnuð þá. Sennilega hafa fulltrúar Samfylkingarinnar ekki verið reiðubúnir, ekki andlega reiðubúnir til að fara með sinn fagnaðarkór hér þegar Björn Bjarnason kom fram með þessar hugmyndir. Og það verður að segjast eins og er að þeim hugmyndum var heldur ekki tekið vel að öllu leyti í samstarfsflokki okkar í ríkisstjórninni.

Nú hefur það hins vegar gerst á þessum stutta tíma að menn eru allt í einu orðnir mjög jákvæðir fyrir hugmyndum hv. þm. og hæstv. menntmrh. Björns Bjarnasonar um að Íslendingar taki meiri þátt í vörnum landsins. (**ÖS:** Hann vildi heimavarnarlið.) Það er hinn mesti misskilningur og útúrsnúningur þannig að hv. þm. hefur sínar upplýsingar úr teiknimyndasögum eða einhverju öðru. Björn Bjarnason vildi efla þátttöku Íslendinga í vörnum landsins og hefur sett hugmyndir sínar fram um það á mjög skeleggan hátt.

Ég vil taka fram að auðvitað er það eðlilegt að þegar hin beina ógnun við landið minnkar og þörfin fyrir varnarliðið minnkar þá tökum við aukinn þátt í varnarsamstarfinu hér. En í raun og veru snýst deilumálið um það hvort við eigum að hafa hér lágmarksvarnir eða ekki.

Það kom mjög skýrt fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að hann er enn sömu skoðunar og hann hefur alltaf verið. Hann hefur aldrei talið hafa verið þörf fyrir varnarlið á Íslandi og hann er þeirrar skoðunar að sú aðstaða hafi ekki breyst neitt. Það sé enn ekki þörf á varnarliði. Hann hefur ekki breytt tóninum að því leyti til að hann talar enn um að Ísland sé hersetið land, sem er athyglisvert því að fyrir hvern einasta mann sem leggur eðlilegan skilning í orðið hersetu þá liggur ljóst fyrir að Ísland er ekki hersetið land. Ísland var hersetið á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar af Bretum. Eftir að við gerðum varnarsamninginn við Bandaríkjamenn hefur Ísland ekki verið hersetið land og ómögulegt er að nota hugtakið hersetið land um Ísland.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór nokkrum orðum um það sem hann kallaði NATO-mærð þeirra þingmanna sem hér höfðu talað og teldust vera stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins. Hann sagði að ekki væri alveg laust við að sér væri óglatt yfir þessari mærð. Ég held að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi verið frekar óheppinn þegar hann vitnaði í Václav Havel sérstaklega til þess að segja frá því að sá góði maður, sem hefði ýtt undir að land hans fengi inngöngu í NATO, hefði þó gagnrýnt NATO á sama tíma.

Ég held að ég hafi ekki heyrt meiri lofræðu um Atlantshafsbandalagið en einmitt af vörum Havels sem sagði að í Atlantshafsbandalaginu hefði verið vonarneistinn sem þeir hefðu horft til á meðan þeir voru í svartnættinu innan valdasviðs Sovétríkjanna. Er það að undra að menn hafi farið hlýjum orðum um Atlantshafsbandalagið? Gera menn sér grein fyrir því hve örlög þeirra þjóða hafa orðið sem urðu að þola að lenda innan vébanda Sovétríkjanna, þurftu að þola áratugum saman að efnahagur þeirra þróaðist ekki eðlilega, mannréttindi þróuðust ekki eðlilega og þær drógust aftur úr öllum öðrum þjóðum í Evrópu? Fyrir svo utan hitt að þær urðu að þola með vissu millibili innrás herja Varsjárbandalagsins, eins og kom fyrir Ungverjaland og Tékkóslóvakíu.

Það er ekki að undra þó að mörgum í Evrópu sé hlýtt til Atlantshafsbandalagsins og ég dreg enga dul á það að ég tel að við eigum Atlantshafsbandalaginu mikið að þakka.

Eitt af því sem fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og kom mér mjög á óvart var að hann taldi að við sýndum dramb í garð Rússa vegna efnahagserfiðleika þeirra. Þetta kemur mér mjög á óvart. (**Gripið fram í:** Í ræðu þinni.) Það er afskaplega undarleg fullyrðing vegna þess að ég hef leitast við að varpa ljósi á það hversu erfitt efnahagsástandið er í Rússlandi, hversu alvarlegt það er fyrir friðinn í Evrópu og hve brýn ástæða er til að við tökum þátt í að bæta stöðu þeirra. Ekki kom á nokkurn hátt fram dramb af minni hálfu í garð Rússa. Ég býst við að sá sem hér stendur hafi tekið meiri þátt í því á alþjóðlegum vettvangi að ná sambandi við Rússa í sambandi við efnahagsmál og vinna með þeim að margvíslegum verkefnum en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur gert. Ég hef átt samvinnu við Rússa, m.a. við rússneska þingið um efnahagsmál og horfur í orkumálum. Það hefur skilað mér meiri þekkingu á þessum málum en ég hafði. Ég hef myndað náin tengsl við marga ágæta stjórnmálamenn í Rússlandi af þessum sökum.

Spurt var hvort við værum talsmenn afvopnunar. Að sjálf-

sögðu erum við talsmenn afvopnunar. NATO er talsmaður afvopnunar og hefur alltaf verið en Atlantshafsbandalagið hefur aldrei verið talsmaður einhliða afvopnunar. Það er kunnara en frá þurfi að segja að Sovétríkin gömlu ráku áróðursmaskínu í Evrópu sem hét friðarhreyfing. Sú áróðursmaskína átti marga stuðningsmenn á Vesturlöndum og þessir stuðningsmenn gerðu það að hugsjón sinni að Vestur-Evrópa afvopnaðist einhliða. NATO varð aldrei fórnarlamb þessa áróðursleiks Sovétríkjanna á sínum tíma, enda var engin ástæða til þess.

Einnig var spurt hvort ekki hafi verið rétt að Ólafur Thors hefði viljað standa utan hernaðarbandalaga. Ég hygg að það hafi verið hugsjón flestra Íslendinga á millistríðsárunum að Íslendingar stæðu utan hernaðarbandalaga og það var fullkomlega eðlilegt. Reynslan af upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar sýndi hins vegar fram á að í hlutleysinu væri ekki vörn. Hvert ríkið á fætur öðru varð að þola hersetu, Danmörk, Noregur, Benelúx-löndin og urðu fyrir ótrúlegum hremmingum og hörmungum vegna þess að þau gátu ekki varið sjálfstæði sitt. Niðurstaðan varð því sú eftir stríðið, við þær aðstæður sem þá sköpuðust í heimsmálum, að meiri hluti skapaðist fyrir því á Íslandi að við tryggðum varnir okkar og svo hefur verið síðan.

Ég vil því taka fram að ég tel skynsamlegt fyrir okkur Íslendinga að taka aukinn þátt í vörnum landsins en við eigum jafnframt að tryggja að hér verði lágmarksvarnarviðbúnaður. Í því felast langtímahagsmunir okkar í varnarmálum.

Að lokum vil ég taka fram að innan vébanda Samfylkingarinnar hafa málin þróast mjög hratt. Það verður spennandi að sjá hvernig hv. þm. Margrét Frímannsdóttir mun greiða atkvæði í þessu máli. Hún lýsti því yfir við fyrri umr. um þessa þáltill. að hún væri hlynnt málinu. Ég er með það fyrir framan mig og þar segir hv. þm. Margrét Frímannsdóttir:

„... ég tel að sú tillaga sem hér er lögð fram sé spor í þá átt og þess vegna er ég henni hlynnt."

(**ÖS:** Í hvaða átt? Til að fá umræður?) Að sjálfsögðu er maður annaðhvort hlynntur tillögunni eða á móti henni. Ef þetta hefur ekki verið það sem hv. þm. ætlaði sér að segja, þá á hún að sjálfsögðu fullan rétt á því að leiðrétta það. Svona stendur þetta hins vegar í þingræðu hennar. Auðvitað er eðlilegt að hún geri sjálf grein fyrir máli sínu og ekkert sjálfsagðara en að svona afstaða sé leiðrétt.

Ég held því að við verðum að sætta okkur við að afstaða Samfylkingarinnar til Atlantshafsbandalagsins er enn þá óljós. Það er óljóst hvort þeir stefna að því að ganga úr Atlantshafsbandalaginu eða ekki eftir fjögur ár. Við það verður Samfylkingin að lifa og við það verðum við, stjórnarflokkarnir á þinginu, einnig að lifa eins og bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu.

[16:20]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þessi ræða hv. formanns utanrmn. dapurleg. Mér finnst hann hafa sýnt það í umræðum á þingi að hann ber miklu betra skynbragð á þróun og framvindu utanríkismála síðustu áratuga en birtist í þessari ræðu. Í einlægni virðist mér hv. þm. fastur í hjólförum fortíðarinnar og sé að reyna að gera mat úr þessu til þess að birta einhvern innri ágreining Samfylkingarinnar.

Herra forseti. Ég hef enga dul dregið á það að ekki er samræmd afstaða til þessa máls innan Samfylkingarinnar. Það er alveg ljóst að innan Samfylkingarinnar er að finna menn sem vilja að herinn fari. Ég tek það líka fram, herra forseti, og spyr hv. þm.: Getur hann staðhæft það að innan stjórnarliðsins, meðal þingmanna sem styðja ríkisstjórn Íslands, sé enginn þeirrar skoðunar að herinn eigi að fara? Ég hef nefnilega rökstudda ástæðu til þess að telja að í liði stjórnarinnar sé ekki fullur einhugur um þetta mál.

Það er rangt þegar hv. þm. gerir því skóna að afstaða Samfylkingarinnar til NATO sé óljós. Má ég lesa upp það sem segir hér, sem ég held að hv. þm. hafi tuldrað nokkrum sinnum í ræðu sinni. Það segir, með leyfi forseta, í áliti okkar:

„Við teljum ekki rétt að breytingar verði gerðar á aðild Íslands að NATO á næsta kjörtímabili."

Hv. þm. spyr jafnframt: Hvað með kjörtímabilið þar á eftir? Hann gefur í skyn að við séum að reyna að smygla okkur inn í ríkisstjórn til að geta síðar notað aðstöðu okkar til þess að ganga úr NATO í skjóli myrkurs helst. Að því er ekki stefnt.

Herra forseti. Ég kem aðallega upp til þess að ræða það sem hv. þm. hafði eftir hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Mér fyndist smekklegra ef hv. þm. ræddi þetta þegar hv. þm. Margrét Frímannsdóttir er viðstödd. Ég tel nefnilega að hann hafi ekki farið rétt með. Ef ég man það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði, þá var hún að tala um að það væri gott að fá þessa umræðu fram og hún væri hlynnt því.

Ég er á móti tillögunni sem liggur hér fyrir en hlynntur umræðunni sem hefur svipt ákveðnum tjöldum frá Sjálfstfl. Það er reyndar sláandi að aðeins Sjálfstfl. stendur fyrir þessari umræðu. Hvar eru hinir stjórnarliðarnir? Þeir skammast sín fyrir þetta.

[16:22]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að vísu alveg hárrétt hjá hv. síðasta ræðumanni að ekki þurfi að draga sérstaklega fram þann ágreining sem er innan Samfylkingarinnar um þessi mál, hann liggur fyrir. Það er hins vegar erfitt fyrir Samfylkinguna að geta ekki svarað skýrt miklum málum eins og þessum. Að sjálfsögðu gefur það flokknum mikið svigrúm til stjórnarmyndunar að hafa enga stefnu í þessum málum nema til fjögurra ára, sem er skammtímastefna. Hann hefur engin langtímasjónarmið í öryggismálum og það er staðreynd sem hann verður að lifa við.

Sjálfstfl. hefur markað sér skýra stefnu í öryggis- og varnarmálum og hefur alltaf haft. Ég get fullyrt það við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að innan Sjálfstfl. óska engir eftir því að ganga úr Atlantshafsbandalaginu. Það er erfiðara fyrir þann sem hér stendur að rýna í hjörtu og nýru framsóknarmanna. Þeir verða að svara því sjálfir hvaða afstöðu þeir hafa til þess máls. Það er ekki við mig að sakast þó þeir séu ekki í umræðunni. Því verða þeir sjálfir að svara en ég efast um þá söguskýringu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að þeir skammist sín fyrir að vera við þessa umræðu.

Það er sjálfsagt að vitna í ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Ræðan vekur upp spurningar. Ég hefði gjarnan viljað að hún hefði skýrt það hér. Ég ræð ekki við það að hv. þm. skuli ekki vera hér en að sjálfsögðu, eins og ég tók skýrt fram í máli mínu, getur hún leiðrétt orð sín hvenær sem er.

[16:24]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich er formaður utanrmn. og talsmaður stjórnarliðsins í utanríkismálum í þessari umræðu. Hann mælir fyrir munn stjórnarflokkanna beggja. Hann og þingmenn Sjálfstfl. hafa reynt að leiða líkur að því að mikill innri ágreiningur sé í Samfylkingunni um þetta tiltekna mál. Ég hef sagt að skiptar skoðanir séu um þetta mál. En ef hv. þm. kemur og ætlar að láta hnútasvipu raka sinna ríða á hrygglengju minni með það að fororði að ágreiningur ríki innan Samfylkingarinnar, þá verður hv. þm. að geta komið hingað og staðfest að ekki ríki ágreiningur innan ríkisstjórnarliðsins. Ég held því fram, herra forseti, að í þeim efnum sé ekki hreint borð meðal stjórnarliðsins. Ég held að innan stjórnarliðsins sé að finna a.m.k. einn þingmann sem er sammála þessari tillögu og vill að herinn fari burt. Hann er að vísu ekki að finna í þingflokki hv. þm. Ef svo er þá eru allar röksemdir hans um að það sé skelfilegt að Samfylkingin sé ekki einhuga í þessu máli brostnar.

Hver er ástæðan fyrir því að þingmenn Framsfl. taka ekki þátt í umræðunni? Hún er að mínu viti þessi: Þeir hafa skömm á þeim málflutningi sem þingmenn Sjálfstfl. hafa haft uppi í dag. Þeir hafa skömm á tilburðum sjálfstæðismanna til þess að gera úr þessu máli gamaldags kaldastríðsdeilu. Það vill svo til, án þess að það sé hlutverk mitt að tala máli Framsfl., að Framsfl. lifir a.m.k. í nútíðinni en ekki í fortíðinni í þessum efnum eins og Sjálfstfl. Ég á þá ósk heitasta að minn gamli samstarfsflokkur, Sjálfstfl., reyni ekki bara að rífa sig inn í nútíðina heldur skyggnast líka inn í framtíðina í þessum efnum.

[16:26]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að full samstaða var meðal stjórnarflokkanna um málið í utanrmn. Þar skrifuðu allir undir og enginn var með sérstöðu í því máli. Enginn þingmaður Framsfl. hefur lýst yfir samstöðu við þá þáltill. sem hér er til umræðu, ekki nokkur maður. Það er afar mikilvægt að fram komi að svo er ekki.

Það sem vekur athygli mína í þessari umræðu, herra forseti, er að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur gert mikið úr því að hér fari fulltrúar meiri hlutans með kaldastríðsraus í nefndaráliti sínu. Hann hefur hins vegar hvergi bent á það í nefndarálitinu, hvar það eigi sér stað. Þar er farið rækilega yfir það hvernig Atlantshafsbandalagið hefur lagað sig að breyttum aðstæðum og hvernig við höfum tekið þátt í því starfi. Þar er hvergi að finna nokkuð sem með nokkru réttlæti væri hægt að kalla kaldastríðsraus. En það er aðeins aðferðin sem hv. þm. notar. Hann notar ekki rök, hann bendir ekki á upplýsingar heldur notar hann yfirlýsingar.

Forseti (Guðni Ágústsson):

Hv. 9. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[16:28]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Mér er borið á brýn að ég fari með rangt mál þegar ég hef sagt að ekki hafi ríkt eindrægni innan meiri hlutans í utanrmn. um þetta mál. Staðreyndin málsins er þessi: (Gripið fram í.) Ég sagði að í liði ríkisstjórnarinnar væri einn þingmaður sem mundi að öllum líkindum samþykkja tillöguna sem hér er til umræðu, svo hefur a.m.k. komið fram á öðrum vettvangi.

Herra forseti. Ég skildi það svo að hv. þm. héldi því fram að ég færi með rangt mál þegar ég staðhæfði áðan að ekki hefði ríkt eindrægni í utanrmn. Rifjum upp hvernig hv. þm. náði samstöðunni. Einn af þingmönnum Framsfl. lýsti því yfir að tillagan væri svo vitlaus og heimskulegt væri að reyna að afgreiða hana, hún væri tuttugu sinnum heimskulegri en aðrar tillögur sem væru látnar liggja. Auðvitað hefði það verið eðlilegt með þessa tillögu, enda ekkert sem kallaði á að hún væri afgreidd.

Hv. þm. Tómas Ingi hafði ekki betri stjórn á stjórnarliðum sínum en svo að hann varð að fresta fundi, fara með ákveðinn þingmann í afkima í fundarhúsinu til þess að beita hann pólitísku ofbeldi og fá hann til þess að styðja þetta afspyrnu heimskulega álit sem hv. þm. að lokum studdi. Það er því allt saman rétt sem ég sagði hérna áðan. Það ríkti ekki eindrægni um þetta mál. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich þurfti að beita pólitísku ofbeldi til að fá alla þingmenn Framsfl. til þess að styðja málið. Það er hið sanna í málinu.

Forseti (Guðni Ágústsson):

Hv. 5. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[16:29]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram að afar ósanngjarnt er að halda því fram að hv. þm. Framsfl. hafi lýst nefndaráliti meiri hlutans sem heimskulegu plaggi. **(Gripið fram í:** Hann lýsti tillögunni.) Hann lýsti tillögunni sem heimskulegu plaggi. Ég verð að taka það fram að ég hef ekki beitt nefndarmenn utanrmn. þrýstingi. Ég er hins vegar vanur því og geri ráð fyrir því (Gripið fram í.) að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi einhvern tíma beitt fortölum í pólítískri fortíð sinni. Það hef ég margsinnis gert og fortölur bera oft góðan árangur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkulög, 2. umr.

Stjfrv., 543. mál (eignarhlutur Rafmagnsveitna ríkisins í félögum). — Þskj. 868, nál. 1006.

[16:31]

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum. Í nál. segir svo, m.a., virðulegi forseti:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ingimarsson frá iðnaðarráðuneyti, Magnús Baldursson og Þorberg Karlsson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun, Hannes G. Sigurðsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Guðjón Rúnarsson og Bjarna Ármannsson frá Verslunarráði Íslands.

Frumvarpið er flutt til að afla lagaheimildar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins til að stofna og eignast hlut í félögum sem hafa þann megintilgang að framleiða, flytja, dreifa eða selja orku, þ.e. heitt vatn, gufu eða rafmagn. Rafmagnsveiturnar eiga nú þegar samstarf við fjölmarga aðila, en nú er svo komið að stofna þarf til formlegs félagsskapar vegna fyrirliggjandi verkefna. Er mikilvægt að Rafmagnsveiturnar hafi skýra heimild til þátttöku í þeim félögum sem til stendur að stofna.

Má í því sambandi nefna Stykkishólmsbæ vegna hitaveitufranmkvæmda, Norðlenska orku ehf. um Villinganesvirkjun, Sunnlenska orku ehf. um virkjun í Grensdal og allmarga aðila vegna rannsókna á háhitasvæðinu í Öxarfirði.

Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að Rafmagnsveitunum verði einnig heimilt að stofna eða eiga hlut í félögum til að nýta þekkingu og búnað sem Rafmagnsveiturnar búa yfir til þess að efla útflutning á sérþekkingu í þágu fyrirtækisins sjálfs. Rafmagnsveiturnar hafa bæði einar sér og í samstarfi við aðra staðið að markaðssetningu á íslenskri sérþekkingu tengdri orkumálum erlendis.

Ástæða er til að Rafmagnsveiturnar geti einnig stofnað félög eða tekið þátt í félögum sem starfa að tilteknum verkefnum, bæði í samstarfi við aðra og ekki síður til takmörkunar á áhættu þar sem það á við.

Er því mikilvægt að þær fái þessar heimildir til að stofna félög eða taka þátt í félögum sem starfa að tilteknum verkefnum. Hins vegar verður Rafmagnsveitunum ekki heimilað að taka að sér ráðgjöf eða verktöku hér á landi í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði.

Virðulegi forseti. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur hér fyrir. Undir nefndarálit iðnn. skrifa Stefán Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Magnús Árni Magnússon, Hjörleifur Guttormsson, Katrín Fjeldsted, Sigríður A. Þórðardóttir, Ragnar Arnalds og Hjálmar Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkusjóður, 2. umr.

Stjfrv., 225. mál. — Þskj. 252, nál. 1011, brtt. 1012.

[16:35]

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um Orkusjóð. Í nefndarálitinu segir svo:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ingimarsson og Guðjón A. Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti.

Umsagnir um málið bárust frá Landsvirkjun, Þjóðhagsstofnun, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Orkustofnun, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra, Verkfræðideild Háskóla Íslands og Eyþingi.

Frumvarpið byggist að miklu leyti á þeim ákvæðum orkulaga, nr. 58/1967, sem fjalla um Orkusjóð. Þó eru í því nokkur nýmæli. Gert er ráð fyrir að Orkusjóður fjármagni yfirlits- og undirbúningsrannsóknir á orkulindum landsins. Þá er lagt til að ráðherra skipi tvo ráðsmenn en Alþingi kjósi þrjá ráðsmenn eftir hverjar alþingiskosningar. Gert er ráð fyrir að orkumálastjóri gegni ekki stöðu framkvæmdastjóra Orkusjóðs en veiti orkuráði ráðgjöf eftir því sem um er beðið. Lagt er til að orkuráð hafi heimild til að semja við aðra aðila en Seðlabankann um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins. Þá er gert ráð fyrir að tekjuafgangur af rekstri Rafmagnsveitna ríkisins renni ekki til sjóðsins. Loks er lagt til í frumvarpinu að ef ráðist er í orkuframkvæmdir sem undirbúnar hafa verið með fé ríkisins, þar með töldu fé Orkusjóðs, skuli framkvæmdaraðili endurgreiða Orkusjóði þann kostnað við veitingu virkjunar- eða nýtingarleyfa. Verði endurgreiðslu að fullu lokið eigi síðar en sjö árum eftir að leyfi hefur verið gefið út.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sér stöku þingskjali. Helstu efnisatriði breytinganna eru eftirfarandi:

1. Tekið verði fram að Orkusjóði verði m.a. heimilt að styrkja sérstök verkefni á sviði hagrænna athugana í orkumálum og umhverfisathuganir í tengslum við orkurannsóknir.

2. Þá verði tekið sérstaklega fram að ráðherra skipi formann orkuráðs úr hópi stjórnarmanna en það er óljóst í frumvarpinu.

3. Fellt verði úr frumvarpinu ákvæði um að Orkusjóður skuli vera í vörslu Seðlabanka Íslands. Þess í stað verði orkuráði heimilt að semja við aðila sem lögum samkvæmt hafa heimildir til fjárvörslu um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins.

4. Bætt verði við ákvæði til bráðabirgða þar sem tekið verði fram að nýtt orkuráð skv. 3. gr. frumvarpsins skuli taka við stjórn Orkusjóðs við gildistöku laganna.

Virðulegi forseti. Breytingartillögurnar eru svohljóðandi:

1. Við 2. gr. 4. tölul. 2. mgr. orðist svo: að styrkja sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talda fræðslu og upplýsingastarfsemi, svo og hagrænar athuganir í orkumálum og umhverfisathuganir í tengslum við orkurannsóknir.

2. Við 3. gr.

a. 4. málsl. 1. mgr. orðist svo: Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna.

b. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra ræður framkvæmdastjóra Orkusjóðs að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Orkuráði er heimilt að semja við aðila sem hafa heimildir til fjárvörslu lögum samkvæmt um umsjón og trygga vörslu á fé sjóðsins.

Framkvæmdastjóri eða aðili sem orkuráð semur við skv. 1. mgr. skal hafa lokið gerð reikninga fyrir Orkusjóð eigi síðar en 1. mars ár hvert fyrir næstliðið ár og hafa afhent þá orkuráði til samþykktar.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

4. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Nýtt orkuráð skv. 3. gr. skal taka við stjórn Orkusjóðs við gildistöku laganna.

Virðulegi forseti. Undir þetta nál. rita Stefán Guðmundsson, formaður og frsm., Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Magnús Á. Magnússon, Hjörleifur Guttormsson, Katrín Fjeldsted, Sigríður A. Þórðardóttir, Ragnar Arnalds og Hjálmar Árnason.

[16:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu, frv. til laga um Orkusjóð, hefur verið til umfjöllunar í hv. iðnn. frá því á haustþingi og er nú komið í endanlegan búning sem hv. formaður nefndarinnar hefur gert grein fyrir.

Ég hef út af fyrir sig ekki miklu við það að bæta. Ég tel að hér sé um jákvætt mál að ræða sem verði til þess að efla Orkusjóð og stuðla að nytsamlegri starfsemi á hans vegum, möguleikum til styrkveitinga til ýmissa gagnlegra verkefna. Ég vek athygli á því að í brtt. nefndarinnar er að finna áherslur sem mega teljast á vissan hátt nokkuð nýjar á vegum Orkusjóðs og horfa til skoðunar á ýmsum þáttum sem

varða orkumálin. Þá á ég sérstaklega við 1. tölul. brtt. nefndarinnar þar sem gert er ráð fyrir að Orkusjóður geti styrkt sérstök verkefni á sviði hagkvæmrar orkunotkunar, þar með talda fræðslu og upplýsingastarfsemi, svo og hagrænar athuganir í orkumálum og umhverfisathuganir í tengslum við orkurannsóknir.

Ég held að það skipti mjög miklu að rannsóknir á þessum sviðum öllum og fræðslustarfsemi verði efldar til þess að ná fram hagrænni gagnkvæmri orkunotkun. Kannski hefur óþarflega lítill gaumur verið að því gefinn á undanförnum árum að spara orku. Við Íslendingar höfum stundum það orð á okkur að við höldum ekki mjög fast um krónur og aura og hugsum stundum ekki um að hægt er að ná verulegum ávinningi með því að leita leiða til sparnaðar. Þá er ekki bara verið að spara fyrir viðkomandi heimili og atvinnufyrirtæki heldur líka í fjárfestingum í orkufyrirtækjum og þannig hægt að ná fram aukinni hagkvæmni og fjárhagslegum sparnaði.

Það sem lýtur að hagrænum athugunum í orkumálum varðar m.a. möguleika á að ná fram hagkvæmum breytingum, þar á meðal í sambandi við álitamál við uppbyggingu mannvirkja eins og t.d. umhverfisþættina sem hér er gert ráð fyrir að Orkusjóður geti lagt fé til að styrkja, eins og vikið er að í brtt. nefndarinnar, þ.e. umhverfisathuganir í tengslum við orkurannsóknir. Þar er af mörgu að taka og mikil nauðsyn að efla starfsemi.

Það hefur m.a. verið talað um athuganir á umhverfisáhrifum og að réttmætt væri að meta til fjár það sem tapast í náttúrunni við rask og mannvirkjagerð til þess að afla orku. Þó að innlendar orkulindir eins og vatnsaflið séu endurnýjanlegar, þá mæðir það verulega á umhverfi og breytir umhverfi mjög varanlega í ríkum mæli. Þar þurfa menn að fara að með gát. Eins og menn þekkja er það mikið matsatriði og reyndar deiluatriði hvernig að skuli standa og til þess að leiða í ljós sem best áhrifin þá þarf að taka þessa þætti með inn í heildardæmið.

Í vissum tilvikum má segja að ef reiknað er hagrænt, þá sé réttmætt að reikna það einnig inn í verðlagninguna, ef menn bara meta til fjár. Hins ber einnig að gæta að ýmis náttúrufyrirbæri og náttúrugæði verða ekki metin til fjár og tengjast meira viðhorfum, siðrænum viðhorfum þar á meðal og tilfinningum. Slík viðhorf eiga einnig að vega þungt í sambandi við meðferð mála.

Þetta vildi ég nefna í sambandi við frv. Í nefndinni hefur verið ágætt samkomulag um afgreiðslu málsins eins og nál. og brtt. bera vott um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7., 23. og 25. mál.

Fundi slitið kl. 16:46.

80. FUNDUR

mánudaginn 8. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Vopnalög, frv., 562. mál, þskj. 909. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Áfengislög, frv., 561. mál, þskj. 908, brtt. 1000. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 354. mál, þskj. 482, nál. 969, brtt. 970. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frv., 311. mál, þskj. 372, nál. 1007. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Skaðabótalög, stjfrv., 183. mál, þskj. 199, nál. 971 og 972, brtt. 973, 974 og 975. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, stjfrv., 135. mál, þskj. 135, nál. 922, brtt. 923. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Verðbréfasjóðir, stjfrv., 224. mál, þskj. 931, brtt. 991. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, stjfrv., 199. mál, þskj. 217, nál. 989, brtt. 990. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Brunatryggingar, stjfrv., 388. mál, þskj. 659, nál. 996, brtt. 997. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 324. mál, þskj. 391, nál. 998, brtt. 999. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 359. mál, þskj. 495, nál. 920. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 414. mál, þskj. 687, nál. 907 og 918, brtt. 919. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 226. mál, þskj. 253, nál. 1001, brtt. 1002. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 9. mál, þskj. 9, nál. 888 og 936. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
15. Miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu, stjfrv., 184. mál, þskj. 200, nál. 967, brtt. 968. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
16. Rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu, þáltill., 341. mál, þskj. 437, nál. 952. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
17. Tilkynningarskylda íslenskra skipa, stjfrv., 260. mál, þskj. 298, nál. 992, brtt. 993. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
18. Leigubifreiðar, stjfrv., 281. mál, þskj. 329, nál. 994, brtt. 995. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
19. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 344. mál, þskj. 444, nál. 1003. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
20. Ríkisreikningur 1997, stjfrv., 152. mál, þskj. 152, nál. 1004. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
21. Orkulög, stjfrv., 543. mál, þskj. 868, nál. 1006. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
22. Orkusjóður, stjfrv., 225. mál, þskj. 252, nál. 1011, brtt. 1012. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
23. Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, stjtill., 573. mál, þskj. 940. — Fyrri umr.
24. Samningur um bann við notkun jarðsprengna, stjtill., 581. mál, þskj. 964. — Fyrri umr.
25. Stjórnarskipunarlög, frv., 254. mál, þskj. 845. — 3. umr.
26. Jarðalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 872. — 1. umr.
27. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 577. mál, þskj. 950. — 1. umr.
28. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 590. mál, þskj. 986. — 1. umr.
29. Útflutningsráð Íslands, frv., 591. mál, þskj. 987. — 1. umr.
30. Landsvirkjun, frv., 592. mál, þskj. 1005. — 1. umr.
31. Ríkisborgararéttur, frv., 593. mál, þskj. 1008. — 1. umr.
32. Lögskráning sjómanna, frv., 594. mál, þskj. 1014. — 1. umr.
33. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 585. mál, þskj. 978. — 1. umr.
34. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 223. mál, þskj. 250, nál. 988. — 2. umr.
35. Raforkuver, stjfrv., 471. mál, þskj. 776, nál. 1009, brtt. 1010. — 2. umr.
36. Vegagerð í afskekktum landshlutum, þáltill., 73. mál, þskj. 73, nál. 1015. — Síðari umr.
37. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 510. mál, þskj. 822, nál. 1019. — 2. umr.
38. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 511. mál, þskj. 823, nál. 1021, brtt. 1022. — 2. umr.
39. Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, frv., 44. mál, þskj. 44, nál. 1020. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.

Tilkynning um nýjan þingmann.

[10:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Á seinasta fundi sl. laugardag tilkynnti Svavar Gestsson að hann afsalaði sér þingmennsku. Sæti hans tekur 1. varaþm. af lista Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi, Guðrún Helgadóttir, og verður hún 17. þm. Reykv. Kosningatala þeirra sem ofar eru á listanum breytist samkvæmt venju og verður Bryndís Hlöðversdóttir 8. þm. Reykv. og Ögmundur Jónasson 12. þm. Reykv.

Ég býð Guðrúnu Helgadóttur velkomna til þingstarfa. Hún er ekki með öllu ókunnug þingstörfum. Drengskaparheit sitt undirritaði hún 1979 og kjörbréf hennar fyrir þetta kjörtímabil hefur verið samþykkt.

Guðrún Helgadóttir hefur tilkynnt forseta að hún muni eiga aðild að þingflokki óháðra.

Í dag, 8. mars, er alþjóðadagur kvenna. Hinn nýi þingmaður er 19. konan í þingmannahópnum og svo stendur á að tvær konur sitja nú á Alþingi sem varamenn þannig að hlutur kvenna er réttur þriðjungur.

Þegar sá okkar þingmanna sem lengsta setu hefur átt á þingi kom fyrst til þings 1963, að afstöðnum alþingiskosningum þá um sumarið, var ein kona í hópi 60 þingmanna. Má því segja að nokkuð hafi þokast síðan. Sex þjóðir hafa hærra hlutfall kvenna á löggjafarþingi. Samtökum kvenna eru sendar góðar kveðjur úr þessum sal.

Þessi dagur, 8. mars, er jafnframt merkur minningardagur í sögu Alþingis. Þann dag fyrir 156 árum, árið 1843, gaf Kristján konungur VIII út tilskipun um endurreisn Alþingis, tilskipun sem að efni svaraði til kosningalaga og þingskapa.

Tilskipunin var gefin út til að efna fyrirheit konungs frá 20. maí 1840, um stofnun ráðgjafarþings á Íslandi.

Loks má nefna að 55 ár eru nú liðin frá því að Alþingi afgreiddi frv. um stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland, frv. sem síðar var samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu síðari hluta maímánaðar 1944.

Alls þessa er gott að minnast á þessum degi.

Vopnalög, frh. 3. umr.

Frv. allshn., 562. mál (íþróttaskotvopn). — Þskj. 909.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, JHall, KF, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VE, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, EKG, EOK, FI, GGuðbj, ÍGP, KHG, KÁ, MF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1024).

Áfengislög, frh. 3. umr.

Frv. allshn., 561. mál (leyfisgjöld). — Þskj. 908, brtt. 1000.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]

Brtt. 1000,1 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1000,2 samþ. með 49 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, JHall, KF, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁJ, ÁRJ, EKG, EOK, GGuðbj, ÍGP, KHG, KÁ, MF, SvanJ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1025).

Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 354. mál (réttarstaða brotaþola, endurupptaka mála o.fl.). — Þskj. 482, nál. 969, brtt. 970.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 970,1 samþ. með 51 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

3.–10. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 970,2 (ný 11. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

12.–13. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 970,3 samþ. með 52 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.

15.–33. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 970,4 (ný 34. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

35.–45. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 970,5 (ný grein, verður 46. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 970,6 (ný 46. gr., verður 47. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 970,7 samþ. með 51 shlj. atkv.

47. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frh. 2. umr.

Frv. BH o.fl., 311. mál (ráðningartími héraðspresta). — Þskj. 372, nál. 1007.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:45]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, EOK, GGuðbj, ÍGP, KÁ, MF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, EOK, GGuðbj, ÍGP, KÁ, MF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁE, ÁRJ, EKG, EOK, GGuðbj, ÍGP, KÁ, MF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Skaðabótalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 183. mál (margfeldisstuðull við bótaútreikning o.fl.). — Þskj. 199, nál. 971 og 972, brtt. 973, 974 og 975.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Þegar á heildina er litið er hér á ferðinni frv. sem er til mikilla bóta og felur í sér réttarbætur fyrir fjölda fólks að mati minni hluta allshn. Á frv. eru hins vegar alvarlegir gallar. Í fyrsta lagi er viðmiðunargólf fyrir láglaunafólk of lágt þó að það sé vissulega til bóta að slík lágmarksviðmiðun skuli vera sett en það er framför frá því sem nú er.
Í öðru lagi er algerlega óásættanlegt að greiðslur úr lífeyris- og sjúkrasjóðum skuli koma til frádráttar skaðabótakröfu til tryggingafélaga og er þannig gengið á réttindi launafólks en greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum eru eign launafólks.
Þá viljum við tryggja betur með lagabókstaf réttindi þeirra sem verða fyrir kynferðislegu áreiti. Í samræmi við þessi sjónarmið og brtt. sem minni hluti allshn. hefur sett fram munum við í minni hlutanum og í þingflokki óháðra greiða atkvæði um þetta frv.

Brtt. 973,1, inngmgr. og a-liður, (ný 1. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 973,1.b (ný 1. gr.) samþ. með 36:17 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
nei: ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GHall) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁRJ, EKG, EOK, GGuðbj, ÍGP, KÁ, MF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 973,2 (ný 2. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 975 felld með 34:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ*, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
11 þm. (ÁRJ, EKG, EOK, FI, GHall, GGuðbj, ÍGP, KÁ, MF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 973,3.a og 1.–2. málsl. b-liðar (ný 4. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 973,3.b, 3. málsl., (ný 4. gr.) samþ. með 37:16 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.
nei: ÁE, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ÁRJ, EKG, EOK, GGuðbj, ÍGP, KÁ, MF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 973,3.b, 4. málsl., (ný 4. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KHG, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.
16 þm. (ÁE, BH, GE, GHall, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SJóh, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRJ, EKG, EOK, GGuðbj, ÍGP, KÁ, KPál, MF, SighB, SvanJ, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 973,4 samþ. með 53 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 973,5 samþ. með 54 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
7.–12. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 973,6 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 974 felld með 36:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LMR*, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
9 þm. (ÁRJ, EKG, EOK, GGuðbj, ÍGP, KÁ, MF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:58]

Kristín Halldórsdóttir:
Herra forseti. Þessi tillaga kveður á um það hvaða atriði skulu höfð að leiðarljósi við ákvörðun bótafjárhæðar til barna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi, en því miður sýna m.a. tiltölulega nýlegir dómar sjálfs Hæstaréttar að ekki er vanþörf á slíku ákvæði. Það skal upplýst að það er ágreiningur milli embættismanna um það hvort rétt sé að gefa svo skýr fyrirmæli til dómara sem gert er í þessari tillögu en hún er í fullu samræmi við álit og tillögu umboðsmanns barna. Ég tek meira mark á umboðsmanni barna í þessu máli og segi að sjálfsögðu já.
[10:58]

Sólveig Pétursdóttir:
Virðulegi forseti. Við meðferð málsins í allshn. var þetta mál rætt nokkuð og meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið

sem koma fram í athugasemdum frv. um þetta efni. Þar kemur fram að við mat á fjárhæðum bóta skuli m.a. haft í huga umfang tjóns, sök tjónvalds og fjárhagsstöðu hans. Séu börn fórnarlömb kynferðisbrota ber að líta til þess hversu alvarlegar afleiðingar brots eru fyrir þau, svo og til eðlis verknaðarins, hve lengi misnotkun hafi staðið o.s.frv. Meiri hlutinn leggur því sérstaka áherslu á að slík tengsl milli brotamanns og brotaþola eigi ekki að leiða til lækkunar bóta. Hins vegar var það álit sérfræðinga að það væri ekki rétt að tiltaka einstök tilvik í lagaákvæði sem þessu.

13. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 973,7 samþ. með 52 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 135, nál. 922, brtt. 923.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:02]
Brtt. 923,1 samþ. með 54 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 923,2 samþ. með 52 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 923,3 (ný 4. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
6 þm. (GHelg, HG, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRJ, EKG, EOK, GB, GGuðbj, ÍGP, KÁ, MagnM, MF, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Lagasetningin sem hér er unnið að er tvímælalaust til bóta á allan hátt. Heildarlöggjöf um málefni sjálfseignarstofnana er þarft mál. Ég hef aðeins fyrirvara á um eitt atriði og það er gildissvið laganna, þ.e. til hvaða sjálfseignarstofnana lögin taka og hverra ekki. Samkvæmt brtt. þessari er lagt til að tekin verði af tvímæli um að öldrunarstofnanir séu undanþegnar ákvæðum frv. en að mínu mati hefði þurft að skoða hvort fleiri stofnanir á sviði velferðarþjónustu og félagasamtaka, t.d. hússjóðir og aðrar slíkar, hefðu ekki átt að fylgja með. Fyrirvari minn lýtur að þessu atriði, herra forseti. Ég sit því hjá við þessa brtt. og við 4. gr.

5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
5 þm. (GHelg, HG, KH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRJ, EKG, EOK, GB, GGuðbj, ÍGP, KÁ, MF, SP, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 923,4–32 samþ. með 52 shlj. atkv.
6.–50. gr. (verða 6.–49. gr.), svo breyttar, samþ. með 51 shlj. atkv.
51. gr. (verður 50. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Verðbréfasjóðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 224. mál (innlendir sjóðir). — Þskj. 931, brtt. 991.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:08]
Brtt. 991 samþ. með 50 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁRJ, EKG, EOK, GB, GGuðbj, ÍGP, KÁ, MF, SP, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1029).

Eftirlitsstarfsemi á vegum hins opinbera, frh. 2. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 217, nál. 989, brtt. 990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:09]
Brtt. 990,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 990,2–6 samþ. með 52 shlj. atkv.
2.–6. gr., svo breyttar, samþ. með 51 shlj. atkv.
7.–9. gr. og ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 990,7 (ný fyrirsögn) samþ. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Brunatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 388. mál (lækkun brunabótamats van- eða óný ttra húseigna o.fl.). — Þskj. 659, nál. 996, brtt. 997.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]
Brtt. 997,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 997,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
3.–11. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 324. mál (heildarlög). — Þskj. 391, nál. 998, brtt. 999.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:15]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, EKG, EOK, GB, GGuðbj, KÁ, MF, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefur verið ágreiningur um afgreiðslu þessa frv. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Sá ágreiningur lýtur einkum að vanda sjóðsins sem tengist svonefndri 60 ára lífeyristökureglu. Í bígerð er að reyna að ná betra samkomulagi um afgreiðslu þessa máls. Væntanlega verður gefin út yfirlýsing varðandi málið við 3. umr., ef ég veit rétt. Með vísan til þess munum við sitja hjá í atkvæðagreiðslu um þetta mál nú við 2. umr.

Brtt. 999,1 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁE, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, BH, EKG, EOK, GB, GGuðbj, KÁ, MF, ÓÖH, SF, SJS, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁE, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, BH, EKG, EOK, GB, GGuðbj, KÁ, MF, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 999,2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁE, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, GB, GGuðbj, KÁ, MF, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁE, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, BH, EKG, EOK, GB, GGuðbj, KÁ, MF, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁE, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, BH, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 999,3 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, LMR, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 999,4 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 999,5 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.

16 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, HjálmJ, KÁ, MF, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 999,6 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.

16 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, ÓÖH, RG, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 999,7 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.

16 þm. (ÁE, BH, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, GE, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 999,8 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, PHB, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

12.–14. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 999,9 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, VE.

17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 999,10 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
17 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, EKG, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
6 þm. (BH, GE, RA, SJóh, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRJ, EKG, GB, GGuðbj, ÍGP, KÁ, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 359. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 495, nál. 920.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
[11:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta er athugasemd sem ég hef eiginlega áður komið á framfæri. Mér finnst röð þessara tveggja dagskrármála, 11. og 12. máls, ekki vera rétt. Staðreyndin er sú að grundvallarlöggjöfin eða aðalfrv. er frv. um alþjóðleg viðskiptafélög. Spurningin er hvort sett verði lög um að heimila starfrækslu slíkra félaga hér á landi. Verði slík lög sett, komi til sögunnar slík alþjóðleg viðskiptafélög, kemur síðan að því að um starfsemi þeirra gildi einhver tiltekin skattaákvæði. Ég hefði því talið eðlilegra að afgreiða 12. málið á undan þar sem hitt frv. er afleitt frv. Mönnum þykir þetta kannski ekki stórmál, en þó er það þannig í mínum huga að heppilegra er að röðin á hlutunum sé þessi.

Nú vill svo til að ég legg til að þessum málum sé báðum vísað til hæstv. ríkisstjórnar. Færi sú atkvæðagreiðsla þannig að í fyrra tilvikinu væri ekki á það fallist en hins vegar í hinu síðara, þá sætu menn uppi með lög um skattareglur fyrir alþjóðleg viðskiptafélög sem hins vegar væru engin lög til um og yrðu ekki þarf af leiðandi á stofn sett. Væri það harla hjákátleg staða. Að því leyti til væri auðvitað heppilegra að afgreiða 12. dagskrármálið á undan 11. dagskrármálinu en langeinfaldast, herra forseti, og um leið skynsamlegast er að vísa báðum þessum málum frá því að þau eru gölluð.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það verður orðið við þessum tilmælum. Þetta er réttmæt athugasemd en það var farið eftir númeraröð við niðurröðun dagskrárinnar. Forseti frestar um stund 11. dagskrármálinu en tekur fyrir 12. dagskrármálið.)

Atkvæðagreiðslu frestað.

Alþjóðleg viðskiptafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 414. mál. — Þskj. 687, nál. 907 og 918, brtt. 919.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
[11:27]

Till. í nál. 907 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 45:7 atkv. og sögðu
já: GHelg, HG, KH, LMR*, SJS, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
11 þm. (ÁRJ, EKG, GB, GGuðbj, HjÁ, KÁ, MF, SJóh, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 919,1 samþ. með 47:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.
nei: GHelg.
5 þm. (HG, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRJ, EKG, GB, GGuðbj, KÁ, MF, SJóh, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.
nei: GHelg, HG, KH, RA, SJS, ÖJ.
12 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EKG, GB, GGuðbj, KÁ, MF, SJóh, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

6 þm. (GHelg, HG, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, EKG, GB, GGuðbj, KÁ, MF, SJóh, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 919,2 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

6 þm. (GHelg, HG, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, DO, EKG, GB, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, EOK, EL, FI, GHH, GE, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

5 þm. (GHelg, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, GuðjG, GB, GÁS, GGuðbj, KÁ, MF, SF, StB, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

6.–10. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

6 þm. (GHelg, HG, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, EKG, GB, GÁS, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 919,3 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

6 þm. (GHelg, HG, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, EKG, GB, GÁS, GGuðbj, KÁ, LB, MS, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

6 þm. (GHelg, HG, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, EgJ, EKG, GB, GÁS, GGuðbj, KÁ, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

12.–21. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

6 þm. (GHelg, HG, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, EgJ, EKG, GB, GÁS, GGuðbj, KÁ, MF, ÓÖH, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 919,4 (ný 22. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

5 þm. (GHelg, HG, KH, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRJ, EgJ, EKG, GB, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, MF, SF, SvanJ, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 919,5 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

7 þm. (GHelg, HG, JóhS, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, EKG, GB, GÁS, GGuðbj, KÁ, LMR, LB, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

6 þm. (HG, JóhS, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, EKG, GB, GÁS, GGuðbj, KÁ, LB, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, frh. 2. umr. (frh. atkvgr.).

Stjfrv., 359. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 495, nál. 920.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:33]

1. gr. samþ. með 45:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VE, ÖS.

nei: GHelg, HG, KH, SJS, ÖJ.

1 þm. (RA) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁRJ, EKG, GB, GÁS, GGuðbj, KÁ, LB, MF, SF, SvanJ, VS, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta fylgifrv. með frv. um alþjóðleg viðskiptafélög felur í sér þau sérkjör eða vildarkjör í skattalegu tilliti sem hinum alþjóðlegu viðskiptafélögum eiga að bjóðast hér. Þar er um að ræða allt önnur og til muna hagstæðari skattakjör en nokkur önnur fyrirtæki eða atvinnulífið almennt á Íslandi eiga kost á, a.m.k. enn um stundir.

Ég er andvígur þessum sérstöku vildarkjörum. Ég tel að þetta sé afturför og tímaskekkja á sama tíma og á alþjóðavettvangi er verið að reyna að útrýma skattagötum og holum og lágskattaparadísum af þessu tagi og það er þróun sem menn stæra sig almennt ekki sérstaklega af að vera að reyna að lokka til viðskipti með þessum hætti.

Í Karíbahafinu er allmikið um lönd og lýðveldi jafnvel sem hafa gert sérstaklega út á þessa iðju og stjórnarfarið í þeim löndum er stundum kennt við tiltekinn ávöxt, bjúgaldin *hygg ég að að heiti á góðri íslensku, eða banana. Ég sé það* ekki, herra forseti, sem sérstakt keppikefli íslenska lýðveldisins rúmlega fimmtugs að aldri að keppa að því stjórnarfari og því efnahagsástandi sem þar er við lýði.

2.–8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.
6 þm. (GHelg, HG, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRJ, BBj, EKG, GB, GÁS, GGuðbj, KÁ, LB, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.
5 þm. (HG, KH, RA, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRJ, EKG, GB, GÁS, GGuðbj, KÁ, LB, MF, SF, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 226. mál (gjaldsvið o.fl.). — Þskj. 253, nál. 1001, brtt. 1002.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:35]
Brtt. 1002,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1002,2–5 samþ. með 53 shlj. atkv.
3.–14. gr. (verða 3.–15. gr.), svo breyttar, samþ. með 53 shlj. atkv.
15. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1002,6 (ákv. til brb. falli brott) samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS o.fl., 9. mál. — Þskj. 9, nál. 888 og 936.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:52]
Tillgr. felld með 47:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, KHG, KH, RA, SJS, ÖJ, GHelg.
nei: GMS, JHall, SvÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, EL, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÖS, ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, ÓE.
2 þm. (SJóh, GÁ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (KÁ, MF, SP, SvanJ, ÞorstP, ÁRJ, GGuðbj) fjarstaddir.
9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:40]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Oft er talað um sögulega atburði í þessum *ræðustóli og ekki alltaf af miklu tilefni. En hér er svo* sannarlega um sögulegan atburð að ræða því eftir því sem ég hef komist næst í samráði við skrifstofu Alþingis, hafa tillögur um endurskoðun varnarsamningsins við Bandaríkin ekki komið til atkvæða á hv. Alþingi síðan 1956. Það er merkileg staðreynd. Það er merkileg staðreynd að þingmenn sem hafa þó haldið á lofti því viðhorfi að hér skuli ekki vera erlendur her á friðartímum skuli ekki treysta sér til að styðja þá tillögu sem hér er til atkvæða þrátt fyrir gerbreytta heimsmynd og gerbreyttar aðstæður í heimshluta okkar. Það er óskiljanlegt, herra forseti, og ég segi að sjálfsögðu já við *tillögunni.*

[11:42]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Öryggismál þjóðarinnar eru ekki spurning um kalt stríð eða múra. Það er spurning um tilveru og framtíð þjóðar. Sjálfstfl. hefur ávallt fylgt ábyrgri stefnu í öryggis- og varnarmálum. Frá þeirri stefnu hefur ekki verið vikið.

Aftur á móti er áhyggjuefni hvernig forustumenn Samfylkingarinnar hafa í umræðunni meðhöndlað þetta alvörumál eins og hverja aðra skógarferð. Ég segi nei.

[11:43]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Að sjálfsögðu ætti bandarískri herinn að vera farinn fyrir löngu. Herinn kom hingað fyrir bráðum sex áratugum til hjálpar Englendingum og Rússum í baráttunni við nasista. Eftir þá styrjöld báðu Bandaríkjamenn um herstöðvar hér á landi til 99 ára. Þeirri kröfu höfnuðu Íslendingar einróma, þar á meðal allir stjórnmálaflokkar á

Alþingi. Herinn fékk þó að lokum heimild til að sitja áfram með þeim rökum að nýtt stríð væri hafið, kalda stríðið. En því stríði er einnig löngu lokið. Dvöl erlends hers í landinu sæmir ekki sjálfstæðri þjóð og er fáránleg tímaskekkja sem hlýtur senn að verða leiðrétt. Ég segi já.

[11:44]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er ein þeirra sem hafa alltaf talið að málefnum Íslendinga væri betur komið ef hér væri ekki her á friðartímum og sú skoðun mín hefur ekki breyst. Ég hef hins vegar alltaf álitið það forsendu þess að við létum herinn fara að fyrir því væri þingmeirihluti en svo tel ég ekki vera nú. Ég tel að þessi tillaga sé afgreidd út úr nefnd og lögð fyrir þingið í einhverjum annarlegum tilgangi en ekki þeim tilgangi að láta samþykkja hana. Ég mun ekki greiða atkvæði um tillöguna nú.

[11:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég legg að sjálfsögðu til við Alþingi að þessi einfalda og í raun og veru hógværa tillaga sem gengur út á það að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um það með hvaða hætti bandarískt herlið geti horfið af landi hér og við mætt þeim breytingum sem því væru samfara, verði samþykkt. Lengi vel var það svo, a.m.k. í orði kveðnu, að það var stefna allra íslensku stjórnmálaflokkanna að hér skyldi ekki vera erlendur her á friðartímum.

Nú ber mönnum saman um að friðvænlegar horfi í okkar heimshluta a.m.k. en áður hefur gert um langt skeið. Nú er því lag til að láta þennan draum rætast að erlendur her hverfi brott af landinu og þjóðin geti á nýjan leik sameinast í þessum efnum í herlausu landi. Ég segi já.

[11:46]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Tillagan sjálf og þau markmið um úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu sem eru forsenda hennar ganga gegn öryggishagsmunum Íslendinga og grafa undan samstöðu bandalagsríkjanna og því samstarfi á vegum NATO sem verið hefur kjölfestan í öryggis- og varnarmálum Evrópu. Því segi ég nei.

[11:47]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er hlynnt aðild að NATO. Ég er hlynnt varnarsamningnum við Bandaríkin. Mér finnst sú tillaga sem hér er til afgreiðslu ekki vera í takt við tímann og ég segi því nei.

[11:48]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þeir sem greiða atkvæði gegn þessari tillögu eða taka ekki afstöðu til hennar neita að taka til skoðunar að erlendi herinn sem hér er í landinu hverfi á brott. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum tekið afdráttarlausa afstöðu til þessa máls. Við viljum ekki að NATO-herstöð sé á Íslandi.

Á síðustu tímum tíðkast hjá þeim sem vilja koma sér hjá því að taka afstöðu til hitamála samtímans, ekki síst á það við um utanríkismálin, að segja það eitt að um málin þurfi að ræða, það þurfi að skoða kost og löst á Evrópusambandsmálum, það þurfi að segja kost og löst á hernum, það þurfi að segja kost og löst á NATO og gefa sér helst góðan tíma, helst nokkra mannsaldra til málfundarins. Þannig tala þeir sem ekki vilja taka afstöðu eða vilja fela afstöðu sína fyrir kjósendum. Stjórnmál eiga vissulega að snúast um það að segja kost og löst á málum, en í stjórnmálum verður líka að taka afstöðu og það þarf að gera í þessu máli sem öðrum.

Allir þeir sem ekki telja (Forseti hringir.) það náttúrulögmál að hér verði NATO-her til frambúðar hljóta að segja já við þessari tillögu og það geri ég.

[11:49]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég tel afar mikilvægt á þeim tímamótum sem NATO stendur á, tímum nýrra verkefna hjá NATO, að við Íslendingar tölum afar skýrt um afstöðu okkar til NATO og til varnarliðsins. Það hefur valdið mér vonbrigðum í þeirri umræðu sem verið hefur á hv. Alþingi að undanförnu að svo virðist sem samstaða lýðræðisflokkanna sé að rofna. Alþfl. vill frekar semja til vinstri við Alþb. og ég harma þá stöðu mála. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur og fyrir samherja okkar í NATO og fyrir þá sem æskja inngöngu í NATO og leita aðstoðar NATO að við tölum skýrt í málinu. Því segi ég nei, herra forseti.

Miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn á Evrópska efnahagssvæðinu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 184. mál. — Þskj. 200, nál. 967, brtt. 968.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:53]

Brtt. 968,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 968,2–11 samþ. með 50 shlj. atkv.
3.–24. gr., svo breyttar, samþ. með 50 shlj. atkv.
25.–37. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 968,12 (ný fyrirsögn) samþ. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu, frh. síðari umr.

Þáltill. ÓÖH o.fl., 341. mál. — Þskj. 437, nál. 952.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:56]

Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÖÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

13 þm. (ÁRJ, DO, GE, GÁS, GGuðbj, HjÁ, KÁ, MF, RG, SvanJ, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1036).

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 260. mál (sjálfvirkt kerfi). — Þskj. 298, nál. 992, brtt. 993.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:57]
Brtt. 993,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 993,2 (ný grein, verður 9. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 993,3 (ný 9. gr., verður 10. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Leigubifreiðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 281. mál (skilyrði til aksturs). — Þskj. 329, nál. 994, brtt. 995.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:00]
Brtt. 995,1 (ný 1. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 995,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (grásleppuveiðar). — Þskj. 444, nál. 1003.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:03]
Till. í nál. 1003 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 49 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1997, frh. 2. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 152, nál. 1004.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:03]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÖS.
1 þm. (SighB) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EKG, GE, GÁS, GGuðbj, IP, KÁ, MF, RA, SP, SvanJ, TIO, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Orkulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 543. mál (eignarhlutur Rafmagnsveitna ríkisins í félögum). — Þskj. 868, nál. 1006.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:05]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Orkusjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 225. mál. — Þskj. 252, nál. 1011, brtt. 1012.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:06]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1012,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1012,2 samþ. með 48 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1012,3 (ný 4. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
5.–10. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1012,4 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, fyrri umr.

Stjtill., 573. mál. — Þskj. 940.

[12:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta eftirtalda samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem gerðir voru í Reykjavík 18. júní 1998. Þar er í fyrsta lagi samningur milli Íslands, Grænlands, Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Grænlands og Jan Mayen. Í öðru lagi er um ræða samning milli Íslands, Grænlands og Danmerkur um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands og í þriðja lagi tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs.

Hv. alþingismenn þekkja þetta mál. Gerð er fyrir því góð grein í greinargerð með þáltill. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fara ítarlega yfir það.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, fyrri umr.

Stjtill., 581. mál. — Þskj. 964.

[12:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.

Hér er um afar merkilegt mál að ræða sem hefur hlotið mikla athygli um heim allan. Við Íslendingar höfum sótt ráðstefnur og fundi sem tengjast þessu máli, vorum m.a. viðstaddir þegar samningurinn var lagður fram til undirritunar á ráðstefnu í Ottawa 3. og 4. des. 1997. 131 ríki hafa undirritað samninginn þann 16. febr. og 64 ríki fullgilt hann.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:13]

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, frh. fyrri umr.

Stjtill., 573. mál. — Þskj. 940.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:14]

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 12:15]

Um fundarstjórn.

Frumvarp um stjórn fiskveiða, 571. mál.

[12:48]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Eins og kunnugt er á landvinnslan nú við mikla erfiðleika að etja og er verið að segja upp tugum fólks vegna hráefnisskorts. Sá hráefnisskortur er m.a. vegna þess að nær engar aflaheimildir eru til leigu á markaði og þær litlu aflaheimildir sem eru til leigu seljast fyrir óhemjuverð. Strandveiðiflotinn er að hrynja, herra forseti, og landvinnslan þar með líka.

Ég lagði fram á þskj. 937, ásamt hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni, frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem er ætlað að taka á þessum erfiðu málum. Þetta er eina tillagan sem liggur fyrir þinginu þar sem gert er ráð fyrir því að tekið sé á þessum málum.

Nú tek ég eftir því að þetta frv. er ekki á dagskrá í dag og hefur ekki verið á dagskrá síðan það var lagt fram í síðustu viku. Ég vil því spyrja forseta að því hvort ekki sé von til þess að frv. fáist tekið á dagskrá, helst í dag en ef það er ekki unnt, þá alltént á morgun. Því eins og virðulegi forseti veit er örvæntingarástand strandveiðiflotans orðið slíkt að hætta er á að fáist Alþingi ekki til að taka á því vandamáli grípi menn til örþrifaráða.

[12:50]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna fyrirspurnar hv. þm. er sjálfsagt að athuga hvort þessu verði komið fyrir á dagskránni en nú sneiðist mjög um tímann og eru svo sem mörg frv. sem hafa verið lögð fram sem ekki hafa verið tekin á dagskrá og til umræðu. En sjálfsagt er að forseti athugi hvort þessu verði komið við.

[12:50]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég þakka forseta að hann skuli vilja skoða málið. Ég vona að hann komist að þeirri niðurstöðu að málið verði tekið á dagskrá eins fljótt og hægt er. Ég ítreka að þetta er eina tillagan sem fram hefur komið á Alþingi Íslendinga fram að þessu, a.m.k. þar sem gert er ráð fyrir því að tekist sé á við hinn erfiða vanda strandveiðiflotans og landvinnslunnar og að fundin sé lausn á honum.

Stjórnarskipunarlög, 3. umr.

Frv. DO o.fl., 254. mál (kjördæmaskipan). — Þskj. 845.

[12:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég lýsti við 2. umr. þessa máls og reyndar einnig að hluta til við 1. umr. viðhorfum mínum til þess og þau birtust einnig í atkvæðagreiðslum eftir 2. umr. þar sem ég studdi sum ákvæði frv. en önnur ekki. Í tengslum við þá umræðu innti ég jafnframt eftir því hvar sú vinna væri á vegi stödd sem hæstv. forsrh. hefur haft forgöngu um að láta vinna í tengslum við þetta mál og lýtur bæði að ýmsum þáttum byggðamála og aðgerðum til jöfnunar á því sviði og einnig að því að bæta starfsaðstæður þingmanna í ljósi hinnar nýju kjördæmaskipunar sem leiða mundi af lögfestingu þessa frv. eða fylgja kosningalagabreytingum sem tengdar eru við þetta stjórnarskrárfrv.

Mér kunnugt um, herra forseti, að sú nefnd sem skipuð var fulltrúum allra flokka undir formennsku hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar hefur nú lokið störfum og skilað áliti sínu til forsrh., og ég tel að eðlilegt sé að við fáum upplýsingar um þá vinnu í raun og veru og það hvernig hæstv. forsrh. hyggst taka á málinu í framhaldinu áður en við ljúkum umfjöllun um þetta frv. sem er á dagskrá, frv. til stjórnarskipunarlaga. Ég lít svo á að það sé hluti af hinu pólitíska baklandi, svo maður segi ekki hinni pólitísku samstöðu um málið því að hún er að vísu ekki að öllu leyti fyrir hendi. Um þetta mál er nokkur ágreiningur en hann er þó minni en ella væri, hygg ég, ef ekki kæmi það til að flokkarnir urðu sammála um að skipa fulltrúa í nefnd til að taka á ýmsum þáttum byggðamála og til að fara yfir það sem ég áður nefndi um starfsaðstæður þingmanna og stuðning við þingmannsstarfið, ekki síst þegar hin nýju og stóru kjördæmi samkvæmt kosningalagafrv., sem hér er fskj. með stjórnarskrárbreytingunni, verða orðin að veruleika eða ef það verður að veruleika.

Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að við fáum einhverjar upplýsingar um hvernig þessi mál eru á vegi stödd og samhengi þessara hluta. Ég óska eftir því að ef hæstv. forsrh. getur ekki komið til umræðunnar og upplýst okkur um þessi

efni verði henni ella frestað. Mér finnst að það sé eðlilegt, áður en við ljúkum efnislegri umfjöllun um þetta mál og umræðu lýkur, að við fáum einhverjar upplýsingar hér um. Þar á meðal hvort og þá hvernig er nauðsynlegt að lögfesta heimildarákvæði, t.d. með sérstöku fjáraukalagafrv. eða öðrum slíkum hætti sem kann að reynast nauðsynlegt til að hægt sé að hefja fyrsta áfanga þessara aðgerða, tengda þessu frv., á yfirstandandi ári. Mér er nær að halda að það sé bráðnauðsynlegt til þess að ýmiss konar undirbúningur geti þá farið af stað að slíkar heimildir yrðu veittar, væntanlega helst áður en Alþingi lýkur störfum á þessu kjörtímabili og þá e.t.v. í allra síðasta lagi að það slyppi ef fyrir lægi pólitísk samstaða um að slíkar heimildir yrðu veittar á vorþingi því sem saman kemur að afloknum væntanlegum alþingiskosningum.

Að öðru leyti, herra forseti, vísa ég til þess sem ég hef áður sagt um afstöðu mína til frv. Ég hef verulega fyrirvara á um vissa þætti málsins, bæði þá sem eru inni í stjórnarskipunarlögunum en þó ekki síður kannski útfærslu og afmörkun kjördæma í fylgifrv., þ.e. í þeim drögum að frv. til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis sem fylgja með sem fskj. I með málinu.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri, herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. komist til umræðunnar og geti veitt okkur einhverjar upplýsingar um það sem ég hef hér spurt. Bæði við 1. og 2. umr. málsins lagði ég þunga áherslu á það af minni hálfu að ég vildi að samhengi þessara hluta lægi ljóst fyrir og hvernig þeim stuðningsaðgerðum og því átaki, til að mynda í samgöngumálum, sem við þetta hefur verið tengt reiddi af. Það er bæði efnislega eðlilegt að taka hér til umfjöllunar vegna þess að samgöngurnar hafa vissulega áhrif á aðstæður innan hinna nýju kjördæma en líka sökum þess að það er hluti af hinu pólitíska baklandi sem þetta mál er í samhengi við.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna athugasemdar sem hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði hér áðan vil ég taka fram að nefnd sú, sem skipuð var að tilhlutan þeirra sem störfuðu í nefnd um breytta kjördæmaskipan, er um það bil að skila af sér skýrslum og tillögum. Hún hefur náð samkomulagi en á eftir að ganga formlega frá skjalinu. Ég hef haft tækifæri til að fylgjast með störfum nefndarinnar á starfstíma hennar og gert ríkisstjórninni óformlega grein fyrir því í hvaða átt tillögur nefndarinnar gengju. Það er stuðningur við þann málatilbúnað í ríkisstjórninni.

Að því leyti sem tillögur nefndarinnar munu gera kröfu til að afstaða sé tekin til veitinga fjármuna í tiltekna þætti, t.d. í vegaframkvæmdir, mundi ríkisstjórnin afla slíkra heimilda og ábyrgjast pólitískt að slíkar tillögur mættu ná fram að ganga. Þegar hafður er í huga þessi skilningur ríkisstjórnarinnar og jafnframt hinn víðtæki stuðningur sem við nefndarstarfið er í þinginu, þar sem allir þingflokkar tilnefndu í nefnd þessa og innan hennar er góð samstaða, tel ég tryggt að þær viljayfirlýsingar, hugmyndir og tillögur sem þar koma fram hljóti brautargengi innan þeirra tímamarka sem nefndin sjálf setur sér.

[13:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessar upplýsingar. Ég tel mikilvægt að þær komi fram. Þær skýra stöðu málsins. Hér gaf hæstv. forsrh. þá yfirlýsingu að ríkisstjórnin — ef allt gengur eftir og ég hef rétt skilið — mundi veita nauðsynlegar heimildir til að hefja framkvæmd á tillögum byggðanefndarinnar í væntanlegu fjáraukalagafrv. Þar með væri fyrir því séð að lögformlegur undirbúningur að framkvæmd þessara tillagna gæti hafist, þ.e. flýtingu vegaframkvæmda, jöfnun orkuverðs, jöfnun námskostnaðar og fleiri þátta. Ég tel þetta mjög mikilvægt og vona að áður en þingið lýkur störfum hafi hæstv. ríkisstjórn gefist kostur á að kynna sér tillögurnar, taka þær fyrir á formlegum fundi og afgreiða málið. Það mundi þá a.m.k. hafa fengið þá stöðu áður en Alþingi lýkur störfum og við greiðum atkvæði um þetta frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

Ég geri alls ekki lítið úr þeim tillögum sem þarna eru á ferðinni. Ég tel að þær marki skref, séu afgerandi viðleitni til að taka á í byggðamálum og viðleitni sem tengist þeim breytingum sem hér eru á dagskrá, þó auðvitað þurfi fleira að koma til. Eftir stendur afstaða manna og afstaða mín þar á meðal, til þessa stjórnarskipunarlagafrv. og þeirra breytinga á kosningafyrirkomulagi sem tengjast því. Ég vísa til þess sem ég hef áður látið koma fram í þeim efnum en þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur veitt.

[13:08]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Vegna mismælis forseta um að ég sé þingmaður Norðurl. e. vil ég benda á að enn hefur Norðausturkjördæminu mikla ekki verið komið á eins og stefnt er að samkvæmt tillögum kjördæmanefndarinnar sem mótaði hugmyndir um kjördæmamörk og stærð kjördæma.

Ég ætla að nefna örfá atriði við 3. umr. þessa mikilsverða máls. Fyrst af öllu vil ég nefna kjarnann í frv. Hér er verið að skapa rammann fyrir kjördæmaskipan í landinu þó að mörk séu ekki fastsett. Með þeirri bindingu sem felst í ákvæðum þessa frv., um að kjördæmi skuli vera fæst sex en flest sjö og að í hverju kjördæmi skuli vera minnst sex kjördæmissæti, eru menn að setja ramma sem bindur mjög möguleikana á að breyta mörkum kjördæma og stærð þeirra, frá því sem hugmyndir hafa legið fyrir um. Þó að þarna hafi orðið viss breyting á til minnkunar er hún að mínu mati engan veginn fullnægjandi.

Ég tel að í ljósi þess sem hér stendur til að lögfesta verði mjög stór kjördæmi á landsbyggðinni, alveg sérstaklega á fámennustu svæðum. Þar hugsa ég sérstaklega til austurhluta landsins. Þegar það er njörvað niður, að í hverju kjördæmi skuli vera minnst sex kjördæmissæti þá eru menn að setja ákveðinn ramma utan um Austurkjördæmið, sem ég hefði kosið að nefna svo, en ekki Norðausturkjördæmi sem verður óhjákvæmilega afar víðlent og hugmyndir standa til að taki til hálfs Íslands. Þetta tel ég mikla hugsanavillu, að líta ekki meira til landfræðilegra staðhátta í sambandi við rammann í stjórnarskrá, að ekki skuli mögulegt að stilla landfræðilegri stærð kjördæma í hóf. Ég hef áður látið það koma fram við þessa umræðu, virðulegur forseti, að ég hefði verið reiðubúinn að gera allt aðrar breytingar á stjórnskipan landsins en hér er lagt upp með. Ég hefði viljað koma á millistjórnstigi í landinu, sem festi í sessi umdæmi sem hægt væri að miðla til verkefnum frá ríkinu í fjölda málaflokka. Það er umræða sem hefur lengi verið í gangi en hefur ekki notið fullnægjandi stuðnings. Hefði slíkt fengist hefði ég talið koma vel til greina að Ísland allt væri eitt kjördæmi í kosningum til löggjafarþingsins, til Alþingis. Þá hefði verið

úr sögunni hin mikla togstreita sem verið hefur í gangi, oft á miklum misskilningi byggð, um vægi atkvæða á bak við þingmenn á hinum einstöku svæðum. En það horfir ekki svo að tekið verði tillit til þessara sjónarmiða. Ég mun taka afstöðu til þessa frv. í ljósi þess að ég er mjög andvígur þeirri grunnhugsun sem hér er á ferðinni.

Ég hef nefnt það áður og ítreka að ég tel að sú hugmynd að skipta Reykjavíkurborg upp í tvö kjördæmi sé illa til fundin, fjarstæðukennd og gangi gegn allri eðlilegri hugsun í sambandi við stjórnsýslu hér í Reykjavíkurborg. Borgin er ekki það víðfeðmt svæði að menn muni um að fara um það og ná þar sambandi við kjósendur. Það hefur verið nefnt sem röksemd fyrir því að skipta höfuðborginni upp í tvö kjördæmi að hér sé erfitt að halda sambandi við fólk. Fyrir þann sem gegnt hefur störfum um áratugi sem þingmaður á víðlendu svæði eins og Austurlandi finnst mér röksemdir af þessum toga missa marks og mér líst ekki á að það verði niðurstaðan, að höfuðborginni Reykjavík verði skipt upp með þessum hætti.

Í sambandi við hin stjórnstigin, þ.e. hugmyndina um fylki eða millistjórnstig milli ríkis og sveitarfélaga, er það að segja að mér líst ekki á þá þróunina varðandi sveitarfélögin og stærð þeirra. Menn hafa horfið að því að reyna að sameinast um stærri verkefni með því að stækka sveitarfélögin. Það hefur sumpart gengið verulega út fyrir það sem ég tel skynsamlegt þegar um sveitarfélög er að ræða. Eðli sveitarfélaga á að vera að þeir sem þar eru kosnir fulltrúar séu nálægt umbjóðendum sínum og hafi staðarþekkingu. Þegar talað er um að láta sveitarfélag spanna svæði sem til skamms tíma og jafnvel enn í dag eru kjördæmi, þá eru menn að fara yfir eðlileg mörk. Vegna þessara sjónarmiða hefðu menn átt að leita leiða til að stofna til millistjórnstigs í landinu, lofa sveitarfélögunum að þróast eftir aðstæðum og ekki hvetja þau, þótt með óbeinum hætti væri, til að spanna svo víðlend svæði að samkenndin rofni. Í þetta stefnir þó, því miður.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð til viðbótar. Þó vildi ég aðeins nefna að menn þyrftu ekki að flýta sér svo mjög með þær stjórnarskrárbreytingar sem hér eru á döfinni. Miðað við að fyrst yrði kosið árið 2003, eftir þeim breytingum sem hér er verið að lögfesta og væntanlegum breytingum á kjördæmaskipan, vil ég nefna að unnt væri að að innleiða viðkomandi breytingar sem samstaða tækist um á árinu 2003 eða mjög nálægt því. Þá yrði efnt til tvennra kosninga til að ná fram stjórnarskrárbreytingu. Ef sá kostur hefði orðið fyrir valinu, hagræðið af því er í mínum huga það, hefði gefist kostur á að ræða þessi mál betur en gert hefur verið, fá meiri snertingu við fólkið í landinu í sambandi við þessar breytingar.

Ég tek eftir því að það hefur í rauninni verið allsendis ónóg kynning og umræða um þessar breytingar víða um land. Ég þykist vita að menn séu komnir nálægt leiðarenda í þessu máli og til lítils sé að nefna hugmyndir af þessum toga. Ég vil þó gera það hér. Þá hefðu menn svigrúm til þess að fresta stjórnarskrárbreytingunni í þrjú ár, alveg fram undir lok næsta kjörtímabils, efna til tvennra kosninga árið 2003 og kjósa þá í seinni kosningum eftir þeim breytingum sem ákveðnar hefðu verið í stjórnarskrá og kosningalögum.

Ég vil engu spá, virðulegur forseti, um hversu lengi sú skipan sem hér er verið að setja ramma um muni halda. Ég óttast að þau nýmæli sem hér eru innleidd með þessum geysilega stóru kjördæmum, landfræðilega, og uppskiptingu höfuðborgarinnar, sem ekki spannar yfir stórt svæði, séu óskynsamlegar og ekki það sem við þurfum öðru fremur á að halda.

[13:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég býst nú ekki við að menn mundu treysta sér til þess að sjá fyrir hvort aðstæður verði þannig eftir þrjú til fjögur ár í þjóðfélaginu að mönnum þætti þá rétt að efna til tvennra kosninga. Það getur farið eftir því hvernig ástatt er í þjóðfélaginu hvort menn telja það rétt eða óvarlegt jafnvel að gera það, eins og menn þekkja.

Í annan stað vil ég nefna að áður hefur ekki tekist þó þetta víðtæk samstaða um kjördæmabreytingu, svo mikla kjördæmabreytingu eins og hér er verið að framkvæma. Það er þakkarefni að milli flokkanna sem slíkra næst sú samstaða að allir flokksformennirnir eða oddvitar allra flokkanna sameinast um að flytja þetta mál.

Þó er það svo, þrátt fyrir þessa ríku samstöðu sem ég nefni svo, að væntanlega er ekki hægt að finna einn einasta þingmann og fá hann til að koma hér upp og segja: Þetta er frv. eins og ég vildi nákvæmlega hafa það. Það gengur í hina áttina gagnvart þessari miklu samstöðu.

Ég get alveg tekið undir það sem 1. þm. Reykv. og fyrrum borgarstjóri, að mér finnst ekki æskilegt í sjálfu sér að skipta Reykjavík í tvö kjördæmi. Ég sé á því annmarka. Ég sé ekki út af fyrir sig á því neina þörf fyrir Reykjavík sem slíka, ég get ekki fært rök fyrir því. Á hinn bóginn samþykkti ég það fyrir mitt leyti í því skyni að ná fram sáttum því að þeir sem unnu að þessum málum af hálfu flokkanna töldu að það væri forsenda þess að ná mætti allvíðtækri sátt um málið. Og þá féllst maður á það sáttarinnar vegna.

Ég vil líka taka fram að þær síðustu breytingar sem gerðar hafa verið í meðferð málsins af hálfu Alþingis hafa enn gengið til móts við sjónarmið þeirra sem hafa talið að tillögurnar hafi í upphafi gengið um of á hag landsbyggðar, þannig að þar hefur aðeins verið slegið til baka þó að hv. þm. teldi ekki nóg að gert, þar eru þó stigin ákveðin skref.

[13:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég harma það að sjónarmið hæstv. forsrh. vógu ekki þyngra en raun ber vitni í sambandi við höfuðborgina og það kjördæmi sem hæstv. forsrh. er 1. þm. fyrir. Ég hef í raun ekki skilið þau rök sem þar voru færð fram en þau munu vera þau aðallega að þingmannatalan í kjördæmunum ætti að verða sem jöfnust, það væri meginkeppikefli. Ég gef mjög lítið fyrir þá röksemd að þingmannahópur í hverju kjördæmi landsins sé álíka fjölmennur, en það mun hafa verið meginröksemdin fyrir uppskiptingu Reykjavíkur. Ég tel í rauninni að það sjónarmið hafi ráðið furðu miklu í starfi og frumtillögu nefndarinnar, sem menn síðan komust ekki út úr, að halda þessum hópum svona nálægt því jafnstórum, sem leiddi til þessara geysilega stóru landsbyggðarkjördæma sem fara langt út fyrir þann ramma sem líklegt er að þingmenn miðað við þá starfshætti sem þróast hafa og fólkið á landsbyggðinni a.m.k. vill að haldnir séu í heiðri, að þeir hafi samband við sinn þingmann. Þessi stóru kjördæmi gera það illkleift ef ekki ómögulegt að halda uppi starfsháttum af þeim toga.

Það er þetta sem ég gagnrýni og sem ég óttast að verði ekki til velfarnaðar. Fyrir utan það að hér er gengið þvert á þær hefðir sem skapast hafa í sambandi við samstarf sveitarfélaga og er ekki séð fyrir því hvað sú röskun mun hafa í för með sér.

En það er auðvitað jafnljóst, eins og hæstv. forsrh. mælti hér áðan, að auðvitað var ekki við því að búast að menn fengju einhverja séróskir lögfestar í þessum efnum og ég hafði heldur ekki reiknað með því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðalög, 1. umr.

Stjfrv., 547. mál (fulltrúar í jarðanefndir). — Þskj. 872.

[13:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir tiltölulega lítilli breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, sem fjallar um skipan í jarðanefndir. Þær eru þannig skipaðar að einn fulltrúi í jarðanefndinni er tilnefndur af héraðsnefndum. Nú er það svo að héraðsnefndir hafa hingað til verið eins konar samstarfsvettvangur sveitarfélaga, en við breytingar á skipan sveitarfélaga, fækkun sveitarfélaga og stækkun þeirra, hefur hlutverkum héraðsnefnda sums staðar verið lokið og þær eru ekki alls staðar til og ekki alls staðar starfandi. Það er fyrirsjáanlegt að svo muni verða áfram á næstunni og við þetta hafa skapast nokkur vandamál varðandi starfsemi jarðanefnda á viðkomandi stöðum.

Jarðanefndirnar hafa mörg mikilvæg hlutverk samkvæmt ábúðarlögum og jarðalögum og þess vegna mjög erfitt að slíkar nefndir skuli ekki vera starfandi að fullu skipaðar og eðlilegar samkvæmt lögum.

Því er gerð hér tillaga um að ákvæðum 4. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að héraðsnefndir tilnefni fulltrúa í jarðanefndir skuli breytt á þann hátt að sýslumenn taki við því hlutverki héraðsnefndanna að tilnefna einn fulltrúa í jarðanefndir og með því móti gætu þær þá verið á ný fullskipaðar á eðlilegan hátt.

Ég held að þetta sé svo skýrt mál, hæstv. forseti, að ekki þurfi að hafa um það mörg orð. Þetta er til komið vegna þessara breytinga sem hafa verið að gerast og nauðsynlegt að fá einhvern annan vettvang til að geta fullskipað þessar nefndir.

Ég legg því til að að umræðunni lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður landbúnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 577. mál. — Þskj. 950.

[13:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997. Hér er út af fyrir sig um tiltölulega lítið frv. að ræða en efni þess getur þó skipt verulegu máli fyrir þá sem njóta þjónustu lánasjóðsins og fá frá honum lánveitingar.

Með bréfi, dags. 29. janúar sl., óskaði stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins eftir því að ráðherra beitti sér fyrir, þegar þeim lögum sem sjóðurinn starfar eftir yrði breytt í þá veru sem hér er lagt til, að lánshlutfall verði hækkað úr 60% í 65% kostnaðarverðs þar sem það á við og lán til kaupa á jörðum megi vera allt að 70% í staðinn fyrir 60%, eins og nú er.

Rök stjórnarinnar voru þau að hækkun á almennu lánshlutfalli í 65% yrði til þess að sjóðurinn gæti veitt viðskiptamönnum sínum sambærilega þjónustu og aðrar fjármálastofnanir, samanber t.d. Íbúðalánasjóð sem starfar eftir lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998. Þá telur stjórn sjóðsins mikilvægt til þess að greiða fyrir nauðsynlegri nýliðun í landbúnaði að hafa mögulegt lánshlutfall til kaupa á jörðum allt að 70% af matsverði eignarinnar.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn., sem fylgir hér með, er skýrt út að samkvæmt upplýsingum frá lánasjóðnum telji sjóðurinn að útlán hefðu getað orðið 25–30 millj. kr. hærri á árinu 1998 ef lánshlutföll hefðu verið þau sem hér er lagt til. En auk þess greinir lánasjóðurinn frá því viðhorfi að hagkvæmari lánskjör ættu að stuðla að betri skilum og draga úr áhættu á útlánatapi. Þetta er því ekki einungis til hagsbóta fyrir lántakendur heldur er þetta líka til hagsbóta fyrir lánasjóðinn og styrkir í raun efnahagsstöðu hans. Það er því tvímælalaust hagur beggja aðila, lántakenda og lánasjóðsins að þessi breyting nái fram að ganga.

Fjmrn. telur að samþykkt frv. hafi ekki í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, enda verði þess gætt að taka ekki meiri áhættu við ákvörðun um útlán en verið hefur.

Ég held að ekki þurfi að hafa um þetta fleiri orð, hæstv. forseti. Þetta er mjög skýrt, og tiltölulega einföld breyting. Ég legg því til að að umræðu lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 590. mál. — Þskj. 986.

[13:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Frv. er tvær greinar. Þar af er 2. gr. gildistökuákvæði, hin greinin felst í því að inn í ákveðna upptalningu í aukatekjulögunum bætist hugtakið „sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur“. Í þessu felst að lagt er til að innheimt verði sama gjald fyrir skráningu sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur og fyrir skráningu einkahlutafélaga.

Virðulegi forseti. Ekki er gert ráð fyrir því að málið gangi til nefndar heldur beint til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsráð Íslands, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 591. mál. — Þskj. 987.

[13:27]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Útflutningsráð. Frv. er þess efnis að 2. mgr. 7. gr. laganna falli brott og að lög þessi öðlist þegar gildi.

Gerð var sú breyting á lögum um Útflutningsráð í lok síðasta árs að markaðsgjaldið í þeirri mynd sem það var áður féll niður en upp var tekið nýtt markaðsgjald sem hlutfall af tryggingagjaldsstofni. Á ferðinni hefur verið ákveðinn misskilningur eða umræður um hvort þessi breyting hafi verið ófullkomin þannig að innheimta þyrfti tvöfalt markaðsgjald á árinu 1999. Með samþykkt þessa frv. væri verið að taka af öll tvímæli í því máli þannig að einungis yrði einföld innheimta markaðsgjalda á þessu ári eins og til stóð.

Virðulegi forseti. Ekki er gert ráð fyrir því að frv. gangi til nefndar heldur beint til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landsvirkjun, 1. umr.

Frv. iðnn., 592. mál. — Þskj. 1005.

[13:29]

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum.

Frv. er flutt af iðnn. og snýr að eignaraðild á Landsvirkjunarfyrirtækjum, ekki ólíkt og ekki óskylt frv. því sem við ræddum hér fyrir stuttu síðan í sambandi við Rafmagnsveitur ríkisins.

Frv. er svohljóðandi:

1. gr. Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi:

Landsvirkjun er einnig heimilt að stofna og eiga hlut í innlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknar- og þróunarverkefni, þó ekki að taka að sér ráðgjöf eða verktöku í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði hér á landi. Þá er Landsvirkjun heimilt að eiga aðild að innlendum fyrirtækjum sem annast framleiðslu, flutning, dreifingu eða sölu orku.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Í greinargerð segir að frv. þetta miði að því að afla Landsvirkjun lagaheimildar til að eiga í fyrirtækjum innan lands sem takast á hendur rannsóknar- og þróunarverkefni eða framleiðslu, flutning, dreifingu eða sölu orku, þ.e. heits vatns, gufu og rafmagns.

Með breytingum á lögum um Landsvirkjun sem gerðar voru á 121. löggjafarþingi var tekin upp í 2. gr. laganna heimild fyrir Landsvirkjun til að hagnýta þá þekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála til verkefna erlendis með því að taka að sér verkefni fyrir fyrirtæki eða stofna og eiga hlut í erlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknir, ráðgjöf eða aðra þjónustu á sviði orkumála eða aðra starfsemi tengda orkumálum. Ekki var þá gert ráð fyrir að til beinnar eignaraðildar Landsvirkjunar gæti komið að öðrum fyrirtækjum hérlendis og tekið fram að til slíkrar þátttöku þyrfti því sérstaka lagaheimild.

Frá því að starfsheimildir Landsvirkjunar voru auknar á þann hátt sem að framan getur hefur átt sér stað ör þróun hérlendis að því er varðar rannsóknir á orku- og orkunýtingarkostum. Jafnframt er hafin endurskoðun á skipulagi og skipan orkumála.

Í vinnslu eða undirbúningi eru ýmis verkefni á sviði orkumála með þátttöku orkufyrirtækja þar sem þátttaka og eignaraðild Landsvirkjunar þykir æskileg, bæði af hálfu annarra verkefnisaðila og af hálfu Landsvirkjunar. Má sem dæmi taka fyrirhugað félag um rannsóknir á háhitasvæðinu í Öxarfirði og innlent félag sem hefur verið stofnað vegna rannsókna og þróunar á vetni og notkun þess. Að óbreyttum lögum getur Landsvirkjun ekki gerst eignaraðili að slíkum félögum og er frumvarpi þessu ætlað að bæta úr því. Jafnframt miðar frumvarpið að því að veita Landsvirkjun heimild til að stofna og eiga hlut í innlendum fyrirtækjum sem stofnuð kynnu að vera til að framleiða, flytja, dreifa eða selja orku. Eignaraðild Landsvirkjunar að slíkum fyrirtækjum gæti hvort heldur komið til í framhaldi af einstökum rannsóknar- og þróunarverkefnum, hún tengst breytingum á skipan orkumála eða eignarhaldi nýrra virkjana.

Í frumvarpinu felst hvorki heimild til eignaraðildar að fyrirtækjum á öðrum sviðum né til að taka að sér ráðgjöf eða verktöku hér á landi í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði. Gert er ráð fyrir að stjórn og forstjóri Landsvirkjunar marki stefnu og taki ákvarðanir um eignaraðild Landsvirkjunar að öðrum fyrirtækjum. Skuldbindingar sem slíkri eignaraðild fylgja ber hins vegar að flokka með skuldbindingum sem 14. gr. laga um Landsvirkjun tekur til, en samkvæmt þeirri grein þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól, bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs, á ári hverju.

Svo mörg voru þau orð, virðulegi forseti. Ég vænti þess að þetta mál fái greiða leið í gegnum þingið. Eins og ég gat um stendur iðnn. öll að flutningi þess, að beiðni Landsvirkjunar.

[13:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. frsm. um þetta mál stend ég sem fulltrúi í iðnn. að þessu frv. Það er flutt til samræmis við sambærilega breytingu á lögum um Rarik. Þetta frv. er reyndar mjög skrýtið eins og sambærileg ákvæði í lögum um Rarik. Hér er löggafarsamkundan að gefa stjórn ákveðins fyrirtækis heimild til að kaupa hlut í öðru fyrirtæki. Þetta er náttúrlega mjög skrýtið en er víst nauðsynlegt þar sem þessi geiri er allur saman rekinn með lögum frá Alþingi.

Herra forseti. Ég stend að þessu frv. í trausti þess að fylgt verði þeirri áætlun ríkisstjórnarinnar að auka samkeppni í orkumálum, breyta eignarformi og helst eignarhaldi í orkugeiranum. Ég treysti því að tekin verði upp hlutafélagavæðing á þessum fyrirtækjum. Landsvirkjun jafnvel skipt upp. Helst vildi ég einkavæða allt heila batteríið, því þetta er stærsti geirinn í íslensku atvinnulífi sem enn er fastur í höndum opinberra aðila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:35]

Útbýting þingskjals:

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 223. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1023.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 593. mál. — Þskj. 1008.

[13:37]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem kemur frá allshn. 1. október sl. tóku gildi breytingar á lögum um ríkisborgararétt og urðu nokkrar breytingar á skilyrðum um veitingu ríkisborgararéttar. Helsta breytingin er fólgin í að dómsmrh. var veitt heimild til að veita þeim íslenskan ríkisborgararétt sem uppfylla lögbundin skilyrði. Eftir sem áður getur Alþingi veitt ríkisborgararétt með lögum, sbr. 6. gr. laga nr.100/1952. Þeim sem ekki uppfylla öll lögbundin skilyrði er gefinn kostur á að senda sérstaka greinargerð til allshn. þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir því hvers vegna þeir telja að gera eigi undanþágu í þeirra tilviki. Að þessu sinni bárust 12 slíkar umsóknir til nefndarinnar.

Nefndin leggur til að ein undanþága verði veitt að þessu sinni. Þar er um að ræða barn sem ættleitt var af íslenskri konu og færeyskum manni á fyrri hluta ársins 1998. Barnið uppfyllir ekki skilyrði til að fá ríkisfang kjörföður og við ættleiðinguna uppfyllti það ekki heldur skilyrði til að fá ríkisfang kjörmóður. Hefði barnið verið ættleitt eftir 1. okt. sl. er lögunum um íslenskan ríkisborgararétt var breytt, hefði það hins vegar öðlast íslenskt ríkisfang. Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til að barninu verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur með lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögskráning sjómanna, 1. umr.

Frv. samgn., 594. mál. — Þskj. 1014.

[13:39]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 43/1987, um lögskráningu sjómanna, með síðari breytingum. Frv. er á þskj. 1014, 594. mál.

Árið 1994 urðu tímamót í öryggismálum sjómanna þegar lögfest var öryggisfræðsla fyrir sjómenn. Samkvæmt lögunum var yfirlýsing um að skipverji hefði hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan sambærilegan hátt gerð að skilyrði fyrir lögskráningu hans. Skipstjórnarmönnum var veittur frestur til 31. desember 1995 til að fullnægja ákvæðinu, en öðrum skipverjum til 31. desember 1996.

Með lögum nr. 119/1997, um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, var framlengdur aðlögunartíminn og kveðið á um að þeir skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar sem höfðu skráð sig á námskeið hjá Slysavarnaskólanum fyrir 1. janúar 1998 fengju frest til 1. apríl 1999 til að fullnægja skilyrðum 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna um öryggisfræðslunámskeið.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að lögskrá þann sem ekki hefur hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna, enda liggi fyrir staðfesting skólans á að viðkomandi hafi látið skrá sig á námskeið og hvenær það fari fram. Ef skipstjórnarmaður eða aðrir skipverjar mæta ekki á námskeið sem þeir eru skráðir á er lögskráningarstjóra óheimilt að lögskrá þá, nema viðkomandi hafi haft fullgildar ástæður fyrir forföllum sínum að mati Slysavarnaskóla sjómanna, hafi skráð sig að nýju á öryggisfræðslunámskeið skólans og muni ljúka námskeiði fyrir 1. apríl 2001.

Samkvæmt upplýsingum frá Slysavarnaskóla sjómanna og Siglingastofnun Íslands hafa ekki staðist áætlanir um fjölda sjómanna sem ekki höfðu undirgengist námskeið og ljóst er að töluverður hópur skipstjórnarmanna og annarra skipverja munu ekki eiga þess kost að gangast undir námskeið fyrir 1. apríl 1999 þótt þeir hafi skráð sig fyrir síðustu áramót.

Með hliðsjón af þeim fjölda sjómanna sem nú er skráður á öryggisfræðslunámskeið Slysavarnaskóla sjómanna og að ekki hefur verið hægt að henda reiður á nýliðun í sjómannastétt þykir rétt að hafa frestinn rúman eða til 1. apríl 2001 þannig að þeir sem hefja sjómennsku á tímabilinu fái hæfilegan viðbótarfrest til að uppfylla skyldur sínar.

Töluverðar umræður urðu um þetta mál á sínum tíma í samgn. þegar frv. var í undirbúningi. Fram kom að samgöngunefndarmenn voru fremur óánægðir með að ekki skyldi takast að ljúka þessu námskeiði fyrir tilskilinn tíma. Við fórum á sínum tíma rækilega ofan í málið og vorum þess fullviss að hægt væri að ljúka þessum námskeiðum fyrir tilskilinn frest eins og lögin kváðu á um þegar þau voru samþykkt. Það hefur hins vegar komið í ljós og nú standa menn einfaldlega frammi fyrir því að stór hópur sjómanna hefur ekki átt þess kost að fara á þessi námskeið vegna þess að ásóknin í þau er meiri en menn hugðu. Það er út af fyrir sig ánægjulegt mál. Þess vegna stöndum við frammi fyrir því, verði lögunum er ekki breytt í þá veru sem hér er lagt til, að stór hluti flotans stöðvist og það viljum við að sjálfsögðu ekki. Um leið leggjum við ríka áherslu á að því verði fylgt eftir að menn sæki námskeið í Slysavarnaskóla sjómanna. Það er reynt að setja hitann í haldið í þessum efnum með því að setja ákveðin tímatakmörk og að kalla eftir því að menn skrái sig á námskeiðin, skrái sig á ákveðnum tíma og þannig að þeim megi ljúka fyrir tilskilinn frest. Þannig munu allir lögskráðir íslenskir sjómenn hafa gengið í gegnum öryggisfræðslu Slysavarnaskóla sjómanna. Námskeiðið hefur verið mjög gagnlegt og komið að miklum notum. Það hefur verið liður í að reyna að draga úr hinni háskalegu slysatíðni hjá íslenskum sjómönnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegagerð í afskekktum landshlutum, síðari umr.

Þáltill. SJS og KHG, 73. mál. — Þskj. 73, nál. 1015.

[13:43]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um sérstakt átak í vegagerð í afskekktum landshlutum, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Kristinn H. Gunnarsson fluttu.

Nefndarálitið er á þskj. 1015, og er 73. mál.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að gert verði sérstakt átak til að ljúka uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á vegum sem tengja heila landshluta eða fjölmenn byggðarlög við meginþjóðvegakerfið og á næstu þremur árum verði varið allt að 2.500 millj. kr. úr ríkissjóði til þessa verkefnis, til

viðbótar fjármunum af vegáætlun, með það að markmiði að árið 2001 verði allir þéttbýlisstaðir þar sem íbúar eru 100 eða fleiri tengdir þjóðvegakerfi landsmanna með vegum með bundnu slitlagi.

Samgöngunefnd vekur athygli á því að unnið er að slíku átaki í sérstakri nefnd um byggðamál í tengslum við fyrirhugaða breytingu á kjördæmum og leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Stefán Guðmundsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Aðrir hv. nefndarmenn skrifa undir, auk formanns og frsm., hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Egill Jónsson, Ragnar Arnalds, Árni Johnsen, Magnús Stefánsson og Kristján Pálsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 1. umr.

Stjfrv., 585. mál. — Þskj. 978.

[13:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi sem er á þskj. 978 og er 585. mál þingsins.

Á undanförnum árum hafa af og til heyrst raddir sem hvetja til sértækra aðgerða stjórnvalda í því skyni að laða hingað erlenda framleiðendur kvikmynda. Þetta er vel þekkt meðal samkeppnislanda okkar og hefur víða reynst vel.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót sérstakt hvatakerfi til eflingar kvikmyndaiðnaði í landinu. Tillagan er gerð í kjölfar niðurstöðu starfshóps sem skipaður var af iðnaðarráðherra 14. október síðastliðinn, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Hópurinn fékk það hlutverk að fjalla um og gera tillögur um aðgerðir stjórnvalda til að efla kvikmyndaiðnað á Íslandi og laða að erlenda kvikmyndagerðarmenn.

Tillagan gerir ráð fyrir að komið verði á fót sérstöku hvatakerfi þannig að fyrir fram ákveðið hlutfall framleiðslukostnaðar sem til fellur hér á landi við gerð kvikmyndar verði greitt til baka þegar verkinu lýkur. Skýrt verði kveðið á um skilyrði vegna þessa, aðgerðin verði tímabundin og falli úr gildi í árslok 2005. Starfshópurinn telur að kerfi sem þetta hafi þá kosti að vera einfalt og gagnsætt, það þjóni jafnt innlendum sem erlendum kvikmyndaframleiðendum, það hvetji til uppbyggingar atvinnugreinarinnar á allra næstu árum og sé til þess fallið að efla innlenda kvikmyndagerð samfara því að erlend fyrirtæki sjái sér hag í starfsemi hér á landi. Lagt er til að komið verði á fót sérstöku endurgreiðslukerfi sem þykir einfalt í stað ýmiss konar skattaívilnana sem erfitt er að fylgja eftir í framkvæmd og eru til þess fallnar að mismuna atvinnugreinum í skattalegu tilliti.

Við mat á mögulegum stuðningsaðgerðum íslenskra stjórnvalda vegna eflingar kvikmyndagerðar hér á landi hafði starfshópurinn einkum eftirfarandi að leiðarljósi: Að aðgerðirnar auki áhuga erlendra kvikmyndafyrirtækja á starfsemi hérlendis, að aukin útgjöld ríkissjóðs vegna aðgerðanna taki mið af auknum tekjum, að aðgerðirnar séu einfaldar og gagnsæjar, að fyllsta jafnræðis sé gætt við stuðning stjórnvalda við fyrirtæki í greininni, að aðgerðirnar séu tímabundnar en gildi þó nægilega lengi til að þær verki hvetjandi á fjárfestingar í greininni og að þær efli innlendan kvikmyndaiðnað.

Með því að laða að erlenda kvikmyndagerðarmenn eykst þjálfun íslenskra kvikmyndagerðarmanna, unnt verður að auka tækjakost kvikmyndaiðnaðarins hér á landi og síðast en ekki síst að koma Íslandi, náttúru landsins og menningu á framfæri með þátttöku stórra erlendra kvikmyndaframleiðenda.

Gert er ráð fyrir að kerfið verði byggt þannig upp að endurgreitt verði tiltekið hlutfall af kostnaði við framleiðslu kvikmyndanna. Skilyrði er að kostnaðurinn falli til hér á landi. Beiðni um endurgreiðslu verður að berast áður en framleiðslan hefst og verður metið hvort forsenda er fyrir endurgreiðslu. Með beiðninni fylgdu þá gögn, svo sem kostnaðaráætlun, sem gæfu glögga mynd af umfangi verksins, hvernig fjármögnun væri háttað, ásamt staðfestingu fjármögnunaraðila, ef hann er ekki framleiðandi, o.fl. Ef iðnaðarráðuneytið teldi beiðnina endurgreiðsluhæfa gæfi það út vilyrði til framleiðanda um að tiltekið hlutfall af kostnaði sem til félli hér á landi yrði endurgreitt að lokinni framleiðslu hér. Að framleiðslunni lokinni yrði að leggja fram endurskoðað kostnaðaruppgjör þar sem fram kæmi skipting kostnaðar. Þá er gert ráð fyrir að félaginu verði slitið að lokinni framleiðslu og þar með tryggt að það hafi staðið skil á opinberum gjöldum hér á landi. Ákvörðun um endurgreiðslu byggðist á kostnaðaruppgjörinu þar sem metið yrði hvaða kostnaður yrði endurgreiðsluhæfur.

Með slíkri framkvæmd telur hópurinn að takast mætti að bjóða fram verulegan stuðning við kvikmyndagerð á Íslandi sem þó tæki alltaf fullt mið af þeim tekjum sem ríkissjóður hefði af starfseminni. Kerfið væri öllum opið og því nytu innlendir framleiðendur þess á við aðra.

Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að framleiðslukostnaður myndar megi ekki vera lægri en 80 millj. kr. Gert er ráð fyrir fullri endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins ef framleiðslukostnaður verkefnis er hærri en 120 millj. kr. en skertu endurgreiðsluhlutfalli ef framleiðslukostnaður verkefnis er á bilinu 80–120 millj. kr. Samkvæmt frumvarpinu er heimilt að endurgreiðsla hluta framleiðslukostnaðar nemi 12% kostnaðar 1999–2002 og 9% kostnaðar 2003–2005. Hafi umsækjandi hlotið styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands til framleiðslu sömu myndar getur hann ekki hlotið endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Innlendir kvikmyndagerðarmenn hafa raunar bent á að einnig kæmi til greina að fenginn styrkur úr Kvikmyndasjóði kæmi til frádráttar endurgreiðsluhæfs framleiðslukostnaðar og kerfið væri þannig einnig opið þeim sem nytu styrkja sjóðsins.

Færa má fyrir því haldbær rök að á endanum renni umtalsverður hluti þeirra fjármuna sem varið er til kvikmyndagerðar á Íslandi í ríkissjóð. Má t.d. nefna beina skatta launafólks og launatengd gjöld, tekjuskatt fyrirtækja, auknar tekjur af sölu á vöru og þjónustu o.fl. Með því að greiða ekki út styrk fyrr en viðkomandi verkefni er lokið er tryggt að ríkissjóður verður ekki fyrir útgjöldum nema með auknum tekjum. Raunar má fyllilega gera ráð fyrir að ef sett verða lög um slíkt hvatakerfi verði það til þess að auka umsvif kvikmyndagerðar á Íslandi og þá mun ríkissjóður njóta þess í auknum tekjum.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. iðnn. Alþingis.

[13:50]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum hér hefur í sér fólgið mjög gott markmið og við fyrstu sýn virðist það vera ljómandi gott. Það er verið að styrkja ákveðna atvinnugrein sem hefur ekki átt mikið upp á pallborðið og meira að segja eru færð rök fyrir því að ríkið fái þetta allt til baka þannig að þetta virðist vera allt ljómandi gott.

En, herra forseti, þetta eru sértækar aðgerðir. Þetta er styrkur til einnar atvinnugreinar en ekki til allra og það er vond reynsla af slíku. Það gerir það að verkum að í atvinnulífinu er ekki það framkvæmt sem skynsamlegast er heldur fara menn að framkvæma eitthvað sem ekki er endilega skynsamlegast vegna þess að ríkið er að styrkja þá atvinnugrein en ekki aðrar.

Þetta sýnir að menn hafa hreinlega ekki trú á markaðslögmálunum. Menn hafa ekki trú á því að atvinnulífið geti þróast hér á landi án þess að styrkja og pota inn í það og styrkja sérstakar atvinnugreinar. Í þessu sambandi vil ég benda á að við gætum líka styrkt hugbúnaðariðnaðinn. Það er ekki spurning. Við gætum líka styrkt bókaútgefendur sérstaklega o.s.frv.

Í greinargerðinni stendur að færa megi haldbær rök fyrir því að á endanum renni umtalsverður hluti þeirra fjármuna sem varið er til kvikmyndagerðar á Íslandi í ríkissjóð. Þetta á við um alla atvinnustarfsemi, ekki síður hugbúnaðariðnað alveg sérstaklega þar sem um er að ræða nánast eingöngu laun. Þarna er því verið að mismuna atvinnugreinum, nánast iðngreinum.

Ég hef miklar efasemdir um frv. og mér finnst að menn hafi fallið í þá freistni að vera með sértækar aðgerðir þó það hafi fyrir löngu sýnt sig að það er skaðlegt fyrir atvinnulífið í heild sinni. Ég spyr, herra forseti: Get ég farið út í heim, fundið eitthvert stórfyrirtæki og komið með það hingað heim til Íslands út á loforð um annað eins og þetta?

[13:52]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt sem fram kemur hjá hv. þm. að hér er verulega gott mál á ferðinni. Ég skynjaði það á orðum hv. þm. að hann telji í öllum meginatriðum að um gott mál sé að ræða. Það eina sem hv. þm. hefur áhyggjur af er að um sértækar aðgerðir er að ræða. Það er að vísu rétt. Það er um sértækar aðgerðir að ræða. En þær eru þó almennar að því leyti til að þetta gildir um eina atvinnugrein. Innlendir og erlendir aðilar standa jafnfætis hvað þetta snertir og það verður hv. þm. að hafa í huga. Hér er um algerlega tímabundnar aðgerðir að ræða í þeim tilgangi að kanna hvort sá möguleiki sé fyrir hendi að byggja upp kvikmyndaiðnað á Íslandi og hvort hann geti staðið á eigin fótum án nokkurrar aðstoðar eða sértækra aðgerða þegar því tímabili lýkur. Ef ekki, þá halda menn auðvitað ekki áfram. Ef þetta gengur, þá erum við búin að byggja upp mikilvæga atvinnugrein.

Hv. þm. tekur hugbúnaðariðnaðinn sem samlíkingu og það er réttmætt. Hins vegar hafa menn verið að gera ýmislegt með sértækum aðgerðum, ekki jafnstórtækt og hér er lagt til, gagnvart hugbúnaðinum með styrkjum frá Nýsköpunarsjóði, með styrkjum frá Átaki til atvinnusköpunar, með aðgerðum sem menn hafa verið að grípa til til að aðstoða þá grein. Þar gætu menn gert meira sem snýr m.a. að skattamálum, rannsóknum og þróunarstarfsemi og þar fram eftir götunum. Það á að skoða hvert mál út af fyrir sig.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 2. umr.

Stjfrv., 223. mál (vöruþróunar- og markaðsdeild). — Þskj. 250, nál. 988 og 1023.

[13:54]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Nefndin fjallaði um málið og sendi það til umsagnar. Nefndin gerir tillögu um eina litla breytingu þannig að inn komi ný grein sem felur í sér að ársreikningi sjóðsins skuli fylgja skrá yfir hlutafjárkaup, lánveitingar og óafturkræf framlög. Þetta mál var nokkuð rætt í nefndinni og niðurstaða meiri hlutans var að flytja brtt. þessa efnis.

Umræðu frestað.

Háskólinn á Akureyri, 2. umr.

Stjfrv., 510. mál (heildarlög). — Þskj. 822, nál. 1019.

[13:56]

Frsm. menntmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um Háskólann á Akureyri. Hér er um 510. mál að ræða en nál. er á þskj. 1019.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein og Gunnar Jóhann Birgisson frá menntamálaráðuneyti og Guðmund Heiðar Frímannsson forstöðumann kennaradeildar við Háskólann á Akureyri.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar þess og sem afleiðing þess að almenn lög voru sett um háskóla í árslok 1997. Þau lög hafa að geyma meginreglur um starfsemi háskóla þar sem kveðið er almennt á um hlutverk háskóla, stjórnsýslu hans og fjárveitingar til hans frá ríkisvaldinu. Við setningu framangreindra laga var gert ráð fyrir að lög hvers háskóla yrðu endurskoðuð og einfölduð, nánari útfærslur á starfsemi hvers skóla yrði að finna í sérlögum, reglugerð og öðrum reglum hvers skóla. Ákvæði frumvarpsins til laga um Háskólann á Akureyri eru í samræmi við þetta.

Nefndarálitið skýrir sig að öðru leyti sjálft. Ég vil taka fram að hv. menntmn. gerir tillögu um eina breytingu sem fram kemur í nál. og mælir með samþykkt frv. með þessari breytingu. Breytingin varðar orðalag 4. gr.

Undir nál. skrifa Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður menntmn., Svanfríður Jónasdóttir, Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Tómas Ingi Olrich og Kristín Ástgeirsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennaraháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 511. mál (doktorsnafnbót, kærumál, gjöld o.fl.). — Þskj. 823, nál. 1021, brtt. 1022.

[13:58]

Frsm. menntmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997. Hér er um 511. mál þingsins að ræða.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóri Ólafsson, rektor Kennaraháskóla Íslands, og Arndísi Hilmarsdóttur og Sigurð Sigurðarson frá nemendaráði Kennaraháskóla Íslands.

Lagt er til að bætt verði við lögin sérstökum kafla sem fjalli um kennslu, framkvæmd prófa og agaviðurlög. Þá er lagt til að bætt verði við ákvæði um heimild til gjaldtöku fyrir ýmsa þjónustu sem skólinn veitir og heimild til að semja við ýmsa aðila um að taka að sér þjónustu fyrir skólann. Einnig er lagt til að háskólinn hafi sams konar heimildir og aðrar háskólastofnanir til að veita doktorsnafnbót.

Breytingarnar auka við almennar heimildir skólans á mikilvægum sviðum og kveða einnig skýrar á um réttarstöðu stúdenta. Settar eru skýrari reglur um málsmeðferð í máli stúdents hafi hann gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans eða framkoma hans er talin ósæmileg eða óhæfileg. Þegar endanleg ákvörðun liggur fyrir eftir málsmeðferð innan skólans á stúdent þess kost að skjóta máli sínu til sérstakrar áfrýjunarnefndar sem hefur endanlegt úrskurðarvald.

Menntmn. mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, þingskjali 1022. Þær eru gerðar í þeim tilgangi að samræma hugtakanotkun laganna.

Undir nál. skrifa Sigríður Anna Þórðardóttir formaður, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Tómas Ingi Olrich og Hjálmar Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, 2. umr.

Frv. KHG, 44. mál. — Þskj. 44, nál. 1020.

[14:01]

Frsm. menntmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, nr. 28 4. febrúar 1952.

Nefndin hefur fjallað um málið. Umsagnir um það bárust frá Bandalagi íslenskra listamanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, byggðarráði Skagafjarðar, borgarstjóranum í Reykjavík, Stykkishólmsbæ, bæjarráði Árborgar, bæjarráði Reykjanesbæjar og Bandalagi íslenskra leikfélaga.

Í frumvarpi þessu er lagt til að lög sem heimila sveitarstjórnum að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar verði lögð niður. Fram kemur í fylgiskjali með frumvarpinu að heimild laganna virðist nú hvergi vera notuð.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Undir nál. rita Sigríður Anna Þórðardóttir formaður, Hjálmar Árnason, Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Tómas Ingi Olrich, Arnbjörg Sveinsdóttir og Svanfríður Jónasdóttir.

[14:02]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. Alþingi hefur á undanförnu kjörtímabili stöðugt verið að auka og búa til nýjar stofnanir ríkisins, stundum eina á viku. Nýir skattar og álögur hafa verið lagðar á. Því gleðst ég sérstaklega yfir því að loks er lagt til að eitthverjar af álögunum séu aflagðar, jafnvel þó að um tómt mengi sé að ræða, þ.e. að álögurnar séu ekki notaðar. Þess vegna fagna ég framlagningu frv. og styð eindregið að það verði afgreitt sem lög.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:03]

Raforkuver, 2. umr.

Stjfrv., 471. mál (Vatnsfells-, Búðarháls- og Villinganesvirkjanir). — Þskj. 776, nál. 1009, brtt. 1010.

[14:11]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum.

Við frv. eru fluttar brtt. sem eru á þskj. 1010:

„1. Við 1. gr.

a. Við 1. efnismgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

3. Jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Námafjall (Bjarnarflagsvirkjun) með allt að 40 MW afli.

b. 2. efnismgr. orðist svo:

Þá er iðnaðarráðherra heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði leyfi til að reisa og reka virkjun Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Villinganesvirkjun) með allt að 40 MW afli.

2. Við bætist ný grein er verði 2. gr., svohljóðandi:

Í stað „1. gr." í 3. og 4. gr. laganna, er verða 4. og 5. gr., komi hvarvetna: 1. og 2. gr.

3. Við 3. gr. er verður 4. gr. Við greinina bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Við 2. mgr. sömu greinar bætist: Vatnsfellsvirkjun, með allt að 110 MW afli, Búðarhálsvirkjun, með allt að 120 MW afli og Bjarnarflagsvirkjun, með allt að 40 MW afli."

Í nál. segir m.a. svo, virðulegi forseti:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ingimarsson frá iðnaðarráðuneyti, Friðrik Sophusson, Örlyg Þórðarson og Agnar Olsen frá Landsvirkjun, Steinar Friðgeirsson og Kristján Jónsson frá Rafmagnsveitum ríkisins, Ólaf Pétursson og Einar Pálsson frá Hollustuvernd ríkisins, Árna Bragason frá Náttúruvernd ríkisins, Árna Einarsson frá Náttúrurannsóknarstöðinni við Mývatn, Ólöfu G. Valdimarsdóttur frá Náttúruverndarráði, Ásgrím Guðmundsson frá Orkustofnun og Leif Hallgrímsson og Birki Fanndal frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

Umsagnir um málið bárust frá Rafveitu Sauðárkróks, Orkustofnun, Landvernd, Umhverfissamtökum Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Náttúruvernd ríkisins, Rafmagnsveitum ríkisins, Náttúruverndarráði, Landsvirkjun, Skipulagsstofnun, Þjóðhagsstofnun, Hollustuvernd ríkisins og sveitarstjórn Djúpárhrepps.

Frumvarpið er flutt til að afla lagaheimilda fyrir nýjum virkjunum, Vatnsfellsvirkjun og Búðarhálsvirkjun. Er þeim ætlað að mæta aukinni raforkuþörf á almennum markaði og vegna hugsanlegra stóriðjuframkvæmda á næstu árum, en samningaviðræður standa nú yfir um aukna orkusölu Landsvirkjunar, m.a. til Norðuráls hf. á Grundartanga. Undirbúningur þessara virkjunarkosta er langt kominn og því ástæða til að afla lagaheimilda fyrir þeim. Þykja þessir kostir hagkvæmir og áhrif þeirra á umhverfi og landnýtingu eru fremur lítil.

Þá er lagt til í frumvarpinu að heimild Landsvirkjunar til að reisa og reka Villinganesvirkjun verði felld niður, en Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi sem þær eiga aðild að verði veitt heimildin þess í stað. Er þessi breyting lögð til með hliðsjón af breyttum áherslum stjórnvalda í raforkumálum sem lúta m.a. að því að raforka úr nýjum virkjunum nýtist fyrst þeim byggðarlögum þar sem hún er unnin.

Iðnn. hefur farið og kynnt sér aðstæður á virkjunarstað við Villinganes og hlýtt á yfirgripsmikið og fróðlegt erindi um virkjunarkosti á þessu svæði, en áformað er að reisa við Villinganesvirkjun með 40 megavatta afli. Verður þessi virkjun því sem næst hrein rennslisvirkjun. Samfelldar vatnamælingar hafa staðið yfir síðan árið 1971 bæði í Austari- og Vestari-Jökulsá. Mikil þekking liggur fyrir um þennan mikilvæga þátt. Vetrarrennsli er mjög jafnt og tiltölulega mikið og er rekstraröryggi því talið fullnægjandi. Rannsóknarboranir benda til þess að bergið sem fyrirhuguð stífla mun standa á sé mjög þétt og jarðefni til stíflugerðar séu nærtæk. Hér virðist því um álitlegan virkjunarkost að ræða.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram ósk Landsvirkjunar þess efnis að nefndin beitti sér fyrir breytingu á frumvarpinu á þá leið að leyfð yrði virkjun jarðgufuorku til rafmagnsframleiðslu í Bjarnarflagi við Námafjall með allt að 40 megavatta afli. Kom fram að sveitarstjórn Skútustaðahrepps væri einhuga um stuðning við málið og hefði m.a. lýst áhuga á því að tvinna saman virkjunina og þjónustu við ferðamenn á svæðinu. Nefndin tók þessa beiðni til ítarlegrar skoðunar og komst meiri hlutinn að þeirri niðurstöðu að rétt væri að fallast á hana. Telur meiri hlutinn ljóst að um er að ræða góðan virkjunarkost sem gæti orðið byggðinni á staðnum til verulegra hagsbóta.

Meiri hlutinn telur sérstaklega mikilvægt að veiting virkjanaleyfa samkvæmt frumvarpinu sé háð niðurstöðu um mat á umhverfisáhrifum og treystir því að vel verði vandað til verka í því efni. Telur meiri hlutinn að við mat á umhverfisáhrifum vegna Bjarnarflagsvirkjunar verði m.a. að kanna áhrif virkjunarinnar á landslag svæðisins, hveravirkni, efnistöku og frárennsli. Þá bendir meiri hlutinn á að um svæðið gilda sérstök lög, þ.e. lög um verndun Mývatns og Laxár, nr. 36/1974.

Aðrar breytingar sem meiri hlutinn leggur til eru eftirfarandi eins og ég hef áður vikið að en skal nú endurtekið:

1. Í stað þess að heimilt verði að veita Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi með aðilum í Skagafirði sem þær eiga aðild að leyfi til að reisa og reka Villinganesvirkjun verði gert ráð fyrir að leyfið verði veitt Rafmagnsveitum ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði.

2. Breytt verði tilvísunum til lagagreina í tveimur greinum laganna.

3. Þá verði bætt við frumvarpið ákvæði þar sem lagt er til að sama breyting og lögð er til í frumvarpinu verði felld inn í lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983. Verði því samræmi milli laganna um þetta.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir þetta nál. iðnn. rita Stefán Guðmundsson, formaður nefndarinnar, Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Magnús Á. Magnússon, Katrín Fjeldsted, Sigríður A. Þórðardóttir, Ragnar Arnalds og Hjálmar Árnason. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mun skila séráliti.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 14:21.

---

81. FUNDUR

mánudaginn 8. mars,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

[20:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Tekið er fyrir eina dagskrármálið, almennar stjórnmálaumræður, sem útvarpað verður og sjónvarpað héðan úr þinghúsinu.

Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær 30 mín. til umráða sem skiptast í þrjár umferðir, 12 mín. í fyrstu umferð, 10 mín. í annarri og átta mín. í síðustu umferð.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum:

Samfylkingin, Sjálfstfl., óháðir, Framsfl. Ræðumenn flokkanna verða:

Fyrir Samfylkingu tala í fyrstu umferð Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn., og Bryndís Hlöðversdóttir, 8. þm. Reykv. Í annarri umferð tala Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv., og Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv. Í þriðju umferð talar Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

Fyrir Sjálfstfl. tala í fyrstu umferð Björn Bjarnason menntmrh., í annarri umferð Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl., og Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf., en í þeirri þriðju Sigríður Anna Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.

Ræðumenn óháðra verða: Ögmundur Jónasson, 12. þm. Reykv., og Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., í fyrstu umferð. Í annarri umferð talar Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., en Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., í þeirri þriðju.

Fyrir Framsfl. tala Halldór Ásgrímsson utanrrh. í fyrstu umferð, í annarri umferð Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn., og Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl. Í þriðju umferð Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[20:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Gott kvöld. Miklar breytingar hafa orðið í stjórnmálum á Íslandi. Flokkar hafa sameinast og nýr þingflokkur Samfylkingarinnar hefur orðið til. Þessi uppstokkun hefur ekki verið sársaukalaus en hún var nauðsynleg. Hún ber í sér nýja pólitíska hugsun og hún er upphaf nýrra tíma.

Í hálfa öld hafa jafnaðarmenn og félagshyggjumenn átt sér draum um sameinaða jafnaðarmenn og vinstri menn. Allar tilraunir til að leggja grundvöll að nýjum flokkum sem gætu orðið hinn sameinaði vettvangur hafa runnið út í sandinn. Þegar jafnréttisbaráttan leitaði í farveg sérframboðs kvenna hafði hún óumdeild áhrif bæði á flokkakerfið og úti í þjóðfélaginu. Þessi mikilvæga barátta hefur nú skilað sér inn í Samfylkinguna. Þannig átti sú pólitíska aðgerð einnig sinn afmarkaða tíma.

Nú er draumur okkar loksins að rætast. Samfylking þriggja flokka er orðin að veruleika. Þjóðin er að vakna til vitundar um það mikilvæga hlutverk sem Samfylkingin ætlar sér. Hún skynjar að hér er að verða til stór og öflugur flokkur sameinaðra jafnaðarmanna.

Stjórnmálafræðingar benda á að með tilkomu Samfylkingarinnar sé í fyrsta sinn frá árinu 1942 að opnast raunhæfur möguleiki á meiri háttar breytingum í íslenskum stjórnmálum. Við þurfum ekki lengur að búa við að stór íhaldsflokkur sé hið ráðandi pólitíska afl. Skoðanakannanir sýna að möguleiki er á stórum öflugum flokki, sambærilegum jafnaðarmannaflokkunum sem hafa í ríkum mæli mótað þjóðfélögin á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu, flokkum sem hafa aukið félagslegt réttlæti að leiðarljósi.

Eins og ætíð áður hefur stjórnarsamstarf Sjálfstfl. og Framsóknar dregið fram það versta í báðum flokkum. Þetta eru flokkar sérhagsmuna þegar á reynir. Það höfum við séð í öllum helstu málaflokkum á kjörtímabilinu. Þess vegna grípa þeir til hroka og yfirlætis þegar ákveðnir þjóðfélagshópar leita eftir stuðningi eða þegar almenningur leitar aukins réttlætis. Fólk unir þessu ekki lengur. Það finnur að möguleiki er til breytinga. Þess vegna er Samfylkingin að vinna á. Þess vegna eru þeir að tapa fylgi.

En baráttan er ekki unnin. Nú er þörf á að fólkið í landinu taki á með okkur.

Í lok kjörtímabils stöndum við á krossgötum. Nú þekkjum við leiðina að baki og leggjum mat á hvort hún hafi verið sú rétta og hvort vegvísunum um mismunandi leiðir að settu marki megi treysta. Það skiptir miklu að ferðin fram undan er ekki án fyrirheits. Hún er til framtíðarlands þar sem jöfnuður ríkir og hlustað er á fólk. Þar sem ríkir samstaða um að leysa verkefnin í sátt á nýjan hátt til góðs fyrir alla þjóðina. Ekki fyrir fáa útvalda, ekki bara fyrir hluta þjóðarinnar heldur alla þjóðarheildina.

Á þessum krossgötum er gott að endurmeta stöðuna. Við höfum ekki farið með auðlindir okkar og sameign sem þann dýrmæta fjársjóð sem okkur var trúað fyrir. Fullvissan um að búa í hreinu og fögru landi með sjálfsögðum ferskleika andrúmsloftsins allt um kring hefur slævt dómgreindina. Skortur á samábyrgð hefur einkennt samstarf okkar við aðrar þjóðir í umhverfismálum í stað þess þarf að byggja á samstöðu með nýja framtíðarsýn.

Veröldin öll er orðin athafnasvæði Íslendingsins. Öryggismál eru ekki lengur tengd einu stóru áhrifasvæði. Verksmiðjur, úrgangur og mengunarvarnir teljast ekki einkamál hverrar þjóðar. Hafið, grundvöllur lífsafkomu okkar, er ekki óumbreytanlegt og nú vita allir að mengunarslys á suðurhveli getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar hér á norðurslóð. Skaðvænlegar breytingar á lífríki hafsins vekja ótta með þjóðinni. En það sem yfirgnæfir allt annað er krafan um réttmætan aðgang að auðlindinni og að arðurinn af sameigninni renni til eigenda hennar, okkar sjálfra.

Í dag eru lykilorðin samvinna, samstaða og samábyrgð. Við verðum að taka ábyrgð á því sem er að gerast í dag af því að við munum svara fyrir það á morgun. Við megum ekki vinna á landinu ófyrirgefanleg spjöll og við eigum að standa að alþjóðasamningum og skuldbindingum til að tryggja lífsskilyrði komandi kynslóða. Ábyrgð stjórnmálamanna gagnvart þeim er meiri en nokkru sinni fyrr. Þess vegna þurfum við að taka höndum saman. Þess vegna þurfum við að skapa nýja framtíð. Það hljómar ekki bara vel. Það verður að gerast. Þess vegna þurfum við nýja pólitíska forustu.

Í framtíðarsýn Samfylkingarinnar felst meiri jöfnuður. Að skipta byrðunum réttlátar, að hlúa að fjölskyldunni, að sýna málefnum barna umhyggju. Að tryggja lífsafkomu þeirra sem þurfa á stuðningi samfélagsins að halda. Að skapa traust starfsumhverfi og sanngjörn kjör á vinnumarkaði.

Góðir tilheyrendur. Það þurfti trú og kjark til að stokka upp í íslensku flokkakerfi. Fólkið í flokkunum okkar hafði þessa trú og forustumennirnir kjark. Það fer bylgja uppgjörs um landið nú. Fólk finnur ferskleika í því sem Samfylkingin er að gera og hefur trú á því. Þegar við höfum öðlast traust fólks verðum við að hefjast handa og Samfylkingin er tilbúin til þess.

Samvinna þýðir ekki eingöngu að stjórnmálamenn nái saman þvert á flokksbönd heldur að við og þið tökum höndum saman um að móta nýtt og öflugt samfélag. — Góðar stundir.

[20:40]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Fátt er okkur hjartfólgnara en ástin á afkvæmum okkar og umhyggja fyrir nýfæddu ungviði. Hún hreyfir við harðgerðustu mannverum og við leggjum allt í sölurnar til þess að börnum okkar séu skapaðar aðstæður sem gefi þeim tækifæri til að blómstra, nýta hæfileika sína og fá þrár sínar uppfylltar.

Það er þó einhvern veginn þannig að börn hafa ekki verið framarlega í umræðu stjórnmálanna í gegnum tíðina, a.m.k. ekki hér á landi. Réttindi barna eru flestum okkar aðeins framandi ákvæði í alþjóðasamningum og barnafólk er ekki sá hópur sem stjórnmálin gera daglega að umfjöllunarefni. Fjölskyldan er hornsteinn samfélagsins á tyllidögum en það blasir annað við í gráum hverdagsleikanum. Samspil fjölskylduþátttöku og atvinnulífs reynist okkur flestum flókið og nærri óleysanlegt verkefni og sambúð þessara tveggja meginstoða samfélagsins er stormasöm svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Hún byggir ekki á ást og gagnkvæmri virðingu eins og kristilegt siðgæði hefur innrætt okkur að eigi að vera megininntak góðrar sambúðar heldur drottnar atvinnulífið yfir fjölskyldulífinu og tekur lítið tillit til þarfa þess. Við skipulagningu atvinnulífsins er svo til ekkert horft til þess að launafólk þurfi að sinna fjölskylduábyrgð ef undan eru skilin einstaka ákvæði í kjarasamningum um fjarveru foreldra frá vinnu vegna veikinda barna. Þá má nefna nýlegan samning

evrópskrar verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda um foreldraorlof sem ánægjulega undantekningu frá þessu.

Það hefur sýnt sig að atvinnuþátttaka er óvenjumikil hér á landi og að auki er vinnutími lengri á Íslandi en gengur og gerist á meðal nágrannaþjóða. Við eigum metið hvað varðar óhóflegan vinnutíma á Evrópska efnahagssvæðinu og erum langt á undan þeim sem næstir okkur koma í þeim efnum.

Þótt Íslendingar séu í forustu um langan vinnutíma blasir önnur mynd við þegar við skoðum þau úrræði sem í boði eru til þess að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf. Þá kemur í ljós að við eigum rétt á mun styttra fæðingarorlofi en flestir nágrannar okkar og greiðslur á þeim tíma eru skammarlega lágar. Skortur á sveigjanleika við töku fæðingarorlofs gerir það að verkum að flestir standa frammi fyrir tveimur valkostum, annaðhvort að yfirgefa atvinnulífið algjörlega á meðan ungviðinu er fylgt fyrstu skrefin eða að fela öðrum umönnun barnsins og henda sér út í hringiðu atvinnulífsins af fullum krafti. Hvorugur kosturinn er góður.

Afleiðingin af þessu verður slæm fyrir alla, barnið, foreldrana og ég leyfi mér að fullyrða, atvinnurekandann líka. Því miður höfum við fengið vísbendingar um að ekki sé jafn vel búið að íslenskum börnum og víða annars staðar. Hér er slysatíðni barna t.d. mun hærri en á Norðurlöndum og er það vissulega áhyggjuefni. Agaleysi í skólum er algengt umfjöllunarefni í dag sem hlýtur að skrifast að einhverju leyti á þá þjóðfélagsgerð sem við bjóðum íslenskum barnafjölskyldum upp á og fleiri slík dæmi mætti nefna.

Góðir áheyrendur. Samfylkingarfólk á Íslandi á sér sameiginlega lífssýn. Við viljum færa stjórnmálin nær fólkinu og setja þau mál sem landsmönnum öllum eru hjartfólgin á dagskrá í þjóðmálaumræðunni. Það á ekki aðeins við um perlurnar á hálendinu sem við þurfum að hlúa að af skynsemi og tilfinningu. Það á ekki bara við um auðlindir sjávar sem við þurfum að umgangast af virðingu með réttlætið að leiðarljósi. Það á líka við um lífsbaráttu okkar í hversdeginum, um rétt okkar til að lifa fjölskyldulífi samhliða atvinnuþátttöku, um öryggi og mannlega reisn lífeyrisþega og síðast en ekki síst um meira jafnvægi á milli dreifbýlis og þéttbýlis en nú er.

Við viljum tryggja öllum Íslendingum frelsi til að þroskast og dafna og taka ákvarðanir um líf sitt sem mótast af ábyrgð gagnvart okkur sjálfum, samfélaginu, náttúrunni og komandi kynslóðum. — Góðar stundir.

[20:45]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nýlega sat ég fund með erlendum starfsbræðrum. Þar var m.a. rætt að sífellt þyrfti meira fé til menntamála, umfang þeirra væri að aukast, fleiri færu í nám og meiri þjónustu væri krafist í skólum. Tveir ráðherrar úr hópi jafnaðarmanna sögðu sérstaklega erfitt fyrir sig að ganga til kosninga með þann boðskap á vörunum að ekki væri svigrúm til að auka opinber útgjöld. Kjósendur þeirra væru vanir loforðum um meira opinbert fé til allra hluta. Hingað til hefði alltaf verið unnt að lofa hækkun útgjalda og seilast síðan dýpra ofan í vasa skattborgaranna. Sá tími væri liðinn. Æ fleiri áttuðu sig á því að forsenda blómlegs atvinnu- og efnahagslífs væri að ríkið héldi að sér höndum í skattheimtu og setti umsvifum sínum hófleg mörk. Þá var minnt á að í Bretlandi hefði Verkamannaflokkurinn aldrei sigrað í tvennum kosningum í röð. Tony Blair forsætisráðherra ætlaði að breyta stjórnmálasögu Breta og ná endurkjöri. Því marki næði hann hins vegar ekki nema með því að draga úr ríkisútgjöldum. Forsætisráðherrann gæti ekki hækkað skatta og þess vegna væri hann að takast á við hin sjálfvirku útgjaldakerfi ríkisins, jafnvel þótt þau væru jafnaðarmönnum kær.

Nú, þegar í senn er litið yfir farinn veg og fram á við í lok kjörtímabils, ber okkur Íslendingum að meta eigin stöðu á þessum sömu forsendum. Hér eru stjórnmálamenn sem telja að leggja megi enn þyngri byrðar á skattgreiðendur. Við Reykvíkingar kynnumst því undir stjórn R-listans með hækkun á útsvari á okkur og öðrum auknum álögum, ekki síst á eldri borgara. Á sama tíma og ríkisvaldið hefur dregið úr skattheimtu undir styrkri fjármálastjórn Sjálfstfl. hrifsar borgarsjóður meira fé til sín undir stjórn vinstri manna. Undir forustu Sjálfstfl. í landstjórninni á þessum áratug hefur frábær árangur náðst. Stöðnun í efnahags- og atvinnumálum hefur verið snúið í mestu framfarasókn Íslandssögunnar. Atvinnuleysi er ekki lengur til umræðu. Góð tök hafa náðst á ríkisfjármálum. Tekjuskattur lækkar nú þriðja árið í röð. Á sama tíma hefur skuldasöfnun ríkissjóðs erlendis verið stöðvuð. Í hennar stað eru erlendar skuldir ríkisins greiddar niður um tugi milljarða. Vextir lækka og kaupmáttur atvinnutekna hvers og eins eykst um tugi prósentna. Nú fá menn um 20% meira fyrir launin sín en áður.

Í komandi kosningum ákveða kjósendur hvort haldið verður áfram á þessari braut forsjálni og framfara sem hefur skilað árangri fyrir alla. En kjósendur eiga vissulega annan kost. Þeir geta ákveðið að hækka útgjöld ríkisins og þyngja á sjálfum sér skattbyrðina, auka hlut ríkisins í efnahagslífinu, þrengja þar með að fyrirtækjum einstaklinga og draga úr frumkvæði þeirra. Einfaldasta leiðin til að gera þetta er að kjósa þá frambjóðendur sem kenna sig við Samfylkingu og jafnaðarmennsku. Fjörbrot þriggja flokka, Alþb., Alþfl. og Kvennalista leggja grunn að nýju stjórnmálaafli sem fylgir yfirboðastefnu í krafti stóraukinnar skattheimtu. Hvernig halda menn að annars sé unnt að framkvæma stefnu sem talið er að kosti hækkun ríkisútgjalda um 40 til 60 milljarða kr.?

Samfylkingarleiðin hefur legið til vinstri. Þegar jafnaðarmenn um alla Evrópu eru að fikra sig til hægri og inn á miðjuna gerist það hér að þeir taka stórt skref til vinstri. Hér eru ekki aðeins boðaðar aðgerðir sem jafngilda stórauknum ríkisafskiptum og útgjöldum með skattaálögum, heldur eru vaktar upp umræður um öryggismál þjóðarinnar á úreltum forsendum. Atlantshafsbandalaginu er hallmælt og réttmæti aðildar að því dregið í efa, auk þess sem rykið er dustað af gamla slagorðinu um herinn burt.

Margflokkastjórnir vinstrisinna einkennast af yfirboðum og óráðsíu. Hið sama á við hér og í Bretlandi, kjósendur endurnýja ekki umboð vinstri stjórna. Þegar þær komast til valda verður helsta áhyggjuefnið hve mikill skaði hljótist af verkum þeirra áður en kallað er á sjálfstæðismenn til að koma þjóðarskútunni aftur á réttan kjöl.

Þótt allar alþjóðlegar rannsóknir á stjórn íslenskra efnahagsmála undanfarin ár leiði til ágætiseinkunnar mætti ætla af orðum stjórnarandstæðinga hér í kvöld að þjóðin væri að fara á vonarvöl. Vissulega má betur gera á mörgum sviðum. Skynsamlegasta leiðin til að ná árangri er þó ekki að lofa einhverju sem ógerlegt er að efna. Öfundarpólitík er til þess eins fallin að ala á úlfúð og illindum. Slík stefna hefur aldrei leyst neinn vanda. Hún er aðalsmerki þeirra sem telja upplausn bestu leið sína til valda og áhrifa. Íslensk stjórnmál þarfnast ekki slíkra manna eða flokka.

Jöfnuður er meiri í íslensku þjóðfélagi en nokkru öðru. Markmið okkar á að vera að ná betri árangri fyrir alla. Við Íslendingar höfum mikinn metnað til að búa vel að þeim sem standa höllum fæti. Við þurfum ekki að kjósa um svo augljósa hluti. Þeir sem eru komnir á efri ár telja að þeim sé ekki sýnd nægileg sanngirni, af opinberri hálfu sé gengið um of á þeirra hlut. Hlusta ber á öll slík rök og koma til móts við þau eftir því sem unnt er.

Þrír málaflokkar: stjórn fiskveiða, svonefnt hálendismál og byggðamál eru ofarlega á dagskrá. Stjórnmálabarátta á ekki að snúast um jafnsjálfsagða hluti og þá hvort auðvelda eigi öryrkjum lífsbaráttuna eða sýna öldruðum sanngirni. Hún snýst ekki heldur um það hvort finna eigi skynsamlegustu leiðina til að nýta fiskimiðin, sameign þjóðarinnar, fara vel með náttúru landsins eða stuðla að búsetu um land allt. Stjórnmálabaráttan snýst um það hvaða aðferðum er beitt til að takast á við öll þessi málefni og mörg fleiri. Ég fullyrði að sjálfstæðisstefnan, vinnubrögð og viðhorf þeirra sem henni fylgja, duga best til að tryggja jafnrétti borgaranna og góða úrlausn mála. Á þessari öld höfum við rækilega kynnst hörmulegum afleiðingum þess að beita aðferðum sósíalismans. Sjálfstæðismenn geta hins vegar vísað með stolti til þess að stefna þeirra hefur sigrað hina hugmyndafræðilegu keppni og borið glæsilegan árangur.

Herra forseti. Keppni milli þjóða fer vaxandi um leið og alþjóðleg samvinna eykst. Við viljum að Íslendingar verði áfram í fremstu röð í samanburði við hina bestu. Þessu markmiði náum við ekki nema með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi og mikilli áherslu á menningu, listir, menntun, rannsóknir og vísindi. Leggja ber rækt við hina nýju upplýsingatækni því hún eyðir fjarlægðum og skapar ný sóknarfæri í öllum greinum og um landið allt. Almenn menntun og jafnrétti til náms er ein meginstoð lýðræðis. Menntun er undirstaða menningar og almennrar velgengni og hún á að efla gagnrýna sjálfstæða hugsun hjá einstaklingum og hæfileika þeirra til að bregðast við nýjum aðstæðum, takast á við og tileinka sér nýjungar og framfarir á öllum sviðum. Í skólum ber að efla með nemendum sjálfstraust og metnað, þjálfa þá til heilbrigðs samstarfs og samkeppni við aðra, kenna þeim að varast hættur nútímaþjóðfélags og nýta sér hin mörgu tækifæri sem það býður.

Nýrri skólastefnu undir kjörorðinu „Enn betri skóli" hefur verið hrundið í framkvæmd á þessu kjörtímabili. Fjárveitingar til allra þátta menntamála hafa aukist jafnt og þétt, eða um marga milljarða króna. Allt tal stjórnarandstæðinga um markvisst fjársvelti í skólakerfinu er úr lausu lofti gripið. Upplýsingatækni hefur verið nýtt þannig í íslensku skólastarfi undanfarin missiri að aðrar þjóðir líta til okkar öfundaraugum. Prýðilegur einhugur hefur náðst um inntak nýju skólastefnunnar á vettvangi stjórnmála og í samvinnu við kennara, nemendur og foreldra. Á næstu missirum tekur starfið í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum að breytast í samræmi við stefnuna á grundvelli nýrra námskráa.

Ný lög hafa verið sett um háskólastigið sem skapa háskólum ný sóknarfæri. Meira fé er nú varið til rannsókna og þróunar en nokkru sinni fyrr. Sátt hefur náðst um lagaumhverfi Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem var mikið deilumál fyrir síðustu kosningar. Sjóðurinn hefur styrkt stöðu sína og á þeim forsendum á að vera unnt að auka útlán hans enn frekar, strax á þessu ári.

Í menningu og listum er gróskan meiri en nokkru sinni fyrr. Mikilvægt er að sækja enn fram í þessum greinum og mun hinn nýi Listaháskóli skipta miklu í því efni. Búseta á Íslandi og um landið allt ræðst af því hvernig búið er að menntun og menningu. Virðing þjóðarinnar út á við er ekki síst mæld af því hvernig hún stendur sig á sviði lista. Íslenskir listamenn eru ekki síður góðir merkisberar en frábærir íþróttamenn.

Góðir áheyrendur. Ísland er land tækifæranna og þau eru fleiri og meira spennandi þegar nýtt árþúsund gengur í garð, en nokkru sinni fyrr. Við erum samhent þjóð, búum við heilbrigða stjórnarhætti og eigum stjórnarskrá sem tryggir jafnan rétt borgaranna, frelsi til orðs og æðis. Virðing fyrir fjölskyldunni er okkur í blóð borin. Kristin gildi móta menningu okkar og viðhorf. Við Íslendingar höfum því einstæðar forsendur til að ná enn betri árangri fyrir alla ef við kunnum fótum okkar forráð. — Góðar stundir.

[20:57]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Öðru kjörtímabili undir forsæti Davíðs Oddssonar og Sjálfstfl. er að ljúka. Á þeim átta árum sem liðin eru frá því Sjálfstfl. og Alþfl. mynduðu ríkisstjórn á vordögum 1991 hefur mikið vatn runnið til sjávar og miklar breytingar orðið á samfélagi okkar. Og á þeim varð ekkert lát þótt Framsfl. tæki að sér hlutverk kratanna sem samstarfsflokkur Sjálfstfl. árið 1995, fyrir nær fjórum árum.

Þjóðfélagið hefur breyst og því hefur verið breytt og það er hér í þessum sal, á Alþingi Íslendinga, sem breytingunum hefur verið stýrt. Hér hafa lögin verið smíðuð og hér hafa þau verið samþykkt. Lögin sem þrengdu að réttindabaráttu launafólks og skertu kjörin. Lögin sem í einu vetfangi tóku 500 millj. frá barnafólki árið 1992, og síðan aftur og ítrekað, nú síðast fyrir tveimur árum. Og það var hér á Alþingi sem samþykkt var að tekjutengja grunnlífeyri aldraðra, og síðar aftengja bætur og laun, nokkuð sem hefur rýrt kjör aldraðs fólks og öryrkja verulega. Að sjálfsögðu var það einnig hér sem ákveðið var að ráðast í umfangsmestu peningatilfærslu síðari áratuga þegar byrðar almennings voru þyngdar með skattheimtu og gjöldum svo ríkisstjórnin gæti þjónað umbjóðendum sínum sem best, lækkað tekjuskatta þeirra fyrirtækja sem möluðu gullið og skatta af arðgreiðslum peningafólksins. Öll þessi lög voru smíðuð hér. Þess vegna skiptir máli hverjir sitja á Alþingi og hvernig þeir haga sér, hvort sem er í stjórnarandstöðu eða í ríkisstjórn.

Það þarf ekki mörg orð um ríkisstjórnir Sjálfstfl. á þessum áratug. Hvarvetna blasir misskiptingin við. Annars vegar er fátækasti hluti þjóðarinnar í biðröðum hjá hjálparstofnunum. Á hinn bóginn eru það hinir sælu menn mammons sem aldrei hafa litið fegurri dag. Einn kaupir lóð á 700 millj. og borgar út í hönd, annar verksmiðju á 1,2 milljarða. Einnig hann greiðir út í hönd. Einn eða tveir framsóknarmenn kvaka í vetrarkyrrðinni. Okkur heyrist þeir segja að það hafi ekki verið þetta sem þeir meintu þegar þeir gengust íhaldinu á hönd. En nú duga blekkingar skammt. Það þýðir ekki að segja fólki sem ekki hefur lengur efni á að kaupa húsnæði, fólki sem er vísað á leiguhúsnæði sem er ekki til, að húsnæðiskerfið hafi stórbatnað. Þetta veit þjóðin að er rangt.

En veit hún hvílíkt ábyrgðarleysi þessi ríkisstjórn sýnir í virkjunar- og stóriðjumálum? Það er vissulega gleðilegt að fram skuli koma áform um vetnisframleiðslu því að hún opnar ýmsa möguleika. Hafi allir þökk sem hlut eiga að máli. En gera menn sér grein fyrir því að á sama tíma og það er að renna upp fyrir mönnum sem best hafa rannsakað þessi mál

að sú orka sem beislanleg er á Íslandi gerir lítið meira þegar til framtíðar er horft en sinna þörfum þjóðarinnar — takist okkur að umbreyta orkunni til að knýja farartæki til sjós og lands og til iðnaðar- og heimilisnota — á sama tíma og þetta er framsýnum mönnum ljóst, er ríkisstjórnin að bjóðast til að binda jafnmikla orku og við nú notum í landinu öllu, til allra heimila í landinu og allra fyrirtækja í landinu, eða *ígildi hennar til áratuga hjá einu erlendu stórfyrirtæki, Norsk* Hydro?

Nú spyr ég: Hverjir eru líklegir til að standa í fæturna í þessu máli og gæta hagsmuna þjóðarinnar, fjöreggsins og hverjir munu best standa vörð um íslenska náttúru? Að mínum dómi eru það þeir sem nú eru að skipa sér undir merki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég er ekki einn um þá skoðun. Það velkist enginn í vafa um hverjir það eru sem hafa skýra stefnu á þessu sviði sem öðrum og eru líklegir til að fylgja henni eftir

Síðast fyrir fáeinum dögum heyrði ég einn frambjóðanda kratanna, Samfylkingarinnar, segja að vissulega væri fólgin í því trygging í nútíð og ekki síður þegar litið væri til framtíðar að hafa vinstri andófsflokk með stefnu og sannfæringu í umhverfismálum. Og það er rétt. Við munum andæfa þegar þörf er á slíku.

En við erum ekki flokkur framtíðarinnar vegna þess eins að við þorum að hafa skoðun og fylgja henni eftir þótt á móti blási. Við erum flokkur framtíðarinnar vegna þess að við höfum stefnu og hugmyndir sem eru uppbyggilegar og bjóða *þegar að er gáð upp á raunhæfar lausnir á þeim vanda sem* við stöndum frammi fyrir, í umhverfismálum, skattamálum, málefnum öryrkja og aldraðra, atvinnulausra, í byggðamálum og atvinnumálum. Hverjir skyldu hafa komið fram með raunhæfustu byggðatillögurnar? Hverjir létu sér ekki nægja að andæfa lögum ríkisstjórnarinnar um gagnagrunn á heilbrigðissviði heldur settu fram ítarlega og úthugsaða stefnu sem fékk góðan hljómgrunn hjá vísindasamfélaginu og samtökum sjúklinga? Hverjir skyldu vera líklegastir til að taka skynsamlega á kvótakerfinu í þágu byggðanna, þeir sem tala *og tala eða við sem setjum fram tillögur um byggðakvóta* til að koma í veg fyrir að byggðarlög séu svipt lífsviðurværinu, tillögur um vistvænar smábátaveiðar, um bann við leigubraski á kvóta og kröfu um að gera braskkvótann upptækan?

Í komandi kosningum verður spurt hverjir þori að hafa skoðun á utanríkismálum, vilji ekki ganga erinda hernaðarbandalags, hafa erlendan her í landi sínu eða afsala sjálfstæði þjóðarinnar. Það verður spurt hverjum sé treystandi til að ráðast í raunhæfar og sanngjarnar skattkerfisbreytingar sem bæta stöðu launafólks, *rétta stöðu aldraðra og allra þeirra* hópa í þjóðfélaginu sem þurfa að treysta á löggjafann um kjör sín. Það verður spurt hverjum sé treystandi til að koma fram eins í dag og á morgun. Hverjir það eru sem hafa dregið baráttufánann að húni. Hverjir villa ekki á sér heimildir eða sigla undir hentifána, heldur alltaf réttum fána, fána Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. — Góðar stundir.

[21:04]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Til hamingju með daginn, 8. mars, alþjóðlegan baráttudag kvenna sem hæstv. forseti minntist svo ágætlega við upphaf þingfundar fyrr í dag. Hann benti m.a. á þá staðreynd að um þessar mundir fylla konur þriðjung þingsæta á hv. Alþingi og mundi nú kannski einhver vilja spyrja eins og í leikverkinu forðum: „Ertu nú ánægð, kerling?“ En auðvitað er markinu ekki náð að þessu leyti fyrr en konur hafa viðlíka stöðu og áhrif og karlar. Það er hin eina rétta lýðræðislega niðurstaða og fyrr verður kerlingin ekki ánægð hvað þetta atriði varðar.

Kvennabaráttan snýst um það en hún snýst líka um margt fleira. Aldagömul viðhorf eru undarlega lífseig og þess vegna *er kvennabaráttan eins og fjallganga þar sem sífellt blasir við* nýtt leiti einmitt þegar tindurinn ætti að vera í augsýn.

Þegar litið er yfir það kjörtímabil sem nú er að ljúka er því miður fátt um markverða áfanga í kvennabaráttunni. Ástæðan er ekki skortur á hugmyndum og tillögum sem fyrst og fremst konur hafa flutt og talað fyrir á Alþingi heldur steinrunnin viðhorf og viljaleysi ráðandi afla til að taka myndarlega á þeim þáttum sem standa í vegi fyrir jafnstöðu kynjanna og jöfnum rétti hinna ýmsu hópa samfélagsins til mannsæmandi lífsskilyrða.

Herra forseti. Í átta ár hefur Sjálfstfl. ráðið ferðinni á Alþingi og í ríkisstjórn með einstaklingshyggju og rétt hins sterka í fyrirrúmi. Fyrst með dyggilegri aðstoð fulltrúa Alþfl., sjálfskipaðra merkisbera jafnaðar og bræðralags, sem stóðu fyrir heiftarlegum árásum á velferðarkerfið og láta nú eins og þeir hafi hvergi komið nærri. Sporgöngumenn þeirra eru svo framsóknarmenn sem alla tíð hafa sýnt meistaratakta í smíði slagorða sem eiga ekkert skylt við þær áherslur sem birtast í verkum þeirra í ríkisstjórn. Þeir hafa dyggilega framfylgt stefnu Sjálfstfl. í flestum greinum.

*Manngildi ofar auðgildi, er t.d. eitt aðalslagorð framsókn*armanna fyrr og síðar en af einhverjum ástæðum flíka þeir því ekki um þessar mundir. Kannski ræður einhverju að þessa dagana linnir ekki fréttum af góðum hagnaði fyrirtækjanna í landinu, ekki síst fjármálastofnana. Einn bankinn skilaði hagnaði upp á hálfan annan milljarð á síðasta ári og þeir sem höfðu efni á að kaupa sér bréf í banka á haustdögum eru þegar farnir að uppskera.

Peningarnir streyma inn og út úr bönkum og sjóðum. Sú tíð er liðin þegar fólk þurfti að standa í biðröð á tröppum *bankanna og knékrjúpa fyrir hans hátign til að kreista út víx*il fyrir nýjum bíl eða útborgun í íbúð. Nú elta bankastjórar viðskiptavinina uppi og biðja um að fá að lána þeim fyrir nýjum jeppa eða lóð á landi sem einstaklingur keypti fyrir 700 millj. kr. á borðið.

En á sama tíma og sagt er frá ofsagróða fjármálastofnana og lífleg viðskipti með verðbréf hafa öðlast fastan sess í fréttatímum fjölmiðlanna berast okkur fregnir af skýrslum sem staðfesta aukið misrétti í þjóðfélaginu, vaxandi gjá milli ríkra og fátækra, aukið launamisrétti kynjanna, himinhrópandi *mun á tekjum og aðstæðum hinna best settu og þeirra* sem höllum fæti standa. Öryrkjar og aldraðir eru afgreiddir á forsendum ölmusuhugsunar svo að margir þeirra eiga bágt með að halda sjálfsvirðingu. Sjúkum er ráðað á biðlista eftir aðgerð og þjónustu. Laun heimsins er skortur á hjúkrunarrými þegar hinn aldraði þarfnast síðustu aðstoðar. Þetta er staðan í marglofuðu góðæri vegna þess að viðhorf og gildismat ráðamanna er og hefur verið rangt.

Herra forseti. Það er þörf fyrir stjórnmálaafl með skýr markmið í þessu efni, önnur lífsgildi sem eiga ekkert skylt við ölmusuhugsun heldur byggjast á forsendum mannréttinda, sjálfsvirðingar og mannlegrar reisnar. Mannréttindi, félagslegt réttlæti og virðing fyrir manneskjunni er rauði þráðurinn í hugmyndafræði Vinstri heyfingarinnar – græns framboðs sem landsmönnum gefst í fyrsta skipti kostur á að

styðja í kosningunum í vor. Græni þráðurinn í hugmyndafræði þessa nýja stjórnmálaafls stendur hins vegar fyrir vernd náttúru og umhverfis og virðingu fyrir móður jörð. Hann er tákn fyrir landið okkar og dýrmæta náttúruna og fyrir framtíð barnanna okkar.

Stjórnmálasamtök með megináherslu á umhverfis- og náttúruvernd hafa starfað árum saman í mörgum löndum Evrópu og haft mikil áhrif. Slík samtök hafa hingað til ekki náð neinu flugi hérlendis og er ástæðan fyrst og fremst almennt andvaraleysi Íslendinga í umhverfismálum. Það ástand er góðu heilli óðum að breytast og því eðlilegt að margir renni hýru auga til nýs stjórnmálaafls sem leggur mikla áherslu á þennan málaflokk. Fáar þjóðir hafa jafnmikla möguleika og við Íslendingar til þess að koma í veg fyrir óbætanleg spjöll á náttúru og umhverfi og sækja fram á forsendum umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Stærsti vandinn er skilningsleysi stjórnvalda og yfirgangur þeirra gagnvart sjónarmiðum náttúruverndar. Þau halda áfram að klappa stóriðjusteininn, beita honum til atkvæðaveiða og hafa færst í aukana við þær aðstæður að ýmis iðnaðarríki hafa séð sitt óvænna að losa sig við mengandi iðnað og koma honum fyrir hjá andvaralausum þjóðum með skammsýna menn í forustu.

Nú ríður á að sækja fram af metnaði og ábyrgð á öllum sviðum umhverfis- og náttúruverndar og tryggja þannig rétt komandi kynslóða til góðra lífsskilyrða í landi okkar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hlýðir kalli tímans og setur fram trúverðuga stefnu í umhverfismálum. Talsmenn hennar munu ekki tala einni röddu á suðvesturhorni landsins og annarri á norðausturhorni þess. Verkefnið er að byggja upp vistvænt samfélag í þágu núlifandi og komandi kynslóða, skapa græna framtíð í þessu landi tækifæranna.

Góðir áheyrendur. Það er vor á vinstri kantinum eftir umhleypinga síðustu mánaða. Vinstri hreyfingin – grænt framboð kallar eftir stuðningi og þátttöku í hreyfingu þar sem konur og karlar starfa saman með fullri virðingu hvert fyrir annars hugmyndum, aðstæðum og reynslu, stjórnálaafli með róttækar hugmyndir um réttlæti og jöfnuð og virðingu fyrir grunnþáttum lífs og mannvistar í nútíð og framtíð.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er rétt hjá fulltrúum þeirra vinstri flokka sem hafa talað hér í kvöld að margt hefur breyst í íslensku samfélagi á því kjörtímabili sem senn er á enda. En hefur ekki íslenskt samfélag breyst til góðs? Og höfum við ekki með samstilltu átaki allra Íslendinga, stjórnvalda, félagasamtaka og aðila vinnumarkaðarins verið að byggja upp betra þjóðfélag en við áttum í upphafi þessa kjörtímabils?

Er það kannski þess vegna sem ýmsar alþjóðastofnanir álíta að Íslendingar séu í fremstu röð? Og er það ekki þess vegna sem við erum almennt metin í allra fremstu röð landa í heiminum? Eigum við ekki að meta það og eigum við ekki að virða það? Eigum við að tala um þjóðfélag okkar eins og t.d. fulltrúar óháðra tala hér um það? Mér finnst það vera vanvirðing við samfélagið.

Það er hins vegar rétt að við getum gert betur og það eiga allir stjórnmálaflokkar sínar hugsjónir. Og það á Framsfl. Það eru engin slagorð. Það eru hugsjónir sem byggjast m.a. á því að atvinna sé fyrir alla, að hér sé velferðarþjóðfélag sem m.a. felst í því að við eigum góða velferðarþjónustu, heilbrigðisþjónustu, öflugar menntastofnanir, að við lifum í blönduðu samfélagi borgar og dreifðra byggða, að allir Íslendingar hafi möguleika á því að velja sér framtíð og atvinnu, að við búum við sem minnsta ógnun, hvort sem er innan frá eða utan frá. Við viljum hreint umhverfi, fagra og óspillta náttúru. Við viljum hindrunarlítil samskipti við aðrar þjóðir og við viljum þjóðfélag þar sem maðurinn er í öndvegi og fólkið í fyrirrúmi.

Ég gæti svo sem alveg trúað því að ekki yrðu miklar deilur milli okkar á Alþingi um slík markmið. En það eru greinilega mjög skiptar skoðanir um það hvernig hægt sé að ná þessum markmiðum. Það sem skiptir þar mestu máli er sá góði grunnur sem við höfum byggt upp. Hann er hér kallaður slæmur grunnur og menn tala um að það hafi verið afar slæmt að eitthvað hafi breyst í íslensku samfélagi. Þessi efnahagslegi stöðugleiki er það verðmætasta sem við eigum. Á honum þurfum við að byggja og við þurfum að byggja á því samfélagi sem við höfum byggt upp.

Í öðru lagi skiptir nýting auðlindanna sköpum í þessu sambandi. Auðlindir hafsins reynum við að nýta þannig að verðmætasköpunin sé sem mest. Auðvitað hefur það kerfi sem við höfum byggt upp ýmsa galla. En það hefur marga kosti. Og það getur enginn borið því í mót né vefengt að það hafi ekki skapað enn meiri verðmæti fyrir íslenskt samfélag. Það þarf hins vegar að vera í stöðugri endurskoðun og það er í stöðugri endurskoðun. Nú á þessu Alþingi komu stjórnmálaflokkar sér saman um hvernig vinna skyldi að endurskoðun þess máls. En hér er að heyra á fulltrúum stjórnarandstöðunnar að þeir kannist bara ekkert við það og hafi ekkert ætlað sér að taka þátt í því starfi, þó að góð sátt hafi verið um það.

Það skiptir líka miklu máli hvernig við nýtum auðlindir landsins, orkulindirnar og allt sem fylgir þeim. Um það eru greinilega deilur á Alþingi. Fulltrúar vinstri manna tala þannig að almennt sé ekki rétt að nýta orkulindirnar, við skulum taka sem dæmi á Austurlandi. Það séu perlur sem eigi að varðveita og ekki að hreyfa við, jafnvel þótt fólkið sem þar býr vilji fá að nýta auðlindirnar, þessar orkulindir, og umgangast náttúruna um leið af nærgætni eins og fólkið hefur alltaf gert í gegnum aldirnar. Engin leið er að lifa í þessu landi öðruvísi.

Við þurfum líka að efla hugvit landsmanna og mannauð. Það er að verða stærri og stærri þáttur í þjóðfélagi okkar sem skiptir meira og meira máli. Þess vegna þurfum við að byggja upp öflugri menntastofnanir og hlúa að því að hér sé ávallt menntun sem er í fremstu röð.

Við höfum lagt góðan grunn. Hvernig kemur sá grunnur fram?

Hann kemur m.a. fram í því að atvinnuástandið er betra en oftast áður. Við höfum skapað mjög mörg störf á þessu kjörtímabili, markmið sem núverandi stjórnarandstaða dró mjög í efa að væri hægt. Enda talar núverandi stjórnarandstaða þannig að hún hefur almennt ekki trú á því að hægt sé að gera slíka hluti enda virðist hún ekki vilja hreyfa við nokkrum hlut.

Við erum með öflugri þjónustu í heilbrigðismálum en nokkru sinni fyrr. Við höfum aukið útgjöld til heilbrigðismála mjög mikið. Hins vegar talar stjórnarandstaðan á Alþingi eins og þar hafi ekkert gerst. Af hverju hefur verið hægt að auka útgjöld til heilbrigðismála? Það er vegna þess að meiri verðmætasköpun hefur verið í þjóðfélaginu. Það er grunnurinn sem við höfum byggt á.

Við höfum getað lækkað skatta, sem hefur aukið kaupmátt fólksins í landinu, sem skiptir afar miklu máli. Við þurfum að spyrja okkur þeirra spurninga: Ef við viljum skapa meira svigrúm á næsta kjörtímabili til að leiðrétta kjör fólksins, hvernig eigum við að nota það svigrúm? Eigum við að nota það svigrúm til þess að lækka prósentu tekjuskattsins? Eða eigum við frekar að nota það svigrúm, a.m.k. fyrst í stað, til þess að draga úr skerðingum í tryggingarbótum, til þess að draga úr skerðingum í barnabótum? Ég er þeirrar skoðunar að rétt sé að það gangi fyrir að draga úr þeim skerðingum og lagfæra mál, t.d. örorkulífeyrisþega og ýmissa annarra áður en við förum í að lækka skattprósentu.

Við þurfum að ná um þetta sátt, m.a. við aðila vinnumarkaðarins, vegna þess að skattamál hljóta alltaf að koma til umfjöllunar þegar við ræðum um sátt á vinnumarkaði.

Mjög góður árangur hefur náðst í menntamálum að mínu mati og þar erum við á réttri braut. Við þurfum að gera meira í þeim málaflokkum og ég held að um sé enginn ágreiningur á hv. Alþingi. En á sama tíma hefur okkur tekist að reka ríkissjóð hallalaust og okkur hefur tekist að lækka fjármagnskostnaðinn mjög mikið. Hér er talað um frelsi á fjármagnsmarkaði og aðila sem eru að hagnast á fjármagnsmarkaði. Það er rétt. Þar hefur orðið breyting á. Íslendingar eru nær hinu alþjóðlega samfélagi í þeim efnum. Samhliða hefur fjármagnskostnaður stórlækkað, fjármagnskostnaður heimilanna, fjármagnskostnaður fyrirtækjanna. Ef lausnir vinstri manna hefðu gengið fram á Íslandi þá skal ég lofa þeim að fjármagnskostnaðurinn væri miklu hærri en hann er í dag. Skiptir það engu máli fyrir fólkið? Er það eitthvað sem á bara að líta fram hjá? (**ÖJ:** Er verið að tala um húsnæðiskerfið?) Húsnæðiskerfið hefur verið endurskipulagt og vaxtakostnaðurinn í húsnæðiskerfinu hefur lækkað verulega.

Hver er staða Íslands í samfélagi þjóðanna í dag? Ég tel að hún sé afar sterk. Við höfum náð ágætum samningum við Bandaríkjamenn á sviði varnarmála. Við höfum náð samningum í flestöllum deilumálum okkar í sambandi við fiskveiðimál. Við eigum gott samstarf við Evrópusambandið og staða Íslands í samfélagi þjóðanna er mjög traust. Þessi grunnur skiptir að sjálfsögðu öllu máli og hann þarf að varðveita.

Við höfum sagt í Framsfl. að stjórnmál snúist um fólk og kosningar um traust. Við höfum skilgreint okkur á miðju íslenskra stjórnmála og við erum út af fyrir sig afar fegnir því að nútímajafnaðarmenn á Íslandi ætla að halda við vinstri stefnu og kenna sig við vinstri stefnu því að það er hlutur sem jafnaðarmenn í löndunum í kring gera ekki. Við höfum enga trú á þessum vinstri stefnum sem menn hafa verið að beita á undanförnum árum. Við teljum að samfélagið sé svo breytt, það sé svo miklu flóknara að stefnan fram miðjuna sé það sem skipti máli.

Framsfl. hefur t.d. mikið talað um félagshyggju og ég hygg að Framsfl. hafi verið fyrsti flokkur á Íslandi til að kenna sig við félagshyggju. En menn verða líka að hafa í huga að til að geta rekið sterka stefnu sem kennd er við félagshyggju verður jafnframt að byggja á markaðslausnum. Það verður að tryggja frelsi í viðskiptum og það verður að tryggja að hér sé frjálst og öflugt atvinnulíf.

Ég heyri á vinstri mönnum að þeir hafa engan áhuga á þessu atvinnulífi og þeim finnst ekki skipta neinu máli að hér sé öflugt atvinnulíf. Það sem skipti máli sé fyrst og fremst að borga út úr ríkissjóði. Það skipti afar litlu máli hvað þar er til. En það er einmitt breytingin sem hefur orðið á stjórnmálum í Evrópu að jafnaðarmenn viðurkenna mikilvægi öflugs atvinnulífs. Það er sorglegt að það skuli ekki hafa gerst hjá vinstri mönnum á Íslandi.

Þau mikilvægustu mál sem eru nú fram undan í íslensku þjóðlífi og munu skipta sköpum á næsta kjörtímabili er sókn í atvinnumálum, áframhaldandi uppbygging velferðarkerfisins, breytingar í byggðamálum, í menntamálum og traust staða í utanríkismálum. Framsfl. er nú sem fyrr tilbúinn að axla ábyrgð í þessum stóru málaflokkum. Við trúum því að við getum gert þar mikið gagn og við óskum eftir því að fólkið treysti okkur til þess að axla þar ábyrgð. Ef við fáum það traust ætlum við okkur að standa undir því eins og við höfum staðið undir því trausti sem við fengum í síðustu kosningum.

[21:23]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Að þessu sinni ber eldhúsdag á Alþingi upp á 8. mars, alþjóðlegan baráttudag kvenna. Það er táknræn áminning fyrir mig sem er kjörin á Alþingi fyrir Kvennalistann. Sérframboð kvenna hafa náð miklum árangri í jafnréttismálum en framtíðin kallar á breyttar leiðir. Því kalli ætlar Samfylkingin að svara. Því tala ég nú sem einn af mörgum fulltrúum úr nýjum og öflugum þingflokki Samfylkingarinnar.

Hvaða möguleikar blasa við okkur Íslendingum handan við aldamótin? Hvað verður um börnin okkar í heimi örra tæknibreytinga? Fyrir mér sem samfylkingarsinna er eitt stærsta viðfangsefni framtíðarinnar að efla mannauðinn þannig að tækifærin sem við höfum nýtist sem best til að ná fram almennri hagsæld fyrir almenning úti um allt land.

Flestir eru sammála því að fjárfesting einstaklinga og þjóðfélags í menntun og menningu sé sú öruggasta sem til er. Menntun er samfélagseign sem má ekki stjórnast af markaðshagsmunum einum saman. Ákvörðun um menntastefnu er ákvörðun um þjóðfélagsgerð.

Hvers konar hæfileika þarf að hafa til að standa sem best að vígi við óþekktar aðstæður 21. aldarinnar? Fólkið sem framtíðin virðist brosa við er að sjálfsögðu margbreytilegt en eftirsóknarverðast er, samkvæmt fjölmörgum spám og skýrslum, fólk sem er fært í samskiptum, er fært um að afla sér þekkingar til hugar og handar, er sveigjanlegt, er opið í hugsun, skapandi og með frjótt ímyndunarafl, hefur löngun til að vera í sífelldri þróun, þekkir eigin menningu, hefur sterka sjálfsmynd, er fært í tungumálum, kann á tölvur, hefur tilfinningu fyrir fegurð og eigin umhverfi. Af öllu þessu á viðkomandi að verða betri manneskja og að eflast að siðferðisþroska.

Þessir hæfileikar eiga að koma sér jafn vel fyrir atvinnulífið og fjölskyldulífið. Nauðsynlegt er að átta sig á að framfarir og tækni geta rúið manninn öllum mannlegum eiginleikum. Rætt er um að á 21. öldinni felist vandinn ekki lengur í að undirbúa fólk undir ákveðna þjóðfélagsgerð heldur í að fólk þurfi færni til að geta skilið umhverfið og hegðað sér á ábyrgan og heiðarlegan hátt.

Á nýafstaðinni ráðstefnu Kvenréttindafélags Íslands kom enn einu sinni fram gífurlegur munur á náms- og starfsvali kynjanna. Launamunur kynjanna var að hluta til skýrður með því. Þar var einnig sagt frá menntasmiðju kvenna á Akureyri, frá skapandi námi að skapi kvenna sem er einmitt í takt við lýsingarnar að framan. Námið var hagnýtt, skapandi og sjálfstyrkjandi með áherslu á sjálfsþekkingu, samfélagsþekkingu, tungumál og tölvur. Viðfangsefnin voru allt frá

dansi til draumrannsókna, handverki til tölvuverkefna. Árangurinn var góður þar sem aðeins ein kona er enn eftir á atvinnuleysisskrá.

Það skyldi þó ekki vera að hin eftirsótta þekking framtíðarinnar safnist nú í vaxandi mæli hjá konum þó að vinnumarkaðurinn hafi ekki enn áttað sig á því þar sem störf þeirra eru að stærstum hluta hjá hinu opinbera?

Í formlegum menntakerfum ríkir tilhneiging til að leggja áherslu á þekkingarsöfnun á kostnað annars náms. Nú er brýnt að skilja menntun á víðtækari hátt. Oft heyrist talað um að fólk þurfi að mennta sig og endurmennta sig til margra starfa á lífsleiðinni. Það skiptir öllu máli að símenntun og endurmenntun verði efld í góðri samvinnu opinberra aðila og aðila vinnumarkaðarins.

Ákvarðanir í menntamálum snerta allt þjóðfélagið. Forsenda þeirra er lýðræðisleg umræða, ekki bara um markmið hennar og lokatakmark heldur ekki síður um það hversu miklu fjármagni skuli varið til menntunar. Stefna Samfylkingarinnar er að auka framlög ríkisins til rannsókna og menntamála til samræmis við það sem best gerist meðal annarra þjóða.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hér á landi eru fleiri karlar og konur virk á vinnumarkaði en í nokkru öðru EES-landi. Meðalvinnutími fólks á viku er hæstur hér á landi og fleiri börn fæðast á hverja konu en í hinum EES-löndunum. Þessar staðreyndir segja okkur að við verðum að vanda vel til þeirrar þjónustu sem börnin okkar fá á öllum skólastigum, ekki síst til kennaramenntunar og aðbúnaðar kennara. Þá er þörf á átaki til að tryggja samveru barna og foreldra, hvort sem það gerist með bættu fæðingarorlofi beggja foreldra, foreldraorlofi eða styttum vinnutíma.

Það er stefna Samfylkingarinnar að bæði konur og karlar geti tekið virkan þátt í atvinnulífi og fjölskyldulífi og sinnt borgaralegum skyldum. Þá er mikilvægt að muna í öllu uppeldisstarfi að lýðræðisleg þátttaka snýst ekki aðeins um það að fá að kjósa á fjögurra ára fresti, heldur miklu fremur um hitt að taka virkan þátt í því samfélagi sem maður lifir og hrærist í helst frá blautu barnsbeini. — Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

[21:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Fái Samfylkingin jafnmikið fylgi í komandi þingkosningum og skoðanakannanir gefa vísbendingu um er það krafa um að Samfylkingin leiði næstu ríkisstjórn. Flokkar eiga að vera farvegur fyrir hugsjónir fólks og lífsviðhorf. Í grófum dráttum hafa tekist á tvenns konar meginsjónarmið meðal Íslendinga, sjónarmið jafnræðis og sjónarmið sérhyggju.

Við sem aðhyllumst lífsviðhorf jafnréttis höfum fram að þessu verið sundruð í of marga hópa. Nú myndum við nýtt stjórnmálaafl, samfylkingu um ný viðhorf og nýja lífssýn. Við viljum hefja til vegs á ný sjónarmið samhjálpar, réttlætis og jafnaðar. Við viljum samfélag þar sem allir fái lifað og starfað með fullri reisn.

Það sem einkennir kjörtímabilið sem senn er liðið er vaxandi misrétti og stéttarskipting. Þrátt fyrir góðærið eru fjölmennir hópar út undan, aldraðir, öryrkjar, einstæðir foreldrar og láglaunafjölskyldur. Þróunin er sú að peningaöflunum í þjóðfélaginu sem maka krókinn á kostnað alþýðu manna er sífellt gert auðveldara að mala gull í kvörninni. Ákvarðanataka um helstu perlur íslenskrar náttúru hefur verið sett á fárra manna hendur. Eignarréttur landeigenda að auðlindum hefur verið festur í sessi. Lénsherrar á sjó og á landi geta því rakað til sín miklum fjármunum frá íslenskum skattgreiðendum.

Helsta markmið Samfylkingarinnar er að snúa þessari þróun við og breyta leikreglunum. Það segir sig sjálft að jafnréttissjónarmið hafa átt erfitt uppdráttar á slíkum tímum. Þeim mun mikilvægara er að sem allra fyrst verði alger umskipti við landstjórnina. Ísland á að vera fyrir allar stéttir, alla hópa, en ekki bara hina ríku.

Sú nýja lífssýn sem Samfylkingin vill gefa ungu fólki inn í nýja öld felst m.a. í vilja til að fjármagna þá nýsköpun atvinnulífsins sem byggir á aukinni þekkingu, hugviti og menntun. Við lifum í heimi þar sem landamærin skipta æ minna máli þegar ungt fólk er að velja sér starfsvettvang. Við verðum að gera þjóðfélag okkar fýsilegt fyrir ungt fólk. Þjóðfélag okkar verður að standast samkeppni og samanburð um lífskjör og atvinnumöguleika. Við eigum að auka samvinnu okkar við erlenda markaði og menningarsamfélög, stuðla að opnu, alþjóðavænu og arðbæru samfélagi sem býður þegnum sínum upp á möguleika til fagurs mannlífs.

Í nýrri lífssýn okkar felst að málefni fjölskyldunnar fái aukið vægi. Nauðsynlegt er að afnema tekjutengingu barnabóta og að húsaleigubætur verði skattfrjálsar. Átak í uppbyggingu á leiguhúsnæði verður forgangverkefni Samfylkingarinnar.

Sú nýja lífssýn sem við viljum bjóða eldra fólki, öryrkjum, einstæðum foreldrum og láglaunafólki er öryggi, öryggi í lífsafkomu og möguleikar til lifandi og skapandi þátttöku í þjóðfélaginu. Sú nýja lífssýn sem við boðum felur í sér sátt milli kynslóðanna. Allir þjóðfélagsþegnar eru mikilvægir. Sú nýja lífssýn sem við viljum gefa almenningi felst í meiri trúnaði milli þegnanna og fulltrúa þeirra í opinberum störfum. Sú nýja lífssýn sem við boðum felur í sér að auka lýðræðið með margvíslegum hætti. Við viljum auka þegnréttindi, m.a. með því að opna fleiri möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu.

Sú nýja lífssýn sem við boðum felur í sér ábyrga stefnu gagnvart umhverfinu og náttúru landsins. Hún felur í sér metnað til að bæta kjör alls almennings og gæta meira jafnréttis í hvívetna. Í atvinnulífinu viljum við að gætt verði meira jafnræðis milli samkeppnisaðila.

Sú nýja lífssýn sem við boðum felur í sér að auka vægi almannasamtaka, hagsmunasamtaka almennings, við landstjórnina þegar við komumst til valda.

Við kynnum nýja lífssýn til sóknar í íslenska þjóðfélaginu þar sem tillit er tekið til allra þjóðfélagsþegna. Við tökum mið af síbreytilegu umhverfi og þróun á alþjóðavettvangi. En umfram allt byggjum við á gömlum og góðum gildum, lífsviðhorfum sígildrar jafnaðarstefnu, frelsi, jafnrétti og bræðralagi.

Góðir Íslendingar. Lýðræðisþjóðfélög eru sífellt í mótun. Landstjórnin á að endurspegla lífsviðhorf fóksins og hagsmuni þess. Á lýðveldistímanum hafa þó stjórnmálaöfl sem kenna sig við jafnrétti og jafnræði verið sundruð í marga flokka. Þess vegna hafa þau ekki verið þess umkomin að hafa áhrif í þjóðfélaginu í samræmi við þann fjölda sem aðhyllist slík lífsviðhorf. Í raun og veru er mikill meiri hluti Íslendinga í hjarta sínu jafnaðarmenn.

Nú eru algjör þáttaskil í íslensku þjóðfélagi. Félagslegu öflin hafa sameinast og bjóða fram samfylkingu til sigurs, samfylkingu til breytingar og betra lífs. Látum stóra drauminn rætast, að sjónarmið jafnaðar verði ríkjandi og að

Samfylkingin verði leiðandi afl í næstu ríkisstjórn. — Góðar stundir.

[21:37]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Nú þegar þessu kjörtímabili er senn að ljúka er rétt að líta yfir farinn veg og einnig að hyggja að framtíðinni. Í komandi kosningabaráttu munum við sjálfstæðismenn leggja verk okkar og framtíðarsýn fyrir kjósendur. Ég er ekki í vafa um að fólkið í landinu mun meta þá styrku stjórn sem við Íslendingar höfum búið við undanfarin tvö kjörtímabil. Til samanburðar er málefnasundurþykkja Samfylkingarinnar og forustuleysi.

Þau ánægulegu tíðindi eru líka að gerast að konum í þingliði Sjálfstfl. mun að öllum líkindum fjölga um a.m.k. fjórar frá síðustu kosningum. En á sama tíma er það sorgleg staðreynd að í þingliði Samfylkingarinnar mun sennilega fækka um þrjár konur. Það er dapurleg þróun að samfylkingarbröltið verði til þess að minnka áhrif kvenna á vinstri væng stjórnmálanna. Eðlileg afleiðing af þessu er að þær konur sem litið höfðu til Samfylkingarinnar með von um að þar væri helst að vænta aukinna áhrifa kvenna á stjórnmálin munu nú sjá að það er í Sjálfstfl. sem konur hafa áhrif.

Kjörtímabili mikilla framfara er nú að ljúka. Ekkert bendir til annars en að íslenska þjóðin muni lifa hagsældartíma næstu fjögur árin ef stjórnartaumarnir verða áfram í traustum höndum. Það hefur sýnt sig að efnahagsstjórn undangenginna ára hefur tryggt stöðugleika og þann trausta grunn sem við getum byggt framtíð okkar á. Þau skýru efnahagsmarkmið sem ríkisstjórnin setti í upphafi ferils síns hafa gengið eftir. Verkefnið var að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum, skapa skilyrði fyrir auknum hagvexti, fjölga störfum og stuðla að bættum lífskjörum. Allt þetta hefur gengið eftir og allt þetta hefur treyst grunninn svo að nú getum við með miklum krafti hugað að þróun byggðamála. Grundvöllurinn er fenginn.

Aðgerðir í byggðamálum hljóta því að verða eitt aðalviðfangsefni næsta kjörtímabils. Góður grundvöllur var samþykkt tillögu til þál. um byggðamál. Stefnan er byggð á viðamiklum rannsóknum sem fram fóru að tilhlutan stjórnar Byggðastofnunar á orsök núverandi byggðaþróunar.

Fábreytni atvinnulífsins er þungamiðjan í umkvörtunum þeirra sem flytja af landsbyggðinni. En nú hefur stefnan verið tekin markvisst á atvinnuþróun og nýsköpun. Þróunarstofur í landshlutunum munu hafa forustu í þessum efnum. Það er lykilatriði að heimamenn taki sjálfir á vandanum og glími við þau tækifæri sem gefast.

Á fjárlögum yfirstandandi árs hefur þegar verið hafist handa um þessi verkefni með framlögum til eignarhaldsfélaga til að tryggja eigið fé í nýsköpunarverkefnum. Grundvöllur atvinnumálakafla tillögunnar byggir á því að virkjaðar verði tillögur og framtak heimamanna því þeirra er þekkingin á umhverfinu og hagur að verkefnin gangi upp.

Annar meginþáttur tillögunnar snýst um menntun, þekkingu og menningu. Engum dylst hversu menntamál hafa mikil áhrif á búsetuþróun. Einn þeirra þátta sem íþyngja heimilum á landsbyggðinni er mikill kostnaður við að senda unglinga að heiman til mennta í framhaldsskólum. Til að létta þær byrðar hefur verið aukið fé til jöfnunar á námskostnaði. Ég heyri það á foreldrum og unglingum sem búa við þessar aðstæður að sú hækkun sem nú kemur fram er vel metin. Að mörgu fleiru er að hyggja varðandi menntamál landsbyggðarinnar og ekki síst að tryggður verði rekstrargrundvöllur þeirra framhaldsskóla sem eru úti um land og efling háskólamenntunar.

Í ljós hefur komið að menningarstarfsemi skiptir sífellt fleira fólk máli og það er ánægjuleg þróun. En við því verður jafnframt að bregðast með sýnilegum hætti. Það sýnir sig að það fjármagn sem fer til menningarstarfsemi á landsbyggðinni er vel nýtt og margfaldar sig auðveldlega í meðferð heimamanna. Það er menningarleg skylda stjórnvalda að stuðla að menningarstarfsemi sem víðast úti um land.

Þriðji þáttur tillögunnar snýr að jöfnun lífskjara og bættri samkeppnisstöðu. Vil ég sérstaklega nefna jöfnun húshitunarkostnaðar og átak í samgöngumálum. Það er ekki umdeilt að góðar samgöngur eru nauðsynlegar í hverju nútímasamfélagi. Stytting vegalengda á milli þéttbýlisstaða, m.a. með jarðgöngum, mun einnig efla og stækka atvinnusvæðin. Slíkar aðgerðir geta haft grundvallaráhrif á byggðaþróun.

Fjórði þáttur tillögunnar snýr að umhverfismálum og bættri umgengni við landið. Mikil vakning hefur átt sér stað í umhverfismálum og er það vel. Aðeins með góðri umgengni við landið getum við byggt það og nýtt áfram eins og nauðsynlegt er eigi íslenska þjóðin að lifa áfram. Engin þjóð lifir aðeins í einni borg.

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Að lokum þetta: Byggðastefna núv. ríkisstjórnar hefur verið mörkuð. Hún er vel rökstudd og vandlega unnin í samráði við fólkið í landinu og færustu sérfræðinga á þessu sviði. Í vor verður m.a. kosið á milli þessara hugmynda og sundurleitra sjónarmiða Samfylkingar. — Góðar stundir.

[21:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Mikil umskipti hafa orðið í íslenskum efnahagsmálum á undanförnum árum. Í stað stöðugrar óvissu, óðaverðbólgu og slakra rekstrarskilyrða atvinnulífsins hefur hér á landi ríkt efnahagslegur uppgangur, stöðugleiki í verðlagsmálum og almennt betra starfsumhverfi atvinnulífsins. Enginn vafi er á því að þetta hefur verið grundvöllur betri lífskjara og öruggari atvinnustarfsemi í landinu.

Atvinnustefna stjórnvalda hefur miðað að því að treysta undirstöðurnar með almennum ívilnandi aðgerðum fyrir atvinnulífið sem hafa sannarlega skilað sér í fleiri atvinnutækifærum í landinu, auknum hagvexti og betri lífskjörum. Þannig sjáum við hvernig hagsmunir starfsfólks og atvinnulífs eru samtvinnaðir. Betri staða atvinnufyrirtækja er þess vegna ekki á kostnað almennings heldur í þágu almennings, gagnstætt því sem stundum er látið í veðri vaka.

Það er þess vegna meira en lítið undarlegt að heyra ákall talsmanna vinstri flokkanna um að veikja nú stöðu atvinnulífsins. Þrátt fyrir að almennt horfi betur í rekstri margra fyrirtækja er það engu að síður viðblasandi staðreynd að ýmis fyrirtæki í landinu eiga við erfiðleika að etja. Samdráttur í rækjuveiðum hefur komið illa við atvinnulífið á landsbyggðinni, svo sem í byggðunum við Húnaflóa, Eyjafjörð og á Ísafirði, svo dæmi séu nefnd. Langvarandi erfiðleikar landvinnslunnar hafa og veikt stoðir margra sjávarútvegsfyrirtækja og leitt til fækkandi starfa úti um landið. Það er þó skoðun flestra að almenn rekstrarskilyrði fiskvinnslunnar séu nú betri en oft áður og mörg dæmi finnast úti um landið um að fyrirtæki sem starfa í þessari grein séu að byrja að rétta hlut sinn.

Það er afar mikilvægt að vel takist til í þeim efnum. Fiskvinnslan er atvinnugrein landsbyggðarinnar og rekstrar-

árangur fiskvinnslunnar og staða landsbyggðarinnar eru því samtvinnuð. Skýr og stöðug skilaboð frá ýmsum utan og innan þings um að íslenskur sjávarútvegur geti þolað milljarða viðbótarbyrðar eru þess vegna til þess fallin að veikja stöðu fiskvinnslunnar einmitt á þeim tíma sem margt bendir til að úr geti ræst á næstunni. Finnst einhverjum ekki nóg að gert? Þarf enn að auka á óvissu þess fólks sem starfar að fiskvinnslu hringinn í kringum landið?

Verkefni dagsins er fremur það að styrkja stoðir fiskvinnslunnar, auka svigrúm hennar og skapa henni frekari færi. Það verður ekki gert með því að leggja á hana nýja skattapinkla.

Við afgreiðslu breytinga á fiskveiðistjórnarlögum fyrr á þessum vetri var sett inn nýtt ákvæði sem felur í sér að endurskoða skuli lög um fiskveiðistjórn. Þetta er afar mikilvægt. Um þessi mál ríkir mikill ágreiningur í þjóðfélaginu og hagsmunirnir eru misjafnir. En það er vitaskuld augljóst mál að móta verður stefnu á þessu sviði sem treystir stöðu sjávarútvegsbyggðanna, dregur úr óvissunni sem fiskveiðistjórnarkerfið hefur skapað í ýmsum tilvikum, tryggir atvinnuréttindi þess fólks sem í greininni starfar og bætir sérstaklega samkeppnisstöðu fiskvinnslunnar.

Allt er þetta hluti af og í samræmi við þá byggðastefnu sem ríkisstjórnin hefur mótað á metnaðarfullan hátt og Alþingi hefur nýlega staðfest. Landsbyggðin þarf að fá til þess tækifæri að efla hlut sinn í nýjum atvinnugreinum til viðbótar þeirri atvinnustarfsemi sem fyrir er. Í þessum anda er sú stefnumörkun í byggðamálum sem samþykkt hefur verið og hlotið hefur afar jákvæðar undirtektir um land allt.

Stofnun eignarhaldsfélaga úti um landið með tilstyrk hins opinbera ætti á næstunni að skapa okkur ný og öflugri tækifæri. Á þessu ári hafa verið veittar 300 millj. kr. í samræmi við byggðaáætlun til næstu fjögurra ára af hálfu hins opinbera til þess að stofna til eignarhaldsfélaga á landsbyggðinni. Gert er ráð fyrir því að fjármálastofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki komi með fjárhæð á móti þannig að árlega geti jafnvel runnið um 750 millj. kr. til slíkra félaga á landsbyggðinni. Það gefur augaleið að með slíku átaki skapast ný færi fyrir atvinnulífið úti í byggðunum.

Nú er líka í gildi einhver metnaðarfyllsta vegáætlun sem Alþingi hefur nokkru sinni samþykkt. Framkvæmd hennar, sem þegar er hafin, mun skila okkur vel á veg í bættum samgöngum víða um landið. Þetta er ekki veigalítill þáttur í viðreisn landsbyggðarinnar og mun stuðla að því að ný tækifæri opnist eins og við höfum séð gerast í kjölfar batnandi samgangna vítt og breitt um landið og tilkoma Vestfjarðaganga er sennilega gleggsta dæmið um.

Virðulegi forseti. Eitt sinn var sagt:

Varðar mest, til allra orða
undirstaðan sé réttlig fundin.

Þetta á svo sannarlega enn við í dag. Það er í þágu landsbyggðarinnar að vel sé búið að atvinnulífinu. Og kannski er það verðmætasti þáttur byggðastefnu hæstv. ríkisstjórnar að hafa skapað atvinnulífinu almennt betri rekstrarkjör. Það er því áhyggjuefni, ekki síst okkar sem búum í hinum minni sjávarútvegsbyggðum, að heyra stöðugan enduróm þeirrar kröfu að nú sé kominn tími til að auka byrðar atvinnulífsins á landsbyggðinni að nýju á ýmsan hátt. Slíkt er ekki byggðastefna, heldur veikir það enn þær byggðir sem veikastar standa fyrir. Þar er svo sannarlega ekki á bætandi.

[21:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir síðustu kosningar, fyrir rétt tæpum fjórum árum síðan, fór Halldór Ásgrímsson fyrir liði framsóknarmanna um landið og sagði þá að hann hefði í hyggju að beita sér fyrir myndun vinstri stjórnar. Einnig sögðu þeir framsóknarmenn að þeir mundu hafa fólk í fyrirrúmi. Nú vitum við hvernig þetta fór. Þeir framsóknarmenn hoppuðu upp í glóðvolgt bælið hjá íhaldinu jafnskjótt og búið var að bera Alþfl. grátandi og nauðugan á dyr. Síðan hafa álver en ekki fólk verið í fyrirrúmi.

Það var einkar athyglisvert að heyra formann Framsfl. hér áðan nota þátíð þegar hann ræddi um tengsl Framsfl. við félagshyggjuna en nútíð þegar hann talaði um miðjuna. Ég held, herra forseti, að það sé búið að flytja þessa miðju í íslenskum stjórnmálum eitthvað til. Fyrir mér er þetta þannig orðið að ef Halldór Ásgrímsson er miðjumaður þá er Hannes Hólmsteinn orðinn krati.

Herra forseti. Þessi ríkisstjórn hefur um margt verið heppin, ef gæfa ríkisstjórnar felst aðallega í ytri aðstæðum, eins og margir stjórnmálaspekingar halda nú. Það hefur fiskast nokkuð vel og við höfum búið við hagfelld ytri skilyrði að ýmsu leyti. Þetta að viðbættum stóriðjuframkvæmdunum á suðvesturhorni landsins hefur þýtt að hér a.m.k. hefur verið talsverður uppgangur. Þetta heitir Góðærið með stórum staf og ákveðnum greini í munni hæstv. forsrh. Og það er góðærið sem er kosningastefna Sjálfstfl. frá upphafi til enda. Það er bara eitt orð í kosningaprógrammi Sjálfstfl. Það er góðærið. Með reglulegu millibili kemur hæstv. forsrh. í fjölmiðla og segir: „Sjá þjóð mín. Það er góðæri." Og ef vel tekst til fáum við sjálfsagt að sjá þá félagana saman í göngutúr á Þingvöllum, hæstv. forsrh. og Tanna, eins og síðast og þá er allt í góðu lagi.

Jú, það verður ekki deilt um það að ýmsir hafa haft það gott. En hinu verður heldur ekki mótmælt að þessu góðæri hefur verið ákafleg misskipt. Góðærið er ekki hjá öryrkjum landsins. Góðærið hefur ekki barið að dyrum aldraðra. Góðærið hefur ekki gist í sveitum landsins, a.m.k. ekki hjá sauðfjárbændum og góðærið er almennt ekki á landsbyggðinni.

Byggðaröskunin hefur verið stórfelld og hinn þjóðhagslegi herkostnaður af þessu ástandi er gríðarlegur. Nú hafa, nokkur ár í röð, tæplega tvö þúsund manns flutt af landsbyggðinni og hingað á suðvesturhornið á ári hverju. Þessu fylgir gríðarlegur kostnaður, ekki síst fyrir sveitarfélögin hér sem taka við þessum fólksfjölda, eða upp á 3–5 millj. kr. fyrir hvern mann sem hingað flyst. Eftir standa vannýttar fjárfestingar á landsbyggðinni í þeim byggðarlögum sem eru að tapa fólki.

Þessi óheillaþróun er öllum til tjóns. Hún kemur niður á lífskjörum þjóðarinnar, veldur félagslegum erfiðleikum og er án nokkurs vafa eitt alvarlegasta vandamál og samfélagsmein sem við er að glíma á Íslandi um þessar mundir. Viðbrögðin hingað til geta í besta falli kallast hálfkák. Sjálfstfl. verður að horfast í augu við þá staðreynd að forsrh. og formaður flokksins hefur nú farið með byggðamál samfellt í tæp átta ár. Þetta ástand hlýtur að skrifast að verulegu leyti á þá sem ábyrgðina hafa borið.

Það er kostulegt að sjá svo stjórnarþingmenn um þessar mundir vakna upp við það eins og vondan draum hvernig ástandið er í raun og veru. Þá spýtast þeir út í sín kjördæmi til fundahalda og lofa þar jarðgöngum á báða bóga eða öðrum

slíkum framkvæmdum, sömu þingmenn, sömu stjórnarþingmenn og hafa stutt hér vegáætlun og langtímaáætlun til heilla tólf ára þar sem jarðgöng eru hvergi á blaði. Er það nú málflutningur.

Var ekki líka kostulegt að sjá framsóknarþingmenn rjúka upp til handa og fóta þegar þeirra eigin ríkisstjórn og þeirra eigin einkavæðingarnefnd einkavæddi Áburðarverksmiðjuna, eins og henni bar að gera samkvæmt umboði sínu? Nei, þá átti þetta ekki að fara svona. En hvað hafa mennirnir verið að hugsa allan þennan tíma?

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lítum á það sem sérstakt forgangsverkefni að koma á jafnvægi í byggðaþróun í landinu. Til þess þarf að grípa til markvissra jöfnunaraðgerða. Ekki síst þarf stefnan í atvinnumálum landsmanna að styðja við byggðina í landinu en ekki vera henni mótdræg eins og hún er að mörgu leyti, bæði í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum og heftir nýliðun og fleira mætti þar til tína.

Rauði þráðurinn í umfjöllun okkar um atvinnumál er einmitt að atvinnulífið styðji við byggðina og sé fyrir fólkið í landinu en ekki í þágu erlendra auðhringa eða fjármagnsaflanna. Fyrir hverja er atvinnulífið? Formaður Framsfl. hefði kannski átt að ræða um það við okkur líka en ekki gerast svo barnalegur að halda því fram að allir sem eru í stjórnmálum á Íslandi og ekki tilheyra ríkisstjórninni gefi skít í atvinnulífið. Fannst mönnum trúverðugur eða merkilegur málflutningur frá þeim ágæta manni hér áðan?

Herra forseti. Staðreyndin er sú að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er og hefur verið ójafnaðarstjórn, frjálshyggjukreddustjórn, og virðist það grátlega litlu skipta í íslenskum stjórnmálum hvort það eru kratar eða framsóknarmenn sem halda þeim við völd. Einna háskalegust hygg ég þó að framganga ríkisstjórnarinnar hafi verið í umhverfismálum með þeirri blindu stóriðjustefnu sem þar hefur verið fylgt.

Þar viljum við sem stöndum að hinni nýju grænu vinstri hreyfingu gjörbreyta um áherslur. Við viljum móta sjálfbæra orkustefnu þar sem vernd umhverfis og hinna ósnortnu víðerna og hálendisgersema er höfð að leiðarljósi eins og kostur er. Þar í liggja framtíðarhagsmunir Íslands en ekki í fleiri mengandi fabrikkum og gamaldags stóriðjuverum sem aðrar þjóðir eru nú að ýta af höndum sér. Eiga það að verða örlög Íslands að verða ruslakista fyrir þann iðnað sem menn vilja losna við annars staðar?

Í utanríkismálum hefur það borið helst til tíðinda að Framsfl., undir forustu formanns síns, hefur nú opnað allar gáttir í sambandi við aðild að Evrópusambandinu. Í hverri ræðunni á fætur annarri gengur nú aftur það orðalag að við eigum að skoða alla möguleika, við eigum að halda þessu öllu opnu. Og kannski getum við fengið undanþágur frá sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Þetta er athyglisvert merkjamál. Það er reyndar, herra forseti, nánast óhugnanlega keimlíkt hinni þokukenndu stefnu Samfylkingarinnar í sama stóra máli.

Við í Vinstri heyfingunni – grænu framboði tölum alveg skýrt. Við erum andvíg aðild að Evrópusambandinu og við viljum þróa þessi samskipti í aðra átt, í átt til einfaldari, tvíhliða samninga og samskipta um viðskipti og samvinnu á sviði menntunar, menningar og vísinda o.s.frv. Ég hvet til þess að kjósendur krefji alla stjórnmálaflokka sem bjóða fram við næstu kosningar um skýr svör og afdráttarlaus svör í þessu stóra máli. Það á enginn stjórnmálaflokkur að komast upp með það að læðast í gegnum kosningabaráttuna í þoku óljósrar umfjöllunar um svo mikilvæg og afdrifarík stórmál. Í Evrópumálunum hræða sporin. Á máli kratanna á Norðurlöndum hefur „að skoða" þýtt sama og „að sækja um og fara inn".

Þegar kemur að afstöðunni til erlends hers og hernaðarbandalaga þá hefur einnig verið boðið upp á ýmislegt dapurlegt þessa síðustu daga, herra forseti. Á ég þá við fleira en fylgispekt Halldórs Ásgrímssonar utanrrh. við línuna frá Washington. En utanrrh. er, eins og kunnugt er, einn helsti aðdáandi ameríkskrar utanríkisstefnu á norðurhveli jarðar um þessar mundir.

Reynslan af samstarfi Sjálfstfl. og Framsfl. hefur jafnan verið slæm og þjóðin hefur yfirleitt kvatt slíkar stjórnir með litlum söknuði. En það er ekki nóg og verður ekki nóg að veita stjórnarflokkunum verðskuldaða ráðningu í næstu kosningum. Einnig þurfa að felast í úrslitunum skýr skilaboð um hvað menn vilja í staðinn. Með því að veita Vinstri heyfingunni – grænu framboði stuðning gera menn allt í senn. Menn láta í ljós skýr skilaboð um áherslur í þágu vinstri stefnu og umhverfisverndar. Menn mótmæla núverandi stjórnarstefnu misskiptingar, frjálshyggju og einkavæðingar og sofandaháttar í umhverfismálum. Og menn veita nýrri hreyfingu, nýjum málsvara mikilvægra hugsjóna og gilda, brautargengi.

Herra forseti. Ísland er gott land og við erum gæfusöm þjóð að fá að búa hér og nýta auðlindir þess. En við höfum einnig fengið þetta land til varðveislu, að láni, eins og stundum er sagt, frá börnum okkar, barnabörnum og komandi kynslóðum. Við sem nú lifum höfum mitt í allsnægtunum, þótt þeim sé að vísu misskipt, ekkert okkur til afsökunar ef við sökum græðgi eða vegna fyrirhyggjuleysis spillum lífsgæðum komandi kynslóða með rányrkju eða náttúruspjöllum.

Sem sjálfstæðri þjóð hefur okkur Íslendingum á síðari helmingi þessarar aldar vegnað vel. Með því að nýta hugvit okkar og auðlindir lands og sjávar hefur okkur orðið mikið ágengt. En við getum gert betur. Við þurfum að rjúfa vítahring lágra launa og langs vinnudags. Við þurfum að bæta aðstæður og kjör barnafólks. Við þurfum að veita öryrkjum, öldruðum og öðrum sem lakar standa að vígi eðlilega hlutdeild í aukinni hagsæld. Við þurfum að snúa við byggðaröskuninni og hefja sókn í þeim efnum þannig að þjóðin njóti gæða landsins alls í framtíðinni. Og við eigum umfram allt að varðveita fjöreggin okkar, sjálfstæði þjóðarinnar, menningu og tungu og landið sjálft, auðlindir þess og náttúru, í samræmi við það sem þessi fjöregg eru, það dýrmætasta sem þjóðin á.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Lifið heil.

[22:00]

Siv Friðleifsdóttir:

Góðir landsmenn. Nú er afar farsælu og árangursríku kjörtímabili að ljúka, kjörtímabili framfara, tímabili þar sem áherslur Framsfl. hafa komið sterkt fram, enda um tveggja flokka stjórn að ræða þar sem Framsfl. hefur haft helming ráðherra.

Það var alrangt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að Halldór Ásgrímsson hefði farið um landið og boðað að við færum í vinstri stjórn við síðustu kosningar. Það var alls ekki svo. Þá gengum við óbundin til kosninga eins og nú.

Kaupmáttur hefur aukist meira á þessu kjörtímabili en í nágrannalöndunum. Aukinn kaupmáttur og stöðugt efnahagsástand er eitt það mikilvægasta fyrir fjölskyldurnar í

landinu. Góð efnahagsstefna og fjölskyldustefna verður ekki slitin í sundur.

Við höfum minnkað atvinnuleysið. Yfir 12 þúsund ný störf verða til fyrir aldamótin en það var eitt aðalkosningamál okkar framsóknarmanna við síðustu kosningar. Að hafa atvinnu er hverjum manni mikilvægt því atvinnuleysi er eitt mesta böl sem þekkist. Atvinnutækifærin eru fjölbreyttari nú en fyrr. Dæmi úr mínu kjördæmi eru breytingar á verslunarrekstri flugstöðvarinnar sem hefur skapað mörg ný störf. Nú stendur stækkun hennar fyrir dyrum sem mun auka enn frekar á gróskuna þar.

Ný atvinnugrein sem hefur rutt sér til rúms er sú starfsemi sem fram fer á vettvangi rannsókna í líftækni og möguleikum tengdum rannsóknum með miðlægum gagnagrunni á heilbrigðissviði. Heilbrigðismál eru í góðum farvegi. Framþróun hefur orðið í uppbyggingu heilsugæslunnar. Samvinna sjúkrahúsa hefur aukist. Byrjað er að byggja nýjan barnaspítala en sjúk börn, aðstandendur þeirra og starfsfólk hafa undanfarna þrjá áratugi notið þjónustu í húsnæði sem var ekki sérhannað með börn í huga.

Forvarnir gegn reykingum og notkun eiturlyfja eru öflugri en nokkru sinni fyrr. Svona mætti lengi telja jákvæð framfaramál ríkisstjórnarinnar.

Miklar hræringar hafa átt sér stað á vettvangi flokkakerfisins á Íslandi. Alþfl., Alþb. og Kvennalistinn hafa gengið í eina sæng, fylkingarsængina. Nýleg skoðanakönnun sýndi að fylkingin hefur rétt úr kútnum þótt hún nái ekki kjörfylgi móðurflokkanna frá síðustu kosningum. Fyrir mér er stefna hennar eða það sem við höfum séð hingað til ekki trúverðug, enda er sjálfsagt erfitt að koma svo ólíkum öflum saman um trúverðuga stefnu. Fylkingin vill fara út úr hernaðarbandalögum en samt vera í hernaðarbandalagi. Hvernig gengur það upp?

Fylkingin setti fram þá stefnu fyrir stuttu að gera allt fyrir alla án þess að huga að því hvernig ætti að fjármagna herlegheitin. Ekki var það heldur trúverðugt. Það er einmitt slík stefna sem maður óttast að fylkingin standi fyrir, að eyða um efni fram, hækka bara skattana og láta ríkið taka erlend lán sem komandi kynslóðir þurfa svo að borga fyrir með versnandi lífskjörum.

En hvað með Sjálfstfl.? Það sem ég óttast mest varðandi hann er að fylgi hans verði of sterkt, jafnvel svo sterkt að hann nái einn að mynda næstu ríkisstjórn. Slíkt er varhugavert að mínu mati. Það er ekki æskilegt að einn flokkur verði við völd án aðhalds samstarfsflokks. Þótt Sjálfstfl. sé fylking sundurleitra sjónarmiða mundi öfgafull hægri stefna eiga auðvelt uppdráttar væri Sjálfstfl. einn við völd. Vegna þessarar stöðu er brýnt að Framsfl. fái styrk í næstu kosningum.

Framsfl. hafnar öfgafullum hægri og vinstri sjónarmiðum. Framsfl. hefur sterka forustu og styrk til að vinna að góðum málum fyrir þjóðarhag. Því er afar brýnt að hann fái góða kosningu í næstu alþingiskosningum.

Góðir áheyrendur. Í dag er alþjóðadagur kvenna. Margt hefur áunnist á kjörtímabilinu í jafnréttismálum undir forustu okkar framsóknarmanna. Ný framkvæmdaáætlun um jafnréttismál hefur verið samþykkt, umfangsmikið tilraunaverkefni um starfsmat sem leið til að uppræta launamun milli karla og kvenna hefur verið framkvæmt og frv. til nýrra framsækinna jafnréttislaga var lagt fram.

Ljóst er að konur eru allt of fáar í heimi stjórnmálanna. Það þarf að gera stjórnmálaþátttöku meira aðlaðandi fyrir konur og ungt fólk. Að undanförnu hef ég haft tækifæri til að ferðast út í kjördæmin með opna þverpólitíska fundi um konur og stjórnmál. Á þeim fundum hef ég fundið þann mikla pólitíska kraft sem býr í konum, kraft sem íslenskt samfélag verður að nýta.

Uppstillingar á listum valda þó nokkrum vonbrigðum. Konum mun ekki fjölga neitt verulega í næstu kosningum. Yrðu úrslit kosninga nú í vor þau sömu og voru fyrir fjórum árum er ljóst að konum mundi fækka hjá Samfylkingunni, fjölga hjá Sjálfstfl. en standa í stað hjá Framsfl. Hið gleðilega er að konur eru að færast ofar á listum og má benda á að hjá Framsfl. leiða nú þrjár konur lista en ekkert stjórnmálaafl hefur fleiri konur sem leiða lista.

Í tilefni alþjóðlega kvennadagsins vil ég hvetja allt ungt fólk til að taka þátt í stjórnmálum og þá sérstaklega konur. Það er ekki lýðræði í reynd fyrr en konur til jafns við karla stjórna samfélagi okkar. — Góðar stundir.

[22:06]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Það var athyglisvert að fylgjast með leiðtoga vinstri fylkingarinnar stunda hér gamaldags leðjuslag og sletta í allar áttir. Slíkt sýnir fram á málefnafátækt og dæmir sig sjálft. En á þessu kjörtímabili hafa orðið miklar framfarir á mörgum sviðum í þjóðfélagi okkar. Þótt margt hafi færst til betri vegar stöndum við frammi fyrir þeirri öfugu þróun sem verið hefur á búsetu í landinu. Þúsundir manna hafa flutt af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á síðustu árum þrátt fyrir marga augljósa kosti við búsetu á landsbyggðinni. Hér er um að ræða eitt mikilvægasta og flóknasta úrlausnarefni stjórnmálamanna og í reynd þjóðarinnar allrar.

Á grundvelli fræðilegra rannsókna hefur verið leitast við að greina ástæður búferlaflutninga. M.a. á forsendum þeirra hefur Alþingi samþykkt stefnu í byggðamálum þar sem fram kemur áætlun um aðgerðir til að snúa þessari alvarlegu þróun við.

Í ljósi búsetuþróunarinnar er mikilvægt að þjóðin geri með sér þjóðarsátt milli þéttbýlis og dreifbýlis um að beita tiltækum ráðum til þess að halda landinu sem mest í byggð. Sú byggðaáætlun sem Alþingi hefur samþykkt skapar grundvöll fyrir slíkri þjóðarsátt en það er ljóst að margt fleira þarf að koma til.

Sem fyrr er sjávarútvegur mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar. Bætt afkoma, hagræðing og framþróun í íslenskum sjávarútvegi hefur átt mjög stóran þátt í bættu efnahagsástandi þjóðarinnar. Ein forsenda þessa árangurs er það fiskveiðistjórnarkerfi sem unnið hefur verið eftir. Skiptar skoðanir eru meðal þjóðarinnar um fiskveiðimál og stjórn á nýtingu sjávarauðlindanna og svo mun verða meðan takmarka þarf sókn í fiskstofnana.

Stjórnkerfi fiskveiða hefur verið í stöðugri mótun og tekið breytingum eftir því sem þurft hefur og samkomulag hefur verið um á hverjum tíma. Í samfélaginu eru sífellt að fæðast nýjar tillögur um það hvernig eigi að stjórna fiskveiðum og allir telja sig hafa hina einu sönnu lausn á málinu. Ég leyfi mér að fullyrða að þeir sem hæst tala um að kollvarpa þurfi ríkjandi stjórnkerfi munu ekki hafa burði til þess að gera þær breytingar sem boðaðar eru þótt svo viðkomandi kæmust í aðstöðu til þess á Alþingi. Því er ástæða til að vara almenning við umræðum um þessi mál í upphrópunarstíl þar sem patentlausnir eru boðaðar. Slíkt þjónar ekki

heildarhagsmunum þjóðarinnar en það eru einmitt hagsmunir heildarinnar sem við verðum að hafa í huga þegar fjallað er um mikilvægasta atvinnuveg okkar.

Einnig verður að hafa í huga að eitt af einkennum starfsumhverfis sjávarútvegsins eru miklar sveiflur í lífríki sjávar og á mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Það hefur sýnt sig að undanförnu hvað varðar m.a. loðnu- og rækjuveiðar. Þetta minnir okkur á að nú sem fyrr er ekki á vísan að róa í þeim efnum.

Við Íslendingar höfum að mestu byggt afkomu okkar á þeim auðlindum sem felast í fiskstofnunum í hafinu og í orku fallvatna og jarðhita. Á nýrri öld þurfum við í auknum mæli að byggja á þeim auðlindum sem felast í hugviti þjóðarinnar og í hinni hreinu og fögru náttúru landsins. Íslendingar hafa sýnt það og sannað hve hugvitið er mikil auðlind. Til þess að þjóðin geti hagnýtt þá auðlind sem best verður að leggja enn meiri áherslu á menntun. Það er metnaðarfull framtíðarsýn til nýrrar aldar að allir hafi kost á að velja um atvinnu og geti lagt grunn að framtíð sinni, m.a. með góðri menntun. Um leið og þjóðin þróast frá því að byggja að mestu á frumvinnslugreinum til þess að auka vægi hugvits og tæknistarfa, þá fjölgar atvinnutækifærum og fjölbreytni atvinnulífsins verður meiri en áður.

Ein mesta ógn samfélags okkar er böl eiturlyfjanna. Því fylgja glæpir og óhamingja allt of margra samborgara okkar. Það er sorglegt að ungt og efnilegt fólk ánetjist fíkniefnum og leiðist út í líferni sem veldur ógæfu og erfiðleikum allt of margra fjölskyldna í þjóðfélaginu. Það er eitt mikilvægasta en um leið eitt erfiðasta verkefni samtímans að berjast gegn þeirri vá sem fíkniefnin eru og við eigum að leggja meira upp úr að styðja fíkniefnaneytendur og fjölskyldur þeirra til betra lífs.

Við Íslendingar búum almennt við góð lífskjör. Við eigum að setja okkur það markmið og hafa metnað til þess að styðja sem best við bakið á þeim sem einhverra hluta vegna búa við lakari kjör og aðstæður. Við eigum að gera með okkur velferðarsáttmála sem felur m.a. í sér það markmið að búa þeim betri lífskjör en þegar er orðið.

Þjóðfélagsgerð okkar er á miklu breytingaskeiði, m.a. hvað varðar aldurssamsetningu. Öldruðum fjölgar jafnt og þétt og við sem tilheyrum yngri kynslóðunum eigum að setja okkur það markmið að búa þeim eins góð lífskjör og mögulegt er. Elstu kynslóðirnar hafa lokið sínu dagsverki við að búa okkur gott samfélag og við eigum að meta það að verðleikum.

Góðir tilheyrendur. Með aðild að núverandi ríkisstjórn og í ágætu samstarfi við samstarfsflokkinn hefur Framsfl. unnið að því að koma til framkvæmda þeim háleitu markmiðum sem framsóknarmenn lögðu upp með fyrir síðustu alþingiskosningar. Flestum markmiðunum hefur verið náð. Það sýnir þá ábyrgð og festu sem Framsfl. stendur fyrir. Hagur þjóðarinnar hefur batnað á síðustu árum samfara efnahagslegum framförum. Nú við aldahvörf eigum við að setja okkur það markmið að Ísland verði í fremstu röð þeirra þjóða heims sem búa þegnum sínum best lífskjör. Með því að halda áfram að treysta þann efnahagslega grunn sem lagður hefur verið á þessu kjörtímabili er það raunhæft markmið. — Góðar stundir.

[22:12]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Góðir áhorfendur. Björn Bjarnason sagði áðan að Samfylkingin lofaði útgjöldum úr ríkissjóði upp í ermina á sér. Sá er nú ekki að skafa utan af því. Hver var það sem fjórum vikum eftir afgreiðslu fjárlaga lofaði tónlistarhöll í Reykjavík án þess að vita hvar hún ætti að vera, hvernig hún ætti að vera, hvað hún ætti að kosta eða hverjir ættu að borga? Það var Björn Bjarnason. Og hver var það sem fimm vikum eftir afgreiðslu fjárlaga lofaði menningarhöllum í sérhvern landshluta án þess að vita hvað þær ættu að gera, hvernig þær ættu að vera, hvað þær mundu kosta og hverjir ættu að borga? Það var líka Björn Bjarnason. Aldrei hefur nokkur einn maður lofað jafnmörgum jafnmiklu á jafnveikum forsendum og þessi hæstv. ráðherra.

Góðir áhorfendur. Frelsi, jafnrétti og bræðralag eru kjörorð jafnaðarstefnunnar. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna sem er í dag staðnæmast menn við jafnrétti kynjanna. Í upphafi þingfundar í morgun lét forseti þingsins þess getið að þegar sá kom til þings sem lengst hefur setið núverandi þingmanna, hafi aðeins ein kona setið á Alþingi. Nú sé þó tæpur þriðjungur þingsins konur.

Nítján konur eiga nú fast sæti hér. Á 35 árum hefur þeim því fjölgað um 18 eða að jafnaði um eina konu annað hvert ár. Stærri hafa skrefin ekki verið. Með sama áframhaldi verður það ekki fyrr en 2026 sem Alþingi gefur rétta mynd af kynjaskiptingu þjóðarinnar.

Jafnrétti? Hvernig efnir Samfylkingin sín fyrirheit? Af 16 þingmönnum Samfylkingarinnar eru átta karlar og átta konur og konurnar eru ekki bara með, konur stýra. Kona er aðaltalsmaður Samfylkingarinnar, kona formaður þingflokks hennar, konur leiðtogar framboðsins í tveimur fjölmennustu kjördæmunum. Jafnréttisáherslurnar eru rauður þráður í verkefnum okkar. Tólf mánaða fæðingarorlof auk sjálfstæðs réttar feðra, jafnréttismat fylgi öllum samþykktum Alþingis, jafnt hlutfall kynja í öllum stjórnum, ráðum og nefndum, jafnir möguleikar karla og kvenna til umbunar í starfi, tímabundið jafnréttisráðuneyti til átaks í jafnrétti kynjanna á öllum sviðum.

Víðar þarf þó að jafna rétt en á milli kynja. Rétturinn til þess að afla sér menntunar er ekki samur og jafn milli fátækra og ríkra, milli íbúa dreifbýlis og þéttbýlis. Ekki heldur rétturinn til heilbrigðisþjónustu. Langveik börn og fjölskyldur þeirra njóta ekki sama réttar til afkomuöryggis og við hin. Stórir hópar gamalmenna og allflestir öryrkjar búa við skert réttindi. Í mótvindinum tóku allir þessir á sig skertan hlut fyllilega til jafns við aðra en í meðvindinum fengu þeir ekki að njóta góðærisins til jafns við okkur hin. Þar brást réttlætið. En með jafnréttishugsjónina að leiðarljósi ætlar Samfylkingin að leysa vanda þessa fólks, skapa því réttlæti í nafni frelsisins því enginn maður verður frjáls sem ekki nýtur jafnréttis í nafni bræðralagsins því ekkert bræðralag getur orðið milli þegna sem ekki njóta frelsis og jafnréttis. Þannig er hjartastrengur jafnaðarmanna snúinn saman úr þessum þremur þáttum: Jafnréttinu, frelsinu og bræðralaginu. Jafnaðarmenn hugsa með höfðinu og hjartanu.

„Föðurland vort hálft er hafið." Arðurinn sem Íslendingar drógu úr hafdjúpunum fleytti þessari þjóð úr örbirgð til auðlegðar á einum mannsaldri. Fiskur úr sjó gerði okkur fært að mennta þjóðina til annarra verkefna, byggja upp aðra atvinnuvegi, auka fjölbreytni í starfsvali, leggja grunn að allt öðruvísi tilveru en þeirri sem afar okkar og ömmur þekktu. Þessi auðlind, fiskurinn í sjónum, er enn undirstaðan í afkomu fjölmargra íslenskra fjölskyldna. Sjávarbyggðirnar hringinn í kringum landið lifa eða deyja fyrir fisk. Nú eru margar þeirra að deyja. Aflaheimildirnar hafa verið seldar

burtu, strandveiðiflotinn er á heljarþröm, fólkið missir vinnuna, íbúðarhús eru óseljanleg og verðlaus, ávextir lífsbaráttu kynslóða eru að engu orðnir. Þessar hafa orðið afleiðingar rangláts kerfis þar sem nokkrum einstaklingum og fyrirtækjum voru gefin þau auðæfi hafsins sem áður gátu fleytt þjóðinni úr fátækt til bjargálna. Þarna ríkir ekkert jafnrétti lengur. Þarna er frelsið orðið að frelsi hinna fáu en ófrelsi allra hinna. Þessu verður að linna.

Samfylkingin vil að sameign þjóðarinnar á helstu auðlindum landsmanna verði bundin í stjórnarskrá. Samfylkingin vill að tekið verði sanngjarnt gjald fyrir afnot þessara auðlinda sem renni til sameiginlegra þarfa landsmanna allra. Samfylkingin vill þjóðarsátt um nýtt stjórnkerfi fiskveiða fyrir árið 2002 þar sem m.a. verði tryggð fjölbreytni í útgerð og vinnslu, fullvinnsla afla innan lands með öflugri smábáta- og bátaútgerð á grunnslóð og að afkoma nýrra aðila að útgerð verði auðvelduð. Samfylkingin vill koma í veg fyrir samþjöppun veiðiheimilda á fáar hendur og afstýra því að eignarréttur einstaklinga og fyrirtækja geti myndast á fiskstofnum.

„Föðurland vort hálft er hafið." Samfylkingin vill að við Íslendingar eigum saman þetta föðurland vort allt, hið hálfa á landi og hið hálfa í sjó, að við njótum auðlinda þess með sama rétti og sama atvinnufrelsi öllum til handa. Hnekkjum auðlindastefnu stjórnarflokkanna og nýtum auðlindir okkar í almannaþágu. Reisum þannig við á ný byggðina í sjávarþorpunum. Þar biður fólk ekki um ölmusu heldur um réttlæti.

Góðir áheyrendur. Mikil tímamót eru fram undan í stjórnmálum þessarar þjóðar. Samfylkingin fær feikigóðar viðtökur í skoðanakönnunum. Við sem höldum nú á fjöreggi þessarar hreyfingar gerum okkur ljóst að það er brothætt og vandmeðfarið. Við munum leggja okkur öll fram til að gæta þess og köllum til ykkar þarna úti sem bindið vonir við það sem við erum að gera að koma til liðs við okkur og hjálpa okkur í þeim verkum sem fram undan eru. Það er ekki oft sem tækifæri gefst til að búa til nýtt og betra Ísland. Það tækifæri höfum við nú. Göngum til þess leiks með bjartsýni og gleði. — Ég þakka þeim sem á hlýddu.

[22:19]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á því kjörtímabili sem senn er að ljúka hafa orðið stórstígar framfarir á öllum sviðum þjóðlífsins. Árangur ríkisstjórnarinnar blasir við öllum sem augu hafa að sjá og eyru að heyra. Við búum við efnahagslegan stöðugleika og í landinu er góðæri sem við höfum að stærstum hluta skapað okkur sjálf.

Það þarf ekki að fara langt aftur í tímann til að allt önnur mynd blasi við. Í upphafi þessa áratugar var öldin sannarlega önnur. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn tók við stjórnartaumunum 1991 voru efnahagsmálin í rúst. Á sama tíma þurfti að grípa til stórfellds niðurskurðar aflakvóta sem jók enn á þann vanda sem fyrir var og var hann þó ærinn. Í kjölfarið fylgdi atvinnuleysi sem reyndist okkur mjög þungbært þar sem það hefur ætíð verið aðalsmerki íslensks þjóðfélags að næg atvinna hefur verið fyrir alla. Það er hins vegar alls ekki raunin í flestum nágrannalöndum okkar þar sem viðvarandi atvinnuleysi þykir eðlilegt ástand. Það tókst að snúa vörn í sókn með markvissum aðgerðum í efnahagsmálum. Þar voru höfð að leiðarljósi heilbrigð samkeppni, ábyrgð og aukið frjálsræði í atvinnulífinu ásamt ráðdeild í stjórn ríkisfjármála.

Atvinnuleysið er nú úr sögunni, verðbólgudraugurinn hefur verið kveðinn niður og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur stórbætt stöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum.

Á þessu kjörtímabili hefur ríkisbönkunum verið breytt í hlutafélög og lífeyrismálin og vinnulöggjöfin stokkuð upp. Aðhaldi er áfram beitt í ríkisfjármálum og ríkissjóður er nú rekinn með tekjuafgangi þrátt fyrir lækkun skatta. Fiskveiðistjórnarkerfið er að skila okkur árangri í aukinni fiskgengd og eflingu fiskstofnanna. Atvinnulífið blómstrar og menn sækja fram á nýjum sviðum þar sem reynir á menntun og þekkingu.

Starfsemi fyrirtækja eins og t.d. Marels, OZ og Íslenskrar erfðagreiningar er gleggsta dæmið um það að Íslendingar nýta sér tækniþekkingu til að byggja upp öflug fyrirtæki. Ungt vel menntað fólk sem hefur hingað til ekki átt þess kost að fá störf við sitt hæfi hér á landi hefur flykkst heim frá útlöndum og menntun er í vaxandi mæli metin til góðra launa.

Í landinu er stöðugt verðlag og vaxandi kaupmáttur. Það er raunar ævintýri líkast hve hratt kaupmáttur hefur aukist, eða um 18,5% á þremur árum. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar enda hefur þessi árangur vakið athygli erlendis og styrkt stöðu okkar á alþjóðlegum mörkuðum. Ísland er nú í fimmta sæti þeirra þjóða sem mestrar velferðar njóta í heiminum öllum.

En það þarf sterk bein til að þola góða daga og við þurfum svo sannarlega að halda vöku okkar svo þessi góði árangur verði viðvarandi í framtíðinni.

Óhætt er að fullyrða að ekkert skiptir jafnmiklu fyrir okkur Íslendinga nú um stundir og menntamálin. Það skiptir sköpum um stöðu okkar í samfélagi þjóðanna hvernig þar er að verki staðið. Við erum í harðri samkeppni við aðrar þjóðir á öllum sviðum og beittasta vopnið í þeirri baráttu er góð menntun.

Menntun grípur inn á öll svið samfélagsins.

Menntun er að gera hlutina vel.

Menntun er að búa yfir þekkingu til allra verka. Samgöngumál eru t.d. ekki bara sandur og sement og malbik, heldur liggur þar að baki áralöng menntun og þekking og þjálfun.

Menntun er fjölskyldumál. Menntun er hluti af þroskaferli einstaklingsins sem hjálpar honum að rækta hæfileika sína og þjálfa hug og hönd til nýtilegra starfa og styrkja þannig sjálfmynd sína og lífshamingju.

Gleymum því heldur ekki að menntun er líka traustasta undirstaða jafnréttismála. Framsókn kvenna í þjóðlífinu og hikleysi þeirra við að taka á sig ábyrgð og skyldur til jafns við karla byggist fyrst og fremst á því að þær geti vísað til góðrar menntunar.

Við Íslendingar eigum að setja metnað okkar í að skara fram úr á þeim sviðum sem við þekkjum best, í sjávarútvegi, í hátæknigreinum, upplýsingatækni og svo mætti lengi telja. Grundvallarbreytingar eru að verða á atvinnulífi okkar, þar sem hagvöxt má í vaxandi mæli rekja til þekkingar fremur en náttúrulegra auðlinda.

Sjávarútvegur er og verður undirstöðugrein, en nýir tíma kalla líka á meiri menntun þar og við eigum í framtíðinni hiklaust að verða best menntaða fiskveiðþjóð í heimi.

Á þessum vetri hafa verið mikil umbrot á vinstri væng stjórnmálanna. Nýir stjórnmálaflokkar hafa verið stofnaðir á sama tíma og aðrir hafa verið lagðir niður. Kvennalistinn,

Alþfl. og Alþb. eru úr sögunni. Samfylkingin og grænt framboð taka við. Nýjasta uppákoman í þessum efnum varð nú í dag þegar Guðrún Helgadóttir sem kemur inn á Alþingi í stað Svavars Gestssonar, nýskipaðs sendiherra í Kanada, gekk til liðs við þingflokk óháðra. Þar með er strax byrjað að kvarnast úr hinum nýja þingflokki Samfylkingarinnar sem er innan við þriggja vikna gamall. Nú eru einungis fjórir þingmenn Alþb. eftir í Samfylkingunni af þeim níu sem skipuðu þingflokkinn í upphafi kjörtímabils.

Talsmenn Samfylkingarinnar hafa keppst við að láta líta út fyrir að á þeim bæ sé allt slétt og fellt en undir niðri krauma átökin og óánægjan. Það dylst engum og lítið þarf út af að bera til að kveikja í þeirri púðurtunnu sem Samfylkingin situr á.

Uppákoman í haust þegar Samfylkingin kynnti stefnu sína gleymist seint. Svo klaufalegur og ótrúverðugur var sá málatilbúnaður allur, fullur af óraunhæfum gylliboðum sem augljóst var að menn gátu ekki sýnt fram á að hægt væri að standa við. Lánleysi Samfylkingarinnar í þessum efnum sýnir þjóðinni glögglega hversu illa henni er treystandi til að koma að landstjórninni þegar hún ræður svo illa við að skipa innri málum sínum á þolanlegan hátt.

Góðir áheyrendur. Kostirnir í íslenskri pólitík eru óvenju skýrir fyrir komandi kosningar. Annars vegar er ábyrg stjórn undir forustu Sjálfstfl., hins vegar vinstra liðið með innbyrðis flokkadrætti og valdabaráttu. Sjálfstfl. hefur svo sannarlega sýnt að honum er treystandi til að leiða landstjórnina, hvort heldur er í andbyr eða meðbyr. Undir forustu hans hefur þjóðin lifað eitt mesta framfara- og hagsældarskeið í sögu sinni. Sjálfstfl. hefur sannarlega látið verkin tala. — Góðar stundir.

[22:28]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Á næsta ári verða liðin 90 ár frá því að samþykkt var að gera 8. mars, daginn í dag, að alþjóðlegum baráttudegi kvenna. Það gerðist á ráðstefnu verkakvenna í Kaupmannahöfn árið 1910 og var dagurinn einkum tengdur verkalýðshreyfingunni og baráttunni fyrir kosningarrétti kvenna framan af öldinni. Þegar sá réttur var tryggður kom bakslagið með heimskreppu og stjórnarherrum sem sviptu konur áunnum réttindum í stórum hluta Evrópu. Meðan sú óáran gekk yfir bar lítið á 8. mars sem baráttudegi.

Meðan heimsstyrjöldin síðari geisaði héldu konur um víða veröld uppi verksmiðjum og þjónustu, en karlar börðust á vígvöllunum. Eftir styrjöldina komst karlveldi allra landa að þeirri einróma niðurstöðu að senda ætti konur heim til að rýma fyrir körlum á vinnumarkaði, hvernig sem á stóð. Rekinn var gífurlegur áróður til að sannfæra konur um að hin æðsta sæla fælist í velskaffandi eiginmanni, fullu húsi af börnum og fögru heimili þar sem ryksuga, þvottavél og ísskápur innsigluðu lífshamingjuna. Enn bar lítið á 8. mars.

Tilbúin glansmynd eftirstríðsáranna stóðst ekki lengi, enda miklar þjóðfélagsbreytingar í gerjun. Þar kom á sjöunda áratugnum að kvennabaráttan braust fram að nýju með miklum krafti, enda ekki vanþörf á. Þá var rifjað upp að einu sinni höfðu konur átt sinn baráttudag og hefur hann verið nýttur til að vekja athygli á margvíslegum málefnum kvenna æ síðan.

Hæstv. forseti. Frá því að ég var unglingsstúlka í menntaskóla hef ég fylgst með íslenskri kvennabaráttu og verið virkur þátttakandi í henni í meira en 20 ár, fyrst í Rauðsokkahreyfingunni sem einkum beindi sjónum að stöðu kvenna á vinnumarkaði, síðan í Kvennaframboðinu í Reykjavík og Kvennalistanum.

Upp úr 1980 varð stefnubreyting í kvennaumræðunni hér á landi er sú hugmynd kom upp að taka upp gamla baráttuaðferð og bjóða fram sérlista kvenna. Hugmyndin var ekki einungis sú að koma konum að eins og það var orðað í upphafi aldarinnar, heldur að halda inn fyrir múra karlveldisins, það kerfi sem var smíðað af körlum fyrir karla, til þess að breyta því innan frá. Sérframboð kvenna komu fram að nýju í sveitarstjórnarkosningunum 1982 og hafa átt fulltrúa á Alþingi frá 1983.

Í tæp 16 ár starfaði þingflokkur Kvennalistans á Alþingi Íslendinga. Sögu hans lauk fyrir örfáum vikum eftir mikið átakaskeið. Þar með urðu enn á ný þáttaskil í íslenskri kvennabaráttu. Sögu einnar merkilegustu stjórnmálahreyfingar aldarinnar er að ljúka og ég hygg að það muni líða ár og dagur þar til konur reyna aftur leið sérframboðanna.

Þótt ég hafi sjálf yfirgefið Kvennalistann fyrir meira en ári síðan eftir að hafa lagt framboðshreyfingu kvenna lið frá fyrsta degi ætla ég að leyfa mér að leggja dóm á það starf sem unnið hefur verið.

Á þessum 16 árum hefur Kvennalistinn unnið mikið og merkilegt verk og hann hefur haft mikil áhrif. Á þessum tíma hefur hlutur kvenna á Alþingi og í sveitarstjórnum vaxið verulega þótt við séum enn langt á eftir öðrum Norðurlandaþjóðum. Fjöldamörg ný mál sem snerta hag kvenna hafa verið tekin til umræðu og öðrum þokað áfram, svo sem um ofbeldi gegn konum og börnum, um fæðingarorlof, heilsu kvenna, kaup og kjör, að ekki sé minnst á umhverfismálin sem Kvennalistinn flutti inn í sali Alþingis, en höfðu áður verið talin Íslendingum nánast óviðkomandi. Síðast en ekki síst var Kvennalistinn stöðug áminning til valdhafa um að hvorki á né má ganga fram hjá konum og að hagsmunir þeirra krefjast aðildar þeirra sjálfra að valdastofnunum samfélagsins, aðgerða og nýs hugsunarháttar.

Þótt saga Kvennalistans á Alþingi sé nú öll eru verkefnin ærin. Vinna okkar í félagsmálanefnd Alþingis undanfarnar vikur við nýtt frumvarp um jafnrétti kynjanna sannfærði mig um að kominn er tími til að söðla um. Nú þarf að efla baráttu kvenna utan stjórnkerfisins og beina sjónum að vinnumarkaðnum að nýju. Þar ríkja gamalgrónar hugmyndir um konur sem nauðsyn er að breyta. Þar blasa enn við okkur lág laun kvenna, óþolandi launamisrétti, erfiðleikar fólks við að samræma einkalíf og atvinnu sem og heilu atvinnugreinarnar sem nánast eingöngu er stjórnað af körlum. Að ekki sé nú talað um aðila vinnumarkaðarins, þar sem einsleitir karlahópar viðhalda Mesópótamíulögmálunum eftir bestu getu. Það er enn mikið verk að vinna í þágu kvenna, en til þess að það verði unnið þarf lifandi umræðu og lifandi hreyfingu. Sú hreyfing er því miður ekki lengur til hvað sem síðar verður.

Hæstv. forseti. Þegar ég nú kveð sali Alþingis eftir átta ára setu er það með blendnum tilfinningum. Ég get ekki leynt því að ég er afar vonsvikin yfir því hvernig fór fyrir þeirri merku hreyfingu sem ég var kosin fulltrúi fyrir. Það verður verkefni sagnfræðinga framtíðarinnar að greina hvernig það gerðist að þessi hreyfing sem ætlaði sér að sameina konur, velta um valdastólum, snúa hefðbundnum valdapíramídum við, breyta vinnubrögðum og áherslum, já, hvernig það gerðist að sú niðurstaða varð ofan á að þessi fyrrum róttæka kvennahreyfing ætti best heima í hefðbundnum krataflokki.

Á dögunum gaf Kvenréttindafélag Íslands út bókina Gegnum glerþakið. Þar draga þrjár sænskar blaðakonur sam-

an reynslu fjölmargra kvenna á Norðurlöndum af pólitísku starfi. Niðurstaða þeirra svarar að mínum dómi þeirri spurningu hvers vegna fór sem fór fyrir Kvennalistanum. Rótgróið stjórnmálakerfið malar og malar og steypir smám saman alla í sama mótið ef menn ekki halda vöku sinni, hvort sem þeir tilheyra sænskum sósíaldemókrötum, dönskum sósíalistum, hægri mönnum í Noregi eða íslenska kvennalistanum. Hin ævagömlu lögmál karlveldisins eru enn býsna sterk og þau vinna sitt verk.

Niðurstaða sænsku blaðakvennanna er sú að það þurfi kvennabyltingu, byltingu sem hafi það að leiðarljósi að breyta vinnubrögðum og snúa valdapíramídanum við.

Hæstv. forseti. Jafnframt vonbrigðum er ég líka ákaflega þakklát. Ég er þakklát fyrir það tækifæri sem mér hefur gefist til að beita mér í þágu kvennabaráttunnar í starfi mínu sem þingmaður. Ég hef átt þess kost að kynnast nánast öllum geirum samfélagsins, ég hef hitt alls konar konur og karla, bændur og sjómenn, verkakonur og verkstjóra, atvinnurekendur, skólamenn og vísindamenn. Starf alþingismannsins hefur leitt mig til Kína og Albaníu, Grænlands og Færeyja, inn í Evrópuráðið, EFTA og Vestnorræna þingmannaráðið. Ég hef ferðast um landið mitt, upp á jökultinda, út í eyjar, um fjöll og dali, þorp og kaupstaði, heimsótt jafnt frystihús, fjós, fjárhús og refabú sem sjúkrahús og skóla í krafti þingmennskunnar.

Fyrir alla þessa margvíslegu reynslu er ég afar þakklát sem og þá hvatningu og stuðning sem ég hef notið. Mikilvægust eru þó kynnin af þeim konum sem löngum héldu fána kvennabaráttunnar á lofti og öllum þeim stjórnmálamönnum, konum og körlum, sem átt hafa samleið með mér þessi átta ár. Þá má ekki gleyma starfsfólki Alþingis sem oft leggur nótt við dag til þess að löggjafarstarfið megi hafa sinn gang. Um leið og ég þakka ykkur öllum samvinnuna á ég þá ósk heitasta Alþingi til handa að þjóðin megi fá jákvæðari sýn á allt það mikilvæga og merka starf sem unnið er hér innan dyra þrátt fyrir margvíslegan pólitískan ágreining. Ég trúi því að með auknum hlut kvenna, með virðingu og aðgerðum í þágu kvenfrelsis, jöfnuðar og réttlætis verði lýðræðið best treyst í sessi og þar með staða Alþingis.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum vitna í bók sænsku blaðakvennanna, Gegnum glerþakið, okkur öllum til umhugsunar. Þær segja:

„Nú á dögum ríkir glundroði vegna þess að draumum og hugsjónum hefur verið útrýmt úr stjórnmálunum. Skortur á draumum veldur óöryggi, þörf fyrir að fylgjast með öðrum og jafnvel hræðslu og hagsmunapoti. Eitthvað alvarlegt hefur gerst síðan á 8. áratugnum þegar Palme sagði að vilji væri allt sem þyrfti. Þá þyddi stjórnmálaþátttaka að vera með og hafa áhrif. Ungu fólki fannst framlag sitt mikilvægt. Nú hafa afskaplega fáir trú á að framlag einstaklingsins sé einhvers virði. Og hvers vegna skyldu þeir þá vera með?

Skortur á hugsjónum og einlægni í sænskum stjórnmálum bendir til að eitthvað sé að. Fólk lokar augunum fyrir því að vinnufyrirkomulag stjórnmálanna leiðir til misréttis. Lýðræðið — sem vissulega er ófullkomið, en lýðræði þó — er í lífshættu. Fjöldinn er óvirkur og málsmetandi menn eru jafnvel farnir að láta sér um munn fara að lýðræðið verði að takmarka vegna þess að það standi efnahagslegum framförum fyrir þrifum.

Það er kominn tími til að hver og einn þori að grandskoða þátt sinn í þessu kúgandi kerfi. Konurnar líka.“ — Góðar stundir.

[22:38]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir nokkrum dögum var þess minnst að 100 ár voru liðin frá fyrsta búnaðarþingi. Athöfnin var með miklum myndarbrag. Afurðir íslenskra bænda voru bornar fram, vara sem sómir sér við hvaða veisluborð sem finnst á byggðu bóli. Á fyrsta búnaðarþingi snerist barátta bænda um að útvega hrífu og kvísl.

Nú er öldin önnur og hagsmunamálin flóknari. Engu að síður er enn full þörf á samstöðu og vilja til þess að snúa bökum saman hjá bændastéttinni eins og öðrum stéttum þjóðfélagsins. Þróun íslensks samfélags í 100 ár hefur verið byltingarkennd. Það er ekki sjálfsagður hlutur að þróunin varð á þennan veg. Margt ræður þar um, m.a. stjórnvaldsaðgerðir.

Það ríkir meiri sátt um íslenskan landbúnað nú en verið hefur lengi. Ég fullyrði að það er vegna þess að vel hefur verið haldið á málefnum bænda í tíð núv. landbrh. Samningar hafa náðst við bændur um framleiðslu í mjólk og sauðfé og fyrir nokkrum dögum náðist samkomulag um fjárframlög til þróunar og nýsköpunar í landbúnaði svo sem leiðbeinendaþjónustu. Íslenskur landbúnaður hefði getað hrunið ef þau stjórnmálaöfl sem vissulega voru hávær í þjóðfélaginu og ráku áróður gegn honum fyrir nokkrum árum hefðu haft meiri völd. Mér segir svo hugur að hættan sé ekki liðin hjá. Áfram þarf að vinna að því að bæta kjör bænda, ekki síst vegna þeirrar þjóðmenningar sem við hljótum að vilja hlúa að og varðveita.

Háskólarektor sagði nýlega í útvarpsviðtali að hann teldi að sá tími væri ekki langt undan að þróun í byggðamálum mundi snúast við og fólk færi aftur að flytja út á land. Fólk muni meta meira en nú er návistina við fagra náttúru og kyrrð sveitanna. Til þess að svo geti orðið þarf umræðan að breytast. Það er mikilvægt að þeim þáttum sé haldið á lofti sem eru landsbyggðinni í hag og sem styrkja sjálfsímynd landsbyggðarfólks.

Það er áhyggjuefni hversu lítið er orðið um að börn fái að kynnast lífi í sveit, fái að vasast innan um dýrin og eignast þau að vinum. Það lofar ekki góðu ef einu kynnin af dýrum eru gegnum kvikmyndir sem oft eru nokkuð langt frá raunveruleikanum. Við eigum að líta á sveitirnar sem verðmæti, sem auðlind sem okkur ber að nýta og varðveita.

Nú er farsælt kjörtímabil fyrir íslenskt samfélag senn á enda. Fjögur ár eru liðin síðan Framsfl. kom að ríkisstjórnarborðinu og tók við þeim ráðuneytum sem Alþýðuflokkurinn – jafnaðarmannaflokkur Íslands, hafði farið með í síðustu ríkisstjórn. Það var kallað þá að okkar ráðherrar hefðu ekki fúlsað við að fara í kratabælin.

Það er hins vegar aðalatriðið að okkur tókst að skipta á rúmunum. Það er allt öðruvísi umhorfs í þjóðfélaginu í dag en það var fyrir fjórum árum. Þetta sjá allir sem sjá vilja en ég ætlast ekki til að stjórnarandstaðan hafi gefið sér tíma til að velta þessu fyrir sér í önnum sameiningar eða miklu heldur sundrungar. Ég stenst ekki þá freistingu að minna á að hinn stóri og öflugi þingflokkur jafnaðarmanna, sem þingmenn hafa margnefnt í kvöld, er nákvæmlega jafnstór þingflokki framsóknarmanna.

Í upphafi þessa kjörtímabils var atvinnuleysið að festast í sessi eftir viðvarandi atvinnuleysi á síðasta kjörtímabili. Fólk, ekki síst ungt fólk flýði land af vantrú á framtíðarmöguleika í landinu. Nú segir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að

hún þurfi að fá völdin til að gera þjóðfélagið fýsilegra fyrir ungt fólk.

Í upphafi kjörtímabilsins lá fyrir að viðlíka skuldasöfnun ríkissjóðs næsta áratug eins og áratuginn þar á undan hefði getað stefnt efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í voða. Slíkt hefði birst í því að erlendir lánardrottnar hefðu getað sett Íslendingum skilyrði um efnahagsaðgerðir. Nú er staðan sú að skuldir ríkissjóðs verða greiddar niður um 30 milljarða á árunum 1998 og 1999. Sparnaður ríkissjóðs af lægri vaxtagreiðslum vegna þessa skiptir þegar milljörðum króna.

Það er athyglisvert að Samfylkingin svokallaða hefur reynt að telja fólki trú um að hún ein sé að berjast fyrir lítilmagnann í þjóðfélaginu. Man nokkur eftir kratakerðingunum frá síðasta kjörtímabili? Allt var tekjutengt sem viðkom félagslegum greiðslum og þjónustugjöldum var komið á þar sem þeim var við komið. Lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna var breytt þannig að aðeins þeir efnameiri höfðu möguleika til langskólanáms. Var þetta allt saman gert af félagslegum hugsjónum?

Hvað sem líður taugaveiklun nýs formanns vinstri flokksins, vinstra framboðsins eða hvað það nú heitir, þá er Framsfl. og verður félagshyggjuflokkur. Við framsóknarmenn höfum í þessari ríkisstjórn staðið vörð um velferðarkerfið og ég held því fram að það hafi verið styrkt verulega. Okkur vannst ekki tími til að afnema allar kratakerðingarnar en vonandi fáum við styrk til þess að halda starfi okkar áfram eftir kosningar og halda áfram á þeirri braut.

Í desember sl. var stigið fyrsta skrefið í þá átt að minnka skerðingu á lífeyri öryrkja vegna tekna maka. Það er í fyrsta skipti sem tekið er á þessu óréttlæti en lögin eru um 30 ára gömul. Þegar þeim var breytt í tíð síðustu ríkisstjórnar, kratastjórnarinnar, var ekki gerð breyting á þessu ákvæði þrátt fyrir að Öryrkjabandalagið hafi barist fyrir því. Hvernig var svo ástandið í húsnæðismálum í tíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fyrrv. félmrh.? Eru landsmenn búnir að gleyma afföllunum í húsbréfakerfinu? Það var hægt að fá húsbréf en afföllin voru allt að 25%. 4 milljónir urðu að 3 milljónum í höndum húsbyggjenda. Auk þess var félagslega kerfið komið í slíkar ógöngur að neyðaróp barst frá sveitarstjórnarmönnum um úrbætur. Þetta var kerfið sem þingmaðurinn sá svo eftir að skyldi aflagt að hún talaði í 10 klukkustundir úr þessum ræðustól. Hún setti vissulega landsmet, landsmet sem lítill sómi var að.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun sem m.a. kveður á um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Kjörorð áætlunarinnar er: Maður, nýting, náttúra. Engri þjóð er það mikilvægara en okkur Íslendingum að finna þann gullna meðalveg sem hafa ber að leiðarljósi í ákvörðunartöku um nýtingu náttúruauðlinda til hagsældar fyrir fólkið í landinu.

Í 1200 ár höfum við búið í landinu og lifað af því sem það hefur gefið okkur. Stundum höfum við gengið of nærri landinu sem oft gerðist af vankunnáttu en þó fyrst og fremst af brýnni neyð. Nú eigum við að hafa þekkingu til að bera þannig að ekki verði tekið af höfuðstól þegar um endurnýjanlegar orkulindir er að ræða.

Það er ánægjulegt að á næstu dögum verða væntanlega ný náttúruverndarlög að lögum á hv. Alþingi sem er metnaðarfull lagasetning.

Hæstv. forseti. Ég vil að síðustu þakka fyrir samskiptin á þessu kjörtímabili við samherja og andstæðinga. Öll verk mannsins eru umdeilanleg og það eru pólitískar ákvarðanir að sjálfsögðu líka. Það verður seint sagt um þau fjögur ár sem nú eru að baki að yfir þeim hafi ríkt lognmolla. Fjöldi stórmála hefur orðið að lögum og grundvallarbreyting hefur verð gerð í veigamiklum atriðum sem varða allar starfsgreinar og félagslegt umhverfi. Grunnurinn hefur verið lagður fyrir kynslóðir framtíðarinnar að byggja á sókn til betra lífs og meiri framfara á nýrri öld. — Ég býð góða nótt og þakka áheyrnina.

[22:46]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, 98. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1042.

Almannatryggingar, 520. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1054; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1055.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 521. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1056; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1057.

Alþjóðleg viðskiptafélög, 414. mál, brtt. VE, þskj. 1040.

Átak til að draga úr reykingum kvenna, 95. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1043.

Búnaðarfræðsla, 546. mál, nál. landbn., þskj. 1052; brtt. landbn., þskj. 1053.

Dragnótaveiðar í Faxaflóa, 535. mál, svar sjútvrh., þskj. 980.

Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, 100. mál, nál. landbn., þskj. 1048.

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, 356. mál, nál. samgn., þskj. 1046.

Landslið hestamanna, 342. mál, nál. landbn., þskj. 1047.

Raforkuver, 471. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 1041.

Rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, 378. mál, nál. samgn., þskj. 1045.

Skaðabótalög, 183. mál, brtt. SP, þskj. 1058.

Skipulags- og byggingarlög, 352. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1059; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 1060.

Stjórnarráð Íslands, 475. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1051.

Úttekt á nýtingu lítilla orkuvera, 377. mál, nál. iðnn., þskj. 1049.

Vegtollar, 45. mál, nál. samgn., þskj. 1044.

Þriggja fasa rafmagn, 204. mál, nál. iðnn., þskj. 1050.

Fundi slitið kl. 22:48.

---

82. FUNDUR

þriðjudaginn 9. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Jarðalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 872. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 577. mál, þskj. 950. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 590. mál, þskj. 986. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Útflutningsráð Íslands, frv., 591. mál, þskj. 987. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Landsvirkjun, frv., 592. mál, þskj. 1005. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 593. mál, þskj. 1008. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Lögskráning sjómanna, frv., 594. mál, þskj. 1014. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 585. mál, þskj. 978. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Vegagerð í afskekktum landshlutum, þáltill., 73. mál, þskj. 73, nál. 1015. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

10. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 510. mál, þskj. 822, nál. 1019. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 511. mál, þskj. 823, nál. 1021, brtt. 1022. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, frv., 44. mál, þskj. 44, nál. 1020. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

13. Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, frv., 311. mál, þskj. 372. — 3. umr.

14. Ríkisreikningur 1997, stjfrv., 152. mál, þskj. 152. — 3. umr.

15. Orkulög, stjfrv., 543. mál, þskj. 868. — 3. umr.

16. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 223. mál, þskj. 250, nál. 988 og 1023. — Frh. 2. umr.

17. Raforkuver, stjfrv., 471. mál, þskj. 776, nál. 1009 og 1041, brtt. 1010. — Frh. 2. umr.

18. Hvalveiðar, þáltill., 92. mál, þskj. 92, nál. 1018. — Síðari umr.

19. Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, þáltill., 98. mál, þskj. 98, nál. 1042. — Síðari umr.

20. Átak til að draga úr reykingum kvenna, þáltill., 95. mál, þskj. 95, nál. 1043. — Síðari umr.

21. Vegtollar, þáltill., 45. mál, þskj. 45, nál. 1044. — Síðari umr.

22. Rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, þáltill., 378. mál, þskj. 605, nál. 1045. — Síðari umr.

23. Langtímaáætlun í gerð jarðganga á Íslandi, þáltill., 356. mál, þskj. 488, nál. 1046. — Síðari umr.

24. Íslenski hesturinn, þáltill., 342. mál, þskj. 440, nál. 1047. — Síðari umr.

25. Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, þáltill., 100. mál, þskj. 100, nál. 1048. — Síðari umr.

26. Úttekt á nýtingu lítilla orkuvera, þáltill., 377. mál, þskj. 604, nál. 1049. — Síðari umr.

27. Þriggja fasa rafmagn, þáltill., 204. mál, þskj. 222, nál. 1050. — Síðari umr.

28. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 546. mál, þskj. 871, nál. 1052, brtt. 1053. — 2. umr.

29. Almannatryggingar, stjfrv., 520. mál, þskj. 834, nál. 1054, brtt. 1055. — 2. umr.

30. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 521. mál, þskj. 835, nál. 1056, brtt. 1057. — 2. umr.

31. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 352. mál, þskj. 475, nál. 1059, brtt. 1060. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.

Athugasemdir um störf þingsins.

Beiðni um utandagskrárumræðu.

[10:32]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Sl. fimmtudag fór ég þess á leit við hæstv. dómsmrh. Þorstein Pálsson að utandagskrárumræða yrði í þinginu um löggæsluna í Grindavík.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að alveg síðan 1992, þegar lögreglan í Grindavík var sameinuð lögregluembættinu í Keflavík, hefur stöðugur niðurskurður verið á löggæslu í þessum einum stærsta útgerðarbæ á Suðurnesjum. Fram til þess tíma hafði þótt sjálfsagt að hafa fimm menn í einu á vakt um helgar sem þýddi að hægt var að gera út tvo lögreglubíla og hafa einn mann á stöð. Þá voru að jafnaði tveir menn á útkallsvakt. Nú hefur verið fækkað niður í þrjá á vakt, aðeins einn bíll er til ráðstöfunar, hinn bíllinn var færður til Keflavíkur 1998.

Árið 1995 var ákveðið að aðeins einn maður yrði á útkallsvakt í sparnaðarskyni og til að forða því að félagi þeirra lenti einn í hættuástandi hafa lögreglumennirnir sjálfir tekið það á sig að vera til taks, ef svo bæri undir, launalaust. Bakvaktin sem er alger lágmarksneyðarráðstöfun hefur kostað ríkið um 1.200 þús. kr. á ári.

Nú er fyrirhugað að því er sagt er í sparnaðarskyni að sinna bakvöktum frá Keflavík en það tekur lágmark 25 mínútur að komast frá Keflavík til Grindavíkur og er þá miðað við að lögreglubíllinn standi fullmannaður tilbúinn á hlaðinu hjá lögreglustöðinni sem er auðvitað ekki nálægt því alltaf því að lögreglan í Keflavík er líka undirmönnuð. Þessar ráðstafanir, sem ekki hefur verið unnt að fá afturkallaðar þrátt fyrir harða baráttu bæjarstjórnar Grindavíkur, hafa valdið miklum ugg í bænum. Menn óttast mjög um öryggi fólks á svæðinu en þarna eru fjölsetnar verbúðir og mikill fjöldi aðkomufólks í bænum. Við þessar aðstæður fór ég fram á utan dagskrárumræðu um málið.

Er skemmst frá því að segja að hæstv. dómsmrh. kvaðst vera á útleið úr þinginu og hann yrði ekki viðstaddur þar meira. Hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason mundi gegna fyrir hann. En þegar leitað var eftir því var hæstv. ráðherra ekki tilbúinn til að taka utandagskrárumræðuna heldur. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort honum finnist ekki æskilegt að hæstv. ráðherrar verði við slíkum beiðnum og hvort hæstv. forseti muni beita sér fyrir því að utandagskrárumræðan geti farið fram.

[10:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Því er til að svara að hæstv. ráðherra, sem gegnir fyrir Þorstein Pálsson, verður að meta það sjálfur hvort hann verður við slíkri beiðni.

[10:34]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að taka málið upp hér og ég hlýt að gagnrýna þá meðferð sem beiðni hennar um utandagskrárumræðu um málið hefur fengið hjá hæstv. ráðherrum. Sannarlega hefði verið ástæða til að ræða utan dagskrár það ástand sem skapast þegar löggæslu er ábótavant sem er því miður víða raunin út um landið. Við þekkjum það mætavel sem sitjum í hv. fjárln. að löggæslumálin eru hreinlega í hálfgerðu uppnámi víða um land og hvarvetna þörf úrbóta og sá þáttur er nánast fastur liður í dagskrá þeirra fjölmörgu fulltrúa sveitarstjórna af öllu landinu sem koma á fund fjárln. Við getum rétt ímyndað

okkur álagið á þá einn eða tvo löggæslumenn sem eiga að sinna allri löggæslu á stóru svæði og það öryggisleysi sem fólk skynjar við slíkar aðstæður. Þess vegna hefði sannarlega verið ástæða til að ræða þetta mál eðlilega utan dagskrár og ég tek undir gagnrýni hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur á þá meðferð sem beiðni hennar hefur fengið hjá þinginu.

[10:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Auðvitað er umhugsunarefni að erfitt er fyrir þingmenn að nýta þá heimild sem þeir hafa til utandagskrárumræðu, t.d. ef ráðherra er fjarverandi, er ekki í þinginu eins og í þessu tilviki. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að ráðherra sem leysir af í slíku tilviki þekkir ekki málin og það munum við væntanlega fá að heyra. Það er umhugsunarefni að þingmenn muni ekki eiga möguleika á að fá umræðu um brýn mál og þetta er miklu stærra mál en það hljómar.

Hvers vegna skyldu svo vera átök núna um löggæslumál í Grindavík? Það er vegna þess að í fjárlögum var sýslumönnum þröngt skorinn stakkur og ég spyr stjórnarliða: Vissu þeir, þegar þeir voru að afgreiða fjárlög í desember, að sýslumenn yrðu að grípa til niðurskurðar á jafnmikilvægum þætti og eftirlitsstörf á þessum smærri stöðum eru að skera niður bakvaktirnar á stöðum eins og Grindavík, sjávarútvegsplássi? Vita hv. þm. að fyrirhugað er, herra forseti, á fleiri stöðum en á Suðurnesjum og Grindavík að skera niður bakvaktir? Vita hv. þm. að fyrir liggur að það verði gert á Vesturlandi? Vita hv. þm. að það liggur fyrir að sýslumenn víða um land eigi engan kost á að uppfylla fjárlagaramma sinn og standa við fjárlög sín öðruvísi en grípa til slíkra aðgerða og þeir eru víðar búnir að sjá að eina leiðin er að þurrka út bakvaktirnar á litlu stöðunum, ágætu þingmenn? Þetta er það sem við blasir á síðustu dögum þingsins þegar við fáum ekki utandagskrárumræðu til að ræða slík mál.

(**Forseti** (ÓE): Forseti bendir á að það stendur yfir umræða um störf þingsins en ekki efnisleg umræða um lögreglumál í Grindavík.)

[10:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þegar það kom til umræðu með okkur dómsmrh. í síðustu viku að það væri ósk um að efna til umræðu utan dagskrár um þetta mál kom í ljós að hæstv. dómsmrh. hafði ekki tök á því að gera það í síðustu viku og nú er hann í fylgd forseta Íslands í Rómaborg að sinna skyldustörfum sínum þar. Það var líka samdóma álit okkar að það væri í sjálfu sér ekki mikils virði að ég tæki þátt í umræðum um þetta.

Nú hefur hv. þm. komið sjónarmiðum sínum á framfæri og að sjálfsögðu verður séð til þess að þau sjónarmið komist til yfirvalda dómsmála og lögreglumála og tekin verði afstaða til þeirra sjónarmiða sem hv. þm. hreyfði en það var ekki nein neitun af minni hálfu að efna til utandagskrárumræðu um málið. Ég taldi hins vegar að einsýnt væri að það væri betra, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vakti máls á, að dómsmrh. sjálfur tæki þátt í þeim umræðum.

[10:39]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég hefði talið mjög æskilegt að utandagskrárumræða hefði farið fram um málið. Það er alveg ljóst að hér er um mikið hagsmunamál fyrir Grindvíkinga að ræða. Hallgrímur Bogason, formaður bæjarráðs, hefur t.d. haft samband við mig og lýst áhyggjum þeirra.

Þetta er ekki lítið samfélag. Það eru 2.200 manns sem búa í Grindavík. Þarna er verið að taka bakvaktir af og það hefði verið mjög æskilegt að fá faglega umræðu um málið, hvort um eðlilega hagræðingu sé að ræða eða ekki. Ég hef hins vegar talsverðan skilning á því að hæstv. menntmrh. á kannski erfitt um vik þar sem hann þekkir þessi mál væntanlega ekki í þaula en ég er ósammála því að það hefði ekki orðið einhvers virði að fá að ræða þetta mál við hæstv. ráðherra. Ég hef skilning á stöðu mála en ég ítreka að mjög æskilegt hefði verið að taka málið upp og leyfa fólkinu að ræða það í þaula til að sjá hvort um eðlilega aðgerð sé að ræða eða ekki. Þetta er stórt samfélag, 2.200 manns, og talsverður tími sem fer í að sinna t.d. slysum sem geta orðið í kringum Grindavík. Ef þau koma upp á tekur talsverðan tíma fyrir lögregluna að færa sig á milli.

[10:41]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Auðvitað er ákaflega sérkennilegt að horfa framan í þann veruleika að hæstv. ríkisstjórn hefur engan dómsmrh. og þegar beðið er um efnislega umræðu um mikilvægt mál fyrir allstóra byggð er ekkert um svör. Þá er vísað til þess að hæstv. dómsmrh. sé í fylgd forseta Íslands í Rómaborg og hæstv. dómsmrh. kvaddi raunar úr þessum ræðustóli í síðustu viku og lét þess getið að þetta væri í síðasta skipti sem hann stæði í þessum stóli. Ber þá að líta þannig á, herra forseti, að enginn dómsmrh. verði í orðaræðum og í viðræðum við þingið það sem eftir lifir? Ég tel þvert á móti mikilvægt að sitjandi dómsmrh. komi til umræðna um málið, kynni sér það í dómsmrn. hjá bærum mönnum og ræði það efnislega því að ekki er eingöngu um það að ræða að hæstv. dómsmrh. hafi einhverjar sérstakar skoðanir á málinu. Ríkisstjórnin hlýtur að hafa það líka í heild sinni. Málið er það stórt þrátt fyrir allt. Ég hvet því til þess, eftir umræðuna um störf þingsins og beiðni nokkurra þingmanna í þá veru að þessi umræða fari fram, ef ekki í dag þá í síðasta lagi á morgun. Ég sé öll efni til þess að það geti átt sér stað. Ég vil þrátt fyrir allt líta þannig á að við séum ekki dómsmálaráðherralaus þótt hæstv. ráðherra, Þorsteinn Pálsson, sé í útlandinu.

[10:43]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að taka málið upp. Það er í reynd tvíþætt, þ.e. alvarleiki málsins og að það þurfi úrbætur. Það er hins vegar ekki til umræðu heldur hvort fara hefði átt fram utandagskrárumræða um þetta efni.

Ég tel, herra forseti, að svo hefði átt að vera. Það er alveg ljóst að þó svo dómsmrh. sé að skyldustörfum erlendis gegnir annar ráðherra störfum fyrir hann. Það er ekki svo að það hefði verið gagnslaust að hafa hæstv. menntmrh. til svara varðandi þetta mál því að spurningarnar hefðu verið mjög einfaldar, þ.e. til hvaða úrbóta hæstv. dómsmrh. mundi grípa varðandi þetta mikla vandamál og þeirra svara getur ráðherra þá leitað í samvinnu við embættismenn í dómsmrn. En það er svo augljóst að humma á málið fram af sér þar til þing er farið heim. Það gefst því ekki tækifæri fyrir okkur þingmenn að draga fram hversu alvarlegt það vandamál er sem snýr að löggæslumálum í Grindavík. Það er ámælisvert, herra forseti, að þessi utandagskrárumræða skyldi ekki fara fram. Þó að það sé réttur ráðherra að neita því með þessum

hætti hefði hann að mínu mati ekki átt að gera það með þessum rökum vegna þess að spurningin í málinu var mjög einföld.

[10:44]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Varðandi það að taka mál einstakra byggðarlaga upp undir þessum lið væri út af fyrir sig eðlilegt undir þeim kringumstæðum að um mikið upplausnarástand væri að ræða í Grindavík og ef vandamálin hrönnuðust þar upp í löggæslumálum væri það líka eðlilegt, en svo er reyndar ekki. Við þingmenn Reykjaness könnumst við þetta vandamál að bakvaktir hjá lögreglunni í Grindavík hafa verið færðar á milli svæða.

Þetta mál hefur verið sérstaklega rætt við dómsmrh. og hefur verið til skoðunar þar. Ég hef því ekki trú á því að Grindvíkingar þurfi að hafa slíkar áhyggjur af þessu máli eins og komið hefur fram en ítreka að undir eðlilegum kringumstæðum hefði mér fundist að slík mál, ef um mjög alvarlegt ástand væri að ræða, kæmu til umræðu í utandagskrárumræðu.

[10:46]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að taka til máls um lögreglumál í Grindavík í víðu samhengi en ekki störf þingsins og ég vona að ég syndgi ekki mikið upp á náðina í þeim efnum.

Ég kom með fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um daginn um löggæslumál í Kópavogi þar sem ástandið er þannig að þar eru 25 lögreglumenn í 22 þúsund manna bæjarfélagi og fjöldi þeirra hefur staðið í stað síðustu 10 árin. Þau svör sem ég fékk voru þau að nóg væri af lögreglumönnum í Reykjavík. Þeir gætu þá komið lögreglunni í Kópavogi til aðstoðar ef í harðbakkann slægi.

Af því að menn eru að tala um löggæslumál á Reykjanesi, þá vildi ég benda á þetta svar og vekja athygli á því að þarna er um tvö kjördæmi að ræða. Ef leysa á löggæslumál í Reykjaneskjördæmi með því að senda lögreglulið úr öðru kjördæmi, þá er spurning hvert þessi umræða er að fara. Það er a.m.k. afar nauðsynlegt að öll þessi mál séu tekin til gagngerðrar endurskoðunar. En ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér er.

[10:47]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það kemur berlega í ljós að þetta er mál sem brennur á fjölda fólks. Uppgefnar ástæður til þessa gjörnings virðast heldur ekki rökheldar af hálfu yfirvalda löggæslumála á Suðurnesjum. Til dæmis virðist sem það fyrirheit sýslumanns að láta lögreglubíl fara í eftirlitsferð tvisvar til þrisvar á nóttu til Grindavíkur kosti bara í akstri bílsins ef miðað er við lítinn lögreglubíl yfir 1.500 þús. en kostnaðurinn sem skera á niður var þó aldrei nema 1.200 þús. Þetta hefði einhvern tíma verið kallað að spara eyrinn og kasta krónunni, hæstv. forseti. Eiga Grindvíkingar að horfast í augu við alvarlegar afleiðingar af skertri löggæslu vegna sparnaðar af þessari stærðargráðu?

Eitt af því sem fólk óttast í Grindavík í ljósi þess samdráttar sem orðið hefur hægt en örugglega frá því að lögregluembættið í Grindavík var sameinað Keflavíkurlögreglu er að lögreglustöðin í Grindavík verði lögð niður og bænum alfarið gegnt frá Keflavík á sama hátt og Sandgerði og Garði, en á þeim svæðum kvartar fólk mjög undan ónógri löggæslu. Ég mun beina skriflegri fyrirspurn til dómsmrn. og leita eftir svari við þessari spurningu. Það er mjög brýnt að aðstæður séu kannaðar ofan í kjölinn og litið til reynslunnar af hversu mörg útköll hefur verið um að ræða á liðinni tíð. Það er mikilvægt að öryggi fólks í heilum bæjarfélögum sé ekki teflt í tvísýnu, herra forseti.

Athugasemdir um störf þingsins.

Dagskrá fundarins.

[10:49]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs um fundarstjórn forseta í gær til að spyrjast fyrir um hvernig á því stæði að frv. á þskj. 937, um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, kæmi ekki á dagskrá fundarins í gær. Ég beindi þeim tilmælum til forseta að þetta mál kæmi á dagskrá fundarins í dag. Forseti tók því vel og lofaði að skoða það mál með velvilja en nú tek ég eftir því að frv. er ekki á dagskrá fundarins í dag og ég leyfi mér að spyrja virðulegan forseta: Hvers vegna ekki?

[10:49]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ástæða þess að forseti gat ekki orðið við þeirri beiðni að setja málið á dagskrá þessa fundar er einfaldlega sú að það var það mikill fjöldi annarra mála, eins og sést á dagskránni, sem höfðu fengið afgreiðslu. 31 mál er á dagskránni í dag. Auk þess verður forseti að benda á að mikill fjöldi mála hefur ekki komist til 1. eða fyrri umræðu sem hafa lægri númer en mál hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, en það er mál nr. 571. Forseta sýnist að það séu um og yfir 30 mál sem hafa lægra númer og venjan er að reyna að fara eftir því þótt undantekningar séu oft gerðar og þá í góðu samkomulagi.

Þetta er ástæðan fyrir því að málið kom ekki á dagskrá nú í dag.

[10:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Skömmu fyrir síðustu nefndadagasyrpuna voru þingmannamál sett á dagskrá í einn dag. Einn dagur fyrir stjórnarliða, annar dagur fyrir stjórnarandstæðinga. Ekki tókst að ljúka þeirri dagskrá daginn sem stjórnarandstæðingar voru með sín þingmál. Mörg þeirra mála komu fram snemma á þessum vetri. Þau liggja enn og ekki hefur verið boðið upp á að flytja þau mál sem ekki náðist að tala fyrir á þeim eina degi. Í gær, þremur dögum fyrir áformuð þinglok, voru átta mál til 1. umr. Það voru allt stjórnarfrumvörp þrátt fyrir að nefndastarfi væri í raun lokið. Átta mál, herra forseti, af þeim 31 sem eru á dagskrá í dag eru mál til atkvæðagreiðslu til að koma þeim til nefndar eða síðari umræðu.

Það er fullkomlega óviðunandi að ef stjórnarandstaðan óskar eftir að sérstakt mál komi á dagskrá, eins og það sem formaður Alþfl. óskaði eftir að kæmi á dagskrá í dag, sé fullkomlega litið fram hjá því á sama tíma og fyrir liggur að við erum að ganga til atkvæða um átta mál sem koma frá ríkisstjórninni. Enn á ný hljótum við að staldra við það hvort Alþingi ráði virkilega ekki ferð sinni heldur sé sífellt að taka fyrir mál stjórnarinnar og ekkert annað.

[10:53]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þó að þessi umræða fjalli um störf þingsins þá kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á því um

hvað þetta mál fjallar sem ég er að óska eftir að verði tekið til umræðu.

Tugir manna eru nú að missa vinnu sína í landvinnslu víða úti á landi vegna hráefnisskorts. Vertíðarflotinn okkar íslenski er að deyja vegna skorts á aflaheimildum. Vertíðinni verður ekki frestað. Það frv. sem hér er um að ræða er eina tillagan sem fyrir Alþingi liggur í þessu máli og ég trúi því ekki að þingmeirihlutinn ætli að ljúka störfum á Alþingi án þess að taka afstöðu til einu tillögunnar sem fyrir liggur um að koma í veg fyrir neyðarástand í sjávarplássunum hringinn í kringum landið.

Virðulegi forseti. Ég mun athuga það í dag hvort ekki sé rétt að ég beiti ákvæðum í þingsköpum sem heimila þingmanni að leggja fram dagskrártillögu á þingfundi um að mál skuli tekið á dagskrá á næsta þingfundi sem verður eftir þann þingfund sem tillagan er lögð fram. Þá mun líka koma í ljós efnisleg afstaða þingmanna, þar á meðal þingmanna stjórnarliðsins, til þess hvort þeir ætla sér virkilega að koma í veg fyrir afgreiðslu einu tillögunnar sem fyrir Alþingi liggur um þetta mál. Efnislega afstöðu munu þeir taka þegar þeir greiða atkvæði um slíka dagskrártillögu komi hún fram.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 547. mál (fulltrúar í jarðanefndir). — Þskj. 872.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 577. mál. — Þskj. 950.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 590. mál. — Þskj. 986.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 591. mál. — Þskj. 987.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

Landsvirkjun, frh. 1. umr.

Frv. iðnn., 592. mál. — Þskj. 1005.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 593. mál. — Þskj. 1008.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frh. 1. umr.

Frv. samgn., 594. mál. — Þskj. 1014.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 585. mál. — Þskj. 978.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Vegagerð í afskekktum landshlutum, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS og KHG, 73. mál. — Þskj. 73, nál. 1015.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]
Till. í nál. 1015 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 42 shlj. atkv.

Háskólinn á Akureyri, frh. 2. umr.

Stjfrv., 510. mál (heildarlög). — Þskj. 822, nál. 1019.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:01]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1019 samþ. með 44 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
5.–19. gr. og ákv. til brb. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 511. mál (doktorsnafnbót, kærumál, gjöld o.fl.). — Þskj. 823, nál. 1021, brtt. 1022.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:03]
Brtt. 1022 (tvær nýjar greinar, verða 1.–2. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
1.–4. gr. (verða 3.–6. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, frh. 2. umr.

Frv. KHG, 44. mál. — Þskj. 44, nál. 1020.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:04]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Staða, stjórn og starfshættir þjóðkirkjunnar, 3. umr.

Frv. BH o.fl., 311. mál (ráðningartími héraðspresta). — Þskj. 372.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:05]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.
1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
16 þm. (GE, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, ÍGP, JóhS, KF, KÁ, LB, MF, RA, RG, SP, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1075).

Ríkisreikningur 1997, 3. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 152.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:06]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.
18 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, ÍGP, JóhS, KF, KÁ, LB, MF, RA, RG, SP, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1076).

Orkulög, 3. umr.

Stjfrv., 543. mál (eignarhlutur Rafmagnsveitna ríkisins í félögum). — Þskj. 868.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:06]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, JHall, KHG, KH, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.
16 þm. (GÁS, GÁ, GHelg, GMS, ÍGP, JóhS, KF, KÁ, LB, MF, RA, RG, SP, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1077).

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 223. mál (vöruþróunar- og markaðsdeild). — Þskj. 250, nál. 988 og 1023.

[11:07]
Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):
Herra forseti. Ég geri grein fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Auk mín rita undir nefndarálitið hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Sigríður Jóhannesdóttir.

Málið snýst um það, herra forseti, að þegar lög um Nýsköpunarsjóð voru afgreidd á hinu háa Alþingi var ákveðið að hafa sérstaka vöruþróunar- og markaðsdeild innan sjóðsins. Samkvæmt þeim lögum sem nú gilda átti deildin að starfa í þrjú ár en síðan átti að leggja hana niður og eignir hennar áttu að renna til almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðs.

Frv. ríkisstjórnarinnar, sem ágreiningur varð um í hv. efh.- og viðskn., snýst um það að nú vill meiri hlutinn að deildin verði gerð að varanlegum hluta Nýsköpunarsjóðs. Það hefur verið hætt við, herra forseti, að leggja deildina niður.

Við í minni hlutanum teljum ótímabært að breyta ákvæðinu. Nær væri að deildin yrði strax lögð niður vegna þess, herra forseti, að þó svo deildin eigi að vinna að markaðsaðgerðum og veruþróun er samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð hægt að inna þá starfsemi af hendi með almennri starfsemi sjóðsins. Deildin er þar með óþörf enda var hún ekki sett upp til að vinna sérstaklega að þessu markmiði heldur á stofnun deildarinnar sér ákveðna forsögu.

Forsagan er sú að deildin var stofnuð á sínum tíma vegna þess að iðnrekendur töldu að þeir ættu rétt á því fjármagni sem var innheimt með iðnlánasjóðsgjaldi. Þetta gerðist í uppstokkun sjóðanna sem fór fram fyrir tveimur árum, þ.e. sameiningu Fiskveiðasjóðs, Iðnlánsjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Úr þeim varð til Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóður. Við erum því að eiga við eina af afleiðingum þeirrar stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar.

Hagsmunasamtök iðnaðarins og starfsmenn þeirra hafa lagt mikla áherslu á að þeir fái að ráðstafa þessu fé. Þetta er gamalkunnug staða. Nær hefði verið að endurgreiða til þeirra fyrirtækja sem lögðu fram iðnþróunarsjóðsgjaldið hafi verið ágreiningur um eignarhald en það er ekki það sem forsvarsmenn hagsmunasamtakanna vilja, né fulltrúar þeirra í ríkisstjórn. Þeir vilja hafa umsjón með þessum peningum.

Einnig má rifja upp, herra forseti, að gjaldinu var varið til þess að reka hluta af starfsemi samtaka iðnaðarins eins og var í fréttum fyrir nokkru. Satt best að segja vissi enginn af því og að mínu mati var verið að skauta aðeins á línunni þegar í ljós kom hvernig það hafði verið gert. Einnig má geta þess að deilur hafa verið um upplýsingagjöf um styrkveitingar og annað slíkt úr þessu sjóðaumhverfi iðnrekenda og það var ekki fyrr en með dómi að upplýsingar voru knúnar fram um hvað þessi sjóður var að starfa.

Það sést á öllu að við erum komin inn á afskaplega viðkvæmt svið sem er hin harða hagsmunagæsla vinnuveitenda í þessu landi. Það frv., sem við erum að afgreiða, er skólabókardæmi um möndlið sem viðhaft er í þessum efnum. Ekki er skrýtið, herra forseti, að pólitískur ágreiningur sé um þetta efni þó það hafi farið fram hjá ýmsum í samfélaginu.

Minni hlutinn átelur þessi vinnubrögð og telur enga ástæðu til að breyta núgildandi lögum. Við höfum lagt til að deildin verði einfaldlega felld niður en ef menn vilja ekki gera það strax skulum við bara láta lögin hafa þann gildistíma sem gert var ráð fyrir og deildin mun þá starfa í þrjú ár. Ég vil taka fram að það er engin lagaskylda að eyða eignum þessa sjóðs. Það er ekki svo. Margvísleg rök eru fyrir því að láta þetta mál bíða.

Einnig má benda á að Nýsköpunarsjóður hefur ekki starfað nema í eitt ár og út frá því er algerlega ástæðulaust að gera breytinguna. Það hefði mátt bíða fram á haustið og fá meiri reynslu af starfi sjóðsins áður en menn færu að gera deildina varanlega eins og gert er með þessu.

Þess má geta, herra forseti, að við í minni hlutanum átöldum mjög vinnubrögðin varðandi þetta, ekki síst leyndina sem hvílir yfir sjóðnum. Meiri hlutinn féllst á þetta sjónarmið þannig að ein af tillögum meiri hlutans í því er að í ársreikningum fylgir skrá yfir lánveitingar, hlutafjárkaup og óafturkræf framlög eða styrki. Það er vitaskuld til mikilla bóta að menn eru þó knúnir til að sýna afgreiðslu mála sinna. Það var ekki hugmyndin upphaflega, hvorki þegar frv. kom fram né af hálfu iðnrekenda sem standa vörð um þessa peninga.

Við teljum óþarfa að lögfesta frumvarpið og viljum taka sérstaklega fram að með því er á engan hátt skertur möguleiki sjóðsins til veruþróunar og nýsköpunar nema síður sé. Þetta er ódýrari framkvæmd sem við leggjum til. Lögin kveða skýrt á um að sjóðurinn geti unnið að nýsköpun og veruþróun án þess að hafa til þess sérstaka deild. Við styðjum nýsköpun og veruþróun. Um það snýst málið ekki. Hugmyndir okkar mundu líka spara sjóðnum fé.

Það er þess vegna, herra forseti, sem minni hlutinn, sem við stöndum að, hv. þm. auk mín Steingrímur J. Sigfússon og Sigríður Jóhannesdóttir eins og ég gat um áðan, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn., leggur til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkuver, frh. 2. umr.

Stjfrv., 471. mál (Vatnsfells-, Búðarháls- og Villinganesvirkjanir). — Þskj. 776, nál. 1009 og 1041, brtt. 1010.

[11:17]

Frsm. minni hluta iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta hv. iðnn. um raforkuver.

Allmörg mál hafa verið á dagskrá nefndarinnar á þessum vetri og sérstaklega upp á síðkastið hefur verið að bætast í það safn og fundir haldnir allt fram á þennan dag. Um mörg málanna hefur verið gott samkomulag eins og fram hefur komið á fundum og í atkvæðagreiðslum, síðast á þessum morgni. Eitt mál sker sig þó úr í þessum efnum og það er málið sem hér er á dagskrá, frv. til laga um breytingu á lögum um raforkuver, og hef ég skilað um það minnihlutaáliti.

Ég fagna því, virðulegur forseti, að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er meðal þeirra sem fylgjast með umræðunni, og ég held að æskilegt væri að hv. þm. yrði viðstaddur að hluta til vegna þess að ég ætla að beina til hans orðum. Málið snertir þingheim allan að sjálfsögðu og er margt sem þarf að koma að í sambandi við frv.

Þannig vill til, virðulegur forseti, að frv. sem kom fyrir nefndina var í þremur efnisþáttum en af hálfu meiri hluta iðnn. hefur einum þætti verið aukið við eins og fram kemur í brtt. við frv., þ.e. að heimila sérstaka jarðvarmavirkjun, 40 megavött að afli, í Bjarnarflagi í Mývatnssveit.

Það eru auðvitað talsverð tíðindi, virðulegur forseti, þegar Alþingi, ekki framkvæmdarvaldið heldur Alþingi, tekur sig til að flytja tillögu um að veita heimild fyrir sérstakri jarðvarmavirkjun í hjarta Mývatnssveitar. Ég kem að því síðar í umræðunni en málið allt er þess eðlis að varpa þarf á það ljósi og ég ætla að kynna, virðulegur forseti, a.m.k. nokkra þætti úr nál. minni hlutans sem ég tala hér fyrir og er reyndar eini talsmaður fyrir í nefndinni, því að fyrir utan stjórnarliða sem sameinast um þetta mál sem eru kannski ekki stór tíðindi að öðru leyti en því sem snertir tillöguflutninginn varðandi Bjarnarflagsvirkjun, þá styðja fulltrúar Samfylkingarinnar svonefndu í nefndinni þetta mál, ég held

án fyrirvara, og er athyglisvert að þeir skuli þjappa sér upp að ríkisstjórnarliðinu í þessu máli í sambandi við frv.

Þetta frv., virðulegur forseti, felur í sér nýjar virkjanaheimildir fyrir Landsvirkjun sem nema allt að 270 megavöttum í afli. Orku frá viðkomandi þremur virkjunum er að langmestu leyti fyrirhugað að selja til orkufreks iðnaðar. Orkuframleiðslan frá virkjununum, miðað við sölu til orkufreks iðnaðar, gæti numið um 2 teravattstundum miðað við sölu til stóriðju, en eins og menn þekkja er einingin tera með níu núll frá grunneiningunni frá vattstundum reiknað. Ég hef kosið að nota þá einingu hér til einföldunar vegna þess að það er óþægilegt fyrir marga að vera að setja þessi mál inn í stórar tölur þegar um er að ræða orkuframleiðslu og ástæðulaust þegar við höfum í raun einginguna tera til að miða við. Það er vert fyrir okkur, virðulegur forseti, að hafa það í huga í þessu sambandi að orkuforði landsmanna, miðað við hagkvæma kosti eins og það hefur verið reiknað af sérfræðingum, Orkustofnun og fleirum, hefur lengi verið miðaður við um 50 teravattstundir samtals, vatnsafl og jarðvarmi meðreiknað. Einhver viðleitni hefur verið til að hækka þessa tölu nokkuð upp á síðkastið, allt upp í 57 teravattstundir, en á hverju það byggir hef ég ekki kannað sérstaklega. Menn sjá af því að það framleiðslumagn sem fælist í þessum virkjunum er umtalsvert miðað við orkuforða í landinu, hagkvæman orkuforða á mælikvarða verkfræðinnar.

Heildarraforkuframleiðsla á Íslandi nam á síðasta ári um 6,5 teravattstundum, þar af til stóriðju um 3,8 teravattstundum að ótryggðri orku meðtalinni. Ég nefndi áðan 2 teravattstundir út úr þessu afli sem hér er verið að afla heimilda fyrir af hálfu Alþingis og sem ætlað er að renni að mestu leyti til stóriðju, þannig að menn sjá að þetta er stór upphæð miðað við það sem framleitt er og selt er til stóriðju í landinu nú.

Þá er lagt til í frumvarpinu að flytja virkjanaheimild vegna Villinganesvirkjunar í Skagafirði frá Landsvirkjun til Rafmagnsveitna ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði. Er þar um að ræða heimild sem nemur 40 megavatta afli og áætlaða 180 gígavattstunda orkuframleiðslu, sem væri í teravattstundum 0,180 teravattstundir á ári. Minni hlutinn getur stutt þá breytingu sem þar er um fjallað en með fyrirvörum þó um útfærslu virkjunarinnar, mat á umhverfisáhrifum og samhengi virkjunarinnar varðandi virkjun ofar í Héraðsvötnum.

Vöxtur almenns orkumarkaðar kallar ekki á umtalsverðar virkjunarframkvæmdir á næstu fimm árum umfram það sem yrði til ráðstöfunar í raforkukerfinu eftir að núverandi virkjunarframkvæmdum lýkur. Orkuspárnefnd áætlar vöxt í almennri raforkuþörf fram til ársins 2005 um 350 gígavattstundir (0,350 teravattstundir á ári.)

Virkjanaheimildirnar sem afla á fyrir Landsvirkjun samkvæmt tillögum meiri hlutans eru vegna Vatnsfellsvirkjunar 110 megavött og Búðarhálsvirkjunar 120 megavött á Þórisvatns-Tungnaársvæðinu og jarðgufuvirkjunar í Bjarnarflagi í Mývatnssveit 40 megavött. Stóriðjan sem sögð er kalla á þessar virkjanaheimildir er stækkun álbræðslu Norðuráls á Grundartanga um 30 þúsund tonn á ári, hugsanleg orkusala til fjórða ofns járnblendiverksmiðjunnar og bygging álbræðslu á Reyðarfirði, en þangað er gert ráð fyrir eða fyrirhugað að selja orkuna frá Bjarnarflagsvirkjun samkvæmt því sem fram kom á fundi iðnn. af hálfu talsmanna Landsvirkjunar og sem lesa má um í frægu fylgiriti með Morgunblaðinu fyrir tíu dögum síðan varðandi álbræðslu á Austurlandi.

(**Forseti** (ÓE): Það er fullmikill hávaði í salnum.)

Já, virðulegur forseti, ég þakka fyrir. Það er full ástæða fyrir hv. þingheim að velta fyrir sér þeim aðstæðum sem tengjast frv., þar á meðal fulltrúum Samfylkingarinnar svokölluðu.

Þessar stóriðjuhugmyndir sem þarna er um rætt hvíla á veikum grunni svo ekki sé meira sagt. Að minnsta kosti á það við um fjórða ofn við járnblendiverksmiðjuna sem engum dettur í hug að verði á dagskrá á næstunni, nema kannski hæstv. iðnrh. og nánasta skylduliði, sem og álbræðslu Norsk Hydro á Reyðarfirði. En eins og kunnugt er eru það einungis örfáir sanntrúaðir í forustu Framsfl. sem hafa þau orð uppi að sá möguleiki geti verið raunhæfur á næstunni. Því eru út frá stóriðjuforsendum ríkisstjórnarinnar lítil sem engin rök til þess að veita nú umbeðnar virkjanaheimildir til Landsvirkjunar.

Í greinargerð með frv. er staðhæft að gera þurfi, eins og þar segir, „ráð fyrir að sala til stóriðjufyrirtækja aukist umtalsvert og að ný fyrirtæki hefji rekstur". Auk fyrrgreindrar stóriðju er þar nefnd stækkun álbræðslu Ísals um 40 þúsund tonn, stækkun álbræðslu Norðuráls um 90 þúsund tonn í viðbót og magnesíumverksmiðja á Reykjanesi. Þetta samanlagt mundi samkvæmt greinargerð með frv. kalla á um 4 teravattstundir í viðbót í orku á ári eða samtals 480 megavatta aflaukningu. Er þá ekki meðtalin 480 þúsund tonna risaálbræðsla Norsk Hydro á Reyðarfirði, sem hugmyndir hafa verið uppi um, og virkjanir henni tengdar í Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá á Dal til að fullnægja orkuþörf hennar sem nemur ekki minna en 7 teravattstundum á ári. Ég tel, virðulegur forseti, að menn þurfi að setja þessa tölu í samhengi við heildarorkuframleiðslu á síðasta ári í landinu sem nam 6,5 teravattstundum. Það er því ekkert smáræði sem þar er á blaði tengt álbræðsluhugmyndinni á Reyðarfirði.

Í heild gera þannig stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar „næsta áratug eða svo", sem fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu, ráð fyrir aukinni orkuþörf til stóriðju sem svarar um 12 teravattstundum í viðbót við núverandi tæpar 4 teravattstundir sem bundnar eru í stóriðjusamningum. Ríkisstjórnin sér þannig fyrir sér að hér verði samtals um 16 teravattstundir af orku bundnar í málmbræðslum útlendinga eftir 10–12 ár — kannski að Landsbankanum meðtöldum, virðulegur forseti, sem heyrst hefur að hafi áhuga á að leggja einhverja aura í púkkið.

Líta ber á, virðulegur forseti, hvers konar viðskipti eru þarna á ferðinni og að því er vikið í greinargerð minni hlutans nokkrum orðum. Ríkisstjórnin hefur, sumpart með stuðningi þeirra sem nú standa að Samfylkingunni, á undanförnum árum gert hvern samninginn á fætur öðrum við erlend stóriðjufyrirtæki. Má þar nefna samninginn um stækkun verksmiðju Ísals, um álbræðslu Norðuráls á Grundartanga og þriðja ofn Íslenska járnblendifélagsins. Ég hygg að t.d. hv. þm. Gísli S. Einarsson sem hlýðir á umræðuna kannist við áhuga sinn, virðulegur forseti, á þessari síðasttöldu uppbyggingu og viðbótum við hana.

Öllum þessum samningum fylgdi starfsleyfi um langtum rýmri framleiðslumörk á sama tíma og í undirbúningi var Kyoto-bókunin svonefnda sem setur losun gróðurhúsalofttegunda ákveðin mörk. Þannig voru fyrirtækjunum færðar á silfurfati losunarheimildir fyrir gróðurhúsalofttegundir sem hefðu getað kostað þau stórar fjárhæðir að gerðri bókuninni

sem kennd er við Kyoto, þ.e. bókun við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Þessi fyrirframgreiðsla, sem svo má kalla, til stóriðjufyrirtækjanna bætist við sáralágt raforkuverð í samningum Landsvirkjunar við þau. Samningar þessir hafa verið lýstir viðskiptaleyndarmál í tíð hæstv. núv. iðnrh. þannig að þeir liggja ekki opnir til skoðunar fyrir Alþingi Íslendinga og frjálsrar umræðu. Það er kapítuli út af fyrir sig. Í því sambandi hefur stundum verið vitnað til þess að alþjóðlega gildi að slíkir samningar séu lokaðir sem viðskiptaleyndarmál. Ég veit að svo er alls ekki alls staðar. Það hefur því ekki við traustar hefðir að styðjast fyrir utan það að efnislega er um að ræða samninga opinbers fyrirtækis, Landsvirkjunar. Þeir eiga auðvitað að vera til frjálsrar skoðunar fyrir þingið, eftir atvikum á lokuðum fundi, virðulegur forseti, ef menn vilja ekki ræða málið fyrir opnum tjöldum.

Ekki þarf langt að leita til að við blasi hið óhæfilega lága raforkuverð samkvæmt gildandi stóriðjusamningum, bæði gömlum og nýjum og það þrátt fyrir að tekist hafi að leiðrétta nokkuð raforkuverð til Ísal-bræðslunnar 1984, í framhaldi af hörðum deilum íslenskra stjórnvalda við fyrirtækið vegna skattsvika. Þær gerðu raunar kleift að ná samningsstöðu til að tvöfalda raforkuverðið. Undirritaður óskaði eftir yfirliti frá Landsvirkjun um rafmagnssölu Landsvirkjunar árið 1998. Það barst það iðnn. og er að finna sem sérstakt fylgiskjal með nefndaráliti.

Samkvæmt yfirlitinu sem fylgir áliti minni hlutans, þ.e. fylgiskjali III með nefndaráliti, var söluverð til almenningsveitna að meðaltali 2,86 kr. á kílóvattstund árið 1998, en til stóriðju aðeins 0,88 kr., þ.e. innan við þriðjungur af verði til almenningsveitna.

Virðulegur forseti. Þetta er meðalverð upp gefið af Landsvirkjun sem vissulega tíundar að verðið á árinu 1998 hafi verið óvenjulágt vegna lágs markaðsverðs á framleiðsluvörur stóriðjuvera. Auðvitað er það hluti af þessu dæmi að raforkuverðið er að nokkru leyti tengt við afurðaverð sem leiðir til þess að verðið hrapar verulega þegar illa árar. Það gerist nokkuð reglubundið með því að tengja hina einhæfu stóriðju, þar sem mest er veðjað á ál en auk þess á járnblendi, við markaðsverð með tilheyrandi djúpum sveiflum. Hugmyndirnar eru um stórfellda aukningu á þessari einhliða framleiðslu með tilheyrandi áhrifum og sveiflum fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Þetta er það sem snýr að raforkuverðinu.

Menn spyrja auðvitað: Hvað er eðlilegt hlutfall í þessum efnum? Sá sem hér talar gerir sér grein fyrir því og hefur flutt um það þingmál fyrir nokkru síðan, svo maður tali frjálslega um hvernig tíminn líður. Ég held að það hafi verið á árunum 1984–1985 sem ég ásamt hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur flutti tillögu um að bundið yrði í lög að hlutfall raforkuverðs til stóriðjufyrirtækja færi ekki niður fyrir ákveðna viðmiðun, það yrði bundið við ákveðið hlutfall. Í þeim þingmálum sem ég flutti ásamt hv. þm. og kannski öðrum, ég hef ekki farið ofan í þingskjölin nýlega, er að finna marghátt aðar heimildir um hvað tíðkað var á þeim tíma erlendis, m.a. í Bandaríkjum Norður-Ameríku í sambandi við sölu til stóriðjufyrirtækja. Niðurstaða okkar var á þá leið, ef ég man rétt, að munurinn mætti ekki fara fram úr 50%. Hér er um að ræða þrefaldan verðmun samkvæmt upplýsingum Landsvirkjunar. Það er ekki að undra þó að margir stynji undan kostnaði í sambandi við raforkukaup, m.a. íslenskt atvinnulíf sem ekki nýtur þeirra kostakjara sem stóriðjan býr við. Þeir viðskiptahættir eru kapítuli út af fyrir sig.

Þar fyrir utan hafa Rafmagnsveitur ríkisins, samkvæmt þessu frv., óskað eftir sérstakri heimild til að yfirtaka ákveðna virkjun af Landsvirkjun í von um að geta með því lækkað raforkuverð til viðskiptavina sinna. Þó hefur verið litið svo á að Landsvirkjun, í krafti stærðar og góðra virkjunarkosta sem fyrirtækið hefur notið, ætti að vera fært um að skila þokkalega hagkvæmu verði. Má segja að það gæti litið þokkalega út út frá meðalkostnaði á framleiðslueiningu þó kannski sé það mjög afstætt og hafi reyndar verið talið að meðalframleiðslukostnaðarverðið frá fyrirtækinu væri tiltölulega hátt. Þar spilar inn í ýmislegt í sambandi við fjárfestingar sem ég ætla ekki að fara út í í tengslum við þetta mál.

Fyrir utan þessa viðskiptahætti eru fjölmörg önnur atriði sem tengjast stóriðjustefnunni sem nauðsynlegt er að varpa ljósi á, virðulegur forseti, hér og nú. Nú er 9. mars. Þann 15. mars rennur út eindagi fyrir íslensk stjórnvöld að undirrita svonefnda Kyoto-bókun og gerast þar með þátttakandi í því alþjóðaátaki til að draga úr loftslagsbreytingum. En stóriðjuframleiðslan og draumarnir um stórfellt áframhald á stóriðjuuppbyggingu í landinu, hefðbundinni stóriðjuuppbyggingu valda því að ríkisstjórnin hefur ekki fengist til að undirrita þá bókun.

Þessi samningur var undirritaður af Íslands hálfu á Ríóráðstefnunni og sá sem hér talar var raunar viðstaddur þá hátíðlegu athöfn er þáv. hæstv. umhvrh., Eiður Guðnason, undirritaði loftslagssamninginn. Þar var lagt kapp á að Ísland væri framarlega í röð þeirra sem biðu eftir að komast að til undirritunar. Síðan var samningurinn um loftslagsbreytingar staðfestur af Íslands hálfu nokkru seinna, þ.e. árið 1994. Hann gerir ráð fyrir því að iðnríki, þar á meðal Ísland, skyldu leitast við að stöðva aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda til árins 2000 þannig að hún yrði ekki meiri þá en hún var árið 1990. Nú stefnir hins vegar í 16% aukningu hérlendis árið 2000 og allt að 40% aukningu árið 2010 miðað við staðfesta stóriðjusamninga og þau starfsleyfi sem núverandi stóriðjufyrirtæki hafa tryggt sér, þ.e. að losunin fari yfir 4 millj. næstum upp í 4,2 millj. tonna í staðinn fyrir tæplega 2,9 millj. tonna árið 1990, á umreiknuðu ígildi koldíoxíðs.

Samkvæmt Kyoto-bókuninni við samninginn átti Ísland að fá 10% aukningu í losunarheimildum á sama tíma, þ.e. fram til tímabilsins 2008–2012 sem er viðmiðunartímabil. Flestum öðrum iðnríkjum er ætlað að skera verulega niður losun frá viðmiðunarmörkunum 1990. Stóriðjuáform stjórnvalda stefna hins vegar óralangt fram úr þessum mörkum. Til dæmis losar 500 þús. tonna álbræðsla um 1 millj. tonna árlega af gróðurhúsalofttegundum, umreiknað í koldíoxíðsígildi. Það er nokkurn veginn stærðin á álbræðslunni á Reyðarfirði. Um 1 millj. tonna af loftmengunarefnum, gróðarhúsalofttegundum mundi fylgja þeirri framleiðslu og heildarlosun Íslendinga er innan við 3 millj. tonna. Menn sjá því hvað fylgir þessu og er hægt að margfalda þetta með tveimur.

Nú hefur ríkisstjórnin, virðulegur forseti, uppi þann áróður í sambandi við þetta mál og reynir að færa sér það til betrunar, að með því að hér sé byggður upp þungaiðnaður sem losar gróðurhúsalofttegundir, knúinn af vatnsafli öðru fremur, sé komið í veg fyrir aukna losun annars staðar, og gefa sér þá að slíkur þungaiðnaður gangi fyrir jarðefnaeldsneyti, kolum eða olíu. Auðvitað er hægt að búa til svona reiknidæmi en við það er margt að athuga, m.a. ef Íslendingar líta á hefðbundna stóriðju sem samkeppnisatriði og að við séum í samkeppni varðandi stóriðju við útlönd þar sem byggt

er á jarðefnaeldsneyti. Svo er ekki nema að hluta því að mjög víða er vatnsafl nýtt í sama tilgangi. Það sem skiptir þó meira máli, virðulegur forseti, er að loftslagssamningurinn er ekki gerður á heimsvísu. Hann er byggður á samkomulagi milli þjóðríkja sem taka hvert og eitt á sig skuldbindingar til að skera niður losun gróðurhúsalofttegunda. Tímabilið sem við erum að leggja inn í er aðeins fyrsta tímabil af mörgum, aðeins áfangi á leiðinni. Talið er að draga þurfi úr losuninni um 50–60% frá mörkunum 1990 fram á miðja komandi öld ef takast á að ná þolanlegu jafnvægi í loftslagsmálum að öld liðinni, nálægt árinu 2100.

Síðan er þess að geta, virðulegur forseti, að þau þjóðríki sem taka á sig skuldbindingar munu ekki horfa á sín mál út frá því að Ísland hafi tekið að sér að framleiða svo og svo mikið af áli og haldi í við sig umfram það sem ella væri að nýta það svigrúm sem þau hafa samningsbundið varðandi losun gróðurhúsalofttegunda. Ætli það sé líklegt? Ég tel ekki svo vera. Trúlegt er að sömu ríki muni nota það svigrúm í sinni almennu framleiðslu og atvinnustarfsemi til að þróa atvinnulíf sitt og efnahag og þannig verði í raun fyllt upp í þetta. Þá erum við, í staðinn fyrir að létta á heimsbyggðinni með þessari stefnu, í raun að auka við. Ég held að mikil þörf sé á því, virðulegur forseti, m.a. vegna málflutnings t.d. hæstv. utanrrh. sem öðrum fremur reynir að telja þjóðinni trú um að við séum í sérstakri góðgerðarstarfsemi til að létta byrðum af heiminum með því að hlaða álbræðslu á álbræðslu ofan hér á skerinu. Þetta er mikil einföldun svo að ekki sé dýpra í árinni tekið, virðulegur forseti.

Skilyrði ríkisstjórnarinnar fyrir aðild Íslands að Kyotobókuninni hljóðar upp á að engin takmörk verði sett fyrir losun frá málmbræðslum hérlendis. Með þessari kröfu eru Íslendingar settir í afar slæmt ljós í umhverfismálum á alþjóðavettvangi og um leið afvopna íslensk stjórnvöld sig í viðleitni við að draga úr losun hjá öðrum atvinnugreinum en stóriðju. Telja menn líklegt að það verði auðvelt að knýja íslenskan sjávarútveg og samgöngur innan lands, en þessir þættir valda mjög miklu í losun gróðurhúsalofttegunda, til þess að skera niður á þessu sviði ef iðnaðarferli stóriðjunnar fá að ganga laus? Ég held að það verði þungt undir fæti að skila árangri á þeirri braut sem hæstv. ríkisstjórn hefur valið.

Ástæða væri til, virðulegur forseti, að ræða fleira sem snýr að loftslagsmálunum í tengslum við frv. Ég ætla hins vegar ekki að taka meiri tíma í það en víkja að öðrum þætti sem brýnt er að menn átti sig á þegar leitað er eftir viðbótarvirkjunarheimildum sem tengjast stóriðju. Í því sambandi, virðulegur forseti, vísa ég til þess að þingflokkur óháðra flutti í byrjun yfirstandandi löggjafarþings tillögu til þingsályktunar um sjálfbæra orkustefnu. Þar er meðal annars dregið fram með skýrum hætti að nýtanlegar orkulindir landsmanna eru langtum takmarkaðri að magni til en haldið hefur verið fram til þessa. Því valda gjörbreytt viðhorf í umhverfismálum, ekki síst að því er varðar vatnsaflsvirkjanir og miðlunarlón á hálendinu. Óvarlegt er að reikna með að þjóðin hafi í raun til ráðstöfunar meira en um 20–30 teravattstundir til raforkuframleiðslu úr vatnsafli og jarðvarma á næstu öld, ef taka á tillit til umhverfissjónarmiða. Í umræddu þingmáli göngum við út frá viðmiðunartölunni 25 teravattstundir. Á síðasta ári var raforkuframleiðslan um 6,5 teravattstundir og stefnir vegna þegar gerðra stóriðjusamninga í um 9 teravattstundir á næsta ári. Vöxtur almennrar raforkunotkunar, til venjubundins atvinnureksturs, iðnreksturs, samgangna og heimilishalds, er um 2% samkvæmt spá orkuspárnefndar. Það kallar á um 8 teravattstunda orkuaukningu á ári frá því sem nú er þegar komið er fram um 2050.

Framleiðsla vistvæns eldsneytis eða raforku í stað jarðefnaeldsneytis, sem þegar er komið á dagskrá, jafnvel hjá hæstv. ríkisstjórn, kallar á um 15 teravattstundir árlega í raforkuframleiðslu. Það er tvöföldun þeirrar orku sem nú er framleidd í landinu. Talan 15 er meðaltalstala sem fer eftir því hvaða tækni er notuð við framleiðsluna. Útreikningurinn miðast einfaldlega við það magn sem notað var árið 1996 þó gera mætti ráð fyrir að þar væri eitthvað til viðbótar í pípunum, eins og sagt er. Tengdist nýtingin eingöngu efnarafölum, þá væru þetta um 10 teravattstundir. Ef hefðbundnar vélar nýttu orkuna þyrfti til þess um 20 teravattstundir. Því tökum við bara meðaltalið, 15, af þessu tvennu. Það er auðvitað ekki nákvæmt. Það er auðvitað rúmt reiknað. Samtals er þetta, þ.e. viðbótin í almennri orkunotkun, viðbótin vegna þegar gerðra skuldbindinga í stóriðju og hugmyndin um það að útrýma innfluttu jarðefnaeldsneyti, um eða yfir 30 teravattstundir árlega án nokkurrar frekari stóriðju eða fimmföldun frá núverandi raforkuframleiðslu.

Þetta er dæmi sem ég tel að menn eigi að skoða opnum augum. Við leggjum ekki til að hætt verði að framleiða raforku í landinu eða hætt að nýta innlendar orkulindir með tillögum um sjálfbæra orkustefnu. Nei, við gerum ráð fyrir því að um margföldun verði að ræða að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða en án frekari bindingar orkunnar í málmbræðslum. Það er algert óráð og glapræði miðað við þá stefnu sem hér ætti að vera í orkumálum. Þá hafa menn í huga að samningar um stóriðju eru gerðir til margra áratuga. Ekki er óeðlilegt að reikna með hálfri öld og menn þekkja hversu auðvelt, eða hitt þó heldur, er að komast út úr slíkum dæmum. Ein verksmiðja norður í Mývatnssveit, að vísu annars eðlis, er dæmi um hversu erfitt er að komast skaplega út úr verksmiðjurekstri, af félagslegum ástæðum m.a.

Af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar, sem leggur þetta mál fram ásamt meiri hluta hv. iðnn., liggur ekki fyrir önnur stefna en að keyra í blindni gegn náttúru landsins. Sömu talsmenn úthrópa þá sem snúast til varnar fyrir náttúru Íslands og framtíðarhagsmuni þjóðarinnar eins og við heyrum dag hvern í málflutningi þeirra.

Virðulegur forseti. Þá kemur að því máli sem vekur kannski mesta athygli í sambandi við þetta þingmál og kemur fram í brtt. hv. meiri hluta iðnn. Það er að veita heimild til svonefndrar Bjarnarflagsvirkjunar. Sú ósk er fram komin ekki fyrir mjög löngu af hálfu Landsvirkjunar. 19. febrúar sl. óskaði Landsvirkjun bréflega eftir því við hv. iðnn. „í samráði við iðnaðarráðuneytið“ — iðnrn. er því náttúrlega uppáskrifandi þessarar beiðni — „að leyfð verði virkjun jarðgufuorku til rafmagnsframleiðslu í Bjarnarflagi við Námafjall, Bjarnarflagsvirkjun, með allt að 40 megavatta afli.“

Þessu erindi er útbýtt sem fskj. I með nefndarálitinu sem ég mæli fyrir.

Iðnn. fjallaði um þetta erindi á nokkrum fundum og fékk af því tilefni til viðræðu auk talsmanna Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytis fulltrúa frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps, Náttúruvernd ríkisins, stjórn Náttúrurannsóknastöðvar við Mývatn, Náttúruverndarráði og Orkustofnun, og e.t.v. fleiri sem ekki eru hér upp taldir. Lögðu sumir þessara aðila fram greinargerðir og eru sumar þeirra birtar sem fylgiskjöl með nefndaráliti því sem hér liggur fyrir frá minni hluta iðnn.

Landsvirkjun yfirtók eignir Kröfluvirkjunar á sínum tíma af íslenska ríkinu með samningi sumarið 1985 og ári síðar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag þar sem rekin hafði verið lítil gufuaflsstöð með um 3 megavatta afli frá 1969 að telja, ef ég man rétt. Haustið 1994 hafði Landsvirkjun lokið við verkhönnum 40 megavatta virkjunar í Bjarnarflagi með ráðgerða staðsetningu sunnan Kísiliðju og þjóðvegar austan við svonefnt Krummaskarðsmisgengi, en það kom m.a. við sögu í síðustu Kröflueldum. Í framhaldi af því lét Landsvirkjun taka saman frummatsskýrslu sem lá fyrir hjá Skipulagi ríkisins í september 1996 en Skipulag ríkisins sendi hana meðal annars til stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn og til Náttúruverndarráðs, sem nú er Náttúruvernd ríkisins eftir breytinguna 1996 á lögum um náttúruvernd. Veitti stjórn rannsóknastöðvarinnar umsögn, sem Náttúruverndarráð vísaði meðal annars til um leið og það lagðist gegn fyrirhugaðri jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi. Í framhaldi af því hætti Landsvirkjun við að setja málið í mat á umhverfisáhrifum. Menn skulu taka vel eftir því, virðulegur forseti, að Landsvirkjun kaus að hætta við að setja þetta áhugamál sitt í mat á umhverfisáhrifum sem lá opið fyrir fyrirtækinu að gera ef það hefði svo kosið. Málið lá í þagnargildi þar til nú fyrir skemmstu, að fyrirtækið tekur málið upp að nýju og beitir m.a. fyrir sig heimamönnum til að þrýsta á um að heimild verði veitt fyrir virkjuninni.

Ein af þeim stóru spurningum, virðulegur forseti, sem tengjast þessu máli, ákvörðun Landsvirkjunar og iðnrn. um að leita eftir lagaheimild fyrir stórri jarðgufuvirkjun við Námafjall, er hvers vegna ekki er óskað eftir að fá að stækka Kröfluvirkjun. Í þessu máli þarf fyrst af öllu að svara hvers vegna nú er leitað eftir virkjunarheimild á jarðvarma á nýju svæði í hjarta Mývatnssveitar í stað þess að stefna að stækkun Kröfluvirkjunar, sé talin brýn þörf á aukinni orkuöflun. Einnig má benda á að á Norðausturlandi eru stór jarðhitasvæði sem í framtíðinni hljóta að koma til athugunar, fyrir hugsanlega hagnýtingu, svo sem háhitasvæðið í Öxarfirði sem reyndar er nú þegar á dagskrá að rannsaka. Samkvæmt skriflegum upplýsingum Landsvirkjunar til iðnaðarnefndar er ómælda jarðhitaorku að hafa á jarðhitasvæðinu við Kröflu, eins og þar segir:

„Kröflusvæðið, 30 ferkílómetrar, er talið geta staðið undir um 300–400 megavatta raforkuframleiðslu í 50 ár. ... Jarðhitasvæði við Bjarnarflag, 8 ferkílómetrar, er álitið geta staðið undir tæplega 100 megavatta raforkuframleiðslu í 50 ár."

Þetta er úr greinargerð Landsvirkjunar um virkjun jarðvarma í Bjarnarflagi og Kröflu, dagsett 1. mars 1999 og er útbýtt sem fskj. VI með þessu nefndaráliti.

Ein af fáum skýringum sem Landsvirkjun gefur fyrir vali sínu, þ.e. að óska eftir heimild til virkjunar í Bjarnarflagi, er eftirfarandi:

„Boranir í ný svæði yrðu markvissari og einnig skipulag við uppbyggingu hugsanlegra virkjana í 20–30 megavatta áföngum. Rannsóknir vegna gufuöflunar á Kröflusvæðinu er talið að muni taka nokkur ár áður en hægt verður að taka ákvörðun um aukna orkuframleiðslu."

Þetta er tekið upp úr þessari greinargerð sem iðnn. barst.

Ekki getur þetta að mati minni hlutans talist frambærileg skýring í ljósi þess m.a. að markaðurinn sem vísað er til fyrir orku úr Bjarnarflagsvirkjun er öðru fremur hugsanleg álbræðsla á Reyðarfirði. Allir vita hvar það mál er statt og að meira en „nokkur ár" munu líða uns þær fyrirætlanir skýrast. Jafnvel þótt eitthvað gerðist í því máli innan nokkurra ára væri nógur tími til að afla orku frá Kröflu, teldu menn það ráðlegt.

Eins og fram hefur komið hefur verið reynt að afla málinu stuðnings með því að vísa til þess að í tengslum við virkjunina megi skapa ýmiss konar aðstöðu fyrir ferðamenn, m.a. til baða. Í því sambandi vísa ég til fskj. útbýttu með nefndarálitinu, erindi Skútustaðahrepps dags. 18. febrúar sl., en með því fylgdi samþykkt hreppsnefndar Skútustaðahrepps eða sveitarstjórnar, líklega frá desember sl. eða nokkru fyrr. Minni hlutinn telur sjálfsagt ef einhverntíma yrði tekin ákvörðun um jarðgufuvirkjun þarna og hún yrði reist þrátt fyrir andmæli, þá ber að hagnýta hliðarmöguleika sem slíku fylgja. Það gildir auðvitað almennt um jarðgufuvirkjanir en það geta ekki talist gild rök fyrir að veita heimild fyrir Bjarnarflagsvirkjun.

Hafa verður í huga í öllu þessu máli að Kröfluvirkjun er í fárra kílómetra fjarlægð, steinsnar frá Bjarnarflagi og byggðinni við Reykjahlíð, með gnótt orku, nóg af affallsvatni til að koma upp baðlónum ef skynsamlegt þykir og er opin til skoðunar fyrir ferðafólk, og svæðið allt.

Nefni ég það vegna þess að það er jafnvel tíundað í sambandi við þetta mál að það gæti verið áhugavert að fá aðra jarðgufuvirkjun handa túristum til skoðunar í Mývatnssveit, eins og menn séu að koma til Mývatns sérstaklega til að skoða virkjanir og verksmiðjur. Það hefði ég ekki talið vera aðdráttarafl, virðulegur forseti.

Þess utan ætti að vera hægurinn hjá að koma upp sómasamlegum gufuböðum við Bjarnarflag, ef áhugi er fyrir hendi, án þess að ráðast þar í 40 megavatta virkjun því að talsvert er þar af óbeislaðri orku. Svo langt er seilst í rökleysunni fyrir Bjarnarflagsvirkjun að staðhæft er að Landsvirkjun hafi heitið því að taka sæmilega til á svæðinu eftir sig og forverana, fái fyrirtækið að koma þar upp nýrri jarðgufuvirkjun.

Ég nefni þetta, virðulegur forseti, vegna þess að mér finnst með ólíkindum að heyra málflutning af þeim toga.

Vert er að nefna að fram kom í iðnaðarnefnd að ekki væri hægt að yfirfæra hugmyndir um svonefnd blá lón. Auðvitað kemur Bláa lónið við Svartsengi upp í hugann hjá mönnum. Það er ekki er óeðlilegt. En það er ekki hægt að yfirfæra slíkar hugmyndir frá Svartsengi til Bjarnarflags. Bláa lónið í Svartsengi byggist á jarðsjó, en allt önnur efnasamsetning er á affallsvatni á heitbundnum háhitasvæðum sem gæti kallað á ýmiss konar efnaíblöndun vegna baða til að halda niðri gerlagróðri. Hér er því ekki um sambærilega hluti að ræða.

Virðulegur forseti. Vegna þessa leyfi ég mér að nefna erindi sem mér barst í hendur frá áhugamönnum um umhverfismál varðandi Þingvallavatn sérstaklega sem vöruðu mjög við hugmyndunum sem fram hafa komið um blátt lón eða viðlíka aðstöðu við Nesjavelli. Ég geri ráð fyrir, virðulegur forseti, að þetta erindi hafi borist öðrum þingmönnum. Það er dagsett 10. febrúar sl. og beint til hæstv. umhvrh. Ég leyfi mér að vitna til þess til skýringar. Í fyrsta lagi eru í erindinu hörð mótmæli gegn því að ráðist verði í baðlaug fyrir þúsundir manna á Nesjavöllum við Þingvallavatn þar eð því mundi fylgja mikil mengun umfram þá sem fyrir er á Nesjavallasvæðinu þar sem mikið af efnum hættulegum lífríkinu fylgir svona starfsemi, eins og það er orðað.

Í þessu sambandi er vitnað til öndvegisrits sem hv. þm. og fyrrv. umhvrh., Össur Skarphéðinsson, hefur ritað um Þingvallaurriðann og kom út 1997. Hann skýrir þar frá því

að helsta og vænlegasta núverandi hrygningarslóð urriðans í Þingvallavatni sé undan hrauninu á Nesjavöllum. Hann vitnar til fiskifræðinga sem hafa bent á að þessar hrygningarstöðvar séu helsta vonin til að Þingvallaurriðinn nái sér aftur á strik. Því er ég að nefna þetta hér, virðulegur forseti, að ein af auðlegðum Mývatnssveitar er silungur í Mývatni sem kunnugt er. Í þessu erindi til hæstv. umhvrh. segir m.a., með leyfi forseta, og er rætt um Nesjavelli:

„Þarna er verið að kalla á starfsemi sem fylgir mikið af margs konar úrgangsefnum sem geta verið mjög hættuleg lífríkinu og eiga greiða leið gegnum gljúpt hraunið fram í Þingvallavatn eins og fyrr er getið."

En menn hafa ekki miklar áhyggjurnar af þessu þegar ræddar eru hugmyndirnar um blátt lón nálægt bökkum Mývatns. Ég ætla ekkert að ýkja þetta mál. Auðvitað þarf að skoða þetta hlutlægt eins og annað varðandi mengun. En það er greinilegt að full ástæða er til þess að fara vandlega ofan í slík mál áður en menn gera mikið úr möguleikanum.

Hvað um atvinnulega hagsmuni sem tengjast þessu máli? Það kom fram í iðnn., virðulegur forseti, að um tvö ársverk mundu bætast við í Mývatnssveit til frambúðar ef til kæmi Bjarnarflagsvirkjun. Auðvitað yrðu umsvif á byggingartíma eins og alltaf í sambandi við virkjanir. En það er auðvitað ekki það sem máli skiptir heldur langtímaáhrif af slíkri framkvæmd. Og ætli það mundi ekki bætast eitthvað við ef ráðist yrði í stækkun Kröfluvirkjunar. Ætli það yrði þá ekki a.m.k. eitt starf sem þar kæmi. Ég hef ekki aflað upplýsinga um það sérstaklega. Atvinnuleg rök fyrir þessari virkjunarheimild vega þannig ekki þungt að mati minni hlutans og orkuna er auk þess fyrirhugað að flytja austur á firði til álbræðslu.

Virðulegur forseti. Aðalatriði þessa máls varðar að sjálfsögðu verndun náttúru Mývatnssveitar og þær hugmyndir sem menn gera sér um sjálfbæra þróun mannlífs og atvinnulífs á svæðinu. Það er næsta ótrúlegt skref sem Alþingi tæki með því að veita heimild fyrir nýrri 40 megavatta virkjun í Bjarnarflagi. Þegar Náttúruverndarráð fjallaði um jarðgufuvirkjun á Mývatnssvæðinu 1974–75 voru bornar rækilega saman hugmyndir um staðsetningu slíkrar virkjunar annars vegar við Kröflu og hins vegar við Námafjall. Það var við allt aðrar aðstæður. Þá var orkumarkaður landsins ekki samtengdur, Norðurland ekki einu sinni tengt við Austurland, ef ég man rétt, hvað þá meira. Niðurstaða Náttúruverndarráðs á þeim tíma varð Kröflusvæðið eins og lesa má um í greinargerðum frá þessum tíma sem sendar voru til iðnn. Í þessu fólst um leið það álit að vernda bæri jarðhitasvæðið við Námafjall og halda mannvirkjagerð og nýtingu þar í lágmarki.

Ég get nefnt það, virðulegur forseti, vegna þess að sá sem hér talar átti á þessum tíma sæti í Náttúruverndarráði að mér fannst það ekkert alveg einsýnt hvort svæðið yrði valið og færði ýmis rök fyrir því í Náttúruverndarráði á þeim tíma. En þetta varð niðurstaðan. Nálægðin við aðalumferðina, nálægðin við Mývatn, nálægðin við Mývatnssveit og hringveginn, réð þar miklu og það að meiri hætta gæti verið á mengun frá affallsvatni m.a. frá virkjun við Hverarönd eða Námafjall, hvorum megin sem væri, heldur en við Kröflu. Það var auðvitað aldrei í huga manna á þeim tíma að til greina kæmi að fórna báðum háhitasvæðunum við Mývatn undir framkvæmdir, frekar en orðið var við Námafjall. Heimild fyrir Bjarnarflagsvirkjun gengur þannig þvert á þau markmið sem voru þegar heimild var veitt til Kröfluvirkjunar.

Það er viðurkennt, virðulegur forseti, að öflun jarðgufu austan Krummaskarðsmisgengis vestan Námafjalls geti haft ófyrirsjánleg áhrif á hverasvæðið við Hverarönd austan fjallsins. Á bak við óskir Landsvirkjunar vaka hugmyndir um gjörnýtingu háhitasvæðisins þarna og skýrt er gefið til kynna í fyrirliggjandi gögnum að fyrirtækið hafi hug á að reisa aðra virkjun síðar á svipuðum slóðum.

Upp á þetta er meiri hlutinn að skrifa, einnig fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnn., upp á þessi áform með þeirri heimild sem hér er til umræðu.

Virðulegur forseti. Náttúruverndaryfirvöld og áhugafélög um umhverfisvernd hafa lýst miklum áhyggjum og andstöðu við að lagt verði út á þessa braut. Með nefndarálitinu fylgja umsagnir stjórnar Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn frá 6. desember 1996 og Náttúruverndarráðs, nú Náttúruverndar ríkisins, frá 17. desember 1996 þar sem lagst er gegn fyrirhugaðri jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi. Og sú andstaða hefur verið rifjuð upp nú í tilefni þessa frv. af þessum aðilum, bæði fyrir iðnn. en einnig opinberlega. Þá fylgir með áliti minni hlutans ný greinargerð Náttúruverndarráðs dagsett 7. mars 1999 þar sem eindregið er lagst gegn heimild til virkjunar í Bjarnarflagi.

Hvað fær, virðulegur forseti, iðnn. þingsins að meiri hluta til til að hafa frumkvæði — því ekki er hægt að kalla það annað en frumkvæði — að því að óska eftir þessari heimild? Taka ómakið af hæstv. iðnrh. sem hefur reyndar allmikið á bakinu í þessum málum? Það er kannski það, að verið er að létta hæstv. iðnrh. sporin síðustu vikurnar og mánuðina á starfsferlinum með því að þingið sjálft taki á sig frumkvæðið að þessari heimild. Mér finnst mjög sárt að horfa upp á það, virðulegur forseti, og sárt að horfa upp á það að stjórnarmeirihlutinn skuli hafa fengið stuðning þessarar nýju Samfylkingar, þessa nýja flokks sem er í burðarliðnum, sem skrifar upp á þetta allt saman og stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar í leiðinni í hólf og gólf. Ekki bara Bjarnarflagsvirkjun, heldur allt þetta með viðeigandi losun á gróðurhúsalofttegundum og annað, þar sem beinlínis er verið að tefla á náttúru Íslands á komandi áratugum, því orkan sem við höfum í landinu til nota er takmörkuð, eins og ég hef dregið fram í máli mínu. Hún er það takmörkuð að þjóðin á fullt í fangi með að ná samkomulagi við sjálfa sig til að fullnægja grunnþörfum á komandi áratugum og því markmiði að framleiða hér vistvæna orku til eigin nota í landinu. Allri viðbót í málmbræðslum er teflt með beinum hætti gegn verndarhagsmunum Íslendinga og íslenskri náttúru.

Virðulegur forseti. Nauðsynlegt er að vekja athygli á því viðhorfi sem heyrist frá talsmönnum Landsvirkjunar, og kom raunar fram hjá hv. iðnn., að með því að fá nú virkjunarheimild geti fyrirtækið komist bakdyramegin að lögunum um verndun Mývatns og Laxár, nr. 36/1974, en þau lög áskilja leyfi Náttúruverndar ríkisins fyrir hvers konar mannvirkjagerð í Skútustaðahreppi og með fram Laxá. Hugsunin virðist vera sú að ef reyni á höfnun Náttúruverndar ríkisins á virkjuninni mætti kæra slíka niðurstöðu til æðra stjórnvalds samkvæmt stjórnsýslulögum. Af ummælum iðnaðarráðherra nýverið má einnig ráða að hann telji lögin um verndun Mývatns og Laxár óþörf vegna tilkomu löggjafar um mat á umhverfisáhrifum! Ég tel mig hafa lesið þau ummæli í dagblaðinu Degi fyrir ekki löngu síðan.

Það er hins vegar, virðulegur forseti, alger misskilningur að heimild frá Alþingi til virkjunar þurfi að liggja fyrir til að Landsvirkjun láti fara fram mat á umhverfisáhrifum hugsanlegrar virkjunar í Bjarnarflagi. Ekki er þörf á neinni

slíkri heimild til að slíkt mat fari fram en Landsvirkjun dró við sig og dró til baka áformin um að láta fara fram lögformlegt mat á umhverfisáhrifum þessara fyrirætlana á árinu 1996. Það verður, virðulegur forseti, þvert á móti að teljast eðlilegt og sjálfsagt að slíkt mat liggi fyrir áður en Alþingi tekur afstöðu til virkjanaáforma, Bjarnarflagsvirkunar sem og annarra virkjana sem verið er að óska heimilda fyrir, þannig að fyrir Alþingi liggi sæmilega skýr mynd af þeim áformum að teknu tilliti til náttúruverndarhagsmuna.

Einn þáttur þessa máls, virðulegur forseti, er félagslegur, eins og stundum er sagt, og snertir atvinnuþróun í Mývatnssveit sem er auðvitað mjög stórt mál, mál sem er mjög brýnt fyrir Alþingi Íslendinga að fara yfir. Þannig vill til að sum okkar sem nú skipum þingflokk óháðra höfum á fyrri tíð haft beint frumkvæði að tillöguflutningi á Alþingi þess efnis að ríkisvaldið styðji við atvinnuþróun í Mývatnssveit. Dæmi um það er tillaga sem sá sem hér talar flutti ásamt þáverandi þingmanni Kristínu Einarsdóttur, sem var formaður umhvn. um skeið, og flutt var á 115. og 116. löggjafarþingi þar sem m.a. var lagt til eins og segir í tillögutexta, „að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu."

Í greinargerð með þessari tillögu sagði m.a., með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið hefur óvenjumiklar skyldur við Mývatnssveit og svæðið meðfram Laxá. Því valda ákvarðanir sem teknar hafa verið um lögverndun á náttúru svæðisins og aðild ríkisins að uppbyggingu atvinnufyrirtækja þar síðustu áratugi, einkum Kísiliðjunnar og Kröfluvirkjunar."

Í þeirri tillögu, sem allshn. þingsins afgreiddi frá sér vorið 1992 og studdi einróma, var m.a. vísað til eldri tillögu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði haft frumkvæði að á 110. löggjafarþingi, sem var þá 458. mál þingsins, „um áætlun um uppbyggingu og eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit". Tillaga allshn. náði ekki fram að ganga vorið 1992 af sérstökum ástæðum við þinglok sem ég ætla ekki að fara að rifja hér upp. Þinginu var slitið í skyndingu í maímánuði. Sumir minnast þeirra stunda kannski sem hér sitja í þingsal. Þessi tillaga lá inni og komst ekki til atkvæðagreiðslu sem varð hins vegar til þess að umhvn. þingsins, sem hafði veitt umsögn um tillögu allshn. á þinginu á undan, hafði frumkvæði að því að endurflytja eða taka upp tillöguna sem við hv. þm. Kristín Einarsdóttir höfðum flutt tvívegis og flytja með nokkuð breyttu orðalagi og sú tillaga varð að einróma samþykkt Alþingis 14. desember 1993. Þessi ályktun Alþingis sem ástæða er til að rifja upp er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Byggðastofnun, í samvinnu við Skipulag ríkisins, Náttúruverndarráð og sveitarstjórn Skútustaðahrepps, gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Við úttektina verði m.a. höfð hliðsjón af skýrslu Skipulags ríkisins um umhverfismat fyrir Skútustaðahrepp frá í júlí 1993."

Þessari ályktun hefur því miður lítið verið fylgt eftir. Forsætisráðuneytið vísaði henni til Byggðastofnunar þar sem málið lenti í útideyfu.

Heimaaðilar voru á þessum tíma vissulega ekki miklir eftirgangsmenn um þetta. Þeir voru tortryggnir gagnvart tillögunni, þar eð sumum þeirra a.m.k. fannst sem hún beindist gegn starfrækslu Kísiliðjunnar í Mývatnssveit. Þau viðhorf liggja nú fyrir með þeim hætti sem menn þekkja, einnig viðurkennt af heimamönnum sem sjá fram á að Kísiliðjan í Mývatnssveit á takmarkaða lífdaga fyrir höndum. Hvenær þar að kemur vil ég ekkert fullyrða, en öllum er ljóst að að því dregur að rekstur þess fyrirtækis mun stöðvast a.m.k. í því formi sem nú er.

Málið varðandi sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit er í raun brýnna nú en þegar Alþingi gerði sína ályktun og því full ástæða til að minna rækilega á það og krefjast aðgerða af hálfu ríkisins til stuðnings við sjálfbæra atvinnuþróun í sveitinni til að það fólk sem þar býr og vill búa áfram sé ekki sett á vonarvöl vegna þess að ríkisfyrirtæki sem sett hafa verið upp á staðnum og eru ástæðan fyrir þéttbýlinu eiga sér takmarkað líf fyrir höndum. Ástæður á þessum stað eru því mjög sérstakar og öðruvísi en víða annars staðar og er ekki með þessu verið að hvetja til þess að farið verði af ríkisins hálfu að taka til hendi með beinum hætti í atvinnuuppbyggingu, en hér eru ástæðurnar og forsendurnar eins og menn þekkja.

Virðulegur forseti. Niðurstaða minni hluta iðnn. í þessu máli hefur í raun komið fram hér eða verið rökstudd í máli mínu en ég vil aðeins fara yfir niðurstöðuna eins og hún er dregin fram í nál., með leyfi forseta.

Samkvæmt framangreindu er minni hlutinn því andvígur að Alþingi veiti lagaheimildir fyrir raforkuverum sem yfirlýst er að eigi að þjóna hefðbundinni stóriðjuuppbyggingu. Alþingi á ekki að veita frekari virkjanaheimildir fyrr en mótuð hefur verið sjálfbær orkustefna til framtíðar og einstökum virkjanakostum hefur verið raðað í forgangsröð, sbr. ályktun Alþingis frá 24. apríl 1989, um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða (108. mál á 111. löggjafarþingi) og tillögu um sjálfbæra orkustefnu (12. mál á 123. löggjafarþingi). Þá er rétt að áður en afstaða er tekin til virkjunarheimildar liggi ætíð fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna viðkomandi virkjunarhugmyndar.

Minni hlutinn leggst ekki gegn því að Rafmagnsveitur ríkisins í félagi með aðilum í Skagafirði yfirtaki virkjunarheimild Landsvirkjunar vegna Villinganesvirkjunar en telur að takmarka beri virkjunarheimildina við 30 megavött í stað 40, samanber umsögn Náttúruverndar ríkisins um frumvarpið á umhverfisáhrifum. Einnig er af hálfu Alþingis rétt að bíða með að taka afstöðu til þess hvort heimila eigi Villinganesvirkjun á vegum nýs aðila, uns fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Vegna stöðu atvinnumála í Mývatnssveit er sérstaklega minnt á ályktun Alþingis frá 14. desember 1993 um stuðning af hálfu ríkisins við sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit.

Með vísan til alls þessa leggur minni hlutinn til að frv. um raforkuver með þeim breytingum sem meiri hluti iðnn. hefur á því gert verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Þetta er álit minni hluta iðnn., virðulegur forseti. Ég minni á að álitsgerðinni fylgja skjöl sem ættu að upplýsa þá sem vilja kynna sér baksvið málsins betur en ella væri unnt. Ég hef því leyft mér að leggja þau við málið og þar á meðal ályktanir frá fyrri stigum, m.a. ályktun sem er ein af mörgum sem lenti í gleymsku og útideyfu og áður var minnt á, frá 1989 um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða. Ályktunin byggði á þeirri reynslu, m.a. tilvísun í aðferðafræði Norðmanna í sambandi við verndun vatnsfalla þar í landi og sem hafi nýlega verið rifjuð upp, m.a. á sérstökum fundi sem Náttúruverndarráð efndi til og fékk til landsins norska sér-

fræðinga til að kynna mönnum hvernig staðið hefur verið að málum í Noregi að þessu leyti. Ég tek eftir að Orkustofnun hefur einmitt sama mál á dagskrá ársfundar síns, þann 17. mars nk. Nú eftir dúk og disk, áratug seinna, eru menn loks að dusta rykið af stefnumörkun, aðferðafræði sem Alþingi Íslendinga ályktaði um fyrir tíu árum.

Það er hörmulegt, virðulegur forseti, þegar það gerist að menn framfylgja ekki þingviljanum, sérstaklega þegar hann stefnir til framtíðar. Auðvitað ber framkvæmdarvaldinu ætíð að taka tillit til ályktana Alþingis en því miður er því ekki að heilsa sem meginreglu. Undantekningarnar eru allt of margar, virðulegur forseti.

Þau orð sem hafa verið mælt í sambandi við tilefni þessa máls snerta eitt af stærstu álitaefnum í landinu pólitísks eðlis en sem varða náttúru landsins og meðferð auðlinda þess. Þeim sem hér talar rennur til rifja þegar haldið er á jafnstóru máli og hér um ræðir af slíkri skammsýni eins og tillaga liggur fyrir um frá meiri hluta iðnn. Ég vona, virðulegur forseti, að menn staldri við þrátt fyrir þá tillögu sem liggur fyrir þinginu frá meiri hluta nefndarinnar og endurskoði málið, efni ekki til þess óvinafagnaðar að afgreiða málið fyrir þinglok, sumpart mjög lítið athugað og má m.a. vísa til þess að beiðnin um heimild vegna Bjarnarflagsvirkjunar barst fyrst fyrir þremur vikum eða svo til hv. nefndar og meiri hluti nefndarinnar getur haft sér það til betrunar að hafa haft knappan tíma. Þeim mun meiri ástæða er til að staldra við og sá sem hér talar væntir þess að sú framsýni vakni með mönnum og geti orðið leiðbeinandi um afgreiðslu málsins þrátt fyrir allt.

[12:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur ítrekað í umræðu um málið haft áhyggjur af orkusölu þeirra sem hyggjast virkja, þ.e. hvort þeir muni geta selt orkuna. Þá hefur hann einnig haft áhyggjur af verðsveiflum á áli. Telur hv. þm. virkilega að þessi stórfyrirtæki hafi þörf fyrir umhyggju hans á þessu sviði? Er markaðssetning og sala ekki vandamál þeirra?

Herra forseti. Hv. þm. flutti langt, greinargott og ítarlegt mál, u.þ.b. 1,7 hjörl. Vegna takmörkunar persónu minnar dapraðist mér athygli eftir u.þ.b. hálftíma af ræðu hans. Þætti mér vænt um ef hv. þm. sæi sér fært að draga saman í stuttu máli megininntak ræðu sinnar, sérstaklega seinni hlutann.

[12:35]

Frsm. minni hluta iðnn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sá sem hér talar hafði reiknað með því að frískur þingmaður á besta aldri hefði meira úthald en svo að athygli hans fjaraði út og skilningarvitin lokuðust á innan við klukkutíma. Það kallar auðvitað á, virðulegur forseti, að farið verði að huga verulega að daglegaum starfstíma þingsins ef svo háttar til.

Varðandi efnislegar athugasemdir hv. þm. tel ég að fyllsta ástæða sé til þess fyrir Alþingi Íslendinga að hafa áhyggjur af þeirri orkustefnu sem hefur verið fylgt undanfarið af fyrirtækjum sem eru í opinberri eigu og sannanlega, a.m.k. að hluta til, hafa ekki kunnað fótum sínum forráð á liðnum áratugum.

Dæmi sem þar er auðvelt að benda á er hinn upphaflegi samningur við Ísal og sú hroðalega skammsýni sem fylgdi framhaldi málsins í sambandi við raforkusölu til álbræðslunnar í Straumsvík sem hefur auðvitað orðið mjög dýrkeypt fyrir íslenska raforkunotendur, bæði atvinnulíf í landinu og almenning þó reynt sé enn í dag að þræta fyrir það. Tölurnar sem ég rakti um verð á orku annars vegar til almennings-veitna 286 aurar, ef ég man rétt, annars vegar og 88 aurar hins vegar til stóriðjunnar, sem fær meiri hlutann af framleiddri orku í landinu.

Niðurstöður máls míns koma fram í skriflegu nál. og ég vísa til þess, virðulegur forseti. Ég las það raunar upp.

[12:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Er hv. þm. að segja að hinum ríkisreknu fyrirtækjum, sem eru meira og minna rekin jafnvel með lagasetningu frá Alþingi, hinni háu löggjafarsamkundu, sé illa stjórnað? Er hann að segja að hv. þingmenn þurfi að hafa áhyggjur af því hvort þessi fyrirtæki geti selt vöru sína eða ekki? Er hv. þm. ekki einmitt að segja að það eigi að einkavæða fyrirtækin því að það er ekki talið vera vandamál löggjafarsamkundu í öðrum löndum að hafa áhyggjur af því hvort fyrirtæki geti selt vöru sína eða ekki? Það er áhyggjuefni stjórna þeirra fyrirtækja.

Þá vil ég líka endurtaka beiðni mína til hv. þm. Það liggur þannig fyrir að athygli mín dapraðist á tímabili. Hvort hann geti ekki endurtekið mál sitt í stuttu máli, dregið fram aðalatriðin?

[12:38]

Frsm. minni hluta iðnn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef hv. þm. þarf svo mjög á leiðsögn að halda er ljúft að verða við því. Niðurstaða minni hluta iðnn. er að þingmálinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur svo takmarkaða trú á ríkisstjórninni að hann tekur ekki undir þá tillögu en ég held að það ætti samt að verða niðurstaðan, einnig hjá hv. þm.

Spurningum um hvort Alþingi Íslendinga þurfi að blanda sér inn í stefnu í orkumálum eður ei eða hafa áhyggjur af opinberum fyrirtækjum á orkusviðinu svara ég játandi. Við þurfum að hafa áhyggjur af þeirri stefnu og þeim rekstri og það er ekkert bundið við Ísland, það er ekkert sérstakt fyrir Ísland. Það er hægt að leita til þjóðþinga hvarvetna, orkumál og orkustefna eru alls staðar viðfangsefni þjóðþinga. Hvað um kjarnorkuiðnaðinn? Hvað um tilskipun Evrópusambandsins í raforkumálum sem eru í pípunum á leiðinni hingað inn í Alþingi? Er það ekki íhlutun hins opinbera um orkumál? Að vísu er verið að innleiða stefnu sem ég hygg að hv. þm. sé að hluta til þóknanlegri en sú sem hér er rekin og ég held að hv. þm. ætti að lesa sér til um þann fagnaðarboðskap sem þar er á leiðinni.

[12:40]

Magnús Árni Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Austurl. var tíðrætt um mat þingflokks óháðra á því að miðað við aukningu á orkunotkun landsmanna verði ekki til staðar næg orka fyrir landsmenn sjálfa árið 2050 án nokkurrar frekari stóriðju ef tekið verður tillit til umhverfissjónarmiða.

Það rifjaðist upp fyrir mér að í lok síðustu aldar var uppi hagfræðingur nokkur að nafni Thomas Malthus, ef ég man rétt. Hann framreiknaði fjölgun mannkynsins og út frá framleiðslu á matvælum á þeim tíma sá hann þá fyrir sér að innan fárra ára mundi bresta á gríðarleg hungursneyð og mikil vandræði mundu af því hljótast. Einnig rifjaðist upp

fyrir mér að árið 1973 brast á hin svokallaða olíukreppa sem olli miklum erfiðleikum hér í heimi því að þar sáu menn fyrir sér að olíubirgðir heimsins væru að klárast. Það sem þessi tvö dæmi eiga sameiginlegt er að hvorugt þeirra gerði ráð fyrir tækniframförum. Menn sáu ekki fyrir sér árið 1973 að hægt væri að bora eftir olíu á sjávarbotni og Thomas Malthus gerði sér enga grein fyrir þeim stórstígu framförum sem yrðu í landbúnaði og urðu í landbúnaði á næstu árum. Ég sé því ekki fyrir mér að árið 2050 verði menn ekki búnir að ráða fram úr þessum vanda. Auðvitað eru alltaf til ákveðin stjórnmálaöfl sem gera út á heimsendaspádóma af því tagi sem komu fram í annars ágætri ræðu hv. þm. En ég held að menn verði að sjá í gegnum slíkt og að við getum ekki dregið umræðuna niður á þetta plan.

[12:41]

Frsm. minni hluta iðnn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Er þetta framtíðin? Er þetta hin uppvaxandi kynslóð sem ætlar að róa fyrir Samfylkinguna? Eru það þessar raddir sem við eigum von á að heyra framvegis þegar spurningin er um brennandi vandamál mannkynsins, sem er viðfangsefni samfélags þjóðanna og hefur verið tilefni til hverrar ráðstefnunnar á fætur annarri frá 1972 að telja á vegum Sameinuðu þjóðanna, brennandi vandamál vegna umhverfismála og félagsmála sem tengjast núverandi framleiðsluferli og þar á meðal endurnýjun mannsins, þ.e. fjölgun jarðarbúa, þurrð auðlinda, sem verður ekkert stungið undir stól með tilvitnun í að Malthus hafi brugðist og ekki verið framsýnn? Ég skil vel að mikill áhyggjusvipur sé á þeim sem eru komnir svona nærri miðjum aldri og róa fyrir Samfylkinguna að heyra frá upprennandi forustumanni í flokknum viðhorf af þessum toga og tilvísun í tækniframfarir. Virðulegur forseti. Ég hef hlýtt með athygli á hv. þm. sem hér talaði, í ýmsum málum, og ég verð að segja að síðasta innlegg hans finnst mér vera nánast ótrúlegt og stinga í stúf við margt ágætt sem frá hv. þm. hefur komið.

Það er nú svo að ekki þarf að leita langt til þess að sjá feigðarboðana í þeirri vegferð sem mannkynið er á.

[12:44]

Magnús Árni Magnússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Austurl. má ekki misskilja mig. Ég kann vel að meta að raddir séu uppi sem benda á það sem betur mætti fara og vísa mönnum leiðina. Hins vegar þegar menn eru komnir 50 ár fram í tímann og ætla sér að reikna út orkunotkun þeirra tækja sem þá verða á ferðinni, sem ég get eiginlega ekki heldur séð fyrir mér né nokkur annar, þá finnst mér við vera farin að draga umræðuna dálítið út úr því sem hún ætti kannski að snúast um. Það var einungis þetta sem ég vildi benda á.

Hins vegar vil ég að sjálfsögðu taka undir að það er gott að hlusta á varúðarraddir og það verður gert áfram en menn verða að gæta hófs í heimsendaspádómunum.

[12:44]

Frsm. minni hluta iðnn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get auðvitað ekki ráðið í hug hv. þm. sem hér talar, hvernig hann sér framtíðina fyrir sér. Ég held að þörfin á því að breyta til í búskap okkar jarðarbúa, í efnahagsmálum, í samhengi efnahagsmála og umhverfis, sé mjög brýn og fyrir enga jafnbrýn og þá sem eiga að erfa landið, erfa jörðina. Þegar talað er um yfirdrifna svartsýni þess sem hér talar um orkumál vildi ég leyfa mér, virðulegur forseti, að benda hv. þm. á að þær tölur sem ég er að reifa varðandi orkuþörf Íslendinga að 50 árum liðnum eru enginn heilaspuni þess sem hér talar. Þær eru enginn heilaspuni frá minni hálfu. Þetta eru útreikningar þeirra sem til þess hafa verið settir af opinberum aðilum á Íslandi og yfir þetta dæmi var ég að reyna að fara, þar á meðal líklegan vöxt orkunotkunar, væntanlega að teknu tilliti til einhverrar fjölgunar þjóðarinnar miðað við það markmið að Íslendingar verði sem mest sjálfum sér nógir á orkusviðinu og útrými jarðefnaeldsneyti og þeirri mengun sem því heyrir til og þá er niðurstaðan ósköp einföld. Þetta er dæmi sem hvert barn á að geta reiknað, að við höfum endanlegt magn orku til framleiðslu þótt auðvitað megi róa á ný svið bæði varðandi vindorku og fleira, og það hljóta menn að gera og þörfin verður þarna. Við megum ekki hugsa þetta dæmi út frá því, í hugsunarleysi, að tefla náttúru Íslands eins og hv. þm. er því miður að gera í sambandi við heimild til virkjunar í Bjarnarflagi svo dæmi sé tekið.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:47]

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Hvalveiðar, 92. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1072.

Hvalveiðar, síðari umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 92. mál. — Þskj. 92, nál. 1018 og 1072.

[13:46]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Á þskj. 1018 er að finna nál. meiri hluta sjútvn. um till. til þál. um hvalveiðar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson, Kristján Skarphéðinsson, Arnór Halldórsson og Kristínu Haraldsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Magnús Oddsson frá Ferðamálaráði, Svein Hjört Hjartarsson og Guðrúnu Lárusdóttur frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Ásbjörn Björnsson frá SÍF hf., Jóhann Sigurjónsson og Gísla Víkingsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Kristján Loftsson frá Hval hf., Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti, Árna Finnsson frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Guðmund Haraldsson frá Félagi hrefnuveiðimanna, Ásbjörn Björgvinsson frá Hvalamiðstöðinni á Húsavík, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Ernu Hauksdóttur, Einar Bollason og Hörð Sigurbjörnsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Friðrik Pálsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Jón Gunnarsson frá Sjávarnytjum, Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Helga Laxdal frá Vélstjórafélagi Íslands og Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands.

Umsagnir um málið bárust frá Akraneskaupstað, Öldunni, skipstjóra og stýrimannafélagi, Alþýðusambandi Íslands, Samtökum verslunarinnar, Hólmavíkurhreppi, Landssambandi smábátaeigenda, Leirár- og Melahreppi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fiskvinnslustöðva, Sjóferðum Arnars Sigurðssonar, Sjóferðum ehf., Sjómannafélagi Ísfirðinga, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Verkalýðsfélagi Akraness. Í vinnu sinni studdist nefndin jafnframt

við umsagnir um 577. mál, hvalveiðar, sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Þá bárust umsagnir frá Dagsbrún-Framsókn, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Ferðamálaráði, Félagi hrefnuveiðimanna, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Fiskmarkaði Suðurnesja, Hafrannsóknastofnuninni, Hvalamiðstöðinni Húsavík ehf., Hval hf., Innri-Akraneshreppi, Konráð og sonum, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannafélagi Eyjafjarðar, Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sjómannasambandi Íslands, Verkakvennafélaginu Framtíðinni, Verkalýðsfélaginu Jökli og Vélstjórafélagi Íslands. Í meiri hluta umsagna sem bárust var mælt með samþykkt málsins. Tillagan var einnig send utanríkismálanefnd til umsagnar og gerir hún ekki athugasemdir við þingmálið eftir athugun á því.

Tillagan felur í sér að hvalveiðar verði hafnar hér við land á þessu ári innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin leggur til og að sjávarútvegsráðherra verði falin framkvæmd veiðistjórnar á grundvelli gildandi laga.

Meiri hluti nefndarinnar tekur undir meginefni tillögunnar og leggur til við Alþingi að ályktað verði um að hefja skuli hvalveiðar hið fyrsta og að ríkisstjórninni verði falið að standa fyrir nauðsynlegri kynningu á þessari ákvörðun Alþingis og hrinda henni í framkvæmd þannig að veiðarnar geti hafist sem fyrst. Miðað er við að það geti orðið eigi síðar en á næsta ári.

Að málinu hefur verið unnið á undanförnum árum og er tillaga meiri hlutans nú í samræmi við álit starfshóps um hvalveiðar frá febrúar 1997 og samþykkt ríkisstjórnarinnar í framhaldi af því.

Verði tillagan samþykkt hefur Alþingi upphafið ályktun sína frá 2. febrúar 1983, en þar var ályktað að ekki yrði mótmælt samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðs um takmörkun hvalveiða, og markað nýja stefnu þar sem skýrt og skorinort er kveðið á um að hvalveiðar skuli hefjast og það hið fyrsta.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt tillögunnar með svofelldri breytingu, að tillögugreinin orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 stendur ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er.“

Undir nál. meiri hlutans rita Kristinn H. Gunnarsson, Árni Ragnar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Vilhjálmur Egilsson, Hjálmar Árnason, Einar Oddur Kristjánsson og Stefán Guðmundsson.

Mál þetta hefur margar hliðar og er rétt að fara nokkrum orðum um nokkrar þeirra. Í fyrsta lagi að lögð er rík áhersla á að veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Stórhvalaveiðar voru stundaðar með hléum frá landstöðvum við Ísland í liðlega eina öld eða til ársins 1989. Frá árinu 1948 takmörkuðust veiðarnar við starfsemi stöðvarinnar í Hvalfirði. Að meðaltali voru veiddar 234 langreyðar og 68 sandreyðar á ári tímabilið 1948–1985 og 82 búrhvalir árin 1948–1982. Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni. Í samræmi við ákvæði hvalveiðisáttmálans var takmarkaður fjöldi lang- og sandreyða veiddur í rannsóknarskyni árin 1986–1989. Frá 1990 hafa engar hvalveiðar verið stundaðar frá Íslandi.

Hrefnuveiðar hafa verið stundaðar mestan hluta þessarar aldar á litlum vélbátum og lengst af í smáum stíl. Á árunum 1977–1985 ákvarðaði Alþjóðahvalveiðiráðið árlega hrefnukvóta fyrir svæðið Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen og komu um 200 hrefnur í hlut Íslendinga árlega. Engar veiðar á hrefnu hafa verið leyfðar frá lokum vertíðar 1985.

Ákveðið var að vinna að úttekt á ástandi hvalastofna samfara ákvörðun um tímabundna stöðvun veiða. Niðurstöður þessara rannsókna hafa fengið umfjöllun á vísindalegum vettvangi, m.a. innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og innan NAMMCO. Þar hafa m.a. verið staðfestar stofnstærðir hrefnu, lang- og sandreyðar á Íslandsmiðum og nærliggjandi hafsvæðum. Varðandi hrefnu benda fyrirliggjandi gögn til þess að um 184 þús. dýr séu á Norður-Atlantshafi, þar af um 56 þús. dýr á landgrunninu umhverfis Ísland.

Niðurstaða vísindanefndar NAMMCO er að stofninn sé nú nálægt upprunalegri stærð. Þær veiðar sem stundaðar voru úr stofninum meginhluta aldarinnar hafa samkvæmt því haft hverfandi áhrif á stofnstærðina. Samkvæmt varfærnustu forsendum er hámarksafrakstursgeta íslenska strandsvæðisins til langs tíma litið talin vera 253 dýr. Fyrir liggur að Hafrannsóknastofnun hefur lagt til aflamark úr stofninum, 200 dýr á ári, í ljósi úttektar vísindanefndar NAMMCO.

Samkvæmt talningum árin 1987 og 1989 er áætlað að stofnstærð langreyðar á Norður-Atlantshafi sé um 50 þús. dýr. Úttekt, byggð á talningagögnum frá 1987–1989, bendir til þess að stofninn á þessu svæði þoli umtalsverðar veiðar, eða a.m.k. 100–200 hvali á ári. Nýjar talninganiðurstöður staðfesta þetta. Hafrannsóknastofnunin leggur til í varúðarskyni að ekki verði veiddar fleiri en 100 langreyðar á ári.

Þá hafa farið fram talningar á sandreyði og sennilegt er talið að sá stofn hafi vel þolað veiðarnar úr stofninum á undanförnum áratugum. Veiðiþol hefur þó ekki enn verið metið né þróaðar aflareglur sem fara mætti eftir við úthlutun aflamarks. Ekkert er því til fyrirstöðu með hliðsjón af vísindalegri ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar að hefja veiðar á hrefnu og langreyði.

Samspil hvalastofna og fiskstofna er fyrir hendi og nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um fæðuval hvala og að hve miklu leyti þeir hafa áhrif á stofnstærð nytjafiska við Ísland. Athuganir íslenskra vísindamanna benda til að hvalir éti liðlega 6 millj. tonna árlega, þar af rúmlega 2 millj. tonna af fiskmeti. Talið er að hrefnan ein éti um helminginn af fiskinum. Líkur benda til þess að vaxandi hvalastofnar leiði til þess að afrakstursgeta þorskstofnsins minnki, svo dæmi sé nefnt. Eina leiðin til að afla betri upplýsinga um sambandið þarna á milli er að hefja veiðar og rannsaka fæðuval hvalanna, einkum hrefnunnar.

Alþjóðleg staða málsins er skýr. Ekkert í þjóðarétti bannar Íslendingum hvalveiðar. Fullveldisréttur ríkis tryggir Íslendingum forræði málsins í eigin lögsögu og í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Íslendingar eru aðilar að,

er tryggður réttur til nýtingar á sjávarspendýrum að uppfylltu samráði á vettvangi alþjóðastofnunar. Það er uppfyllt með aðild Íslands að NAMMCO. Enn fremur má geta um ákvæði í svonefndri Ríó-samþykkt en þar er grundvallað á sjálfbærri nýtingu stofna en ekki algerri friðun. Af þessum sökum er ekki ástæða til að ætla að erlend stjórnvöld grípi til aðgerða gegn Íslendingum, hefji þeir hvalveiðar. Þannig má nefna svonefnt Pelly-ákvæði í bandarískum lögum sem veitir forseta Bandaríkjanna heimild til að beita viðskiptaþvingunum í formi innflutningstakmarkana á vörur frá viðkomandi landi. Oft hefur verið beitt hótunum um að beita þessu ákvæði gagnvart löndum sem stunda hvalveiðar, t.d. gagnvart Íslendingum, Japönum, Rússum, Kanadamönnum og Norðmönnum en í hvert sinn sem viðskrh. Bandaríkjanna hefur beðið forsetann að beita þessu ákvæði hefur hann neitað því enda verða viðskiptaþvinganirnar að vera í samræmi við ákvæði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Svo lengi sem ríki sem stunda hvalveiðar gera það í samræmi við alþjóðsamninga hefur forsetinn ekki forsendur fyrir því að beita viðskiptaþvingunum. Ísland hefur rétt til að stunda hvalveiðar og því væru hvers konar viðskiptaþvinganir af hálfu bandarískra stjórnvalda í andstöðu við Alþjóðaviðskiptastofnunina.

Til er alþjóðlegur samningur um milliríkjaverslun á dýrum og plöntum sem eru í útrýmingarhættu, svonefndur CITES-samningur. Því er stjórnað með því að skipa tegundum í viðauka eftir því hver staða tegundarinnar er í heiminum hverju sinni. Í viðauka I eru sett dýr og plöntur sem eru í útrýmingarhættu og má ekki versla með afurðir af þeim. Í viðauka II eru tegundir sem eru komnar úr mestri hættu en þarf að hafa eftirlit með. Þegar tegund er í viðauka II má fara fram milliríkjaverslun með afurðir hennar undir eftirliti. Langreyðar, sandreyðar og hrefnustofnar eru í viðauka II í þessum samningi. Hins vegar eru Íslendingar, Norðmenn og Japanar ekki bundnir af þessu banni við milliríkjaverslun með hvalaafurðir og geta því stundað viðskipti með þær. Norðmenn og Japanar, vegna þess að þeir mótmæltu röðuninni á sínum tíma í þessa viðauka, og Íslendingar vegna þess að þeir eru ekki aðilar að þessum samningi. Kjósi Íslendingar að gerast aðilar að CITES-samningnum, sem kemur vel til greina, geta þeir mótmælt þessari röðun í viðaukunum og verið eftir sem áður óbundnir því banni við milliríkjaverslun með afurðir þessara dýra sem samningurinn kveður á um.

Norðmenn hafa í tvígang flutt tillögu innan CITES til að fá hrefnustofna í norður-Atlantshafi flutta frá viðauka I til viðauka II, fyrst árið 1994 og aftur árið 1997. Í fyrra sinnið sögðu 16 ríki já, og 48 ríki nei og 48 ríki sátu hjá. Það voru sem sé þrisvar sinnum fleiri ríki andvíg því að breyta röðuninni í viðauka en voru því fylgjandi. Í síðara skiptið hafði dæmið snúist við. Þá voru 57 þjóðir fylgjandi, 51 á móti og sex sátu hjá. Meiri hlutinn studdi sem sé tillöguna, en tvo þriðju atkvæða þarf til að gera breytingar á röðuninni í viðauka. Vonast er til að á næsta fundi CITES sem verður á næsta ári fáist nægilegur meiri hluti til að breyta röðuninni hvað varðar hrefnustofnana í Norður-Atlantshafi.

Þá vil ég loks nefna Bernar-samninginn sem Íslendingar eiga aðild að ásamt 35 öðrum Evrópuþjóðum. Sá samningur kveður á um vernd villtra plantna og dýra og búsvæði þeirra í Evrópu. Samkvæmt þeim samningi er hrefnan veiðanleg tegund svo framarlega að varúðar sé gætt og að veiðarnar fylgi settum reglum sem tryggi vernd stofnsins. Tillögur hafa komið fram á fundum fastanefndar samningsins um að friða tegundina en þeim hefur verið hafnað. Samkvæmt samningnum er hrefnan aðeins friðuð í Miðjarðarhafinu.

Viðbrögð almennings er erfitt að meta en þau sem helst skipta máli væru ef almenningur sniðgengi íslenskar vörur á erlendum mörkuðum eða áhrif yrðu á ferðamannastraum til landsins. Þar er til að nefna af fyrri reynslu bæði Íslendinga, Norðmanna og Færeyinga, að ekki bendir hún til þess að þau áhrif yrðu mikil eða varanleg. Vísa ég þar til ákvörðunar Íslendinga um að segja sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og hefja vísindaveiðar. Þá sem nú voru uppi raddir sem vöruðu við þeim ákvörðunum og töldu vá fyrir dyrum ef menn stæðu fastir á sínu máli. Skemmst er frá því að segja að hrakspárnar rættust ekki. Reynsla Norðmanna er svipuð. Einhver áhrif voru mælanleg, en þau vöruðu í skamman tíma. Þetta kemur m.a. fram í skýrslu sem unnin var fyrir norska utanríkisráðuneytið og liggur fyrir í gögnum sjútvn.

Þá má enn nefna að Færeyingar sem eru stærstu innflytjendur á ferskum fiski á breskan markað hafa mátt þola áróður gegn sér í breskum fjölmiðlum vegna grindhvalaveiða sinna, en ekki verður séð að það hafi haft merkjanleg áhrif á stöðu Færeyinga á breskum markaði. Þá má benda á að svo virðist sem áhrif einstakra samtaka á almenningsálit fari dvínandi og að almenningsálitið hafi breyst verulega á síðustu 15 árum.

Afar merkilegar niðurstöður koma fram í skoðanakönnun sem gerð var á síðasta ári í fjórum löndum, Bretlandi, Bandaríkjunum, Frakklandi og Ástralíu. Í öllum þessum ríkjum er meiri hluti fylgjandi hrefnuveiðum í atvinnuskyni, 61% í Bretlandi, 63% í Frakklandi, 53% í Ástralíu og 71% stuðningur almennings í Bandaríkjunum er við hrefnuveiðar í atvinnuskyni ef marka má þessa skoðanakönnun, en spurt var um það efni. Gefnar voru ákveðnar forsendur fyrir veiðunum. Þær voru að stofninn væri um 1 millj. dýra, að veiðar hefðu ekki áhrif á stofninn með því að út væri gefinn kvóti og að veitt væri til manneldis og undir eftirliti alþjóðastofnunar. Enginn vafi leikur hins vegar á um afstöðu almennings hér á landi. Alla tíð hefur yfirgnæfandi stuðningur verið við hvalveiðar og í síðustu könnun voru 81% landsmanna hlynntir veiðunum en aðeins 10% á móti. Í þessu máli geta menn fremur en í öðrum tekið sér í munn að tala um vilja þjóðarinnar. Er vandfundið það mál sem meiri stuðningur er við meðal almennings á Íslandi.

Herra forseti. Ég hef lokið að mæla fyrir nál. og vænti þess að þingheimur fallist á þau rök sem fram eru borin og styðji þá tillögu sem hér er lögð fram af meiri hluta sjútvn.

[14:05]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór ágætlega yfir álit meiri hluta sjútvn. og gerði það á sinn hátt. Eins og fram kom í ræðu hans vann nefndin mikið í þessu máli. Kallað var eftir miklu af gögnum og má segja sem svo að nefndin hafi eytt miklum tíma í þetta mál og málið hafi verið nokkuð vel unnið.

Virðulegi forseti. Ég geri nú grein fyrir áliti minni hluta sjútvn., en ásamt mér stendur að því hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir.

Ég vil segja í upphafi máls míns að minni hlutinn er samþykkur því að Íslendingar hefji hvalveiðar. Hins vegar er verulegur áherslumunur á viðhorfi minni hlutans til þess máls borið saman við það sem fram kemur í áliti meiri hlutans og mun ég nú fara yfir þann mun.

Minni hlutinn tekur undir það viðhorf sem fram kemur í áliti meiri hlutans að leggja beri áherslu á að nýta allar auðlindir sjávar á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda, þar með taldra hvalastofna við Ísland. Á hinn bóginn kemur áherslumunur minni hlutans fram í því að hann gerir verulegar athugasemdir við þá aðferðafræði sem meiri hlutinn leggur til að beitt verði í þessu máli.

Í fyrsta lagi gerir minni hlutinn athugasemdir við að meiri hlutinn skuli leggja til að Alþingi álykti um að hafnar verði hvalveiðar án þess að skilgreina nánar hvenær veiðarnar skuli hefjast. Það er álit minni hlutans að það hefði verið mun skynsamlegra í þessu máli, því líklegt er að við þurfum að vinna þeim viðhorfum fylgi á erlendri grundu að við höfum tekið um það ákvörðun að hefja veiðar á einhverjum ákveðnum tíma, kannski að tveimur, þremur árum liðnum og getum þá á þeim tíma reynt að vinna málstað Íslands framgang á alþjóðlegum vettvangi og í helstu viðskiptalöndum okkar.

Minni hlutinn telur að með því að standa þannig að ályktuninni sé verið að gera stjórnvöldum mun erfiðara fyrir en ella að vinna sjónarmiðum Íslendinga fylgi á alþjóðavettvangi. Að mati minni hlutans er sú aðferðafræði sem meiri hlutinn leggur til að beitt verði í þessu máli ekki ólík því að lýsa yfir stríði án þess að afla sér þeirra tækja og tóla sem nauðsynleg eru til að heyja stríðið eða hafa nokkra áætlun sem að gagni gæti komið við slíkan stríðsrekstur því Íslendingar eru háðari viðskiptum með sjávarafurðir en nokkur önnur þjóð og byggja afkomu sína á verslun með þær víða um heim. Það er því ljóst, virðulegi forseti, að gríðarlegir hagsmunir eru í húfi hvað það varðar að vel takist til í þessu máli því að andstaða við hvalveiðar er meðal vinsælustu mála umhverfissamtaka og það er jafnan svo að þeim vex ásmegin þegar umræða um hvalveiðar stendur sem hæst. Um árabil hafa umhverfissamtök barist gegn hvalveiðum og notið til þess mikils fjárhagslegs styrks. Þá er til þess að líta að í nokkrum þeirra ríkja sem skipta okkur miklu máli í viðskiptalegu tilliti er stefna stjórnvalda styrkur fyrir þessi samtök.

Frsm. meiri hlutans, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, fór yfir það að m.a. í Bandaríkjunum er að finna lagaheimild til að beita þær þjóðir viðskiptaþvingunum sem hefja hvalveiðar. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það sé allsendis óvíst að þessar viðskiptaþvinganir fái staðist þær reglur sem við höfum undirgengist hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni, enda skilst mér að Bandaríkjamenn hafi átt undir högg að sækja þegar þeir hafa þurft að verja þessar reglur á alþjóðavettvangi.

En hitt er ljóst, virðulegi forseti, að reglur af þessum toga væru ekki til staðar nema vindar blésu með viðhorfum af þessu tagi. Hvort sem þetta stenst eða ekki í lagalegu tilliti, í alþjóðasamningum eða alþjóðaviðskiptum, þá er alveg ljóst að lög af þessum toga væru ekki til staðar nema af því að viðhorf í þessa veru hafa verulegt fylgi í landi eins og Bandaríkjunum. Þess vegna er m.a. til þessa að líta þegar við tökum ákvörðun um það hvort og þá hvernig við hefjum hvalveiðar að nýju.

Í öðru lagi gerir minni hlutinn athugasemdir við að ekki skuli kveðið skýrt á um í tillögunni sem meiri hlutinn hefur mælt fyrir á hvaða dýrum skuli hefja veiðar. Minni hlutinn telur að mun farsælla hefði verið að afmarka það, t.d. með því að hefja fyrst veiðar á hrefnu. Það hefði ekki verið óeðlilegt að við hefðum fetað í fótspor Norðmanna í þessum efnum, en þeir ákváðu að hefja veiðar á ákveðnum degi, eftir ákveðinn tíma og þá einkanlega veiðar til neyslu innan lands.

Ég tel, og það er álit minni hlutans, að mun vænlegra og betra hefði verið að vinna þessum sjónarmiðum fylgi á alþjóðavettvangi ef við hefðum sett fram skýra áætlun um það hvernig við ætlum að standa að þessum veiðum og hvenær við ætlum að hefja þær í stað þess að lýsa því yfir að að við ætlum að hefja hvalveiðar strax, án þess að skilgreina nokkuð frekar hvernig standa eigi að þeim veiðum eða hvaða dýr eigi að veiða.

Í þriðja lagi vekur minni hlutinn athygli á því að óljóst er með öllu hvaða efnahagslegi ávinningur felst í því að hefja hvalveiðar, einkanlega meðan jafnóljóst er og raun ber vitni hvort mögulegt er að selja hvalafurðir.

Vissulega má færa fram þau rök, virðulegi forseti, að það sé ekki þingsins að selja hvalafurðir. En hitt er líka ljóst að við höfum mjög takmarkaða hagsmuni af því að selja hvalafurðir eins og málum er nú komið. Það er miklu meiri hætta á því að við setjum mikla hagsmuni í verulegt uppnám. Borið saman við þá hagsmuni sem höfum af hvalveiðum þá er ólíku saman að jafna. Því eiga þau rök ekki við sem menn hafa sett fram um að þingið ætli sér ekki að selja hvalafurðir, því með því að álykta eins og meiri hlutinn leggur til er hættan sú að við teflum verulegum hagsmunum í hættu.

Virðulegi forseti. Í fjórða lagi vill minni hlutinn líta svo á að með flutningi tillögunnar og samþykkt meiri hlutans megi jafnvel líta svo á að um vantraust á ríkisstjórnina sé að ræða því vorið 1997 samþykkti nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar, sem starfaði undir forustu hv. þm. Árna R. Árnasonar, að gera tilögur. Ríkisstjórnin samþykkti að gera þær að sínum og í framhaldi af undirbúningsvinnu sem tillögurnar fólu í sér að taka ákvörðun um framlagningu þingsályktunartillögu. Það er nú þannig, virðulegi forseti, að lítið hefur verið unnið samkvæmt tillögum nefndarinnar. Ég er með þessar tillögur hér. Það kom fram í vinnu nefndarinnar að ríkisstjórnin hefur í rauninni ekki gert nokkurn skapaðan hlut til að vinna þeim sjónarmiðum framgang á alþjóðavettvangi að við gætum hugsanlega hafið hvalveiðar án þess að tefla verulegum hagsmunum í tvísýnu. Það kom vel fram í vinnu nefndarinnar að ríkisstjórnin hefur ekkert gert í því sambandi.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp þær tillögur sem nefnd hv. þm. Árna Ragnars Árnasonar lagði fram. Þær eru í átta liðum.

Í fyrsta lagi er lagt til að leitað verði eftir pólitískri samstöðu um að afgreiða á Alþingi ályktun um að hefja skuli nýtingu hvalastofna hér við land hið fyrsta og að ríkisstjórninni skuli falið að undirbúa það.

Ég get sagt það sem fulltrúi minni hlutans í þessari nefnd að ekki var leitað eftir því við minni hlutann að hann kæmi að samningu þáltill. sem meiri hlutinn hefur hér lagt fram. Hún er alfarið á ábyrgð meiri hlutans.

Í öðru lagi leggur umrædd nefnd til að náið samráð og samstarf verði haft við öll ríki sem hlynnt eru hvalveiðum. Þá verði teknar upp viðræður við stjórnvöld ríkja sem lagst hafa gegn hvalveiðum til þess að kynna okkar málstað og leita samkomulags við þau um framkvæmd þeirrar stefnu til þess að hefja á ný hvalveiðar í atvinnuskyni.

Í stuttu máli má segja sem svo að ekkert hafi verið gert til þess að fylgja þessari tillögu.

Í þriðja lagi er lagt til að uppbyggingu Norður-Atlantshafsspendýraráðsins, NAMMCO, verði haldið áfram með sérstakri áherslu á að fjölga aðildarríkjum. Það þekkja flestir vel hvernig til hefur tekist í þeim efnum.

Í fjórða lagi taldi nefndin eða starfshópurinn rétt að kanna hvaða möguleika endurnýjuð aðild Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu kynni að hafa upp á að bjóða. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að núna liggur fyrir þinginu tillaga frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um að þetta verði skoðað. En sú tillaga liggur í sjútvn. Þar hefur ekkert verið um hana fjallað og hún hefur engar umræður fengið.

Í fimmta lagi, virðulegi forseti, lagði umrædd nefnd til að samráð yrði haft við helstu útflytjendur og aðra aðila sem mikilla viðskiptahagsmuna eiga að gæta. Um þetta má segja að SH, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, var, ef ég man rétt — það má þá leiðrétta það — eini útflytjandinn sem sendi okkur umsögn um málið og þeir leggjast gegn því, vægt til orða tekið, að tillaga eins og sú sem hér liggur fyrir verði afgreidd.

Í sjötta lagi lagði nefndin til að utanrrn. yrði falið að efla samráð ráðuneyta og stofnana um þátttöku í alþjóðasamstarfi sem tengst getur hvalveiðum og að kannað yrði hvort æskilegt væri að Ísland gerist aðili að fleiri alþjóðasamningum á þessu sviði. Ekkert hefur verið gert með þessa tillögu.

Í sjöunda lagi lagði umrædd nefnd til að gerð yrði áætlun um hvernig á sem hagkvæmastan og árangursríkastan hátt yrði staðið að fræðslu og kynningu á málstað Íslands á erlendum vettvangi, þar á meðal gagnvart umhverfissamtökum. Það þarf ekki að rekja það að hér hefur ekkert verið gert, virðulegi forseti.

Og í áttunda lagi að kannaður yrði sá möguleiki að taka frá sérstök svæði vegna hvalaskoðunar. Umræða um þetta fór fram í hæstv. sjútvn. en hún tók enga afstöðu til þess í sinni vinnu.

Virðulegi forseti. Með öðrum orðum hefur ekkert verið gert með tillögur þeirrar nefndar sem ríkisstjórnin skipaði og skilaði af sér á vordögum 1997 og ríkisstjórnin gerði að sínum með sérstakri samþykkt. Sú tillaga sem hér liggur fyrir gengur því um margt þvert á þær tillögur sem umrædd nefnd samþykkti og ríkisstjórnin gerði síðan að sínum með sérstakri samþykkt. Ég held því að það megi færa rök að því að meiri hlutinn sé nánast með þessu að lýsa vantrausti á ríkisstjórnina í þessum efnum. Ég held að varla sé hægt að túlka þetta öðruvísi.

Virðulegi forseti. Í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin hefur haldið á málum varðandi hvalveiðar og þeirrar aðferðafræði sem meiri hlutinn leggur nú til telur minni hlutinn það ábyrgðarhlut að afgreiða málið á þennan hátt.

Undir nál. rita Lúðvík Bergvinsson framsögumaður og Svanfríður Jónasdóttir.

Það er nú einu sinni svo að í þessu máli erum við öll að reyna að átta okkur á því hvaða afleiðingar samþykkt þessarar tillögu getur haft í för með sér. Því má segja sem svo að við séum öll að reyna að spá fyrir um hvað framtíðin muni bera í skauti sér. Sumir hér inni eru þeirrar skoðunar að rétt sé að hefja hvalveiðar án nokkurrar skipulagningar eða skilyrða og telja að það muni alls ekki koma niður á hagsmunum okkar. Við í minni hlutanum teljum hins vegar að það hefði átt að fara öðruvísi í að taka þessa ákvörðun. Við óttumst að með einhliða yfirlýsingu eins og þeirri sem Alþingi er að gefa með samþykkt tillögu meiri hlutans, þá séum við að setja verulega hagsmuni í uppnám. Við teljum að við hefðum átt að gæta mun meiri varúðar í þessu máli. Og þó við séum samþykk því að nýta eigi hvalastofna við Ísland sem og aðra stofna þá teljum við að sú aðferðafræði sem hér er lagt upp með sé þess eðlis að meiri hlutinn beri einn og óstuddur ábyrgð á þeirri niðurstöðu.

[14:21]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að þetta nál. á heima í brandarabankanum hjá mér af því ég get alveg ómögulega skilið það. Hér kemur fram að minni hlutinn tekur undir það viðhorf að leggja beri áherslu á að nýta allar auðlindir sjávarins, þar með talda hvalastofna við Ísland. Þetta hljómar allt vel. En hvað kemur svo fram í nál. eftir það? Hvalveiðar eru rakkaðar niður skipulega í mörgum liðum. Meðal annars kemur þar fram að minni hlutinn vekur athygli á því að það sé með öllu óljóst hvaða efnahagslegi ávinningur felist í hvalveiðum. Og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, framsögumaður minni hlutans, kemur hér og segir ítrekað að um mikla hagsmuni sé að tefla, að þeir séu settir í verulegt uppnám, það sé verið að tefla verulegum hagsmunum í uppnám og það ætti að gæta meiri varúðar. Ég spyr hvað er verið að fara hér?

Svo er klykkt út í lok þessa álits minni hlutans að það sé ábyrgðarhluti að afgreiða málið á þennan hátt. Ég sé hér gott tilefni til að spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson: Hvað er verið að fara í þessu nál.? Er fylkingin klofin um allar jarðir, með og á móti hvalveiðum, eða hvað fer hér fram? Hvað ætla hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson og Svanfríður Jónasdóttir sér að gera? Styðja þau hvalveiðar eða ekki? Þetta nál. er svo loðið að ekki er hægt að ráða af því, og því síður af ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, hver sé stefna Samfylkingarinnar gagnvart hvalveiðum. Það er sagt: Við viljum nýta hvalastofnana eins og aðrar auðlindir. En svo eru hvalveiðar rakkaðar niður skipulega í öllu nál.

[14:23]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóslega verulegur áherslumunur á milli okkar hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur til þessa máls því að í mínum huga hefur þetta ekkert með brandarabanka að gera. Í mínum huga eru hvalveiðar grafalvarlegt mál. Til þess að skýra og einfalda það sem við segjum í okkar áliti, því að eitthvað hefur vafist fyrir hv. þm. að fá botn í það, þá lýsum við því í fyrsta lagi yfir að við teljum að það eigi að nýta hvalastofna við Ísland, þ.e. það eigi að hefja hvalveiðar.

Hins vegar segjum við líka, og viðurkennum það, að viðhorf í veröldinni eru þess eðlis að það ber að fara varlega í þessum málum. Þetta er mjög viðkvæmt. Við segjum einfaldlega í áliti okkar og leggjum á það áherslu að þegar við gefum á þennan hátt nánast einhliða stríðsyfirlýsingu um að hefja hvalveiðar án þess að reyna að kynna okkar viðhorf, án þess að reyna að leggja kostnað í að kynna okkar viðhorf á erlendum vettvangi, ræða við aðrar þjóðir og gera kannski líkt og Norðmenn, sem lögðu mikið fé í það að kynna sín viðhorf áður en þeir hófu hvalveiðar, þá óttumst við að sá gassagangur sem meiri hlutinn vill hafa uppi í þessu máli geti orðið til þess að hagsmunir okkar skaðist verulega því að við erum þægilegt skotmark. Það er nú einfaldlega þannig. Við lifum meira og minna, enn sem komið er, á útflutningi á sjávarafurðum og erum því mjög viðkvæm fyrir áróðri

gagnvart því. Í þessu ljósi og í því ljósi að almenn viðhorf í heiminum eru ekki endilega hlynnt hvalveiðum þá viljum við fara gætilega.

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort hægt sé að tengja álit eða aðvörunarorð af þessu tagi á nokkurn hátt við brandarabanka. En ég verð að segja alveg eins og er að húmorinn er mér ekki að skapi.

[14:25]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvalveiðar eru líka grafalvarlegt mál fyrir mér. En þetta nál. er eins og brandari. Það segir ekki neitt. Það segir: Við viljum hefja hvalveiðar. En svo þar segir líka: Við viljum ekki hefja hvalveiðar. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kemur með þá afsökun að óeðlilegt sé að lýsa yfir stríði, eins og hann telur að tillaga meiri hlutans hljómi upp á, án þess að kynna málið.

Ég vil benda hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni á að í tillögu meiri hluta sjútvn. segir einmitt, með leyfi forseta:

„Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er."

Ég ítreka spurningu mína: Hvort styður fylkingin hvalveiðar eða ekki? Nál. gefur ekkert til kynna.

[14:26]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur hvorki fram í nál. né í þeirri ræðu sem ég flutti áðan að við vildum ekki hefja hvalveiðar. Það kemur hvergi nokkurs staðar fram og því er það rangt sem hv. þm. sagði.

Við höfum sagt sem svo að við viljum hefja hvalveiðar, en við viljum líka taka mið af þeim viðhorfum sem eru ríkjandi á alþjóðavettvangi. Við viljum ekki tefla í hættu miklum hagsmunum með því að hefja veiðar á hval sem satt best að segja hefur litla sem enga efnahagslega þýðingu fyrir okkur. Þetta eru þau varúðarorð sem frá okkur koma í þessu máli.

Hins vegar get ég upplýst að Samfylkingin sem slík hefur ekkert eina ákveðna línu í þessum málum. Menn hafa sín persónulegu viðhorf til þess hvort hefja eigi hvalveiðar eða ekki. Enn fremur hafa hv. þingmenn sín persónulegu viðhorf til þess hvort hefja eigi hvalveiðar með þessum gassagangi sem meiri hlutinn leggur hér til, þ.e. hvort hefja eigi hér hvalveiðar strax án þess að undirbúa málið af einhverju viti.

[14:27]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leiðrétta tvö eða þrjú atriði sem fram koma í nál. minni hluta og fram komu í ræðu hv. framsögumanns þess.

Í fyrsta lagi kemur fram í nál. að minni hlutinn gerir athugasemdir við að meiri hlutinn skuli leggja til að Alþingi ályktí að hefja hvalveiðar án þess að skilgreina nánar hvenær veiðarnar skuli hefjast.

Þetta er ekki nákvæmt. Í tillögunni er skilgreint hvenær þær eiga að hefjast. Það er ekki dagsett en það er tímasett. Það er sagt að þær eigi að hefjast hið fyrsta, það eigi að gefa ríkisstjórninni svigrúm til þess að kynna málið og undirbúa veiðarnar. En það kemur skýrt fram í nál. meiri hluta að miðað er við að veiðar geti hafist á næsta ári. Það er því nákvæmlega tímasett.

Í öðru lagi kemur fram í nál. minni hluta að hann gerir athugasemdir við að ekki skuli kveðið skýrt á um í tillögunni á hvaða dýrum skuli hefja veiðar. Það kemur mjög skýrt fram í tillögu meiri hluta nefndarinnar að veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar. Fyrir liggur álit og útgefinn kvóti í hrefnu og einnig í sandreyði. Svo verður líka í öðrum tegundum eftir því sem vísindalegt álit gefur tilefni til. Þetta eru því staðlausir stafir í nál. minni hluta.

Í þriðja lagi kom fram hjá hv. framsögumanni að þeim hefði ekki verið boðið að vera aðilar að nál. meiri hluta. Það er ekki rétt. Þeim stóð það til boða en afþökkuðu það. Hitt er rétt að þeir voru ekki með í að semja textann. Það var vegna þess að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafði ítrekað gefið þær yfirlýsingar í nefndinni að hér væri um að ræða mál sem stjórnarliðið yrði að ráða til lykta og að stjórnarandstaðan kæmi ekki nálægt því.

[14:30]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort ræða af þessum toga er svara verð, ég verð að segja það alveg eins og er. Í fyrsta lagi kom hv. þm. Siv Friðleifsdóttir upp áðan og lýsti því yfir að ekki yrðu hafnar hvalveiðar fyrr en að talsverðum undirbúningi loknum, þ.e. vel hefði verið unnið vel að því að undirbúa það mál áður en veiðar yrðu hafnar.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lýsir því hins vegar yfir að það skuli bara gert hið fyrsta og hið fyrsta þýðir eins og skot. Kannski væri rétt að þessir hv. þingmenn ræddu þessi mál í þingflokknum. Ekki ætla ég að túlka hér á milli.

Í öðru lagi vil ég segja, virðulegi forseti, að þegar þingmenn leyfa sér að koma í ræðustól og túlka ummæli eða orðræður á nefndafundum gera þeir það algerlega á eigin ábyrgð. Ég ætla ekki einu sinni út í þá umræðu. Hins vegar vil ég segja að minni hlutanum var aldrei boðið að koma að því að semja þann texta sem hér liggur fyrir eða leggja drög að því hvaða aðferðafræði yrði beitt þegar ákveðið yrði að hefja hvalveiðar og hvernig það yrði gert. Ég vil að þetta liggi skýrt fyrir. Það er á engan hátt, virðulegi forseti, hægt að segja með einhverjum sanni að í minnihlutaálitinu séu staðlausir stafir. Ég ætla að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ef ég þarf að fara í annað andsvar bara til þess eins að leiðrétta hið fyrra, veit ég ekki hvort ég læt það eftir mér.

[14:31]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson þurfi ekki að vera svona sporlatur. Mig langar að spyrja hann um afstöðu hans í málinu. Hann hóf ræðu sína á því að lýsa yfir að hann styddi hvalveiðar. Nál. hans lýkur á eftirtöldum orðum, með leyfi forseta:

„... telur minni hlutinn það ábyrgðarhlut að afgreiða málið á þennan hátt."

Gott og vel, herra forseti. Á hvaða hátt leggur minni hlutinn til að málið verði afgreitt? Hvar er tillaga minni hlutans? Hvort mun hann styðja hvalveiðar eða vera á móti hvalveiðum? Um það verða greidd atkvæði þegar tillaga

meiri hlutans kemur til atkvæða því þar er kveðið skýrt og skorinort á um að það eigi að hefja hvalveiðar. Það er stefna sem er mörkuð sem ríkisstjórninni er falið að hrinda í framkvæmd. Munu þingmenn Samfylkingarinnar vera með eða á móti? Þeim hefur tekist að skrifa nefndarálit án þess að segja hvaða skoðun þeir hafa á málinu.

[14:33]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Maður er farinn að upplifa sjálfan sig aftur og aftur eins og maður sé að endurtaka það sem maður sagði í síðustu ræðu. Ég fer hægt yfir þetta, virðulegi forseti, mjög hægt.

Í fyrsta lagi vil ég segja það að minni hlutinn er fylgjandi því að hvalveiðar verði hafnar. Það er klárt. (Gripið fram í.) Það kemur fram í nál., hv. þm.

Í öðru lagi geldur minni hlutinn varhug við því að þeirri stríðsáætlun sé fylgt sem má finna í meirihlutaálitinu. Þess vegna telur minni hlutinn það ábyrgðarhlut að samþykkja þáltill. eins og hún lítur út. Við teljum, virðulegi forseti, að nær hefði verið að leggja fram tillögu í þá veru að við mundum hefja hvalveiðar eftir 2–3 ár og nota þann tíma til að kynna málstað okkar eins og til að mynda Norðmenn hafa gert. Þetta kom fram í ræðu minni, hv. þm., og ég legg til að hv. þm. fylgist betur með þeim umræðum sem fara fram svo við þurfum ekki vera að lengja umræðuna og endurtaka æ ofan í æ.

[14:34]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í nál. minni hlutans kemur fram að líta megi á flutning tillögunnar og samþykkt meiri hluta sjútvn. sem vantraust á ríkisstjórnina vegna þess að hún hafi gert tillögu *nefndar sem skilaði niðurstöðu sinni fyrir tveimur árum* að sinni. Ég er algerlega ósammála þessu og tel að mikill munur sé á því hvort ríkisstjórnin er með í höndunum álit nefndar eða hvort hún er með ályktun Alþingis. Tillagan gengur út á að Alþingi álykti um að hvalveiðar skuli hefjast hér á ný. Það er reginmunur á því eða hvort einhver nefnd er að skila af sér skýrslu.

Ég hef talað *fyrir því í mörg ár* að Alþingi ályktí um hvalveiðar. Það hefur Alþingi ekki gert í 16 ár. Tillaga meiri hluta sjútvn. gengur út á það að Alþingi álykti um málið að veiðarnar skuli hefjast á ný. Ég tel að það verði einmitt mikill styrkur fyrir ríkisstjórnina varðandi næstu spor í málinu að hafa ályktun Alþingis sem skýrt kveður á um að við ætlum að hefja hvalveiðar að nýju.

[14:35]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég átti við þegar ég sagði að samþykkt tillögunnar væri nánast vantraustsyfirlýsing á ríkisstjórnina er í fyrsta lagi að tillögum nefndar, sem hv. þm. Árni Ragnar Árnason stjórnaði um að ríkisstjórnin gerði sérstaklega samþykkt um að framfylgja, hefur ekki verið framfylgt.

Þegar ég segi þetta á ég við að hér situr vitaskuld þingbundin ríkisstjórn sem nýtur trausts meiri hluta Alþingis. Þegar Alþingi tekur fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni eins og er gert í þessu tilviki, því að ríkisstjórnin hafði ályktað og samþykkt allt annað, hljótum við að vekja sérstaklega athygli á því. Þess vegna tel ég að samþykkt tillögunnar sé nánast vantraustsyfirlýsing á aðgerðir ríkisstjórnarinnar í málinu. Það er það sem ég er að reyna að segja. Meiri hluti Alþingis ætlar að hafa samþykkt ríkisstjórnarinnar að engu. Það mætti kannski gerast oftar, virðulegi forseti, að Alþingi tæki fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni en það gerist ekki oft.

En það er rétt að vekja á því athygli loksins þegar það gerist.

[14:37]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Sjútvn. Alþingis hefur haft tillögu mína og 11 annarra hv. þingmanna um hvalveiðar til meðferðar síðan um miðjan nóvember eða í tæpa fjóra mánuði og reyndar einnig í tvo mánuði á síðasta þingi þegar tillagan var upphaflega flutt. Sú tillaga gekk út á að Alþingi ályktaði að hvalveiðar skyldu leyfðar frá og með árinu 1999 á þeim tegundum og innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til og sjútvrh. verði falin framkvæmd veiðistjórnar á grundvelli gildandi laga.

Sjútvn. þingsins hefur lagt mjög mikla vinnu í tillöguna og fengið umsagnir frá 33 aðilum sem eru langflestar mjög jákvæðar auk þess sem nefndin hefur fengið fjölda gesta til að ræða málið og eru þeir taldir upp í nefndaráliti meiri hlutans. Það er sem sagt augljóst að nefndin hefur lagt mikla vinnu í málið og meiri hlutinn hefur nú komist að niðurstöðu og breytt nokkuð tillgr. frá því sem var í tillögu okkar tólfmenninganna. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 stendur ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda.

Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.

Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði *greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo* sem auðið er."

Ég hefði viljað að niðurstaðan hefði orðið sú að hvalveiðar yrðu leyfðar strax í sumar eins og tillaga okkar gerði ráð fyrir en um það varð ekki samkomulag. Niðurstaðan varð þessi og tillgr. sem fylgir nefndaráliti meiri hlutans þar sem skýrt kemur fram hvað verið er að leggja til. Í greinargerðinni segir svo, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar tekur undir meginefni tillögunnar og leggur til við Alþingi að ályktað verði um að hefja skuli hvalveiðar hið fyrsta og að ríkisstjórninni verði falið að standa fyrir nauðsynlegri kynningu á þessari ákvörðun Alþingis og hrinda henni í framkvæmd þannig að veiðarnar geti hafist sem fyrst. Miðað er við að það geti orðið eigi síðar en á næsta ári."

Bókun meiri hlutans er mjög mikilvæg og þar kemur ótvírætt fram að Íslendingar ætla að hefja hvalveiðar að nýju.

Einnig er mikilvægt að í tillgr. kemur fram að ályktun Alþingis frá 2. febrúar 1983 um að mótmæla ekki hvalveiðibanninu er upp hafin og mörkuð ný stefna þar sem það kemur skýrt og skorinort fram að hvalveiðar skuli hefjast að *nýju* og það hið fyrsta. Þetta er mjög afdráttarlaust.

Ég hef árum saman talað fyrir því að Alþingi ályktaði um hvalveiðar. Það hefur ekki gerst fyrr en nú og því fagna ég niðurstöðunni sem er mjög ótvíræð og ágæt.

Ég fagna því einnig að Alþingi speglar þjóðarviljann sem er ótvírætt sá að hvalveiðar verði hafnar að nýju eins og glöggt má sjá á ítrekuðum áskorunum allra heildarsamtaka sjómanna, heildarsamtaka útvegsmanna, heildarsamtaka verkafólks, heildarsamtaka sveitarfélaganna á Íslandi auk fjölda annarra aðila að ógleymdum ítrekuðum skoðanakönnunum undanfarin ár sem sýna allar 80–90% stuðning þjóðarinnar við hvalveiðar. Það er rétt sem fram kom í ræðu frsm. meiri hluta sjútvn., hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, að það er vandfundið mál sem meiri samstaða er um meðal þessarar þjóðar.

Ég ætla ekki að endurtaka öll þau rök sem eru fyrir því að hvalveiðar hefjist á ný. Það hef ég gert ítrekað á Alþingi, síðast þegar ég mælti fyrir tillögu okkar fjórmenninganna við fyrri umræðu í desember. En ég vil nefna það að ég tel að hávær mótmæli örfárra aðila og hótanir um viðskiptaþvinganir séu stormur í vatnsglasi og ekkert til að óttast. Það segir okkur reynsla Norðmanna sem stóðu frammi fyrir svipuðum hótunum þegar þeir hófu hvalveiðar að nýju fyrir 5–6 árum. Ekkert af þeim hótunum gekk eftir sem betur fer. Enginn samdráttur varð hjá þeim í útflutningi eða komu ferðamanna. Í síðustu viku var sagt frá því í fréttatíma sjónvarpsins sem var dálítið skondið að þýskir innflytjendur sjávarafurða væru að hóta okkur Íslendingum öllu illu ef við byrjuðum hvalveiðar að nýju en svo var sagt frá því í sama fréttatíma að Norðmenn væru stærstu innflytjendur sjávarafurða til Þýskalands en Norðmenn veiddu sem kunnugt er 642 hvali á síðasta ári og hafa aukið þessar veiðar sínar jafnt og þétt frá því að þeir hófu þær fyrir tæpum sex árum.

Það má nefna það líka að fyrir stuttu var staddur hér á landi Høgni Hoydal, færeyskur stjórnmálamaður, og hann var inntur eftir því hvort grindhvalaveiðar Færeyinga hefðu einhver áhrif á útflutning þeirra eða ferðamannastraum og hann sagði að svo væri alls ekki. Það hefði engin áhrif á útflutninginn. Ef það hefði einhver áhrif á ferðamannastrauminn væri hann sá að það kæmu fleiri ferðamenn en ella vegna þess að ferðamenn hefðu afskaplega gaman af að fylgjast með þessum veiðiskap.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna frekar. Ég hef rætt þetta mál svo oft og svo lengi að ástæðulaust er að endurtaka það allt hér. Ég ítreka það bara að ég fagna því að hér er skýrt kveðið á um það að hvalveiðar skuli hefjast á ný og að samþykkt Alþingis frá því í febrúar 1983 er þar með felld úr gildi.

Herra forseti. Samþykkt tillögunnar þýðir að hvalveiðar munu hefjast á næsta ári og er nú tími til kominn. Ég fagna niðurstöðunni því mjög.

[14:44]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Sú till. til þál. um hvalveiðar sem er til umræðu, nú þegar nál. liggur fyrir, er vandmeðfarið mál. Ef litið er yfir þá brtt. sem nál. fylgir, stendur þar m.a.:

„Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda."

Sjálfsagt er að taka mjög eindregið undir yfirlýsinguna. Ég hef í máli mínu á Alþingi alltaf lagt áherslu á að Íslendingum beri að halda mjög til haga réttinum að nýta lifandi auðlindir sjávarins og á það jafnt við um hvali sem fiskinn.

Hins vegar stendur í tillögunni að Alþingi álykti að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land. Það atriði orkar frekar tvímælis. Einnig er tekið fram að allur undirbúningur skuli miða að því að veiðar geti hafist sem fyrst.

Í máli framsögumanns meiri hlutans í sjútvn. hefur komið fram að utanrmn. fjallaði um þessa tillögu að beiðni sjútvn. Í utanrmn. var einkum skoðað hvort alþjóðlegar skuldbindingar hindruðu það að Íslendingar hæfu hvalveiðar. Eftir að málið hafði verið skoðað sérstaklega með fulltrúum utanrrn. gerir utanrmn. ekki athugasemdir við þetta mál. Það byggist á því að þær upplýsingar sem nefndin gat kallað fram bentu til þess að formlega væri ekkert því til fyrirstöðu að Íslendingar gætu hafið hvalveiðar. Alþjóðlegir samningar hindruðu það ekki. Það byggðist m.a. á því að þá væri hægt að nýta NAMMCO til að hefja hvalveiðar innan þeirra samtaka.

Á þessu máli eru ýmsar aðrar hliðar sem ég mun fara hér yfir á eftir. Ég ætla hins vegar að víkja aðeins að þessum alþjóðlegu skuldbindingum.

Í sjálfu sér get ég fallist á að hægt sé að halda því fram með fullum rétti að formlega eigi Íslendingar að geta hafið hvalveiðar innan NAMMCO. Á því geta hins vegar verið ýmsir gallar eða erfiðleikar. Það helst í hendur við það hvort aðrar þjóðir eru einnig tilbúnar til að nýta NAMMCO til að hefja hvalveiðar. Það liggur ekki fyrir að aðrar þjóðir en Íslendingar ætli sér að nýta NAMMCO til þess.

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að það hafi orkað mjög tvímælis að Íslendingar gengu úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Ef Íslendingar vilja hefja hvalveiðar þá væri skynsamlegt skref í þá átt að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið.

Hins vegar eru mjög margar hliðar á þessu máli þannig að erfitt er að festa á þeim hendur. Það er mjög erfitt að festa hendur á því hvernig viðhorf almennings í öðrum löndum verður ef við viljum hefja hvalveiðar. Íslendingar sem útflutningsþjóð eiga mjög mikið undir viðhorfi almennings í öðrum löndum, þeir eru mjög háðir þessum viðhorfum. Það gildir náttúrlega fyrir allar þjóðir sem eru eins háðar útflutningi og Íslendingar eru.

Við verðum að sætta okkur við að neytendur í þeim löndum sem við flytjum mest út til hafi eitthvað um málið að segja. Þannig hefur það verið undanfarið. Áður en við gengum t.d. í Evrópska efnahagssvæðið voru neytendur í viðskiptalöndum okkar búnir að setja okkur ýmsar reglur um hvernig við ættum að haga t.d. pakkningarmálum okkar á fiskafurðum. Þannig að við erum, hvort sem okkur þykir það ljúft eða leitt mjög háðir viðhorfum neytenda í viðskiptalöndum okkar.

Svo við veltum fyrir okkur nokkrum þáttum í þessu máli mætti spyrja: Er hægt að segja að hagstætt sé að hefja hvalveiðar sem fyrst, frá sjónarhóli viðskipta með hvalaafurðir? Þetta orkar tvímælis. Fyrir það fyrsta er ekki ljóst hvar við höfum markaði fyrir hvalaafurðir annars staðar en innan lands. Aðild hugsanlegra kaupenda að alþjóðlegum samningum geta hindrað viðskipti þeirra, slíkir möguleikar liggja fyrir. Markaðir eru takmarkaðir innan lands, til alls þessa verður að taka tillit.

Við skulum einnig velta því fyrir okkur, af því að það hefur verið rætt sérstaklega, að hvalveiðar væru hagstæðar vegna þess að þar með tækist okkur að hafa áhrif á vöxt og viðgang hvalastofnanna. Eru þetta gild rök?

Í raun og veru þarf ekki að deila um að hvalirnir éta mikið af fiski eða fæðu fisktegundanna sem lifa hér í kringum landið. Hins vegar liggur ljóst fyrir að hvalveiðar þær sem hér er verið að tala um mundu ekki hafa nokkur áhrif á stofnstærð hvalanna hér við land. Röksemdin stenst illa athugun.

Þá vaknar sú spurning hvort hvalveiðarnar eða jafnvel yfirlýsing um að veiðar verði hafnar, stefni viðskiptum okkar eða hagsmunum fyrirtækja í hættu. Um þetta er mjög erfitt að fá fram skoðanir. Fyrir liggja yfirlýsingar um hvað menn hafi á tilfinningunni, ferðaþjónustuaðilar hafa áhyggjur af þessu, útflutningsaðilar hafa áhyggjur af þessu. Hins vegar hefur komið í ljós, sem er út af fyrir sig athyglisvert, að útflutningsaðilarnir virðast sumir hafa minni áhyggjur af þessu nú en t.d. fyrir nokkrum árum. Það bendir til þess að í gangi sé þróun í þessum málum meðal nágrannaþjóða okkar þó mjög erfitt sé að henda reiður á hve vel sú þróun hafi fest rætur. Það er hins vegar ekki útilokað að þarna sé þróunin okkur hagstæð. Hinu má ekki gleyma að það er afar erfitt að henda reiður á því hversu mikil áhættan er.

Ég met það svo að við verðum að hafa skoðanir á því hvort hagsmunirnir af því að veiða hvali, hinir efnahagslegu hagsmunir sem við getum haft af því, séu það miklir að okkur sé stætt á því að stefna öðrum hagsmunum í hættu, jafnvel þó að mikil óvissa sé um hversu mikil hættan sé. Ég tek undir að sú óvissa er mikil, við getum ekki verið með miklar fullyrðingar um þetta. Málið snýst um að við verðum að geta haft góða samvisku ef við mælum með hvalveiðum, við verðum að geta sagt við okkur sjálf: Við erum að heimila hugsanlega nýtingu og ekki að taka áhættu með því fyrir stærri hagsmuni.

Upplýsingarnar sem við fáum frá aðilum í atvinnulífinu sem stunda útflutning eða hjá ferðaþjónustunni eru í fyrsta lagi nokkuð mismunandi, jafnvel misvísandi. T.d. er ekki einhugur um hvort hægt sé að stunda hvalaskoðun og hvalveiðar á sama tíma. Sumir fullyrða að það sé hægt, aðrir að það sé ekki hægt og að hvalveiðar muni stefna hagsmunum ferðaþjónustunnar í hættu. Það er mjög erfitt að henda reiður á þessu. Mér finnst það orka mjög tvímælis að hefja hvalveiðar sem fyrst þar sem mikil óvissa ríkir um málið.

Því hefur verið haldið fram, og verður það síðasti þátturinn sem mig langar til þess að ræða hér, að við Íslendingar verðum að taka slaginn. Þá er átt við að ýmiss konar umhverfissamtök setji sig nú gegn hvalveiðum en muni í framtíðinni og hafi raunar nú þegar mótmælt stórfelldum fiskveiðum. Það er rétt. Umhverfissamtök eru þegar farin að hefja baráttu gegn stórfelldum og stórtækum fiskveiðum með afkastamiklum skipum og afkastamiklum netum. Ekki er hægt að loka augunum fyrir því að þar er um hættu að ræða.

Þá vaknar spurningin: Eigum við að taka slaginn nú? Er rétt að gera það í sambandi við hvalveiðarnar? Um það hef ég efasemdir. Þær efasemdir hef ég fyrst og fremst vegna þess að ég held að við munum standa einir í þeirri baráttu. Ég held að fáir muni styðja okkur í þeirri baráttu. Við gætum fundið fyrir því á eigin skrokki, að við værum nokkuð fáir í sveit.

Ég er hins vegar á þeirri skoðun að ef stríð yrði um nýtingu fiskimiðanna — ég á við stórfellda nýtingu fiskimiðanna á sjálfbæran hátt með stórvirkum skipum sem er okkur efnahagslega mikilvæg — þá mundum við hafa æðimarga sem mundu vilja skipa sér í okkar sveit. Þannig virðist skynsamlegra, ef allt er metið, að taka slaginn, eins og menn hafa orðað það, í sambandi við fiskveiðimálin frekar en hvalveiðimálin. Ég verð því að segja að að hluta er ég mjög sammála því sem kemur fram í þessari brtt. eins og hún er orðuð. Ég er sammála því að við eigum að leggja áherslu á rétt okkar til að nýta auðlindir sjávarins, hverjar sem þær eru. Mér finnst hins vegar vafi leika á því hvort skynsamlegt sé við þessar aðstæður að mæla með því að við hefjum hvalveiðar sem fyrst. Ég tel það ótímabært og hefði frekar kosið að menn settu sér ákveðna vel skilgreinda áfanga sem menn vildu ná áður en gefin væri yfirlýsing um að við mundum hefja hvalveiðar.

[14:56]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo margt í ræðu hv. þm. sem ég þyrfti að gera athugasemd við að ég kem því ekki öllu að í stuttu andsvari. Mig langar að nefna örfá atriði.

Hann sagði erfitt að festa hendur á þeim áhrifum sem hvalveiðar mundu hafa á viðskipti okkar, þ.e. útflutning og ferðamennsku. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm., það er eiginlega ekki nokkur leið að festa hendur á því. Það er eitthvað sem kemur ekki í ljós fyrr en við hefjum þessar veiðar. Þess vegna hljótum við að verða að styðjast við reynslu annarra. Við hljótum að styðjast við reynslu Norðmanna sem tóku þennan slag fyrir fimm, sex árum undir miklum hótunum, eins og ég gat um í ræðu minni áðan. Þeim var hótað viðskiptaþvingunum, fækkun ferðamanna til Noregs og fleiru slíku. Ekkert af þessu gekk eftir. Ég tel engar líkur á að það gerist frekar hjá okkur. Ég nefndi reynslu Færeyinga áðan. Þetta er borðleggjandi hjá þessum þjóðum og því skyldum við frekar lenda í einhverjum hremmingum en þær?

Hv. þm. nefndi að ekki væri hægt að selja hvalaafurðirnar. Á það reynir ekkert meðan veiðarnar eru ekki leyfðar. Auðvitað segja allir nei meðan ekkert hvalkjöt er í boði. Það sem snýr að Alþingi er að leyfa veiðarnar og þeim sem ætla að stunda veiðarnar að selja afurðirnar. Þeir telja sig geta það. Það kemur þá í ljós.

Ef afurðirnar seljast ekki þá verður sjálfsagt ekki mjög mikið úr veiðum. Hv. þm. talaði um að hvalaskoðun og hvalveiðar færu ekki saman. Reynsla Norðmanna er allt önnur þessi fimm, sex ár sem þeir hafa stundað veiðarnar. Þeir fengu yfir 20 þúsund manns í hvalaskoðun í fyrra á sama tíma og þeir veiddu 642 hvali. Það merkilega við það var að þetta var á sömu slóðum, áhrifin voru nú ekki meiri en það. Menn voru að skoða hvali og veiða á sömu slóðum.

Í þriðja lagi lýsti hv. þm. efasemdum um þann ótta sem menn hafa af áhrifum hvalsins á fiskstofna okkar. Við hljótum náttúrlega að taka mark á vísindamönnum Hafrannsóknastofnunarinnar sem eru mjög færir á þessu sviði og hafa ítrekað bent á að við stöndum frammi fyrir því innan örfárra ára, ef við ekki hefjum hvalveiðar, að skera niður þorskveiðar okkar. Ég treysti mér ekki til þess að blása á þessa menn og segja þá fara með staðleysu.

[14:58]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við vinsamlegum tilmælum hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar um að svara nánar nokkrum atriðum hér. Afstaða mín til þess hvort hvalveiðarnar hefðu áhrif á hvalastofnana var nú einföld. Ég benti einfaldlega á að þær hvalveiðar sem verið er að tala um væru svo litlar að þær muni ekki koma til með að hafa nein áhrif á hvalastofninn. Í raun fannst mér ekki koma fram nein athugasemd við það.

Hvalveiðar og hvalaskoðun fara ekki saman. Ég sagði einungis að þetta væri álitamál. Sumir þeir sem starfrækja hvalaskoðun telja að þetta gangi mjög gegn hagsmunum sínum. Ég þekki hins vegar þá í þeim rekstri sem telja að kannski mætti láta þessar atvinnugreinar lifa saman. Engu að síður er þarna um óvissuatriði að ræða sem rétt er að hafa í huga.

Norðmönnum hefur ekki tekist að selja hvalaafurðir sínar, hvernig sem á því stendur. Hins vegar er rétt að það er ekki hægt að sýna fram á að Norðmenn hafi beðið hnekki af hvalveiðum. Ég tek undir það. Sumir hafa bent á að reynsla þeirra hafi í raun sýnt fram á áhrif á ferðaþjónustu en það orkar tvímælis.

Ég er hins vegar ekki sammála því að við getum heimfært reynslu Norðmanna upp á okkar aðstæður. Aðstæður okkar eru öðruvísi. Efnahagslíf okkar er allt annað heldur en Noregs. Við erum miklu háðari fiskveiðum en þeir. Við erum þar af leiðandi miklu háðari mörkuðum erlendis og viðhorfi kaupenda.

Ég tek það skýrt fram að ég tek undir það að ekki er hægt að sýna fram á þetta með neinum óyggjandi rökum. Við verðum því að taka afstöðu til málsins á grunni þess hvað við teljum að gæti komið upp, hvaða áhættu við teljum að við séum að taka og það er einmitt á þeim grundvelli sem ég tek afstöðu í málinu.

[15:00]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það rétt að það þyrfti miklu meiri hvalveiðar ef stöðva ætti afrán hvalanna á fiskstofnum okkar. En þetta er þó fyrsta skrefið, að hefja veiðarnar. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar var 350 hvalir í ár og eitthvað munar nú líklega um það sem þeir éta. Hafrannsóknastofnun hefur bent á að hvalirnir við Ísland éti rúmar 2 millj. tonna á ári, bara úr þeim fiskstofnum sem við erum að sækja í, eða svipað og heldur meira en við Íslendingar erum að veiða. Við hljótum að taka mark á hinum færu vísindamönnum okkar. Allt annað er óábyrgt.

Varðandi hvalaskoðun og hvalveiðar þá hljótum við náttúrlega að líta á reynslu Norðmanna sem er alveg ótvíræð og sú að þetta hefur ekki haft nokkur einustu áhrif á þeirra hvalaskoðun. Þegar þeir hófu hvalveiðar fóru um 4–5 þús. manns á ári í hvalaskoðun. Það hefur aukist ár frá ári síðan og var komið yfir 20 þús. á síðasta ári. Á sama tíma hafa Norðmenn aukið hvalveiðar sínar jafnt og þétt.

Hvað það varðar að Norðmönnum hafi ekki tekist að selja sínar hvalaafurðir, sem þýðir væntanlega að okkur takist það ekki heldur, þá er það bara ekki alveg rétt. Norðmenn tóku hins vegar ákvörðun um að flytja ekki út hvalaafurðir að svo stöddu. Ég minni á að þeim bauðst að selja hvalaafurðir til Íslands fyrir rúmu ári. Kaupmaðurinn í Nóatúni ætlaði að kaupa af þeim rengi en fékk það ekki. Norðmennirnir settu bann á útflutninginn. Þetta er ekki af því að þeir geti ekki selt hann, heldur af því þeir tóku þessa ákvörðun. Ég trúi a.m.k. þeim mönnum sem hyggja á þessar veiðar og telja að þeir geti selt afurðirnar.

[15:02]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég býst nú ekki við að það skipti miklu máli fyrir Norðmenn sem hvalveiðiþjóð hvort Íslendingar kaupi af þeim afurðir eða ekki. Ég held það skipti bara nákvæmlega engu máli. Hins vegar gæti það skipt máli fyrir Norðmenn og Íslendinga hvort hinn virkilega arðsami markaður í Austurlöndum fjær, í Japan, opnaðist fyrir þessar afurðir. Þar er einmitt óvissan.

Að öðru leyti vil ég segja að ég ber fulla virðingu fyrir sjónarmiði hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar sem hefur barist lengi fyrir þessu máli. Það vill bara svo til að við erum á öndverðum meiði um það hvernig taka eigi á málinu. Við það verðum við báðir tveir að lifa með fullri virðingu hvor fyrir öðrum. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.)

[15:03]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér um tillögu til þál. um hvalveiðar, 92. mál þingsins, flutt af 12 hv. þm. með hv. þm. Guðjón Guðmundsson í fararbroddi. Allt eru þetta stjórnarþingmenn nema einn þingmaður í hópnum sem er frá Samfylkingunni svonefndu.

Málið hefur verið til meðferðar hv. sjútvn. lengi og leitað hefur verið umsagnar hv. utanrmn. um málið. Nú er málið komið til þingsins og meiri hlutinn leggur til ákveðna málsmeðferð og breytingu á upphaflegri tillögu þannig að gera verður ráð fyrir því að þetta mál gangi hér til atkvæða, þótt ég sé nú raunar ekki sannfærður um það enn þá að á það reyni. En vel má vera að svo verði og menn hljóta auðvitað að ræða málið út frá því að tekin verði afstaða á þinginu til framkominnar tillögu.

Eins og fram hefur komið í máli manna ver að sjálfsögðu meiri hlutinn sem stendur að þessari afgreiðslu í sjútvn. gjörðir sínar og sjónarmið. Minni hlutinn skilar sérstöku áliti. Þeir hv. þm. sem að því standa, báðir frá Samfylkingunni, túlka sitt mál þannig að þeir séu sammála því almenna sjónarmiði að Íslendingum beri að nýta allar auðlindir sjávar, en þeir telji tæplega tímabært að ráðast í veiðar hér og nú, heldur að tveimur til þremur árum liðnum, að ég fékk lesið út úr máli hv. frsm. minni hlutans. Ekki virðist því skilja meiri og minni hluta meira að en þetta. En það fylgdi jafnframt sögunni að minni hlutinn túlkaði ekki endilega afstöðu Samfylkingarinnar, heldur einstaklingsbundin sjónarmið og menn væru þar óbundnir af afstöðu. Þannig skildi ég talsmann minni hlutans. Það hefur jafnframt gerst, og eru það veruleg tíðindi að mínu mati, virðulegur forseti, að formaður utanrmn., hv. þm. Tómas Ingi Olrich, kemur hér og segir allt aðra sögu en lesa má út úr nál. meiri hlutans og tel ég mikið ábyrgðaratriði, mjög mikið ábyrgðaratriði af meiri hlutanum að skrá í nál. sitt það sem hér má lesa, með leyfi forseta:

„Tillagan var einnig send utanríkismálanefnd til umsagnar og gerir hún ekki athugasemdir við þingmálið eftir athugun á því."

(**Gripið fram í:** Korrekt.) Þetta stendur í álitinu. Það er sagt hér korrekt, en af hálfu talsmanns utanrmn., sjálfs formanns utanrmn., kemur fram í umræðunni að talsmaður nefndarinnar er í raun andvígur afgreiðslu meiri hlutans og till. meiri hlutans. Hann telur niðurstöðuna vera ranga eða a.m.k. mjög óskynsamlega. Hann rakti það hér lið fyrir lið að hann væri öndverðrar skoðunar við þær röksemdir sem meiri hlutinn túlkar. Þannig liggur málið hér fyrir eftir að mál hafa verið reifuð af meiri hluta og minni hluta, Jafnhliða kemur í ljós að meiri hlutinn, þ.e. ríkisstjórnarliðið, er ekkert sameinað í þessu máli. Það er langt frá því að vera sameinað í þessu máli þótt enn eigum við eftir að heyra málflutning manna þar að lútandi. A.m.k. er alveg ljóst að formaður utanrmn. styður ekki afgreiðslu málsins eins og það er lagt fyrir. Ég verð að álykta að spurningin um afdrif þessarar tillögu sé í fullkominni óvissu hér í þinginu eftir að þetta

liggur fyrir. Ég ítreka það að ég tel það ábyrgðarhluta af meiri hluta sjútvn. að túlka viðhorf utanrmn. á þennan hátt. Ef þetta er hins vegar metið rétt af meiri hluta sjútvn. þá tel ég að utanrmn. hafi ekki unnið vinnu sína, hafi ekki unnið heimavinnuna. Hvar er þetta álit utanrmn.? Stendur öll utanrmn. við það að gera í raun ekki athugasemd við upphaflegt þingmál? Er það virkilega svo? Ég óska eftir því að hv. talsmaður utanrmn. komi í þingsal og svari fyrirspurn af minni hálfu þar að lútandi. Stendur utanrmn. á bak við upphaflegt þingmál eða ekki? Ég óska eftir því, virðulegur forseti, að hv. formaður utanrmn. verði kvaddur í þingsal þannig að ég geti borið þessa fsp. formlega fram við hann.

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vill láta þess getið að formaður utanrmn. var að fara á mikilvægan fund og er ekki væntanlegur fyrr en eftir nokkra stund. Hversu lengi hann verður í burtu veit ég ekki, en hann kemur ekki alveg strax.)

Virðulegur forseti. Það er náttúrlega mjög erfitt að ræða þessi mál að fjarstöddum þeim hæstv. ráðherrum sem mest hafa með málið að gera, þ.e. hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. Ég verð a.m.k. að óska eftir að báðir þessi hæstv. ráðherrar verði kvaddir á vettvang. Síðan er hv. formaður utanrmn. genginn á braut í miðri þessari umræðu. (**GHall:** En varaformaðurinn? Er ekki hægt að kalla á hann, varaformann utanrmn.? Hann er staðgengill formanns.)

Virðulegur forseti. Það eru hér komnir aðrir til að stjórna fundi. Ég bið að forseti skeri úr um það hver annist hér fundarstjórn.

Virðulegur forseti. Ég held að það sé mjög gagnrýnivert hvernig á málafylgju þeirra sem bera ábyrgð á afgreiðslu meiri hlutans hér í þinginu er haldið. Ég tel að menn séu í rauninni að leika sér að eldi með mjög óforsvaranlegum hætti þegar þeir leggja málið fyrir þingið svona, með röngum *útleggingum að því er varðar afstöðu utanrmn., eins og ég* fæ lesið úr því af máli formanns. Einnig að því er varðar ýmsa fleiri þætti og að það skuli rætt hér meðan ekki einn einasti fulltrúi hæstv. ríkisstjórnar er viðstaddur. Ekki einn einasti þeirra er viðstaddur þessa umræðu. Það mætti halda að hér væri verið ræða um einhverja þáltill. sem væri frekar léttvæg talin. En svo er nú ekki. Hér er um stórmál að ræða og veldur miklu hvernig afgreitt verður.

Þá ætla ég að koma að efnisatriðum málsins, virðulegur forseti. Ég tel að einn þáttur sé nokkuð skýr í þessu máli og að þar megi finna samsvörun milli viðhorfa meiri og minni hluta sem skilað hafa hér áliti og sem ég tek almennt undir fullum hálsi, þ.e. að Íslendingar eiga að sjálfsögðu að halda fram rétti sínum til nýtingar sjávarauðlinda. Það er málafylgja sem við höfum haft uppi og hljótum að standa fast á. Það sjónarmið liggur fyrir í álitsgerðum stjórnskipaðra nefnda sem hafa fjallað um hvalveiðar fyrir hönd sjútvrn. og skiluðu áliti 1994 og 1997. Það er sjálfsagt af okkur sem fullvalda þjóð og fiskveiðiþjóð að halda þeim rétti fram. En það þýðir ekki um leið að við eigum að álykta um það á Alþingi Íslendinga að við eigum hið fyrsta að hefja hvalveiðar. Það vantar í rauninni allan botn og undirbúning í það mál til að Alþingi geti og eigi að álykta um það efni, sérstaklega út frá þeim rökstuðningi sem liggur fyrir í till. meiri hlutans.

Lágmarkskrafa Alþingis ætti, að mínu viti, að vera sú að ríkisstjórnin legði fyrir þingið sín sjónarmið í málinu, sínar áætlanir í málinu og hvað hafi verið gert og hvernig hafi verið unnið í framhaldi af álitsgerðum stjórnskipaðra nefnda sem störfuðu með þátttöku fulltrúa þingflokka á Alþingi, 1994 og 1997, hvað hafi verið gert og hvert sé mat ríkisstjórnarinnar á einstökum þáttum þessa máls. Það þarf m.a. að liggja fyrir hver séu áform framkvæmdarvaldsins um það að ganga í hvalveiðiráðið á nýjan leik eða ekki. Ekkert liggur fyrir um það. Og það liggur ekkert fyrir um það frá meiri hluta sjútvn. í þessu máli hvort meiri hlutinn mælir með því eða á móti. Það er engin skoðun á því máli. Hins vegar er látið liggja að því í greinargerð meiri hluta sjútvn., og kom fram í máli frsm., að með afgreiðslu nefndarinnar væru Íslendingar að hnekkja þeirri samþykkt sem þeir gerðu 1983 í sambandi við það að mótmæla ekki hvalveiðibanninu og lagt mikið upp úr því atriði. Ég leyfi mér að draga í efa að það hafi mikið gildi að fjalla um málið út frá samþykkt á Alþingi 1983.

Sú samþykkt fjallaði um tímabundið bann við hvalveiðum. Og sá tími sem þar var um að ræða, fimm ára tími, er löngu útrunninn. Síðan hafa Íslendingar gengið úr Alþjóðahvalveiðiráðinu sem við áður vorum í og sem ekki hefur úthlutað kvóta til hvalveiða til þessa. Það er a.m.k. rétt að það liggi þá fyrir hvort menn ætla að lúta stjórn þess, eða út frá hverju menn ætli að ganga. Ætla menn að hefja hvalveiðar undir merkjum NAMMCO? Formaður utanrmn. rifjaði upp að engin þjóð hefur rökstutt hvalveiðar með að þeir væru aðilar að NAMMCO eða notað það sem vettvang. Norðmenn ákváðu hvalveiðar verandi í Alþjóðahvalveiðiráðinu og skiptir það samhengi auðvitað verulegu máli, virðulegur forseti.

Ég tel að á þessu máli hafi verið haldið mjög losaralega og óábyrgt af hálfu stjórnvalda. Ég virði að sjálfsögðu allan rétt manna á Alþingi til að flytja mál, þar á meðal málflutning hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar sem hefur af mikilli þrautseigju flutt þetta mál þing eftir þing. Ég virði fyllilega þau sjónarmið sem þar koma fram þótt ég sé ekki sammála þeim. Það mælir út af fyrir sig ekkert á móti því að Alþingi *taki málið til afgreiðslu. Það mælir ekkert á móti því ef málið* liggur þannig fyrir að meiri hluti þingmanna telji að það sé bært, að það liggi þannig fyrir, að það sé í raun vitlegt að ályktа um málið. Ég tel að þær forsendur séu ekki uppfylltar, að Alþingi skorti forsendur til þess að ályktа af einhverju viti um það hvort hér skuli hefja hvalveiðar eða ekki. Ég tel margt í málflutningi manna um þessi efni vera á veikum grunni reist.

Ég tel t.d. að skírskotunin til tillagna Hafrannsóknastofnunar í þessu máli sé í besta falli á misskilningi byggð, þ.e. að hægt sé að reisa þetta mál á tillögum Hafrannsóknastofnunar út frá líffræðilegum forsendum og mati þegar um hápólitískt mál er að ræða sem hefur margar aðrar hliðar en spurninguna um veiðar og nýtingu stofnanna. Þetta mál varðar svo mikla hagsmuni að það verður að taka þá einnig með í reikninginn. Ég tel líka að ýmislegt í rökstuðningi Hafrannsóknastofnunar í þessu máli sé á veikum grunni reist, að þau gögn sem þar er byggt á, t.d. um mat á afráni hvalastofna, þ.e. hvað þeir taka til sín í fæðu og hvaða áhrif það hefur á fiskveiðar Íslendinga, séu á svo veikum grunni reist að mjög hæpið sé að ákvarða nýtingu á einstökum stofnum út frá skírskotun til þeirra þátta. Ég spyr því: Ætla menn sér í rauninni á grundvelli núverandi upplýsinga að fara að stjórna vistkerfi hafsins? Telja menn sig bæra um að geta tekið vitræna afstöðu til þess hvað megi taka af þessari og hinni tegundinni miðað við okkar þekkingargrundvöll? Ég tel að talsmenn Hafrannsóknastofnunar, sem ég virði mikils, hafi í ýmsum greinum oftúlkað þau gögn sem þeir hafa undir höndum og hafa verið að afla um þessi efni, sjálfsagt af mikilli vandvirkni og enn frekar hafi þó stjórnmálamenn rangtúlkað þær niðurstöður með tilliti til

þess hvaða ályktanir við eigum að draga af þeim gögnum sem þar liggja fyrir. Ef við ætlum að fara í samkeppni við hvalina til að geta aukið veiðar úr einstökum nytjastofnum þá held ég menn þurfi nú bæði að vera betur í stakk búnir þekkingarlega og líka varðandi aðrar forsendur málsins.

Þá kem ég að því, virðulegur forseti. Hvað ætla menn að gera við kjötið? Hvað ætla menn að gera við afurðir af veiðum sem hér er verið að leggja til? Eru það ekki um 250 hrefnur og allt að 100 langreyðar, ef ég man rétt, sem fólst í tillögum Hafrannsóknastofnunar? 250 hrefnur voru það og 100 langreyðar. Það stendur í greinargerð með upphaflegri tillögu í málinu. Hvað ætla menn að gera við kjötið? Það væri rétt að því yrði svarað. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson segir bara „den tid, den sorg", að þeir sem veiði hljóti að sjá um að selja afurðina. Það má kannski segja það út frá almennum viðskiptalegum forsendum. En ég met málið svo að óskynsamlegt sé að hefja veiðar, ef menn ætla sér það á annað borð, út frá annarri forsendu en þeirri, að því er varðar markað, að um innanlandsmarkað sé að ræða, vegna þess að ég sé ekki að mikið sé um kaupendur á hvalaafurðum úti í heimi. Ég sé það ekki. Norðmenn hafa af alþjóðlegum ástæðum og sínu eigin mati lagt blátt bann við því að fluttar séu út hvalaafurðir frá Noregi. Á þeim grundvelli stunda þeir sínar hrefnuveiðar. Því er rétt, held ég, virðulegur forseti, að menn sýni vitrænt fram á það áður en tekin er afstaða til tillögunnar sem slíkrar.

(**Forseti** (RA)**:** Forseti vill láta þess getið vegna spurninga sem fram komu hjá hv. ræðumanni nú fyrir skömmu að hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. eru báðir erlendis. Hæstv. menntmrh. gegnir störfum hæstv. sjútvrh. og er hér mættur.)

Ég þakka fyrir, virðulegur forseti, og met það mikils að starfandi ráðherra er kominn en bendi jafnframt á við hve sérkennilegar aðstæður við ræðum þetta mál að fjarstöddum þeim sem í raun fara með viðkomandi ráðuneyti og að fjarstöddum formanni utanrmn.

Ég ætla aðeins að víkja frekar að afstöðu minni til málsins. Ég tel að ég túlki þar einnig afstöðu félaga minna í þingflokki óháðra til þessa máls. Við teljum að ekki sé réttmætt að Alþingi Íslendinga við núverandi aðstæður fari að ályktaum það að hefja hvalveiðar. Til þess vantar grundvallarupplýsingar um málið. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi. Við eigum að halda réttinum. Það er auðvitað enginn á móti því, að ég held, að við höfum rétt til að nýta auðlindir sjávar. Það er að mínu mati sjálfsagt mál. En þingið þarf að byggja afstöðu sína á traustum upplýsingum. Ályktun um hvalveiðar nú mundi verða afar tvísýn að því er varðar framhald málsins eins og þetta liggur fyrir.

Virðulegur forseti. Ég vek athygli á því að ef svona ákvörðun yrði tekin hér og nú, þá væru Íslendingar að taka afstöðu í tveimur mjög stórum málum sem fylgst er með á alþjóðavettvangi, þ.e. með því að sitja hjá varðandi Kyoto-bókunina og hefja hvalveiðar án þess að styðjast við alþjóðasamtök sem úthluta þeim kvóta þar að lútandi. Það er auðvitað grundvallaratriði í þessu máli hvort Ísland ætlar sér að leita á ný inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið og auðvitað er líka reginmunur á því hvort við ætlum okkur að taka nokkur dýr í tilraunaskyni, nokkrar hrefnur í tilraunaskyni, undir merkjum rannsókna eða hvort menn eru að tala um að hefja hér stórhvalaveiðar eins og felst í tillögu meiri hluta sjútvn.

Ég held það væri algert glapræði við núverandi aðstæður og ekki síst með tilliti til stöðu málsins almennt og markaðsforsendna. Forsenda þess að hér eigi að ályktaí þessu stóra máli er að ríkisstjórnin vinni heimavinnu sína, geri ljósa afstöðu sína til málsins fyrir Alþingi Íslendinga. Ég treysti því að hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála og utanríkismála — eða voru það utanríkismálin ein sem undir hæstv. ráðherra ...

(**Forseti** (RA)**:** Sjávarútvegsmálin.)

Sjávarútvegsmálin já, að sjálfsögðu. Menn hlaupa víst ekki á milli stjórnmálaflokka með ráðuneytin. (**Gripið fram í:** Ó jú.) Þó kann það að vera. En ég treysti því að hæstv. ráðherra lýsi afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessa stóra máls áður en miklu lengra er haldið.

Virðulegur forseti. Ég skil vel sjónarmið þeirra sem hafa þrýst á um að Alþingi taki afstöðu í þessu máli. Ég tel í raun að ef vilji hefði verið til þess hjá framkvæmdarvaldinu að hefja t.d. takmarkaðar veiðar á hrefnu þá hefði framkvæmdarvaldið haft aðstöðu til þess. Fyrir lágu álitsgerðir þingnefnda þar að lútandi sem lögðu það í mat framkvæmdarvaldsins hvað yrði gert í þeim málum. En meiri háttar veiðar á stórhveli hér við land við núverandi aðstæður held ég að séu langt utan við það sem líklegt er að geti leitt til farsællar niðurstöðu. Menn verða auðvitað að átta sig á því hvort þeir eru að fara í ævintýramennsku í tilraunaskyni eða fylgja rökrænni stefnu sem þeir ætla að standa við, taka með í reikninginn þá áhættu sem er tekin og standa að málum í ljósi þess. Á þetta skortir allt saman og úr því verður að fást skorið áður en lengra er haldið.

Virðulegur forseti. Ég treysti því að áður en þessari umræðu lýkur gefist mér færi á að spyrja formann utanrmn. nánar um afstöðu nefndarinnar til málsins og óska eindregið eftir því að svo verði.

[15:27]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég verð að segja almennt við ræðu hv. þm. að hann lagði sig í framkróka við að gera allt eins tortryggilegt og hægt var. Það leyndi sér ekki hver hugur hans er í málinu. Ég vil segja það um dylgjur hans um meinta ranga afstöðu utanrmn. í nál. að einfaldast er að lesa upp bréf utanrmn. sem barst sjútvn. 7. desember sem svar við boði um að koma athugasemdum eða ábendingum vegna málsins til sjútvn. Svar utanrmn. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á fundi utanrmn. 4. desember var fjallað um 92. mál, hvalveiðar. Fékk nefndin til fundar við sig Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanrrn., og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing ráðuneytisins. Á fundinum komu ekki fram athugasemdir um þingmálið."

Ég endurtek, með leyfi forseta:

„Á fundinum komu ekki fram athugasemdir um þingmálið."

Undir þetta ritar Tómas Ingi Olrich, formaður utanrmn.

[15:28]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það má að sjálfsögðu hafa þau orð sem hv. þm. hentar um afstöðu mína og málflutning. Ég er einfaldlega að draga fram þau viðhorf sem ég hef til málsins. Ég er ekkert að gera það tortryggilegra en það er í mínum huga. Ég tel að hér skorti á allar vitrænar forsendur til að Alþingi Íslendinga fari að ályktaum að hefja hvalveiðar hið fyrsta. Það er alveg skýr afstaða og henni deila félagar mínir í þingflokki óháðra þannig að ekkert ber þar á milli. Við teljum að við höfum þar mjög skýr rök fram að færa. Að því

leyti leynir sér ekki hugur minn til málsins. Hins vegar hef ég tekið þátt í umfjöllun um þetta mál, m.a. í stjórnskipaðri nefnd 1994 og hafði veruleg áhrif á niðurstöðu hennar. Menn geta kynnt sér það. Ég hef í raun ekki breytt neitt viðhorfum mínum til málsins í grundvallaratriðum frá þeim tíma.

Varðandi niðurstöðu utanrmn. þá eru það tíðindi, virðulegur forseti, ef það er svo að utanrmn. hafi í rauninni skrifað upp á fyrirliggjandi till. til þál. um hvalveiðar, 92. mál þingsins, en síðan komi formaður nefndarinnar og flytji það mál sem hann hafði hér, virðulegur forseti. Þá er nú farið að verða erfitt að lesa í málið, eins og kallað er, út frá þeim forsendum. Þess vegna hef ég eftir sem áður ástæðu til að óska eftir viðveru formanns utanrmn. og gagnrýni það enn og aftur að málið skuli rætt við þær aðstæður sem hér eru, að þeir sem bera í raun forræði á þessu alvarlega máli eru hlaupnir á dyr eða eru í útlöndum.

[15:30]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var annað sem kom fram í máli hv. þm. Hann dró í efa að NAMMCO væri sú stofnun sem dygði til skv. 65. gr. hafréttarsáttmálans. Það er álit sérfræðinga okkar að NAMMCO uppfylli þær kröfur sem alþjóðastofnanir sem vitnað er til þurfa að rísa undir og því sé nægilegt fyrir Íslendinga að starfa innan þeirra samtaka. Mér er ekki kunnugt um að athugasemdir hafi verið gerðar við það álit frá ríkjum sem eiga aðild að sáttmálanum. Ég vil einnig benda á til fróðleiks fyrir hv. þm. að Kanadamenn eiga ekki aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu og heldur ekki að NAMMCO. En þeir telja sig uppfylla skyldur sínar í alþjóðahafréttarsáttmálanum með því að eiga áheyrnarfulltrúa sem starfi þannig í vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins og telja það fullnægjandi fyrir sitt leyti en þeir stunda hvalveiðar eins og kunnugt er.

[15:31]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki alveg í huga hversu mikið Kanadamenn veiða af hvölum en ég held að fyrst og fremst sé um að ræða frumbyggjaveiðar. Ég vil ekki leggja neinn endanlegan dóm á spurninguna um NAMMCO og hvort það uppfylli nauðsynleg skilyrði alþjóðahafréttarsáttmálans. Ég veit það hefur verið viðleitni íslenskra stjórnvalda að búa þannig um hnútana að NAMMCO uppfylli þessi skilyrði. En svo mikið er víst að Norðmenn hófu ekki hrefnuveiðar með skírskotun til NAMMCO, það hefur engin þjóð gert fram að þessu. Framkvæmdarvaldið verður auðvitað að meta hvort forsendur séu til þess. (**Gripið fram í:** Þeir mótmæltu banninu. Það er það sem skiptir máli fyrir þá.)

Varðandi aðra þætti sem hv. þm. vék að ítreka ég aðeins að ég tel þær forsendur ekki til staðar sem menn gefa sér í þessu máli til að taka þær stóru ákvarðanir sem það væri að hefja hvalveiðar hið fyrsta á Íslandi.

[15:33]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál hefur verið til umræðu á hinu háa Alþingi frá árinu 1993. Það kemur mér mjög á óvart að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skuli gera athugasemdir við að málið skuli vera lagt fram í óljósri vissu um afstöðu þingsins. Ég spyr á móti: Er óeðlilegt að leggja málið til úrskurðar Alþingis miðað við þann árafjölda sem málið hefur verið til umfjöllunar? Mér kom líka mjög á óvart að hann skuli álíta málið þannig að nánast sé ógerningur og ekkert vit í að leggja það fram án þess að full vissa sé fyrir stuðningi þingmanna við málið. Í annan stað kom mér mjög á óvart að hv. þm. skuli tala um að allt málið, sem Hafrannsóknastofnun hafi lagt fram, hljóti að vera á misskilningi byggt og veikum grunni. Þó hælir hann Hafrannsóknastofnun í hina röndina fyrir mikla vandvirkni. Ég verð að segja ég undrast hringlandaháttinn í málflutningi þessa ágæta þingmanns sem hefur flutt mjög mörg og góð mál á þingi.

[15:34]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðleggingarnar og hv. þm. hefur auðvitað fullan rétt á því að meta málflutning minn. Ég tel að ekki séu nein rök í máli að þau hafi verið lögð oft fyrir Alþingi og ekki hlotið afgreiðslu. Það er greinilega mat hv. þm. að málið sé þroskað til afgreiðslu. Mat mitt er að svo sé ekki. Ég tel það að málið skuli hafa dagað uppi þing eftir þing bera einmitt vott um að grunnurinn í málinu sé mjög ótraustur. Mér finnst sérkennilegt að svo margir stjórnarþingmenn skuli fara fram með slíka till. og leggja svo mikla áherslu á að fá hana fram til atkvæða í óvissu um afstöðu framkvæmdarvaldsins til málsins og í óvissu um stuðning innan þingsins varðandi málið. Þar finnst mér í raun teflt á mjög tæpt vað.

Ég met auðvitað störf Hafrannsóknastofnunar og framlag hennar mikils. Ég benti á að skoða þyrfti marga aðra þætti í málinu en hina líffræðilegu og jafnframt að Hafrannsóknastofnun hefði dregið of víðtækar ályktanir af gögnum sínum varðandi afrán hvala á Íslandsmiðum.

[15:36]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur greinir á um þetta. Ég tel að eins og fram kom í máli hv. þm. áðan sé þetta orðið nokkuð þroskað mál í þinginu miðað við það árabil sem það hefur legið hér. Auk þess liggur fyrir að í nokkur skipti hefur farið fram skoðanakönnun meðal þjóðarinnar um hug hennar í þessu máli og hefur komið fram að mikill meiri hluti þjóðarinnar telur að við eigum að hefja hvalveiðar. Það er kannski ekki aðalmálið því hér er það þingræðið sem gildir og það erum við sem tökum ákvörðun um það. Hinu er þó ekki að leyna að ekki þurfum við að hafa áhyggjur af afurðunum, það er ekki okkar mál og vitum við að þeir sem munu væntanlega stunda þessar hvalveiðar hafa sín mál á hreinu hvað þetta áhrærir.

Í annan stað vildi ég nefna að hér er samþykktin þess efnis að ríkisstjórninni er falið og ætlast til af henni að hún vinni heimaverkefni sín áður en veiðarnar hefjast. Nú liggur það nokkuð ljóst fyrir.

[15:37]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Af hálfu talsmanns sjútvn. áðan heyrðum við að orðalagið „hið fyrsta“ vísaði á næsta ár. Hv. þm. telur þá að það sé það ráðrúm sem eðlilegt sé að ríkisstjórnin fái til að undirbúa málið en síðan beri henni að framkvæma þingviljann. Ég tel að sá vilji eða þær niðurstöður sem fram hafa komið í skoðanakönnunum, sem eru mjög athyglisverðar í málinu, endurspegli þá tilfinningu Íslendinga að við eigum að halda fyrir okkur réttinum til að nýta auðlindir okkar. Ég held það endurspegli fyrst og fremst það eðlilega sjónarmið. Auðvitað er gott að hafa þann bakstuðning staðfestan, líka gagnvart öðrum þjóðum. Ég hef ekki þá grundvallarafstöðu að það komi aldrei til greina að hefja hvalveiðar. Það er ekki afstaða mín. Ég tel hins vegar að

þær forsendur séu ekki til staðar á Alþingi að við eigum að fara að álykta um málið eins og gert er ráð fyrir í till. meiri hlutans, ég tel að það sé í raun mikið óráð og ég vara eindregið við því.

[15:39]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var áhugavert að hlusta á hv. þm. Hjörleif Guttormsson flytja ræðu sína. Hjörleifur Guttormsson hv. þm. var á móti öllu eins og fyrri daginn, og það er nú merkilegt að vinstra græna framboðið ætlar að „prófilera" sig með því að vera á móti öllu. Það kom skýrt fram við eldhúsdagsumræðurnar í gærkvöldi. Mér finnst það mjög merkilegt af því að hér er víst um umhverfisflokk að ræða sem vill væntanlega sjálfbæra nýtingu afurða og það á sem sagt að veiða fisk en ekki nýta hvali.

Hér var sagt að við hefðum ekki eins traustar upplýsingar og hægt væri að fá. Ég tel að ekki sé hægt að fá traustari upplýsingar. Málið er bara þannig að við verðum að taka þennan slag og ég tel að áhættan sé afar lítil. Þetta er eins og þegar við fórum út í að færa landhelgina út í 200 mílur, ekkert var hægt að fá traustari heimildir um hvað myndi gerast þá. Það var ekkert hægt að fara til Breta og segja: Er ekki allt í lagi að við færum bara út í 200 mílur? Er það ekki allt í lagi, strákar mínir? Að sjálfsögðu ekki. Þetta er því bara mál sem við verðum að taka á. Ég átta mig ekki á því hvort hv. þm. styður t.d. sjónarmið Samfylkingarinnar um að hvalveiðar beri að hefja eftir 2–3 ár. Er það eitthvað sem kemur til greina gagnvart hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni?

[15:40]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var aldeilis ljómandi málflutningur, alveg yndislegt á að hlýða. Sérstaklega efnislegt og skýrt.

Varðandi spurninguna, hvort ég styðji mig við málflutning Samfylkingarinnar, held ég að hv. þm. gæti svarað því ef hann hefði hlýtt á mitt mál. Ég er ekkert að leita ráða í því húsi og ætla mér ekki að gera það varðandi afstöðu til einstakra mála. Ég veit ekki hvort hv. þm. ætlar að fara á þau mið. Ég tók heldur ekki málflutning ágætra talsmanna Samfylkingarinnar þannig að þar væri einhverja afstöðu að finna. Ég tók það svo að þar hefði hver sína prívatskoðun ef honum hentaði. Hv. talsmaður minni hlutans greindi skilmerkilega frá því að fulltrúar sem undir áliti minni hlutans standa væru bara að lýsa sjónarmiðum sínum. Ef spurningin er um viðhorf mín til þess málflutnings eftir 2–3 ár er ég alls ekki reiðubúinn til að taka afstöðu til þess hér og nú. Ég mun ekki styðja þá tillögu sem er lögð fram en ég veit ekkert um Samfylkinguna í því máli. Það geta verið 16 sólir á lofti þess vegna.

[15:41]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég heyri ekki betur en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tali á svipuðum nótum og fylkingin gerir, þ.e. að sjálfsögðu beri að nýta alla stofna en rakkar svo niður öll rök sem koma fram í tillögum meiri hlutans frá sjútvn. Mér fannst líka mjög ankannalegt það sem kom fram hjá hv. þm. um að teflt væri á tæpasta vað þegar svo margir stjórnarþingmenn leggðu þetta mál fram í óvissu um afstöðu framkvæmdarvaldsins. Ég vil bara minna hv. þm. á að hér er þingræði og það er mjög eðlilegt að þingmenn leggi fram tillögu eins og þessa án þess að hafa gengið frá því við framkvæmdarvaldið. Reyndar hefði ég helst viljað að ráðherrarnir sætu ekki hér inni til að hafa eins mikil afskipti af málinu og þeir gera, af þingræðinu. Það er alveg ljóst að ég hef ekki áttað mig á málflutningi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og mér finnst hann tala á svipuðum nótum og fylkingin gerir, þ.e. að rétt sé að nýta alla stofna en finna síðan hvalveiðum allt til foráttu.

[15:43]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að leggja upp í neina kennslustund fyrir hv. þm. Hv. þm. reynir sjálfsagt að lesa sig til og lesa í mál eins og honum er fært, virðulegur forseti. En afstaða til hvalveiða hér og nú hefur lítið með það að gera hvort menn eru almennt þeirrar skoðunar sem er auðvitað forsenda fyrir allri nýtingu, að við höfum réttinn til að nýta auðlindir okkar. Ég vænti þess að við séum þó sammála um það atriði, við hv. þm. en það þýðir ekki um leið að við „verðum að" eða „eigum að" gera það hér og nú. Þar verða menn að horfa til átta og í þessu máli ekki aðeins til hinnar líffræðilegu leiðsagnar heldur líka til annarra þátta sem tengjast nýtingunni og á hvaða vað er verið að leita.

Spurningin um rétt manna til að flytja mál er alveg ótvíræður hér en það er mjög óvanalegt að fram komi 11 stjórnarþingmenn með einn til viðbótar frá Samfylkingunni og leggi til jafnafdrifaríka ákvörðun sem ekki er ljóst að studd sé af meiri hlutanum á Alþingi og sem ekki er ljóst að ríkisstjórnin treysti sér til að framfylgja því oft þreifa menn nú á milli yfir landamærin milli löggjafar- og framkvæmdarvalds.

[15:44]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi í ræðu sinni að sér fyndist allt of mikil áhersla lögð á mikilvægi þess að Alþingi væri að upphefja ályktun sína frá því í febrúar 1983 vegna þess að hún hefði verið um tímabundið hvalveiðibann. Nú hefur hann trúlega átt við mig þegar hann nefndi þetta því ég lagði á þetta mjög mikla áherslu í ræðu minni. Ég gerði það vegna þess að ég tel að með ályktuninni 1983 hafi Alþingi verið að taka afstöðu til þess að við skyldum hætta hvalveiðum. Alþingi hefur síðan ekki fengist til að ályktun um hvalveiðar. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að Alþingi skuli núna ætla að gera það með þessum hætti.

Í öðru lagi nefndi hv. þm. tillögur Hafrannsóknastofnunar og að vísan til þeirra væri á misskilningi byggð. Hann sagði eitthvað á þá leið að vísindamenn hefðu oftúlkað þessi gögn og að stjórnmálamenn væru að rangtúlka gögn þeirra. Ég kannast ekki við að hafa rangtúlkað þau, ég hef lesið mikið um þetta eftir Gísla Víkingsson og fleiri, setið tvær eða þrjár ráðstefnur þar sem farið var ítarlega yfir áhrif hinnar takmarkalausu fjölgunar hvalsins á fiskstofnana og hef trúað því sem þar hefur komið fram.

[15:46]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvölum fjölgar auðvitað ekki takmarkalaust. Allt vistkerfi leitar jafnvægis. Spurningin er um inngrip mannsins. Auðvitað breytir það stöðunni í vistkerfinu. En hvölum fjölgar ekki takmarkalaust og er rétt fyrir okkur að hafa þær staðreyndir í huga.

Þegar ég tala um túlkun á gögnum Hafrannsóknastofnunar þá kom fram hjá talsmanni sjútvn. að þeir tækju til sín 6 milljónir tonna árlega af lífrænu efni væntanlega úr sjónum, þar af 2 milljónir tonna af fiskmeti. Það má vel vera

að menn telji sig hafa þetta á hreinu. Ég tel að stjórnmálamenn hafi lesið og túlkað mjög sérkennilega þær niðurstöður sem Hafrannsóknastofnun, á grundvelli takmarkaðra gagna, hefur lagt fram.

Ályktunin 1983 var um tímabundið hvalveiðibann en ekki um að hætta hvalveiðum um alla framtíð. 1990 er þessum tíma lokið. Þá er opið fyrir það að hefja hvalveiðar á nýjan leik. Ég skil því ekki þessa ofuráherslu á það efni af hálfu hv. þm. eða meiri hlutans. Það má lesa um þetta í áliti meiri hluta sjútvn.

[15:47]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að þetta var tímabundið hvalveiðibann en samt litu menn á það sem áframhaldandi bann við hvalveiðum og hafa litið þannig á alla tíð síðan hvað sem hv. þm. segir.

Það er rétt hjá hv. þm., að hvölum fjölgar ekki takmarkalaust. Eitt af því sem fram hefur komið hjá vísindamönnum Hafrannsóknastofnunar er að hvalastofnarnir séu trúlega í dag um 70% af því sem þeir verða að hámarki. Þeim muni þá fjölga um 43% í viðbót til að fara upp í hámarksstærð stofnsins. Út frá því hafa þeir reiknað tölurnar sem þeir hafa verið að gefa út. Að vísu tók ég fram að þetta væru ekki mjög nákvæm vísindi, hvað þeir ætu, en grófar tölur og ég held að stjórnmálamenn hljóti að verða að hlusta á varúðartal vísindamanna.

Hv. þm. nefndi hér áðan þýðingu skoðanakannana og taldi að menn væru þar fyrst og fremst að lýsa rétti okkar til að nýta sjávarstofnana. Ég minni þá í leiðinni á að það eru ekki bara skoðanakannanir heldur eru öll heildarsamtök sjómanna og útgerðarmanna, verkafólks og sveitarfélaga í landinu sama sinnis, vilja að veiðarnar séu hafnar á ný. Menn eru ekkert að því í gáleysi eða galgopaskap. Þetta er skoðun allra þessara aðila.

Að lokum, af því að þm. hv. hefur margítrekað að eiginlega standi eingöngu stjórnarsinnar að þessari tillögu, aðeins einn stjórnarandstæðingur, þá minni ég á að þegar tillagan kom fram þá voru stjórnarsinnar tíu og tveir stjórnarandstæðingar. Annar þeirra, hv. þm. Kristinn Gunnarsson var þá flokksbróðir hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, en mál hafa nú skipast þannig síðan að þeir hafa báðir skipt um flokk. Nú er því ekki nema einn stjórnarandstæðingur lengur flutningsmaður málsins.

[15:49]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef satt að segja ekki kortlagningu yfir þessar tilfærslur manna milli flokka. Það getur verið að hv. þm. hafi það allt á hreinu og allt sé þar komið til réttar sem reikna má með. Þetta hefur hins vegar verið að breytast frá degi til dags og heldur að fjölga, a.m.k. í mínum þingflokki.

En hvað hvalastofnana og vistkerfið varðar þá sýnist mér ekki stór ágreiningur með okkur hv. þm.

Varðandi ályktunina 1983 þá er viðhorf mitt ekki það að menn hafi strikað yfir hvalveiðar til frambúðar. Það var tímabundið og hvorki tilbúningur minn eða túlkun í því efni. Þess vegna er óþarfi að berja sér á brjóst og segja: Hana nú, nú ætlum við að hafa allt á hreinu hér á Alþingi og lýsa þessa ályktun, sem var tímabundin, ógilda árið 1999.

Virðulegur forseti. Ég sé hins vegar að hv. þm. Tómas Ingi Olrich er hér kominn. Það er nú kannski erfitt fyrir mig að beina fyrirspurn til hans í beinu framhaldi þar sem hér standa yfir andsvör.

[15:51]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég er einn af tólf flutningsmönnunum þessa máls í upphafi þings. Ég er þokkalega ánægð með þróun mála. Í nál. meiri hluta sjútvn., sem ég tel að hafi unnið nokkuð skynsamlega að þessu máli, er tekið undir meginefni tillögunnar og lagt til við Alþingi að álykta um að hefja skuli hvalveiðar hið fyrsta. Í framhaldinu er rætt um að ríkisstjórninni verði falið að standa fyrir nauðsynlegri kynningu á þessari ákvörðun Alþingis og hrinda henni í framkvæmd þannig að veiðarnar geti hafist sem fyrst.

Svo kemur hér setning sem ég tel afar mikilvæga. Þar stendur að miðað verði við það geti orðið eigi síðar en á næsta ári. Það hefur líka komið skýrt fram í málflutningi flutningsmanns, þ.e. talsmanns meiri hlutans, hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, að miðað sé við að það sé árið 2000, eða á næsta ári. Ég vil því þakka sérstaklega að þessi tímasetning kemur skýrt fram, bæði í ræðu og riti, þó að það sé reyndar ekki í sjálfri tillögunni.

Ég vil lýsa furðu á nál. minni hlutans. Það hefur komið fram í andsvörum fyrr í dag að ég tel að þetta nál. sé hvorki fugl né fiskur. Í byrjun er komið inn á það að menn telji að það beri að veiða hval. Í framhaldinu er nánast talað gegn því og klykkt út í lokin með því að segja að ábyrgðarhluti sé að afgreiða málið á þennan hátt. Ég átta mig því alls ekki á því hvert fylkingin er að fara með þessum málflutningi.

Ljóst er að afar skiptar skoðanir eru um þetta mál og í stuttu máli má segja að sjónarmiðin séu eitthvað á þá leið, virðulegi forseti, að þeir sem styðja hvalveiðar telji að eðlilegt sé að nýta hval eins og hverja aðra tegund í sjónum á sjálfbæran hátt. Það hefur komið fram að hvalurinn étur um 2 milljónir tonna af fiski úr sjó á hverju ári. Mig minnir að það gæti verið eitthvað um 10% sem hvalurinn gengur á þorskstofninn, ég man nú þessar tölur ekki nákvæmlega. Það er a.m.k. frekar hátt hlutfall.

Málflutningur þeirra sem styðja hvalveiðar gengur einnig út á að ef þessi slagur verði ekki tekinn núna og hvalveiðar hefjist þá séu einhverjar líkur á að næst mundu samtök, sem eru okkur tiltölulega fjandsamleg, fara út í að friða fisk, og friða t.d. þorsk sem yrði okkur afar þungbært og algjör dauðadómur yfir þjóðríki okkar.

Þeir sem telja að ekki sé tímabært að hefja hvalveiðar telja að hér gætu markaðir okkar skaðast verulega, sérstaklega Þýskalandsmarkaður, breski markaðurinn og markaðir í Bandaríkjunum. Rétt er að fólk í þessum löndum telur t.d. eðlilegt að horfa á mannfólk drepið í sjónvarpi. Fjölmargar bíómyndir og þættir sýna það og virðist í lagi að börn og fullorðnir horfi á. En ef hvalur eða selur er drepinn þá er það hræðilegt mál, menn skipta jafnvel um stöð. Það er því rétt athugað að almenningsviðhorfið er tiltölulega skrýtið í þessum löndum.

Það er einnig dregið til hjá þeim sem eru andsnúnir hvalveiðum að ferðaþjónusta okkar geti hlotið mikinn skaða af en það er þjónusta sem hefur vaxið verulega á síðustu árum og er orðinn mjög mikilvægur þáttur í okkar efnahag.

Ég las um daginn umfjöllun frá því að við ákváðum að stunda hvalveiðar í vísindaskyni á árunum 1986 og 1989. Þá kom fram að hér færi allt fjandans til ef við færum út í þessar vísindaveiðar, markaðir mundu hrynja og ferðmennskan þurrkast út.

En hver var reyndin? Ekkert af því sem rætt var um gerðist. Góð aukning varð í fiskútflutningi okkar og ferðamönnum til landsins fjölgaði. Sú aukning var yfir 30% á þessu tímabili. Mig langar að lesa aðeins upp úr þessu, virðulegur forseti, með þínu leyfi. Þetta eru gögn sem þeir hafa haldið til haga í Sjávarnytjum, en Kristján Loftsson og Jón Gunnarsson eru þar innstu koppar í búri. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa aðeins upp úr þessum gögnum.

Í blaðaviðtali í DV, miðvikudaginn 12. júní 1985, er haft eftir Magnúsi Gústafssyni, forstjóra Coldwater, undir fyrirsögninni „Hér eru gífurlegir hagsmunir í veði". Þar segir:

„„Að sjálfsögðu erum við áhyggjufullir. Hér eru gífurlegir hagsmunir í veði ef þeim tekst að vekja andúð á okkar vöru," sagði Magnús Gústafsson forstjóri Coldwater Seafood Corporation, dótturfyrirtækis SH í samtali við DV vegna ummæla Van Noten, forsvarsmanns Monitor, samtaka 14 náttúruverndarfélaga, þar á meðal Greenpeace, um að íslenskri vöru í Bandaríkjunum verði hætta búin verði af vísindahvalveiðum Íslendinga. „Ég hef heyrt að þeir ætli sér að verða mjög herskáir verði af þessum vísindahvalveiðum," sagði Magnús."

Síðan segir í Morgunblaðinu föstudaginn 16. ágúst 1985 undir fyrirsögninni „Hótunum rignir yfir viðskiptavini okkar":

„„Því er ekki að leyna að við erum mjög áhyggjufullir vegna þeirra hótana sem dynja yfir vegna fyrirhugaðra hvalveiða Íslendinga í vísindaskyni. Ég var fyrr í vikunni í sambandi við forstjóra Long John Silver veitingahúsahringsins sem segir að það rigni yfir sig hótunum um að hefja áróðursherferð gegn neyslu íslensks fisks á veitingahúsum þeirra. Hann er mjög áhyggjufullur yfir þessu og það sama *má segja um fleiri viðskiptavini okkar hér í Bandaríkjunum.* Þeir óttast að þessar veiðar geti haft slæmar afleiðingar fyrir sína starfsemi," sagði Magnús Gústafsson forstjóri fisksölufyrirtækisins Coldwater í Bandaríkjunum í samtali við blaðamann Morgunblaðsins í gær."

Og hér er enn frétt frá fimmtudaginn 26. sept. 1985 úr Morgunblaðinu, undir fyrirsögninni „Þúsundir bréfa og látlaust hringt":

„„Gæti skaðað íslenska hagsmuni," segir Hörður Bjarnason í íslenska sendiráðinu í Washington. „Síminn hringir látlaust þessa dagana í íslenska sendiráðinu í Washington DC og undanfarna viku hafa borist þangað um 10 þúsund bréf. Allir eru að mótmæla fyrirhuguðum hvalveiðum Íslendinga í vísindaskyni. Þetta er áhyggjuefni og enginn vafi á þessi herferð gæti skaðað íslenska hagsmuni," segir Hörður Bjarnason sendiráðunautur í Washington í samtali við blaðamann Morgunblaðsins í gær. „Margir segjast ætla að taka þátt í skipulagningu aðgerða gegn okkur á viðskiptasviðinu, t.d. með því að hvetja fólk til að kaupa ekki íslenskan fisk eða ferðast ekki með Flugleiðum. Auk þess hafa borist hingað um 10 þúsund sérprentuð póstkort með almennum mótmælum gegn hvalveiðum okkar.""

Í DV mánudaginn 6. jan. 1986 segir undir fyrirsögninni *„Gífurlegir hagsmunir eru í húfi"*:

„„Íslendingar ætla að endurskoða ákvörðun um hvalveiðar," segir Magnús Gústafsson forstjóri Coldwater í Bandaríkjunum. „Þetta er hrikalegt mál." Undir lokin segir: „Ég tel að þessi ákvörðun Íslendinga geti verið sú afdrifaríkasta sem þeir hafa tekið í langan tíma," segir Magnús Gústafsson forstjóri Coldwater í Bandaríkjunum í viðtali við DV."

Svo mörg voru þau orð, virðulegi forseti. Ég var að vitna í viðtöl við þá sem höfðu hvað mestu áhyggjurnar og vöruðu við að hefja þessar vísindaveiðar. En þær hófust og hvað gerðist? Ég er að hugsa um að lesa upp úr Tímanum fimmtudaginn 9. janúar 1986, með leyfi hæstv. forseta: „Besta ár sem við höfum átt, segir Guðjón B. Ólafsson forstjóri." Undir fyrirsögninni „Coldwater" segir: „Lítils háttar hagnaður", segir Magnús Gústafsson forstjóri." Við skulum lesa meira af því sem haft er eftir Magnúsi, sem var með mikil gífuryrði áður en vísindaveiðarnar hófust. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þegar Magnús var spurður út í ummæli sem höfð hafa verið eftir honum í fjölmiðlum að undanförnu varðandi hvalveiðar Íslendinga í vísindaskyni sagði hann að meira hefði verið gert úr þeim en efni stæðu til. Því væri hins vegar ekki að neita að þessar hvalveiðar væru fiskseljendum áhyggjuefni því að hugsanlega gætu þær stórskaðað fiskmarkaði Íslendinga í Bandaríkjunum." Hér voru yfirlýsingarnar farnar að trappast niður.

Föstudaginn 17. janúar 1986 segir, væntanlega í grein úr Tímanum, með leyfi virðulegs forseta:

„„Vöruskortur aðalvandinn", segir Guðjón B. Ólafsson. „Aðalvandamálið er vöruskortur, sérstaklega skortur á þorskblokk," hélt Guðjón áfram. „Það hefur orðið veruleg verðhækkun á blokkinni og erfitt að spá hvort hækkunin á eftir að fæla frá okkur kaupendur. Birgðir eru litlar og við erum ekki sloppnir fyrir horn enn. Febrúarmánuður gæti orðið tvísýnn hvað blokkina varðar. Þá höfum við misst af verulegum viðskiptum vegna skorts á karfa- og ýsuflökum og við eigum nánast enga rækju sem er slæmt vegna þess markaðsstarfs sem unnið hefur verið á því sviði.""

Hér segir síðar í sömu grein: „Besta árið. „Afkoman hjá Iceland Seafood hefur sennilega aldrei verið betra en á síðasta ári," sagði Guðjón Ólafsson."

Svo mörg voru þau orð í tengslum við það sem átti sér stað í kringum vísindahvalveiðar okkar. Síðan fékk ég í hendurnar aðra úrklippu úr Morgunblaðinu föstudaginn 8. maí 1992, sem sýnir kannski smáviðhorfsbreytingu há sölusamtökunum. Þar er, með leyfi virðulegs forseta, haft eftir Jóni Ingvarssyni:

„Í mínum huga er ekki spurning um að við munum hefja hvalveiðar að nýju. Það er okkur lífsnauðsyn vegna samhengis lífkeðjunnar í hafinu umhverfis okkur og okkar eigin hagsmuna í því sambandi."

Við sjáum að eftir því sem tíminn líður kemur annað hljóð í strokkinn. Mér heyrist líka á þeim sem ég hef haft samband við í sjútvn. að þangað hafi komið Friðrik Pálsson frá SH og að mun jákvæðara hljóð hafi verið í þeim en um langan tíma.

Fyrr í dag kom fram að okkur hefur greint nokkuð á um hvort rétt væri að tímasetja skýrar þann atburð þegar við hefjum hvalveiðar. Sumir vilja fá skýra dagsetningu til að öruggt sé að veiðarnar hefjist og tefjist ekki. Aðrir hafa bent á að það sé ekki okkur í hag að tímasetja hvenær hvalveiðarnar eigi að hefjast því þá muni öfl andsnúin okkur fara í aðgerðir *gegn okkur og því betra að hafa enga klára tímasetningu,* byrja veiðarnar skyndilega öllum að óvörum. Niðurstaða sjútvn. miðar við þessa seinni aðferð, þ.e. að segja ekki í tillögunni árið 2000 eða annað ártal heldur hið fyrsta. Þar er því ekki sett föst dagsetning. Hins vegar kemur skýrt fram í nál. að miðað sé við að hvalveiðarnar geti hafist eigi síðar en á næsta ári. Ég tel þetta ásættanlega niðurstöðu.

Einnig kemur fram í nál. að nauðsynlegt sé að kynna þá ákvörðun Alþingis um leið og hvalveiðarnar hefjist og undirbúa málið mjög vel á erlendum vettvangi. Ég hef vissar efasemdir um hvernig eigi að gera þetta. Menn hafa reynt þetta þetta hingað til. Ég heyrði áðan hv. þm. Tómas Inga Olrich segja að við gætum hafið hvalveiðar einhvern tíma í framtíðinni og ættum að fara í það mál í áföngum. Væntanlega yrði einn áfanginn á þá leið að kynna málflutning okkar erlendis. Menn hafa gert það að einhverju leyti. Það má vel vera að sumum þyki það ekki hafa verið gert nægjanlega. Þó er mér kunnugt um að Jóhann Sigurjónsson, sem starfaði þá hjá utanrrn., og Arnór Halldórsson, sem starfar hjá sjútvrn., fóru til nokkurra erlendra ríkja og kynntu málið þar. Mér skilst að ráðherrar okkar hafi einnig gert það í einhverjum mæli en slíkt hefur ekki borið sérstakan árangur, enda tel ég það nokkurn veginn sambærilegt við, sem ég gat um áðan í andsvari, að við hefðum farið til Breta á sínum tíma, þegar við færðum landhelgi okkar út í 200 mílur og undirbúið málið með því að segja við þá: Er þetta nú ekki allt í lagi, strákar? Við ætlum að færa landhelgi okkar út í 200 mílur og er það ekki bara gott? Að sjálfsögðu hefðum við fengið mjög mikil mótmæli við því. Að mínu mati er því eðlilegt að fara út í hvalveiðar. Ég hef engar athugasemdir við að undirbúa málið. Það má vel vera að það skili einhverju en ég hef vissar efasemdir um það.

Menn hafa talað um að hugsanlega fengjum við mikið högg á mörkuðum. Ég efast um að svo verði. Það er hugsanlegt að höggið verði eitthvað. Þó er fátt sem bendir til þess. Hér hefur verið vitnað til reynslu Norðmanna og Færeyinga sem ekki hafa lent í stórfelldum áföllum vegna þessa. Ég óttast hins vegar afleiðingarnar ef við förum ekki í þessar veiðar og þá vísa ég í það sem fyrr sagði, að menn geti gengið á lagið og agnúast út í okkur og fleiri þjóðir fyrir að veiða fisk.

Ég vil að lokum segja, virðulegi forseti, að eins og ég skildi hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, talsmann minni hlutans, gæti hann vel séð fyrir sér að Íslendingar hæfu hvalveiðar eftir 2–3 ár og þær veiðar ætti að undirbúa. Það er því kannski ekki svo mikið sem ber á milli tillögu meiri hlutans og skoðana hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Eins og nál. minni hlutans lítur út er hins vegar ekki hægt að lesa þetta úr því. Í nál. þeirra segir að vilji sé til að hefja hvalveiðar en svo er það rakkað skipulega niður í afgangi nál. og sagt að óábyrgt sé haldið á málum. Ég vísa því algerlega á bug. Ég tel að málið sé komin á mjög farsælan veg og mun því styðja það til enda.

[16:07]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að lesa upp úr þeim gögnum sem Sjávarnytjar sendu þingmönnum. Það er gott og nauðsynlegt að fara í sagnfræðina í þessu máli. Ég gat ekki betur heyrt á málflutningi hv. þm. en hún væri fylgjandi þeirri tillögu sem meiri hlutinn hefur lagt fram. Það var hins vegar voðalega erfitt að greina rökin fyrir því að fara þessa leið. Ég vil því beina þeirri spurningu til hv. þm. hvort hún hafi í farteskinu einhver rök, einhverja vitneskju sem t.d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem hefur goldið varhug við þessum veiðum, hefur ekki. Veit hún eitthvað varðandi þetta sem Þýsk-íslenska verslunarfélagið, Amerísk-íslenska verslunarfélagið í New York, ferðamálasamtök og aðrir vita ekki? Allir þessir aðilar eru smeykir við að fara þá leið sem hér er lögð til.

Ég held að það væri gott og upplýsandi fyrir þessa umræðu ef hv. þm. kæmi og upplýsti okkur hin um það, hvers vegna þessir aðilar eru allir á villigötum, þá líka væntanlega minni hlutinn og hvað gerir það að verkum að hv. þm. vill fara þessa leið án þess að gera nokkrar athugasemdir við það.

[16:09]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er hollt og gott að rifja upp forsöguna. Þess vegna sá ég ástæðu til að lesa úr öllum þeim gögnum sem m.a. Sjávarnytjar hafa haldið til haga. Þá sér maður að þar var kallað: Úlfur, úlfur! Við fórum samt út í vísindaveiðarnar. Það sem gerðist á því árabili, 1986–1989, var að ferðamannastraumur jókst allverulega, um 30%. Hann minnkaði ekki og það vantaði fisk. Ástandið á mörkuðunum var gott.

Hvaða rök hef ég sem þessi samtök sem eru andsnúin hvalveiðum hafa ekki? Ég vísa bara til reynslu t.d. Norðmanna og Færeyinga. Þar eru menn að veiða hval og þar hefur það ekki valdið neinum verulegum vandræðum.

[16:10]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Annmarkinn á öllum þeim röksemdum sem við setjum fram hér er að við erum að spá fyrir um framtíðina, hverjar hugsanlegar afleiðingar kunni að verða af því að hefja hvalveiðar. Sum okkar óttast að við setjum ákveðna hagsmuni í uppnám. Aðrir gera það ekki. Aðrir vilja hefja veiðarnar án frekari undirbúnings. Ég, sem frsm. minni hlutans, og minni hlutinn höfum lagt áherslu á að undirbúa þetta mál miklu betur og nota næstu 2–3 ár í að kynna sjónarmið okkar. Ég held að það sé í raun hið sama og nefnd undir forustu Árna Ragnars Árnasonar lagði til að yrði gert.

Ég held að mikilvægt sé, þegar menn vilja fara fram með þeim gassagangi sem meiri hlutinn leggur til, að færa góð og gild rök fyrir máli sínu. Það er grundvallaratriði því að við erum að setja mikla hagsmuni í uppnám og ég þori að fullyrða að mjög litlir hagsmunir felast í því að hefja hvalveiðar.

Hvalur hefur í gegnum tíðina borðað mikinn fisk. Hann var ekkert að byrja á því í fyrra eða hittiðfyrra eða árið þar áður. Svo hefur verið í áratugi og aldir, það er því ekkert nýtt í þessu máli. Þess vegna segi ég, virðulegi forseti, að við verðum að taka tillit til þess að almenn viðhorf á alþjóðavettvangi eru andvíg þessu. Við það er að etja. Því bið ég um rök fyrir því að hefja veiðar á þennan hátt í stað þess að fara í þetta af meiri yfirvegun og kynna sjónarmið okkar í samræmi við það sem umrædd nefnd lagði til á sínum tíma. Við megum ekki lýsa yfir stríði við alþjóðasamfélagið í þeirri von að verða ekki skotin.

[16:12]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að við séum með mun sterkari rök en fulltrúi fylkingarinnar í þessu máli. Fylkingin segir: Við skulum hefja hvalveiðar. Síðan tala menn gegn því í öllum málflutningnum. Að vísu vill hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefja hvalveiðar eftir tvö eða þrjú ár ef ég hef skilið hann rétt. Ég spyr því: Er það gassagangur? Við viljum hefja hvalveiðar á næsta ári, árið 2000, eftir eitt ár. Það á

að undirbúa málið til þess tíma og flýta því eins og hægt er samkvæmt tillögunni. Ég spyr: Hver er munurinn á því að byrja eftir eitt ár eða byrja eftir tvö ár? Er það allur munurinn á afstöðu okkar?

Hv. þm. segir ekkert nýtt að hvalurinn borði mjög mikið af fiski við strendurnar og það er rétt. Við erum einmitt að benda á hve ómögulegt er að nýta einungis fiskstofnana en ekki hvalinn. Það er óeðlilegt að haga málum svo. Það á ekki að taka úr lífkeðjunni einn hluta. Það á líka að nýta hval. Ef við gerum það ekki tel ég að við gætum lent í vandræðum síðar með að nýta þorskstofna okkar.

[16:13]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 1995–96, 1996–97 og 1997–98, 598. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 1080.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 599. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1081.

Jarðalög, 547. mál, nál. landbn., þskj. 1086.

Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, 160. mál, nál. landbn., þskj. 1082.

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, 581. mál, nál. utanrmn., þskj. 1078.

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, 573. mál, nál. utanrmn., þskj. 1079.

[16:14]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ljóst er að málið sem við ræðum er allnokkuð umdeilt. Sjónarmið hv. þingmanna, landsmanna og þeirra sem látið hafa sjónarmið uppi við umfjöllun okkar eru ólík og byggja á ólíkum hagsmunum en einnig á sterkum tilfinningum.

Herra forseti. Staðreyndin er sú að aftur og aftur höfum við þurft að reyna það að umræðan um þetta mál á Alþingi og víðar hefur mjög verið rekin og rædd með rökum af tilfinningalegum toga. Það hefur gerst oftar og meir en að flutt hafi verið rök sem við getum kallað skynsamleg eða vitræn. Þetta má segja um málflutning ýmissa sem eru hlynntir hvalveiðum og telja að Ísland eigi að ganga hraðar fram en við höfum gert en einnig einstaklinga og samtaka sem eru mótmælt hvalveiðum og vilja að Ísland hegði sér öðruvísi en hér er lagt til. Slík umræða er bæði íslensk og erlend og erfitt hefur verið að beina henni á þær brautir að rökin séu að mestu leyti skynsamleg eða vitræn.

Sem dæmi er auðvelt að nefna það sem komið hefur fram í umræðunni á hv. þingi í dag, þ.e. að telja tímabært að taka afstöðu í málinu vegna þess að það hafi oft verið rætt á hinu háa Alþingi. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eitt og sér sýni fram á að málið hafi náð fullum þroska. Hins vegar verð ég líka að taka það fram sem á við næstum því sama þátt í umræðunni að það eitt að einhverjir okkar telja að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar eru heldur ekki fullboðleg rök fyrir því neita að taka afstöðu þegar fyrir liggur að enginn hefur beðið um frekari upplýsingar. Þannig fór umræðan fram í hv. sjútvn. Þannig fór umræðan fram í hv. utanrmn. Alþingis. Enginn hefur beðið um upplýsingar í þessu nefndarstarfi, þar sem athugun málsins hefur farið fram, sem menn geta bent á í dag að liggi ekki fyrir en hefði þurft.

Ég tel skipta máli fyrir okkur að við gerum okkur grein fyrir því að við höfum ákveðna réttarstöðu. Þó svo að Ísland sé ekki lengur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu var samþykkt á Alþingi að hlíta stöðvun hvalveiða. Það var samþykkt Alþingis. Ég er þeirrar skoðunar að hversu hratt við viljum ganga fram skipti ekki máli um að við hljótum að upphefja þessa ákvörðun Alþingis ef við ætlum að hafa aðra stefnu. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að gera svo og til þess þurfum við að hafa yfirlýsta stefnu og samþykkt Alþingis að við höldum fram rétti okkar til að nýta auðlindir sem við höfum lögsögu yfir, en að sjálfsögðu með viðeigandi varfærni og það höfum við gert.

Í skjölum Alþingis liggur fyrir að það hafi verið ákveðið með naumum meiri hluta, eins atkvæðis, og án þess að allir hv. þingmenn tækju afstöðu til málsins, að hlíta hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Það hefur komið fram að bannið átti að vera tímabundið. En því miður hefur það ekki reynst tímabundið. Að því leyti til má það liggja fyrir að Íslandi telji ekki lengur forsendur bannsins í gildi. Hins vegar verðum við að ganga vitandi vits að því að mikil og hörð andstaða hefur komið fram í mikilvægum viðskiptalöndum okkar. Ég tel að það skipti máli vegna þess að það er vel ljóst og við verðum að ganga að því vísu, að ekki munu allir þeir sem hafa hag, þ.e. hafa ávinning af hvalveiðum, standa frammi fyrir þessum fórnarkostnaði sem verður vegna viðskipta í öðrum löndum. Það verða einfaldlega ekki þeir sömu.

Þrjú ríki hafa verið sérstaklega áberandi varðandi þetta, bæði vegna afstöðu stjórnvalda og almennings í þessum ríkjum. Þetta eru Bandaríkin, Þýskaland og Bretland. Og vel að merkja, um mjög langa hríð hefur útflutningsverðmæti, ef svo má segja, útflutningsverðmæti markaðanna í þessum löndum numið fullum helmingi og jafnvel meira en helmingi af öllum útflutningi frá Íslandi, ár eftir ár. Tvö þessara landa eru aðildarríki Evrópusambandsins. Það hefur komið fram í starfi ríkja sem eru aðilar að ýmsum alþjóðasamningum um umhverfismál, og þessi mál teljast einfaldlega falla undir þá hugmyndafræði, að aðildarríki Evrópusambandsins vilja standa saman þó svo þau hafi ekki sömu afstöðu innbyrðis. Út á við taka þau sömu afstöðu. Evrópusambandið er um það bil 70% og stundum 80% markaður fyrir útflutning okkar. Ég tel að við eigum að reyna að leggja mat á þessa hagsmuni. En vegna þess að við höfum ekki gert það að öllu leyti tel ég algjöra nauðsyn að við náum sem víðtækastri samstöðu. Í því ljósi var lögð fram tillaga starfshóps sem starfaði undir minni stjórn og skilaði af sér fyrir réttu ári. Sú tillaga gekk út á að leitað yrði eftir pólitískri samstöðu um að afgreiða á Alþingi ályktun um að hefja skuli nýtingu hvalastofna hér við land hið fyrsta og að ríkisstjórninni skyldi falið að undirbúa það. Það er miður að þetta hefur ekki gengið eftir. Við ræðum nú málið sem þingmannamál án þess að til hafi komið umfjöllun og undirbúningur forustumanna stjórnmálaflokkanna og þingflokkanna sem mér sýnist muni leiða til þess að við náum minni samstöðu en ella hefði orðið og það verður sennilega lagt okkur til hnjóðs þegar við hefjum starfið við að undirbúa og framkvæma ályktun Alþingis.

Við eigum að undirbúa hvert einasta skref vandlega. Við eigum að leggja á það kapp hverju sinni að fá sem flesta til liðs við okkur. Við þurfum einfaldlega á því að halda. Einmitt í því ljósi að við þurfum að fá breytt afstöðu ríkja og almennings í fjölmennum ríkjum sem við eigum mikil skipti við er okkur brýn nauðsyn að leggja út í kynningarstarf sem kann að verða dýrt. Ég tel að við getum varla gert ráð fyrir að ná til alls almennings nema því aðeins að við förum þær leiðir sem okkar stærstu fyrirtæki hafa gert, þ.e. að ná

samstarfi við helstu viðskiptaaðila okkar í þessum ríkjum og leita leiða til þess að þau fyrirtæki gangi til liðs við okkur í þessu máli, lýsi yfir trausti á aðferðum okkar og ákvörðun og veiti okkur heimild til þess að nota kynningarleiðir sínar því að slíkar leiðir hafa þessi fyrirtæki góðar. Það skiptir okkur miklu að við hopum hvergi heldur stígum hvert skref að fullu. Það versta sem við getum lent í er að hopa eða hætta við. Við þekkjum reynsluna af vísindaveiðunum sem við stunduðum á síðasta áratug.

Við verðum að vera þess vitandi að langur vegur er að markinu. Hann er langur og erfiður vegna þess að þessar þjóðir og ríkisstjórnir þeirra byggja á hugmyndafræði eða umgengni við auðlindir sem eru ólíkar okkar. Við eigum allt okkar undir viðkomu og afrakstri lifandi auðlinda í náttúrunni og við höfum lært af dýrkeyptri reynslu að umgangast þær af varúð. Þær þjóðir sem við eigum mest samskipti við í þessu máli byggja afkomu sína á dauðum auðlindum og hafa ekki varast að ganga of nærri þeim með tilliti til endurnýjunar. Við höfum oft í skiptum okkar við fulltrúa þessara ríkja og almenning komist að þeirri niðurstöðu fullkeyptri að þeir skilja varla það sem við ræðum og bera nánast ekki nokkurt skynbragð á hagsmuni okkar eða möguleika.

Hvað varðar tillögur þeirrar nefndar sem ég nefndi áðan og hafa verið raktar fyrr í umræðunni, er rétt að lögð hefur verið vinna í að kynna málstað Íslands fyrir stjórnvöldum annarra ríkja á ýmsum stigum, allt frá stigum sendimanna við þeirra samstarfsmenn upp í ráðherra, jafnvel forsrh. Að því leyti til hefur tillögunum verið framfylgt. En ég er þeirrar skoðunar að jafnmikilvægt sé að leita allra leiða til þess að kynna og halda fram málstað okkar eins og hann snýr að almenningi, eins og hann snýr að ýmsum samtökum og samráði sem fer víða fram. Að því leyti til, tel ég, herra forseti, mjög mikilvægt að við Íslendingar, Alþingi og stjórnvöld, endurmetum að hvaða alþjóðasamningum við erum aðilar og hverjum ekki á þessu sviði.

Ég minnist þess að fyrir fáeinum dögum kom fram á Alþingi það sjónarmið eins hv. þm. að vankantar væru á hugsanlegri aðild Íslands að CITES-samningnum. Ég skal láta það álit mitt í ljós hér sem fyrr að ég tel það okkur henta og ég tel það vera færi til þess að halda frammi málstað Íslands að vera aðilar að þeim samningi og þar með að umræðum og ákvörðunum sem aðildarríki hans taka sameiginlega. Við eigum hvar og hvenær sem er að halda óhikað fram stefnu okkar. Grundvöllur hennar er að sjálfsögðu sá að auðlindir okkar eru takmarkaðir, þær eru lifandi og endurnýjanlegar náttúruauðlindir sem við þurfum að vernda og takmarka sókn í til þess að tryggja viðkomu þeirra, sjálfbæra þróun og afrakstur til langs tíma. Nákvæmlega sama á við um hvalastofnana. Þó svo menn beri brigður á eða telji vafasamt að rétt sé að stunda hvalveiðar til þess að draga úr sókn þeirra í fiskstofna, þ.e. afrán, þá er alveg ljóst að það hentar hagsmunum okkar til langs tíma að við göngum ekki þannig fram að við, með því að vernda einhverja stofna ótímabundið en nýta aðra, stuðlum að því að raska jafnvægi í lífríkinu. Það fer í bága við hagsmuni okkar til langs tíma. Það fer í bága við okkar lífskjör til langs tíma. Af því ráðast lífskjör afkomenda okkar, barna okkar og barnabarna. Við þurfum ekki að telja lengra.

Það skiptir engu í þessu máli þó að einhverjir okkar kunni að álíta, jafnvel réttilega, að ályktanir vísindamanna um þetta efni séu ekki fyllilega nákvæmar því þær eru það ekki. En þær hafa þá vísindalegu kosti að vera ályktanir byggðar á mörgum vísindalegum athugunum og margþættum. Á hitt ber enginn brigður lengur, herra forseti — það er rétt að það komi skýrt fram. Það kom fram í athugun þeirrar nefndar sem ég stýrði og starfaði að, margoft síðan og raunar áður — að eftir að hvalveiðibann Alþjóðahvalveiðiráðsins hafði runnið fyrirhugað skeið og búið var að vinna úr þeim vísindalegu rannsóknum og athugunum sem farið var út í meðan það stóð, þá lá fyrir og er óumdeilanlegt að mati vísindamanna bæði íslenskra og annarra ríkja sem eru aðilar að þessu samstarfi, að hvalastofnar sem nýttir voru við Ísland þegar bannið gekk í gildi voru ekki ofveiddir, enginn þeirra. Það gekk ekki á neinn þessara stofna. Það liggur líka fyrir nú að þeir hafa allir vaxið og eins hinir sem áður voru verndaðir. Þetta er óumdeilt meðal vísindamanna. Þetta eru upplýsingar vísindamanna okkar sem hafa tekið þátt í samstarfi vísindamanna fjölmargra ríkja innan vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins og víðar. Þessar niðurstöður þeirra hafa svo oft komið fram, bæði hérlendis og í alþjóðlegum tímaritum um þessi efni, að hefðu einhverjir verið annarrar skoðunar, þá hafa þeir þegar haft mörg tækifæri til að láta þær í ljós. Margir vísindamenn annarra ríkja hafa tekið fram við mörg tækifæri að þeir telji þessar niðurstöður réttar, óhrekjandi og þeir beri engar brigður á þær. Ég tel því nauðsynlegt að við drögum ekki úr gildi þessarar vitneskju. Þetta er vitneskja eins góð og ábendingar annarra eða jafnvel sömu vísindamanna okkar um aðra stofna sem við nýtum reglulega og höfum stundum nýtt svo vel að við höfum þurft að draga úr nýtingunni.

Það er alveg ljóst að við verðum með starfi okkar við að undirbúa og framkvæma þá ályktun sem hér er lögð til að fá breytt afstöðu grannþjóða okkar því við höfum þá reynslu af vísindaveiðunum að við stundum ekki lengi hvalveiðar í andstöðu við þessi ríki og þær þjóðir sem þau byggja. Starfið sem við erum að segja og gefa í skyn að verði að vinna er því umtalsvert.

Herra forseti. Ég tel rétt að geta þess aftur að ef við hefjum ekki það starf að kynna málstað okkar í gegnum þau sambönd sem við höfum, íslensk fyrirtæki, í sjávarútvegi sem og öðrum greinum sem eiga viðskipti við almenning, samtök og ríkisstjórnir þessara ríkja, þá þurfum við sennilega að mæta svipuðum örlögum og við vísindaveiðarnar, að verða að hætta við. Það er versta mögulega niðurstaðan.

Herra forseti. Ég hvet eindregið til þess að við samþykkjum tillöguna og veitum henni gott fylgi. Ég geri mér grein fyrir því að mörg okkar hyggjast ekki gera það og telja á því meinbugi skoðana sinna vegna. Ég get virt þær skoðanir. Ég tel einfaldlega að það skipti okkur mjög miklu máli að vera samtaka og vinna að framkvæmd málsins í samræmi við það.

Herra forseti. Ég gæti margt fleira sagt um málið. Ég vil hvetja til þess að við tökum afstöðu í ljósi skynsemi og raka, við byggjum á grundvelli vitneskju og þekkingar en drögum úr þeim rökum sem eru flutt fram af tilfinningalegum toga. Þau munu ekki koma okkur langt áleiðis. Við höfum sennilega, rétt eins og þeir sem eru andmæltir okkur eða annarrar skoðunar, flutt slík rök einum og oft. Við eigum að hefjast handa og vinnan verður að vera vel undirbúin. Sá undirbúningur verður að standast í framkvæmd.

[16:32]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. minni hluta sjútvn. þar sem tekið er undir það viðhorf sem fram hefur komið

bæði hjá meiri hluta nefndarinnar og að ég hygg hjá flestum, ef ekki öllum alþingismönnum, að leggja beri áherslu á að nýta allar auðlindir sjávar á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda, þar með talda hvalastofna við Ísland.

Ég vil enn fremur segja í þessu sambandi að ég held að mjög nauðsynlegt sé fyrir okkur vegna stöðu okkar sem þjóðar sem byggir afkomu sína að stærstum hluta til á auðlindanýtingu að við tölum og högum máli okkar út frá nýtingarpólitík númer eitt og verndarpólitík númer tvö vegna þess að slík er afstaða okkar og nauðsyn. Ég held að það sé nauðsynlegt í ljósi þess hve mikilvæga hagsmuni við höfum af því að nýta auðlindir okkar og kalla fram viðurkenningu annarra þjóða á þessari sérstöðu okkar sem lýtur að þeim efnahagslegu hagsmunum sem við höfum af nýtingu auðlinda. Ég vildi, herra forseti, að þetta kæmi fram strax sem mín skoðun, en líka hitt að ef við ætlum að vinna okkur viðurkenningu sem þjóð sem þarf að lifa á nýtingu auðlinda, þá er ekki sama hvernig í málin er farið.

Í tillögugrein meiri hluta sjútvn. kemur fram að ályktun Alþingis frá 2. febrúar 1983 standi ekki í vegi fyrir því að hvalveiðar verði hafnar aftur við Ísland. Þessu er ég alveg sammála og skil í sjálfu sér ekki af hverju þarf að taka þetta fram. Ég hélt að hverjum manni væri ljóst að sú samþykkt sem Alþingi gerði — samþykkt um að mótmæla ekki eða gera ekki fyrirvara við samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins *um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni* — markaðist af því að við vorum innan Alþjóðahvalveiðiráðsins, en okkur öllum er jafnframt kunnugt um að þar erum við ekki lengur. Við sögðum okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1991 og þar með má segja að fyrirvari eða ekki fyrirvari við það sem þar hefur verið samþykkt hafi ekki mikið gildi á hinu háa Alþingi hvað varðar ákvarðanir okkar í hvalamálum — og þó reyndar, herra forseti. En ég bjóst kannski ekki við viðurkenningu á því úr þessari áttinni, vegna þess að staðreynd mála er auðvitað sú að við höfum á margvíslegan hátt viðurkennt lögsögu Alþjóðahvalveiðiráðsins jafnvel í málum okkar þó að við höfum staðið utan ráðsins. Ég held að okkur hafi orðið það ljóst mjög fljótlega eftir að við sögðum okkur úr ráðinu á þeim forsendum að ráðið færi ekki að vísindalegri ráðgjöf, að þó svo okkur hafi fundist sú niðurstaða ráðsins að leyfa ekki hvalveiðar að nýju óvísindaleg og ópólitísk, þá höfum við fljótlega áttað okkur á því að sú pólitík hafði með okkur og ákvarðanir okkar að gera og hefur haft allt fram á þennan dag, og hefur e.t.v. verið stærsta ástæða þess að við höfum ekki hafið hvalveiðar að nýju. Við höfum ekki einu sinni undirbúið að hefja hvalveiðar að nýju.

Ég get þess vegna ekki litið þannig á að með því að samþykkja tillögu meiri hlutans sé verið að upphefja einhverja samþykkt Alþingis frá 1983. Það er bara einfaldlega ekki inni í þeim ramma sem við ræðum málið núna. Hins vegar heyrist mér að einhverjum sé sáluhjálparatriði að geta litið svo á að með þessu séu menn að gefa einhverja yfirlýsingu sem breyti þeirri samþykkt. Ef við viljum breyta þeirri samþykkt eða hafa hana með öðrum hætti eigum við þá leið að ganga aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið með fyrirvara um núllkvótann eða bannið við hvalveiðum. Mér vitanlega hefur sú leið hins vegar ekki verið könnuð. Það ber að harma vegna þess að mér hefði fundist og finnst að nauðsynlegt hefði verið í þessari umræðu og við afgreiðslu tillögunnar að við vissum hverra kosta við ættum völ innan ráðsins en afskrifuðum það ekki með öllu. Það er líka skoðun margra að það sé óráð að hefja hvalveiðar utan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Og af því að menn vísa gjarnan í reynslu Norðmanna er ástæða til að benda á að Norðmenn eru innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Og það er innan Alþjóðahvalveiðiráðsins sem þeir hefja hvalveiðar sínar og stunda þær. Þegar menn eru að bera saman stöðu Íslands og stöðu Noregs verða menn líka að muna eftir þessu. Ég veit ekki hvort menn hafa viljandi gleymt því í dag, sumir hverjir, þegar þeir eru að bera saman stöðu þjóðanna en þetta skiptir geysilega miklu máli.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, samþykkti Alþjóðahvalveiðiráðið tímabundna veiðistöðvun á hvalveiðum í atvinnuskyni frá ársbyrjun 1986. Við nýttum ekki rétt okkar til að gera fyrirvara við þá samþykkt. Það bann átti síðan að endurskoðast í ljósi þess hvaða mat lægi fyrir á ástandi hvalastofna árið 1990 og framlag okkar til að sú niðurstaða mætti verða sem áreiðanlegust voru svokallaðar vísindaveiðar og lauk okkar þætti árið 1989 hvað það varðaði og síðan hefur ekki verið veiddur hvalur í atvinnuskyni við Ísland.

Þegar við sögðum okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu var ákveðið að stofna ný svæðissamtök eða búa til svæðisstjórn með Norðmönnum, Grænlendingum og Færeyingum, samtök sem nefnast NAMMCO, og má segja að við ætlum nú, ef þessi tillaga nær fram og framkvæmdarvaldið gerir eitthvað með hana, að hefja veiðar innan NAMMCO. Það er alveg ljóst að í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar er mælt fyrir um skyldu ríkja til samstarfs ef um nýtingu sjávarspendýra er að ræða.

Í Dagskrá 21 segir að sjávarspendýr séu nýtanleg auðlind og ástæða er til að velta aðeins vöngum yfir þeim texta sem þar er við hliðina á 2. mgr. í afgreiðslutillögu meiri hluta sjútvn. en þar stendur:

„Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda."

Og þá spyrjum við, herra forseti: Hvar eru þessar alþjóðlegu skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda? Jú, hugtakið „sjálfbær nýting" kemur inn í Dagskrá 21 þar sem segir að sjávarspendýr séu nýtanleg auðlind en það gleymist í umræðunni og því hefur ekki verið haldið til haga að í sama texta kemur líka fram að hafa verði samráð ríkja um þessa nýtingu og er það í samræmi við 65. gr. hafréttarsáttmálans, en í texta Dagskrár 21 segir líka að Alþjóðahvalveiðiráðið sé vettvangurinn til þess. Þess vegna vil ég endurtaka það, herra forseti, að ástæða er til að harma það að ekki hefur verið vilji til þess að ræða af alvöru um möguleika þess að Íslendingar gerðust aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu og við könnuðum hvaða möguleika við ættum innan ráðsins.

Mér finnst eins og þeir sem standa að meirihlutaálitinu hafi annaðhvort gleymt að lesa alveg í gegnum textann ellegar verið óafvitandi um hvaða alþjóðlegu skuldbindingar um er að ræða nema það beri að skilja textann þannig að í honum felist vilji til þess að gerast aftur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu til þess að við getum nýtt hvalastofnana í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda. Ég átta mig ekki alveg á hvað textinn merkir, en alltént verða menn að gera sér grein fyrir því að í þeim texta Dagskrár 21 þar sem fjallað er um sjávarspendýr sem nýtanlega auðlind, kemur fram bæði þetta með samráð ríkja um nýtinguna og að Alþjóðahvalveiðiráðið sé sá vettvangur sem mönnum beri að hafa samráð við.

Nokkuð hefur verið fjallað um þjóðréttarlega stöðu NAMMCO. Það kom mér satt að segja á óvart hversu afdráttarlaus sá lögfræðingur sjútvrn. var sem kom til að gefa okkur upplýsingar um þjóðréttarlega stöðu NAMMCO, þ.e. hversu afdráttarlausar yfirlýsingar hans um stöðu NAMMCO voru og að sú staða að við værum innan NAMMCO og NAMMCO væri sú svæðisstofnun sem nægði. Það kom mér á óvart m.a. vegna þess að mér var kunnugt um að til var ritgerð í forsrn. um þjóðréttarlega stöðu NAMMCO, sem þeir Davíð Þór Björgvinsson og Gunnar Schram tóku saman. Ég kallaði eftir þeirri skýrslu fyrir nefndina og af því að hv. þm. Árni Ragnar Árnason gat um það hér áðan að allar upplýsingar hefðu komið sem beðið var um, þá þykir mér leitt að þurfa að segja frá því að þessi skýrsla fékkst ekki. Hún var ekki kynnt í nefndinni eða send þangað. Það á reyndar við um aðra skýrslu líka sem ég bað um, skýrslu sem er til í utanrrn. um áhrif hvalveiða á íslensk utanríkismál. Sú skýrsla er frá því í apríl 1994 og þá skýrslu fengum við ekki heldur. Það er því ekki rétt að nefndin hafi fengið öll gögn sem beðið var um. Einhverra hluta vegna bárust þessi gögn ekki. Það hefði þó verið viðkunnanlegra að fá þau á vettvangi nefndarinnar til að geta vitnað í þau því að eins og menn skilja er erfiðara að vitna í gögn sem ekki hafa verið formlega afhent.

Ég ætla þó að leyfa mér að segja að ég hef vitneskju um að í þessari skýrslu um þjóðréttarlega stöðu NAMMCO mun koma fram að menn telja að staða NAMMCO sé ekki nægjanleg til þess að hægt sé að kalla hana svæðisstofnun, að samráð þar nægi ekki ef við ætlum að hefja hvalveiðar. Bara sú staðreynd, herra forseti, og þessar upplýsingar gera það að verkum að við hljótum að velta því fyrir okkur hvort það sé ekki nákvæmlega vinna í þessa veru, þ.e. skoðun á stöðu okkar innan NAMMCO en utan Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem verði að fara í fyrst hún hefur ekki verið unnin, vinna sem verði að fara í núna áður en menn stíga næstu skref á þessari hvalveiðibraut.

Nefnd sem starfaði undir forustu, hv. þm. Árna Ragnars Árnasonar, og skilaði tillögum sínum fyrir tveimur árum gerði það að tillögu sinni m.a. að kannað yrði hvaða kosti það hefði í för með sér fyrir okkur að gerast aðilar að ráðinu og það að ekkert liggur fyrir í þessum efnum er því miður eitt dæmið um það hversu slælega hefur verið unnið eftir þeim tillögum þó svo að ríkisstjórnin gerði þær að sínum .

Ein þessara tillagna var þess efnis að það þyrfti að styrkja NAMMCO og reyna að stuðla að því að fleiri ríki yrðu aðilar að þeim samtökum. Það er auðvitað augljóst af hverju það var, af hverju menn lögðu áherslu á það. Það var einfaldlega vegna þess að staða NAMMCO er veik og hæpin þjóðréttarlega þannig að menn sáu að ef það átti að nota NAMMCO sem svæðisstjórnunartæki, þá yrði að fjölga þeim ríkjum sem þar ættu aðild til þess að það yrði traustara og meira öryggi í því fyrir okkur að hefja hvalveiðar með það sem bakhjarl.

Menn tala mikið um það í þessari umræðu að samstaða þjóðarinnar sé mikil í þessu máli og það er alveg rétt. Ef þjóðin er spurð já/nei, þá hefur mikill meiri hluti sagt já. Þjóðin hefur hins vegar ekki verið spurð, að ég veit og ég vona að ég verði leiðrétt ef það er öðruvísi, hversu miklu hún væri tilbúin að kosta til. Ég hef hins vegar heyrt í fólki sem mundi segja, já, ef það væri spurt í skoðanakönnun: Viltu að Íslendingar hefji hvalveiðar? En ef því gæfist kostur á að segja en, þá mundi það líka gera það. Það segir mér, herra forseti, að sú samstaða sem menn tala um meðal þjóðarinnar í þessu máli gæti rofnað mjög fljótlega ef ekki er farið gætilega í sakirnar og hvert skref ígrundað vandlega. Vissulega væri hægt og er ugglaust mjög auðvelt að espa upp þjóðernismetnað í kringum þetta mál og að hluta til er það gert. Menn verða hins vegar aðeins að velta fyrir sér hversu langt þeir eru tilbúnir að leiða þjóðina á þeim forsendum og hversu miklu þeir eru tilbúnir til að fórna og nú ætla ég aftur að koma að samanburðinum við Norðmenn.

Það hefur aftur og aftur verið sagt í þessum sal, bæði nú og áður þegar þessi mál hafa verið til umræðu, að það að Norðmenn skyldu hefja hvalveiðar — það er talað um hvalveiðar. Þeir hafa reyndar ekki veitt annað en hrefnu — hafi ekkert skaðað þá, að enginn skaði sjáist af þeim veiðum. Menn hafa líka bent á að þetta hafi heldur ekki skaðað hvalaskoðun Norðmanna. Hins vegar hafa Norðmenn þurft að setja býsna mikla peninga og býsna mikinn mannskap í starf bæði til sóknar og varnar þessum veiðum sínum og málstað. Þær tölur sem ég hef lesið eru býsna háar, reyndar það háar, herra forseti, að ég er ekki viss um að við fengjum jafnháar tölur í skoðanakönnunum ef fólk vissi hversu miklu hefur orðið að kosta til, bæði í mannskap og peningum. Til þess að öll myndin sé fyrir framan okkur þegar tökum afstöðu þá held ég að það sé nauðsynlegt að við horfum til þess að enda þótt ferðamannastraumur hafi ekki minnkað að tiltölu — e.t.v. hefur samsetning ferðamannanna breyst — og þó að útflutningur hafi ekki minnkað — en hann hefur líka e.t.v. breyst og menn taka þá áhættu í hvoru tveggja — þá hefur norska ríkið þurft að bæta við í utanríkisþjónustu sinni yfir 40 manns, las ég einhvers staðar, vegna þessa máls, til kynningar og varnar. Sömuleiðis er um miklar fjárhæðir að ræða sem ég ætla ekki að fara með hér af því að ég er ekki með þær nákvæmlega við hendina, en ég mun leita þær uppi, herra forseti, og koma með þær ef eftir þeim er kallað. Þetta eru tölur sem liggja fyrir og menn geta leitað uppi og spurst fyrir um.

Hvað með hagsmuni þeirra sem verða fótgönguliðar ef illa tekst til með kynningu og við espum alþjóðasamfélagið upp á móti okkur í þessu máli? Hvað með stöðu fótgönguliðana? Þá er ég að tala um þá sem þurfa að taka við óánægjunni. Ég er að tala um ferðaþjónustuaðila. Ég er að tala um þá sem eru að selja okkur vöru. Ég er að tala um þá sem eru að selja flugferðir til Íslands. Ég er að tala um þá sem við getum kallað fótgönguliða í þessu dæmi. Þá sem taka við fyrstu óánægju. Hvað segja þeir? Eru þeir tilbúnir? Telja þeir sig nægjanlega vopnaða í þann slag sem hugsanlega skellur á fyrr en síðar bara vegna samþykktar tillögunnar, jafnvel þó að ekkert verði úr veiðum næstu tvö, þrjú ár, eða hvað? Nei. Þær upplýsingar sem við höfum eru þær að þessir aðilar telja sig ekki nægjanlega vopnaða í þennan slag. Þeir hafa satt að segja ekki mikla trú á því að ákvörðun um hvalveiðar verði þeirra atvinnugreinum til framdráttar.

Í dag hefur verið farið yfir það sem fisksölusamtök hafa sagt um þetta mál fyrr og síðar og reynt með dæmum að gera málflutning þeirra tortryggilegan. Ég held, herra forseti, að það sé samt fullkomlega réttmætt að hlusta á það hvað þessir menn eru að segja og það fólk sem starfar fyrir okkur á þessum viðkvæma markaði. Ég held að það sé fullkomlega réttmætt að hlusta á það og meta þeirra málflutning. Þetta eru einu sinni þeir aðilar sem gerst eiga að vita hvernig sá markaður er sem þeir starfa á og við hverju hann tekur.

Í ræðu minni ætla ég fyrst og fremst að fara yfir tvö atriði. Ég ætla annars vegar að tala um hvalaskoðun og hagsmuni þeirra sem selja hvalaskoðunarferðir á Íslandi. Hins

vegar ætla ég að fara yfir skoðanakönnun sem Ása Sigríður Þórisdóttir gerði og vann sem lokaritgerð til BA-prófs við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Markmið verkefnis hennar var að skoða viðhorf erlendra ferðamanna til hvalveiða. Hún samdi við ákveðnar ferðaskrifstofur og aðila innan Ferðaþjónustu bænda um að leggja fram spurningalista. Á spurningalistanum voru 16 spurningar, almennar spurningar sem sneru að bakgrunni þátttakenda auk ýmissa viðhorfsspurninga sem sneru að hvalveiðum. Listarnir voru þýddir á þrjú erlend tungumál, ensku, þýsku og frönsku og alls svöruðu könnuninni tæplega þúsund þátttakendur frá 23 þjóðum. Viðhorf einstakra þjóða voru skoðuð sérstaklega og sömuleiðis kynjaskipting. Aldursdreifing úrtaksins reyndist vera góð og var yngsti þátttakandinn sex ára og sá elsti 90 ára. Þátttakendur reyndust vera vel menntaðir og hafa háar tekjur. Þeir voru sem sé þeir ferðamenn sem okkur þykja eftirsóknarverðir, ef ég hef skilið ferðaþjónustuaðila rétt. Markmið verkefnisins var sem sagt að skoða viðhorf erlendra ferðamanna til hvalveiða og jafnframt að skoða með bakgrunnsspurningum hvort þar væri eitthvað sem skýrði viðhorf þátttakenda til hvalveiða.

Það kom í ljós að konur höfðu neikvæðari viðhorf til hvalveiða en karlar þó að munur væri ekki mikill og þegar viðhorf fimm stærstu þjóðanna í úrtakinu voru skoðuð, þ.e. viðhorf Þýskalands, Bretlands, Frakklands, Ítalíu og Bandaríkjanna. Þá kom í ljós að Þjóðverjar og Bretar voru andvígari hvalveiðum en hinar þjóðirnar þó þær væru allar andvígar hvalveiðum. Aldur og menntun virtist hafa takmarkað skýringargildi þannig að bakgrunnur þátttakenda virtist ekki hafa mikið að segja þegar spurt var um viðhorf til hvalveiða.

Herra forseti. Niðurstöðurnar voru mjög afgerandi. Fólk er almennt á móti hvalveiðum og nú erum við að tala um þá ferðamenn sem sækja Ísland heim. Það kom sem sagt í ljós að tæplega 80% ferðamanna sem fengu þessa spurningalista og svöruðu, voru á móti hvalveiðum almennt. Yfir 50% voru andvígir hvalveiðum í vísindaskyni og tæplega 70% voru á móti hvalveiðum Íslendinga, en augljóst er að viðhorfið hefur eitthvað mildast af því að þeir voru staddir á Íslandi þegar þeir svöruðu þessari könnun.

Herra forseti. Svona var þetta þegar kannaður er hugur ferðamanna sem staddir voru á Íslandi sumarið 1998. Tæplega 80% þeirra ferðamanna sem tóku þátt í þessari könnun voru á móti hvalveiðum almennt, en eins og kom fram þá var henni dreift víða, bæði ákveðnar ferðaskrifstofur og aðilar innan ferðaþjónustunnar tóku að sér að leggja listana fyrir. Mér finnst því ekkert sérkennilegt, herra forseti, þó ferðaþjónustuaðilar séu ekki tilbúnir til þess, með þessa vitneskju í farteskinu, að samþykkja að hvalveiðar séu mjög mikilvægar. Mér finnst satt að segja afskaplega skiljanlegt að þeir gjaldi varhug við ákvörðunum sem að þeirra mati gætu stefnt uppbyggingarstarfi og hagsmunum þeirra í tvísýnu. Nú vil ég endurtaka það að þess vegna er svo mikilvægt hvernig í málið er farið. Það er mikilvægt að við gerum þetta þá rétt og vel til þess að spilla ekki hagsmunum þeirra sem þeirra eiga að gæta.

Svo aftur að hvalaskoðuninni. Það kemur í ljós að ferðamönnum sem nýta sér tilboð um hvalaskoðun hefur fjölgað ótrúlega. Síðasta sumar voru ferðamenn sem nýttu sér tilboð um hvalaskoðun komnir yfir 30 þúsund og hafði þá tala þeirra margfaldast á nokkrum árum. Og það kemur í ljós að þessi afþreying er mjög vinsæl og menn almennt ánægðir, enda nánast 100% árangur, því það er undantekning ef farin er hvalaskoðunarferð og ferðamenn sjá ekki hval. Það væri fróðlegt, herra forseti, að skoða samanburð á hvalaskoðunarferðum á Íslandi og frá Noregi einmitt út frá þessum sjónarhóli.

En það er einmitt kannski lykilatriðið hjá okkur að við sýnum hrefnur. Við erum að sýna hvali nálægt landi, inni á Eyjafirði, inni á Skjálfanda og sýnum hrefnur inni á fjörðum. Það eru oft hnúfubakar líka inni á fjörðum og við sýnum allar þær hvalategundir sem hægt er að komast í tæri við með því að sigla tiltölulega stuttar vegalengdir. Þetta eru ekki mjög langar ferðir og ekki þarf að fara yfir mikið flæmi.

Í Noregi er þetta hins vegar þannig að þeir sýna ekki hrefnu, þeir veiða hana. Þeir þurfa að fara mun lengra til þess að sýna hvali og eru að sýna búrhvali við landgrunnskant þannig að hvalaskoðun þeirra er öðruvísi en sú hvalaskoðun sem við bjóðum upp á. Ég held að rétt sé að hafa þetta í huga líka þegar við erum að bera saman Noreg og Ísland ef við viljum hafa alla myndina.

Ég er ekkert hissa á því, herra forseti, þó að þeir aðilar sem hafa verið að byggja upp með ærnum tilkostnaði og markaðsstarfi þær hvalaskoðunarferðir sem hafa verið að skila árangri á Íslandi, hafi áhyggjur af því að þessu verði raskað með veiðum. Menn eru ekkert sammála um hvort þetta geti farið saman. Ég held að dæmið frá Noregi segi okkur að hrefnuveiðar og sýning á hrefnum fari ekki saman. Og ég hef heyrt frá þeim aðilum sem sýna hvali að hafi það gerst að hvalur hafi verið veiddur, en einhver brögð hafa nú verið að því, þá telja menn víst að af því séu nánast samtímis einhver fælingaráhrif. Ég held því að full ástæða sé til að skoða það mjög vandlega hvernig menn ætli að vernda hagsmuni þeirra sem eru í hvalaskoðun og þeir hagsmunir eru orðnir býsna miklir og væri áhugavert að stilla þeim upp við hliðina á hagsmunum þeirra sem hafa veitt hrefnu eða vilja veiða hrefnu, og að menn tækju afstöðu til þess hvernig þeir vilja þá haga bæði veiðum og skoðun þannig að það skerði ekki hagsmuni þeirra sem nú eru búnir að byggja sig upp í þessari atvinnugrein.

Mér finnst það vera svolítil einföldun á veruleikanum að segja að þetta geti farið saman án þess að það sé kannað mun betur en verið hefur og þess vegna vil ég leggja áherslu á það, herra forseti, að það sé eitt af því sem virkilega verði skoðað við undirbúning hvalveiða, ef menn fara í það að framkvæma þá tillögu sem hér liggur fyrir. Og ég segi enn „ef" vegna þess að eins og komið hefur fram í umræðunni í dag var nefnd að störfum sem samþykkti tilteknar tillögur sem ríkisstjórnin gerði að sínum en gerði síðan ekkert með. Nú erum við að samþykkja tillögu sem framkvæmdarvaldið á síðan að sjá um að hrinda í framkvæmd og vinna eftir og ég er ekki enn þá farin að sjá af hve miklum krafti verður farið í þá vinnu eða hvaða þátta verður gætt en ég tel ástæðu til þess, herra forseti, að tíunda þá þætti sem ég tel mikilvægt að skoða. Og þetta er sannarlega einn af þeim þáttum, þ.e. hvernig við ætlum að láta hvalaskoðun og hvalveiðar fara saman, vegna þess að hrefnan er áreiðanlega það dýr sem í báðum tilfellum er nærtækast bæði hvað varðar veiðar og skoðun.

Menn tala um storm í vatnsglasi þegar um þetta er að ræða. Einn hv. þm. talaði áðan um storm í vatnsglasi um það sem þeir aðilar væru að segja sem hefðu einhverjar efasemdir um ágæti þess að hefja hvalveiðar að nýju. Ég er ekki viss um að réttmætt sé að tala um storm í vatnsglasi þegar við erum að tala um jafnvel lífshagsmuni margra fjölskyldna

og framtíðarmöguleika heilla atvinnugreina. Ég vil taka það mun alvarlegar, og ég held að við ættum öll að gera það, vegna þess að það skiptir verulegu máli hvernig farið er í þessa hluti ef við ætlum ekki að tapa meiru en við ávinnum.

Ég held að líka sé rétt að við horfum aðeins til þess hvaða ávinningur eða tap kunni að verða af hvalveiðum að öðru leyti á alþjóðavettvangi. Eins og kemur fram í nál. minni hluta sjútvn. er andstaða náttúruverndarsamtaka mikil gegn hvalveiðum, og hér segir, með leyfi forseta:

„Andstaða við hvalveiðar er meðal vinsælustu mála umhverfissamtaka og þeim vex ásmegin þegar umræða um hvalveiðar stendur sem hæst. Um árabil hafa umhverfissamtök barist gegn hvalveiðum og notið til þess mikils fjárhagslegs styrks. Þá er til þess að líta að í nokkrum þeirra ríkja sem skipta okkur miklu máli í viðskiptalegu tilliti er stefna stjórnvalda styrkur fyrir þessi samtök."

Mörg umhverfissamtök eru á móti hvalveiðum. Sum eru á móti hvalveiðum sem fara fram utan Alþjóðahvalveiðiráðsins og líta á slíkar veiðar sem sjóræningjaveiðar. Þess vegna er það sérstakt áhyggjuefni og ætti að vera sérstakt íhugunarefni fyrir ríkisstjórnina og þá aðila sem hyggjast standa að málum eins og hér er lagt til, hvort við teljum það ímynd Íslands til framdráttar að ganga í málið eins og hér liggur beinast við að álykta, þ.e. að hefja veiðar utan Alþjóðahvalveiðiráðsins og fá á okkur þann sjóræningjastimpil sem því gæti fylgt meðal þeirra þjóða sem við þó viljum að líti til okkar í nokkurri vinsemd.

Ég ætla að nefna það í leiðinni, herra forseti, að mér fyndist ástæða til að hafa af því nokkrar áhyggjur þegar við á nokkrum vikum afrekum það annars vegar að ákveða að hefja hvalveiðar utan Alþjóðahvalveiðiráðsins og hins vegar að ákveða að skrifa ekki undir Kyoto-bókunina. Mér finnst *þetta dálítið mikið í einu, ég verð að segja það rétt eins og er.* Mér finnst þetta ótaktískt af þjóð sem vill láta meta sig sem náttúruverndarþjóð og vill láta líta til sín sem þjóðar sem kann að nýta auðlindir sínar með sjálfbærum hætti og vernd. Ég held að við verðum, vegna þess hve utanríkisviðskipti eru okkur mikilvæg, að horfa til þess hvernig aðrar þjóðir líta á það sem við aðhöfumst í þessum málaflokki, og þó svo að við lítum ekki á hvalveiðar sem umhverfismál númer eitt þá verðum við að horfa til þess og viðurkenna að það gera ýmsar aðrar þjóðir. Og þær hafa rekið sinn andróður og stutt náttúruverndarsamtök á þeim grunni að hér væri um umhverfismál að ræða.

Herra forseti. Að þessu tvennu samanlögðu þá óttast ég að við séum að setja okkur í erfiða stöðu innan samfélags þjóðanna, stöðu sem ég óttast að við eigum erfitt að fá viðurkenningu á, þá viðurkenningu sem við þurfum á að halda af því, eins og ég hóf mál mitt á, herra forseti, að okkur er svo mikilvægt að fá viðurkenningu sem þjóð er lifir á nýtingu auðlinda og þarf að vera með nýtinguna í fyrsta sæti en vernd í öðru. Farsæl og sjálfbær nýting leiðir verndina af sér ef rétt er á málum haldið.

Í umræðunni hefur komið fram, og hélt hv. þm. Guðjón Guðmundsson þeim málstað til streitu, að vöxtur og viðgangur hvalastofna hefðu mikil áhrif á fiskigengd og fiskveiðar. Hv. þm. vitnaði síðan til vísindamanna Hafrannsóknastofnunar um það að ef við hæfum ekki hvalveiðar þyrftum við í *nánustu framtíða að skera niður fiskveiðar. Mér finnst þetta* dálítið glannalega sagt, þótt við gerum okkur öll grein fyrir samhengi lífríkisins þar sem hver étur annan, þá held ég að það séu einhver hæpnustu rökin til að hefja hvalveiðar á, að við þurfum að veiða hval til að geta veitt meiri fisk. Ég held að hægt væri að fá viðurkenningu miklu fyrr á því að við hæfum hvalveiðar í atvinnuskyni af því að það væri menningarleg nauðsyn, það væri beinlínis efnahagsleg nauðsyn, þetta væri hluti af okkar kúltúr o.s.frv. Við værum margoft búin að fá viðurkenningu á því áður en það yrði samþykkt að við þyrftum að fara í markvissa grisjun á hvalastofninum til að geta veitt meiri fisk.

Inn í þetta samhengi vil ég gjarnan að það komi fram að til þess að veiðar, t.d. á hrefnu, hefðu einhver áhrif á fiskstofna þyrftum við að veiða líklega sjö-, áttfalt meira af hrefnu en við veiddum þegar veiðarnar voru sem mestar. Sem segir okkur það, herra forseti, að hrefnuveiðar okkar hafa aldrei haft neitt að segja hvað varðaði fiskveiðar. Þær höfðu aldrei neitt að segja því þær voru alltaf svo takmarkaðar. Það hefur ekkert að segja varðandi fiskigengd og möguleika okkar á fiskveiðum hvort við veiðum 200 hrefnur eða ekki. Það hefur ekkert meira að segja en ef við veiddum bara 30 hrefnur.

Ef við ætlum hins vegar að grisja hvalastofnana það heiftarlega að það fari að hafa merkjanleg áhrif þá þyrftum við að fara upp í á milli eitt og tvö þúsund dýr, kannski nær tvö þúsund.

Sjá menn það fyrir að eftir slíkt blóðbað — ég leyfi mér að orða það þannig — tækist okkur að halda uppi vinsamlegum samskiptum og viðskiptum við þau lönd sem hér voru sérstaklega tilgreind í þeirri könnun sem ég greindi frá áðan? Ég sé það ekki fyrir. Ég held að þjóð sem býr við það ríkidæmi í raun og veru sem okkar þjóð býr við og þær aðstæður sem við búum við, fengi seint viðurkenningu á slíkum aðförum. Ég held einfaldlega að við verðum að viðurkenna að staða okkar til að fara í slíkar veiðar í slíku magni er það erfið að þau rök eigi ekki við í þessari umræðu um hvalveiðar. Og ég held satt að segja að það beri að varast þau.

Herra forseti. Ég held að ég sé nokkurn veginn búin að fara yfir þau álitamál sem ég taldi ástæðu til að koma með inn í umræðuna. Mér finnst sú afgreiðslutillaga sem hér liggur fyrir að ýmsu leyti býsna hæpin. Ég hefði talið heppilegra að farið hefði verið að tillögum þeirrar nefndar sem ríkisstjórnin gerði að sínum vorið 1997, t.d. í því efni að reyna að móta pólitíska samstöðu um þetta mál á Alþingi. Það var ekki gert. Það hefði líka verið ástæða til, herra forseti, að skoða þjóðréttarlega stöðu þeirrar svæðisstofnunar sem mér sýnist helst að menn ætli að treysta fyrir málum sínum. Það hefði verið rétt að hafa samráð við helstu útflytjendur og aðra aðila sem eiga mikilla viðskiptahagsmuna að gæta og taka tillit til sjónarmiða þeirra. Og ég held að viturlegt hefði verið að vera búinn að gera þá áætlun, sem auðvitað þarf að gera, um það hvernig hagkvæmast og árangursríkast verði staðið að fræðslu- og kynningarstarfi um málstað Íslands á erlendum vettvangi, m.a. gagnvart umhverfissamtökum. En það hefur ekki verið gert.

Í tillögu meiri hluta sjútvn. segir að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, m.a. með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Það er mikilvægt en ég endurtek, herra forseti, að ég hefði kosið að sjá eða vita af vel útfærðum tillögum um hvernig fara eigi í þessi mál. Slík áætlun er því miður ekki fyrir hendi og gerir það málið allt veikara.

Svo ég dragi saman, herra forseti, það sem ég hef reynt að koma hér á framfæri þá er það þetta: Það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að geta nýtt allar okkar auðlindir. Það er mikilvægt að við höfum viðurkenningu alþjóðasamfélagsins

á því vegna þess að við lifum af auðlindanýtingu og megum ekki við miklum áföllum í þeim efnum. En einmitt af því að staða okkar er viðkvæm er mikilvægt að þegar ákvarðanir eru teknar, sem eru líklegar til að kalla á mótmæli og óróa í alþjóðasamfélaginu, að menn vandi til verka og undirbúi vel það sem þeir eru að gera. Gæta þarf þess að skaða ekki hagsmuni þeirra sem gengur vel við óbreytt ástand, ekki með því að viðhalda óbreyttu ástandi heldur með því að sem flestir geti lifað við þær breytingar sem verða. Það er mikilvægt að við stígum hvert skref þannig að það sé örugglega áfram en ekki aftur á bak.

Ég óttast að með því að samþykkja tillögu um að hefja hvalveiðar einhvern daginn, án þess að hafa nokkuð í höndunum, séum við að bjóða upp á stríð sem við séum dæmd til að tapa. Menn hafa sagst ætla að taka slaginn, eins og menn hafa orðað það hér í dag, án þess að vita nákvæmlega um hvað hann á að snúast. Við ætlum að hefja hvalveiðar, segja menn. Ætla þeir síðan að reyna að útskýra það? Ætla menn að byrja á að hopa eða sækja? Hvernig ætla menn að haga vörn og sókn? Svör við því hafa ekki enn þá fengist. Ég hefði viljað fá þau svör, herra forseti, áður en þessi tillaga kæmi til afgreiðslu hér.

[17:18]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur var tíðrætt um þá sem hefðu veitt umsögn um málið. Mig langar aðeins að rifja upp og ég held ég muni það rétt, þegar ég skoða í huga mínum svörin frá þeim er í sjávarútvegi starfa eftir að hafa verið inntir eftir skoðun þeirra á þessu máli, að aðeins Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hafi lagst gegn því að veiðar á hval skyldu hafnar.

Þá vakti einnig athygli mína að þeir sem eiga fyrirtækið SH hvöttu eindregið til þess að hefja hvalveiðar. Þeir biðja um að hvalveiðar verði hafnar. Útvegsmenn um allt land, LÍÚ, Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannasambandið, vélstjórafélögin, verkalýðsfélögin vítt og breitt um landið o.s.frv., allir þessir aðilar óska þess að hvalveiðar hefjist.

Mig langar til að spyrja hv. þm., vegna þess hvernig hún talaði um þessi mál: Finnist henni ekki dálítið sérstakt að við skulum fá bréf frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem varar við hvalveiðum, en að þeir sem eigi fyrirtækið biðji um að hvalveiðarnar verði hafnar? Það er ekki mikill samhljómur í svona málflutningi.

[17:20]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um það hversu tíðrætt mér varð um umsagnaraðila. Ég var fyrst og fremst að tala máli þeirra sem hafa áhyggjur af tillögunni sem hér liggur fyrir, tillögu meiri hluta nefndarinnar. Ég lít svo á að tillaga meiri hluta nefndarinnar sé í samræmi við þá umsagnaraðila sem hv. þm. taldi upp hér áðan, þannig að þeir hafi átt málsvara hér í umræðunni.

Spurt var hvort mér fyndist sérkennilegt að SH hafi aðra skoðun en eigendur fyrirtækisins. Ég sagði áðan að þeir sem stæðu að sölu á afurðum okkar þekktu líklega gerst þá markaði sem þeir vinna á, vita hvað þeir þola og þekkja e.t.v. líka þá hagsmuni sem í húfi eru. Það kann að skýra það misræmi sem þarna er á skoðunum manna. Ég þori hins vegar ekki að geta mér til um hin dýpri rök þess að eigendur fyrirtækis og forsvarsmenn eru ekki samstíga í umsögnum sínum.

Hitt er ljóst að ég hygg að um ýmis fyrirtæki og samtök á Íslandi eigi við það sama og um einstaklingana, þ.e. menn eru tilbúnir til að lýsa yfir stuðningi við hvalveiðar. Ég veit hins vegar ekki hver svörin yrðu ef menn þyrftu að fórna miklu fyrir það. Ég get ekki gert mér það í hugarlund. Ég hygg hins vegar að þeir sem vara við sjái fyrir sér að veiðarnar gætu orðið til að skaða hagsmuni Íslendinga.

[17:22]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vekur auðvitað athygli manns þegar maður verður þess áskynja að aðeins eitt fyrirtæki, þó stórt sé í útflutningi, leggst gegn því að við hefjum hvalveiðar. Við heyrum ekki mótmæli frá Íslenskum sjávarafurðum eða SÍF. Við vitum það að í mjög vaxandi mæli eru ýmis fiskvinnslufyrirtæki sjálf að eflast og styrkjast í markaðssókn erlendis, selja undir sínum eigin merkjum. Það er hin mikla breyting sem orðið hefur og er okkur auðvitað mikill stuðningur í þeirri baráttu og kynningarstarfi sem fara þarf fram.

Auðvitað er mér ljóst að þetta geti orðið okkur erfitt. Ég segi það hins vegar hér og nú og hef alla tíð haldið því fram að við verðum að hefja hvalveiðar. Við gerum það auðvitað eftir þeim tillögum okkar færustu vísindamanna, fiskifræðinga, um það hvernig sækja megi í þennan stofn. Það er ekkert öðruvísi en með aðra stofna sem í hafinu eru.

[17:23]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við verðum að hefja hvalveiðar, segir hv. þm., og undir það tel ég að flestir hafi tekið. Ég held að ágreiningurinn standi miklu fremur um hvernig eigi að hefja hvalveiðar. Ég held að við séum öll sammála um að við þurfum að halda vel á þeim rétti að nýta auðlindir okkar og það sé lífshagsmunamál okkar allra.

Við getum hins vegar ekki sagt, mér finnst það ábyrgðarleysi að segja: Við förum í hvalveiðar hvað sem það kostar. Ég trúi því ekki að nokkur maður hér inni sé tilbúinn að halda slíku fram, við verðum auðvitað að gæta þess að þau skref sem við stígum séu til farsældar fremur en hitt. Til þess að svo megi verða þurfum við að taka tillit til ýmissa hagsmuna og vanda allan undirbúning. Það er ekki sama hvernig þetta er gert. Ég er hins vegar viss um að ef við vöndum okkur við þetta þá getum við náð árangri.

Ég óttast að sú tillaga sem hér liggur fyrir sé ekki ávísun á árangur. Ég reyndi að gera grein fyrir því í ræðu minni.

[17:24]

Útbýting þingskjala:

Hafnarframkvæmdir 1997, 602. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1089.

Könnun á hagkvæmni virkjunar Fjarðarár í Seyðisfirði, 597. mál, þáltill. ArnbS o.fl., þskj. 1061.

[17:25]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill taka fram, til upplýsingar fyrir hv. þm., að ekki verða fleiri atkvæðagreiðslur á þessum sólarhring en stefnt er að því að ljúka dagskrá þeirri sem fyrir fundinum liggur.

[17:25]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það eru fyrst og fremst tvær tegundir dýra sem raska verulega ró hv. þm. og valda með nokkuð reglu-

legu millibili uppnámi og ýfingum milli manna. Alltaf snýst málið um að drepa þessi dýr, fækka þeim. Þarna á ég annars vegar við hina eðlu skepnu refinn, þann ferfætta að sjálfsögðu. Í lok síðasta löggjafarþings stóð til að afgreiða tillögu þess efnis að heimilt yrði að skjóta ref í friðlandinu á Hornströndum. Reyndar er enn slík tillaga í umhvn., sem sennilega verður þó ekki afgreidd á þessu þingi. Vonandi gefst því enn ráðrúm til að sinna nauðsynlegum rannsóknum á dýralífi í friðlandinu Hornströndum, einkum refnum, lífsháttum hans og þeim áhrifum sem hann hefur í lífríkinu þar.

Hins vegar er það hvalurinn sem hér er kominn á dagskrá öðru sinni á þessu þingi. 1. umr. var í nóvember sl. og nú hefur meiri hluti sjútvn. náð samstöðu um afgreiðslu málsins *eftir miklar umræður í nefndinni*. Þjóðin hefur fylgst með gangi mála og raunar hefur umræðan borist víða um heim því það er ekkert einkamál okkar Íslendinga hvort við veiðum hval eða ekki. Svo er ekki, bæði vegna þess að samkvæmt hafréttarsáttmálanum ber að hafa alþjóðlegt samráð í þessu efni og svo vegna hins að ákvörðun um hvalveiðar getur haft afdrifaríkar afleiðingar á samskipti okkar við okkar helstu samstarfs- og viðskiptaþjóðir.

Það er umhugsunarvert hvernig þessa tillögu ber að höndum. Ellefu stjórnarþingmenn leggja hana fram ásamt einum úr stjórnarandstöðu. Reyndar voru hlutföllin upphaflega tíu stjórnarliðar og tveir úr stjórnarandstöðu en annar þeirra stjórnarandstæðinga skautaði yfir í stjórnarliðið fyrir síðustu jól.

Þessir þingmenn fluttu þessa tillögu um að hvalveiðar skyldu hafnar þegar á þessu ári. Í raun voru ekki tiltekin önnur skilyrði fyrir því en að veiddar yrðu tvær tegundir innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnun legði til. Þar með má með nokkrum sanni segja að þeir hafi tekið málið úr höndum ráðherra, sem sérstakur starfshópur hafði falið að vinna að málinu á ákveðnum forsendum.

Starfshópurinn skilaði áliti og tillögum í febrúar fyrir tveimur árum. Þar setti hópurinn fram tillögur í átta liðum um hverjar ættu að vera næstu aðgerðir í málunum og í hvaða röð. Fyrsta atriðið var að leitað yrði eftir pólitískri samstöðu um að afgreiða á Alþingi ályktun um að hefja nýtingu hvalastofna hér við land hið fyrsta og um að ríkisstjórninni skyldi falið að undirbúa það.

Nú veit ég ekki hversu langt var gengið af hálfu hv. flutningsmanna í því að leita eftir pólitískri samstöðu. Ég verð a.m.k. ekki vör við það en skal ekki um það segja hvort það hefði tekist, a.m.k. ekki á þeim nótum sem sú tillaga var orðuð sem var lögð hér fram.

Ýmislegt fleira kom fram í tillögum þessa hóps sem skipti talsverðu máli og hefði átt að taka tillit til við undirbúning þess að hvalveiðar yrðu hafnar ef það hefði orðið niðurstaðan en minna hefur orðið úr framkvæmdum. Þó má segja að í framhaldi af þessu starfi og niðurstöðu nefndarinnar ákvað sjútvrh. að útvíkka nefndina, stækka hana, skipa hana fulltrúum allra þáverandi þingflokka á Alþingi og fela þeirri nefnd að fylgjast áfram með gangi mála. Svo vill til að sú sem hér stendur var einn þeirra fulltrúa sem hlotnaðist sá heiður að bætast í þennan merka hóp. Er skemmst frá því að segja að starf nefndarinnar nær varla máli. Hún mun hafa hist einu sinni svo ég a.m.k. hafi verið kölluð til og það er allt starfið á því eina og hálfa ári eða svo sem liðið er síðan ég var skipuð í nefndina. Það segir kannski nokkuð um raunverulegan áhuga og vilja stjórnvalda á því að hrinda málinu yfir á eitthvert framkvæmdastig.

Nú má kannski segja sem svo að einmitt þess vegna hafi verið eðlilegt að þingmenn reyndu með þessum tillöguflutningi að þrýsta á framkvæmdarvaldið þar sem þeim hafi þótt það fylgja linkulega eftir þessu hjartans máli þeirra.

Sannarlega er ástæða fyrir tregðu stjórnvalda til að stíga það skref að heimila hvalveiðar að nýju, jafnvel í litlum mæli. Fyrir því er sannarlega ástæða og það fleiri en ein og fleiri en tvær.

Það er reyndar svo að nokkuð hefur verið aðhafst í þessu máli, a.m.k. ef marka má þær upplýsingar sem við fengum á þeim eina fundi sem nefndin sat þar sem við fengum upplýsingar um að fulltrúar ríkisstjórnarinnar hefðu farið eitthvað um heiminn og reynt að kynna málstað Íslendinga, skýra málstaðinn og reyna að snúa áliti yfirvalda annarra landa sem þeir höfðu samband við. Þeir komust vitanlega að þeirri niðurstöðu að það væri býsna stórt verkefni og erfitt og álitamál að það svaraði kostnaði að vinna það. Ég held að það sé einfaldlega niðurstaðan sem menn hafi komist að í þessu efni.

Við erum að tala um geysilega mikla hagsmuni og það vita það allir að með því að hefja hvalveiðar værum við að setja mikla hagsmuni í hættu fyrir lítinn ávinning, jafnvel engan. Jafnvel með því einu að Alþingi samþykkti yfirlýsingu eða þá tillögu sem er um að ræða þess efnis að við ætlum að hefja hvalveiðar, jafnvel með því einu værum við að hætta meiri hagsmunum fyrir minni. Það er skoðun mín.

Þetta er ekkert einfalt mál, herra forseti. Menn geta ekki bara barið sér á brjóst og sagt að auðvitað séu Íslendingar sjálfstæð þjóð og láti ekki útlendinga segja sér fyrir verkum hvað þeir megi veiða og hvað ekki. Málið er ekki svona einfalt. Við erum nefnilega ekki ein í heiminum þótt svo mætti stundum ætla að einhverjir telji að svo sé. Við fáum um þrjá fjórðu hluta útflutningstekna okkar fyrir sjávarafurðir og ferðaþjónustu en það eru einmitt þessar atvinnugreinar sem eru í mestri hættu. Það er hins vegar alveg óvíst og raunar ólíklegt að við gætum hagnast á hvalveiðum svo nokkru nemi. Við getum ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að við höfum ekki umheiminn með okkur í þessu máli og það vill bara svo til að við þurfum á umheiminum að halda. Við þurfum í vaxandi mæli á umheiminum að halda, ekki bara á sviði viðskipta, heldur ekki síður og í vaxandi mæli á sviði umhverfismála og þar liggja kannski okkar stærstu hagsmunir í þessu efni. Mengun virðir engin landamæri er oft sagt, og okkur er gríðarlega mikilvægt, og ekki bara mikilvægt heldur nauðsynlegt að eiga samstarf við aðrar þjóðir um aðgerðir til að vernda bæði loft og haf gegn mengun af ýmsu tagi.

Við þekkjum hvernig hefur verið haldið á málstað okkar í þeim samningum sem unnið hefur verið að í sambandi við loftslagsbreytingar. Mætti hafa um það langt mál sem ég ætla þó ekki að gera nema að því leyti að ég tel að framganga ráðamanna í því efni hafi orðið okkur álitshnekkir sem við höfum í rauninni ekki efni á.

Að því er varðar mengun hafsins hafa fulltrúar okkar staðið sig mjög vel að mínum dómi. Þeir hafa staðið sig þar mjög vel, haldið fast og vel á málum. Þar eru á ferðinni afar mikilvægir hagsmunir og brýnt að ekkert skyggi á málstað okkar í því efni. Þetta er stærsta og mikilvægasta áhyggjuefnið að mínu mati þegar reynt er að vega og meta áhrif þess að hefja hvalveiðar í einhverjum mæli. Auðvitað er það satt

sem hefur margsinnis komið fram í umræðunum í dag að aðeins er um mat að ræða og menn hafa misjafnar forsendur til þess að draga ályktanir í þessu efni. Alltaf er erfitt að spá um framtíðina var sagt og það gildir auðvitað um þetta en við höfum ýmsar forsendur að byggja á.

Rétt er að taka fram að ég er sammála því að hvalastofnar hér við land þola einhverja veiði. Þá er ég fyrst og fremst að tala um hrefnuna. Það er ekki svo að ég telji að hvalastofnar hér við land séu í hættu vegna ofveiði, þeir séu í útrýmingarhættu eða eitthvað slíkt. Það er ekki málið. En ég er fyrst og fremst að tala um hrefnuna sem ýmislegt er vitað um og hún þolir áreiðanlega veiði en það er bara ein hlið málsins.

Önnur er t.d. hvað á að gera við aflann, hverjum á að selja kjötið? Hverjir eiga að neyta kjötsins? Talsmenn hvalveiða gera mjög lítið úr þessum spurningum og segja að það komi bara í ljós þegar farið er að veiða, það sé bara mál þeirra sem eiga að selja kjötið. En þá er bara skaðinn skeður, herra forseti. Áreiðanlega selst eitthvað af hrefnukjöti innan lands og það vill svo til að það er ansi oft hægt að fá hrefnukjöt í búðum hér á landi hvernig sem á því stendur svo að það er ekki svo að hrefna sé alls ekki veidd á Íslandi. En það er ekki stór markaður enda vantar okkur ekki kjöt. Okkur vantar ekki kjöt hér innan lands. Við eigum fullt í fangi með að torga öllum öðrum tegundum kjöts sem framleiddar eru í landinu og varla ástæða til að þjarma meira að sauðfjárbændum en gert hefur verið. Ætli þeim kæmi ekki bara betur að við værum ekki að bæta enn á tegundir kjöts á innanlandsmarkaði? Umheimurinn bíður ekki eftir hvalkjöti. Ég held að það megi fullyrða. Hann bíður ekki eftir hvalkjöti frá Íslandi, það er alveg morgunljóst.

Menn hafa verið að ala á draumum um útflutning á hvalkjöti og hugsanlegum útflutningsverðmætum, jafnvel upp á einhverja milljarða, 2 milljarða, ef ég man rétt úr fyrri umræðum um þetta mál. Einhvern tíma heyrðist líka talað um 200 störf á ársgrunni en það er bara reikningsdæmi sem á meira skylt við draumóra en raunsæi. Ég held að ekki sé nokkur leið að rökstyðja það eða nokkur líkindi til þess að þær tölur eigi við raunveruleika að styðjast. Norðmenn hafa ekki getað selt hvalkjöt til útlanda eða ekki viljað láta á það reyna og birgðir hlaðast upp hjá þeim þótt veiðin sé enn takmörkuð. Ég veit reyndar ekki hvernig það mál stendur núna en þeir hafa kosið að fara mjög varlega og eru þeir þó í allt annarri stöðu en við Íslendingar. Þeir eru aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Þetta er aðeins örlítill hluti af atvinnulífi þeirra og útflutningstekjum ef út í það væri farið þannig að þeirra staða er allt, allt önnur en okkar. Það er alrangt að hægt sé að bera stöðu okkar saman við stöðu Norðmanna.

Það eru harla lítil líkindi til þess að Japanar vilji hætta öðrum meiri hagsmunum í viðskiptum við Bandaríkjamenn með því að kaupa kjöt héðan. Bretar eru mjög staðfastir gegn hvalveiðum, Þjóðverjar sömuleiðis. Ég minnist þess t.d. að ég fór á fund í breska utanrrn. fyrir þremur árum ásamt öðrum íslenskum þingmönnum og þar viðurkenndu embættismenn að vissulega væru vísindalegar forsendur fyrir því að veiða hvali en hvað sem því liði væri almenningsálitið eftir og þeir voru ekki bjartsýnir á að það svaraði kostnaði eða fyrirhöfn að fara að reyna að breyta því. Það mundi verða allt of mikið mál til þess að menn væru líklegir til að standa í því. Ætla menn virkilega að skella skollaeyrum við þessum sjónarmiðum?

Stóra spurningin í málinu er auðvitað sú hvort sá litli markaður sem fyndist hugsanlega erlendis fyrir hvalkjöt skipti meira máli fyrir þjóðarbúið en markaður fyrir aðrar afurðir sjávarafurða sem væri hugsanlega stefnt í voða. Við erum ekki að tala um eitthvað óljóst í þessu efni því að það hafa komið fram fullyrðingar og viðvaranir erlendis frá sem við hljótum að taka mark á. Við erum ekki bara að tala um markaði fyrir matvæli heldur einnig á sviði ferðaþjónustu og þar eru engir smávegis hagsmunir í húfi. Hv. síðasti ræðumaður fór mjög rækilega yfir það og vitnaði til kannana í þessu efni. Vafalaust geta allir þingmenn lýst dæmum um að haft hafi verið samband við þingmenn og menn lýst áhyggjum sínum og viðhorfum, bæði erlendir aðilar og innlendir, um þetta efni. Undanfarnar vikur hefur verið lítið lát á viðvörunum úr þeim geira atvinnulífsins.

Ég var í Bandaríkjunum í haust og ekki fór á milli mála hver viðhorf hagsmunasamtaka bæði í sjávarútvegi og ferðaþjónustu eru þar, þar á ég við íslensk fyrirtæki og íslenska aðila sem sinna þeim málefnum á erlendri grundu. Menn hreinlega biðja til æðri máttarvalda að þingheimur láti ekki annað eins henda sig og það sem hér er nú til umræðu, þ.e. að samþykkja tillögu um að hefja hvalveiðar. Þeir eru ekki í minnsta vafa um að jafnvel aðeins slík samþykkt hefði gríðarleg áhrif og gæti jafnvel kippt stoðum undan markaðsstarfi þeirra, hvað þá ef alvara væri gerð úr slíkri samþykkt og hvalveiðar hafnar af fullum krafti.

Ég tók eftir því að hv. formaður utanrmn. og núverandi formaður Ferðamálaráðs skilur þessi sjónarmið mjög vel. Ég hlustaði á ræðu hans af mikilli athygli. Þar komu sannarlega fram þær áhyggjur sem við höfum fengið að heyra úr þessum geira atvinnulífsins og ég tek í einu og öllu undir áhyggjur hans sem hann lýsti mjög vel. Hann fór vel yfir það mál í ræðu sinni áðan.

Nokkuð hefur einmitt verið minnt á hugsanleg áhrif hvalveiða á eina af nýjustu hliðargreinum ferðaþjónustunnar, hvalaskoðun, sem er í örum vexti og þróun og væri skaði ef úr henni drægi. Ég er reyndar alls ekki þeirrar skoðunar að hvalaskoðun legðist af. Mér dettur ekki í hug að hvalaskoðun legðist af né að ferðaþjónusta legðist af í landinu þótt hvalveiðar hæfust. Það hvarflar ekki að mér og það er auðvitað alrangt að stilla hlutunum þannig upp. Ég held að hvalaskoðun héldi áfram þótt e.t.v. drægi eitthvað úr henni, sérstaklega ef menn hefðu vit á því að afmarka sérstök svæði fyrir hvora grein fyrir sig þannig að ekki væri verið að stunda hvalveiðar t.d. í grennd við helstu hvalaskoðunarsvæðin við Ísland. En ég er í litlum vafa um að hvalveiðar hefðu áhrif og þar ber ég fyrir mig álit fagmanna á þessu sviði.

Breskur sérfræðingur í þessu efni segir að Ísland hafi algera sérstöðu þegar um hvalaskoðun er að ræða, hér sé í rauninni Mekka hvalaskoðara. M.a. hrífast menn mjög af spekt hrefnunnar sem virðist harla óhrædd við hvalaskoðunarbáta. Hún er forvitin og óhrædd og kemur alveg upp að bátunum, jafnvel svo að menn þurfa aðeins að hafa varann á og kunnáttumenn óttast að það breytist ef veiðar yrðu hafnar, hrefnan yrði þá vör um sig og tæki að óttast manninn. Ég veit ekkert um þetta. Ég er aðeins að vitna til þess sem fagmenn segja og þeir sem hafa stundað hvalaskoðun og hafa atvinnu af því að sýna ferðamönnum, innlendum sem erlendum, hvali. Þessi grein hefur verið í alveg ótrúlega örum vexti og er mjög skemmtileg viðbót við afþreyingarmöguleika í ferðaþjónustu. Það er mjög brýnt að stefna ekki þróun þeirrar greinar í voða vegna þess að hún gefur svo sannarlega tekjur. Það má færa alveg jafngild rök fyrir því að hún færi

okkur tekjur eins og þegar menn slá fram tölum um 1 eða 2 milljarða tekjur af hvalveiðum. Ég vil því vara mjög við því að hagsmunum þessarar hliðargreinar ferðaþjónustunnar sé stefnt í hættu.

Svo er loks eitt atriði, herra forseti. Þeirri fullyrðingu er haldið á lofti að hvalir séu í harðri samkeppni við okkur um fiskinn í sjónum, þeir séu hreinlega að éta okkur út á gaddinn. Enginn neitar því að hvalir éta fisk auk annars sjávarfangs og hluti af fæðu hvala er fiskur sem við veiðum. En málið er auðvitað að hvalir eru hluti af flóknu vistkerfi í sjónum þar sem hver étur annan og ekki er hægt að fullyrða að sá fiskur sem hvalir innbyrða sé allur tapaður fiskveiðiafli.

Áðan var í umræðunni sagt eitthvað á þá leið að það gengi auðvitað ekki að veiða bara einn fiskstofn eða einn hluta af lífkerfi sjávarins, það yrði að veiða allt saman. En hamingjan góða, það vantar nú ansi mikið á að við nýtum allt það sem í sjónum er að finna og við erum stöðugt að breyta um áherslur í því efni. Ekki eru mjög mörg ár síðan við fórum að veiða rækju, 20–30 ár, þannig að við erum alltaf að breyta til í þessu efni og erum alls ekki komin að nokkrum endimörkum þess, trúi ég.

Nú hafa hvalveiðar legið niðri í tæpa tvo áratugi og hvölum hefur fjölgað nokkuð, en um leið hafa orðið breytingar á ýmsum fiskstofnum, bæði til hins verra og betra. Til dæmis hefur þorskurinn verið að eflast og kannski er eitthvert samhengi í því og þeirri staðreynd að rækjunni hefur hrakað því að við erum að keppa við þorskinn um rækjuna m.a. Það mun mála sannast að það er fyrst og fremst aukin tækni sem þrengir að fiskstofnunum og þá tækni nýtum við m.a. til þess að veiða okkur til tekna vænan skerf af fæðu okkar dýrmæta þorsks. Því hljóta menn að sjá og viðurkenna að sú röksemd að við séum í samkeppni við hvalinn um fiskinn og að hún sé röksemd fyrir því að það þurfi að veiða hvali, skiptir í raun ekki einu einasta máli vegna þess að ef menn tryðu því að nauðsynlegt væri að veiða hval á þessum forsendum, þ.e. til að hrinda þar úr vegi samkeppnisaðila um nýtingu sjávarfangs, þá værum við auðvitað að tala um meiri háttar styrjöld í sjónum umhverfis landið og það þarf enga smávegis hvalaslátrun til að ná því marki, ef það er þá markmið, að ryðja þessum keppinautum um fiskinn úr vegi.

Herra forseti. Ég held að við ættum að halda okkur við þá nýtingu þessara skepna sem felst í því að skoða þær, þ.e. að fara með fólk út á miðin. Við þurfum raunar ekki að fara langt til þess að skoða hvalina og ekki síst til að sjá hrefnuna að leik. Við þurfum að sýna ábyrgð og gát í þessu máli. Við megum ekki fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Mikið er í húfi, ekki aðeins dýrmætir markaðir fyrir sjávarafurðir okkar og stórkostlegir möguleikar í ferðaþjónustu heldur samstarf við aðrar þjóðir í umhverfismálum og orðstír þjóðarinnar í vísindum og umhverfismálum.

[17:55]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get satt að segja ekki orða bundist við að hlýða á orð hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur. Hún segir: „Það er ekki einkamál okkar Íslendinga hvort við veiðum hval á Íslandsmiðum.“ Það er vægast sagt sérstæð skoðun hjá annars svo glöggum þingmanni (Gripið fram í.) að segja slíkt að það sé ekki einkamál okkar. Er þingmaðurinn þá að segja — og hér kallar formaður nýrra samtaka fram í — eru þá þessir vinstri grænu að segja það líka að það sé ekki málefni okkar Íslendinga sjálfra að kveða upp úr með það hvað við megum veiða af þorski á Íslandsmiðum? (**SJS:** Það er allt annað mál.) Eru það grænir erlendir sem eiga að segja okkur til um það? (**SJS:** Lestu hafréttarsáttmálann.) Eru það grænir erlendir sem eiga að segja okkur um það, hv. þm.? (**SJS:** Lestu hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.) (Forseti hringir.) Það þarf ekki að lesa neinn hafréttarsáttmála um það. Það eiga ekki að vera grænir erlendir sem segja okkur til um það. Það er okkar Íslendinga sjálfra að kveða upp úr með það hvernig við nýtum okkar hafsvæði sem við eigum sjálfir og ráðum yfir. Við höfum alla burði til þess. Við eigum eina færustu vísindamenn heimsins sem fjalla um þessi mál og þeim er fyllilega treystandi til þess að fara eftir þeim tillögum sem þeir leggja til. (**SJS:** Þingmaðurinn veit ekki hvað hann er að tala um.)

[17:56]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi það svo að hv. þm. væri í andsvari við mig en ekki hv. formann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þó að við tilheyrum sömu hreyfingu. Ég sagði það já, að það væri ekki einkamál okkar Íslendinga hvort við veiðum hvali. Og hvers vegna sagði ég það? Því miður er ég ekki með alþjóðahafréttarsáttmálann fyrir framan mig og man ekki einu sinni númerið á greininni sem fjallar um þetta. En um hvali gegnir öðru máli en fiskstofnana. Það stendur í alþjóðahafréttarsáttmálanum að það beri að hafa alþjóðlegt samráð um hvalveiðar. Það ætti hv. þm. að muna vegna þess að ég held að hann hafi fylgst með sjávarútvegsmálum um langan aldur. Ég held að hann hljóti að vera mér sammála um að það var hið besta mál þegar við fengum þann sáttmála samþykktan á alþjóðavettvangi. En þá eigum við líka að fara eftir honum eins og aðrar þjóðir.

[17:58]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt. Í mínum huga er samráð ekki það sama og að stjórna. Ég hvika ekki frá því að það á að vera í okkar höndum að ráða því sjálfir hvernig við umgöngumst okkar eigin auðlindir, ekki annarra.

[17:58]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 521. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1084; brtt. ÖS o.fl., þskj. 1085.

Framkvæmd vegáætlunar 1998, 603. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1090.

Kræklingarækt, 241. mál, nál. sjútvn., þskj. 1083.

Skipulags- og byggingarlög, 352. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1091.

[17:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er kannski nærtækt að byrja á því sem var tilefni til orðaskipta áðan og frammíkalla af minni hálfu, þ.e. spurningunni um þá sérstöðu sem hvalir eða sjávarspendýr hafa samkvæmt þjóðarréttinum og alþjóðaréttinum. Ég held að það sé einfaldast að hafa slíka hluti á hreinu þannig að enginn vafi leiki á því um hvað menn eru að ræða í þessum efnum.

Það vill svo til m.a. að í sjútvn. gerði ég athugasemdir við texta sem þar var kominn á blað um breytingar á tillögugreininni sem hér er til umræðu og benti meiri hlutanum á að í uppkasti að tillögunni, eins og það leit þá út, var staðreyndavilla því að þar var einmitt verið að tala um þennan óskoraða fullveldisrétt íslensku þjóðarinnar til að nýta auðlindir efnahagslögsögunnar eins og að hvalir féllu þar undir

á sambærilegan hátt og t.d. staðbundnir fiskstofnar. Svo er ekki. Ég hélt satt best að segja að flestir sem hættu sér út í umræður um þessi mál hefðu þessar staðreyndir á valdi sínu því að í ákvæðum alþjóðahafréttarsáttmálans, UNCLOS, ég man ekki lengur hvort það er í 87. gr. — einhvern tíma kunni ég talsvert af þessum greinum utan að og innihald þeirra og var nokkuð vanur að vitna í þær, a.m.k. þær er lutu að úthafsveiðum og réttindum þjóða á alþjóðlegum hafsvæðum — en í einhverri tiltekinni grein alþjóðahafréttarsamningsins undirgangast aðildarríki þess samnings það að eiga alþjóðlegt samráð innan viðurkenndrar alþjóðastofnunar um nýtingu sjávarspendýranna sem þar eru skilgreind í raun og veru sem flökkustofn, enda eru hvalirnir það að sjálfsögðu. Ég hef gert ráðstafanir til þess að fá eintak af hafréttarsáttmálanum hingað í ræðustólinn þannig að ég geti flett upp á þessu fyrir hv. þm. Stefán Guðmundsson. Við förum yfir þetta í sameiningu og bróðerni. Þar með verður það út úr heiminum og við vitum báðir hvað er um að tala.

Það er ekki svo, hv. þm., ef það átti að vera merkingin í orðaskiptum okkar að Vinstri hreyfingin — grænt framboð, sé hallt undir að afhenda útlendingum réttindi til að forvalta auðlindir Íslands. Ætli það séu ekki einhverjir aðrir sem ættu að hugsa sinn gang í þeim efnum, eða hvað? Hvaða flokkur er núna farinn að gera opinberlega gælur við að ganga í Evrópusambandið? Er það ekki flokkur hv. þm.? Ætli það sé ekki frekar varhugavert í sambandi við að afhenda útlendingum forræði okkar mála en hitt að kunna alþjóðahafréttarsáttmálann og vitna rétt í hann. Það skal vera algerlega á hreinu, að a.m.k. sá sem hér stendur hefur ekki hugsað sér það hlutskipti sitt í pólitík á Íslandi að afsala útlendingum einhverju af þeim réttindum sem við náðum t.d. með útfærslu landhelginnar og ég hugsa mér að heiðra m.a. minningu Lúðvíks Jósefssonar með öðrum hætti en þeim. Það má hv. þm. Stefán Guðmundsson alveg vita.

Auðvitað er það svo, herra forseti, að það eru nokkur tíðindi ef tillaga um hvalveiðar fær loksins afgreiðslu á þinginu. Hér er komið hið merka rit sem á ensku ber heitið United Nations Convention on the Law of the Sea, skammstafað UNCLOS og við köllum hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna. Þetta er mikið grundvallarplagg sem æskilegt er að sem allra flestir séu vel lesnir í og fjallað er um þetta í allmörgum köflum. Rétt er að skjóta því inn í í leiðinni til frekari fræðslu fyrir hv. þm. að svonefndur úthafsveiðisamningur er að stofni til viðauki við hafréttarsamninginn. Þetta er því grundvallarplaggið sem þjóðir heimsins hafa komið sér saman um að byggja á, ekki bara hvað varðar réttindi og meðferð mála innan sérefnahagslögsögunnar sem á grundvelli þessa plaggs og þessa alþjóðasamnings náði alþjóðaviðurkenningu og varð rétturinn í heiminum heldur er úthafsveiðisamningurinn í raun líka byggður á þessum stofni. Þar með voru menn að gera tilraun til að loka sjálfum heimshöfunum með því að bæta þeim inn í. Ég hygg að þetta sé að finna í 65. gr. Við skulum fara yfir þetta. Ég veit að forseti hefur mikla þolinmæði. Hér stendur í 65. gr.:

„Sjávarspendýr" og hefst nú lesturinn, með góðfúslegu leyfi hæstv. forseta:

„Ekkert í þessum hluta skerðir rétt strandríkis eða vald alþjóðastofnunar, eftir atvikum, til að banna, takmarka eða setja reglur um hagnýtingu sjávarspendýra með strangari hætti en kveðið er á um í þessum hluta. Ríki skulu starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skulu, hvað hvali snertir, einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim."

Þetta er gersamlega kýrskýrt eins og ónefndur Íslendingur mundi kannski orða það og þetta er sú skuldbinding sem ég hélt satt best að segja að menn vissu að málið snýst um og hefur að verulegu leyti snúist um hvað alla umræðu um hina þjóðréttarlegu stöðu málsins snertir. Þetta er t.d. hin áleitna spurning sem allt byggist á þegar kemur að því að ræða hvort við verðum að ganga aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið til að fullnægja þessu ákvæði eða hvort NAMMCO, sem ég man nú ekki lengur hvað heitir á íslensku, líklega Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, er fullnægjandi alþjóðastofnun til að fullnægja þeim skilyrðum sem þarna eru sett. Það er engin deila um það að til þess að við Íslendingar getum hafið hvalveiðar löglega verðum við að fullnægja þeim ákvæðum nema við viljum fara að gera það sem við ekki viljum, að brjóta ákvæði alþjóðahafréttarsáttmálans. Þá er það út úr heiminum.

Þá ætla ég næst, herra forseti, að lýsa því yfir af minni hálfu og er ekki nein stór yfirlýsing þó sagt sé, sem ég held að sé nokkuð ljóst, að óneitanlega eru nokkur tíðindi að tillaga af þessu tagi sem tengist spurningunni um hvalveiðar, fái afgreiðslu á Alþingi. Tillögur um hvalveiðar hafa að vísu verið hér á sveimi undanfarin ár, það liggur við að segja megi að þær hafi flækst fyrir hunda og katta fótum, verið að þvælast í reiðileysi ár eftir ár, en þær hafa aldrei fengið neina afgreiðslu.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að vandræðagangurinn í þessum málum hefur á undanförnum missirum og árum orðið svo yfirgengilegur að mér er hrein raun að því. Það er eiginlega orðið þannig að ég hef beðist undan því að ræða þau ósköp hvernig þetta hefur tiltekist og gengið fyrir sig hjá okkur. Margir þurfa að líta í eigin barm, vissulega Alþingi sjálft, því að hér hafa menn verið að vandræðast með tillögur ár eftir ár sem hafa gjarnan verið lagðar fram á vordægrum, mátulega nálægt því að þingið færi heim, þannig að það væri öruggt að þær fengju ekki afgreiðslu. Ekki síður þurfa stjórnvöld, framkvæmdarvaldið, ríkisstjórnir landsins og hæstv. sjútvrh. og þá einkum og sér í lagi sá síðasti sem gegnt hefur embættinu í átta ár, að líta rækilega í eigin barm og spyrja sig, hver frammistaða þeirra hefur verið í þessum efnum. Sama mætti auðvitað segja um hæstv. núv. forsrh. og hæstv. utanrrh. sem hafa átt hlut að máli, átt menn í stjórnskipuðum nefndum á þessu sviði.

Auðvitað hefur verið til skammar hvernig við Íslendingar, stjórnkerfið hér, Alþingi, ríkisstjórnir og ráðuneyti, hafa í þessu viðkvæma og vandasama máli látið hlutina meira og minna flatreka. Þetta hefur verið skollaleikur, svo að maður segi ekki beinlínis fíflagangur í máli sem er í raun og veru afdrifaríkt, vandasamt og varðar grundvallaratriði sem þetta mál gerir vissulega, spurninguna um fullveldisrétt okkar með þeim takmörkunum þó sem í hlut eiga í þessu tilviki og ég hef lýst til að nýta auðlindir okkar og veiðanlega stofna í lögsögu okkar. Þetta varðar líka mjög viðkvæm og vandasöm hagsmunaatriði sem tengjast áhrifum þess að fara út í hvalveiðar á aðra þætti í efnahagslífi okkar og atvinnulífi og nægir þar að vísa til þeirrar umræðu sem hefur þegar farið fram í þeim efnum.

Ég hef stundum, herra forseti, líkt þessu við heita kartöflu sem enginn hefur viljað halda á. Það hefur enginn viljað halda á þessari heitu kartöflu, hvort ætti að hefja hvalveiðar og þá hvernig eða hvenær og menn hafa kastað henni á milli

sín. Ráðherrar hafa hent henni í þingið og þingið hefur hent henni í ráðherrana og þannig hefur þetta gengið til. Kannski er að verða einhver breyting á, en ég segi þó kannski, því að ég hef verulegar efasemdir um það og mun koma að því síðar, að sú aðferð eða sú lending af hálfu þingsins sem hér er lögð til sé sú rétta.

Herra forseti. Auðvitað mætti fara mörgum orðum um þennan bakgrunn málsins en ég ætla ekki að gera það, ég ætla að hlífa mönnum við þeim ósköpum og það liggur svo sem meira og minna allt fyrir. Ég ætla næst að taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning að ég er nýtingarsinni og ég tel að við Íslendingar eigum að sjálfsögðu að byggja á þeirri grundvallarreglu að við nýtum þá stofna og þær tegundir sem geta orðið okkur til búdrýginda og styrkt efnahagslíf okkar og atvinnulíf o.s.frv. Nýtingin er þó í sjálfu sér ekki grundvallaratriði heldur sá arður sem á að mega hafa af þeirri nýtingu. Í sjálfu sér finnst mér ekki markmið að veiða dýr heldur á að gera það í því skyni að af þeim séu afnot.

Ég hef verið stuðningsmaður þess að við Íslendingar tryggðum réttindi okkar hvað varðar veiðar á sjávarspendýrum eins og öðrum dýrum og get meira að segja upplýst það, herra forseti, að ég er sjálfsagt einn af tiltölulega fáum hv. alþingismönnum sem hef beinlínis haft atvinnu tengda hvalveiðum fyrr á öldinni eins og einhver mundi kannski segja þegar ég vann við að flytja hrefnur til skurðar á milli hafna á norðausturhorni landsins. (**Gripið fram í:** Dauðar eða lifandi?) Þær voru dauðar, hv. þm., ég hefði ekki viljað hafa þær á pallinum bráðlifandi. En það er önnur saga.

Ég held að nærtækast sé að líta þá á stöðu málsins eins og hún er núna og spyrja sig að því: Hvar stöndum við nú og hvað er rétt að gera eins og málin liggja fyrir? Ég held að staðan sé ósköp svipuð og hún hefur verið allmörg undanfarin ár, því miður, verð ég að segja. Því miður er staðan enn ósköp svipuð því sem hún hefur verið um allnokkurt skeið og mestallan þann tíma sem þessi endalausi vandræðagangur hefur staðið með þetta mál.

Segja má að fljótlega í kjölfar útgöngu okkar úr Alþjóðahvalveiðiráðinu hafi málin komist nokkurn veginn í þann farveg sem þau eru í núna að því kannski einu slepptu að NAMMCO, Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, hefur vissulega eitthvað styrkst sem stofnun og hefur kannski eitthvað sterkari þjóðréttarlega stöðu en það gerði áður en þó eru enn deilur uppi um það hvaða sess það skipi ef litið er til ákvæða þjóðréttarins.

Að öðru leyti, þ.e. hvað varðar hina pólitísku stöðu og vígstöðu í málinu og málstað Íslands og kynningu á málstað okkar út á við og pólitíska undirbyggingu hvað það varðar að hefja hvalveiðar, er staðan í besta falli svipuð og hún hefur verið undanfarin ár ef ekki verri.

Það sem hefur líka breyst og er rétt að hafa í huga og ástæðulaust að læðupokast neitt í kringum er auðvitað það að hagsmunir Íslands eru að verða blandaðri í þessu máli en þeir áður voru. Það er augljóst mál. Þeir miklu hagsmunir sem eru fólgnir í hvalaskoðun eru vissulega þarna á hina hliðina. Menn geta rætt um hvort þetta geti ekki farið saman og vonandi trúað því en það væri barnaskapur og óraunsæi að ræða þetta ekki út frá því að þar hefur verið að vaxa upp atvinnugrein sem byggir á nýtingu þessara stofna með öðrum hætti en þeim að veiða þá og við erum að fara yfir það. Að sjálfsögðu eru þetta spurningar um hagsmuni Íslands í stóru samhengi og við eigum að ræða bæði plúsa og mínusa í því dæmi.

Þessari breyttu stöðu fylgja líka breyttar áherslur ýmissa innan lands, það er ljóst. Ég hygg t.d. að aðilar í ferðaþjónustu séu orðnir enn neikvæðari í garð þess að hefja hvalveiðar en þeir voru fyrir nokkrum árum. Voru þeir þó auðvitað alltaf mjög gagnrýnir á það af skiljanlegum ástæðum. Menn óttuðust mjög að við gætum orðið fyrir ákveðnum skakkaföllum vegna andófsaðgerða og hernaðaraðgerða gegn okkur á erlendri grund.

Nú sýnist mér að ferðaþjónustugeirinn með hvalaskoðunarmenn í broddi fylkingar séu tvímælalaust að leggjast á þessa sveif. Það má alveg velta því fyrir sér hversu langan tíma menn hafa til stefnu, ef menn ætla að byggja á nýtingu þessara stofna á annað borð, til að drífa sig í gang áður en almenningsálitið á Íslandi snýst þannig að það verði jafnvel bara orðinn meiri hluti fyrir því að fara ekkert út í slíkar veiðar. Svo er ekki enn, held ég að sé óhætt að fullyrða, og til marks um það eru sjálfsagt vísbendingar úr skoðanakönnunum o.s.frv. En mér sýnist alveg augljóst mál að það er smátt og smátt að verða ákveðin viðhorfsbreyting í þessum efnum í landinu. Ég hygg að eftir því sem fleiri ár líða frá því að þessi nýting var í gangi og menn litu á veiðar sem sjálfsagðan hlut eins og menn gerðu á Íslandi breytist andrúmsloftið. Auðvitað má nota það sem röksemdir í báðar áttir fyrir því að þessari ákvörðun þurfi að hraða eigi menn að gera þetta á annað borð. En sjálfsagt geta líka einhverjir sagt sem svo að það verði þá vaxandi tímaskekkja ár frá ári að fara út í þessar veiðar.

Ég held, herra forseti, að ekki sé hægt annað en horfast í augu við það að við Íslendingar höfum alls ekki unnið heimavinnuna okkar í þessu máli, alls ekki. Í raun er það þannig að ef við lítum á meðferð þessara mála, þá hefur tímanum frá því að síðasta stjórnskipaða nefndin um hvalamál skilaði af sér á öndverðu ári 1997, ef minni mitt svíkur ekki, verið eytt algerlega til ónýtis og ég þykist reyndar vita af hverju það er. Ég tel það ekki verri getsakir en hvað annað að segja það hér að það er vegna þess að bullandi ágreiningur er um það í ríkisstjórn landsins hvort fara eigi í þessar veiðar eða ekki. Ég fullyrði að í stjórnkerfinu og í nánasta nágrenni við æðstu valdastofnanir framkvæmdarvaldsins, forsrn. og utanrrn., liggur þetta þannig. Þar af leiðandi hefur enginn kraftur verið settur í það á einn eða neinn hátt að vinna þá vinnu og framkvæma þær tillögur sem lagt var til af þeirri stjórnskipuðu nefnd í febrúar eða mars 1997, og voru skynsamlegar. Ég tel að við værum í betri stöðu með málin ef menn hefðu fylgt þeim tillögum eftir og unnið þá heimavinnu sem menn settu þar framkvæmdarvaldinu fyrir sem fólst bæði í ákveðinni úttekt á lagalegum hliðum og í ákveðnum aðgerðum til að kynna málstað okkar og undirbyggja það að vígstaða Íslands yrði sem sterkust þegar veiðarnar hæfust, t.d. með pólitískum aðgerðum. Sjálfsagt geta ráðherrar vitnað til þess að þeir hafi á einhverjum fundum og í einhverjum opinberum heimsóknum eða ferðalögum erlendis nefnt þetta við mann og mann. En ég held að við vitum öll hvernig það er. Það hafa engar skipulegar áætlanir verið í gangi, engri framkvæmdaáætlun hefur verið fylgt eftir í þeim efnum og það er auðvitað alveg hraklegt að málin skuli standa þannig. Og það er ólíku saman að jafna hvernig Norðmenn undirbjuggu veiðar sínar þegar þeir ákváðu þær með þó nokkrum aðdraganda, tímasettu upphaf veiðanna, tilkynntu það og notuðu síðan tímann fram að því til þess að undirbyggja málstað sinn markvisst, m.a.

og ekki síst með samskiptum og samtölum við ráðamenn í þessum efnum og æðstu menn þjóða austan hafs og vestan. Það vita til að mynda allir að þáv. forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland beitti sér persónulega og fór í ferðir vestur um haf til að styrkja stöðu Norðmanna og fyrirbyggja að þeir yrðu beittir refsiaðgerðum af hálfu Bandaríkjastjórnar og átti um það löng og ströng samtöl, að sagt er, m.a. við Al Gore, varaforseta Bandaríkjanna. Þetta vita Íslendingar því að Norðmenn sáu til þess að við fengjum að fylgjast með og vissum af því hvernig þeir unnu að þeim hlutum, og t.d. sá sem hér talar sat fundi með Gro Harlem Brundtland þegar hún var á leið vestur um haf í einn slíkan leiðangur og upplýsti okkur um hvað væri þar á dagskrá.

Þarna hafa menn alveg brugðist. Menn hafa ekki unnið heimavinnuna en þarna er mikla vinnu að vinna. Ég held jafnvel að það megi leiða að því líkum að okkur hafi farið aftur í þessum efnum en ekki fram. Ég vitna t.d. til þeirrar hreyfingar sem komst á þessi mál snemma á þessum áratug þegar það var talsvert á dagskrá í vestnorrænu samstarfi og þegar við tókum okkur saman nokkrir þingmenn frá Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Noregi og bjuggum til starfshóp til að kynna málstað veiðisamfélaganna hér við norðvestanvert Atlantshaf og fórum m.a. í sérstaka hringferð um Norðurlönd til þess að tala við starfsbræður okkar á þjóðþingum hinna Norðurlandanna. Ég fór í þá ferð. Hún var ákaflega lærdómsrík og við áttum fundi með einstökum nefndum í danska, sænska og finnska þjóðþinginu til að reyna að fá þar skilning á málstað okkar. Og halda menn nú ekki að þar sé verk að vinna, t.d. gagnvart þjóðþingum og stjórnvöldum í Bretlandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi og víðar, þegar það kemur á daginn að m.a.s. á hinum Norðurlöndunum skortir verulega á að skilningur sé á stöðu okkar í þessum efnum?

Það bar strax á því t.d. í danska þinginu að þegar farið var að ræða málin, fyrst reyndar við atvinnumálanefndina eða þá nefnd sem fór með sjávarútvegsmál. Þar höfðu menn allgóðan skilning á því að við byggðum efnahagslíf okkar á þessari nýtingu o.s.frv. en þegar kom yfir í umhverfisnefnd danska þingsins, þá byrjuðu strax að heyrast úrtölu- og efasemdaraddir og jafnvel var því haldið fram að þetta væri hið mesta barbarí og villimennska að nýta sjávarspendýr. Síðan versnaði ástandið jafnt og þétt eftir því sem austar dró. Í sænska þinginu bar mun meira á andstöðu við sjónarmið okkar í þessum efnum. Til dæmis man ég eftir því að einmitt umhvn. sænska þingsins, sem ég held reyndar að fari með þessi auðlindanýtingarmál líka, var í raun verulega þversum gagnvart sjónarmiðum okkar en þó tók steininn úr þegar kom til Finnlands. Þá var ástandið þannig að þingmenn á finnska þinginu sögðust bara aldrei hafa heyrt þau sjónarmið sem við vorum að reyna að kynna þarna. Og á hverju byggðu þeir allar upplýsingar og allar skoðanir sínar eða afstöðu í málunum? Á áróðri sem að þeim var réttur frá öfgahópum og ýmsum umhverfisverndarhópum sem mötuðu finnska þingið og þar höfðu menn alls ekki heyrt þau sjónarmið t.d. sem við vorum að reyna að koma þarna að og það var lærdómsríkt að upplifa þetta. Þeim fannst það alveg sjálfsagður hlutur að Alþjóðahvalveiðiráðið bannaði okkur að veiða hvali ef svo bæri undir og höfðu satt best að segja afar lítinn skilning á því að þetta væri eitthvað sem okkur væri treystandi fyrir eða við ættum rétt á að ráða a.m.k. að einhverju leyti sjálf, hvernig við nýttum lífríkið sem við byggjum í og lifðum með. Það var auðvitað dálítið lærdómsríkt að heyra þá halda slíku fram, m.a. við hvalveiðimann, Usaraq að nafni frá Thule á Norður-Grænlandi.

Það varð okkur að vísu til nokkurrar hjálpar að einn í hópnum þekkti nokkuð til ástandsins í finnsku skógunum og vissi að þar er allmikill stofn af elg og Finnar þurfa að veiða um 18–30 þúsund dýr á ári til að halda stofninum niðri með mjög svipuðum hætti og við höfum stjórnað hreindýrastofninum hjá okkur með veiðum um árabil. Það fannst Finnum hins vegar sjálfsagt að þeir mættu gera. Og við tókum þá það dæmi, hvort þeir yrðu glaðir ef eitthvert batterí úti í heimi bannaði þeim að stjórna nýtingu elgstofnsins með svipuðum rökum og verið væri að banna okkar veiðar á eða nýtingu sjávarspendýra.

Þetta var kannski smáútúrdúr og þó, herra forseti. Ég held að það sé ágætt fyrir menn að hugleiða það hvernig staðan er í þessum efnum og hvað menn hafa gert eða öllu heldur ekki gert, því miður, til þess að reyna að nota þó þau sambönd og þá möguleika sem við Íslendingar höfum í gegnum okkar alþjóðasamstarf, í gegnum þátttöku í Norðurlandaráði, í Evrópuráðinu og á alþjóðavettvangi til að kynna og undirbyggja málstað okkar. Ég held að sú kynning og sú vinna verði fyrst og fremst að beinast að æðstu yfirvöldum þessara landa. Ég held að það sé borin von að litla Ísland geti með aflsmunum sínum og peningum haft nokkur minnstu áhrif á almenningsálitið í heiminum í þessum efnum. Það ráðum við einfaldlega ekkert við. Það sem við hins vegar getum er væntanlega að reyna að afla okkur bandamanna og pólitísks stuðnings og gera það í gegnum þau sambönd sem við höfum. Það má eftir atvikum reyna eitthvað að eiga við næsta lag sem væru þá viðskiptaaðilarnir og hagsmunaaðilar en öllu lengra held ég að þýði ekki að reyna að rekja þetta mál. Það er nánast út í loftið held ég að við færum að standa fyrir einhverri almennri kynningarherferð sem ætti að miða að því að breyta skoðunum almennings í milljónaþjóðfélögum sem eru mótaðar af miklu, miklu sterkari öflum en svo að við fáum þar við ráðið þar sem er hin alþjóðlega fjölmiðlun og allt það.

Herra forseti. Að lokum vil ég víkja aðeins að þessari tillögu. Hún er að mínu mati mjög gölluð. Gölluð var hún fyrir en hún hefur þó versnað til mikilla muna vegna þess að það sem var kostur hennar áður er horfið út, þ.e. tímasetning upphafs væntanlegra veiða er horfið út. Það er horfið út, hv. þm., sem hér hristir höfuðið úti í sal, miðað við þann texta brtt. sem hér er flutt af hv. meiri hluta sjútvn. Þar er gamalkunnugt orðalag að hefja skuli hvalveiðar hið fyrsta og sem fyrst o.s.frv. í staðinn fyrir að áður stóð þarna ártal, árið 1999. Að þessu leyti hefur orðið afturför að mínu mati hvað tillöguna snertir vegna þess að ég held að ef Alþingi ætlar á annað borð að leiðbeina framkvæmdarvaldinu í þessum efnum, sem er út af fyrir sig umdeilanlegt hvort ástæða sé til vegna þess að ég hygg að því verði ekki á móti mælt að í raun hafi sjútvrh. það á sínu valdi að heimila hvalveiðar. Ég er afdráttarlaust þeirrar skoðunar að sjútvrh. þurfi ekkert sérstakt samþykki Alþingis til þess. Ákvörðun Alþingis 1983 var eingöngu um að mótmæla ekki hinu tímabundna hvalveiðistoppi sem Alþjóðahvalveiðiráðið var þá að setja á. Alþingi var ekki að segja að Íslendingar ættu ekki að veiða hvali, það var ekki að segja það. Þvert á móti eru í gildi lög í þessum efnum sem vísa alveg afdráttarlaust veginn í hina áttina. Sjútvrh. hefur það vald að stjórna nýtingu nytjastofna af þessu tagi og Alþingi hefur alls ekki gripið frammi fyrir hendur honum og gerði það ekki hvað það varðar með samþykkt sinni 2. febrúar 1983. En segjum svo, og það geta verið

rök, að staðan sé að því leyti sterkari ef Alþingi jafnframt, skulum við segja, lætur vilja sinn í ljósi, þá liggi fyrir bæði óskoraður vilji löggjafans og síðan framkvæmdarvaldsins, eftir atvikum, í nýlegum samþykktum og gott og vel. En þá held ég líka að ef Alþingi er að blanda sér í málið á annað borð eigi það að tala skýrt en ekki búa til nýtt skálkaskjól fyrir menn til þess að þvæla málinu og velta því á undan sér í vandræðagangi ár eftir ár. Það er megingagnrýni mín á þessa tillögu eða þessa brtt. eins og hún er nú lögð hér upp að ég óttast mjög að hún verði fyrst og fremst enn einn slíkur biðleikur í málinu. Og þá er það vitlaust og út í loftið að vera að kalla yfir okkur það sem þrátt fyrir allt getur verið þessu samfara að samþykkja tillöguna ef það hefur ekki annað upp á sig en það að þeir sem með framkvæmdarvaldið fara halda áfram á komandi árum að þvæla málinu áfram eins og gert hefur verið að undanförnu.

Ég held líka, herra forseti, að tillagan sé gölluð ekki bara hvað það varðar að hún er ekki skýr hvað tímasetningar eða upphaf snertir, heldur líka vegna þess að hún kveður ekki skýrt á um það með hvaða hætti hvalveiðar skulu hafnar. Ég held að það veiki stöðuna og dragi úr líkum á því að einhverjar veiðar komist í gang að hafa hana þannig úr garði gerða. Á mannamáli sagt, herra forseti, liggur málið þannig í mínum huga að það eina sem raunhæft er og er í valdi Íslendinga sjálfra, nánast án þess að það verði hrakið, að gera í þessum efnum og við höfum forræði yfir að gera væntanlega með þeim fyrirvara þó að menn taki þá samráðið innan NAMMCO gilt og það teljist fullnægja 65. gr. hafréttarsáttmálans, það er að hefja takmarkaðar hvalveiðar fyrir innanlandsmarkað, einhverjar takmarkaðar veiðar á hrefnu, sem er í rauninni það eina raunhæfa. Eða halda menn að það sé tilviljun að Norðmenn hafa ekki leyft útflutning á hvalkjöti? Halda menn að það sé tilviljun? Hafa menn ekkert velt því fyrir sér hvort ástæða gæti verið fyrir Íslendinga að skoða að einhverju leyti og nánar það fordæmi sem þar liggur fyrir? Ég held að það sé ekki tilviljun og ég held að því miður mundum við Íslendingar reka okkur harkalega á ef við létum á það reyna, að það er ekki tilviljun að Norðmenn hafa farið þannig í þetta af sinni hálfu.

Út af fyrir sig geta menn haft það sjónarmið að það sé ekki okkar hausverkur og að Alþingi eða þess vegna framkvæmdarvaldið, ráðherrar, eigi ekki að vera að hafa áhyggjur af því ef einhver vilji reyna að nýta þessa stofna og reyna að koma afurðunum í verð, þá sé það þeirra mál. En ég held bara að málið liggi ekki þannig að hægt sé að afgreiða það svo einfalt, m.a. vegna þess að við getum ekki horft fram hjá þeim miklu takmörkunum sem eru orðnar á viðskiptum með þær vörur í heiminum. Við getum ekki horft fram hjá þeim. Eða muna menn ekki eftir gámunum sem voru að læðupokast um heiminn og voru kyrrsettir og allt hvað var. Ég held að menn verði bara að horfast í augu við þessa stöðu alveg eins og hún er.

Ég hefði talið raunhæft, herra forseti, að ákveða tímasett upphaf á takmörkuðum hrefnuveiðum fyrir innanlandsmarkað, t.d. að þær skyldu hefjast á vordögum árið 2000. Ég hefði getað stutt slíka tillögu svo það sé algerlega á hreinu, af því að það tel ég vera raunsætt og mögulegt og framkvæmanlegt í ljósi allra aðstæðna eins og málin liggja fyrir. En þetta hér tel ég ekki skynsamlegt, og mér þykir það miður, herra forseti, að þurfa að lýsa þeirri afstöðu minni til tillögunnar. Ég er í raun sama sinnis, sömu skoðunar og met stöðuna algerlega sambærilega og ég gerði þegar ég tók þátt í að skila lokaáliti stjórnskipaðrar nefndar um hvalveiðar í upphafi árs 1997. Ég hef ekki áhuga á því, herra forseti, að láta fíflast meira með mig í þessu máli og er ekki sérstaklega áhugasamur um að fara að samþykkja einhverja tillögu sem ég óttast að geti reynst hálfgerð sýndarmennska, bakað okkur Íslendingum vandræði að óþörfu án þess þó að skila því sem til er ætlast, að ákveðin stefna verði tekin í þessum efnum og í henni felist að við undirstrikum rétt okkar til nýtingar á þessum stofnum sem við eigum auðvitað að gera. Eða fyndist mönnum það ekki hrapallegt ef Alþingi færi þannig að ráði sínu að það byggi til nýtt skálkaskjól og setti í gang nýjan farsa, nýjan leikþátt í þeirri tragekomedíu, eða hvað við eigum að kalla það, sem hér hefur verið í gangi undanfarin ár og er þá ekki gott til afspurnar því að í hlut eiga að sjálfsögðu mjög mikilsverð og vandasöm mál þar sem þessi mál eru.

[18:32]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að vegna ræðu hv. þm. sé rétt að árétta að tillagan sem meiri hluti sjútvn. hefur flutt hér er ákaflega skýr. Það er tillaga um að hefja hvalveiðar og fela ríkisstjórninni að undirbúa það. Skýrar getur það ekki orðið.

Það er líka mjög skýrt hve langan tíma menn ætla ríkisstjórninni til nauðsynlegs undirbúnings. Ég get ekki fallist á að tillagan sé óskýr að þessu leyti eins og hv. þm. hélt fram.

Ég vil einnig benda á að sú ríkisstjórn sem mynduð verður að afloknum næstu kosningum fær þessa ályktun til að framfylgja. Er hv. þm. að lýsa því yfir fyrir hönd síns flokks að hann muni verða andvígur þeirri stefnu sem Alþingi markar ef þessi þáltill. verður samþykkt? Ef sá flokkur á aðild að ríkisstjórn, mun hann þá gera kröfu til að sú ríkisstjórn virði að vettugi þessa tillögu, ef samþykkt verður?

[18:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði það skýrt í máli mínu áðan, og ég held að ég sé alveg þokkalega máli farinn, að hv. þm. þurfi ekki að reyna að taka mig upp í þessum efnum. Afstaða mín liggur fyrir. Ég hef lýst því hvað ég tel rétt að við Íslendingar gerum í þessum efnum, að við hefjum svo fljótt sem við verður komið, t.d. vorið 2000, takmarkaðar veiðar á hrefnu fyrir innanlandsmarkað. Það get ég stutt. Ég er tilbúinn að standa að tillöguflutningi í þá veru og lét það koma fram í sjútvn. Ég hef gert það ítrekað við umræður um þessi mál.

Tillagan er ekki skýr. Tillagan er full af matskenndum atriðum sem verða á valdi ríkisstjórnarinnar að leggja mat á, ef ég skil þetta rétt. Hver á annars að meta hvenær nægjanleg kynning á okkar málstað hefur farið fram meðal viðskiptaþjóða okkar? Hver metur hve langan tíma þurfi til þeirrar kynningar? Er það ekki framkvæmdarvaldið? Það er engin leiðsögn eða takmörkun af þeim toga hér. Ríkisstjórninni er ekki sett fyrir að gera eitthvað tiltekið á tilteknum tíma og bang, hefja svo veiðar. Það er ekki þannig. Ártalið 1999 er farið út. Ég held að hv. þm. verði bara að þora að horfast í augu við að hér er í raun verið að þynna málið út. Það er þannig. Í staðinn fyrir að skýra það og beina í ákveðinn farveg, að tímasetja það og ákveða hvers konar hvalveiðar hefjist, þá er málið þynnt út. Allir, af hvaða ástæðum það er, hv. þm., þeir sem orðnir eru stuðningsmenn núverandi ríkisstjórnar og ætla að fara að taka mig upp, eru að kasta steinum úr glerhúsi.

[18:34]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel rétt að minna á að við hv. þm. höfum báðir lýst yfir stuðningi við að hefja hvalveiðar á næsta ári. Ég sé því ekki hvar við erum ósammála að öðru leyti en því að hv. þm. vill ekki hefja hvalveiðar í stærra mæli en svo að það afmarkist við innanlandsmarkað. Það má vel vera að hann trúi því að almenningsálit erlendis, sem hann óttast, verði annað ef fjöldi veiddra hvala miðast við innanlandsmarkað en ekki útflutning. Ég hef ekki fengið neinar upplýsingar sem benda til þess að almenningsálitið sé mismunandi eftir því hvort við högum veiðunum með þeim hætti eða á hinn veginn, eins og lagt er til í tillögu okkar.

Ég vek hins vegar athygli á því að hv. þm., sem byrsti sig dálítið yfir því að hann skyldi vera spurður, svaraði ekki spurningunni sem fyrir hann var lögð. Mun flokkur hans, Grænt framboð, leggjast gegn því að ályktuninni verði hrint í framkvæmd eða mun hann styðja hana, eigi hann aðild að ríkisstjórn að loknum næstu kosningum? Um það snýst málið, herra forseti, að fulltrúar stjórnmálaflokkanna lýsi skoðun flokka sinna skýrt. Ef þeir styðja hvalveiðar, þá mun tillagan um að hvalveiðar hefjist eiga greiðan framgang og brautargengi, hvort sem þær hefjast á þessu ári eða því næsta. Ef flokkarnir meina hins vegar ekkert með því og eru í á móti veiðum eins og heyra hefur mátt á þingmönnum þingflokks óháðra, þá er ekki við því að búast að þeir stjórnmálaflokkar leggi sig fram um að hrinda í framkvæmd efni þessarar ályktunar.

[18:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nenni ekki í karp um þetta mál. Ég vil rökræða þetta mál. Ég flutti áðan rök fyrir afstöðu minni sem ég held að læsir og heyrandi menn eigi alveg að geta tekið gild. Þeir þurfa ekki að vera sammála þeim. Þeir geta komist að annarri niðurstöðu en ættu a.m.k. að geta viðurkennt að ég fór efnislega yfir hlutina. M.a. vitnaði ég í þessa bók hér og ræddi um ýmis þjóðréttarleg og lagaleg atriði þessa máls, sem ég held að menn gerðu betur í að kynna sér fremur en að standa í karpi um þessa hluti og taka menn upp í einhverju krossaprófi. (Gripið fram í.) Er hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir eitthvað óróleg í kvöld, herra forseti? Það er kannski hægt að kanna hvernig hv. þm. líður og vita hvort hún þarf á einhverri hjálp að halda hér úti í salnum.

Varðandi afstöðu ríkisstjórnar á næsta kjörtímabili, þá eiga menn að þekkja hvernig þeir hlutir liggja. Að sjálfsögðu er ákvörðun Alþingis ákvörðun Alþingis. Að sjálfsögðu ber að virða hana og framkvæma. Ef þál. eru afmarkaðar og skýrar hafa þær í raun sömu stöðu og lagasetning þó þær bindi kannski öðruvísi en landslög gera. Að sjálfsögðu ber ríkisstjórnum og mönnum að fara eftir þeim á meðan þær eru í gildi og þangað til þeim er þá breytt. En að sjálfsögðu getur nýtt Alþingi tekið nýja stefnu í þessum málum, ný ríkisstjórn o.s.frv.

Það er skýrt að ég vil beita mér fyrir því að þau sjónarmið sem ég hef sett fram í þessum efnum, um nýtinguna á þeim grunni sem ég hef talað um að sé raunhæf og möguleg, nái fram að ganga. Það er mín stefna og ég vona að hv. þm. geti tekið það gilt. Þannig er það.

[18:38]

Útbýting þingskjals:

Landshlutabundin skógræktarverkefni, 484. mál, brtt. landbn., þskj. 1093.

[18:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þess var óskað fyrr í dag að ég yrði við umræðurnar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og léti í ljós skoðun á þessu máli. Í stuttu máli get ég sagt það fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að ég tel tillöguna falla vel að þeirri stefnumörkun sem orðið hefur á vettvangi ríkisstjórnarinnar og Alþingi sé er að stíga skynsamlegt skref með því að samþykkja þá ályktun sem hér liggur fyrir.

Ég er einnig sammála því sem segir í fyrstu setningu þáltill., þ.e.:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 stendur ekki í vegi fyrir því.“

Ég tel að þessi ályktun Alþingis sé nauðsynleg forsenda þess að ríkisstjórnin gangi síðan til þess sem síðar segir í þáltill. og taki fyrst og fremst tillit til þess að veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar og undir eftirliti stjórnvalda. Einnig er ég sammála því sem segir í 2. mgr. þáltill.:

„Alþingi leggur áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda.“

Ég tel mjög mikilvægt að Alþingi álykti með þessum hætti og sá vilji þingsins að skýrt komi fram að um óskoraðan fullveldisrétt Íslands sé að ræða við nýtingu hvalastofna og þessum rétti megi íslenska þjóðin alls ekki afsala sér.

Í þriðja lagi er í þáltill. þessi efnisgrein:

„Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar. Undirbúningur miði að því að veiðar geti hafist sem fyrst. Kostnaður við kynninguna verði greiddur úr ríkissjóði. Öllu kynningarstarfi verði flýtt svo sem auðið er.“

Að sjálfsögðu hlýt ég og hef ekki heyrt annað en allir hv. ræðumenn sem hér hafa talað séu sammála þessum þætti tillögunnar einnig. Það þarf að undirbúa hvalveiðar, kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar og haga undirbúningi þannig að veiðar geti hafist sem fyrst.

Að öðru leyti er hér komið inn á kostnaðinn og annað slíkt, sjálfsagða hluti sem ekki þarf að eyða orðum að. Í stuttu máli er ég sammála þessari ályktun og tel að hún sé skynsamleg miðað við framvindu mála. Ég tel nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina og Alþingi að fá slíka afstöðu fram og nauðsynlegt sé að málið sé afgreitt á þessu þingi þannig að ljóst sé hver sé vilji Alþingis er við lok þessa kjörtímabils. Að mínu mati hefur dregist of lengi að taka af skarið um þetta og veita framkvæmdarvaldinu þær heimildir sem það fær með samþykkt þessarar ályktunar. Efnislega er ég eindreginn stuðningsmaður þess að þetta mál nái fram að ganga og tel mjög mikilvægt fyrir hagsmuni Íslands að svo verði. Verði málið ekki afgreitt og þessi þáltill. eins og hún lítur út núna, þá væri hægt að túlka það m.a. á þann veg að við drægjum í efa óskoraðan fullveldisrétt Íslands til þess að nýta hvalastofna.

Á hinn bóginn vil ég láta koma fram og minna á þá staðreynd að ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar að óskynsamlegt hafi verið að segja Ísland úr Alþjóðahvalveiðiráðinu á sínum tíma. Þegar það var kynnt í utanrmn. á milli jóla og nýárs árið 1991, var ég sá eini nefndarmannanna sem andmælti því og ég lét bóka að ég teldi að það óskynsamlega ráðstöfun að Ísland segði sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Ég er enn sömu skoðunar að þessu leyti og hika ekki við að láta þá skoðun í ljós og tel að það sé nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga, til þess að undirbúningurinn sé sem bestur, að við hugum að inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju. Ég er þeirrar skoðunar að þetta hafi verið röng ákvörðun á sínum tíma og þess vegna m.a. hafi dregist að við gætum stigið það skref að hefja hvalveiðar að nýju. Ég tel að tilraunin með því að stofna NAMMCO hafi ekki tekist og NAMMCO sé ekki sá vettvangur sem dugi okkur til að tryggja þjóðréttarlega stöðu okkar þegar kemur að því að hefja hvalveiðar. Allan þann tíma sem ég hef verið á Alþingi hefur skoðun mín verið þessi. Hún hefur ekki breyst og í tímans rás hafa æ fleiri komist á þá skoðun að betra sé fyrir Ísland að vera í Alþjóðahvalveiðiráðinu til að búa sem best um hnútana svo við getum hafið hvalveiðar að nýju.

Ég var í forustu fyrir utanrmn. Alþingis þegar hún fór í heimsókn til Bandaríkjanna undir lok síðasta kjörtímabils. Allir nefndarmenn sem áttu tök á því að komast úr landi á þeim tíma fóru í þá ferð, tveggja daga ferð í höfuðborg Bandaríkjanna. Þar var rætt við bæði embættismenn og stjórnmálamenn. Enginn sem tók þátt í þeirri ferð var þeirrar skoðunar að leiðin fyrir okkur til að búa sem best um hnútana ef við hæfum hvalveiðar að nýju væri að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið. Það lá alveg skýrt fyrir hjá öllum sérfræðingum, embættismönnum og stjórnmálamönnum sem við hittum og ræddum við að mikilsvert væri fyrir Íslendinga að hafa það í huga þegar þeir tækju ákvarðanir um að hefja hvalveiðar að nýju.

Þetta er skoðun mín, sem fram hefur komið í seinni hluta ræðu minnar, varðandi afstöðu Íslands gagnvart Alþjóðahvalveiðiráðinu. Fyrst ég er spurður get ég ekki annað en áréttað hana. Ég tel að það sé að koma betur í ljós að það hafi verið rangt að segja Ísland úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Það gekk ekki eftir sem menn töldu að mundi gerast. Noregur sagði sig ekki úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, Japan gerði það ekki. Þetta voru meðal þeirra atriða sem menn nefndu þegar þessar tillögur voru kynntar um jólin 1991 og málin hafa ekki þróast á þann veg sem menn töldu að gerast mundi. Ég er ekki að segja að ég hafi séð það fyrir heldur hitt að ég tel að Íslendingar þurfi að hafa traustan þjóðréttarlegan grundvöll þegar þeir taka jafnafdrifaríkar ákvarðanir og þær að hefja hvalveiðar. Sjálfur hef ég tekið þátt í umræðum um þetta mál á alþjóðavettvangi, m.a. innan Evrópuráðsins. Það er í sjálfu sér ekki erfitt að skýra málstað okkar Íslendinga í þessu máli en það þarf að gera markvisst og að því eru lögð drög í þessari þáltill. sem ég styð heils hugar.

[18:46]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. starfandi sjútvrh. fyrir svörin við fyrirspurnum sem ég bar fram í ræðu minni og öðru því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra, sem var upplýsandi um afstöðu hans. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra frekar varðandi það sem fram kom.

Ég vildi fá frekari upplýsingar um fyrsta þátt fyrirspurnarinnar, þar sem vikið er að vísindalegri ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Ekki var alveg ljóst hvort hæstv. ráðherra væri að vísa til þeirra tillagna frá stofnuninni sem fyrir liggja í skýrslu hennar frá síðasta ári. Í þeirri tillögu er rætt um að taka skuli 250 hrefnur og 100 langreyðar. Þannig eru tillögur Hafrannsóknastofnunar og væntanlega höfð hliðsjón af þeim þegar talað er um hvalveiðar í tillögunni. Ég dreg mjög í efa að skynsamlegt sé að hlíta slíkri ráðgjöf um það eins og aðstæður eru.

Í öðru lagi, varðandi þriðja liðinn um kostnað við kynningu, spyr ég hvort hæstv. ráðherra hafi hugmynd um það hve miklu fjármagni sé skynsamlegt að verja í því sambandi. Nú einnig vaknar spurningin um markað, hvort hæstv. ráðherra hefur í huga að það verði teflt á erlendan markað ef hvalveiðar hæfust hér. Það er auðvitað ljóst, að ef fylgja ætti umræddri ráðgjöf um fjölda dýra sem taka ætti, þá eru menn ekki að tala um innanlandsmarkað heldur um stórfelldan útflutning.

Ég vil einnig spyrja um Alþjóðahvalveiðiráðið, þar sem hæstv. ráðherra lýsti skoðun sinni. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hefði tíðindi að segja af ríkisstjórninni, hvort ríkisstjórnin hafi skoðun á málinu en lýsi hér ekki aðeins persónulegri skoðun. Ég tel mikilsvert að það komi fram.

[18:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Öll þrjú atriðin sem hv. þm. vakti máls á og vísaði til þáltill. og texta hennar eru að sjálfsögðu álitamál. Hann getur ekki búist við því að ég gefi hér svar um hver kostnaðurinn verði við þessa kynningu. Hann getur heldur ekki vænst þess að ég gefi hér svar við því hvort ég sé sammála því að veiða eigi 250 hrefnur eða 120 hrefnur. Það er matsatriði sem menn verða að skoða í ljósi hinnar vísindalegu ráðgjafar en eins og segir í tillögunni þá er talað um „á grundvelli" en ekki verið að binda sig við ákveðnar tölur þar. Það hafa menn svigrúm til að skoða þegar þeir taka ákvarðanir sínar.

Ég tel ekki rétt að gefa þannig svör við spurningum hv. þm. að ég slái á tölur um kostnað og annað slíkt heldur verður það að vera matsatriði eftir því hvernig menn standa að kynningunum.

Ég vil taka fram að ég tel alls ekki að í hverju tilviki sé endilega um mikinn kostnað að ræða, fari menn í slíkt kynningarstarf. Þar ræður miklu hvernig staðið er að því, hvaða tilefni og tækifæri gefast. Ég minni á, og þingmenn muna það, t.d. umræðurnar um íslenskunina á kerfishugbúnaði Microsoft. Það hófst allt í einu mjög jákvætt kynningarstarf í okkar þágu í alþjóðlegum fjölmiðlum þar sem við kostuðum engu til en réði miklu um niðurstöðu málsins. Það er því spurning hvernig menn halda á málum að þessu leyti.

Varðandi afstöðu ríkisstjórnarinnar til aðildar að Alþjóðahvalveiðiráðinu þá er ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki sett fram tillögu sína um að við sækjum um aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Ég hef mína skoðun, aðrir hafa aðrar skoðanir. Eins og ég sagði tel ég þróunina í þá átt að æ fleiri sjái að það sé nauðsynlegur vettvangur fyrir okkur til að geta út frá þjóðréttarlegum forsendum hafið hvalveiðar að nýju.

[18:51]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Einmitt þetta síðasta sem hér kom fram sýnir hve vanbúin stjórnvöld eru að taka á þessu máli, grundvallarþáttum málsins. Hæstv. ráðherra hefur þessa skoðun en

segir jafnframt að engin samstaða sé um það í ríkisstjórninni. Hæstv. ráðherra segir okkur að hann treysti ekki NAMMCO, hafi ekki trú á því. Það hafa vissulega komið fram raddir sem segja NAMMCO gagnslaust sem samtök til þess að byggja á áframhaldandi hvalveiðar Íslendinga. Þannig er hér geysilega mikil brotalöm í málinu, ein af mörgum.

Hæstv. ráðherra segir að hann geti ekki nefnt hvers konar ráðgjöf eigi að hlíta, hve miklu fjármagni eigi að kosta til og leiðir jafnvel líkur að því að einhverjir fjármunir séu faldir í kerfinu eða í öðru samhengi, eins og með Microsoft. Ja, það yrðu nú tíðindi ef aðrir færu að borga fyrir okkur kynningar. (**Menntmrh.:** Það er ekki rétt eftir mér haft.) Nú, þá biðst ég velvirðingar. Ég tók þannig eftir því. Hvernig má búast við að við fáum fjármagn öðruvísi en það komi af opinberu fé eða frá þeim sem ætla sér að stunda hvalveiðar?

Síðan er það spurningin um markaðinn. Allt skiptir þetta geysilegu máli, líka út frá því hvert sækja á í sambandi við markað. Eru menn að tala um innanlandsmarkað einvörðungu? Telur ráðherra að aðstæður séu til að hefja útflutning á hvalkjöti? Öll kynning hlýtur að taka mið af því sem menn eru að hugsa í tengslum við þessi grundvallaratriði. Það er ekki bara spurning um vilja heldur einnig spurningin um möguleika á útflutningi á þessari vöru sem er á opinberum bannlistum erlendis. Ég hef ekki séð möguleika eða teikn um að einhvern markað sé að hafa eins og sakir standa.

[18:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þau orðaskipti sem urðu milli mín og þingmannsins meðan hann var í ræðustólnum þá var ég að segja að málstaður Íslands getur komist á framfæri í fjölmiðlum erlendis án þess að kostað sé til þess stórfé. Það þarf að kynna það og halda málstað okkar á lofti. Ég tel þetta ekki endilega spurningu um peninga heldur um hvernig menn koma skoðunum sínum á framfæri og eftir hvaða leiðum þeir fara.

Ég er sannfærður um að málstaður okkar Íslendinga í þessu máli er það góður, ef spilin eru lögð á borðið, að ég kvíði því ekki að rökum okkar verði alfarið hafnað og talin einskis virði. Ljóst er að ef við höfum umhverfið í huga þá þarf að vera jafnvægi í hafinu og það jafnvægi næst með því að stunda hvalveiðar m.a. Hv. þm. hlýtur að átta sig á því.

Varðandi sölu á afurðunum þá er það vandamál og það er alveg rétt. Hv. þm. ýtir, í andstöðu sinni við málið, auðvitað á þá aumu punkta sem eru á því, m.a. hve ótryggt er að hægt sé að selja þessar afurðir. Menn þurfa að sjálfsögðu að benda á markaðinn fyrir afurðirnar ef þeir ætla að hefja stórfelldar hvalveiðar. Það er eitt af því sem við stöndum frammi fyrir og þurfum að velta fyrir okkur og ræða af hreinskilni. Við getum að sjálfsögðu ekki látið eins og það sé ekki viðfangsefni í þessu tilliti.

En ég tel að það mál eigi hins vegar ekki að eyðileggja það að Alþingi taki afstöðu og styðji þessa tillögu og hún nái fram að ganga þannig að umboð framkvæmdarvaldsins sé skýrt.

[18:55]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fagna því sem fram kom í máli hæstv. starfandi sjútvrh. varðandi viðhorf hans til Alþjóðahvalveiðiráðsins. Mér fannst merkileg sú frásögn hans af andstöðu við þá aðgerð er samþykkt var að Ísland segði sig úr ráðinu.

Ég hef í tvígang flutt tillögu um að við könnuðum endurnýjaða aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu, vorið 1997 og aftur í haust. Í haust flutti ég hana vegna þeirrar tillögu sem hér er til afgreiðslu í dag. Ég taldi nauðsynlegt að samhliða þeirri tillögu ræddum við þann möguleika eða þá nauðsyn að við skoðuðum alvarlega aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu og þá möguleika sem við ættum á veiðum innan ráðsins.

Í ræðu minni áðan kom fram að allt eins mætti líta svo á að 2. mgr. í tillögu sjútvn. miðaði að því að menn vildu aftur verða aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Þar segir að Alþingi leggi „áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands við nýtingu hvalastofna á íslensku hafsvæði í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda".

Nú er það svo að skuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda tengjast Dagskrá 21 þar sem einmitt er vísað til Alþjóðahvalveiðiráðsins sem réttrar svæðisstofnunar. Ég vil því spyrja hæstv. starfandi sjútvrh. hvort ríkisstjórnin, sem ég veit að hefur skoðað þennan texta, lítur svo á að með 2. mgr. sé opnað fyrir að farið verði í alvöru í að skoða endurnýjaða aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu.

[18:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki talað um það fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hvernig túlka eigi orðalagið sem hv. þm. spurði um. Nær væri að spyrja hv. flytjendur tillögunnar um það hvað felst í tillögu þeirra.

Ég get aðeins áréttað mitt sjónarmið. Ég mundi segja og túlka þannig að það væri í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar að við Íslendingar gengjum í Alþjóðahvalveiðiráðið. Það er mín skoðun að til þess að fullnægja þessu ákvæði þurfum við að fara í Alþjóðahvalveiðiráðið. Ég hef verið þessarar skoðunar, setið í ríkisstjórn, verið formaður utanrmn. þar sem allir voru á öndverðum meiði um þessa skoðun, en ég túlka hana svo og tel nauðsynlegt fyrir okkur, til þess að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum okkar í þessu efni, að vera félagar í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Aðrir hafa aðra skoðun.

Ég veit ekki hvaða skoðun flutningsmenn þessarar tillögu hafa en þetta er eitt af þeim álitamálum sem menn þurfa að ræða af opnum huga þegar um málið er fjallað, um markaðsöflun og annað slíkt. En hvað sem því líður þá tel ég skynsamlegt fyrir Alþingi að samþykkja þessa tillögu. Hún er vel orðuð og hefur skynsamlegt markmið. Hún tryggir að ríkisstjórnin hafi umboð frá Alþingi til þess að sinna þessum málum. Hún ítrekar einnig óskoraðan fullveldisrétt Íslands í þessu máli, sem er mjög mikilvægt atriði og má aldrei gleymast.

[18:59]

Útbýting þingskjala:

Landshlutabundin skógræktarverkefni, 484. mál, nál. landbn., þskj. 1092.

Leigubifreiðar, 281. mál, þskj. 1038.

Skaðabótalög, 183. mál, þskj. 1027.

Skipulags- og byggingarlög, 352. mál, brtt. HG, þskj. 1094.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, 260. mál, þskj. 1037.

[18:59]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég fagna þeirri niðurstöðu meiri hluta hv. sjútvn. sem kemur fram á þskj. 1018. Tillögur um breytingu á þáltill. eru m.a. svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land" o.s.frv. Síðan stendur í 3. mgr.:

„Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar m.a. með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar."

Herra forseti. Nú kann einhver að spyrja og það hefur verið spurt að því mörgum sinnum: Hvað þýðir að Alþingi álykti að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land? Þá líta menn að sjálfsögðu á lögskýringargögnin, þ.e. nál. nefndarinnar með þáltill. og þar stendur:

„Meiri hluti nefndarinnar tekur undir meginefni tillögunnar" þ.e. að hefja skuli hvalveiðar 1999 „og leggur til við Alþingi að ályktað verði um að hefja skuli hvalveiðar hið fyrsta og að ríkisstjórninni verði falið að standa fyrir nauðsynlegri kynningu á þessari ákvörðun Alþingis og hrinda henni í framkvæmd þannig að veiðarnar geti hafist sem fyrst. Miðað er við að það geti orðið eigi síðar en á næsta ári."

Næsta ár er árið 2000. Þegar það ár er liðið, 31. desember árið 2000, kl. 24.00 að kvöldi, þá á að vera búið að heimila veiðar á hval við Ísland. Það er svo einfalt. Þetta er dagsetningin. Eigi síðar en þennan dag klukkan þetta á að vera búið að heimila veiðar á hval við Ísland.

Herra forseti. Þau gagnrýnis- og varnaðarorð sem heyrst hafa og nauðsynlegt er að taka afstöðu til birtast í nál. minni hluta á þskj. 1072 og mjög mikilvægt er að fara í gegnum þessi varnaðarorð. Þar segir t.d. að ekki sé skilgreint nánar hvenær hvalveiðar skuli hefjast. Ég rökstuddi rétt áðan að það væri eigi síðar en 31. desember árið 2000, kl. 24.00. Þau varnaðarorð falla því um sjálf sig.

Svo stendur: „Íslendingar eru háðari viðskiptum með sjávarafurðir en nokkur önnur þjóð ..." Þar er verið að vísa í það að þetta muni hafa áhrif á viðskipti Íslendinga við útlendinga.

Ef ég sel manni vöru er það vegna þess að hann langar í vöruna mína og mig langar í peningana hans og þarna er jafnræði á. Hann mundi ekki eiga viðskipti við mig nema af því að hann langar til að kaupa mína vöru. Ef eitthvert þýskt fyrirtæki kaupir af okkur fisk er það vegna þess að það þarf þennan fisk og notar hann til að selja áfram. Að fara að blanda einhverjum tilfinningum inn í viðskipti er ákaflega rangt. Ef fyrirtæki af tilfinningaástæðum eða öðrum ástæðum, hugsjónaástæðum, neitar að eiga viðskipti við okkur og kaupir ekki af okkur fisk, þá fær það ekki þann góða fisk á þeim kjörum, og við seljum samkeppnisaðila þess aðila fiskinn og hann verður undir í samkeppninni, hann tapar á þessu. Ef ekki, þá hlýtur hann að hafa greitt okkur of hátt verð hingað til af hugsjónaástæðum og það væri ákaflega undarlegt fyrir þann aðila og rekstur hans.

Svo stendur í nál. minni hlutans: „Andstaða við hvalveiðar er meðal vinsælustu mála umhverfissamtaka ..." Það þýðir að við eigum að kikna í hnjáliðunum og verða ósköp hrædd. Nú er það svo að við Íslendingar eigum samleið með umhverfissamtökum alveg sérstaklega. Við Íslendingar erum alveg sérstaklega háðir því að sjórinn verði ekki mengaður og að ekki sé gengið of nærri stofnum dýra. Ég held að ekki einn einasti Íslendingur vilji stuðla að því að einhverjar dýrategundir verði í útrýmingarhættu, ekki einn einasti. Sjónarmið okkar og umhverfissamtaka fara því sérstaklega vel saman. Og ég vil skora á hæstv. ríkisstjórn að eiga samstarf við umhverfissamtök í þessu máli.

Ég tel nefnilega að umhverfissamtökin séu á villigötum og þau viti ekki af því. Þau eiga nefnilega að vinna með Íslendingum í því að stunda sjálfbærar veiðar og sjálfbæra nýtingu og reiða sig á stuðning Íslendinga gegn t.d. mengun sjávar og að dýr séu í útrýmingarhættu.

Nokkuð mikið hefur verið rætt um ferðamál og hvaða áhrif þetta hefur á þau. Ég er sannfærður um að það er ekki síður athyglisvert fyrir ferðamenn að skoða hvalskurð en að skoða lifandi hvali og þetta geti mjög vel farið saman.

Í nál. minni hlutans er sagt að ekki sé skýrt fram tekið á hvaða dýrum skuli hefja veiðar. Þetta er ákaflega einfalt. Það á að veiða dýrategundina „hval" með sjálfbærum hætti, og allar tegundir þess stofns ef vísindalegar rannsóknir sýna að það sé í lagi. Það er fullt af hvalategundum sem ekki er skynsamlegt að veiða og þær verða að sjálfsögðu ekki veiddar. En þær tegundir sem hægt er að veiða með góðu móti, án þess að ganga nærri stofninum, verði heimilt að veiða. Þetta ákvæði er því allt í lagi.

Síðan er talað um að efnahagslegur ávinningur sé ekki skýr. Ég held að menn geri allt of mikið úr því að fisksala og ferðamannaiðnaður líði fyrir þetta, ég held að menn geri allt of mikið úr því. Eins og ég gat um áðan eiga menn viðskipti vegna þess að báðir aðilar hagnast á þeim. Útlendingar sem kaupa af okkur fisk fá ljómandi góðan fisk fyrir ákveðinn pening sem við fáum og þetta eru viðskipti sem báðir hagnast á, og þau munu ganga eftir sem áður, eins og dæmin hafa sýnt hjá Norðmönnum. Síðan er getið um það í nál. minni hlutans að vandamál sé að selja hvalaafurðir. Það er að sjálfsögðu vandamál þeirra sem veiða og vinna hvalinn, hvort þeir geti selt hann. En að sjálfsögðu brjóta þær takmarkanir sem eru í gildi í dag á alla samninga um frjáls viðskipti og frjálsa verslun, þau atriði sem Alþjóðaviðskiptastofnunin er stöðugt að taka á, þannig að við eigum alla samúð heimsbyggðarinnar á þessu sviði að standa að frjálsum viðskiptum.

Ég hef auk þess bent á að hægt sé að nota þróunarhjálp í þessu skyni. Íslendingar geta stóraukið þróunarhjálp sína. Þeir geta soðið hval niður í dósir og gefið Norður-Kóreu. Það væri áhugavert að sjá umhverfissamtök banna okkur af einhverri misskildri verndunarstefnu að flytja kjöt til sveltandi þjóða. Kjöt af dýrum sem ekki eru í útrýmingarhættu. Öll barátta umhverfisverndarsamtaka á þessu sviði brýtur í bága við heilbrigða skynsemi og þar höfum við Íslendingar heilbrigða skynsemi með okkur.

Þetta var um nál. minni hlutans og ég tel mig hafa farið í gegnum öll atriði nema um vantraust á ríkisstjórnina, en það hefur verið tekið fyrir fyrr í þessari umræðu.

En síðan er annað. Við höfum spurt fisksölumenn hvort þeir séu með því að selja hval og að sjálfsögðu eru þeir á móti því vegna þess að hagsmunir þeirra eru einhliða. Þetta er nákvæmlega eins og að spyrja mann sem ekki borgar skatt. Viltu hækka skatta á alla hina? Að sjálfsögðu segir hann já. Eða spyrja þann sem borgar hátekjuskatt: Viltu láta alla borga skatta? Að sjálfsögðu segir hann já. Ef við spyrjum fisksölumenn eða hvalaskoðunarmenn hvort þeir vilji leyfa hvalveiðar, þá segja þeir að sjálfsögðu nei. Vegna þess að þeir hafa einhliða hagsmuni.

Ég held, herra forseti, að hér þurfi menn að taka pínulítið á hugrekki sínu og treysta á skynsemi, skynsemi sem við höfum á bak við okkur í þessu máli. Við erum að gera hárrétt.

Þetta er algerlega í samræmi við öll alþjóðalög og sjálfbæra nýtingu hvalastofna og dýrategunda þannig að við höfum allt með okkur í þessum efnum. Það sem við erum að berjast við eru hindurvitni og hjátrú. (**Gripið fram í:** Hugleysi.) Og hugleysi, já.

[Fundarhlé. — 19:09]

[20:32]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Megintilefni þess að ég bað um orðið öðru sinni í þessari umræðu var að ég vildi gjarnan fá nánari upplýsingar frá hv. formanni utanrmn., Tómasi Inga Olrich, varðandi umfjöllun nefndarinnar og afstöðu til þessa máls. Ég vænti þess að hv. þm. sé viðstaddur því að hann vissi um það fyrr í dag að það stóð til.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir til að náð verði sambandi við hv. þm. Tómas Inga Olrich. Hann er ekki kominn í hús.)

Virðulegur forseti. Á meðan mundi ég kannski fara fáeinum orðum um vissa þætti málsins sem ástæða er til þó að flest hafi komið fram af minni hálfu sem ég ætlaði að víkja að. Mér sýnist að það hafi komið mjög skýrt fram í þessari umræðu að í undirbúningi málsins eru margháttaðar brotalamir af hálfu meiri hluta sjútvn. Það er verið að leggja til að hefja hið fyrsta hvalveiðar án þess að búið sé að lýsa inn í mjög mikilvæga þætti málsins. Ég hef vakið athygli á því að hér er ekki eingöngu um að ræða líffræðilegt mat á styrk hvalastofna heldur ekki síður þá efnahagslegu og viðskiptalegu þætti sem málinu tengjast og hina samningstæknilegu stöðu málsins með tilliti til alþjóðasáttmála sem Ísland er aðili að og skuldbindinga, m.a. í sambandi við hafréttarsáttmálann og Alþjóðahvalveiðiráðið sem Ísland er ekki lengur aðili að. En íslensk stjórnvöld fylgjast með störfum þess og hafa að því er best verður séð ætlað sér að nýta Norður-Atlantshafsspendýraráðið NAMMCO sem bakhjarl til þess að taka ákvarðanir um úthlutun á veiðikvóta á hvölum. En það er dregið mjög í efa að geti gengið og fái staðist. Það kom m.a. skýrt fram í máli starfandi hæstv. sjútvrh., Björns Bjarnasonar, sem gegnir fyrir Þorstein Pálsson þessa dagana, að hann teldi að NAMMCO væri engan veginn sú fótfesta fyrir úthlutun á kvóta til veiða á hvölum sem þörf væri á. Viðkomandi hæstv. ráðherra er mjög eindreginn stuðningsmaður þess, og hefur verið það frá 1991, að Ísland gengi í Alþjóðahvalveiðiráðið. Ef til vill voru andmæli hans við úrsögnina upphaflega, en þetta hefur síðan komið fram og hér kom fram fyrr í umræðunni að innan ríkisstjórnarinnar er ekkert sammæli um það að Ísland gangi á nýjan leik í Alþjóðahvalveiðiráðið og noti það sem vettvang til þess að afla fylgis við hvalveiðar.

Þetta eru afar skýrar brotalamir, virðulegur forseti, og ég átta mig alls ekki á þeim málflutningi sem hér er uppi hafður, að þingið eigi við þessar aðstæður að taka grundvallarafstöðu til þess að hefja hvalveiðar hið fyrsta eins og hér er lagt til. Það er nauðsynlegt að þessi alþjóðlega staða sé sem skýrust áður en ákvarðanir verða teknar um hvalveiðar svo að menn viti inn í hvaða samhengi verið er að tala.

Hitt skiptir ekki minna máli að átta sig á því hvað eigi að gera við afurðirnar ef stjórnvöld ákveða veiðar (**Gripið fram í:** Borða þær.) og einnig þar varð fátt um svör hjá starfandi hæstv. sjútvrh. Ekkert liggur fyrir í því efni af hálfu framkvæmdarvaldsins. Þó er alveg ljóst að miklar hindranir eru í vegi þess að hefja útflutning á hvalkjöti og takmörk fyrir því hvað Íslendingar fengju torgað af þeirri vöru þó að eflaust yrði það nokkuð, kannski afurðir af nokkrum hrefnum. Fullyrt er, virðulegur forseti, að slíkt kjöt og afurðir séu raunar á markaði hérlendis án þess að ég viti meira um það mál. En þetta heyri ég. Þá er það fram hjá opinberum reglum eða án þess að um úthlutun á veiði sé að ræða. Það skiptir minnstu máli í þessu sambandi þó að þetta kunni að bera við og er ekki umræðuefni hér sérstaklega.

Ég ítreka það sem er afstaða mín til þessa máls að ég tel ekki neinar forsendur fyrir því að Alþingi fari að álykta um málið í þá veru sem hér liggur fyrir tillaga um og get ekki stutt það. Ég óttast framhaldið ef þessi tillaga verður samþykkt, að það verði áframhaldandi óvissa, vandræðagangur og togstreita hér innan lands um hvað eigi að gera, en að af samþykktinni geti hlotist margháttaðir erfiðleikar í alþjóðlegu samhengi fyrir Ísland vegna þess að við vitum auðvitað að á brattann er að sækja í sambandi við hvalveiðar á alþjóðavettvangi.

Virðulegur forseti. Ég hef minnt á að Ísland er í erfiðri stöðu í alþjóðlegu samhengi umhverfismála þar sem um er að ræða samninginn um loftslagsbreytingar þar sem við stöndum einir iðnríkja án þess að hafa undirritað Kyotobókunina við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Sjónir umheimsins beinast að okkur í því samhengi og ef við bætist yfirlýsing hér um að Ísland ætli sér að hefja hvalveiðar á ný og forsendur eru í rauninni jafnóskýrar og þær eru fyrir slíkri ákvörðun, þá er ég ansi hræddur um að það þyngist undir fæti í sambandi við mörg önnur mál á vettvangi umhverfismála þar sem Ísland hefur ætlað sér að ná árangri. Minni ég í því sambandi á samningaviðræður sem eru hafnar um gerð alþjóðlegs samnings til verndar hafinu og varnar gegn mengun hafsins og reyndar lands um leið af völdum þrávirkra lífrænna efna. Undirbúningsfundir eru hafnir og samningaviðræður hefjast af fullum krafti væntanlega á næstu mánuðum um það mjög svo mikilsverða mál. Því er engan veginn hægt að líta á þetta mál eitt og sér og einangrað þó að skiljanlegt sé að allmargir horfi til þess að á verði látið reyna í þessu máli sem hefur verið jafnlengi á dagskrá.

Hér hefur komið til umræðu af tilefni framsögu nál. meiri hluta sjútvn. að við séum að brjóta einhvern múr sem hafi verið reistur með samþykkt Alþingis um að mótmæla ekki ekki ákvörðun um tímabundið bann við hvalveiðum 1982–1983. En ég hef bent á það og fleiri í þessari umræðu að sú ákvörðun var tímabundin og hefur ekki gildi lengur. Íslendingar hófu á þessu tímabili vísindaveiðar eins og menn muna eða veiðar í rannsóknarskyni, öfluðu merkilegra gagna í krafti þeirra veiða og auðvitað eru ákveðin rök fyrir því að halda rannsóknum áfram á þessum stofnum, þessum mikilvægu þáttum í lífkerfi hafsins. En eftir sem áður er þörf á að fara með fullri gát.

Inn í þessa umræðu hefur tvinnast spurningin um samkeppni um afurðir vistkerfa hafsins, þ.e. samkeppni mannsins við hvalinn um nytjastofna. Það er einnig mál sem full þörf er á að lýsa inn í. En þar er þekking mjög takmörkuð þó að nokkuð hafi verið af því gert að spá í það samhengi.

Ég hef varað ítrekað við því og geri það enn að líta svo á að við séum nokkuð nálægt því að geta ætlað okkur að stjórna vistkerfi hafsins í heild sinni en það má raunar skilja af málflutningi sumra að menn líti svo á að við getum af einhverju viti tekið ákvarðanir um að taka svona mikið af einni tegund og svo mikið af annarri og það sumpart með tilliti til þess hvað við viljum hafa upp úr þeim stofnum

sem mikilsverðastir eru í okkar sjávarafla. Málin liggja ekki þannig. Þó að ljóst sé að vöxtur og viðgangur hvala geti haft áhrif á heildarafrakstur, þá er mikil einföldun að setja málin upp eins og sumir gera í þessari umræðu. Við höfum heyrt þessu haldið fram um um árabil, m.a. af hæstv. núv. utanrrh. sem hefur klifað mjög á þessum sjónarmiðum langt umfram það sem vísindaleg þekking í rauninni leyfir. Það sama mátti heyra í umræðunni fyrr í dag hjá hæstv. ráðherra Birni Bjarnasyni sem taldi að tiltölulega auðvelt væri að afla skilnings á sjónarmiðum Íslands að þessu leyti með vísan til þessarar samkeppni mannsins við hvalina í höfunum.

Þetta eru ákveðin mikilvæg atriði í þessu samhengi. Eftir stendur, virðulegur forseti, að meginerindi mitt í ræðustól öðru sinni í þessari umræðu var einmitt að beina fyrirspurnum til hv. formanns utanrmn. sem í þessum töluðu orðum gengur í þingsal. Því ætla ég að snúa mér að því að beina fyrirspurnum til hv. formanns utanrmn.

Í nál. meiri hlutans er vísað til afstöðu utanrmn. sem fengið hefði fyrirspurn frá sjútvn. Þetta er orðað svona á þskj. 1018 í beinu framhaldi af því að taldir eru upp þeir sem gáfu umsagnir um málið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Tillagan var einnig send utanríkismálanefnd til umsagnar og gerir hún ekki athugasemdir við þingmálið eftir athugun á því."

Þetta hefur verið marglesið og einnig vitnað til af hv. frsm. meiri hluta sjútvn. í málinu og vitnað var til bréfs frá utanrmn. Ég vil beina þeirri almennu spurningu til þingheims hvernig menn skilji þessa tilvitnun í nál.

„Tillagan var einnig send utanríkismálanefnd til umsagnar og gerir hún ekki athugasemdir við þingmálið eftir athugun á því."

Mér varð á að lesa þannig í þennan texta að hv. utanrmn. hafi fjallað um málið og geri ekki athugasemdir við þingmálið. Það skil ég þá þannig að nefndin lýsi efnislegu fylgi við þingmálið á þskj. 92, þ.e. frumtillöguna sem við ræðum hér, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hvalveiðar skuli leyfðar frá og með árinu 1999 á þeim tegundum og innan þeirra marka sem Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Sjávarútvegsráðherra er falin framkvæmd veiðistjórnar á grundvelli gildandi laga."

Þetta er frumtillagan í málinu sem liggur hér fyrir og þetta er þingmálið sem hv. utanrmn. gerir ekki athugasemd við. Mér er hins vegar orðið ljóst af viðræðum við hv. formann utan ræðustóls að þetta er ekki skilningurinn eins og hann birtist, en það mun skýrast í umræðunni á eftir. Ég tel mikils virði að það verði ljóst um hvað þessi yfirlýsing hv. utanrmn. er, bréfuð 7. desember til formanns sjútvn., svohljóðandi:

„Vísað er til bréfs sjútvn. frá 27. nóvember sl.

Á fundi utanrmn. 4. desember var fjallað um 92. mál, hvalveiðar. Fékk nefndin til fundar við sig Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanrrn., og Tómas H. Heiðar, aðstoðarþjóðréttarfræðing ráðuneytisins. Á fundinum komu ekki fram athugasemdir um þingmálið."

Þetta er undirritað af formanni utanrmn. Nú eiga margir valinkunnir hv. þingmenn sæti í utanrmn. og það sætir út af fyrir sig nokkurri furðu, að mér finnst, ef menn hafa ekki haft athugasemdir fram að færa í þessu mikla álitamáli. Eins og það birtist hér og mun verða túlkað af þeim sem ekki hafa textaskýringar, þá er nefndin í rauninni að taka ábyrgð á málinu eða taka undir málið eins og það liggur fyrir á frumskjalinu, þáltill.

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að þetta verði ljósara af andsvari eða ræðu formanns utanrmn. og skiptir það máli. Fyrr í umræðunni talaði formaður nefndarinnar. Hann flutti nokkurt mál og býsna skýrt. Út úr því las ég í rauninni allskýra andstöðu, bæði efasemdir og í raun andstöðu við tillöguna eins og hún liggur fyrir og það var þetta sem ekki rímaði saman að mér þótti, þ.e. þessi yfirlýsing í nál. og bréfið frá utanrmn. og sú afstaða sem hv. þm. túlkaði hér. Þó ég vilji ekki fullyrða að það hafi verið tengt með neinum beinum hætti í nefndinni, þá er erfitt að greina á milli í svo mikilsverðu máli sem utanrmn. hefur fjallað um.

Skal ég svo ekki orðlengja þetta, virðulegur forseti.

[20:50]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, Hjörleifur Guttormsson, vitnaði réttilega í nál. meiri hluta sjútvn. en þar segir, með leyfi forseta:

„Tillagan var einnig send utanríkismálanefnd til umsagnar og gerir hún ekki athugasemdir við þingmálið eftir athugun á því."

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að þáltill. um hvalamálið var ekki vísað til utanrmn. Hún var til úrvinnslu í hv. sjútvn. Þegar sjútvn. leitaði með bréfi eftir athugasemdum utanrmn. stóð ekki til að sú nefnd endurtæki þá yfirferð sem fram fór í sjútvn. Til þess stóðu engin efni enda vinnulag ekki þannig í þinginu að þegar ein nefnd vísar máli til annarrar, sé málið tekið fyrir þar á sama grundvelli og í þeirri nefnd sem hefur með málið að gera, að hún fari yfir málið í öllum atriðum. Þetta mál er flókið. Það snertir ýmsa hagsmuni. Sumir eru þannig að utanrmn. getur kallað fram upplýsingar um ákveðna þætti eins og hvort málið samrýmist alþjóðlegum samningum.

Að frumkvæði formannsins kannaði utanrmn. þá hlið málsins er sneri að alþjóðlegum samningum. Við yfirferð á málinu kom í ljós að engir annmarkar voru á því að Íslendingar gætu hafið hvalveiðar með tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga, þ.e. engir formlegir annmarkar á því. Í bréfi til sjútvn. kom fram að utanrmn. gerði ekki athugasemd við málið.

Í nefndinni var hins vegar ekki tekin efnisleg afstaða til málsins og raunar var það utan verkahrings utanrmn. Nefndarmenn í utanrmn. eru því óbundnir af því hvaða efnislega afstöðu þeir taka til tillögunnar. Þetta var nefndarmönnum í sjútvn. ljóst, enda sátu þrír þeirra þann fund utanrmn. sem fjallaði um málið.

[20:52]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þingnefndir starfa auðvitað á ýmsan hátt, geri ég ráð fyrir. Ég kannast vel við umsagnir nefnda sem fá mál til athugunar eftir að því er formlega vísað til viðkomandi nefndar. Við hv. þm. eigum báðir sæti í umhvn. þingsins. Við höfum þar fjallað um þingmál og leyft okkur að hafa skoðanir á því jafnvel út fyrir þrengstu umhverfissjónarmið. Þegar um svona mál er að ræða þykir mér mjög sérstakt að utanrmn. skuli takmarka athugun sína á máli sem þessu við samhengi málsins við alþjóðasamninga eins og hv. formaður greinir frá. Sjálfur átti ég í fullan áratug, að mig minnir, sæti í utanrmn. og einmitt þegar mikið gekk á í þessum málum. Þá var sannarlega reynt að skoða þessi mál frá öllum hliðum í nefndinni. Mér sýnist því að hv. utanrmn. sé farin að takmarka umfjöllun sína um mál býsna þröngt.

Auðvitað er það nefndarinnar að móta starfshætti sína og ég ætla ekki vera með nein stóryrði út af því en engu að síður þykir mér mjög sérkennilegt að ekki skuli farið víðar um völl en hv. formaður nefndarinnar segir.

Kannski á það einhverja skýringu í því að í utanrmn. sitja ágætir fulltrúar sem einnig eiga sæti í sjútvn. Ég hef orðið var við sama veikleika við slíka blöndu, einmitt í umhvn. þingsins. Þar sitja fulltrúar úr fjárln. og það hefur greinileg áhrif á viðkomandi nefndarmenn, að þeir eiga þar sæti, þegar um fjárveitingu til umhverfismála er að ræða.

[20:54]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég tók fram áðan í máli mínu, þá stóðu engin efni til þess að utanrmn. færi yfir málið á sama grundvelli og sjútvn. Það er ljóst að á þessu máli eru ýmsar hliðar sem snerta t.d. viðskiptamál eða ferðamál. Sjútvn. tók þessa þætti málsins fyrir og að mati formannsins stóðu engin efni til þess að utanrmn. endurynni það sem unnið var í sjútvn.

Í utanrmn. hreyfði enginn mótmælum við því að svona yrði unnið að málinu. Það var full samstaða um það hvernig málið var unnið í utanrmn.

[20:55]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þá vitum við það. Ég vil þá spyrja um hið alþjóðlega svið sem var sérstaklega til athugunar. Hvert var álit utanrmn. á grundvelli þess að úthluta kvóta til hvalveiða? Var nefndin þeirrar skoðunar að NAMMCO væri þar hinn rétti aðili til að byggja á í skilningi hafréttarsáttmálans? Í öðru lagi, hvert var álit nefndarinnar á því hvort Ísland ætti að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið til að bæta hugsanlega stöðu sína miðað við þau áform sem uppi eru hjá meiri hluta sjútvn., um að hefja hvalveiðar hið fyrsta? Það væri fróðlegt að fá þetta skýrt aðeins nánar þar sem nefndin fjallaði um þennan þátt sérstaklega.

[20:57]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka þátt í þessari umræðu um hvalveiðar. Ég hef rætt um þau mál í hvert skipti sem þau hefur borið á góma. Kannski væri rétt að rifja upp að í sumar verða líklega 10 ár frá því að síðasti hvalurinn var dreginn á land í Hvalfirði. Þá lauk hvalveiðum sem stundaðar höfðu verið í rannsóknarskyni í um það bil fjögur ár, þ.e. frá því að ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni tók gildi árið 1986. Íslensk stjórnvöld hafa síðan alltaf ætlað að vinna að undirbúningi þess að Íslendingar geti hafið hvalveiðar á ný.

Ég verð að segja, herra forseti, að á þessu tímabili hafi undirbúningur að hvalveiðum farið fyrir ofan garð og neðan og málið í rauninni verið látið liggja. Það sést best á þeirri tillögu sem við erum nú að afgreiða. Við erum ekki tilbúin, samkvæmt þeirri tillögu sem fyrir liggur.

Það eru fjölmörg atriði sem verður að vinna að og þurfa að vera ljós áður en hvalveiðar verða hafnar. Að sjálfsögðu ráðum við Íslendingar sjálfir hvenær við byrjum þessar veiðar en við verðum líka að vita hvaða afleiðingar þær geti haft. Það verður að liggja fyrir hvernig farið getur fyrir matvælavinnslufyrirtækjum sem byggja á fiskafurðum. Nú er svo komið, ég sá það í heimsóknum mínum vítt um landið á sl. sumri, að það er verið að vinna nánast tilbúna rétti í frystihúsum. Þau geta vart lengur talist frystihús heldur matvinnslufyrirtæki. Við verðum að vera viss um að sú starfsemi sé ekki í hættu ef við hefjum hvalveiðar. Þar ásaka ég stjórnvöld, ekki sitjandi ríkisstjórn heldur ríkisstjórnir liðinna ára, fyrir að hafa ekki unnið sína heimavinnu.

Ég ætla ekki að tíunda nákvæmlega á hvaða markaði þessar afurðir eru fluttar sem ég er að geta um hér, þ.e. neyslupakkningarnar. Ég veit t.d. að á Vesturlandi, nánar tiltekið á Akranesi, er verið að vinna matvæla- eða matarpakka á vegum Íslensks-fransks eldhúss sem mér skilst að sé í mikilli hættu, ef hvalveiðar hefjast strax, því varan fer beint á Bandaríkjamarkað. Um er að ræða mjög verðmæta vöru og ef lokast fyrir þá vinnslu í einu vetfangi þá töpum við sennilega á annað hundrað millj. aðeins við það eitt. Ég er því að segja að menn verða að vita hvað eigi að fara að gera og afleiðingar þess.

Herra forseti. Ég hef alltaf sagt í mínum ræðum um þessi mál að við megum ekki gleyma mikilvægi hvalveiða fyrir atvinnu og verðmæti. Það vegur á hinn bóginn á móti því sem ég var að segja rétt áðan. Það má rifja það upp að síðustu árin sem veiðar voru stundaðar af fullum krafti, þá var framleiðsluverðmæti, ef það er reiknað til núverandi verðlags, einhvers staðar í kringum 2 milljarða á ári. Líka má rifja upp að um það bil 250 manns störfuðu hjá Hval hf. á hvalvertíðinni og við hrefnuveiðar voru fjölmargir. Það má reikna út að um það bil 120–150 störf hafi verið við hvalveiðar á þeim tíma og í þjónustu sem fylgdi þeirri starfsemi. Mér er ljóst að við getum hafið hvalveiðar án nánast nokkurs tilkostnaðar. Það er eiginlega allt til. Við eigum skipin. Við höfum þekkinguna. Hún er ekki horfin. Við eigum vinnslustöðvar og það er alveg örugglega nægur mannskapur til að hefja veiðar, a.m.k. veiðar á hrefnu því mér sýnist ljóst vera að verði hvalveiðar hafnar hér við land á næstunni, þá verði um hrefnu að ræða. Auðvitað má geta þess að mikil andstaða er við hvalveiðar víða um heim og þarf í rauninni ekki að gera það hér. Í dag hafa margir rætt andstöðuna og hættuna sem þessu fylgir. En ég má til með að vara við um leið og ég nefni þessi mál.

Einnig má geta um það sem margsinnis hefur komið fram, að heildarfæða hvalanna, þ.e. allt sem þeir leggja sér til munns, er sennilega 4 millj. tonna og þar af kannski yfir 1 millj. tonn af fiski. Það eru ekki lítil verðmæti eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson rakti svo rækilega í vetur þegar verið var að ræða um þessi mál eftir fyrispurn til hæstv. sjútvrh.

Ég tel að það eigi að vera stefna okkar Íslendinga að nýta allar auðlindir sjávar á grundvelli sjálfbærrar þróunar, þar á meðal hvali. En ég játa að eins og á stendur, eins og ég rakti áðan, meðan menn hafa ekki undirbúið þessi störf nægjanlega vel, verðum við að vita hvaða afleiðingar það hefur að hefja veiðar á hval. Við verðum að vita hvernig við ætlum að bregðast við þeim aðgerðum sem munu beinast að okkur þegar þar að kemur. Sjómenn bíða eftir að hvalveiðar hefjist og ég hygg að þeir eins og flest okkar, telji fulla þörf á að hefja veiðarnar. En það verður að gerast með varfærni. Sem meðflutningsmaður þessarar till. um hvalveiðar, eini stjórnarandstæðingurinn sem er meðflutningsmaður þessarar till., hvet ég til þess að málið verði afgreitt núna.

Herra forseti. Ég læt þessu lokið. Þetta er stutt og laggott að mínu viti.

(**Forseti** (ÓE): Já, mjög svo. Og forseta líka.)

[21:06]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Ég hef verið og ég er því fylgjandi að Íslendingar veiði hval. Þrátt fyrir að ég sé þeirrar skoðunar og hafi verið það lengi, þá ætla ég ekki að styðja þá tillögu sem hér er til umfjöllunar núna og ég skal fara yfir í stuttu máli af hverju.

Ég vil fyrst víkja að því hvers vegna ég tel að við eigum ekki að gefa eftir það prinsipp að nýta allar auðlindir sjávar á sjálfbæran hátt. Ég tel að það sé grundvallaratriði að Íslendingar sjálfir taki ákvörðun um hvernig þessar auðlindir í okkar eigin lögsögu eru nýttar og ég tel, eins og ég sagði áðan, að við eigum að nýta allar þessar auðlindir á sjálfbæran hátt. Hins vegar er það nú svo að bæði þessi prinsipp eins og ég kalla það eru brot á samþykktum þessa blessaða Alþjóðahvalveiðiráðs og því skiptir verulegu máli fyrir okkur hvernig við stöndum að þeirri vinnu sem við ætlum að fara í, þ.e. að hefja aftur hvalveiðar. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst þessi þáltill. sem hér er til umfjöllunar, sem upprunalega var flutt af nokkrum þingmönnum úr Vesturlandskjördæmi og víðar, beri mjög keim af því að kominn sé kosningaskjálfti í menn, að menn séu í einhverju atkvæðasnapi. Ég veit ekki, herra forseti, hvort ég má nota orðið heimskulegur?

(**Forseti** (ÓE): Það er svona á mörkunum.)

Það er á mörkunum?

(**Forseti** (ÓE): Já.)

Ef ég mætti þá mundi ég segja að hér væru viðhöfð heimskuleg vinnubrögð, en ég veit að það er á mörkunum að nota þetta orð.

(**Forseti** (ÓE): Það sleppur.)

Mér finnst samt að þetta séu ekki góð vinnubrögð. Ég er alveg klár á því að meiri hluti þessa þings vill að við hefjum aftur hvalveiðar. Mörg okkar dáumst a.m.k. að þeirri þrautseigju sem fyrirtækið Hvalur í Hvalfirði hefur sýnt og hvað þeir hafa lengi þraukað. En það er synd — ég hlýt að mega nota það orð? — það er synd að svo skuli koma hér nokkrir hv. þm. í atkvæðaleit, í skammvinnri atkvæðaleit, og ætla að eyðileggja þá vinnu sem búið er að leggja í þetta mál af nefnd þeirri sem ríkisstjórnin setti í málið. Sú vinna hefur verið unnin mjög náið með ríkisstjórn Íslands. Mér sýnist að með þeirri tillögu sem hér er til umfjöllunar og er reyndar frá meiri hluta sjútvn., sé verið að eyðileggja það sem áunnist hefur í því að fá ríkisstjórn Íslands, stig af stigi, til þess að hefja hvalveiðar. Það má svo sem segja að í till. sé í sjálfu sér ekkert loforð um að menn hefji hvalveiðar, ekki nokkurt einasta loforð þannig að vel getur verið að ábyrg ríkisstjórn vinni þetta síðan áfram eins og ég veit að hæstv. ríkisstjórn hefur núna unnið málið til þessa. Það eigum við eftir að sjá. En við getum líka setið uppi með það að fá mjög óábyrga ríkisstjórn eftir næstu kosningar sem verður í málið, lítt eða illa undirbúið.

Ég ætla að rekja það hvers vegna ég sé því fylgjandi að við veiðum hval þótt ég vilji fara varlega í sakirnar. Ég veit að til langframa hefur óheftur vöxtur hvalastofna áhrif á vöxt fiskstofna. Við vitum að hvalir hér við land éta álíka mikið af fiski og við veiðum sjálf, eða um 1–1,5 millj. tonna af fiski. Og ég veit að starfsmenn Hafrannsóknastofnunar hafa ályktað sem svo að þorskstofninn hér við land verði 10% minni ef hvalastofnar fá að vaxa óhindrað. Við vitum líka að umhverfisverndarsinnar eins og þeir eru kallaðir — oft finnst mér þessi samtök úti í heim sem kalla sig umhverfisverndunarsinna vera líkari hryðjuverkasamtökum — beita sér nú gegn ýmsum öðrum veiðum, t.d. veiðum á bræðslufiski. Því getur verið hagstætt fyrir Íslendinga að draga víglínuna og slást um hvalveiðarnar frekar en láta leiða sig af einu stigi yfir á annað. Allt þetta styður að við förum að veiða hval. En mér finnst það sem ég hef rakið hér lýsa svo miklum hagsmunum að það verði að vinna þetta mál vitrænt, ekki að nota það sem upphlaupamál fyrir kosningar eins og ég hef hér úr þessum ræðustól ásakað flutningsmenn um, þ.e. að þetta snúist meira um að snapa sér nokkur atkvæði fyrir kosningar en að vinna íslensku þjóðarbúi það gagn sem ég held að verði af því ef við getum farið að veiða hval án þess að verða ekki neyddir til að hætta því aftur.

Ég hefði viljað sjá að við byrjuðum á að veiða svona 100 hrefnur, ákvæðum það þess vegna hér og nú að byrja á að veiða 100 hrefnur. Ég hefði viljað halda áfram samstarfinu innan NAMMCO og samhliða því vinna að styrkingu NAMMCO, fjölga aðildarþjóðunum að NAMMCO til að sýna öðrum þjóðum, þar með töldum Bandaríkjamönnum, að við eigum aðra kosti.

Í þriðja lagi hefði ég viljað kanna möguleikana á endurinngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið með það fyrir augum að atvinnuveiðar á hval geti hafist innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Ég geri mér vel grein fyrir því að veiðar á 100 hrefnum verða aldrei atvinnuveiðar svo nokkru nemi en ég held að við viljum öll alvöruatvinnuveiðar á hval, a.m.k. flest okkar. Okkur greinir hins vegar á um vinnuaðferðirnar. Ég ítreka það að mér finnst sárt, miðað við þá vinnu sem búið er að leggja í þetta undanfarin þrjú ár, að sjá að menn ætla að vaða núna áfram eins og hér hefur verið lýst af einum ágætum þingmanni, þ.e. þannig að menn ætli fyrst að boða stríð en svo að afla sér vopna. Það finnst mér ekki vera rétt vinnubrögð.

Það er í sjálfu sér alveg óvíst hvort ríkisstjórnin, hver sem hún verður eftir þessar kosningar eða þær næstu þar á eftir, mun síðan einhvern tímann, gera eitthvað með þetta. En það eitt að Alþingi lýsi því yfir að hefja skuli hvalveiðar hér við land getur kallað yfir okkur ákvæði úr hinum svokölluðu Pelly-lögum, bandarískum lögum sem kveða á um að ef einhver þjóð dregur úr virkni alþjóðlegra ályktana, þá skuli viðskiptaráðherra Bandaríkjanna tilkynna Bandaríkjaforseta að viðkomandi ríki hafi brotið umræddar ályktanir. Það þarf ekki mikið til. Og þá ákveður forsetinn, að mig minnir innan 30 frekar en 60 daga, hvort beita skuli refsiaðgerðum, þ.e. innflutningsbanni á vöru til Bandaríkjanna frá viðkomandi ríki. Miðað við upplýsingar sem lagðar voru fram í hvalveiðinefndinni sem ég starfaði í þá trúi ég ekki að Japanir muni kaupa af okkur kjöt. Kaupmenn í þessari grein segja að vísu í viðtölum að þeir muni kaupa. En ég hef ekki trú á því að þeir muni kaupa kjöt ef við hefjum veiðar en stöndum utan við Alþjóðahvalveiðiráðið.

Þess vegna finnst mér að það sem mestu máli skipti hjá okkur, sem viljum sjá að þetta fari af stað á þann hátt að þetta haldi, að við verðum ekki hrakin til baka. Því að mér finnst það vera háðung og skömm fyrir þjóðina ef við boðum hvalveiðar án þess að komast síðan nokkurn tímann í þær. Þá finnst mér verr af stað farið en heima setið og þess vegna hefði ég talið að mun farsælla væri að byrja á að boða veiðar í vísindaskyni á 100 hrefnum. Við vitum að hvalastofninn í kringum Ísland étur um 2 millj. tonna af fiski. Talið er að hrefnustofninn sem er um 56 þús. dýr éti um helming af því eða milljón tonn. Það er því mikið í húfi fyrir okkur

sem fiskveiðiþjóð að halda þeim stofni í skefjum. Ég held að okkur væri vel stætt á því að byrja á að taka 100 hrefnur úr hafinu. Það mundi líka viðhalda þeirri hefð sem hefur verið hér um aldir að veiða hval, og það er kannski stærsta málið í þessu. Það er að viðhalda hefðinni meðan þessi andsnúna bylgja, sem er andsnúin okkur að mörgu leyti, gengur yfir úti í hinum stóra heimi.

Eins og ég sagði áðan eigum við að vinna að því að styrkja NAMMCO og skoða eftir diplómatískum leiðum inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið. Ég held að þeir þrír punktar sem ég hef verið að boða rúmist illa innan þeirrar tillögu sem hér er til umræðu, þ.e. tillögu frá meiri hluta sjútvn., og það er af þeim ástæðum sem mér finnst ekki rétt að styðja þá tillögu.

Í hvalveiðinefndinni, sem ég hef vitnað hér til, hefur komið fram mjög mikið af upplýsingum um þau vandamál sem við munum standa frammi fyrir þegar við hefjum hvalveiðar. Ég held að engum sé greiði gerður að vaða út í það mál öðruvísi en að menn séu búnir að undirbúa sig mjög vel, og menn séu búnir að láta þjóðina vita á hverju hún á von. Ég hygg að margt af þeim upplýsingum sem þar voru lagðar fram hafi ekki verið gerðar opinberar. Þetta var samt allt unnið mjög náið með ríkisstjórninni. Hún réð ferðinni í því að menn ákváðu að setja ekki inn lokaskýrslur frá þessari nefnd á síðasta ári, þannig að mér finnst afar sérkennilegt og í rauninni hálfgerð uppgjöf í því hjá hæstv. ríkisstjórn ef á að fara að afgreiða málið núna frá Alþingi á þann hátt sem fram kemur í till. meiri hluta sjútvn. Nema þá, og ég verð að segja það bara alveg eins og er, að sá ótti læðist að mér að e.t.v. standi ekkert til að fara að veiða hval. Það sé aðeins verið að stinga snuði, eða hvað við eigum að kalla það, upp í þá sem hæst hafa haft um þetta mál og svo segi menn: Koma tímar og koma ráð, það kemur ný ríkisstjórn og þá hafi hún það alfarið í hendi sér hvort veiðar verði hafnar eða ekki. Ég sé að vísu ekki hvernig menn ætla þá að fara að taka það upp aftur. Mér finnst því að þessi tillaga sé orðin þannig að það sé miklu nær að halda áfram þeirri faglegu vinnu sem unnin var með sjútvrn. og utanrrn. og Hafrannsóknastofnun, að höfðu samráði við þá sem mestra hagsmuna hafa að gæta í landinu, annars vegar að því að hvalveiðar fari af stað og hins vegar að því að markaðsmöguleikar fyrir útflutning á öðrum vörum frá Íslandi verði ekki eyðilagðir. Ég sé ekki að ef þessi tillaga verður samþykkt séu menn að standa þannig að málum að vel sé við unað og því ætla ég ekki að styðja þessa tillögu þótt ég ítreki að ég er því fylgjandi að Íslendingar fari í hvalveiðar þegar aðstæður eru slíkar að menn telji það réttlætanlegt út frá heildarhagsmunum landsins.

[21:20]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var talað af miklum hroka og fyrirlitningu til þeirra þingmanna sem hafa talað fyrir hvalveiðum á undanförnum árum. Hv. þm. sagði að nokkrir þingmenn af Vesturlandi og víðar væru í atkvæðasnapi. Ég vil minna hann á að það eru 12 þingmenn úr sex kjördæmum og fjórum stjórnmálaflokkum sem fluttu þetta mál. Hann talaði um að þetta væri upphlaupsmál fyrir kosningar. Ég minni hann á að ég hef fjórum sinnum á átta árum verið 1. flm. að þessari tillögu og það er alveg óháð kosningum. Það hefur verið bæði nálægt og fjarri kosningum og hefur ekkert með kosningar að gera. Ég hef gert það vegna þess að ég tel að við eigum að hefja hvalveiðar að nýju.

Hv. þm. talar um heimskuleg vinnubrögð. Það er náttúrlega ekki svara vert. Þetta er slíkur oflátungsháttur að það er þingmanninum til skammar. Hann talar um að við ætlum að eyðileggja það sem ríkisstjórnin hefur verið að vinna. Hvað erum við að eyðileggja? Og hvers vegna hafa þá forustumenn ríkisstjórnarflokkanna tekið niðurstöðu meiri hluta sjútvn. eins vel og þeir hafa gert? Ég held því miður að þingmaðurinn hafi, aldrei þessu vant, ekki verið hér í húsinu í dag þegar hæstv. menntmrh., sem gegnir störfum sjútvrh. þessa dagana, flutti hér mjög góða ræðu og lýsti eindregnum stuðningi við niðurstöðu meiri hluta sjútvn. Ég hvet þennan ágæta þingmann til að fá útskrift af þessari ræðu annaðhvort í kvöld eða þegar hann vaknar í fyrramálið og lesa hana vel og sjá hver afstaða ríkisstjórnarinnar er til málsins. Ríkisstjórnar sem hann hefur talið sig styðja, þótt oft hafi kannski verið áhöld um það. En þessi ræða lýsti miklum hroka og fyrirlitningu í garð okkar sem að þessu máli höfum unnið og það læðist reyndar að mér sá grunur að bak við það búi einhver óvild í garð formanns sjútvn. Alþingis, sem er svona um það bil að hirða þingsætið af hv. þm.

[21:22]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var í þessum sal þegar hæstv. menntmrh. flutti ræðu sína og ég get sagt hv. þm. það að mér kom nokkuð á óvart að heyra að þetta væri afstaða ríkisstjórnarinnar miðað við þá fundi sem ég hef sem nefndarmaður í hvalveiðinefndinni setið með oddvitum ríkisstjórnarinnar. Því verð ég að segja að þetta kom mér nokkuð á óvart og þess vegna, einmitt þess vegna læðist að mér sá grunur að e.t.v. eigi ekkert að gera með samþykktina eins og hún er núna. Menn ætla jú að aflétta þessu banni sem Alþingi hefur sett á hvalveiðar, en svo verði ekkert meira gert. Hv. flm. nefndi að hann hefði flutt þetta mál fjórum sinnum á átta árum og ég held að jafnoft hafi það dagað uppi í þinginu án þess að vera samþykkt. Hann virðist í dag og í kvöld vera að uppskera árangur erfiðis síns þessi átta ár en því miður óttast ég, eins og ég sagði áðan, að vegna þess hvernig þetta er lagt upp muni það leiða til þess að hvalveiðar fari einfaldlega aldrei af stað.

[21:23]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér á óvart að hv. þm. skuli hafa heyrt ræðu hæstv. menntmrh. sem hann flutti í dag og tala síðan með slíkum hætti til okkar flutningsmanna þessa máls eins og hann gerir, því að hann gerir náttúrlega afskaplega lítið úr okkur en ekki úr ríkisstjórninni, sem betur fer. En þar sem hann hefur heyrt afstöðu hennar kemur mér enn meir á óvart að hann skuli gera svona lítið úr málflutningi okkar.

Hann nefndi í ræðu sinni áðan að við gætum staðið frammi fyrir innflutningsbanni til Bandaríkjanna. Ég minni á að æðsti maður á sviði alþjóðlegra umhverfismála í Bandaríkjunum var hér á ferðinni í haust og sagði einmitt frá því að um þessar mundir væru Bandaríkjamenn að lenda í miklum erfiðleikum innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna þess að þeim væri ekki lengur stætt á þessu banni og stofnunin gerði kröfu til þess að þeir breyttu þeim lögum sínum sem gera þeim kleift að setja innflutningsbann á þær þjóðir sem stunda veiðar á sjávarspendýrum. Þetta stæðist einfaldlega ekki. Þessi ágæti maður sagði að nú yrðu þeir að breyta um gír og fara að semja við þær þjóðir sem þeir ættu í ágreiningi við, m.a. við Íslendinga. Þess vegna er engin hætta á innflutningsbanni og þetta verður bara samningsmál.

En ég tek undir það sem hv. þm. sagði í lokin að ég tel mig vera að uppskera hér árangur erfiðisins eftir átta

ára málflutning á þessu sviði og það hefur ekki verið nein sýndarmennska eða kosningasnap. Full meining hefur verið í því og loksins er þetta að ná fram að ganga sem betur fer.

[21:25]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sem hér var að ljúka máli sínu hefur ekki miklar áhyggjur af Pelly-lögunum í Bandaríkjunum, eða refsiaðgerðum Bandaríkjamanna gagnvart Íslendingum. Ég minni á nýlegt bananastríð sem á er skollið milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins. Ef Bandaríkin láta sig hafa það að fara í stríð við Evrópusambandið út af jafnlitlu og ómerkilegu máli og manni finnst það vera, þá held ég að standi nú lítið í mönnum þar að beita sér gegn Íslendingum og íslenskum útflutningi þegar spurningin er um veiðar á hval ef við höfum ekki unnið heimavinnuna okkar áður. Menn voru að vinna þá heimavinnu og ég veit að í þessari tillögu er talað um að hún skuli jú unnin fyrst, en ég held það hefði verið nær að vinna hana fyrst og segja síðan: Nú hefjum við hvalveiðar með það sama.

[21:26]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það datt alveg yfir mig að heyra hugsanir hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar mótaðar í orð hér áðan. Hvernig telur hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson að málið standi hjá hæstv. ríkisstjórn? Hvernig er undirbúningi fyrir málið háttað að hans mati? Hvenær telur hv. þm. að tími verði kominn til að hefja veiðar? Það er vart svara vert að þingmenn af Vestfjörðum og Vesturlandi ræði þessi mál út frá snöpum eftir atkvæðum.

Herra forseti. Ég hef tekið þátt í umræðum um hvalveiðar þau ár sem ég hef setið á þingi ávallt á sama veg, burt séð frá því hvort kosningar eru í nánd eða ekki. Ég neita því slíkum ásökunum. Ef hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson hefur hlustað á ræðu mína eða ræður, þá hef ég alltaf lýst þeim áhættuþáttum sem fylgja því að hefja hvalveiðar. Alltaf. Og hvað heldur hv. þm. að umræddir atkvæðaveiðimenn tapi mörgum atkvæðum með því að standa að málinu og fylgja því eftir eins og gert hefur verið miðað við það sem ég sagði í ræðu minni?

[21:28]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson spyr mig hvernig ég haldi að málið standi hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég lýsti því yfir áðan að það undraði mig að heyra hæstv. menntmrh. lýsa því yfir að ríkisstjórnin væri sátt við þessa tillögu eins og hún liggur fyrir. Vegna þess að ég taldi mig hafa heyrt allt annað í sjálfu ríkisstjórnarherberginu fyrir að vísu nokkrum mánuðum síðan. Ég taldi mig hafa heyrt að menn vildu feta þá braut mjög varfærnislega að hefja hvalveiðar og leysa fyrst ákveðin vandamál eftir diplómatískum leiðum sem við vitum að eru til staðar, sem við höfum ekki rætt úr þessum ræðustól, leysa þau fyrst en hefja síðan hvalveiðar. Hér er það boðað að hefja fyrst veiðar og tala síðan við þær þjóðir sem eitthvað kunna að hafa við það að athuga að við hefjum þessar veiðar.

Ég er alveg sannfærður um að þessir tveir hv. þm. af Vesturlandi sem hér hafa talað trúa því í hjarta sínu að það sé gott fyrir íslenska þjóð að menn hefji hvalveiðar á ný, en mér er spurn hvers vegna þeir vilja keyra þetta svona hratt áfram þegar þeir vita, og þeir hljóta að vita af þeim vandamálum sem eru handan við hornið ef við hefjum þessar veiðar óundirbúið.

[21:30]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi ég skilið hv. þm. Gunnlaug Sigmundsson rétt, þegar hann var áðan í stólnum, taldi hann rétt að hefja veiðar á hrefnu, 100 dýrum, herra forseti. Það getur vel verið að við séum alveg sammála. Ég nefndi nefnilega einmitt það í málflutningi mínum að við ættum að hefja veiðar.

Hins vegar hef ég ávallt varað við afleiðingunum og hef alltaf sagt: Undirbúningi er áfátt. Ég sagði í ræðu minni áðan að ekki einu sinni núverandi sitjandi ríkisstjórn heldur ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa ekki staðið sig í því að undirbúa málið nægjanlega vel. Ég hef hvergi séð það á prenti eða neins staðar fengið upplýsingar um að málið sé þannig komið að óhætt sé að hefja veiðar nú þegar.

En ég vil knýja tillöguna fram til þess að málum megi vera lokið af hálfu Alþingis og þá sé komið að framkvæmdarvaldinu að ljúka málinu. Það er lykilatriði fyrir mér. Ég bar upp spurningar og benti á að ekki væri verið á atkvæðaveiðum úr þessum stól og allra síst núna.

[21:31]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Veiðar á 100 hrefnum er það sem ég boðaði að við ættum að byrja á. Ég held að við eigum að byrja þannig vegna þess að mikill munur er á því að hefja veiðar og segja: Við ætlum að veiða 100 hrefnur í vísindaskyni, við getum losnað við kjöt af 100 hrefnum innan lands, það hleðst ekki upp.

En sú tillaga sem hér er til umræðu opnar á allar hvalveiðar. Á því er mikill munur og mér fannst svolítið merkilegt að heyra hv. þm. Gísla S. Einarsson lýsa því yfir að það sem hann meinti raunverulega væri að hann vildi fara í að veiða 100 hrefnur núna og láta þar við sitja. Þannig skildi ég hann. (**GE:** Ég gæti tekið undir með hv. þm.) Gæti tekið undir. Ja, nú veit maður ekki hvort hann vill heldur.

Ég hef talið að þetta væri leiðin hjá okkur, eins og ég sagði áðan, og segja: Í vor hefjast veiðar á 100 hrefnum. Það er gert í vísindaskyni. Við ætlum að reyna að vita eitthvað meira um þessa stofna og þeir eru fleiri en einn við Ísland. Nota síðan tímann til þess og sjá hver viðbrögðin verða við því. Við vitum að við getum ekki flutt þetta kjöt út, menn eru að berja höfðinu við steininn ef þeir halda öðru fram. En kjöti af 100 hrefnum getum við torgað sjálf og við eigum að nota tímann til að styrkja NAMMCO og við eigum að kanna hvernig við komumst aftur inn í Alþjóðahvalveiðiráðið.

En það er ánægjulegt að heyra að hv. þm. Gísli S. Einarsson meinar það að hann vilji helst byrja á hrefnunum en ekki stórhvelunum.

[21:33]

Útbýting þingskjala:

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 252. mál, nál. allshn., þskj. 1096.

Löggæsla í Grindavík, 600. mál, fsp. SJóh, þskj. 1087.

Málefni fatlaðra, 564. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1095.

Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, 253. mál, nál. allshn., þskj. 1096.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, síðari umr.

Þáltill. KÁ, 98. mál. — Þskj. 98, nál. 1042.

[21:34]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um fyrirbyggjandi aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna. Heilbr.- og trn. hefur fjallað ítarlega um málið á fundum sínum og henni hafa borist umsagnir frá Skrifstofu jafnréttismála, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa sem og heilbr.- og trmrn.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að heilbrigðisráðherra verði falið að setja á fót nefnd sem hafi það hlutverk að kanna hvort og þá hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir geti orðið til að draga úr þunglyndi meðal kvenna og að tillögum nefndarinnar verði síðan fylgt eftir með sérstöku átaki heilbrigðisyfirvalda.

Eftir þá yfirferð varð nefndin sammála um að leggja til að tillögunni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Guðni Ágústsson og Ásta R. Jóhannesdóttir. Ég læt þess getið, herra forseti, að áheyrnarfulltrúi þingflokks óháðra, hv. þm. Ögmundur Jónasson, er samþykkur þessu áliti. Undir það rita ég sem frsm. og formaður, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Bryndís Hlöðversdóttir og Sigríður Anna Þórðardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Átak til að draga úr reykingum kvenna, síðari umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 95. mál. — Þskj. 95, nál. 1043.

[21:36]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um till. til þál. um sérstakt átak til að draga úr reykingum kvenna. Nefndin fjallaði ítarlega um málið á fundum sínum og fékk umsagnir frá mörgum aðilum, þar á meðal landlæknisembætti, Skrifstofu jafnréttismála og heilbr.- og trmrn.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að heilbrigðisráðherra verði falið að efna til sérstaks átaks til að draga úr reykingum kvenna og skuli sjónum einkum beint að stúlkum og ungum konum þannig að takast megi að koma í veg fyrir að stúlkur hefji reykingar og þær sem eru byrjaðar hætti.

Kannanir hafa sýnt, virðulegi forseti, að sú aukning á reykingum, sem við höfum orðið vör við á síðustu árum og margvíslegar kannanir hafa leitt fram, hefur einkum orðið meðal kvenna, fyrst og fremst ungra kvenna. Kannanir hafa líka sýnt fram á að bein fylgni er á milli tíðni reykinga á unga aldri og neyslu harðra fíkniefna þegar fram í sækir. Þess vegna er afskaplega mikilvægt að á einhvern hátt takist að stemma stigu við þessum óhugnaði.

Nefndin varð sammála um það, eftir að hafa fjallað ítarlega um efnið, að leggja til við Alþingi að tillagan verði samþykkt. Hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Guðni Ágústsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en áheyrnarfulltrúi þingflokks óháðra, hv. þm. Ögmundur Jónasson, er samþykkur álitinu.

Undir þetta rita ég, formaður og frsm., og hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Bryndís Hlöðversdóttir og Sigríður Anna Þórðardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegtollar, síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 45. mál. — Þskj. 45, nál. 1044.

[21:38]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um tillögu til þál. um vegtolla á þskj. 1044. Álitið er frá hv. samgn.

Nefndin fjallaði um málið á nokkrum fundum sínum og fékk allmargar umsagnir.

Tillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd er kanni hvort hægt sé að beita vegtollum til að draga úr þörf á gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar. Nefndin áréttar að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort vegtollum skuli beitt, enda gerir tillagan ekki ráð fyrir því heldur hitt að þessi mál séu könnuð og leggur áherslu á að heildarskattheimta á bifreiðum aukist ekki við þetta enda er það ekki tilgangurinn með tillögunni heldur miklu frekar sá að beita vegtollum í öðru skyni, eins og ítarlega er rakið í grg. með upphaflegri þáltill.

Hv. samgn. leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er kanni hvort unnt sé og skynsamlegt að beita vegtollum til þess að draga úr þörf fyrir gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar. Miðað verði við að heildarskattheimta af bifreiðum og umferð aukist ekki."

Hv. þm. Stefán Guðmundsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita auk formanns og frsm. sem hér stendur, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Egill Jónsson, Ragnar Arnalds, Árni Johnsen, Magnús Stefánsson og Kristján Pálsson.

[21:40]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þetta verður örstutt. Ég vildi bara ákveðið halda því til haga og vekja athygli á þeim breytingum sem hafa verið gerðar á tillögutextanum eins og hann kom upphaflega til nefndarinnar og einnig því sem um getur í grg., að nefndin er í sjálfu sér ekki að taka afstöðu til ágætis vegtolla sem slíkra heldur fyrst og síðast að opna á það að menn fari yfir kosti og galla þeirrar aðferðar sem hin upphaflega tillaga gerði ráð fyrir, þ.e. hvort hugsanlegt sé að vegtollar með kostum og göllum þeirra geti virkað til stýringar á umferð og jafnvel til þess að draga úr umferð að einhverju leyti og til þess að hafa víðfeðm áhrif á samgöngumál og umhverfismál ef svo ber undir. Hér er nefndin fyrst og síðast að leggja til, eins og tillögutextinn segir berum orðum, að gaumgæft verði hvort unnt sé og skynsamlegt að beita þessari aðferð.

Þessu vildi ég halda ákveðið til haga að hvorki ég né raunar nefndin er að taka, eins og segir í grg., afstöðu til ágætis þess að taka upp vegtolla í stórum stíl.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, síðari umr.

Þáltill. ÁJ, 378. mál. — Þskj. 605, nál. 1045.

[21:42]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1045 um till. til þál. um rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn. Nefndin fjallaði um málið og fékk á fund sinn fulltrúa Siglingastofnunar Íslands auk umsagna sem nefndinni bárust frá sömu stofnun. Upphaflega tillagan gerði ráð fyrir því að samgrh. yrði falið að hlutast til um að Siglingastofnun Íslands hefji sem fyrst rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn.

Við meðferð málsins í hv. samgn. kom fram að ýmsar minni háttar athuganir væru þegar hafnar. M.a. hefðu farið fram og verið unnin frumdrög að stækkun hafnarinnar og miðað við annars vegar 10 þúsund tonna og hins vegar 20 þúsund tonna vöruflutningaskip sem væru að koma inn í höfnina. Á hinn bóginn hefðu engar hagrænar undirbúningsrannsóknir verið framkvæmdar á stækkun hafnarinnar og heldur ekki meiri háttar rannsóknir sem þyrfti að gera, svo sem eins og líkanagerð eða þess háttar. Þetta er hins vegar mál sem krefst allmikilla rannsókna eðli málsins samkvæmt og þess vegna telur nefndin eðlilegt að undirbúningsrannsóknir og hagrænar athuganir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn fari fram. Að þeim loknum verði unnt að taka ákvörðun um hvort ráðist verði í gerð slíkrar hafnar.

Þess vegna leggur samgn. til tilteknar breytingar á þessari þáltill. og að tillögu nefndarinnar hljóðar tillögugreinin þá svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hlutast til um að Siglingastofnun Íslands hefji sem fyrst undirbúningsrannsóknir og hagrænar athuganir á stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn.“

Hv. þm. Stefán Guðmundsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir þetta nál. rita auk formanns og frsm. sem hér stendur, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Egill Jónsson, Ragnar Arnalds, Árni Johnsen, Magnús Stefánsson og Kristján Pálsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, síðari umr.

Þáltill. ArnbS og EgJ, 356. mál. — Þskj. 488, nál. 1046.

[21:45]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1046 um till. til þál. um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Upphaflega tillagan gerir ráð fyrir að samgönguráðherra verði falið að hefja nú þegar undirbúning að gerð jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og að miðað verði við að framkvæmdir hefjist 2003.

Flestar umsagnir sem bárust nefndinni voru jákvæðar. Í umsögn Vegagerðar ríkisins frá 11. febrúar sl. var farið nokkrum orðum um forsögu málsins og þar kom m.a. fram að á árunum 1983–1984 og 1989–1993 hafi Vegagerðin látið vinna nokkuð að frumathugun á aðstæðum til jarðgangagerðar á Austurlandi. Einkum var þar um jarðgangarannsóknir að ræða. Gögn úr rannsóknunum voru síðan notuð við vinnu nefndar sem skipuð var árið 1988 en hún átti að vinna að framgangi jarðgangagerðar á Austurlandi og gera tillögur um leiðir til fjármögnunar. Nefndin skilaði tillögum sínum árið 1993 og samkvæmt þeim skyldi í fyrsta áfanga byggja göng sem ryfu vetrareinangrun Seyðisfjarðar og Norðfjarðar, í öðrum áfanga göng milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar og í þriðja áfanga jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar annars vegar og Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur hins vegar. Jafnframt kom fram að síðan þessar tillögur voru lagðar fram hafi verið töluverð umræða á Austurlandi um þessa áfangaröðun, án þess að niðurstaða hafi fengist.

Með þeim umbótum og aukinni vetrarþjónustu sem orðið hafa á þessum vegleiðum á Austurlandi hafa aðstæður breyst. Er það meginástæða tillögunnar í þskj. 488 sem fyrr er nefnd.

Í langtímaáætlun í vegagerð fyrir árin 1999–2010, sem samþykkt var á Alþingi 2. júní 1998, var ekki fjallað um framkvæmdir við jarðgöng. Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna sagði að ef til slíkra framkvæmda kæmi á áætlunartímabilinu væri gert ráð fyrir að það yrði samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnvalda þar sem einnig yrði tekin afstaða til fjármögnunar. Í langtímaáætluninni var jafnframt ákveðið að verja 120 millj. kr. til jarðgangarannsókna á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum. Ætla verður að sú mótun langtímaáætlunar um jarðgangagerð sem hér er lögð til taki mið af því.

Mikil umræða hefur verið um gerð jarðganga um nokkurt skeið. Því telur samgöngunefnd að jafnframt því að vinna að *rannsóknum á jarðgangakostum þurfi að hyggja að mótun* langtímastefnu um jarðgangagerð í landinu. Með því móti er stuðlað að skipulegum undirbúningi framkvæmda sem nauðsynlegt er að ráðast í. Því varð að ráði hjá samgöngunefnd að hafa afgreiðslu málsins almennari og víðtækari en tillaga í þskj. 488 gaf tilefni til og er það raunar í samræmi við tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun um jarðgangagerð sem nú liggur fyrir Alþingi og Magnús Stefánsson, varaformaður samgn., og fleiri eru flutningsmenn að. Í tillögugreininni, eins og samgöngunefnd leggur til að hún verði, er að talsverðu leyti stuðst við fyrrgreinda tillögu.

Jarðgöng gegna margvíslegu hlutverki, m.a. í mótun byggðastefnu, eins og Vegagerðin bendir réttilega á í umsögn sinni. Markmið með jarðgangagerð geta verið að stytta vegalengdir, stækka atvinnusvæði, koma í stað annarrar kostnaðarsamrar vegagerðar eða rjúfa vetrareinangrun. Við mat á forgangsröðun framkvæmda þarf að skoða alla þessa þætti eins og kveðið er á um í tillögugreininni.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldum breytingum:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Áætlunin feli í sér úttekt á kostum sem taldir eru á jarðgangagerð á landinu, kostnaðarmat og arðsemismat einstakra framkvæmda og forgangsröðun verkefna. Sérstaklega verði horft til framkvæmda sem rjúfa vetrareinangrun, koma í stað annarrar kostnaðarsamrar vegagerðar, stytta vegalengdir eða stækka atvinnusvæði. Áætlunin liggi fyrir áður en lokið verður við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um langtímaáætlun í gerð jarðganga á Íslandi.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson og Ásta R. Jóhannesdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nál. rita auk formanns og frsm., hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Egill Jónsson, Ragnar Arnalds, Árni Johnsen, Magnús Stefánsson og Kristján Pálsson.

[21:49]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur og Agli Jónssyni fyrir að vekja máls á þessu þarfa málefni, þ.e. jarðgangagerð í heild sinni. Ég er þá ekki aðeins að tala um málið sem þau fluttu hér, þau jarðgöng sem þar var um að ræða og frsm. samgn. hefur síðan lýst hvernig nefndin hefur gert tillögu um breytingar á málinu.

Sá sem hér stendur þurfti að vísu að láta segja sér það þrisvar sinnum, eins og Njáll forðum, að þessi tillaga væri fram komin. Ég er ekki að jafna viti mínu við Njál, en ég var mjög hissa. Kannski af því að ég hef ekki orðið var við mikinn áhuga þingmanna á jarðgangagerð og undanskil þá hæstv. samgrh. í seinni tíð. Það er slæmt að hann skuli ekki vera hér viðstaddur. Þetta á við um Austurland sérstaklega því í hvert skipti sem jarðgöng í þeim landshluta hafa verið til umræðu þá hafa þau ekki verið talin tímabær. Menn hafa ekki getað komið sér saman um þau eða þá að ekki hafa verið til fjármunir. Það eru rökin sem einna helst hafa komið fram í umræðunni.

En víkjum þá kannski ögn aftar í tímann. Mér finnst það nauðsynlegt til að tengja málið. Umræðan um jarðgöng og jarðgangagerð á Austurlandi er ekki ný af nálinni. Skipuð var nefnd af þáv. samgrh., Matthíasi Á. Mathiesen, þar sem Austfirðingar áttu góðan fulltrúa. Hún skilaði tillögum sem var því miður ekki farið eftir. Síðan var önnur jarðganganefnd skipuð af þáv. hæstv. samgrh., Steingrími Sigfússyni. Hún skilaði líka tillögum, góðri skýrslu sem því miður hefur lítið verið farið eftir.

Það hefur farið fram rækileg umræða um þetta mál á Austurlandi, ár eftir ár. Þegar sú umræða hefst þá klingir jafnan við á æðstu stöðum. Því er haldið fram menn séu ósáttir og finni enga niðurstöðu í málinu. Þetta er rangt. Margoft hefur verið reynt að koma því inn í kollinn á ákveðnum mönnum, meira að segja hæstv. ráðherrum en gengið misjafnlega vel, að Austfirðingar væru sammála. Í því sambandi vil ég vísa til samþykktar sem gerð var á fundi á Egilsstöðum. Sá fundur var haldinn 14. október 1994. Mér þykir vænt um að fá þetta tækifæri til að reka nú í eitt skipti fyrir öll heim til föðurhúsanna þau ummæli að Austfirðingar hafi verið ósáttir. Það var aðeins eitt mál fyrir þessum fundi og þar segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Almennur fundur sveitarstjórnarmanna á Austurlandi, haldinn í hótel Valaskjálf á Egilsstöðum föstudaginn 14. október 1994 ályktar eftirfarandi um jarðgangaframkvæmdir í Austurlandsfjórðungi. Fundurinn skorar á þingmenn kjördæmisins og samgrh. að vinna að því að tryggja fjármagn til að framkvæmdir við jarðgöng í fjórðungnum geti hafist, eigi síðar en 1998 í kjölfar verkaloka við núverandi jarðgangaframkvæmdir á Vestfjörðum. Bendir fundurinn í þessu sambandi á nauðsyn þess að viðhalda verkþekkingu sem íslensk verktakafyrirtæki hafa öðlast vegna framkvæmda sem nú eru í gangi eða fyrir skömmu lokið."

Og síðan kemur rúsínan í pylsuendanum:

„Við ákvörðun um framkvæmdaröð jarðganga á Austurlandi, skal einkum litið til þess að með jarðgöngum verði rofin vetrareinangrun byggðarlaga í fjórðungnum og stuðlað að atvinnuuppbyggingu."

Þetta samþykktu allir sveitarstjórnarmenn á þessum fundi, á aukafundi Sambands austfirskra sveitarfélaga, og kom ekkert mótatkvæði við þessari tillögu. Þingmönnum og hæstv. samgrh. þáv. var falið að leggja fram forgangsröð. Þessi samþykkt er mér vitanlega enn í fullu gildi. Ég þekki enga aðra samþykkt en þessa og því er gjörsamlega út í hött að halda því fram fyrr og síðar, að Austfirðingar hafi ekki haldið rétt í taumana á þeim gæðingi sem þarna var riðið. Hann var alls ekki taumskakkur. Við höfum haldið þessu fram allan tímann og gerum það enn.

En viti menn, svo kemur fram í dagsljósið hér tillaga sem ég hef ekkert annað en gott um að segja. Hún vakti málið upp á ný en með allt öðrum áherslum og öðruvísi en við lögðum upp með á sínum tíma. Ég ítreka að ég get ekki verið á móti þeirri tillögu ef meiri hluti er fyrir henni. Ég vil að það komi hér skýrt fram. Menn hafa hins vegar nálgast málið allt öðruvísi en við gerðum á þessum tíma. Mér er ókunnugt um að orðið hafi breyting á þessari afstöðu meðal sveitarstjórnarmanna hjá SSA. Á fundum samtakanna hefur ár eftir ár verið vísað í áðurnefnda tillögu.

Þarna er verið að tala um að stytta vegalengdir. Það er gott og gilt og allt í lagi, þar sem það á við. Ef við erum í standi til að falla frá því að rjúfa einangrun byggðarlaga, eða skapa atvinnu eins og sagði í tillögunni okkar frá því 1994, þá er allt annar flötur kominn upp á málinu og þá ættum við að vinna samkvæmt því. Ég stend ekki hér til að tala á móti því, síður en svo. Mér er nákvæmlega sama hvar byrjað verður að bora á Austurlandi, ef menn dratthalast til að hefja þá vinnu eins og við Austfirðingar höfum ítrekað farið fram á. Þörfin er nefnilega víða. Gera þyrfti göng í gegnum Hlíðarfjöll, á milli Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar; frá Seyðisfirði, í gegnum Mjóafjörð, til Norðfjarðar; frá Norðfirði til Reyðarfjarðar; frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar og síðan frá Mjóafirði til Héraðs. Af nógu er að taka. Ég geri engan ágreining um hvar byrjað yrði á þessum verkefnum og vil að það komi skýrt fram, ef menn ná um það samstöðu. Þegar menn hins vegar rjúfa frið, þá verða menn líka að vera tilbúnir að fara í stríð. Sem betur fer voru menn ekki tilbúnir að fara í stríð miðað við störf nefndarinnar sem er að skila hér tillögum. En ég trúi varla að þetta verði til þess að flýta fyrir þessum draumi okkar Austfirðinga að fá jarðgöngin. Nú er aftur farið að tala um að forgangsraða og ekki á Austurlandi heldur á landsvísu.

Ég get svo sem sætt mig við það. Mér finnst þetta ekki nógu gott en ég hlýt að verða að sætta mig við það þó ég hafi lengi haft mikinn áhuga á málinu og talað fyrir því á Austurlandi, lengst af fyrir daufum eyrum. Sannleikurinn er nefnilega sá að það er löngu búið að forgangsraða. Ég hafði ekki fyrir því að hafa með mér þingskjöl því til sönnunar en leyfi mér að vitna í leiðara í Austra, ágætu austfirsku blaði, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Mergurinn málsins er sá að jarðgangaröðin liggur fyrir í þingskjölum frá árinu 1991 með ákvörðun þar um frá árinu 1987. Þetta er svona. Þessi vilji hefur verið staðfestur í vegáætlun fyrir árin 1991–1993 þar sem lagt er til fjármagn vegna rannsóknar á Austfjarðagöngum jafnhliða framkvæmdum við Vestfjarðagöng og aftur í vegáætlun fyr-

ir árin 1993–1996, þar sem Austfjarðagöng eru enn merkt inn sem fjármagn til rannsókna."

Hvernig geta menn svo sagt að Austfjarðagöng hafi ekkert verið á dagskrá? Hvernig geta menn talað um það úr þessu æðsta púlti þjóðarinnar að þeir séu ekki aðilar að samkomulagi sem gert var hér í hliðarherbergi Alþingis og engu hafi verið þinglýst um að Austfirðingar séu næstir í röðinni? Hvers konar orðbragð er þetta? Þetta er í þingskjölum. Gera menn ekkert með það sem þeir hafa samþykkt? Er akkúrat ekkert gert með það er menn rétta hér upp hendur? Verður ekkert úr því sem framkvæmdarvaldinu er falið að halda áfram með? Spyr sá sem ekki veit. En það er löngu gengið fram af mér og þótt fyrr hefði verið.

Það allra nýjasta í þessari lönguvitleysu, endaleysisvitleysu um jarðgangagerð síðan þörfum göngum fyrir vestan lauk, eins og allir vita, var að verkþekkingunni var nú sem betur fer viðhaldið með Hvalfjarðargöngum, þótt menn skiptust í flokka um þau göng. Þar hefur flest gengið betur en menn þorðu að vona. Þekkingunni er haldið við og aukin með reynslunni af virkjunum, sem betur fer.

En út yfir tekur þó, og ég endurtek að það hefur svo sem löngu gengið fram af manni en það verður seint nóg, greinilega, þegar hæstv. ráðherrar ferðast um í sínum eigin sóknum og jafnvel annarra enn þá, þó einhver breyting kunni nú að verða á því, eins og jólasveinar þó komið sé fram á góu með fullan poka af gjöfum, og það er ekki þornað blekið í vegáætluninni sem verið var að samþykkja þar sem engir peningar voru til jarðganga, heldur ekki í langtímaáætluninni. Nú bjóða þeir sitt á hvað og nú er spurningin hver býður best.

Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega, segi ég aftur og enn. Hvernig er hægt að taka svona menn alvarlega? **(Gripið fram í:** Það er ekki hægt.) Það er ekki hægt. Það er rétt. Það er ekki nokkur leið.

Á sama tíma er hamast á móti jarðgöngum á Austurlandi sem voru næst í röðinni. Vestfirðingar eiga mikinn heiður og þakkir skildar fyrir sinn skilning á málinu. Við lofuðum þeim stuðningi á sínum tíma. Þeir hafa ekki hlaupist undan merkjum og hafa tilkynnt okkur Austfirðingum meira að segja skriflega, virðulegur forseti, að þeir muni styðja okkur í komandi slag um jarðgangagerð.

Enginn má skilja orð mín svo að ég sé á móti jarðgöngum á milli Eyjafjarðar og Siglufjarðar. Það sæti síst á mér að gera það. Það þarf að ná samkomulagi í þessu máli. Það þarf að ná lendingu í þessu máli sem menn geta verið sáttir við. Ég er fyrir mína parta tilbúinn til þess að ná þeirri sátt en það verður engin sátt ef við Austfirðingar verðum settir til hliðar. Þá er engin sátt. Þá er búið að rjúfa friðinn. Og þá verður stríð.

Ég sá mér til mikillar hrellingar áður en ég kom í þennan ræðustól hér fyrr að nú er farið að hrópa á enn ein jarðgöngin fyrir norðan. Nú er það undir Vaðlaheiði. Hvar skyldu þau lenda í forgangsröðinni?

Ég vona bara og treysti að menn nái lendingu í þessu máli, enda verðum við að gera það. Ég ætla að styðja þessa breytingu samgn. Ég er ákveðinn í því, virðulegur forseti, í trausti þess að það sem sagt hefur verið og það sem gert hefur verið í málinu fram að þessu standi og að skaffaðir verði nægilegir fjármunir til þess að láta verkin tala en ekki haldlaus og handónýt orð.

[22:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Austurl. — ég árétta, hv. 1. þm. Austurl., það er hvorki meira né minna — þessa réttmætu ádrepu hans. Bragð er að þá barnið finnur. Hann skóf ekki utan af því í sinni einkunnagjöf til samherja sinna í ríkisstjórn. Það var ekki eingöngu um það að ræða að samstarfsflokkurinn og hv. þingmenn Egill Jónsson og Arnbjörg Sveinsdóttir fengju hér gusuna í stórum stíl þegar þeim var borið á brýn með réttu eða röngu að hafa drepið málum á dreif þegar kom að jarðgangagerð á Austurlandi, heldur undanskildi hann hvorki formann Framsfl., hv. 1. þm. Austurl. og hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, né heldur Jón Kristjánsson, hv. 2. þm. Austurl. Með öðrum orðum þá fengu hvorki meira né minna en fjórir af hv. fimm þingmönnum Austurlands falleinkunn hjá hv. þm.

Ég vil þakka honum að hann skuli vera jafnhreinskiptinn hér jafnstuttu fyrir kosningar og raun ber vitni. Það er mikilvægt og hressilegur andblær fylgir því að loksins koma hér stjórnarþingmenn og tala hreint út en hlaupa ekki undan veruleikanum eins og hann blasir við.

Ég vil bara segja eitt, herra forseti: Hafi hv. þm. Jónas Hallgrímsson, sitjandi 1. þm. Austurl., þakkir fyrir. Auðvitað verður þessari einkunn hv. þm. á störf þessara fjórmenninga flett upp núna í aðdraganda kosningabaráttu. Það gefur auga leið. Falleinkunn hafa þeir stundum fengið, hv. þingmenn stjórnarinnar í þessu kjördæmi og fleirum, af hálfu okkar stjórnarandstæðinga. En nú kemur það úr röðum þeirra sjálfra frá manni sem þekkir býsna vel til og hefur fylgst grannt með störfum þessara hv. þingmanna og talar því af reynslu og þekkingu um málið. Við hér á suðvesturhorninu kunnum honum auðvitað bestu þakkir fyrir.

[22:05]

Jónas Hallgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég minnist þess ekki að hafa verið prófdómari hér í þessum stól. Ég kannast hvorki við að hafa notað einkunnagjöfina frá 0 til 10 eða frá mínus 23 til 8. Það er nú, virðulegur forseti, Örsted, ef ég man rétt.

Ég sagði að hv. þingmönnum Austurl. hefði verið falið þetta mál ásamt samgrh., hver sem hann var um það leyti. Ég eftirlæt svo öðrum að gefa einkunnir. Það fólst ekki í mínum orðum á nokkurn hátt.

Hins vegar geri ég mér alveg grein fyrir því, eins og ég rakti í ræðu minni, að hv. þingmönnum Austurl. hefur reynst mjög erfitt að fóta sig í þessu máli. Nú síðast hafa atvinnudraumar okkar um stóriðju sem hv. þingmenn þekkja, tengst þessu máli þannig að ákvörðun þingmanna hefur m.a. dregist vegna þess. En það breytir ekki því að samgönguyfirvöld hafa ekki ljáð máls á því að standa við það sem hæstv. Alþingi hefur sett á blað í þeim áætlunum sem fyrir liggja. Það á við um eftirlitsskyldu allra þingmanna, ekkert frekar austfirskra þingmanna en annarra. Ég vil að það komi skýrt fram. Því hefur ekki verið framfylgt sem í vegáætlun fólst þau ár.

En ég frábið mér einkunnagjöf um hv. samþingsmenn mína og félaga af Austurlandi.

[22:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn geta út af fyrir sig ráðið því hvort hér sé rætt um einkunnagjöf eða ekki. Það voru að sönnu mín orð. En ég held að mjög skelegg og réttmæt lýsing hv. þm. á gangi mála og athafnaleysi hv. þingmanna Austurl. í hópi

stjórnarliða sé auðvitað veruleikinn sem við okkur blasir. Lái mér hver sem vill þegar dreg þær ályktanir af þeirri lýsingu að nánast sé um falleinkunn að ræða, því að veruleikinn talar þar sínu máli.

Auðvitað gengur það ekkert, herra forseti, með fullri virðingu fyrir hv. 1. þm. Austurl. sem situr hér í forföllum hæstv. utanrrh. og varaforsrh., að reyna að skella allri skuldinni á hæstv. samgrh. Auðvitað verður maður var við það, og ég ætla að gera það að umtalsefni í ræðu minni á eftir, hvernig þessi mál ganga fyrir sig á milli stjórnarflokkanna nú á liðnum dögum og vikum. Það er kapítuli út af fyrir sig. En í þessum efnum held ég að tæplega verði skilið á milli stjórnarflokkanna í því að einkunn þeirra í báðum flokkum sé falleinkunn hrein og klár. Þess vegna eru þau orð svo eftirtektarverð sem hv. þm. Jónas Hallgrímsson hefur látið hér falla. Ég segi það bara, herra forseti, að ég ætla að fá útskrift af þessu á eftir og faxa þetta „omgående" heim í hérað til hans, til þeirra sem gagn geta haft af.

[22:09]

Jónas Hallgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en þakkað hv. þm. fyrir hlý orð í minn garð og mína frammistöðu. Þau eru að vísu óverðskulduð en ég hleyp ekkert frá mínum orðum. Ég tel, og er tilbúinn til þess að standa við það, að samgönguyfirvöld á hverjum tíma og hver sem átt hefur hlut að máli — og endurtek að mér þykir fyrir því að viðkomandi aðili skuli ekki vera hér til þess að bera þá af sér. Ég hef ekki annan tíma til þess að segja það sem ég vil um þessi mál — hafi haldið illa á þessum málum og staðið í vegi fyrir því að þeim yrði haldið áfram eins og þessi æðsta samkunda þjóðarinnar ætlaðist til. Menn hafa ekki bara verið hundlausir heldur líka illa ríðandi í þessu máli.

[22:10]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 226. mál, þskj. 1034.

Brunatryggingar, 388. mál, þskj. 1031.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 585. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1104.

Kortlagning ósnortinna víðerna á Íslandi, 327. mál, nál. umhvn., þskj. 1103.

Lífeyrissjóður sjómanna, 324. mál, þskj. 1032.

Málefni fatlaðra, 564. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1097.

Opinberar eftirlitsreglur, 199. mál, þskj. 1030.

Orkusjóður, 225. mál, þskj. 1039.

Skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins, 387. mál, nál. menntmn., þskj. 1101.

Stofnun þjóðbúningaráðs, 203. mál, nál. menntmn., þskj. 1102.

[22:11]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal reyna að verða við tilmælum hæstv. forseta um að reyna að stytta mál mitt eins og kostur er. Það þarf þó ekki að vera neitt undrunarefni að hv. þingmenn sýni þessu máli talsverðan áhuga því ekki þarf annað en að lesa dagblöðin eða hlusta á ljósvakamiðlana síðustu vikur til þess að finna þann titring, þau yfirboð og þann kosningaskjálfta sem hlaupinn er í ýmsa þingmenn stjórnarliða núna tveimur mánuðum fyrir kosningar. Það er í því ljósi sem ég sagði í andsvari áðan að það væri þakkarvert að ferskir vindar kæmu inn á þingið með persónu varaþingmannsins hv. Jónasar Hallgrímssonar og segðu mönnum hér hispurslaust hvernig þessi kaup hefðu verið gerð á eyrinni og hver veruleiki þeirra væri. Það er þakkarefni.

Til að halda hinum formlegu þáttum til haga þá erum við, eins og segir í nál., að fjalla um till. til þál. um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. En auðvitað er það þannig í nál. og brtt. sem hér er lagt til að afgreidd verði, að við erum að afgreiða allt annað mál þannig að við veltum því eðlilega dálítið fyrir okkur í samgn. hvernig best mætti koma þessu fyrir þingtæknilega. Í raun og sanni erum við ekki að taka út þá þáltill. sem nefndin hafði til umfjöllunar, þ.e. að grafa göng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, heldur leggjum við þvert á móti til að Alþingi álykti að fela samgrh. að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi.

Ég skrifa undir þetta. Ég skrifaði undir vegna þess að mér þótti það skynsamlegt, skynsamlegt til þess að stöðva hina hröðu yfirreið stjórnarþingmanna og ráðherra um héruð þar sem þeir lofa öllu fögru hverjum sem heyra vill, nánast hverju sem hver vill heyra um jarðgöng og annað gotterí. Ég vildi koma þessu í vitrænan farveg.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft að það verk sem lagt er til að farið verði í átti náttúrlega að leggja upp með við gerð langtímavegáætlunar sem við afgreiddum fyrr á þessum vetri. En stjórnarliðar með hæstv. samgrh. í broddi fylkingar heyktust á því verki. Ég rifja það upp, herra forseti, að fram fór allítarleg umræða um þau mál einmitt í tengslum við afgreiðslu vegáætlunar og síðan langtímavegáætlunar hér fyrr á vetrinum.

Það er mér í fersku minni að hæstv. samgrh. hljóp mjög hratt undan þegar eftir því var gengið hvaða afstöðu ríkisstjórnin og stjórnarliðar í heild, hefðu til jarðgangagerðar á næstu árum. Hann sagði að það væri seinni tíma mál. Það hefur sennilega verið sá tími sem hann valdi á fundi á Siglufirði um daginn til að lofa göngum milli Norðurlands vestra og síns eigin kjördæmis, Norðurlands eystra. A.m.k. lýsti hann engri klárri skoðun á því hvernig forgangsraða bæri né heldur hvort yfirleitt ætti að fara í jarðgangagerð á næstu 12 árum. Það var sú yfirlýsing sem eftir lá þegar Alþingi afgreiddi langtímavegáætlun, um margt dálítið myndarlega áætlun, til næstu 12 ára. Ég segi um margt dálítið myndarlega áætlun því sumt í henni, þótt hún væri án jarðganga, bar þess keim að vonarglampi væri í augum stjórnarliða og menn væru í dálitlum loforðasmíðum í þessum efnum. En látum það vera. Í þessari tillögu er með öðrum orðum horfið frá og raunverulega verið að vísa frá formlega fyrirliggjandi tillögu hv. þm. Sjálfstfl. á Austfjörðum, Egils Jónssonar og Arnbjargar Sveinsdóttur. Málið er fært í allt allt annan farveg og raunverulega sett í hendur næstu ríkisstjórnar hvernig haga beri forgangsröðun verkefna á sviði jarðgangagerðar. Það mun verða dómur sögunnar sem eftir situr að þessi ríkisstjórn sem hefur haft 40 þingmenn af 63 hafi ekki náð að ljúka því verki sínu að standa við gefin fyrirheit fyrr á þessum áratug um það hvernig bæri að forgangsraða í jarðgangagerð á þessu landi þegar Vestfjarðagöngum lyki. Ég vil taka af öll tvímæli um það og hef flett því upp og hlýtt mönnum yfir sem í því samkomulagi tóku þátt að öllum er ljóst að Austurland skyldi verða næst í röðinni hvað jarðgöng varðar þegar Vestfjarðagöngum væri lokið. Það hefur því verið skýrt í mínum huga.

En meginkjarni málsins, herra forseti, er að á næstseinasta degi þingsins, tveimur mánuðum fyrir kosningar, þá

er það útspil ríkisstjórnarflokkanna — að vísu með góðum stuðningi okkar stjórnarandstæðinga, það þurfti til — að lagt er til að samgrh. framtíðarinnar verði falið að skoða málið, að gerð verði úttekt á kostum og síðan verði forgangsraðað. Það er satt að segja fagnaðarefni að það þarf auðvitað nýja ríkisstjórn til að ljúka því verki sem stjórnarliðum 40 talsins tókst ekki að ljúka á yfirstandandi kjörtímabili. Þó að ég viti vel að með þessari þáltill. sem hér er raunverulega verið að vísa frá hafi fylgt góður hugur, þá er það eftirtektarvert, herra forseti að hér skuli koma fram þingmannatillaga á síðasta vetri kjörtímabilsins um að það eigi að bora í gegnum fjöll á Austurlandi. Það er eftirtektarvert. Og að annar flm., hv. þm. Egill Jónsson, sem var hér á þingi 1991 og hefur verið oddviti sjálfstæðismanna á Austurlandi um langt árabil, hefur talið það málinu til framgangs að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir færi fram með þessa þáltill. sem 1. flm. á síðasta vetri kjörtímabilsins. Hún kemur þá fram með, eins og hv. þm. Jónas Hallgrímsson drap á, í raun alveg nýja útfærslu. Að vísu ekki ópekkta heldur útfærslu sem nefnd hefur verið, en engu að síður nýja útfærslu frá því sem samþykkt var fyrir fjórum árum 1994 eins og hér var rakið mjög rækilega. Út af fyrir sig ætla ég ekki að hafa neinar sérstakar skoðanir á því. En maður sá það vissulega á umsögnum um þáltill. sem hér er lagt til að verði að forminu til vísað frá eða inn í þessa heildarskoðun, að uppi voru ýmis álitamál í fjórðungnum um það hvort skynsamlegt væri að víkja frá fyrri stefnu í þessum efnum og vera e.t.v. með fjóra eða fimm möguleika á því hvar og hvernig skyldi bora í fjórðungnum.

Ýmsir hafa haldið því fram að þetta geri það að verkum að Austfirðingar verði kannski ekki tilbúnir til að vera sammála um ein göng og í því ljósi verði það Norðlendingar sem stingi sér fram fyrir. Þetta eru röksemdir sem hafa heyrst í þessum efnum. Ég held það sé alveg ástæða til að taka þær með fullri alvöru. Ég undirstrika, herra forseti, að ég leyfi mér vissulega að hafa á þessu skoðanir þótt ég komi úr allt öðru kjördæmi og af öðru svæði, héðan af suðvesturhorninu. En það geri ég vegna þess að ég hef jafnmikinn áhuga og þingmenn dreifbýlisins á því að menn taki myndarleg skref í jarðgangagerð. Við sjáum af fenginni reynslu að jarðgöng milli byggðakjarna til þess annars vegar að rjúfa vetrareinangrun sem við þekkjum kannski hvað best, en einnig ef það á við til þess að stytta vegalengdir — stundum fer þetta saman — er ekkert sérmál dreifbýlisins. Hér er um þjóðarhagsmuni að ræða. Ég tel að í þeim tilfellum sem í jarðgangagerð hefur verið ráðist hafi verið um þjóðhagslega hagkvæmar aðgerðir að ræða sem við eigum ekki að setja í útideyfu, ekki að hafa áhyggjur af eða óttast að taka afstöðu til eins og hæstv. samgrh. fyrr á þessu kjörtímabili þegar hann drap málinu á dreif og vildi ekki taka þetta inn í langtímavegáætlun. Og það sem meira er, ekki er aðeins um hæstv. samgrh. að ræða í þeim efnum, heldur stjórnarliða, samflokksmenn hans í þingflokki Sjálfstfl. sem auðvitað blessuðu yfir þessa langtímavegáætlun og vegáætlun hina styttri líka og samþykktu það væntanlega í sínu þingflokksherbergi að langtímavegáætlun yrði afgreidd án jarðganga. Auðvitað eru þeir framsóknarmenn ekki heldur saklausir af þessum glæp. Þeir samþykktu það á sama hátt í sínu þingflokksherbergi, væntanlega samkvæmt tillögu varaforsætisherrans, 1. þm. Austurl., að drepa málinu líka á dreif og nefna ekki jarðgöng einu aukateknu orði í langtímavegáætlun sem samþykkt var fyrr á þessum vetri. Þetta er kjarni málsins og veruleiki hlutanna. Þessu þurfa hv. þm. Framsfl. og Sjálfstfl. að svara sínum kjósendum, annars vegar á Austurlandi, hins vegar á Norðurlandi og raunar um allt land. Það þýðir ekkert að mæta hér örfáum vikum fyrir kosningar og henda inn einhverjum þingmannafrv. og ætla sér að ná sér þannig í fjarvistarsönnun. Það er kjánalegt.

Ég hrasaði um enn aðra tillögu frá hv. þm. Austurl. Það er eins og að hlaupið hafi í þá svakalegur mórall. Hér er tillaga um könnun á hagkvæmni virkjunar Fjarðarár í Seyðisfirði. Þessu rignir hér inn, eins og menn séu að vakna núna loksins, rétt fyrir kosningar, deginum áður en þingið fer heim, væntanlega til þess að geta farið á fundina fyrir austan og sagt: „Ég nefndi þetta þó.“

Kjósendur sjá í gegnum svona sýndarmennsku. Það gefur augaleið og þegar Samfylkingin mætir til leiks — hún er náttúrlega mætt til leiks — þarna fyrir austan og hringinn í kringum landið, þá þýðir svona sjónarspil og einfalt grín úr gömlum myndum ekki nokkurn skapaðan hlut. Þetta eru gamaldags vinnubrögð. Ég hélt satt að segja að menn reyndu ekki svona ódýr trikk og ódýrar meldingar nú rétt um aldarhvörf. (**Gripið fram í:** Þú varst í framboði fyrir austan.) Já, einmitt. Menn reyndu þetta einmitt þá. Það er mér í fersku minni. Ég hélt satt að segja að eitthvað hefði breyst á þessum árum sem frá eru liðin, frá 1983. En allt virðist sitja fast í þessum efnum hjá stjórnarflokkunum sem hafa haft mikið fylgi á Austurlandi, allt of mikið. En nú verður væntanlega stór breyting á í komandi kosningum. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Það sem vekur sérstaka athygli ef það er ástæðan að stjórnarþingmenn hverju sinni eru ósáttir við stjórnarstefnuna í samgöngumálum — maður hefur fullan skilning á því — þá er ósköp eðlilegt að við afgreiðslu vegáætlunar eða langtímavegáætlunar komi sú óánægja fram. Jafnvel eru þess þekkt dæmi að það gerist með breytingartillögum eða að menn ræði það út og nái samkomulagi í þingflokkum stjórnarflokkanna um að gera umtalsverðar breytingar í þessum efnum. En það er ekki mjög trúverðugt þegar þessir sömu hv. þm. hafa stutt þessa ríkisstjórn í blíðu og stríðu og hangið á græna takkanum í hverju málinu á fætur öðru, herra forseti. Þeir hafa hangið á græna takkanum en allt í einu rétt fyrir kosningar gerir samviskan vart við sig og það rignir hér inn ódýrum yfirboðum og sýndartillögum um þetta og hitt. Þetta er ekki mjög trúverðugt. Enn er veruleikinn sá að stjórnarflokkarnir eru á fljúgandi ferð undan sjálfum sér. Það er ekki einungis að þeir noti hvert einasta tækifæri til að leggja hver til annars, gagnrýna hver annan, heldur eru þeir líka að átta sig á því að þeirra eigin flokkur hefur ekki gert nákvæmlega það sem æskilegt hefði verið og eru því að lappa upp á sjálfan sig með yfirboðum og tillögum af þessum toga.

Auðvitað hefur það aldrei gerst að borað hafi verið í gegnum fjöll vegna þess að þingmannatill. hafi komið fram. Ég minnist þess ekki — menn geta þá leiðrétt mig í þeim efnum — að einhverjum hafi dottið í hug síðast á kjörtímabilinu 1987 að bora í gegnum fjöll fyrir vestan og það hafi verið ástæða þess að farið var í milljarðaframkvæmdir þar, eða í Ólafsfjarðarmúlann. Ég get nefnt þessi stóru verkefni. Auðvitað gerist þetta ekki þannig. Það vitum við. Auðvitað gerist það þannig að pólitísk stefnumörkun styrkrar og öflugrar ríkisstjórnar gerir slíka drauma að veruleika. Þess vegna átti maður von á því að þessi „samhenta ríkisstjórn“ sem hefur hælt sér að því að ekki gengi hnífurinn á milli stjórnarflokkanna, mundi ná saman um það a.m.k. hvaða verkefni yrðu næst í röðinni. Nei, þeir náðu ekki saman um það. Þaðan af síður ná þeir samkomulagi um hvenær eigi að

hefja næsta verkefni. Í þriðja lagi eru engir peningar fráteknir í langtímavegáætlun til að ráðast í þetta stóra verkefni sem kemur til með að kosta nokkra milljarða kr., jafnvel fimm til sex.

Auðvitað var það eftirtektarvert þegar hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir var spurð um það í sjónvarpi hvernig þetta kæmi allt heim og saman, þ.e. að þegar hæstv. ráðherrann hennar væri að lofa göngum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, þá væri hún að tala um göng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. að þá var svar hennar efnislega þannig: „Er ekki hægt að fara í hvort tveggja, bara?" Það var prýðilegt svar. Ég veit til þess að þeir í Reykjavík eru líka að tengja á milli. Má ekki bæta því við? Ég veit hugmyndir eru um að grafa niður Reykjanesbrautina í Hafnarfirði. Má ekki bæta því við líka? Svo voru menn að nefna Vaðlaheiðina. Munar nokkuð um að bæta þessu öllu á listann? Þetta er ekki trúverðugt. Það er heldur ekki trúverðugt þegar hv. þm. Skagfirðinga heldur því fram að ríkisstjórnin ætli þrátt fyrir allt að bora fyrst milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar en svo kemur hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir flokksfélagi hans fyrir austan og segir eitthvað allt annað. Hv. þm. Jón Kristjánsson og hv. varaforsætisráðherrann eiga svo eftir að syngja einn sönginn fyrir austan og hæstv. félmrh. á eftir að syngja eitthvert allt annað lag á Norðurl. v. Þeir eru þegar byrjaðir á því.

Þetta er fullkomlega ótrúverðugt. Þess vegna er þrátt fyrir allt kannski best, herra forseti, úr því sem komið er eftir ráðleysi ríkisstjórnarinnar og stjórnarþingmannanna — sérstaklega er áhugaleysi ríkisstjórnarinnar á málinu áberandi. Það blasir við öllum. Tómir stólarnir segja allt um það — að við stjórnarandstæðingar skerum þá niður úr snörunni og setjum málið á byrjunarreit, látum væntanlegan samgrh. í nýrri ríkisstjórn fara ofan í málið þannig að ný ríkisstjórn undir forustu Samfylkingarinnar geti sett í fullan gang, til að mynda seint síðar á þessu ári, þannig að við getum hafist handa og efndir fylgi þessum orðum öllum, að þetta verði meira en blaður og bull út og suður, fram og til baka.

[22:30]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra foreti. Ég vil þakka samgönguráðherraefni Samfylkingarinnar fyrir öflugan stuðning við jarðgangagerð á Austurlandi. Þetta fer að hljóma eins og framboðsfundur fyrir austan og er ekkert nema gott um það að segja að byrja hér. Hv. þm. er nú nokkurs konar 6. þm. Austurl. svo það er einmitt ágætt að byrja framboðsfundina hérna.

En ég er ánægður með þessa ályktun. Samþykkt var vegáætlun þar sem ekki var gert ráð fyrir jarðgangagerð. Það átti að vera sérstök ákvörðun. Sú tillaga sem flutt hefur verið hefur komið umræðu af stað og hún hefur leitt til þess að á leiðinni er samþykkt á tillögum um jarðgangaáætlun. Aðalatriðið er að samkomulag náist um að afla fjármagns til þeirra framkvæmda. Og það er auðheyrt á undirtektum hér að ekki þarf að örvænta ef Samfylkingin kemst til valda þó að ekki hafi gerst neitt í jarðgöngum á Austurlandi þegar Alþfl. var í ríkisstjórn í fjögur ár á síðasta kjörtímabili. Ekki var nú mjög snarplega tekið til hendinni þá heldur, og ég hef ekki trú á að það breytist mikið.

[22:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það ákaflega vel að hv. þm. fagni liðsstyrknum frá samfylkingarmönnum að afloknum kosningum því að ekki er vanþörf á. En af því að hann þorði að fara í samanburð á framkvæmdum í vegamálum á síðasta kjörtímabili á krepputímunum og á yfirstandandi kjörtímabili á góðæristímum, þá þori ég svo sannarlega í þann samanburð í hverju einasta kjördæmi, hv. þm.

Auðvitað var ekkert um það að ræða, og það er ómerkilegur útúrsnúningur að halda því fram að einhverjum hafi komið það til hugar og engum datt það í hug raunar, að fara í framkvæmdir við jarðgöng á Austurlandi á sama tíma og menn voru í fullum gangi við jarðgangagerð á Vestfjörðum. Það þurfti auðvitað að ljúka þeim fyrst. Það tókst á síðasta kjörtímabili. En áformin voru þau að þá í kjölfarið færi í gang vinna við næstu jarðgöng.

Að undanskildum Hvalfjarðargöngum sem eru auðvitað sérverkefni og unnið að miklu leyti af hálfu einkaaðila og sveitarfélaga og notendur borga brúsann að mestu leyti þó að síðasta ríkisstjórn hafi stutt framgang þess verks í upphafi og raunar ríkisstjórnin sem nú situr einnig, þá hefur í þeim efnum nákvæmlega ekkert gerst, og ekki er einu sinni fyrirliggjandi ákvörðun í málinu. Þetta er kjarni málsins og við þann veruleika verður hv. þm. Jón Kristjánsson að lifa eins og ríkisstjórnin öll.

[22:34]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er yfirleitt viðkvæðið ef talað er um fortíðina í þessum sal að heimskreppan mikla hafi verið á síðasta kjörtímabili. Það er yfirleitt viðkvæðið þegar einhver samanburðarfræði er uppi. Það er auðvitað mjög orðum aukið. Það er að vísu alveg rétt að núv. ríkisstjórn hefur komið málum þannig fyrir að uppsveifla er í atvinnulífinu og hægt hefur verið og er búið að leggja grunn að því að taka á bæði í vegagerð og fleiru. Samþykkt hefur verið metnaðarfull vegáætlun þó að jarðgangagerð sé ekki þar inni og staðið hefur verið við hana með fjárlögum þessa árs. Það hefur verið lagður grunnur að því vegna þess að ríkisstjórnin hefur stuðlað að uppbyggingu atvinnulífs hér í landi og stýrt efnahagsmálum þannig að traustur grunnur hefur verið til staðar til að taka á í ýmsum málum. Ég er því alveg óhræddur við samanburðarfræði og hún er ágæt í sjálfu sér. En það sem skiptir meira máli samt en samanburðarfræðin, þó að hún sé góðra gjalda verð, er að tala um framtíðina. Þetta mál sem hér er til umræðu snýst um framtíðina en taka þarf á fleiri málum og það skiptir náttúrlega höfuðmáli. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma af dýrmætum tíma á síðustu dögum þingsins í samanburðarfræðina. Það gefst nægur tími til þess síðar þannig að ég læt hér staðar numið.

[22:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að samanburðarfræðin er auðvitað takmörkunum háð. Það verður hins vegar ekkert undan því vikist að nefna þá staðreynd, af því að stundum vill bregða við að menn geri lítið úr þeim erfiðleikum sem voru í þjóðarbúinu 1991–1994 í efnahags- og atvinnulífi, að það eru rétt rúmir 100 milljarðar kr. sem hv. þm. Jón Kristjánsson hefur haft meira milli handanna í sinni fjárln. en forveri hans á síðasta kjörtímabili, og það munar nú heldur betur um minna. Ég reikna með að hv. þm. finni muninn á því hvort hann hafi á fjögurra ára tímabili 100 milljörðum meira milli handanna en minna. Það er talan sem við erum að eiga hér við.

En þrátt fyrir þetta var það þannig á síðasta kjörtímabili að farið var í átaksverkefni á sviði vegagerðar og framlög

til vegagerðar voru meiri en markaðir tekjustofnar sögðu til um. Og það var spýtt í, það var svo sannarlega gert.

Á hinn bóginn er ég hjartanlega sammála hv. þm. Jóni Kristjánssyni að úr því sem komið er þýðir auðvitað ekkert að vera að vola það sem liðið er. Við erum búin að þrauka þessi fjögur ár. Nú er það framtíðin sem skiptir máli og það er bjartsýni í hugum fólks og við vonum það besta. Nú er tækifærið til að gera þær breytingar sem þarf í samfélaginu og ég vænti þess og trúi að kjósendur um landið allt, fyrir austan og vestan og sunnan og norðan grípi það tækifæri.

[22:38]

Útbýting þingskjala:

Evrópskt samstarfsráð í fyrirtækjum, 184. mál, brtt. KÁ, þskj. 1105.

Vatnajökulsþjóðgarður, 16. mál, nál. umhvn., þskj. 1100.

[22:39]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni yfir því að sú þáltill. sem ég og hv. þm. Egill Jónsson lögðum fram um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar skuli vera komin til afgreiðslu. Hitt er annað mál að hún hefur tekið nokkrum breytingum í umfjöllun samgn. og ég vil sérstaklega þakka hv. samgn. fyrir þá vinnu sem hún lagði á sig til að fjalla um málið og afgreiða það.

Upphaflegt efni tillögunnar var að fela samgrh. að hefja nú þegar undirbúning að gerð jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Og sá undirbúningur mundi miða við að framkvæmdir mundu hefjast árið 2003.

Í þessum umræðum hefur það verið nefnt að Austfirðingar hafi ekki getað komið sér saman um röð þeirra jarðganga sem vissulega allir ætluðust til að yrðu, þ.e. að næstu jarðgangaframkvæmdir yrðu á Austurlandi. Því er ekki að leyna að framlagning þessarar tillögu var m.a. til þess að fá fram vilja sveitarstjórna á Austurlandi og þeirra Austfirðinga sem um þessi mál fjalla. Eins og kemur fram í nál. voru það afskaplega jákvæðar umsagnir sem komu um nákvæmlega þessa tillögu þannig að ef sveitarstjórnir á Austurlandi eða Austfirðingar yrðu spurðir á þessum tímapunkti um afstöðu sína þá er nokkuð einsýnt hver viljinn væri á þessari stundu.

Ég tel rétt að fara aðeins yfir og grípa niður í þær umsagnir sem bárust um tillöguna. Fyrsta skal þá telja samgöngunefnd SSA en í umsögn hennar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samgöngunefnd SSA tekur undir þingsályktunartillögu um jarðgangagerð á Austurlandi og leggur áherslu á fyrirliggjandi arðsemismat þeirrar framkvæmdar og minnir jafnframt á fyrirheit um jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi."

Í annan stað er hér umsögn stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi fagnar framkominni tillögu um jarðgangagerð á Austurlandi."

Í mjög vandaðri umsögn Þróunarstofu Austurlands kemur mjög margt fram sem styður það að hafist verði handa um jarðgangagerð á Austurlandi og ég vil grípa niður í þá umsögn á nokkrum stöðum en þar segir, með leyfi forseta:

„Hún mundi opna á nýjar lausnir til atvinnusköpunar og um leið efla uppbyggingu byggðarlaganna. Greiðari tenging þessara staða við Mið-Austurland mundi stækka atvinnusvæði íbúanna þar og auðvelda þeim aðgang að víðtækari þjónustu en nú er fyrir hendi. Um leið mundi Mið-Austurland styrkjast sem eitt vænlegasta samfellda þjónustu- og atvinnusvæði landsins.

Jarðgöngin eru samgöngubót sem hraða mun framþróun í þjónustu austfirskra einkafyrirtækja á fjórðungsvísu."

Einnig segir:

„Sambærileg áhrif munu einnig verða varðandi hagræðingu í opinberri þjónustu og samþættingu á slíkri starfsemi og má í því sambandi nefna Skólaskrifstofu Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og hina nýju Heilbrigðisstofnun Austurlands."

Og enn segir:

„Nýir möguleikar og hagræði skapast varðandi samvinnu sjávarútvegsfyrirtækja á Austurlandi með greiðari og styttri flutningsleiðum á milli þeirra."

„Markvisst er unnið að því að markaðssetja Reyðarfjörð sem uppbyggingarsvæði fyrir erlenda fjárfesta. Fram hefur komið í þeirri vinnu að bættar samgöngur og samtenging á sem stærstu svæði umhverfis Reyðarfjörð mun hafa mikil áhrif varðandi ákvarðanatöku í þeim efnum."

Síðar segir:

„Jarðgöng munu styrkja hugmyndir um uppbyggingu á öflugum þjónustukjarna og vaxtarsvæði á Miðausturlandi."

Og enn fremur:

„Jarðgangagerðin sem tillaga er gerð um mun gera fleirum kleift að taka þátt í umfangsmiklum verkefnum á sviði lista og menningarmála og í raun hvetja til slíkra verka."

„Jarðgöngin mundu gera fleirum kleift að sækja menningarviðburði í fyrirhugað menningarhús á Miðausturlandi og gera þessa hugmynd um leið raunhæfari."

„Búast má við að sjálfsímynd og samkennd íbúa Austurlands styrkist með tilkomu fyrirhugaðra jarðganga."

Og að síðustu vil ég nefna að hér segir:

„Auk þeirra atriða sem nefnd hafa verið varðandi samfélags-, byggða- og atvinnuþróun er rétt að benda á að ætla má að arðsemi jarðganganna geti orðið mun meiri en fram kemur í tillögunni." — Og síðan eru færð rök að því.

Hæstv. forseti. Ég vil vitna í fleiri umsagnir sem borist hafa um tillöguna. Hér er umsögn Stöðvarhrepps en þar segir, með leyfi forseta:

„Hreppsnefnd Stöðvarhrepps telur umrædd jarðgöng höfuðforsendu eflingar byggðar á Austurlandi og styður því þáltill. og er sammála þeim rökum sem fram koma í grg. með henni. Hreppsnefnd telur þó að tillagan ætti að ganga lengra varðandi upphaf framkvæmda, þ.e. að framkvæmdir hefjist á því tímabili sem skilgreint er í vegáætlun 1999–2002."

Í umsögn Fjarðarbyggðar segir svo, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Fjarðarbyggðar fagnar framkomu þáltill. og því að umræður um gerð jarðganga á Austurlandi skuli hafnar á ný af fullri alvöru."

Í umsögn Seyðisfjarðarkaupstaðar segir svo, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar lýsir yfir fullum stuðningi við þáltill. frá Arnbjörgu Sveinsdóttur og Agli Jónssyni varðandi jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar." (**GÁS:** Þessi tillaga er ekki til afgreiðslu.) (**ÁRJ:** Bíddu, þetta er allt önnur tillaga en hér er til umræðu.)

Hæstv. forseti. Ég mun enn halda áfram að lesa upp úr þeim umsögnum sem borist hafa um þá þáltill. sem er til umræðu. (**GÁS:** Og er vísað frá.) Hæstv. forseti. Vegna framkalla samgöngunefndarmanna sem hér heyrast þykir mér það nokkuð undarleg skýring ef þeir eru að lýsa sinni vinnu í samgn. með þeim hætti að þeir séu að vísa till. frá

með því að afgreiða nál. með texta og grg. sem þeir hafa fallist á að flytja í þingsölum. Það finnst mér afskaplega undarlegt.

Hæstv. forseti. Ég mun þá lesa úr umsögnum. Næst er umsögn frá Búðahreppi en þar segir, með leyfi forseta:

„Hreppsráð Búðahrepps lýsir yfir ánægju sinni með framkomna þáltill. um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Það er einróma álit hreppsráðs að framangreind jarðgöng yrðu til að efla Austurland í heild sinni, bæði með tilliti til atvinnu- og byggðarsjónarmiða. Því lýsir hreppsráð yfir fullum stuðningi við tillöguna og vonar að hún verði þegar samþykkt og megi koma til framkvæmdar hið fyrsta."

Hér kemur álit hreppsnefndar Fáskrúðsfjarðarhrepps, með leyfi forseta:

„Hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps fagnar framkominni tillögu og telur þetta mikið hagsmunamál fyrir samgöngur á svæðinu."

Svo er álit hreppsnefndar Breiðdalshrepps, með leyfi forseta:

„Hreppsnefnd Breiðdalshrepps tekur undir þáltill. varðandi jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar."

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps segir svo, með leyfi forseta:

„Hreppsnefndin mælir með samþykkt tillögunnar."

Í umsögn frá Austur-Héraði segir, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Austur-Héraðs telur hér hreyft mjög brýnu máli og hvetur alla þingmenn kjördæmisins til sameinast um tillöguflutning sem miði að því að tryggja að jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi verði næstar í röð slíkra stórverkefna hérlendis."

Síðast kem ég að umsögn sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðar getur því ekki tekið undir þáltill. um að fyrstu jarðgöng verði milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, nema einnig verði ráðist í jarðgöng milli Vopnafjarðar og Héraðs."

Eins og fram kemur er ekki verið að leggjast gegn tillögunni heldur eingöngu reiknað með því að á sama tíma verði hægt að fara í jarðgöng milli Vopnafjarðar og Héraðs.

Hæstv. forseti. Þær umsagnir sem hafa verið lesnar upp sýna mjög vel samstöðu Austfirðinga um að þeir taka undir tillöguflutninginn. Kannski er rétt að fara aðeins yfir það, og ég mun vísa í nokkur þskj. þar að lútandi, að um alllanga hríð hefur það verið vilji Alþingis að næsta jarðgangagerð færi fram á Austurlandi.

Ég er með þál. um vegáætlun fyrir árin 1989–1992 og þar er einmitt gert ráð fyrir því að röð jarðganga verði slík að Ólafsfjarðarmúli fái fjármagn á árunum 1989, 1990 og 1991, Vestfjarðagöng fái rannsóknarfé á fyrstu árum áætlunarinnar og síðan verði hafist handa um framkvæmdir á árinu 1992. Austurlandsgöng eru komin þarna inn með rannsóknarfé á árunum 1991–1992.

Þáltill. sem var lögð fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi, 1990–1991, vann starfshópur sem í var margt merkra manna. Ég mun lesa upp hverjir stóðu að þessari tillögugerð. Það voru Ólafur Steinar Valdimarsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Stefán Guðmundsson, Stefán Valgeirsson, Málmfríður Sigurðardóttir, Halldór Blöndal, (**ÁRJ:** Vá.) Sturla Böðvarsson, Þórir Hilmarsson og Snæbjörn Jónasson, en hann var í forustu fyrir þessum hópi. Í þáltill. segir svo, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af þessari sérstöðu í fjármögnun og svo hinu að hér er um mjög dýr verkefni að ræða, telur starfshópurinn eðlilegt að hann geri tillögu um röðun þessara verkefna. Fara þær hér á eftir. Ítreka ber að einungis eru gerðar tillögur um röðun verkefna á þrjú tímabil og því komast ekki öll verkefni að."

Röðunin er sú að lokið verði við Ólafsfjarðarmúla með fjárveitingu á fyrsta tímabili, síðan komi Vestfjarðagöng á fyrsta og öðru tímabili og byrjunarframkvæmdir Austfjarðaganga á öðru tímabili, sem reiknað var með að yrði 1998, og síðan framhaldsfjárveitingar á þriðja tímabili.

Ég tel rétt að rifja þetta upp vegna þeirrar umræðu sem hefur farið fram víða í þjóðfélaginu um söguna að baki þess að menn hafa yfir höfuð verið að ræða um jarðgöng á Austurlandi.

Til enn frekari áréttingar um það að hér eru verkefni sem m.a. Sjálfstfl. hefur mjög mikinn áhuga á má sjá í drögum að landsfundarályktunum sem liggja nú fyrir landsfundi Sjálfstfl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Treysta skal byggðarlög og tengja saman atvinnusvæði með hagkvæmri jarðgangagerð. Þannig er einnig tryggt að verkþekking og tækjakostur við jarðgangagerð haldist í landinu."

Þó svo að fjármagn til framkvæmda við jarðgöng hafi ekki komist inn í langtímaáætlun um vegagerð þá er þar svo sannarlega fjármagn til rannsókna. Ég tel rétt að vitna í skýrslu sem var verið að dreifa á borð okkar þingmanna, þ.e. skýrslu samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1998. Þar segir á bls. 69 að innstæða varðandi fjármögnun Austurlandsganga sé samtals 27 millj. Skýringar þær sem þar koma fram eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Fjárveitingar geymast og verða notaðar til rannsókna og undirbúnings jarðgangagerðar á Austurlandi."

Tillaga okkar þingmanna Sjálfstfl. á Austurlandi fól því í sér að hafist yrði handa um rannsóknir og það er náttúrlega alveg ljóst af þessum upplestri að til er fé til að hefja þessar rannsóknir. Einnig er alveg ljóst að í langtímavegáætlun er gert ráð fyrir á 120 millj. til jarðgangarannsókna á þessum 12 árum og að á þessu fyrsta tímabili, 1999–2002, eru 40 millj. til jarðgangarannsókna. Það eru þá til viðbótar 40 millj. við þær 27 sem þegar bíða vegna fyrri fjárveitinga til jarðgangarannsókna á Austurlandi.

Ég fagna því að hv. samgn. náði niðurstöðu í málinu og skilar frá sér nál. Í tillögugreininni kemur fram að samgn. lítur svo á að það skipti mjög miklu máli að gerð verði úttekt á kostum sem taldir eru á jarðgangagerð á landinu, kostnaðarmat og arðsemismat einstakra framkvæmda og forgangsröðun verkefna. Það er mjög mikilvægt að samgrh. er falið að vinna að þessari áætlun, að langtímaáætlun um gerð jarðganga og að sérstaklega verði horft til framkvæmda sem rjúfa vetrareinangrun, koma í stað annarrar kostnaðarsamrar vegagerðar, stytta vegalengdir eða stækka atvinnusvæði. Það er afskaplega mikilvægt að þarna er komið inn á það að litið verði til þess hvort hægt er að hætta við aðrar kostnaðarsamar framkvæmdir. Það er alveg ljóst að ef af jarðgangagerð milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar verður, þá er hægt að hætta við framkvæmdir um Vattarnesskriður og svokallað Handarhald. Þetta er stór þáttur í því að arðsemismat á þessari framkvæmd er mjög hátt. Því munu menn líta mjög til þess þegar farið verður að vinna að þessari langtímaáætlun. Til enn frekari áréttingar á þessu er m.a. hægt að komast hjá dýrum öryggisaðgerðum í Vattarnesskriðum sem við getum

alveg reiknað með að farið verði fram á til viðbótar þeirri kostnaðaráætlun sem gert er ráð fyrir í vegáætlun. Auk þess verður hægt að leggja af vetrarþjónustu á Breiðdalsheiði og enn fremur fresta vegaframkvæmdum um Breiðdalsheiði sem eru nú þegar áætlaðar.

Í grg. upphaflegrar tillögu okkar kemur mjög skýrt fram að arðsemi þessarar vegagerðar er mjög mikil. Ég tel að ég þurfi ekki að færa frekari rök að því að það er trú mín að fyrstu jarðgöng sem menn líta til, með tilliti til forsögunnar, verði þessi jarðgöng. Nú höfum við álit sveitarstjórna á Austurlandi um að þetta séu jarðgöng sem Austfirðingar geta sæst um og mikil trú er á því að þessi jarðgöng muni hafa mikil áhrif á byggðaþróun og atvinnuuppbyggingu á Austurlandi.

[23:00]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki viðstödd þegar þetta nál. var afgreitt úr samgn. en það er alveg ljóst að þegar þessi tillaga, sem hv. 5. þm. Austurl. virtist vera að mæla hér fyrir, var til umræðu í nefndinni þá var ekki meiri hluti fyrir því að samþykkja hana. Aftur á móti hefur þetta greinilega verið afgreitt þannig að það er allt önnur tillaga sem verið er að samþykkja hér. Og það eina sem er sameiginlegt með tillögu hv. þm. og þeirri tillögu sem samgn. samþykkir er að orðið „jarðgöng" kemur fyrir í báðum tillögunum. Það er ekki mikið meira sameiginlegt með þessum tillögum.

Fyrr í dag var verið að tala um að einhver málflutningur ætti heima í brandarabanka. Þá liggur nú við að þessi málflutningur sjálfstæðismanna í málinu eigi heima í brandarabanka því að þetta er alveg fyrir neðan allar hellur.

Ég furða mig á þessum vinnubrögðum og furða mig á því að þingnefnd skuli afgreiða frá sér að verið sé að samþykkja till. til þál. um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Síðan kemur tillagan sem samþykkt er og hún er bara um allt annað efni, (Gripið fram í.) till. til þál. um langatímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi, og Alþingi álykti að fela samgrh. að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi.

Þetta er bara allt annað mál. Og vera síðan að lesa upp úr einhverjum umsögnum um allt aðra þáltill. um jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Ég efast ekkert um að það geti orðið ágætis göng verði þau gerð en þetta er bara allt annað mál og allt önnur tillaga sem verið er að samþykkja hérna.

[23:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hér er kominn fram sjálfskipaður brandarabankastjóri sem metur og úthlutar þessari ágætu einkunn. Ég verð nú að harma það að þingmaðurinn hafi ekki átt þess kost að gegna skyldum sínum í samgn. þegar þessi tillaga var afgreidd. En það reyndi reyndar, held ég, aldrei á það hvort meiri hluti væri fyrir því að afgreiða tillöguna óbreytta. Það kom hins vegar fram, eftir þeim upplýsingum sem ég hef, í vinnu nefndarinnar að taka þessi jarðgangamál sem heild og koma fram með þá tillögu sem hér er, þ.e. að unnin skuli langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi.

Ég er afskaplega ánægð með hvernig þessi tillaga var afgreidd frá samgn. og hef þakkað henni fyrir vinnu sína og skal endurtaka það hér að þetta er vel unnið hjá samgn. og mun vegna málefnisins verða mjög til framdráttar þeirri vinnu sem auðvitað þarf að fara fram í rannsóknum á jarðgangakostum á Íslandi.

[23:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega er ástæða til að gera langtímaáætlun um jarðgöng. En það var alls ekki það sem tillagan fjallaði um, sem hv. þm. var að tala fyrir áðan í löngu máli. Ég kom að vinnu þegar verið var að fjalla um þessa þál. í samgn. og verð að segja það að mér finnst mjög óviðeigandi miðað við vinnubrögð í vegáætlun að vera að koma með nánast kosningaloforð um ákveðin jarðgöng rétt fyrir kosningar, eins og hér var verið að leggja fram í þessari þáltill. upprunalega.

En ég þakka fyrir bankastjóratilnefninguna sem ég tók eftir að barst úr Skagafirði.

[23:04]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sú tillaga sem flutt var hér hafði reyndar ekkert með vinnu við vegáætlun að gera. Þetta er sérstök tillaga sem flutt var um þetta málefni þar sem ályktað var um að fela samgrh. að hefja undirbúning að gerð jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Auðvitað verða engin jarðgöng framkvæmd nema með rannsóknum og fyrir liggur að til er rannsóknarfé á vegáætlun fyrir Austurlandsgöng og ég rakti það m.a. í máli mínu þannig að ekki er um nein yfirboð að ræða, ef það er það sem hv. þm. var að ýja að. Hér liggur fyrir fjármagn. Eingöngu þarf að ákveða að hefja rannsóknarvinnuna eins og fjármagn er til fyrir.

[23:05]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér er verið að ræða tillögu samgn. um afgreiðslu á till. til þál. Sú tillaga hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hefja nú þegar undirbúning að gerð jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Miðað verði við að framkvæmdir hefjist árið 2003."

Skýr tillaga. Hins vegar afgreiðir samgn. málið þannig að hún leggur til að tillagan verði samþykkt, tillagan sem ég nefndi, tekur síðan orðrétt upp úr annarri tillögu sem flutt var af hv. þm. Magnúsi Stefánssyni og fleirum um að fela samgrh. að vinna að langtímaáætlun um gerð jarðganga. Það er hvergi í afgreiðslu samgn. vikið að málefnum upphaflegu tillögunnar.

Ég spyr hæstv. forseta hvort hér sé um eðlilega og þinglega meðferð að ræða, hvort ekki hefði þá verið við hæfi að samgn., sem vitaskuld er fær nefnd, hefði flutt sameiginlega tillögu og þá afgreitt efnisatriði í tillögu hv. þm. Magnúsar Stefánssonar og fleiri, hafi sú tillaga ekki verið komin til nefndarinnar, eins og mér skilst að hafi verið.

Ég tel, herra forseti, að um sé að ræða fullkomlega óeðlileg vinnubrögð sem okkur hér í þingsal er boðið upp á, að til umræðu er tillaga sem afgreidd er í nefnd með annarri tillögu og síðan komi þingmenn hér upp og flytji kjördæmaræður um jarðgöng á Austurlandi eða hvar sem er. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð, herra forseti, og þess vegna vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hann telji eðlilega að málum staðið í umræðunni og við afgreiðslu þeirra þingskjala sem liggja fyrir.

[23:07]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill svara þeirri fyrirspurn hv. þm. fyrir sig. Hér liggur fyrir afgreiðsla þar sem sjö hv. nefndarmenn í samgn. hafa náð saman um svo breytta tillögu. Það er niðurstaða sem þessi þinglega nefnd hefur tekið. Forseti skal að vísu viðurkenna það fyrir sitt leyti að hér er um nýja tillögu að ræða og hefði þess vegna verið eðlilegri á nýju þingskjali því hún er allt annars efnis. En þetta er niðurstaða samgn. og þannig hefur málið komið aftur inn í þingið.

[23:08]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þegar mál er komið til nefndar er það auðvitað nefndin sem tekur um það ákvörðun á eðlilegum forsendum hvernig málið er afgreitt. Það var niðurstaða nefndarinnar, eftir að hafa farið yfir málið í heild sinni og skoðað það, að eðlilegast væri að afgreiða það á þann hátt sem nefndin komst að niðurstöðu um.

Ég vek athygli á því að ekki er um að ræða afgreiðslu meiri hluta nefndarinnar. Hér er um að ræða afgreiðslu nefndarinnar, allra þeirra nefndarmanna sem voru viðstaddir, sem voru fulltrúar allra þeirra stjórnmálaflokka sem eiga sæti í samgn. Alþingis. Ég kannaði það sérstaklega á sínum tíma hvort fordæmi væru fyrir því að gera verulegar breytingar á efnisatriði tillögu og niðurstaðan var sú að til væru fordæmi um það.

Eins og rakið er í raun í nál. er ekki verið að draga neina fjöður yfir að það er verið að gera miklar breytingar á þessari tillögu, grundvallarbreytingar. Vakin er athygli á því í síðustu mgr. á 1. bls. að mikil umræða hafi verið um gerð jarðganga og þess vegna hafi nefndin komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast væri að höggva á þann hnút í umræðunni og reyna að færa hana inn í þennan farveg með því að setja málið upp eins og þarna er verið að gera og það er gert með þessu móti. Líka er vísað í tillögu hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, og ég rakti það í ræðu minni áðan, að þetta sé, eins og segir í nál., „í samræmi við tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun um jarðgangagerð sem nú liggur fyrir Alþingi og Magnús Stefánsson o.fl. eru flutningsmenn að. Í tillögugreininni, eins og samgöngunefnd leggur til að hún verði, er að talsverðu leyti stuðst við fyrrgreinda tillögu.“ Ekki þó að öllu leyti en að talsverðu leyti.

Í þessari tillögu eru líka tekin upp efnisatriði sem lúta alveg sérstaklega að tillögu þeirri sem upphaflega var lögð fram fyrir samgn. Hér er því alveg eðlilega að verki staðið og auðvitað á valdi nefndarinnar að gera efnislegar breytingar á tillögutextanum.

Ég hef líka tekið þátt í því, til að mynda í starfi einstakra nefnda, að teknar hafa verið upp nýjar efnisbreytingar við tiltekin frumvörp sem hafa verið á leið til nefndar sem hefur haft viðkomandi mál til meðhöndlunar. Það eru því alls konar aðferðir til við það og alls konar útgáfur af niðurstöðum nefndarstarfs sem hafa birst okkur í þinginu þannig að það ætti ekki að koma neinum á óvart.

[23:11]

Egill Jónsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Í tillögu samgn. eru öll þau efnisatriði sem lögð voru fram í tillögu okkar Arnbjargar Sveinsdóttur og sumt í afgreiðslu samgn. er með sama orðalagi. Þetta er því allt saman innan venjulegra vinnubragða í þinginu.

Mér finnst hins vegar sérstök ástæða til að segja frá því að undir stjórn forseta þingsins, sem var að kveða hér upp einhvern úrskurð, þá var ályktunum sem lagðar voru fyrir landbn. gjörbreytt og vona ég að hæstv. forseti muni eftir því. (Gripið fram í.) M.a. í sambandi við landslið hestamanna, sem þurfti nú að gjörbreyta og reyndar fleiri ályktanir, og sérstakur smiður að þeim breytingum var einmitt hv. þm. Ágúst Einarsson, sem er reyndar vel til þess hæfur og fær og ástæða er til að færa honum sérstakar þakkir fyrir þann gjörning, fyrst formaður nefndarinnar hafði ekki vald á því að leiða málið að þessu leyti.

[23:13]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Þetta snýr ekki að því efni sem er til umræðu og forseti vill taka fram að hann sagði sína skoðun sem forseti áðan að hér kemur fram nál. um jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Síðar er sagt: „Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldum breytingum.“ Síðan kemur ný tillaga sem ekkert fjallar um það efni sem var í þessari tillögu. Forseti gat því ekki annað en tekið undir það sem hv. 11. þm. Reykn. spurði hann um og felldi engan úrskurð um málið en sagði eingöngu að hér hefðu sjö hv. þm., sem allir sitja í samgn., náð saman um svohljóðandi breytingu. Hitt málið kemur þessu ekki við. Forseti skilur vel að oft verða efnislegar breytingar á málum og þau samþykkt með breytingum. Forseti tók undir það að þetta mál væri nokkuð óvenjulegt en vill samt ekki um það deila. En hægt er að ræða það í forsn. og fara yfir það.

[23:14]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mál mitt. Það að hefja máls á þessu er að benda á með hvaða hætti þetta kemur hér fram. Hv. formaður nefndarinnar sagði að í lagi væri að breyta á eðlilegum forsendum og talað er um miklar breytingar á tillögunni. Ekkert af þessu er gert. Og það sem hv. þm. Egill Jónsson sagði, að stuðst væri við eða notað úr tillögu þeirra flm. að tillögunni, er ekki rétt. Það er ekkert í afgreiðslu samgn. úr tillögu flutningsmanna.

Tillaga samgn. er orðrétt tillaga Magnúsar Stefánssonar og fleiri, fyrir utan það að bætt er við einni setningu. Sú setning er ekki úr tillögu frá flm. en vafalítið er vikið að þeim efnisatriðum í greinargerð. Ég er ekki að ræða um þetta heldur um fundarstjórn forseta. Ég tel að forseti hafi svarað þeim spurningum sem ég beindi til hans varðandi málsmeðferð. Hann hefur skýrt hvernig þetta væri fram komið. Aðrir nefndarmenn hafa einnig skipst á skoðunum um það. Ég stend enn við það sem ég sagði í upphafi. Nefndin hefði að átt að vinna málið öðruvísi en gert er með þessari afgreiðslu. Ég get haft ýmsar skoðanir á jarðgangagerð, hvort sem er á Austfjörðum eða annars staðar. Það er ekki efni þessarar umræðu. Ég var formlega að biðja hæstv. forseta að leggja mat á þingskjöl sem lágu hér fyrir og hann hefur að mínu mati dregið skýra mynd af því.

[23:16]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn, eftir mjög svo sérkennilegar umræður hér í dag, að lýsa undrun sinni á meðferð mála hér á hinu háa Alþingi. Tillagan sem hér liggur fyrir hefur ekki náð fram að ganga í nefndinni. Það liggur alveg ljóst fyrir. Þegar þannig stendur á að nefndin kýs að búa til aðra tillögu um allt annað efni þá var a.m.k. siður að það væri nefndin sjálf sem bæri fram nýja

tillögu á nýju þingskjali. Enn sérkennilegra er að lesa í nál. frá nefndinni vitnað sérstaklega í tillögu frá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni. Sú tillaga liggur óafgreidd en er notuð í brtt. á þessari tillögu. Ég spyr nú: Hefði ekki verið eðlilegra, hæstv. forseti, þó ekki sé ég ósammála niðurstöðu forseta, að báðar tillögurnar hefðu verið afgreiddar undir sama hatti, tillaga hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur og Magnúsar Stefánssonar, með nýrri tillögu sem hv. samgn. flytti? Þetta væri hin rétta málsmeðferð.

Eftir að hafa stjórnað þessu þingi í nokkur ár þá leyfi ég mér að þykjast hafa svolítið vit á þessu. Ég held að þessi meðferð máls sé gjörsamlega ný af nálinni og segi dálítið um, hæstv. forseti, hversu lítið eftirlit er með formi þingmála á hinu háa Alþingi. Svona málsmeðferð á auðvitað ekkert að koma inn í þingsal. Svona málsmeðferð á að stöðva einhvers staðar í þinginu áður en þetta kemur fram. Ég held að þingheimur gæti vísað þessu aftur til hv. samgn. og óskað eftir að báðar tillögurnar, hv. þm. Magnúsar Stefánssonar og umrædd tillaga, sem eins og menn segja hér réttilega er einfaldlega um allt annað, verði teknar aftur fyrir í nefndinni og nefndin skili síðan tillögunni sem hér birtist sem brtt. í nál. sem sinni. Þetta gengur ekki, hæstv. forseti.

[23:19]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég var kvaddur í síma hér og missti af úrskurði hæstv. forseta um málið. Ég held að ég átti mig nú á því sem málið snýst um. Ég hef litið yfir þingskjölin. Ég verð að lýsa yfir undrun á málsmeðferðinni sem hér er viðhöfð af hv. samgn. Hún er í raun þannig að maður trúir ekki sínum eigin augum, að slíkt sé viðhaft hér á hv. Alþingi. Ég hlýt því að skora á hæstv. forseta að hlutast til um, að svo miklu leyti sem það getur verið í valdi hans, að þetta mál verði afturkallað og fari til nefndar til að fá eðlilega málsmeðferð. Mér finnst að það hljóti að þurfa að gera þá bragarbót eftir þessi ósköp. Þessi tillaga sem birtist hér sem breyting og er með vísun til þingmáls 356 um jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar hefur í raun ekkert með það þingmál að gera. Tillagan getur átt við hvaðeina, hvar sem er á landinu, og algerlega misskilin skilaboð að ætla að fella þetta undir þetta þingmál. Ég treysti hæstv. forseta til að hlutast til um að samgn. fái málið til athugunar á nýjan leik. Slík vinnubrögð eru fáheyrð. Ég átta mig ekki á því hvernig virðuleg þingnefnd, að ég hélt undir traustri forustu, getur lent í slíku foraði sem hér er um að ræða. Ég hlýt að lýsa vonbrigðum með að þetta skuli yfirleitt slæðast inn í þingsali eins og hér er. Vald þingnefnda á afgreiðslu mála er mikið en fyrr má nú vera, virðulegur forseti.

[23:21]

Egill Jónsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Náttúrlega liggur alveg ljóst fyrir hver ástæðan er fyrir því að þessar tvær tillögur eru ekki afgreiddar með sömu fyrirsögn. Það var ekki einu sinni mælt fyrir þáltill. Magnúsar Stefánssonar og fleiri hv. þm., hér í þinginu. Til þess að tillögur séu teknar til meðferðar, afgreiddar og ræddar í þingnefndum þarf auðvitað að mæla fyrir þeim í þinginu. Það liggur fyrir að ef þær aðstæður hefðu verið þá hefðu þessar tillögur verið afgreiddar á sama þingskjali. En þannig fór ekki.

Tillaga Magnúsar Stefánssonar kom aldrei til afgreiðslu og aldrei til umræðu í samgn. sem slík. Þess vegna var hún auðvitað ekki afgreidd á þessu þingskjali. Málið er nú ekki margbrotnara en þetta. Það væri alveg nýtt hér í þingstörfum ef fjallað yrði um mál og þau afgreidd, án þess að talað væri fyrir þeim í þinginu. (**HG:** Nefndir flytja tillögur.)

[23:23]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að orðlengja þetta mál mikið frekar. Ég gerði áðan grein fyrir því hvernig þessi mál hefði borið að. Ég gerði grein fyrir því að nefndin hefði samhljóða komist að niðurstöðu. Fulltrúar allra þessara stjórnmálaflokka sem á annað borð eiga sæti í samgn. komust að samhljóða niðurstöðu. Í nefndinni var fullkomin samstaða um að fara í málið eins og hér getur að líta. Ég kynnti mér það á sínum tíma að fordæmi væru fyrir viðlíka þannig að ekkert var óeðlilegt við að vinna málið svona.

Það sem gerðist var einfaldlega að upp voru komnar aðrar aðstæður í umræðunni þegar málið kom til lokaafgreiðslu nefndarinnar. Málið hafði verið rætt á einum fundi, farið yfir umsagnir eins og gengur en síðan hafði umræðan þróast og nefndin komst að þessari niðurstöðu sem hér getur að líta. Það er alveg rétt sem hv. 3. þm. Austurl. vakti athygli á, að málið sem við m.a. studdumst við og gerum rækilega grein fyrir hér í nál. hv. samgn., þ.e. þingmál hv. þm. Magnúsar Stefánssonar og fleiri, var ekki komið til nefndarinnar. Því gátum við ekki tekið það til efnislegrar umfjöllunar. Við studdumst hins vegar við þetta mál eins og við vekjum athygli á og við fjöllum um þetta mál í ljósi breyttra aðstæðna og þannig kom það út úr nefndinni. Það er eðlilegt að það komi með þessum hætti enda var það samhljóða niðurstaða allra nefndarmanna sem viðstaddir voru umræðuna, sjö fulltrúar fjögurra stjórnmálaflokka, þannig að engin ástæða var til að ætla annað en prýðileg sátt ætti að nást um þetta mál og þessa efnislegu niðurstöðu.

[23:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér greinilega kominn upp mikill vandi í þinghaldinu. Það vill svo til að sá sem hér talar var næstur á mælendaskrá. Ég hafði hugsað mér að byrja mál mitt á því að gera athugasemdir, hliðstæðar þeim sem hér hafa nú komið fram frá allmörgum hv. þm. undir liðnum „um fundarstjórn forseta". Ég tek undir þær athugasemdir er fram hafa komið. Ég tel ljóst, herra forseti, að hv. samgn. hafi hér lent í ógöngum. Hún hefur raunar keyrt út af og það er náttúrlega ekki gott að sjálf samgn. lendi úti í mýri.

Ég held það sé einboðið til þess að einfalda hér umræður og flýta fyrir þingstörfum að nefndin kalli þetta skjal til baka og leggi efnislega sömu tillgr. fyrir sem sjálfstæða tillögu sína. Það er alveg augljóst mál, herra forseti, og fer mjög illa á því að gera þetta svona. Hv. samgn. verður auðvitað að þola að um störf hennar sé rætt og þau jafnvel gagnrýnd eins og önnur mannanna verk. Það er gert af góðum hug. Þegar málið er skoðað, þá er ekki hægt að mæla á móti því að afgreiðsla málsins er óeðlileg. Það jaðrar við að hægt sé að segja að hún sé óþingleg. Það er misvísandi að kalla þetta afgreiðslu á tillögu sem er um allt annað mál. Hér var meira að segja gengið svo langt í umræðum að lesa upp umsagnir um tillögu sem fjallar um allt annað en það sem nú á að fara að samþykkja hér samkvæmt þessari tillgr.

Það neyðarlega er, herra forseti, að tillagan, skv. brtt. samgn., er miklu líkari tillögu Magnúsar Stefánssonar og fleiri og er miklu nær því að vera efnislega skyld henni. Þar

er þó verið að leggja til vinnu að langtímaáætlun í jarðgangagerð. (**Gripið fram í:** Hún er orðrétt.) Hún er að einhverju leyti orðrétt. Í hinu tilvikinu er um afmarkaðan hlut að ræða, könnun á jarðgangagerð á einum tilteknum stað, milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Hér er um tvennt ólíkt að ræða. Ég held, herra forseti, í allri hreinskilni og vinsemd sagt að ekki sé á bætandi, þann farsa sem jarðgangamál hafa verið að verða upp á síðkastið. Ég held að stjórnarliðið ætti að hugsa sinn gang, eins og það bögglauppboð hefur gengið fyrir sig með hæstv. samgrh. í broddi fylkingar. Má ég í mestu vinsemd biðja um að þetta verði ekki gert ruglingslegra en orðið er og stinga upp á að málinu verði frestað, samgn. komi saman í fyrramálið og leysi það þannig að samstaða geti orðið um það. Ég sé ekki að það geti gert annað en greiða fyrir málinu.

[23:28]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti sér að mikill ófriður ríkir um málið og ekki líklegt að umræðu um það ljúki þannig að hann vill gefa hv. þm., ekki síst samgn., tækifæri til að skoða það meðan önnur mál verða rædd. Umræðu um þetta mál er frestað í bili. (**ArnbS:** Má ég ræða um fundarstjórn forseta?)

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Þáltill. um jarðgöng á Austurlandi og umfjöllun samgn.

[23:28]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að enn sé ástæða til að benda á að samgn. kemst að niðurstöðu um afgreiðslu á tillögu sem er 356. mál á dagskrá þessa þings. Í samgn. eru fulltrúar frá flestum stjórnmálaöflum á Íslandi. Er einhver vafi á þessu? Hér er um að ræða efnislega niðurstöðu sem þingnefnd kemst að, samhljóða.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti tekur fram að hann hefur frestað þessu máli um sinn.)

Landslið hestamanna, síðari umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 342. mál. — Þskj. 440, nál. 1047.

[23:30]

Frsm. landbn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá landbn. um tillögu til þál. um landslið hestamanna. Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust. Tillögugreinin var orðuð þannig að landbrh. væri falið að koma á fót landsliði hestamanna, sem væri falið að kynna íslenska hestinn, t.d. með því að koma fram fyrir Íslands hönd við hátíðleg tækifæri og opinberar móttökur erlendra þjóðhöfðingja og skipaður yrði starfshópur sem mótaði tillögur um hvernig kostnaði verði mætt og um hlutverk liðsins.

Hv. landbn. fjallaði um þetta mál og sendi til umsagnar. Jákvæðar umsagnir bárust frá Bændasamtökum Íslands, Félagi tamningarmanna og Íþróttasambandi Íslands. Ég vil geta þess að hv. landbn. sendi málið til skrifstofu forseta Íslands til umsagnar. Frá forsetaembættinu barst umsögn um þetta efni og samkvæmt því sem fróðir menn segja er þetta í fyrsta skipti sem skrifstofa forseta Íslands tjáir sig um þingmál. Þingmáli hefur sennilega ekki verið vísað með þessum hætti til skrifstofu forseta Íslands.

Ástæðan fyrir því að málinu var vísað til skrifstofu forseta Íslands er sú að í tillgr. var lagt til að íslenski hesturinn kæmi fram fyrir Íslands hönd við opinberar móttökur erlendra þjóðhöfðingja.

Í umsögn skrifstofu forseta var ferlinu við móttökur lýst og ekki tekin bein afstaða, enda vart hægt að ætlast til þess, þ.e. til tillögunnar sjálfrar. Þó er hægt að segja að í þeirri umsögn hafi verið jákvæður hljómur gagnvart efni tillögunnar.

Mér þótti, herra forseti, ástæða til að geta um þetta nýmæli í þingsögunni, eftir því sem forsetaritari tjáði nefndarritara landbn.

Landbn. ákvað hins vegar að gera breytingar á tillögunni og leggur til að fyrirsögn tillögunnar verði Tillaga til þál. um íslenska hestinn, og að tillgr. orðist þannig:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að undirbúa í samvinnu við önnur stjórnvöld og samtök að íslenskir hestar og hestamenn gegni veigamiklu hlutverki við opinberar móttökur erlendra þjóðhöfðingja og við önnur hátíðleg tækifæri.“

Með þessum hætti, herra forseti, er náð utan um eitt aðalefnisatriðið í þessari tillögu, hvernig íslenskir hestar og hestamenn geti komið að opinberum móttökum og öðrum hátíðlegum tækifærum og hvernig að því verði unnið.

Undir nál. rita allir nefndarmenn, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson með fyrirvara, en tveir hv. alþingismenn voru fjarverandi afgreiðslu málsins, þeir Guðjón Guðmundsson hv. þm. og Hjálmar Jónsson hv. þm. Ég vil geta þess, herra forseti, að landbn. telur að með afgreiðslu sinni hafi hún lagt til góða afgreiðslu á þessu þingmáli en hæstv. forseta er málið nokkuð skylt því hann var 1. flm. að þeirri tillögu sem hér um ræðir.

[23:34]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við það að heyra frásögn hv. frsm. af því að mál þetta hefði verið sent til umsagnar skrifstofu forseta Íslands rifjuðust upp fyrir mér orð sem stundum féllu fyrr á öldinni: Þetta eru greinilega söguleg tíðindi. Ég geri ráð fyrir að fyrir ýmsum fleirum rifjist ýmislegt upp er þessi orð eru látin falla.

Það sem vekur athygli mína við þetta mál er fyrst og fremst það að á sínum tíma hlaut þetta allnokkra opinbera umræðu. Það sem einkanlega vekur athygli við umfjöllun um þetta mál er að hér sýnist mér hv. landbn. hafa farið svipaðar leiðir og við gerðum í samgn. Alþingis fyrir skömmu. Landbn. hefur metið þetta mál frá grunni, farið í það mjög sjálfstætt og komist að efnislegri niðurstöðu sem í veigamiklum atriðum er frábrugðið því sem getur að líta í sjálfri tillgr. sem lögð var fyrir landbn. þingsins.

Það er hið ágætasta mál vegna þess einfaldlega að þannig á þingnefnd að vinna. Hún á að vinna sjálfstætt að málatilbúnaði sínum. Stundum er undan því kvartað í þessum ræðustóli að menn vinni ekki sjálfstætt í nefndum Alþingis, menn séu í einhvers konar hlutverki stimpilpúðans fyrir framkvæmdarvaldið og þori ekki að hreyfa legg né lið eða breyta nokkrum hlut.

Hér er að vísu á ferðinni þingmannatillaga, hin prýðilegasta tillaga út af fyrir sig og athyglisverð hugmynd. Landbn.

Alþingis hefur hins vegar kosið að hverfa frá grundvallarhugmyndinni. Allir ættu að sjá, þegar þeir lesa þessa tillögu til þál., út á hvað hún gengur. Hún gengur út á að búa til landslið hestamanna. Það er grundvallaratriðið enda kemur það fram í heiti tillögunnar, Tillaga til þál. um landslið hestamanna.

Nú skulum við leita með logandi ljósi að hugmyndinni um „landslið hestamanna". Ef við lesum tillögugreinina eins og hv. landbn. Alþingis afgreiddi hana þá kemur í fyrsta lagi í ljós að hún breytti heiti tillögunnar. Hún heitir ekkert lengur tillaga til þál. um landslið hestamanna. Enda er það ekki skrýtið, það hugtak finnst ekki þegar við skoðum brtt. landbn. Það er horfið frá því og talað almennt um að gott sé nú að huga að því að landbrh. skoði það í samvinnu við önnur stjórnvöld og samtök að íslenskir hestar og hestamenn gegni veigamiklu hlutverki við móttökur, o.s.frv.

Hér er merkingunni og hugmyndinni sem liggur að baki tillögunni snúið við í grundvallaratriðum. Þetta er ekki ámælisvert. Hér hefur landbn. einfaldlega farið efnislega yfir málið og skoðað með hliðsjón af sögulegri umsögn frá skrifstofu forseta Íslands, Bændasamtökunum, Félagi tamningamanna og Íþróttasambandinu, og komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegra væri að hverfa frá þessari hugmynd og setja fram annað mál en gera það samt sem áður í sama farvegi og till. til þál. um landslið hestamanna hafði skapað. Hið nákvæmlega sama höfum við oft á tíðum séð, að mál koma mjög breytt út úr þingnefndum og án þess að það veki sérstakar spurningar.

Ég vil því bara, virðulegi forseti, ekki síst út af þeirri umræðu sem fram fór áðan, vekja athygli á því að hér er um að ræða nokkuð hliðstætt mál. Efni tillögunnar tekur grundvallarbreytingum í meðferð þingsins enda fór það ekkert á milli mála þegar hæstv. forseti tilkynnti um að þetta mál væri komið á dagskrá. Þá brast á skellihlátur í þinginu. Auðvitað var þeim þingmönnum, sem höfðu kynnt sér málin sem liggja hér fyrir, orðið ljóst hvaða mál ætti að ræða og hvernig það var allt saman í pottinn búið. Auðvitað brast hér á skellihlátur. Það var sérkennilegt fyrir hinn mæta hv. þm. Ágúst Einarsson, eftir að hafa fundið að efnismeðferð hv. samgn., að hafa það hlutskipti að mæla fyrir nál. landbn. með breytingum í svipuðum dúr. Þar var horfið frá grundvallaratriði þáltill. og farið almennum orðum um að gaman væri að hafa svolítið af hestum og hestamönnum þegar útlendingar koma í heimsókn. Er það ekki grundvallarbreyting frá því að hafa landslið hestamanna?

Það á að hafa hesta og hestamenn einhvers staðar svona í nágrenninu þannig að útlendingar geti séð að til séu íslenskir hestar og knapar. Það sem í tillögunni felst er út af fyrir sig ágæt hugmynd. Ég mundi fagna því að mega eiga þess kost að fá að standa að þessari tillögu með landbn. Ég hefði gert það fyrirvaralaust ef ég hefði setið í þeirri nefnd og væntanlega komist að sambærilegri niðurstöðu. Ég vek hins vegar athygli á því, virðulegi forseti, að hér hefur landbn. snúið við tillögu sem lá fyrir. Um það er ekkert nema gott að segja. Nefndir eiga að vinna sjálfstætt að málum, til þess höfum við þingmenn margoft hvatt úr þessum ræðustól. Það hefur sannast hér í kvöld í tveimur tillögum að þannig hafa nefndir þingsins starfað.

[23:40]

Útbýting þingskjals:

Brunamálaskólinn, 604. mál, fsp. RG, þskj. 1098.

[23:41]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti ætlar ekki í umræður úr forsetastól. Hann vill samt sem áður biðja um að hinu fyrra máli verði ekki blandað inn í þessa umræðu. Það var með góðum vilja að forseti frestaði því meðan finna mætti samstöðu um það mál. Það var ekki samstaða um það en forseti vekur þó athygli á brtt. sem liggur fyrir í þessu máli. Þar segir það sama og efnið gengur út á: „... gegni veigamiklu hlutverki við opinberar móttökur".

Forseti metur það svo að landbn. hafi skilað málinu frá sér svolítið breyttu, sem eðlilegt var, og þannig náð samstöðu um það.

[23:41]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og nál. ber með sér er sá sem hér mælir einn af flm. þess. Mér þykir ástæða til að geta þess að ég hafði mikið traust á höfundi þáltill. sem vann hana fyrir landbn. Ég tek það skýrt fram að ég er sammála þessu nál. og hef engar athugasemdir við það eftir að búið var að breyta þáltill.

Ég má til að gera grein fyrir því, hæstv. forseti, að til þess að ég gæti stutt þetta mál varð að koma ný ályktun. Varla er að nokkuð orð standi á sama stað eftir afgreiðslu landbn. frá því tillagan var lögð fyrir landbn. Það gengur meira að segja svo langt að í afgreiðslu nefndarinnar er í fyrirsögn rætt um „hesta" meðan þál. hefur í fyrirsögn sinni „menn". Í till. til þál. er fjallað um fólk á öllum aldri, tíu manns á öllum aldri, væntanlega þá frá eins árs og til hundrað ára aldurs, sem skipa eigi tíu manna landslið. Þeir þurfa að vísu að hafa þá einkunn að vera hestamenn.

Þáltill. er um fólk, afgreiðslan er um hross. Þetta var náttúrlega nauðsynleg breyting, virðulegi forseti, svo hægt væri að fjalla um málið og afgreiða það. Grundvallarmarkmið tillögunnar er að kynna íslenska hestinn. Þess vegna eru vinnubrögð landbn. alveg hárrétt. Þetta er ekki till. um það að kynna fólk.

Mér finnst mikil ástæða til að í umræðunni komi fram hve gríðarleg vending þurfti að verða á texta þessarar afgreiðslu til að hægt væri að leggja hana fyrir þingið. Það varð að breyta tillögunni frá því að hún fjallaði um fólk á öllum aldri, meira að segja konur og karla, eins og tekið er fram, yfir í það að fjalla um hross. Svona verða menn oft að gera við nefndarstörf. Mér finnst sá heiðursmaður sem tók að sér að semja ályktun nefndarinnar vera maður að meiri eftir að hafa komið þessum texta á framfæri.

[23:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er satt best að segja nokkuð kátlegur málflutningur sem hér fer fram, verð ég að segja alveg eins og er. Ekki er ég viss um að hv. 1. þm. Vestf. og formaður samgn. bæti stöðu sína að taka gagnrýni með þeim hætti sem hann gerir hér og leggjast þá í hernað gegn vinnu landbn. í alls óskyldu máli og draga jafnvel athyglina að því að forseti kunni að hafa farið, eða ég veit ekki hvort maður átti að skilja það svo, með einhverjum hæpnum hætti með vald sitt áðan við fundarstjórnina.

Ég held að það sé hin merkasta tillaga sem hér er á ferðinni, herra forseti, og það var erindi mitt hingað að ræða hana efnislega en ekki aðra hluti. Sú hugsun sem fram kemur í þessu máli, þ.e. að nota íslenska hestinn við opinberar athafnir og móttökur þjóðhöfðingja og annað slíkt, eða kynna

hann og ætla honum það hlutverk, er auðvitað eitt og hið sama mál. Þá reynslu þykist ég hafa af hestamennsku að það mundi ganga brösótt ef engir knapar væru á hestunum að nota þá mikið við opinberar móttökur. Ég held að hv. þm. Egill Jónsson verði að hafa það í huga að þó að menn kunni að breyta fyrirsögn tillögunnar yfir í það að hún fjalli um íslenska hestinn er það ekki þar með sagt að menn ætli hrossunum að vera án reiðmanna þegar þau skipa heiðursvörð við móttökur erlendra þjóðhöfðingja. En þá mættu þau a.m.k. vera vel tamin og jafnvel þó Hornafjarðarhross væru er ég ekki viss um að það gengi áfallalaust fyrir sig að hafa þau knapalaus til að mynda snyrtilegar raðir og beinar við opinberar móttökur.

Ég segi bara eins og Danirnir, herra forseti, það hlýtur að vera í lagi að sletta því núna hérna tólf mínútum fyrir tólf, „meningen er god nok". Ég held að þetta sé ágætis hugsun. Eins og danskurinn segir er hugsunin á bak við tillöguna ágæt og ég er henni sammála og ég tel reyndar að landbn. hafi lagað hana til. Ég held að tillagan hafi í byrjun verið óþarflega ítarleg eða lagt hafi verið óþarflega nákvæmlega fyrir hvernig að þessu skyldi staðið. Eðlilegra er að það sé einfaldlega þróað í framhaldinu eins og tillagan gerir í raun ráð fyrir eftir þessar ágætu breytingar eða lagfæringar á henni sem landbn. leggur til.

Þá er ekki síður sögulegt, herra forseti, og það verðskuldar að komast inn í þingtíðindin, ekki bara einu sinni heldur a.m.k. þrisvar, að umsögn hafi borist um þingmál frá skrifstofu eða embætti forseta Íslands. Það eru verulega söguleg tíðindi eins og hér hefði stundum verið sagt, svo ekki sé meira sagt, og spurning hvort þetta verður upphafið að öðru meira, þ.e. að forsetaembættið eða skrifstofa forseta Íslands fari að verða virkur umsagnaraðili um hin ýmsu þingmál. Þau gætu auðvitað mörg borið á góma, verið til umfjöllunar í þinginu sem tengdust embætti forsetans, ekkert síður en þetta mál, þ.e. spurningin um notkun á íslenska hestinum í heiðursverði eða annað því um líkt.

Mér finnst jafnvel hilla undir þá tíma, herra forseti, að við eignumst þarna vísi að riddaraliði. Ég veit að þá gleðst hæstv. menntmrh., Björn Bjarnason. Kannski er þrátt fyrir allt að læðast bakdyramegin í gegnum þingið viss vísir að hugmyndum hans um hinn íslenska her, þ.e. að riddaralið standi heiðursvörð við móttökur erlendra þjóðhöfðingja og er þetta þá allt að falla í einn mikinn farveg, herra forseti, það verð ég að segja.

Ekki er nokkur vafi á því að ef það er einhver skepna á jarðríki umfram sauðkindina sem Íslendingum ber að heiðra er það auðvitað hesturinn, þarfasti þjónninn, og á þessum tveimur dýrum hefur sennilega tilvist þjóðarinnar byggst umfram allt annað lengi vel um aldir. Svo mætti kannski bæta þorskinum við sem þriðja kykvendinu sem skipti þarna verulegu máli og gerir enn.

Mér finnst líka saga sambúðar íslensku þjóðarinnar við hestinn vera svo fullkomið dæmi um jafnvægi í lífinu þar sem þarfasti þjónninn var undirstaða mannlífsins í landinu. Hann fylgdi hverjum Íslendingi frá vöggu til grafar því oftast var byrjað á því þegar nýr þjóðfélagsþegn, leit dagsins ljós að sækja yfirsetukonu eða ljósmóður, að sjálfsögðu á hesti, til að aðstoða við fjölgunina, og síðan tók lífið við og endaði þannig að hestur fór með viðkomandi í kirkjugarðinn þegar hann hafði lokið jarðvist sinni. Þeir sem eftir lifðu átu svo hrossið þegar það hafði lokið hlutverki sínu. Þar með var þessi gjörnýting og farsæla sambúð fullkomnuð þannig að vandfundin eru dæmi um annað betra. (**Gripið fram í:** Þetta er sjálfbær þróun.) Já, þetta var mjög sjálfbær þróun, sjálfbær sambúð getum við sagt, þessara tegunda í náttúrunni eða lífríkinu og í raun og veru algjörlega fullkomin.

Auðvitað eru fleiri dæmi þekkt um þetta. Ég get sagt eina írska sögu, af því að það er svona lágnættisstemning yfir þessu, sem endurspeglar þetta líka. Það mun hafa verið þannig í Írlandi á síðustu öld að þá var þar erfitt árferði og þjóðin bjargaði sér aðallega á kartöflum, eins og kunnugt er. Sagnir herma að stundum hafi menn neyðst til að grípa til örþrifaráða og einu sinni hafi írsk fjölskylda orðið að grípa til þess ráðs að snæða heimilishundinn og var þá hart í ári. Nú, þetta gera Kínverjar og láta sér ekki verða flökurt af. En þegar máltíðinni var lokið og eftir voru beinin tóm á diskinum sagði einhver heimilismaður: Aumingja Pabló, það er verst að þú skulir ekki geta fengið þessi bein. Þannig er sú saga.

Þetta er svipuð saga af sambúð manns og dýrs eins og sambúð íslensku þjóðarinnar við hestinn sinn hefur verið gegnum tíðina.

En þetta er sem sagt, herra forseti, til þess að sýna hestinum sóma og virðingu og gera veg hans sem mestan um ókomin ár. Það ætlum við m.a. að gera með þessu, að láta hann skipa sérstakan heiðursess á hátíðisstundum og þegar við viljum sýna okkar bestu hliðar eins og þegar við tökum á móti stórmennum utan úr heimi og gera þeim allan sóma. Ég er prýðilega sáttur við að málið verði fellt í þann farveg sem brtt. landbn. felur í sér.

[23:53]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég má til með að leiðrétta hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann segir að ég hafi verið á einhvern hátt að gagnrýna starfsemi eða störf landbn. Þvert á móti, ég bar stöðugt lof á hana alla ræðu mína. Ég vakti athygli á því að hér hefði landbn. fengið til umfjöllunar till. til þál. um landslið hestamanna. Hún komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri skynsamlegt að hafa nokkurt fyrirbrigði sem héti landslið hestamanna.

Óskir hv. þm., 4. þm. Norðurl. e. um að afgreiðsla landbn. væri vísir að einhverju riddaraliði er því miður víðs fjarri því að landbn. hafnaði eiginlega þeirri tillögu. Hún lagði fremur til að það yrði sett í hendur landbrh. hvernig ætti að leyfa hestum að vera í námunda við komur erlendra stórmenna og við önnur hátíðleg tækifæri.

Í raun og veru var það sem ég vakti athygli á að landbn. hefði farið efnislega ofan í þetta mikla mál, komist að þeirri niðurstöðu að það væri ótækt eins og það lægi fyrir, það yrði að breyta því algjörlega í grundvallaratriðum. Hún kannaði þessi mál mjög víða, sýndi mikla hugkvæmni í því að leita umsagnar hjá umsagnaraðilum sem ekki hefði verið leitað umsagnar hjá áður. Tók málið síðan til efnislegrar meðhöndlunar og nú hefur verið upplýst að hv. þm. Ágúst Einarsson hafði síðan frumkvæði að því að ganga í að breyta málinu efnislega, beitti sinni miklu og víðtæku þekkingu til að umskrifa textann, snúa honum alveg við, breyta efnislegri uppsetningu málsins algjörlega. Í ræðu minni áðan bar ég látlaust lof á landbn. fyrir að sýna það mikla sjálfstæði, það mikla frumkvæði og þá miklu hugkvæmni í því að meðhöndla málið og vildi bara ítreka það að ég tel að það sé eðlilegt að nefndir vinni með þeim hætti.

[23:55]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar annars vegar þskj. 440 og hins vegar þskj. 1047. Ég vildi koma hér til þess að lýsa því að ég er afskaplega sátt við bæði þessi þingskjöl og það sem felst í þeim. En það er annars vegar um landslið hestamanna og hins vegar þáltill. um íslenska hestinn. Í umræðunni hefur verið lýst mjög vönduðum vinnubrögðum landbn. og ég hlýt að taka undir það og þakka hversu vel landbn. stóð að afgreiðslu þeirrar tillögu sem kemur fram á þskj. 440. Þar er tekið mjög til efnislegrar meðferðar það mál sem þar er og niðurstaðan kemur síðan fram á þskj. 1047. Þetta er mjög lofsvert og ég er mjög ánægð með að sjá þá niðurstöðu sem landbn. kemst þarna að. Hæstv. forseti. Ég tel þetta mjög svo góða afgreiðslu hjá landbn. og mjög til fyrirmyndar og lýsi yfir stuðningi við málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frekari umfjöllun um þáltill. um jarðgöng á Austurlandi.

[23:57]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Af því að forseta finnst að hér hafi hann búið við það um stund að menn séu ekki sáttir við afgreiðslu hans í fyrra dagskrármáli sem snerist um jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar (Gripið fram í.) ætlar forseti enn og aftur að fara yfir hvers vegna hann frestaði umræðunni.

Þegar um tíu manns höfðu talað um fundarstjórn forseta og enn voru fjórir sem ætluðu að gera það, það voru fimm á mælendaskrá, þá sá forseti að það var ófriður í málinu. Forseti fór yfir gagnrýni sína og sagði að þrátt fyrir að nefndin hefði afgreitt það fyndist honum óeðlilegt að hér kæmi nál. um till. til þál. um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, og síðan sagði í álitinu:

„Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldum breytingum." Síðan kemur ný tillaga sem fjallar ekkert um málið. Þess vegna bað forseti um það að þeir hv. þingmenn sem sæti eiga í samgn. skoðuðu málið til hlítar svoleiðis að friður mætti verða um það. Ekki fleiri orð um þetta mál.

[23:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég leit svo á að forseti hefði frestað umræðu um tillögu um jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Það var a.m.k. það sem hann sagði rétt áðan. Nú fer hann í forsetastól mjög efnislega yfir það mál. Ég spyr hann því: Er komið að umræðu um það mál aftur nú?

[23:59]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Hv. þingmenn, sem eru í salnum, hljóta að hafa heyrt að hér beindist gagnrýni mjög að forseta fyrir að hafa frestað málinu. Hann vildi enn á nýjan leik rekja hvernig málið stæði í sínum huga ef það gæti skapað frið, ef það gæti skapað tíma til vinnu í samgn. til þess að reyna að ná sátt um málið.

[23:59]

Egill Jónsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er sérstakt við þennan málatilbúnað virðulegs forseta að hann ber fyrir sig ástæður sem ekki voru neinar til. Ekki kom ein einasta gagnrýnisrödd um það þótt hæstv. forseti frestaði málinu. Svo einkennilegt sem það er þá er forsetinn að búa sér til málaástæður í þessum efnum. Hver skyldi vera ástæðan fyrir því? Ekki ætla ég að svara fyrir hæstv. forseta en kannski hefur það eitthvað kitlað tilfinningar forsetans að hann átti það mál sjálfur sem var verið að ræða og afgreiða.

Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, síðari umr.

Þáltill. GE o.fl., 100. mál. — Þskj. 100, nál. 1048.

[00:01]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég sé að 1. flm. þessarar tillögu er búinn að biðja um orðið og þar með er ég þess algjörlega fullviss að málið mun komast greinilega til skila. Ég var reyndar ekki sérstaklega vel undir það búinn að flytja hér mikið mál um þetta efni.

Eins og kemur fram í tillögunni um framleiðslu íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar er 1. flm. hennar Gísli S. Einarsson. Þetta er a.m.k. í annað sinn sem hv. þm. hefur flutt þetta mál inn á Alþingi, en hann hefur svo sem kunnugt er sýnt þessum málaflokki mikinn áhuga og starfað mikið á þeim vettvangi.

Ég vænti þess að afgreiðsla landbn. sé í fullu samræmi við þessi meginsjónarmið og fullyrði að ekkert annað vakti fyrir landbn. en að ganga þannig frá þessu máli að allar þær meiningar sem eru í þáltill. kæmust til skila.

En nál. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið. Umsögn barst frá umhverfisráðuneyti og auk hennar var farið yfir umsagnir sem bárust þegar málið var flutt á 121. og 122. þingi frá vottunarstofunni Túni ehf., Neytendasamtökunum, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Náttúruvernd ríkisins, sjávarútvegsráðuneyti, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Bændasamtökum Íslands, ÁFORM, VOR, fagráði í lífrænni framleiðslu, Náttúruverndarráði og Landgræðslu ríkisins."

Eins og menn sjá á upptalningunni hefur þessu máli verið sýndur fullur sómi í meðferð þess í hv. landbn.

Hins vegar er gerð nokkur breyting á tillögunni eða ályktuninni eins og hún var lögð fram og hér segir:

„Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að stefna beri að því að matvælaframleiðsla á Íslandi skuli vera á forsendum sjálfbærrar þróunar fyrir árið 2003.

Jafnframt skuli stefnt að því að auka hlut landbúnaðarafurða sem vottaðar eru lífrænar."

Undir þetta nál. rita eftirtaldir landbúnaðarnefndarmenn: Guðni Ágústsson, Egill Jónsson, Magnús Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Ágúst Einarsson, Sigríður Jóhannesdóttir og Katrín Fjeldsted. En fjarverandi voru tveir nefndarmenn, þeir Guðjón Guðmundsson og Hjálmar Jónsson.

Þá vona ég, herra forseti, að ég hafi komið máli landbn. til skila.

[00:06]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu málsins. Þetta er í þriðja sinn sem mælt er fyrir þessari tillögu og ég vil segja að afgreiðslan eins og hún er er mjög góð og allt það sem sagt er í tillgr. af minni hálfu kemur fram í þeirri breytingu sem hv. landbn. setur fram. Ég vil þakka það sérstaklega.

Það sem um er að ræða í þessari tillögu er sennilega eitthvað það markverðasta sem gert hefur verið í málefnum landbúnaðarins á undanförnum 20–25 árum, því hér er verið að stefna markvisst að lífrænni og vistvænni landbúnaðarframleiðslu á mjög afmarkaðan máta með þá stefnu að allar landbúnaðarafurðir verði gæðamerktar, ýmist á lífrænan eða vistvænan hátt, og allar sjávarafurðir — hæstv. forseti, ég bið um að tekið verði eftir því — verði merktar sem lífvænar á næstu þremur árum, sem skiptir höfuðmáli fyrir matvælaframleiðslu á Íslandi. Þetta felst einmitt í þeirri tillgr. sem hv. landbn. setti fram og gerði að sinni með breytingu sem hljóðar svo, eins og hv. þm. Egill Jónsson las upp, „að matvælaframleiðsla á Íslandi skuli vera á forsendum sjálfbærrar þróunar fyrir árið 2003".

Þetta þýðir að gæðamerkja verður allar afurðir, hvort sem þær eru úr sjó eða landi. Ég vona að menn taki eftir því að hér er um stórmál að ræða.

Ég vil minnast þess, herra forseti, að formenn þingflokka fluttu fyrir fimm árum síðan þáltill. um sérstakt átaksverkefni í lífrænni og vistvænni ræktun. Þetta er raunverulega framhald á því verkefni og stofnað var til Áforms, sérstaks átaksverkefnis, sem ætlað var að stuðla að verkefnum á sviði fræðslu um vistvæna og lífræna framleiðslu, gæðastjórnun, áætlunargerð, vöruþróun og markaðssetningar íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða. Framhaldið af þessu verkefni eða hluta þess er sú tillaga sem hv. landbn. er nú að afgreiða.

Í grg. með tillögunni er sagt frá því að nágrannalönd okkar eru flest eða öll komin á það stig að þau stefna markvisst að því að auka hlut vistvænna og lífrænna afurða sem eru framleiddar á sjálfbæran hátt.

Herra forseti. Ég vil geta þess sérstaklega að Áform hefur, auk þess að styrkja og hvetja til margs konar verkefna á sviði vistvænnar og lífrænnar framleiðslu, kannað markaðsmöguleika íslenskra afurða á forsendum hollustu, hreinleika og sjálfbærrar þróunar. Og áhugi á þessum afurðum fer sífellt vaxandi, bæði hér á landi sem og annars staðar.

Ég tel, herra forseti, og vil mælast til þess að þessu máli verði beint í þann farveg að þeir sem mesta þekkingu hafa á þessum málum, þ.e. Áform, sem veit nákvæmlega hvernig mál standa varðandi vottun, gæðavottun íslenskra afurða, bæði landbúnaðarafurða og sjávarafurða, að sú nefnd eða sú stjórn fái þetta mál til umfjöllunar í framhaldi af afgreiðslu ríkisstjórnar. Ég mælist til þess við hæstv. forseta að hann beiti sér fyrir því að málið fari í þann farveg.

Málið er nefnilega það, herra forseti, að ljóst er að innan tíðar munu umhverfissamtök gera tillögur um vottunarkerfi fyrir sjávarafurðir sem tæplega munu þjóna íslenskum hagsmunum. Því er nauðsynlegt fyrir íslensk stjórnvöld og sjávarútveginn að huga sem fyrst að því hvernig bregðast eigi við slíkum hugmyndum. Það er líka ljóst að íslenskur landbúnaður á mun meiri möguleika á því að fá sanngjarnt verð fyrir framleiðslu sína ef hún er vottuð sem heilnæm og umhverfisvæn gæðaframleiðsla. Það var því ekkert smámál sem var verið að afgreiða í hæstv. landbn. Ég ítreka að ég kann landbn. hinar bestu þakkir, bæði fyrir umorðun á tillgr. og einnig fyrir það hvernig málið er afgreitt frá nefndinni.

Rétt er að geta þess að áhugi almennings hér á landi fyrir lífrænt vottuðum og vistvænt vottuðum vörum hefur snaraukist og er ástæða til að hafa orð á því hér.

Ég held, herra forseti, að rétt sé að geta þess að á borðum hv. alþingismanna liggur nál. um tillögu um markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis sem landbn. afgreiddi einnig, en þar er um að ræða nákvæmlega það verkefni sem Áform hefur beitt sér fyrir og liggur fyrir í skýrslu sem ég leyfi mér að vitna til. Ef þingmenn líta á þessa skýrslu þá hefur allt það verið gert sem kemur fram í nál. varðandi þetta markaðsátak, allt saman. Og það er ósköp eðlilegt að þingmönnum sé ekki ljóst hvað um er að vera á þessu sviði en þeir þurfa ekki að líta nema til þess að ekkert lambakjöt er til, það er ekkert dilkakjöt hér í landi, það er ekkert á boðstólum og enginn afgangur af því. Það er ugglaust meira en menn vita.

Ég vil ljúka mínu máli með því að þakka hv. þingmönnum Agli Jónssyni, Svanfríði Jónasdóttur, Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Kristínu Halldórsdóttur, Hjörleifi Guttormssyni og Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að standa með mér í þessu máli, fyrir að lesa það yfir með mér, fyrir að gagnrýna og koma því til skila á þann veg sem það er í grg. Ég fullyrði enn að hér er um eitthvert merkasta mál að ræða sem afgreitt hefur verið á sl. 25 árum sem varðar landbúnað. Þó svo að undirritaður sé 1. flm. eiga þeir sem eru meðflm. ekki síður heiður af þeirri tillögu. Ég bið þá, ásamt hv. landbúnaðarnefndarmönnum að gera þessa tillögu að sinni og mæla fyrir þessu máli í hvert skipti sem þeim auðnast tækifæri til. Vegna þess að ég ítreka enn: Þetta er líklega hið merkasta mál sem menn hafa afgreitt varðandi landbúnað og sjávarútveg á sl. 20–25 árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á nýtingu lítilla orkuvera, síðari umr.

Þáltill. ÁJ, 377. mál. — Þskj. 604, nál. 1049.

[00:15]

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um úttekt á nýtingu lítilla orkuvera. Tillögumaður er Árni Johnsen.

Iðnn. hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Orkustofnun og Náttúruvernd ríkisins.

Í tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að láta gera úttekt á nýtingu og þróunarmöguleikum lítilla orkuvera þar sem kannað verði hvort hagkvæm uppbygging lítilla sjálfstæðra orkuvera gæti samanlagt jafnast á við stóra virkjun. Verði niðurstaða úttektarinnar lögð fyrir Alþingi.

Nefndin telur að hér sé um áhugaverða tillögu að ræða og leggur til henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Sigríður A. Þórðardóttir og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Stefán Guðmundsson, formaður nefndarinnar, Hjálmar Árnason, Magnús Árni Magnússon, Hjörleifur Guttormsson, Pétur H. Blöndal, Guðjón Guðmundsson og Katrín Fjeldsted.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þriggja fasa rafmagn, síðari umr.

Þáltill. DH o.fl., 204. mál. — Þskj. 222, nál. 1050.

[00:17]

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir nál. um till. til þál., 204. máli, um þriggja fasa rafmagn.

Flutningsmenn eru Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Jónsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Nefndarálit iðnn. er á þann veg að nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Eyþingi, Rafmagnsveitum ríkisins, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Þjóðhagsstofnun, Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra og Bændasamtökum Íslands.

Í tillögugreininni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd sem geri úttekt á því hve mikið vanti á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu. Verði nefndinni falið að meta þörf atvinnulífsins á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og jafnframt að leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Sigríður A. Þórðardóttir og Jóhanna Sigurðardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Stefán Guðmundsson formaður, Hjálmar Árnason, Magnús Árni Magnússon, Hjörleifur Guttormsson, Pétur H. Blöndal, Guðjón Guðmundsson og Katrín Fjeldsted.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðarfræðsla, 2. umr.

Stjfrv., 546. mál (heildarlög). — Þskj. 871, nál. 1052, brtt. 1053.

[00:19]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá landbn. um frv. til laga um búnaðarfræðslu.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti, Magnús B. Jónsson, skólastjóra Bændaskólans á Hvanneyri, Svein Aðalsteinsson, skólastjóra Garðyrkjuskóla ríkisins og Jón Bjarnason skólastjóra Hólaskóla.

Umsagnir um málið bárust frá Bændasamtökum Íslands, Landgræðslu ríkisins og Félagi garðyrkjumanna.

Frumvarpið miðar að því að marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra sem að þeim vinna. Er kveðið á um grundvallaratriði í stjórnskipulagi menntastofnana landbúnaðarráðuneytisins en gert ráð fyrir að yfirstjórn hvers skóla taki nánari ákvarðanir um starfsemi stofnananna að öðru leyti. Miðað er við að þær fái viðhaldið hæfi og möguleikum til að laga starfsemi sína að síbreytilegum kröfum og nýjum forsendum á hverjum tíma í samræmi við óskir og þarfir samfélagsins og gegni auk þess fjölþættu menningarhlutverki á héraðs- og landsvísu. Var við samningu frumvarpsins höfð hliðsjón af lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og lögum nr. 136/1997, um háskóla, og leitast við að laga ákvæði frumvarpsins að þeim lögum eins og frekast var unnt.

Fjölmargar breytingar frá núgildandi lögum eru lagðar til í frumvarpinu. Helst má nefna að lagt er til að ákvæði laga um búnaðarnám og garðyrkjunám verði samræmd í einni löggjöf og að heildarstefna í búnaðarfræðslu verði mótuð af búfræðsluráði. Þá er gert er ráð fyrir auknu svigrúmi skólanna til að bjóða upp á fjölbreyttara nám, námstíma o.fl. Lagt er til að formlega verði stofnaður landbúnaðarháskóli með aðsetur á Hvanneyri og að öllu stjórnskipulagi skólans verði breytt í samræmi við það. Þá er lagt til að heimilt verði að stofna til kennslu á háskólastigi við Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins með samþykki landbúnaðarráðherra og að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Lagt er til að menntastofnanir landbúnaðarins geti komið á fót og átt aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum til styrktar og eflingar meginviðfangsefnum þeirra. Loks er lagt til að við menntastofnanirnar verði stundaðar rannsóknir sem skuli skipulagðar með öðrum rannsóknum á sviði landbúnaðar og landnýtingar í landinu.

Nokkur umræða varð um það í nefndinni hvort þessi málaflokkur ætti að heyra undir landbúnaðarráðuneyti eða menntamálaráðuneyti. Telur nefndin að það ætti að skoða nánar.

Nefndin leggur til fjölmargar breytingar á frumvarpinu. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að búfræðsluráð verði landbúnaðarráðherra til ráðuneytis um mörkun heildarstefnu í búfræðslumálum en marki ekki sjálft slíka heildarstefnu eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

2. Búfræðsluráð verði skipað níu mönnum og tilnefni menntamálaráðherra tvo, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að menntamálaráðherra skipi einn mann í ráðið.

3. Almennt háskólanám í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri miðist við þriggja til fjögurra ára nám en ekki tveggja til fjögurra ára nám eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar verði skólanum heimilt að bjóða upp á styttri námsbrautir.

4. Ekki verði skylt að sérfræðingar sem ráðnir eru til rannsókna við menntastofnanir landbúnaðarins hafi kennsluskyldu.

5. Heimilt verði að starfrækja endurmenntunardeildir við menntastofnanir landbúnaðarins en ekki skylt.

6. Lagðar eru til nokkrar breytingar á skipan manna í háskólaráð Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og í skólanefndir Hólaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins.

7. Loks er lagt til að ekki þurfi heimild landbúnaðarráðherra til að menntastofnanir landbúnaðarins geti komið á fót eða átt aðild að sjálfstæðum rekstrareiningum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstöku þingskjali og snúa að þessum aðalefnisatriðum og mun því frsm. ekki lesa upp þær brtt.

Undir þetta nál. skrifa allir hv. nefndarmenn í landbn.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum segja að hér er um gagnmerkt mál að ræða sem áreiðanlega mun hafa mikil áhrif

fyrir þá skóla sem svo vel hafa starfað um langa hríð. Þetta er tímamótamál eins og oft hefur verið sagt.

[00:24]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég á sæti í hv. landbn. sem fjallaði um þetta mál. Ég er aðili að nál. sem hv. formaður nefndarinnar gerði grein fyrir.

Herra forseti. Mér þykir hins vegar rétt að fara nokkrum orðum um málið vegna mikilvægis þess og ákveðinnar sérstöðu sem er fólgin í því. Með frv. var lagt fram frv. um löggjöf um skólastarf í landbúnaði. Þetta nær til Bændaskólans á Hvanneyri, Hólaskóla og Garðyrkjuskólans að Reykjum, þ.e. til sérskóla landbúnaðarins. Í frv. er m.a. mörkuð sú stefna að búvísindadeildin að Hvanneyri er gerð að háskóla með aðlögun að háskólalögum. Að öðru leyti er framhaldsskólalögunum fylgt þar sem við á en gerður sérstakur lagarammi um búnaðarfræðslu.

Þegar málið kom fyrst fram og gerð var grein fyrir því við 1. umr. þá voru vitaskuld ákveðin álitaefni varðandi málið. Það má segja að sum þeirra séu enn þá uppi, til að mynda sú spurning hvar eigi að vista menntastofnanir landbúnaðarins. Eiga þær að vera undir landbrn. eins og þær hafa verið eða eiga menntastofnanir landbúnaðarins að vera hluti af almennu skólakerfi undir menntmrn.?

Herra forseti. Því er ekki að leyna að það hefur verið skoðun mín að það sé ekki góð aðferð að hafa sérskóla undir sérráðuneytum heldur sé betra að fella skólastarf almennt undir löggjöf um menntamál. Þar með falla þeir undir stjórnsýslu menntmrn. þó svo að vitaskuld geti verið sérlög og séraðkoma að sérskólum hvort heldur er í landbúnaði eða annars staðar.

Ekki náðist samstaða um að breyta frv. í þessa átt. Þó voru gerðar brtt. á frv. sem styrkja aðkomu menntmrn. og þeirrar fagvinnu sem þar er unnin að tilteknum þáttum í þessum lögum, þar á ég við búfræðsluráð sem er landbrh. til ráðuneytis um mörkun heildarstefnu. Þar var áður einn fulltrúi frá menntmrn. en nefndin leggur til að þeir verði tveir.

Sömuleiðis var því lýst í nál. sem hv. þm. Guðni Ágústsson gerði grein fyrir að nokkur umræða hafi orðið um það í nefndinni hvort þessi málaflokkur ætti að heyra undir landbúnaðarráðuneyti eða menntamálaráðuneyti og að nefndin teldi að það ætti að skoða nánar.

Herra forseti. Því er ljóst að enn er ágreiningur um þetta efni, þ.e. hvort menntamál í landbúnaði eigi að heyra undir menntmrn. eða landbrn. Ég tók þá afstöðu í landbn. að kljúfa ekki nefndina á grunni þessa atriðis þó það sé mjög mikilvægt vegna þess að ekki varð lengra komist gagnvart þessum þætti í ljósi þess að meiri hlutinn eða stjórnarmeirihlutinn var fús að ræða breytingar á frv. sem horfðu til bóta og lagði á sig vinnu í því máli. Þess vegna eru lagðar fram brtt. við frv. í 21 lið. Ég minnist þess ekki hin síðari ár að landbn. hafi farið svo nákvæmlega í gegnum stjfrv. (**Gripið fram í:** Er þetta alveg nýtt mál?) Hér er hins vegar ekki um að ræða nýtt mál eins og einhver umræða hefur verið um fyrr í kvöld heldur breytingar sem gerðar eru og að mati landbn. allar til bóta. Sumar eru tæknilegs eðlis, sumar eru breytingar á orðalagi en aðrar efnislegar. Og það var ekki einungis sátt í nefndinni heldur einnig við þá sem málið varðar mest, þ.e. skólastjóra þessara fagskóla.

Herra forseti. Því hefur náðst mikilvæg sátt um þetta mál í landbn. við menntasamfélagið í landbúnaði með afgreiðslu þessa frv. Ég tel það vera mjög mikilvægt vegna þess að menntamál í landbúnaði eru merkileg og þau ber að efla. Það er gert með frv. og það eru tímamót að nást skuli um það pólitísk sátt að afgreiða á samstæðan hátt og með sameiginlegum tillögum heildarlöggjöf um menntamál í landbúnaði þó svo að ég hafi dregið hér upp ákveðið atriði sem menn munu halda áfram að vera ósammála um. Fyrr má nú vera að menn séu sammála um allt skipulag í öllum málum. Það er ekki svo. En landbúnaðarmál hafa oft og tíðum hin síðari ár, herra forseti, verið deiluefni milli stjórnar og stjórnarandstöðu, ekki síst milli míns flokks og þess flokks sem nú fer með landbúnaðarmálin. Ég vil ekki segja að neinar sögulegar sættir séu í uppsiglingu hvað málaflokkinn í heild varðar en a.m.k. hefur náðst sátt hvað varðar menntamálin í útfærslu og framkvæmd á búnaðarfræðslumálunum. Hvað það veit á veit ég ekki. Að því máli komu allir þingflokkar eða þeir sem áttu sæti í landbn. og unnu að þessu máli, ekki einungis fulltrúar Framsfl. sem landbrh. kemur frá, heldur ekki hvað síst fulltrúar Sjálfstfl.

Herra forseti. Það skulu vera mín lokaorð að ég tel að með þessari afgreiðslu nefndarinnar og með þeim tillögum sem hún leggur hér fram, að nefndin hafi gengið frá heilsteyptu frv. sem verður vonandi að löggjöf sem verður landbúnaðinum og menntamálum hans til framdráttar hér á landi.

[00:31]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi mikilli ánægju með að þetta mikilvæga mál sé komið að lokaafgreiðslu í hv. Alþingi. Ég tel að um tímamótamál sé að ræða því að fræðsla og menntun í landbúnaði er mjög mikilvægur þáttur. Það hefur sýnt sig og það er almennt álit bændastéttarinnar að svo sé.

Ég tel að samþykkt þessa frv. muni skapa mjög aukna möguleika til framþróunar í fræðslustarfsemi í landbúnaði. Álit þeirra aðila sem að málinu koma kom fram í umfjöllun nefndarinnar og það er mjög mikilvægt að þetta frv. verði að lögum.

Það er stórt skref fram á við fyrir íslenskan landbúnað til framtíðar að þetta frv. um búnaðarfræðslu verði samþykkt sem lög frá Alþingi. Ég vil leyfa mér að lýsa sérstakri ánægju með hve mikil samstaða var í landbn. um afgreiðslu málsins og ég tek undir með hv. þm. Ágúst Einarssyni að vel var unnið að afgreiðslu þess og vinnslu þess á lokastigum. Ég lýsi ánægju minni með það og leyfi mér að þakka samnefndarmönnum mínum í nefndinni fyrir gott starf að málinu.

[00:33]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja umræðuna en með því að niðurstaða hefur náðst í þörfu máli og þá ekki síst vegna þess að ég er æðimikið tengdur þeirri starfsemi sem fjallað er um. Ég sótti nám mitt á Hvanneyri, bæði framhaldsnám og búfræðinám og hef á margan hátt verið tengdur þeirri merku starfsemi sem hefur farið þar fram. Ég hef m.a. átt lengi sæti í skólanefnd á Hvanneyri sem væntanlega tekur nú breytingum eða enda með nýjum og breyttum lögum.

Ég tek undir það sem hefur komið fram að hér er um merkan áfanga að ræða og afar þýðingarmikið eins og hér hefur líka komið fram og ég vil sérstaklega undirstrika og þakka að samkomulag er um málið. Menn eru að vísu ekki sammála um það sem var skilið eftir. Hv. þm. Ágúst Einarsson fjallaði nokkuð um það mál hvar þessi starfsemi skyldi

vistuð í stjórnkerfinu. Hér fékkst hins vegar skýr niðurstaða og ég held að vaxandi fylgi sé fyrir því að þessi víðtæka starfsemi verði áfram undir landbrn. Ég hygg að jafnvel megi finna fyrir því rök eða fordæmi frá öðrum nálægum þjóðum.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um málið. Ég tek undir það sem hefur verið sagt að það hefur fengist mikilvæg niðurstaða og ég hlýt að þakka það hvernig hv. landbúnaðarnefndarmenn stóðu að afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkuver, frh. 2. umr.

Stjfrv., 471. mál (Vatnsfells-, Búðarháls- og Villinganesvirkjanir). — Þskj. 776, nál. 1009 og 1041, brtt. 1010.

[00:38]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Við 3. umr. um málið sem verið er að taka á dagskrá verður flutt brtt. sem felur í sér að sett verði inn ákvæði um að áður en heimilt verður að veita leyfi fyrir Bjarnarflagsvirkjun þurfi að uppfylla skilyrði samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár. Mér finnst ástæða til þess að taka þetta fram í upphafi umræðunnar.

[00:39]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Formaður iðnn. hefur upplýst að hann muni flytja tillögu við 3. umr. málsins. Ég fagna yfirlýsingu formannsins. Það er alveg ljóst að hugsanleg jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Mývatn er ekki nýtt mál og ekki er beinlínis hægt að ljúka lofsorði á að tillaga um hana komi inn í meðförum iðnn. um aðrar virkjanir. Við höfum verið að fjalla um frv. til breytinga á lögum um raforkuver þar sem aflað er lagaheimilda fyrir virkjunum, þ.e. Vatnsfellsvirkjun og Búðarhálsvirkjun. Einnig er þar heimild fyrir Landsvirkjun til að reisa og reka Villinganesvirkjun felld niður og Rafmagnsveitum ríkisins eða félagi sem þær eiga aðild að veitt heimildin í þess stað. Auðvitað er það svo að við 1. umr. fer fram umræða um virkjanirnar, forsendur þeirra og hugsanlegar afleiðingar og þess vegna er fremur vond pólitík að taka inn nýjar virkjanir í meðförum nefndar.

Það er hins vegar þannig að lögð er áhersla á það í nál. að við mat á umhverfisáhrifum vegna Bjarnarflagsvirkjunar verði að kanna áhrif virkjunarinnar á landslag svæðisins, hveravirkni, efnistöku og frárennsli og bent er á það í nál. að um svæðið gilda sérstök lög, þ.e. lög um verndun Laxár og Mývatns, nr. 36/1974. Til að taka af allan vafa um það að ný lög hafi áhrif á þau lög sem gilda um verndun svæðisins, er afar mikilvægt að yfirlýsing hafi komið fram frá formanni iðnn. um að brtt. um lagatextann komi fram við 3. umr. Ég fagna því sérstaklega að formaður iðnn. hafi kynnt þinginu þessa væntanlegu tillögu og þakka fyrir hana.

[00:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir álit meiri hluta iðnn. um frv. sem heimilar m.a. virkjun Búðarháls og Vatnsfells. Ég tek fram að ég mun greiða því atkvæði og ég er samþykkur því að í þær virkjanir verði ráðist í framtíðinni. Ég vil hins vegar taka það fram að ég er með öllu ósammála þeim röksemdum sem koma fram í greinargerð með því frv. Þar er gert ráð fyrir því að í umræddar virkjanir þurfi að ráðast til þess að afla orku til að hægt sé að ráðast í frekari stóriðjuframkvæmdir.

Ég vil einungis ítreka það sem ég sagði í ræðum mínum við 1. umr. málsins að ég tel að þessar tvær virkjanir séu dæmi um virkjanir sem hafa afar litla umhverfisröskun í för með sér og þess vegna sé sjálfsagt að í þær verði ráðist. Hins vegar tel ég að orkuna sem beisluð verður með þeim tveimur virkjunum ætti miklu fremur að nýta til almennra raforkuþarfa og að sjálfsögðu til þess að standa undir framleiðslu á mengunarlausu eldsneyti eins og hæstv. iðnrh. hefur margsinnis lýst yfir að hann vilji efla.

Varðandi það sem hv. þm. Stefán Guðmundsson las upp kemur fram í máli hans að hann hyggst við 3. umr. leggja til breytingu á þeim tillögum sem núna liggja fyrir um virkjun í Bjarnarflagi þar sem efnislega segir að það þurfi að uppfylla skilyrði laganna frá 1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu áður en ráðist er í virkjun í Bjarnarflagi. Í 3. gr. þeirra laga segir svo, með leyfi forseta:

„Á landsvæði því, er um getur í 2. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndar ríkisins komi til."

Mig langar til þess að spyrja hv. þm. og formann iðnn. Er ekki alveg ljóst að þetta þýðir að það er ekki hægt að virkja í Bjarnarflagi nema leyfi Náttúruverndar ríkisins komi til?

[00:44]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið er ósköp einfalt, hv. þm. Það er já. Það er misskilningur.

[00:44]

Frsm. minni hluta iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Umræðu um þetta mál var frestað um hádegisbil og síðan mun það hafa verið nokkuð til umræðu milli þeirra sem stóðu að meirihlutaáliti í málinu, þ.e. stjórnarliðar í hv. nefnd og þingflokkur Samfylkingarinnar svonefndu, sem hefur komið að skoðun málsins frekar og veruleg fundahöld verið í gangi vegna þess. Ég fagna því að sú brýning sem ég hafði uppi um málið og stöðu þess og eðli virðist hafa hreyft aðeins við mönnum en hitt er annað mál að ég er ekki viss um að sú hugmynd að andlitslyftingu sem var kynnt varðandi málið og fyrirhugaðar brtt. við 3. umr. skipti sköpum í þessu máli. Það á bæði við um Bjarnarflag og alveg sérstaklega sem þessi hugmynd mun varða en einnig aðrar heimildir sem fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnn. skrifuðu upp á með nefndaráliti.

Það kemur fyrir lítið ef þingið á að veita virkjunarheimild að hafa uppi óskir um að orkan verði notuð í vistvænu samhengi ef á sama tíma er ljóst af efni frv. að fyrirhugað er að nýta orkuna til tiltekinna stóriðjuframkvæmda.

Varðandi Bjarnarflagsvirkjun hefur staðan verið sú að lögin um Mývatn og Laxá ná þar yfir. Hugmyndin að baki virkjunarheimildinni, eins og fram kom í hv. iðnn., er að veikja stöðu þessarar löggjafar. Ég veit ekki hvort áminning um það í brtt. breytir miklu þar sem hugsunin á bak við, eins og hún var túlkuð fyrir iðnn., er að með því að hafa virkjunarheimild þá gefist kostur á að áfrýja niðurstöðum Náttúruverndar ríkisins til pólitískrar ákvörðunar æðra stjórnvalds.

Ég ætla ekki að skera úr um lögfræðina í þessu efni en vildi ítreka að þetta blundar á bak við málið og látið í þau áform skína. Þess vegna dugar að mínu mati ekkert annað

en að fella þessa tillögu út úr frv., láta þann þátt ekki koma til atkvæða, ef fulltrúum Samfylkingarinnar er alvara í að breyta um skoðun frá því sem var fyrir 2. umr. málsins, þegar málið var tekið út úr hv. nefnd. Þeir ættu að draga álit sitt til baka og þar með stuðning við áform um virkjunarheimild í Bjarnarflagi. Heimildinni verður náttúrlega teflt fram til þess að koma málinu áfram, annars væru menn ekki að þessu.

Langskynsamlegast fyrir stjórnarmeirihlutann væri hins vegar að hverfa frá þeim fáránlegu áformum sem þarna eru uppi, um að veita virkjunarheimild fyrir jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi þegar gnótt er úrræða til að afla orku ef áhugi er á því á jarðhitasvæði við hliðina, Kröflusvæðinu. Það blasir náttúrlega við hverjum manni. Málið snýst um að virkjunaraðili er að reyna að helga sér hitt jarðhitasvæðið, þ.e. við Námafjall, til nýtingar.

Hingað barst sérkennilegt plagg og leiddi til fréttaflutnings í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins. Það var athugasemd frá Orkustofnun við frétt um virkjun í Bjarnarflagi. Ég veit ekki hvort hv. þingmenn hafa tekið eftir því eða fengið það í hendur, þ.e. fréttatilkynningu frá Orkustofnun við frétt um virkjun í Bjarnarflagi. Tilefnið er að forstjóri Náttúruverndar ríkisins hafði leyft sér að lýsa sjónarmiðum í þessu máli. Hann fær hér í hausinn viðbrögð frá Orkustofnun í tíu tölusettum liðum. Ég hef satt að segja ekki séð öllu sérkennilegri málafylgju af ráðgjafarstofnun ríkisstjórnarinnar í orkumálum en að bregðast við með því að snupra forstjóra Náttúruverndar ríkisins með þessum hætti, bara „omgående", eins og þeir segja á dönskunni, um hæl. Stofnunin sendir kveðju með túlkunum sínum, m.a. á því að valið á Kröflusvæðinu til virkjunar á sínum tíma hafi verið með það í huga að hlífa hinu svæðinu við nýtingu. Þessu er hafnað af ráðgjafarstofnun ríkisstjórnarinnar. Ég veit ekki hvort stofnunin hefur haft samband við hæstv. iðnrh. um málið. (**Iðnrh.:** Nei.) Ég skal ekkert um það segja Í öllu falli kemur þessi sending, dags. 9. mars 1999. Rétt er, virðulegur forseti, að rekja lítillega efni þessa plaggs. Ég held að það sé ástæða fyrir menn að gefa gaum að því. Ég skal lesa þetta bara til að rjúfa ekki neitt samhengi, þetta er nú ekki nema ein síða.

Yfirskriftin er Athugasemd frá Orkustofnun við frétt um virkjun í Bjarnarflagi og síðan segir, með leyfi forseta:

„Í fréttatíma RÚV kl. 19 mánudaginn 8. mars var viðtal við dr. Árna Bragason forstjóra Náttúruverndar ríkisins varðandi virkjun í Bjarnarflagi. Þar komu fram fullyrðingar eins og „Menn eru hræddir um að ef farið verður í nýtingu á gufuafli í Bjarnarflagi, fullnýtingu, þá muni það hafa áhrif á virkni hveranna, Hveraröndina sem er austan við fjallið, Námafjallið, og menn eru hræddir um það verði þar breyting á hveravirkni og þessir hverir sem þar eru, eru vinsælasta og mest heimsótta hverasvæði á landinu.

Fjörutíu megavatta virkjun telst nálægt því að vera fullnýting á svæðinu að mati jarðfræðinga."

Árni telur einnig að svo stór virkjun komi ekki til greina í Bjarnarflagi. Þá segir hann að setja verði skilyrði um að frárennsli renni ekki til Mývatns, og að byggingar, ef til kemur, falli að umhverfinu. Hann sagði að ákveðið hefði verið að virkja við Kröflu á sínum tíma til að hlífa Bjarnarflagi, en því virðist menn nú hafa gleymt.

Orkustofnun telur nauðsynlegt að gera athugasemdir við þessi ummæli forstjóra Náttúruverndar ríkisins og árétta nokkrar staðreyndir málsins:

1. Árið 1994 vann Orkustofnun að yfirliti um innlendar orkulindir til vinnslu raforku fyrir iðnaðarráðuneytið. Í því yfirliti kemur m.a. fram að líklega standi Námafjallssvæðið undir meiru en 70 megavatta raforkuvinnslu í 50 ár.

2. Námafjallssvæðið er það háhitasvæði á Íslandi sem á sér lengsta nýtingarsögu, fyrst með brennisteinsvinnslu" — ætli það sé ekki á dögum Skúla eða kannski öllu fyrr, á 18. öld — „en frá 1967 hefur þar verið mikil gufuvinnsla til þurrkunar, raforkuframleiðslu og hitaveitu í Reykjahlíð.

3. Tólf holur hafa verið boraðar í Bjarnarflagi á árunum 1963–1980 niður á allt að 2.000 m dýpi til gufuöflunar.

4. Vinnslusaga svæðisins spannar nú 35 ár og er massatakan úr jörðu nálægt því að vera 50 milljónir tonna á þessu tímabili. Þessi vinnsla hefur haft lítil áhrif á þrýsting í jarðhitakerfinu, sem sýnir að svæðið er fjarri því að vera fullnýtt.

5. Fullyrðing þess efnis að 40 megavatta raforkuvinnsla teljist vera fullnýting á svæðinu er beinlínis röng. Árni vísar þarna til einhverra ónafngreindra jarðfræðinga í þessu sambandi, sem augljóslega hafa ekki kynnt sér málið.

6. Fjórar grunnar holur voru boraðar í Hveraröndina á árunum 1951–1954. Þessar holur hafa nú breyst í hveri sem eru m.a. það aðdráttarafl fyrir ferðamenn, sem Árni vísar til. Það er því ekki eingöngu um náttúrulegan jarðhita að ræða í Hverarönd.

7. Ef umtalsverð þrýstingslækkun yrði í jarðhitakerfinu vegna aukinnar vinnslu í Bjarnarflagi mundi það að öllum líkindum auka hveravirkni á yfirborði. Það er að minnsta kosti sú reynsla sem menn þekkja á öðrum háhitasvæðum eins og í Svartsengi og Kröflu.

8. Í hönnunarforsendum Bjarnarflagsvirkjunar er gert ráð fyrir að dæla vatninu um borholur niður í jarðhitageyminn eftir notkun, þ.e. streymi til Mývatns mun ekki raskast. Hins vegar er vert að minna á að náttúrulegt streymi frá háhitasvæðunum í nágrenni Mývatns út í vatnið er á bilinu 5–10 m á sekúndu. Það er m.a. ástæðan fyrir heppilegum vaxtarskilyrðum fyrir kísilþörunga í vatninu, en þeir skipta miklu máli í lífríki Mývatns.

9. Krafla var valin fram yfir Bjarnarflag á sínum tíma af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi var Kröflusvæðið talið vera a.m.k. 10 sinnum stærra og í öðru lagi var það fjarri alfaraleið. Hins vegar verður virkjun aldrei lengi fjarri alfaraleið sökum þess að vegir að virkjunarstað þurfa að vera góðir og eru venjulega ekki lokaðir ferðamönnum, enda er Krófluvirkjun og svæðið þar í kring einn af vinsælustu ferðamannastöðum landsins.

10. Orkustofnun og þar á undan Raforkumálaskrifstofan hafa stundað jarðhitarannsóknir og þjónustað jarðhitaiðnaðinn í meira en hálfa öld. Orkustofnun leggur metnað sinn í að ráðgjöf um vinnslu jarðhita sé með þeim hætti að vinnslan sé í sátt við umhverfið. Ráðgjöf stofnunarinnar um virkjun í Bjarnarflagi er í fullu samræmi við þá stefnu."

Undir þetta rita Ólafur G. Flóvenz, framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs Orkustofnunar, og Ásgrímur Guðmundsson verkefnisstjóri.

Virðulegur forseti. Um þessa athugasemd frá Orkustofnun má segja margt og fleira en ég hef sagt nú þegar. Það sem er sérstaklega umhugsunarvert í sambandi við þetta mál er að það skuli koma fram á þessum tíma og vera sett svona fram, sem snuprur við forstjóra Náttúruverndar ríkisins. Athugasemdum þessum er teflt beint inn í umræðu um málið á Alþingi og þær settar fram í þeim húsbóndastíl sem ég hélt að hugmyndin væri að leggja af í samskiptum þeirra sem væru a.m.k. álengdar sem ráðgjafar í orkumálum og hins

vegar í umhverfisvernd. Hér er hins vegar eitthvað allt annað uppi.

Með því orðalagi sem er á athugasemdinni er gefið til kynna að hér séu þeir sem vitið hafa. Hér eru þeir sem vitið hafa og eru bærir um að veita ráðgjöf og kveða upp úrskurði. Það kemur auðvitað eitt og annað fram hér í staðreyndaupptalningu sem ég geri ekki athugasemdir við. Ég reikna með að rétt sé með það farið. Með önnur atriði er hins vegar ekki rétt farið. Teflt er fram staðhæfingum, beint inn í þetta viðkvæma álitamál sem hér er til umræðu, m.a. fullyrðingum um að önnur sjónarmið hafi ráðið vali virkjunar á Kröflusvæðinu en þau að hlífa Námaskarðssvæðinu, svæðinu við Námafjall.

Það getur verið að af hálfu Orkustofnunar liggi málið þannig. Ég veit ekki hvað þessir ágætu menn sem skrifa undir þetta bréf hafa kafað ofan í söguleg atriði, m.a. fundargerðir Náttúruverndarráðs frá þeim tíma þegar ráðið fjallaði um og veitti samkvæmt beiðni, auðvitað eftir mikinnýting, leyfi fyrir virkjun á Kröflusvæðinu 1975, þann 26. mars, ef ég man rétt. Það vill svo til að sá hinn sami og hér talar sat í Náttúruverndarráði á þessum tíma og fjallaði um þetta mikla álitamál og telur sig alveg vita um forsendurnar fyrir þessari leyfisveitingu og hvað lá að baki af hálfu Náttúruverndarráðs á þeim tíma. Það var það sjónarmið að þótt Kröflusvæðið væri verðmætt þá skyldi valið fyrir virkjun falla á það svæði vegna nálægðar háhitasvæðisins við Námafjall við Mývatn og við alfaraleið. Ótti við mengun frá affallsvatni var á þeim tíma m.a. mikið til umræðu og verulegar rannsóknir fóru fram á því, m.a. hættunni af affallsvatni frá Kröfluvirkjun.

Síðan koma menn hér með innlegg af þessu tagi og ætla sér bara að toga talsmenn náttúruverndar, opinbera starfsmenn, upp á hárinu og segja: „Herrar mínar, svona var þetta nú."

Þetta er ekki það innlegg í málið sem líklegt er til þess að skapa trúnað á milli aðila. Að vísu er hér ekki um Orkustofnun að ræða heldur Landsvirkjun. Orkustofnun hleypur undir bagga með Landsvirkjum eins og hér blasir við. En Landsvirkjun er að reyna að komast yfir þetta svæði til nýtingar.

Við skulum þá aðeins koma að spurningunni um fullnýtingu sem hér er einnig fjallað um. Ein athugasemdin sem gerð er við mál forstjóra Náttúruverndar ríkisins er sú að hann fari ekki með rétt mál að því er varðar fullnýtingu svæðisins. Það vill nú svo til að í nál. minni hluta iðnn. er að finna greinargerð frá Landsvirkjun og sérfræðingum hennar um mat á jarðhita á Námafjallssvæðinu. Það er út af fyrir sig rétt að þar er jarðhitinn metinn nálægt 100 megavöttum, þ.e. afl svæðisins, ef ég man rétt. Þetta er greinargerð Landsvirkjunar um virkjun jarðvarma í Bjarnarflagi og Kröflu. 01. mars 1999. Það er best að hafa þetta rétt.

Það er álitið að jarðhitasvæðið við Bjarnarflag geti staðið undir tæplega 100 megavatta raforkuframleiðslu í 50 ár.

Það er út af fyrir sig rétt að 40 megavött eru ekki fullnýting, ef þessar tölur standast. En í gögnum Landsvirkjunar sem send eru iðnn. og í gögnum frá fyrri árum sem fjallað var um, ef ég man rétt, af Náttúruverndarráði 1996 og stjórn rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn á sama ári, koma fram hugmyndir um aðra virkjun til viðbótar til að fullnýta þetta svæði væntanlega, aðra eins virkjun til viðbótar. Það eru því á dagskrá hugmyndir um fullnýtingu Námafjallssvæðisins til gufuaflsvinnslu.

Ég segi bara í sambandi við þetta mál: Þeir sem ætla að standa að afgreiðslu virkjunarheimildar í Bjarnarflagi með frekari hugmyndir á bak við um aðra eins virkjun þar að ættu að endurskoða sinn gang, ekki síst ef mönnum er nokkuð í mun að leita sátta í sambandi við verndun náttúruverðmæta. Þeir sem fyrir orkumálum ráða ættu að sýna tillitssemi og ætla mönnum a.m.k. eðlilegt svigrúm til þess að reyna að ná einhverju samkomulagi, en ekki ganga fram með þeirri einsýni og ofstopa sem einkennir þetta mál og þessa málafylgju meiri hluta iðnn. eins og hún kemur fram í þessu máli.

Er það virkilega svo að Samfylkingin ætli að láta stinga upp í sig með einhverri hugmynd um það að taka inn ákvæði um lögin við Mývatn og Laxá sem lesa má um í lagasafni? Hverju ætla menn að breyta?

Ætla menn ekki að reyna að bindast samtökum um að ýta þessum kaleik frá, a.m.k. í bili þannig að menn taki ekki skyndilega inn á Alþingi Íslendinga, afgreiði og stimpli erindi sem kemur til iðnn. 18. febr. sl., ætli sér að afgreiða það hér og veita heimild til virkjunar?

Ég vara við þeim kattarþvotti sem hér stendur til að hafa uppi í tengslum við málið. Mér þykir satt að segja hörmulegt til þess að vita hvernig að þessu máli er staðið og hvernig inn í þetta er komið af ráðgjafarstofnun ríkisstjórnarinnar í orkumálum og þeirri óbilgirni sem þar er uppi höfð. Ég verð að lýsa yfir miklum áhyggjum með þessa málafylgju alla. Ég held að menn verði í ljósi þess sem hér er að gerast að taka mikinn vara á þeim orðum sem höfð eru uppi af valdhöfum í landinu um að þeir ætli að stefna á sættir milli nýtingarsjónarmiða og umhverfissjónarmiða þegar svona er haldið á málum sem varða eitt allra verðmætasta en um leið viðkvæmasta svæði á Íslandi í þessu samhengi, þ.e. Mývatnssveit.

[01:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mundi sofa betur ef ekki væri búið að skjóta inn í þetta frv. brtt. um virkjun í Bjarnarflagi. Það kynni að vera að fleiri mundu líka sofa örlítið rórra.

Eigi að síður skiptir það máli, hvað sem hv. þm. segir, að fram hefur komið í umræðunni yfirlýsing um ákveðna breytingu af hálfu formanns iðnn. Hv. þm. Stefán Guðmundsson hefur líka fyrr í umræðunni skýrt það að þetta taki af öll tvímæli um að þessi breyting mun þýða að ef Náttúruvernd ríkisins leggst gegn virkjun í Bjarnarflagi þá verði ekki virkjað.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson upplýsti hér að í iðnn. hefði komið fram sú skoðun, væntanlega af hálfu hagsmunaaðilans, Landsvirkjunar, að með þessu skapaðist einhvers konar færi á að skjóta úrskurði sem væri stofnuninni óhagstæður til æðra stjórnvalds. Ég sé ekki af lögunum um verndun Mývatns og Laxár að það sé gerlegt. Eins og ég skil stjórnsýslulögin frá 1993, og það hlýtur að vera í krafti þeirra sem þessi staðhæfing hefur komið fram, þá er það ekki á færi stofnunar eins og Landsvirkjunar, sem er opinber stofnun, að skjóta slíkum úrskurði annars opinbers aðila til æðra stjórnvalds. Ég tel því að hér sé ekki um slíkt að ræða. Ég tel að vísu að það sé nauðsynlegt síðar í umræðunni að fá álit hæstv. iðnrh. á því. En þetta er mitt viðhorf til þessa og mér þætti fróðlegt að heyra hvernig hv. þm. Hjörleifur Guttormsson telji mögulegt að Landsvirkjun geti skotið óhagstæðum úrskurði frá hennar sjónarhóli af hendi Náttúruverndar ríkisins til æðra stjórnvalds. Í krafti hvaða laga

og hvert er það æðra stjórnvald? Í því tilviki hlýtur það að vera umhvrn. Það er afar erfitt líka að sjá það fyrir sér að ef Náttúruvernd ríkisins gæfi úrskurð þá mundi umhvrn. fara gegn slíkum úrskurði.

[01:11]

Frsm. minni hluta iðnn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi orð fyrrv. umhvrh., hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar bera auðvitað ljósan vott um út í hversu heitt vatn menn eru að ganga hér. Ég get staðfest það að þessi ummæli og hugleiðingar eru komnar bæði frá talsmönnum Landsvirkjunar en einnig frá fulltrúa iðnrn. sem sat fundi nefndarinnar og staðfesti í rauninni það sem ég er að segja um að á bak við þetta geti legið möguleiki á því að skjóta ágreiningi til æðra stjórnvalds. Það þarf ekki að vera Landsvirkjun sem gerir það. Aðrir geta gert það. Það þarf ekki opinbert fyrirtæki til. Sú hindrun er því ekki til staðar.

Ég hef ekki kafað ofan í málið frá lögfræðilegri hlið. Það hafa áreiðanlega aðrir gert sem hafa tekið sér tíma til þess að rýna í það. Og því miður, virðulegur forseti, höfum við nú búið við það að hér hafa verið umhverfisráðherrar í landinu sem ekki hafa alltaf tekið upp hanskann fyrir náttúruverndina þegar ágreiningur hefur verið og kærumál hafa verið uppi. Því er engu að treysta í þeim efnum.

Ég held að menn ættu að gæta sín í þessu máli. Í rauninni er ekkert annað ásættanlegt en að þessi ósk um virkjunarheimild í Bjarnarflagi verði dregin til baka. Í rauninni getur ekkert annað verið málamiðlun. Menn ættu að snúa sér að því að kanna möguleika á því að afla heimildar sem ekki er jafngífurlega umdeild og sú sem hér um ræðir. Þá er ég að vísa til Kröflusvæðisins.

[01:13]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur hér verið að vitna í fréttir. Því er rétt að ég víki aðeins að því. Skoðum þetta aðeins nánar. Ég held að ég sé með sömu fréttina hér fyrir framan mig. Hún er frá 8. mars 1999 og hefur að fyrirsögn: „Gufuaflsvirkjun í Bjarnarflag?" Þar segir Árni Bragason, forstöðumaður Náttúruverndar ríkisins, með leyfi forseta:

„Öll mannvirkjagerð á svæðinu er háð leyfi okkar og það er samkvæmt lögunum um Laxá og Mývatn."

Þetta er úr sömu frétt og þingmaðurinn var að lesa upp úr. En hann sleppti þessu.

Einnig er haft eftir Árna Bragasyni í þessari frétt nokkuð sem mér fellur mjög illa. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

„Árni undrast málsmeðferð iðnaðarnefndar sem bætti Bjarnarflagsvirkjun inn í frumvarpið á síðustu stundu eftir að leitað hafði verið álits Náttúruverndar og fleiri stofnana."

Eftir það? Staðreyndin í málinu er sú að 19. febrúar kemur bréf Landsvirkjunar um Bjarnarflag til nefndarinnar. Fyrsta umræða um málið hjá okkur í nefndinni um Bjarnarflagsvirkjun var 22. febr. En Árni Bragason og Árni Einarsson komu á fund nefndarinnar 1. mars til þess að tala um þetta mál. Hér er því aldeilis ekki farið rétt með.

Og af því að ég er farinn að tala um þetta þá er líka rétt að segja frá því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fór og leiðrétti frétt í Ríkisútvarpinu — ég heyrði reyndar ekki leiðréttinguna og ekki heldur fréttina — þar sem hann sagði að ég hefði hallað máli og hefði sagt að mikill meiri hluti væri fyrir því að flytja þetta mál í iðnn. Það var nefnilega ekki svo. Það var fréttamaðurinn sem sagði það. Ef hann hefði gefið sér aðeins tíma til að skoða fréttina og fá úrklippu af henni eða láta prenta hana út þá er hið sanna í málinu það að í sömu frétt segir Stefán Guðmundsson sjálfur, að góður stuðningur hafi verið í iðnn. um málið. Það var það sem ég sagði. Hitt voru orð fréttamannsins.

[01:15]

Frsm. minni hluta iðnn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má nú segja að hv. formaður iðnn. hafi bætt um betur. Þetta var alveg glæsileg frammistaða. Leggjast á sveif með þeim sem eru að snupra Náttúruvernd ríkisins og forstjóra hennar með því að vitna til ummæla sem ég sé ekki ástæðan til að gera athugasemdir við.

Ég veit ekki betur en að heimildin um virkjun í Bjarnarflagi, sem er gerð að frumkvæði formanns iðnn., því það er hann sem er að formi til meginábyrgðarmaður þess að sú heimild er hér fram komin. Það er á hans ábyrgð og meiri hlutans þar þó að hann hafi fengið óvæntan liðsstyrk í nefndinni. En það er ekki frá iðnrh. komið, ekki úr frv. hans þó að ég viti alveg um bakstuðninginn þaðan eða geri ráð fyrir honum. Síðan kemur formaður iðnn. og segir að það sé rangt að heimildin um virkjun í Bjarnarflagi sé fram komin eftir að Náttúruvernd ríkisins og fleiri aðilar sem vinna að umhverfismálum hafi komið fyrir nefndina. Þetta er mjög sérkennilegt. Ég held að málið hafi verið tekið út úr nefnd þann 7. mars. En fulltrúar Náttúruverndar ríkisins komu á fund nefndarinnar áður en málið var tekið út úr nefnd og heimildin er þar með komin á blað.

Hvað er formaður iðnn. að leiðrétta hér? Og hvað er formaður iðnn. að blanda saman öðrum fréttum sem hann hefur ekki einu sinni heyrt? Það er alveg átakanlegt, virðulegur forseti, að heyra þennan málflutning.

[01:18]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að menn taka því oft misvel að heyra sannleikann, það er nú svo.

Málið er það, hv. þm., að ég sagði að bréf Landsvirkjunar um Bjarnarflag hefði borist nefndinni 19. febrúar. Málið var rætt fyrst í iðnn. 22. febr. Þá erum við farin að ræða um málið í nefndinni. Árni Bragason og Árni Einarsson koma hins vegar á fund nefndarinnar 1. mars til þess að ræða þetta mál. Og ég er ekkert hér til þess að biðjast afsökunar á því. (**HG:** Hvað sagði forstjórinn sem þú ert að vitna til? Hvaða ummæli voru það?) Það eru ummæli þín, sem þú varst að tala um og vitna í. (**HG:** Nei, hin ummælin.) Það eru þau ummæli sem þú varst að vitna í, hv. þm.

(**Forseti** (ÓE)**:** Menn muni eftir ávörpum úr ræðustól.)

Við skulum reyna að halda hér fundarsköp. Ég er ekki að biðjast undan ábyrgð í þessu máli. Mér er það auðvitað ljóst að ég ber ábyrgð eins og allir aðrir og er ekkert að biðjast undan því. Og ég hef algjörlega hreinan skjöld, hv. þm. Það er meira en hægt er að segja um suma aðra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[01:19]

Útbýting þingskjala:

Háskóli Íslands, 509. mál, nál. menntmn., þskj. 1109; brtt. menntmn., þskj. 1110.

Internetsamvinna skóla á Vestur-Norðurlöndum, 195. mál, nál. menntmn., þskj. 1107.

Íþróttasamstarf milli Vestur-Norðurlanda, 196. mál, nál. menntmn., þskj. 1106.

Náttúruvernd, 528. mál, nál. umhvn., þskj. 1111; brtt. menntmn., þskj. 1112.

Stofnun vestnorræns menningarsjóðs, 197. mál, nál. menntmn., þskj. 1108.

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, frh. síðari umr.

Þáltill. ArnbS og EgJ, 356. mál. — Þskj. 488, nál. 1046.

[01:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Allmikil orðaskipti urðu áðan um þetta mál sem hæstv. forseti hyggst nú, mér mjög að óvörum, taka á dagskrá á nýjan leik. Sá forseti sem þá var í forsetastól mat aðstæður þannig fyrr í kvöld að tæpast væru forsendur til að halda þeirri umræðu áfram og frestaði umræðunni. Það var m.a. með vísan til margvíslegra athugasemda og sjónarmiða sem höfðu komið fram um að alvarlegir formgallar væru, svo vægt sé til orða tekið, á afgreiðslu samgn. á málinu. Og ræðumaður er einn af þeim sem deilir því sjónarmiði að það sé um afar sérkennilega afgreiðslu á þessu máli að ræða af hálfu hv. samgn. Það voru tilmæli mín til forseta og til formanns samgn. eða samgöngunefndarmanna að menn héldu þar fund í fyrramálið og skoðuðu hvort ekki mætti leysa þannig úr þessum vanda og þeim ágreiningi sem uppi er um formlega afgreiðslu á þessu máli samkvæmt þeirri tillögu sem samgn. leggur fyrir þingið að þingskjalið yrði afturkallað og samgn. flytti efnislega sömu tillögu og sett er hér fram að formi til sem brtt. sem sjálfstæða nýja ályktunartillögu Alþingis. Ég leyfi mér að ætla að ef þetta væri gert gæti skapast samstaða um að afgreiða þetta mál og það fengi farsælan endi.

Ég held ég verði að kalla það, herra forseti, ekkert annað en þrjósku ef menn fást ekki til þess a.m.k. að skoða þennan möguleika. Og það er leitt til þess að vita ef efnisleg gagnrýni og sjónarmið sem sett eru fram eða hógværar óskir um hluti af þessu tagi eru að engu höfð. Ég get eiginlega ekki séð að það sé í samræmi við þann anda sem að mestu leyti er svífandi hér yfir vötnum þar sem menn eru að reyna að hjálpast að við að klára þinghaldið með skikkanlegum hætti.

Mér finnst ekkert sérstakur bragur á því heldur, herra forseti, að halda umræðum áfram lengra inn í nóttina sem spinnast upp í ágreining, m.a. um formleg atriði, ekki bara efnisleg. Auk þess, herra forseti, mætti mjög margt segja um efni tengd þessu máli, þ.e. jarðgöng, jarðgangagerð og stefnu hæstv. ríkisstjórnar og framgöngu á undanförnum dögum og vikum í þeim efnum, og full ástæða væri t.d. til að æskja nærveru hæstv. samgrh. ef þessi umræða á að halda hér áfram. Ég vil biðja hæstv. forseta, fyrst alls, að hugleiða það mjög vandlega hvort ekki sé rétt að halda við þá ákvörðun sem áður var tekin af forseta sem stýrði fundi fyrr í kvöld, og fresta þessari umræðu a.m.k. til morguns.

[01:24]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseta var ekki kunnugt um að málinu hefði verið frestað til morguns heldur að því hefði verið frestað um stund á fundinum. Það var a.m.k. ekki búið að taka málið út af dagskrá. Sá forseti sem hér er í stól þóttist hafa kannað það hvort vilji væri hjá formanni samgn. að taka málið til frekari umræðu í nefndinni. Vill formaður samgn. tjá sig um það?

[01:24]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vakti athygli á því fyrr í kvöld, þegar þetta mál kom til umræðu, að það hefði fengið efnislega meðhöndlun í samgn. M.a. var til umræðu með hvaða móti væri eðlilegt að afgreiða þá þáltill. sem fengið hefur formlega afgreiðslu í samgn. og ýmis álitaefni voru uppi í þeim efnum.

Samhljóða niðurstaða samgn., þar sem sátu fulltrúar allra þeirra stjórnmálaflokka sem á annað borð eiga aðild að nefndinni, var sú að afgreiða málið í fyrsta lagi með þessum hætti, og það var líka samhljóða niðurstaða nefndarinnar að afgreiða málið með sama hætti efnislega. Það var efnislega með öðrum orðum algjör samstaða um málið.

Það sem af er þessari umræðu hef ég ekki orðið var við neinn efnislegan ágreining um þetta mál. Það getur verið að uppi sé ágreiningur um það hvernig samgn. hafi síðan lagt málið inn í þingið að nýju. En um það var hins vegar efnisleg samstaða í nefndinni. Ég hef því ekki séð sérstakar forsendur fyrir því fyrir sjálfa nefndina að taka málið upp að nýju vegna þess að hún komst að yfirlögðu ráði að þessari niðurstöðu og í sjálfu sér hefur ekkert komið fram hér sem gefur okkur tilefni til þess að taka umræðu um málið að nýju. Við ræddum þessi álitamál, komumst að samhljóða niðurstöðu þannig að mér sýnist ekki vera nein sérstök efni fyrir nefndina að taka málið upp. **(Gripið fram í:** En um hvaða efni var efnisleg samstaða?) Við komumst einfaldlega að efnislegri niðurstöðu um málið. Það er sú efnislega niðurstaða sem er til umfjöllunar núna í þinginu og ég teldi langsamlegast eðlilegast að þeirri efnislegu umræðu sem var hafin hér fyrr í kvöld yrði haldið áfram í stað þess að vera að fjalla um formið á tillögunni, sem nefndin hafði komist að samhljóða niðurstöðu um að væri skynsamlegt að hafa.

[01:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta er bara sama tuggan hjá hv. formanni samgn. Segir að samgn. eða þeir sem sátu þar, sjö manns eða eitthvað þar um bil, hafi orðið sammála um þessa vitleysu og þar með sé það óumbreytanlegt. Það er bara ekki þannig. Samgn., þó virðuleg sé og formaður hennar, stilla Alþingi að öðru leyti ekki upp við vegg. Samgn. er vonandi ekki yfir það hafin að geta orðið við tilmælum eða tekið til skoðunar óskir frá þingmönnum. Það er alveg nákvæmlega eins hægt að vitna til þeirra sjónarmiða frá þingmönnum úr mörgum flokkum sem komu hér fram í umræðum fyrr í kvöld um fundarstjórn forseta. Það var nú ekki samstöðunni fyrir að fara þar.

Það er því augljóst mál að þó að sá hópur sem sat yfir þessu í samgn. hafi komist að samkomulagi eða svo er kallað, þó að ég hafi reyndar grun um að þar uppi hafi verið mismunandi sjónarmið einmitt í þessu efni, þó að þetta hafi orðið niðurstaðan og ráðandi lína í málinu, þá er að sjálfsögðu ekkert athugavert við það þegar fram koma óskir um breytingar á formlegri uppsetningu eða afgreiðslu mála með þessu móti sem hér hafa verið upp bornar, að þingnefnd

taki þær til skoðunar, eða hvað? Eru menn hættir að geta tekið við tilmælum eða orðið við óskum um að athuga mál? (**Gripið fram í:** Hver er efnisleg breyting á málinu?) Það er verið að tala um að málið verði sett upp sem sjálfstæð ályktunartillaga Alþingis á nýju þingskjali og verði ekki að formi til brtt. við þáltill. um allt annað mál. Ég hélt að hv. þm. væri búin að heyra nógu oft um hvað þetta mál snýst hér. Og vísa svo í aðra tillögu sem ekki hefur hlotið afgreiðslu en er að miklu leyti tekin hins vegar upp hér sem ályktunartexti. Við þessar aðstæður er langeðlilegast að þingnefndin flytji nýja tillögu. Og í greinargerð með þeirri tillögu komi fram að með þessari aðferð sé litið svo á að aðrar tillögur hafi hlotið afgreiðslu. Það er venjan. Þá liggja þær þar sem þær eru komnar. Þetta er alsiða og ég hygg að ekki þurfi að vitna til fordæma, þau eru svo mýmörg í þessum efnum.

Hér er í rauninni farið út yfir eðlileg takmörk að mati mjög margra þingmanna sem hafa rætt þetta í kvöld, með því að láta heita svo að um brtt. á þáltill. sé að ræða sem er í raun farin að snúast um allt aðra hluti en upphaflega tillagan. Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst það stífni og þrjóska og í raun ófriðaraðgerð að halda þessu til streitu. Og ég skora á virðulegan forseta að höggva á þennan hnút og hætta þessu með því að fresta umræðu um málið til morguns.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 29.–31. mál.

Fundi slitið kl. 01:30.

---

83. FUNDUR

miðvikudaginn 10. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning tveggja varamanna í yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis í stað Ólafs Barkar Þorvaldssonar og Bjarna Stefánssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

2. Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra í stað Halldórs Þ. Jónssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9 gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

3. Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis í stað Þórólfs Halldórssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

4. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 223. mál, þskj. 250, nál. 988 og 1023. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Hvalveiðar, þáltill., 92. mál, þskj. 92, nál. 1018 og 1072. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

6. Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, þáltill., 98. mál, þskj. 98, nál. 1042. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

7. Átak til að draga úr reykingum kvenna, þáltill., 95. mál, þskj. 95, nál. 1043. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

8. Vegtollar, þáltill., 45. mál, þskj. 45, nál. 1044. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

9. Rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, þáltill., 378. mál, þskj. 605, nál. 1045. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

10. Landslið hestamanna, þáltill., 342. mál, þskj. 440, nál. 1047. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

11. Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, þáltill., 100. mál, þskj. 100, nál. 1048. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

12. Úttekt á nýtingu lítilla orkuvera, þáltill., 377. mál, þskj. 604, nál. 1049. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

13. Þriggja fasa rafmagn, þáltill., 204. mál, þskj. 222, nál. 1050. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

14. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 546. mál, þskj. 871, nál. 1052, brtt. 1053. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

15. Raforkuver, stjfrv., 471. mál, þskj. 776, nál. 1009 og 1041, brtt. 1010. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

16. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 354. mál, þskj. 1026. — 3. umr.

17. Skaðabótalög, stjfrv., 183. mál, þskj. 1027, brtt. 1058. — 3. umr.

18. Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, stjfrv., 135. mál, þskj. 1028. — 3. umr.

19. Opinberar eftirlitsreglur, stjfrv., 199. mál, þskj. 1030. — 3. umr.

20. Brunatryggingar, stjfrv., 388. mál, þskj. 1031. — 3. umr.

21. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 324. mál, þskj. 1032. — 3. umr.

22. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 414. mál, þskj. 1033, brtt. 1040. — 3. umr.

23. Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 359. mál, þskj. 495. — 3. umr.

24. Aðgerðir gegn peningaþvætti, stjfrv., 226. mál, þskj. 1034. — 3. umr.

25. Tilkynningarskylda íslenskra skipa, stjfrv., 260. mál, þskj. 1037. — 3. umr.

26. Leigubifreiðar, stjfrv., 281. mál, þskj. 1038. — 3. umr.

27. Orkusjóður, stjfrv., 225. mál, þskj. 1039. — 3. umr.

28. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 510. mál, þskj. 1073. — 3. umr.

29. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 511. mál, þskj. 1074. — 3. umr.

30. Evrópskt samstarfsráð í fyrirtækjum, stjfrv., 184. mál, þskj. 1035, brtt. 1105. — 3. umr.

31. Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, frv., 44. mál, þskj. 44. — 3. umr.

32. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 590. mál, þskj. 986. — 2. umr.

33. Útflutningsráð Íslands, frv., 591. mál, þskj. 987. — 2. umr.

34. Landsvirkjun, frv., 592. mál, þskj. 1005. — 2. umr.

35. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 593. mál, þskj. 1008. — 2. umr.

36. Lögskráning sjómanna, frv., 594. mál, þskj. 1014. — 2. umr.

37. Samningur um bann við notkun jarðsprengna, stjtill., 581. mál, þskj. 964, nál. 1078. — Síðari umr.

38. Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, stjtill., 573. mál, þskj. 940, nál. 1079. — Síðari umr.

39. Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, þáltill., 160. mál, þskj. 160, nál. 1082. — Síðari umr.

40. Kræklingarækt, þáltill., 241. mál, þskj. 272, nál. 1083. — Síðari umr.

41. Þjóðgarðar á miðhálendinu, þáltill., 16. mál, þskj. 16, nál. 1100. — Síðari umr.

42. Skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins, þáltill., 387. mál, þskj. 658, nál. 1101. — Síðari umr.

43. Stofnun þjóðbúningaráðs, þáltill., 203. mál, þskj. 221, nál. 1102. — Síðari umr.

44. Kortlagning ósnortinna víðerna á Íslandi, þáltill., 327. mál, þskj. 404, nál. 1103. — Síðari umr.

45. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 352. mál, þskj. 475, nál. 1059 og 1091, brtt. 1060 og 1094. — 2. umr.

46. Almannatryggingar, stjfrv., 520. mál, þskj. 834, nál. 1054, brtt. 1055. — 2. umr.

47. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 521. mál, þskj. 835, nál. 1056 og 1084, brtt. 1057 og 1085. — 2. umr.

48. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 475. mál, þskj. 780, nál. 1051. — 2. umr.

49. Jarðalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 872, nál. 1086. — 2. umr.

50. Landshlutabundin skógræktarverkefni, stjfrv., 484. mál, þskj. 791, nál. 1092, brtt. 1093. — 2. umr.

51. Málefni fatlaðra, stjfrv., 564. mál, þskj. 924, nál. 1095 og 1097. — 2. umr.

52. Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv., 252. mál, þskj. 285, nál. 1096. — 2. umr.

53. Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frv., 253. mál, þskj. 286, nál. 1096. — 2. umr.

54. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 585. mál, þskj. 978, nál. 1104. — 2. umr.

55. Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, þáltill., 356. mál, þskj. 488, nál. 1046. — Frh. síðari umr.

56. Stofnun vestnorræns menningarsjóðs, þáltill., 197. mál, þskj. 214, nál. 1108. — Síðari umr.

57. Íþróttasamstarf milli Vestur-Norðurlanda, þáltill., 196. mál, þskj. 213, nál. 1106. — Síðari umr.

58. Internetsamvinna skóla á Vestur-Norðurlöndum, þáltill., 195. mál, þskj. 212, nál. 1107. — Síðari umr.

59. Háskóli Íslands, stjfrv., 509. mál, þskj. 821, nál. 1109, brtt. 1110. — 2. umr.

60. Náttúruvernd, stjfrv., 528. mál, þskj. 848, nál. 1111, brtt. 1112. — 2. umr.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur.

[10:34]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðleg viðskiptafélög, 414. mál, þskj. 1033.

Evrópskt samstarfsráð í fyrirtækjum, 184. mál, þskj. 1035.

Meðferð opinberra mála, 354. mál, þskj. 1026.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 135. mál, þskj. 1028.

Öryggis- og brunamál, 605. mál, fsp. RG, þskj. 1099.

Athugasemdir um störf þingsins.

Dagskrártillaga.

[10:35]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Fyrir liggur frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem lagt var fram á Alþingi í síðustu viku. Það fjallar um aðgerðir til að reyna að bjarga landvinnslu og strandveiðiflota. Ég hef gert ítrekaðar tilraunir til að fá þetta mál tekið á dagskrá en forseti hefur ekki fallist á að svo verði gert. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að málið komi til umræðu og afgreiðslu á Alþingi. Þetta er eina tillagan sem fyrir Alþingi liggur til þess að leysa vanda þessa flota. Því leyfi ég mér að flytja svofellda dagskrártillögu:

Geri tillögu um, með vísan til 2. málsl. 1. mgr. 63. gr. þingskapa, að á dagskrá næsta fundar Alþingis verði tekið 571. mál, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Ég vonast til þess að hv. Alþingi samþykki að taka þetta mál til umfjöllunar. Við þá atkvæðagreiðslu kemur í ljós vilji hv. alþm. til þess að fjalla um málið, hvort hann er fyrir hendi eða ekki.

[10:36]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hv. þingmenn hafa heyrt tillöguna. Hún er um að mál nr. 571 á þskj. 937, breyting á lögum um stjórn fiskveiða, verði tekið á dagskrá næsta fundar þingsins og fer nú fram atkvæðagreiðsla um tillöguna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillagan felld með 36:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÖJ, ÁE, ÁRJ, BH, EOK, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ.

nei: TIO, VS, VE, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, JHall, SvÁ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, EL, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, ÓE.

7 þm. (ÞorstP, ÖS, DO, IP, JóhS, MF, SP.) fjarstaddir.

10 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:38]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Mér sýnist á öllu að þessi tillaga gangi út á að fjölga þorskunum í sjónum. Það er aðgerð sem ég tel eiga heima neðan sjávar en ekki í þingsölum Alþingis. Ég segi því nei.

[10:40]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er ekki verið að greiða atkvæði um efnisatriði þeirrar tillögu sem fyrir liggur. Hér er fyrst og fremst fjallað um hvort þetta mál eigi að koma á dagskrá. Hér er um efnismikið mál að ræða og umdeilanlega aðferð eins og allir vita. Ljóst er að þetta mundi kalla á mikla vinnu í sjútvn. Alþingis. Málið mundi kalla á miklar umræður og því ljóst að ekki yrði hægt að afgreiða það efnislega á yfirstandandi þingi, sem á að ljúka í dag samkvæmt starfsáætlun. Ég segi því nei.

[10:40]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Málefni sjómanna á strandveiðiflotanum eru satt að segja í mjög snúinni stöðu. Stjórn kvótakerfisins

hefur leitt af sér örbirgðarástand hjá fjölmörgum sjómönnum á smábátum og dagróðrabátum. Málið þarf ekki bara umræðu heldur jákvæða afgreiðslu og það er auðvelt að afgreiða þetta mál á þeim tíma sem eftir lifir ef vilji er til staðar. Ég segi já.

[10:42]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Vandi vertíðarbáta er mikill. Það er afleiðing af langri þróun sem hefur verið að eiga sér stað og má segja að sigið hafi á ógæfuhliðina hjá þessum flota í útgerð okkar. Það er hins vegar dæmigert fyrir vinnubrögð formanns Alþfl. að koma hér á síðasta degi þingsins í upphlaupi með tillögu á borð við þá sem hann hefur verið að kynna. Ég tel það fáránlegan skrípaleik og væri fróðlegt að vita hvort t.d. formaður Alþfl. hafi rætt þessi mál við sjútvrh. sem hefur valdið í þessu máli.

Ég vek jafnframt athygli á því að fylkingin á a.m.k. tvo fulltrúa í hv. sjútvn. þar sem væri vettvangur til þess að taka upp mál af þessum toga. Það hefur ekki verið gert. Ég tel að vandi vertíðarbáta og hátt kvótaverð verði ekki leyst með sýndarmennsku og upphlaupi á borð við það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson stendur fyrir rétt einu sinni. Ég segi nei.

[10:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér finnst sjálfsagt að taka frv. þetta á dagskrá næsta fundar og ræða málið í þinginu. Ég bendi hins vegar á að maður spyr sig hvar það muni enda ef þingið færi að álykta um að leysa vanda einstakra svæða eða staðbundin vandamál, vandamál hópa, með því að tefla á þorskstofninn, bara hækka þakið. Það vildi ég að fram kæmi hér. Mér finnst að umræða um þetta mál og tillöguflutningur hefði átt heima í sambandi við frv. til laga um stjórn fiskveiða sem var mikið til umræðu í janúar, þar á meðal um svonefndan byggðapott sem að vísu er ekki opinn fyrr en á næsta fiskveiðiári. Margt má um þetta efni segja en ég styð að málið komi á dagskrá og við ræðum það. Þetta er stórt mál og mikill vandi blasir við í þessum efnum. Ég segi já.

[10:44]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Vandi bátaflotans er að miklum hluta til kominn vegna aukinnar veiðiskyldu sem var ákveðin í þinginu fyrir ári síðan. Það varð til þess að leigumarkaður á fiski varð svo þröngur að varla fæst leigður fiskur í dag fyrir þá báta sem eiga lítinn kvóta og þess vegna er þessi bátafloti sem hefur misst miklar veiðiheimildir í þeim vandræðum sem hann er í dag.

Kratar voru ekki á móti því að auka veiðiskylduna í fyrra. Þeir hafa stutt allar aðgerðir sem hafa orðið til þess að þrengja að þessum flota. Ég hef aftur á móti lagt til að þetta eigi að gera eftir rallið hjá Hafró í vor þegar séð verður hvort stofninn sé nógu sterkur til að auka megi við veiðiheimildir frá því sem ákveðið hefur verið. En mér finnst að fyrir eigi að liggja niðurstöður rannsóknarferðar sem árlega er farin á vegum Hafrannsóknastofnunar. Það er ekki hægt að taka þær ákvarðanir fyrr en í apríl eða byrjun maí og ég styð að það verði gert þegar þar að kemur. Ég álít að þessi tillaga krata sé sýndarmennska, herra forseti. Ég segi því nei við henni.

[10:46]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem við greiðum atkvæði um er eina raunhæfa tillagan sem lögð hefur verið fram til að taka á vanda vertíðarbátanna. Það er eftirtektarvert að meiri hluti Alþingis vill ekki taka hana á dagskrá. En ég segi að sjálfsögðu já því að vandinn er mikill.

[10:47]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Við jafnaðarmenn vorum andvígir Kvótaþinginu þegar það var leitt í lög og vöruðum við áhrifum þess. Þær viðvaranir hafa nú komið fram. Vertíðarflotinn er að deyja. Landvinnslan á í miklum erfiðleikum. Þetta frv. hefur legið fyrir Alþingi í meira en viku. Ítrekaðar tilraunir til að fá það rætt hafa ekki borið árangur. Nú hafnar meiri hluti Alþingis að eina tillagan sem fram hefur verið lögð á þingi til þess að leysa vanda þessara einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja fáist rædd. Það segir sitt um efnislega afstöðu meiri hlutans til málsins. Ég segi já.

[10:48]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Mér sýnist að í þessari tillögu felist að Alþingi eigi að samþykkja 15 þúsund tonna aukakvóta fram yfir ráðgjöf sérfræðinga. Það finnst mér óábyrgt og umhugsunarvert. Það er alveg ljóst að Alþingi átti að ljúka í dag eða í nótt. Þessi tillaga er því yfirboð og kosningabrella. Ég segi nei.

[10:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst sjálfsagt og reyndar mjög þarft að taka þetta mál á dagskrá og fá hér umræðu um sjávarútvegsmál. Þó að sú aðferð sem hér er lögð til af hv. þingmönnum Samfylkingarinnar, Sighvati Björgvinssyni og Lúðvík Bergvinssyni kunni að orka mjög tvímælis — ég held reyndar að ýmislegt annað væri nærtækara og skynsamlegra að gera ef menn vildu einhvern veginn reyna að bæta sérstaklega stöðu smærri báta og dagróðrabáta — þá mundi fylgja henni sá ótvíræði kostur, ef frv. kæmist á dagskrá og til umræðu, að við ættum þess kost að ræða stöðuna og viðskilnað hæstv. ríkisstjórnar í sjávarútvegsmálum. Þá á ég ekki síður við það hver er að verða niðurstaða í sjútvn., eða öllu heldur ekki niðurstaða, í þeirri vinnu sem þar hefur staðið yfir um skeið og lotið að því að skoða vanda dagróðrabátanna sérstaklega og gera breytingar og lagfæringar á þeim lögum sem sett voru í janúar í miklu fljótræði.

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að fáist þessi tillaga ekki tekin til umræðu, þá mun ég halda til streitu ósk sem ég bar fram í gær um að fá hálftíma umræðu utan dagskrár um viðskilnað ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum og þá um vanda dagabátanna sérstaklega. Ég segi já.

Kosning tveggja varamanna í yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis í stað Ólafs Barkar Þorvaldssonar og Bjarna Stefánssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Logi Guðbrandsson,
Adolf Guðmundsson.

Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra í stað Halldórs Þ. Jónssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9 gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Þorbjörn Árnason.

[10:53]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Þar sem Þorbjörn Árnason er varamaður í yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra leggur forseti til að þegar á þessum fundi verði kjörinn nýr varamaður í yfirkjörstjórnina og biður um tilnefningu.

Fram kom ein tilnefning um varamann og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Ríkarður Másson.

Kosning aðalmanns í yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis í stað Þórólfs Halldórssonar, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 9. gr. laga nr. 80 16. okt. 1987, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Ólafur Helgi Kjartansson.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 223. mál (vöruþróunar- og markaðsdeild). — Þskj. 250, nál. 988 og 1023.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]

Till. í nál. 1023 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 37:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

7 þm. (DO, IP, JóhS, MF, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, GB, IP, JóhS, MF, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 988 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

12 þm. (GÁS, GHelg, HG, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, IP, JóhS, MF, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, GB, IP, JóhS, MF, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, EKG, IP, JóhS, MF, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

5 þm. (GÁS, GGuðbj, MagnM, RA, SJóh) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DO, IP, JóhS, MF, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Hvalveiðar, frh. síðari umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 92. mál. — Þskj. 92, nál. 1018 og 1072.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:13]

Brtt. í nál. 1018 (ný 1. mgr.) samþ. með 37:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, VS, VE.

nei: GHelg, GMS, HG, KÁ, KH, SJóh, SJS, ÖJ.

12 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, ÍGP, KF, LMR, LB, MagnM, RG, SighB, SvanJ, TIO) greiddu ekki atkv.

6 þm. (IP, JóhS, MF, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

13 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:59]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er loksins gengið til atkvæða á hv. Alþingi um tillögu um að hefja hvalveiðar. Þetta mál hefur verið mjög lengi til umræðu og hefur loksins komið til efnislegrar umfjöllunar og niðurstöðu á Alþingi. Ég tel það mikið fagnaðarefni og vek athygli á því að jafnframt því að ályktað er um að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land, er tekið fram að þessi ályktun geri það að verkum að ályktun Alþingis frá 2. febrúar 1983 standi ekki lengur í vegi fyrir því að veiðar geti farið fram. Þetta er mjög mikilvægur áfangi sem ber að fagna. Ég segi því já.

[10:59]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Höfuðvandi okkar Íslendinga í hvalveiðimálinu svonefnda er sá að við gerðum ekki fyrirvara innan tilskilins tíma við hvalveiðibannið þegar það var samþykkt 1982 eins og t.d. Norðmenn gerðu. Þess í stað samþykkti Alþingi í febrúar 1983 að mótmæla banninu ekki.

Ég hygg að öllum sé ljóst að hvalveiðar sem hafnar væru utan aðildar okkar að Alþjóðahvalveiðiráðinu geta haft mjög varhugaverðar afleiðingar fyrir íslenskt atvinnulíf. Endurinnganga okkar í Alþjóðahvalveiðiráðið áður en hvalveiðar í ágóðaskyni hefjast að nýju verður því að vera þannig að Ísland sé óbundið af banni Alþjóðahvalveiðiráðsins. Um þetta er að ég hygg ekki mikill ágreiningur meðal lögfræðinga. Hvernig innganga samhliða mótmælum við banninu gæti átt sér stað liggur hins vegar ekki fyrir. Við eigum að byrja á að leysa það vandamál áður en við lýsum því yfir að hvalveiðar skuli hafnar. Með samþykkt þáltill. sem hér liggur fyrir er verið að byrja á vitlausum enda. Því get ég ekki stutt málið eins og það liggur fyrir hér og segi nei.

[11:01]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og þetta mál er lagt fyrir Alþingi er það að mínu mati í raun ekki tækt til afgreiðslu. Hér er verið að leggja til að hefja hvalveiðar við Ísland hið fyrsta án nokkurra frekari skilgreininga hvað að baki liggur.

Á það hefur verið bent að stór munur er á því hvort menn taka einstök dýr, kannski í rannsóknarskyni af hrefnustofni, eða hvort menn eru að fara í stórhvalaveiðar. Ég tel að það væri glapræði að fara í slíkar veiðar eins og mál standa og án þess að frekari greining á málinu liggi fyrir. Ég tek undir 2. mgr. tillögunnar og styð það að Alþingi leggi áherslu á óskoraðan fullveldisrétt Íslands til þess að taka lífverur úr sjónum hvort sem það eru fiskar eða hvalir. En að ályktа um að hefja hvalveiðar hið fyrsta á þeim forsendum sem hér liggja fyrir er fráleitt með öllu. Ég greiði atkvæði gegn 1. og 3. mgr. þessarar tillögu og gegn tillögunni í heild sinni.

Þetta vil ég að liggi fyrir, virðulegur forseti. Að öðru leyti hef ég skýrt mitt mál í umræðu. Ég tel t.d. að tilvísun til samþykktar 1983 hafi ekkert að gera inn í þessa ályktun hvernig sem á málið er litið.

[11:02]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við fáum stærsta hluta útflutningstekna okkar fyrir sjávarafurðir og ferðaþjónustu. Frá aðilum í þessum atvinnugreinum hafa komið eindregin andmæli gegn því að hvalveiðar verði hafnar og viðvaranir um afleiðingar. Með því að hefja hvalveiðar og jafnvel með því einu að samþykkja yfirlýsingu þess efnis er verið að tefla stórfelldum hagsmunum í tvísýnu fyrir lítinn ávinning, jafnvel engan. Það mun kosta gríðarlegt fé og fyrirhöfn ef menn ætla að freista þess að snúa áliti bæði yfirvalda og almennings hjá okkar helstu viðskiptaþjóðum sem eru flestar mjög andsnúnar hvalveiðum.

Okkur ber samkvæmt hafréttarsáttmálanum að hafa samráð um nýtingu sjávarspendýra á vettvangi viðurkenndra alþjóðastofnana. Ef við þykjumst þess umkomin að ganga gegn vilja og ráðum samstarfsþjóða okkar í þessu máli, þá óttast ég að við eigum erfiðara með að tryggja liðsinni þeirra í mikilvægum hagsmunamálum á sviði umhverfismála, málum sem eru okkur miklu mikilvægari en að hefja einhverjar hvalveiðar af þessu tagi. Ég segi nei, herra forseti.

[11:03]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Íslendingar áttu ómældan þátt í gerð hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og var þar margra ára vinna ýmissa mætra Íslendinga landi og þjóð til sóma. Nægir að nefna fyrrv. hv. þingmenn Eyjólf Konráð Jónsson, Lúðvík Jósepsson, Gunnar G. Schram auk Hans G. Andersens fyrrverandi sendiherra. Íslendingar undirrituðu og staðfestu síðan sáttmálann og skipuðu sér þar með í sveit þeirra þjóða sem vinna vildu í sameiningu að verndun lífríkis hafsins og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Í 65. og 120. gr. samningsins er sérstaklega fjallað um hvalastofnana sem sameiginlega auðlind þjóðanna og kveðið á um að hún skuli ekki nýtt nema í samráði við til þess bærar alþjóðastofnanir. Alþjóðahvalveiðiráðið lagði til að hvalveiðar yrðu bannaðar árin 1986–1990 svo að hvalveiðiþjóðir fengju þrjú og hálft ár til aðlögunar. Alþingi samþykkti árið 1983 að mótmæla ekki banninu.

Umdeildar hvalveiðar í vísindaskyni hófust þó og ollu þjóðinni miklum skaða, jafnt fjárhagslegum með hruni á fiskmörkuðum sem og álitshnekki á alþjóðavettvangi. Ráðleysið endaði svo með því að Íslendingar sögðu sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Ég varaði við þessari meðferð málsins þá og ég geri það enn. Afleiðingar vanhugsaðra aðgerða stjórnvalda eru þær að ekki er enn farið að veiða úr stofnum sem ástæða væri til að nýta, svo sem hrefnustofninum. Meðan Íslendingar standa utan Alþjóðahvalveiðiráðsins er í hæsta máta óviturlegt að hefja hvalveiðar nú í trássi við hafréttarsáttmálann. Ég segi því nei, herra forseti.

[11:06]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Með samþykkt þessarar tillögu er skýrt kveðið á um að hvalveiðar skuli hefjast á ný og að ályktun Alþingis frá 2. febrúar árið 1983 standi ekki í vegi fyrir því. Þá kemur það fram í nál. meiri hluta sjútvn. að miðað sé við að veiðarnar hefjist ekki síðar en á næsta ári. Með samþykkt tillögunnar sér því fyrir endann á því hvalveiðibanni sem verið hefur hér í áratug.

Fram hafa komið mjög eindregnar óskir um að hvalveiðar verði hafnar frá öllum heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna, verkafólks og sveitarfélaganna í landinu auk fjölda annarra. Þá hafa ítrekaðar skoðanakannanir sýnt yfirburðastuðning landsmanna við hvalveiðar.

Með samþykkt þessarar tillögu er Alþingi því að verða við vilja þjóðarinnar í þessu máli.

[11:07]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er óútfyllt ávísun og ógerlegt er að taka málefnalega afstöðu til hennar. Hún snýst ekki um að hefja skynsamlega nýtingu á afmörkuðum tegundum og samþykkt hennar væri varasöm gjörð af hálfu Alþingis sem gæti haft viðsjárverðar afleiðingar. Ég greiði því ekki atkvæði með þessari tillögu, herra forseti, heldur sit hjá.

[11:07]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að nýta eigi hvalastofna við Ísland eins og aðrar auðlindir sjávar á sjálfbæran hátt. Á hinn bóginn er til þess að líta að meiri hluti þjóða heims hefur verið andvígur því að hvalveiðar séu stundaðar. Sú staðreynd að meiri hluti þjóða heims skuli vera andvígur hvalveiðum endurspeglar í mínum huga það viðhorf sem er ríkjandi meðal almennings í okkar viðskiptalöndum.

Það að taka um það ákvörðun nú að hefja hvalveiðar eins og tillagan gerði ráð fyrir án þess að undirbúa eða kynna nokkuð okkar málstað meðal viðskiptaþjóða okkar finnst mér vera mikill ábyrgðarhluti og hætta er á því að við munum standa ein og óstudd í þeirri baráttu. Enn fremur óttast ég að með því að fara þá leið sem meiri hlutinn leggur til sé verið að setja í uppnám mikla efnahagslega hagsmuni án þess að hafa í augsýn nokkurn efnahagslegan ávinning af því að hefja hvalveiðar. Því er í mínum huga mikill ábyrgðarhluti að samþykkja að hefja hvalveiðar við þessar aðstæður.

Að lokum vil ég segja það, virðulegur forseti, að öll röksemdafærsla um hvað þessi ákvörðun kunni að hafa í för með sér er spádómur um það hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég óttast að sú aðferð sem hér er lögð til við að hefja hvalveiðar geti sett mikla hagsmuni í uppnám þó í hjarta mínu vonist ég til þess að ég hafi rangt fyrir mér í þeim efnum. Af þeim sökum treysti ég mér ekki til að greiða þessari tillögu atkvæði og sit því hjá við 1. og 3. mgr. en greiði 2. mgr. atkvæði mitt.

[11:09]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það var orðið tímabært að Alþingi tæki af skarið um það hvort hefja skuli hvalveiðar hér við land eður ei. Ég vil lýsa ánægju með afgreiðslu sjútvn. á málinu. Samkvæmt tillögu nefndarinnar verða hvalveiðar hafnar hið fyrsta og ákvörðun Alþingis frá 1983 um að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins stendur ekki í vegi fyrir því. Ekki verður bæði sleppt og haldið í þessum efnum en ég tek eftir því að sumir hv. þm. leggja sig fram um að tala fyrir sjónarmiðum andstæðra fylkinga, vera bæði með og á móti. Þeir sem styðja að hvalveiðar verði hafnar á nýjan leik hljóta að segja já. Ég segi já.

[11:09]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vekur athygli á því að í breytingartillögunni eru þrjár málsgreinar og það er verið að greiða atkvæði um 1. mgr. Forseti vonar að það sé enginn misskilningur á ferðinni.

[11:10]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel að við eigum að nýta hval eins og annað sjávarfang. Mér finnst afar ólíklegt að við bíðum skaða af á mörkuðum eða í ferðaþjónustunni. Þessi sami söngur upphófst þegar við fórum í vísindaveiðar milli 1986 og 1989. Þá átti allt að fara fjandans til. Það varð ekki. Ekkert áfall varð á mörkuðunum og ferðaþjónusta jókst um 30% á því tímabili.

Ég tel að það verði okkur til meiri skaða að bíða eftir því að misvitrum samtökum vaxi ásmegin við að hafa afskipti af þorskveiðum okkar sem jafnvel gætu leitt til þess að þorskur yrði friðaður. Ég samþykki því tillögu sem felur það í sér að hefja hvalveiðar hið fyrsta og segi já.

[11:11]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég styð eindregið þessa þáltill. Í tillögunni stendur að Alþingi álykti að hefja skuli hvalveiðar hið fyrsta og í greinargerðinni stendur að miða skuli við að það geti orðið eigi síðar en á næsta ári. Næsta ár er árið 2000 og í lok þess, 31. desember kl. 24, á að vera búið að heimila hvalveiðar hér við land samkvæmt þessari tillögu. Ég styð hana því eindregið.

Ég hef farið í gegnum þau varnaðarorð sem menn hafa fært fram gegn tillögunni í gær í umræðunni. Ég tel að samþykkt þessarar tillögu sé sigur skynsemi og vísindalegs hugsunarháttar yfir firringu og hindurvitnum. Ég segi já.

[11:12]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég tel að við höfum haldið mjög illa á hvalveiðimálunum á Íslandi. Ég tel að með samþykkt þessarar tillögu séum við í raun að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Það er ekki útséð með það hvort hægt sé að selja hvalkjöt t.d. Það hefur enginn talað um það í þessu sambandi og þess vegna sit ég hjá við afgreiðslu þessa máls.

[11:12]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Ég man að ég fylgdist af áhuga með atkvæðagreiðslu á Alþingi í sjónvarpi í febrúar 1983 þegar greidd voru atkvæði um að mótmæla ekki hvalveiðibanni Alþjóðahvalveiðiráðsins. (**Gripið fram í:** Varstu fæddur.)

Ég var 14 ára. Ég man eftir að ég fagnaði innilega þegar úrslitin lágu fyrir. Ég var í hjarta mínu á móti hvalveiðum.

Nú 16 árum síðar er afstaða mín enn nokkuð áþekk þó að rökin séu önnur. Ég tel að í ljósi þess að ríkisstjórn Íslands ætlar ekki að undirrita Kyoto-bókunina á tilskildum tíma, þá væri Ísland að sverta ímynd sína í umhverfismálum mjög alvarlega með samþykkt þessarar tillögu. Ég segi nei við tillögunni í heild sinni og tek ekki afstöðu til einstakra greina.

Brtt. í nál. 1018 (ný 2. mgr.) samþ. með 53:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, ÖJ.

nei: GHelg.

2 þm. (BH, MagnM) greiddu ekki atkv.

7 þm. (FI, JóhS, MF, SP, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:14]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég hef litla trú á því að framkvæmd 1. og 3. mgr. þessarar tillögu leiði okkur til þeirrar niðurstöðu að hér verði hafnar árangursríkar hvalveiðar. Með árangursríkum hvalveiðum á ég við hvalveiðar sem veita okkur efnahagslega hagsæld og eru stundaðar í sátt bæði við náttúru landsins og ekki hvað síst í sátt við það umhverfi sem við eigum svo mikið undir.

Ég styð hins vegar 2. mgr. tillögunnar, sem leggur áherslu á að við stöndum við alþjóðaskuldbindingar um sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda. Ég leyfi mér að skilja það svo, herra forseti, að með þessari málsgrein séu menn að segja að þeir ætli að fara eftir Dagskrá 21 þar sem fjallað er um sjálfbæra nýtingu og ætli að líta á Alþjóðahvalveiðiráðið sem þá samstarfsnefnd sem þeir muni starfa með þegar veiðar á sjávarspendýrum hefjast aftur í atvinnuskyni við Ísland.

Brtt. í nál. 1018 (ný 3. mgr.) samþ. með 36:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, VS.

nei: GGuðbj, GHelg, HG, KÁ, KH, SJóh, SJS, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, BH, GMS, ÍGP, KF, LMR, LB, MagnM, RG, SvanJ, TIO) greiddu ekki atkv.

8 þm. (FI, HjÁ, JóhS, MF, SP, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, VS.

nei: GHelg, GMS, HG, KÁ, KH, MagnM, SJóh.

12 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, ÍGP, KF, LMR, LB, RG, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (HjÁ, JóhS, MF, SP, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég er andvígur því að hefja stórhvalaveiðar eins og sakir standa. Ég tel það ekki þjóna hagsmunum Íslendinga og ég tel ekki rétt að senda merkjasendingu út í heim um hvalveiðar nema hugur fylgi máli, að menn taki ekki herkostnaðinn nema sannanlegur ávinningur sé í augsýn og það er hann ekki í þessu máli nema síður sé.

Einnig finnst mér það vera grundvallarmál fyrir Alþingi Íslendinga að samþykkja ekki opinn víxil eins og hér er verið að gera. Ríkisstjórninni er falið að hefja kynningarherferð meðal viðskiptaþjóða Íslendinga og verði kostnaðurinn greiddur af skattborgaranum. Enginn veit hvað sá reikningur verður hár, ekki heldur þeir sem sitja í þessum sal á hv. Alþingi Íslendinga og greiða tillögunni atkvæði. Það mun ég heldur ekki gera.

[11:17]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel að með samþykkt tillögunnar séum við að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Ég tel að við sköðum stórlega markaði okkar erlendis með samþykkt tillögunnar. Ég tel að við sköðum ferðaþjónustu á Íslandi með samþykkt tillögunnar og ég tel að við munum eiga erfitt með að losna við kjöt af þeim skepnum sem verða veiddar og munum sitja uppi með það og það sé vegna alþjóðlegra samninga ógerlegt að selja hvalaafurðir eins og sakir standa. Ég greiði því atkvæði gegn samþykkt tillögunnar.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1120).

Aðgerðir til að draga úr þunglyndi kvenna, frh. síðari umr.

Þáltill. KÁ, 98. mál. — Þskj. 98, nál. 1042.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:20]

Till. í nál. 1042 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 54 shlj. atkv.

Átak til að draga úr reykingum kvenna, frh. síðari umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 95. mál. — Þskj. 95, nál. 1043.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:21]

Tillgr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, ÖJ.

9 þm. (EKG, GHH, JóhS, MF, SP, SJS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1121).

Vegtollar, frh. síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 45. mál. — Þskj. 45, nál. 1044.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:22]
Brtt. í nál. 1044 (ný tillgr.) samþ. með 52:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, ÖJ.
nei: GMS.
10 þm. (ÁRJ, EKG, GÁ, JóhS, MF, SP, SJS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
8 þm. (ÁRJ, JóhS, MF, RG, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1122).

Rannsóknir á gerð vöruhafnar í Þorlákshöfn, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁJ, 378. mál. — Þskj. 605, nál. 1045.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:25]
Brtt. í nál. 1045 (ný tillgr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
8 þm. (EgJ, GGuðbj, JóhS, MF, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1123).

Landslið hestamanna, frh. síðari umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 342. mál. — Þskj. 440, nál. 1047.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:26]
Brtt. 1 í nál. 1047 (ný tillgr.) samþ. með 52:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
nei: EOK, GMS.
9 þm. (IP, JóhS, KPál, MF, RG, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 1047 (ný fyrirsögn) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
3 þm. (EOK, GMS, KPál) greiddu ekki atkv.
7 þm. (JóhS, MF, RG, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 52:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
nei: EOK, GMS.
1 þm. (KPál) greiddi ekki atkv.
8 þm. (JóhS, MF, RG, SP, SJS, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1126) með fyrirsögninni:
Þál. um íslenska hestinn.

Framleiðsla íslenskra matvæla á forsendum sjálfbærrar þróunar, frh. síðari umr.

Þáltill. GE o.fl., 100. mál. — Þskj. 100, nál. 1048.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:28]
Brtt. í nál. 1048 (ný tillgr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
8 þm. (BH, JóhS, MF, RG, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1127).

Úttekt á nýtingu lítilla orkuvera, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁJ, 377. mál. — Þskj. 604, nál. 1049.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]
Till. í nál. 1049 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 55 shlj. atkv.

Þriggja fasa rafmagn, frh. síðari umr.

Þáltill. DH o.fl., 204. mál. — Þskj. 222, nál. 1050.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]
Tillgr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
6 þm. (JóhS, MF, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1128).

Búnaðarfræðsla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 546. mál (heildarlög). — Þskj. 871, nál. 1052, brtt. 1053.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:30]
Brtt. 1053,1 samþ. með 56 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 1053,2–21 samþ. með 55:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
nei: EKG*.
7 þm. (EgJ, JóhS, MF, RG, SP, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

3.–37. gr., svo breyttar, samþ. með 56 shlj. atkv.
38.–40. gr. og ákv. til brb. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Raforkuver, frh. 2. umr.

Stjfrv., 471. mál (Vatnsfells-, Búðarháls- og Villinganesvirkjanir). — Þskj. 776, nál. 1009 og 1041, brtt. 1010.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:35]
Till. í nál. 1041 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 50:5 atkv. og sögðu
já: GHelg, HG, KÁ, KH, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.
8 þm. (ÁE, JóhS, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef í iðnn. gert grein fyrir mínu áliti sem liggur fyrir þinginu sem minnihlutaálit. Ég er því andvígur að Alþingi veiti lagaheimildir fyrir raforkuverum sem yfirlýst er að eigi að þjóna hefðbundinni stóriðjuuppbyggingu. Alþingi á ekki að veita frekari slíkar heimildir fyrr en mótuð hefur verið sjálfbær orkustefna til framtíðar og einstökum virkjunarkostum hefur verið raðað í forgangsröð eins og Alþingi ályktaði um að gert skyldi þegar á árinu 1989.

Ég tel líka að áður en heimildir eru veittar þurfi að liggja fyrir mat á umhverfisáhrifum varðandi einstaka virkjanakosti. Ég er því út af fyrir sig ekki andvígur að yfirfærð verði virkjanaheimild varðandi Villinganesvirkjun til Landsvirkjunar en hins vegar er ekki rétt að veita þá heimild nú eða taka þá ákvörðun fyrr en mat á umhverfisáhrifum þeirrar virkjunar liggur fyrir. Ég er því jafnframt mjög andvígur að veitt verði heimild fyrir jarðgufuvirkjun í Bjarnarflagi í Mývatnssveit. Það gengur gegn sjónarmiðum Náttúruverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs og fjölmargra fleiri aðila og felur í sér mjög mikla stefnubreytingu varðandi verndun Mývatnssveitar. Ég minni hins vegar á, virðulegur forseti,

álykun Alþingis um sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit sem þarf að taka á vegna félagslegra aðstæðna í sveitinni.

Brtt. 1010,1 samþ. með 47:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EL, FI, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

nei: GHelg, HG, KÁ, KH, ÖJ.

11 þm. (ÁE, EOK, GHH, IP, JóhS, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EL, FI, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

nei: GHelg, HG, KÁ, KH, ÖJ.

12 þm. (ÁE, EOK, GHH, IP, ÍGP, JóhS, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1010,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 44:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, EL, FI, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

nei: GHelg, HG, KÁ, KH, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BBj, EOK, GHH, GGuðbj, IP, JóhS, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 45:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, EL, FI, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

nei: GHelg, HG, KÁ, KH, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, BBj, EOK, GHH, GGuðbj, IP, JóhS, MF, ÓÖH, RG, SP, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1010,3 samþ. með 44:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

nei: GHelg, HG, KÁ, KH, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, BBj, EOK, GÁ, GGuðbj, IP, JóhS, MF, ÓÖH, RA, RG, SP, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 46:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

nei: GHelg, HG, KÁ, KH, ÖJ.

12 þm. (ÁRJ, BBj, EOK, GÁ, GGuðbj, IP, JóhS, MF, ÓÖH, SP, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓE, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

nei: GHelg, HG, KÁ, KH.

8 þm. (GGuðbj, IP, JóhS, MF, ÓÖH, SP, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

[11:40]

Úthýting þingskjals:

Lífeyrissjóður sjómanna, 324. mál, brtt. VE, þskj. 1117.

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 354. mál (réttarstaða brotaþola, endurupptaka mála o.fl.). — Þskj. 1026.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skaðabótalög, 3. umr.

Stjfrv., 183. mál (margfeldisstuðull við bótaútreikning o.fl.). — Þskj. 1027, brtt. 1058.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, 3. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 1028.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Opinberar eftirlitsreglur, 3. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 1030.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 388. mál (lækkun brunabótamats van- eða óný́ttra húseigna o.fl.). — Þskj. 1031.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn peningaþvætti, 3. umr.

Stjfrv., 226. mál (gjaldsvið o.fl.). — Þskj. 1034.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, 3. umr.

Stjfrv., 260. mál (sjálfvirkt kerfi). — Þskj. 1037.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigubifreiðar, 3. umr.

Stjfrv., 281. mál (skilyrði til aksturs). — Þskj. 1038.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkusjóður, 3. umr.

Stjfrv., 225. mál. — Þskj. 1039.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskólinn á Akureyri, 3. umr.

Stjfrv., 510. mál (heildarlög). — Þskj. 1073.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 511. mál (doktorsnafnbót, kærumál, gjöld o.fl.). — Þskj. 1074.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópskt samstarfsráð í fyrirtækjum, 3. umr.

Stjfrv., 184. mál. — Þskj. 1035, brtt. 1105.

[11:44]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Við yfirlestur á stöðuskjali eftir 2. umr. kom í ljós að örlítil mistök höfðu átt sér stað við gerð brtt. Hér er því lögð til viðbótarbreyting sem felur í sér að næsti málsliður, sem átti að falla brott en fórst fyrir vegna mistaka, falli brott.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, 3. umr.

Frv. KHG, 44. mál. — Þskj. 44.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 590. mál. — Þskj. 986.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningsráð Íslands, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 591. mál. — Þskj. 987.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landsvirkjun, 2. umr.

Frv. iðnn., 592. mál. — Þskj. 1005.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 593. mál. — Þskj. 1008.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögskráning sjómanna, 2. umr.

Frv. samgn., 594. mál. — Þskj. 1014.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, síðari umr.

Stjtill., 581. mál. — Þskj. 964, nál. 1078.

[11:48]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um fullgildingu samnings um bann við notkun, birgðasöfnun, framleiðslu og flutningi jarðsprengna gegn liðsafla og um eyðingu þeirra.

Tillaga þessi felur í sér staðfestingu samnings sem samþykktur var á ráðstefnu um alþjóðlegt bann við jarðsprengjum sem beint er gegn liðsafla í Ósló í september 1997 og var síðan lagður fram til undirritunar í Ottawa 3. og 4. desember 1997. Þá var samningurinn sem síðan er kenndur við þá borg undirritaður fyrir Íslands hönd.

Nefndin hefur á undanförnum árum rætt efni þessa samnings, þ.e. um alþjóðlegt bann við notkun jarðsprengna, einkum á 121. löggjafarþingi, sbr. nefndarálit á þskj. 1219, en tillaga um staðfestingu Ottawa-samningsins hefur hins vegar ekki áður verið lögð fram. Nefndinni hafa borist gögn um stöðu þessara mála og áskoranir um að fullgilda samninginn um bann við notkun jarðsprengna við fyrsta tækifæri, meðal annars frá Rauða krossi Íslands og Hjálparstofnun þjóðkirkjunnar.

Rétt er að taka fram að Steingrímur J. Sigfússon, áheyrnarfulltrúi á fundum utanrmn., er samþykkur áliti þessu en nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Össur Skarphéðinsson, Siv Friðleifsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Árni R. Árnason, Gunnlaugur Sigmundsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Árni Mathiesen.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, síðari umr.

Stjtill., 573. mál. — Þskj. 940, nál. 1079.

[11:50]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

Utanrmn. hefur fjallað um tillöguna og fengið á sinn fund Helga Ágústsson, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, og Jón B. Jónasson, skrifstofustjóra í sjávarútvegsráðuneytinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Össur Skarphéðinsson, Siv Friðleifsdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Árni R. Árnason, Gunnlaugur Sigmundsson, Ásta Jóhannesdóttir og Árni Mathiesen.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, síðari umr.

Þáltill. StG og EOK, 160. mál. — Þskj. 160, nál. 1082.

[11:52]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti landbn. um till. til þál. um markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem borist hafa um það á þessu þingi og því síðasta frá landbúnaðarráðuneyti, Landssamtökum sláturleyfishafa, Framleiðsluráði landbúnaðarins, markaðsráði kindakjöts, Bændasamtökum Íslands og Íslenskum sjávarafurðum hf.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að leita samstarfs við samtök og fyrirtæki í atvinnulífinu um gerð markaðsáætlunar um sölu á íslensku dilkakjöti erlendis.

Egill Jónsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Aðrir nefndarmenn í landbn. skrifa undir þetta nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins, síðari umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 387. mál. — Þskj. 658, nál. 1101.

[11:54]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið um það umsagnir.

Í tillögunni er lagt til að menntamálaráðherra verði falið að skipa nefnd sem skipuð verði fulltrúum aðila sem sinna

að ákveðnu marki uppeldishlutverki barna á skólaaldri. Lagt er til að nefndinni verði falið að skila tillögum um aukinn aga í skólum landsins.

Menntmn. leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun þjóðbúningaráðs, síðari umr.

Þáltill. DH og StB, 203. mál. — Þskj. 221, nál. 1102.

[11:55]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um stofnun þjóðbúningaráðs frá menntmn.

Íslenskir búningar eru hluti af íslenskri menningu og setja svip á hátíðisdaga þjóðarinnar. Séu þeir bornir af kunnáttu eru þeir vel til þess fallnir að vekja athygli á íslenskri menningu. Þeir eru arfleifð sem ber að vernda og virða og því mikilvægt að varðveita þekkingu á þeim og gerð þeirra.

Í tillögunni er lagt til að þjóðbúningaráði verði falið að setja upp ráðgjafarþjónustu sem afli heimilda um íslenska þjóðbúninginn og sinni á sem aðgengilegastan hátt miðlun upplýsinga til almennings. Auk þess verði því falið að stuðla að því að sérfræðingur með menntun á sviði búninga og textíla verði ráðinn hið fyrsta við Þjóðminjasafn Íslands. Verkefni sérfræðingsins yrði m.a. að vinna úr og ganga frá skrám, sýnishornum og upplýsingum sem safnið fengi frá leiðbeiningarþjónustunni sem ráðinu yrði falið að starfrækja, auk þess að vinna að rannsóknum á sviði búninga og textíla.

Í tillögunni er enn fremur lagt til að ráðinu verði falið að beita sér fyrir því að markviss fræðsla um íslenska þjóðbúninga verði tekin upp í grunnskólum landsins jafnframt því að kennurum og kennaraefnum verði séð fyrir staðgóðri þekkingu á þeim. Til að viðhalda þekkingu á íslenskum þjóðbúningum verður að telja æskilegt að kynning á þeim fari fram á einhverju stigi grunnskólans, t.d. í tengslum við kennslu í sögu eða samfélagsfræði.

Það er viðeigandi að samþykkja tillöguna á þessu þingi, einkanlega í tilefni þess að aldamót fara í hönd. Það er ágætisafmælisgöf að beina kastljósinu að íslenska þjóðbúningnum.

Menntmn. mælir með því að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:57]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 439. mál, svar félmrh., þskj. 984.

Störf rannsóknanefndar flugslysa árið 1998, 601. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1088.

Kræklingarækt, síðari umr.

Þáltill. ÓHann og GuðjG, 241. mál. — Þskj. 272, nál. 1083.

[11:58]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Á þskj. 272, 241. mál, er að finna till. til þál. um stuðning ríkisvaldsins við kræklingarækt og annan fjörubúskap sem þingmennirnir Ólafur Hannibalsson og Guðjón Guðmundsson flytja.

Sjútvn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigmar Arnar Steingrímsson, Guðrúnu Þórarinsdóttur og Hrafnkel Eiríksson frá Hafrannsóknastofnuninni. Umsagnir hafa ekki borist um málið.

Nefndin tekur undir markmið tillögunnar og telur þarft mál að huga að undirbúningi skeldýraeldis hér við land, meðal annars með því að efla rannsóknarstarf Hafrannsóknastofnunarinnar á þessu sviði. Ekki er einsýnt um að breyta þurfi löggjöf og eru því lagðar til breytingar á tillögutextanum.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með svofelldri breytingu:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa, með lagasetningu ef þarf, kræklingaeldi og hvers konar annan fjörubúskap sem ætla má að verði á næstu árum tekinn upp á lögbýlum sem aðgang eiga að sjó og að sjá til þess að á viðeigandi rannsóknastofnunum verði sú sérfræðiþekking fyrir hendi sem að haldi má koma og þarf til þess að leiðbeina væntanlegum ræktendum skelfisks og hafa fullnægjandi eftirlit með framleiðslu þeirra í samræmi við kröfur einstakra markaða.

Undir nál. rita Kristinn H. Gunnarsson, Guðmundur Hallvarðsson, Lúðvík Bergvinsson, Svanfríður Jónasdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Árni R. Árnason, Vilhjálmur Egilsson, Stefán Guðmundsson og Hjálmar Árnason.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðgarðar á miðhálendinu, síðari umr.

Þáltill. HG, 16. mál. — Þskj. 16, nál. 1100.

[12:00]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá umhvn. um þáltill. sem var flutt sem þáltill. um gerð þjóðgarða á miðhálendinu. Þáltill. er flutt á þessu þingi að nýju en var áður flutt á fyrri þingum. Á þeim þingum fékk tillagan ítarlega umfjöllun í umhvn. og umsagnir og gestir komu til nefndarinnar en hún var ekki afgreidd.

Eftir ítarlegar umræður að nýju í umhvn. að undanförnu varð niðurstaðan sú að afgreiða þáltill. en þó þannig breytta að hún fengi nýja fyrirsögn og héti nú: „Tillaga til þingsályktunar um Vatnajökulsþjóðgarð.“ Er sú tillaga lögð hér fram.

Efni tillögunnar var einnig breytt þannig að tillagan nær nú til þjóðgarðs sem næði til Vatnajökuls eingöngu. Gengur þáltill. í þá áttina að kannaðir verði möguleikar á slíkum þjóðgarði.

Ég vek athygli á því að með þessu er ekki verið að leggja til að þjóðgarðurinn næði til jaðarsvæða Vatnajökuls þó svo að um leið sé bent á að þar séu ýmis svæði sem njóti verndar.

Ég vil einnig leggja áherslu á að með hugsanlegum þjóðgarði á Vatnajökli væri ekki verið að skerða umferð manna og þá nýtingu sem er nú á jöklinum, heldur fyrst og fremst að skapa möguleika á aukinni vernd, vekja athygli á einstöku svæði Vatnajökuls og stuðla að vísindalegum rannsóknum sem geta án efa leitt til merkra niðurstaðna vegna sérstöðu jökulsins.

[12:04]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil nota tækifærið til að þakka félögum mínum í hv. umhvn. fyrir undirtektir við málið eins og fram kemur á nál. á þskj. 1100. Með þeirri breytingu sem þar kemur fram er Alþingi að álykta um að stefna á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á næsta ári, sérstaklega er tilgreint að umhvrh. tilkynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi árið 2000 með það í huga að unnt verði að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á aldamótaárinu.

Hér er um að ræða stefnumarkandi samþykkt af þingsins hálfu. Enda þótt hún taki ekki til fjögurra þjóðgarða á miðhálendinu eins og upphafleg tillaga gerði ráð fyrir tel ég að með þessari samþykkt sé verið að leggja út á braut sem ég vænti að verði til þess að áður en langt um líður verði tekin stærri skref með því að lýsa önnur svæði svipað og mörkuð er tillaga um í þáltill., 16. máli þessa þings, en það getur auðvitað ráðið miklu að vel takist til um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs eins og verið er að stefna að með þeirri tillögu sem hér er lögð fyrir þingið.

Ég held að það hafi mikla kosti að taka stærstu jökla landsins sérstaklega og gera þá að kjarna í þjóðgörðum og síðan er úrvinnsluatriði hvernig um semst að tengja við þá aðliggjandi svæði. Eins og hv. frsm. nefndarinnar og formaður umhvn. sagði áðan og vakin er athygli á í nál. tengjast Vatnajökli nú þegar stór verndarsvæði sem lægju þá að væntanlegum Vatnajökulsþjóðgarði og gætu raunar verið hluti hans ef um það semst. Síðan er það álitaefni, úrvinnsluatriði, að bæta þar við fleiri svæðum en ekkert verður gert í þessum efnum nema með samkomulagi jafnt byggðamegin sem óbyggðamegin. Þar er verulegt verk fyrir höndum sem tengist m.a. úrvinnslu hálendismálanna á grundvelli markaðrar stefnu hér með samþykkt frumvarpa þar að lútandi, lögfestingar á síðasta þingi, m.a. laga um þjóðlendur.

Að einstökum verndarsvæðum sem tengjast Vatnajökli og nefnd eru í nál. umhvn. er friðland á Lónsöræfum sem er mjög stórt svæði austan við jökulinn og tengist jöklinum. Kringilsárrani norðan jökuls, Eldborgarraðir eða Lakagígar sem eru oft nefndir en hitt er mál heimamanna. Eldborgarraðir eru náttúruvætti sem tengjast því einnig og þá síðast en ekki síst Skaftafellsþjóðgarður sem hefur einnig innan sinna marka væna sneið af Vatnajökli og yrði auðvitað tengdur þeim þjóðgarði þó að hann gæti haldið áfram stöðu sinni sem sjálfstæður þjóðgarður. Það er hreint útfærsluatriði.

Ég held að í sambandi við þetta mál hljóti menn að hugsa til þeirrar brýnu nauðsynjar sem er á vatnsvernd, verndun á grunnvatni landsins, þeirrar miklu auðlindar sem verður vafalaust eftirsóttari og þýðingarmeiri eftir því sem árin líða því að ferskvatn er að verða ein af þeim auðlindum jarðar sem mjög skortir víða. Það skiptir gífurlega miklu máli að við höldum um þá auðlind þannig að hreinleiki hennar sé treystur og tryggður og jöklarnir eru bakfiskurinn í vatnaverndinni og því þarf að gæta að þaðan komi ekki mengun af mannavöldum.

Ég ætla ekki að fara að rifja upp hugmyndirnar um aðra þjóðgarða annað en nefna það eins og Hofsjökulsþjóðgarð sem hugmynd var sett fram um í upphaflegri tillögu en Þjórsárver tengjast Hofsjökli eins og þekkt er og eru friðland. Langjökull með umhverfi þar sem er einnig að finna friðlýst svæði með jöðrum jökulsins og síðast en ekki síst Mýrdalsjökulsþjóðgarður sem er fjórða hugmyndin og sem unnt væri að tengja friðland að fjallabaki norðan jökuls og Heklusvæðinu eins og hugmyndir eru settar fram um í upphaflegri tillögu.

Ég vil geta þess, virðulegur forseti, að á meðan á vinnslu málsins stóð bárust til mín hugmyndir fyrir hreina tilviljun í raun um að það gæti verið kjörið að tengja friðlýsingu Vatnajökuls við alþjóðlegt átak í vernd fjalla árið 2002. Það ár hefur verið tilnefnt af Sameinuðu þjóðunum sem ár fjalla og undir fjalllendi heyra jöklar og önnur slík fyrirbæri. Það vill svo til að á árunum 1953 og 1954 dvaldist ungur maður í þjóðgarðinum í Skaftafelli með öðrum námsmönnum frá Bretlandi við rannsóknir á svæðinu og á jöklinum. Hann er breskur að uppruna, fæddur í Bretlandi en gerðist síðan prófessor í Boulder í Colorado og veitti þar forstöðu Instarstofnuninni og átti hlut í útgáfu á tímariti um Alpine and Arctic Research og er heimsþekktur vísindamaður. Hann er nú búsettur í Ottawa í Kanada og heitir Jack D. Ives. Hann starfar nú í hópi innan Sameinuðu þjóðanna við að undirbúa ár fjalla. Einmitt þessa dagana er að hefjast í Róm vinnufundur á vegum þessa hóps og þar verður rætt um þessi mál í alþjóðlegu samhengi. Auðvitað væri mjög ánægjulegt ef það gæti gerst að Ísland legði fram þetta stóra svæði sem ákvörðun um verndun inn í þetta samhengi, ár fjalla, og kafla XIII í Dagskrá 21 sem fjallar um verndun fjalllenda.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, virðulegur forseti, en ég ítreka þakkir mínar til formanns umhvn. og allra í nefndinni fyrir það að standa að afgreiðslu málsins með þessum hætti og vona að það verði til farsældar fyrir umhverfisvernd í landinu og til að lyfta þessu stórmerkilega svæði, Vatnajökli, í hugum jafnt landsmanna sem á alþjóðavísu.

[12:13]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þau orð sem féllu til nefndarinnar og formanns frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og vil taka undir þau sjónarmið sem komu fram í máli hans um sérstaka stöðu Vatnajökuls, ekki aðeins í hugum okkar Íslendinga heldur líka í hugum erlendra manna og í alþjóðlegu samhengi.

Ég minni á að með því að gera Vatnajökul að þjóðgarði erum við að feta svipaða slóð og annars staðar hefur verið gert í heiminum. Við skulum muna að stórir hlutar Grænlandsjökuls er þjóðgarður sem nýtur sérstakrar verndar. Ég minni einnig á að Suðurskautslandið og jökull þess nýtur einnig sérstakrar verndar hvað varðar rannsóknir, nýtingu jarðefna og alla umferð. Tvímælalaust er hægt að sækja á þessar slóðir hugmyndir sem gætu nýst við þá vinnu sem er fram undan í því að gera Vatnajökul að þjóðgarði.

Vatnajökull er ekki aðeins stórbrotinn og stórfenglegur í hugum okkar landsmanna. Hann er að sjálfsögðu líka vettvangur ferðaþjónustu og tekjuöflunar, hann er vettvangur útivistarmanna og allt þetta þarf að fella saman. Það er því tímabært að í þetta sé ráðist þannig að allir þessir hagsmunir

og öll þessi sjónarmið fái notið sín í góðu samhengi og sátt.

[12:15]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Tillagan um þjóðgarð á Vatnajökulssvæðinu, sem er til umræðu, er afar merkileg og um hana var mikill og góður samhugur í umhvn. eins og komið hefur fram. Þetta er gagnmerk tillaga, afar vel unnin, framsækin og metnaðarfull. Í raun og veru er verið að leggja út á nýjar brautir í umhverfismálum með þessari tillögu og er það vel. Flutningsmaður, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, er að horfa inn í framtíðina með henni og við tökum heils hugar undir hana.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom eilítið inn á fjórða svæðið í þessari heildstæðu þáltill. þar sem hann talar um friðland að fjallabaki og Heklusvæðið. En ágætur vísindamaður, dr. Borgþór Magnússon hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hefur einmitt skrifað mjög margar greinar um eldfjallaþjóðgarða á Heklusvæðinu. Þær greinar eru einnig mjög merkar og merkilegar tillögur sem falla nokkuð að þeim tillögum sem hér eru fram settar.

Ég tek undir að það er mjög nauðsynlegt að ná samkomulagi við alla aðila um þessi mál en við getum verið stolt af því í umhvn. að samþykkja þessa metnaðarfullu og góðu tillögu og hún er spor í rétta átt í þessu máli.

[12:17]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru aðeins um undirtektir við mál hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar og þakklæti fyrir stuðning hans við málið. Ég fagna því sérstaklega að hv. þm., sem er búsettur í Rangárþingi, Rangárvallasýslu eins og hún er enn nefnd, og þekkir vel til á fjórða svæðinu sem var viðfangsefni tillöguinnar, þ.e. Mýrdalsjökulssvæðinu, svæði Mýrdalsjökuls, Eyjafjallajökuls og annarra jökla sem hugsanlegt væri að fella inn í stórt verndarsvæði og tengja friðland að fjallabaki, sem þegar nýtur friðlýsingar, og hinu stórmerka svæði Heklu og nágrenni. Það eru einmitt slíkar heildstæðar hugmyndir sem ég held að geti orðið til þess bæði að auðvelda stjórnun á hálendinu út frá sjónarmiðum náttúruverndar og jafnframt að verða til þess að lyfta þessum svæðum bæði í hugum þjóðarinnar og á alþjóðavísu svo sem vert er. Ég trúi því að þess verði ekki langt að bíða að einnig þetta svæði sem hv. þm. vék að falli undir slíka vernd.

Vert er að hafa í huga að þær tillögur sem liggja fyrir í upphaflegri þáltill. féllu mjög að hugmyndum og tillögu um skipulag miðhálendisins, tillögu sem bíður nú staðfestingar og fékk einmitt sérstakar undirtektir frá Skipulagsstofnun, og raunar einnig frá ráðuneytum eins og félmrn. þegar málið kom þaðan eða umsögn barst um málið þaðan. Mér sýnist því að það stefni í að þarna geti tekist veruleg sátt varðandi verndarhagsmuni. Þá þurfa menn ekki að deila lengur um t.d. álitaefni af því tagi hvort mörg sveitarfélög séu dregin inn á jökla landsins því að þeir eru felldir undir samþætta verndarstefnu.

[12:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ánægð með þessa tillögu og styð afgreiðslu umhvn. að því marki sem hún afgreiðir tillöguna. Því miður get ég ekki tekið undir að þetta sé metnaðarfull afgreiðsla umhvn. vegna þess að þetta mál er búið að vera núna fyrir tveimur þingum. Tillaga hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er um að Alþingi álykti að fela umhvrh. að láta undirbúa í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendi Íslands.

Greinargerðin með tillögunni er afskaplega fagleg og ítarleg eins og þau vinnubrögð eru sem við þekkjum hjá þingmanninum. Það kemur fram strax í greinargerð með málinu sem lagt er fyrir þetta þing að 32 umsagnaraðilar hafa sent inn umsagnir á síðasta þingi og ég býst þá við að það séu þeir sömu umsagnaraðilar og getið er um núna í afgreiðslu nál. Mér finnst ósennilegt að nefndin hafi kallað eftir nýjum umsögnum miðað við þessar upplýsingar.

Miðað við hina miklu umræðu sem hefur átt sér stað um miðhálendið sem stærstu náttúruperlu sem við eigum, um jöklana og víðernin og þann góða vilja sem hefur komið fram á Alþingi um að vernda þetta svæði til framtíðar hefði ég viljað sjá tillöguna fastmótaðri. Ég hefði viljað sjá það að þegar umhvn. tekur einungis hluta tillögunnar út og ákveður að leggja til að það verði skoðað að stofna þjóðgarð um Vatnajökul, að þá hefði það verið Alþingi sem væri að fela umhvrh. að láta undirbúa slíkt.

Ég geri mér mjög vel grein fyrir því að flutningsmaður má vera sáttur við að koma máli sínu áleiðis vegna þess að það er mjög erfitt fyrir þingmenn að fá stór mál af stað í gegnum kerfið og á þann hátt að von sé til að þau verði til þess sem hugurinn stóð til. Það kemur fram í lokaorðum till. til þál. að með tilkomu þeirra þjóðgarða sem gerð er tillaga um mundu Íslendingar komast í fremstu röð þjóða hvað varðar náttúruvernd og verndarstefnan á miðhálendinu hefði fengið á sig skýra og fastmótaða mynd. Ég get tekið undir þetta og að í allri umræðu okkar um skipulag miðhálendisins mundi það hafa skipt mjög miklu máli að stjórnvöld og Alþingi hefðu verið búin að móta stefnu um stóru þættina sem ríkisvaldið ræður og ákveður á miðhálendinu, bæði orkustefnu og ekki síst verndarstefnuna. Þar undir mundi hafa komið ákvörðun um þjóðgarðana og sátt um þá verndarstefnu sem felst í þjóðgörðunum og ég tek undir að það hefði verið mjög jákvæð aðgerð. Þess vegna hefði ég viljað sjá miklu stærra skref tekið. Jöklarnir og þjóðgarðarnir sem tillaga er um að yrðu gerðir umhverfis mundu taka yfir 22 þús. ferkílómetra og þetta hefði haft mikið að segja í umfjöllun um miðhálendið.

Það hefur verið mjög erfitt fyrir okkur að fá umræðu um verndarstefnu, um orkustefnu og um hvar kæmu virkjanir. Þess vegna erum við mjög tortryggin hverju sinni sem tekið er á einhverjum þætti virkjunarmála og finnum mjög til vanmáttar vegna þess að það að taka afmarkað á einstökum þætti virkjanamála lætur okkur finnast að við séum að taka eitthvert lítið skref inn í stóra, gráa þoku og vitum ekki hvað í henni felst. Því er alveg yfirgengilegt að ríkisstjórnin skuli ekki fyrir löngu hafa mótað stefnu fyrir miðhálendið, orkustefnu, virkjanastefnu, verndarstefnu og þjóðgarða.

Ég tek undir það að miðhálendi Íslands á hvergi sinn líka með jöklum sínum og ósnortnu víðlendi og það er eitthvað það dásamlegasta sem maður upplifir að ferðast um þetta miðhálendi. Auðvitað tek ég undir það með öðrum að mjög mikilvægt er að ná fram þessu skrefi að láta skoða það eins og segir í brtt. umhvn. „að fela umhverfisráðherra að láta kanna, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð". Þegar ég les þessa setningu vona ég, herra forseti, að í henni felist sá vilji Alþingis að þarna verði þjóðgarður en ekki að einhver könnun lognist út af vegna viljaleysis eða út af einhverjum minni háttar hnökrum sem upp kynnu að koma. Þetta vil ég árétta í umræðu um þetta mikilvæga mál.

Ég geri mér grein fyrir því að tillögur hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um þjóðgarða og útlínur þeirra eru þær fyrst og fremst leiðbeinandi og hugmyndir um mörk þjóðgarðanna. En það eru mikil rök í tillögum um þessa fjóra þjóðgarða. Stærð Vatnajökuls og þær náttúruperlur umhverfis hann sem þjóðgarðurinn mundi ná til, og innan þjóðgarðs um Hofsjökul mundu falla bæði Kerlingarfjöll og Þjórsárver. Mikið óskaplega væri það mikilvægt núna að búið hefði verið að stofna þann þjóðgarð um Hofsjökul með Þjórsárver innan hans. Mikið óskaplega hefði það verið mikilvægt fyrir Alþingi.

Sömuleiðis eru mikilvæg svæði á svæðinu í kringum Langjökul, Hveravellir að norðan, Hvítárvatn og Þórisjökull að sunnan. Með því að taka þessi þrjú stóru svæði er ég alls ekki að gera lítið úr fjórða svæðinu sem spannar Eyjafjallajökul, Mýrdalsjökul, Heklu og friðlandið að fjallabaki því að þetta eru alveg sérstakir staðir að koma á.

Herra forseti. Ég vel að fara nokkrum orðum um þessi svæði með þessum hætti til að undirstrika að tillagan sem legið hefur fyrir umhvn. síðustu tvö þing er mjög stór og hún er mjög mikilvæg fyrir alla þá sem hafa verið að láta í sér heyra um miðhálendið. Umræða um miðhálendið, víðernin okkar og þessa stórkostlegu sameign hefur verið mjög áleitin í þjóðfélaginu og stórir hópar, ekki bara náttúruverndarhópar heldur almenningur í landinu hafa látið í sér heyra um þetta svæði og vilja að Alþingi taki á því, vilja að Alþingi móti stefnu. Þetta er eitt lítið skref í þá átt, þetta er gott skref. Ég hefði kosið að það væri stærra og ég hefði kosið að við værum komin miklu lengra í mótun stefnu um miðhálendið en um þau mál ætla ég að ræða frekar í öðru máli sem kemur hér á dagskrá, væntanlega ekki fyrr en að loknu matarhléi. Mér finnst að þessi ákvörðun, afgreiðsla umhvn., gott og vel, en líka tillaga þingmannsins að öðru leyti falli vel að þeirri umræðu um skipulags- og byggingarmál sem á eftir að fara fram síðar í dag.

[12:29]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. fyrir eindreginn stuðning við þær hugmyndir sem liggja í upphaflegri þáltill. Ég met mikils að sá stuðningur kemur fram frá formanni nýs þingflokks Samfylkingarinnar. Hér veldur mjög miklu hvernig á málum verður tekið á grundvelli þeirrar samþykktar sem hér er lögð til og að sá ráðherra sem sest í stól umhvrh. eftir kosningar fylgi því máli fast eftir. Ég er alveg sannfærður um að það er fullt lag til þess að útfæra þetta mál í heild sinni, m.a. vegna þeirrar vinnu sem hefur farið fram um skipulag miðhálendisins nú þegar vegna þess að að minni hyggju eru engin sjáanleg stór árekstrarefni við þær hugmyndir sem settar eru fram í þáltill. um þjóðgarðana, um jöklana og nágrenni þeirra eins og mörk eru þar dregin, vissulega lauslega, en þó út frá ákveðnum kennileitum því að þetta liggur uppdregið á landabréfi af minni hálfu á undirbúningsstigi.

Jafnframt legg ég ríka áherslu á að það þarf verulega lagni til að koma slíkum málum í höfn vegna þess að við komumst ekki lengra en stuðning er að fá við hjá þeim sem telja sig hafa rétt inn á viðkomandi svæði, hvort sem það er ríkið eða einkaaðilar og á það legg ég mjög mikla áherslu. Við þurfum að vanda vinnubrögðin í þeim efnum, við þurfum að fá fólkið um allt land með okkur í þessa vinnu. Þá er ég alveg sannfærður um að við náum þeim markmiðum sem við hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir erum örugglega sammála um varðandi verndarstefnu að því er snertir miðhálendið og auðvitað fleira.

[12:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þessi orð þingmannsins. Ég ímynda mér að með umræðu við afgreiðslu þessarar tillögu getum við haft áhrif á það að ráðherra, sem tekur við þessu verkefni, fyllist eldmóði til að ganga lengra, eldmóði með jákvæðum formerkjum vegna þess að ég geri mér líka grein fyrir því að sátt þarf að vera um aðgerðir. Það þarf að vera sátt um landið, sátt við dreifbýli og þéttbýli. Og það er lag fyrir ráðherra sem hefur metnað að fara að vinna í þessum málum og það er líka lag vegna fólksins í landinu.

Ég hef sjaldan setið jafnáhrifaríkan fund og fund sem haldinn var fyrir nokkrum vikum í Háskólabíói þar sem fjallað var um auðlindir okkar til landsins. Þar var ekki öfgastemming heldur hin sanna tilfinning venjulegs fólks fyrir því að nú á að halda utan um það sem við eigum og nú á ekki að láta reka á reiðanum heldur taka á og vernda og gæta að því sem við eigum og valda ekki spjöllum sem eru óbætanleg fyrir komandi kynslóðir.

Í allri umræðunni um hálendismál og skipulagsmál hefur það komið aftur og aftur fram að tortryggni sé kannski gagnrýni á dreifbýlið. Hún er það ekki, hún er mismunandi skoðanir á því hvernig best sé haldið á málum. En fólk úr dreifbýlinu hefur fullvissað okkur hin um að þar sé sami vilji til að koma til móts og taka höndum saman til að vernda þetta svæði sem okkur er svo dýrmætt. Þess vegna er ég bjartsýn þótt skrefið sé stutt, herra forseti.

[12:33]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég deili þessum sjónarmiðum vissulega. Ég tel einmitt að hin stórfellda breyting á almenningsáliti sem hefur orðið og í raun upplýstri þekkingu, upplýsingum og þekkingu hjá fólkinu í landinu á þeirri auðlegð sem við eigum í hálendinu, gefur meðbyr í þessum málum, meðbyr sem stjórnvöld ættu að nýta.

Hv. þm. vék áður í máli sínu að því m.a. að mikið óöryggi fælist í því að menn væru að veita heimildir til nýtingar á auðlindum á hálendinu m.a. til orkuöflunar. Ég tek eindregið undir það. Ég hef öðru hvoru verið að minna á það í umræðu liðinna ára að það er hörmulegt til þess að vita að við skulum ekki hafa komist af stað með að fara yfir þessi mál heildstætt og forgangsraða eins og Alþingi ályktaði þó um samhljóða 1989. Ef sú vinna hefði komist í gang og nauðsynlegt fjármagn verið veitt, sem var ekkert stórfé, þá hefðum við staðið í allt öðrum sporum en nú þegar hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. eru að kynna þjóðinni það að nú eigi að fara að vinna út frá þeirri aðferðafræði sem Norðmenn tóku upp seint og um síðir varðandi verndun vatnsfalla sinna og flokkun í forgangsröð.

En látum okkur vænta þess að það vísi fram á við, þó að margt megi kannski að aðferðafræðinni þar finna. En það er hárrétt hjá hv. þm. að þarna er mikið verk óunnið sem tengist nánari útfærslu á verndun og hugsanlegri nýtingu.

[12:35]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hef áður lýst skoðunum mínum á þeirri tillögu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti um fjóra þjóðgarða á miðhálendinu. Ég er þeirrar skoðunar að samþykkja hefði átt þá tillögu. Hv. þm. á þakkir og hrós skilið

fyrir að hafa komið fram með þetta mál. Hann á það hins vegar ekki skilið að tillagan sé tekin með þessum hætti og eiginlega að litlu gerð. Mér finnst nefnilega, þó að menn tali um að þetta sé metnaðarfull afgreiðsla af hálfu hv. umhvn. að ég geti ekki fallist á það.

Frá því við vorum að ræða um fjölgun þjóðgarða á síðasta kjörtímabili hafa hlutirnir svolítið breyst. Ekki bara það að ríkisstjórnin hin fyrri hafi ákveðið að ráðast í stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi heldur hefur lögum um náttúruvernd líka verið breytt á þann hátt að auðveldara er fyrir stjórnvöld að ráðast í stofnun þjóðgarða. Mig minnir að það hafi verið 1996 sem við breyttum lögum sem gerði það að verkum að hæstv. umhvrh. getur sett á stofn þjóðgarða að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs og ákveðinna stofnana sem undir hann heyra. Þetta er á valdi hæstv. ráðherra.

Ég hefði því talið að tillaga umhvn. hefði átt að fela í sér áskorun af hálfu Alþingis til umhvrh. um að gera þetta. Það hefði átt að fela honum þetta verkefni vegna þess að hann hefur lagalega stöðu í málinu í dag sem fyrri umhvrh. hafa ekki haft. Ég geri engar athugasemdir við það að menn taki sérstaklega út Vatnajökulsþjóðgarðinn. Ég hefði að vísu talið að í lagi hefði verið fyrst menn fóru þá leið að fela einungis hæstv. umhvrh. að kanna þetta mál, að taka þá alla fjóra inn. Ég er þeirrar skoðunar vegna þess að þessir þjóðgarðar henta vel, kjarni þeirra allra eru jöklar og það vill svo til að að flestum þeirra liggja mörg svæði sem njóta einhvers konar verndar. Í tilviki Vatnajökuls er þar um að ræða mörg friðlýst svæði eins og, ef ég man rétt, Esjufjöll, Kringilsárrani, Lónsöræfi og svo auðvitað Skaftafell, sem er þjóðgarður. Það hefði því verið nokkuð gott mál að taka þá alla til þessarar skoðunar.

Ég hefði hins vegar talið, herra forseti, fyrst menn fara þá leið að fela umhvrh. einungis að kanna möguleika á Vatnajökulsþjóðgarðinum, að við hefðum átt að stíga skrefið lengra, við hefðum átt að fela honum framkvæmd á því.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ræðir um það í sinni upphaflegu tillögu, ef ég man rétt, að þetta þurfi að gera í tengslum við mögulega rétthafa. Ég held engir mögulegir rétthafar séu varðandi jökulinn. Ég held að það sé ekkert sem standi í vegi fyrir því að menn ráðist í þetta verk.

Sagt var af flokkssystur minni, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, að það væri vel við hæfi að ganga frá þessu máli, eins og sagt er frá í tillögunni, á árinu 2000 og það ætti ekki að vera margt sem mælir því í móti. Við þekkjum það hins vegar úr heimi stjórnmálanna að menn eru ekki alltaf stórra sanda eða sæva. Það er oft þannig að þegar góðar tillögur koma eins og þessi, sem kemur frá manni sem hefur verið harður í stjórnarandstöðu sinni við núv. ríkisstjórn, að næst kraftaverki stappar ef menn raunverulega ráðast í það að tillögunni samþykktri að koma þessu á fót. Við höfum séð svo mörg dæmi um það og af tiltölulega skammri þingveru gæti ég rakið nokkur mál sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur fengið hér samþykkt sem stjórnarandstæðingur, sem ekki hafa raunverulega orðið að veruleika. (**ÓÖH:** Þetta eru úrtölur.)

Hins vegar er það svo, herra forseti, af því hv. þm. og formaður umhvn., Ólafur Örn Haraldsson, talar um útölur þá hefur hann ekki hlýtt á mál mitt. Ég er ekki bara að taka undir þessa tillögu heldur er ég að álasa hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni og bregða honum um skort á kjarki og hugrekki. Ég er að bregða honum um það að hann þorir ekki að taka forustu, og er þó mestur jöklamaður í þessum sölum, um að fela flokksbróður sínum hæstv. umhvrh. að ganga frá þessu máli. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefur fært góð rök fyrir því að ekki eigi að vera mikið í vegi fyrir því að gera þetta svæði að þjóðgarði. Og þess vegna má auðvitað spyrja hv. þm. út frá hans eigin rökum: Hví skortir hann þá kjark til að koma hér fram og hafa forgöngu um að leggja beinlínis til að umhvrh. verði falið að gera þetta? Það er það sem auðvitað skiptir máli.

Samfylkingin er þeirrar skoðunar að ráðast eigi í verkefni af þessu tagi. Ég minni á að a.m.k. þingflokkur jafnaðarmanna hefur haft það á stefnuskrá sinni, eins og hér hefur komið fram í fyrri umræðum um þetta mál, að fjölga þjóðgörðum, alveg eins og Alþfl. á tíma síðustu ríkisstjórnar. Alþfl. stóð við það. Við fengum samþykkt í ríkisstjórn að ráðist yrði í að fjölga þjóðgörðum og ráðist yrði í setja upp þjóðgarð á Snæfellsnesi. Inni í honum er jökull, svo ég rifji það aðeins upp fyrir þingheimi.

Ég vil að það komi fram, herra forseti, að margt bendir til þess að ríkisstjórnarskipti kunni að vera í nánd, það kunni að verða breytingar á landslagi stjórnmálanna á þann veg Samfylkingin muni á einhvern hátt koma að landstjórninni. Þá vil ég að það liggi alveg skýrt fyrir að við munum berjast fyrir því, verði þessi tillaga samþykkt, að þetta mál verði ekki einungis kannað heldur verði því hrint í framkvæmd. Ég vil líka að það komi fram, eins og hefur áður birst í ræðum mínum um þetta mál, að ég er þeirrar skoðunar að það hefði átt að samþykkja þessa tillögu og hrinda henni í framkvæmd.

Ég sagði áðan að það væri stefna þeirrar stjórnmálahreyfingar sem ég var kosinn á þing fyrir að fjölga þjóðgörðum. Við höfum bæði innan ríkisstjórnar og utan reynt að efla það. Ég hef gert það sem umhvrh. á síðasta kjörtímabili og ég hef einnig í samvinnu við þá tvo þingmenn sem sitja með mér í Þingvallanefnd reynt að ýta málum fram þar með þeim hætti að við a.m.k. brytum út jaðar þess þjóðgarðs eða þess friðhelga lands sem hefur nú sömu stöðu og þjóðgarður á Þingvöllum. Það hefur ekki tekist á þessu þingi og það er mjög miður. En hin upphaflega hugmynd gerði ráð fyrir því að þar yrði farið í norður frá Þingvallavatni, norðvestur raunar, og land friðað og gert að þjóðgarði langt upp í Langjökul. Ég held að það sé eitt af því sem við þurfum að gera í framtíðinni og við þurfum auðvitað að skoða þessa þjóðgarða okkar miklu betur. Við þurfum að stækka þjóðgarðinn fyrir norðaustan, þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. Við verðum að ráðast í að færa út mörk hins friðhelga lands á Þingvöllum. Og ég held að það sé mjög vel við hæfi á árinu 2000 að við ráðumst í þá framkvæmd sem umhvn. hefur þrátt fyrir allt treyst sér til að leggja fyrir þetta þing. Ég segi það alveg skýrt og skorinort að sú tillaga gengur allt of skammt að mínu mati. En hún er þó spor fram á við og út af frammíkalli hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, þá vil ég að það komi alveg skýrt fram að auðvitað styð ég þessa tillögu heils hugar. Hún gengur bara allt of skammt. Og sá hv. jöklafari og þingmaður hefði auðvitað átt að hafa forgöngu um að leggja fram tillögu sem gengur miklu lengra, og ég veit að hugur hans stendur til þess. En við stöndum hins vegar frammi fyrir því að línur skipta stjórn og stjórnarandstöðu og því miður gerist það allt of oft að stjórnarliðið er ekki nægilega stórra sanda að taka heils hugar undir tillögur eins og þessa.

Ég er alveg sannfærður um að þessi tillaga, jafnvel þó að við höfum bara tekið út Vatnajökulsþjóðgarðinn, nýtur yfirburðafylgis meðal fólks, ekki síst vegna þess, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði áðan, að vakning hefur

orðið hjá almenningi á þessu sviði. Fólkið vill aukna vernd. Tillagan gengur í þá átt, en það er einungis vegna þess að hún kemur frá áberandi og heldur harðvítugum stjórnarandstæðingi að hún nær ekki lengra en þetta. Þetta er þó spor fram á við og það ber að þakka. Ég styð það auðvitað heils hugar. En ég hefði viljað sjá það stigið miklu lengra til móts við vilja fólksins og lengra inn í framtíðina.

[12:44]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka umræður um þáltill. og nál. hv. umhvn. Ég deili sannarlega skoðunum með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að mörgu leyti og því sem fram kom í máli hans.

Ég vil þó nefna sérstaklega eitt atriði sem ekki hefur verið getið um hér. Við skulum horfa til þess að nú er verið að ganga frá svæðisskipulagi miðhálendisins. Það er verið að festa stjórnsýslumörk sveitarfélaganna inn til miðju hálendisins. Hér er um svo veigamiklar breytingar að ræða að mjög eðlilegt er að menn klári það, bæði með því að festa það mál og skoða hvaða viðbrögð það fær ásamt því skipulagsferli sem vonandi verður staðfest í þessum þingsölum áður en við ljúkum þingstörfum. Það er mjög eðlilegt að menn klári það ferli og hugi síðan að frekari útfærslu á þjóðgörðum í þeim dúr sem fram kemur í upprunalegu þáltill. Ég veit að menn eru ekki að gera lítið úr þeirri þáltill. sem endanlega er flutt hér með nál. umhvn. Þetta er svo sannarlega tímamótagjörningur og ég er í engum vafa um að sú könnun sem þáltill. mælir fyrir um verður gerð, einmitt vegna þeirrar vakningar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði og þeirrar fullu meiningar sem ég veit að flokksfélagar mínir a.m.k. bera í brjósti til miðhálendisins.

[12:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efast ekkert um góðan vilja hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar í þessu máli. Satt að segja er hann bjargvættur Framsfl. í umhverfismálum og nánast eina andlit þess flokks sem er ásættanlegt í þeim málaflokki. Ég efast ekkert um að hv. þm., sökum þekkingar sinnar á jöklum og miðhálendinu, hefði viljað ganga miklu lengra en gert er í þessari tillögu. Ég er alveg klár á því. Eins og ágætur félagi hans, hv. þm. Guðni Ágústsson, hefur stundum sagt: Þó hann sé sporstuttur þá fer hann hratt yfir.

Herra forseti. Ég tel eigi að síður að einmitt út af því sem hv. þm. var að vísa hér til, þ.e. þeirrar staðreyndar að búið er að skipta miðhálendinu upp milli sveitarfélaga, þá verði erfiðara en ella að hrinda þessu þarfa verki í framkvæmd. Ég held að það hafi verið sagt í þessum sölum að einmitt sú skipting geri það að verkum að 12 sveitarfélög eiga land að Grímsvötnum. Ég man það ekki svo gjörla, veit ekki hvort það er fullkomlega rétt. En það undirstrikar hvað sú breyting torveldar vinnu af þessu tagi.

Ég kom sjálfur að því sem umhvrh. að kanna möguleika á því að búa til eldfjallaþjóðgarð og mætti gríðarlegri andstöðu sveitarfélaga. Ég tel að það verði erfitt að koma þessu máli í endanlega höfn út af því, erfiðara.

Herra forseti. Eigi að síður vil ég, þrátt fyrir þau orð sem ég hef nú haft uppi um þetta og brigslað hv. þm. Ólafi Erni um skort á kjarki, þá er kannski að athuguðu máli ekki rétt af mér að gera það. Ég dreg það því til baka og þakka honum fyrir framgang hans í þessu, en brýni hann jafnframt til dáða því að við tröll en ekki menn er að eiga þar sem er forneskja Framsfl. í þessum málum. Þar eru að vísu góðar undantekningar á en því miður þá er það rangt hjá hv. þm. að innan Framsfl. njóti viðhorf af þessu tagi mikils stuðnings.

[12:49]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eindregnar þakkir til hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar fyrir frýjunarorð í þessu máli, mælt til þeirra sem taka kannski óþarflega stutt skref. Við verðum þó að meta það sem kemur hér fram. Það er stundum talað um ísbrjóta og kannski verður þessi tillaga ísbrjótur í þessum málaflokki þannig að menn sannfærist um það að aðferðafræðin sé rétt, því að auðvitað felst ákveðin ný aðferðafræði í tillögunni.

Hv. þm. þekkir af eigin reynslu að verið getur nokkuð þungt undir fæti á stundum og rakti það hér einmitt í sambandi við Þingvallaþjóðgarð þar sem hv. þm. hefur átt beina aðild að málum með veru í Þingvallanefnd. Ég vona sannarlega að það mál þokist áfram þó hægt gangi. Við höfum fengið frv. sem ég hef ekki gefið mér tíma til að fara yfir að gagni. Ég hygg þó að það sé spor í rétta átt.

Ég bendi á að útfærsla Þingvallaþjóðgarðs til norðurs og til suðurs væntanlega tengist einmitt hugmyndinni um Langjökulsþjóðgarð. Þaðan þarf auðvitað að koma samfellt belti friðlýstra svæða eða svæða fyrir útivist, og með nauðsynlegri vernd um leið, alveg frá Langjökli til Reykjaness. Það er sú hugsun sem framsýnir menn áttuðu sig á, í Framsfl. m.a. hér á árum áður eins og Eysteinn Jónsson. En því miður hefur heldur dofnað í því efni.

Varðandi viðhorf almennings og sveitarstjórnarmanna til þessa efnis þá er ég ekki eins svartsýnn og hv. þm. Ég hef nefnilega orðið var við það að þessi hugmynd um þjóðgarðana fjóra hefur notið velvildar og stuðnings hjá þeim fulltrúum sveitarstjórna sem unnu að svæðisskipulagi miðhálendisins. Það var ítrekað á fundi alveg nýlega vegna umræðna um tillögu sem verður hér á dagskrá síðar. Ég vona því að þarna sé í rauninni miklu ríkari stuðnings að vænta en hv. þm. gerir ráð fyrir.

[12:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. hafi rétt fyrir sér en ég rangt. Ég mæli þetta þó af reynslu, sem ekki er ýkja bitur eða beisk, en er farin að spanna nokkuð mörg ár. Ég kom sem umhvrh. að því að freista þess að stofna nýja þjóðgarða, ekki bara þann sem stofnaður var á Snæfellsnesi heldur líka þann eldfjallaþjóðgarð sem ég nefndi hér áðan. Það mætti gríðarlegri andstöðu sveitarfélaga. Ég hef líka sem óbreyttur þingmaður en fulltrúi stjórnarandstöðu í Þingvallanefnd fundið sömu viðhorf hjá sveitarstjórnarmönnum þar.

Hitt kann að vera rétt sem hv. þm. segir um afstöðu sveitarstjórna sveitarfélaga sem liggja að Vatnajökli. Það kann meira að segja að eiga sér ákveðnar skýringar. Þar er ákveðin verndarhefð allt í kringum jökulinn, þ.e. með honum suðlægum og austur fyrir. Þar eru mörg svæði, eins og við rifjuðum upp áðan, sem búið er að vernda. Sú vernd hefur verið gerð, að því er ég best veit, í samvinnu og samráði við viðkomandi sveitarfélög. Síðan er það auðvitað þjóðgarðurinn þannig að þarna umhverfis er ákveðin verndarhefð og eins og hv. þm. veit þá hafa líka menn, sem áratugum saman hafa komið að náttúruvernd og náttúrufræðum, verið búsettir í grennd við jökulinn. Það skiptir miklu máli.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að fjölga þjóðgörðum. Mér blöskrar sú hljóða eyðing sem alltaf

er að eiga sér stað og sem menn taka ekki eftir vegna þess að hún gerist svo hægt. En þegar maður skoðar breytinguna kannski yfir mannsaldra þá kemur í ljós að hún er gríðarlega mikil.

Varðandi Þingvallasvæðið og Langjökul þá þörfnumst við ekki bara verndarinnar þar með tilliti til ferðamennsku og útivistar, sem þó er að verða knýjandi, heldur er þarna mesta vatnsforðabúr þjóðarinnar. Þarna er einfaldlega um að ræða auðlind sem við skiljum ekki enn hvað er mikils virði. En ég hygg að afkomendur okkar svona tveimur kynslóðum héðan í frá muni hafa miklu ríkari skilning á og munu e.t.v. þakka okkur ef okkur tekst að bregða böndum verndar á það svæði.

[12:53]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vatnsverndin er stórt mál og tengist þessu sannarlega. Það er rétt með fólk t.d. í Skaftafellssýslu, að þar býr verndarsinnað fólk. Sá skilningur hefur víða komið fram og er mjög mikilvægur. En hann er víðar að finna. Og af því að hv. þm. nefndi Skaftfellinga eða þá sem búa nærri Vatnajökli sérstaklega þá vil ég vísa til fleiri sem hafa sýnt skilning á þessu máli, t.d. fulltrúa úr Borgarfirði vestra sem komu á fund umhvn. á dögunum og sáu ástæðu til þess að hafa frumkvæði að því að nefna þessa tillögu á jákvæðan hátt og benda á að þeir hefðu síst á móti því að Langjökull og svæðið vestan hans sem liggur að byggðinni, yrði lýstur þjóðgarður. Það er þessi skilningur og þessi merki sem við þurfum að taka eftir og hlúa jákvætt að í nálgun mála. Hitt er svo auðvitað ljóst að ekki er allt fyrirstöðulaust í þessum efnum.

Virðulegur forseti. Ég vek að lokum athygli á þeim umsögnum sem komu fram um þessa tillögu. Hér stendur í umsögn skipulagsstjóra í fyrra, með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun fagnar þingsályktunartillögunni og telur hana vera í samræmi við tillögu að svæðisskipulagi miðhálendisins sem nú liggur fyrir og rökrétt framhald hennar."

Alþýðusamband Íslands, sem er ekki oft að álykta í umhverfismálum segir um þetta mál, með leyfi forseta:

„ASÍ tekur undir þær hugmyndir sem fram koma í tillögunni og leggur áherslu á að þingsályktunartillagan verði samþykkt enda brýnt að mati sambandsins að nú þegar verði brugðið við og tryggt að framtíðarnýting hálendisins verði ákveðin með skipulegum hætti og að sjónarmiða náttúruverndar verði í ríkum mæli gætt við þær ákvarðanir."

Það er fagnaðarefni þegar slík sjónarmið koma frá stórum almannasamtökum eins og ASÍ.

[12:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. má með engu móti misskilja eitt eða neitt í því sem ég er að segja. Ég stend algjörlega heils hugar að baki þessarar tillögu. Málið er einfaldlega að ég tel að hann sé grátt leikinn. Ég tel að tillagan sem hv. þm. lagði fram upphaflega styðjist við það góð rök — þá vísa ég til tillagna að skipulagi miðhálendisins — og sé svo vel undirbyggð að hún hefði leyst margvísleg vandamál. Hún hefði meira að segja komið til móts við sjónarmið eins og þau sem ég hef varðandi stjórnsýslu miðhálendisins sem eru önnur en hv. þm. hefur. En í tillögunni hjá honum felst ákveðin nálgun að málamiðlun. Það var fegurðin sem ég sá í þessu líka, þ.e. að hún leysti margvísleg vandamál sem hér hafa verið uppi og átakalínur sem hafa verið mjög skýrar um þetta tiltekna mál hverfa með þessari tillögu. Það var fegurðin í henni fyrir utan allt annað.

Ég styð tillöguna alveg heils hugar. En mér rennur svolítið til rifja, m.a. vegna þess að hv. þm. hefur lýst því svo skilmerkilega hér hversu litlir þröskuldar og múrar eru er á vegi þess að hrinda verkinu í framkvæmd, að hv. umhvn. skyldi ekki hafa stigið skrefi lengra. Ég hef lýst skoðun minni á því hver ástæðan er. Hún er einfaldlega sú að það er hv. þm. sem er tillögumaður en ekki umhvrh. eða einhver úr stjórnarliðinu. Þannig er það því miður. Þetta er hin ógeðfellda hlið stjórnmálanna. Ég gæti, eins og ég sagði hérna áðan, rifjað upp a.m.k. tvö dálítið sterk dæmi þar sem hv. þm. hefur komið að málum og fengið samþykkta hluti en ekki uppskorið eins og eðlilegt hefði verið.

Ég ætla ekki að fara út í það, herra forseti, en lýsi því bara yfir að ég tel að þetta mál hafi a.m.k. komið umræðu af stað. Og tillagan er, eins og hv. þm. sagði, kannski ísbrjótur. Klárt er alla vega að viðhorfin til umhverfismála eru að gjörbreytast og munu verða gjörbreytt að komandi kjörtímabili liðnu, til þessara mála sem og annarra.

[Fundarhlé. — 13:00]

[14:01]

Útbýting þingskjala:

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 526. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1118.

Raforkuver, 471. mál, brtt. StG, þskj. 1125.

Þjóðgarðar á miðhálendinu, 16. mál, brtt. ÓÖH, þskj. 1124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:30]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1124. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

Brtt. í nál. 1100 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1124 (ný fyrirsögn) samþ. með 45 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, PHB, RG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VE, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ArnbS, ÁRJ, DO, FI, GB, GMS, IP, LMR, MS, MF, ÓÖH, RA, SJóh, SF, SP, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1144) með fyrirsögninni:

Þál. um Vatnajökulsþjóðgarð.

Meðferð opinberra mála, frh. 3. umr.

Stjfrv., 354. mál (réttarstaða brotaþola, endurupptaka mála o.fl.). — Þskj. 1026.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, VE, ÖJ, ÖS.
15 þm. (DO, EKG, FI, GMS, IP, LMR, MS, MF, ÓÖH, RA, SF, SP, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1145).

Skaðabótalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 183. mál (margfeldisstuðull við bótaútreikning o.fl.). — Þskj. 1027, brtt. 1058.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Brtt. 1058 samþ. með 50 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
11 þm. (DO, FI, GMS, ÍGP, KÁ, LMR, MS, MF, RA, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1146).

Sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 135. mál. — Þskj. 1028.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EL, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.
6 þm. (GHelg, HG, KÁ, KH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (DO, EOK, FI, GE, GMS, LMR, LB, MS, MF, RA, SAÞ, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:08]
Ögmundur Jónasson:
Hæstv. forseti. Viðskrn. er prýðisráðuneyti. Undir viðskrn. heyra stofnanir sem sýsla með viðskipti og peninga. Samkvæmt þessu frv. er verið að færa sjálfseignarstofnanir almennt undir viðskrn. Í meðförum þingsins og fyrir atbeina minni hlutans og stjórnarandstöðunnar tókst að bjarga stofnunum aldraðra undan hæstv. iðn.- og viðskrh. en ekki var orðið við þeirri ósk og kröfu minni hlutans að stofnanir fatlaðra og sjúkrastofnanir almennt yrðu undanþegnar þessum lögum. Þetta tel ég vera óeðlilegt og treysti mér ekki til að styðja frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1147).

Opinberar eftirlitsreglur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 1030.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.
12 þm. (DO, FI, GMS, JóhS, LMR, MS, MF, RA, SF, SP, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1148).

Brunatryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 388. mál (lækkun brunabótamats van- eða ónýttra húseigna o.fl.). — Þskj. 1031.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.
12 þm. (DO, FI, GMS, ÍGP, LMR, MS, MF, RA, SF, SP, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1149).

Aðgerðir gegn peningaþvætti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 226. mál (gjaldsvið o.fl.). — Þskj. 1034.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KPál, LB, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
13 þm. (ÁE, DO, FI, GMS, KH, LMR, MS, MF, RA, SP, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1150).

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 260. mál (sjálfvirkt kerfi). — Þskj. 1037.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
9 þm. (DO, FI, GMS, LMR, MS, MF, RA, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1151).

Leigubifreiðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 281. mál (skilyrði til aksturs). — Þskj. 1038.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
11 þm. (DO, FI, GMS, LMR, MagnM, MS, MF, RA, SP, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1152).

Orkusjóður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 225. mál. — Þskj. 1039.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
10 þm. (DO, FI, GMS, LMR, MS, MF, ÓÖH, RA, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1153).

Háskólinn á Akureyri, frh. 3. umr.

Stjfrv., 510. mál (heildarlög). — Þskj. 1073.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
11 þm. (BH, DO, FI, GGuðbj, GMS, LMR, MS, MF, RA, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1154).

Kennaraháskóli Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 511. mál (doktorsnafnbót, kærumál, gjöld o.fl.). — Þskj. 1074.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ÁJ, DO, FI, GMS, LMR, MS, MF, RA, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1155).

Evrópskt samstarfsráð í fyrirtækjum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 184. mál. — Þskj. 1035, brtt. 1105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]
Brtt. 1105 samþ. með 50 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
13 þm. (DO, EKG, FI, GHelg, GMS, LMR, MS, MF, RA, SighB, SP, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1156).

Afnám laga um gjald af kvikmyndasýningum, frh. 3. umr.

Frv. KHG, 44. mál. — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, BH, DO, FI, GMS, LMR, MS, MF, RA, SighB, SP, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1157).

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 590. mál. — Þskj. 986.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Útflutningsráð Íslands, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 591. mál. — Þskj. 987.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Landsvirkjun, frh. 2. umr.

Frv. iðnn., 592. mál. — Þskj. 1005.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Frv. allshn., 593. mál. — Þskj. 1008.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frh. 2. umr.

Frv. samgn., 594. mál. — Þskj. 1014.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Samningur um bann við notkun jarðsprengna, frh. síðari umr.

Stjtill., 581. mál. — Þskj. 964, nál. 1078.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VE.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, FI, GÁS, GMS, LMR, MagnM, MS, MF, RA, SP, VS, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1158).

Staðfesting samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen, frh. síðari umr.

Stjtill., 573. mál. — Þskj. 940, nál. 1079.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.
13 þm. (ÁMM, FI, GÁS, GGuðbj, GMS, LMR, MS, MF, RA, SighB, SP, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1159).

Markaðs- og söluátak á íslensku dilkakjöti erlendis, frh. síðari umr.

Þáltill. StG og EOK, 160. mál. — Þskj. 160, nál. 1082.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]
Brtt. í nál. 1082 (ný tillgr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.
13 þm. (EgJ, FI, GMS, LMR, MS, MF, ÓÖH, RA, SighB, SP, SJS, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1160).

Kræklingarækt, frh. síðari umr.

Þáltill. ÓHann og GuðjG, 241. mál. — Þskj. 272, nál. 1083.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]
Brtt. í nál. 1083 (ný tillgr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.
15 þm. (ArnbS, EKG, FI, GÁS, GHelg, GMS, LMR, MS, MF, ÓÖH, RA, SighB, SP, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1161).

Skipan nefndar til að auka aga í skólum landsins, frh. síðari umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 387. mál. — Þskj. 658, nál. 1101.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
Till. í nál. 1101 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 48 shlj. atkv.

Stofnun þjóðbúningaráðs, frh. síðari umr.

Þáltill. DH og StB, 203. mál. — Þskj. 221, nál. 1102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]
Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, ÓE, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.
12 þm. (FI, GMS, HjÁ, LMR, MS, MF, ÓÖH, RA, SighB, SP, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1162).

Alþjóðleg viðskiptafélög, 3. umr.

Stjfrv., 414. mál. — Þskj. 1033, brtt. 1040.

[14:31]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til þess að rifja upp í örfáum orðum um hvað þetta mál snýst. Það er ekki alveg óhugsandi að farið sé að slá ryki yfir það hjá einstöku manni hvaða mál er hér á ferðinni. Satt best að segja held ég að

málaflutningur hæstv. ríkisstjórnar hafi fengið allt of litla athygli því að hér er í raun og veru á ferðinni nokkuð stórt mál að mínu mati, þ.e. spurningin um það hvort við Íslendingar eigum að fara inn á þá braut núna rétt fyrir aldahvörfin að fara að bjóða erlendum alþjóðlegum viðskiptafélögum sérstök vildarkjör, reyna að lokka til okkar slíkan atvinnurekstur á grundvelli þess að bjóða þeim til muna hagstæðari skattskilyrði og önnur starfsskilyrði en innlendu atvinnulífi eða atvinnulífi almennt og blanda okkur þar með í hóp þeirra ríkja, ekki síst frá Karíbahafinu og víðar, sem hafa einkum verið að gera út á þess háttar starfsemi. Metnaðurinn sem hæstv. ríkisstjórn vill alveg sérstaklega sýna í þessum efnum er að koma Íslandi í hóp ríkja eins og Karíbahafslýðveldanna og einstöku eyja í Miðjarðarhafinu eða á Ermarsundinu.

Herra forseti. Þetta er þeim mun merkilegra sem veruleg hreyfing er nú komin á það á alþjóðavettvangi að útrýma slíkum undirboðum og koma í veg fyrir að lágskattaparadísir af slíku tagi séu við lýði. Lengi vel höfðu menn ekki miklar áhyggjur af því þó að ríki væru að reyna að lokka til sín atvinnulíf á þennan hátt einfaldlega vegna þess að ýmsir aðrir þættir komu í veg fyrir að um umtalsvert tjón yrði að ræða í formi tekjutaps af sköttum og tekjum af slíku atvinnulífi og stærri og virðingarverðari fyrirtæki lögðu almennt ekki út í að skrá starfsemi sína í miklum mæli með þessum hætti og koma þannig rekstrinum undan eðlilegum skattgreiðslum. Hinu er ekki að leyna að á síðustu tveimur áratugum, eða svo, hefur þessi starfsemi vaxið verulega. Það er orðið verulegt áhyggjuefni víða um lönd að viss starfsemi, og þá ekki síst ýmiss konar alþjóðleg fjármálaumsýsla, sæki í að skrá heimilisfang sitt við slíkar aðstæður. Því er það að á alþjóðavettvangi, bæði á vettvangi Evrópusambandsins, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar *og víðar, hafa menn nú skorið upp herör gegn nákvæmlega* þessu sem Ísland hins vegar ætlar núna að taka upp, þ.e. sérstökum vildarkjörum handa slíkum alþjóðlegum viðskiptafélögum.

Herra forseti. Það er kannski ástæða til þess að fara yfir það með hv. þingmönnum hvað hér á að bjóða. Hafa menn farið yfir það hvaða kjör þessi sérstöku gælufyrirtæki ríkisstjórnarinnar, alþjóðleg viðskiptafélög, eiga að fá? Þau eiga að borga heil 5% í tekjuskatt eða $^1/_6$ af því sem íslenskum fyrirtækjum er gert að greiða. Þau eiga að vera undanþegin stimpilgjöldum og þau eiga að vera undanþegin nánast öllum öðrum gjöldum sem atvinnulífið greiðir hér á landi. Þau eiga að vera undanþegin t.d. eignarskatti og sérstökum eignarskatti, stimpilgjöldum o.s.frv. Og ekki nóg með það, ríkið ætlar meira að segja af örlæti sínu að leggja 20–30 millj. í að lokka þessi fyrirtæki til sín. Ég sting upp á því, herra forseti, að fyrsta sendinefndin verði send til Nígeríu til að reyna að gera út á fyrirtæki þaðan.

Auðvitað er hægt að reyna að klæða þetta í jákvæðan búning og segja að þetta verði fyrirtæki á vegum íslenskra aðila sem eru með umsvif í fjarlægum löndum og komi hingað heim og þetta verði allt af hin góða, þetta verði viðbót og allt það. En staðreyndin er sú að það er algjörlega skrifað í skýin og það getur enginn tryggt að þróunin verði ekki í gagnstæða átt, að umsvif og skatttekjur sem ella hefðu skilað sér til Íslands, hverfi úr landi í gegnum þessi alþjóðlegu viðskiptafélög.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér, af því að ég tók ekki tíma í það við 2. umr., að vitna aðeins í umsagnir og fylgiskjöl með þessu máli af því að mér finnst það einhvern veginn algerlega hafa farið fram hjá mönnum að ræða um þetta efnislega. Hér er t.d. ágæt grein sem um þetta birtist í tímaritinu Vísbendingu frá 12. febrúar sl. og ég hef nú lesturinn, herra forseti, með góðfúslegu leyfi:

„Ýmis smáríki, sérstaklega í Karíbahafinu, hafa boðið slíkt fjármagn velkomið og hagnast á ýmiss konar rekstri og gjöldum af þjónustu sem tengist fjárvörslu. Lengi vel var þetta tiltölulega smár þyrnir í augum hinna stærri ríkja vegna þess að það var tiltölulega erfitt að nýta sér það skattaskjól sem hugsanlegt var að skýlast í með þessum hætti. Það hefur breyst og nú hefur Efnahags- og þróunarstofnunin (OECD) verið sett í málið og hefur unnið að áætlun um það hvernig hægt er að draga úr þeim skaða sem af slíkri starfsemi leiðir."

Síðan er í þessari grein í Vísbendingu fjallað um vildarkjörin almennt, um vildarskattana og talað er um hvað þarna geti verið á ferðinni, t.d. þessir utanstrandarsjóðir. Svo segir, með leyfi forseta:

„Ekki er sóst eftir beinni erlendri fjárfestingu en þetta veldur því hins vegar að skattstofn annars ríkis lækkar."

Að sjálfsögðu. Út á það er gert að bjóða vildarkjör sem verði þess valdandi að tiltekin starfsemi verði frekar skráð hér en annars staðar og komist þannig í skattaskjól.

Afstaða OECD er síðan sú að þótt menn séu þar á bæ — enda er varla við öðru að búast — ekki andvígir í lágum sköttum í sjálfu sér, þá telja þeir sem þar fara með mál nauðsynlegt að mæla með því að löndin sammælist um „góðar venjur" í skattlagningu. Einnig hafa löndin gengist undir það að útrýma óeðlilegum skattaívilnunum í sínu heimalandi fyrir lok árs 2005. Það væri fróðlegt að heyra hæstv. fjmrh. tjá sig um þetta mál. Er hæstv. fjmrh. sérstaklega upprifinn af þessu fyrirtæki eða hvað segir hæstv. fjmrh. um umsagnir frá sínum embættismönnum sem eiga að annast framkvæmd *þessara mála og eiga að sjá um skattheimtu og skattframkvæmd* í landinu m.a. í kölfarið á lagasetningu af þessu tagi?

Í greininni í Vísbendingu er komið inn á það sem ég nefndi við 2. umr. að að sjálfsögðu væri ástæða til að fara yfir það hvort ekki þurfi að gera hér breytingar í skattamálum ef menn ætla að fara út á þessa braut yfirleitt. Og það er einmitt það sem OECD mælir með. Þar segir, með leyfi forseta:

„Meðal þess sem OECD mælir með er að gerðar verði sérstakar ráðstafanir, svo sem að skattleggja sérstaklega móðurfyrirtæki sem hafa skráð dótturfyrirtæki í skattaparadísum. Einnig eru löndin hvött til að segja upp hvers konar tvíhliða samningum sem hafa verið gerðir við þau lönd sem ekki fara eftir þeim viðmiðunum sem OECD setur fram.

Aðildarríki OECD og aðrir þeir sem þarna koma að málum eru hvattir til þess að segja upp skattasamningum, þar á meðal tvísköttunarsamningum, við þau lönd sem ekki fara að tilmælum OECD, að loka slíkum skattaparadísum en ekki taka þær upp, ekki reyna að fara í algerlega öfuga átt við það sem þarna er verið að boða."

Þó að þeir hjá OECD og þeir sem skrifa þessar greinar í Vísbendingu telji að samkeppnin sé yfirleitt til mikillar blessunar, þá eru menn þó það hreinskilnir að segja:

„Þótt samkeppni sé yfirleitt talin til góðs þá á það sjaldnast við um samkeppni í skattamálum. Ef einhverjir komast upp með að greiða lægri skatta með því að flytja fé sitt úr landi flyst skattbyrðin einfaldlega yfir á hina sem það geta ekki og þar með er komið á ójafnvægi í kerfinu."

Auðvitað, málið er ekki flóknara en þetta.

Herra forseti. Í umsögn Samtaka iðnaðarins er einnig varað við þessu sama. Þar segir m.a. að skattalegar ívilnanir, frísvæði og ríkisstyrkir séu í mörgum tilvikum til þess eins fallnar að ná til sín störfum og skatttekjum frá nágrannaríkjum og brengla skilaboð alþjóðlegra markaða. Það leynir sér ekki að tónninn í umsögn Samtaka iðnaðarins er neikvæður í garð þessa fyrirtækis. Þar vilja menn almennar aðgerðir sem komi öllum til góða. Ég er út af fyrir sig ekki að skrifa upp á það eða gera það að minni stefnu að öllu leyti því að mér finnst þeir hjá Samtökum iðnaðarins vera ansi hallir undir það að fyrirtækin eigi helst ekki að borga neitt til samneyslunnar. Þó er ekkert skammarefni að vera þeim sammála um vissa hluti og ég deili algerlega þeim sjónarmiðum sem þarna eru sett fram um að það að fara út í undirboð og samkeppni með skattalegum niðurgreiðslum eða vildarkjörum af þessu tagi er ekki að fara út á gæfulega braut að mínu mati. Það er ekki rétt braut. Hér á að miða við almennar reglur sem standa öllum til boða jafnt.

Í umsögn ríkisskattstjóra þar sem að sumu leyti eru kannski alvarlegustu athugasemdirnar sem fyrir liggja á pappírum um þessi mál, segir m.a. í framhaldi af því að farið er yfir það að Ísland hafi verið að gera tvísköttunarsamninga við mörg ríki á undanförnum árum, með leyfi forseta:

„Algengt er að í samningum annarra ríkja séu þær ívilnanir, sem samningarnir veita gagnvart skattlagningu á arði og fleiri greiðslum, takmarkaðar eða skilyrtar með því að viðkomandi félag hafi sætt eðlilegri skattlagningu í því landi þar sem það starfar. Vaxandi áhersla er lögð á þetta á síðari árum af ýmsum ríkjum, m.a. með hliðsjón af þeirri umræðu sem vísað er til hér á eftir. Af hálfu Íslands hefur ekki hingað til verið ástæða til að hafa áhyggjur af þessu atriði, þar sem vildarsköttum hefur ekki verið til að dreifa hér á landi. Með fyrirhugaðri lagasetningu kann að verða breyting hér á. Annars vegar kunna ríki, sem samningar hafa ekki enn verið gerðir við, að gera kröfu um að takmarka gildi tvísköttunarsamninga gagnvart fyrirtækjum sem njóta vildarskatta. Hins vegar kann svo að fara að ríki, sem þegar hefur verið samið við, neiti að láta ákvæði gerðra samninga ná til fyrirtækja sem njóta vildarskatta á þeirri forsendu að þeir hafi ekki verið til staðar þegar samningurinn var gerður og brjóti í bága við forsendur hans. OECD hefur m.a. stutt það sjónarmið að þetta sé heimilt."

Það hefur stutt það sjónarmið að gagnvart gildandi tvísköttunarsamningum sé heimilt að undanskilja fyrirtæki eða jafnvel fella sjálfa samningana úr gildi þegar svona stendur á.

„Í alþjóðlegu samstarfi um skattamál, m.a. hjá Evrópusambandinu og OECD, hefur á síðustu missirum verið fjallað um vildarskatta einstakra ríkja eða ríkjahluta og ívilnandi skattareglur innan einstakra ríkja. Stefna þessara samtaka er að afnema í aðildarríkjunum alla vildarskatta sem taldir eru óæskilegir og jafnframt að koma því til leiðar að ríki utan samtakanna geri það einnig."

Enn fremur segir í umsögn ríkisskattstjóra, með leyfi forseta:

„Jafnræðissjónarmið skipta miklu við skattlagningu og er þess krafist af vaxandi þunga að skattlagning sé hin sama hjá öllum aðilum sem eins er ástatt um. Fyrirhugaðar breytingar kunna að vera áhyggjuefni frá þessu sjónarmiði þar sem þær virðast geti falið í sér að skattaðilar, sem eins er ástatt um að flestu leyti, verði skattlagðir með mismunandi hætti, t.d. eftir því hvar þeir hafa keypt þá vöru sem þeir stunda viðskipti með.

Að lokum skal vakin athygli á því að mismunur í skattlagningu leiðir yfirleitt til tilhneigingar til að færa tekjur með ýmsum hætti til fyrirtækja sem njóta vildarkjara við skattlagningu. Getur það m.a. gerst með óeðlilegum viðskiptum milli tengdra aðila. Vegna vildarskatta eru fyrirtæki sem þeirra njóta jafnframt líklegri en önnur til að verða vettvangur tilrauna til peningaþvættis. Litlar hömlur eru í frumvarpinu settar á tengsl alþjóðlegra viðskiptafélaga við önnur félög og einstaklinga hér á landi og margvísleg tengsl möguleg, m.a. í gegnum félög sem skráð eru erlendis en tengsl við erlenda aðila eru engum takmörkunum háð. Þótt í íslenskum skattalögum séu almenn ákvæði um viðskipti milli tengdra aðila eru þau og aðrar skattareglur hér á landi fátæklegar í þessu efni og er skattkerfið ekki vel í stakk búið til að eiga við þær breyttu aðstæður sem samþykkt frumvarpanna mun skapa."

Svo mörg voru þau orð. Hér lýkur lestri úr umsögn ríkisskattstjóra. Ég segi það alveg eins og er, herra forseti, að menn gera ekki mikið með þá sem eiga að hafa framkvæmd þessara mála með höndum, bera ábyrgð á að framfylgja skattalögum og annast skattaframkvæmd í landinu, ef engar efasemdir leita á nokkurn einasta mann hér inni. Hæstv. fjmrh. situr eins og klessa undir þessu og hefur ekki einu sinni tekið þátt í umræðum um þetta mál.

Er ekkert með þetta gerandi? Hverjir eru þarna að tala aðrir en embætti ríkisskattstjóra? Hvar hefur fagþekkingin í þessum efnum byggst upp? Hverjir hafa annast um gerð tvísköttunarsamninga fyrir hönd Íslands við önnur ríki á undanförnum árum aðrir en fyrrverandi og núverandi ríkisskattstjóri, sem voru sérstaklega í þeim verkefnum báðir, ef ég þekki rétt? Heilmikil vinna hefur á undanförnum árum verið lögð í að koma slíkum tvísköttunarsamningum á til að greiða fyrir viðskiptum íslenskra fyrirtækja og starfsemi bæði heima og erlendis. Ekki virðast leita á menn miklar efasemdir um að óhætt sé að stofna þessu í hættu, eftir svo miklu sé að slægjast með að lokka til sín þessi alþjóðlegu viðskiptafélög eða fyrirtæki með sérstökum vildarkjörum í skatti. Að láta þau fá nánast algjört skattfrelsi þýðir að það er í raun eftir tiltölulega litlu að slægjast. Tekjurnar af þessu verða að sama skapi litlar sem prósentan er lág og starfsemin að mestu leyti skattfrjáls. Hér er ekki við því að búast að um mjög mannaflsfreka starfsemi sé að ræða sem feli í sér mikil margföldunaráhrif. Það er ekki endilega svo.

Það er ólíklegt að fyrir þau ríki Karíbahafsins sem hafa reynt að gera út á svona hluti, hvort sem er með hagstæðum sköttum fyrir alþjóðleg fyrirtæki eða með því að leyfa alþjóðlegum skipamiðlurum og bröskurum að nota fána sína, hafi miklar tekjur skilað sér til baka. Tekjurnar af þeirri starfsemi hafa vart skilað sér til Karíbahafsins. Það er a.m.k. þannig með hentifánareksturinn frá Belís og fleiri slíkum löndum. Hann er skúffa í einu skrifborði í Hamborg. Þar situr feitur kall með stimpil og stimplar pappíra sem hann fær, tekur nokkur þúsund dollara fyrir og punktur. Ég er sannfærður um að aldrei fari eitt einasta sent af þeim dollurum niður til Belís. Þannig er gert út á þennan bisness sem ég held að sér ekki sérlega eftirbreytniverður.

Það eina sem gæti haft gildi í þessu sambandi, og ég veit að reynt hefur verið að nota það sem rök fyrir breytingunum, er að í einstökum tilvikum, þar sem íslensk fyrirtæki eru með viðskipti í fjarlægum heimsálfum og versla með vörur sem

ekkert koma við hinu Evrópska efnahagssvæði og eiga sér ekki uppruna þar, geti þau stofnað alþjóðleg viðskiptafélög og skráð þau hér heima. En hvað er þá að gerast í þeim tilvikum?

Dótturfyrirtæki erlendis hafa fallið að venjulegum íslenskum skattalögum og nýlega voru gerðar breytingar á möguleikanum á að færa arð milli dótturfyrirtækja og móðurfélaga og þær reglur gerðar hagstæðari. Það var a.m.k. meiningin að ég hélt hér á sl. ári. Þess í stað munu menn fara út í að stofna alþjóðlegt viðskiptafélag til að koma arðinum í skattaskjól. Eru menn þá að vinna eitthvað sérstakt í þeim efnum? Hugsanlega koma heim um 5% af hagnaði slíkra fyrirtækja, sem ella hefði komið til skattlagningar í hinu erlenda ríki. Þá hljóta menn að átta sig á því að slíku er ekki tekið fagnandi almennt. Halda menn að allir séu kátir yfir því að missa frá sér atvinnustarfsemi í eitthvert slíkt skjól? Um það snýst málið og það er verið að reyna að koma í veg fyrir. Um leið og einn hagnast á svona löguðu þá tapar annar, er það ekki?

Ég held að það væri geðslegri framtíð að Ísland skipaði sér með þeim ríkjum sem taka þátt í að samræma leikreglurnar og koma í veg fyrir undirboð og vitleysisgang af þessu tagi. Svona fyrirkomulag þjónar engum tilgangi og hefur margar neikvæðar hliðar, herra forseti.

Þó ekki kæmi til annað en það mat ríkisskattstjóra, að íslensk skattalög og embættið sjálft séu illa undir það búin að mæta þessum breytingum, þá furðaði ég mig á því hvað mönnum gengur til með að knýja þetta hér í gegn. Af hverju fara menn þá ekki frekar út í að skoða breytingar í þá átt að taka upp samstæðuskattlagningu svipað og Danir hafa á móðurfyrirtækjum í heimalandinu og dótturfyrirtækjum erlendis? Þannig mætti a.m.k. ná utan um þann þátt málsins. Af hverju leggja menn ekki vinnu í að fara yfir stöðu tvísköttunarsamninganna og skattasamskipti við önnur ríki áður en að menn rjúka út í breytingar af þessu tagi?

Þetta mál, herra forseti, er illa ígrundað og illa undirbúið montmál hjá íhaldinu, sem hefur verið að taka þetta upp á fundum hjá sér. Þeir ætla örugglega að fagna því á landsfundinum núna um helgina, að verið sé að breyta Íslandi í lágskattaparadís fyrir alþjóðleg braskfélög í anda þess kúltúrs sem oftast er kenndur við Karíbahafið. Ég segi bara: Verði þeim að góðu. Ef metnaður manna er ekki rismeiri en þetta þá er ekki von á góðu.

Ef menn hefðu lagt fyrir í málinu einhver dæmi um æskilegar breytingar á íslenskri skattalöggjöf vegna íslenskra fyrirtækja með starfsemi erlendis, til að auka líkur á að arður skilaði sér hingað heim og yrði eðlilega skattlagður, þá væri sjálfsagt að líta á slíkt. Það nægir ekki að nefna aðeins eitt dæmi, jafnvel þó það sé að einhverju leyti tengt Siglufirði, sem rök fyrir breytingum af þessu tagi. Það bara dugar ekki. Menn verða að fjalla efnislegar um hlutina en ég hef hingað til heyrt í þessu máli.

Herra forseti. Það hefur sjálfsagt ekki upp á sig að lengja umræður um þessi mál. Ég vísa í þau fylgiskjöl sem fylgja með nál. og reyndar lét ég dreifa ítarefni, enskum textum um þessi efni. Vilji menn hafa frumheimildir undir höndum, t.d. um það sem verið er að vinna í þessum efnum á vettvangi OECD, þá er séð fyrir því. Menn geta kynnt sér þessi gögn. Þeim var dreift hér á borð þingmanna undir fyrirsögninni Ítarefni með fskj. III í þskj. 907, nál. um frv. til laga um alþjóðleg viðskiptafélög frá 1. minni hluta efh.- og viðskn.

Ég, herra forseti, hef enga sannfæringu fyrir því að þörf sé á eða yfir höfuð skynsamlegt að knýja á um þessa lagasetningu hér og nú. Hún er allt of illa undirbúin til þess. Auk þess sem ég hef grundvallarefasemdir um að Ísland eigi yfir höfuð að leggja út á þessa braut þvert gegn þróuninni á alþjóðavettvangi þar sem menn eru að reyna að komast í hina áttina. Það er auðvitað ekkert annað en argasta tímaskekkja, herra forseti, að menn skuli sitja svo rígfastir í gömlum hjólförum og fornum frösum sem þeir lærðu á uppeldis- og uppvaxtarárum sínum í stuttbuxnadeild Sjálfstfl. Það er dapurlegt að þeir ætli að dragnast með slíka forneskju með sér alla leið inn í nýja öld.

[14:54]

Útbýting þingskjala:

Lánasjóður landbúnaðarins, 607. mál, frv. landbn., þskj. 1133.

Sýslur, 606. mál, þáltill. HG, þskj. 1132.

Vinnuumhverfi sjómanna, 81. mál, nál. umhvn., þskj. 1131.

[14:54]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við þetta mál. Hún er algjörlega tæknilegs eðlis og felst í því að orðin „eða varðhaldi“ í 21. gr. falli brott.

[14:55]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fara nokkrum orðum um þetta frv. um alþjóðleg viðskiptafélög, ekki hvað síst þar sem ekki var samstaða í hv. efh.- og viðskn. um málið. Ég stóð að meirihlutaálti nefndarinnar með fyrirvara. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði grein fyrir minnihlutaáliti frá nefndinni við 2. umr. og ítrekaði röksemdir sínar gegn frv. nú við 3. umr.

Ég vil hins vegar freista þess að draga fram nokkra þætti sem gera það að verkum að ég styð þetta mál þó ég hafi á því fyrirvara. Hér er lagt til að koma á löggjöf um alþjóðleg viðskiptafélög. Félögin væru skráð hér á landi og fengju skattalegar ívilnanir. Meginhugsunin á bak við þetta er að við getum laðað til okkar starfsemi á alþjóðlegum mörkuðum sem ella færi fram hjá hagkerfi okkar.

Þetta er víða gert. Við sjáum í þessu sóknarfæri á vettvangi heimsviðskipta, sérstaklega á sviði sjávarútvegs. Ég bendi á að sjávarútvegurinn er eini atvinnuvegurinn þar sem við mælumst yfirleitt á heimsmælikvarða. Viðskipti okkar með sjávarafurðir eru svona 1,5 milljarðar dollarar af u.þ.b. 50 milljörðum. Umsvif okkar í heimsviðskiptunum eru því 2–3%. Þar hefur orðið mikil aukning á síðustu árum þannig að ef við ætlum að halda hlut okkar í heimsviðskiptum með t.d. sjávarfang, þá verðum við að versla með fisk á heimsmarkaði. Við þurfum að nýta þá markaðsþekkingu og -starfsemi sem við höfum í Vesturheimi.

Þetta frv. getur hjálpað til við þetta. Það getur orðið til þess að við fáum til okkar fyrirtæki sem eru í eigu Íslendinga eða útlendinga sem stunda viðskipti. Við þetta verður ákveðin verðmætasköpun til í hagkerfi okkar auk þess sem íslenskir aðilar geta unnið við þessa umgjörð.

Hins vegar er alveg ljóst að upplegg þessa frv., að veita skattaívilnanir, kallar á mat á því hvort réttlætanlegt sé að fara úr almennum reglum yfir í sérreglur. Í þessu tilfelli tel ég skynsamlegt að láta á það reyna hvort við löðum til okkar viðskipti eða hefjum viðskipti á heimsmarkaði sem verða samfélagi okkar til bóta.

Inn í þetta frv. kom mikilvægt ákvæði, herra forseti, fyrir mitt frumkvæði m.a., um ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo:

„Viðskrh. skal fyrir árslok 2001 leggja fram skýrslu á Alþingi um áhrif laganna á íslenskt efnahagslíf."

Þannig er alveg augljóst með hvaða viðhorfi meiri hluti efh.- og viðskn. afgreiðir málið. Hér er ætlunin að setja lög og síðan á að kanna áhrifin af þeirri lagasetningu og gefa um það skýrslu á hinu háa Alþingi. Alþingi fær því tækifæri eftir tvö ár til að endurmeta þessi lög og fella þau þá úr gildi eða endurskoða ef talin verður ástæða til.

Ég sé enga ástæðu, herra forseti, til að hafa áhyggjur af þessu frv. Ég er ekki sammála félaga mínum í efh.- og viðskn., hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Við erum oft sammála en ekki alltaf, enda hvor í sínum stjórnmálaflokknum. Ég tel ekkert óeðlilegt við að reyna að búa til lagalega umgjörð um hugmyndafræðina sem ég lýsti hér áðan. Hins vegar er hægt að færa rök gegn því eins og hann gerði en þá verða menn vitaskuld að meta hvor rökin eru meira sannfærandi.

Ég sé enga hættu, herra forseti, í lögfestingu frv. í þessum búningi, sérstaklega þar sem málið kemur aftur til Alþingis sem skýsla viðskrh. Ég á þá von að það leiði til jákvæðrar athafnasemi í viðskiptaumhverfinu og gefi okkur færi á að hasla okkur frekari völl í heimsviðskiptum. Ég held að það geti bæði aukið atvinnumöguleika ungs og vel menntaðs fólks, sem við höfum yfir að ráða. Auk þess gæti þetta gefið okkur tækifæri til að taka þátt í nútímalegum viðskiptum. Heimsviðskipti eru farin að skipta sífellt meira máli í verðmætasköpun einstakra landa. Það er ekkert að því að gera eins og önnur lönd, að búa til sérstakan laga- og skattaramma um tiltekna starfsemi. Að mínu mati er rangt að segja það jafngilda hentifánaútgerð eða þess háttar, sem við þekkjum frá ýmsum löndum þriðja heimsins. Það er ekki sú umgjörð sem skapast með þessu frv.

Endurmatið mun fara fram innan tveggja ára. Ég lít svo á að hér sé um að ræða nútímalega lagasetningu. Hér er verið að búa til ramma um tækifæri sem e.t.v. muni gefast á heimsmarkaði. Hvort við náum að nýta þau mun reynslan leiða í ljós en málið er þess vert. Fyrirvari minn gagnvart málinu hefur fengið góðan hljómgrunn, um að málið komi aftur til Alþingis. Ég hef ekki þær áhyggjur sem minni hluti efh.- og viðskn. lýsti áðan. En eins og oftast verður reynslan að kveða upp úr um áhrif þessara laga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, 3. umr.

Stjfrv., 359. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 495.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kortlagning ósnortinna víðerna á Íslandi, síðari umr.

Þáltill. KH og GGuðbj, 327. mál. — Þskj. 404, nál. 1103. [15:05]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. umhvn. um kortlagningu ósnortinna víðerna.

Þáltill. þessi er flutt í framhaldi af þáltill. um ósnortin víðerni og nefndarstarfi sem fylgdi í kjölfar samþykktar þeirrar þáltill. Hæstv. umhvrh. skipaði nefndina og komst hún að niðurstöðu um hvernig skilgreina skuli ósnortin víðerni.

Hér á landi er vaxandi skilningur á þeirri staðreynd að ósnortið land og villt náttúra er auðlind sem ber að varðveita. Það er því eðlilegt að nú sé gengið til verks við kortlagningu slíkra víðerna þannig að hægt sé að halda því starfi skipulega áfram sem unnið var í nefndinni um ósnortin víðerni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, 2. umr.

Stjfrv., 352. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 475, nál. 1059 og 1091, brtt. 1060 og 1094. [15:07]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta hv. umhvn. um breytingu á lögum um skipulags- og byggingarmál.

Frv. tekur á svæðisskipulagi miðhálendisins. Frv. þess efnis var lagt fram í þinginu á síðasta vori en hlaut ekki afgreiðslu. Lagasetning um svæðisskipulag miðhálendisins tengist einnig breytingu á sveitarstjórnarlögum þar sem sveitarfélög ná inn til miðju miðhálendisins. Það var mál manna að þá væri nauðsynlegt að taka skipulega og heildstætt á skipulagsmálum miðhálendisins þannig að öll sveitarfélög sem hlut eiga að máli komi þar til sögunnar ásamt öðrum sveitarfélögum sem ekki eiga land að miðhálendinu.

Frv. sem hér liggur fyrir fékk allmikla breytingu í nefndinni og afar mikla umræðu. Nefndin fékk fjölda umsagna og gesta til sín og lagði mikla vinnu, og ég vil segja vandaða vinnu í umfjöllun og endurskoðun á frv.

Brtt. snerta flest meginsvið frv. og ber þess fyrst að geta að þær gera ráð fyrir því að línan sem markar svæðisskipulag miðhálendisins sé sama lína og notuð var í því skipulagi sem unnið var fyrir miðhálendið 1985–1988. Um þá línu náðist víðtækt og gott samkomulag við landeigendur og sveitarstjórnir, enda naut sú nefnd sem vann að því svæðisskipulagi mikils trausts og velvildar heimamanna. Ég vil láta það koma sérstaklega fram við þessa umræðu að ég tel að sú nefnd hafi unnið tímamótastarf og skilað góðu verki. Við viljum nýta okkur þetta góða verk á þann hátt að sú lína sem mörkuð var í því svæðisskipulagi verði nýtt til frambúðar.

Þó er gert ráð fyrir því að hægt sé að breyta línunni. Þá skal frumkvæðið að slíku koma frá hlutaðeigandi sveitarfélögum og svæðisskipulagsnefnd miðhálendisins. Skal hvor aðili um sig í samráði við hinn gera tillögu til umhvrh. og hann úrskurða um línuna. Vænti ég þess að með þessu náist áframhaldandi sátt um það svæði og afmörkun þess sem frv. gerir ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Þá vil ég einnig geta um þær brtt. sem umhvn. gerði á skipan nefndarinnar sem fjalla á um svæðisskipulag miðhálendisins. Meginatriði í nefndarskipaninni er sú að fulltrúar allra landsmanna komi að verkinu, einnig fulltrúar frá þeim svæðum landsins sem ekki eiga land að miðhálendinu. Í frv. var gert ráð fyrir því að umhvrh. tilnefndi einn mann úr hverju kjördæmi landsins og haft yrði samráð við Samband ísl. sveitarfélaga.

Eftir að hafa kannað málið mjög rækilega og verið í sambandi við fjölmarga sveitarstjórnarmenn um allt land varð niðurstaða nefndarinnar sú að breyta þessu á þann veg að færa tilnefningarvaldið heim í hérað, heim til þeirra sem næst liggja miðhálendinu. Nú er gert ráð fyrir því að einn maður komi úr hverju kjördæmi landsins og úr þeim fimm kjördæmum sem liggja að miðhálendinu séu tilnefndir menn þannig að þeir séu tilnefndir af sveitarfélögum sem land eiga að miðhálendinu. Þar að auki er einn fulltrúi valinn úr þessum kjördæmum. Hann skal tilnefndur af umhvrh. og koma úr sveitarfélögum sem ekki eiga land að miðhálendinu. Þetta er gert til að koma til móts við þau sveitarfélög sem ekki eiga land að miðhálendinu en eiga eigi að síður mikilla hagsmuna að gæta svo sem vegna upprekstrar, vegna veiði, vegna aðildar að virkjunarmálum og fleiri hagsmuni mætti telja.

Sú skipan sem ég hef lýst á við um fimm kjördæmi sem liggja að miðhálendinu. Þá eru valdir þrír menn úr þremur öðrum kjördæmum, þ.e. frá Vestfjörðum, Reykjanesi og Reykjavík. Þar skal Fjórðungssamband Vestfjarða tilnefna sinn mann frá Vestfjörðum, í Reykjavík eða Reykjavíkurkjördæmi skal Reykjavíkurborg tilnefna einn og af Reykjanesi skulu samtök sveitarfélaga tilnefna einn, en þar eru tvö samtök sveitarfélaga, annars vegar Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Skulu þau koma sér saman um einn fulltrúa. Þá eru taldir fulltrúar kjördæmanna.

Einnig er gerð tillaga um að félagasamtök um útivist tilnefni einn fulltrúa og síðan hefur umhvrh. heimild til þess að tilnefna, ef hann kýs svo, fjóra áheyrnarfulltrúa. Skulu þeir hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Það er álit nefndarinnar að þessir áheyrnarfulltrúar ættu að koma frá hagsmunaaðilum. og þá er átt við að einn komi frá þeim sem hafa beitarréttindi, þ.e. bændum og landeigendum, annar komi frá orkugeiranum, sá þriðji frá ferðaþjónustu og ferðamálum og sá fjórði frá Náttúruvernd.

Á það ber að líta, þegar hugsað er til þess að þeir aðilar eru áheyrnarfulltrúar en ekki með fyllstu réttindum á við aðra, að þeir málaflokkar sem ég hef nú talið, þ.e. orkan, ferðamálin, náttúruverndin og beitin, eiga aðgang að skipulagsmálum gegnum stjórnsýslustofnanir. Það eiga hins vegar útivistarmenn ekki en eiga þar eigi að síður mikilla hagsmuna að gæta og nýta hálendið á margvíslegan hátt.

Þá vil ég einnig koma að brtt. sem gerðar hafa verið á vinnuferli hvað svæðisskipulag varðar. Um það er sérstök grein, 3. gr., sem nær í raun og veru til 13. gr. í frv. og er þar ítarlega fjallað um skipulagsferlið, hvernig á skuli halda, hvernig hugmyndir og tillögur skuli koma til svæðisskipulagsnefndarinnar og hvernig hún skuli með fara og hvernig hún komi málum sínum til Skipulagsstofnunar ríkisins.

Ég vil sérstaklega geta þess að umhvn. leitaði mjög eftir því við sveitarstjórnarmenn um land allt hvort lögð væri áhersla á það að eitt einstakt sveitarfélag gæti haft neitunarvald í svæðisskipulaginu, þ.e. að þegar svæðisskipulagstillagan væri lögð fyrir gæti eitt sveitarfélag, skv. 13. gr. skipulags- og byggingarlaganna, neitað og stöðvað þar með skipulagsferlið. Skemmst er frá því að segja að það var má heita einróma álit sveitarstjórnarmanna og þeirra sem reynslu höfðu af starfinu í þeirri nefnd sem vann fyrirliggjandi svæðisskipulag að þetta væri óheppilegt. Í þeirri grein sem ég lýsti hins vegar um ferli í skipulagsvinnunni er tekið á því hvernig skuli með fara ef eitt sveitarfélag eða einhver sveitarfélög vilja ekki sætta sig við niðurstöðurnar.

Virðulegi forseti. Þetta eru megindrættir þeirra brtt. sem umhvn. gerir. Að langmestu leyti er verið að færa valdið heim í hérað og koma til móts við óskir sveitarstjórnarmanna án þess að skerða aðild þeirra sem koma nýir að málinu, þ.e. útivistarmanna og annarra slíkra skyldra hópa og sveitarfélaganna sem fjær liggja miðhálendinu.

Ég vænti þess að frv. fái hér farsæla afgreiðslu. Það er mikið kappsmál að ljúka því og fá þar með skikk og skipan á þessi mikilvægu og mikilsverðu mál.

[15:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst af þeirri tillögugerð sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hefur haft frumkvæði að að meiri hlutinn og sér í lagi hinir ágætu umhverfisvænu þingmenn Framsfl., þar sem hv. þm. fer fremstur í flokki, eru lentir í vandræðum. Hvernig ætlar hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson að réttlæta það að jafnvel samkvæmt þessum tillögum sem hann leggur nú fyrir þá hafa náttúruverndarsamtökin engan fulltrúa? Þegar við ræddum þetta við 1. umr. kom það glöggt fram í ýmsum viðbrögðum hv. þm. við því sem þá var sagt að hann lagði ekki þá merkingu í orðin fulltrúi útivistarsamtaka að undir þau féllu fulltrúi náttúruverndarsamtaka.

Það blasir við að náttúruverndarsamtökin hafa mikinn áhuga á þessu máli. Þau hafa fjallað um þetta á margvíslegan hátt, staðið fyrir mörgum uppákomum og stórfundum og það á að útiloka þau frá þessu. Hvernig í ósköpunum getur hv. þm. varið það? Mér þætti vænt um að heyra hvort hann telur frá sjónarhóli sínum að æskilegt sé að þau fái einhvers konar þriðja flokks status í þessari nefnd með því að hæstv. umhvrh. hefur heimild til að skipa einhvern úr þeirra hópi, eða svo skildi ég málflutning hv. þm.

Hvernig í ósköpunum getur hann réttlætt það eftir að hann hefur verið boðberi og talsmaður jákvæðrar náttúruverndar, sem er fátítt úr röðum framsóknarmanna? Hvernig getur hann, ekki bara fallist á þetta, heldur haft frumkvæði að þessu? Hann kastar hagsmunum náttúruverndar fyrir róða með þessum hætti.

[15:21]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að ég berst mjög fyrir náttúruvernd og umhverfismálum.

Eins og frv. leit út þegar það kom til umfjöllunar hjá umhvn. var ekki gert ráð fyrir því að neinn náttúruverndarmaður kæmi þar við sögu. Niðurstaðan er hins vegar sú að nú er lagt til að náttúruverndarmaður geti komið sem áheyrnarfulltrúi í nefndina. Þannig að málið hefur svo sannarlega hnikast og þokast í átt til þess sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson leggur áherslu á.

Ég bið hv. þm. og aðra sem þetta heyra að minnast þess að mjög sterk rök sveitarstjórnarmanna hníga að því að eingöngu hinir heðbundnu og stjórnsýslulegu, ef ég má svo orða, aðilar skipulagsmála, þ.e. sveitarstjórnirnar skuli koma

að skipulagsmálum. Það er algjörlega nýtt slíkir hópar komi með beinum hætti að skipulagsmálum. Ég tel að um leið og við tökum þetta skref sé eðlilegt að fara þar með varfærni og kanna hvaða reynsla hlýst af því.

Þá er á það að líta sem ég gat um áðan að náttúruvernd á aðgang að skipulagsmálum á stjórnsýslulegan hátt, þ.e. bæði vegna umhvrn. og umhvrh. og vegna Náttúruverndar ríkisins, sem á margvíslegan hátt getur haft áhrif á skipulagið. Mér er alveg ljóst að sú stjórnsýsla er ekki sama og áhugamannahópar en ég vil heldur ekki gera lítið úr náttúruverndaráherslum útivistarmanna.

[15:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þessa ræðu er hægt að hafa eftirfarandi orð: Fyrst er það vont og svo versnar það. Fyrst er búið að taka hæstv. umhvrh. og vinda hann eins og svamp og taka af honum öll völd. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, sem var síðasta von okkar sem berum hag umhverfis og náttúru fyrir brjósti, kemur síðan hér upp, þessi ágæti þingmaður, sem hefur látið margt gott af sér leiða í þessum efnum, og festir sig í feni einhverra stjórnsýsluraka.

Staðreyndin er einfaldlega þessi: Hv. þm. kom hérna upp og sagði að æskilegt væri að náttúruverndarsamtökin kæmu með einhverju móti að þessu. Það hefði hins vegar ekki verið gert ráð fyrir því í hinu upphaflega frv., sem hann heimilaði að yrði lagt fram, og því miður væri ekki heldur gert ráð fyrir því núna en það væri að vísu heimild fyrir ráðherra að taka þá inn sem einhvers konar þriðja flokks fulltrúa.

Herra forseti. Þetta er auðvitað ekki boðlegt og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson á ekki að láta bjóða sér þetta. Hann er allt of góður og heiðarlegur þingmaður til þess að gera það. Hann á einfaldlega að taka svari náttúruverndarsamtakanna, taka svari náttúrunnar, eins og hann gerði í fyrra, og fara eftir samvisku sinni en láta ekki troða á sér með þessum hætti. Það er okkur öllum til minnkunar að horfa upp á það þegar menn koma með málflutning af þessu tagi vegna þess að ljóst er að þetta er ekki það sem hv. þm. vildi í upphafi gera. Hann hafði allt aðra skoðun og hvernig stendur þá á því að hann lætur ekki hjartað ráða? Það hefur gefist honum vel áður og það hefur gefist umhverfisverndarsinnum vel áður að hv. þm. hafi farið eftir því sem honum finnst réttast.

Hér kemur hv. þm. með rök sem standast ekki, með rök sem í rauninni fara gegn því sem hann hefur áður sagt að hann vilji. Og þar fyrir utan, herra forseti, hvernig ætlar hv. þm. að verja það fyrir kjósendum sínum að við hér á þéttbýlasta svæði landins höfum einn fulltrúa í þessari nefnd? Og hvernig ætlar hv. þm. að skýra fyrir þeim kjósendum sömu rök og hann var með hérna, að þeim sem byggju í sveitarfélögunum sem lægju að miðhálendinu finnist þung rök hníga að því að þeir eigi að sjá um þessi mál? Þetta er í andstöðu við hagsmuni okkar sem búum í þessu þéttbýla kjördæmi.

[15:26]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Útivistarsamtök hafa verið stofnuð í þessu landi sem heita Samtök útivistarfélaga. Í þeim eru 13 samtök og væntanlega tugir þúsunda félagsmanna. Í þessum hópi eru augljóslega og vissulega miklir náttúruverndarsinnar. Þessi samtök starfa nú skipulega þannig að þau geta skipað fulltrúa sinn og komið fram sem talsmenn náttúruverndar og umhverfismála.

Það er alrangt að ætla það að náttúruverndarsjónarmiðum sé ekki fullnægt með því að láta umhverfissamtökin koma til sögunnar í þessu, þó að náttúruverndarsamtök séu ekki mörg hér í landi en þau eru orðin þó nokkur.

Við spurningu hv. þm. eða ábendingu um að aðeins einn fulltrúi kæmi frá höfuðborgarsvæðinu eða frá höfuðborginni er á það að líta að svæðisskipulag miðhálendisins, áður en þetta frv. kemur til sögunnar, tilheyrir sveitarstjórnunum sem land eiga að miðhálendinu. Skipulagslögin fela það í sér. Þannig að við erum hér að svipta þau svæðisskipulagsréttinum, hinum einhliða svæðisskipulagsrétti, og færa það ... (Gripið fram í.) Það segir svo í skipulags- og byggingarlögunum að svæðisskipulag skuli gert af viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarfélögin ná inn til miðju hálendisins, þ.e. þau fara með svæðisskipulagið.

Núna er verið að skerða þennan rétt, nú er verið að hleypa öðrum að. Það er ekki gert á grundvelli mannfjölda eða víðfeðmi lands heldur er það gert með þeim hætti sem hérna er og brjóta blað, að fulltrúar hinna kjördæmanna sem ekki eiga land að, eins og Reykjavík og Reykjanes, fái fulltrúa og það tel ég vera söguleg tímamót.

[15:29]

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 585. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 1139.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 526. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1138.

Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, 5. mál, nál. menntmn., þskj. 1137.

[15:29]

Frsm. minni hluta umhvn. (Magnús Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Það væri að bera í bakkafullan lækinn að rekja tildrög þess frv. til breytinga á skipulagslögum sem hér liggur fyrir Alþingi til afgreiðslu. Svo mikinn tíma tók umræðan í vor um þá stefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar að færa fámennum sveitarfélögum við miðju landsins allan stjórnsýslurétt á hálendinu sem Íslendingar höfðu þangað til litið á sem sameign sína.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir átti að vera viðleitni til að lægja þær öldur sem þá risu um stefnu hæstv. ríkisstjórnar. En það er álit okkar, herra forseti, fulltrúa Samfylkingarinnar í umhvn., að svo verði ekki. Í nál. minni hlutans segir, með leyfi forseta:

„Samfylkingin leggur til að komið verði á samræmdu umhverfis- og auðlindaskipulagi á Íslandi sem nær til miðhálendisins. Umhverfis- og auðlindaskipulagið yrði á stjórnsýslustigi ríkis og unnið af stofnunum þess í samvinnu við einstök fagráðuneyti og væru sveitarfélög bundin af því. Í umhverfis- og auðlindaskipulagi yrði útfærð stefna stjórnvalda sem tæki til stærstu þátta í nýtingu lands og samþættingar áætlana um landnotkun og landnýtingu. Þar yrði fjallað um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki, náttúruvernd, varðveislu sögulegra minja og landnotkun í þágu atvinnuvega og byggðar í meginatriðum. Hlutverk slíks skipulags yrði m.a. endurskoðun og samhæfing landnýtingar- og landnotkunaráætlana.

Þegar sveitarfélögum sem liggja að miðhálendinu var falið að annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlunar fyrir miðhálendið vakti það hörð mótmæli af hálfu stjórnarandstöðunnar, fulltrúa orku- og ferðamála og fjölmargra samtaka um náttúruvernd og útivist. Mikilvægt er að tryggja

samræmt skipulag miðhálendisins sem byggist á heildarsýn á alla hagnýtingu þess. Það eiga hin ólíku sveitarfélög erfitt með að tryggja. Því var lagt til að miðhálendið yrði gert að sérstöku stjórnsýslusvæði sem færi með skipulags- og byggingarmál. Þrátt fyrir veigamikil rök fyrir sérstöku stjórnsýsluumdæmi á miðhálendinu náði hugmyndin ekki fram að ganga og hefur sveitarfélögum nú verið falið skipulagsvaldið þar með stækkun þeirra inn að miðju landsins. Samfylkingin telur að fagleg vinnubrögð hafi skort við fyrirkomulag skipulagsmála hjá ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin hefur ekki gætt almannahagsmuna.

Samvinnunefnd miðhálendisins, sem lagt er til að sett verði á laggirnar með frumvarpi til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, getur ekki tryggt að skipulag sveitarfélaganna endurspegli stefnumið stjórnvalda á viðkomandi sviðum eða að gætt verði samræmis við skipulagningu miðhálendisins. Umboð og starfssvið nefndarinnar takmarkast við skipulagstillögur fyrri samvinnunefndar. Í þeim mörgu umsögnum sem bárust um þær tillögur komu fram alvarlegar athugasemdir um að þar væri í veigamiklum atriðum ekki tekið tillit til þeirrar stefnumörkunar sem þegar hefði verið unnin. Að mati minni hlutans getur samvinnunefndin ekki tryggt samfellu og samræmi í skipulagi miðhálendisins, a.m.k. ekki í andstöðu við einstakar sveitarstjórnir sem fara með aðalskipulag í sínu sveitarfélagi.

Samfylkingin leggur til að Alþingi afgreiði umhverfis- og auðlindaskipulag á miðhálendinu með þingsályktun. Með því móti tekur Alþingi ábyrgð á heildarskipulagi miðhálendisins. Verði þessi stefnumörkun í skipulagsmálum miðhálendisins samþykkt telur minni hlutinn að næsta skref í þessum málum verði að þetta samræmda umhverfis- og auðlindaskipulag nái til alls landsins. Minni hlutinn telur hins vegar rétt að láta þessa stefnumótun ná til miðhálendisins fyrst enda er mestur ágreiningur um skipulagsmál þar. Að mati Samfylkingarinnar er mjög mikilvægt að sátt verði um fyrirkomulag skipulagsmála í framtíðinni.

Með sérstöku auðlinda- og umhverfisskipulagi verður mótaður skipulagsrammi um þessar sameiginlegu auðlindir þjóðarinnar. Þetta skipulag varðar markmið ríkisvaldsins um framtíðarnotkun landsins og nýtingu gæða þess. Sveitarfélögin halda eftir sem áður aðal-, svæðis- og deiliskipulagsrétti sínum.

Samfylkingin telur að hefjast ætti handa við útfærslu samræmds umhverfis- og auðlindaskipulags á miðhálendinu eins og því er lýst hér að framan. Þess vegna telur minni hlutinn ekki tímabært að afgreiða fyrirliggjandi frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum og leggur til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Herra forseti. Það er ljóst að tillaga meiri hluta umhvn. er borin fram í óþökk margra. Í fyrsta lagi tryggir hún engan veginn hin heildrænu sjónarmið sem lýst er í minnihlutaálitinu og felast í tillögunni um umhverfis- og auðlindaskipulag á landsvísu þar sem valdssvið skipulagsnefndarinnar er óljóst og réttur hennar gagnvart aðalskipulagi og deiliskipulagi sveitarfélaganna er ekki skýr.

Í öðru lagi liggur fyrir að fulltrúar þeirra tveggja þriðju hluta þjóðarinnar sem búa á höfuðborgarsvæðinu eiga í besta falli fimm fulltrúa af tólf nefndarmönnum, ef formaður nefndarinnar, fulltrúi félmrn. og útivistarsamtaka eru af því svæði, en í versta falli einn ef enginn þessara fulltrúa er þaðan og fulltrúi Reykjaneskjördæmis er af Suðurnesjum.

Í þriðja lagi er engin sátt um þetta hjá sveitarfélögunum hringinn í kringum landið þar eð þeim finnst nefndin vera komin inn á sitt verksvið í skipulagsmálum og að staða aðalskipulags og deiliskipulags þeirra sé óljós. Þá erum við komin með tvenns konar sveitarfélög hér á landi, þau sem ráða sínu skipulagi alfarið sjálf og þau sem þurfa að leita til sérstakrar svæðisskipulagsnefndar um hálendið með sitt skipulag. Endanlegt úrskurðarvald er svo í höndum ráðherra.

Herra forseti. Það er trú okkar í Samfylkingunni að ef tekið yrði undir hugmynd okkar um umhverfis- og auðlindaskipulag á landsvísu þá yrði þessi vandi leystur í eitt skipti fyrir öll. Litið yrði í fyllingu tímans á landið allt sem eitt skipulagssvæði þar sem Alþingi mótaði grófa stefnu um nýtingu þess til framtíðar. Aðkoma allra landsmanna að gerð þessa skipulags yrði sem jöfnust, óháð búsetu, og að lokum sætu sveitarfélög við sama borð þegar kæmi að svæðis-, aðal- og deiliskipulagi. Þau yrðu öll að taka tillit til stefnumótunar í umhverfis- og auðlindaskipulagi. Tillaga okkar snýr þó að því að í fyrstu verði hálendið tekið fyrir þar eð um það svæði hefur staðið mestur styr.

Herra forseti. Það er engin ástæða til að kljúfa þjóðina í fylkingar í þessu máli. Því miður varð sú þó raunin síðasta vor þegar stefnumörkun um framtíð hálendisins var færð í hendurnar á litlum hluta þjóðarinnar með afmarkaða hagsmuni. Sú tilraun til að leiðrétta þann gerning sem hér liggur frammi í tillögu meiri hluta umhvn. er ekki til þess fallin. Hún svarar ekki ákalli þjóðarinnar um aðkomu að stefnumörkun í nýtingu umhverfis og auðlinda. Hún svarar ekki kröfum sveitarstjórna sem liggja að hálendinu um að sitja við sama borð og önnur sveitarfélög landsins þegar kemur að skipulagsmálum.

Herra forseti. Skynsamleg nýting auðlinda lands og þjóðar er forsenda fyrir áframhaldandi byggð í landinu. Við verðum að tryggja að um hana náist sátt meðal þjóðarinnar og að hún hafi ekki á tilfinningunni að ríkisvaldið láti einskis tækifæris ófreistað til að færa valdið úr hennar höndum og í hendur fárra einstaklinga sem af einhverjum ástæðum eru henni þóknanlegir á hverjum tíma. Samfylkingin mun leitast við að ríkisvaldið nái sátt við þjóðina í þessum efnum þegar hún fær umboð til þess. Það verður vonandi ekki síðar en á þessu vori.

[15:37]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það nál. sem hér var mælt fyrir kemur fram með hugmynd sem ég vil út af fyrir sig ekkert vísa frá sem athugunarefni. En það sem ég tel vera veikleikann í þeirri tillögu, því nál. sem hér liggur fyrir, er að hún tengist tæplega stöðu mála og veruleikanum eins og hann blasir við okkur nú og setur mál í mikla óvissu varðandi framhaldsmálsmeðferð, miðað við afgreiðslu mála, m.a. síðasta vor.

Ég spyr hv. talsmann minni hlutans hvort hann telji að betra sé að skilja málið eftir án þess að til sé samvinnunefnd um svæðisskipulag sem taki á málum og reyni að gæta heildstæðra sjónarmiða eins og gert er ráð fyrir í frumvarpsgreininni, frekar en að skilja málið eftir opið, eins og yrði ef þetta yrði afgreiðsla mála.

Ég tel í öðru lagi — það er mitt stöðumat út frá verndarsjónarmiðum — að betra sé að þessi mál séu í höndum sveitarfélaga að vissu marki, jafnvel þótt fámenn séu, heldur en að inn í það komi fulltrúar ráðuneyta þess ríkisvalds sem nú fer með völdin á Íslandi með orkuhagsmunina fremsta í flokki, fremst á sínum lista til að skapa þeim styrkari stöðu,

en það kæmi að mínu mati út úr því ef við færum að setja á fót svona skipulagsform, þ.e. umhverfis- og auðlindaskipulag á stjórnsýslustigi ríkis og unnið af stofnunum þess í samvinnu við einstök fagráðuneyti og væru sveitarfélög bundin af því.

Ég er ekki að hafna því sjónarmiði að ekki geti verið gilt að líta á málin heildstætt. En það er mitt stöðumat að verndarhagsmunirnir stæðu mun veikari fæti en blasir við að þeir gerðu í því svæðisskipulagi sem nú liggur fyrir og þeim tillögum, ef þetta væri sett í hendur ríkisvalds, sem því miður er harla skammsýnt í sinni nálgun að miðhálendinu.

[15:39]

Frsm. minni hluta umhvn. (Magnús Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Austurl. benti á það sem hann telur að séu veikleikar í tillögu okkar og að hún tengdist tæplega veruleikanum eins og hann væri nú.

Hins vegar má á það benda að það er skoðun okkar sem stöndum að þessu minnihlutaáliti, að byrjað hafi verið á öfugum enda í þessum málum. Menn eru núna þess albúnir að hefja svæðisskipulagsvinnu áður en stefnumótun um hvernig nýting á hálendinu á að vera liggur fyrir frá Alþingi sem á náttúrlega að vera sá aðili sem tekur um þetta ákvarðanir og setur landsmönnum stefnu um hvernig hálendið skuli nýtt til framtíðar þjóðinni til heilla. Þarna eigum við gríðarlegar auðlindir. Þarna eru miklir verndarhagsmunir. Þarna eru hagsmunir ýmissa atvinnugreina. Þarna eru hagsmunir landbúnaðar og beitar og fleiri atvinnugreinar mætti telja upp. Það er skoðun okkar að þessi stefnumótun verði að liggja fyrir frá Alþingi, frá þjóðkjörnum fulltrúum og frá þeim sem um þetta mál eiga að fjalla að okkar mati, áður en farið er að skipuleggja í smáatriðum, og að betra væri fyrir þá sem færu í að útfæra þessar tillögur að fyrir lægi grófur vilji þjóðarinnar í þessum efnum. Út á þetta gengur tillaga okkar í grófum dráttum.

[15:41]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekkert að fara að leita að endanum í þessu máli, upphafinu. Það var rætt mikið hér í fyrra. Ég held að talsmenn Alþfl., þ.e. þeir sem tengjast þeim flokki sem er nú að hverfa, ættu ekki mikið að vera að leita að þeim enda, upphafi þess máls sem hér er verið að setja í form. Ég segi það í fullri vinsemd.

Ég tel að það væri meira heldur en tvísýnt, að það væri mjög varhugavert, að ætla sér að leggja útlínur þessara mála hálendisins í hendur þess þings sem er skipað eins og hér hefur verið að undanförnu, sem hefur hagsmuni orkuiðnaðar í fyrirrúmi en verndarhagsmunina í skutnum. Það eru forsagnir sem ég vil ekki kalla eftir.

Ég held að menn gerðu rétt í því að setja sig inn í þá svæðisskipulagsvinnu og tillögur sem fyrir liggja og hvernig þrátt fyrir allt hefur tekist að ná fram áherslum sem eru í raun mun skárri — ég segi ekki meira en skárri — en hefði mátt vænta ef farin hefði verið sú leið sem hér er verið að vísa á. Það er mitt mat í þeim efnum og ég tel að við þurfum að gæta þeirra ávinninga sem þrátt fyrir allt hafa náðst, um leið og við auðvitað þurfum að sækja fram.

Hv. þm. nefndi að gífurlegir hagsmunir og auðlindir væru á hálendinu. Það eru einmitt þessar auðlindir og efnahagsleg nýting þeirra sem ríkisvaldið hefur ríka tilhneigingu til þess að halda utan um og halda til haga. Jafnsterkur og orkuiðnaðurinn hefur verið fram undir þetta, þá sýnist mér að það væri nokkuð ljóst hvar sá reipdráttur hefði endað sem hæfist í ráðuneytunum við Austurvöll. Mér líst því ekki á blikuna varðandi þessa aðferð.

Auðvitað getum við vænst annars landslags í pólitík sem drægi aðra línu. Ég hlustaði mjög grannt á áherslur manna hér í fyrra og mér fannst að sumir þeir sem nú tengjast Samfylkingunni væru því miður ekki með verndarhagsmunina mjög ofarlega í huga.

[15:44]

Frsm. minni hluta umhvn. (Magnús Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við þurfum að horfa á þessi mál með kalt höfuð og heitt hjarta, eins og jafnaðarmanna er von og vísa.

Það er rétt sem bent hefur verið á í umræðunni að margs konar hagsmunir tengjast hálendi Íslands. Ég hygg að enginn okkar vilji sjá einhliða umræðu um þau mál, hvort þau eru út frá einu sjónarmiði eða öðru. Öll sjónarmið þurfa að komast þar að. Við teljum að þangað til að fyrir liggi gróf áætlun frá hinu þjóðkjörna Alþingi um það hvernig eigi að nýta þetta svæði til framtíðar sé tómt mál að tala um að skipuleggja það í smáatriðum.

Hv. 4. þm. Austurl. veit það eins vel og ég að nú standa fyrir dyrum kosningar. Þó svo að salurinn kunni að vera skipaður fulltrúum einhverra ákveðinna hagsmuna frekar en annarra eins og staðan er í dag, þá er það auðvitað eins og málin lágu fyrir fjórum árum síðan. Við kunnum að sjá allt aðra hagsmuni í fyrirrúmi hér þegar þing kemur saman á ný eftir kosningarnar í vor, og það vonum við í Samfylkingunni auðvitað.

[15:45]

Útbýting þingskjals:

Jöfnun námskostnaðar, 608. mál, fsp. ArnbS, þskj. 1143.

[15:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Um það bil sem gefið var hádegishlé vorum við að ræða einn afmarkaðan þátt í því stóra máli sem skipulagsmál hálendisins eru. Við vorum að ræða tillögu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um þjóðgarða á miðhálendinu. Við vorum að ræða það að þingmaðurinn lagði til að Alþingi mundi fela framkvæmdarvaldinu að stofna fjóra þjóðgarða, þann stærsta umhverfis Vatnajökul og svæðið þar um kring. Við ræddum þetta opinskátt og heiðarlega og mjög jákvætt. Ég sagði frá því að ég mundi vilja sjá þessa tillögu komast í framkvæmd eins og hún var í upprunalegri mynd.

Ég sagði líka að dapurt væri til þess að hugsa að við værum að fjalla um skipulagsmál, við værum að fjalla um miðhálendið og ekki lægi fyrir hvar við ætluðum að hafa þjóðgarða, það lægi ekki fyrir verndarstefna, það lægi ekki fyrir orkustefna, það lægi ekki fyrir virkjunarstefna. Og það er það sem er að í umræðunni.

Áður en ég kem að því að vekja upp aftur þann hugsanamismun sem var á milli flokkanna síðasta vor langar mig, með leyfi forseta, að grípa niður í viðtal, frásögn og viðtal við bresk hjón sem voru hér á ferð í síðasta mánuði. Þau voru rágjafar um skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins. Af því að við í þessum sal erum alltaf að takast á um það hvað felist í hinu ákveðna ferli, hvað þurfi að vera í lagi, hvað eigi að koma fyrst og hvað eigi að koma síðast, langar mig að grípa niður í það sem þessi ágætu hjón sögðu. Þau munu vera mjög viðurkenndir einstaklingar á sínu sviði og hafa

haldið fyrirlestra um þróun svæðisskipulags á Vesturlöndum undanfarin 50 ár. Með leyfi forseta, þá segir svo:

„Svæðisskipulag er það ferli sem fer í gang þegar hefja á nýtingu á ákveðnu landi," segir Nathaniel Lichfield, „og það hefur áhrif á alla mögulega þætti í búsetu í nútímaþjóðfélagi. Ef við lítum á einstaka þætti má segja að svæðisskipulag taki til hönnunar, jarðvinnu, byggingarframkvæmda, samgangna og flutninga og allt þetta vinnuferli hefur áhrif á atvinnumál, umferð og umhverfið og þar með talið fólkið, okkur sem búum á viðkomandi svæði, og er það ekki veigaminnsti þátturinn."

Við komum alltaf í þessari umræðu að fólkinu.

Lichfield segir nokkru síðar í þessu viðtali, með leyfi forseta:

„Fyrir hvern er verið að skipuleggja? Í víðum skilningi fyrir þjóðfélagið ef við erum að tala um ákveðinn bæ eða landsvæði. En hvaða sjónarmið ráða? Er það sjónarmið landeiganda sem vill ákveðna nýtingu til að geta fengið sem mest út úr landi sínu? Eru það sjónarmið hins almenna borgara sem horfir kannski á aðra þætti? Eru það sjónarmið yfirvalda sem þurfa að leggja fjármagn í ákveðnar framkvæmdir? Öll þessi sjónarmið verður að sætta, það þarf að fá þau öll á borðið og koma þeim heim og saman þannig að allir geti búið í sátt og samlyndi."

Þetta sögðu sérfræðingar sem fengnir voru hingað til lands sökum kunnáttu sinnar og fræðimennsku til þess að halda erindi um skipulagsmál hjá okkar fólki sem ber hitann og þungann af slíkri vinnu og var á þeim tíma að fjalla um skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins.

Hvers vegna skyldu menn hafa verið að fjalla um skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins? Einmitt vegna árekstranna sem verða á milli ólíkra sveitarfélaga ef þau horfa of þröngt, aðeins á sitt sveitarfélag, á sína eigin hagsmuni, án þess að horfa á svæðið í heild, hagsmuni heildarinnar og fólksins sem býr á svæðinu.

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að þessi dagur er annasamur en mér finnst fremur óþægilegt hversu margir fundir eru í þingsalnum samtímis. Ef við gætum minnkað þá niður í t.d. tvo, væri ég mjög sátt. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég var að nefna þetta af því ég vildi færa okkur út fyrir þennan þingsal og reyna að freista þess að fá fólk til að átta sig á því að rætt er um þessi mál af skynsemi fyrir utan þingsalinn. Hugsanlegt er að hægt sé að færa þá umræðu inn í þingsalinn og hífa sig upp fyrir þau átök, flokkadrætti, ásakanir um óvilja þéttbýlis gagnvart dreifbýli og vice versa, sem menn grípa til í rökþrota umræðu þegar þeir finna að komið er fram með rök sem vert er að hlusta á, komið er fram með umræðu sem ætti að vera fagleg og menn vilja hana ekki.

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom áðan í andsvar. Ég vil taka fram að ég met mjög mikils þekkingu Hjörleifs Guttormssonar á skipulagsmálum og tel hann mikinn fagmann í því sem hann hefur tekið sér fyrir hendur og hvernig hann fjallar um þessi mál á Alþingi. Það gerði ég líka um hádegisbilið þegar við ræddum tillögu hans um fjóra þjóðgarða á miðhálendi Íslands og umhverfisnefnd var í rausn sinni tilbúin að biðja framkvæmdarvaldið að skoða það hugsanlega að búa til einn þjóðgarð.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson segir að veikleiki tillögu Samfylkingarinnar sé að hún tengist ekki stöðu málsins nú. En í morgun þegar við ræddum þjóðgarðana barst í tal hvort hugsanlegt væri að þrátt fyrir að tillagan um einn þjóðgarð væri veik miðað við tillögu sem fyrir lá um fjóra glæsilega, mikilvæga þjóðgarða og þar með verndunaraðgerðir á miðhálendinu, gæti hún hvatt til þess að nýr umhvrh. stigi fremur stærri skref en skemmri, að umræða um þjóðgarðana gæti hvatt nýjan umhvrh. til þess að líta víðar yfir hálendið okkar en bara á svæðið í kringum Vatnajökul.

Nú liggur fyrir, herra forseti, að sá umhvrh. sem hefur borið ábyrgð á þessum málum þetta kjörtímabil hefur þegar ákveðið að hverfa á braut. Það liggur ljóst fyrir að jafnvel í óbreyttu stjórnarsamstarfi mun ekki sami umhverfisráðherra halda um stjórnvölinn í umhvrn. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að hugsanlegt sé að nýr maður hverju sinni komi inn með ferskar hugmyndir og nýja sýn á málunum. Fyrir utan það er alveg hugsanlegt miðað við stöðu mála nú og miklu líklegra en það var bara fyrir tveimur vikum, að ég tali ekki um fyrir tveimur mánuðum, að hér geti orðið stjórnarskipti. Það er meira en fræðilegur möguleiki. Þess vegna vil ég svara þingmanninum þannig að miklu fremur en að umhvn. og umhvrh., sem ekki sýndu dug í því — og þá er ég að beina máli mínu að umhvrh. — að koma inn með þetta mál tímanlega þannig að hægt væri að afgreiða það með reisn öðruvísi en á síðasta degi þingsins, þá væri betra að málið væri látið liggja og nýr umhvrh., hvort sem hann yrði á vegum sömu stjórnarflokka eða hér kæmu nýir flokkar inn með nýjar hugmyndir og nýja sýn, að þeir gætu komið að þessum málum með sínar fersku hugmyndir og öðruvísi vinnubrögð.

Það er umhugsunarefni, herra forseti, að við séum núna að taka á þessu máli. Af hverju er það umhugsunarefni? Fyrir einu ári var víðtæk umræða um miðhálendið og sjónarmið okkar á Alþingi um það. Það var á sama tíma í fyrra, þ.e. laust fyrir þinglok. Þinglokin voru aðeins síðar á vorinu, en það var laust fyrir þinglok. Þetta var eitthvert átakamesta málið sem ég hef tekið þátt í að fjalla um á kjörtímabilinu. Mörg hafa þau verið snörp. En þarna var verulegur ágreiningur, ekki bara í salnum heldur líka meðal þjóðarinnar. Ekki bara var sá ágreiningur í einhvers konar upphlaupsstíl heldur var þung undiralda sem við skynjuðum hingað inn í þingsal. Sú hin sama undiralda og ég var að reyna að lýsa í ræðu minni í morgun þegar ég var að lýsa því hvernig mér hefði liðið á stórum fundi sem boðað var til í Háskólabíói fyrir nokkrum vikum, þó í bjartsýni, löngun til að breyta rétt gagnvart auðlindum okkar, miðhálendinu og landinu. Það er alveg ljóst að þetta er mál sem fólk lét sig þá varða og lætur sig enn þá varða.

Þegar við lukum þeirri umræðu höfum við getað endað hana þannig: Ræðum svo þetta mál aftur á sama tíma að ári. Strax þá var búið að leggja fram á borð þingmanna skipulagstillögu um lausn í því máli sem átök voru um.

En ekki mátti afgreiða hana. Það mátti ekki afgreiða hana vegna þess að þeir sem báru ábyrgðina voru ekki alveg vissir þá hvort þeir vildu hafa hana eins og hún var lögð fram. En hún var sýnd til að reyna að ná samstöðu með þeim sem vildu taka ákvarðanir þá og festa málin í sessi.

Tillagan kom ekki inn 1. okt. Hún kom ekki inn 15. okt. og hún kom heldur ekki inn 1. nóv. Herra forseti. Ég er að tala um vinnubrögð. Ég er að tala um sýn ráðherra. Sá ráðherra sem nú skilar af sér verki hélt ekki vel á málum varðandi þessa skipulagstillögu vegna þess að það hlýtur að vera þannig að það hafi verið góður vilji stjórnarmeirihlutans í umhvn. að afgreiða tillöguna. En hún er að koma til umræðu á síðasta degi þingsins og það eru vond vinnubrögð.

Ég hlýt að spyrja: Af hverju erum við með svona mál tvö ár í röð í lok þings? Af hverju búum við við það að þegar við erum núna í annað sinn að taka prinsippumræðu um miðhálendið og hvernig við viljum halda á málum, af hverju erum við þá þannig stödd að við séum á síðasta degi þingsins og það sé spurt: Hvað verður umræðan löng? Verður hún klukkutími? Verður hún tveir tímar? Verður hún þrír tímar? Vegna þess að ef hún verður lengri þá verður málið tekið út af dagskrá.

Hvaða vinnubrögð eru það að bjóða ekki bara þingmönnum heldur þjóðinni allri sem lætur sig þetta mál varða upp á svona vinnubrögð? Hvers lags Alþingi er það sem hefur ekki döngun í sér til að vinna öðruvísi en þannig að ef okkur liggur mikið á hjarta, látum það í ljós og umræða tefst, þá verði málið e.t.v. blásið út af borðinu vegna þess að búið er að ákveða að hætta í síðasta lagi um hádegi á morgun? Við vitum öll hvers vegna. Vegna þess að landsfundur Sjálfstfl. er að hefjast á morgun. Þetta er umhverfi umræðunnar núna. Þetta er veikleiki málsins, ekki það að vilja tala um stefnumörkun og ekki heldur hvort staða málsins bjóði upp á það að fara á byrjunarreit.

Hvað byrjunarreit málsins varðar þá hef ég rætt talsvert um það við hv. þm. Hjörleif Guttormsson hvernig hann og ég lítum á upphaf þessa máls. Við sjáum það ólíkt. Væri ég sammála þingmanninum um upphaf málsins og um að mistök hafi verið gerð í upphafi málsins, jafnvel þó ég samsinnti því að það væri mínum flokki að kenna þá væri ég maður að meiri að horfa á málið eins og horfa þarf á það. Það þarf að reyna að bjarga því sem bjargað verður. Þannig á stjórnmálamaður að vera, ekki að líta um öxl og segja: Getur verið að fyrir þremur til sjö árum hafi einhvers staðar verið tekin vitlaus ákvörðun?

Við eigum að hafa skoðun á málum en ekki flýta okkur, hálftíma fyrir þinglok, að ljúka máli sem svo mikill ágreiningur er um. Þá er betra að leyfa nýjum umhvrh. og nýrri ríkisstjórn að taka á því.

Herra forseti. Jafnaðarmenn féllust ekki á að deila miðhálendinu upp á milli sveitarfélaganna. Um það var mjög hörð umræða hér sl. vor og auk þess í þjóðfélaginu. Það kom skýrt í ljós hver vilji fólks var og að fólkið í landinu vildi að hagsmuna allra væri gætt við ákvarðanir sem vörðuðu framtíð miðhálendisins. Ekki bara sumra, heldur allra. Bæði þéttbýlis og dreifbýlis.

Ég geri mér grein fyrir því að þeir sem tóku ákvarðanir þá munu endalaust halda öðru fram. En ekki aðeins við segjum að þær ákvarðanir hafi verið umdeildar heldur og mjög stór hópur utan þessa salar. Ef menn hafa ekki lokað eyrunum þá vita þeir að þung undiralda er um þessi mál ári síðar. Ef menn hafa ómakað sig á fundi um þessi mál, hlustað eða lesið tölvupóstinn sinn þá vita þeir það.

Sá vilji jafnaðarmanna í fyrra að miðhálendi Íslands yrði sérstök stjórnsýslueining náði ekki í gegn. Ég er sannfærð um að einhverjir þeirra sem tóku ákvörðun sem tekin var eiga seinna eftir að sjá að betra hefði verið að fara hægar. Ég er líka viss um að eftir eigi að gera breytingar á þeim lögum sem hér er verið að setja. Það er sannfæring mín vegna þess að ég held að menn hafi lent í viðjum ákveðinnar hugsunar og fest sig í henni sl. vor.

Tillaga okkar, sem hv. þm. Magnús Árni Magnússon mælti fyrir áðan, er tillaga sem mér finnst að Alþingi ætti að styðja. Ljóst er að við tökum ekki upp þá ákvörðun sem tekin var í fyrra, ekki í þessum lögum, ekki hér í þessari tillögu. Við búum við að miðhálendinu hefur verið skipt upp í sveitarfélög. Við búum líka við að þau hafa aðal- og deiliskipulagsvaldið. Við búum við að samvinnunefnd miðhálendisins, sem sett er á laggirnar með þessu frv., getur alls ekki tryggt að skipulag sveitarfélaganna endurspegli stefnumið stjórnvalda á viðkomandi sviðum eða að samræmis verði gætt við skipulagningu miðhálendisins, þar sem svæðisskipulagið tekur ekki fram aðalskipulags- og deiliskipulagsréttinum. Við fórum mörgum sinnum í gegnum þetta sl. vor. Um það var þrætt. Nú hef ég lesið, herra forseti, upp úr viðtali við merk hjón sem leggja einmitt áherslu á það sem við sögðum þá.

Ljóst er að af því að ríkisvaldið hefur ekki sett sér orkustefnu, ekki sett sér virkjanastefnu, ekki sett sér verndunarstefnu, samgönguáætlun eða fest niður hvar hugsanlega verði tekið á í slíkum málum, þá er meiri hætta á að sveitarfélögin taki ákvarðanir hvert fyrir sig. Sú hætta væri minni ef slík áætlun væri til. Þegar ég tala um sveitarfélögin þá skulu menn ekki gleyma því að það á við um öll sveitarfélög. Þegar ég var í sveitarstjórn í Kópavogi var sett upp sérstök skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins. Það var ekki gert af hálfu löggjafans og því gerðu sveitarfélögin það sjálf. Reynt var að marka stefnu fyrir sveitarfélögin öll til þess að þau mundu ekki rekast á hvert annað í vinnu sinni.

Því miður verður að segja eins og er, að þetta góða verkefni sem margir sveitarstjórnarmenn studdu, rann út í sandinn, e.t.v. með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Á það var jafnframt bent í viðtalinu, sem ég vitnaði í, við hin bresku hjón.

Við leggjum til, herra forseti, að Alþingi afgreiði umhverfis- og auðlindaskipulag á miðhálendinu með þál., að Alþingi taki ábyrgð á heildarskipulagi miðhálendisins. Ef slík stefnumörkun næði í gegn og sátt yrði um hana þá væri eðlilegast að slíkt samræmt umhverfis- og auðlindaskipulag næði til alls landsins og yrði í raun eins konar landsskipulag.

Þetta er hárrétt stefna. Ég er sannfærð um að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem hefur látið sig þessi mál miklu varða, er í raun sammála mér um það. Allt sem hann hefur sagt í umræðu um þessi mál fellur að þeirri hugsun. Þá vaknar spurningin: Er það of seint? Þar greinir okkur á. Ég segi nei, það er ekki of seint að vinna þetta skipulag og taka ákvarðanir um hvert við viljum stefna í þessum málum og vinna út frá því. Það er mikilvægt að vinna þannig.

Þá geta einhverjir sagt: Ja, voru það ekki bara þessir jafnaðarmenn sem vildu þetta og núna þessi Samfylking? Þetta er ekkert sem þjóðin vill. Þá skella menn náttúrlega skollaeyrum við öllum boðskap sem kom sl. vor og við höfum heyrt í heilt ár. Þar eru áskoranir frá hópum og fólki, framvörðum á ýmsum sviðum o.s.frv. En ekki bara það, ábendingar um vinnubrögð eins og þau sem ég er að lýsa hafa komið fram í umfjöllun þeirra sem við eigum að taka mark á og hafa komið að þessum málum frá því farið var að vinna að svæðisskipulagi undir þeim formerkjum sem áður var gert, þ.e. áður en lögin voru sett í fyrra og lögin sem nú á að setja um skipulagsmálin.

Í næstum öllum formlegum athugasemdum sem á sínum tíma voru gerðar við svæðisskipulag miðhálendisins var lögð áhersla á þetta, að samvinnunefndin hafi búið til sínar eigin forsendur um vægi einstakra sjónarmiða og hvergi væri getið stefnumarkmiða ríkisstjórnar landsins um nýtingu orkulinda eða ákvæða Ríó-sáttmálans.

Þetta er rétt. Svæðisnefndin gat ekki annað en sett sér sín eigin markmið. Henni voru ekki fengin markmið af þeim sem áttu að afhenda henni þau, stjórnvöldum Íslands.

Sama sagði Landsvirkjun, sem gætti auðvitað sinna hagsmuna, sama sagði Orkustofnun og sama sagði iðnrn. Það er athyglisvert, af því að við erum að ræða þessi mál nú og miðað við það sem ég held fram, að iðnrn. gerði þá athugasemd að ráðuneytið teldi að stefna ríkisstjórnarinnar og raunar flestra ríkisstjórna undanfarinna áratuga varðandi nýtingu orkulinda á miðhálendinu endurspeglaðist ekki í tillögunni. Af hverju er það? Af því það er ekki formleg stefna. Það er ekki formleg stefna. Hún var ekki afhent þessari svæðisnefnd. Það er a.m.k. það sem ég ímynda mér.

Sama sagði Náttúruvernd ríkisins. Hún vildi söfnun upplýsinga og athugasemdir við forsendurnar og að endurskoðun þeirra upplýsinga yrði lokið eigi síðar en árið 2000. Menn horfðu fram um veg og sögðu: Hvaða tíma höfum við? Hvaða tímamörk eigum við að setja okkur?

Sami tónn var hjá Ferðamálaráði. Aftur og aftur komu þessir aðilar með sömu athugasemdirnar og reyndar sá hv. þm. sem hefur látið sig þessi mál mestu varða. Hann kom með mjög mikilvægar athugasemdir hér.

En mig langar að vísa í það sem skipulagsstjóri, Stefán Thors, sagði um þetta efni á sínum tíma:

„Auðvitað má segja að áður en ráðist væri í gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendið hefði átt að gera fimm ára áætlun um viðtækar rannsóknir á svæðinu. Að þeim tíma loknum hefði ríkisstjórnin átt að marka stefnu í landnotkun og landnýtingu hinna ýmsu málaflokka. Þegar sú stefna hefði legið fyrir hefði þurft að gera landsskipulag sem næði til landsins alls þar sem mörkuð hefði verið stefna og teknar bindandi ákvarðanir í veigamiklum atriðum. Að því loknu hefði þurft að taka ákvarðanir um stjórnsýslulega skiptingu alls landsins og í kjölfar þess að setja lög um eignarhald á afréttum og almenningum."

Ekki er þetta misvitur stjórnmálaflokkur. Þetta er fræðimaður á sínu sviði sem vinnur með þessi mál.

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að litlar líkur eru á því að við náum eyrum stjórnarmeirihlutans með okkar sjónarmið í þessum efnum. Ég geri mér alveg grein fyrir því. Ég harma það. Það breytir ekki því að mikilvægt er að sem flest okkar taki saman um að rasa ekki um ráð fram á síðasta degi þingsins og taka svo veigamiklar ákvarðanir. Vísum þessu máli til ríkisstjórnarinnar, látum þessa stefnumörkun um miðhálendið fara fram. Látum fara fram sérstakt auðlinda- og umhverfisskipulag þannig að skipulagsrammi verði til um sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar. Þegar þetta er komið þá getum við beðið um að skipulag sveitarfélaganna og deiliskipulag taki mið af ákvörðunum sem þá eru formlegar og festar í sessi.

Herra forseti. Ég hef leyft mér að stikla á veigamestu atriðunum í skoðunum okkar, Samfylkingarinnar, um þessi mál. Ég mun frekar kjósa að koma aftur síðar í umræðunni en að lengja mál mitt.

[16:14]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði mikið um ferska sýn og löngun fólks til að breyta rétt. Auðvitað viljum við öll breyta rétt. Það er alveg sama hvar við stöndum í flokki.

Hún vitnar mjög gjarnan í bresk hjón sem voru hér á landi og það minnti mig mikið meira á það þegar farskipin komu í gamla daga og útlendingar skoðuðu landið okkar. Auðvitað koma fjölmargir útlendingar til landsins og við hittum fjölmargt fólk sem hefur mismunandi skoðanir á náttúruverndarmálum. Það á við um Íslendinga og það á við um einhver bresk hjón, dönsk hjón eða einhver önnur hjón sem koma hérna. Það var sífellt verið að vitna í það líkt og þar kæmi fram heilagur boðskapur.

Hv. þm. virtist einnig undrandi þegar hún talaði um að sveitarfélög gættu hagsmuna sinna. Hvaða sveitarfélög gera það ekki? Horfum á Kópavogsbæ og höfuðborgina. Auðvitað eru öll sveitarfélög, sama hvaða nafni þau nefnast, alltaf að passa upp á hagsmuni sína. Við sjáum það m.a. ef við erum að hugsa um orkumálin, Reykjavík teygir sig t.d. í mitt kjördæmi til að ná í orku o.fl. Þetta er bara hluti af nútímanum. Hv. þm. þarf því ekki að vera hissa þó að sveitarfélög gæti hagsmuna sinna.

Fjölmargir þéttbýlisbúar kaupa land í dreifbýli og ganga þar mjög vel um, hafa opnar slóðir og allt það. Fjölmargir þéttbýlisbúar eru jafnframt manna grimmastir í að girða leiðir, loka reiðleiðum og smölunarleiðum sem verið hefur hefð á, merkja þar að öll umferð sé bönnuð o.s.frv. Þegar við erum að tala um hagsmunagæslu þá megum við ekki bara horfa í eina átt.

[16:16]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að tala um það að þegar ríkisstjórn eða flokkur hefur ekki haft döngun í sér að afgreiða mál af þessu tagi fyrr en á síðasta degi síðustu viku þingsins þá væri kannski eðlilegt að gefa öðrum tækifæri með ferska sýn að breyta rétt miðað við þá hugsun sem sá ráðherra hefði. Það var ég að segja.

Um útlendinga með skoðun á náttúruverndarmálum, þá hefur þingmaðurinn misskilið umræðuna allillilega. Þannig er að Skipulagsfræðingafélag Íslands og samvinnunefnd um svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið fékk þessi hjón, sem eru þekktir skipulagsfræðingar, til að fjalla um skipulag á Vesturlöndum. Ég var að vitna í hvað þetta fólk segir um skipulag og svæðisskipulag til að koma á framfæri skoðunum þeirra sem hafa verulega þekkingu á málum einmitt til þess að komast hjá viðbrögðum eins og ég fékk frá þingmanninum.

Ég var ekki undrandi á því að sveitarfélög gættu hagsmuna sinna. Ég var einmitt að árétta að þau geri það. Ég var að segja þingmanninum og öðrum frá því hvernig sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu á sínum tíma settu upp Skipulagsstofu höfuðborgarsvæðisins af því þau voru meðvituð um það hversu slæmt það væri að hver væri að pukrast með mál í sínu horni því að út úr því yrðu árekstrar. Það eru slík samtök sem menn eru nú að vakna til vitundar um og hefðu frekar átt að halda áfram með þá vinnu.

Að loka leiðum og smölunarleiðum. Ég veit ekki í hvaða samhengi þingmaðurinn talaði um það. Ég fer mikið í ferðalög um landið mitt og bestu stundir mínar eru þegar ég ferðast um miðhálendið og upp í óbyggðir. Og ég get grátið yfir því að það er varla hægt að komast um landið fyrir girðingum þvers og kruss. Ég hef líka skoðun á því að með þau mál ætti að fara öðruvísi. En það er önnur umræða sem verður tekin á öðrum tíma.

[16:19]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. ágæta ræðu. Ég get tekið undir allt sem sagt var um að margt má finna að því

hvernig ríkisstjórnin lagði mál hér fyrir þingið seint og um síðir og að við skulum standa hér og ræða þetta mál á síðasta þingdegi væntanlegum. Það er ekki í lagi og ekki eins og við vildum hafa það. Ég er alveg reiðubúinn til að ræða þessi mál opið út frá því að við séum nánast á byrjunarreit og gætum farið að feta alveg nýja slóð. Það er um að gera að skoða málin líka frá því sjónarhorni. En það leysir okkur þó ekki undan því að við verðum að tengja við það sem gert hefur verið, þær ákvarðanir sem hafa verið teknar. Þó að sú ábending sem felst í áliti minni hlutans um auðlinda- og verndarskipulag fyrir landið allt, þar á meðal miðhálendið, sé umhugsunarefni, þá vara ég við því að menn gefi sér að þetta sé betur komið í höndum fulltrúa ráðuneyta á kontórunum í Reykjavík og með blessun Alþingis í formi þáltill. heldur í gegnum það kerfi sem þrátt fyrir allt hefur skilað okkur þeirri tillögu sem fyrir liggur um svæðisskipulag miðhálendisins og sem hægt er að þróa undir þeim verndarvæng sem verið er að reyna að skapa hér með miklu víðari þátttöku en fyrirhuguð var af ríkisstjórninni í fyrra. Þrátt fyrir allt er í þeirri tillögu sem hér er fram komin gert ráð fyrir því að þar komi inn fulltrúar frá þéttbýlissvæðum sem ekki áttu neina aðild að þessu í fyrra. Loforð um að þarna yrði tryggð ákveðin heildarsýn og þarna kæmu fulltrúar þéttbýlis að var forsenda þess að undir það var tekið af hálfu fulltrúa Alþb. og óháðra á þeim tíma, að standa að málum. Það er í raun verið að verða við þeirri kröfu með því að þetta mál er hér komið inn í þingið.

Virðulegur forseti. Ég er ekki í neinum vafa um að við stöndum mun skár — ég segi skár af því ég er ekki ánægður — að vígi með þá stefnumótun sem fyrir liggur í skipulagsmálum miðhálendisins heldur en ef sú leið hefði verið þrædd sem hér er verið að vísa til og þingflokkur jafnaðarmanna gerði reyndar tillögu um í fyrravor, þ.e. brtt. við þáv. skipulagslög. Þetta er sjónarmið. En ég er reiðubúinn að skoða þessi mál alveg opið með tilliti til framtíðar og met framlag þingmannsins og hugmyndir fyllilega þar að lútandi.

[16:22]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar undirtektir Hjörleifs Guttormssonar og met þær.

Virðulegi forseti. Aðalskipulag hér er veikt. Neðra stjórnvald ræður öllu sem það vill innan þess ramma sem efra stjórnvald setur. Efra stjórnvald hefur ekki sett ramma fyrir höfuðborgarsvæðið. Ég nefndi það sem dæmi áðan og reyndi að draga það inn svo menn kæmust út úr hatursumræðunni milli þéttbýlis og dreifbýlis. Það er ekki til grundvallarrammi, ekki fyrir höfuðborgarsvæðið, ekki fyrir miðhálendið. Þetta eru staðreyndirnar og það hafa komið mjög loðin svör um miðhálendið og vinnan við verkefni sem átti að ljúka 1996, ef ég man rétt, hefur verið sérkennileg.

Við stöndum frammi fyrir því sem ég var að reyna að draga saman hér áðan, að verkefnið um miðhálendið var sett í gang án þess að stefna Alþingis lægi fyrir. Það var engin stefnumótun ofan frá og það er grundvallaratriði hjá okkur. Við erum ekki bara að segja það. Ef menn ómaka sig til að tala við sérfræðinga þá segja þeir hið sama.

Það skiptir ekki öllu máli hver eigi landið, af því að komið hefur verið inn á það, heldur hver hafi skipulagsvaldið. Við vitum að aðalskipulagið og deiliskipulagið er mikilvægast og svæðisskipulagið yfirtekur það ekki. Þetta er grundvallaratriði.

Ef við lítum á svæðisskipulagið þá er þar kannski stærsta vandamálið. Það er vegna þess að það var aðeins boðið upp á einn kost. Það var unnið svæðisskipulag. Það var kosturinn. Það var ekki boðið upp á fleiri kosti og reynt að skilgreina afleiðingar og áhrif, hvað þá heldur að búið væri að vinna þetta skipulag út frá forsendum sem ríkisvaldið og Alþingi settu.

Þetta er vandinn. Ég vil vinna þetta öðruvísi og ég vildi óska þess að þetta mál væri ekki afgreitt í dag og að nýr ráðherra og helst ný ríkisstjórn tækist á við þetta verkefni. Það er stórt. Það er spennandi og skapandi.

[16:24]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við erum að ræða ákveðinn kjarna máls og það er alveg ljóst að við höfum misjafna sýn á málið út frá skipulagsforsendum. Ég veit ekki hvort hv. þm. gengur út frá reynslu sinni hér á höfuðborgarsvæðinu í þessum málum. En ég tel að málið liggi nú þannig: Við höfum tillögu að svæðisskipulagi sem líkur eru á að staðfest verði af ráðherra. Ég vil a.m.k. ætla það miðað við það sem hefur verið rætt. Það gefur ákveðinn grunn og skapar meginramma um þróun sem er settur yfir aðalskipulag og síðan deiliskipulag sem er þó aukaatriði í þessu sambandi. En hann er settur fyrir aðalskipulag a.m.k. þannig að þeir sem eiga að halda utan um rammann, utan um svæðisskipulagið, hafa fullt íhlutunarvald varðandi aðalskipulag og verða að gæta þess að það þróist ekki á misvíxl á miðhálendinu innan þeirrar línu sem verið er að draga.

Þetta er auðvitað stór ávinningur, mjög stór ávinningur. Ég fullyrði að það sjónarmið að ríkisvaldið eigi að koma að þessu máli og leggja línurnar hefði skilað okkur allt annarri og lakari niðurstöðu út frá verndarforsendum en það skipulag sem við stöndum með í höndunum í dag. Og það hefur sannarlega ráðið miklu í mati mínu á þessum málum. Út frá fræðilegum og faglegum forsendum má segja, eins og hér var verið að vitna til, að menn eigi að byrja á öðrum enda o.s.frv. Gott og vel. Það gerðu menn ekki. Það tekur langan tíma ef ætti að gera það og byrja á þessari vinnu, þessari fræðilegu vinnu, fimm ár kannski. Hvað gerist á meðan? Hver er staðan? spyr ég. Ég veit að sumir þeirra ágætu fræðinga sem prýsta á um þessi vinnubrögð vilja sjá hálendið undirlagt af mannvirkjum, vegum og orkuverum, upphleyptum stórum vegum til þungaflutninga og orkuverum. Ég þekki þessa menn. Ég hef hlustað mikið á þá. Ég er þeim ekki sammála um þessar forsendur. Hluti af gagnrýninni kemur frá þessum aðilum og frá orkuiðnaðinum. Ég er ekki í liði með orkuiðnaðinum í þessum hugmyndum um meðferð miðhálendisins.

[16:27]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að þó okkur þingmennina, mig og Hjörleif Guttormsson, greini á um útfærsluatriði þá erum við sammála um meginmálin. Ég geri mér líka grein fyrir því að vandinn er sá að það er næstum óframkvæmanlegt að snúa til baka. Það er næstum óframkvæmanlegt. Hins vegar er hugsanlegt að gera miðhálendið að einu skipulagssvæði og bjarga því sem bjargað verður þó að þjónustuþættir og þessi ákveðnu yfirráð verði hjá sveitarfélögunum, miðað við þá ákvörðun og þau lög sem voru sett í hittiðfyrra. Ég geri mér algjörlega grein fyrir því.

En meira að segja þó við hefðum hér ákveðið þá fjóra þjóðgarða, sem ég var að kalla eftir í dag að ég hefði vilj-

að sjá samstöðu um, þá mundi það ekki einu sinni leysa vandann um samræmda stefnumörkun vegna þess að það vantar svo margt annað. Ég er að leggja áherslu á að ef þessi stefna í ferðaþjónustu, landnýtingu og orku-, samgöngu- og virkjanamálum hefði legið fyrir, eins og hjá siðmenntuðum þjóðum þar sem fólk eins og það sem ég var að vitna í starfar, þá hefði þetta allt legið fyrir áður en farið var að vinna svæðisskipulagið og þá hefði kannski verið hægt að halda utan um þetta af viti þó að ákveðið vald væri hjá sveitarfélögunum.

Vandinn er sá að þannig var ekki unnið. Ég trúi því enn þá að hægt að sé bjarga því sem bjargað verður.

[16:29]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Löggjöf í tengslum við þetta frv. var mjög umdeild á hinu háa Alþingi ekki alls fyrir löngu. Þá voru lagðar fram þær hugmyndir sem koma fram í frv. sem komið er nú til 2. umr. Hér er verið að takast á um tiltekin grundvallaratriði.

Herra forseti. Það er mjög eðlilegt að skörp skil geta orðið milli stjórnmálaflokka hvað þetta mál varðar vegna þess að það tekur á svo miklum hagsmunum sem snerta svo marga landsmenn. E.t.v. er aðalgallinn við umræðu um skipulagsmál að við bjuggum þessum málum ekki nægjanlega góðan farveg hér á árum áður. Segja má að við höfum oft og tíðum rekið okkur á skipulags- og nýtingarvandamál vegna einstakra verkefna frekar en að við höfum unnið eftir langtímaáætlun. Herra forseti. Yfirsýn hefur skort yfir skipulagsmálin í fyrsta lagi. Í öðru lagi hefur skort á skipulögð og vísindaleg vinnubrögð við stefnumótun og í þriðja lagi hefur Alþingi Íslendinga ekki kveðið upp úr um hvernig skipuleggja eigi miðhálendið, þ.e. hvaða útlínur, landnýtingu o.fl. eigi að leggja til gundvallar.

Segja má að ekki hafi verið tekið heilsteypt á þessum málum, hvorki í núgildandi löggjöf né af Alþingi hér á árum áður. Þá er vitaskuld oft erfitt að snúa við þegar menn hafa búið sér til ákveðinn ramma sem þeir eru að reyna að laga og endurmeta, eins og verið er að gera í þessu frv. sem hér er til umræðu.

Við munum niðurstöðuna sem varð á síðasta ári, að sveitarfélögin voru framlengd inn að landmiðju og skipulagsvaldið falið einstökum sveitarfélögum. Þá var sú skoðun uppi, m.a. í páv. þingflokki jafnaðarmanna, að skynsamlegra væri að vinna út frá því að miðhálendið yrði skipulagslega ein heild. Margir héldu því fram að miðhálendið ætti að vera eitt sveitarfélag og þannig væri ekki búið til sérstakt stjórnsýslustig fyrir miðhálendið heldur einfaldlega sveitarfélag sem lyti nokkuð öðrum reglum, sérstaklega um stjórn, en hefði vald sveitarfélags, eins og við þekkjum það í lögum um sveitarfélög.

Þessi leið var ekki farin heldur sú sem verið er að vinna út frá í þessu frv. Skipulagsmálin eru á forræði sveitarfélaganna og hvað varðar miðhálendið er unnið eftir tillögum samvinnunefndarinnar að skipulagi miðhálendisins, sem menn þekkja og oft hefur komið fram í umræðunni að bíður staðfestingar ráðherra.

Hins vegar var mikið ósætti um þessa útfærslu stjórnarmeirihlutans á sínum tíma. Við í minni hlutanum lögðum til að nota aðrar aðferðir sem varð einfaldlega undir í atkvæðagreiðslu. Við því er ekkert að segja, meiri hlutinn hlýtur að ráða. Eftir sem áður er það hlutverk okkar að reyna að draga skýrt fram stefnu okkar í þessum efnum.

Ég vil geta þess, herra forseti, að mikil gagnrýni hefur verið á vinnuna við skipulagið á miðhálendinu og skipulagsfræðingar hafa gagnrýnt þau vinnubrögð. Á sínum tíma var unnið eftir útboði. Ég lagði fram fsp. hér á hinu háa Alþingi um framkvæmd þessa máls og þá komu fram margar athyglisverðar upplýsingar, m.a. þær að kostnaður hefði farið langt fram úr áætlun. Segja má að meginvandinn í þessu felist í því að menn hafa hvorki sett sér langtímastefnumörkun um miðhálendið né um landið allt.

En það er einmitt það, herra forseti, sem Samfylkingin er að leggja til. Hún er að leggja til að notaðar verði aðrar aðferðir. Hún leggur til aðra aðkomu að þessu vandamáli. Hún er að lýsa hugmyndum um betra kerfi. Hugmyndafræðin sem við leggjum hér til og köllum umhverfis- og auðlindaskipulag eða landsáætlun er tiltölulega einföld, þ.e. að útfærð verði stefna stjórnvalda um heildarþætti eða stærstu þættina í nýtingu lands. Í slíkri áætlun er fjallað um samgöngur, orkumannvirki, náttúruvernd, landnotkun og ýmislegt fleira gagnvart miðhálendinu í grófum dráttum.

Þessi hugmynd eða hugmyndafræði er víða notuð. Noregur t.d. hefur að hluta farið þessa leið. Hér erum við fyrst og fremst að leggja til að dregin verði upp stefnumótandi áætlun til mjög langs tíma, til nokkurra áratuga. Ég vil benda á að við höfum slíkar áætlanir og munum væntanlega, einmitt í dag, afgreiða löggjöf um áætlunargerð í skógrækt til 40 ára. Í dag kemur til afgreiðslu þingmál um landshlutaverkefni í skógrækt. Þar er einmitt sú hugsun, að gera áætlun til langs tíma. Við leggjum til að Alþingi afgreiði með þál. umhverfis- og auðlindaskipulag á miðhálendinu.

Af þessu má ljóst vera út á hvað hugmyndin gengur, að beitt verði faglegum vinnubrögðum við skipulagningu á miðhálendinu þar sem dregnar verði upp hugmyndir um nýtingu og útfærslu og þær síðan staðfestar hér á hinu háa Alþingi. Við þekkjum slíka áætlunargerð á öðrum sviðum. Við afgreiðum t.d. langtímaáætlun í vegagerð til tólf ára. Við höfum á mörgum öðrum sviðum fikrað okkur eftir slíkri hugmyndafræði, að afgreiða áætlunargerð til langs tíma.

Með þessu segjum við að slík vinnubrögð eigi að gilda um hálendið og Alþingi afgreiði þessi mál, að Alþingi taki þannig einnig ábyrgð á slíku heildarskipulagi miðhálendisins. Við teljum að þessar aðferðir eigi fyrst að ná til miðhálendisins en auðvitað er hægt að sjá fyrir sér að slíkt landsskipulag nái líka til þéttbýlisstaðanna, þetta grófa skipulag sem mótar þær útlínur sem við erum að lýsa, nái einnig til þéttbýlisins og svæðisins utan miðhálendisins.

Við leggjum hins vegar til að við gerum þetta núna á miðhálendinu. Þar er ágreiningur. Þar er mesta þörfin á þessum vinnubrögðum. Við höfum séð, eins og einnig hefur komið fram í umræðunni, vanda miðhálendisins endurspeglast í skipulagsleysinu. Samvinnunefndin, sem kemur til með að vinna að skipulagsmálum á miðhálendinu, getur ekki tryggt að þetta skipulag endurspegli stefnumið stjórnvalda á viðkomandi sviðum eða gætt samræmis. Ég vil benda sérstaklega á, herra forseti, að e.t.v. hefur nefndinni yfirsést í meðhöndlun sinni á málinu mikilvægur þáttur í núgildandi lögum. Í gildandi 13. gr. skipulagslaganna segir: „Svæðisskipulag telst samþykkt þegar og að svo miklu leyti sem allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það."

Mikil umræða var einmitt um þetta ákvæði á sínum tíma. Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en að þessi grein sé eftir sem áður í lögum, þrátt fyrir brtt., þrátt fyrir frv. og þrátt fyrir brtt. meiri hluta nefndarinnar vegna þess að hún leggur

til að bæta við nýjum greinum, 12. gr. a og 13. gr. a. Hins vegar rekur það sig nokkuð á ef hin greinin, fyrir utan þennan efnisþátt sem ég nefndi, er jafnframt í gildi. Nú má vera að mér hafi missýnst eitthvað þegar ég skoðaði þessi þingskjöl en það breytir því ekki að ég beini því til hv. umhvn. að skoða aðeins þennan þátt, hvort eitthvað hafi farið á milli mála við gerð tillagnanna sem hér liggja fyrir.

Þegar við leggjum til að notuð verði þessi aðferð, að gera landsskipulag á miðhálendinu, þá erum við um leið að hafna þeim hugmyndum og þeim vinnubrögðum sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sem er útfærslan á samvinnunefndinni. Þess vegna, herra forseti, er mjög mikilvægt að menn skoði ekki aðeins tillögur okkar, sem sagt hugmyndina um nýja nálgun að skipulagsmálum á miðhálendinu, heldur einnig þá tillögu sem fulltrúar Samfylkingarinnar leggja formlega til í minnihlutaálitinu, þ.e. að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við segjum einfaldlega: Frv. með þessari útfærslu er ekki tækt til afgreiðslu. Við leggjum til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar og vinna hafin á þeim forsendum sem ég lýsti hér áðan.

Við teljum mikilvægt að það náist sátt um fyrirkomulag skipulagsmála í framtíðinni. Við höfum séð ófriðinn um þessi mál og teljum — þar skilur e.t.v. á milli okkar og ýmissa annarra í þessu máli — að það sé hlutverk ríkisvaldsins fyrst og fremst að draga fram útlínur á skipulagi á miðhálendinu og leita eftir staðfestingu á þessum útlínum á hinu háa Alþingi. Þegar þessi rammi liggur fyrir þá er það sveitarfélaganna að vinna eftir honum vegna þess að við leggjum ekki til breytingar á því að sveitarfélögin hafi aðal-, svæðis- og deiliskipulagsréttinn sín megin.

Hér er því lagt upp með þá aðferð að móta stefnu til langs tíma, byggða á faglegum forsendum sem verði afgreidd, ekki einungis af hálfu ráðherra, heldur með formlegri afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi. Síðan er það einstakra sveitarféalga að fylla inn í þann ramma sem er settur af hálfu Alþingis um nýtingu og notkun á miðhálendinu.

Við erum þess fullviss, herra forseti, að sú hugmynd og útlínur þeirrar aðferðafræði sem við höfum verið að lýsa hér í umræðunni í dag og gerum í nál., sé miklu vænlegri til að leita sátta og faglegri aðferð til að taka á skipulagsmálum en stefna ríkisstjórnarinnar, eins og hún birtist í þessu frv. og eins og hún var afgreidd í lagasetningunni á sínum tíma. Við erum þess fullviss að þau vinnubrögð sem við leggjum til falli betur að sjónarmiðum þeirra sem bera hag miðhálendisins mest fyrir brjósti og tryggi betur hin faglegu, vísindalegu vinnubrögð sem við viljum öll viðhafa í þessu máli. Langtímaáætlunargerð, studd vilja Alþingis, er miklu vænlegri leið en að halda áfram þeim ófriði um skipulagsmálin á miðhálendinu eins og núverandi ríkisstjórn hefur gert.

[16:45]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sjónarmið mín til þessara mála hafa þegar komið fram að nokkru leyti í umræðunni, svo ég ætla að leitast við að takmarka mig við tiltölulega fá atriði. Sú umræða sem hér fer fram er að mínu mati mjög áhugaverð, m.a. sú nálgun sem talsmenn Samfylkingarinnar leggja inn í umræðuna sem er úr allt annarri átt en það sem hér kemur fram og birtist í skipulagslöggjöf eins og hún var samþykkt af öllum á Alþingi vorið 1997 og gengur sem sagt í rauninni inn í málin með verulega öðrum hætti.

Ég hef sagt það nú þegar að mér finnst það út af fyrir sig alveg umræðunnar virði að fara yfir málin út frá þeim forsendum sem þeir hafa kynnt, m.a. síðasti hv. ræðumaður, þó að ég hafi ekki trú á að sú aðferðafræði sem er þar verið að leggja til skili betur þeim markmiðum sem ég ber fyrir brjósti sérstaklega. Það segi ég alveg hreinskilnislega og hef þegar haft um það mjög ákveðin orð í umræðunni.

En fyrst um brtt. við frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem liggja fyrir frá meiri hluta umhvn., sem ég stend að, þó með fyrirvara. Nefndin hefur unnið mikið verk í sambandi við þetta mál á takmörkuðum tíma. Hún fékk málið auðvitað allt of seint frá ríkisstjórninni og hæstv. umhvrh., en hefur lagt sig fram um að ná landi í þessu máli. Auðvitað hefði verið æskilegt ef 2. umr. hefði farið fram fyrr en á síðasta þingdegi. Undir það tek ég heils hugar.

Ljóst er að ágreiningur er í málinu milli fulltrúa Samfylkingarinnar annars vegar og hins vegar þeirra sem að þessum meiri hluta standa. Ég vil benda á að gerðar eru mjög veigamiklar breytingar á málinu frá því frv. sem lagt var fyrir þingið rétt fyrir jól. Þær varða bæði samsetningu samvinnunefndar miðhálendisins og málafylgjuna að öðru leyti. Við 1. umr. málsins hafði ég uppi talsverða gagnrýni á frv. m.a. út frá tæknilegum forsendum og ég tel að sú gagnrýni hafi í raun í öllum greinum reynst vera rétt þegar málið var frekar til skoðunar. Á það bæði við það er laut að markalínunni og eðli þess svæðisskipulags sem lagt var upp með, þ.e. að það væri sjálfstæð skipulagseining. Svo reyndist vera og þannig er um málið búið af hálfu meiri hlutans að þetta er sjálfstæð skipulagseining innan ákveðinnar afmarkaðrar markalínu. Við erum því komin með stjórnsýslu í skipulagsmálum innan þessarar línu. Þó að sveitarfélög komi að því máli á ákveðinn hátt með samvinnunefnd miðhálendisins, þá er svæðisskipulagsvaldið orðið sameinað undir forræði þessarar nefndar. Hún hefur þannig í raun skipulagsvaldið í samhengi svæðisskipulags.

Á því hálendissvæði sem um er að ræða er svæðisskipulagsvaldið í reynd að mínu mati miklu veigameira, staða þess miklu veigameiri, en væri um svæðisskipulag niðri í byggð, á byggðu svæði, m.a. vegna þess að á hálendinu hlýtur eðli máls samkvæmt að vera um grófar línur að ræða hvað varðar framkvæmdahugmyndir, tiltölulega fáar einfaldar línur að því leyti, sem þurfa þá að birtast í svæðisskipulaginu og koma þar fram. Og verkefni einstakra sveitarfélaga sem fara með aðalskipulagsvald inn á þetta svæði verða í reynd tiltölulega takmörkuð svo ég segi ekki mjög takmörkuð. Það svæðisskipulagsstig sem hér um ræðir er því annað og í rauninni miklu áhrifameira og þýðingarmeira sem slíkt en ef um væri að ræða svæðisskipulag t.d. á höfuðborgarsvæðinu þar sem er alveg ljóst að skipulagsþættirnir snúast mun meira um framkvæmdir og mannvirki en verndarþætti og grófar útlínur sem duga ekki þegar komið er í byggðina, síst af öllu í miklu þéttbýli. Út frá þessu sjónarmiði fagna ég þeirri niðurstöðu almennt sem hér er fengin. Síðan koma fjölmörg álitamál sem þessu tengjast.

Varðandi síðan málsmeðferðina er búin til ný lagagrein. Það var eitt af gagnrýnisatriðum mínum við upphaflegt frv. að það vantaði að ganga tryggilega frá útfærslunni á þeirri skipulagstillögu sem yrði til á vegum samvinnunefndar miðhálendisins. Þessi útfærsla á að vera tryggilega frá gengin. Vegna orða hv. þm. Ágústs Einarssonar í umræðunni áðan, sem var með áhyggjur vegna þess að núverandi 13. gr. skipulagslaganna gæti gripið inn í þetta svæðisskipulag, þá

tel ég svo ekki vera. Ég var að líta yfir 13. gr. a að þessu leyti og mér sýnist að þar sé rakið ferlið að því er varðar svæðisskipulag miðhálendisins alveg frá upphafi til loka þangað til ráðherra hefur samþykkt það og staðfest.

Hér á að vera þannig um hnútana búið að einstakar sveitarstjórnir sem koma að þessu máli, þ.e. sveitarfélögin sem eiga aðalskipulagsrétt inn á svæðið, hafi ekki neitunarvald gagnvart svæðisskipulagstillögum. Það er út af fyrir sig að mínu mati mjög mikilvægt og styrkir viðleitni til heildstæðrar málsmeðferðar þannig að heildstæð sjónarmið fái notið sín í þessu og þá ríkir ekki stöðvunarvald á einstökum reitum sem skipt er upp milli sveitarfélaga á þessu svæði.

Ég tel því að þarna hafi í raun efnislega náðst fram meginatriði þess sem þáverandi fulltrúar Alþb. og óháðra ásamt formanni nefndarinnar Kristínu Ástgeirsdóttur gerðu grein fyrir í nál. liðið vor varðandi sveitarstjórnarlöggjöfina, þ.e. að skipulagslöggjöfinni yrði breytt til þess að tryggja þokkalega heildstæð sjónarmið varðandi miðhálendið. Þetta tel ég að hafi gengið þokkalega fram og ég fagna því.

Þegar kemur að samsetningu nefndarinnar, samvinnunefndar miðhálendis sem fer með skipulagsvaldið sem ein heild, sem nefnd, og hefur forræði á svæðisskipulaginu, þá voru sannarlega uppi mörg álitaefni um hvernig hún skyldi samsett. Það er breytt frá því sem lagt var upp með af hálfu hæstv. ráðherra í þessu máli þannig að nefndin verður á miklu ákveðnari hátt til á grundvelli tilnefninga en var fyrirséð var þar sem gert var ráð fyrir að ráðherrann veldi sjálfur fulltrúa að meginhluta, að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Frá upphafi var enginn ágreiningur í nefndinni, að ég yrði var við, um að inn í nefndina kæmu þrír fulltrúar frá vesturhluta landsins, þeim hluta landsins sem ekki á aðgengi að eða stjórnskipulegan rétt inn á miðhálendið, þ.e. Reykjanesi, höfuðborginni og Vestfjörðum. Þessir aðilar hafa tilnefningarrétt inn í nefndina. En mikið álitaefni var um það hvernig ætti að velja þá úr öðrum kjördæmum, af öðrum svæðum.

Niðurstaðan varð sú sem hér blasir við, að þeim sveitarfélögum sem eiga skipulagsrétt og stjórnsýslu inn á miðhálendið er ætlað að tilnefna úr sínum hópi innan kjördæmismarka í fimm kjördæmum einn fulltrúa hvert, eða sameiginlega innan hvers kjördæmis, og þannig verða til fimm fulltrúar í nefndina.

Virðulegur forseti. Ég held það væri fróðlegt fyrir talsmenn Samfylkingarinnar að það komi fram að þetta sjónarmið um val fulltrúa átti stuðning — ég sé nú ekki talsmann minni hlutans í salnum. Væntanlega er sá hv. talsmaður ekki víðs fjarri og ég vil ekki túlka viðhorf hans. En ég tel að það hafi legið alveg skýrt fyrir af hálfu annars fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni, hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, sem er nefnd talsmaður Samfylkingarinnar, að þingmanninum hugnaðist mun betur þessi aðferð við val fulltrúa úr sveitarfélögum en t.d. að leggja það í vald landshlutasamtaka sveitarfélaga í viðkomandi kjördæmum. Því miður er hv. þm. ekki viðstödd til að túlka mál sitt en þetta geta auðvitað allir staðfest sem voru að vinnu í nefndinni.

Ég vil ekki þar með segja að þingmaðurinn hafi verið að taka afstöðu til málsins heildstætt. Það liggur ekki fyrir. Ég bið um að það sem ég mæli hér verði ekki oftúlkað. En mér þótti þetta fróðlegt og að þessu leyti féllu viðhorf okkar saman á vali þessara fulltrúa í samvinnunefndina.

Þegar kemur að öðrum fulltrúum þá var ekki ágreiningur um það að félmrh. tilnefndi einn. Síðan er tólfti fulltrúinn í nefndinni, fyrir utan formann, skipaðan af umhvrh. — að honum meðtöldum raunar — fulltrúi útivistarsamtaka og valinn af útivistarsamtökum. Einn er valinn af félagasamtökum um útivist og síðan fjórir áheyrnarfulltrúar. Um þetta varð talsverð umræða. Ég neita því ekki að mér þykir þetta fyrirkomulag mála sem þarna varð ofan á stílbrot, svo ekki sé meira sagt, verulegt stílbrot. Það er ástæða þess að ég flyt við málið, og það er hluti af fyrirvara mínum við málið, brtt. á þskj. 1094 við 2. tölulið 2. gr. frv. Sú brtt. er í því fólgin að gert er ráð fyrir að fjölgað verði um einn fulltrúa í nefndinni, sá verði valinn af félagasamtökum um umhverfis- og náttúruvernd en áheyrnarfulltrúum þá fækkað niður í þrjá. Það er áhersla mín í þessu máli og sá þáttur sem ég er óánægður með í niðurstöðu málsins. Ég tel að meiri hlutinn sem réð þessari niðurstöðu og hafnaði hugmynd minni að lokum, hafi misstigið sig. Ég tel þetta talsvert alvarlegt mál, ekki síst í ljósi þeirrar stefnumörkunar sem Evrópuríki eru að taka í samskiptum sínum við áhugasamtök í umhverfis- og náttúruverndarmálum.

Við þrír fulltrúar Alþingis áttum sæti á ágætri ráðstefnu ráðherra Evrópuríkja í Árósum í *júnímánuði ásamt hæstv.* umhvrh. Við eigum allir sæti í umhvn. Við vorum þarna að ræða í þingmannahóp en vorum síðan teknir inn í sendinefndina til að geta fylgst með ráðstefnunni. Á þessari ráðstefnu var samþykkt stefnumörkun, sáttmáli um hlutverk umhverfis- og náttúruverndarsamtaka í samskiptum við stjórnmál landanna. Þarna komu fulltrúar slíkra samtaka og áttu sameiginlegan fund með ráðherrunum og fengu sæti inni *í hringnum til þess að það lægi skýrt fyrir og sýnilega að* hverju væri stefnt í þessum efnum.

Því miður hefur þessi samningur ekki verið lagður fyrir Alþingi til kynningar eða staðfestingar. Hann hlýtur að eiga að koma fyrir þingið. Í rauninni er verið að ýta á eftir því að þetta mál fari inn í þjóðþingin og fái staðfestingu hið fyrsta. Ástæða er til að undirstrika að menn eru ekki bara að tala um áheyrnaraðild slíkra samtaka eða óbein áhrif á stefnumörkun. Þessi samningur gerir ráð fyrir beinni aðild slíkra samtaka með ákveðnum hætti að stefnumörkun í málum sem varða umhverfisvernd. Og fyrirkomulag þessa máls hér í þessu samhengi er stílbrot og, að mínu mati, gengur skýrt gegn því sem hæstv. umhvrh. undirritaði í Árósum að því er varðar möguleika áhugafélaga á þessu sviði.

Ég harma að þetta skuli ekki hafa fengist í gegn en ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð. Það er ekki nógu vel á máli haldið.

Ég bauð það líka, ef það yrði til að sættast á málin, að allir fulltrúar, áhugaaðila eða meintra hagsmunaaðila sem fengju aðild að nefndinni, væru jafnstiga þannig að útivistarfulltrúinn hefði sömu stöðu og aðrir. Eða eins og ég útfærði það í brtt. að náttúruverndarsamtökin fengju sinn hlut.

Virðulegur forseti. Ég vona að sú brtt. sem hér er flutt eigi stuðning í þinginu. Ég vænti þess að við náum því að afgreiða málið og lögfesta í dag vegna þess að ég tel að það bindi með þýðingarmiklum hætti þau sjónarmið sem krefjast þess að heildstætt sé staðið að skipulagsmálum á miðhálendinu.

Þá undir lok máls míns, virðulegur forseti, því ég vil reyna að þjappa þessu saman þó að margt megi um málið segja: Þessi hugmynd sem kemur frá talsmönnum Samfylkingarinnar er að mínu viti tæknileg í eðli sínu. Eða borin uppi af ákveðinni tæknihyggju sem er vissulega ættuð frá þeim sem telja sig fróða um það hvernig eigi að vinna skipulag.

(**GÁS:** Hver er nú sérfræðingur í því?) En það sem mér sýnist að á skorti inn í skoðun málsins ... (**GÁS:** Sagði hv. þm. tæknihyggju?) Ákveðinni tæknihyggju, já. (**GÁS:** Hv. 4. þm. Austurl. ætti nú að þekkja hana.) Það er ágætt sjónarmið sem kemur utan úr sal að ég eigi að þekkja tæknihyggju.

Virðulegur forseti. Það sem ég á við er að menn taka ekki tillit til sérstöðu Íslands og óbyggðasvæðanna á Íslandi og hvernig þau hafa verið nýtt og hver hefur verið nálgunin gagnvart þeim fram undir þetta. Ekki er tekið með inn í þetta dæmi eins og skyldi, inn í þessa hugsun um landsáætlun eða landsskipulag. Það liggur að baki að minni hyggju, a.m.k. eins og ég þekki þá túlkun í fræðiritum skipulagsfræðinga eins og Trausta Valssonar, hugmyndir um að menn eigi að líta á miðhálendið miklu meira sem allsherjarframkvæmdasvæði til þess m.a. að tengja saman landshluta með upphleyptum vegum og hlemmivegum og leita hagræðis í flutningakerfi með fisk og afurðir þvert yfir hálendið. Birgir Jónsson, verkfræðingur eða a.m.k. starfsmaður, hefur starfað að slíkum málum, ég er ekki viss um að hann sé verkfræðingur, ég held að hann sé meðhöfundur að ágætu riti sem fjallar um þetta. Þetta eru ágætir fræðingar sem ég met mikils hvorn um sig og báða saman. Þeir flytja sitt mál og hafa kynnt það. Ég er ekki sammála áherslum þeirra. Ég er ekki sammála þeim áherslum sem þar koma fram. Ég tel þær afar varhugaverðar út frá sýn minni til þess hvernig við eigum að halda utan um málefni miðhálendisins.

Ef farið væri að ráði Samfylkingarinnar og settir til verka að draga upp landsskipulag fyrir miðhálendið sem forgangsatriði fulltrúar ráðuneytanna í Stjórnarráðinu, þá bara bið ég fyrir mér í þeim efnum. Það er mjög langt frá því að ég vildi skipta út þeirri nefnd sem er ætlað þetta vald fyrir slíkt apparat sem væri sett upp með þeim hætti sem tillaga kom fram um sl. vor af hálfu þáverandi þingflokks jafnaðarmanna og gengur aftur í því formi sem hér er lagt til. Ég gæti rökstutt það viðhorf með ýmsum hætti, virðulegur forseti, það mat mitt á stöðu málsins.

Svo verð ég að nefna, vegna þess sem kom frá þingflokksformanni Samfylkingarinnar í ágætu máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og endurspeglaðist í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar, það sjónarmið að framkvæmdarvaldið hlyti að geta gengið yfir svæðisskipulagið, eigi að geta troðið sjónarmiðum sínum og hljóti að hafa forgangsréttinn til að troða sjónarmiðum sínum fram gagnvart þessu skipulagsvaldi. Ég hafna því. Ég hafna því að staðan sé slík.

Sem betur fer liggja ekki þessir skipulagsdrættir fastir og ákveðnir fyrir þannig að það var og er svigrúm til þess að taka á skipulagi miðhálendisins út frá verndarsjónarmiðum öðru fremur. Sem betur fer endurspeglar sú svæðisskipulagstillaga sem þó liggur fyrir slík sjónarmið, þó langt sé frá því að það gangi jafnlangt í þeim efnum og ég hefði kosið, en mun lengra en hefði mátt vænta, ég tala ekki um ef orkuiðnaðurinn hefði fengið viðspyrnu í málinu og getað komið sjónarmiðum sínum lengra fram en raun bar vitni í þeirri tillögu.

Ég vek athygli á því að í svæðisskipulagstillögunni er að finna fyrirvara við framkvæmdir sem Alþingi hefur veitt heimildir fyrir og ráðherrar hafa veitt leyfi fyrir, m.a. í sambandi við virkjanaframkvæmdir. Það skiptir máli að slíkt sjónarmið fái staðfestingu í skipulagi, það veitir fótfestu, þó hún sé ekki traust eða kannski ekki eins örugg og maður vildi sjá. En þá veitir hún samt einhverja fótfestu. Út frá þessum sjónarhóli sem vil ég skoða þessi efni og ekki síst að sjónarmið fólksins um landið allt komi inn í þessi mál, að þau fái með vissum hætti að njóta sín, leitast verði við að skapa traust á milli fólks hvar sem er á landinu í sambandi við meðferð mála.

En ekkert skipulag og engin lagaumgerð fríar okkur af því að þurfa að hafa skoðanir á því hvernig eigi að þróa þessi mál og koma í staðinn fyrir almenningsálit í landinu sem er þrátt fyrir allt sterkasta aflið meðan við hlustum á það, á meðan Alþingi Íslendinga er opið fyrir slíkum sjónarmiðum. Við höfum orðið þess aðnjótandi og vitni að því núna allra síðustu árin í vaxandi mæli að þetta afl almenningssjónarmiða, verndarsjónarmiða, að því er varðar miðhálendið sérstaklega, er að ryðja sér braut og veita það skjól gagnvart öðrum hugmyndum og öðrum hagsmunum sem þarf til þess að ná fram því sem ég tel að mestu máli skipti og við mörg hér á þinginu. Það er það sjónarmið að miðhálendið verði öðru fremur verndað fyrir meiri háttar mannvirkjagerð, verði sem mest vettvangur og haldið utan um það sem auðlind þar sem við höldum mannvirkjagerð í lágmarki, leyfum okkur þann munað að nýta það sem kallað er auðlindir, þó freistandi væri, nema í mjög takmörkuðum mæli og af mikilli gát og varúð. Þar er það sjónarmið hins stóra fjölda sem máli skiptir, að hann láti sig það varða og þau sjónarmið hafa verið að styrkjast sem betur fer frá ári til árs upp á síðkastið, frá mánuði til mánaðar, og ég vona að þau fái framgang og fái notið sín í því pólitíska uppgjöri sem bíður okkar innan skamms í kosningum.

[17:10]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú líður sennilega á þær umræður sem verða um þetta mál ef ég met það út frá mælendaskrá. Ég vildi þess vegna nota tækifærið nú þegar til þess að þakka samnefndarmönnum mínum fyrir góða vinnu. Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir hans góðu tillögur sem hann gerði að umræðuefni. En ég vil ekkert síður þakka hv. þm. Magnúsi Árna Magnússyni og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir vinnu þeirra þótt þau hafi ekki fylgt okkur í meirihlutaálitinu en tillögur þeirra urðu svo sannarlega til gagns í nefndinni.

Ég vil láta það koma fram vegna orða hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og taka undir það áhersluatriði að núverandi svæðisskipulagstillaga, sem unnin var af nefndinni og bíður samþykktar, bíður þess að gengið sé frá henni, kemur ekki til umfjöllunar hjá hinni nýju nefnd eins og gert var ráð fyrir í frv. heldur klárar nefndin það með þeim tillögum sem hún hefur gert. Ég tel þetta afar mikilvægt og lið í því að skapa traust og framgang málsins.

[17:12]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Veigamiklar breytingar hafa átt sér stað á þeim tillögum sem kynntar voru í 1. umr. varðandi brtt. við skipulags- og byggingarlög. Ég tel að allar þær breytingar hafi verið mjög til góðs.

Eins og fram hefur komið er um að ræða sjálfstæða skipulagseiningu sem er ákveðinn skipulagsgrundvöllur sem er þá í höndum samvinnunefndar um miðhálendið. Ég fagna því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er einn af flm. þessarar tillögu þó hann hafi ritað undir hana með fyrirvara.

Veigamiklar breytingar á tillögunni eru m.a. fólgnar í vali á nefndarmönnum í þessari samvinnunefnd og einnig að gert er ráð fyrir að heimila — takið eftir — að heimila umhvrh. að

skipa áheyrnarfulltrúa ef þurfa þykir. Þetta er engin skylda en það er heimildarákvæði í þessum brtt.

Í raun og veru hafa átt sér stað grundvallarbreytingar á viðhorfum fólks til skipulagsmála. Öll slík vinna tekur ákveðinn tíma og það tekur talsverðan tíma að laða fólk til samstarfs í málum sem þessum.

Ég hef fylgst með vinnu í sambandi við skipulagsmál á landsvæði sem kallast friðland að fjallabaki. Þar hafa menn verið laðaðir til samstarfs. Það á við um sveitarstjórnir, það á við um fagmenn eins og verkefnastjórann sem heitir Gísli Gíslason og er landslagsarkitekt. Þar eru fulltrúar sveitarfélaga, þar eru fulltrúar fólksins í landinu sem hafa gert veigamiklar og merkilegar tillögur um skipulagsmál. Í þeim tillögum sem þar hafa verið lagðar fram hefur náðst sátt og sú sátt skiptir mjög miklu máli.

Þær brtt. sem hér eru kynntar eru auðvitað ákveðin málamiðlun því hér er um hápólitískt mál að ræða. Það þarf ekki að koma neinum á óvart. Engu að síður eru ákveðin grundvallaratriði sem skipta máli. Til dæmis er sú tenging sem fram kemur í þeirri vinnu sem innt hefur verið af hendi varðandi skipulagsmálin í rauninni grundvallaratriði, þ.e. að staðfesta það svæðiskipulag sem unnið hefur verið að af samstarfsnefndinni. Það er mjög veigamikið atriði í þessum brtt. og í raun grundvallaratriði.

Það hefur líka náðst sátt um hina svokölluð hálendislínu. Það skiptir miklu máli. Við munum eftir umræðunni sem fram fór í þinginu fyrir allnokkrum árum þegar fyrstu tillögur að skipulagi hálendisins komu fram, að menn voru allsendis ósáttir við tillöguna um hina svokölluðu skipulagslínu. Formaður umhvn. hefur lagt sig í líma við að reyna að ná sáttum um þetta mál, reyna að sætta ólík sjónarmið, og ég tel að hv. formaður umhvn. hafi staðið sig býsna vel í þeim efnum.

Fyrrverandi umhvrh. gerði í ræðu sinni áðan lítið úr stjórnsýslurökum, eins og hann orðaði það. En eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson veit þá ber okkur að fara eftir lögum og ég veit að hann lagði sig fram um það meðan hann var umhvrh. sjálfur þótt hann hafi misst þetta út úr sér í ræðustól áðan. En ég endurtek að hér er um grundvallaratriði að ræða, við höfum náð ákveðinni sátt í þessu máli og vonandi leiða þessar breytingar til þess að við megum ná enn meiri sátt við almenning um það svæði sem hér er verið að ræða um.

[17:18]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var fróðlegt að hlusta á það hjá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni að sátt hefði náðst í þessu máli. Við hverja hefur náðst sátt? Það kann vel að vera að hv. þm. hafi fyrir hönd flokks síns náð sátt við hv. þm. Hjörleif Guttormsson og þingflokk óháðra, sem illu heilli virðist styðja þetta biks. Hann hefur ekki samið sátt við aðra í þinginu. Hann hefur ekki samið sátt við fólkið í landinu. Hann hefur örugglega ekki samið sátt við náttúruverndarsamtökin.

Það má vel vera að það sé í lagi að hrósa hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni fyrir stjórnvisku og fyrir að hafa náð því að koma þessu máli úr nefnd. Hitt er alveg ljóst að hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni hefur ekki fremur en öðrum þingmönnum Framsfl. tekist að ná sátt um þetta mál við t.d. fólkið sem hefur hér vetrarlangt, að ég ekki segi árlangt, verið að mótmæla stefnu Framsfl. í þessu máli.

Ég spyr hv. þm.: Hvernig getur hann sagt að búið sé að ná sátt um þetta mál þegar það liggur ljóst fyrir að náttúruverndarsamtökin fá með engu móti að koma að þessu máli? Hins vegar eru einhverjum gæluvinum ákveðinna þingmanna Framsfl. í útivistarsamtökum úthlutað eitt sæti við borðið þar sem þeim málum er ráðið til lykta. Hvar er stóllinn sem náttúruverndarsamtökin eiga að sitja á? Hefur meiri hlutinn í umhvn. fallist á að breyta nefndarskipan á þann veg að náttúruverndarsamtökin komi að þessu? Að sjálfsögðu ekki eins og fram kom hjá öðrum talsmönnum Framsfl., þ.e. formanni nefndarinnar, að gera mætti ráð fyrir að náttúruverndarsamtökin komi að þessu með einhverjum hætti í gegnum útivistarsamtökin. Það er af og frá.

Það er alveg ljóst að verið er að búa til kerfi þar sem ójafnvægi er milli útivistarsamtaka og náttúruverndarsamtaka, ójafnræði milli þéttbýliskjördæmanna og fámenniskjördæmanna. Það er alveg ljóst.

Það er engin sátt um þetta mál og það verður engin sátt um þetta mál.

[17:20]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir að erfitt er að ná sáttum við hv. þm. Össur Skarphéðinsson í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Og fleiri.) Ágætir fulltrúar fylkingarinnar í umhvn. stóðu sig með miklum ágætum í því nefndarstarfi, komu með margar ábendingar og mörg ráð. Ég er alveg viss um að tíminn á eftir að leiða það í ljós að hér er um ákveðin atriði að ræða sem skipta heilmiklu máli í skipulags- og byggingarlögunum hvað hálendið varðar og við eigum ekki að vera á þeim neikvæðu nótum að berja þessa viðleitni okkar strax niður, það er engin ástæða til þess. (Gripið fram í.) Þetta á eftir að koma í ljós og það er svo margt þegar við horfum til framtíðarinnar. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem var að kalla fram í fyrir mér rétt áðan, talaði um nýjar víddir og ný ljós. Hér er um ný lög að ræða, breytingar á lögum og við skulum athuga hvort ekki komi ákveðin atriði þar fram sem eru til bóta.

[17:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi kom ungur þingmaður inn í þessa sali fyrir fjórum árum síðan. Ef hann er heppinn og ef kosningarnar verða á góðum degi þá mætir hann hingað aftur að kosningum loknum. Staðreyndin er einfaldlega sú að sökum viðhorfa Framsfl. til þessa málaflokks hefur fylgið hrunið af Framsfl. Skilur ekki Framsfl. hverjum klukkan glymur?

Ástæðan fyrir því að sá ágæti flokkur hefur lent í þeim ógöngum sem hann er staddur í núna er nákvæmlega þessi mál. Það eru viðhorf forustu Framsfl. til mengunarmála, til stóriðju og til hálendismála. Það eru þessir málaflokkar sem hafa rúið flokkinn fylgi.

Það sem við erum að deila hér um í dag er í rauninni aðkoma fólksins í landinu að skipulagi og stjórnun miðhálendisins. Það liggur alveg ljóst fyrir og hefur ítrekað komið fram í skoðanakönnunum að Framsfl. hefur í þessum efnum orðið viðskila við fólkið í landinu. Og það er út af því sem hann er staddur í þessari raunalegu stöðu.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason kemur hingað og rembist við að færa rök fyrir þessari vondu stefnu. En hann skilur ekki að það er þessi stefna sem veldur því að framtíð hans sem stjórnmálamanns, a.m.k. á næstu fjórum árum, er í hættu nákvæmlega út af því flokkurinn hefur haft stefnu sem er víðs fjarri stefnu fólksins í landinu. Það sama gildir um hinn ágæta þingmann, hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson. Báðir þessir

þingmenn hafa talað máli, hvor með sínum hætti þó, umhverfisstefnu og náttúruverndar á Alþingi Íslendinga. En þeir hafa hins vegar, eins og hæstv. umhvrh., verið sveigðir inn undir pilsfald stóriðjunnar, þ.e. forustumannanna tveggja, hæstv. iðnrh. og hæstv. utanrrh., sem hafa tekið Framsfl. og undið hann eins og tusku og undið hann undir pilsfald stóriðjunnar gegn vilja þessara þingmanna. Og það er þess vegna sem Framsfl. er u.þ.b. að hrapa fyrir ætternisstapa.

[17:23]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú kom ritstjórinn upp í ágætum hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. (Gripið fram í.) Hann fór að blanda saman — ágæti hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, það er dálítið merkilegt hvað þið verðið ókyrr þegar við erum að ræða þessi mál. Það er oft þannig með fólk sem hefur ekki sérstaklega góða samvisku að jafnvel prúðustu ...

(**Forseti** (StB): Ekki bein ávörp.)

... jafnvel prúðustu hv. þingmenn fara að gala.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór að blanda hér saman skoðanakönnunum á kjörfylgi. Hv. þm. þarf nú ekki að horfa mjög langt aftur í þeim efnum til þess að rifja upp hvar hann var í skoðanakönnunum, þó ekki væri nema fyrir eins og fáeinum vikum. Við skulum ekki vera að rugla þessu saman. Tíminn á eftir að leiða það í ljós hvort um góða eða vonda lagasetningu er að ræða. Ég tel að hér sé um ágæta viðleitni að ræða í öllu falli.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði líka um stóriðjumál. Ég er ekki frá því að hann hafi eitthvað örlítið öðruvísi viðhorf til þeirra mála núna en hann hafði í síðustu ríkisstjórn þegar hann sat þar. (Gripið fram í.) En eins og ég segi, það er merkilegt að prúðir þingmenn skuli endilega þurfa að gala og góla þegar við erum að reyna að rökstyðja mál okkar í þinginu, sem bendir til þess að samviska þeirra og einlægni, þrátt fyrir mikið tal um nýjar víddir og ný ljós, þau ljós séu kannski ekki eins skær og við mætti búast.

[17:25]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir ánægju minni með þær breytingar á byggingar- og skipulagslögum sem náð hafa fram í hv. umhvn. og lít svo á að þær hafi á ýmsa vegu opnað þetta mál fyrir almenningi í landinu umfram það sem upphaflegt frv. gerði ráð fyrir. Þar á meðal má nefna þá áheyrnarfulltrúa sem núna eru inni í frumvarpstextanum, en í ræðu minni við 1. umr. þessa máls lagði ég einmitt mikla áherslu á að áheyrnarfulltrúar frá náttúruverndar- og umhverfissamtökum ásamt fleirum ættu að koma að þessu máli, þó að ég hefði gjarnan viljað að þeir hefðu svipaðan rétt og útivistarsamtökin sem eru með sérstakan fulltrúa með atkvæðisrétti.

En í mínum huga er miklu betra að þeir fulltrúar, sem eru frá náttúruvernd, ferðaþjónustu, þeim sem hafa beitarréttindi og orkugeiranum, hafi áheyrn frekar en að þeir komi ekki nálægt borðinu. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan, að það að vera nálægt borðinu er að vera við það borð sem semur, í þessu tilfelli svæðisskipulagstillögu. Þeir sem eru áheyrnarfulltrúar hafa tillögurétt og málfrelsi og koma jafnmikið nálægt þeirri vinnu sem verður við svæðisskipulag og þeir sem hafa atkvæðisréttinn. Eini munurinn er í raun inni sá að geta rétt upp hendina en í svo miklu máli eins og svæðisskipulagið fyrir miðhálendið er, þá gera menn ráð fyrir því að þarna verði um samkomulag að ræða þannig að engin atkvæðagreiðsla fari í raun fram.

Það sem hefur breyst frá upphaflegu tillögunni er aðkoma almennings að málinu í gegnum auglýsingar og athugasemdir á því skipulagi sem svæðisskipulagsnefndin kemst að samkomulagi um. Samkvæmt textum sem fram koma í nál. og í brtt. er kafli í 3. tölul. þar sem skilgreint er nákvæmlega hvernig tillagan er auglýst bæði í dagblöðum á landsvísu og í Lögbirtingablaðinu og þar verður jafnframt skilgreint hvar þessi tillaga er til sýnis og hve lengi og hvert á að senda þær athugasemdir sem fólk hefur við þá tillögu sem lögð er fram. Það er ekki auglýst í Lögbirtingablaðinu einu saman heldur þarf eitt landsmálablað einnig að auglýsa þetta, þ.e. setja þarf auglýsinguna í blað sem dreift er um allt landið. Að því leyti er verið að opna möguleika fólks til að fylgjast með og til að hafa áhrif á tillögu samvinnunefndarinnar.

Önnur atriði sem skipta máli í þessu sambandi eru t.d. jafnvægið milli höfuðborgarsvæðisins, þessa fjölmenna svæðis á suðvesturhorninu, og þeirra sveitarfélaga sem eiga land að hálendinu. Með þessum tillögum er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin sem liggja að hálendinu velji fulltrúa sína sjálf en ekki Samband ísl. sveitarfélaga, eins og áður var ráðgert, ellegar landshlutasamtökin, sem jafnvel hefði verið hægt að hugsa sér. Það er að sjálfsögðu traustara að sveitarfélögin, sem einnig gera aðalskipulag fyrir sitt land, séu nær vinnunni báðum megin. Þannig er ákveðið jafnvægi gagnvart hópum af höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum, útivistarsamtökum og umhverfissamtökum, sem hafa önnur sjónarmið. Það er ekki eðlilegt að minnka áhrifavald sveitarstjórnarmannanna það mikið að þeir séu nánast áhorfendur að þessu skipulagi.

Þegar samvinnunefndin hefur komið sér saman um að leggja fram einhverja tillögu þá er hún samkvæmt þessu frv. endanleg, a.m.k. gagnvart sveitarfélögunum sjálfum. Sveitarfélögin sem liggja að miðhálendinu geta ekki hafnað tillögunni sem samvinnunefndin leggur fram. Þau hafa ekki neitunarvald til að stöðva hana. Ég sé að í nál. minni hlutans er sagt að sveitarfélögin haldi áfram aðal- og svæðisskipulagi og deiliskipulagsrétti sínum. Í áliti minni hlutans segir einnig að samvinnunefndin geti ekki tryggt samfellu og samræmi í skipulagi miðhálendisins, a.m.k. ekki í andstöðu við einstaka sveitarstjórnir sem fara með aðalskipulag í sveitarfélögum sínum. Þetta er að sjálfsögðu rangt. Sveitarfélögin sem liggja að hálendinu verða að fara eftir tillögu svæðisskipulagsnefndarinnar. Þau hafa ekkert val. Þau geta ekki hafnað tillögunni ef hún hefur verið samþykkt af skipulagsstjórn og síðan ráðherra. Þar með er hún endanlegt vald yfir aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga.

Inn í aðalskipulag sveitarfélaga geta auðvitað komið nánari útfærslur á því hvernig nota eigi land eða byggja á því en allar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaga sem ekki eru í tillögum samvinnunefndarinnar þurfa að koma til skoðunar hjá samvinnunefndinni sjálfri. Það er nokkuð ljóst að vald samvinnunefndarinnar er gríðarlega mikið, miklu meira held ég en margur hyggur. Þar af leiðandi eru áhrif umhverfisfólks, náttúruverndarfólks, höfuðborgarbúa og allra landsmanna á þessa nefnd og sveitarfélögin alveg gríðarleg.

Ég held að áhyggjur minni hlutans að þessu leyti séu óþarfar. Hluti af misskilningnum sem verið hefur í umræðunni svo lengi er frá því við ræddum þessi byggingar- og skipulagslög og þau þrjú frv. sem voru til umræðu fyrir rúmu ári. Mér fannst allan tímann að minni hlutinn á Alþingi misskildi það sem gera átti. Hann talaði um að verið væri að

skipta hálendinu milli fárra, 4% þjóðarinnar væru að eignast 40% landsins, að svæðisskipulagið væri svona tertusneiðahugmynd. Komið hefur í ljós að svo er alls ekki. Hér er öllum tryggður aðgangur.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa mjög langt mál um þetta. Ég held við höfum hér mjög ásættanlegt skjal í höndunum sem hefur fært okkur eitthvað sem ég taldi allan tímann að við hefðum í skipulags- og byggingarlögum eins og þau voru. Þar voru möguleikar til að gera þetta en með þessu hefur málið verið njörvað nákvæmlega niður frá A til Ö þannig að einstakir ráðherrar hafa ekki mikið vald til að breyta út af textanum. Ráðherrarnir hafa þó það vald að skipa þessa fjóra fulltrúa eftir sínu höfði. Í textanum kemur hins vegar fram hverju ráðherra á að taka mið af varðandi þá fjóra fulltrúa.

Ég vona a.m.k. að þetta verði til þess að lægja þær öldur sem stjórnarandstöðunni tókst að ýfa upp í kringum þetta mál á síðasta þingi. Ég vona að fólki verði ljóst að meiri hluti þingsins hefur unnið með fólkinu í þessu máli. Við höfum komið til móts við ýmsa aðila til þátttöku á öllum stigum þessa máls. Ég held að meiri hluti Alþingis og ríkisstjórnin geti verið virkilega hreykin af því hvernig til hefur tekist. Ég held því ekki fram að frv. sé fullkomið en ég held við getum sagt að þarna hafi tekist virkilega vel til við að ná sátt um jafnmikilvægt mál og skipulag miðhálendisins er.

[17:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún er mjög mikilvæg, yfirlýsingin frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni um eðli svæðisskipulagsins í þessari umræðu. Hv. þm. segir ljóst að svæðisskipulag miðhálendisins taki yfir aðalskipulag sveitarfélaga. Með því gengur á svigrúm sveitarfélaganna á miðhálendinu til að gera aðalskipulag að eigin vild. Það er nokkuð sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, sem nú er að ganga úr salnum, verður að lýsa skoðun sinni á síðar í umræðunni. Mér er tjáð að það séu skiptar skoðanir á þessu innan nefndarinnar. Þetta er lykilatriði. Maður spyr sig auðvitað: Þurfa sveitarfélögin sem eiga land inn í miðhálendið nokkuð að vera að hafa fyrir því að gera aðalskipulag ef svæðisskipulagið tekur yfir þau? Þá gera menn eitt svæðisskipulag og það er rétthærra en aðalskipulagið samkvæmt þessu, samkvæmt skoðun hv. þm. Þá er náttúrlega búið að taka mikið vald af sveitarfélögunum. Um það hef ég ekkert nema gott eitt að segja, það er mikilvægt að þessi skilningur liggi fyrir.

Í annan stað. Hv. þm. Kristján Pálsson heldur því fram að meiri hlutinn hafi unnið með fólkinu. Eitt er a.m.k. ljóst, herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson hefur ekki unnið með fólkinu. Hann stendur að frv. og það sem hér liggur fyrir er allt annað en hann sagði að mundi verða niðurstaða umræðunnar þegar málið kom áður fyrir þingið. Hv. þm. Kristján Pálsson, svo ég rifji það upp, sagði að þetta frv. væri gallað vegna þess að það gerði ekki ráð fyrir því að fulltrúar ferðaþjónustu, útivistarsamtaka og náttúruverndar kæmu að málinu. Hvað er það sem hefur breyst síðan? Jú, einn fulltrúi útivistarsamtaka hefur bæst við. Hvar eru fulltrúar náttúruverndar? Hvar eru fulltrúar ferðaþjónustunnar, sem hv. þm. Kristján Pálsson sagði í umræðunum að hann mundi beita sér fyrir að fengju sæti við þetta borð? Þeir fá að éta það sem úti frýs og hv. þm. Kristjáni Pálssyni virðist alveg sama. Hann ber sér á brjóst og segir: Sjáið hvað við höfum gert, við höfum unnið með fólkinu. Við höfum náð þessu. Staðreyndin er sú að við höfum engu náð af því sem hann sagði að mundi berjast fyrir, eða svo til engu.

[17:38]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skelfilegt að hlusta á hv. þm. Össur Skarphéðinsson í þessu máli. Ég sagði í umræðunni að ég vildi að umhverfissamtök, náttúruverndarsamtök og útivistarsamtök kæmu að málinu. Ég sagði að ég teldi ásættanlegt að þau kæmu inn sem áheyrnaraðilar, sem áheyrnarfulltrúar, og það hefur gerst. Þarna er einn fulltrúi með fulla aðild, fulltrúi útivistarsamtaka. Hinir eru með áheyrn. Þeir sitja við borðið með nákvæmlega sama tillögurétt, með nákvæmlega sama málfrelsi og allir hinir fulltrúarnir sem eru með atkvæðisrétt. Ég get ekki ímyndað mér að þér hefði nokkurn tímann dottið það í hug, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að þessi árangur mundi nást. Ég efast stórlega um það.

(**Forseti** (StB): Ekki bein ávörp.)

Herra forseti. Ég sagði að vísu hv. þm. Össur Skarphéðinsson í framhaldinu, en ég biðst afsökunar, herra forseti. Ég held að hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætti að skoða betur hvað ég sagði í umræðunni en ég get ekki betur séð en allt það sem ég sagði þá kristallist í því sem hér er komið fram.

Varðandi aðalskipulagstillöguna vil ég benda á að svæðisskipulaginu verður ekki breytt af sveitarstjórnunum eftir að nefndin hefur komist að samkomulagi. Einstök sveitarfélög geta ekki breytt því, þau hafa ekki neitunarvald. Aftur á móti er aðalskipulag nákvæmara en svæðisskipulag. Það getur ýmislegt komið fram, um landnýtingu eða annað sem skiptir sveitarfélögin máli, sem ekki er í svæðisskipulaginu sjálfu. Það er bara nákvæmlega eins og deiliskipulag er nákvæmara en aðalskipulag. Þetta þekkja allir sem starfað hafa í sveitarstjórnum. Ég er ekki að segja að aðalskipulagsvaldið sé tekið af sveitarfélögunum en svæðisskipulagið sjálft er það sterkt að aðalskipulag sveitarfélaganna verður að taka tillit til þess.

[17:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður verður að gera þá lágmarkskröfu til þingmanna sem véla um svo mikilvæg mál, að þeir þekki öll smáatriði málsins. Í málflutningi hv. þm. Kristjáni Pálssyni rekur sig hvað á annars horn. Hv. þm. segir í öðru orðinu að svæðisskipulagið sé æðra en aðalskipulagið og þar með að sveigja þurfi aðalskipulagið að svæðisskipulaginu. Í hinu orðinu, nánast í sömu setningu, segir hann að ekki sé gripið inn í aðalskipulagsvald sveitarfélaga. Þetta, herra forseti, rímar ekki saman. Önnur hvor fullyrðingin er röng. Ég spyr hv. þm.: Hvor er röng?

Auðvitað er rétt hjá hv. þm. að honum finnst skelfilegt að hlusta á það sem ég hef að segja hérna. Hvers vegna? Vegna þess að ég er að rifja upp það sem hv. þm. lofaði hér, lofaði útivistarsamtökum, náttúruverndarsamtökum og aðilum í ferðaþjónustu. Svo kemur hann hingað stoltur af því að hafa náð því fram að ferðaþjónustan sé orðin þriðja flokks aðili. Náttúruverndarsamtökin eru orðin þriðja flokks samtök samkvæmt fyrirkomulaginu. Þau fá, ef ráðherra vill, aðild sem áheyrnarfulltrúar. Þau mega leggja fram hugmyndir. Fá þau að hafa vald til að taka ákvarðanir? Nei, þau fá ekki að taka þátt í ákvörðunum. Síðan kemur hv. þm. eftir að hafa leitað til þessa fólks í prófkjörum og í kosningum og hvað? Hann hrósar sér af því að hafa gert þetta að þriðja flokks fulltrúum, t.d. án sama vægis og ýmsir fulltrúar kjördæmanna.

Hv. þm. sem sagði í umræðunni í fyrra að auðvitað þyrfti að tryggja að sjónarmið fólksins í þéttbýliskjördæmunum fengju að njóta sín. Hvernig gerir hann það? Hann gerir það með því að fallast á að þarna verði einn fulltrúi úr kjördæmi hans sem hefur ekkert meira vægi en fulltrúar landsbyggðarkjördæma með miklu færri kjósendum. Þetta, herra forseti, býður því heim að sjónarmið okkar í þéttbýlinu verða borin fyrir borð. Hvers vegna? Vegna þess að hv. þm. Kristjáni Pálssyni og hans kollegum tókst að koma þessu svo fyrir. Svo hafa þeir sómakennd til að hrósa sér af þessu.

[17:43]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. „Glymur hæst í tómri tunnu", segir máltækið. Ég átta mig ekki almennilega á því hvað býr á bak við fullyrðingar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þegar hann segir að hér rekist hvað á annars horn. Hv. þm. hefur trúlega ekki kynnt sér nægjanlega vel skipulagslög og hvernig skipulag fer fram hjá sveitarfélögunum. Það eru a.m.k. þrjár gerðir skipulaga sem unnið er með hjá sveitarfélögunum. (Gripið fram í.) Hv. þm. ætti þá kannski frekar að rifja upp hvernig þetta var gert á sínum tíma.

Það er til svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Öll þessi stig eru misjafnlega nákvæm. Allt sem fram kemur í svæðisskipulagi þarf að taka tillit til í aðalskipulagi. Þess sem er í aðalskipulagi þarf að taka tillit til í svæðisskipulagi. Þannig gengur þetta skref fyrir skref. Ef hv. þm. veit þetta ekki er tími til kominn að hann viti það. Allt í því sem ég sagði rímar, nákvæmlega allt.

Hv. þm. fullyrðir að útivistarsamtök og náttúruverndarsamtök fái ekki að koma að borðinu. Það er rangt. Þeir fá svo sannarlega að koma að þessu borði en ég viðurkenni að þeir hafa ekki allir sama rétt, t.d. ekki atkvæðisrétt. Það er ekki neinn þriðja flokks aðili sem er með málfrelsi og tillögurétt við borð svæðisskipulagsnefndarinnar. Það er sko alls ekki þriðja flokks. Það er í raun allt sem þessir aðilar þurfa á að halda. Spurningin er hvort þessir aðilar hafi nokkurn tímann þurft á atkvæðisrétti að halda, eins og Útvistarsamtökin hafa.

[17:45]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er spurning hvort það hefur tilgang að reyna að eiga skoðanaskipti um þessi stóru mál. Við höfum lagt til að unnið verði sérstakt landskipulag, orðum það auðlinda- og umhverfisskipulag, sem verði ákveðið með þál. frá Alþingi. Þannig yrði til skipulagsyfirvald gagnvart öllum sveitarfélögum um stóru ákvarðanirnar með tilliti til almannahagsmuna. Þar með tæki Alþingi ábyrgð á heildarskipulagi hálendisins. Þetta eru meginatriðin.

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orðaskipta sem áttu sér stað er það þannig að þegar við erum að tala um svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag, og því verður ekki í móti mælt að sveitarfélag sem hefur aðalskipulagsréttinn, hafi ekki verið farið öðruvísi með það með lögum frá Alþingi að eitthvað yfirtaki þann rétt, að ef sveitarfélagið sjálft ákveður að gera eitthvað á þann hátt sem það vill, hvort sem það fellur að svæðisskipulagi frá einhverri samvinnunefnd eða ekki, er það sveitarfélagið sem ræður.

Við skulum taka Svínavatnshrepp sem dæmi. Svínavatnshreppur ákvað að skipuleggja aðstöðu á Hveravöllum. Við skulum ímynda okkur að menn mundu hverfa frá þeirri hugmynd sem þeir eru með og ákveða að setja þar upp glæsilegt hótel, aðstöðu sem mundi almennt ekki vera sátt um. Ef Svínavatnshreppur héldi fast við sína hugmynd telur þá þingmaðurinn að einhver fulltrúi í samvinnunefnd gæti komið og skipað þeim að breyta því? Ef Svínavatnshreppur mundi ákveða að falla frá þeim hugmyndum sem nú liggja fyrir og ganga út yfir öll mörk velsæmis, gagnvart því sem almenningi finnst trúir þingmaðurinn því að svæðisskipulag og samvinnunefnd gætu tekið á því máli?

[17:47]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef Svínavatnshreppur hefur gert aðalskipulag sem er í samræmi við svæðisskipulag getur hann haldið áfram þeim ákvörðunum sem hann hefur lagt af stað með. Aftur á móti ef aðalskipulagið stangast á við svæðisskipulagið er í raun verið að ganga þvert á skoðanir samvinnunefndarinnar sem er rétthærri í þessu tilviki samkvæmt þessum lögum og 13. gr. laganna samkvæmt þessu nýja frv. en sveitarfélagið. Aftur á móti er það spurning um afturvirkni í svona tilfelli ef Svínavatnshreppur hefur verið búinn að taka einhverja ákvörðun áður en þessi lög verða samþykkt er náttúrlega spurning hvort Svínavatnshreppur hefur ekki fulla heimild til að gera það sem fyrri ákvarðanir eða fyrri lög heimiluðu þeim. En Svínavatnshreppur, hvað sem hv. þm. er að meina í þessu tilfelli, það sem ákveðið verður af þeirri sveitarstjórn verður að samrýmast svæðisskipulaginu þegar það verður samþykkt af ráðherra. Það er skoðun mín og ég hef ekki heyrt þeirri skoðun andmælt og ég velti fyrir mér, hvaða skoðun hv. þm. hefur á svæðisskipulagsnefndinni yfirleitt. Trúir hv. þm. því að svæðisskipulagsnefndin sé bara til að gera eitthvert kort og eftir því þurfi enginn að fara? Sveitarstjórnirnar þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af því eða taka neitt tillit til þess. Þetta er bara ekki svona, hv. þm. og ég held nauðsynlegt sé að þeim misskilningi verði eytt.

[17:49]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður urðu þetta miklir útúrsnúningar. Ég er nákvæmlega að draga það fram og það var gott að taka dæmi um Svínavatnshrepp vegna þess að það varð talsvert mikil blaða- og fjölmiðlaumfjöllun um það þegar Svínvatnshreppur ákvað þjónustumiðstöð á Hveravöllum á sínum tíma. Ég var að draga það fram ef t.d. sveitarfélagi á þeim stað sem almannahagur lætur sig varða dytti í hug að fara allt aðra leið og byggja eitthvert hótel sem ætti alls ekki heima á slíkum stað og héldi fast við það þá hefur svæðisskipulagið ekki vald gagnvart aðalskipulagi Svínavatnshrepps. Ég fór niður í að tala um eitt sveitarfélag sem var gott dæmi til að draga þetta fram.

Ég hef verið að tala um yfirvald varðandi stóru ákvarðanirnar þannig að allir þyrftu að beygja sig fyrir því. Samvinnunefnd um svæðisskipulag vantaði allar forsendur frá hinu opinbera, það vantaði allar forsendur frá Alþingi. Það hef ég verið að rekja í ræðu minni í dag. Í öllum málaflokkum sem hefur þurft að taka stefnumörkun um áður en gengið er til skipulags. Það er það sem er að. Það er það sem við erum að gagnrýna, gagnrýndum í fyrra og gagnrýndum í dag.

[17:51]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Samfylkingarinnar skilji ekki málið, því miður. Svæðisskipulag nær einfaldlega yfir aðalskipulag miðhálendisins. En ég held að það sé líka rétt

að minna á að stærsti hluti hálendisins er eign íslensku þjóðarinnar og svokölluð óbyggðanefnd mun svo skera úr því á næstu árum hvað telst vera eignarlönd og hvað telst vera þjóðlenda. Eftir því sem okkur sýndist í allshn., þegar þetta mál var til skoðunar, mun langstærsti hluti þess lands sem liggur innan miðhálendisins verða eign ríkisins. Landeigandinn verður þá fólkið allt. Sveitarfélögin munu eingöngu fara með eftirlit, með skipulagslegt eftirlit, miðað við þær samþykktir sem gerðar eru af svæðisskipulagsnefndinni og síðan sveitarstjórninni sem hefur síðan fengið þessar tillögur allar samþykktar af viðkomandi yfirvöldum sem eru skipulagsyfirvöld og ráðherrar í þessum tilfellum. Ég held við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur af þessu máli og getum glöð samþykkt þetta sem lög frá þinginu. Ef samfylkingarmönnum sýnist að þarna sé einhver óvissa á ferðinni mundi ég ráðleggja þeim að ræða það sérstaklega við formann nefndarinnar.

[17:53]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þau orðaskipti sem áttu sér stað í andsvörum milli nokkurra hv. þm. snerta að vissu leyti kjarna þess máls sem við ræðum og það er þetta: Hvað er veigaþyngst og hvað gildir í raun og sanni þegar aðalskipulag einstakra sveitarfélaga fer ekki saman við svæðisskipulag eða tillögur að svæðisskipulagi? Auðvitað er það þannig að fyrst verður til aðalskipulag að öllu jöfnu og síðan freista menn þess að búa til svæðisskipulag sem getur tekið yfir stærri svæði. Það þekkja sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu einkar vel þegar slíkir hnútar hafa orðið til að aðalskipulag tiltekinna sveitarfélaga, sem liggja hvert að öðru, hafa verið þannig að ekki hefur verið hægt að koma við svæðisskipulagi sem vit væri í. Við þekkjum það að slík mál hafa stundum togast og teygst árum saman án þess að nokkur vitræn niðurstaða fengist og enda er það lykilatriði þeirrar setningar sem finna má hér í brtt. meiri hlutans að við gerð svæðisskipulags miðhálendis sé þess gætt að samræmi sé innbyrðis með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga á svæðinu og að samræmi sé milli þeirra og svæðisskipulags miðhálendis. Þá spyrja menn: Ef þetta gerist nú ekki, og að vísustu manna yfirsýn sé þetta samræmi ekki til staðar, hvar endar málið þá? Lendir það í stóra stoppi, munu menn freista þess að knýja á um það við einstök sveitarfélög að þau breyti aðalskipulagi sínu?

Nú vildi ég, hæstv. forseti, að hv. formaður nefndarinnar sem allt veit og allt kann, leggi við eyru. Nú er ég að ræða um hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson því hér er eins og ég sagði er um ákveðin lykilatriði að ræða en ég sé það á svipmóti nokkurra aðila hér að þeir eru ekki alveg vissir um það. Kunna ekki gjörla skil á því þótt hv. þm. Kristján Pálsson hafi farið hátt og mikinn um þessi efni og þóttist kunna á þeim skil. Þá er það bara þannig samkvæmt orðanna hljóðan og samkvæmt þeirri reynslu sem ég held að til að mynda að sveitarstjórnarmenn hafi í þessum efnum á þéttbýlissvæðum að þessi mál eru ekkert mjög einföld úrlausnar. Mér dettur ekki í hug að ætla að þau verði það þegar miklum mun fleiri sveitarfélög eiga aðild að málinu en við þekkjum t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu sem ég þekki kannski hvað best. Því er alveg einsýnt að úr þessu þarf að fást skorið. Hættan er sú hvort þessi stóra samvinnunefnd miðhálendis gæti hugsanlega lent mjög fljótlega í stóra stoppi vegna þess að í praktíkinni stæðu einstakar sveitarstjórnir sem eiga land að miðhálendinu og hafa klárað sitt aðalskipulag gegn því og vilji halda því fram að samræmis sé ekki gætt. Þetta er heildarmyndin sem blasti við okkur fyrir ári þegar við vorum að ræða þessi mál. Þetta er hætta sem enn þá er til staðar í þessum efnum í þeirri tillögu sem við ræðum hér því skylt er skeggið hökunni. Auðvitað vakna upp á nýjan leik við þessa umræðu ýmis grundvallarálitamál sem voru uppi fyrir réttu ári. Getur þetta gengið upp með viti bornum hætti eins og lagt var af stað með fyrir ári og reynt er að þrjóna utan um í þessum skipulagstillögum? Ég hef verulegar efasemdir um það. Ég met vissulega tilraunir manna til að reyna að stagbæta þessa flík og gera hana þannig úr garði að hægt sé að lifa við hana og hægt að vinna út frá henni en ég hef efasemdir um að þau lög sem meiri hluti Alþingis afgreiddi í mikilli ósátt við stóran hóp þjóðarinnar fyrir réttu ári séu þess eðlis að hægt sé að gera þau skárri eða hægt sé að betrumbæta þau þótt menn fari í miklar tilraunir hvað varðar útfærslu skipulags- og byggingarmála. Ég hef verulegar efasemdir um það og mun koma að þeim hér á eftir.

Hitt er svo ljóst, virðulegi forseti, eins og hefur komið rækilega fram að umræðan er við ákaflega undarlegar aðstæður. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerði því rækileg skil hér áðan og ég ætla ekki að endurtaka það sem hún sagði. Hitt er ljóst og fer um sali og ganga í þessu húsi, að forustumenn Sjálfstfl., annar samstarfsflokkur í ríkisstjórninni sem hyggur á landsfund á morgun, hafi það gjarnan á orði að ef menn hyggist ræða tiltekin mál meira en góðu hófi gegnir að þeirra mati, verði þeim málum einfaldlega stungið undir stól. Það er auðvitað ljóst, herra forseti, á setu ráðherra og viðveru þingmanna Sjálfstfl. að þeir eru þegar farnir að hugsa til annarra mála en þingstarfa. Það vekur sérstaklega athygli mína að eingöngu hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason situr undir þessari umræðu þótt hún heyri nú ekki beinlínis undir ráðuneyti hans. Skýringin kann að vera sú að hann tók þá ákvörðun að vera ekki með í stóra slagnum á landsfundi Sjálfstfl. og sagði sig frá honum af einhverjum ástæðum sem ég kann ekki að rekja og hirði ekki um í þessu samhengi. En það er umhugsunarefni, herra forseti, að þingstörf á síðustu dögum síðasta þings kjörtímabilsins skuli taka jafnmikið mið af einhverjum atburði sem er að gerast utan húss og úti í bæ á komandi helgi og að starfsemi þingsins líði fyrir það.

Ég tek eftir því að þannig hagar til á dagskránni að mörg mál sem enn eru óafgreidd, sum hver mjög mikilvæg og allgóð sátt um, eru einmitt á forræði ráðherra Framsfl. Þykir mér þá lítið leggjast fyrir samstarfsaðilann í ríkisstjórn, þá sjálfstæðismenn, þegar þeir hafa frumkvæði að því við stjórn þingsins og láta þau boð berast að ef stjórnarandstaðan geri ekki eins og Sjálfstfl. líki þá verði þessi mál sett í saltpækilinn.

Auðvitað hirðum við ekkert um hótanir, ég vil segja það, herra forseti, af þessum toga. Þær eiga ekkert við og ég læt þær sem vind um eyru þjóta. Þess vegna er það algerlega rangt sem menn hafa líka verið að hvísla hér að einhverjir tilteknir stjórnmálaflokkar eða þingflokkar á hinu háa Alþingi hafi tekið þetta tiltekna mál gíslingu og ætli að halda því í langri umræðu langt fram eftir kvöldi. Ég hef ekki heyrt neinn úr röðum stjórnarandstæðinga ræða þetta mál þannig.

Málið er hins vegar þannig vaxið að ekki er hægt annað en að gefa því dálítinn tíma og rúm. Það kemur eins og ég sagði í beinu framhaldi af og er nátengt þeim lögum sem samþykkt voru fyrir réttu ári síðan. Þá voru um þetta mjög heitar deilur og hafa verið allar götur síðan. Það hefur ekki farið fram hjá okkur þingmönnum að vikulega hafa listamenn þjóðarinnar

framið gjörning á Austurvelli, lesið ljóð og haft uppi andóf gegn þeirri lagasetningu til að minna okkur á að miðhálendið og landið allt raunar er þegar allt kemur til alls sameign okkar allra. Hér er um stórmál að ræða.

Það fer ekkert hjá því að maður taki eftir því þegar þingmenn á borð við hv. þm. Kristján Pálsson tala að samviskan er aldeilis ekkert í góðu lagi. Hún er satt að segja afspyrnuslæm. Þingmaðurinn stóð í þessum ræðustól og hélt fimm eða tíu mínútna ræðu og rauði þráðurinn í henni var sá að hv. þm. reyndi að sannfæra sig um að víst væri nú að verða sátt um þetta mál. Fólk væri nú að fara að átta sig á því að þetta hefði kannski ekki verið jafnvitlaust og mikill meiri hluti þjóðarinnar áleit fyrir ári síðan. Það er auðvitað hans skoðun og hann má reyna að lappa upp á sjálfan sig og sitt eigið sálartetur á þennan hátt.

En auðvitað skynjar hann það og finnur, t.d. í sínu kjördæmi sem er raunar sama kjördæmi og ég gegni fyrir, að það er langt í frá nokkur sátt um það að Reyknesingar hafi í raun litla sem enga aðkomu að miðhálendinu. Ég segi litla. Að vísu er veikburða reynt að koma að einhverju leyti til móts við þá. En það er einber sýndarmennska þegar menn horfa á hið stóra dæmi sem afgreitt var hér í fyrra. Ég hef því fullan skilning á því að hv. þm. og öðrum stjórnarliðum í R-kjördæmunum líði býsna illa þegar fyrrum kjósendur þeirra hafa uppi orð í þá veru að þeir kunni því ekki þegar þessir hv. þm. með einu pennastriki og með því að ýta á græna hnappa trekk í trekk í atkvæðagreiðslu ýti hagsmunum þeirra fyrir borð og segi: „Ykkur kemur það satt að segja lítið sem ekkert við hvað verður um miðhálendið." Ég hef allan skilning á því að hv. þingmönnum stjórnarflokkanna í þéttbýlinu líði illa.

Herra forseti. Ég neita algerlega þeirri nálgun máls sem ég hygg að hafi til orðið af hálfu stjórnarliða, af hálfu þingmanna ríkisstjórnarflokkanna, að stilla þessu mikilvæga máli, eignarhaldi, umráðum, skipulagsyfirvaldi o.s.frv. á miðhálendinu, upp sem einhvers konar hatrammri deilu milli íbúa suðvesturhornsins og annarra íbúa þessarar þjóðar. Þannig er það ekki og þannig á það ekki að vera. Kjarni málsins í málflutningi okkar hér fyrir ári var að ganga þannig frá málum að við settum þetta mál ekki í þann farveg. Nóg er nú samt í þeim efnum og mætti tíunda fjölmörg dæmi eingöngu á yfirstandandi kjörtímabili um hvernig ríkisstjórnarflokkunum hefur gjörsamlega misheppnast að skapa þjóðarsátt milli þáttbýlis og dreifbýlis og tiltölulega gott jafnvægi í þeim efnum hvað varðar þjónustu, efnahag, samgöngur og fleira. Í því samhengi er satt að segja grátbroslegt að fylgjast með því að á sama tíma og Alþingi Íslendinga er að afgreiða ný lög — ég vil segja nánast í tugatali á þessum síðustu dögum þingsins — þá sinna ríkisstjórnin og ráðherrar þessarar ríkisstjórnar þinginu lítið sem ekkert. Þeir hafa stundum gert lítið af því hvort eð er. Þeir taka hinar stóru ákvarðanir á sínum kontórum.

Það vakti til að mynda sérstaka athygli mína í því samhengi hvernig komið er fyrir virðingu þingsins að hæstv. menntmrh. fór mikinn í þessum ræðustól í sjónvarpsumræðum á dögunum, kvartaði og kveinaði yfir því að tilteknir stjórnmálaflokkar, þar á meðal Samfylkingin, væru að lofa öllum allt. Það leið varla nóttin þar til hann mætti á enn einn blaðamannafundinn og jós úr skálum gjafmildinnar og hækkaði hlutfall lána til stúdenta í landinu. Ég veit ekki hvort hann hafi lagt þau mál fyrir stuðningsmenn sína í ríkisstjórnarflokkunum. Ég kann ekki á það. En mikið ósköp virkaði þetta nú ótrúverðugt allt saman hjá þessum manni.

Síðan tekur maður eftir því að það er fyrir tilverknað stjórnarandstöðunnar sem loksins eru að verða til handfastar tillögur í byggðamálum tveimur mánuðum fyrir kosningar. Ég segi og skrifa, tveimur mánuðum fyrir kosningar. Við höfum horft upp á það og fylgst með því hvernig öfugþróunin hefur orðið á þessu kjörtímabili í fólksflutningum frá dreifðari byggðum hingað á suðvesturhornið. Allt er á einn veginn og gjaldþrot byggðastefnu ríkisstjórnarinnar hefur verið algert. Svo er það loksins að tillögu fjölskipaðrar nefndar, skipaðri fulltrúum allra stjórnmálaflokka, sem varð raunar til upp úr kjördæmanefnd allra stjórnmálaflokkanna, að fram kemur núna tveim mánuðum fyrir kosningar eitthvað sem handfesta er í. Í þessum efnum þurfti því stjórnarandstöðuna til til að sýna fram á eitthvað áþreifanlegt.

En það vekur jafnmikla athygli að þessi mál fást ekki rædd hér eins og eðlilegt væri. Af hverju er ég að blanda þessum málum beinlínis inn í skipulags- og byggingarmál? Jú, auðvitað eru þau að mörgu leyti skyld pólitískt. Þau eru skyld í því andrúmslofti sem ég er hér að reyna að lýsa og benda á. Kringumstæður núna á síðustu dögum þingsins eru ákaflega undarlegar og maður finnur það á andrúmslofti í þessu húsi og utan húss líka að taugatitringurinn og kosningaskrekkurinn í stjórnarliðinu er slíkur að hann er nánast áþreifanlegur. Hann nánast hrópar í þögninni.

Í hverju málinu á fætur öðru er það þannig að þingmenn Framsfl. annars vegar og raunar Sjálfstfl. sömuleiðis skynja og finna á fólki að ekki er allt með felldu þegar kemur að samskiptum stjórnar og almennings. Nákvæmlega það á við í því máli sem við ræðum hér, þ.e. sú „forakt", vil ég segja, það virðingarleysi gagnvart viðhorfi fólks sem tekur sig upp aftur og aftur ítrekað. Það á bara að keyra áfram hvað sem tautar og raular.

Ég hafði satt að segja vonast til þess að þegar menn skynjuðu alvöru lífsins, áttuðu sig á því að þjóðin kveður upp sinn dóm núna á vordögum, þá mundu menn á síðasta sprettinum a.m.k. reyna að koma til móts við þjóðarviljann, reyna að ná sátt við þjóð sína. En það ber allt of lítið á því, herra forseti, því er nú verr og miður, í því frv. sem við ræðum hér.

Auðvitað geta menn haldið langar ræður um að í þessari stóru og miklu samvinnunefnd sé reynt að kalla fjölmarga aðila að og að margir geti komið þarna að máli. En hugmyndafræðin gengur ekki upp og það er kjarni málsins. Þetta verður í fyrsta lagi feikilega þungt í vöfum, jafnvel svo þungt í vöfum að ég hef áhyggjur af því að dæmið gangi upp, að við sjáum nokkurt vitrænt, yfirvegað svæðisskipulag sem nokkur sátt getur náðst um.

Vissulega má deila um hvort það sé afspyrnusnjöll og sniðug hugmynd sem við samfylkingarmenn höfum verið að viðra um að skipulagsmálin beint eða óbeint verði færð inn í þingsali. Ég þekki það vel úr mínu fyrra starfi að skipulagsmál eru ekkert mjög einföld í sniðum og það hafa allir skoðanir á þeim, gjarnan mjög misvísandi skoðanir. Kannski er það algerlega óvinnandi vegur að Alþingi komi beint að því máli. En þetta er djarfhuga hugmynd og fullkomlega þess virði að hún sé rædd því að ég held að við eigum að skoða allar hugmyndir við þessar aðstæður, því að sú sem fyrir liggur er tæpast nothæf.

Herra forseti. Það vekur alveg sérstaka athygli að óháðir, eins og þeir kalla sig nú um stundir, eða rauðgrænir, hafa skipað sér í sveit með ríkisstjórnarflokkunum í þessu efni.

Alveg sérstaklega vakti það athygli mína að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem stundum í þessum ræðustól telur sig vita flest ef ekki allt þegar kemur að málefnum miðhálendisins svo ég tali nú ekki um skipulags- og byggingarmál, hafði miklar áhyggjur af því að viðhorf Samfylkingar væru í ætt við tæknihyggju. Ég gat ekki stillt mig, herra forseti, úti í sal að hugsa með sjálfum mér: Margur heldur mig sig, því að engan þekki ég þingmann annan sem er jafnheltekinn af tæknihyggjunni og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Það var satt að segja ákaflega sérkennilegt að fylgjast með orðræðu hans í þessum efnum.

Ég hef tekið eftir að rauður þráður í ræðum hans um þetta mál í allan dag hefur verið að hann treysti fjölmörgum sveitarstjórnum betur til að gæta að grundvallaratriðum umhverfisverndar en einhverjum kontóristum í Reykjavík. Ég veit hins vegar ekki betur en að þessi sami hv. þm. hafi einmitt oftar en einu sinni og oftar en tvisvar kannski leitað á náðir þessara sömu kontórista. Það ætti hæstv. umhvrh. best að vita. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur einmitt leitað á náðir kontóristanna, hvort sem það er í Hollustuvernd eða annars staðar, til þess að leita réttar síns og ekkert er nema gott um það að segja.

Hún er því ákaflega sérstök og verður skráð hér sú afstaða rauðgrænna í þessu stóra máli að þeir vilja ekki búa þarna tryggilega um hnúta, hnúta umhverfisverndar og eðlilegs aðgengis almennings að þeirri perlu sem miðhálendið er, heldur hafa ákveðið að fylkja sér í flokk stjórnarliða sem leggja, því miður, upp með þá teoríu að stilla þéttbýli og dreifbýli upp sem andstæðum pólum. Það er pólitík sem mér er ekki að skapi og því verður það að vera ábyrgð þessarar ríkisstjórnar, þeirra stjórnarliða, að leiða mál þannig til lykta. Ekki ætla ég að koma í veg fyrir það. Það er þeirra lýðræðislegi réttur. En sá réttur kjósenda er hins vegar líka jafnsterkur og kýrskýr að kveða upp dóm sinn yfir þeim ágætu stjórnarliðum vegna þess gjörnings og annarra sem þeir hafa staðið fyrir á yfirstandandi kjörtímabili og bera ábyrgð á. Dómur kjósenda er óhjákvæmilegur og fellur þann 8. maí næstkomandi. Undan honum verður ekki vikist.

[18:15]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður og kjör öryrkja, 198. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1136.

Breytingar á vélarstærð skipa, 609. mál, fsp. ÓÖH, þskj. 1163.

Byggingarframkvæmdir á vegum ríkisins, 294. mál, svar fjmrh., þskj. 977.

Frestun á fundum Alþingis, 611. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1165.

Greiðslur frá rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði, 500. mál, svar heilbrrh., þskj. 1068.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 223. mál, þskj. 1119.

Undirritun Kyoto-bókunarinnar, 41. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1134; nál. 1. minni hluta umhvn., þskj. 1135.

Þróun kaupmáttar, 596. mál, svar forsrh., þskj. 1140.

Örorkulífeyrir og launatekjur, 595. mál, svar forsrh., þskj. 1141.

[18:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og komið hefur fram í umræðunni er skemmst frá því að segja að við þingmenn Samfylkingarinnar erum í grundvallaratriðum á móti því kerfi sem hér hefur verið komið upp. Við teljum að ríkisstjórninni hafi mistekist í öllum aðalatriðum varðandi málefni miðhálendisins og þá gildir einu hvort talað er um skipulag þess, stjórnsýslu eða nýtingu. Þá er ég að vísa til þeirra deilna sem hafa staðið um fyrirhugaðar virkjanir sem ákveðnir ráðherrar innan ríkisstjórnarinnar hafa barist mjög harkalega fyrir. Í öllum þessum atriðum teljum við að ríkisstjórninni hafi mistekist.

Varðandi skipulagsmálin er ljóst að þær ógöngur, sem þetta mál hefur ratað í að okkar áliti, eiga rætur sínar að rekja aftur til síðasta þings. Þá sköpuðust miklar deilur um frv. til sveitastjórnarlaga. Eins og hv. þm. muna var bæði í 1. gr. þess frv. og í bráðabirðaákvæði gert ráð fyrir að miðhálendið yrði sneitt upp í sérstakar ræmur og skipt upp milli sveitarfélaganna. Fyrir þessu, herra forseti, tel ég að engin rök hafi legið. Miðhálendið hefur í augum þjóðarinnar öldum saman verið eins konar sameign. Miðhálendið var raunar einskismannseign, það var enginn sem nýtti það og nánast enginn sem fór um það ef frá eru skildar þær þjóðleiðir sem lágu milli landsvæða. Þetta sér maður til að mynda birtast í kortum sem fyrstu kortagerðarmenn Íslendinga gerðu á 16. og 17. öld. Ekki voru sýnd nein kennileiti á miðhálendinu, leiðir yfir það voru ekki einu sinni sýndar og þar var ekki að finna helstu örnefni sem við þekkjum í dag eins og Sprengisandur eða önnur slík. Með öðrum orðum, miðhálendið var einskismannsland, enginn þekkti það og enginn nýtti það.

Það var ekki fyrr en á þessari öld sem menn fóru að nýta það í þeim skilningi sem við þekkjum og skiljum í dag, þ.e. menn notuðu það til upprekstrar og til beitar. En það er ekki fyrr en á allra síðustu áratugum sem hægt er að halda því fram að menn hafi farið að leggja leið sína í ríkum mæli um miðhálendið og nýta það til ferðaþjónustu.

Þess vegna er það mjög umhendis, svo ekki sé meira sagt, að halda því fram að einhver sérstök rök hafi legið því til grundvallar að skipta miðhálendinu upp, eins og ríkisstjórnin beitti sér fyrir, í fjölmargar litlar ræmur. Ég vísa líka til þess, herra forseti, að þegar deilur hafa risið um eignarrétt á miðhálendinu og nýtingarrétt þá hefur það í fleiri en einu tilviki orðið niðurstaða Hæstaréttar að upprekstrarréttur, beitarréttur og nytjaréttur sem tengist beit búsmala, hefur ekki skapað eignarrétt. Aftur og aftur hefur þetta orðið niðurstaða Hæstaréttar, og raunar rétt til þess að halda öllu til haga, þá hefur það líka orðið niðurstaða Hæstaréttar — og ég vísa til dóms sem féll út af Landmannaafrétti — að það væri vissulega í valdi Alþingis að ráðstafa með sérstakri lagasetningu bæði nýtingar- og eignarrétti.

Það var auðvitað það sem við jafnaðarmenn töldum, að ríkisstjórnin væri að fara að gera þegar hún lagði fram prýðilegt frv. um þjóðlendur. Það var það sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson kallaði svo fallega „síðasta atlagan að landnámi Íslands". Og hann átti við að með því væru landsmenn loksins að kasta eign sinni á allt landið. Í orðum hans lá sá skilningur að óbyggðirnar, miðhálendið, hefði verið einskismannseign. Það er þess vegna sem hann orðaði það þannig að við værum að ljúka landnáminu. Ég hefði ekki getað orðað þetta betur sjálfur þó að ég hefði legið lengi yfir því.

Í þessu fólst að verið var að ganga frá því að þjóðin ætti miðhálendið. Þá gerist það skyndilega í lok þeirrar atlögu, þ.e. að ljúka landnáminu, að hér er lagt fram frv. sem tekur þessa nýfengnu eign í rauninni af landsmönnum. Það er gert með því að miðhálendinu er skipt upp á milli allra sveitarfélaganna í landinu sem að því liggja. Um leið er þeim fært vald til stjórnsýslunnar, fært hvers kyns vald samkvæmt

þeim lögum sem eru í gildi um sveitarfélög og réttindi þeirra. Það þýðir með öðrum orðum, herra forseti, að verið var að taka miðhálendið frá okkur með nákvæmlega sama hætti og búið er að taka frá okkur fiskimiðin. Samsvörunin er þessi:

Til eru lög um stjórnkerfi fiskveiða þar sem segir í 1. gr. að fiskimiðin séu sameign íslensku þjóðarinnar. Síðan er örfámennum hópi færður rétturinn til að nýta þessi fiskimið. Með öðrum orðum, eignarrétturinn sem okkur er færður samkvæmt lögunum er einskis virði vegna þess að nýtingarrétturinn *verður að einokunarrétti í hendi tiltölulega fámenns* hóps.

Hið sama gerist með miðhálendið. Í lögum um þjóðlendur er sagt að það land sem enginn getur sannað beinan einkaeignarrétt á sé eign þjóðarinnar. En um leið og búið er að samþykkja þau lög er svo að segja í sama mánuðinum samþykkt önnur lög sem segja:

Þrátt fyrir að þjóðin eigi þetta land þá fær hún ekki að ráða því. Yfirráðin eru færð í hendur 44 sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu. Í þessum sveitarfélögum er að finna 4% íslensku þjóðarinnar. Með öðrum orðum. Dæmið er nákvæmlega hið sama varðandi miðhálendið og varðandi fiskimiðin. Lögin segja: Þjóðin á þetta sem sameign en önnur lög gera það að verkum að sameignin er ógild og ráðstöfunarrétturinn, hinn raunverulegi nytjaréttur er færður í hendur óskaplega fámenns minni hluta.

Þetta er rangt, herra forseti. Þetta felur í sér ójafnræði.

Hæstv. umhvrh. hefur reynt að bæta fyrir þetta með því að sett verði upp sérstök nefnd sem eigi að fara með skipulagið á miðhálendinu. En hvernig sem stjórnarmeirihlutinn hefur reynt að koma að því máli hefur honum ekki einu sinni tekist að eyða því innbyrðis ójafnræði sem er að finna í hinum upphaflegu drögum, sem var nú líkt við að handsprengju hefði verið varpað inn í umræðuna um sveitarstjórnarlögin í fyrra. Enda var það svo að þó að hæstv. umhvrh. ætlaði að fá þau lög í gegn í fyrra var það Sjálfstfl. sem stóð í lappirnar og sagði: Nei, hingað og ekki lengra.

Nú kemur þetta mál aftur fyrir og það er litlu betra. Það er að vísu búið að koma því þannig fyrir að hægt er að segja að allir eigi aðild að stjórn á skipulagsgerð og skipulagsvinnu miðhálendisins, þ.e. sérhvert kjördæmi á fulltrúa. Það er a.m.k. búið að útrýma því sem var í hinu fyrra frv. sem kom hingað á síðasta þingi, þegar mælt var fyrir um að sveitarfélög eins og Reykjavík, Reykjanes, Vestfirðir og raunar heil kjördæmi ættu ekki rétt til að koma að þeirri vinnu vegna þess að þau eru ekki aðilar að miðhálendinu. Fjöldamörg smærri sveitarfélög og stór sveitarfélög, eins og Akureyri, og margir smáir hreppar áttu ekki aðild að því. En búið er að skjóta loku fyrir þetta með þessu fyrirkomulagi, ég er sammála því. En það breytir því ekki að lýðræðinu er ekkert hjálpað.

Hvers vegna er það þannig að langstærsti hluti þjóðarinnar, sem býr í tveimur þéttbýlustu kjördæmum landsins, Reykjavík og Reykjanesi, hefur einungis tvo fulltrúa, þ.e. hvort kjördæmi hefur einn fulltrúa. Hvað búa margir á þessu svæði? *Ætli það séu ekki 67–69% þjóðarinnar?* Og það hefur tvo fulltrúa.

Miðhálendið er sameign okkar allra og það eru ekki síst Reykvíkingar og Reyknesingar, þ.e. íbúar þéttbýlisins, sem nýta þetta bæði til útivistar og líka í atvinnuskyni, þ.e. sem standa fyrir ferðaþjónustu, sem í dag er farin að skipta verulega miklu máli fyrir þjóðarbúið.

Ég er þeirrar skoðunar að ef menn ætla sér að láta lýðræðið ráða þá hefði verið best að fara þá leið að láta hið háa Alþingi véla um þetta mál, láta Alþingi skipa sérstaka nefnd sem færi með stjórnsýsluna. Sú skoðun mín byggist ekki á einhverri hugdettu. Sérstök stjórnskipuð nefnd komst að þessari niðurstöðu í tíð ríkisstjórnar, sem m.a. flokkur núv. hæstv. umhvrh. átti aðild að. Þetta var nefnd með aðild fulltrúa allra flokka sem vann þetta mál og skilaði skýrslu, ef ég man rétt, í kringum árið 1990.

Þar var einfaldlega komist að þeirri niðurstöðu að best væri að fara þá leið að gera miðhálendið að einni stjórnsýslueiningu og skipa stjórn yfir það sem væri kjörin af Alþingi. Með því að fara þá leið er lýðræðinu fullnægt. Þá er það tryggt að í gegnum það fulltrúalýðræði sem birtist á hinu háa Alþingi hefur sérhver þegn landsins sömu aðkomu að málinu í gegnum þá fulltrúa sem tilnefndir eru af hans flokki á Alþingi Íslendinga. Þetta er lýðræði. Þetta er fulltrúalýðræðið eins og við þekkjum, fulltrúalýðræði, sem er einn af hornsteinum þess lýðræðis sem við köllum hið íslenska lýðræði. Þessu var hins vegar hrundið.

Eitt af því sem mér þykir raunar merkilegt þegar ég skoða þetta mál eins og það liggur fyrir í dag er að m.a. hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur ásamt þingflokki sínum lýst fylgi við þær tillögur sem hér liggja fyrir. Og það er alveg ljóst að verulega skilur á milli þingflokks Samfylkingarinnar annars vegar og þingflokks óháðra hins vegar í þessu máli. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur t.d. við 1. umr. þessa máls lýst sérstökum stuðningi við það nefndarfyrirkomulag sem ég hef hér verið að ræða um. Hún að vísu tók undir að æskilegt væri að fleiri kæmu að því, en hún sagði líka að hún gerði það ekki að frágangssök, sem mér þykir afskaplega miður.

En ég nefni sérstaklega hv. þm. Hjörleif Guttormsson hér til sögunnar vegna þess að hann átti sæti í hinni stjórnskipuðu nefnd sem ég drap á áðan. Sú nefnd skilaði skýrslu þar sem tekið var afdráttarlaust af skarið með að heppilegasta formið til að stýra miðhálendinu, stjórnsýslu þess og skipulagsvinnu, væri að Alþingi færi þá leið að kjósa sérstaka stjórn.

Maður veltir fyrir sér: Hvernig stendur á því að þingmenn óháðra hafa skipt um skoðun? Hvernig stendur á því að sá þeirra sem hefur verið atkvæðamestur í þeirri vinnu sem kemur að náttúruvernd og reyndar skipulagi miðhálendisins lætur sig reka með straumi stjórnarinnar í þessu máli? Ég á erfitt með að skilja það, herra forseti.

Sú röksemdafærsla sem birtist áðan í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar var ekki sannfærandi. Á hverju byggðist hún? Hún byggðist á eftirfarandi fullyrðingu í andsvari hans við hv. þm. Magnús Árna Magnússon, einn af þingmönnum Samfylkingarinnar, að sökum þeirra pólitísku viðhorfa sem ríkjandi væru á Alþingi væri ekki hægt að treysta Alþingi fyrir þessu máli.

Herra forseti. Ég vildi gjarnan lifa í kjörveröld allra veralda þar sem Alþingi lyti minni skoðun og allir á þingi væru sammála mér. En þannig er lífið ekki og þannig er lýðræðið ekki. Og það er þess vegna sem við höfum Alþingi til þess að pólitísk andstæð rök geti vegist á og meiri hlutinn fái að ráða. Það er hornsteinn og grundvöllur lýðræðisins. Það er ekki hægt að gera eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði, að segja að vegna þess að hin pólitíska samsetning og pólitísk viðhorf sem birtast á Alþingi Íslendinga séu óheppileg þá eigi ekki að láta Alþingi ráða málinu.

Sama mætti beita á öll önnur mál, herra forseti. Það mætti segja: Tökum skólamálin út fyrir sviga vegna þess að hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason hefur skoðanir sem eru sannarlega ekki nægilega góðar, a.m.k. ekki að mati þeirrar hreyfingar sem ég er fulltrúi fyrir á Alþingi Íslendinga. Eigum við þá ekki bara að taka þau mál út fyrir sviga og láta einhvern annan en Alþingi ráða stefnunni? Að sjálfsögðu væri hægt að segja það en það er bara ekki lýðræði.

Nálgun hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að þessu og þessari niðurstöðu er því röng. Þetta taldi ég nauðsynlegt að koma með inn í umræðuna, herra forseti, vegna þess að það hefur verið fremur leiðinlegur plagsiður hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að gera þingmenn Samfylkingarinnar, sér í lagi þá sem koma úr Alþfl., að einhvers konar sektarlömbum í þessu máli. Niðurstaðan og staðreyndin er hins vegar sú að það erum við sem höfum ekki hvikað, við höfum fylgt þeirri stefnu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var upphaflega sammála árið 1990. Það er hann sem hefur látið reka undan straumi og frá upphaflegri skoðun sinni en það erum við sem höfum staðfastlega haldið þessu uppi. Það er nákvæmlega í þeim anda sem við höfum lagt fram skoðanir okkar á þessu.

Við teljum að málefnum miðhálendisins sé best komið í höndum Alþingis. Þess vegna teljum við að gera eigi sérstakt skipulag, sérstakt umhverfis- og auðlindaskipulag fyrir hálendið sem yrði á stjórnsýslustigi ríkisins, yrði unnið af stofnunum þess í samráði við þau fagráðuneyti sem koma að þessu máli. Með því, herra forseti, erum við að halda uppi gildum lýðræðisins. Við erum með því að segja að vilji fólksins og þau hlutföll sem birtast í skoðunum fólksins til þessa máls komi fram í gegnum Alþingi. Það er lýðræði. Ekki er hægt að tryggja einhverja betri aðkomu en það. Ef það er svo að þær skoðanir sem hægt er að finna hjá fulltrúunum, sem hið háa Alþingi mundi kjósa til þess að fara með slík mál, eru andstæð þeim okkar sem eru núna í stjórnarandstöðu verður bara svo að vera. Það er lýðræðið. Það er galli lýðræðisins en það er líka helsti kostur. Meiri hlutinn ræður.

Ég verð að segja, herra forseti, að það frv. sem liggur fyrir og felur í sér miklar breytingar af hálfu umhvn. er að öllu leyti ótækt. Það svarar í engu þeim kröfum sem ég hef lýst, t.d. varðandi lýðræðislega aðkomu. Það svarar heldur ekki þeim faglegu kröfum sem við hljótum að gera til máls af þessu tagi.

Í því skipulagi sem við viljum að gert verði fyrir miðhálendið er ætlun okkar að þar verði útfærð stefna stjórnvalda sem tekur til flestra hinna stærstu þátta í nýtingu landsins og samþætti áætlanir um landnotkun og landnýtingu. Í slíkri áætlun yrði fjallað um samgöngur, um fjarskipti, um orkumannvirki og að sjálfsögðu náttúruvernd, um það hvernig bæri að fara með og varðveita sögulegar minjar og hvernig ætti að nota landið í þágu atvinnuvega, ferðaþjónustu, orkuvinnslu. Hlutverk þessa skipulags yrði því að sætta andstæð viðhorf sem eru uppi um nýtingu landsins.

Það er sérstaklega dapurlegt að þingflokkur óháðra skuli ekki hafa fallist á skoðun okkar vegna þess að sá þingflokkur hefur lagt fram frv. sem byggist í rauninni að mörgu leyti á svipuðum viðhorfum. Það er frv. um stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendinu. Það frv. er nefnilega mjög athyglisverð og frumleg nálgun á þessu máli. Ef það frv. hefði t.d. verið samþykkt hefði nánast verið hægt að sætta þær andstæðu skoðanir sem eru uppi í málinu. Hvers vegna? Vegna þess að þar eru tekin út fjögur svæði sem tengjast jöklum sem á þeim tillögum, sem liggja núna fyrir frá samvinnunefndinni, eru eins konar burðarásar í stórum friðuðum svæðum.

Með þessu hefði í rauninni verið hægt að leysa það vandamál sem ég hef lýst sem mismunandi skoðunum okkar, annars vegar þingflokks óháðra og þingflokks Samfylkingarinnar, á stjórnsýslunni. Með þessu væri nefnilega búið að koma undir eins konar stjórnsýslustig, svipað og við, þingflokkur Samfylkingarinnar höfum viljað, á þessum fjórum svæðum. Með öðrum orðum hefði verið búið að taka obba miðhálendisins undir stjórnsýslustig sem er mjög nálægt því sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa verið að boða.

Vegna þess að það er þingflokkur óháðra sem ber fram þetta fína frv., sem ég hef nú mært í mörgum ræðum fyrr á þessum degi, og sérstaklega hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem hefur útfært það af fágætri snilld, er það mjög merkilegt en erfitt fyrir þingmann með slaka meðalgreind að skilja hvernig á því stendur að sá sami þingflokkur og sá sami forustumaður á þessu sviði innan þingflokksins fellst á þær tillögur sem liggja fyrir hjá ríkisstjórnarliðinu en hafnar aðkomu okkar. Þrátt fyrir það er þó tillaga okkar um samræmt umhverfis- og auðlindaskipulag á miðhálendinu mjög nálægt þessum grófa ramma sem felst í rauninni í tillögu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um stofnun fjögurra þjóðgarða á miðhálendinu. Sú tillaga byggist á þeirri vinnu sem er þegar búið að leggja til grundvallar í samvinnunefndinni og sem þær tillögur sem er að finna hjá stjórnarliðinu í þessu tiltekna máli tengjast að ýmsu leyti a.m.k., þótt þær byggist ekki að öllu leyti á henni.

Herra forseti. Framsfl. er að sjálfsögðu ekki í salnum eins og þegar umhverfismál eru til umræðu. Hann hefur, herra forseti, klúðrað umhverfismálum þjóðarinnar algjörlega. Það er kannski eðlilegt að skilja það þegar maður horfir út í þennan sal og sér þingmenn frá öllum stjórnmálaflokkum nema Framsfl. Framsfl. hefur ekki áhuga á umhverfismálunum og þegar þau eru rædd sést hann ekki. Enginn þingmanna Framsfl. er viðstaddur umræðuna. (Gripið fram í.) Það er auðvitað dapurlegt. Sjálfstæðismennina er að vísu að finna hér, hv. þm., því að ber er hver að baki. Nei, herra forseti, ég taldi að ég hefði nánast þróað upp augu í hnakkanum en mér fannst sem það væri hv. þm. Sturla Böðvarsson sem sæti í forsetastóli en ég sé að það er hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og ég bið hann innilega afsökunar á því að hafa þannig beitt skilningarvitum mínum að mér fannst skyndilega sem það væri sjálfstæðismaður sem sæti í forsetastóli.

En svona er staðan dapurleg, herra forseti. Við erum að ræða mál sem hefur klofið íslensku þjóðina og sem hefur leitt til vakningar sem er miklu sterkari og hefur stríðari og öflugri straum en við höfum áður fundið varðandi umhverfismálin. Og hvar eru stjórnarliðarnir? Þeir eru ekki í sal Alþingis. Þeir eru ekki að ræða umhverfismál vegna þess að þeim er alveg sama. Þeir misbeita þeim meiri hluta sem þeir hafa til þess að ná fram niðurstöðu sem hentar þröngum hagsmunum þeirra. Þeim er alveg sama um fólkið. Auðvitað ætti Framsfl. sérstaklega að gefa þessu gaum.

Hann er núna staddur í þeirri undarlegu stöðu að fylgið við hann er að hrynja. Hann nær ekki vopnum sínum og það má skynja það á þingmönnum hans í ræðustóli og í annarri umgengni á hinu háa Alþingi að þeir eru ráðvilltir. Þeir skilja ekki hvernig á því stendur að þeir eru búnir að missa u.þ.b. helming fylgisins.

Skýringin er auðvitað hér. Skýringin er sú að Framsfl. hefur algjörlega algjörlega fatast flugið í umhverfismálum. Allt það sem hann hefur gert í umhverfismálunum hefur verið í andstöðu við það sem almenningur upplifir sem hagsmuni sína.

Við sjáum Kyoto-málið. Staðan var þannig að það var Framsfl. sem fór af stað með þessa óheillavænlegu stefnu varðandi Kyoto-bókunina. Þegar Framsfl. sá að sér, hvað þá? Þá var það auðvitað hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sem vildi ekki staðfesta Kyoto og sem sveigði ekki bara hæstv. umhvrh. Guðmund Bjarnason, sem gengur núna heldur dapur í bragði í salinn, heldur líka hæstv. utanrrh. Það var Framsfl. sem hefur auðvitað barist fyrir því að á Austfjörðum yrði sett upp, ekki bara álver upp á 120 þús. tonn heldur var það fulltrúi iðnrn. sem boðaði á fundi á Egilsstöðum í vor að sett yrði upp álver upp á 720 þús. tonn, sem hefði meira en tvöfaldað losun gróðurhúsalofttegundanna sem hefur skapað heiminum öllum veruleg vandræði eins og þjóðinni er kunnugt.

Það var Framsfl. sem hafði frumkvæði að því að rífa miðhálendið úr höndum þjóðarinnar. Eftir að heillavænlega hafði tekist um að færa landið aftur í eign þjóðarinnar var það Framsfl. sem hafði frumkvæði að því að ráðstöfunarrétti var svipt burtu, þ.e. með þessu vonda frv. um sveitarstjórnarlög, sem ég sé að rifjast upp fyrir hv. þm. og formanni iðnn., Stefáni Guðmundssyni, í þessum orðum töluðum.

Þetta er ástæðan fyrir því að fylgi við Framsfl. er að hrynja. Þetta er ástæðan fyrir því að ef hv. þm. Stefán Guðmundsson hefði ekki góðu heilli og af þeirri skynsemd sem guð færði honum í vöggugjöf, kosið að draga sig í hlé að eigin frumkvæði þá mundi hann ekki eiga hér afturkvæmt eigi að síður, vegna þess að miðað við þær kannanir sem gerðar hafa verið bendir allt til þess að hann mundi skítfalla í kosningum. Hvers vegna er það? Ef hv. þm. Stefán Guðmundsson hefði boðið sig fram aftur í stað þess að draga sig til baka, sem hann hefur vit til og sem var nú skynsamlegt af honum, bendir allt til þess að hann mundi falla.

Staðreyndin er einfaldlega þannig að fylgi Framsfl. er að verða að engu. Það er dálítið dapurlegt en það eru skýringar á því. Ég er að segja það fyrir hv. þingmenn Framsfl., að það er þessi stefna þeirra í umhverfismálum sem hefur gert það að verkum að miðað við síðustu skoðanakönnun Gallups er ekki bara 2. maður á Reykjanesi fallinn og ekki 2. maður í Reykjavík fallinn heldur líka 1. maður á Reykjanesi fallinn, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir. Gæti verið að það tengdist með einhverjum hætti skoðunum hennar í þessu máli? Muna menn hvernig hún ætlaði að berjast fyrir hagsmunum kjósenda sinna, berjast fyrir því að við, íbúar þéttbýlissvæðanna, hefðum betri aðkomu að þessu máli? Það var hún sem stoppaði málið á sínum tíma. Það var líka hún sem rann þar grimmilega á rassinn í þessu máli, herra forseti, og gafst upp. Að sjálfsögðu er það þetta sem hefur áhrif á kjörfylgi Framsfl.

Hvers vegna, herra forseti, er ég þá að tuða um þetta mál? Hvers vegna er ég að rifja þetta mál upp? Vegna þess að þrátt fyrir allt er mér í senn annt um Framsfl., og annt um umhverfi og náttúru Íslands. Það vill svo til að það fer saman að bæta hag íslenskrar náttúru og kjörfylgi Framsfl. í þessum efnum.

Ef hæstv. umhvrh. hefði notað síðustu daga sína í embætti til að taka samstarfsflokknum tak og til þess að breyta þessu máli, til þess að standa í lappirnar, svo notað sé þekkt orðtak úr þessum sölum úr nýliðnum umræðum, gæti vel verið að honum hefði tekist í fyrsta lagi að ná fram sinni stefnu sem hann hefur fylgt varðandi Kyoto, ná fram þeirri stefnu sem hann hefur fylgt varðandi Fljótsdalsvirkjun og ná fram þeirri stefnu sem ég held að ráðuneyti hans hafi fylgt og hann sjálfur varðandi stjórnsýsluna á miðhálendinu. Því miður þá gerðist það ekki og því er nú komið sem komið er.

Herra forseti. Ég tel nú að á þessu stigi ræðu minnar þurfi ég aðeins að ræða þær tillögur sem koma beinlínis fram um skipulagið og vægi skipulaga skv. 2. gr. brtt. Til þess að ég eigi möguleika á því að eiga vitræna umræðu við þann sem ber formlega ábyrgð á málinu þyrfti eiginlega að flytja hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson til salar. (**Gripið fram í:** Fer þetta ekki að verða harla gott hjá þingmanninum bara?) Jú, þetta fer að verða harla gott, herra forseti. Ég heyri það að hæstv. umhvrh. hefur glaðst yfir þessari litlu ræðu og skyndilega hefur runnið upp fyrir honum hvernig á því stendur að sá flokkur, sem hann hefur verið einn af forustumönnum fyrir, er í þeirri ömurlegu stöðu sem raun ber vitni. Má vel vera að hann vilji að þessari umræðu ljúki til þess að hann geti þá reynt að semja sig og þetta mál í gegnum umræðuna hér. Það er auðvitað vel til umræðu af hálfu okkar þingmanna Samfylkingarinnar að ræða við hann um breytingar á þessu. Ég hef lagt fram hérna, eins og reyndar fleiri þingmenn Samfylkingarinnar, þann flöt sem er á því að ná samkomulagi um. Þegar grannt er skoðað er það ekki svo víðs fjarri þeim hugmyndum sem hafa komið fram í umræðunni hjá sumum þingmönnum.

Herra forseti. Er von til þess að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson gangi í salinn eða ...?

(**Forseti** (GÁS)**:** Já, það standa vonir til þess.)

Það gleður mig alveg óskaplega, herra forseti.

Herra forseti. Svo vill til að einn af umhverfis- og vistvænustu þingmönnum Framsfl. er kominn í salinn, sá maður sem helst hefur beitt sér fyrir því að sjónarmið umhverfisverndar beri hærri hlut í togstreitunni við stóriðjuna, eins og við þekkjum öll. Þetta er allt í lagi, herra forseti. Ef hv. þm. kemur ekki í salinn þá flyt ég mína ræðu til loka. Ég verð þá bara að flytja hana aftur þegar hv. þm. kemur.

Herra forseti. Það sem ég átti eftir að ræða hér er sá kafli í brtt. sem er undir fyrirsögninni: Skipulag miðhálendisins. Ég fagna því að þrátt fyrir allt hefur verið tekið svolítið tillit til þeirra orðaskipta sem við áttum við 1. umr. málsins. Þá vorum við að ræða hvernig ætti að gera mönnum mögulegt að fylgjast með tillögum sem varða skipulag miðhálendisins.

Ég setti fram þau sjónarmið að þar sem við eigum öll miðhálendið þá komi okkur öllum við jafnvel hin smæstu atriði skipulags miðhálendisins. Það þýðir, herra forseti, að ég er þeirrar skoðunar að sem borgari í lýðveldinu Íslandi þá eigi ég að eiga kost á því að vita þegar menn eru að skipuleggja á smæstu skipulagsstigum, þ.e. á deiliskipulagsstigi, verðmætar perlur á miðhálendinu.

Ég óskaði þá eftir því að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, sem nú gengur mettur vel í salinn, mundi a.m.k. ræða það í nefndinni hvort ekki væri rétt að gera það að skyldu að auglýsa líka deiliskipulag á miðhálendinu. En ég sé ekkert í þessum tillögum sem lýtur að því.

Þess vegna langar mig að spyrja hv. þm.: Er hann ekki þeirrar skoðunar að jafnvel við sem búum í sveitarfélögum sem eru víðs fjarri sumum af ómetanlegustu svæðum miðhálendisins, eigum líka rétt á því að hafa skoðanir á því skipulagi? Eigum við ekki líka rétt á því að geta gert

athugasemdir við slík skipulög? Ef svar hv. þm. er jákvætt þá langar mig til þess að spyrja hann: Hvaða ráðstafanir hefur hann gert sem formaður umhvn., sem á að gæta réttar borgaranna í þessu tilliti, varðandi þessa lagasetningu, til þess gefa mönnum kost á þessu? Hægt er að taka sem dæmi yndislegar perlur á borð við Herðubreiðarlindir. Þangað hef ég margoft komið og er viss um að hv. þm. hefur það líka. Ef þar á að gera deiliskipulag þá vil ég sem þegn ríkisins hafa áhrif á hvernig þetta er skipulagt. Ég spyr hv. þm. í fyrsta lagi: Hefur hann tryggt rétt minn til þess að vita af því þegar slíkt skipulag er í bígerð og hvernig hefur hann tryggt rétt minn til þess að koma að athugasemdum þar af leiðandi og þar að lútandi?

Herra forseti. Í annan stað fagna ég því að ég sé að búið er að setja hér inn ákvæði, sem ég minnist ekki að áður hafi verið, um að þegar tillaga liggur fyrir að svæðisskipulagi miðhálendis eða um breytingu á því, þá skuli auglýsa það áberandi ekki bara í Lögbirtingi heldur líka í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. (**Gripið fram í:** Lofsvert.) Mjög lofsvert. En spurningin er hvort ekki hefði líka átt að gera slíkt hið sama þegar verið er að birta aðalskipulag í fyrsta skipti, a.m.k. þegar verið er að gera það í fyrsta skipti. Ég veit ekki betur en að obbi sveitarfélaganna sem hv. þm. hefur núna flutt inn á miðhálendið eigi eftir að gera sín aðalskipulög, að sjálfsögðu. Mér hefði fundist að fara hefði átt eins að a.m.k. þegar slík skipulög eru kynnt í fyrsta skipti og reyndar líka þegar þau eru endurskoðuð á lögskipuðum tíu ára fresti. Látum vera kannski smávægilegar breytingar. En a.m.k. hefði ég viljað að þetta yrði gert.

Herra forseti. Ég vil ræða hér innbyrðis vægi svæðisskipulags og aðalskipulags og fá fram afstöðu bæði hæstv. umhvrh. og hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, formanns umhvn. til þess. Hví spyr ég að þessu? Það hefur komið fram hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni sem er aðili að þessum brtt. og situr í umhvn. að hann hefur skilning, sem út af fyrir sig er ágætur, á þessu innbyrðis vægi, sem ég held að sé rangur og sem ég held að a.m.k. ýmsir af hinum ástríðufyllstu sveitarfélagasinnum í Framsfl. hljóti að telja að sé rangur.

Hv. þm. Kristján Pálsson túlkaði 3. mgr. nýrrar 12. gr. um skipulag miðhálendisins, sem er að finna í 2. tölul. brtt. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samvinnunefnd miðhálendis annast gerð svæðisskipulags miðhálendisins og gætir þess að samræmi sé innbyrðis með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga á svæðinu og að samræmi sé milli þeirra og svæðisskipulags miðhálendisins."

Herra forseti. Hvað felst í því að samvinnunefndin eiga að gæta þess að samræmi sé með aðalskipulagstillögunum og svæðisskipulaginu?

Það vill svo til, herra forseti, að ég skrifaði og lagði fram þau skipulagslög sem þetta er byggt á og veit því pínulítið hvað í þessu felst. Það er alveg ljóst að það hefur verið skilningur til þessa að aðalskipulagið sé æðsta skipulagsstigið og það er það skipulag sem önnur þurfa að lúta. Mig rekur ekki minni til þess að þrátt fyrir ákvæði um svæðisskipulag, sem var nýtt í þeim lögum sem nú eru í gildi, sé farið skýlausum orðum um það hvernig eigi að fara með mál þegar ágreiningur er milli aðalskipulags og svæðisskipulags.

Þess vegna spyr ég hv. þm. og hæstv. umhvrh.: Er sú skoðun hv. þm. Kristjáns Pálssonar rétt að aðalskipulag sveitarfélags sem nær inn á miðhálendið verði að lúta svæðisskipulagi? Það þýðir að ef ágreiningur er milli sveitarfélags og samvinnunefndar þá ráði samvinnunefndin og sveitarfélagið verður að lúta.

Það er mikilvægt að þetta komi fram vegna þess að ég á erfitt með að sjá sveitarfélögin lúta þessu og fallast á þetta. Ég hef þegar orðið þess áskynja í umræðunni að um þetta er ekki samræmi innan umhvn. Þetta þarf að vera á hreinu. Hefur hv. þm. Kristján Pálsson rétt fyrir sér þannig að aðalskipulagi verði að breyta ef það er ekki algjörlega í samræmi við svæðisskipulag? Eða þarf að breyta svæðisskipulaginu? Ef það er svo, hvaða gildi hefur þá þetta svæðisskipulag eins og það liggur fyrir þarna? Með öðrum orðum, herra forseti, er orðalagið „að gæta samræmis" mjög loðið. Það verður að liggja alveg hnífskarpt fyrir hvað í þessu felst.

Ég minnist þess að í núverandi lögum er í 12. gr. að vísu talað um hvernig fara skuli með þegar ágreiningur rís milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumótun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis. Þá er getur ráðherra að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar frestað staðfestingu svæðisskipulags. Þetta, herra forseti, er að finna í 12. gr. Hann getur frestað því, en ég spyr: Getur hann skipað viðkomandi sveitarfélagi fyrir? Hann getur auðvitað hafnað staðfestingu á aðalskipulagi. En getur hann skipað viðkomandi sveitarfélagi að breyta aðalskipulagi þannig að það lúti svæðisskipulagi?

Ég minnist þess líka, herra forseti, að í 22. gr. skipulagslaganna er að finna ákvæði þar sem tekið er á því þegar aðlægum sveitarfélögum tekst ekki að leysa ágreining um atriði sem þarf að samræma í aðalskipulagi. Þá á að frumkvæði Skipulagsstofnunar, ef ég man rétt, að fela sérstakri nefnd, sem er þá sameiginleg fyrir þessi sveitarfélög, að gera tillögur að skipulagi að því er varðar ágreiningsatriðin. Ég velti fyrir mér: Er ætlunin, ef upp kemur ágreiningur milli svæðisskipulags og aðalskipulags, að beita 22. gr. eða 12. gr. eða er bara allsendis óljóst hvernig eigi að fara með þetta?

Herra forseti. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta komi fram vegna þess að þetta er algjört lykilatriði sem þarf að liggja alveg ljóst fyrir. Og til þess að flýta fyrir umræðunni og fá þetta alveg á hreint þá ætla ég að ljúka ræðu minni og fá fram viðhorf hæstv. umhvrh. og hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar í þessu máli.

[18:55]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nokkuð skýrt í brtt. eins og þær liggja hér fyrir af hálfu meiri hluta hv. umhvn. hvernig fara beri með þetta skipulag og skipulagsferli. Því miður heyrði ég ekki þessi ummæli eða ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar fyrr í dag þannig að ég veit ekki nákvæmlega hvernig hann hefur skýrt sín sjónarmið. En ég held að þetta geti ekki verið mjög flókið. Það er auðvitað svo að þessi nefnd sem hér er lagt til að starfi, skal gera tillögur að svæðisskipulagi. Hún skal vinna svæðisskipulagið og síðan hefur hún það mikilvæga hlutverk, sem hv. þm. vitnaði til og las upp úr 2. tölul. brtt. nefndarinnar, þ.e. 3. mgr. nýrrar 12. gr. um svæðisskipulag miðhálendisins, að vera samræmingaraðili og hafa umsjón og eftirlit með því að fyllsta samræmis sé gætt milli aðalskipulagstillagna einstakra sveitarfélaga innbyrðis og svæðisskipulags miðhálendis.

Hins vegar segir á bls. 3 í brtt. undir 4. tölul. b., með leyfi hæstv. forseta:

„Skipulagsstofnun leitar umsagnar samvinnunefndar miðhálendis um tillögur að aðalskipulagi sveitarfélaga innan miðhálendis, sbr. 3. mgr. 12. gr. a.“

Það er auðvitað hárrétt, eins og fram kom — ég skildi það svo á máli hv. þm. áðan — að sveitarfélögunum ber að gera aðalskipulagið. Þau eiga auðvitað að leggja það fram. Þeirra tillögur gilda. Þær fara síðan til Skipulagsstofnunarinnar sem vísar þeim til samvinnunefndarinnar til þess að samvinnunefndin geti gegnt sínu hlutverki, þ.e. því samræmingarhlutverki sem hér var nefnt.

Ég minnist þess ekki sem umhvrh. að hafa þurft að knýja fram eða staðfesta skipulag í ósamræmi við tillögur sveitarstjórnar. Þegar sveitarstjórn hefur lagt fram skipulagstillögur, hvort sem það er aðalskipulag eða deiliskipulag, þá man ég ekki eftir því nokkurn tíma að ég sem umhvrh. hafi gert á þeim breytingar eða lagt annað til. En auðvitað hefur ráðuneytið með sínu umsjónarferli og umsagnarferli um málið ásamt Skipulagsstofnun e.t.v. haft áhrif á það hvernig endanlegar tillögur koma til að verða. Slíkt ferli þarf auðvitað líka að koma hér fram eins og skýrt segir í tillögu nefndarinnar.

[18:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra rakti ferlið eins og hann telur að það liggi fyrir. En hann svaraði samt ekki spurningunni: Hvað gerist ef aðalskipulag einhvers sveitarfélags er samþykkt af sveitarstjórn þess sveitarfélags í andstöðu við það svæðisskipulag sem fyrir liggur? Hvað á þá að gera til þess að skera úr þeim ágreiningi sem er milli aðalskipulags sveitarfélagsins og svæðisskipulagsins? Ég er þá auðvitað að tala um að þetta sé búið að fara í gegnum Skipulagsstofnun sem hefur vísað því aftur til samvinnunefndar. Hún á að gæta samræmis og hún reynir auðvitað að beita fortölum. Hefur hún eitthvert vald umfram fortölur?

[18:59]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég álít að aðalskipulagstillaga sveitarfélags sé rétthærri og gildi meira. Það er mín skoðun. Komi það upp að um þetta náist ekki samkomulag þá er ráðherrann auðvitað úrskurðaraðilinn í þessu máli eins og fjölmörgum öðrum. Málið hlýtur að koma til ráðherrans til endanlegs úrskurðar ef ekki næst það samkomulag sem æskilegt er og nefndinni ber að leita eftir að ná fram.

Aðalskipulag er það skipulag sem hefur réttinn samkvæmt lögunum. Svæðisskipulag, hvar sem það gildir, hvort það á við miðhálendið eða er svæðisskipulag norðan Skarðsheiðar eða sunnan Skarðsheiðar, í Eyjafirði eða annars staðar, er auðvitað aðallega í grófum dráttum útlínur. Þar er verið að leggja meginplön að því skipulagi, að þeirri landnýtingu sem menn ætla sér að viðhafa. Síðan tekur aðalskipulagið við og skráir í smáatriðum eða nánar — kannski ekki í smáatriðum. Það kemur í deiliskipulaginu — hvernig landnotkunin er. Þetta er það ferli sem byggingar- og skipulagslögin gera ráð fyrir. Ég hef ekki skilið það svo að hér væri verið að bylta því formi. Það var ekki í því frv. sem ég lagði fram og er náttúrlega ekki í brtt. heldur. Ég hef ávallt undirstrikað það í þessum umræðum öllum að ekki er verið að taka skipulagsvaldið af sveitarfélögunum. Það hefur alla tíð verið skýrt í mínum huga.

[19:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Skilningur minn er nákvæmlega hinn sami og hæstv. umhvrh. Ég tel að samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi, að þeim breyttum samkvæmt þeim tillögum sem hér liggja fyrir, þá beri aðalskipulagið hinn hærri hlut ef ágreiningur er milli þess og svæðisskipulags. Það er klárt og það hefur verið rauður þráður í skipulagsvinnunni.

En sú staðreynd liggur eigi að síður fyrir að hv. þm. Kristján Pálsson er annarrar skoðunar. Og hvaða máli skiptir það þó að einn þingmaður kunni að vera annarrar skoðunar en hæstv. ráðherra? Það skiptir öllu máli vegna þess að þetta er skilningur eins þeirra manna sem mynda meiri hlutann við að afgreiða þetta mál.

Hv. þm. Kristján Pálsson þrítók það hér í dag að hann teldi að svæðisskipulagið væri æðra aðalskipulaginu og sveitarfélögin þyrftu að lúta vilja svæðiskipulagsins og það sagði hv. þm. að tryggði samræmið á miðhálendinu. Ég er þeirrar skoðunar að það væri æskilegt. En það er ekki svoleiðis samkvæmt gildandi lögum.

Þá blasir það við, herra forseti, að þetta frv. hefur verið afgreitt frá umhvn. á röngum forsendum. Það er grundvallarágreiningur uppi milli a.m.k. eins þingmanns Sjálfstfl. og þingmanna Framsfl. Ég gef mér að þeir styðji þennan skilning hæstv. umhvrh., sem ég tel reyndar að sé hinn rétti.

Því liggur það fyrir að þingmenn Sjálfstfl. hafa tekið þátt í að afgreiða þetta mikilvæga mál án þess að vita hvað í því felst. Og það kallar auðvitað á miklu frekari og meiri umræðu hér, herra forseti, og ég tel að fresta þurfi þessu máli og ræða það aftur í umhvn. áður en að það er afgreitt.

Að lokum, herra forseti. Hæstv. umhvrh. sagði: Ef svona ágreiningur kemur upp hlýtur það að vera umhvrh. að skera úr um. Ég spyr hæstv. ráðherra: Með vísan til hvaða greina skipulagslaganna eða greina í þessum brtt. ætlar hann sem umhvrh. að skera úr um slíkan ágreining? Ég dreg í efa að hann hafi lagaleg færi til þess.

[19:05]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson minnist áðan á slakt hlutskipti hins ágæta flokks, Framfl., í skoðanakönnunum og sagði að hann næði nú ekki vopnum sínum, hafi hann nokkur vopn á annað borð.

Ég tók eftir því í umfjöllun þess ágæta blaðs, Dags, sem einu sinni hét Tíminn, um þær hremmingar sem Framsfl. hefur lent í, að vís maður skrifaði grein um hvað Framsfl. gæti gert til að bæta sinn hag, sérstaklega í Reykjavík og sagði þá í fullri alvöru að Framsfl. ætti sér ekki viðreisnar von í Reykjavík nema hæstv. iðnrh. Finnur Ingólfsson sættist við Alfreð Þorsteinsson. Það væri aðferðin til þess að tryggja Framsfl. aukið fylgi í Reykjavík að þessir tveir heiðursmenn, Finnur Ingólfsson og Alfreð Þorsteinsson, næðu sáttum.

Herra forseti. Ég er ekki alveg viss um að það sé rétt. Ég held að það væri miklu nær og líklegra til fylgisaukningar Framsfl. að hæstv. utanrrh. og hæstv. umhvrh. næðu sáttum. Og að hæstv. iðnrh. Finnur Ingólfsson og hv. formaður umhvn. Alþingis næðu sáttum. Því að ég held að það sé miklu vænlegra fyrir Framsfl., ef hann vill ná einhverjum vopnum sínum aftur, að snúa sér frekar að því að sættast við umhverfissinna og þá sem vilja verja hálendi og náttúru Íslands og vernda það, en að snúa sér að Alfreð Þorsteinssyni borgarfulltrúa, þó að það sé ágætis maður, og ná sáttum við hann. En hæstv. umhvrh. virðist ekki á þeim buxunum né

heldur formaður umhvn. að reyna að ná sáttum við umhverfisverndarfólkið í tillögugerðum sínum hér, heldur þvert á móti.

Það mál sem hér er til umræðu hefur verið til umræðu á Alþingi um áratuga skeið. Það eru yfir 30 ár síðan hv. þm. Ragnar Arnalds lagði fyrst fram tillögu á Alþingi um að eignarráð á hálendi Íslands yrðu í stjórnarskrá ákveðin almenningi eða ríkinu öllu heldur fyrir hönd almennings.

Það eru rétt um 30 ár síðan fyrsta lagafrv. um eignarráð á löndum og landgæðum utan eignarmarka einstaklinga var lagt fram á hinu háa Alþingi. Það gerði þáv. hv. þm. Bragi Sigurjónsson sem sat hér á þingi um skeið fyrir Alþfl. Síðan hafa þessi mál verið margflutt í þinginu og ég hef sjálfur átt hlut að mörgum lagafrv. og þáltill. um þau efni.

Segja má að nú sjáist loksins til lands í þessu máli með þeim ákvörðunum sem Alþingi tók í fyrra um þjóðlendur að tillögu hæstv. forsrh. Það starf sem gert var ráð fyrir að farið yrði í að lokinni samþykkt þess frv. er nú hafið, þ.e. það starf að skera úr um hvar mörkin eigi að liggja á milli almenningseignar og einkaeignar, hversu stór hluti Íslands í hverju umdæmi fyrir sig eigi að teljast eign einstaklinga eða lögaðila og hve stór hluti landsins eign ríkisins sem fer með þau eignarráð fyrir hönd almennings.

Þessi lagasetning var út af fyrir sig mjög merkileg og góð. Þó fylgdu bögglar skammrifi. Þeir bögglar sem fylgdu skammrifi voru í fyrsta lagi þeir að í sérstökum lögum sem hæstv. iðnrh. mælti fyrir var gert ráð fyrir því og gengið út frá því að einstaklingar gætu kastað eign sinni á öll náttúruverðmæti sem fyndust í landi sem teldist vera þeirra yfirráða- og umráðasvæði. Engar takmarkanir voru gerðar á því hversu djúpt væri hægt að seilast til eignarréttaryfirráða í þessu sambandi, allt inn að miðju jarðar, eða allt eins langt og mögulega væri hægt að leita að og nýta auðæfi landsins.

Ég held að það sé alveg ljóst, a.m.k. í augum þjóðarinnar, að svo hefur verið litið á að þjóðin eigi saman auðlindir undir yfirborði jarðar, svo sem djúphita eða námur sem enginn einstaklingur getur nýtt sér öðruvísi en fyrir tilverknað annaðhvort ríkisins sjálfs eða mjög fjársterkra aðila. Þetta hefur verið afstaða Íslendinga um margra áratuga skeið. Þessari afstöðu var breytt í fyrra á þann veg að einstaklingum sem eiga tiltekið land voru færð eignarráð yfir öllum landgæðum á því landi allt inn að miðju jarðar. Þetta er ein af meiri eignatilfærslum sem átt hefur sér stað í sögu þjóðarinnar og það er ekki Framsfl. til hróss að hafa átt aðild að þeirri eignatilfærslu sem átti sér stað vegna þess að þráfaldlega hefur komið fram hjá ýmsum talsmönnum Framsfl. í gegnum áratugina að þetta er ekki í samræmi við þá stefnu sem Framsfl. hefur boðað.

Hinn böggullinn sem fylgdi skammrifinu og fylgdi þjóðlendufrv. hæstv. forsrh. var sá að í orði kveðnu er sagt að þjóðin eigi þjóðlendurnar, þ.e. það land sem enginn á eigi þjóðin saman. En það var tekið burt með vinstri hendi sem þjóðinni var gefið með hinni hægri vegna þess að í fyrra voru leidd í lög ákvæði um að fulltrúar mjög fámenns hóps þjóðarinnar færu með allt stjórnsýsluumboðið á þessu hálendissvæði.

Um þetta var mjög harkalega deilt í fyrra og muna margir eftir þeim deilum. Niðurstaðan er sú, eftir að hafa skoðað þetta mál í vetur, að á síðasta degi þingsins — gert er ráð fyrir að þinglausnir fari fram eða þingi verði frestað annaðhvort í nótt eða snemma á morgun — er lögð fram tillaga frá meiri hluta umhvn., sem er lítil og óveruleg breyting frá þeim tillögum sem lagðar voru fram í fyrra. Að vísu er sumt til jákvæðrar áttar í þeim brtt. en annað til neikvæðrar. Þar er lögð sú áhersla á afgreiðslu málsins á síðasta degi þingsins sem menn hafa orðið vitni að hér í dag.

Ætlar þá sá þingmeirihluti sem er nú að ljúka störfum sínum á Alþingi á þessu kjörtímabili að binda alfarið hendur næstu ríkisstjórnar og næsta umhvrh. á síðasta degi þingsins?

Væri ekki meira vit í því, herra forseti, miðað við alla þá umræðu og alla þá gagnrýni sem þau skipulagsáform og stjórnunaráform hafa fengið, ekki bara í þinginu heldur meðal stórra hópa í þjóðfélaginu, útivistarsamtaka, umhverfisverndarsamtaka, sveitarfélaga og fjölda aðila, að geyma afgreiðslu málsins um sinn og ætla nýju þingi og nýrri ríkisstjórn og nýjum þingmeirihluta að finna þá lausn sem farsælust getur verið í staðinn fyrir það sem nú á að gera, að hrinda málinu fram á síðustu klukkustundum starfandi ríkisstjórnar og Alþingis, þannig að nýr ráðherra hafi þá frjálsari hendur en gert er ráð fyrir í þessu frv.?

Það skiptir auðvitað ekki aðeins meginmáli hver teljist eiga það landsvæði sem hér er um að ræða, þ.e. hálendi Íslands utan landamerkja lögbýla og einstaklinga, heldur ekki síður hver stjórnar því og hvernig því er stjórnað. Gert er ráð fyrir að mjög stór stjórnsýsluverkefni færist í hendurnar á tiltölulega mjög fámennum sveitarfélögum sem eiga land að hálendinu.

Ég minni á að þegar málið var rætt fyrir einu ári vakti ég athygli hv. alþingismanna á því að dæmi væru um að sveitarfélög hafi beitt stjórnsýsluvaldi sínu með því að brjóta jafnréttisreglu, veita tilteknu atvinnufyrirtæki einkaleyfi á ferðaþjónustu á hájökli sem var ekki einu sinni í eign viðkomandi sveitarfélags, hvað þá heldur að það hefði nokkur yfirráð yfir þeirri ferðaþjónustu sem þar væri rekin. Ferðaþjónustuaðilinn kynnti sig síðan í kynningarbæklingi þannig að enginn, hvorki innlendur né erlendur ferðamaður, gæti farið á þennan íslenska jökul nema ferðast um eignarland viðkomandi ferðaþjónustufyrirtækis eða ferðast um landið samkvæmt einkarétti sem honum hefði verið veittur til slíkrar þjónustu.

Ég tók þetta sem dæmi um það hversu varhugavert væri að fela mjög mikil stjórnsýsluvöld í hendur á aðilum sem væru tiltölulega vanbúnir til þess að geta gætt eðlilegra sjónarmiða sem þurfa að ríkja við slíka stjórnsýslu og gætu freistast til þess að veita aðilum sem reka atvinnustarfsemi og eru íbúar í sveitarfélaginu, sérréttindi eða forréttindi umfram alla aðra vegna hagsmunatengsla innbyrðis.

Þetta er sú hætta sem blasir við. En ekki er nóg með það heldur er forsenda allra skipulagstillagna ákvarðanir þeirra sem teljast eiga viðkomandi landsvæði um hvernig best sé að nýta það. Menn byrja á því að taka ákvarðanir um, t.d. þegar sveitarfélög láta skipuleggja land í umsjá sinni, hvernig landið og landgæðin sem skipuleggja á skuli nýtt, hvar skuli standa íbúðabyggð, hvar skuli vera atvinnurekstur, hvar skuli vera þjónusta o.s.frv. Þegar forráðamaður landsins er búinn að taka þessar ákvarðanir er skipulag unnið í samræmi við það.

Eins og að málum hefur verið staðið um hálendi landsins er farið alveg þveröfugt að. Þar liggja nú fyrir skipulagstillögur sem unnar eru án þess að eigandi svæðisins, þ.e. ríkið, hafi mótað neina stefnu um hvernig skuli nýta hálendið. Í sumum tilvikum gera þær skipulagstillögur sem nú þegar liggja fyrir meira að segja ráð fyrir því að heimildir sem veittar hafa verið til framkvæmda verði teknar til baka.

Í mörgum tilvikum er ljóst að þessar skipulagstillögur eru byggðar á sandi, þ.e. þar er fullyrt um hluti, að þeir séu svona eða hinsegin, en eru ekki eins og fullyrt er. Ekki hefur verið leitað eðlilegs samráðs við marga sem eiga þarna hagsmuna að gæta.

Í þessum tillögum er t.d. líka verið að taka ákvarðanir eins og hvernig hátta skuli samgöngum á hálendinu, hvar þjónusta megi vera, og þær ákvarðanir eru miðaðar við það að því næst engin þjónusta sé veitt á hálendinu heldur verði menn að sækja alla þá þjónustu sem einstaklingar eða ferðamenn þurfa á að halda niður í byggð. Þá hafi þeir staðir forgang umfram aðra sem hafa nú þegar verið byggðir upp til þess að veita þá þjónustu þannig að samkeppnisaðstaða annarra er takmörkuð.

Í þessum skipulagstillögum er líka að finna áform um að samgönguæðar liggi ekki yfir hálendi landsins, þar sé aðeins um að ræða vegi sem eigi að vera sumarfærir þó svo að um margra ára skeið hafi verið áform uppi, bæði á Alþingi og víðar, þó ekki hafði náðst að framkvæma þau, um að byggja upp akstursleiðir skemmstu leið milli landshluta, þ.e. yfir hálendið, og enn sé verið að huga að því hvernig þeim framkvæmdum mætti fyrir koma.

Skipulagstillögurnar sem nú liggja fyrir um hálendið eru því ekki í neinu samræmi við það hvernig sveitarfélög hafa unnið skipulag, t.d. á láglendi, ekki í neinu samræmi við það og verði slíkar skipulagstillögur samþykktar eins og þær eru núna er hætt við að erfitt verði og nær ógerningur að breyta þeim ákvörðunum sem þar hafi verið teknar. En ríkið, þ.e. eigandi og umsjónarmaður hálendisins, hefur aldrei fyrir sitt leyti fallist á þær eða mótað.

Nú kemur í ljós í brtt. meiri hluta umhvn. að ekki er gert ráð fyrir því að samvinnunefnd miðhálendisins komi að skipulagi þess eins og fyrri tillögur þess gerðu ráð fyrir. Ég man eftir því að í umræðu um þetta fyrir ári spurði ég hæstv. umhvrh. hvað hann áætlaði að gefa þeirri nefnd, sem átti þá að yfirfara skipulagstillögurnar og afgreiða þær eða senda umsögn sína um þær, langan frest til að skila tillögum. Hæstv. umhvrh. svaraði því einhvern veginn á þann veg, ef ég man rétt, að til þess mundu verða teknir nokkrir mánuðir (Gripið fram í.) eða nokkrar vikur í það minnsta. Það fannst mér vera harla lítill frestur til að yfirfara og endurgera tillögur um skipulag á jafnviðfeðmu svæði og miðhálendi Íslands þar sem ríkið sjálft á enn eftir að taka mjög veigamiklar ákvarðanir um landnýtingar, svo sem undir vegi, þjóðgarða, ferðamannastaði, þjónustu við ferðamenn, línubyggingar og fleira af því tagi.

Mér sýnist hins vegar að búið sé að gera þær breytingar á lögunum að ekki sé gert ráð fyrir því að samvinnunefnd miðhálendisins hafi bókstaflega nokkuð um þessi skipulagsmál að segja nema hún ákveði það sjálf. Það er því ekki einu sinni verið að gefa færi á nokkurra vikna frestun á því að hæstv. ráðherra staðfesti þær tillögur sem liggja nú fyrir um skipulag miðhálendisins. Verði þetta samþykkt svona getur hæstv. ráðherra staðfest þær skipulagstillögur sem fyrir liggja strax á morgun, strax eftir samþykkt þessa frv. Þarf þá ekki frekar um að fjalla, því verður þá ekki breytt.

Ég minni á þá miklu umræðu og miklu deilur og alvarlegu ásakanir sem fram komu, ekki á Alþingi heldur frá ýmsum aðilum sem tengjast þessari skipulagsvinnu, á sl. ári, svo sem Orkustofnun, Landsvirkjun, ferðaþjónustuaðilum, skipulagsfræðingum og öðrum fleiri sem gagnrýndu mjög það skipulag sem þá hafði verið unnið á miðhálendinu. Eins og gengið var frá málinu á síðasta vori var þó sá varnagli sleginn að samvinnunefnd miðhálendisins átti að fá þessar tillögur til yfirferðar og umfjöllunar, að vísu ekki nema fáar vikur til verksins. Engu að síður átti ráðherra ekki að geta staðfest skipulagið fyrr en samvinnunefndin hefði fjallað um það.

Nú hefur þessu verið breytt. Það skilyrði er ekki gert að samvinnunefnd miðhálendisins skuli fjalla um þessar tillögur að einu eða neinu leyti þannig að hæstv. umhvrh. getur staðfest þetta skipulag óhindrað strax á morgun verði frv. að lögum í dag.

Þess vegna finnst mér eðlilegt að spyrja hæstv. umhvrh. hvernig hann hyggist halda á málum. Hyggst hann óska eftir því við samvinnunefndina sjálfur að hún yfirfari þær skipulagstillögur sem fyrir liggja og gefi umsagnir sínar um þær og geri tillögur til ráðherrans áður en hann staðfestir skipulagið með undirritun sinni? Ef hann mun sjálfur beita sér fyrir því að þessi vinnubrögð verði höfð hvað ætlar hann þá samvinnunefndinni langan tíma til verksins?

Eða ætlar hæstv. ráðherra e.t.v. að staðfesta þær tillögur sem fyrir liggja nú þegar án þess að leita sérstaklega eftir umsögnum þar um? Telur hæstv. ráðherra að hann eða hver annar sem sest í sæti hans í umhvrn. hafi rétt til þess, verði frv. afgreitt, að staðfesta þær skipulagstillögur nú þegar, án þess að spyrja einn eða neinn eða gefa einum eða neinum tækifæri á því að fjalla frekar um það?

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að fá svar við spurningunni sem allra fyrst því að það er lykilmál að menn taki ekki ákvarðanir um stjórnsýslu og skipulag á hálendinu nema að vel athuguðu máli og þannig að þeir sem þar hafa hagsmuna að gæta hafi fengið ráðrúm til þess að tjá sig og koma með hugmyndir sínar um breytingar, umbætur eða viðbætur á þeim tillögum sem þegar liggja fyrir.

[19:27]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vegna fyrirspurnar hv. þm. Hann rekur söguna mjög ítarlega og rétt. Ég get staðfest það sem hann hafði um orðaskipti okkar um málið í fyrra. Svipuð orðaskipti áttu sér stað við hv. þingmenn líka þegar ég mælti fyrir frv. á dögunum. En þá var líka gert ráð fyrir því að hin nýja samvinnunefnd fengi aðgang að þeirri skipulagstillögu sem liggur nú fyrir frá samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins sem lauk sínum störfum í desember á síðasta ári samkvæmt því umboði sem hún hafði og skilaði tillögum sínum til Skipulagsstofnunar. Þar hafa þær tillögur beðið eftir því hvaða framgang eða hvort frv. sem er nú til umræðu fengi framgang yfir höfuð.

Nú hefur hins vegar meiri hluti umhvn. lagt til að það verði fellt niður og ekki er gert ráð fyrir því að hin nýja nefnd komi sérstaklega að því mikla verki sem búið er að vinna við gerð svæðisskipulags miðhálendisins. Ég undirstrika það því stundum er talað eins og þar sé eitthvert verk nú að hefjast eða að eitthvert verk hafi ekki verið unnið nægjanlega vel. Það verk hefur verið í vinnslu í mörg ár. Ég vil undirstrika það, hæstv. forseti.

Það er sem sagt búið að vinna það mál. Sú tillaga liggur fyrir. Hún hefur farið til umsagnar. Hún hefur verið auglýst og ótal athugasemdir hafa komið við hana sem samstarfsnefnd um svæðisskipulag miðhálendis tók til skoðunar og umfjöllunar, gerði breytingar á og tók tillit til þeirra að ein-

hverju leyti. Hún er sem sagt með endanlega tillögu sína núna frágengna.

Ég álít sem svar við spurningu hv. þm. að sú ákvörðun að taka það hér út úr frv. að nefndin skuli koma að málinu sé upplýsing til ráðherrans um að hann geti staðfest hina *fyrirliggjandi skipulagstillögu, sýnist honum svo.*

Ég hef ekki tekið neina ákvörðun um það því hv. þm. spurði hvort ég ætlaði að gera það. Ég veit náttúrlega ekki hvað næsti umhvrh. kann að gera. Hann spurði hvort ég mundi gera það, kannski á morgun, strax að þessari umræðu lokinni eða þessari afgreiðslu lokinni. Ég hef ekki tekið ákvörðun um það af því að þetta er breyting á því ferli sem ég hafði áður hugsað.

[19:29]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svörin. Hann staðfestir að það er alveg ljóst að með þessari afgreiðslu er verið að hverfa frá því að samvinnunefnd miðhálendisins fái nokkuð að segja um þær tillögur um skipulag hálendisins sem liggja nú fyrir. Með þeirri breytingu sem meiri hluti umhvn. hefur gert er verið að leggja í hendur á ráðherranum að geta þegar í stað staðfest það skipulag án þess að þurfa að taka eitt eða neitt tillit til eða hafa áhyggjur af því að láta skoða það mál betur.

Ég tel það vera mjög alvarlega breytingu sem hefur verið gerð, að höggva þannig á hnútinn og koma í veg fyrir að skipulagstillögurnar sem fyrir liggja geti fengið frekari umfjöllum. Nú er allt í valdi ráðherra. Mér finnst að þarna hafi hæstv. umhvn. stigið stórt skref aftur á bak og harma það.

[19:31]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af fyrir sig er ekki mörgum orðum við þetta að bæta heldur vil ég árétta það sem komið hafði fram um þetta ferli og þá breytingu sem hér er gerð og hvaða þýðingu hún í raun hefur fyrir málið eða gæti haft, þannig að það sé skýrt og liggi fyrir af minni hálfu.

Hæstv. forseti. Mig langar hins vegar að nota tækifærið vegna þess að í andsvari við hv. þm. Össur Skarphéðinsson áðan hef ég trúlega ekki verið alveg nákvæmur í lögskýringum þegar ég talaði um úrskurðarvald umhvrh. í deilum um aðalskipulag. En í skipulags- og byggingarlögunum er kveðið mjög skýrt og ítarlega á um hvernig ferli aðalskipulags er og auglýsingaferlið, vinna Skipulagsstofnunarinnar og aðkoma ráðherrans að málinu og hvernig hann getur þar tekið á málum ef ágreiningur er uppi. Tímans vegna er ekki hægt að lesa þetta allt saman eða skýra.

Úrskurðarvaldið sem áður var hjá ráðherra og fjölmargir úrskurðir sem stöðugt voru inni á borði hjá ráðherra vegna kærumála og ágreinings um byggingar- og skipulagsmál er nú í höndum svokallaðrar úrskurðarnefndar sem starfar skv. 8. gr. skipulags- og byggingarlaganna og „... kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum", eins og þar segir, með leyfi forseta.

Síðar segir í þeirri sömu grein, 8. gr.:

„Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til umhverfisráðherra."

Þá hefur þessi lögskýring um ágreiningsmál verið lesin hér upp úr lögum.

[19:32]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið mjög skýrt fram hjá hæstv. ráðherra að breyting hafi verið gerð í meðferð meiri hluta umhvn. sem veikir mjög möguleika á því að koma eðlilegum athugasemdum og umfjöllun við um þær skipulagstillögur sem fyrir liggja. Nefndin hefur veikt það ferli verulega.

Mér skildist líka á ráðherranum að sú breyting hefði ekki verið gerð að hans fyrirlagi heldur hefði hann heldur kosið að hafa það vinnuferli sem var í frv. sem hann nefndi sjálfur.

Ég veit að hæstv. ráðherra getur ekki komið upp aftur í andsvari en ég ætla engu að síður að mælast mjög eindregið til þess við hann að hann staðfesti ekki skipulagstillöguna á meðan hann situr í stól umhvrh., hvað svo sem verður um þann sem mun taka við starfi hans. Ég held það væri mjög varhugavert að ganga frá og staðfesta svo mikilvægt og umdeilt mál, kannski aðeins örfáum vikum áður en nýr þingmeirihluti og ný ríkisstjórn tekur við í þessu húsnæði sem við erum hér í.

[19:34]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel það út af fyrir sig mjög athyglisvert og raunar mikilvægt að formaður Alþfl., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hefur skýrt sjónarmið sín til skipulagsmála miðhálendisins. Komið hefur fram í ræðu hv. þm. í rauninni hvert innihaldið er, að hans mati a.m.k., á bak við þá stefnumörkun sem minni hluti umhvn. ber hér fram í sérstöku nál. Ég tel það vera mjög þýðingarmikið að þetta hafi komið fram hér í ræðu hv. þm. og ber vott um að hv. formaður Alþfl. telji að brjóta þurfi upp alla þá skipulagsvinnu sem unnin hefur verið í sambandi við miðhálendið og ryðja þar brautina fyrir framkvæmdaáætlanir m.a. ríkisvaldsins, sem mundu, ef fylgt væri forsögn þingmannsins, ganga þvert á þær hugmyndir sem liggja fyrir í svæðisskipulagi miðhálendisins og þeirri verndarstefnu sem þar er þó að finna.

Ég held að mjög mikilvægt sé að fólkið í landinu átti sig á *því hvernig Samfylkingin lítur á hvernig fara skuli* með málefni miðhálendisins. Það liggur nú fyrir eftir ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, þar sem sérstökum áhyggjum er lýst yfir því að ekki skuli vera haldið opnu fyrir þau framkvæmdaáform af margvíslegu tagi sem viðruð hafa verið af ýmsum, þar á meðal um uppbyggða hlemmivegi milli landshluta um miðhálendið. Við þekkjum reyndar úr fyrri ræðum hv. þm. áhuga hans á að halda þar opnu fyrir virkjanamöguleika í stórum stíl fram yfir það sem gert er ráð fyrir í þessari skipulagstillögu.

[19:36]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að verða vitni að því að ekki hefur hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tekið upp alla sína tjaldhæla. Þeir tjaldhælar sem hafa fest hann sem hælbít á Alþfl. hafa ekkert losnað.

Það sem ég sagði var einfaldlega þetta: Áður en skipulagstillögur eru unnar þarf umráðaaðili þess landsvæðis sem þar á hlut að máli að vera búinn að taka ákvörðun um hvernig hann hyggst nýta það landsvæði sem á að skipuleggja, m.a. hvort eða hvort ekki eigi að leggja hálendisvegi eins og talað hefur verið um í mörg ár, m.a. af kjósendum hv. þm. sjálfs. Ríkisvaldið þarf líka að taka ákvörðun um, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, hvar eigi að hafa þjóðgarða, hvar eigi að vernda land, þar á meðal þá þjóðgarða sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur talað um að þurfi að taka ákvörðun um.

Ég leyfði mér aðeins að segja að umráðaaðili hálendisins, sem er ríkisvaldið, verður að hafa tekið slíkar ákvarðanir, annaðhvort með eða á móti framkvæmdaáformum, áður en skipulag er unnið. Það er engin yfirlýsing um einhverja virkjanagleði. Það er engin yfirlýsing um að að leggja eigi hraðbrautir þvers og kruss á hálendinu. Það er ekki heldur yfirlýsing um að gera eigi allt hálendið að þjóðgarði. Það er bara einföld skynsemi um hvernig rétt er að halda á málum af hálfu þess sem hefur forræði hálendisins með höndum.

Ég ítreka að það er þó gott að vita að einhverjir af tjaldhælum hv. þm. hanga fastir á sínum stað.

[19:38]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. virðist gleyma eða a.m.k. hafna því að skipulag sé forsögn um nýtingu. Eftir að skipulagsákvarðanir hafa verið teknar þá er eigandi, hver sem hann er, hvort sem það er ríki eða annar, bundinn af því skipulagi þar til því hefur verið breytt. Það er hið mikilvæga í málinu.

Það er alger misskilningur að ríkisvaldið geti gengið gegn skipulagsákvörðunum eftir því sem því þóknast sem hugsanlegur umráðaaðili lands, t.d. þjóðlendu, og það er það þýðingarmikla. Til þessa vill hv. þm. ekki taka tillit. Það virðist vera þess vegna sem hv. þm. vill kasta út í hafsauga þeirri skipulagstillögu sem er fullgerð af svæðisskipulagsnefnd um skipulag miðhálendisins sem sett var á laggirnar fyrir frumkvæði umhvrh. Alþfl. á sínum tíma. Það er það sem hangir á spýtunni.

Ég harma það, virðulegur forseti, að þessi málflutningur skuli hér uppi hafður og að talsmenn Samfylkingarinnar í umræðunni skuli ætla sér að brjóta niður þá vinnu sem þó hefur farið fram og að mörgu leyti er jákvæð og liggur fyrir í skipulagstillögu sem hefur lögum samkvæmt fengið umsögn og bíður staðfestingar.

Síðan liggur það fyrir samkvæmt þeim brtt. frá meiri hluta umhvn. sem hér hafa verið gerðar að ný svæðisskipulagsnefnd eða samvinnunefnd miðhálendis, eins og hún er kölluð, getur þegar að loknum alþingiskosningum að vori tekið ákvörðun um að taka þetta svæðisskipulag til endurskoðunar. Hugmyndin í frv. ríkisstjórnarinnar um að sýna (Forseti hringir.) núverandi nefnd tillöguna þannig að hún gæti flett henni hafði ekkert praktískt gildi í raun.

[19:41]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er hv. þm. tekinn til við uppáhaldsiðju sína, þ.e. að deila um það hvort kemur á undan, eggið eða hænan. Það er hann búinn að gera alloft á Alþingi. Umræðuefni hans er það að fyrst eigi að koma forsögn skipulags áður en sveitarstjórnir taka ákvörðun um framkvæmd.

Ég er hins vegar á þeirri skoðun að fyrst eigi að koma almenn forsögn eiganda landsins um hvernig eigi að nýta það og síðan eigi að skipuleggja landið í samræmi við þá almennu forsögn. Það er almenn regla í skipulagsvinnu. Það er hin eðlilega og rétta röð. En ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að deila við hv. þm. um uppáhaldsdeiluefni hans, hvort komi á undan, eggið eða hænan.

En hitt hefði einhvern tíma þótt tíðindi, að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, e.t.v. undir lok þingferils síns — ég vil ekkert fullyrða um það, kannski fer hv. þm. í framboð á ný — skuli í umhverfismálum ganga í lið með Framsfl. og Sjálfstfl.

[19:42]

Útbýting þingskjals:

Háskólamiðstöð Austurlands á Eiðum, 610. mál, þáltill. HG og JónK, þskj. 1164.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:44]

Út af dagskrá voru tekin 21. og 46.–60. mál.

Fundi slitið kl. 20:31.

---

84. FUNDUR

miðvikudaginn 10. mars,
að loknum 83. fundi.

Dagskrá:

1. Alþjóðleg viðskiptafélög, stjfrv., 414. mál, þskj. 1033, brtt. 1040. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, stjfrv., 359. mál, þskj. 495. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Kortlagning ósnortinna víðerna á Íslandi, þáltill., 327. mál, þskj. 404, nál. 1103. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
4. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 590. mál, þskj. 986. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Útflutningsráð Íslands, frv., 591. mál, þskj. 987. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Landsvirkjun, frv., 592. mál, þskj. 1005. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 593. mál, þskj. 1008. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Lögskráning sjómanna, frv., 594. mál, þskj. 1014. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 223. mál, þskj. 1119. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Búnaðarfræðsla, stjfrv., 546. mál, þskj. 1129. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
11. Raforkuver, stjfrv., 471. mál, þskj. 1130, brtt. 1125. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
12. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 324. mál, þskj. 1032, brtt. 1117. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
13. Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv., 252. mál, þskj. 285, nál. 1096. — 2. umr.
14. Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frv., 253. mál, þskj. 286, nál. 1096. — 2. umr.
15. Stofnun vestnorræns menningarsjóðs, þáltill., 197. mál, þskj. 214, nál. 1108. — Síðari umr.
16. Íþróttasamstarf milli Vestur-Norðurlanda, þáltill., 196. mál, þskj. 213, nál. 1106. — Síðari umr.
17. Internetsamvinna skóla á Vestur-Norðurlöndum, þáltill., 195. mál, þskj. 212, nál. 1107. — Síðari umr.
18. Vinnuumhverfi sjómanna, þáltill., 81. mál, þskj. 81, nál. 1131. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

19. Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, þáltill., 5. mál, þskj. 5, nál. 1137. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

20. Almannatryggingar, stjfrv., 520. mál, þskj. 834, nál. 1054, brtt. 1055. — 2. umr.

21. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 521. mál, þskj. 835, nál. 1056 og 1084, brtt. 1057 og 1085. — 2. umr.

22. Jarðalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 872, nál. 1086. — 2. umr.

23. Landshlutabundin skógræktarverkefni, stjfrv., 484. mál, þskj. 791, nál. 1092, brtt. 1093. — 2. umr.

24. Málefni fatlaðra, stjfrv., 564. mál, þskj. 924, nál. 1095 og 1097. — 2. umr.

25. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 585. mál, þskj. 978, nál. 1104 og 1139. — 2. umr.

26. Háskóli Íslands, stjfrv., 509. mál, þskj. 821, nál. 1109, brtt. 1110. — 2. umr.

27. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 352. mál, þskj. 475, nál. 1059 og 1091, brtt. 1060 og 1094. — Frh. 2. umr.

28. Undirritun Kyoto-bókunarinnar, þáltill., 41. mál, þskj. 41, nál. 1134 og 1135. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

29. Náttúruvernd, stjfrv., 528. mál, þskj. 848, nál. 1111, brtt. 1112. — 2. umr.

30. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 526. mál, þskj. 846, nál. 1118 og 1138. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

31. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 607. mál, þskj. 1133. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

32. Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, þáltill., 356. mál, þskj. 488, nál. 1046. — Frh. síðari umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:33]

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu 4.–12. og 18.–19. dagskrármáls og útbýtingu þingskjala í 28. og 31. máli. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræður um sjávarútvegsmál.

[20:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þannig háttar til að fyrir tveimur dögum kom ég að máli við stjórn þingsins og fór fram á umræðu utan dagskrár um sjávarútvegsmál, tiltekna þætti sjávarútvegsmála, þ.e. um viðskilnað hæstv. ríkisstjórnar og meiri hlutans við þau mál. Nokkrum dögum áður átti ég orðastað við hæstv. sjútvrh. og spurði hvað liði athugun á vanda smábáta sem róa á svonefndum dagatakmörkunum. Ég spurði eftir þeim erindum sem borist hafa, bæði sjútvn. og að ég hélt einnig sjútvrn., vegna vanda þeirra sjómanna, einkum í ljósi þeirrar afgreiðslu sem þeir fengu í lagasetningu í janúar sl. í tengslum við svonefndan kvótadóm Hæstaréttar.

Forseti hefur færst mjög undan því að slík utandagskrárumræða fari fram þó ég sé að vísu ekki að öllu leyti sáttur við það. Ég minni á að það er réttur þingmanna, að taka upp mál utan dagskrár í allt að hálfa klukkustund á hverjum fundi, hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Ég sætti mig við það og einkum í ljósi þess annríkis sem hér er og vil ekki verða til þess að tefja fyrir þingstörfum.

En ég uni því hins vegar illa, herra forseti, að ekki fáist a.m.k. einhver svör um hvort og þá hvað verði aðhafst varðandi þetta mál og hvenær sjá megi afrakstur þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í sjútvn. og lengi vel stóð til, að ég hélt, að hlyti hér afgreiðslu, jafnvel í samkomulagi.

Mér er ljóst að hæstv. sjútvrh. er erlendis, enda lítil svör þaðan að hafa ef marka má reynsluna. Satt að segja var viljaleysi hæstv. sjútvrh., þegar við ræddum þessi mál hér á dögunum, átakanlegt. Í ljósi þess að starfandi sjútvrh. er hæstv. menntrh. geri ég ekki kröfu til þess að sá hæstv. ráðherra svari efnislega fyrir sjútvrh. Mér er ljóst að það er ekki að öllu leyti sanngjarnt að gera slíka kröfu.

En, herra forseti, fari svo að ekki fáist afgreiðsla á þessu máli og fram komi tillögur um lagfæringar, a.m.k. á verstu ágöllunum á þeirri löggjöf sem hér var afgreidd í janúar, þá mótmæli ég því, þeirri niðurstöðu og viðskilnaði hæstv. ríkisstjórnar og meiri hlutans við þetta mál.

Sé hins vegar von til þess að samkomulag takist um slíkar breytingar þá vil ég að sjálfsögðu leggja mitt af mörkum til að þær nái fram að ganga.

[20:37]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Vandi þeirra útgerðarmanna sem hv. þm. ræddi um er vissulega mikill, þ.e. vandi þeirra sem gera út smábáta á dagakerfinu. Vandi annarra er ekki síður mikill, þ.e. vertíðarflotans og landverkafólksins sem er að missa vinnu sína svo tugum skiptir allt í kringum landið. Fyrr í dag var gerð tilraun til þess að fá tillögu um það mál tekna á dagskrá til umræðna. Á það var ekki fallist.

Án tillits til þess hvort einhver minni háttar niðurstaða næst í smærri málum held ég að ekki verði hjá því komist, áður en þetta þing fer heim, að hér fari fram utandagskrárumræða um stöðu landvinnslunnar og strandveiðiflotans. Ég fylgi eftir þeim tilmælum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að sú umræða um viðskilnað ríkisstjórnarinnar geti farið fram. Menn skulu gera sér grein fyrir því að það má vel vera að hægt sé að fresta afgreiðslu ýmissa mála en vetrarvertíð á Íslandi verður ekki frestað. Verði vertíðarflotinn sendur af stað með þær aflaheimildir sem hann hefur í dag má segja að frá því sé endanlega gengið að vetrarvertíðin, nú skömmu fyrir kosningar, verði að engu gerð. Mér finnst því rétt, án tillits til nokkurs annars, að Alþingi gangi ekki út úr þessu húsi án þess að viðskilnaður ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum verði gerður að umræðuefni.

[20:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er frekar fátt um svör. Það hlýtur að skiljast sem svo að frá hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutanum sé ekkert að hafa, engar upplýsingar um eitt eða neitt, engar niðurstöður og jafnvel ekki vilja til eins eða neins.

Ég verð að segja, herra forseti, að það eru þá heldur dapurleg málalok ef svo á að fara. Ég vona að það sé a.m.k. alveg á hreinu hvar stíflan er í þessu máli. Það er ekki stjórnarandstaðan sem leggst gegn því að þessi mál verði tekin á dagskrá og rætt verði um viðskilnað ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum eða stöðuna sem uppi er í þeim efnum, bara þannig að þau skilaboð komist skýrt til þjóðarinnar.

Við erum tilbúin að greiða fyrir framgangi þess að gera sanngjarnar og nauðsynlegar leiðréttingar, tæknilegs eðlis,

sem allir eru sammála um og vita að gera þarf. Lagasetningin í janúar var stórlega gölluð, og eins og þá var spáð fyrir um hafa nú þegar komið fram ýmsir fingurbrjótar í þeirri vinnu, eðlilega eins og höndum var til þess kastað.

Jafnframt er alveg ljóst, herra forseti, að það er ósanngjarnt hvernig fara á með þennan litla hóp sem sótt hefur sjó á grundvelli krókaveiða með dagatakmörkunum. Ef sú útreið sem þeim hópi er ætluð nú er borin saman við það sem sambærilega settur hópur fékk á vordögum 1994 og 1995, þá er þar um mjög gróft brot á öllum jafnræðisreglum að ræða. Þessir sjómenn fá að óbreyttu, ef engar lagfæringar koma til, mun ósanngjarnari útkomu en sá hópur fékk sem valdi um vorið 1994 og fékk lagfæringar á stöðu sinni aftur árið 1995.

Ég spái því, herra forseti, að þetta muni þykja eitt af ljótari dæmum um óvandaða stjórnsýslu og vond vinnubrögð ef þetta stendur eftir óleiðrétt.

[20:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Tveir hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt fram tillögu um aukna úthlutun á aflaheimildum. Ekki hefur tekist að fá þá tillögu tekna á dagskrá. Dagskrártillaga þar að lútandi var felld. Hvers vegna? Vegna þess að þingmenn stjórnarmeirihlutans þora ekki að standa andspænis því að þurfa að greiða atkvæði um slíka tillögu. Þeir þora það ekki.

Núna blasir við að þinginu er að ljúka. Það blasir líka við, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur drepið á, að víða er mjög alvarleg staða í strandveiðum þessarar þjóðar. Það er lágmarkskrafa að stjórnarandstaðan fái a.m.k. að ræða stöðu mála í þeim byggðum við þann ráðherra sem fer með málaflokkinn. Þó hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson sé staddur einhvers staðar í útlöndum þá er maður hér sem gegnir fyrir hann. Það er ekki hægt að ljúka umræðunni án þess að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fái svar við þeirri ósk sem hann hefur lagt hér formlega fram, um utandagskrárumræðu.

Er það þannig, herra forseti, að ríkisstjórnin leggi ekki í að ræða þetta mál við stjórnarandstöðuna? Við því þarf að koma svar. Og hæstv. starfandi sjútvrh. verður a.m.k. að sýna það þrek að hann geti komið í þennan ræðustól og svarað kröfu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar.

Fær stjórnarandstaðan utandagskrárumræðu um þetta, eins og þingsköp heimila henni, eða brestur hæstv. starfandi sjútvrh. kjark til þess að ræða þetta mál? Getur það verið að stjórnarliðið allt saman bresti kjark til þess?

[20:43]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Er ekki hægt að fá svar við þeirri einföldu spurningu, frá hæstv. sitjandi sjútvrh., hvort hann er reiðubúinn að ræða við Alþingi um stöðu strandveiðiflotans áður en þessu þingi lýkur? Við stjórnarandstæðingar erum reiðubúnir, þó skammur tími sé eftir af þinginu, til að gera allt sem við getum til að leysa málin. Þau mál verða ekki leyst með því að taka aðeins á vandamálum lítils hluta þeirra sem um sárt eiga að binda. Strandveiðiflotinn allur og fiskverkafólk um allt land bíður eftir því. Hefur ríkisstjórn Íslands ekkert við þetta fólk að segja? Hefur hæstv. sjútvrh. ekkert við þetta fólk að segja á síðustu dögum Alþingis, fólkið sem er tugum saman að missa vinnu sína í frystihúsum víðs vegar um land og vertíðarflotann sem er nú nærri aflaheimildalaus?

Ég ítreka spurningu mína, virðulegi forseti: Er ekki hægt að fá svar hjá hæstv. sjútvrh. við þeirri beiðni að efnt verði til stuttrar utandagskrárumræðu um vanda fiskiskipaflotans og landvinnslunnar áður en þing fer heim og áður en við göngum til kosninga?

[20:44]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og hv. þingmönnum öllum er ljóst er gert ráð fyrir að ljúka hér fundi á morgun kl. 12.30. Þar með er ljóst hve langur tími hefur verið gefinn til þess að ljúka umræðum. Í kvöld var gert ráð fyrir því að ræða þau mál sem eru á dagskrá. Í því ljósi verður að láta þingstörf ganga fyrir sig. Forseti væntir þess, eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., að skilningur sé á þeirri stöðu vegna þess knappa tíma sem hér er til umráða.

[20:45]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég held að rétt sé að fram komi að enda þótt einhverjum sé umhugað um að ljúka þinginu um hádegi á morgun þá er líka stór hópur fólks tilbúinn til þess að vera hér mun lengur til að ræða m.a. þau mál sem fitjað hefur verið upp á.

Í janúar var hér umræða og lög afgreidd sem sneru að fiskveiðum. Það er alveg ljóst undir hvaða formerkjum sú umræða fór fram. Frv. sem þá var afgreitt var fyrst og fremst svar við hinum svokallaða kvótadómi. Það var þó þannig að um leið og meiri hlutinn á Alþingi var að reyna að svara kvótadóminum voru afgreiddar viðamiklar breytingar sem lutu að smábátaflotanum.

Við vöruðum við því þá að með þeim hraða sem var á umræðunni og með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru í nefndinni mundi sú vinna koma í hausinn á okkur aftur. En meirihlutamenn voru býsna státnir þá og keyrðu málið — mér liggur við að segja af offorsi í gegn.

Það er hins vegar ljóst, herra forseti, að staða mála nú er sú að svo sannarlega þyrfti að ræða stöðu smábátanna hér á Alþingi. Það væri gott að fram kæmi hvaða tillögur og hugmyndir menn hafa gagnvart þeim málum, hvað menn eru tilbúnir til að gera og hvað ekki, þannig að það færi ekki á milli mála. Og það væri líka nauðsynlegt, herra forseti, að þær hugmyndir sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur reifað og lagt fram frv. um fengju góða og ítarlega umræðu.

Ég tel mikilvægt, herra forseti, að viðhorf til þessara mála liggi alveg skýr fyrir í þinglok. Ég styð þá beiðni sem hér hefur komið fram um utandagskrárumræðu um þessi mál og ég vænti þess að við henni verði orðið. Það stendur ekki á stjórnarandstöðunni að vera hér lengur á morgun og enn lengur ef á þarf að halda til að ræða þessi mál.

[20:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér finnst ekki hægt að skilja við þetta mál öðruvísi en (**EgJ:** Ætlarðu að fara að rífast enn?) að fram komi af hverju hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fær ekki svar við kröfum sínum um utandagskrárumræðu um þetta efni. Er það vegna þess að hæstv. forseti finnur ekki tíma fyrir það eða er það vegna þess að hæstv. starfandi sjútvrh. synjar umræðunum?

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að fram komi hvað það er sem veldur þessu. Ef hæstv. forseti telur að vegna anna þingsins sé ekki tími til að ræða þetta, þá vil ég upplýsa að ég er á mælendaskrá um mál sem er til umræðu á eftir, skipulags- og byggingarlög, og hafði ég hugsað mér að flytja um það þriggja stundarfjórðunga ræðu. Herra forseti, til samkomulags um þetta lýsi ég því yfir að ég er reiðubúinn til að

falla frá orðinu í þeirri umræðu og þá getum við haft þessa hálftíma umræðu og hæstv. forseti vinnur meira að segja einn stundarfjórðung. Er þetta ekki dálítið gott tilboð, hæstv. forseti, sem hægt er að fallast í því ljósi að nauðsynlegt er að fá þetta mál til umræðu áður en þingið fer heim?

Mér þætti vænt um ef hæstv. forseti mundi taka afstöðu til þessa góða boðs frá mér, sem mundi óneitanlega greiða talsvert fyrir þingstörfum.

[20:49]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á þær umræður sem hér hafa farið fram. Það er öllum ljóst sem hér eru inni hvaða tímamörk eru á umræðum.

Alþjóðleg viðskiptafélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 414. mál. — Þskj. 1033, brtt. 1040.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:51]

Brtt. 1040 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

6 þm. (GHelg, HG, KÁ, KH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, GB, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, LB, MS, MF, RA, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 42:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

nei: HG, KH, SJS, ÖJ.

2 þm. (GHelg, KÁ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, GB, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, JóhS, LB, MagnM, MS, MF, RA, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1167).

Álagning skatta vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 359. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:52]

Frv. samþ. með 43:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖS.

nei: GHelg, HG, KH, SJS, ÖJ.

2 þm. (KÁ, SJóh) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, DO, GB, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, LB, MS, MF, RA, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1168).

Kortlagning ósnortinna víðerna á Íslandi, frh. síðari umr.

Þáltill. KH og GGuðbj, 327. mál. — Þskj. 404, nál. 1103.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:52]

Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GB, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, LB, MS, MF, ÓÖH, RA, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1169).

Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 590. mál. — Þskj. 986.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:54]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, LB, MS, MF, RA, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1170).

Útflutningsráð Íslands, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 591. mál. — Þskj. 987.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:54]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, LB, MS, MF, RA, SighB, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1171).

Landsvirkjun, 3. umr.

Frv. iðnn., 592. mál. — Þskj. 1005.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:55]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, LB, MS, MF, RA, SighB, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1172).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 593. mál. — Þskj. 1008.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:56]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, LB, MS, MF, RA, RG, SighB, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1173).

Lögskráning sjómanna, 3. umr.

Frv. samgn., 594. mál. — Þskj. 1014.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:56]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, LB, MS, MF, RA, SighB, SP, SvanJ, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1174).

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 3. umr.

Stjfrv., 223. mál (vöruþróunar- og markaðsdeild). — Þskj. 1119.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:58]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, GHelg, HG, KÁ, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, LB, MS, MF, RA, SP, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1175).

Búnaðarfræðsla, 3. umr.

Stjfrv., 546. mál (heildarlög). — Þskj. 1129.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:59]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

3 þm. (GGuðbj*, MagnM*, RG*) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GMS, HjÁ, JóhS, LB, MS, MF, RA, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1176).

Raforkuver, 3. umr.

Stjfrv., 471. mál (Vatnsfells-, Búðarháls- og Villinganesvirkjanir). — Þskj. 1130, brtt. 1125.

[21:01]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Í samræmi við samkomulag sem hér var gert í gærkvöldi, vegna virkjunar í Bjarnarflagi, er brtt. sem ég tala fyrir flutt. Breytingatillagan er við frv. til laga um breytingu á lögum um raforkuver, nr. 60/1981, með síðari breytingum. Hún er svohljóðandi:

„Við 3. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. og lokamálslið 4. gr. bætist: að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 324. mál (heildarlög). — Þskj. 1032, brtt. 1117.

[21:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég vil, nú við 3. umr. málsins, mæla fyrir brtt. sem ég flyt við þetta mál. Samkvæmt því orðast ákvæði til bráðabirgða þannig að margföldunarstuðlar sem er í 2. mgr. 9. gr. og 5. mgr. 11. gr. hækki örlítið, og að þetta ákvæði gildi til 1. júlí árið 2001. Í þessu felst að það sólarlagsákvæði sem áður var samþykkt í bráðabirgðaákvæði dettur upp fyrir og lögin verða því ótímabundin. Jafnframt minnkar sú skerðing á lífeyrisréttindum sem fyrirhuguð var, þ.e. hún verður minni á þeim tíma sem þetta bráðabirgðaákvæði gildir.

Þess skal getið að þessi tillaga er flutt í samráði við þau samtök sem standa að sjóðnum. Borist hafa undirskriftir frá fimm stjórnarmönnum varðandi þetta mál. Enn fremur átti ég ásamt fleiri hv. þm. fund með forsvarsmönnum Farmanna- og fiskimannasambandsins í dag, auk stjórnarmanns LÍÚ í sjóðnum og stjórnarmanns Sjómannasambandsins. Þessi tillaga er flutt með hliðsjón af þeim fundi.

Ég vona að þingheimur geti samþykkt þetta. Gert er ráð fyrir því að lífeyrismál sjómanna muni koma upp í næstu kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna. Ég hygg að það muni vera sameiginlegt áhugamál þeirra sem að sjóðnum standa að ganga þannig frá sjóðnum að hann geti staðið myndarlega að lífeyrismálum sjómanna í framtíðinni.

[21:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í tilefni af afgreiðslu þessa máls vil ég láta eftirfarandi koma fram:

Í umfjöllun um þetta frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna hefur fjárhagsstaða sjóðsins komið til umræðu. Ljóst er að vandi sjóðsins veldur margvíslegum erfiðleikum sem eru að hluta vegna lagasetningar um 60 ára lífeyrisaldur sjómanna. Málefni sjóðsins munu áfram verða til skoðunar í fjmrn. og mun ráðuneytið, í samráði við samtökin sem að sjóðnum standa, kanna leiðir til þess að takmarka röskun á högum þeirra sem réttindi eiga í sjóðnum.

Þessu til viðbótar, herra forseti, vil ég lýsa ánægju minni með þær brtt. sem efh.- og viðskn. flytur hér við 3. umr. og það samkomulag helstu aðila að sjóðnum sem að baki þeim liggur.

[21:05]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Um frv. sem við erum að ræða hér í lokaumræðu um Lífeyrissjóð sjómanna voru mjög skiptar skoðanir og mikill ágreiningur við 1. umr. málsins. Við 2. umr. kom fram að málið var afgreitt úr efh.- og viðskn. af meiri hluta nefndarinnar. Stjórnarandstaðan tók ekki þátt í þeirri afgreiðslu úr nefndinni og taldi ekki rétt að málum staðið. Minni hlutinn taldi að betur hefði þurft að tryggja hag sjómanna í Lífeyrissjóði sjómanna.

Við 2. umr. kynnti hv. formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, útlínur að yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. mundi gefa hér við 3. umr. Hæstv. fjmrh. gaf yfirlýsingu um þetta efni rétt áðan úr ræðustól. Þar komu m.a. fram vandkvæði sem tengjast sjómönnum yfir 60 ára aldri, forsöguna þekkja menn ágætlega hér í þingsölum, og að þau mál yrðu áfram til skoðunar í samráði við viðkomandi aðila, til að takmarka röskun þeirra í sambandi við sjóðinn. Málið snýst um að samkvæmt lögum þarf að skerða greiðslur úr sjóðnum.

Þessi yfirlýsing, sem fjmrh. gaf um þetta efni, er mjög mikilvæg. Ég vil geta þess sérstaklega hér að sá stjórnarandstæðinga sem hafði forgöngu um málið af okkar hálfu var hv. fyrrv. alþingismaður, Svavar Gestsson. Þetta var síðasta verk hans á Alþingi að knýja fram þessar yfirlýsingar og betrumbætur á Lífeyrissjóði sjómanna. Ég tel ánægjulegt að það skuli, nokkrum dögum eftir að hann hefur horfið hér úr þingsölum, vera hægt að vitna til góðra starfa hans um þetta efni.

Hv. formaður efh.- og viðskn. gat einnig um frekari brtt. sem ganga allar í átt til þess sem við stjórnarandstæðingar styðjum, þ.e. sólarlagsákvæði er tekið út og með endurreikningi verður um minni skerðingu á sjóðnum að ræða.

Öll þessi atriði, og þá sérstaklega yfirlýsing fjmrh., hafa gert það að verkum að stjórnarandstaðan hefur fallið frá hinni hatrömmu andstöðu sem við boðuðum við þetta frv. við 1. umr. og héldum áfram í nefndarstarfinu. Af okkar hálfu verður málið væntanlega lögfest með atkvæðum stjórnarliða. Við teljum að tekist hafi að gera þær betrumbætur í tengslum við löggjöfina og með þeirri yfirlýsingu sem fjmrh. gaf sem hægt var að fá fram um þetta mál. Ég vona að málefni sjóðsins eigi eftir að fá farsæla umfjöllun þegar fram líða stundir.

[21:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð í tilefni af þessari afgreiðslu málsins.

Við 1. umr. um þetta mál sagði ég óhjákvæmilegt að fara vandlega yfir vanda sjóðsins og greina hann niður, annars vegar í hreina og klára umframtryggingu réttinda eða réttindi umfram það sem iðgjöld stæðu undir, þ.e. að sjóðurinn yrði réttur af. Hins vegar þurfti að finna út að hve miklu leyti vandi sjóðsins stafaði af hinni svonefndu 60 ára lífeyrisaldurstökureglu frá sínum tíma og hver ábyrgð stjórnvalda væri í því sambandi. Sú regla var lögfest sem hluti af þríhliða niðurstöðu kjarasamninga á sínum tíma.

Málin hafa skýrst að því leyti að gögn komu fram í efh.- og viðskn. sem sundurgreina þennan vanda. Fyrir liggur að

um 1,3 milljarða kr. stafa af þessari sérstöku reglu og skapar það Lífeyrissjóði sjómanna umtalsverða sérstöðu, a.m.k. hvað þetta varðar.

Nú hefur hæstv. fjmrh. gefið yfirlýsingu sem gengur út á hvort tveggja í senn, að viðurkenna vanda sjóðsins og fallast á að ganga til viðræðna við hagsmunaaðila sjóðsins um þetta mál. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að reyna að túlka yfirlýsingu hæstv. fjmrh. hér eða gefa í skyn að hún sé annað og meira en hún er. Hún er án skuldbindinga og gefur hvorki loforð né fyrirheit um beina þátttöku ríkisins. Hún er þó viðurkenning á því að eðlilegt sé að stjórnvöld skoði þennan vanda og þau beri þar ábyrgð. Því hygg ég að verði ekki á móti mælt. Ég fagna þessu og treysti hæstv. fjmrh. til að fara af alúð yfir málið og setjast að alvöruviðræðum um þennan vanda.

Ég fagna því einnig að hér er flutt brtt. um að sólarlagsákvæði eða takmarkaður gildistími laganna falli út. Ég hafði miklar efasemdir og hef enn um að skynsamlegt sé að fella úr gildi sérlög um Lífeyrissjóð sjómanna. Þar kemur ýmislegt til. Því verður ekki á móti mælt að aðstæður í þessum sjóði eru nokkuð sérstakar, saga hans er sérstök og lífeyrisréttindi sjómanna eru nokkuð sérstakt mál. Ég hef þá tilfinningu, herra forseti, að hyggilegt sé að láta sérlög gilda um þennan lífeyrissjóð um eitthvert árabil og ekki sé óeðlilegt að aðilar reyni að koma sameiginlega að vanda hans, bæði aðilar vinnumarkaðarins og ríkisvaldið.

Ég minni á að þó að Lífeyrissjóður sjómanna verði að sjálfsögðu að eiga fyrir réttindum, sem hann skapar eins og aðrir sjóðir og ekki um annað að ræða í framtíðinni en að hann uppfylli kröfur um fjárhag miðað við réttindi sjóðfélaga, þá er kannski óvíða sárara ef grípa þarf til umtalsverðra skerðinga á réttindunum en í þessu tilviki.

Í því sambandi nefni ég sérstaklega örorkuna. Sjómennskan er hættulegasta starf í landinu, þar eru slys og örorka tíðari en hjá flestum, ef ekki öllum öðrum stéttum. Þar af leiðandi eru þau réttindi kannski verðmætari fyrir sjómenn, í áhættusömum störfum, heldur en flesta aðra.

Einnig er það svo, herra forseti, að það er dapurlegt að ekki skuli vera hægt að halda uppi 60 ára lífeyristökualdursreglu án nokkurrar skerðingar á þeim lífeyriréttindum sem sjómenn hafa eftir það. Á því leikur enginn vafi að menn sem byrja ungir til sjós hafa lagt sitt af mörkum og meira en það og eiga fyllilega skilið að komast í land þegar þeir hafa náð 60 ára aldri. Það er dapurlegt að menn skuli hafa þurft að hörfa frá upphaflegum áformum um eiginlegan 60 ára lífeyristökualdur, yfir í að það sé á kostnað sjómanna sjálfra og réttinda þeirra hjá sjóðnum ef þeir nýta sér núgildandi ákvæði um að hefja lífeyristöku við þau aldursmörk.

Sem sagt, herra forseti, þær breytingar sem hér hafa náðst fram eru þó jákvæðar og í rétta átt. Ég fagna því og fell frá andstöðu minni við málið. Ég mun sitja hjá við afgreiðslu þess og ekki tefja för þess í gegnum þingið frekar en orðið er.

[21:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði sérstaklega slæmt fyrir sjómenn að lúta skerðingu. Nú er það svo að frá 1974 og sérstaklega frá 1980 hafa allir launþegar verið skyldaðir til að borga í lífeyrissjóð. Sumir hafa orðið fyrir því að lífeyrissjóðir þeirra hafa orðið gjaldþrota. Þeir hafa tapað öllum réttindum. Aðrir hafa orðið fyrir því að réttindi þeirra væru skert um 50%. Telur hv. þm. að þetta fólk þoli betur að réttindi þeirra séu skert en sjómenn sem skerða á hjá um 10 eða 12%? Þoldi þetta fólk skerðinguna betur en sjómenn?

Telur hv. þm. að hægt sé að segja slíkt við þá sem tapað hafa öllum sínum réttindum eða helmingi þeirra, að það skipti ekki máli?

[21:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði nú lofað að tefja ekki frekar framgöngu þessa máls en neyðist eiginlega til að brjóta nýgefið loforð. En svar mitt skal vera stutt. Þetta er ekki svaraverður þvættingur hjá hv. þm. Ég var ekki að mæla því bót að lífeyrisréttindi manna hefðu skerst í litlum sjóðum sem hefðu farið illa. Það fólst ekkert slíkt í mínu máli.

Það sem ég var að benda á var að vegna geysilega hárrar slysatíðni í sjómennskustörfum eru þau réttindi sem lífeyrissjóðurinn tryggir mönnum til örorkubóta augljóslega mjög mikilvæg í augum þeirrar stéttar, það liggur í hlutarins eðli. Eða heldur hv. þm. Pétur Blöndal að sjómenn viti ekki hvaða áhættu þeir taka í starfi sínu? Það gera þeir. Og ætli það sé þá ekki þannig að það skipti einhverju máli fyrir þá og fjölskyldur þeirra að hafa þó það á bak við sig að ef þeir þurfa kannski seinni hluta ævinnar að búa við skerta starfsorku vegna slysa þá njóti þeir sæmilegra örorkubóta?

Það var þetta sem ég var að segja, hv. þm., og ekkert annað. Og ég frábið mér skæting af því tagi sem hér kom fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna, 2. umr.

Frv. GHall o.fl., 252. mál (peningavinningar). — Þskj. 285, nál. 1096.

[21:18]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1096 frá hv. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 16/1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna, og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 18/1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Nefndin hefur fjallað um málin.

Í frumvörpunum er lagt til að umræddum happdrættum verði heimilt að reka peningahappdrætti og með því verði staða þeirra bætt.

Happdrættismarkaðurinn hefur þróast ört á undanförnum árum. Happdrættum hefur fjölgað og samkeppni milli þeirra aukist. Þetta hefur m.a. leitt til þess að happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna og Sambands íslenskra berklasjúklinga hafa þurft að horfa upp á samdrátt ár frá ári.

Nefndin hefur skilning á vanda umræddra happdrætta og tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvörpunum, en þar sem Happdrætti Háskóla Íslands hefur nú einkarétt á peningahappdrætti samkvæmt lögum nr. 13/1973, með síðari breytingum, telur nefndin ekki unnt að leggja til að þau verði samþykkt. Nefndin telur eðlilegt að happdrættismarkaðurinn í heild verði tekinn til skoðunar og að sett verði ein heildarlög um happdrætti og leggur til að málunum verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kristján Pálsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Valgerður Sverrisdóttir, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Svanhildur Árnadóttir, Ögmundur Jónasson, Jóhanna Sigurðardóttir og Kristín Halldórsdóttir.

[21:20]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að teygja lopann með langri umfjöllun hér um þetta mál. Ég vil þó aðeins vekja athygli á því að hv. allshn. gerir það að nokkru máli í nál. sínu um einkaleyfi Happdrætti Háskóla Íslands og segir:

„... en þar sem Happdrætti Háskóla Íslands hefur nú einkarétt á peningahappdrætti samkvæmt lögum nr. 13/1973, með síðari breytingum, telur nefndin ekki unnt að leggja til að þau verði samþykkt."

Ég þykist þó vita að nefndin viti betur því að í skjóli einkaleyfis Happdrættis Háskóla Íslands hefur happdrættisflóran heldur betur dafnað og vaxið. Peningahappdrættum hefur fjölgað mjög frá 1973 og er nú svo komið að heildarvelta happdrættismarkaðarins hér á landi er 16 milljarðar og eru Happdrætti SÍBS og DAS með um 5% af heildarveltunni.

Það merkilega við þessa auknu veltu happdrættanna er að ný happdrætti hafa komið á markaðinn og greiða út í peningum, t.d. Talnagetraunir, Getspá, Víkingalottó, Sjóðsvélar o.fl. og allt er þetta þó undir þeim lögum að háskólinn hefur einkaleyfi á peningahappdrætti. Svo ekki er nema von að nokkurri undrun sæti hjá þeim þingmanni sem hér stendur að þetta skuli verða orðatiltæki nefndarinnar og vitnað til einkaleyfis Happdrættis Háskóla Íslands.

En með tilliti til þess — ég viðurkenni að þetta frv. til laga um breytingu á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna var lagt fram nokkuð seint, og í ljósi þröngs tíma sem þingið hefur ætla ég ekki að hafa frekari orð um þetta mál en vænti þess að hæstv. ríkisstjórn taki málið til gaumgæfilegrar athugunar.

Einnig vil ég benda á, þegar verið er að tala um að eðlilegt sé að sett verði heildarlög um happdrætti, að þetta mál hefur verið í skoðun í mörg ár. Það er ekki langt síðan nefndarálit kom frá ágætri nefnd sem hefur fjallað um þessi mál. Þessi happdrætti, t.d. SÍBS, hafa stuðlað að framgangi mörg þúsund aðila sem hafa farið á Reykjalund, og stuðlað að því að þeir sem hafa lent í slysum eða alvarlegum veikindum komist aftur inn á vinnumarkaðinn.

Innan skjólstæðinga Happdrættis DAS eru nú 700 aldraðir og ég óttast að ef ekki verður á allra næstu mánuðum gripið til þeirra ráða að Happdrætti DAS og SÍBS fái leyfi til að reka peningahappdrætti í skjóli laga um einkaleyfi Háskóla Íslands á peningahappdrættum — eins og Víkingalottó, Talnagetraunir, Getspá, Sjóðsvélar og hvað þetta allt heitir, sem veltir um 16 milljörðum á ári, þá hlýtur það að koma á ríkið og skattborgarana að bregðast við og taka við því mikla hlutverki sem SÍBS og Dvalarheimili aldraðra sjómanna hafa stuðlað að fram til þessa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, 2. umr.

Frv. GHall o.fl., 253. mál (peningavinningar). — Þskj. 286, nál. 1096.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun vestnorræns menningarsjóðs, síðari umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 197. mál. — Þskj. 214, nál. 1108.

[21:25]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá menntmn. um till. til þál. um að setja á stofn vestnorrænan menningarsjóð.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem flutt er af þingmönnum í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins.

Nefndin tekur undir þá skoðun flutningsmanna að ein af forsendum þess að sameiginleg menning Vestur-Norðurlanda nái að styrkja stöðu sína og eflast í framtíðinni sé að sköpuð verði betri skilyrði fyrir menningarlega samvinnu þeirra á milli. Tillögur menntamálanefndar um samþykkt þingsályktunartillagna um eflingu internetsamvinnu skóla á Vestur-Norðurlöndum og eflingu íþróttasamstarfs milli Vestur-Norðurlanda ganga í þessa átt.

Vestnorræna ráðið samþykkti á ársfundi sínum í júní á síðasta ári að stofnun sérstaks vestnorræns menningarsjóðs væri leið að því marki að efla og þróa menningarsamstarf landanna. Nefndin telur þá hugmynd athyglisverða en telur eðlilegt að hún verði rædd nánar milli ríkisstjórna landanna og þeim gefinn kostur á að útfæra hana frekar eða koma fram með aðrar sambærilegar hugmyndir.

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Menntmn. er einróma í afgreiðslu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íþróttasamstarf milli Vestur-Norðurlanda, síðari umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 196. mál. — Þskj. 213, nál. 1106.

[21:27]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá menntmn. um tillögu til þál. um eflingu íþróttasamstarfs milli Vestur-Norðurlanda.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem flutt er af þingmönnum í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins. Alþingi hefur lagt áherslu á góð og náin samskipti við næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga. Telur nefndin að tillagan falli vel að þeim markmiðum og leggur til að hún verði samþykkt.

Menntmn. er einróma í afgreiðslu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Internetsamvinna skóla á Vestur-Norðurlöndum, síðari umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 195. mál. — Þskj. 212, nál. 1107.

[21:28]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá menntmn. um tillögu til þál. um eflingu internetsamvinnu skóla á Vestur-Norðurlöndum.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem flutt er af þingmönnum í Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins. Alþingi hefur lagt áherslu á góð og náin samskipti við næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga. Telur nefndin að tillagan falli vel að þeim markmiðum og leggur til að hún verði samþykkt.

Menntmn. afgreiddi þetta mál einróma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, síðari umr.

Þáltill. SvG, 5. mál. — Þskj. 5, nál. 1137.

[21:29]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá menntmn. um tillögu til þál. um að íslenska táknmálið verði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra.

Nefndin hefur fjallað um málið og í tillögunni er lagt til að menntamálaráðherra verði falið að undirbúa frumvarp til laga um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra hér á landi.

Eins og segir í greinargerð með tillögunni er íslenskan ekki viðurkennt móðurmál Íslendinga í lögum eða stjórnarskránni enda gerist þess ekki þörf, hún er móðurmál Íslendinga og enginn dregur það í efa. Yrði það lögfest að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra hér á landi mundi það hafa víðtæk áhrif. Slíka lagasetningu þyrfti að undirbúa af kostgæfni til að hún skilaði tilætluðum árangri. Af þeirri ástæðu telur nefndin ekki rétt að tillagan verði samþykkt óbreytt. Menntamálanefnd telur mikilvægt að málið verði skoðað vel og gerð athugun á hvort rétt sé að festa það í lög að táknmálið verði móðurmál heyrnarlausra eða hvort hægt sé að tryggja réttarstöðu heyrnarlausra á annan hátt.

Á undanförnum árum hefur ýmislegt áunnist í málefnum heyrnarlausra. Má sem dæmi nefna Samskiptamiðstöðina og kennslu í táknmálstúlkun í Háskóla Íslands.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svohljóðandi breytingu:

Tillögugreinin orðist svo: Alþingi ályktar að menntamálaráðherra verði falið að láta gera athugun á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi í samanburði við réttarstöðu heyrnarlausra í nágrannalöndunum með það að markmiði að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins.

Menntmn. er einróma í afstöðu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vinnuumhverfi sjómanna, síðari umr.

Þáltill. GHall o.fl., 81. mál. — Þskj. 81, nál. 1131.

[21:31]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá umhvn. um þáltill. um vinnuumhverfi sjómanna. 1. flm. tillögunnar er Guðmundur Hallvarðsson en meðflutningsmenn eru hv. þm. Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson og Stefán Guðmundsson.

Tillagan fjallar um að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að því að vinnuumhverfi sjómanna sé bætt. Meðal annars þarf að huga að mengunarvörnum um borð í skipum, eftirliti með meðferð matvæla og meðferð hættulegra efna, auk þess sem gefa þarf gaum að vinnuvernd um borð í fiskiskipum og kaupskipum á þann hátt að um vinnuumhverfi sjómanna gildi vinnu-, hollustu- og mengunarvarnareglur sambærilegar við þær sem gilda hjá öðrum starfsstéttum.

Nefndin fjallaði um þetta mál og fékk til sín gesti og var það einróma álit nefndarmanna að styðja tillöguna og afgreiða hana samhljóða frá nefndinni. Greinargerð og nál. koma fram þingskjölum og geri ég ekki frekari grein fyrir því sem þar kemur fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (örorkumat). — Þskj. 834, nál. 1054, brtt. 1055.

[21:34]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar.

Nefndin fjallaði ítarlega um þetta mál og vegna þess að málið var seint fram komið var farin sú leið að í stað þess að senda það út til mjög margra aðila sem kynnu að hafa skoðanir á því og málið varðaði, þá fengum við til okkar fulltrúa þeirra. Okkur bárust einungis skriflegar umsóknir frá Sjálfsbjörg og Öryrkjabandalagi Íslands, en bæði félögin óskuðu eftir því að senda inn skriflegar umsagnir.

Frv. gerir ráð fyrir því að forsendur við ákvörðun örorku byggist alfarið á læknisfræðilegum staðli og að allir sem eru metnir a.m.k. 75% öryrkjar njóti tiltekinna réttinda. Sömuleiðis er gert ráð fyrir því í frv. að miklu meiri áhersla verði lögð á endurhæfingu en áður sem forsendu fyrir örorkumati.

Samstaða var í nefndinni um þá skoðun að þær breytingar sem felast í frv. séu mjög til bóta. En það er ljóst, og það var sameiginleg skoðun nefndarinnar, að með því að gera frv. að lögum verður örorkumat Tryggingastofnunar ríkisins algerlega óháð tekjum og tekjumöguleikum öryrkja. Þetta er afar mikilvægt, herra forseti.

Í viðræðum okkar við fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins um endurhæfingarlífeyri kom fram að tryggingalæknir mun með skömmum fyrirvara geta metið þörf sjúklings fyrir endurhæfingu og þannig úrskurðað honum mjög fyrirvaralítið endurhæfingarlífeyri. Ef menn utan af landi þurfa að mæta hjá tryggingalækni vegna þessa mun stofnunin greiða ferðakostnað þeirra líkt og gildir t.d. um slys. Ef þeir af

einhverjum ástæðum komast ekki og þurfa að bíða eftir að tryggingalæknir komi í þeirra byggðarlag gætu viðkomandi sömuleiðis fengið úrskurðaðan endurhæfingarlífeyri eða örorkulífeyri til bráðabirgða á grundvelli læknisvottorðs, án þess þó að í því fælist nokkur viðurkenning á slíkum rétti af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins. Þetta, herra forseti, kom fram í samræðum nefndarinnar og var gagnkvæmur skilningur hennar og fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins. Það kom líka fram að um leið og tryggingalæknir hefur metið þörf einstaklings fyrir endurhæfingu getur viðkomandi einstaklingur átt rétt á endurhæfingarlífeyri skv. 8. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 118/1993. Nefndin vill þó vekja athygli á því að með hliðsjón af markmiði frv. um meiri áherslu á endurhæfingu þarf að endurskoða ákvæði laganna um endurhæfingarlífeyri en samkvæmt þeim er slíkur lífeyrir aldrei greiddur lengur en í átján mánuði. Telur nefndin brýnt að ákvæði um tímalengd endurhæfingarlífeyris verði endurskoðuð fljótlega eftir að lögin eru komin til framkvæmda svo að ljóst megi vera að þau nái tilgangi sínum.

Nefndin leggur líka mikla áherslu á að Tryggingastofnun ríkisins hafi þegar að frv. samþykktu samband við þá einstaklinga sem hafa lækkað í örorkumati vegna vinnu og kynni þeim rétt þeirra til að fá örorkumatið endurskoðað samkvæmt reglum frv.

Það kom fram í samræðum okkar við sérfræðinga Tryggingastofnunar ríkisins að þetta er auðvelt að gera og að þeir hafa þegar hafið undirbúning að því að hafa samband við þessa lífeyrisþega.

Herra forseti. Nefndin varð sammála um að mæla með því að frv. yrði samþykkt með breytingum sem við leggjum til í sérstöku þskj. Breytingarnar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að gildistöku laganna verði frestað til 1. september 1999 enda þarfnast reglur um breyttar forsendur örorkumats talsverðs undirbúnings og þær þarfnast líka verulegrar kynningar af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins. Þessi ósk kom fram af hálfu sérfræðinga stofnunarinnar og við töldum að það væri sjálfsagt og í þágu lífeyrisþega og þeirra sem njóta þessa frv. að við henni yrði orðið.

Í öðru lagi leggjum við til breytingu á ákvæði sem er til bráðabirgða. Þessari breytingu er ætlað að skýra ákvæðið nánar. Með henni eru tekin af tvímæli um að nýju reglurnar gildi um þá sem metnir eru öryrkjar í fyrsta skipti eftir að lögin taka gildi en hrófli hins vegar ekki við stöðu hinna sem hafa verið metnir í gildistíð eldri laga. Þó geta þeir sjálfir óskað sérstaklega eftir því að til endurmats komi. Þannig mundu þeir sem fengið hafa metna meiri en 75% örorku samkvæmt gömlu reglunum halda því hafi forsendur upphaflegs örorkumats ekki breyst, en þeir sem metnir eru með minni örorku, þ.e. 65%, 50% eða minni en 50%, geta samkvæmt nýju reglunum og samkvæmt þessari breytingu sótt um endurmat.

Herra forseti. Ég get þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson, áheyrnarfulltrúi þingflokks óháðra í nefndinni, er samþykkur þessu áliti.

Undir nál. ritar sá sem hér stendur auk hv. þingmanna Láru Margrétar Ragnarsdóttur, Sivjar Friðleifsdóttur, Guðmundar Hallvarðssonar, Bryndísar Hlöðversdóttur, Guðna Ágústssonar og Sigríðar Önnu Þórðardóttur.

[21:39]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er erfitt að koma að máli á síðustu stundu þegar það er komið til afgreiðslu. Ég geri mér ljóst að ég hef sennilega ekki mikil áhrif á gang þess, en vegna síðari tíma ætla ég að leyfa mér að láta skrá skoðun mína á þessu máli í þingtíðindi vegna þess að ég hef töluverðar áhyggjur af því.

Mér er alveg ljóst að Öryrkjabandalagið hefur ályktað um þetta gegnum árin og ég hef haft samband við aðila þar. Mér er ekki alveg grunlaust um að menn séu farnir aðeins að efast um réttmæti áhugans á þessu máli.

Hér er verið að breyta því ákvæði sem hefur verið í 12. gr. almannatryggingalaga frá fyrstu byrjun, sem mér hefur alltaf fundist harla skynsamlegt. Það er ákvæðið í b-lið 12. gr. þar sem segir svo um þá sem eiga rétt á 75% örorku, með leyfi forseta:

„eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn $^1/_4$ þess er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa."

Þetta er nefnilega harla skynsamlegt því að örorka eins er ekki endilega sú sama og örorka annars þó fötlunin eða sjúkdómurinn sé svipaður. Það er mikill munur á því að sjómaður sem aldrei hefur unnið við önnur störf missi handlegg eða fót eða skrifstofumaður sem getur unnið sömu vinnu og hann hefur gert, þrátt fyrir fötlun sína. Auðvitað er engin ástæða til að greiða þeim örorkulífeyri og örorkubætur sem eru fullfærir um að afla svipaðra tekna og þeir hafa haft.

Það er annað sem ég er hrædd við og það er þar sem talað er um hvernig nú skuli meta þetta, þ.e. eins og það hljóðar nú í hinu nýja frv., þar sem talað er um að liðurinn orðist svo, með leyfi forseta:

„Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra sem sækja um örorkubætur samkvæmt staðli sem læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins semur ..." o.s.frv.

Nú er mér fullljóst að slíkir staðlar eru til og sérstaklega hafa þeir verið sóttir til Ameríku. Missir handar er þannig ákveðin örorka, missir fótar er einhver staðall o.s.frv. Það sem ég er hrædd við, hv. þingmenn og hæstv. forseti, er að fötlunin og sjúkdómurinn þurfi að vera mjög sýnilegur. Ég er hrædd um þá sem eru með sjúkdóma sem ekki eru svo auðsýnilegir hverjum sem er, að ég nú ekki tali um andlega sjúkdóma. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt á endanum að taka tillit til félagslega þáttarins í möguleika hverrar manneskju til að komast af. Hugmyndin með örorkubótum er auðvitað að gera öllum bærilegt að lifa eins og aðrir í samfélaginu þrátt fyrir fötlun, hversu illileg sem hún kann að vera.

Það hefur óneitanlega verið tilhneiging til þess að skera niður í öllu heilbrigðiskerfinu. Það er sí og æ verið að leita leiða til þess að minnka útgjöld hins opinbera til þessara mála, og það á sama tíma og ekki líður svo kvöld að við heyrum ekki um hundruð milljóna gróða hinna ýmsu stórfyrirtækja landsins og menn vita ekki hvað þeir eiga við hann að gera.

Ég ber því ugg í brjósti fyrir þessari breytingu og ætla ekki að draga dul á það. Nú er mér ljóst að hæstv. forseti óskar sjálfsagt ekki eftir löngum umræðum um þetta og ég skal virða það. Þó hlýt ég að geta þess að í hinu nýja frv. er minnst á 8. gr. laga um félagslega aðstoð og talað um að menn geti fengið endurhæfingarlífeyri o.s.frv. á meðan verið er að þjálfa þann sem slasast eða veikst hefur út á vinnumarkaðinn.

Þegar hv. fyrrv. þm. Matthías Bjarnason beitti sér fyrir því að endurhæfingarlífeyrir yrði til, sem er tiltölulega nýtt fyrirbæri í tryggingalöggjöfinni, þá var það satt að segja til að áfmá þá smán og skömm sem ríkt hefur um árabil og ríkir enn í því að sjúkradagpeningar, sem eru það eina sem fólk fær sem veikist eða slasast og ekki er slysatryggt, eru svo lágir að ekki nokkur maður getur lifað af þeim.

Þess vegna var það samþykkt sem lög að til kæmi hugsanlegur endurhæfingarlífeyrir en skýrt er tekið fram í lögum að hann sé aldrei greiddur nema í 18 mánuði. Ég er ekki alveg búin að sjá að auðvelt sé að endurhæfa manneskju á 18 mánuðum til þess að koma henni aftur út á vinnumarkaðinn í öllum tilvikum.

Auðvitað er galli þegar verið er að breyta löggjöf eins og tryggingalöggjöfinni að verið er að ræða tvö frumvörp, næsta mál á dagskrá líka. Maður gæti spurt sig hvers vegna í ósköpunum kemur þetta ekki í einu þingskjali því auðvitað er þetta nátengt. Það pínir mig, hæstv. forseti, til að taka aftur til máls í því máli því að þetta hangir saman en ég skal ekki eyða tíma í að skýra það að þessu sinni. Til þess að endurhæfing þjóni því sem hún á að þjóna þarf mikla peninga og margt starfsfólk. Haldi menn að það sé sparnaður að því að nýta þá leið held ég að það sé mikill misskilningur enda á ég eftir að sjá að það verði gert mikið átak í því. Ég veit ekki til að í það sé lofað einni einustu krónu og frekar verið að reyna að draga úr endurhæfingu en hitt.

Ég er þess vegna hrædd um að margt fólk verði afar illa úti og ekki síst t.d. ungt fólk — og við höfum rekist illilega á það í tryggingaráði — sem verður fyrir alvarlegum slysum eða veikindum og ætlar að reyna að fara í nám og auka menntun sína til að gera lífsafkomulíkur sínar betri. Þetta er afar erfitt vegna þess að endurhæfingarlífeyririnn endist þeim ekki, hann rennur út. Það er ekki endilega víst að manneskjan fái þá framfærslu á meðan því til þess þarf hún að vera metin með 75% örorku.

Ég er því dauðhrædd um að þetta sé afskaplega óundirbyggt og illa undirbúið. Ég veit hvað vakti fyrir Öryrkjabandalaginu sem er það að þeim hefur auðvitað oft sárnað að um leið og skjólstæðingar þeirra hafa getað farið að vinna eitthvað er ráðist að örorkubótunum og einkum og sér í lagi eftir að tekið var upp á því að skerða sjálfan lífeyrinn sem engum manni hafði dottið í hug fyrr en sósíaldemókrötum ársins 1992 enda þótt hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir tali eins og hún hafi aldrei komið þar nálægt. En það er önnur saga. Í mörgum tilvikum missir fólk allt ef það fer eitthvað að vinna þó það sé metið 75% öryrkjar. Þar með alls konar hlunnindi sem allir eiga auðvitað að fá sem eru illa fatlaðir, það eru svokölluð lyfjakort og hvað það nú allt saman heitir. Þetta er auðvitað hægt að hafa þó ekki sé verið að breyta sjálfu örorkumatinu.

Nú skal ég ekki orðlengja um þetta. Ég held að það hafi verið þetta sem Öryrkjabandalagið var að horfa í, að menn misstu ekki þessi aukahlunnindi og hafi þess vegna talið að betra væri að hafa þetta hreina læknisfræðilegt mat. Ég hef bara, hæstv. forseti, ekki trú á því að það sé til neitt sem heitir hreint læknisfræðilegt mat og verð ég nú kannski feimin þegar ég horfi framan í virtan heimilislækni í bænum, hv. þm. Katrínu Fjeldsted. Auðvitað er hver manneskja búin ólíkum möguleikum til að sjá fyrir sér og sínum með þann erfiða kross á herðunum að vera fatlaður eða veikur. Ég skal ljúka máli mínu að þessu sinni, hæstv. forseti.

[21:49]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. kom mér verulega á óvart. Hún hlýtur að vera eina manneksjan á Íslandi sem ég hef a.m.k. hitt enn þá sem telur að óæskilegt sé að beita hreinu læknisfræðilegu mati. Ég veit ekki betur en að það hafi mjög lengi verið keppikefli Öryrkjabandalagsins að ná þeim árangri.

Ég held líka að sumt af því sem hv. þm. sagði kunni að stafa af því að um einhvern misskilning sé að ræða, þó að mér ói við því að segja að þessi hv. þm., sem hefur lengi komið að málefnum Tryggingastofnunar, þekki þetta ekki út í hörgul.

Eigi að síður er það þannig, herra forseti, að hér er um það að ræða að leggja af þá aðferð sem menn notuðu áður að ef menn gátu unnið og unnu sér inn ákveðna fjárhæð var skattskýrslunni í rauninni beitt til þess að meta menn niður. Það leiddi til þess að þeir fengu ekki örorkuskírteini með öllum þeim ívilnunum sem því fylgir. Þetta hefur verið baráttumál Öryrkjabandalagsins mjög lengi og þeir tóku þessu mjög fagnandi í samræðum við nefndina og lögðu kapp á að þetta yrði samþykkt.

Varðandi staðalinn sem hv. þm. gerði að umræðuefni skil ég vel áhyggjur hennar um það efni. Okkur var sagt í nokkru máli frá því hvernig þessi staðall á að vera. Hann byggir að verulegu leyti á sjálfsmati, þ.e. menn útfylla eyðublöð og greina sjálfir eigið mat og þetta byggir á breskri fyrirmynd. Á þetta hlýtur að koma einhvers konar reynsla og hún verður að slípa af agnúana.

Ég deili hins vegar með hv. þm. áhyggjum hennar varðandi tímalengd endurhæfingarlífeyrisins en vek athygli á því að þetta var mál sem við ræddum í nefndinni og innan nefndarinnar er fullur skilningur og af hálfu Tryggingastofnunar og heilbrrn. að endurskoða lögin með tilliti til þess. Við stóðum frammi fyrir því, herra forseti, að láta þetta mál liggja og koma í veg fyrir að það næði samþykkt og þá yrði það andstætt öryrkjum, hagsmunaaðilunum, eða að bíða eftir því að hægt væri að ljúka þessum breytingum varðandi endurhæfingarlífeyrinn.

[21:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég get ekki séð annað en að þetta mál sé til bóta. Þarna er verið að breyta örorkuskilgreiningunni eins og kom réttilega fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur en það hefur verið baráttumál Öryrkjabandalagsins að skilgreiningunni verði breytt. Við hljótum að þekkja það flest sem höfum verið að sinna þessum málum hve mörg dæmi eru þess að öryrkjar, sem eru jafnvel illa fatlaðir, hafa reynt að vera úti í atvinnulífinu, sem hefur síðan haft það í för með sér að tekjur þeirra hafa orðið nokkrar og það hefur e.t.v. skert algjörlega allan lífeyri. Svo þegar skattskýrslan kemur fram er viðkomandi öryrki, sem er sannarlega öryrki, metinn niður í 65%. Við það þarf hann að fara að greiða meira fyrir sjúkraþjálfun, meira fyrir endurhæfingu, meira fyrir lyfin, meira fyrir alla þjónustu.

Ég þekki ótal dæmi þess að fólk, sem hefur reynt að vera úti í atvinnulífinu, þarf að bera af því verulegan kostnað að fara í endurhæfingu til að geta verið í vinnunni. Það fólk hefur síðan lent í auknum útgjöldum vegna þess að það er metið niður í 65% örorku. Þetta er auðvitað til bóta fyrir þann hóp sem er að reyna að sjá sér farborða með því að

vinna fyrir sér fyrir utan það hve gott það er fyrir hvern og einn að komast út í atvinnulífið.

Við skulum líka muna að við erum að fjalla um örorkuskilgreininguna í lífeyristryggingunum. Við skulum ekki rugla því saman við slysaörorkumatið því að aðrar forsendur eru teknar til viðmiðunar þegar fjallað er um slysaörorku en almennu örorkuna. Við skulum heldur ekki gleyma því að tekjutengingin í lífeyristryggingunum er orðin það mikil að það er fljótt að verða að engu sem öryrkinn sem er úti í atvinnulífinu hefur frá Tryggingastofnun. Með því að halda 75% matinu, eins og gert er ráð fyrir með þessari breytingu, heldur hann þó a.m.k. grunnlífeyri. Þó getur reyndar verið að hann missi hann en engu að síður ætti hann a.m.k. að halda réttindunum. Margt af því fólki sem ég hef a.m.k. haft afskipti af er oft í það lágt launuðum störfum að það heldur a.m.k. grunnlífeyri frekar en að fara niður í 65% þegar það á þá ekki tök á neinum viðbótargreiðslum.

Á sínum tíma var það mikil bót að endurhæfingarlífeyrinn kom inn. Það er alveg rétt að sjúkradagpeningarnir eru náttúrlega til háborinnar skammar og í rauninni ekki hægt að nýta þá því að við sjáum það sjálf að þegar fólk hefur átt í langvarandi veikindum eða hefur lent í áföllum eða slysum í lífinu og fer síðan á lífeyri tekur oft langan tíma að fá mat. Þá er fólk á sjúkradagpeningum sem eru um 20 þús. kr. á mánuði. Eftir langvarandi veikindi og fjárhagsleg áföll vegna veikinda, jafnvel áfall allrar fjölskyldunnar, er það náttúrlega alveg ljóst að það er ekki það sem þetta fólk þarf, þ.e. 20 þús. kr. í sjúkradagpeninga á mánuði. Þar hefur auðvitað endurhæfingarlífeyririnn komið til móts.

Aftur á móti tel ég að það þurfi að bæta allt sem snýr að endurhæfingarlífeyri því að oft tekur nokkurn tíma að fá mat á endurhæfingarlífeyri og þá er fólk stundum einhvern tíma á sjúkradagpeningum sem á auðvitað ekki að eiga sér stað. Það þarf líka að meta þetta lengur en í þrjá mánuði í einu eins og gert er núna. Endurhæfingarlífeyririnn er þriggja mánaða mat og síðan þarf að sækja um aftur. Það er auðvitað allt of þungt í vöfum hjá fólki sem er sannanlega í endurhæfingu og það er sýnt þegar matið fer fram að viðkomandi þarf að vera lengur en þrjá mánuði í endurhæfingunni.

Ég hefði líka talið að það hefði þurft að tryggja endurhæfinguna, sem hér er talað um að þyrfti að vera meira en bara líkamleg endurhæfing. Það þarf auðvitað að endurhæfa fólk til að það geti starfað úti í samfélaginu, jafnvel til að afla sér einhverrar menntunar, einhverja þjálfun, jafnvel starfsþjálfun til þess að gera fólki kleift að fara út í atvinnulífið, þá sem treysta sér og þá sem geta.

Mér finnst breytingin líka vera jákvæð að því leyti að hún er ekki vinnuletjandi eins og gamla kerfið var þegar 75% örorkan var miðuð við 1/4 af starfsgetu. Það varð til þess að fólk veigraði sér við að reyna að fara út í atvinnulífið. Það virkaði vinnuletjandi, sem þetta kerfi gerir því miður. Það er vinnuletjandi með öllum tekjutengingunum, það letur fólk til að fara út í atvinnulífið.

En ég hefði gjarnan viljað — ég veit ekki, herra forseti, hvort hæstv. ráðherra er hér í húsi.

(**Forseti** (StB): Forseti vill geta þess að hæstv. heilbrrh. er í húsinu og fylgist vafalaust með umræðum.)

Ég hefði gjarnan viljað varpa hér spurningu til hæstv. ráðherra um það hvernig hún hyggst standa að kynningum á þessum breytingum. Það kemur fram að gildistöku laganna er frestað til 1. september nk. Ég veit að hafinn er undirbúningur í Tryggingastofnun að breyta þessu örorkumati en ég hefði gjarnan viljað vita hvernig staðið verður að kynningum til þeirra sem málið varðar vegna þess að ekki er gert ráð fyrir að þessi breyting varði aðra en þá sem koma nýir inn í örorkumat og svo þá sem óska eftir því að verða metnir, þ.e. þeir sem eru komnir með mat og hafa e.t.v. verið lækkaðir niður geti þá fengið endurmat samkvæmt þessum nýju lögum. Ég hefði því talið æskilegt að við umræðuna kæmi fram hvernig hæstv. ráðherra hyggst standa að þessari kynningu af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins.

Herra forseti. Ég verð að segja að ég held að þetta sé að flestu leyti til bóta. Þetta kemur flestum öryrkjum, a.m.k. þeim sem geta verið úti í atvinnulífinu, til bóta í lægri lyfjakostnaði, í lægri endurhæfingarkostnaði og ýmsum öðrum þáttum sem varða heilsufar.

Ég tel að það verði einnig að koma fram að það þurfi að tryggja næga kosti til endurhæfingar. Nú hefur komið fram að það er ekki til staðar, það eru biðlistar eftir endurhæfingu. Þannig er komið fyrir mörgum öryrkjanum, og ég verð bara að geta þess hér að það eru mjög margir öryrkjar sem þyrftu að vera í endurhæfingu, sem þyrftu að vera í sjúkraþjálfun en hafa ekki efni á því vegna þess hve lífeyrisgreiðslurnar eru lágar. Varla líður sú vika að ekki séu einhverjir sem hafa samband við mann vegna þess að þeir hafa ekki efni á því að veita sér endurhæfingu sem þeir þyrftu að fá. Það hefur auðvitað í för með sér að útgjöld velferðarkerfisins verða meiri vegna þessara lífeyrisþega. Þeir þurfa meiri lyf, þeir missa fyrr heilsuna o.s.frv.

En spurningar mínar, herra forseti, til hæstv. ráðherra eru þessar: Hvernig verður staðið að kynningum? Verður séð til þess að næg úrræði verði til staðar til þjálfunar og endurhæfingar? Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað með endurhæfingu sem snýr að starfsþjálfun eins og fyrir þá öryrkja sem geta farið út í atvinnulífið ef þeir fá ákveðna menntun til þess?

[22:02]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að fara að leiðrétta hv. þm. sem hér talaði áðan, ég veit að hún er kunnug þessum málum. En ég vil aðeins ítreka að þetta hefur í raun og veru engin áhrif á greiðslur hvort sem fólk er metið eftir hinni nýju aðferð eða hinni gömlu. Sé það 75% öryrkjar þá fara tekjur að skerðast eftir alveg sömu reglum.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að frekar er breytt um örorkumat ef tekjur aukast samkvæmt gamla matinu. En í rauninni hefur þetta engin áhrif á greiðslur nema matið breytist í verulegum mæli.

Ég vil ítreka þann ótta minn að örorkan verði því aðeins metin réttlátlega ef hún er mjög sýnileg. Ég er hrædd við allt sem erfitt er að þreifa á varðandi sjúkdóma. Fólk gæti orðið illa úti í því sambandi. Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að ímynda sér að konur yrðu hugsanlega afgreiddar með því að þær gætu unnið heimilisstörf og þá þyrfti litlar áhyggjur að hafa af þeim. Matið yrði með öðrum orðum kannski ekki alltaf sanngjarnt.

En ég skal ekki orðlengja þetta. Mér er ljóst að ég get ekki ætlast til þess að hafa nein áhrif á þetta mál þar sem ég kom að því fyrir tveimur dögum og það komið á afgreiðslustig. En með kveðju til vina minna í Öryrkjabandalaginu þá vil ég að þeir viti að ég er ekki jafnáhugasöm um þessa breytingu og þeir. Ég vil þess vegna láta skrá það að ég er ekki grunlaus um að þeir eigi eftir að sjá eftir því að hafa barist fyrir þessari breytingu.

[22:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að þetta hefur auðvitað áhrif á afkomu öryrkja, hvort þeir lenda í meiri eða minni útgjöldum vegna heilsufars eins og lyfjakostnaði, endurhæfingarkostnaði, sjúkraþjálfun o.s.frv. og jafnvel tannlæknakostnaði. Þetta hefur áhrif á það hvort þeir eru með meiri eða minni útgjöld vegna þeirra þátta þannig að þetta kemur þessu fólki til góða að halda örorkumatinu.

Ég vil geta þess hér, af því að ég gerði það ekki áðan, að 75% viðmiðunin er alls ekki viðmiðunin á örorku í öllum nágrannalöndum okkar heldur eru aðrar viðmiðanir. Það er því svo sem ekkert heilagt í þeim efnum hvað okkur varðar. Ég vil bara benda á að nágrannar okkar skilgreina örorkuna á annan hátt en við gerum.

[22:05]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ágætar umræður um þetta mál. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurði mig þriggja spurninga, m.a. hvernig kynningu verði háttað. Það er þannig að Tryggingastofnun verður falin kynning á nýjum lögum.

Gert er ráð fyrir að fjölga úrræðum í endurhæfingu og til þess eru áætlaðar 40 millj. kr. í því frv. sem liggur frammi. Áætlað er að auka starfsþjálfun og starfsmenntun og er Tryggingastofnun að vinna að ýmsum tillögum í þeim efnum núna.

[22:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég hefði gjarnan viljað fá skilgreint betur hvernig — nú er allur gangur á því hvernig ný lög eru kynnt hjá Tryggingastofnun — á að kynna þeim öryrkjum, sem e.t.v. ættu rétt á breytingu á sínu mati. Verður þeim sent bréf eða hvernig verður farið í þá kynningu?

Ég spyr hæstv. ráðherra í framhaldi af þessu með 40 milljónirnar, telur hæstv. ráðherra að sú fjárveiting muni duga til að sinna því verkefni þannig að ekki verði biðlistar eftir endurhæfingu eins og er í dag?

[22:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi kynninguna þá ætlum við að Tryggingastofnun þekki hvernig best er að standa að slíkri kynningu og við treystum þeim best til þess. Ég ætla ekki að fara í smáatriðum út í það.

En um hvort þessi fjárhæð dugi, þá á hún að duga á þessu ári til að hefja þetta mikilvæga verkefni.

[22:07]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Fyrir smámisskilning komst ég ekki að með örstutt andsvar vegna orða næst-, næst-, næst-, næstsíðasta ræðumanns, en ætla í svipaðri tímalengd að segja við hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, sem leit í augun á mér hérna í salnum, og ég ætla að leyfa mér að líta í augun á henni og svara því sem hún lýsti hérna áðan.

Hún gerði því skóna að það væri ekkert til sem héti hreint læknisfræðilegt mat. Og mitt svar er: Jú, það er reyndar til. Og slíkt hreint læknisfræðilegt mat tekur með í reikninginn líkamlegt og andlegt ástand sjúklingsins og félagslega stöðu hans. Þannig er hreint læknisfræðilegt mat framkvæmt eftir því sem ég best veit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 2. umr.

Stjfrv., 521. mál (úrskurðarnefnd o.fl.). — Þskj. 835, nál. 1056 og 1084, brtt. 1057 og 1085.

[22:09]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta heilbr.- og trn. á þskj. 1056 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á fót sérstök úrskurðarnefnd almannatrygginga er skeri úr um réttindi einstaklinga í málum þar sem deilt er um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta og að hlutverk tryggingaráðs verði þrengt frá því sem nú er. Þá eru lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum laga um almannatryggingar og laga um félagslega aðstoð, einkum hvað varðar skilyrði um lögheimili.

Meiri hluti heilbr.- og trn. telur ákvæði frumvarpsins um sérstaka óháða úrskurðarnefnd fela í sér verulegar réttarbætur fyrir skjólstæðinga Tryggingastofnunar ríkisins. Ákvæði frumvarpsins um skipun í nefndina hafa verið gangrýnd töluvert og telur meiri hlutinn rétt að breyta þeim ákvæðum til að tryggja réttaröryggi borgaranna enn frekar.

Meiri hlutinn telur rétt að geta þess að þær breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, sem felast í 7.–9. gr. frumvarpsins hafa engin áhrif á efnisréttinn eins og hann er. Þá vill meiri hlutinn taka skýrt fram að með breytingu á f-lið 33. gr. þeirra laga eins og 14. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir er ekki verið að fella úr gildi möguleika psoriasis- og exemsjúklinga til að sækja loftslagsmeðferð erlendis. Samkvæmt 35. gr. almannatryggingalaga er sérstakri nefnd sérfræðinga sem skipuð er fimm læknum falið að meta þörf sjúklinga fyrir slíka meðferð við erlendar sjúkrastofnanir. Meiri hlutinn telur ekki rétt að ákveðnir hópar sjúklinga njóti sérstakrar málsmeðferðar umfram aðra heldur sé jafnræðis milli sjúklingahópa gætt. Því er farsælast að allar ákvarðanir um sérstaka meðferð erlendis verði í höndum sérfræðinganefndarinnar skv. 35. gr. laganna.

Ég vil ítreka sérstaklega varðandi þetta að ekki er verið að skerða möguleika psoriasis- og exemsjúklinga til að fara í loftslagsmeðferð erlendis heldur er verið að tala um að siglinganefndin svokallaða taki þessi mál yfir eins og hún reyndar hefur gert undanfarin ár. Nokkurs misskilnings hefur gætt í þessu máli. Við í heilbr.- og trn. fengum til okkar gesti frá samtökum psoriasis- og exemsjúklinga. Þeir gagnrýndu að þessi mál væru í höndum siglinganefndar, m.a. vegna þess að þar væri ekki húðlæknir.

Ég hef kynnt mér hvernig mál eru afgreidd í siglinganefndinni. Það gert á þann hátt að þegar teknar eru fyrir umsóknir frá psoriasis- eða exemsjúklingum fylgja þeim alltaf álit húðlæknis. Þeir fimm læknar sem eru í siglinganefndinni og tryggingayfirlæknir meta þær umsóknir. Stundum er þeim hafnað og þá yfirleitt vegna þess að sjúklingarnir hafa ekki leitað sér allra úrræða hér á landi sem gefast fyrir þá sjúklinga. Stundum eru umsóknir samþykktar. Ef menn í

siglinganefndinni eru í einhverjum vafa leita þeir álits annars húðlæknis en þess sem gaf hina fyrstu umsögn og síðan tekur siglinganefndin endanlega afstöðu. Þetta er því gert mjög faglega.

Í nýlegu bréfi sem meiri hluti heilbr.- og trn. fékk frá Samtökum psoriasissjúklinga í gær, dags. 9. mars, undirritað af Helga Jóhannessyni, formanni Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga eða Spoex, kemur fram eftirfarandi setning, sem ég ætla að lesa hér upp, með leyfi forseta:

„Síðan 1996, þegar loftslagsmeðferðin var felld niður þrátt fyrir skýr lagaákvæði, hefur aðeins einn psoriasissjúklingur notið slíkrar meðferðar á grundvelli 35. gr. um siglinganefnd. Það ástand er engan veginn viðunandi og meðferðin því í raun aflögð."

Það er ekki rétt að þessi meðferð sé í raun aflögð. Samkvæmt upplýsingum tryggingayfirlæknis, þegar til hans var leitað, komu engar umsóknir til siglinganefndar árið 1997. Árið 1998 komu nokkrar umsóknir en nefndin synjaði umsóknum tveggja einstaklinga á þeirri forsendu að meðferð hafði ekki verið fullreynd á Íslandi. Hins vegar samþykkti nefndin umsóknir frá sex einstaklingum á árinu 1998, það var í október eða nóvember. Um þetta er formanni Spoex fullkunnugt, enda var hann á fundi nýlega í Tryggingastofnun til þess að ræða fyrirkomulag ferða þeirra einstaklinga til Kanaríeyja. Það er því alls ekki hægt að átta sig á því hvers vegna aðili fyrir sömu samtök skrifar í bréfi, dagsettu í gær, að þessi meðferð sé í raun aflögð. Það er alls ekki svo. Það er tiltölulega nýbúið að samþykkja ferð fyrir sex einstaklinga til Kanaríeyja til að leita sér lækninga þar.

Ég vil lesa það sem kom fram í fylgiskjali frá Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga. Það er bréf sem dags. er 2. mars 1999, stílað á hæstv. heilbrrh. Ingibjörgu Pálmadóttur og það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Samtök psoriasis- og exemsjúklinga vilja þakka yður fyrir skjót viðbrögð í framhaldi af fundi fulltrúa Spoex með yður 23. febrúar sl. við að finna lausn á málum sex psoriasissjúklinga sem siglinganefnd Tryggingastofnunar ríkisins hefur samþykkt að gangist undir loftslagsmeðferð á meðferðarstöð fyrir psoriasissjúklinga erlendis."

Samtökunum er fullkunnugt um þetta og hafa auðvitað lagt sitt af mörkum við að fá þessu framgengt. Einhver vandræði voru með þetta mál þar sem svo seint var ljóst að þessi hópur fengi að fara að allt var orðið fullt á meðferðarstöðinni. En mér skilst að búið sé að leysa það. En það er alls ekki rétt, og ég harma að það komi fram í bréfi samtakanna að í raun sé búið að leggja þessa meðferð niður. Það er ekki rétt.

Hins vegar vill meiri hlutinn taka skýrt fram að eðlilegt er að siglinganefnd fari með þessi mál eins og önnur mál sjúklinga sem leita sér meðferðar erlendis. Í skjali samtakanna kemur eftirfarandi fullyrðing fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Engin rök búa þar að baki og fullyrðingar í greinargerð um að Bláa lónið geti leyst loftslagsmeðferð af hólmi eru órökstuddar og algjörlega óraunhæft að halda slíku fram."

Ég vil benda á að í þeirri greinargerð sem við fengum með frv. segir hvergi að loftslagsmeðferð í Bláa lóninu leysi aðra loftslagsmeðferð af hólmi. Það kemur ekki fram og ég ætla að lesa hér, með leyfi virðulegs forseta, upp úr athugasemdum um 14. gr.:

„Ákvæði 2. mgr. 33. gr. laganna er fellt brott þar sem eftir tilkomu Bláa lónsins er ekki þörf á sérákvæðum um læknishjálp psoriasissjúklinga á meðferðarstofnunum erlendis. Um hana gilda almennar reglur almannatryggingalaga um læknishjálp erlendis."

Hér er því einungis verið að tala um að ekki sé þörf á sérákvæði. Þetta þýðir ekki að verið sé að fella á brott heimild Tryggingastofnunar til þess að greiða fyrir svona meðferð enda er nýbúið að samþykkja meðferð fyrir sex sjúklinga til að fara utan til að leita sér meðferðar. Þetta vildi ég að kæmi mjög skýrt fram vegna þeirra upplýsinga sem við fáum bæði frá Tryggingastofnun ríkisins, frá siglinganefndinni, og svo upplýsinga frá Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga.

Meiri hlutinn mælir með því að frv. verði samþykkt með breytingum sem gert er grein fyrir á þskj. 1057.

Í fyrsta lagi er brtt. við 2. gr. þar sem lagt er til að ákvæðinu verði breytt þannig að í stað að í stað þess að ráðherra skipi alla nefndarmenn án tilnefningar verði formaður og varaformaður tilnefndir af Hæstarétti. Þriðji nefndarmaðurinn verði skipaður án tilnefningar. Þetta er ákvæði sem hljómar mjög líkt og ákvæði um aðrar úrskurðarnefndir þar sem Hæstiréttur tilnefnir einn til tvo af þeim sem sitja í úrskurðarnefndum. Því má segja að þetta er aðeins lengra frá valdi ráðherra sem á núna ekki að skipa alla án tilnefningar.

Í öðru lagi gerum við tillögu um það í c-lið 2. gr. að því ákvæði verði breytt þannig að báðir málsaðilar, þ.e. bæði tryggingaráð og neytandinn eða einstaklingurinn sem sækir sitt til Tryggingastofnunar, eiga sama rétt til að krefjast frestunar á réttaráhrifum úrskurðarnefndarinnar ef þeir hyggjast bera málið undir dómstóla. Við bætum því við að einstaklingurinn eða neytandinn á sama rétt á þessu og tryggingaráð.

Að lokum, virðulegi forseti, leggjum við til að fjárhæð ellilífeyris verði leiðrétt í a-lið 4. gr. en þessi fjárhæð misritaðist við gerð frv., sem okkur fannst heldur óþægilegt, þar var ritað 181.476 kr. í stað 188.736 kr.

Virðulegi forseti. Ég hef greint frá afstöðu meiri hlutans til þessa máls og legg til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

[22:21]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. framsögumanns nál. meiri hlutans í þessu máli vil ég að það komi fram varðandi psoriasissjúklingana að ég veit að það hafa verið skiptar skoðanir um hvort sérákvæði ætti að vera inni í lögunum eða hvort þetta ætti að fara í gegnum siglinganefndina. Eins og gert er ráð fyrir í lögunum verður að segjast eins og er að meðan þetta var sérákvæði var það tryggt að ákveðnum hópi Íslendinga, sjúklingum sem voru mjög slæmir af psoriasis, var tryggð vist á meðferðarstofnun erlendis þar sem þeir gátu fengið þessa meðferð. Eftir að hætt var að taka þetta inn sem sérstaka afgreiðslu, eins og fram kom í máli hv. þm., er það svo að þegar fólk sækir um þetta í gegnum siglinganefnd er allur gangur á því hvort fólk fái einhvers staðar inni á þessum meðferðarstofnunum fyrir psoriasissjúklinga vegna þess að það er mjög mikil aðsókn að þeim.

Ég vil benda á að ekki er verið að leysa vanda þessa fólks, síður en svo, með því að taka þetta úr úr sérákvæðinu.

[22:23]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta sérákvæði hefur verið inni núna hin seinni ár þangað til sennilega í fyrramálið eða seinna í nótt þegar við fellum það úr gildi. En siglinganefndin hefur

samt fjallað um þessi mál hin síðustu ár. Því er ekki verið að breyta neinu að þessu leyti.

Það fóru fleiri sjúklingar út áður fyrr. Um tíma fóru 40 á ári. Síðan fóru 30 á ári og þetta hefur trappast niður. Segja má að það sé að mörgu leyti eðlilegt vegna þróunar í heilbrigðisþjónustunni sem betur fer. Það hafa verið að koma betri lyf og það hefur líka verið byggð upp starfsemi í kringum Bláa lónið. Þar er núna sjúkrahótel, þar eru ljósalampar og svokölluð loftslagsmeðferð og fólk fer í lónið og makar á sig því sem þar er og virðist ganga vel í mörgum tilvikum. En þetta hentar ekki öllum þannig að einhverjir verða að fara út.

Nýbúið er að samþykkja ferð fyrir sex og mér skilst að ferð fyrir einn í slíka endurhæfingu eða meðferð kosti 150 þús. kr. sem er örugglega vel réttlætanlegt í einhverjum tilvikum af því að sjálfsögðu kostar meðferðin líka sitt hér heima, lyf, sjúkrahúsvist og annað.

Ég tel að mjög faglega sé staðið að þessum málum og miklu eðlilegra sé að siglinganefndin fjalli um þennan sjúkdómaflokk eins og aðra. Þetta er jafnræði og það kemur á óvart ef fylkingin, sem segjast vera talsmenn jafnræðis áttar sig ekki á því að eðlilegt er að fella sérákvæði úr gildi.

[22:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. má alls ekki skilja orð mín svo að ég sé á móti því að við nýtum okkur Bláa lónið. Það hefur alltaf verið skoðun mín og ég talið það vera til hagsbóta fyrir okkur að nýta okkur úrræði innan lands og fyrir alla þá sem hafa hag af því, það er auðvitað alveg sjálfsagt, og ég veit alveg að það hefur verið hagkvæmara fyrir okkur.

Aftur á móti þegar þetta er fer í siglinganefndina, eins og ég benti á áðan, er ekki lengur verið að taka frá pláss fyrir þessa sjúklinga sem var gert meðan þetta var afgreitt sem sérafgreiðsla, sérumsókn til tryggingaráðs. Vissulega fór þetta í gegnum siglinganefnd og allar þær umsóknir, sem komu fyrir psoriasissjúklinga til Kanaríeyja, voru metnar og voru þær náttúrlega miklu fleiri en unnt var að samþykkja.

En aðalatriði málsins, sem ég er að beina til hv. þm., er að það er ekki verið að veita þessum sjúklingum sömu þjónustuna, það er ekki verið að tryggja að þeir fái pláss, að þeir fái inni á sjúkrastofnunum erlendis eins og var áður en meðferð umsókna var breytt.

Eins og hv. þm. þekkir var það 1996 sem ákveðið var að reyna til fullnustu úrræði innan lands og ferðir til Kanaríeyja voru aflagðar nema þá sem einstaka umsókn í gegnum siglinganefnd. Það sem ég er að benda á er að ekki eru tryggð úrræði fyrir þá sem sækja um, eins og kemur reyndar fram í bréfinu frá psoriasissjúklingum um að jafnvel hafi ekki verið hægt að koma því fólki sem sótti um í meðferð vegna þess að það var upppantað. Það var þetta atriði sem ég er að benda hv. þm. á, herra forseti.

[22:27]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki rétt að þessar ferðir hafi verið aflagðar 1996. Hins vegar hefur siglinganefnd verið með þessi mál síðan. Samkvæmt upplýsingum mínum kom engin umsókn þangað inn 1997. Að vísu hef ég upplýsingar frá Spoex um að a.m.k. ein umsókn hafi þá verið send inn sem ég átta mig ekki á hvert fór fyrst siglinganefnd telur að hún hafi ekki komið þangað.

En það er alveg rétt sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir er að benda hér á að það hafa verið vandræði vegna þess að menn hafa ekki pantað pláss fyrir fram þegar siglinganefndin ákveður svo að samþykkja umsóknir, t.d. sex núna fyrir stuttu. En mér skilst að nú sé búið að reyna að leysa úr því með þeim hætti að þetta fólk búi á hóteli, þ.e. ekki á sjálfri meðferðarstöðinni en fari á meðferðarstöðina og verði þar í meðferð á daginn og fari svo til baka á hótelið. Það er leyst með einhverjum slíkum hætti.

En mér finnst mjög æskilegt að siglinganefndin skoði þessi mál til hlítar af því að að sjálfsögðu er mjög óþægilegt þegar loksins kemur jákvætt svar að fólk geti þá ekki farið á meðferðarstöðina. Þetta er atriði sem við getum ekki tekið á í lagatexta en siglinganefnd verður að skoða sínar reglur þannig að þessi þjónusta geti verið eins góð og hægt er.

[22:29]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta heilbr.- og trn. á þskj. 1084 og brtt. á þskj. 1085.

Undir nál. ritar auk mín hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður heilbr.- og trn., og undir brtt. rita hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Ögmundur Jónasson auk þeirrar sem mælir hér fyrir tillögunum.

Eins og hér hefur þegar komið fram varð hv. heilbr.- og trn. öll sammála um að leggja til að af þeim þremur mönnum sem ráðherra skipar í úrskurðarnefnd almannatrygginga skuli Hæstiréttur tilnefna tvo. Sömuleiðis var samstaða um að gera tillögu um að úrskurðarnefndin gæti að kröfu beggja málsaðila frestað réttaráhrifum úrskurðar. Minni hlutinn styður því breytingartillögu meiri hlutans við 2. gr. frumvarpsins í þskj. 1057.

Gildandi lög um almannatryggingar mæla fyrir um tvenns konar hlutverk tryggingaráðs. Annars vegar er ráðið úrskurðaraðili í deilumálum sem koma upp milli Tryggingastofnunar og viðskiptavina hennar. Hins vegar hefur það ákveðna stjórn og eftirlit með starfsemi stofnunarinnar. Öryrkjar og aldraðir, sem eru fjölmennir í hópi viðskiptavina stofnunarinnar, hafa lengi óskað eftir því að eiga fulltrúa í tryggingaráði. Því hefur jafnan verið hafnað og með vísan til úrskurðarhlutverks ráðsins hafa stjórnvöld talið óeðlilegt að þessir hópar ættu fulltrúa þar. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að úrskurðarhlutverk ráðsins flytjist alfarið til hinnar nýju úrskurðarnefndar. Helstu rökin sem beitt hefur verið gegn setu fulltrúa framangreindra hópa í ráðinu eru því ekki lengur fyrir hendi. Reyndar er það mikilvægt að aðhaldshlutverk tryggingaráðs sé eflt með hliðsjón af því að úrskurðarvald í ágreiningsmálum er fært til annars aðila. Minni hlutinn telur því að Landssamband aldraðra og Öryrkjabandalag Íslands ættu að fá fulltrúa í ráðinu, og gera tillögu um það.

Í a-lið 4. gr. frv. er gerð tillaga um upphæð fulls árlegs ellilífeyris. Minni hlutinn telur að breyting á lífeyri eigi að fylgja hækkunum á launavísitölu Hagstofu Íslands. Miðað við hækkun hennar frá desember 1994 til desember 1998 ætti upphæð fulls lífeyris að vera 191.622 kr. en ekki 181.476 kr. eins og lagt er til í framangreindu ákvæði. Minni hlutinn telur því að fjárhæðinni þurfi að breyta til samræmis við þetta. Reyndar hefur framsögumaður meiri hlutans gert leiðréttingu á upphaflegu tölunni en við teljum að hún eigi að vera enn hærri. Þar höfum til viðmiðunar hækkanir á

launavísitölu Hagstofu Íslands og teljum eðlilegt að þessi tala fylgi þeim.

Í b-lið 4. gr. er fjallað um skerðingu lífeyris hjóna ef bæði fá lífeyri. Minni hlutinn tekur undir álit frá aðgerðahópi aldraðra, sem lagt var fyrir hv. heilbr.- og trn., en aðgerðahópurinn telur að mismunun fólks eftir heimilishaldi stríði gegn jafnrétti og að skerðing grunnlífeyris af þessari ástæðu feli því í sér ranglæti. Í raun er verið að skerða lífeyri fólks vegna þess eins að það er í sambúð. Við teljum þetta óeðlilegt. Minni hluti heilbr.- og trn. telur því að ákvæðinu eigi að breyta þannig að lífeyrir hjóna sem bæði fá lífeyri verði tvöfaldur lífeyrir einstaklings. Við teljum réttinn einstaklingsbundinn og óheimilt að mismuna fólki eftir því hvort það er í sambúð eða ekki.

Í 14. gr. frv. er breyting varðandi kostnað við læknismeðferð psoriasissjúklinga, og hv. framsögumaður meiri hluta gerði hér ítarlega grein fyrir áðan. Í greinargerð með frv. er breytingin m.a. skýrð með því að eftir tilkomu Bláa lónsins sé ekki þörf á sérákvæðum um læknishjálp psoriasissjúklinga á meðferðarstofnunum erlendis.

Í nefndinni kom hins vegar fram, m.a. hjá þeim sem komu frá Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga, að meðferð í Bláa lóninu dugi ekki öllum sjúklingum. Með þessu teljum við að verið sé að afnema sérákvæði sem fortakslaust hafa veitt psoriasissjúklingum rétt á loftslagsmeðferð erlendis.

Hv. frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. telur að þarna sé um misskilning að ræða. Hún lýsti á hverju hún byggði þá afstöðu sína. Hún telur að Samtök psoriasis- og exemsjúklinga, og þar með talinn væntanlega minni hluti heilbr.- og trn., misskilji málið. Hún heldur því fram að þessi meðferð hafi ekki verið aflögð, það sé rangt.

Ég vil aðeins vekja athygli á því sem m.a. varð til þess að minni hluti heilbr.- og trn. ákvað að taka undir með þessum samtökum og þann ótta að ætlunin sé að afnema þetta ákvæði. Það þarf að skoða það í ljósi þess að breytingin kemur í kjölfar þess að eftir langa framkvæmd, frá árinu 1979–1995, fékk ákveðinn hópur á ári þessa loftslagsmeðferð greidda. Og síðan hefur hún — við skulum ekki fullyrða að hún hafi verið aflögð, það virðist ekki vera alveg þannig — nánast verið aflögð, herra forseti. Það er alveg ljóst að þó að einstaka maður hafi farið síðan þá hefur orðið veruleg breyting á þessu frá því 1996. Fyrir því hljóta að vera einhverjar ástæður.

Ég vil því spyrja hv. framsögumann meiri hluta heilbr.- og trn: Hvernig stendur á því að það verður svona skyndileg breyting á þessu, frá 1995 og 1996, ef ekki er ætlunin að breyta neinu þarna um? Í kjölfarið á þessu öllu kemur lagabreyting sem tekur út þetta sérákvæði. Það er ekkert skrýtið að þessi hópur óttist að leggja eigi niður þetta úrræði. Ég mundi alla vega telja það eðlilegt ef ég þyrfti að skýra þessi lög síðar. Miðað við þá meðferð sem þetta mál hefur fengið, framkvæmdina og lagabreytingarnar, þá er ekkert óeðlilegt að skýra það þannig að búið væri að leggja þetta úrræði af.

Segja má að orðalag í nál. meiri hluta komi til móts við þá túlkun en samt sem áður, ef þetta ákvæði á að vera inni, framkvæmdin á að vera óbreytt og þetta úrræði áfram að vera til, af hverju í ósköpunum er þá lögð svo mikil áhersla á að taka þetta út? Af hverju er verið að taka út þetta sérákvæði, herra forseti? (Gripið fram í.) Ég heyri að hæstv. heilbrrh. segir ekki verið að leggja þetta af. Af hverju í ósköpunum er lögð svo mikil áhersla á að hreyfa við þessu ákvæði ef framkvæmdin á eftir sem áður að vera hin sama og hingað til?

Við viljum tryggja að þetta úrræði verði ekki fellt út. Það hefur margoft komið fram að meðferðin dugir mörgum á meðan önnur úrræði duga kannski ekki. Hv. framsögumaður meiri hluta heilbr.- og trn. talaði um að meðferðin kostaði 150 þús. kr. á mann og sagði síðan í kjölfarið að það væri kannski réttlætanlegt í einhverjum tilvikum. Ég dró þá ályktun af máli hennar að henni þætti þetta of dýrt.

Ég verð nú að segja að það sló mig þegar fulltrúar Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga komu fyrir heilbr.- og trn. Einn í þeirra hópi var greinilega mjög illa farinn af psoriasis og lýsti því fyrir okkur hvernig loftslagsmeðferð hafði gagnast honum á meðan Bláa lónið og úrræði þar dugðu honum ekki neitt. Hann lýsti því að hann hefði eftir fjögurra vikna meðferð á meðferðarstofnun á Kanaríeyjum verið algjörlega einkennafrír í 18 mánuði án þess að nota nokkur lyf, án þess að nota nokkra stera. Hvernig í ósköpunum er hægt að tala um að þetta sé dýrt, 150 þús. kr. fyrir meðferð, ef hún dugar manni? (Gripið fram í.) Herra forseti. Þingmaðurinn gaf það í skyn að þetta væri dýrt, að þetta væri kannski réttlætanlegt í einhverjum tilvikum. Ég punktaði nákvæmlega niður þessi orð eftir hv. þm. Það er ekki hægt að skilja það á annan hátt en þann að fara þurfi sparlega með svona úrræði.

Þau eru gerð í kjölfar ákveðins læknisfræðislegs mats. Húðsjúkdómalæknar hafa hins vegar staðfest að það geta ekki allir notað meðferðina í Bláa lóninu. Og ef hv. meiri hluti heilbr.- og trn. telur rétt að hafa þessa meðferð inni áfram og að þetta sé aðeins lagatæknileg breyting sem snúist um að taka út sérákvæði en ekki um að breyta möguleikum á þessari meðferð þá skil ég ekki hve mikil áhersla er lögð á þetta.

Ég vil þá líka spyrja: Hvað gerir það að verkum að svo mikið hefur dregið úr þessum ferðum frá árunum 1995 og 1996? Samtök psoriasis- og exemsjúklinga vilja halda því fram að meðferðin í Bláa lóninu dugi ekki vegna þess að hún nýtist ekki nærri því öllum þeim sem geta hins vegar notað loftslagsmeðferðina.

Við teljum nauðsynlegt að taka af allan vafa um þetta. Við leggjum til þá breytingu að tryggja að þetta sé inni.

Ég hef nú gert grein fyrir áliti minni hluta heilb.- og trn. og þeim brtt. sem við höfum lagt fram. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en hv. þm. Ögmundur Jónasson, áheyrnarfulltrúi þingflokks óháðra, er samþykkur álitinu.

Undir álitið rita Össur Skarphéðinsson og Bryndís Hlöðversdóttir.

[22:40]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef ég hef gefið í skyn að þetta væri „kannski réttlætanlegt" þá vil ég leiðrétta sérstaklega. Í einhverjum tilvikum er örugglega réttlætanlegt að senda psoriasissjúklinga út. Kremin eru mjög dýr þannig að það er örugglega peningalega réttlætanlegt. En maður á ekki alltaf að hugsa í peningum, það getur líka verið réttlætanlegt upp á betri líðan þessa fólks. Ég vil að það komi skýrt fram að þetta megi ekki bara skoða í aurum og krónum.

Það er alls ekki rétt að meðferðin hafi verið aflögð. Hjá síðasta ræðumanni kom fram að hún hefði nánast verið aflögð og ég þakka fyrir að menn viðurkenni þær staðreyndir.

Samtök psoriasis- og exemsjúklinga telja hins vegar að meðferðin hafi verið aflögð, sem er ekki rétt. Framfarirnar hafa orðið svo miklar eins og ég benti hér á, bæði í lyfjameðferðinni og með tilkomu Bláa lónsins. Þangað eru t.d. að koma Þjóðverjar og Færeyingar að leita sér lækninga. Bláa lónið á ekki við alla en það á við marga, a.m.k. einhverja, ég veit ekki hve marga. En einhverjir verða að fara út.

Ég vil nota tækifærið hér, virðulegur forseti, til að spyrja aðeins út í atriði í áliti minni hlutans. Af hverju er einungis Landssamband aldraðra og Öryrkjabandalagið tekið inn, fyrst nú á að taka inn hagsmunahópa? Þetta eru alls ekki allir skjólstæðingar Tryggingastofnunar. Mér finnst því mjög skrýtið að taka þá þarna inn og er ekki tilbúin að samþykkja það.

Síðan er það hækkunin á lífeyrinum. Ég vil spyrja hv. þm. hvað það kostar að hækka um 10 þús. kr. flatt? Væri ekki eðlilegra að hækka þá frekar þá sem lægstir eru? Hér á að hækka flatt á alla og ég vil spyrja: Hvað á þetta að kosta? Eru það margir milljarðar?

[22:42]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki reiknað það nákvæmlega út hvað þetta kostar. Þetta mál hefur margoft komið til umræðu í þinginu og væntanlega eru til einhverjir útreikningar um það. Samt sem áður, herra forseti, tel ég þetta það mikilvægt réttlætismál að það sé prinsippmál að þessi laun hækki í samræmi launaþróun. Í mínum huga er þetta ekki spurning um kostnað, þetta er réttlætismál og það má ekki hafa þessa peninga af fólki. Það er rangt. Það er mannréttindabrot að hafa þessa peninga af fólki.

Varðandi þá hópa sem við teljum rétt að taka inn í tryggingaráð þá er það rétt að þar inn eru ekki teknir allir hagsmunahópar og allir skjólstæðingar Tryggingastofnunar. Það væri einungis til að æra óstöðugan og við erum ekki að leggja það til. Við leggjum til að þeir hópar sem hafa langtímaskjólstæðinga í sínum röðum, þ.e. fólk sem er algjörlega háð þessum greiðslum til langframa, að fulltrúar þeirra séu þarna inni.

Eflaust mætti taka fleiri inn í ráðið til að tryggja að allir ættu þar sína fulltrúa. Samkvæmt okkar tillögu mun þetta ná yfir ansi breiðan hóp og teljum rétt að fulltrúar þeirra fái aðild að tryggingaráði. Þeir hafa margsinnis lagt fram góð og gild rök fyrir því af hverju þeir ættu að eiga þar fulltrúa.

Hvað varðar loftslagsmeðferðina þá er þar um að ræða læknisfræðilegt mat á því að þessi meðferð dugi. Ég heyrði hv. þm. ekki svara spurningu minni um hvað hefði breyst svona mikið árin 1995 og 1996. Fulltrúar þessara samtaka segja okkur að í raun þurfi margir á loftslagsmeðferð að halda en hafi ekki fengið hana. Hvað gerði það að verkum að þetta breytist svona skyndilega? Eitthvað hlýtur það að vera. Er það Bláa lónið? — Herra forseti. Ég bið um að þingmaðurinn hlýði á mál mitt vegna þess að ég er að leggja fyrir hana fyrirspurn. — Þó meðferð Bláa lónsins komi ekki í staðinn fyrir loftslagsmeðferðina þá er virðist þó vera svo árin 1995 og 1996, vegna þess að einungis örfáir sjúklingar hafa fengið loftslagsmeðferð síðan þá, á móti u.þ.b. 40 á ári sem fengu þessa meðferð fram að því.

[22:45]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég býst við að þessi hækkun á lífeyri, um 10 þús. kr. á mann, kosti eitthvað á fjórða milljarð. Ég er þó ekki með þessa tölu (Gripið fram í.) vísindalega reiknaða, en bendi á að á síðasta kjörtímabili var kaupmáttur lífeyris skertur verulega. Hann hefur hækkað núna.

Varðandi það hvað gerðist á þessu árabili þá reyndi ég að draga fram í svörum mínum áðan að það hafa orðið svo miklar framfarir í meðferð og Bláa lónið sem hefur dugað fyrir mjög marga hefur komið til sögunnar. Það kom mér á óvart að fá þær upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins, frá siglinganefndinni, að engar umsóknir bárust 1997. Mér finnst það mjög ankannalegt og kann ekki skýringar á því. En þær upplýsingar sem ég hef sýna að ekki hafa borist umsóknir þá.

Ég ítreka það sem ég sagði fyrr að það er miklu faglegar gert að gera þetta svona heldur en að láta pólitískt skipað tryggingaráð sem Alþingi skipar taka ákvörðun um hve margir fara, í staðinn fyrir að láta fimm lækna gera það sem fá umsagnir og álit annars húðlæknis ef þeir eru í vafa. Það er miklu faglegra að láta það sama ganga yfir alla.

Núna eru til miklu betri úrræði í loftslagsmeðferð og meðferð fyrir psoriasissjúklinga en fyrr. Það er því ekkert réttlæti í öðru en að þetta sé gert á þennan hátt. En að sjálfsögðu má ekki hafa reglurnar svo stífar að enginn komist. Þetta verður að vera mjög faglega undirbyggt og ég trúi því að svo sé, sérstaklega í ljósi þess að sex einstaklingar eru að fara núna í slíka meðferð til Kanaríeyja.

[22:47]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kann ekki skýringu á því hvers vegna engar umsóknir bárust árið 1997. Mér kæmi ekki á óvart að það stafaði af því að fólk hefði talið að það ætti ekki rétt á þessu úrræði lengur, án þess að ég ætli að fullyrða neitt um það. Það er kannski ekki eðlilegt að vera að geta sér til um hluti á þennan hátt. En það hlýtur að vera einhver skýring á því.

Þó að hækkunin á lífeyrinum um 10 þús. kr. kosti á fjórða milljarð þá breytir það ekki því að mér finnst rétt að hún gangi eftir. Mér finnst það réttlætismál og mér finnst réttlátt að hún að hún gangi eftir. Það á að fylgja launaþróun í stað þess að vera undir náð og miskunn ríkisstjórnarinnar komið hverju sinni hvort fólk fái eðlilegar hækkanir í samræmi við launaþróun. (Gripið fram í.) Ég held að við ættum ekki að telja þetta eftir okkur, allra síst í ljósi þess að hv. þm. ásamt félögum sínum í ríkisstjórninni hefur margsinnis lýst því yfir úr þessum ræðustól að hér ríki svo mikið góðæri og við séum ein af ríkustu þjóðum heims. Ég man ekki betur en að í eldhúsdagsumræðunum um daginn hafi það verið margsinnis tíundað af hæstv. ráðherrum og hv. þm. ríkisstjórnarinnar. Við hljótum því að hafa efni á þessu, herra forseti.

[22:49]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég endurtek það sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að ég kem að þessu máli svo til afgreiddu og ætlast ekki til þess að menn fari að breyta því mikið þrátt fyrir mínar athugasemdir enda eru þær kannski ekki svo miklar.

Ég er hlynnt þessari skiptingu. Ég held að það sé rétt að setja á fót úrskurðarnefnd og því sé létt af tryggingaráði að skera úr í deilumálum. Það hefur komið í ljós að næstum allur tími tryggingaráðs fer einmitt í kærumál. Ég held að það sé ágætt að fá til þess sérstaklega bæra nefnd og get ekki verið neitt að hafa á móti því.

Það sem ég vildi minnast á er að mér finnst aðeins dregið úr vægi tryggingaráðs varðandi eftirlit með rekstri stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að upptalningin í 6. gr. laganna í stafliðum a–g um þau atriði sem ráðið á að annast sérstaklega falli út og ég sé dálítið eftir því. Mér finnst það verða máttlausara og almennara þó það standi að vísu eftir að tryggingaráð skuli hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Það kann vel að vera að þetta komi ekki að sök.

Mér sýnist samkvæmt þessum breytingum að mikill tími ráðsins hljóti að fara í að fara yfir alls kyns reglur um einstaka þætti í tryggingakerfinu. Það er talað um að tryggingaráð semji reglur o.s.frv. Það gerir það náttúrlega ekki heldur gerir starfsfólk hinna ýmsu deilda stofnunarinnar. Tryggingaráð þarf síðan að samþykkja þær eða stimpla á það. Í það fer töluverður tími líka og þar held ég að sé alveg ómetanlegt, þegar þessi skipting er orðin, að tillaga þeirra minnihlutamanna, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, Bryndísar Hlöðversdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur og Ögmundar Jónassonar, verði samþykkt. Ég held að sé alveg nauðsynlegt að Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalag Íslands fái fulltrúa í ráðið.

Það getur ekki verið nein ástæða til að vera á móti því. Sannleikurinn er nú sá að þessir aðilar þekkja best það sem verið er að fjalla um. Ég held að það yrði ráðinu mikil hjálp að fá fulltrúa þessara sambanda í ráðið. Þetta er gamalt baráttumál. Ég sé nú reyndar að fleiri hv. þm. hafa borið fram sams konar tillögu á þessu þingi, þ.e. hv. þm. Ágúst Einarsson, Kristinn H. Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Össur Skarphéðinsson.

Ég vil nú biðja þá hv. þm. sem til mín heyra að sýna þann rausnarskap að samþykkja þessa brtt. Ég sé ekki hvað getur verið á móti því. Öryrkjabandalagið hefur margsinnis óskað eftir þessu, Landsamband aldraðra líka. Væri það ekki bara dálítið klókt af þeim sem í framboð fara að samþykkja þessa tillögu svona rétt fyrir kosningar? Það getur held ég ekki kostað neitt.

Ég lýsi jafnframt stuðningi við aðrar brtt. á þskj. 1085. Ég held að það sé sjálfsagt mál að reyna að leiðrétta þann niðurskurð sem orðið hefur á bótum til þessara aðila. Annað var það nú ekki mikið sem ég ætlaði um þetta mál að segja.

Aðeins varðandi psoriasissjúklingana. Það vill svo til að ég get upplýst hv. þingheim um af hverju ferðirnar voru svo til aflagðar. Það var ósköp einfaldlega vegna frumkvæðis lækna Tryggingastofnunar ríkisins og með samþykkt meiri hluta tryggingaráðs. Þetta var einfaldlega aflagt. Ég verð að lýsa undrun minni yfir upplýsingum hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur ef hlutirnir eru farnir að ganga þannig fyrir sig að menn snúa sér til hæstv. ráðherra, ef ég skildi hana rétt, og sex sjúklingar fá skyndilega afgreiðslu. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Ráðherraafgreiðslu.) Ég spyr: Er þetta sérstök ráðherraafgreiðsla? Venjulega var þetta þannig að menn sóttu um þetta til læknadeildar Tryggingastofnunar. Ég kannast ekki við þessa aðferð þó að aðilarnir séu nú í sama húsi.

Það er auðvitað alveg hárrétt sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sagði, síðari tíma menn hljóta að draga þá ályktun af meðferð þessa máls að vilji yfirvalda sé að þetta hverfi. Fyrst eru þessar ferðir til heitari landa hreinlega teknar af meira og minna og síðan er textinn tekinn út úr lagagreininni. Það er ómögulegt að lesa annað í það en að þetta sé ekki forgangsmál og ég held að það veiki stöðu psoriasissjúklinga að þessu leyti.

Ég get alveg skilið hugmyndir lækna Tryggingastofnunar um að efna ekki til þessara ferða ef hægt er að ná sama árangri hér heima. Það vill hins vegar svo til að þeir sem verst eru haldnir af þessum skelfilega sjúkdómi og leiða hafa sumir fengið ágætan bata, a.m.k. tímabundið. Því er auðvitað ástæða til að gera flest sem í mannlegu valdi stendur.

Ástæðan fyrir því að menn voru hættir að sækja um þetta er tvímælalaust sú að þeir vissu að það þýddi ekki neitt. Ég fagna því þess vegna ef ráðherra er sjálfur farin að taka af skarið og senda menn til útlanda og vil þá benda mönnum á að sækja um beint til hæstv. ráðherra.

Að öðru leyti get ég fallist á flest það sem í þessu stendur og hef lokið máli mínu.

[22:56]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að einhvers misskilnings hafi gætt í máli síðasta ræðumanns. Ég ætla að lesa aftur upp úr bréfi Samtaka psoriasis- og exemsjúklinga. Bréfið var til hæstv. heilbrrh., Ingibjargar Pálmadóttur, og hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Samtök psoriasis- og exemsjúklinga vilja þakka yður fyrir skjót viðbrögð í framhaldi af fundi fulltrúa Spoex með yður 23. febr. sl. við að finna lausn á málum sex psoriasissjúklinga sem siglinganefnd Tryggingastofnunar ríkisins hefur samþykkt að gangist undir loftslagsmeðferð á meðferðarstöð fyrir psoriasissjúklinga erlendis."

Þarna er því siglinganefndin búin að samþykkja þessa ferð. (**BH:** Hún finnur lausn á máli þeirra.) Já, það voru praktískar lausnir sem voru fundnar. Það var ekki verið að gefa leyfi fyrir þessum ferðum. Það var búið. Siglinganefnd var búin að gefa grænt ljós á þessar ferðir þannig að það er alrangt að stilla málum þannig upp að hæstv. ráðherra hafi veitt leyfi til ferðarinnar. Það er alls ekkert þannig.

Það er mjög merkilegt að fá þetta bréf. Það var viðhengi við gögn sem við í heilbrn. fengum frá samtökunum Spoex þegar við fórum yfir þetta mál. Það er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að sömu samtök segja í bréfi í gær að ástandið sé engan veginn viðunandi og meðferðin því í raun aflögð, sem er að sjálfsögðu alrangt.

[22:57]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég skal játa að ég er ekki mjög vel að mér um ferðir psoriasissjúklinga og ekki öllum hnútum kunnugur um þessi efni. En hitt finnst mér skipta máli í þessu sambandi hver reyndin varð. Hafa psoriasissjúklingar farið í þessar ferðir á undanförnum árum? Staðreyndin er sú að svo er ekki.

Hvað sem öllum leyfisveitingum líður þá hefur einn sjúklingur farið frá árinu 1996. Þetta er það sem máli skiptir. Þá fer maður að velta því fyrir sér hvað fyrir ríkisstjórninni og meiri hlutanum vaki með þeim lagabreytingum sem við erum að deila um hér. Þegar athugasemd um 14. gr. frv. er skoðuð kemur fram — ég ætlast til að hv. þingmaður fylgist með máli mínu — þá kemur fram, þegar skýrt er

hvers vegna 2. mgr. 33. gr. gildandi laga er felld niður, að það er fellt brott þar sem eftir tilkomu Bláa lónsins er ekki þörf á sérákvæðum um læknishjálp psoriasissjúklinga á meðferðarstofnunum erlendis.

Það er þetta sem menn eru að segja. Það er þetta sem vakir fyrir mönnum, þ.e. að koma í veg fyrir þessar ferðir. (**SF:** Nei.) Af hverju stendur þetta þá hér í greinargerð með frv.? (**SF:** Sérákvæði ...) Staðreyndin er sú að þetta fólk hefur ekki farið í þessar ferðir. Hvað sem öllum leyfisveitingum líður þá hefur ekki fengist pláss á meðferðarstofnunum vegna þess að ekki hefur verið hægt að semja um það. Það þarf að gera þetta skipulega þannig að fólk komist í þessa meðferð. En það hefur ekki fengið þessa meðferð. Við fengum fulltrúa psoriasissjúklinga á okkar fund í hv. heilbrn. og þar lýstu þeir því yfir, menn sem eru illa þjáðir af þessum sjúkdómi, að meðferð erlendis dugi þeim í 18 mánuði. Það sagði einstaklingur sem á við þennan sjúkdóm að stríða. Hún dugir þeim í 18 mánuði. Þeir verða einkennalausir í 18 mánuði ef þeir komast í slíka meðferð.

Staðreyndin er sú að frá árinu 1996 hefur aðeins einn maður farið hvað sem öllum leyfisveitingum líður. Og það er vegna þess að þetta er ekki gert á skipulegan hátt og ekki er búið svo um hnútana í lögum og reglugerðum sem gilda um þetta mál. Við erum einmitt að fjalla um raunveruleikann fyrir þetta fólk en ekki einhverjar innihaldslausar yfirlýsingar eins og við heyrðum frá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur. Þetta er staðreynd málsins.

Um frv. í heild sinni er það að segja að stjórnarandstaðan hefur gert nokkrar brtt. við frv. og vil ég rökstyðja þær nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að sérstök úrskurðarnefnd verði skipuð til að skera úr um skilyrði eða upphæð bóta hjá Tryggingastofnun. Þetta er verkefni sem hefur hvílt hjá tryggingaráði til þessa en nú er hugmyndin sú að sérstök úrskurðarnefnd fari með þessi mál. Sú brtt. liggur fyrir frá meiri hluta nefndarinnar, sem er einnig studd af minni hlutanum, að Hæstiréttur skipi tvo fulltrúa í nefndina en ráðherra skipi ekki alla fulltrúana, eins og gert var ráð fyrir í frv. upphaflega. Um þetta náðist samkomulag.

Ég viðurkenni að ég er ekki sérstakur aðdáandi sérfræðingaveldisins hjá ríkinu, en segja má að verið sé að lögfræðingsvæða allt ríkiskerfið. Ekki er hægt að setja mann í nefnd nema hann hafi lögfræðipróf upp á vasann eða sé bær til að gegna dómarastöðu. Ég er yfirleitt andvígur þeirri stefnu sem tekin hefur verið hvað þetta snertir, en í þessu tilviki held ég að það sé til góðs.

Ég held hins vegar að þá eigi jafnframt að breyta hlutverki tryggingaráðs. Hlutverk tryggingaráðs samkvæmt núgildandi lögum er að hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins. Í annan stað á tryggingaráð að taka á þeim álitamálum sem upp koma við úrskurð bóta, þeirri skyldu sem nú hvílir hjá tryggingaráði.

Eftir að þessi breyting er gerð, eftir að úrskurðarvaldið er komið til úthlutunarnefndarinnar, sérfræðinefndarinnar, er eðlilegt að við breytum hlutverki tryggingaráðs líka þannig að það sinni aðhaldshlutverki. Það hafi ekki einvörðungu með stofnunina að gera og fjárhag hennar heldur einnig aðhaldshlutverkið fyrir hönd þeirra sem þurfa að sækja til Tryggingastofnunar. Þess vegna held ég að þetta sé hyggileg tillaga sem við setjum fram, að fulltrúi Öryrkjabandalagsins og Landssambands aldraðra fái aðild að tryggingaráði í ljósi þessara breyttu aðstæðna.

Öryrkjabandalagið og gott ef ekki einnig Landssamband aldraðra lögðu til að þeir fengju aðild að úrskurðarnefndinni. Ég held hins vegar að þetta sé skynsamlegra, líka vegna þess að sá sem þarf að hlíta úrskurði nefndarinnar, dómi úrskurðarnefndarinnar, þarf hugsanlega að sækja rétt sinn áfram fyrir dómstólum. Þá er það ekki góður kostur að mínum dómi fyrir Landssamband aldraðra eða Öryrkjabandalagið að hafa átt aðild að úrskurðarnefndinni. En það á að geta veitt úrskurðarnefndinni aðhald.

Ég sakna þessa skilnings hjá meiri hluta heilbrn. því að þegar hún gerir núna brtt. við — ekki um skipan úrskurðarnefndar, heldur um réttinn til að fresta réttaráhrifum úrskurðar þá segir, ef ég man rétt, í meirihlutaáliti nefndarinnar að báðir málsaðilar eigi að hafa rétt til þessarar frestunar. Báðir málsaðilar eru þá annars vegar tryggingaráð og hins vegar sá sem nýtur bótanna. En ég lít svo á að tryggingaráð eigi einnig að gæta hagsmuna bótaþegans en það verður ekki gert nema samsetningu ráðsins sé breytt. Það sem ég er að gera núna er að reyna að skýra hvers vegna ég tel heppilegra að breyta samsetningu tryggingaráðs, ég tel það heppilegra en að verða við óskum Öryrkjabandalagsins og Landssambands aldraðra um að fá aðild að sjálfri úrskurðarnefndinni.

Gerð hefur verið grein fyrir öðrum þáttum, en við teljum að breyting á lífeyri eigi að fylgja hækkunum á launavísitölu Hagstofu Íslands, nokkuð sem við höfum hamrað á, og nefnum þær upphæðir sem þar þurfi að breytast. Þá tökum við undir álit frá aðgerðahópi aldraðra sem telur að mismunun fólks eftir heimilishaldi stríði gegn jafnrétti og að skerðing grunnlífeyris af þeirri ástæðu feli í sér ranglæti. En í lögunum segir:

„Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga."

Lífeyrir er skertur vegna hjúskaparstöðu og við teljum að þarna þurfi að gera breytingu á.

Varðandi psoriasissjúklingana þá hef ég gert grein fyrir afstöðu minni til þeirra mála. Það er nú sannast sagna svolítill frumskógur að átta sig á þeim reglum sem um þetta gilda en á þessu er tekið í 14. gr. frv. og þar er vísað yfir í 33. gr. núgildandi laga. Í frv. er lagt til að breyta f-lið 33. gr. en í þessum f-lið er fjallað um hlutverk sjúkratryggingadeildar og segir, með leyfi forseta:

„Að greiða kostnað samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasissjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasissjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar." Og síðar segir:

„Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geta notið slíkrar fyrirgreiðslu."

Þessi liður er felldur út. Hann er felldur út samkvæmt frv. Þegar flett er upp á skýringum á þessum breytingum þá komum við að því sem ég vísaði til áðan um Bláa lónið, að Bláa lónið væri komið til sögunnar og ekki þörf á loftslagsmeðferð erlendis í þeim mæli sem áður var.

Við í heilbrn. höfum hins vegar sannfærst um það og gerðum það öll, hélt ég, þegar við fengum heimsókn frá fulltrúum Samtaka psoriasissjúklinga, að þetta væri til góðs, það væri meira að segja sparnaður af þessu, en þetta væri — og það er náttúrlega það sem skiptir öllu máli — mjög til góðs fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga. Psoriasis er mjög erfiður sjúkdómur, hann er kostnaðarsamur sjúkdómur og mér finnst að við eigum, áður en við skiljum við þetta mál,

að sameinast um þá tillögu sem minni hlutinn setur fram þar sem skýrt er kveðið á um rétt psoriasissjúklinga til meðferðar af þessu tagi.

[23:10]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni að það er örugglega sparnaður í einhverjum tilvikum að senda psoriasissjúklinga út vegna minni lyfjakostnaðar og minni sjúkrahúsvistar. En það er rangt sem hv. þm. hélt fram, og vísar til athugasemda um 14. gr., að með því að fella út þetta sérákvæði verði psoriasissjúklingar ekki sendir í loftslagsmeðferð. Það er einungis verið að fella út sérákvæði. Og það stendur hér:

„Ákvæði 2. mgr. 33. gr. laganna er fellt brott þar sem eftir tilkomu Bláa lónsins er ekki þörf á sérákvæðum um læknishjálp psoriasissjúklinga á meðferðarstofnunum erlendis. Um hana gilda almennar reglur almannatryggingalaga um læknishjálp erlendis."

Þarna hefði verið betra að staðið hefði meira í athugasemdunum í greinargerðinni og vísað í 35. gr. Það hefði verið meira upplýsandi fyrir okkur en setja þetta svona fram, vegna þess að „almennar reglur" þýðir siglinganefndin sem er í 35. gr.

Samtök psoriasissjúklinga hafa líka fallið ofan í þennan pytt — og það væri ágætt ef hv. þm. Ögmundur Jónasson hlustaði einnig á mig — og segja eftirfarandi í bréfi sem kom til heilbr.- og trn., með leyfi forseta:

„Engin rök búa þar að baki og fullyrðingar í greinargerð um að Bláa lónið geti leyst loftslagsmeðferð af hólmi eru órökstuddar og algjörlega óraunhæft að halda slíku fram."

Þessu er bara alls ekki haldið fram í greinargerðinni, alls ekki. Það er eðlilegt að psoriasissjúklingar fari í loftslagsmeðferðir en þá á að gera það á faglegum grunni í siglinganefnd þar sem læknarnir sitja og fá álit húðsjúkdómalækna og leita oft til annars húðsjúkdómalæknis. Hvað réttlætir það, hv. þm. Ögmundur Jónasson, að psoriasissjúklingar séu með sérákvæði þannig að pólitískt skipað tryggingaráð eigi að fjalla um ferðir þeirra en ekki faglega skipuð siglinganefnd?

[23:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég væri psoriasissjúklingur og þyrfti að komast í loftslagsmeðferð og fengi bót meina minna þar og hefði verið neitað um það síðan árið 1996 þá hefði ég orðið mjög reiður að hlusta á þessa ræðu hv. þm., sem talar hér um reglur og reglugerðir. Staðreyndin er sú að fólkinu hefur verið meinað að fara. Og þeir sem hafa fengið leyfi hafa ekki komist vegna þess að ekki er rétt á þessum málum haldið.

Og þegar því er haldið fram upp í opið geðið á okkur að þessi hópur þurfi ekki á sérákvæðum að halda um ferðir til útlanda, hvaða sjúklingahópar þurfa á slíkri meðferð að halda? Það er mjög takmarkaður hópur. Það er þessi hópur og örfáir aðrir sjúklingahópar sem hafa þurft að sækja lækningu erlendis. En það er fyrst og fremst þessi hópur. Og það er þess vegna sem hann þarf á sérákvæðum að halda.

Mér finnst verkefnið vera þetta og mér finnst það vera mjög skýrt: Hvernig tryggjum við að psoriasissjúklingar fái þá meðferð sem þeim ber og þeir þurfa á að halda?

[23:14]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Ég tek undir að mjög brýnt er að þessir sjúklingar fái eðlilega meðferð og það er verið að veita hana. Samkvæmt *mínum upplýsingum eru fleiri sjúklingar sem þurfa að fara* utan en einungis þessir. Það er eðlilegt að allir fái sömu meðferð í stjórnsýslunni. Það er eðlilegt og eðlilegt að fimm manna læknahópur fari yfir þessi mál en ekki tryggingaráð, þó að þeir fái faglega umsögn læknis.

Samkvæmt mínum upplýsingum frá siglinganefnd barst ein umsókn um meðferð fyrir psoriasissjúklinga á árinu 1996 og henni var synjað þar sem ekki var fyrirhuguð meðferð á sjúkrastofnun heldur einungis ferð á eigin vegum til Kanaríeyja. Árið 1997 bárust engar umsóknir samkvæmt upplýsingum siglinganefndar. Þetta ber reyndar ekki saman við upplýsingar sem ég hef fengið frá Spoex. Og á árinu 1998 synjaði nefndin umsóknum tveggja einstaklinga á þeirri forsendu að meðferð hefði ekki verið fullreynd á Íslandi en samþykkti hins vegar umsóknir frá sex einstaklingum árið 1998. Þetta er Spoex fullkunnugt um og þetta fólk er að fara núna bráðlega í meðferð erlendis.

Hér er því staðið faglega að málum og eðlilegt að fækki í hópi þeirra sem fara vegna bættra meðferðarúrræða. Bláa lónið hefur svo sannarlega komið þar að góðum notum. Eins og ég gat um hér fyrr eru bæði Þjóðverjar og Færeyingar að koma hingað og leita sér lækninga. Hins vegar er þetta úrræði ekki fyrir alla, fyrir suma en ekki fyrir alla.

Og þess vegna er eðlilegt að þeir sem eru verst settir og geta ekki notað eða fá ekki bót meina sinna með innlendum úrræðum og geta sýnt fram á það fari út vegna þess að þá er það örugglega sparnaður, fyrir utan það að það bætir vellíðan þessa fólks sem er ekki hægt að meta til fjár. Þess vegna er verið að senda núna sex einstaklinga á næstu dögum til Kanaríeyja í meðferðarstöð.

En það er rétt sem komið hefur fram að koma þarf málum í betri farveg til að hægt sé að panta þessi pláss og það er eitthvað sem siglinganefndin þarf að skoða.

[23:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttur verður tíðrætt um jafnræðisreglur og faglega meðferð. Fagleg meðferð núverandi ríkisstjórnar á þessum hópi sjúklinga hefur gert það að *verkum að frá árinu 1996 hefur aðeins einn psoriasis*sjúklingur fengið meðferð erlendis, enda þótt margir hafi sótt um. Staðreyndin er sú að fólk hefur, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér frá Samtökum psoriasissjúklinga, hætt að sækja um vegna þess að því hefur verið talin trú um að það þýddi ekkert. Enda hefur reyndin verið sú. (**SF:** Það eru sex á leiðinni.) Eru sex á leiðinni? Það þyrftu a.m.k. 40 manns að fara til útlanda á ári. (**SF:** Jæja.) Ég vísa þar í þau gögn sem við höfum undir höndum frá Samtökum psoriasissjúklinga.

[23:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að koma inn á umræðuna um psoriasissjúklingana. Það er rétt að ástæðan fyrir því að ekki komu fleiri umsóknir á árabili því sem hér hefur verið til umræðu er sú að psoriasissjúklingar fengu þær upplýsingar að búið væri að leggja þessar ferðir af, að búið væri að leggja af ferðir til Kanaríeyja til meðferðar. Enda tók tryggingaráð

um það ákvörðun að láta reyna á úrræði innan lands, þ.e. Bláa lónið. Það er ástæðan fyrir að umsóknir hafa ekki borist.

Í ljós kemur að ef psoriasissjúklingarnir fara sömu leið og aðrir, í gegnum siglinganefndina, þá er ekki hægt að leysa úr þeirra málum, þ.e. fá pláss fyrir þá, nema þeir fari bónarleið til ráðherra. Af bréfinu sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir las hér, þakkarbréfi frá psoriasissjúklingum um að ráðherra hefði leyst vanda þeirra með það að fá inngöngu á meðferðarstofnun á Kanaríeyjum, er ljóst að þarna þurftu menn greinilega að fara bónarveg. Auðvitað er þetta ekki boðlegt.

Við leggjum því til að þetta sérúrræðið verði áfram inni og tryggt verði að ákveðinn hópur Íslendinga fái þessa þjónustu ef þeir þurfa á henni að halda samkvæmt læknisfræðilegu mati. Ég hefði talið fulla ástæðu til að þetta ákvæði sem við leggjum til hér, breyting á lögunum, verði samþykkt til að tryggja þessa þjónustu fyrir þá sem vissulega þurfa á þessu að halda. Fulltrúar psoriasissjúklinga hafa í tvígang í vetur komið til okkar í heilbr.- og trn. til að kynna ástandið og þörfina fyrir þessa læknismeðferð.

Varðandi aðrar breytingar sem við leggjum til í brtt. við þetta frv. er ljóst að við að setja á laggirnar sérstaka úrskurðarnefnd er hlutverki tryggingaráðs breytt. Eins og margoft hefur komið fram í máli manna hefur það verið baráttumál, bæði aldraðra og öryrkja, að fá fulltrúa inn í tryggingaráð. Menn hafa lagt fram frumvörp til þess að breyta þessu. Ég minni á frv. Ágústs Einarssonar og fleiri þingmanna úr þingflokki Samfylkingarinnar um þetta mál. Ég tel að við þessa breytingu á eðli tryggingaráðs sé fullkomlega eðlilegt að samþykkja þá breytingu á lagagreinunum um tryggingaráð, þannig að fulltrúar þessar stærstu viðskiptamannahópa Tryggingastofnunar ríkisins, þ.e. frá Öryrkjabandalaginu og öldruðum komi inn í tryggingaráðið.

Varðandi hækkun á upphæð grunnlífeyris þá hefur margoft komið til umræðu að þetta eigi að vera persónubundinn réttur, persónubundin trygging í almannatryggingunum. Það að sambúðarform hafi áhrif á upphæð grunnlífeyris er brot á jafnræðisreglum stjórnarskrárinnar og raunar mannréttindabrot. Það að maður búi með öðrum, hvort sem það er eiginmaður, eiginkona eða aðrir, á hvorki að skerða örorkuné ellilífeyri.

Vegna orða hv. þm. Siv Friðleifsdóttur í umræðunni áðan vil ég að minna á að Framsfl. lagði áherslu á að þessi breyting yrði gerð fyrir kosningarnar 1991. Ég minnist þess að forsvarsmenn Framsfl. í Reykjavík hafi haft uppi fögur orð um að breyta þessu. (**Gripið fram í:** Varst þú ekki í flokknum þá?) Ég var sannarlega í flokknum þá og er enn sama sinnis, að það eigi að breyta þessu, þ.e. að tryggja að fólk haldi grunnlífeyri sínum þó það sé í sambúð, hvað þá ef það er í hjónabandi. Þar fyrir utan á lífeyrir að fylgja hækkunum á launavísitölu. Ég tel fulla ástæðu til að samþykkja breytinguna á upphæðunum sem við leggjum hér til.

Ég tek eftir því í umsögn fjmrn. um frv., að þetta er ekki talið hafa mjög miklar breytingar í för með sér, þ.e. fyrir ríkissjóð. Engu að síður er talað um að hér sé um réttarbætur að ræða. Það er frekar ólíklegt að réttarbætur í tryggingakerfinu kosti ekki eitthvað. Enda spurði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, um hvað sú breyting, að afnema skerðingu lífeyris hjóna þegar bæði fá lífeyri, mundi kosta. Ég vil benda hv. þm. Siv Friðleifsdóttur á að kanna það í tillögum Framsfl. í þessa veru. Það var allt reiknað út og hlýtur að vera hægt að færa það upp til núvirðis, þannig að það ætti nú allt að liggja fyrir.

Ég hefði talið eðlilegt að samþykkja einhverjar af þeim tillögum sem við höfum lagt fram. Það er ömurlegt að horfa upp á að einu breytingar til bóta í málum lífeyrisþega séu þegar yfirvofandi er dómsmál vegna lagagreinanna. Það er slæmt þegar slíkt þarf til að farið sé í að leiðrétta kjör lífeyrisþega, eins og t.d. tekjutengingu við tekjur maka, sem við þekkjum vel. Það var ekki fyrr en Öryrkjabandalagið fór í dómsmál um þetta efni að menn voru tilbúnir að breyta og stíga fyrsta skrefið til þess að aftengja lífeyrisgreiðslur tekjum maka.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Hún hefur staðið yfir alllengi. Ég vil ítreka að það þarf að ráða bót á ástandinu hjá psoriasissjúklingunum og tryggja að þeir sem ekki fá lækningu í Bláa lóninu fái viðunandi meðferð annars staðar. Til þess þurfa að vera ákvæði í lögunum, sérákvæði, það hefur þessi umræða sýnt svo ekki verður um villst. Einnig vil ég ítreka, herra forseti, að núna eru full rök fyrir því að fulltrúar aldraðra og öryrkja fái sína fulltrúa í tryggingaráð eftir að hlutverki tryggingaráðs verður breytt, þ.e. verði frv. sem við ræðum hér um að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðalög, 2. umr.

Stjfrv., 547. mál (fulltrúar í jarðanefndir). — Þskj. 872, nál. 1086.

[23:27]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá landbn.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál. Frv. þetta er lagt fram í þeim tilgangi að breyta ákvæðum jarðalaga, nr. 65/1976, um að héraðsnefndir tilnefni fulltrúa í jarðanefndir. Segja má að héraðsnefndum hafi farið fækkandi á undanförnum árum vegna sameiningar og fækkunar sveitarfélaga. Nú er svo komið að á nokkrum landsvæðum starfa ekki héraðsnefndir lengur. Hefur því komið upp það vandamál að landbrh. hefur ekki verið unnt að skipa jarðanefnd þar sem tilnefningar hafa ekki legið fyrir frá héraðsnefnd. Vegna þessa þykir nauðsynlegt að breyta ákvæði 4. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, um að héraðsnefndir tilnefni fulltrúa í jarðanefndir.

Með frumvarpi þessu er lagt til að leyst verði úr vandamálinu með því að sýslumenn taki við því hlutverki af héraðsnefndum að tilnefna fulltrúa í jarðanefndir.

Nefndin mælir með samþykkt frv. Undir nál. skrifa allir fulltrúar landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landshlutabundin skógræktarverkefni, 2. umr.

Stjfrv., 484. mál. — Þskj. 791, nál. 1092, brtt. 1093.

[23:29]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um landshlutabundin skógræktarverkefni frá landbn.

Nefndin hefur fengið á sinn fund ýmsa aðila. Í nál. segir:

„Umsagnir bárust frá búnaðarþingi, Skjólskógum, Landgræðslu ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands, Suðurlandsskógum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Barra-Fossvogsstöð hf., Náttúrufræðistofnun Íslands, skógræktarráðunauti Skógræktar ríkisins á Vesturlandi, Landssamtökum skógareigenda og Héraðsskógum.

Frumvarpið er í meginatriðum byggt á lögum nr. 93/1997, um Suðurlandsskóga, og er í því lagt til að landbrh. verði veitt heimild til að stofna til landshlutabundinna skógræktarverkefna í líkingu við Suðurlandsskóga. Verði ráðherra veitt heimild til að stofna til verkefna án þess að sérstaka lagasetningu þurfi í hverju tilviki. Er stefnt að því að þegar reynsla verður komin á framkvæmd laga samkvæmt frv., sem og lögum um Suðurlandsskóga og Héraðsskóga, fari fram endurskoðun á þeim með það að markmiði að um landshlutaverkefni gildi einn lagabálkur í stað þriggja.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Helstu efnisbreytingar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að stjórnir einstakra verkefna verði skipaðar til fjögurra ára en ekki tveggja eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þá verði einn stjórnarmaður skipaður af skógræktarfélögum á viðkomandi svæði og verði stjórnarmenn því fjórir, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir verði þrír.

2. Bætt verði við frumvarpið ákvæði til bráðabirgða þar sem fram komi að fara skuli fram mat á umhverfisáhrifum landshlutaáætlunar áður en stofnað er til landshlutaverkefnis þar til fram hefur farið endurskoðun laga nr. 63/1993.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali."

Egill Jónsson og Lúðvík Bergvinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Aðrir fulltrúar í landbn. skrifa undir álitið.

[23:32]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég á sæti í hv. landbn. og stend að því nál. sem hv. þm. Guðni Ágústsson var að gera hér grein fyrir. Hér er um að ræða mjög merkilegt mál, þ.e. lagasetning um landshlutabundin skógræktarverkefni, en gerð er tillaga um almenna löggjöf á þessu sviði. Áður höfum við afgreitt á hinu háa Alþingi tvenn lög um þetta efni, lög um Héraðsskóga og nú síðast lög um Suðurlandsskóga.

Herra forseti. Það er greinilegt að mikill vilji er hjá bændum þessa lands og frjálsum félagasamtökum og stjórnmálamönnum að efla skógrækt í landinu og er það hið besta mál og skylda okkar alþingismanna að búa um þá starfsemi góða löggjöf og tryggja að skipulag sé sem best. Ég tel að það sé gert í þessu frv. sem er hér til 2. umr. Hv. landbn. fór vandlega yfir málið og leitaði ráða ráða hjá fjölmörgum einstaklingum eins og kom fram í máli hv. þm. Guðna Ágústssonar.

Frv. sjálft gerir ráð fyrir tiltekinni umgjörð um málið sem ég ætla ekki að lýsa hér vegna þess að það var gert við 1. umr. En nokkrar brtt. eru gerðar á frv. sem eru mjög mikilvægar að mati okkar í landbn. Við lengjum tímann við stjórnun verkefna. Það er eðlilegt við nánari athugun að menn séu skipaðir til lengri tíma, fjögurra ára, enda eru fjögur ár ekki langur tími í skógrækt, en þess má geta að landshlutaáætlanirnar okkar eiga að ná til 40 ára. Hér er því hugsað til langs tíma og hugsað stórt.

Mjög mikilvæg breyting er gerð í stjórn landshlutaverkefnanna. Stjórnamönnum fjölgar um einn og hann er skipaður af skógræktarfélögunum á viðkomandi svæði. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði. Þarna eru hin frjálsu félagasamtök tengd inn í þessa vinnu og ég er þess fullviss, herra forseti, að samstarfið milli aðila, hvort sem þeir koma frá Skógrækt ríkisins, skógarbændum, skógræktarfélögum eða landbrh., þ.e. milli þeirra aðila sem skipaðir verða í verkefnisstjórn, verði hið besta.

Þó er nú e.t.v. mikilvægasta ákvæðið sem bætist við frv. samkvæmt brtt. landbn. það að fara skuli fram mat á umhverfisáhrifum landshlutaáætlunar áður en stofnað er til landhlutaverkefna. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði að mati landbn. og okkar stjórnarandstæðinga sérstaklega. Þetta var ágreiningsefni á sínum tíma þegar löggjöfin um Suðurlandsskóga var afgreidd. Þess ber hins vegar að geta að í bráðabirgðaákvæðinu segir einnig að þessi skylda að láta fara fram umhverfismat gildi þar til endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum er lokið. Sú vinna er í gangi og er komin nokkuð langt. Það liggur fyrir hálfbúið frv. um það efni og ég er þess fullviss að löggjöf um mat á umhverfisáhrifum verði lögfest á næsta þingi án tillits til þess hvaða ríkisstjórn tekur við. Hér er því vísað til lagasetningar sem núna er í farvatninu og mjög líklegt að menn muni halda áfram þeirri endurskoðunarvinnu sem hefur verið unnin í ráðuneytinu.

Það er hins vegar mjög mikilvægur þáttur að okkar mati að umhverfismatið fari fram og þar með tryggt samræmi við bæði umhverfi og samtök og skipulag á hverju svæði. Vitaskuld er einna mikilvægast við þessa lagasetningu að um hana ríki sátt og það að nást skyldi sátt innan landbn. um þetta mál á hinu háa Alþingi er mjög gott. Ég fagna því sérstaklega.

Landbn. hefur afgreitt tvo mikilvæga málaflokka núna á síðustu dögum. Hinn var um búnaðarfræðslu. Við bárum einnig gæfu til að standa sameiginlega að breytingartillögum og afgreiðslu málsins þar sem meiri hlutinn tók fullt tillit til sjónarmiða okkar í minni hlutanum. Þar urðu góð skoðanaskipti. Það sama átti sér stað um landshlutverkefnin sem hér eru til umræðu því að meiri hlutinn sýndi sanngirni í mati á röksemdum okkar stjórnarandstæðinga. Niðurstaðan er sameiginlegt nál., sameiginlegar brtt., og ég er þess fullviss að lögfesting um landshlutabundin skógræktarverkefni eigi eftir að reynast landinu farsæl og verða lyftistöng ekki hvað síst hinum dreifðu byggðum landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður landbúnaðarins, 1. umr.

Frv. landbn., 607. mál (aðsetur). — Þskj. 1133.

[23:38]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997, með síðari breytingum. Það er frv. frá landbn. 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

Við 1. gr. laganna bætist nýr málsliður er verði 2. málsl., svohljóðandi: Aðsetur hans er á Selfossi.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með frv. fylgir greinargerð þar sem aðalatriðin eru á þá leið að á síðari hluta síðasta árs kom fram tillaga frá landbúnaðarráðherra um að kannað yrði hvort hægt væri að flytja aðsetur Lánasjóðs landbúnaðarins frá Reykjavík. Var

það tekið til skoðunar í stjórn sjóðsins sem komst að þeirri niðurstöðu að ekkert væri því til fyrirstöðu að sjóðurinn gæti þjónað viðskiptamönnum sínum frá öðrum stað en Reykjavík. Eftir ítarlega könnun lagði stjórn lánasjóðsins til við landbúnaðarráðherra að höfuðstöðvar sjóðsins yrðu fluttar á Selfoss og hefur hann fallist á þá tillögu.

Nokkur vinna hefur verið lögð í fyrirhugaðan flutning sjóðsins. Þá var nýráðnum framkvæmdastjóra hans gerð grein fyrir fyrirhugðum flutningi er hann var ráðinn til starfsins.

Þetta mál er því á fullri ferð og ég vona í góðri sátt bæði við starfsfólk og innan stjórnar þessa sjóðs og við bændur þessa lands. Jafnframt var ákveðið í stjórn sjóðsins að þjónustustöð verði verði rekin norðan lands í tengslum við þessa breytingu þannig að hann geti þjónað landinu sem allra best.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, hæstv. forseti, og legg til að frv. verði samþykkt á þessu þingi og tel það reyndar mikilvægt.

[23:40]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem hv. þm. Guðni Ágústsson gerði hér grein fyrir er flutt af landbn. og þar með af mér sem á sæti í landbn. Málið á sér nokkurn aðdraganda, þann að hér í þinginu hefur verið til umfjöllunar stjfrv. um almenna heimild til ráðherra að flytja ríkisstofnanir út á land. Pólitískur ágreiningur hefur verið um það frv. bæði þegar það var fyrst lagt fram fyrir áramót og svo aftur í þinginu. Það hefur orðið niðurstaða núna undir lok þessa þings að ekki er knúið á um það frv. Það hefur verið tekið út af dagskrá þessa fundar. Það þýðir að þessi almenna heimild sem við stjórnarandstæðingar erum reyndar mjög á móti verður ekki lögfest. En nauðsynlegt er að skoða málefni lánasjóðsins sérstaklega vegna þess að flutningur er þegar hafinn, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson gerði grein fyrir.

Við í stjórnarandstöðunni erum fylgjandi því að ríkisstofnanir verði fluttar út á land. Við höfum hins vegar verið þeirrar skoðunar að slíkt eigi að koma fyrir Alþingi hverju sinni og að sækja eigi um heimildir um það efni. Það getur að vísu gilt annað um nýjar stofnanir. Við teljum því að hér sé um eðlileg vinnubrögð að ræða og ekki mun standa á okkur að greiða þessu máli leið í gegnum þingið þannig að það verði að lögum annaðhvort í nótt eða í fyrramálið, líklega í fyrramálið.

Uppi voru spurningar um hvert sjóðurinn ætti að fara eins og menn þekkja úr fjölmiðlum. Ég ætla ekki að leggja neitt mat á Húsavík eða aðra staði sem mig minnir að hafi verið nefndir. Niðurstaða þeirrar umræðu milli starfsmanna stjórnar og landbrh. er að sjóðurinn fari á Selfoss. Ég held að það sé mjög góð niðurstaða, hann sé þar vel kominn og það verður unnið að þeim verkefnum sem honum er falið samkvæmt lögum. Því tel ég að frv. sé mjög eðlilegur framgangsmáti gagnvart þessari löggjöf, þ.e. að það er borið undir Alþingi með frv. hvort sjóðurinn skuli fluttur á tiltekinn stað, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Þessari aðferðafræði fylgjum við í stjórnarandstöðunni. Við styðjum málið og munum leggja því það lið sem við getum til að það geti orðið að lögum sem fyrst.

[23:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni, hv. þm. Ágústi Einarssyni, að ég er því hlynntur að stuðlað sé að því að flytja ríkisstofnanir út á land. Það á ekki að vera sjálfgefið að þær séu staðsettar í Reykjavík, engan veginn. En það er eðlilegt, eins og fram kom í hans máli, að um slíkt sé fjallað á Alþingi, og að það eigi við jafnt um nýjar stofnanir sem aðrar. Þetta er hlutur sem skiptir máli og er eðlilegt að komi til umfjöllunar á Alþingi. Þetta vil ég að komi fram í ljósi þess að því hefur stundum verið haldið fram í þessum sal að það eigi að vera komið undir duttlungavaldi viðkomandi ráðherra hvar hann staðsetur stofnanir og hefur þá stundum verið uppi sá misskilningur að þeir sem lagt hafa áherslu á að ákvarðanir af þessu tagi komi fyrir Alþingi séu á því máli að allar stofnanir eigi að vera í Reykjavík. Því fer fjarri.

Þetta vil ég að komi fram í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið í tímans rás um flutning ríkisstofnana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni fatlaðra, 2. umr.

Stjfrv., 564. mál (starfsmenn svæðisskrifstofu). — Þskj. 924, nál. 1095 og 1097.

[23:45]

Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá félagsmálaráðuneyti Sturlaug Tómasson og frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana Jens Andrésson og Árna Stefán Jónsson.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er stefnt að því að auðvelda yfirtöku sveitarfélaga á þjónustu við fatlaða á grundvelli laganna. Nokkur sveitarfélög hafa sýnt því áhuga að yfirtaka þjónustu við fatlaða en þar sem skort hefur lagaákvæði um réttarstöðu starfsmanna svæðisskrifstofu málefna fatlaðra við yfirtöku sveitarfélaga á þjónustunni hefur verið vandkvæðum bundið að ganga til slíkra samninga. Tímabundnir samningar hafa engu að síður verið gerðir en í þeim samningum tókst ekki að leysa starfsmannamálin þar sem lagaákvæði skorti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir starfsmenn sem eru í starfi þegar tímabundinn þjónustusamningur tekur gildi haldi starfi sínu. Ráðningarsamband ríkisins við þessa starfsmenn helst í sjálfu sér óbreytt, þeir starfa áfram sem ríkisstarfsmenn og fá greidd laun samkvæmt sömu kjarasamningum og réttur til aðildar að lífeyrissjóðum helst óbreyttur. Stjórnunarheimildir gagnvart starfsmönnum verða hins vegar framseldar tímabundið til sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar og þessir aðilar sjá einnig um að ráða nýja starfsmenn sem þörf kann að verða á að ráða og verða þeir, þ.e. hinir nýju starfsmenn, alfarið starfsmenn sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar en ekki í ráðningarsambandi við ríkið eins og nú er.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

[23:47]

Frsm. minni hluta félmn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir nál. minni hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra.

Minni hlutinn gerir athugasemdir við það hve frumvarpið kemur seint fram eða í síðustu viku þingsins. Um er að

ræða breytingu á lögum um málefni fatlaðra vegna tímabundinna samninga skv. 13. gr. laganna. Lagt er til að nýtt ákvæði til bráðabirgða heimili að hlutaðeigandi starfsmenn svæðisskrifstofu verði í þjónustu viðkomandi sveitarfélags, byggðasamlags eða héraðsnefndar en ekki starfsmenn ríkisins.

Minni hlutinn telur varasamt að hrófla við stéttarfélagsaðild þeirra starfsmanna sem fara tímabundið til annars rekstraraðila, eins og lagt er til í fyrirliggjandi frumvarpi. Með hliðsjón af því að fulltrúar Starfsmannafélags ríkisstofnana mæla ekki með samþykkt frumvarpsins og þess að ekki gefst nægjanlegur tími til að fara með fullnægjandi hætti yfir málið mun minni hlutinn ekki standa að afgreiðslu þess.

Undir þetta nál. skrifa Guðný Guðbjörnsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

[23:49]

Frsm. meiri hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst gæta ónákvæmni í nál. minni hlutans að því leytinu til að það er ekki verið að hrófla við stéttarfélagsaðild. Þeir sem eru í Starfsmannafélagi ríkisstofnana verða þar áfram en nýir starfsmenn verða félagar í stéttarfélagi bæjarstarfsmanna á viðkomandi stað þannig að mér finnst ekki rétt að segja að verið sé að hrófla við stéttarfélagsaðild. Að mínum dómi er um miklu eðlilegra samband að ræða þegar þeir sem vinna á vegum sveitarfélagsins hafa samningsrétt við það sveitarfélag. Það hlýtur að vera stór galli núna að þeir sem eru starfsmenn þessara tilraunasveitarfélaga, þ.e. þeirra sem eru með þessi tilraunaverkefni, geta ekkert samið við þau. Þeir eru starfsmenn ríkisins. Það hlýtur að vera miklu eðlilegra að þeir séu starfsmenn viðkomandi sveitarfélaga. Þeir skipta hins vegar ekki um stéttarfélag en nýir starfsmenn verða aðilar að viðkomandi stéttarfélagi bæjarstarfsmanna.

[23:50]

Frsm. minni hluta félmn. (Guðný Guðbjörnsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Með minnihlutaálitinu fylgir umsögn frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Þeir nefndu einmitt á fundi félmn. að meginmálið væri náttúrlega hvort af yfirfærslu málaflokksins í heild verði eða ekki og þá hvernig henni verður hagað með tilliti til starfsmanna þessara stofnana þegar þar að kemur.

Það gæti auðvitað farið svo að ekki yrði af þessum flutningi og þar með yrðu þá þessir starfsmenn ríkisstarfsmenn. Það er það sem átt er við með að hugsanlega sé verið að hrófla við þessu. Þess vegna mæla þeir eindregið með því að Starfsmannafélag ríkisstofnana geti samið við sveitarfélögin á meðan málin eru í þessu limbói sem þau eru í.

A.m.k. var það okkar niðurstaða að ekki væri rétt að hrófla við þessu á meðan ákvörðun hefur ekki verið tekin um yfirflutning málaflokksins í heild.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 2. umr.

Stjfrv., 585. mál. — Þskj. 978, nál. 1104 og 1139.

Umræðu frestað.

Háskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 509. mál (heildarlög). — Þskj. 821, nál. 1109, brtt. 1110.

[23:54]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um Háskóla Íslands frá menntmn.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar þess að almenn lög voru sett um háskóla í árslok 1997. Þau lög, nr. 136/1997, hafa að geyma meginreglur um starfsemi háskóla þar sem kveðið er almennt á um hlutverk háskóla, stjórnsýslu hans og fjárveitingar til hans frá ríkisvaldinu. Við setningu laganna var gert ráð fyrir að lög hvers háskóla yrðu endurskoðuð og einfölduð, nánari útfærslur á starfsemi hvers skóla yrði að finna í sérlögum, reglugerð og öðrum reglum hvers skóla. Ákvæði frumvarpsins eru í samræmi við þetta.

Í frumvarpinu er að finna grundvallarreglur um stjórnskipulag, stjórnsýslu, starfslið og nemendur skólans. Nánari reglur um starfsemi Háskóla Íslands setur háskólaráð sem er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Í samræmi við lög um háskóla, nr. 136/1997, er eitt af grundvallarmarkmiðum frumvarpsins að auka sjálfstæði Háskóla Íslands. Kemur það m.a. fram í því að lagt er til að háskólinn fái aukið vald til þess að setja sjálfur reglur um ýmis framkvæmdar- og útfærsluatriði, án atbeina menntamálaráðherra. Í samræmi við það er lagt til í frumvarpinu að háskólarektor ráði kennara skólans og flesta aðra starfsmenn í stað menntamálaráðherra eins og nú er. Einnig er gert ráð fyrir að reglur sem varða starfsemi skólans og deilda innan hans verði settar af aðilum innan háskólans en samkvæmt gildandi lögum setur ráðherra í reglugerð ýmsar af þessum reglum. Þá eru lagðar til róttækar breytingar á æðstu stjórn háskólans en gert er ráð fyrir að hún verði falin háskólaráði og rektor. Þá er gert ráð fyrir að komið verði á háskólafundi sem yrði eins konar þing háskólamanna þar sem saman koma fulltrúar deilda og stofnana háskólans, fulltrúar starfsmanna, stjórnsýslunnar, stúdenta og þjóðlífs. Honum er ætlað tvenns konar hlutverk, annars vegar að vera samráðsvettvangur og koma að sameiginlegum málefnum háskólans og hins vegar að veita umsögn þegar meginreglur er varða stjórnskipulag háskólans eru settar. Æðsta stjórn háskólans er í höndum háskólaráðs, rektors og sameiginlegrar stjórnsýslu.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar til samræmingar annars vegar við lög um háskóla, nr. 136/1997, og hins vegar við lög um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, og frumvarp um Háskólann á Akureyri sem liggur fyrir þinginu.

Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting á 3. mgr. 2. gr.

Í lögum um háskóla er í 3. mgr. 19. gr. kveðið á um að í sérlögum skuli setja reglur um hvernig háttað skuli gjaldtöku af nemendum vegna náms við viðkomandi skóla. Í 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um greiðslu skrásetningargjalds. Fjárhæð skrásetningargjalds tekur mið af kostnaði vegna innritunar, kennsluefnis og annars sem skólinn lætur nemendum í té og er nauðsynlegt vegna starfsemi skólans. Nefndin leggur til orðalagsbreytingu á þeirri grein til samræmis við sérlög um aðra háskóla en í 2. mgr. 4. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands er að finna sambærilegt orðalag. Með breytingunni kveður frumvarpið á um að við skrásetningu til náms greiði stúdent skrásetningargjald, allt að 25.000 kr. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Í þriðja lagi leggur nefndin til orðalagsbreytingu á 2. mgr. 18. gr. til samræmis við sambærileg ákvæði í frumvörpum sem eru til afgreiðslu í þinginu um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands og um Háskólann á Akureyri, og urðu þau frumvörp raunar að lögum fyrr í dag. Lögð skal áhersla á að háskólaráði er heimilt að semja við ýmsa aðila, t.d. stúdentaráð Háskóla Íslands sem samtök stúdenta, um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskóla Íslands að því tilskildu að farið sé að ákvæðum 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Samið hefur verið við stúdentaráð hingað til um að veita ákveðna þjónustu og komið hefur fram í máli fulltrúa Háskóla Íslands að engin áform eru uppi um að breyta því fyrirkomulagi.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Menntmn. er einróma í afgreiðslu sinni en hv. þingmenn Guðný Guðbjörnsdóttir og Svanfríður Jónasdóttir skrifa undir nál. með fyrirvara.

[23:59]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér er komið til 2. umr. frv. til laga um Háskóla Íslands. Frv. hefur fengið nokkuð vandaða umfjöllun í menntmn. eftir því sem tími gafst til því að málið kom mjög seint fram á þessu þingi. Þó virðist ljóst að mikil eining er ríkjandi um afgreiðslu málsins í heild fyrir utan eitt tiltekið atriði sem er í 18. gr. og varðar stúdentaráð Háskóla Íslands og fulltrúar stúdentaráðs hafa gert athugasemdir við þessa grein.

Að öðru leyti hefur tekist vel við að sætta þau sjónarmið sem voru mörg og ólík í fyrra þegar rammalöggjöfin um háskólastigið var samþykkt. Ég vil láta í ljós ánægju með það hversu vel hefur tekist til með þetta frv. í heild.

Svo ég komi aðeins nánar að 18. gr. er þar mjög athyglisverð deila sem að því er virðist er aðallega um orðalag. Þar er mjög stórt prinsippmál á ferðinni sem reyndar er komið að í nál. Í frv., í 2. tölul. 18. gr. er þetta orðað svo, með leyfi forseta:

„Háskólaráði er heimilt að semja við stúdentaráð Háskóla Íslands, önnur félög stúdenta, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskóla Íslands enda sé farið að ákvæðum í 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins."

Stúdentaráð gerði athugasemdir við þetta orðalag þar sem gefið er til kynna að stúdentaráð sé félag en því hafnar meiri hluti stúdentaráðs alfarið. Stúdentráð er lýðræðislega kjörin fulltrúasamtök stúdenta og hefur verið það síðan 1920. Ráðið á því langa hefð innan háskólasamfélagsins. Í háskólaráði sitja 22 fulltrúar háskólastúdenta en ekki allir stúdentar. Því er skýrt að ekki er um félag að ræða heldur fulltrúasamkomu stúdenta.

Menntmn. fellst á að breyta þessu orðalagi, sbr. brtt. við 18. gr. á þskj. 1110. Orðalagið í brtt. er skárra en í frv. en það er ófullnægjandi að því leyti að stúdentaráð er ekki nefnt í textanum. Í brtt. segir:

„Háskólaráði er heimilt að semja við stúdenta, samtök þeirra eða félög, hollvinasamtök, einstaklinga, samtök þeirra og fyrirtæki eða opinberar stofnanir um að taka að sér þjónustu fyrir hönd Háskóla Íslands ..."

Þar með er stúdentaráð hvergi nefnt í þessum lögum um Háskóla Íslands sem ég tel mjög miður. Þó er til bóta, eins og fram kom hjá frsm. menntmn., hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, að í nál. er sérstaklega getið um stúdentaráð Háskóla Íslands sem samtök stúdenta og að háskólaráði sé heimilt að semja við þau um tiltekna þjónustu eins og hingað til og engin áform séu um að breyta því fyrirkomulagi.

Þessi yfirlýsing í nál. er til bóta að mínu mati. Mun æskilegra hefði hins vegar verið að nefna stúdentaráð í lagatextanum til að tryggja lagalega stöðu ráðsins. Einkum þess vegna skrifa ég undir nál. með fyrirvara.

Mér er kunnugt um að stúdentar munu sætta sig við þessa afgreiðslu málsins þó þeir hefðu fremur kosið að stúdentaráð væri nefnt í lagatextanum. Mér finnst mjög umhugsunarvert að þessi afgreiðsla á sér stað samtímis því að stúdentar fá þann gleðiboðskap að fara eigi að tillögum þeirra að hluta til, um að breyta úthlutunarreglunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það á að fara að tillögum þeirra frá sl. ári um að hækka framfærslugrunn námslána og hækka frítekjumarkið, þ.e. þá upphæð sem stúdentar mega vinna sér inn áður en til skerðingar á námslánum kemur.

Tímasetning þessarar tilkynningar hæstv. menntmrh. er mjög skiljanleg í ljósi kosninganna sem eru fram undan og ekki síður vegna þeirra breytinga á texta sem hér hafa orðið. Þessi texti var stórpólitískt mál í stúdentaráðskosningunum í háskólanum fyrir skömmu, þar sem Röskva hélt þeim skilningi fram að stúdentaráð væri fulltrúasamkoma stúdenta en Vaka hafði aðra skoðun á málinu. Texti frv. var meira í ætt við skilning Vöku. Sú brtt. sem hér er samþykkt gefur ráðherra færi á að komast hjá því að taka skýra afstöðu til þess máls. Alla vega finnst mér mjög rausnarlega boðið af hæstv. menntmrh. að slá út 300 millj. svona rétt fyrir kosningar, kannski nokkuð óábyrgt. Þarna eru mjög miklir fjármunir í veði. Vissulega fagna ég því að stúdentar fá þessar hækkanir en furða mig á tímasetningu ákvörðunarinnar þar sem ekki var með nokkru móti hægt að gera þetta fyrir ári síðan, þegar mikið var tekist á um þessi mál í þingsölum.

En svona gerast kaupin á eyrinni. Þetta frv. um Háskóla Íslands virðist orðið nokkuð gott og ég fagna því. Ég veit að háskólamenn bíða eftir því að geta unnið eftir þessu nýja frv. Þess vegna er ég ánægð með að takast skyldi að afgreiða það á þessu þingi.

[00:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af orðum hv. þm. taka það fram að það er alls ekki óábyrgt að tilkynna það að hækkuð verði grunnframfærsla vegna námslána eða þá að stefnt sé að því að hækka frítekjumarkið. Þannig er málum háttað að fjárhagur Lánasjóðs ísl. námsmanna á þessu ári leiðir hækkun grunnframfærslunnar. Að því er varðar hækkunina á frítekjumarkinu þá er það málefni sem verður tekin afstaða til við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2000 en útgjaldaaukning vegna þess er 85 millj. kr. úr ríkissjóði. Ég tel því ekki um óábyrga afstöðu mína að ræða eða óábyrga meðferð á fjármálum ríkissjóðs. Ég tel að nú sé rétti tíminn til að gera þetta þegar ljóst er, eftir reynsluna af breytingunni á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna, að góð stjórn er á fjármálum sjóðsins. Þess vegna hefur þetta svigrúm skapast og það á að nýta það til að koma til móts við hagsmuni námsmanna.

Að því er efni háskólafrv. varðar vil ég láta þess getið að það er fagnaðarefni að samstaða hefur náðst um niðurstöðu í þessu máli í hv. menntmn. Það hefur allt gengið eftir þannig að ég tel mjög ásættanlegt. Hins vegar er það, fyrir okkur sem unnum að gerð frv., að sjálfsögðu viss breyting á frv. að fella stúdentaráð Háskóla Íslands algerlega út úr þessum

lagatexta. Niðurstaða hv. menntmn. var sú að gera það. Fyrir liggur að nefndin leggur til breytingar á frv. eins og við blasir og það er vissulega mikilsvert atriði eins og hv. þm. vék að í máli sínu.

[00:09]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt af orðum hæstv. menntmrh. að hér er ákveðinn misskilningur á ferðinni. Við í minni hluta menntmn. lögðum eindregið til annað orðalag, þ.e. að það yrði samið við stúdentaráð, félög stúdenta, háskólaráð eða aðra aðila. Fyrst ráðherra skilur málið svona þá munum við að sjálfsögðu koma með brtt. í þá veru við 3. umr.

Varðandi breytingarnar á lánasjóðsúthlutunarreglunum finnst mér athyglisvert ef ekki hefur verið fyrirséð fyrir einu ári hvernig afkoma sjóðsins yrði. Það má þá skilja hæstv. ráðherra þannig að þessi breyting á lögunum í fyrra hafi haft svo mikla hagræðingu í för með sér að nú sé allt í einu nóg af peningum til. Ég vil gjarnan spyrja hann hvort það sé réttur skilningur, þ.e. hvort rekstrarafkoma lánasjóðsins sé önnur og miklu betri núna heldur en fyrirséð var fyrir einu ári.

[00:11]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það sem hv. þm. mótmælti úr máli mínu, þá tók ég mið af þeirri tillögu sem liggur hérna fyrir. Ég veit ekki hvernig umræður þróuðust í nefndinni um þetta atriði. Frv. tekur þessum breytingum og um það er sátt í menntmn. Ég tel þetta viðunandi niðurstöðu og geri ekki athugasemdir við hana. Það má ekki skilja orð mín á þann veg. Hv. þm. vék sérstaklega að breytingunni og það er breyting sem sátt varð um í nefndinni.

Að því er varðar fjármálin þá lá ekki ljóst fyrir fyrr en nú hvernig hagur Lánasjóðs ísl. námsmanna væri og reynslan af lagabreytingunni frá 1997, sem nú hefur gengið í gegnum úthlutanir. Með hliðsjón af þeirri reynslu meta menn stöðu sjóðsins þannig að á þessu ári sé svigrúm, eins og fram kemur í þeirri tilkynningu sem ráðuneytið sendi frá sér um málið í gær og þingmenn hafa, þ.e. 120 millj. kr. svigrúm innan fjárlagaramma sjóðsins til að koma til móts við námsmenn. Við munum nota það svigrúm til að hækka grunnframfærsluna núna á þessu ári.

[00:12]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Sú umræða sem nú hefur farið fram um þetta mál hér við 2. umr. hefur þegar leitt í ljós ákveðinn misskilning. Misskilningurinn byggist á því að hæstv. ráðherra telur hafa orðið ákveðið samkomulag í nefndinni um orðalag í frv. Hins vegar er rétt að fram komi að fyrirvari minn og hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur er einmitt við þetta orðalag. Þó að orðalagið væri ekki ásættanlegt fyrir okkur þá mátum við það þannig að lengra yrði ekki komist. Það mat okkar byggðist á umræðu sem ekki var hægt að skilja öðruvísi en svo að sú niðurstaða byggðist á ákvörðun annars staðar en í hv. nefnd. Sé einungis um ákvörðun nefndarinnar að ræða og hún geti því breytt þessu orðalagi, þá verður þess að sjálfsögðu freistað við 3. umr. Þykir mér líklegt, fyrst svona er í pottinn búið, að nefndin hefji vinnu við að breyta þessu orðalagi í þá veru sem ásættanlegri er fyrir alla.

Það er nefnilega svo, herra forseti, að menn hafa teygt sig býsna langt í ákveðnum skilningi og er dálítið merkilegt þegar í ljós kemur, hér í umræðum, að sá vilji sem menn sýndu til samkomulags hafi verið byggður á misskilningi. Ég er ansi hrædd um að hv. nefnd þurfi að endurskoða það sem hér liggur fyrir.

Svo ég fari nánar yfir það er stúdentaráð Háskóla Íslands lagt að jöfnu við önnur félög stúdenta samkvæmt texta þessa frv. Eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir rakti ágætlega er með þessu, eins og málið er sett fram hér, gróflega gripið inn í innri mál stúdenta við Háskóla Íslands. Eins og hér var rakið er beinlínis tekin afstaða í deilu á milli hinna pólitísku félaga háskólastúdenta. Hér er tekin afstaða gegn meiri hluta stúdentaráðs. Því er ekki óeðlilegt að sá hinn sami meiri hluti legði býsna mikið á sig til að fá fram breytingar á frv. í þá veru að það samræmdist vilja hans. Að mínu mati var stigið skref í þá átt en alls ekki það skref sem ég hefði viljað sjá. Þar vil ég fyrst og fremst nefna að það er slæmt að við skulum hafa hér frv. og brtt. við það sem munu leiða til, ef þær verða samþykktar svona, að stúdentaráð Háskóla Íslands verður hvergi nefnt í lagatextanum. Fyrst þetta er hins vegar í höndum nefndarinnar, þá tel ég víst að meiri hluti sé fyrir því í nefndinni að breyta þessu aftur í þá veru að enn ásættanlegra verði fyrir nefndarmenn og meiri hluta stúdentaráðs Háskóla Íslands. Ég geri því ráð fyrir að hér verði lögð fram brtt. við 3. umr. og hún afgreidd þegar þar að kemur.

Þegar þetta frv. kom til 1. umr. gerði ég þrjár athugasemdir. Ein var um 18. gr. sem hefur aðallega verið gerð að umtalsefni, önnur var við orðalagið í 3. lið 13. gr., sem brtt. er um, þannig að það er ásættanlegt. Þriðja atriðinu átti ég aldrei von á að menn breyttu en taldi samt rétt að halda því til haga í umræðunni en það snýr að þjóðlífsfulltrúanum í háskólaráði. Eins og menn þekkja var tekist nokkuð á um það atriði þegar samþykkt var rammalöggjöf um háskóla og svo virðist að mönnum hafi þá verið sagt að það mundi vera hægt að ræða það atriði frekar þegar kæmi að löggjöfinni um Háskóla Íslands, hvernig vali þeirra fulltrúa yrði háttað, og eitthvert ósætti vegna þess að mönnum finnst kannski að þeirri kröfu hafi ekki verið mætt eða ekki við hana staðið. Ég var ekki viðstödd þær umræður þar sem slíkir svardagar eða loforð áttu sér stað þannig að ég vil ekki ræða það frekar en alltént fannst mér ástæða til að nefna það við umræðuna en átti svo sem ekki von á að því yrði mætt á nokkurn hátt enda var það ekki.

Aðeins frekar um efni það sem hefur þegar verið rætt í umræðunni. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir gat þess að í gær hefði verið tilkynnt sú ákvörðun að breyta frítekjumarki og hækka námslán og það er vissulega fagnaðarefni. Það er vissulega fagnaðarefni að hæstv. menntmrh. telur að nú séu svo rúm fjárráð að óhætt sé að ganga til þess að mæta kröfum stúdenta frá því fyrir ári og mundu sumir segja að betra væri seint en aldrei. Það vekur hins vegar athygli mína, herra forseti, ef um er að ræða tillögur frá hæstv. menntmrh. og er þá sama hvort um er að ræða hækkanir á námslánum, byggingu menningarhúsa eða hvaðeina, þá er það að mér skilst tiltölulega ábyrg afstaða að setja slíkt fram. Hins vegar ef aðrir setja fram tillögur sem kunna að kosta peninga er það óábyrg afstaða. Það er svolítið sérkennileg aðgreining sem á sér stað og væri efni í sjálfstæða umræðu um það hvernig menn forgangsraða og horfa til útgjalda úr ríkissjóði en mönnum er væntanlega enn í fersku minni hvernig hæstv. menntmrh. tók á þeim hlutum í eldhúsdagsumræðum í fyrrakvöld. Í því ljósi undrast menn kannski þessar 85 millj. sem hæstv. ráðherra ætlar að snara út úr ríkissjóði ofan á annað sem hann er búinn að vera að skrifa undir og lofa upp á

síðkastið. En ábyrg afstaða eða óábyrg, það fer greinilega þannig að veldur hver á heldur, og eins og ég segi, er fagnaðarefni út af fyrir sig að forgangsröðunin skuli þó vera þessi núna. Hún hefur stundum verið önnur og verður fróðlegt að skoða niðurstöður Lánasjóðs ísl. námsmanna þegar þar að kemur. Hins vegar er það svo að með fjárlagafrv. fylgdi ákveðið yfirlit yfir sjóðinn og þar gátu menn nokkurn veginn séð hvernig fjárhagur sjóðsins var.

Ég minnist þess ekki að sérstaklega hafi verið rætt í fjárlagaumræðunni að staða sjóðsins væri slík að nú væri kostur á hækkunum og það er sérkennilegt, herra forseti, að menn skuli ekki uppgötva þessar tölur fyrr en núna, hálftíma fyrir kosningar og korteri fyrir landsfund Sjálfstfl. En eins og ég sagði áðan, batnandi mönnum er best að lifa og kannski eru fleiri matarholur sem hæstv. ráðherra á eftir að finna fyrir kosningar. Skammur tími í landsfund Sjálfstfl. en aldrei að vita nema hægt sé að boða til eins og tveggja blaðamannafunda áður en hann brestur á og tilkynna um (**Gripið fram í:** Meiri peninga.) meiri peninga og frekari framkvæmdir, en við skulum sjá til. Það er okkur í stjórnarandstöðunni nánast undrunarefni á hverjum degi hvaða hugmyndaflug menn hafa í þessum efnum.

Enn og aftur, herra forseti, það sem gerði það að verkum að ég skrifaði undir þetta frv. með semingi, þ.e. með fyrirvara, var í rauninni íhlutun um innri málefni Háskóla Íslands, stúdenta að þessu sinni, sem mér fannst dálítið merkileg og er alls ekki sátt við þá niðurstöðu þó svo ég hafi skrifað undir þetta nál. og byggir fyrirvari minn á því. Ég mat það hins vegar þannig að lengra yrði ekki komist því að eins og ég sagði, var ýmislegt sem benti til þess að þvergirðingsháttur-inn hvað varðaði orðalagið ætti sér upptök og endi annars staðar en í nefndinni sjálfri en fyrst svo er ekki þá tel ég einsýnt að það verði hægt að breyta þessu orðalagi og gera það ásættanlegra bæði fyrir okkur í nefndinni og stúdentaráð Háskóla Íslands.

[00:23]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef heyrt skýringar hv. ræðumanna á fyrirvara þeirra og hef fullan skilning á því en ég lít ekki þannig á að þetta frv. eins og það er veiki með nokkrum hætti stöðu stúdentaráðs Háskóla Íslands. Það veikir það ekki og staða stúdentaráðs Háskóla Íslands breytist ekkert við þetta frv. Ég vakti hins vegar athygli á því sama atriði og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir gerði en að staða stúdentaráðs veikist við þetta frv. er röng túlkun á frv. og einnig á því áliti sem menntmn. hefur gefið.

Hins vegar er rétt að ég ítreki það varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna að þá hefur hann bolmagn til þess að standa undir hækkun á grunnframfærslunni og hækkun vegna þess að frítekjumarkið er hækkað úr 185 þús. kr. í 250 þús. kr., leiðir til 85 millj. kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð.

Það er næsta undarlegt fyrir mig, herra forseti, að standa hér nú og sitja undir ásökunum um það frá hv. stjórnarandstæðingum að ég sé að eyða of miklum fjármunum til menntamála eftir að hafa verið hér í fjögur ár undir stöðugum ásökunum um að ég sé að skera fjármuni allt of mikið við nögl þegar menntamálin eru til umræðu á hinu háa Alþingi.

[00:24]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Misskilningur á misskilning ofan. Hæstv. ráðherra hefur greinilega ekki tekið eftir því að okkur finnst það fagnaðarefni að hann skuli hafa fundið þessa matarholu. Við óskuðum þess bara að hann hefði fundið hana fyrr. Okkur finnst það svolítið seint á ferðinni að verða að hækka námslán og hækka frítekjumark rétt fyrir kosningar.

Fyrir ári óskuðu stúdentar eindregið eftir að það yrði gert sem nú er verið að gera og það hefði verið eðlilegra að við því hefði verið brugðist þá en ekki nú.

Aðeins vegna stöðu stúdentaráðs Háskóla Íslands. Ég tók eftir því að ráðherra lítur þetta mál með ákveðnum hætti. En það er bara ekki sama mat sem liggur til grundvallar hjá hæstv. ráðherra og hjá nefndarmönnum. Þess vegna var farið í það, herra forseti, eftir að þessar brtt. lágu fyrir og eftir að ljóst var að ekki var hægt að komast lengra í lagatextanum sjálfum að skrifa inn í nál. ákveðna hluti. Það mátti, en þar stendur:

„Lögð skal áhersla á að háskólaráði er heimilt að semja við ýmsa aðila," — og taki menn nú eftir — „t.d. stúdentaráð Háskóla Íslands sem samtök stúdenta, ..." — lesist: í lagatextanum stendur: samtök stúdenta og það má skilja það sem stúdentaráð Háskóla Íslands. Svo stendur hér að það hafi komið fram í máli fulltrúa Háskóla Íslands að engin áform væri uppi um að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur.

Maður veltur því auðvitað fyrir sér, herra forseti, af hverju mátti ekki segja þessa hluti í lagatextanum, það mátti bara segja þetta í nál. Því segi ég að það er einhver misskilningur í málinu sem þarf að taka á og af því að ráðherrann sagði áðan að þetta væri alfarið mál nefndarinnar sé ég ekki að það breyti miklu hvernig hæstv. ráðherra lítur á þetta, hvort hann lítur á þetta sem svo að það veiki ekki stöðu stúdentaráðs eða með öðrum hætti. Ég skildi hann þannig í ræðu hans áðan að þetta væri mál nefndarinnar og þangað til annað kemur fram mun ég líta svo á.

[00:27]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær tillögur sem hér eru koma frá hv. menntmn. en þær eru forsenda þess að sátt sé um að þetta frv. nái fram að ganga á hinu háa Alþingi, eins og hv. þingmenn hafa sjálfir sagt. Ég tel því að hv. þm. hafi staðið að þessum tillögum með fyrirvara sem þeir hafa gert grein fyrir þannig að frv. veltur á því að málið verði afgreitt á þessum forsendum.

[00:27]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú held ég að þurfi afruglara á þetta mál. Veltur afgreiðsla þessa máls á því orðalagi sem er í textanum? Er það ekki rétt skilið hjá mér að hæstv. ráðherra hafi sagt áðan að það væri á valdi nefndarinnar hvaða orðalag væri? Er þetta eina orðalagið sem getur gengið og er það þá eftir allt saman hæstv. ráðherra sem velur orðalagið í nál. og í lagatexta?

Herra forseti. Ég neita að líta svo á að það orðalag sem er í frumvarpstextanum og brtt. eða í nál. sé forsenda afgreiðslu þessa frv. Ef menn hafa alvöruáhuga á því að afgreiða þetta frv., þá afgreiða þeir það að sjálfsögðu þó að orðalaginu verði breytt. Ég trúi ekki öðru. Nema mönnum sé það svo ótrúlega mikið kappsmál að útiloka stúdentaráð Háskóla Íslands úr lagatextanum að menn séu tilbúnir til að fórna afgreiðslu frv. fyrir það en mér heyrist að það stefni allt í það, herra forseti.

[00:29]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hafa orðið nokkuð einkennileg orðaskipti en að gefnu tilefni vil ég taka skýrt fram þar sem nafn mitt er undir nál. að í fyrsta lagi fagna ég því meginmarkmiði með frv. sem er að efla sjálfstæði Háskóla Íslands og ég tel að það einkenni þetta frv. að öllu leyti. Sú sátt sem náðist um 18. gr. og hefur verið gerð sérstaklega að umtalsefni felur einmitt í sér, er í anda þessa sjálfstæðis, þar sem talað er um samtök í 18. gr., heimild háskólaráðs til þess að semja við stúdenta, samtök þeirra eða félög. Þar með er annars vegar búið að vísa til þess sem var ágreiningsmál áður að stúdentaráði var gefinn sami status og hverju öðru félagi innan háskólans en jafnframt, og ég tel það vera afskaplega mikils virði sem kom fram í ræðu hv. formanns menntmn. og kemur fram einmitt í nál., að gert er ráð fyrir því að stúdentaráð Háskóla Íslands gegni því hlutverki sem það hefur gegnt og það hefur einnig komið fram í síðari ræðu hæstv. menntmrh. Ég tel að þar með sé í raun búið að ná viðunandi sátt um málið og það er það sem skiptir meginmáli í þessu öllu saman.

Ég tel rétt að taka þetta skýrt fram en jafnframt undrast ég að fulltrúar hv. stjórnarandstöðu skuli ekki geta glaðst með stúdentum, eins og hefur komið skýrt fram að stúdentar gleðjast yfir breytingum varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna, og ég tel óþarfa að vera að blása upp einhverju moldviðri um það, frekar að taka þátt í gleði með stúdentum yfir því.

[00:31]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi væri fróðlegt að vita, fyrst hv. þm. talar um sátt, við hverja þessi sátt var gerð. Það væri upplýsandi vegna þess að þannig mætti kannski nálgast það hvar misskilningurinn í málinu liggur. Við hverja var sáttin gerð og um hvað snerist hún?

Í öðru lagi fyndist mér líka áhugavert að heyra frá hv. þm. hvort honum þætti ekki lagatextinn betri ef hér yrði samþykkt brtt. þar sem stúdentaráð Háskóla Íslands kæmi fyrir í lagatexta eins og er ósk bæði meiri hluta stúdentaráðs og hefur komið fram að er vilji minni hluta nefndarinnar. Hitt um gleðina vegna námslánanna er ekki svara vert.

[00:32]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef þegar gert grein fyrir þeirri túlkun og skýringum sem ég taldi nauðsynlegt að fram kæmu, þ.e. hvaða skilning ég legg í það með því að setja nafn mitt undir þetta nál.

Hvað spurningu hv. þm. varðar um við hvern samkomulag hefur verið gert þá má lesa það af nöfnum þeirra sem setja nafn sitt undir þetta nál.

Það er einu sinni svo þegar margir koma að máli, oft og tíðum með ólíkar skoðanir, að menn leita sátta. Þegar þeir telja sig geta sætt sig við þá niðurstöðu sem er fengin, þá setja menn nafn sitt undir. Við hverja hefur verið samið má lesa af nöfnum þeirra sem rita nafn sitt undir nál.

[00:33]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er litlu nær við hverja þessa sátt var gerð. Ég hef lesið nöfnin. Ég varð reyndar ekki vör við suma þá sem skrifa undir nál. á fundum nefndarinnar, en eigi að síður hef ég lesið nöfnin. En ég átta mig samt ekki á því við hverja sáttin var gerð.

Svo ítreka ég síðari spurningu mína til hv. þm.: Fyndist honum ekki betra og í raun í meira samræmi við óskir sem fram hafa komið frá stúdentaráði Háskóla Íslands, af því að hér er verið að hlutast til um innri mál stúdenta, um að stúdentaráð hefði þá stöðu í lagatextanum um Háskóla Íslands sem það hafði og sem minni hluti nefndarinnar og stúdentaráð Háskóla Íslands hafa óskað eftir?

[00:34]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég vil gera brtt. á 18. gr. að umtalsefni. Það er alveg skýrt að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir og Svanfríður Jónasdóttir voru með fyrirvara við nál. Þær hafa gert grein fyrir honum hér. Fyrirvarinn laut að því að þær voru ekki fullkomlega sáttar við orðalagið á 2. mgr. 18. gr. og hefðu viljað hafa það öðruvísi. Það var hins vegar tillaga formanns nefndarinnar að orðalagið yrði þetta og það varð niðurstaða nefndarinnar.

Ég vil benda á að það er algerlega í valdi Háskóla Íslands og háskólaráðs hvernig þessari heimild verður beitt. Ég vil líka benda á að ekki er nauðsynlegt að setja heimild af þessu tagi inn í frv. um Háskóla Íslands vegna þess að í fjárreiðulögunum er heimildin fyrir hendi. Það var því engin nauðsyn að festa þetta inni í þennan lagatexta eins og hér er gert. Ég vil alveg sérstaklega leggja áherslu á að það er algerlega í valdi Háskóla Íslands hvernig þessari heimild er beitt og það er á engan hátt verið að hlutast til um það hvernig háskólinn mun beita henni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 585. mál. — Þskj. 978, nál. 1104 og 1139.

[00:36]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1104 frá meiri hluta iðnn. um frv. til laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Það er 585. mál þingsins. Í nál. segir svo:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Magnússon frá iðnaðarráðuneyti, Eggert J. Hilmarsson frá fjármálaráðuneyti, Breka Karlsson frá Kvikmyndasjóði Íslands, Guðjón Rúnarsson og Birgi Ármannsson frá Verslunarráði Íslands og kvikmyndagerðarmennina Ara Kristinsson, Jón Þór Hannesson og Snorra Þórisson.

Í frumvarpinu er lagt til að ákveðið hlutfall framleiðslukostnaðar við kvikmyndagerð sem til fellur hér á landi verði endurgreitt að verkinu loknu, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Er gert ráð fyrir að þessar ráðstafanir komi til með að laða að erlenda kvikmyndagerðarmenn og leiði það til þess að íslenskt fagfólk þjálfist til sjálfstæðra verka á þessu sviði. Þá er gert ráð fyrir að tækjakostur kvikmyndaiðnaðarins hér á landi muni batna auk þess sem náttúru landsins og menningu verði komið á framfæri.

Meiri hlutinn telur ljóst að ef auka á veg kvikmyndaiðnaðarins hér á landi verði að mæta kröfum kvikmyndaframleiðenda um stuðning með einhverjum hætti. Telur meiri hlutinn að sú ráðstöfun sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu

sé kvikmyndaiðnaðinum til verulegra hagsbóta og komi til með að auka tekjur ríkis og þjóðar af greininni.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita Stefán Guðmundsson formaður iðnn., Hjálmar Árnason, Pétur H. Blöndal, Katrín Fjeldsted, Guðjón Guðmundsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Gísli S. Einarsson og Magnús Árni Magnússon. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skilar séráliti.

[00:39]

Frsm. minni hluta iðnn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég skila í þessu sérkennilega menningarpólitískt-viðskiptatengda kvikmyndaendurgreiðslumáli séráliti, svohljóðandi:

Frumvarpið er nýkomið fram og var fyrst vísað til iðnaðarnefndar sl. þriðjudag, 9. mars 1999. Því hefur allt of lítill tími gefist til efnislegrar skoðunar málsins. Tvísýnt verður að teljast að lögleiða þá endurgreiðslu af innlendum kostnaði við framleiðslu kvikmynda sem fyrst og fremst er verið að leggja í vegna gerðar erlendra kvikmynda hérlendis. Í þessu svonefnda hvatakerfi getur falist umtalsverð mismunun á aðstöðu innlendra framleiðenda gagnvart erlendum.

Með vísan til þessa leggur minni hlutinn til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 10. mars 1999.

Undir nál. ritar Hjörleifur Guttormsson.

Það leið ekki nema rétt sólarhringur frá því að málinu var vísað til nefndar formlega og þar til það hafði verið blessað og engin breyting gerð á. Það hlýtur því að vera hið vandaðasta mál af hálfu þeirra sem það flytja. Hæstv. iðnrh. stendur fyrir málinu. Það eitt út af fyrir sig er dálítið sérstakt í kvikmyndagerðarmáli að það skuli vera iðnrh. sem flytur. Sú skýring var uppi höfð í iðnn. að þetta væri kvikmyndaiðnaður.

Ég skal ekki hafa neinar hugleiðingar uppi um það. Út af fyrir sig getur hér verið mál sem er athugunar virði sem slíkt. En það gengur auðvitað ekki að viðhafa málsmeðferð eins og í þessu tilviki, þ.e. að mál komi inn í þingið, inn í nefnd, og það líði einn eða tveir sólarhringar. Þessu er húrrað í gegn og menn ætla að afgreiða það. Það eru vinnubrögð sem ég tek ekki þátt í, virðulegur forseti, og skila því áliti því sem ég hef hér kynnt.

[00:42]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég les nál. minni hluta iðnn. þá finst mér örla á örlitlum misskilningi í því þar sem segir, með leyfi forseta:

„Tvísýnt verður að teljast að lögleiða þá endurgreiðslu af innlendum kostnaði við framleiðslu kvikmynda sem fyrst og fremst er verið að leggja í vegna gerðar erlendra kvikmynda hérlendis. Í þessu svonefnda hvatakerfi getur falist umtalsverð mismunun á aðstöðu innlendra framleiðenda gagnvart erlendum."

Þetta er misskilningur vegna þess að hvatakerfið gildir jafnt fyrir innlendan og erlendan framleiðanda, þ.e. ef myndin er framleidd á Íslandi, fer yfir ákveðna krónutölu í kostnaði og ef um hverja mynd verður stofnað sjálfstætt fyrirtæki. Kostnaðurinn sem verður til hér innan lands er endurgreiddur í ákveðnum hlutföllum eins og gert er ráð fyrir í frv. Engin mismunun er gerð á því hvort um innlendan eða erlendan framleiðanda er að ræða þannig að íslensk kvikmyndagerð situr við sama borð og erlendir framleiðendur hvað þetta snertir.

[00:43]

Frsm. minni hluta iðnn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vísa til þess sem fram kemur í yfirliti frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. um þetta mál, að markmmið frv. sé að laða að erlenda aðila til að framleiða kvikmyndir eða sjónvarpsefni hér á landi. Ég held að það liggi alveg fyrir að rót þessa máls er að laða erlenda aðila hingað til lands.

Ég heyrði það líklega í framsögu — svona í leiðinni — að það ætti m.a. að bjóða náttúru Íslands og menningu að kynna það í leiðinni. Ég hef sett nokkurt spurningarmerki við það út af fyrir sig sem markmið. Ég held að það sé mikil rómantík og ekki mikil innstæða fyrir því að það hafi eitthvert gildi sem slíkt, t.d. í leikmyndum. Mér finnst miklu frekar spurning um að tekið sé aðstöðugjald af þeim aðilum sem hingað koma og ætla að nota íslenska náttúru og annað sem bakgrunn í sambandi við kvikmyndagerð. Það er verið að selja fyrir lítið aðgang að íslenskri náttúru.

[00:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að í 1. gr. frv. kemur fram að markmiðið sé að laða erlenda aðila til framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi með því að endurgreiða þetta tímabundið. Það er meginmarkmiðið vegna þess að við teljum okkur hafa möguleika á að ná til slíkra aðila einmitt um þessar mundir.

En til að mismuna ekki innlendum og erlendum aðilum þá gilda þessar tímabundnu endurgreiðslur bæði fyrir innlenda og erlenda framleiðendur. Það vil ég undirstrika með andsvari mínu við ágætis nál. að öðru leyti.

[00:46]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég dreg ekki í efa að það frv. sem hér er til umræðu hafi ótvíræða kosti í för með sér og á því séu ákaflega jákvæðar hliðar vegna þess að með samþykkt þess er líklegt að innlendir kvikmyndaframleiðendur geti fengið verkefni sem til falla vegna þess að erlendir aðilar komi til landsins og óski eftir að ráða þá í vinnu og nýta tæki þeirra og búnað. Hugsunin á bak við frv. er að efla íslenskt atvinnulíf og íslenska kvikmyndagerð með því að auka eftirspurn erlendra aðila eftir íslensku vinnuafli, íslenskum tækjum og búnaði. Þetta er kosturinn við frv.

Ég vil hins vegar láta koma skýrt fram að frv. er jafnframt meingallað. Á margan hátt er þetta frv. hin versta hrákasmíð og aldeilis ótrúlegt að bjóða þingmönnum upp á að eiga að afgreiða það á svo skömmum tíma sem raun ber vitni og án þess að nokkur kostur sé á að sníða af því þá agnúa sem á því eru.

Ég nefni 2. gr. frv. þar sem segir:

„Heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði hlutfall af framleiðslukostnaði."

Orðið að „endurgreiða" er yfirleitt notað í þeirri merkingu að áður hefur verið greitt og það er verið að skila til baka, það er verið að endurgreiða það sem áður hefur verið greitt. Þannig er t.d. endurgreiddur virðisaukaskattur sem þegar hefur verið greiddur í ríkissjóð o.s.frv. En það kerfi sem hér er verið að taka upp er allt annars eðlis.

Ef erlendur aðili kemur og eyðir 1.000 milljónum kr. á Íslandi þá ber íslenska ríkinu að greiða þessum aðila 120 millj. kr. Það er ekki af fé sem hefur komið inn í ríkissjóð

heldur einfaldlega af því fé sem viðkomandi aðili hefur eytt hér á landi. Það er því ekki um raunverulega endurgreiðslu að ræða nema í allt annarri merkingu en það orð er yfirleitt notað í. Hér ætti einfaldlega að standa: „Heimilt er að greiða úr ríkissjóði", í samræmi við ákveðið hlutfall framleiðslukostnaðar o.s.frv.

Ég vek á því athygli að í frv. eru sett ákveðin lágmörk þannig að sé mynd ódýrari en 80 millj. kr. fær hún ekki neinn stuðning samkvæmt frv. Sé kostnaður við kvikmynd á bilinu 80–100 milljónir er stuðningurinn 6%. Sé kostnaðurinn aftur á móti 100–120 milljónir er stuðningurinn 9% og síðan 12% ef hann nær því að vera 120 milljónir.

Ég segi það alveg hiklaust, herra forseti, að þetta er mikil mismunun gagnvart íslenskum kvikmyndaiðnaði. Það er alþekkt staðreynd að íslenskar kvikmyndir eru einmitt af þessari útgjaldagráðu, þær kosta á bilinu 60–70 milljónir og upp í kannski 100 milljónir. Erlendar myndir eru aftur á móti af annarri kostnaðargráðu, það er nokkurn veginn meginregla. Þær kosta töluvert miklu meira. Þetta er einfaldlega vegna þess að Íslendingar hafa bara ekki efni á að eyða svo miklum fjármunum í hverja kvikmynd fyrir sig að þeir hafa yfirleitt ekki yfir að ráða meira fé en, eins og ég hef þegar nefnt, um 60–120 millj. kr., meðan aftur á móti erlendar myndir kosta að jafnaði frá 300 millj. upp í einn milljarð ef ekki kannski tíu milljarða og stundum enn meira. Þar getur verið um ótrúlegar tölur að ræða.

Þær lágmarkstölur sem hér eru nefndar í frv. og að þær skuli einmitt settar á bilið 80–120 milljónir veldur því að verið er að útiloka íslensku framleiðsluna en verðlauna þá erlendu. Það er hreinlega verið að gera það. Það er verið að koma í veg fyrir að þetta nýtist íslenskum kvikmyndaframleiðendum til að búa til íslenskar myndir. Þetta nýtist vissulega ágætlega kvikmyndaframleiðendum sem eiga mikið af tækjum og aðstöðu, eiga salarkynni og upptökuaðstöðu þegar erlendir aðilar koma og vilja fá lánuð tækin þeirra, fá leigða aðstöðuna þeirra, fá leigða menn sem vinna hjá þeim og greiða þeim laun fyrir. Að því leyti er þetta styrkur fyrir íslenska kvikmyndagerð. Hins vegar er þetta mikil mismunun gagnvart þeim sem eru að búa til íslenskar myndir vegna þess að það er alveg óvíst að þeir fái nokkurn stuðning út úr þessu. Í öllu falli ef þeir fá einhvern stuðning eru miklar líkur á að hann sé verulega skertur. Það skil ég ekki.

Ég skil að vísu vel að það þurfi að vera eitthvert ákveðið lágmark þannig að hver sá sem lyftir kvikmyndavél og tekur upp mynd að eigi ekki endilega rétt á einhverjum stuðningi af þessu tagi. Það verður einhvers staðar að draga mörkin og segja hvað er alvörumynd og hvað eru svo aftur myndir sem teljast ekki með. En mörkin mega ekki vera svona há. Mörkin verða að vera miklu lægri. Ég hefði talið að mörk sem hefðu verið einhvers staðar á bilinu milli 10 og 30 milljónir hefðu kannski verið hæfileg. Nú hefði ég kannski sætt mig við mörk sem væru jafnvel aðeins hærri. En með því að setja mörkin upp í 80 milljónir er einfaldlega verið að útiloka talsvert margar íslenskar myndir. Ég tala ekki um þegar efri mörkin eru við 120 milljónir að þá er verið að veita þeim miklu minni fyrirgreiðslu en erlendum myndum.

En það sem er allra verst í þessu frv. og fráleitast er 7. gr. frv. þar sem segir:

„Hafi umsækjandi hlotið styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands til framleiðslu sömu myndar fær hann ekki endurgreitt samkvæmt lögum þessum."

Sem sagt, allar myndir sem fá minni háttar stuðning úr Kvikmyndasjóði Íslands, eru útilokaðar með einu pennastriki. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við í nefndinni gerðum ítrekaðar tilraunir til þess að fá breytt.

Íslenskir kvikmyndaframleiðendur lögðu til að styrkur úr Kvikmyndasjóði Íslands yrði dreginn frá við uppgjör á þessari svokölluðu endurgreiðslu og það hefði vissulega getað talist sanngjörn lausn. En það var ekki nokkur leið að koma vitinu fyrir meiri hluta nefndarinnar sem taldi að þetta yrði að vera nákvæmlega svona eins og það hafði komið frá hæstv. iðnrh., ella mundi einhver ónefndur aðili koma í veg fyrir það að frv. færi hér í gegn. Auðvitað var ekki hægt að skilja það á annan hátt en þann að það væri einmitt hæstv. ráðherra sem þá mundi stöðva málið, ef gerð yrði einhver örlítil bragarbót á því.

Á þetta reyndi í heilan sólarhring hvort ekki væri hægt að laga þetta lítillega en alltaf fengust sömu skilaboð: Ef gerð er einhver minnsta breyting á frv. þá fer það ekki í gegn. Því vildu menn auðvitað ekki bera ábyrgð á vegna þess að, eins og ég hef þegar tekið fram, hefur frv. ýmsa kosti og vitað er að íslenskir kvikmyndaframleiðendur, sem eiga búnað og tæki, munu fagna tilkomu frv. vegna þess að það er þeim styrkur eins og ég hef þegar rakið.

Við gætum staðið frammi fyrir því að tveir aðilar ætla að búa til mynd, við skulum segja víkingamynd. Annar er danskur og hinn er íslenskur. Danski aðilinn hefur ekki það umhverfi sem til þarf að gera víkingamynd. Hann óskar því eftir því að gera myndina á Íslandi. Danski aðilinn fær auðvitað styrk úr dönskum kvikmyndasjóði. Íslenski aðilinn fær líka styrk úr hinum íslenska kvikmyndasjóði. Niðurstaðan verður þá sú að danski aðilinn á að fá 12% styrk úr ríkissjóði af heildarkostnaði myndarinnar, sem við getum ímyndað okkur að sé kannski 200 millj. kr., hann á að fá 24 millj. kr. sem styrk úr ríkissjóði. En það er algjörlega bannað samkvæmt þessu frv. að styrkja íslensku myndina ef hún hefur fengið eitthvað úr íslenskum kvikmyndasjóði. Þetta er hrein mismunun.

Ég spurði ágætan sérfræðing í EES-samningnum hvort ekki væri ólöglegt gagnvart EES-samningnum að mismuna fyrirtækjum eftir því hvort þau væru íslensk eða erlend. En ég fékk þau svör að EES-samningurinn væri nú þannig að bannað væri að mismuna erlendu fyrirtækjunum en leyfilegt að mismuna íslensku fyrirtækjunum. Það væri sem sagt leyfilegt að veita erlendum fyrirtækjum betri kjör en bannað að veita þeim íslensku betri kjör. Þar af leiðandi mun þetta víst ekki heyra undir hin margfræga EES-samning.

Þetta mál er sem sagt meingallað og ég harma að hæstv. iðnrh. skyldi vera svo ósveigjanlegur að hann gat ekki fallist á að neinar breytingar væru gerðar á frv. því eins og ég hef þegar tekið fram þarfnast það mikilla breytinga.

Ég vil aðeins segja að endingu að þó að ég ætli að greiða þessu frv. atkvæði mitt vegna þess að ég veit að á sinn hátt getur það orðið íslenskum kvikmyndaiðnaði til góðs ætla ég samt að vonast mjög eindregið til þess að frv. verði hið fyrsta tekið til endurskoðunar og á því gerð veruleg bragarbót þegar á næsta þingi.

[00:59]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. þm. Ragnars Arnalds vil ég taka fram að ekki er við hæstv. iðnrh. að sakast í þessu máli. Staðreyndin í málinu er sú, eins og hér hefur komið fram, að málið kom seint fram til þingsins og við áttum

ekki um annan kost að ræða. Ef þetta mál átti að ná fram til afgreiðslu, eins og kvikmyndagerðarmenn lögðu mjög ríka áherslu á að gæti orðið var aðeins um það að ræða að við næðum þessu máli í gegn með því að við skiluðum sameiginlegu nál. og gerðum ekki breytingar á frv. sem mundi kalla á umræður. Það var mat mitt eftir að hafa skoðað hvort möguleiki væri að koma málinu í gegn eftir eindregnar óskir kvikmyndagerðarmanna sjálfra um það að fá málið afgreitt. Ég vildi ekki taka þá áhættu að tefla málinu í þá tvísýnu og þess vegna bað ég nefndarmenn mjög um það að leggja sig fram um að við reyndum að ná samstöðu um þetta mál og afgreiða það frá nefndinni óbreytt.

Það koma tímar og ráð og þá má vissulega lagfæra þetta frv. En við vitum það sem störfuðum í nefndinni að það var mjög knýjandi af vissum ástæðum og vissum möguleikum sem blasa nú við íslenskum kvikmyndagerðarmönnum að fá málið afgreitt nú á þessu þingi. Það er ástæðan fyrir því að þetta mál ber svo skjótt að.

Að lokum þakka ég nefndarmönnum fyrir að bregðast við og hafa þó ríkan skilning á því, eins og hér kemur fram, að við skyldum þó skila þessu áliti svo samstiga inn.

[01:01]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum fjallað um 60 mál í dag í þinginu og mjög mörg þeirra eru einmitt að koma til 2. umr. úr nefnd. Ég hygg að það gildi um mikinn meiri hluta þessara mála að fluttar eru einhverjar brtt. við þau langflest. Mér er alveg óskiljanlegt af hverju ekki var hugsanlegt að skapa einmitt þá samstöðu sem hv. þm. nefndi áðan með því að gera þær lagfæringar á frv. sem nefndarmönnum sýndust nauðsynlegar og góð samstaða gat tekist um.

En ef það var ekki hæstv. iðnrh. að kenna að þetta var ekki gert og ef það var ekki hann sem lagði blátt bann við því að nokkur breyting yrði gerð, hver var það þá? Ég hlýt að spyrja hv. þingmenn og formann nefndarinnar að þessu: Hver ber þá ábyrgð á því að ekki mátti neinu hnika í frv.?

[01:02]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er ljúft að svara hv. þm. Ragnari Arnalds og það hreint út. Ef um einhverja ábyrgð er að ræða í þessu þá er hún mín. Ég tók það fram í máli mínu áðan að það var mitt mat að þetta væri ekki hægt, það væri ekki hægt að koma þessu máli inn öðruvísi en þetta gerðist á þennan hátt. Hv. þm. veit, og ég veit að hann mun viðurkenna það, hverjar óskir kvikmyndagerðarmanna voru um þetta mál. Þær voru á þann veg að við legðum málið fram óbreytt, við legðum ekki í neina tvísýnu með málið. Svo áríðandi væri að fá málið afgreitt.

En til að taka af allan vafa þá endurtek ég: Ef um einhverja ábyrgð er að ræða og menn vilja leita að sökudólgi í málinu þá er það sá sem hér stendur.

[01:03]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla þá ekki að tefja tímann frekar í leit að sökudólgi. Ég trúi því svona rétt mátulega að sökudólgurinn sé sá sem talaði hér seinast. En við skulum láta það kyrrt liggja.

Ég vil bara ítreka áskoranir mínar til þeirra sem setjast í valdastóla á komandi hausti að þeir geri þær endurbætur á frv. sem bersýnilega eru bráðnauðsynlegar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 352. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 475, nál. 1059 og 1091, brtt. 1060 og 1094.

[01:05]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs öðru sinni við umræðuna til þess að beina máli mínu sérstaklega til hæstv. umhvrh. sem hafði forræði á þessu máli þegar það kom inn í þingið og hefur auðvitað tekið þátt í umræðu um það, út af sérstöku atriði sem kom til umræðu fyrr, reyndar á síðasta sólarhring. Nú er nýr sólarhringur hafinn.

Hv. þingmenn Kristján Pálsson og Össur Skarphéðinsson ræddu stöðu frv. og ákvæða þess að því er snertir annars vegar svæðisskipulag innan markalínu miðhálendisins og aðalskipulags sveitarfélaga sem hafa rétt til þess að gera tillögur um aðalskipulag sem nær einnig inn fyrir eða upp fyrir markalínu miðhálendisins í skipulagslegu tilliti.

Deila þessara tveggja hv. þingmanna laut að því að hv. þm. Kristján Pálsson hélt því fram að svæðisskipulagið hefði sterka stöðu og raunar sterkari stöðu en hugsanlegar og ekki ólíklegar tillögur sveitarfélags sem á land inn á svæðið eða hefur lögsögu inn á svæðið og rétt til þess að gera aðalskipulagstillögu. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vildi ekki fallast á að þetta væri staðan og leiddi fram ákvæði skipulagslaga m.a., ef ég hef tekið rétt eftir, og vildi leggja að jöfnu stöðu aðalskipulags almennt annars vegar og svæðisskipulags utan miðhálendisins, sem sagt í byggð, ef við orðum það almennt.

Um þetta deildu hv. þingmenn og þannig fóru leikar eftir frýjunarorð frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að hann særði hæstv. ráðherra upp í ræðustól. Ég hlýddi á mál hæstv. ráðherra á skrifstofu minni í gegnum sjónvarpstækið og ég hrökk svolítið við. Mér fannst ekki vera sami skilningur hjá hæstv. umhvrh. um stöðu málsins, um stöðu svæðisskipulagsins og ég hafði lesið út úr frv. Vil ég nú aðeins leyfa mér, virðulegur forseti, að hafa yfir þann þátt í brtt. meiri hlutans sem snerta þetta efni.

„Samvinnunefnd miðhálendis annast gerð svæðisskipulags miðhálendisins og gætir þess að samræmi sé innbyrðis með aðalskipulagstillögum einstakra sveitarfélaga á svæðinu og að samræmi sé milli þeirra og svæðisskipulags miðhálendisins. Nefndin skal leita eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga við mótun tillögu að svæðisskipulagi."

Í rauninni skiptir þetta fyrsta sem ég las máli í því samhengi sem ég ræði málið hér.

Út úr þessu les ég að staða svæðiskipulagsins og nefndarinnar sem hefur forræði yfir því og gerir tillögur um það, sé í raun sterkari heldur en þess sveitarfélags eða þeirrar tillögu að aðalskipulagi sem ættuð er frá sveitarfélagi sem rétt hefur inn á svæðið. Það er einmitt gert ráð fyrir því að um sé að ræða heildstætt svæðisskipulag á þessu svæði. Þess vegna er búin til þessi markalína. Þess vegna er sett til verka þessi nefnd. Henni er bæði ætlað að gæta þess að tillögur að aðalskipulagi rekist ekki á við svæðisskipulag og auk þess að

gæta þess að samræmi sé á milli tillagna fleiri sveitarfélaga hvað aðalskipulag varðar, sem liggja þá hlið við hlið.

Þetta tel ég vera mjög mikilsvert atriði en mér fannst að útlegging hæstv. umhvrh. væri ekki að öllu leyti eins og ég vil túlka þetta hér og vildi því gera þessa athugasemd úr ræðustól. Ég vænti þess, af því að hæstv. ráðherra er hér viðstaddur, að við heyrum kannski frekar um viðhorf hans til málsins.

[01:11]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er rétt eins og kom fram hjá hv. þm. að fyrr í umræðunni skiptumst við hv. þm. Össur Skarphéðinsson aðeins á skoðunum um þetta ferli. Ef ég man rétt var spurningin nánast svo: Hvað gerist ef aðalskipulag sveitarfélags og svæðisskipulag — svæðisskipulagstillaga eða svæðisskipulagssamþykkt, sé búið að samþykkja það — er ekki samhljóma eða er ekki í samræmi og hvernig fer með slíkt ósætti?

Ég held að ég geti nánast tekið undir hvert orð sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni hér áðan og ég held að ekki sé í raun uppi neinn ágreiningur í málinu. Mig langar aðeins að skýra þetta eins og ég tel það vera og þá skýra það sem kom fram í ónákvæmu stuttu andsvari fyrr í umræðunni.

Ef ég leyfi mér, hæstv. forseti, aðeins að vitna til skipulags- og byggingarlaganna, þá segir þar í 9. gr. sem fjallar um gerð og framkvæmd skipulags, með leyfi forseta:

„Svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi."

Það er skýrt kveðið á um það í lögunum að samræmi skuli vera milli þessara skipulagsþátta allra og í raun geti ekki annað verið.

Þegar við reynum að koma á sérstöku skipulagi hvað varðar skipulag miðhálendisins með sérstakri nefnd, sem hefur sérstakt hlutverk, er auðvitað ljóst að þegar hún hefur komið sér saman um tillögu og Skipulagsstofnun síðan farið með þá tillögu eins og henni ber samkvæmt lögunum — það er kveðið skýrt á um það líka í frv. hvernig það skuli meðhöndlað, hvernig eigi að fara með kynningu, auglýsingu, samþykkt og staðfestingu skipulags miðhálendisins — þá er ljóst að þetta svæðisskipulag hefur fengið afar sterkt hlutverk og sterkt vægi. Það er engin spurning um það. Annars þyrftum við trúlega ekki að vera að þessu því að við höfum ákveðið það með öðrum lögum að skipta landinu öllu upp í sveitarfélög og landið skal allt skipulagt. Sveitarfélög skulu sjá um það.

Við erum að gera þetta til þess að ná bærilegri sátt eða eins góðri sátt og hægt er um það hvernig fara skuli með skipulag í heildina á miðhálendinu, sem við höfum kallað svo og reynum að skilgreina svo í frv. sem væntanlega verður að lögum. Því er ljóst í mínum huga að hlutverk samvinnunefndar miðhálendisins og það skipulag sem þar hefur orðið til hefur auðvitað sérstöðu.

Síðan kemur að því að sveitarfélög skulu ganga frá sínu aðalskipulagi. Í 16. gr. skipulags- og byggingarlaganna segir, ef ég má, með leyfi forseta, lesa þrjár tilvitnanir úr lögunum í viðbót:

„Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka sveitarfélags."

Í öðru lagi segir:

„Við gerð aðalskipulags skal stefnt að því að ná samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga."

Og í þriðja lagi segir m.a. í 20. gr. laganna að ef upp kemur ágreiningur eða þurfi að taka á málum með einhverjum sérstökum hætti, frestun á gerð eða staðfestingu aðalskipulags, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, frestað staðfestingu á aðalskipulagi fyrir ákveðið landsvæði, þó ekki lengur en um fjögur ár í senn, ef nauðsyn þykir til að samræma betur skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga."

Þá kem ég að því aftur sem ég vitnaði til fyrst, þ.e. að þessar þrjár skipulagsgerðir skuli vera í samræmi, og segir beinlínis í lögunum hvernig taka skuli á því þegar sveitarfélag kemur með aðalskipulagstillögu sína til Skipulagsstofnunar, að hún skuli leita umsagnar samvinnunefndar miðhálendisins um tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins hvað varðar það sem er innan miðhálendisins, þ.e. hvað varðar það sem er innan þessa tiltekna svæðis sem við vorum áður búin að skipuleggja sem heild og vonandi staðfesta. Það hlýtur því að vera svo að hið samþykkta svæðisskipulag gefi línuna og Skipulagsstofnun ber að sjá til þess að þar sé samræmi en leita auðvitað fyrst eftir því við samvinnunefndina að ná þessu samkomulagi. Og ég sé það nánast svo að takist þetta samkomulag ekki, a.m.k. ekki strax eða erfitt sé að ná þessu samræmi, þá geti Skipulagsstofnun ekki mælt með því við umhvrh. að hann staðfesti aðalskipulagið, ekki fyrr en náðst hefur sátt eða samræmi milli aðalskipulagsins að svo miklu leyti sem það er innan svæðisskipulags miðhálendisins — þetta er nú kannski að verða svolítið flókið — og þess svæðisskipulags miðhálendisins sem við höfum áður gert tillögu um og vonandi staðfest.

Nú er svo langt komið með svæðisskipulagið að fyrir liggur tillaga, sem búin er að vera í vinnslu í mörg ár af til þess valinni nefnd samkvæmt gildandi lögum, og þegar það skipulag hefur verið staðfest sem ætti að geta gerst áður en langt líður, það skipulag er búið að fá það rækilega umfjöllun og er nú í lokavinnslu hjá Skipulagsstofnun, kannski hefði verið búið að ganga frá því ef ekki hefði verið beðið eftir málsmeðferð þessa frv. sem hér er nú til umræðu og vonandi lokaumræðu í þinginu, þá ætti í raun að vera hægt að ganga til þess verks.

Ég vona að þetta hafi eitthvað skýrt málið fyrir hv. fyrirspyrjanda og öðrum hv. þingmönnum um það hvernig ég sé þetta ferli ganga fyrir sig og í raun á það ekki að geta endað í slíkum ágreiningi sem þó kannski var spurningin sem við vorum að velta fyrir okkur í dag og ég var að glíma við að svara, að gefinni þeirri forsendu sem lögin kveða á um hvernig gangur mála skuli vera.

Hæstv. forseti. Mig langar að lokum, fyrst ég er kominn í ræðustólinn, að þakka nefndinni fyrir störf hennar að þessu verkefni sem hefur auðvitað verið nokkuð flókið og viðamikið af því að um þetta hafa verið skiptar skoðanir og nokkur ágreiningur. Mér er alveg ljóst og það kom reyndar vel fram í löngum umræðum hér fyrr í umræðunni um málið að skiptar skoðanir eru um málið og skiptar áherslur og ég vil út af fyrir sig þakka fyrir þær umræður. Það kom mjög margt fróðlegt fram í þeim og ég skil að þar eru uppi álitamál en ég er ekki í nokkrum vafa um að mikilvægt er fyrir alla aðila að ná samkomulagi um það að koma á þessari nefnd, sem hér er verið að leggja til, og koma skipulagi miðhálendisins í ákveðinn farveg. Og þó að menn vildu hafa annað form á, sem tekur langan tíma að þróa, þá er ekkert í þessu, og það vil ég undirstrika, sem ekki má síðaar lagfæra eða breyta. Það er eins og menn álíti að þegar þessi tillaga sem nú liggur fyrir

hefur verið staðfest, verði hún staðfest, þá sé það eitthvað sem er óumbreytanlegt um aldur og ævi, menn séu búnir að festa eitthvað í farvegi sem ekki verði hægt að breyta. Ég held þvert á móti að menn eigi að líta á að slíkar tillögur eru auðvitað alltaf til skoðunar og umfjöllunar og það segir beinlínis í tillögugreininni, sem hefur reyndar verið lesin upp að hluta til áður, í 3. mgr. í tölul. 2 í brtt. nefndarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar ný samvinnunefnd miðhálendis tekur til starfa skal hún meta hvort nauðsynlegt sé að endurskoða svæðisskipulag miðhálendisins."

Hér er því náttúrlega haldið opnu að hin nýja nefnd komi að málinu með tillögur sínar hvenær sem henni þykir þurfa eða henta.

[01:20]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir útlistun og að rekja skilning sinn á málinu og lýsa inn í samhengi laganna við þær brtt. sem hér liggja fyrir. Ég get sagt það að mér létti við að heyra þá frásögn hæstv. ráðherra vegna þess að mér þótti nokkuð skorta á fyrr í umræðunni að þetta lægi fyrir á þann hátt sem mér sýnist eðlilegt að lesa í málið og tel að ekki ætti að vera óvissa um túlkun í ljósi þess sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra í umræðunni.

Staða þessa svæðisskipulags er ótvírætt allsterk og hún er sérstök. Hún er ekki sambærileg við svæðisskipulag utan markalínu og það er verulegur kostur og lýtur að því markmiði að reyna að halda þannig á skipulagsmálum miðhálendis að heildstæðra sjónarmiða sé gætt, þó svo að margir aðilar komi að einstökum þáttum á aðalskipulagsstigi og deiliskipulags.

Ég vona að sá gjörningur sem hér er verið að lögleiða verði til heilla. Það er eins og hæstv. ráðherra sagði að þessi tillaga sem nú liggur fyrir og verður væntanlega staðfest fljótlega getur orðið til endurmats hjá þeirri nefnd sem verður til á grundvelli þess frv. sem hér liggur fyrir.

[01:22]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að gera athugasemd við ummæli hæstv. ráðherra áðan þegar hann lýsti í lokaræðu sinni og ræddi um von sína um samkomulag um samvinnunefndina og vonaðist til að sá farvegur yrði góður.

Það er ekkert samkomulag um þetta mál. Það er ágreiningur í málinu. Það er pólitískur ágreiningur um þetta efni. Það hefur komið skýrt fram í umræðunni að Samfylkingin leggur til aðrar leiðir sem við höfum lýst. Við gerum formlega tillögu um að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við höfum lýst hvernig haga eigi skipulagsmálum á miðhálendinu með annarri aðferðafræði.

Hæstv. ráðherra vill ekki fallast á það. Hann má hafa þá pólitísku skoðun, það er hans góði réttur. En það er ágreiningur um þetta efni. Það er ekkert samkomulag um það. Það er pólitísk samstaða um þá útfærslu sem hér er lögð fram, ekki einungis milli Sjálfstfl. og Framsfl. heldur einnig við fulltrúa þingflokks óháðra hér í þinginu, hv. þm. Hjörleif Guttormsson. Það þarf að koma hér skýrt fram að hv. þm. stendur að áliti meiri hlutans með fyrirvara. Hann hefur gert skilmerkilega grein fyrir skoðunum sínum í umræðunni. En það þarf að draga það skýrt fram í lokin að ágreiningur er um þetta efni, ekkert samkomulag er við okkur um það. Það liggur hins vegar fyrir pólitísk samstaða ríkisstjórnarflokkanna og Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, um útfærslu á því efni sem hér er til umræðu.

[01:24]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er líklega fyrir það að nokkuð er liðið á nóttina þá hafi mál mitt vakið upp einhvern ágreining við hv. 11. þm. Reykn. því ég tók það fram áðan, ég held ég muni það þó rétt, að í umræðum í dag væri vissulega búið að koma fram að um málið væri ágreiningur. Ég undirstrikaði það nú, held ég. En ég kann að hafa sagt að ég hefði vonir eða væntingar til þess að um þetta næðist samkomulag þrátt fyrir allt. En mér er það alveg fyllilega ljóst, hæstv. forseti, sem fram kom í máli hv. 11. þm. Reykn. að um málið hefur verið rætt í margar klukkustundir í dag og hafa skoðanaskipti verið og ágreiningur um hvernig taka beri á málinu.

Ég vil þá árétta það frekar að ég lýsi því sem væntingum mínum að það verði þrátt fyrir allt málinu til framdráttar og heilla að fara þann farveg sem hér hefur verið mótaður, m.a. í ljósi þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin af nefndinni sem hafði það hlutverk að gera tillögu um svæðisskipulagið og hefur lagt tillögur sínar fram, og líka í ljósi þess að þá tekur senn við ný nefnd, ef frv. verður samþykkt og gert að lögum, til þess að halda áfram að fjalla um málið, þannig að það verður í það minnsta ekki neitt tómarúm í þeirri vinnu. Ýmis sjónarmið hafa komið fram í þessari umræðu og ég þakkaði áðan fyrir hana, og þó að menn hafi skipst nokkuð ákveðið á skoðunum og ekki verið sammála um margt þá hafa komið fram ýmsar skoðanir og upplýsingar sem ég vænti að geti orðið til gagns við málsmeðferðina áfram.

[01:26]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir að staðfesta það sem ég hélt fram um hinn pólitíska ágreining í þessu máli sem við höfum rætt hér um í allan dag. Ég held að það sé alveg ljóst í hverju hann er fólginn. Það þarf ekki að endurtaka það í stuttu andsvari.

Þessi umræða mun halda áfram. Við munum takast á um skipulagsmál á miðhálendinu í kosningabaráttunni. Þetta verður eitt helsta kosningamálið. Við í Samfylkingunni höfum lagt fram skýran valkost, skýra aðferðafræði hvernig standa beri að skipulagsmálum í miðhálendinu. Andspænis okkur stendur pólitísk samstaða þessara þriggja flokka sem ég nefndi áðan, Sjálfstfl., Framsfl. og Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Það eru athyglisverð tíðindi, þegar við ræðum skipulagningu miðhálendisins, að sú pólitíska staða skuli vera uppi í þessum efnum. En um það munum við ræða væntanlega frekar þegar nær dregur kosningum.

[01:28]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði sett mig á mælendaskrá snemma í dag til þess að tala í þessu máli og hafði ætlað mér að hafa um það alllangt mál. Til að reyna að flýta fyrir þingstörfum tók ég mig út af mælendaskrá.

Hins vegar þegar ég heyrði áðan hvernig hæstv. ráðherra túlkar nú þá stöðu ef svæðisskipulag miðhálendisins stangast á við aðalskipulag sveitarfélags, hvernig honum hefur snúist hugur að því er virðist um 180° frá því í umræðum hans við Össur Skarphéðinsson hv. þm. hér í dag, þá blöskrar mér alveg gjörsamlega.

Einn liðurinn í ræðu minni sem ég ætlaði að gera að umtalsefni í dag var nefnilega sá hve óvenjulega miklar brtt. hafa verið gerðar við frv., sem oft sýnir að það er illa unnið þegar það kemur inn. Það þurfti að vinna málið mikið í nefnd, og núna kemur í ljós að það er alls ekki, þrátt fyrir þessar ítarlegu greinar sem eru komnar í viðbót, eining um skilning. Og hæstv. ráðherra snýst um 180° á nokkrum klukkutímum.

Þá vil ég aðeins ítreka þá ósk sem fram kom hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að hæstv. ráðherra láti það ekki verða sitt síðasta embættisverk að staðfesta fyrirliggjandi skipulagstillögu sem samin var án aðkomu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vestfjarða og án aðkomu náttúruverndarsamtaka.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það var rétt skilið hjá mér áðan að hann ætli að láta það verða sitt síðasta embættisverk að staðfesta fyrirliggjandi skipulagstillögur.

[01:30]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rangt hjá hv. þm. að ég hafi snúist í afstöðu minni til þessara tillagna. Ég fór í gegnum það í dag hver staða hinna einstöku skipulagstillagna væri. Ég hef síðan gert grein fyrir því eftir frekari skoðun, hvernig það mundi þróast ef ágreiningur kæmi upp. Ef í ljós kæmi að ekki væri samræmi milli svæðisskipulags, annars vegar miðhálendisins og hins vegar einstakra sveitarfélaga í þeirra aðalskipulagi, þá færi slíkt samkomulag eftir ákveðnu vinnuferli. Í því efni hefur afstaðan ekkert breyst, enda er bærilega skýrt kveðið á um það, þ.e. í lögunum sjálfum þar sem fjallað er um aðalskipulag og með vinnuferlinu sem gert er ráð fyrir í brtt. hv. umhvn. á frv. núna.

Svo ég svari síðustu spurningu hv. þm. Ég svara því eins og ég svaraði nákvæmlega sömu spurningu frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni í dag: Ég hef ekki tekið endanlega ákvörðun um hvað gerist með þetta skipulag sem nú liggur fyrir. Það er búið að leggja mikla vinnu í það. Sú vinna hefur staðið yfir í mörg ár. Það hefur verið vönduð vinna og hún hefur verið unnin af nefnd sem skipuð var samkvæmt lagaákvæðum. Það hefur oft heyrst hér í þingsölum og reyndar víðar í þjóðfélaginu að fulltrúar einstakra þjóðfélagshópa hafi ekki komið að þessu. Tillagan hefur hins vegar verið kynnt ítarlega. Hún hefur verið kynnt á fjölmörgum opnum fundum af nefndinni. Hún hefur legið frammi til kynningar og við hana komu tugir athugasemda sem fóru eftir eðlilegum leiðum. Hún hefur fengið mjög ítarlega umfjöllun.

Í frv., eins og það lítur nú út með brtt., er ekki gert ráð fyrir því að hin nýja nefnd komi beint að málinu heldur muni Skipulagsstofnun, séu ekki fleiri athugasemdir af hálfu stofnunarinnar við málið, senda ráðherra það og síðan er það ráðherrans að taka ákvörðun um hvort hann vilji staðfesta það. Um það hef ég ekki tekið endanlega ákvörðun, eins og ég svaraði fyrr í dag. Málið er nú að þróast í öðrum farvegi en lagt var upp með þegar ég lagði frv. fram fyrr á þessum vetri.

[01:33]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að heyra að hæstv. ráðherra hefur ekki tekið ákvörðun um að staðfesta þetta skipulag. Ég er sammála honum um að vinnan að skipulaginu er vönduð en vandinn er sá að það var ekki unnið nægilega lýðræðislega. Viss sveitarfélög áttu þarna ekki aðild og þess vegna er það grundvallarkrafa að þau fái eitthvað um málið að segja.

Ég vil lýsa yfir stuðningi við minnihlutaálit umhvn. um að gert verði allsherjarauðlindaskipulag sem heyri undir stjórnsýslu ríkisins. Ég tel það mun vænlegri leið. Ég skildi orð hæstv. ráðherra þannig í dag og skil skipulagslögin þannig að aðalskipulag sveitarfélaga sé æðst. Þess vegna sé ég alls ekki hvaða vald svæðisnefnd miðhálendisins hefur til að raska því skipulagi ef eitthvað stangast á.

Minn skilningur er sá að það hafi verið rétt sem hæstv. ráðherra sagði í dag. Mér finnst ekki trúverðugt hvernig hann reyndi að snúa því þannig að samræmdist skilningi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hér áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Undirritun Kyoto-bókunarinnar, síðari umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 41. mál. — Þskj. 41, nál. 1134, 1135 og 1177.

[01:36]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hluta hv. umhvn. vegna þáltill. sem vísað var til nefndarinnar. Þar var fjallað um svonefnda Kyoto-bókun og mæla þar flm. með því og leggja til að Ísland undirriti hana.

Þetta var eitt af fyrstu málum nefndarinnar á þessu þingi og fékk tillagan strax allnokkra umfjöllun og enn frekari þegar á þingstörfin leið. Til nefndarinnar komu góðir gestir og einnig bárust umsagnir. Sérstaklega var lögð áhersla á að fá upplýsingar og yfirlýsingar frá ríkisstjórninni en þeirra skyldi umhvrn. afla.

Nokkur bið varð á því svari og töfðust þannig störf nefndarinnar nokkuð. Einnig er til þess að líta að umhvn. vísaði máli þessu til utanrmn. þar sem þáltill. fékk ítarlega umfjöllun. Í framhaldi af þeirri umfjöllun fylgdi bréf hv. utanrmn. til umhvn. Undir þinglok bárust og svör frá umhvrn. og fyrst og fremst skýrsla um fund íslensku sendinefndarinnar í Buenos Aires í framhaldi af Kyoto-bókuninni.

Að þessum göngum fengnum og þeirri umfjöllun lokinni var málið tekið til afgreiðslu í nefndinni. Enda hafði sá sem hér stendur, form. umhvn., lýst því yfir við umræður í þinginu fyrir skömmu að hann vildi beita sér fyrir því að málið yrði afgreitt frá umhvn.

Virðulegi forseti. Í nál. meiri hluta umhvn. koma fram grundvallaratriðin í samningsstöðu Kyoto-málsins og sömuleiðis þær áherslur sem ríkisstjórn Íslands hefur haldið fram við samningagerðina. Enn fremur er í nál. rakið hvernig ríkisstjórnin komst að þeirri niðurstöðu að undirrita ekki Kyoto-bókunina að svo komnu máli. Um það má lesa í þskj. því sem hér liggur fyrir.

Þegar til afgreiðslu umhvn. kom háttaði svo málum að meiri hluti nefndarinnar, sem ég tala hér fyrir, leggur til að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar en minni hluti nefndarinnar skilar séráliti.

[01:40]

Frsm. 1. minni hluta umhvn. (Magnús Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hér var lögð fram tillaga til þál., eins og kom fram í máli hv. 11. þm. Reykv., um undirritun Kyoto-bókunarinnar. Flutningsmenn tillögunnar voru hv. þm. Ágúst

Einarsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Svavar Gestsson, Svanfríður Jónasdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirrita nú þegar fyrir Íslands hönd Kyoto-bókunina, bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar."

Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta umhvn. í þessu máli. Ég held að best fari á því að ég lesi það álit upp, með leyfi hæstv. forseta, en það er svohljóðandi:

„Um allan heim hafa menn áhyggjur af vaxandi gróðurhúsaáhrifum í andrúmsloftinu af mannavöldum sem valdið geta verulegum breytingum á veðurfari og lífsskilyrðum. Þjóðir heims hafa almennt viðurkennt þessa hættu og þá staðreynd að engin ein þjóð geti brugðist við vandanum án samvinnu við aðrar. Eftir flóknar og tímafrekar viðræður milli þjóða sem hófust 1988 um aðgerðir til að sporna gegn loftslagsbreytingum náðist samkomulag um alþjóðlegan samning sem undirritaður var af flestum þjóðum heims á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó de Janeiró í Brasilíu í júní 1992.

Með undirritun Ríó-samningsins höfðu þjóðir heims í sameiningu mótað stefnu og fundið leiðir sem miða að því að draga úr losun koltvíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Ísland tók þátt í gerð þessa samnings um loftslagsbreytingar, undirritaði hann árið 1992 og staðfesti aðild sína að honum. Með aðild að samningnum samþykkti Ísland að taka þátt í því með öðrum þróuðum ríkjum að vinna að því að losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið yrði ekki meiri árið 2000 en hún var árið 1990.

Áður en loftslagssamningurinn var samþykktur af Íslands hálfu hafði íslenska ríkið skuldbundið sig til að vinna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum. Í norrænu umhverfisáætluninni sem samþykkt var 1989 eru t.d. ákvæði um aðgerðir til að draga úr koltvíoxíðsmengun í andrúmslofti. Á ráðherrafundi, sem haldinn var í tengslum við aðra alþjóðlegu veðurfarsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf í nóvember 1990, samþykkti umhverfisráðherra fyrir hönd Íslands yfirlýsingu þess efnis að aðildarríki Evrópusambandsins og EFTA, auk Japans, Ástralíu, Nýja-Sjálands og Kanada, skuldbinda sig til að draga úr losun koltvíoxíðs út í andrúmsloftið þannig að hún verði ekki meiri árið 2000 en hún var í viðkomandi landi árið 1990.

Nú þegar á reynir og þjóðir heims hafa komið sér saman um samræmdar aðgerðir til að ná því langþráða markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið ætlar Ísland að skerast úr leik samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Það er ljóst að ekki verður unnt að halda losuninni óbreyttri á milli áranna 1990 og 2000, en aðildarríki Ríó-samningsins um loftslagsbreytingar hafa nú með Kyoto-bókuninni komið sér saman um það raunhæfa markmið að draga þannig úr losuninni með sameiginlegu átaki að hún verði 5,2% minni á tímabilinu 2008–2012 en hún var árið 1990. Skuldbindingarnar eru mismunandi milli einstakra ríkja eða frá 8% minni losun upp í að heimila 10% meiri losun.

Íslandi er heimilt samkvæmt Kyoto-bókuninni að losa 10% meira en gert var 1990, eða mest allra þeirra ríkja sem hafa skuldbundið sig til aðgerða samkvæmt samningnum. Þrátt fyrir að Ísland hafi fengið sérstöðu sína viðurkennda, þ.e. smæð hagkerfisins og hlutfallslega mikla nýtingu vistvænna orkugjafa, og fengið rúmastar heimildir allra þjóða ætlar meiri hluti umhverfisnefndar í félagi við ríkisstjórnina að koma í veg fyrir að Ísland taki áfram þátt í sameiginlegri baráttu þjóða við loftslagsbreytingar af mannavöldum.

Með því að undirrita Kyoto-bókunina núna eru send þau skilaboð til annarra þjóða að Ísland stefni að því að staðfesta hana síðar og að Ísland ætli ekki, eitt OECD-ríkja, að skerast úr leik þegar loksins hefur náðst samkomulag um raunhæfar aðgerðir. Hin eiginlega aðild að bókuninni verður ekki fyrr en undirritunin hefur verið staðfest með samþykki Alþingis þannig að undirritunin er í raun viljayfirlýsing. Þau rök sem meiri hlutinn færir fram gegn því að gefa slíka viljayfirlýsingu eru því óskiljanleg að mati 1. minni hluta.

Það er útúrsnúningur að halda því fram að undirritun Kyoto-bókunarinnar þýði að Íslendingar geti ekki haldið áfram að nýta endurnýjanlegar orkulindir landsins. Undirritun og fullgilding bókunarinnar síðar mun ekki koma í veg fyrir nýtingu orkulindanna. Fullgilding mun takmarka möguleika til að nýta orkuna í mengandi stóriðju, en ekki á nokkurn annan hátt. Undirritun bókunarinnar mun hins vegar hvetja stjórnvöld til að leita leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið og til að endurmeta margvíslega þætti í samfélaginu með það fyrir augum að draga úr útblæstri skaðlegra lofttegunda, t.d. frá fiskiskipum og samgöngutækjum.

Jafnframt mun undirritun hvetja til endurskoðunar á áformum um mengandi stóriðju og annarra leiða til að nýta orkuna í fallvötnum landsins og jarðhitasvæðum. Einnig mun þurfa að skoða vel leiðir til að draga úr mengun andrúmsloftsins með landgræðslu og skógrækt í samræmi við systursamninginn frá Ríó de Janeiró um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Með honum er ekki síður verið að taka á mikilvægum umhverfismálum en með samningnum um loftslagsbreytingar.

Það sem skiptir máli er að undirritun nú mun hvetja til þess að gerðar verði raunhæfar framkvæmdaáætlanir sem miði að því að ná settu markmiði Kyoto-bókunarinnar og þeim framfylgt í stað þess að virða þær að vettugi líkt og gert var við þær sem samþykktar hafa verið á undanförnum árum.

Staða Íslands í samfélagi þjóðanna mun veikjast verulega ef Kyoto-bókunin verður ekki undirrituð fyrir 15. mars 1999. Verulega mun draga úr möguleikum Íslands til að hafa áhrif á þróun umhverfismála í heiminum og þar á meðal á þróun mála er varða mengun hafsins og nýtingu fiskimiða og annarra auðlinda sjávar. Hnattræn vandamál á sviði umhverfisverndar og nýtingar auðlinda jarðarinnar varða hagsmuni Íslendinga og þau verða ekki leyst nema með sameiginlegu átaki þjóða heimsins. Að skerast úr leik nú í sameiginlegri baráttu þjóðanna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum með því að neita að gefa þá viljayfirlýsingu sem felst í undirritun bókunarinnar er vísasta leiðin til að gera Ísland að áhrifalausu jaðarríki á hjara heims.

Að mati 1. minni hluta er mun sterkara fyrir íslensku þjóðina, sem vill láta til sín taka í umhverfismálum á alþjóðavettvengi, að undirrita Kyoto-bókunina núna og vera áfram með í sameiginlegri baráttu þjóða gegn loftslagsbreytingum. Það veikir stöðu þjóðarinnar að skerast nú úr leik og slíta samstarfi á þessu sviði við önnur ríki Norðurlanda og OECD.

Fyrsti minni hluti leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt."

Undir nál. skrifa fulltrúar Samfylkingarinnar í umhvn., Margrét Frímannsdóttir og Magnús Árni Magnússon.

Það kom fram í nál. að við höfum verið með í þessu ferli í rúm tíu ár. Nú er komið að aðgerðum. Það hefur heyrst að hæstv. utanrrh. segi að við verðum með í þessu starfi, en samt hefur hæstv. ríkisstjórn kosið að kveða upp úr með það að hún hyggist ekki undirrita þennan samning fyrir tilskilinn tíma. En undirritunin er einmitt sams konar viljayfirlýsing og hæstv. ríkisstjórn vill gefa með því að segja að hún verði með.

Það er álit okkar í 1. minni hluta umhvn. að möguleikar okkar til þess að hafa áhrif á starfið þarna inni séu meiri ef við undirritum og sýnum viljann í verki til að vera með. Það kom einmitt fram í þessu áliti að við erum ekki aðeins að skera okkur úr í OECD-samstarfinu með því að undirrita ekki fyrir 15. mars heldur erum við einnig að skera okkur úr í samstarfi Norðurlandanna, sem er kannski sárara því að það er nú sá félagsskapur sem við höfum löngum helst viljað vera í, auk þess sem að í umhverfismálum er ákveðinn heiður að tilheyra þeim hópi því þau ríki hafa verið í fararbroddi í þeim málum í heiminum.

Við teljum að þetta veiki stöðu okkar í umhverfismálum, ímyndarlega stöðu Íslands og trúverðugleika almennt á sviði umhverfismála. Og þess má geta að við eigum, eins og kom fram í álitinu, verulegra hagsmuna að gæta á þeim sviðum. Við þurfum að berjast fyrir mörgu á sviði umhverfismála á alþjóðavettvangi til þess að vernda okkar eigin hagsmuni.

Svo er ljóst að undirritunin verður ekki staðfest nema með samþykki Alþingis þannig að undirritunin sem slík fyrir þennan ákveðna tíma er einungis þessi viljayfirlýsing sem menn hafa þó þóst vilja gefa.

Ég ætla ekki að setja á langt mál um þetta hér en bendi á að fulltrúar 1. minni hluta umhvn., fulltrúar Samfylkingarinnar þar leggja til að tillagan um undirritun Kyoto-bókunarinnar verði samþykkt.

[01:51]

Frsm. 2. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér er stórt mál til umræðu af tilefni till. til þál. sem hefur legið fyrir þinginu frá því í haust og hv. þm. Ágúst Einarsson er 1. flm. að. Ég hef skilað áliti sem 2. minni hluti umhvn. og ætla að kynna viðhorf til málsins. Ég hef vissulega reifað þetta mál alloft bæði í tengslum við umræðu um þessa tillögu, utan dagskrár hér á Alþingi og af tilefni annarra mála vegna þess að þetta stóra mál snertir mjög mörg mál, ekki síst losun frá atvinnurekstri og þar með stefnu í atvinnumálum, ekki síst í þungaiðnaði eða stóriðju og hefur það því oft borið á góma hér á undanförnum vikum og mánuðum.

Að mati 2. minni hluta umhvn., sem hér talar, gerði íslenska ríkisstjórnin mikil mistök með því að undirrita ekki Kyoto-bókunina við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna. Ísland stendur nú eitt OECD-ríkja í þessu máli þar eð öll önnur hafa þegar undirritað bókunina. Það liggur fyrir að samningamenn umhverfisráðherra eru ósammála ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að undirrita ekki bókunina og er hægt að vísa þar í opinber ummæli, m.a. í Morgunblaðinu fyrir fáum dögum þar sem rætt var við ábyrgðarmann umhvrn. á þessu sviði, Halldór Þorgeirsson. Hann er líklega manna best hérlendis inni í öllum þáttum þessa samnings og hefur tekið virkan þátt í samningaferlinu fyrir Íslands hönd um árabil og síðan í fyrra verið aðalsamningamaður af hálfu umhvrn. á embættismannastigi (Gripið fram í.) eða leitt það starf. Ekki aðalsamningamaður? Hver er það þá nema hæstv. ráðherra sem auðvitað (**ÓÖH:** ... í samninganefndinni. Formaður samninganefndarinnar er ...) Virðulegur forseti. Þetta eru *dálítið sérkennilegar frammítökur hér til leiðréttingar á* mínu máli frá hv. formanni umhvn. Ég skal ekki taka þetta neitt illa upp. Ég sagði: Aðalsamningamaður af hálfu umhvrn. Skyldi hv. þm., virðulegur forseti, hafa eitthvað við það að athuga?

Mér er fyllilega kunnugt um það hvernig íslenska samninganefndin, t.d. á ársþinginu í Buenos Aires, var skipuð. Það liggur fyrir og ég get vísað hv. þingönnum sem vildu lesa sér til um gang þeirrar ráðstefnu frá degi til dags á *heimasíðu mína, en ég ætla ekki að fara út í þá sálma hér.*

Stefna ríkisstjórnarinnar að krefjast frekari tilslakana en Ísland fékk í Kyoto er að mínu mati röng. Hún byggist á þeirri stóriðjustefnu sem er helsta flagg ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Vegna þessarar stefnu hafa Íslendingar þegar gengið gegn markmiðum sjálfs loftslagssamningsins þess efnis að takmarka losun árið 2000 við það sem var árið 1990. Stóriðjuáform ríkisstjórnarinnar hleypa losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis upp úr öllu valdi á sama tíma og flestar aðrar ríkar þjóðir taka á sig skuldbindingar um samdrátt.

Ísland er eitt best stæða ríki heims og var úthlutað meira svigrúmi til losunar gróðurhúsalofttegunda en nokkru öðru iðnríki í Kyoto og þetta vel stæða ríki, þetta vel stæða land okkar, gerir nú kröfu um að fá stóriðju hérlendis tekna út fyrir sviga. Fyrir því eru hvorki efnahagsleg né siðræn rök. Með ákvörðun sinni taka íslensk stjórnvöld mikla áhættu að því er varðar heildarhagsmuni landsins.

Aðild að Kyoto-bókuninni kemur ekki í veg fyrir að Íslendingar nýti endurnýjanlegar orkulindir sínar, eins og skilja má af málflutningi ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar á Alþingi. Íslendingar þurfa á þessum orkulindum að halda til annarra nota en binda hana í málmbræðslum í hálfa öld eða lengur. Umfang þessara orkulinda, vatnsafls og jarðvarma, er ekki meira en svo að þær munu verða fullnýttar um miðja næstu öld að teknu eðlilegu tilliti til verndar náttúru landsins.

Þingflokkur óháðra flutti í þingbyrjun tillögu um sjálfbæra orkustefnu. Þar er sýnt fram á með skýrum rökum að sé ætlunin að láta innlenda, vistvæna orku koma í stað innflutts jarðefnaeldsneytis eiga menn fullt í fangi með að reisa tilheyrandi virkjanir, án þess að ganga óhóflega á náttúru landsins. Allt tal ráðamanna um að okkur beri að hlaupa undir bagga með heimsbyggðinni og taka hér við mengandi stóriðjurekstri er rökleysa. Það mætti fara mörgum orðum um það en þau verða spöruð að þessu sinni.

Því miður er það ekki aðeins ríkisstjórnin sem styður áframhaldandi uppbyggingu þungaiðnaðar með málmbræðslum. Fulltrúar Samfylkingarinnar sem hér flytja tillögu, ágæta tillögu um undirritun Kyoto-bókunarinnar, eru þessa dagana með stuðningi við frumvarp ríkisstjórnarinnar um raforkuver að skrifa upp á virkjanir sem fóðra eiga stóriðjuver með orku. Talsmenn Samfylkingarinnar í einstökum kjördæmum, *meðal annars á Austurlandi, að ég fæ lesið út úr* stefnuyfirlýsingum þar, á Reykjanesi og Vesturlandi, eins og ég þekki málflutning talsmannanna þar, tala fyrir áframhaldandi stóriðjuuppbyggingu. Álbræðsla á vegum Norsk Hydro með 480 þúsund tonna framleiðslugetu á ári mundi losa nær 1 milljón tonna af gróðurhúsalofttegundum, en heildarlosun hérlendis er nú um 2,8 milljónir tonna. Ég heyri ekki betur

en það sé tekið fullum hálsi undir þessi áform af talsmönnum Samfylkingarinnar í því kjördæmi sem ég er nú þingmaður fyrir. Það er þannig engin samkvæmni í kröfu Samfylkingarinnar um undirritun Kyoto-bókunarinnar og algjörlega holt undir stuðningi þeirra við þau mörk sem Íslandi var úthlutað í Kyoto því að stóriðjuuppbyggingin, eins og hún liggur fyrir nú og er lögð fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar, veldur því að ekki verður hægt að standa við þessi mörk. Því hljóta þeir hinir sömu í raun að stefna að því að fá þar undanþágur eins og hæstv. ríkisstjórn er að leitast við. Það er meginröksemd hennar fyrir því að hafna undirritun og hafa fullan fyrirvara um þátttöku í sáttmálanum, því að engin vissa er fyrir því að vera áfram aðili að samningnum ef hún hafnar því að eiga hlut að bókuninni, sem er þó vissulega mögulegt.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð sem bjóða mun fram til komandi alþingiskosninga er eina stjórnmálaaflið sem er sjálfu sér samkvæmt í loftslagsmálunum. Þingflokkur óháðra styður að sjálfsögðu undirritun Kyoto-bókunarinnar fyrir 15. mars nk., en það er eindaginn. Meðfylgjandi er samþykkt þingflokksins — hún fylgir með þessu nál. — og sú samþykkt var gerð 23. febrúar 1999, strax og fréttist af ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Álitinu fylgir einnig til fróðleiks skriflegt svar umhvrh. við fyrirspurn sem ég bar fram á 122. löggjafarþingi um sefnumörkun vegna Kyoto-bókunarinnar. Þar er m.a. að finna í íslenskri þýðingu hið svonefnda íslenska ákvæði sem ríkisstjórnin hefur verið að róa fyrir á ársþingum og öðrum fundum á undanförnum missirum eða frá því að ráðstefnan var haldin í Kyoto í desember 1997.

Þá er einnig með nál. að finna grein eftir þann sem hér talar um loftslagsráðstefnuna í Buenos Aires, grein sem birtist í Morgunblaðinu 1. des. 1998. Þessar heimildir eru hér fram settar til að stytta mál í nál. og vísa til heimilda sem eru af sama toga.

Ég, sem 2. minni hluti umhvn., styð þingmálið sem hér er til umræðu eindregið, þ.e. að ríkisstjórninni verði falið að undirrita nú þegar fyrir Íslands hönd Kyoto-bókunina við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna.

[02:01]

Katrín Fjeldsted:

Hæstv. forseti. Hér er á dagskrá 41. mál á þessu löggjafarþingi, mál sem lagt var fram sl. haust. Þá átti ég ekki sæti á Alþingi, kom ekki inn hér fyrr en 1. jan. sl. og hef því ekki komið að umræðu um það og ekki haft tækifæri til þess fyrr en nú.

Samfélag þjóðanna leitast nú við að bæta það tjón sem talið er að stafi af loftmengun af mannavöldum. Loftslagsbreytingar af svokölluðum gróðurhúsalofttegundum eru áhyggjuefni. Yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar er að Ísland gerist aðili að Kyoto-bókuninni og er það vel þótt þar sé hafður á fyrirvari.

Ég get ekki fallist á þau rök að sérstaða okkar meðal þjóða heims sé slík að hún réttlæti að við skerumst nú úr leik. Á sama hátt og ég tel að við eigum að tilheyra Alþjóðahvalveiðiráðinu og rökstyðja þar og ná samkomulagi þar um framtíð hvalveiða við Ísland eigum við að starfa með öðrum ábyrgum ríkjum við að koma umhverfismálum í heiminum í betra horf, hvort sem um er að ræða mengun í lofti, á láði eða legi, samanber mengun heimshafanna. Við eigum að starfa með öðrum ríkjum, vera samstiga þeim og helst að ganga á undan með góðu fordæmi.

Hætt er við því að undantekningin verði það sem veki á okkur neikvæða athygli og skaði okkur í augliti annarra þjóða, ekki síst nágrannaþjóða okkar. Við eigum að starfa með öðrum ríkjum við að koma umhverfismálunum í betra horf því að þannig skilum við afkomendum okkar betri framtíð og betri lífsmöguleikum.

Afstaða mín til þáltill. er í samræmi við það.

[02:04]

Frsm. 2. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er eiginlega ekki annað hægt en að fagna því að rödd skuli koma af bekkjum stuðningsliðs ríkisstjórnarinnar, stuðningur við þessa tillögu. Það er ánægjuefni og ég er viss um að það er auðvitað skilningur hjá mörgum fleiri þingmönnum þótt stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar séu á tvísýnni vegferð í sambandi við þetta mál.

Ég held að það hefði þurft að fara fram miklu opnari og víðtækari umræða um málið á Alþingi áður en ríkisstjórnin tók ákvörðun sína í málinu. Það var kannski eitt það dapurlegasta við þetta að hæstv. ríkisstjórn skyldi ekki leita eftir einhverju og þá a.m.k. lögboðnu samráði við utanrmn. um þetta efni.

Það er fleira sem ber að harma í sambandi við málafylgjuna eins og það að umhvn. þingsins fékk enga skilagrein frá síðasta ársfundi samningsaðila, þ.e. Buenos Aires þinginu. Nefndin hafði því ekki fyrir sér nein gögn til umræðu og mats á þessu máli áður en tillagan gekk til þessarar afgreiðslu sem vísar beint í ágreining í þinginu.

En söm er gerðin góð af hálfu þess þingmanns sem hér talaði að taka efnislega á málinu og túlka þá skoðun hér þótt liðið sé nokkuð á nóttina.

[02:06]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það þingmál sem við ræðum var lagt fram á hinu háa Alþingi í haust. Ég er 1. flm. að tillögunni en auk mín flytja hana fjölmargir forustumenn úr þingflokki Samfylkingarinnar. Það hefur komið fram á opinberum vettvangi að tillaga um undirritun Kyoto-bókunarinnar hafi verið fyrsta þingmál Samfylkingarinnar. Það fer því vel á því, herra forseti, að nú þegar þingi lýkur komi tillagan til lokaumræðu á hinu háa Alþingi og til atkvæðagreiðslu. Það er ekki seinna vænna vegna þess að við þurfum, til að verða stofnaðilar að Kyoto-bókuninni, að undirrita hana fyrir 15. mars. Núna þegar þessi orð eru töluð er 11. mars nýlega runninn upp. Við erum ein þjóða af OECD-ríkjunum sem á eftir að undirrita bókunina. Það segir allt um afstöðu okkar.

Við í Samfylkingunni teljum að Íslendingar eigi að axla ábyrgð í umhverfismálum með öðrum þjóðum. Við eigum að laga stefnu okkar innan lands að þessum viðhorfum. Þetta er grundvallarafstaða okkar. Við teljum að við eigum samleið með öðrum þjóðum í því að vinna gegn útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt viðurkennum við fúslega að við búum við margvíslega sérstöðu, m.a. vegna þess að við höfum verið á undan öðrum þjóðum að nýta ýmsa orkugjafa. Við búum við sérstöðu í uppbyggingu atvinnuvega og það má til að mynda nefna að þriðjungur af útblæstri okkar er í sjávarútvegi og annar þriðjungur vegna samgangna.

Sérstaða er vissulega til staðar þegar aðstæður Íslands eru skoðaðar. Hins vegar, herra forseti, var tekið tillit til sérstöðu Íslendinga þegar gengið var frá Kyoto-bókuninni vegna þess að við fengum rúmastar heimildir allra þjóða í þessu sameiginlega átaki heimsbyggðarinnar við að berjast gegn þessum vágesti. Tekið var tillit til sérstöðu okkar en

það dugði ekki og dugar ekki íslensku ríkisstjórninni, einni ríkisstjórna innan OECD.

Við erum hins vegar með útblástur á mann alveg sambærilegan og er í hinni iðnvæddu Evrópu. Við erum með jafnmikinn útblástur á mann og þessi ríki. Við höfum því enga afsökun, herra forseti, fyrir því að skorast undan þessu sameiginlega átaki við að berjast gegn þessu mesta vandamáli sem blasir við mannkyninu, vandamáli vegna umhverfisógnunar. Þetta er siðferðilegt vandamál sem við stöndum frammi fyrir. Við berum siðferðilega ábyrgð á umhverfi okkar og við í Samfylkingunni lítum svo á að það sé siðferðileg skylda okkar að taka þátt í því með öðrum þjóðum að vinna bug á þessum vandamálum þó svo að við gerum það ekki einungis með því að undirrita bókunina. Það er einungis fyrsta skrefið vegna þess að undirritunin er viljayfirlýsing. Hún segir: Við erum ábyrg þjóð, við eigum samstöðu með öðrum þjóðum í umhverfismálum og við munum innleiða síðan í kjölfarið þann feril sem leiðir til fullgildingar bókunarinnar. Það er nákvæmlega það sama og aðrar þjóðir, sem hafa undirritað viljayfirlýsinguna eru að segja — við ætlum að taka sameiginlega á þessu vandamáli, við höldum áfram að ræða saman því eftir Kyoto-ráðstefnuna í Japan var ráðstefna í Buenos Aires og þegar er búið að boða nýja ráðstefnu og nýja fundi vegna þess að þetta vandamál er ekkert leyst með Kyoto-bókuninni.

Það er e.t.v. það sorglega að markmiðin sem voru sett með Kyoto-bókuninni, markmiðin sem ríkisstjórn Íslands vill ekki einu sinni skrifa undir, duga ekki til að draga úr þessum hættulegu áhrifum gróðurhúsalofttegunda. Þau eru hættuleg, þau eru lífshættuleg vegna þess að þau geta valdið miklum umhverfisspjöllum hér á landi, leitt til mikilla breytinga á umhverfi okkar en þau munu færa sum ríki í heiminum í kaf. Þau munu beinlínis eyða heimilum fjölmargra íbúa í heimsbyggðinni. Það er einnig vandamál okkar en ekki einungis þeirra íbúa sem þar búa.

Það hefur verið ágreiningur, herra forseti, innan íslensku ríkisstjórnarinnar hvort eigi að undirrita þessa bókun. Sjaldan hefur ráðherra verið jafnniðurlægður og umhvrh. í þessu máli vegna þess að komið hefur fram að aðalsamningamaður Íslands, Halldór Þorgeirsson, vildi undirrita bókunina og taldi það einfaldlega skynsamlegra til að halda áfram að berjast fyrir því sem menn kalla íslenska ákvæðið í þessum alþjóðlegu samræðum.

Þeir sem voru á móti voru utanrrh. og forsrh. Svo leyfir meiri hluti umhvn. sér að leggja til við afgreiðslu þessarar tillögu að vísa henni til ríkisstjórnarinnar. Til hvers? Til hvers á að greiða atkvæði um það í fyrramálið að vísa þessari tillögu til ríkisstjórnarinnar? Ríkisstjórnin og forsrh. hæstv. og utanrrh. eru búnir að segja skoðun sína og þeir spyrja ekki unhvrh. Þeir höfðu hann ekki einu sinni með á fundinum þegar þeir tilkynntu að þeir mundu ekki skrifa undir Kyoto-bókunina.

Þeir eru búnir að segja að þeir ætli ekki að skrifa undir. Til hvers á þá að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar? Það hefði verið meiri manndómur í meiri hluta umhvn. að leggja til að tillagan yrði felld því það er það sem málið gengur út á. Það er að þeir ætla að fella tillöguna í fyrramálið með því að vísa henni til ríkisstjórnarinnar. Og fresturinn, herra forseti, rennur út eftir fjóra daga.

Samfylkingin tekur þetta mál mjög alvarlega. Hún lítur ekki á þetta einungis sem siðferðilega skyldu gagnvart umheiminum og samstöðu með öðrum þjóðum heldur telur hún þetta vera nauðsynlegan þátt í endurmati á atvinnustefnu hérlendis. Við viljum, samhliða því að við undirritum bókunina, takast á við þær kvaðir sem bókunin og þau markmið og sá hugsunarháttur mun fylgja í kjölfarið. Við viljum endurmeta og munum endurmeta stóriðjuframkvæmdir, stórvirkjanir og aðra þætti sem leiða til þessa útblásturs.

Við bendum líka á að vitaskuld verðum við að gera sérstakt átak í því að ná tökum þar sem vandamálið er e.t.v. einna stærst í samgöngum og sjávarútvegi. Þarna þarf nýja stefnu, þarna þarf nýja hugsun en, herra forseti, hugsun okkar í Samfylkingunni er að ná markmiðunum, undirgangast alþjóðlegar skuldbindingar og ábyrgð. Taka þátt í því með öðrum þjóðum að vinna að málstað okkar en íslenska ríkisstjórnin rekur okkur frá borðinu. Hún er að reka okkur frá borðinu vegna þess að hver tekur mark á þeirri einu þjóð innan OECD sem vill ekki einu sinni gefa þá viljayfirlýsingu sem undirritunin er? Hver mun taka mark á þeirri þjóð? Ekki nokkur maður. Meira að segja Bandaríkjamenn hafa undirritað þessa viljayfirlýsingu þótt vitað sé að það er hatrömm andstaða hjá hluta þingmanna á Bandaríkjaþingi og það mun taka langan tíma að fullgilda bókunina þar og þeir munu halda áfram að berjast fyrir sínum sérstöku hagsmunum. Við þekkjum það og aðrar þjóðir munu gera það en þeir eru þegar búnir að axla ábyrgðina að ætla að vinna í hópi annarra þjóða að þessu um leið og íslenska ríkisstjórnin dæmir okkur frá þessu borði því vitaskuld er ekki tekið mark á rökum þeirrar þjóðar sem er ekki einu sinni fær um að skynja hversu alvarlegt málið er og er ekki fær um að skynja hin siðferðilegu rök að baki þessarar hugmyndafræði.

Við í Samfylkingunni viljum ekkert útiloka í atvinnuuppbyggingu, við erum ekki að útiloka stóriðjuframkvæmdir. Við segjum: Við verðum að endurmeta stóriðjuframkvæmdir, við verðum að endurmeta virkjanir, við verðum að fara í sparnaðaraðgerðir en við verðum fyrst og fremst að ná markmiðunum. Við náum kannski markmiðunum með því að ráðast ekki í einhverjar tilteknar framkvæmdir. Það kemur í ljós en við förum ekki þá leið eins og sumir að útiloka tiltekna þætti í þessu ferli. Við teljum það einfaldlega ekki skynsamlegt og við í Samfylkingunni höfum lagt mikla áherslu á það í málefnagrunni okkar, þ.e. að framkvæmdir, virkjanir, stóriðjuframkvæmdir, lúti ekki einungis þeirri hugmyndafræði sem býr að baki Kyoto-bókuninni, heldur einnig umhverfisáhrifum. Það er beinlínis inni í stefnuskrá okkar að stórar framkvæmdir eins og á Austurlandi eigi vitaskuld að fara í umhverfismat og enginn munur er á sjónarmiðum samfylkingarmanna fyrir sunnan eða annars staðar á landinu eða félaga okkar fyrir austan.

Herra forseti. Mikilvægt er að takast á við þessa áskorun af ábyrgð. Við munum halda áfram að nýta endurnýjanlegar auðlindir landsins. Undirritun kemur ekki í veg fyrir það en hún kallar á endurmat og hún kallar á að við gerum kröfu til að vera teknir alvarlega í samtölum og samræðum við aðrar þjóðir. Við teljum mun sterkara fyrir hagsmuni Íslendinga og íslensku þjóðina að láta til sín taka í umhverfismálum á alþjóðavettvangi með undirritun Kyoto-bókunarinnar og innleiða feril til fullgildingar hennar, taka þátt í þessu sameiginlega verkefni sem þjóðir heimsins hafa ráðist í. Við í Samfylkingunni teljum ekki vandkvæðum bundið að laga atvinnustefnu okkar og endurmeta hana þannig að við getum tekið þátt í þessu og unnið sóknarfæri út úr því í atvinnuuppbyggingu okkar því að framtíðin í atvinnuuppbyggingunni liggur e.t.v. miklu frekar á margs konar sviðum sem

tengjast menntun og hátækni en þeirri tiltölulega einhæfu stóriðjuframleiðslu sem við höfum oft lagt þunga áherslu á. Samfylkingin leggur þessa tillögu fram sem fyrsta þingmál sitt. Hún er þakklát fyrir það og það er eina hrósið sem meiri hluti umhvn. fær varðandi þetta mál. Hún er þakklát fyrir að umhvn. afgreiddi málið, að við fáum tækifæri á hinu háa Alþingi að skiptast á skoðunum í lokaumræðu um málið og að fá að greiða atkvæði um það því það er allt of sjaldan, herra forseti, sem við fáum að greiða atkvæði í málum sem skilur virkilega á milli í pólitískum grundvallarviðhorfum. Við munum á morgun greiða atkvæði um þessa tillögu. Ef, eins og stefnir í að því verði hafnað að undirrita Kyoto-bókunina, þá er ríkisstjórnin að dæma okkur úr leik að mati okkar í Samfylkingunni. Hún er ekki að gæta hagsmuna heimsins, hún er ekki að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar. Hún er föst í einangrunarhyggju og úreltum viðhorfum og er ekki fær um að skynja þá breyttu tíma sem umhverfismálin hafa verið að færast í á síðustu árum.

[02:22]

Frsm. 2. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var ágæt og hressileg ræða sem hér var flutt en eitthvað fannst mér holt undir. Ég kemst ekki hjá því þegar menn tala um með stórum orðum og skýrum að við eigum að laga stefnu okkar innan lands að þeim markmiðum sem Kyoto-bókunin gerir ráð fyrir og hér sé siðferðilegt vandamál á ferðinni. Við eigum að vera ábyrg þjóð og ef við fylgjum ekki þessum leikreglum í sambandi við loftslagssamninginn og Kyoto-bókunina séum við á lífshættulegri braut. Ég get tekið undir þetta allt saman en hvað eru fulltrúar Samfylkingarinnar að gera á Alþingi Íslendinga þessa daga? Fyrir hverju tala fulltrúar Samfylkingarinnar víða úti um landið? Hvernig tala þeir? Við erum að ganga til lokaafgreiðslu á frv. um raforkuver sem eru heimildir til ríkisstjórnar til að auka orkuframleiðslu til stóriðju. Hér stefnir í það, virðulegur forseti, að við förum 16% fram úr markmiðinu árið 2000, að við förum líklega 40% fram úr árið 2010 og þá er ekki reiknað með álbræðslunni á Austurlandi sem Samfylkingin styður, sem leiða mun til, ef fullbyggð verður eftir núverandi áætlunum 1 millj. tonna losunar á gróðurhúsalofttegundum. Hvar er samkvæmnin í þessum málflutningi?

Virðulegur forseti. Það er aldeilis óhjákvæmilegt að benda á þessa þversögn og ekki síst vegna þess að talsmaður Samfylkingarinnar, sem flytur ágæta tillögu á Alþingi, getur ekki sannfært mig og marga fleiri um að samkvæmni sé á milli orða og yfirlýsinga og raunverulegra ákvarðana sem viðkomandi þingmenn ætla að vera þátttakendur í.

[02:24]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í orðum hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar endurspeglast gamalkunn afstaða þingmannsins. Það er stóriðjuhatrið sem hefur alltaf einkennt þennan hv. þm. Ég sagði skýrt í ræðu minni áðan að við ætluðum að endurmeta stóriðjuframkvæmdir, við ætluðum að endurmeta virkjanaframkvæmdir. Ég benti hins vegar á að aðalatriðið sé að ná markmiðunum. Ef við spörum útblástur í sjávarútvegi eða samgöngum, getum við vel nýtt orku okkar, e.t.v. í stóriðju. Hv. þm. má ekki heyra orðin orkufrekur iðnaður. Ég er þeirrar skoðunar að orkufrekur iðnaður og stóriðjustefna, eins og við stunduðum hana á árum áður, er að renna sitt skeið á enda. Henni er ekki lokið. Það er endurmat sem fer fram núna innan Samfylkingarinnar, innan íslenskra stjórnmálaflokka, ekki einungis út frá þessari Kyoto-bókun, heldur vegna þess hvar tækifærin liggja á næstu öld. Hv. þm. getur ekkert séð annað en að það sé af hinu vonda ef stóriðja er nýtt, og orkufrekur iðnaður. Oft getur það verið af hinu vonda en það þarf ekki að vera í öllum tilvikum. Það er þessi öfgafulla afstaða og höfnun á því að skoða málin yfirvegað eins og við erum að leggja hér til, eins og félagar okkar á Austurlandi. Þegar við ræðum um af fullri alvöru um umhverfismat á framkvæmdum viljum við friða víðernin í landi okkar. Ég minni á að hv. þm. stendur ekki með okkur í skipulagsmálum á miðhálendinu, hann stendur með ríkisstjórninni. Fyrst og fremst er hann að endurspegla gamalkunna andúð sína á þeirri iðnaðarframleiðslu sem við höfum hingað til kallað stóriðju og þetta eru engin rök í málinu.

[02:26]

Frsm. 2. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er aldeilis kynlegur lestur sem hér er yfirhafður. Veit ekki hv. þm. um staðreyndir mála? Veit ekki hv. þm. um það að ef við værum ekki að taka ákvarðanir um orkufrekan iðnað í vaxandi mæli, stig af stigi, þá væri hér ekki við neinn vanda að fást að uppfylla þær skuldbindingar sem Ísland mundi taka á sig sem aðili að Kyoto-bókuninni. Þá væri ekki við vandamál að fást í sambandi við fyrsta skrefið en til að ná lengra þurfum við auðvitað að þrýsta niður losun í atvinnuvegum okkar almennt og samgöngum. Það er alveg ljóst en ætli það verði auðvelt verk að fá almenna þátttöku í slíku ef menn ætla að láta einn þátt atvinnulífsins leika lausan? Það leggst allt saman og leiðir til þess að við stöndum ekki við skuldbindingarnar og það er ekkert smáræði á ferðinni. Það er ekkert hatur á orkufrekum iðnaði sem slíkum sem endurspeglast í viðvörunum mínum. Það er einfaldlega ábending um þá staðreynd að megnið af vexti í losun gróðurhúsalofttegunda kemur frá iðnaðarferlum orkufreks iðnaðar. Þegar hv. þingmenn, virðulegur forseti, tala fyrir stóriðju á Alþingi, hvort sem það er úr ríkisstjórn eða Samfylkingu, eru þeir að gefa markmiðunum frá Kyoto langt nef. Það er það sem er að gerast hér hjá hv. þm. sem hefur uppi siðferðilegar brýningar, á hinn bóginn styður hann ákvarðanir sem leiða til þess að ekkert mark er á orðum og yfirlýsingum takandi. Markmiðin eru það sem máli skipta, segir hv. þm. Markmiðin eru það sem máli skipta um leið og teknar eru ákvarðanir sem leiða ekki aðeins til þess að setja markmiðin í hættu heldur stefna langt, langt yfir þau svo við blasir öllum sem sjáandi eru.

[02:29]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur kemur fram það grundvallarviðhorf þingmannsins að ekki sé hægt að ná markmiðunum með Kyoto öðruvísi en að hafna allri stóriðju. Hafna öllum orkufrekum iðnaði. Það er alltaf sami tónninn hjá þessum hv. þm. og hann hefur verið óbreyttur í nokkuð mörg ár og löngu áður en menn fóru að tala um umhverfismál og Kyoto. Þetta hefur alltaf verið sama viðhorfið. Ég hef verið að reyna draga fram hvar útblástur liggur, eins og í sjávarútvegi. Ég þekki ágætlega til þar.

Ég hugsa til þess með hryllingi þegar menn fara að setja 7 þús. hestafla vélar um borð í frystitogara. Ég er ekki viss um að hv. þm. eða aðrir átti sig á muninum þar á milli

í vélastærð, en þar er líka hægt að taka á málum og það er það sem við erum að leggja til. Við erum að segja að við þurfum að uppfylla þessi markmið. Við mætum þeim ekki með fordómum fortíðarinnar eins og hv. þm. lýsti og endurspeglast enn og aftur í máli hans.

Samfylkingin hafði forustu um að undirrita Kyotobókunina, Samfylkingin hefur talað fyrir hinni nýju raunhæfu stefnu í umhverfismálum. Það er ekki hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Það er ekki svo. Það er Samfylkingin sem hefur dregið upp lausnir sem eru marktækar, lausnir sem byggjast á því að skoða þarf hlutina af yfirvegun og ekki af þeirri þráhyggju sem kemur fram í máli hv. þm. í þessum efnum.

Ég þakka fyrir að vera ekki í sama flokki og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Þar skilur á milli okkar í afstöðu á margvíslegum sviðum og það er líka ágætt. Það er ágætt að kjósendur geti líka valið, ekki einungis á milli Samfylkingarinnar og ríkisstjórnarflokkanna, heldur geri sér líka grein fyrir því að munur er á Samfylkingunni og flokki Hjörleifs Guttormssonar.

[02:31]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umræður sem hér hafa átt sér stað. Ég ætla aðeins að segja örfá orð út af þessari tillögu en ég er einn af flm. hennar. Ég fagna því sérstaklega að tillagan náðist út úr hv. umhvn. og að sjálfsögðu vildi ég sjá að Alþingi Íslendinga samþykkti hana. Ég styð það að sjálfsögðu um leið og ég harma það að á þessum eina sólarhring erum við, Alþingi Íslendinga, að senda út mjög hættuleg skilaboð til alheimsins. Annars vegar um að hefja hvalveiðar og hins vegar að neita að skrifa undir Kyotobókunina sem verður niðurstaðan í fyrramálið. Ég harma að þetta virðist vera í uppsiglingu, þetta er mjög háskaleg stefna fyrir Íslendinga sem í hinu orðinu vilja markaðssetja Ísland sem hreint og fagurt land með fallegar náttúruperlur, hreint loft og græna ferðamennsku. Það er mjög sorglegt að við skulum ekki vera á hærra plani í umhverfisumræðunni en þetta á Alþingi Íslendinga. Ég harma þau málalok sem hafa orðið hér í dag og munu væntanlega verða í fyrramálið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[02:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Klukkan er nú hálfþrjú að nóttu og fundir hófust á Alþingi kl. hálfellefu í morgun. Mér er fullkomlega ljóst að fyrirhugað er af hálfu stjórnarmeirihlutans á Alþingi að ljúka þingstörfum á morgun. Það eru ekki mjög mörg mál eftir á dagskrá fundarins. Á morgun hefur verið afmarkaður tími fyrir utandagskrárumræðu í eina og hálfa klukkustund og búið er að biðja þingmenn að mæta í atkvæðagreiðslu kl. 10. Ég spyr því forseta hvort ekki sé mál að linni, hvort ekki sé skynsamlegt að láta hér staðar numið og hefjast handa kl. 10 í fyrramálið og taka þá atkvæðagreiðslur, utandagskrárumræðuna og þau mál sem eru nú eftir á dagskrá fundarins. Ég sé ekki mikinn tilgang í því og finnst það vond ásýnd og vond vinnubrögð að halda áfram fram á nótt að ræða þessi mál þegar við höfum drjúgan tíma fyrri part dags á morgun til að ljúka þeim. Við gætum meira að segja lokið þeim vel fyrir landsfund Sjálfstfl. sem mér sýnist núna að allt miðist við.

[02:35]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill taka fram vegna ræðu hv. þm. að ljóst var að til stóð að ljúka dagskrá þessa fundar. Forseti metur það svo að þar sem aðeins þrjú mál eru enn órædd taki það stuttan tíma og biður þingmenn um þolinmæði stutta stund þannig að dagskránni megi ljúka.

[02:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef nú nokkrum sinnum minnt á það hér úr þessum ræðustól að það er til eitthvað sem heitir vinnuvernd og vinnutímalöggjöf og við höfum nú þegar verið í 16 tíma lotu. Það er því ankannalegt að Alþingi Íslendinga sé að setja lög sem það virðir ekki sjálft. Ég spyr hvers vegna forseti nefni þrjú mál á dagskrá fundarins. Er búið að taka eitthvað út? Ég get ekki skilið hvaða ástæða er fyrir því ef þrjú mál eru eftir að geta ekki tekið þau á morgun þegar fólk er frískt og hefur náð að fara heim og hvíla sig og staðið við þær vinnutímalagasetningar sem Alþingi sjálft hefur sett. Er ekki skynsamlegra að halda þannig á fundarstjórn? Það má vel vera að fyrirhugað hafi verið þegar forseti, Ólafur G. Einarsson, yfirgaf þingið kl. tíu til hálfellefu í kvöld að ljúka þessu, en nú er klukkan orðin hálfþrjú. Og ég spyr, ef einhver veruleg umræða verður um þessi mál, t.d. um hið stóra mál um náttúruvernd, eigum við þá bara að vera hérna til fimm í fyrramálið þótt búið sé að boða fund í fyrramálið kl. 10? Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð, herra forseti, og ég óska eftir því að forseti endurskoði afstöðu sína.

[02:37]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti væntir þess að umræður um þau mál sem eftir eru geti verið stuttar og snarpar, og lokið á tiltölulega stuttum tíma. Hann bindur vonir við það og gengur til dagskrár á nýjan leik.

Náttúruvernd, 2. umr.

Stjfrv., 528. mál (heildarlög). — Þskj. 848, nál. 1111, brtt. 1112.

[02:38]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. umhvn. sem fylgir frv. til laga um náttúruvernd, ásamt brtt. Að nál. standa allir hv. þm. umhvn. en þó rita hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hv. þm. Magnús Árni Magnússon undir með fyrirvara.

Lengi hefur verið beðið eftir heildstæðu frv. á sviði náttúruverndar. Núgildandi lög eru nr. 93/1996 og tóku þau við af lögum frá 1971.

Raunar var stjórnsýsluþætti náttúruverndarlaganna breytt á þinginu 1996 og var þá strax ætlunin að afgreiða efnisþátt náttúruverndarlaganna með því frv. sem hér lítur dagsins ljós. Í þessu frv. eru ýmis nýmæli og eru mörgum mikilvægum þáttum gert hærra undir höfði en gert hefur verið í eldri lögum. Höfð hefur verið hliðsjón af alþjóðasamningum sem Íslendingar eru aðilar að og með því móti er leitast við að færa Ísland nær öðrum þjóðum á sviði náttúruverndar.

Við umfjöllun nefndarinnar um frv. kom í ljós að ekki var mikill ágreiningur milli nefndarmanna um grundvallaratriði þótt margar athugasemdir væru gerðar við það. Nefndin hafði ekki langan tíma til að afgreiða málið en vann þeim mun betur við viðfangsefnið og vil ég alveg sérstaklega þakka hv. þm. í nefndinni fyrir samstarf og ötula vinnu.

Við nutum þess í nefndinni að margir og raunar allir hv. þm. nefndarinnar eru þaulkunnugir náttúruverndarmálum og nýttist sú þekking prýðilega við nefndarstarfið.

Brtt. nefndarinnar eru 40 og má af því sjá að nefndarmenn hafa ekki setið aðgerðarlausir við afgreiðslu málsins. Þær brtt. ætla ég ekki að rekja hér frá orði til orðs. Þær varða m.a. skilgreiningu á ýmsum þáttum, svo sem ræktuðu landi. Þær ná einnig til gildissviðs laganna og á ýmsan hátt til almannaréttarins, þ.e. hvernig för um landið og dvöl á landi skuli háttað. Í brtt. er tekið nákvæmar á ýmsum atriðum er varða almannaréttinn en gert var í frv., án þess þó að þrengja hann svo að meginmarkmið frv. hafi ekki náðst, þ.e. að greiða fyrir og auka almannaréttinn í landinu. Tel ég að með einmitt þeim kafla frv. séu stigin mjög stór og mikilvæg skref í almannarétti. Þá fjalla brtt. einnig um Náttúruverndarráð en gert er ráð fyrir í brtt. að Náttúruverndarráð sé styrkt verulega bæði hvað starfsaðstöðu og starfskrafta áhrærir. Ég tel að það sé spor í rétta átt og með því móti geti Náttúruverndarráð sinnt betur hlutverki sínu sem gagnrýnisaðili, óháðari stjórnvöldum en áður var, og laðað til sín vísindamenn og áhugamenn í umhverfis- og náttúruverndarmálum.

Þá fjalla brtt. einnig um umsagnir Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda í tengslum við aðalskipulag og einnig þann þátt sem Náttúruvernd ríkisins og náttúruverndarnefndir koma að þar sem aðalskipulag liggur ekki fyrir. Þar er umsagnarréttur og skylda Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefndanna styrktur verulega. Brtt. fjalla einnig um frágang mannvirkja og mannvistarleifa sem hafa menningarsögulegt gildi.

Að lokum vil ég nefna meðal margra þátta í brtt. útgáfu náttúruminjaskrár en líka er gert er ráð fyrir að náttúruminjaskrá sé í stöðugri endurskoðun og endurnýjun og nútímatækni nýtt á vefsíðum.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki rekja frekar efnisatriði frv. eða brtt. í þessari framsöguræðu, en enn einu sinni vil ég þakka nefndarmönnum, hv. þingmönnum, einstaklega gott og ánægjulegt starf. Án þessarar vinnu hv. þingmanna og samstarfsvilja hefði málið aldrei ratað hingað inn í hinn virðulega sal Alþingis. Hér er um stórmál að ræða. Hér um uppistöðu og alla vöðvabyggingu náttúruverndar og umhverfismála að ræða og með samþykkt frv. eru mörkuð tímamót í náttúruverndarmálum og umhverfismálum á Íslandi. Ég er afar þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að taka þátt í því starfi ásamt hv. þingmönnum.

[02:46]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Mig langar til að byrja á því að taka það fram að við fulltrúar Samfylkingarinnar í umhvn. styðjum þetta ágæta frv. til laga um náttúruvernd sem hér er komið fram, þó með dálitlum fyrirvörum. Þetta er í heild sinni ágætt plagg, mjög gott. Mikil og góð vinna hefur farið fram. Mjög margir hafa komið að vinnu þessa plaggs á fyrri stigum þess, auk þess sem verulega hefur verið komið til móts við sjónarmið okkar í umhvn. og tillit verið tekið til þeirra tillagna sem við höfum haft þar uppi um breytingar og viljum við sérstaklega þakka formanni nefndarinnar hv. 11. þm. Reykv., Ólafi Erni Haraldssyni, fyrir samningslipurð hans og velvilja til okkar sjónarmiða.

Það má taka sem dæmi um breytingu sem náðist fram í nefndinni að nú er tekur frv. einnig til hafsins, en drögin gerðu ráð fyrir því að það næði einungis yfir land. Fleiri breytingar mætti nefna svo sem aukinn almannarétt, en það er einkenni frv. að í því hefur verið lögð áhersla á að bæta almannarétt í umgengni um landið.

Þó eru fyrirvarar okkar til komnir vegna þess að á síðustu stigum vinnslu brtt. í nefndinni kom inn í setningu í 3. gr. þar sem skilgreint er ræktað land, að til þess teldist einnig land í skógrækt. Þetta hefur gert það að verkum að töluvert hefur verið gengið á þann anda sem upphaflega var í frv. um að bæta almannaréttinn þar sem nú má hefta för um land í rækt og þar við bætist land í skógrækt.

Við í Samfylkingunni teljum að meginreglan ætti að vera frjáls för um landið en ekki sú að undantekningu þurfi að gera til að leyfa frjálsa för, þ.e. að bannið sé reglan. Ég vil lesa grein þar sem reynt var að koma til móts við okkar sjónarmið í þessum efnum. Það er brtt. við 14. gr. sem á við um umferð gangandi manna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á eignarlandi í byggð er eiganda eða rétthafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustiga umferð manna og dvöl á afgirtu ræktuðu landi."

Það er þó brtt. við 2. mgr. 14. gr. sem fyrst og fremst þarf að lesa, með leyfi forseta:

„För um ræktað land, sbr. 7. tölul. 3. gr., og dvöl þar er háð samþykki eiganda þess eða rétthafa. Sama gildir um skógræktarsvæði í byggð sem ekki eru í eigu eða umsjá ríkis eða sveitarfélaga, önnur en náttúrulega birkiskóga og kjarr. Sé skógrækt styrkt með opinberu fé skal kveða svo á í samningi við eiganda eða rétthafa lands að hann tryggi almenningi með reglum sem hann setur frjálsa för um landið eftir að fyrstu stigum skógræktar er lokið."

Við viðurkennum það sjónarmið að heimilt ætti að vera að banna tímabundið för manna um nýrækt í skóglendi þar til plöntur hafa náð ákveðinni hæð, 50 sm kannski eða svo. Það gæti tekið allt upp í fimm ár, en þá ætti mönnum að vera frjáls umgangur um það land. Hér er tekið fram að sé skógræktin styrkt með opinberu fé skal kveða svo á um í samningi við eiganda eða rétthafa lands að hann tryggi almenningi með reglum sem hann setur frjálsa för um landið. Því þarf væntanlega að tilkynna slíkt einhvern veginn því að ómögulegt er fyrir fólk sem kemur að skógi að vita hvort þar er um að skóg sem styrktur hefur verið með opinberu fé eða hvort þar er skógur sem sérstakir samningar kveða á um umgengni við nema það sé merkt sérstaklega.

Þetta gæti verið sérstaklega bagalegt t.d. á Suðurlandi þar sem nánast allt láglendi er innan skógræktaráætlana í framtíðinni. Nú er verið að samþykkja á hinu háa Alþingi tillögur um að bæta öðrum landshlutum við skógræktaráætlunina þannig að hætt er við því að þessi grein, þ.e. að skógræktinni er bætt þarna inn í, verði notuð til þess að takmarka nokkuð umferð almennings um landið.

Eins og áður segir snýr fyrirvari okkar fyrst og fremst að því að við viljum að meginreglan sé frjáls för en að heimild sé hugsanlega veitt til þess að takmarka för um land þar sem nýrækt er. Hætt er við því að framkvæmd laganna, ef frv. verður samþykkt, kalli á talsvert miklar merkingar á landi, þ.e. hvar sé heimilt að fara um skóglendi og hvar ekki. Fólk sækir í ræktuð svæði og kýs að ganga um og dveljast á þeim

svæðum þar sem skógur hefur verið ræktaður upp og nýtur þess mjög mikið. Það gæti kostað landeigendur talsvert að merkja skógræktarsvæði sín kirfilega svo ekki fari á milli mála hvort þar sé um að ræða land styrkt af opinberu fé eða land sem félli undir aðrar greinar í þessu máli. En ég óttast að það muni stangast á við 43. gr. þar sem tiltekið er að auglýsingar utan þéttbýlis verði að takmarka og hemja. Það er spurning hvort menn þurfi ekki að skoða málið vandlega í því ljósi.

Við munum greiða atkvæði gegn brtt. sem kveða á um þetta en við munum vissulega styðja frv. að öðru leyti. Hér er ég að gera grein fyrir fyrirvörum okkar þannig að það kann að líta svo út að ég sé neikvæður í garð frv. En það er alls ekki ætlunin, því eins og ég hef rakið erum við að langmestu leyti sátt við frv. Við kunnum vel að meta það og erum þakklát fyrir að hafa fengið að taka þátt í því góða starfi sem hér hefur verið unnið og viljum aftur þakka öðrum nefndarmönnum þeirra góða starf í þessu og þá sérstaklega, eins og ég tiltók áður, formanni nefndarinnar sem hefur verið afar liðlegur við nefndarmenn, hlustað á athugasemdir þeirra og sýnt þar góða hæfileika við að lenda málum farsællega. Frv. kom seint inn og talsverðan vilja þurfti til að koma því í gegnum nefndina, sérstaklega með öllum þeim breytingum sem formaðurinn lýsti áðan að væru fyrirhugaðar. Þær eru töluvert margar. Það er því ástæða til þess að við ljúkum þessu á jákvæðum nótum.

[02:56]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við fjöllum um mikilsvert mál, frv. til laga um náttúruvernd og ég stend nú í öðrum sporum en fyrir líklega fjórum árum síðan, þegar síðast voru gerðar breytingar á lögum um náttúruvernd, sem að formi til voru endurskoðun laganna í heild, raunar ný löggjöf, en fjallaði fyrst og fremst um stjórnunarþátt náttúruverndarlaga þannig að þá var gerð mjög takmörkuð endurskoðun. Við hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sem við stóðum saman að nál. sem liggur fyrir í gögnum þingsins frá þeim tíma, gagnrýndum mjög breytingar sem horfðu í öfuga átt í vissum greinum sem ég ætla ekki að fara að rifja upp hér en sem, því miður, voru lögfestar þá þrátt fyrir andmæli okkar. Svo ég nefni sem dæmi akstur utan vega þá voru reglur þar að lútandi linaðar frá því sem áður var og margt fleira höfðum við að athuga við málið.

Nú er ég stuðningsmaður við afgreiðslu á frv., endurskoðun náttúruverndarlöggjafar, þó með fyrirvara sem hefur gleymst að því er virðist að setja undir nál. En það er eins og fleira sem getur gerst hér í dagsins önn þessa dagana. Ég ætla því að gera grein fyrir viðhorfum mínum til málsins og nefna fáein atriði sem ég vildi hafa séð öðruvísi. Þau væru nú allmörg ef öll væru talin.

Fyrst um aðstöðu nefndarinnar til að vinna málið. Hún var erfið. Við hv. þm. Kristín Halldórsdóttir berum raunar ábyrgð á því að mál þetta er hér yfirleitt til lokaafgreiðslu. Það gerðist líklega fyrir þremur vikum eða svo, á föstudegi, að málið var hér til 1. umr. og hæstv. umhvrh. var á leið til útlanda. Hæstv. heilbrrh. var hér viðstaddur og þrýsti mjög á um að koma sínum málum að en við hv. þm. Kristín Halldórsdóttir linntum ekki látum við forsetadæmið, hæstv. forseta, til að fá lokið 1. umr. á þessum föstudegi. Látið var undan þrábeiðni okkar um að ljúka umræðunni og þannig fór málið til nefndar. Hefði þetta ekki gerst þá er alveg dagljóst að við stæðum ekki nú og ræddum um lokaafgreiðslu frv.

Til þess að þetta mál fengi síðan framgöngu, á mjög knöppum tíma, þurfti auðvitað vilja allra í umhvn. til að þoka því til afgreiðslu út úr nefndinni. Allir lögðu það á sig þótt menn væru misjafnlega bjartsýnir í upphafi.

Ég hef ekki góða samvisku af afgreiðslu málsins og vil að það komi fram. Ég tel að vinnan í nefndinni hafi verið á mjög tæpu vaði, þ.e. á mörkum þess að vera nægilega vönduð. Ég vil ekki segja hana óþinglega en hún var ekki nægilega vönduð vegna þess hve okkur var þröngt skorinn stakkur með tíma. Ég hlýt og að nefna að útsending á þessu stóra máli til umsagnar var undir óhæfilega knöppum tímafresti að því er varðar óskir um svör. Enda fundu menn að því, þeir sem sendu inn umsagnir þrátt fyrir þennan knappa tíma sem ekki var einu sinni vika. Í besta falli gáfust 3–4 dagar til að skoða málið og senda inn viðbrögð. Margir sem sendu inn athugasemdir við frv. fundu að þessu.

Býsna margir brugðust við og fjölmargar athugasemdir bárust. Að sama skapi var erfitt fyrir nefndina að vinna úr athugasemdunum svo vel færi. Það verður að segjast að ég hef nokkra samvisku af því að ekki hafi verið ráðrúm til að leggja natni við að meta sjónarmið þeirra sem sendu okkur umsagnir. Þær hafa verið að berast eftir að vinnu lauk í nefndinni, a.m.k. hef ég séð eitthvað af slíkum erindum. Þetta vil ég nefna hér, samhengisins vegna, og ekki mála frv. í þeim einhliða björtu litum sem menn hneigjast til að gera á lokastigi afgreiðslunnar. Hér er margt að varast. Ég ákvað með tiltölulega stuttum fyrirvara með sjálfum mér, fyrir eindaga til afgreiðslu málsins, að leggjast á sveif með meiri hlutanum um að þoka málinu til afgreiðslu. Út af fyrir sig sé ég ekki eftir að hafa gert það

Hér er á ferðinni mál sem miklu varðar að fái framgang. Það hefði þurft að vera komið fyrr. Lögin frá 1996 gerðu ráð fyrir að endurskoðun væri lokið fyrir lok síðasta árs. Við hefðum þurft að vinna málið við þær aðstæður en þeir kostir voru ekki í boði. Út af fyrir sig get ég ekki sagt að hér sé um einhverja tímamótaafgreiðslu að ræða í náttúruverndarlöggjöf. Ég tel ofmælt að mála þetta frv. það sterkum litum, jákvæðum litum, þótt ég vilji ekki draga úr því að hér eru fjölmörg atriði, ef allt er talið, sem horfa til bóta. Það skal vissulega ekki vanmetið. En við skulum líka átta okkur á því að ýmislegt kann að skorta á. Eftir á að hyggja finnst mér helst almennt vanta inn í þetta, að löggjöfin um náttúruvernd sé sett dálítið skýrar inn í alþjóðlegt samhengi. Það þyrfti að vera í samhengi alþjóðlegra viðmiðana, alþjóðlegra hugtaka og leiðbeininga á þessu sviði í sambandi við ýmis grundvallarmál, m.a. úr Ríó-yfirlýsingunni. Þótt hér sé nefnd sjálfbær þróun þá skortir talsvert á að um þá samþættingu sé að ræða sem þyrfti að vera í tengslum við alþjóðlega þróun á sviði umhverfismála.

Að þessum orðum mæltum, virðulegur forseti, sem eru nú kannski stílbrot miðað við það sem hér hefur nú þegar verið mælt, ætla ég að stikla á örfáum atriðum málsins og reyna að hafa það ekki í löngu máli vegna þess hvernig á stendur.

Fyrst langar mig að koma inn á stjórn náttúruverndarmála sem fjallað er um í öðrum kafla. Ég ætla ekki fjalla hér um fyrsta kaflann, um markmiðin og skilgreiningar, en varðandi stjórn náttúruverndarmála hefur orðið breyting sem ástæða er til að vekja á athygli. Ég er ekki sannfærður um að á þessari stundu sé rétt að afnema stjórn yfir Náttúruvernd ríkisins. Það hefur orðið stefna, ef stefnu skyldi kalla, ráðuneytis umhverfismála að fella niður eða afnema stjórnir mikil-

vægra stofnana eins og Hollustuverndar ríkisins á síðasta ári og nú Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þeir halda setja hins vegar stjórn yfir Landmælingar ríkisins. Þannig er samkvæmnin ekki alger í þessu efni. Ég hef miklar efasemdir um þetta. Ég tel með þessu skorta á hvort tveggja sem þyrfti að vera til staðar til að afnema þann öryggisventil sem stjórn yfir þessum stofnunum er. Ég tel þurfa viðbótartryggingu, þ.e. öflugra ráðuneyti og öflugri stofnanir, líka stjórnunarlega. Mér finnst röksemdinni um vald forstjóra stofnana of mikið beitt, þ.e. löggjöfin sem jók mjög á forstjóravaldið er ekki nógu sannfærandi.

Reynsla nágrannalanda, t.d. í Noregi þar sem menn hafa mjög öflugar stofnanir, er sú að menn hafa horfið að því að afnema stjórnir, t.d. stofnana á sviði umhverfismála. Það er hins vegar ekkert sambærilegt við það sem við höfum hér. Ég segi, því miður. Það skortir á stjórnsýsluheföir sem þyrftu að ríkja. Enn vantar nokkuð á og á ég þar sérstaklega við það að stofnanirnar fái að starfa óháðar að langmestu leyti í faglegum efnum. Þær fá ekki að starfa óháðar inngripum af hálfu viðkomandi ráðuneytis. Ég hef m.a. í huga stofnun eins og Direktoratet for Naturforvaltning í Noregi, staðsett í Þrándheimi undir umhvrn. Ég hef rætt þessi efni við stjórnendur þar og sem áður bjuggu við stjórn. Stjórnin er farin en þeir segja: Við fáum að vera í friði fyrir inngripum ráðuneytisins á faglegu sviði. Við erum í rauninni mjög óháð.

Því miður held ég þess gæti um of, ég fullyrði að það á m.a. við Hollustuverndar ríkisins — ég skal ekki segja hvernig samskiptum er háttað varðandi Náttúruvernd ríkisins — að um sé að ræða kannski ekki allt of heppileg inngrip inn í störf viðkomandi stofnana af hálfu ráðuneytis. Ég geri ekki lítið úr því að þar þurfi að vera góð tengsl á milli og ráðuneytið þarf að geta haldið sínu til haga í samskiptunum en þetta nefni ég vegna þessarar formbreytingar í frv.

Um aðra þætti er kannski ekki margt að segja, nema að ég hefði talið þörf á miklu rækilegri endurskoðun á 11. gr. um náttúruverndarnefndir. Það hefur verið lagfært með brtt. en ég hefði viljað endurskoða nefnda- og samskiptakerfið þannig, sem skiptir mjög miklu, til að fá meiri styrk og skilvirkni í þetta kerfi. Ég tel raunar að við þyrftum svæðisbundnar nefndir sem hafi með mál að gera á stærri svæðum en nefndir sveitarfélaga. Við ætlum hins vegar ekki að lögbjóða neitt í sambandi við það, en tryggja bara góð tengsl. Ég ætla ekki að ræða það frekar en þetta er eitt af álitaefnunum.

Varðandi Náttúruverndarráð þá var það sjónarmið okkar hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, sem vorum í minni hluta 1996, að lengra ætti ætti að ganga í að láta náttúruverndarþing kjósa til Náttúruverndarráðs en ekki hafa svo marga tilnefnda af hálfu ráðherra, eins og raun ber vitni. Hér hefur aðeins þokast í áttina, verið aukið við einum fulltrúa upp í fjóra sem náttúruverndarþing kýs óbundið en aðra skipar ráðherra. Tölunni hefur kannski verið breytt, ég hef það ekki alveg á hreinu, fjölda í ráðinu. Mér er sagt að fjöldinn sé óbreyttur en forminu vikið til.

Ein veruleg breyting náðist fram á lokadegi afgreiðslu málsins og hana hlýt ég að nefna, af því hún er þýðingarmikil. Nefndin í heild fellst á þá hugmynd, sem ég ber nokkra ábyrgð á, að Náttúruverndarráð fái eigin skrifstofu og a.m.k. einn fastráðinn mann. Ég tel þessa styrkingu Náttúruverndarráðs sem óháðs vettvangs til ráðgjafar fyrir ráðherra, reyndar ákveðinnar samvisku sem ráðið á að vera á sviði umhverfismála, afar þýðingarmikla. Náttúruverndarráð hefur síðan 1996, síðan formbreytingin var gerð — Náttúruvernd ríkisins var sett á fót í stað Náttúruverndarráðs sem áður starfaði og hafði víðtækt stjórnsýsluhlutverk — verið heimilislaust og handalítið og átt mjög örðugt með að rækja sínar skyldur. Þetta gefur kost á því að Náttúruverndarráð geti sinnt hlutverki sínu betur en áður. Hlutverk þess er margþætt skv. lögunum. Ég held að í öllu falli líði mér betur yfir því að sú breyting fékkst fram þó ekki hafi allt skilað sér inn í þetta sem maður vildi hafa séð.

Um almannaréttinn ætla ég ekki að fjölyrða. Þar eru verulegar breytingar. Veruleg vinna var af hálfu nefndarinnar lögð í að fara yfir málið og nefndin gerði allverulegar breytingar frá því sem var í frumvarpinu. Við skulum vona að þær hafi tekist sæmilega. Hér nefndi hv. þm. Magnús Árni Magnússon, ákveðna fyrirvara í sambandi við skógræktarsvæðið. Það er eitt af þeim álitaefnum sem uppi eru um almannarétt-inn. Vissar breytingar, þó ekki stórvægilegar, voru teknar inn vegna sjónarmiða sem komu frá búnaðarþingi. Ég hefði talið að þar hefði þurft að bera saman bækurnar talsvert betur. Til þess þurfti meira ráðrúm en starfstími nefndarinnar leyfði.

V. kafli frv. er nýr og ber yfirskriftina Landslagsvernd o.fl. Þar kem ég að því sem vissulega gleður hjarta mitt dálítið. Inn frv. hafa verið teknar breytingar að verulegu leyti sem efnislega eru beint úr frv. um breytingar á náttúruverndarlöggjöf sem ég hef flutt ásamt tveimur öðrum hv. þm., Kristínu Ástgeirsdóttur og Gísla S. Einarssyni, á undanförnum nokkrum þingum. Þar er að finna þau ákvæði sem eru tekin inn í kaflann um landslagsvernd. Í aðalatriðum er kaflinn endurprentun á ákvæðum úr þessum tillögum. Sama gildir um VI. kaflann, Nám jarðefna. Efni hans er að verulegu leyti sótt í þær tillögur, sem mótaðar voru fyrir allnokkrum árum síðan og hafa verið lagðar fram þing eftir þing.

Hæstv. umhvrh. hefur stuðlað að því að þetta væri fellt hér inn og nefndin sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir m.a. átti sæti í. Hún átti hlut í því að vinna úr þessu efni og þessum hugmyndum mínum og fleiri sem hún hafði aðgang að að sjálfsögðu. Þarna er um veruleg nýmæli að ræða. Það sem kannski ekki minnstu varðar er landslagsverndin og efnisnámið, verulega hertar reglur að því leyti

Í sambandi við landslagsverndina hefur verið tekið inn ákvæði í 41. gr. um innflutning, ræktun og dreifingu lifandi lífvera. Segja má að þar sé að nokkru komið til móts við tillögur sem ég hef verið að klifa á hér frá því að elstu menn muna og ekki síst hæstv. forseti því að frv. hefur legið fyrir landbn. um að settar verði reglur um innflutning og notkun erlendra tegunda í landgræðslu sérstaklega. Mér sýnist að þessi ákvæði taki að nokkru leyti á því máli þó það sé ekki hliðstætt að öllu leyti.

Kaflinn um friðlýsingar og friðlýsingar náttúruminja er ekki mikið breyttur. Ég gleymdi hér, virðulegur forseti, áður en ég kem að þessu, að nefna að í IV. kafla um rekstur náttúruverndarsvæða, er grein með yfirskriftinni: Gjaldtaka o.fl. Hún hefur að geyma efnisþætti sem við hv. þm. Kristín Halldórsdóttir lýstum andstöðu við um gjaldtöku. Þetta er hér enn inni og er eitt af þeim atriðum sem ég staldra við. Það er hluti af mínum fyrirvara að ég er í raun ekki sáttur við þá stefnu sem þar er mörkuð en ég held að hún verði líka býsna erfið í framkvæmd þannig að það er kannski huggun harmi gegn að ekki verður auðvelt að framkvæma þetta eins og um það er búið í löggjöfinni eða frv. Þetta er óbreytt frá löggjöfinni 1996.

Varðandi friðlýstar náttúruminjar þá eru tekin inn ákvæði um friðlýsingu náttúrumyndana í hafi í 54. gr. Þar er ekki um hnútana búið eins og maður hefði viljað sjá það. Það er vald umhvrh. skert of mikið með því að áskilja samþykki sjútvrh. Hins vegar er auðvitað gott að leiðrétt var sú takmörkun sem var í upphaflegu frv. er varðaði gildissvið laganna en ég tel að það sé ekki eðlilegt að ætla sjútvrh. stöðvunarvald eins og hér er kveðið á um og hefði viljað sjá að látið yrði nægja samráð og að leitað væri álits Hafrannsóknastofnunar.

Nokkur atriði eru færð til betri vegar frá upphaflegu frv. með brtt. nefndarinnar um þennan kafla og ætla ég ekki tímans vegna að tína til einstaka þætti. Ég vil þó nefna t.d. að opnað er fyrir það að unnt er að gefa út náttúruverndaráætlun eða vinna hana oftar en á fimm ára fresti. Það er ekki lögbundið að takmarka það við fimm ár. Það má gera þéttar ef aðstæður bjóða og mat viðkomandi ráðherra er fyrir því. Það er líka skýrt kveðið á um að hvenær sem er er hægt að taka inn ný svæði á náttúruminjaskrá, en skilja mátti frv. svo að það væri aðeins heimilt á fimm ára fresti. Þá kemur auðvitað hin heildstæða útgáfa. En nú er þannig um hnúta búið að þetta er hægt hvenær sem er og það er skynsamlegt.

Virðulegur forseti. Að lokum vil ég nefna í efnislegum dansi mínum yfir frv. 44. gr. sem er að stofni til ævagömul í löggjöf um náttúruvernd, þ.e. frá frumlögunum frá 1956, má segja, og gekk aftur 1971, að ég hygg. Þó kann að vera að þetta sé frá löggjöfinni 1971. Ég held ég hafi rifjað upphaf 44. gr. við 1. umr. málsins, með leyfi forseta:

„Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðir, áhöld eða mannvirki, þar á meðal girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru er eiganda skylt að fjarlægja það."

Það er gott ef þetta er ekki runnið úr penna Eysteins Jónssonar, fyrrv. formanns Framsfl. Hann benti mér á bátinn sem hann hafði í huga í fjörunni við Teigarhorn sem fékk hann til að taka inn orðalagið „skip í fjöru". Það má enn sjá hryggjarstykkin úr bátnum þar, jafnvel enn í dag, eftir alla þessa áratugi, svo þau eru býsna endingargóð.

En í sambandi við eignir í hirðuleysi og eyðijarðir þá brugðum við á það ráð að bæta við löggjöfina nýju ákvæði til bráðabirgða sem áskilur eða ætlar sveitarstjórnum innan fárra ára að hafa gert úttekt á ástandi mála á sínu svæði hvað þetta varðar og það held ég að sé kannski leiðin til þess að gera þessi ákvæði virkari en þau hafa verið til þessa. Síðan fengi Náttúruvernd ríkisins skýrslu um málin.

Virðulegur forseti. Nú er ég trúlega farinn að æra óstöðugan með yfirferð minni. Ég stend að sjálfsögðu við þetta mál og get a.m.k. óskað hæstv. ráðherra til hamingju með að fá frv. væntanlega lögfest fyrir lok þingsins og áður en hæstv. umhvrh. lætur af starfi, þingmennsku og ráðherradómi. Það er vissulega ánægjulegt og áreiðanlega fyrir hæstv. ráðherra að það tókst þrátt fyrir nauman frest og takmarkaða trú hæstv. ráðherra eins og málum var komið þegar það kom hér fyrir þingið, að ljúka vinnu við þetta frv. til nýrra laga um náttúruvernd. Við skulum vona, þrátt fyrir þá fyrirvara sem ég hef nefnt og erfiðar aðstæður við vinnslu frv., að við sem leggjum það fyrir þingið til afgreiðslu höfum ekki gert okkur sek um stórafglöp.

[03:23]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örfáar setningar. Ég ætla ekki að fara neitt yfir efnisatriði frv. Mig langar bara til þess að þakka hv. nefnd fyrir starfið að málinu þannig að það hefur gengið í gegnum þingið á þessum afar skamma tíma. Ég vil taka undir það með þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað á undan að tíminn var naumur. Það er rétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði í lok ræðu sinnar að ég hafði sjálfur efasemdir um að það tækist að lögfesta málið á þeim skamma tíma sem til stefnu var fyrst mér tókst ekki að koma með málið fyrr inn í þingið. Það réð vafalaust úrslitum hvernig staðið var að málsmeðferðinni við 1. umr. tímans vegna, þ.e. að hægt skyldi vera að koma frv. inn til nefndar fyrir nefndardagana sem þá fóru í hönd.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins að endurtaka þakkir mínar til nefndarinnar, formanns og allra nefndarmanna annarra fyrir að hafa lagt mikið á sig við að reyna lögfesta frv. Ég býst svo sem við að því hefði þurft að gera betri skil og það hefði mátt gera, eins og hér hefur komið fram hjá hv. þingmönnum. Það hefði þurft lengri tíma til að skoða umsagnir og meiri umfjöllun um einstök efnisatriði og betra hefði verið að leita til fleiri aðila. En það kemur dagur eftir þennan dag og hv. þingmenn sem sitja á næsta þingi eða þingum eiga vafalaust eftir að líta til þessara laga eins og aðrir.

Ég er afar ánægður með að það skuli sjá fyrir endann á því að við fáum nýja löggjöf um náttúruvernd og þakka nefndinni aftur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[03:25]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Einhvern tíma hefði það orð verið notað að nú væri orðið kvöldsett. Ég hef bent á það áður að við höfum störf klukkan hálfellefu í morgun og það er búið að boða okkur til fundar klukkan tíu í fyrramálið. Það liggur ekki mikið fyrir deginum á morgun og ég hef ekki heyrt nokkurn þingmann biðja um að ljúka á ákveðnum tíma á morgun. En ég geri mér grein fyrir því að a.m.k. einn flokkur kýs að vera orðinn laus um fimmleytið.

Eftir því sem mér sýnist er eins og hálfs tíma umræða um skýrslu í fyrramálið, atkvæðagreiðslur og svo hugsanlega umræða um þau mál sem eftir væru. Enn eru eftir tvö mál á dagskrá fundarins og ég spyr bara: Er nokkurt vit í því, virðulegi forseti, að halda okkur hér? Klukkan er orðin hálffjögur. Í raun og veru leggur það algjör höft á að þeir sem hér eru taki umræðu um þau mál sem eru á dagskrá: Þeir láta sér nægja að hlusta á talsmenn nefnda þótt þeir hafi kannski verið hér til þess að geta rætt málin.

Mér finnst skynsamlegt, herra forseti, að við geymum þau mál sem eftir eru og tökum þau á morgun.

[03:26]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna orða hv. 5. þm. Reykn. verður forseti að geta þess að það hefur verið tilkynnt að fundi mundi ljúka hér á morgun um klukkan hálfeitt. Gert er ráð fyrir því að eyða einum og hálfum klukkutíma í umræður um skýrslu sem hér liggur fyrir þannig að ekki er annarra kosta völ, því miður, en að ljúka þeim málum sem eftir eru á dagskránni. Þau eru nú einungis tvö og ég sé ekki annað en að hægt eigi að vera að ljúka þeim á skömmum tíma. Þetta er niðurstaða forseta.

[03:27]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er fullkomlega óeðlileg afgreiðsla og allt að því yfirgangur við þingmennina að halda áfram eftir klukkan hálffjögur. Klukkan hálfþrjú ámálgaði ég það hvort ekki væri skynsamlegt að bíða með þessi mál og taldi sá forseti sem þá sat að svo lítið væri eftir að allt í lagi væri að halda áfram.

Það kallar nákvæmlega ekkert að mínu mati á það að hér þurfi að ljúka þingi klukkan hálfeitt á morgun. Mér er fullkomlega ókunnugt um hvað ræður þeirri tímasetningu. Hún virðist hafa dottið ofan úr himinhvolfinu. Þetta er einhliða ákvörðun, tilkynnt á fundi með þingflokksformönnum og forseta. Það á bara að hætta klukkan hálfeitt á morgun, á fimmtudegi 11. mars. Einhvern tíma var samkvæmt starfsáætlun ákveðið að hætta miðvikudaginn 10. mars. Menn hafa breytt því. Við erum búin að vera hér að síðan snemma í morgun og klukkan er orðin hálffjögur. Þetta þýðir auðvitað að verið er að reyna að pressa þingmennina til að hafa sem allra minnsta umræðu um málin. Það er ekki eins og hér sé verið að boða nokkurt málþóf. Þessi mál sem eftir standa eru ekki þess eðlis.

Ég spyr forseta hvað valdi því að við erum pressuð hér inn í morguninn klukkan hálffjögur að morgni, af því bara að það á að hætta klukkan hálfeitt á morgun og búið er að boða okkur hingað klukkan tíu. Mér finnst þetta svo yfirgengileg afgreiðsla að ég hlýt að gera alvarlegar athugasemdir við hana.

[03:29]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að það var tilkynnt af forsetastóli að fundi mundi ljúka klukkan hálfeitt á morgun og ekkert hefur breyst síðan. (**RG:** Já, já. Einhliða.) Það er niðurstaðan. En forseti tekur undir það að hér hafa ræður alls ekki verið óeðlilega langar þannig að ekki er við nokkurn að sakast í þeim efnum.

[03:30]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég er ekki hluti af stjórn þingsins og hef ekki verið þátttakandi í umræðu um þinglok á morgun. Ég hef því ekkert heyrt annað en það sem mælt var hér úr forsetastóli einhliða. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem er þingflokksformaður, hefur fengið sömu boð að mér skilst. Þetta er auðvitað dálítið óvanalegt miðað við það sem ég held að séu hefðir í þinginu.

Nú veit ég ekki hvað ræður þessum boðuðu lokum um hádegisbil á morgun, ég þekki ekki ástæður fyrir því en ég hlýt að taka almennt undir þær aðfinnslur sem koma hér fram frá hv. þingflokksformanni Samfylkingarinnar varðandi það að auðvitað er mjög erfitt að ræða hér mál og ætla mönnum jafnstutta hvíld og fyrirsjáanleg er. Ég vildi aðeins að það kæmi fram að mér finnst þetta komið fram yfir þau mörk sem eðlilegt er að fjalla um mál og vera í alvörulöggjafarstarfi á þessum tíma.

[03:31]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir orð hv. þingmanna sem hér hafa talað og gagnrýnt það að okkur skuli haldið svo lengi fram undir morgun. Ég vil nú segja að það sé að nálgast morgun. Ég leit á viðverutöfluna frammi áðan og mér sýnist að það séu aðeins níu þingmenn sem hafa þrek til þess að vera svona lengi við löggjafarstörf.

Ég vil beina því til hæstv. forseta að hann taki tillit til þeirra sem eftir standa og sitja í þinghúsinu og virði óskir þeirra þingmanna sem hafa farið þess á leit við hæstv. forseta að nú verði fundi slitið áður en þrek okkar þessara níu er gjörsamlega þrotið því að ég sé ekki annað en að það ætti að vera hægt að ljúka þeim verkum sem eftir standa á morgun. Koma mín í ræðustólinn var aðeins til að taka eindregið undir óskir þeirra hv. þingmanna sem þeir hafa borið fram.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti hefur heyrt óskir hv. þingmanna og vill á sama hátt óska eftir því að hv. þingmenn taki tillit til þessara aðstæðna sem forseti hefur lýst og eru byggðar á því að við höfum ekki margra kosta völ um að færa til tíma á morgun og verðum að standa við þá áætlun að fundi ljúki hér klukkan hálfeitt á morgun.)

[03:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tek hér til máls í þriðja sinn og mun ekki gera það oftar á þessari nóttu. Við skulum þá hafa það þannig.

Oft hefur þessi stjórnarmeirihluti sýnt vald sitt í verki en ég held að ég hafi sjaldan upplifað það að mér væri jafnmisboðið og núna. Við höfum ekki fengið að vita hvers vegna ljúka á þinghaldi klukkan hálfeitt á morgun. Ég er hluti af stjórn þessa þings, ég er þingflokksformaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins. Mér hefur verið tjáð að ljúka eigi þinghaldi klukkan hálfeitt á morgun. Mér er tjáð að stjórnarmeirihlutinn ætli að ljúka málunum sem eru á dagskrá, málunum sínum. Ekki eru það málin sem við vorum að biðja um að fá að mæla fyrir á þessum eina þingmannadegi. Málin mín tvö liggja enn þá frammi sem ég sótti fast að fá að mæla fyrir og koma til nefndar. Þetta eru mál stjórnarmeirihlutans.

Ég vil að það komi skýrt fram í þingtíðindum að mér er það óskiljanlegt að sitjandi forseti, sem hér stýrir fundi klukkan hálffjögur að morgni 11. mars, hefur ákveðið ásamt félögum sínum að þinghaldi skuli ljúka klukkan hálfeitt síðar þennan dag, 11. mars, og virðist ekki unnt að gera annað en að halda áfram fram á morguninn. Það er að sjálfsögðu svar. Ég minni á að þetta er einhliða ákvörðun en það væri afskaplega fróðlegt ef forseti mundi segja okkur hver rökin eru á bak við það að ljúka þingi klukkan hálfeitt á morgun.

[03:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti er reiðubúinn til þess á fundi með formönnum þingflokka í fyrramálið að gera grein fyrir þeirri ákvörðun.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 2. umr.

Stjfrv., 526. mál (gjaldskrá sveitarfélaga). — Þskj. 846, nál. 1118 og 1138.

[03:36]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta umhvn. sem fylgir frv. til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Frv. fjallar um heimild sveitarfélaga að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem eftirlit, útgáfu starfsleyfa og vottorða, sé eftirlitið á vegum

sveitarfélaga. Þá er einnig getið um það að leita skuli umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og hollustuháttaráðs áður en gjaldskrá er sett upp.

Þá er enn fremur fjallað um það í 2. gr. frv. að sveitarfélög geta sett sér sínar eigin samþykktir um atriði sem ekki er fjallað um í reglugerðum eða gert ítarlegri kröfur um einstök atriði en komið hafa fram í þeim, enda falli þau undir lögin.

Þá kemur einnig fram í nál., umfram þann stuðning og röksemdir sem eru við það sem hér hefur verið rætt, rökstuðningur fyrir tillögu meiri hluta umhvn. þess efnis að fulltrúi atvinnurekenda á eftirlitssvæðum heilbrigðisnefnda fái fulla aðild að nefndinni og hafi atkvæðisrétt á fundum hennar. Þessi brtt. er ekki studd af minni hluta umhvn. en meiri hlutinn flytur hana í góði trú og von um að hún nái fram að ganga í atkvæðagreiðslu og umfjöllun hv. Alþingis.

[03:38]

Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta umhvn. sem ég er einn aðili að varðandi þetta frv. og álit mitt er svohljóðandi:

„Minni hlutinn er andvígur þeim breytingum sem í frumvarpinu felast og telur að mun betur hefði þurft að athuga heimildir um að setja gjaldskrár af hálfu sveitarfélaga fyrir eftirlitsskyldu.

Þá er minni hlutinn andvígur breytingartillögu meiri hlutans þar sem verið er að setja fulltrúa atvinnurekenda á hverju eftirlitssvæði inn í heilbrigðisnefndir með fullum réttindum. Slíkt stangast á við eðlilega stjórnsýslu og veitir þeim sem haft skal eftirlit með ákaflega sterka stöðu. Er ólíklegt að slík stjórnsýsla samræmist alþjóðlegum venjum og kann að varða alþjóðlegar skuldbindingar.

Með vísan til þessa leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Ég held ég fari rétt með að þessi brtt. var ekki sýnd í umhvn. og ekki rædd þar. Andstaða er við þessa brtt. sem er felld inn í nál. sem er ríkari ástæða af minni hálfu en gjaldskrárnar fyrir því að ég gat ekki staðið að afgreiðslu þessa máls. Og ég er mjög undrandi á því að menn skuli fara fram með þessa breytingu og tel að þurft hefði að skoða málið miklu betur, bara út frá almennum sjónarmiðum, áður en farið væri að breyta nýlega settum lögum á þennan hátt.

Ég vil leyfa mér að spyrja talsmann meiri hlutans, hv. formann nefndarinnar, hvort gengið hafi verið úr skugga um það af hálfu þeirra sem tillöguna flytja að hér sé á ferðinni það sem kalla mætti eðlilega stjórnsýslu og að ekki sé gengið gegn alþjóðlegum samþykktum um hagsmunaárekstra, því að mér finnst það blasa við að með því að ætla að taka fulltrúa atvinnurekenda með fullum réttindum inn í heilbrigðisnefndir séu menn í rauninni að rugla svo saman reytum að það nái ekki nokkurri átt. Ég bendi í þessu samhengi t.d. á hve aðrir þættir eins og neytendasjónarmið eða almannasjónarmið hafa veika stöðu fyrir í þessum nefndum og gagnrýni mjög að við þessar aðstæður skuli flutt brtt. af þeim toga sem hér um ræðir án þess að umfjöllun verði í nefndinni um málið. Ég óska eindregið eftir skýringum á þessu og hvaða athuganir liggja fyrir í málinu og mundi ekki saka að hæstv. umhvrh. gerði einnig grein fyrir viðhorfum sínum og ástæðum fyrir því að breyta nýlega settum lögum um hollustuhætti á þennan máta.

[03:42]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem lögð er fram var skoðuð ítarlega af lögfræðingum og lögfróðum aðilum og er það svo um þá vinnu eins og oft áður að formaður þessarar nefndar verður að treysta þeim úrskurði. Ég hef því ekki að óreyndu ástæðu til annars en að ætla að brtt. þessi og sú skipan sem hún mælir fyrir um standist þær kröfur sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson flutti nokkur orð um í varúðar-, varnaðar- og ábendingarskyni.

[03:44]

Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Menn eru nú kannski farnir að sljóvgast aðeins í ritúalinu. En ég sé ekki að hv. formaður nefndarinnar hafi úr öðru að spila en að vísa til lögfræðinga sem beri ábyrgð á hugverkinu, þ.e. þessari breytingu sem lögð er til og vil ég leyfa mér að vekja athygli á því hvað hér er á ferðinni.

Nú er það verkefni heilbrigðisnefnda, fyrir utan að líta til með málum sveitarfélaganna, öðru fremur að fylgjast með atvinnurekstri. En er það góð stjórnsýsla, bara út frá almennu formi að ætla þeim eftirlit? Ég hef ekki á móti því að þeir fái að fylgjast með og geti gert grein fyrir sjónarmiðum sínum og þurfa ekki einu sinni áheyrnaraðild að nefnd til að geta gert það — en að þeir verði fullgildir aðilar að eftirlitsnefnd, eins og hér er verið að lögbjóða og breyta nýlega settri löggjöf um hollustuhætti á þennan hátt, finnst mér allt of langt gengið og hljóti að brjóta gegn góðum stjórnsýsluhefðum. Ég vil ekki fara að kalla sérstaklega eftir Evrópuréttinum yfir okkur í þessu máli en ekki er ólíklegt að hann komi þarna eitthvað við sögu vegna þess að þar er jú kveðið á um marga hluti. Ef til vill veit hæstv. ráðherra hvort það hefur verið til athugunar með öðru.

[03:46]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst ætla ég að svara seinustu spurningunni. Mér er ekki kunnugt um að neitt hafi verið skoðað um Evrópurétt eða tengsl við hann í þessu efni. Brtt. sem hér er lögð til var ekki í frv. eins og hv. þm. vita, eins og ég lagði það fram eða eins og það kom frá umhvrn. Málið er að hér er verið að leggja það af að ráðuneytið staðfesti gjaldskrá sveitarfélaga. Áður var það svo að gjaldskrár sveitarfélaga á sviði hollustuhátta voru lagðar fyrir ráðuneytið og það þurfti að staðfesta þær. Í hinni nýju löggjöf er síðan gert ráð fyrir að ráðuneytið setti eina hámarksgjaldskrá sem sveitarfélögin færu síðan eftir og bæri þannig ábyrgð á þessu máli á vissan hátt. Þegar sest var niður við að reyna að semja þessa hámarksgjaldskrá á liðnu hausti kom strax upp mikill ágreiningur við sveitarfélögin um málið. Samband íslenskra sveitarfélaga óskaði eindregið eftir að þarna yrðu gerðar á breytingar, og reyndar einnig fulltrúar einstakra sveitarfélaga. Ráðuneytið féllst á að frekar yrði gefin út viðmiðunargjaldskrá eða leiðbeinandi reglur eins og þetta er kallað hér. Í kjölfar þess, þegar málið var komið inn í þingið og nefndin hafði fengið það til umfjöllunar, kom síðan upp þessi eindregna ósk frá atvinnurekendum við þá breytingu að ráðuneytið kemur ekki frekar að gjaldskrárgerðinni sem slíkri og staðfestir ekki gjaldskrárnar, að þátttaka atvinnurekanda í heilbrigðisnefndunum yrði styrkt og á það hefur

meiri hluti umhvn. fallist með samþykki mínu. En málið kom ekki svo frá ráðuneytinu eins og vitað er.

[03:48]

Frsm. minni hluta umhvn. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er næsta ótrúleg málsmeðferð í þessu máli. Ráðuneytið leggur til gjaldskrárbreytingar og atvinnurekendur nota tækifærið til að þrýsta sér inn í heilbrigðisnefndir með fullum réttindum. Þetta er slæm stjórnsýsla, slæm málsmeðferð og ég gagnrýni harðlega að svona skuli vera staðið að málum. Varðandi gjaldskrárþáttinn varaði ég í nefndinni við hugsanlegum áhrifum af þessu breytta formi sem leitt gæti af sér enn frekari mismunun í sambandi við kostnað sveitarfélaga og eftir atvikum álögur á þá sem njóta þjónustu. Auðvitað hefði þurft að finna út kerfi sem jafnaði kostnaðinn þannig að atvinnufyrirtæki og aðrir sem eiga að njóta þjónustu eða lúta þjónustu eftir því hvað menn vilja segja, heilbrigðiseftirlits, þurfi ekki að gjalda þess þó þeir búi t.d. lengra eða skemmra frá þeim stað þar sem heilbrigðiseftirlit hefur aðalbækistöð. En einn þátturinn sem greiddur er að fullu, ef ég skil málið rétt, er ferðakostnaður og fleiri umsvif sem tengjast ferðum eftirlitsmanna og kemur þá misjafnt niður eftir fjarlægð og vegalengdum sem eftirlitsmenn þurfa að fara.

[03:50]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef komið nokkrum sinnum upp í nótt og spurt hvað valdi því að okkur sé nauðugur sá kostur að vera að störfum fram undir morgun þegar fyrir liggur að við höfum verið kölluð til starfa kl. 10 næsta morgun. Ég ætla að lýsa alveg sérstakri ánægju minni með að forsrh. og þar með oddviti þess stjórnarmeiri hluta sem hér ræður ferð skuli vera með okkur þessa morgunstund vegna þess að mér sýnist að það sé að koma í ljós hvers vegna við verðum að vera hér og hvers vegna við verðum að ljúka þessum málum og af hverju alls ekki megi skoða það að taka hálftíma eða klukkutíma á morgun þegar fólk hefur hvílt sig til að ljúka þeim málum sem eftir eru á dagskrá. Fram að þessu hefur ekki nokkur maður neitað því að fallast á að ljúka þessum málum. En það er nú spurning hvort það eigi eftir að koma upp áður en sá dagur sem hér er runninn er á enda. Mér sýnist að það sé að koma í ljós hvers vegna við erum að afgreiða þessi mál í skjóli nætur ef það er svo að bæði síðustu mál á dagskrá fundarins séu þess eðlis að þau þola vart dagsljósið, það síðasta vegna þess að nefndin hefur — ég mun koma að því síðar í umræðu um það — komið með brtt. sem er í raun og veru nýtt frv. og hefði því nefndin átt að flytja það sem slíkt. Ef ég skil hv. þm. Hjörleif Guttormsson sem er fulltrúi í umhvn. rétt þá sýnist mér að eftir að umfjöllun um málið lauk í umhvn. þá hafi menn tekið inn ákvæði sem alls ekki hefur legið ljóst fyrir hver voru. Ég óska a.m.k. eftir að fá skýr svör um þetta því þannig virkar málið á mig sem hlusta á umræðuna. Það er afskaplega mikil breyting þegar teknir eru inn annaðhvort fulltrúar frá atvinnurekendum eða fulltrúar frá verkalýðsfélögum, þ.e. ef ekki er jafnræði þar á milli, í nefndir og ráð þar sem þeir hafa ekki verið. Þegar ég hef tekið þátt í að vinna slík verk hefur þótt viðhlítandi að kalla eftir sjónarmiðum ef slíkt kemur inn í lokastörfum nefndar. Ég tek undir að það er fremur undarlegt að sjá að verið er að falla frá meðferð gjaldskrársetningar þegar það gerist á sama tíma að sveitarfélag fær heimild til að setja gjaldskrá um eftirlitsskylda starfsemi og horfið er frá því að ráðherra setji hámarksgjaldskrá sem gildi fyrir öll sveitarfélög, en um leið er verið að setja fulltrúa atvinnulífsins inn í heilbrigðiseftirlitið. Mér finnst alls ekki ljóst hvaða meðferð þetta fékk í nefndinni og ég óska eftir því, herra forseti, að nú verði það skýrt mjög vel hvernig haldið var á málum og á hvaða stigi í umfjöllun nefndarinnar þessar ákvarðanir komu inn.

[03:54]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða og spurninga sem lotið hafa að afgreiðslu málsins í umhvn. vil ég láta það koma fram að málið fékk hina fyllstu meðferð og að samþykkt brtt. var hefðbundin og bar að með venjulegum og hætti. Málið var rætt í hv. umhvn. og m.a. voru þau sjónarmið rædd sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi áðan. Þá lét formaður þess getið við afgreiðslu málsins að fram væri komin brtt. frá meiri hluta nefndarinnar þess efnis sem getur um í brtt. Þá var strax ljóst að ekki mundu allir nefndarmenn styðja þá brtt. og var málið afgreitt þannig frá nefndinni. Hér er því um venjulega og hefðbundna afgreiðslu máls að ræða.

[03:55]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil það svo að formaðurinn hafi kynnt brtt. í nefndinni og áður var hann búinn að lýsa því hér að hann hefði kallað eftir lögfræðilegu mati á tillögunni. En ég spyr: Var þessi breyting á einhvern hátt kynnt þeim hlutaðeigandi sem gáfu umsögn sína um frv. um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem hér liggur fyrir?

[03:56]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Brtt. sem hér um ræðir var lögð fram eftir ítarlega skoðun lögfræðilegra aðila sem hafa væntanlega gengið úr skugga um þau atriði sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði um. Ég treysti því að hv. þingmenn fallist á slíka málsmeðferð og þegar málið er lagt fram í umhvn. ber það að með hefðbundnum og venjulegum hætti.

[03:57]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Formaðurinn hefur misskilið mig. Ég var ekki að spyrja um lögfræðilega þáttinn á uppsetningu brtt. Ég var að spyrja um málsmeðferð í nefnd og fyrir það svarar enginn lögfræðingur sem skoðar brtt. Ég bar fram þá spurningu hvort samráð hafi verið haft um þessa breytingu við umsagnaraðila sem væntanlega hafa fengið málið til umsagnar áður en því var breytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, frh. síðari umr.

Þáltill. ArnbS og EgJ, 356. mál. — Þskj. 488, nál. 1046.

[03:58]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mál þetta var til umræðu fyrir nokkuð löngu, kannski sólarhring eða vel það, og var mikið rætt. Það mun hafa verið í fyrrinótt. Form afgreiðslu málsins frá hv. samgn. var mikið rætt. Ég var einn í hópi þeirra sem leyfðu sér að gagnrýna hvernig málið var fyrir lagt og ég hef ekki séð að nein formbreyting hafi verið gerð á málinu af hálfu hv. samgn. En fallist var á að fresta málinu, eins og dagskrá þessa fundar ber vott um, þar sem það kemur hér fyrir á ný. Hv. formaður samgn. hefur ekki séð ástæðu til að gera neina grein fyrir umfjöllun, hugsanlega milli funda, þannig að við erum svo sem engu nær hvort málið er í nýrri stöðu. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að meðferð nefndarinnar á málinu, þ.e. hvernig búið er til nýtt þingmál og flutt undir heiti þáltill. sem er tæplega hægt að tengja við afgreiðsluna og textann eins og málið liggur fyrir, sé óeðlileg og get ekki skilið að nokkrum sé til þægðar að setja mál þannig upp. Ef afgreiða á þáltill. undir merkjum tillögu sem er í rauninni óskyld að efni þá er það ekki til fyrirmyndar heldur gagnrýnivert og ég er viss um að þeir munu grípa allmikið í tómt sem reyna að tengja þetta saman.

Þetta vildi ég að kæmi fram af minni hálfu. Út af fyrir sig er erfitt um vik, virðulegur forseti, ef forseti og aðrir fallast á þessa uppsetningu mála. Ég vil ekki skera neitt úr um það hvort þetta brjóti gegn þingreglum. Ég er ekki í aðstöðu til þess. En þetta er a.m.k. ekki til neinnar fyrirmyndar nema síður sé.

[04:01]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar við ræddum þetta mál síðast greindi ég allnokkrum sinnum frá því að það hefði orðið samhljóða niðurstaða samgn. Alþingis að afgreiða málið eins og getur að líta í þingskjölum. Ég kannaði, eftir að umræðunni hafði verið frestað, hvort áhugi væri á að gera þar breytingu á. Ljóst var að um það yrði engin samstaða. Hins vegar var samstaða um þann hátt sem á sínum tíma var hafður í samgn. Formaður taldi því ekki ástæðu til þess að endurskoða það mál frekar.

[04:01]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eitt það sérkennilegasta við málið eru hinar nýju upplýsingar formanns samgn., að nefndin hefði trúlega klofnað ef hún hefði viðhaft eðlileg vinnubrögð. Ég þakka mínum sæla fyrir að hafa ekki verið kosinn í þessa nefnd. Ég hef einu sinni verið í samgn., eitt kjörtímabil held ég, svona langleiðina, og var þá formaður nefndarinnar. Ég átti þar gott samstarf en aldrei bar neitt viðlíka á góma þar. Ég held að þetta jaðri í rauninni við einsdæmi þó ég hafi ekki gert könnun á því.

Ég er mjög undrandi á hv. þm., eins og hv. formanni samgn., að búa svo um hnútana. Ég hef satt að segja ekki trú á því að ekki hefði mátt halda nefndinni saman um aðra uppsetningu á málinu. Um það sýnist mér þetta fyrst og fremst snúast og tæplega hægt að átta sig á hvaða efnisþættir hefðu orðið til að kljúfa nefndina ef eðlilega hefði verið farið með málið.

Fyrir þinginu lá tillaga sem var tekin og nánast því endurrituð og flutt sem tillaga nefndarinnar. Þar birtist ný stefna sem á ekkert skylt við heiti þeirrar tillögu sem málið var afgreitt undir.

[04:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hlustaði á hluta af þeirri umræðu sem hér fór fram í fyrrinótt. Ég hélt reyndar að menn hefðu verið svolítið sneyptir yfir afgreiðslunni og skildu hana svo að vilji þingsins, sóma þess vegna, væri að taka þetta mál til endurskoðunar. Um er að ræða till. til þál. um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og að Alþingi álykti að fela samgrh. að hefja nú þegar undirbúning að gerð jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og miðað verði við að framkvæmdir hefjist árið 2003. Síðan kemur inn í tillöguna frv., flutt af einum þingmanni Vesturlands, þingmanni Framsfl. á Vesturlandi, sem breytt er í brtt. sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Áætlunin feli í sér úttekt á kostum sem taldir eru á jarðgangagerð á landinu, kostnaðarmat og arðsemismat einstakra framkvæmda og forgangsröðun verkefna. Sérstaklega verði horft til framkvæmda sem rjúfa vetrareinangrun, koma í stað annarrar kostnaðarsamrar vegagerðar, stytta vegalengdir eða stækka atvinnusvæði. Áætlunin liggi fyrir áður en lokið verður við *næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar.*

Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um langtímaáætlun í gerð jarðganga á Íslandi."

Herra forseti. Ég hef bara verið á þinginu í tíu ár en ég verð að viðurkenna að mér finnst langt seilst með að kalla þessa tillögugrein brtt. við þáltill. um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Ég hef ekkert á móti langtímaáætlun um gerð jarðgangna á Íslandi öllu. Í raun hefði þess vegna getað verið felldur inn í þetta enn þá víðtækari texti ef á annað borð er verið að búa til alveg nýtt mál. Ég hef grínast með hvort ekki færi að verða ástæða til að taka allar helstu samgönguleiðir okkar, sem hægt hafa þokast í framkvæmdum, og búa til alveg sérstaka áætlun fyrir stærri vegi sem tengjast t.d. breytingu á kjördæmamörkum, Suðurstrandarvegi og fleira, hvort ekki þyrfti að skoða sérstaka framkvæmdaáætlun um Sundabraut og Reykjanesbraut. Það eru svo stór mannvirki að þau jafnast á við jarðgöng og vegafé dugir ekkert til að slíkar framkvæmdir þokist áfram. Mér fyndist það hið besta mál að samgn. gerði góðar tillögur í þessum efnum. En að leyfa sér að taka eina tillögu og búa til brtt., sem er bara allt annað mál, og kalla afgreiðslu, slíkt skil ég ekki. Virðulegi forseti. Ég skil ekki hvernig forseti, með virðingu fyrir sjálfum sér, getur úrskurðað að þessi afgreiðsla sé í lagi.

Af því að ég hef verið nokkuð undrandi á því í nótt, að við skulum vera hér til morguns í að afgreiða mál og enn nokkuð eftir af góðri vinnuviku, þá endurtek ég það sem ég sagði í málinu næst á undan, að það fer kannski að verða ljóst af hverju menn vilja afgreiða sum mál í skjóli nætur og hafa geymt þau þangað til síðast. Ég hlýt að spyrja forseta, bara upp á fordæmi og seinni tíma: Úrskurðar forseti svo að sú brtt. sem hér er flutt geti talist breyting á þingmáli nr. 356? Það er mjög mikilvægt að forseti felli þann úrskurð.

[04:07]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna orða hv. þm. skal tekið fram að þetta er niðurstaða nefndar sem hefur fjallað um málið. Nefndin flytur brtt. sem ekki hefur verið gerð nein athugasemd við hér.

[04:08]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hafi ég tekið rétt eftir, þá töldu fulltrúar í nefndinni að þetta þyrfti að endurskoða. Þess vegna töldu bæði ég og fleiri þingmenn að nefndin hefði ætlað að taka þetta mál til sín og því hefði málinu verið frestað, vegna þess að þingmenn í nefndinni teldu að þeir hefðu ekki gætt sín í þessu máli. Ég óska eindregið eftir því að forseti vísi ekki bara til afgreiðslu nefndarinnar. Mig langar til þess að vera góður þingmaður. Mér kemur á óvart að þetta geti talist brtt. og ég óska eftir því að forseti úrskurði um hvort eðlileg þingleg meðferð sé að slík brtt. komi við þingmál.

Ég óska eftir að forseti úrskurði um það sjálfur.

[04:09]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af ræðu hv. 5. þm. Reykn. hlýt ég að vekja athygli á því að allir viðstaddir nefndarmenn í samgn. Alþingis komust samhljóða að niðurstöðunni í brtt. nefndarinnar. Aðeins einn hv. þm. úr samgn. tjáði sig á annan veg í umræðunum. Sá þingmaður hafði ekki verið viðstaddur þegar málin voru rædd í samgn. Hann hafði því ekki forsendur til þess að leggja mat á undirbúninginn í nefndinni á sínum tíma, þegar nefndin komst að þessari niðurstöðu. Ég verð að vísa því á bug sem hv. þm. gaf í skyn, að um þetta hefði verið djúpstæður ágreiningur í nefndinni. Þvert á móti komst nefndin að samhljóða niðurstöðu.

[04:10]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er bara að svara þessari aðfinnslu. Ég kalla ekki eftir neinum útskýringum frekar af hálfu formanns nefndarinnar. Ég er vel læs og veit hverjir afgreiddu þetta mál. Ég veit líka hvaða umræða fór fram í fyrrinótt og hver viðbrögðin voru við gagnrýni á málatilbúnað nefndarinnar. Ég veit líka að málinu var frestað í fyrrinótt og það voru fleiri en ég sem töldu að nefndin hefði ætlað að skoða þetta mál og hugsanlega væri þetta ekki formlega rétt afgreiðsla og brtt. á þingmáli. Ég geri ekki frekari athugasemdir við það að nefndin skuli ekki hafa tekið málið til sín. Það eina sem ég fer fram á er að forseti úrskurði um þessa brtt.

[04:11]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna orða hv. 5. þm. Reykn. vill forseti segja að eins og fram hefur komið er þetta samhljóða niðurstaða samgn. sem hér er flutt í formi brtt. Forseti gerir ekki athugasemd við málsmeðferð samgn. en síðan er það að sjálfsögðu þingsins að taka afstöðu til tillögunnar. Það mun væntanlega gerast við atkvæðagreiðslu á morgun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 27. og 28. mál.

Fundi slitið kl. 04:12.

---

85. FUNDUR

fimmtudaginn 11. mars,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv., 252. mál, þskj. 285, nál. 1096. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frv., 253. mál, þskj. 286, nál. 1096. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Stofnun vestnorræns menningarsjóðs, þáltill., 197. mál, þskj. 214, nál. 1108. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

4. Íþróttasamstarf milli Vestur-Norðurlanda, þáltill., 196. mál, þskj. 213, nál. 1106. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Internetsamvinna skóla á Vestur-Norðurlöndum, þáltill., 195. mál, þskj. 212, nál. 1107. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

6. Vinnuumhverfi sjómanna, þáltill., 81. mál, þskj. 81, nál. 1131. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

7. Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, þáltill., 5. mál, þskj. 5, nál. 1137. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

8. Raforkuver, stjfrv., 471. mál, þskj. 1130, brtt. 1125. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

9. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 324. mál, þskj. 1032, brtt. 1117. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

10. Almannatryggingar, stjfrv., 520. mál, þskj. 834, nál. 1054, brtt. 1055. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 521. mál, þskj. 835, nál. 1056 og 1084, brtt. 1057 og 1085. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Jarðalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 872, nál. 1086. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

13. Landshlutabundin skógræktarverkefni, stjfrv., 484. mál, þskj. 791, nál. 1092, brtt. 1093. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

14. Málefni fatlaðra, stjfrv., 564. mál, þskj. 924, nál. 1095 og 1097. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

15. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 585. mál, þskj. 978, nál. 1104 og 1139. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

16. Háskóli Íslands, stjfrv., 509. mál, þskj. 821, nál. 1109, brtt. 1110. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

17. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 352. mál, þskj. 475, nál. 1059 og 1091, brtt. 1060 og 1094. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

18. Undirritun Kyoto-bókunarinnar, þáltill., 41. mál, þskj. 41, nál. 1134, 1135 og 1177. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

19. Náttúruvernd, stjfrv., 528. mál, þskj. 848, nál. 1111, brtt. 1112. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

20. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 526. mál, þskj. 846, nál. 1118 og 1138. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

21. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 607. mál, þskj. 1133. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

22. Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, þáltill., 356. mál, þskj. 488, nál. 1046. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Össur Skarphéðinsson, 9. þm. Reykv.

Athugasemdir um störf þingsins.
Umræða um málefni sjávarútvegsins.

[10:03]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Í upphafi þingfundar í gær kvöddu nokkrir þingmenn sér hljóðs til að ítreka ósk sem sett var fram fyrir nokkrum dögum um að fram færi á Alþingi stutt utandagskrárumræða um stöðuna í sjávarútvegsmálum þannig að það lægi fyrir áður en Alþingi færi heim og kosningabarátta hæfist hvort það sé virkilega svo að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn ætli sér ekkert að gera í málefnum strandveiðiflotans og þess fjölda fiskverkafólks sem er að missa atvinnu sína um þessar mundir. Ég ætla í fyrsta lagi að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta og hjá hæstv. starfandi sjútvrh. hvort hægt sé að fá svör við þeirri beiðni og hvernig standi á því að menn ætli að standa hér dag eftir dag í umræðum um störf þingsins sem nú þegar eru búnar að taka miklu lengri tíma en hálftíma utandagskrárumræða um málefni sjávarútvegsins mundi taka.

Eftir nokkra klukkutíma, herra forseti, hefst landsfundur Sjálfstfl. Í Degi í dag er viðtal við tvo þingmenn þess flokks, annars vegar við Kristján Pálsson þar sem hann segir að málefni kvótalítilla byggðarlaga bæði á Vestfjörðum og Austurlandi verði í umræðunni á þessum landsfundi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kristján Pálsson alþingismaður sagðist telja að eina leiðin til að bjarga þessum byggðum væri að auka enn frekar allt frelsi hvað varðar kaup og sölu á aflaheimildum. ...

Einar Oddur Kristjánsson sagði að fyrir hin litlu, dreifðu byggðarlög, sem lifa eingöngu á sjávarfangi væri lífsnauðsynlegt að efla strandveiðiflotann."

Herra forseti. Eru þeir sjálfstæðismenn að rugla saman Alþingi Íslendinga og landsfundi Sjálfstfl.? Það er ekki landsfundur Sjálfstfl. sem tekur ákvarðanir um eða á umræður um hvað gera eigi til að bjarga strandveiðiflotanum og fiskverkafólki heldur þessi stofnun hér, Alþingi Íslendinga. Hvernig stendur á því að þeir menn sem ætla sér að ræða þessi mál eftir nokkra klukkutíma á landsfundi Sjálfstfl. skirrast við að gera það á Alþingi Íslendinga, í þeirri einu stofnun þar sem ákvarðanirnar eru teknar?

[10:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta mál hefur verið til umræðu í þinginu og það er rétt hjá hv. þm. að niðurstaða þarf að fást í því. Ég var á fundum og var rétt að koma í þessu þannig að ég hafði ekki tök á því að vera í upphafi fundarins, en ég fer fram á það við forseta að hann fresti fundi í 15 mínútur þannig að unnt verði að komast að niðurstöðu í þessu máli.

[Fundarhlé. — 10:07]

[10:33]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir það hlé sem forseti gaf til þess að fara yfir mál varðandi sjávarútveginn sem hér hafa verið til umræðu. Í þessu hléi hafa mál skipast á þann veg að sjútvn. þingsins mun koma saman og fjalla um málið og ég tel að góðar líkur séu á því að samkomulag náist í málinu. Ég mælist því til þess að þingfundi verði fram haldið og sjútvn. fái tækifæri til þess að fjalla um þetta mál og koma með tillögur sínar til þingsins.

[10:34]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa vissulega gerst nokkur tíðindi. Það virðist vera að sjálfstæðismenn hafi komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að vísa ekki þessu máli bara til landsfundar Sjálfstfl. því að hann hefur ekki löggjafarvald, eins og ætla mátti af orðum þeirra þingmanna sem ég vitnaði í áðan, heldur sé nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga fái að fjalla eitthvað um þessi mál. Hefur það nú ekki gengið andskotalaust, virðulegi forseti, að fá þá niðurstöðu fram en auðvitað er lítið betra en ekki neitt og maður vonast til að sjá einhverjar tillögur frá sjútvn. sem séu til þess fallnar að leysa þessi mál. Ef ekki er um það að ræða, þá held ég auðvitað fast við þá beiðni mína að Alþingi ræði þetta vandamál en ekki sé látið nægja að vísa því bara til landsfundar Sjálfstfl.

[10:35]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í gær var farið fram á að umræða yrði utan dagskrár um þessi málefni sem hafa síðan verið í umræðu á milli flokka í bakherbergjum og er góðra gjalda vert að sjútvn. þingsins taki á þessum efnum sem hugsanlegt er að ná samkomulagi um og ég þakka fyrir þær undirtektir. Það er alveg ljóst að þau mál sem brenna á mönnum þurfa að fá einhverja úrlausn á Alþingi Íslendinga og á það hefur verið þrýst. Til dæmis er ósvarað fyrirspurn sem ég bar fram við hæstv. sjútvrh. um stöðu sjávarútvegsbyggða sem misst hafa veiðiheimildir og kvótalítilla útgerða og þannig er með mörg atriði þessa máls sem hafa ekki fengist upp gerð og ég lýsi ánægju með það að sjútvn. kemur saman og hæstv. starfandi sjútvrh. hefur stuðlað að því.

[10:36]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill geta þess að eftir að þeim atkvæðagreiðslum sem eru fram undan er lokið verður gert hlé á þeim fundi og boðaður fundur í hv. sjútvn. og fær hún þá stutta stund til þess að ganga frá því þingmáli sem hér er á döfinni.

En forseti vill samt vekja athygli hv. þingmanna á því að við erum bersýnilega að lenda í allmikilli tímaþröng þar sem gert hafði verið ráð fyrir að fundum lyki um hádegisbilið og þess vegna skorar forseti eindregið á hv. þingmenn að sýna sveigjanleika og tillitssemi svo okkur megi takast að ljúka störfum á tilsettum tíma.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frh. 2. umr.

Frv. GHall o.fl., 252. mál (peningavinningar). — Þskj. 285, nál. 1096.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Till. 1096 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 48 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, frh. 2. umr.

Frv. GHall o.fl., 253. mál (peningavinningar). — Þskj. 286, nál. 1096.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]
Till. í nál. 1096 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 49 shlj. atkv.

Stofnun vestnorræns menningarsjóðs, frh. síðari umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 197. mál. — Þskj. 214, nál. 1108.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
Till. í nál. 1108 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 49 shlj. atkv.

Íþróttasamstarf milli Vestur-Norðurlanda, frh. síðari umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 196. mál. — Þskj. 213, nál. 1106.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
16 þm. (ÁMM, BH, DO, GHelg, GMS, IP, JóhS, JónK, KF, MF, ÓE, SighB, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1178).

Internetsamvinna skóla á Vestur-Norðurlöndum, frh. síðari umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 195. mál. — Þskj. 212, nál. 1107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.
15 þm. (DO, GÁ, GMS, IP, JóhS, JónK, KF, MF, ÓE, SighB, SP, SJS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1179).

Vinnuumhverfi sjómanna, frh. síðari umr.

Þáltill. GHall o.fl., 81. mál. — Þskj. 81, nál. 1131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.
15 þm. (DO, GMS, IP, JónK, KF, MF, ÓE, RG, SighB, SP, StG, SJS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1180).

Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, frh. síðari umr.

Þáltill. SvG, 5. mál. — Þskj. 5, nál. 1137.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]
Brtt. í nál. 1137 (ný tillgr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.

14 þm. (DO, GMS, JónK, KF, MS, MF, ÓE, RG, SighB, SP, SJS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1181).

Raforkuver, frh. 3. umr.

Stjfrv., 471. mál (Vatnsfells-, Búðarháls- og Villinganesvirkjanir). — Þskj. 1130, brtt. 1125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:44]

Brtt. 1125 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

19 þm. (ÁRJ, DO, GuðjG, GGuðbj, GMS, ÍGP, JóhS, JónK, KF, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er lögð til brtt. af formanni iðnn. sem varðar það að inn í það ákvæði frv. sem varðar virkjunarheimild fyrir Bjarnarflagsvirkjun er tekið ákvæði sem segir að þar við bætist „að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.“ Þetta ákvæði skiptir auðvitað efnislega ekki máli vegna þess að lögin eru í gildi en ekki sakar það. Og þó að ég sé andvígur þessu frv. og þingflokkur óháðra hafi lýst andstöðu við það þá styð ég þessa brtt.

Frv., svo breytt, samþ. með 44:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.

nei: GHelg, HG, KÁ, KH, ÖJ.

14 þm. (DO, GGuðbj, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, RG, SighB, SAÞ, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1182).

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 324. mál (heildarlög). — Þskj. 1032, brtt. 1117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:49]

Brtt. 1117 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, BBj, BH, EKG, EL, EOK, EgJ, FI, GB, GHH, GHall, GuðjG, GÁ, GÁS, HG, HjÁ, HjálmJ, IP, JHall, KH, KHG, KPál, KÁ, LB, LMR, MS, MagnM, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SJóh, StB, StG, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁRÁ, ÍGP, ÓÖH, ÖJ.

1 þm. (GE) greiddi ekki atkv.

15 þm. (DO, GGuðbj, GHelg, GMS, JóhS, JónK, KF, MF, ÓE, SighB, SP, SJS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, EL, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StB, SvÁ, TIO, VE.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, StG, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, FI, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:47]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða rétt eina skerðingu á kjörum sjómanna og það aldraðra sjómanna sem lokið hafa löngu starfi á sjó. Það er verið að lækka greiðslur til sjómanna á þeim forsendum að sjóðurinn hafi ekki efni á að greiða það sem gert hefur verið ráð fyrir. Á sama tíma líður ekki sá dagur að við fáum ekki upplýsingar um ótrúlegan gróða sjávarútvegsfyrirtækja. Hefði ekki verið nær, hæstv. forseti, að leita annarra leiða en fara í vasa sjómannanna sjálfra, öldruðu sjómannanna, til þess að bjarga sjóðnum? Ég tek ekki þátt í atkvæðagreiðslu í þessu máli. [10:48]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Af illri nauðsyn er hér verið að greiða atkvæði um Lífeyrissjóð sjómanna rétt einu sinni enn. Það er rétt. En forsögu þessa máls má rekja m.a. til flokksbræðra þess ágæta þingmanns sem hér talaði áðan, sem þá birtist í formi félagsmálapakka árið 1980. Þáv. ríkisstjórn með alþýðubandalagsmenn innan borðs hafði lofað sjómönnum ýmsum hlunnindum sem aðrir launþegar í landinu höfðu fengið. M.a. áttu þessi hlunnindi að birtast í því að sjómenn gætu hafið töku lífeyris við 60 ára aldur og fylgdi þá með líka (**Gripið fram í:** Er þetta andsvar?) að hæstv. páv. ríkisstjórn ætlaði að leggja fjármuni til Lífeyrissjóðs sjómanna sem ekki hefur verið gert. Þess vegna segi ég já í þessu máli. (**RG:** Þingmaðurinn er kominn í umræðu í atkvæðaskýringu.)

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1183).

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (örorkumat). — Þskj. 834, nál. 1054, brtt. 1055.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
14 þm. (DO, EgJ, GHall, GMS, JóhS, JónK, KF, MS, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1055,1 samþ. með 50 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1055,2 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 521. mál (úrskurðarnefnd o.fl.). — Þskj. 835, nál. 1056 og 1084, brtt. 1057 og 1085.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:55]
Brtt. 1085,1 felld með 35:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
9 þm. (GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
4 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:52]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Öryrkjabandalagið og Landssamband eldri borgara hafa óskað eftir að fá formlega aðkomu að Tryggingastofnun. Nú er verið að breyta stjórnsýslu Tryggingastofnunar í ýmsum grundvallaratriðum. Sett er á laggirnar sérstök úrskurðarnefnd. En við þessar breytingar eykst þörfin á lýðræðislegu aðhaldi. Við teljum rétt að verða við þessum óskum Öryrkjabandalagsins og Landssambands eldri borgara og teljum að þetta verði stofnuninni til góðs og öllum þeim sem við hana skipta.

[10:53]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Félagar í Landssambandi eldri borgara og Öyrkjabandalaginu eiga mjög mikið undir úrskurðum tryggingaráðs þar sem þeir eru varanlega háðir þeim úrskurðum sem þar koma til og þeim málum sem þar er fjallað um. Þeir hafa lengi óskað eftir að eiga aðild að tryggingaráði en hefur verið hafnað á þeim grundvelli að þar sé úrskurðað í einstökum deilumálum. Nú er verið að breyta lögunum í þá veru að sérstök úrskurðarnefnd mun fjalla um einstök deilumál og því sjáum við ekki neina fyrirstöðu lengur fyrir því að þessir aðilar fái aðild að tryggingaráði og gerum tillögu þar um. Ég segi því já.

[10:54]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil benda á það varðandi þessa tillögu að þeir tveir hópar sem hér eru sérstaklega tilgreindir, þ.e. Landssamband eldri borgar og Öryrkjabandalagið dekka alls ekki skjólstæðinga Tryggingastofnunar. Þar eru inni mun fleiri sjúklingahópar. Því væri óeðlilegt að taka þessi tvö samtök út úr, sérstaklega í ljósi þess að þetta mál kom mjög seint fram og ekki gafst tími til þess að kafa ofan í hvaða sjúklingahópar fleiri ættu þá að koma þarna að. Tryggingaráð er skipað af Alþingi þannig að ef það á að fara að brjóta upp þá skipan og bæta inn öðrum fulltrúum (**ÖJ:** Eru aldraðir sjúklingahópur?) þá fyndist mér miklu eðlilegra að það yrði skoðað vandlega. Ég segi því nei.

[10:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það væri sómi að því að hv. alþingismenn samþykktu þessa tillögu nú á ári aldraðra. Það hefur verið baráttumál aldraðra og öryrkja að fá aðkomu að stjórn Tryggingastofnunar ríkisins. Nú hefur hlutverki tryggingaráðs verið breytt og því er eðlilegt að þeir hafi aðkomu að stjórninni. Þess má geta að lífeyrisþegar, þ.e. aldraðir og öryrkjar, eru einn stærsti hópur viðskiptavina lífeyristrygginga og þess vegna er fullkomlega eðlilegt að þeir fái þarna aðkomu að eins og við höfum margoft farið fram á í sérstökum frv. sem hafa legið fyrir þinginu og liggja fyrir enn þá. Ég segi því já og vonast til þess að fólk sjái að sér og samþykki þetta við þessa atkvæðagreiðslu.

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, VS, VE, ÖJ.
11 þm. (ÁRJ, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (GE, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1057,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1085,2.a felld með 34:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, VS, VE.
11 þm. (GE, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:58]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta snýst um það hvort breyting á lífeyri skuli fylgja hækkunum launavísitölu Hagstofu Íslands eins

og við leggjum til. Miðað við hækkun hennar frá því í desember 1994 til desember 1998 ætti upphæð fulls lífeyris að vera 191.622 kr. en ekki 181.476 kr. Um þetta erum við að greiða atkvæði í brtt. við 4. gr. En við gerum einnig tillögu um að fólki verði ekki mismunað eftir heimilishaldi, að ekki verði klipið af hjónafólki eða þeim sem eru í sambúð.

[10:59]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Í þessari tillögu felst að það eigi að hækka uppbætur um 10 þús. kr. flatt á alla. Það kom ekki fram í umræðum í gær hvað þetta mundi kosta. Þeir hafa ekki reiknað það út sem flytja tillöguna en mér skilst að þetta muni kosta upp undir 3,5 milljarða. Ég teldi miklu nær að reyna að hækka þá sem verst eru staddir í þessum hópi en hækka alla flatt. Það er einmitt það sem stjórnvöld hafa verið að gera, (**Gripið fram í:** Gerðu tillögu.) þ.e. að koma til móts við þá sem verst standa og ég segi því nei. (**BH:** Þau hafa ekki gert það.)

Brtt. 1057,2 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1085,2.b felld með 34:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, VS, VE.

10 þm. (GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í þessum b-lið 4. gr. frv. er fjallað um skerðingu lífeyris hjóna ef bæði fá lífeyri. Minni hlutinn er með þessari brtt. að taka undir álit frá aðgerðarhópi aldraðra sem telur að mismunun fólks eftir heimilishaldi stríði gegn jafnrétti og að skerðing grunnlífeyris af þessari ástæðu feli því í sér ranglæti. Af þeim sökum telur minni hlutinn að ákvæðinu þurfi að breyta þannig að lífeyrir hjóna sem bæði fá lífeyri verði tvöfaldur lífeyrir einstaklings í stað þess að skerða lífeyri fólks einungis vegna þess að það er í sambúð. Ég segi því já.

4. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, GÁS, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

5.–13. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1085,3 felld með 35:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

2 þm. (GÁS, LB) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við leggjum til að 33. gr. laganna verði breytt til að tryggja að psoriasissjúklingum sem ekki geta nýtt sér lækningu í Bláa lóninu eða hérlendis sé tryggð læknismeðferð erlendis, á Kanaríeyjum. Þetta ákvæði hefur verið í lögunum en hætt var að afgreiða samkvæmt því frá árinu 1996. Síðan þá hefur aðeins einn sjúklingur farið utan en mjög margir þurfa á þessari þjónustu að halda og það hefur sýnt sig að sé þetta ekki inni sem sérákvæði er meðferð erlendis ekki tryggð fyrir þessa sjúklinga. Við teljum að það verði að tryggja hana með þessu ákvæði í lögunum. Ég segi já.

[11:05]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er algerlega óeðlilegt að halda þessu sérákvæði inni. Núna er það svo að pólitískt skipað tryggingaráð á að ákveða hverjir fara í þessar ferðir, reyndar eftir aðstoð frá læknum. En það er miklu eðlilegra að siglinganefnd taki þetta mál að sér eins og hún reyndar hefur gert síðustu ár, þ.e. að siglinganefnd ákveði hverjir eiga að fá að fara erlendis í meðferð.

Fækkað hefur í þessum hópi með tilkomu Bláa lónsins sem býður upp á afar góða þjónustu. Hins vegar er eðlilegt að verst höldnu sjúklingarnir fái að fara og nýbúið er að samþykkja að sex fari til meðferðar á Kanaríeyjum. Það er því alrangt sem hér er gefið í skyn að það sé verið að leggja þessar ferðir af. Það er miklu eðlilegra að siglinganefndin fjalli um þessa sjúklinga eins og aðra sjúklinga. Það er furðulegt að þeir sem kenna sig við jafnræði skuli ekki styðja það. Ég segi því nei.

[11:06]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Með þessari tillögu um lagabreytingu viljum við tryggja að þeir psoriasissjúklingar sem á þurfa að halda fái loftslagsmeðferð í útlöndum. Aðeins einn sjúklingur hefur farið til útlanda í slíka meðferð síðan árið 1996. (Gripið fram í.) Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði við umræðuna í gær — og þetta er mjög alvarlegt mál — að engar umsóknir hefðu borist á árinu 1997 og engin breyting hefði orðið á skipan mála. (**GÁ:** Þetta er umræða.) Ég er með bréf frá Tryggingastofnun ríkisins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Um leið og við endursendum yður meðfylgjandi vottorð skal tekið fram að ekki eru fyrirhugaðar fleiri utanlandsferðir til lækninga, psoriasisferðir, á vegum Tryggingastofnunar ríkisins."

Ég er með fleiri gögn sem sýna fram á að það voru ósannindi sem hér voru höfð uppi af hálfu fulltrúa ríkisstjórnarinnar í gær. Það er einmitt þess vegna sem þörf er á því og enn þá ríkari þörf er á því en áður að fá þessa tryggingu inn í lögin.

[11:07]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég beitti mér mjög fyrir því á árunum 1993 og 1994 sem heilbrrh. að gera Bláa lónið að virkum meðferðarstað fyrir psoriasissjúklinga. Það er mér í minni að ýmsir höfðu efasemdir um þær leiðir á þeim tíma og m.a. Samtök psoriasissjúklinga. Reynslan hefur hins vegar verið prýðileg og ég hygg að allir fagni þeim árangri sem þar hefur náðst.

Þó að félagar mínir í stjórnarandstöðunni hafi flutt tillögu um það þá hef ég ákveðnar efasemdir um að vera með stefnubreytingu í þessum efnum þó að á hinn bóginn vilji ég auðvitað halda því til haga að ekki dugir öllum psoriasissjúklingum sú meðferð sem Bláa lónið býður upp á. Ég vil því undirstrika það sem hér hefur komið fram að vitaskuld skal tryggingaráð og aðrir færir aðilar tryggja að þessir sjúklingar eins og aðrir fái bestu aðhlynningu sem kostur er á. Því greiði ég ekki atkvæði.

14. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁE, BH, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, EKG, GÁS, GMS, HjÁ, JónK, KF, KHG, MF, ÓE, SJóh, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

15.–23. gr. og ákv. til brb. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

1 þm. (LB*) greiddi ekki atkv.

13 þm. (EgJ, EKG, GMS, HjÁ, JónK, KF, KHG, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

[Forseti gat þess að EgJ hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; þm. ætlaði að segja já.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Jarðalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 547. mál (fulltrúar í jarðanefndir). — Þskj. 872, nál. 1086.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

2.–3. gr. og ákv. til brb. samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Landshlutabundin skógræktarverkefni, frh. 2. umr.

Stjfrv., 484. mál. — Þskj. 791, nál. 1092, brtt. 1093.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]

Brtt. 1093,1 samþ. með 52 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

2.–7. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1093,2 samþ. með 52 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1093,3 samþ. með 48 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

11.–12. gr. og ákv. til brb. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1093,4 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 47:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JHall, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, SvÁ, VS, VE.

nei: TIO.

2 þm. (ÍGP, KHG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GÁS, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SF, SP, StG, SJS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 564. mál (starfsmenn svæðisskrifstofu). — Þskj. 924, nál. 1095 og 1097.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:15]

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB*, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KH, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SF, SP, SJS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS*, JHall, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, GHelg, HG, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GÁS, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 585. mál. — Þskj. 978, nál. 1104 og 1139.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:19]

Till. í nál. 1139 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 50:4 atkv. og sögðu

já: HG, KÁ, KH, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.

9 þm. (GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:18]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Afgreiðsla þessa máls er gerð í miklu flaustri. Málið kom fram fyrir örfáum dögum og ég tel að það hafi engan veginn fengið þá meðferð sem þyrfti. Ég tel líka að álitaefni séu í þessu máli að því er varðar aðstöðu innlendrar kvikmyndagerðar með tilliti til erlendrar og því legg ég til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég vek alveg sérstaklega athygli á 7. gr. þar sem segir að þeir sem hafa hlotið styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands til framleiðslu sömu myndar fái ekki endurgreitt samkvæmt lögum þessum. Þetta er eitt dæmi um skelfilega mismunun samkvæmt þessu frv.

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

2.–6. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.

4 þm. (HG, KÁ, KH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, EKG, GÁ, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 37:12 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

nei: ÁE, ÁRJ, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ.

5 þm. (BH, GÁS, GGuðbj, GHelg, LB) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:20]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Þegar þetta mál var til umfjöllunar í hv. iðnn. komu þar bein skilaboð til okkar nefndarmanna að ef einhverjar breytingar yrðu gerðar á þessu frv. væri mikil hætta á því að frv. yrði stoppað og það kæmi ekki til afgreiðslu. Ég ásamt fleirum í nefndinni gerðum miklar athugasemdir við það að ef, eins og segir í 7. gr., umsækjandi hafi hlotið styrk til framleiðslu sömu myndar fái hann ekki endurgreitt. Þrátt fyrir þetta ákvæði og úr því að við gátum ekki fengið þessu breytt, þá ákvað ég að undirrita þetta álit nefndarinnar án fyrirvara. Mér þótti það miður en til þess að fá málið í gegn samþykkti ég það og þess vegna segi ég já.

8.–9. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.

4 þm. (HG, KÁ, KH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.

6 þm. (HG, JóhS, KÁ, KH, RA, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Háskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 509. mál (heildarlög). — Þskj. 821, nál. 1109, brtt. 1110.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:23]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1110,1 samþ. með 53 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

3.–12. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1110,2 samþ. með 53 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
14.–17. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1110,3 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

18. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (GMS, IP, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

19.–21. gr. og ákv. til brb. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 352. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 475, nál. 1059 og 1091, brtt. 1060 og 1094.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:26]
Till. í nál. 1091 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 37:16 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁMM*, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, VS*.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VE, ÖJ.
10 þm. (GMS, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja nei.]

[11:27]
Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:
Virðulegi forseti. Um það mál sem hér kemur til afgreiðslu er ekki sátt. Þvert á móti er grundvallarágreiningur um hvernig fara skuli með skipulag og stjórn miðhálendisins. Samfylkingin vill að Alþingi taki ábyrgð á heildarskipulagi miðhálendisins með því að afgreiða umhverfis- og auðlindaskipulag með ályktun Alþingis. Þar komi fram markmið um framtíðarnotkun landsins og nýtingu gæða þess. Innan þess grundvallarramma haldi sveitarfélög aðal-, svæðis- og deiliskipulags rétti sínum. Þetta er mál sem varðar alla, í þéttbýli og í dreifbýli.
Ég gagnrýni harðlega alla málsmeðferð stjórnarmeirihlutans á Alþingi. Ég vísa allri ábyrgð á málinu á hendur Sjálfstfl. og Framsfl. og við í Samfylkingunni munum sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Brtt. 1060,1 (ný 1. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (GÁ, GMS, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1094 felld með 35:5 atkv. og sögðu
já: GHelg, HG, KÁ, KH, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.
12 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, JóhS, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (GÁS, GMS, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:29]
Hjörleifur Guttormsson:
Virðulegur forseti. Með þessu máli sem meiri hluti umhvn. stendur að er verið að standa við fyrirheit sem gefin voru við afgreiðslu frv. til sveitarstjórnarlaga síðasta vor og þá var áskilið af fulltrúum í félmn. að skipulagslöggjöfinni yrði breytt. Það er verið að gera með þessari afgreiðslu. Ég stend að henni að öðru leyti en því að ég geri brtt. um að inn í samvinnunefnd miðhálendis komi fulltrúi tilnefndur af félagasamtökum um umhverfis- og náttúruvernd og fái þar hliðstæða stöðu og fulltrúi útivistarsamtaka sem gert er ráð fyrir samkvæmt tillögu meiri hlutans að eigi fulltrúa í nefndinni.
Þetta er okkar áhersla en að öðru leyti tel ég mikla bragarbót verða á þessu máli og málsmeðferð með afgreiðslu þessara tillagna frá meiri hluta nefndarinnar.

Brtt. 1060,2 (ný 2. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EL, GE, GuðjG, GGuðbj, GHelg, JóhS, MagnM, MS, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (GÁS, GMS, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:31]
Magnús Stefánsson:
Herra forseti. Í þessari grein felst m.a. ákvæði um skipan svæðisskipulagsnefndar, að hún skuli skipuð 12 fulltrúum. Að auki er ákvæði um að ráðherra sé heimilt að skipa allt

að fjóra áheyrnarfulltrúa í nefndina frá öðrum en sveitarfélögum. Ég tel að ekki eigi að vera þetta ákvæði um áheyrnarfulltrúa, m.a. vegna þess að skipulagsmál eru verkefni sveitarfélaganna. Ég tel að þannig eigi það að vera og óþarft og óeðlilegt að stækka skipulagsnefndina á þennan hátt.

Að öðru leyti get ég fellt mig við flest önnur ákvæði greinarinnar. Vegna ákvæðis um aðild að svæðisskipulagsnefndinni greiði ég hins vegar ekki atkvæði.

[11:32]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég lýsi sérstakri ánægju með niðurstöðu málsins. Hér kemur fram að í samvinnunefndinni eiga að vera fulltrúar frá höfuðborgarsvæðinu. Þar á að vera fulltrúi frá Reykjavíkurborg og einn frá Samtökum SSH og SSS, þ.e. Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjunum og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þau tilnefna saman einn fulltrúa þannig að hér koma öll sjónarmið að. Ég vil lýsa sérstakri ánægju með þetta. Nú verður hálendið skipulagt sem ein heild í nefnd sem skipuð er fulltrúum alls landsins. Ég segi því já.

Brtt. 1060,3 (tvær nýjar greinar, verða 3.–4. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, GHelg, JóhS, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (GÁS, GMS, ÍGP, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1060,4 (ný 3. gr., verður 5. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, JóhS, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (GÁS, GHelg, GMS, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1060,5 (tvær nýjar greinar, verða 6.–7. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GB, GHall, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

12 þm. (ÁE, BH, GE, GGuðbj, GHelg, JóhS, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, GuðjG, GÁS, GÁ, GMS, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1060,6 (ný 4. gr., verður 8. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, GHelg, JóhS, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GÁS, GMS, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1060,7 (ný 5. gr., verður 9. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, GHelg, JóhS, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GÁS, GMS, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, GHelg, JóhS, MagnM, RA, RG, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GÁS, GMS, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Undirritun Kyoto-bókunarinnar, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 41. mál. — Þskj. 41, nál. 1134, 1135 og 1177.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:44]

Till. í nál. 1134 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 35:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VE, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, JHall, SvÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, EL, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS.

nei: ÖJ, ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, MagnM, RG, SighB, SJóh, SvanJ, RA.

1 þm. (LB) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÞorstP, ÖS, ÓE, GÁS, GMS, JónK, KF, MF, SP, SJS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:37]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Undirritun Kyoto-bókunarinnar mundi staðfesta vilja Íslendinga til að axla ábyrgð í umhverfismálum með öðrum þjóðum. Ríkisstjórnin hafnar undirritun og gerir Íslendinga ótrúverðuga og marklausa á alþjóðavettvangi.

Við erum eina OECD-ríkið sem undirritar ekki bókunina fyrir 15. mars og verðum því ekki stofnaðilar.

Það er skömm að afstöðu ríkisstjórninnar. Þetta var fyrsta þingmál Samfylkingarinnar og skilin milli ríkisstjórnar og Samfylkingar í umhverfismálum eru skýr. Við viljum vinna að umhverfismálum á trúverðugan hátt og sterk siðferðisrök mæla með undirskrift.

Herra forseti. Ég er andvígur því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

[11:38]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Staðan í þessu máli er einfaldlega sú að hvað Ísland varðar er samningum ekki lokið. Því er órökrétt að undirrita bókunina og rétt að vísa málinu til ríkisstjórnar. Því segi ég já.

[11:39]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru meiri háttar mistök af hálfu íslenskra stjórnvalda að undirrita ekki þessa bókun innan tilskilins frests. Það eru afleit skilaboð til alþjóðasamfélagsins að Ísland, í hópi ríkustu þjóða heims, ætlar að skerast úr leik í sambandi við þetta mál og gera að skilyrði að Ísland fái opið hús fyrir mengun frá stóriðjufyrirtækjum.

En það er ekki nóg að undirrita bókunina. Það þarf einnig vilja og samkvæmni til að standa við ákvæði hennar. Ég hef gagnrýnt að ekki er hægt að gera kröfu um að verða samstiga öðrum við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og standa að uppbyggingu stóriðju í landinu, styðja við það eins og t.d. Samfylkingin ætlar að gera og hefur sýnt á Alþingi. Það er alger ósamkvæmni í slíkri afstöðu. Ég er á móti því að vísa þessari till. til ríkisstjórnarinnar. Alþingi á að taka afstöðu og ég segi nei.

[11:41]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hafna því að sjálfsögðu að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar sem hefur lýst því yfir að hún ætli ekki að undirrita Kyoto-bókunina fyrir tilskilinn frest, þ.e. 15. mars nk. Ég gagnrýni þá ákvörðun harðlega og harma þá glópsku. Með því er ríkisstjórnin að skáka okkur út í horn í þessu máli. Í undirskrift felst í rauninni aðeins yfirlýsing viðkomandi ríkis um að það telji samninginn mikilvægan og stefni eindregið að staðfestingu hans. Slíka yfirlýsingu vill ríkisstjórnin ekki gefa. 77 ríki eru búin að undirrita bókunina, þar af öll OECD-ríkin nema Ísland. Þrjú ríki hafa þegar staðfest samninginn. Með einstrengingslegri afstöðu sinni er ríkisstjórnin að setja Ísland í afar neikvætt ljós og veikja stöðu okkar í alþjóðlegu samstarfi. Ég segi nei.

Náttúruvernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 528. mál (heildarlög). — Þskj. 848, nál. 1111, brtt. 1112.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:46]

Brtt. 1112,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

12 þm. (GHall, GMS, JóhS, JónK, KF, MF, ÓE, ÓÖH, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:45]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Setning nýrra náttúruverndarlaga markar tímamót í náttúruvernd og umhverfismálum hér á landi. Frv. þetta leysir af hólmi úrelt lög frá 1971 og staðfestir nútímaviðhorf í náttúruvernd. Frv. rýmkar rétt almennings til að ferðast sem frjálsast um landið og dveljast þar án þess að gengið sé á eðlilegan rétt landeigenda.

Lög þessi gera okkur kleift að taka skipulega á landslagsvernd, efnistöku, verndun náttúrulegra búsvæða og innflutningi á plöntum og dýrum svo nokkuð sé nefnt.

Árum saman hefur verið stefnt að setningu þessara laga. Það er því ánægjulegt að slíkt skuli hafa tekist undir forustu hæstv. umhvrh. Guðmundar Bjarnasonar. Ég segi já.

1. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

11 þm. (DO, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SF, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:47]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Afgreiðsla þessa máls var á mjög tæpu vaði. Frv. kom mjög seint fram, tíminn til að vinna málið var naumur en þó tókst um það samstaða í umhvn. að leggja það fram til afgreiðslu. Við hefðum þurft rýmri tíma. Það er ekki sérlega þakkarvert að hér komi fram endurskoðuð löggjöf um náttúruvernd. Það er lögboðið og raunar komið fram yfir lögboðinn frest sem voru lok síðasta árs. Hér er því brugðist við lagaskyldu úr lögum um náttúruvernd frá 1996.

Margir þættir eru færðir til bóta í þessu frv. Með afgreiðslu þess eru m.a. tekin inn ákvæði um landslagsvernd, efnisnám og innflutning plantna en frumvörp um það hafa legið fyrir frá þeim sem hér talar og fleirum ár eftir ár í þinginu. Þessu ber að fagna og væntanlegri samþykkt þessa frv. þar sem ég undirrita nefndarálitið með fyrirvara og vil að það komi fram.

Brtt. 1112,2 samþ. með 49 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1112,3 samþ. með 34:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, ÖJ.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ.

1 þm. (GE) greiddi ekki atkv.

14 þm. (DO, EKG, EOK, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SF, SP, SJS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:49]

Magnús Árni Magnússon:

Hæstv. forseti. Fulltrúar Samfylkingarinnar í umhvn. eru fylgjandi þessu frv. um náttúruvernd en með fyrirvara. Fyrirvarinn er helstur við 3. gr. þar sem á síðustu stigum vinnslu frv. í umhvn. var bætt við ákvæði þar sem skógræktarland fellur nú undir skilgreininguna ræktað land. Þetta ákvæði takmarkar allnokkuð þann almannarétt að umferð um skóglendi sé frjálst nema sérstakar aðstæður komi til. Þessi breyting sem virðist við fyrstu sýn lítil getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Því segi ég nei við þessari brtt.

[11:50]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég er mjög ósáttur við þessa breytingu. Þessi breyting mun hafa það í för með sér að íslenskum skattborgurum verður bönnuð umferð um land sem þeir leggja sjálfir fé í að rækta upp, land í einkaeigu sem þeir hafa sjálfir verið að rækta upp. Ég held, virðulegi forseti, að jafnvel ákvæði sem heimilar mönnum að ganga á skautum um óræktað land vegi ekki á móti þessu.

3. gr., svo breytt, samþ. með 33:12 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, ÖJ.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, JóhS, LB, MagnM, RG, SighB, SJóh, SvanJ.

3 þm. (GE, GÁS, RA) greiddu ekki atkv.

15 þm. (DO, EKG, EOK, GMS, HjálmJ, JónK, KF, MF, ÓE, SF, SP, SJS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1112,4–10 samþ. með 46 shlj. atkv.

4.–13. gr., svo breyttar, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

1 þm. (RG*) greiddi ekki atkv.

17 þm. (DO, EKG, EOK, GÁS, GGuðbj, GMS, HjálmJ, HG, JónK, KF, MF, ÓE, SF, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 1112,11 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

12 þm. (ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, JóhS, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, EOK, GMS, HjálmJ, JónK, KF, MF, ÓE, SF, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, GHelg, JóhS, LB, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, EOK, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SF, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

15.–16. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1112,12 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÖJ.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.

17 þm. (DO, EOK, GE, GMS, JónK, KF, KHG, LMR, MF, ÓE, SF, SP, StG, SJS, SvÁ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í þessari brtt. er lagt til að í stað orðanna „jörð er frosin og snævi þakin“ komi: jörð er snævi þakin og frosin. Þetta er tvímælalaust til bóta og ég segi já.

17. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

15 þm. (DO, EOK, GE, GHall, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, ÓÖH, SF, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:55]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það getur verið dálítið djúpt á skilningi ef ekki er lesið í málið. Er ekki munur á því hvort menn aka á frosinni og auðri jörð eða aka á jörð sem er snævi þakin og frosin?

18.–19. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1112,13 (ný 20. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

7 þm. (ÁRJ, GÁS, GGuðbj, JóhS, LB, RG, SighB) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, EOK, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

21. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1112,14–16 samþ. með 51 shlj. atkv.

22.–30. gr., svo breyttar, samþ. með 50 shlj. atkv.

31. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

32. gr., 1. málsl. 1. mgr., samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

1 þm. (RG) greiddi ekki atkv.

13 þm. (DO, EOK, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SighB, SP, StG, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

32. gr., 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr., samþ. með 35:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

nei: GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, ÖJ.

7 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, MagnM, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, EOK, GMS, JónK, KF, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:59]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er sanngjarnt að taka gjald fyrir veitta þjónustu eins og segir í 1. málsl. þessarar greinar. Ég er enn sem fyrr algerlega mótfallin gjaldtöku fyrir aðgang af landsvæðum. Ég vek athygli á því að Ferðamálaráð hefur ítrekað ályktað á þann veg á undanförnum árum. Vissulega þarf að vera möguleiki til að taka á þeim vanda ef spjöll hafa orðið á landi eða náttúru eða ef hætta er á spjöllum. Það úrræði hefur Náttúruvernd ríkisins í heimild samkvæmt 19. gr., til að takmarka umferð eða hreinlega loka svæðum tímabundið. Það úrræði á að duga fyllilega en ég mótmæli gjaldtöku fyrir aðgang og greiði atkvæði gegn þessum hluta greinarinnar.

32. gr., 3.–5. mgr., samþ. með 50 shlj. atkv.

33.–34. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1112,17–29 samþ. með 49 shlj. atkv.

35.–52. gr., svo breyttar, samþ. með 48 shlj. atkv.

53. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

[12:03]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Við erum komin að 54. gr. frv. og hv. 4. þm. Austurl. hefur óskað eftir því að orðin í 1. málsl. 1. mgr. sem hljóða svo: „að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum" falli niður þannig að fyrsta setningin yrði þá þannig ef tillagan verður samþykkt: „Umhverfisráðherra getur að fengnum tillögum eða áliti Hafrannsóknastofnunarinnar" o.s.frv. Forseti vonar að þetta sé ljóst. Það sparar okkur tíma að fara svona í atkvæðagreiðsluna.

Till. um að fella út orðin „að fengnu ... atvikum" í 54. gr. felld með 30:16 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, MagnM, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EL, GHH, GuðjG, GB, GHall, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

3 þm. (GE, GÁS, GÁ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (DO, EOK, FI, GMS, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SAÞ, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:04]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel afar óeðlilegt, þegar lögin gilda um landhelgi og auðlindalögsögu, að einum ráðherra öðrum en umhvrh. sé veitt sú staða að geta neitað ákvörðunum, að leita þurfi samþykkis sjútvrh. um aðgerðir sem varða útfærslu laganna innan landhelgi og auðlindalögsögu. Ég mæli því með því að þetta falli niður.

Brtt. 1112,30 samþ. með 48 shlj. atkv.

54. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.

55.–56. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1112,31–38 samþ. með 46 shlj. atkv.

57.–71. gr., svo breyttar, samþ. með 50 shlj. atkv.

72.–79. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1112,39 samþ. með 47 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. I, svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. II samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1112,40 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. III) samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 526. mál (gjaldskrá sveitarfélaga). — Þskj. 846, nál. 1118 og 1138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:13]

Till. í nál. 1138 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 36:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SJóh, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.

1 þm. (MagnM) greiddi ekki atkv.

12 þm. (DO, EOK, GMS, JónK, KF, KÁ, MF, ÓE, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:10]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér liggur fyrir tillaga frá stjórnarmeirihluta um að breyta nýlega settum lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og þessi tillaga var til umræðu um fjögurleytið í nótt. Þar lá fyrir tillaga frá minni hluta, sem ég mæli fyrir, um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Aðalatriði frv. eru breytingar á setningu gjaldskráa en síðan fylgir brtt. um að atvinnurekendur og samtök þeirra fái heimild til þess að tilnefna fulltrúa í allar heilbrigðisnefndir með fullum réttindum. Allir hljóta að sjá að fyrirkomulag af þessu tagi gengur ekki og gengur gegn eðlilegri stjórnsýslu. Þeir aðilar sem á að hafa eftirlit með eiga að hafa full réttindi í eftirlitsnefndinni. Þetta er einhver fráleitasti gjörningur sem

ég hef séð lengi og undarlegt að þeir vísu menn í meiri hluta nefndarinnar skuli standa að þessu.

[12:12]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það frv. sem er til afgreiðslu er að flestu leyti til bóta. Ég er því meðmæltur að sveitarstjórnir fái aukin áhrif á setningu gjaldskrár af þeim toga sem hér um ræðir. Á hinn bóginn verður því ekki neitað að sú brtt. sem kemur frá meiri hluta umhvn. skaðar málið umtalsvert og er stílbrot á annars ágætu máli. Mér finnst það þó ekki nægja til að vísa málinu í heild sinni aftur til föðurhúsanna og greiði því atkvæði gegn frávísunartillögunni en hvet hins vegar þingheim til þess að fella þessa brtt. nefndarinnar. Hún er algert stílbrot á annars þokkalegu máli.

Brtt. í nál. 1118 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 33:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE*, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JHall, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE.

nei: ÁE, BH, GÁS, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MagnM, RA, RG, SJóh, SvanJ, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, DO, EOK, GMS, IP, JónK, KF, MF, ÓE, SighB, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það lagafrv. sem við erum að afgreiða er um sumt góðra gjalda vert þótt það hefði þurft mun betri skoðunar við eins og fram kemur í nál. minni hluta frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Að vísu fór málið til tveggja aðila til umsagnar. Það var Samband ísl. sveitarfélaga og Vinnuveitendasamband Íslands. Enda varð niðurstaðan sú að Vinnuveitendasambandið tróð fulltrúa sínum inn í hverja einustu heilbrigðisnefnd í landinu þannig að meiri hlutinn, Sjálfstfl. og að sjálfsögðu einnig Framsfl., vegna þess að skipunin kemur þar að lútandi, hefur orðið við þessari beiðni.

Ég greiði atkvæði gegn þessu, bæði gegn vinnubrögðunum og gegn tillögunni sem ég tel vera mjög til ills. Að öðru leyti mun ég sitja hjá við afgreiðslu frv.

1.–3. gr. (verða 2.–4. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EL, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KHG, KPál, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, GHelg, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (DO, EKG, EOK, FI, GMS, HjÁ, JónK, KF, LMR, LB, MF, ÓE, SighB, SP, SJS, SvÁ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

12 þm. (EOK, GMS, HjÁ, JónK, KF, MF, ÓE, SighB, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 607. mál (aðsetur). — Þskj. 1133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:17]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

2 þm. (HG*, KH) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, EKG, EOK, GMS, HjÁ, JónK, KF, MF, ÓE, SighB, SP, SJS, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, frh. síðari umr.

Þáltill. ArnbS og EgJ, 356. mál. — Þskj. 488, nál. 1046.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[12:17]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um atkvæðagreiðsluna til þess að gera lýðum ljóst og taka af öll tvímæli í þá veru að yfirskrift þessarar greinar, 22. gr., jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, er mjög misvísandi og villandi. Hér verða auðvitað ekki greidd atkvæði um þá tillögu sem hér um ræðir heldur um allt aðra tilögu sem samstaða náðist um í samgn. þingsins og ég stend að og lýtur að því að samgrh. verði falið að gera langtímaáætlun um gerð jarðganga hérlendis. Þó að ég hafi staðið að þessu nál. skal ég játa það á mig að það er ónákvæmni í nál. á bls. 2 þar sem segir að nefndin leggi til að tillagan, þ.e. tillaga um jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar verði samþykkt með svofelldum breytingum. Þegar hin svonefnda brtt. er síðan lesin kemur í ljós að hún á ekkert sammerkt með upphaflegu tillögunni annað en að jarðgöng ber á góma í þeim báðum. Eðlilegast hefði sennilega verið að athuguðu máli að nefndin hefði einfaldlega flutt sjálfstæða tillögu án tengsla við þáltill. nokkurra þingmanna.

Ég held að nauðsynlegt sé að þetta komi mjög skýrt fram. Ég stend að þessari tillögu nefndarinnar en undirstrika þann skilning minn að auðvitað er þingið þá um leið að láta liggja í besta falli, vísa frá í kannski ýtrasta skilningi þeirri þingmannatillögu sem er í hinni skrifuðu dagskrá.

Ég undirstrika einnig, herra forseti, að ég er ekki að taka efnislega afstöðu til hennar og hún kemur vel til álita í þeirri langtímaálitsgerð sem samgrh. mun láta fara fram en það er mikilvægt að halda þessu öllu til haga, ekki síst á þessum síðustu og verstu tímum þegar samgrh. landsins, sem ekki er viðstaddur í þessum þingsal en í kjördæmi sínu fyrir norðan, hefur eina skoðun á því sem hér er sagt og hér er skrifað en sitjandi þingmenn stjórnarliðanna hafa síðan allt aðrar skoðanir. Þessi jarðgangaloforðasmíð stjórnarliða núna rétt fyrir kosningar er eins og grín úr gömlum myndum. Hins vegar er algerlega nauðsynlegt, herra forseti, áður en atkvæðagreiðsla fer fram að hv. þingmönnum sé þetta alveg ljóst.

Brtt. 1 í nál. 1046 (ný tillgr.) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.

7 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, JóhS, MagnM, RG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GMS, HjÁ, JónK, KF, LB, MF, ÓE, SighB, SP, SJS, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

11 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:21]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Í gær var mjög mikil umræða í þingsölum um formið gagnvart þessari tillögu. Hv. samgn. afgreiddi tillögu sem vísað var til hennar með annarri tillögu þar sem tekið var upp orðrétt tillaga frá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni og ekkert efnisatriði í fyrri tillögunni kom fram í þeirri tillögu sem hér er lögð fram. Þetta voru að mati okkar fjölmargra óeðlileg vinnubrögð og það hefði verið við hæfi að hv. samgn. hefði tekið málið til skoðunar og flutt sjálf þá tillögu sem er nú að koma til atkvæða.

Hv. samgn. féllst ekki á málaleitan okkar og því kemur málið núna til atkvæða. Ég er ekki að taka afstöðu gegn efni tillögunnar heldur að gagnrýna formið á afgreiðslunni. Ég mun því ekki greiða atkvæði um tillöguna.

[12:22]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum sólarhringum höfum við verið að greiða atkvæði um nokkur mál sem hafa tekið miklum breytingum í meðförum viðkomandi þingnefnda. Við vorum að greiða atkvæði á dögunum um till. til þál. um landslið hestamanna sem hét hins vegar eftir að búið var að fara um hana höndum í hv. landbn. „Tillaga til þingsályktunar um íslenska hestinn" og hafði tekið algerum breytingum. Í gær, held ég að það hafi verið, afgreiddi þingið samhljóða till. til þál. sem var upphaflega um þjóðgarða á miðhálendinu án þess að í tillögugreininni væri greint frá því um hvaða þjóðgarða væri að ræða. Sú tillaga tók þvílíkum breytingum í meðförum hv. umhvn. að þar var ekki lengur hægt að kalla hana till. til þál. um þjóðgarða heldur hét hún þá „Tillaga til þingsályktunar um Vatnajökulsþjóðgarð". Með öðrum orðum hefur þingið verið að taka samhljóða afstöðu til mála sem tekið hafa grundvallarbreytingum. Svo er einnig hér. Það er ósköp eðlilegt að nefndir breyti málum. Það er gott mál að ræða jarðgangaframkvæmdum í forgangsröð, og leysa þann hnút sem uppi hefur verið milli manna. Ég segi því já.

[12:24]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Eins og ég rakti í ræðu minni um þetta mál á hv. Alþingi í fyrrakvöld er enginn vafi á vilja Alþingis um að Austfjarðagöng verði næst í forgangsröð. Sá vilji kemur glöggt fram í þingskjölum frá 1991 með ákvörðun þar um frá 1987 sem enn fremur er staðfest í vegáætlun 1991–1993 þar sem lagt er til fjármagn í rannsóknir Austfjarðaganga.

Enn og aftur kemur vilji Alþingis fram í vegáætlun 1993–1996 með ráðstöfun rannsóknarfjár til Austfjarðaganga.

Virðulegur forseti. Vilji Alþingis er skýr í þessu máli og í trausti þess að við hann verði staðið greiði ég atkvæði með þessari tillögu.

[12:25]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Í athugasemdum við langtímaáætlun um vegagerð sem afgreidd var frá Alþingi fyrir tæpu ári segir m.a. svo að ef til framkvæmda í jarðgangagerð komi yrði það gert samkvæmt sérstakri áætlun.

Hins vegar er með samþykkt ályktunarinnar hafinn undirbúningur að nýju átaki í jarðgangagerð á Íslandi. Þær áherslur sem fram koma í tillögu okkar Arnbjargar Sveinsdóttur um jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar falla algerlega að þessum markmiðum. Þessari niðurstöðu fagna ég og þessa niðurstöðu þakka ég.

[12:26]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Einkum tvennt hefur áunnist með tillöguflutningi um undirbúning jarðganga á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og vinnslu málsins á Alþingi. Annars vegar að í ljós hefur komið að mikil samstaða er með Austfirðingum um að rétt sé að hefja jarðgangagerð á Austurlandi með jarðgöngum á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar eins og fram kemur í umsögnum frá sveitarstjórnum á Austurlandi og samtökum sveitarfélaga. Hins vegar að umræða um jarðgangagerð á Íslandi er hafin á ný af alvöru með því að samgrh. er falið að vinna að áætlun um gerð jarðganga á Íslandi þar sem sérstaklega verði horft til framkvæmda sem komi m.a. í stað kostnaðarsamrar vegagerðar, stytti vegalengdir og stækki atvinnusvæði.

Mál þetta hefur hlotið farsælan endi með afgreiðslu þess í dag. Tillagan fjallar um undirbúning jarðganga og það gerir brtt. hv. samgn. einnig og því segi ég já.

[12:27]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Jarðgöng eru raunhæfur kostur í vegagerð á Íslandi og ekki á einum stað heldur fleirum. Fyrirsögn þessa máls var „Jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar" en eftir yfirferð hv. samgn. á málinu er það ekki lengur tillaga um eina tiltekna jarðgangahugmynd heldur nokkra álitlega kosti. Það er sett í víðara samhengi af hv. samgn. eins og búið er að fara rækilega yfir.

Það er lagt til að hæstv. samgrh. láti kanna helstu jarðgangakosti sem áhugi er á, kanni mikilvægi og þýðingu þeirra og setji síðar upp í forgangsröð. Ég treysti því að þessir kostir verði metnir faglega og sá skynsamlegasti verði valinn hið fyrsta. Þar er vissulega einn möguleikinn þessi jarðgangakostur á Austurlandi.

Svo var á Akureyri í gær merkilegur fundur sem bar yfirskriftina „Opnum Tröllaskaga" og fjallaði um jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. En hér er, herra forseti, verið

að greiða atkvæði um að enginn einn kostur hafi forgang.

[12:28]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hv. samgn. og stjórn þingsins hefur sett þingheim í nokkurn vanda. Hv. samgn. afgreiðir þetta mál á ákaflega sérkennilegan hátt þar sem hún leggur fram tillögu að breytingum sem er í raun algerlega ný tillaga. En sú tillaga er út af fyrir sig góð og reyndar miklu betri en hin en hún er bara um annað mál.

Upphaflega tillagan er ósköp einfaldlega kosningaplagg eins og við höfum heyrt í umræðunni og þessar tvær tillögur eiga í rauninni ekkert sameiginlegt annað en það að orðið jarðgöng kemur fyrir í báðum tillögunum. Afgreiðsla samgn. er að mínu mati formlega röng og ég mótmæli þessari málsmeðferð en tillagan er efnislega góð og þess vegna hlýt ég að samþykkja hana.

[12:29]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er verið að taka afstöðu til þess að unnin verði langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Umræðan um jarðgöng hefur verið óábyrg og út og suður að undanförnu og hefur það skapað óraunhæfar væntingar og óþarfa togstreitu milli landsvæða út um landið.

Hér er ekki verið að samþykkja framkvæmdir við ákveðin jarðgöng eins og upphaflega tillögugreinin gerði ráð fyrir heldur er brtt. samgn. um nýja tillögugrein og fyrirsögn um að þessi mál verði sett í ákveðinn og eðlilegan farveg, að unnin verði áætlunargerð jarðganga sem Alþingi mun síðan fjalla um. Það er hinn eðlilegi framgangsmáti málsins og ég segi já.

[12:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er greinilegt að kosningar eru í nánd. Öll umræðan um þetta mál er fáránleg. Hér tala menn eins og það sé verið að samþykkja jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Hér er bara verið að fjalla um allt annað mál. Ég efast um að þetta mál sé þinglegt eins og það liggur fyrir og það kom greinilega fram í umræðunni í nótt. Hér er verið að samþykkja allt aðra tillögu en er merkt hér nr. 22. Hér er verið að samþykkja tillögu um langtímaáætlun í jarðgangagerð. Þetta er fáránlegur málatilbúnaður og ég tek ekki þátt í svona dellu og greiði þess vegna ekki atkvæði.

[12:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Skömm ríkisstjórnarinnar allrar í sambandi við jarðgangamálefni er mikil og ekki batnar málið fyrir ríkisstjórnina við málsmeðferðina eins og það er hér fyrir lagt. Þar vegast á stjórnarflokkarnir sem hafa verið að glíma með ráðherra sína í fararbroddi um áróðurstillögur og málsafgreiðslan endurspeglar glímuna.

Auðvitað er með öllu fráleitt að standa að afgreiðslu máls eins og hér er gert og formaður samgn. hefur ekki vaxið að virðingu við þessa tillögugerð eða aumlegan rökstuðning sinn fyrir því hvernig málið er hér fyrir lagt.

Það er líka ljóst af þessu máli að Sjálfstfl. er með málsmeðferðinni að reyna að stela hugmyndum frá Framsfl. Hann tekur tillögu sem hér liggur fyrir frá framsóknarmönnum nær orðrétt og færir undir merki eins þingmanns eða tveggja Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Þetta er rétt.) Innihald tillögunnar í heild sinni er þannig að ég get staðið að henni en auðvitað breytir það engu og menn ættu að varast að framlengja umboð þessara flokka inn á næsta kjörtímabil.

[12:33]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vek á því athygli að hér eru greidd atkvæði um tillögu sem heitir: „Tillaga til þingsályktunar um langtímaáætlun í gerð jarðganga á Íslandi.“ Þetta er auðvitað það sem átti að gera við afgreiðslu og umfjöllun langtímavegáætlunar. Stjórnarflokkarnir heyktust á því viðfangsefni. Það sem hér er lagt til er einfaldlega þetta: Það er lagt til að nýr samgrh. og ný ríkisstjórn móti þessa stefnu. Það er gott mál. Ég segi já.

Brtt. 2 í nál. 1046 (ný fyrirsögn) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KH, KPál, LB, MS, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, ÖJ.

7 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, JóhS, MagnM, RG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BBj, GHall, GHelg, GMS, HjÁ, JónK, KF, KÁ, LMR, MF, ÓE, SighB, SJóh, SF, SP, SJS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KHG, KH, KPál, MS, ÓÖH, PHB, RA, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, ÖJ.

7 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, JóhS, LB, MagnM, RG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRÁ, GHall, GHelg, GMS, HjÁ, JónK, KF, KÁ, LMR, MF, ÓE, SighB, SF, SP, SJS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1191) með fyrirsögninni:

Þál. um langtímaáætlun í gerð jarðganga á Íslandi.

Tilhögun þingfundar.

[12:35]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Tæpast eru það neinar fréttir fyrir hv. alþm. og auðvitað er það augljóst mál að þær áætlanir sem gerðar höfðu verið um þingfrestun eru nokkuð gengnar úr skorðum. Því er óhjákvæmilegt að endurskipuleggja þingstörfin. Forseti hefur hugsað sér að við gerum 15 mínútna hlé og að sjútvn. komi saman í myndaberberginu. Jafnframt óskar forseti eftir því að formenn þingflokkanna komi til fundar við forseta í forsetaherberginu niðri eftir fimm mínútur og getur sá fundur þá staðið í tíu mínútur.

[Fundarhlé. — 12:36]

[12:56]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 520. mál, brtt. SF, þskj. 1194.

Álver á Keilisnesi og virkjanir vegna þess, 574. mál, svar iðnrh., þskj. 1116.

Endurskoðun slysabóta sjómanna, 538. mál, svar samgrh., þskj. 1115.

Háskóli Íslands, 509. mál, brtt. GGuðbj og SvanJ, þskj. 1192.

Fundi slitið kl. 12:57.

---

86. FUNDUR

fimmtudaginn 11. mars,
að loknum 85. fundi.

Dagskrá:

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 611. mál, þskj. 1165. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

2. Almannatryggingar, stjfrv., 520. mál, þskj. 834 (með áorðn. breyt. á þskj. 1055), brtt. 1194. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, stjfrv., 521. mál, þskj. 835 (með áorðn. breyt. á þskj. 1057). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Jarðalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 872. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Landshlutabundin skógræktarverkefni, stjfrv., 484. mál, þskj. 791 (með áorðn. breyt. á þskj. 1093). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Málefni fatlaðra, stjfrv., 564. mál, þskj. 924. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 585. mál, þskj. 978. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Háskóli Íslands, stjfrv., 509. mál, þskj. 821 (með áorðn. breyt. á þskj. 1110), brtt. 1192. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 352. mál, þskj. 475 (með áorðn. breyt. á þskj. 1060). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Náttúruvernd, stjfrv., 528. mál, þskj. 848 (með áorðn. breyt. á þskj. 1112). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 526. mál, þskj. 846 (með áorðn. breyt. á þskj. 1118). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 607. mál, þskj. 1133. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Tilhögun þingfundar.

[12:58]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill upplýsa þingmenn um hvaða áætlanir eru uppi um þinghald í dag. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt eru áætlanir um þinghaldið úr lagi gengnar og verður að gera nýja áætlun. Orðið hefur samkomulag um hvernig þingstörfum verður hagað í dag og ætlar forseti að fara yfir það.

Þingfundur mun nú standa í 15 mínútur til viðbótar og verður tíminn nýttur til þess að afgreiða það sem hægt er að afgreiða á þeim tíma. Þá verður fundi frestað vegna jarðarfarar en í dag er jarðsettur fyrrv. alþingismaður, Ólafur Björnsson. Fundur hefst síðan að nýju klukkan 14.30 og fer þá fram umræða um skýrslu sem fram átti að fara fram einmitt á þessum tíma en verður að fresta. Það hefur orðið að samkomulagi að sú umræða standi í eina klukkustund í staðinn fyrir að áður hafði verið talað um að hún stæði í eina og hálfa klukkustund.

Sjútvn. hefur verið að störfum og er tilbúin með nýtt frv. sem þó er ekki tilbúið til útbýtingar. Frv. kemur því ekki fram áður en gert verður hlé, en gert er ráð fyrir því að mjög stutt umræða fari síðan fram um það að lokinni umræðu um skýrsluna. Gert er ráð fyrir því að sú umræða standi einungis í um 20 mínútur. Ef allt fer sem horfir þá ætti að vera möguleiki á því að þingfrestun gæti orðið um kl. fjögur í dag.

Athugasemdir um störf þingsins.

Lok þingstarfa.

[13:00]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla svo sem ekki að gera athugasemdir við yfirlýsingu forseta. Ég hygg að hún sé til komin eftir fund þingflokksformanna og forustu þingsins. Ég vil hins vegar halda því til haga í þessum efnum að tíminn er ákaflega knappur og ætli mætti að jólahátíð væri að ganga í garð, eins og við hv. þm. þekkjum í desemberönnum. Svo er auðvitað ekki. Landsfundur Sjálfstfl. er að hefjast síðdegis í dag og vissulega er eðlilegt og sjálfsagt að liðka til fyrir þeim fundahöldum eins og venja er þegar flokkar á Alþingi halda landsfundi sína eða flokksþing. Ég vil hins vegar undirstrika það að ég er til þess reiðubúinn, eins og vafalaust margir aðrir þingmenn, að hittast hér á nýjan leik eftir helgi og ljúka þeim verkum sem vinna þarf í góðum tíma og rúmi. Ég vil undirstrika að það stendur ekkert á mér né heldur mörgum öðrum að gera það.

Vafalaust má vænta þess að á fundi stærstu stjórnmálasamtaka landsins komi eitthvað fram sem gæti varpað ljósi á ýmislegt sem við erum að fást við þessa klukkutímana í störfum þingsins. Þetta vildi ég láta koma fram fyrir mína hönd, að ég er þess albúinn mæta til leiks á mánudaginn. Við þurfum því ekki að ljúka þingstörfum í tímakreppu og við þær þröngu aðstæður sem forseti hefur lýst. Annars geng ég auðvitað ekki gegn samkomulagi sem gert hefur verið. (**EgJ:** Það er vissara fyrir þig að mæta.)

(**Forseti** (RA)**:** Forseti lætur þess getið og staðfestir það sem hér kom fram að samkomulag hefur orðið milli formanna þingflokka um þá tilhögun sem forseti lýsti í upphafi fundarins.)

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:03]

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu og/eða útbýtingu þingskjala í 1.–12. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 611. mál. — Þskj. 1165.

[13:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 10. mars 1999 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 25. mars 1999."

Tillaga þessi skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:05]

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GGuðbj, HjÁ, HG, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, VS, VE, ÖJ.

20 þm. (EgJ, EL, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GMS, HjálmJ, IP, JónK, KF, LMR, MF, ÓE, RG, SP, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1196).

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 520. mál (örorkumat). — Þskj. 1184, brtt. 1194.

[13:05]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 1194 við frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, 520. máli þingsins. Með brtt. eru leiðréttar tilvísanir til 12. gr. í lögunum en þeirri grein er breytt með umræddu frv. Breytingarnar eru einungis tæknilegs eðlis.

[13:07]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Eftir ítarlega umræðu um þetta mál í gær birtist allt í einu brtt. sem ég verð bara að játa að ég skil ekki um hvað snýst. Eflaust er þetta blásaklaust og enginn vandi að vera samþykkur því. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom í pontu og ég hélt að hún ætlaði að skýra fyrir okkur í hverju þessar breytingar væru fólgnar. Hún tilkynnir hins vegar að þetta séu einungis tæknileg atriði.

Ég hlýt að óska eftir því, hæstv. forseti, að fá að vita hvaða tæknilegar breytingar þetta eru. Mér þykir leiðinlegt ef ég er svo miklu tregari en allir aðrir hv. þingmenn að ég skilji þetta ekki. Þannig er nú bara málið. Ég mundi vilja biðja hv. þm. að gera okkur þetta ljóst í einhverju formi umræðu þannig að við vitum um hvað við erum að greiða atkvæði.

[13:07]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill mælast til þess að við hefjum ekki umræður um þetta atriði. Hér er eingöngu um formsatriði að ræða. Þetta eru greinatilvísanir sem hér er um að ræða en engar efnisbreytingar. Forseti vonar að sú skýring nægi þannig að ekki þurfi að fara frekari umræða um það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:09]

Brtt. 1194 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KPál, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, BH, EL, GMS, JónK, KF, KH, LMR, MF, ÓE, RG, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

12 þm. (EL, GMS, JónK, KF, LMR, MF, ÓE, RG, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1197).

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 3. umr.

Stjfrv., 521. mál (úrskurðarnefnd o.fl.). — Þskj. 1185.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:11]

Siv Friðleifsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nota tækifærið og geta þess í stuttu máli að fyrr í dag komu fram alvarlegar ásakanir á mig frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, um að ég hefði farið með ósannindi varðandi upplýsingar frá siglinganefnd um stöðu psoriasis-sjúklinga. Ég vil því lesa úr bréfi frá Sigurði Thorlacius, tryggingayfirlækni og formanni siglinganefndar, þar sem hann segir:

„Nefndinni bárust engar umsóknir á árinu 1997." Ég vísa því algerlega á bug að ég hafi farið með ósannindi hér.

[13:12]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þegar á heildina er litið tel ég þetta frv. vera til bóta. Við í stjórnarandstöðunni höfum komið með nokkrar tillögur til að betrumbæta frv. Þær voru felldar fyrr í dag.

Mér finnst mikilvægt að Alþingi sé rétt upplýst um allan málatilbúnað. Í gær fór hér fram ítarleg umræða um stöðu psoriasis-sjúklinga. Þar var staðhæft af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar að á árinu 1997 hefðu engar umsóknir borist frá psoriasis-sjúklingum um ferðir. Ég las upp úr bréfi frá Tryggingastofnun til eins sjúklings sem er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Um leið og við endursendum yður meðfylgjandi vottorð skal tekið fram að ekki eru fyrirhugaðar fleiri utanlandsferðir til lækninga, psoriasis-ferðir á vegum Tryggingastofnunar ríkisins."

Þetta er í apríl 1997. Bréf frá Tryggingastofnun ríkisins sem svar við slíkri umsókn.

Ég hef fleiri gögn frá Tryggingastofnun ríkisins þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Með tilkomu Bláa lónsins og bættrar aðstöðu þar fyrir umræddan sjúklingahóp og þátttöku almannatrygginga í meðferð veittri þar er talið að nú sé jafnan unnt að veita hérlendis meðferð sem áður var eingöngu veitt erlendis. Þar með séu brostnar forsendur fyrir utanlandsferðum psoriasisexemsjúklinga á kostnað almannatrygginga."

Ég hef vakið athygli á því, hæstv. forseti, að talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa ekki farið rétt með í þessu máli. Hér hef ég vitnað til gagna frá þeirri stofnun sem hér um ræðir.

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MagnM, MS, ÓÖH, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, EL, GMS, JónK, KF, LMR, MF, ÓE, RG, SP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1198).

[Fundarhlé. — 13:15]

[14:31]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 612. mál, frv. sjútvn., þskj. 1195.

Út af dagskrá voru tekin 4.–12. mál.

Fundi slitið kl. 14:31.

---

87. FUNDUR

fimmtudaginn 11. mars,
að loknum 86. fundi.

Dagskrá:

1. Aðbúnaður og kjör öryrkja, skýrsla, 198. mál, þskj. 1136. — Ein umr.
2. Jarðalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 872. — 3. umr.
3. Landshlutabundin skógræktarverkefni, stjfrv., 484. mál, þskj. 791 (með áorðn. breyt. á þskj. 1093). — 3. umr.
4. Málefni fatlaðra, stjfrv., 564. mál, þskj. 924. — 3. umr.
5. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, stjfrv., 585. mál, þskj. 978. — 3. umr.
6. Háskóli Íslands, stjfrv., 509. mál, þskj. 821 (með áorðn. breyt. á þskj. 1110), brtt. 1192. — 3. umr.
7. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 352. mál, þskj. 475 (með áorðn. breyt. á þskj. 1060). — 3. umr.
8. Náttúruvernd, stjfrv., 528. mál, þskj. 848 (með áorðn. breyt. á þskj. 1112). — 3. umr.
9. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 526. mál, þskj. 846 (með áorðn. breyt. á þskj. 1118). — 3. umr.
10. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 607. mál, þskj. 1133. — 2. umr.
11. Stjórn fiskveiða, frv., 612. mál, þskj. 1195. — 1. umr.

Ef leyft verður.

Aðbúnaður og kjör öryrkja, ein umr.

Skýrsla forsrh., 198. mál. — Þskj. 1136.

[14:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ýmsir þingmenn hafa að undanförnu óskað eftir því að teknar verði saman upplýsingar sem varða kjör, stöðu og aðbúnað öryrkja á Íslandi. Ástæða er til að þakka þessum þingmönnum, ekki síst hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Pétri H. Blöndal fyrir framtak þeirra í þessu efni.

Málefni öryrkja hafa verið nokkuð til umræðu undanfarið og það er afar vel. Viðbúið er að svo verði einnig á næstunni. Nauðsynlegt er að þegar þessi mál eru rædd liggi til grundvallar áreiðanlegar upplýsingar um raunverulega stöðu mála og þess fólks sem í hlut á. Annars er hætt við að umræðan fari út um víðan völl og slík framvinda mundi ekki þjóna hagsmunum öryrkja.

Nú hefur Þjóðhagsstofnun samkvæmt beiðni forsrh. tekið saman ítarlega skýrslu um kjör öryrkja sem hér hefur verið dreift í þingsölum. Að auki hafa Tryggingastofnun, heilbr.- og trmrn., fjmrn. og lífeyrissjóðir verið forsrn. og Þjóðhagsstofnun innan handar og veitt ýmsar upplýsingar sem koma fram í svörum við fyrirspurnum. Meginniðurstöðurnar eru þær að bætur almannatrygginga hafa hækkað umtalsvert umfram verðlag á undanförnum árum. Í ítarlegum samanburði Þjóðhagsstofnunar á þróun kaupmáttar launa og ýmissa bóta síðustu 12 árin kemur m.a. fram að kaupmáttur grunnlífeyris almannatrygginga lækkaði um rúm 16% kjörtímabilið 1987–1991, lækkaði um rúm 6% á síðasta kjörtímabili en hefur hækkað um tæp 11% á yfirstandandi kjörtímabili fram í janúar í ár.

Kaupmáttur tekjutryggingar lækkaði um rúm 6,4% kjörtímabilið 1987–1991, lækkaði um rúm 6% síðasta kjörtímabil en hefur hækkað um tæp 22% á yfirstandandi kjörtímabili fram á þetta ár.

Kaupmáttur heimilisuppbótar lækkaði um rúm 11% kjörtímabilið 1987–1991, lækkaði um rúm 6% á síðasta kjörtímabili en hefur hækkað um 71,4% á yfirstandandi kjörtímabili, enda sími og útvarp tekin inn í þessa uppbót.

Kaupmáttur sérstakrar heimilisuppbótar lækkaði um tæp 9% frá því að henni var fyrst komið á laggirnar árið 1987–1991. Kaupmáttur þeirra sem uppfylltu skilyrði til að þiggja þessa sérstöku heimilisuppbót auk allra annarra ofangreindra bóta stóð þannig í heild í stað á þessu kjörtímabili. En hin sérstaka heimilisuppbót lækkaði um rúm 6% á síðasta kjörtímabili en hefur hækkað um tæp 22% á yfirstandandi kjörtímabili.

Kaupmáttur lífeyris almennra lífeyrissjóða lækkaði um 15,3% á kjörtímabilinu 1987–1991, um 2,6% á kjörtímabilinu 1991–1995 en hefur á yfirstandandi kjörtímabili haldist í hendur við verðlagsþróun í samræmi við verðtryggingu lífeyris. Það er jafnframt mikilvægt að það komi fram að kaupmáttur bóta mun í framtíðinni ekki lækka þótt kaupmáttur launa kunni að lækka. Þetta er vegna lagaákvæða sem sett voru í desember 1997 og sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir til að tryggja það að bótaþegar nytu ævinlega bestu kjara ef svo mætti segja gagnvart verðtryggingu og að kaupmáttur bótanna lækkaði ekki þó svo kaupmáttur launa kynni að gera það.

Herra forseti. Fjölmargir öryrkjar eiga ekki kost á því að stunda vinnu, því miður. Reyndar var vinnugeta einstaklingsins notuð við mat á örorku áður sem ekki var eðlilegt. Í staðinn liggja nú læknisfræðilegar forsendur til grundvallar. Það breytir ekki hinu að öryrkjar eru oft mun verr settir á vinnumarkaði en aðrir. Fyrst skiptir máli í þessu sambandi að kaupmáttur atvinnuleysisbóta, sem lækkaði um tæp 15% á kjörtímabilinu 1987–1991 og um 1,8% á síðasta kjörtímabili, hefur hækkað um rúmlega 11% á yfirstandandi kjörtímabili. Þá voru teknar upp húsaleigubætur í öllum sveitarfélögum í fyrra en frá 1995 höfðu sveitarfélögin sjálfsval um hvort slíkar bætur væru greiddar. Með auknu framboði félagslegs húsnæðis sem fyrst og fremst er leiguhúsnæði hafa þessar húsaleigubætur nýst fjölmörgum öryrkjum sérstaklega.

Tekjuskattskerfi okkar er þannig uppbyggt að þegar kaupmáttur vex hækkar skatturinn hlutfallslega meira en hjá þeim sem kaupmáttur minnkar hjá léttist skattbyrði. Það er því í rauninni gleðiefni að hlutfallsleg skattbyrði margra örorkulífeyrisþega hefur heldur aukist á undanförnum árum svo undarlega sem það nú hljómar. Ástæða þessarar auknu skattbyrði er auðvitað hinn aukni kaupmáttur sem ég gat um.

Á þessu kjörtímabili hafa lægstu laun hækkað meira en laun almennt. Um það sérstaka markmið sameinuðust samningsaðilar við síðustu kjarasamninga. Þannig hefur kaupmáttur lægstu launa aukist um tæplega 39% á þessu kjörtímabili á meðan kaupmáttur launa á almennum markaði hefur aukist um 18,5% og kaupmáttur launa opinberra starfsmanna og bankamanna um 29% fram í janúar á þessu ári. Lægstu laun hafa þannig hækkað mun hraðar en bæði bætur almannatryggingakerfisins og almenn laun samkvæmt kjarasamningum, enda miðast bæturnar við hina almennu kjarasamninga. Þess ber þó að geta að afar fáir einstaklingar eru á þessum lægstu töxtum einum sem betur fer. Þeir eru hins vegar afar margir sem njóta kjara sem grundvallast á launum samkvæmt kjarasamningum og bótum almannatryggingakerfisins. Samanburður á launum og bótum almannatryggingakerfisins annars vegar og lágmarkstöxtum hins vegar segir því afar lítið.

Við vitum að hagur lífeyrissjóðanna fer nú blessunarlega batnandi. Árið 1972 var tekin upp hér á landi svokölluð tekjutrygging í almannatryggingakerfinu og var hún hugsuð sem tímabundið úrræði sem smám saman mundi víkja fyrir greiðslum úr lífeyrissjóðum þegar þeir tækju að eflast. Með vaxandi örorkugreiðslum úr lífeyrissjóðum má búast við því að fjöldi þeirra sem njóta fullrar tekjutryggingar fari minnkandi. Það er þróun sem er í samræmi við hina upphaflegu hugmynd að baki þessa þáttar bótakerfisins. Gott atvinnuástand hefur einnig sömu áhrif.

Í fyrirspurn var spurt um það hlutfall af vergri landsframleiðslu sem Íslendingar verja til grunnörorku- og lífeyrisgreiðslna í samanburði við önnur Norðurlönd. Í ljós kom að Þjóðhagsstofnun gat gert þennan samanburð einan og sér. Þannig ver íslenska ríkið hærra hlutfalli af landsframleiðslu til þessa grunnlífeyris en aðrar Norðurlandaþjóðir að Danmörku undanskilinni. En heildargreiðslur ríkis og lífeyrissjóða til þessara tilteknu greiðslna eru hins vegar minnstar á Íslandi sem hlutfall af landsframleiðslu. Hitt hefði verið miklu viðameira og flóknara og langt umfram umfang þessarar skýrslur að meta heildarframlög en ekki aðeins grunnlífeyri með því að taka tillit til mismunandi fjölda öryrkja, til aldursdreifingar þjóðanna, til mismunandi skilgreiningar á örorku og til mismunandi lífeyris- og bótakerfa í þessum löndum.

Sem dæmi má nefna að auk grunnlífeyris og tekjutryggingar geta öryrkjar hér á landi átt kost á heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót, bíla- og bensínstyrk og frekari uppbótum, t.d. vegna lyfja og lækniskostnaðar. Fjölmörgum öryrkjum eru veittar húsaleigubætur, þeir fá félagslega aðstoð sveitarfélaga margir hverjir, afslætti af fasteignagjöldum, afslætti á sundstaði, í strætisvagna, hjá flugfélögum og í leikhús svo einhver dæmi séu nefnd. Að sjálfsögðu njóta öryrkjar sérstakra kjara við endurhæfingu og geta fengið endurhæfingarlífeyri. Að auki getur þurft að taka tillit til sjúkrasjóða verkalýðsfélaganna, barnabóta, vaxtabóta, atvinnuleysisbóta, mæðralauna, barnalífeyris, barnaörorku, slysadagpeninga, sjúkradagpeninga og fleiri bóta í þessum samanburði. Þetta segir okkur því í fyrsta lagi hve víðfeðmar rannsóknir þarf að gera til að samanburður milli landa sé marktækur. Besti samanburðurinn sem við höfum í höndunum er því sá sem tekur dæmigerðan einstakling og fylgir honum gegnum kerfi hinna ýmsu landa. Við getum verið ánægð með að í dæmigerðu tilviki í reikningum Þjóðhagsstofnunar eru ráðstöfunartekjur öryrkja á Íslandi hærri en á öðrum Norðurlöndum að Danmörku einni undanskilinni. Hafa ber í huga í þessu sambandi að velferðarkerfin á Norðurlöndum eru samt sem áður þau allra örlátustu sem finnast um víða veröld.

Í öðru lagi þykir mér þessi langa og flókna upptalning á bótum, niðurgreiðslum og afsláttum hér á undan benda til þess að við sem sitjum á Alþingi mættum á næstunni huga að því að einfalda þetta kerfi eitthvað.

Spurt var um tekju- og eignadreifingu öryrkja. Í skýrslunni kemur fram að dreifing tekna er mun jafnari meðal öryrkja en annarra landsmanna. Maður sem verður 100% öryrki 25 ára gamall og hafði 80 þús. kr. bruttómánaðartekjur fyrir örorku og greiddi til dæmigerðra lífeyrissjóða mundi við slysið auka ráðstöfunartekjur sínar um 16–17%. Ef sami maður hefði haft 200 þús. kr. mánaðartekjur fyrir þessa breytingu á hans högum mundu ráðstöfunartekjur hans dragast saman um 17–22%. Ef maðurinn hefði aldrei unnið fyrir slysið verða ráðstöfunartekjur hans minnst 70 þús. eftir örorku. Þannig sést hvernig kerfið jafnar tekjur milli þessara hópa.

Eignir dreifast hins vegar með mjög svipuðum hætti meðal öryrkja og annarra hópa í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Það er fleira sem skiptir máli í þessari umræðu en beinar peningalegar forsendur örorkulífeyrisþeganna. Eins og fram hefur komið hefur fjárhagsleg staða þessa hóps batnað mjög á þessu kjörtímabili öfugt við næstu átta árin á undan, ekki síst árin 1987–1991. Kaupmáttarþróunin segir þar mjög skýra og afgerandi sögu. Þeir sem stýrðu

málefnum þessara hópa á tímabilinu þegar kjörin versnuðu hvað mest skulda skýringar á því hvað hafi brugðist. Það gengur ekki eingöngu að reyna að slá sig til riddara í augum annarra með yfirboðum og gáleysislegum loforðum og treysta á að minni fólks nái stutt aftur í tímann. Hagsmunir öryrkja felast ekki í slíkum æfingum.

Í allri sanngirni verður að segja að fjárhæð örorkubóta er ekki allt sem skiptir máli. Aðalmálið er hversu margir munu þurfa á þeim að halda. Við þurfum því að leggja mikla rækt við önnur úrræði fyrir þennan hóp og bjóða upp á fjölbreytta kosti sem öryrkjar sjálfir kjósa. Fyrir þá sem eru mjög fatlaðir eru sambýli til að mynda afar raunhæfur kostur og hafa í miklum mæli verið að taka við af vistheimilunum. Fjöldi vistrýma á sambýlum tvöfaldaðist á undanförnum árum og mun slíkum rýmum fjölga áfram. Almennt vaxa stofnanir fatlaðra nú sífellt og dafna og hafa framlög ríkissjóðs til þeirra aukist um 35% að raungildi frá árunum 1993–1999.

Þá er að sjálfsögðu lykilatriði að öryrkjum bjóðist markviss endurhæfing enda markmiðið að hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Öryggisnet samfélagsins á að leitast við að þrýsta fólki upp á við en ekki verka eins og köngulóarvefur sem enginn á afturkvæmt úr. Síðan skiptir hugarfar máli og almennt viðhorf til samhjálparinnar sömuleiðis. Þannig hugnast mér t.d. miklu betur að leggja áherslu á það fríska í manninum en ekki það sjúka. Gaumgæfa ber hvað fólk getur gert en ekki hvað það getur ekki gert. Vissulega getur enginn unnið öll störf, en fáum er sem betur fer alls varnað. Hægt er að leggja áherslu á nýjustu upplýsingatækni og upplýsingasamfélagið í heild sinni sem ég tel að muni nýtast öryrkjum afar vel á næstu árum eins og þegar er farið að bera á. Með slíkum úrræðum er hægt að hvetja til aðgerða en ekki kyrrstöðu og stuðla þannig að aukinni atvinnuþátttöku þessa hóps.

Til dæmis hefur undanfarið verið leitast við að draga úr jaðaráhrifum í almannatryggingakerfinu. Má þar m.a. nefna að fastagjald af síma og afnotagjald Ríkisútvarpsins var fært inn í heimilisuppbót og að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skerði ekki lengur bætur almannatrygginga eins og áður. Þá voru frítekjumörk nýverið hækkuð verulega þannig að jaðaráhrifin koma fram við mun hærri tekjur en áður og hafa þar af leiðandi áhrif á færri lífeyrisþega. Hvati til að afla eigin tekna er þess vegna mun meiri en áður og aukin áhersla hefur verið lögð á þjálfun til að greiða aðgang að almennum vinnumarkaði. Auk þess hafa tekjur maka minni jaðaráhrif frá og með þessu ári.

Áfram er þó tekið tillit til eigna öryrkja eins og fram hefur komið í fjölmiðlum undanfarið og í því felast ákveðin jaðaráhrif. Þess ber að minnast að Alþfl. heitinn hefur lengi barist fyrir því að eignir manna séu teknar með þegar mönnum er bætt tekjuleysi af almannafé.

Ég tel að á næstu árum sé mikilvægt að endurskoða bóta- og velferðarkerfið í heild sinni með því hugarfari að einfalda og auka jafnræði. Eins og kom fram fyrr í ræðunni er kerfið afar margslungið og samspil þess við skattkerfið flókið. Sams konar vinna er að fara af stað í ýmsum öðrum löndum. Það á ekki að vera sérstök fræðigrein, á valdi fárra að leysa til sín réttindi eða fjármuni úr kerfinu því að á sama tíma eru sumir sem eru í góðri trú og biðja réttmætt um aðstoð að fá mun minna en aðrir í sömu stöðu sem kunna betur á refilstigu kerfisins. Þannig á einföldun að verka bæði gegn oftryggingu og vantryggingu og auka þannig jafnræði og réttlæti kerfisins.

Herra forseti. Eins og kom fram í upphafi máls míns hefur kaupmáttur öryrkja þróast í takt við ástand efnahagsmála á undanförnum árum. Fyrir fjárhagslega afkomu öryrkja eins og annarra í landinu skiptir mestu til lengri tíma litið að tryggja áframhaldandi verðstöðugleika og vöxt í efnahagslífinu. Við vitum nokkurn veginn hvað þarf til, m.a. áframhaldandi aðhald í ríkisbúskapnum, en við vitum líka nákvæmlega hvernig hægt er að keyra efnahagslífið um koll. Við höfum fengið að sjá mjög ítarlegar tillögur um það núna nýlega hvernig hægt er að koma því á kaldan klaka á undraskömmum tíma og við skulum vona að slíkar tillögur komi ekki til framkvæmda, herra forseti.

[14:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hagur öryrkja hefur sífellt orðið betri, segir í skýrslu forsrh. og bætt er um betur þegar sagt er að kaupmáttur bóta hafi aukist og þjónusta við þá einnig. Þessi sýn ríkisstjórnarinnar á kjör öryrkja er hrein blekking og leikur með tölur. Sé þessi mynd rétt sem hæstv. ráðherra dregur fram í skýrslu sinni er engu líkara en fulltrúar á ráðstefnu sem haldin var í Ráðhúsinu nýlega á vegum Sjálfsbjargar hafi verið að lýsa kjörum öryrkja í einhverju allt öðru landi en á Íslandi en þar var lýst hreinu neyðarástandi hjá öryrkjum.

Í skýrslu hæstv. ráðherra kemur hann sér hjá því að svara hve margir öryrkjar hafi þurft að leita til hjálparstofnana utan opinbera kerfisins en á ráðstefnu öryrkja fyrir hálfum mánuði kom fram að um 1.100–1.300 öryrkjar hafi árlega á undanförnum árum þurft að leita neyðaraðstoðar hjá Hjálparstofnun kirkjunnar og hafi þeim fjölgað mikið síðustu árin, þ.e. á þessu kjörtímabili. Staðreyndin er sú, sem hæstv. ráðherra kemur sér hjá að skrifa í skýrsluna, að helmingur þeirra sem leita ásjár hjá hjálparstofnunum í dag eru öryrkjar og hann svarar því ekki einu sinni þótt um það hafi verið spurt í skýrslunni. Um þetta sagði félagsfræðingur hjá Hjálparstofnun kirkjunnar á ráðstefnu orðrétt, með leyfi forseta:

„Þetta er fólk, sem hefur tekjur, sem duga ekki út mánuðinn, fólk, sem kemur til að fá mat í poka til þess að lifa af.“

Í skýrslu hæstv. ráðherra er víða að finna alranga mynd sem dregin er upp af kjörum öryrkja til að reyna að fegra myndina og allvíða er bara dreginn fram hálfsannleikur í málinu. Í það er látið skína að grunnlífeyrir og tekjutrygging sé hærri hér á landi en t.d. í Finnlandi og Svíþjóð, en staðreyndin er sú að í samnorrænni skýrslu þar sem gerður er samanburður á raunverulegum greiðslum til örorkulífeyrisþega hér á landi og á hinum Norðurlöndunum kemur í ljós að öryrkjum eru hvergi greiddar eins lágar bætur og á Íslandi og þær eru að jafnaði um tvöfalt lægri hér á landi. Þegar skoðuð eru útgjöld á hvern íbúa á Norðurlöndum í þessari samnorrænu skýrslu kemur fram að útgjöld vegna bótagreiðslna eru meira en helmingi lægri á hvern íbúa hér á landi samanborið við hin Norðurlöndin. Þetta eru staðreyndir málsins sem liggja fyrir í samnorrænni skýrslu þrátt fyrir það sem fram kemur í skýrslu ráðherrans þar sem reynt er að draga upp mikinn blekkingarvef af kjörum og aðbúnaði öryrkja.

Sannleikurinn er líka sá að heildarútgjöld Tryggingastofnunar vegna grunnlífeyris og tekjutrygginga, sem eru meginbótaflokkarnir, eru að meðaltali um 34 þús. kr. á hvern öryrkja en ekki 52 þús. kr. eins og sagt er í skýrslunni. Sannleikurinn er líka sá, eins og kom fram á öryrkjaráðstefnu í

Ráðhúsinu, að þrír af hverjum fjórum örorkulífeyrisþegum hefur aðeins 45 þús. kr. í framfærslu á mánuði.

Staðreyndin sem hæstv. forsrh. horfir fram hjá í skýrslu sinni er að stærstur hluti örorkulífeyrisþega á Íslandi er undir skilgreindum fátæktarmörkum sem notuð hafa verið bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu og var sú viðmiðun notuð í nýlegri rannsókn OECD-landanna í tekjuskiptingunni. Þessi fátæktarmörk eru 44 þús. kr. fyrir einstakling og 66 þús. kr. fyrir einstætt foreldri með barn. Þannig er stærsti hluti öryrkja með tekjur undir skilgreindum fátæktarmörkum.

Því má heldur ekki gleyma og ber að halda til haga hvert var fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar á kjörtímabilinu. Það var að skera á tengsl bóta og lægstu launa. Afleiðingin er sú að á síðustu fimm árum hafa lágmarkslaun hækkað um 52% en örorkulífeyrir og tekjutrygging einungis hækkað um 17,4%. Hækkunin er því einungis þriðjungur þess sem hún hefði að óbreyttu átt að vera ef bætur lífeyrisþega hefðu haldist í hendur við lægstu laun.

Það er einnig ástæða til að halda því til haga í þessari umræðu að öryrkjum sem fá bílastyrk hefur á þessu kjörtímabili fækkað úr 600 í 300 og vextir á þeim öryrkjum sem fá bílakaupalán hafa verið hækkaðir úr 1% upp í markaðsvexti. Á þessum hópum sem verst eru staddir í þjóðfélaginu voru vextir hækkaðir úr 1% upp í markaðsvexti og þeim fækkað sem geta fengið bílastyrki. Þetta er bara eitt dæmi af mörgum um það hvernig ríkisstjórnin hefur farið með öryrkja og reyndar aldraða líka á þessu kjörtímabili.

Það sem er líka athyglisvert í skýrslunni er hve gífurlega stór hópur öryrkja er hreinlega sviptur mannréttindum vegna skerðingar á tekjum maka. Fjöldi þeirra hefur aukist úr 1.664 í 2.335 á þessu kjörtímabili eða um 40%, hvorki meira né minna. Ég bendi einnig á að 43% öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóðum og flestir öryrkjar sem fá greiðslur á annað borð úr lífeyrissjóðum eru með þetta á bilinu 10–30 þús. kr. á mánuði. Það er allt of sumt.

Við skulum bera það saman við lífeyrisgreiðslutoppana í kerfinu, t.d. í bönkunum sem hafa 300–400 þús. kr. úr sínum lífeyrissjóði á mánuði. Berum það saman við 10, 20 eða 30 þús. sem öryrkjar hafa úr sínum lífeyrissjóði.

Þessi skýrsla er líka morandi af dæmum um hvernig hægt er að fara frjálslega, svo vægt sé til orða tekið, með tölur. Talað er um að kaupmáttur lífeyrisþega sem fá óskertar lífeyrisuppbætur hafi hækkað um 14% á fimm árum. En hvað eru það margir öryrkjar sem hafa fengið 14% hækkun á fimm árum, þ.e. þeir sem eru með óskertar heimilisbætur? Þeir eru á milli 5 og 6% af heildinni eða 400 öryrkjar af 7.400 og jafnvel þessi 14% hækkun kaupmáttar hjá þeim 400 öryrkjum sem mesta kaupmáttar hafa notið stenst ekki samanburð við launavísitöluna sem hækkaði um 20%, hvað þá sú 7% kaupmáttaraukning sem flestir öryrkjar hafa þurft að búa við.

Hér kemur hæstv. fjmrh. og státar sig af kjörum öryrkja eins og allt sé bara í himnalagi. Ég minni hæstv. ráðherra á þegar öryrkjar fjölmenntu fyrir utan þinghúsið í þöglum mótmælum til þess að mótmæla kjörum sínum og aðbúnaði. Þetta er allt önnur mynd sem ráðherra dregur upp af kjörum þeirra.

Grófasta blekkingin í skýrslu ráðherra er þessi. Í upplýsingum sem komu fram um tekjur öryrkja og heildardreifingu þeirra er m.a. tiltekið í skýrslunni að sleppt sé að reikna þá öryrkja með sem eru með tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum, þ.e. verst stöddu öryrkjarnir. Hver eru þessi viðmiðunarmörk í skýrslunni? Jú, þau eru sett við 75% af samtölu óskerts örorkulífeyris og tekjutryggingar eða við 30 þús. kr. Sem sagt, öryrkjum sem eru með tekjur undir 30 þús. kr. er sleppt þegar verið er að setja upp töflur um tekjur öryrkja. Svo virðist sem í öllum útreikningum sé verst settu öryrkjunum sleppt sem skekkir auðvitað alla myndina og gerir þessa skýrslu ráðherrans nánast að marklausu plaggi allt í þeim tilgangi að stuðla að einhverri hagstæðari útkomu fyrir öryrkja.

Herra forseti. Hvað sem líður kosningabrellum og reikningskúnstum í skýrslu hæstv. ráðherra, þá er það, herra forseti, galtóm pyngja öryrkjanna sem ekki lýgur. Hún segir okkur að 1.200–1.300 öryrkjar þurfi að fá mat í poka hjá Hjálparstofnun kirkjunnar til þess að geta lifað. Hún segir okkur að helmingur þeirra sem leita ásjár hjá hjálparstofnunum í landinu í dag eru öryrkjar og það á tímum góðæris sem þessi ríkisstjórn er að státa sig af. Á tímum besta góðæris sem við höfum lifað í langan tíma, þá þarf fjöldi öryrkja að leita til hjálparstofnana til þess að geta fengið mat í poka frá þeim.

Skýrslan segir okkur líka að stærsti hluti öryrkja sé undir fátæktarmörkum og hún segir okkur að þetta velferðarþjóðfélag, Ísland, búi öryrkjum kjör sem eru til skammar fyrir íslenskt þjóðfélag. Hún segir okkur að öryrkjar séu í baráttu sem snýst ekki bara um mannsæmandi kjör og að geta lifað með fullri reisn í íslensku samfélagi, heldur um þau mannréttindi að eiga til hnífs og skeiðar frá degi til dags. Það er hinn blákaldi veruleiki sem þessi þjóðfélagshópur stendur frammi fyrir nú í lok kjörtímabils ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

[14:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér var að ljúka máli sínu hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður sem ég hef alla tíð borið mikla respekt fyrir. (Gripið fram í.) Virðingu, virðulegi formaður. Ég ber virðingu fyrir hv. þm. en hún fór ekki rétt með. Hún sagði að það hefði verið sagt hér á undan að allt væri í himnalagi. Það hefur enginn sagt, hv. þm. og hv. þm. man ekki langt aftur í tímann.

Fyrir nokkrum árum sat hv. þm. í ríkisstjórn með sjálfstæðismönnum. Ég taldi þá og tel reyndar enn að hún hafi viljað vel. Hún yfirgaf ríkisstjórnina, enda var hennar tími ekki kominn. En hún var búin að vera í nokkurn tíma í ríkisstjórn. Hún var búin að vera í tæplega sjö ár í ríkisstjórn þegar hún sagði skilið við félaga sína af því að tími hennar var ekki kominn.

Í ríkisstjórnartíð hv. þm. lækkaði kaupmáttur grunnlífeyris almannatrygginga fyrst um 16,2% og síðan um 6,1%. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur hann hins vegar hækkað um tæp 11%. Kaupmáttur heimilisuppbótar lækkaði á árunum 1987–1991 um 11,3% og á tímabilinu 1991–1995, á seinna tímabili hv. þm., lækkaði heimilisuppbótin enn frekar. Kaupmátturinn lækkaði um 6,1%. Skýringin? Jú, það voru erfiðleikar í þjóðarbúinu. En hvað nú þegar rofað hefur til, hvað þá?

Kaupmáttur heimilisuppbótar hefur hækkað um 71,4% á kjörtímabilinu. Ég endurtek: 71,4%. Í lok síðasta kjörtímabils, tíma hinna félagslegu lausna kratanna vantaði lífeyrisþega yfir 600 millj. á núvirði miðað við launavísitölu. Þetta voru gæði kratanna við lífeyrisþegana. Þetta er staðreynd um valdatíma kratanna í tryggingaráðuneytinu.

Virðulegi forseti. Kratarnir gagnrýna framsóknarmenn. Fyrir hvað? Fyrir að hafa ekki verið nógu fljótir að laga skerðingarnar í bótakerfinu eftir þá sjálfa. En hvað hefur verið gert á þessu kjörtímabili? Þegar litið er til allra bótaflokka sameiginlega samanborið við launavísitölu, þá eru bætur nú 7,3 prósentustigum hærri en var í lok síðasta kjörtímabils. Á núgildandi verðlagi er þarna um að ræða um 325 millj. kr. til öryrkja og þegar aldraðir eru teknir með er munurinn árið 1998 yfir 1.200 millj. kr. Á þessu eina ári eru bótaþegar því að fá yfir 1,2 milljarða kr. meira í bætur en þegar kratarnir voru við völd og það á föstu verðlagi miðað við launavísitölu.

Ég talaði áðan um seinna kjörtímabil hv. málshefjanda. Það er ekki alveg rétt. Hv. þm. sagði af sér sem ráðherra á miðju síðasta kjörtímabili. Hennar tími var ekki kominn. Allir hér inni minnast þess þegar þingmaðurinn sagði af sér ráðherraembætti. En það var ekki til að mótmæla kaupmáttarskerðingu grunnlífeyris. Það var ekki til að mótmæla skerðingu tekjutryggingar. Það var ekki í mótmælaskyni við skertar heimilisuppbætur eða skertar sérstakar heimilisuppbætur. Það var af allt öðrum ástæðum.

Virðulegi forseti. Í velferðarkerfinu felst og hefur alltaf falist mismunun. Það var hreinlega sett á laggirnar til að mismuna á þann veg að hjálpa þeim sem gátu ekki en vildu svo mjög bjarga sér sjálfir. Velferðarkerfið er samningur þjóðfélagsþegnanna þar sem það er samningur kynslóðanna, samningur fámennrar þjóðar sem á flestan hátt er jafnari en aðrar þjóðir og þannig viljum við hafa það. Ég vil ekki stuðla að því að velferðarkerfið hrynji með því að lofa öllum öllu. Ég vil styrkja velferðarkerfið. Ég vil stuðla að því að þeir fái bætur sem þurfa. Aðeins þannig getum við vænst þess að það öryggisnet sem við höfum riðið svo þétt haldi.

Sú mikla almenna kaupmáttaraukning sem orðið hefur í þjóðfélaginu hefur vissulega skilað sér til öryrkja og aldraðra líka. En menn eru misjafnlega settir. Það er laukrétt.

Víða þarf að bæta hag lífeyrisþega. Það verður að bæta hag þeirra lífeyrisþega sem búa við lökust kjör. Mér er ofarlega í huga að öryrki sem eignast barn má ekki gjalda þess tekjulega. Slíkum reglum verður breytt.

Í öðru lagi má ekki refsa öryrkja fyrir að spara. Eðlilegur sparnaður öryrkjans má ekki skerða bætur hans. Þessu höfum við þegar breytt þannig að peningaeign yfir 4 millj. kr. hjá einstaklingi og tvöföld sú fjárhæð hjá hjónum og sambýlisfólki hefur ekki áhrif á bætur. Það er enn eitt skrefið og þau verða miklu fleiri.

Virðulegi forseti. Hér var rætt um ráðstefnu í Ráðhúsinu sem haldin var fyrir nokkru. Ég saknaði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þar. Ég sagði þar að ég vildi beita mér fyrir velferðarsáttmála til fjögurra næstu ára. Grunnurinn hefur verið lagður. Efnahagslífið stendur vel og við eigum að rétta hag þeirra sem minnst hafa. Formaður Framsfl. tók undir þetta í eldhúsdagsumræðum svo að eftir var tekið. Það þarf að verða um þetta víðtæk sátt.

Tíu ár eru síðan grunnurinn var lagður að þeim mikla stöðugleika og uppgangi sem hér er í atvinnulífinu. Nú þarf að gera nýja sátt, nýja þjóðarsátt. Allir stjórnmálaflokkar verða að koma að því verki eins og allir stjórnmálaflokkar gerðu veturinn 1990 beint og óbeint. Um það markmið á að geta orðið góð sátt í þjóðfélaginu.

[15:06]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við erum að fjalla um skýrslu forsrh. um stöðu, aðbúnað og kjör öryrkja. Í skýrslunni eru ýmsar gagnlegar upplýsingar og er mjög gott að fá upplýsingarnar fram settar. Þótt ýmislegt orki tvímælis og myndin sé ekki alltaf glögg þá er gott að fá þessar upplýsingar. Hinu megum við náttúrlega ekki gleyma þegar fjallað er um stöðu öryrkja á Íslandi að á bak við þessar tölur er fólk og staðreyndin er sú að ef menn drukkna í prósentuflóðinu þá gleymist það. Öryrki getur mest fengið úr almannatryggingum um 66 þús. kr. Flestir eru með miklu minna og sumir miklum mun minna. Fólk sem er inni á stofnunum með svokallaða vasapeninga er með 12 þús. kr. Þetta eru staðreyndirnar og þessu megum við ekki gleyma. Við megum heldur ekki gleyma þeirri staðreynd sem fram hefur komið í umræðunni að á meðal þeirra sem leita til hjálparstofnana, til kirkjunnar og Rauða krossins, er yfir helmingur öryrkjar.

Ég er ekki alveg frá því að í stjórnarliðinu séu ýmsir farnir að hafa áhyggjur af eigin verkum. Þetta kom fram í eldhúsdagsumræðum fyrr í vikunni. Morgunblaðið hefur eftir í flennifyrirsögn: „Lagfæra þarf stöðu örorkulífeyrisþega." Það er annar helsti talsmaður ríkisstjórnarinnar, formaður Framsfl., Halldór Ásgrímsson, sem svo mælir. Í greininni er vitnað í ræðu hans og segir, með leyfi forseta:

„Sagði hann m.a. að við þyrftum að spyrja okkur þeirrar spurningar hvernig hægt yrði að nota aukið svigrúm á næsta kjörtímabili til þess að leiðrétta kjör fólksins. „Eigum við að nota það svigrúm til að lækka prósentu tekjuskattsins eða eigum við frekar að nota það svigrúm að minnsta kosti fyrst í stað til þess að draga úr skerðingum á tryggingabótum ..."

Eigum við að nota svigrúmið á næsta kjörtímabili, spyr hann.

Sannast sagna, hæstv. forseti, finnst mér það vera umhugsunarefni og sennilega annað og verra en umhugsunarefni, mér finnst það á mörkunum að vera sæmandi núna rétt fyrir alþingiskosningar að tala á þennan veg eftir öll þessi ár, eftir alla þá umræðu sem fram hefur farið í þessum sal um árásir á öryrkja og stöðuga skerðingu á lífskjörum þeirra. Ég er að vitna t.d. til þeirrar staðreyndar að bætur voru rifnar úr tengslum við launaþróun, þróun launataxtans. (**KPál:** Það er búið að laga það.) Nei, það er ekki búið að laga það. Það er rangt. Það hefur ekki verið lagað. Það hefur ekki verið bætt. Við vorum nú síðast í dag að fella eina slíka tillögu og hv. þm. Kristján Pálsson tók þátt í því að fella slíka tillögu um kjarabætur til lífeyrisþega þannig að kjör þeirra yrðu látin fylgja vísitölu. Það var núna síðast í dag.

Einnig má vitna til lyfjakostnaðar og margvíslegs sjúkrakostnaðar. Það má vitna til þess að teknir hafa verið af öryrkjum margvíslegir styrkir, útvarp, sjónvarp og sími. Lán til ökutækjakaupa fyrir öryrkja hafa verið hækkuð. Þau hafa verið markaðsvædd. Það er munur á því að greiða fjármagnskostnað af láni með 1% vöxtum eða 8,6% vöxtum. Það er munurinn á milli 10 þús. kr. annars vegar og 86 þús. kr. hins vegar fyrir hverja milljón sem tekin er að láni.

Á þessu hefur gengið allt þetta kjörtímabil og hvað hefur gerst? Öryrkjar hafa risið upp. Við höfum séð holskeflu af blaðagreinum, fundum og ráðstefnum. Núna síðast stóð Sjálfsbjörg fyrir myndarlegri ráðstefnu í Ráðhúsinu og Öryrkjabandalagið hefur gengist fyrir auglýsingaherferð til að reyna að vekja þjóðina.

Síðan fáum við þessa skýrslu ríkisstjórnarinnar. Hvað skyldi standa í upphafi hennar eftir allt það sem á undan er gengið? Hér stendur, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í umfjöllun skýrslunnar hefur hagur öryrkja sífellt orðið betri á undanförnum árum."

Þó tala tölurnar allt öðru máli. Það segir að á sama tíma og lægstu laun hafa hækkað um 53% (**EOK:** Lægstu taxtar.) hafi launavísitala Hagstofunnar hækkað um 29,8%. Lægstu taxtar er kallað úti í sal. Það var viðmiðun öryrkja áður fyrr. Síðan hafa þeir verið tengdir núna inn í meðaltalshækkun. (Gripið fram í.) Það er rétt. Það hefur verið gert og þannig hafa þeir verið hlunnfarnir um sinn skerf í þjóðarauðnum. Þetta er staðreynd. (Gripið fram í.) Þetta er staðreynd, jú. Sú upphæð sem hefur verið höfð af öryrkjum með þessu nemur orðið milljörðum króna á nokkurra ára tímabili. Um þetta deilir ekki nokkur maður. Um þetta þarf ekki að deila. (**EOK:** Nei, nei ...) Um þetta þarf enginn að deila. (**EOK:** Verkamenn hafa ekki hækkað um 52%.) Lægstu kauptaxtar hafa hækkað um 52%. Það kemur fram í skýrslu forsrh. Í skýrslu ríkisstjórnarinnar kemur fram að lægstu taxtar hafi hækkað um 52% á árabilinu 1993–1998. Þetta er síðan staðfest í skýrslunni. Þar er kaupmáttarþróun sett upp, annars vegar hjá launafólki og hins vegar hjá öryrkjum. Á bls. 17 segir að kaupmáttur grunnlífeyris og tekjutryggingar fari úr 100 í 107,5 á sama tíma og launavísitala fer í 118. Ef við tækjum síðan þróun lægstu kauptaxtanna, þá er hún miklu örari og miklu meiri. Þessar staðreyndir koma fram. En það er líka annað sem kemur fram í skýrslunni. Það er afstaða ríkisstjórnarinnar til þessa fólks. Það er alveg hárrétt sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að þetta er að sjálfsögðu spurning um hugarfar og nú ætla ég að vitna í svar ríkisstjórnarinnar við spurningum hv. þm. Péturs H. Blöndals. Hv. þm. spyr: Hvaða kostnaður fellur að jafnaði á einstakling eftir að hann verður öryrki og hvaða kostnaðarliðir minnka eða hverfa? Hann spyr þessarar spurningar. Svar ríkisstjórnarinnar er þetta og nú ætla ég að minna þingheim á eitt, að einstaklingur sem er svo fatlaður að hann þarf að dvelja á stofnun og fær það sem kallað er vasapeninga, fær að hámarki um 12 þús. kr. á mánuði hverjum. Hvernig hugsar ríkisstjórnin til þessa fólks? Hún gerir það á eftirfarandi hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Kostnaður öryrkja getur orðið töluverður vegna örorku þeirra. Reynt er að koma til móts við öryrkja með lægri lyfja- og lækniskostnaði og lægri þjálfunarkostnaði. Í mörgum tilfellum fellur niður kostnaður í sambandi við vinnu sem öryrkinn getur ekki eða lítt stundað. Þar má nefna ferðakostnað, fatakostnað o.fl."

Var verið að tala um hugarfar einnar ríkisstjórnar? Hún er að tala til fólks sem fær 12 þús. kr. á mánuði og segir í svari til Alþingis að það þurfi ekki á fötum að halda og það þurfi ekki að ferðast. (Gripið fram í.) Að auki get ég bent á það að af þessu fólki hefur verið klipið enn meira. Margvíslegir fatastyrkir sem áður voru við lýði hafa verið teknir af, enda þarf þetta fólk ekki að fæða sig eða klæða að mati ríkisstjórnarinnar. Ég segi bara eitt: Því fyrr sem við losnum við þessa ríkisstjórn, því betra.

[15:17]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Samkvæmt þeirri skýrslu sem er til umræðu hefur hagur öryrkja sífellt farið batnandi undanfarin ár. Þessari niðurstöðu til áréttingar velta skýrsluhöfundar sér af djúpri nautn upp úr margvíslegum prósentureikningum og komast að þeirri niðurstöðu að sá sem sé samkvæmt greiningu 75% öryrki fái greiddar í örorkulífeyri 52 þús. kr. mánaðarlega. Nái örorka hans ekki nema 50% lætur ríkið af hendi rakna af rausn sinni hvorki meira né minna en 16 þús. kr. á mánuði.

Ég vil aftur vekja athygli hv. alþingismanna á því að kjör umræddra einstaklinga hafa samkvæmt skýrslu hæstv. forsrh. farið batnandi. Að vísu segir í skýrslunni að viðbúið sé að skattbyrði örorkulífeyrisþega hafi þyngst á undanförnum fimm árum vegna breytinga á skattkerfi. Auk þess er bent á að umtalsverðar breytingar hafi verið gerðar á lögum um fjárhagsaðstoð og af því tilefni voru tekjumörk sett svo lág að margir lífeyrisþegar sem áttu áður rétt á aðstoð misstu þann rétt. Viðmiðunarmörkin sem hafa verið óbreytt síðan í apríl 1995 eru nú 53.596 kr. Því er ekki að undra að á bls. 8 í umræddri endemisskýrslu taki höfundar fram að neyslukannanir gefi ekki marktækari niðurstöðu um neyslu öryrkja.

Vissulega hefði verið fengur að því nú í góðærinu að fræðast um hver er neysla fólks sem hefur 52 þús. kr. í mánaðarlegan lífeyri. Raunar eru 52 þús. kr. meðaltal því að 74% þeirra tæplega 8 þús. öryrkja sem eru til í landinu hafa aðeins 45 þús. kr. sér til framfærslu mánaðarlega. En 5% fólksins fá svokölluð full laun sem nema 66 þús. kr. á mánuði.

Þegar þessar tölur eru hafðar í huga skyldi engan undra þótt íbúðaeigendum í hópi öryrkja hafi fækkað á undanförnum árum, bíleigendum hafi fækkað en öryrkjum sem leita neyðaraðstoðar hjá Hjálparstofnun kirkjunnar hafi fjölgað gífurlega. Fólk býr árum saman við að þurfa að neita sér um flest það sem aðrir telja lífsnauðsynjar. Það getur ekki veitt börnum sínum það að taka þátt í íþróttum eða félagsstarfi ásamt jafnöldrum sínum, hefur hvorki ráð á félagslífi né ferðalögum, getur ekki keypt sér fatnað né gefið ættingjum afmælisgjafir. Dettur nokkrum í hug að fólki sem býr við slíkar aðstæður sé hjálp í skýrslu sem leiðir að því líkur að ástandið hafi einhvern tíma verið verra?

Harpa Njáls félagsfræðingur hefur bent á það í merkilegri skýrslu að þeir þjóðfélagshópar sem þurftu á fátækraframfærslu að halda árið 1907 hafi verið nánast þeir sömu og enn heita á hurðir hjálparstofnana. Þar eru öryrkjar fyrirferðarmiklir sem fyrr. Öll góðæri okkar virðast hafa sneitt hjá garði þeirra sem dæmdir eru til að búa við fötlun og örorku. Þeir hafa hins vegar fengið að kenna á samdráttartímum, jafnvel öðrum fremur.

Á tímum góðæris er niðurlægjandi að standa á hinu háa Alþingi og ræða um hvort ákveðnum þjóðfélagshópum sé boðlegt að draga fram lífið á 50 þúsund kr. á mánuði. Prósentureikningur til að sanna að laun slíks fólks hafi batnað meira en annarra er hlægilegur. Það blasir við öllum að slík laun duga ekki til framfærslu.

[15:22]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er mjög gott að stjórnarandstaðan skuli hafa aðhald. Það er rétt að gagnrýna það sem gert er en það er stórfurðulegt að hlusta á þann málflutning sem hér hefur átt sér stað.

Hér kemur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir eins og hrein mey, gersamlega minnislaus, hefur aldrei hoppað í ríkisstjórnarsængina og ekki komið nálægt neinu þar. Ég vil spyrja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvort það sé leikur með tölur, eins og hér var sagt áðan, að í tíð síðustu ríkisstjórnar þegar kratarnir voru við völd, lækkaði kaupmáttur bóta um 6,1%. Nú hefur kaupmátturinn risið um tæp 11%.

Á síðasta kjörtímabili lækkaði kaupmátturinn hjá bótaþegum meira en allar launaviðmiðanir. Þá lækkaði kaupmáttur launa á almennum markaði um 7,3%, laun opinberra

starfsmanna um 1,8 og kaupmáttur lágmarkslauna um 5,4%. Nei, öryrkjar skyldu sökkva lægra. Þeir lækkuðu um 6,1%. Hvar var hv. þm. þá?

Ég vil einnig spyrja: Af hverju tóku ekki kratarnir á tekjutengingunni hjá mökunum? Það hefur verið mikið baráttumál hjá öryrkjum og nú er loksins fyrsta skrefið tekið í því og 200 millj. hefur verið varið til þess á þessu ári. Hvar voru kratarnir þá?

Herra forseti. Þetta er ótrúlegur málflutningur. Ég vara við málefnasamningnum sem fylkingin hefur lagt fram. Þar á að gera allt fyrir alla. Farið er ótrúlega langt til vinstri. Það hlýtur að eiga að auka skattana, taka ríkislán og kippa fótunum undan velferðarkerfinu. Ég spyr: Hvar eru öryrkjar þá? Nei, hér þarf áfram að halda á braut stöðugleika.

[15:24]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Upp er runninn nýr dagur í íslensku samfélagi. Tekjuöflun ríkisins er önnur í lok kjörtímabilsins en hún var, aðhald og sparnaður er að skila sínu. Það er kraftur í atvinnulífinu, það er mikil kaupmáttaraukning.

Fátækur maður og fátæk þjóð hefur jafnan lítið aflögu til síns minnsta bróður. Félagshyggjan deyr við slíkar aðstæður eins og menn þekkja úr ýmsum samfélögum. Hér stöndum við frammi fyrir breyttu þjóðfélagi. Framsfl. er tiltölulega sáttur við störf sín á þessu kjörtímabili og sér mikinn árangur. Hann gerir sér grein fyrir því að þjóðin hefur nú meiri tekjur og okkar minnstu bræður eru þegar farnir að njóta þess. Hér er því að verða töluverð breyting á.

Ég ætla ekki að ásaka stjórnarandstöðuna fyrir góðan hug. Fyrst og fremst verða menn að skilja hvernig þjóðfélagið rekur sig. Það þarf tekjur, það þarf öflugt þjóðfélag til að standa undir mikilli samhjálp. Framsfl. og Alþfl. byggðu upp við hið félagslega kerfi sem við höfum stuðst við á þessari öld. Við megum ekki alltaf tala eins og allt sé í rúst í þessum efnum. Það er rangt og mér gremst jafnan þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson talar úr þessum ræðustól eins og hann einn í þessum sal beri mannúð og samhjálp fyrir brjósti. Þetta er rangt. Það býr í okkur öllum mannúð og samhjálp.

Formaður Framsfl. hefur lýst því yfir að næsta verkefni áður en komi til frekari skattalækkana sé að sinna þeim sem verst séu staddir, öryrkjum, öldruðum á lágmarksbótum og barnafólkið eigi einnig að koma þar að borðinu. Ég spyr hv. 12. þm. Reykv., Ögmund Jónasson: Er ekki enn til fátækt í BSRB? Þarf alltaf að skammast svona?

Ég segi svo að lokum, hæstv. forseti: Hæstv. heilbrrh. Ingibjörg Pálmadóttir hefur staðið vaktina á þessu kjörtímabili. Hún stendur teinrétt í lok þess. Þjóðin skilur að hjarta hennar slær með hinum minnsta bróður. Við sjáum að verk hennar eru að skila árangri. Þrír kratar hrökkluðust frá störfum á síðasta kjörtímabili. Við höfum staðið vaktina. Hæstv. ráðherra hefur gert það með prýði og nú er staða þjóðfélagsins þannig að hið stóra verkefni, að bæta kjör þeirra sem eru á örorkubótum og aldraðra og þeirra sem búa við lægstu kjör, er að gerast hægum og föstum skrefum. Þeir hafa þegar fengið sinn skerf og ég tel aðstæður til að ná þjóðarsátt um þessi málefni eins og hæstv. heilbrrh. rakti þannig að öryrkjar og aldraðir búi við miklu betri kjör á næstu árum ef gangur þjóðfélagsins verður með sama hætti og hann hefur verið þetta kjörtímabil. Vera kann þó að upplausnarúrræði Samfylkingarinnar geti komið í veg fyrir slíkt.

[15:28]

Útbýting þingskjals:

Áhrif Nesjavallavirkjunar á lífríki Þingvallavatns, 551. mál, svar umhvrh., þskj. 1193.

[15:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Sannast sagna hef ég nokkrar áhyggjur af málflutningi talsmanns Framsfl. Hann segir í þessari umræðu að Framsfl. sé tiltölulega sáttur við verk sín. Hann er tiltölulega sáttur við að hjá hjálparstofnunum í landinu, Hjálparstofnun kirkjunnar, Hjálparstofnun Rauða krossins og mæðrastyrksnefnd, séu ... (**GÁ:** Þetta eru útúrsnúningar.) Útúrsnúningar, segir hann. Flestir þeir sem þangað leita um nauðþurftir sínar, fæði og klæði, eru öryrkjar. Við erum að ræða málefni öryrkja og þá kemur hv. þm. Guðni Ágústsson hingað í ræðustól og segir að Framsfl. sé tiltölulega sáttur við verk sín. Mér finnst þetta áhyggjuefni og hann talar fyrir því að við sýnum mannúð og samhjálp. Við eigum að hafa sérstaka samúð með okkar minnsta bróður, segir hann.

Þá skulum við skoða verk ríkisstjórnarinnar í því ljósi. Hver er minnsti bróðir Framsfl.? Til hvaða ráðstafana hefur hann gripið á þessu kjörtímabili ef við lítum á skattamál eða velferðarmál? Hver er minnsti bróðir hv. þm. Framsfl. af Suðurlandi, hv. þm. Guðna Ágústssonar? Á þessu kjörtímabili hafa skattar fyrirtækja verið lækkaðir. Skattar á fjármagnseigendur, arðgreiðslur, hafa verið lækkaðar stórlega. Misskiptingin blasir hvarvetna við. Minnsti bróðir hv. þm. Guðna Ágústssonar, ég spyr: Var það hann sem var að kaupa lóðina í Garðabæ og borgaði út í hönd 700 millj. kr.? Eða var það sá sem borgaði Áburðarverksmiðjuna út í hönd fyrir 1,2 milljarða kr.? Var það minnsti bróðir Framsfl.?

Við erum að tala um stöðu öryrkja á Íslandi. Ég var að vekja máls á því að öryrkjar sem dveljast á stofnunum hafa í tekjur á mánuði hverjum 12 þús. kr. Ég reiddist því fyrir hönd þessa fólks, ég leyfði mér að gera það. Ég ætla að gera það og mun gera það þegar því er hreytt framan í þetta fólk að það þurfi ekki á klæðum að halda eða á peningum að halda til að ferðast. Í því samhengi vísaði ég til þeirra sjónarmiða sem komu fram hjá hæstv. fjmrh., að allt snerist þetta um hugarfar. Ég leyfi mér, fyrir hönd þessa fólks, að frábiðja hugarfar af þessu tagi. Ég vona að við berum gæfu til þess í komandi alþingiskosningum að losna við þá óværu sem er ríkissjórn Davíðs Oddssonar.

[15:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eftir að ríkisstjórnin hafði í upphafi kjörtímabils rofið tengsl milli launa og lífeyrisgreiðslna, þá boðaði hæstv. heilbrrh. fyrir jólin það sem hún kallaði stærsta skrefið sem stigið hefði verið í sögu almannatrygginga í 60 ár. Hvað var það sem hún boðaði fyrir jólin? Það skilaði sér í því að öryrkjar fengu til baka sem jafngilti rúmum 200 kr. á mánuði hjá þeim sem höfðu fullar bætur, en um 50 kr. hjá þeim sem eingöngu höfðu grunnlífeyri. Sama hænufetið er ráðherrann að boða nú í lok kjörtímabilsins þegar við blasir neyðarástand hjá öryrkjum. Hún boðar nú úr ræðustólnum að afnema skerðingu á uppbót sem hún setti sjálf 1996 ef öryrki sparar. Nú er hún að afnema það sem hún setti sjálf 1996. Hæstv. ráðherra boðar nú einnig afnám skerðingar á heimilisuppbót öryrkja ef hann eignast barn eða býr með börnum sínum. Í því máli er nú dómsmál yfirvofandi og hæstv. ráðherra virðist ekki afnema skerðingar fyrr en málssókn er yfirvofandi samanber þessa breytingu og hænufetið

sem ráðherrann steig með því að afnema tekjutengingu við tekjur maka að hluta til sem ráðherra lét stjórnarliðið lögfesta þótt það væri brot á alþjóðasamningum og ákvæðum stjórnarskrár.

Herra forseti. Það var athyglisvert að hæstv. heilbrrh. notaði megnið af ræðutíma sínum til þess að ráðast á þá sem hér stendur í stað þess að ræða um bágborna stöðu öryrkja. Það skal ég segja hæstv. ráðherra að ef ríkisstjórnin sem var á undan þessari ríkisstjórn hefði haft 100 milljörðum meira úr að spila eins og þessi ríkisstjórn hefur haft, þá hefði ekki vafist fyrir þeirri ríkisstjórn eitt augnablik að eyða 7,5 milljörðum af þeim 100 milljörðum til þess að hækka lífeyri öryrkja um 20 þúsund á mánuði, en hæstv. ráðherra boðar að það kosti 7,5 milljarða. Það munar svolítið um það að hafa 100 milljörðum meira til ráðstöfunar en fyrri ríkisstjórn, nú á tímum góðæris eins og þessi ríkisstjórn hefur haft. Og það verð ég að segja, herra forseti, að samkvæmt viðamestu könnun sem gerð hefur verið á viðhorfum fólks til velferðarsamfélagsins og málefna öryrkja, þá kemur fram að meginþorri þjóðarinnar er búinn að fá nóg af því hvernig farið er með öryrkja. Þess vegna eru til skammar nú í lok kjörtímabilsins þau hænufet sem hæstv. ráðherra boðar hér þó að við vitum að neyðarástand ríki á þúsundum heimila öryrkja í þessu landi. Það er full ástæða til þess að mótmæla af fyllstu hörku sveltistefnu ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili á tímum góðæris gagnvart öryrkjum í landinu.

[15:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Svona umræða í þingsalnum er oft býsna fróðleg. Það kemur fram hverjir eru að reyna að koma með yfirboð, gylliboð, útúrsnúninga og þess háttar og hverjir reyna að ræða málin í alvöru og efnislega. Ég kalla það útúrsnúninga hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni áðan í sambandi við þá staðreynd að þegar fólk lætur af störfum eða getur ekki lengur unnið, þá þurfi það ekki lengur á vinnufatnaði að halda. Ég kalla það útúrsnúninga sem hann fór með í því sambandi. (Gripið fram í.) Ég kalla það útúrsnúninga sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði rétt í þessu, þ.e. að núverandi ríkisstjórn hefði 100 milljörðum meira úr að spila en sú síðasta. Fjárlögin eru upp á 160 milljarða. (Gripið fram í.) Ætlar þingmaðurinn að halda því fram að fjárlög hafi hækkað um 100 milljarða síðan hún sat í ríkisstjórn? Þetta er auðvitað fjarstæða og það veit þingmaðurinn.

Herra forseti. Ég ætlaði að segja að það hefur komið fram í þessari umræðu, og það er auðvitað mjög mikilvæg staðreynd í þessu sambandi, að kjör öryrkja eru misjöfn. Þau eru mjög misjöfn. Mér dettur ekki í hug að einn einasti maður hér inni vilji ekki í alvöru bæta kjör öryrkja og þeirra sem verst eru settir í þeirra hópi. Það er útúrsnúningur að halda því fram um kjör öryrkja, t.d. á tímabili Jóhönnu Sigurðardóttur sem félmrh., að kaupmáttur bótanna hafi lækkað um 20% 1987–1994 vegna þess að illmenni hafi setið í ríkisstjórninni. Mér dettur ekki í hug að halda því fram að hún sé illmenni vegna þessa. Þetta var vegna annarra ytri aðstæðna. En hitt er málið að kjörin (Gripið fram í.) eru mismunandi. Á árunum 1988–1991 sátu aðrir flokkar í ríkisstjórn, hv. þm., eins og hv. þm. ætti nú að muna og þá var kaupmáttarhrapið mest. (**ÖJ:** Er Sjálfstfl. ...) Málið er, herra forseti, ef ég get fengið frið til að tala fyrir Ögmundi Jónassyni, (Forseti hringir.) að kjör öryrkja eru misjöfn. Við eigum að taka höndum saman um að reyna að bæta kjör öryrkja, ekki síst þeirra sem hafa úr minnstu að moða og standa höllustum fæti og við eigum að reyna að greina hvaða hópar þetta eru. Við eigum að reyna að finna þá og koma þeim til aðstoðar í stað þess að standa hérna og snúa út úr hver fyrir öðrum. (**ÖJ:** ... hjálparstofnanirnar þá?) Hefur hv. þm. gert úttekt á því, og eins Jóhanna Sigurðardóttir, ég spyr, hve margir einstaklingar leituðu til hjálparstofnana þegar þetta fólk var ráðherrar? Hefur hv. þm. það á takteinum? (**JóhS:** Aldrei verið fleiri en núna á tímum góðæris.) Nei, það er einmitt það. Og sennilega hefur Hjálparstofnun kirkjunnar heldur aldrei verið öflugri í sínu starfi (**JóhS:** Það hafa aldrei verið fleiri en nú.) og aldrei verið duglegri í að hjálpa fólki heldur en nú. Ég vænti þess að hún muni leita þessara upplýsinga.

Ef ég get fengið frið til að ljúka máli mínu, herra forseti, þá vil ég segja að kjör öryrkja eru ekki einkamál þeirra sjálfra. Þetta er mál allra í þjóðfélaginu. Öryrkjar eru hluti af okkur, okkar samfélagi, og enginn veit hver verður næsta fórnarlamb sjúkdóma eða slysa og lent í þessum hópi. Það er þess vegna alvörumál þegar verið er að fjalla um þetta. Og það er alvörumál að reyna að bæta þessi kjör og gera þau betri og það er fjarstæða að ég hafi, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði, staðið hér áðan og stært mig af kjörum öryrkja. Ég frábið mér þessa útúrsnúninga. Ég hef ekki stært mig af þeim. Ég hef bent á þá staðreynd að kjör öryrkja hafa sem betur fer batnað á þessu kjörtímabili, að vísu ekki nógu mikið. Við munum halda áfram að reyna að bæta þessi kjör en það verður ekki gert með málflutningi af því tagi sem hv. þm. Ögmundur Jónasson og Jóhanna Sigurðardóttir standa fyrir í hverju málinu á fætur öðru, þ.e. með yfirboðum, gylliboðum, útúrsnúningum og öðru af því tagi, herra forseti. (**JóhS:** Ráðherranum líður illa.)

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 11. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Um fundarstjórn.

Frumvarp um breytingu á þingsköpum.

[15:40]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta til að vekja athygli hæstv. forseta á því að breytingar á þingsköpum verða ekki afgreiddar núna. Lengi hefur verið unnið að þessu máli með þátttöku forsn., þingflokksformanna og nú síðast sérnefndar til að fjalla um frv. um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Mér finnst miður að sérnefndin hafi ekki enn lokið störfum og skilað tillögum inn í þingið til umræðu og afgreiðslu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að leita eftir skýringum á ástæðum þess en ég vil biðja hæstv. forseta, forsn., þingflokksformenn og sérnefnd að leita nú leiða í málinu þannig að við getum tekið til afgreiðslu tillögur um ný þingsköp þegar þing kemur saman í lok mánaðarins.

Herra forseti. Ég tel að þetta þing hafi þá skyldu að afgreiða ný þingsköp eins fljótt og auðið er.

[15:42]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Af því að það er gert að umtalsefni hér að sérnefndin sem fjallaði um þingskapalagafrv. hefur ekki lokið störfum, þá vil ég að það komi fram af minni hálfu sem formanns nefndarinnar að ekki vannst tími til að afgreiða málið þrátt fyrir góðan vilja þingflokksformanna til þess, en hann kom mjög greinilega fram í störfum nefndarinnar. Það er bara þannig að tíminn reyndist of naumur.

Ég met þann góða vilja sem fram kom í máli þingmannsins og ég veit að við eigum öll eftir að ná saman í þessu góða máli.

Jarðalög, 3. umr.

Stjfrv., 547. mál (fulltrúar í jarðanefndir). — Þskj. 872.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landshlutabundin skógræktarverkefni, 3. umr.

Stjfrv., 484. mál. — Þskj. 1186.

[15:43]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það vildi svo til einn dag í fyrri viku að í minn hlut kom að hafa forustu fyrir störfum landbn. og þá var gengið frá samkomulagi um hvaða mál skyldu ganga áfram og hver skyldu sitja eftir. Eitt þeirra sem sitja skyldi eftir var einmitt þetta mál sem hér er til umræðu.

Ég var svo eitt sinn boðaður á fund í myndaherbergið og fylgdist með umræðu sem fór fram að viðstöddum landbrh. Ég lét þá skoðun mína þar í ljósi að ég væri andvígur þessum breytingum. Eftir það hef ég ekki verið boðaður á fund í landbn. og ég hef ekki fylgst með afgreiðslu þessa máls þar. Ég setti jafnframt fram þá skoðun mína í þessari umræðu að í sambandi við afgreiðslu þessa máls væri verið að taka ákvarðanir um óheillaspor og því var þá gjarnan haldið fram að þetta væri sótt fast af hendi forustumanna bænda í skógræktarmálum.

Nú vill svo til að forustumenn skógarbænda sem hafa nú átt þess kost að virða fyrir sér þær tillögur sem hér er verið að afgreiða, hafa einmitt haft samband við mig og auðvitað áttuðu þeir sig á því hvað hér stendur til. Þeir hafa þess vegna beðið mig að koma á framfæri (**Gripið fram í:** Hverjir?) mótmælum sínum. Skógarbændur, formaður skógarbænda og forustumenn skógarbænda á Austurlandi. Ég hef þess vegna rætt við landbrh. og óskað þess að málið yrði ekki látið ganga fram. En mér er ljóst að hann er því ekki sammála og þar af leiðandi tjóar ekki að taka til við frekari aðgerðir í þessu máli að þessu sinni.

Ég vildi koma þessu hér á framfæri og undirstrika sérstaklega að það er ekki rétt sem haldið hefur verið fram í umræðunni að með þessari afgreiðslu sé málið sérstaklega þóknanlegt skógarbændum nema síður sé. Ég vil líka mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér hafa átt sér stað þar sem öllum nefndarmönnum, og þá á ég sérstaklega við mig, var ekki gefinn kostur á því að fygljast með störfum landbn. í þessum efnum.

[15:48]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þm. verð ég að segja að til fundar í landbn. er boðað með ákveðnum hætti. Stundum vantar þar menn en það er ekki á ábyrgð formanns að hv. þm. Egill Jónsson var þar ekki staddur. Satt að segja verð ég að segja að ég saknaði hans innilega því að úrræði hans hafa oft reynst landbúnaðinum vel.

Ég vil taka fram að við hinir sem störfuðum í nefndinni höfum verið í fullu samstarfi við skógarbændur. Á Alþingi og í nefndum þingsins ræður ekki einn vilji. Gjarnan vildi ég að vilji minn réði en ég er feginn að hann ræður ekki alltaf. Það eru svo margir aðrir sem hafa góðar skoðanir og rétt fyrir sér. Hér hefur, eins og oft áður í nefndarstarfi, náðst samkomulag sem er mikilvægt. Ég vona að bráðabirgðaákvæðið og sá viðbótarfulltrúi sem kemur inn í skógræktarverkefni verði ekki framtíð skógræktar í íslenskum sveitum til trafala. Þess vegna legg ég til að þetta mál fari áfram, um það verði sátt og það muni ná fram að ganga.

[15:50]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti neyðist til að vekja athygli hv. þingmanna á að enn erum við í tímaþröng. Við stöndum frammi fyrir því að áætlanir okkar um þingfrestun geti farið úr böndum ef umræður hefjast um einstök mál, önnur en sjávarútvegsmálin sem umsamið var að fundinum lyki á. Forseti vill því eindregið hvetja þingmenn til að hafa umræður í hófi. Forseti hlýtur að nota heimild sína til þess að ákveða að andsvör verði í styttra lagi, ein mínúta á mann.

[15:51]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal virða óskir forseta að þessu leyti. Ég geri mér vel ljóst að hægt væri að taka þetta mál í gíslingu. Það ætla ég hins vegar ekki að gera.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þrátt fyrir það að nefndarmenn hafi forföll á fundum þá er oft leitað eftir því hvort þeir vilji undirskrifa nefndarálit. Svo var ekki heldur var ég bókaður fjarverandi í þessu tilviki. Þar gerðist hvort tveggja að ég var bókaður fjarverandi og mér ekki boðaður þessi fundur. Það lá reyndar fyrir að ég hafði neikvæða afstöðu gagnvart frv.

Nú hef ég fengið staðfest að það sem síðar var talað um, að þetta væri sérstaklega þóknanlegt bændum, er ekki sannleikur.

[15:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af því að hv. þm. kvaðst hafa haft samráð við mig um málið vil ég segja örfá orð. Það er rétt að hann hringdi í mig rétt fyrir þennan fund og tjáði mér að hann væri andvígur málinu. Ég sagði honum að ég legði mikla áherslu á að málið yrði afgreitt eins og ég hafði gert við nefndina sjálfa, talið það brýnt hagsmunamál fyrir skógarbændur í landinu, fyrir bændur alla og fyrir byggðastefnu. Það stendur. Ég vildi bara að þetta kæmi fram.

[15:53]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Þetta verður örstutt ræða. Hún er til að greina frá því að það er ekki rétt að frv. sé ekki þóknanlegt skógarbændum. Ég kannast alls ekki við það þeir séu

óánægðir. Einhverjir hafa kvartað undan fjórða manninum í stjórn landshlutaverkefnisins, það er rétt. Einstaka maður á einstökum landsvæðum heldur að fjórir í stjórn verkefnisins muni miklu síður ná samkomulagi en þrír. Ég segi nú bara eins og í allt öðrum skógi en íslenskum skógum: „Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir." Ég held að þeir hljóti að geta komið sér saman, fjórir menn í stjórn, þó hver um sig sé ekki úr nákvæmlega sama geira skógræktar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Frv. samþ. með 41:1 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, HG, ÍGP, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MS, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, VS, VE.
nei: EgJ.
21 þm. (ArnbS, DO, EL, FI, GMS, HjÁ, IP, JóhS, JónK, KPál, MagnM, MF, ÓE, ÓÖH, SP, SJS, StB, SvÁ, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1200).

Jarðalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 547. mál (fulltrúar í jarðanefndir). — Þskj. 872.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjálmJ, HG, ÍGP, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MS, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.
21 þm. (ArnbS, DO, EgJ, EL, FI, GMS, HjÁ, IP, JóhS, JónK, KPál, MagnM, MF, ÓE, ÓÖH, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1199).

Málefni fatlaðra, 3. umr.

Stjfrv., 564. mál (starfsmenn svæðisskrifstofu). — Þskj. 924.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MS, PHB, SAÞ, SF, SvÁ, TIO, VS, VE.
11 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ArnbS, DO, EL, FI, GMS, HjÁ, IP, JóhS, JónK, KPál, MagnM, MF, ÓE, ÓÖH, SP, StG, SJS, StB, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1201).

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, 3. umr.

Stjfrv., 585. mál. — Þskj. 978.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KF, KHG, LMR, LB, MS, PHB, SighB, SAÞ, SF, StG, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.
9 þm. (ÁRJ, BH, GE, GGuðbj*, KÁ, KH, RA, RG, SJóh) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ArnbS, DO, EL, FI, GMS, HjÁ, JóhS, JónK, KPál, MagnM, MF, ÓE, ÓÖH, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1202).

Háskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 509. mál (heildarlög). — Þskj. 1187, brtt. 1192. [15:57]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég geri grein fyrir brtt. við frv. til laga um Háskóla Íslands á þskj. 1192. Eins og fram kom við 2. umr. um frv. í nótt er mikil sátt um þetta nýja frv. til laga um Háskóla Íslands. Menntmn. skilaði einu áliti en við fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni skrifuðum undir nefndarálitið með fyrirvara vegna orðalags 18. gr. Þar er tekist á um það hvort stúdentaráð skuli yfir höfuð nefnt í lagatextanum, hvort það verði viðurkennt sem fulltrúasamkoma stúdenta eða sett á sama stall og hvert annað félag þeirra. Um þetta var tekist í stúdentaráðskosningum fyrir skömmu þar sem fulltrúar Röskvu lögðu áherslu á stúdentaráð sem lýðræðislega kjörin fulltrúasamtök stúdenta. Svo hefur reyndar verið allt frá 1920. Í ráðinu sitja 22 fulltrúar háskólastúdenta, en ekki allir stúdentar. Því er mjög skýrt að ekki er um félag að ræða heldur fulltrúasamkomu stúdenta.

2. mgr. 18. gr. frv. var orðuð í frv. á eftirfarandi hátt:

„Háskólaráði er heimilt að semja við stúdentaráð Háskóla Íslands, önnur félög stúdenta, ..." o.s.frv. um tiltekna þjónustu.

Þessu orðalagi mótmælti meiri hluti stúdentaráðs og menntmn. breytti orðalaginu til samræmis við vilja þeirra. Hún lagði fram brtt. sem var samþykkt í morgun. Þar segir:

„Háskólaráði er heimilt að semja við stúdenta, samtök þeirra og félög, ...“ um að taka að sér tiltekna þjónustu.

Þetta orðalag hefur þann stóra ókost að stúdentaráð hefur ekki lengur lagastoð. Það er hvergi nefnt í frumvarpstextanum þrátt fyrir mótmæli stúdenta. Stúdentar virðast hins vegar sætta sig við það orðalag sem menntmn. lagði til þó að stúdentaráð sé eingöngu nefnt í nefndaráliti. Það er mjög athyglisvert að þeir skuli sætta sig við þetta núna, enda fengu þeir nýlega mjög mikla hækkun á frítekjumarki og framfærslumati vegna námslána, þ.e. upp á 300 millj. kr. Þessi tímasetning er því mjög sérkennileg.

Við fulltrúar Samfylkingarinnar mátum það svo að samþykkt orðalag væri það eina sem kæmi til greina. Í umræðum um málið í nótt mátti aftur á móti skilja hæstv. menntmrh. þannig að hann hefði ekkert á móti því að stúdentaráð væri nefnt í lagatextanum. Þess vegna leggjum við, ég og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, fram brtt. á þskj. 1192 þar sem orðalagið er eftirfarandi:

„Háskólaráði er heimilt að semja við stúdentaráð, félög stúdenta, ...“ um tiltekna þjónustu.

Það væri mjög ánægjulegt ef þingið samþykkti þessa tillögu því að þá færi frv. í gegnum þingið í fullkominni sátt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

Brtt. 1192 felld með 30:10 atkv. og sögðu

já: ÁE, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, LB, RA, SighB, SJóh, SvanJ.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KF, KHG, KÁ, LMR, MS, PHB, SAÞ, SF, StG, SvÁ, TIO, VS, VE.

2 þm. (HG, KH) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁRJ, BH, DO, EOK, EL, GMS, JóhS, JónK, KPál, MagnM, MF, ÓE, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [16:01]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Tilgangur og markmið þessa frv. er að efla sjálfstæði Háskóla Íslands. Í því felst að ákvörðunarvald um innri málefni háskólasamfélagsins er fært inn fyrir veggi háskólans. Það nær einnig til málefna stúdenta þar sem þeir geta fjallað um sín eigin mál.

Í dag er staða stúdentaráðs sú að það, sem einu lýðræðisleg samtök stúdenta, hefur sjálfstæða stöðu samkvæmt nál. sem liggur fyrir frá hv. menntmn. Samkvæmt yfirlýsingu hæstv. menntmrh. í gær eða í nótt, yfirlýsingu hv. formanns menntmn. og varaformanns, þá er ekki gert ráð fyrir því að staða stúdentaráðs Háskóla Íslands breytist með því frv. sem nú liggur fyrir. Af þeim sökum sé ég ekki ástæðu til þess að greiða atkvæði með þeim brtt. sem hv. stjórnarandstæðingar leggja fyrir og segi því nei.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MS, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.

22 þm. (ArnbS, ÁRJ, BH, DO, EOK, EL, GuðjG, GMS, JóhS, JónK, KPál, MagnM, MF, ÓE, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1203).

Skipulags- og byggingarlög, 3. umr.

Stjfrv., 352. mál (skipulag miðhálendisins). — Þskj. 1188.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, LMR, MS, PHB, SAÞ, SF, StG, SvÁ, TIO, VS, VE.

9 þm. (ÁE, GE, GÁS, GGuðbj, GHelg, LB, RA, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁRJ, BH, DO, EOK, EL, GMS, JóhS, JónK, KPál, MagnM, MF, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1204).

Náttúruvernd, 3. umr.

Stjfrv., 528. mál (heildarlög). — Þskj. 1189.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, MS, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.

20 þm. (ArnbS, ÁRJ, BH, EOK, EL, GMS, JóhS, JónK, KPál, MagnM, MF, ÓE, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1205).

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 3. umr.

Stjfrv., 526. mál (gjaldskrá sveitarfélaga). — Þskj. 1190.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]

Frv. samþ. með 36:4 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MS, PHB, SAÞ, SF, StG, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE.

nei: HG, KÁ, KH, ÖJ.

5 þm. (ÁE, GHelg, RA, SighB, SJóh) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRJ, BH, EOK, EL, GMS, JóhS, JónK, MagnM, MF, ÓE, ÓÖH, RG, SP, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1206).

Lánasjóður landbúnaðarins, 2. umr.

Frv. landbn., 607. mál (aðsetur). — Þskj. 1133.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. sjútvn., 612. mál. — Þskj. 1195.

[16:07]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Sjútvn. hefur sameinast um að flytja frv. það sem er að finna á þskj. 1195. Auk nefndarmanna er áheyrnarfulltrúi þingflokks óháðra samþykkur frv.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Breytingarnar lúta að veiðum krókabáta og er markmið þeirra að ná frekari sátt um fiskveiðistjórn þeirra og gera mönnum kleift að halda áfram útgerð þessa bátaflota. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Að bátum sem veiða samkvæmt sóknardagakerfi á grundvelli 6. gr. laganna verði heimilað að stunda veiðar fram til 31. október ár hvert í stað 30. september eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Að sett verði þrengri mörk fyrir fækkun sóknardaga milli fiskveiðiára þannig að þeim verði aldrei fækkað um meira en 10% á milli ára í stað 25% eins og er í gildandi lögum.

Að bátum sem nú stunda veiðar samkvæmt sóknardagakerfi og hafa valið að stunda veiðar með krókaaflamarki frá og með fiskveiðiárinu 2000/2001 verði heimilað að fá úthlutað þorskaflahámarki og stunda veiðar samkvæmt því frá og með 15. apríl 1999 til 31. ágúst 2000. Þetta val mun einungis geta átt sér stað einu sinni og bátar geta ekki horfið frá vali sínu eftir að það hefur verið tilkynnt.

Að eigendum báta verði gefinn kostur á því að endurskoða val milli sóknardagakerfis og krókaaflamarks. Með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu breytast forsendur og því er réttlætismál og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að gefa mönnum kost á að velja að nýju við þessar aðstæður. Fresturinn er framlengdur og verða menn að velja fyrir 15. apríl 1999, þ.e. tilkynning að berast í síðasta lagi 14. apríl.

Að við ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögunum verði bætt reglu um að veiðar krókaaflamarksbáta úr öðrum stofnum en þar eru tilgreindir séu ekki bundnar aflatakmörkunum.

Að jöfnunarúthlutun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXV í lögunum verði ákveðin 3.000 tonn á ári og sé sú úthlutun óháð öðrum úthlutunum samkvæmt lögunum.

Að ákveðin verði viðmiðunardagsetning um hvenær bátar þurfi að hafa verið minni en 200 brúttótonn til að eiga rétt á úthlutun samkvæmt bráðbirgðaákvæði XXV. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að menn fari að laga báta að lagaákvæðinu en engin vísiregla er um við hvaða tímamark á að miða, hvort miða eigi við stærð ár hvert eða í upphafi eins og frumvarpið gengur út á.

Á sama hátt verði fastákveðið við hvaða tíma miða skuli 5% aukningu aflahlutdeildar báta minni en 10 brúttórúmlestir eða 10 brúttótonn.

Að jöfnunarúthlutun verði flutt milli báta við endurnýjun með kaupum eða nýsmíði, enda sé ekki samið um annað. Auk þess verði sjávarútvegsráðherra veitt heimild til að rétta hlut þeirra sem endurnýjað hafa skip sín frá 1. september 1997 og fram til gildistöku þessara laga þannig að sambærilegar reglur gildi um þá báta og aðra sem endurnýjaðir eru síðar. Er gert ráð fyrir því að sjávarútvegsráðherra setji hlutlægar reglur um þessa úthlutun.

Loks er lagt til, herra forseti, að lögin öðlist þegar gildi.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. en ekki er gerð tillaga um að vísa því til nefndar.

[16:12]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ætli þetta sé ekki tilraun til að færa á milli flokka en slíkir hlutir koma gjarnan við sögu í sambandi við stjórn fiskveiða.

Það kom fram í ræðu hv. formanns sjútvn. að áheyrnarfulltrúi þingflokks óháðra í nefndinni fylgdist með undirbúningi þess samkomulags sem hér hefur verið kynnt og fyrir liggur á þskj. 1195 og er sammála þeirri niðurstöðu sem þar er fengin sem málamiðlun milli sjónarmiða flokkanna.

Ég vil lýsa ánægju yfir því að hér á lokamínútum funda Alþingis á þessu vorþingi, að frátöldu því stefnumóti sem við eigum síðar í mánuðinum, skuli hafa tekist samkomulag af þeim toga sem fyrir liggur og sem léttir svolítið þær miklu þrengingar sem krókaveiðibátar búa við vegna þess hvernig kerfið hefur leikið þá á undanförnum árum.

Það er umhugsunarefni út af fyrir sig hversu flóknar fiskveiðistjórnarreglurnar eru orðnar og ég hygg að það þurfi þó nokkra yfirlegu fyrir venjulegt fólk að átta sig á þeim gífurlega flóknu reglum sem eiga m.a. við veiðar smábáta.

Þótt þær breytingar sem hér er verið að gera séu ekki miklar, þá eru þær til bóta og því hlýt ég að lýsa yfir eindregnum stuðningi við þær. Það er verið að bæta inn heimild til veiða einn mánuð á haustdögum fyrir þessa báta eins og fram kemur í a-lið 1. gr. frv. og það sem mestu munar kannski þegar fram í sækir er að viðmiðuninni varðandi fækkun sóknardaga er breytt frá 25% niður í 10%. Og þó að ekki bjargist margir dagar við það ef til skerðingar kemur, þá munar um þetta.

Í sambandi við stöðu smábátanna almennt vil ég segja að það er sjónarmið okkar í þingflokki óháðra og í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að gera þurfi mjög róttækar

breytingar til þess að styrkja stöðu bátaútgerðarinnar almennt og smábátaútgerðarinnar þar á meðal. Þessi útgerð hefur farið halloka í krafti þess afleita kerfis sem við búum við í stjórn fiskveiða. Það þarf að skilgreina veiðarnar alveg upp á nýtt, báta- og smábátaútgerðina, og koma í veg fyrir að framhald verði á því ryksugukerfi stórra báta sem þeir nota til þess að færa aflaheimildir til sín og útiloka þennan veiðiskap. Smábátaveiðar eru gífurlega þýðingarmiklar víða um land og þær eru vistvænar veiðar. Þær eru fjölskylduvænar veiðar og það munar um þær í sambandi við afla til landvinnslunnar. Ég lýsi ánægju minni með þetta samkomulag og við hefðum betur verið sammála á fleiri sviðum á því þingi sem er senn að ljúka.

[16:16]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar samþykktar höfðu verið breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða í janúar sl. var vitað að ekki mundi líða á löngu þar til taka þyrfti málið upp að nýju. Sá þröngi tímarammi sem sjútvn. var settur til að vinna það frv. ríkisstjórnarinnar sem átti að mæta kvótadómi Hæstaréttar og sú staða sem meiri hlutinn setti nefndina í hlaut að leiða til þess. Það var líka ljóst þá þegar að stór hópur þeirra sem breytingarnar tóku aðallega til mundi ekki geta lifað við þær, enda ekki til þess stofnað. Tilboðið var nánast um hvort menn vildu frekar láta hengja sig eða skjóta.

Það vakti athygli mína þá við umfjöllun um stöðu smábátaútgerðarinnar að forusta þeirra bað um vinnufrið fyrir sína menn og skyldi engan undra. Svo rækilega og svo oft hefur veiðikerfi þeirra verið sprengt upp og gefið upp á nýtt allt þetta kjörtímabil.

Með því frv. sem hér verður afgreitt í dag erum við ekki heldur að tryggja þann vinnufrið. Enn eru smáskammtalækningar á ferðinni. Verið er að sigla fyrir nokkrar víkur.

Þær tillögur sem hér liggja fyrir og eru nú loks til afgreiðslu í þinginu og farið hefur verið yfir eru þær sem samkomulag náðist um og meiri hlutinn á Alþingi var tilbúinn að samþykkja. Við í minni hluta nefndarinnar höfðum ýmsar aðrar hugmyndir um hvað gera bæri ef hreyft yrði við þessum málum á annað borð. Við töldum t.d. að breyta þyrfti lögum í þá veru að gætt yrði jafnræðis milli þeirra sem nú geta valið aflahámarkið og þeirra sem áður hafa átt það val, og að það bæri einnig að líta til vertíðarflotans og þeirrar fiskvinnslu sem kaupir hráefni sitt af honum.

Herra forseti. Lengra varð ekki komist. Um frekari leiðréttingar eða breytingar náðist ekki samkomulag á Alþingi. Minni hlutinn stendur hins vegar heils hugar að þeim takmörkuðu lagfæringum sem samkomulag náðist um núna og birtast í því frv. sem hér er til umræðu og afgreiðslu.

[16:19]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ásamt hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur stend að þessu frv. og styð heils hugar þær tillögur sem þar birtast. Það er rétt hjá hv. þm. sem talaði áðan að í nefndinni fór fram mikil umræða um það til hvaða aðgerða ætti að grípa á síðustu stundu. Því er ekki að neita að í þessu frv. er einum hópi lyft örlítið umfram aðra en við lögðum áherslu á það í umræðu í nefndinni að einnig yrði litið til fleiri hópa.

Í því samhengi lagði sá er hér stendur sérstaka áherslu á að reglum um Kvótaþing yrði breytt, þ.e. að við viðurkenndum þau mistök sem við gerðum fyrir ári síðan að koma Kvótaþinginu á sem hefur aðeins leitt til þess að verð á aflaheimildum hefur hækkað til mikilla muna og er þannig upp byggt að það getur ekki annað en hækkað. Það er ekki hinum dreifðu byggðum til bóta. Við lögðum því á það verulega áherslu að fá þessu breytt eða a.m.k. hnikað til. Meðal annars lögðum við fram eða tókum undir þær hugmyndir sem þegar höfðu komið fram um að heimilt yrði að útgerðarmenn og sjómenn gerðu samninga um að fá að veiða fyrir aðra ef opinber stofnun stimplaði slíka samninga og það gæti orðið til þess að treysta kvótalitlar útgerðir og útgerðir sem veiða einkanlega við ströndina. Við lögðum því á það verulega áherslu að gerð yrði bragarbót á núverandi reglum um Kvótaþing. Því miður náðist ekki samkomulag um það og meiri hlutinn vildi ekki standa að því að breyta þeim reglum sem nú gilda um þetta þing svo lengra varð ekki komist í þeim efnum.

Það voru ýmis fleiri atriði sem við nefndum, m.a. sú jafnræðisregla sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir fór yfir áðan. En það breytir ekki því að ég held að frv. sem hér liggur fyrir sé til bóta og þær reglur sem ætlunin er að lögfesta. Við stöndum því heils hugar að því en vekjum sérstaka athygli á að því miður varð ekki lengra komist í þessum efnum og því lítur frv. út eins og það gerir í þinginu í dag.

[16:22]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er niðurstaða úr löngum umleitunum innan sjútvn. til niðurstöðu um þau mál sem nefndin hefur fengist við frá því að lagasetningu lauk í janúar um málefni krókabátanna svokölluðu í kjölfar dóms Hæstaréttar í desember sl. Verkefnið eins og það lá fyrir þá var að koma ákvæðum í lög um veiðar þessara báta þess efnis að þær yrðu til frambúðar eftir stjórnkerfi sem síðan yrði ekki breytt líkt og verið hefur um veiðar aflamarksskipanna um langt árabil.

Við höfum ekki orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að ná því marki að mínu viti en ég tel að með þessu frv. sé horft til betri vegar heldur en niðurstaðan varð í janúar sl. Auk atriða sem eru bein lagfæring á lagaákvæðum frá þeim tíma eru þrjú efnisleg atriði sem ég vil gera örlitla grein fyrir.

Í fyrsta lagi það sem fram kemur í 1. gr. frv. sem varðar dagabátana, þá sem vilja enn stunda veiðar við sóknardagakerfi. Skerðing þeirra réttinda verður nú takmörkuð enn frekar en verið hefur.

Meginefnið kemur fram í 2. gr. frv. þar sem aðrir krókabátar sem vilja færast inn í hið svokallaða krókaaflamark, líkt og aflamarksskipin stunda veiðar eftir, geti með þessari gjörð flust inn í varanlegt kerfi þegar á þessu ári en þurfi ekki að bíða allt til hausts árið 2000.

Þriðja efnislega atriðið kemur fram í 4. gr. frv. og varðar skip sem án c-liðarins í þeirri grein mundu falla til hliðar við úthlutun jöfnunar samkvæmt lögunum frá í janúar. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé um réttlætis- eða sanngirnismál að ræða þar sem fjallað er um skip sem hefðu fallið utan þeirrar jöfnunar, ef ekki hefði komið til eigendaskipta, þó svo útgerðin hefði enn stundað veiðar eingöngu við eigin aflaheimildir, ekki átt nein viðskipti með aflaheimildir, hefðu landað þeim öllum sjálf en aðeins skipin hefðu verið endurnýjuð.

Um mál þetta í heild verð ég að segja að ég er enn þeirrar skoðunar að við löggjöf af þessu tagi sem takmarkar atvinnufrelsi manna, hvort sem þeir starfa einir sér eða í félögum, þá er okkur nauðsyn að ákvæðin verði almenn og eigi jafnt

við um alla. Ég tel að við eigum enn nokkuð í land til að ná því marki. Ég vænti þess að við náum því þótt síðar verði.

Að þessu sinni tel ég að allir nefndarmenn hafi lagt nokkuð til af sjónarmiðum sínum því að við vorum alls ekki sammála en náðum þó málamiðlun. Fyrir það vil ég þakka hverjum sem lagði sitt til. Auk þess vil ég nota tækifærið til að þakka hv. þm. og þeim sem stjórnað hafa starfi okkar, störfin á þessu þingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HG, ÍGP, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, EL, GÁ, GMS, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, MagnM, MF, ÓE, SP, StG, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:25]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Kröfur um að eitthvað verði gert fyrir strandveiðiflotann hafa loksins borið árangur. Það er hins vegar grátlegt hversu skammt meiri hlutinn vildi ganga. Ekki vildi hann snerta við Kvótaþingi, ekki gæta jafnræðis gagnvart smábátum á aflamarki og ekkert vildi hann gera fyrir hinn hefðbundna vertíðarflota. Þetta er því mjög takmörkuð björgun sem hér á sér stað, aðallega leiðréttingar og lagfæringar á lögum um veiði smábáta sem gerðar voru í janúar sl. gegn vilja okkar stjórnarandstæðinga. Þeir sem með þeirri lagasetningu pissuðu í skóna sína eru núna tveimur mánuðum síðar að reyna að vinda eitthvað úr sokkunum.

Fundi slitið kl. 16:27.

88. FUNDUR

fimmtudaginn 11. mars,
að loknum 87. fundi.

Dagskrá:

1. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 607. mál, þskj. 1133. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Stjórn fiskveiða, frv., 612. mál, þskj. 1195. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:27]
Of skammt var liðið frá síðustu umræðu beggja dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Lánasjóður landbúnaðarins, 3. umr.

Frv. landbn., 607. mál (aðsetur). — Þskj. 1133.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:28]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvÁ, TIO, VS, VE, ÖJ.
17 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, EL, GMS, JónK, LMR, MagnM, MF, ÓE, SP, StG, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1207).

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Frv. sjútvn., 612. mál. — Þskj. 1195.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:29]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 16:30.

89. FUNDUR

fimmtudaginn 11. mars,
að loknum 88. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning þriggja manna í orkuráð samkv. 3. gr. nýsamþykktra laga um Orkusjóð, sbr. ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum.
2. Stjórn fiskveiða, frv., 612. mál, þskj. 1195. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Kosning þriggja manna í orkuráð samkv. 3. gr. nýsamþykktra laga um Orkusjóð, sbr. ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Guðjón Guðmundsson alþingismaður,
Sverrir Sveinsson rafveitustjóri,
Sveinn Elinbergsson aðstoðarskólastjóri.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Frv. sjútvn., 612. mál. — Þskj. 1195.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:32]
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:32]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JHall, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvÁ, TIO, VE, ÖJ.
1 þm. (VS*) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, EgJ, EL, GMS, JónK, MagnM, MF, ÓE, SP, StG, SJS, StB, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1208).

Þingfrestun.

[16:33]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Fundum Alþingis verður senn frestað til 25. mars. Þá rennur upp skilnaðarstund og þá lýkur þingstörfum með atkvæðagreiðslu um stjórnarskipunarlög.

Forseti vill þakka hv. þingmönnum fyrir ágæta samvinnu um þingstörfin á þessum annasama degi.

[16:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt: Að vér, að tilskildu samþykki Alþingis, veitum forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 10. mars 1999 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 25. mars 1999.

Gjört í Reykjavík, 10. mars 1999.
Davíð Oddsson. Ólafur G. Einarsson.
Pétur Kr. Hafstein.

Davíð Oddsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum, starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 16:35.

90. FUNDUR

fimmtudaginn 25. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Páll Pétursson félmrh.

Fjarvistarleyfi:
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá VSÓ Ráðgjöf efh.

Framhaldsfundir Alþingis.

[10:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt.

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda, fimmtudaginn 25. mars 1999 kl. 10.30.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.“

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Ég býð hæstv. forseta, hv. alþingismenn, svo og starfsmenn Alþingis velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég þakka hæstv. forsrh. árnaðaróskir hans og óska honum allra heilla.

Minning Óskars E. Levys.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Nú verður minnst látins fyrrverandi alþingismanns:

Óskar E. Levy, bóndi og fyrrverandi alþingismaður, andaðist mánudaginn 15. mars, 86 ára að aldri.

Óskar E. Levy var fæddur á Ósum á Vatnsnesi í Vestur-Húnavatnssýslu 23. febrúar 1913. Foreldrar hans voru hjónin Eggert Levy bóndi þar og Ögn Guðmannsdóttir Levy húsmóðir. Hann starfaði á búi foreldra sinna á óðalsjörðinni Ósum fram eftir aldri, en tók við jörð og búi árið 1948 og bjó þar síðan til æviloka.

Óskar E. Levy var hreppstjóri Þverárhrepps 1950–1983, tók við því starfi af föður sínum, og sýslunefndarmaður var hann mörg ár frá 1947. Í sauðfjársjúkdómanefnd var hann 1960–1983, formaður nefndarinnar eitt kjörtímabil. Hann varð alþingismaður Sjálfstæðisflokksins í Norðurlandskjördæmi vestra við þingmennskuafsal aðalmanns frá 1. febrúar 1966 fram að alþingiskosningum í júní 1967. Auk þess tók hann sæti varamanns á Alþingi á árunum 1965 og 1968–1970, sat á sex þingum alls.

Óskar E. Levy var ævilangt til heimilis á Ósum. Hann og faðir hans stóðu þar fyrir búi nærfellt alla þá öld sem nú er senn á enda. Hann bjó vel að jörð sinni með ræktun og öðrum umbótum. Hann tók við fleiri trúnaðarstörfum af föður sínum en fyrr voru talin, var meðal annars endurskoðandi reikninga hreppsfélaga, sjúkrahúss og sparisjóðs. Hann átti ekki langa setu á Alþingi. Byggðamál voru honum hugstæð og hér vann hann vel að þeim, þar á meðal skólamálum heimasveitar sinnar. Hann vildi veg landsbyggðarinnar sem mestan.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Óskars E. Levys með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[10:35]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir stjórnvalda í fíkniefna, - áfengis - og tóbaksvörnum 1998, 617. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1227.

Aðild að alþjóðastofnunum og alþjóðasamningum, 567. mál, svar utanrrh., þskj. 1231.

Afföll húsbréfalána, 578. mál, svar félmrh., þskj. 1216.

Breyting ríkisfyrirtækja í hlutafélög, 215. mál, svar fjmrh., þskj. 1219.

Breytingar á vélarstærð skipa, 609. mál, svar samgrh., þskj. 1229.

Brunamálaskólinn, 604. mál, svar umhvrh., þskj. 1223.

Framkvæmd laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, 499. mál, svar heilbrrh., þskj. 1062.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 442. mál, svar heilbrrh., þskj. 1142.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 445. mál, svar menntmrh., þskj. 1217.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, 446. mál, svar samgrh., þskj. 1114.

Frestun á fundum Alþingis, 615. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1215.

Heilbrigðisþjónusta, 532. mál, svar heilbrrh., þskj. 1070.

Heilbrigðisþjónusta í dreifbýli, 533. mál, svar heilbrrh., þskj. 1071.

Húshitunarkostnaður, 587. mál, svar iðnrh., þskj. 1166.

Jöfnun námskostnaðar, 608. mál, svar menntmrh., þskj. 1226.

Löggæsla í Grindavík, 600. mál, svar dómsmrh., þskj. 1213.

Meðferð upplýsinga úr sjúkraskrám og gagnagrunn á heilbrigðissviði, 502. mál, svar heilbrrh., þskj. 1065.

Menntun þeirra sem hafa leyfi til fornleifarannsókna, 463. mál, svar menntmrh., þskj. 982.

Rannsóknir sjóslysa, 618. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1230.

Rekstrarleyfi gagnagrunns á heilbrigðissviði, 503. mál, svar heilbrrh., þskj. 1064.

Rekstraröryggi gagnagrunns á heilbrigðissviði, 501. mál, svar heilbrrh., þskj. 1066.

Sala Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi, 613. mál, fsp. SJóh, þskj. 1209; svar landbrh., þskj. 1210.

Sjávarútvegur Íslendinga -- þróun, staða og horfur, 616. mál, skýrsla sjútvrh., þskj. 1225.

Staða sjávarútvegsbyggða og kvótalítilla útgerða, 566. mál, svar sjútvrh., þskj. 1214.

Starfssamningar lækna við Íslenska erfðagreiningu, 249. mál, svar heilbrrh., þskj. 1067.

Stuðningur við handverksfólk í dreifbýli, 580. mál, svar félmrh., þskj. 1218.

Tóbaksvarnir á vinnustöðum, 493. mál, svar heilbrrh., þskj. 1069.

Umönnunargreiðslur, 153. mál, svar heilbrrh., þskj. 1113.

Undirritun Kyoto-bókunarinnar, 41. mál, nál. 2. minni hluta umhvn., þskj. 1177.

Útgjöld vegna laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 614. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1212.

Útlán Byggingarsjóðs verkamanna, 455. mál, svar félmrh., þskj. 1224.

Vaxtabætur af húsnæðisláni, 339. mál, svar fjmrh., þskj. 1211.

Verðlagning sauðfjárafurða og kjör sauðfjárbænda, 579. mál, svar landbrh., þskj. 1228.

Verkaskipting og grunnþjónusta í heilsugæslunni, 531. mál, svar heilbrrh., þskj. 1063.

Verkefni verkfræðistofa, 319. mál, svar fjmrh., þskj. 1221.

Verkefni VSO-verkfræðistofu, 274. mál, svar fjmrh., þskj. 1220.

Öryggis- og brunamál, 605. mál, svar umhvrh., þskj. 1222.

Athugasemdir um störf þingsins.

Yfirlýsing frá Samfylkingunni.

[10:40]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Fyrir hönd Samfylkingarinnar flyt ég yfirlýsingu vegna þess að frá því að við hittumst hér síðast hefur ríkisstjórnin ítrekað kynnt opinberlega ýmsar fyrirætlanir á sviði skólamála, samgangna og í tengslum við aldraða sem hafa áhrif á fjárreiður ríkisins á þessu og næstu árum.

Alþingi fer með fjárveitingavaldið en ekki ríkisstjórnin. Fjárlög fyrir yfirstandandi ár hafa verið afgreidd. Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins geta ófyrirséð atvik komið upp á og inna þarf greiðslur af hendi eða afla heimilda fyrir sérstakar fjárráðstafanir sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum. Í 33., 43. og 44. gr. fjárreiðulaga eru skýr ákvæði um slíka málsmeðferð.

Ýmsar af þeim fyrirætlunum sem ríkisstjórnin hefur kynnt undanfarið rúmast ekki innan núgildandi fjárlaga og falla ekki undir ófyrirséð atvik auk þess sem þau ná yfir mörg ár. Hér er því á ferðinni, herra forseti, ekkert annað en kosningaáróður ríkisstjórnarinnar.

Nýtt þing verður kosið í vor og núverandi ríkisstjórn getur ekki bundið hendur þess né næstu ríkisstjórna. Það er ekki hægt að framfylgja slíkum fyrirætlunum samkvæmt gildandi lögum. Samfylkingin mótmælir þessum vinnubrögðum. Mörg þessara mála eru eðlileg og byggð á tillögum Samfylkingarinnar og studd af henni. Samfylkingin er reiðubúin að taka til umræðu núna og á næstu dögum hugmyndir sem bæta stöðu ýmissa í samfélaginu og afgreiða nauðsynlegar fjárheimildir eða gera breytingar á lögum. Samfylkingin styður eindregið aðgerðir til að bæta stöðu aldraðra, en bendir á að ríkisstjórnarflokkarnir hafa margoft fellt tillögur okkar um úrbætur í þeim efnum. (Forseti hringir.) Framkvæmdir í samgöngumálum sem nú eru lagðar til af byggðanefnd eru vitaskuld studdar af Samfylkingunni og Samfylkingin er reiðubúin til að afgreiða heimildir vegna þess. (Forseti hringir.)

Ég óska að hæstv. forseta sé ljóst að Samfylkingin er reiðubúin, herra, forseti, — ég er að ljúka máli mínu — að taka þann tíma sem þarf til að afgreiða þau mál sem fyrir þinginu liggja (Forseti hringir.) og þau önnur sem kynnt hafa verið í fjölmiðlum. Samfylkingin styður ýmis (Forseti hringir.) þeirra en átelur ríkisstjórnina harðlega fyrir að sýna Alþingi og þjóðinni óvirðingu (Forseti hringir.) og beita óvönduðum vinnubrögðum í upphafi kosningabaráttunnar.

(**Forseti** (ÓE): Svona yfirlýsing hlýtur náttúrlega að kalla á umræður.)

[10:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm., sem orðinn er talsmaður Samfylkingarinnar, nefndi hér síðast að menn væru að sýna þinginu óvirðingu. Það var nákvæmlega það sem hv. þm. gerði áðan. Það kom fram frá hæstv. forseta að þingmaðurinn fengi að lesa yfirlýsingu í skjóli þess að hún kallaði ekki á umræður. Síðan hefur þingmaðurinn hér eldhúsdagsumræður í skjóli þess að yfirlýsingin kalli ekki á umræður.

Ég ætla ekki að vanvirða þingið með sama hætti og hinn nýkjörni talsmaður Samfylkingarinnar gerði.

[10:44]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil minna hæstv. forseta Alþingis á að fyrir hönd þingflokks óháðra gekk ég eftir því við hæstv. forseta að fá upplýsingar um hvort samkomulag ríkti um það að ljúka þinghaldinu án pólitískra yfirlýsinga og pólitískra umræðna. Tilefni til slíkra umræðna er ærið en ég og þingflokkur óháðra gekk út frá því að um þetta ríkti samkomulag. Þessari spurningu leyfi ég mér að beina til hæstv. forseta Alþingis.

[10:45]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti kannast við þau orð sem hv. þm. nefndi og vissi ekki til að umræða yrði hafin um nokkurt mál annað en það sem á dagskrá væri. Óskað var eftir því rétt áður en fundur hófst að hv. þm. fengi að gefa yfirlýsingu og fylgdi með að hún mundi ekki kalla á umræður. Þess vegna leyfði forseti hv. þm. að taka til máls.

[10:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er skrýtin fylking, þessi Samfylking. Ég vil láta það koma fram vegna þess áburðar sem kom fram í máli hv. 11. þm. Reykn. að ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu ekki brotið lög um fjárreiður ríkisins í því sem gert hefur verið að undanförnu og stendur ekki til. Hafi þingmaðurinn ekki áttað sig á því, þá eru allir þeir samningar sem hann gerði að umtalsefni að sjálfsögðu og eðli máls samkvæmt með fyrirvara um fjárveitingar af hálfu Alþingis.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram, herra forseti. Að öðru leyti eyði ég ekki orðum á slíkan málflutning.

[10:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég mun standa við það að þingflokkur Samfylkingarinnar var ekki að opna umræðu heldur biðja um yfirlýsingu vegna þeirra atburða sem orðið hafa.

Herra forseti. Ég kem hér vegna þeirra orða að gert hafi verið samkomulag um dagskrána í dag og um annað yrði ekki rætt. Það hefur ekki verið haldinn neinn fundur eða samkomulag gert við þingflokksformenn um það hvernig þingi yrði lokið. Hins vegar mun ég standa nákvæmlega að þessari dagskrá en kom hér upp og óskaði eftir því að fulltrúi okkar fengi að koma með yfirlýsingu.

Það hefur verið staðið við allt sem ákvarðað hefur verið á fundum okkar þingflokksformanna með forseta Alþingis.

Fundi slitið kl. 10:47.

---

91. FUNDUR

fimmtudaginn 25. mars,
að loknum 90. fundi.

Dagskrá:

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 615. mál, þskj. 1215. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

2. Stjórnarskipunarlög, frv., 254. mál, þskj. 845. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]

Of skammt var liðið frá útbýtingu — Afbrigði samþ. með 55 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 615. mál. — Þskj. 1215.

[10:48]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 25. mars 1999."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:48]

Till. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EL, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, LB, MagnM, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, HÁs, KPál, LMR, SighB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 0).

Stjórnarskipunarlög, frh. 3. umr.

Frv. DO o.fl., 254. mál (kjördæmaskipan). — Þskj. 845.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:56]

Frv. samþ. með 42:7 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EL, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KÁ, KH, LB, MagnM, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: EgJ, EKG, GuðjG, HG, KHG, RA, ÖJ.

8 þm. (ÁRJ, GHelg, HjálmJ, JóhS, MS, StG, SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ArnbS, EOK, GÁ, KPál, LMR, SighB) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:49]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Með þeirri stjórnarskrárbreytingu sem hér er verið að lögleiða og breyttri kjördæmaskipan í kjölfarið er verið að stíga afleitt og afdrifaríkt skref. Búin verða til þrjú risastór landsbyggðarkjördæmi þvert á hefðbundin samvinnuform fólks og byggðarlaga. Norðurland verður skorið í tvennt, Austurland svipt stöðu sem það hefur haft frá þjóðveldisöld og höfuðborgin bútuð sundur í tvö kjördæmi.

Þessi breyting verður til að sundra en ekki sameina og mun veikja félagslega stöðu landsbyggðarinnar. Nær hefði verið að koma á fjórðungaskipan með lýðræðislegu valdi, heimavaldi, og gera síðan landið að einu kjördæmi til Alþingis.

Ég harma þá niðurstöðu sem misvitur meiri hluti ætlar að innsigla. Ég segi nei, herra forseti.

[10:50]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tel að þar sem ákveðið hefur verið að ráðast í breytingar á kosningafyrirkomulaginu, fyrirkomulagi sem hefur ýmsa ótvíræða kosti, hefði þurft að gera miklu róttækari breytingar en hér er verið að leggja til. Landið ætti að gera að einu kjördæmi samhliða því að pólitískt og efnahagslegt vald yrði fært til einstakra landshluta með fylkjafyrirkomulagi.

Hér er hins vegar að fæðast óskapnaður sem ég mótmæli með því að greiða atkvæði gegn stjórnarskrárbreytingunni.

[10:51]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að ljúka lagasetningu sem ég óttast að leiði ekki til velfarnaðar. Við tvær umræður á Alþing hef ég gagnrýnt þessi áform ítarlega og efnislega og þarf ekki að endurtaka það hér og nú. Það hefði að mínu mati verið unnt að standa á annan veg að þessu máli sem hefði þar með getað leitt til meiri sátta. Svo er ekki. Því segi ég nei.

[10:52]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Um leið og ég greiði þessu frv. atkvæði mitt vil ég taka fram að það er að mínu mati forsenda fyrir að sameina Suðurnes og Suðurlandskjördæmi að Suðurstrandarvegur verði lagður áður en kjördæmabreytingin á sér stað.

[10:53]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég minni á afstöðu mína eins og hún liggur fyrir og ég hef skýrt hana fyrr við umræðu í þinginu. Þessi afgreiðsla er fráleit og getur tæpast staðið lengi sem slík. Hún hlýtur að leiða það af sér að allt landið verði gert að einu kjördæmi, þetta er aðeins áfangi í þá átt og það er vissulega gjörningur sem mér hugnast ekki. Þess vegna greiði ég atkvæði á móti þessu frv. eins og það liggur fyrir.

[10:53]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þetta frv. hefur ákaflega skýran tilgang, að fækka þingsætum um þriðjung í þremur fámennustu kjördæmum landsins, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, og fjölga þingsætum að sama skapi á höfuðborgarsvæðinu. Áhrif íbúa þessara kjördæma munu minnka að sama skapi og þess mun sjá stað í fjárveitingum og lagasetningu á komandi árum sérstaklega þar sem vaxandi tilhneigingar gætir hjá þingmönnum á höfuðborgarsvæðinu að líta á sig sem fulltrúa staðbundinna sérhagsmunahópa.

Samhliða breytingum á þingsætaskipan í samræmi við íbúaþróun á að draga úr miðstýringunni í stjórnskipaninni, auka völd og áhrif manna heima í héraði og treysta þeim í auknum mæli fyrir eigin velferð. Þetta er sú leið sem víða erlendis hefur verið farin með góðum árangri en hér ganga menn úrelta götu til meiri miðstýringar.

Herra forseti. Mál þetta er á villigötum og er algerlega óásættanlegt og ég segi því þvert nei.

[10:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get ekki stutt þetta mál eins og það ber að. Í fyrsta lagi er ég ósáttur við útfærslu kjördæmamarka eins og sá rammi er lagður í frv. Ég er afar ósáttur við að ekki skuli vera gert ráð fyrir að Norðurlandsfjórðungur fái að halda saman sem eitt kjördæmi og mér kemur skipting eins sveitarfélags, þ.e. Reykjavíkur, í tvö kjördæmi spánskt fyrir sjónir.

Ég er í öðru lagi mjög ósáttur við þann þröskuld sem settur er í frv. hvað varðar úthlutun jöfnunarsæta og ég tel hann ólýðræðislegan.

Í þriðja lagi harma ég, herra forseti, að í tengslum við þessar breytingar á kosningalögum og stjórnarskrá skuli ekki reynt að taka skref í átt til aukins persónukjörs. Ég greiði því ekki atkvæði.

[10:56]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Við erum ekki á úreltri villigötu. Við erum á réttri leið. Hér er um nýja kjördæmaskipan að ræða og meiri jöfnun á atkvæðisrétti. Ungt fólk hefur talað fyrir þessu máli í langan tíma og ég vil sérstaklega draga fram þátt ungliðahreyfinga stjórnmálaflokkanna í þessu máli. Þetta er rétt skref sem við erum að taka og því segi ég já.

[10:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Þegar Alþingi, 123. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum, ber samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa þing og stofna til almennra kosninga að nýju, og samkvæmt 122. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, að ákveða kjördag.

Samkvæmt þessu veiti ég forsætisráðherra hér með umboð til þess í mínu nafni að rjúfa Alþingi þegar framangreint stjórnarskipunarlagafrumvarp hefur verið samþykkt og boða til nýrra kosninga, sem ákveðst að fram skuli fara laugardaginn 8. maí 1999.

Gjört á Bessastöðum, 23. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis."

Þar eð Alþingi hefur samþykkt nefnt stjórnarskipunarlagafrumvarp er Alþingi samkvæmt þessu umboði hér með rofið og ákveðið að almennar kosningar til Alþingis fari fram laugardaginn 8. maí nk.

Frv. til stjórnarskipunarlaga samþ. frá Alþingi (þskj. 1233).

Þingfrestun.

[10:59]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Háttvirtir alþingismenn. Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf 123. löggjafarþings.

Þingið stóð yfir frá 1. okt. til 20. des. 1998, frá 6.–13. jan., 2. febr. til 11. mars og 25. mars 1999. Á þingtímanum urðu þingfundardagar alls 69. Þingfundir hafa verið 91 og stóðu þeir samtals í 386 klukkustundir.

Mun ég nú fyrst gera grein fyrir þingmálum og úrslitum þeirra:

Lagafrumvörp voru samtals 200. Stjórnarfrumvörp voru 114 og þingmannafrumvörp voru 86.

82 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög, óútrædd stjórnarfrumvörp eru 31 og einu stjórnarfrumvarpi var vísað til ríkisstjórnarinnar.

13 þingmannafrumvörp urðu að lögum, tveimur var vísað til ríkisstjórnarinnar, en 70 þingmannafrumvörp eru óútrædd. Eitt frumvarp til stjórnarskipunarlaga var samþykkt.

Af 200 frumvörpum urðu alls 95 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 105. Stjórnartillögur voru 11 og þingmannatillögur voru 94.

28 tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis. Ein var felld, sex var vísað til ríkisstjórnarinnar og 70 óútræddar.

Skýrslur voru samtals 27. Beiðnir um skýrslur ráðherra voru þrjár, og bárust tvær skriflegar skýrslur. Aðrar skýrslur lagðar fram voru 25.

Fyrirspurnir. Bornar voru fram 285 fyrirspurnir. Allar voru þessar fyrirspurnir afgreiddar nema 16. Munnlegar fyrirspurnir voru 128 og af þeim var svarað 113 og 3 voru kallaðar aftur. Beðið var um skrifleg svör við 157 fyrirspurnum og bárust 153 svör.

Alls voru til meðferðar í þinginu 618 mál. Þar af voru 405 afgreidd og tala prentaðra þingskjala var 1233.

Þá vil ég gefa yfirlit um nefndastarfið. Á þessu þingi voru 14 dagar eingöngu helgaðir nefndastarfi, fyrir utan reglubundna nefndafundi yfir þingtímann. Á yfirstandandi þingi hafa verið haldnir alls 274 nefndafundir en það þýðir að hver af 12 fastanefndum þingsins hélt að meðaltali 23 fundi. Alls fóru 526 klukkustundir í nefndafundi. Lengsti nefndafundur vetrarins var ríflega 12 klukkustunda langur.

Fastanefndir þingsins afgreiddu frá sér 122 mál. Samtals voru 155 þingmál send til umsagnar utan þings. Bárust nefndum þingsins um 1.700 erindi um þingmál. Auk þessa hafa nefndir fjallað um mál að eigin frumkvæði og nokkrar nefndir hafa farið í vettvangsferðir á þessu þingi.

Eins og jafnan á kosningaári hafa þingstörf staðið skemur en hin fyrri ár á kjörtímabilinu. Þó hafa verið afgreidd fjölmörg mál og í reynd ekki miklu færri en á öðrum reglulegum þingum. Mörg þessara mála hafa verið veigamikil og þeirra á meðal nokkur sem valdið hafa miklum deilum innan og utan þings, ekki síst frumvörpin um gagnagrunn á heilbrigðissviði, um stjórn fiskveiða og um breytingar á kjördæmaskipuninni. Þrátt fyrir ágreiningsmál sem þessi hefur tekist að ljúka störfum Alþingis samkvæmt starfsáætlun þingsins og vil ég þakka alþingismönnum öllum fyrir samstarfsvilja þeirra í því efni.

Þegar ég tók við starfi forseta Alþingis í upphafi þessa kjörtímabils lét ég þess getið að mér væri umhugað að styrkja stöðu Alþingis í stjórnkerfinu. Í því sambandi hafa einkum

fimm þættir verið mér ofarlega í huga: að endurskoða þingsköpin, að vinna að umbótum í húsnæðismálum þingsins, bæta starfskjör þingmanna, styrkja skrifstofu þingsins og styrkja enn frekar stofnanir Alþingis.

Á þessu kjörtímabili var veruleg vinna lögð í endurskoðun þingskapa og hafði forsætisnefnd um það mál samvinnu við formenn þingflokka. Niðurstaða þeirrar vinnu var frumvarp til breytinga á lögum um þingsköp sem forsætisnefnd lagði fyrir Alþingi síðla á þessu þingi. Ekki tókst að afgreiða það mál fyrir þinglok þótt ætla megi að frumvarpið hafi haft mikinn stuðning. Að mínu mati hefði samþykkt frumvarpsins orðið til að styrkja mjög stöðu þingsins. Eftirlitshlutverk Alþingis hefði styrkst svo og forusta þess og nefndakerfið. Mér er engin launung á að það urðu mér vonbrigði að ekki tókst að afgreiða þingskapafrumvarpið á þessu þingi. Ég geri mér grein fyrir að þar á forusta þingsins nokkra sök sjálf því að ekki tókst að leggja frumvarpið fram nægilega snemma á þessu þingi. En vitaskuld var einnig pólitískur ágreiningur um sum ákvæði frumvarpsins og nefni ég þar einkum tillögur um takmörkun ræðutíma. Það er von mín að þeim sem taka sæti á Alþingi eftir næstu kosningar auðnist að afgreiða málið í þeim anda sem frumvarpið er nú. Best færi á því að slíkar breytingar yrðu til lykta leiddar þegar á vorþinginu sem kemur saman að loknum kosningum.

Það þarf ekki að hafa um það mörg orð að löggjafarþing sem tryggir ekki þingmönnum og starfsfólki viðunandi aðstöðu getur ekki rækt hlutverk sitt og staða þess verður óhjákvæmilega veikari fyrir bragðið. Það hefur því verið eitt af höfuðviðfangsefnum forustu þingsins þetta kjörtímabil að bæta starfsaðstöðu þingmanna og starfsmanna Alþingis. Ég tel að mikið hafi áunnist í þessum efnum og vísa þá einkum til endurbyggingar húsa þingsins við Kirkjustræti og fyrirhugaðs þjónustuskála vestan við Alþingishúsið. Ég vænti þess að framkvæmdir við skálann geti hafist í maí- eða júnímánuði og að lokið verði við að steypa upp bygginguna um áramót þannig að fyrir haustið árið 2000 verði hægt að taka skálann í notkun. Þjónustuskálinn mun bæta mjög aðstöðu þingsins og ekki síst létta á þeirri ánauð sem nú er á Alþingishúsinu. En skálinn er aðeins einn áfangi af mörgum í húsnæðismálum þingsins.

Það er stefna forsætisnefndar að í framhaldi af skálabyggingunni verði reist hús vestan hans er leysi af hólmi það húsnæði sem þingið ýmist á eða leigir nú á víð og dreif um Kvosina. Því er hins vegar ekki að leyna að slíkar byggingarframkvæmdir geta verið erfitt verk, m.a. vegna þess að nauðsynlegt verður að ráðast í umfangsmiklar og tímafrekar fornleifarannsóknir á Alþingisreitnum áður en framkvæmdir geta hafist. Til að bregðast við þessu er í 7. gr. fjárlaga heimild til handa ríkissjóði til að kaupa eða leigja húsnæði í nágrenni Alþingishússins fyrir starfsaðstöðu Alþingis og taka til þess nauðsynleg lán.

Ég hef litið svo á að það væri verkefni okkar sem erum í forustu þingsins að undirbúa framkvæmdir við skálann en það kæmi svo í hlut nýrrar forsætisnefndar að ganga til þeirra verka að finna sem fyrst að loknum kosningum hentugt húsnæði í Kvosinni þannig að segja megi upp leiguhúsnæði og selja annað húsnæði sem ekki er eins hagkvæmt fyrir starfsemi þingsins.

Þá vil ég víkja að starfskjörum þingmanna. Ég hef ekki hikað við að halda fram þeirri skoðun að bæta þurfi starfskjör þingmanna og að það sé nauðsynleg forsenda þess að styrkja sjálfstæði þingmanna og gera þinginu betur kleift að rækja hlutverk sitt. Um það get ég eitt sagt að ég hefði viljað sjá meiri árangur á þessu sviði í forsetatíð minni en í þessum efnum ræður forseti ekki einn för. Ný lög um þingfararkaup og þingfararkostnað, sem samþykkt voru á Alþingi á árinu 1995, voru spor í rétta átt.

Á árinu 1997 var sett ný löggjöf bæði um Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis. Þau lög munu til lengri tíma litið efla og styrkja stöðu þessara stofnana þingsins verulega. Það er einnig mikilvægt að samskipti Alþingis og stofnana þess séu sem greiðust. Stofnun sérstakrar stjórnlaganefndar, sem kveðið er á um í þingskapafrumvarpinu, mundi verða til mikilla hagsbóta bæði fyrir Alþingi og stofnanir þess. Slík nefnd mundi fjalla almennt um málefni þessara stofnana sem og um skýrslur þeirra. Það væri ekki aðeins gagnlegt fyrir þessar stofnanir að hafa vettvang sem fjallar um málefni þeirra og sem þær geta sótt stuðning til heldur er um leið tryggt ákveðið þinglegt eftirlit með störfum þeirra.

Seinasta atriðið sem ég vil nefna um stöðu Alþingis lýtur að skrifstofu þess. Það skiptir miklu að þingið hafi yfir að ráða hæfu starfsliði. Á undanförnum árum hefur skrifstofa þingsins verið efld verulega og þjónusta við þingmenn og þingnefndir tekið stakkaskiptum. Þessu starfi hefur verið haldið áfram á þessu kjörtímabili og var skipulag skrifstofunnar tekið til endurskoðunar í því skyni að gera störf hennar skilvirkari. Jafnframt hefur ýmis þjónusta skrifstofunnar verið stórlega bætt og nefni ég í því sambandi nýstofnaða upplýsingaþjónustu þingsins.

Þegar ég lít yfir þetta kjörtímabil er ég í heild nokkuð sáttur við þann árangur sem náðst hefur og lýtur að störfum Alþingis. Þó að vissulega megi enn bæta starfshætti þingsins tel ég að menn séu almennt sammála um að miklar og góðar breytingar hafi orðið á störfum Alþingis á seinustu tveimur áratugum. Á þessum tíma hefur eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu eflst. Hert hefur verið á eftirlitsákvæðum í stjórnarskrá og þingsköpum og þingið hefur fleiri tæki en áður til að sinna þessu hlutverki sínu og eins er þessum tækjum beitt meira en áður. Stjórnvöld fá því meira aðhald og finna meira fyrir návist þingsins. Það er af hinu góða.

En Alþingi hefur ekki aðeins styrkst að þessu leyti heldur hefur löggjafarstarf þess batnað og ég fullyrði að meðferð mála sé nú vandaðri en áður. Mér þykir því slæmt þegar menn falla stundum í þá gryfju að lýsa Alþingi sem afgreiðslustofun. Það er rangt og þeir sem svo tala gera ekki annað en að skaða ímynd Alþingis.

Nú styttist í að landsmenn fagni 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi. Gert er ráð fyrir hátíðarsamkomu á Þingvöllum 1. og 2. júlí að ári og er fyrirhugað að halda þingfund á síðari degi hátíðarhaldanna.

Ég vil af þessu tilefni rifja upp þá hugmynd sem ég setti fram fyrir nokkrum árum um að rétt væri að setning Alþingis fari fram á Þingvöllum og vel færi á því að svo yrði í fyrsta sinn árið 2000, eftir 200 ára hlé.

Í ræðu minni um þetta efni við setningu Alþingis 2. okt. árið 1995 nefndi ég mikilvægi þess að hlúa að þeirri arfleifð er tengir okkur við hið forna Alþingi á Þingvöllum og þar með sögu okkar sem þjóðar enda eru Alþingi og Þingvellir tengd órofa böndum. Til þess að glæða lífi þau tengsl sem eru milli Alþingis og Þingvalla og til að gefa almenningi færi á þátttöku í þessari athöfn þætti mér fara vel á því að Alþingi yrði sett ár hvert á Þingvöllum.

Ég vil skýra frá því að í byrjun næsta árs kemur út viðamikið rit um sögu kristni á Íslandi í 1000 ár. Verk þetta er

framlag Alþingis til minningarhátíðar um kristnitökuna og er það unnið í samræmi við samþykkt Alþingis frá 26. mars 1990. Kristnisagan mun verða eitt umfangmesta ritverk sem gefið hefur verið út hér á landi í einu lagi. Það verður í fjórum bindum og hvert bindi verður nærri 500 blaðsíður að lengd. Alls hafa 15 fræðimenn unnið að ritun þess. Ég tel að Alþingi sé mikill sómi af útgáfu þessa ritverks.

Við lok þessa kjörtímabils munu margir alþingismenn hverfa af þingi. Sumir hafa ákveðið að bjóða sig ekki fram við kosningarnar og aðrir eiga ekki afturkvæmt hingað í þennan sal eins og gerist og gengur. Í þeim hópi alþingismanna, sem ákveðið hefur að sækjast ekki eftir endurkjöri, er sá þingmaður sem á sér nú lengstan feril á Alþingi, háttvirtur 4. þingmaður Norðurlands vestra, Ragnar Arnalds. Ég vil þakka honum fyrir störf hans á Alþingi þau 32 ár sem hann hefur átt hér sæti. Á því kjörtímabili sem nú er að ljúka hefur Ragnar Arnalds gegnt embætti 1. varaforseta Alþingis. Samstarf okkar Ragnars hefur verið sérstaklega gott og vil ég þakka honum fyrir það.

Þá hverfur nú af þingi háttvirtur 1. þingmaður Sunnlendinga, Þorsteinn Pálsson ráðherra, fyrrv. forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins. Fyrir hönd Alþingis þakka ég honum fyrir störf hans í þinginu þau 16 ár sem hann hefur setið á Alþingi. Við Þorsteinn höfum verið samherjar í stjórnmálum um langt skeið og vil ég þakka honum persónulega fyrir náið og gott samstarf á liðnum árum og óska honum velfarnaðar í nýju starfi á erlendri grund.

Ég vil einnig þakka öðrum samþingsmönnum sem ekki verða í framboði eða eru ekki í efstu sætum framboðslista fyrir þeirra störf hér á Alþingi, þeim Agli Jónssyni, Guðmundi Bjarnasyni ráðherra, Stefáni Guðmundssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur, Gunnlaugi Sigmundssyni, Magnúsi Árna Magnússyni og Guðrúnu Helgadóttur fyrrv. forseta sameinaðs Alþingis. Þeir Egill, Stefán og Guðmundur hafa setið á Alþingi í 20 ár, komu fyrst til þings haustið 1979, Kristín hefur setið hér í átta ár, Gunnlaugur í fjögur ár, Magnús Árni síðari hluta þessa þings og Guðrún kom aftur til þings fyrir skömmu. Fyrr á þessu þingi kveddum við þrjá þingmenn, Friðrik Sophusson og Svavar Gestsson, sem hafa haldið til annarra starfa, og Ástu B. Þorsteinsdóttur sem lést sl. haust.

Ég ítreka þakkir mínar til allra þeirra sem nú hverfa af þingi fyrir störf þeirra í þágu lands og þjóðar og óska þeim alls hins besta í framtíðinni.

Þá vil ég færa fréttamönnum þakkir fyrir samstarfið. Þeirra starf er afar þýðingarmikið og vandasamt. Það er mikilvægt fyrir Alþingi að almenningur í landinu eigi kost á því að fylgjast sem best með því sem hér er að gerast hverju sinni.

Jafnframt þakka ég hæstv. ríkisstjórn fyrir samstarfið og forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð og fyrir mikið og gott starf og ágæta samvinnu í hvívetna á þessu þingi og á undanförnum árum.

Þar sem ég er einn af þeim sem láta nú af þingmennsku vil ég þakka samþingsmönnum mínum fyrir góða viðkynningu og samstarf á umliðnum árum, samstarf sem hefur verið ánægjulegt í hvívetna. Hér er gott að starfa, hér er góður andi í þessari virðulegu stofnun og hér verða vinatengsl þvert á öll flokksbönd.

Ég læt nú af þingmennsku sáttur við alla og á góðar minningar um störf mín hér. Ég verð þó um leið að játa að ég hverf héðan með vissum trega. Ég mun sakna Alþingis. Ég hef notið þeirra 28 ára sem ég hef setið á Alþingi, jafnt sem óbreyttur þingmaður, þingflokksformaður og ráðherra og nú síðast sem forseti Alþingis. Ég hef ekki síst haft mikla ánægju af starfi þingforseta og hef leitast við að gegna því virðulega starfi eins vel og ég hef best getað.

Ég vil að lokum óska alþingismönnum góðrar heimferðar og heimkomu og árna ykkur öllum heilla. Þeim sem leggja út í kosningabaráttuna óska ég alls hins besta og segi eins og skrifað er í fornum sögum: „Gæti hver sín og sinna sveitbúa en Guð allra vor."

Landsmönnum öllum óska ég árs og friðar.

[11:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Forseti Alþingis. Lok kjörtímabils vekur ólíkar tilfinningar í brjóstum okkar alþingismanna. Margir þingmenn ljúka nú merkum kafla í lífi sínu. Aðrir leita endurkjörs í eftirvæntingarfullri kosningabaráttu. Hjá okkur öllum eru þáttaskil.

Þetta kjörtímabil hefur verið sérstakt fyrir margra hluta sakir. Eins og ávallt áður hafa mjög mörg mál verið afgreidd á hverju þingi og stórmál hafa verið til lykta leidd. Um sum þeirra hafa staðið deilur innan og utan þings. En sérstæðast er þó að þriðjungur alþingismanna lýkur þessu kjörtímabili í nýjum þingflokkum. Það er til marks um uppstokkun í íslenskum stjórnmálum og breytingar sem móta munu kosningabaráttuna og störf Alþingis á komandi árum.

Forseti Alþingis hefur að vanda flutt okkur yfirlit yfir störf þingsins og kveðjur sínar til okkar þingmanna við starfslok. Ég vil þakka honum fyrir hlý orð í okkar garð.

Forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, hverfur nú af þingi en hann á að baki langan og farsælan þingferil. Við höfum notið þess að hafa óvenjureyndan þingmann sem forseta og það er ekki oft sem slíkir hafa setið á forsetastóli Alþingis. Hann var í 12 ár formaður þingflokks sjálfstæðismanna og menntmrh. á kjörtímabilinu 1991–1995. Mér er ljúft að flytja Ólafi G. Einarssyni kveðjuorð fyrir hönd okkar þingmanna. Ég hef þekkt hann lengur en samstarfi okkar á Alþingi nemur og veit hvaða ljúfmenni hann hefur að geyma. Hann er lipur að eðlisfari og mjúkur í mannlegum samskiptum og það á sinn þátt í góðu orðspori hans. Hann þótti mjög farsæll þingflokksformaður og hefur notið virðingar í störfum sínum á Alþingi.

Ólafur G. Einarsson hefur í forsetatíð sinni verið áhugasamur um breytt starfsumhverfi alþingismanna. Hann hefur lagt áherslu á sjálfstæði Alþingis og verið ötull talsmaður þingsins. Á fundum okkar þingflokksformannanna með forseta hefur gjarnan ríkt glaðværð og léttleiki. Hann hefur lagt áherslu á jákvætt samstarf.

Ég flyt forseta Alþingis innilegar þakkir okkar fyrir vel unnin störf og góð samskipti. Ég er þess viss að við munum á komandi kjörtímabili ljúka þeirri vinnu við breytingar á þingsköpum Alþingis sem hann hafði frumkvæði að.

Þessi dagur er sérstakur vegna þess að við komum saman eftir tveggja vikna hlé til að ljúka þingstörfum og til að kveðjast. Ég færi starfsfólki Alþingis bestu þakkir okkar þingmannanna fyrir umburðarlyndi og gott samstarf en fyrst og fremst ánægjuleg samskipti á liðnum árum.

Ég óska þingmönnum öllum og fjölskyldum þeirra velfarnaðar og þakka þeim góða samvinnu. Forseta og fjölskyldu hans óska ég allra heilla í framtíðinni og bið hv.

þingmenn að taka undir orð mín með því að rísa á fætur. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Í virðingu og þökk vil ég afhenda forseta Alþingis þennan blómvönd frá okkur alþingismönnum.

[11:20]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég þakka hv. 5. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar. Ég þakka hv. alþingismönnum fyrir að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum og ég þakka einnig fyrir fagran blómvönd.

[11:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, frá 25. mars 1999.

Gjört á Bessastöðum, 23. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 123. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, allra heilla.

Fundi slitið kl. 11:22.